ÞINGSETNINGARFUNDUR

miðvikudaginn 1. okt.

Árið 2003, miðvikudaginn 1. október, var hundrað og þrítugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og sjötta aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og fimmta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Ólafur Jóhannsson predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk.
4. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
5. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
7. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
8. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
9. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
10. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
11. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
12. Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
13. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
14. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
15. Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.
16. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
17. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
18. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
19. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
20. Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.
21. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
22. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
23. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
24. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
25. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
26. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
27. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
28. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
29. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
30. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
31. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
32. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
33. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
34. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
35. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
36. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
37. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
38. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
39. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
40. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
41. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
42. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
43. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
44. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
45. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
46. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
47. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
48. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
49. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
51. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
52. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.
53. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
54. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
55. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
56. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
57. Tómas Ingi Olrich, 6. þm. Norðaust.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
63. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:03]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 10. september 2003 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 2003.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst klukkan 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 10. september 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 2003."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Íslendingar nutu á síðustu öld farsældar og velgengni sem smátt og smátt færði okkur í fremstu röð þjóða heims. Velferð og hagsæld urðu hér meiri en þekkist víðast hvar í veröldinni. Við náðum að festa í sessi sjálfstæði og stjórnskipan byggða á lýðræði og mannréttindum og samfélag okkar varð í senn opið og öruggt, byggt á gagnkvæmu trausti og þeim sið að telja alla gesti vera í vinarför.

Heimastjórn og lýðveldisstofnun urðu aflvakar sem færðu þjóðinni aukinn kraft, stolt og áræði til djarfra verka. Útfærsla landhelginnar var knúin fram í andstöðu við heimsveldi og öflug ríki. Í fyrsta sinn um aldir var erlendum herskipum beitt gegn Íslendingum. Sá sigur sem náðist er forsenda sóknarinnar sem nú setur svip á sjávarútveg og kröfugerð Íslendinga varð kjarninn í nýjum alþjóðalögum.

Sú heimsskipan sem festist í sessi í kjölfar stríðsins varð Alþingi tilefni til að ákveða þátttöku í Sameinuðu þjóðunum og síðar Atlantshafsbandalaginu og gefa sjálfstæði Íslands þar með nýja vídd, gera okkur gjaldgengari í samfélagi með öðrum ríkjum.

Í áratugi var framlag Íslands þó einkum markað af glímunni á heimaslóð, viðleitni til að styrkja atvinnulíf og

framfaragrundvöll. Þáðum þá jafnvel hjálp úr alþjóðlegum þróunarsjóðum. Við vorum að brjótast úr fjötrum fátæktar og einangrunar og hagsmunagæslan á erlendri grundu tók einatt mið af knýjandi verkefnum í eigin ranni.

Í aðdraganda aldahvarfa fór þó að gæta nýrra sjónarmiða og við tókum smátt og smátt að axla ábyrgð sem alþjóðasamfélagið hafði skilgreint. Við sendum fólk til friðargæslu og gáfum hjálparstarfi aukið vægi, komum ásamt öðrum til bjargar þegar hamfarir höfðu lagt borgir í rúst í fjarlægum álfum. Við sáum í nýju ljósi forustustörf í alþjóðastofnunum sem þjóna hagsmunum fólks í fátækum ríkjum og leggjum nú kapp á að gegna vel trúnaðarstörfum sem Norðurlönd og Eystrasaltsríki hafa falið okkur innan Alþjóðabankans.

Í síðasta mánuði urðu svo þau þáttaskil að utanríkisráðherra kynnti formlega framboð Íslands til öryggisráðsins, vettvangsins þar sem örlög ríkja eru ráðin og ákvarðanir teknar um stríð eða frið, æðstu stofnunar sem þjóðir heims hafa skapað og falið meira vald en áður þekktist.

Öryggisráðið er kjarninn í þeirri sáttargjörð sem lögð var til grundvallar að lokinni heimsstyrjöld. Þar getur atkvæði þjóðar haft úrslitaáhrif og afstaðan til kröfugerðar öflugra ríkja sem þar eiga fast sæti verður jafnan í brennidepli. Öryggisráðið er því berangur, opið svæði þar sem atkvæðin eru jafnan skýr, kastljósið sem beinist að aðildarríkjum miskunnarlaust að styrk og birtu.

Það sýnir vel hve Íslandi hefur miðað fram á veg að þegar í hönd fer aldarafmæli heimastjórnar og sextíu ára tímamót frá lýðveldisstofnun skuli þjóðin hafa burði til að gefa kost á sér til öryggisráðsins. Við lýsum okkur reiðubúin að sitja með öðrum í innsta hring og leggja okkar lóð á vogarskálar þegar teknar eru örlagaríkustu ákvarðanir sem alþjóðasamfélagið setur á dagskrá.

Þessari göngu fylgir þó mikil ábyrgð og hvernig til tekst mun lengi móta orðstír Íslands. Við munum þurfa að efna til samræðna og samstarfs við fjölda þjóða sem verið hafa fjarri okkar daglegu önn og spurt verður í auknum mæli um framlag okkar og raunverulegan vilja til að koma öðrum til hjálpar.

Fræðimaður sem starfaði við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna hefur á það bent að verði önnur framboð þannig að til atkvæðagreiðslu komi á allsherjarþingi sé líklegt að *hið lága framlag Íslendinga til þróunarhjálpar geti veikt* stöðu okkar. Hvernig sem það veltur er ljóst að með auknum ábyrgðarstörfum á alþjóðavelli, innan Alþjóðabankans, Sameinuðu þjóðanna og víðar mun þessi sérstaða Íslands meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum og ríkjanna í Evrópu vestanverðri verða í æ ríkari mæli talin okkur til álitshnekkis.

Fyrir rúmum þrjátíu árum batt Alþingi í lög þá stefnumótun að framlag Íslands til þróunarhjálpar skyldi verða 0,7% af landsframleiðslu í samræmi við samþykktir allsherjarþingsins. Okkur hefur þó ekki tekist að hrinda þessu í framkvæmd þótt markmiðið hafi oft verið ítrekað af ríkisstjórnum og stjórnmálaflokkum.

Utanríkisráðherra lét nýlega birta ítarlega álitsgerð um Ísland og þróunarlöndin og ber að þakka það framtak sérstaklega. Meðhöfundur var sá maður sem lengsta reynslu hefur af íslenskri hagstjórn og gegnt hefur víðtækari trúnaðarstörfum í alþjóðlegum efnahagsstofnunum en nokkur annar Íslendingur. Álitsgerðin hefur að geyma mikinn fróðleik og verðskuldar að vera meginheimild í umfjöllun, bæði hér á Alþingi og á almennum þjóðmálavelli. Niðurstaðan er einkar skýr. Þar segir orðrétt:

„Það er skoðun höfunda þessarar skýrslu að með *tilliti til* aðildar sinnar að alþjóðasamþykktum, álits síns á alþjóðavettvangi og náinnar samvinnu við önnur Norðurlönd geti Íslendingar ekki sett sér lægra markmið í þróunaraðstoð en að ná á næstu árum meðaltali þeirrar aðstoðar sem iðnríkin veita. Það meðaltal var 0,22% árið 2000, en fer nú hækkandi í samræmi við þær alþjóðasamþykktir sem nýlega hafa verið gerðar. Hér verður miðað við að hlutfallið nái 0,30% árið 2006, og að Ísland setji sér það markmið að ná þeirri tölu *á því ári. Þetta mundi vera nálægt þeim markmiðum sem* Suður-Evrópuþjóðirnar, Grikkir, Portúgalar og Spánverjar, hafa sett sér. Enn sem fyrr mundi Ísland þó eiga langt í land til að jafnast á við önnur Norðurlönd."

Þessi boðskapur átti ríkan hljómgrunn á merkri og fjölmennri ráðstefnu sem Háskóli Íslands, Þróunarsamvinnustofnun og utanríkisráðuneytið efndu til fyrir skömmu. Viðstaddir munu án efa seint gleyma þeirri herhvöt sem heimsþekktur bandarískur hagfræðingur flutti okkur Íslendingum, *en Kofi Annan hefur falið honum að stýra framkvæmd* þeirra þúsaldarmarkmiða sem þjóðarleiðtogar sammæltust um á merkum vegamótum.

Þar ber hæst baráttuna gegn alnæmi, berklum, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu; nauðsyn þess að lækka tíðni ungbarnadauða á komandi árum og bæta heilsufar kvenna í fátækum löndum en þar látast þúsundir á hverju ári vegna barnsburðar.

Hér getum við Íslendingar látið að okkur kveða. Við höfum *þróað heilbrigðiskerfi sem skarar fram úr, eigum fjölda* lækna og hjúkrunarfólks sem fagna mundi tækifæri til að taka þátt í slíku björgunarstarfi. Við eigum líka í reynslusjóði lærdóma sem geta komið öðrum að gagni. Baráttan gegn berklunum var hér á sínum tíma erfið þraut og hvíti dauðinn vágestur á þúsundum heimila um landið allt. Með samtakamætti, forustu lækna og víðtækri þátttöku almennings tókst að frelsa Ísland úr heljargreipum berklaveiki. Við getum og eigum að miðla öðrum af þeirri reynslu.

Við höfum að *undanförnu eignast nýja kynslóð sem er* fjölhæfari að menntun og reiðubúnari til þátttöku í alþjóðastarfi en áður þekktist. Með nýrri hugsun er hægt að kveðja hana til víðtækra starfa á sviði þróunarhjálpar.

Við höfum hingað til einkum horft til reynslu okkar í sjávarútvegi, fiskvinnslu og orkumálum þegar við metum hvar og hvernig við getum orðið öðrum að liði. En góð ráð geta víða komið að gagni og þjálfun í stjórnsýslu og stofnanarekstri er mörgum nýfrjálsum ríkjum brýn nauðsyn. *Innan Sameinuðu þjóðanna eru nú um 50 ríki sem teljast smá* í alþjóðlegum samanburði og flest þeirra eru enn að glíma við hliðstæð vandamál og við Íslendingar þekkjum frá fyrstu áratugum heimastjórnar og lýðveldistíma.

Stofnun stjórnsýslufræða og Rannsóknasetur smáríkja sem nýlega var komið á fót við Háskóla Íslands eru dæmi um nýja þátttakendur sem geta orðið gjaldgengir í þróunarstarfi líkt og deildirnar í Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hér hafa starfað.

Við *eigum ekki aðeins að senda fólk til hjálparstarfa í* fjarlægum löndum heldur bjóða ungu hæfileikafólki að koma og dvelja með okkur um stund, leggja þannig grundvöll að framvarðasveitum sem nýst geta hinum fátækari ríkjum á heimavelli líkt og við eigum þakkarskuld að gjalda þeim sem börðust þrotlausri baráttu fyrir sjálfstæði og fullveldi okkar eigin þjóðar.

Aukið framlag til þróunarhjálpar getur komið að margvíslegu gagni í okkar eigin garði og byggt hér upp stofnanir, starfsemi og fræðasetur sem bera munu hróður Íslands víða um lönd. Ekki má gleyma því merka starfi sem Rauði krossinn, þjóðkirkjan og aðrir hafa unnið og jafnan hefur notið einstæðs þjóðarstuðnings þegar eftir var leitað.

Margt bendir til að nú megi ná viðtækri sátt um að tvöfalda á næstu árum framlag Íslands til þróunarhjálpar og auka það síðan til jafns við þá sem fremstir standa. Slíkt mundi efla mjög hróður okkar meðal þjóða heims og styrkja til muna framboðið til ábyrgðarstarfa innan öryggisráðsins. Það væri jafnframt áhrifarík yfirlýsing um árangurinn sem Íslendingar hafa náð og skyldurnar sem eru samfara því að vera komin í flokk auðugustu þjóða heims.

Á aldarafmæli heimastjórnar og sextíu ára afmæli lýðveldisins væri slík ákvörðun verðug afmælisgjöf, sönnun þess hverju sjálfstæðisbaráttan hefur skilað okkur og hvernig við ætlum á nýrri öld að sýna ábyrgð í samfélagi ríkja heims.

Ég óska Alþingi allra heilla í vandasömum verkum á komandi vetri og bið alþingismenn að rísa á fætur og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:19]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til Alþingis. Ég vona að störf Alþingis, 130. löggjafarþings, sem er að hefjast, verði landi voru og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna vil ég heilsa starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Varamenn taka þingsæti.

[14:20]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Borist hafa þrjú bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er svohljóðandi:

„Þar sem Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í kjördæminu, Kjartan Ólafsson, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna.“

Kjartan Ólafsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Annað bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er í fæðingarorlofi og sæki því ekki þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Suðvesturkjördæmi, Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.“

Hið síðasta hljóðar svo:

„Þar sem ég afplána nú refsidóm og mun því ekki sækja þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varamaður minn, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Jafnframt vísa ég til bréfs formanns þingflokks frjálslyndra, Guðjóns A. Kristjánssonar, til forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, dagsett 25. ágúst sl.

Virðingarfyllst,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.“

Kjörbréf Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur og Sigurrósar Þorgrímsdóttur hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt en þær hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnaskránni.

Ég vil biðja skrifstofustjóra að færa þingmönnum heitstafinn til undirritunar.

[Sigurrós Þorgrímsdóttir, 8. þm. Suðvest., og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, 10. þm. Suðvest., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[14:23]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og býð ég þær velkomnar til starfa á Alþingi.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[14:23]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning, um hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og er því hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, einn í kjöri. Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og venja er og gert hefur verið á undangengnum þingum ef ekki eru gerðar við það athugasemdir. Kerfið er þannig stillt að jafna má við leynilega atkvæðagreiðslu. Töflurnar á veggjunum munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Halldór Blöndal ýti á já-hnappinn en þeir sem skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Halldór Blöndal**, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 40 atkvæði, 14 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[14:24]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Samkvæmt þessu er Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., réttkjörinn forseti Alþingis.

Ég óska honum innilega til hamingju með kosninguna og allra heilla í sínu viðamikla og vandasama starfi og bið hann að taka við fundarstjórn.

Ávarp forseta.

[14:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Halldóri Ásgrímssyni utanrrh., hlý orð í minn garð. Ég þakka hv. alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis. Ég met það traust mikils.

Á þessum vetri verður þess minnst að 100 ár eru liðin frá því að landsmenn fengu heimastjórn og innlendan ráðherra með búsetu á Íslandi. Með því lauk merkum áfanga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Fyrsti íslenski ráðherrann, Hannes Hafstein, var skipaður í embætti 31. janúar 1904 og tók svo við embætti 1. febrúar sama ár þegar Stjórnarráð Íslands tók til starfa. Boðað hefur verið að 100 ára afmælis Stjórnarráðsins verði minnst 1. febrúar næstkomandi.

Þess er líka að minnast að þingræði á Íslandi er þá aldar gamalt því að ráðherra bar ábyrgð gagnvart Alþingi að stjórnlögum og var fyrsti íslenski ráðherrann valinn eftir að hugur alþingismanna hafði verið kannaður í þessum efnum.

Í sumar hafa verið gerðar verulegar endurbætur á fyrstu hæð Alþingishússins. Þær hafa miðað að því að færa forsal hússins í það horf sem honum var ætlað að vera í fyrstu. Þessar endurbætur hafa í alla staði tekist vel og má segja að Alþingishúsið njóti sín nú sem aldrei fyrr sem ein af helstu gersemum þjóðarinnar. Ýmsar endurbætur eru einnig nauðsynlegar á annarri hæð þinghússins og vonast ég til að þær geti orðið á næsta ári.

Í sumar hefur jafnframt verið unnið að brýnum utanhússviðgerðum á suður- og austurhlið þinghússins en stefnt er að því að ljúka viðgerðum á Alþingishúsinu á næstu tveim til þrem árum.

Eins og hv. alþingismönnum er kunnugt er stödd hér á landi í boði Alþingis þingmannasendinefnd frá fylkisþinginu í Kaliforníu. Sendinefndin er nú stödd á þingpöllum og vil ég fyrir hönd Alþingis bjóða hana velkomna hér við þingsetningu. Ég vænti þess að koma sendinefndarinnar til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli Íslands og Bandaríkjanna.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að fela mér að gegna störfum forseta. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alla hv. þingmenn.

Fundi frestað kl. 14:30.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

miðvikudaginn 1. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðis- og tryggingnefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   h. Menntamálanefnd, 9 manna.
   i. Samgöngunefnd, 9 manna.
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
   a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   c. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
   e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
   g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
   h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
   i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 2004, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Birting efnis úr stefnuræðu forsætisráðherra.

[16:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár þykir mér rétt að lesa bréf sem mér hefur borist sem forseta Alþingis, dags. í dag, 1. október 2003, í Reykjavík, frá forsrh.:

„Í fréttum Stöðvar 2 var upplýst að fréttastofa fyrirtækisins hefði fengið senda stefnuræðu forsætisráðherra. Bar skjalið með sér að vera trúnaðarmál, svo sem lögboðið er

samkvæmt 73. gr. þingskapa, þar til ræðan hefur verið flutt á Alþingi. Birti fréttastofan marga kafla úr ræðunni. Ekki var um að ræða að fréttastofan hefði fengið upplýsingar um eitthvað misjafnt sem yfirvöld vildu fela og því hefði almenningur ríka hagsmuni af því að trúnaðurinn væri rofinn. Þótt fréttastofan hafi þannig hegðað sér með ósæmilegum hætti er framganga ónafngreinds þingmanns alvarlegri. Ljóst er að fréttamaður Stöðvar 2 hefur leitað eftir upplýsingum úr ræðunni hjá nokkrum þingmönnum og að einn þeirra hefur boðist til að láta hann hafa ræðuna. Þeir þingmenn sem fréttamaðurinn leitaði til um trúnaðarbrot hljóta hver um sig að vera hugsandi yfir hvers vegna fréttamaðurinn teldi þá líklegri en aðra til að brjóta trúnað. Sá þingmaður sem trúnaðinn braut lætur slíkan grun hins vegar liggja yfir starfssystkinum sínum. Það er alvarlegt.

Það er einnig umhugsunarefni að eftir framgöngu viðkomandi þingmanns hefur viðkomandi fréttastofa sérstakt tak á þingmanninum um langa framtíð. Því miður er nauðsynlegt að gera breytingu á þingsköpum vegna þessa atviks, t.d. í þá veru að forsætisráðherra flytji stefnuræðu sína án þess að gefa þingmönnum færi á að sjá hana áður, sú regla mun algengust annars staðar, ellegar að þeim þingmönnum, sem ákveðnir hafa verið sem ræðumenn annarra flokka, verði send ræðan innan hins lögboðna fyrirvara.

Davíð Oddsson."

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson (B),
2. varaforseti: Jónína Bjartmarz (A),
3. varaforseti: Sólveig Pétursdóttir (A),
4. varaforseti: Jóhanna Sigurðardóttir (B),
5. varaforseti: Þuríður Backman (C),
6. varaforseti: Birgir Ármannsson (A).

[16:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundastörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu fastanefnda komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd:
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Birgir Ármannsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Gunnar Örlygsson (C),
Bjarni Benediktsson (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd:
Pétur H. Blöndal (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Birgir Ármannsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ögmundur Jónasson (C),
Gunnar Birgisson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

3. Félagsmálanefnd:
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Sigurjón Þórðarson (C),
Pétur H. Blöndal (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B).

4. Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Magnús Stefánsson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Jón Bjarnason (C),
Drífa Hjartardóttir (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B).

5. Heilbrigðis- og tryggingnefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Pétur H. Blöndal (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Þuríður Backman (C),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd:
Bjarni Benediktsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigurjón Þórðarson (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B).

7. Landbúnaðarnefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Magnús Stefánsson (A),

Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Jón Bjarnason (C),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd:
Gunnar Birgisson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Mörður Árnason (B).

9. Samgöngunefnd:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Jóhann Ársælsson (B).

10. Sjávarútvegsnefnd:
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Jón Gunnarsson (B).

11. Umhverfisnefnd:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Árni R. Árnason (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Gunnar Birgisson (A),
Mörður Árnason (B).

12. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Árni R. Árnason (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

Varamenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Gunnar Birgisson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B).

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.

Við kosningu alþjóðanefnda komu fram hverju sinni listar (ýmist tveir eða þrír) með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Hjálmar Árnason (A).

Varamenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Sólveig Pétursdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Varamenn:
Árni R. Árnason (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Birkir J. Jónsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Árni R. Árnason (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Varamenn:
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón Hjörleifsson (A).

Varamenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Gunnar Birgisson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Birgir Ármannsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Helgi Hjörvar (B),
Sigurjón Þórðarson (C).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A).

Varamenn:
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Mörður Árnason (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Pétur H. Blöndal (A).

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:
Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).
Dagný Jónsdóttir (A).

[16:16]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill geta þess að þingmenn verða boðaðir til funda í fastanefndum á morgun og föstudag til þess fyrst og fremst að kjósa formenn og varaformenn nefnda. Fundatafla reglulegra nefndafunda verður send þingmönnum í pósti á morgun.

Fyrstu fundir alþjóðanefnda verða boðaðir í næstu viku.

Afbrigði um dagskrármál.

[16:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum þar sem samkomulag er milli þingflokka um annan ræðutíma í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra annað kvöld en kveðið er á um í 2. mgr. 73. gr. þingskapa, þ.e. að umferðir verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur en forsætisráðherra hafi 20 mínútur í framsögu. Skoðast afbrigðin samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Þá vil ég geta þess að hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir er heyrnarlaus og þarf túlka við störf sín hér á Alþingi. Þegar hún flytur mál sitt á táknmáli úr ræðustóli í þessum sal munu túlkar taka sér sæti í þingsalnum við varamannsborðið hér fremst og flytja ræðu hennar munnlega. Skoðast þessi framkvæmd skv. 54. gr. þingskapa samþykkt svo og seta utanþingsmanna, þ.e. túlkanna í salnum á þingfundi, ef engar athugasemdir eru gerðar. Ræður Sigurlínar, eins og túlkarnir flytja þær, verða teknar upp og prentaðar í þingtíðindum eins og ræður annarra þingmanna.

Þá þarf að leita afbrigða frá þingsköpum þegar hlutað verður um sæti hér á eftir til að tveir hv. þm., Helgi Hjörvar og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, sem dregur fyrir hönd Gunnars Örlygssonar, geti fengið sæti sem hentar fyrir þann búnað sem þau þurfa að hafa í þingsalnum meðan þingfundur stendur. Þetta eru sæti 32 fyrir Helga Hjörvar og 52 fyrir Gunnar Örlygsson og varamann hans, Sigurlín Margréti Sigurðardóttur. Skoðast afbrigðin samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.

2. sæti er sæti varamanns.
3. sæti hlaut Guðjón Hjörleifsson.
4. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
5. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
6. sæti hlaut Jón Bjarnason.
7. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
8. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
9. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
10. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
11. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
12. sæti hlaut Þuríður Backman.
13. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
14. sæti er sæti varamanns.
15. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
16. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
17. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
18. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
19. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
20. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
21. sæti hlaut Dagný Jónsdóttir.
22. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
23. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
24. sæti hlaut Sigurjón Þórðarson.
25. sæti hlaut Kristján L. Möller.
26. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
27. sæti hlaut Magnús Þór Hafsteinsson.
28. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
29. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
30. sæti er sæti varamanns.
31. sæti er sæti varamanns.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
34. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
35. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
36. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
37. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
38. sæti hlaut Björgvin G. Sigurðsson.
39. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
40. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
41. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
42. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
43. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
44. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
45. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
46. sæti hlaut Mörður Árnason.
47. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
48. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
49. sæti hlaut Árni R. Árnason.
50. sæti hlaut Anna Kristín Gunnarsdóttir.
51. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
52. sæti hlaut Gunnar Örlygsson.
53. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
54. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
55. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
59. sæti er sæti umhverfisráðherra.
60. sæti er sæti samgönguráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
67. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
68. sæti er sæti menntamálaráðherra.
69. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
70. sæti er sæti varamanns.
71. sæti er sæti varamanns.

Fundi slitið kl. 16:30.

---

2. FUNDUR

fimmtudaginn 2. okt.,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Fjarvistarleyfi:
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Birting efnis úr stefnuræðu forsætisráherra.

[19:51]

Forseti (Halldór Blöndal):
Senn hefjast útvarpsumræður um stefnuræðu forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en samkvæmt þingsköpum skal eftirrit af ræðunni afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en þremur dögum áður en hún er flutt. Hingað til hefur þessi trúnaður verið haldinn. Í fyrradag brá hins vegar svo við að fréttastofa Stöðvar 2 skýrði frá því að hún hefði eftirrit af ræðunni undir höndum og var farið með kafla úr ræðunni. Ég tók þetta mál upp á fundi með formönnum þingflokka í dag. Við vorum sammála um að hér væri um mjög alvarlegt trúnaðarbrot að ræða. Þetta mál verður áfram til athugunar og hvernig brugðist skuli við því.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

[19:52]

Forseti (Halldór Blöndal):
Nú verður gengið til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, stefnuræða forsrh. og umræður um hana, sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsrh. hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsrh. hafa tólf mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir sex mínútur en í hinni þriðju fimm, hver þingflokkur. Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi: Sjálfstæðisflokkur, Samfylkingin, Framsóknarflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstæðisflokk Davíð Oddsson forsrh. í fyrstu umferð, Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n., í annarri umferð og Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n., Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s., í annarri og Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest., í hinni þriðju.

Fyrir Framsóknarflokk talar Guðni Ágústsson landbrh. í fyrstu umferð, Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk., í annarri og í hinni þriðju Jón Kristjánsson heilbr.- og trmrh.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust., í fyrstu umferð, í annarri Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n., og í hinni þriðju Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk., og Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest., í fyrstu umferð, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, 10. þm. Suðvest., í annarri umferð og Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest., í hinni þriðju.

[19:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti, góðir Íslendingar.

Þing kom saman skamma hríð í vor, eins og lög standa til að loknum almennum kosningum, og þar var stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar kynntur og ræddur. Þetta haust og hin næstu mun útfærsla sáttmálans skýrast ár frá ári í stefnuræðu forsætisráðherra og af lista yfir þau frumvörp sem einstakir ráðherrar hyggjast leggja fyrir þingið til afgreiðslu veturinn sem í hönd fer.

Það kom ýmsum á óvart að skattalækkanir voru það einstaka mál sem átti mestan samhljóm hjá stjórnmálaflokkunum í síðustu kosningabaráttu, þótt ekki væri það undantekningarlaust. Útfærsla flokkanna á þessu skattalækkanamarkmiði var auðvitað ólík en upp úr stóð að flestir þeirra virtust telja að svo vel hefði miðað í efnahagsmálum að undanförnu að á komandi kjörtímabili væri svigrúm til að koma til móts við landsmenn í skattamálunum. Því ætti það að vera fagnaðarefni að í stjórnarsáttmálanum er mjög afgerandi ákvæði um þann þátt. Á þessari stefnu er hnykkt í þjóðhagsáætlun þeirri sem ég hef kynnt þinginu, þar sem lögð er áhersla á að um 20 milljörðum króna verði á kjörtímabilinu varið til skattalækkana. Þeirri tölu er ekki fastar slegið nú, þar sem útfærsla einstakra breytinga er enn eftir og kjarasamningar liggja enn ekki fyrir. Fram hefur komið að ég og fjármálaráðherrann litum svo á að hátekjuskattur væri með lögum sjálffallinn niður um næstu áramót. Niðurstaða stjórnarflokkanna varð engu að síður sú að framlengja skattinn en þó stiglækkandi og jafnframt verður lögfest samkomulag stjórnarflokkanna um hvernig hann skuli hverfa.

Herra forseti. Ljóst má vera að áferð efnahagslífsins verður nokkuð sveiflukennd þetta kjörtímabilið og mun hagstjórn taka mið af því. Reynt verður að halda nokkuð þétt um ríkisútgjöldin þegar þensluáhrif stóriðjuframkvæmda verða sem mest. Þannig er stefnt að því að tryggja afgang á ríkissjóði árin 2005 og 2006, sem og á næsta ári. Munu skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu því halda áfram að lækka á þessu tímabili. Virðist hagstjórn að þessu leyti vera að takast mun betur hér á landi en annars staðar, þar sem ófrávíkjanlegar reglur um ríkissjóðshalla eru þverbrotnar hvað eftir annað.

Árið 2007 verður aðeins slakað á aðhaldi í ríkisbúskapnum til að milda þær breytingar sem verða við lok stóriðjuframkvæmdanna.

Vil ég, herra forseti, þá víkja að nokkrum áhersluatriðum einstakra ráðuneyta:

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að öryggi borgaranna verði að hafa forgang. Ríkisvaldið hefur þar ríkum skyldum að gegna og er nauðsynlegt að líta til alls þess sem getur raskað því öryggi. Lögregla, landhelgisgæsla og almannavarnir gegna lykilhlutverki við framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og er brýnt að hún byggist á raunsæi og að þessum aðilum séu sköpuð nauðsynleg starfsskilyrði. Dómsmálaráðherra hefur boðað að hann vilji beita sér fyrir breytingum á umdæmaskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar án þess að fækka sýslumönnum. Nauðsynlegt er að laga starf Landhelgisgæslunnar að nýjum kröfum, ráðast í smíði nýs varðskips og gera áætlun um endurnýjun á flugflota hennar. Yfirstjórn almannavarna var breytt á síðasta þingi og verður frekar unnið að endurbótum að því er varðar stjórnkerfi, viðbúnað og hættumat.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að meðal helstu markmiða hennar á kjörtímabilinu sé að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki. Leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði efldur.

Sérstakur verkefnisstjóri og þriggja manna ráðgjafarhópur félagsmálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis vinnur að mótun tillagna um útfærslu á 90% lánum til íbúðakaupa. Náið samráð verður haft við helstu hagsmunaaðila.

Félagsmálaráðherra leggur áherslu á að svo verði búið um hnútana að breytingar sem verða gerðar falli vel að þörfum almennings en um leið verði þess gætt að ekki verði raskað stöðugleika í efnahagsmálum, eða á húsnæðismarkaði sérstaklega.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur sett fram það sjónarmið að nú sé rétt að kanna kosti þess að færa veigamikil verkefni heilbrigðisþjónustunnar til sveitarfélaganna. Sérstaklega yrði horft á heilsugæsluna og öldrunarþjónustu í þessu sambandi. Markmiðið væri að flytja stjórn heilbrigðisþjónustu nær borgurunum, gera hana gegnsærri og um leið auka lýðræðislegt aðhald notendanna. Akureyri og Hornafjarðarbær hafa um nokkurra missira skeið séð um rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu og hefur reynslan verið góð.

Á síðasta þingi voru sett ný raforkulög sem hafa munu í för með sér verulegar breytingar á umhverfi raforkumála á Íslandi. Á komandi þingi er áformað að leggja fram frumvarp um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vatnalög og frumvarp til laga um hitaveitur en ekki er nú heildarlöggjöf um starfsemi þeirra.

Ísland hefur sérstöðu meðal þjóða heims en hér á landi er notkun endurnýjanlegrar orku langhæst í heiminum, eða 72%. Þetta hefur vakið athygli og áhuga margra á íslenskum orkumálum og eins hafa áform ríkisstjórnarinnar um að nýta orkulindir landsins til framleiðslu á hreinu eldsneyti vakið nokkra athygli umheimsins.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár stutt við þróun í átt til sjálfbærs vetnissamfélags og hafa Íslendingar fengið viðurkenningu sem frumkvæðisþjóð á því sviði. Í stjórn-

arsáttmála segir m.a. að stefnt skuli að frekari áföngum í vetnisnotkun svo orkunotkun landsmanna megi byggja enn frekar á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi hefur batnað verulega á undanförnum árum og skiptir það miklu í aukinni alþjóðlegri samkeppni. Ótullega hefur verið unnið að því að kynna Ísland sem fjárfestingarkost. Einkum hefur þá verið horft til þess að laða til landsins aðila sem gætu nýtt sér orkulindir þess. Er nú svo komið að Ísland mun innan fárra ára teljast með helstu framleiðendum áls í Evrópu. Þessi aukna álframleiðsla hefur þegar skapað tækifæri í skyldum iðnaði. Nefna má til dæmis hagkvæmnisathugun fyrir rafskautaverksmiðju í Hvalfirði. Slík verksmiðja mundi skapa um 140 störf. Fjárfestingin er metin á um 17 milljarða íslenskra króna. Þá standa yfir viðræður um möguleika á því að reisa hér álþynnuverksmiðju. Hafa japanskir fjárfestar kynnt sér aðstæður á Íslandi en sendiráð Íslands í Tókíó hefur unnið að framgangi verkefnisins ásamt Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar. Slík starfsemi mundi kalla á um 50 störf. Nú er beðið lokaákvörðunar bandarískra fjárfesta um byggingu stálpípuverksmiðju í Helguvík. Allir samningar sem snúa að opinberum aðilum hér á landi eru frágengnir. Þetta verkefni mundi skapa um 200 störf.

Ríkisstjórnin hyggst einnig leggja fram á þessu þingi frumvarp til laga um fjárfestingar erlendra aðila sem tekur mið af þeim breytingum sem orðið hafa á bæði ytra og innra umhverfi fjárfestingarmála frá því að gildandi lög voru sett. Í frumvarpinu verður ekki gert ráð fyrir breytingum á eignarhaldi erlendra aðila í sjávarútvegi.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að aðlögunarhæfni íslensks landbúnaðar verði aukin og samkeppnisstaða hans styrkt til að mæta vaxandi samkeppni og uppfylla jafnframt kröfur neytenda um hreinleika og hollustu búvara.

Aukin áhersla verður lögð á hið fjölþætta hlutverk landbúnaðarins í samfélagi okkar og gildi þess fyrir byggð og búsetu í landinu. Landbúnaðarráðherra hefur beitt sér fyrir auknu vægi umhverfisgilda í landbúnaði framtíðarinnar. Þátttaka bænda í skógræktar- og landgræðsluverkefnum hefur eflst til muna.

Þrátt fyrir nokkra erfiðleika í greininni að undanförnu er ekki minnsta ástæða til að missa trú á íslenskum landbúnaði og kostum hans. Sannarlega þarf að auka sveigjanleika landbúnaðarins. Leggja verður áherslu á menntun, þróun og rannsóknir og efla nýsköpun í nýjum búgreinum og nýta sóknarfæri í þeim greinum sem fyrir eru.

Herra forseti. Traust menntakerfi er grundvöllur sóknar til betri lífskjara. Árangur okkar í alþjóðlegum samanburði staðfestir að fjárfesting í menntun gefur ríka og örugga ávöxtun. Íslendingar verja 6,3% af vergri þjóðarframleiðslu til menntamála sem er mun meira en gert er að meðaltali í öðrum OECD-ríkjum. Sífellt hærra hlutfall þjóðarframleiðslunnar rennur til menntamála. Árið 1990 vorum við nokkuð undir meðaltali annarra OECD-ríkja en nú skipum við okkur á bekk með þeim þjóðum sem leggja allra mest til þessa málaflokks. Er það mikið fagnaðarefni.

Ferskir vindar hafa blásið um íslenskt skólaumhverfi á síðustu árum og það einkennist nú af miklum sóknarhug. Á aðeins tólf árum hefur fjöldi háskólanema næstum þrefaldast hér á landi. Jafnframt hefur fjöldi framhaldsskólanema vaxið hröðum skrefum og nú kjósa um 93% ungmenna að leggja stund á framhaldsnám að loknum grunnskóla.

Menntamálaráðherra lagði nú í vikubyrjun fram hugmyndir um grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi. Eftir áralangan undirbúning er komið að ákvörðun um hvort og hvernig beri að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Mikilvægt er að slík breyting sé gerð í góðu samráði við kennara, foreldra og nemendur.

Frá því ríkisstjórnin tók ákvörðun hinn 11. febrúar síðastliðinn um að veita einn milljarð króna til byggingar menningarhúsa á Akureyri og í Vestmannaeyjum hefur verið unnið að undirbúningi framkvæmda og horfir vel. Þá hefur verið gengið frá samningum við bæjarstjórn Ísafjarðar um hlut ríkisins í uppbyggingu menningarhúsa þar í bæ. Með byggingu menningarhúsanna er lagður grunnur að öflugra og blómlegra menningarlífi á landsbyggðinni.

Með stofnun Vísinda- og tækniráðs fyrr á þessu ári var stigið stórt skref í þá átt að samhæfa stefnu hins opinbera á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar og tengja hana betur þeirri rannsókna- og þróunarstarfsemi sem fram fer í atvinnulífinu.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir verulegri aukningu á fjárveitingum til málaflokksins strax á næsta ári en jafnframt stefnir ríkisstjórnin að því að tvöfalda framlög til samkeppnissjóða á kjörtímabilinu.

Herra forseti. Undanfarin ár hefur samgönguráðuneytið lagt ríka áherslu á öryggismál sjófarenda í samvinnu við sjómenn og útvegsmenn. Haldið verður áfram á þeirri braut. Einkavæðing skipaskoðunar hér á landi er liður í þeirri stefnu, enda á því byggt að hvergi sé slegið af kröfum og unnið verði í samræmi við langtímaáætlun um öryggismál sjófarenda.

Eins og flestir vita hefur stórátak verið gert í vegamálum á undanförnum 12 árum. Hefur aldrei áður verið ráðist í framkvæmdir í jafnríkum mæli, og á þessu kjörtímabili verða framkvæmdir enn auknar verulega. Þá verður einnig gert sérstakt átak í að sníða af hættulega kafla á vegakerfi landsins og bæta merkingar á vegum um allt land.

Ég tel að reynslan hafi sýnt að frestun á sölu á Landssímanum hf. var skynsamleg. Aðstæður fjarskiptafyrirtækja á fjármálamarkaði hafa nú breyst til betri vegar og standa vonir til að Landssíminn hf. verði seldur á þessu kjörtímabili.

Til að efla ferðaþjónustuna á viðkvæmum tíma beitti samgönguráðherra sér fyrir stórauknum fjárveitingum til markaðssetningar og landkynningar. Var það verk unnið í nánu samstarfi við hagsmunaaðila í greininni. Aðgerðirnar hafa skilað góðum árangri. Ákveðið hefur verið að halda áfram öflugri landkynningu með það að meginmarkmiði að auka vöxt og styrkja stoðir íslensks atvinnulífs með sókn ferðaþjónustunnar á nýja markaði, svo sem í Japan, samhliða auknum markaðsaðgerðum í Evrópu og Norður-Ameríku.

Herra forseti. Unnið verður að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða svo hægt verði að hrinda í framkvæmd upptöku veiðileyfagjalds hinn 1. september 2004. Þá verður sömu lögum breytt svo að hægt verði að taka upp línuívilnun á næsta ári. Upphaf hvalveiða í vísindaskyni fékk minni andbyr erlendis en spáð var. Málið er þó mjög viðkvæmt og nauðsynlegt að sýna varfærni og tillitssemi þegar næsta skref vísindaveiðanna verður stigið.

Umhverfismál munu verða áberandi í störfum þingsins á næstunni. Umhverfisráðherra mun leggja fyrir Alþingi tillögu að náttúruverndaráætlun til næstu fimm ára, hina fyrstu sinnar tegundar.

Þá er í undirbúningi endurskoðun á lögum um mat á um-

hverfisáhrifum þar sem ætlunin er að færa íslenska löggjöf til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Þess er vænst að fljótlega verði hægt að stofna Vatnajökulsþjóðgarð sem yrði stærsti þjóðgarður í Evrópu en auk þess er til athugunar í sérstakri nefnd að stofna til verndarsvæðis norðan Vatnajökuls sem tengdist væntanlegum þjóðgarði.

Herra forseti. Á þessu þingi verða lagðir fram samningar um stækkun bæði Atlantshafsbandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Fullgilding þessara samninga mun gefa ríkjum Mið- og Austur-Evrópu kost á því að taka þátt í því farsæla samstarfi sem Ísland hefur notið góðs af, bæði í öryggis- og varnarmálum og við samræmingu rekstrarskilyrða atvinnulífsins og opnun markaða. Endir verður bundinn á áratugalanga skiptingu Evrópu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið og utanríkisráðherra kynnt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að Ísland verði í framboði til sætis í öryggisráðinu tímabilið 2009–2010. Öll ríki Norðurlanda styðja þetta framboð. Er þetta eitt stærsta verkefni sem íslenska utanríkisráðuneytið hefur ráðist í.

Árið 1997 tók ríkisstjórnin ákvörðun um eflingu þróunaraðstoðar fram á þetta ár. Var markið sett á að hækka framlög til þróunarsamvinnu úr 0,10% af þjóðarframleiðslu í 0,15% árið 2003. Við þetta hefur verið staðið og ríflega það. Næsta verkefni er að athuga hvernig best megi standa að því að auka hlut Íslands enn og hvernig framlög geti komið að sem mestu gagni, hvort sem um er að ræða tvíhliða eða marghliða þróunaraðstoð. Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar og Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hefur skilað umtalsverðum árangri og efling friðargæslu hefur orðið Íslandi til vegsauka á alþjóðavettvangi.

Varnarmál Íslands og samskiptin við Bandaríkin voru í brennidepli í sumar. Það hefur verið skýrt í mínum huga allt frá því að byrjað var að fækka í Keflavíkurstöðinni, í kjölfar loka kalda stríðsins, að ætti varnarsamstarfið við Bandaríkin að halda gildi sínu yrði það að þjóna áfram öryggishagsmunum beggja. Það þýddi meðal annars að hér sem í öðrum löndum þyrftu að vera tilteknar lágmarksvarnir gegn hugsanlegum nýjum ógnum.

Í byrjun maí kom sendiherra Bandaríkjanna til fundar við mig með þau „skilaboð frá Washington“, eins og það var orðað, að ákveðið hefði verið að leggja niður loftvarnir á Íslandi. Eftir bréfaskipti milli mín og forseta Bandaríkjanna, viðræður við öryggisráðgjafa hans og beina íhlutun forsetans sjálfs eru varnarmálin í eðlilegum farvegi á ný. Það þýðir að þau verða leyst sameiginlega en ekki afgreidd einhliða sem hefði eyðilagt grundvöll varnarsamningsins. Til þess var greinilega ekki vilji á æðstu stöðum í Washington, enda að baki áratugalöng samvinna og gagnkvæmt traust á milli Íslands og Bandaríkjanna í varnar- og öryggismálum.

Sú ákvörðun sem tekin var í vor um að skipa Íslandi í sveit með rúmlega þrjátíu öðrum ríkjum í bandalag hinna staðföstu þjóða í Íraksstríðinu átti sér skýrar forsendur. Stjórn Saddams Husseins var ógn við frið og stöðugleika í heiminum og hafði í meira en áratug hunsað ályktanir og kröfur Sameinuðu þjóðanna um afvopnun. Ekki mátti bíða eftir að henni yxi ásmegin og yrði enn hættulegri en áður. Íraksstríðið, sem þannig var löghelgað af samþykktum Sameinuðu þjóðanna, kom í veg fyrir það og frelsaði írösku þjóðina undan Saddam Hussein og böðlum hans. Nú er unnið að því að koma landinu á réttan kjöl eftir hremmingar harðstjórnarinnar. Þá stefnu hljóta allir, sem vilja frið í þessum heimshluta, að styðja af heilum hug. Ísland hefur þegar lagt sitt af mörkum til uppbyggingarstarfsins í Írak og mun halda því áfram.

Síðastliðinn vetur leit um tíma út fyrir mikla erfiðleika í samskiptum landsins við Evrópusambandið. Þeir komu upp í samningum EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um stækkun þess til austurs og þar með stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Erfiðleikarnir stöfuðu einkum af kröfu framkvæmdastjórnarinnar um að EFTA-ríkin greiddu margfalt meira en áður í þróunarsjóði ESB sem veita styrki til fátækari ríkja sambandsins.

Deilan leystist eftir að framkvæmdastjórnin sló stórlega af upphaflegum kröfum. Í ljós kom að þær nutu ekki almenns stuðnings meðal aðildarríkjanna. Það sýnir, að mínu mati, ríkan pólitískan vilja innan Evrópusambandsins til þess að EES-samningurinn haldi áfram að virka vel.

Um síðustu áramót lagði ég til að skipuð yrði nefnd allra flokka til að fjalla á faglegan hátt um veigamikil álitaefni sem snerta Evrópumálin. Með þessu yrði komið til móts við óskir um upplýsta umræðu um þennan málaflokk. Það tókst ekki að koma nefndinni á fót fyrir kosningar. Það á sér eðlilegar skýringar og nú er stefnt að stofnun hennar. Nefndinni verður einkum ætlað það að skýra og skerpa umræðuna, greina aðalatriði málsins og helstu staðreyndir þess. Þetta á til dæmis við um atriði eins og framkvæmd EES-samningsins, hvort varanlegar undanþágur séu veittar í aðildarsamningum og þá hvers konar undanþágur, hvað Evrópusambandsaðild mundi kosta ríkissjóð til lengri og skemmri tíma litið, hverjir væru kostir og gallar evru fyrir Ísland o.s.frv., svo aðeins örfá álitaefni séu nefnd til sögu.

Herra forseti. Það er samkomulag stjórnarflokkanna að hinn 15. september 2004 taki hæstvirtur utanríkisráðherra við embætti forsætisráðherra og utanríkisráðuneyti og umhverfisráðuneyti flytjist á forræði Sjálfstæðisflokksins. Og nú, þegar ég hef lokið flutningi 17. stefnuræðu minnar frá vordögum 1991, er því ljóst að þetta verður síðasta stefnuræða mín, í þessum áfanga.

Einn háttvirtur þingmaður stjórnarandstöðunnar hefur sagt í hvert eitt sinn þegar ég hef lokið flutningi stefnuræðu að hann verði því miður að segja að þetta sé einhver sú „snautlegasta“ stefnuræða sem hann hafi heyrt. Ég vonast til að háttvirtur þingmaður breyti ekki vana sínum nú því ég get ekki neitað því að svona staðfesta og íhaldssemi snertir viðkvæman streng í brjósti mínu.

Góðir áheyrendur. Hvað sem öllum deilum líður vonast allur þingheimur til að það þing sem nú er að hefjast verði landi og þjóð til fremdar og farsældar.

[20:15]

Össur Skarphéðinsson:

Góðir Íslendingar. Góðir tilheyrendur. Við erum stöðugt minnt á að það er ekkert öruggt í þessu lífi. Það er örskammt síðan góður vinur Íslendinga, góður evrópskur jafnaðarmaður, sænski utanríkisráðherrann Anna Lindh féll fyrir hendi ofbeldismanns. Anna Lindh var fyrirmynd kvenna og ungra stjórnmálamanna um alla Evrópu. Þetta var hörmulegur atburður, einn af þeim sem mun okkur seint eða aldrei úr minni líða. Við munum flest þegar Anna Lindh kom hingað og heimsótti okkur á liðnum vetri með fjölskyldu sinni og við munum það að hún framlengdi dvöl sína umfram það sem opinbert var af heimsókninni vegna þess að hér átti hún vini, vegna þess að hún hreifst af Íslandi. En atlagan að Önnu Lindh leiðir líka hugann að því hvað það skiptir máli fyrir okkur öll og ekki síst okkur stjórnmálamenn sem störfum

í umboði almennings, að nota vel þann tíma sem okkur er gefinn. Lát hennar beinir sjónum að grundvallaratriðum sem við stjórnmálamenn gleymum því miður allt of oft í erli hins pólitíska hversdags, að lífsgildum, að lífsgæðum, að því í hvernig samfélagi við viljum búa.

Í Reykjavík gerist það að hópur ungmenna ræðst inn á heimili, leggur það í rúst, ógnar lífi og limum. Við sjáum húsfreyjuna á heimilinu á forsíðu Fréttablaðsins standa niðurbrotna við hliðina á mölbrotinni hurð í sinni eigin íbúð. Og hún kærir ekki. Hún leggur ekki í að kæra árásina til lögreglunnar. Þessi íslenska fjölskylda er af asískum uppruna. Þetta er þeirra eigin reynsla. Þessir góðu Íslendingar treysta ekki réttarríkinu sem við höfum verið að byggja upp. Hvernig get ég sem stjórnmálamaður dregið þá niðurstöðu í efa? Ég get það ekki. Þetta er íslenskur reynsluheimur dagsins í dag. Ekkert okkar vill svona samfélag en við eigum og við verðum að tala um þessa hluti.

Flestir þingmenn jafnaðarmanna studdu virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka. En við styðjum ekki að réttindabarátta verkalýðshreyfingarinnar, sem svo að segja sérhver Íslendingur nýtur góðs af í dag, sé skrúfuð áratugi aftur í tímann. Og við styðjum ekki að langvarandi sátt um laun, um aðbúnað, um réttindi, um leikreglur sé með þessum hætti brotin á bak aftur eins og við höfum séð tilraunir til við Kárahnjúka. Þetta er líka spurning um lífsgildi. Þetta er líka spurning um það hvers konar samfélag við viljum skapa. Og við kaupum hvorki stórvirkjanir né tímabundna hagsæld því verði sem felst í því að sjá á bak grundvallarmannréttindum.

Góðir Íslendingar. Það árar vel og það er gott að vera Íslendingur í dag. Samstaðan sem náðist um stórframkvæmdir fyrir austan og raunar víðar getur skapað hófstillt og tiltölulega langvinnt hagsældarskeið ef okkur tekst vel upp með hagstjórnina. Það skiptir öllu máli að við hvorki missum hagkerfið í gamla farið þar sem óhófleg aukning eftirspurnar innan lands kyndir upp verðbólguna og leiðir að lokum til gengisfellingar, né heldur að við töpum því yfir í umhverfi þar sem gengið hækkar úr hófi fram, kreppir að samkeppnis- og útflutningsgreinum, ekki síst á landsbyggðinni, og slítur upp nýgræðinginn sem nú er að brjótast fram í krafti ungs og hámenntaðs fólks. Það þarf agaða hagstjórn og það þarf sterk bein til þess að standa gegn ofþenslu ríkisútgjalda. Samfylkingin mun af ábyrgð stuðla að hvoru tveggja.

Með gætni og með samstöðu ólíkra afla bæði hér í þessum sölum og á vinnumarkaði, er hægt að ná í senn fram meiri hagvexti með minni þenslu en menn töldu áður, bæði sérfræðingar og stjórnmálamenn fyrir síðustu kosningar. Ef það tekst verður á kjörtímabilinu svigrúm fyrir bæði hóflegar skattalækkanir, eins og þær sem Samfylkingin hefur boðað, en jafnframt til þess að hrinda í framkvæmd drjúgum hluta af þeim félagslegu umbótum sem Alþýðusamband Íslands og verkalýðshreyfingin öll hefur rökstutt svo vel. Þannig getum við lagt grunn að traustu atvinnulífi sem byggist í senn á menntun, þekkingu og nýsköpun.

Það hefur varla farið fram hjá nokkrum í þessum sölum að í upphafi þessa þings hefur Samfylkingin lagt þunga áherslu á að lækka matarverð til heimilanna. Fyrstu tillögur okkar að því eru einmitt að nota það svigrúm sem skapast til þess að lækka virðisaukaskatt á matvælum um 5 milljarða. Skattalækkun af því tagi mun nýtast öllum, líka þeim sem hafa svo lágar tekjur að þeir eru undir skattfrelsismörkum, og skattalækkun af þessu tagi mun best nýtast þeim sem hafa minnst umleikis. Þetta er þess vegna jafnaðarstefna í verki. En það vekur óneitanlega athygli að Sjálfstfl. sem byrjar þetta þing á því að boða 20 milljarða skattalækkanir, byrjar að lækka skattana með því að leggja fram fjárlagafrv. þar sem boðað er að hækka álögur á alla landsmenn um 1 milljarð. Ekki byrjar það vel.

Góðir Íslendingar. Spurningin um aðild okkar að Evrópusambandinu verður stöðugt meira knýjandi. Flokkarnir verða að tala skýrt og Samfylkingin hefur talað skýrt í þessu máli. Við teljum að full aðild með evru, Evrópuvöxtum og Evrópuverði á mat, muni færa íslenskum neytendum verulegar lífskjarabætur. Það er það sem spurningin um Evrópu snýst um, að bæta lífskjörin í landinu. En ástæðurnar fyrir því að við eigum samleið með Evrópusambandinu eru ekki aðeins efnahagslegar. Menningarlega og sögulega erum við Íslendingar í innsta kjarna Evrópu. Framlag okkar í formi tungumáls og formi sagna er ómetanlegt. Og þrátt fyrir að við sjáum hversu hratt samrunaferlið í Evrópu gengur um þessar mundir þá er hægt en örugglega að koma í ljós að samfara gríðarlegum efnahagslegum ávinningi halda þjóðirnar samt menningu sinni og sérkennum.

Við skulum heldur ekki gleyma því að Evrópusambandið var upphaflega stofnað til þess að efla frið og öryggi í Evrópu. Og það hefur tekist í þeim mæli að álfan hefur aldrei verið jafnfriðsæl og nú. Við þekkjum það öll að uppi hafa verið viðsjár um okkar eigin öryggismál og við vitum það líka öll að það er ekki lengur á vísan að róa þar sem Bandaríkin eru. Aðild að Evrópusambandinu er því líka liður í að tryggja öryggi okkar í framtíðinni.

Hæstv. forsrh. gerði Íraksstríðið að umræðuefni í ræðu sinni áðan. Stríðsátökum í Írak er enn ekki lokið þótt liðnir séu rúmir fjórir mánuðir síðan Bush Bandaríkjaforseti lýsti yfir sigri í styrjöldinni. Og það kemur sífellt betur og betur í ljós að hyggilegt hefði verið að fara að ráðum þeirra þjóðarleiðtoga í Evrópu og víðar sem hvöttu til aðgerða með skýrum forsendum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Við sjáum það núna að leiðtogar innrásarherjanna eru í miklum vanda á vettvangi í Írak og þeir eru ekki í minni vanda á vettvangi heima vegna þeirra yfirlýsinga sem þeir gáfu um gereyðingarvopnin sem engin hafa fundist. Enn er samt hægt að bæta úr í Írak með því að skapa samstöðu á alþjóðavettvangi undir forustu Sameinuðu þjóðanna um breytta stefnu sem beinist að því að Írakar sjálfir taki sem fyrst við völdum í landi sínu í sæmilegri sátt við grannþjóðir og með stuðningi leiðtoga og almenningsálits í Arabalöndunum.

Í dag er tæp vika síðan utanrrh. lýsti yfir framboði Íslendinga til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Samfylkingin styður það sannarlega. En það er sérkennilegt að forsrh. skuli í stefnuræðu sinni leggja það eitt til þess máls að rifja það sérstaklega upp þegar hann skrifaði landið án samráðs við þing, án samráðs við þjóð, inn á lista svokallaðra viljugra þjóða í aðdraganda Íraksstríðsins, þeirra sem vildu ganga í berhögg við einmitt þær sömu Sameinuðu þjóðir og við nú köllum til ábrifa í.

Auðvitað fagna allir sæmilegir menn falli Saddams Husseins. Undanfarin missiri hefur ástandið í þeim heimshluta hins vegar versnað mjög frá því sem áður var þrátt fyrir fulltingið sem hinir viljugu hafa veitt ráðamönnum í Washington. Þar veldur auðvitað mestu að svonefndur vegvísir til friðar og friðarferlið allt er nú tómt orð en Ísraelsstjórn reisir um landið háan múr sem vekur óhug um allan heim. En á þeim viðburðum í þessum heimshluta hefur forsrh. hins vegar enga skoðun í stefnuræðu sinni og það gegnir furðu

miðað við þær miklu umræður sem átt hafa sér stað um þá atburðarás hér í þessum sölum.

Góðir Íslendingar. Nýtt kjörtímabil er hafið og við í Samfylkingunni horfum til þess með tilhlökkun. Verkefnin hafa sjaldan verið meiri og það hefur aldrei verið meiri þörf fyrir öfluga hreyfingu jafnaðarmanna en einmitt í dag. Og það duldist engum að Samfylkingin vann góðan kosningasigur í vor og við mætum nú til leiks með 20 vaska þingmenn sem hver og einn mun ekki draga af sér. Í þeim hópi er ungt fólk sem á eftir að láta að sér kveða bæði í forustu Samfylkingarinnar en líka í fremstu röð íslenskra stjórnmála. Styrkur okkar í íslensku samfélagi hefur heldur aldrei verið meiri og hann eigum við ykkur, góðir Íslendingar, að þakka. Það voruð þið sem gerðuð okkur að næststærsta flokki landsins í kosningunum í vor og fyrir það erum við þakklát og við munum hvert og eitt leggja allt undir til þess að vera þess trausts verð. Samfylkingin mun ekki bregðast ykkur, Samfylkingin mun ekki bregðast þjóðinni.

[20:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar.

Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þér í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er: Að elska, byggja og treysta á landið.

Þannig kvað fyrsti ráðherra Íslands, Hannes Hafstein. Hann var einn af eldhugunum miklu sem brýndi aldamótakynslóðina til starfa. Íslendingar voru ein fátækasta þjóð veraldar fyrir eitt hundrað árum. Nú þjóð í fremstu röð sem býður þegnum sínum góð lífskjör, velmegun, menntun og gott öryggisnet fyrir þá sem minna mega sín. Lífbeltin eru tvö, hafið og landið sjálft. Orka fallvatna og hitinn í iðrum jarðar eru okkar olíuauðlindir. „Hve mætti bæta lands og lýðs vors kjör/að leggja á bogastreng þinn kraftsins ör, —“ kvað Einar Benediktsson. Það er dugnaðar- og framkvæmdahugurinn sem sett hefur Ísland og Íslendinga í fremstu röð. Stjórnmálamennirnir hafa gefið vilja einstaklingsins frelsi. Við höfum ekki fest í ofstjórn margra þjóða sem deyða dugnað, drepa framtak og þurfa í dag hjálp vestrænna þjóða.

Á Alþingi er nú að taka völd ný kynslóð þingmanna, kynslóð nýrrar aldar. Allt það fólk vill vel og mun eflaust setja mark sitt á Alþingi næstu áratugi. Megi þessum nýju þingmönnum vegna vel. Minnist þess að þið eruð hingað kvödd til þjónustu við fólkið í landinu. Standið vörð um frelsi landsins og þau góðu lífskjör sem hér hafa þróast. Óvægin umræða og persónulegar árásir skaða stjórnmálamennina sjálfa og vekja upp hatur og fjarlægir okkur frá fólkinu sem í landinu býr og rýrir í leiðinni traust manna á Alþingi.

Í ágætri ræðu hér áðan lét formaður Samfylkingarinnar að því liggja að enn væri hart deilt á Kárahnjúkasvæðinu. Þannig er staðan þar nú að tekist hefur samkomulag milli erlendu verktakanna og ASÍ. Árni Magnússon félmrh. hefur margsagt að eftir íslenskum lögum verði farið. Því hefur og verður fylgt eftir.

Ágætu Íslendingar. Gefum þjóðinni og unga fólkinu bjartsýni og trú. Höldum vörð um frelsið og kristið siðgæði. Heimsendaumræðan er til þess fallin að fólkið okkar fer að trúa því að hér sé allt á hverfandi hveli og þá flytur það úr landi. Fyrir þúsund árum trúlofaðist Alþingi Íslendinga kristinni kirkju á Þingvöllum. Það var gæfuspor. Löggjafarþingið og þjóðkirkjan hafa síðan haldist í hendur. Þetta samstarf er partur af okkar þjóðskipulagi og menningu. Ég og minn flokkur, Framsóknarflokkurinn, viljum ekki höggva á þau bönd. Samstarf ríkis og kirkju hefur í þúsund ár mótað öfluga þjóð og sterkan þjóðarvilja. Siðfræðigildi kristinnar trúar á meira erindi til okkar en oft áður. Löggjafarþingið og þjóðkirkjan eiga að halda utan um sitt samstarf áfram.

Kosningarnar í vor voru varnarsigur þeirra sem vildu áfram. Ríkisstjórnin hafði þó á átta árum lagt grunn að öflugra Íslandi. Lífskjör bötnuðu um 30%, lægstu laun og tryggingabætur til þeirra sem verst eru settir hækkuðu um 50%, atvinna mikil í landinu og þúsundir Íslendinga fluttu aftur heim. Þessi ríkisstjórn er ekki biðríkisstjórn. Hún hefur teflt sóknarskák.

Mörg stærstu málin sem hagvöxtinn skapa og bætt lífskjör hafa kostað stjórnarflokkana svita og baráttu. Ríkisstjórnin hefur mætt ótrúlegri andstöðu af hálfu Samfylkingar og Vinstri grænna í mörgum brýnum framkvæmdamálum síðustu ára. Landið er enn að rísa og lífskjör halda áfram að batna, hagvöxtur fer hæst í 5–6%, skattar launafólksins verða lækkaðir um 20 milljarða og barnafjölskyldur eiga fyrirheit um þrjá milljarða til tiltekinna verkefna til viðbótar. Þjóðin kaus áframhaldandi hagvöxt og stöðugleika. Traust ríkir á milli ríkisstjórnarflokkanna og ég efast ekki um að það mun haldast út kjörtímabilið.

Samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks síðustu átta árin hefur skilað ótrúlegum árangri sem vakið hefur verðskuldaða athygli í hinum vestræna heimi: lág verðbólga, lítið atvinnuleysi, stöðugur hagvöxtur og lækkun skulda ríkissjóðs. Áframhaldandi samstarf okkar framsóknarmanna við Sjálfstæðisflokkinn var ekki sjálfgefið. En með tilliti til stefnu stjórnarandstöðuflokkanna og hvernig kosningabaráttunni var háttað af þeirra hálfu, varð okkar samstarf niðurstaða.

Hæstv. forseti. Ísland hefur tekið vaxandi þátt í alþjóðlegu samstarfi. Við fögnum framboði í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 2009–2010 sem sýnir vaxandi sjálfstraust okkar í samfélagi þjóðanna. Á Balkanskaga hefur Ísland tekið þátt í uppbyggingarstarfi eftir stríðið. Öryggismál og varnir gegn hryðjuverkum hafa verið fyrirferðarmikill málaflokkur í vestrænum samfélögum á síðustu árum. Mikilvægt er að Íslendingar hugi vel að öryggi borgaranna á viðsjárverðum tímum. Grundvöllur okkar í varnar- og öryggismálum er varnarsamningurinn við Bandaríkin, aðild að NATO og ekki síst aðild að Sameinuðu þjóðunum.

Ríkisstjórnin hefur sýnt festu og ákveðni í samskiptum við Bandaríkin varðandi breytingar á tvíhliða varnarsamningi þjóðanna. Mikilvægt er að ekki verði dregið úr varnarmætti á Keflavíkurflugvelli.

Sjávarútvegurinn hefur á síðustu árum stóraukið framlegð. Byggð hafa verið upp öflug fyrirtæki sem hafa verið þess megnug að greiða góð laun. Þetta er árangur festu og stöðugleika í stjórn fiskveiða. Markaðsaðstæður hafa verið hagstæðar og afkastageta fiskstofna hefur í heildina litið verið góð. Margt bendir til að markaðsaðstæður sjávarafurða verði óhagstæðari á næstu árum. Því er mikilvægt að ríki stöðugleiki í atvinnugreininni og í fiskveiðistjórnarþættinum svo greininni auðnist að keppa við vaxandi fiskiðnað frá ríkjum í Asíu sem búa við lágan kostnað, ekki síst launakostnað, sem í mörgum tilfellum er innan við 10% af þeim launum sem hér eru greidd.

Staða landbúnaðarins á Íslandi hefur batnað í tíð núverandi ríkisstjórnar. Kjör kúabænda hafa batnað verulega og

nú eru kúabændur ekki flokkaðir sem láglaunastétt. Þetta er góður árangur sem ber að verja með nýjum samningi.

Verulegur vöxtur hefur verið í kornrækt og skógrækt er að festa sig í sessi sem ný atvinnugrein. Mikill vöxtur er í fiskeldi, bæði í lax og bleikju, sem skapar aukna atvinnu- og vaxandi útflutningstekjur.

Því er ekki að neita að kjör sauðfjárbænda hafa versnað og eru með öllu óviðunandi. Erfiðleikar í sauðfjárframleiðslunni stafa fyrst og fremst af óeðlilegri samkeppnisstöðu á kjötmarkaði. Vonir standa til að jafnvægi komist á kjötmarkaðinn fyrir lok næsta árs. Óhjákvæmilegt er að ríkisvaldið bregðist við þessum tímabundna vanda sauðfjárbænda. Á næstu vikum á ég von á tillögum stjórnskipaðrar nefndar um hvernig við verði brugðist og í framhaldi af því mun ríkisstjórnin taka málið til umfjöllunar.

Árangur í landbúnaði á Íslandi á síðustu tveimur áratugum hefur verið ótrúlegur. Útgjöld vísitölufjölskyldunnar til matarkaupa sem hlutfall heildarútgjalda hefur lækkað á því tímabili úr 25% í 15%, eða um 40%. Á sama tíma hafa útgjöld ríkissjóðs til landbúnaðarins sem hlutfall heildarútgjalda ríkissjóðs lækkað úr 12% í rúm 4%. Eða með öðrum orðum, útgjöldin eru aðeins hlutfall $^1/_3$ þess sem var fyrir tveimur áratugum. Landbúnaðarvörur hafa hækkað minnst allra vara á Íslandi á síðustu árum. Íslendingar eru stoltir af sínum landbúnaði. Hann er í fremstu röð hvað gæðin varðar.

Það ríkir mikill kraftur í íslensku viðskiptalífi. Bankar og fjármálafyrirtæki eru í útrás með starfsemi á erlendri grundu. Þetta er jákvætt. Hins vegar þarf að skoða það hvort bankar eigi samtímis að vera viðskiptabankar og fjárfestingabankar. Yfir það tel ég að þurfi að fara. Kannski er það sem nú gerist fyrst og fremst vaxtarverkir í þróttmiklum fyrirtækjum sem sjá útrás í dag.

Ágætu Íslendingar. *100 ára afmæli fyrsta ráðherrans* og heimastjórnar er 1. febrúar á næsta ári. Það eru merk tímamót. Samfelld sigurganga íslenskrar þjóðar á síðustu 100 árum er okkur mikilvæg. Þá leið eigum við að varða áfram, þá leið eigum við að fara og sú er stefna míns flokks, Framsóknarflokksins. — Þakka þeim sem hlýddu.

[20:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Já, ef ég hefði farið út í einkunnagjöf á ræðu hæstv. forsrh. á annað borð, þá hygg ég að það hefði orðið eitthvað á þá leið að hún væri fremur rýr í roðinu. En það er að vísu vegna þess að á það eintak sem ég fékk sent af ræðunni, þessari frægu lekaræðu, vantaði hinn skemmtilega endi sem hæstv. forsrh. flutti okkur. Og ég býst við að ég hefði hækkað hana um hálfan í einkunn ef ég hefði haft eintak undir höndum með þessum ágæta enda. Það er auðvitað allt of snemmt að flytja kveðjuorð til hæstv. forsrh. þó væri nú nokkur saknaðartónn í ræðu hans hér, en ég get svo sem þakkað honum fyrir marga góða snerruna sem við höfum tekið m.a. í umræðum um stefnu ríkisstjórna hans. Það vil ég segja að heilmikið hafa pússast hornin á hæstv. forsrh. frá því hann kom hér inn úr stóli borgarstjóra og hugðist vera á þingi ekki síður kóngur í ríki sínu heldur en hérna handan við Vonarstrætið.

Herra forseti. Vetur konungur er að minna svolítið á sig þessa dagana og *það gildir einnig og ekki síður um hálendið* og Vesturöræfi þar sem nokkur hundruð erlendir verkamenn eru í milli 600 og 700 metra hæð yfir sjó, heldur fáklæddir að kynnast því hvernig vetur ber að garði á öræfum Íslands. Hvernig er síðan búið að þessum erlendu gestum þjóðarinnar? Jú, það er þannig að þeim búið að góðhjartaðar konur á Austurlandi eru að prjóna sokka og vettlinga á bláhvíta portúgalska fingur og tær vegna þess að verkamennirnir hafa ekki efni á því að kaupa sér einu sinni húfu úr ódýrustu gerviefnum í kaupfélaginu á Egilsstöðum.

Í stuttu máli sagt erum við Íslendingar að verða þar vitni að einhverri ósvífnustu tilraun til félagslegra undirboða sem sést hefur lengi á Vesturlöndum af fjölþjóðafyrirtæki. Og það er ekki eitt heldur allt sem þar er undir. Það var byrjað á því að flytja verkafólk á staðinn. Síðan var farið að reisa vinnubúðir. Salernisaðstöðu og aðra hreinlætisaðstöðu vantaði. Drykkjarvatn var ekki fyrir hendi. Öryggismál voru í ólestri. Engar brunavarnir. Menn hafa ekki leyfi til að stjórna þeim ökutækjum sem þeir eru uppi í og þar fram eftir götunum. Og þegar kólnar í veðri hafa menn einn fátæklegan vinnugalla til að klæða af sér kuldann. En verst af öllu er þó auðvitað hin alvarlega tilraun og hinn einbeitti ásetningur þessa verktaka Landsvirkjunar til að nýta sér og gera út á atvinnuleysi og eymd verkamanna á vanþróuðum svæðum sem þar með láta bjóða sér aðbúnað og kjör sem enginn Íslendingur mundi líta við.

Þurfti þetta að koma mönnum á óvart? Nei. Fyrir lá slóð þessa fyrirtækis í Afríku, Suður-Ameríku og víðar. Ef menn hefðu kynnt sér söguna þá máttu þeir vera við þessu búnir.

Einnig áttu bjöllur auðvitað að hringja þegar hið lága tilboð barst. Hvernig stóð á því að þessi verktaki, glóðvolgur af söndum Afríku, bauð svona miklu lægra en þau fyrirtæki íslensk og erlendir samstarfsaðilar sem nauðaþekkja aðstæður á Íslandi? Eða hvað. Grunaði Landsvirkjun ekki neitt? Ekki iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið? Héldu þeir að þessir aðilar þekktu svona miklu betur íslensku virkjunarsamningana og jarðfræðina á Austurlandi heldur en t.d. Ístak og Pihl & Søn? Eða lá kannski svo mikið á að koma þessu pólitíska gæluverkefni fram, reisa ef svo má að orði komast þennan blauta bautastein framsóknarmanna á Austurlandi sem Hálslón verður, að menn tóku vitandi vits óraunhæfu tilboði? Til hvers vísuðu ummæli hæstv. utanrrh. á Egilsstöðum á dögunum við hið sama tækifæri og hann laut fyrirtækinu fram og þakkaði þeim hingaðkomuna þegar hann sagði að menn skyldu nú þakka hið lága tilboð, því ella væri með öllu óvíst að í verkið hefði verið ráðist? Auðvitað. Og til hvers vísa ummæli stjórnarformanns Landsvirkjunar í blöðum í dag sem byrjar á því að lýsa áhyggjum af ímynd Impregilo? Stjórnarformaðurinn hefur miklar áhyggjur af því að ítalska fyrirtækið sé að skemma ímynd sína. Ekki Landsvirkjun. Ekki Framsóknarflokkurinn. Nei. Impregilo.

Hvað segir svo stjórnarformaður Landsvirkjunar samkvæmt orðréttri tilvitnun í Morgunblaðinu:

„„Þegar samið var endanlega við Impregilo voru nokkur atriði fínpússuð og þá fengu þeir töluverða hækkun, meðal annars til að tryggja að launakröfum yrði fullnægt við verkið," segir Jóhannes Geir."

Aha. Landsvirkjun vissi sem sagt áður en hún gekk til samninga við fyrirtækið að tilboðið væri óraunhæft hvað launaþáttinn snertir en tók því samt og lét þá hafa umtalsverða hækkun í viðbót til þess að kippa þessu í lag. Ég trúi því að þessi ummæli muni vekja athygli og undrun, ekki síst *samkeppnisaðilum um verkið sem buðu í góðri trú og ætluðu* sér að uppfylla íslenskar reglur um kaup og kjör.

Annars hafa, herra forseti, viðbrögð hinna ýmsu aðila við þessu máli verið öll mjög athygli verð. Verkalýðshreyfingin

hefur að sjálfsögðu, og það er þakkarvert, skorið upp herör gegn þessu framferði, enda vita menn þar á bæ hversu hættulegt það væri ef fyrirtæki kæmist upp með þessi undirboð. Hvernig það mundi grafa undan áratuga baráttu til að byggja upp réttarstöðu, tryggja kjör, öryggi og aðbúnað verkafólks á hálendi Íslands.

En verkalýðshreyfingin hefur ekki fengið mikinn stuðning stjórnvalda hvað þá vinnuveitenda í þessari baráttu sinni. Viðbrögðin hafa verið mjög athygli verð. Suður í Straumsvík skaut upp kollinum á dögunum pínulítið dæmi hliðstæðrar náttúru þar sem átti að fara illa með erlenda verkamenn. Þá var manndómsbragur á því hvernig forstjóri álversins tók á málinu og sagði efnislega og á mannamáli: Við höfum ekkert með ykkur að gera ef þið getið ekki virt lög og reglur og hagað ykkur eins og menn.

Hefur einhver sagt þetta við Impregilo? Hefur Friðrik Sophusson sagt þetta? Hefur Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagt þetta? Hefur Valgerður Sverrisdóttir sagt Ítölunum að hegða sér eins og menn eða fara heim ella? Nei. Byrjunarerfiðleikar, segir hún, byrjunarerfiðleikar.

Hefur Halldór Ásgrímsson sagt þetta? Nei, hann laut fram og þakkaði. Hefur Árni Magnússon félmrh. sagt þetta? Nei, hann nöldraði um skort á upplýsingum. Hefur Davíð Oddsson sagt þetta? Nei. Hann minnist ekki einu einasta orði á þetta mál í stefnuræðunni, í lekaræðunni, ekki orði, hvað þá setningu.

Davíð Oddsson minnist hins vegar á stuðning sinn og Halldórs Ásgrímssonar við stríðið í Írak. Það er einnar messu virði. Og forsætisráðherra fullyrðir þar að aðgerðin sé, eins og hann orðar það á sérstöku lagamáli, „löghelguð af samþykktum Sameinuðu þjóðanna". En hann minnist ekki einu orði á gereyðingarvopn, þau eru gufuð upp, ekki einu orði. Ekki er minnst einu orði á þær blekkingar og þær lygar sem hafa verið afhjúpaðar bæði austan hafs og vestan og notaðar voru til að reyna að réttlæta þetta stríð.

Hvers vegna skyldi lögfræðingurinn Davíð Oddsson leggja lykkju á leið sína til að tala um lögmæti stríðsins í Írak? Getur það verið vegna þess að hann og Halldór Ásgrímsson vita báðir vel að ef engin reynast gereyðingarvopnin í Írak þá hrynur síðasta röksemdin sem hægt væri að reyna að hanga á til þess að telja þá innrás lögmæta? Það er nefnilega þannig að stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna geymir engar heimildir til þess að ráðast inn í lönd og skipta þar um ríkisstjórnir. Þaðan af síður geymir hann heimildir til þess að herveldi fari með vopnavaldi inn í fullvalda ríki innan viðurkenndra landamæra og taki þar sjálft við völdum, en það er það sem Bandaríkjamenn hafa gert.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði aldrei lýst því yfir að Írak væri ógn við heimsfriðinn né hafði það lýst því yfir að Írakar hefðu framið friðrof né að Írakar hefðu ráðist á annað ríki, til þess að skilyrðum 39. gr. stofnmála Sameinuðu þjóðanna um vopnaða valdbeitingu á grundvelli 42. gr. væri fullnægt. Enda sagði utanrrh. allt frá því í janúar og fram til 17. mars aftur og aftur á Alþingi og í fjölmiðlum: Það þarf nýja ályktun öryggisráðsins áður en aðgerðir geta hafist. 19. mars, tveimur sólarhringum síðar, hafði hann snúið við blaðinu.

Því betur fer, herra forseti, var Ísland og er Ísland ekki í færum til þess að taka beinan þátt í aðgerðum af þessu tagi vegna þess að dómsmrh. hefur ekki enn orðið að ósk sinni að fá herinn. En því miður bundu utanrrh. og forsrh. íslensku þjóðinni siðferðilegar og pólitískar skuldbindingar og ábyrgð með því að setja Ísland án nokkurs samráðs við Alþingi á lista yfir 30 stuðningsþjóðir aðgerðanna. Mér segir svo hugur að meira þurfi en innantómar yfirlýsingar um lögmæti aðgerða og frelsun íröksku þjóðarinnar a la Ameríku til þess að íslenska þjóðin fyrirgefi þeim kumpánum þessa aðgerð.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eins og menn muna skall á mikil hrina skattalækkunarloforða hér í aðdraganda kosninganna og allir flokkar nema sá sem hér er talað fyrir tóku þátt í því, ekki síður Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn. Í þessu ljósi er skondið að lesa stefnuræðuna og umfjöllun hennar um skattamál. Og hver er niðurstaðan? Engar skattalækkanir fyrr en einhvern tíma síðar á kjörtímabilinu, 20 milljarðar á kjörtímabilinu en þó þannig að þar er engu slegið föstu. Þetta er svona allt í athugun. Átti ekki að lögfesta þetta allt í haust, hæstv. forsrh., hvernig var það, á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, og byrja að framkvæma strax í haust? Svona eins og með línuívilnunina, ekkert mál.

Nei, en reyndar er einn hópur sem á að fá skattalækkun um áramótin. Hverjir eru það? Láglaunafólk? Á að lækka matarskattinn? Nei. Það á að lækka hátekjuskattinn. Þannig heldur ríkisstjórnin áfram stefnu sinni með skattabreytingum sem koma fyrst og fremst tekjuhæstu hópum þjóðarinnar til góða, þeim sem eiga fjármagnið og þeim sem eiga eignirnar. En efndir gagnvart almennum launamönnum, sem voru auðvitað narraðir út á þessi ábyrgðarlausu loforð til að kjósa þessa flokka og fleiri sem nú sitja í ríkisstjórn, eru engar.

Herra forseti. Á það hefur verið minnst að á næsta ári minnumst við 100 ára afmælis heimastjórnar í landinu og það er alveg tilefni til þess á slíkum tímamótum að fara yfir það hvernig okkur hafi vegnað. Ekki endilega til að halda veislur heldur ræða það hvernig hefur til tekist og hverju það er að þakka að íslenska þjóðin hefur náð þeim árangri sem raun ber vitni. Þar held ég að menn ættu að minnast þess að sjálfstæðið sjálft hefur verið sú aflvél sem hefur drifið velferðarsókn þjóðarinnar og það mættu sérstaklega þau öfl hugsa sem róa að því linnulaust að koma aftur til baka út á meginland Evrópu stórum hluta af því fullveldi og því sjálfstæði sem við sóttum okkur í áföngum á síðustu öld.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði náðum ekki fram því markmiði okkar að fella ríkisstjórnina og mynda hér velferðarstjórn. Við höldum hins vegar þeirri baráttu ótrauð áfram. Við erum ekki hætt í stjórnarandstöðu þó að einhverjir aðrir kunni að vera það. Við munum áfram andæfa hægri hyggjunni og frjálshyggjunni og verja velferðarkerfið gegn öllum hugmyndum um gjaldtöku, niðurskurð og einkavæðingu. Við trúum því að á Íslandi sé hægt að byggja farsælt og gott velferðarsamfélag og gera það betra heldur en það er í dag ef rétt hugmyndafræði er þar höfð að leiðarljósi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:51]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Gott kvöld. Enn á ný hlýt ég að lýsa yfir vonbrigðum með það hvernig þeir kvótaflokkar sem nú eru við völd skella gersamlega skollaeyrum við óánægju íslensku þjóðarinnar með núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi. Í stefnuræðu hæstv. forsrh. er einungis fjórum setningum varið í að ræða um sjávarútvegsmál, málaflokkinn sem skiptir svo miklu fyrir efnahag okkar og framtíð okkar sem þjóðar. Ríkisstjórnin lemur hausnum við steininn og neitar að hlusta.

Hvað ætlar hún að gera í málefnum þeirra sjávarbyggða sem hafa orðið fyrir stórum áföllum frá því að kosningar fóru fram í byrjun maí? Hvað á að gera til að rétta hlut Raufarhafnar, Hofsóss, Bíldudals og Seyðisfjarðar? Eða allra hinna staðanna sem búa við stöðnun eða hnignun og lifa nú á milli vonar og óttа?

Þessir sjávarbæir blómstruðu og stækkuðu ár frá ári allt þar til réttur þeirra til að njóta aðgangs að þeim náttúruauðlindum sem þeir hafa búið að frá örófi alda var skertur eða tekinn frá þeim. Það var gert í nafni fiskverndar og hagræðingar sem gekk að mestu út á það að gera lifibrauð almennings í sjávarbæjunum að söluvöru einstakra aðila sem síðan hafa notfært sér hana óspart til að sölsa undir sig fjöregg þjóðarinnar.

Ferlið hófst þegar kvótakerfið var tekið upp fyrir 20 árum. Það fór á fulla ferð þegar framsal aflaheimilda var gefið frjálst. Nú höfum við ekki hugmynd um hvernig þetta endar. Núverandi stjórnvöld hafa hagað málum þannig að þau geta engu ráðið um það hvað verður um nýtingarréttinn á fjöreggi þjóðarinnar og þar með framtíð Íslandsbyggðar.

Forstjóri stærsta útgerðarfyrirtækis landsins skrifaði bréf til starfsmanna sinna þremur dögum fyrir kosningarnar í maí. Þar kom hann af fjöllum og furðaði sig á því að sjávarútvegsmálin hefðu verið sett á oddinn í stjórnmálaumræðunni. Svona eru þessir menn orðnir veruleikafirrtir eftir að hafa keypt sér frið núverandi stjórnarflokka í tólf ár. Tíminn leyfir ekki að farið sé nánar út í hið makalausa bréf sem Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Brims, sendi starfsmönnum sínum í maí. Hann sendi starfsmönnum sínum þetta bréf, starfsmönnum í fjölmörgum sjávarbyggðum, til að telja fólki trú um að allt færi á vonarvöl ef stjórnarflokkarnir misstu meiri hluta sinn með þeim afleiðingum að breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Ég vil hins vegar minna á eina setningu úr þessu skjali sem ég vitna til, með leyfi forseta:

„Ef allur fiskur færi á markað væri fótunum kippt undan rekstri þeirra frystihúsa sem rekin eru af Brimi og byggja vinnslu sína á eigin hráefni. Stórir vinnustaðir á Akureyri, Grenivík, Akranesi og Seyðisfirði færu í uppnám og hætt er við að fjöldinn allur af starfsmönnum mundi missa vinnu í kjölfarið."

Aðeins fimm mánuðum eftir þessi ábyrgu skrif eru allir þessir staðir annaðhvort í uppnámi eða þjakaðir af áhyggjum vegna þeirrar staðreyndar að kvótabraskskerfið hefur lagt atvinnulíf þeirra í rúst eða gæti gert það á næstu mánuðum eða missirum. Fyrirtækið Brim er búið að veita Raufarhöfn þungt högg, en ekki fyrr en búið var að sigla burt með togara þorpsins og allan kvótann með. Á Seyðisfirði eru boðuð sömu örlög.

Og áfram heldur hernámslið fjármagnsins að dreifa áhyggjum, skelfingu og vonleysi. Nú síðast þegar Eimskipafélagið og þar með Brim var yfirtekið nánast á einni nóttu af aðilum sem komu úr óvæntri átt. Þeir hafa lýst yfir að ekki standi til að eiga Brim til langframa. Nú óttast bæði Akurnesingar og Akureyringar að nýtingarrétturinn sem þeir hafa á fiskimiðum þjóðarinnar hverfi frá þeim. Þetta eru sjávarútvegsbæir sem hafa á undanförnum árum sogað til sín kvóta á kostnað annarra sveitarfélaga. En nú er röðin kannski komin að þeim. Byltingin étur börnin sín.

Verðbréfasalar eru þegar farnir að núa saman höndum og spá í það hvernig best sé að slátra þessu stærsta útgerðarfyrirtæki landsins og selja það í bitum út um hvippinn og hvappinn ef svo býður við að horfa. Fjármagnið ræður og réttur fólksins er enginn. Þetta er nú allt öryggið, góðir landsmenn, sem við höfum í tengslum við hið margrómaða íslenska fiskveiðistjórnarkerfi, því miður.

Í ríkisútvarpinu fyrr í þessari viku gat að heyra merkilegt viðtal við Halldór Blöndal, hæstv. forseta Alþingis og 2. þm. Norðausturkjördæmis. Þar kom grímulaus stuðningur stjórnarflokkanna við stórmattadora sjávarútvegsins á kostnað smælingjanna og minni sjávarbyggða berlega í ljós. Það er í sjálfu sér engin frétt. Það sem vakti athygli var að þarna var haft eftir forseta Alþingis að hann er á móti línuívilnun. Þá brá þeim sem hér talar nokkuð í brún, því hann mundi eftir grein eftir Halldór Blöndal í Morgunblaðinu frá 15. apríl sl. þar sem þingmaðurinn skrifaði um konu á Vopnafirði, sjávarútvegsstefnu Frjálslynda flokksins og línuívilnun. Konan fékk góð ummæli, enda vænlegt atkvæði eins og sonur hennar sem langaði til að verða útgerðarmaður og eigin herra. Frjálslyndi flokkurinn fékk miklar ákúrur fyrir það sem þingmanninum þótti ábyrgðarlaus stefna flokksins í sjávarútvegsmálum.

Um línuívilnun sagði þingforseti þetta, með leyfi hans sjálfs:

„Við sjálfstæðismenn samþykktum að ívilna línubátum sem auðvitað kemur sér víða vel."

Þessi málflutningur sem nú er búið að snúa upp í andhverfu sína nokkrum mánuðum eftir kosningar er dæmigerður fyrir svikin kosningaloforð stjórnarflokkanna. Það dylst engum að loforðið um línuívilnun var óspart notað af stjórnarflokkunum á lokaspretti kosningabaráttunnar. Fólk man eftir forsætisráðherra sem gekk á blankskóm á milli beitningaskúra á Ísafirði í lok apríl þar sem boðað var fagnaðarerindi línuívilnunar. Skoða má einnig greinaskrif kosningasmala stjórnarherranna í dagblöðum vikurnar fyrir kosningar. Þetta var lævís og svikin beita sem lögð var fyrir kjósendur sem lögðu trú á falsið um að stjórnarandstaðan mundi leggja sjávarútveginn í rúst kæmist hún til valda.

Nú er ljóst af stefnuræðu forsætisráðherra að ekki stendur til hjá ríkisstjórninni að standa við þetta í haust eins og lofað var. Sennilega verður þetta aldrei efnt nema þá í einhverju skötulíki. Engum dylst að báðir stjórnarflokkarnir eru klofnir í herðar niður í þessu máli og það er heldur ekkert samræmi í málflutningi þeirra um hvernig útfæra eigi þessa línuívilnun. Nú verður fróðlegt að fylgjast með hvernig alþingismennirnir Kristinn H. Gunnarson og Einar Oddur Kristjánsson bregðast við. Báðir hafa talað ákveðið fyrir því að þetta loforð, sem flokkar þeirra eru á brjáluðum flótta frá, eigi að efna og það í haust. Einar Oddur hefur sagt að forsrh. og formaður hans sé í fyrsta sinn að ganga á bak orða sinna ef þetta verði ekki efnt.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við í Frjálslynda flokknum fundum ekki upp þessa línuívilnun, það gerðu stjórnarflokkarnir. Útgerðarfurstarnir, sem nú berjast um á hæl og hnakka gegn henni, þögðu þunnu hljóði um línuívilnun fyrir kosningar en hömuðust gegn stjórnarandstöðunni sem hvergi kom að þessu. Stefna Frjálslynda flokksins er að tegundir eins og ýsa, ufsi, steinbítur, langa, keila og skötuselur verði strax teknar úr kvóta og strandveiðikvótinn verði síðan færður úr kvótastýringu yfir í svokallað sóknarmark. Það hefði fært byggðunum aftur tækifæri til að bjarga sér og byggja upp bæði atvinnulíf og mannlíf á eigin forsendum. Þetta mun okkur takast þegar við höfum komið þeim ráðherrum sem hér sitja frá völdum.

Góðir landsmenn. Ég lýsi því yfir að nú verður stórhert á þeirri sókn. Land án byggðar er einskis virði. Það þjónar hvorki hagsmunum höfuðborgarsvæðisins né landsbyggðarinnar, hvað þá þjóðarinnar í heild, að eyðibyggðastefna stjórnvalda nái fram að ganga. — Góðar stundir.

[20:59]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn fátækt, 21. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 21.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 52. mál, fsp. ÞBack, þskj. 52.

Aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 3.

Áhrif hvalveiða á ferðaþjónustu hér á landi, 74. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 74.

Árósasamningurinn, 62. mál, fsp. KolH, þskj. 62.

Bygging menningarhúsa á landsbyggðinni, 68. mál, fsp. SJS, þskj. 68.

Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, 12. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 12.

Endurgreiðslubyrði námslána, 59. mál, fsp. KolH, þskj. 59.

Endurskoðun atvinnuleysisbóta, 65. mál, fsp. SJS, þskj. 65.

Endurskoðun laga um meðferð opinberra mála, 49. mál, fsp. ÖJ, þskj. 49.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar, 67. mál, fsp. SJS, þskj. 67.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga, 53. mál, fsp. ÞBack, þskj. 53.

Ferðaþjónusta á Íslandi, 55. mál, fsp. KolH, þskj. 55.

Félags- og tómstundastörf, 58. mál, fsp. KolH, þskj. 58.

Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar, 56. mál, fsp. KolH, þskj. 56.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, 5. mál, þáltill. GAK og JÁ, þskj. 5.

Fjármálafyrirtæki, 7. mál, frv. ÖJ og SJS, þskj. 7.

Framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, 15. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 15.

Framkvæmdir Landsvirkjunar í Vonarskarði, 63. mál, fsp. SJS, þskj. 63.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, 19. mál, þáltill. SJS og KolH, þskj. 19.

Fæðingar- og foreldraorlof, 13. mál, frv. ÖJ, þskj. 13.

Gjaldfrjáls leikskóli, 4. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 4.

Hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu, 72. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 72.

Hús skáldsins á Gljúfrasteini, 71. mál, fsp. MÁ, þskj. 71.

Kirkjuskipan ríkisins, 14. mál, frv. GAK og ÞBack, þskj. 14.

Kynning á málstað Íslands í hvalveiðimálum, 57. mál, fsp. KolH, þskj. 57.

Kynning á sjúklingatryggingu, 73. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 73.

Lágflug og æfingar orrustuflugvéla Bandaríkjahers, 64. mál, fsp. SJS, þskj. 64.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 10. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 10.

Raforkukostnaður fyrirtækja, 8. mál, þáltill. SigurjÞ og KLM, þskj. 8.

Rekstur Ríkisútvarpsins, 17. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 17.

Samkeppnislög, 9. mál, frv. LB o.fl., þskj. 9.

Skipan Evrópustefnunefndar, 66. mál, fsp. SJS, þskj. 66.

Starfslokasamningar hjá Byggðastofnun, 70. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 70.

Stuðningur við byggð og búsetu í Árneshreppi á Ströndum, 51. mál, fsp. JBjarn, þskj. 51.

Tekjuskattur og eignarskattur, 18. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 18.

Umferð hjólandi vegfarenda um Reykjanesbraut, 60. mál, fsp. KolH, þskj. 60.

Umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar, 54. mál, fsp. ÞBack, þskj. 54.

Úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu, 69. mál, fsp. SJS, þskj. 69.

Vextir og verðtrygging, 22. mál, frv. ÖJ, þskj. 22.

Virðisaukaskattur, 6. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 6.

Vistferilsgreining, 61. mál, fsp. KolH, þskj. 61.

[20:59]

Sigurjón Þórðarson:

Góðir landsmenn. Frjálslyndi flokkurinn styður eins og áður góð mál stjórnarandstöðu og stjórnar. Vissulega finnast ljósir punktar í stefnuræðu Davíðs Oddssonar. Dómsmálaráðherra ætlar t.d. að bretta upp ermar og efla Landhelgisgæsluna en hún hefur verið í skammarlegu fjársvelti í stjórnartíð Davíðs Oddssonar. Frjálslyndi flokkurinn mun heils hugar styðja eflingu Landhelgisgæslunnar enda er skipakostur hennar mun lakari en t.d. skipakostur Færeyinga, þrátt fyrir að lögsaga Færeyinga sé fjórum sinnum minni en lögsaga okkar Íslendinga. Ekki virðist samt sem áður að hugur fylgi máli um eflingu Gæslunnar sé litið til þess að ekki er að sjá nokkra hækkun á fjárframlögum til hennar í fjárlagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir þinginu. Vonandi verður meira að marka forsætisráðherra í þessu máli en þegar hann lofaði línuívilnun.

Dómsmálaráðherra virðist stundum hafa metnað fyrir hönd löggæslunnar. En hann má ekki gleyma því að allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum. Ráðherrann virðist mjög ánægður með störf ríkislögreglustjóra sem dregið hefur lappirnar í rannsókn á samráði olíufélaganna, samráði sem hafði það að markmiði að hlunnfara almenning. Ríkislögreglustjóri neitaði um skeið að taka við skýrslu Samkeppnisstofnunar og setti 25 millj. kr. fyrirframgreiðslu nánast sem skilyrði fyrir rannsókn á málinu.

Berum þessa framgöngu ríkislögreglustjóra saman við rannsóknina á Bónusfeðgum sem virðast í einhverri ónáð hjá forsætisráðherra. Minna má á ummæli hans á bolludaginn um vínber og mútuþægni. Ekki stóð á ríkislögreglustjóra í það skiptið. Hann sendi vaska sveit lögreglumanna til útlanda að rannsaka Bónusmálið sem frægt er. Ég hef aldrei heyrt minnst á að ríkislögreglustjóri hafi heimtað að fá fyrirframgreiðslu vegna rannsóknar á Bónusmálinu. Er nema von að farið sé að tala um að ríkislögreglustjóri sé í raun orðinn lögreglustjóri ríkisstjórnarinnar.

Ekki er minnst á byggðamál í stefnuræðu forsætisráðherra. Til að gæta allrar sanngirni þá minnist hann þó einu sinni á landsbyggðina. Það var þegar forsætisráðherra sagði að með byggingu menningarhúsa yrði lagður grunnur að öflugra og blómlegra menningarlífi á landsbyggðinni. Eru það menningarhús sem landsbyggðin þarfnast til að menningarlíf verði öflugra og blómlegra? Ég tel að þessi hús eigi ekki eftir að breyta einu né neinu um framtíð landsbyggðarinnar. Hverju er Bíldudalur, Seyðisfjörður eða Hvammstangi bættari með byggingu menningarhúsa? Menningarlíf

á landsbyggðinni verður einungis blómlegra með öflugra atvinnulífi. Með viðreisn atvinnulífsins og tækifærum fyrir ungt fólk á landsbyggðinni verður menningarlíf þar blómlegt.

Við í Frjálslynda flokknum munum á komandi þingi beita okkur fyrir raunverulegum byggðaaðgerðum, svo sem að aflétt verði okri á rafmagni til fyrirtækja á landsbyggðinni en þau greiða 30% hærra verð fyrir orkuna. Við munum einnig beita okkur fyrir lækkun á flutningskostnaði, jöfnun námskostnaðar og síðast en ekki síst að auka atvinnufrelsi í höfuðatvinnuvegum landsbyggðarinnar, landbúnaði og fiskveiðum.

Miðað við vanda sauðfjárbænda og þá skerðingu sem varð á kjörum þeirra í haust, þrátt fyrir mikla kokhreysti Guðna Ágústssonar fyrr í kvöld, *ætti landbúnaðarráðherra* að sjá að hann hefur gert meira ógagn en gagn. Landbúnaðarráðherra neitar að bera nokkra ábyrgð á stöðu sauðfjárbænda og kennir um með óljósum hætti lélegri markaðssetningu á kjötinu.

Í nýjasta Bændablaðinu kemur meira að segja fram að hann hafi gert sínar eigin kannanir á markaðssetningu kindakjöts. Það gerði hann með því að spyrja kokka í skólaeldhúsum um matseld á kjötinu og hvort krakkarnir leifðu kjötinu. *Það má öllum vera ljóst sem kynna sér landbúnaðarmál að* landbúnaðarráðherra hefur lagt stein í götu minni sláturhúsa og þeirra sem hafa einbeitt sér að innanlandsmarkaði. Landbúnaðarráðherra jók útflutningsskylduna sem er í raun ekki annað en aðför að þeim sláturhúsum sem einblína á innanlandsmarkað. Útflutningsskyldan hefur hækkað verðið á kindakjöti innan lands þar sem kostnaðarverð í útflutningshúsunum við slátrun er hærri en eðlilegt getur talist. Úr landi eru gjarnan seldir minnstu og auðseljanlegustu skrokkarnir. Eftir stendur íslenskur markaður með hærra verð og illseljanlegra kjöt.

Við höfnum þessari stórsláturhúsastefnu ríkisstjórnarinnar og teljum hana ekki leiða til góðs, hvorki fyrir neytendur né bændur. Heyrst hefur að umrædd stefna sé framtíðin vegna reglugerða Evrópusambandsins. Það er af og frá. Reglur Evrópusambandsins um matvælaöryggi gera þvert á móti ráð fyrir minni sláturhúsum og jafnvel heimaslátrun.

Frjálslyndi flokkurinn mun kynna sér þessar reglur nánar og móta tillögur að reglum sem mundu lækka verð til neytenda. Ég er á þingi til að þjóna kjósendum. Ég hvet ykkur til að leita til mín og annarra þingmanna Frjálslynda flokksins um það sem þið teljið að við getum veitt ykkur liðsinni með. Við erum hér til að gæta hagsmuna almennings. Það er okkar hagsmunagæsla. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:05]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Stefnuræða forsætisráðherra innihélt ánægjulegar fréttir fyrir landsmenn og undirstrikaði að á undanförnum áratug hafa Íslendingar náð gríðarlegum árangri í efnahagsmálum. Ákvarðanir ríkisstjórna undir forustu Davíðs Oddssonar hafa skilað okkur betri stöðu en við höfum áður þekkt. *Ég gæti flutt langa tölu* um þróun skulda, lánshæfismat, hagvöxt, kaupmátt o.s.frv. Það ætla ég ekki að gera. Ég vil þess í stað fullyrða að kinnroðalaust getum við borið okkur saman við það sem gerist best annars staðar. Það þýðir ekki að við höfum náð fullkomnun og engin verkefni séu til staðar. Því fer víðs fjarri. Verkefnin eru mörg og sum mjög aðkallandi. En það er alveg ljóst og óumdeilt að við höfum lagt öflugan grunn til að byggja á til framtíðar.

Hvaða töframeðulum hafa þessar ríkisstjórnir beitt til að ná slíkum árangri? Engum. Ríkisstjórnir undir forustu Davíðs Oddssonar hafa einfaldlega treyst fólkinu í landinu og beitt ráðdeild í ríkisrekstri. Flóknara er það mál ekki. Fyrirtæki og verkefni hafa færst frá hinu opinbera yfir til einstaklinganna. Leikreglur hafa verið skilgreindar, landið opnað og skattar lækkaðir. Með þessu hefur kraftur einstaklinganna, kraftur þjóðarinnar verið leystur úr læðingi. Árangurinn er fjölbreyttara atvinnulíf og aukin verðmætasköpun, öllum til hagsbóta. Einnig hafa ráðherrar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks verið meðvitaðir um að skuldir hafa einn galla. Hann er sá að það þarf að greiða þær.

Það er athyglisvert að hlusta á ræður sem Ólafur Thors, fyrrum forsætisráðherra, flutti á sínum langa og farsæla ferli. Ræðurnar bera þess merki að þær voru haldnar á öðrum tíma en ég tel að það sé hollt, sérstaklega fyrir ungt fólk, að kynna sér boðskap þeirra sem þurftu að berjast fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, bæði efnahagslegu og pólitísku.

Breytingarnar hafa verið gríðarlegar og flestir hlutir færst til betri vegar. Íslensk þjóð sem var sú fátækasta í Evrópu í upphafi 20. aldar er nú ein af þeim ríkustu. Það gerðist hins vegar ekki af sjálfu sér. Forfeður okkar, foreldrar, afar og ömmur, þurftu að leggja hart að sér til að við gætum notið þeirra lífsgæða sem við njótum í dag. Það eigum við sem yngri erum að muna og vera þakklát fyrir.

Í ávarpi frá árinu 1954 talaði Ólafur til æskunnar og sagði m.a.:

„Vinnan er ekki aðeins grundvöllur allrar lífsgleði heldur og skilyrði þess að við fáum að lifa frjálsir í landi voru."

Á öðrum stað í ræðunni segir Ólafur að landsmenn þurfi að afkasta meira en í nokkru öðru menningarríki. „Að launum fær hver og einn að vera Íslendingur."

Eiga þessi ummæli við í dag, ummæli sem eru 50 ára gömul? Ég tel svo vera. Ég tel það gæfu íslenskrar þjóðar að hér er atvinnuleysi mun minna en í öðrum löndum. Ég vil að það ástand haldist um alla framtíð.

Þegar við berum okkur saman við nágrannalöndin sjáum við að Ísland er einstakt hvað þetta varðar. Ekkert land innan OECD hefur hærra atvinnustig en Ísland. Ekkert land hefur *hærra atvinnustig hjá konum en Ísland. Hér munar ekki* litlu. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er 80%, eða helmingi hærri en hjá Evrópusambandinu. Þetta þýðir að jafnrétti á milli karla og kvenna er meira en hjá öðrum löndum og vinnumarkaðurinn á Íslandi er um margt einstakur.

Ég vil staldra við vegna þess að oft er það svo að þróun sem á sér stað í öðrum löndum kemur fyrr eða síðar til okkar. Ég tel að við eigum að vera á varðbergi í þessum málum og tryggja að sérstaða Íslands haldi að þessu leyti. Málið er einfalt. Ef stjórnvöld leggja of miklar byrðar á atvinnulífið þá fækkar störfunum.

Ég er sammála Ólafi Thors varðandi það að atvinna er ekki eingöngu spurning um fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga og þjóða heldur einnig grundvöllur fyrir lífsgleði okkar. *Við eigum að hafa það markmið að hér á landi búi sjálfstæðir* einstaklingar. Mikilvægt er að hið opinbera líti ekki alltaf á það sem markmið sitt að taka fjármuni frá fólkinu og færa það aftur til þeirra. Fólkinu er treystandi fyrir þeim tekjum sem það aflar og við eigum að hafa það hugfast.

Lækkun skatta er í raun aðgerð til að efla sjálfstæði fólks. Aldrei áður hefur ríkisstjórn beitt sér fyrir jafnmiklum skatta-

lækkunum. Skattastefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er best lýst með þeim orðum að markmiðið er að það borgi sig alltaf að vinna. Einhverjum kann að þykja þetta sérkennilegt, að það sé svo sjálfsagt. En svo er það ekki. Bæði við Íslendingar og aðrar þjóðir hafa lent í þeim ógöngum að fólk hagnast lítið sem ekkert, jafnvel tapar á því að hækka tekjur sínar. Á þetta við um alla tekjuhópa. Ef leysa á þennan vanda verður að lækka tekjuskattsprósentuna. Fyrir liggur að það verður gert með myndarlegri hætti en sést hefur áður.

Einnig er ánægjulegt að sjá loks á bak hinum illræmda skatti sem svo ranglega hefur verið nefndur hátekjuskattur en hann fer nú stiglækkandi og verður úr sögunni árið 2006.

Eignarskattur er einn ósanngjarnasti skattur sem til er og er óþolandi að eldra fólki, sem hefur náð að borga upp húsnæði sitt skuli refsað fyrir ráðdeildina með því að greiða skatt af eigninni. Á sama hátt ýtir þessi skattur undir skuldsetningu þar sem fólki er beinlínis refsað fyrir aðhald og sparsemi. Þessi skattur verður afnuminn.

Allir verða að kaupa sér matvæli. Af augljósum ástæðum eru matarkaup hlutfallslega mest hjá hinum tekjulágu. Lækkun matarskatts kemur þeim tekjulægri einstaklega vel þó allir hagnist.

Virðulegi forseti. Ég hef í þessari stuttu ræðu farið yfir ýmislegt sem ég tel mikilvægt í stjórnmálaumræðunni. Að lokum vil ég segja þetta: Við eigum ekki að gleyma uppruna okkar. Og við eigum að fara varlega í að týna sérkennum okkar án þess að vera viss um að eitthvað betra komi í staðinn. Á sama hátt og þjóðfélagið á að vera opið í efnahagslegu tilliti, opið fyrir straumum og stefnum, eigum við að standa vörð um það sem er betra hér en annars staðar. Við erum smáþjóð ef tekið er tillit til fólksfjölda. En í anda og verki erum við eins og milljónaþjóð. Það er því rétt hjá Ólafi Thors að hver og einn Íslendingur þarf að afkasta meira en aðrir. Með öðrum orðum: Hver Íslendingur skiptir miklu máli. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:12]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er skrýtin tilfinning að setjast á Alþingi í fyrsta skipti. Ég vona að með nýrri kynslóð á Alþingi verði nauðsynleg viðhorfsbreyting þar sem látið verði af sérhagsmunagæslu og kostnaðarsömu kjördæmapoti. Við þurfum ætíð að spyrja okkur að því hvernig við gerum samfélag okkar betra.

Frelsi, jafnrétti og bræðralag voru kjörorð frönsku byltingarinnar. Þessi hugtök hafa verið leiðarljós jafnaðarmanna alla tíð síðan. Hægt er að nálgast öll úrlausnarefni samtímans út frá þeirri fallegu hugmyndafræði sem birtist í þessum þremur orðum. Frelsi er fyrsta hugtak okkar jafnaðarmanna, en Samfylkingin metur frelsi einstaklingsins mikils. Við viljum þó ekki aðeins frelsi á markaði, heldur einnig frelsi frá fátækt og fáfræði. Þar skiptir öflugt menntakerfi mestu máli.

Íslendingar eru ekki eins vel menntaðir og margir halda. Tæplega helmingur hvers árgangs lýkur einungis grunnskólaprófi, sem er mun verri staða en hjá nágrannaþjóðum okkar. Samfylkingin vill koma til móts við fólk sem vill hefja nám að nýju og auka fjölbreytileika með iðn-, verk- og listnámi, enda er brottfall úr framhaldsskólum óvíða meira en hérlendis. Ríkisstjórnin vill hins vegar auka miðstýringu og fækka valmöguleikum.

Samkvæmt nýjustu tölum OECD er Ísland einungis í 14. sæti þegar útgjöld á hvern nemanda í skólakerfinu eru borin saman. Menntamál hafa aldrei verið forgangsmál núverandi ríkisstjórnar.

Við þurfum frelsi í viðskiptum, ríkisvaldið á ekki að vasast í hlutum sem einstaklingarnir eru fullfærir um að sinna. Við þurfum ekki ríkisfjölmiðil sem drepur allt einkaframtak með þátttöku sinni á auglýsingamarkaði. Fjárfestingar útlendinga í íslensku hagkerfi eru til góðs, líka í sjávarútvegi þar sem við erum sérfræðingar á heimsmælikvarða.

Hæstiréttur Bandaríkjanna kallaði eitt sinn samkeppnislög „stjórnarskrá atvinnulífsins". Samkeppnisstofnun mun hins vegar áfram búa við fjársvelti af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin ber því beina pólitíska ábyrgð á seinagangi þeirra mála sem þar eru til skoðunar og hugsanlegri fyrningu brota.

Jafnrétti er annað hugtak sem er jafnaðarmönnum hugleikið. Tæplega helmingur allra kvenna sem nú sitja á þingi kemur úr einum flokki, Samfylkingunni. Kynbundinn launamunur er þó enn til staðar og staða einstæðra feðra er oft bágborin. Samkynhneigðir einstaklingar búa enn ekki við full réttindi í okkar samfélagi. Við eigum að jafna vægi allra kjósenda, hvar sem þeir búa, með því að gera landið að einu kjördæmi. Gera þarf kaup á vændi refsivert og þyngja refsingar við grófum ofbeldis- og kynferðisafbrotum, enda hefur réttarvitund almennings fengið sig fullsadda af óréttlátum dómum.

Bræðralag er þriðja meginstef jafnaðarstefnunnar. Við eigum að gæta okkar minnsta bróður. Gleymum því aldrei að á bak við tölfræði er einstaklingur með þrár, vonir og tilfinningar. Það er grunnskylda samfélagsins að sinna sjúkum sómasamlega ásamt því að tryggja viðunandi úrræði fyrir aldraða. Erfitt er að rökstyðja önnur ríkisútgjöld þegar þessir hlutir eru í ólestri, eins og nú er.

Góðir Íslendingar. Ég sé samfélag sem er á rangri braut á mörgum sviðum. Það er eitthvað að samfélagi sem lætur ríkisstjórn komast upp með það að hafa málefni geðsjúkra, og meira að segja geðsjúkra afbrotamanna, í uppnámi ár eftir ár. Það er eitthvað að samfélagi sem lætur ríkisstjórn komast upp með það að láta hundruð samborgara okkar betla mat og nauðsynjavörur í viku hverri hjá hjálparstofnunum. Og það er eitthvað að samfélagi sem lætur ríkisstjórn komast upp með að draga sig inn í ólögmætt árásarstríð á mjög hæpnum forsendum.

Það er einnig rangt hjá samfélaginu að láta ríkisstjórn komast upp með að neita að samþykkja sjálfsögð lög um fjármál stjórnmálaflokka. Samfélag okkar er ekki á réttri leið þegar seðlabankastjóri er skipaður á árinu 2003 samkvæmt flokksskírteini og hæstaréttardómari ráðinn sem augljóslega var ekki hæfasti umsækjandinn.

Frelsi, jafnrétti og bræðralag eru grunnstefin í frjálslyndri jafnaðarstefnu. Þessi grunnstef geta gert samfélag okkar betra. Hjörtu Íslendinga slá í takt við hugtök jafnaðarstefnunnar. Ég er jafnaðarmaður vegna þeirra hugsjóna sem felast í þessum hugtökum. Samfylkingin ætlar í vetur og næstu ár að sannfæra sem flesta landsmenn, og þó einkum ungt fólk, um mikilvægi þess að jafnaðarstefnan verði í forustu í íslenskum stjórnmálum. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:18]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Um þessar mundir má segja að meiri sviptingar eigi sér stað í íslenskum fjármálaheimi og atvinnulífi heldur en þekkst hefur nokkru sinni

fyrr. Segja má líka að það sé rökrétt afleiðing þess að hér er að verða til markaður og aðstæður sem eru sambærilegar við aðstæður í samkeppnislöndum okkar. Það er líka rökrétt afleiðing þess að við erum að færa völd frá stjórnmálum út í atvinnulífið. Slík breyting gengur auðvitað ekki átakalaust fyrir sig, samkeppnin er grimm og miskunnarlaus og tekur sinn tíma fyrir markaðinn að ná þeim þroska sem til er ætlast. Markmiðin, þegar upp er staðið, eru hins vegar ljós, að atvinnulíf og neytendur sjái og finni hag í þessu breytta umhverfi.

Hlutverk Alþingis er að setja skýrar og opnar leikreglur og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Í því skyni hefur Framsfl. einmitt lagt ríka áherslu á að styrkja lagaramma og starfsmöguleika Samkeppnisstofnunar, Fjármálaeftirlits og Vinnumálastofnunar, þeirra stofnana sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir óeðlilega hringamyndun, fákeppni og misnotkun á þeim leikreglum sem eiga að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi. Í ljósi átaka síðustu vikna og mánaða hlýtur það að vera eitt viðfangefni Alþingis að yfirfara og skerpa lög um þessar stofnanir þannig að enginn vafi leiki á að þeim sé gert gerlegt að sinna skyldum sínum og taka á hugsanlegum misfellum hins vanburðuga markaðar.

Við viljum ekki sjá hér fákeppni á neinu sviði og hljótum m.a. að vilja sjá afdráttarlaust ákvæði laga sem banna drottnun einkaaðila á fjarskiptamarkaði áður en til sölu Landssímans kemur. Samkeppnisumhverfið er einmitt ein meginforsenda fyrir sölu Landssímans. Séu þær forsendur brotnar eða ekki skýrar hljótum við að staldra við áður en til sölu kemur.

Herra forseti. Ný störf munu ekki skapast í hinum hefðbundnu frumgreinum okkar, landbúnaði og sjávarútvegi. Aukin verðmæti og ný atvinnutækifæri munu aðeins verða til með nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Nýsköpun er ávöxtur menntunar, hækkaðs menntastigs þjóðarinnar og ötuls starfs margra frumkvöðla. Úttekt OECD bendir eindregið til þess að hérlendis sé nýsköpun á tiltölulega háu stigi, alltént í þeirri merkingu að fjölmargar nýjungar séu á sveimi, nýjungar sem fela í sér möguleika á verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið og fjölmörg störf fyrir vinnufúsar hendur. Í þeim kunna að felast ný tækifæri til búskapar í sjávarbyggðum og landbúnaðarhéruðum. Það er því eitt brýnasta viðfangsefni okkar að nýta þetta hugvit.

Fram hefur hins vegar komið að hið svokallaða „þolinmóða fjármagn" liggur hreint ekki á lausu. Allt of margar hugmyndir dagar uppi eða þær ná ekki út í atvinnulífið vegna þess að frumkvöðla þrýtur fé á lokastigi og bankakerfið virðist ekki hafa þor til eða skilning á því að leggja í áhættu nýsköpunar. Þar með glötum við mikilsverðum tækifærum. Ég tel það ögrandi áskorun fyrir ríkisvaldið, sveitarfélög, lífeyrissjóði, banka og öflug fyrirtæki að leggja a.m.k. þrjá milljarða árlega í áhættusjóð nýsköpunar. Þar er aðeins um lítið brot af efnahagsstærð okkar að ræða en brot sem mun skila þjóðarbúinu milljörðum króna til baka og fjölda nýrra starfa. Þessa glímu eigum við að taka því að hún mun skila okkur ríkulegum ávöxtum á öllum sviðum.

Herra forseti. Nú fer fram endurskoðun á starfsemi framhaldsskólanna með styttingu í huga og því ber að fagna, enda löngu tímabært. Það ber að fagna því að menntakerfið skuli skoðað í heild sinni þar sem hafðir eru í huga þjóðarhagsmunir og ekki síst haft í huga að hvergi verði slegið af kröfum um gæði í menntakerfinu. Ég hlýt hins vegar, herra forseti, að kalla eftir aðgerðum hvað varðar starfsnám. Nú er það svo að við höfum talað í áratugi á fjölmörgum fundum og gefið út ótal skýrslur og haldið margar silkimjúkar ræður um mikilvægi starfsmenntunar þar sem allir virðast sammála. Og hver er svo árangurinn? Hann er afskaplega lítill, starfsmenntun er enn hornreka í samfélaginu þrátt fyrir að nýjar greinar hafi komið upp, ekki síst á tæknisviði og þjónustu, sem þýðir í raun að bilið á milli skóla og atvinnulífs hefur farið enn breikkandi.

Hvaða mynd blasir við ungri manneskju sem hyggst leggja stund á nám í framhaldsskóla og vill búa sig undir virka þátttöku í atvinnulífinu? Að henni er haldið fyrst og fremst hinum fræga latínugrána með stúdentshúfuna en minna fer fyrir starfsnámi, ekki síst í þjónustu- og tæknigreinum. Afleiðingin er gífurlega hátt brottfall og óvenjumargir ófaglærðir starfandi úti á vinnumarkaðnum. Og það er rétt að hafa þá í huga að hvergi er atvinnuleysi jafnmikið og meðal ófaglærðra.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég tel orsaka þessa ástands ekki að leita hér, innan þessara veggja, og þar er ekki við hæstv. menntmrh. að sakast enda ekkert í lögum sem meinar atvinnulífinu að koma á starfsmenntun. Lög um framhaldsskóla gera einmitt ráð fyrir því en aðgerðir hafa látið á sér standa. Sú mynd skekkir samkeppnisstöðu okkar. Fólk er nánast dregið af götunni eða úr skólunum inn í fyrirtækin til starfa án undirbúnings eða starfsþjálfunar. Það hlýtur að vera varasamt fyrir atvinnulíf okkar.

Herra forseti. Tími verka hvað varðar starfsnám hlýtur að vera upp runninn, nóg er talað. Það hlýtur að vera ögrandi fyrir okkur hér á hv. Alþingi að draga að borðinu atvinnulífið vegna þess að bætt starfsmenntun eykur verðmætasköpun, dregur úr atvinnuleysi, minnkar brottfall í skólum, felur í sér sparnað fyrir þjóðfélagið og bætir stöðu fyrirtækja með verðmætara vinnuafli. Hin mikla gerjun í fyrirtækjum mun aldrei blómstra án starfsmenntunar. — Ég þakka áheyrnina.

[21:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Góðir Íslendingar. „Álvæðum Ísland" gæti verið slagorð ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Það kemur kannski engum á óvart þó að það gangi fram af mér við að hlusta á boðskap forsrh. í atvinnumálum, en skyldi ekki fleirum en vinstri grænum vera farið að blöskra? Hvernig líst ungu fólki t.d. á þann boðskap að umfram allt þurfi að kynna Ísland sem vænlegan fjárfestingarkost á alþjóðlegum samkeppnismarkaði orkufreks iðnaðar?

Forsrh. stærir sig af því að sögu þjóðin norður við ysta haf sé nú að verða með stærstu álframleiðslulöndum álfunnar. Og hann býður upp á enn frekari tækifæri í skyldum iðnaði. Hann nefnir rafskautaverksmiðju, álþynnuverksmiðju og stálpípuverksmiðju. Ég vil leyfa mér að spyrja, eins og unga fólkið, og kannski fyrir munn þess: Er ekki allt í lagi? Eru þetta atvinnutækifærin sem ríkisstjórninni dettur í hug að bjóða ungu fólki sem nú situr á skólabekk og aflar sér fjölbreyttrar menntunar? Skyldi þessi atvinnustefna standa í einhverju sambandi eða samhengi við það að íslensk ungmenni segjast nú helst af öllu vilja flytja af landi brott? Það skyldi þó ekki vera.

Það er sem sagt fjárfestingarkosturinn Ísland sem forsrh. ber fyrir brjósti, rétt eins og Ísland sé til sölu. Það er það kannski í hugum ráðherranna í ríkisstjórninni. Að minnsta kosti eru orkulindirnar okkar falboðnar af þeim um víðan völl. En ég spyr: Hvaða dyrum erum við að loka í andlitið

á metnaðarfullum ungmennum í langskólanámi með þeirri ákvörðun að gera Ísland að enn stærri hrávöruútflytjanda en þegar er orðið?

Hvers vegna í ósköpunum er ekki boðskapur ríkisstjórnarinnar fólginn í því að laða hingað til lands fyrirtæki og fjárfesta sem teldu að hægt væri að nýta ósnortin víðerni og náttúruundur þessarar veðurbörðu eldfjallaeyju til verðmætasköpunar í samspili við mannauð þjóðarinnar og menningu? Hvar eru t.d. hugmyndir um alþjóðleg vísindasetur á sviði náttúruvísinda eða hvar eru tækifærin í menningu og listum?

Ungir íslenskir leikarar eru að slá í gegn í London í þessum töluðu orðum, með því að að leika Shakespeare fyrir þá þjóð sem fóstraði Shakespeare. Við alþingismenn og starfsmenn Alþingis fengum að heyra á stórkostlegum tónleikum í Salnum í Kópavogi í gær hvernig Kristinn Sigmundsson er að syngja sig inn í hug og hjörtu frönsku þjóðarinnar í frönsku þjóðaróperunni með því að syngja Mefistó á frönsku. Ógleymanlegt. Og listinn yfir afrek listamannanna okkar er langur og hann er stórmerkilegur. Afrek þeirra auka á samheldni okkar sem þjóðar. Þau hjálpa okkur að hlæja og þau hjálpa okkur að gráta og þau skapa litrík atvinnutækifæri. Ekki fleiri karlastörf í þungaiðnaði.

Í litlu samfélagi skiptir fjölbreytnin sköpum fyrir lífsafkomuna og ekki síður fyrir lífshamingjuna. Og ég fullyrði að ef ríkisstjórnin tæki sér tíma í að hugleiða hamingju þjóðarinnar fengjum við annars konar atvinnustefnu en þá sem forsrh. hefur talað fyrir sautján sinnum í allt.

Ríkisstjórnin er með stefnu sinni í atvinnumálum að koma í veg fyrir það að þúsund blóm fái að blómstra. Hún hrekur unga fólkið af landi brott í leit að tækifærum sem standa ekki til boða í túninu heima. Sem sagt, fólksflóttinn af landsbyggðinni stöðvast ekki í Reykjavík, enda hver trúði í raun og veru að hann gerði það? Ekki ég.

Jú, eitt enn í sambandi við orkulindirnar okkar sem ríkisstjórnin trúir greinilega að séu óþrjótandi. Það er vetnisvæðingin. „Við erum að fara að framleiða hið hreina eldsneyti," sagði forsrh. Gott og vel. Göfugur tilgangur að því er virðist í fljótu bragði. En hvað hangir svo á vetnisspýtunni? Fleiri virkjanir og meiri náttúruspjöll. Ég spyr: Hvernig ætlar þessi ríkisstjórn að gera allt í senn, að álvæðast og vetnisvæðast á sama tíma? Það hlýtur að vera komið að því að menn opni augu sín fyrir því að þungaiðnaðurinn verður búinn að gleypa alla helstu virkjanakosti okkar áður en við getum farið að vetnisvæðast. Það verður enginn kostur eftir fyrir vetnið.

Og meðan á þessu ál- og stál- og vetniskapphlaupi stendur og Ísland er markaðssett í útlöndum sem óþrjótandi orkulind fyrir þá sem vilja ódýra orku, virðast öll áform um að meta mögulega virkjanakosti, m.a. út frá verndargildi þeirra, vera týnd og tröllum gefin. Eða hvar er rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma? Og jafnvel þó hún líti einhvern tímann dagsins ljós, ætlar ríkisstjórnin þá að það verði til þess að tekið verði mark á henni, að hún hafi eitthvert vægi? Ég hef ástæðu til að efast um það. Ég hef ástæðu til að efast um að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir því hvílík náttúrugersemi Ísland er.

Einn áhugaverðasti og jákvæðasti viðburður síðustu vikna sem getið var um í fjölmiðlum var frásögnin af því þegar Hallormsstaðarskóla var afhentur grænfáninn. Myndin af skólanum böðuðum í sólskini meðan fáninn var dreginn að húni er ógleymanleg. Allir með bros á vör og sól í sinni. Þessi mynd vekur upp spurningar um gildismat. Hvað er það í raun og veru sem skiptir mestu máli á þessari eyju okkar á hjara veraldar? Það er ekki orka sem hægt er að selja ódýrt erlendum stórfyrirtækjum, heldur heill og hamingja þjóðarinnar sem á sér rætur í menningu okkar og sögu, grundvallaratvinnuvegum í bland við áræðnar hugmyndir nýsköpunar. Er draumur Davíðs sá að Íslendingar verði einhvern tímann hamingjusamasta álframleiðsluþjóð í álfunni? Slíkur draumur er martröð í mínum huga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð býður upp á valkost. Okkar framtíðarsýn byggir á jöfnuði og velferð fyrir alla. Hún byggir á öflugu velferðarkerfi og fjölbreyttu atvinnulífi sem er í tengslum við menningu okkar og áhugasvið ungs fólks. Við, vinstri græn, tökum hlutverk okkar í stjórnarandstöðu alvarlega en þó með bros á vör og sól í sinni, eins og börnin í öllum skólunum sem hafa dregið grænfánann að húni. — Góðar stundir.

[21:32]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Málefni sem varða fjölskylduna og fatlaða verða meðal mála sem flutt verða af Frjálslynda flokknum á þessu þingi. Því miður minntist forsætisráðherra ekkert á þessi málefni í stefnuræðu sinni og finnst mér það mjög miður þar sem völd stjórnarflokkanna til að koma málefnum þessum í framkvæmd eru ótrúlega mikil.

Kröfur samfélagsins í dag eru ekki þær sömu og voru fyrir 20 árum. Nú eru þær sumum heimilum ofviða. Börn og unglingar fá jafnvel ekki tækifæri til að stunda heilbrigt íþrótta- og tómstundastarf af þessum sökum. Börn nútímans og framtíðarinnar eiga ekki að líða fyrir aðstæður foreldra sinna. Ég ætla því að leggja til að komið verði til móts við barnafjölskyldur með skattafslætti í þeirri mynd að foreldrar barna og unglinga geti fengið skattafslátt vegna barna sinna undir 16 ára aldri.

Málefni fatlaðra og minnihlutahópa eru Frjálslynda flokknum hugleikin. Stefna hans er skýr: Allir menn skulu vera jafnir að lögum. Því miður hefur borið á því við lagasetningu að málefni þessara þjóðfélagshópa hafi ekki náð fram að ganga.

Lífeyrismál öryrkja og ellilífeyrisþega verður að endurskoða. Hvers konar tekjutengingu á að afnema. Öllum mönnum verði gert jafnhátt undir höfði til að þeir geti lifað af lágmarksbótum sem þeim ber að fá, án allrar tekjutengingar við laun maka. Skerðingar bóta vegna tekjutenginga verður að lagfæra sem fyrst.

Forsætisráðherra virðist annt um að atvinnulíf landsins blómstri. Frekari stóriðjuframkvæmdir áætlar hann að skapi um 200 ný störf ef af verður. Í fljótu bragði má sjá að þessi nýju störf eru í meiri hluta aðeins ætluð körlum. Jafnréttisáætlun verður að virða og það að jafna launamun kynjanna. Þess sjást engin merki í ræðu forsætisráðherra og vekur það furðu.

Ríkisstjórnin virðist vilja hafa öflugt og blómlegt menningarlíf á landsbyggðinni og hefur í því skyni varið einum milljarði til menningarhúsa. Í frumvarpi sem ég mun leggja fram á þessu þingi um viðurkenningu á táknmáli er einmitt fjallað um menningu heyrnarlausra. Það er nauðsynlegt að hefja menningu heyrnarlausra til betri vegar en gert hefur verið. Það hefur nefnilega ekkert verið gert. Ég vil að það verði gert með því að setja á stofn menningarhús heyrnarlausra. Í frumvarpinu um viðurkenningu á táknmáli verður einnig fjallað um að efla táknmálsfræðinám við Háskóla

Íslands og síðast en ekki síst að efla rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu. Menntun, menning og réttindi heyrnarlausra til túlkaþjónustu eru í raun stoðir viðurkenningar á táknmáli. Án þessara þátta er viðurkenningin einskis virði.

Þessi hópur vill að réttindi okkar séu tryggð, og ég leyfi mér að segja réttindi okkar því ég tilheyri einmitt þessum hópi, eins og virðulegur forseti Alþingis hlýtur að sjá því inni í salnum hérna er nú í fyrsta sinn talað táknmál.

Ég ætla mér að knýja fram viðurkenningu á táknmáli. Ég furða mig jafnframt á að forsætisráðherra skuli hafa gleymt að nefna þennan málaflokk í stefnuræðu sinni, sérstaklega í ljósi þess að það var einmitt hann sem nefndi á 128. löggjafarþinginu að viðurkenning á táknmáli væri langtímamarkmið sitt.

Aðgengismál fatlaðra munu fá sína umræðu, sérstaklega fámennasti og sá hópur fatlaðra sem hefur mesta sérstöðu, nefnilega daufblindir, en gera þarf mikið átak í að minna á tilvist þessa hóps. Aðgengi að upplýsingum varðar líka stóran hóp landsmanna og vil ég tryggja þeim sem á þurfa að halda að innlent sjónvarps-, kynningar- og fræðsluefni verði textað sem og íslenskar kvikmyndir.

Af utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar er það að segja enn og aftur að hrikaleg mistök voru gerð þegar ríksstjórnin ákvað að leggjast í eina sæng með upphafsmönnum Íraksstríðsins, Bush og Blair. Eins og gervallur heimurinn hefur horft á hefur þessi ákvörðun gert það að verkum að Íraksstríðið hefur dæmst sem hið versta klúður. Engin gereyðingarvopn hafa fundist þrátt fyrir ítrekuð rök þessara tveggja manna fyrir þeim og jafnvel Saddam sjálfur hefur ekki fundist. Allt er í upplausn í Írak, og Bandaríkjamenn vilja ráða lögum og lofum í landinu þvert á vilja íbúa landsins. Ákvörðun stjórnarflokkanna hér á landi að vera meðal þeirra þjóða sem titluðust bandamenn Bush og Blairs ber því að harma. — Góðar stundir.

[21:39]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við fengum nú í kvöld að hlýða á hæstv. forsrh. fara yfir helstu stefnumál ríkisstjórnar sinnar. Þetta er fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar og það eru um tólf og hálft ár síðan hann flutti sína fyrstu stefnuræðu.

Það er rétt að fara yfir það og átta sig á því að á því tólf og hálfa ári sem liðið er hefur verið meira framfaratímabil í sögu Íslands en nokkurn tímann áður. Aldrei nokkurn tímann hefur Ísland búið við þá gæfu sem við höfum búið við á þessu tímabili. Ísland stendur nú meðal fremstu ríkja heimsins á öllum sviðum. Það er með tekjuhæstu þjóðfélögum. Það er með þeim þjóðfélögum sem hafa hvað mesta og besta stjórn á sínum ríkisfjármálum. Flestar ef ekki allar þjóðir Evrópu mundu öfunda okkur af því að geta lagt fram slík fjárlög og nú eru lögð fram. Ísland hefur verið í þeirri stöðu að geta bætt kjör þegna sinna núna stanslaust árum saman jafnframt því sem tekjur ríkisins hafa aukist en skuldirnar minnkað ár frá ári, þannig að skuldir íslenska ríkisins eru núna innan við 20% þegar aðrar þjóðir Evrópu standa frammi fyrir því að skuldirnar eru eitthvað 60–70% af vergri landsframleiðslu. Þetta er hinn glæsilegi árangur. Þetta er sú niðurstaða sem ber að fagna og ég þykist vita að allir geri það.

En við eigum að minnast þess jafnframt að þetta kom ekki af tilviljun. Þetta kom ekki vegna þess að þetta datt bara svona af himnum ofan. Árangurinn liggur í því að einmitt í fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar var hafist handa um það að búa til umhverfi fyrir íslenskt atvinnulíf, skapa íslensku atvinnulífi samkeppnisgrundvöll, sjá til þess að framleiðslan og viðskiptalífið allt gæti verið í þeirri stöðu að fá að blómgast og vaxa. Og það hefur blómgast og það hefur vaxið. Það er grundvöllur alls sem hefur orðið. Þess vegna er staða ríkissjóðs góð. Þess vegna höfum við getað borgað niður skuldir. Þess vegna hafa kjör Íslendinga batnað á undanförnum árum hraðar og meira en kjör nokkurrar annarrar þjóðar í Evrópu. Það er rétt að muna þetta því þetta er aðalatriðið.

Hér í kvöld hefur stjórnarandstaðan skautað svona að mestu leyti yfir þessa stefnuræðu sem skiljanlegt er. Það er mjög skiljanlegt og ekkert skemmtilegt að vera í stjórnarandstöðu undir þessum kringumstæðum. Þó verð ég að segja það að ég hef ríka ástæðu til að fagna og þakka fyrir þá ræðu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, rétt og löglega kjörinn formaður Samfylkingarinnar, hélt hér í kvöld. Ég fagna því mjög mikið vegna þess að það sem hann rakti hér um ríkisfjármál og efnahagslífið og alla umgjörðina var mælt af mikilli skynsemi og það var allt rétt sem hann sagði. Ég fagna því sérstaklega vegna þess að í kosningunum í vor tók ég það mjög nærri mér hve þessi flokkur gat gengið langt í að skrumskæla íslenskan veruleika, hvað hann gat gengið langt að segja rangt frá stöðu mála. Og þess vegna fagna ég því sérstaklega nú þegar þeir koma og hv. þm. sem foringi þessa flokks kemur sem ábyrgur, öruggur stjórnmálamaður og ég vona að þessi ræða hafi verið að leiða til þess að flokkurinn ætli að sýna slíka stefnu í framtíðinni.

Það er hins vegar auðvitað svo, herra forseti, að þótt ríkisfjármálin hafi gengið vel og stjórn efnahagsmála mjög vel, þá er ýmislegt að í þessu þjóðfélagi. Óskir okkar og væntingar hafa ekki allar gengið eftir á síðasta tólf og hálfa ári. Það ber að nefna að allir þeir draumar og allar þær óskir um að okkur tækist að reisa við þorskstofninn hafa alls ekki gengið eftir. Alls ekki. Og vegna þessa stendur landsbyggðin mjög höllum fæti. Við verðum að horfast í augu við þetta og það leyfist engum undan að líta, vegna þess að þetta er hið stóra vandamál. Við verðum að leita nýrra leiða vegna þess að þær aðferðir sem við höfum notað til þessa hafa ekki dugað. Og þá liggur fyrst og fremst fyrir að við verðum að treysta á frjáls vísindi og leyfa frjálsum vísindamönnum að vinna.

[21:44]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Góðir Íslendingar. Fjárlaganefnd Alþingis var nýlega á ferð á Austurlandi. Hvaða skoðun sem hafa má á virkjunum eða álverum var ekki annað hægt en að hrífast með þeim Austfirðingum sem loksins, eftir margsvikin loforð um aðgerðir í atvinnumálum, sjá fram á breytingu á atvinnulífi svæðisins og fjölgun íbúa. Þar er bjartsýni áberandi hjá flestum. Hjá flestum, segi ég, því að á Austfjörðum og víðar líður fiskverkafólk, sjómenn og sauðfjárbændur, fyrir ranglát og handónýt kerfi. Í fyrra tilfellinu er það fiskveiðistjórnarkerfið sem gerir það að verkum að stórfyrirtæki í Reykjavík ræður hvar fiskur er unninn og setur þar með framfærslu íbúa sjávarbyggða í algjöra óvissu frá degi til dags. Í seinna tilfellinu er um að ræða kerfi sem notar evrópskar og bandarískar reglur sem stjórntæki í íslenskum landbúnaði, reglur sem Bandaríkjamenn og Evrópusambandið setja í því skyni einu að hindra innflutning erlendra matvæla á viðkomandi markaðssvæði.

Íslenskir sauðfjárbændur eiga í erfiðleikum sem m.a. má rekja til krafna stjórnvalda um vottun sláturhúsa fyrir útflutning með tilheyrandi kostnaði. Ætli íslenskir neytendur

hafi verið að gera auknar kröfur, að þeim hafi ekki fundist hreinleiki og hollusta búvara — eins og hæstv. forsrh. orðar það í stefnuræðu sinni — fullnægjandi? Nei, hreint ekki. Við sættum okkur fullkomlega við álíka kröfur og íbúar Evrópusambandsins og Bandaríkjanna gera til eigin sláturhúsa en þær eru á engan hátt sambærilegar við þær kröfur sem gerðar eru til íslenskra sláturhúsa. Reglurnar sem þeir setja innflytjendum eru settar til að vernda þeirra eigin markaði og einskis annars. En íslensk stjórnvöld virðast nota þær til að fækka sláturhúsum og bændum.

Síðasti búvörusamningur við bændur skyldaði þá til að flytja út 30% af framleiðslu sinni eða taka á sig skerðingu á greiðslumarki ella. Þetta leggur bændum á herðar að flytja sláturfé sitt um landið þvert og endilangt með tilheyrandi kostnaði í eitt þeirra sex sláturhúsa sem hafa útflutningsleyfi. Ekkert þeirra er á Austurlandi, ekkert á Vestfjörðum, ekkert á Vesturlandi en fjögur á Norðurlandi.

Útflutningsskyldan kemur sérstaklega hart niður á smærri bændum en þeir eru langfjölmennastir í hópi sauðfjárbænda á Íslandi. Hún þýðir enn frekari kjaraskerðingu fyrir bændur þar sem verð fyrir útflutt kjöt er mun lægra en á innanlandsmarkaði. Ég spyr mig hvort með útflutningsskyldunni hafi beinlínis átt að neyða smærri bændur af jörðum sínum og til að hætta búskap. Við skulum þá aðeins líta á hvað það hefði í för með sér fyrir byggðamunstur á Íslandi.

Bændur eru kjarninn í því öryggisneti sem við Íslendingar eigum í krafti samfelldrar byggðar um meginhluta landsins. Það er hins vegar í stórhættu. Ef búseta raskast frekar er mikil hætta á að það hafi í för með sér hrun á stórum svæðum landsins. Dalirnir, Húnavatnssýslur, Þingeyjarsýslur, sveitir Austurlands og áfram mætti telja, væru í stórhættu og ekki einungis sveitirnar heldur einnig þorpin sem byggja tilvist sína á þjónustu við bændur. Úrvinnsluiðnaður, skólar, heilbrigðisþjónusta, allt byggist þetta á að hafa lágmarksfjölda til að þjónusta.

Herra forseti. „Það er ekki einkamál bænda að leysa fram úr vandamálum sínum," eins og hæstv. landbrh. orðaði það fyrir skemmstu í viðtali, a.m.k. ekki á meðan hann skyldar þá til að setja 30% af framleiðslu sinni á erlendan markað, gerir þeim að flytja búpening til slátrunar um landið þvert og endilangt og færir milliliðum vald til að skerða laun þeirra um allt að 20% með pennastriki. Sauðfjárbændur eru eina stéttin á Íslandi sem í heild má segja að sé fátæk. Það er á ábyrgð okkar að breyta þeirri staðreynd.

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að enn einu sinni skuli ekki minnst einu orði á byggðamál í stefnuræðu hæstv. forsrh. Þetta er ríkisstjórn ójafnaðar eins og lýsir sér vel í því að einu skattalækkanirnar sem þeir muna að þeir lofuðu fyrir kosningar er lækkun á hátekjuskatti. Helstu sparnaðaraðgerðir þeirra felast í sviknum loforðum um samgöngubætur á landsbyggðinni.

Nútímabyggðastefna felst í frelsi til athafna, stuðningi við framfarir og nýsköpun með eflingu menntunar og fjármunum til atvinnuþróunar. Það ásamt samgöngubótum eru lykilorð í byggðapólitík Samfylkingarinnar. — Góðar stundir.

[21:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það var einu sinni töframaður sem tíndi úr hatti sínum bæði dúfur og hvítar kanínur. Áhorfendurnir voru börn. Þegar töfraatriðinu lauk kallaði töframaðurinn sigri hrósandi út yfir barnahópinn: Á ég að segja ykkur hvernig ég fór að þessu? Börnin sátu sem bergnumin, svöruðu engu fyrst í stað en svo rétti lítil stúlka upp höndina og sagði: Mig langaði frekar að vita af hverju þú varst að þessu.

Ég hef oft hugsað til þessa þegar ég fylgist með umræðum um heilbrigðismálin, um útleggingar manna um rekstrarform og samkeppni um markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar og þann mikla peningalega sparnað sem slíkum breytingum yrði samfara. Það á að skera upp en ekki niður, segir einn. Menn eiga ekki að óttast markaðsvæðinguna, segir annar, og sá þriðji bætir við að menn skuli ekki vera feimnir við breytingar þó að þær gangi hugsanlega gegn ríkri jafnaðarhefð í heilbrigðisþjónustu okkar Íslendinga. Þegar við heyrum þessa röksemd eigum við að staldra við og segja við töframanninn: Mig langar til að vita af hverju þú heldur þessu fram.

Galdurinn liggur í að reyna að átta sig á bæði hugsjónum og hagsmunum í umræðum um heilbrigðismálin. Í fjárlagafrv. birtast áherslur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum. Þar sést að málaflokkurinn er efst á forgangslista hennar. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að allir landsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð aldri, búsetu og efnahag. Framlögin til málaflokksins eru aukin og þannig vill ríkisstjórnin standa vörð um þá stefnu og þær áherslur sem lagðar hafa verið.

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. drap á þann vilja ríkisstjórnarinnar að kanna hvort flytja eigi heilsugæsluna, smærri spítala og þjónustu við aldraða til sveitarfélaganna. Við erum hér að tala um dæmigerða nærþjónustu. Við erum að tala um að gera mikilvæga þjónustu við íbúana gegnsæja. Við erum að tala um að flytja ábyrgðina og eftirlitið með þjónustunni nær þeim sem nota hana. Þetta er grunnhugsunin í þessari kerfisbreytingu og ég vonast til að sveitarstjórnarmennirnir séu tilbúnir að kanna þetta með okkur.

Breytingin þýddi vitaskuld að endurskilgreina þyrfti marga veigamestu þætti heilbrigðisþjónustunnar. Ég nefni hlutverk, skyldur og verksvið Landspítalans og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem dæmi. Eðlilegt er að slík stefnumótun fari fram samfara hugsanlegri uppstokkun í heilbrigðisþjónustunni sem hér er hreyft. Endurskilgreining er raunar nauðsynleg, nú þegar sér fyrir endann á þeirri sameiningu sérgreina sem orðin er undir hatti Landspítalans. Landspítalinn geldur þess stundum og verður fyrir gagnrýni af því að hann er endastöðin í heilbrigðisþjónustunni, spítalinn sem tekur við því sem aðrir gera ekki, spítalinn sem ávallt tekur við því sem vísað er á hann, spítalinn sem við gerum kröfu til að sinni bæði kennslu og rannsóknum. Menn verða að meta þann góða faglega árangur sem við erum að ná í heilbrigðisþjónustu almennt með Landspítalann í broddi fylkingar. Biðlistar hafa styst, biðlistar eftir bæklunaraðgerðum eru styttri en þeir voru og skurðaðgerðum hefur fjölgað.

Með því að halda á lofti faglegum ávinningi af sameiningu sérgreina er ég ekki að drepa umræðum um fjárhagsvanda á dreif, fjarri því. Við verðum alltaf að hugsa um hvernig við verjum því fé sem við höfum til ráðstöfunar og hvernig við höldum okkur innan fjárheimilda. Þess vegna verðum við að spyrja okkur a.m.k. tveggja spurninga þegar við ræðum fjárhagsvandann. Í fyrsta lagi: Voru það mistök af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að hætta að miðstýra kjarasamningum við opinbera starfsmenn á sínum tíma? Í öðru lagi: Er mögulegt, og þá hvernig, að auka samkeppni og lækka lyfjaverð til

spítalans? Þetta eru þeir tveir þættir sem erfiðlegast gengur að ná stjórn á í heilbrigðisþjónustunni.

Virðulegi forseti. Áherslur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðis- og tryggingamálum sjást best á því að framlögin til heilbrigðismála aukast um rúmlega 9% í heild. Og hvað erum við að tala um? Við erum að tala um einn milljarð sem renni til öryrkja og einn milljarð til viðbótar í öldrunarþjónustunni, við erum að auka framlögin til stóru spítalanna um tæpar 900 millj. kr., 440 millj. kr. aukning fer í heilsugæsluna og heilbrigðisstofnanir. 64 millj. kr. renna til nýs hvíldarheimilis fyrir langveik börn. Það er rétt að taka fram að 230 milljóna viðbótarframlag á að renna til geðheilbrigðismálanna sérstaklega á næsta ári.

Hér eru aðeins nokkur dæmi tilfærð um aukin framlög til velferðarmálanna. Þau byggjast á því að ríkisstjórnin hefur skapað vaxtarskilyrði í efnahagslífinu. Í kosningabaráttunni lögðum við framsóknarmenn áherslu á vöxt, vinnu og velferð. Við sögðum: Við þurfum að búa til efnahagslegar forsendur fyrir því velferðarkerfi sem við viljum reka. Fjárlagafrumvarpið, framlögin til velferðarmála og stefnuræða forsætisráðherra í kvöld staðfestir að okkur er að takast ætlunarverk okkar. — Góðar stundir.

[21:55]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að öryggi borgaranna verði að hafa forgang og að ríkisvaldið hafi þar ríkum skyldum að gegna. Um þetta erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sammála og viljum standa vörð um samfélagsþjónustuna í víðum skilningi. En skilningur okkar á ábyrgð ríkisvaldsins er fjarri frjálshyggjuhugmyndum Sjálfstfl. sem keyra á í gegn á þessu kjörtímabili. Núningar eru á milli ríkisstjórnarflokkanna í fleiri málum en hátekjuskattinum. Ljóst er að tekist er á um rekstrarfyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar.

Hæstv. heilbrrh. hefur nú gefið einkavæðingu undir fótinn með því að ljá þeirri hugmynd eyra að koma hluta þeirrar starfsemi sem nú er rekin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í einkarekstur. Í stað þeirrar hugmyndar ætti að stórefla heilsugæsluna í landinu og þá ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Fjölga þarf bæði starfsmönnum og fagstéttum og vinna stærstan hluta þjónustunnar á því stigi sem vandamálin eru hvað mest og ódýrast að leysa þau. Sjúkrahús um allt land geta einnig bætt við sig verkefnum og létt þannig á dýrustu heilbrigðisþjónustunni.

Sveitarfélögin hafa verið að auka heimaþjónustu aldraða og fatlaðra og er nú svo komið að sú þjónusta er farin að skila sér í minnkandi þörf á dvalarheimilisplássum en þörfin á hjúkrunarplássum hefur aukist að sama skapi. Nú þegar verður að leysa vanda sveitarfélaganna vegna þessa. Það mun skila sér til lengri tíma í útgjöldum til heilbrigðismála. Hugmyndir eru uppi um að færa heilsugæsluna og öldrunarþjónustuna yfir til sveitarfélaganna. En þótt hvort tveggja séu verkefni sem sveitarfélögin geta vel tekið yfir þá vara ég eindregið við að koma á breyttu skipulagi þann tíma sem samdrátt og aðhald þarf í ríkisfjármálum vegna virkjanaframkvæmda sem nú standa yfir. Mikil átök virðast því fram undan um rekstur heilbrigðiskerfisins, átök sem lúta að samábyrgð og öryggi þegnanna.

Herra forseti. Átök sem í allt sumar hafa staðið á milli verkalýðshreyfingarinnar og ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo nefndi hæstv. forsrh. ekki einasta orði. Þó er þetta mál af þeirri stærðargráðu að það ætti að vera á borði ríkisstjórnarinnar. Það verður að koma í veg fyrir að hér á landi fái þrifist óvönduð vinnubrögð fjölþjóðaverktakafyrirtækis. Það er nóg að verið sé að spilla miklum náttúruauðæfum þó að þeirri smán sé ekki fylgt eftir með því að láta verktakafyrirtæki vaða yfir lög og reglur þessa lands og brjóta á verkamönnum með alþekktum vinnubrögðum.

Herra forseti. Spáð er jöfnum og góðum hagvexti á næstu árum ef vel verður haldið í taumana og dregið úr ríkisútgjöldum. Það þarf meira en góðar þjóðhagsspár til að rétta við kjör sauðfjárbænda og annarra þjóðfélagshópa sem hafa farið á mis við hið mikla góðæri sem ríkt hefur sumum til handa. Það er siðferðileg skylda okkar að jafna kjör fólks í þessu landi.

Herra forseti. Mér leið illa við að hlusta á hve stoltur hæstv. forsrh. virtist af því að hafa skipað Íslandi í sveit hinna staðföstu þjóða í Íraksstríðinu. Hann réttlætti þennan verknað og efast ekki þrátt fyrir allar þær upplýsingar sem fram hafa komið og atburði sem orðið hafa síðan í vor. Við erum að sækja um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ég tel að við getum átt þangað erindi. En ber það ekki keim af merkilegheitarembingi að sækja um í öryggisráðinu á sama tíma og bæði löggæslan og Landhelgisgæslan eru í fjársvelti?

Hugmyndum um íslenskan her höfnum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði alfarið. Við eigum að halda uppi sjálfstæðri utanríkisstefnu, kröftugri friðarstefnu og hafa markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Þá mun okkur farnast vel. — Takk fyrir.

[22:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Góðir Íslendingar. Eftir ferð austur að Kárahnjúkum í sumar og hafandi séð þær miklu framkvæmdir tel ég nú ekki vanþörf á að um slík stórvirki sé fjallað vel og vandlega áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Nýting og umbylting landsins á hálendi, sjávarbotni og láglendi, með nútímavélarafli þarf aðgæslu við. Það sýna verkin. Á vígvelli hálendisins er nú verið að verja kjör íslenskra verkamanna.

Nýting náttúruauðlinda hefur um aldir verið undirstaðan í lífi þjóðarinnar. Sú nýting er sjálfsögð henni til framfærslu. Um þessar athafnir manna munduðust fljótt venjur og hefðir. Á tímum vélvæðingar og tækni hafa athöfnum manna verið sett lög og reglur. Margt í þeim lögum er nauðsynlegt og sjálfsagt, en einnig förum við stundum offari.

Tvö ný bönn á venjubundnar og eðlilegar náttúrunytjar sem hefð er fyrir hjá fólki um áratugi og aldir hafa nýverið litið dagsins ljós. Hér á ég annars vegar við sérstakt bann sjútvrh. sem embættismenn Fiskistofu komu á nýverið og meina mönnum að veiða sér síld í beitu í lagnet við ströndina inni á flóum og fjörðum. Fyrir þessum veiðum tel ég að sé langur hefðarréttur útgerðarmanna sem nú hefur verið brotin af stjórnvöldum.

Hins vegar er það ákvörðun umhvrh. að banna allar rjúpnaveiðar í stað þess að setja takmörkun og veiðistýringu t.d. með styttingu veiðitímans og ákveðnum veiðidögum. Þessi tvö dæmi tel ég valdníðslu og að réttur fólksins sé ekki virtur, því í hvorugu þessara tilfella var bann nauðsynlegt til þess að forðast líffræðilegt slys eða viðvarandi skaða á náttúrulífi lands og sjávar.

Forsætisráðherra taldi í ræðu sinni að nokkur samhljómur væri með stjórnmálaflokkum um skattalækkanir á sl. vori. Að því er okkur varðar í Frjálslynda flokknum þá var einkum tvennt sem við álitum að þyrfti að fá forgang við

lækkun tekjuskatta, þ.e. hækkun persónuafsláttar og sérstaka útfærslu vegna barnafólks, t.d. með skattafslætti sem tengist börnum. Þessar aðgerðir töldum við að ættu að fá forgang áður en farið var í lækkun t.d. hátekjuskattsins.

Ég dreg mjög í efa að lágtekjufólki og barnafólki finnist afkoma sín hafa batnað mikið á undanförnum árum. Enda er ljóst að einstaklingar með lágar tekjur greiða nú tekjuskatta í meira mæli en áður var.

Mikil uppsveifla verður í atvinnulífi á Austurlandi og eins og ávallt þegar velta og umsvif aukast einhvers staðar á landsbyggðinni, munu stóru þéttbýlis- og þjónustusvæðin á suðvesturhorni landsins njóta uppsveiflunnar einnig. Sama verður því miður ekki sagt um norðvesturhluta landsins. Þensluáhrifin og aukin atvinna sem gert er ráð fyrir á næstu árum munu að litlu leyti, ef þá nokkru mælast í Norðvesturkjördæmi. Þar er þörf á auknum framkvæmdum.

Við framkvæmd alþingiskosninganna á sl. vori var að okkar mati í Frjálslynda flokknum margt að athuga eins og kom fram í umræðum og fréttum í sumar. Nú er unnið að sérstöku lögfræðiáliti um þessi mál fyrir Frjálslynda flokkinn. Jafnframt munum við ásamt vinstri grænum óska eftir skýrslu um málið. Málinu er því ekki lokið af okkar hálfu.

Í viðtölum við sveitarstjórnarmenn kemur ávallt fram að tekjur sveitarfélaga duga víða ekki fyrir lögbundinni þjónustu við íbúana. Tekjuskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga er röng. Ef ríkisstjórnin ætlar að færa heilsugæsluna og málefni aldraðra til þeirra þá vantar enn frekar tekjur. Þetta tekjuskiptingarvandamál verður því að leysa áður en verkefnin færast til.

Forsætisráðherra nefndi í ræðu sinni að menntamálaráðherra hefði lagt fram hugmyndir um grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi sem felast í því að nám til stúdentsprófs verði stytt um eitt ár. Frjálslyndi flokkurinn fagnar þeirri stefnu, enda lögðum við áherslu á það í kosningabaráttunni að stytta bæri námið úr fjórum árum í þrjú. Grundvallaratriði í menntastefnu Frjálslynda flokksins er óhindraður aðgangur allra að menntun án tillits til efnahags og búsetu. — Góðar stundir. Í guðs friði.

Fundi slitið kl. 22:05.

---

3. FUNDUR

föstudaginn 3. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 2004, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Hundrað ár frá undirskrift laga um heimastjórn.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil geta þess að í dag, 3. október, eru liðin 100 ár síðan Kristján konungur IX. undirskrifaði stjórnarskipunarlög þau um breyting á stjórnarskrá Íslands er færðu landsmönnum heimastjórn og innlendan ráðherra með búsetu á Íslandi. Konungur hafði lagt fyrir Alþingi stjórnskipunarfrumvarp um þetta efni á aukaþingi 1902 og frv. var síðan endurstaðfest af þinginu ári síðar, sumarið 1903. Með undirskrift konungs lauk merkum áfanga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Deilan um heimastjórnina hafði verið sérstaklega hörð á Íslandi síðustu árin og við starfslok neðri deildar í ágúst 1903 sagði forseti hennar, Klemens Jónsson, að þingið 1903 yrði lengi í minnum haft vegna þess að það hefði borið gæfu til að binda enda á hina „langvarandi, æsandi og jafnvel hatursfullu innanlandsstyrjöld um fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar þessa lands“ svo að vitnað sé orðrétt í ræðu hans. Með þessu var þingforseti að vísa til þeirra hörðu stjórnmálaátaka sem verið höfðu milli stuðningsmanna valtýskunnar og heimastjórnarmanna.

Eins og ég nefndi við þingsetningu sl. miðvikudag tók fyrsti íslenski ráðherrann, Hannes Hafstein, við embætti 1. febrúar 1904 og markar skipan hans um leið upphaf þingræðis á Íslandi, enda var hann skipaður í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Í allshn.: Bjarni Benediktsson formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

Í efh.- og viðskn.: Pétur H. Blöndal formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í félmn.: Hjálmar Árnason formaður og Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður.

Í fjárln.: Magnús Stefánsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Í heilbr.- og trn.: Jónína Bjartmarz formaður og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Í iðnn.: Kristinn H. Gunnarsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Í landbn.: Drífa Hjartardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Í menntmn.: Gunnar Birgisson formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Í samgn.: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í sjútvn.: Árni R. Árnason formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Í umhvn.: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2003, 87. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 87.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 90. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 90.

Jöfnun flutningskostnaðar á olíu og sementi, 50. mál, fsp. JBjarn, þskj. 50.

Tekjuskattur og eignarskattur, 88. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 88.

Tryggingagjald, 89. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 89.

Fjárlög 2004, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar sem verður með sama hætti og á síðasta þingi. Ræðutími verður sem hér segir: Ráðherra hefur 35 mínútur í framsögu sinni, síðan 15 mínútur og í þriðja lagi 10 mínútur. Talsmenn flokka hafa 20 mínútur í fyrstu umferð og síðan tvisvar sinnum 10 mínútur. Aðrir þingmenn hafa 10 mínútur tvívegis. Með talsmönnum er átt við fyrsta ræðumann þingflokka í umræðunni.

Andsvör verða leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokka og fjmrh. heimilt að veita andsvör. Gert er ráð fyrir að umræðunni ljúki í dag eða kvöld eftir atvikum.

[10:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 og venju samkvæmt er frv. á þskj. 1. Á borð þingmanna hefur einnig verið dreift í dag frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 auk þriggja frv. sem ég flyt og eru hluti af forsendum fjárlagafrv.

Ég mun í máli mínu gera grein fyrir helstu áhersluatriðum og forsendum frv. sem og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir næstu ár, sem liggur fyrir í fjárlagafrv. Óhætt er að segja að sú langtímaáætlun marki nokkur þáttaskil í vinnubrögðum við hagstjórn hér á landi. Þessi stefnumótun sem er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tímabær nú við upphaf þeirra miklu framkvæmda við virkjanir og stóriðju sem fram undan eru og sem kalla munu á ábyrga en sveigjanlega hagstjórn og staðfestu í ríkisbúskapnum.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá fjmrn. bendir flest til þess að fram undan sé nýtt hagvaxtarskeið sem getur orðið eitt hið lengsta í íslenskri hagsögu. Næstu ár munu áðurnefndar framkvæmdir við uppbyggingu stóriðju ráða miklu um hagvöxtinn. Þá skiptir mestu að viðhalda þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf undanfarin ár. Mikilvægt er að beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að þau dragi úr innlendri eftirspurn þegar framkvæmdir eru sem mestar en hjálpi til við að auka hana að þeim loknum, eftir því sem þörf krefur.

Þessi atriði hafa verið höfð að leiðarljósi við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 2004. Þar er gert ráð fyrir tæplega 6,5 milljarða króna tekjuafgangi eða sem nemur 0,75% af landsframleiðslu. Ekki er reiknað með tekjum af einkavæðingu í þessum áætlunum enda hafa viðskiptabankarnir tveir þegar verið seldir einkaaðilum og óvíst hvenær orðið getur af sölu Landssímans. Áætlað er að sambærileg tala fyrir árið 2003, þ.e. rekstrarafkoma ríkissjóðs með óreglulegum gjöldum en að frátöldum tekjum af eignasölu, verði neikvæð um liðlega 6 milljarða króna. Afkomubatinn milli ára nemur því rúmlega 12,5 milljörðum króna, eða 1,5% af landsframleiðslu. Þessi þróun endurspeglar verulegt aðhald í ríkisfjármálum á árinu 2004.

Þróun efnahagsmála hér á landi að undanförnu staðfestir þann mikla árangur sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað. Þetta á bæði við um hið kröftuga hagvaxtarskeið sem hófst um miðjan síðasta áratug og ekki síður hvernig tókst að komast klakklaust í gegnum mikla uppsveiflu á árunum 1999–2000. Ýmsir spáðu því að íslenska hagkerfið mundi brotlenda og að hér mundi skapast ófremdarástand með atvinnuleysi og óðaverðbólgu. Þær hrakspár rættust sem betur fer ekki. Miklu nær er að tala um snertilendingu í því sambandi, eins og ég hef áður leyft mér að gera hér í þingsalnum.

Í raun er ekki deilt um það hvernig stóð á því hve vel tókst til. Um skýringarnar á því eru helstu efnahagssérfræðingar sem til þekkja sammála, bæði hér á landi og erlendis. Þannig kemur fram í nýjustu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hraða aðlögun hagkerfisins að breyttum aðstæðum megi fyrst og fremst rekja til þeirra umfangsmiklu skipulagsbreytinga sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir og hagstjórnar sem miðaði að því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. Sömu sjónarmið hafa komið fram hjá öðrum aðilum, svo sem Efnahags- og framfarastofnuninni OECD í París og helstu alþjóðafyrirtækjum er leggja mat á lánshæfi ríkja. Þær breytingar sem helst eru nefndar til sögunnar eru aukið frelsi á fjármagnsmarkaði auk afnáms hafta á fjármagnshreyfingum, stórbætt staða ríkisfjármála og skattkerfisbreytingar sem þeim tengjast ásamt með einkavæðingu ríkisfyrirtækja, almennri markaðsvæðingu í hagkerfinu auk breytinga á stjórn peningamála.

Ég vil nú, herra forseti, áður en ég fjalla nánar um helstu efnahagsforsendur og áhersluatriði frv. gera nokkra grein fyrir hinni mikilvægu stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem lýtur að ríkisfjármálastefnu til næstu ára.

Á undanförnum árum hefur stefnumörkun stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum í vaxandi mæli horft til lengri tíma en eins árs í senn. Slík stefnumörkun gefur færi á meiri yfirsýn yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum, rennir traustari stoðum undir hagstjórnina, styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika. Þessu hefur að nokkru verið fylgt eftir í fjárlagafrv. síðustu ára þar sem hefur mátt finna framreikning helstu stærða í samræmi við ákveði gildandi fjárreiðulaga. Ríkisstjórnin hefur hins vegar nú stigið mikilvægt skref í átt til þess að styrkja slíka langtímastefnumörkun með því að samþykkja pólitísk markmið til ársins 2007. Þessi ákvörðun markar að vissu leyti tímamót hér á landi þótt vinnubrögð af þessu tagi hafi lengi tíðkast í nálægum löndum.

Stefnan í ríkisfjármálum verður í lykilhlutverki í hagstjórn á tímabilinu til 2007, enda mikilvægt að beita ríkisfjármálunum með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar framkvæmdir standa sem hæst og að sama skapi til að örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Til að tryggja framgang þessarar stefnu hefur ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum til loka kjörtímabilsins:

1. Afgangur í ríkissjóði verði ekki undir 1,75% af landsframleiðslu á árinu 2005 og 1% árið 2006. Frv. fyrir 2004 gerir ráð fyrir 0,75% afgangi eins og ég áður gat um.

2. Aðhald í ríkisfjármálum verði aukið. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu á árunum 2005–2007 ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði m.a. miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum.

Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda sem svo eru kölluð ekki umfram 2,5% að raungildi á árunum 2006–2007.

3. Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 3 milljarða króna árið 2005 og 2 milljarða árið 2006. Framkvæmdir verði síðan aftur auknar um 3 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008.

4. Á árunum 2005–2007 verði um 20 milljörðum króna varið til skattalækkana og allt að 3 milljörðum króna til sérstakra áhersluverkefna, svo sem hækkunar barnabóta.

Eins og á þessu sést er á útgjaldahlið langtímaáætlunar gengið út frá þeim meginforsendum að gætt verði ýtrasta aðhalds í almennum rekstri, bæði í launamálum og öðrum rekstrarútgjöldum. Miðað er við að verulega dragi úr aukningu í samneyslu ríkisins frá því sem verið hefur og að árlegur vöxtur nemi að hámarki 2% að raungildi, eða 1% undir meðalvexti undanfarinna ára. Nánari útfærsla á þessu markmiði verður ákveðin við fjárlagagerð hverju sinni.

Tilfærsluútgjöld munu aukast nokkuð á næstu árum í samræmi við gildandi lög, meðal annars vegna fjölgunar fólks á lífeyrisaldri. Minna atvinnuleysi og þar með minni útgjöld til atvinnuleysisbóta vegur hér á móti. Leitast verði við að halda árlegum raunvexti tilfærsluútgjalda í um það bil 2,5% að jafnaði með auknu aðhaldi.

Einnig verður óhjákvæmilegt að draga úr framkvæmdum á vegum ríkisins á meðan stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst. Framkvæmdir verða síðan auknar á ný þegar dregur úr hagvexti. Ákveðið verður í fjárlögum hverju sinni hvaða framkvæmdir munu koma hér við sögu.

Varðandi tekjuhlið áætlunarinnar er það sérstaklega ánægjulegt að svigrúm skapast til að lækka skatta um u.þ.b. 20 milljarða á tímabilinu samhliða ríflegum tekjuafgangi á ríkissjóði. Er það í samræmi við málflutning og fyrirheit stjórnarflokkanna í aðdraganda kosninganna á liðnu vori. Ljóst er að svo stórfelldar skattalækkanir munu hafa örvandi áhrif á efnahagslífið þegar dregur úr stórframkvæmdunum. Nánari útfærsla þessara áforma liggur ekki enn fyrir en stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar vísar veginn í þeim efnum. Þar segir að á kjörtímabilinu verði m.a. tekjuskattsprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að 4%, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur samræmdur og lækkaður og virðisaukaskattskerfið tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings. Þessi mál verða nánar rædd í tengslum við gerð kjarasamninga á komandi vetri.

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum forsendum á sviði peningamála í samræmi við þau meginmarkmið sem áætlunin byggir á. Þannig er talið að ekki verði komist hjá einhverri hækkun vaxta þegar framkvæmdir standa sem hæst. Aukið aðhald í ríkisfjármálum mun hins vegar draga úr þörf fyrir hækkun vaxta.

Meginniðurstaða langtímaáætlunarinnar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmdanna. Á árunum 2004–2006 eru horfur á umtalsverðum hagvexti. Árið 2007 mun hins vegar hægja talsvert á en á móti vega þá áhrif aukinna framkvæmda á vegum ríkisins. Mikill innflutningur vegna framkvæmdanna leiðir óhjákvæmilega til nokkurs halla á viðskiptum við útlönd en verulega dregur úr honum þegar byggingarframkvæmdum lýkur og útflutningur nýrrar verksmiðju á áli fer að segja til sín. Búast má við að verðbólga aukist lítils háttar þegar framkvæmdir verða í hámarki en lækki aftur þegar þeim er lokið. Kaupmáttur mun aukast verulega og atvinnuleysi verður lítið allt tímabilið.

Það er ljóst af þessum niðurstöðum að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum mun skapa svigrúm bæði til lækkunar skatta og til að koma til móts við áherslumál í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska því meginmarkmiði efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Þannig mun verða umtalsverður afgangur á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar eru í hámarki og skuldir ríkissjóðs lækka jafnhliða.

Óhjákvæmilegt er hins vegar að nokkur halli verði á ríkissjóði, miðað við þær forsendur sem hér eru lagðar til grundvallar, þegar framkvæmdum lýkur enda dregur þá verulega úr hagvexti. Eðlilegt er að bregðast við þeim samdrætti með auknum framkvæmdum á vegum ríkisins auk þess sem skattalækkanir munu einnig stuðla að auknum hagvexti. Í þessu sambandi er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að í forsendum langtímaáætlunar er hvorki gert ráð fyrir framkvæmdum vegna stækkunar Norðuráls á framreikningstímabilinu né tekjum af einkavæðingu Landssímans. Hér ráða varfærnissjónarmið ferðinni eins og eðlilegt er í slíkri áætlanagerð.

Líklegt verður hins vegar að teljast að Landssíminn verði seldur einkaaðilum á kjörtímabilinu, að hluta eða að öllu leyti, og vonandi fyrr en síðar. Það mundi skila miklum sölutekjum í ríkissjóð og gefa m.a. færi á lækkun skulda umfram það sem hér er gert ráð fyrir. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins mundi þá lækka samsvarandi og bæta þar með afkomu ríkissjóðs enn frekar.

Enn fremur verða að teljast allgóðar líkur á að af stækkun Norðuráls verði á næstu árum. Það hefði að sjálfsögðu umtalsverð efnahagsleg áhrif sem birtast mundu í auknum hagvexti og betri afkomu ríkissjóðs.

Að öllu samanlögðu verður því að teljast líklegt að afkoma ríkissjóðs verði betri á framreikningstímabilinu en hér er sýnt og að ekki komi til hallareksturs árið 2007.

Eins og sést á þessari yfirferð, herra forseti, miðar stefnan í ríkisfjármálum að því að draga úr uppsveiflunni á árunum 2004–2006 og vinna á móti niðursveiflu árið 2007. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum hagsveiflunnar á afkomutölur ríkissjóðs kemur í ljós að aðhald ríkisfjármála eykst í uppsveiflunni en þá er sveifluleiðrétt afkoma jákvæð. Hún verður síðan neikvæð þegar slaknar á árið 2007 miðað við þessar forsendur. Þessir útreikningar sýna að sú ríkisfjármálastefna sem lögð er til grundvallar langtímaáætluninni, stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu og að í búskap ríkisins er fyrir hendi veruleg sjálfvirk sveiflujöfnun.

Herra forseti. Ég mun nú víkja að helstu þáttum fjárlagafrv. fyrir árið 2004. Í frv. er eins og áður sagði gert ráð fyrir því að tekjuafgangur á ríkissjóði verði 6,4 milljarðar króna þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir hagnaði af sölu eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2003 er hins vegar gert ráð fyrir 12,4 milljarða króna hagnaði af sölu eignarhluta í fyrirtækjum og 6,2 milljarða króna tekjuafgangi.

Einkum eru tvær skýringar á því að tekjuafgangur hækkar á milli ára þrátt fyrir að ríflega 12 milljarða tekjur af sölu eignarhluta falli niður. Annars vegar verður beitt ýtrasta aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs. Þannig eru lagðar fram tillögur um 3,7 milljarða króna lækkun útgjalda þannig að í heild aukast útgjöld ríkissjóðs aðeins um rúma 2 milljarða í krónum talið frá áætlun 2003. Hins vegar mun aukinn hagvöxtur á næsta ári skila sér í meiri veltu og kaupmætti. Skatttekjur hækka því samkvæmt þessu um 14,5 milljarða króna milli ára og heildartekjur um 2,2 milljarða þrátt fyrir

minni tekjur af eignasölu. Lánsfjárafgangur er í frv. áætlaður 13,7 milljarðar króna og lækkar um tæplega 4 milljarða frá áætlun yfirstandandi árs. Þar koma m.a. fram áhrif af minni eignasölu en á móti vegur bætt afkoma sem kemur fram í tæplega 12 milljarða króna styrkingu á handbæru fé frá rekstri. Einnig verða innheimtar afborganir af veittum lánum meiri á næsta ári vegna afborgunar Seðlabankans af láni sem ríkissjóður veitti bankanum árið 2001. Áformað er að lánsfjárafgangur næsta árs gangi til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 4 milljarða króna, styrkja stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um u.þ.b. 7,5 milljarða og bæta stöðuna við Seðlabanka Íslands um rúmlega 2 milljarða.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir næsta ár endurspeglar aukin umsvif í efnahagslífinu enda skýr merki um að uppsveifla sé hafin og að fram undan sé tímabil aukins hagvaxtar. Spá fjmrn. gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 2004 og verðbólgan verði um 2,5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um 2,5% sömuleiðis. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,5%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs geti numið rúmlega 252 milljörðum króna sem er um 6% hækkun að nafnvirði milli ára. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu helst hins vegar nánast óbreytt, verður u.þ.b. 29,3% í stað 29,2. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar geta numið allt að 279,5 milljörðum króna. Þær hækka mun minna en skatttekjur milli ára enda ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna eins og áður er fram komið. Gert er ráð fyrir að sérstakur tekjuskattur, hinn svonefndi hátekjuskattur, verði framlengdur um tvö ár og verði 4% á næsta ári og 2% 2005 en falli þá niður. Er samkomulag um þetta milli stjórnarflokkanna. Þá er í forsendum frv. gert ráð fyrir 8% hækkun bensíngjalds og þungaskatts en þessi gjöld hafa ekki hækkað um nokkurt árabil. Er áætlað að þessi hækkun skili einum milljarði í auknar tekjur.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 273 milljarðar króna árið 2004 og hækka um 8,2 milljarða frá samþykktum fjárlögum og fjáraukalögum þessa árs en um 2 milljarða frá *áætlaðri útkomu ársins. Heildargjöld lækka þannig að raun*gildi um 1,6% frá áætlaðri útkomu ársins. Þar af standa rekstrargjöld nánast í stað. Sama má segja um neyslu- og rekstrartilfærslur þrátt fyrir aukin útgjöld til almannatrygginga í kjölfar samkomulags við eldri borgara og sérstaka hækkun til öryrkja. Þetta skýrist einkum af minnkandi atvinnuleysi og ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til lækkunar útgjalda. Þá lækka fjárfesting og stofnkostnaðarframlög um 20% og nær sú lækkun til nær allra sviða ríkisins að frátöldum stofnkostnaði í hjúkrunarheimilum. Loks standa vaxtagjöld nánast í stað.

Útgjaldahlið fjárlagafrv. markast af sérstökum ráðstöfunum sem áætlað er að skili samtals 3,7 milljarða króna útgjaldasparnaði. Þar af lækka rekstrargjöld um 700 millj., tilfærsluútgjöld um 1.500 millj. og stofnkostnaður um tæplega 1.500. Lækkun rekstrargjalda felst í því að lagt er til að ríkissjóður hverfi frá endurgreiðslu hluta af tryggingagjaldi vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launþega. Árið 1999, þegar þessu fyrirkomulagi var komið á, var út frá því gengið að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða. Nú hefur viðbótarlífeyrissparnaðurinn náð öruggri fótfestu og því ástæðulaust að ríkið greiði áfram með þessu sparnaðarformi, enda hefur síðan verið samið í kjarasamningum um mótframlög atvinnurekenda sem eru frádráttarbær frá tekjuskatti. Samtals er áætlað að útgjöld ríkisins lækki um ríflega hálfan milljarð króna vegna þessa. Þá er gerð 1% hagræðingarkrafa til stjórnsýslustofnana sem skila mun um 100 millj. kr. útgjaldasparnaði. Lækkun neyslu- og rekstrartilfærslna felst í 740 millj. kr. lækkun útgjalda sjúkratrygginga, einkum lyfjakostnaður. Vaxtabætur lækka um 600 millj. kr. þar sem lagt er til að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta miðist við 5,5% af skuldum í stað 7% áður enda hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert frá því að 7% markið var sett. Loks er gert ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 170 millj. kr. þar sem m.a. er lagt til að í stað þess að bætur reiknist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana. Lækkun stofnkostnaðar felst í 1.000 millj. kr. lækkun framlaga til vegagerðar frá fjárlögum þessa árs auk þess sem framlög til ýmissa stofnkostnaðarverkefna og tækjakaupa ríkisstofnana lækka samtals um 500 millj. kr.

Þessi áform um lækkun útgjalda eru nauðsynleg til að skapa svigrúm fyrir þau verkefni sem ríkisstjórnin hefur sett í forgang án þess að horfið sé frá meginmarkmiðum um aðhald og stöðugleika.

Af helstu breytingum á útgjaldahlið ríkissjóðs má nefna að útgjöld lífeyristrygginga hækka um 4,2 milljarða frá áætlun þessa árs, eða um tæplega 17%. Koma þar m.a. fram áhrif samkomulags ríkisstjórnarinnar við eldri borgara sem felur í sér hækkun á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka sem kemur bæði elli- og örorkulífeyrisþegum til góða. Því til viðbótar er gert ráð fyrir auknum bótum til öryrkja um sem nemur einum milljarði króna.

Einnig er í frv. ráðstafað verulegum fjármunum til uppbyggingar og reksturs öldrunarþjónustu. Þannig aukast framlög úr ríkissjóði um 450 millj. kr. til að fjölga hjúkrunarrýmum og dagvistarrýmum fyrir aldraða á næsta ári auk þess sem heimaþjónusta verður efld. Þá eru framlög til sjúkrahúsa og heilsugæslu aukin um 1.200 millj. kr. samtals, bæði til að styrkja núverandi starfsemi og til nýrra úrræða. Þannig má nefna að í frv. er lagt til að 140 millj. kr. verði varið til að bæta margvíslega þjónustu við geðsjúka og 64 millj. kr. *til að koma á fót hvíldarþjónustu fyrir langveik börn.* Loks má nefna að stofnkostnaðarframlög til byggingar hjúkrunarheimila nær tvöfaldast á milli ára og verða samtals rúmlega 900 millj. kr. á næsta ári.

Þá má nefna að framlög til að stytta biðlista eftir sambýlum fyrir fatlaða eru aukin um rúmlega 140 millj. kr. í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Framlög til menntamála aukast talsvert samkvæmt frv. Þannig aukast framlög til reksturs stofnana á háskóla- og framhaldsskólastigi um rúmlega einn milljarð króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um tæplega 400 millj. kr. vegna fjölgunar námsmanna og hækkunar á þeim framfærslugrunni sem útlán miðast við.

Rétt er að fara nokkrum orðum um framlög til rannsóknamála en Íslendingar leggja mikið opinbert fjármagn til rannsókna miðað við ýmsar aðrar þjóðir. Þannig námu opinber framlög til rannsóknamála 1% af vergri landsframleiðslu hér á landi árið 2001, en aðeins Finnar vörðu jafnmiklu opinberu fé til málaflokksins það ár samkvæmt tölum frá OECD. Í frv. er gerð grein fyrir nýskipan rannsóknamála og sérstakri eflingu vísinda- og tækniþróunarsjóða. Gert er ráð fyrir að framlög til vísinda- og tæknisjóða á vegum ráðuneyta menntamála, iðnaðar og sjávarútvegs aukist um 370

millj. frá gildandi fjárlögum. Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að framlögin aukist enn næstu árin og verði tæplega 920 millj. kr. hærri í lok kjörtímabilsins en í upphafi þess, sem er 116% hækkun á fjórum árum.

Í frv. er dregið nokkuð úr fjárfestingu frá því sem áætlað er á þessu ári. Kemur þar einkum þrennt til: Í fyrsta lagi er lokið nokkrum veigamiklum verkefnum svo sem endurgerð húsnæðis fyrir sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn og náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands. Í öðru lagi eru framlög til stofnkostnaðar óvenju há á þessu ári vegna framkvæmdaátaks ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum í upphafi ársins, sem fólst m.a. í auknum framlögum til vegagerðar. Í þriðja lagi er lögð til sérstök 1.500 millj. kr. frestun framkvæmda í frv. eins og ég áður gat um, en þar af er einn milljarður í vegamálum. Þrátt fyrir það verða vegaframkvæmdir áfram mjög miklar í samanburði við fyrri ár og framkvæmdaátakinu mun verða lokið. Framkvæmdir Vegagerðarinnar voru 5,3 milljarðar samkvæmt ríkisreikningi síðasta árs, árið 2002, en verða rúmir 8 milljarðar samkvæmt frv. á næsta ári, sem er meira en 50% aukning. Í fjárlögum yfirstandandi árs var framlag til nýframkvæmda áætlað 7,5 milljarðar en því til viðbótar komu 3 milljarðar vegna flýtingar framkvæmda til að örva vinnumarkað og draga úr atvinnuleysi. Þegar litið er til þessara talna hljómar það sem argasta öfugmæli að tala um niðurskurð í vegamálum. Hins vegar er eðlilegt og óhjákvæmilegt um þessar mundir að dregið verði úr öllum framkvæmdum á vegum ríkisins á allra næstu árum, jafnt vegaframkvæmdum sem öðrum, til að mæta þeim þrýstingi sem óhjákvæmilega verður þegar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Það dæmi mun svo snúast við frá og með árinu 2007.

Herra forseti. Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs hefur verið jákvæður mest allt tímabilið frá 1998. Samanlagt nemur uppsafnaður lánsfjárafgangur frá árinu 1998 til og með ársins 2004 um 63,5 milljörðum króna. Þessum afgangi hefur verið varið til þess að styrkja stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og greiða niður skuldir ríkissjóðs auk þess að staða ríkissjóðs við Seðlabankann hefur mjög styrkst. Þannig kemur fram í ríkisreikningi fyrir árið 2002 að innborganir ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fram til ársloka 2002 hafa orðið til þess að fyrirsjáanleg sjóðþurrð hefur frestast frá árinu 2014 til a.m.k. ársins 2025 miðað við fyrirliggjandi forsendur og mun hættan á slíkri sjóðþurrð verða úr sögunni á tiltölulega fáum árum haldi greiðslurnar áfram. Er það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni skattgreiðendum framtíðarinnar. Niðurgreiðslur skulda ríkissjóðs hafa tekið mið af stöðunni á lánsfjármarkaði hverju sinni og þess svigrúms sem verið hefur á gjaldeyrismarkaði til að greiða niður erlendar skuldir. Vegna lækkunar skulda hefur stórlega dregið úr vaxtakostnaði ríkissjóðs og nú er svo komið að vaxtajöfnuður ríkissjóðs, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, er talinn verða í jafnvægi á næsta ári. Árið 1998 var hann hins vegar neikvæður um tæplega 8 milljarða króna. Þetta er ánægjuleg þróun sem ber vott um það hverju ábyrg stefna í ríkisfjármálum getur áorkað. Á næstu árum er stefnt að því að gera enn betur og þá má búast við því að vaxtajöfnuðurinn verði jákvæður. Einhvern tímann og það ekki fyrir löngu hefði það þótt saga til næsta bæjar.

Herra forseti. Undanfarin ár hafa orðið miklar framfarir í fjárlagagerð ríkisins sem hafa átt ríkan þátt í því að hér hefur tekist að skapa trausta umgjörð í ríkisfjármálum. Það hefur átt sinn þátt í því að skapa meiri festu í hagstjórninni og stuðlað að auknum stöðugleika í efnahagsmálum. Nú hefur nýtt skref verið stigið með langtímaáætlun í ríkisfjármálum til ársins 2007. Ég tel mikilvægt að halda áfram að þróa þessi vinnubrögð enn frekar. Bætt vinnubrögð í þessum efnum auðvelda áætlanagerð og fjármálastjórn einstakra ráðuneyta og stofnana og stuðla þannig að betri nýtingu opinberra fjármuna.

Framkvæmdir við byggingu álvers og virkjunar á Austurlandi munu gera miklar kröfur til hagstjórnar á komandi árum. Mikilvægast er að beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að þau haldi aftur af innlendri eftirspurn og vaxtahækkunum þegar framkvæmdirnar standa sem hæst. Í þessu ljósi hefur ríkisstjórnin markað sína stefnu í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Þessi stefnumótun markar viss tímamót. Meginmarkmið hennar er að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og skapa jafnframt svigrúm til skattalækkana og til þess að koma til móts við forgangsverkefni í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ein helsta niðurstaða langtímaáætlunarinnar er einmitt sú að þetta getur allt farið saman ef rétt er á málum haldið. Þessi mikilvæga niðurstaða endurspeglar trausta stöðu íslensks efnahagslífs sem má ekki síst rekja til þeirra grundvallarbreytinga sem orðið hafa á skipulagi efnahagsmála síðasta áratuginn eða svo. Fjárlagafrv. næsta árs, sem ég hef nú gert grein fyrir, markar fyrsta skrefið á þeirri braut sem brýnt er að fylgja í þessum málum allt kjörtímabilið.

Ég vil nú leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. þessu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. fjárln. Ég óska eftir góðu samstarfi við nefndina nú sem endranær og vona að takast megi að afgreiða frv. í samræmi við starfsáætlun þingsins svo sem tekist hefur undanfarin ár.

[11:03]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. flutti svipaða ræðu nú og oft áður þegar fjárlög hafa verið lögð fram. Hæstv. ráðherra er býsna ánægður með stöðuna, hann er ánægður með frumvarpið og það verður auðvitað að segjast um þetta frv. eins og áður hefur verið sagt um fjárlagafrumvörpin að markmið þeirra eru oft góð. En því miður hefur raunveruleikinn stundum orðið annar en fjárlagafrv. hefur gert ráð fyrir.

Herra forseti. Í máli hæstv. fjmrh. kom fram að gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs muni lækka að raungildi árið 2004. Því er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvað það er í forsendum þessara fjárlaga sem eykur líkurnar á því að betur takist til á næsta ári en mörg undanfarin ár.

Einnig er nauðsynlegt, herra forseti, að spyrja hæstv. fjmrh. annarrar spurningar strax í upphafi þessara umræðna vegna þess að í aðdraganda kosninga í vor var eitt meginloforð ríkisstjórnarflokkanna að lækka skatta. Nú kemur fyrsta frv. ríkisstjórnarinnar fram á kjörtímabilinu og þá er formerkið öfugt, þ.e. samkvæmt frv. verða skattar hækkaðir. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari þeirri spurningu: Hvað hefur breyst í forsendunum frá því í vor sem orsakar það að nú þarf að sigla inn í næsta ár með skattahækkanir en ekki skattalækkanir?

[11:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrri spurningu þingmannsins um lækkun raunútgjalda og aðhald í rekstri vil ég vekja sérstaka athygli á því að í þeim áformum sem fyrir liggja um 3,7

milljarða kr. sparnað eru alveg niðurnegldar tillögur, sem sumpart liggja hér á borðum þingmanna í dag, sem er alveg ljóst að munu skila þeim árangri sem ætlast er til ef frumvörpin verða samþykkt. Hálfur milljarður vegna breytingar á tryggingagjaldslögum, 600 milljónir vegna vaxtabóta, 1.500 milljónir vegna sparnaðar í framkvæmdum o.s.frv. Þetta hafa menn í hendi sér ef þeir fallast á annað borð á þá stefnu sem hér er boðuð.

Varðandi almenn rekstrarútgjöld er náttúrlega líka ljóst að fylgja þarf eftir útgjaldaáformum ráðuneytanna með því að fylgja eftir t.d. reglugerð um framkvæmd fjárlaga sem nú liggur fyrir.

Varðandi seinna málið sem hv. þm. spyr um, skattalækkanir og skattahækkanir, þá vil ég í fyrsta lagi benda á að í kosningunum var af hálfu okkar stjórnarsinna ekki talað um það að allar skattalækkanir sem við gáfum fyrirheit um ættu að koma til framkvæmda á árinu 2004. Þvert á móti, við höfum alltaf talað um það mjög skýrt að skattalækkunaráform okkar næðu út kjörtímabilið, og það gera þau samkvæmt þessari áætlun.

Hvað varðar hækkun á bensíngjaldi, þá er það þess eðlis að bensíngjaldið hefur ekki verið hækkað hér frá því í október árið 1999 og þetta er einn af grundvallartekjustofnum ríkissjóðs sem er ekkert óeðlilegt að haldi í við vísitöluna almennt talað. Nú erum við að tala um að hækka þennan skatt um helminginn af því sem verðlag hefur hækkað á þessu tímabili og það er nákvæmlega ekkert óeðlilegt við það, herra forseti.

[11:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þær tillögur sem hér liggja fyrir um sparnað munu væntanlega ná fram ef þeim verður fylgt eftir. Þannig hefur það verið mörg undanfarin ár að vissulega hefðu útgjöld ríkissjóðs orðið miklum mun minni ef fjárlögum hefði verið fylgt eftir og ef, eins og hæstv. fjmrh. benti á, reglugerð um framkvæmd fjárlaga hefði verið fylgt eftir.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra enn á ný: Megum við búast við að annar háttur verði hafður á varðandi reglugerð um framkvæmd fjárlaga en verið hefur undanfarin ár? Eru meiri líkur á að á árinu 2004 verði farið eftir fjárlögum? Eru meiri líkur á því en verið hefur undanfarin ár?

Varðandi seinni spurninguna er það alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að í aðdraganda kosninga sögðu menn ekki að allar skattalækkanir ættu að koma fram árið 2004, enda hélt ég því ekki fram í fyrri ræðu minni. Hins vegar man ég ekki eftir því að í kosningabaráttunni hafi verið talað um það að byrjað yrði á því að hækka skatta, upphaf skattalækkananna yrðu skattahækkanir. Ég kannast ekki við þann málflutning. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra hvað hefði breyst og, herra forseti, ég verð að endurtaka þá spurningu mína. Hvað hefur breyst sem hefur orsakað það að í stað þess að lækka skatta eða stíga fyrsta skrefið í þá átt, þá er niðurstaða ríkisstjórnarinnar sú að hækka þurfi skatta?

[11:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að við eigum traustan bandamann í hv. þm. í að halda aftur af ríkisútgjöldum og ég dreg það reyndar ekki í efa eftir ræðu leiðtoga hans hér í gærkvöldi sem hélt því fram og sagði að ríkisstjórnin ætti nú aldeilis hauk í horni þar sem Samfylkingin væri tilbúin til þess að standa gegn ofþenslu ríkisútgjalda, sagði formaður Samfylkingarinnar, og ég fagna því verulega að hér eigum við góða og dygga bandamenn og við skulum bara taka höndum saman um að halda mönnum sem hér eiga hlut að máli við efnið.

En ég bendi þingmanninum á annan hlut. Hann talar mikið um umframkeyrslu í ríkisútgjöldum. Á borðinu fyrir framan hann liggur frv. til fjáraukalaga um 8 milljarða kr. aukningu á útgjöldum. Hvað er það sem hlutfall af útgjöldunum? 3–4%, eitthvað svoleiðis, miðað við það sem áður var búið að ákveða í fjárlögum og fjáraukalögum. Það er í sjálfu sér ekki hátt hlutfall. Auðvitað er það meira en við kærum okkur kannski um en menn verða líka að horfa á þetta í samhengi við það sem er hér að gerast almennt talað og þá staðreynd að alltaf koma til einhver óhjákvæmileg útgjöld sem ekki verða séð fyrir.

Hvað varðar skattamálin, þá er þetta auðvitað deila um keisarans skegg. Við höfum sagt hvað við ætlum að gera í stjórnarsáttmála okkar, sem er auðvitað sá vegvísir sem við förum eftir og flokkarnir hafa komið sér saman um eftir kosningar. En við ætlum líka að geyma okkur að ganga frá því máli þangað til fyrir liggur hvað kemur út úr kjarasamningum á komandi vetri.

Ef litið er á bensínhækkunina þá má svo sem áfellast okkur fyrir það að hafa ekki látið bensíngjaldið hækka árlega frá 1999 í samræmi við verðlagshækkanir. Ég skal fúslega taka við slíkum kvörtunum frá hv. þm. ef það er það sem hann á við.

[11:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir fjárlagafrv. og í sjálfu sér er fátt nýtt í því hvað varðar stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er í sama dúr og verið hefur undanfarin ár. Það byggir hægt og bítandi á einkavæðingu almannaþjónustunnar, sölu ríkisfyrirtækja og þjónustustofnana. Þetta er allt kunnugt.

Hæstv. ráðherra vakti rækilega athygli á því að enn á að draga úr hlutfallslegum þætti samneyslunnar í landinu, en samneyslan er það sem stendur undir samhjálp og félagshyggju í landinu, menntamálum, heilbrigðismálum, öldrunarmálum, hjúkrunarmálum o.s.frv. Það á að draga hlutfallslega úr því á næstu árum. Einn liður í því er að á næsta ári á að innheimta aukin komugjöld á heilsugæslustöðvar, 40–50 millj. kr., er þar sagt. Allt munar það fólk um sem sækir heilsugæslustöðvar.

Í stjórnarsáttmálanum stendur aftur á móti, með leyfi forseta:

„Efla þarf heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar í landinu.“

Er það mat ráðherrans að það sé liður í því að efla stöðu heilsugæslunnar að auka og hækka komugjöld þeirra sem þurfa að sækja slíka þjónustu? Segja má, virðulegi forseti, að þessi hækkun sé svona einkunnarorð eða marki þá vegferð sem ríkisstjórnin er að fara.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt eru komugjöld á heilsugæslustöðvar u.þ.b. 500 kr. í dag en voru 600 árið 1991, eða 700, hafa lækkað síðan. Heilbrigðisráðherrann mun koma með ákveðnar tillögur um sparnað varðandi sjúkratryggingar og þá þætti, fyrst og fremst í lyfjakostnaði, og við skulum bara bíða eftir og sjá hvaða tillögur hann kemur með. Við eigum heldur ekki að ganga þannig um þessa hluti að gefa í skyn

að sú þjónusta sem veitt er, t.d. á heilsugæslustöðvum, sé einskis virði og þess vegna eigi menn ekkert að borga fyrir hana.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að þingmaðurinn hefur snúið rækilega út úr því sem stendur í ræðu minni og í frv. varðandi vöxt samneyslunnar almennt. Við erum að tala um að halda vexti samneyslunnar í 2% að raungildi umfram verðlag. Hann lét þess getið að með þessu væri verið að hamast á velferðarmálum og draga úr opinberri þjónustu í öldrunarmálum og einhverju slíku, og það væri sem sagt markmið ríkisstjórnarinnar. Þetta er bara alrangt, enda fór ég með það áðan hversu framlögin sérstaklega til öldrunarmála og reyndar velferðarmála almennt og sérstaklega heilbrigðismálanna sem heildar eru að aukast mikið í þessu frv. Það er því ekki hægt að halda þessu neitt svona fram eða halda því að fólki að hér sé staðið að málum með þeim hætti sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði.

Ríkisstjórnin hefur markað sér sérstakar áherslur í frv. Þær birtast ekki síst í auknum framlögum í sambandi við lífeyristryggingar, heilbrigðismál, menntamál og rannsóknir. Og það er alveg sama hvað hv. þm. ber höfðinu við steininn, tölurnar í frv. tala sínu máli.

[11:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svo sem viðbúið að hæstv. fjmrh. kipptist aðeins við. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra muni ekki um hundraðkallinn eða þúsundkallinn til eða frá þegar hann fer til læknis. En sá hugsunarháttur á ekki að ríkja í heilbrigðisþjónustu landsins að það skipti máli hvort menn hafa efni á að fara til læknis eða ekki. Þetta er hluti þeirrar félagshyggju og samhjálpar sem við höfum byggt samfélag okkar á og er hornsteinn þess félagshyggjusamfélags sem við viljum búa í.

Á sama hátt er tekjuöflun ríkissjóðs einnig beitt á þá sem þurfa að sækja sjúkratryggingar, þá sem þurfa að kaupa lyf og þá sem þurfa hjálpartæki. Ætlunin er að lækka hlutdeild ríkisins í þeim kostnaði. Allt ber þetta hægt og bítandi að sama brunni, virðulegi forseti.

Hæstv. ráðherra vék að sölu Landssímans. Það er rétt að rifja upp að í skoðanakönnun sem gerð var fyrir rúmum tveimur árum kom fram að um 70% af þjóðinni var andvígt því að Landssíminn væri seldur. Það hefur verið stefna Vinstri grænna að Landssímanum yrði beitt til að efla fjarskipti í landinu og fjarskiptaþjónustu um allt land. Ekki mun veita af.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er fullt samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um málið? Styður Framsfl. það virkilega einhuga að Landssíminn verði seldur eins og hæstv. fjmrh. var hér að boða?

[11:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrra atriðinu sem þingmaðurinn nefndi þá er það náttúrlega staðreynd að lyfjakostnaður hins opinbera hefur stórhækkað ár frá ári í mörg ár. Það er ekkert óeðlilegt við að við leitum allra leiða til að draga úr þeirri aukningu. Sumpart er hún eðlileg, það eru að koma alls kyns ný og bætt lyf, dýr lyf, á markaðinn. Við fögnum því að geta veitt sjúklingum betri þjónustu. En það er ekkert óeðlilegt við að leita allra leiða til að gera þetta með eins hagkvæmum hætti og kostur er, eins og heilbrigðisráðherra er að leitast við að gera. Það mun koma fram í tillögum hans og eru áreiðanlega ýmsar leiðir færar í því efni. Ég vona að þingmaðurinn sé ekki á móti því að leita sparnaðar í lyfjakostnaði.

Hvað varðar Landssímann þá hafa stjórnarflokkarnir haft það á stefnuskrá sinni, og höfðu það allt síðasta kjörtímabil, að selja það fyrirtæki. Það mál var ekki afgreitt á síðasta kjörtímabili en í kosningunum sem fram fóru í maí sl. lá fyrir að þetta væri stefna stjórnarflokkanna. Ég tek meira mark á þeim kosningum heldur en könnuninni sem hv. þm. vitnaði til. Við munum reyna að koma því þannig fyrir að almenningur fái til baka það fjármagn og verðmæti sem hann á í Landssímanum og sem þar hafa verið bundin um langa hríð. Um það snýst þetta mál. Við getum tekið þá peninga, þá tugi milljarða, og sett það fjármagn í verkefni í þágu eigenda fjármagnsins, almennings á Íslandi. Um það snýst þetta mál og við erum að vonast til að það verði hægt að selja þetta fyrirtæki með viðunandi hætti á kjörtímabilinu. Vonandi verður það fyrr en síðar.

[11:20]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við 1. umr. um fjárlög fyrir árið 2004 er eðlilegt að umræðan sé fyrst og fremst almenn og ekki farið mjög djúpt ofan í einstaka liði. Það verður auðvitað að vinna í því í fjárln. fram að 2. umr.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er ljóst að við erum að hefja hagvaxtarskeið sem vonandi mun nýtast okkur betur en mörg þau sem við höfum áður lifað. Í því samhengi er nauðsynlegt að rifja upp það sem misfórst á árum áður, þegar verðbólgan skaust upp á árinu 2001 og stefndi í brotlendingu en verkalýðssamtökin tóku höndum saman með aðilum vinnumarkaðarins og komu ríkisstjórninni til aðstoðar við að tryggja mjúka lendingu. Af þessu tímabili er nauðsynlegt að læra og við þurfum því að vanda okkur mjög í framtíðinni. Það er meginmál, hvernig á þessum málum verður haldið.

Það er áhyggjuefni að enn á ný kemur ríkisstjórnin fram með fjárlagafrv. þar sem ekki virðist forgangsraðað upp á nýtt í ríkisrekstrinum. Því miður virðist ekki neitt uppi sem stefnir að því að taka á þeim innbyggðu vanda sem borið hefur á mörg undanfarin ár og við hefur verið brugðist með fjáraukalagafrv. til að bjarga málum fyrir horn. Þetta er ekki mjög traustvekjandi og dugir ekki til framtíðar. Við þekkjum þetta í heilbrigðiskerfinu og í menntakerfinu, svo dæmi séu tekin. Við þekkjum þetta ekki síður í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það kemur auðvitað fram í erfiðri rekstrar- og skuldastöðu sveitarfélaga.

Herra forseti. Því miður virðist ekkert gert til að reyna að breyta ríkisrekstrinum. Vegna þeirrar reynslu sem við höfum af því þegar ekki er tekið á vanda sem vitað er um, þegar ekki lagður grunnur að því að leiðrétta skekkjuna sem gæti skilað betri árangri til framtíðar, þá megum við eiga von á að heyra svipaða umræðu um þetta leyti á næsta ári. Við munum heyra sömu umræðu og farið hefur fram að undanförnu. Sami vandinn mun koma upp á yfirborðið. Það vantar fjármuni til að tryggja að deildum í heilbrigðisþjónustunni verði ekki lokað. Það vantar peninga til að tryggja eðlilegt skólastarf í framhaldsskólum og háskólum. Þetta er því miður það sem við getum átt von þó að auðvitað vonum við að til þess þurfi ekki að koma.

Hæstv. fjmrh. svaraði því til áðan í andsvari við mig að það þyrfti að nota reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Það mátti skilja hæstv. ráðherra þannig að nota ætti hana betur en gert hefur verið á undanförnum árum. Vonandi verður

þannig staðið að verki vegna þess að fjárlög eru auðvitað, eins og önnur lög, lög sem á að fara eftir. Það er hins vegar mismunandi auðvelt fyrir stofnanir að fara eftir þessum lögum. Ef lögin eru vönduð og taka mið af staðreyndum, þeirri stöðu sem er uppi hverju sinni, á ekki að vera erfitt að fara eftir fjárlögum. En því miður bendir ýmislegt til þess að fjárlög hafi ekki alltaf verið nægjanlega vönduð. Því miður, herra forseti, sýnist mér margt í þessu fjárlagafrv. sama marki brennt, þ.e. í því er ekki tekið á þeim vanda sem fyrir er í ríkiskerfinu. Það þarf að móta framtíðarstefnu um hvernig við viljum að opinberar stofnanir veiti nauðsynlega þjónustu til framtíðar.

Herra forseti. Markmið þess fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir og markmið þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað til framtíðar er hins vegar þess eðlis að það er eðlilegt að horfa til hennar með jákvæðum augum. Markmiðið er að ríkisfjármálin verði í lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum. Þetta er auðvitað nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að ríkisfjármálin séu notuð til að draga úr innlendri eftirspurn meðan á hinum miklu stóriðjuframkvæmdum stendur þannig að hægt verði að skapa hagvöxt til framtíðar og tryggja um leið að lendingin, þegar úr honum dregur, verði mjúk. Þess vegna er nauðsynlegt að vanda til verka. Þess vegna höfum við í Samfylkingunni talað um að við séum reiðubúin til að aðstoða við þetta verk.

Fyrir fólkið í landinu skiptir mestu hvernig við komum út úr þessu tímabili. Við þurfum í raun strax að fara að undirbúa það þegar hagvaxtarskeiðinu lýkur eða úr því dregur. Það þarf auðvitað að móta stefnu til framtíðar og að því leyti er auðvitað ánægjulegt að ríkisstjórnin skuli hafa sett sér ákveðið markmið út kjörtímabilið. Það hefur greinilega verið lögð meiri vinna í slíka stefnumörkun en við síðustu fjárlagafrumvörp. Hins vegar skortir mikið á að við fáum að sjá það sem er á bak við þær tölur sem liggja inn í framtíðina. En vonandi munu upplýsingar um það berast okkur fyrr en síðar.

Það er nauðsynlegt að rifja upp að nú höfum við ekki sömu forsendur í hinum mikla talnaleik sem er í kringum fjárlagafrv. og hér á árum áður. Þjóðhagsstofnun hefur verið aflögð og því höfum við nú fyrst og fremst tölur frá þeirri deild í fjmrn. sem skoðar þessar forsendur. Það verður hins vegar að segjast — og er nauðsynlegt að það komi fram fram — um þá ágætu deild að prófraun hennar á yfirstandandi ári virðist hafa gengið vonum framar. Við vonum auðvitað að svo verði áfram. Við skulum ekki heldur gleyma því að hagdeildir bankanna hafa einnig verið að birta ýmiss konar spár um framtíðina. Hins vegar er enginn þessara aðila í raun í sömu stöðu og Þjóðhagsstofnun áður fyrr, þ.e. stofnun sem var yfir þetta hafin og gat litið málin hlutleysisaugum.

Í þessu samhengi verður að minna á að þegar umræðan um að leggja niður Þjóðhagsstofnun fór fram þá mátti skilja yfirlýsingar hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. á þá leið að litið yrði til þess að efla Alþingi á þessu sviði. Því miður eru efndirnar á því sviði ansi líkar efndum á ýmsum öðrum sviðum, þ.e. eins og með skattalækkanirnar. Þær virðast standa á sér.

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að það er erfiðara fyrir ríkisstjórnina að stjórna tekjuinnstreymi til ríkissjóðs nema með breyttri skattheimtu. Þróun þeirra mála segir okkur að ríkisstjórnin hafi lagt meiri áherslu á að ná í tekjur af einstaklingum en fyrirtækjum. Það er augljóst mál að í fjárlagafrv. nú er ekki breytt af þeirri leið. Áfram er haldið á þeirri braut.

Það er auðvitað gjaldahliðin sem er miklu frekar á valdi ríkisstjórnar að hafa hemil á og er athyglisvert að útgjaldaaukning hefur verið stöðug af hálfu ríkissjóðs þrátt fyrir að a.m.k. annar ríkisstjórnarflokkurinn hafið boðað, svo lengi sem flestir muna, að dregið skuli úr útgjöldum ríkisins. Til dæmis hefur útgjaldaaukningin án lífeyrisskuldbindinga verið um 60% frá árinu 1998 til áætlaðrar niðurstöðu ársins í ár. Á sama tímabili hafa tekjur aukist um 53%.

Það er athyglisvert að bera það saman hvernig fjárlög standa síðan miðað við raunverulega útkomu, þ.e. þegar búið er að samþykkja fjárlög á Alþingi, og bera það síðan saman við niðurstöður ríkisreiknings. Mismunurinn yrði enn meiri ef við færum að bera reikninginn saman við fjárlagafrv.

Þegar tímabilið frá 1998 til ársreiknings 2002 er skoðað, sem er nýjasti ársreikningur sem við höfum, sést að mismunur á milli fjárlaga og ríkisreiknings er samanlagt um 126 milljarðar þessi ár, eða að meðaltali um 25,2 milljarðar á ári. Ef hins vegar hinar títtnefndu lífeyrisskuldbindingar eru frá dregnar er mismunurinn um 60 milljarðar, eða að meðaltali um 12 milljarðar á ári. Það er raunverulega í þessu sem við getum borið saman hina traustu stjórn ríkisfjármálanna vegna þess að eftir fjárlögum eiga menn auðvitað að fara ef þau eru vandað plagg og það er nauðsynlegt að hafa þann fyrirvara á. En raunin er sú sem ég var að rekja og því miður eru annaðhvort lausatök ríkisstjórnarinnar á ríkisfjármálunum slík að ekki er við neitt ráðið eða að fjárlögin eru ekki nægilega vandaður pappír. Því miður held ég að raunveruleikinn sé blanda af hvoru tveggja.

Það er fróðlegt í þessu samhengi að rifja upp skýrslu sem kom frá Ríkisendurskoðun um fjárlagaferlið fyrir nokkrum árum því þar er bent á býsna athyglisverða hluti. Það kemur okkur að vísu ekki á óvart sem höfum starfað í fjárln. undanfarin ár á hvað þar er bent. Eins og hv. þm. vita búum við við rammafjárlög. Þegar fjárlagafrv. er lagt fram virðist það fyrst og fremst ganga út frá því að þeir rammar sem ákveðnir eru af ríkisstjórn á vordögum skuli standa og ráðherrarnir eru settir hver inn í sinn ramma. Þegar fjárlagafrv. er síðan fram komið virðast rammarnir að mestu úr sögunni. Þetta er niðurstaða Ríkisendurskoðunar. Þetta er ekki endilega og eingöngu mín niðurstaða heldur einnig niðurstaða Ríkisendurskoðunar. Rammarnir halda sem sagt fram að deginum í dag, ef við getum sagt sem svo, þ.e. fram að því að fjárlagafrv. er lagt fram. Auðvitað þekkjum við hvernig allt fer á flot þegar frv. er komið inn í þingið og breytist í meðförum þess sem er út af fyrir sig að sjálfsögðu eðlilegt að gerist vegna þess að vonandi er hægt að bæta frv. frá því það er lagt fram. Hins vegar er auðvitað nauðsynlegt ef við ætlum að starfa eftir rammafjárlögum að rammarnir haldi, þeir séu strax á vordögum settir þannig að þeir séu raunhæfir. Því miður, herra forseti, höfum við fundið það í fjárln. að ýmsir hæstv. ráðherrar virðast hafa lært á þetta ferli, þ.e. þeir taka ýmis mál út fyrir rammana sem hæstv. ráðherrar virðast treysta á að fjárln. sinni og taki inn vegna þess að það sé óhjákvæmilegt. Svona vinnubrögð eru ekki til þess að auka gildi rammafjárlaga.

Ef ég vitna í áðurnefnda skýrslu Ríkisendurskoðunar þá segir þar, með leyfi forseta:

„Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu, þ.e. rammafjárlögunum, fer því forgörðum eftir að fjárlagafrv. hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirra útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn.“ Herra forseti, frá ríkisstjórn. Þannig að ríkisstjórnin sem sjálf setur rammana tekur ekki meira

mark á þeim en svo að þeir fara allir á flot þegar fjárlagafrv. hefur verið lagt fram. Það er því ekki fjárln. sem slík, eins og margir gætu haldið, sem breytir meira og minna frá römmunum heldur er það ríkisstjórnin sjálf sem gerir slíkt. Þessu höfum við áhyggjur af þegar fjárlagafrv. er lagt fram með öllum sínum glæsilegu markmiðum og ekki er laust við að þau séu glæsileg þetta árið eins og oft áður. Við hljótum að vekja athygli á því að því miður er þetta ekki endilega endanleg niðurstaða.

Herra forseti. Ljóst er að síðasta góðærið sem við lifðum var ekki notað til þess að auka jöfnuð í þjóðfélaginu eða til að bæta ríkisreksturinn. Þess vegna er afar brýnt að svo verði á því hagvaxtarskeiði sem fram undan er svo samfélagið verði búið undir slakann sem líklega mun koma í kjölfarið.

Herra forseti. Það er margt sem vekur athygli í því fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram. Það er ekki síður athyglisvert í ljósi þeirra kosningaloforða sem ríkisstjórnarflokkarnir gáfu í aðdraganda kosninga. Það er býsna falleg mynd sem birt er í Fréttablaðinu í morgun af fögrum frambjóðendum Sjálfstfl. í einu kjördæmi þar sem meginyfirskriftin er: Lækkum skatta á heimilin. Það er auðvitað eðlilegt að við veltum því fyrir okkur hvað kemur fram í frv. sem lækkar skatta á heimilin.

Gleymum því ekki að hæstv. fjmrh. talaði um að það ætti að lækka skatta þegar fram liði á kjörtímabilið án þess að tilgreina nokkuð um það nema árabilið og heildarmagnið og í langtímastefnumótuninni er verið að fjalla um ýmsar hugmyndir um hvaða skatta skuli lækka, allt kunnuglegar hugmyndir en engar útfærslur. Þegar við skoðum síðan frv. núna, er, eins og fram hefur komið hjá mér áður, farin öfug leið, verið er að auka byrðar á heimili landsins með því frv. sem nú er lagt fram. Þrátt fyrir þetta fagra plakat um það að lækka skatta á heimilin. Það er sem sagt öllu ýtt til framtíðar en byrjað á hinu.

Það er auðvitað eðlilegt að vekja athygli á því að í frv. er gert ráð fyrir að skatttekjur aukist um 6% að nafnverði og sem hlutfall af landsframleiðslu úr 29,2% í 29,3%. En hvaða útgjöld hefur hæstv. fjmrh. boðað að verði lækkuð? Skoðum þau örlítið nánar.

Í fyrsta lagi, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, ætlar ríkissjóður að hætta endurgreiðsluhluta tryggingagjalda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launafólks. Það skilar 600 millj. kr. Hagfræðingur Alþýðusambands Íslands túlkar þetta sem hreina og klára kjaraskerðingu hjá launafólki til lengri tíma litið. Sjúkratryggingar eiga að lækka um 750 millj. kr. og hvað er það sem á að lækka? Jú, það er lyfjakostnaður um 450 millj. kr., hjálpartæki um 150 millj. kr., sérfræðilæknisaðstoð um 140 millj. kr. Það er ekki mjög nákvæmlega útlistað í fjárlagafrv. hvernig þessum markmiðum verður náð. Það eru samt nokkur atriði sem er nauðsynlegt að átta sig á. Byrjum á lyfjakostnaðinum. „Til að ná fram þeirri lækkun," segir orðrétt, með leyfi forseta, „verða reglur um greiðsluþátttöku notenda í lyfjakostnaði endurskoðaðar." Það á sem sagt að færa þetta, að einhverju leyti a.m.k., yfir á þá sem lyfin nota. Þetta er hins vegar ekki í fyrsta skipti sem svona markmið er sett fram og það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að vissulega hefur lyfjakostnaður vaxið gífurlega á undanförnum árum. Mér er sérstaklega minnisstætt eitt árið, mig minnir að það hafi verið í fjárlögum fyrir árið 2000, að það átti að lækka lyfjakostnað um 1 milljarð. Hver varð niðurstaðan? Hann hækkaði um 1 milljarð þannig að því miður er ekki líklegt að þetta náist fram nema það sé einsettur vilji ríkisstjórnarinnar að sjúklingar þurfi að auka hlut sinn í lyfjakostnaðinum.

„Varðandi sérfræðilækniskostnaðinn," stendur hér, „er áformað að hækka komugjöld til sérfræðilækna." Enn er það sami hópurinn sem á að skila einhverju meiru í ríkissjóð. Um hjálpartækin segir hér, með leyfi forseta:

„Áformað að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku ríkisins í öndunargrímum jafnframt því að lengja þann tíma sem liðið getur á milli þess að veita styrki til endurnýjunar á bifreiðakaupum hreyfihamlaðra en hann er nú fjögur ár."

Það er eðlilegt að spurt sé: Er búið að finna hin breiðu bök í samfélaginu?

Herra forseti. Það er víðar komið við. Það á einnig að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvum um 40–50 millj. kr. Ef við höldum okkur við heimilin er enn haldið áfram, hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta lækkar úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum. Þetta gefur 600 millj. kr. Enn erum við að tala um sama hópinn. Þetta vekur auðvitað sérstaka athygli í ljósi þess að annar stjórnarflokkurinn gerði húsnæðismálin að hvað stærstu málunum í kosningabaráttunni. Ekkert kemur fram í fjárlagafrv. um að það sé á dagskrá á næsta ári að breyta einhverju í þeim efnum nema þessu, lækka vaxtabæturnar. Auka álögurnar á ákveðna hópa í samfélaginu. Það er ekki einu sinni stigið lítið skref í því að lækka stimpilgjöld eða leggja þau af, t.d. í húsnæðislánum, en stimpilgjöldin hafa verið á dagskrá hér til margra ára og ríkisstjórnarflokkarnir yfirleitt lofað að þau yrðu afnumin eða a.m.k. lækkuð.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að nefna útgjöld til Atvinnutryggingarsjóðs. Þau skulu lækka líka um 170 millj. kr. vegna þess að nú má ekki greiða atvinnulausum fyrstu þrjá dagana. Ekki er verið að velta því fyrir sér að ná samanburði við aðrar þjóðir í greiðslu atvinnuleysisbóta þannig að þær séu hækkaðar. Nei, herra forseti. Þær skulu lækkaðar og úr þeim dregið.

[11:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru eitt eða tvö atriði sem ég vildi gjarnan skýra nánar í tilefni af ummælum hv. þingmanns. Í fyrsta lagi varðandi viðbótarlífeyrissparnaðinn og þá breytingu sem nú er lögð til í tengslum við hann og á að spara ríkissjóði um það bil 500 millj. kr. á næsta ári. Þeir sem hér sátu veturinn 1998–1999 muna sjálfsagt eftir því hvernig þetta mál er til komið. Viðbótarlífeyrissparnaður var þá nýtt fyrirbæri hér upp tekinn skömmu áður og hafði ekki náð mikilli útbreiðslu. Ríkisstjórnin ákvað að mínu frumkvæði að gera sérstakt átak í því að reyna að efla viðbótarlífeyrissparnaðinn sem að sjálfsögðu er mjög mikilvægur út frá því sjónarmiði að efla hér þjóðhagslegan sparnað. Í því skyni var ákveðið að búa til sérstaka örvun af hálfu ríkissjóðs með því að lagt yrði fram sérstakt framlag til þeirra sem tækju þátt í þessum sparnaði. Þetta var sem sagt sérstök hvatningarráðstöfun, ákveðið að bæta ofan á sparnaðinn hjá hverjum og einum. Þetta var mjög gott mál en auðvitað er ekkert sem segir að slík hvatning haldi endalaust áfram eftir að markmiðinu hefur verið náð, að tryggja viðbótarlífeyrissparnaðinum varanlega fótfestu hér. Þess vegna segi ég það alveg hiklaust: Markmið mitt fyrir áramótin 1999 var að örva sparnaðinn og þess vegna var ég sem fjmrh. tilbúinn til að leggja fram af hálfu ríkisins verulega fjárhæð til þess. Núna hefur markmiðinu verið náð og því tel ég óeðlilegt að ríkissjóður greiði áfram með lífeyrissparnaðinum eins og

gert hefur verið. Ég tek það þó fram að í þessu felst að sjálfsögðu engin hækkun skatta á atvinnureksturinn. Þvert á móti, það mál er alveg óbreytt.

[11:42]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að framkvæmdin á bak við þetta álag ríkissjóðs á viðbótarlífeyrissparnaðinn var hugsuð sem hvatning til þess að auka sparnað í samfélaginu. Það er auðvitað alltaf spurning hvenær slík hvatning verður af tekin. Ég hefði haldið að aðstæður nú í samfélaginu væru þannig að það væri eðlilegt að hvetja áfram til sparnaðar sem þessa. En hæstv. fjmrh. er viss í sinni sök og telur að markmiðinu hafi verið náð og ekki þurfi að halda þessari hvatningu áfram.

Herra forseti. Ég lýsi yfir efasemdum um það. Það væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvert hlutfallið er af launafólki í landinu sem nýtir sér þennan rétt og að við fengjum síðan að heyra hjá hæstv. ráðherra hvert markmiðið var. Hvað vildu menn að stór hluti af launafólkinu legði til hliðar á þennan hátt?

Herra forseti. Það sem fram kom hjá hagfræðingi Alþýðusambands Íslands þegar hann talaði um þetta sem hreina og klára kjararýrnun litið til langs tíma var auðvitað að hann og fleiri óttast að þetta sé enn eitt sem þurfi að sækja í kjarasamningum, það sé leiðin sem nú eigi að stunda af hálfu ríkisstjórnarinnar, að lofa eða koma ýmsu í gang og taka síðan til baka en þegar kemur að kjarasamningum verði menn að berjast aftur fyrir hlutunum. Það er ljóst að launafólk, ef af þessu verður, mun væntanlega reyna að viðhalda því álagi sem er og þá mun það væntanlega í samningum lenda á atvinnulífinu. Herra forseti, ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir þessi leið ekki viðkunnanleg.

[11:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum áður beitt sérstökum örvunaraðgerðum til þess að ná fram markmiðum úti á markaðnum sem æskileg hafa verið talin. Ég nefni það að við vorum í mörg ár með sérstakan skattafslátt vegna hlutabréfakaupa. Það varð til þess að örva hlutabréfamarkaðinn og gera hann meira aðlaðandi fyrir venjulegt fólk. Þessi ívilnun er núna brott fallin vegna þess að hún var búin að ná sínu markmiði og því ástæðulaust að borga með slíkum ráðstöfunum nokkur hundruð millj. kr. úr ríkissjóði á hverju ári. Þetta er sambærilegt að því leyti til að hér hefur markmiðið náðst og þessi ráðstöfun, sem í eðli sínu er hugsuð sem tímabundin ráðstöfun, hefur gert sitt gagn. Þess vegna er ekkert athugavert við það að hverfa frá henni núna. En munurinn er þó sá gagnvart hlutabréfaafslættinum að frá því að þetta var sett í gang upphaflega hefur verið samið í kjarasamningum um sjálfstætt framlag atvinnurekenda til viðbótar því sem launamaðurinn leggur fram. Staðan er því miklu betri fyrir launamanninn núna en hún var 1999 hvað þetta varðar. Það fer meira inn á viðbótarlífeyrissparnaðarreikninginn hans núna heldur en þegar við byrjuðum á þessu. Hvort tveggja er svo skattfrjálst, bæði hjá launþega og atvinnurekanda, þannig að hér hefur þetta heppnast vel og þá eiga menn ekki að vera svo fastir í farinu að segja: Þetta er orðið varanlegt. Ríkið á að borga niður þennan sparnað áfram. Ég tel að það sé alrangt.

Hvað varðar fjölda þeirra sem taka þátt í þessu hef ég það ekki á takteinum en það er orðinn, held ég, verulegur meiri hluti launamanna en þó ekki allir. Það eru ekki allir sem hafa kosið að gera þetta, því miður. Okkur ber að sjálfsögðu að efla hinn þjóðhagslega sparnað og sparnaðarvilja fólksins í landinu en þetta mál er núna orðið aukaatriði í því og við eigum ekki að leggja 500 millj. á ári lengur í það. Við eigum að nota þá peninga í annað eins og lagt er til í þessu frv.

[11:47]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þá hefur væntanlega markmið hæstv. ráðherra verið það að meiri hluti launafólks nýtti sér þetta. En ég er ekki viss um að það sé nóg. Ég held að það þurfi að vera mikill meiri hluti launamanna sem fer þessa leið. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að lífeyrissparnaðurinn er sparnaður sem á að hvetja til og reyna að auka sem mest má vera.

En það sem vakti helst athygli mína í svari hæstv. ráðherra var það að við eigum auðvitað ekki að vera svo föst að við getum ekki tekið til baka eitthvað sem við höfum ákveðið að væri til bráðabirgða, eða til skamms tíma. Ég vona að hæstv. ráðherra horfi í eigin barm vegna þess að ég veit ekki annað en að það séu ýmis gjöld, og jafnvel skattar, sem sett voru á tímabundið, eins og það var orðað í upphafi. Ég vona að hæstv. ráðherra verði samkvæmur sjálfum sér og fari nú vel yfir listann og kanni hvaða gjöld og skattar voru ákveðin tímabundið, og kanni það nú hvort ekki sé búið að ná þeim markmiðum með þeim gjöldum og sköttum sem upphaflega var lagt af stað með.

[11:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess í ræðu sinni að síðasta góðæri hefði ekki verið notað til þess að auka jöfnuð í landinu. Hann nefndi engin dæmi um það, eins og vanalega er nú hjá stjórnarandstöðunni. Þau hafa klifað á þessu, að alltaf sé verið að auka ójöfnuðinn, en geta aldrei fundið orðum sínum stað. Því spyr ég: Eru einhverjar nýjar upplýsingar sem hann hefur um þetta þannig að hann geti staðið við þessi orð?

Hv. þm. gerði líka að umtalsefni greiðslur vegna lyfjakostnaðar. Við ætluðum okkur á árinu 2000 og 2001 að fara út í nýtt kerfi með lyfjakostnaðinn. Heilbrrn. treysti sér ekki til að fara í málið, það varð ekkert úr því. Þá kom hv. þm. og gagnrýndi það að ekkert skyldi verða úr þessum áformum.

Nú telur heilbrrn. sig tilbúið til þess að fara út í þessar breytingar. Þá kemur sami hv. þm. og gagnrýnir að nú eigi að fara út í þessar breytingar. Hvort er hann nú sammála sjálfum sér í dag eða því sem hann sagði á umliðnum árum?

[11:49]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rifjar hér upp gömul ummæli, og eðlilega. Það sem ég var að gagnrýna nú, og er alveg í fullu samræmi við það sem ég sagði hér áður, er það þegar verið er að auka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði. Ég er hins vegar sammála því markmiði að það eigi að draga úr lyfjakostnaði og útgjöldum ríkissjóðs til lyfjanna.

Málið er hins vegar að það er ekki nóg að leggja fram tillögur í fjárlagafrv., eins og dæmið sem hv. þm. nefndi, ef ekkert liggur á bak við það. Ef það er þannig, án þess að það komi fram í fjárlagafrv., að heilbrrn. hefur nú yfir að ráða einhverjum þeim verkfærum eða hugmyndum sem geta nýst til þess að lækka þennan kostnað eru þær auðvitað mjög vel þegnar. Og það er eðlilegt að hv. þingmaður svari þessu: Hvernig stendur á því að heilbrrn. — eða páv. hæstv. heilbrrh. — samþykkti að settar væru inn í fjárlagafrv. tölur

um að það ætti að lækka lyfjakostnað um milljarð ef hæstv. ráðherra treystir sér síðan ekki til þess að framfylgja málinu? Ég vænti þess að núv. hæstv. heilbrrh. treysti sér til þess að ná því markmiði sem hér er sett fram, og ég vona að hæstv. ráðherra hafi önnur ráð til þess en þau að láta sjúklinga borga meira í lyfjakostnaðinum.

[11:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki alveg lesið fjárlagafrv. því að í því er gert ráð fyrir að kostnaður ríkisins til lyfjamála aukist um 800 millj. Okkur er þá ekki að takast þetta sem við erum kannski báðir sammála um, að það væri æskilegt að draga úr kostnaðinum.

Hv. þm. svaraði heldur ekki spurningu minni um það í hverju þessi mikli ójöfnuður lægi og lét það alveg liggja milli hluta. En ég sé ástæðu til að rifja það upp að Sameinuðu þjóðirnar gerðu könnun á því — hún var birt í fyrra — hvar í heiminum mesti jöfnuðurinn væri. Og hver var niðurstaðan? Jú, Slóvakía, það var niðurstaða Sameinuðu þjóðanna að þar væri mestur jöfnuður — allir jafnfátækir náttúrlega.

Og hver var svo í sæti númer tvö? Jú, þar voru nefnilega löndin Noregur og Ísland. Það var nú niðurstaðan.

[11:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er gert ráð fyrir að lyfjaútgjöldin aukist um 800 millj. en á móti verði dregið úr þeirri tölu sem ég nefndi hér áðan, ef ég man rétt, um 600 millj. (**EOK:** 450 millj.) 450 millj., já.

En það sem kemur hér fram er, eins og ég las hér áðan:

„Til þess að ná fram þeirri lækkun verða reglur um greiðsluþátttöku notenda í lyfjakostnaði endurskoðaðar."

Herra forseti, áfram er haldið:

„Lyf sem talin eru hafa sambærilega virkni og ódýrari lyf verða felld af greiðslulista eða færð á milli greiðsluflokka."

Það sem ég átti við, hv. þingmaður, var að það er engin nánari útfærsla á þessu eða hvernig þetta skiptist á milli flokkanna. Hins vegar er það auðvitað skemmtileg umræða sem við hv. þingmaður höfum oft átt, og hv. þm. hefur lagt í vana sinn að koma hér upp í fjárlagaumræðu og velta fyrir sér hvort jöfnuður hefur aukist eða minnkað. Það sem við eigum auðvitað við er það að góðæri í okkar huga á að nota til þess að auka jöfnuð í samfélaginu en ekki auka mismun. Og ég held, því miður, hv. þingmaður, að síðasta góðæri hafi ekki verið nýtt nægjanlega í þeim efnum. Það er mín bjargfasta skoðun. Og ég vona að ég fái liðsinni hjá hv. þingmanni í því að við reynum að nýta það góðæri sem vonandi er fram undan hjá okkur núna, til þess að nýta það betur, þannig að við megum þá ná efsta sæti á listanum sem vonandi verður þá útbúinn með öðrum formerkjum en sá sem hv. þm. vitnaði til. Við höfum auðvitað af nægu að taka, næg eru verkefnin, og ef okkur tekst að tryggja hagvaxtarskeiðið eins og við viljum sjá það trúi ég því að við fáum fjármuni til þess að auka jöfnuð til muna í samfélagi okkar.

[11:54]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt fyrir fyrsta fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili. Umfjöllun um frv. til fjárlaga setur jafnan mikinn svip á störf Alþingis á hverju haustþingi, enda felur það í sér pólitíska stefnumótun ríkisstjórnarinnar í einstökum málaflokkum. Fjárlögin eru líka grundvallarlagasetning um rekstur og starfsemi ríkisins á hverju ári og hafa mikil áhrif á þjóðlífið og snerta hagsmuni hvers einasta Íslendings á einn eða annan hátt.

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis er gert ráð fyrir að lokaumræða um fjárlagafrv. fari fram 5. desember nk. og er það fyrr en áður. Það er kostur að ljúka umfjöllun um fjárlagafrv. sem fyrst fyrir upphaf þess fjárlagaárs sem frv. fjallar um. Það er mikilvægt fyrir alla aðila að vita tímanlega um niðurstöðu fjárlaga svo þær forsendur sem þau fela í sér séu ljósar með góðum fyrirvara þannig að m.a. sé sem best svigrúm fyrir frágang rekstraráætlana stofnana og þeirra starfsáætlana sem aðilar þurfa að ljúka fyrir upphaf fjárlagaársins. Til þess að starfsáætlun Alþingis gangi eftir er ljóst að fjárln. og allir þeir aðilar sem koma að umfjöllun um frv. þurfa að vinna markvisst og vel á þeim tíma sem fram undan er á þessu haustþingi.

Herra forseti. Ríkisstjórnir Framsfl. og Sjálfstfl. hafa verið við völd allt frá árinu 1995. Það er rétt að rifja það upp að þegar þessir flokkar mynduðu fyrstu ríkisstjórnina árið 1995 var að mörgu leyti mjög erfitt ástand hér á landi. Slæm staða var í atvinnumálum og hafði atvinnuleysi verið viðvarandi í nokkrum mæli. Ríkissjóður hafði verið rekinn með halla í of mörg ár, hér hafði varla verið nokkur hagvöxtur og þaðan af síður hafði kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist að neinu marki.

Valdatími stjórnarflokkanna allt frá árinu 1995 hefur einkennst af skýrum markmiðum og aðgerðum sem hafa miðað að því að bæta efnahagslega stöðu. Það hefur m.a. falist í því að efla atvinnulífið og fjölga störfum í þjóðfélaginu, og ekki hvað síst að skapa og viðhalda efnahagslegum stöðugleika með ábyrgri stjórn ríkisfjármála. Það hefur tekist vel eins og allar hagtölur sýna.

Á undanförnum árum hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist mikið, hagvöxtur hefur verið viðvarandi að mestu og verðlag hefur verið stöðugra en áður hefur þekkst í svo langan tíma. Við Íslendingar erum nú ein allra ríkasta þjóð í heimi og við búum við betri lífskjör en allflestar þjóðir.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 2004 birtast sömu markmið og áður. Stjórnarflokkarnir ætla sér að viðhalda góðum efnahagslegum árangri, niðurstöður frv. fela það í sér. Samhliða fjárlagafrv. hefur verið lögð fram þjóðhagsspá þar sem m.a. er gerð grein fyrir spá og markmiðum varðandi ríkisfjármál næstu fjögur árin. Fram kemur að gert er ráð fyrir áframhaldandi bættum hag ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild. Það er mikilvægt markmið að vinna að því að allt gangi þetta eftir enda felur það í sér hagsmuni alls almennings í landinu.

Fram undan eru mikil umsvif í hagkerfinu og því er mikilvægt að festa verði í hagstjórninni. Hagspekingar hafa lagt áherslu á gott aðhald í ríkisfjármálum á næstu árum og að afgangur fjárlaga verði sem mestur til þess að hamla gegn óæskilegum þensluáhrifum og meðfylgjandi óáran í efnahagsmálum. Sjónarmið hagspekinganna um hversu mikill rekstrarafgangur ríkissjóðs þurfi að vera til að tryggja hagstjórnina eru nokkuð mismunandi en meginsjónarmiðin eru samhljóma. Markmið stjórnarflokkanna eru skýr í þessum efnum og samrýmast þessum sjónarmiðum.

Eins og fram hefur komið gerir fjárlagafrv. ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 6,4 milljörðum kr., sem eru 0,75% miðað við landsframleiðslu. Það liggur fyrir að í forsendum fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir stækkun Norðuráls og virkjunarframkvæmdum sem tengjast því á árinu 2004 né heldur er gert ráð fyrir sölu ríkiseigna. Það er eðlilegt að forsendur frv. séu með þessum hætti þar sem ekkert staðfest

liggur fyrir í þessum efnum. Þannig eru varfærnissjónarmið látin ráða ferðinni hvað varðar tekjuþátt frv., og er það vel.

Niðurstaða frv. felur það í sér að stjórnarflokkarnir fylgja eftir meginmarkmiðum sínum sem miða að því að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins og tryggja efnahagslegan stöðugleika. Ef miðað er við fjárlög ársins 2003 er um verulegan afkomubata að ræða í fjárlagafrv. 2004. Í því sambandi má m.a. nefna breytingar á tekjuafgangi án óreglulegra liða en þar er um að ræða afkomubata sem nemur um 13 millj. kr. milli ára.

Herra forseti. Um rekstur ríkissjóðs á það sama við og allan annan rekstur hvort sem um er að ræða heimilin eða atvinnufyrirtækin. Það er mikilvægt til framtíðar að halda skuldum í lágmarki. Stjórnarflokkarnir hafa á valdatíma sínum haft það sem eitt megin- og forgangsmarkmið að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Samkvæmt upplýsingum sem fylgja fjárlagafrv. kemur í ljós að með aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum undanfarin ár hefur tekist að lækka skuldirnar mikið. Gert er ráð fyrir að halda áfram á sömu braut á næsta ári. Þessi áhersla á niðurgreiðslu skulda er ekki síst til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir og er það sérstakt fagnaðarefni.

Við þekkjum þá einföldu staðreynd að miklum skuldum fylgir mikil vaxtabyrði. Samhliða miklum niðurgreiðslum á skuldum ríkisins undanfarin ár hefur náðst sá árangur að vaxtakostnaður ríkissjóðs hefur lækkað mikið að raungildi. Í samræmi við áform um niðurgreiðslu skulda árið 2004 er gert ráð fyrir að í lok þess árs verði mismunur á vaxtatekjum ríkissjóðs og vaxtagjöldum nánast enginn. Hér er um mjög ánægjulega staðreynd að ræða og út frá þessum forsendum má ætla að næstu árin eftir árið 2004 verði vaxtajöfnuðurinn orðinn jákvæður, þ.e. vaxtatekjurnar verða meiri en þeir vextir sem ríkissjóður þarf að greiða. Í rekstri ríkissjóðs þýðir þetta að skattpeningarnir nýtist til annarra og að flestra mati brýnni málefna en að borga vexti vegna skulda ríkisins.

Eftir nokkurra ára hagvaxtarskeið varð samdráttur á árinu 2002. Fyrir nokkrum árum var mikið um það rætt hvernig okkur tækist að lenda eftir flugið á hagvaxtarskeiðinu þegar kæmi til samdráttar. Stjórnarandstaðan var sannfærð um að um brotlendingu yrði að ræða og haldnar voru innblásnar ræður m.a. hér á Alþingi í véfréttastíl í þeim efnum. Þar var öllu spáð í kaldakol. En eins og staðan er nú blasir við nýtt hagvaxtarskeið og má halda því fram að með styrkri stjórn ásamt góðu samstarfi við aðila í þjóðfélaginu hafi orðið snertilending eins og hæstv. fjmrh. hefur gjarnan nefnt það en ekki brotlending eins og stjórnarandstaðan sá fyrir sér. Hins vegar er alveg ljóst að við verðum að halda vel á málum næstu árin og haga hagstjórninni þannig að við verðum vel undir það búin að bregðast við þegar merki koma fram um næstu niðursveiflu sem við hljótum að gera ráð fyrir að verði eftir einhver ár.

Sú nýjung kemur fram í fjárlagafrv. að þar er gerð grein fyrir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til ársins 2007. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og markar tímamót í vinnubrögðum við hagstjórn hér á landi. Með þessu er verið að styrkja trúverðugleika efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og stuðla að áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu. Í þeirri stefnumörkun koma fram skýr markmið um aðgerðir til að ná þeim árangri sem stefnt er að.

Við munum flest eftir þeim tíma þegar hér geisaði verðbólga sem gerði það m.a. að verkum að ekki var nokkur leið að standa að rekstri stofnana og atvinnufyrirtækja á þann hátt sem við nú þekkjum. Þá kom verðbólgan mjög illa niður á rekstri heimilanna í landinu svo eitthvað sé nefnt. Við höfum haft það sem meginmarkmið að halda niðri verðbólgunni eftir að tókst að ná tökum á henni um og upp úr 1990. Við viljum forðast verðbólguna eins og sjálfa pestina. Í stefnumörkun og spánni sem fylgir fjárlagafrv. kemur fram að gert er ráð fyrir að verðlagsþróun verði nokkuð stöðug næstu ár og í samræmi við þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankinn miðar við. Það ásamt hóflegum kauphækkunum eru helstu forsendur fyrir þeim efnahagslega stöðugleika sem leggur grundvöll þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxi enn frekar.

Í áætlunum fyrir næstu ár er gert ráð fyrir að kaupmátturinn vaxi áfram jafnt og þétt en það er sá þáttur sem skiptir hvað mestu máli fyrir launafólkið og almenning í landinu.

Sá málaflokkur sem gjarnan tekur hvað mest rúm í umræðunni um ríkisfjármál eru heilbrigðis- og tryggingamál. Það liggur fyrir að á undanförnum allmörgum árum hafa framlög til þessa málaflokks aukist mjög mikið og í samanburði við önnur lönd eru útgjöld til heilbrigðismála hærri hér en í flestum öðrum nágrannalöndum okkar ef miðað er við hlutfall af landsframleiðslu. Í áætlun til næstu fjögurra ára er gert ráð fyrir að útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála aukist um 2,4% að meðaltali á ári og gert er ráð fyrir að útgjöld til heilbrigðismála aukist um 2,8% að meðaltali á ári. Við þekkjum þá umræðu sem fer fram nánast á hverju ári að svo og svo mikið fjármagn vanti til þess að brúa bil í rekstri heilbrigðisstofnana þrátt fyrir að framlög í málaflokkinn hafi aukist mjög undanfarin ár. Ég tel ljóst að við verðum að komast til botns í því hverju þetta sætir og hvað sé til ráða. Eflaust má nefna margt til í þessu sambandi. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu og margar hugmyndir um hvernig best sé að leysa málið. En án þess að fara ítarlega í þá umræðu nú nefni ég tvennt sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi tel ég að sú breyting sem gerð var fyrir nokkrum árum, að hverfa frá miðstýrðum kjarasamningum yfir í stofnanasamninga, hafa ekki gengið eftir eins og til var stofnað. Því miður er það svo að þessi aðferð hefur leitt til meiri hækkunar á launakostnaði fyrir viðkomandi stofnanir og þar með ríkissjóð en gert var ráð fyrir. Það hefur m.a. valdið vanda í rekstri stofnananna. Fjárheimildir hafa ekki dugað til að mæta auknum kostnaði og það hefur gjarnan endað með því að veittar eru sérstakar fjárheimildir til að mæta svonefndum rekstrarvanda heilbrigðisstofnana. Launakostnaðurinn er mjög hátt hlutfall af rekstrarkostnaði heilbrigðisstofnana og því mikilvægt að vel takist að halda utan um framkvæmd kjarasamninga og útfærslu þeirra.

Í öðru lagi vil ég nefna nánast stöðuga og mikla hækkun á lyfjakostnaði hjá heilbrigðisstofnunum og hjá hinu opinbera almennt. Það er lykilatriði að árangur náist við að virkja samkeppni meðal þeirra sem selja stofnunum lyf með það að markmiði að koma böndum á þennan stóra útgjaldalið heilbrigðiskerfisins.

Herra forseti. Ég vil víkja að aðstöðu fjárln. til vinnu við fjárlagafrv. Ljóst er að mikill þrýstingur er á aukin útgjöld umfram það sem frv. gerir ráð fyrir. Ég hef orðið mjög var við þetta bæði í störfum mínum sem formaður nefndarinnar og eins hefur þetta komið fram í þeirri umfjöllun sem orðið hefur í nefndinni að undanförnu. Ég þykist viss um að einstakir fulltrúar í fjárln. hafi einnig orðið varir við þetta. Það er jafnljóst að mikið af þeim erindum sem þegar hafa borist nefndinni og munu berast á næstunni er varða útgjöldin eru

ágætlega rökstudd og alveg ljóst að lítið mál er að ráðstafa mun meiri fjármunum en til ráðstöfunar eru. Hins vegar verðum við að hafa það meginsjónarmið ríkjandi að halda vel utan um og vinna að þeim markmiðum um niðurstöðu fjárlaga sem lagt er upp með.

Ég hef í máli mínu m.a. rætt um skuldastöðuna og útgjöld vegna vaxtakostnaðar og mikilvægi þess að við stöndum undir ábyrgð okkar ef litið er til hagstjórnarinnar almennt og er þá m.a. vísað í rekstrarafgang ríkissjóðs.

En hvað varðar fjárlagaferlið, þ.e. þá verkferla sem unnið er eftir í vinnslu frv., þá hef ég þegar lagt upp með það í fjárln. að við notum tímann næsta árið til að skoða alla verkferla og verkefni nefndarinnar með gagnrýnum augum. Sú vinna er þegar hafin og miðar að því að bæta skilvirkni í starfinu og öll vinnubrögð séu sem best. Ef ástæða þykir til verða á næsta ári gerðar tillögur um breytingar á verkferlum og vinnubrögðum sem miða að þessu marki. Við munum eiga um þetta samstarf við hina ýmsu aðila innan þings og utan jafnframt því sem við munum afla upplýsinga um það með hvaða hætti málum er fyrir komið í þjóðþingum nágrannalanda okkar. En auk þess munum við leita til OECD þar sem fram hefur farið mikil umfjöllun um þessi mál að undanförnu og ekki útilokað að við getum á einhvern hátt hagnýtt það sem þar liggur fyrir.

En verkefni fjárln. eru ekki einungis bundin við að taka við fjárlagafrv. úr hendi hæstv. fjmrh., fjalla um það og skila fullbúnu til afgreiðslu á hv. Alþingi. Ekki síður mikilvægt hlutverk nefndarinnar felst í að fylgjast með framvindu fjárlaga hverju sinni og veita framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald til þess að fjárlög haldi. Ég lít á eftirlitshlutverk fjárln. sem mikilvægan þátt í starfsemi Alþingis sem löggjafar- og framkvæmdarvalds og fjárveitingavalds. Því verður að taka þetta hlutverk alvarlega og beita þeim tækjum sem tiltæk eru til þess að rækja það, t.d. í samstarfi við Ríkisendurskoðun sem gerir gjarnan sérstakar athuganir á einstökum þáttum í ríkisrekstrinum og skilar um það skýrslu. Ég tel að það eigi að vera eitt af verkefnum fjárln. að taka slíkar skýrslur til umfjöllunar með einhverjum hætti. Allt miðar þetta að því að halda festu í rekstri ríkissjóðs og tryggja sem best að hin mikilvægu markmið hagstjórnarinnar náist hverju sinni.

Fjárlaganefnd hefur brugðist við þessum áformum á jákvæðan hátt og hafa fulltrúar í nefndinni sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og ég vænti góðs samstarfs við félaga mína í nefndinni og starfsmenn okkar um þetta verkefni.

Herra forseti. Nú fer fram 1. umr. um fjárlagafrv. Að venju er sú umræða meira á almennum efnahagslegum nótum en í smáatriðum um einstaka liði frv. enda hefur fjárln. aðeins haft svigrúm til að stíga sín fyrstu skref í umfjöllun um frv. Ég mun því láta nánari umfjöllun um einstaka þætti frv. bíða til 2. umr. eftir að fjárln. hefur tekið það til efnislegrar umfjöllunar. Ég vænti góðs samstarfs í fjárln. við umfjöllun um frv. næstu vikurnar. Fram undan er annatími í störfum nefndarinnar og því er mikilvægt að okkur takist að vinna vel og markvisst þannig að starfsáætlanir gangi eftir.

[12:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson hefur rætt um fjárlagafrv. og stöðuna í þjóðarbúskapnum og gerði mikið úr því að við værum að fara inn í nýtt hagvaxtarskeið og góðæri. Ég skal ekki draga úr því. Ég vona að við förum inn í hagvaxtarskeið og hér ríki góðæri. Það sem ég vildi inna hv. þm. eftir er hvort það sé þá í samræmi við tal um góðæri og í samræmi við stefnu Framsfl. og kosningaloforð að einmitt við þessar kringumstæður skuli vera lagt til að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar og ná þar inn í ríkissjóð 40–50 millj. jafnframt því sem þetta kerfi í heild sinni verði endurskoðað.

Í stjórnarsáttmálanum stendur:

„Efla þarf heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar í landinu." Því er ég sammála. En ég get ekki verið sammála því að fyrsta skrefið til þess að efla heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar sé að hækka komugjöld. Er þetta í samræmi við stefnu Framsfl.? Er þetta félagshyggjustefna Framsfl. í raun?

[12:13]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom í andsvar við mig og spurði spurninga. Ég verð að segja að mér finnst framlag hans í andsvarinu mjög líkt því sem oft er hjá hv. þm. að hann einfaldar málin og jafnvel snýr þeim á haus.

Fyrir löngu var mörkuð sú stefna að sjúklingar sem sækja þjónustu á heilsugæslu greiði ákveðið gjald fyrir og sú umræða hefur oft farið fram á hv. Alþingi. Komugjaldið var 700 kr. fyrir nokkrum árum, var lækkað niður í 500 og nú er gerð tillaga um að hækka það um 100 kr. á ný. Ég tel að þetta samrýmist þeirri stefnu sem ríkt hefur hér undanfarin ár og þær tekjur sem koma af komugjöldum fara auðvitað til þess að efla heilsugæsluna. Það er ljóst. Þessi breyting er gerð til þess að afla fjár til að efla heilsugæsluna sem hornstein og grunneiningu heilbrigðisþjónustunnar. Ég svara því fyrirspurn hv. þm. þannig að þetta samræmist og er í samræmi við þá stefnu sem ríkt hefur.

[12:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög heiðarlegt af hv. þm. að viðurkenna að þetta væri stefna Framsfl. að hækka gjaldtöku á sjúklingum og þeim sem fara á heilsugæslustöðvar. Það er bara heiðarlegt að viðurkenna það þó að við séum ósammála um þá stefnu. Það er aftur annað mál.

Sama gildir líka um þá tillögu sem er í fjárlagafrv. um að ríkissjóður nái sér í 740 millj. kr. með því að lækka hlut sinn í lyfjakostnaði í kaupum á hjálpartækjum eða í því að leita sérfræðiþjónustu hjá sérfræðilæknum og auka hlutdeild þeirra. Þetta er þá greinilega líka samkvæmt stefnu Framsfl. að þarna skuli áfram sótt fé.

En mig langar til að spyrja, herra forseti. Er það líka einhuga stefna Framsfl. að núna sé orðið brýnt að selja Landssímann? Ég minni á að í skoðanakönnun sem var gerð fyrir tveimur og hálfu ári var yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem þá ætluðu hugsanlega að kjósa Framsfl. andvígur sölu Landssímans. Og úti um hinar dreifðu byggðir held ég að fólk hugsi frekar um að beita styrk Landssímans til þess að efla og styrkja fjarskiptaþjónustuna. Við fengum heimsókn frá Raufarhöfn nýverið þar sem þeir eru búnir að bíða í nokkur ár eftir því að staðið verði við loforð um að efla fjarskiptaþjónustu til Raufarhafnar.

Er það einlægur vilji og stuðningur Framsfl. við það að nú skuli gengið í að selja Landssímann?

[12:15]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi söluna á Landssímanum þá var sú stefna mótuð fyrir nokkrum árum og voru samþykkt lög

á Alþingi í þá veru. Það stendur. Því var hins vegar frestað á sínum tíma að fara út í þessa aðgerð af ákveðnum ástæðum.

En vegna þess sem hv. þm. nefndi varðandi dreifikerfi Símans minni ég á að við framsóknarmenn lögðum áherslu á að samhliða sölunni eða áður en salan færi fram yrði farið í ákveðnar aðgerðir til að tryggja sambönd og þjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni. Það stendur.

Ég verð hins vegar að nota tækifærið og lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að í tengslum við sölu Símans, sem áformuð er, eigi menn að endurskoða hvernig farið skuli að. Ég tel mikilvægt að salan á Símanum verði með þeim hætti að eignarhaldið verði sem dreifðast, þá vitna ég m.a. í það sem gerst hefur á undanförnum vikum og mánuðum og þá umræðu sem fram hefur farið í landinu. Ég tel að menn eigi að fara ofan í þessa þætti aftur og skoða hvernig salan skuli fara fram.

[12:17]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sýnir í hnotskurn hver stefna stjórnarinnar er á hverjum tíma. Þar kemur fram hvernig tekna skal aflað og hvernig tekjuöflun ríkissjóðs er skipt niður á þegnana og atvinnulífið. Í fjárlagafrv. koma einnig fram tillögur og áherslur ríkisstjórnarinnar við ráðstöfun teknanna til einstakra málaflokka og verkefna. Í umræðunni um fjárlögin og meðferð þeirra birtist með skýrum hætti munurinn á stefnu stjórnmálaflokkanna í þjóðfélagsmálum eins og við höfum þegar heyrt.

Íslenskt samfélag á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er sú að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hverfa frá núverandi áherslu á auðhyggjusamfélag þar sem efnahagslegur mælikvarði er lagður á allt og alla. Stefna núverandi stjórnvalda leiðir þjóðfélag okkar inn á hættulega braut einhæfni í atvinnulífi með ofuráherslum á risavaxnar töfralausnir sem passa engan veginn í okkar fámenna og dreifbýla landi.

Vinstri grænir hafna fákeppni og alþjóðavæðingu á forsendum hinna ríku. Við höfnum því að náttúrunni sé fórnað fyrir skyndigróða. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hefja nýja hugmyndafræði til öndvegis í íslensku samfélagi. Náttúra, velferð og menning eiga að fá jafnt vægi og efnahagsleg rök. Lausnir á vandamálum jarðarinnar verða aðeins fundnar með því að jafnt tillit sé tekið til félagslegra, efnahagslegra og lífrænna og menningarlegra þátta. Í slíku samfélagi blómgast sveit og borg á eigin forsendum. Þar er fjölbreytt mannlíf, atvinnulíf og náttúra. Lögmálið um framboð og eftirspurn skýrir ekki eitt sér óendanlegan fjölbreytileika tilveru okkar.

Í efnahagslegu tilliti hefur Íslendingum gengið margt í haginn á síðustu árum og uppgangur verið talsverður. En misskipting og vaxandi bil er á milli ríkra og fátækra. Það er mikið áhyggjuefni. Sama má segja um þá gríðarlegu samþjöppun fjármagnsvalds sem leiðir til fákeppni og einokunar á æ fleiri sviðum. Gegn slíkri öfugþróun ber að sporna með öllum tiltækum ráðum.

Það er mikilvægt að með efnahagsstefnunni sé hlúð að nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga verður að endurskoða frá grunni svo að sveitarfélögin geti staðið undir kostnaði af verkefnum sem þeim hafa verið falin. Núverandi ástand einkennist af vaxandi hallarekstri sveitarfélaganna á sama tíma og þau hafa tekið að sér aukin verkefni. Það verður að létta skuldum af illa stöddum sveitarfélögum með samræmdum aðgerðum öðrum en þeim að þvinga þau til að selja eignir. Jafnframt er afar brýnt að endurskoða reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að skattkerfinu sé beitt til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir brýnum samfélagslegum verkefnum og öflugu velferðarkerfi. Jafnframt þarf skattkerfið að fela í sér tekjujöfnun þannig að byrðum samfélagsins sé dreift á sanngjarnan hátt. Með innbyrðis tilfærslum í skattkerfinu þarf að skapa svigrúm til að styrkja velferðarþjónustuna og jafna lífskjörin. Það verður að snúa við öfugþróun síðustu ára í skattamálum með því að leggja af skattfríðindi til fjármagnseigenda en hækka þess í stað skattleysismörkin. Það þarf að koma á þrepaskiptingu í tekjuskatti eða stighækkandi tekjuskatti á launatekjur þannig að fólki með lægri tekjur sé hlíft við óhóflegri skattbyrði. Það verður að setja þak á jaðaráhrif í skattkerfinu.

Breyting á tekjuskatti einstaklinga og upptaka tekjuskatts í þrepum á fyrst og fremst að miða að tekjujöfnun. Fjármagnstekjur, þar með taldar arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum umfram vexti á hóflegu sparifé almennings, á að skattleggja sem næst því sem gerist með aðrar tekjur. Skattlagning á hreinan hagnað fyrirtækja á að taka mið af skattlagningu launatekna. Þá ber að huga að hóflegum skattgreiðslum atvinnulífsins til sveitarfélaga í tengslum við endurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Umhverfisgjöld eða grænir skattar geta reynst nauðsynleg tæki til að mæta auknum kostnaði vegna umhverfismála.

Herra forseti. Ég hef rakið þær áherslur og þau stefnumið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun hafa að leiðarljósi í öflun tekna og ráðstöfun gjalda ríkissjóðs. Þetta er níunda ár þessarar ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. og því ekki við nýju að búast í áherslum þeirra. Þær eru: Einkavæðing á almannaþjónustu, að létta sköttum af þeim ríku og hygla fjármagnseigendum og þeim sem braska með almannafé í eigin þágu. Þetta er grunnfjármálastefna þessarar ríkisstjórnar.

Lítum nú á nokkrar tölur í fjárlagafrv. Heildartekjur ríkissjóðs samkvæmt frv. eru áætlaðar 279,4 milljarðar kr. og gjöldin 273 milljarðar. Tekjujöfnun eða afgangur er 6,4 milljarðar og þetta lítur því nokkuð vel út á pappírnum.

En hvernig er teknanna aflað? Hver er skattastefna þessarar ríkisstjórnar? Raunin er sú að almennt launafólk er hundelt með tekjutengingu lífeyris, barnabóta, námslána og vaxtabóta. Fólk með lægstu tekjur, námsfólk og barnafólk sem er að koma sér upp húsnæði vinnur og vinnur en er hundelt með jaðarsköttum. Þetta þekkjum við. Skattleysismörkin fylgja ekki launaþróun.

Tryggingagjaldið sem lagt er á atvinnurekendur leggst þungt á vinnuaflsfrekan atvinnurekstur eins og ferðaþjónustuna og einnig á frumvinnslu í landbúnaði og sjávarútvegi. Þetta eru einmitt útflutningsgreinarnar sem eru fyrst og fremst á landsbyggðinni. Þær eru skattlagðar í auknum mæli enda hefur tryggingagjaldið hækkað um sex milljarða á síðustu tveimur árum, þ.e. um fjórðung. Eini skatturinn sem er lækkaður er sérstakur hátekjuskattur sem var lækkaður í fyrra úr 7% í 5% og er nú lækkaður í 4%.

Önnur tekjuöflun sem ríkissjóður hefur ástundað hin síðari ár er sala á þjónustustofnunum, sala á ríkiseignum. Nú

er Landssíminn ein stærsta óselda samfélagseignin. Enn er boðað að hún fari nú á sölu. Hún hefur reyndar verið á sölulista en nú á að ganga í að selja Landssímann.

Virðulegi forseti. Ég tel fullkomið glapræði að selja Landssímann sem þjónustufyrirtæki. Við höfum séð hvernig bankarnir hafa farið á síðustu árum, bankar sem voru þjónustustofnanir fyrir almenning og atvinnulíf um allt land eru nú komnir á örfárra manna hendur. Enginn veit hvar sú vegferð endar. Það væri algjört glapræði að kasta Landssímanum út á þennan markað, upp í hvoftana sem þar bíða, ef fyrirtækið á að fara sömu leið og við höfum nú mátt horfa upp á með þessar þjónustustofnanir, banka og aðrar fjármálastofnanir, á undanförnum árum.

Það á að nýta styrk Landssímans til að efla fjarskiptaþjónustu um allt land. Á það hefur skort og þess vegna er mikilvægt að ríkisstjórnin skipi Landssímanum að efla þjónustu sína og leggja á hilluna allar hugmyndir um sölu á þessari mikilvægu þjónustustofnun landsmanna.

Fyrir síðustu alþingiskosningar lofuðu ríkisstjórnarflokkarnir tugmilljarða skattalækkunum. Þetta var stóra kosningatrixið, fyrir utan smáræði eins og línuívilnun á Vestfjörðum, jarðgöng á Norðurlandi, þurrkví í Vestmannaeyjum, sjúkrahús og menningarbyggingar hér og hvar. Þessi kosningaloforð hafa reyndar öll fokið út um gluggann samkvæmt frv. til fjárlaga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vildi lækka skattbyrði þeirra með lægstu tekjurnar, létta henni af barnafólki, halda heildarskatttekjum að mestu óbreyttum en leggja skatt á fjármagnseigendur, á arðgreiðslur, svipað og um launatekjur væri að ræða.

Það væri fróðlegt að vita hvernig skattameðferðin verður á þeim gríðarlega gróða sem einstaklingar hafa hirt úr almannasjóðum og nú hafa gengið milli manna eins og í Matador-spili á síðustu vikum og mánuðum. Það væri verðugt fyrir hæstv. fjmrh. að gera sérstaka grein fyrir því á þinginu hvaða skattalegu meðferð þessar gríðarlegu eignatilfærslur fá, tilfærslur sem við höfum mátt horfa upp á og fylgjast með í fjölmiðlum á síðustu vikum og mánuðum.

Skatttekjur ríkissjóðs verða ekki lækkaðar nema það komi einhvers staðar niður. Verði skatttekjur ríkissjóðs lækkaðar þá mun það koma niður á velferðarþjónustunni. Skattalækkunartillögur ríkisstjórnarflokkanna eru því aðför að velferðarkerfinu.

Virðulegi forseti. Samfylkingin sem kallar sig á hátíðarstundum „velferðarflokk" studdi þessar skattalækkanir og harmar nú sérstaklega að þeim skuli hafa verið slegið á frest. En í þessu skrefi er aðeins hátekjuskatturinn lækkaður.

Ef litið er á stefnuna í útgjöldum má sjá að ætlunin er að skera niður samneysluna. Hlutur samneyslu í heildarútgjöldum sýnir hversu miklu er varið til heilbrigðisþjónustu, menntamála og öldrunarþjónustu, svo nokkuð sé nefnt. Framlög til þessara mála hafa að mestu fylgt aukningu þjóðartekna. En nú skal beygt af þeirri braut. Framlög til samneyslunnar skulu ekki fylgja aukningu þjóðartekna. Það leiðir til niðurskurðar. Forsmekkurinn er gefinn, endurskoða skal komugjöld á heilsugæslustöðvar sem skili 40–50 millj. kr. í auknar tekjur til ríkissjóðs og verði þeim ráðstafað til heilbrigðismála.

Þeir sem fara til læknis skulu borga meir, enda boðar ríkisstjórnin í stjórnarsáttmálanum aukna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Kemur það nokkrum á óvart? Spara á 740 millj. kr. í lækkun sjúkratrygginga sem einkum felst í minni þátttöku ríkissjóðs í greiðslu lyfjakostnaðar, hjálpartækja og sérfræðikostnaðar. Finnst fólki ekki nógu kostnaðarsamt nú þegar að sækja til sérfræðilæknis?

Eitt dæmi enn sem undirstrikar stefnu og hugmyndafræði þessarar ríkisstjórnar er lækkun og skerðing atvinnuleysisbóta. Staðbundið atvinnuleysi er oftast tilkomið vegna rangrar stefnu stjórnvalda í atvinnumálum. Nú skal hala inn 170 millj. með því að afnema rétt fólks til atvinnuleysisbóta fyrstu þrjá daga atvinnuleysis. Ekki eru þessar bætur það háar að ástæða sé til að auka á erfiðleika þess fólks sem lítið eða ekkert hefur um atvinnuöryggi sitt að segja.

Herra forseti. Þessi ríkisstjórn er hægt og bítandi að vega að velferðarkerfinu, einkavæða almannaþjónustuna og taka upp notendagjöld, markaðsvæða velferðarþjónustuna heitir það. Byggja upp velferð hinna ríku, orðaði maður það við mig á götu hér á dögunum.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum ekki til að almennir skattar yrðu lækkaðir. Við lögðum til að þeim sem lægstar hefðu tekjur yrði hlíft við sköttum. En við lögðum aftur á móti til að í forgang yrði sett að taka upp gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum. Það væri jöfnunaraðgerð, það væri styrkur og framlag við barnafólk. Það væri viðurkenning á því að leikskólinn væri fyrsti þáttur í hinu almenna menntakerfi, eins og lög kveða á um. En þetta yrði ekki gert með stórfelldum skattalækkunum. Þannig viljum við jafna kjör, koma til móts við það fólk sem þarf á jöfnuði að halda og við viljum styrkja til jafnréttis.

Herra forseti. Stöðugt fleiri verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að því hafi fylgt auknir tekjustofnar. Með samþjöppun í sjávarútvegi og sölu fiskveiðiheimilda frá byggðunum hverfa jafnframt þau fyrirtæki þeirra einstaklinga sem greiddu hæstu gjöldin til sveitarsjóðs. Þessi þróun hefur leitt til þess að mörg bæjar- og sveitarfélög eiga í miklum fjárhagsörðugleikum. Hreinar skuldir sveitarfélaganna í landinu hækkuðu um 15 milljarða kr. milli áranna 2001 og 2002, þ.e. um 50%. Það er áætlað að þær hækki um 7 milljarða milli áranna 2002 og 2003 og um 5 milljarða á næsta ári og verði þá orðnar 57 milljarðar kr., hreinar skuldir sveitarfélaganna. Þetta þýðir að þau sem lakast standa eiga í gríðarlegum erfiðleikum en einu skilaboðin sem þau fá frá stjórnvöldum eru: Seljið eignir, seljið eignir. Og hvaða eignir eru það? Hitaveita, rafveita, orkubú, kaldavatnsveita. Þetta eru skilaboðin sem þau sveitarfélög fá sem vegna aðgerða stjórnvalda hafa lægri og lélegri tekjustofna en áður var auk þess sem aukin verkefni hafa verið falin þeim samkvæmt lögskipan á hinu háa Alþingi.

Þessu til viðbótar hefur reglum um greiðslur úr jöfnunarsjóði verið breytt þannig að sveitarfélög sem höfðu gert fjárhagsáætlanir sínar og fylgt þeim stóðu allt í einu, á miðju sumri, frammi fyrir skertum tekjum upp á tugi milljóna kr. Þetta munar lítil sveitarfélög heldur betur um.

Virðulegi forseti. Nærþjónustan, grunnalmannaþjónustan, hefur verið færð til sveitarfélaganna og þau verða að fá tekjustofna til að standa undir henni. Með stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum sveitarfélaganna er verið að þvinga þau til að einkavæða og selja þjónustuverkefni sín og skera niður almannaþjónustuna. Það er því eitt brýnasta málið að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna til að þau geti axlað þau brýnu samfélagslegu verkefni sem þeim hafa verið falin.

Herra forseti. Megintíðindi þessa fjárlagafrv. er að það er verið að búa þjóðina undir niðurskurð og nýja holskeflu einkavæðingar í velferðarkerfinu. Við fáum nú smjörþefinn

af því sem koma skal. Boðaðar stórfelldar skattalækkanir geta ekki annað en komið niður á velferðarkerfinu. Að óbreyttu mun stefna þessarar ríkisstjórnar verða til þess að treysta velferð hinna ríku en auka á ójöfnuð í samfélaginu.

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. fer nú til fjárln. þar sem ég á sæti. Þar verður farið vandlega yfir alla þessa þætti og til nefndarinnar mun koma fjöldi einstaklinga og fulltrúar stofnana og félagasamtaka og tjá skoðun sína um einstaka þætti frv. Við 2. umr. frv., þegar það kemur úr nefnd, mun ég fara nánar yfir einstaka þætti, bæði gjalda og tekna, sem frv. kveður á um.

[12:35]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan og sumir fjölmiðlar hafa sett upp mikinn kór sem reyndar syngur mjög fölskum tónum og fjallar um það að stjórnarflokkarnir séu að svíkja loforð. Hér fór hv. þm. yfir það að stjórnarflokkarnir væru að svíkja loforð sem þeir gáfu fyrir kosningar varðandi skattalækkanir. Ég vil mótmæla þessu og bendi á að í fjárlagafrv. og fylgigögnum þess, m.a. í þjóðhagsáætlun sem kemur fram hér, er fjallað um að á síðari hluta kjörtímabilsins verði farið út í lækkun á tekjuskatti. Og ég minni á það að við framsóknarmenn sögðum fyrir kosningar að við teldum að fram undan mundi skapast svigrúm til skattalækkana og við lögðum á það áherslu að á síðari hluta kjörtímabilsins yrði farið í þessar aðgerðir. Það er nákvæmlega það sem kemur hér fram í þeim gögnum sem ég hef vitnað í og það er nákvæmlega það sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum. Ég vil biðja hv. þingmann og fleiri sem hafa tekið undir þennan falska kórsöng að láta nú af honum því að það er stundum betra að þegja en að syngja falskt.

[12:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta kom úr hörðustu átt því að ég man eftir félagshyggjuboðskap Framsfl. fyrir kosningar. Stundum lá við að ég yrði hálfklökkur þegar ég heyrði félagshyggjuáherslu Framsfl. fyrir síðustu alþingiskosningar en allt kom svo til húsa á ný og Framsfl. er kominn á kaf í einkavæðingarsæng Sjálfstfl. Og allt er við það sama.

Ég sagði hér í ræðu minni að kosningaloforðunum sem höfðu verið gefin þarna hefði verið kastað út um gluggann, í bili a.m.k., og ég harma það ekki þó að þessum boðuðu skattalækkkunum, stórfelldu skattalækkkunum, 20 milljarðar hjá Sjálfstfl., 14 eða 15 hjá Framsfl. og hvað þetta var hjá Samfylkingunni — maður hafði aldrei tölu á öllum þessum gylliboðum — verði slegið á frest og menn standi áfram vörð um samfélagsþjónustuna. Ég harma það ekkert. Ég vildi að vísu sjá að ef menn færu út í skattbreytingar á annað borð — og það var brýnt reyndar — yrði sköttum létt af þeim sem hafa lægstu launin en það er ekki gert. Einu breytingarnar sem stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., eru sammála um er að lækka hátekjuskattinn. Hefði ekki verið nær, virðulegi forseti, að Framsfl. hefði beitt sér fyrir því að því hefði þó verið frestað en skattar á lægstu laun hins vegar lækkaðir? Hefði það ekki verið nær? Ég hefði viljað sjá það hjá Framsfl., að hann hefði þá haft manndóm í sér til að standa í lappirnar og krefjast þess.

[12:38]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hljóp aðeins í kringum þetta en ég vil þá bara spyrja hv. þingmann að því hvort hann sé ekki sammála mér um það sem ég sagði áðan varðandi fyrirheit okkar um skattamálin, lækkun tekjuskatta eins og þau koma fram í fjárlagafrv. og fjarlagaáætlun ríkisstjórnarinnar, að þarna fari orð og efndir saman, hvað sem honum finnst um þessar leiðir og hvað sem honum finnst um það hvað menn ætla sér að gera. Ég geri alls ekki lítið úr því og virði vel sjónarmið hans varðandi það hvaða leiðir ætti að fara. Það er hans skoðun. En ég vil bara spyrja hann hvort hann geti ekki verið sammála mér um það að hér komi í ljós að menn ætla að standa við það sem talað var um fyrir kosningar. Það er bara einfaldlega þannig og ég vil biðja hv. þingmann að tjá sig um það.

[12:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi kosningaloforð sem ég taldi upp voru alls ekki tæmandi listi yfir kosningaloforð Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir síðustu alþingiskosningar. Þar var línuívilnun sem átti að koma til framkvæmda nú þegar í haust og ekkert átti að vera til fyrirstöðu með það. Það voru jarðgöng um Héðinsfjörð sem áttu að fara í gang og ekkert var til fyrirstöðu með. Þetta var á þessum lista en öllu saman hefur verið, að því er virðist, slegið á frest þannig að orð og efndir eru dálítið mikið á floti.

Ég mundi hins vegar vilja spyrja, virðulegi forseti, þingmanninn: Hvar ætlar Framsfl. að láta þennan niðurskurð sem hlýtur að verða í velferðarkerfinu, í almannaþjónustunni, ef boðaðar skattalækkanir koma til framkvæmda, koma niður? Ég harma það ekkert þó að þessum skattalækkunum hafi verið frestað þó að ég hefði viljað að hinir lægstlaunuðu hefðu fengið skattalækkanir. Ég harma að öðru leyti ekki að skattalækkunum skuli hafa verið frestað því að það mundi eingöngu hafa bitnað á velferðarkerfinu. Nú eiga þær ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir tvö ár, eins og boðað er í stjórnarsáttmálanum.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi ríkisstjórn verði farin áður en kemur að þeim tíma.

[12:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlögin hverju sinni eru tæki ríkisvaldsins til þess að hafa áhrif á þróun efnahagsmála og mynda ramma um verkefni ríkisins. Ríkið er langstærsti vinnuveitandinn og ákveður með áherslum fjárlaga sem samþykkt eru á Alþingi hvaða línur eru lagðar í einstökum málaflokkum. Fjárlögin hverju sinni marka þann farveg sem við veitum og viljum veita í þjónustu við og fyrir fólkið í landinu.

Heilbrigðis-, trygginga- og menntamál eru veigamestu þjónustuþættirnir sem ríkið veitir fólkinu beint og einnig sú þjónusta sem allir landsmenn njóta beint og persónulega. Þessa þjónustu veita síðan starfsmenn heilbrigðisstofnana og í öldrunarþjónustu, hjá Tryggingastofnun og í skólunum. Við gerum kröfu um að heilbrigðis- og velferðarþjónustunni sé vel sinnt og að hún samræmist því sem við viljum að standi undir því að við getum sagt að við lifum í velferðarþjóðfélagi.

Heilbrigðisþjónustan er dýr og það er farið verulega fram úr fjárlögum mörg ár í röð. Það má vissulega gagnrýna og þá má einnig spyrja hvort sameining ríkisspítala hafi verið rétt leið til betri reksturs eins og að var stefnt. Það er auðvitað auðvelt að vera í gagnrýnishlutverkinu og bölsótast yfir framúrkeyrslu á sjúkrastofnunum en við viljum fá góða þjónustu. Að sjálfsögðu þarf aðhald og eftirlit með opinberum rekstri en við í Frjálslynda flokknum viljum að veitt sé góð þjónusta og munum þess vegna ekki vera í hörðu hlutverki

gagnrýnenda að þessu leyti. Ef góð þjónusta á heilbrigðisstofnunum þarf meira fjármagn verðum við að horfast í augu við það. En skilgreina verður vandamálið og vinna sig út frá því og ná betri nýtingu fjármuna án þess að dregið verði úr þjónustu við sjúkt og lasburða fólk í landinu.

Málefni geðfatlaðra hafa enn einu sinni verið efst á baugi í fréttum vegna þeirrar ákvörðunar heilbr.- og trmrn. að hafna áframhaldandi þátttöku í þjónustusamningi ráðuneytis og Geðhjálpar. Fulltrúar ráðuneytisins hafa sagt tæknilega örðugleika standa í vegi fyrir því að hægt sé að framkvæma þjónustusamninginn. Einnig má minna á að haustið 2002 gaf heilbrrh. Geðhjálp loforð um lokaða geðdeild fyrir veikustu einstaklingana. Samkvæmt ályktun stjórnar Geðhjálpar frá 21. september sl. bólar ekkert á efndum þótt þörfin fyrir veitta þjónustu við alvarlega geðsjúka einstaklinga sé brýn.

Ef heilbrrh. vildi upplýsa um þessi mál væri það vel þegið. Ríkisstjórnin stefnir að því að sveitarfélögin muni senn taka við rekstri heilbrigðis- og öldrunarþjónustunnar. Þá kemur auðvitað spurningin: Hver á að borga fyrir þá þjónustu sem brýnt er að veita? Vandi sveitarfélaga í landinu er þegar mikill. Tekjur sveitarfélaganna duga víða ekki til reksturs núverandi verkefna. Grunnskólinn var færður til sveitarfélaganna. Hann hefur reynst þeim dýrari en gert var ráð fyrir og víða hafa síðan tekjur í sveitarfélögunum dregist saman. Það er því nauðsynlegt áður en menn ganga til þeirra verka að færa fleiri verkefni til sveitarfélaganna, eins og heilbrigðis- og öldrunarþjónustuna sem vissulega kunna að vera verkefni sem sveitarfélögin geta tekið við, að tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði skilgreind upp á nýtt. Frekari verkefni verða ekki færð til sveitarfélaganna svo vel sé nema það sé gert og að nýir tekjustofnar verði markaðir fyrir sveitarfélögin. Ef þannig væri að verki staðið væri sjálfsagt að færa þessi verkefni með samningnum við sveitarfélögin til þeirra en það þarf að gæta þess að rekstri sveitarfélaganna sé ekki stefnt í voða, að ríkið sýni hagnað í fjárlögum sínum og afkomu en ekki á kostnað sveitarfélaganna í landinu.

Ríkið hefur nú að langmestu leyti dregið sig út úr almennri bankastarfsemi með sölu á ríkisbönkum, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka. Sú dreifða eignaraðild sem lagt var upp með af hæstv. forsrh. gekk ekki eftir, því miður verð ég að segja, enda var stuðningur okkar í Frjálslynda flokknum við sölu ríkisbankanna háður þeirri málsmeðferð. Þær miklu sviptingar sem nú hafa orðið í íslensku viðskiptalífi koma mörgum á óvart. Spurningar vakna um hvort viðskiptabankar eigi að stýra því fjárfestingarferli og þeim miklu umskiptum sem hér hafa orðið á undanförnum vikum. Hvort ferlið undanfarnar vikur verði þjóðinni almennt til góðs skal ósagt látið, enda sá sem hér talar enginn sérfræðingur í því hvernig eignarhaldi einstakra fyrirtækja skuli háttað. Við því skal þó varað, sérstaklega í litlu landi eins og okkar, að blokkamyndun verði ríkjandi form í stærstum hluta atvinnulífsins þar sem hver eigi annan og fámennur hópur manna ráði í raun mestu um atvinnu- og fjármagnsmarkaðinn.

Ríkisstjórnin hefur hugsað sér að beita aðhaldi til þess að lækka útgjöld ríkissjóðs um 500 millj. með því að hverfa frá endurgreiðsluhluta af tryggingagjaldi atvinnurekenda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launþega. Þetta kemur til með að bitna hart á minni fyrirtækjum og það er vissulega áhyggjuefni. Kosningaloforð stjórnarflokkanna minnir mig að hafi gengið í aðra átt því báðir flokkarnir töldu mikilvægt að efla vöxt smærri fyrirtækja. Þau kosningaloforð eru kannski gleymd nú.

Það á einnig að spara með því að lækka sjúkratryggingar um 740 millj. og þar er einkum vitnað til niðurskurðar í lyfjakostnaði, hjálpartækjum og sérfræðiaðstoð. Það væri auðvitað fróðlegt að heyra nánari útlistun á þessum niðurskurði, t.d. frá hæstv. fjmrh. eða þá frá heilbrrh. ef hann heyrir hér mál mitt. Þarna er varla verið að leita að breiðu bökunum í þjóðfélaginu, eða hvað? Ég er ekki viss um að þjóðin almennt sé sátt við að fara í þann niðurskurð sem þarna er boðaður.

Einnig er gert ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 170 millj. kr. þar sem lagt er til að í stað þess að bætur reiknist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana. Þetta atriði kann að koma illa við launafólk og mjög víða við rekstur smærri fyrirtækja, einkum í fiskvinnslunni geri ég ráð fyrir. Það getur verið mjög varasamt að fara þá leið sem þarna er lögð upp.

Síðan er hér uppástunga um að vaxtabætur lækki um 600 millj. með því að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta miðist við 5,5% af skuldum í stað 7% sem nú er. Ég vona að þessi upptalning sé ekki vísun á það sem ríkisstjórnarflokkarnir álíta að séu breiðu bökin í landinu og færust um að taka á sig niðurskurðinn.

Mig langar að víkja að öðru máli, hæstv. forseti. Fíkniefnavandinn hefur á undanförnum árum verið að teygja sig til æ yngri ungmenna, því miður. Því er nauðsynlegt að fræða börn og unglinga um skaðsemi fíkniefna. Á fíkniefnavandanum er líka önnur hlið og það er vandinn sem snýr að hörðum neytendum, þeim sem komnir eru á kaf í fíkniefni og gera nánast allt til að ná sér í það eitur sem þeir hafa svo mikla þörf fyrir. Þeir verða óviðráðanlegir og þeir verða sjúkir afbrotamenn vegna fíknar sinnar. Það er mjög brýnt að koma til móts við vanda þessa fólks því að það getur varla gengið laust í þjóðfélaginu og þarf sannarlega á sérhæfðri aðstoð að halda. Ef einhvers staðar í fjárlagafrv. er að finna tillögur um að efla hér vistun að þessu leyti og endurhæfingu þætti mér gott og vænt um ef mér yrði bent á það.

Skattstefna núverandi ríkisstjórnar gengur í þá veru að nú er lagt upp með lækkunarferli fyrst og fremst í hátekjuskattinum. Það verður að segjast alveg eins og er að slík stefnumótun er ekki sú sem við værum tilbúin að styðja í Frjálslynda flokknum. Við hefðum talið að ef leggja ætti af stað með skattalækkanir hefði átt að byrja á að horfa til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar og til barnafjölskyldnanna. Það var sú stefnumótun sem við lögðum fram til þjóðarinnar í kosningabaráttunni og bentum á að þar teldum við brýnasta þörfina og þar ætti að byrja. Þar af leiðandi er það alveg ljóst að við í Frjálslynda flokknum erum algerlega andvíg því uppleggi sem lagt er af stað með í skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar, að telja að það sé mest nauðsyn að taka á því sem fyrst að afnema hátekjuskattinn. Þar teljum við farið öfugt í málin. Og þeim 20 milljörðum sem ríkisstjórnin hyggst nota til skattalækkana á kjörtímabilinu væri betur varið annars staðar en þarna.

Ég vil líka lýsa þeim áhyggjum mínum, herra forseti, að þær miklu framkvæmdir sem boðaðar eru í landinu og eiga að valda þensluáhrifum, m.a. í þjóðfélaginu, en eiga einnig vissulega að auka atvinnu mjög víða um landið og bæta kaupmátt muni ekki koma öllu landinu til góða. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna norðvesturhluta landsins. Ég hef miklar áhyggjur af því að það svæði sitji eftir meðan annars staðar er mikið um að vera og mikil atvinnustarfsemi og talsvert í að sækja fyrir fólk sem á annað borð getur flutt

sig til. Og við þurfum á allt öðru að halda í norðvesturhluta landsins en því að það sé ýtt undir fólksflutning af því svæði. Þess vegna vil ég vekja á þessu sérstaka athygli. Ég tel að það þurfi að horfa sérstaklega á þetta svæði á þeim tíma sem mestar framkvæmdir verða hér á landi, að það sitji ekki eftir og þar sjái fólk þann kost bestan að flytja sig til vegna þess að miklu betri atvinna og meiri atvinna bjóðist á öðrum stöðum landsins. Að sjálfsögðu er það þannig að þegar framkvæmdir eru miklar á landi hér í einhverjum landshluta er það innbyggt að suðvesturhornið og Reykjavíkursvæðið nýtur alltaf þeirrar uppsveiflu.

Það hefur verið viðvarandi fólksflótti af landsbyggðinni, því miður, til höfuðborgarsvæðisins á undanförnum árum. Ég býst við að þær aðgerðir í atvinnumálum sem núna er staðið að með virkjunaráformum við Kárahnjúka og síðar álveri á Reyðarfirði muni draga fólk til austurhluta landsins og þar muni fjölga á ný. Það tel ég mjög gott fyrir þann landshluta, og mjög góða þróun í raun og veru ef við getum sýnt fram á að fólk sé tilbúið að flytja út á land þegar — hvað? — þegar atvinna og tekjur standa til boða. Það er einmitt það sem ég er að gera að umræðuefni, herra forseti, að tekjurnar og atvinnan þurfi að vera til staðar til þess að góðu mannlífi sé viðhaldið. Þess vegna dreg ég þetta inn með þessum hætti. Ég hef áhyggjur af norðvesturhluta landsins í þessu sambandi.

Það var boðað í stefnuræðu forsrh. að til stæði að efla Landhelgisgæsluna. Ég held að þá hefði það átt að endurspeglast einnig í fjárlagafrv. og í gegnum fjárlög. Mig langar í því tilliti til að víkja að einu atriði og það er að sagt hefur verið að það þyrfti að selja varðskipið Óðin og að þeir fjármunir yrðu m.a. notaðir til þess að byggja nýtt skip. Ég tel að ekki muni miklir fjármunir koma í ríkiskassann við söluna á Óðni. En þetta er hins vegar skip sem á sér mjög merka sögu, er alveg í þokkalegu lagi og væri verðugt verkefni að athuga hvort ekki ætti að varðveita þetta skip hér á landi í því standi sem það er og t.d. koma þar upp sérstöku safni um sögu Landhelgisgæslunnar við gæslustörf hér við land. Ég tel að þeir fjármunir sem munu fást fyrir að selja þetta skip séu ekki það miklir að þeir skipti neinum sköpum fyrir okkur í rekstri ríkisins. Hins vegar held ég að það að eiga skipið og gera það að ákeðnu sögusafni geti orðið okkur mjög mikils virði og jafnvel fært okkur tekjur í gegnum ferðamennsku í framtíðinni. Ég sé ekki að menn bæti mikið hag ríkissjóðs með því að selja Óðin.

Það hefur komið fram að til stæði að selja Landssímann og að menn hefðu tekið skynsamlega ákvörðun með því að fresta því á sínum tíma að selja hann. Ég er kominn á þá skoðun að það hafi verið mjög skynsamlegt að fresta sölu Landssímans og það eigi helst að hætta við þessa sölu. Það er alveg ljóst orðið í mínum huga að dreifikerfið og þjónustan við dreifðar byggðir í þessu landi verður ekki góð nema því aðeins að við eigum dreifikerfið sjálf og getum sjálf ákveðið hvaða möguleikum við viljum halda uppi í gegnum fjarsímakerfið og símakerfið. Það hefur þegar komið í ljós við einkavæðinguna að Landssíminn eins og hann er nú rekinn hefur engan áhuga á því að auka þjónustuna úti um landið, t.d. varðandi GSM-kerfið, enda telja símafyrirtækin að GSM-kerfið nái núna almennt til 90% íbúa á svæðum, jafnvel yfir 98% íbúanna. Þó að GSM-síminn sé ekki skilgreindur sem öryggistæki trúa því flestir sem nota GSM-símann, einkum yngra fólk, að hann sé mikið öryggistæki og að menn geti lagt á fjöll með GSM-símann sinn og haft samband til byggða. Ég held að það verði ekkert undan því vikist að bæta dreifikerfið og ég sé ekki fyrir mér að einkareknu fyrirtækin geri það. Þau eru fyrst og fremst að horfa á tekjuhliðina og telja e.t.v. ekki eftir miklu að slægjast í þessu öryggishlutverki. Ég held að það verði að vera okkar og ríkisins að sjá til þess að slíkt sé til staðar. Þess vegna geld ég mjög mikinn varhuga við því hvernig við munum selja Landssímann og hvernig eigi að standa að málum að því er varðar öryggisþáttinn í framtíðinni.

Einnig er vikið að því að það eigi að einkavæða Siglingastofnun ríkisins. Ég er ekki hrifinn af þeirri hugmynd og tel að þau mál þurfi að skoða mjög vandlega áður en við stígum þau skref. Við höfum einkavætt bankana, jú, en ríkið rekur þó áfram nokkra lánastarfsemi í gegnum t.d. Byggðastofnun og í gegnum Nýsköpunarsjóð. Ég held að ég hafi séð það í fréttum fyrir örfáum dögum að Nýsköpunarsjóðurinn búi við fjársvelti og muni ekki geta sinnt hlutverki sínu á næstu árum. Auðvitað væri fróðlegt að fá það upplýst hér í umræðunni af hæstv. fjmrh. með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar í raun að efla Nýsköpunarsjóðinn þannig að hann þjóni þeim verkefnum og því hlutverki að vera innkomuaðili við að styrkja ný og verðug verkefni og atvinnuuppbyggingu hér á landi.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:30]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er ætlun mín að reyna í þessari umferð að ljúka tveimur ræðum, bæði þeirri sem ég hóf í gærkvöldi og svo þeirri sem ég ætla nú að flytja.

Eins og fram hefur komið einkar skýrt í framsöguræðu hæstv. fjmrh. er með þessu fjárlagafrv. verið að marka mjög skýra stefnu, stefnu sem margir í viðskiptalífinu hafa einmitt verið að kalla eftir á undanförnum missirum og mánuðum. Þá stefnu að stjórnvöld skuli núna á næstu árum draga saman, hopa, gefa rými fyrir atvinnulífið. Núna þegar við eigum von á svo miklum framkvæmdum eins og alþjóð veit, þá á ríkið einmitt að draga saman, gefa rými þannig að atvinnulífið geti blómstrað og starfað. Þetta er meginstefið. Þetta er það sem við eigum að gera og verðum að gera. Formaður Samfylkingarinnar tók réttilega undir þetta hér í gærkvöldi og það er mikið fagnaðarefni að vita til þess að svo almennur skilningur skuli vera uppi að þetta sé verkefnið sem bíður okkar.

Það ríkir mikið jafnvægi í þjóðfélaginu í dag. Það er engin þensla eins og sumir vilja vera láta. Alls ekki. Hættan sem menn eru að horfa á er einmitt hætta sem getur stafað af því þegar við núna í fyrsta skipti erum að fara í mikla uppsveiflu í hagkerfinu á sama tíma og gengið ræðst eingöngu af markaði. Þess vegna er svo mikil þörf á því að ríkið taki tillit til þess. Ríkið víki, ríkið láti sinn hlut bíða, enda veitir ekkert af því eins og skýrt hefur komið fram, sérstaklega hjá hæstv. fjmrh. Það veitir ekkert af því að ríkið hafi þá til þess nægt afl og nóga krafta og peninga til að koma inn í efnahagslífið af miklum krafti þegar þessum stórframkvæmdum lýkur. Um þetta fjallar fjárlagafrv. og um þetta fjalla þau drög og stefnumörkum, pólitíska stefnumörkun sem lögð er fram núna í fyrsta skipti og ber að fagna því mjög. Það er nefnilega atvinnulífið, framleiðslan og samkeppnisiðnaðurinn, sem er gæsin sem verpir gulleggjunum. Og það verður að tryggja það að svo verði áfram.

Það er mjög mikill misskilningur sem fram hefur komið og rangfærsla að með þessu frv. sé verið að leggja drög að stórkostlegum samdrætti í velferðarsamfélaginu. Það er alrangt. Það er eingöngu verið að miða við það að aukning samneyslunnar verði aðeins að raungildi 2% á ári. Það er ekki verið að tala um samdrátt. Það er verið að tala um að aukningin skuli bara vera 2%. Hún hefur verið of mikil. Við viðurkennum það fúslega. Hún hefur verið yfir 3% að meðaltali. Það er of mikil aukning.

Það er líka mjög rangt, sem alltaf kemur fram hjá stjórnarandstöðunni og glittir í öðru hvoru, að af hálfu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna séu einhverjar meiningar uppi um að skera niður heilbrigðis- og velferðarkerfi Íslands. Það er alltaf verið að láta að þessu liggja en þetta er rangt og fær ekki staðist með nokkru móti.

Því miður er það svo að tekist hefur að koma inn miklum ranghugmyndum hjá fjölda fólks á umliðnum árum um að ríkisstjórnin sé eilíflega að standa að því að draga saman í heilbrigðismálum. Þetta er alrangt. Aukningin til heilbrigðismála núna á fjórum árum miðað við ríkisreikninginn 2000 og fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er aukning upp á 22 þúsund milljónir, 22.192 nákvæmlega. Þetta er niðurskurðurinn. Þetta er hinn mikli niðurskurður. Og það eru margir í samfélaginu sem trúa því að hin vonda ríkisstjórn sé að pína spítala, pína sjúklinga og geri þetta bara af mannvonsku sinni mætti maður halda stundum. Þetta er ofboðslega rangt, herra forseti, þegar menn tala svona.

Það er verið að miða við það að Ísland, hið opinbera leggi til samhjálparinnar 8,5% af vergri landsframleiðslu á næsta ári. Það er hærri upphæð, herra forseti, en nokkur önnur þjóð í Evrópu leggur til samneyslunnar og reyndar nokkur önnur þjóð í heiminum. Hins vegar er líka rétt að vekja athygli á því að sjúklingar á Íslandi borga lægra hlutfall en alls staðar í Evrópu. Í Evrópu hefur það mjög lengi verið nokkuð föst tala að það séu um 2% af vergri framleiðslu hvers lands sem sjúklingar borga sjálfir í heilbrigðismálum. Það er nokkuð fast. Ísland eitt sker sig úr að þessu leyti. Hlutur einstaklinganna og tryggingana er ekki nema u.þ.b. 1,3% að meðaltali, hefur verið 1,2–1,3 undanfarin ár, kannski einhvern tímann farið upp í 1,4. Að þessu leyti sker Ísland sig úr líka.

Á næsta ári getum við því reiknað með því að kostnaðurinn við heilbrigðisþjónustuna verði á bilinu 9,7–9,8% af landsframleiðslu sem er skelfileg tala. Ég tala nú ekki um þegar menn átta sig á því að við erum ein yngsta þjóð Evrópu, gott ef það eru ekki bara Tyrkir sem eru yngri. Þetta verða menn að líta á sem vandamál. Þetta er bara verkefni sem við verðum að horfast í augu við og allir verða að koma að. Og við verðum að horfast í augu við það að það hlýtur að vera eitthvað í skipulagsmálum heilbrigðiskerfisins sem ekki er í lagi. Ég sjálfur efast ekkert um að starfsfólk heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa hlaupi hraðar í dag en það hljóp í gær. Ég efast ekkert um það. En það eru staðreyndir sem enginn getur vikið sér undan að við eyðum meiri peningum í heilbrigðisþjónustuna en nokkur önnur þjóð. Það er ekki það að það vanti peninga. Það hlýtur að vera eitthvað annað. Við verðum öll að taka höndum saman um það að leita nýrra lausna, hvernig við ætlum að stýra þessum málum og hvernig við ætlum að raða þessum málum. (**Gripið fram í:** Hvað er þá að?) Það hlýtur að vera verkefni okkar að finna það. Það er hið stóra verkefni sem öllum ber að taka þátt í og ég efast ekki um að menn muni gera það af heilindum. Ég er ekki að kenna neinum um, enda ekki neinum um að kenna, við höfum allir staðið að þessu. Fjárln. og Alþingi hefur reynt hvað það hefur getað til þess að stemma stigu við þessum hækkunum. Við skulum bara viðurkenna að það hefur ekki gengið.

En ef við ætlum, eins og við ætlum okkur, að draga úr aukningunni í samneyslunni, þá verðum við fyrst og fremst að huga að þessum hlutum. Það er ekki nóg að tala alltaf um samdrátt í framkvæmdum. Framkvæmdir ríkisins eru ekki miklar, ef eitthvað er mætti segja að framkvæmdirnar við uppbyggingu á infrastrúktúrnum væru hættulega litlar. Þær eru ekki nema rétt 6% af útgjöldum ríkisins og innan við 2% af landsframleiðslunni, 1,94 minnir mig. Þær eru ekki miklar. Það er samneyslan í heild. Verkefnið snýst um það að halda henni niðri, passa upp á að aukningin verði ekki meiri en segir einmitt í þjóðhagsspánni og þjóðhagsáætluninni, að halda okkur innan við 2% aukningu að raungildi á næstu árum. (Gripið fram í.)

Ég efa ekki, herra forseti, að menn muni leggja sig alla fram, enda er til mikils að vinna. Það er til mjög mikils að vinna vegna þess að útflutningsframleiðsla Íslands er í veði. Það er framleiðslan sjálf sem er í veði. Og við verðum að gæta þess af því að það er nú svo þótt efnahagsstjórnin hafi gengið mjög vel og þó að við Íslendingar séum mestu lukkupamfílar Evrópu á undanförnum áratug, kaupmáttur og kaupgeta almennings hefur vaxið hér miklu meira en nokkurs staðar annars staðar, þá verðum við að gæta að því að það er misskipt. Ég kom inn á það í stuttri ræðu minni í gær að við skyldum átta okkur á því að það hefur ekki allt gengið eftir. Hið stóra og mikla vandamál er það að ekki hefur tekist eins og vonuðum og eins og við vildum að byggja upp þorskstofninn sem við erum bara að nýta u.þ.b. um helming miðað við það sem við gerðum áður. Það hljóta allir að skilja að sjávarþorpin allt í kringum landið, sjávarþorpin sem eru hinn fasti punktur og grundvöllur byggðanna um allt Ísland standa óskaplega höllum fæti undir þessum kringumstæðum.

Ég hef áður gert það að umræðuefni, herra forseti, að það er óþolandi að mínu mati að um þessa hluti skuli bara ein ríkisstofnun fá að fjalla. Ríkisstofnun sem hefur einkarétt á að rannsaka, túlka og fara með þær staðreyndir sem menn þykjast vita um hafið, þá náttúru sem skiptir okkur öll máli. Það má deila hér um allt á Íslandi, um grös og blóm og fugla en þegar komið er niður í fjöru, nei, þá er það bannað.

Ég sé mikla ástæðu til þess, herra forseti, að taka undir það sem fram hefur komið í samþykktum Sambands ungra sjálfstæðismanna um að við eigum að stefna að því ótrauð að hætta ríkisrekstri á þessum stofnunum. Það er algjörlega óþarfi að ríkið sé að reka þessa svokölluðu vísindastarfsemi. Ríkið á að styrkja hana og getur styrkt hana og á að styrkja hana mikið og meira en það gerir, en að þetta séu ríkisstofnanir, ég tala nú ekki um lokaðar ríkisstofnanir sem reknar eru með því fororði að meira að segja þeir sem vinna þar megi ekki tjá sig, það er óþolandi. Við verðum að gefa vísindunum frelsi og við verðum að gá að því að allir fái að koma þarna að, vegna þess að allt orkar tvímælis. Auðvitað orkar allt mjög tvímælis. Og þetta er meginmál. Í 20 ár höfum við farið að ráðum Hafrannsóknastofnunar. Í 20 ár hefur ekkert gengið, hvorki gengið né rekið, helst þá gengið aftur á bak. (**Gripið fram í:** Á að leggja hana niður?) Það hlýtur að vera rétt að hætta slíkum rekstri og gera vísindin frjáls og tryggja það að háskólarnir geti sinnt vísindastarfseminni, að líffræðistofnanirnar byggist upp og geti annast rannsóknirnar til að tryggja það að umræða fari fram meðal vísindamanna. Það

geta allir skilið það þegar við tölum um frelsi og samkeppni í verslun og þjónustu, það skilja allir vegna þess að það kemur einmitt í vasa þeirra á morgun, en þegar við tölum um frelsi í vísindum og samkeppni vísindamanna, þá hefur það ekki minna gildi þótt það komi kannski ekki í vasa almennings fyrr en eftir fimm eða tíu ár. (**ÖJ:** Ertu að tala um Íslenska erfðagreiningu?) Ég er að tala um fyrirtæki sem rekin eru á vegum ríkisins, rannsóknastofnanir margs konar sem ég efast stórlega um að eigi að vera á höndum ríkisins, heldur eigi að vera á höndum einkaaðila. Það er meginmálið.

Herra forseti. Það hefur ýmislegt gengið á í íslensku efnahagslífi og mörgum finnst mikið til koma og sumir undrast einmitt dálítið þær væringar og þær hræringar sem eru á íslenskum peningamörkuðum. Við erum nýkomnir inn í þennan heim. Nýkomnir frá þeim heimi þegar öllu var handstýrt með þeim afleiðingum að oftast fórum við nú út af hér á nokkurra missira fresti. En það eru mikil átök og verða mikil átök og við erum óvön því. Markaðssamfélagið sem Sjálfstfl. hefur alltaf barist fyrir og staðið í broddi fylkingar að haft væri í heiðri, er að sýna gríðarlegan árangur. Það er að bæta lífskjör hér stórkostlega og við erum að njóta þess. En það er rétt og skylt að menn minnist þess þegar slíkar væringar eru uppi að kapítalisminn sem fært hefur þjóðum Vestur-Evrópu svo mikinn auð og svo mikla velsæld, reis og dafnaði. Hvar fyrst? Hann dafnaði meðal púrítananna og meðal kalvínistanna. Hann dafnaði meðal þess fólks sem setti sjálfu sér og starfi sínu þröngar, harðar reglur gerðar af fúsum og frjálsum vilja. Það er mjög nauðsynlegt að minnast þess og hafa það ætíð í huga. Öðruvísi gengur það ekki.

Ég hefði viljað ræða núna aðeins um þær meginforsendur sem við erum að leggja til grundvallar þeim lífskjörum og þeim bata sem við trúum að við getum búið til handa þessari þjóð á næstu árum. Við vitum að það getur verið bjart. Við vitum líka að það hafa margir misstigið sig einmitt í góðæri og það þarf sterk bein til að þola góða daga og þess vegna eigum við að gæta okkar mjög vel.

Fjárln. fær nú að lokinni þessari umræðu þetta mál til afgreiðslu og fjárln. mun að sjálfsögðu fara í gegnum það á hefðbundinn hátt. Það hefur lengi verið siður og lengi komið fram í störfum Alþingis að Alþingi hefur viljað sýna það í verki, sem er hlutur sem við megum aldrei gleyma, að stór hluti af velferð Íslands og hversu vel okkur hefur tekist til að byggja þetta land, er ekki síst að þakka hinum fjölmörgu félagasamtökum og alls kyns starfsemi einstaklinganna, samtökum sem eru í gangi og eru að vinna alls kyns hluti hér á Íslandi með gríðarlega góðum árangri. Hlutur einstaklinganna, hlutur samtaka þeirra og félagasamtaka í að gera þetta þjóðfélag gott og farsælt er ómetanlegur. Ég held að við megum ekki annað en hugsa til þess núna þegar við vitum og höfum svo oft fyrir framan okkur dekkri hliðarnar sem oft fylgja velmeguninni, hversu erfitt er að fóta sig einmitt í velferðarsamfélaginu. Og ég er sannfærður um að þau félagasamtök sem eru að vinna að heill og hamingju einstaklinga, hvar sem þau eru að vinna, það skiptir ekki máli hvort það er KFUM eða KFUK eða jeppaklúbburinn 4x4 eða hvað þetta heitir, öll þessi góða starfsemi er þess verð að ríkið styðji hana og styrki hana vegna þess að ef hún væri ekki til staðar er ég viss um að mjög margir ættu erfitt með að átta sig á því hversu gott þetta samfélag er, hversu miklu betra það gæti orðið og hversu mikil þörf er á því að brýna það alltaf og alls staðar fyrir öllum að lífið er dásamlegt og það sé þess virði að lifa því.

[13:47]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt venju sinni hér í fjárlagafrumvarpsræðum og hélt yfir okkur mikla messu um ýmsa þá þætti í ríkisfjármálunum sem hv. þm. telur ætíð nauðsynlegt að hafa yfir þingheimi. Það var eins og venjulega auðvitað margt merkt af því sem hv. þm. sagði, kom hann þó óvenju lítið eða ekki eins víða við nú og oft áður en lét þó heilbrigðismálin fá nokkurn skammt, m.a. þá fullyrðingu að ekki vantaði peninga í heilbrigðiskerfið. Þá fullyrðingu hefur hv. þm. áður haft á lofti og hefur sagt að hægt væri að bjóða jafngóða þjónustu jafnvel fyrir minni fjármuni en eru í kerfinu í dag.

En ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að hv. þm. deili með okkur einhverju af þekkingu sinni á heilbrigðiskerfinu vegna þess að ég hef heyrt hv. þm. segja þetta nú í fimmta sinni úr þessum ræðustóli við upphaf umræðu um fjárlög. Ég trúi því og treysti að hv. þm. hafi einhverjar tillögur fram að færa aðrar en þær sem hafa verið fram að þessu vegna þess að eins og hv. þm. benti réttilega á hafa öll þessi ár útgjöld til heilbrigðismála vaxið. Vissulega hefur ýmissi þjónustu örugglega fleygt fram en enn eru samt sem áður talin mörg verk sem vinna má betur. Ég held því að nauðsynlegt sé að hv. þm. skýri örlítið fyrir okkur hvaða leiðir eru vænlegastar í því til að bæta jafnvel þjónustuna um leið og dregið er úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

[13:49]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú alveg skilið það að hv. þm. hafi saknað ýmislegs úr ræðu minni. Ég er vanur að halda hérna töluverða ræðu, halda passus hérna um launamál ríkisstarfsmanna. Ég sleppti því núna, ég býst við að menn séu leiðir yfir því að fá ekki að heyra það. En ég gerði það af ásettu ráði svona til tilbreytingar.

Öll ríki Evrópu eru að fást við sama vandamálið: hvernig eigi að koma í veg fyrir að kostnaðurinn við heilbrigðismál gleypi alla möguleika á tekjum ríkisins, hvernig eigi að koma í veg fyrir að kostnaðurinn við heilbrigðismál taki alla peningana frá ríkinu þannig að við getum ekki aukið framlögin, t.d. í skólamálum, menntamálum, sem allir gera sér grein fyrir að eiga að vera forgangsverkefni.

Menn hafa reynt mjög margar leiðir í þessu sambandi og ýmsir hafa náð þó nokkrum árangri. Ég hef áður bent íslenskri stjórnarandstöðu á þann ágæta stjórnmálamann og þann mjög svo vinstri sinnaða krata, Jospin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakka. Hann lagði mjög mikið upp úr því að reyna að ná tökum á heilbrigðismálunum. Hann gerði það undir því formerki að það ættu alltaf að fara saman völd og ábyrgð. Það hefur enginn stjórnmálamaður gengið lengra í Evrópu í að setja heilbrigðismálin í einkarekstur. Það hefur engin þjóð gengið eins langt.

Og hver var niðurstaða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans, við einkunnagjöf um stöðu heilbrigðismála? Var það Ísland sem fékk fyrsta sætið, Ísland, sem eyddi mestum peningunum, yngsta þjóðin? Nei, það voru Frakkar. Þeir voru taldir gera það best, svo ég segi, herra forseti, þingmanninum eitthvað til upplýsingar. En það eru mjög margar aðrar leiðir og við eigum að skoða allar leiðir.

[13:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist vita að hv. þm. hefði átt eftir einhverja kafla í ræðu sinni og þess vegna eðlilegt að gefa honum hér tækifæri til að bæta örlítið úr. Hann endaði andsvar sitt á því að segja að það væru ýmsar aðrar leiðir en einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, og það væri fróðlegt að fá að heyra hvaða fleiri leiðir það eru, vegna þess að auðvitað hefur á stundum verið tekist nokkuð á um það hvernig eigi að breyta rekstrarformum í heilbrigðiskerfinu og menn hafa verið að nota mismunandi orð í því samhengi, ýmist einkarekstur eða einkavæðingu. Ég vil spyrja hv. þm. hvernig hann skilur orðið einkavæðingu, sérstaklega í tilefni af því að hæstv. heilbrrh. gengur nú í salinn, því að á vordögum þegar við vorum í kosningabaráttu í Norðaust. þá var m.a. rætt um heilbrigðismál. Þá sagði hæstv. heilbrrh. að það væri rangt að ríkisstjórnin vildi einkavæða í heilbrigðiskerfinu, það væri rangt. Það væri hins vegar rétt að Sjálfstfl. vildi það, en hann þyrfti að standa á bremsunni hvern einasta dag til að koma í veg fyrir slíkt.

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að fá að heyra hvernig hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson skilur orðið einkavæðingu.

[13:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Evrópu hafa um langan aldur engar deilur verið um þessi grundvallaratriði. Á Íslandi hafa aldrei verið deilur um þetta. Bæði svokallaðir vinstri menn og svokallaðir hægri menn hafa alltaf undir öllum kringumstæðum staðið saman að því að við ættum að stærstum hluta að reka heilbrigðisþjónustuna undir samhjálp, aldrei hefur verið deilt um það. Sá franski sem ég vísaði í áðan, hann var mjög harður á þessu. Auðvitað ætti þetta að vera undir formerkjum samhjálpar þó að hann væri að setja þetta í einkarekstur.

Sú mæta hægri stjórnmálakona Margrét Thatcher hefur skrifað mjög margar ritgerðir og haldið mjög margar ræður um heilbrigðismál. Rauður þráður í gegnum allt hennar tal og allar ritgerðir hennar er að heilbrigðismál séu „non-profit business", alltaf, alls staðar. Það hefur enginn deilt um þetta á Íslandi, aldrei.

Að setja einhverjar stofnanir, heilbrigðisstofnanir, í einkarekstur er bara aðferð til að reyna að finna út hagkvæmni í rekstri. Það er ekki á nokkurn hátt verið að hverfa frá þeim samhjálparhugmyndum og -vitund sem við ætlum öll að standa að. Alltaf og alls staðar hefur það verið þannig. Alltaf.

Gagnvart ýmsum ráðum sem til eru í heilbrigðismálum þá skal ég vekja athygli hv. þm. á því að Evrópudeild WHO, sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn, hefur núna um nokkurra ára skeið einmitt verið að vinna það verkefni, þ.e. hvernig á að koma í veg fyrir að heilbrigðisþjónustan leiti upp á hátæknina, hvernig á að koma í veg fyrir það. Hvernig getum við haldið sem stærstum hluta af heilbrigðiskostnaðinum niðri í heilsugæslunni? Þetta er stórt verkefni sem við höfum unnið að í mörg ár. Ég held að rétt væri að fjárln. og heilbrn. færu í það í vetur að fá upplýsingar um það starf og reyna að átta sig á því, því að það er mikið verk að vinna.

[13:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem jafnframt er hugmyndafræðingur Sjálfstfl. í fjármálum, miklaði sig af því hvað það hefði gengið vel að markaðsvæða samfélagið undir forustu Sjálfstfl. og minntist ekki á að Framsfl. hefði verið neitt til trafala í þeim efnum á undanförnum árum og átti ekki frekar von á því. Þá fannst mér athyglisvert og hann kom líka mjög rækilega að því að þessi fjárlög mörkuðu mjög skýra stefnu í að hliðra til, eins og hann sagði, í samfélaginu á næstu árum. Og við höfum séð það hér að það er einmitt í heilbrigðiskerfinu sem á að hliðra til. Taka upp komugjöld á heilsugæslustöðvum, hækka þau, taka upp aukin notendagjöld hvar sem því verður við komið. Þetta kemur okkur ekkert á óvart.

En ég vil spyrja hv. þm. hvar muni verða rutt til í atvinnulífinu. Við sjáum hvernig gengisþróunin hefur verið. Fyrir þetta ár var gert ráð fyrir að gengi krónunnar væri 130 en hefur verið lengst af árinu 120–124, og gengið hefur haft gríðarleg áhrif á útflutningsatvinnuvegina, ekki síst á sjávarútveginn, útflutning í landbúnaði og útflutning iðnaðarvara.

Hvað mun gerast? Hvernig er hægt að verja útflutningsgreinarnar þessum ruðningsáhrifum á næstu árum ef gengið heldur áfram að hækka og vextir einnig sem væntanlegt er? Til hvaða aðgerða vill hv. þm. að gripið verði til til að verja útgerðina, sjávarútveginn, iðnaðinn og fiskiðnaðinn vítt og breitt um landið sem er nú þegar í miklum vandræðum? Útflutningsgreinarnar eru í miklum vandræðum vegna óhagstæðrar gengisþróunar á síðustu mánuðum.

[13:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi andsvarið þannig eiginlega að hv. þm. væri að biðja mig að halda svolítinn fyrirlestur um gengismál. (**JBjarn:** Já, þú ert búinn að tala nóg um heilbrigðismálin.)

Ríkið er að vinna skyldustörf sín til þess að rýma fyrir framleiðslunni með því að draga saman, með því að gera sinn hlut minni, þ.e. að passa upp á að aukningin í samneyslunni verði ekki eins mikil á komandi árum og hún hefur verið á undanförnum árum. Það er hluti af því að búa til rými fyrir framleiðsluna. Ríkið er að leggja fram fjárlög og stefnumörkun sem á að gefa, og getur gert nú þegar í dag, tækifæri til vaxtalækkana. Það er gríðarlegt tækifæri til vaxtalækkana og það á að framkvæma þær. Seðlabankinn er að vinna að þessum málum með því að kaupa og efla gjaldeyrisvarasjóðina. Það liggur fyrir stefna hans að fara allt upp í 50 milljarða. Og ég mundi segja, herra forseti, að ég sé ekkert að því að fara upp í 100 milljarða og jafnvel upp í 200 milljarða. Það skiptir ekki máli. Það ber að verja framleiðsluna. Það ber að verja samkeppnishæfni Íslands og kosta því til sem þarf meðan þessi mikli innflutningur vegna framkvæmdanna fyrir austan stendur yfir. Það er hægt. Og ríkið er einmitt með þessum fjárlögum og stefnumörkun sinni að gefa tóninn, er að segja frá því hvað eigi að gera og hverjir eigi að framkvæma það. Það er það sem gerir þessi fjárlög svo merk. Menn eiga að taka eftir þeim og ég veit að viðskiptalífið í heild hefur þegar fagnað þeirri stefnumótun sem ríkisstjórnin leggur hér fram.

[14:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvelt að tala eins og hv. þm. gerði en reyndin er segir okkur hins vegar annað. Ég veit ekki betur en spá um stýrivexti hljóði upp á að þeir muni hækka verulega á næstu mánuðum og missirum, þvert ofan í það sem hv. þm. segir. Hækkun stýrivaxta mun jafnframt leiða til að

gengið mun hækka. Þannig er ástandið sem spáð er á næstu mánuðum og missirum. Ég spyr hv. þm.: Hvers vegna eru þessar staðreyndir bornar á borð í efnahagsforsendum með þessu fjárlagafrumvarpi ef hv. þm. er allt annarrar skoðunar og telur þetta geta farið í þveröfuga átt?

Ég er sammála hv. þm. um að útflutningsatvinnuvegirnir, frumatvinnuvegirnir sem borið hafa uppi atvinnulíf og velferð hér á landi á undanförnum áratugum, eru í vanda. Byggðirnar eru í vanda vegna þessarar stefnu í vaxta- og gengismálum sem er afleiðing af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur tekið í uppbyggingu atvinnulífs.

Ég leyfi mér að ítreka spurningu mína, virðulegi forseti: Hvað á að gera annað? Hvernig ætlar hv. þm. að taka á Seðlabankanum þannig að hann lækki raunvexti en spái ekki hækkun raunvaxta, sem hann mun væntanlega standa við?

[14:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki auðvelt í stuttum andsvörum að ræða svo flókna hluti. Hins vegar er það staðreynd sem við skulum taka eftir að markaðsvextir á Íslandi eru víða orðnir lægri en stýrivextir Seðlabankans, sem er dálítið skondið. Ég hef áður gagnrýnt þá peningapólitík sem rekin er af Seðlabankanum úr þessum ræðustól. Ég hef hætt því seinni árin af því að ég tel það tímasóun. Það er samt ástæða til að velta þessum hlutum fyrir sér.

Ég tel það koma mjög skýrt fram í viðbrögðum mjög margra á peningamarkaði og viðskiptalífinu að þeir fagna þessu fjárlagafrv. og þeirri stefnumörkun sem þar er vegna þess að með því er tóninn gefinn. Þar kemur fram hvað við ætlum að gera. Ríkisstjórnin ætlar sér að verja atvinnulífið. Það hefur alltaf legið fyrir að það er grunnurinn að því sem við erum að gera.

Það getur vel verið að einhver deili við mig um það en ég fullyrði enn og aftur að á Íslandi er í dag grundvöllur fyrir mikla og hraða vaxtalækkun. Það er engin þensla á Íslandi. Það er rangt ef menn segja það. Það er hreinlega rangt. Hér ríkir algjört jafnvægi. Það er engin þensla. Hér er óeðlilega mikið atvinnuleysi, óþarflega mikið atvinnuleysi. Ég tel að menn hafi verið með heilmikinn hræðsluáróður og hann sé allt of snemma á ferðinni. Hin mikla sveifla, hin mikla hætta er ekki fyrr en árið 2006. Það er ekki árið 2006 núna.

Ég ítreka þessa skoðun mína. Ég tel að með þessu frumvarpi sé einmitt að lögð áhersla á að það sé einnig skoðun ríkisstjórnarinnar.

[14:04]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns fá að nefna, sem nýliði á þingi, nokkur atriði sem ég hef rekið mig á í störfum mínum í fjárln. og sýnist að betur mættu fara. Ég geri mér grein fyrir því að þingreynsla mín er lítil sem engin og þessar ábendingar kunna að vera byggðar á reynsluleysi eða skorti á þekkingu. Þær byggja þó að nokkru leyti á þeirri reynslu sem ég hef öðlast á sveitarstjórnarstiginu.

Í fyrsta lagi, um fjárlagarammana. Ég held að það sé miður að við fáum til umfjöllunar fjárlög fyrir næsta ár inn í þingið 1. október. Það er ríkisstjórnin ein sem hefur fyrr á árinu ákveðið útgjaldarammana í frumvarpinu og þannig lagt meginlínurnar. Ég tel mikilvægt fyrir þingið að það fjalli framvegis um rammana á vorþingi og taki þá til afgreiðslu og meðferðar að tillögu ríkisstjórnar, sé þannig þátttakandi í rammagerðinni og þá nokkuð bundið af römmunum þegar til umfjöllunar á haustþingi kemur.

Í öðru lagi vil ég nefna að hæstv. fjmrh. var að státa af því í morgun að sú þriggja ára spá, áætlun eða stefnumarkandi plagg sem ríkisstjórnin er að kynna við framlagningu fjárlagafrumvarpsins, væri nýmæli á Íslandi. En það er auðvitað ekki nýlunda á Íslandi. Alþingi hefur sett sveitarstjórnunum lög um það að þau skuli gera þriggja ára áætlanir um fjármál, rekstur og framkvæmdir. Ég verð að segja að þar eru mörg miklu innihaldsríkari og nákvæmari plögg en þær grófu línur til þriggja ára sem við höfum fengið að sjá í dag. Ég held að menn þurfi í ríkari mæli að fara í slíka langtímaáætlanagerð, bæði markvissari og sundurliðaðri.

Ég verð að segja hæstv. fjmrh. að í morgun leitaði ég eftir því við embættismann fjármálaráðuneytisins að fá upplýsingar um það hverjar væru forsendur þessarar spár ráðuneytisins um tekjuskattsfjárhæð árið 2007, en fullyrt er að skattar muni lækka um 20 milljarða á því ári. Embættismaðurinn gat ekki veitt mér þær upplýsingar og sagði að þær væru ekki birtar. Mér finnst, hæstv. fjmrh., ekki vera viðunandi að vera ekki upplýstur um hvað gert er ráð fyrir að fjárhæð tekjuskatts verði árið 2007. Það er mikilvægt atriði í þessari umræðu og ég ætlast til þess að hæstv. fjmrh. upplýsi það í andsvari við ræðu minni, enda mikilvægt að fjalla um skattalækkanirnar 2007.

Í þriðja lagi hef ég nokkrar efasemdir um að rétt sé að kynna fjölmiðlum fjárlagafrumvarpið tveimur dögum áður en það er tekið til umræðu í þinginu. Ég hefði haldið að það væri sýnu nær að gera það samdægurs, þannig að umræðan fari fram á vettvangi þingsins en ekki nánast einhliða af hálfu fjmrh. í tvo daga áður en það kemur fyrir þingið. Enda hefur umræðan satt að segja verið nokkuð einkennileg. Hún hefur nefnilega snúist talsvert mikið um skattalækkanir, fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar. Það er út af fyrir sig rétt að í þeirri bjartsýnu framtíðarspá sem við hljótum öll að vonast til að gangi eftir er gert ráð fyrir nokkrum skattalækkunum.

En um þá framtíðarspá má kannski segja að fjarlægðin geri fjöllin blá og skattana lága. Þar er verið að gera ráð fyrir 20 milljarða skattalækkunum 2007 sem að hluta til eru fjármagnaðar með því að láta ekki persónuafslátt fylgja launavísitölu heldur halda persónuafslættinum niðri og ná þannig inn þriðjungi þessarar fjárhæðar, kannski 6–7 milljörðum, til að fjármagna skattalækkanir þeirra sem betur mega sín.

Síðan er gert ráð fyrir að hinn hluti skattalækkunarinnar verði fjármagnaður með hallarekstri á ríkissjóði árið 2007. Það er náttúrlega alveg augljóst að slíkt gengur aldrei til lengdar þó það kunni að vera svo það eina ár. Þess vegna eru þessar skattalækkanir árið 2007 algerlega handan við holt og hæðir og ekki hægt að ræða hér. En hér er til umræðu fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2004. Það er það eina sem á að leiða í lög á þessu þingi. Það er með skattalækkanirnar í þessu frv. eins og með gjöreyðingarvopnin í Írak, þær finnast hvergi. Þær finnast hvergi. Þvert á móti eru hér sennilega liðlega fjórir milljarðar í skattahækkunum á næsta ári. Ekki einasta láta þeir vera að lækka heldur hækka þeir skatta.

Það er dapurlegt að sjá unga þingmenn eins og hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, Sigurð Kára Kristjánsson og Birgi Ármannsson, efna svo heit sín við kjósendur. Þeir koma á sínu fyrsta þingi í sínu fyrsta frumvarpi, hafandi boðað skattalækkanir um land allt, og hækka skatta. Þeir hækka

skatta og á hverjum, herra forseti? Þeir hækka skatta fyrst og síðast á ungu fjölskyldufólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, með því að skerða vaxtabætur þeirra og halda til streitu sérstökum tekjuskatti sem að verulegu leyti hefur lagst á ungt barnafólk sem þarf að afla sér mikilla tekna vegna mikilla útgjalda. Þessu fólki boðuðu þeir aðra hluti.

Út af í fyrstu beygju. Út af í fyrstu beygju, sagði hæstv. forsrh. um nýjan þingmann á dögunum. Það er rétt að orði kveðið um skattalækkunarefndir þessara ungu þingmanna Sjálfstæðisflokksins. En hæstv. forsrh., það voru ekki þessir ungu þingmenn sem sátu við stýrið. Það var hæstv. forsrh. sem ók út af og efndi með þessum hætti loforð sín. Við hljótum að ganga eftir efndunum.

Í Kastljósi í vor sagði forsrh. hæstv., með leyfi forseta: „Ég sé það fyrir mér þannig að það verði ákveðið strax á haustþingi, strax á haustþingi þessa árs, að festa í lög alla þessa skattalækkun og tilkynna á hvaða dagsetningum nákvæmlega hún kemur til framkvæmda þannig að menn hafi það fyrir framan sig og það þyrfti ekkert að vera að tauta um það allt kjörtímabilið ja, jú við ætlum að fara að efna hitt — það liggja bara fyrir strax á haustþingi allar dagsetningar sem þessa skattalækkanir eiga að skila sér til fólksins í landinu."

Hvernig er þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. efnd? Hún er efnd með lagafrumvarpi um skattahækkanir, um skattahækkanir. Við hljótum að spyrja, þegar það er boðað að menn ætli ekki að lögleiða skattalækkanir fyrr en eftir kjarasamninga, hvort það sé þá rétt skilið að það eigi ekki að lögleiða þær á haustþingi. Það er ekki það sem lofað var, herra forsætisráðherra.

Því var ekki lofað að þið ætluðuð að nota skattalækkanir sem skiptimynt í kjarasamningum, að kjósendur þyrftu sem launþegar að slá af launakröfum sínum í febrúar til að fá efndir á loforðunum sem gefin voru í vor. Nei, herra forsætisráðherra, það er að selja sama keppinn tvisvar og að selja sama keppinn tvisvar eru svik. Á að lögleiða skattalækkanirnar hér á haustþingi eða ekki? Því hlýtur hæstv. forsrh. að þurfa að svara.

Í sama viðtali í Kastljósi sagði herra forsætisráðherra að það væri nauðsynlegt að breyta sköttum þannig að fólkið í landinu gæti borgað skuldir sínar. Og hvernig er það efnt nú? Nú, það er efnt með því að taka 600 milljónir út úr vaxtabótunum þannig að sérstaklega þeir sem skulda mikið, þeir sem þurfa að borga skuldir, fari verst út úr þeim breytingum sem nú eru lagðar til.

Á bls. 74 í þjóðhagsspánni geta menn séð hvaða áhrif þetta hefur og á hverjum þetta bitnar þyngst. Þar er það sýnt ágætlega að unga fólkið skuldar mest, eðli málsins samkvæmt. Það er að koma sér upp húsnæði og þessar aðgerðir bitna því harðast á því, þessar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að tal um skattahækkanir væru deilur um keisarans skegg. Hæstv. fjmrh., það er ekki nema von að deilt sé um keisarans skegg. Það er engu öðru til að dreifa til að deila um því keisarinn er ekki í neinum fötum.

Ein er skattahækkunin enn í þessu frv. Hér er gert ráð fyrir að persónuafsláttur hækki aðeins um 2,5% á næsta ári en launavísitala um 5%. Það þýðir um einn og hálfan milljarð í auknar álögur frá því grundvallarsjónarmiði að persónuafsláttur fylgi launavísitölu, þannig að skattar á hina lægst launuðu hækki ekki stig af stigi, ár frá ári eins og þeir hafa gert í tíð núverandi ríkisstjórnar.

[14:14]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti mikil ánægja að heyra félaga minn, bæði hér á Alþingi og í borgarstjórn, hv. alþingismann Helga Hjörvar, hafa áhyggjur af unga fólkinu í húsnæðiskaupum. Það er málaflokkur og mál sem ég hef vakið athygli á í borgarstjórn, held ég núna í hátt í fimm ár, því að enginn, ekkert stjórnmálaafl, ber meiri ábyrgð á því að það fólk sem er í húsnæðiskaupum er í ákveðnum vandræðum og hefur komið sér í vandræði en Samfylkingin. Ekkert stjórnmálaafl ber meiri ábyrgð á því að hækka húsnæðisverð en sá flokkur út af lóðaskortsstefnu hér í Reykjavíkurborg. Að heyra þennan ágæta þingmann, hv. þingmann, koma hér upp og hafa áhyggjur af þessum hópi er eitt og sér bara hið besta mál.

Það er samt ótrúlegt að fulltrúar Samfylkingarinnar komi í löngum röðum og tali um að hér séu ekki neinar efndir í skattamálum. Hér er vitnað í að við ungu þingmennirnir, ungu sjálfstæðismennirnir sem hér erum komnir, séum í einhverjum vandræðum. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur. Ég verð að segja eins og er, að koma hér og taka þátt í því í ríkisstjórnarmeirihluta, að vera hér með í liði sem er að fara í langmestu skattalækkanir í sögunni er ekki einungis góð byrjun, það er frábær byrjun. (**ÁRJ:** Er það ekki ...?) Og allt það sem við lögðum áherslu á hér í kosningabaráttunni, allt, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, kemur fram og mun koma fram á þessu kjörtímabili í skattamálum, hvort sem það er lækkun í prósentum á tekjuskattinum, sem er algjör nauðsyn — og við höfum alltaf tekið baráttu við aðila eins og þann ágæta hv. þm. sem ég ræddi hér við áðan, alltaf, hvort sem það er matarskatturinn eða annað. Ég vísa þessum málflutningi algjörlega til föðurhúsanna.

[14:16]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki nema von að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson skauti hér út og austur um allt annað en það sem til umfjöllunar og afgreiðslu er á þessum fundi. Það er frv. til fjárlaga árið 2004. Ekki vonir manna um það hvað kannski verði hægt að gera árið 2007 því að það liggur ekkert frv. fyrir þessum fundi um skattalækkanir 2007. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um þær lækkanir. Þær eru á þessu stigi máls ekkert annað en óskhyggja. Það frv. sem liggur fyrir þessum fundi er frv. upp á skattahækkanir upp á liðlega fjóra milljarða kr. ef tekið er tillit til þess að persónuafsláttur er ekki látinn fylgja launavísitölu og þannig eru skattbyrðar hinna lægstlaunuðu þyngdar. Ríflega fjóra milljarða kr. frá þessum flokkum sem fyrir aðeins örfáum mánuðum boðuðu kjósendum sínum skattalækkanir. Skattalækkanir.

Það frv. sem hér liggur fyrir er um skattahækkanir. Og hvernig sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson reynir að skauta fram hjá því út í borgarstjórn eða lóðirnar hér á höfuðborgarsvæðinu er það bara þannig að hann lofaði að lækka skatta og hann kemur hér á sitt fyrsta þing með frv. um það að hækka skatta um rúma fjóra milljarða, einkum skatta á ungt fólk, sína eigin kynslóð, á barnafjölskyldurnar sem eru skuldsettar vegna húsnæðiskaupa og þurfa að vinna sér inn mikið fé til þess að reka heimili, og lenda í hinum sérstaka tekjuskatti. Hann ætlar sérstaklega að endurnýja þann skatt með 4% álögum og hann ætlar sérstaklega að beita sér fyrir því að 600 millj. verði skornar niður í vaxtabætur.

Þetta eru efndirnar og það þýðir ekkert að koma hér á þessum fundi og segja að „við ætlum að gera eitthvað árið

2007". Forsætisráðherra, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hæstv. forsrh. lofaði því að það yrði lögfest á þessu þingi. Orð skulu standa.

[14:18]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar verður að virða mér til vorkunnar þótt ég muni aðeins meira en gengur og gerist akkúrat núna hér á þessari stundu. Ég skil vel að hv. þingmanni finnist það hið ómögulegasta mál að ég vitni í orð og efndir og hvað er að gerast hér almennt í þjóðfélaginu.

Ég held að þingmenn verði að átta sig á því að þegar hv. þm. Helgi Hjörvar talar um að hér sé um óskhyggju að ræða er viðkomandi að tala út frá ákveðnum reynsluheimi þar sem hann er vanur því að vera í framboði fyrir stjórnmálaafl sem stendur ekki við það sem það segir. Þegar hér liggur svo fyrir stjórnarsáttmáli, áætlun um skattalækkanir um ekki minna en 20 þús. millj., 20 milljarða — við höfum aldrei séð neitt slíkt áður, aldrei nokkurn tíma (**ÁRJ:** Er þá ekki ...?) — metur hv. þm. það þannig að það eigi ekki að standa við hann.

Hv. þm. er ekki vanur því frá reynsluheimi sínum, eins og hann fór yfir hér í byrjun, sem eru sveitarstjórnarmálin að menn standi við orð sín. En það liggur alveg fyrir að það verður gert, án nokkurs vafa. Menn geta hártogað það nákvæmlega eins og þeir vilja en allt það sem við sögðum í skattamálum mun standa. Og hér liggur fyrir áætlun um mestu skattalækkanir í Íslandssögunni, hvorki meira né minna. Og það verður að segjast eins og er að það er afskaplega gaman að vera í meiri hluta og geta tekið þátt í slíku. En þar sem ég þekki hvaðan hv. alþingismaður Helgi Hjörvar kemur skil ég vel að hann meti það sem svo að það verði ekki staðið við slíkt.

Svo fagna ég því, og það er ekki oft sem það kemur frá þessum hópi manna sem er vinstra megin í stjórnmálum, að viðkomandi sé sammála því að það sé fagnaðarefni að við vinnum loks bug á þessum illræmda skatti sem hátekjuskatturinn er. En eins og þingmaðurinn veit verður hann aflagður með öllu árið 2006.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna á að andsvaratími er tvær mínútur, og tvær mínútur eingöngu.)

[14:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Allt það sem við sögðum í skattamálum mun standa."

Hv. þm. Geir H. Haarde, hæstv. fjmrh., og Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., sögðu um skattamálin að hinn sérstaki tekjuskattur mundi falla niður um áramót, sögðu einfaldlega að hann mundi falla niður um áramótin. Hvar eru þær efndir ef allt sem þið sögðuð í skattamálum mun standa, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson?

Hæstv. forsrh. sagði, og ég skil ekkert í fréttastofu ríkissjónvarpsins að vera ekki búin að spila það fyrir okkur aftur og aftur og aftur og aftur, að hann mundi leggja fram frv. að lögum um skattalækkanir á þessu haustþingi og tímasetja þær nákvæmlega. Ef allt sem þið sögðuð í skattamálum á að standa, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, verðið þið að skila þessu frv. inn, frv. um skattalækkanirnar næstu fjögur árin, og tímasetningunum á þeim eins og lofað var en ekki nota það sem vopn í kjarabaráttu síðar í vetur til þess að knýja launakröfur fólks niður gegn því að þið þá loksins efnið einhvern hluta af loforðum ykkar. Augljóslega ná 20 milljarðar árið 2007 — jafnvel þótt að veruleika yrðu — ekki að efna loforð Sjálfstfl. um 28 milljarða í skattalækkunum, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, og því öldungis ljóst nú þegar að allt sem þið sögðuð í skattamálum mun ekki standa.

[14:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hljóti að gæta töluverðs misskilnings hjá hv. þingmanni gagnvart persónuafslætti og að það sé einhver gullvæg meginregla að hann eigi að fylgja launavísitölu. Því hefur aldrei, herra forseti, nokkurn tíma verið haldið fram að hann ætti að fylgja launavísitölu. Það hefur aldrei nokkur einasti einstaklingur eða nokkur einasti flokkur, að ég held, haldið því fram. Ég held m.a.s. að hans eigin flokkur, Samfylkingin, hafi aldrei nokkurn tíma lagt það til, ekki svo ég muni. Það er nefnilega alveg stórhættulegt ef við ætlum að fara að binda þetta við launavísitölu. Menn eru kannski svo fastir í farinu að þeir halda að við séum inni í einhverju kerfi þar sem eilíflega verður aukinn kaupmáttur.

Hugsum nú dæmið ef t.d. kaupmátturinn mundi rýrna, eins og oft hefur nú gerst á umliðnum áratugum á Íslandi, þetta hefur gengið upp og niður. Hvað ætlum við að gera þá? Hvað ætlum við að gera þegar neysluvísitalan fer upp fyrir launavísitöluna? Það sér hver í hendi sér. Ætlum við að auka skattana á fólk þegar kjörin rýrna? Það er eðlilegt, herra forseti, að við höfum þetta eins og við gerum þetta.

Þegar tekjur samfélagsins aukast, þegar heildartekjurnar eru að aukast, batna kjör einstaklinganna. Þá batna líka kjör ríkisins. Það er líka alveg bráðnauðsynlegt. Þegar kjörin fara hins vegar niður, þegar tekjur samfélagsins minnka, rýrna kjör einstaklinganna en þá rýrna líka kjör ríkisins og þá á ríkið einmitt að taka á sig sem mest af þessum skelli til þess að verja einstaklingana. Þannig er þetta kerfi byggt upp, þannig er það hugsað, og ég trúi ekki öðru en að hv. þingmaður átti sig á að þetta er svona. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að auðvitað ætlum við að hafa þetta svona áfram.

[14:25]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Víst var þetta fallega meint af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, þessi ábending til nýja þingmannsins um það hvað rétt væri og skynsamlegt í þessu.

En það var bara í grundvallaratriðum rangt, hv. þingmaður, vegna þess að staðreyndin er einfaldlega sú að yfir lengri tíma á Vesturlöndum og í iðnríkjum vex kaupmáttur. Það er einfaldlega langtímatilhneigingin. Og ef sú pólitíska ákvörðun er tekin að persónuafsláttur, lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, atvinnuleysisbætur og aðrir slíkir þættir fylgi aðeins verðlagsbreytingum en ekki kaupmáttarþróun vex jafnt og þétt ár frá ári bilið milli ríkra og snauðra. Og þá eftir allt of langa valdasetu afla sem þannig stjórna, leiðir það á endanum til þess að fólk á atvinnuleysisbótum og fólk á örorkulífeyri þarf að sækja sér daglegt brauð til hjálparstofnana kirkjunnar og annarra slíkra aðila.

Þess vegna verður kaupmáttur þessara hópa í persónuafslætti og í bótum til lengri tíma litið, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að fylgja kaupmáttarþróun.

[14:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef alltaf væri allt upp á við væri þetta kannski allt öðruvísi. En það er bara ekki þannig.

Ég var hins vegar að tala hérna um skattana. Það er öðruvísi í lögunum um bótagreiðslur, bæði almannatrygginga til ellilífeyrisþega og til örorkulífeyrisþega. Þar er undantekningin. Þar segir að fylgja skuli kaupgjaldsvísitölu eða neysluvísitölu eftir því hvor er hærri. Þannig er gengið frá þessu í lögunum. Örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar munu þannig aldrei lenda í því, þegar niðursveifla er í samfélaginu, að taka á sig skert kjör. Þannig var gengið frá þessu 1997. Og ég veit ekki betur en Ísland sé eina ríkið í heiminum þar sem það er tryggt að öryrkjar og ellilífeyrisþegar taki ekki þátt í því þegar niðursveifla verður í samfélaginu. Þeirra kjör eru einmitt tryggð í íslenskri löggjöf en ekki í löggjöf annarra þjóða. Þannig er okkar löggjöf fullkomnari og betri en hjá öðrum því að þessa er fullkomlega gætt í lögunum.

[14:28]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gott meðan hv. þm. getur státað af kjörum örorku- og ellilífeyrisþega á Íslandi. Ég er ekki viss um að allir mundu treysta sér til þess.

Ég fagna þó því að í þessu frv. er það meðal jákvæðustu þátta að gert er ráð fyrir því að verja einum milljarði til þess að tvöfalda grunnlífeyri örorkulífeyrisþega sem verða öryrkjar ungir. En það var, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, ekki vanþörf á. Það var sannarlega ekki vanþörf á. Það er auðvitað langt því frá, aldeilis alveg langt því frá, að örorku- og ellilífeyrisþegar hafi fylgt hér almennri kaupmáttarþróun síðustu tólf árin. Það er aldeilis alveg langt því frá og hverjum manni ljóst að þar hefur bilið breikkað, þar hefur bilið augljóslega breikkað á milli þeirra sem meira hafa og hinna sem minna hafa. Því fá orð þingmannsins ekki breytt.

[14:29]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill minna á að ræðumenn eiga að beina orðum sínum að forseta en ekki einstökum þingmönnum.

[14:29]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Stóru drættirnir í þessu fjárlagafrumvarpi bera vott um ákaflega trausta efnahagsstjórn á umliðnum árum og góðar líkur á að svo verði áfram á þessu kjörtímabili. Það liggur fyrir að kaupmáttur hefur vaxið samfellt í mörg ár, lengur en nokkru sinni áður í sögu íslenska lýðveldisins, og enn eitt ár mun bætast við þar sem kaupmáttur mun almennt aukast. Það liggur fyrir að atvinnuleysi á næsta ári er áætlað vera aðeins um 2%, sem er ákaflega lítið, sem ber vott um að atvinnustefna ríkisstjórnarinnar stendur mjög styrkum fótum og hefur stuðlað að því að atvinnustig er mjög hátt og hefur sjaldan verið hærra. Það ber vott um að skuldir ríkisins hafa minnkað á undanförnum árum og munu líklega halda áfram að minnka á næsta ári.

Ef við skoðum alla þessa efnahagslegu þætti, verðbólgu, atvinnustig, kaupmátt og skuldir, bera þeir allir vott um að efnahagur stendur ákaflega traustum fótum hér á Íslandi og líklegt er að svo verði áfram á þessu kjörtímabili. Helsta aðsteðjandi vandamál á kjörtímabilinu er ekki fólgið í atvinnuleysi eða lækkun kaupmáttar, heldur hinu að menn óttast að um ofþenslu geti orðið að ræða. Því þurfi þeir sem fara með ríkisfjármálin að huga að aðgerðum til þess að koma í veg fyrir, eftir föngum, að verðbólga fari á kreik vegna þenslunnar. Það eru vandamál sem eru ólík þeim sem oft hafa verið á umliðnum áratugum.

Við sjáum líka að tekjur ríkissjóðs standa vel undir þeim útgjöldum sem menn hafa ákveðið á hverju ári, jafnvel þótt að á undanförnum árum, m.a. á síðasta kjörtímabili, hafi skattar verið lækkaðir um fjögur prósentustig hvað tekjuskattinn varðar. Það er mesta skattalækkun sem ég man eftir að hafi orðið í íslenskri pólitík frá því ég fór að fylgjast með þeim. Þrátt fyrir þessa skattalækkun er staða ríkissjóðs ákaflega traust í þessum efnum.

Það er athyglisvert að helsta gagnrýnisefni Samfylkingarinnar er að ríkisstjórnin skuli ekki fara hraðar í enn meiri skattalækkanir ofan á þær miklu skattalækkanir sem verið hafa á undanförnum árum. Það sýnir að vissu leyti að stjórnarandstaðan á í erfiðleikum með að fóta sig í gagnrýni á ríkisstjórnina við þessar aðstæður í íslensku efnahagslífi.

Við sjáum líka dæmi um aukin útgjöld til viðkvæmra málaflokka í fjárlagafrumvarpinu sem hægt er að ráðast í vegna þess að ríkissjóður hefur meiri tekjur af sköttum. Það er vegna þess að þeir sem borga skattana hafa sjálfir meiri tekjur sem hægt er að taka af til ríkissjóðs en hafa eftir sem áður meiri tekjur fyrir sig, eins og tölurnar sína.

Við sjáum í þessu frumvarpi að áætlað er að framlög til lífeyristrygginga muni aukast um þrjá milljarða kr. Um einn milljarð kr. til þess að hækka grunnlífeyri örorkulífeyrisþega. Með þeim hætti eins og síðar mun sjást í frumvarpi að þeir sem urðu öryrkjar ungir munu fá meiri hækkun en þeir sem urðu öryrkjar seinna á æviskeiðinu. Mesta hækkun á grunnlífeyri getur orðið tvöföldun hafi menn orðið öryrkjar mjög ungir. Þetta er mikið réttindamál sem ríkisstjórnin náði samkomulagi um við samtök öryrkja fyrir síðustu kosningar og er að hrinda í framkvæmd. Það er ekki hægt að bera öðru við í þessu máli en að orð standi.

Í öðru lagi er verið að auka lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega í samræmi við samkomulag sem um þær voru gerðar fyrir síðustu kosningar. Þær greiðslur aukast um 1.100 millj. kr. á næsta ári eins og sjá má í fjárlagafrumvarpinu.

Í þriðja lagi vil ég nefna barnabætur sem hafa aukist mjög mikið á undanförnum tveimur árum vegna ákvörðunar um að hækka þær verulega og ég hygg að fjárhæðin muni aukast um þrjá milljarða frá því sem var þegar ákvörðunin var tekin.

Allt eru þetta dæmi um dreifingu tekna ríkissjóðs til málaflokka sem ég held að menn geti ekki deilt um að er skynsamleg, eðlileg og sjálfsögð.

Það eru ákveðnir hlutir sem ég tel rétt að gera að umtalsefni í þessari ræðu og vekja athygli á og setja fram sjónarmið mín um þau.

Ég vil í fyrsta lagi segja að ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að skattleggja eftir efnum. Þeir sem hafa háar tekjur eiga að borga hærri skatta en þeir sem hafa lægri tekjur. Ég er því eindregið á þeirri skoðun að hátekjuskattur eigi að vera áfram. Ég er út af fyrir sig sammála þeirri niðurstöðu ríkisstjórnarinnar að framlengja núverandi sérstakan tekjuskatt. En ég tel óskynsamlegt að lækka hann frekar frá því sem nú þegar hefur verið gert.

Ég vil minna á að hátekjuskattur skilar aðeins um 2% af tekjum af tekjuskatti. Þannig að hátekjuskatturinn er ákaflega rýr í roðinu og ræfilslegur sem hátekjuskattur. Ég tel nær að fara í hina áttina að breyta innheimtu ríkissjóðs af tekjuskatti þannig að stærri hluti tekjuskattsins sé tekinn með hátekjuskatti og minni hluti með almennum skatti.

Ég nefni líka að sérstakur tekjuskattur er í dag 5%. Var á síðasta ári 7%. Hann hefur lækkað um 2%. Ég nefni líka að tekjumörkin til sérstaks tekjuskatts hafa hækkað á tveimur árum um nærri 22%, eða langt umfram verðlag og langt umfram launabreytingar. Hvort tveggja hefur leitt til þess að þeir sem hafa háar tekjur hafa fengið skattalækkun hvað sérstaka tekjuskattinn varðar.

Miðað við forsendur frumvarpsins er áætlað að sérstaki tekjuskatturinn skili um 1.400 millj. kr. á næsta ári. Ef menn hefðu haft tekjuskattinn áfram 7% en stefndu ekki að því að hafa hann 4% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir mundi þessi tekjuskattur skila einum milljarði meira í ríkissjóð en hann gerir samkvæmt frumvarpinu.

Þá á eftir að meta lækkunina til tekjuhárra sem leiðir af því að tekjumörkin hafa hækkað svona mikið. Þannig að þessi hópur, hátekjuhópur, hefur fengið verulega ívilnun með breytingum síðustu tveggja ára.

Ef dreifingin á sérstökum tekjuskatti er skoðuð kemur í ljós samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. að það eru aðeins 6–7% framteljenda sem greiða sérstakan tekjuskatt. Það er ákaflega lítill hluti skattgreiðenda. Þeir eru langflestir í efstu tíund teknanna, þ.e. þá sem greiða sérstakan tekjuskatt er að finna í hópi þeirra 10% framteljenda sem hæstar tekjur hafa. Það er ákaflega eðlilegt að þeir sem eru í hópi þeirra sem mestar tekjur hafa borgi meiri skatta en hinir. Ég tel það ekki eðlilegt að það eigi að lækka sérstaklega skatta á þessum hópi umfram aðra hópa.

Því lýsi ég sjónarmiðum mínum í þeim efnum mjög skýrt. Ég lít svo á að við eigum að skattleggja tekjuháa umfram aðra til þess að stuðla að sátt um skattkerfið.

Ég minni á nýlega ræðu hægri mannsins Kåre Willochs í Noregi sem hann flutti um síðustu helgi. Þar vék hann einmitt að þessu atriði og fjármagnstekjuskatti sem hér er aðeins 10%. Ég vil ítreka þá skoðun mína sem ég hef alla tíð haft á því máli að ég tel að það eigi að vera sami skattur á vinnulaun, á tekjur af vinnu og tekjur af fjármagni. Það er mjög merkilegt að lesa það í norsku fjölmiðlunum að hægri maðurinn Kåre Willoch er orðinn sammála þessum sjónarmiðum. Ég tel tímabært að við tökum það til umræðu hér í þingsölum á Íslandi.

[14:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa rætt um skatta, nú síðast hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að það er mikilvægt að ráðist verði í breytingar á skattkerfinu. Ég trúi því reyndar að við séum komin þar inn í öngstræti og þörf sé á róttækri uppstokkun á skattkerfinu almennt. Umræðan hefur þó ekki fyrst og fremst snúist um það í dag, heldur um hið almenna skattstig. Ég er ekki í hópi þeirra sem skamma *ríkisstjórnina fyrir að standa ekki við hótanir sínar um að* skerða þegar í stað tekjur ríkis og sveitarfélaga. Því var hótað hér í vor. Ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir kölluðu það reyndar loforð um skattalækkanir. Ég leit hins vegar á þetta á gagnstæðan hátt sem hótun um að skerða tekjur ríkis og sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að nefna það sem ég tel vera jákvætt í þessu frumvarpi. Þar vil ég fyrst nefna hækkun á greiðslum til öryrkja, þ.e. þeirra sem verða öryrkjar á unga aldri. Þar tel ég vera stigið mjög mikilvægt framfaraspor. Þessi ákvörðun byggir á samkomulagi sem heilbrrn. gerði við Öryrkjabandalagið sl. vor og þótt deila megi um tímasetningar, að gera þetta rétt fyrir kosningar, þá er hitt ofar í mínum huga að hér er vísað á jákvæðan hátt inn í framtíðina. Framtíðin er sú að þeir sem á annað borð stíga út á vinnumarkað fái sínar tekjur í gegnum lífeyrissjóði, nokkuð sem hinir, sem verða öryrkjar á unga aldri, eiga ekki kost á.

Annað sem ég vil nefna ríkisstjórninni til hróss er það sem snýr að lífeyrismálum. Þar vísa ég ekki síst til stærsta lífeyrissjóðs landsins, LSR. Sem kunnugt er þá er hann tvískiptur. Nýrri hluti sjóðsins er sjálfbær sem kallað er. Iðgjöldin og ávöxtun sjóðsins rís undir þeim skuldbindingum sem hann er ábyrgur fyrir. Gamli hlutinn er það hins vegar ekki. Hann er rýr. Ástæðuna þekkjum við. Hann var notaður sem fjármagnsbrunnur um áratugi. Þaðan voru teknir milljarðar á milljarða ofan, vaxtalausir, og vissulega notaðir til uppbyggilegra verkefna í samfélaginu en afleiðingin varð engu að síður sú að hann er fjárvana. Á undanförnum árum hefur verið veitt umtalsvert fé til þess að tryggja að í framtíðinni verði vandinn ekki óyfirstíganlegur. Þetta finnst mér jákvætt.

Hvað varðar aðra þætti í lífeyrismálum, sérstaklega viðbótarframlag í séreignarsparnað og afnám þess upp á hálfan milljarð króna, hef ég grun um að við eigum eftir að ræða það nokkuð áður en upp er staðið.

Þriðja sem ég vil nefna jákvætt í þessu frumvarpi er að það vísar inn í framtíðina að því leyti að ríkisstjórnin gerir grein fyrir hverju hún vill koma í framkvæmd, hver hennar pólitísku og efnahagslegu markmið eru fram til loka þessa kjörtímabils árið 2007. Þetta vildi ég segja í upphafi.

En í upphafi ræðu sinnar barði hæstv. fjmrh. sér á brjóst og vísaði í álitsgjafa sem gæfu honum háar einkunnir fyrir *frammistöðu á undanförnum árum. Hverjir voru þeir álits*gjafar sem hæstv. ráðherra Geir H. Haarde vísaði í? Voru það verkalýðssamtökin? Nei. Voru það þeir hópar sem eiga allt sitt undir þessum fjárlögum komið? Voru það öryrkjarnir? Voru það atvinnulausir? Það var ekki vísað í þá, enda held ég að þeir hefðu ekki gefið þessu fjárlagafrv. háa einkunn.

Eða hvað segir hinn atvinnulausi maður sem nú stendur frammi fyrir því að fyrstu þrír dagar í atvinnuleysi skuli undanþegnir bótum? Gera menn sér grein fyrir því hvaða kjör atvinnulaust fólk býr við í okkar landi? Atvinnuleysisbætur á mánuði eru 77.499 kr. Útborgað er ekki nema 72.500 þegar skattar og lífeyrisgjöld hafa verið dregin frá. Hvað á að taka af þessu fólki? Við skulum reikna það út.

Samkvæmt kjarasamningum telst mánuðurinn 21,67 vinnudagar. Þrír dagar reiknast þannig 10.722 kr., sem ríkisstjórnin ætlar að stela af atvinnulausu fólki. Þetta eru fyrstu skilaboðin sem þessi ríkisstjórn sendir út í þjóðfélagið. Og þetta voru ekki þeir álitsgjafar sem hæstv. fjmrh. vísaði til. Nei, það var Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, að sjálfsögðu, sá *aðili heimsbyggðarinnar sem harðast hefur gengið fram í að* knýja fram markaðs- og einkavæðingu í heiminum og gildir þá einu hvort um er að ræða ríkar þjóðir eða snauðar. Þetta er álitsgjafi hæstv. ráðherra Geirs H. Haardes þegar hann ber sér á brjóst og gortar af fjárlagafrv.

Í ræðu sinni sagði hæstv. ráðherra að ekki stæði til að skerða samneysluna. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lagði einnig áherslu á þetta. Þeir bentu á að henni yrði haldið í skefjum, hún yrði ekki látin vaxa umfram 2% að raungildi. Þetta er hægt að skoða einnig í öðru samhengi með tilvísan til umfangs í efnahagsstarfseminni, hagvaxtarins, og skoða jafnvægið þar á milli. En þegar það er gaumgæft þá kemur í ljós að samneyslan mun vega minna sem hlutfall af vergri

landsframleiðslu í lok kjörtímabilsins en hún gerir nú, enda er þannig lagt upp í för að það á að framfylgja þeirri hótun að skerða tekjur ríkis og sveitarfélaga. Sú er hótunin og að sjálfsögðu mun það bitna á samneyslunni.

Þetta má skoða einnig á annan hátt. Við skulum reyna að hverfa út úr meðaltölunum og horfa til einstakra efnisþátta, vegna þess að samneyslan spannar allt þjóðlífið. Þar undir eru vegirnir, sendiráðin, utanríkisþjónustan, velferðarþjónustan, skólarnir og sjúkrahúsin. Hvar á að skera?

Þar staðnæmumst við fyrst við sjúkratryggingar. Þar er 740 milljóna niðurskurður og hann er ávísun á hærra lyfjaverð, minni stuðning til þeirra sem leita til sérfræðinga, til þeirra sem eru sjúkir og þurfa á hjálpartækjum að halda. Þarna er skorið niður.

Við getum haldið áfram og lítið víðar yfir sviðið. En, herra forseti, — eða á ég að segja virðulegi forseti, af því að nú er kona komin í þá stöðu — tími minn er á þrotum. En ég ætla að víkja að þessu nánar og ég ætla að víkja þá nánar að manninum með kanínurnar sem hæstv. heilbrrh. vísaði í í gær, en ég heyrði ekki betur en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ætlaði að taka það hlutverk að sér í heilbrigðiskerfinu. Nánar um það síðar.

[14:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerir að sérstöku umtalsefni þá fyrirætlan ríkisstjórnar að lögfesta þriggja daga biðtíma vegna atvinnuleysisbóta og nefnir m.a. það til sögunnar sem hann kallar reyndar rán, þ.e. að verið sé að stela peningum af atvinnulausu fólki upp á 10.722 kr.

Það er rétt að halda því til haga að með þessari breytingu er verið að færa atvinnuleysistryggingakerfi okkar til nokkurs samræmis við það sem gerist á Norðurlöndunum að Danmörku undanskilinni, eins og ég veit að þingmaðurinn veit. Í Noregi og Svíþjóð er þessi biðtími fimm dagar en reyndar sjö í Finnlandi.

Hann nefnir þessa tölu, 10.722 kr. Við erum að tala um þrjá daga af þeim 1.825 dögum sem Íslendingar á atvinnuleysisbótum eiga rétt á. Við erum að tala um 10 þús. kr. af tæpum 4 millj. 647 þús. kr.

[14:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum haldið áfram þessum útreikningum. Við gætum t.d. spurt hvað alþingismenn fá í laun á samsvarandi tíma og hvort við sem hér erum í sal séum reiðubúin til að afsala okkur þriggja daga launum. Erum við reiðubúin til að gera það? Ég held að menn séu almennt ekki reiðubúnir til þess.

En hér erum við að tala um þá aðila í þjóðfélaginu sem hafa minnstar tekjur af öllum. Það eru kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni að ráðast sérstaklega á þennan hóp. Ég vil beina spurningu til hæstv. félmrh.: Hver er skýringin á þessu? Telja menn að þetta forði þjóðinni frá atvinnuleysi, fæli fólk frá atvinnuleysi? Telur ríkisstjórnin að fólk ráði einhverju þar um? Það eru örlög fólks, ill örlög að missa atvinnu sína.

Ég óska eftir skýringum á þessu. Mér nægir ekki að heyra að aðrar þjóðir skuli fara fram með þessum hætti. Mér nægir það ekki. Ég vil vita hver skýringin á þessu er. Var það e.t.v. krafa fjmrn. að ráðist yrði á þennan hóp, að atvinnuleysistryggingar yrðu skertar? Hvaðan kemur þessi krafa? Er þetta sprottið innan úr félmrn. Er það stefna Framsfl. að skerða sérstaklega kjör atvinnulausra um rúmar 10 þús. kr.? Ég óska eftir skýringum.

[14:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir þingmaðurinn gefa það í skyn að um sé að ræða 10 þús. kr. skerðingu á mánuði. En rétt er að það komi skýrt fram að verið er að tala um þrjá daga af þeim fimm árum sem íslenskir launamenn eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Eins og ég tók fram áðan þá er verið að færa atvinnuleysistryggingakerfi okkar til nokkurs samræmis við það sem tíðkast í löndunum í kringum okkur.

Við getum svo tekið þá umræðu síðar, hv. þm., hvernig við teljum rétt að breyta því kerfi sem við búum við þegar kemur að atvinnuleysistryggingum. Ég er alveg tilbúinn í þá umræðu.

[14:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég hef gert grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum og óska mjög eindregið eftir því að þessar ákvarðanir eða þessar hugmyndir verði endurskoðaðar.

[14:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að töluverðs misskilnings gæti hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni þegar hann fer yfir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Það er opinber stefna, það er opinbert markmið ríkisstjórnarinnar sem margsinnis hefur verið ítrekað og farið yfir, að núna þegar við eigum von á þessum miklu framkvæmdum eigi ríkið að draga saman sína hluti, eigi að hopa þannig að rými sé fyrir fólk og fyrirtæki, til að koma í veg fyrir að hér myndist ofþensla, til að koma í veg fyrir að útflutningsfyrirtækin lendi á köldum klakanum, til að koma í veg fyrir það mikla atvinnuleysi sem mundi vera því samfara.

Þess vegna er ríkisstjórnin með þessu frv. einmitt að marka þá stefnu að samneyslan skuli ekki aukast nema um 2% að raungildi á ári, þ.e. til þess að rýma fyrir fólkinu. Þetta er stefna okkar. Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að hv. þm. Ögmundur Jónasson er algjörlega á öndverðum meiði. Það er hans vandamál. En þetta er ekkert launungarmál. Við erum að boða þetta og segja þetta af því að við vitum að þetta er rétt. Við verðum að gera þetta. Þetta er lífsnauðsynlegt. Það er mjög margt í ríkisrekstrinum sem við gætum minnkað og þarf að minnka. Ég hef oft farið yfir það og gæti svo sem tekið eina rispu í því enn þá, herra forseti.

En það kemur líka fram að þegar þessum framkvæmdum lýkur ætlar ríkisstjórnin sér að vera í stakk búin til þess að koma inn með auknum þunga, t.d. í framkvæmdum, gagnvart mjög mörgum þáttum infrastrúktúrsins, og byggja vegi, hús o.s.frv. Hún ætlar að vera reiðubúin til þess að koma þá inn. Þetta er stefnan. Þetta er opinber stefna okkar og við erum sannfærð um að hún sé rétt og bráðnauðsynleg.

[14:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að við erum ósammála í stjórnmálum. Engum þarf að koma það á óvart. Ég tel hins vegar að sú meðaltalsnálgun sem felst í aðferðafræði þessa frv. og að hluta til í málflutningi hv. þingmanns eigi að heyra sögunni til. Þessi aðferð var tíðkuð hér fyrr á tíð. Þá var ráðist í meðaltalsniðurskurð hjá hinu opinbera og þessa gætir enn í þessu frv. hvað varðar stjórnsýsluna. Hana á að draga saman um 1% óháð því hvaða stofnun um er að ræða og hvernig ástatt er fyrir henni.

Miðstýrð ákvörðun kemur fram um 1% samdrátt. Á sama tíma er vísað hér í almenna þróun samneyslunnar.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að á ýmsum sviðum er hægt að spara og að sjálfsögðu er ég fylgjandi því að ráðdeild sé sýnd í meðferð opinberra fjármuna. Ég heyrði hins vegar ekki betur en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi fyrst og fremst vísað til þeirra þátta samneyslunnar sem viðkvæmastir eru og mega síst við því að dregið verði úr fjármunum til, þ.e. heilbrigðisþjónustunnar. Þar er kominn maðurinn með kanínuna. En það ræðum við síðar.

[14:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó ég hafi ekki farið í marga þætti fjárlaganna í ræðu minni áðan þá hef ég oft gert það áður. M.a. hef ég tekið til umfjöllunar í þinginu hvort við ættum ekki að staldra við og skoða utanríkisþjónustuna, hve mikið, hratt og lengi hún eigi að vaxa. Margt, margt fleira hef ég áður farið í gegnum.

En ég vil spyrja hv. þm.: Ef hv. þm. er ósammála þeirri stefnumörkun sem ríkisstjórnin leggur fram með þessu frumvarpi, hvað vill hann og hans flokkur þá? Vill hann að ríkið haldi áfram að þenjast út? Vill hann að samneyslan haldi áfram á sama hraða og hún hefur verið á undanförnum árum á sama tíma og gríðarlegur innflutningur verður vegna þessara framkvæmda? Vill hann að við gerum ekkert? Drögum ekkert saman? Hvað vill hann þá? Hver er þá stefna Vinstri grænna í þessum málum? Ef hann er ósammála því að draga saman hjá ríkinu, hvað vill hann þá gera? Vill hann bara láta þetta allt saman ganga sína leið og við tökum afleiðingunum af því þegar allt of mikil þensla verður í samfélaginu, þegar verðbólgan fer á skrið, gengið setur útflutningsframleiðsluna út á gaddinn og fólkið fær ekki lengur vinnu við framleiðsluna?

Vill hann taka þeim afleiðingum? Ég trúi ekki öðru, herra forseti, en að hv. þm. sjái að það er lífsnauðsynlegt að fylgja þeirri stefnu sem nú hefur verið mörkuð.

[15:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála því að samneyslunni eru ákveðin takmörk sett vegna þess að skattlagningu eru ákveðin takmörk sett. Ég er líka fylgjandi því að við sýnum ýtrustu ráðdeild með opinbera fjármuni. Hin pólitíska spurning er hvernig þetta verði best gert, hvernig þetta verði tryggt. Um það deilum við, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann telur hugsjón sína um markaðsvæðingu og einkavæðingu leiða til þess að fjármunirnir nýtist betur og gagnist betur þeim sem þjónustunnar eiga að njóta. Ég er á öndverðum meiði. Ég hef hvatt til þess að við lítum þar til reynslunnar, reynslu þeirra þjóða sem hafa einkavætt og markaðsvætt grunnþjónustu samfélagsins, þar á meðal heilbrigðisþjónustuna.

Það er alveg rétt sem hæstv. heilbrrh. sagði í blaðaviðtali ekki alls fyrir löngu, að kerfisbreytingar leiða ekki til þess að vandinn hverfi. Áfram þarf að fjármagna þau verkefni sem við erum ásátt um að inna af hendi. Þá þarf að gæta að því hvaða leið, hvaða skipulag, leiðir til þess að við förum best með fjármuni, nýtum þá á hagkvæmastan hátt. Að því leyti hef ég varað við stefnu Sjálfstæðisflokksins um einkavæðingu og markaðsvæðingu í grunnþjónustunni.

[15:03]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Tími hagvaxtar er fram undan en jafnframt eru gerðar auknar kröfur um ábyrga hagstjórn við þær aðstæður sem nú eru upp komnar vegna áhrifa stóriðjuframkvæmda. Því skiptir miklu máli að við stjórn peningamála og ríkisfjármála sé tekið mið af þessu og að þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem náðst hefur verði ekki raskað. Fyrir liggur að þessar umsvifamiklu framkvæmdir munu reyna á þanþol hagkerfisins, sérstaklega á árunum 2005 og 2006.

Í haustferð fjárlaganefndar um virkjanasvæðið við Kárahnjúka, þar sem mestu framkvæmdir Íslandssögunnar standa nú yfir, og í heimsóknum til sveitarstjórna á Austurlandi sáust þess glöggt merki að nú ríkir bjartsýni og kraftur fyrir austan. Þar er sannarlega verk að vinna. Og nú á sér stað mikil uppbygging í sveitarfélögum þar sem nánast var stöðnun áður.

Það markar tímamót í vinnubrögðum við hagstjórn landsins að fjárlagafrumvarpinu fylgir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til ársins 2007. Hún styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar, gefur meiri yfirsýn yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum og stuðlar að áframhaldandi stöðugleika.

Ríkisstjórnin leggur megináherslu á að skattar verði lækkaðir á kjörtímabilinu. Skattalækkanir munu auka hagvöxt og tryggja að ávinningur góðrar hagstjórnar falli almenningi í skaut. Í þjóðhagsáætlun sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lagði fram og í ræðu hæstv. fjmrh. Geirs Haardes kemur fram að gert er ráð fyrir að um 20 milljörðum kr. verði á kjörtímabilinu varið til skattalækkana. Mikilvægt skref í skattalækkun verður tekið um áramót þegar hátekjuskatturinn verður lækkaður í 4%. Hann verður síðan lækkaður í 2% árið 2005 og felldur niður árið 2006. Tekjuskattur verður lækkaður á kjörtímabilinu um allt að 4% og eignarskattur afnuminn.

Ákveðið hefur verið að huga að breytingum á álagningu virðisaukaskatts á næstu fjórum árum. Mjög mikilvægt er að það verði gert og þar með staðið við áherslur Sjálfstæðisflokksins í skattamálum.

Lífskjör íslensku þjóðarinnar hafa á undanförnum árum batnað svo um munar. Þar er enginn þjóðfélagshópur undanskilinn en sem betur fer hafa þeir sem lægst hafa launin notið hlutfallslega mestrar kaupmáttaraukningar. Til að styrkja hag heimilanna enn frekar mun ríkisstjórnin leggja áherslu á að lækka skatta, t.d. virðisaukaskatt á matvæli. Sú aðgerð kemur öllum launþegum til góða.

Hagstjórn undanfarinna ára hefur leitt til þess að kaupmáttur hefur vaxið meira en dæmi eru um síðustu áratugi. Forsenda stöðugleika er hóflegar launahækkanir og lítil verðbólga. Stöðugleikinn er grundvöllur þess að kaupmáttur vaxi enn frekar.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að kaupmáttaraukning verði 2,5% á árinu 2004. Þegar þróun kaupmáttar hér á landi er borin saman við þróunina í löndum OECD kemur í ljós, sem er mjög athyglisvert, að kaupmáttur launa á almennum markaði jókst um 33% frá árinu 1994 til 2003 á Íslandi en um 13% að meðaltali í öðrum löndum OECD á sama tímabili.

Á árunum 2001–2003 voru barnabætur til fjölskyldna hækkaðar um 500 milljónir á ári, eða samtals um 1.500 millj. á tímabilinu. Stuðningur við barnafjölskyldur verður aukinn verulega á árunum 2005–2007. Stuðningurinn felst m.a. í

hækkun barnabóta og frítekjumarks auk þess sem enn frekar verður dregið úr tekjutengingum. Til athugunar er að auka þessar greiðslur á komandi árum með hækkun bótanna og frítekjumarks og með því að draga úr skerðingum vegna tekna. Þar sem eftir á að ljúka nánari útfærslu þessa er gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild til barnabóta í frumvarpinu.

Framlög til nokkurra forgangsmála verða hækkuð umtalsvert milli ára þrátt fyrir aukið aðhald í ríkisfjármálum. Má þar nefna framlög til lífeyristrygginga sem munu aukast verulega, þ.e. um 17% vegna samnings við eldri borgara.

Þá hækka framlög til örorkubóta sérstaklega og framlög til heilbrigðismála verða aukin. Einkum verða þau aukin vegna fjölgunar hjúkrunarrýma og dagvistunarrýma, úrræða í geðheilbrigðismálum og til að stytta biðlista eftir sambýlum fyrir fatlaða. Framlög verða einnig aukin til reksturs sjúkrastofnana og hjúkrunarheimila.

Virðulegi forseti. Framlög til menntamála aukast talsvert, einkum til háskóla og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. En framlög til háskóla, rannsókna og framhaldsskóla jukust um 49% frá árinu 2000 til 2004.

Í nýútkominni skýrslu OECD um menntamál kemur fram að Ísland er í hópi með Kanada, Danmörku og Svíþjóð. Þessi lönd verja meira en 6,2% af landsframleiðslu sinni til menntastofnana. Aðeins Bandaríkin og Kórea leggja hlutfallslega meira fé til skóla, þ.e. um 7%. Í skýrslu OECD kemur einnig fram að Íslendingar, ásamt Nýsjálendingum og Svíum, leggja þjóða mest fram í námslán.

Það hefur orðið bylting í framboði menntunar á háskólastigi og eru skólar á háskólastigi núna níu. Ísland er meðal fimm landa þar sem fjöldi stúdenta í háskólanámi hefur þrefaldast á sl. 25 árum. Fjöldi kvenna í háskólanámi hefur sexfaldast á þessu tímabili. Símenntunarstöðvar á landsbyggðinni eru núna níu talsins og það hefur gert allt nám auðveldara. Það hefur styrkt byggðina í landinu og hefur nemum í fjarnámi fjölgað ár frá ári. Það sýnir áhuga og þörf landsmanna til að sækja sér menntun. Þar eru tækifæri fyrir þá sem geta ekki vegna fjarlægðar eða atvinnu sótt menntun nema fyrir tilstuðlan fjarkennslu.

[15:10]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lagt fram fjárlagafrumvarp næsta árs og óhætt er að segja að það er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Þetta frv. ber ákveðin og bein skilaboð til allra þeirra er málið varðar um hvernig ríkisstjórnin hyggst efna þau kosningaloforð sem gefin voru í nýafstaðinni kosningabaráttu. Það er vísbending um þær málefnaáherslur sem verða ofan á í rekstri ríkisins á komandi árum og mánuðum.

Eins og við flest munum þá lofuðu ríkisstjórnarflokkarnir ótæpilega fyrir síðustu kosningar og þeim mun meira sem nær dró kosningum. Ekki er langt síðan þetta var og ekki hefur neitt nýtt komið fram sem ekki var vitað þegar loforðin voru gefin. Því er ákaflega fróðlegt að skoða í frumvarpinu fyrir árið 2004 hverjar efndirnar eru.

Ég minni að gefnu tilefni á það sem komið hefur fram fyrr í dag að við erum að fjalla um fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár og megum ekki láta áætlanir næstu ára á eftir trufla þá umræðu um of.

Í raun finnst mér eins og þeir sem hér hafa talað af hálfu ríkisstjórnarflokkanna vilji láta þessa umræðu snúast að miklu leyti um árin 2005, 2006 og 2007. En hér erum við að taka fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 2004. Ég held því að rétt sé að halda sig við það.

Með því að fara í umræður um árin 2005, 2006 og 2007 er í raun verið að segja: Við efnum ekki kosningaloforð okkar núna en við gerum það næst. Það er mjög þægileg leið, að vísa kosningaloforðunum fram í tímann og segja einmitt þetta.

Fyrir kosningarnar var lofað miklum skattalækkunum fyrir alla launamenn. Við munum flest loforð um að þessar lækkanir mundu verða tilkynntar og lögfestar í upphafi þings þannig að allir vissu að hverju þeir gengju í því efni til loka kjörtímabils. Hver eru síðan skilaboðin í fyrirliggjandi frumvarpi? Hverjar eru efndirnar? Engar almennar skattalækkanir á næsta ári. Loforð um skattalækkun er framlengt eins og víxill sem ekki er hægt að standa við að greiða. Það eru engar ákveðnar dagsetningar. Það eru engar ákveðnar upphæðir fyrir hvert ár kjörtímabilsins.

Þó að ekki séu boðaðar almennar skattalækkanir í frv. til fjárlaga næsta árs eru þó ákveðin skilaboð í því fólgin að lækka hátekjuskatt um 1% og láta þar við sitja. Þau skilaboð hljóta að vera að þarna brenni mest á að lækka skatta. Þar með eru skattalækkanir næsta árs upptaldar.

En í frv. er einnig lagt til að fara í viðbótartekjuöflun. Hver eru skilaboð ríkisstjórnarinnar í þeim efnum? Yfir það hefur verið farið hér í dag og því ekki mælt í mót að þetta séu megintekjuöflunartillögur ríkisstjórnarinnar. Afla skal 1 milljarðs kr. í viðbótartekjur með álögum á bensín og dísilolíu. Þessi hækkun mun að sjálfsögðu skila sér beint út í verðlagið, hafa áhrif á rekstrarkostnað heimilanna og vísitölu neysluverðs.

Eins og svo oft áður mun þessi tekjuöflun ríkissjóðs koma harðast niður á þeim sem minnst hafa en muna minna um hana hjá þeim sem tekjuhærri eru.

Í frv. eru einnig boðaðar aðhaldsaðgerðir og flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að beita aðhaldi í útgjöldum ríkisins. Hvar á að spara miðað við frv. hæstv. fjmrh. og hver eru skilaboðin sem lesa má út úr frv.?

Það hefur komið fram hér í dag að útgjöld til sjúkratrygginga eiga að lækka um 740 millj. kr., þ.e. lyfjakostnaður, hjálpartæki og sérfræðilæknar. Hvernig á að gera þetta samkvæmt frv.? Jú, eins og fram hefur komið á að auka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði. Það á að auka greiðslur sjúklinga til sérfræðinga og ríkið minnkar greiðsluþátttöku sína í hjálpartækjum. Vaxtabætur til þeirra sem notið hafa skulu lækka um 600 millj. kr.

Þegar við minnumst kosningaloforða um hækkun húsnæðislána og að lánshlutfall skuli fara upp í 90% af verði íbúðar, þá hlýtur þessi aðgerð að stinga í augun og kalla á einhverjar útskýringar.

Lækka skal útgjöldin um 500 millj. kr. með því að hætta að greiða álag frá ríkinu á viðbótarlífeyrissparnað launþega. Vissulega þarf einhvern tímann að afnema tímabundnar heimildir ríkisins til að leggja á tekjur eða auka útgjöld vegna sérstakra markmiða eða aðstæðna í þjóðfélaginu. En er það ekki tímaskekkja að gera það nú þegar frekari þörf er á að auka sparnað eins og hægt er til að sporna við einkaneyslu og frekari þenslu í hagkerfinu? Væri ekki betra að afnema þetta þegar hvetja þyrfti til frekari einkaneyslu en ekki þegar hvetja þyrfti til sparnaðar?

Hinar ýmsu stjórnsýslustofnanir eiga að spara 100 millj. kr. með flötum niðurskurði. Um þetta er lítið að segja, það er í raun alveg nóg að vísa til síendurtekinna tilrauna til að

skera flatt niður. Ekki er reynsla af flötum niðurskurði með þeim hætti að til eftirbreytni sé.

Síðast en ekki síst á að spara atvinnuleysisbótagreiðslur með því að hætta að greiða bætur fyrstu þrjá daga atvinnuleysis. Umræður hér fyrr á þingfundinum um þetta mál voru á þann veg að þetta væri kannski ekki mikið mál, þetta væru bara þrír dagar, væri ekki stór upphæð og að í nágrannalöndum okkar væri þetta tíðkað svona alls staðar nema í Danmörku, að biðtími væri á greiðslu atvinnuleysisbóta. Ég minni þá á að þar eru atvinnuleysisbætur að sjálfsögðu miklum mun hærri en hér. Því munar um þetta hér þar sem atvinnuleysisbætur eru þetta lágar.

Virðulegi forseti. Ljóst hefur verið af máli sveitarstjórnarmanna sem heimsótt hafa fjárln. undanfarna daga að full nauðsyn er á því að skoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélög ná ekki að reka lögbundna þjónustu með þeim tekjum sem þau hafa í dag. Þau hafa í raun verið að bjarga sér tímabundið með stórfelldri sölu eigna. Það verður ekki vikist undan því að semja við sveitarfélögin og það getur að einhverju leyti raskað tekjuforsendum þessa frv. Það er því nauðsyn að leiða viðræður við sveitarfélögin til lykta hið fyrsta þannig að niðurstaða viðræðna verði lögð til grundvallar í fjárlögum nýs árs.

Sveitarstjórnarmenn hafa líka lagt á það ríka áherslu að full þörf sé á því að mæta aukinni þörf fyrir hjúkrunarrými aldraða og ber að fagna því að í fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir að fjölga hjúkrunarrýmum um 150 árin 2004 og 2005 reyndar. En hækkunin á þessu framlagi nemur 400 millj. kr. á næsta ári. Mikið er um það að sveitarfélögin visti sjúka aldraða á dvalarheimilum og nauðsynlegt er að fram fari mat á því hið fyrsta hve margir hjúkrunarsjúklingar dvelji nú á slíkum heimilum og að sveitarfélögunum verði tryggðir fjármunir til þess að breyta hluta dvalarheimila í hjúkrunarheimili.

Virðulegi forseti. Það eru hin almennu skilaboð í frv. sem vekja mann til umhugsunar um hvert verið sé að stefna og hvernig gangi að jafna byrðar í samfélaginu. Í fljótu bragði verður ekki séð að frv. til fjárlaga sem nú hefur verið lagt fram sé mjög jákvætt spor í þá átt. Fjárlagafrumvarpið tekur þó alltaf breytingum í meðförum þingsins og búast má við að það muni einnig gerast með þetta frv. Nauðsynlegt er að í endanlegri mynd sé gert ráð fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum og áætla eins nákvæmlega og hægt er. Við megum ekki viljandi vanáætla einhverja liði með það í huga að taka það upp í fjáraukalögum síðar.

Fjárln. mun nú taka til við yfirferð á fyrirliggjandi frv. og segja mér eldri þingmenn að nú hefjist mikil vinna hjá okkur fjárlaganefndarmönnum. Þeirri vinnu kvíði ég ekki og vona að samstarfið við aðra nefndarmenn verði bæði gott og árangursríkt. Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að ná fram breytingum á frv. til fjárlaga og vonandi tekst það í störfum fjárln.

[15:20]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Gunnarsson er meðlimur í kórnum sem syngur svo falskt um sviknu loforðin. Og hér var hann að ræða um svikin loforð að hans mati varðandi skattalækkanir. En ég vil bara ítreka það sem ég sagði fyrr í dag að ef hv. þm. skoðar af sanngirni þau plögg sem liggja fyrir þinginu, þá kemur í ljós að hér er ekkert verið að svíkja nein loforð. Við framsóknarmenn sögðum það fyrir kosningar að við teldum að á síðari hluta kjörtímabilsins skapaðist svigrúm til skattalækkana og það er nú einfaldlega það sem kemur fram hér. Ég veit að hv. þm. er sanngjarn maður og ég er viss um að hann mun taka undir þetta hjá mér og staðfesta að þetta er rétt.

[15:21]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið eftir því í dag að hv. þm. Magnús Stefánsson hefur áður komið með þessa athugasemd hér í ræðustól. Það er alveg rétt hjá honum að Framsfl. talaði um það fyrir kosningar að lækka skatta á seinni hluta kjörtímabils og gera það í tengslum við kjarasamninga. En samstarfsflokkurinn gerði það ekki. Samstarfsflokkurinn var með loforð uppi um að lækka skatta mun meira en Framsfl. lofaði. Ég er bara það nýr í þessu og kannski undarlega gerður að mér finnst að þegar menn lofa einhverju þá eigi þeir að standa við það. Menn fá enga syndaaflausn eða syndakvittun bara með því að semja við einhvern annan flokk og segja svo: Ja, ég lofaði þessu, ég veit það, þetta var loforð fyrir kosningar, en nú er það stjórnarsáttmálinn sem gildir, loforðið skiptir engu máli lengur sem ég lofaði fyrir kosningar, það er stjórnarsáttmálinn sem gildir. Með öðrum orðum: Það er þá bara viðtekin venja að eðlileg hegðun sé að lofa og lofa fyrir kosningar og leysa sig svo undan þeim loforðum í einhverjum samningaviðræðum við annan stjórnmálaflokk til að komast í stjórn.

Þetta eru kannski vinnubrögð sem ég á eftir að læra, það getur vel verið, en ég vil taka það fram svo það liggi skýrt fyrir að hv. þm. Magnús Stefánsson lofaði örugglega ekki fyrir kosningar að lækka skatta strax, en hinn (**ÖJ:** Er ekki betra fyrir þjóðina að Sjálfstæðisflokkurinn svíki loforðin?) hlutinn af ríkisstjórninni gerði það svo sannarlega og það hefur vakið athygli mína reyndar í dag að þeir hafa ekki svarað þegar um þetta hefur verið rætt hér.

[15:23]

Útbýting þingskjala:

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 27. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 27.

Kosningar til Alþingis, 20. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 20.

Lögreglulög, 26. mál, frv. SigurjÞ, þskj. 26.

Tannvernd barna og unglinga, 25. mál, þáltill. ÞBack og ÖJ, þskj. 25.

[15:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leggja örfá atriði inn í umræðuna vegna þess að heilbrigðismál hafa nokkuð verið hér til umræðu í dag og þá sérstaklega sá sparnaður eða það aðhald sem er ætlað að hafa í sjúkratryggingum.

Ég vil byrja á að taka fram, eins og ég tók reyndar fram í ræðu minni í gær, að heildarframlög til heilbrigðismála hækka verulega samkvæmt frv., um 9% frá fjárlagafrv. síðasta árs. Þetta eru verulega miklir fjármunir, þar sem heildarútgjöldin til heilbrigðismála eru 110 milljarðar kr., eða um allt að 40% af útgjöldum fjárlaga.

Ég vil taka fram varðandi þá umræðu sem hefur verið í dag að útgjöld til hjálpartækja hækka samkvæmt frv. þrátt fyrir að við ætlum að hafa þar aðhald. Þau hækka um 5% sem er væntanlega raunaukning til þeirra mála. Útgjöld til lyfja hækka einnig samkvæmt frv. vegna verðlagsáhrifa fyrst og fremst um 6,3%, eða um 800 milljónir. Útgjöld til hjálpartækja hækka um 192 milljónir. Við höfum ætlað okkur að skoða hvort við getum lengt tímabilið um úthlutanir á

bifreiðum úr fjórum árum upp í sex, það er svipað og er í nágrannalöndunum, og það byggist á því að bílar eru endingargóðir nú til dags og ætlunin er að komast hjá því að mikið viðhald sé á bifreiðum á þessu tímabili og nágrannalöndin hafa farið þessar leiðir. En við erum nýbúin að rýmka úthlutun á bifreiðastyrkjum, þannig að þrátt fyrir þetta hækka útgjöld til þessa málaflokks um 192 millj. kr.

Í sambandi við lyfin hefur örlað á misskilningi í umræðunni og það kann að vera að við höfum ekki orðað þetta nógu greinilega í grg. með frv. en það er engin almenn og gegnumgangandi hækkun fyrirhuguð á þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði. Við höfum ætlað okkur að endurskoða flokkun á lyfjum, færa einstök lyf á milli flokka. Við höfum verið með starfshóp í tengslum við Landspítalann og Læknafélagið þar sem menn hafa verið að skoða ávísanir á ný og dýr lyf. Þetta er ofurviðkvæmt mál og erfitt og verður ekki unnið nema í nánu samráði við heilbrigðisstéttirnar hvort við förum of hratt í að vísa á ný og mjög dýr lyf ef önnur eru til jafngóð. Þetta höfum við ætlað að skoða og ég og við í heilbrrn. höfum verið í góðu samráði við Læknafélagið um þetta mál og það hefur viljað koma inn í þetta með okkur. En þarna eru miklir fjármunir sem um er að ræða. Hins vegar höfum við þá skyldu að veita sjúklingum þá bestu lækningu sem völ er á. Það er skylda samkvæmt lögum og við verðum auðvitað að uppfylla hana. En við viljum skoða það mjög grannt hvort menn fara of hratt í að ávísa ætíð á ný lyf ef önnur eru til með jafngóða verkun sem eru miklu ódýrari. Við einsetjum okkur að skoða alla þessa þætti. En við erum ekki með neina almenna gegnumgangandi breytingu á kostnaðarþátttöku sjúklinga í huga í þessu sambandi.

Síðan er eitt til viðbótar sem þarf að skoða: Erum við með of strangar reglur um innflutning lyfja? Er t.d. þörf á því á spítölum að öllum lyfjum fylgi notkunarseðill á íslensku? Það er eitt sem við þurfum að skoða, lyf sem gefin eru á sjúkrahúsum, þó að sjálfsögðu þurfi slíkur seðill að fylgja lyfjum til almennrar notkunar. Þessu vildi ég koma að til skýringar. En allt þetta, öll þessi vinna er til þess að reyna að halda eitthvað í við lyfjakostnaðinn sem hefur því miður vaxið mjög mikið og vex um 800 millj. á næsta ári samkvæmt áætlun frv., þrátt fyrir að við ætlum að veita aðhald um 450 millj.

Varðandi komugjöldin á heilsugæslustöðvarnar þá vil ég taka það fram og það má ekki gleymast í þessu sambandi að komugjöld á heilsugæslustöðvar árið 1999, ef ég man rétt, voru 850 kr., verða núna 600 kr. eftir hækkunina. En við megum ekki gleyma því heldur að það gilda sérstakir taxtar fyrir öryrkja, aldrað fólk og börn varðandi komugjöldin og það sama má segja um sérfræðingana.

Síðan er eitt mál sem ég hefði talið fulla þörf á að kynna betur og það er að fólk með lágar tekjur getur sótt um endurgreiðslu á sjúkrakostnaði til Tryggingastofnunar samkvæmt reglugerð sem út hefur verið gefin um það. Ég hef rætt um að það þurfi að kynna þetta betur og halda þessu betur á lofti því það á að vera öryggisnet fyrir þá sem hafa lágar tekjur.

Hér hefur verið rætt um einkarekstur heilbrigðisþjónustu og einkavæðingu og ég hef gert skýran greinarmun þar á. Við höfum nýtt einkarekstur í mörgum greinum heilbrigðisþjónustu, t.d. í öldrunarmálunum. Við höfum gert tilraun með að bjóða út rekstur einnar heilsugæslustöðvar. Það skiptir ekki máli fyrir notendur þjónustunnar, komugjöldin eru þau sömu þar eins og annars staðar, greidd af ríkisvaldinu. Við fengum tilboð í þann rekstur frá ágætu fólki og það verður fróðlegt að vita hvernig sú starfsemi fer, en það er í Salahverfinu í Kópavogi. Þar erum við að feta okkur inn á nýja braut en þetta er ekki einkavæðing, ríkið greiðir þessa þjónustu og það skiptir ekki máli fyrir notandann hvernig hún er veitt. Þetta er gert í tilraunaskyni, en þarna vil ég gera skýran greinarmun á. Einkavæðing er það ef allt er sett út á markað og bara framboð og eftirspurn ræður og sjúklingarnir borga. Þá eru menn komnir út í einkavæðingu.

Ég hef viljað að heilbrigðiskerfið sé aðgengilegt fyrir alla og að við höfum eitt kerfi. Það hefur verið mitt markmið. Ég hef ekki orðið var við annað en að það sé bærilegt samkomulag um það, þó að allir viti auðvitað hvernig umræðan hefur verið í þessu efni, það bryddar alltaf á þeirri umræðu að það þurfi að einkavæða meira og það sé lausnin. En ég held að það sé þrátt fyrir allt nokkuð góð samstaða um að heilbrigðisþjónustan sé rekin af skatttekjum að miklu leyti, þó að hluti af okkar heilbrigðiskerfi sé rekinn af gjöldum notenda. Það er staðreynd. En þar sem menn hafa gengið lengst í einkavæðingu eins og í Bandaríkjunum, þar er heilbrigðisþjónustan langsamlega dýrust, það sýna tölur OECD. Þau eyða langmestum fjármunum til þessarar þjónustu.

[15:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í öllum aðalatriðum er ég sammála hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni, en vek athygli á því að hjá Sjálfstfl. hefur orðið ákveðin stefnubreyting varðandi einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni. Fyrir fáeinum árum fylgdi flokkurinn þeirri stefnu að notandinn ætti í auknum mæli að greiða fyrir þjónustuna, einnig í heilbrigðisgeiranum og vísa ég þar í sérstakan bækling sem fjmrn. gaf út í tíð forvera núv. hæstv. fjmrh. þar sem gerð var grein fyrir þessari stefnu.

Núna hafa aðrar áherslur verið teknar upp og í anda Verslunarráðsins sem fyrir hönd sinna umbjóðenda vill komast inn í þessa þjónustu. Nú er sagt: Skattborgarinn á að greiða fyrir þjónustuna en framkvæmdin á að vera einkarekin. Og ég er ekki alveg sammála hæstv. heilbrrh. að því leyti að þetta skipti engu máli fyrir notandann. Það getur gert það. Hann vísar í útboð á heilbrigðisþjónustu í Salahverfinu. Sú hætta er nefnilega fyrir hendi að ef þjónustan er skipulögð á markaðsforsendum, það eru fjárfestar sem reka hana, þá gera þeir það með það fyrir augum að hafa sem mestan hagnað út úr henni. Það getur bitnað á þjónustunni.

Ég geri hins vegar skýran greinarmun á sjálfseignarstofnunum annars vegar, og þar er ég sammála hæstv. ráðherra þegar hann vísar í öldrunargeirann, sjálfseignarstofnunum á borð við DAS, Hrafnistu o.s.frv. og fyrirtækjum sem rekin eru í hagnaðarskyni. Hugtök skipta máli því það er tekist á um þau. Þau vísa inn í þann veruleika sem við erum í þann veginn að smíða.

[15:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. s. sagði að það gæti skipt máli fyrir notandann ef þjónustan er rekin á markaðsforsendum, hún gæti verið verri. Það er vissulega hætta á því en það er sett fyrir þann leka að mínu mati vegna þess að t.d. í umræddu útboði var það undirbúið mjög vandlega og skilgreint í smæstu atriðum hvað verið væri að fara fram á og hvernig ætti að veita þjónustuna. Í þetta var lögð mjög mikil vinna sem nýtist hvernig sem fyrirkomulagið verður í framtíðinni. Það skiptir mestu máli í þessu að skilgreina

þjónustuna sem allra best, þannig að það sé ljóst hvað ríkið er að kaupa af þessum aðilum, t.d. í því tilfelli sem ég gerði að umræðuefni.

[15:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt þetta kannast ég við. Nú er talað um skýr ákvæði í samningum, gagnsæja samninga á milli verkkaupa og verksala og eftirlit. Það er kapítuli út af fyrir sig að taka upp umræðu um þetta eftirlit. Það er enn annar kapítuli að tala um þessa nýsovésku útgáfu af eftirlitskerfum, vegna þess að fylgifiskur þessara nýju kerfa, þessarar einka-framkvæmdar innan velferðarþjónustunnar er eftirlitsbákn, endalaust eftirlit. Það er kveðið á um það í samningi að það eigi að vera súpa í hádeginu á elliheimilinu, en hvað er í súpunni? Það þarf að senda eftirlitssveit á vettvang. Það á að þvo gólfin í skólanum, en hvernig sápa er notuð á gólfin? Það þarf að senda eftirlitssveit á vettvang.

Það er verið að smíða mjög dýrt og svifaseint kerfi í stað þess sem við þegar höfum. Við erum með mjög góða heilbrigðisþjónustu, almennt erum við með mjög góða og vel skipulagða heilbrigðis- og menntaþjónustu. Við eigum að reyna að byggja á henni, bæta hana. Ég er vissulega talsmaður þess að við sýnum ráðdeild í hvívetna í meðferð opinberra fjármuna en ég bið þess lengstra orða að ekki verði haldið út á þessa braut markaðsvæðingar sem ég þykist vita að hæstv. heilbrrh. svona innst í hjarta sínu trúir ekki heldur á.

[15:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki mjög vel að mér í sovéskum eftirlitskerfum en ég næ því einhvern veginn ekki heim og saman að það sé alveg sama-semmerki á milli þess að það þurfi ekkert eftirlit ef það eru opinberir aðilar sem sjá um þjónustuna en það þurfi því meira eftirlit ef hún er rekin á þennan hátt.

Ég er auðvitað ekki að mæla með eftirlitssveitum í smæstu atriðum, auðvitað hafa menn sínar tékkprufur á því eins og dæmin sanna. En ég get ekki skilið að það sé náttúrulögmál að það þurfi ekkert eftirlit ef þjónustan er ríkisrekin. Það þarf vissulega. Landlæknisembættið sér t.d. um eftirlit með þjónustu sjúkrastofnana og það er eftirlitskerfi þar í gangi. Því miður þurfum við að halda uppi eftirlitskerfum í nútímasamfélagi. En ég held að þetta séu nokkuð dramatískar lýsingar að menn þurfi að kanna á hverjum degi hvað er í súpunni hjá þessum aðilum. Ég held að hv. 9. þm. Reykv. s. máli myndina nokkuð sterkum litum hvað þetta snertir.

[15:41]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til fjárlaga fyrir árið 2004. Það er markmið okkar stjórnarliða og hlutverk okkar stjórnarliða sem sitjum í fjárln. Alþingis að varðveita og tryggja stöðugleikann. Slíkt markmið krefst aðhalds í útgjöldum ríkissjóðs. Það aðhald helgast einna helst af miklum framkvæmdum við virkjanir og stóriðju á Austurlandi. Þar ríkir bjartsýni og fyrirsjáanleg gjörbreyting á þróun íbúafjölda á Austurlandi.

Fram undan eru þenslutímar sem ná hámarki á árinu 2006. Því er nauðsynlegt, eins og ég hef áður sagt, að hið opinbera sýni aðhald og það er markmiðið. Þessi hagstjórn kallar á misvinsælar ákvarðanir eins og gengur, svo sem frestun á opinberum framkvæmdum o.fl.

Hér hefur stjórnarandstaðan farið mikinn og verið tíðrætt um svik stjórnarflokkanna í skatta- og velferðarmálum. Í aðdraganda kosninganna í vor lögðum við framsóknarmenn áherslu á að efla velferðarkerfið og menntakerfið en umfram allt að varðveita stöðugleikann. Þessar áherslur okkar framsóknarmanna endurspeglast í því fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram.

Mig langar að nefna nokkur atriði er finna má í því frv. sem lagt hefur verið fram. Hvað varðar málefni fatlaðra þá er það nú svo að málefni fatlaðra hafa notið forgangs í ráðuneyti félagsmála á síðustu árum og það er ánægjulegt að sjá þess stað í því frv. sem hér hefur verið lagt fram að út af þeirri stefnu hefur ekki verið breytt. Framlög til málaflokksins hafa aukist ár frá ári og biðlistar eftir húsnæði fyrir fólk með fötlun hafa styst verulega. Sérstaklega vil ég vekja athygli á því góða samstarfi sem ríkt hefur á milli hússjóðs Öryrkjabandalagsins og félmrn. í uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlaða. Í fjárlögum ársins 2004 er gert ráð fyrir að framlög til málaflokksins hækki um tæp 7%. Því getum við gert ráð fyrir að biðlistar eftir húsnæði fyrir fatlaða haldi áfram að styttast og er það vel.

Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 9,4 milljarða á milli ára, eða um 9% hækkun á framlögum til heilbrigðis- og tryggingamála. Margir ánægjulegir áfangar eru fram undan í átt að bættum kjörum aldraða og öryrkja. Einum milljarði króna verður varið til að bæta kjör öryrkja sérstaklega. Þar verður horft til þeirra sem yngri eru og hafa því mjög takmarkaðan lífeyrisrétt vegna þess að þeir hafa ekki langan starfsaldur á hinum almenna vinnumarkaði.

Verja á einum milljarði í uppbyggingu á öldrunarþjónustunni. Þar er mikið verk óunnið og ljóst að umræddur milljarður er þarfur. Hér er því verið að stíga stór skref á langri leið með það að markmiði að gera enn betur við þessa þjóðfélagshópa.

Eins og ég hef áður sagt lögðum við framsóknarmenn mikla áherslu á menntamál í aðdraganda kosninganna sem og málefni ungs fólks almennt. Sérstaka áherslu lögðum við á málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Framlög til LÍN hækka um tæp 13% á milli ára. Þar er verið að styrkja rekstur lánasjóðsins og mæta kostnaði samfara hækkun á framfærslugrunni LÍN, enda var kominn tími til að hækka þá viðmiðun sem þar var lögð til grundvallar. Ég tel að það beri að endurskoða framfærslugrunninn og í þá vinnu verði að fara á yfirstandandi kjörtímabili.

En höfuðviðfangsefni okkar stjórnmálamanna er að viðhalda stöðugleikanum. Stöðugleikinn hefur skilað mestum kjarabótum til almennings í landinu á síðustu árum, enda mun kaupmáttur launa hækka á næsta ári, það níunda í röð. Við framsóknarmenn lögðum áherslu á skattalækkanir í vor og við höfum alla tíð sagt að skattalækkanir verði framkvæmdar með hliðsjón af fyrirhuguðum kjarasamningum, og það mun standa. Þar eru engin svik.

Við sögðum jafnframt að skattalækkanirnar ættu að koma til framkvæmda á síðari hluta kjörtímabilsins. Það mun jafnframt standa og engin svik þar. Það er því óforsvaranlegt og óheiðarlegur málflutningur að mínu mati að heyra einstaka stjórnarandstöðuþingmenn halda því fram að Framsfl. sé að ganga á bak orða sinna í þessum efnum. Það er einfaldlega ekki rétt.

Hæstv. forseti. Við Íslendingar búum við lífskjör sem best gerast í víðri veröld. Miðað við málflutning stjórnarandstöðunnar í dag mætti halda að hér væri allt á vonarvöl, en þannig

er veruleikinn einfaldlega ekki. Auðvitað má alltaf gera betur og það ætlum við okkur að gera. Ríkisstjórnarflokkarnir ætla að bæta kjör allra þjóðfélagshópa á yfirstandandi kjörtímabili. Til þess að svo geti orðið þurfum við að sýna aðhald í ríkisrekstrinum, hemja verðbólgudrauginn og varðveita stöðugleikann. Að því hljótum við öll að stefna.

[15:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef hlýtt dálítið hugsi á þá umræðu sem hefur farið fram hér í dag. Menn hafa mikið talað um þá ábyrgð sem þeir bæru á festu í fjármálastjórn í þessu landi en síðan hafa kannski þeir sömu og reyndar líka aðrir staðið hér í ræðustólnum og lýst því yfir að það stæði til að lækka skatta á þessu kjörtímabili og það ekkert lítið.

Ég verð að segja eins og er að ég tel að þeir sem lýsa því yfir að þeir hafi það hæst uppi að sýna ábyrgð í stjórn landsins og fjármálum þess og lýsa því síðan yfir að þeir ætli að lækka skatta á þessu kjörtímabili svona mikið geti ekki efnt hvort tveggja. Ég tel að því miður séu vísbendingar um að ekki sé hægt að gera hvort tveggja.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir í dag að ofan á þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í þessu frv. bætast þær framkvæmdir sem munu leiða af stækkun Norðuráls. Það liggur líka fyrir að spennutími á þessu kjörtímabili mun a.m.k. ná fram til 2007. Þegar menn bæta síðan við þeim gífurlegu framkvæmdum sem fylgja því ef það verður stækkað inni í Hvalfirði, í Norðuráli, og velta líka fyrir sér hvaða framkvæmdir verða á biðlistanum, uppsöfnuð framkvæmdaþörf á þessum tíma, er nú býsna óvarlegt að lofa því að lækka skatta með þeim hætti sem menn hafa verið að gera hér. Ég ætla ekki að taka þátt í þeim leik að herma það upp á menn, eins og gert hefur verið hér í dag. Ég tel að þrátt fyrir loforðin öll sé það loforðið mest um vert að haga sér skynsamlega við stjórn landsins. Mér finnst að hér hafi menn verið að skjóta sig í fæturna í þessari umræðu.

Ég tek eftir því t.d. að í þjóðhagsáætluninni stendur, með leyfi hæstv. forseta, á einum stað:

„Samræmd stjórn peningamála og opinberra fjármála er nauðsynleg til þess að sem best takist til í atvinnulífinu. Þegar fyrirboðar eru um samdrátt í hagkerfinu eða jafnvel samdráttur hafinn er að jafnaði hyggilegt að slaka á aðhaldi í peningastjórn og auka eftirspurn af hálfu hins opinbera, t.d. með því að lækka skatta og/eða flýta ákveðnum hagkvæmum framkvæmdum.“

Er einhver samdráttur fram undan?

Síðan stendur hér áfram, með leyfi forseta:

„Þegar fyrir liggur að spenna sé að myndast í hagkerfinu er að jafnaði vænlegast að fara gagnstæða leið.“ — Sem sagt, ekki að lækka skatta.

Hér hafa einhverjir aðrir skrifað textann en þeir sem hafa talað fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í dag. Auðvitað er þetta svona. Og ég segi að það er ekki skynsamlegt af mönnum að ganga hér upp með svardaga um að standa við bæði markmiðin því að það er ekki víst að hægt sé að standa við þau bæði. Menn verða kannski að fórna öðru þeirra. Og verra væri það ef menn fórnuðu markmiðinu um að sýna ábyrga fjármálastjórn í þessu landi.

Hæstv. forseti. Ég tek eftir því að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að bæta neinum peningum í til byggðamála. Það þýðir að það er verulegur samdráttur í fjármunum til byggðamála fram undan á árinu 2004 frá því sem var á árinu 2003. 700 millj. kr. var bætt við til byggðamála á síðasta ári. Svo er í þessu frv. gert ráð fyrir að hér sé um að ræða svipaða upphæð og á árinu áður, þ.e. tæpar 600 millj. kr.

Þetta hlýtur að verða áhyggjuefni einhverra á þessu landi því að það er ekki eins og það standi til að byggja Kárahnjúkavirkjun nema á Austurlandi. Það er áreiðanlegt að ruðningsáhrif þeirrar framkvæmdar munu koma fram einhvers staðar annars staðar í dreifðum byggðum landsins. Full ástæða er til að hafa það í huga. Það stendur hvergi í þessu frv. að menn hafi velt fyrir sér að það þurfi að taka á einhvers staðar annars staðar á þessu landi til þess að vinna gegn þeim áhrifum sem hljóta að koma fram.

Vegna þess að ræðutími minn er stuttur langar mig til að beina umræðunni að því sem ég tel að sé jákvætt að hluta til og það er að hér stendur þó a.m.k. að það eigi að setja málefni aldraðra í forgang. Hér er gert ráð fyrir auknum fjármunum til málefna aldraðra. En málefni aldraðra og málefni sveitarfélaganna eru æðimikið samgróin og málefni aldraðra eru eitthvert mesta áhyggjuefni í sveitarfélögum allt í kringum landið um þessar mundir. Stefnan sem hefur verið rekin fram að þessu með dvalarheimilum aldraðra — hið opinbera hefur komið til móts við sveitarfélögin með þeim hætti að það hefur ekki verið hægt að reka hjúkrunarheimili vegna þess að þessi heimili hafa í raun og veru verið að breytast í hjúkrunarheimili á undanförnum árum. Og mismunurinn á því að reka þessi dvalarheimili aldraðra eftir því hvort þau eru talin vera hjúkrunarheimili eða eru kannski hjúkrunarheimili en fá framlög eins og þau séu dvalarheimili aldraðra er æðimikill. Þetta er vandi sem menn þurfa að horfa framan í. Það er í raun og veru ekkert minna en stefnubreyting sem menn þurfa að fara í gegnum því að dvalarheimili aldraðra munu almennt vera að breytast í hjúkrunarheimili og úrræði af því tagi sem menn ætluðu að hafa á þessum stöðum eru þá miklu færri og verða það í framtíðinni. En ríkisvaldið hefur með einhvers konar handavinnu ákveðið hverjir eigi nú að fá framlög sem svara til þjónustunnar. Og það er ekki nærri alls staðar að menn fái framlög eins og um sé að ræða hjúkrunarheimili sem þó sannarlega er hægt að segja að sé. Ég hvet til þess að menn fari yfir þetta mál í heild og geri það í góðu samráði við sveitarfélögin þannig að stefnubreytingin geti gengið yfir sem allra fyrst. Þessi vandi er mjög erfiður víða og á þessu þarf auðvitað að taka.

Margt væri gaman að ræða hér en tíminn er allt of stuttur til þess. Það er mikið umhugsunarefni sem hefur verið rætt hér oft í dag, þessi hátekjuskattur. Ég hef hreinlega áhuga á því að vita það ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa það. Í stefnuræðu hæstv. forsrh. sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram hefur komið að ég og fjármálaráðherrann litum svo á að hátekjuskattur væri með lögum sjálffallinn niður um næstu áramót. Niðurstaða stjórnarflokkanna varð engu að síður sú að framlengja skattinn.“ — Þetta sagði hæstv. ráðherra. Og mér finnst einhvern veginn að það þurfi að útskýra þetta svolítið betur. Hæstvirtir ráðherrar lofuðu því í kosningabaráttunni að þessi skattur skyldi allur falla niður, koma svo með einhverja ámátlega útskýringu um það að þeir hafi staðið í þeirri meiningu að hann ætti að falla niður. Var þetta ekki einhver stefna sem var lýst yfir, einhver loforð í kosningunum? Var ekki verið að segja frá því?

Sá skattur sem þarna er á ferðinni er upp á 80 millj. En það er verið að hækka aðra skatta, eins og hefur verið farið yfir í dag, verulega mikið, og heildarskattbyrðin á almenning

í landinu eykst um umtalsverða fjármuni í þessu fjárlagafrv. ef ekki verður út af því breytt.

[15:58]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég er hér kominn til að bera undir hæstv. fjmrh. stöðu Ríkisútvarpsins sem um er fjallað í greinargerð fjárlagafrv. í kaflanum um fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta. Í afar stuttu máli er í þeirri umfjöllun sú frétt ein að ríkisstjórnin virðist ekki ætla að aðhafast í margvíslegum vanda Ríkisútvarpsins. Enn er gert ráð fyrir halla á rekstrinum, um 155 millj. kr. í þetta skiptið, en sá halli er í rauninni meiri því að auki kemur svokallað lán úr ríkissjóði til að endurnýja og bæta tæki og búnað, 200 millj. Mínusinn árið 2004 er í raun 355 millj., næstum helmingi meira en hallinn sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, 188 millj.

Það er greinilega ekki gert ráð fyrir neinum öðrum auknum tekjum fyrir tilstilli almannavaldsins, með hækkun afnotagjalda eða öðrum hætti. Ekkert er heldur að sjá um Ríkisútvarpið í stjórnarsáttmála, nýfluttri stefnuræðu eða þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar.

Halli á Ríkisútvarpinu hefur auðvitað áhrif á eiginfjárstöðu þess og það er einmitt fróðlegt að skoða nú með hæstv. fjmrh. eiginfjárstöðu Ríkisútvarpsins síðustu árin. Þróun hennar ber ágætan vott um hug og sinnu ríkisstjórnarinnar til þessa óskabarns sem eitt sinn var hjá þjóð og þingi. Þar hefur sífellt sigið á ógæfuhlið frá miðjum síðasta áratug. Fyrir sex árum, árið 1997, var eiginfjárstaða fyrirtækisins 36,4%, 1998 27,4%, 1999 21,1%, 2000 20,1%, 2001 aðeins 12,5% og árið 2002 enn niður, í 9,4%. Á þessum tíma hefur talan lækkað úr 36% í 9% og mér sýnist að aukinn halli í ár, 2003, og síðan árið 2004, samkvæmt frv., gæti þrýst eiginfjárstöðunni niður í 6–7%. Það þarf ekki mikla viðskiptafræði til að sjá að venjulegt fyrirtæki með þessa eiginfjárstöðu væri í verulegum vanda og stjórnendur þess og eigendur sætu nú á rökstólum undir þrýstingi frá bankanum sínum og öðrum skuldunautum.

Óhjákvæmilegt er, hæstv. forseti, að setja þessa þróun í samhengi við það að í öll þau tólf ár sem Sjálfstfl. hefur ráðið menntmrn., forsrn. og fjmrn., allan þennan tíma hefur Ríkisútvarpið verið í pólitískri pattstöðu. Stjórnarflokkarnir hafa verið ósammála um hvaða hlutverki Ríkisútvarpið eigi að gegna og hvað úr því skuli verða á nýjum tímum í fjölmiðlun og samfélagi. Það hefur svo ekki hjálpað til að innan Sjálfstfl. er hver höndin upp á móti annarri um Ríkisútvarpið, allt frá einstrengingslegum nýlíberalistum yfir í hægfara, þjóðlega íhaldsmenn, og sitja fulltrúar beggja þessara arma hér í salnum. Á meðan drabbast útvarpið niður.

Þessi pólitíska pattstaða hefur síðan skaðleg áhrif á skipulag og stjórnun Ríkisútvarpsins. Henni hefur fylgt óheppilegur stjórnunarstíll og hættuleg pólitísk slagsíða. Þetta ástand hefur líka áhrif á íslenska fjölmiðlun í heild. Ríkisútvarpinu er att í grimmilega samkeppni á auglýsingamarkaði og aðrar stöðvar, sem ekki eiga ríkisvaldið að bakhjarli, berjast í bökkum og kvarta auðvitað yfir sérkennilegri samkeppnisstöðu. Um það allt saman þarf að taka góða umræðu síðar á þinginu að viðstöddum hæstv. menntmrh., helst bæði fráfarandi og tilvonandi.

Samkvæmt fjárlagafrv. er dagskráin á RÚV árið 2004 aukinn halli og meiri rýrnun eigin fjár. Þó á hæstv. fjmrh. að vera fullkunnugt um þessa stöðu og þarf ekki nema að minna á úttekt sérstakrar nefndar um vanda Ríkisútvarpsins frá síðari hluta ársins 2001. Í því áliti tæknimanna frá fjmrn., menntmrn. og Ríkisendurskoðun er stöðu fyrirtækisins lýst nöturlega og bent á að þar þurfi pólitískar stefnuákvarðanir, skipulagslegar og rekstrarlegar breytingar og traustan fjárhagsgrundvöll. Í þessari skýrslu er að sjálfsögðu bent á lykilmál sem menn ættu að geta sameinast um að leysa hvað sem líður áliti á hlutverki og starfsháttum Ríkisútvarpsins í framtíðinni, nefnilega að losa fyrirtækið undan þungum klyfjum lífeyrisskuldindinga sem á það voru lagðar árið 1994 og komu margnefndri eiginfjárstöðu á sínum tíma úr um 88% í um 35% og núna 9%.

Menn kusu að gleyma því í ríkisstjórninni að Ríkisútvarpið getur ekki, eins og hefðbundnar ríkisstofnanir, sótt sér framlög af fjárlögum til að eiga við þessi nýju útgjöld, einmitt vegna þess að fyrirtækið er ekki fjármagnað af fjárlögum heldur með afnotagjöldum, sem hefur reynst erfitt að tengja rekstrarkostnaði eða verðþróun, og með tekjum af auglýsingum og kostun. Lífeyrisskuldbindingarnar lögðust því á fyrirtækið af fullum þunga. Árleg greiðsla af láni vegna þeirra er nú um 200 milljónir og stendur næstu 20 ár ef ekkert er að gert. Þessi árlega greiðsla er því meiri en nemur áætluðum halla í frv. nú, þ.e. hinum hreina halla að láninu frátöldu.

Þetta höfðu forustumenn útvarpsins og starfsmenn bent á áður. En það sem gerðist þarna var að skipuð var í framhaldi af skýrslunni sérstök tveggja manna ráðherranefnd í þeirri ríkisstjórn sem þá sat. Þeir hæstv. ráðherrar sitja enn í þessari ríkisstjórn þótt annar þeirra hafi nú skipt um ráðuneyti.

Ég vona að hæstv. fjmrh. geti upplýst okkur í fjarveru þessara tveggja ráðherra hvað sé að frétta af störfum þessarar háu nefndar núverandi dóms- og kirkjumrh. og heilbrrh. Vonandi getur hæstv. fjmrh. líka sagt fréttir af því hvernig gengur að létta lífeyrisskuldbindingunum af Ríkisútvarpinu eða hvort það er á stefnuskránni yfir höfuð.

Ég bið hann líka, hæstv. forseti, að segja til um það hvort það er rétt ályktun hjá mér, eftir að hafa athugað fjárlagafrv. og önnur nýleg stjórnarplögg, að ekki séu fyrirhugaðar neins konar úrbætur á fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins næsta ár og næstu ár til 2007.

Ég fer líka fram á að hæstv. fjmrh. upplýsi um hverja hann telur heppilega eiginfjárstöðu þessa ríkisfyrirtækis. Ef svo heldur fram sem horfir verður eiginfjárstaða Ríkisútvarpsins orðin neikvæð í lok kjörtímabilsins, ef það stendur sín fjögur ár, en var um 90% áramótin áður en ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hóf störf sín vorið 1995. Felst í þessu pólitísk stefna fjmrh. gagnvart ríkisfyrirtækjum eða er Ríkisútvarpið í því-líkri hugmyndafræðilegri gíslingu í ríkisstjórninni að ekki er einu sinni hægt að ganga í skynsamlegar og sanngjarnar aðgerðir gagnvart hinum erfiðu lífeyrisskuldbindingum frá 1994?

[16:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn hreyfir hér vissulega mikilvægu máli þar sem ljóst er að ýmis óleyst vandamál eru uppi varðandi þessa stofnun, Ríkisútvarpið. Það er líka rétt sem hann benti á að um fyrirkomulag þessa rekstrar hafa verið skiptar skoðanir milli stjórnmálaflokkanna innan og utan ríkisstjórnar. Þó hygg ég að þeir séu nú ekki margir sem vilja koma þessari starfsemi fyrir kattarnef, ef nokkrir.

Mörg vandamál eru samtímis þarna á ferðinni. Eitt af þeim er að sjálfsögðu það hvernig tekjuöflunarmöguleikar Ríkisútvarpsins eru. Mín skoðun hefur verið sú, og margra fleiri, að núverandi kerfi afnotagjalda sé úrelt, það eigi að

leggja afnotagjöldin niður, spara stofnuninni þann kostnað sem hún hefur af innheimtu gjaldanna, sem nemur tugum milljóna á ári hverju, og færa þetta alfarið yfir á fjárlög og þá þarf auðvitað að skaffa tekjur inn í ríkissjóð á móti því.

Annað vandamál þarna eru lífeyrisskuldbindingarnar sem hv. þm. nefndi. Þær eru að vísu alveg rétt útreiknaðar og rétt framreiddar í þeim skilningi að þetta er sú skuldbinding sem þessi stofnun hefur komið sér í áranna rás. En hún er sjálfsagt einn liðurinn í því að reyna að finna varanlega lausn í þessu máli.

Annað sem hangir þar á spýtunni er svo sambandið milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar sem er að mínum dómi líka að mörgu leyti úrelt eins og mál hafa þróast hér í seinni tíð. Þetta mál er til athugunar á vettvangi menntmrn. Mér er kunnugt um að núv. ráðherra hefur fullan vilja til þess að reyna að mjaka þessu máli áleiðis til ásættanlegrar lausnar og ég vona að það muni takast.

[16:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka svör sem fengist hafa hjá hæstv. fjmrh. og bera því vitni að hann gerir sér grein fyrir þeim vanda sem við er að eiga hvað varðar lífeyrisskuldbindingarnar.

Það vekur hins vegar athygli mína að um annað fyrirtæki ríkisins eða stofnun á þess vegum í ekki óhliðstæðri stöðu, einmitt Sinfóníuhljómsveit Íslands, er sérstaklega fjallað í greinargerð fjárlagafrv. og sagt frá því að stefnt sé að samkomulagi milli rekstraraðila um skiptingu í þessum lífeyrishækkunum. Það er flóknara dæmi auðvitað en það sem við ræðum nú varðandi Ríkisútvarpið að því leyti að þar eru Seltjarnarnesbær og Reykjavík og fleiri inni í myndinni. Þar hefur verið viðurkenndur sá vandi sem þessi sérstöku fyrirtæki og stofnanir eiga við að glíma og felst í því af hálfu Ríkisútvarpsins að Ríkisútvarpið getur ósköp einfaldlega ekki beðið um hækkuð framlög til þess að ráða við þessar skuldbindingar eins og aðrar ríkisstofnanir geta gert.

Ég fagna því þeim upplýsingum frá hæstv. fjmrh. að hæstv. menntmrh. sé að kanna þessi mál og mun ég þegar tækifæri gefst síðar spyrja hæstv. menntmrh. nánar um það.

[16:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Fólk hefur stundum á orði að við stjórnmálamenn tölum óskýrt og við hv. þingmenn í þessum sal höfum ekki sama tungutak og almenningur í landinu, að erfitt sé að skilja hvað við erum að fara og hvað við meinum. Það er sumpart dálítið til í þessu og umræðan í dag finnst mér undirstrika talsverð sannindi í þessum fullyrðingum.

Það er nefnilega afskaplega skrýtið að þegar líður að kosningum, þegar kosningabarátta stendur sem hæst, þá taka stjórnmálamenn upp á því að tala afskaplega skýrt, kalla hlutina sínum réttu nöfnum og koma hreint og beint fram. Það gerðu, held ég, allir stjórnmálaflokkar fyrir síðustu kosningar, ekki síst ríkisstjórnarflokkarnir. Þeir töluðu afskaplega skýrt um hvað þeir ætluðu að gera á næsta kjörtímabili og hvað þeir ætluðu að gera núna þetta haustið.

En svo bregður við að þegar eitt helsta grundvallarskjal nýrrar ríkisstjórnar birtist þingheimi og alþjóð, nefnilega fjárlagafrv., þá vantar þennan samhljóm. Það er eins og enginn hafi sagt neitt fyrir síðustu kosningar. Það er eins og hér hafi byrjað eitthvert nýtt líf sem enginn áður kannaðist við núna á sumardögum. Allt er breytt og allt er orðið flóknara og erfiðara og tæknilegra en áður var.

Skattalækkanir upp á 28 milljarða kr. á árunum 2003 til og með 2006, fram á mitt árið 2007, eru nú 20 milljarðar kannski og einhvern tíma og ef og með einhverjum óskilgreindum hætti.

Nú kemur hæstv. fjmrh. hér og talar um að loforð fyrir kosningar af hálfu Sjálfstfl. standi ekki því að nú væri til kominn vegvísirinn, nýr stjórnarsáttmáli. En auðvitað töluðu báðir stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., mjög í sama dúrnum fyrir síðustu kosningar og höfðu báðir oddvitar stjórnarflokkanna, þáverandi og núverandi, það á orði að þeirra áherslur færu mjög saman, nefnilega að lækka skatta, frú forseti, að lækka skatta. Ég hef tekið eftir því í sumar að hinir ungu, ötulu nýliðar á þingi af hálfu stjórnarflokkanna, sem nokkrir sitja nú í salnum, hv. þm. á borð við Bjarna Benediktsson, Guðlaug Þór Þórðarson, Sigurð Kára Kristjánsson og Birgi Ármannsson, höfðu það á orði nú um mitt sumar að þeir hlökkuðu til að takast á við verkefni haustsins og fara að lækka skatt á almenningi. Frú forseti. Hvernig ætli þessum ágætu hv. þm. líði núna við þær aðstæður að skattalækkunin, vegferð þeirra inn á Alþingi hefur snúist upp í andhverfu sína og birtist almenningi og þjóðinni allri í því formi að það eru skattahækkanir upp á 4 milljarða króna? Hvernig heldur frú forseti að þessum ágætu þingmönnum líði nú, búnum að berjast hart fyrir sínu sæti, fara út um allar koppagrundir og lofa því að þeir ætli að koma og standa sig, en lenda síðan í hremmingum? Þeir lenda í gömlum refum sem taka þá í nefið og segja: „Seinna, kannski, ef allar kringumstæður verða í þokkalegu lagi." Ég hef mikla samúð, frú forseti, með þessum ágætu nýliðum á þingi og trúi því að þeim líði ekkert allt of vel við þessar kringumstæður.

Eins er líka með gamla refi eins og sérfræðing Sjálfstfl. í skattamálum og í efnahagsmálum, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, sem hefur hér á liðnum árum flutt heimsendaræður um ýmsa hluti. Hann viðhafði hinn lágværa tón í dag af eðlilegum orsökum. Hann fór ekki mikinn eins og oft áður. Honum líður að sönnu líka illa því að ég þekki hann af góðu einu og veit að honum líður illa að skrökva að fólki, geta ekki staðið við þau fyrirheit, þau loforð sem hann gaf kjósendum sínum á Vestfjörðum og raunar um landið allt.

Frú forseti. Það er óþolandi að stjórnmálamenn komist upp með það trekk í trekk að segja eitt fyrir kosningar og annað eftir þær. Takið eftir öðru. Nú er þessum loforðum vísað á framtíðina. Og hvaða framtíð er það? Jú, árin 2006 og 2007. Og hvað gerist árið 2007? Jú, þá verður kosið aftur. Þá á að endurnýta þessi sömu skattalækkunarloforð sem voru notuð liðið vor. Haldið þið að það sé! Er mikill mannsbragur að þessu? Er að undra þótt menn tali um að þessi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, ríkisstjórn helmingaskiptaflokkanna, sú þriðja í röðinni, fari nú heldur betur vængbrotin, þreytt á sjálfri sér og rúin öllu þreki og þori inn í sitt þriðja kjörtímabil? Mér segir svo hugur, herra forseti, að kannski komi allt aðrir aðilar, allt aðrir flokkar, allt önnur ríkisstjórn til með að þurfa að efna þessi loforð um að lækka álögur á almenning. Ég er ekki búinn að sjá það, herra forseti — ég hef nú stundum verið forspár í pólitík — að þessi ríkisstjórn lifi næstu fjögur ár. Það er önnur saga.

Ég kalla eftir skýrum svörum við því, eins og margir minna kollega hafa gert hér, hvar sá misskilningur geti legið, ef einhver misskilningur er á ferðinni, þegar hæstv. forsrh. þáv. og núv. lofaði því að það yrði lögfest með hvaða

hætti, hvenær upp á punkt og prik, þessar skattalækkanir litu dagsins ljós. Verður flutt frv. þess efnis, hæstv. fjmrh., þar sem menn fá að sjá það upp á punkt og prik hvernig menn ætla að reyna að efna þó ekki sé nema hluta af þessu skattalækkunarkosningaloforði frá því í vor? Ég bið um skýrt svar við þeirri spurningu því hún er afskaplega einföld þessi spurning og svarið ætti að sama skapi að geta orðið það. Og stjórnarþingmenn væru menn að meiri að viðurkenna það þá strax núna á upphafsdögum þingsins að þeir geti ekki staðið við stóru orðin. Þetta hafi verið innantóm loforð eingöngu sett fram til þess að laða kjósendur að flokkunum sínum í hita kosningabaráttunnar. Þeir væru menn að meiri að viðurkenna það núna strax. Ég hef ekki mikla trú á því þeir geri það, því miður. En þá verða þeir auðvitað að búa við það, frú forseti, að þeir verði minntir á það hér. Ekki kannski daglega, en a.m.k. vikulega þar til einhverjar efndir verða.

Virðulegur forseti. Það er auðvitað ekki aðeins Sjálfstfl. sem þarna á sök. Ég vil ekki gleyma veslings Framsókn í þessum efnum, það er engin ástæða til þess, sem fór fram með sérstaka áherslu á börn og ungmenni og þeir gleyma þeim ekki. Börn og ungu fjölskyldurnar fá alveg sérstaka sendingu frá nýjum félmrh., hæstv. félmrh. Árna Magnússyni, þar sem vaxtabætur eru lækkaðar um 600 millj. kr. Það var aldeilis sendingin, fyrsta sendingin frá nýjum og vöskum vonandi hæstv. félmrh. sem ég óska auðvitað alls hins besta í starfi. En vond voru hans fyrstu skref. Ég kalla á sama hátt eftir því hvenær Framsókn ætlar að skila sínum loforðum í hús. Ekki sé ég það hér í þykkri bók hæstv. ráðherra og raunar mörgum. Það er ekki að finna í þessu fjárlagafrv.

Virðulegur forseti. Það er vond lykt af þessu máli. Þetta er ekki þessu húsi til sóma. En auðvitað bera þeir hina stærstu ábyrgð sem með stjórnina fara.

Ég gæti margt sagt um þetta fjárlagafrv. Ég ætla að geyma mér það. Við eigum eftir langt og heitt haust í þessari umræðu allri. Ég vil þó nefna það í framhjáhlaupi af því ég veit að hæstv. heilbrrh. er hér í húsinu og rifja það upp að eitt síðasta verkið sem hann skilaði af sér á vordögum var það að breyta skipan stjórna heilsugæslu með því að klippa út fulltrúa sveitarfélaga. Sex mánuðum síðar hefur hann gersamlega snúið við blaðinu og nú vill hann senda heilsugæsluna heim í hérað og ég er alveg hjartanlega sammála þeirri stefnumörkun. En þarna rekst hvað á annars horn eins og stundum áður.

Ég verð þess einnig var að í þessu fjárlagafrv. er ekki að finna fyrirheit sem hann hefur gefið víða um land, m.a. í minni heimabyggð, um að efla þar stórlega heilsugæsluna með til að mynda byggingu útibús í Hafnarfirði og raunar víðar um land. Og ekki er ein aukatekin króna í rekstur slíkrar viðbótarþjónustu á vettvangi heilsugæslu. Því skilar hann auðu, því miður. Og það gengur auðvitað ekki, það skulu menn vita, að enn einn ganginn leggi menn til viðræðu við sveitarfélögin í landinu með tiltekin nærverkefni eins og heilsugæslan sannarlega er, með hana í fullkominni rúst og með hluti sem sveitarfélögin eiga síðar meir að bæta úr af mjög rýrum tekjustofnum. Grunnskólinn er þar víti til varnaðar.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Hér hef ég aðeins lagt inn nokkur orð í þetta og haft lítið tækifæri og tíma til að fara inn í einstaka liði þessa máls, liði fjárlagafrv. En það stendur auðvitað upp úr, herra forseti, að þeir mega skammast sín þeir þingmenn sem fóru með loforðalista á hendur fólki fyrir síðustu kosningar og koma núna með allt niður um sig. Mikil er skömm þeirra.

[16:19]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Umræðan í dag hefur um margt verið athyglisverð en eðlilega hefur staðið upp úr í henni gagnrýni á það hvernig staðið er að hinum margfrægu loforðum um skattalækkanir.

Ég var staddur þar í ræðu minni þegar tíma mínum lauk hér í morgun að ég var að taka saman hvernig þetta kæmi gagnvart heimilum landsins. Ég var búinn að telja upp nokkur atriði sem samtals voru upp á rétt rúma 2 milljarða kr. Það var allt tekið úr vösum fólksins og þess vegna er athyglisvert að bera saman til samanburðar þær kröfur sem ríkisstjórnin í raun og veru gerir til eigin stofnana. Það er vissulega verið að taka örlítið til þar. Í fyrsta lagi er 1% hagræðingarkrafa á stjórnsýslustofnanir, heilar 100 millj. kr. sem ætlast er til að tekið verði til í ríkisrekstrinum. Framlög til vegagerðar verða lækkuð um einn milljarð kr. Verður reyndar fróðlegt að fylgjast með því hvaða milljarður er þarna á ferðinni vegna þess að eins og hv. þingmenn kannast við voru fyrir kosningar settir 4,6 milljarðar til aukinna vegaframkvæmda. Af því á að framkvæma á þessu ári fyrir 3 milljarða og 1,6 milljarða árið 2004. Það er fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig þessi verk standa, þ.e. hversu mikið er búið af þessum 3 milljörðum á þessu ári og hvaða líkur eru á því að þessir 1,6 verði kláraðir allir á næsta ári. Eða er hér hugsanlega, eins og okkur hefur verið sagt í fjárln. í yfirferð yfir frv., um einhvern allt annan milljarð að ræða sem tengist ekki á nokkurn hátt þessum 4,6 sem svo sérkennilega vildi til að lofað var örskömmu fyrir kosningar.

Við skulum halda áfram því stofnkostnað á tækjakaup ríkisstofnana á einnig að skera niður um einar 500 millj. kr. Þar eru það tæki og búnaður fyrir 150 millj. kr., ofanflóðasjóður fyrir 130 millj. kr. og viðhald á húsnæði Orkustofnunar um 100 millj. kr. Samtals er krafa ríkisstjórnarinnar á eigin hendur getum við sagt upp á 1,6 milljarða. Talan áðan sem sótt er í vasa fólksins í landinu er upp á rúma 2 milljarða kr.

Og það er ekki látið þar við sitja. Það er þó rétt að geta þess sem fram hefur komið hér að ætlunin er að lækka prósentuna í sértækum tekjuskatti, þ.e. hinum svokallaða hátekjuskatti, úr 5% í 4% og skerða þar með tekjur ríkissjóðs um heilar 80 millj. kr. Það er óhjákvæmilegt að velta því upp hvort ekki hefði verið nær varðandi þennan skatt að hækka örlítið viðmiðunarmörkin frekar en vera að eiga við þessa prósentu þannig að menn næðu þá frekar því marki að setja þennan skatt á hinar háu tekjur.

Það var auðvitað athyglisvert í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hér áðan þegar hann lýsti því yfir að hann væri ekki stuðningsmaður þessara breytinga. Það er því augljóst mál að þessi breyting hefur a.m.k. miðað við það ekki aukinn meiri hluta hér á þinginu. Það þurfa ekki margir stjórnarliðar að feta í fótspor Kristins H. Gunnarssonar til þess að það sé ekki tryggur meiri hluti fyrir þessari breytingu.

Stærsta nýja skattheimtan sem ætlunin er að komi til framkvæmda á næsta ári er annars vegar hækkunin á vörugjaldi á bensíni sem gefur um 600 millj. kr. og hins vegar þungaskattshækkunin sem gefur 400 millj. kr., eða samtals einn milljarð. Það er rétt í þessu samhengi að vekja athygli á því vegna þess að eins og fram hefur komið í umræðunum er verið að skerða vaxtabætur á húsbyggjendur. Það sem

fylgir hækkuninni á vörugjald á bensíni er 0,12% hækkun á neysluverðsvísitölu sem þar með hækkar skuldir þessa sama fólks. Og þrátt fyrir að sagt sé í frv. að þungaskattshækkunin komi ekki inn í neysluverðsvísitöluna, þá er það rétt að því leytinu til að hún kemur ekki beint inn í neysluverðsvísitöluna. Hins vegar mun sú hækkun að sjálfsögðu hafa áhrif á ýmsa taxta sem koma inn í neysluverðsvísitöluna, þannig að einhver hækkun mun einnig hljótast af því.

Ef við höldum áfram að bera saman það sem sótt er í vasa fólksins, þá blasir líka við að það er ætlunin að skerða barnabætur vegna þess að það er sama krónutala í fjárlögum fyrir 2003 og er í því frv. sem hér liggur fyrir. Og það getur að sjálfsögðu ekki þýtt neitt annað en ákveðna skerðingu á barnabótum.

Hið sama má segja um skattleysismörkin. Þau fylgja ekki launaþróun. Þau hækka hins vegar um 2,5% eins og verðlagsvísitalan en gert er ráð fyrir að launavísitalan hækki um 5% og það þýðir að sjálfsögðu mesta skerðingu fyrir þá sem síst skyldi.

Þetta er allt sótt í vasa hins venjulega manns, getum við sagt. Og það er ljóst þegar þetta er allt lagt saman að þá erum við komin í tæpa 4 milljarða kr. og þetta á að taka gildi á fyrsta ári kjörtímabilsins. Ef við treystum því að ríkisstjórnin hækki ekki þessa leið, fari ekki í aukningu á þessari leið, þá gefur þetta væntanlega ríkisstjórninni a.m.k. um 16 milljarða á kjörtímabilinu. Og ekkert höfum við í hendi annað en síendurtekin loforð þessara ágætu herra um skattalækkanir og viðmiðið er þar 20 milljarðar kr. Það er hægt að færa rök fyrir því að það séu engin svik í því fólgin miðað við þau orð sem hér hafa fallið að þessar 20 millj. kr. í skattalækkun komi árið 2007. Það er ekkert sem segir að það þurfi út af fyrir sig að gerast fyrr og margt sem mælir raunverulega með því að það komi jafnvel ekki fyrr fyrst menn nota ekki árið 2004 til þess að stíga einhver skref, einfaldlega vegna þess hagvaxtar og þeirrar þenslu sem væntanlega verður í kerfinu. Og þá er nú mismunurinn aldeilis orðinn stór á því sem verið er að taka inn í auknum hlut af fólkinu og því sem á síðan að gefa til baka. Það gæti hugsanlega náð heilum 4 milljörðum. Þannig að 20 milljarðarnir eru þá orðnir býsna stórir hjá þessum ágætu herrum.

En, frú forseti, ég hafði einnig hugsað mér að taka hér örlitla umfjöllum um skuldir hins opinbera vegna þess að það er ætíð látið svo að menn hafi náð alveg gífurlegum árangri í lækkun skulda hins opinbera. Það er auðvitað alltaf spurning hvaða mælistiku menn nota þegar þeir eru að skoða svona tölur. Það er hins vegar ljóst að skuldir hins opinbera hafa lækkað þegar miðað er við hlutfall af vergri landsframleiðslu. Og það er yfirleitt það sem alltaf er notað þegar menn eru að fá þessa hagstæðu tölu út en það er líka spurning hvaða tímabil miðað er við. Það getur vel verið að menn séu býsna ánægðir með það að hafa náð að lækka skuldir hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu frá árinu 2000 til áætlunar 2004 um 1,7%. Eða ef við skoðum hreinar skuldir hins opinbera þá lækka þær um 0,7% á sama tímabili.

Þetta segir að sjálfsögðu ekki alla söguna, því það er líka hægt að skoða tölurnar sem standa á bak við þessi hlutföll og þegar þær eru skoðaðar á þessu tímabili, hækka þær. Þá hækka þær um mismunandi mörg prósent eftir því hvaða flokka við erum að skoða. Þannig að það er eingöngu þetta hlutfallslega viðmið við verga landsframleiðslu sem gefur þó lækkun á skuldunum. En það segir heldur ekki alla sögu, vegna þess að hluti af hinu opinbera eru sveitarfélög landsins og staða þeirra á þessu tímabili versnar stöðugt og árið 2000 sýnist mér hlutfall sveitarfélaganna í hreinum skuldum hins opinbera vera 4,8% af vergri landsframleiðslu. Miðað við þær áætlanir sem eru nú um 2004, verður hlutfall sveitarfélaganna komið í 6,6% af vergri landsframleiðslu. Þannig að þar eykst hlutur sveitarfélaganna um 1,8%. Og það er varla hægt að segja að það sé á það bætandi vegna þess að það liggur fyrir að rekstrarhalli sveitarfélaganna árið 2001 var upp á 5,3 milljarða. Rekstrarhalli fyrir árið 2003 var upp á 5,8 milljarða kr. Það er því ljóst að það verður að taka á vanda sveitarfélaganna. Það verður að taka ekki síður á vanda sveitarfélaganna gagnvart samskiptunum við ríkisvaldið. Og þetta er þeim mun mikilvægara þar sem það er stefna ríkisstjórnarinnar að vinna að sameiningu sveitarfélaga, að vinna að því að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Það er mjög mikilvægt og mjög nauðsynlegt vegna þess að það sýnir sig að í flestum tilfellum veita sveitarfélögin betri þjónustu en ríkisvaldið og þurfum við ekki annað en að horfa á þá þróun sem átt hefur sér stað með grunnskólann. Ég vil sjá mun fleiri stofnanir færðar til sveitarfélaganna en til þess að það sé möguleiki þá verður að taka á þessum vanda.

Frú forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið þannig að ég verð að eiga inni þriðja hluta ræðu minnar þegar að mér kemur á ný.

[16:30]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Umræðan í dag hefur kannski að mestu leyti sýnt mér að þær athugasemdir sem ég hafði hér fram að færa í fyrri ræðu minni um aðdragandann og fjárlagagerðina almennt ættu við nokkur rök að styðjast. Hér hefur verið nokkuð almennt fjallað um helstu stærðir en þau fjölmörgu brýnu mál sem fram koma í fjárlagafrv. og lúta að einstökum stofnunum, málum og þjóðfélagshópum hafa kannski tiltölulega lítið komið til umræðu. Ég held að að mörgu leyti fari betur á því að þessi almenna umræða færi fram á vorþingi þegar ríkisstjórn legði til ramma fyrir komandi ár en í upphafi haustþings gæfist mönnum kostur á að ræða hin einstöku efnisatriði fjárlagafrv. og þá í byrjun þings, því ég hygg að þegar sú umræða færi fram í lok nóvember yrði fjárlagafrv. einfaldlega það langt komið að þær athugasemdir og ábendingar sem kunna að koma fram í umræðunni kæmu í raun of seint fram. Það er mikilvægt fyrir land og þjóð að sú reynsla og þekking sem býr í þeim 63 þjóðkjörnu þingmönnum sem hér sitja nýtist við fjárlagagerðina því til þess voru þeir hingað kjörnir, úr hvaða flokki svo sem þeir eru. Þeir hafa reynslu og þekkingu á högum ólíkra þjóðfélagshópa og á þörfum ólíkra landshluta, stofnana o.s.frv. Það er mikilvægt að athugasemdir þeirra og ábendingar komi sem fyrst fram í þessu ferli þannig að það séu sem mestar líkur á því að þær ábendingar geti orðið að gagni.

Mér finnst líka mikilvægt að þriggja ára áætlun um helstu hagstærðir sé lögð fyrir þingið og fram fari um hana sérstök umræða og þar séu allar upplýsingar á borðinu. Ég undrast satt að segja að enn skuli hæstv. fjmrh. ekki hafa sinnt ósk minni frá því fyrr í dag að upplýsa um hvaða forsendur um tekjuskatt í krónum talið eru í tekjuspánni fyrir 2007 í þeim gögnum sem hann hefur verið að kynna. Sú tala er til, sú tala er í bakgögnum fjmrn. Við sjáum af tölunum sem liggja fyrir um frumvarpið 2004 að tekjuskattur er í ár áætlaður 62 milljarðar, og hann er áætlaður á næsta ári 67 milljarðar. Ég held að það sé mikilvægt fyrir umræðuna vegna þess að í henni skiptir miklu máli hvort 20 milljarða skattalækkanir

verða árið 2007 eða ekki, að hæstv. fjmrh. upplýsi hversu miklum tekjum hann gerir ráð fyrir af tekjuskatti á þessu margfræga ári 2007.

Ég held að miklu máli skipti, hæstv. fjmrh., að þingmenn hafi aðgang að upplýsingum og vil raunar nefna að ég hef í fjárln. komið á framfæri beiðni um að fá aðgang að fjárlagabeiðnum tveggja stofnana í Reykjavík, sem er mitt kjördæmi, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík annars vegar og lögreglunnar í Reykjavík hins vegar, og vænti þess að fá þær upplýsingar því ég tel að mikilvægt sé fyrir mig sem þingmann kjördæmisins að vita hvað það er sem fagfólk og opinberir embættismenn á þessum tveimur málasviðum telja að þeir þurfi til að veita íbúum í mínu kjördæmi viðunandi þjónustu.

Ég sé hins vegar af sögunni — af því að ég er nýliði hér þá hef ég þurft að kynna mér hana nokkuð — að einn þingmanna, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur áður leitað eftir svipuðum upplýsingum, þá að vísu meðan þing var ekki að störfum, og þurfti að sækja það sem almennur borgari fyrir upplýsinganefnd. Ég vil lýsa því yfir, virðulegur forseti, í þessum stól að ég vona sannast sagna að ég þurfi ekki að fara þá leið til að afla jafnsjálfsagðra upplýsinga og fjárlagabeiðna tiltekinna stofnana í kjördæmi mínu. Ég vona að virðing Alþingis og fjárln. sé með þeim hætti að þingmenn eigi greiðan aðgang að þeim gögnum sem liggja fjárlagafrv. til grundvallar, og þætti það vera háðung fyrir þingið og nefndina ef slíkar upplýsingar þyrfti að sækja sem almennur borgari á grundvelli almennra laga.

Það hefur verið nokkuð lærdómsríkur tími að vera í fjárln. á undanförnum dögum. Á fund nefndarinnar hafa sveitarstjórnir hringinn í kringum landið komið og gert grein fyrir helstu áhyggjuefnum sínum og hugðarefnum sömuleiðis. Hv. þm. Jón Gunnarsson vakti ágætlega athygli á því sem einkennt hefur þær samræður sem ég held að sé mikilvægt að komi fram í þinginu. Það eru annars vegar breytingarnar sem gerðar voru á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem hafa verið að leika mörg sveitarfélaganna illa og það hlýtur að vera mikilvægt að menn skoði hvaða áhrif breytingarnar höfðu og hvort þau áhrif hafi verið þau sem ætlast var til. Hins vegar er það vandinn í öldrunarþjónustunni. Það er einfaldlega sama vandamálið hringinn í kringum landið, hvort sem það er Reykjavík, höfuðborgarsvæðið, Dalabyggð, Ísafjörður, Skagaströnd, Blönduós, Akureyri, Héraðið, Mýrdalur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, og þannig gætum við haldið áfram, að daggjöldin sem heilbrrn. greiðir vegna aldraða á dvalarheimilin og vegna hjúkrunar nægja ekki fyrir rekstri. Og þó að sýnt sé að fólk sem vistað er á dvalarheimilum svokölluðum sé í mikilli hjúkrunarþörf og kostnaður við umönnun þess sé miklu meiri en daggjöldunum nemur þá fá sveitarfélögin enga leiðréttingu þessara mála.

Þessi mál eru augljóslega, hæstv. fjmrh., í miklum ólestri. Það er algerlega deginum ljósara að ekki eru skýrar leikreglur um framlögin og um það hvernig þjónustuþörf er metin. Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. skuli hafa hreyft þeim hugmyndum að flytja öldrunarþjónustuna og heilsugæsluna til sveitarfélaganna því að ég hygg að þau stæðu þó sýnu betur en þetta af þeim málaflokkum.

Ég vil síðan almennt um frv., fyrir utan þá þætti sem lutu að skattahækkunum og svikum á kosningaloforðum og ég fór yfir í fyrri ræðu minni, lýsa áhyggjum af afleiðingum þeirrar stöðugu viðleitni að miða tekjutengingar, að miða einstaka bótaflokka og hækkanir þeirra sífellt við þróun neysluverðs en ekki þróun kaupmáttar. Ég vil sérstaklega í því sambandi benda á atvinnuleysisbætur eins og þær standa núna. Ég hygg að atvinnuleysisbætur séu mál sem þurfi sérstaklega að taka á. Þeim hefur verið haldið niðri með þeim hætti að þær nema nú 77 þúsund krónum, hygg ég og fer þó með eftir minni, og ég held að við hljótum öll í þessum sal að geta verið á einu máli um að það dugar engum manni til framfærslu. Það er í raun og veru fyrir neðan öll velsæmismörk og það að við ætlum síðan þess utan að fara að klípa þrjá daga af því og ætlum ekki að hækka atvinnuleysisbæturnar til samræmis við hækkun launavísitölu á næsta ári heldur aðeins neysluverðs, er sannarlega áhyggjuefni. Vegna þess að ef við ætlum með þeim hætti að hegða okkur gagnvart þeim sem verst eru settir í samfélaginu þá hefur það alvarlegar afleiðingar til lengri tíma. Menn geta komist upp með að loka einum fjárlögum með því að klípa svona smáprósent af bótaþegum. Menn geta kannski lokað tvennum fjárlögum með því að klípa af þeim sem minnst mega sín eitthvað hér og þar. En þegar menn hafa gert það ár eftir ár eftir ár þá hafa þeir einfaldlega skapað stórum hópum fólks, og í þessu tilfelli atvinnulausum, skilyrði sem ekki eru mannsæmandi. Ég fullyrði það og lýsi því sem skoðun minni að atvinnuleysisbætur eins og þær eru á Íslandi í dag eru ekki boðlegar og ekki sæmandi þessu auðuga hagsældarríki sem stjórnarliðið hefur hér lýst svo fjálglega. Staða Atvinnuleysistryggingasjóðs er áhyggjuefni og þau framlög sem við þurfum að fá þar inn.

Við hljótum líka í umræðunni að spyrja eftir ýmsum öðrum þáttum í ríkisrekstrinum, m.a. hvaða augum hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. líta það að Fæðingarorlofssjóð virðist mér eiga að reka á næsta ári með tæplega milljarðs halla. Ég spyr hvort það sé viðunandi áætlun og hvort við svo búið geti staðið að óbreyttu og hvaða aðgerða menn þá hyggjast grípa til.

[16:40]

Útbýting þingskjala:

Búsetumál fatlaðra, 75. mál, fsp. JóhS, þskj. 75.

Flutningur veiðiheimilda fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003, 95. mál, fsp. JÁ, þskj. 95.

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins, 92. mál, fsp. RG, þskj. 92.

Óhefðbundnar lækningar, 81. mál, fsp. RG, þskj. 81.

Sérfræðiþjónusta ráðuneyta og ríkisstofnana, 93. mál, fsp. JóhS, þskj. 93.

Skyndirannsóknir lögreglu á myndbandaleigum, 83. mál, fsp. RG, þskj. 83.

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, 84. mál, fsp. RG, þskj. 84.

Vigtunarleyfi, 94. mál, fsp. JÁ, þskj. 94.

[16:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að koma víða við á tíu mínútum en í fyrri ræðu minni byrjaði ég á að hrósa ríkisstjórninni fyrir það sem vel hefur verið gert, vék að öryrkjum, ungum öryrkjum sem fá hækkun á greiðslum sínum og greiðslum inn í lífeyrissjóðakerfið, þar tel ég að sýnd hafi verið fyrirhyggja. Eins finnst mér það til góðs að hafa þennan vegvísi inn í framtíðina varðandi stefnumarkmið, pólitísk og efnahagsleg.

Ég gagnrýndi ríkisstjórnina mjög ákveðið fyrir framkomu hennar gagnvart atvinnulausum og furða mig sannast sagna á því að menn skuli láta sér detta í hug að skerða kjör þeirra. Menn ætla að hafa af atvinnulausu fólki rúmlega tíu

þúsund krónur í upphafi atvinnuleysistímans, þ.e. að greiða ekki atvinnuleysisbætur fyrstu þrjá daga í atvinnuleysi en þá ættu að renna til hins atvinnulausa 10.722 kr. Ég hvet ríkisstjórnina mjög eindregið til að taka þessar tillögur til endurskoðunar.

Síðan vék ég að því að það væri vafasamur háttur að hverfa aftur til meðaltalslausnanna og -nálgunar, nokkuð sem tíðkaðist hér fyrr á tíð, flatur niðurskurður, ég veit að margir muna eftir því. En þessi aðferð er að dúkka upp að nýju í því formi að ætlast er til að stjórnsýslan almennt dragi saman um eitt prósent.

Í ræðu hæstv. ráðherra er einnig talsvert um meðaltalsframsetningu að ræða. Hann segir að reynt verði að koma í veg fyrir að raunvöxtur, raunkostnaður í samfélagsþjónustunni aukist um meira en 2%.

Ef við nú hverfum aftur í tímann um 20 ár og berum raunkostnaðinn saman við samneysluna við það sem tíðkast nú þá er þar ekki saman að jafna hve miklu, miklu meiri hann er núna, enda þjóðin fjölmennari og umfang efnahagsstarfseminnar miklu meira. Það er það sem raunverulega skiptir máli. Hvert er hlutfallið af samfélagsþjónustunni þegar litið er til vergrar landsframleiðslu? Það er hér sem við mælum ásetning ríkisstjórnarinnar um niðurskurð. Enda segir það sig sjálft að skattalækkanir, umfangsmiklar skattalækkanir upp á 20 milljarða kr. kalla að sjálfsögðu á niðurskurð.

Til þess að komast út úr þessum meðaltölum þurfum við að fara inn í einstaka málaflokka. Ég staðnæmdist við sjúkratryggingar sem á að skerða um 740 milljónir, sem er lyfjakostnaður, sérfræðiaðstoð og hjálpartæki fyrir sjúka og fatlaða. Ég held að hér eigi að forðast alhæfingarumræðu. Við þurfum að sjá hvað býr að baki þessum tölum. Það sem skiptir máli er að lyfjakostnaður hjá sjúku fólki verði ekki aukinn, það er það sem máli skiptir. En að sjálfsögðu viljum við hafa opinn huga gagnvart öllum kerfisbreytingum, nýrri hugsun, nýjum leiðum til þess að ráðstafa fjármunum í velferðarþjónustunni. Að sjálfsögðu viljum við gera það.

Um það snýst pólitíkin. Hvaða leiðir við ætlum að fara, hvaða ráðum við ætlum að beita. Þá þurfa menn að vita og þekkja vilja sinn. Það gerir ríkisstjórnin ekki að öllu leyti t.d. í húsnæðismálum. Á síðasta kjörtímabili stóðu harðvítugar deilur um það með hvaða hætti ætti að fjármagna eða styðja við bakið á aðilum sem sjá skjólstæðingum sínum fyrir félagslegu leiguhúsnæði. Ég nefni búsetu stúdenta eða námsmannasamtök, Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg o.s.frv. Um þetta var deilt í ríkisstjórninni. Á að fara vaxtaleiðina? Á að halda vaxtakostnaði niðri með greiðslum úr ríkissjóði? Eða á að fara stofnstyrkjaleiðina? Framsfl. og Sjálfstfl. gátu ekki komið sér saman um hvaða leið ætti að fara, hvað þetta snertir. Í fjárlagafrumvarpinu á bls. 368 kemur fram að ekki er uppgert hvor leiðin verði farin, greiðslur á vaxtamun lána til leiguíbúða eða stofnstyrkjaleiðin. Þetta er óuppgert og fróðlegt að heyra hvaða hugmyndir eru uppi, hvað þetta snertir.

Ég staðnæmdist sérstaklega við eitt svið sem lýtur að rannsóknum og fæ ekki betur séð en að þvert á loforð sem gefin voru hér í þessum sal í fyrra, eða fyrr á þessu ári öllu heldur, um aukið framlag til vísindarannsókna, sé að draga úr framlögum til grunnrannsókna. Það segir að vísu í fjárlagafrumvarpinu að rannsóknarfé sé aukið um 370 milljónir. Við getum leitað skýringanna í þremur ráðuneytum; menntmrn., sjútvrn. og iðnrn. Það er alveg rétt að í iðnrn. er kominn til sögunnar nýr sjóður, tækniþróunarsjóður, en þangað eiga að renna 200 milljónir. Sá sjóður er hugsaður til atvinnuuppbyggingar og er ekkert nema gott um það að segja. Á bls. 437 segir, með leyfi forseta:

„Áætlað er að framlög til sjóðsins muni vaxa á næstu fjórum árum og verði orðinn 500 millj. kr. á árinu 2007."

Þarna á að auka verulega og bæta verulega við. Á fyrsta starfsárinu eru sjóðnum ætlaðar 200 milljónir. Þarna er sem sagt vaxtarsprotinn.

Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Sjóðnum er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi."

Ekkert nema gott um það að segja. En það eru grunnrannsóknirnar sem ég staðnæmist við. Áður höfðum við vísindasjóð og tæknisjóð. Þeir hafa verið sameinaðir og fengu á fjárlögum 2003 samanlagt 412 millj. kr. Á næsta fjárlagaári er gert ráð fyrir 415 milljónum í þennan sjóð. Það er 0,7% breyting á milli ára. Það er langt undir verðlagsþróun. Þarna er með öðrum orðum samdráttur. Það er því mjög vafasamt að fullyrðing hæstv. fjmrh. standist, að ríkisstjórnin sé að auka framlag til rannsókna. Alla vega á það ekki við um grunnrannsóknir. Við skulum líka hyggja að því þegar menn eru að monta sig af því að við stöndum í fremstu röð þjóða varðandi framlag til vísindarannsókna, þá erum við með inni í þeirri súpu allt það sem gerist hér á almennum markaði, þar vísa ég t.d. í Íslenska erfðagreiningu. Þar voru losaðir fimm eða sex milljarðar á sínum tíma, bandarískir áhættufjárfestar voru keyptir út, íslensku bankarnir gerðu það og þessir peningar settir inn í þennan geira. Þetta skiptir máli þegar kemur að grunnrannsóknum, hvað ríkisstjórnin er að gera. Hún er að skerða framlag til grunnrannsókna, til vísindarannsókna. Hún er að skerða framlag til þessa málaflokks. Ég fæ ekki betur séð af þessu frv. Það finnst mér vera ámælisvert og mjög vafasamt.

Hér er tíminn aftur að hlaupa frá mér. Varðandi útgjöldin í heilbrigðismálunum þurfum við að líta á pyngju þess sem borgar, sem er veikur og borgar. Staðreyndin er sú að veruleg aukning hefur átt sér stað á síðasta rúma áratug. Það var gerð úttekt á þessu af hálfu BSRB fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þar kemur í ljós að einstaklingur, t.d. þunglyndissjúklingur, greiddi árið 1990 tæpar 20 þús. kr. vegna síns sjúkdóms, en árið 2001 borgaði hann 53 þúsund, þetta er fast verðlag. Þetta eru tölurnar sem skipta máli. Við þurfum að horfa á einstaklinginn sem á í hlut og týna okkur ekki í meðaltölum.

Ég verð að eiga síðar orðastað við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem ætlar að skera mikið niður í heilbrigðisþjónustunni og spara mikla peninga, væntanlega eins og Eamonn Butler sem kom hér á vegum Verslunarráðsins ekki alls fyrir löngu. Hann vildi spara 20–40% í heilbrigðisþjónustunni, þjónustu þar sem launaútgjöld eru 70%. Hann ætlaði líka að hækka launin. Þetta er maðurinn með kanínurnar. Það er í fótspor hans sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hugsanlega einnig fjármálaráðherra ætla að feta. Ég vona að við eigum eftir að ræða það betur og nánar hér við umræðuna.

[16:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ef þessi umræða hefur sýnt eitthvað þá er það að hér er afskaplega gott ástand eins og menn þekkja. Ég held í rauninni að ræður stjórnarandstæðinga hafi sýnt okkur það með óyggjandi hætti.

Það er svolítið athyglisvert þegar skoðaðir eru helstu mælikvarðar sem menn hafa, hvort sem það er kaupmáttaraukning, hagvöxtur, atvinnustig eða annað slíkt, þá er ekki nokkur vafi að gríðarlegur árangur hefur náðst í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég hlustaði á formann Samf. í morgunsjónvarpinu á Stöð 2 í morgun. Hann taldi að það hefðu verið ákveðin tímamót í gær, ef ég skildi hann rétt, þar sem hann ræddi í sinni ræðu um að Samf. vildi að við mundum sækja beint um aðild að Evrópusambandinu. Ég sakna þess í hinum mörgu ræðum sem samfylkingarþingmenn hafa haldið að þeir vitni ekki í það hvernig ástandið er í helstu löndum ESB og útskýri fyrir okkur sem erum að ná mun betri árangri, af hverju í ósköpunum við skyldum fara í þann ágæta hóp og í þann klúbb.

Það er hins vegar eðli málsins samkvæmt, eins og kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, ekkert grín að vera í stjórnarandstöðu núna. Það má segja að mönnum sé ákveðin vorkunn að þurfa að taka þessa umræðu. Það er hins vegar mjög mikill stigsmunur á því hvernig menn taka hana. Ég verð að nota tækifærið og hrósa hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem flutti, að mínu áliti, málefnalegar ræður og var eini þingmaðurinn í stjórnarandstöðunni sem talaði um stóru málin sem snúa að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þar eru stórar upphæðir, gríðarlegar upphæðir, og ég ætla að koma aðeins að því á eftir.

Hins vegar kom hér hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sem flokkaði okkur stjórnarsinna niður eftir aldri og talaði um gamla refi og þá sem yngri voru og vorkenndi okkur ofsalega og fór mikinn. Ég sakna þess að hann sé ekki í salnum og vona að hann heyri það sem ég hef að segja. Það var mjög furðuleg röksemdafærsla. Ef ég skildi hann rétt þá taldi hann, ég veit ekki hvaðan hann hefur þær upplýsingar, að hér yrðu engir skattar lækkaðir á kjörtímabilinu. Af hverju? Jú, svo að stjórnin gæti endurnýtt kosningaloforðin í næstu kosningum, eins og hann orðaði það. Þetta er alveg furðuleg röksemdafærsla. Er þingmaðurinn og Samfylkingin almennt á þeirri línu að menn ætli, það er þá í fyrsta skipti sem þessir flokkar standa ekki við stjórnarsáttmálann, að sleppa því að lækka skatta til þess að geta lofað því aftur fyrir næstu kosningar? Þetta er alveg furðulegur málatilbúnaður.

Annað sem kom fram hjá ... (Gripið fram í.) Já, ég skil vel að hv. þm. Einar Már vilji ekki ræða skattamálin. Það var svolítið gaman vegna þess að maður hélt kannski í smástund að við værum að fá stuðning frá þingmönnum Samfylkingarinnar í skattalækkunarumræðunni. Síðan kom hv. þm. Einar Már Sigurðarson og blés það allt af og skammaði okkur mikið fyrir að ætla að lækka þennan illræmda hátekjuskatt og leggja hann af, ef ég skildi þingmanninn rétt.

Einnig sagði hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, svo ég vitni beint í orð hans að heilsugæslan væri „í fullkominni rúst." Heilsugæslan í fullkominni rúst. Hvorki meira né minna. Þetta er engin smáfrétt. Ég fullyrði að það vissi enginn af því að heilsugæslan væri í fullkominni rúst. Þetta er ekki málefnafátækt. Þetta er málefnaörbirgð. Það sýnir, held ég, alveg hvernig ástandið er hjá stjórnarandstöðunni þegar þeir koma hér í langri röð og gagnrýna þetta fjárlagafrumvarp og áætlanir ríkisstjórnarinnar, þá hafa þeir ekkert betra í höndunum en þetta.

Ég veit ekki hversu oft ég á að segja það, en ég er afskaplega stoltur af því að menn hafa aldrei áður farið út í það að lækka skatta jafnmikið og nú liggur fyrir. Aldrei áður hefur nein ríkisstjórn farið út í jafnmiklar skattalækkanir eins og sú ríkisstjórn sem nú situr. Það er afskaplega ánægjulegt fyrir okkur sem yngri erum að geta tekið þátt í slíku starfi.

Ég ætla aðeins að koma að því sem mér finnst hafa vantað algjörlega í þessa umræðu, þá tala ég af því menn eru svolítið búnir að flokka okkur eftir aldri, það er málið sem snýr að framtíðinni. Það er afskaplega ánægjulegt, svo ég vitni í reynsluheim minn og hv. þm. Helga Hjörvars, sem hefur mátt, í borgarstjórn Reykjavíkur á hverju ári, sjá skuldir aukast, ekki smávegis, heldur stórkostlega. Þá sjáum við að þessi ríkisstjórn og ríkisstjórnir sem á undan hafa verið hafa stórlega lækkað skuldir ríkisins. Það er nefnilega svo að það er bara einn galli við skuldir, það þarf að greiða þær. Skuldir í dag er skattur á morgun. Ég vil, með leyfi forseta, lesa úr ræðu hæstv. fjmrh. Geirs Haarde. Hann segir:

„Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs hefur verið jákvæður mest allt tímabilið frá 1998. Samanlagt nemur uppsafnaður lánsfjárafgangur frá árinu 1998 til og með ársins 2004 um 63,5 milljörðum króna. Þessum afgangi hefur verið varið til þess að styrkja stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og greiða niður skuldir ríkissjóðs auk þess að staða ríkissjóðs við Seðlabankann hefur mjög styrkst."

Þetta eru stóru upphæðirnar. Þetta eru stóru málin. Í flestum löndum og í þessu draumasambandi, Evrópusambandinu, þá standa menn frammi fyrir stórkostlegum vanda. Vegna hvers? Það eru ekki til neinir peningar í lífeyrissjóðum þessara landa. Menn horfa fram á stórkostlegan niðurskurð og/eða að þurfa að grípa til aðgerða sem ekki hafa verið teknar ákvarðanir um. Á undanförnum árum hefur sá árangur náðst að fyrirsjáanleg sjóðþurrð hefur frestast frá árinu 2014 til a.m.k. ársins 2025 og mun hættan á slíku verða úr sögunni á tiltölulega fáum árum, haldi greiðslurnar áfram. Hvorki meira né minna. Þetta eru stóru málin fyrir ungt fólk. Ég sakna þess, því hér hafa ungir þingmenn úr stjórnarandstöðunni tekið þátt í umræðunni, að þeir víkja ekki einu orði að þessum stóru málum, því það er þannig að ef við söfnum skuldum í dag þá kemur það beint niður á ungu fólki og komandi kynslóðum sem skattar í framtíðinni.

Ég vildi gjarnan sjá að menn mundu skoða þetta, því að það eru til fleiri opinberir lífeyrissjóðir heldur en eingöngu hjá ríkinu, líka hjá sveitarfélögunum. Ég þekki það hjá minni ágætu Reykjavíkurborg, ég veit hvernig málum hefur verið háttað þar. Þar hafa menn ekki verið að fresta sjóðþurrð, því fer víðs fjarri. Þar hafa menn ekki verið að nota það góðæri sem hefur verið til þess að skila afgangi og greiða niður skuldir, því miður. Þetta eru stóru málin.

Eðli málsins samkvæmt er ýmislegt undir í þessari umræðu. En ekki einn stjórnarandstæðingur, ef undan er skilinn hv. þm. Ögmundur Jónasson, hefur rætt þetta. Þess vegna fannst mér það afskaplega ábyrgt, þó svo að ég sé ekki sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni almennt, eins og menn þekkja, þá vil ég þakka honum fyrir það að fara yfir þessi stóru mál. Ég veit að hann þekkir þetta af sínum vettvangi og hlýtur að hafa haft miklar áhyggjur af því hér áður þegar menn sáu fram á sjóðþurrð í þessum sjóðum vegna þess að það var ekkert til í þeim. Við horfum ekki fram á þann vanda lengur.

Þetta er ekkert sem menn geta slegið sér upp með alla jafna. Þetta er kannski ekki eitthvað sem er áberandi í umræðunni eða sést, þannig að þetta snýst fyrst og fremst um ábyrgð viðkomandi stjórnmálamanna, hvort þeir séu ábyrgir stjórnmálamenn. Hæstv. fjmrh. Geir Haarde og ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hafa sýnt gríðarlega ábyrgð í þessu máli

og ég er ánægður að sjá það að hv. þm. Ögmundur Jónasson er maður til að benda á þetta. Það væri gaman að sjá hv. unga þingmenn stjórnarandstöðunnar minnast alla vega einu orði á þetta, ræða þetta örlítið.

Enn og aftur vil ég nota tækifærið og lýsa yfir ánægju minni að fá að vera með í því liði sem ætlar að stunda og stefna að og sýna fram á mestu skattalækkanir í sögu þjóðarinnar fyrir næstu kosningar.

[17:02]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. n. telur að aldrei hafi ein stjórn ætlað að lækka skatta eins mikið og þessi. Ég skal ekki segja. Ég minnist þess ekki hvaða yfirlýsingar menn hafa haft fyrir eða eftir kosningar um skattalækkanir. En það má auðvitað segja að ein stjórn undir forustu Sjálfstfl. hafi lækkað skatta meira en þessi hefur gert. Það er ríkisstjórn, blessuð sé minning hennar, Þorsteins Pálssonar frá 1987. Hún efndi kosningaloforð sín og það má hrósa henni fyrir það.

Þessi virðist fara öðruvísi að en sú stjórn. Hún ætlar ekki að efna kosningaloforðin heldur að láta þau vera fyrirheit, a.m.k. á fyrsta ári. Hún hefur þvert á móti, eins og sýnt hefur verið fram á af hálfu stjórnarandstæðinga, hækkað skatta á fyrsta árinu. Hún hefur hækkað bensín- og dísilskatta um milljarð og við bætist frádráttur vegna vaxtabóta um 600 millj. kr. Það gerir 1.600 millj. kr. samtals á næsta ári.

Á móti kemur dýrleg skattalækkun sem nemur u.þ.b. 80 millj. kr. og er hátekjuskatturinn frægi. Þar fer ríkisstjórnin að sjálfsögðu verri leiðina af tveimur sem til boða stóðu. Hún lækkar prósentuna en hækkar ekki viðmiðunarmörkin sem hefði verið eðlilegra. Það sem við getum flest verið sammála um varðandi hátekjuskattinn er að hann er ekki raunverulegur hátekjuskattur heldur skattur á hærri meðaltekjur. Þá hefði verið nær að hækka mörkin.

En svona er þetta, 1.600 millj. kr. hér og 80 millj. kr. þar og svo koma loforðin árið 2007.

[17:04]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað svo að ef stjórnarandstaðan trúir ekki því sem fyrir hana er lagt þá nær málið ekki lengra. Það er ekkert flóknara en það. Menn geta lagt út frá því með bensíngjaldið að það sé hækkun en menn vita, ef þeir skoða það sér það hver sanngjarn maður, að menn hafa sleppt því að hækka það, eins og gera hefði mátt ráð fyrir, á undanförnum árum. Það er nokkuð sem hæstv. fjmrh. hefur farið ágætlega í gegnum. Ef menn vilja ekki hlusta á slíkt þá nær það auðvitað ekki lengra. Ef menn telja að það sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum og hefur verið kynnt af hálfu hæstv. ráðherra, fjmrh. og forsrh. og fleiri hafa verið nefndir til sögunnar, þá nær það auðvitað ekki lengra.

Upp úr stendur auðvitað að þegar menn fara í næstu kosningar þá bera menn saman orð og efndir, það segir sig sjálft. En hér tala menn eins og kosningarnar séu á morgun og menn hafi þurft að efna allt það sem í stjórnarsáttmálanum stendur. Ég veit ekki til þess að nokkur stjórn hafi gert það á sínu fyrsta ári. Ég veit ekki til þess.

Það kemur hins vegar skýrt fram þegar ágætir þingmenn Samfylkingarinnar tala og liggur alveg fyrir að vinstri menn hafa aldrei lækkað skatta og munu aldrei lækka skatta. Þrátt fyrir að hv. þm. Helgi Hjörvar tali um, og ég fagna því, að hann sé ekki hrifinn af þeim skatti sem er kallaður hátekjuskattur — við eigum bandamann í honum — þá koma allir hinir, hv. þm. Mörður Árnason og Einar Már Sigurðarson og sjá því allt til foráttu að lækka þann skatt.

[17:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum sleppa deilunni um skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Við skulum sleppa því hvernig maður lítur á þá orðaleikfimi hæstv. fjmrh., að hann sé ekki að hækka skatta vegna þess að hann hafi af miskunn sinni sleppt því undanfarin tvö eða þrjú ár. Við skulum sleppa því. Við skulum þá fá hæstv. 6. þm. Reykv. n. til að koma upp og segja hvaða skattar muni lækka með þessum fjárlögum árið 2004. Hve há er sú upphæð?

[17:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þekkjum nákvæmlega hvað felst í þessu frv. og það hefur verið farið ágætlega í gegnum það. Það sem umræðan hefur gengið út á nákvæmlega hér er að þingmenn Samfylkingarinnar hafa af veikum mætti reynt að halda því fram að þessi ríkisstjórn og þeir flokkar sem að henni standa ætli ekki að standa við það sem þeir lofuðu fyrir kosningar. Því hafa menn haldið fram hér fullum fetum. (**BH:** Þetta var einföld spurning.) Ef þú vilt fá nákvæma útlistun á fjárlagafrv.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ekki samtal.)

Þá er eðlilegt að spyrja hæstv. fjmrh. að því.

Ég fullyrði hins vegar, eins og komið hefur fram, að þessi ríkisstjórn stendur fyrir mestu skattalækkunum sem hér hafa sést. Það er nokkuð sem ég er afskaplega ánægður með. Ef menn vilja fara út í einhver smáatriði í því þá er það auðvitað bara sjálfsagt. En það er stóra málið í þessu öllu.

[17:07]

Útbýting þingskjala:

Áfengislög, 29. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 29.

Borgaraleg friðargæsla, 79. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 79.

Framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003, 34. mál, beiðni SJS o.fl. um skýrslu, þskj. 34.

Fæðingarorlofssjóður, 80. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 80.

Hafrannsóknir á Svalbarða, 82. mál, fsp. RG, þskj. 82.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, 76. mál, fsp. JóhS, þskj. 76.

Lækkun tekjuskattsstofns, 77. mál, fsp. JóhS, þskj. 77.

Niðurstöður ráðherranefndar um fátækt, 78. mál, fsp. JóhS, þskj. 78.

Sveitarstjórnarlög, 30. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 30.

[17:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í dag gerði ég grein fyrir afstöðu minni til fjárlagafrv. almennt og þeirra atriða sem ég tel helst vera frv. til tekna. Ég nefndi auk þess hátekjuskattinn, viðhorf mitt til hans og átti eftir að fara yfir nokkur atriði sem ég tel ástæðu til að taka upp og vekja athygli á og tel að vinna þurfi að því að lagfæra frá því sem sett er upp í fjárlagafrv.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hátekjuskattinn. Ég var búinn að koma öllu að sem ég tel máli skipta hvað hann varðar. En varðandi annað atriði sem ég ætla að nefna, fjármagnstekjuskattinn, þá vil ég ítreka það sjónarmið sem ég setti fram á sínum tíma þegar hér var ákveðið á Alþingi að taka upp fjármagnstekjuskatt, 10% almennan skatt, að ég teldi að skattur á fjármagn ætti að vera með sama hætti og skattur á vinnulaun. Ég tel að það eigi ekki að gera greinarmun á því hjá ríkisvaldinu hvort menn vinna fyrir sér

með því að selja vinnuafl sitt eða með því að eiga fjármagn sem ávaxtar sig. Það er mín almenna afstaða til málsins. Ég studdi hins vegar 10% fjármagnstekjuskattinn á sínum tíma vegna þess að það var framför frá því sem þá hafði verið, en enginn slíkur skattur hafði verið fram að því.

Ég minni á að á Norðurlöndum, svo dæmi sé tekið, er fjármagnstekjuskattur einstaklinga mun hærri en hér á landi. Samkvæmt upplýsingum í vefriti fjmrn. í sumar er fjármagnstekjuskattur einstaklinga í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð 28–30%, en í Danmörku er hann stighækkandi frá 28% upp í 43%. Það er töluverður munur á þessari skattlagningu annars vegar og 10% skattlagningu sem við höfum hér hins vegar. Þó ber að geta þess að við höfum nánast engar undanþágur frá 10% skattlagningunni en á Norðurlöndunum eru frítekjumörk sem gera muninn minni en þessar prósentutölur gefa til kynna. Engu að síður er fjármagnstekjuskattur mun hærri þar en hér á landi.

Ég tel að menn eigi að hækka fjármagnstekjuskatt. Ég er tilbúinn að standa að því að hækka fjármagnstekjuskatt og hef talað fyrir því áður. Ég tel ekki eðlilegt að menn sem eru í þeirri aðstöðu að geta stofnað fyrirtæki um eigin atvinnurekstur geti skammtað sér tekjur með því að taka þær út sem arð, greiddan ofan á hlutabréfaeign í fyrirtækinu. Það er ekki eðlilegt að menn séu í þeirri stöðu að geta lækkað greiðslur sínar til samfélagsins með skattalegum úrræðum. Við eigum ekki, í tekjuskattslögum, að gera svo mikið upp á milli þeirra annars vegar sem afla sér tekna með vinnu og hinna sem eiga háa fjárhæðir og afla sér tekna með því að leigja þá peninga út. Það er bara ekki sanngjarnt.

Mér finnst það ekki sanngjarnt að þeir menn — og þeir eru margir á síðustu fáum árum sem hafa orðið mjög efnaðir, eins og menn þekkja úr sjávarútveginum — að slíkir menn og fleiri borgi ekki almennilega skatta til samfélagsins. Þeir eru hluti af samfélaginu en ekki utan við það. Þeir eiga að *leggja inn en ekki bara að taka út.*

Ég vil rifja upp það sem kom fram í fréttum fyrr í vikunni, ræðu Kåre Willochs, sem var áður formaður norska hægriflokksins. Hann er mikill hægri maður. Hann er ekki stuðningsmaður þess að menn greiði háa skatta. Það vita svo sem allir sem hafa fylgst með stjórnmálum bæði hjá honum og öðrum hægri mönnum í Noregi. En honum er farið að blöskra siðferðið í skattamálum þar sem menn gera upp á milli skattlagningar vinnu annars vegar og skattlagningar tekna af fjármagni hins vegar.

Hann segir í ræðu sinni um norska skattkerfið, sem skattleggur þó fjármagnstekjur mun hærra en hið íslenska, með leyfi forseta:

„Det norske skattesystemet er urettferdig og etisk forkastelig."

Það er ekki lítið sagt. Það er óréttlátt og siðferðilega forkastanlegt að gera þennan mikla greinarmun á skattlagningu tekna af vinnu annars vegar og tekna af fjármagni hins vegar. Og það er nefnilega þannig að í pólitík getum við ekki sett allt á einhverja stærðfræðilega mælikvarða og sagt að svona eigi það að vera og svona eigi þetta ekki að vera. Það eru nefnilega mannlegir hlutir og viðhorf sem koma þar til skjalanna. Það á að gera það líka hér á landi í skattapólitík eins og annars staðar. Við eigum ekki að tala upp í eyrun á mönnum sem eiga fullt af peningum, dekstra þá og tala fyrir því að það sé eðlilegt og sjálfsagt að þeir borgi litla skatta og það sé eðlilegt og sjálfsagt að gera allan fjandann til að koma sér hjá því að borga skatta. Það viðhorf þykir mér orðið mjög almennt í þjóðfélaginu á síðustu árum, sérstaklega hjá fólki í fjármálaheiminum, að það sé bara eðlilegt og sjálfsagt ef menn finni leiðir í skattalögum til þess að komast hjá því að borga skatta. Viðhorfið er nánast að menn séu menn að meiri fyrir það. Ég er ekki sammála því. Menn eru menn að minni ef þeir vilja ekki taka þátt í samfélaginu og borga skatta eins og hver annar launþegi hér á landi. Við verðum að fara að breyta þessu viðhorfi og það gerum við í gegnum pólitíkina og það gerum við í gegnum ákvarðanirnar í skattamálum. Ég tel fulla ástæðu til þess að menn taki þessa umræðu hér í þingsölum bæði nú og síðar til þess að fara að snúa ofan af þessari græðgi og vitleysu sem viðgengist hefur á undanförnum árum í þessum efnum.

Ég vil nefna nokkur önnur atriði sem ég tel ástæðu til að staldra við og vinna að því að færa til betri vegar.

Mér finnst það sem fram kemur í fjárlagafrv. um komugjöld á heilsugæslustöðvar vera eiginlega stórt spurningarmerki. *Og ég spyr: Hvað vakir fyrir mönnum að vera að* hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar um hundraðkall og ná þar fram nokkrum tugum millj., kannski 40–50 millj. kr.? Það er innan við 1% af kostnaði við að reka heilsugæslustöðvarnar. Og hvert er markmiðið? Er markmiðið að koma í veg fyrir einhverja ofnotkun á heilbrigðiskerfinu? Hafa menn einhver skipulögð markmið í þeim efnum? Og hafa menn eitthvað mælt hver árangurinn er? Hverju ætla menn að ná fram? Ég segi: Þegar menn eru að tala um að það séu aðstæður til að lækka skatta um 20 milljarða kr. á næstu árum, hver er þá þörfin á því að fara að sækja 40 millj. kr. í komugjöld til heilsugæslustöðva? Ég átta mig ekki á því. Og ég fer fram á það að ríkisstjórnin færi betri rök fyrir þessu máli en fram koma í fjárlagafrv.

Ég segi í öðru lagi líka varðandi fyrirhugaða breytingu á lögunum um atvinnuleysisbætur: Hver eru rökin fyrir því að fólk sem er atvinnulaust eigi ekki að fá atvinnuleysisbætur *í þrjá daga? Hver eru rökin? Hverju ætla menn að ná fram?* Eru menn að segja að fólk sem er atvinnulaust sé að ofnota kerfið? Er þetta sett á til þess að koma í veg fyrir einhverja misnotkun? Ég hef engan heyrt tala um það, hvorki úr stjórnarliðinu né annars staðar að það væri einhver misnotkun í gangi á atvinnuleysisbótum.

Mér finnst að menn geti ekki sett svona fram í fjárlagafrv. án þess að færa fyrir því boðleg rök. Og það eru engin rök í fjárlagafrv. Ég fer fram á það við hæstv. fjmrh. í allri vinsemd að hann rökstyðji fyrir þingheimi hvaða nauðsyn reki hann til þess að leggja þetta til á þessari bls. 374 í fjárlagafrv. þegar á hinni blaðsíðunni sem ég skoða kemur fram að hann sjái það sólskin fyrir sér að hægt sé að lækka skatta um 20 þús. millj. kr.? Það verður að vera eitthvert innra samræmi í þessum hlutum.

Ég tala auðvitað sem félagshyggjumaður vegna þess að ég er það og minn flokkur skilgreinir sig sem félagshyggjuflokk. *Ég hef aldrei séð það fyrir mér að félagshyggjuflokkur* teldi það vera eitt af brýnustu verkefnum stjórnmála dagsins að taka af mönnum rétt til atvinnuleysisbóta. Það er eitthvað nýtt sem ég hef aldrei heyrt.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, nefna fyrirhugaðar breytingar á vaxtabótum. Það kemur fram að meiningin sé að draga úr rétti til vaxtabóta með því að lækka þær skuldir sem mynda stofn til vaxtabóta úr 7% niður í 5,5%. Ég get ekki fallist á þau rök sem nefnd eru fyrir þessu atriði, að raunvextir hafi lækkað. Hafi raunvextir lækkað kemur það fram hjá ríkissjóði með lægri vaxtabótum. En þeir sem tóku

skuldirnar sínar eins og húsbréf á sínum tíma sitja uppi með sína raunvexti og þeir breytast ekki.

[17:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan að hann lýsti beinni andstöðu við ákveðna þætti sem eru veigamiklir í vegferð þessa fjárlagafrv., annars vegar hækkun á komugjöldum og hins vegar lækkun atvinnuleysisbóta. Þetta er upphaf, í rauninni hugmyndafræðilegt upphaf að næstu árum. Þetta er ekkert smámál. Upphæðin sjálf er ekki aðalatriði heldur sú hugmyndafræðilega vegferð sem þarna er verið að leggja upp í og hefur verið ítrekað hér í umræðunum að sé sá hugmyndafræðilegi grunnur sem byggt verði á á næstu árum. Enda eru líka skattalækkunarhugmyndir ríkisstjórnarinnar að verða að veruleika, byggja á auknum notendagjöldum sem koma í staðinn í velferðarþjónustunni. Það var því athyglisvert að heyra hv. þingmann lýsa sig fullkomlega andvígan þessum sjónarmiðum í fjárlagafrv.

Ég vil hér spyrja hv. þingmann: Var þetta fjárlagafrv. ekkert rætt í þingflokki framsóknarmanna áður en heimilað var að leggja það fram? Maður verður að gera ráð fyrir því að þetta sé sameiginlegt frv. beggja flokkanna enda hefur það komið fram í umræðunum áður að Framsfl. styður dyggilega markaðsvæðingu almannaþjónustunnar eins og þetta frv. leggur upp með. Var þetta ekkert rætt í þingflokki framsóknarmanna áður en það var lagt fram? Eða eru kannski fleiri þingmenn Framsfl. sömu skoðunar og hv. þm. í þessum efnum hér? Það er mikilvægt að þetta komi fram. Ríkisstjórnin styðst ekki við svo mikinn meiri hluta að það væri fróðlegt að vita hvaða meðferð þingflokkur Framsfl. hefur haft á þessu fjárlagafrv.

[17:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að hækkun á komugjöldum til heilsugæslustöðva sé veigamikið mál í fjárlagafrv. Í raun og veru finnst mér þetta vera ákaflega lítið mál. Veigamesta málið er auðvitað staðan í efnahagsmálum og ríkisfjármálum. Ég fór rækilega yfir það hvernig hún var að mínu mati og ég tel að ríkisstjórnin hafi staðið sig mjög vel í því sem m.a. lýsir sér í því að menn treysta sér til þess að vinna að því að lækka skatta.

Þess vegna finnst mér bara ekki ná nokkurri átt þegar menn eru í þessari góðu stöðu og sjá fram á það að geta lækkað skatta í svona stórum stíl, eins og menn hafa sett fram sem markmið, að vera að sultast í þessum komugjöldum á heilsugæslustöðvum, hækkun upp á hundraðkall til að ná í 40–50 millj. Ég bara næ ekki röksemdunum fyrir því. Ég segi það bara, herra forseti. Ég er bara ... (**Gripið fram í:** Frú virðulegi forseti.) Ég segi það bara, herra forseti. Ég er algjörlega ósammála því að það sé atriði sem ríkisstjórnin eigi að grípa til við þessar aðstæður, ekki nema menn geti sýnt fram á það að komugjöldin hafi einhver þau áhrif sem takmarki kostnað í kerfinu. Ég hef ekki séð það. Ég hef ekki heyrt þau rök að menn ætli að leggja á komugjöld til þess að draga úr komum eða að draga úr einhverjum vaxandi kostnaði sem þeir réðu ekkert við. Þær aðstæður eru ekki uppi í heilsugæslustöðvunum að mínu mati. En hafi menn þau rök koma þau væntanlega fram.

Meðan menn rökstyðja ekki málið betur en gert er get ég ekki fallist á að þetta sé atriði sem við eigum að beita okkur fyrir. Ég verð að segja það eins og er, herra forseti.

[17:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson svaraði ekki spurningunni sem ég bar fram. Hún var sú hvort fjárlagafrv. hefði verið rætt og afgreitt í þingflokki Framsfl. áður en það kom hér fram, og hvort fleiri væru sömu skoðunar og hann.

Hins vegar upplýsti þingmaðurinn að hann er hugmyndafræðilega sammála þeirri vegferð sem fjárlagafrv. er á. Hann styður markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins sem er sú vegferð sem þetta fjárlagafrv. sýnir að á að stefna á. Þar gerir þingmaðurinn ekki ágreining við Sjálfstfl., í markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins. Það eru aðeins þessar upphæðir sem þingmaðurinn gerir athugasemdir við.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að þetta er smánarleg aðferð. Málið er það, hafi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ekki áttað sig á því, að þetta er lykillinn í þeirri hugmyndafræði sem þessi ríkisstjórn er að leggja upp með í nýrri holskeflu einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu. Það er eins gott að þingmaðurinn átti sig á því hafi hann ekki þegar gert það.

[17:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algjörlega ósammála ályktun þingmannsins um að í svari mínu hafi falist það að ég væri hugmyndafræðilega sammála markaðsvæðingu í heilbrigðiskerfinu. Ég er ekki sammála markaðsvæðingu í heilbrigðiskerfinu. Ég er andvígur því í meginatriðum. Ég hef ekki séð annað en að markaðsvæðing á slíku sviði leiði af sér aukinn kostanð. Ég hef ekki séð að það leiði af sér aukin afköst í samræmi við aukinn kostnað. Þvert á móti óttast ég að fari menn þá leið í ríkara mæli en menn hafa gert til þessa, að grípa til einkavæðingar, sé það ekki mikið gæfuspor fyrir Íslendinga.

Mér finnst að menn hafi talað mjög gáleysislega hér um íslenska heilbrigðiskerfið. Ég heyrði einn hv. þm., Einar Odd Kristjánsson, segja að kostnaðurinn við það væri sá mesti í heimi. Það er bara algjörlega ósatt. Íslenska heilbrigðiskerfið er alveg frábærlega gott, það er eitt það allra besta í heiminum, og kostnaðurinn við kerfið er ekki mikill ef við berum okkur saman við önnur kerfi sem eru góð, jafngóð eða betri en okkar. Við skulum bera okkur saman við bandarísk kerfið sem er nærri tvisvar sinnum dýrara miðað við verga landsframleiðslu heldur en það íslenska. Skyldu ekki gæðin þar vera eitthvað lakari fyrir almenning í Bandaríkjunum en það er fyrir almenning á Íslandi? (Gripið fram í.) Ég held að það væri mikil ógæfa ef við færum að tileinka okkur bandarískar aðferðir í heilbrigðiskerfinu íslenska. Það dæmi segir okkur, ef marka má reynslu þeirra, að kostnaðurinn mun aukast mikið en þjónustan og gæðin ekki að sama skapi. (**JBjarn:** Samþykkti þinn flokkur ...?)

[17:27]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Eins og fram kom í annarri ræðu minni hér áðan á ég enn eftir ólokið einum stuttum kafla í þeirri ræðu sem ég hefði helst viljað flytja hér í einu lagi en vegna tímamarka tókst það ekki.

Sá kafli sem ég á eftir er raunverulega sá kafli sem ég nefndi snemma í minni fyrstu ræðu, um að það væri ákveðinn innbyggður vandi í ríkiskerfinu. Ég vil taka dæmi þar um. Ég

nefndi að það væri þekkt bæði í heilbrigðiskerfinu, menntakerfi og ég tala nú ekki um í samskiptum sveitarfélaga sem ég hef nú aðeins minnst á.

Ég vil aðeins snúa mér að stöðunni hjá háskólum og framhaldsskólum þessa lands. Það hefur því miður verið þannig í allt of mörg ár að þar hefur verið innbyggður vandi, þar hefur verið fjárskortur. Og ég leyfi mér að fullyrða það vegna þess að það kemur m.a. fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 að það sé neikvæð staða upp á rúmlega 300 millj. í framhaldsskólakerfinu og þá er tekið tillit til þess að þar sé ekki verið að eyða um efni fram eða annað þess háttar, heldur vegna þeirrar þjónustu sem þar er veitt og ætlast er til að sé veitt í skólunum. Og því miður, frú forseti, er ekkert í því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir sem ætlar að taka á þessum vanda, hvorki háskólanna né framhaldsskólanna.

Í texta frv. segir að tekið sé tillit til nemendafjölgunar og það sé það eina í raun og veru sem gert sé til þess að bæta hag háskólanna og framhaldsskólanna.

Þegar betur er skoðað kemur í ljós í textanum að sá nemendafjöldi sem miðað er við er ekki kominn frá skólunum sjálfum. Hann virðist vera fundinn upp í menntmrn. og það er töluverður munur á þessum tölum. Væntanlega gerum við flest ráð fyrir því að skólarnir hafi betri yfirsýn yfir það hversu margir nemendur eru í skólunum en hið háttvirta ráðuneyti.

Miðað er við það í þeim fjárframlögum sem reiknuð eru til háskólanna í fjárlagafrv. að nemendafjöldinn sé 10.448. Skólarnir telja að nemendafjöldinn verði á árinu 2004 10.900. Þarna skeikar um heila 500 nemendur. Og ef reiknaður er kostnaðurinn við þessa 500 nemendur og miðað við meðalkostnað á nemanda, eins og gert er í því reiknilíkani sem notað er til þess að reikna þetta út og áður en til frádráttarliða kemur, þá er þessi mismunur upp á um 300 millj. kr.

Ef við skoðum framhaldsskólana eins þá er áætlað í tölum ráðuneytisins að nemendafjöldinn verði 16.220. En tölur skólanna fyrir árið 2003 eru 16.550. Þarna skeikar um 330 nemendur. Takið eftir: Annars vegar áætlar ráðuneytið fjöldann árið 2004, hins vegar eru rauntölur úr skólunum fyrir árið 2003. Og það hefur ekki gerst í mjög langan tíma að nemendum á milli ára í framhaldsskólum landsins fækki. Allar líkur eru á því að þeim fjölgi og þar af leiðandi verði talan enn hærri. En ef þessi tala er umreiknuð í upphæð þá munar þarna um 180 millj. kr. Þarna er sem sagt samanlagt bara varðandi nemendafjöldann um hálfan milljarð að ræða sem skeikar á milli talna ráðuneytisins og skólanna.

Því miður, frú forseti, held ég að þetta sé ekki tilviljun heldur hafi verið viðloðandi í þó nokkurn tíma. — Afsakið, herra forseti. Það hafði farið fram hjá mér að hér hefur orðið skipting í stólnum. Ég bið því herra forseta afsökunar á titlinum. Herra forseti skal það vera vonandi það sem eftir er ræðu minnar.

Herra forseti. Ég tel það ekki vera tilviljun að þessi munur er nú á. Ég tel að það hafi áður gerst að þessar tölur hafi verið ranglega reiknaðar og það sé hluti af þeim vanda sem við er að etja í þessum skólum. Hann er hins vegar miklum mun margvíslegri. Þessu til áréttingar vil ég benda á tölur sem fram koma í fjárlagafrv. sjálfu, þar sem m.a. eru bornar saman niðurstöður reikninga ársins 2002 í framhaldsskólum landsins og hins vegar frv. fyrir árið 2004. Það er athyglisvert að af 26 framhaldsskólum eru 19 með neikvæðan mismun, þ.e. að niðurstöðutölur skólanna fyrir árið 2002 eru hærri en þær tölur sem áætlaðar eru fyrir árið 2004, þrátt fyrir að auðvitað hafi þarna orðið töluverð nemendafjölgun og að auki þrátt fyrir að búið sé að breyta töluvert á milli safnliða, og það er öðruvísi sundurliðun en var hin fyrri ár þannig að það ætti í raun að minnka þennan mun eða vinna hann upp. En því miður er þessi munur þessi og hann segir okkur að vandi skólanna er vaxandi. Það er ekki verið að vinna á vandanum heldur auka hann.

Þessar tölur eru allt upp í 20% mun á einstaka skóla. Hvort það segir okkur eitthvað þá er samt sem áður athyglisvert í þessari töflu að hjá Verslunarskóla Íslands, sem er rekinn, eins og hv. þingmenn þekkja, á annan hátt en hinir svokölluðu ríkisframhaldsskólar, hækkar. Þar er jákvæður mismunur upp á rúm 20%. Nú veit ég ekki, vegna þess að mig skortir upplýsingar, hvort þetta sé merki um að einhvern veginn öðruvísi sé gefið í því tilefni.

Herra forseti. Eitt lítið mál á ég eftir í ræðu minni sem var nefnt úr þessum ræðustól fyrir fáeinum dögum síðan, þ.e. núverandi staða þróunaraðstoðar íslensku þjóðarinnar. Fram kemur að metnaðarleysi okkar heldur því miður áfram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 og það er ekki að sjá, þó skoðaðar séu þær áætlanir sem til standa til ársins 2007, að þar eigi nokkur breyting á að verða.

Það er eðlilegt að menn horfi til þess að ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að sækjast eftir því að Ísland eigi sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það hlýtur að vera eðlilegt að spurt sé hvort menn ætli að vera í platframboði eða í alvöruframboði. Ef menn ætla að vera í alvöruframboði þá hljóta þeir að skoða þessi mál í heild sinni því að það hlýtur að vera markmiðið, ef menn eru að fara í svona framboð, að ná kjöri. Og ef menn ætla að ná kjöri þá hljóta þeir að leita eftir því að sem allra flestar þjóðir heimsins hafi ástæðu til þess að kjósa okkur í öryggisráðið. Því miður, herra forseti, skortir þarna á metnað, sýnist mér.

Herra forseti. Örlítið varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram. En enn á ný sýnist mér þó tími minn vera slíkur að ég nái ekki að fara yfir allt það sem ég hefði viljað koma inn á í þeirri umræðu. Ég mun því eingöngu taka fyrir það sem hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi í ræðu sinni fyrr í dag.

Það er athyglisvert sem hv. þm. nefndi m.a., að Framsfl. hefði engin loforð svikið sem hann hefði gefið fyrir kosningar. Hann er þar af leiðandi að segja: „Það var samstarfsflokkurinn sem hefur svikið." Það eru vissulega tíðindi. Hv. formaður fjárln. staðfesti málflutning margra stjórnarandstæðinga um að svik hafi átt sér stað. Hv. þm. þótti a.m.k. sérstök ástæða til þess að taka það fram að Framsfl. hefði ekki svikið.

Hins vegar skortir töluvert á að við höfum séð nokkuð um loforð Framsfl. í hinu stóra máli að bjarga öllu í húsnæðismálum. Að vísu hafði Framsfl. verið með þennan málaflokk til fjölda ára í ríkisstjórn en þótti samt sem áður ástæða til að gera það eitt af sínum höfuðmálum í kosningunum að þar þyrfti nú heldur betur að taka til. Við skulum vona að þær tillögur sjái dagsins ljós fyrr en síðar.

Ég vil sérstaklega geta eins annars markverðs atriðis sem fram kom í ræðu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, þ.e. að hann boðar það að sérstaklega verði farið yfir vinnubrögð og vinnulag í fjárln. Þetta hefur áður komið fram frá fyrrv. hv. formanni fjárln. En því miður varð lítið úr því. Ég treysti því hins vegar, herra forseti, að núv. hv. formaður fjárln.,

Magnús Stefánsson, muni standa við þau orð sem hann lét falla áðan, enda held ég að þau séu í tíma töluð.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég treysti því að við munum í fjárln. eiga gott samstarf og skila fjárlögum til 2. umr. á tilsettum tíma.

[17:37]

Útbýting þingskjals:

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, 31. mál, þáltill. KolH og SJS, þskj. 31.

[17:37]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Gefist hefur ástæða til þess að ég ítreki og fari yfir alþjóðlegan samanburð í kostnaði heilbrigðiskerfisins.

Það er þannig að OECD gefur út árlega yfirlit yfir dreifingu á þessum kostnaði ríkisstjórnanna eins og yfirlit um önnur mál. Ég fór yfir það hérna áðan að það væri gegnumgangandi í þessum skýrslum að Evrópuþjóðirnar væru að eyða um 2% af vergri landsframleiðslu, þ.e. einstaklingarnir og fyrirtækin, tryggingarnar, væru að eyða um 2% af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál. Ísland er þar undanskilið og öðruvísi því að við erum bara með rúmt 1%, 1,2–1,3%. Þannig sker Ísland sig úr öðrum Evrópuríkjum.

Það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því að í Ameríku, sérstaklega Bandaríkjunum, er þetta allt öðruvísi og ekki samanburðarhæft. Bandaríkin eru hins vegar með mikinn opinberan kostnað í heilbrigðismálum, í kringum 7% af landsframleiðslunni. En einstaklingarnir og tryggingarnar þar greiða miklu hærri upphæðir en nokkurn tíma hefur þekkst í hinu evrópska kerfi. Þeir borga eitthvað svipað, þannig að heildarkostnaðurinn í Bandaríkjunum í heilbrigðismálum er miklu hærri en nokkurs staðar annars staðar. Bandaríkin eru ekkert sambærileg og ekkert þýðir að bera þetta saman. Við eigum að bera okkur saman við Evrópuríkin sem eru nokkurn veginn samferða í því hvernig þau standa að sínum málum. Það er mjög samanburðarhæft að öllu leyti.

Á undanförnum árum hefur Þýskaland verið með einna hæst opinbert framlag til heilbrigðismála. En á síðustu tveim, þrem árum hefur Ísland sótt þar mjög fast á. Ég fæ ekki betur séð á þeim fjárlögum sem hér liggja fyrir, þar sem mig minnir að 73.578 milljónir séu ætlaðar til heilbrigðismála — landsframleiðslan er 861 milljarður. Það er þá 8,54 og við vitum að einstaklingarnir borga um það bil 1,2–1,3% — að til þess horfir, og mér sýnist það augljóst, að við séum að borga hæsta hlutfall sem þekkist í Evrópu til heilbrigðismála.

Þess ber líka að geta, herra forseti, að Ísland er yngsta þjóð Evrópu. Tyrkir eru á nokkuð svipuðu stigi og við. En þeir eru nú ekki samanburðarhæfir í heilbriðgismálum. Það er mjög þekkt og vitað að aldurssamsetning þjóða hefur mjög mikil áhrif á útgjöld til heilbrigðismála. Ef við ætlum að hliðra þessum tölum miðað við aldurssamsetningu þá erum við ekki eingöngu hæstir heldur langhæstir. Það er mikið áhyggjuefni og ég ætla að ítreka það hér, herra forseti, að þessi kostnaður hefur vaxið mjög hröðum skrefum á undanförnum árum, á síðustu fjórum árum um 22 þús. millj., 22.192 milljónir.

Ef við ætlum — og ég veit að við ætlum og ég veit að við viljum — að reyna allt sem við getum til þess að aukningin í samneyslunni verði innan þeirra marka sem við höfum sett okkur, þ.e. að raunaukningin verði ekki meiri en um 2% á ári, þá er algjörlega tilgangslaust að láta sér detta í hug að við náum nokkrum þeim árangri öðruvísi en að horfast í augu við að við verðum líka að stemma stigu við útgjaldaaukningunni í heilbrigðismálum, stemma stigu við hraða aukningarinnar og reyna að halda okkur þar á 2% aukningu. Annars skulum við bara gleyma þessum markmiðum okkar.

Enginn efast um að íslensk heilbrigðismál séu mjög góð. Þau fá viðurkenningu alls staðar frá. Þau eru frábær. Við höfum hins vegar ekki verið talin í hópi þeirra ríkja sem hafa fengið verðlaun á undanförnum árum frá Alþjóðabankanum. Það hafa nú verið Frakkar og aðrir, t.d. Belgar. En við stöndum mjög vel. Við verðum að horfast í augu við þetta. Þetta er verkefnið og þess vegna eigum við að horfast í augu við það að aukningin hefur verið gríðarleg. Nú ber okkur að reyna að hemja hana einhvern veginn. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir.

Það breytir engu þó að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson komi hér og segi að þetta sé ósatt. Þetta er satt og það er rétt bara að viðurkenna það og horfast í augu við það. Þetta er líka viðfangsefni sem við verðum að fást við í heilbrigðismálunum.

[17:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á þessar umræður í dag um fjárlögin og kannski ekki hvað síst reyna að átta sig á þeim merku skýringum sem hér hafa komið fram á því hvers vegna ekki eigi að standa við kosningaloforðin. Það hefur reyndar verið rætt hér fram og til baka og kannski er ekki ástæða til þess að bæta mikið í það.

Ég get hins vegar tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni því ef við greinum heilbrigðiskerfið þannig að það sé að taka við þeim sem þangað leita og gera eins vel og hægt er, þá er íslenskt heilbrigðiskerfi án efa á heimsmælikvarða og stendur sjálfsagt einna fremst, alveg sama við hvaða þjóð er borið saman. Ég get líka tekið undir með hv. þm. að við höfum sjálfir séð útgjöld í heilbrigðiskerfinu hækka á hverju einasta ári og ætíð hafa verið fluttar sömu ræðurnar um að mikilvægt sé að taka á í þessum málaflokki. Kannski hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutt hvað flestar og lengstar ræður um að nauðsynlegt sé að taka á í þessum málaflokki. Hv. þm. stendur núna í níunda skiptið að fjárlagafrumvarpi.

Mig langar því að spyrja hv. þm. í þessu samhengi: Hvernig stendur á því að á hverju ári er þessi ræða flutt um að nauðsynlegt sé að taka á sjálfvirkri þenslu í heilbrigðiskerfinu, en við sjáum aldrei neinar metnaðarfullar hugmyndir um hvernig eigi að gera þetta og hvernig eigi að taka á þessu? Það er t.d. lítið sem ekkert að sjá í þessu frv. um að ætlunin sé að reyna að huga að forvörnum eða öðru slíku. Þetta eru sömu sjálfvirku útgjöldin. Er veruleikinn sá að ríkisstjórnin er bara orðin svona þreytt á að taka á þeim vanda sem hv. þm. hefur hér talað um, held ég, meira og minna frá því að hann kom á þing?

[17:45]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, skipað gæti ég væri mér hlýtt, sagði karlinn. En það er ekki svoleiðis. Ég held að það sé einlægur vilji ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, og það hefur komið fram á mörgum undanförnum árum, að við reyndum að stemma stigu við þessari aukningu. Við höfum heldur ekki getað það. Við höfum ekki klárað það verkefni. Ég skal auðfúslega viðurkenna það. Við höfum sett okkur markmið um það og

við höfum sett okkur reglur um það en það hefur ekki gengið eftir. Ástæðurnar eru margbrotnar. Þetta vandamál eru fleiri þjóðþing að fást við en Íslendingar. Þetta er vandamál sem öll þjóðþing Evrópu eru að fást við.

Ég gat þess áðan að þetta mál hafi verið mjög mikið til umfjöllunar hjá Evrópudeild WHO í Kaupmannahöfn. Þar hafa menn á undanförnum árum verið að reyna að átta sig á því hvernig á þessu stendur og niðurstaðan hjá flestum er sú að þessi mikla tilhneiging til að færa alla hjúkrun og allt sjúkrahússtarf upp á hæsta tæknistig sé aðalvandinn. Þess vegna eru menn að reyna að búa til og reyna að finna hvernig þeir geti snúið þessu við, hvernig færa megi vinnuna niður í heilbrigðisþjónustuna, niður á grunnplanið, til þess að reyna að lækka þennan kostnað. Þetta er hið mikla viðfangsefni sem ríki í Evrópu eru að fást við. Sum hafa náð verulegum árangri, að ég ætla, önnur minni. Ég held að við séum á því stigi að við verðum að horfast í augu við það að við verðum að endurskipuleggja þetta, leita allra leiða, viðurkenna að þrátt fyrir góðan vilja og góða menntun þeirra manna sem um þetta fjalla þá hefur skipulagið ekki dugað. Þá er að horfast í augu við það og leita allra annarra fáanlegra leiða.

[17:47]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það undrar mig ekki að hv. þm. var ekkert að fara hringinn í kringum þessa umræðu, kom beint að henni og sagði einfaldlega: Við höfum einfaldlega ekki fundið leiðir til að takast á við þetta vandamál. Það er hárrétt hjá hv. þm. að þetta er eitt af stærstu vandamálum sem allar þjóðir í Evrópu eiga við að etja.

En veruleikinn er sá, og það er kannski kjarni málsins, að við höfum ekki séð örla á neinum hugmyndum sem eru líklegar til að taka á þessu. Það eru allar þjóðir að reyna að taka á þessu, en maður sér ekki þegar maður skoðar fjárlagafrumvarpið að það sé á nokkurn hátt reynt að taka á málinu. Það finnst mér vera sá veruleiki sem stendur upp úr í þessari umræðu. En það breytir ekki hinu og hefur komið fram að að sjálfsögðu er stjórnarandstaðan tilbúin að leggja stjórninni lið í þessum málum eins og fleiri öðrum góðum málum hér á þinginu í vetur.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka sjónarmið mitt sem ég setti fram áðan. Ég vara við heimsendamálflutningi um íslenska heilbrigðiskerfið. Ég er ekki sammála því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur ítrekað haldið fram hér í þingsölum að íslenska heilbrigðiskerfið stefndi í óskaplegan vanda vegna þess að í því væri einhver kostnaðaraukning sem menn réðu ekkert við. Það er bara ekki rétt miðað við þær tölur og þau gögn sem við höfum undir höndum og höfum getað litið á.

Kostnaður við íslenska heilbrigðiskerfið er um 8% af vergri landsframleiðslu. Af því greiða neytendur eða þeir sem nota þjónustuna um 1%, eða um 15% af kostnaðinum. Það má deila um það hvort það sé rétt hlutfall. Ég er þeirrar skoðunar að það sé of hátt. Þannig að ríkið er að borga um 7%.

Í Bandaríkjunum höfum við mjög einkavætt kerfi og tryggingafélagavætt kerfi. Kostnaðurinn við það er um 14% af landsframleiðslu Bandaríkjamanna. Og þeir sem nota þjónustuna borga nærri helminginn af henni beint úr eigin vasa. Ef við förum út á þá braut að einkavæða meira en við höfum gert þá eigum við á hættu að lenda inn á þessu spori.

Kostnaðaraukning í íslenska heilbrigðiskerfinu á undanförnum árum hefur fyrst og fremst verið vegna kjarasamninga, vegna þess að menn hafa samið um að bæta kjör þess fólks sem vinnur í íslenska heilbrigðiskerfinu og bætt það mjög mikið og verulega umfram almenna launamarkaðinn. Ég veit ekki annað en það hafi verið sæmileg samstaða um það meðal stjórnarþingmanna að standa þannig að verki. Hæstv. fjmrh. hefur farið með það mál. Ég vænti þess að menn séu ekki að tala fyrir því að draga úr launakostnaði í komandi kjarasamningum að þessu leytinu til. Sá kostnaður sem mest hefur vaxið og gerð hefur verið sérstök athugasemd við af hálfu Ríkisendurskoðunar er sérfræðikostnaðurinn, það eru læknarnir sem vinna á eigin vegum og geta ráðið því sjálfir hvaða reikning þeir senda til ríkisins.

[17:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast bara alls ekki við að hafa nokkurn tíma flutt nokkra heimsendaræðu um íslenska heilbrigðiskerfið. Það hafa einhverjir aðrir flutt hana. Ég veit ekki hvenær það hefur átt að vera eða hvenær ekki. Ég hef aldrei gert það. Mér hefur alltaf verið ljóst, og veit það, að íslenska heilbrigðiskerfið er mjög fullkomið og hefur verið það lengi.

Ef menn vilja þræta við mig um þessar tölur þá er mönnum það náttúrlega alveg fullkomlega leyfilegt. Þær eru í ríkisreikningnum og þær eru í fjárlögunum. Menn geta svo keppst um það hver deilir rétt og margfaldar rétt. Ég nenni ekki að standa hér í stappi um það. Samanburðurinn liggur líka fyrir í skýrslum OECD. Það liggur allt saman fyrir. Við eyðum svona miklum peningum. Og það sannast alltaf að þau vandræði sem vissulega eru í kerfinu geta ekki stafað af peningaskorti vegna þess að við erum með meiri peninga en aðrir, yngri þjóð en aðrir. Það hlýtur að vera, og ég hef aðeins verið að ítreka það aftur og aftur, það hlýtur að vera skipulagið eða stjórnunin í þessu kerfi sem verður að endurskoða og verður að fara í gegnum. Okkur ber öllum að taka þátt í því. Okkur ber öllum að leita allra þeirra leiða sem til greina geta komið. Ég er bara að krefja menn um það. Ekkert annað. Ég hef aldrei haldið því fram að ég kynni einhverja patentlausn á því eða einhver annar kynni einhverja patentlausn á því. Aldrei.

Þetta er bara verkefni sem allir verða að taka þátt í vegna þess að við getum ekki horft á þennan kostnað aukast áfram eins og hann hefur gert á undanförnum árum. Þá erum við að eyðileggja fyrir öllum öðrum markmiðum sem menn vilja standa að og allir eru sammála um það að við verðum að halda áfram að leggja gríðarlega peninga í menntamálin. En við gerum það ekki ef peningarnir fara allir í heilbrigðismálin. Þetta er sameiginlegt verkefni sem við þurfum ekkert að deila neitt um, en ég trúi því að það skorist enginn undan því.

[17:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í íslenska heilbrigðiskerfinu er alls staðar verið að leitast við að spara. Það er auðvitað vegna aðhalds frá yfirmönnum stofnana og frá ríkisstjórn og frá Alþingi. Og það er ekkert athugavert við það þó þeir sem sjá um að taka ákvarðanir um fjármögnun kerfisins leggi að þeim sem í því starfa að fara vel með fé og

spara eins og kostur er. Það er gert á hverju ári og yfirmenn eru stöðugt að leitast við að hagræða og ná sama árangri fyrir minni pening. Ég held að menn eigi að halda áfram á þeirri braut og halda mönnum við efnið að því leytinu til.

En því er ekki að leyna að menn hafa talað ógætilega í þessum efnum að mínu mati eins og ég hef látið hér koma fram. Og mér finnst að hv. þm. Einar Oddur hafi verið í fararbroddi í þeim efnum. Menn hafa verið að setja fram óraunhæfar kröfur um niðurskurð og sparnað á þessum stofnunum og síðan hefur komið í ljós að menn hafa orðið að rétta af halla í fjáraukalögum vegna þess að ákvarðanirnar sem menn settu sér í fjárlögum voru ekki raunhæfar. Menn eiga ekki að tala eða vinna á þeim nótum að menn gefi undir fótinn þeirri skoðun eða tali beinlínis fyrir því að illa sé farið með peninga í íslenska heilbrigðiskerfinu því svo er ekki. Það er engin vá fyrir dyrum og það er engin kostnaðarsprenging fram undan.

Það sem er fram undan, herra forseti, er það að við sjáum fram á það að geta lækkað skatta um tugi milljarða kr. Og það ber nú ekki vitni um að kostnaðurinn í heilbrigðiskerfinu sé að sliga íslensku þjóðina.

(**Forseti** (BÁ): Ég minni þingmenn á að ávarpa aðra hv. þingmenn með fullu nafni, ekki bara skírnarnafni.)

[17:55]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykja það nokkuð merkileg tíðindi ef ég hef verið í fararbroddi þeirra manna sem hafa talað hvað óvarlegast um íslensk heilbrigðismál. Það er einhver einkunn sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vill gefa mér. En ég efast um að hann geti fundið orðum sínum stað. Það er þá hans vandamál.

Það var grein í Morgunblaðinu, leiðari, fyrir nokkrum dögum um heilbrigðismálin. Leiðaranum lauk á þessum orðum: „Það er ekki sparnaður nema eitthvað sparist." Það er heilmikil speki í þessu. Við horfum upp á það og vitum það að kostnaðurinn er að aukast. Almenningur trúir því að það sé verið að skera niður á spítölunum, það sé verið að minnka framlög til heilbrigðismála á sama tíma og við jukum framlögin á síðustu fjórum árum um 22 þús. millj. Framlögin hafa aukist meira en við ætluðum. Það eru staðreyndirnar sem liggja fyrir. Það er ekki að tala óvarlega að benda á staðreyndir, eða hvað?

Við höfum sett fjárlög og menn hafa staðið saman að því. Við 2. umr. fjárlaga getum við farið nákvæmar yfir það hvað hefur gerst. Ég ætla ekki að gera það núna. Við erum einmitt að athuga núna t.d. Landspítalann – háskólasjúkrahús. Við skulum þá bera það saman þegar þar að kemur hver hefur verið óraunhæfur og hver ekki. En þingið var örugglega að gera það sem það taldi rétt og hefur talið rétt og var með áætlanir um það á sínum snærum.

Þetta er málið. Heilbrigðismálin eru svo stór hluti af útgjöldum ríkisins að ef menn ætla að reyna að hemja útgjöldin þá geta þeir ekki litið fram hjá þessum kostnaðarþætti.

[17:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér hefur farið fram athyglisverð og ítarleg umræða í dag um fjárlagafrumvarp næsta árs og önnur þau plögg sem frammi liggja og tengjast fjárlagafrumvarpinu. Ég vil þakka fyrir málefnalega umræðu á þessum vettvangi í dag.

En eðli málsins samkvæmt er umræðan við 1. umr. að sjálfsögðu almenns eðlis og blandast þar ýmislegt inn í eftir því hver hugðarefni einstakra þingmanna kunna að vera. Þetta er sú skipan sem tíðkast hefur á Alþingi Íslendinga og á reyndar við um önnur þingmál og ekki eingöngu fjárlagafrumvarpið. 1. umr. er almenns eðlis, síðan ræða menn málin í meiri smáatriðum, sérstaklega við 2. umr.

Í umræðunni í dag var af nýjum þingmanni hreyft við þeirri hugmynd að rétt væri að taka þessa almennu umræðu fyrr á árinu, þ.e. á vorþingi, og ræða rammasetninguna þá og hefja meiri eða kannski dýpri umræðu um þetta leyti árs um efni fjárlagafrumvarps komandi árs. Þetta er reyndar ekki ný hugmynd og þannig er þetta gert sums staðar í nálægum löndum, en eigi að síður hefur það ekki verið talið henta okkar aðstæðum, a.m.k. ekki fram til þessa.

Ég vil víkja hér að örfáum einstökum atriðum sem nefnd hafa verið í umræðunni en koma síðan að því sem margir þingmenn hafa nefnt og snýr að skattamálum.

Ég vil fyrst láta þess getið varðandi það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði í sambandi við þróunaraðstoðina að því miður hefur slæðst meinleg villa inn í fjárlagafrv. sem ég vil nota tækifærið og leiðrétta, hún skrifast alfarið á okkar reikning í fjmrn. En þannig er að á lið Þróunarsamvinnustofnunar var gerð svokölluð gengisleiðrétting, eins og gert er um aðra gengisbundna liði, en átti ekki að gera hvað varðaði Þróunarsamvinnustofnunina. Þetta uppgötvaðist ekki fyrr en lokið var við að prenta talnabálk frumvarpsins og því er skekkja í frv. að þessu leyti til sem nemur 43,3 millj. kr. Við munum beita okkur fyrir því að þetta verði leiðrétt í meðförum þingsins. Ég vil greina frá því hér en jafnframt biðjast velvirðingar á þessum leiðu mistökum. — Hvort þessi breyting nægir síðan til þess að gera þingmanninn ánægðan, það er svo önnur saga sem ég ætla ekki að spá í, en þarna munar um 10%.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat sér þess til án þess að hann vildi fullyrða það beint að rannsóknarframlög væru í raun að minnka, sérstaklega hvað varðaði grunnrannsóknir. Ég andmæli þessu og vísa til þess sem ég sagði í framsöguræðu minni um það að rannsóknarframlögin eru að hækka. Það eru hér aukin framlög um nokkur hundruð milljónir. En hvað varðar grunnrannsóknirnar held ég að það sé alveg óhætt að halda því fram að sá greinarmunur sem gerður hefur verið á grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum sé mjög á undanhaldi þannig að ég held að það sé ekki hægt að draga þar alveg jafnskýra línu og hv. þm. vildi vera láta. Þess vegna segi ég það að ég held mig við það sem ég sagði í framsöguræðu minni, að framlögin eru að aukast verulega og munu halda áfram að að gera það út allt kjörtímabilið í samræmi við þá stefnumótun sem ríkisstjórnin kynnti í vor og var afgreidd hér í þinginu með lagabreytingum.

Það kom fyrirspurn frá hv. þm. Helga Hjörvar um stöðu Fæðingarorlofssjóðs. Ég hygg að þingheimur allur viti það að hann gengur nú á sína fjármuni, en því er við að bæta að félagsmálaráðherra hefur þegar hafið undirbúning að því að skoða það mál sérstaklega og geri ég ráð fyrir því að hann muni gera þinginu grein fyrir því síðar í vetur með hvaða hætti verður brugðist þar við.

Félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra einnig hafa síðan gert grein fyrir ýmsum atriðum sem snúa að þeim og ráðuneytum þeirra í tengslum við fjárlagafrumvarpið og ég ætla ekkert að reyna að bæta þar um betur. Þeir hafa gert grein fyrir þeim brtt. við önnur lög sem undir þá heyra

eða þær breytingar sem ætlunin er að gera á reglugerðum í tengslum við gjaldtöku sem undir þá heyra. Ég tel að þeir hafi flutt alveg fullkomlega frambærileg rök fyrir því sem ætlunin er að gera í þeim efnum.

Ég vil þá, herra forseti, víkja nokkuð að því málefni sem margir hafa fitjað upp á í dag og tengist skattamálunum og þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar að lækka hér ýmsa skatta um sem nemur u.þ.b. 20 milljörðum kr. frá og með árinu 2005 og út kjörtímabilið. Það er eins og það skipti nokkuð í tvö horn hvað þetta varðar, ólíklegustu menn kvarta undan því að þetta sé allt of lítið og allt of seint. Aðrir kvarta yfir því að hér sé haft í hótunum við skattgreiðendur um að draga úr tekjum ríkissjóðs. (**ÖJ:** Njótendur þjónustunnar.) En mér heyrist að aðallínan frá Samfylkingunni sé sú að þetta sé allt of lítið og allt of seint og miklu minna en þeir mundu hafa gert, á meðan Vinstri grænir halda því fram að þetta sé hinn mesti skaðvaldur og fáránlegar tillögur. Þó er nú ekki Samfylkingin að því er virðist á einu máli, vegna þess að a.m.k. einn þingmaður þar í flokki talaði af mikilli varúð og gætni um þessi mál, hv. þm. Jóhann Ársælsson, og varaði við skattalækkunum. Í það minnsta heyrði ég ekki betur. Hann taldi það óvarlegt að vera að lofa skattalækkunum við núverandi aðstæður.

Ég spyr bara: Hvernig halda menn að þessir tveir flokkar, sem voru að reyna að komast í ríkisstjórn saman, hv. vinstri grænir og samfylkingarmenn, hefðu náð saman um þennan þátt mála með svona gerólíka stefnu? Því að menn hafa verið að kvarta yfir því að við sjálfstæðismenn og framsóknarmenn skyldum hafa þurft að gera ákveðnar málamiðlanir til þess að samræma okkar afstöðu miðað við það að kosningastefnuskrár okkar voru ekki samhljóða um þetta málefni. Auðvitað er það þannig að eftir að búið er að mynda ríkisstjórn þá er það stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem er vegvísirinn, eins og ég hef leyft mér að kalla það, það er hún sem gildir fyrir hina sameiginlegu stefnu ríkisstjórnarinnar. Þar ná menn auðvitað ekki öllu sínu fram, menn gera tilteknar málamiðlanir, reyna að koma til móts við sjónarmið hver annars.

Það hefur verið gert í þessu máli og ég las upp í framsöguræðu minni fyrr í dag hvað segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi skattamálin. Ég dreg enga dul á það að við sjálfstæðismenn erum býsna ánægðir með það sem þar stendur um þau mál með tilliti til stefnuyfirlýsingar okkar fyrir kosningar. Við gættum þess hins vegar mjög vandlega fyrir kosningar, og þess vegna er það rangt þegar menn segja annað, að skattalækkunarloforð okkar giltu fyrir allt kjörtímabilið. Ég margítrekaði það þar sem ég kom fram fyrir hönd Sjálfstfl. í aðdraganda kosninganna að það ætti eftir að tímasetja nákvæmlega þær lækkanir og jafnframt ganga nákvæmlega frá því hvar yrði borið niður í hvert sinn.

En núna liggur fyrir ákveðin niðurstaða milli flokkanna og hún er sú að við ætlum að fara í skattalækkunarprógramm, ef svo mætti segja, frá og með árinu 2005. Við ætlum ekki að leggja það nákvæmlega á borðið fyrr en fyrir liggur hver verður niðurstaða kjarasamninga hér í vetur, enda var það af hálfu Framsfl. á sl. vori áhersluatriði að tengja þetta kjarasamningum. Síðan kemur til greina af okkar hálfu að lögfesta allt prógrammið. Með öðrum orðum, það verður ekki gert í haust, það er alveg skýrt svar við þeirri spurningu sem a.m.k. tveir þingmenn spurðu hér um, það verður ekki gert í haust. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, alveg eins og ég var fyrir kosningar og alveg eins og vitnað var í forsrh. um, að það hefði verið best að gera það núna í haust, láta það liggja fyrir frá fyrsta degi hvar ætti að bera niður í skattalækkunum og hvenær. En það varð ekki niðurstaðan. Ég tel hins vegar að það væri samt sem áður hyggilegt að gera það þegar niðurstaðan verður fengin milli flokkanna og þegar ljóst verður hvað kemur út úr kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Þannig liggur þetta mál.

Þess vegna er ekki hægt að svara spurningu hv. þm. Helga Hjörvars um það hverjar verða skatttekjurnar af tekjuskatti einstaklinga árið 2007, vegna þess að það er ekki búið að útfæra það nákvæmlega hvenær á að fara í tekjuskatt, hvenær á að fara í eignarskatt, hvenær á að fara í erfðafjárskatt eða með hvaða hætti á að fara í virðisaukaskatt. Það hefur ekki verið ákveðið hvernig það verður gert. Hins vegar liggja fyrir tilteknar forsendur í framreikningum um upphæðir en ekki skiptingu milli skatttegunda, og það er þess vegna sem ekki er hægt að svara hv. þm. Við ætlum að geyma okkur það að ganga frá þessu máli þangað til síðar en vonandi tekst það á þessum vetri, þ.e. að því gefnu að það takist kjarasamningar þá hefði það verið mín ósk að við mundum leggja fyrir þingið tillögur um að lögfesta þær breytingar sem um verður samkomulag. Ég er ekki að fullyrða að við náum að gera það en ég tel að það væri æskilegast. Þá mundu allir vita hvar þeir standa í því efni.

Þetta er það sem ég vildi sagt hafa, herra forseti, um þessi mál að þessu sinni. Að öðru leyti vil ég aðeins þakka mönnum aftur fyrir málefnalegar umræður og segja það enn á ný að ég óska eftir góðu samstarfi við fjárln. og heiti fullum stuðningi starfsmanna fjmrn. við störf hennar eftir því sem óskað verður eftir.

[18:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að ég hefði getið mér til um að til stæði að skerða framlag til rannsókna. Hæstv. ráðherra sagði það vera rangt, benti á að við stæðum frammi fyrir erfiðum skilgreiningarvanda, annars vegar væri um að ræða grunnrannsóknir og hins vegar annars konar tækni- og vísindarannsóknir og það væri erfitt að skilgreina rækilega þar á milli. Þetta er alveg rétt. Það eru líka aðrir skilgreiningarvandar sem við er að etja, framlag til stofnana sem sinna rannsóknum skiptir einnig máli, en ég einblíndi einvörðungu á sjóðina, Vísinda- og Tæknisjóðinn.

Það kemur fram í frv. að framlag til þessara sjóða hækkar um 370 milljónir. Það gerist í sjóðum sem eru undir sjútvrn., *iðnrn. og menntmrn. Tæknisjóðurinn nýi í iðnrn.* kemur til með að fá 200 milljónir, það er mesta aukningin sem kemur þar til. Þessum sjóði er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn mun í meginatriðum starfa sem samkeppnissjóður þar sem fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskólar hafa tök á að fjármagna verkefni sem efla tækniþróun og nýsköpun. — Þarna er aukning.

Ég staðnæmdist hins vegar við þá sjóði sem fjármagna grunnrannsóknir og það eru rannsóknasjóðirnir sem áður voru Vísindasjóður og Tæknisjóður. Þar er gert ráð fyrir á árinu í ár 412 milljónum, 415 milljónum á næsta ári, þarna er 0,7% hreyfing á milli ára. Það heldur ekki í við verðlagsþróun. Þarna er verið að rýra fé, það er verið að draga saman. Þetta er röksemdin sem ég setti fram hér í máli mínu áðan og komst að þeirri niðurstöðu að ríkisstjórnin væri að skerða framlag til grunnrannsókna úr þessum vísinda- og rannsóknasjóðum.

[18:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn virðist gefa sér að ekkert af hinum 370 milljónum sem fara í hina nýju skiptingu, sem hann réttilega lýsti hér, mundi eða gæti runnið til grunnrannsókna. Það leyfi ég mér að stórefast um þó að ég hafi svo sem ekki grennslast nákvæmlega fyrir um það. En ég held að það sé ekki rétt og held mig við það að við erum að stórauka framlög til rannsókna. En þetta eru auðvitað upplýsingar sem þingnefndin getur hæglega rannsakað í sinni vinnu.

[18:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg augljóst að tækniþróunarsjóði er ekki ætlað að fjármagna grunnrannsóknir samkvæmt þeim skilningi sem hefðbundið er að leggja í það hugtak.

En ég minnist þess að þegar nýskipan í fjármögnun vísindarannsókna var rædd hér á vorþingi, þá voru höfð frammi mikil fyrirheit og loforð og upphrópanir um stóraukið fé til rannsókna, þar á meðal til grunnrannsókna. Nú erum við að þrátta um það hvort dregið sé saman eða haldið í horfinu. Þetta eru öll stóru loforðin. Nú er illa komið, hæstv. fjmrh.

[18:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegur málflutningur, hv. þm. og herra forseti. Þú hefur ekkert í höndunum um þetta annað en ágiskanir þínar sem þú ert að reikna aftan á umslagi (Gripið fram í.) hérna í bakherbergi. Ég legg því til að við öflum okkur báðir gleggri upplýsinga um þetta áður en lengra er haldið í fullyrðingum um efni þessa máls. Og ég sé að þingmaðurinn er sammála þessari niðurstöðu minni.

[18:16]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt mér að svo miklu leyti sem hann veitti þau. Hvað varðar það verklag sem ég nefndi við fjárlagagerð og nýjungar í því sem ég vildi sjá í störfum þingsins þá þakka ég hvernig því var tekið af hæstv. fjmrh. og vil segja það að þó það hafi ekki þótt henta okkar aðstæðum fram að þessu þá tel ég að framfarir í vinnubrögðum við fjárlagagerð hjá fjármálaráðuneytinu og hjá ríkisstjórninni á umliðnum árum hafi núna skapað forsendur fyrir því að verklag hér í þinginu taki svipuðum og sambærilegum framförum sem leiðir af þeim nýju og betri starfsháttum sem fjmrn. hefur viðhaft.

Það er sömuleiðis gott að vita að félmrh. ætlar að huga að þeim vanda sem við sjáum fram á í Fæðingarorlofssjóðnum og gott að fá það alveg klárt og kvitt frá hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. að það er Framsfl. að kenna að á þessu haustþingi verða aðeins flutt frumvörp hér í þinginu um skattahækkanir en ekki um skattalækkanir. Sjálfstfl. ber ekki ábyrgð á því heldur var það Framsfl. sem gerði þá kröfu í stjórnarmyndunarviðræðunum að hér á haustþinginu yrðu ekki flutt lagafrumvörp um skattalækkanir og þar af leiðandi hljóta þau frumvörp sem hér eru flutt um skattahækkanir vera á ábyrgð Framsfl. alveg sérstaklega.

Ég vil svo segja það, hæstv. fjmrh., að ég veit að það hefur ekki verið tekin ákvörðun um skiptingu á milli tekjuskatts og virðisaukaskatts á árinu 2007 af ríkisstjórninni. Það liggja þó fyrir, og það kom fram í samtali mínu í morgun við Bolla Bollason, embættismann í fjármálaráðuneytinu, að það liggja fyrir ákveðnar forsendur um upphæð tekjuskatts og um upphæð virðisaukaskatts árið 2007 fyrir þeim tölum sem hafa verið birtar opinberlega. (Forseti hringir.) Þær forsendur þarf auðvitað að hafa allan fyrirvara um að kunni að breytast og eigi eftir að taka pólitískar ákvarðanir um, en mér finnst nauðsynlegt að þær forsendur séu upplýstar.

(**Forseti** (BÁ): Forseti áminnir þingmenn um að virða tímamörk.)

[18:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er langt gengið í útúrsnúningum hér stundum. Ég hef ekki sagt að eitt eða neitt væri Framsfl. að kenna í þessum málum. Ég hef bara bent á það að flokkarnir hafa komið sér saman um ákveðna niðurstöðu. Ég tek á mig alla ábyrgð á þeirri tillögu um hækkun bensíngjalds sem núna liggur fyrir í þingsalnum og er tengd þessu frumvarpi. Það er ekki Framsfl. sem þröngvaði þeirri tillögu upp á mig eða annað eftir því. Ríkisstjórnarflokkarnir komust einfaldlega að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig í fyrsta lagi þeir leystu mál í stjórnarsáttmálanum þar sem áherslumunur var varðandi skattamálin. Það gerðum við mjög drengilega. Og nú erum við að fylgja því eftir. Það var hluti af því samkomulagi að tímasetja þessar breytingar á skattalögum með þeim hætti að það samræmdist ekki bara stefnu ríkisstjórnarflokkanna, heldur líka þannig að það væri innlegg í stóra málið sem hér er til umfjöllunar og úrvinnslu, þ.e. með hvaða hætti við ætlum að nota okkur ríkisfjármálin til að jafna sveiflur gagnvart þeim miklu framkvæmdum sem fram undan eru á næstu árum, hvernig við ætlum að láta skattamálin og ríkisfjármálin hjálpa okkur til þess að viðhalda stöðugleika, draga úr þenslunni þegar framkvæmdirnar eru sem mestar, en blása í glæðurnar þegar úr þeim dregur árið 2007.

[18:20]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er ekki alveg ljóst hver það er sem á að vera með útúrsnúninga í þessum sal, hæstv. fjmrh., því ég hef ekki heyrt betur en Sjálfstfl. hafi lofað því upp á æru og trú að hér yrðu á haustþingi flutt frumvörp um lækkun skatta. Og þegar hæstv. fjmrh. segir að í viðræðum Sjálfstfl. við Framsfl. hafi hann ekki náð þessu fram og það hafi orðið að samkomulagi að hér yrðu ekki flutt frumvörp um skattalækkanir á haustþingi, heldur bara um skattahækkanir, þá hlýtur hæstv. fjmrh. að vera að vísa ábyrgðinni yfir á samstarfsflokk sinn. Nema hæstv. fjmrh. sé að lýsa því yfir að Sjálfstfl. hafi bara sjálfur tekið það að sér að svíkja þau loforð sem hæstv. forsrh. gaf rétt mánuði fyrir kosningar í vor.

[18:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem við forsrh. ræddum um fyrir kosningar varðandi þetta mál var það að æskilegt væri og best að lögfesta þetta prógramm sem við köllum svo varðandi skattalækkanir núna í haust. Um það varð ekki samkomulag. Það þýðir ekki að það sé Framsfl. að kenna. Kannski eru þeir bara svona miklu betri samningamenn en við. En það er ekki málið. Þetta er aukaatriði. Aðalatriðið er það að fyrir liggur hin skýra stefna varðandi allt kjörtímabilið um það hvernig við ætlum að fara í þessi mál. Við ætlum að tímasetja þetta nánar síðar þegar það liggur betur fyrir varðandi kjarasamninga og við ætlum að raða þessum hlutum upp í ákveðna röð

með ákveðnum tímasetningum þegar það liggur betur fyrir.

[18:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna orða hæstv. fjmrh. um skattamálin sem eðlilega hafa verið töluvert stór hluti af umræðunni hér í dag. Hæstv. ráðherra virðist vera í einhverjum vandræðum með að átta sig á viðhorfi Samf. til þessa máls og telur að það megi draga saman viðhorf okkar á þá leið að Samf. telji tillögurnar vera of litlar og of seint fram komnar. Mér finnst það nú afar undarleg niðurstaða hjá hæstv. ráðherra að telja þetta. Gagnrýni okkar í dag hefur fyrst og fremst beinst að því að ekki er verið að segja það sama í dag og sagt var fyrir kosningar. Það er verið að lofa skattalækkunum einhvers staðar inni í framtíðinni án þess að það sé skilgreint, hvorki í tíma né aðferðum. Og síðast en ekki síst höfum við undrað okkur á því að fyrsta ár kjörtímabilsins skuli byrja á því að komið sé með skattahækkanir. Að boða skattalækkanir og síðan framkvæma skattahækkanir. Þetta hefur nú verið megininntak gagnrýni okkar í dag.

Það er auðvitað eðlilegt þess vegna, herra forseti, að spyrja hæstv. fjmrh.: Þegar kemur að skattahækkunum og 20 milljarðar hafa verið nefndir, verður þá mismunurinn af skattahækkunum og skattalækkunum 20 milljarðar? Eða verður skattalækkunin bara 20 milljarðar og verður búið í einhvern ótilgreindan árafjölda að safna upp í þá skattalækkun með skattahækkun?

[18:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Hv. þm. er efni í góðan bankamann, heyrist mér. En 20 milljarða talan er fengin þannig að það eru skattarnir sem nefndir eru í stjórnarsáttmálunum sem ætlunin er að lækka. Auðvitað áskiljum við okkur rétt og höfum alltaf gert til þess að önnur gjöld eins og bensíngjald, þungaskattur meðan hann verður við lýði því ætlunin er nú að breyta því fyrirkomulagi, áfengis- og tóbaksgjald og þau gjöld öllsömul geti hækkað eitthvað þó það sé ekki endilega í takt við hækkun vísitölu. Við áskiljum okkur auðvitað allan rétt til þess. Við erum núna að tala um þúsund milljóna króna tekjuöflun vegna hækkunar á bensíngjaldi og þungaskatti. Á móti kemur að hátekjuskatturinn lækkar um 1% eða 350 milljónir — ég veit ekki hvaðan þessi tala 80 eða 85 er komin sem þingmenn hafa nefnt hér í dag — þannig að nettó verða þetta 650 milljónir.

[18:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst mál að hæstv. fjmrh. er farinn að telja niður. Hann tilgreindi hér nú þegar lækkun upp á rétt rúmlega milljarð í því sem koma skal þannig að 20 milljarðarnir eru þá augljóslega komnir í 18-komma-eitthvað. Svo er þetta spurningin um tímasetninguna, hvenær verður skattalækkunin framkvæmd og hvað verður hann búinn að safna miklu upp í hana þegar að henni kemur? Það er því augljóst að 20 milljarðar eru greinilega algjörlega komnir út af borðinu. Spurningin er hins vegar: Hver verður talan?

Aðeins eitt í viðbót, herra forseti. Best að gera í haust, telur hæstv. fjmrh. Hefur hæstv. fjmrh. engar áhyggjur af því ef það hefði legið fyrir í haust að ótilgreindar skattalækkanir væru á ákveðnum degi, að það hefði þau áhrif að ýmsir einstaklingar úti í þjóðlífinu færu að eyða í samræmi við væntanlegar skattalækkanir og það mundi þar af leiðandi hugsanlega hafa þau áhrif í hagkerfinu að þensla yrði meiri en þó stefnir í nú?

[18:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað sjónarmið sem hv. þm. er að nefna. En þessi hegðun, sem hann er að geta sér til að hefði getað átt sér stað, hefði auðvitað farið eftir því hvað hefði staðið í þeirri áætlun sem lögfest hefði verið, svo við tölum nú svona í myndarlegum viðtengingarhætti. Þá hefði það farið eftir því.

Það sem ég sá fyrir mér og við vorum að ræða um var það að við höfðum ákveðið að árin sem um er að ræða mundum við taka þennan og þennan skatt á þessum og þessum degi og lækka hann þetta og þetta mikið. Við gerum það ekki í haust, en okkur tekst kannski að gera það áður en mjög langt um líður, kannski í vor, kannski næsta haust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:29.

---

4. FUNDUR

mánudaginn 6. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárlög 2004, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003, beiðni um skýrslu, 34. mál, þskj. 34. *Hvort leyfð skuli.*
4. Aldarafmæli heimastjórnar, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr.
5. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
6. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[14:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur tilkynning um kosningu embættismanna í fastanefnd:

Utanrmn.: Sólveig Pétursdóttir formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[14:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um kjör og aðbúnað starfsmanna við Kárahnjúka. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en hæstv. félmrh. Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, 28. mál, þáltill. JBjarn, þskj. 28.

Staða óhefðbundinna lækninga, 97. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 97.

Tekjuskattur og eignarskattur, 32. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 32.

Virðisaukaskattur, 11. mál, frv. MÞH o.fl., þskj. 11.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Hugsanleg aðild Noregs að ESB.

[15:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þeir hafa mjög róið á sama borðið í Evrópumálunum, hæstv. forsrh. og forsætisráðherra Noregs, Kjell Magne Bondevik. Þeir hafa báðir verið næsta harðir andstæðingar þess að lönd þeirra gerist aðilar að Evrópusambandinu þó að hæstv. forsrh. hafi að vísu um sinn verið annarrar skoðunar þegar hann var formaður merkrar nefndar fyrir Sjálfstfl. í kringum 1990. En forsætisráðherrarnir hafa oft sótt styrk og ráð hvor til annars um Evrópumálin. Það má muna að á sl. vetri þegar skoðanakönnun sýndi að mikill meiri hluti Íslendinga vildi sækja um aðild brá hæstv. forsrh. á það ráð að fljúga til Óslóar til viðræðna við Bondevik. Þaðan kominn sagði hæstv. ráðherra að þeir Bondevik væru sammála um að Evrópuaðild væri ekki á dagskrá í löndunum tveimur. Þessu var eðlilega slegið vel upp í Morgunblaðinu.

En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Í netútgáfu Aftenpostens í gær er greint frá merkri ræðu sem Bondevik hélt í Berlín þar sem hann bendir á að vegna stækkunar sambandsins, þar sem 25 ríki verða nú aðilar, sé mögulegt að samruninn verði ekki eins djúpur og menn óttuðust, eins og Bondevik kýs að orða það. Og hann vísar til þess að sum ríkjanna standa utan Schengen, önnur standa t.d. utan Myntbandalagsins, og hann segir að það opni „áhugaverða möguleika" sem hann vilji skoða. Norskir fjölmiðlar hafa túlkað þetta svo að Bondevik sé að skoða þann möguleika að Noregur verði aðili að Evópusambandinu en semji sig undan ákveðnum skuldbindingum eins og raunar önnur ríki hafa gert tímabundið.

Í ljósi þess hversu samferða þeir hæstv. forsætisráðherrar Davíð Oddsson og Kjell Magne Bondevik hafa verið í Evrópumálunum langar mig að spyrja hvort hæstv. forsrh. Íslands telji mögulegt að þarna sé um að ræða raunhæfa leið sem hann gæti hugsanlega skoðað varðandi Ísland líkt og Bondevik er að gera varðandi Noreg.

[15:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ég hef oft og iðulega átt samtöl við Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, um Evrópumál, bæði formleg og óformleg. Ekki höfum við þurft að fljúga hvor til annars í hvert skipti heldur höfum við einnig átt margvísleg símtöl um þau efni í rás tímans og ég þykist þekkja ágætlega viðhorf hans til þeirra mála. Ég er ekki endilega að segja að þau séu nákvæmlega upp á hvern stafkrók þau sömu og ég hef haft en þó hefur margt verið sambærilegt og svipað.

Ég hef nú rétt haft tíma til að skoða þessi tilfærðu ummæli sem hv. þm. nefnir. Mér sýnist að það séu afar margir fyrirvarar slegnir af hálfu forsætisráðherra Noregs og ég sé ekki að ummæli míns ágæta vinar, norska forsætisráðherrans, gefi tilefni til þess að ég endurskoði afstöðu mína. Með mikilli og langri vináttu og virðingu þarf samt meira til að hagga mér þó að aðrir vilji skoða einhverja hluti, þ.e. ef undanþágur fengjust frá öllum mögulegum hlutum sem ekki er líklegt að undanþágur fengjust fyrir. Ég sé þetta ekki sem eins mikil tímamót og þeir þarna hjá netútgáfu Aftenpostens.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, slær nokkra varnagla. En það er alveg ljóst þegar maður skoðar afstöðu hans eins og hún hefur verið að þróast frá því í vor að hann er greinilega að flytja sig frá því að vera harður andstæðingur ESB-aðildar yfir í það að styðja hana. Og menn tala um það í Noregi, túlka þessi ummæli hans þannig, m.a. aðrir stjórnmálamenn, að það sé mjög líklegt að hann verði áður en kemur til kosninga í Noregi búinn að skipta um skoðun. Og það er ekkert að því. Það er engin goðgá þó að menn skipti um skoðun í þessu. Það hefur hæstv. forsrh. gert. Hann var þeirrar skoðunar þegar hann var formaður aldamótanefndar Sjálfstfl. 1989 að það væri raunhæfur möguleiki að sækja um, menn yrðu bara að ganga að því kláru að þau skilyrði sem kynnu að verða sett af hálfu sambandsins væru þannig að þegar á hólminn væri komið væru þau óaðgengileg. Hann sagði reyndar sjálfur í viðtali við góðkunnan fræðimann, dr. Hannes Hólmstein Gissurarson, 1990 að hann teldi að það ætti að sækja um þá. Ég er samt ekki að óska eftir því að hæstv. forsrh. skipti um skoðun. En telur hann í tilefni af því að nú er hann að setja upp aldamótanefnd að þetta sé eitt af því sem komi til greina að ræða í þeirri nefnd?

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þingmanni skjöplaðist aðeins undir það síðasta. Ég er ekki að setja á fót aldamótanefnd, heldur Evrópunefnd en í aldamótanefndinni sem hv. þm. nefndi og hefur oft nefnt til sögunnar sátu fleiri en ég. Þar sátu til að mynda hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Sigríður A. Þórðardóttir þó að ég hefði formennsku í nefndinni. Ég hef í rauninni ekkert skipt um skoðun frá þeim tíma sem ég hafði formennsku í þeirri nefnd. Ég taldi á þeim tíma að menn þyrftu að skoða ýmsa kosti sem væru hugsanlega fyrir hendi. Nú liggja allir þeir þættir fyrir, 100%, og þeir hafa reynst neikvæðir. Ég vildi að sú skoðun ætti sér stað og ég hef sem betur fer í starfi mínu haft betri aðgang til þess að skoða þá kosti en nokkur annar maður íslenskur. Ég hef haft tækifæri til að ræða við nánast alla forustumenn Evrópusambandsins,

æðstu menn þar á bæ, í gegnum langa hríð og þekki þess vegna mjög vel til þessara mála. Ég hef ekki breytt um skoðun, taldi þá að það þyrfti að skoða þá kosti sem fyrir hendi væru. Þeir liggja nú fyrir, klárir í mínum huga, þannig að ég tel það ekki skipta máli.

Varðandi nefndina hins vegar tel ég að hún eigi ekki að lúta minni forskrift, heldur eigi að skoða þar alla kosti og ég geri ekki ráð fyrir að aðrir þingflokkar mundu setja sig í þá nefnd nema vegna þess að þar verði allir kostir opnir til skoðunar, í þeirri nefnd.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. forsrh. og gekk raunar út frá því að ekki mundi hann fara að fyrirskipa Evrópunefndinni hvernig hún ætti að starfa. Hins vegar hnýt ég auðvitað um það að hæstv. forsrh. segir í fyrri hluta svarsins að nú liggi allir hlutir fyrir og það þurfi ekkert að skoða meira, og ég spyr þá: Til hvers er þessi Evrópunefnd? Var það ekki hann sjálfur sem sagði hér í stefnuræðu sinni að hún ætti að skilgreina og skoða og kanna til hlítar mörg atriði?

Herra forseti. Kjell Magne Bondevik hefur orðað það svo að hann sé núna í því sem á norsku heitir tenkebokset. Ég veit ekki hvort þeir hafa svoleiðis þankabox í gamla fangelsinu við Lækjartorg og mér er á síðustu missirum orðið svo prýðilega hlýtt til hæstv. forsrh. og annarra ráðherra að ég óska ekki eftir því að þeir séu lokaðir inni í neinum boxum. Má ég beina því til hæstv. forsrh. að næst þegar hann fer í heimsókn til vinar síns, Kjells Magnes Bondeviks, fái hann kannski að skreppa í tenkebokset með honum.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hitta Bondevik í lok þessa mánaðar á Norðurlandaráðsþingi eins og fleiri menn þannig að ég skal gjarnan stíga inn í hvaða box sem er með honum ef það er allt undir siðlegum formerkjum sem ég geri ráð fyrir. Varðandi hins vegar það að ég teldi öllum spurningum svarað og þess vegna væri Evrópunefndin óþörf — það sem ég var að reyna að koma frá mér og hef kannski ekki gert nógu skýrt var það að þeim spurningum sem bjuggu mér ofarlega í brjósti fyrir 14–15 árum, og hv. þm. var að vísa til, hefur verið svarað. En það er þannig í lífinu að nýjar spurningar vakna hvern dag þótt öðrum gömlum hafi þegar verið svarað. Þannig er nú lífið og þess vegna er það áhugavert.

Matvælaverð á Íslandi og í nágrannalöndunum.

[15:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem ég ætla að ræða við hæstv. forsrh. er auðveldlega hægt að tengja við Evrópusambandsaðild en vissulega er það mál sem við getum haft og eigum að hafa vald á heima hjá okkur. Fyrir síðustu jól samþykkti Alþingi að láta gera úttekt á hvað veldur mismunandi matarverði á Norðurlöndum og hvers vegna matarverð á Íslandi er svo miklu hærra en í nágrannalöndunum.

Í fréttatíma í sumar kom fram að Hagfræðistofnun Háskólans hefði fengið þetta verkefni og mundi skila skýrslu í desember sem bendir ekki beinlínis til að þetta brýna mál hafi verið sett í mikinn forgang. Mánuður til eða frá skiptir samt ekki öllu máli í svona úttekt ef niðurstöður leiða í ljós hvernig hægt verður að ná matarverðinu niður og stjórnvöld setja sér slíkt markmið. Það er stóra málið. Munu stjórnvöld ráðast að hinu háa matarverði á Íslandi?

Ísland og Noregur eru dýru löndin í matarverðssamanburði og ef við ætlum að ná matarverði niður í það sem gerist á hinum þremur Norðurlöndunum verðum við að vita hvaða þættir það eru í samsetningu matarverðsins sem eru svona miklu óhagstæðari hjá okkur en þeim. Þetta gildir bæði um innflutning og innlenda framleiðslu. Ekki síst þarf að koma fram á hvaða sviðum ríkisvaldið er orsakavaldur með ýmiss konar skattheimtu og gjaldtöku. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort úttektinni verði lokið á þessu ári, hvort öðrum stofnunum eða aðilum en Hagfræðistofnun hafi verið falið að gera úttekt á tilteknum þáttum og þá hverjum.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. nefndi að Hagfræðistofnun Háskólans var með sérstökum samningi falið þetta verkefni og er öðrum stofnunum ekki til að dreifa hvað verkefnið varðar að svo stöddu. Ég veit ekki annað en að stofnunin muni standa við þennan samning og klára hann. Það er hins vegar rétt að í ályktuninni fólst að stefnt skyldi að því að kynna mætti þinginu málið innan sex mánaða og út af fyrir sig var ég áhugamaður um það á sínum tíma, eins og þingmaðurinn veit. Þetta var stjórnarandstöðumál sem þingmaðurinn hafði forustu um og stjórnarflokkarnir samþykktu af því að okkur fannst áhugavert að sundurgreina þetta mál og hafa það fyrir framan þingheim allan. Og við erum ekki að sýna neitt áhugaleysi í málinu. Þvert á móti, við viljum að þetta sé vel unnið og muni gagnast þinginu. Ég vænti þess að upplýsingarnar sem þarna munu koma fram, þó að ég hafi engar upplýsingar um það hvert þær beinast, muni reynast okkur þörf vísbending inn í framtíðina. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að Evrópusambandið hafi ekkert með matarverð að gera hér á landi. Á því höfum við fullt vald sjálf, gætum breytt því sem við teldum að breyta þyrfti. Það hefur í raun ekkert með Evrópusambandið að gera. Þó að sumir haldi að sólin komi upp í Brussel er það ekki svo.

[15:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Já, það er svolítið eins og að hella olíu á eld ef maður nefnir Evrópusambandið í þessum sal og hæstv. forsrh. er nálægur. Þess vegna gat ég ekki stillt mig um að nefna það þar sem fyrirspurnin hér á undan beindist beinlínis að því.

Það er einfaldlega þannig að meðaltal matarverðs á öllum sviðum í Evrópusambandinu er svo langt undir því sem gerist hér á Íslandi og eins og fram kom í samanburði sem fékkst í fyrravor vorum við með nærri 70% hærra matarverð en meðaltalsverð í Evrópulöndunum.

Það er alvarlegt umhugsunarefni líka, virðulegi forseti, að ég fékk Hagstofuna til að skoða hvaða breyting hefði orðið á matvælavísitölunni árið 2002 og það kemur í ljós að hún hefur hækkað um 5 stig á sama tíma og erlendur gjaldmiðill hefur lækkað um 1,7% sem hefði átt að hafa mjög mikil áhrif á matarverð og aðföng. En ég þakka þetta góða svar og vænti þess að við getum tekið saman höndum um að gera þessar breytingar.

[15:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þessa síðasta er rétt að benda á að í gögnum sem nýlega voru kynnt kom fram að á fimm ára

tímabili hefði nánast ekki nokkur vara lækkað jafnmikið hér á landi og landbúnaðarvörur, þ.e. framleiðsla á íslenskum landbúnaði. Ég held að það sé rétt að halda því til haga vegna þess að gjarnan eru menn að hnýta í landbúnaðinn, og stundum að ósekju.

Síðan er þetta með meðalverðið. Nú eru menn að slást og ætla að fara í utandagskrárumræðu á eftir vegna þess að það eru vandamál uppi sem tengjast innfluttu verkafólki, til að mynda frá Portúgal, Evrópsambandslandi þar sem matvælaverð er örugglega lægra en hér af ýmsum ástæðum. En þar eru líka launin miklu lægri en hér. Þess vegna er væntanlega verið að flytja þessa verkamenn hingað inn. Allt þetta þurfum við að hafa í huga því það er ekki allt sem sýnist þegar menn horfa á meðaltöl af þessu tagi.

[15:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þess vegna höfum við valið að bera okkur saman við Norðurlöndin og Ísland toppar í verðsamanburði ásamt Noregi sem fylgir fast á eftir.

Vegna orða hæstv. forsrh. um landbúnaðarvörurnar: Já, vissulega er það svo að frá 1996, þegar vísitalan var sett á 100 í öllum Norðurlöndunum, hafa landbúnaðarvörurnar aðeins farið upp 118,8 stig, árið 2002 meðtalið, á meðan allar aðrar matvörur eru komnar upp í 126,5 stig. Það er algjörlega óásættanlegt að á sama tíma og krónan hefur verið að styrkjast og erlendur gjaldmiðill orðið ódýari skuli matvara hafa hækkað um 26,5 stig hjá okkur á meðan það land sem næst kemur á eftir frá 1996 hefur ekki farið nema í 113 stig. Þetta eru staðreyndir fengnar frá Hagstofunni og þær er ekki hægt að rengja. Þessu verðum við að breyta.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka nú fyrir þessa umræðu við hv. þm. en ég hygg að þessi orðaskipti okkar sanni einmitt að það er gott að fá þessa úttekt þannig að menn hafi frá hlutlausum aðila hvernig staðreyndir eru. Tölurnar tala þá sínu máli. Ég hlakka til umræðunnar við hv. þm. í framhaldi af því. (**RG:** Sömuleiðis.)

Alþjóðlegt friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna til Palestínu.

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í kjölfar árása Ísraelshers á flóttamannabúðir Palestínumanna í Sýrlandi hefur spenna magnast mjög fyrir botni Miðjarðarhafs. Það er óumdeilt. Hitt er umdeilt hvernig eigi að bregðast við. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hefur lýst áhyggjum í fjölmiðlum og hann beinir ásökunum í garð Palestínumanna ekki síður en Ísraelsmanna, jafnvel fremur. Eftir honum er haft í fjölmiðlum í morgun, með leyfi forseta:

„... Palestínumenn taki betur á öryggismálum heima fyrir og taki betur á öfgamönnum og síðan að Ísraelsmenn vinni betur í samræmi við þær áætlanir sem hafa verið gerðar ...“

Einhverjir kunna að hafa bundið vonir við vegvísi til friðar. En allar götur frá því að sú áætlun var gerð hefur verið ljóst að ráðandi öflum í Ísrael er lítið um þann vegvísi gefið. Haldið hefur verið áfram skipulegum dráp um á forustumönnum Palestínumanna. Haldið er áfram að reisa apartheid-múrinn. Haldið er áfram landtöku á svæðum Palestínumanna. Hernáminu er haldið áfram þvert á allar samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Löglega kjörinn forseti landsins í lýðræðislegum kosningum og kjörinn af þjóðþingi Palestínumanna og viðurkenndur sem slíkur af alþjóðasamfélaginu er lýstur brottrækur úr landi og réttdræpur.

Ástandið á þessum svæðum eftir langvarandi árásir og þrengingar er orðið skelfilegt og nú hefur borist kall frá forustumönnum Palestínumanna um að heimsbyggðin komi þeim til aðstoðar. Við þessar aðstæður, þegar sprengjum er látið rigna yfir flóttamannabúðir Palestínumanna í öðru ríki í trássi við alþjóðlegar samþykktir heyrist það eitt frá utanríkisráðherra Íslands að hann hafi áyggjur. Síðan tekur hann að skammast út í fórnarlambið, palestínsku þjóðina og ríkisstjórn hennar.

Í gærkvöldi kom öryggisráð Sameinuðu þjóðanna saman og 14 af 15 fulltrúum greiddu atkvæði með því að fordæma þessar árásir. Bandaríkjamenn, nú sem fyrr, beittu neitunarvaldi og það gerðu þeir eins og þeir gerðu síðast, við atkvæðagreiðslu um tillögu sem fram kom um að sendar yrðu friðargæslusveitir fólkinu til varnar.

Nú er spurt hvort ríkisstjórn Íslands sé reiðubúin að veita þeirri tillögu afdráttarlausan stuðning að sent verði þegar í stað alþjóðlegt friðargæslulið á vegum Sameinuðu þjóðanna til Palestínu.

[15:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég, eins og margir aðrir, fordæmi árás Ísraelsmanna á Sýrland. Þó að ég skilji vel réttláta reiði Ísraelsmanna vegna sjálfsmorðsárásar í Haifa þá tel ég að það muni ekki bæta um að ráðast inn í Sýrland. Ég get endurtekið það hér að ég tel að Palestínumenn þurfi að taka betur á sínum málum og það telur forsætisráðherra þess lands jafnframt. Það hefur lengi legið fyrir að Palestínumenn þurfa að taka betur á sínum öryggismálum og koma með viðvarandi hætti í veg fyrir það að slíkar árásir geti átt sér stað. Það er því ekkert nýtt í því sambandi.

Hins vegar er jafnframt nauðsynlegt að Ísraelsmenn standi betur við það sem gert er ráð fyrir í friðaráætluninni. Ég er sannfærður um að þessi árás inn í Sýrland hjálpar ekki til í þeim efnum því hún mun aðeins stigmagna þessi átök.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki verði komið á friði á þessu svæði nema með aðstoð alþjóðasamfélagsins og alþjóðlegum friðargæsluliðum og flestir eru þeirrar skoðunar. En það er ekki svo einfalt að við getum samþykkt það hér og nú að friðargæslulið fari þarna inn. Það þarf að fara þarna inn með vilja beggja aðila, bæði Ísraelsmanna og Palestínumanna. Það verður að skapast bærileg sátt um það. Sú sátt er því miður ekki núna fyrir hendi. En við skulum vona að þessi átök stigmagnist ekki heldur gangi í aðra átt. Full ástæða er til þess að hafa miklar áhyggjur af þeirri þróun sem þarna á sér stað og ég vona að hv. þingmaður sé mér sammála um það.

[15:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér heyrði Alþingi Íslendinga tóninn, sama tón og við heyrum frá Bush og Sharon. 27 ára stúlka, 27 ára lögfræðingur sem hafði misst bróður sinn fyrir hendi Ísraelsmanna, sprengir sjálfa sig í loft upp. Það er hryllilegt voðaverk og óhappaverk. En það er ekki hryðjuverk í þeim skilningi sem við erum að upplifa frá hendi Ísraelsmanna gegn Palestínumönnum. Hér er um að ræða unga manneskju, vitstola af örvæntingu.

En það er ekki þessi stúlka sem veldur því að ég staðnæmist nú í huganum í Palestínu. Það er hinn almenni borgari. Það eru foreldrarnir sem geta ekki séð börnum sínum fyrir heilsugæslu. Þau geta ekki sótt skóla, geta ekki stundað atvinnu. Fólkið býr á svæðum sem eru ekkert venjulegt ríki heldur gettó umlukin rafmagnsgirðingum og apartheidmúrum. Og þetta eru viðbrögðin þegar gerð er sprengjuárás á búðir flóttamanna. Hann lýsir áhyggjum, hæstv. utanrrh. Íslands. (Forseti hringir.) Þetta er ömurlegur málflutningur.

[15:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Skildi ég hv. þm. rétt, að hann væri að réttlæta sjálfsmorðsárásina? Telur hv. þm. virkilega að hér eigi eingöngu þessi stúlka hlut að máli? Er hann þeirrar skoðunar að hún hafi búið til sprengjurnar sem hún festi á sig? Auðvitað er það vitað mál að hér er skipulag að baki.

Með sama hætti og við fordæmum árásina á Sýrland þá hljótum við að fordæma slík hryðjuverk. Það er vitað mál að þeir einstaklingar sem taka þátt í þessum voðaverkum með því að fórna lífi sínu með þessum hætti eru ekki einir að verki. Því miður eru miklu fleiri þar á bak við og það verður að hafa í huga þegar rætt er um þessi mál.

[15:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég legg ekki að jöfnu stöðu Ísraelsmanna og Palestínumanna. Ég geri það ekki. Hér er byrjað á öfugum enda. Þetta er það sem ég kalla tóninn í Bush og Sharon, þ.e. að byrja á öryggismálum Palestínumanna, að hvetja þá til bræðravíga, til borgarastyrjaldar. Þetta er sú krafa sem reist er á hendur Palestínumönnum af hálfu Bandaríkjastjórnar. Þetta er sú krafa sem hæstv. utanrrh. Íslands tekur undir.

Okkur ber að fordæma þessar árásir skilyrðislaust og við eigum að taka undir réttmætar óskir Palestínumanna um að friðargæslulið verði sent til Palestínu, ekki til ársása og ekki til hefnda, heldur til þess eins að verja saklaust fólk.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég fordæmi allar árásir. Ég fordæmi sjálfsmorðsárásir og ég fordæmi árásir Ísraelsmanna á Sýrland. Ég vænti þess að hv. þm. geri það líka. Ég er stuðningsmaður þess að alþjóðlegt friðargæslulið fari inn á þetta svæði. Hv. þm. hefur nú ekki alltaf stutt það að friðargæslulið fari inn á ýmis svæði (**ÖJ:** Ég hef andmælt árásum.)

Ja, hver er oft munurinn í því sambandi? (**ÖJ:** Þetta er orðhengilsháttur.) Ég bið nú hv. þm. að stilla sig í þessum alvarlegu umræðum. Hér er um slík alvörumál að ræða að við verðum að ræða þau með þeim hætti sem er viðeigandi. En það er ánægjulegt að hv. þm. er þeirrar skoðunar að senda beri lið inn á þetta svæði. Ég er honum sammála um það. Ég vildi hafa heyrt það í mörgum öðrum málum að hv. þm. hefði viljað styðja slík mál í aldanna rás. (**ÖJ:** Þetta eru útúrsnúningar ...)

Embætti prests á Bíldudal.

[15:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Á Bíldudal búa nú um 240 manns. Þeir voru fyrir ekki svo löngu síðan um 340. Hálft annað hundrað íbúanna hefur sent frá sér undirskriftalista þar sem þess er óskað að skipað verði í stöðu prestsins á Bíldudal. Það þrengir nú mjög að íbúum á Bíldudal vegna atvinnuástands og það ekki í fyrsta sinn, því miður.

Í frv. til fjárlaga kom fram að óskað er heimildar til að selja prestsbústaðinn á Bíldudal. Því spyr ég hæstv. dóms- og kirkjumrh. hvort nú liggi þegar fyrir ákvörðun um að embætti prests á Bíldudal verði lagt niður og hvort beiðni íbúanna sé algjörlega tilgangslaus.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get því miður ekki svarað þessum spurningum þingmannsins því að þetta heyrir ekki undir dómsmrh. með þeim hætti að hann taki ákvarðanir um skipan í prestsembætti. Og varðandi ráðstöfun á eignum kirkjunnar þá eru um það líka fluttar tillögur að ósk biskupsembættisins. Ég skal afla þessara upplýsinga en ég hef þær ekki hér á reiðum höndum til þess að svara spurningunum hér í dag.

[15:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur þá alla vega verið upplýst að það sé biskupsembættið sem hafi óskað eftir því að afla heimilda til sölu á prestsbústaðnum á Bíldudal.

Nú hagar þannig til á Bíldudal, eins og ég gat um áður, að ástandið er ekki gott. Þessi ósk íbúanna er auðvitað til komin til þess að viðhalda því sem þeir telja að verði þeim til góðs í framtíðinni. Það er ekki á bætandi varðandi ástandið á Bíldudal.

Það er kannski þannig að kirkjan hafi þegar mótað þessa stefnu. Ég spurði vegna þess að ég vissi ekki og íbúarnir á Bíldudal vita það ekki heldur.

[15:29]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og ég sagði er sjálfsagt að afla þessara upplýsinga og að sjálfsögðu getur fjárln. aflað þessara upplýsinga.

Ég vil aðeins vegna þessara umræðna hér þar sem ég er beðin um svör vegna kirkjunnar minna á að hv. fyrirspyrjandi er flutningsmaður að frv. til laga sem vill skilja algjörlega á milli ríkis og kirkju þannig ég hélt að hann hefði kynnt sér hvernig þessari skipan væri háttað.

Sjókvíaeldi.

[15:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum hefur Veiðimálastofnun nú greint sjö laxa sem hafa veiðst upp á síðkastið í Selá, Hofsá og Breiðdalsá sem eldislaxa og að öllum líkindum eru þeir ættaðir úr hópi tæplega 3.000 laxa sem sluppu úr eldiskví í höfninni í Neskaupstað í ágúst síðastliðnum. Það er a.m.k. ljóst að einn þeirra þriggja eldislaxa sem veiðst hafa í Breiðdalsá var þannig merktur að óyggjandi er að hann er kominn úr sláturkvínni í Neskaupstað.

Nú er það vitað að hluti þeirra laxa sem þarna sluppu var kynþroska og það er auðvitað hann sem er að koma upp í árnar núna en sá hluti stroklaxanna sem ekki var orðinn kynþroska þegar slysið varð villist trúlega í hafinu þar til líður á næsta sumar og leitar þá upp í árnar, að öllum líkindum á Austurlandi þó vitað sé að eldislax sem á hvergi heima geti leitað upp í ár nánast hvar sem er.

Eftir langa og stranga baráttu þeirra sem talað hafa fyrir verndun náttúrulegra laxastofna virðist nú allt það versta sem menn óttuðust þegar farið var að heimila eldi á laxi af erlendum stofni, vera að ganga eftir. Sýnist manni nú að betra hefði verið fyrir stjórnvöld að hlusta á kröfuna um að hægar yrði farið í sakirnar, einnig að við stæðum betur að vígi ef hlustað hefði verið á varnaðarorð þeirra sem á sínum tíma vildu að þauleldi á laxi lyti lögum um mat á umhverfisáhrifum. Slysið í Norðfirði, sem sumir vilja kalla versta og stærsta umhverfisslys í laxeldi hér á landi til þessa, er staðreynd og áhrif þess eiga eftir að verða kortlögð á næstu árum. En þrátt fyrir það sem við getum sagt til um með vöktun eftir á, kemur ekkert í staðinn fyrir að sýna fyrirhyggju. Spurning mín til ráðherrans er þessi:

Er að vænta einhverra viðbragða af hálfu ráðherrans, t.d. varðandi hertar reglur um slátrun eldisfiska? Hefur ráðherrann t.d. í hyggju að banna slátrun nema í kvíum á landi eða eru einhverjar aðgerðir í undirbúningi af hálfu ráðuneytisins til að koma megi í veg fyrir strok laxa úr eldiskvíum?

[15:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Laxeldið sem nú hefur verið sett í firði við Ísland er varðað mjög ströngum lögum hér frá Alþingi sjálfu. Ég hef fylgt því eftir með reglugerðum og við höfum sett upp ströngustu reglur heimsins, hleypum ekki fiskeldi ofan í flesta firði þessa lands nema örfáa, þannig að þetta er mjög strangt hér við land. Þetta slys sem átti sér stað í Neskaupstað var hörmulegt slys og ég harma þá niðurstöðu. Fiskurinn hlaut einhvers staðar að koma upp. Við skulum vona að sem mest af honum hafi drepist eða farið til Færeyja eða eitthvað annað. Ég býst við að hluti af honum sé svona eins og Keiko, ósjálfbjarga í hafinu, en það er önnur saga.

Hvað varðar síðan slátrunina þá höfum við verið að fara yfir þetta slys, hvort þarna vantaði eftirfylgni í reglugerðina og þetta væri öruggur frágangur. Fiskeldsmenn munu ekki slátra með þessum hætti aftur. Þeir munu dæla fiskinum beint á land, segja þeir mér, og ég tel að það þurfi að fylgja því eftir. Lax hefur ekki verið að sleppa út úr kvíunum. Þetta eru mjög öruggar kvíar eins og í Mjóafirði og víðar, hann hefur ekki sloppið úr þeim. Ég hygg að það sé þetta slys sem gerir það núna að hann hefur komið upp þarna í austfirskum ám.

Ég vona að þetta mál fari sem best og að við getum haldið í báðar þessar auðlindir sem eru auðvitað hinar frjálsu laxveiðiár og ég legg mikla áherslu á um leið og ég vil treysta fiskeldi og gera hina ströngustu reglur því til handa til þess að vernda hina hagsmunina. En um þetta þurfum við Íslendingar að ná samstöðu og ég held að það sé allt á góðri leið.

[15:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Strangar reglur að mati hæstv. landbrh. nægja ekki, það er alveg ljóst, það verður að gera meira en gert hefur verið. Og þó að hæstv. landbrh. hafi bannað eldi á frjóum laxi í kvíum í ákveðnum fjörðum, þá hefur ekkert verið bannað um eldi á ófrjóum laxi og það er vitað að hann getur líka valdið skaða í lífríkinu í ám þar sem villtur stofn hreiðrar um sig.

Það hljómaði eins og hæstv. ráðherra væri að biðja Færeysku fiskeldi bölbæna hér áðan. Ég ætla að vona að Færeyingarnir sleppi við böl það sem getur stafað af fiskeldinu eins og maður vonar auðvitað að Íslendingar sleppi við það. En sannleikurinn er auðvitað sá að laxar sleppa úr kvíum og sannleikurinn er líka sá að Íslendingum hefur ekki tekist að koma í veg fyrir slíkar sleppingar. Það hafa áralangar rannsóknir sýnt þar sem eldislax og eldissilungur hefur verið að skila sér í ár, ekki bara núna heldur líka í fyrra.

[15:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Nei, ég bið ekki færeysku fiskeldi bölbæna. Færeyingar stunda það hins vegar að veiða lax í sjó og ég vona að þeir nái þessum laxi sem hér slapp þannig að það er mikilvægt.

Það má segja að sú hugsun sem snýr að erfðablöndun sé ekkert mjög gömul í landinu. Hún er tiltölulega ný af nálinni. Það er ekkert langt síðan við fórum hér með kynbættan Kollafjarðarstofn um flestar ár landsins. Ég virði þessa nýju hugsun vísindamanna og vil vernda hana á allan hátt og draga úr erfðablöndun. Við eigum hér dýrmætan íslensk-norskan lax sem við viljum nota til þess að skapa verðmæti á Íslandi og það horfir í sjálfu sér vel. Ég vil bara fylgja því eftir með sem ströngustum reglum og koma í veg fyrir slys og ég hygg að fiskeldismenn séu mér algerlega sammála. Þeir vilja ekki skaða íslenskar fiskveiðiár og þeir eru ekkert að fara að brjóta þær reglur eða fara með fiskeldi í neina þá firði sem bannað er, enda yrðu þeir reknir upp aftur ef þeir færu þar niður.

[15:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eldislaxinn fer nákvæmlega þangað sem honum dettur í hug. Hann veit ekki að ráðherra hefur sett reglugerð um að einhverjir firðir eigi að vera honum lokaðir. Það er bara þannig. Og ég verð að segja við hæstv. landbrh.: Það er eitt ráð til að sleppa við að norskur eldislax sleppi úr kvíum hér við land og eyðileggi klak náttúrulegra laxastofna í ánum okkar, það er að setja laxeldið upp á land. Það er öruggt ráð. Hefur hæstv. ráðherra ekki hugleitt það? Sannleikurinn er þessi og hann hefur verið leiddur í ljós víða og sannleikurinn er líka sá að okkur hefur skort upplýsingar frá eldismönnum hér á Íslandi. Við höfum ekki fengið að vita hversu mikið er sett út af seiðum. Við fáum ekki að vita hversu mikið af þeim skilar sér til baka. Við fáum ekki einu sinni að vita hversu mikið af þeim er merkt, þannig að ég gagnrýni það og mótmæli því sem hæstv. ráðherra segir að reglurnar hér séu mjög strangar og að þeim sé framfylgt. Þær eiga að vera strangari þegar slys af því tagi sem átti sér stað í Norðfirði verða og í sannleika sagt er vitað mál að slysin verða fleiri.

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vissulega hugleiddi landbrh. það hvort fiskeldi gæti verið uppi á landi. En það er alveg vitað að ef það hefði verið gert, þá væri það ekki samkeppnisfært. Þá væri þetta dauður atvinnuvegur. Við eigum mjög góða firði þar sem við erum að sýna að við höfum betra heilbrigðisástand, firðirnir hreinsa úrganginn o.s.frv., þannig að við hækkandi hitastig í sjónum lítur þetta í sjálfu sér mjög vel út. Við eigum núna tækifæri í fiskeldi sem við eigum að varða með ströngum reglum og standa heilt að og ég bara vona að ég eigi þingmenn að í því að fara yfir það. Ég vil hafa þessar reglur strangar og tel að þær séu þær ströngustu í veröldinni í dag. Og þau lög sem Alþingi setti og þær reglur sem ég hef

fylgt eftir þeim lögum hafa vakið heimsathygli fyrir hvað þær eru strangar.

Hitt vil ég svo benda á að það kemur upp nánast á hverju sumri aðskotafiskur. Þeir geta verið frá Færeyjum, frá Noregi eða hvaðan sem er. Þeir koma hingað. Það eru ekki okkar fiskar en þeir koma hér upp í íslenskar ár eigi að síður. Því miður getum við ekki girt landið alveg af.

Fjárlög 2004, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003.

Beiðni SJS o.fl. um skýrslu, 34. mál. — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Beiðni leyfð til dómsmrh. með 54 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kjör og aðbúnaður starfsmanna við Kárahnjúka.

[15:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að ræða við hæstv. félmrh. um þær fregnir sem við höfum haft af kjörum og aðbúnaði erlendra verkamanna á vinnusvæðinu við Kárahnjúka. Ég tek það fram strax í upphafi að ég er einn af þeim sem studdu virkjun við Kárahnjúka og ég geri það enn. Ég segi hins vegar að það hefur verið ömurlegt, það hefur verið hreint grátlegt að fylgjast með fregnum af því hvernig er að sumu leyti farið með hina erlendu verkamenn á vinnusvæðunum. Þar hefur hver sorgarsagan rekið aðra. Maður hefur á köflum skammast sín fyrir að vera Íslendingur og bera þannig ábyrgð á því sem þar hefur gerst. Það er sama hvort rætt er um kjör, mötuneyti, vistarverur, kaffistofur eða salerni. Allt er með þeim ólíkindum að venjulegir Íslendingar, sem eru á svipuðum aldri og ég og við mörg okkar hér á þessum sölum, höfum aldrei heyrt af þvílíku nema þegar við höfum verið að lesa á bókum um stéttaátök í upphafi síðustu aldar. Svona hefur ekki gerst áratugum saman hér á Íslandi. Mér er skapi næst að segja að allar þær eftirlitsstofnanir sem hlut eiga að máli hafi gripið inn í allt of seint og ég verð líka að segja það, herra forseti, að mér hefur fundist þögn hæstv. félmrh. æpandi á stundum. Mér hefur fundist sem sá góði maður hefði mátt láta sína miklu raust heyrast oftar og fyrr en raunin varð.

Rótin að þessum vanda er, að ég tel, hinar erlendu starfsmannaleigur sem nánast hafa spunnið vistarbandið upp á nýtt. Þær hafa í þjónustu sinni með undarlegum ráðningarsamningum erlenda starfsmenn og geta nánast ráðið öllu varðandi þá, ráðið hvernig þeir sitja og hvernig þeir standa. Við skulum hafa það í huga að þessir portúgölsku farandverkamenn sem við erum að tala um hérna eru fátækir menn. Þeir búa í landi þar sem atvinnuleysi ríkir. Þetta eru fjölskyldumenn og þeir skrifa undir hvaðeina bara til þess að fá vinnu og Impregilo hefur ráðið þessa menn til sín í gegnum starfsmannaleigurnar og við vitum það auðvitað að við þær aðstæður sem ríkja í heimalandi þeirra getur ósvífinn atvinnurekandi, eins og Impregilo er, augljóslega haft í fullu tré við slíka menn ef stjórnvöld veita þeim enga vernd. Þessir menn voru upphaflega ráðnir á kjörum sem voru miklu verri en þau sem ber að greiða samkvæmt samningum um störf á virkjanasvæðum á hálendinu. Margir þeirra voru þar að auki ráðnir sem iðnaðarmenn en þeir fá einungis greitt á lágmarkstaxta verkamanna. Erlendu verkamennirnir sem komu hér í gegnum starfsmannaleigurnar fengu fyrstu mánuðina ekki lögboðna frídaga eins og kveðið er á um í virkjanasamningi. Þeir unnu fram að hádegi á sunnudögum að þeirra sögn á sama tímakaupinu. Þetta er auðvitað ótrúleg framkoma. Það er ekki fyrr en verkalýðshreyfingin hreyfir sig og stappar niður fæti og lætur glitta í tennurnar sem Impregilo virðist nú fyrst vera reiðubúið til þess að taka alla starfsmenn inn á virkjanasamninginn eins og á auðvitað að gera samkvæmt reglum hérna á Íslandi. En það er auðvitað ótrúlegt að svona skuli gerast í upphafi 21. aldarinnar að það skuli þurfa alla miðstjórn ASÍ sem fer á svæðið og forseta ASÍ að skekja sinn gráa makka framan í Impregilo og hóta verkfalli til þess að menn sjái að sér.

Aðstaða þessara manna hefur líka verið með eindæmum. Ég nefni það að þegar sendinefnd ASÍ fór á staðinn, þá komu þeir m.a. í mötuneyti þar sem rétt var hægt að troða inn 70 manns og þar eru 300 menn látnir borða í hollum og þar var bara eitt salerni. Og reyndar, herra forseti, er orðið salerni fullhátíðlegt fyrir það apparat sem þar var notað. Þar var einn útikamar í mötuneyti þar sem 300 manns eiga að borða. Mundi þetta líðast einhvers staðar annars staðar?

Það hefur líka komið fram, herra forseti, að skortur á heilsugæslu hefur verið með ólíkindum og vegna þess að hæstv. heilbrrh. er staddur hér þá hlýt ég að krefja hann svara um það hvernig á því stendur að það er ekki fyrr en núna um helgina að það er kominn almennilegur íslenskur læknir þarna.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hæstv. heilbrrh. er ekki til andsvara í þessu máli og fyrirspurninni var beint til hæstv. félmrh.)

Herra forseti. Af nógu er að taka. Í þeim samningi sem ég hef undir höndum, sem er einstaklingssamningur sem gerður er milli starfsmannaleigu og portúgalsks starfsmanns, kemur t.d. fram að það er hægt að reka viðkomandi starfsmann vegna vanhæfni í starfi og þeir túlka það svo ef hann er veikur eða hefur hegðunarvandamál og menn hafa túlkað það þannig ef þeir eru að rífa kjaft yfir sínum kjörum.

Herra forseti. Ég vil því að lokum spyrja hæstv. félmrh.: Telur hann ekki nauðsynlegt að bæta lög þannig að stjórnvöld hafi sterkari úrræði til þess að geta komið lögum yfir fyrirtæki þegar þau brjóta af sér? Telur hann ekki líka nauðsynlegt að setja lög um starfsmannaleigur hér á landi? Og að lokum, herra forseti: Telur hann ekki rétt að styrkja Vinnueftirlitið þannig að það geti t.d. haft mann í fullu starfi á virkjanasvæðinu?

[15:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Töluverð umræða hefur farið fram um stöðu mála við Kárahnjúka undanfarið. Hún snýr bæði að aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum en ekki síst kjörum erlendra starfsmanna á svæðinu.

Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að slík umræða fari fram. Hér er um að ræða eitt stærsta og mikilvægasta atvinnuuppbyggingarverkefni Íslandssögunnar og því brýnt fyrir alla aðila að það fari vel fram. Hins vegar veldur það mér áhyggjum að dregið sé í efa að farið sé að lögum og reglum og að íslenskir kjarasamningar séu virtir. Í mínum huga væri slík framkoma ólíðandi með öllu ef satt reyndist. Með henni væri grafið undan þeim leikreglum sem gilda á vinnumarkaði á Íslandi þar sem aðilar vinnumarkaðar semja í frjálsum samningum sín á milli um kaup og kjör. Slíkt veikir einnig samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Meginsjónarmið um velferð og lífskjör í okkar íslenska velferðarsamfélagi er í húfi ef leikreglur eru brotnar með slíkum hætti og það gengur ekki. Þetta hef ég ítrekað sagt, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og undrast að þú skulir ekki hafa heyrt. Ég tel það vera hlutverk okkar að fylgjast með þessum málum og standa vörð um þessi meginsjónarmið. Það hef ég lagt mig fram um að gera og mun halda því áfram.

Vegna aukinna verkefna á svæðinu var starfsmönnum umdæmis Vinnueftirlits ríkisins á Austurlandi fjölgað um einn síðasta vor og eru þeir nú fjórir í 3,75 stöðugildum. Jafnframt veita sérfræðingar stofnunarinnar aðstoð við framkvæmd eftirlitsins og fara reglubundnar ferðir austur til aðstoðar starfsmönnum umdæmisins. Félmrn. hefur verið í sambandi við Vinnueftirlit ríkisins vegna þessara mála. Sameiginlegir fundir hafa verið haldnir og hefur Vinnueftirlitið gert ráðuneytinu grein fyrir þeim vanda sem við er að glíma. Að mati Vinnueftirlits hefði ýmislegt mátt betur fara og hefur stofnunin gert athugasemdir við eitt og annað í þeim efnum. Hins vegar hefur verið unnið að úrbótum af hálfu fyrirtækja á staðnum og hefur Vinnueftirlitið fylgst grannt með þeim.

Það er mat okkar að Vinnueftirlitið hafi haft ágæta stöðu til að fylgjast með gangi mála og rækja sitt lögbundna hlutverk. Ekkert hefur enn komið fram sem gefið hefur tilefni til að beita ákvæðum 87. gr. laga nr. 46 frá 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar hefur Vinnueftirlitið heimild til að beita dagsektum vegna brota á lögunum. Vinnueftirlitið mun áfram rækja hlutverk sitt af kostgæfni og veita félmrn. upplýsingar um stöðu mála eftir þörfum. Það verður vakað yfir málum hér eftir sem hingað til.

Þá hefur ráðuneytið í samstarfi við Vinnumálastofnun farið rækilega yfir þær athugasemdir sem hafa komið fram vegna erlendra starfsmanna við Kárahnjúka. Tvennt hefur verið gagnrýnt fyrst og fremst, annars vegar að þeir njóti ekki kjara í samræmi við íslenska kjarasamninga, sem er ein forsendan fyrir útgáfu atvinnuleyfa, og hins vegar að þeir séu starfandi á ólögmætum grundvelli.

Félmrn. fól Vinnumálastofnun að kanna þessar ásakanir en hún hefur heimild til að afturkalla atvinnuleyfi ef forsendur fyrir veitingu þeirra eru rangar. Í framhaldi af því óskaði Vinnumálastofnun eftir upplýsingum um launakjör þeirra erlendu starfsmanna sem höfðu fengið atvinnuleyfi á grundvelli 10. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Miðað við þær upplýsingar sem fram komu bendir ekkert til annars en að fyrirtækin standist þær forsendur sem útgáfa dvalarleyfanna byggðist á. Til að sannreyna þetta fylgdist forstjóri Vinnumálastofnunar með útborgun launa sem greidd eru á grundvelli virkjanasamningsins til þessa hóps nú nýverið. Ekkert hefur því komið fram sem gefur tilefni til að halda að íslenskir kjarasamningar hafi verið brotnir varðandi þessa hópa, sem betur fer.

Hvað varðar þá erlendu starfsmenn sem koma af Evrópska efnahagssvæðinu eða á vegum svokallaðrar starfsmannaleigu þá ber vinnuveitanda að tilkynna um komu þeirra til Útlendingastofnunar áður en starfsmenn koma til landsins. Vinnumálastofnun hefur í samvinnu við Útlendingastofnun brýnt þessar skyldur fyrir fyrirtækjunum. Jafnframt hafa þessar stofnanir tvær sett fram kröfur um að gengið verði frá læknisvottorðum og öðrum formlegum gögnum til að fullnægt sé lagaskyldum við útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa vegna þessara og annarra starfsmanna.

Herra forseti. Sú hefð hefur þróast á íslenskum vinnumarkaði að eftirlit með íslenskum kjarasamningum og framkvæmd þeirra er á herðum aðila vinnumarkaðarins. Það er því ánægjulegt að þeir aðilar skuli hafa náð saman um framkvæmd launagreiðslna vegna þessara starfsmanna með sérstakri bókun sem var undirrituð þann 1. október sl. Það bendir til að samskipti þessara aðila séu að skána, sem mér hefur fundist heldur ábótavant og hef ég sagt frá því opinberlega og taldi að fyrirtækin þyrftu að taka sér tak í þeim efnum. Það virðist nú góðu heilli vera að gerast.

[15:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hæstv. ráðherra á að samkvæmt 54. gr. þingskapa ber ræðumanni jafnan að víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann. (**Félmrh.:** Ég biðst afsökunar.) Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Menn byrja gjarnan á því í ræðum sínum um þessi mál að taka fram, eins og málshefjandi nú og hæstv. ráðherra, hversu miklir stuðningsmenn þeir séu þessa verkefnis. Síðan er gjarnan bætt við að þetta sé stærsta framkvæmd Íslandssögunnar. Einmitt þess vegna og í því ljósi er ástæða til að spyrja: Hvernig í ósköpunum getur það gerst að verkið fari af stað með þeim hætti sem raun ber vitni, að nánast allt er brotið sem hægt er að brjóta?

Auðvitað var tónninn í hæstv. félmrh. sami afsökunarlinkindartónninn og verið hefur í umfjöllun stjórnvalda, sérstaklega ráðherra Framsfl., um þessi mál alla tíð og er enn, þó að fáir gangi nú jafnlangt og hæstv. utanrrh. sem eins og kunnugt er lýtur fram og þakkar fyrirtækinu.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Hversu mörg lög og ákvæði og hve lengi þarf þetta fyrirtæki að brjóta til þess að mönnum detti í hug að reka það? Er ekki alveg augljóst mál að ef í hlut ætti minni háttar verktaki í einhverju venjulegu verki hér þá væri hann löngu farinn heim, því að svona framkomu láta menn ekki bjóða sér? Það er ekki eitt heldur nánast allt sem þarna hefur verið í ólestri, laun og launakjör, öryggismál, starfsréttindamál, fyrirtækið borgar ekki reikninga, það er meira að segja með réttindalausan rússneskan lækni til að senda menn heim ef þeir verða veikir, þ.e. ef ekki er hægt að láta þá vinna veika, fingurbrotna eða hvað það nú er. Og maður spyr: Hversu lengi á þetta að ganga svona? Mun fyrirtækið geta farið sínu fram í ljósi þess hversu pólitískt þetta verkefni er?

Ég vil einnig spyrja hæstv. félmrh.: Hafa menn þar á bæ kynnt sér framferði þessa verktaka, t.d. í Suður-Ameríku eða í Afríku? Hefur ráðherra kynnt sér framgöngu Impregilo í Lesoto, svo dæmi sé tekið?

Ég vil líka spyrja félmrh. hvort menn, að gefnu tilefni, hafi krafið Landsvirkjun upplýsinga um það: Hvað vissi Landsvirkjun um að tilboð Impregilo byggði á óraunhæfum forsendum hvað íslenskan launakostnað snerti? Það er ástæða til að fara ofan í saumana á því í ljósi yfirlýsingar stjórnarformanns Landsvirkjunar af þessu tilefni.

[15:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Af umræðum í fjölmiðlum að dæma virðist aðbúnaður og kjör starfsmanna Impregilo og undirverktaka þeirra við framkvæmdir við Kárahnjúka ekki uppfylla lágmarkskröfur hér á landi. Við verðum að standa vörð um þessar kröfur og treysta til þess opinberum eftirlitsaðilum og aðilum vinnumarkaðarins. Það er reyndar ekki mjög einfalt.

Hins vegar sýna þessi dæmi þann siðferðilega vanda sem við hinar ríku vestrænu þjóðir búum við og erum í æ ríkari mæli að rekast á. Við gerum kröfu, við segjumst gera kröfu um lágmarksaðbúnað og lágmarkslaun hér á landi en á sama tíma göngum við öll í fötum og skóm sem unnin eru að mestu leyti af verkafólki sem er með miklu lægri laun, jafnvel undir fimm þúsund krónum á mánuði, og býr við vinnuskilyrði og lífsskilyrði sem við getum ekki ímyndað okkur. Þykir það ekki tiltökumál. Það virðist því skipta öllu máli hvar þetta fólk vinnur. Við þekkjum vandamál af þessu tagi, m.a. í fraktflutningum og í flugi til og frá landinu.

Svo er annað. Framganga verkalýðsfélaga og fleiri í að krefjast með réttu lágmarkslauna fyrir þetta fátæka verkafólk getur gert það miklu dýrara en sambærilegt innlent verkafólk vegna m.a. ferðakostnaðar. Það missir því vinnuna, fer heim í atvinnuleysið og draumur fjölskyldna þeirra um fjárhagslega bjarta framtíð er fyrir bí. Því miður höfum við dæmi um það í fortíðinni hér á landi.

Ég hef ekki lausn á þessum vanda en bið menn að athuga hann og hafa hann í huga við að krefjast með réttu lágmarksaðbúnaðar og launa við Kárahnjúka.

[15:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þessar vikurnar er gerð atlaga að kjörum og aðbúnaði sem launþegar á Íslandi og samtök þeirra hafa barist fyrir árum og áratugum saman að giltu um kjör þeirra. Um mitt sumar fóru að berast fréttir af ósætti íslenskra starfsmanna hjá Impregilo við Kárahnjúka. Á ýmsan aðbúnað starfsmanna hefur skort og benda íslenskir starfsmenn á fjölmörg atriði varðandi hreinlæti og mötuneytisaðstöðu.

Erlendir starfsmenn virðast samkvæmt fréttum búa við verstar aðstæður. Segjum nú sem svo að eitthvað af þeim vandamálum sem áður voru nefnd hafi verið byrjunarörðugleikar, en því miður virðist margt að þrátt fyrir kvartanir og kröfur verkalýðsfélaganna. Langalvarlegast er þó að mínu mati aðför fyrirtækisins að samningum við undirverktaka og eigin starfsmenn að greiða kaup sem ekki er eins og íslenskir kjarasamningar kveða á um.

Þetta fyrirkomulag að greiða erlendu fólki lág laun langt undir kjörum þeim sem eiga að gilda þekkist vel. Íslensk fyrirtæki hafa áratugum saman greitt laun á farskipum sínum undir hentafánafyrirkomulagi sem eru mun lægri en kjör fyrir sams konar störf eftir íslenskum kjarasamningum. Sjómannasamtökin, þar sem Sjómannafélag Reykjavíkur hefur verið í fararbroddi, hafa reynt að verjast slíkri aðför að íslenskum kjarasamningum. Því hefur verið haldið fram að um skipulagða fyrir fram ákveðna svikamyllu við Kárahnjúka væri að ræða þar sem mörg hundruð erlendra starfsmanna væru á launum sem gæfu 270–540 kr. á klukkustund. Ef stjórnvöld ætla ekki að standa vörð um það að hér á landi sé farið eftir íslenskum lögum og kjarasamningum þá hlýtur verkalýðshreyfingin að gera það. Og ef verkalýðshreyfingin neyðist til að grípa til örþrifaúrræðis eins og verkfalla þá hlýtur verkalýðshreyfingin að gera það.

[15:58]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Uppi á hálendinu hefur á síðustu mánuðum verið að festa sig í sessi lítið þorp, þorpið við Kárahnjúka. Austfirðingar hafa lengi beðið eftir þessari framkvæmd og bjartsýni hefur verið ríkjandi á svæðinu í kjölfar ákvörðunarinnar um að reisa virkjun við Kárahnjúka. Þessi virkjun er umdeild. Deilt er um mikil umhverfisáhrif framkvæmdanna en mörgum þykir þeim til fórnað vegna væntinga um efnahagslegan ávinning. Ég held að fæstir hafi þó gert sér í hugarlund fyrir fram þá umræðu sem skekið hefur þjóðfélagið í árdaga framkvæmdanna en hún hefur aðallega snúist um stöðu og aðbúnað verkafólksins á svæðinu, um félagsleg undirboð, skort á löggæslu og mannsæmandi heilbrigðisþjónustu, og manni bregður við að um svo sjálfsagða hluti skuli deilt nú í upphafi 21. aldarinnar.

Þá vekur málið enn meiri undrun í ljósi þess að það eru íslensk stjórnvöld sem standa að framkvæmdinni en það er nefnilega ekki síst þáttur þeirra sem er gagnrýni verður. Eða hvers vegna tryggja ekki íslensk stjórnvöld fjárveitingar til löggæslu á svæðinu um leið og þau taka ákvörðun um að reisa 700 manna þorp á hálendinu? Hvers vegna sjá þau ekki til þess að fjárveitingar séu nægar til að tryggja eftirlit með aðbúnaði og öryggi starfsmanna á svæðinu? Og hvað með heilbrigðisþjónustuna? Var aldrei ráð fyrir því gert í upphafi að senda þyrfti lækni með gilt starfsleyfi til að sinna þjónustu á háfjallaþorpinu?

Herra forseti. Samtök launafólks hafa staðið ötulan vörð um hagsmuni starfsmanna við Kárahnjúka en því miður er ekki fullreynt enn hvort viðunandi niðurstaða fáist. Ríkisstjórnin þarf líka að standa sína vakt og tryggja fjárveitingar til ýmissa samfélagslegra verkefna þar og það er óskiljanlegt hvernig fram hjá þeim augljósu þáttum var litið í upphafi. Það er nefnilega þar sem skórinn kreppir og stjórnvöld þurfa að bregðast strax við eigi ekki illa að fara þegar veturinn gengur fyrir alvöru í garð við Kárahnjúka.

[16:00]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á síðasta kjörtímabili urðu deilur hvað harðastar um Kárahnjúka og álver við Reyðarfjörð. Niðurstaða, nokkuð afgerandi, fékkst í því máli. Síðan hófust framkvæmdir.

Rétt er að draga fram um hvað þetta mál snýst. Það er verið að byggja heilt þorp og ekki á neinum venjulegum stað heldur hátt upp til fjalla við óvenjulegar aðstæður. Þorpið verður jafnvel stærra en sum af þeim þorpum sem nú eru þegar í byggð. Það sem gerir málið enn sérkennilegra er að stór erlendur verktaki fer fyrir framkvæmdum í samstarfi við ýmsa innlenda verktaka. Þar eru fjölmargir erlendir verkamenn í bland við íslenska verkamenn og tæknifólk.

Herra forseti. Það segir sig sjálft að við slíkar aðstæður hljóta mörg vandamál að skjóta upp kollinum. Það er eðli málsins samkvæmt ef aðstæður eru skoðaðar. Ólíkir menningarheimar mætast. Þarna eru mjög sérkennilegar aðstæður í umhverfinu og þannig má áfram telja. Mestu skiptir að bregðast við með eðlilegum hætti.

Ég tel, herra forseti, að hæstv. félmrh. hafi gert það. Hann getur ekki annað en bundið sig við lög og reglugerðir. Við sjáum hve virk Vinnumálastofnun hefur verið í þessu máli. Við sjáum hve landlæknisembættið hefur verið virkt og gripið inn í þetta mál. Við sjáum hve virk verkalýðshreyfingin hefur verið í þessu máli. Með öðrum orðum hefur stjórnsýslan verið virk í þessu máli en vandamálin eru vissulega til staðar. Enn fleiri vandamál munu koma upp. Grundvallarspurningin er: Með hvaða hætti hyggjumst við taka á því? Þar er útgangspunkturinn, eins og fram kom hjá hæstv. félmrh., að okkur ber að fara að íslenskum lögum. Það hyggst hæstv. félmrh. gera áfram eins og hann hefur gert og það ber öðrum einnig að gera. Um það snýst þetta mál, herra forseti.

[16:02]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég fagna því að þær framkvæmdir sem við ræddum um í fyrravetur hafi farið af stað. Við nefndarmenn í iðnn., þar sem ég átti sæti, fórum yfir fjölmörg atriði og þætti sem skiptu máli varðandi þessa framkvæmd. Í þeirri umræðu kom ekki mikið fram um kjör erlendra starfsmanna eða þau atriði sem hér er um að ræða.

Við minnumst þess frá virkjanaferli okkar að hingað hafi komið erlendir verktakar, í Búrfell, Sigöldu og fleiri virkjanir. Vitanlega hafa komið upp smá hnökrar þar sem mætast íslenskir starfsmenn, íslenskir kjarasamningar og erlendir starfsmenn sem búið hafa við ólíkar aðstæður, lög, hefðir og menningu. Engan skyldi undra, í jafnstórri og mikilli framkvæmd og ráðist hefur verið í á Austurlandi, að einhverjir hnökrar sem þessir komi upp. Þá þarf að leysa og ég treysti hv. félmrh. og þeim eftirlitsstofnunum sem undir hann heyra fullkomlega til að sjá til að farið verði að lögum hvað þetta mál varðar. Þannig eigum við að vinna málið en ekki blása það upp eins og allt sé að fara fjandans til. Það er aðalatriðið.

Ég vil jafnframt benda á að áðan fóru fram umræður um lágt matarverð. Við höfum leyft að hingað til lands séu flutt bæði blóm, grænmeti og ávextir án tolla til að lækka verð á þeim nauðsynjavörum til neytenda á Íslandi. Mér er fullkunnugt um að fólk sem vinnur að framleiðslu þeirra afurða, landbúnaðarverkafólk sem vinnur að framleiðslunni í Portúgal eða Suður-Spáni, býr við svipuð eða verri kjör en starfsmenn á Kárahnjúkasvæðinu. Það er nokkuð sem við þekkjum.

[16:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Kjör og aðbúnaður starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun er mál sem kemur Alþingi við. Virðingarleysi ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo fyrir lögum og reglum þessa lands kemur okkur öllum við og er stórmál fyrir okkur sem þjóð. Hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins, Árni Magnússon félmrh. og Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., bera þunga ábyrgð. Á þeirra herðum hvílir sú skylda að standa vörð um að ekki sé brotið á verkamönnum, hvorki innlendum né erlendum. Þeim ber að sjá til þess að hið fjölþjóðlega fyrirtæki fari eftir virkjunarsamningi og eftir íslenskum lögum.

Fram til þessa hefur fyrirtækið ekki farið að reglum vinnumarkaðarins, byggingareglugerðum né reglum um hollustuhætti. Hver ber ábyrgðina? Fyrst og fremst er það Landsvirkjun sem leyfir þessi vinnubrögð í stað þess að láta fyrirtækið uppfylla þær kröfur sem gerðar voru við útboð verksins. Hvernig getur Landsvirkjun réttlætt að hafa hafnað hærri tilboðum í verkið ef í þeim var gert ráð fyrir að farið yrði eftir gildandi kjarasamningum og að búið yrði sómasamlega að verkamönnunum á öræfunum? Er raunkostnaður virkjunarinnar of hár til að standa undir umsömdu raforkuverði?

Herra forseti. Kjör og aðbúnaður starfsmanna við Kárahnjúka er ekki alfarið á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar eins og maður gæti ætlað eftir atburði sumarsins, heldur okkar allra og þá sérstaklega ríkisstjórnarinnar. Ef hið alþjóðlega fyrirtæki fær að komast upp með óvönduð vinnubrögð við Kárahnjúkavirkjun er það ávísun á það sem koma skal á innlendum vinnumarkaði. Hversu lengi á þetta fyrirtæki að komast upp með slík vinnubrögð? Hve lengi á það að geta skuldað fyrirtækjum um allt land, þá sérstaklega fyrirtækjum á Austurlandi? Hvenær verður því vísað frá?

[16:07]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki alveg hvort maður á að þora að taka til máls í þessari umræðu eftir yfirlýsingar hæstv. tilvonandi forsrh., Halldórs Ásgrímssonar, um að ekki megi gagnrýna það fyrirtæki sem hér er til umræðu. Þau ummæli eru auðvitað sama öfgamarki brennd og yfirlýsingar ýmissa virkjunarandstæðinga um að Landsvirkjun beri ábyrgð á launakjörum starfsmanna ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo. Hvorugt er rétt og þetta mál, forseti, snýst ekki um að vera með eða á móti virkjun. Það snýst um mannréttindi og launakjör á Íslandi.

Ítalska fyrirtækið Impregilo er í þeirri lykilstöðu að það veit að í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar er það eini bjóðandinn sem treysti sér til að vinna verkið á því verði sem hægt er að framkvæma það á. Þeir vita að verksamningnum verður aldrei sagt upp. Þess vegna munu þeir ganga mjög langt í að láta reyna á öll grá svæði í löggjöf og eftirliti á Íslandi. Það hafa þeir gert.

Þeir hafa raunar verið svo ósvífnir að taka þátt í þeim blekkingarleik að segja Íslendingum að þeir vilji gjarnan fá sem flesta Íslendinga til starfa upp á Kárahnjúka. Í aðdraganda kosninga auglýstu þeir eftir íslenskum starfsmönnum og fengu nærri því eitt þúsund umsóknir. Af þeim nærri eitt þúsund umsóknum réðu þeir níutíu. Þeir réðu níutíu. Þetta fyrirtæki mat íslenska kjarasamninga svo og að íslensk lög og eftirlit framkvæmdarvaldsins væri svo lélegt að það borgaði sig fyrir þá að hafna hundruðum vinnufúsra íslenskra handa en flytja þess í stað inn erlent vinnuafl, ekki bara af Evrópska efnahagssvæðinu, heldur líka utan þess. Þeir vissu að þeir mundu fá atvinnuleyfi fyrir þetta vinnuafl þó ófaglært væri, sem sérfræðinga í uppsetningu vinnubúða, sérfræðinga í ræstingum eða í rússneskum lækningum. Hvað veit ég?

Það á að vera áhyggjuefni í þessum sal ef íslenskir kjarasamningar, lög og eftirlit eru með þeim hætti að atvinnurekendur, íslenskir eða erlendir, telja sér betur borgið með því að flytja hingað ódýrt vinnuafl frá útlöndum en að ráða vinnufúsar íslenskar hendur til starfa. Um það snýst þetta mál ekki síst. Þar verður löggjafinn að taka sig á og setja lög um starfsmannaleigur og lög sem tryggja betur réttindi verkafólks á Íslandi þannig að það borgi sig alltaf að ráða

atvinnulausan Íslending fremur en Pólverja eða rússneska lækna.

[16:09]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Stjórnsýsla hæstv. félmrh. í þessu máli hefur verið vönduð í hvívetna og í samræmi við þær reglur íslenskra stjórnsýslulaga sem íslensk stjórnvöld eru bundin af í störfum sínum.

Er verið að gagnrýna að félmrh. hafi í störfum sínum virt rannsóknarreglur stjórnsýslulaganna með því að vanda vel til upplýsingaöflunar í tengslum við þetta mál? Er verið að gagnrýna hann fyrir að framfylgja ákvæðum stjórnsýslulaga um meðalhófsreglu og ganga ekki lengra fram en nauðsyn krefur í krafti embættis síns?

Ég er hrædd um, herra forseti, að þá fyrst væri hægt að tala um ítalskt ástand á íslenskum vinnumarkaði og í íslensku samfélagi ef þær íslensku lagareglur væru ekki virtar.

Herra forseti. Íslenskur læknir hefur þegar hafið störf á virkjunarsvæðinu. Lokadrög samnings um heilbrigðisþjónustu liggja fyrir og verður hann undirritaður af heilbrigðisstofnun Austurlands og Impregilo í þessari viku. Tillögur liggja fyrir um fjárveitingar fyrir heilbrigðisstofnunina til að vinna í málinu.

Herra forseti. Á Austurlandi á sér stað gífurleg uppbygging og ekki óeðlilegt að árekstrar verði þegar margir menningarheimar mætast. Ég treysti því að íslensk stjórnsýsla haldi áfram að taka á málum líkt og hún hefur gert hingað til. Við verðum að geta treyst á íslensk lög í þessu máli.

[16:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir spyr: Fyrir hvað er verið að gagnrýna hæstv. félmrh.? Hæstv. félmrh. er vorkunn að því leyti að úrræði sem lögin veita honum til að beita afli og koma vitinu fyrir þennan ófyrirleitna ítalska verktaka eru snautleg. Ég skal segja hv. þm. hvað ég er að gagnrýna hæstv. félmrh. fyrir. Ég er að gagnrýna hann fyrir að koma hingað í sína fyrstu alvöru ræðu og standa ekki í lappirnar þegar annars vegar er ósvífið verktakafyrirtæki sem brýtur gegn réttindum fátækra erlendra verkamanna. Mig svíður í hjartað yfir því, herra forseti.

Ég átti von á að hæstv. félmrh. kæmi hingað og talaði skynsamlega, sem hann gerði að mörgu leyti, en ég átti ekki von á því að hann kæmi og gæfi Impregilo syndakvittun, gæfi fyrirtækinu í reynd fullgilt heilbrigðisvottorð. Hvað var það sem hæstv. félmrh. sagði? Jú, hann hefur svolitlar áhyggjur en að öðru leyti er allt í lagi. Honum finnst bara allt í þokkalegu lagi. Þó er alveg greinilegt að í háttsemi sinni gagnvart verkafólki er Impregilo statt á steinöld.

Við eigum í höggi við nýjar aðstæður sem hafa komið upp. Þær birtast í þessum starfsmannaleigum sem koma hingað með hóp erlends verkafólks. Það er ráðið í öðru landi. Við þetta verkafólk hefur verið gerður einstaklingsbundinn ráðningarsamningur. Hvernig á aðkoma íslensku verkalýðshreyfingarinnar að vera að þessu máli? Barátta hennar hefur verið tvenns konar, annars vegar í gegnum kraft sinn þegar hún hefur skekið hnefann en hins vegar gegnum það pólitíska afl sem hún hefur.

Það vill svo til að við erum mörg hér á hinu háa Alþingi sem viljum verja réttinn sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir. Það er þess vegna sem þessi mál eru tekin upp. Við getum ekki liðið að fólk sé rekið fyrir að vera veikt. Við getum ekki liðið að fólk sé rekið fyrir að ganga eftir réttindum sínum. Svoleiðis gerðist á Íslandi árið 1910. Ekki árið 2003.

[16:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr hvort breyta eigi lögum á þann hátt að stjórnvöld hafi sterkari úrræði að beita í tilvikum eins og þeim sem hér um ræðir. Það er mín skoðun að við eigum áfram að byggja á þeirri hefð sem ríkir hér á landi og víðar í hinum vestræna heimi, að aðilar á vinnumarkaði semji sjálfir um kaup og kjör. Inngrip af hálfu löggjafar- eða framkvæmdarvalds eiga að vera takmörkuð og almenns eðlis og meginreglan er að ríkt svigrúm sé fyrir hendi fyrir aðila til að semja sín á milli. Hins vegar sjálfsagt að skoða tillögur um endurskoðun á lögum um þessi mál.

Varðandi þá umræðu sem farið hefur fram um starfsmannaleigur er rétt að vekja athygli á að hér er ekki um einfalt umfjöllunarefni að ræða. Hér gilda m.a. reglur á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið varðandi frjálsa för fólks og kaup á þjónustu. Ég veit að í öðrum Evrópuríkjum hefur farið fram umræða um þessi mál og ég mun fylgja eftir framvindu mála á þeim vettvangi. Það er ekki ósennilegt að löndin á Evrópska efnahagssvæðinu taki sameiginlega afstöðu til slíkrar starfsemi.

Almennt tel ég að þær eftirlitsstofnanir sem við höfum komið okkur upp á vinnumarkaði og þær leikreglur sem við höfum sett okkur virki og skili okkur árangri sem við getum verið sátt við. Ákvörðun um að breyta þessum kerfum og löggjöfinni sem starfað er eftir kallar á yfirvegaða og ítarlega umræðu.

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur áhyggjur af því að ráðherra standi ekki í lappirnar. Ég tel þvert á móti að ég geri það, sem kannski er meira en hægt er að segja um suma þá sem hafa komið hér upp. Ég vil ítreka að umræðan sem hér fer fram verður að byggja á yfirvegun og sanngirni. Ósannaðar fullyrðingar og upphrópanir skila litlum árangri. Við verðum að virða íslensk lög. Við verðum að gera þær kröfur til þeirra fyrirtækja sem þarna starfa að þau virði íslenska kjarasamninga og íslensk lög. Brot á slíku verða ekki liðin, hvorki af hálfu umræddra fyrirtækis né annarra.

Aldarafmæli heimastjórnar, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[16:16]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um breytingar á stjórnarskrá í tilefni af því að á næsta ári er aldarafmæli heimastjórnar. Þá voru liðin 60 ár frá því að Íslendingar stofnuðu lýðveldi á Þingvöllum árið 1944 og minn stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, telur við hæfi að Alþingi minnist þessara sögulegu tímamóta með því að sameinast um endurskoðun á stjórnarskránni. Reynslan hefur sýnt að það hefur verið giska erfitt að ná samstöðu um endurbætur á stjórnarskránni á lýðveldistímanum. Allar breytingar á þeim tíma, með einni undantekningu, hafa í reynd varðað breytta kjördæmaskipan. Þó hafa margar stjórnarskrárnefndir verið skipaðar og margar setið og unnið merkt starf. Til að mynda

skilaði stjórnarskrárnefndin, sem sat að störfum upp úr 1980, ákaflega viðamikilli skýrslu árið 1984. Þar var m.a. fjallað með merkum hætti, svo braut í blað, um grundvallaratriði eins og mannréttindi. Hluti af þeim tillögum var lagður til grundvallar þegar Alþingi samþykkti árið 1995, í tilefni af hálfrar aldar afmæli lýðveldisins, merkar umbætur á stjórnarskránni. Við erum enn þá töluvert mörg sem sitjum í þessum sal og tókum þátt í þeirri breytingu. Ég minnist þess, herra forseti, að ég sat þá ungur umhvrh. á hátíðarbekk á Þingvöllum þegar Alþingi færði þjóðinni þær umbreytingar í afmælisgjöf. Ég er líka stoltur af að hafa tekið þátt í því.

Þær tillögur sem við leggjum hér fram, gervallur þingflokkur jafnaðarmanna, eru í nokkrum liðum, en grundvallartillagan er sú að Alþingi setji á stofn nefnd 9 manna með fulltrúum allra þingflokka og verkefni hennar er að endurskoða stjórnarskrána. Þær tillögur sem við leggjum til að verði höfuðverkefni nefndarinnar eru í fyrsta lagi að gera tillögur um það hvernig tryggja megi í stjórnarskrá að þjóðin eigi saman náttúruauðlindir, svo sem lifandi auðlindir í hafi eða aðrar sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindir í fallvötnum, auðlindir í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum og öðrum náttúruauðlindum sem kunna að finnast eða verða þróaðar og sem enginn á og við getum litið á sem sameiginlega arfleifð þjóðarinnar.

Í öðru lagi gerum við tillögu um það að nefndin vinni tillögur um svipaðar breytingar og grannþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa gert í stjórnarskrám sínum svo að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og stofnana sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða.

Þriðja megintillagan sem við viljum að nefndin sinni er að gera tillögur um að allt landið verði eitt kjördæmi. Þetta er ein af þeim hugmyndum sem jafnaðarmenn hafa barist fyrir áratugum saman og reyndar smám saman fengið hljómgrunn. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að annar stjórnmálaflokkur en Samfylkingin hefur á síðustu árum tekið þetta upp og barist fyrir því að landið verði eitt kjördæmi og á sínum tíma mátti líka finna öfluga menn innan Framsfl., annars stjórnarflokksins, sem töldu það verða farsælt fyrir þjóðina.

Í fjórða lagi gerum við það að tillögu okkar að stjórnarskrárnefndin hin nýja leiði í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Þetta er eitt af því sem Samfylkingin og forverar hennar hafa barist mjög lengi fyrir og síðasta áratug hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fyrst og fremst haft forgöngu að þessu. Hluti af þessu tiltekna máli sem tengist þjóðaratkvæðagreiðslu er að nefndin skoði í vinnu sinni þá möguleika sem hafa opnast með tilkomu nýrrar tækni svo hugsanlega sé hægt að taka upp beint og milliliðalaust lýðræði í framtíðinni. Þarna er um að ræða þátt sem skilur algerlega á milli Samfylkingarinnar og hins stærsta stjórnmálaflokksins, Sjálfstfl., en það er að frumkvæði hæstv. forseta sem nú situr, Halldórs Blöndals, að landsfundur þess ágæta stjórnmálaflokks samþykkti sérstaka tillögu gegn því að nýrri tækni yrði beitt til þess að taka upp milliliðalaust lýðræði. Við teljum hins vegar, herra forseti, að þetta sé eitt af því sem framtíðin hlýtur að færa með sér og við erum þeirrar skoðunar að það hljóti að skoðast hvort ekki sé líka rétt, þó ekki verði það sett í stjórnarskrá, að taka upp ákvæði í lög sem beinlínis valda því að á sveitarstjórnarstigi verði líka hægt að beita allsherjaratkvæðagreiðslum, hugsanlega í krafti nýrrar tækni, til þess að ráða til lykta erfiðum málum. Ég vísa til hins ágæta frumkvæðis Reykjavíkurlistans varðandi flugvöll Reykjavíkur í því efni.

Herra forseti. Nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar munu taka þátt í þessari umræðu og reifa ýmsa þætti sem eru uppistaðan í hinni eiginlegu tillgr. Fyrsta atriðið sem ég nefndi og varðaði stjórnarskrárákvæði um sameign náttúruauðlinda er eitt af því sem við jafnaðarmenn höfum barist ákaflega lengi fyrir. Þetta hefur verið rauður þráður í hugmyndafræði jafnaðarmanna hvar í flokki sem þeir hafa staðið. Ýmsir þingmenn sem áttu sæti í flokkum sem stóðu að stofnun Samfylkingarinnar hófu fyrir hartnær 35 árum að flytja frumvörp um sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar á djúphita, orku fallvatna og löndum og hlunnindum sem ekki falla beinlínis undir einkaeignarrétt. Í sama anda hefur Samfylkingin, frá stofnun sinni árið 2000, barist fyrir því að ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindum verði tekið upp í stjórnarskránni.

Herra forseti. Ég sat á sínum tíma í ríkisstjórn undir forsæti Davíðs Oddssonar. Það var fyrsta ríkisstjórn hæstv. forsrh. og eitt af þeim þingmálum sem hún lagði fram var einmitt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um að breyta stjórnarskránni. Sú breyting sem hæstv. forsrh. lagði þá fram fól í sér að í stjórnarskrá yrði tekið upp ákvæði sem tryggði hið svokallaða þjóðarsameignarákvæði 1. gr. íslensku fiskveiðistjórnarlaganna. Í því stjórnarskipunarlagafrv. var sem sagt lagt til að stjórnarskrá yrði breytt með þeim hætti að þar væri fortakslaust kveðið á um það að íslenska þjóðin væri sameiginlegur eigandi að þeim auðlindum sem búa í hafinu. Ég lít svo á, herra forseti, að það hljóti að vera vísir að góðri samstöðu um þetta atriði. Reyndar vil ég hrósa hæstv. ríkisstjórn fyrir það að hún hefur í stefnuyfirlýsingu sinni lýst yfir að hún muni beita sér fyrir að það verði tekið upp ákvæði um að auðlindir hafsins séu sameign þjóðarinnar. Það er mjög gott spor í áttina. Skilningur okkar á auðlindarhugtakinu hefur hins vegar breyst og þróast og við í Samfylkingunni erum þeirrar skoðunar að sameignarákvæði þurfi að taka til fleiri þátta en aðeins lifandi auðlinda í hafinu. Stjórnarskráin þarf að taka af allan vafa um að náttúruauðlindir, sem enginn á og má færa rök að því að séu partur af sameiginlegum arfi þjóðarinnar, séu ótvíræð sameign hennar. Ég hef áður talið upp hvaða þætti við eigum þar við og teljum þess vegna ákaflega vel til fundið að gera þetta sem meginpart af endurbótum á stjórnarskránni í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnarinnar.

Mig langar, herra forseti, ef einhver sem ber ábyrgð á núverandi ríkisstjórn svífur á mig og getur svarað, að inna hv. stjórnarliða eftir því hverju það sætir að það er ekkert sem fannst í málaskrá ríkisstjórnarinnar sem hér var lögð fram með ræðu hæstv. forsrh. né heldur var stakt orð að finna í ræðunni sjálfri um það að á kjörtímabilinu ætti að taka upp þetta sameignarákvæði. Hvað veldur því að þessi skýlausa yfirlýsing í stefnuyfirlýsingu flokkanna tveggja sem að ríkisstjórninni standa brýst ekki fram með einhverjum hætti í stefnuræðu forsrh.? Þar er þó verið að lýsa hinum merkustu þáttum sem á að hrinda í framkvæmd á komandi kjörtímabili. (**JóhS:** Hvar er forsrh.?) Sennilega að stýra landinu, hv. þm.

Annað atriði sem ég vil ræða sérstaklega í þessari fyrstu ræðu minni tengist sambandi ríkis og kirkju. Þeir sem lesa tillögu okkar Samfylkingarmanna og greinargerðina sem henni fylgir taka eftir því að þar er ekki kveðið fast að orði. Það er í rauninni mýksti hluti tillögugerðarinnar að því leyti að þar er einungis talað um að það eigi að skoða hvort tímabært

sé, í ljósi þjóðfélagsbreytinga, að endurskoða samband ríkis og kirkju. Þar sem þeim hluta greinargerðarinnar sem fjallar um þennan þátt tillögunnar sleppir er tekið sérstaklega fram að þetta þurfi að gerast í sátt við kirkjuna.

Herra forseti. Ég er alinn upp í anda hinnar evangelísk-lútersku kirkju og nýt meira að segja þeirra forréttinda, einn þingmanna hér, að hafa verið alinn upp á heimavistarskóla um þriggja ára skeið og tekið mitt landspróf þar undir strönguum kristilegum aga Sjöunda dags aðventista. Það er kannski þess vegna sem ég lít stundum svo á, eftir að prestar hurfu úr okkar hópi í þingsölum, að ég sé a.m.k. með biblíuföstustu þingmönnum sem hér sitja. Ég kann vel við þetta uppeldi og það hefur mótað mig að öllu leyti og það mótar afstöðu mína til lífsins. Ég er trúaður maður og eftir því sem ég eldist þá sæki ég æ meiri styrk í þá trú og það er einmitt frá þeim sjónarhóli sem ég leyfi mér að leggja fram þessa mildilega orðuðu tillögu. Kirkjuskipanin er bundin í stjórnarskránni. Það segir í 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar að þjóðkirkjan skuli vera hin evangelísk-lúterska kirkja og þar segir, með leyfi forseta: „skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda." Þó er það svo að í næstu greinum stjórnarskrárinnar er kveðið á um algert trúfrelsi. Þar er kveðið á um að allir menn skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til trúar. Ég er þeirrar skoðunar að þetta ákvæði, trúfrelsisákvæðið, hljóti að teljast það mikilvægasta af greinum stjórnarskrárinnar sem fjallar um trú og kirkju. Þó að ákvæðið um stuðning og vernd ríkisvaldsins sé hvergi skilgreint þannig að það sé ljóst með hvaða hætti ríkisvaldið eigi að uppfylla skyldurnar, þá er eigi að síður kirkjan og hin evangelísk-lúterska kirkja sett númer eitt í því ákvæði sem ég vitnaði í. Ég tel að það hafi gefist mjög vel. Það er enginn vafi á því að í gegnum aldirnar hafa þau kristilegu gildi sem fylgdu þessari kirkju mótað okkur. Ég gæti fært sterk rök að því að samúð og umhyggja hafi í rauninni verið lykill að því að íslensk þjóð komst, af eigin rammleik, í gegnum þær kröppu miðaldir þar sem kreppti svo svakalega að þjóðinni eins og skráð er í okkar annála. Ég held að þjóðin hafi lifað af öðrum þræði vegna þess að hún lifði í anda þessara kristilegu gilda um samhjálpina.

Þessi gildi, herra forseti, eiga fyllilega rétt á sér áfram og þau móta samfélag okkar. Ég sé ekkert athugavert við það að þeirra sjáist stað með einhverjum hætti í þeim ramma sem samfélag okkar hvílir á. En trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verður að virða. Samfélag okkar er breytt. Landamærin dvína og dofna og merking þeirra er minni heldur en áður. Við erum orðin hluti af stórri alþjóðlegri heild. Íslendingar fara víða. Við tökum á móti gestum sem koma víða að og auðga menningu okkar með margvíslegum hætti. En margt af þessu fólki sem ber uppi það sem í dag má skilgreina sem fjölmenningarlegt samfélag hefur aðra trú en við. Og þetta fólk verður að finna nákvæmlega sama skjól í stjórnarskránni og við hin sem erum evangelísk-lúterskrar trúar.

Þess vegna legg ég það fram og þm. Samf. hvort ekki sé rétt, í ljósi þeirra röksemda sem ég hef hér flutt, að skoða hvort ekki eigi að athuga betur samband ríkis og kirkju eins og það er skilgreint í stjórnarskránni. Ég hlýt að draga það inn í þessa umræðu að nú þegar er á hreyfingu ákveðið ferli aðskilnaðar milli ríkis og kirkju. Því hefur biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, lýst með þeim hætti að um sé að ræða skilnað að borði og sæng. Hann hefur spurt hvort kirkjan þurfi að standa andspænis þeirri spurningu innan tíðar hvort ekki eigi að breyta því í lögskilnað. Það er hin sama spurning og ég legg hér fyrir, þó ekki með jafn djarftækum hætti og biskupinn gerði í boðskap sínum til kirkjuþingsins í fyrra.

[16:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er fyrsta þingmál Samf. sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur mælt fyrir á þessu þingi og þar er dregið fram væntanlega mikilvægi þeirra mála sem hv. þm. telur að þingheimur þurfi að taka á. Þar er þá fyrst nefnt til aðskilnaður ríkis og kirkju. Ég tel að mörg önnur brýnni mál þurfi íslenskt samfélag að takast á við heldur en að við þurfum að setja þetta sem aðalmál á oddinn. Það hefur svo sem ekkert að segja um kirkjurækni okkar eða trú. Engu að síður hefur kirkjan og sú skipan á milli hins andlega og veraldlega valds verið með þessum hætti um aldir og er gríðarlega sterkur hluti af samfélagi okkar og menningu, allri okkar samfélagsuppbyggingu.

Þess vegna vil ég bara spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Telur hv. þm. þetta virkilega vera brýnasta viðfangsefnið nú í upphafi þings, að berjast fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju?

[16:35]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ákaflega dapurt andsvar af hálfu þess manns sem kannski ber réttnefnið Hólabiskup í okkar hópi. Hv. þm. kemur og segir: Telur Samfylkingin virkilega aðskilnað ríkis og kirkju vera það mikilvægasta sem þingheimur þarf að ræða? Hvernig leyfir hv. þm. sér að taka svona til orða? Hann hefur setið hérna undir ræðu þar sem ég reifaði málefnalega sex liði í þessari tillögu. Aðskilnaður ríkis og kirkju er einn af þeim þáttum sem þar er nefndur. Og ég rökstuddi mjög að það væri gerningur sem yrði að verða í sátt milli ríkis og kirkju. Hv. þm. heldur því síðan fram, sem er með ólíkindum af manni sem hefur haft mannaforráð á Hólum, að við höfum gegnum aldirnar lifað við þessa kirkju. Veit hv. þm. ekki að mætasti sonur Hóla var kaþólskur biskup? Og sögufrægustu persónur frá Hólum voru ekki evangelísk-lúterskrar trúar. Þær voru kaþólikkar. Hefur það virkilega farið fram hjá hv. þingmanni að hér var breytt um sið, reyndar með þeim dapurlega hætti að öxin hjó af höfuð Hólabiskups og sona hans?

Herra forseti. Ef menn ætla sér að líta aftur um söguna hefur auðvitað hin evangelísk-lúterska kirkja ekki verið nema minni hluta af samfylgd lands og þjóðar. Það er einfaldlega þannig.

Herra forseti. Ég tel líka að stundum verði þetta þing að tala um eitthvað annað en beinlínis þau harkalegu, beinhörðu buddumál sem hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þykir rétt að ræða hér. Ég bið hv. þingmann afsökunar á því að ég skuli hafa dirfst að leggja fram þingmál fyrir hönd Samf. Bendi honum svo á það að við eru þó alltént 20, ég man ekki hvað þau eru mörg. Ætli við höfum ekki okkar rétt til þess að ræða hér eilífðarmálin, eins og stjórnarskrána, eins og ríki og kirkju, eins og sameign á náttúrulegum auðlindum, eins og svo ýmislegt annað sem ég held að hv. þingmanni væri þarft að hugleiða en ekki koma hér og agnúast út í.

[16:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta vera hálfvandræðalegt andsvar hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Í fyrsta lagi ýjar hann að því að þingmál skyldu borin hingað inn eftir vigt þingflokka og það væru rökin. Ég lít ekki svo á. Og ég

er ekki að gera hv. þingmanni upp neinar skoðanir varðandi annað en það sem hann hefur sjálfur sagt um trúrækni sína. Þetta kemur því máli ekki við að mínu mati. Það af síður hugmyndir hans um að þetta opni möguleikann á því að endurvekja kaþólska trú. Það er nú blæbrigðamunur á þessum trúm, hvort það er lúterskan eða kaþólskan. Ég veit ekki hver á að hafa verið ávinningurinn af að skipta úr kaþólsku yfir í lútersku. Það er ekki það sem máli skiptir.

Ég tel hins vegar að menningarlegur og siðferðislegur stöðugleiki, öryggi, felist í því í þessu samfélagi að farið sé afar gætilega í að draga upp andstæður á milli þessara tveggja þátta, undirstöðuþátta, í samfélagi okkar. Þeir eru annars vegar þing og framkvæmdarvald og hins vegar kirkjuskipan, þá þjóðkirkjan hjá okkur. Ég tel að það eigi að fara afar varlega í að draga þá upp sem andstæður. Þetta hafa verið hornsteinar þess menningarsamfélags sem við höfum búið við með kostum þess og göllum. Ég ítreka þá afstöðu mína að þetta sé ekki það brýnasta mál sem þurfi að bera hér inn fyrir Alþingi og fyrir þjóðina. Þar eru önnur mál mikilvægari í dag.

[16:40]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur að það verði menningarlegt slys ef menn taki að sér að skoða samband ríkis og kirkju. Man hann hvenær menningin reis hæst hér á Íslandi? Það var undir Jóni biskupi Arasyni, þeim manni sem orti:

Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur,
víða trúi ég hann svamli, sá gamli.
Við Dani var hann djarfur og hraustur
og dreifði þeim á flæðarflaustur
með brauki og bramli.

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt að koma hingað eins og hv. þm. Jón Bjarnason, ekki Arason, og halda því fram að það sé eitthvert menningarlegt kaos sem mundi grípa um sig ef menn leyfðu sér þann munað að skoða þetta sem hlýtur að vera eitt af grundvallaratriðum í okkar umhverfi. (**JBjarn:** Ég notaði ekki þessi orð.)

Herra forseti. Síðan verð ég auðvitað að gera athugasemd við það að hv. þm. komi hingað og tali bara um einn lið tillögunnar, bara um samband ríkis og kirkju. Hann greinir ekki rétt frá. Hann segir ekki að við höfum talað um að skoða það í sátt og samvinnu. Hann segir að þessi tillaga sé ekki eitt af hinum brýnu málum. Fyrir nú utan þetta er líka lagt til að hin nýja stjórnarskrárnefnd geri tillögur um að gera landið að einu kjördæmi. Nú geta menn haft misjafnar skoðanir á því en enginn getur haldið því fram og allra síst hv. þm. eftir þá reynslu sem hann hefur stundum sjálfur lýst á breytingum á kjördæmaskipan að þetta sé ekki tímabært mál. Leyfum hv. þingmanni að vera á móti því. Leyfum honum að færa sín rök gegn því. En allténT er þetta eitt af þeim málum sem við hljótum að ræða. Og hvað þá með að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu? Það er líka eitt af þessu, herra forseti.

Annaðhvort hefur hv. þm. verið í þungum þönkum eða hann hefur sofið í sæti sínu þegar ég flutti mína tölu hér áðan.

[16:42]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 38. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 38.

Samgönguáætlun, 39. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 39.

Skattafsláttur vegna barna, 23. mál, þáltill. SigurlS o.fl., þskj. 23.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 37. mál, frv. GAK, þskj. 37.

[16:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er um merkilegt mál að ræða og vel við hæfi að fyrsta þingmál nýhafins kjörtímabils skuli vera till. til þál. um breytingar á stjórnarskrá í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar. Til að undirstrika mikilvægi tillögunnar erum við öll flm. hennar, þingmenn jafnaðarmanna, öll 20 að tölu, og flytjum hana ásamt formanni flokksins, hv. alþm. Össuri Skarphéðinssyni, sem hér mælti fyrir tillögunni en komst að vísu ekki nema inn í hana tæpa miðja vegna þess hve viðamikil og ítarleg greinargerðin við tillöguna er.

Líkt og segir í greinargerðinni áttu sér stað merkar breytingar á stjórnarskránni árið 1995 sem fólust þá sérstaklega í mjög róttækum breytingum á mannréttindakafla okkar ágætu stjórnarskrár og var hann færður þá til nútímaviðhorfs. Með tillögu hv. alþm. Össurar Skarphéðinssonar má segja að til séu lagðar róttækar breytingar á lýðræðiskafla stjórnarskrárinnar. Með tillögu þessari er hann færður til nútímahorfs og gerðar þar mikilvægar brtt. sem lúta einnig að mannréttindunum. Eins og segir í tillögunni, með leyfi forseta:

„Á mannréttindum er ekki veittur afsláttur."

Þess vegna leggjum við til að landið verði gert að einu kjördæmi og að allir landsmenn hafi jafnan atkvæðarétt. Á því er enginn afsláttur veittur samkvæmt stefnu okkar jafnaðarmanna í Samf.

Önnur merk lýðræðisbreytingartillaga sem lögð er til í tillögu okkar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar lýtur að beinu lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslum.

Með beinu og milliliðalausu lýðræði eigum við sérstaklega við rétt allra borgara á Íslandi til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu og, eins og segir í d-lið tillögunnar, með leyfi forseta:

„að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings".

Og það er kjarni málsins, virðulegi forseti, að tiltekinn hluti atkvæðisbærra borgara á Íslandi geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um eitthvert tiltekið mál, sérstaklega eftir því sem við færum fleiri verkefni til sveitarfélaganna og afl þeirra og atgervi verður meira og styrkara ár frá ári, ég tala ekki um hvernig það verður þegar við jafnaðarmenn komumst í ríkisstjórn og munum hefjast handa við að færa fleiri og máttugri verkefni til sveitarfélaganna, svo sem rekstur framhaldsskóla og löggæsluna o.fl. En það, virðulegi forseti, er efni í aðra messu og við ræðum það síðar.

Það er grundvallaratriði að um leið og við færum aukin verkefni til fólksins í landinu, til sveitarfélaganna, þá færum við einnig valdið til íbúanna í sveitarfélögunum og eflum og tryggjum íbúalýðræði og beint lýðræði með öllum þeim tiltæku ráðum sem við höfum. Þau eru fjöldamörg, virðulegi forseti, núna á tækniöld. En eftir að tæknibyltingin gekk í garð gefast okkur, svo vægt sé til orða tekið, gríðarleg tækifæri til að færa milliliðalaust lýðræði í framkvæmd á ódýran og mjög markvissan hátt, sem er einnig, virðulegi forseti, ekki því marki brenndur að við þurfum að þvæla fólki á kjörstað í hvert einasta sinn sem kjósa þarf sem getur verið galli ef um er að ræða tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur eða sveitarfélagaatkvæðagreiðslur eftir efnum og

ástæðum í tiltekinn tíma. Reynslan frá Sviss sýnir að eftir því sem atkvæðagreiðslurnar eru tíðari minnkar kjörsóknin. Við viljum auðvitað vinna gegn því og koma í veg fyrir einhvers konar lýðræðisþreytu. Þess vegna höfum við jafnaðarmenn, t.d. í þessari tillögu sem hv. 1. þm. Reykv. n. mælti hérna fyrir áðan, sagt að við eigum að taka tæknina í okkar hendur og nýta okkur hana við að framkvæma beint og milliliðalaust lýðræði. Tölvueign landsmanna er náttúrlega á heimsmælikvarða. Menntunin er góð og almennt aðgengi að upplýsingum og tækni o.s.frv. er á margan hátt framúrskarandi á Íslandi þannig að við eigum að nota okkur það við að koma þessum róttæku breytingum í framkvæmd. Við höfum lagt þetta til áður og oftar í öðrum tillögum.

Virðulegi forseti. Í niðurlagi greinargerðar tillögu okkar til þál. um breytingar á stjórnarskrá, þar sem flutningsmaður, má segja, að rammi inn kjarnann í þjóðaratkvæðaþætti tillögunnar, þætti sem verður eflaust komið að hér síðar í umræðunni og oftar, meira og seinna þegar tillagan verður til umfjöllunar, segir, með leyfi forseta:

„Vísir að beinu lýðræði verður því aðeins tryggður að almenningur hafi ótvíræðan, sjálfstæðan rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis. Það verður tæpast nema stjórnarskráin mæli fyrir um að tiltekinn fjöldi kosningarbærra borgara geti krafist þjóðaratkvæðis um ákveðin mál. Því er mikilvægt að nefnd til endurskoðunar á stjórnarskrá Íslands verði falið að útfæra tillögu um hvernig slíkum kosningum skuli háttað, þar á meðal hve marga kosningarbæra menn þarf til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þann rétt þarf síðan að binda í stjórnarskrá landsins."

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, þarf sú nefnd líka að taka til greina og skoðunar hve marga íbúa tiltekins sveitarfélags þarf og af hvaða stærðargráðu þau þurfi að vera til að íbúar þeirra geti krafist lýðræðislegrar meðferðar um tiltekin mál, hvort heldur það er beinnar atkvæðagreiðslu um ákveðið mál eða hvort um er að ræða að krefjast íbúaþinga um ákveðin mál, en eins og við höfum séð, virðulegi forseti, er þeim ákaflega mismikið beitt í sveitarfélögum landsins. Til mikillar fyrirmyndar er t.d. íbúaþing sem má segja að sé nýhafið í sveitarfélaginu Árborg, þar sem Samfylkingin er í meiri hluta með Framsfl., en aukið íbúalýðræði var eitt af meginmálum okkar í kosningabaráttunni þar til sveitarstjórna í fyrravor. Íbúaþingið fer fram á þremur stöðum í sveitarfélaginu, öllum þremur þéttbýliskjörnunum. Þar eru stærstu málin sem þar eru uppi núna tekin til umræðu, þ.e. skipulagsmálin, og þau rædd af íbúunum sjálfum en ekki bara sveitarstjórninni eða embættismönnum viðkomandi sveitarfélags. Ég gæti nefnt nokkur önnur sveitarfélög sem hafa tekið hið beina lýðræði í sína þágu, t.d. Reykjavík, Garðabæ, Hveragerði og nokkur önnur. En þetta þarf að tryggja, að íbúarnir sjálfir geti krafist slíkrar meðferðar á einstökum málum, þ.e. að ekki þurfi sveitarstjórnarmennina til í hvert sinn til að kalla til íbúaþinganna heldur geti ákveðinn fjöldi þeirra farið fram á þau. Ég kem að því betur síðar, virðulegi forseti.

[16:51]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Í fram kominni þáltill. er lagt til að nefnd skoði tillögur um að gera svipaðar breytingar og grannþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa gert í sínum stjórnarskrám þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana sem vinna að frelsi og friði í viðskiptum milli þjóða.

Ýmislegt kallar á þessa breytingu. Þegar Ísland gerir samninga við erlend ríki eða alþjóðastofnanir þarf að hafa í huga 1., 2. og 21. gr. stjórnarskrárinnar, en þessi ákvæði hafa verið óbreytt síðan lýðveldið var stofnað árið 1944. Á öllum hinum Norðurlöndunum, líka Noregi sem stendur utan Evrópusambandsins, hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskrám til að geta mætt þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem geta leitt af þjóðréttarsamningum.

Í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar er að finna heimild til framsals á valdi til alþjóðastofnana ef $^{3}/_{4}$ hlutar þingmanna samþykkir slíkt. Í 9. gr. X. kafla sænsku stjórnarskrárinnar er að finna svipað ákvæði um áskilnað samþykkis $^{3}/_{4}$ hluta þingmanna. En í 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar er framsal valds til alþjóðastofnana heimilt með samþykki $^{5}/_{6}$ hluta þingmanna. Í Belgíu, Ítalíu og Þýskalandi er krafist einfalds meiri hluta þingmanna.

Í nefndaráliti fjögurra lögfræðinga á vegum utanrrn., dags. 6. júlí 1992, var komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn bryti ekki í bága við íslensku stjórnarskrána. Þetta álit var strax mjög umdeilt meðal fræðimanna. EES-samningurinn sem tók gildi 1. janúar 1994 hefur þó breyst talsvert síðan þá vegna hins síkvika eðlis samningsins sem gerir hann ólíkan mörgum öðrum þjóðréttarsamningum. Það má færa gild rök fyrir því að framsal valds til alþjóðlegra stofnana vegna EES-samningsins sé algjörlega á mörkunum að vera leyfilegt samkvæmt stjórnarskránni.

Í dag flæða reglur og tilskipanir frá Evrópusambandinu vegna EES-samningsins yfir íslenskt samfélag án þess að Íslendingar hafi neitt um það að segja. Í raun tekur Ísland við meiri hluta af þeim lögum sem ESB setur, eða um 80%. Aðgangur íslenskra stjórnvalda að ákvarðanatöku Evrópusambandsins er mestur í upphafi, en enginn á þeim vettvangi sem endanlegar ákvarðanir eru teknar. Til að mynda hafa EFTA-ríkin enga aðkomu að stefnumörkun ESB, enga aðkomu að ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar, enga aðkomu að störfum ráðherraráðsins, enga aðkomu að vinnunefndum ráðherraráðsins, en þar taka tillögur oft miklum breytingum, enga aðkomu að störfum leiðtogafundar Evrópusambandsins, enga aðkomu að störfum Evrópuþingsins, en geta þó sent þangað inn athugasemdir, og sama má segja um aðkomu að fundum ráðherraráðsins, en EFTA-ríkin geta sent þangað athugasemdir. Eina þátttaka EFTA-ríkjanna í ákvarðanatöku Evrópusambandsins er í raun í gegnum þátttöku sérfræðinga í fundum framkvæmdastjórnarinnar. En eftir það geta tilögur þó hæglega breyst til muna og þær gera það iðulega.

Ísland og önnur EES-ríki hafa engin áhrif á frumrétt ESB. Þau hafa ekki atkvæðisrétt þegar fjallað er um afleidda löggjöf eða breytingar á samstarfinu. EES-ríkin geta hins vegar neitað að taka upp nýja löggjöf sem snertir EES-samninginn en þá fellur viðeigandi kafli samningsins úr gildi fyrir Ísland, Noreg og Liechtenstein, og aðgangur ríkjanna að innri markaðnum á viðkomandi svæði er úr sögunni. Neitunarvaldið svokallaða er því óraunhæft og því hefur aldrei verið beitt enda mundi það valda miklu uppnámi og stefna í hættu markmiðinu um einsleitni markaðssvæðisins og samræmingu reglna.

EES-samningurinn hefur sömuleiðis haft margvísleg áhrif á dómsvaldið sem ekki voru séð fyrir. Í hæstaréttardómi nr. 236/1999, í svokölluðum Erlu Maríu dómi, gekk Hæstiréttur lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna vanrækslu þess við lögfestingu á tilskipun frá Evrópusambandinu. Vísað var í niðurstöðu EFTA-dómstólsins nr. E 9/97 frá 10. desember 1998 þar sem íslensk stjórnvöld voru

talin vera bótaskyld þrátt fyrir að EES-samningurinn segði ekkert um slíkan rétt til bóta.

Niðurstöður Evrópudómstólsins hafa einnig réttaráhrif á Íslandi, m.a. í gegnum EFTA-dómstólinn sem lítur á niðurstöður Evrópudómstólsins við úrlausn sinna mála. Túlkun Evrópudómstólsins á allri Evrópulöggjöfinni hefur því mikil áhrif á íslenskan rétt, en eins og áður hefur verið nefnt ber íslenskum stjórnvöldum að lögleiða lög ESB í mjög mörgum málaflokkum.

Það er alveg ljóst að Ísland getur ekki gengið í Evrópusambandið án þess að breyta stjórnarskránni í þá átt sem allar hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa gert. Það verður þó að teljast farsælast að vera búinn að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni áður en kemur að þungavigtarumræðunni um kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Það er einfaldlega ekki umræðunni í hag að blanda saman umfjöllun um aðild að Evrópusambandinu við umræður um breytingar á stjórnarskránni. Í raun má færa rök fyrir því að heimild á framsali valds í stjórnarskrá sé óháð hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu og ætti frekar við almenna þátttöku Íslands í alþjóðastarfi, svo sem Schengen-samninginn eða EES-samninginn, eins og ég rakti áðan.

Að lokum vil ég taka fram að bent hefur verið á að skýr heimild löggjafans á framsali valds í stjórnarskrá gæti í rauninni treyst fullveldið frekar en takmarkað það. Eins og staðan er núna eru ákvæði til framsals valds óljós og því gæti sérstakt stjórnarskrárákvæði skýrt valdheimildir til framsals. En þetta er sjónarmið sem hefur átt upp á pallborðið hjá sumum ríkjum Evrópu og þá sérstaklega í Noregi.

[16:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða afskaplega merkilega tillögu um aukin borgaraleg réttindi og um að festa þau réttindi í stjórnarskrá, jafnframt að efla áhrif einstaklinga og kjósenda á mál sem varða þau og tryggja þeim áhrif.

Um leið og ég nefni það að þetta er merkileg tillaga sem hér er tilgreind í sex liðum þá verð ég líka að segja að merkileg var jafnframt umfjöllun um þessa ágætu tillögu og fréttir af henni. Þar vísa ég til e-liðar, sem er um — þetta er mjög hófsamt orðaður liður — „að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju".

Fram komu yfirlýsingar um þessa hófsömu tillögu á þá leið að Samfylkingin vildi aðskilnað ríkis og kirkju. Nú er það svo að ef við værum að taka afstöðu til þess á þessari stundu eða greiða ætti atkvæði um það í þessum sal þá mundi ég ekki greiða því atkvæði, enda er málið mjög flókið. Þess vegna er lagt til að þessi mál verði skoðuð í nefnd níu valinkunnra manna í tilefni aldarafmælis heimastjórnarinnar og skoðað hvað mundi fylgja þessari hugsanlegu samþykkt.

Svo vill til að á 128. löggjafarþingi var borin fram fyrirspurn á Alþingi um í hverju sérstaða þjóðkirkjunnar fælist umfram önnur trúfélög og ef til aðskilnaðar kæmi hvaða þættir í stjórnskipan, lögum og reglugerðum mundu þurfa að breytast.

Það er mjög athyglisvert að skoða þessi mál en ég ætla ekki að fara yfir þetta svar, sem er svar við 216. máli á 128. löggjafarþingi ef aðrir þingmenn mundu vilja skoða það.

Ég ætla hins vegar að tæpa á nokkrum atriðum sem koma fram í svarinu og varða sérstöðu þjóðkirkjunnar. Hún felst í því að 62. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um að evangelísk-lúterska kirkjan skuli vera þjóðkirkja á Íslandi, en í 63. gr. er ákvæði um trúfrelsi og að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína. Nú eru um 25 trúfélög hér á landi en um 88% landsmanna eru í þjóðkirkjunni.

Með hliðsjón af þessu stjórnarskrárákvæði hefur þjóðkirkjan notið sérstakra réttinda en það hefur ekki verið talið brjóta gegn almennu jafnræði. Hverjir eru þá þessir þættir í stjórnskipan, lögum og reglugerðum sem eru sérstakir fyrir þjóðkirkjuna?

Ef afnema ætti þessa sérstöðu yrði 62. gr. felld brott úr stjórnarskrá, það væri einfaldast. Núverandi löggjöf um sóknargjöld, Jöfnunarsjóð sókna, Kirkjumálasjóð og fleira yrði felld niður en hugsanlega kæmi löggjöf um fjármál trúfélaga í staðinn, svo sem innheimtu ríkissjóðs á gjöldum til trúfélaga á sama hátt og tíðkast í Svíþjóð og Þýskalandi, sem er mjög mikilvægt að skoða.

Ýmis ákvæði um starfsmenn þjóðkirkjunnar yrðu felld niður og þeir teldust þá ekki til opinberra starfsmanna.

Breyta þyrfti samningi milli ríkis og kirkju frá 10. janúar 1997 þar sem kirkjujarðir runnu til ríkisins en á móti kom að ríkissjóður skuldbatt sig til að greiða laun tiltekins fjölda starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Einnig má nefna ákvæði sem snúa að guðfræðikennslu við Háskóla Íslands og ýmis ákvæði um vörslu ýmissa menningarverðmæta og jafnframt um kirkjugarðana sem hafa verið í tengslum við þjóðkirkjuna.

Ég drep á þetta til að draga það fram að við í Samfylkingunni gerum okkur grein fyrir því að um leið og við sameinumst um þessa tillögu og ákvæði í tillögunni, þá erum við mjög meðvituð um hversu vel þarf að skoða þessi mál og hér er ekki hrapað að ákvörðun af neinu tagi.

Tvennt kýs ég, virðulegi forseti, jafnframt að nefna í máli mínu. Annað varðar þjóðareign náttúruauðlinda og hitt er að landið verði eitt kjördæmi.

Megintillaga auðlindanefndar var að náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki væru háð einkaeignarrétti væru þjóðareign eftir því sem nánar væri kveðið á um í lögum. Handhafar löggjafar og framkvæmdarvalds fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Í apríl í fyrra var umræða hér á þinginu. Fyrirspyrjendur, sú sem hér stendur og Svanfríður Jónasdóttir, báru fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um hvort hann mundi festa þetta ákvæði í stjórnarskrá. Og ekki var hægt að skilja hann öðruvísi en það yrði gert eins og hann talaði og hægt er að skoða í þingtíðindum, þ.e. að þetta ákvæði eða sem líkast því yrði fest í stjórnarskrá og að tillaga yrði flutt áður en þingi lyki í maí þannig að unnt yrði að taka tillöguna fyrir á nýju þingi. Þetta var ekki gert þrátt fyrir yfirlýsingar forsrh. og full ástæða er til að þrýsta á þetta mál og eiga orðræðu við hæstv. forsrh. um það og hversu mikilvægt það er út af öllu sem í gangi er hjá okkur, á ég þá við fiskveiðistefnuna og því sem hugsanlega kann að verða, svo sem ef olíuleit bæri árangur, hvernig ætti með að fara.

Ég vísa líka til þess að Eiríkur Tómasson lagaprófessor lýsti því yfir í apríl í fyrra að hann teldi að Landsvirkjun bæri að greiða ríkinu auðlindagjald fyrir vatnsréttindi.

Ekkert af þessu hefur verið skoðað svo neinu nemi og við höfum haldið áfram þrátt fyrir umræðu hér á þinginu um þessi mikilvægu mál, eins og áður, en ekki tekið á þessum stóru málum.

Það síðasta sem ég vil nefna, virðulegi forseti, er tillagan um breytingu á kjördæmaskipan, að landið allt verði gert að einu kjördæmi og að þeir 63 þjóðkjörnu þingmenn sem hafa verið kosnir í hinum nú sex kjördæmum kæmu allir frá kjördæminu Íslandi. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur mörgum sinnum flutt tillögu um þetta og við höfum tekið umræðu um það mál hér á þingi. Ég vil sérstaklega benda á hversu mikið jafnréttismál það er að breyta þessari tilhögun, vegna þess — og þar sem tíma mínum er nú senn lokið læt ég mér nægja að benda á að það mundi ekki nokkur flokkur leyfa sér að sýna einn lista, einn landslista, með dreifingu þingmanna og kynjaskiptingu eins og sumir þingflokkarnir hér á Alþingi eru með í dag.

[17:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að flytja merkilegt mál og sumar af þeim tillögum sem í því eru settar fram eru að mínu viti afar brýnar og þyrftu að ná fram sem allra fyrst. Þar vil ég nefna að gera landið að einu kjördæmi sem ég tel að hefði auðvitað átt að gera síðast þegar lögunum var breytt, en það varð ekki niðurstaðan. En ég hygg að fleiri séu komnir á þá skoðun í dag en þegar sú umræða var í aðdraganda þeirrar breytingar.

Ég tel líka að fyrir löngu hefði þurft að setja hér lög sem gerðu almenningi mögulegt að fá fram kosningar um umdeild mál þar sem tiltekinn fjöldi kjósenda gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um brýn og merkileg mál. Þessi atriði vil ég telja hér fyrst en ekki vegna þess að ég setji þau endilega fremst í röðina, heldur vegna þess að ég ætla að eyða tíma mínum í að tala um a-liðinn sem, með leyfi forseta, hljóðar svona:

„Að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, svo sem lifandi auðlindum í hafi eða öðrum sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindum í fallvötnum, auðlindum í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum, svo og öðrum náttúruauðlindum sem enginn á og álíta má sameiginlega arfleifð þjóðarinnar."

Við höfum nefnilega tekið þátt í umræðu í mörg undanfarin ár um mikilvægustu auðlindina, fiskinn í sjónum. Sú umræða hefur ekki verið forráðamönnum þjóðarinnar, þingmönnum, ráðherrum og frammámönnum í þjóðlífinu endilega til mikils sóma, vegna þess að þar hafa menn talað um réttlæti, talað um þjóðareign, en framkvæmt óréttlæti og afhent þjóðareign til útgerðarmanna eins og þeir ættu hana sjálfir, gefið mönnum leyfi til þess að selja þessa þjóðareign og kaupa hana sín í milli.

Í greinargerð sem fylgir tillögunni stendur að það sé vísir að góðri samstöðu um þetta atriði og þar bent á að ríkisstjórnin hafi lýst yfir að hún vilji beita sér fyrir því að upp verði tekið ákvæði um að auðlindir hafsins verði sameign þjóðarinnar. Já, þetta væri gott spor ef hægt væri að treysta því að meining væri á bak við þessi orð. Það hefur áður komið fram yfirlýsing frá hæstv. ríkisstjórn um að menn vildu setja ákvæði af þessu tagi í stjórnarskrá. En það hefur ekki verið framkvæmt. Eiga menn að trúa því núna að úr framkvæmdunum verði frekar en á síðasta kjörtímabili þegar yfirlýsingarnar komu fram frá hæstv. forsrh. um að svona skyldi þetta verða?

Ætti maður kannski að rifja upp með hvaða hætti menn hafa staðið að þessum málum? Þar sem í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða stendur að þjóðin eigi þetta, en síðan eru aðrar greinar þannig útfærðar og framfylgt að farið er með þetta eins og hverja aðra eign útgerðarmanna.

Eða ætti maður kannski að láta sér detta í hug að menn mundu fara sömu leið og gert var þegar sett voru lög um samningsveð? Þar sem það var sett fram fyrst í lögunum að ekki mætti veðsetja veiðiheimildir, en síðar í lögunum voru innleidd ákvæði sem gerðu mönnum kleift að veðsetja í raun og veru veiðiheimildirnar, því ekki má færa þær af skipunum nema með leyfi veðhafanna. Þar var komið jafngildi veðsetningar.

Þess vegna er ég tortrygginn á þá ríkisstjórn og þá ráðamenn sem fara með völd í landinu því að sporin hræða langt aftur í tímann. Ég held nefnilega að það sé ekki líklegt að þeir meini neitt með því að þeir vilji að auðlindin í sjónum verði þjóðareign af því tagi sem við erum að leggja til að þjóðareignir íslensku þjóðarinnar verði, þ.e. þjóðareign í alvöru þar sem nýting viðkomandi þjóðareignar hlýtur að þurfa að hlíta jafnræðisreglu.

Það er nefnilega ekki hægt að hugsa sér það að menn setji í stjórnarskrá ákvæði um það að fiskstofnarnir við Íslandsstrendur séu þjóðareign, en halda síðan áfram að hafa þá þjóðareign til sölu með þeim hætti sem gert er. Menn hljóta að þurfa að innkalla þessi réttindi og koma þeim á almennan markað undir reglum þar sem allir standa jafnir gagnvart því að fá þau réttindi til nýtingar.

Ef ég hef heyrt rétt fram að þessu, þá hefur ekki orðið stefnubreyting hjá Sjálfstfl. og ekki heldur hjá a.m.k. hluta Framsfl. í þessu efni. Það er liggur nefnilega fyrir að aðalniðurstaða auðlindanefndarinnar, sem var að eins skyldi farið með allar auðlindir og þar með talið sjávarútvegsauðlindina, féll sjálfstæðismönnum og ýmsum framsóknarmönnum ekki í geð. Þess vegna var búin til útgönguleið sem menn hafa síðan túlkað eftir sínu höfði reyndar og gengið býsna langt í því. Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa nú verið í bræðralagi um það að boða þá leið og héldu því fram að þeir væru nú aldeilis að koma til móts við þjóðina og ná samstöðu eins og það hét um þetta mikla deilumál sem hefur verið í þjóðfélaginu.

Ég tel að þetta þurfi að ræða, bæði í kringum þessa tillögu og væntanlega tillögu ríkisstjórnarinnar ef marka má yfirlýsingarnar, þ.e. hvað er innifalið í þeim yfirlýsingum. Er þar einhver meining? Ég tel að íslenska þjóðin þurfi að taka mjög vel eftir því hvort menn meina það sama með því að gera nýjar auðlindir að þjóðareign, þ.e. setja ákvæði í stjórnarskrá, eins og þeir hafa meint fram að þessu hvað varðar þá auðlind sem mestu máli skiptir.

[17:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er flutt um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar, undir forustu Össurar Skarphéðinssonar en allir þingmenn Samfylkingar flytja þetta mál, tel ég að sé mjög verðug afmælisgjöf til íslensku þjóðarinnar á aldarafmæli heimastjórnarinnar. Tillagan er í nokkrum liðum og fjallar um mjög mikilvæga þætti sem nauðsynlegt er að taka á því það er alveg ljóst að stjórnarskráin hefur ekki þróast í takt við öra þjóðfélagsþróun frá 1944, ef undan er skilið að þingið fór í það þarfa verkefni að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Þær tillögur sem hér eru lagðar til og fram koma í tillögugreininni hafa raunar margar hverjar, ef ekki flestar, verið áratugum saman á dagskrá þingsins annað slagið. Má þar

nefna t.d. að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Sú tillaga var fyrst flutt fyrir 35 árum. Tillaga okkar jafnaðarmanna um að gera landið að einu kjördæmi er nú orðin hartnær 80 ára gömul og ég spái því að það þarfa skref sem stigið var í kjördæmabreytingunni nú síðast muni leiða til þess að fyrr en seinna verði farið út í það að gera landið að einu kjördæmi. Tel ég að sú kjördæmabreyting hafi verið stórt skref í þá átt, vegna þess að auðvitað er það svo að við erum þar að tala um mikilvæg mannréttindi sem er jafn atkvæðaréttur allra landsmanna.

Málið um að kanna hvort tímabært sé í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju hefur líka alltaf annað slagið skotið hér upp kollinum og er alveg ljóst að það er mál sem þarf að skoða og kanna kosti þess og galla hvort fara eigi út í þær breytingar. Árið 1995 flutti Ásta R. Jóhannesdóttir ásamt mér tillögu um að farið yrði í það að kanna kosti þess og galla að auka sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar. Ég tel að rétta leiðin í því sé að það verði skoðað með þeim hætti að kanna kosti þess og galla þannig að bæði þingmenn og allir landsmenn geri sér þá ljóst hvað felst í slíkri breytingu.

Einn af þeim þáttum sem nefndir eru í þessari gagnmerku tillögu er um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og að skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings. Hér er á ferðinni tillaga sem ég hef flutt ásamt félögum mínum í Samfylkingunni mörg ár í röð, og ég verð, herra forseti, að nota það tækifæri sem ég hef hér til að gagnrýna þingið fyrir að sú tillaga, þó að hún hafi verið flutt sennilega átta sinnum, hefur aldrei hlotið þinglega meðferð á Alþingi, henni hefur ávallt verið vísað til sérnefndar og aldrei fengið þar neina umfjöllun að heitið geti. Ég vona að sú tillaga sem hér er flutt hljóti ekki sömu örlög en ég býst við að þar sem hér er um till. til þál. að ræða um breytingu á stjórnarskránni en ekki frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, eins og sú tillaga sem ég hef flutt gegnum árin var, þá fari þessi tillaga til allshn. Ég vona að hún fái þar þá umfjöllun sem hún á skilið og aðra meðferð en verið hefur varðandi þá tillögu sem ég nefndi um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara mörgum orðum um þann þátt svo oft hefur verið rætt um þetta hér í þingsölum, en það hefur oft komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu og ekkert hefur orðið úr því. Réttur fólks nú til þess að hafa áhrif á framgang einstakra mál er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem um opnun á áfengisútsölu eða hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum. Ég held að víða í grannlöndum okkar hafi verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslur og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins sem verulega skortir á hér, vegna þess að samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna og svo við kjör forseta lýðveldisins. En það vita auðvitað allir að forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um synjun staðfestingar á lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Það ákvæði felur raunar aðeins í sér frestandi neitunarvald því synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrv. undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég tel reyndar vel koma til greina varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu að heimila það að aukinn meiri hluti þings gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu í umdeildum málum, eins og ég held að sé a.m.k. í Danmörku. Og ef menn fara út í það þarfa verk að skoða stjórnarskrána með það fyrir augum að auka lýðræðislegan rétt fólksins til þess að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslur þá tel ég að skoða ætti það á sama tíma að afnema þennan óvirka rétt sem er núna hjá forseta þjóðarinnar, sem aldrei hefur verið beitt, taka þennan kaleik frá forseta lýðveldisins. Reyndar er það svo, ég held að Gunnar Schram hafi komið með það á sínum tíma í fjölmiðlum að það hafi a.m.k. þrjú tilvik komið upp sem finna megi um að forseti hafi verið beittur miklum þrýstingi til þess að beita þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en aldrei gert það, og ég held að það staðfesti að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er með öllu óvirkt. Raunar er það svo að forsetinn er settur í mjög erfiða stöðu þegar mikill þrýstingur er uppi um að beita þessu ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, og ég tel því rétt að grandskoða eigi málið með það í huga að afnema þennan óvirka rétt forsetans en flytja valdið til þjóðaratkvæðagreiðslu til fólksins og tel ég vel koma til greina að skoða líka að aukinn meiri hluti þings gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu í umdeildum málum.

[17:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér till. til þál. um breytingu á stjórnarskrá í tilefni af aldarafmæli heimastjórnarinnar en 1. flm. þessarar tillögu er hv. þm. Össur Skarphéðinsson og meðflutningsmenn eru allir hinir 19 hv. þingmenn Samfylkingarinnar.

Eins og komið hefur fram hér í umræðunni er þetta tillaga í einum sex liðum þar sem lagt er til að gera ýmsar breytingar á stjórnarskránni, m.a. að gera tillögur um hvernig tryggja megi í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Það er sem sagt lagt til að kjósa níu manna nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána með þessi atriði í huga. Það er lagt til að gera tillögur um svipaðar breytingar og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á stjórnarskrám sínum þannig að hægt sé að að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og hefur Ágúst Ólafur Ágústsson, hv. þm. Samfylkingarinnar, farið mjög ítarlega yfir þann þátt hér í umræðunni og ætla ég ekki að gera hann frekar að umræðuefni, en í máli hans kom einmitt fram að það þyrfti skýra heimild til slíks framsals og því mjög mikilvægt að tekið verði á þessum þætti.

Þriðja atriðið í þáltill. sem lagt er til að verði skoðað er að gera tillögur um að landið verði eitt kjördæmi og það er auðvitað löngu tímabært mál og hefur verið á stefnuskrá okkar jafnaðarmanna lengi. Eftir kjördæmabreytinguna nú fyrir síðustu kosningar held ég að flestir sjái hve mikilvægt er að stíga næsta skref í því að gera landið að einu kjördæmi.

Í fjórða lagi er nefndinni falið að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og einnig að skoða nýtingu nýrrar tækni við þá framkvæmd.

Í fimmta lagi að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju.

Og í sjötta lagi að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Með þessari þáltill. er ítarleg greinargerð sem menn hafa verið að fara yfir hér í umræðunni en það sem mig langar til að gera að umræðuefni er fimmti liðurinn þar sem lagt er til að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að

huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju. Ég flutti einmitt fyrir tíu þingum síðan, eða á 120. löggjafarþingi árið 1995, þáltill. ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um svipað efni þar sem við leggjum einmitt til að nefnd verði skipuð til þess að endurskoða núverandi kirkjuskipan landsins og endurskoða samband ríkis og kirkju og kanna kosti þess og galla að auka sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar og þá þannig að hún verði skilin frá ríkisrekstrinum.

Þessi tillaga fékk ekki afgreiðslu úr nefnd þegar hún var lögð fram, en öll greinargerðin sem fylgdi þessu máli má segja að sé í fullu gildi í dag. Eins og komið hefur fram í umræðum hér þá er það tillaga okkar að þetta verði skoðað og unnið að þessu í sátt milli ríkis og kirkju. Það hefur komið fram að á undanförnum árum hefur aðskilnaður kirkju og ríkis aukist, ríki og kirkja hafa verið að skiljast að og ríki og kirkja eru ekki lengur óaðskiljanlegur hluti hvors annars og hefur kirkjan og kirkjunnar menn haft frumkvæði að mörgum breytingum í þessa átt. Minni ég þá á ummæli biskups Íslands á kirkjuþingi 2002 þar sem hann sagði að í raun væri aðskilnaður ríkis og kirkju orðinn skilnaður að borði og sæng eins og staðan væri í dag.

Vissulega er þörf á því að skoða þessi mál og fara ítarlega ofan í þau því við þekkjum það að umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið mikil, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Ég vil bara minna á að nú í síðasta þjóðarpúlsi Gallups þar sem spurt var um afstöðu Íslendinga, eða þeirra sem spurðir voru, til þess hvort aðskilja ætti ríki og kirkju, þá voru 67% hlynnt aðskilnaði en aðeins 33% landsmanna á móti því að skilið væri algjörlega á milli ríkis og kirkju, þ.e. $^2/_3$ landsmanna eru hlynntir því að aðskilnaði verði komið á.

Farið er ítarlega yfir það hér í greinargerð hvernig þróunin hefur verið í þessum málum öllum og vissulega er það svo að með breytingum á stjórnarskránni fyrst 1874 voru tengsl ríkis og kirkju nánast eins og við búum við í dag og voru formlega staðfest í stjórnarskránni þá, en síðan er í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 1944 mælt fyrir um það að hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og að ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda. En það er í rauninni ekki farið neitt ítarlega út í það í hverju þessi ákvæði felast um þennan stuðning.

Þar sem ég sé nú að ég hef ekki tíma til að fara ítarlega út í þetta vil ég bara ítreka það hér að ég tel mjög mikilvægt að farið verði í þessa vinnu. Síðan verði metið hvort ástæða sé til þess að skilja endanlega milli kirkju og ríkis, og fullkomlega eðlilegt að þá komi að þeirri vinnu eða verði kallaðir til þeir sem hafa látið sig þessi mál varða eins og samtök um aðskilnað ríkis og kirkju og Siðmennt, sem er áhugahópur um mannrækt og trúfrelsi, þannig að kalla þurfi til þá aðila sem hafa látið sig þessi mál varða.

En ég vil ítreka það að ekki er verið að leggja til að það verði skilið milli ríkis og kirkju, heldur er verið að leggja til að það verði athugað, að farið verði út í gagnaöflun og vinnu sem er löngu tímabært að fara í eins og þingmál okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem flutt var hér árið 1995 sýnir.

[17:30]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég hef fjallað nokkuð um þáltill. þá sem við þingmenn Samf. flytjum allir saman en formaður okkar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, mælti fyrir fyrr í umræðunni. Í henni er að finna ýmis atriði sem samþingmenn mínir hafa rakið ágætlega. Ég nefni m.a. það sem lýtur að stjórnarskránni og framsali fullveldis til alþjóðastofnana sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur fjallað ágætlega um og ég hirði ekki um að gera sérstaklega að umfjöllunarefni.

Því sem lýtur að aðskilnaði ríkis og kirkju hafa bæði hv. 4. þm. Reykv. s. og hv. 4. þm. Suðvest. gert ágæt skil í umræðunni og þeim atriðum sem lúta að sameign þjóðarinnar á auðlindum hennar hefur 2. þm. Norðvest. gert svo ágæt skil að ég held að ég þurfi ekki að eyða frekari orðum í það.

En það voru tvö eða þrjú atriði í tillögunni sem ég vil sérstaklega fá að ræða. Fyrst vil ég nefna það atriði sem snýr að landinu sem einu kjördæmi.

Við Reykvíkingar höfum í raun alla tíð og allt of lengi mátt búa við að njóta ekki borgararéttinda í þessu landi á við ýmsa aðra landsmenn. Það hefur falið í sér að atkvæðisréttur okkar hefur verið minni og á stundum miklum mun minni en annarra íbúa í landinu. Okkur hefur þannig verið mismunað um réttindi sem borgarar í lýðræðisríki á grundvelli búsetu.

Það verður að segja að það er algerlega óþolandi að núna árið 2003 skuli fólk í þéttbýli hafa minna atkvæðavægi en fólk í dreifbýli. Það er algerlega óþolandi og löngu tímabært að á því verði tekið fyrir fullt og fast og þessi atkvæðamunur jafnaður út með öllu. Við Reykvíkingar ættum að njóta sömu borgararéttinda og aðrir landsmenn. Á það vil ég leggja sérstaklega áherslu, herra forseti. Ég lít í raun svo á að hér sé um að ræða grundvallarmannréttindi og þau séu brotin á þeim sem búa hér í borginni.

Sem betur fer höfum við smátt og smátt í gegnum árin og áratugina tekið skref í rétta átt í þessu efni. Smátt og smátt hefur dregið úr þessu misvægi. Við höfum fengið hverja kjördæmabreytingabreytinguna á fætur annarri sem hefur haft það að markmiði. En allar eru þessar kjördæmabreytingar því marki brenndar að þær hafa jafnan verið einhvers konar málamiðlanir milli mjög ólíkra sjónarmiða. Það er nú stundum þannig að meðaltalið af hugmyndum, sem út af fyrir sig kunna að vera ágætar hver um sig, getur stundum orðið alveg skelfilegt.

Ég held að það verði að segja um kjördæmakerfið sem hér hefur verið innleitt og kosið var eftir í vor, að það sé eiginlega ekki annað en einhvers konar afskræming á hugmyndinni um kjördæmakerfið. Það að láta sér detta í hug að skipta mínu sveitarfélagi, höfuðborg landsins, Reykjavík, upp í tvö kjördæmi eftir endilangri Miklubraut og Hringbraut þannig að fólkið sem býr í sama sveitarfélaginu er í ólíkum kjördæmum eftir því hvorum megin tiltekinnar umferðargötu það býr er auðvitað ekki bara óhentugt. Það er í hróplegu ósamræmi við vilja íbúanna í Reykjavík og vilja kjósendanna í Reykjavík. Reykjavík var eitt kjördæmi og það er alveg ótvírætt vilji kjósenda í Reykjavík að Reykjavík sé eitt kjördæmi. Það er alveg óþolandi fyrir eitt sveitarfélag í landinu að vilji íbúa þess sé svo algjörlega hunsaður um hvernig skipað er í kjördæmi eins og raun ber vitni. Það hlýtur að vera forgangsmál fyrir þingmenn þessara tveggja kjördæma að þurfa ekki að búa mjög lengi við þessa ómögulegu skipan mála í Reykjavík.

Ég hygg raunar að hið sama gildi um mörg önnur kjördæmi. Það er t.d. með miklum ólíkindum að eitt kjördæmi skuli geta spannað allt frá Reykjanesvita í vestri og austur á Hornafjörð. Hvers konar kjördæmi er það eiginlega sem þræðir þarna suðurströndina? Hvað er það sem bindur fólkið

í Reykjanesbæ við fólkið í Hornafirði fremur en eitthvað annað fólk í landinu?

Nei, herra forseti. Ég held að það eina góða við það kjördæmakerfi sem hér var innleitt og skiptir landinu í þessi sex kjördæmi sé að nokkurn veginn allir landsmenn séu sammála um að vera jafnóánægðir með þetta fyrirkomulag. Við hér í höfuðborginni erum ósátt og óánægð með að borg okkar sé skipt upp í tvö kjördæmi en að sama skapi eru ýmsir landsbyggðarmenn, flestir trúlega, ósáttir við að kjördæmin þar séu orðin svo víðfeðm að þau tengsl sem hugsanlega réttlættu áður kjördæmaskiptinguna og gátu verið milli þingmanna kjördæmanna og íbúanna þar hafa rofnað. Nú eru landsbyggðarkjördæmin orðin svo viðamikil að það er nánast óvinnandi vegur að rækta þau tengsl svo einhverju nemi þegar þau spanna orðið svæði, eins og ég nefndi áður, allt frá Reykjanesvita austur á Hornafjörð.

Ég vona að þingmenn geti náð saman um að leggja þessu handónýta kjördæmakerfi og fara þá einu leið sem skynsamleg er í þessu máli, að gera landið að einu kjördæmi og tryggja þar með að þingmennirnir 63 í þessum sal séu tryggilega þingmenn allrar þjóðarinnar. Þeir væru þingmenn allrar þjóðarinnar og þyrftu að spegla vilja og hagsmuni Íslendinga hvar sem þeir búa í landinu en væru ekki þingmenn þessa sveitarfélags eða hins.

Ég hygg að ekkert eitt í stjórnskipan okkar hafi reynst íslenskum almenningi eins dýrt, herra forseti, og þetta kjördæmakerfi og þau kjördæmakerfi sem verið hafa á undan því. Þau hafa eins og við vitum alið á hrepparíg og flokkadráttum og því að menn hygluðu einstökum kjördæmum eða þingmönnum einstakra kjördæma á kostnað almennra skattgreiðenda. Um það höfum við svo mýmörg dæmi úr stjórnmálasögunni að ég hirði ekki um að rekja þau hér, herra forseti.

Ég vildi tæpa eilítið á öðru atriði í þáltill. okkar sem kemur raunar fram á tveimur stöðum, þ.e. því sem lýtur að rétti almennings til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu og sömuleiðis að skoða aðrar leiðir sem geta verið til þess fallnar að auka áhrif almennings á ákvarðanatöku.

Hér held ég að sé tæpt á einhverju brýnasta viðfangsefni okkar í stjórnmálunum í dag og á næstu árum. Hér er um það að ræða að leita leiða til að færa valdið úr þessum sal og út til fólksins þannig að þess eigin ákvarðanir fái að gilda í þeim málum sem það telur brýnust.

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða tillögur sem allir þingmenn Samf. flytja um breytingu á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar. Í þessari ályktun eru nefnd mörg atriði. Í fyrsta lagi ákvæði um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum og í öðru lagi um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana eða samtaka. Í þriðja lagi er rætt um að landið verði eitt kjördæmi. Í fjórða lagi lagt til að tiltekinn fjöldi landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Síðan er fimmta atriðið um samband ríkis og kirkju. Þá er hvatt til að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Það er lagt til að þetta mál verði sett í níu manna nefnd. Eins og málið er upp sett þá er það auðvitað sjálfsagt. Hér eru mörg verkefni tekin fyrir í einni tillögu og engin af þeim verða hrist fram úr erminni án þess að menn leggi þar fram vinnu og skiptist á skoðunum. Um öll þessi mál eru skiptar skoðanir í okkar þjóðfélagi og einnig deilur milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Sá sem hér stendur og talar fyrir hönd Frjálsl. getur lýst því yfir að við erum að mörgu leyti sammála þeim áhersluatriðum sem lagt er upp með í tillögunni þó að ég taki fram að við höfum annan málatilbúnað á sumum af þeim atriðum sem fram koma í tillögunni. Málið er þannig vaxið að Frjálsl. hefur á undanförnum árum flutt frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins með það að markmiði að fullur lagalegur aðskilnaður verði milli ríkis og kirkju og öll trúfélög sitji við sama borð að því leyti að menn séu jafnir án tillits til trúar eins og stjórnarskráin kveður reyndar á um.

Á undanförnum árum höfum við flutt frumvörp um að við teldum rétt að fara að skoða hvernig ætti að standa að aðskilnaði ríkis og kirkju. Þar af leiðandi er það efnisatriði í þáltill. Samf. samstiga þeirri hugsun sem við höfum sett fram í málflutningi okkar á undanförnum árum. En eins og fram kom í máli formanns Samf., þegar hann mælti fyrir málinu, vill samfylkingarfólkið og Samf. fara varlegar í málin, a.m.k. hægar en við höfum lagt til. Í frv. okkar höfum við lagt til ákveðna aðferð sem sýnir fram á hvernig þetta ætti að gerast.

Þegar við ræðum um ríki og kirkju, svo ég fari um það nokkrum orðum til viðbótar, er ljóst að kirkjan hefur verið ein af meginstoðum í íslensku þjóðfélagi. Langmestur hluti íslensku þjóðarinnar er kristinn og verður vonandi svo áfram um langa hríð. En það segir ekki að önnur trúfélög og aðrar trúarskoðanir manna skuli ekki jafnvirtar af okkur sem kristin erum. Við eigum auðvitað að hugsa þannig ef við viljum vera samkvæm sjálfum okkur og horfa á réttindi annarra og virða skoðanir fólks. Allir skulu jafnir í trú sinni.

Mér finnst það grundvallaratriði sem hreyft er í þessari tillögu, að þessi mál verði skoðuð upp á nýtt. Það er alveg rétt sem vikið var að í framsögu formanns Samf. að biskupinn, herra Karl Sigurbjörnsson, vék að þessu máli á síðasta ári. Hann talaði annars vegar um skilnað að borði og sæng og hins vegar lögskilnað sem kirkjan þyrfti að fara að horfast í augu við.

Það held ég að sé alveg tímabært að fari að gerast og að menn setjist niður yfir það að skoða hvaða framtíðarfyrirkomulag á að vera á skipan okkar að þessu leyti.

Ég vil líka vekja athygli á því, virðulegi forseti, að Frjálslyndi flokkurinn hefur einnig lagt hér fram á þinginu till. til þál. um kosningar til Alþingis þar sem við höfum lagt til að landið verði gert að einu kjördæmi. Sú tillaga var flutt af Frjálslynda flokknum hér á hv. Alþingi á síðasta kjörtímabili þannig að okkur greinir ekki á, má segja, Frjálsl. og Samf., að því leyti til í stefnumótuninni, við teljum að það eigi að stíga þetta skref til fulls.

Ég held að sú kjördæmaskipan sem komst á með þeirri kjördæmaskipan sem við nú búum við, að hafa annars vegar þrjú gríðarlega stór landsbyggðarkjördæmi og hins vegar skipt Reykjavíkurkjördæmi, sé bara skref í átt til þess að gera landið að einu kjördæmi. Ég held að við eigum að horfast í augu við það fyrr en seinna.

Ég segi það alveg sem mína skoðun að ég hef ekki séð að landsbyggðin hafi í nokkru notið sérstakrar varnarstöðu af því að hafa landið skipt upp í þessi kjördæmi, a.m.k. stendur landsbyggðin víða mjög veikt. Framkvæmdarvaldið hefur svo að langmestu leyti verið í Reykjavík og menn hafa stundum skýrt það með því að þar sem menn hefðu nú misjafnt vægi atkvæða á landinu væri sjálfsagt að völdin

væru í Reykjavík, framkvæmdarvaldið. Ég held að langbest væri að þetta heyrði brátt sögunni til.

Ég vil hins vegar víkja að einu atriði varðandi það þegar verið er að tala um að allir skuli vera jafnir með atkvæðisrétt sinn. Ég vil vekja athygli á því að í núverandi kosningalögum er kveðið á um það að 5.500 manns sem kjósa einn ákveðinn flokk geti ekki átt neinn þingmann, þ.e. ef þeir brjóta ekki 5% múrinn. Og það er náttúrlega heldur ekki jafn atkvæðisréttur að sú staða geti komið upp að 5.500 manns geti ekki átt þingmann, þegar niðurstaðan er sú að það þarf ekki nema 2.707 atkvæði á bak við þingmann, eins og það er hjá Framsfl. Það er (**Gripið fram í:** Þeir fá alltaf ...) lágmark að í þinginu séu ákvæði um að ekki þurfi meira atkvæðamagn heldur en það til þess að ná manni inn á þing sem kveður á um að það geti orðið til þingflokkur með tvo þingmenn. Mér finnst mikið réttlætismál að það sé skoðað.

[17:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um breytingar á stjórnarskrá í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar. Í þessari tillögu er tekið á mörgum mjög stórum málum og það er svo sem ágætt að ræða þau.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að það eigi að tryggja í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Þá þurfa menn náttúrlega að átta sig á því hvað er sameign, hvað þýðir „sameign"? Menn átta sig yfirleitt á því hvað „eign" þýðir en hvað þýðir sameign? Og hvað er eiginlega þjóð? Menn þurfa líka að átta sig á því. Sums staðar höfum við eitt ríki og tvær, þrjár þjóðir. Á öðrum stöðum höfum við tvö, þrjú ríki og eina þjóð. Menn þyrftu sem sagt að átta sig á því hvað þjóð er. Eru t.d. menn með íslenskan ríkisborgararétt sem hafa búið alla sína ævi í útlöndum hluti af íslenskri þjóð? Eða eru t.d. Pólverjar sem hafa búið á Vestfjörðum í eitt ár hluti af íslenskri þjóð?

Nokkrar spurningar vakna við þetta. Og svo er náttúrlega stærsta spurningin: Hvað er sameign? Það stendur í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Það virðist ekki hafa breytt neinu um það hvernig hagað er stjórn á þessum fiskstofnum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, virðulegi forseti, að gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni þannig að hægt sé að „framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða". Og þarna tala flm. fjálglega um aðild að Evrópusambandinu. Í því sambandi finnst mér nauðsynlegt að menn átti sig á því hvað Evrópusambandið er, hvort það sé lauslegt samband sjálfstæðra ríkja eða hvort það sé að þróast yfir í það að verða eitt ríki. Mér sýnist allt benda til þess að Evrópusambandið sé að þróast í það að verða eitt ríki. Og þá erum við ekki lengur að tala um aðild að Evrópusambandinu, heldur að Evrópuríkinu. Og ég er ekkert viss um að Íslendingar almennt séu ginnkeyptir fyrir því að afsala sér frelsi þjóðarinnar og fullveldi til einhvers annars ríkis þar sem við yrðum bara pínulítið hérað á rönd þess ríkis, úti við ystu höf.

Ég hef þá skoðun að reynslan hafi kennt okkur Íslendingum að eftir að við fengum fullveldi og frelsi hafi allt gengið hér á hinn betri veg, þegar við losnuðum undan erlendu valdi sem stýrði þjóðinni einhvers staðar sunnan úr Evrópu. Ég hef miklar efasemdir um að slíkt yrði gert, að ríkisvaldið yrði framselt til alþjóðastofnana í stjórnarskrá, nema menn hefðu á hreinu að slíkt gæti ekki gerst, að það þyddi ekki í rauninni framsal og afsal á fullveldi.

Svo er hitt, að gera landið að einu kjördæmi, virðulegur forseti. Þar virðast menn vera búnir að gleyma því sem var markmiðið með síðustu kjördæmabreytingu sem fólst í því að finna milliveg milli þess að hafa einmenningskjördæmi, þar sem einstaklingurinn gildir að mestu en stefnan, þ.e. flokkarnir, skipta litlu máli, og þess að hafa landið eitt kjördæmi þar sem flokkarnir skipta öllu en einstaklingarnir mjög litlu máli. Á þessu fundu menn ákveðið meðalhóf með því að búa til þessi jafnstóru kjördæmi sem við búum við í dag, með þeim furðulegu afleiðingum að Reykjavík var skipt í tvennt og eitt kjördæmið nær frá Suðausturlandi og alveg til Eyjafjarðar.

Það sem menn gætu hugsanlega tekið upp er þýska kerfið þar sem menn kjósa annars vegar einstaklinga og hins vegar flokka. Það væri hægt að kjósa t.d. ákveðinn frambjóðanda og svo annan flokk. En þá þýðir það að fjöldi þingmanna er breytilegur og skilst mér að geti munað allt að 100 þingmönnum á þýska þinginu, jafnvel meira.

Svo er talað um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég er í sjálfu sér hlynntur henni en það er mikill vandi við að taka hana upp. Sum mál eru það flókin að menn þurfa að liggja yfir þeim í margar vikur til að komast til botns í þeim eins og við þekkjum í þingnefndum þingsins. Þess vegna þyrftu menn að hafa mjög á hreinu hvaða mál ætti t.d. að bera undir þjóðaratkvæði. Til dæmis þetta framsal sem ég nefndi áðan, ríkisvalds til alþjóðastofnana, er á hreinu hvað átt er við og hvaða afleiðingar það getur haft? Það er nefnilega mjög erfitt að upplýsa allan almenning í þeim sama mæli og þingmenn eru til dæmis upplýstir í þingnefndum.

Svo á að kanna samband ríkis og kirkju. Ég hef alltaf haft efasemdir um þetta hjónaband ríkis og kirkju. Ég held að kirkjan sérstaklega líði fyrir það, hún væri meira á tánum ef má orða það þannig ef hún þyrfti að standa sig á eigin vegum. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að skoða það að skilið verði þarna á milli, alveg sérstaklega með tilliti til þeirra borgara landsins sem ekki eru félagar í þjóðkirkjunni eða aðhyllast hana.

Svo er þarna grein sem er mjög opin um að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda. Hver vill það ekki? Það reyndar stendur ekkert um hvernig eigi að gera það og ég sem sagt væri alveg til í að ræða hvernig það yrði gert.

En eins og ég sagði, virðulegi forseti, þá eru hér margar breytingar sem eru mjög stórar. Þetta eru stór mál, hvert um sig. Þess vegna þótti mér við hæfi að taka til máls í þessu máli.

[17:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst margt sem kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals vera áhugavert innlegg í umræðuna. Það er kannski rétt að minna á og halda því til haga að hugmyndin sem hér er lögð fram, eða hugmyndirnar því hér er um að ræða margar hugmyndir, gengur út á það að kjósa níu manna nefnd til þess að fara vandlega yfir þessa hluti. Hér eru hugmyndir sem vissulega er kominn tími til að Alþingi taki að einhverju leyti afstöðu til og fari í þá vinnu sem nauðsynlegt er að vinna.

Það voru nokkur orð sem vöktu sérstaklega athygli mína í ræðu hv. þm. og það var einkanlega þar sem hv. þm. fjallaði um það ef íslenska ríkið, eða íslenska þjóðin eða hvað við eigum að kalla það, skyldi afsala sér að einhverju leyti valdi sínu til alþjóðastofnana eða alþjóðasamfélagsins. Hv. þm. sagði að Íslendingum hefði vegnað best eftir að þeir fengu

fullveldi og sjálfstæði og ég get tekið undir það. Hins vegar verðum við einnig að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað í samfélaginu og því sem er að gerast í kringum okkur. Ég held að sjálfstæði nútímans sé ekki það að fá að vera í friði, heldur fyrst og fremst að geta tekið þátt. Það eru það örar breytingar sem hafa átt sér stað í heiminum. Áður fyrr fólst kannski sjálfstæðið fyrst og fremst í því að fá að vera í friði fyrir afskiptum annarra en nú held ég að sjálfstæðið felist að miklu leyti í því að fá að taka þátt.

Við höfum um nokkurt skeið í raun og veru verið í svona alþjóðlegu samstarfi, þ.e. í gegnum EES-samninginn, og hvort sem mönnum líkar það betur eða verr höfum við að talsverðum hluta afsalað okkur löggjafarvaldinu í því formi að við yfirtökum að mestu leyti athugasemdalaust reglugerðir sem koma frá Evrópusambandinu.

Ég spyr því hv. þm., einfaldlega vegna þess sem hér kom fram í máli hans áðan, hvort hann sé þeirrar skoðunar að við eigum að hægja á okkur og draga úr þessu samstarfi innan EES.

[17:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel einmitt að í gegnum EES náum við þeim áhrifum og því hagræði sem felst í því sem sá samningur veitir. Allt umfram það tel ég vera af hinu illa og skaðlegt. Þeir sem hafa þá trú að Ísland sem hérað í ríkinu Evrópusambandið hafi áhrif skulu bara ímynda sér hvaða áhrif Grímsey hefur á landsstjórnina á Íslandi. Hlutföllin eru mjög svipuð. Meira að segja staðsetningin er svipuð. Hversu oft veltir þetta háa Alþingi fyrir sér vandamálum Grímseyinga? Það yrði með nákvæmlega sama hætti sem við hefðum áhrif í Evrópusambandinu og að sjálfsögðu eru það stóru þjóðirnar þar sem munu alfarið stjórna ferðinni. Enda er kominn vísir að her, það er kominn vísir að stjórnarskrá sem á að undirstrika völd þessara fólksflestu þjóða og það er kominn vísir að nýrri mynt sem er búið að taka upp í mörgum ríkjum. Það er sem sagt mjög hratt að myndast ríki. Og ef Íslendingar yrðu spurðir að því almennt hvort þeir vildu afsala sér fullveldinu og ganga sem hérað inn í eitthvert ríki í Evrópu er ég hræddur um að svörin yrðu töluvert önnur en þegar spurt er hvort menn vilji ganga í Evrópusambandið sem þá er gefið í skyn að sé lauslegt samband sjálfstæðra ríkja.

[17:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með fullri virðingu fyrir Grímsey og þeim vandamálum sem þar eru er ekki málefnalegt að bera það saman við það að eiga hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Ef við bara gefum okkur eitt lítið dæmi, þá hafa allar þjóðir innan Evrópusambandsins neitunarvald þegar kemur að stórum málum og einkum málum sem lúta að þeim sjálfum. Ég vil að það liggi klárlega fyrir. Það hefur Grímsey svo sannarlega ekki. Ég held að það þjóni engum tilgangi að fara með umræðuna ofan í þetta far.

Það sem mér þótti hins vegar merkilegt í máli hv. þingmanns er það að væntanlega hefur EES-samningurinn dregið einhverja línu í huga hv. þingmanns um það hversu langt þjóð eigi að ganga í að afsala sér valdi. Það sé sem sagt eitthvert hæfilegt afsal sem felist í EES-samningnum og ekki eigi að ganga lengra en það. Það má heldur ekki gleyma því að EES-samningurinn er dýnamískur að því leyti að hann tekur yfir ákveðna málaflokka og þar af leiðandi allar þær breytingar sem verða innan þeirra málaflokka. Við höfum á þann hátt gengist undir þann samning. Þetta afsal getur því breyst og hversu víðfeðmt það er innan tiltekinna málaflokka eftir því hvaða reglur eru samþykktar. Mér finnast þessar röksemdafærslur hv. þingmanns ekki halda miklu hvað þetta varðar og ég hvet þingið eindregið til þess að samþykkja þá hugmynd og þá tillögu sem hér liggur fyrir.

[18:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að aðild að Evrópusambandinu þýði framsal á fullveldi, vegna þess að það eru svo miklar breytingar í gangi, það eru svo margar nýjar hugmyndir, t.d. hugmyndin að nýrri stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið sem gerir ráð fyrir því að neitunarvaldið hverfi. Í staðinn geta menn sagt sig úr því, en ef menn óttast að segja sig úr Evrópska efnahagssvæðinu hvað mundu menn þá segja um það að segja sig úr Evrópusambandinu eftir að hafa gengið þar inn?

Þetta neitunarvald sem menn eru að tala um er hægt og rólega að hverfa og mun hverfa til framtíðar. Þróunin er mjög hröð, ef litið er á þetta í sögulegu tilliti, ef maður hugsar í öldum en ekki í mánuðum þá er breytingin innan Evrópusambandsins mjög hröð og í þá veru að minnka áhrif litlu þjóðanna.

Ég fer því ekkert ofan af því að Evrópska efnahagssvæðið er það lengsta sem við getum gengið, og ef menn hafa þá skoðun að Ísland sé of veikt efnahagslega eða menningarlega til þess að standa á eigin fótum, hvað halda menn þá að Jón Sigurðsson hafi hugsað á sínum tíma þegar Ísland var enn þá veikara, bæði efnahagslega og menningarlega? Samt taldi hann það geta staðið á eigin fótum. (**Gripið fram í:** Jón hefði viljað ganga í Evrópusambandið.) Það er nú ágætt að leggja mönnum orð í munn sem eru löngu látnir og geta ekki svarað fyrir sig.

Ég vil benda á það að Alþfl. stóð á sínum tíma, þegar síðasta stjórnarskrárbreyting lá fyrir, á móti svona ákvæði eins og við erum hér að ræða um.

[18:02]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en ég vil þakka þeim sem tóku þátt í henni og ekki síst þeim hv. þingmönnum Guðjóni A. Kristjánssyni og Pétri H. Blöndal, sem tóku til máls og höfðu ákaflega margt bitastætt og merkilegt að færa inn í umræðuna. Sérstaklega fannst mér margt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan vera íhugunar virði og mér fannst ræða hans bera vott um víðsýni og frjálslyndi, ég get ekki orðað það öðruvísi. Hv. þm. tók undir með okkur sem flytjum þessa tillögu sem hér er til umræðu, eða ég skildi hann svo, að það væri vel þess virði, a.m.k. einnar messu, að skoða samband ríkis og kirkju. Þær röksemdir sem við höfum flutt fyrir því í grg. með tillögunni og í máli okkar í dag voru sömu röksemdir og hv. þm. flutti, þ.e. breytt eðli samfélagsins, fjölmenningarlegt eðli samfélagsins, sem birtist í því að hingað eru komnir, og orðnir að góðum Íslendingum, margir einstaklingar sem eru upprunnir víðs fjarri Íslandsströndum og hafa aðra siði í trúarlegum skilningi en við. Hv. þm. talaði með þeim hætti að mér fannst hann skilja að til þess að þeir ættu líka sama skjól í stjórnarskránni og þeir sem fylgja trú þjóðkirkjunnar, yrðum við a.m.k. að skoða hvort ekki væri rétt að breyta þessu fortakslausa ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju.

Mér þóttu líka merkilega þær spurningar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal varpaði hér fram og sagði að þyrfti að svara

í umfjöllun um mál af þessu tagi, t.d. grundvallarspurningunni um það hvað þjóð er. Það er spurning sem er vel þess virði að eyða miklum tíma í að velta fyrir sér.

Hvað er þjóð, herra forseti? Ég tel, án þess að hafa brotið það djúpt til mergjar, að það megi skilgreina þjóð sem þá einstaklinga sem tala sömu tungu, eru mótaðir og aldir upp í sama menningarumhverfi og hafa þar af leiðandi lifað á sama svæði. Það er kannski hin breiða, grófa, upprunalega skilgreining á orðinu þjóð. Auðvitað hefur þessi skilgreining breyst í tímans rás. Það er eitt af því sem menn þurfa að hugsa til hlítar.

Ég hjó eftir því að hv. þm. sagði að framsal á fullveldi gæti hugsanlega skaðað okkur í framtíðinni. Hv. þm. sagði að ef við gengjum í Evrópusambandið væri það framsal á fullveldi.

Ég er sammála seinni hluta yrðingarinnar en ekki hinum fyrri, þ.e. ég er sammála hv. þm. um það að ef við göngum í Evrópusambandið þá erum við að selja fram hluta af okkar ríkisvaldi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það höfum við að talsverðu leyti verið að gera í gegnum árin. 21. gr. stjórnarskrárinnar heimilar forsetanum og ríkisstjórn í umboði hans að gera alþjóðlega samninga. Þessi heimild hefur verið túlkuð svo rúmt, þegar horft er til sögunnar, að framsal á töluverðum hluta af því sem líta má á sem grundvallarstoð fullveldis, þ.e. landvörnum, er talin rúmast innan þessa. Ég veit ekki hvernig menn mundu líta á það í dag ef Íslendingar væru að ganga í bandalag sem væri jafndjúpt markað af heimsátökum og Atlantshafsbandalagið var 1949. Hið sama gildir um aðild okkar að varnarsamningnum 1951. Þar var um framsal á fullveldi að ræða, en þeir sem það gerðu, og á eftir komu, töldu að það hefði styrkt þjóðina og aukið farsæld hennar og gæfu.

Með sama hætti má segja að aðild Íslendinga að margvíslegum alþjóðlegum samningum sé til þess fallin að treysta hagsæld þeirra. Ég lít t.d. svo á að samningurinn um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum feli í sér ákveðið framsal á fullveldi. Ég tel að það hafi orðið öllum hlutaðeigandi til gæfu.

Ég tel líka, og það töldu menn, að með einhverjum hætti væri um framsal á valdi að ræða þegar við urðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þá fóru menn þá leið að fjórir lögvitringar voru látnir skera úr um það og þeir töldu að það mál væri á gráu svæði. Það er auðvelt að færa rök fyrir því að síðan hafi reynt mjög á þanþol heimildarinnar í stjórnarskránni, svo sem ég gat um áðan, til þess að verja það, vegna þess að innviðir Evrópusambandsins hafa breyst og einnig möguleikar okkar til þess að hafa áhrif.

Það var forvitnilegt og rétt þegar hv. þm. sagði að sjálfstæðið og fullveldið sem við fengjum með því hefði reynst okkur haldbest í baráttunni við að brjótast úr fátækt til bjargálna. Það er margt til í þessu. Þó má kannski færa fyrir því rök að velsældarskeiðið sem einkenndi seinni hluta síðustu aldar hafi hafist svolítið fyrr, með nýsköpunarstjórninni sem hér var upp úr 1940 og hafi einkennst af átaki í sjávarútvegi. Það má líka segja að velsældin sem við nutum síðar hafi byggst á því að okkur tókst í ríkari mæli að ná tökum á veilum og það voru líka aðstæður, þ.e. sú friðun, bókstaflega talað, sem heimsstyrjöldin síðari fól í sér á fiskimiðunum sem gerði það að verkum að við gengum þar að fullri gnægðarkistu að lokinni heimsstyrjöld.

Þegar vindur fram um öldina og við gerumst aðilar að fríverslunarbandalögum eins og EFTA og síðar samningnum um Evrópska efnahagssvæðið erum við að selja fram ákveðið vald sem við höfum, en fáum í staðinn mjög mikilvægan aðgang að mörkuðum fyrir það frumhráefni sem við vinnum úr hafinu. Þetta er partur af sögu þjóðar sem er að þróast og breytast, og heimurinn er að breytast með og hún svarar því með þessum hætti.

Ég get samt sem áður ekki annað en tekið undir með hv. þm. að þetta eru hlutir sem þarf að brjóta til mergjar og yrðu væntanlega skilgreindir í meðförum slíkrar nefndar. Í öllu falli, herra forseti, tel ég að allir þessir hlutir séu þættir sem ein þjóð þarf stundum að gefa sér tíma til þess að velta fyrir sér, sem þjóðþing eins og okkar þarf stundum að gefa sér tóm til þess að brjóta til mergjar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddu hérna um kosningakerfið og við erum sammála, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, um galla núverandi kerfis. Mér þótti forvitnilegt að heyra rök hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, sem talar hér sem einn af skörulegustu fulltrúum landsbyggðarinnar. Hann lagði það hrátt og blóðugt fyrir okkur á borðið að núverandi kjördæmaskipan hafi ekki orðið til þess að styrkja landsbyggðina, síður en svo. Ég er sammála því viðhorfi sem kom fram í máli hans að ef um einn landslista væri að ræða þá hygg ég að landsbyggðinni yrði gert jafnvel hærra undir höfði en núna, m.a. til þess að fyrirbyggja ásakanir um að Reykjavíkurvaldið væri að mylja undir sig landið.

Sömuleiðis vil ég taka upp röksemd hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, sem sagði að sú kosningaskipan sem felst í því að gera landið að einu kjördæmi yrði líkleg til þess að bæta verulega það misvægi kynja sem við sjáum í þessum sölum. Í mínum þingflokki er hlutfall kynja nánast jafnt, á síðasta kjörtímabili voru konur í meiri hluta.

En mér er sem ég sjái nokkurn stjórnmálaflokk þora ítrekað að leggja fram landslista þar sem er gróft misvægi, körlum í hag. Ég held sem sagt að breyting á kjördæmaskipan, sem fæli í sér að gera landið að einu kjördæmi, yrði stærsta skrefið sem hægt væri að taka í einu til þess að lyfta hlut kvenna, en menn geta svo haft misjafnar skoðanir á því.

Ég er alveg sammála, eða að hluta til sammála þeirri greiningu hv. þm. Péturs H. Blöndals, að það er hægt að fara tvær leiðir að því að ná því sem Héðinn Valdimarsson orðaði svo í slagorðinu 1927 „Einn maður – eitt atkvæði". Það er annars vegar að búa til landslista undir kjördæmaskipan þar sem landið er allt eitt kjördæmi, og hins vegar að fara þá leið sem ég þekki nokkuð til frá námsárum mínum í Bretlandi, þar sem eru einstaklingskjördæmi. Hvort tveggja hefur mér alltaf þótt dálítið aðlaðandi leiðir.

Herra forseti. Ég hef stundum duflað í djúpum huga míns við hugtakið sem byggir á einstaklingskjördæmum vegna þess að það er miklu auðveldara í því kerfi að ná því að sérhver þegn hafi eitt atkvæði, vegna þess að slíkum kerfum fylgir að mörkum kjördæma er stöðugt breytt, eins og í Bretlandi. Þar er kjördæmamörkum margra kjördæma tiltölulega oft breytt, jafnvel hverfa sum, en oftar er það þannig að ný verða til.

En það er annað sem fylgir því. Undir slíkri kjördæmaskipan er líklegt að ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kynnum að vera í sama flokki, ég er ekki að segja að það væri öruggt. Það er einfaldlega þannig að það kerfi keyrir saman hreyfingar og býr til tvær stórar hreyfingar, yfirleitt, ekki alltaf, en yfirleitt, tilhneigingin er sú. Auðvitað gerir það líka að verkum, sem er galli, að það er mjög erfitt fyrir

nýjar, stórar hreyfingar sem verða til, að brjótast fram. Við sjáum það t.d. í Bretlandi þar sem frjálslyndir demókratar hafa verið mjög lengi að ná þokkalegri fótfestu og hafa þó áratugum saman verið með ívið hærra hlutfall atkvæða í sínu landi en flestir stjórnarandstöðuflokkarnir höfðu þangað til fyrir örskömmu síðan. Það er því gallinn sem er á því. Þetta þurfa menn hins vegar allt saman að vega og meta.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að reynslan af síðustu kosningabaráttu hafi verið sú að það kerfi sem við búum við núna sé sennilega versta kerfið sem við höfum haft mjög lengi, það er nú mín skoðun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég ætla að þakka fyrir þessar umræður, mér finnast þær hafa verið málefnalegar og góðar. Ég gleymdi því í upphafi umræðnanna að leggja það til að þessari þáltill. yrði að lokinni umræðu vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldfrjáls leikskóli, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[18:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldsfrjálsan leikskóla. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin skal skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipar án tilnefningar."

Félmrh. er falið forræði málsins þar sem leikskólarekstur er á vegum sveitarfélaga og eðlilegt að líta svo til að hið faglega forræði falli þar af leiðandi félmrn. í skaut.

Einnig er rétt að undirstrika, herra forseti, að hér er um að ræða að skipa nefnd til að undirbúa og annast viðræður af hálfu Alþingis, af hálfu löggjafans og framkvæmdarvaldsins í viðræðum við sveitarfélögin um þetta átaksverkefni. Þar af leiðandi eiga sveitarfélögin ekki aðild að nefndinni þar sem þau koma að málinu frá hinni hliðinni, eru viðsemjandi eða gagnaðili á móti fulltrúum löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og þá eftir atvikum hinum faglega þætti sem Félag leikskólakennara mundi standa fyrir.

Kannski má skipta röksemdunum fyrir tillögunni í grófum dráttum í þrennt, herra forseti. Þær fyrstu eru þá þær sem snúa að uppeldis- og menntastefnu, átakinu sem lið í aðgerðum af því tagi. Í öðru lagi því sem lýtur að kjarabótum til handa þeim fjölskyldum sem hér eiga hlut að máli, þ.e. ungum barnafjölskyldum í landinu, og í þriðja lagi eru þá rök sem snúa að jafnaðar- og jafnréttissjónarmiðum og þessari tillögu sem lið í því að gera samfélagið fjölskylduvænna og búa betur að þeim sem hlut eiga að máli í þessu tilviki.

Í fyrsta lagi þau rök sem snúa að málinu sem uppeldis- og menntamáli. Það er nokkuð um liðið síðan viðurkennt var að leikskólinn væri fyrsta skólastigið, væri þar með í rauninni hluti af menntakerfinu í landinu og menn tóku upp starfsheitið leikskólakennari o.s.frv. í stað fóstra eða annarra slíkra heita sem fyrir voru. Má segja, herra forseti, að þegar af þeirri ástæðu sé mjög veigamikil röksemd komin fram fyrir því að hverfa frá þeirri gjaldtöku sem einkennt hefur leikskólavistun og gerir enn þann dag í dag, þ.e. hér er um að ræða skólakerfið sjálft, hið opinbera almenna skólakerfi, fyrsta skólastigið. Það hlýtur því að teljast ankannalegt að foreldrar barna greiði dýrum dómum fyrir dvöl þeirra á fyrsta skólastiginu en hætti því síðan skyndilega þegar kemur upp á annað skólastigið, þ.e. í grunnskóla sem því miður gildir ekki að öllu leyti, herra forseti, því að margs konar gjaldtaka hefur haldið þar innreið sína einnig.

Það er mat Félags leikskólakennara að leikskólinn eigi að vera hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar eins og önnur skólastig og jafnframt er það faglegt mat að til þess að sinna með viðunandi hætti, fullnægja og framfylgja ákvæðum aðalnámskrár leikskóla þurfi um sex tíma leikskólagöngu á dag. Með öðrum orðum, menn hafa sett leikskólanum mjög metnaðarfulla námskrá þar sem verið er að undirbúa börnin undir frekara nám og þroska þau hvað varðar hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu, samfélag og síðast en ekki síst almenna lífsleikniþjálfun, en hins vegar er foreldrunum þá ætlað að greiða fyrir þessa dvöl sem aftur getur leitt til þess að sum börn verða þessa aðnjótandi en önnur ekki. Það eru því, herra forseti, mjög veigamikil rök sem lúta að því að gera þessar breytingar ef málið er nálgast frá sjónarhóli uppeldis- og menntamála.

Í öðru lagi það sem snýr að kjörum þeirra fjölskyldna sem hér eiga hlut að máli. Ekki þarf að fjölyrða um hversu gríðarleg kjarabót það yrði fyrir ungbarnafjölskyldurnar í landinu ef breytingar yrðu gerðar af þessu tagi. Sú kjarabót skilar sér beint til þeirra fjölskyldna sem ég hygg að flestir séu sammála um að þurfi á betri aðbúnaði að halda í nútímanum, þ.e. til yngstu foreldranna sem jafnframt eru á sömu árum og þeir eru með börn sín í leikskóla að koma sér fyrir í lífinu, eru að leysa húsnæðismál sín og koma undir sig fótunum, hefja búskap, oft með umtalsverðar greiðslubyrðar af námslánum á bakinu. Mánaðarleg leikskólagjöld eru núna víðast um 30 þúsund á mánuði fyrir fulla dvöl, þ.e. níu stunda dvöl og síðan eru veittir víðast hvar nokkrir afslættir þegar systkini númer tvö eða þrjú eiga í hlut. Til skýringa er birt sem fylgiskjal með tillögunni gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur en rétt er að menn hafi í huga þegar þeir skoða þá gjaldskrá að þarna er talsverður munur á milli sveitarfélaga allt frá því að tekið er verulegt tillit til félagslegra aðstæðna foreldra eins og er í tilviki Leikskóla Reykjavíkur þar sem um er að ræða mikla systkinaafslætti þar sem námsmenn og öryrkjar og aðrir slíkir sem og ekki síst einstæðir foreldrar njóta talsverðs afsláttar. Í öðrum sveitarfélögum er þetta minna og þess eru jafnvel dæmi að enginn greinarmunur sé gerður á félagslegri stöðu foreldra, þ.e. allir borgi sömu gjöld.

Ef við tökum áfram dæmið af foreldrum í Reykjavík sem eru flestir innan eins sveitarfélags, þá er níu tíma vistun hjá ef við segjum venjulegri kjarnafjölskyldu samkvæmt gjaldflokki I 29.900 kr. á mánuði, rétt tæpar 30 þús. kr. Systkinaafsláttur fyrir annað systkini eru 33% samkvæmt gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur sem þýðir þá að um 20 þúsund bætast við fyrir barn númer tvö og síðan er 75% systkinaafsláttur með þriðja barni þannig að fjölskyldur með þrjú börn í leikskóla borga þá rétt tæp 60 þús. kr. á mánuði

í leikskólagjöld. Til að standa undir þeim útgjöldum þarf tekjur upp á um 100 þús. kr. ef við gefum okkur að slík tekjuöflun fari öll fram ofan skattleysismarka. Það er augljóst mál að þar er orðið um að ræða upphæðir sem hafa gríðarleg áhrif á afkomu slíkra fjölskyldna.

Í þriðja lagi, herra forseti, er alveg ljóst að það er mikilvægt jafnaðar- og jafnréttismál í nútímasamfélagi að allir eigi kost á leikskóladvöl fyrir börn sín án tillits til efnahags. Enginn vafi er á því, og á það leggjum við flutningsmenn áherslu, að breytingar í þá átt sem tillagan gengur út á væri stór liður í því að gera samfélagið fjölskylduvænna en það er í dag og styrkja þar með undirstöður velferðar í landinu. Við vekjum sérstaka athygli á stöðu fjölskyldna nýrra Íslendinga í þessu sambandi. Það eru vísbendingar við að styðjast um að í þeim tilvikum nýti menn sér miklu síður úrræði leikskóladvalar heldur en önnur og það er ástæða til að hafa af því sérstakar áhyggjur ef börn fjölskyldna sem eru nýlega fluttar til landsins njóta ekki þessarar þjónustu og verða þá af þeim *tækifærum að kynnast öðrum börnum, blanda geði við þau* og njóta þeirrar menntunar sem leikskóladvölin hefur upp á að bjóða.

Ljóst er, herra forseti, að sú nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð þarf að huga að ýmsu, þar á meðal og ekki síst því hvernig réttindi foreldra til leikskóladvalar barna sinna án þess að greiða gjöld fyrir yrðu látin haldast *í hendur við og þurfa að haldast í hendur við skyldur* sveitarfélaganna á hina hliðina til að fullnægja eftirspurn. Auðvitað er ljóst að um leið og menn feta sig inn á þessa braut þarf að breyta þeirri hugsun sem að baki liggur, að í rauninni sé um að ræða réttindi annars vegar foreldranna til að eiga kost á gjaldfrjálsri leikskóladvöl og hins vegar skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn. Slíkt mun a.m.k. í tilviki þeirra sveitarfélaga þar sem um biðlista er að ræða taka nokkurn tíma. Þess vegna verður m.a. að hyggja að því hvaða áfangaskipting er nauðsynleg til þess að hrinda málinu í framkvæmd og hvaða aðlögun þurfa þau sveitarfélög að fá sem þurfa að fara í umtalsverðar aðgerðir til þess að vera í færum til að fullnægja eftirspurn. Enda er það að mörgu leyti, herra forseti, farsælt og skynsamlegt að innleiða þessa breytingu í þrepum eða áföngum. Þar koma kannski tvær leiðir aðallega til greina. Annars vegar að taka hvert ár fyrir sig og væntanlega byrja þá ofan frá þannig að síðasta árið í leikskóla yrði gjaldfrjálst fyrst og síðan koll af kolli eða hins vegar að fara blandaða leið sem gæti t.d. falið í sér að rétturinn kæmi í gegnum nokkurra klukkustunda gjaldfrjálsa dvöl sem síðan lengdist þangað til um fulla vistun yrði að ræða. Það er sú leið sem Svíar eru að fara, en fyrsta áfangann í því að efna loforð um að gera leikskólann gjaldfrjálsan, sem var sérstakt baráttumál í kosningum þar í landi, er verið að taka núna með því, hygg ég, að þriggja tíma gjaldfrjáls dvöl tveggja elstu árganganna er að koma til framkvæmda.

Tekjuáhrifin eða afkoma sveitarfélaganna, herra forseti, tekjur og kostnaður í þessu sambandi, fyrir því er gerð allítarleg grein í greinargerð tillögunnar þannig að ég vísa til þess. Í grófum dráttum er kostnaður sveitarfélaganna vegna dagvistarmála um 8,5 milljarðar kr. á árinu. Hér er stuðst við tölur frá árinu 2001. Upp í þann kostnað koma leikskólagjöld sem tekin eru upp á um 2,4 milljarða eða tæp 30%. En það er algengt að sveitarfélögin miði við um það bil það hlutfall kostnaðar, þ.e. stemmi leikskólagjöldin af þannig að foreldrarnir greiði kannski um 30% af áætluðum kostnaði.

Það er alveg ljóst að sveitarfélögin eru ekki aflögufær um fjármuni af þessu tagi, þ.e. að verða af 2,4 milljarða leikskólagjöldum ef ekkert annað kæmi á móti. Þess vegna leggjum við að sjálfsögðu til að hluti af nefndarstarfinu verði að skoða hinar kostnaðarlegu forsendur málsins og ganga til samninga við sveitarfélögin um hvernig þau mál verði leyst og þá fyrst og fremst með því að tekjustofnar komi á móti eða útgjöldum verði létt af sveitarfélögunum sem nemur niðurfellingu leikskólagjalda. Við bendum sérstaklega á í greinargerð með tillögunni að liður í slíkri endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga gæti verið að ríkið yfirtæki greiðslur húsaleigubóta og létti þar með kostnaði upp á kannski 850–900 millj. kr. af sveitarfélögunum eins og sá kostnaður var áætlaður fyrir árið 2002. Þá stæðu eftir um 1.500 millj. kr. sem þyrfti að bæta sveitarfélögunum þegar leikskólagjöld hafa verið felld niður í heild sinni, þ.e. þegar áætlunin væri öll komin til framkvæmda. En fyrstu áfangar, ef við gefum okkur að tekið yrði fyrir ár í senn, eða hver áfangi um sig gæti þá kostað eitthvað af stærðargráðunni 500–700 millj. kr. Hér yrði sem sagt um að ræða tilfærslu á kostnaði sem fyrst og fremst kæmi fram sem kjarabót til handa þeim sem njóta þessarar þjónustu en kostnaðurinn yrði borinn uppi af sameiginlegum sjóði landsmanna og/eða sveitarfélaganna.

Ljóst er, herra forseti, að hreyfing í þessa veru er víða komin af stað og hún er í raun og veru óumflýjanleg að okkar *mati sem liður í því að viðurkenna í reynd þá grundvallar*ákvörðun sem þegar hefur verið tekin að líta á leikskóladvöl eða leikskólanám sem fyrsta hluta hins skipulagða menntakerfis í landinu.

Þess má geta að lokum, herra forseti, að í málefnasamningi núverandi meiri hluta í Reykjavík, Reykjavíkurlistans, er að finna umfjöllun um þetta efni þar sem vísað er í áttina *að niðurfellingu leikskólagjalda.*

Ég vil, herra forseti, að lokinni umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill áminna þingmenn um að ávarpa forseta rétt og minna á að nokkrar breytingar hafa orðið á skipan forseta og hér sitja bæði karlar og konur. Forseti vill áminna þingmenn um að taka eftir hvort það er herra eða frú forseti sem situr í forsetastóli.)

[18:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Ég tek undir með 1. flm. þessarar tillögu að það er komin hreyfing á þessi mál. Það er nauðsynlegt að ræða þau og það er nauðsynlegt að taka upp viðræður og leiða það til lykta hvert hlutverk leikskólans á að vera og hvort fyrsta skólastigið hefjist í leikskólanum eða ekki. Þegar ég hlýddi á ræðu hv. þm. var ég að hugsa um hversu leikskólinn og málefni hans voru drjúgur þáttur í starfi mínu í félagsmálunum í Kópavogi á sínum tíma meðan leikskólinn var í meginatriðum skilgreindur sem félagslegt úrræði og samtvinnaður öðrum félagslegum úrræðum bæjarfélagsins. Jafnframt að það voru talsverðar deilur uppi þegar hreyfing komst á um að flytja leikskólann undir menntakerfið og skilgreina leikskólann þar með sem skóla og starfsstéttirnar, sem áður höfðu verið nefndar fóstrur, sem leikskólakennara. Því má segja að þegar þessar breytingar voru gerðar þá var hafin sú leið sem ekki hefur leitt okkur fram um veg, leikskólinn er nefnilega enn þá úrræði sveitarfélagsins. Enn þá er leikskólinn niðurgreiddur af sveitarfélaginu en að uppistöðu, eins og hér kom fram, kostaður af foreldrum og það hefur ekki verið skilgreint hvort leikskóli skuli í raun verða fyrsta

skólastigið og hvort hann sé alfarið verkefni sveitarfélags eða hvort ríkið komi þar að. Þess vegna er ég afskaplega hlynnt þeim markmiðum sem hér eru sett og því að þessi mál verði rædd.

Þá komum við að öðru. Sveitarstjórnarmenn eru afskaplega ósáttir með sinn hlut í samskiptum við ríkið hvað varðar tekjur sveitarfélaga og verkefni. Það virðist sem það sé alveg sama þegar maður ræðir við sveitarstjórnarmenn hvort það eru samflokksmenn ríkisstjórnarinnar eða ekki, menn segja bara að verkefni sveitarfélaganna séu of mikil og þung miðað við óbreytta tekjustofna og sveitarfélögin eigi fullt í fangi með sín lögbundnu verkefni og brýnasta málið sem þurfi að fara í sé endurskoðun á verkefnum og tekjustofnum. Og þeir sveitarstjórnarmenn sem eru mjög áfram um að taka að sér frekari verkefni, svokölluð nærverkefni frá ríkinu, eru svo hræddir vegna reynslunnar af grunnskólanum og þeirra þungu verkefna og kostnaðar sem af þróun þeirra mála hefur orðið hjá sveitarfélögunum. Þess vegna mun ekki komist hjá því ef sveitarfélögin ætla að taka á sig þennan þátt, þ.e. skólastig leikskólans, að þau verði annaðhvort að fá stuðning frá ríkinu eða gjörbreytta tekjustofna.

Mér er þetta mál sem hér er rætt ekki ókunnugt. Í tvennum sveitarstjórnarkosningum hafa slíkar tillögur verið bornar fram í Kópavogi af mínum flokki þar og sú tillaga byggðist á að byrjað væri á elsta leikskólastiginu, fjórir tímar í upphafi skilgreindir sem skólastig og byrjað á efsta árganginum. Þetta var reiknað út í Kópavogi og talið að miðað við barnafjöldann þar mundi kosta um 30 millj. á ári að framkvæma þessa tillögu, þó ekki meira en það, að gera öllum börnum í elsta árgangi kleift að vera í leikskóla í fjóra tíma sem væru skilgreindir sem fræðslustig.

Hér var nefnt hver væri ályktun leikskólakennara í þessu efni og það má lesa um leikskólastefnu Félags leikskólakennara á ki.is, vef Kennarasambandsins, og þar er lagt til það framtíðarmarkmið að sex tímar verði skilgreindir sem kennsla, fræðsla, uppeldi, hvað svo sem við viljum flokka undir það, og það sem börnin mundu vera umfram í leikskólanum væri þá eitthvað sem þyrfti að skilgreina. Það væri sem sagt leikur, gæsla, en sex tímar væru það hámark sem hægt væri að bjóða þessum aldurshópi upp á sem beina kennslu eða fræðslu. Þarna er svipuð hugsun uppi hjá Félagi leikskólakennara og okkur í Samfylkingunni í Kópavogi sem bárum fram þessa tillögu í kosningunum, og ég tek undir það sjónarmið sem kemur fram hjá Félagi leikskólakennara að það eru beinlínis mannréttindi barna að fá að vera í leikskóla og fá að taka þátt í því sem þar er boðið upp á, fræðslu, kennslu og samvistir og örvun sem felst í því að vera með öðrum börnum við þær aðstæður sem leikskólinn býður upp á. Og íslenski leikskólinn er frábært stig í fræðslu og umönnun barna, frábært.

Auðvitað yrði það þannig, ef leikskólinn verður skilgreindur að hluta sem skólastig, hvort sem það eru fjórir tímar eins og menn lögðu til sem byrjunarskref í Kópavogi eða sex tímar sem Félag leikskólakennara leggur til, að greitt yrði fyrir viðbótartíma fyrir þau börn sem þurfa að vera lengur. Það virðist hugsunin á báðum stöðum.

Þá ætla ég líka að leyfa mér að nefna að það getur líka verið að við komum innan tíðar að því hvað hægt sé að bjóða börnum upp á margar klukkustundir í leikskóla og gæslu. Það hefur aukist að báðir foreldrar séu á vinnumarkaði, ungir foreldrar séu á framabraut. Í nýja kerfinu þar sem fólk er ráðið til starfa til að skila ákveðnu verkefni og það er ekki skilgreint hversu langur vinnudagurinn er og hefðbundið er að sá vinnudagur sé allt of langur, það þýðir að vinnudagur barns í leikskóla er líka allt of langur. Þetta þarf að skoða og það þarf að skilgreina öll þessi mál og þess vegna vil ég koma hér og lýsa yfir stuðningi mínum við að Alþingi skoði þessi mál og við hefjum umræðu um afskaplega þýðingarmikið mál sem þarf að hafa framgang og sem ég er sannfærð um að er bara tímaspursmál hvenær hefur framgang vegna þess að það er búið að taka fyrsta skrefið, nefnilega að ákveða að leikskóli sé skóli og fræðslan þar sé hjá leikskólakennurum.

[18:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Leikskóli er samkvæmt lögum fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi þar sem meginhersla er lögð á menntun í gegnum þroskandi leiki og starf. Starfið í leikskólanum er mjög víðtækt. Það gengur út á hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag eins og lesa má í aðalnámskrá fyrir leikskóla sem gefin var út af menntmrn. árið 1999 og er sannarlega hið merkasta plagg sem segir nánar frá uppeldisstefnunni sem leikskólum á Íslandi er gert að fylgja.

Í leikskólanum er lagður grunnur að skólagöngu einstaklinganna og því má segja að leikskólinn sé sjálfsagður undirbúningur undir lífið sjálft og þess vegna, eins og hv. seinasti ræðumaður, Rannveig Guðmundsdóttir, sagði hér á undan mér, mannréttindi barna. Það eru sjálfsögð mannréttindi barna að fá að stunda nám í leikskóla og leikskólinn er hluti af hinu almenna skólakerfi okkar og er sem slíkur að verða óaðskiljanlegur frá öðrum skólastigum. Gjaldfrír leikskóli er ekki bara kjarabót, eins og hv. 1. flm. þessarar tillögu vék að í ræðu sinni áðan, því hann stuðlar líka að jafnrétti til náms sem er ekki síður mikilvægt að hafa í huga. Hugmyndin er nútímaleg og hún er að ryðja sér til rúms í sveitarfélögum hér á landi sem og víða í nágrannalöndum okkar vegna þess að hún er í takt við nýja tíma, tíma þar sem menntun barna er höfð að leiðarljósi við þjóðfélagsuppbyggingu í þjóðríkjum um allan heim, og hugmynd af þessu tagi þykir vera þess eðlis að haldgóð menntun og aukin menntun skipti sköpum um velferð þjóða. Það er þess vegna ekki ólíklegt að þau skref sem verið er að stíga á Norðurlöndunum í þessu efni verði á endanum fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir sem eflaust eiga eftir að horfa til þeirra skrefa sem hér er verið að taka.

Í hugum okkar flutningsmanna þessarar tillögu eiga börn rétt á að vera í leikskóla eins og ég sagði áðan og þess vegna er afar brýnt að uppbygging skólakerfisins og menntakerfisins almennt gangi út frá því að börn eigi þess kost að sækja leikskóla, þeim sé gert það kleift. Og eins og vikið hefur verið að í ræðum þeirra þingmanna sem hér hafa talað, þá er Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki að finna upp hjólið í þessum efnum því stefna Félags leikskólakennara gerir ráð fyrir því að öllum börnum sé gefinn kostur á leikskóladvöl og það hefur skilgreint sína stefnu út frá ákveðnum markmiðum og framtíðarmarkmiðið er að sex tíma dvöl í leikskóla verði skilgreint sem nám og hluti af hinu almenna skólakerfi.

Nú þegar er staðan sú að u.þ.b. 90% allra barna á leikskólaaldri er með pláss á leikskóla og maður spyr sig óneitanlega: Hverjir eru þá í hópi þeirra 10% sem ekki nýta sér þjónustu leikskólanna? Um það eru til ýmsar vísbendingar og þar má til að mynda nefna nýja Íslendinga og fólk sem ekki hefur þær ráðstöfunartekjur að það telji sig hafa ráð á að senda börnin sín í leikskóla. Þetta er auðvitað afar alvarleg

staðreynd því það má halda því fram með góðum rökum að sá félagslegi þroski sem börn öðlast við dvöl á leikskóla geti skilið á milli feigs og ófeigs þegar farið verður að stíga erfiðu sporin í grunnskólanum. Þannig að það er kannski hægt að hugsa sér að girt verði fyrir þann félagslega vanda sem börn eiga oft við að etja í grunnskólanum með því að þau eigi kost á leikskóladvöl fyrr á skólastiginu.

Í dag eiga sem sagt níu af hverjum tíu af börnum á Íslandi þess kost að stunda nám í leikskólum landsins. Það yrði foreldrum þessara barna stórkostleg kjarabót að gera leikskólann gjaldfrían. T.d. greiða hjón með tvö börn á leikskóla u.þ.b. 50 þús. kr. á mánuði fyrir börnin tvö og því eru árlegar heildargreiðslur 600 þús. kr. eða tillaga af þessu tagi mundi jafngilda því að launahækkun þessara foreldra yrði u.þ.b. 1 milljón þegar tillit er tekið til skattgreiðslna, ef gengið er út frá því að báðir foreldrar hafi laun yfir skattleysismörkum. Þannig yrði þetta ekki síst kjarabót fyrir hjón eða fólk í sambúð þótt auðvitað yrði þetta líka kjarabót fyrir alla þá sem hafa börn á leikskóla.

Í umræðum um þetta þurfum við líka að hafa í huga að leikskólinn er menntastofnun en ekki félagslegt úrræði fyrir vinnandi fólk eins og getið var um í ræðum á undan. Í leikskólanum fer fram markviss kennsla í gegnum leik og starf þar sem börn eru búin undir frekara nám í grunnskóla. Þau börn sem ekki eiga þess kost að nýta sér það nám sem þar er í boði fara margs á mis eins og ég gat um áðan varðandi félagslegan þroska.

Af þessum ástæðum og öðrum sem tíundaðar hafa verið í þessum umræðum er brýnt að tryggja það að allir hafi jafnan aðgang að leikskólunum óháð efnahag foreldra. Við værum þá mögulega að styrkja einstaklingana í samfélaginu og sjá til þess að grunnurinn undir þroska þeirra sé þannig lagður að þau eigi auðveldara með eða meiri líkur séu á að þau eigi auðveldara með að fóta sig í lífinu þegar fram líða stundir.

Það hefur verið vikið að því hér hvernig Reykjavíkurborg hefur komið sínum málum fyrir í þessum efnum en það er nú þannig að árið 1994 voru einungis 30% rýma í leikskólanum í Reykjavík heilsdagsrými en nú er svo komið að u.þ.b. 80% leikskólarýma í Reykjavík eru orðin heilsdagspláss og það segir auðvitað talsvert til um þörfina en það segir líka talsvert til um hvað við höfum tekið stór skref til framfara í þessum efnum á síðustu árum. Það hefur nánast verið lyft grettistaki í þessum efnum þar sem það þykir orðið sjálfsagt mál að börnin eigi kost á leikskóladvöl a.m.k. frá tveggja ára aldrei hér í Reykjavík og flest sveitarfélög í kringum okkur og vítt og breitt um landið hafa tekið svipaða stefnu og Reykjavík hefur gert og nú leggja sveitarfélög vítt og breitt ofurkapp á það að standa vel að leikskólunum.

Það er nauðsynlegt eins og hér hefur verið getið að ríkisvaldið axli sína ábyrgð í þessum efnum. Þetta er samkvæmt lögum skilgreint fyrsta skólastigið og það er lögum samkvæmt á ábyrgð ríkisvaldsins að þegnarnir njóti menntunar og það er bara þetta skref sem við eigum eftir að stíga, að sjá til þess að ríkisvaldið axli sína ábyrgð á leikskólastiginu á sama hátt og það hefur gert á grunnskólastiginu.

Ég held að hér sé búið að fara yfir flest meginatriðin í þessum efnum og það verður spennandi að sjá hvernig hv. félmn. þingsins fjallar um þetta mál og hvaða viðhorf koma þar fram en ég óska þess sannarlega að þessi tillaga fái öflugt brautargengi í þinginu.

[18:46]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum fyrirtækjum, 33. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 33.

Skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu, 43. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 43.

Skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands, 86. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 86.

[18:47]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Í kosningabaráttunni tók Frjálsl. undir sjónarmið ASÍ sem fram komu í skýrslunni Velferð fyrir alla. Í umræddri skýrslu ASÍ voru leiddar sterkar líkur að því að nokkuð hátt hlutfall barnafólks byggi við kröpp kjör. Tillögur ASÍ voru m.a. fólgnar í að draga úr gjaldtöku vegna skólagöngu barna. Þá voru ýmis dæmi til tekin, m.a. lagt til að dregið yrði úr kostnaði vegna íþróttastarfs til þess að munur á kjörum foreldra bitnaði ekki á börnum.

Í ljósi þess að Frjálsl. tók heils hugar undir stefnu ASÍ í kosningabaráttunni í vor erum við að sjálfsögðu samþykk því að þessi tillaga Vinstri gr. verði vandlega skoðuð, enda er hún í anda tillögu okkar um sérstakan skattafslátt til barnafjölskyldna.

Virðulegi forseti. Á föstudaginn vorum við upplýst um að nóg yrði til af peningum árið 2007, 20 milljarðar. Okkur þykir vel koma til greina að hluta þeirra verði varið til barnafjölskyldna og þess vegna eigi að skoða vandlega hvort ekki komi til greina að styrkja barnafjölskyldur með börn á leikskólum. Mér finnst að hæstv. félmrh. ætti einnig að skoða málið og fara yfir það. Hann gæti híft sig upp á þessu máli en hann hóf starf sitt á að ráðast á atvinnuleysingja og taka af þeim þriggja daga bætur þrátt fyrir að flokksþing Framsfl. hefði samþykkt að hækka atvinnuleysisbætur.

Ég ítreka að það er vel þess virði að skoða þetta mál og við munum veita því brautargengi.

[18:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta þingmál er til marks um forgangsröðun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Formaður flokksins er 1. flm. þessarar þáltill. en jafnframt eru allir þingmenn flokksins meðflytjendur. Þetta var eitt af megináherslumálum okkar í nýafstöðnum alþingiskosningum og er táknrænt að við leggjum fram mál sem miðar að því að styrkja undirstöður fjölskyldunnar.

Eins og hér hefur verið gerð grein fyrir gerir þessi þáltill. ráð fyrir því að skipuð verði nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um átak þeirra og ríkisins í að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum.

Sem betur fer hafa verið stigin nokkur skref til framfara gagnvart fjölskyldufólki á undanförnum árum. Þar er merkast að telja stofnun Fæðingarorlofssjóðs sem ég tel eitt mesta framfaraspor sem stigið hefur verið á liðnum árum. Árangurinn er þegar að koma í ljós. Feður nýta í ríkari mæli en gert hafði verið ráð fyrir rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Þetta tel ég mjög til góðs. Þegar fram líða stundir sé ég fyrir mér að rétturinn til fæðingarorlofs verði lengdur og taki til fyrstu tveggja ára barnsins. Að mínum dómi er mjög vafasamt að reyna að keyra mjög ung börn inn í vinnuferli hinna fullorðnu. Þar þarf sveigjanleika þar sem lítil börn geta ekki unnið átta stunda vinnudag eins og við hin fullorðnu gerum.

Þarna mætti hugsa sér samspil milli lengra fæðingarorlofs og styttingar vinnudagsins.

Hitt framfaramálið sem við viljum vinna að á þessum vettvangi er styrking leikskólans, að styrkja fyrsta skólastigið. Þetta er liður í því. Við viljum ekki einungis horfa á þetta sem kjarabót fyrir barnafjölskylduna, sem það vissulega er. Við lítum einnig á þetta sem lið í að styrkja fyrsta skólastigið.

Við viljum endurskoða tekjustofna ríkis og sveitarfélaga. Það er ljóst að sveitarfélögin munu ekki að óbreyttu rísa fjárhagslega undir því átaki sem við gerum ráð fyrir. Við viljum reyndar framkvæma þetta í áföngum, en við gerum tillögu um að tekjustofnar sveitarfélaganna verði styrktir, m.a. með það fyrir augum að styrkja þetta fyrsta skólastig.

Augljóst er að þetta er mikið kjaramál fyrir fjölskylduna. Fjölskyldur greiða um 30 þús. kr. fyrir leikskólavist barna sinna, iðulega 50–60 þús. kr., fjölskyldur með börn á unga aldri. Fyrir fjölskylduna er mikið hagsmunamál að þessi þáttill. fái jákvæða afgreiðslu í þinginu.

[18:55]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við hv. þingmenn búum við það ánægjulega vandamál að þurfa að taka eftir kyni hæstv. forseta. Það var ekki þannig á síðasta kjörtímabili. Þá gat maður alltaf sagt „herra forseti". Ég ætla að vona að frú forseti sýni mér mildi ef mér skyldi verða á að hrasa á tungunni.

Frú forseti. Við ræðum hér um till. til þál. um gjaldfrjálsa leikskóla. Manni verður hugsað til þess hversu mikil breyting hefur orðið síðustu 30–40 árin í þeim efnum, þar sem börn fara sífellt yngri að heiman „til vinnu", eins og menn hafa sagt, bæði hjá leikskólum og dagmæðrum. Þess eru jafnvel dæmi að börn fari að heiman allt niður í sex mánaða.

Nú veit ég ekki um aðra hv. þingmenn en mín reynsla af uppeldi barna er sú að þau vilji ekki fara að heiman ef þau eru yngri en þriggja ára. Um þriggja ára aldur verður reyndar dálítil breyting á, þá vilja þau fara að skreppa í heimsókn og þá virðist kominn hjá þeim ákveðinn þroski til að takast á við önnur verkefni en þau sem eru innan heimilisins. Mér finnst þess vegna dálítið undarlegt að í þessu frv. er hvergi minnst á litlu börnin — þessi sex mánaða, átta mánaða og eins árs, eins og hálfs árs — en reyndar gat hv. þm. Ögmundur Jónasson um einmitt þetta vandamál í ræðu sinni áðan.

Ég hef séð mörg dæmi þess í leikskólum sem börnin mín hafa sótt að sum börn eru afskaplega ósátt við að fara að heiman, jafnvel allt upp undir þriggja ára aldur og gráta stöðugt, eða grenja eins og kallað er, allan daginn og eru til mikilla leiðinda fyrir starfsfólk leikskólans. Ég held að við þurfum að taka þetta með í reikninginn og ekki tala endilega um mannréttindi til handa börnum. Mér finnst að það þurfi líka að spyrja hvað þau vilja. Ég hugsa að margt barnið mundi frekar vilja vera innan kunnuglegra veggja heimilisins en að fara út í hinn stóra heim, alla vega meðan það er yngra en þriggja ára.

Ég hef velt því fyrir mér, þar sem sveitarfélagið borgar sennilega um 50 þús. kr. með hverju barni, að foreldranir fái ávísun sem því nemur og geti ráðstafað þeim peningum skattfrjálst, eins og er í dag því að þessi hlunnindi eru ekki skattskyld. Þetta er reyndar hugmynd sem Sjálfstfl. hafði í Reykjavíkurborg en var því miður púuð niður, aðallega vegna þess að menn ætluðu að skatta þetta sem þó er skattfrjálst í dag. Foreldrarnir gætu síðan valið hvort þeir vildu senda börnin í leikskóla eða ekki.

Ef maður tekur inn í dæmið samband fæðingarorlofs — sem ég tek undir að er eitt stærsta skref sem stigið hefur verið og þá aðallega til jafnari launa eins og er að koma í ljós með síðustu launakönnunum — foreldraorlofs, sem er heimild foreldra til að taka sér orlof launalaust, og greiðslu sveitarfélags tel ég mig geta reiknað, reyndar lauslega, að hjón með eitt barn gætu verið heima fyrstu þrjú árin, unnið hálfan daginn hvort allan tímann og samt verið nánast eins sett fjárhagslega. Barnið getur verið heima allan tímann fyrstu þrjú árin og ef þetta yrði almennt tekið upp þá minnkaði þörf sveitarfélaga til að útvega leikskóla fyrir þessi ungu börn og biðlistar mundu hverfa hjá eldri börnunum. Þá yrði nægt pláss. Þetta finnst mér þurfa að skoða svo að foreldrar geti valið.

Það er líka þannig að foreldrar sem eiga kannski þrjú börn á leikskólaaldri eru að fá styrk upp á 150 þús. kr. skattfrjálst. Það eru bara ekkert voðalega margir einstaklingar sem hafa þær tekjur eftir skatt. Ég hugsa að margar fjölskyldur og alveg sérstaklega fjölskyldur með lítil börn væru fjárhagslega miklu betur sett með þessa niðurgreiðslu sveitarfélagsins sem ávísun, sem þau geta annaðhvort leyst út eða notað til að greiða fyrir barnið á leikskóla. Menn gætu þá valið leikskóla. Þetta gefur líka möguleika á því að leikskólar yrðu einkavæddir. Sem ég tel mjög þarft.

Með samkeppni milli leikskóla mundi t.d. detta niður hið furðulega fyrirbæri sem rústar reglulega heimilum í landinu, þ.e. starfsdagar og foreldraviðtöl. Menn leyfa sér að loka þessum þjónustustofnunum sem veldur mikilli óreiðu og krefst mikillar skipulagningar hjá barnmörgum fjölskyldum. Oft kemur þetta sitt á hvað hjá börnum á skólaaldri og börnum á leikskólaaldri. Þar er ekkert samband á milli. En ég vil að þetta tilefni verði notað til að menn skoði möguleikann á að taka upp beingreiðslur, styrk sveitarfélagsins sem yrði skattfrjáls samkvæmt lögum og foreldrarnir gætu síðan valið hvort þeir sendu börnin í leikskóla eða ekki. Þetta gæti t.d. gilt upp að 3–4 ára aldri.

Ég tek undir það með mörgum hv. þm. að leikskólinn hefur menntagildi fyrir eldri börnin. Ég fellst ekki á að það gildi um yngstu börnin. Ég held að það sé alltaf best fyrir þau að foreldrarnir ali þau upp.

[19:01]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég hlýt auðvitað að byrja á því að biðjast hér afsökunar og fyrirgefningar á yfirsjón minni, þeirri að sitja fastur í gömlu fari og ávarpa forseta sem um karl væri að ræða, en ég hef það mér til afsökunar, og þó ekki, ekki til afsökunar, en kannski er skýringin sú, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal impraði hér á, að á síðasta kjörtímabili þurftu menn ekki að hugsa um þetta mikið og reyndar allt of sjaldan á þeim 20 árum sem ég hef verið hér. Langoftast hefur ávarpið „herra forseti" átt rétt á sér í bókstaflegum skilningi.

Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið og undirtektir við þessa tillögu. Margt hefur borið á góma í samhengi við hana sem eðlilegt er. Menn hafa rætt um málið sem lið í skólahaldi í landinu, sem lið í jafnrétti, sem kjarabót og síðan hefur talsvert verið rætt um þetta í samhengi við stöðu mála á vinnumarkaði, hvað varðar fæðingarorlof og annað í þeim dúr. Það á allt saman rétt á sér, að sjálfsögðu.

Varðandi gæði þess starfs sem fram fer í leikskólunum og þær gríðarlegu framfarir sem þar hafa orðið á skömmum tíma komu mjög góð sjónarmið fram í umræðunni. Ég held

að það sé ekki ofmælt að þar hafi nánast verið lyft grettistaki á síðustu 10–20 árum, einkum í því hvernig menn nálgast þessa hluti í dag. Það hefur verið virkilega ánægjulegt að kynnast því metnaðarfulla starfi sem þarna er unnið. Ég hygg að margir hv. alþm. þekki til þess af eigin raun eftir að hafa haft börn sín á leikskólum þó að nokkuð sé um liðið síðan flestir voru á aldri til þess að njóta þess sjálfir þó að örugglega séu einhverjir hér sem það hafa gert. Ég get a.m.k. sagt út frá minni reynslu sem foreldris, eftir að hafa haft börn, eitt eða fleiri, á leikskólum samfellt í, hygg ég, ein 16 ár, að reynsla mín er sú að þarna sé unnið frábært starf og hafi verið jafnt og þétt að eflast, sérstaklega sá hlutinn sem lýtur að leikskólanum sem menntastofnun.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér, eins og hér hefur borið á góma, ýmsa áfangaskiptingu í þessu verkefni. Ég nefndi það í framsöguræðu minni að viss tímafjöldi á dag gæti verið liður í því að innleiða þessa kerfisbreytingu í áföngum eins og síðan margir hv. þm. hafa nefnt. Út frá sjónarhóli fræðslu- og uppeldishliðar málsins má sjálfsagt nálgast það þannig að einhver tiltekinn tímafjöldi sé þá fullnægjandi og foreldrarnir geti síðan greitt fyrir afganginn, hvort sem það væru 6 tímar án gjaldtöku og síðan tveir, þrír í viðbót ef svo bæri undir sem menn greiddu þá fyrir. Ef við hins vegar nálgumst málið frá hinni hliðinni og lítum til þeirrar staðreyndar að í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella eru báðir foreldrar útivinnandi og í fullu starfi sjáum við að þar með er 8,5–9 tíma dvöl barnsins á leikskóla eða í einhvers konar annars konar dagvistun einfaldlega sú staðreynd lífsins sem við þurfum að ganga út frá. Við getum rætt og rökrætt um uppeldislegar hliðar málsins og hvað væri æskilegt í hinum fullkomnasta heimi allra heima í þessum efnum, að foreldrar gætu verið mun meira samvistum við börn sín, lengur heima eftir fæðingu o.s.frv., en veruleikinn er sá sem hann er. Og ég held að við verðum að skoða leikskólann út frá því samfélagi sem við finnum okkur í.

Það sem ég mundi sérstaklega telja að þyrfti að þróast er fæðingarorlof, foreldraorlof, bæði lengd þess og sveigjanlegur réttur til töku sem yrði stilltur af í takt við síðan það framboð á leikskóladvöl sem menn sæju fyrir sér og ættu rétt á. Víða í nágrannalöndunum er þetta þannig að fæðingarorlof er a.m.k. eitt ár og réttur til töku þess er mun sveigjanlegri en hann er hér þannig að a.m.k. í Svíþjóð geta menn dreift fæðingarorlofinu að einhverju leyti allt upp að 7 ára aldri barns og m.a. er það hugsað til að auðvelda foreldrum aðlögun í áföngum við að fara út á vinnumarkaðinn að venja börn sín við dvöl á leikskóla og annað í þeim dúr. Mjög gjarnan mætti saman fara þróun þar sem réttur foreldra til gjaldfrjáls leikskólanáms væri aukinn, þar sem fæðingarorlofið lengdist, þar sem sveigjanleiki til töku fæðingarorlofs væri aukinn og síðast en ekki síst auðvitað vinnuvikan stytt. Það er staðreynd sem þýðir ekkert annað en að horfast í augu við eins og er að Ísland sker sig úr í öllum samanburði norrænum á vinnumarkaði hvað varðar miklu lengri vinnuviku hér en nokkurs staðar annars staðar og nemur hann mörgum klukkustundum á viku hverri.

Frú forseti. Einhver ræðumanna fyrr í umræðunni tók svo til orða að þetta mál mundi sækja á og ég tek svo sannarlega undir það. Ég er algerlega sannfærður um að það er aðeins tímaspursmál hvenær þróun í þessa átt sem tillagan gerir ráð fyrir hefst. Það er kannski meira tímaspursmál hvenær þetta fer af stað. Málið mun vinna fyrir sig sjálft og ég held að það sé gleðilegt og gaman þegar við eigum hér erindi í ræðustólinn og notum tímann til þess að ræða einhver þau mál sem við getum vonandi öll verið sammála um að horfa til framfara, fela í sér umbætur, eru uppbygging í velferðarsamfélagi okkar því að allt of oft er það hlutskipti okkar að ræða breytingar í aðra átt, standa hér í einhvers konar vörn fyrir þó það sem áunnist hefur á umliðnum árum vegna þess að auðvitað er líka sótt að ýmsu sem flokkast undir félagsleg réttindi fólks í þessu landi. Því miður er það þannig. Niðurskurðarhnífurinn blikar iðulega á lofti og ýmsar kerfisbreytingar eru líka pólitísks eðlis og a.m.k. ekki endilega þannig að við, sum hver, teljum þær til framfara.

Sem sagt, frú forseti, ég þakka svo þessa umræðu og vona að málið fái brautargengi. Við viljum sýna okkar einbeitta vilja í þeim efnum, m.a. með því að hafa þetta okkar fyrsta þingmál á þessum vetri þannig að varla verði þá borið við tímaskorti og málið fái ekki framgang, heldur komist til umsagnar og ég er sannfærður um að þær munu vinna með málinu. Við finnum mjög víða að það mætir skilningi og fyrir því er mikill hljómgrunnur að tekin verði skref í þessa átt.

[19:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat þess að sá veruleiki sem við værum með í því þjóðfélagi sem við lifðum í væri að allt fólk ynni almennt úti, báðir foreldrar. Ég vil benda hv. þingmanni á að Alþingi mótar samfélagið sem við lifum í og t.d. hefur ákvörðun um fæðingarorlofið haft gífurleg áhrif á samfélagið. Nú taka karlmenn í síauknum mæli fæðingarorlof sem þeir gerðu ekki áður og það er mikil breyting sem hefur valdið t.d. því að launamisrétti er að minnka á landsvísu, ekki bara hjá VR, og það hefur sem sagt breytt þjóðfélaginu.

Auk þess er vaxandi skilningur hjá atvinnulífinu á fjölskylduhögum starfsmannanna þannig að fyrirtæki eru í síauknum mæli að taka tillit til fjölskylduhags starfsmanna. Ég get alveg séð fyrir mér að atvinnulífið í framtíðinni byði upp á það að fólk ynni meira hálfan daginn, faðirinn fyrir hádegi, móðirin eftir hádegi o.s.frv. Þetta kostaði auðvitað skipulagsbreytingu en þá gætu þau nefnilega tekið fæðingarorlofið saman, hálft fæðingarorlofið hvort. Það er nefnilega heimild fyrir því í lögunum. Líka fyrir foreldraorlofi og ef til kæmu greiðslur sem samsvara niðurgreiðslum á barnaheimilunum sem sveitarfélögin inna af hendi í dag, skattfrjálst, gerðist það að þau gætu verið fyrstu þrjú árin heima hjá barninu. Ég held að það yrði barninu mjög til góða. Það er ekkert sniðugt að vera 9 mánaða og vera sendur út í heim til dagmóður eða á leikskóla. Maður er ekki nógu gamall til þess.

[19:11]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að auðvitað hefur Alþingi og löggjafinn ýmis áhrif á mótun samfélagsins með sinni laga- og reglusetningu, með fjárveitingavaldinu og því hvernig tekna er aflað og gæðunum skipt. Þetta mál er auðvitað talandi dæmi um það. Að sjálfsögðu erum við að flytja þingmál sem við trúum að hafi jákvæð áhrif á samfélagið. Við teljum að það geri samfélagið fjölskylduvænna. Við teljum að þetta sé allt í senn, eins og hér hefur komið fram, uppeldislegt og menntunarlegt framfaramál, kjarabót til handa þeim fjölskyldum í landinu sem þarf að búa betur að og þetta sé liður í auknu jafnrétti og jöfnuði í samfélaginu. Ég held að við getum öll verið

sammála um það að við vildum gjarnan sveigjanlegra ástand hér í landinu þannig að foreldrar gætu, eftir því sem þau sjálf vilja og kjósa, eytt meiri tíma með börnum sínum, hvort sem það gerist í formi hlutastarfa framan af á meðan verið er að sinna barnauppeldi, að þau geti verið lengur heima eftir fæðingu eða að það gerist einfaldlega á lengri tíma með styttri vinnuviku sem væri auðvitað mjög æskilegt. Það er enginn vafi á því að hin langa vinnuvika hér og þessi harða keyrsla á það að báðir foreldrar, þó að við tölum bara um þær fjölskyldur sem þar eiga í hlut, ekki bara fari út að vinna strax eftir að lágmarksfæðingarorlofstímanum lýkur heldur vinni fullan og mjög langan vinnudag. Sá er veruleikinn. Og ef leikskólinn er ekki til staðar með sín úrræði eins og ástandið er í dag er langlíklegast að börnunum sé þá komið fyrir með einhverjum öðrum hætti hjá dagmæðrum eða jafnvel að þau séu keyrð endanna á milli til að koma þeim í dvöl hjá ættingjum eða eitthvað annað í þeim dúr. Þá held ég að það að menn eigi kost á og rétt á gjaldfrjálsri leikskóladvöl sé tvímælalaust mikið framfaraspor samanborið við það sem við stöndum frammi fyrir í dag og ég tel að hafi komið rækilega fram í þessari umræðu og í undirtektum þeirra hv. þm. sem hafa tekið jákvætt í tillöguna.

[19:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að samfélagið og atvinnulífið sé miklu sveigjanlegra en hv. þm. gerir ráð fyrir. Það er bæði hægt að skipta vinnu milli fólks með hlutastörfum og það er líka hægt að taka upp fjarvinnslu í auknum mæli. Foreldrar gætu unnið heima jafnframt því að gæta barns sem sefur meiri hluta dagsins, ungbarn t.d., og það mætti líka gera leikskólana miklu sveigjanlegri en þeir eru í dag. Þeir eru nefnilega mjög ósveigjanlegir. Af hverju skyldu þeir líka vera sveigjanlegir? Þeir hafa jú enga samkeppni. Ef leikskólinn væri einkavæddur eins og mögulegt væri, ef foreldrarnir fengju ávísun og gætu valið sér leikskóla, sérstaklega í stærri byggðakjörnum, yrði leikskólinn að sinna þessum viðskiptavinum sínum, sem eru foreldrarnir, í staðinn fyrir að loka bara eins og þeir gera í dag. Mörg önnur dæmi eru um ósveigjanleika leikskólanna.

Við þurfum líka að skoða nám foreldra því að margir foreldrar eru í námi. Það er sem sagt spurningin um að bæði menntakerfið, þ.e. öll framhaldsmenntun, og atvinnulífið taki upp miklu meiri sveigjanleika og taki meira tillit til fjölskylduhags starfsmanna sinna eða nemenda þannig að við gætum komið upp manneskjulegra kerfi og þyrftum ekki að senda pínulítil börn að heiman.

[19:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki þannig, að mínu mati, að við höfum verið að rökræða um það hvort við séum með eða á móti því að senda ung börn að heiman. Það er rétt og skylt að taka umræður um það hvernig við teljum að samfélagið væri best og hvernig við viljum sjá það þróast, en ég held að við hljótum alltaf að þurfa að horfast í augu við veruleikann eins og hann er. Mannlegt samfélag er ekki þannig og eitt stykki þjóðfélag, að því verði svipt til með farsælum hætti út frá hugmyndum okkar um hvernig það ætti að vera, svona en ekki hinsegin.

Veruleikinn er sá að afkoma allra venjulegra heimila í landinu leyfir ekkert annað en það að foreldrarnir vinni baki brotnu. Úr því að það gildir um kjarnafjölskylduna, gift fólk og sambúðarfólk, hvað þá um einstæðu foreldrana? Svona er veruleikinn, hv. þm. Pétur Blöndal, og ég get ekki deilt þeirri skoðun að mönnum séu allir vegir færir af því að þetta sé svo sveigjanlegt og það séu fjarvinnslumöguleikar eða hvað það nú er. Ég held að það sé ekki þannig í veruleikanum, því miður.

Það er hins vegar hlutur sem við eigum að berjast fyrir og reyna að breyta að sjálfsögðu. Þar held ég, og nefni það enn einu sinni, að stytting vinnuvikunnar, án þess að það komi niður á kjörum fólks, sé þessi snara í hengds manns húsi sem eiginlega enginn þorir orðið að nefna á Íslandi í dag. Hér hefur þróunin verið í öfuga átt borið saman við það sem verið hefur í flestum nágrannalöndum. Vinnuvikan hefur verið að styttast, nema hér, þar sem hún hefur heldur lengst ef eitthvað er, ef við lítum til nokkurra ára meðaltals.

Ég tel nú að leikskólinn reyni að vera eins sveigjanlegur og mæta þörfum foreldranna eins og hann getur og ég er ósammála þeirri gagnrýni sem hv. þm. setti hér fram um leikskólann, mér finnst hún ekki alveg sanngjörn. Foreldrar geta t.d. valið þann tíma sem börnin eru í leikskólanum, mælt í hálfum klukkustundum. Menn hafa val um það hvort börnin fái fæði í leikskólanum o.s.frv. Þannig að það er reynt, innan þeirra marka sem ég held að aðstæður leikskólanna bjóði þeim, að hafa þetta kerfi eins sveigjanlegt og gott og kostur er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 19:19.

---

5. FUNDUR

þriðjudaginn 7. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aldarafmæli heimastjórnar, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 87. mál, þskj. 87. — 1. umr.
4. Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., stjfrv., 90. mál, þskj. 90. — 1. umr.
5. Tryggingagjald, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 88. mál, þskj. 88. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum um tvö fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um Ísland og þróunarlöndin. Málshefjandi er hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir en til andsvara verður hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Efling félagslegs forvarnastarfs, 35. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 35.

Gjald af áfengi og tóbaki, 36. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 36.

Stofnun stjórnsýsluskóla, 24. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 24.

Aldarafmæli heimastjórnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, EKG, EOK, EMS, GHj, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JÁ, JGunn, JónK, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SigurlS, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (SÞorg*) greiddi ekki atkv.

31 þm. (ÁMM, BJJ, DO, DrH, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Gjaldfrjáls leikskóli, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Ísland og þróunarlöndin.

[13:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. „Ísland og þróunarlöndin" er yfirskrift álitsgerðar um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana sem unnin var fyrir utanrrh. og gefin út 1. september sl. Hér er á ferðinni vönduð álitsgerð sem getur komið að gagni við stefnumótun og framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands á næstu árum ef rétt er á haldið. Því er fyllsta ástæða til þess að ræða hana hér á hinu háa Alþingi.

Af þessu tilefni er vert að rifja upp að þrír áratugir eru síðan aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu að iðnríkin skyldu veita sem næmi 0,7% af landsframleiðslu til opinberrar þróunaraðstoðar. Á þessu ári munu framlög Íslands til þróunarsamvinnu nema 0,16% af landsframleiðslu og hafa því þokast í rétta átt frá árinu 1999 þegar þau námu einungis 0,09% af þjóðarframleiðslu.

En það verður að segjast eins og er, herra forseti, að hækkun framlaga hefur hreyfst með hraða snigilsins á liðnum árum og áratugum og enn eigum við langt í land með að ná markmiðum þeim sem við undirgengumst sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Í ljósi þess að Ísland hefur um árabil vermt efstu sæti lista yfir ríkidæmi og velsæld jafnt hjá OECD og Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna blasir við að hægt er að gera betur, svo miklu betur.

Í sjálfu sér væri hægt að lýsa því í löngu máli hvernig til hefur tekist með íslenska þróunarsamvinnu og ekki síður að eyða orku sinni í að leita að sökudólgum vegna lélegrar frammistöðu okkar á þessum vettvangi.

Hina pólitísku ábyrgð á slakri frammistöðu Íslands bera í raun allir stjórnmálaflokkar sem setið hafa í ríkisstjórn sl. 30 ár. En nú er meira um vert að horfa fram á veginn og ræða hvernig löggjafinn vill að þessum málum verði skipað til framtíðar. Samfylkingin vill að aukning framlaga til þróunarsamvinnu við fátæk ríki haldist í hendur við pólitísk markmið Íslands á alþjóðlegum vettvangi og utanríkisstefnu okkar í heild sinni. Með hækkandi framlögum aukast umsvif stofnana á borð við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og mun fleiri tækifæri gefast til þess að taka þátt í marghliða aðstoð eins og hún er kölluð, t.d. með samvinnu við frjáls félagasamtök, bæði innlend og erlend. Ísland hefur samþykkt þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þar með samþykkt að vinna að þeim ásamt öðrum ríkjum og varla verður það gert nema þau séu höfð að leiðarljósi við val samstarfsverkefna við fátæk ríki.

Ríkjum heims er ætlað að ná þúsaldarmarkmiðunum fyrir árið 2015. Þau miða að því að eyða fátækt og hungri, m.a. með því að draga úr hrikalegri misskiptingu tekna í heiminum, efla menntun barna, bæta heilsufar kvenna og vinna að jafnrétti kynjanna. Í dag sýnist árið 2015 e.t.v. langt undan en í raun er lítill tími til stefnu, ekki bara fyrir okkur hér heldur fyrir þorra mannkyns. Við verðum að eiga svör við því með hvaða hætti Ísland ætlar að leggja sín lóð á vogarskálarnar til þess að draga úr dánartíðni barna, bæta heilsufar kvenna og lækka dánartíðni þeirra vegna barnsburðar. Og hvernig ætlum við að berjast gegn útbreiðslu alnæmis, malaríu og berkla? Stefnumótun á sviði þróunarsamvinnu þarf að taka á þessum stóru og lífsnauðsynlegu verkefnum.

Álitsgerðin sem hér um ræðir er m.a. tæki til þess að leggja mat á þróunarsamvinnu Íslands hingað til og marka stefnuna. Höfundar hennar leggja það til að stuðningur við ýmsar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna verði aukinn með megináherslu á Matvæla-, þróunar- og landbúnaðarstofnunina. Þá er lagt til að efla starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi, einnig stuðning okkar við skuldaniðurfellingu fátækustu ríkja heims og brýnt fyrir stjórnvöldum að fresta ekki frekar aðild Íslands að Alþjóðaumhverfissjóðnum.

Virðulegi forseti. Í stuttri ræðu gefst ekki tækifæri til þess að fara ítarlega í efni máls en vonandi gefst tækifæri til þess í umræðum um utanríkismál í vetur. Á þessari stundu er hins vegar mikilvægt að hæstv. utanrrh. greini þingheimi frá því hvernig hann hyggist nýta sér niðurstöður álitsgerðarinnar.

Styður hæstv. utanrrh. tillögur höfundanna? Hyggst hann gera þær að sínum og hrinda þeim í framkvæmd? Og síðast en ekki síst, hæstv. forseti, hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að framlög til þróunarsamvinnu verði tvöfölduð á næstu þremur árum eins og lagt er til í álitsgerðinni?

[13:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál til umræðu á Alþingi. Að mínu mati er mjög mikilvægt að þessi mál séu rædd á vettvangi Alþingis og það var einmitt hugmyndin með þessari skýrslu, að birta hana þannig að hún kæmi til opinberrar umræðu áður en við legðum fram tillögur okkar um það hvernig yrði unnið að málinu í framtíðinni. Það er mín skoðun að á komandi árum verði þátttaka Íslands í alþjóðlegu þróunarstarfi einn helsti lykilþátturinn í íslenskri utanríkisstefnu. Ísland er ein af ríkustu þjóðum heims. Við höfum skyldur á þessum vettvangi og okkur ber að leggja af mörkum til fátækustu þjóða heims. Okkur ber að axla okkar ábyrgð í þessum efnum eins og allar aðrar þjóðir, hvort sem það er tvíhliða eða í marghliða samhengi.

Núverandi ríkisstjórn hefur tekið þróunarsamvinnuna föstum tökum. Á árinu 1997 var gerð skýrsla um þessi mál þar sem sett voru fram markmið um það hvernig við ættum að vinna að þeim og við settum okkur það mark að þróunarframlög til þróunarsamvinnu færu úr u.þ.b. 0,10% af landsframleiðslu eins og þá var í 0,15% árið 2003. Við þetta hefur verið staðið því að nýjustu útreikningar sýna að á árinu 2003 bendi allt til þess að framlög til þróunarsamvinnu af okkar hálfu verði 0,17% á árinu 2003 þannig að það hefur smátt og smátt farið upp á við og nálgast nú hratt og örugglega 0,2%. Það er vissulega langt undir því sem gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndunum en við höfum verið að mjakast upp á við.

Það verður að hafa í huga í sambandi við þessi mál að þróunaraðstoð er flókið mál og við Íslendingar höfum verið að stíga okkar fyrstu skref á þessum vettvangi, bæði á sviði þróunarsamvinnu og jafnframt á sviði friðargæslu, og við höfum smátt og smátt öðlast reynslu í þessum málaflokki. Það hefur verið eitt helsta vandamál þróunaraðstoðar í heiminum á undanförnum árum að lítill undirbúningur hefur verið á bak við verkefnin. Við höfum lagt okkur fram um það, Íslendingar, að skipuleggja þessi mál vel og reyna að ná fram verkefnum sem gætu tryggt langvarandi árangur. Það þýðir gott skipulag og við höfum lagt á það áherslu að þetta sé gert á forsendum móttökulandsins en ekki á forsendum stuðningslandsins. Það hefur allt of mikið verið um það í þróunaraðstoð að hún hefur verið á forsendum þess lands sem veitir stuðninginn en ekki á forsendum þess lands sem tekur á móti. Við höfum lagt mikið upp úr þessu.

Ég vil líka segja í sambandi við önnur mál að við höfum verið að efla utanrrn. á þessu sviði. Við höfum unnið að því að efla sérstaka skrifstofu innan ráðuneytisins og þá ekki síst í tengslum við þá staðreynd að við erum að taka við ábyrgðarstarfi á vettvangi Alþjóðabankans þar sem Þorsteinn Ingólfsson sendiherra hefur nýlega tekið við störfum. Þar berum við ábyrgð gagnvart öllum hinum Norðurlöndunum og baltnesku ríkjunum líka sem hefur gert það að verkum að við höfum orðið að fjölga starfsfólki og við ætlum okkur að nýta þetta tækifæri sem vísi að eflingu þróunarsamstarfsins innan ráðuneytisins í framtíðinni.

Það er líka rétt að nefna það að 18. september sl. gerðumst við aðilar að Þróunaraðstoðarnefnd OECD. Ég vil að lokum segja það varðandi spurningar hv. þingmanns að þessi skýrsla er komin fram að mínu frumkvæði. Ég hef ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvaða tillögur við munum setja fram á grundvelli hennar. Það munum við gera á næstunni en við viljum hlusta á þau sjónarmið sem koma fram á Alþingi og við munum í tillögugerðinni m.a. taka mið af þeim sjónarmiðum sem hér koma fram.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Frammistaða Íslands hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu hefur lengi verið til skammar. Við höfum lengst af deilt sæti í skammarkróknum með Bandaríkjunum sem þau velmegunarríki innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem lægstu hlutfalli þjóðartekna verja til opinberrar þróunaraðstoðar. Þetta hlutfall hefur lengst af verið um 0,1% af þjóðartekjum og er það enn þá ef frá eru talin þau útgjöld sem fyrst og fremst hafa bæst við á síðustu missirum vegna ráðningar á Íslendingum til starfa í svokallaðri friðargæslu. Það má því sannarlega deila um það hvort markmið samþykktar ríkisstjórnar frá 1997 hafi staðist nema menn fallist á þá reikningsaðferð sem hér er viðhöfð, að hækka hlutfallið með því að telja þróunarsamvinnu til tekna öll þau útgjöld sem tengjast Íslensku friðargæslunni.

Staða Íslands í þessu efni stingur sérstaklega í augu í ljósi þess að það eru einkum hin Norðurlöndin, Noregur, Danmörk og Svíþjóð, og lönd eins og Holland sem standa sig vel í þessum efnum og hafa uppfyllt markmið Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur algera sérstöðu ef það er borið saman við löndin í næsta nágrenni okkar sem við þó gjarnan viljum líkjast og teljast samanburðarhæf við. Tillögur í nýrri skýrslu eru að sjálfsögðu í rétta átt en þær hefðu að mínu mati þurft að vera mun metnaðarfyllri. Það má líka minna á það að Ísland getur lagt ýmislegt af mörkum, ekki bara með því að auka fjárframlög sín heldur einnig með því að reka uppbyggilega pólitík í málefnum þróunarlanda almennt, t.d. berjast á alþjóðavettvangi fyrir niðurfellingu skulda og annað í þeim dúr. Þetta snýst líka um pólitík, ekki bara peninga.

Framlög Íslands í þessum efnum hafa verið tengd við væntanlegt framboð okkar til sætis í öryggisráðinu. Hæstv. utanrrh. hefur tekið því illa og talið að menn væru þar að leiða að því líkum að við ætluðum að auka þessa aðstoð til þess að kaupa okkur atkvæði. Það hefur engum manni dottið í hug nema hæstv. utanrrh. sjálfum. Hitt er annað mál að þessi bága frammistaða er dæmd til þess að lenda í þessu sviðsljósi og það verður hæstv. utanrrh. að þola.

[13:46]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mikil hagsæld hefur ríkt á Íslandi undanfarinn áratug. Árið 1997 setti ríkisstjórnin sér metnaðarfull markmið um að framlag Íslands til þróunarmála mundi nema 0,15% af vergri landsframleiðslu árið 2003. Það markmið hefur náðst.

Markmiðin sem við settum okkur fyrir 30 árum voru metnaðarfull en spurning er hvort þau hafi verið raunhæf. Forsenda þess að geta stutt myndarlega við þróunarmál í heiminum er að hagkerfi okkar sé í góðu jafnvægi og íslenskum þegnum tryggð sú þjónusta og velferð sem íslenska ríkið er skuldbundið til að veita þeim.

Á uppgangstímum undanfarinna ára hefur íslenska ríkið lagt meira til þróunarmála en áður. Á árunum 1999–2003 hafa framlög Íslands aukist um tæp 78% eða úr 0,09% í

0,16% af vergri landsframleiðslu. Örugg hagstjórn undanfarin ár hefur skapað svigrúm til að auka framlög okkar. Það höfum við gert. Breytingar sem þessar verða svo sannarlega ekki á einni nóttu en skýrslan sem hér hefur verið rædd er mjög vönduð og felur í sér athyglisverðar tillögur.

Hæstv. forseti. Stofnun Íslensku friðargæslunnar var mikið framfaraspor og þátttaka Íslands í uppbyggingu í stríðshrjáðum löndum er okkur til sóma. Þar hefur sérþekking Íslendinga skilað miklum árangri. Fjárframlög Íslands til þróunarmála vega e.t.v. ekki þungt í krónum talið á alþjóðavettvangi vegna smæðar hagkerfisins samanborið við framlög stærri ríkja. Við þurfum því að einbeita okkur meira að einstökum verkefnum sem eru vænleg til árangurs til að nýta fjármunina sem best. Það er ekki nóg að einblína á þá fjárhæð sem einstök ríki leggja til heldur þarf að skoða hvað fæst fyrir þá upphæð. Vel skilgreind og hnitmiðuð verkefni skila árangri.

Íslendingar hafa fullan skilning á því að fátæk ríki veraldar þurfa á aðstoð að halda og nú hyggst ríkisstjórn Íslands beita sér enn frekar í þeim efnum. Það er vissulega ánægjuefni.

[13:49]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil koma með ábendingu til utanrrh. um verkefni í þróunarhjálp. Ísland getur lagt sitt af mörkum og aðstoðað við þróunarhjálp heyrnarlausra og annað sem snýr að málefnum fatlaðra í þróunarlöndum. Sérstaklega mætti skoða þessa málaflokka í Írak og Afganistan, svo einhver lönd séu tekin sem dæmi.

Landssamtök heyrnarlausra á Norðurlöndum hafa í mörg ár átt samvinnu við þróunarsamvinnustofnanir í sínum löndum og sinnt málefnum heyrnarlausra í þróunarlöndum, t.d. komið upp skólum fyrir heyrnarlausra, blinda og aðra hópa fatlaðra.

Ég vil bara góðfúslega fá að benda á þetta sem hentug verkefni í þessari umræðu því þróunarhjálp hvers konar má skoða í víðara samhengi en því að kenna Afríkumönnum fiskveiðar.

[13:50]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Það er rétt að vekja athygli á að með framboði okkar til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna erum við að fara á alþjóðavettvang, ekki vettvang Norðurlanda, Evrópuríkja eða Vesturlanda, heldur alþjóðavettvang. Þegar við höfum sett okkur í þetta framboð þá höfum við þar með beint kastljósi að utanríkisstefnu okkar á alþjóðavettvangi.

Meiri hluti hinna Sameinuðu þjóða, þróunarríkin, horfa sérstaklega á tvennt í því sambandi. Annars vegar líta þau á framlög okkar til þróunaraðstoðar, á skipulag okkar og grunnhugsun á því sviði. Nú er staðan sú að við erum sérstök undantekning í hópi iðnríkja. Hins vegar skoða menn tillögur okkar um framtíðarskipan í alþjóðaviðskiptum og framlag okkar í því efni. En í síðustu lotu í Cancún vorum við einmitt í hópi þeirra iðnríkja sem mesta vilja verndina og þverast standa í vegi þróunarríkja til bærilegrar framtíðar.

Spurningin sem við eigum að spyrja okkur er auðvitað ekki hvort menn ætli sér að kaupa atkvæði eða selja á alþjóðavettvangi heldur ósköp einfaldlega sú sem stjórnmálamenn hljóta að standa frammi fyrir þegar þeir hafa lýst yfir framboði: Af hverju ættu kjósendurnir að kjósa þá? Af hverju ættu þróunarlöndin að styðja framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna? Það verður fróðlegt að heyra í hæstv. utanrrh. um það efni.

Við getum að sumu leyti litið á þetta framboð eins og sögu Sigurðar Nordals um ferðina sem aldrei var farin. Það skiptir að lokum ekki öllu máli hvort við náum að setjast í öryggisráðið ef við náum að aga utanríkisstefnu okkar og frammistöðu á alþjóðavettvangi við þau áhrif og ábyrgð sem við sækjumst eftir.

[13:52]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var það árið 1985 sem það stefnumið var samþykkt hér á Alþingi varðandi aðstoð Íslands við þróunarlöndin að opinber framlög Íslands skyldu nema 0,7% af landsframleiðslu. Það er í samræmi við stefnumótun Sameinuðu þjóðanna.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur verið unnið að því að auka framlög Íslands til þróunaraðstoðar og hefur því verki miðað ágætlega. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut en jafnframt að hafa í huga að þetta er verkefni sem þarf töluvert átak og er í stöðugri þróun. Það er mikilvægt að skilgreina vel og undirbúa þau verkefni sem við tökum þátt í til að sem bestur árangur náist.

Ef litið er örlítið aftur í tímann má segja að þróunaraðstoð okkar hafi tekið stakkaskiptum frá árinu 1997. Þróunarsamvinnustofnun hefur t.d. eflst til muna á þessu tímabili en stofnunin annast mörg ágæt verkefni sem fela í sér markvissa þróunaraðstoð við vanþróaðar þjóðir og hefur náðst góður árangur í þeim. Í þessu sambandi má einnig nefna hina svokölluðu „borgaralegu friðargæslu" sem við tökum þátt í, m.a. í fyrrverandi ríkjum Júgóslavíu. Þar leggjum við til töluverða fjármuni.

En, herra forseti, vegna umræðunnar um framboð Íslands til öryggisráðisins sem hér hefur farið fram legg ég áherslu á að við eigum ekki að blanda saman því framboði okkar og framlögum til þróunarlanda. Við erum rík og siðmenntuð og okkur ber skylda til að rækja hlutverk okkar í samfélagi þjóðanna. Það gerum við t.d. með því að styðja við bágstaddar þjóðir enda þekkjum við vel hvað það er að komast frá fátækt til bjargálna. En við erum ekki að styðja þróunarlöndin til að komast í öryggisráðið, öðru nær.

Þróunaraðstoð er göfugt verkefni sem við viljum taka þátt í og leggja okkar af mörkum til hagsbóta fyrir þá meðbræður okkar sem þurfa á aðstoð að halda.

[13:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er niðurlægjandi að þurfa að standa í þessum sal, við fulltrúar einnar ríkustu þjóðar í allri veröldinni, og hlusta á stjórnarliða segjast hafa hækkað framlögin til þróunarlanda úr 0,09% í 0,16%. Þetta er svo snautlegt. Það er svo lítið sem við þurfum til að taka af skarið og forgangsraða í þágu þróunarhjálpar, því ærinn er vandinn.

Vandamálið er svo risavaxið að manni rennur það til rifja að lesa skýrslu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá því í sumar. Þar kemur í ljós að á síðasta áratug aldarinnar sem nú er nýliðin versnaði ástandið í þróunarlöndunum. Bilið á milli ríkra og fátækra þjóða verður þannig stöðugt meira.

Á tíunda áratugnum þurfti 21 ríki í veröldinni að þola verri lífskjör en árið 1990. Það er mikill munur frá áratugnum þar áður. Einungis fjögur ríki máttu þola versnandi kjör á níunda áratugnum. Ef við skoðum tekjur fólks kemur í ljós að á síðustu tíu árum síðustu aldar lækkuðu tekjur í 54

löndum. Miðað við þessar niðurstöður verður það ekki fyrr en árið 2147 sem þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verður náð. Ekki 2015, eins og þjóðarleiðtogar þykjast þó ætla að reyna að ná.

Við sjáum að vandamálið er risavaxið og þess vegna verður að taka miklu stærri skref en ríkisstjórn Íslands er að taka í dag. Við erum ein af ríkustu þjóðum veraldarinnar og höfum efni á að forgangsraða í þágu þróunarhjálpar. Ég skora á ríkisstjórn Íslands að gera það.

[13:56]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Það er ekki ágreiningur um það í þessum sal að aðstoð við fátækustu þjóðir heims sé bæði siðferðislega rétt og skynsamleg út frá efnhagslegu og pólitísku sjónarmiði. Sú skýrsla sem hér er til umræðu er afar vönduð og merkt innlegg í þá umræðu sem fara þarf fram hér á Alþingi um aðstoð okkar í þróunarmálum.

Við þessa umræðu er full ástæða til að vekja athygli á því sem fram hefur komið, að fyrir sex árum setti ríkisstjórn Íslands sér raunhæf en um leið metnaðarfull markmið í þessum efnum. Þau markmið hafa náðst. Aukningin á framlögum Íslendinga til þróunarmála á undanförnum sex árum, úr 0,09 í 0,16%, er umtalsverð. Þetta er mesta aukningin á framlögum okkar til þessa málaflokks í sögunni. Við eigum ekki að gera lítið úr þeim árangri. Þessi árangur sýnir að ríkisstjórnin hefur vilja til að taka þá þessum málum og sinna þróunaraðstoð af meiri krafti en áður var.

Auðvitað á ekki bara að spyrja um krónur og aura í þessu sambandi heldur líka hvernig sá árangur sem að er stefnt kemur fram. Það hefur náðst meiri árangur í þessum efnum. Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar hefur skilað meiri árangri. Aukin reynsla fylgir þeim verkefnum sem unnin hafa verið. Það og aukin áhersla utanrrn. á þessi mál gefur okkur vonir um að betri árangur náist á næstu árum.

Hér hefur verið vikið að öðrum þáttum sem snerta tengslin við þróunarlöndin, t.d. viðskiptum við þróunarlöndin. Að mínu mati er engin ástæða til að gera lítið úr því að sem frjálsust viðskipti og aukin efnahagsleg tengsl við þróunarlöndin hljóti til langs tíma að vera áhrifaríkasta leiðin til að skila þeim meiri hagsæld.

[13:59]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu komu leiðtogar heimsins saman árið 2000 og ákváðu að setja sér mælanleg markmið til að berjast gegn fátækt, hungri, kynjamisrétti og síðast en ekki síst eyðileggingu umhverfisins. Þessi markmið voru kölluð þúsaldarmarkmiðin og þeim átti að ná fram fyrir árið 2015.

Þrátt fyrir að eitthvað hafi þokast í átt til þeirra þá er staðreyndin sú að rúmlega milljarður manna þarf að lifa á innan við einum bandaríkjadal á dag. Þróunaraðstoð dugir hins vegar ekki ein og sér til að ná fram áðurnefndum markmiðum heldur er nauðsynlegt fyrir þróunarríkin að fá betri aðgang að mörkuðum.

En hvað leggur Ísland til þess að þúsaldarmarkmiðin náist? Jú, ein ríkasta þjóðin leggur fram um 0,16% af landsframleiðslu sinni á meðan Danir leggja fram 1% af þjóðarframleiðslu sinni.

Í Mósambík, einu fátækasta ríki heims þar sem 20% deyja áður en þeir ná 5 ára aldri, verja Íslendingar um 1 millj. bandaríkjadala á meðan Danir verja um 50 millj. bandaríkjadala. Ekki er að sjá að þetta hafi slæm áhrif á efnahag Dana. Mörg dönsk fyrirtæki hafa hag af þessari aðstoð vegna þess að þau geta selt framleiðslu sína í tengslum við þróunaraðstoðina.

Það jákvæða sem gerst hefur á Íslandi undanfarin ár er hins vegar nýlegt samkomulag ASÍ um þróunarsamvinnu. Þeir hafa lagt til að um 0,7% af ársinnkomu sinni renni til þróunaraðstoðar. Það á að renna í verkefni í tengslum við ólæsi fullorðinna og öryggi verkamanna í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnunina.

Ísland hefur margt fram að færa til alþjóðasamfélagsins, bæði efnahagslega og einnig þau gildi sem við teljum sjálfsögð, svo sem lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum.

[14:01]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að hreyfa þessum mjög svo mikilvægu málum. Þróunarhjálp og þróunarsamvinna, aðstoð ríkra þjóða gagnvart þeim sem eru fátækari eru ekki bara orð á blaði, ekki bara eingöngu útsettir fjármunir, ekki magnyl til að sefa slæma samvisku okkar sem betur mega sín. Það er ekki síður spurning um lífssýn, spurning um pólitískar áherslur, um jöfnuð og réttlæti.

Við Íslendingar viljum gjarnan vera fullgildir í samfélagi þjóðanna og í samvinnu á alþjóðlegum vettvangi. Það erum við svo sannarlega ekki þegar kemur að þessum málaflokki, því miður. Við þurfum því að taka okkur myndarlega á, gera meira með markvissari hætti, hraðar og með ákveðnari skrefum og við getum það og eigum að gera það.

Við liggjum eins og hér hefur komið skýrt fram langt undir viðmiðunarmörkum Sameinuðu þjóðanna og öllum öðrum viðmiðunum. Það er nauðsynlegt að tala skýrt í þessum efnum og taka klár og kvitt skref. Það stendur ekki á okkur jafnaðarmönnum í þessum efnum. Það vil ég láta koma hér skýrt fram og í fyrirspurn málshefjanda gagnvart hæstv. utanrrh. var spurt með mjög einföldum og skýrum hætti hvort hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin stefndi á það að tvöfalda þessi framlög á næstu þremur árum. Við styðjum slíka stefnumörkun. Það skal vera alveg skýrt hér. Spurningin er hvort ríkisstjórnin ætlar að gera slíkt hið sama. Þó að við leiðum auðvitað ekki til lykta stór og viðamikil siðferðileg álitaefni og pólitísk álitaefni í stuttri hálftímaumræðu, þá er þó mikilvægt að hún skilji eitthvað eftir sig og því árétta ég þá spurningu hvort hæstv. utanrrh. ætli að vera með í okkar liði í þeim efnum að tvöfalda framlög til þessara mikilvægu mála.

[14:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim samhljóm sem verið hefur í þessari umræðu í dag og tek undir með hæstv. utanrrh. að þróunarsamvinnan og þróunaraðstoðin sem slík er flókin, hún er margþætt í eðli sínu og hún er til langs tíma og því skiptir það þeim mun meira máli að vanda undirbúninginn og sinna verkefnum sem skila raunverulegum árangri til langs tíma, verkefnum sem standa í fimm eða tíu ár, jafnvel lengur. Þegar við tölum um að bólusetja öll börn í suðurhluta Afríku, kenna öllum konum að lesa, sjá til þess að allir hafi aðgang að hreinu vatni, þá eru það auðvitað verkefni sem taka mörg ár, en þau eru ekki óleysanleg, herra forseti. Það er því mjög mikilvægt að við leggjum okkar lóð á vogarskálarnar til þess að finna út úr því hvernig við ætlum að leysa þessi verkefni með þúsaldarmarkmiðin að leiðarljósi að sjálfsögðu og síðan

þau pólitísku markmið sem við Íslendingar setjum okkur og við hv. þm. setjum okkur í þessum sal. Þess vegna er mjög mikilvægt að sú umræða fari fram hér og nú, ekki bara í þetta eina skipti heldur í vetur og næstu missiri um það hvernig við mörkum þessa stefnu til langs tíma.

Framlag sem er 0,3% af landsframleiðslu er svo sannarlega raunhæft markmið og ég segi eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson: Samfylkingin er tilbúin til þess að leggja sitt af mörkum til þess að svo verði gert en til þess að það sé gert almennilega þurfum við góða stefnumótun og skýr pólitísk markmið og í þeirri vinnu erum við svo sannarlega tilbúin til að taka þátt.

[14:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Það liggur alveg ljóst fyrir að utanrrn. mun leggja til í stefnumörkun sinni að þessi framlög verði aukin á næstu árum. Hversu mikið og hvernig skiptingin verður milli framlaga til Þróunarsamvinnustofnunar til marghliða þróunarsamvinnu og til friðargæslu, get ég ekki fullyrt á þessu stigi. Ég fór til Afríku í þeim tilgangi að kynna mér þessi mál 1998 og tel nauðsynlegt að gera það aftur í sambandi við þessa stefnumörkun og mun halda til Úganda og Mósambík í næstu viku, en við höfum nýlega hafið þróunarsamvinnu í Úganda og erum með mikið starf í Mósambík.

Að því er varðar það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði um friðargæsluna, þá er það alþjóðleg regla að reikna friðargæsluna inn í þetta og við verðum að vera með samanburðarhæfar tölur. Við erum að bera okkur saman við hin Norðurlöndin og teljum að við séum miklu lægri en þeir en það er þó lágmark að það séu samanburðarhæfar tölur. Auðvitað er friðargæsla hvort sem það er í Írak, Afganistan eða á Balkanskaga að hjálpa þessum þjóðum að ná friði og tryggja friðinn og lýðræðið í landinu. Auðvitað er það mikilvæg aðstoð sem er ekkert léttvægari en mörg önnur aðstoð.

Ég er sammála því sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sagði. Við höfum hjálpað fötluðum í Bosníu. Við hjálpuðum eitt þúsund manns til þess að fá gervilimi og við erum núna að vinna að verkefni með fyrirtækinu Össuri að því er varðar Írak, þannig að ég er sammála því sem hún sagði. Og það er rétt að verkefni á sviði sjávarútvegs hafa ekki heppnast nægilega vel og þegar við fórum inn í þróunarsamvinnuna ætluðum við fyrst og fremst að fara inn í sjávarútveginn.

Út af því sem hv. þm. Mörður Árnason sagði að við hefðum verið að þverast við gegn þróunarlöndum, þá er það einfaldlega rangt. Það sem skiptir þróunarlöndin mestu máli eru ekki fullunnar mjólkurvörur eða kjötvörur. Það eru sykur, kaffi, korn og margvíslegar aðrar vörur og við höfum staðið fyrir því að það sé frelsi í viðskiptum með þessar vörur þannig að ég bið hann um að kynna sér þessi mál áður en hann heldur áfram að vera með slíkar fullyrðingar.

Fjáraukalög 2003, 1. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 87.

[14:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003, en frv. þetta er að finna á þskj. 87 og er 87. mál þessa þings.

Frv. er annað frv. til fjáraukalaga til breytingar á fjárlögum fyrir árið 2003 sem lagt er fyrir Alþingi. Mun ég því fjalla um þær fjárheimildir sem sótt er um frá fjárlögum að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins í samræmi við efni frv.

Til upprifjunar fólu fyrri fjáraukalög ársins í sér að Alþingi samþykkti að auka útgjöld ríkissjóðs um samtals 4,7 milljarða frá því sem ákveðið var í fjárlögum. Þar voru 3 milljarðar til vegamála, 1 milljarður til menningarhúsa á landsbyggðinni og 700 millj. kr. til atvinnuþróunar úti á landi.

Í lögunum var einnig gerð breyting á áætlun um söluhagnað eigna sem hækkaði tekjuhlið fjárlaga um 2,6 milljarða kr. Í því frv. sem hér er til umræðu er farið fram á að fjárheimildir verði auknar um 8 milljarða kr. og áætlað er að tekjur aukist um 3 milljarða. Frá samþykkt fjárlaga í desember sl. er því gert ráð fyrir að fjárheimildir aukist um 12,7 milljarða samtals og tekjur aukist um 5,6 milljarða kr.

Áætlað er að tekjuafgangur á ríkissjóði verði um 6,2 milljarðar á þessu ári og hreinn lánsfjárjöfnuður verði 17,6 milljarðar. Er það nokkru minna en áætlað var í fjárlögum en samt vel ásættanleg niðurstaða í ljósi þróunar efnahagsmála það sem af er ári og að ríkisstjórnin greip til ráðstafana í atvinnu- og byggðamálum fyrr á árinu.

Breytingarnar fela í sér að í stað þess að ríkissjóður greiði niður skuldir um sem nemur 11 milljörðum kr. er áformað að greiða niður skuldir um u.þ.b. 9 milljarða. Þá standa óbreytt áform um að greiða 7,5 milljarða inn á skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Loks er gert ráð fyrir að staðan við Seðlabanka Íslands batni um 1 milljarð á árinu.

Ríflegan lánsfjárafgang má einkum rekja til tekna af eignasölu en tekjur af sölu á hlut ríkissjóðs í viðskiptabönkunum skila sér á þessu ári. Í forsendum fyrri fjáraukalaga ársins var gert ráð fyrir að flýting vegaframkvæmda yrði fjármögnuð af söluhagnaði eigna. Þrátt fyrir það er áætlað að afgangur á ríkissjóði nemi tæplega 2 milljörðum kr. þegar litið er fram hjá óreglulegum tekjum og gjöldum, þ.e. að frátöldum hagnaði af sölu eigna og að frátöldum reiknuðum lífeyrisskuldbindingum og afskriftum skattkrafna en að meðtöldum útgjöldum vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum. Sýna þessar tölur að staða ríkissjóðs er traust og að söluhagnaður eigna er ekki notaður í rekstrarverkefni á vegum ríkissjóðs.

Vík ég nú nánar að einstökum atriðum frv., herra forseti. Á tekjuhlið þess er gert ráð fyrir 3 milljarða kr. auknum tekjum frá því sem áður var áætlað. Tekjur hafa verið endurskoðaðar í ljósi innheimtunnar á árinu og þróunar efnahagsmála. Þrátt fyrir að talsverðar breytingar hafi orðið á efnahagsforsendum frá því sem áætlað var í fjárlögum og efnahagsumsvif hafi orðið meiri, er áætlað að skatttekjur hækki aðeins lítillega frá fjárlögum. Skýringarnar felast einkum í því að heildarlaunabreytingar eru taldar verða svipaðar eða ívið minni en í forsendum fjárlaga. Hefur það áhrif á áætlanir um tekjuskatt einstaklinga og tekjur af tryggingagjaldi. Á móti hafa aukin umsvif skilað sér í meiri tekjum af veltusköttum en áætlað

var og áætlanir um tekjur af arði fyrirtækja í eigu ríkisins hafa verið endurskoðaðar í ljósi afkomu þeirra. Þannig er í frv. gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja skili hálfum milljarði minna en áætlað var, tekjur af tryggingagjaldi lækki um rúmlega 600 millj. en skattar af vörum og þjónustu hækki um rúma 2,7 milljarða. Loks er áætlað að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs aukist um rúmlega 2,2 milljarða að stærstum hluta vegna aukinna arðgreiðslna ríkisfyrirtækja og endurskoðunar á vaxtatekjum ríkissjóðs í ljósi niðurstöðu ríkisreiknings fyrra árs.

Í frv. er lagt til að útgjaldaheimildir verði auknar um samtals 8 milljarða. Þar af verði 2,3 milljarðar til heilbr.- og trmrn., 1,5 milljarðar til félmrn., 1,3 til fjmrn. og um einn milljarður til hvors ráðuneytis um sig, menntmrn. og umhvrn. Frávik frá fjárheimildum heilbr.- og trmrn. skýrast að stærstum hluta af hallarekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva en áformað er að verja um 1,3 milljörðum til að minnka þann halla. Þá eru útgjöldum sjúkratrygginga áætlaðar 430 millj. kr. umfram fjárheimildir, einkum vegna aukinna útgjalda til hjálpartækja og lyfjakostnaðar. Loks má nefna 550 millj. kr. aukafjárveitingu til stofnkostnaðar sjúkrastofnana.

Útgjöld félmrn. umfram áætlun fjárlaga skýrast af 1,1 milljarði í aukin útgjöld vegna atvinnuleysisbóta og 300 millj. kr. til Ábyrgðasjóðs launa. Af útgjöldum fjmrn. eru 600 millj. kr. vegna hærri vaxtabóta en áætlað var í fjárlögum. 270 millj. kr. útgjöld eru vegna meiri fjármagnstekjuskatts af hagnaði af eignasölu og tæplega 170 millj. kr. útgjöld eru vegna aukinna launabóta til stofnana ríkisins vegna úrskurðar Kjaradóms og kjaranefndar. Útgjöld menntmrn. umfram fjárlög skýrast að stærstum hluta af útgjöldum háskóla og framhaldsskóla vegna fjölgunar nemenda umfram forsendur og af rekstrarhalla framhaldsskólanna. Útgjöld umhvrn. skýrast annars vegar af rúmlega 550 millj. kr. fjárheimild til ofanflóðaverkefna á þessu ári og svo 300 millj. kr. tekjum og útgjöldum úrvinnslusjóðs sem tók til starfa í ársbyrjun.

Aðrar helstu breytingar á útgjöldum eru 300 millj. kr. til Vegagerðarinnar sem er fyrirhugað að fjármagna með sölu á landspildu í höfuðborginni. Einnig er lögð til 100 millj. kr. fjárveiting til Vegagerðarinnar til að gera upp umframkostnað vegna samninga við sérleyfishafa og fjölgun ferjusiglinga árið 2002. Þá má nefna 350 millj. kr. aukin útgjöld utanrrn. vegna neyðaraðstoðar í Írak og flugumferðarstjórnar í Pristina í Kosovo. Loks má nefna 170 millj. kr. útgjöld landbrn. til úreldingar sláturhúsa og áætlun um að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 430 millj. kr. frá fjárlögum.

Virðulegi forseti. Frumvarpið endurspeglar þær breytingar sem eru að verða í efnahagsmálum á yfirstandandi ári, en fram undan er hagvaxtarskeið sem áætlanir gera ráð fyrir að muni vara í nokkur ár. Annars vegar koma fram í þessu frv. breytingar sem gerðar voru af hálfu Alþingis snemma á árinu vegna meira atvinnuleysis en spáð hafði verið og þar af leiðandi koma fram minni tekjur af tekjusköttum einstaklinga og tryggingagjaldi, auk hærri útgjalda vegna atvinnuleysisbóta. Hins vegar eru skýr merki um uppsveiflu eftir mitt árið sem sjá má í auknum tekjum af veltusköttum og bjartari horfum almennings og fyrirtækja. Traust staða ríkisfjármála hefur m.a. orðið til þess að við höfum komist í gegnum tímabundið samdráttarskeið í efnahagsmálum án þess að kollsteypa hafi orðið í verðlagi eða að ríkissjóður hafi safnað skuldum.

Ég hef nú, herra forseti, rakið helstu efnisatriði þessa frv. og sé ekki ástæðu til að ræða einstaka liði þess umfram það sem fram hefur komið. Legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þegar þessari umræðu er lokið.

[14:17]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum hlýtt á framsögu hæstv. fjmrh. um fjáraukalög fyrir árið 2003.

Það hefur æðioft verið þannig varðandi fjáraukalögin að ýmislegt hefur verið þar á gráu svæði varðandi fjárreiðulög, þ.e. hvort almennt eigi allt heima í fjáraukalögum sem sett er þar fram. Því er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort eitthvað annað sé á ferðinni nú en áður, hvort eigi í raun og veru eftir að framkvæma eða greiða margt í frv., hvort hæstv. fjmrh. hafi u.þ.b. hlutföllin þarna á milli, þ.e. hversu mikið er það sem Alþingi stendur frammi fyrir að sé nú þegar framkvæmt og greitt, hve mikið er raunverulega eftir og hversu mikið þarf Alþingi að taka afstöðu til í þessu frv.?

Það er einnig önnur spurning sem mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. að. Í framhaldi af því að hæstv. fjmrh. nefndi að það væri nauðsynlegt að tryggja það að reglugerð um framkvæmd fjárlaga mundi virka á einhvern hátt betur, ef ég hef rétt skilið, á árinu 2004 en á árinu 2003 og þeim árum sem liðin eru frá því að reglugerðin var sett. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort það séu margar stofnanir sem hafa farið fram yfir hið svokallaða 4% mark sem miðað er við í reglugerð um framkvæmd fjárlaga, og ef svo er hvað hafi verið gert varðandi fjármögnun eða fjárhagslega stöðu þeirra stofnana.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn spurði um það sem hann kallaði „grátt svæði“, þ.e. um liði í frv., eins og ég skildi hann, sem e.t.v. ættu ekki heima þar, þ.e. fjárveitingabeiðnir sem hugsanlega samræmdust ekki ýtrustu kröfum um það hvað ætti réttilega heima í fjáraukalagafrumvarpi.

Það er nú þannig, herra forseti, að Alþingi hefur síðasta orðið um það hvað það telur eiga heima í þessu frv. og í fjáraukalögum. Ég held að það sé ekkert í þessu sem ekki er hægt að flokka undir þau atriði sem kveðið er á um í lögunum um fjárreiður ríkisins hvað varðar efnisatriði í fjáraukalagafrumvarpi.

Hins vegar er það þannig í þessu frv. að verið er að gera upp atriði, að hluta til, frá liðinni tíð. Ég nefni sem dæmi að Endurbótasjóður menningarbygginga er núna gerður upp, þ.e. það er veitt fjárheimild til þess að ráðstafa því sem áður var búið að safna í þann sjóð til þess að geta lokað honum. Það hefur ekkert verið borgað í hann á þessu ári, þetta eru eldri peningar.

Með sama hætti er verið að vinna á vegum umhvrn. í ofanflóðaverkefnum og er veitt fjárveiting til þess að ganga frá því máli með tilteknum hætti. Þrátt fyrir að þær greiðslur komi ekki endilega til framkvæmda á árinu 2003 er verið að veita fjárheimild vegna þessa máls.

[14:21]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að inngangur að spurningu minni fjallaði um það að ýmislegt gæti verið þarna sem ekki ætti þar heima, miðað við ströngustu skilyrði fjárreiðulaga. Ég var hins vegar fyrst og fremst að spyrja um hvort hæstv. ráðherra hefði hlutföllin á milli þess sem búið er að framkvæma og greiða og þess sem á eftir að framkvæma og greiða á árinu.

En vegna fullyrðingar hæstv. fjmrh. um að hann teldi ekkert í þessu frv. á gráu svæði varðandi fjárreiðulögin þá verð ég að segja, herra forseti, að það kemur mér nokkuð á óvart vegna þess að það er ýmislegt í frv. annað en hæstv. ráðherra nefndi sem a.m.k. hlýtur að teljast á gráu svæði. Ég ætla ekki að fara að rekja þau dæmi í stuttu andsvari en vil þó, vegna orða hæstv. ráðherra, nefna það að í frv. er ýmislegt sem tilheyrir árinu 2002 og jafnvel fyrr. Ég man eftir dæmi sem nær allt aftur til 1996. Það verður að teljast, ef ég man fjárreiðulögin rétt, a.m.k. á gráu svæði, eða að það eigi hreinlega ekki heima í fjáraukalögunum heldur í fjárlögum næsta árs að mestu leyti.

Ég vil aðeins nefna eitt dæmi, herra forseti, sem tilheyrir ekki árinu 2003 og er inni í þessu frv. Það eru enn að koma reikningar frá heimsókn forseta Kína til landsins. Ef mig brestur ekki minni til, þá held ég að forseti Kína hafi ekki komið á árinu 2003. Þannig að það er óhjákvæmilegt að ítreka þá spurningu við hæstv. fjmrh. hvort það geti ekki verið að það sé eitt og eitt í þessu frv. sem teljist a.m.k. á gráu svæði.

[14:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst leitt ef ég hef misskilið spurningu þingmannsins en ég hef ekki handbært yfirlit yfir það hvað mikið af þessum fjárveitingarbeiðnum er búið að greiða og hvað ekki. Það er hins vegar þannig að ríkisstjórnin getur tekið ákvarðanir um að greiða kostnað sem til fellur út á þá staðreynd að hún hefur þingmeirihluta á Alþingi og treystir þá á að hún fái greiðsluheimild eftir á. Þetta er alþekkt og við höfum stundum rætt um það í þinginu.

Hins vegar kann það að vera álitamál, og það er nú meira tæknilegs eðlis, hvort tilteknir reikningar sem upp koma eftir á eigi að fara í fjáraukalög, fjárlög eða jafnvel í lokafjárlög, sem er hið endanlega uppgjör allra hluta á þessu sviði.

Síðan út af spurningu sem ég komst ekki til þess að svara áðan frá þingmanninum, þá vildi ég segja það varðandi framkvæmd fjárlaganna og reglugerð um þá framkvæmd, að þar er réttilega, eins og þingmaðurinn sagði, miðað við 4% frávik frá fjárheimildum, áður en gerðar eru alvarlegar athugasemdir við rekstur tiltekinna stofnana. Ég hef nú ekki handbært hversu margir aðilar eiga þar hlut að máli á þessu ári en þó tel ég mig geta fullyrt að þetta ástand hefur farið batnandi, það eru færri ríkisaðilar sem fara fram yfir þessi mörk. En ef það gerist þá felur fjmrn. viðkomandi fagráðuneytum að grípa í taumana og koma alvarlegum athugasemdum á framfæri við viðkomandi stofnun. Þannig er þetta ferli og það má vel vera að það sé hægt að gera betur í þessu efni og ég dreg ekkert í efa að þingmaðurinn hefur góðar hugmyndir í þeim efnum.

[14:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, en í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88 frá 1987, er gert ráð fyrir því að með frv. til fjáraukalaga sé leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana innan ársins en fjárlög gera ráð fyrir, þ.e. ef nauðsyn krefur.

Meginákvæði laganna um fjárreiður ríkisins kveða á um að heimilda sé leitað fyrir fram, þ.e. áður en skuldbindandi ákvörðun er tekin, nema í hreinum undantekningartilvikum, hreinum bráðatilvikum, eins og kveðið er á um í 33. gr. Lögin um fjárreiður ríkisins kveða á um hvernig fara skuli með bæði vinnu og framlagningu fjárlaga og fjárlagafrv. Í 29. gr. er kveðið svo á um að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja. Sömuleiðis skuli þeir líka halda sig innan veittra heimilda fjárlaga í rekstri sínum og einungis er heimild ríkisins til að hafa afskipti af því á milli fjárlaga ef upp koma ófyrirsjáanleg atvik.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að öllum sé þetta ljóst. Þetta gildir um allar ríkisstofnanir og líka, og ekki hvað síst, um aðalskrifstofur ráðuneytanna og ráðuneytin sjálf. Það er mjög mikilvægt að hafa þetta í huga því að margur er brattur að setja ofan í við annan en lítur gjarnan ekki í eigin barm. Þetta á við í mörgum tilfellum, einnig við framkvæmd fjárlaga.

Í 43.–44. gr. laganna um fjárreiður ríkisins stendur, með leyfi forseta:

„Ef þörf krefur skal í frv. til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.“ Þær heimildir eru einungis nýttar, t.d. í eftirfarandi tilvikum: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafna, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“

Það er því afar þröngur stakkur skorinn varðandi beitingu fjáraukalagaheimildarinnar. Ég hef áður mælt á Alþingi fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins sem kveða á um að fjáraukalögin séu bæði unnin að vori, þ.e. eftir að Alþingi hefur afgreitt mál á vetrarþingi, þá séu afgreidd og unnin fjáraukalög sem taki til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað, bæði í samþykktum þingsins og öðrum forsendum sem geta hafa breyst við tekjur og gjöld ríkisins frá því að fjárlög voru afgreidd.

Ég hef líka lagt til, herra forseti, að vinnunni við fjárlagagerðina í heild sinni yrði breytt. Við vitum að undirbúningur fjárlagavinnunnar fyrir næsta ár fer í gang snemma á árinu á undan, þ.e. í aprílmánuði er undirbúningsvinna fyrir fjárlagagerð fyrir næsta ár komin í gang. Þá fyndist mér hið rétta að ríkisstjórnin legði fram sitt frv. fyrir þinglok, eða sinn ramma að fjárlögum næsta árs fyrir Alþingi og Alþingi ræddi þann ramma áður en það lýkur störfum á vorþingi. Þar yrði í rauninni samþykktur sá rammi sem unnið yrði innan, við undirbúning fjárlaga næsta árs. Eftir þá meðferð þingsins getur framkvæmdarvaldið síðan haldið áfram og unnið undirbúning fjárlagafrv. og það yrði síðan lagt fram af fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í upphafi haustþings. Fjárln. gæti og ætti í millitíðinni, um sumarið, að fylgjast með einstökum þáttum í undirbúningi fjárlagafrv. og koma þar að, eftir því sem tök væru á. Þannig gæti frv. og undirbúningur þess, ramminn og öll vinnan verið unnin í meira samráði við þing og framkvæmdarvald en nú er.

Eins og við þekkjum kemur frv. hér fyrir Alþingi á haustin og fer síðan til hraðmeðferðar hjá fjárln. Á einum og hálfum mánuði er henni ætlað að fara yfir þennan veigamikla bálk og leita skýringa og upplýsinga um ýmsar tölulegar forsendur og töluleg atriði frv. og annað það er nauðsynlegt telst við að ganga frá fjárlögum fyrir ríkisbúskapinn fyrir næsta ár. Það gefur augaleið að á þeim skamma tíma og með þeirri aðkomu hefur fjárln. og þingið afar takmarkaða möguleika til þess að koma í raun að stefnumarkandi ákvörðun hvað varðar fjárlagagerðina og einstaka málaflokka hennar. Þessu tel ég að eigi að breyta.

Eins og nú er eru fjárlögin samþykkt í byrjun desember fyrir næsta ár og síðan hefur þingið ekki mikil afskipti af

þeim. Þingið heldur áfram yfir veturinn og þá eru samþykkt lög sem geta haft áhrif á bæði gjalda- og tekjuhlið fjárlaganna fyrir það ár og þess vegna tel ég að það væri mjög mikilvægt einmitt að vori að skipulega væru unnin fjáraukalög sem tækju tillit til þeirra breytinga sem hefðu orðið á gjalda- og tekjuflokkum í meðförum þingsins og einnig öðrum forsendum sem gætu hafa breyst vegna utanaðkomandi aðstæðna í rekstri þjóðarbúsins. Þannig gæti þingið í raun orðið ábyrgt bæði fyrir fjáröfluninni og fjárráðstöfuninni sem lög í raun kveða á um. Síðan væru þá lögð fram aftur fjáraukalög að hausti fyrir seinni hluta þess árs. Með þeim hætti yrði tryggt að það yrði Alþingi sem ákvæði hvernig tekna skyldi aflað og hvernig fjármunum varið en ekki framkvæmdarvaldið eins og við stöndum í megindráttum frammi fyrir.

Þetta tel ég mjög mikilvægt, herra forseti, að breytingar verði skoðaðar í þessa veruna til að styrkja þinglega meðferð fjárlaga og framkvæmd þeirra á vegum Alþingis.

Víkjum aðeins að þessu frv. hér. Hæstv. ráðherra fór yfir ýmsar forsendur sem hafa breyst. Þær hefðu staðist varðandi fjárlögin eins og þau voru afgreidd fyrir nærri ári síðan. Hæstv. ráðherra rakti að hagvöxtur muni að öllum líkindum verða óbreyttur frá forsendum fjárlaga eða 1,75%. Fjárfestingar munu eðlilega aukast og verða um 7,75% en voru áætlaðar um 2% í forsendum fjárlaga. Einkaneysla eykst frá því sem gert var ráð fyrir og viðskiptahallinn við útlönd eykst líka. Það eru viss hættumerki að viðskiptahallinn virðist vera kominn á hraða ferð og er það vá sem verður að huga vandlega að að ekki fari úr böndunum.

Það er einnig umhugsunarefni að verðmæti útflutnings dragast saman og verða neikvæð frá því sem ráð var fyrir gert og neikvæð frá því sem var á fyrra ári. En varðandi þær tölur sem lagðar eru til í fjáraukalagafrv. og hæstv. ráðherra hefur getið um er þetta bara frv. sem lagt er fram og ljóst að mun eiga eftir að breytast mikið í meðförum þingsins. Okkur er kunnugt um að það vantar verulega á, vantar hár upphæðir, m.a. til heilbrigðiskerfisins, til sjúkrastofnana, til daggjaldastofnana, til menntakerfisins o.s.frv. Því er það ljóst að til þess að rétta af þá starfsemi sem er í gangi og við viljum að haldi óbreyttum styrk sínum þarf að gera verulegar breytingar á þessu fjáraukalagafrv. eins og það liggur nú fyrir.

Herra forseti. Ég vil þá nefna nokkur þau atriði sem ég vil gera að umtalsefni í frv. Hæstv. ráðherra nefndi þar tölur í heild sinni og ég vil draga fram nokkur mál. Fyrst vil ég nefna að undir forsrn. er veruleg aukning til nefndar sem heitir óbyggðanefnd. Þar er lagt til að framlög til hennar séu hækkuð um 22,6 millj. frá fjárlögum en á fjárlögum voru að mig minnir 48 eða 49 millj. kr. til óbyggðanefndar.

Þessi störf sem lúta að rekstri þjóðlendumálanna hafa verið mjög gagnrýnd í samfélaginu af þeim sem eiga hlut að máli, hvernig þar hefur verið gengið fram, og þar hefur einmitt verið skorað á hæstv. fjmrh. að fresta frekari aðgerðum í málinu uns dómar væru gengnir í þeirri fyrstu lotu sem tekin var hvað varðaði þjóðlendumálin. Það yrði beðið átekta meðan dómar gengju til fulls í þeim svo að ekki væri verið að stofna til útgjalda, bæði af hálfu þolendanna, þ.e. landeigendanna, og eins ríkisins í máli sem væri þá þegar fyrir dómi. Að gengnum dómum í 1. áfanga þessa máls væri jú komin ákveðin forsenda fyrir framhaldið og gæti það þá orðið útlátaminna fyrir bæði ríkið og hlutaðeigandi. Hér tel ég að fjmrh. hefði einmitt átt að sýna mun meiri aðgæslu í sínum vinnubrögðum heldur en raun er á því að meðferð þjóðlendumálsins er til mikilla vansa fyrir framkvæmdarvaldið.

Þá vil ég næst nefna hér til á vegum landbrn. að gert er ráð fyrir sérstaklega auknum greiðslum til úreldingar sláturhúsa. Þar er lagt til að verði varið 170 millj. kr. til úreldingar sveitasláturhúsa, sérstaklega þeirra sem ekki uppfylla skilyrði til útflutnings. Virðulegi forseti. Það getur verið skynsamleg aðgerð í einstaka tilvikum að ríkið komi inn til þess að styrkja ákveðnar byggðaaðgerðir eða koma til þess að styrkja hagkvæmni í ákveðnum atvinnugreinum. En ég verð að segja fyrir mig að þessi tillaga hér um úreldingu sláturhúsa er illa undirbyggð að mínu mati. Það liggur ekki fyrir nein sérstök stefnumörkun í því hvernig eigi að haga fyrirkomulagi slátrunar og kjötiðnaðar í landinu. Þó að byggt sé á þessari skýrslu sem unnin var á vegum landbrn. um stefnumótun í sauðfjárslátrun er hún svo götótt að það er varla hægt að tala um að í henni felist nokkur stefnumótun. Það er meira lagst í strauminn og honum fylgt. Og það er ekki stefnumótun að leggjast upp í loft í árstrauminn og renna til sjávar.

Við ættum að vita, þjóðin öll, um þau erfiðu kjör sem sauðfjárbændur búa nú við, bæði vegna þeirra gengisbreytinga sem hafa orðið, aðallega vegna þess að útflutningur hefur lækkað í verði og æ stærra hlutfall hefur líka orðið í útflutningi, og neysla hér innan lands hefur dregist saman. Í sauðfjárbúskap svissa menn ekki yfir á einu ári í að draga saman eða auka við. Það er langtímaferli sem þar á sér stað áður en lambakjöt er komið á borð neytenda þannig að menn breyta þar ekkert um kúrs á miðju ári. Sú er staðreyndin að til þess að halda þeim tekjum sem ráð var fyrir gert innan sauðfjárræktarinnar á sl. ári mun vanta milli 250 og 300 millj. kr. inn í tekjuhlið þessa atvinnuvegar. Það bitnar fyrst og fremst á launakjörum sauðfjárbænda. Ég hefði því frekar viljað sjá hér að það væri tekið á þessum þætti með beinum hætti, að komið væri til móts við þetta gríðarlega tekjutap sem sauðfjárbændur verða nú fyrir og er mörgum hverjum óbærilegt að takast á við eða standa undir. Svo óundirbúin úrelding sláturhúsa tel ég að geti orkað tvímælis og spyr hæstv. fjmrh. hvort það sé tryggt að þessi beiting fjármagns standist í raun lög því þessar greiðslur fara fyrst og fremst á húsin og til eigenda húsanna sem þarna er verið að taka til en það hlýtur að vera erfiðara að ætla að láta þessar greiðslur ná til þess að bæta upp tapað afurðaverð eða tapaðar inneignir bænda hjá sláturhúsum sem ekki geta staðið skil á þeim. Ég hefði viljað, herra forseti, að hæstv. ráðherra gerði frekar grein fyrir því hvernig hann sæi að þetta framlag, þessar 170 millj. kr., til úreldingar sláturhúsa, í raun til úreldingar atvinnutækifæra, ætti að koma til styrktar á kjörum einstakra bænda.

Ég vakti líka máls á því að þetta virðist gerast án beins skipulags eða er eitthvert skipulag í því að heilir landshlutar — úr því að ríkið er að grípa inn í á annað borð við þróun þessara mála sem geta verið bágar skoðanir á — allt Suðvestur- og Norðvesturland, að Hvammstanga eins og nú er ráð fyrir gert, yrðu sláturhúsalausir? Sem betur fór tókst að koma á slátrun í Búðardal þótt seint væri en óvíst er hver framtíð þess húss verður. Grunnurinn er veikur og starfsemin því takmörkuð. Er það einhver stefnumörkun að þar skuli ekkert sláturhús vera? Ríkið getur ekki farið inn með fjármagn með þessum hætti öðruvísi en það sé gert á grunni einhverrar stefnumörkunar. Og hvaða stefnumörkun hefur hæstv. fjmrh. til þess að byggja á hvað þetta varðar?

Er það einhver stefnumörkun að loka sláturhúsi þar sem stór hluti bænda í viðkomandi byggð vann? Þeir missa atvinnuna, tugir millj. kr. vinnulauna hverfa úr byggðarlaginu og síðan er slátrunin flutt í önnur stór sláturhús sem verða að mæta vinnunni með því að ráða erlent vinnufólk á álagstímum. Er eitthvert skipulag að baki þessa?

Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur fullan skilning á mikilvægi landbúnaðar eins og sauðfjárræktarinnar og kjörum þeirra sem búa dreift. Herra forseti. Er þetta eitthvað sem hann telur að sé það vel grundað að hægt sé að leggja fram með þessum hætti?

Annað vildi ég enn nefna hér, herra forseti, og það eru fjárveitingar til heilbr.- og trmrn. Á fjáraukalögum er beðið um framlag til heilbr.- og trmrn. upp á 15 millj. kr. til að mæta kostnaði þess vegna úrskurðar við Norðlingaölduveitu. Vissulega var heilbrrh. falið að kveða upp og vinna að úrskurði um Norðlingaölduveitu eða Þjórsárveraveitu en ráðuneyti hans sem heilbrrn. var ekki falið það. Hann var settur umhvrh. á meðan og það var á ábyrgð umhvrn. sem þessi vinna var unnin. Ég vil því spyrja, virðulegi forseti, hæstv. fjmrh.: Telur hann að það sé rétt með farið með tilliti til fjárlaga að færa kostnað við mat á umhverfisáhrifum við Norðlingaölduveitu á rekstrarkostnað heilbrrn.? Ég leyfi mér sjálfur að draga það í efa og tel að það sé mjög rangt með farið. Það er afar slæmt ef jafnilla verður með þennan úrskurð hæstv. setts umhvrh. farið, eins og hann flakkar nú innan kerfisins, og lítið gert úr honum líka af hálfu þeirra sem þar eiga að fara eftir.

Virðulegi forseti. Það eru allmörg nokkur önnur atriði sem væri ástæða til að fara í hvað varðar þetta frv. en ég mun athuga það í seinni ræðu minni að fara nánar í einstök efnisatriði.

Ég ítreka það, herra forseti, að frv. til fjáraukalaga á að vera mjög takmarkað og taka aðeins til mjög brýnna verkefna en ekki svo almennra verkefna eins og við sjáum í þessu frv. Það fer á svig við margt.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem fram komu í ræðu þingmannsins sem ég vil gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi varðandi fjárveitingarbeiðni, 170 millj. til úreldingar sláturhúsa, þá spurðist þingmaðurinn fyrir um það hvort slík framlög fengju staðist og hvort búið væri þannig um hnútana í þessu máli að eðlilegt væri.

Ég vil eingöngu segja það um þetta atriði að hér er verið að veita fjárheimild til landbrn. til þess að stuðla að hagræðingu og úreldingu á þessu tiltekna sviði. Það er enginn vafi á því í mínum huga að Alþingi getur veitt slíka fjárveitingu eins og hér er lagt til. Og síðan göngum við út frá því, allir þingmenn vænti ég, að landbrn. standi þannig að ráðstöfun þess fjár að það sé lögum samkvæmt og eðli máls.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna, herra forseti, lýtur að spurningu þingmannsins um það hvort fjárveiting til að greiða kostnað vegna sérstaks verkefnis sem heilbrrh. tók að sér sem starfandi utanrrh. sé réttilega vistuð á lið heilbrrn. Ég tel svo vera. Kjarni málsins er auðvitað sá að þessi kostnaður fellur á ríkissjóð. Hann er u.þ.b. 15 millj. kr. Heilbrrh. vann verkið að hluta til og að miklu leyti með sínum eigin starfsmönnum og einnig með aðkeyptri ráðgjöf og aðstoð. Ég tel ekkert athugavert við það „fjárlagalega séð“, eins og þingmaðurinn orðaði það, að vista þessa fjárveitingu á þessum stað.

[14:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga er lagt fram á ábyrgð hæstv. fjmrh. og því verður að beina spurningum til hans hvað varðar einstök atriði þess frv. eins og a.m.k. hér er. Því leyfi ég mér að ítreka þetta við hæstv. fjmrh.: Eru þær 170 millj. sem ætlaðar eru til úreldingar sláturhúsa byggðar á þeim grunni að þær komi til þess að styrkja fjárhag sauðfjárbænda, einstakra sauðfjárbænda annars vegar, og hins vegar til þess að koma á réttu eða æskilegasta skipulagi í uppbyggingu sláturhúsa sem henti best? Ég leyfi mér að draga það í efa, en vil inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort það sé hans mat.

Varðandi heilbrrh. þá er það alveg rétt að þetta verk er unnið á ábyrgð ríkissjóðs, en þegar við lítum svo á heildartölur heilbr.- og trmrn. og hverju hafi verið varið til heilbrigðismála og berum þær saman við önnur ráðuneyti, við aðra málaflokka o.s.frv., ég tala nú ekki um í samanburði við önnur lönd, þá stendur þar einn liður á útgjöldum til heilbrigðismála, 15 millj. kr., vegna úrskurðar um Norðlingaölduveitu vegna þess að viðkomandi var settur umhvrh. Mér er alveg ómögulegt að fallast á þessa röksemd hæstv. ráðherra. Ég tel afdráttarlaust að þennan kostnað hefði átt að millifæra yfir á umhvrn. en ekki að gera hann að hluta af heilsugæslukostnaði í landinu sem hann kannski var fyrir suma þó.

[14:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki sagt að ég viti hvaða skipulag sláturhúsamála sé hentugast og best, og ég leyfi mér að efast um að það sé til eitthvert alhliða svar við spurningunni um þetta. En það sem hér liggur eingöngu fyrir er að það er lagt til að Alþingi veiti 170 millj. kr. fjárveitingu til þess að auka hagkvæmni í þessum atvinnurekstri og greiða fyrir því að þau hús sem eftir verða geti starfað með hagkvæmum hætti og greitt viðskiptavinum sínum, þ.e. bændunum, eðlilegt og réttmætt endurgjald fyrir afurðir þeirra. Það stendur ekkert annað í þessu frv. Og framkvæmdin á þessu að öðru leyti er að sjálfsögðu í höndum landbrh. og ég treysti því að hann muni leysa það verkefni með fullkomlega eðlilegum hætti. Ég sé enga ástæðu til þess að draga það neitt í efa.

Um hitt atriðið er ástæðulaust að fjölyrða. Við erum greinilega bara ósammála um þetta, þingmaðurinn og ég.

[14:51]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003. Það er auðvitað rétt að fagna því að enn einu sinni eða, ef ég man rétt, þriðja árið í röð náum við því að fjalla um fjáraukalagafrv. samhliða fjárlögum næsta árs, sem er mjög til bóta því það kemur auðvitað í veg fyrir margs konar tvíverknað sem ella verður á þeim málum. Og það er eðlilegt að þakka hæstv. fjmrh. og hans fólki fyrir það í hversu gott form þetta er komið.

En það er ýmislegt hér sem nauðsynlegt er að gera athugasemdir við. Ég hef áður í tengslum við andsvör við hæstv. fjmrh. nefnt lög um fjárreiður ríkisins og tel nauðsynlegt að rifja nokkur atriði upp í þeim efnum, vegna þess að í ágætri skýrslu sem Ríkisendurskoðun tók saman í apríl 2001 um fjárlagaferlið, kom ýmislegt fram sem er nauðsynlegt að rifja upp nú þegar við fjöllum um fyrsta fjáraukalagafrv. á nýju kjörtímabili.

Það hefur áður komið fram hér hvað fjárreiðulögin segja um það sem á að vera í fjáraukalagafrv. en við það má bæta sem segir í fjárreiðulögum, með leyfi forseta:

„Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Og það er akkúrat þarna sem ég held að deilan standi um það hversu mikið á að vera í fjáraukalögunum og hversu mikið á að fara yfir í fjárlög næsta árs. En þetta er skýrt nánar og ég held að það sé mikilvægur texti í athugasemdum með frv. þegar það var hér til meðhöndlunar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár."

Herra forseti. Því miður hefur þetta markmið ekki náðst algjörlega og m.a. er í þessu frv. eins og svo mörgum öðrum frv. til fjáraukalaga verið að fjalla um ákveðinn rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Þó er rétt að taka fram að þrátt fyrir að þarna sé markmiðið býsna skýrt, þá eru auðvitað oft á tíðum æðióljós skilin þarna á milli og getur verið mikið álitamál hvort tilgreina eigi fjárheimildir í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Ég mun hér á eftir fjalla lítillega um nokkur atriði sem ég tel að séu álitamál. Sum að vísu að mínu mati augljóslega þess eðlis að þau eiga frekar heima í fjárlögum næsta árs en í fjáraukalögum. En ýmislegt er það sem tengist þó fjáraukalögum og ákvarðanir um hvað fari þar inn eru ekki síst í höndum ríkisstjórnar. Þó er ljóst að Alþingi ákveður allt sem tengist nýjum lögum en það sem er ófyrirséð er oft og tíðum ákvörðun ríkisstjórnar.

Ég vil enn á ný, með leyfi forseta, vitna í þessa títtnefndu skýrslu frá Ríkisendurskoðun um fjárlagaferlið, því þar segir m.a.:

„Þegar stofnað er til útgjalda án fjárheimildar en gengið út frá því að hennar verði leitað síðar, hefur fjárveitingavaldið í raun og veru verið fært frá þinginu. Búið er að stofna til útgjaldanna og því hefði neitun þingsins litla þýðingu. Auk þess er margt óljóst varðandi lagalega ábyrgð ráðherra neiti þingið að samþykkja fjárveitingu vegna útgjalda sem búið er að stofna til. Síðast en ekki síst er mjög ósennilegt að ríkisstjórn sem nýtur stuðnings meiri hluta þingmanna yrði synjað um fjárveitingu. Eftir á veitt fjárheimild felur þannig í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar, enda þótt hið formlega fjárveitingavald sé áfram hjá þinginu."

Herra forseti. Þetta var tilvitnun í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er rétt að vekja sérstaka athygli á síðustu setningunni og eðlilegt að brýna það fyrir ríkisstjórninni og sérstaklega hæstv. fjmrh. að fara varlega með þetta vald sitt og gæta þess ætíð að gera þetta ekki nema í ýtrustu neyð, því þarna er í raun verið að framselja, eins og þarna segir, fjárveitingavaldið til ríkisstjórnar frá þinginu þó svo hið formlega vald sé áfram hjá þinginu.

Herra forseti. Í fjárln. munum við samfylkingarmenn óska eftir að fá sundurliðun á því hvað er í raun búið að ákveða og hvað er verið að áætla til loka ársins, þ.e. að fá algjörlega klára skýrslu um hvaða útgjöld hafi átt sér stað nú þegar án heimildar frá þinginu og hvað verið er að áætla fyrir.

Þetta rifjar að sjálfsögðu upp það sem áður hefur gerst milli umræðna um fjáraukalög, þá hefur oft og tíðum mikið bæst við af liðum sem ekki hafa komið fram í frv. sjálfu. En við vonum auðvitað að það sé eitt af því sem lagast hefur á milli ára og nú verði minna um slíkt en áður hefur verið.

En, herra forseti, það er auðvitað margt í þessu frv. sem vekur athygli. Það fyrsta sem ég vil nefna er að nú kemur fram að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar úr 29% í 29,2% sem er meiri hækkun þó hún sé ekki mikil, en gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir næsta ár, því þá er gert ráð fyrir að þessi 29,2% fari upp í 29,3%. En hér erum við að fjalla um breytingu frá fjárlögunum yfir í fjáraukalagafrv. þannig að hér hefur hlutfall skatttekna greinilega aukist meira en gert var ráð fyrir. Og það er auðvitað eðlilegt að við veltum fyrir okkur þeirri þróun sem við höfum auðvitað séð ansi oft og endurtekur sig nú, að útgjöld ríkissjóðs aukast meira en tekjur. Útgjöld ríkissjóðs núna miðað við þetta frv. aukast um 8 milljarða, meðan tekjurnar aukast um 3 milljarða. Og þarna er mismunur upp á heila 5 milljarða.

Hæstv. ráðherra fór nokkuð vel yfir heildartölur varðandi hin auknu útgjöld og nokkuð yfir tekjubreytingarnar. Það er þó einn liður sem vekur athygli mína og væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur um hver skýringin væri á. En það kemur fram þrátt fyrir að skattar á vöru og þjónustu aukist mjög og virðisaukaskattur þar auðvitað mest og það er augljóst mál að stóraukinn innflutningur bíla hefur þar töluvert að segja, en hins vegar lækka tekjur af áfengis- og tóbaksgjöldum um 340 millj. þrátt fyrir gjaldskrárhækkun í upphafi ársins, sem hefði væntanlega átt að auka tekjurnar. Það er því spurning hvort við erum að upplifa það nú meðal þessarar ágætu þjóðar að áfengisneysla og tóbaksneysla hafi dregist svo mjög saman að tekjur af þeim liðum hafi minnkað sem þessu nemur.

Herra forseti. Það sem er athyglisvert þegar við berum saman ýmsar tölur og hvað hefur verið að breytast á árinu, er að við sjáum að hlutfall atvinnuleysis hefur t.d. hækkað miðað við áætlanir. Verg landsframleiðsla stendur hins vegar í stað en ýmsar tekjur af veltusköttum eru að aukast meðan tekjur af beinum launum minnka — og þetta tengist auðvitað saman vegna þess að um leið og atvinnuleysi vex þá lækka laun mjög margra — en þetta segir okkur væntanlega það fyrst og fremst að það eru ákveðnir hópar í samfélaginu sem hafa verið að bera minna úr býtum en áður, en á móti virðast aðrir hópar fá meira en áður, vegna þess að þeir hljóta að dríva áfram þá aukningu, þensluaukningu eða neysluaukningu sem átt hefur sér stað á yfirstandandi ári.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég mundi minnast á nokkur atriði sem vakið hefðu athygli mína og ég teldi að væru a.m.k. á gráu svæði ef ekki utan þess sem fjárreiðulög gera ráð fyrir að séu í frv. til fjáraukalaga. Ég minntist á eitt atriði varðandi það í andsvari við hæstv. fjmrh. áðan en það kemur sem sagt fram í frv. að gert er ráð fyrir því að auka fjárveitingar til embættis forseta Íslands um 14,3 millj. kr. Skýringin sem gefin er á því er að það sé í fyrsta lagi vegna mikillar aukningar launagreiðslna til handhafa forsetavalds á árinu 2002. Það er auðvitað afar sérkennilegt ef ekki er hægt að halda betur utan um það hvernig þetta fellur til gagnvart þessu embætti en að launagreiðslur sem eiga sér stað á árinu 2002 þurfi að koma á fjáraukalögum árið 2003. Ekki trúi ég því að launagreiðslur til handhafa forsetavalds séu svo lengi

á leiðinni að þær séu yfirleitt greiddar árið eftir. Það væri þó auðvitað hugsanleg skýring.

Til viðbótar er þarna mikill kostnaður sem fallið hefur til vegna heimsóknar forseta Kína. Ég verð að segja, herra forseti, að ég taldi fullvíst, vegna þeirra óskapa sem við þurftum að horfa upp á við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 2002, að sögu heimsóknar forseta Kína væri lokið í fjárhagslegu tilliti. En lengi er von á einum. Hér kemur enn upp að það hefur ekki náðst að gera heimsókn forseta Kína upp á árinu 2002. Þess vegna kemur heimsókn forseta Kína enn við sögu á árinu 2003. (**Gripið fram í:** Því miður.) Það verður að segjast, hv. þm., að það er auðvitað miður. Þetta segir okkur að einhvers staðar er pottur brotinn í að safna saman reikningum eða gera sér grein fyrir því hvenær kostnaður fellur til.

Herra forseti. Fleira hér tengist þeim sem efst sitja í valdapíramídanum. Í forsrn. eru einnig ákveðnir hlutir sem eitthvað hafa legið milli hluta. Í ljós kemur að vegna samnings sem gerður er á miðju ári 2002, milli forsrn. og Alþýðusambands Íslands um efnahagsrannsóknir, hafa menn ekki áttað sig á því fyrr en árið 2003 að greiða ætti 15 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir á árinu 2002. Samningurinn gerði ráð fyrir að greiddar yrðu 30 millj. kr. á ári en eingöngu voru inni 15 millj. kr. Þess vegna á í fjáraukalagafrv. fyrir árið 2003 að bæta við þessum 15 millj. kr.

Áfram má halda og við skulum halda okkur við oddvita ríkisstjórnarinnar. Í utanrrn. kemur einnig fyrir sérkennilegur hlutur sem a.m.k. hlýtur að vera spurning um hvort eigi heima í fjáraukalögum fyrir árið 2003. Í fyrsta lagi kemur þar fram að samkomulag hafi orðið um að þær reglur sem gilda um embættismenn og Kjaradómur hefur dæmt 5% álag vegna þess að þeir séu ekki æviráðnir nái til embættismanna utanríkisþjónustunnar. Það er eðlilegt að spurt sé: Af hverju átti þetta ekki að ná til embættismanna utanríkisþjónustunnar í upphafi? Ekki veit ég skýringuna á því. Það sem ég gerði athugasemd við er að þarna er þess óskað að peningar fáist vegna þessara greiðslna allt frá árinu 1996. Deilan um þetta, hvort embættismenn hjá utanríkisþjónustunni séu embættismenn eins og aðrir embættismenn, hefur staðið milli þeirra sem að málinu koma frá 1996 til ársins 2003. Væntanlega hafa (Gripið fram í.) staðið um þetta deilur allan þennan tíma. Maður veltir því fyrir sér af hverju ríkissáttasemjari hefur ekki verið kallaður að deilunni fyrst hún stóð svona lengi.

Nú getur verið, herra forseti, að hér séu einhverjar villur í frv. Á fundi fjárln. í morgun kom í ljós að það sem fjallað er um undir utanrrn., um að kostnaður vegna alþjóðabjörgunarsveitarinnar í Alsír hafi fallið til árið 2002, var prentvilla. Þetta gerðist árið 2003. Við skulum vona að eitthvað af því sem ég hér hef nefnt gæti hugsanlega haft þá skýringu að ártölin séu röng.

En eitt til viðbótar sem fellur í þennan hóp. Í landbrn. er verið að greiða leiðréttingar vegna lífeyrissjóðsgreiðslna sem fallið hafa til á árunum 2002 og 2003. Sérkennilegt er að lífeyrisgreiðslur á árinu 2002 hafi ekki verið fyrirsjáanlegar, a.m.k. þegar gengið var frá fjárlögum fyrir árið 2003.

Herra forseti. Á stöku stað í frv. vekur orðalagið sérstaka athygli, þ.e. í því samhengi hvort hlutirnir hafa verið fyrirséðir eða ekki. Undir því merka embætti ríkislögreglustjóra, hjá dóms- og kirkjumrn., er örlítill kafli varðandi tæki og búnað, sérstaklega vegna flutninga fjarskiptamiðstöðvar og almannavarna í Skógarhlíð sem staðið hefur yfir um skeið. Í ljós kemur að heildarkostnaður við þetta er að nálgast 100 millj. kr. En það sem vekur sérstaka athygli mína er að nú vantar 15 millj. kr. til viðbótar. Af hverju vantar þessar 15 millj. kr.? Það segir hér, með leyfi forseta:

„Fjárvöntun að fjárhæð 15 millj. kr. stafar af því að starfsemin sem þarna fer fram er mjög sérhæfð.“

Það var sem sagt ekki hægt að sjá fyrir að sú starfsemi sem þarna fer fram væri mjög sérhæfð. Betra er seint en aldrei, segi ég. Þeir eru búnir að uppgötva það hjá ríkislögreglustjóra að þetta er mjög sérhæfð starfsemi. Það hefði verið eðlilegra að menn hefðu séð þetta þegar þeir voru að skipuleggja alla þessa starfsemi, að hún er sérhæfð.

Annað orðalag vekur sérstaka athygli mína, herra forseti. Þegar fjallað er um skattrannsóknastjóra ríkisins og óskað eftir sérstakri viðbótarheimild vegna viðamikilla skattrannsókna á árinu þá segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum 18–20 mánuðum hefur stofnunin haft til meðferðar nokkur stór og viðamikil mál.“

Þetta held ég að sé hárrétt, að þarna hafi verið stór og viðamikil mál á ferðinni. Þess vegna er allt mjög eðlilegt við þessa beiðni. En það kallar hins vegar á tengingar við aðra stofnun sem heitir Samkeppnistofnun vegna þess að sú stofnun hefur einnig átt við býsna viðamikil mál á undanförnum mánuðum. Ekki nóg með það heldur hefur komið fram að fjárskortur stofnunarinnar hafi jafnvel tafið mál. Ekki bara það, herra forseti, heldur hefur hæstv. viðskrh., yfirmaður stofnunarinnar, sérstaklega fjallað um það í viðtölum við fjölmiðla að huga þyrfti að þessum málum. En í frétt Ríkisútvarpsins þann 11. ágúst sl. sagði hæstv. viðskrh., með leyfi forseta:

„Hún segir að mjög mikilvægt sé að Samkeppnisstofnun hafi það rúman fjárhag að hún geti sinnt öllum þeim málum sem hún fær til umfjöllunar og ekki síður þarf hún að geta tekið mál upp sjálf.“

Með þessu var hæstv. ráðherra að vísa til þess að ekki væri nægjanlegt fjármagn til staðar vegna þess að viðtalið gekk út á það. Það kemur að auki fram í þessari frétt að á fundi með efh.- og viðskn. hafi hæstv. ráðherra sagt að veita þyrfti aukin fjárframlög til Samkeppnisstofnunar. Þess vegna, herra forseti, er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. út í málið þar sem hæstv. viðskrh. er ekki, frekar en aðrir hæstv. ráðherrar, mætt við þessar umræður. Eins og mjög oft áður situr hæstv. fjmrh. hér einn og mun væntanlega útskýra fyrir okkur hvernig á þessu stendur, hvort hæstv. viðskrh. hafi komist að því að þarna væri ekki neinn skortur á fjármunum eða hvort fjmrn. hafi gengið svo hart fram í þessum málum að það hafi ekki hleypt til þess auknum fjármunum.

Herra forseti. Það er augljóst, miðað við þann tíma sem ég sé að ég á eftir við þessa umræðu, að ég mun ekki komast yfir öll þau atriði sem ég hefði viljað minnast á. Eitt ætla ég þó að taka fyrir sem vekur sérstaka athygli. Það varðar framkvæmdir á stjórnarráðsreitnum. Þetta kemur fyrir á nokkrum stöðum í frv., fyrst undir forsrn. á lið sem heitir Fasteignir Stjórnarráðsins. Þar er óskað eftir 75 millj. kr. fjárveitingu vegna verkefna á vegum fasteigna Stjórnarráðsins, þ.e. endurbóta á Skuggasundi 3, Lindargötu 9 og Arnarhvoli. Þetta er mikill kapall sem kemur víða við. Stöldum aðeins fyrst við þessa tölu, 75 millj. kr.

Þarna voru 25 millj. kr. á fjárlögum þannig að þarna er verið að biðja um litla 200% aukningu á þessum lið. En eins og ég sagði áðan, þá kemur þetta víðar fram. Hjá dómsmrn.,

sem er að flytja í hluta af þessu húsnæði, er beðið um 4,4 millj. kr.

Ef ég man rétt er síðan beðið um, undir liðnum Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól, 15,2 millj. kr. vegna kostnaðarins við að hluti af þessu húsnæði skuli standa auður. Skipulagið er svo mikið á þessu að það virðist aldrei vitað fyrir fram hvað á að taka við þegar ákvörðun er tekin. Það er bara beðið eftir því að næsta ákvörðun verði tekin. Hér eru samanlagt tengdar þessu tæpar 100 millj. kr. En inn í þennan kapal tengist einnig Hagstofa Íslands. Hagstofan flutti þarna út og yfir í nýtt húsnæði uppi í Borgartúni. Nú er verið að óska eftir því að Hagstofan fái, vegna þess kostnaðar sem þar hefur bæst við, rúmlega 36 millj. kr. Það er til að standa undir þeim kostnaði af þeim flutningi hefur hlotist. Inn í þennan kapal erum við því komin með yfir 130 millj. kr.

Takið eftir, herra forseti, að hér erum við að tala um fjáraukalagafrv. fyrir árið 2003, þ.e. við göngum út frá því að allt þetta hafi verið ófyrirséð þegar gengið var frá fjárlögum fyrir árið 2003. Allt þetta hefur komið upp á þessu ári.

Ég held, herra forseti, og hef það lokaorð mín í þessari ræðu, að tími sé til þess kominn að skipulagið á stjórnarráðsreitnum, bæði á framkvæmdum og rekstri, verði tekið til endurskoðunar.

[15:11]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003. Í umræðum um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 var allítarlega fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum almennt og mikilvægan þátt ríkisfjármála í hagstjórninni. Ég ætla ekki í þessari umræðu að fara yfir það aftur en vísa í þá umræðu sem fram fór um fjárlagafrv. sjálft.

Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2003 verði 6,2 milljarðar kr., þ.e. rúmlega 0,8% af landsframleiðslu, en ekki 9,4 milljarðar eins og samþykkt fjárlög fyrir árið 2003 og áður samþykkt fjáraukalög höfðu gert ráð fyrir. Fyrir þessari breytingu er gerð grein í frv. og hefur hæstv. fjmrh. farið yfir hana í einstökum liðum. Samt sem áður er um góðan afgang að ræða, svipaðan og gert er ráð fyrir árið 2004 samkvæmt frv. til fjárlaga sem fyrir liggur. Hér er því um að ræða gott framlag til hagstjórnarinnar af hálfu ríkissjóðs og sýnir góða stöðu ríkissjóðs.

Herra forseti. Almennt ríkir það sjónarmið að innihald fjáraukalaga eigi að vera hóflegt. Ég er þeirrar skoðunar að frv. til fjáraukalaga eigi að vera sem minnst að umfangi og ekki um að ræða aðrar fjárheimildir en þær sem vart þola bið eins og raunar er kveðið á um í lögum um fjárreiður ríkissjóðs. En eins og ætíð er eðlilegt að skiptar skoðanir séu um innihald frv., hversu brýnt og eðlilegt kann að vera að leggja til þær fjárheimildir sem frv. gerir ráð fyrir. Það er mikilvægt að framkvæmdarvaldið á hverjum tíma umgangist heimildir til fjáraukalaga í lögum um fjárreiður ríkisins með hófsemd.

Í þessari umræðu ætla ég ekki að fara yfir einstök atriði frv. né leggja dóm á það sem í því felst en mun taka þátt í að fjalla um það í fjárln. og fara nánar yfir það við 2. umr.

Ég vil hins vegar, herra forseti, ítreka það sem ég kom inn á í umræðum um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004. Fjárln. á að taka virkan þátt í að fylgja því eftir að fjárlög haldi eftir að þau eru samþykkt og veita framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald í þeim efnum. Það er mikilvægt hlutverk sem miðar að því að sem best verði haldið um fjárhag ríkissjóðs og þannig verði fylgt eftir göfugum markmiðum sem tengjast efnahagsstjórninni almennt. En fjárln. er þegar byrjuð að fjalla um þetta frv. Ég vænti þess að vel takist til við að ljúka umfjöllun um frv. á þann hátt sem starfsáætlun Alþingis gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra í bili en mun ræða um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 við 2. umr.

[15:14]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga og ég ætla að fjalla um einstaka þætti þeirra. Í þeim er lagt til að veitt verði 170 millj. kr. af opinberu fé til þess að úrelda sláturhús. Er það gert með því fororðinu að um sé að ræða svokallaða hagræðingu í landbúnaði. Það er ákaflega sérkennilegt að sjá hæstv. fjmrh. og sjálfstæðismann standa fyrir 170 millj. kr. fjárframlögum til þess að hagræða í úrvinnslugreinum landbúnaðarins. Ég spyr: Er það í samræmi við stefnu Sjálfstæðisflokksins að ríkið standi með beinum hætti fyrir hagræðingu í atvinnuvegum landsmanna? Ég tel ekkert athugavert við að styrkja byggð eða standa fyrir almennum atriðum til að skjóta styrkum stoðum undir atvinnulífið. En ég dreg í efa að hér sé um raunverulega hagræðingu að ræða. Samkvæmt þessu er ríkisvaldið enn að skipta sér beint af þróun landbúnaðarins og kemur í veg fyrir að eðlileg og sanngjörn markaðslögmál ráði þróun landbúnaðar.

Nú er hæstv. fjmrh. að leggja til að gríðarlega háum fjárhæðum, eins og áður er sagt, verði varið til þess að loka sláturhúsum hringinn í kringum landið en ekki hefur farið fram nein sjálfstæð rannsókn á því hvort að þessum fjármunum sé vel varið. Hefur sú rannsókn farið fram? Nei. Engin rannsókn hefur farið fram.

Nefnd landbrn. sem lagði til úreldinguna byggði útreikninga sína á tveggja ára gamalli skýrslu verkfræðistofunnar VSÓ sem unnin var fyrir Goða hf. Þessi ágæta skýrsla VSÓ fjallar eingöngu um fyrirhugaða hagræðingu í sláturhúsum Goða hf., en Goði slátraði sauðfé í átta sláturhúsum árið 2000. Margir muna eflaust hvernig fór fyrir Goða, en fyrirtækið varð gjaldþrota þrátt fyrir góð áform um mikla hagræðingu sem fylgdi því að sameina rekstur fjölda sláturhúsa.

Helsta niðurstaða skýrslu VSÓ var að hagkvæmast væri að hætta slátrun í öllum átta sláturhúsum Goða og byggja tvö ný sláturhús, annað á Austurlandi og hitt á Vesturlandi. Það sem stendur þó upp úr er að ekki er að sjá að fyrir liggi neinir útreikningar um að þessi sex sláturhús sem ríkisstjórnin hefur valið, eða nefnd landbrn. valdi fyrir ríkisstjórnina, lækki kostnað við slátrun. Öllum má vera ljóst að hæstv. fjmrh. eys fjármagni úr ríkissjóði á mjög hæpnum forsendum. Úrelding sláturhúsa er mjög gamaldags og í raun framsóknarleg aðgerð og í anda miðstýringar. Íslenskur landbúnaður þarf að losna úr klóm miðstýringar ef nást á raunverulegur árangur í að lækka matvælaverð á Íslandi.

Hvaða hagræðing er í að slátra öllu í svokölluðum útflutningssláturhúsum þar sem kostnaður við slátrun er hærri vegna þess að þau þurfa að yfirstíga ýmsar kröfur sem eru í raun ekkert annað viðskiptahindranir? Hvaða hagræðing er í að hætta allri slátrun á Vesturlandi og flytja allt fé norður í land, eins og ríkisstjórnin leggur til, og flytja síðan skrokkana aftur suður á markað? Ég skil það ekki. En hæstv. landbrh. hefur eflaust sínar skýringar á þessu, eins og á þessu með laxinn í gær. Auk þess jaðrar það við að vera mjög ill

meðferð á dýrum að þvæla þeim um landið landshorna á milli.

Herra forseti. Það er annað sem ég hef miklar áhyggjur af varðandi aukafjárveitingar, þ.e. sú háa upphæð sem á að fara til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Um er að ræða um 1 milljarð. Ekki er gert ráð fyrir miklum hækkunum til Landspítalans í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 og má leiða að því líkur að á sama tíma að ári þurfi Landspítalinn aukafjárveitingu ef ekki verður gerð breyting á rekstri Landspítalans.

Í framhaldi er réttmætt að spyrja hverju sameining sjúkrahúsanna hafi skilað í sparnaði fyrir skattgreiðendur og bættri meðferð sjúklinga. Upp hefur komið gagnrýni á þessa sameiningu, m.a. frá formanni Læknafélagsins, og ljóst er að fjárframlög til sjúkrahúsanna hafa vaxið. Því er algjörlega nauðsynlegt að fara ofan í þessi mál og meta hvernig sameiningin hafi til tekist með það að markmiði að bæta úr rekstri þessa mikilvæga málaflokks.

[15:20]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Nú hefur verið mælt fyrir frv. til fjáraukalaga hinum seinni fyrir yfirstandandi ár. Þrátt fyrir að í heildina litið sé kannski ekki um hlutfallslega miklar breytingar að ræða frá samþykktum fjárlögum þá eru tölurnar sem um ræðir ekki smáar og að mörgu leyti athyglisverðar.

Þrátt fyrir að talsverðar breytingar hafi orðið á efnahagsforsendum fjárlaganna vegna meiri efnahagsumsvifa hækka skatttekjur ríkissjóðs aðeins lítillega frá fjárlagaáætlun. Skýringin er sú að heildarlaunabreytingar sem hafa áhrif á tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald eru taldar svipaðar og jafnvel ívið minni en fyrri spár gáfu til kynna, en það má m.a. rekja til aukins atvinnuleysis. Á móti vegur að heildarumsvif í efnahagslífinu, einkum neyslugjöld heimilanna, hafa aukist, en það skilar sér í auknum veltusköttum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu, eins og komið hefur fram hér, hækkar lítillega frá fjárlagaáætlun eða úr 29% í 29,2%. Ekki sjáum við neina skattalækkun þar fremur en í fjárlagafrv. fyrir árið 2004 og segja má að eyðslugleði íslenskra heimila bjargi þessari niðurstöðu núna fyrir árið 2003 fyrir horn þrátt fyrir minni hækkun launa en ráð var fyrir gert í forsendum fjárlaga.

Tekjurnar hafa aukist um 3 milljarða kr. rúmlega þrátt fyrir að tekjuskattur einstaklinganna skili væntanlega um 1 milljarði kr. minni tekjum en að var stefnt í fjárlögum ársins. Launaveltan er því nokkuð minni en búist var við, einkum vegna þess að atvinnuleysi var talsvert miklu meira en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Hvað ber þá uppi tekjuaukninguna upp á 3 milljarða kr.? Jú, það eru veltuskattarnir, virðisaukaskatturinn, hann virðist ætla að aukast um 1.700 millj., og vörugjöldin, t.d. af innflutningi ökutæka, um 800 millj.

Annað sem vekur athygli er að arður af ríkisfyrirtækjum eykst um rúma 1,5 milljarða kr. frá því sem ráð var fyrir gert og þannig myndast að mestu sá tekjuauki sem áður var nefndur.

Það vakti athygli mína einnig, herra forseti, að ríkissjóður fær um það bil 1.000 millj. kr. meira í dráttarvexti af skatttekjum en áður var áætlað og segir það kannski meira en margt annað til um greiðslugetu gjaldenda þar sem enginn leikur sér að því að greiða dráttarvexti sem hjá því getur komist með nokkru móti.

Þegar ég sá í forsendum frv. að dráttarvextir mundu væntanlega aukast um 1.000 millj. kr. ákvað ég að spyrja hver væri heildartala dráttarvaxta sem áætluð væri fyrir árið 2003. Okkur barst svar í morgun í fjárln. og þar kemur fram að dráttarvextir eru og verða í kringum 9 milljarðar kr. á þessu ári. Þá sjáum við að ef ekki væri fyrir greiðslu dráttarvaxta, þ.e. greiðslugeta gjaldenda væri ekki fyrir hendi og þeir yrðu að draga greiðslur, þá væri talsverður halli á ríkissjóði.

Ég nefndi áðan arðgreiðslur ríkisfyrirtækja og það vakti athygli að reiknað er með að Landssíminn greiði rúmar 2.000 millj., 2.087 millj. í arð til ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þarna er um verulega aukningu að ræða því að áður var gert ráð fyrir að hann mundi greiða rúmar 800 millj. í arð. Það sést einnig að gert er ráð fyrir því að Landssíminn muni greiða 2.100 millj. í arð á árinu 2004.

Í ljósi þess að búist er við svo stórauknum arðgreiðslum frá Landssímanum umfram það sem áður var áætlað er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort tekin hafi verið sú stefnumarkandi ákvörðun að minnka eigið fé fyrirtækisins með útgreiðslu á arði í ríkissjóð sem undanfara þess að fyrirtækið verði selt.

Herra forseti. Á sama tíma og ríkisstjórnin ber sér á brjóst og talar um árangur í því að koma böndum á ríkisútgjöld og ríkisumsvif aukast útgjöld ríkisins um mun hærri upphæðir en tekjur þess og verða útgjöld um 8 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Í raun þýðir þetta að handbært fé frá rekstri ríkissjóðs fyrir árið 2003 er áætlað núna neikvætt upp á tæpa 14 milljarða kr. í fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga.

Ýmsar forsendur fyrir fyrri spá hafa breyst og breyst talsvert, eins og sjá má í töflu í frv. á bls. 53. Þar vekur athygli að nú er talið að samneyslan muni aukast um 3,5%. Þetta er um 1,25% meiri aukning en að var stefnt í fjárlögum ársins.

Í ljósi þess hve illa ríkisstjórninni gengur að hemja ríkisútgjöld og í ljósi þess að þau hafa aukist gríðarlega í tíð hennar er erfitt að sjá hvernig hún ætlar að standa við að samneyslan vaxi ekki umfram 2% á ári eins og við munum að er forsenda í nýframlögðu fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Megum við ekki búast við því að nauðsynleg fjáraukalög 2004 breyti þeirri mynd ef að líkum lætur?

Herra forseti. Annað sem vakti athygli mína í fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga er að gert er ráð fyrir að eignasala frá fyrra ári skili 2 milljarða kr. lækkun innborgana frá því sem áður var talið og er skýringin sögð í frv. vera styrking á gengi íslensku krónunnar og endurskoðun á söluverðmæti eigna. Ekki kemur fram í frv. skipting á þessari lækkun og mun þurfa að leita skýringa á henni í vinnunni fram undan. Getur verið að hér sé um einhvern afslátt af sölu Landsbanka eða Búnaðarbanka að ræða, og ef svo er, hve mikill er sá afsláttur og hvers vegna kemur hann til?

Á nokkrum stöðum í frv. bregður fyrir texta sem gefur til kynna að einstakir ráðherrar hafi gert samninga við þriðja aðila um þátttöku ríkisins í verkefnum og að þessir samningar hafi verið gerðir í aðdraganda kosninganna í vor. Ætla má að aðeins lítið brot af þessum kosningasamningum, sem ég kalla svo, hafi ratað inn í fjáraukalagafrv. yfirstandandi árs og frekar megum við vænta að þeir verði í einhverjum mæli í frv. til fjárlaga næsta árs. Ég held að flestir muni hve greiðlega virtist ganga sums staðar í aðdraganda kosninga með samninga um styrki til ýmissa verkefna eftir því sem þær nálguðust.

Eins og komið hefur fram hjá fyrri ræðumönnum þá skulu fjáraukalög taka tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum sem verða frá því að fjárlög

verða samþykkt og ákvarðana ríkisstjórnar um ný útgjöld. Ég verð að taka undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni um að þegar maður fer yfir frv. sem fyrir liggur þá virðast vera þar ansi mörg verkefni sem menn að hljóta að hafa séð fyrir þegar ákveðið var hvaða tölur voru settar í fjárlagafrv. fyrir árið 2003. Auðvitað kemur alltaf upp og mun alltaf koma upp að breyta þurfi tölum í fjáraukalagafrv. frá því sem gert var ráð fyrir. En við verðum að gera þá kröfu til fjmrn. og þeirra sem með fé ríkisins fara að reynt sé að áætla eins nákvæmlega og eins rétt og mögulegt er. Förum yfir nokkrar tölur í fyrirliggjandi frv.

Um framhaldsskólana segir þar, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er sótt um 250 millj. kr. til þess að mæta kostnaði við nemendafjölda í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga ársins 2003. Fjárhæðin svarar til framlags vegna um það bil 540 ársnemenda samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins. Niðurstaða vorannar 2003 og spá fyrir haustönn, sem byggð er á innritunum í haust, bendir til þess að nálægt 16.550 ársnemendur verði í skólunum í ár. Í forsendum fjárlaga 2003 er gert ráð fyrir um 15.833 ársnemendum á fjárlagaliðum skólanna og óskiptum lið. Að teknu tilliti til þeirrar hækkunar sem sótt er um er áætlað fyrir framlagi fyrir um það bil 16.373 ársnemendum í framhaldsskólum."

Ég hélt að með fjáraukalögum væri verið að áætla fyrir því sem út af stæði. Það kemur fram í skýringum við þessa grein að gert er ráð fyrir að nemendur verði 16.550, svokallaðir ársnemendur. En það á ekki að áætla fyrir þeim öllum í fjáraukalögum, heldur er áætlað og gert ráð fyrir 16.373 nemendum. Er ekki í raun verið að fresta ákveðnum vanda þarna? Er ekki í raun verið að neita að viðurkenna kostnað sem menn telja að hljóti að falla til?

Í frumvarpi eins og hér liggur fyrir eru margar tölur sem stinga í augu, fyrir nýliða eins og mig. Ég fór að velta fyrir mér hvernig stæði á einni tölu sem varðar framhaldsskólana. Það er farið fram á 70 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta auknum kostnaði við veikindaorlof framhaldsskólakennara. Þegar lesið var lengra kom skýring á þessu. Hún var sú að hækkandi meðalaldur kennara á framhaldsskólastigi er einn þeirra þátta sem skýra auknar greiðslur vegna veikindaorlofs. Þarna var hægt að sjá fyrir sér að framhaldsskólakennarar væru orðnir það hrumir að þeir væru meira veikir nú en áður. Auðvitað hlýtur þetta að þýða það að eftir því sem kennarar eru með lengri starfsaldur þeim mun dýrari hljóti þeir að vera og þar af leiðandi þurfi að greiða hærri laun í veikindaorlofi. En þegar lengra var lesið kom ákveðin skýring á þessu. Það er ekki bara aldur framhaldsskólakennara sem veldur því að það vanti 70 milljónir til viðbótar vegna veikindaforfallakennslu, heldur segir:

„Einnig er talið að reglur menntamálaráðuneytisins um framlög til framhaldsskóla hafi leitt til þess að skólarnir skrái kostnað vegna veikinda nákvæmar en áður."

Herra forseti. Mér finnst koma fram í þessum skýringum að það er það hart sótt að framhaldsskólum með fjárveitingar að farið er að skrá alla mögulega og ómögulega hluti inn í þetta reiknilíkan frá menntmrn. til þess að reyna að ná í þá fjármuni sem þarf til að reka framhaldsskólana á ári. En 70 millj. kr. viðbótarfjárveiting bara í þetta eina, stingur nýliða eins og mig í augun.

Við munum eftir því í fjárlagaumræðunni fyrir fjárlög árið 2004 að þar var boðaður niðurskurður á lyfjakostnaði, hjálpartækjum og kostnaði vegna sérfræðilækna. Þegar skoðað er hvernig þessir liðir, í því frv. sem hér liggur fyrir, líta út, hvort í raun hafi tekist að spara í þeim liðum sem á að spara verulega í á næsta ári, kemur í ljós að svo er alls ekki.

Það kemur í ljós, herra forseti, að það vantar 160 milljónir til viðbótar vegna lyfjakostnaðar. Það vantar 270 milljónir til viðbótar vegna hjálpartækja. Í lífeyristryggingar vantar 674 milljónir. Ég les þetta upp vegna þess að maður heldur, þegar fjárlagafrumvarp árið 2004 er lagt fram, og verulegur eða talsvert mikill niðurskurður á liðum sem ég var að nefna kemur fram á lyfjum, hjálpartækjum og læknisþjónustu, að það byggist á því að það hefði tekist að spara með einhverjum hætti í þessum þáttum. En svo er alls ekki, miðað við frumvarpið til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir. Það vantar aukna fjármuni inn í þessa þætti. Samt sem áður telja þeir sem leggja fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2004 að þeir geti sparað þarna á næsta ári.

Ég tel, í fullri einlægni, að ef við horfum á söguna eins og hún hefur verið, hvað varðar þessi útgjöld sem ég var að nefna hér, þá hefur þetta á undanförnum árum verið eins. Það er aldrei áætlað nægilega mikið fyrir þessum liðum og síðan er verið að bæta á þá með fjáraukalögum, en samt sem áður ætla menn að spara verulega í næstu fjárlögum.

Herra forseti. Kollegi minn og samþingmaður, Einar Már Sigurðarson, vitnaði í skýrslu Ríkisendurskoðunar og fór þar með álit hennar á því með hvaða hætti ætti að fara að fjárlögum og hvað ætti heima í fjáraukalögum. Það vakti óneitanlega athygli mína þegar ég fór yfir fjáraukalögin að þar biður Ríkisendurskoðun um 7 millj. kr. aukið framlag vegna hækkunar á húsaleigu. Ég held að Ríkisendurskoðun hljóti að hafa verið ljóst, þegar gengið var í fjárlagavinnuna fyrir árið 2003, hver húsaleigan mundi verða á öllu árinu og lýsi vonbrigðum mínum yfir því að stofnun eins og Ríkisendurskoðun, sem er búin að fara yfir þetta vinnulag frá a–z og skrifa um það lærða skýrslu, skuli síðan dúkka upp í fjáraukalögum með beiðni um að það vanti 7 millj. kr. til viðbótar til að geta staðið undir rekstri stofnunarinnar.

Það má kannski segja að það sem standi upp úr vinnu eins og þeirri sem við erum að vinna í fjárln. séu þessar stóru, háu, miklu tölur sem við erum að fjalla um á hverjum degi. Ég verð að segja alveg eins og er að það hvarflaði aldrei að mér að ríkið væri í raun að innheimta dráttarvexti af gjaldendum sínum upp á u.þ.b. 9 milljarða króna á ári. Þetta virðist vera svipuð tala árið 2001, 2002 og áætluð fyrir árið 2003. Hér er um verulegar upphæðir að ræða, sama á hvaða mælikvarða við leggjum þær, því við munum öll eftir því hvað ríkið ætlaði að fá fyrir sölu á ríkisfyrirtækjum. Þegar farið er að tala um tölu eins og 9 milljarða króna, hátt í heilan tug milljarða króna, eru það ekki litlar upphæðir. Ég held að það segi okkur kannski, eins og ég sagði í upphafi máls mín, meira um ástand gjaldenda, heldur en við gerum okkur í raun grein fyrir í fljótu bragði.

[15:38]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn og erfitt að bæta nokkru við það sem mínir ágætu félagar og hv. þingmenn Einar Már Sigurðarson og Jón Gunnarsson hafa rakið um þetta frv. til fjáraukalaga, en það eru þó nokkur orð sem ég vil um það segja. Til að byrja á litlu atriði vil ég taka undir með 8. þm. Norðvest. um þá furðulegu tillögu í frumvarpinu að þar skuli færa til gjalda hjá heilbrrn. kostnað við úrskurð um Norðlingaölduveitu og segja um þann lið um leið, virðulegur forseti, að það er þá

ekki að undra að útgjöld okkar til heilbrigðismála mælist há á alþjóðlegum mælikvarða ef útgjöld til heilbrigðismála eru almennt bókaður kostnaður við virkjunarrannsóknir á Íslandi, en hann er orðinn ærinn í seinni tíð, eins og forseti veit.

Í öðru lagi vil ég taka undir með hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að þegar lesin eru lög nr. 88 frá 1987 og sömuleiðis skýrsla Ríkisendurskoðunar frá apríl 2001, fer það ekkert á milli mála að það sem á að vera í þessu frv. eru ófyrirséðir liðir sem leiða af einhverju því sem menn gátu ekki vitað við gerð fjárlaganna. En það verður að segja um þetta fjáraukalagafrumvarp að flest sem í því er, eða mjög margt a.m.k., hljóta menn að hafa séð fyrir og er í raun og veru algjörlega fyrirsjáanlegt fyrir löngu. Menn vita jafnvel þegar þeir eru að afgreiða fjárlög í desember að þetta muni koma upp og muni koma inn í fjáraukalögin. Það er að vísu engum blöðum um það að fletta að vinnu við fjáraukalög hefur farið mjög fram á umliðnum árum og er full ástæða til þess að hrósa hæstv. fjmrh. og ráðuneyti hans fyrir að hafa unnið að því með þeim hætti að núna sé fjallað um þau á því ári sem við á eins og hefur verið gert um nokkurra ára skeið, og að í ár skuli koma fjáraukalög í tvígang fyrir þingið. Ég held að það sé framför og vert að huga að því að þannig verði það framvegis, að flutt sé frv. til fjáraukalaga bæði á vorþingi og á haustþingi, þannig að þingið fylgist vel með framkvæmd fjárlaganna, því hún skiptir jú gríðarlega miklu máli.

Þegar menn segja að hér séu ekki háar tölur á ferðinni, fer það eftir því hvaða viðmið þeir hafa. Fyrir okkur nýliðana er a.m.k. 5 milljarða útgjaldaauki umfram tekjur, talsvert háar tölur, og við kannski ekki eins vanir að sýsla með háar tölur og ýmsir aðrir hv. þingmenn. Það hlýtur að vera talsvert umhugsunarefni, sérstaklega þegar til þess er horft að fjárlög fyrir þetta ár voru lögð fram sl. haust með 10,7 milljarða kr. afgangi og samþykkt síðan með rúmlega 11 milljarða afgangi. En niðurstaðan, samkvæmt þessu fjáraukalagafrumvarpi er afgangur upp á 6,2 milljarða. Það er 5 milljarða munur á því sem afgreitt er hér og því sem verður og þegar fjmrh. hefur mælt fyrir frumvarpi þar sem afgangurinn er aðeins 6,4 milljarðar vekur það spurningar um það, ef skekkja af þessu tagi er regla en ekki undantekning, hvort í því frv. sem hér hefur verið lagt fyrir þingið sé gætt þess aðhalds sem þörf er á á þeim þenslutímum sem í hönd fara, og hvort nokkur von sé til þess að sá afgangur sem þar er gert ráð fyrir muni nokkurn tímann skila sér.

Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað virðist mér, virðulegur forseti, að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að svo verði og mun ég koma að því eilítið síðar. Áður en ég geri það vil ég gera að umfjöllunarefni helsta frávik sem er að finna í forsenduspám fyrir árið. Það er það frávik sem verður á spám um þróun atvinnuleysis og hefur áhrif til útgjaldaaukningar í frumvarpinu.

Það er þannig að spáin sem lögð var til grundvallar gerði ráð fyrir 2,5% atvinnuleysi, en reyndin er 3,3% atvinnuleysi, þ.e. frávik upp á liðlega þriðjung frá áætlun til veruleikans. Ekki einasta er um þetta frávik að ræða, heldur er það líka svo að þegar spáin er gerð er ekki gert ráð fyrir stærstu framkvæmdum Íslandssögunnar eins og þær eru gjarnan kallaðar í þessum sal. Þegar þessi spá er gerð um 2,5% atvinnuleysi, var ekki gert ráð fyrir jafnmikilli einkaneyslu og raunin varð, það var ekki gert ráð fyrir jafnmikilli fjárfestingu og raunin varð og það var ekki gert ráð fyrir jafnmiklum ríkisútgjöldum og raunin varð. Mér finnst þess vegna full ástæða til þess að það verði skoðað alveg sérstaklega hvað það er sem veldur því að þrátt fyrir meiri fjárfestingu og þrátt fyrir meiri neyslu, verður atvinnuleysi umtalsvert meira en menn töldu að verða mundi.

Hvaða framleiðniaukning er að verða hér í atvinnulífinu sem leiðir til þessa? Vegna þess að þó að 0,8% skekkja í þessu, virðulegur forseti, sé auðvitað lítið í prósentum talið þá er 0,8% í atvinnuleysi nokkuð sem snertir mjög margt fólk. Ég held að það skipti máli að hæstv. fjmrh. og ráðuneyti hans skoði alveg sérstaklega hvað valdi þessu mikla fráviki.

En aftur að fjáraukalagafrumvarpinu sem er með ýmsum liðum sem virðast heldur vera regla en undantekning, t.d. vandinn í heilbrigðismálunum, skorturinn á fjárveitingum til hátæknisjúkrahúsa sem alltaf kemur upp á hverju hausti og landsmenn þekkja orðið því eins og lóan boðar vorið þá er það vandinn í heilbrigðismálunum sem boðar haustið.

Þegar maður skoðar hvaða liðir það eru sem ætlunin er að spara á í fjárlagafrumvarpi næsta árs þá er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Vinnan við það fjárlagafrumvarp virðist að mörgu leyti byggja á þessu fjáraukalagafrumvarpi. Þar eru framreiknaðar ýmsar tölur, tekjurnar framreiknaðar miðað við spár um mikla kaupmáttaraukningu. En ýmsir útgjaldaliðir eru hins vegar aðeins framreiknaðir miðað við verðlagsþróun og þannig er tryggð, a.m.k. á pappírnum, sæmileg afkoma á ríkissjóði. Síðan er gripið til nokkurra sparnaðarráðstafana og þær virðist hafa verið nokkuð auðvelt að finna. Það hefur bara verið farið í fjáraukalagafrumvarpið og skoðað hvar við fórum fram úr í ár og þar er skorið niður á fjárlögum næsta árs. Já, við fórum fram úr í atvinnuleysistryggingunum. Þá skerum við niður þar. Við fórum fram úr í lyfjakostnaði og hjálpartækjum í ár og þá hljótum við að skera niður þar á næsta ári. Síðan fórum við sömuleiðis fram úr í vaxtabótunum og við hljótum þá líka að skera niður þar á næsta ári. Flóknari virðast nú vinnubrögðin við fjárlagagerðina ekki vera, skýringarnar á breytingunum sem þar eru gerðar eða vinnan sem að baki sparnaðinum liggur.

Manni segir svo hugur um að að ári muni þessi sömu vandamál skjóta aftur upp kollinum í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2004 vegna þess að í þeirri fjárlagavinnu sem hér er unnin liggur ekki að baki útfærð vinna við sparnaðinn heldur eru bara framúrkeyrsluliðir ársins í ár teknir og sparað á þeim á komandi ári. Svo virðist sem það hafi nú ekki alltaf gengið og sannarlega langt í frá. Ég hygg að það sé ekki í fyrsta sinn nú að það eigi að spara í lyfjakostnaði, og ég hygg að það hafi sjaldnast gengið eftir, eða að það eigi að spara á hátæknisjúkrahúsunum, enda segir mér svo hugur um að fjárveitingar sem gert er ráð fyrir til þeirra í því fjárlagafrumvarpi sem lagt hefur verið fram fyrir árið 2004 séu ekki nægar og við munum enn sjá þann lið í fjáraukalagafrumvarpi fyrir næsta ár því í þessari vinnu er greinilega ekki tekið á vandanum.

Þó að hér sé aðeins um að ræða frávik upp á 5 milljarða frá framlögðu frv. fyrir árið 2003 til niðurstöðunnar verða menn að hafa í huga að samkvæmt því mikla bjartsýnisfrumvarpi sem lagt hefur verið fram fyrir næsta ár er sjóðstreymi ríkissjóðs aðeins jákvætt um 2 milljarða. Það er aðeins jákvætt um 2 milljarða. Ef ekki er vandað meira til þess en svo að við fáum aftur inn að ári fjáraukalagafrumvarp þar sem útgjöldin aukast um 5 milljarða þá er sjóðstreymi ríkissjóðs neikvætt á þeim tíma í efnahagssögu okkar þegar mest þörf hefur

verið fyrir, virðulegur forseti, að aðhalds sé gætt í fjármálum ríkisins.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er býsna rogginn með sig og hann er ólatur við að tíunda eigin afrek í fjölmiðlum um hinn glæsta árangur sinn og ríkisstjórnar sinnar í ríkisfjármálum. Það er út af fyrir sig nokkuð til í því að hagur ríkissjóðs hefur verið allgóður nú hin seinni árin. En á því eru auðvitað þær skýringar helstar að við höfum búið við ákaflega hagstæð ytri skilyrði til reksturs þjóðarbúsins lengst af meira og minna frá miðjum tíunda áratug síðustu aldar. Á því eru líka þær skýringar að hæstv. fjmrh. hefur verið drjúgur við að selja fjölskyldusilfrið. Hann hefur komið í verð og afsett verðmætar eignir sem þjóðin hafði byggt upp í fyrirtækjum sínum á áratuga- og aldalöngu tímabili. (Gripið fram í.) Mesti glansinn fer nú af þessum árangri í ríkisfjármálum þegar sala ríkiseigna er dregin frá. Þá er það þannig að ríkissjóður hefur kannski í aðalatriðum náð því að vera rekinn á núlli í gegnum þetta langa hagvaxtar- og góðærisskeið hvað varðar ytri skilyrði þjóðarbúsins. Þetta væri svo sem ekki slæmt sérstaklega ef afkoma og hagur annarra hefði á sama tíma verið jafngóður. En svo er ekki.

Hæstv. fjmrh. vill t.d. aldrei ræða þá staðreynd að nánast samfellt á þeim tíma sem ríkissjóður hefur verið rekinn á sléttu eða með afgangi hafa sveitarfélögin verið rekin með halla og þau hafa safnað miklum skuldum. Sá hluti hins opinbera rekstrar sem liggur hjá sveitarfélögunum er ekkert síður mikilvægur en rekstur ríkissjóðs og hann er í vaxandi mæli að verða sá stóri hluti af velferðarþjónustunni sem varðar nærþjónustuna við íbúana og skiptir miklu máli í daglegu lífi fólks. Það gerist m.a. með ákvörðunum um að færa mikilvæga málaflokka eins og grunnskólann til sveitarfélaganna.

Mér finnst það því vera svona eins og að skoða bara aðra hliðina á peningnum að ræða þröngt um afkomu ríkissjóðs en horfa algjörlega fram hjá afkomu sveitarfélaganna sem Alþingi, löggjafarvaldið og ríkisstjórn á hverjum tíma með stefnumótun sinni skammta algerlega skilyrðin, því tekjulegur grundvöllur sveitarfélaganna er ákveðinn hér. Hann er ákveðinn hér og svigrúm þeirra og sjálfstæði til eigin tekjuöflunar er afar lítið þar sem tekjurnar eru skammtaðar af löggjafanum eða tekjuramminn og verkefnin eru síðan meira og minna lögbundin. Sveitarfélögin hafa á sér þessar lögbundnu skyldur til þess að sinna hlutunum.

Heimilin í landinu hafa líka safnað miklum skuldum. Ætli þær séu ekki að nálgast 200% af ráðstöfunartekjum heimilanna, líklega um 180% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Það þýðir að þó heimilin hættu allt í einu að eyða og ráðstöfuðu hverri einustu krónu sem kæmi inn í tekjur í að borga niður skuldir þá tæki það upp undir tvö ár. Þá yrði nú einhver orðinn magur ef hann ætti að lifa á loftinu á meðan. Það er nú bara ekki svo auðvelt að gera þetta svoleiðis.

Skuldir íslenskra heimila eru, að ég held, reyndar þær hæstu í heiminum eftir að við fórum fram úr Japönum sem lengi áttu heimsmetið í þessum efnum. Svo koma menn hér með alls konar skýringar og segja að þetta sé vegna þess að þjóðin sé ung og búi í dýru húsnæði o.s.frv. og menn eru drjúgir við það þegar þeir gera lítið úr þessum alvarlegu vísbendingum sem við erum að horfast í augu við, þ.e. að sveitarfélögin, heimilin, reyndar atvinnulífið í talsverðum mæli og síðast en ekki síst þjóðarbúið út á við, hafa verið rekin með algjörlega óviðunandi afkomu núna um langt árabil. Við erum að horfa framan í áttunda árið í röð með viðskiptahalla. Hann var að vísu lítill á síðasta ári, en miðað við nýjustu tölur hefur það sennilega fallið öfugu megin við strikið. Það var lítils háttar viðskiptahalli á árinu 2002.

Frá og með árinu 1996 að telja til og með þess sem við horfum framan í í ár, þegar viðskiptahalli er að aukast á nýjan leik, er sem sagt mínus framan við uppgjörið á hverju einasta ári og það svo ekkert litlu nemur þau árin sem viðskiptahallinn var hér mestur eða upp undir 10% af landsframleiðslu.

Ég verð því að segja, virðulegur forseti, að ég deili ekki nema í takmörkuðum mæli þessum góðærisvaðli sem stendur hér upp úr öðrum hverjum manni. Það er eiginlega alveg merkilegt hvernig menn geta talað sig upp í það og sannfært sjálfa sig um að það sé svona grenjandi góðæri. Hvers konar notkun er þetta á þessu hugtaki? Hverjir njóta þessa góðæris? Verðum við þá ekki að fara ofan í saumana á því? Jú, segja má að nokkurt góðæri hafi verið hjá ríkissjóði ef það er skoðað afar þröngt, m.a. vegna þess að ríkissjóður hefur verið að selja eignir. En það gildir ekki um stóra og mikilvæga aðila í samfélaginu að öðru leyti sem hafa alls ekkert búið við mjög góðan efnahag. Þegar efnahagsreikningur annarra er gerður upp er hann ekkert sérlega glæsilegur. Það mun taka í að borga þessar skuldir.

Þarna er auðvitað alvarlegust skuldastaða þjóðarbúsins út á við. Hún er mjög alvarleg. Hún hefur verið að aukast jafnt og þétt og mun gera á næstu árum all verulega ef áform eða áætlanir um viðskiptahalla, sem ég reyndar tel að séu varfærnar, ganga eftir, þ.e. ef hann helst innan þeirra marka að fara ekki mikið yfir þrjá af hundraði af þjóðartekjum.

Þetta þarf nú að hafa í huga allt saman, herra forseti, þegar menn ræða hér glaðhlakkalegir um stöðu ríkisfjármálanna. Ég tel að hæstv. fjmrh. mætti gjarnan temja sér aðeins meiri hógværð í þeim efnum þó ýmislegt hafi vel til tekist og margt sé þar ágætlega gert. Ég tel t.d. að það hvernig ríkissjóður hefur verið að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar og fleira í þeim dúr sé til fyrirmyndar, að þannig eigum við að taka á slíkum málum, þ.e. að setja okkur langtímaáætlanir um að koma þeim hlutum í lag. Auðvitað hefur þeim fjármunum sem losnað hafa m.a. með sölu ríkiseigna að sjálfsögðu að ýmsu leyti verið skynsamlega varið. Það er gott í sjálfu sér að ríkissjóður hafi náð niður skuldum sínum. Það er ákaflega gott. Það er gott að hafa þá peninga handa á milli sem ella hefðu farið í vaxtagreiðslur. Það er gott að ríkissjóður hafi þá sterkari stöðu til að þjóna sínu hlutverki m.a. sem sveiflujöfnunaraðili í efnahagslegum sviptingum á komandi árum og mun örugglega ekki af veita þannig að t.d. ríkissjóður geti tekið á sig hallarekstur einhver ár ef menn þurfa að fleyta þjóðarbúinu yfir erfiðleikatíma sem gjarnan gætu átt eftir að verða, t.d. í lokin á þeim miklu stórframkvæmdum sem nú eru hafnar.

Herra forseti. Mig langar að koma sérstaklega inn á nokkur atriði í þessu fjáraukalagafrumvarpi og biðja kannski um skýringar á þeim eða ræða. Ég veit ekki hvort þær hafa að einhverju leyti komið fram nú þegar. En þá má gjarnan endurtaka það. Ég staldra fyrst við rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég geri það í ljósi frétta þaðan um að þar telji menn sig knúna til umtalsverðra uppsagna á starfsfólki. Því miður er ekki að sjá af þeirri úrlausn sem fjórðungssjúkrahúsið fær í fjáraukalagafrumvarpinu, sbr. útskýringar á bls. 74, að þar sé í raun á neinn hátt verið að koma til móts

við þann rekstrarvanda sem brennur á sjúkrahúsinu vegna núgildandi starfsemi. Færðar eru þarna inn 100 milljónir í aukafjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla. Ég held að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sé ekki að segja upp fólki í sjálfu sér vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Það er að segja upp fólki vegna þess að það hefur ekki nægjanlegar rekstrarfjárveitingar til að halda úti þeirri starfsemi sem þar er. Það er mjög alvarlegt mál og mjög heimskulegt, að mínu mati, að veikja þessa flaggstofnun sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni sem þjónar alveg gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir allt norðan- og austanvert landið. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er upptökusjúkrahús, sérgreinasjúkrahús, fyrir 40.000–60.000 íbúa byggð á norðan- og austanverðu landinu og getur þjónað stærra hluverki í heilbrigðiskerfi landsmanna en það gerir í dag og ég tel að skynsamlegt sé að láta það gera það, ekki síst eftir sameiningu stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Það er í mínum huga ekki síður skynsamlegt.

Það má taka sjálfstæðismenn á orðinu sem lengi andæfðu hugmyndum um sameiningu sjúkrahúsanna hér vegna þess að það væri svo gott að hafa samkeppni og samanburð. Hvert ætla menn með hann þegar búið er að sameina þetta allt á höfuðborgarsvæðinu? Það má nú deila um hversu vel það hefur tekist. Svo sannarlega má deila um það því margt bendir til að reynslan hér hafi ekki síður orðið sú sem hún hefur orðið víða annars staðar, þ.e. að svona fljótfærnislegar sameiningar sem ekki eru nægjanlega vel undirbúnar skili miklu minna en menn halda í rekstrarsparnaði en hafa í för með sér ýmiss konar vandamál. En það er kannski önnur saga sem betra er að ræða við hæstv. heilbrrh. Og þó, því auðvitað er það útgjaldamál einnig.

Ég sem sagt harma það mjög ef ekki á að koma þannig til móts við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem er, eins og ég segi, gríðarlega mikilvæg miðlæg stofnun í allri æðri heilbrigðisþjónustu á norðan- og austanverðu landinu að það geti keyrt áfram og byggt upp starfsemi sína fyrir fullum seglum, heldur þurfi að fara að segja upp starfsfólki. Ég held að menn verði líka að horfast í augu við það að þar er rekið sérgreinasjúkrahús, lítil eining, sem þarf að glíma við það að uppfylla allar reglur, t.d. um vaktaskipan og hvíldartíma lækna og starfsfólks samkvæmt evrópskum reglum og guð má vita hvað. Það er ærið úrlausnarefni bara að leysa það allt saman og ná að manna þessar stöður þó að það bætist ekki við að menn séu í hengjandi vanda með reksturinn. Mér er vel kunnugt um að í mörgum tilvikum mætti ná fram miklum sparnaði ef hægt væri að leysa mál norðan heiða í staðinn fyrir að þurfa að senda sjúklinga suður til ýmiss konar sérhæfðra rannsókna eða þjónustu. Það snýst stundum um kaup á minni háttar tækjabúnaði eða öðru slíku, mundi nýta betur og styrkja þá starfsemi sem til staðar er nyrðra og spara auðvitað, síðast en ekki síst, sjúklingunum mikil útgjöld, sjúklingunum og/eða Tryggingastofnun eftir því hvort slíkt er endurgreitt í einhverjum mæli.

Í öðru lagi var hér rætt áðan, heyrði ég, um úreldingu sláturhúsa. Hæstv. fjmrh. taldi sig kannski ekki sérfræðinginn í því máli faglega og honum verður að fyrirgefast það, það hlýtur að heyra undir hæstv. landbrh. að standa faglega séð ábyrgur fyrir þeirri stefnumótun sem þar er á ferðinni. Hæstv. fjmrh. lætur sig samt hafa það að leggja hér til fjárveitingar í þetta mál og hlýtur þar af leiðandi að þurfa að geta forsvarað það. Og ég hlýt að taka undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði, mér finnst sú stefnumótun sem þar er byggt á ákaflega losaraleg og sérkennilega ígrunduð, t.d. þessi mikla áhersla á að það eigi eingöngu að setja á vetur þau hús sem nú þegar hafa útflutningsleyfi í stað þess að skoða t.d. hvar þurfi að vera til staðar sláturhús, einfaldlega til þess að það sé boðlegt út frá aðstæðum bænda og út frá dýraverndunarsjónarmiðum, hvað varðar flutningaleiðir og annað í þeim dúr. Það var greinilegt að sú skýrsla sem þarna er byggt á hafði ekki farið vel ofan í saumana á ýmsu. Þar voru t.d. hús sem eru í tiltölulega góðu ástandi og eru alveg við það að fá þetta fræga útflutningsleyfi, eru kannski bara í þann veginn að ljúka uppbyggingu og þeirri fjárfestingu sem til þarf en þau eru bara ekki tekin með af því að þau hafa ekki leyfið í höndunum í dag. Ég held og það má enginn misskilja mig með það, að það sé óumflýjanlegt að í einhverjum tilvikum hverfi úr rekstri hús sem eru orðin algjörlega ósamkeppnisfær og hverra bíður ekkert annað en að hverfa úr rekstri, einfaldlega vegna þess að þar er það illa hýst eða ástandið þannig.

Það er ekki þar með sagt að það sé rétt að alhæfa með þeim hætti sem skýrslan gerði. Ég hefði gjarnan viljað sjá að þetta mál væri nálgast á tveimur forsendum, annars vegar á grundvelli vandaðrar stefnumótunar um það hvar við þurfum að hafa þessa þjónustu til þess að það sé boðlegt ástand í landinu og síðan stæði mönnum til boða hvort tveggja, annars vegar úreldingarstyrkir, í þeim tilvikum sem það er besti kosturinn og menn velja að nota hann, og hins vegar stuðningur við að koma húsunum í forsvaranlegt horf, þeim húsum sem eiga að verða til frambúðar. Úr því að verið er að setja í þetta umtalsverða opinbera fjármuni, hátt á annað hundrað millj. kr., má þá ekki alveg eins ráðstafa hluta þess fjár þannig að í staðinn fyrir þessa blindu úreldingarhugsun komi á móti einhver hugsun um það að stundum sé rétt að byggja upp, koma hlutunum í forsvaranlegt horf? Norðvestanvert landið og Vestfirðirnir — það er auðvitað alveg yfirgengilegt ef menn eru að keyra fé vestast af Vestfjörðum og inn á mitt Norðurland eða suður á Selfoss. Það eru nú meiri ósköpin. Hefði ekki verið hugsanlegt að líta á landakortið og skoða þessa hluti?

Síðan eru enn í þessu ónefndir hlutir eins og sjúkdómavarnir sem ættu með réttu að setja því talsverðar skorður hvað er leyfilegt í þessum efnum í staðinn fyrir að menn flytji lifandi búpening þvert yfir margar sjúkdómavarnalínur og svo aftur til baka, kannski misjafnlega vel þveginn.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra líka um Lýðheilsustofnun, sem eftir allnokkur harmkvæli komst á laggirnar hér um mitt sumar eða á að heita svo. Það er nú búið að togast talsvert á um málefni þeirrar stofnunar sem er miður því að þar var að mörgu leyti hin þarfasta framkvæmd á ferð, að byggja þar upp myndarlega og öfluga stofnun þar sem sameinaðir væru og samræmdir ýmsir þættir sem flokkast undir lýðheilsu. Það var rifist um staðsetninguna en það tókst að troða henni niður hér á mölinni eins og fleiru þrátt fyrir áform um annað. Ég vil spyrja hvort verið sé að færa þar til fjármuni úr verkefnum yfir í rekstur, eða hvernig ber að skilja þessar útskýringar á bls. 73, þ.e. að krukkað er í tekjur margra aðila sem þarna sameinast, eins og manneldisráðs, tóbaksvarnaráðs og m.a.s. áfengis- og vímuvarnaráðs? Þær tekjur koma m.a. af gjöldum sem lögð eru á gagngert til þess að ráðstafa síðan í forvarnir og annað slíkt. Ég spyr ráðherra að því: Er það á hreinu að þarna sé ekki verið að sæta færis og færa yfir í rekstur fjármuni sem af hálfu Alþingis við fjárlagagerð og samkvæmt lögum, sérlögum, eru hugsaðir

í verkefni sem verkefnabundnar tekjur viðkomandi aðila? Mér finnst skipta máli að það sé alveg á hreinu.

Þá vil ég líka spyrja um ríkislögreglustjóra. Ég varð alveg forundrandi þegar ég las um ríkislögreglustjóra því að hann hefur verið áskrifandi, eins og kunnugt er, að stórfelldum hækkunum í öllum frv., bæði fjárlaga- og fjáraukalagafrv. sem hér hafa sést og virðist ekkert duga því að alltaf er sami barlómurinn þar á bæ. Nú bárust þau merkilegu tíðindi í sumar að ríkislögreglustjórinn gæti ekki sinnt starfi sínu, hann gæti ekki framfylgt lögum af því að hann vantaði peninga. Og það sem var einkennilegra var að ríkislögreglustjórinn útnefndi sérstök mál sem yrðu afgangs. Hann mundi ekki fara í að rannsaka samráð olíufélaganna nema hann fengi einhverja tugi milljóna í viðbót í fjárveitingar. Svona hef ég aldrei áður heyrt opinberan embættismann, sem hefur lögbundnum skyldum að gegna, tjá sig. Þetta væri svona svipað og menntmrh. brygðist þannig við ónógum fjárveitingum til framhaldsskóla að hann slægi af einn þeirra og segði: Ég hef ákveðið að hafa ekki skóla á Austurlandi af því að ég hef ekki peninga til þess, í staðinn fyrir að reyna þá að leita almennra leiða til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu að því marki sem hægt er fyrir þá fjármuni sem í boði eru. Og ég tel auðvitað að það hafi verið hneyksli að ríkislögreglustjóri skyldi ekki vera áminntur í framhaldi af því hvernig hann kom fram í þessu máli í sumar. Embættinu ber eins og það getur að sinna öllum málum. Það verður þá frekar að hafa það þó að þau tefjist en það á að vera almenn nálgun en ekki sértæk með þessum hætti.

Það má náttúrlega spyrja í framhaldinu: Af hverju er þá ekki fjárveiting lögð til í fjáraukalagafrv. til þess að ríkislögreglustjórinn geti sinnt skyldum sínum og farið að rannsaka samráðshneykslið hjá olíufélögunum? Eða hvað? Er búið að leysa það mál með einhverjum öðrum hætti? Kann hæstv. fjmrh. á það? Hann hlýtur að vera í sæmilegu sambandi við ríkislögreglustjórann þannig að hann geti svarað fyrir þetta hér.

Að síðustu, herra forseti, um framhaldsskólana. Málefni þeirra hafa verið í miklum ólestri. Þeir hafa dregið skuldahala sem hefur verið að lengjast á undanförnum árum og það er auðvitað til vansa að á því skuli ekki hafa verið tekið fyrir löngu. Þess vegna fletti maður fljótt upp á því hvað væri þar að sjá og lesa og í ljós kemur að af allverulegri hækkun til framhaldsskólanna, sem að stærstum hluta stafar af meiri fjölda nemenda en áætlanir gerðu ráð fyrir, eru aðeins 180 millj. kr. ætlaðar til að koma til móts við skóla með verulegan, uppsafnaðan rekstrarhalla. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað þýðir að „koma til móts við"? Hversu mikill verður halinn þó að til þessara 180 millj. kr. komi?

Nú veit ég vegna heimsókna í ýmsa framhaldsskóla að menn eru þar í mörgum tilvikum að velta á undan sér, og hafa verið jafnvel um árabil, nokkurra tuga og allt upp í margra tuga milljóna skuldahala sem náttúrlega er óvinnandi vegur fyrir stofnanir af þessu tagi, gerir allt starf stjórnendanna erfiðara og leiðinlegra heldur en það þyrfti að vera. Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. kæmi hér í svörum á eftir aðeins inn á það að hve miklu leyti þarna er verið að leysa varanlega þennan vanda framhaldsskólanna sem þeir hafa dregið á eftir sér.

[16:10]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður skipverja á hafi úti og í höfn, 48. mál, þáltill. GHall og GAK, þskj. 48.

Aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, 45. mál, þáltill. JÁ og AKG, þskj. 45.

Almenn hegningarlög, 44. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 44.

Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, 42. mál, frv. BH o.fl., þskj. 42.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 40. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 40.

Lax- og silungsveiði o.fl., 111. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 111.

Lífeyrisréttindi hjóna, 46. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 46.

Staða hjóna og sambúðarfólks, 47. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 47.

Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., 41. mál, frv. BH o.fl., þskj. 41.

[16:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fjáraukalög þessa árs verða að líkindum með 5 milljarða kr. viðbót við fjárlög fyrir árið 2003. Þar með hefur rúmum 8 milljörðum verið eytt umfram fjárlagaheimildir því að það eru tekjur á móti gjöldum upp á um 3 milljarða.

Þessar tillögur sem hér eru lagðar fram koma til viðbótar fjáraukalögum sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars sl. og af þessari 8 milljarða kr. umframkeyrslu munar mest um 2,3 milljarða undir liðnum heilbr.- og trmrn., 1,5 milljarða hjá félmrn. og 1 milljarð til hvors ráðuneytis, menntamála og umhverfismála.

Umframútgjöld heilbr.- og trmrn. þessa árs virðast að stórum hluta stafa af miklum hallarekstri á sjúkrahúsum og einnig vegna sjúkratrygginga. Í þessu frv. til fjáraukalaga er lögð til viðbót upp á 1.234 millj. kr. vegna Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þessi vandi Landspítala – háskólasjúkrahúss var nákvæmlega sá sami á síðasta ári og er reyndar til staðar ár eftir ár. Að sjálfsögðu má af ýmsum skiljanlegum ástæðum gera ráð fyrir að kostnaður af þjónustu við sjúklinga fari vaxandi milli ára, fjöldi aðgerða fer vaxandi og ný og betri tækni kostar mikið fé. Þjóðin eldist, og hærri aldri fylgir oft meiri þjónusta. Þetta vitum við jú öll, við vitum hins vegar ekki hvernig kostnaðurinn skiptist og í hvaða aðgerðum hann er flokkaður niður. Ég hef áður bent á það við umræðu um vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss að ef þessi vandi á ekki að koma okkur aftur og ítrekað á óvart verður sem fyrst að taka upp kostnaðargreiningu á tæknivæddustu sjúkrahúsum okkar. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti í stuttu máli gert grein fyrir því hvernig kortleggja eigi þennan vanda á næstu árum því að eins og ég gat um áðan er hann viðvarandi og virðist koma upp við hverja fjárlagagerðina á fætur annarri.

Varðandi utanrrn. gagnrýndum við þátttöku Íslands í stríðinu í Írak og hér er farið fram á aukafjárveitingar vegna Íraksstríðsins upp á 300 millj. kr. vegna neyðaraðstoðar og uppbyggingarstarfsins í Írak. Til íslenskrar friðargæslu er sótt um 50 millj. kr. til að mæta ófyrirséðum kostnaði sem fallið hefur til vegna reksturs flugvallarins í Pristina í Kosovo. Það kemur reyndar fram að verkefnið hafi reynst kostnaðarsamara en gert var ráð fyrir vegna þess að aðilar sem falið var að taka þátt í kostnaðinum hafi „heykst á því og ber Ísland kostnaðinn sem forustuþjóð". Þetta er náttúrlega nokkuð skrýtið orðalag og var reyndar gefin nokkur skýring á því í morgun í fjárln. en ég hygg að hafi það legið fyrir að við yrðum að bera þennan kostnað ef ekki aðrir bæru

hann ættum við ekki að orða þetta með þessum hætti. Ég skil a.m.k. þennan texta eins og hann er fram settur svo að einhverjir hefðu átt að bera þennan kostnað með okkur en þeir hafi hreinlega svikið það. Og það er þá miklu betra að það sé ekki orðað þannig í fjáraukalagafrv. ef skýringin er eðlileg og það hefur alltaf legið fyrir að við mundum þurfa að bera kostnaðinn ef hann færi fram úr áætlun. Þess vegna held ég að rétt væri að breyta þessu orðalagi í fjáraukalagafrv.

Þessar fjárveitingar bætast ofan á mjög dýran rekstur utanrrn. sem þanist hefur út ár frá ári og nemur í fjárlögum nú 5,5 milljörðum og hafði hækkað um 300 millj. frá því í fyrra, fyrir árið 2003, þegar kostnaðurinn var 5,2 milljarðar. Og það þarf enn að bæta í samkvæmt þessu núna um 372 millj. Það fer auðvitað að verða spurning í hvers konar stórveldaleik Íslendingar eru í utanríkisþjónustunni. Þó að veröldin sé stór getum við sem lítil þjóð varla verið þátttakendur um allan heiminn með okkar utanríkisþjónustu, þannig að ég held að menn hljóti að þurfa að spyrja sig að því á hvaða vegferð við erum í utanríkisþjónustunni.

Það má líka spyrja um hvert stefni í löggæslumálum því það kemur fram að ríkislögreglustjórinn er dýr í rekstri og eru áætlaðar 27,2 millj. í þessu fjáraukalagafrv. ofan á þær 637 millj. sem hann fékk samkvæmt fjárlagafrv. Síðan er auðvitað þessi sérstæða ósk sem kom fram í sumar, sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon minntist reyndar á rétt áðan, að ríkislögreglustjóri lýsti því sérstaklega yfir að ef hann ætti að fá ákveðið verk til að vinna þá mundi hann biðja um sérstaka fjárveitingu fyrir það. Það er auðvitað afar sérstakt þegar forsvarsmenn og stjórnendur ríkisstofnana setja það bara sem skilyrði að ef þeir eigi að vinna einhver opinber verk sem þeim ber samkvæmt lögum, þá verði ekkert aðhafst í því fyrr en sérstök fjárveiting komi til þess að takast á við það. Í þessu sambandi er kannski rétt að minna á rannsóknina á Bónus þar sem menn töldu ekki eftir sér að hoppa til Færeyja til þess að rannsaka það mál og þurfti enga sérstaka fjárveitingu til. Það var nú reyndar í samkeppnismálunum.

Því er vakin athygli á þessu að það er auðvitað afar sérstakt að svona birtist og þess vegna er minnst á það hér.

Ég get ekki séð að minnst sé á vanda Ríkisútvarpsins og að tekið sé á honum og það er mál sem verður skoðað sérstaklega á milli 1. og 2. umr.

Það er eitt atriði, herra forseti, sem mig langar til að minnast á til viðbótar sem kom upp í fjáraukalagafrv. Það er varðandi svokallaða þjóðlendunefnd sem heyrir undir forsrn., óbyggðanefndina svokölluðu sem vinnur með þjóðlendulögin. Það er beðið um 22,6 millj. í þeim fjáraukalögum sem við erum hér að ræða. Á undanförnum árum hafa farið í starfsemi þessarar nefndar að meðaltali, sýnist mér, frá árinu 2002 að telja um 65 millj. kr. á ári. Ég er því miður ekki með upplýsingar um framúrkeyrsluna í fjáraukalögunum í fyrra en ég hygg að hún hafi verið einhver, en mér sýnist þegar litið er á þá fjármuni sem farið hafa í þetta verkefni sem fylgir því að skilgreina hálendi Íslands og eignastöðu bænda varðandi Ísland, hálendi þess og öræfi jafnvel, að þá hafi okkur tekist að setja í þessa sérstöku málsmeðferð sem við settum af stað 191 millj. á aðeins þremur árum og að kostnaðurinn í þessu verkefni fari ört vaxandi. Og það sem meira er að það geti enginn séð fyrir hver þessi kostnaður verði á endanum. Svo virðist sem hér sé á ferðinni einhver opin verkbeiðni sem lúti einfaldlega þeirri stýringu að lögmenn vinna í þessu starfi og leita eftir að fá skilgreiningu á því hvaða land ríkið eigi af fyrrverandi landareignum bænda og bændur reyna svo að verjast, að sjálfsögðu, og ríkissjóður þarf líka að greiða þann kostnað. Má auðvitað telja það eðlilegt þegar farið er að efast um eignarrétt manna á landi sem þeir hafa talið sig eiga og hafa árum og jafnvel árhundruðum saman verið í sömu ættum.

Ég hef sagt það áður í þessum ræðustól, herra forseti, að ég vissi ekki hvar menn ætluðu að draga línur í þessu máli ef þeir ætluðu ekki að virða löglega pappíra fólks um landareignir. Mér sýnist, herra forseti, að það sé fullt tilefni til þess hjá fjárln. að skoða vandlega í hvaða farveg þetta mál er að fara. Mér sýnist það vera að fara nokkuð úr böndunum. Ég vil alla vega spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann hafi í upphafi ferils þessa máls búist við því að kostnaðurinn hlypi á nokkur hundruð millj. kr. bara við það að skilgreina þessi mál. Ég vil reyndar líka spyrja að því hvort hann með sína þekkingu á málefnum ríkissjóðs geti áætlað það fyrir okkur hvar þetta muni enda. Mun þetta stöðvast við 300 millj., mun þetta stöðvast við hálfan milljarð eða fer þetta í miklu hærri tölur?

Ég held að allir hafi talið að hér væri um tímabundið verkefni að ræða, að skilgreina landareign hér á landi, hvað teldist til ríkiseigna og hvað teldist til eigna landeigenda og bænda og sveitarfélaga. Ég vek athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að mér sýnist að þetta mál sé að fara úr böndunum og það sé full ástæða til að skoða það vandlega.

Svo er rétt að víkja að einu öðru atriði, herra forseti. Það kemur hér fram í fjáraukalagafrv. undir samgrn. þar sem fjallað er um Siglingastofnun að þar er lagt af stað með nýtt málefni sem skapast af því að verið er að tala um nýjar alþjóðlegar reglur um siglingaverndaráætlun. Kemur það til af því að í heiminum hefur jú verið ófriðvænlegt hvað varðar skemmdarverk og aðra slíka starfsemi á undanförnum missirum og í kjölfar atburða 11. september fyrir tveimur árum er það auðvitað svo að ýmislegt þarf að endurskoða varðandi öryggismál. Mér sýnist að ef þróa á þetta eftirlit varðandi hafnir og flutninga að og frá landi eftir ströngustu öryggiskröfum sem gera má ráð fyrir í framtíðinni, þá geti hér orðið um verulegan kostnað að ræða. Í þetta verkefni eru settar 10 millj. til samgrn. til þess að undirbúa það og er sjálfsagt ekki vanþörf á og 11 millj. eru í fjárlögum. En hér gæti akkúrat verið á ferðinni mjög nýr og aukinn kostnaðarliður sem að öllum líkindum mun þá koma fram í verðlagningu á vöru og þjónustu þegar fram í sækir, því ég geri ráð fyrir að þessi kostnaður muni að stærstum hluta falla á flutningsaðila, skipafélög á komandi árum sem þýðir auðvitað að flutningsgjöld verða þá hærri og ganga þannig til neytenda að lokum.

Herra forseti. Að lokum get ég ekki látið hjá líða að minnast á stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum hefur valdið og mun að óbreyttu áfram valda frekari byggðaröskun og vaxandi atvinnuleysi, sérstaklega í sjávarbyggðunum. Enn þá er fólk sem sagt að flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Stjórnarflokkarnir hafa nú í upphafi þings og fyrir kosningar talað um að hér ríkti góðæri og menn stæðu að því að halda hér stöðugri og góðri atvinnu og tryggja góða framtíð. Ég hygg að kannski megi draga þá ályktun af því að fólk er enn þá að flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins að það telji að hér hljóti góðærið að vera. Hér er jú gósentíð viðskiptanna. Hér skiptast menn á hlutabréfum og veifa pappírum hver framan í annan og eignast hlut í þessu fyrirtækinu einn daginn og hinu þann næsta, og skipta síðan á

milli sín þessum eignum að lokum. Viðskiptabankar og nýir eigendur þeirra ráða ferðinni. Það er svo sem ekki óeðlilegt að fólk dragi þá ályktun úti á landsbyggðinni þar sem vegið hefur verið að undirstöðu byggða að hér ríki góðærið.

Það sem vegið hefur að undirstöðu byggðanna og hægt væri að ræða um í löngu máli er m.a. sölukerfi kvótans, það mikla ranglæti sem því fylgir og stefnir atvinnuöryggi fólks og eignastöðu þess í hættu. Atvinnuöryggi fólksins eru fjárlög þess og hin hagsýna húsmóðir getur ekki hækkað skatta til þess að auka tekjur sínar. Það getur ríkisstjórnin gert og eykur skattbyrði á fólk með lágar tekjur með því að persónuafsláttur heldur ekki raungildi sínu og hefur ekki gert nú um nokkur ár.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um fjárlögin og fjáraukalögin að þessu sinni en að sjálfsögðu munum við taka umræðu aftur um fjáraukalögin og fjárlögin eftir skipulega vinnu fjárln. og þá verður vafalaust farið að skýrast betur hvað endanlega verður í spilunum fyrir þetta ár og næsta ár.

[16:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að segja hér nokkur orð í lokin venju samkvæmt í tilefni af því sem fram hefur komið í máli manna í þessari umræðu. Eins og venjulega er drepið á ýmis atriði í frv. sem er að því leyti til öðruvísi en fjárlagafrv. sem við ræddum fyrir helgina að hér er yfirgnæfandi um að ræða tiltekna einstaka liði sem mönnum gefst kostur á að fjalla um í stað þess að um sé að ræða hinar breiðu línur efnahagsmálanna eins og í fjárlagafrv.

Ég vil geta þess í upphafi að þó svo að um það sé að ræða að beðið sé um 8 milljarða kr. viðbótarfjárheimildir þá jafngildir það ekki því að þeim verði öllum ráðstafað á árinu. Sumpart er um það að ræða að verið er að veita heimildir fyrir flutningi frá fyrri árum en einnig er um að ræða uppgjör í einhverjum tilvikum, eins og ég gat um áðan, eins og t.d. uppgjör á Endurbótasjóði menningarbygginga, en þær greiðslur sem hér er veitt heimild fyrir munu koma til framkvæmda og útborgunar á lengra tímabili en eingöngu á þessu ári.

Varðandi einstök atriði sem hér hefur verið vikið að vildi ég kannski fyrst nefna það sem fram kom í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar varðandi tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi. Það er alveg rétt sem hann benti á að þær tekjur virðast ætla að verða minni en við gerðum ráð fyrir í fyrra við afgreiðslu fjárlaga. Þá var tóbaksgjaldið hækkað og áfengisgjald af sterkum drykkjum en ekki af veikum drykkjum. Gert var ráð fyrir að þessi hækkun mundi skila tilteknum tekjuauka en hann skilar sér ekki allur. Þess vegna hefur við endurskoðun þessara áætlana verið gert ráð fyrir að tekjur verði um 400 millj. kr. minni en áður var áætlað.

Hver er skýringin á þessu? Hún er sennilega fyrst og fremst sú að tóbaksgjaldshækkunin hefur leitt til minni notkunar á tóbaki. Það er út af fyrir sig mjög jákvætt. Sennilega hefur dregið úr neyslu sterkra áfengisdrykkja þó ætla megi að að einhverju leyti hafi sú neysla flust yfir í hina veikari. En gjald á borðvínum, áfengisgjald á borðvínum og bjór, hefur ekki hækkað frá árinu 1997, að mig minnir. Það hefur því lækkað verulega að raungildi eins og fram kom í þinginu í fyrra þegar um það var sérstaklega spurt og því svarað skriflega.

Varðandi samninginn sem vikið var að varðandi utanrrn. og hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði að umtalsefni þá er ekki verið að fara eftir samningi frá árinu 1996 heldur snýst málið um samkomulag sem gert var á þessu ári. Hluti af samkomulaginu er að miða við umrætt álag allt frá því að nýju lögin um réttindi og skyldur voru samþykkt 1996. Hins vegar hefur kjaranefnd í síðasta úrskurði sínum fellt niður þetta umrædda álag. Ég held að það mál sé þar með úr sögunni en það þurfti að afgreiða í eitt skipti fyrir öll á þessu ári og eðlilegast sé að gera það í þessu fjáraukalagafrv.

Ég vil nefna það hér sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar að handbært fé frá rekstri ríkisins færi í mínus á þessu ári. Það er rétt. En handbært fé í rekstri ríkisins er ekki alveg það sama og í rekstri fyrirtækja eða í rekstri sveitarfélaga eins og við vitum. Í reikningum ríkisins eru allar fjárfestingar þegar í stað færðar til gjalda og þess vegna er ekki um neinar afskriftir af þeim að ræða. Það er ekki um það að ræða að slíkum kostnaði sé dreift yfir nokkur ár heldur er þetta allt gjaldfært sem rekstur á því ári sem fjárfesting á sér stað.

Það vill þannig til að á þessu ári er fjárfestingin óvenju mikil. Hún er um 21 milljarður kr. sem er mun meira en almennt hefur verið undanfarin ár, sem hefur verið í kringum 15 milljarða kr. á ári. Það stafar ekki síst af því að á fyrri hluta ársins var ákveðið að fara í sérstakt framkvæmdaátak, eins og ég gat um áðan, sem afgreitt var með hinum fyrri fjáraukalögum fyrr á þessu ári.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi nokkur atriði sem ég ætla að reyna að svara. Í fyrsta lagi fær Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri 100 millj. kr. aukafjárveitingu vegna rekstrarvanda. Auðvitað má velta fyrir sér hve mikið af því er vegna fyrri ára og hvað vegna uppsafnaðs halla á þessu ári. Ég held að það skipti ekki öllu máli. Aðalatriðið er að þessi fjárveiting mun hafa mjög mikið að segja fyrir rekstur spítalans á árinu. Það er komið verulega til móts við þær óskir sem bárust frá spítalanum í gegnum heilbr.- og trn. til okkar í fjmrn. Ég segi ekki að orðið sé við öllu sem spítalinn bað um en það er býsna vel komið til móts við hann enda á hann allt gott skilið eins og heilbrigðisstofnanir okkar almennt.

Ég get raunar alveg staðfest að það er mjög vel haldið á málum í sambandi við rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hins vegar eru þar óklárаðir hlutir eins og við þekkjum. Þar er nýbygging sem ekki er búið að innrétta nema að litlu leyti. Margir telja að farið hafi verið fullgeyst í sakirnar þegar það hús var reist. Þar stendur núna ónýtt fjárfesting sem við erum að borga af ef svo mætti segja. En auðvitað munum við smám saman koma því húsnæði í notkun. Ég veit að heilbrigðisráðherrann er með áform um það, a.m.k. hvað varðar hluta af húsinu. Mig minnir að það sé kallað hæð „núll", ætli það sé ekki jarðhæðin eða eitthvað þess háttar.

Varðandi sláturhúsin þá get ég ítrekað fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og viðurkenni það fúslega að ég er enginn sérstakur sérfræðingur í þeim málefnum, nema að mér finnast góðar afurðirnar sem þaðan koma. Það er rétt. Þarna er byggt á vinnu starfshóps sem þingmenn hafa gert að umtalsefni en hugmyndin er að sjálfsögðu að gera þessa atvinnugrein samkeppnishæfa og hagkvæmari með því að koma til móts við þá sem vilja hætta með opinberri fyrirgreiðslu. Þeir sem eftir eru fá þannig betra svigrúm til að reka starfsemi sína með viðunandi hætti. Ég felli engan dóm um hvaða hús eiga þar hlut að máli, hver eigi að víkja og hver vera áfram. Það verður auðvitað fagráðherrann að gera.

Ríkisstjórnin gerir þá tillögu að 170 milljónum verði varið í þetta sérstaka verkefni í eitt skipti. Þar með tekst vonandi að koma þessu á viðunandi grundvöll þannig að ekki þurfi að koma til frekari fjárveitinga.

Varðandi Lýðheilsustofnunina þá er verið að vinna að því að koma henni á laggirnar, koma þeirri starfsemi af stað. Þar urðu nokkrar sviptingar á þessu ári eins og kunnugt er. Tvisvar þurfti að auglýsa eftir forstöðumanni en ég held að grunnhugmyndin þar á bak við sé óbreytt, þ.e. að sameina á einn stað ýmis verkefni, starfsemi sem áður var í mörgum hlutum en greidd af hinu opinbera. Þetta á allt að setja undir einn hatt með það fyrir augum að reyna að fá meira fyrir peningana og veita betri þjónustu, gera meira fyrir það fé sem er til ráðstöfunar. Mér er ekki kunnugt um að sérstaklega verkefnamerkt fjármagn hafi verið tekið og sett í almennan rekstur. Ég býst ekki við því að það hafi verið ætlunin, að draga úr tilteknum verkefnum sem verið er að vinna hjá hinum ýmsu ráðum sem áður störfuðu sjálfstætt en vinna núna undir hatti Lýðheilsustofnunar.

Ýmsir þingmenn hafa nefnt ríkislögreglustjóraembættið, þar á meðal hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Skýringar á þeim fjárveitingum sem óskað er eftir vegna þess embættis eru í frv. Ég ætla nú ekki að endurtaka þær. Það eru engir sérstaklega merktir fjármunir vegna tiltekinna mála hér eins og um var spurt. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um það.

Við höfum ákveðinn farveg fyrir aukafjárveitingabeiðnir: frá stofnun til fagráðuneytis, til fjármálaráðuneytis, til Alþingis. Þeir sem hyggjast sækja um aukafjárveitingar koma málum sínum inn í þann farveg. Ef það er ekki gert þá fá menn enga afgreiðslu eða skoðun á þeim hugmyndum sem þeir kunna að hafa.

Varðandi framhaldsskólana, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi, þá er tekið myndarlega á vanda þeirra stofnana. Í þessu frv. eru fjárveitingar sem munu skipta miklu máli í þeirri viðleitni að koma rekstri þessara stofnana á réttan kjöl. Hér eru ýmis framlög sem miða að því en það verður samt að hafa í huga að framhaldsskólar eru mjög misjafnlega á vegi staddir.

Ég hygg að það megi segja að um helmingur framhaldsskóla sé með rekstur sinn nokkurn veginn í jafnvægi. Rekstur annarra er því miður með halla en ég hygg að sú fjárveiting sem hér er lögð til varðandi það málefni, varðandi hinn uppsafnaða rekstrarhalla, muni fara býsna langt með að greiða úr þeim vanda þegar við bætast 70 millj. kr. viðbótarfjárveitingar vegna kostnaðar af veikindaorlofi framhaldsskólakennara o.s.frv.

Þegar allt er saman tekið í þessu efni þá hygg ég að það sé býsna vel gert við þessar stofnanir í þessu frv. enda fá þær samkvæmt frv. aukafjárveitingar sem nema samtals 553 millj. kr.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi vandann í heilbrigðisþjónustunni og hann er auðvitað ærinn eins og við höfum oft rætt í þingsalnum. Það er ekki vegna þess að menn vilji ekki standa sig vel. Þvert á móti er það ekki síst vegna þess að það eru svo miklar framfarir í læknavísindum að það er kostnaðarsamt að halda í við þær allar, fyrir utan lýðfræðilegar staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við, hve þjóðin eldist hratt o.s.frv. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma.

Ég vil að lokum segja út af fyrirspurn þingmannsins vegna óbyggðanefndar að þessi kostnaður er orðinn býsna mikill. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að hann yrði þetta mikill í upphafi. En ég held að úr því sem komið er sé ekki um annað að ræða en að greiða þá reikninga og reyna að klára þau mál með viðunandi hætti.

[16:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi inna hæstv. fjmrh. eftir því hver staðan væri með sölu Landsbankans. Ég kom því ekki að í fyrri ræðu minni að spyrja um stöðuna í sölu Landsbankans. Eins og málið var kynnt í sumar var skrifað undir eins konar bráðabirgðaútgáfu af sölu og síðan átti að fara fram endanlegt uppgjör þegar ljóst væri hvort bankinn væri þess virði sem hann var seldur á. Seinni part sumars var ýjað að því í fréttum að það gæti þurft að lækka söluverð Landsbankans um einhver hundruð milljóna króna, eða upp undir milljarð króna, vegna þess að hann hefði ekki reynst eins mikils virði og búist var við.

Landsbankinn er kannski löngu týndur í þessu ferli uppskipta á fjármála- og fyrirtækjamarkaði. Engu að síður er því uppgjöri væntanlega ólokið.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvar stendur þetta uppgjörsmál gagnvart sölu Landssímans? En andvirðið af sölu Landssímans er hluti af þeim tekjum sem kemur inn á þessu ári (**Gripið fram í:** Landsbankans.) ... já, sölu Landsbankans — sölu Landsbankans. Landssíminn verður vonandi aldrei seldur.

[16:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr um Landsbankann. Í frv. er gert ráð fyrir að tekjur vegna eignasölu lækki um u.þ.b. 2 milljarða frá því sem síðast var ráðgert. Ástæðan fyrir því er sú að Landsbankinn var seldur í erlendri mynt, þ.e. viðmiðunarverðið eða verðið á honum var skráð í erlendri mynt og krónan hefur styrkst, þannig að við verðum að reikna með minni tekjum í íslenskum krónum af þeim sökum. Þar fyrir utan er óútkljáð hvernig farið verður með fyrirvara í kaupsamningnum sem lýtur að endanlegu uppgjöri á Landsbankanum sjálfum. Það mál er ekki alveg útkljáð, en fram hefur komið að það var tiltekinn fyrirvari með tilliti til útistandandi krafna Landsbankans sem átti eftir að meta endanlega. Þess vegna höfum við í þessu frv. í varúðarskyni gert ráð fyrir 2 milljarða kr. minni tekjum af eignasölu en áður var ráðgert. En ég legg áherslu á að ekki er búið að slá neinu föstu um þetta enn sem komið er. Og um gengistap eða gengisbreytingar þá vitum við auðvitað ekki endanlega fyrr en daginn sem greiðslan er innt af hendi hver niðurstaðan verður varðandi það atriði.

[16:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki alveg að fullu skiljanlegt hvernig gengi á erlendri mynt er blandað inn í þetta. Gengið hefur sveiflast mjög til allt frá fyrsta degi þegar Landsbankinn var boðinn til sölu og síðan þegar skrifað var undir einhverja samninga og ekki er sama gengi í dag. Á hvaða gengi var þá bankinn seldur? Hver var gengisvísitalan sem á að gilda um sölu bankans? Þetta er innlend eign og mér finnst að það væri nú eðlilegast að selja innlendar eignir til innlendra aðila í íslenskum krónum. (**Gripið fram í:** Voru þetta mútur eða hvað?) Hefði það nú ekki verið eðlilegast að greiða þetta í íslenskum krónum? Þetta er íslensk eign og meira að segja óskabarn þjóðarinnar er komið inn í þetta ferli allt saman sem ein alíslenskasta eignin, hún er komin

inn í þetta ferli. Hefði ekki verið eðlilegt að þessi viðskipti færu fram í íslenskum krónum? En á hvaða gengi var þá bankinn seldur? Hver var gengisvísitalan sem miðað er við? (**Gripið fram í:** Af hverju fékk Jón ekki að kaupa?) Af hverju fengum við Össur ekki að kaupa til dæmis? Við sem hefðum gjarnan viljað fá að eiga þetta óskabarn okkar.

Og á hvaða stigi er þá þessi sala nú? Hvað eru líkur til að verði miklar afskriftir af því kaupverði sem að var stefnt eða skrifað undir í byrjun? Kemur ekki inn í þessa mynd sú gríðarlega eignaaukning eða hækkun á hlutabréfum sem hefur orðið í þessum eignum núna á síðustu vikum, mánuðum og missirum, því salan er ekki um garð gengin. Kemur hún þá ekkert inn í þetta dæmi þar sem eignin hefur reynst að því er virðist á ýmsan hátt mun verðmeiri en annars var talið í þeirri skiptimynt sem henni hefur verið beitt við að sölsa undir sig eignir þjóðarinnar?

[16:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því hversu orðbragð hv. þm. er óviðurkvæmilegt þegar hann viðhefur það orðbragð að tala um að menn hafi verið að sölsa undir sig eignir þjóðarinnar. Það var bara gerður frjáls samningur um að selja þessa eign. Ég man ekki nákvæmlega hvert gengið eða gengisvísitalan var á þeim degi, gamlársdegi, þegar sá samningur var undirritaður. (Gripið fram í.) Hitt er alveg ljóst að greiðslan mun verða innt af hendi í erlendum gjaldmiðli og þá er ákveðinn vafi á því hvort sú upphæð sem þá fæst í íslenskum krónum verður nákvæmlega sú sama og hún hefði orðið á gamlársdag. Svoleiðis að þetta segir sig nokkuð sjálft held ég að þarna er nokkur óvissa. Og við girðum fyrir hana með því að reikna þetta kannski ríflega, 2.000 milljónir, þ.e. þetta atriði og svo óvissan varðandi fyrirvarann sem var í kaupsamningnum.

Ef þetta er fullvel í lagt þá kemur það í ljós og ég vona að svo sé reyndar og þá munum við eiga mismuninn til góða þegar lokafjárlög fyrir þetta ár verða lögð fram, þá verður þetta allt skýrt. (**JBjarn:** Gengið er fljótandi.) Já, það er nú þannig þegar við ráðum ekki alveg yfir gengi gjaldmiðla, herra forseti. Þegar selt er í einum gjaldmiðli þá geta orðið gengisbreytingar þegar greiðslan er innt af hendi síðar meir.

[16:52]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég hafði ekki alveg lokið yfirferð minni þegar tími minn var á þrotum í fyrri ræðunni. Ég var þar staddur að ég var að fjalla um hinn svokallaða stjórnarráðsreit, þær framkvæmdir og þann mikla kapal sem þar hefur verið í gangi að undanförnu. Ég hafði lagt það saman og var þar staddur að það væri augljóst mál að sá kapall sem væri bara innan fjáraukalagafrv. væri upp á rúmar 130 millj. kr., þ.e. það sem menn hafa talið að væri ófyrirséð þegar þeir gengu frá fjárlögum fyrir árið, upp á 130 milljónir kr. og skiptist það á nokkrar framkvæmdir, en fyrst og fremst líklega á ein fjögur hús ef allt er talið.

Það var nokkuð fleira sem vakti athygli mína og sérstaklega í textanum sem fylgir við skýringar á ýmsum þessara framkvæmda eða breytinga sem orðið hafa þarna á reitnum. Fyrst er það dóms- og kirkjumrn. Það vekur óneitanlega verulega athygli að ráðuneytið fer úr 650 fermetrum í 1.470 fermetra. Ekki getur sú skýring ein verið að skipt hafi verið um ráðherra. Það hljóta einhverjar fleiri skýringar að koma til og ég vona að hæstv. fjmrh. hafi einhverjar skýringar á þessari miklu aukningu. Þetta er meira en tvöföldun á stærð ráðuneytisins. Og ekki könnumst við við að slík aukning á starfsemi hafi átt sér stað milli ára að það kalli á þá miklu stækkun.

Þessu til viðbótar varðandi húsnæðið sem þarna er um að ræða í Skuggasundi, segir hér, með leyfi forseta:

„Að auki hefur verið nauðsynlegt að breyta nokkrum þáttum í nýju húsnæði frá því sem áður var ákveðið...“

Frá því sem áður var ákveðið. Nú skyldi maður ætla að þetta hljóti að hafa verið ákveðið fyrir þó nokkuð mörgum árum. En það er alls ekki, því það lá fyrir í lok síðasta árs þegar farið var í framkvæmdirnar hvað ætti væntanlega að gera þarna og enn þurfti samt sem áður að breyta. Og enn er leitað skýringa, hæstv. fjmrh., hvað þarna er á ferðinni.

En það er fleira sem kemur við sögu í sambandi við þessi húsnæðismál eða þann mikla kapal sem þarna hefur farið í gang. Næst kemur að því að skoða Hagstofuna sem tengist þessu á þann hátt að Hagstofan flutti úr húsnæði á þessum reit en flutti síðan upp í Borgartún. Þar virðist ýmislegt hafa gerst sem ekki var séð fyrir. Þar kemur m.a. fram — og herra forseti, það er rétt að taka það fram í upphafi að á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir rúmlega 40 millj. kr. vegna flutninga Hagstofunnar, þannig að það er ekki eins og enginn hafi vitað af þeim flutningi. En núna til viðbótar er beðið um 4,6 milljónir vegna aukins húsnæðiskostnaðar í Borgartúni 21a. Hvers vegna skyldi þetta vera, herra forseti? Skýringin er þessi:

„Auk þess er hið leigða húsnæði 110 fermetrum stærra en reiknað var með í fjárlögum 2003.“

Voru menn sem sagt búnir að leigja húsnæði uppi í Borgartúni án þess að vita hvað það væri stórt? Komust menn ekki að raun um hversu stórt það var fyrr en þeir voru fluttir og fóru að mæla? Eða hver er skýringin á þessum mismum? Og þarna til viðbótar hafa menn verið að leigja geymslurými í kjallara sem ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir.

En það er ekki bara þessi tala heldur er önnur tala miklum mun stærri, upp á tæpar 32 millj. kr. vegna flutnings þjóðskráarinnar. Þess er hins vegar getið á fjárlögum fyrir þetta ár að þjóðskráin muni flytja á þessu ári. Þarna er veruleg aukning sem ekki virðist hafa verið fyrirséð við þennan kostnað. Meðal annars kemur fram að það hefur kostað 18 millj. kr. að standsetja og flytja í húsnæðið. Væntanlega umfram það sem menn gerðu ráð fyrir á fjárlögum.

Herra forseti. Örlítið hefur verið rætt um vanda framhaldsskóla en ég held að ekki hafi verið mikið minnst á vanda háskólanna. Það er auðvitað mjög athyglisvert að skoða þær tölur sem hér eru nefndar og hæstv. fjmrh. taldi að væntanlega væri búið að bjarga nær öllum framhaldsskólum landsins, því alltaf sé verið að taka á þeim mikla vanda. Það verður þó að segjast að gagnvart þessu ári og fjárlögum þessa árs — og mér sýnist á þessum tölum að mestu leyti, þó er einstaka undantekning á því — er gert ráð fyrir 180 milljónum vegna uppsafnaðs rekstrarhalla og hinum frægu 70 milljónum vegna aukinna veikinda sem koma að auki inn í pottinn. En fram að þessu hefur breytingin eingöngu verið sú gagnvart framhaldsskólunum á þessu ári og eins í fjáraukalögum og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að eingöngu er verið að tala um nemendafjölda.

Þegar hæstv. ráðherra talar um það að á einhverjum tímapunkti hafi um það bil helmingur framhaldsskólanna verið í lagi meðan hinir voru með halla, þá hefur ekkert annað verið gert en það að afgangurinn hefur verið minnkaður af

hinum til þess að jafna það. Það hefur ekkert verið aukið í pottunum. Þróunarstarf í framhaldsskólum er því auðvitað í verulegri hættu vegna þess arna.

En hvað er núna verið að gera varðandi nemendur í framhaldsskólum og háskólum? Það er augljóst mál að sú nemendaaukning sem hér er gerð grein fyrir varðandi háskólana fullnægir ekki því sem háskólarnir segja um nemendafjöldann. Eingöngu er verið að koma til móts við það sem núverandi samningar leyfa, það er ekki verið að taka upp neina samninga.

Og í sambandi við framhaldsskólana er auðvitað mjög athyglisvert að sjá að hér er gert ráð fyrir minni fækkun en er í skólunum, vegna þess að við erum jú stödd núna í októbermánuði og það er nokkurn veginn ljóst hvaða nemendafjöldi er í skólunum. En það sem er enn athyglisverðara er að miðað við þá tölu sem er í fjárlagafrv. um nemendafjölda í framhaldsskólunum þá er gert ráð fyrir því í fjáraukalagafrv. fyrir árið 2003 að nemendur í framhaldsskólum verði 16.373, en í fjárlagafrv. fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að nemendur verði 16.220. Og, herra forseti, ég spyr: Hvenær hefur það gerst á síðustu árum að nemendum í framhaldsskólum hafi fækkað? Hér er vonandi um mistök að ræða sem verða leiðrétt í meðförum fjárlaganefndar.

Fleira var það, herra forseti, sem vakti athygli mína, m.a. það að óljóst virðist vera hvernig verkaskipting er á stundum milli ráðuneyta. Það vekur a.m.k. verulega athygli að forsrn. er að kaupa sérstakt kvikmyndasafn. Örugglega hið merkilegasta og vænsta safn. Þetta er kvikmyndsafn Vigfúsar Sigurgeirssonar. En það er ekki menntmrn. sem kaupir það. Ljóst er að það verður vistað í Kvikmyndasafni Íslands sem heyrir undir menntmrn. Í frv. er ekki að finna neina skýringu á því hvernig á því standi að forsrn. kaupir þetta kvikmyndasafn en ekki þeir aðilar sem maður hefði talið eðlilegt að kæmu að því máli.

Og eitt málið í viðbót fyrst ég er að fjalla um það sem tilheyrir forsrn. Það er býsna athyglisverð beiðni sem hér er farið fram á. Ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. geti rökstutt þá beiðni með því að hún hafi verið ófyrirséð, af þeirri einföldu ástæðu að hér er farið fram á 8 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við undirbúning vegna ýmissa viðburða í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar. Það er væntanlega búið að vera vitað í um það bil 100 ár að 100 ára afmæli væri á næsta ári, það getur því ekki verið að það falli undir „Annað og ófyrirséð".

Herra forseti. Það hefur verið rætt nokkuð um ríkislögreglustjóraembættið og einhver hv. þm. benti á að það væri langt síðan ekki hefði verið áætluð aukning til þessa embættis. Það vekur sérstaka athygli, vegna þess að það varð veruleg seinkun á því að Almannavarnir væru fluttar yfir til embættisins, að fjórir fyrstu mánuðirnir hjá Almannavörnum ríkisins, hinu forna, kostuðu tæpar 20 millj. kr. og sótt er um fjármuni til þess vegna þess að það var áætlað fyrir öllu saman hjá ríkislögreglustjóra. En frá ríkislögreglustjóra eru aðeins dregnar 7,3 millj. kr., þrátt fyrir að flutningurinn hafi ekki verið fyrr en, ef ég man rétt, 1. maí eða þar um kring. Vonandi er þarna að gerast það sem var lagt upp með, og hefur því miður yfirleitt ekki fylgt varðandi ríkislögreglustjóraembættið, en talað var um að með því að flytja Almannavarnir þangað ætti að spara stórfé. Ég vona að þessar tölur sýni okkur að það hafi tekist.

Herra forseti. Enn á ný er tími minn á enda og ég á þó eftir nokkur atriði. Ég vil enda á að fjalla um bifreiðar Stjórnarráðsins, vegna þess að það kemur í ljós að beðið er um 18 millj. kr. vegna aukins kostnaðar við bifreiðar Stjórnarráðsins. Nú man ég, herra forseti, að hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. endurnýjuðu bifreiðar sínar á síðasta ári. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvaða bílar eru nú á ferðinni upp á 18 millj. kr.? Ég man ekki til þess að það sé svo mikil endurnýjun í ráðherraliðinu að það kalli á þennan mikla bílaflota, en ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geti upplýst okkur um þetta.

Herra forseti. Það er augljóst að ýmislegt í þessu frv. var fyrirséð og þess vegna ekki boðlegt að bjóða okkur upp á það að rökin fyrir ýmsum liðum hér séu að þeir hafi ekki verið fyrirséðir. En, herra forseti, þetta frv. mun að sjálfsögðu fá vandaða vinnu í fjárln. og ég vænti þess að þegar það kemur aftur fyrir þingið verði búið að gera á því ýmsar breytingar.

[17:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en ég verð að segja það að mér fundust svör hæstv. fjmrh. efnisrýr og svolítið loðin á köflum. Þegar spurt er beint um tölfræðilega hluti eins og hversu langt 180 milljónir ganga upp í vanda framhaldsskólanna, hefði maður gjarnan viljað fá aðeins nákvæmara svar heldur en að það „fari býsna langt með" eða „að það sé býsna vel gert við framhaldsskólana með þessu", „að komið sé til móts við þá" o.s.frv. Allt orðalagið, bæði í grg. frv. og í svörum hæstv. ráðherra, var á þessum nótum. Það er ekki mjög nákvæmur kvarði, finnst mér, að ræða um peningalegar stærðir með lýsingarorðum eða setningum af þessu tagi, „koma til móts við", býsna langt með", „allvel gert við" o.s.frv. Eru þá 50 milljónir eftir eða 150 milljónir, eða hvernig kvarðar hæstv. fjmrh. þessa orðanotkun við hinar köldu staðreyndir veruleikans sem stjórnendur framhaldsskólanna glíma við, að þeir hafa dregið mikinn skuldahala á eftir sér. Maður batt vonir við að þegar loksins yrði tekið á annað borð á þessu þá gerðu menn borðið sæmilega hreint.

Eins var það með ríkislögreglustjórann að mér fannst hæstv. fjmrh. vera að reyna að komast mjög ódýrt frá því að ræða þá athyglisverðu uppákomu þegar þessi opinberi embættismaður ætlaði að fara að skilyrða starfsemi sína með þeim hætti að hann léti ákveðin stór verkefni á sínu starfssviði mæta afgangi, eða bara sinnti þeim ekki neitt, nema hann fengi sérstaklega fjárveitingar til þess. Það var helst á fréttum fjölmiðla að skilja að ríkislögreglustjóri vildi fá eyrnamerkta einhverja tugi milljóna, mig minnir að það hafi verið talað um kannski 20–25 milljónir, gagngert í það að rannsaka tiltekið nafngreint mál, sem var auðvitað mjög óvenjulegt, en engu að síður var þetta svona.

Hæstv. fjmrh. svarar hér með því að það sé ekki venjan að eyrnamerkja fjárveitingar eða aukafjárveitingar við sérstök verkefni. Það er sjálfsagt rétt, en er þá engin niðurstaða í málinu? Stendur það þá bara þannig áfram?

Síðan hefur hæstv. fjmrh. alloft vitnað til þess að hlutirnir eigi heima hjá fagráðherrunum. Hvar eru þeir? Þeir eru ekki hér, hæstv. forseti, þeir láta ekki sjá sig, hvorki landbrh., til að standa skil á umræðum um sláturhúsamál, eða t.d. dómsmrh. til að ræða þetta með ríkislögreglustjóra. Það hefði nú verið fengur að því að fá þessa hæstv. ráðherra til þess að hjálpa hæstv. fjmrh. að fylla í eyðurnar.

Eins hefði ég gjarnan viljað fá afdráttarlausari svör hvað varðar málefni Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég fagna því að vísu að menn líti svo á að það sé markmið og keppi-

kefli að nýta t.d. það mikla húsnæði sem þar stendur enn ónotað og er alveg dæmalaus uppákoma, m.a.s. deildir innan spítalans sem búa við mjög mikil þrengsli hafa ekki, vegna fjárskorts, komist í þá aðstöðu sem þarna bíður, hvað þá að hún væri nýtt til þess að efla og taka upp nýja starfsemi sem sannarlega væri þörf fyrir.

Síðan verð ég að segja það líka út frá þeim umræðum sem spunnust um sölu Landsbankans að það er ekki eitt heldur allt sem er á eina bókina lært í þeim efnum hjá hæstv. ríkisstjórn. Nú upplýsir hæstv. ráðherra að til öryggis sé slegið tveimur milljörðum af áætluðu söluverðmæti, það sé svona áætlað fyrir því að þetta skili færri krónum vegna gengisbreytinga og afsláttarreikningarnir, vegna vondra útlána eða hvað það nú var sem menn áskildu sér í þessum kaupsamningi rétt til þess að draga frá kaupverðinu, geti hlaupið á tölum af þessu tagi.

Þetta kemur til af verklagi hæstv. ríkisstjórnar, útsölu-hugsunarhættinum, sem hefur alltaf einkennt framgöngu sjálfstæðismanna þegar kemur að því að koma ríkiseignunum bara einhvern veginn út, losna við þær. Frægast var þegar forveri hæstv. fjmrh. hafði uppi vangaveltur um að það væri svo mikilvægt að koma ónefndu ríkisfyrirtæki úr eigu ríkisins og yfir til einkaaðila að það mætti jafnvel velta því fyrir sér hvort það væri ekki í lagi að það færi bara á hálfvirði, bara til þess að losna við það, bara til þess að koma því í hendurnar á einkaaðilum. Tilgangurinn helgaði meðalið. Sem sagt algjört trúboð.

Ríkisstjórnin rauk til og seldi bankana með þeim endemum sem allir þekkja. Hún sneri 100% við blaðinu og áform um dreifða eignaraðild og að fara í þetta af einhverri yfirvegun, allt var þetta lagt til hliðar og tekið upp þetta fína nýyrði „kjölfestufjárfestir", sem allt í einu átti að fá ráðandi hlut í bönkunum, en fáeinum mánuðum áður hafði það verið algjört bannorð að einhver einn aðili ætti svona stóran hlut í banka. Forsætisráðherra og Morgunblaðið og fleiri héldu því fram að það væri stórvarasamt að einhverjir slíkir aðilar hefðu ráðandi hlut í bönkunum.

Síðan var þessu snúið við og nú hét það að finna kjölfestufjárfesti. Og hvernig gekk það? Jú, annars vegar var Samson-hópnum seldur Landsbankinn, sem mun kannski skila allt að 2 milljörðum minna í ríkissjóð en til stóð. Samson lýsti því yfir í þeim töluðum orðum eða gjörðum að þeir skrifuðu undir kaupsamninginn að þeir ætluðu ekkert endilega að eiga bankann nema í fáein ár, enda virðast þeir líta meira á hann sem tæki í sínum höndum til að valsa um í íslensku atvinnulífi heldur en banka.

Hvernig var með hinn bankann, Búnaðarbankann? Jú, hann var seldur og það var skrifað undir fyrir áramót. Ekki borguð ein einasta króna, enda áttu þeir sem keyptu enga peninga. Það var aukaatriði í huga hæstv. fjmrh., aðalatriðið að fá undirskriftina. Það verður þá væntanlega eitthvert gengistap á honum líka. Hins vegar var þetta bókfært hjá fjmrh., að hluta til, á árinu 2002 til að þeir reikningar kæmu betur út þó að það væri ekkert borgað. Hluti af söluandvirði Búnaðarbankans var bókfærður á árinu 2002 þó að það kæmi ekki króna í kassann, og engin ósköp kannski komin enn. Svona var nú að þessu staðið og fleira mætti tína til úr þessu kostulega ferli.

Hefur hæstv. fjmrh. t.d. farið yfir það, því að nú er þetta að nokkru leyti á hans ábyrgð og í hans verkahring þegar um eignir ríkisins er að ræða, hvernig var með erlenda banka sem áttu að vera samstarfsaðili S-hópsins í kaupunum á Búnaðarbankanum? Hefur hæstv. fjmrh. heyrt eitthvað af honum nýlega? Hvar er hann? Átti hann ekki að koma með sérþekkingu og kjölfestu inn í bankakerfið? Hét hann ekki Société Générale, franskur banki? Svo bara gufar hann allt í einu upp. (Gripið fram í.) Hvað fékk hann kannski fyrir nafnið sitt? Hefur hæstv. fjmrh. skoðað hvort þeir hafi fengið eitthvað fyrir nafnið sem þeir lánuðu í þetta kostulega ferli til þess að það liti betur út, að það væri erlendur samtarfsaðili væntanlegur með í kaupin? Svo kom að vísu í ljós að það kynni að verða einhver annar banki heldur en Société Générale, kannski einhver þýskur banki. Ég hef ekki heyrt af neinu. Svona er þetta. Kannski finnst hæstv. fjmrh. þetta allt í lagi, alveg eins og honum finnst allt í lagi að leggja fram fjáraukalagafrv. þar sem allt í einu eru komnir inn stórkostlegir afslættir frá því kaupverði sem átti þó að heita að væri verið að fá fyrir bankana. Síðan hafa þeir reynst bólgnir af hagnaði, gengi bréfa þeirra hefur hækkað þannig að það er auðvelt að reikna að ríkið var að selja þá á lélegu verði miðað við það sem greinilega var í pípunum að hægt væri að fá fyrir þá. E.t.v. telur hæstv. fjmrh. Geir Haarde að tilgangurinn helgi alveg meðalið.

Það er auðvitað löngu tímabært, herra forseti, að fram fari rækileg og ítarleg opinber úttekt á framkvæmdinni allri þegar þessa hluti ber á góma og ótrúlegt, í raun og veru, hvernig menn hafa stanslaust breytt um aðferðir í sambandi við þessa einkavæðingu eða sölu ríkisfyrirtækja. Það er eiginlega aldrei notuð sama aðferðin, nema í eitt skipti, alltaf fundið upp á einhverju nýju, af því að það hentar betur pólitískum hagsmunum, helmingaskiptum og hrossakaupum stjórnarflokkanna hverju sinni. Þetta forsvarar hæstv. fjmrh., það er a.m.k. ekki að heyra annað.

[17:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég heyrði ekki betur en það væri umvöndunartónn í máli hæstv. fjmrh. undir lok umræðunnar. Svo var á honum að skilja að honum væri umhugað um að yfirbragð þinghaldsins væri slétt og fellt. En þarf nokkurn að undra þótt eitthvað gári á yfirborði þeirrar pottsúpu sem ríkisstjórnin hefur búið þessari þjóð, m.a. í tengslum við einkavæðingu bankanna? Nei, hv. þm. Jón Bjarnason skyldi gæta orða sinna, hann skyldi ekki hafa um þetta óviðurkvæmilegt tal. Hann hefði sagt að bankarnir væru notaðir sem skiptimynt í valdabaráttu og að sterkir fjármálaaðilar væru að sölsa undir sig eignir þjóðarinnar. Er það ekki nákvæmlega það sem er að gerast? Nema hann gleymdi náttúrlega einu, kannski af kurteisi við hæstv. ráðherra, að allt er þetta gert með hjálp ríkisstjórnarinnar og þar hefur hæstv. ráðherra gegnt veigamiklu hlutverki. Það er kannski komin ástæða til að ræða það örlítið við þessa umræðu en ég ætla ekki að lengja hana, aðeins spyrja hvort þetta sé ekki einmitt sannleikur málsins. Hvort bankarnir, sem áður voru ríkiseign, séu ekki notaðir sem valdatæki fyrir sterka fjármálamenn að brjótast hér til áhrifa og valda í efnahags- og fjármálalífi þessarar þjóðar? Þetta eru einfaldlega staðreyndir svo fullyrðingar hv. þm. Jóns Bjarnasonar standast fyllilega.

Þjóðin hefur fylgst agndofa með þessari atburðarás allar götur frá því að hæstv. viðskrh. og bankamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, mætti uppábúin í Þjóðmenningarhúsinu á gamlársdag til þess að gefa Búnaðarbankann. Og nú er verið að upplýsa það við þessa umræðu að það sé óuppgert með hvaða hætti verði gengið frá þessum kaupum. Ég held

að það sé reyndar allt of hátíðlegt orð að nota um þessa gjöf, „kaup“, því að það er ekkert borgað.

En vita menn hvað Búnaðarbankinn var að fá í arð? Þetta var upplýst í blöðum ekki alls fyrir löngu. Þá var greint frá sex mánaða uppgjöri Búnaðarbankans og það var greint frá því að hreinn arður, hreinn gróði eftir skatta, á sex mánuðum voru yfir 3 milljarðar, 3.065 millj. kr. Og hjá Landsbankanum, sem er væntanlega ekki búið að ganga enn frá hvernig eigi að selja eða gefa, var þessi upphæð 1,4 milljarðar í hreinan gróða eftir skatt. Og nú eru menn að ræða það á hvern hátt hægt sé að ná þessu svokallaða kaupverði eða söluverði enn þá lengra niður.

Ég vil spyrja: Er það rétt, sem hér er fullyrt í viðskiptalífinu, að aðilar innan þessara gömlu ríkisbanka ráði einnig yfir fyrirtækjum sem eru mjög skuldsett, skulda m.a. þessum fjármálastofnunum, og þá liggi beint við að skuldir þeirra verði afskrifaðar, færðar niður, og þar með lækki söluverð bankanna, þar með fái skattgreiðandinn, íslenskur almenningur, minna í sinn hlut? Getur þetta verið satt? Þarf ekki að ræða þetta, þarf ekki að upplýsa um þetta?

Einu viðbrögðin sem koma frá ríkisstjórninni þegar imprað er á þessu og hún krafin sagna eru höstug svör um að menn skuli ekki koma upp á dekk með óviðurkvæmilegt tal.

Það sem ég hef aldrei skilið — ég hef lagt mig eftir því að reyna að átta mig á meginlínum stjórnmálanna — er hvernig það gat gengið að hv. þm. eins og Birgir Ármannsson, hægri sinnar, létu þetta yfir sig ganga, þessi kaup og þetta pólitíska brask með bankana, hvers vegna í ósköpunum, fyrst þeir voru seldir, það var ekki gert á markaði, selt sem hlutafé á markaði. Nei, það þurfti að búa til aðra formúlu þannig að stjórnmálaflokkarnir og aðilar þeim handgengnir gætu fengið tök á þessum eignum þjóðarinnar. Þetta var krafa Framsfl. En að sjálfstæðismenn létu þetta yfir sig ganga, og hægri sinnar þar, hef ég aldrei skilið. Ég tel að við þessi skipti hafi fyrst og fremst Framsfl. hagnast sem pólitískt afl, sem hefur gumað af því að tengjast aðilum í viðskiptalífi. Hæstv. viðskrh. talaði um „okkar menn“, „okkar menn í efnahagslífinu“, „okkar fyrirtæki“. *Það er hægt að fletta þessari umræðu upp í þingtíðindum.*

Mér finnst aldeilis ótrúlegt að það skuli upplýst núna, við þessa umræðu, að sjálf aðferðafræðin við sölu bankanna sé óuppgerð, menn viti ekki hvernig á þessu standi en séu að leggja 2 milljarða til hliðar til þess að geta veitt í vasa svokallaðra kaupenda bankanna. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Ég bið hæstv. fjmrh. að gera okkur betur grein fyrir því hvort ég hef skilið þetta rétt, að aðferðafræðin sé ekki frágengin. Eða er þetta misskilningur hjá mér, er það *aðeins hitt að það sé ekki komið í ljós hve miklar skuldir* bankarnir ætla að greiða niður?

Hafa menn gert sér grein fyrir því að ef greiða þarf niður skuldir í Landsbankanum eða afskrifa þær mun hið sama gilda um Búnaðarbankann? Hann mun einnig njóta góðs af því, og síðan öfugt. Ef skuldir verða afskrifaðar í Búnaðarbankanum munu „kaupendur“ Landsbankans einnig njóta góðs af því. Er þetta ekki rétt skilið? Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. leiðrétti mig ef þetta er rangt.

Eitt vildi ég nefna í tengslum við þessa umræðu, Landssímann. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að arður út úr Landssímanum nemi 880 millj. kr. en í fjáraukalögum er gert ráð fyrir rúmum 2 milljörðum. Í rauninni hef ég ekki nokkra stöðu til að meta hvað er eðlilegt eða óeðlilegt í þessu sambandi. En það er eitt sem mig langaði til að spyrja um, tengslin á milli fjmrn. annars vegar og Landssímans hins vegar, hlutafélagsins annars vegar og fulltrúa okkar, þjóðarinnar, framkvæmdarvaldsins, hins vegar. Hafa þau eitthvað breyst, þessi tengsl, eftir hlutafélagavæðinguna? Nú vitum við að það er aðeins eitt hlutabréf — nei, þau eru nú orðin eitthvað fleiri, hlutabréfin í Landssímanum, en að uppistöðu til er þetta eitt hlutabréf sem er á hendi hæstv. samgrh. — hvað hefur breyst með hlutafjárvæðingu Landssímans hvað þetta varðar? Nú geri ég mér grein fyrir því að hér fyrr á tíð rann umtalsvert fé, og meira en við erum að tala um hér, frá Landssímanum inn í ríkissjóð. Það var skýringin á því að fjármálamenn vildu láta einkavæða fyrirtækið, þarna var komin uppspretta peninga sem áður runnu í ríkissjóð, skattborgaranum til hagsbóta. Nú breyttist þetta allt. En ég spyr eiginlega fyrir forvitni sakir hvað hafi breyst í samskiptum ríkisins og þessa fyrirtækis við hlutafélagsvæðinguna.

En fyrst og fremst leikur mér forvitni á að heyra hæstv. fjmrh. skýra nánar fyrir okkur fyrirkomulag hinnar svokölluðu sölu bankanna. Hvað á hann við þegar hann segir að það sé óuppgert hvernig standa skuli að sölunni? Eða er þetta misskilningur hjá mér? Er hitt aðeins óuppgert hve mikið verður afskrifað og þar af leiðandi hve mikið skattborgarinn þarf að blæða fyrir þessar pólitísku ákvarðanir ríkisstjórnarinnar?

[17:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem fram hafa komið frá því að *ég tók síðast til máls sem ég vildi drepa hér á.*

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson var hér með nokkrar viðbótarspurningar sem lúta m.a. að húsnæðismálum Stjórnarráðsins. Þar hafa verið töluverðar breytingar eins og kunnugt er. Það er mikilvægt að koma ráðuneytunum í viðunandi framtíðarhúsnæði. Það var ætlunin að rífa gamla Landssímahúsið við Sölvhólsgötu og byggja þar byggingu sem hýst gæti þrjú eða fjögur ráðuneyti en frá því hefur verið fallið, m.a. til þess að auka ekki á þenslu hér á byggingarmarkaði. Því máli hefur sem sagt verið frestað. Í millitíðinni hefur hins *vegar verið ákveðið að leysa úr vanda nokkurra ráðuneyta.* Hagstofan flutti í Borgartún 21a, hún er ráðuneyti eins og kunnugt er, og dómsmrn. fékk til afnota húsnæði Hagstofunnar. Síðan er ráðgert að efnahagsskrifstofa fjmrn., sem nú er á Lindargötu 9, fái húsnæði dómsmrn. sem áður var, og að umhvrn. flytji síðan úr leiguhúsnæði hér í miðbænum á Lindargötu 9. Hér er heilmikil flétta í gangi sem hv. þm. nefndi að hluta til og spurðist fyrir um.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að 100 ára afmæli heimastjórnar á Íslandi hefur nú legið fyrir í bráðum 100 ár. Hins *vegar er það nýtilkomið að efna til sérstakra viðburða af því* tilefni, það er ný ákvörðun, og til hennar hefur verið varið 8 millj. kr. samkvæmt þessu frv. en það er farið fram á 8 millj. kr. fjárveitingu til að standa straum af þeim.

Varðandi ríkislögreglustjórann enn og aftur, sem tveir þingmenn minntust hér á, er náttúrlega verið að auka fjármagnið til hans. Það hefur verið gert á undanförnum árum vegna þess að honum hafa verið falin aukin verkefni. Það er meginskýringin á því.

Út af bifreiðum Stjórnarráðsins sem hv. þm. spurði um er það þannig að hér var eitt sinn safnliður fyrir bifreiðar Stjórnarráðsins en var felldur brott fyrir nokrum árum og þá tekinn upp sá siður að hvert ráðuneyti fyrir sig skyldi fjármagna endurnýjun á þessum bílum. Nú er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að settar verði 5 millj. kr. á þennan lið og má

þá gera ráð fyrir því að svo verði árlega en til þess að koma honum af stað er beðið hér um 18 millj. kr. aukafjárveitingu til þess að standa fyrir einhverri endurnýjun á þessu ári. Ef einhver afgangur verður af því flyst hann bara yfir á næsta ár og ég get ekki svarað því nákvæmlega hvaða ráðuneyti munu hugsa sér til hreyfings í þessum efnum.

Út af sölu ríkisfyrirtækja almennt er ekki rétti vettvangurinn núna að skiptast á skoðunum við hv. þm. Ögmund Jónasson um það efni, enda er það svo til vonlaust mál. Hann er svo mikið á móti því að það er alveg sama hvaða aðferðum beitt yrði eða hvernig farið yrði í það mál, ekki nokkur maður gæti sannfært Ögmund Jónasson um réttmæti þess að selja fyrirtæki í ríkisins eigu.

Það sem þetta mál snertir og varðar þetta frv. er það að hér í lánsfjáryfirlitinu er verið að gera grein fyrir því hvaða breytingar verða á lánahreyfingum og lánsfjárjöfnuði, hvaða breytingar verða á greiðslum sem koma inn í ríkissjóð og greiðslum sem fara út úr ríkissjóði. Það eru mismæli hjá hv. þm. að það hafi verið Búnaðarbankinn sem var seldur á gamlársdag, það var Landsbankinn, og í samræmi við ákvæði fjárreiðulaganna var andvirði hans bókfært á árið 2002. Það sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon réttilega. En það er bara í samræmi við ákvæði fjárreiðulaganna þó að greiðslur falli til síðar meir.

Og nú er verið að taka tillit til breyttra aðstæðna varðandi greiðslurnar í þessu fjáraukalagafrv. Allt er þetta eðlilegt og samkvæmt réttum reglum og viðmiðunum.

[17:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins lítil leiðrétting. Það er alrangt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi alla tíð verið andvígur allri sölu á fyrirtækjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þetta er ekki rétt og ég get nefnt mörg dæmi um slíkt. Ég hef hins vegar gagnrýnt sölu á ýmsum fyrirtækjum, hvernig að henni var staðið, SR-mjöli, Áburðarverksmiðjunni, fyrir söluverðið og hvernig að málunum var staðið. Í öðrum tilvikum eins og varðandi ríkisbankana taldi ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það væri heppilegt til að tryggja stöðugleika í íslensku fjármála- og efnahagslífi að hér væri ríkisbanki og við færðum fyrir þessu málefnaleg rök. Í þriðja lagi eru vissulega eignir sem við teljum ekki rétt að verði settar á markað og þá erum við að horfa til grunnþjónustu í samfélaginu, til raforkugeirans, vatnsveitna og annars af því tagi. Ég er alveg tilbúinn til að skiptast á skoðunum á mjög málefnalegan hátt við hæstv. ráðherra eða hvern sem er, og það er einmitt það sem hefur skort. Þegar óskað er eftir upplýstri málefnalegri afstöðu og skoðanaskiptum hefur staðið á því af hálfu þeirra sem hér stýra landinu, því miður.

[17:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara nota tækifærið strax og biðja þingmanninn velvirðingar á því ef ég hef borið hann röngum sökum, ef hann er nú bara í okkar liði þegar öllu er á botninn hvolft hvað varðar einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Ég bið hann bara innilega afsökunar á því. Þá hef ég misskilið allt sem hann hefur sagt í þingsölum, frá árinu 1995 þegar hann tók hér sæti fyrst, hvað þessi mál varðar. Ég vil hins vegar segja að sjálfsagt er að eiga hér málefnalegar viðræður um þessi mál og það höfum við reyndar oft gert þó ég, eins og ég sagði áðan, treysti mér illa til þess að fá hann til að skipta um skoðun í þessum málum. En það sem ég leyfði mér að gera athugasemd við áðan og var tilefni ræðu þingmannsins var að ég gerði athugasemd við það þegar hv. þm. Jón Bjarnason talaði um að menn hefðu verið að sölsa undir sig eignir þjóðarinnar í gegnum þau viðskipti sem átt hafa sér stað með ríkisbankana eða önnur ríkisfyrirtæki sem seld hafa verið. Ég geri bara athugasemd við það, hv. þm., og ég geri enn ríkari athugasemd við það þegar því er haldið fram að við ráðherrarnir í ríkisstjórninni höfum verið að hjálpa fólki til þess að komast yfir eignir almennings með óeðlilegum hætti. Þetta er ómálefnalegur málflutningur, hv. þm., og við þetta leyfi ég mér að gera athugasemdir. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi. Hér er um að ræða fyrirtæki sem voru auglýst og síðan var gengið til samninga í kjölfarið á því. Þannig er þetta mál í pottinn búið, hv. þm., eins og þingmaðurinn auðvitað veit.

[17:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta gerist svolítið skondin umræða. Voru ríkisbankarnir, kjölfestuhlutirnir í þeim, auglýstir? Var ekki verið að semja um það hverjir skyldu fá þessa hluti í sínar hendur? Ég gerði athugasemd við þetta áðan og furða mig á því að bankarnir hefðu ekki einmitt verið settir á markað fyrst ákvörðun var tekin um að selja þá.

Það er rétt en ekki rangt að sterkir fjármálaaðilar á Íslandi eru að sölsa undir sig eignir þjóðarinnar með dyggri aðstoð þessarar ríkisstjórnar og það er ósiðlegt hvernig hún hefur farið fram í þessu efni. Ég nefni bankana og ég nefndi SR-mjöl sem einhvern tímann á eftir að skrifa lærðar doktorsritgerðir um til að rekja þá spillingu og sukk sem tengdist því máli. Hæstv. ráðherra getur ekki vikið sér undan þessu.

Nei, ég er ekki í hópi skoðanabræðra hæstv. ráðherra. Ég vil ekki einkavæða eignir þjóðarinnar. Ég vísaði til þess sem ég vildi halda í almenningseign og nefndi að það væri raforkugeirinn, það væru vatnsveiturnar sem ríkisstjórnin áformaði í vor að yrði heimilt að setja á markað. Fyrir lá frv. um það í þinginu. Og við vitum til hvers hugur Sjálfstfl. stendur innan heilbrigðiskerfisins. Sá flokkur vill helst koma þar sem flestu á markað.

[17:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn tekur sér gjarnan í munn orðið siðlegt eða ósiðlegt. Hann hafði hér ákveðin ummæli uppi um hvað væri ósiðlegt. Ég segi fyrir mig að ég tel að það sé ósiðlegt að saka ráðamenn þjóðarinnar, ráðherrana í ríkisstjórninni, um að ganga erinda einstakra manna eða með öðrum annarlegum hætti umgangast þær eignir sem þeim hefur verið falin forsjá fyrir. Ég vísa a.m.k. fyrir mitt leyti slíkum ásökunum algerlega á bug og treysti mér til að gera það fyrir hönd annarra (**Gripið fram í:** Framsóknarflokksins líka?) ráðherra í ríkisstjórninni. Það er bara ekkert viðeigandi að bera mönnum á brýn slíka annarlega starfsemi eða annarlegar hvatir í þeim störfum sem þeir eru að vinna hér í umboði meiri hluta Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (hækkun þungaskatts og vörugjalds). — Þskj. 90.

[17:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það frv. sem forseti hefur hér kynnt og ég mæli nú fyrir er fylgifrumvarp með fjárlagafrv. ársins 2004 og lýtur að tekjuöflun á grundvelli laganna um fjáröflun til vegagerðar og laganna um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Með frv. þessu eru lagðar til hækkanir á gjaldskrá þungskatts annars vegar og vörugjalds á eldsneyti, hins svokallaða bensínsgjalds, í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins. Lagt er til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskattsins ásamt almennu og sérstöku vörgjaldi af bensíni hækki um 8%. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þessari hækkun eru áætlaðar samtals um 1 milljarður kr. á ársgrundvelli, þar af 600 millj. kr. af bensíngjaldi og 400 millj. kr. af þungaskatti. Þar af má áætla að hækkun til markaðra tekjustofna Vegagerðarinnar nemi samtals 850 millj. kr., en þar er um að ræða hinn sérstaka hluta vörugjalds af bensíni og svo þungaskatt.

Nokkuð er orðið um liðið síðan þessir grundvallartekjustofnar ríkissjóðs hafa verið hækkaðir. Föstu gjaldi þungaskatts var síðast breytt með lögum nr. 151/1998 og kom sú breyting að fullu til framkvæmda 1. júlí 1999. Hið sama á við um kílómetragjald þungaskattsins sem var breytt með sömu lögum og kom sú breyting að fullu til framkvæmda 11. júní 1999. Hins vegar var kílómetragjaldi þungaskattsins síðast breytt með lögum árið 2000 þar sem um var að ræða 10% lækkun sem kom til framkvæmda 11. febrúar 2001.

Óhætt er að segja, án þess að ég sé að nefna margar viðmiðunartölur í því sambandi, að vísitala neysluverðs hefur hækkað mun meira á því tímabili sem um er að ræða hér frá 1999 heldur en lagt er til í frv. Vísitalan hefur hækkað um 20,3% frá 1. júlí 1999. Hún hefur hækkað um 12,4% frá 11. febrúar 2001. Menn geta valið sér þá tímapunkta sem þeir vilja í þessu sambandi. En hvað sem því líður er hækkunin sem nú er lögð til langt undir breytingu á vísitölu á þessu tímabili.

Haustið 1999 var gerð breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og tekið upp fast gjald í krónum á bensín í stað hlutfallsgjalds sem áður var við lýði og var 97% af tollverði. Frá þessum tíma hefur hið fasta vörugjald á bensíni verið 10 kr. og 50 aurar á hvern lítra. Það var þó lækkað nokkuð eða um 1 kr. og 55 aura frá því í apríl á síðasta ári til loka júní sama árs. Í grunninn hefur því almenna bensíngjaldið verið óbreytt frá því haustið 1999. Sama er að segja um hið sérstaka vörugjald á bensíni sem nú er 28 kr. og 60 aurar.

Í frv. þessu er miðað við að hækkunin á bensíngjaldi komi strax til framkvæmda, þ.e. þegar frv. hefur verið afgreitt. En hvað þungaskatt varðar er gert ráð fyrir því að hækkunin komi til framkvæmda 1. janúar 2004, hvað varðar hið fasta árgjald, en 11. febrúar 2004, hvað varðar kílómetragjald í þungaskatti.

Þessar tillögur, virðulegi forseti, skýra sig auðvitað sjálfar. Þær eru hluti af almennri tekjuöflun ríkissjóðs og segja má að á vissan hátt hafi verið misráðið að láta líða svo langan tíma sem raun ber vitni milli hækkana á þessum gjöldum vegna þess að hér er um að ræða ákveðna grundvallartekjuöflun í ríkissjóð.

Áður fyrr og það ekki fyrir mjög löngu voru reglurnar um þetta þannig að fjmrh. hafði í lögum heimild til þess að hækka til að mynda vörugjald á bensíni um sem nam hækkun byggingarvísitölu þegar honum þótti það við eiga. En eftir því sem menn áttuðu sig betur á því að eðlilega ætti Alþingi að hafa síðasta orðið um allar skattahækkanir og endanlega við stjórnarskrárbreytinguna 1995 var fallið frá slíku valdframsali frá þinginu til handa fjmrh.

En það sem ég er að benda á með þessu, með því að rifja þetta upp, er að sjálfsögðu það að mönnum þótti það ekki tiltökumál að gjaldtaka af þessu tagi færðist upp eða gjöld af þessu tagi hækkuðu til samræmis við vísitölu. Nú hefur það sem sagt ekki gerst í fjögur ár að þessir gjaldstofnar hafi hækkað. Ég tel að við þurfum að gera það að þessu sinni þó að slík hækkun sé aldrei neinn sérstakur gleðiboðskapur. Ég tel hins vegar að athuga eigi í þingnefndinni hvort jafnframt eigi núna að lögbinda hækkun þessara gjalda um t.d. 2% eða 2,5% árlega út kjörtímabilið til þess að fyrir liggi næstu árin hvernig skattlagning ríkisins á bensín og þungskattur muni þróast.

Síðan er því við að bæta að uppi hafa verið áform, virðulegi forseti, um að breyta þungaskattskerfinu í sérstakt olíugjald. Frumvarp um það efni er tilbúið og ég geri ráð fyrir því að það verði flutt í þinginu á þessu hausti, vonandi fyrr en síðar. En þessi hækkunartillaga hér er óháð því máli vegna þess að það er hlutlaust gagnvart tekjum ríkissjóðs og getur farið saman við hvaða tekjuöflunarstig sem er og sem þingið ákveður hverju sinni. Það mál er því óháð og ótengt þessari breytingu sem hérna er lögð til. En ef það kemur til framkvæmda mun innheimta þungaskattsins auðvitað falla niður og það fyrirkomulag allt saman verða með mjög öðrum hætti.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:44]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. hefur flutt hér er skattahækkunarfrumvarp sem veldur mér auðvitað miklum vonbrigðum vegna þess að á hinu háa Alþingi hefur á undanförnum árum töluvert verið rætt um flutningskostnað og annað slíkt, og hér er hæstv. fjmrh. að boða skattahækkun sem mun fara beint út í verðlagið og valda því að flutningsgjöld, sem þegar eru nógu há, munu hækka enn frekar. Og aum eru þau skref hæstv. fjmrh. nú á fyrstu dögum þingsins að koma með þennan pakka inn í umræðuna um byggðamál, umræðu sem ég get komið að síðar þar sem hefur verið fjallað mikið um vanda einstakra byggðarlaga í atvinnumálum og atvinnu sem er að hverfa eða fara frá viðkomandi byggðarlögum vegna m.a. sölu á kvóta og annars, og svo eru þetta skilaboðin í upphafi nýs kjörtímabils, þ.e. að hækka þungaskattinn um 8%. Hæstv. fjmrh. sagði frá því, og við höfum tekið eftir því, það hefur verið sagt frá því í fréttum, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að breyta þungaskattskerfinu yfir í olíugjald og það hefur líka komið fram að það mun einnig hafa í för með sér töluvert miklar hækkanir.

Herra forseti. Það sem mér sýnist því að hér sé á ferðinni er frv. sem ásamt með væntanlegu frv. muni leiða til 20–25% hækkunar á þungaskattsgjöldum hjá flutningafyrirtækjum í landinu. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. út í hvort hann hafi ráð til þessara flutningafyrirtækja um hvernig þau eigi að

mæta þessum aukna kostnaði. Telur hann að þessi fyrirtæki séu það stöndug í dag að þau geti tekið þetta á sig eða telur hann að þessum skattahækkunum verði velt út í verðlagið, eins og ég er viss um að verður gert, til hækkunar á þegar allt of háum flutningsgjöldum? Með öðrum orðum, frú forseti, þá er boðað hér að ná í 400 millj. af þungaskatti og 600 millj. vegna hækkunar á bensíngjaldi. Það ber auðvitað að hafa í huga, rétt svona til þess að rifja upp þessa umræðu, að ofan á þessa þungaskattshækkun, sem mun síðan fara út í verðlagið að mínu mati eins og ég hef rakið, bætist svo virðisaukaskattur sem verður greiddur til ráðuneytis hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes. Það er alveg með ólíkindum hvers fólk úti á landi á að gjalda við þær breytingar sem hér er verið að gera og hafa verið gerðar, sem er allt í lagi að rifja aðeins upp — breytingar sem áttu sér stað út af kerfisbreytingu milli áranna 1998 og 2000 sem hefur haft í för með sér að flutningafyrirtæki sem eru að keyra þetta í kringum 140 þús. km á ári borguðu við þá kerfisbreytingu um 40% meira í þungaskatt heldur en áður. Þetta hefur þau áhrif sem ég er hér að lýsa og um það snýst þetta í raun og veru, að þessi hækkun muni hækka flutningsgjöldin enn frekar.

Vert er að hafa það í huga, frú forseti, að ríkisstjórnin fjallaði í aðdraganda kosninga, ég man ekki hvort það var snemma eða hvar það var, um flutningskostnað og hæstv. samgrh. skipaði nefnd sem fór í að taka saman þessar upplýsingar og út kom enn ein skýrslan í janúar 2003 og mikil loforð í aðdraganda kosninga um að á þessu ætti að taka. Í þessari skýrslu þriggja ráðuneyta kemur það fram svart á hvítu að flutningsgjöld hafa hækkað töluvert fram yfir vísitölu neysluverðs. Út af fyrir sig má gagnrýna það að neysluverðsvísitala sé notuð í þessum samanburði vegna þess að aðalkostnaður flutningafyrirtækis er náttúrlega olía, þungaskattur og laun og þess vegna er ekki rétt að nota þessa vísitölu en ég ætla nú að sleppa því að þessu sinni.

Ég sagði áðan, hæstv. forseti, að menn bundu vonir við að eitthvað ætti að gera í framhaldi af þessu. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh., þó ég viti að þessi skýrsla sem slík sé ekki á valdi hans ráðuneytis, hvort þetta séu þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að koma fram með og var fjallað um í kosningabaráttunni að yrði komið með til að lækka flutningskostnað, aðgerðir sem fara í þveröfuga átt og munu stórhækka flutningsgjöldin. Hvað er hér á ferðinni og hvað á þetta að ganga svona lengi?

Frú forseti. Það liggur fyrir að atvinnurekstur á landsbyggðinni er ekki samkeppnisfær við sambærilegan atvinnurekstur á höfuðborgarsvæðinu vegna þessara svimandi háu flutningsgjalda. Það er ekki sanngjarnt að leggja þetta svona fram eins og hér er gert og halda áfram að auka þennan mun, enda má segja að það hafi komið fram í umræðu um þessa ágætu skýrslu sem átti sér stað hér þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spurði um þetta í febrúar síðastliðnum í fyrirspurn um þessa skýrslu. Þar kom fram ýmislegt mjög fróðlegt sem rétt er að hafa í huga. Til dæmis sagði hæstv. samgrh., með leyfi forseta, og hann er að vitna í skýrsluna:

„Í þessum samtölum kom alls staðar fram sú skoðun kaupenda þjónustunnar að flutningskostnaður hefði á síðustu árum hækkað verulega umfram verðlag.“

Svona má lengi áfram halda í þessari skýrslu. Í lok svarsins, fyrra svars, sagði hæstv. samgrh. m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Hins vegar er öllum ljóst að þungaskatturinn er umtalsverður útgjaldaþáttur hjá flutningafyrirtækjum á landsbyggðinni. Því er mjög mikilvægt að leita allra leiða til að þungaskatturinn verði ekki eins umtalsverður hluti af útgjöldum flutningafyrirtækjanna og raun ber vitni.“

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. sem hér boðar þessa hækkun á þungaskattinum hvort það frv. sem hann hefur fylgt hér úr hlaði sé liður í þessari áætlun og hvernig það megi í raun og veru vera. Það væri vert að vitna í orð fleiri ráðherra eins og hæstv. iðnrh. sem sagði m.a.:

„Eins og komið hefur fram var hún rædd í ríkisstjórn á föstudaginn var“ — þ.e. í febrúar 2003 — „og þar varð niðurstaðan að Byggðastofnun fengi ákveðið hlutverk við frekari vinnslu og tillögugerð.“ — Og enn fremur: „Við erum að vinna hratt að þessu máli og fleiri skýrslugerðir eru í gangi, bæði hvað varðar búsetuskilyrði fólks og eins starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni“ o.s.frv.

Það er mjög ánægjulegt að vitna í það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði við þessa umræðu. Hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ég vil brýna hæstv. ríkisstjórn í að velta málinu fyrir sér og koma sem fyrst með tillögur eða aðgerðir sem mættu verða til að lækka flutningskostnað. Það sem beðið er eftir eru aðgerðir en ekki skýrslur.“

Þetta er með öðrum orðum, frú forseti, það sem kom fram hjá nokkrum stjórnarþingmönnum við þessa umræðu og eins og ég sagði áðan, get ég ómögulega séð hvernig það frv. sem hæstv. fjmrh. er að leggja hér fram á að harmónera saman við það sem hér hefur verið sagt. Hvernig má það t.d. vera, frú forseti, að þetta frv. um hækkun þungaskatts uppfylli tvö skilyrði í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 sem ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta, en aðalskilyrðið er svohljóðandi:

„Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.“ — Og enn fremur:

„Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.“

Fyrri liðurinn getur engan veginn verið í takt við það sem hér er að gerast.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að það linnir ekki ársum hæstv. ríkisstjórnar á atvinnulíf á landsbyggðinni hvað þennan þátt varðar, þ.e. opinbera skattheimtu ríkisins á flutningastarfsemi sem hefur leitt til þess sem ég hef hér talað um, þessara háu flutningsgjalda sem allt eru að drepa úti um allt land, flutningsgjöld sem geta verið allt að 50–60 kr. á kíló ef um lítið magn er að ræða, en getur sem betur fer lækkað töluvert ef um mikið magn er að ræða. Ég hef áður sagt að þessi skattheimta er orðin þannig á flutningastarfsemi í landinu að það er talið allt að helmingur af tekjum flutningafyrirtækja renni aftur til ríkisins í formi alls konar skatta og gjalda sem þessi starfsemi greiðir ríkissjóði fyrir starfsemi sína. Og þegar ég horfi út í sal kemur upp í huga minn gömul ályktun og áform ungra sjálfstæðismanna um „báknið burt“. Mér sýnist að að þessu leyti hafi báknið aukist mikið.

Hverjar eru svo tölulegar staðreyndir, vegna þess að menn munu vafalaust koma hér á eftir og segja að þetta séu ýkjur og vilja ekki halda því fram að þetta hafi jafnmikil áhrif á flutningsgjöld og raun ber vitni um, þá höfum við ótal dæmi fyrir okkur þar sem það kostar upp undir 30 kr. á kíló að flytja 450 kg af matvöru frá höfuðborgarsvæðinu á norðausturhorn

landsins. Þetta er langbest að sýna fram á með reikningum vegna þess að það sem flytjandi vörunnar þarf að borga fyrir flutninginn eru staðreyndir sem blasa við og þær tölur eru hér fyrir framan mig í reikningum og það er auðvitað það sem er best að fara eftir.

Ótal fleiri dæmi mætti nefna í þessu sambandi um skattheimtu og kostnað við flutningastarfsemi sem hefur auðvitað farið þráðbeint út í verðlagið og eins og ég sagði áðan hefur valdið því að flutningsgjöld eru svo há sem raun ber vitni. Það er m.a. hækkun á olíu sem er mikil og við getum séð það frá árinu 1996 þegar olíulítrinn kostaði 26,50 og náði hámarki að mig minnir í júlí 2001, fór í tæpar 55 kr. og var þá búinn að hækka um 106%. Þetta eru auðvitað hlutir sem við kannski ráðum ekki við hér heldur heimsmarkaðsverðið en engu að síður skulum við hafa það í huga að þetta er skattheimta og hækkanir sem virka verr á ákveðna íbúa landsins en aðra.

Virðulegi forseti. Ég sagði hér í upphafi að mér finnst þetta frv. sem hæstv. fjmrh. hefur flutt vera vont frv. og ég er algerlega andvígur því. Mér finnast það vond skilaboð frá hæstv. ríkisstjórn í upphafi kjörtímabils að leggja það til að skattheimta ríkisins á flutningastarfsemi í landinu aukist þvert ofan í gefin loforð í kosningabaráttunni um að nú væri verið að vinna að því að finna leiðir til að lækka flutningskostnað. Þess vegna gengur þetta auðvitað þvert á þau loforð sem þar voru gefin. Það er miður að þetta skuli eiga að vera svona og eigi að ganga eftir.

Þar að auki á svo eftir að koma fram sú breyting sem hæstv. fjmrh. sagði frá og vitnaði til áðan að hefði verið samþykkt í ríkisstjórninni, hvenær sem það frv. kemur fram, að breyta þungaskattskerfinu yfir í olíugjaldið. Og ef það frv. — nú getur maður náttúrlega ekki talað um það sem á eftir að koma fram — er eitthvað í takt við það sem áður hefur verið boðað, þá mun það líka hafa í för með sér aukna skattheimtu á flutningastarfsemi í landinu. Hvað telur hæstv. fjmrh. að hægt sé að ganga langt í því að auka skatta á þessa starfsemi sem er ekkert að græða neitt voðalega mikla peninga í dag? Vafalaust eru mörg flutningsfyrirtæki sem berjast í bökkum og geta ekki tekið á sig þessar hækkanir heldur fara þær auðvitað þráðbeint út í verðlagið og munu svo hafa þessa víxlverkun að hækka vöruverð, matvöruverð og annað úti á landi, minnka samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu vegna flutninga á aðföngum og kannski flutninga til baka á fullunninni vöru. Enda kemur þar fram í skýrslu þessara þriggja ráðuneyta sem ég vitnaði í að þar er m.a. tekið dæmi frá forsvarsmönnum nokkurra fyrirtækja á Norðurlandi sem ræddu um það að ef þetta héldi svona áfram, þá mundu fyrirtækin neyðast til þess að hætta starfsemi úti á landi og flytja sig hingað suður.

Ég hefði ekki haft hugmyndaflug til að láta mér detta það í hug en einn ágætur maður spurði mig: Hvers vegna eru nánast öll kjúklingabú landsins komin hingað suður á höfuðborgarsvæðið? Hvers vegna eru m.a. öll svínabú landsins komin hingað suður á höfuðborgarsvæðið? Svarið hjá þessum aðila var: Það er engin furða, menn eru að færa sig nær þessum stóra markaði vegna þess að starfsemin ber ekki þann flutningskostnað sem er í gangi til þess að flytja þessa vöru fram og til baka.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég sagt hafa hér í upphafi máls míns um þetta vonda frv. sem hér hefur verið lagt fram og ég held að ég ljúki máli mínu með því að vitna í vefrit fjmrn. frá því í febrúar 2003, þar sem mér finnst vera mjög góð skilgreining á byggðaþróuninni, en þarna var fjmrn. að fjalla um byggðaþróun í landinu og það sem hefur verið að gerast undanfarin ár. Atvinnustarfsemi á landsbyggðinni hefur verið að dragast saman og störfum að fækka og fólki er að fækka. Þetta var sett upp á mjög faglegan hátt með fallegri mynd af Íslandi þar sem tilgreind var íbúafækkun í hverju kjördæmi fyrir sig, þ.e. skv. gömlu kjördæmaskiptingunni. Kaflinn á vefriti fjmrn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Er byggðaþróunin að komast í jafnvægi? Undanfarin ár hefur verið mikill straumur fólks til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni. Stjórnvöld hafa viljað sporna við þessum miklu flutningum meðal annars vegna þess að þeir hafa í för með sér kostnað fyrir samfélagið, bæði ríki og viðkomandi sveitarfélög. Byggja þarf og reka samfélagsleg mannvirki í stað annarra sem eru vannýtt og þar sem fólki fækkar vex kostnaður á hvern íbúa við að veita opinbera þjónustu. Fólksfækkun hefur tilhneigingu til að verða að vítahring sem erfitt getur reynst að rjúfa. Á hinn bóginn er eðlilegt að fólk leitist við að búa við bestu lífsskilyrði sem kostur er á og það kann að leiða til ákvörðunar um að flytja sig um set."

Ég sagði nú einhvern tíma bragð er að þá sjálfur finnur. Og það er auðvitað mjög gott að fjmrn. skuli tala á svo hreinskilnislegan hátt sem hér er gert. Þess vegna vil ég að lokum spyrja hæstv. fjmrh. út í það hvort hann telji að það frv. sem hér er flutt, sem á að ná í 400 millj. í þungaskatti, og að sjálfsögðu kemur það ekki allt á flutningastarfsemi en að töluverðum hluta, hvort það frv. sé til þess að bæta stöðuna á landsbyggðinni, bæta stöðu almennings sem þegar býr við allt of hátt matvöruverð, bæta stöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem búa við þessi háu flutningsgjöld. Telur hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin sem hann situr í sé með þessu að vinna gott verk fyrir íbúa landsbyggðarinnar?

[18:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fjölyrti ekki um þetta mál þegar hann mælti fyrir því. Hann gaf þá skýringu að um væri að ræða fylgifrumvarp með fjárlagafrv. sem leiðrétti eða stillti af tekjuforsendur fjárlagafrv. varðandi fjáröflun til vegagerðar, álagningu þungaskatts og bensíngjalds.

Engu að síður er um að ræða allnokkra hækkun umfram verðlagsforsendur eða uppfærslu fjárlagafrv. milli ára. Hún er 2,5% ef ég hef tekið rétt eftir. Þannig eiga menn sem eiga einhverjar ívilnanir undir fjárlagafrv. í formi hækkunar persónufrádráttar eða annars slíks að sætta sig við þá tölu á næsta ári. Skýringin á þessu er sú að sögn að menn hafi um árabil trassað að færa þessa tekjustofna Vegagerðarinnar og að hluta ríkisins upp til samræmis við verðlag. Það leyfi ég mér að gagnrýna mjög harðlega. Það er ákaflega óheppilegt að menn, ef þeir ætla að halda þessum tekjum hlutfallslega og standa undir þeim verkefnum sem á þeim byggja, t.d. vegagerð í landinu, þurfi á margra ára fresti að taka stór stökk í þessu eins og hér er ætlunin að gera.

Að sjálfsögðu er ég ekki talsmaður þess að menn skerði þessa tekjustofna jafnt og þétt með því að þeir fylgi ekki verðlagi. Það væri ábyrgðarleysi að tala með þeim hætti. Horfast þarf í augu við hina hlið málsins, þ.e. að draga mundi úr tekjum til vegagerðar í landinu að því leyti sem hér er um hinn markaða tekjustofn til samgöngumála að ræða. Hins vegar er afar óheppilegt að standa að málum með þeim hætti sem hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórn gerir hér. Reyndar vottaði fyrir iðrun í máli hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv., sérstaklega hvað þennan þátt varðar.

Svo má að sjálfsögðu líka nefna til sögunnar þá staðreynd að hinir umfangsmiklu skattar á umferðina nema sjálfsagt brúttó einum 30 milljörðum kr. eða vel það en lítill hluti þeirra rennur þrátt fyrir allt til að byggja upp samgöngukerfið og þjónusta umferðina í landinu. Ég held að það ætti að vera mönnum nokkurt umhugsunarefni hvort þau hlutföll hafi ekki skekkst um of á undanförnum árum. Menn hafa flotið áfram í skjóli þess að umferðin hefur aukist og þar af leiðandi hefur það ekki komið tilfinnanlega eða sýnilega að sök þegar menn horfa á tekjurnar að gjaldstofnarnir hafa ekki verið færðir upp til verðlags. En auðvitað hlýtur aukin umferð að kalla á aukna þjónustu og aukin mannvirki. Það er heldur betur staðreyndin. Þar er náttúrlega nærtækt að nefna þau gríðarlega dýru umferðarmannvirki á höfuðborgarsvæðinu sem verið er að þrýsta á um að ráðist verði í.

Það er nú þannig, herra forseti, að hver gatnamótin á fætur öðrum í höfuðborginni kosta einn milljarð króna stykkið. Við sem ökum upp í Breiðholt á kvöldin þekkjum það. Þar eru nokkur hundruð metrar á milli gatnamóta sem ýmist eru í byggingu eða nýlokið er við. Verðmiðinn á hverju stykki er um einn milljarður, eitt stykki mislæg gatnamót á meiri háttar umferðaræðum eins og Breiðholtsbraut og Reykjanesbraut eða hvað það nú er.

Einnig hefur réttilega verið á það bent að þetta frv., þessar hækkanir sem koma hér allt í einu í fjárlagafrv., eru nú ekki í beinu samræmi við yfirlýsingar og loforð stjórnarflokkanna fyrir kosningar, ekki síst Sjálfstfl. Ég man aldrei eftir því að Geir H. Haarde hafi á framboðsfundum vakið athygli kjósenda sérstaklega á því að hækka ætti þungaskattinn um 8% strax eftir kosningar. Ég man aldrei eftir því. (**LB:** Að tekjustofnar hafi ekki fylgt verðlagi?) Já, hann var ekki að útlista það að slíkir hlutir væru í vændum. Nei, það var talað mikið um skattalækkanir, gríðarlegar skattalækkanir.

Við tókum að vísu ekki þátt í þeim óráðskór, frambjóðendur og talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem því miður flestir aðrir falleruðust af (**ÖS:** Og BSRB.) en þegar veruleikinn birtist mönnum eftir kosningar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þá er hann einhvern veginn allt öðruvísi en þessi rjómagula birta sem menn virðast baðaðir í á framboðsfundunum. (**ÖS:** Í skattatillögum BSRB.) Ég heyri að það liggur vel á hv. þm. enda farið að kvölda.

Það breytir ekki því, herra forseti, sem hér er gert að umtalsefni, að ríkisstjórnin stendur ekki að málum með þeim hætti sem hún gaf tilefni til að ætla fyrir kosningarnar. Burt séð frá afstöðu manna til þess sem verið er að leggja til er það alltaf umfjöllunarefni í sjálfu sér hvort menn koma heiðarlega fram. Hvernig standa þeir við það sem þeir hafa lofað kjósendum? Það hefur ríkisstjórnin auðvitað ekki gert, hvorki Sjálfstfl. sem narraði fólk unnvörpum til að kjósa sig út á stórfelld loforð um skattalækkanir sem yrðu lögfestar strax á haustþinginu og þaðan af síður Framsfl. sem brá sér í gervi stjórnarandstöðuflokks. Framsfl. var heldur geðþekkur félagshyggjuflokkur í stjórnarandstöðu eins og hann auglýsti sig í sjónvarpinu fyrir tugi milljóna króna. En það er nú annað upp á teningunum núna. Reyndar er hann hvergi nærstaddur, Framsfl.

Það er líka tilefni til að fara yfir það, m.a. í ljósi umræðna sem urðu fyrirferðarmiklar víða í aðdraganda kosninganna síðast, að hér er að sjálfsögðu verið að hækka kostnað við flutning eða flutningskostnað á vöruverði úti um landið. Þegar það er skoðað er þungaskatturinn einn og sér ekki úrslitaatriði í því en hann hefur þó ákveðin uppsöfnunaráhrif í eðli sínu. Það er meinsemd sem veldur hærra vöruverði á landsbyggðinni en ella þyrfti að vera. Það verða uppsöfnunaráhrif í gegnum kostnaðarliði sem lenda í vöruverðinu og enda í virðisaukaskattinum sem lagður er ofan á endanlegt útsöluverð vörunnar þegar hún er komin til notenda á landsbyggðinni.

Þungskattinn verða menn að greiða eins og hann er hér á lagður í gjaldflokkum með tilliti til vegalengda sem eknar eru. Kannski eru ekki margir hér sem muna alla þessa sorgarsögu, frá því að menn voru með kerfi sem tók verulegt tillit til vegalengdanna í því formi að veittir voru afslættir og sett þak á álagningu þungaskatts þannig að ef ekið var yfir vissa vegalengd þá var umframaksturinn gjaldfrjáls. Þetta þýddi að verulegt tillit var tekið til skattlagningarinnar hvað varðaði flutning á lengstu leiðum. Þetta kerfi var slegið af. Samkeppnisstofnun taldi þetta ekki standast og menn voru að vandræðast með það í nokkur ár hvort hægt væri að finna annan farveg til að taka tillit til aðstæðna að þessu leyti en hafa síðan gefist upp á því. Niðurstaðan nú síðustu árin er sem sagt hrá álagning þungaskatts á hvern ekinn kílómetra. Þar af leiðandi hækkar skatturinn í þessum skilningi eftir því sem lengra er ekið.

Til að vinna á móti þessu hafa menn helst rætt um að taka upp einhvers konar endurgreiðslu flutningskostnaðarins, styrki sem þekktir eru sums staðar úr nálægum löndum. Í skýrslum sem stjórnvöld hafa glóðvolgar í höndunum er einmitt lagt til að menn fari frekar inn á þessa braut. Það er ljóst að slíkt er heimilt og brýtur engin samkeppnislög, hvorki innlend né evrópsk.

En það bólar ekkert á þessu, ekki neitt. Ég hef bara ekki heyrt af því að samgrh., fjmrh., byggðamálaráðherra eða nokkur af þessum fínu ráðherrum í ríkisstjórninni sé að gera nokkurn skapaðan hlut í þessu sambandi. Hins vegar koma hér hækkanir sem menn eiga að taka á sig að óbreyttu ástandi. Þá er von að menn hafi orð á því.

Hæstv. fjmrh. nefndi upptöku olíugjalds. Það verður gaman að glíma við það eina ferðina enn að fá hér frv. um álagningu olíugjalds í stað þungaskatts, þ.e. að færa skattlagninguna inn í sölu á olíu til þeirra aðila sem eiga að greiða skattinn. Ætli þau hafi ekki verið flutt þrisvar eða fjórum sinnum áður, slík frumvörp, eða a.m.k. oft rædd? Jafnharðan hafa menn gefist upp við það og oftast fyrir andstöðu olíufélaganna sem hafa lagst í mikinn lobbýisma og fundið því allt til foráttu að fara þá leið.

Því miður er það þannig að sé gjaldið flutt yfir í olíuna án nokkurra ráðstafana og menn finni þá einhvern lögmætan farveg til að koma aftur til móts við lengstu vegalengdirnar þá er hið sama upp á teningunum þar í grófum drættum. Eldsneytisnotkunin er nokkurn veginn sambærileg við þær vegalengdir sem eknar eru þegar löngu flutningaleiðirnar eiga í hlut. Vandamálið hverfur þannig ekki heldur flyst það til eða færist yfir á nýtt form.

Það er auðvitað von að spurt sé: Er eitthvað að frétta af því hvort einhverjar ráðstafanir séu í vændum af hálfu ríkisstjórnarinnar til að mæta þessum þungbæra flutningskostnaði sem t.d. smásöluverslun býr við á fjarlægustu landshornum frá höfuðborginni. Er við því að búast að verslun í Norður-Þingeyjarsýslu þurfi að greiða meira fyrir flutningskostnað á kíló af lauki en fyrir laukinn sjálfan? Það er þannig. Ég skoðaði dæmi í vetur þar sem verslunareigandi á norðausturhorninu var með nótur yfir þessa merku vöru, lauk. Hann

hafði keypt hann á einhverjar 40–45 kr. kílóið í heildsölu hér í Reykjavík en borgaði 55 kr. undir hann. Flutningskostnaðurinn var hærri en varan sjálf. Svona er staðan. Ofan á þetta leggur hæstv. fjmrh. Geir Hilmar Haarde fullan virðisaukaskatt, 24,5% ef í hlut á vara sem er á hærra þrepi. Annars lægra.

Þarna er ríkið að refsa mönnum fyrir að búa á vissum stöðum, með því að leggja virðisaukaskattinn ofan á uppsöfnuð áhrif annarrar skattlagningar og kostnaðarþátta sem safnast upp í svona tilvikum. Þetta hefur mikið verið rætt, herra forseti, en það gerist aldrei neitt. Það er stórmerkilegt hvernig mönnum tekst alltaf að þvæla þessum hlutum á undan sér án þess að taka á þeim á nokkurn hátt. Þó er alveg sannað mál að hátt vöruverð og rekstrarörðugleikar fyrirtækja á þessu sviði á landsbyggðinni eru eitt af höfuðvandamálum og meinsemdum í fjölmörgum byggðarlögum. Það er ekki nóg með að varan sé svo dýr sem raun ber vitni, sem skerðir lífskjör þessa fólks umfram aðra, heldur er hreinlega þjónustan sjálf ekki alltaf í boði vegna þess að það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir henni.

Á þessu hafa menn yfirleitt reynt að taka í nálægum löndum. Það er a.m.k. þannig bæði í Noregi og Svíþjóð og ég hygg reyndar líka í Finnlandi, á norðursvæðunum. Þar eru við lýði ýmiss konar stuðningsaðgerðir sem eru til þess ætlaðar að mæta og vega upp aðstöðumun, t.d. verslunar í strjálbýli og jafnvel annarrar framleiðslustarfsemi. Af sjálfu leiðir að jafnerfitt og þetta er fyrir verslun þá er þetta náttúrlega enn þá tilfinnanlegra fyrir alla framleiðslustarfsemi sem er hægt og rólega að skattleggjast af landsbyggðinni. Það er augljóslega þannig að menn ráða ekki við að borga fyrst flutningskostnaðinn á aðföngunum út á land og síðan aftur flutningskostnaðinn á afurðunum inn á aðalmarkaðinn eða á leið sinni til útlanda í gegnum suðvesturhornið. Enda sitja menn víða og reikna hvað þeir græði mikið á að hætta að framleiða málningu, sápu, plastkör eða hvað það nú er úti á landi og flytja það bara hingað.

Það er yfirleitt auðvelt reikningsdæmi. Það er sparnaður sem hleypur á mörgum prósentum ef ekki tugum prósenta í rekstri viðkomandi fyrirtækja. Þetta kerfi getur ekki endað nema á einn veg. Ég held að hæstv. fjmrh. gerði rétt í að velta aðeins fyrir sér, m.a. í tengslum við tillögur til Alþingis um að fíra þessum kostnaðarþætti upp um 8%, hvort eitthvað standi til að reyna að gera á hina hliðina. Ég inni eftir því.

Það væri líka fróðlegt að fá hér sem fyrst til umfjöllunar og skoðunar frv. um olíugjald. Ég held að það væri æskilegt að það kæmi fram sem fyrst ef þess er að vænta á annað borð þannig að þingið og nefndir þingsins gætu farið ofan í saumana á þessum málum. Maður vill ekki útiloka það fyrr en maður stendur frammi fyrir því að menn gætu komið sér saman um eitthvert fyrirkomulag sem tengdist þessum breytingum og væri liður í að koma til móts við aðstæður þeirra sem þyngstan bera baggann af þessari skattlagningu, flutningskostnaði og öðru slíku.

Herra forseti. Aftur að upphafinu. Ég vil á hinn bóginn að það komi skýrt fram að við eðlilegar aðstæður og sé eðlilega að því staðið að viðhalda þessum tekjustofnum til samgöngumála ætla ég ekki að fara að gerast sá ómerkingur orða minna á gamals aldri að hlaupast undan merkjum í þeim efnum. Ég styð að sjálfsögðu að Vegagerðin hafi sínar tekjur til sinna þörfu verkefna.

[18:18]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðarmenn námslána, 106. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 106.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 108. mál, fsp. JóhS, þskj. 108.

Endurskoðun á framfærslugrunni námslána, 104. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 104.

Félagsgjöld fyrirtækja og launþega, 112. mál, fsp. ÖS, þskj. 112.

Kadmínmengun í Arnarfirði, 109. mál, fsp. MÞH, þskj. 109.

Kostnaður sveitarfélaga vegna atvinnuleysis, 113. mál, fsp. MF, þskj. 113.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, 102. mál, fsp. MÁ, þskj. 102.

Lögmæti innrásarinnar í Írak, 110. mál, fsp. SJS, þskj. 110.

Sameining ríkisháskólanna, 103. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 103.

Skatttekjur og skatteftirlit vegna stofnunar einkahlutafélaga, 105. mál, fsp. JóhS, þskj. 105.

Stofnun hönnunarmiðstöðvar, 96. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 96.

Stuðningur við kræklingaeldi, 107. mál, fsp. JBjarn, þskj. 107.

Tekjuskattur og eignarskattur, 91. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 91.

Yfirstjórn menntastofnana landbúnaðarins, 101. mál, fsp. GÖg, þskj. 101.

[18:21]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og fyrri ræðumenn rifja hér upp að ég held að enginn í þessum sal minnist þess að nokkur frambjóðandi Sjálfstfl. eða Framsfl. hafi haft af því sérstakar áhyggjur í kosningunum síðast að ekki hafi tekist að hækka tekjustofna í samræmi við vísitölu neysluverðs. Ég man ekki til þess að nokkur hefði orð á því og allra síst hinir nýju hv. þm. Sjálfstfl. sem komu inn, sérstaklega í Reykjavík, og hafa haft á orði um nokkuð langt skeið að þeirra helsta metnaðarmál í þinginu væri að lækka skatta, til þess séu þeir kosnir og að því ætli þeir að stefna.

Þess vegna er það allt saman afar sérstakt að þetta skuli vera eitt fyrsta mál hæstv. fjmrh. ef fjáraukalög og fjárlög eru undanskilin. Það er einfaldlega svo að á endanum munu neytendur borga þá skatta sem hér er verið að leggja á. Þeir munu á endanum greiðast með hærra vöruverði og þeir sem þurfa lengst að sækja vöruna munu einfaldlega bera þyngstu byrðarnar. Þannig er þetta. Það er afleiðing þessa frv. Þess vegna er með frv. fyrst og fremst verið að leggja þyngri byrðar á fólk á landsbyggðinni en annars staðar. Ég veit ekki hvað fólk á landsbyggðinni hefur gert til þess að fá þessar köldu kveðjur frá ríkisstjórninni nú í upphafi þings. Þetta mál er því fyrst og fremst árás á landsbyggðina og það er afar sérstætt að þetta skuli vera upphafið.

Skattaumræðan hefur að mörgu leyti mótast af því að einhvern tíma í óskilgreindri framtíð sé ætlunin sú að lækka skatta um 20 milljarða. Hvernig það verður gert liggur ekki fyrir. En það er a.m.k. markmiðið og það á að hafa veruleg áhrif á hagvöxtinn og hagkerfið og knýja það áfram á einhvern hátt. Undir það get ég tekið. En það er hins vegar afar sérstakt núna þegar fyrstu fjárlög ríkisstjórnarinnar eru

lögð fram að þá skuli lagðir á 4 milljarðar um það bil í skattahækkunum á einn eða annan hátt.

Nefna má t.d. 600 millj. í viðbótarlífeyrissparnaði sem eru slegnir af, sjúkratryggingar 750 millj., komugjöld á heilsugæslustöðvar 50 millj., lækkun vaxtabóta úr 7% í 5,5%, um það bil 600 millj., Atvinnuleysistryggingasjóð 170 millj. Hér er 1 milljaður á ferðinni og liggur þá ekkert fyrir um hvernig verður með barnabætur og skattleysismörk sem líklega fylgja ekki launavísitölu. Því er ekki óvarlegt að áætla að þetta séu 4 milljarðar á einu ári. Ef við margföldum það með fjórum þá eru komnir 16 milljarðar. Þá hlýtur að vakna spurning til hæstv. fjmh.: Er hugmyndin sú að lækka skatta um 20 milljarða og draga þá þessa 16 frá eða er hugmyndin að koma nokkurn veginn út á sléttu eftir kjörtímabilið? Er það í raun öll skattalækkunin sem að er stefnt? Eða ætlar hæstv. fjmrh. að gefa þá yfirlýsingu hér að aðrir tekjustofnar ríkisins verði ekki hækkaðir umfram þessa neysluvísitölu sem vitnað er til? Þetta er allt saman afar sérstakt og lítur þannig út þangað til manni verður sýnt fram á annað að hér séu menn aðeins að hengja pótemkintjöld fyrir það sem raunverulega á sér stað því að þessir 20 milljarðar eru fljótir að hverfa ef hækka á gjöld og lækka framlög um 4–5 milljarða á hverju einasta ári á kjörtímabili. Þá eru þeir einfaldlega að mestu leyti horfnir. En látum það liggja milli hluta.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi sjaldan eða aldrei lesið jafnsérstæða röksemdafærslu fyrir nokkru eins og í þessu frv. Þegar menn skoða þá röksemdafærslu sem hér er lögð til grundvallar þá er hún fyrst og fremst sú að þessir skattstofnar hafa ekki hækkað í samræmi við vísitölu neysluverðs, fyrst og síðast. Byrjað er að reikna frá árinu 1999 en þá hækkaði þetta mestan part síðast. Að vísu eru þar undantekningar á. En þetta eru þær stærðir sem lagðar eru til grundvallar. Neysluverðsvísitalan frá þessum tíma hefur hækkað um 12,4% eins og kemur fram í frv. En hvað hafa tekjur ríkisins aukist á sama tíma? Þær hafa aukist um 55,5%. Ef þessi viðmið ættu alls staðar að ganga yfir þá ætti fjárlagafrv. fyrir árið 2004 ekki að hljóða upp á 280 milljarða tæpa heldur 205, þ.e. ef þessi 12,5% hækkun er útgangspunkturinn við allt saman. Þessi röksemdafærsla er því alveg með hreinum ólíkindum. Að menn skuli nota hana til þess að leggja þessar álögur á landsmenn með þeim hætti sem gert er ráð fyrir og meiri álögur á fólk á landsbyggðinni en annars staðar, virðulegi forseti, tekur engu tali. Það er algerlega fráleitt að leggja þetta upp með þessum hætti. Það er í raun erfitt að fjalla um þetta á vitrænan hátt. Miklu eðlilegra væri að segja: „Við erum búnir að missa tökin á hagstjórninni. Við erum búnir að missa tökin á fjármálum ríkissjóðs." Það væri miklu eðlilegra að segja það einfaldlega. Ég skil vel að hæstv. fjmrh. gangi úr salnum. Það hefði verið miklu eðlilegri og heiðarlegri röksemdafærsla en að koma fram með það sem hér er að finna í greinargerðinni. Í raun er þessi röksemdafærsla fyrst og fremst eins og þegar krakkarnir segja: „Af því bara." Þetta er það einasta sem mönnum datt í hug, að hengja sig á þessa hækkun á vísitölu neysluverðs sem hefur verið um 12,4% á þessu tímabili um leið og tekjur ríkissjóðs hafa aukist um 55,5%. Þetta er alveg með ólíkindum.

Ég segi líka, virðulegi forseti, og ekki mun standa á okkur í Samfylkingunni í vetur að aðstoða við það, að úr því að menn hafa misst tökin á ríkissjóði eins og raun ber vitni og þetta frv. ber augljóslega merki þá væri miklu eðlilegra að kalla stjórnarandstöðuna til hjálpar í þessum málum heldur en setja fram röksemdafærslu af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Kristján L. Möller lýsti yfir áðan. Við erum algerlega andvíg þessu frv. sem er fyrst og fremst árás á landsbyggðina. Ég skil ekki hvað landsbyggðin hefur unnið til saka að fá þetta yfir sig. Ég einfaldlega næ því ekki. Við leggjumst algerlega gegn frv. og ég held, virðulegi forseti, að kannski sé kominn tími til — þó að það sé margtuggin klisja hér í salnum þar sem menn töluðu eitt sinn um að báknið skyldi burt. Nú hefur það vaxið á þann hátt sem ég rakti hér um 55,5% miðað við niðurstöðutölur fjárlaga 1999 og miðað við áætlaðar tekjur árið 2004. Þetta er einfaldlega sá veruleiki sem liggur fyrir. Væri nú ekki nær, virðulegi forseti, að reyna að taka einhvers staðar til í stað þess að fara þá leið sem hér er lögð til? Virðulegi forseti. Hún er alveg til háborinnar skammar.

[18:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fáir hefðu nú trúað því þegar kosningabaráttan fór fram að á fyrsta þing eftir kosningar kæmu stjórnarliðar með skattahækkanir í verulegum mæli. Ég er sannfærður um að litið hefði verið á það sem grófa móðgun ef einhver hefði vogað sér að halda því fram að það fyrsta sem menn gerðu hér á þessu hausti væri að hækka skattana.

Það stutt er síðan kosningabaráttan stóð yfir að það hlýtur að vera eðlilegt að menn ræði málið í samhengi við það sem þá var sagt. En það sem við erum að sjá hér er einn milljarður í hækkuðum gjöldum á flutningafyrirtækin í landinu og á almenning í bílaútgerð heimilanna.

Mér fannst hæstv. fjmrh. einna helst festa sig í bjarghringinn þann að hann hefði ekki staðið sig nógu vel í að hækka þetta á undanförnum árum og nú væri hann að rétta það af. Það hefði eiginlega orðið slys og ekki hefði verið passað upp á þetta. Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta ekki sterk rök. Og þó svo að ég sé einn af þeim sem telji að passa eigi upp á framkvæmdafé til vegagerðar þá get ég ekki séð að rökin eigi að taka það um þessar mundir, einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið fé til vegagerðar úr ýmsum áttum á undanförnum árum og ekki hvað síst með því að selja ríkisfyrirtæki.

Hæstv. ríkisstjórn setti af stað flýtiframkvæmdir aðallega í vegagerð fyrir kosningarnar. Svo gerist það sem suma grunaði að ekki var hægt að klára þessa peninga, og það vill svo skemmtilega til að einn milljarður gekk af. Nú veit ég ekki hvað á að gera við þann milljarð. Kannski verður honum ráðstafað aftur með einhverjum sérstökum hætti með samþykkt ríkisstjórnarfundar einhvern góðan veðurdag, ég skal ekki segja um það. En hann hefði líka getað gengið til þeirrar upphæðar sem hér á að fá með hækkuðum sköttum. Sem sagt, nú eru 2 milljarðar allt í einu til skiptanna á næsta ári sem ekki voru til skiptanna í vor samkvæmt fyrirrætlunum manna, því þá stóð hvorki til að hækka skatta né heldur að klára ekki þá peninga sem ætlaðir voru í flýtiframkvæmdir í vegagerð.

Það er rétt að fara aðeins yfir þær tölur sem voru í gangi þegar menn tóku ákvörðunina um að breyta þungaskattinum og bensíngjaldinu árið 2000, því að þá var þessu kerfi breytt og gjaldið í ríkissjóð lækkað um 10%. Hvers vegna var það gert? Vegna þess að olíuverð hafði hækkað mikið árið á undan, t.d. hafði dísilolía hækkað úr 38 kr. í október 1999 upp í um 50 kr. árið eftir, 30% hækkun. Stjórnvöldum blöskraði þetta en auðvitað græddi ríkissjóður á þessu líka og bætti álögum sínum ofan á þetta, en ákveðið var að

lækka gjaldið um 10%. Já, hæst fór olían líklega í einar 50 krónur. En hvað skyldi hún vera í dag? Hún er um 44 kr. Tíu prósent hækkunin sem varð árið 2000 verður núna allt í einu að 8% lækkun. Mér sýnist því að forsendurnar fyrir 10% lækkuninni séu a.m.k. að æðistórum hluta til enn fyrir hendi í dag.

Hækkun þessi á að gefa 400 milljónir í ríkissjóð og vitaskuld mun stór hluti hennar eða töluverður hluti koma frá flutningafyrirtækjunum. Ég tel að eftir þá umræðu sem fram hefur farið um kostnað vegna flutninga á vörum út á landsbyggðina hefði það verið lágmark að menn hefðu getað kynnt hvaða ráðstafanir þeir hygðust hafa til að vinna gegn hinum háa flutningskostnaði um leið og þeir ákváðu að setja fram skattahækkanir. Mér hefði fundist það lágmark. Eða þá að vera heiðarlegir og segja: Við höfum engin ráð við því en við ætlum að hækka. Er það kannski þannig? Mér finnst að skýr svör ættu að vera við þessu.

Þær skattahækkanir sem hér eru á ferðinni ættu helst að valda viðbrögðum hjá þeim sem eiginlega mætti kalla skattasamvisku ríkisstjórnarinnar, ungum þingmönnum Sjálfstfl. sem hafa uppástaðið það í fjölmiðlum og ræðum sínum í aðdraganda kosninga að þeir ætluðu nú aldeilis að sjá til þess að skattar yrðu lækkaðir. Ég vildi gjarnan að einhver þeirra mætti í þessa umræðu og útskýrði hvernig í ósköpunum menn eiga að trúa því, eftir að þetta haust er liðið, að skattalækkanir verði á þessu kjörtímabili, því ef ekki núna þá hvenær? Er ekki einmitt núna möguleiki til skattalækkana? Nú er spennan ekkert svo mikil. Það er von á miklu hærri spennu næstu árin. (**Gripið fram í:** 20 milljarðar sem ...) Ætla menn virkilega að halda því fram að skattalækkanir ættu þá ekki heima núna? Nei, nú koma menn hinum megin frá, hífa skattana bara upp. Maður gæti ímyndað sér að þetta væri aðferð af einhverju tagi sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson nefndi áðan, að menn ætluðu að búa sér til tekjustofn inn í þessa skattaparadís, að hún væri bara blöff.

Ég er ekki á þeirri skoðun að endilega verði hægt að lækka skatta á síðari hluta þessa kjörtímabils og ég trúi því ekki að menn séu svo óábyrgir við stjórn landsins að þeir muni gera það hvernig sem allt veltur hér í þjóðfélaginu. Ég trúi því ekki. En því miður hafa menn látið frá sér svo hástemmd loforð að erfitt verður fyrir þá að horfast í augu við það að þeir svíki annað hvort þeirra. Það stefnir því miður í það. Annaðhvort verða menn að svíkja loforðin um skattalækkanirnar eða heitstrengingarnar um það að stjórna ríkissjóði skynsamlega og fjármálum þjóðarinnar.

En ég spái því að kosningaloforð ríkisstjórnarinnar verði kannski til umræðu allt þetta kjörtímabil en mest þegar líður á það, undir lokin, og það verði hlutverk einhverrar annarrar ríkisstjórnar að bera þá bagga í hús sem því fylgir að lækka skattana eins og hefur verið lofað. Mér finnst þetta vera skýr vísbending um það sem er að gerast á þessu hausti.

En ég tel að góð rök hafi verið færð fyrir því að menn hefðu ekki átt að fara af stað með þetta mál núna. Ég tel að fjármunir til vegagerðar hafi verið til staðar samkvæmt þeim áætlunum sem um er að ræða og reyndar ýmsir möguleikar til að bæta þar í ef menn vilja. Og það hefði verið lágmark, eins og ég sagði áðan, að menn hefðu kynnt um leið hvaða fyrirætlanir þeir hafa til þess að koma til móts við fólkið á landsbyggðinni hvað varðar kostnað og flutning á vörum út á land.

[18:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Lánið leikur við formann Samfylkingarinnar á þessum degi því ekki er ég fyrr kominn á lista ræðumanna en hæstv. samgrh. gengur í salinn en það var einmitt hæstv. samgrh. sem fór mikinn hér í þingsölum fyrr á þessu ári og mærði mjög niðurstöður skýrslu um flutningskostnað og sagði þá einmitt, herra forseti, — af því að ég er að missa hann úr salnum — að þær aðgerðir sem þar væru lagðar til yrðu þær sem ríkisstjórnin hygðist grípa til. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. samgrh.: Hvað segir hann um þær aðgerðir sem hæstv. fjmrh. ber fyrir okkur? Er hæstv. samgrh. sammála því að það sé í anda skýrslunnar sem hann mærði sem mest í kosningabaráttunni og hér í þessum sölum að leggja á landsbyggðina, á landsmenn 400 millj. kr. þungaskatt til viðbótar?

Herra forseti. Ég sé að hæstv. samgrh. getur ekki svarað þessu því að hann hleypur, lætur fætur toga út úr þingsalnum. Herra forseti. Það finnst mér sýna greind hæstv. samgrh. vegna þess að enginn mannlegur máttur getur með nokkru móti fært rök fyrir því að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé í anda þess sem hæstv. samgrh. sagði landsmönnum öllum, þingheimi og þó einkum og sér í lagi landsbyggðinni rétt fyrir kosningar.

Herra forseti. Það er eitt sem stingur í augu þegar maður horfir yfir þingheim. Hér hafa menn setið og rætt í þaula þetta frv. og ýmislegt annað sem tengist fjárlögum ríkisins, en núna þegar við erum farin að ræða auknar skattaálögur á landsbyggðina þá sést ekki einn einasti þingmaður Framsfl. Hvar eru þingmenn Framsfl. núna þegar hæstv. fjmrh. er að skella heilum milljarði á landsmenn sem kemur þyngra niður á landsbyggðinni en öðrum hlutum landsins? Ég lýsi eftir þingmönnum Framsfl. sem riðu eins og hetjur um héruð fyrir kosningar og sóru gagnvart landsmönnum að þeir mundu beita sér fyrir aðgerðum til þess að draga úr skattaþjökun landsbyggðarinnar.

Herra forseti. Hér fyrir framan mig situr ungur þingmaður, hv. þm. Birgir Ármannsson, sem flutti prýðilega jómfrúrræðu fyrr í dag. Hann er einn úr hópi ungra þingmanna Sjálfstfl. sem segja má að hafi rutt sér braut inn í fremstu víglínu íslenskra stjórnmála með því að draga einn gunnfána að húni. Það voru skattalækkanir. Hv. þm. Birgir Ármannsson lýsti því með sannri innlifaðri gleði nýhólpins engils í grein í Morgunblaðinu um daginn hvað það væri gaman að vera partur af þessu liði, hvað það væri gaman að fá að vera hluti af stjórnarflokkum sem leggja til 20 milljarða skattalækkanir.

Herra forseti. Ekki vil ég segja við þennan unga mann, sem ég er sannfærður um að á sér glæsta framtíð fyrir höndum í þessum sal: Ill var þín gangan fyrsta. En ég neita því ekki að eitthvað líkt því kom upp í huga mér, og ég velti því fyrir mér hvernig liggur á hæstv. fjmrh. að leggja það á þennan unga svein að sitja hér í heilan dag, hlusta á hæstv. fjmrh. leggja fram frumvarp sem í reynd er frumvarp um brot á kosningaloforðum Sjálfstfl. Engir ungir menn í stjórnmálum sem ég man eftir hafa með jafnmiklum glæsileik og þrótti fært rök að því að það bæði væri gott, heilladrjúgt og hægt að lækka skatta, eins og þeir þrímenningar, hv. þm. Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Guðlaugur Þór Þórðarson. Mér nægir í sjálfu sér alveg að hér sé staddur einn fulltrúi þeirra og getur hann vafalítið talað fyrir alla ef hann vill. En ég verð hins vegar að segja að það hlýtur auðvitað

að koma að því einhvern tíma á þessu hausti í umræðum að þessir skattalækkunarpostular Sjálfstfl. láti sjá sig hér í ræðustól og svari því til hvort þeir styðji hugmyndir um auknar álögur á landsmenn.

Herra forseti. Hvað er það sem hæstv. fjmrh. og reyndar Sjálfstfl. allur í þessum sölum hefur gumað af á þessu hausti? Jú, þeir ætla að lækka skatta um 20 milljarða. Og nú vil ég segja, herra forseti, að ég tel að ef þokkaleg samvinna ólíkra afla á vinnumarkaði tekst og á stjórnmálasviðinu þá sé mögulegt að sigla þannig út úr því efnhagsástandi sem er að skapast, það kann að vera hægt og meira að segja sé nokkuð aflögu til að hrinda í framkvæmd drjúgum hluta af þeim félagslegu úrbótum sem verkalýðshreyfingin hefur lagt fram. En það er samt sem áður þannig, herra forseti, að það er nokkuð umhendis fyrir þennan flokk að þegar hann byrjar feril sinn á þessu, þegar hann sem sagt byrjar að efna skattalækkunarloforðin þá gerir hann það með því að leggja fram frv. sem eykur álögur landsmanna um 1.000 millj. kr. Þetta finnst mér, herra forseti, ekki vera neitt annað en brot á þeim loforðum sem hæstv. fjmrh. og ráðherrar ríkisstjórnar lögðu fyrir þing og þjóð þegar Alþingi hóf sína göngu fyrir nokkrum dögum.

Herra forseti. Hér hafa menn líka farið nokkrum orðum um röksemdafærslu hæstv. fjmrh. Oft hefur hann skautað léttilega en sjaldan hefur hann verið á jafnhálum ís og í dag. Það er ekki bara að hann hafi byrjað að lækka skatta með því að hækka þá, heldur segist hann og færir þau rök ein fyrir tillögu sinni að honum hafi orðið í reynd á sú skyssa á síðustu árum að hann gleymdi að hækka þessa skatta.

Herra forseti. Ég velti því líka fyrir mér hvernig þær röksemdir hljómi í eyrum þess þingmanns sem flutti jómfrúrræðu sína hér í dag. Hvernig hljóma slíkar röksemdir í eyrum þingmanna Sjálfstfl. sem hafa talað manna gildast um að lækka þurfi skatta, að ástæðan fyrir þessari skattahækkun sé sú að gleymst hafi að hækka nægilega mikið á síðustu árum?

Herra forseti. Auðvitað þarf fjármagn til að koma vegakerfi og samgöngubótum landsmanna í sæmilegt horf. Ég segi þetta af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er hér í salnum og tók þátt í umræðum áðan. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon væri í reynd að segja að hann mundi ekki skorast undan því að samþykkja a.m.k. part af þessari hækkun vegna þess að hann teldi að nauðsynlegt væri að afla fjár til þess að sinna samgöngubótum í landi. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. afsökunar hafi ég misskilið orð hans en ég er viss um að hann er í færum til að leiðrétta það á eftir. En misminnir mig ef það er svo að einhvers staðar á bilinu 10–15 milljarðar sem teknir eru í skatta með einhverjum hætti af samgöngukerfi landsmanna, renna ekki til samgöngubóta? Ég spyr, herra forseti: Er þar ekki kominn ærinn stofn til þess að taka fé til samgöngubóta án þess að leggja þennan skatt hér á? En hæstv. samgrh. sagði áðan að þær 850 millj. kr. af þessum 1.000 sem hér eru lagðar sem nýjar klyfjar á herðar okkar landsmanna rynnu til bóta á samgöngukerfinu. Ég segi líka alveg skorinort við hæstv. fjmrh. að ég og mínir þingmenn erum svo sannarlega reiðubúnir til að taka á því að finna þá frekar einhverjar matarholur í ríkiskerfinu, sameinast um það að stemma stigu við þessari sífelldu bólgu útgjalda fremur en að afla tekna til hinna þörfu samgöngubóta sem hæstv. ráðherra væntanlega hefur í huga með þessum hætti.

Herra forseti. Hæstv. samgrh. sem áðan hlóp eins og fætur toguðu út úr húsi og vildi ekki taka þátt í umræðunni sem er þó umræða sem að öðrum þræði snýst um hann og fagsvið hans. Hann hélt magnaðar ræður í umræðum sem urðu hér fyrr á árinu um merka skýrslu sem hann hlutaðist til um að yrði gerð. Það var skýrsla þriggja ráðuneyta ef ég man rétt sem gerð var af nefnd valinkunnra sómamanna um hvað það væri sem ylli háum flutningskostnaði hér á landi. Og hvenær sem til umræðu kom í þessum sölum um þá áþján sem flutningskostnaður sannarlega er á landsbyggðinni þá var vísað til þessarar skýrslu. Sú skýrsla var lögð fram í febrúar á þessu ári. Hún var rædd í ríkisstjórn Íslands og það var ríkisstjórn Íslands sem tók ákvörðun um það að fela Byggðastofnun að gera tillögur um lækkun á kostnaði vegna flutninga innan lands í krafti þeirra tillagna sem var að finna í niðurstöðum skýrslunnar. — Ef hv. þm. Pétur H. Blöndal mætti láta vera af því að trufla hæstv. fjmrh. þá mundi ég spyrja ráðherrann: Er þessi tillaga í samræmi við niðurstöður umfjöllunar Byggðastofnunar um þetta mál?

Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. samgrh. hafi forðað sér úr þessari umræðu og ég skil vel að hv. þm. Framsfl. láti ekki sjá sig í húsinu þegar við ræðum þessar auknu álögur á landsmenn. En við getum ekki skilið við umræðuna öðruvísi en að rifja upp að við höfum mörgum stundum rætt um þá þætti sem kunna að valda því að við stöndum andspænis ákaflega illvígri byggðaröskun. Við sjáum að æ fleiri kjósa að flytja af landsbyggðinni til þéttbýlisins. En það vill svo til að hinn fjarstaddi hæstv. samgrh. og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa líka lagt gjörva hönd að því verki að brjóta til mergjar orsakir slíkrar þróunar.

Hér var á sínum tíma lögð fram gagnmerk skýrsla unnin af Háskólanum á Akureyri, af fræðimönnum sem þar vinna, þar sem reynt var að grafast fyrir um þær rætur. Þar kom í ljós að af tíu þáttum sem menn gátu greint sem hvöttu menn til flutnings af landsbyggðinni var hátt vöruverð á landsbyggðinni þáttur númer tvö. Og hvað er það sem veldur því að vöruverðið er að jafnaði töluvert hærra á landsbyggðinni en á þéttbýlissvæðinu? Jú, því var svarað í skýrslu hæstv. samgrh. og hinna tveggja ráðherranna sem ég nefndi hérna áðan. Hár flutningskostnaður var ein af meginástæðunum fyrir háu vöruverði á landsbyggðinni og einnig í þeirri sömu skýrslu, reyndar í niðurstöðuorðum skýrslunnar, var sagt berum orðum að það sem ætti einna mestan þátt í háum flutningskostnaði væri þungaskatturinn. Enginn hefur skeleggar en hv. þm. Kristján L. Möller sýnt fram á hvernig þungaskatturinn hefur aukist á síðustu árum í þeim mæli að það hefur haft sjáanleg áhrif á hækkun flutningskostnaðar. En núna ofan á þetta ætlar hæstv. ríkisstjórn í gustukaskyni við landsbyggðina og væntanlega til að reyna að snúa þessari öfugþróun við að koma aftur eins og sleggja í hausinn á landsbyggðinni með því að kasta á herðar hennar 400 millj. kr. álögum.

Herra forseti. Það er ákaflega erfitt að skilja þetta. Þessir herramenn koma og segja með glit í augunum að þeir vilji allt gera til að snúa við hinni erfiðu þróun sem við sjáum í byggðamálum. En næsta dag koma þeir og gera fólki erfiðara um vik með að búa á áfram í hinni sömu landsbyggð með því að hækka skatta sem koma verst við hana. Herra forseti, ég á ákaflega erfitt með að skilja þetta. En mér heyrðist reyndar á hæstv. fjmrh. að þetta frv. væri í reynd einhvers konar stillingaratriði. Það þyrfti að stemma af tölur í fjárlagafrv. Og þá var rétt að herða þessa skrúfu aðeins meira en aðrar skrúfur vegna þess að það dugði til að ná upp fyrir eitthvert

borð og skítt með það þó að það þýði að þeir sem búa á landsbyggðinni komi töluvert verr út úr þessu en aðrir.

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að ég er þeirrar skoðunar að hægt sé á næstu árum með samstilltu átaki að beita agaðri hagstjórn í þeim mæli að draumar hv. ungra þingmanna sjálfstæðismanna og hóflegar tillögur Samfylkingarinnar um skattalækkanir nái fram að ganga. Ég tel að það sé hægt. En ég verð hins vegar að segja, herra forseti, að mér finnst sem hæstv. fjmrh. hafi ekki trú á sinni eigin hagstjórn ef hann telur að ekki sé hægt að ná í land nema byrja á því að hækka álögur á landsmenn. Mér finnst að það boði ekki og birti ekki sjálfstraust af hálfu hæstv. fjmrh. Ég get svo sem sagt það að ef ég horfi til síðustu ára, þá skil ég það vel.

En eigi að síður, herra forseti, er þetta frv. sem a.m.k. sá hluti stjórnarandstöðunnar sem heitir Samfylkingin mun alfarið greiða atkvæði gegn og ég vænti þess að hv. þm. Birgir Ármannsson sem flutti jómfrúrræðu sína í dag geri það líka og standi þar með við fyrri yfirlýsingar sínar og sína góðu grein í Morgunblaðinu um daginn og hið sama geri hv. þm. Sjálfstfl. sem skolaði hingað inn á fjörur þingsins í krafti þessara sömu loforða. Og svo ég haldi áfram að telja upp, þá vona ég líka að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson standi við yfirlýsingar sínar um átak í byggðamálum, um lækkun þungaskatts með því að greiða líka atkvæði gegn þessu. (Gripið fram í.) Það kann að vera en, herra forseti, við í Samfylkingunni tókum þátt í því í gær í umræðu um Impregilo að reisa hæstv. félmrh. upp á lappirnar og við erum reiðubúnir til að hysja fleiri upp.

[18:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að mér sé nú að verða ljóst eftir að hafa hlustað á þær umræður sem hafa orðið í þinginu undanfarna daga með hvaða hætti ríkisstjórnarflokkarnir ætla að lækka skatta á kjörtímabilinu. Ég held að þeir ætli að gera það hægt og rólega eins og þeir hafa boðað á seinni hluta kjörtímabilsins, byrja rólega, byrja á hátekjuskattinum en koma strax á móti með hækkanir sem bitna á almenningi öllum. Það er auðvitað alveg dagljóst að sú tillaga sem við erum að ræða bitnar mun harðar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu að því er varðar þungaskattshlutann, þessar 400 millj., því að það kemur alveg þráðbeint inn í flutningsgjöld, þaðan inn í vöruverð og þjónustugjöld út um landið og eykur þar af leiðandi álögur á landsbyggðarfólki í meira mæli en á höfuðborgarsvæðinu.

En þessi framsetning hér byrjar á því að leggja til að ná í milljarð í nýjum tekjum. Ríkisstjórnarflokkar sögðu fyrir kosningar að stefnumótun þeirra yrði sú að fara í lækkunarferli á sköttum, lækka álögur á almenning. Ég hygg að stefnan sé sú að byrja fyrst á því að hækka og síðan fara menn smátt og smátt að lækka þannig að ef þessari stefnu verður framfylgt eins og hún hefur birst okkur í málflutningi stjórnarliða, þá muni útkoman verða núll.

Við höfum séð í fjárlagafrv. að þar er verið að taka ákveðin gjöld. Verið er að breyta útfærslu vaxtabóta, það þýðir álögur á almenning. Verið er að breyta greiðslum fólks til að sækja sér þjónustu á spítölum o.s.frv.

Útfærslan á skattlagningu þungaskatts hefur verið mikið vandræðabarn um langt árabil og menn hafa vissulega verið að ræða það fram og til baka hvernig megi taka á í þá veru að skatturinn virki ekki eins og hann hefur virkað á undanförnum árum, að hann leggist mun þyngra á fólk úti á landsbyggðinni og einkum þá sem fjærst höfuðborginni búa í enn meira mæli en aðra og hvaða útfærsla dygði til þess að þannig yrði ekki í pottinn búið.

Þegar við sem komum úr landsbyggðarkjördæmunum höfum verið að tala um stöðu landsbyggðarinnar og höfum jafnvel bent á að það mætti laga stöðu landsbyggðarinnar með því m.a. að horfa á skattkerfið því það hefur reyndar verið gert hjá öðrum þjóðum, þá hafa menn iðulega sagt: Það má ekki mismuna landsmönnum með sköttum eftir búsetu þeirra. Útfærslan á þungaskattinum og síðan virðisaukaskattinum ofan á þau gjöld þegar kemur út í vöruverðið er ekkert annað en mismunun á skatti á landsbyggðarfólk. Þessi framkvæmd er búin að vera lengi við lýði, því miður. Menn velta auðvitað fyrir sér og hafa rætt oft og lengi hvernig hægt er að vera með skattlagningu eins og þungaskattinn en jafna byrðunum út þannig að hann lendi ekki í miklu þyngri mæli á hluta landsmanna. Það er sennilega ekki mjög auðvelt að útfæra það með þá öðru en að greiða til baka með einhverjum hætti þann kostnað sem til fellur. Það væri sem sagt hægt að vera með endurgreiðslu á kostnaði eða þá að horfa til kílómetrafjöldans í vegalengdum, eða endurgreiða á einhvern hátt þann kostnað sem ella veldur miklu hærra vöruverði og miklu meiri kostnaðarauka hjá fyrirtækjum og fólki á landsbyggðinni en á svæðunum sem næst liggja Reykjavík og í Reykjavík sjálfri að sjálfsögðu. Þetta eru vandamálin sem við er að fást og verður að taka á. Sú framsetning sem hér er fyrir utan það að koma með þá stefnumótun að byrja að hækka álögur á almenning er þvert ofan í þá stefnumótun sem ríkisstjórnarflokkarnir héldu fram í kosningunum, þ.e. að þeir mundu stuðla að lækkun álaga á almenning m.a. í formi skatta og gegnum skattkerfið.

Ljóst er, virðulegi forseti, að þetta frv. eins og það er í pottinn búið verður ekki stutt af þingmönnum Frjálslynda flokksins. Sú útfærsla sem hér er sett fram mun ekki ganga upp. Ég hélt að sú vinna sem hefði verið lögð í að skoða þungaskattskerfið á undanförnum árum hefði leitt til þess að menn væru orðnir sammála um að frekari álögur á landsbyggðina að þessu leyti yrðu ekki látnar fram ganga. Þess vegna veldur frv. mér miklum vonbrigðum eins og það er sett fram og ég trúi því varla fyrr en ég tek á því að menn ætli að framkvæma þetta með þessum hætti.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að gangi það eftir að ríkisstjórnarmeirihlutinn festi frv. í sessi óbreytt verði það hrein svik miðað við það sem menn sögðu í kosningabaráttunni, alveg hrein svik. Ég vil því skora á hæstv. fjmrh. að skoða þetta mál miklu betur og leggja af stað með þeim sem vilja útfæra þetta með þeim hætti að menn sitji a.m.k. við sama borð að því er þessa skattálagningu varðar og hún mismuni ekki þegnum landsins.

[19:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og vænta mátti hafa spunnist nokkuð langar og ítarlegar umræður um efni þessa máls. Þó að efnisatriðin í frv. séu í sjálfu sér frekar einföld get ég auðvitað ekki gert athugasemdir við það að menn ræði þetta mál á nokkuð breiðum grundvelli. En málið er tvískipt. Annars vegar er um að ræða hækkun á bensíngjaldi, bæði hinu almenna og hinu sérstaka, sem allir bifreiðanotendur í landinu greiða. Það eru 600 millj. af þeim milljarði sem gert er ráð fyrir að frv. í heild skili. Það er ekki með nokkru móti hægt að tala um það sem sérstakan landsbyggðarskatt. Það sem um er að ræða hér er að ekki hefur verið hreyft við þessum gjöldum, hinu almenna og hinu sérstaka bifreiðagjaldi, nú í fjögur ár

og orðið tímabært að gera það. Ef eitthvað er væri frekar hægt að álasa mér fyrir að hafa ekki beitt mér fyrir slíkum hækkunum á tímabilinu, t.d. 2% á ári sem enginn maður hefði sagt neitt við.

Hvað varðar hinn þáttinn, hækkun þungaskattsins, er auðvitað rétt að fram komi, eins og einstaka þingmaður nefndi sem vill gæta hér sanngirni, að af þeim 400 millj. sem þar er um að ræða í tekjuöflun er auðvitað ekki allt sem kemur af flutningi vöru til og frá landsbyggðinni. Ég minni á að það eru þúsundir bíleigenda sem greiða fast árgjald í þungaskatti sem er hluti af þessu. Það sama á við um þungaskattinn og bifreiðagjaldið, það hefur ekki verið hreyft við því gjaldi nema til lækkunar frá árinu 1999.

Menn geta auðvitað sett á miklar ræður um réttmæti þungaskattsins. Ég tel að ég hafi látið í ljósi mína skoðun á honum sem tekjuöflunarfyrirbæri með þeirri stefnu sem ég hef markað um að það beri að hverfa frá honum og taka upp aðra tekjuöflun í staðinn, þ.e. olíugjaldið. Ég tel að að mörgu leyti sé innheimta þungaskatts úrelt. En það breytir ekki því að annar tekjustofn þarf þá að koma í staðinn og hann mundi þá koma í formi olíugjalds sem menn greiddu við dæluna með sama hætti og bensínskattarnir eru nú greiddir í bensínverði.

Hins vegar er svo þetta álitamál sem margir hafa gert að umtalsefni og hefur kannski verið aðalinntak umræðunnar í dag, þ.e. hvaða áhrif hækkun sem þessi hafi úti á landi. Ég verð að segja að mér blöskrar sá málflutningur sem stundum verður vart við, m.a. í þingsölum, sem gengur eiginlega út á það að vöruverð úti á landi sé ekkert nema flutningskostnaður og flutningskostnaður sé ekkert nema þungaskattur. Það er auðvitað algerlega út í bláinn.

Hér hafa ýmsir þingmenn nefnt þá skýrslu sem samin var sl. vetur um flutningskostnað úti á landi. Það er mjög gagnmerkt plagg því að þar er m.a. flett ofan af þessum málflutningi þar sem reynt er að halda því að fólki að stærsti og þyngsti liðurinn í vöruverði úti á landi sé þungaskatturinn. En ég heyrði ekki betur en að einmitt hv. þm. Össur Skarphéðinsson væri að segja nákvæmlega þetta, að flutningskostnaðurinn væri langstærsti liðurinn í vöruverði úti á landi og þungaskatturinn stærsti liðurinn í flutningskostnaðinum.

Það er rakið mjög ítarlega í þessari skýrslu t.d. hvernig verð er jafnað, ekki bara fyrir tilhlutan hins opinbera heldur einnig í flutningakerfi tiltekinna fyrirtækja milli landshluta. Auðvitað vitum við vel að ýmsar stærri verslunarkeðjur jafna innbyrðis í sínu eigin flutningakerfi og selja á sama verði um land allt. Það er mjög virðingarvert og lofsvert þótt það þýði þá að einhverjir aðrir viðskiptavinir þessara fyrirtækja, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, borgi eitthvað örlítið meira. En skýrslan sem margir nefndu hér er mjög gott innlegg í þessi mál. Síðan hafa menn spurt: Hvað varð um þessa skýrslu? Jú, það er vitað. Hún fór til umfjöllunar í Byggðastofnun. Byggðastofnun er nú að leggja síðustu hönd á ákveðnar tillögur í þessu efni sem munu koma inn á borð og til umfjöllunar í ríkisstjórninni, hafa að nokkru leyti gert það nú þegar, og síðan verða menn að sjá til með framhaldið. En það er rétt að það kemur fram í þessari skýrslu að það sé betri leið til að koma til móts við vandamál úti á landi að gera það með beinum styrkjum eða borga niður flutningskostnaðinn heldur en að gera það með því að fikta í skattlagningarkerfinu eins og menn reyndu að gera með misjöfnum árangri þangað til það var eiginlega dæmt úr leik af Samkeppnisstofnun. Hver niðurstaðan verður í þessu get ég auðvitað ekkert sagt um. Það er verið að vinna í þessu máli á vettvangi Byggðastofnunar og ríkisstjórnarinnar og menn verða að bíða og sjá hvað út úr því kemur. Í því sambandi þurfa menn líka að gæta að sér gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópureglunum en ég get ekki sagt meira um það mál á þessu stigi.

Hins vegar er náttúrlega sú skýrsla og það sem menn kunna að gera í framhaldi af henni og það sem menn kunna að gera varðandi breytingu á þungaskatti yfir í olíugjald óháð hinni almennu tekjuöflun af hálfu ríkisins, m.a. vegna vegamála. Menn verða auðvitað að áskilja sér rétt, eins og ég hef áður sagt, til þess að gera ráðstafanir til þess að tryggja að slíkir tekjustofnar haldi verðgildi sínu. Það er auðvitað alveg morgunljóst, frú forseti.

Í þessu frv. er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að þær hækkanir sem hér er gert ráð fyrir nái upp í nema u.þ.b. helminginn af því sem verðlagið hefur hækkað frá því að þessum gjöldum var síðast breytt. (**Gripið fram í:** Hvað fannst ykkur um það?) Ja, það er, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, bara trassaskapur af minni hálfu. En það er ekki afsökun, það er skýring, hv. þingmaður, það er skýring á því sem hér er að gerast.

Ég hef kannski ekki miklu við þetta að bæta, frú forseti. Ég held að menn verði að reyna að koma sér niður á eitthvert endanlegt fyrirkomulag sem getur verið bærileg sátt um varðandi þessi flutningskostnaðarmál. Það sem menn hafa kannski haft mestar áhyggjur af í því sambandi, burt séð frá smásöluversluninni, er staða framleiðslufyrirtækja úti á landi sem keppa á höfuðborgarsvæðinu. Við þekkjum öll þessi vandamál sem um er að ræða. Þau eru að vísu mörg hver mjög öflug í samkeppni á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir flutningskostnaðinn en ég veit ekki hvort þau gera minni arðsemiskröfur eða hvernig það er. Mörg þeirra hafa a.m.k. staðið sig mjög vel, t.d. iðnfyrirtæki úti um land í samkeppni á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekkert að gera lítið úr vanda þeirra í sambandi við flutningskostnað en mér finnst heldur ekki tilefni til þess að menn geri of mikið úr því, hvað þá í sambandi við þungaskattinn sem, eins og fram kemur í skýrslunni sem ýmsir þingmenn hafa undir höndum, er víðast hvar ekki nema lítill hluti af flutningskostnaði, hvað þá vöruverðinu öllu.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég hygg að ég hafi svarað flestum spurningum sem til mín var beint og vonast til þess að þetta mál fái greiða meðferð í efh.- og viðskn. þótt ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að ekki eru allir þingmenn sammála efni frv. En ég óska eftir því að það fái tiltölulega greiða og hraða meðferð í nefndinni.

[19:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. fjmrh. að hún færði engin ný rök fyrir þeirri skattahækkun sem hér er ætlunin að ráðast í. Ég átti eiginlega von á því að eitthvað kæmi þar fram sem skýrði út þá kúvendingu sem orðið hefur á málflutningi sjálfstæðismanna frá kosningum og til dagsins í dag. Við eigum kannski eftir að tala frekar um þetta.

Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þær hugmyndir sem birtast í þessu frv. og einnig í fjárlagafrv., þar sem segja má að tekjutap einstaklinga og nýjar álögur slagi hátt upp í 4 milljarða, og miðað við þann hagvöxt sem spáð er á næstu árum sé veruleikinn sá að með þessum aðgerðum tryggi

menn í reynd að hugsanlegar skattalækkanir sem koma til framkvæmda á síðari hluta ársins geri ekkert annað en núlla þessar skattahækkanir út. Er það þannig sem menn ætla að mæta þeirri stöðu sem uppi er og þeim hagvaxtarspám sem nú liggja fyrir, að áður en kemur að skattalækkunum verði búið að hækka álögur og annað á almenning í þessu landi sem jafngildir þessum fjármunum? Mér finnst mikilvægt að svar við þessari spurningu liggi fyrir því að mér sýnist svona í fljótu bragði að þær álögur sem birtast í þessu frv. og fjárlagafrv. jafnist nokkurn veginn út eftir fjögur ár þegar hugsanlegar skattalækkanir koma til framkvæmda.

[19:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi útreikningur hv. þm. er út í hött og á sér enga stoð. Ég legg til að hann reikni aðeins betur.

[19:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við sáum á eftir hæstv. samgrh. flýja úr salnum og sjáum á eftir hæstv. fjmrh. flýja úr stólnum.

Virðulegi forseti. Ég skal fara aðeins yfir þennan útreikning og þessar tölur. Þær eru þannig fengnar að lækkun á viðbótarlífeyrissparnaði er upp á 600 millj. kr., sjúkratryggingar lækka um 740 millj. kr., komugjöld á heilsugæslustöðvar hækka um 50 millj. kr., Atvinnuleysistryggingasjóður lækkar um 170 millj. kr. Hér erum við síðan að tala um milljarð. Eru þá ekki reiknaðar inn í hugsanlegar barnabætur og skattleysismörk sem ekki fylgja launaþróun. Það er því ekki djúpt í árinni tekið að þetta sé nálægt 4 milljörðum.

Ég skil vel að hæstv. fjmrh. hafi hlaupið úr stólnum. Ég skil það ósköp vel. En þetta er bara sá veruleiki sem hæstv. ráðherra stendur frammi fyrir. Það er voðalega erfitt fyrir Sjálfstfl. að koma í upphafi þings með hugmyndir af þessum toga, nýkominn úr kosningabaráttu þar sem gefin voru feit og stór loforð um skattalækkanir. Í því sambandi má minnast orða sumra þingmanna sem héldu því fram að orð forsrh., sem lofaði þessum lækkunum, hefðu staðist allar götur síðan 1982, þó að ekki hafi verið tekið fram hvað gerðist fyrir þann tíma.

Virðulegi forseti. Hér eru þessar tölur. Þetta liggur fyrir. Þeir sem lesa fjárlagafrv. geta fengið þessa sömu niðurstöðu. Því endurtek ég spurninguna: Er hugmyndin sú að hækka skatta um hið sama og lofað hefur verið í skattalækkun? Ég vil fá önnur svör en flótta úr ræðustólnum.

[19:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur fyrir í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar hvað er verið að tala um varðandi skattalækkanir sem komnar verða að fullu til framkvæmda á árinu 2007. Þar er talað um u.þ.b. 20 milljarða á ári þaðan í frá. Síðan bið ég þingmanninn að reikna.

[19:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég hef skilið hæstv. fjmrh. rétt í ræðustólnum áðan þá virðist mér að draga megi þá ályktun að hann ásaki sjálfan sig fyrir að hafa gleymt að hækka þessi gjöld, þungaskattinn og bensíngjaldið, um nokkurra missira skeið og þess vegna sé nú gripið til þess ráðs að gera þetta núna. Ef þetta er rétt skilið hjá mér en hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið að saka mætti hann um að hafa ekki gripið fyrr til þess að hækka þessi gjöld.

Ég vona bara fyrir hönd íslensks almennings að blessaður hæstv. fjmrh. komi sér upp góðu og öflugu samviskubiti yfir að hafa ekki hækkað persónuafslátt í nokkuð mörg ár til að láta hann halda raungildi sínu. Það hefur orðið til þess að auka skattbyrði á almennt launafólk. Ég vona að samviskubit hans þróist hægt og rólega og hér fyrir áramót komi hann fram með tillögu um að hækka persónuafsláttinn að raungildi út af samvisku sinni.

[19:20]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra gerði áðan lítið úr áhrifum þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni að því er mér fannst. Ég er honum algjörlega ósammála. Það eru ekki bara neysluvörur sem hækka við þetta heldur bera framleiðslufyrirtækin þunga bagga út af þessum þungaskatti.

Mér finnst tímabært að Sjálfstfl., að ég tali ekki um Framsfl., fari að efna þau kosningaloforð sem þeir veifuðu fyrir kosningar en því er ekki að heilsa. Mér finnst í raun ósvífni að koma hérna eftir kosningar og svíkja bókstaflega allt gagnvart landsbyggðinni sem búið er að lofa.

Skiptir það ekki máli að kílómetrinn kosti 40 kr. sinnum 500 til Ísafjarðar með völuflutningabíl? Þetta skiptir máli. Ég tala nú ekki um áhrif þessa á fiskvinnslu sem kaupir fisk á mörkuðum. Þetta eru stærðir sem mér finnst ósvífni að gera lítið úr.

Með þessu er verið að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Mér finnst kominn tími til að menn horfi á þá alvarlegu stöðu sem uppi er á landsbyggðinni, bretti upp ermar og láti verkin tala, ekki bara skömmu fyrir kosningar heldur líka þegar þeir hafa fengið umboð til að framkvæma það sem lofuðu. Mér finnst þetta ósvífni.

Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum, ekki bara núna í dag, með hækkanir á þungaskatti eftir að menn hafa talað um að það eigi að koma til móts við framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni.

Það er búið að svíkja fólk um línuívilnun sem sjálfur forsrh. á blankskóm í sparifötum gekk á milli beitningaskúra og lofaði. Svo koma menn hérna og segja bara: Allt í plati.

Hvað með Héðinsfjarðargöngin, hvað varð um þau? Það misskildu allir Geir á fundi á Siglufirði, nánast hver einn og einasti Siglfirðingur. (Gripið fram í.) Maður á eiginlega ekki orð yfir þetta.

Auðvitað skiptir þetta máli. Menn verða að horfast í augu við það sem þeir eru að gera. Upp koma vandamál og menn halda bara áfram eins og ekkert hafi í skorist. Hvað er að gerast á Seyðisfirði, Bíldudal, jafnvel á Hofsósi og víðar? Menn verða að fara að gera eitthvað.

Ég ætla að láta máli mínu lokið að þessu sinni og vona að ríkisstjórnin fari nú að rétta hlut landsbyggðar. Mér finnst kominn tími til þess.

[19:23]

Kristján L. Möller:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. áðan að efnisatriði þessa frv. eru mjög einföld. Það er hárrétt og um það er ekki deilt. Hins vegar getum við deilt um afleiðingarnar af þessum einföldu efnisatriðum, þ.e. að boða milljarðs kr. skattahækkun í formi bensíngjalds og þungaskatts. Það er full þörf á að ræða þau mál og auðvitað væri full ástæða til að óska eftir því við virðulegan forseta að bæði ráðherra byggðamála og samgrh. væru viðstaddir þessa umræðu. Það er mjög mikilvægt, með tilliti til þeirrar skýrslu sem hér hefur verið rætt um og þeirra stóru orða sem menn

höfðu uppi í kosningabaráttunni um að lækka skatta, lækka flutningskostnað og gera allt sem í ríkisstjórnarinnar valdi stæði til þess. Svo kemur fram frv. sem gengur í þveröfuga átt, þ.e. hækkar kostnaðinn.

Virðulegi forseti. Væri hægt að athuga hvort þessir umræddu ráðherrar gætu heiðrað okkur með nærveru sinni við umræðuna vegna þess að auðvitað snýr þetta annars vegar að samgöngumálum og hins vegar að byggðamálum? Þessir tveir hæstv. ráðherrar voru í þeim hópi ráðherra sem skipaði þá nefnd sem vann umrædda skýrslu.

(**Forseti** (SP)**:** Ef þingmaður er að spyrja hæstv. forseta og ætlast til þess að fá svör núna strax þá er það auðvitað svo að þetta er stjórnarfrv. þar sem flutningsmaður er hæstv. fjmrh. Hann hefur verið hér í allan dag við þessa umræðu og svarar hér spurningum hv. þingmanna. Ég held að það hljóti að nægja.)

Ég get tekið undir það, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. hefur setið við alla þessa umræðu og á þakkir skildar fyrir það. Hæstv. fjmrh. gerir það kannski ráðherranna best að fylgjast með umræðum um þau mál sem hann flytur.

Það verður að hafa það ef ekki er hægt að verða við því að þeir tveir ráðherrar sem ég nefndi verði kallaðir til umræðunnar. Hins vegar er óþarfi að nefna það að Framsfl. hefur ekki látið sjá sig hér, eins og komið hefur fram. Það er daglegur viðburður þannig að maður gerir eiginlega ekki kröfu til þess. Eins og maður segir: Þegar A-deildin er hér stödd þá skiptir ekki máli þó að B-deild Sjálfstfl. sé fjarri.

Hæstv. ráðherra sagði að það ætti að hverfa frá þessum ósanngjarna þungaskatti — ég man nú ekki hvort hann notaði orðið „ósanngjarn" eða hvað hann nefndi þungaskattinn — enda væri það úrelt kerfi. Það er alveg hárrétt. En það er engu að síður alvarlegt mál og jafnslæmt ef úrelt kerfi þungaskatts sem heldur uppi og tekur þátt í að byggja upp hinn háa flutningskostnað á landsbyggðinni verður sett inn í olíugjald. Þá skiptir það engu máli. Þess vegna má taka undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan um að auðvitað væri æskilegt að frv. um olíugjald, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fyrir þingið, komi fram sem fyrst þannig að þetta megi skoða í samhengi.

Hvaða áhrif hefur þessi hækkun? spyr ráðherra. Hún hefur ásamt olíugjaldinu, ef það verður lagt fram í svipuðum dúr og gert hefur verið áður og hefur verið boðað, í för með sér kringum 10% hækkun á flutningsgjöldum að lágmarki.

Hvað erum við að tala um í dag? Hvernig hafa þessi mál þróast? Árið 1996, þegar olíulítrinn kostaði 27,90 kr., launavísitalan var 146 stig og vísitala neysluverðs var að mig minnir um 100, kostaði 10 þús. kr. að flytja eitt tonn af vöru til Akureyrar. Í dag, í upphafi þessa árs, þegar olíulítrinn er 51 kr. og þungaskatturinn hefur hækkað, það er óumdeilanlegt, þá kostar það 20.700 kr. að flytja eitt tonn af vöru frá Akureyri til Reykjavíkur.

Hæstv. ráðherra fjallaði um að mörg fyrirtæki á landsbyggðinni væru að spjara sig vel þó að þau væru í harðri samkeppni við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. um að flytja hráefnisvöru frá uppskipunarhöfninni í Reykjavík, t.d. til Akureyrar, vinna úr því þar og flytja það svo suður á stórmarkaðinn. Það er vitanlega íþyngjandi skattheimta á þessi fyrirtæki.

Má ég nefna, hæstv. fjmrh., eitt dæmi um hvernig þetta er? Tvö kjötiðnaðarfyrirtæki á Akureyri, sem skara fram úr og selja að sjálfsögðu mikið af vöru sinni hér á höfuðborgarsvæðinu, greiða í kringum 100 millj. kr. á ári í flutningskostnað til að koma vöru sinni á höfuðborgarsvæðið. Ef það er rétt sem margir flutningsaðilar segja, að í ríkissjóðskassann renni í kringum 50 milljónir af þessum 100 þá er það auðvitað mjög alvarlegt, hæstv. fjmrh. Þess vegna finnst mér með ólíkindum að ríkisstjórnin ætli að sækja þennan milljarð í bensíngjaldið og þungaskatt nú þegar verið er að vinna eftir þessari skýrslu, eins og hér hefur komið fram. Við erum einmitt að bíða eftir tillögum. Ekki skal standa á mér að styðja þær tillögur ef eitthvert vit verður í þeim til að koma til móts við þetta. Hækkun flutningsgjalda íþyngir mjög öllum atvinnurekstri á landsbyggðinni og flutningsgjöld halda uppi hinu háa vöruverði þó að það sé hárrétt að þakka megi Bónus og öðrum stórkeðjum fyrir að halda uppi eigin verðjöfnun á nokkrum stöðum á landinu. Það er auðvitað hárrétt.

Þetta er bara þannig mál, virðulegi forseti, að það hefur verið talað um það. Ýmislegt var gefið í skyn í kosningabaráttunni um að gripið yrði til aðgerða í þessum málum. Á ágætri ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri var fjallað um að þetta ætti ekki að eiga við um fiskflutninga, ef menn færu í að jafna flutningskostnað. Það átti ekki að ná til fiskflutninga. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál vegna þess að við vitum að fjölmörg fyrirtæki úti á landsbyggðinni kaupa fisk á markaði og flytja langar leiðir til að skapa vinnu heima fyrir og flytja svo aftur hingað suður, jafnvel með flugi eða til útflutnings. Það væri mjög alvarlegt mál. Það er alvarlegt mál þegar það kostar jafnmikið að flytja einn gám af fiski frá Þórshöfn til Húsavíkur til útskipunar eins og að flytja sambærilegan gám frá Rotterdam til Reykjavíkur. Það eru staðreyndir sem ekki hefur verið neitað. Það mál geta menn séð svart á hvítu.

Menn sjá það ef þeir skoða breytinguna sem gerð var 1998 og samanburð á gjaldbyrði þungaskatts frá 1998–2000 að hækkunin er í kringum 40% á flutningsfyrirtæki sem ekur 120 þús. km á ári, flutningabíl með tengivagn. Þetta er 40% hækkun frá árinu 1998 og það var ekkert gert í að bregðast við þessari breytingu, við þessum úrskurði Samkeppnisstofnunar. Þetta var látið fara þráðbeint út í verðlagið nákvæmlega eins og þungaskattshækkunin núna og væntanleg hækkun á olíugjöldum eins og menn gera ráð fyrir. Þessi fyrirtæki eru ekki fær um að taka allan þennan kostnað á sig. Þetta fer þráðbeint út í verðlagið, hækkar flutningskostnað og vöruverð og skekkir samkeppnisaðstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Það kemur fram á mörgum stöðum í þessari annars ágætu skýrslu sem tók 15 mánuði að búa til og sýndi því miður ekkert nýtt frá því þinggagni sem ég lagði fram ásamt ýmsum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar á síðasta þingi þar sem sýnt var fram á ýmislegt af því sem skýrslan leiðir í ljós. Í því þingskjali er m.a. fjallað um hvernig virðisaukaskattur er margfalt hærri á íbúum landsbyggðarinnar en íbúum höfuðborgarsvæðisins fyrir að borða nákvæmlega sömu vörutegund.

Er það þannig, virðulegi forseti, að núverandi hæstv. ríkisstjórn sé ánægð með að haga sinni skattheimtu þannig að ákveðnir landsmenn borgi margfalt meira fyrir matvöru en aðrir? Er það þannig að atvinnurekstur á landsbyggðinni þurfi að líða fyrir, eins og ég nefndi með kjötiðnaðarfyrirtæki á Akureyri, að vera staðsett þar en ekki hér á höfuðborgarsvæðinu?

[19:34]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Reykv. n. talaði fjálglega áðan um hina nýju ungu þingmenn Sjálfstfl. sem rekið hefði á fjörur Alþingis undir glæsilegum gunnfána skattalækkana. Ég tel mig vera í þeim hópi, hópi nýrra ungra glæsilegra þingmanna, (**Gripið fram í:** Ekki Sjálfstfl.) — ekki Sjálfstfl., nei, hvorki úr Sjálfstfl. né heldur að mig hafi rekið á fjörur hins háa Alþingis undir fána skattalækkana, miklu frekar undir fána þess að ég vil sjá til þess að okkar ágæta land haldist í byggð og þær fórnir sem forfeður okkar hafa fært til að byggja upp landið hafi ekki verið einskis.

Ég verð að segja sem nýliði hér, sem er að ljúka sínum öðrum degi á hinu háa Alþingi, að mér er nokkuð brugðið vegna þess að hér virðast vera svo miklar andstæður í gangi í málflutningi stjórnarflokkanna. Hér töluðu ágætir kollegar mínir á Alþingi mjög hástemmt í gær um skattalækkanir, töluðu um 20 milljarða skattalækkanir árið 2007, sem í sjálfu sér væri góðra gjalda vert ef maður tryði því að eitthvert mark væri á þessu takandi. Því miður fer maður að efast um að þetta eigi við rök að styðjast þegar maður síðan daginn eftir sér frv. til laga um skattahækkanir sem hljóða upp á heilan milljarð. Ég held að enginn vafi sé á því að slík skattahækkun muni náttúrlega leiða til þess að aðstöðumunur landsbyggðarinnar gegn höfuðborgarsvæðinu muni verða verri en hann er í dag. Að sjálfsögðu mun þetta leiða til hækkunar flutningsgjalda. Að sjálfsögðu mun þetta leiða til þess að hækkunin fari beint út í verðlagið. Við þurfum ekkert að efast um það.

Ég sem nýliði á þingi hef ekki séð þá ágætu skýrslu sem menn hafa verið að vitna í en það skal verða mitt fyrsta verk í fyrramálið að finna þá skýrslu, að komast yfir eintak af henni og kynna mér innihald hennar.

Mig langar til að beina einni spurningu til hæstv. fjmrh. Í máli hans áðan kom fram að ástæðan fyrir því að hann hefði ekki farið fram á þessa hækkun fyrr væri sú að hann hefði nánast gleymt þessu, þetta væri eins konar óhapp. Sá grunur læðist nú að mér, þó að ég sé nýgræðingur hér inni, að þetta hafi hreinlega ekki verið neitt óhapp. Ástæðan fyrir því að þetta var ekki tekið upp í fyrra eða hittiðfyrra var einfaldlega sú að það voru að koma kosningar og það hentaði málflutningi stjórnarliða afskaplega illa að koma með frv. eins og þetta síðustu missirin fyrir kosningar. Þar af leiðandi hafi stjórnarliðar ákveðið að humma þetta fram af sér fram yfir kosningar.

Við lesum í þessu þskj. að hækkunin hljóði upp á heilan milljarð (Gripið fram í.) árlega. Þá langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þessi meinta yfirsjón hans hafi orðið til þess að ríkissjóður hafi kannski orðið af tekjum upp á 2 milljarða. Og þá langar mig til að spyrja hv. Alþingi að því hvort menn séu ekki sammála um að hér sé um ansi alvarlega yfirsjón að ræða ef við erum að tala um svona háar tölur. Ég tel svo vera.

Herra forseti. Mér þætti mjög vænt um ef hæstv. fjmrh. gæti svarað þessari einföldu spurningu. Hvað hefur þessi yfirsjón hans kostað ríkissjóð mikla peninga?

[19:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Menn þurfa ekki að vera lengi á Alþingi til þess að tileinka sér ýmsa ósiði í málflutningi sem alþekktir eru á Alþingi, með öðrum orðum þá að snúa út úr fyrir fólki. Ég hef ekki sagt að mér hafi orðið á yfirsjón. (Gripið fram í.) slys, skyssa eða trassaskapur. Það hafa aðrir tekið sér þau orð í munn. (**Gripið fram í:** Þú sagðir það.) Ég vitnaði í hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sem sagði það. (**Gripið fram í:** Þú sagðir það.) Ég vitnaði í hv. þm. sem sagði þetta.

Hitt er annað mál að það er sérstök ákvörðun hverju sinni hvort skattur sem þessi er hækkaður. Í fyrra var ekki ákveðið að gera tillögu um að hækka hann. Það var hins vegar ákveðið að hækka áfengisgjaldið og tóbaksgjaldið. Menn voru ekkert feimnir við það í aðdraganda kosninga ef þingmaðurinn heldur að það ráði för hér. Hins vegar er ég að segja núna að eftir á að hyggja hefði sennilega verið heppilegra að hækka þetta lítillega á ári hverju alveg eins og ég sagði í framsöguræðu minni að væri sennilega hyggilegt að gera ráð fyrir varðandi næstu ár. Það er mergurinn málsins í þessu og það er auðvitað ekki hægt að reikna út eða leggja það fram sem eitthvert sérstakt tjón eða tap að þessi skattur skuli ekki hafa verið hækkaður á umliðnum árum. Það var bara ekki gert en menn auðvitað vissu nákvæmlega hvað þeir voru að gera. Það var ákveðið að gera það ekki. Nú er hins vegar ákveðið að leggja til að hann hækki um helming þess sem vísitalan hefur hækkað frá 1999.

[19:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að það hefur verið hálfátakanlegt að hlýða á hæstv. fjmrh. reyna að rökstyðja það frv. sem hann hefur borið inn á hið háa Alþingi. Röksemdir hans hafa á engan hátt staðið undir því sem lofað var fyrir kosningar og á engan hátt í rauninni staðið undir því sem menn hafa gert sig út fyrir að vera og erindi þeirra í pólitík. Þar af leiðandi hefur hæstv. ráðherra átt í miklum erfiðleikum og jafnvel haft þau orð hér uppi að ástæðan fyrir því — og þegar menn setja það fram að ástæðan fyrir því að þetta hafi ekki verið hækkað fyrr hafi verið gleymska og trassaskapur eins og hæstv. ráðherra orðaði það sjálfur, þá hljóta að vakna spurningar um hvaða erindi menn eigi í pólitík vegna þess að sá flokkur sem hæstv. ráðherra tilheyrir hefur gefið sig út fyrir allt annað. Hann hefur aldrei gefið sig út fyrir að það hafi verið sérstakt vandamál í þeim flokki ef skattar hafa ekki verið hækkaðir og það held ég að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson geti staðfest sem eitt sinn var hermaður í þeim flokki. En þetta er afar sérstakur málflutningur og þá ekki síður að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir eftir þetta allt saman að líklega væri þá skynsamlegra að hækka þetta jafnar og minna í einu. Ef maður dregur þetta saman, þá er það greinilega sérstakt markmið í sjálfu sér að hækka þessa skatta. Það er í raun alveg ný nálgun á pólitíska sýn og pólitísk markmið Sjálfstfl.

Af því að ég sé að hv. þm. Pétur H. Blöndal situr í salnum, þá er þetta eitthvað sem hv. þm. hefur aldrei gefið sig út fyrir að vera og það er afar sérstætt ef hv. þingmenn sem hér voru nefndir og að skolað hefði inn á þing undir tilteknum gunnfána, þar á meðal kannski hv. þm. Pétur Blöndal, sem ég vil bæta við, sem reynslu hefur í þeim hópi, eiga sitt pólitíska líf undir því að hæstv. fjmrh. gleymi öllum sköpuðum hlutum á komandi árum, ellegar munu þeir standa í því að þurfa að verja þetta að fjórum árum liðnum. Þetta er afar sérstæð nálgun og afar sérstæð röksemdafærsla.

Ég nefndi það í fyrri ræðu minni að á þeim tíma sem hér hefur einkanlega verið nefndur til sögunnar, þ.e. tímabilið frá árinu 1999 til ársins 2003, hafi tekjur ríkisins hækkað sem nemur um það bil 52–53%, ég held að það sé nokkuð nærri lagi. Hæstv. ráðherra gæti kannski fært aukastafina

til en það munar ekki miklu. Og miðað við þá nálgun sem hæstv. ráðherra er með hér uppi um að allt þurfi að fylgja neysluvísitölunni, þá hefði maður haldið að tekjur ríkissjóðs hefðu átt að fylgja henni einnig. En það er ekki þannig og þá geri ég ráð fyrir að ef hagvöxturinn væri meiri hefðu menn komið með skattalækkunarhugmyndir inn til þess að viðhalda vísitölu neysluverðs og viðhalda öllum fjárlögum og rekstri ríkissjóðs og tengja það við vísitölu neysluverðs. Það hefði skipt miklu máli.

Þó að menn geti deilt um, virðulegi forseti, hversu þungt þungaskatturinn kemur niður á landsbyggðarfólk, hversu stór þáttur þungaskatturinn er í verðmyndun á vörum á landsbyggðinni þá held ég að enginn hafi mælt því í mót að það frv. sem við ræðum hér kemur þyngst niður á landsbyggðinni. Jafnvel þó að menn geti deilt um einhverjar tilteknar stærðir að öðru leyti er það alveg klárt að þetta kemur þyngst niður á landsbyggðinni af öllu. Þess vegna finnst mér afar sérstæður sá málflutningur sem hafður var uppi í málinu hér fyrr og gengur út á það að nú sé verið að leita leiða til þess að búa til styrki til að koma til móts við þær hækkanir sem hér er verið að leggja til að á verði lagðar. Hér er því verið að leggja til nýjar álögur á almenning en á móti er verið að vinna að hugmyndum til að koma til móts við þær. Ég vil einnig segja, þó að það megi kannski segja um stjórnarandstöðuna að hún hefði átt að koma með þá ósk fram fyrr, að það hefði verið mikilvægt að hæstv. byggðamálaráðherra og hæstv. samgrh. hefðu verið viðstaddir þessa umræðu því að hæstv. fjmrh. er kannski ekki sá hinn sami sérfræðingur á sviðum þeirra hæstv. ráðherra og mjög mikilvægt hefði verið að fá sjónarmið þeirra inn í þetta, hvort þau sjónarmið um að fara í álögur sem koma verst niður á landsbyggðinni hafi nákvæmlega verið það sem þjóðina vantaði, hvort það hafi verið það sem landsbyggðina vantaði.

Ég vil nefna það sérstaklega, af því að hæstv. ráðherra talaði um að ástæða þess að hér hefði ekki verið ráðist í hækkanir fyrr væri gleymska og trassaskapur, þá hlýtur að vakna sú spurning hvort nú fari sú vinna fram í ráðuneytinu að verið sé að fínkemba alla tekjustofna ríkissjóðs sem ekki hafa hækkað í samræmi við vísitölu neysluverðs frá árinu 1999. Ef marka má þau orð sem hæstv. ráðherra hafði um aðgerðir sínar og ríkisstjórnarinnar hlýtur hæstv. ráðherra að vera að láta fínkemba alla tekjustofna ríkissjóðs og fara yfir það hvort þeir hafi hækkað í samræmi við vísitölu neysluverðs eða ekki. Hafi þeir ekki hækkað hljótum við væntanlega að sjá einhver frumvörp til að rétta þann kúrs.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að oft hefur maður hlýtt á átakanlegan málflutning þegar menn hafa verið að koma fram með frv. hér á hinu háa Alþingi, en líkast til tekur þessi málflutningur hæstv. fjmrh. flestu fram sem ég hef áður hlýtt á og er þá langt til jafnað. Það er ekki bara það að hann hafi ekki fundið sínu máli ein einustu rök heldur hafa allar þær fáu röksemdafærslur, sem þó hafa komið fram, verið á skjön við þær pólitísku áherslur sem Sjálfstfl. hefur gefið sig út fyrir í áratugi. Þetta er afar eftirtektarvert.

Þegar fjárlögin fyrir árið 2004 eru skoðuð, þær nýju álögur sem lagðar eru á almenning, og dregið fram að hér sé samanlagt um u.þ.b. 4 milljarða að ræða, rennur vitaskuld upp fyrir mönnum ljós, að ætlunin sé að hækka skatta og álögur á almenning um nokkurn veginn sömu fjárhæð og menn hafa áður lofað um skattalækkun. Það er einfaldlega sá veruleiki sem hulunni hefur verið svipt af í umræðunni í kvöld. Þetta hljóta að teljast nokkur pólitísk tíðindi. Enda hljóp hæstv. fjmrh. úr stólnum þegar hann var spurður út í þetta, taldi menn vera að snúa út úr. Það er kannski eitt af því sem hæstv. ráðherra hefur gert, sakað nýja þingmenn um það að vera að læra ósiði hér í þingsölum en kannski gengið lengst í þeim sjálfur.

Ég vil segja það fyrir mína parta, virðulegi forseti, að mér hefur þótt þessi umræða afar merkileg og afar sérstæð og varpa nýju ljósi á hæstv. fjmrh. og kannski þann tilgang sem hann hefur með innkomu sinni í íslensk stjórnmál.

Ég held, virðulegi forseti, að flest það sem ástæða er til að nefna um þetta frv. hafi komið fram, þó að enginn hafi nefnt það, í tengslum við þessi skattalækkunarmál, að skatthlutfallið af vergri landsframleiðslu hafi hækkað frá fjárlagafrv. sem lagt var fram árið 2003. Það var 29% en er 29,3% í fjárlagafrv. sem lagt er fram nú, þannig að það er enn eitt dæmið um skattahækkanir. Það er alveg sama hvar borið er niður, það ber allt að sama brunni. Og það finnst mér afar athyglisvert, virðulegi forseti, í ljósi þess að kjörtímabilið er rétt að byrja.

[19:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Eftir að stjórnarskránni var breytt í þá veru að ekki mætti fela opinberum aðilum álagningu skatts eða ákvörðun um skatt þarf að taka allar krónutölubreytingar í skattalögum til umræðu á Alþingi. Það er rétt og þetta er gert, og ætti í rauninni að gera á hverju ári, því annars hverfur viðkomandi skattur með tímanum ef hann fylgir ekki verðlagi.

Það hefur gerst á þessum fjórum árum, að verðlagið hefur hækkað um 20%, líka úti á landi, sem þýðir það að hlutfall þungaskattsins hefur lækkað vegna þess að hann hefur ekki hækkað neitt. Þannig að landsbyggðarfólkið er að borga hlutfallslega minna núna í þungaskatt af vöruverði, sem hefur hækkað um 20%, en það gerði fyrir fjórum árum. Þannig að svokölluð „mistök" hæstv. fjmrh., sem talað hefur verið um, hafa komið landsbyggðinni aldeilis til góða á undanförnum fjórum árum. Nú á að hækka þetta um helminginn af því sem verðlag hefur hækkað. Þannig að landsbyggðin nýtur þess ef eitthvað er.

[19:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði orð á því áðan í ræðu minni að seint teldi ég að hv. þm. Pétur H. Blöndal yrði tengdur við skattahækkanir. Þess vegna finnst mér afar sérstætt að að hann skuli vera með böggum hildar yfir því að tilteknir skattstofnar eða tekjustofnar ríkissjóðs hafi ekki náð að fylgja vísitölu neysluverðs.

Ég get ekki betur heyrt, virðulegi forseti, en að hv. þm. sé í reynd að leggja til að verðtryggja beri skattstofna ríkissjóðs. Alveg eins og hægt er að fara í bankann og taka verðtryggð lán, þá sé rétt að verðtryggja tekjustofna ríkissjóðs.

Ég skal alveg, virðulegi forseti, játa að ég er orðinn dálítið hugsi yfir allri þessari umræðu vegna þess að mér finnst eins og öllu sé snúið á haus. Ég held, virðulegi forseti, að það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi að hv. þm. Pétur H. Blöndal kæmi fram með þá hugmynd að verðtryggja tekjustofna ríkissjóðs, vegna þess að hv. þm. hefur talað fyrir því oft á tíðum og af spöku viti að það sé ástæða til þess að taka til hjá ríkinu, víða sé hægt að finna möguleika á að spara og jafnvel lækka útgjöld. En að hv. þm. vilji verðtryggja tekjustofna ríkissjóðs finnst mér afar sérstakt, ekki síst í ljósi

þess að tekjur ríkissjóðs hafa hækkað um 52–54% undanfarin fjögur ár miðað við fjárlagafrv. áætlað fyrir árið 2004, á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 12,4%. Þannig að ríkissjóður hefur ekki bara fengið verðtryggingu heldur nokkurn veginn fjórfalda hækkun miðað við þróun á vísitölu neysluverðs.

[19:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ekki skattahækkun. Verðlag hefur hækkað um 20% þannig að hlutur þessa skatts í verðlagi hefur farið hraðminnkandi, sérstaklega úti á landi. Hér á að nálgast hækkun verðlags að helmingi, þannig að þetta er ekki skattahækkun, þetta er skattalækkun.

Varðandi verðtryggingu á krónutölum í skattalögum þá veit ég ekki betur en að flokkur hv. þm. hafi aldeilis verið að kvarta og kveina undan því að persónuafsláttur hafi hækkað eins og verðlag, ekki eins og laun, því að laun hafa hækkað miklu meira en verðlag. Þannig að menn eru dálítið út og suður í þessu.

Mundi hv. þm. vilja að persónuafslátturinn hefði ekki hækkað neitt í fjögur ár? Hvað mundi hann segja þá?

[19:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hljóti að vera næsta skref að verðtryggja persónuafsláttinn (**PHB:** Hann er verðtryggður.) Ég held að það hljóti að vera næsta skref að hann fylgi vísitöluhækkunum. (**PHB:** Hann gerir það.) Ég held að það hljóti að vera næsta skref, úr því að hv. þm., sem hér grípur fram í ótt og títt, talar með þeim hætti, að tryggja að öll útgjöld ríkissjóðs séu verðtryggð eins og tekjur. Þá væri eitthvað skynsamlegt, röklegt samhengi í því sem hér er sagt.

Það sem ég, virðulegi forseti, var að benda nokkrum sinnum á áðan og ætti kannski að gera aftur, er að tekjur ríkissjóðs hafa hækkað langt umfram þau viðmiðunarmörk sem lagt er upp með í því frv. sem rætt er hér. (**PHB:** Hann tapar ekki krónu.) Þess vegna, þar sem aðrir skattar og aðrar tekjur hafa hækkað langt umfram vísitölu neysluverðs, hefði kannski verið ástæða til þess að draga saman seglin annars staðar. Það er það sem ég hef verið að reyna að segja hér, virðulegi forseti, vegna þess að tekjur samkvæmt nýframlögðu fjárlagafrv. benda til hækkunar upp á 52–54% á tekjum ríkissjóðs á fjórum árum. Það hefði kannski mátt draga einhvers staðar saman seglin þar.

Þetta er það, virðulegi forseti, sem ég hef verið er að reyna að draga fram í þessari umræðu, en það eina sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur til málanna að leggja, er að verðtryggja frekar þá tekjustofna sem væntanlega hafa ekki fylgt vísitölu neysluverðs. (**PHB:** Skattalækkun.) Það er kannski það sem hv. þm. á við, þannig að hækkun á tekjum ríkissjóðs væri þá meiri í prósentum talið heldur en hér hefur verið vitnað til.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að öðruvísi mér áður brá.

[19:57]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í ljós að þeir hv. þingmenn sem hafa aðeins komið til umræðu og tilheyra Sjálfstfl. og voru áður sérstakir skattalækkunarpostular eiga sér leiðtoga. Það hefur komið í ljós að einn af þeim hv. þm. úr röðum Sjálfstfl., sem ég hef nú jafnan litið svo á að vildi beita sér fyrir skattalækkunum, virðist nú eins og Sál á leiðinni til Damaskus, hafa verið lostinn eldingu og orðið hálfhelgur maður upp frá því, en er ekki lengur í fylkingarbrjósti þeirra sem vilja lækka skatta, heldur þeirra sem vilja hækka skatta. Ég verð nú að segja að á dauða mínum átti ég fremur von en að hv. þm. Pétur H. Blöndal kæmi hingað til þess að verja auknar álögur á landsmenn. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur greinilega með einhverjum hætti umpólast, eins og gerist nú í jarðsögunni stundum, það verða pólskipti. Og þessi pólskipti hv. þm. hafa fylgt þeirri upphefð hans og vegsemd að verða formaður efh.- og viðskn. Þar með er hann orðinn ákveðinn leiðtogi í umræðum í þinginu fyrir þá fylkingu sem tilheyrir Sjálfstfl. Nú skilur maður af hverju þessir skattalækkunarmenn, sem maður taldi einu sinni svo frelsaða í hópi hinna ungu þingmanna Sjálfstfl., hafa líka umpólast, því það er eins og þessi segulskipti séu smitandi og það hefur maður aldrei heyrt í jarðfræði.

Nú skil ég þetta, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Ja, hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að ég skilji þetta ekki. Hann verður þá að koma hingað upp og reyna að útskýra þetta betur fyrir mér. En staðreyndin er þessi: Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hér og varði það að hæstv. fjmrh., fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, er að leggja til að landsmenn greiði þúsund milljónum meira í álögur en áður. Það telur hann ekki skattahækkun heldur aðlögun að verðlagi. Auðvitað má segja sem svo að hv. þm. taki sína stefnu frá hæstv. fjmrh. Við vitum vel, þó að hæstv. fjmrh. berji sér á brjóst og tali um skattalækkanir, hvernig verkin hafa talað. Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá, segir í hinni helgu bók, og af ávöxtunum þekkjum við hæstv. fjmrh.

Við vitum að hæstv. fjmrh. var neyddur til þess undir lok síðasta þings að viðurkenna í svari við skriflegri fyrirspurn frá Rannveigu Guðmundsdóttur að þrátt fyrir allt talið um skattalækkanir, hefðu tekjuskattar landsmanna hækkað umtalsvert. 95% allra hjóna og 75% einstaklinga greiddu í lok síðasta kjörtímabils hærra hlutfall af tekjum sínum í tekjuskatt en við upphaf kjörtímabilsins. Allt stendur nú á höfðinu miðað við það sem áður var, hv. þm. Pétur H. Blöndal stendur að vísu enn í fæturna og snýr rétt, en það er eins og einhver allt annar maður tali í ræðustól, miðað við þann hv. þm. Pétur H. Blöndal sem við kynntumst á árum fyrri, þá talaði hann fyrir skattalækkunum.

Virðulegi forseti. Mér þótti magnað að heyra hæstv. fjmrh. koma hingað eins og aldinn siðameistari og ætla að kenna nýjum þingmanni, hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, mannasiði. Hæstv. fjmrh., í þessari umræðu og hafandi haldið þá ræðu sem hann var þá nýbúinn að ljúka, kemur hér upp og segir við þennan nýja þingmann sem hér hefur staðið sig með mikilli prýði, að menn séu giska snöggir að læra hér ósiðina og snúa út úr fyrir fólki. Hæstv. fjmrh. var þá nýbúinn að leggja mér orð í munn, halda því fram að ég hefði sagt að þungaskatturinn ætti stærsta þátt í flutningskostnaðinum og talaði eins og þungaskattur skipti engu sérstöku máli varðandi vöruverð og flutningskostnað á landsbyggðinni. Nú sagði ég að það sem ætti næstmestan þátt í byggðaröskun væri hátt vöruverð á landsbyggðinni og það sem ætti töluverðan þátt í háu vöruverði á landsbyggðinni væri flutningskostnaðurinn og það sem skipti umtalsverðu máli um mikinn flutningskostnað væri þungaskatturinn.

En hæstv. fjmrh. kemur hingað og hefur í sér uppburði að nota það sem sérstaka lexíu gagnvart hv. þm. Magnúsi Þór

Hafsteinssyni að í þessari skýrslu sem hér hefur verið vísað til í dag væri einmitt sýnt fram á að þungaskatturinn skipti ekki eins miklu máli og menn hefðu haldið fram.

Mig langar þess vegna, virðulegi forseti, að lesa fyrir hæstv. fjmrh. úr skýrslu nefndar hans eigin ríkisstjórnar, þar sem segir á bls. 10, með leyfi forseta:

„Þungaskatturinn á landflutninga myndar um fjórðung tekjustofns vegagerðar og 13–15% af heildarskatttekjum af vegakerfinu.“

Halda menn svo að þetta skipti ekki máli? Halda menn að þetta dragi úr vöruverði og flutningskostnaði á landsbyggðinni? Að sjálfsögðu ekki, virðulegi forseti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að koma hingað og halda því fram að hvítt sé svart og svart sé hvítt. En hann, með dyggri aðstoð hv. formanns efh.- og viðskn., er í reynd að halda því fram að 1.000 millj. kr. skattahækkun sé skattalækkun, því af orðum reiknimeistarans í liði Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Péturs H. Blöndals, mátti ekki ráða annað en að hann væri ánægður með þessa tillögu vegna þess að hann lítur svo að þetta sé ekki hækkun heldur lækkun. Hv. þm. kinkar nú kolli þó ekki heyrist það eins og í sumum forverum hans hér á þingi. En hv. þm. jánkar því að 1.000 millj. kr. álögur á landsmenn feli í sér skattalækkun.

Nú verður það að viðurkennast, virðulegi forseti, að ég er bara þingmaður sem er sennilega með slaka meðalgreind miðað við þá sem hafa þann kvóta sem hv. þm. Pétri H. Blöndal er gefinn af náttúrunnar hendi. Þess vegna vil ég biðja hv. þm. um að koma hérna og útskýra þetta. (Gripið fram í.) Mig brestur vit til þess að skilja röksemdafærsluna sem liggur að baki þeirri staðhæfingu að þegar 1.000 millj. kr. klyfjar eru lagðar á herðar landsmanna þá sé það í raun skattalækkun. (Gripið fram í.) Mig brestur eiginlega skynsemd til þess að skilja þetta.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég kom fyrst og fremst upp til þess að ráðlegga hæstv. fjmrh. að falla ekki í þær sömu gryfjur og hann er að vara nýja þingmenn við. Hæstv. fjmrh. getur ekki komið hingað, tekið nýja hv. þm. Frjálslynda flokksins á kné sér eins og ungbörn og mælt til þeirra heldur strengilegum rómi, sagt að þeir séu að fara með fleipur og rangindi þegar hann sjálfur leyfir sér þann munað í skorti sínum á röksemdum að afbaka það sem menn hafa verið að segja.

Ekki batnaði nú skák hæstv. fjmrh. þegar hann síðan hélt því fram að í þessari skýrslu sem við vorum báðir að vitna til kæmi fram, eða eins og hann orðaði það, þá væri það afhjúpað, að þungaskatturinn ætti umtalsverða orsök á flutningskostnaði. Ég hef hér rakið með beinni tilvitnun að það sem hæstv. fjmrh. sagði var rangt og nú finnst mér svona í anda góðra siða að hæstv. fjmrh. ætti að koma upp í stólinn og kannski segja við hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson að hann hefði e.t.v. gengið fulllangt þegar hann var að kenna honum mannasiðina áðan.

[20:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég varð eiginlega orðlaus áðan þó ég væri eiginlega ekkert að segja þegar ég hlustaði á hv. formann efh.- og viðskn. Pétur H. Blöndal fara hér upp og nánast leggja til að setja inn verðtryggingu á skattaákvæði. Hann bætti svo um betur og sagði að núverandi skattahækkun væri sennilega skattalækkun og alveg sérstaklega úti á landi og um þau 20% sem legðust kannski á vöruverð á landsbyggðinni sagði hann að það væri nú bara skattalækkun í þessu sem þeir væru að framkvæma núna vegna þess að gleymst hefði að hækka skattana í tvö ár og þar af leiðandi væri þessi skattahækkun skattalækkun.

Ég verð að segja virðulegi forseti, að þetta minnir mig eiginlega á söguna af munknum sem fékk magaþembu og var lagður inn á spítala. Þá var það gert af stríðni að leggja dreng við hliðina á honum í rúmið. Síðan var hleypt af honum loftinu og magaþemban hvarf. Honum var svo talin trú um að gerst hefði kraftaverk og hann hefði eignast son. Þetta líkist eiginlega því sem ég heyrði hv. þm. Pétur H. Blöndal fara hér með áðan þegar hann reyndi að telja okkur trú um að skattahækkun væri skattalækkun og kæmi sérstaklega vel niður á landsbyggðinni vegna þess að þungaskatturinn kæmi svoleiðis út þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 20:08.

---

6. FUNDUR

miðvikudaginn 8. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 87. mál, þskj. 87. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., stjfrv., 90. mál, þskj. 90. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður Framsfl.

í Reykv. n., Guðjón Ólafur Jónsson héraðsdómslögmaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.“

Kjörbréf Guðjóns Ólafs Jónssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki tekið áður sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Guðjón Ólafur Jónsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um úthlutunarreglur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. félmrh. Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 99.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, 85. mál, þáltill. GÖg o.fl., þskj. 85.

Þingsköp Alþingis, 98. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 98.

Tilkynning um kosningu embættismanna alþjóðanefnda.

[13:34]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör formanna og varaformanna alþjóðanefnda þingsins:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Einar K. Guðfinnsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Sólveig Pétursdóttir formaður og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Árni R. Árnason formaður og Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Jónína Bjartmarz formaður og Rannveig Guðmundsdóttir varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Birgir Ármannsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Gunnar Birgisson formaður og Birkir J. Jónsson varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál: Sigríður A. Þórðardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Bjarni Benediktsson formaður og Guðjón Hjörleifsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Pétur H. Blöndal formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Fjáraukalög 2003, frh. 1. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 87.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (hækkun þungaskatts og vörugjalds). — Þskj. 90.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, SKK, SÞorg, SJS, StB, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (MÞH, SigurjÞ, SigurlS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GAK, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, HBl, JóhS, JBjart, KJúl, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, TIO, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Úthlutunarreglur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

[13:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða þá alvarlegu stöðu sem komin er upp í fjárhag margra sveitarfélaga, m.a. vegna skyndilega breyttra reglna um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, og beini máli mínu til hæstv. félmrh.

Stöðugt hefur þeim verkefnum fjölgað sem ríkið hefur fært til sveitarfélaganna án þess að nægjanlegir tekjustofnar fylgdu með. Mörg sveitarfélög voru alls ekki undir það búin að taka við grunnskólunum t.d. Margs konar félagsmál og aukin félagsstarfsemi á vegum sveitarfélaganna hefur vaxið. Má þar nefna leikskóla, öldrunarþjónustu o.fl. Í kjölfar sameiningar fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði og brottflutnings tekjuhærra fólks úr byggðarlögunum hefur enn þrengt að mörgum dreifbýlissveitarfélögum og sjávarbæjum. Óhagstæð gengisskráning hefur lækkað fiskverð og þar með laun sjómanna. Staðan er sú að mörg sveitarfélög herða nú ólina í þjónustu við íbúana en safna samt skuldum. Skuldug sveitarfélög fá lakari lánskjör. Þannig vindur þetta upp á sig sveitarfélögunum í óhag.

Hluti tekna sveitarfélaga kemur frá jöfnunarsjóði. Á árinu 2003 komu til framkvæmda breyttar úthlutunarreglur sjóðsins. Þessar breyttu reglur komu mjög flatt upp á mörg sveitarfélög. Samkvæmt lögum gera sveitarfélög langtímafjárhagsáætlun annars vegar og hins vegar fjárhagsáætlun til næsta árs. Snöggar breytingar í tekjustofnum þeirra geta því haft afdrifaríkar afleiðingar. Tökum ákveðið dæmi af sveitarfélagi sem er mjög dreifbýlt en með einn þéttbýliskjarna. Það fær um 50% tekna sinna úr jöfnunarsjóði, hefur fengið 55–60 millj. kr. úr honum á undanförnum árum en fær nú liðlega 44 millj. kr. Framlagið lækkar um 20–30% á milli ára. Rekstur sveitarfélagsins hefur ekki breyst.

Tökum annað dæmi, nú af þéttbýlissveitarfélagi sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi. Tekjur bæjarfélagsins fara svo til allar í rekstur og afborganir af skuldum. Endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2003 er á lokastigi og byggir á uppgjöri fyrstu 8 mánaða ársins. Rekstrarútgjöldin standast áætlun í þessari erfiðu stöðu en tekjuhliðin ekki þótt áætlunin hafi verið unnin innan þeirra marka sem sveitarfélögin miðuðu almennt við um síðustu áramót. Tekjur sveitarfélagsins eru að dragast saman um rúmar 30 millj., þ.e. 12–15%. Framlag jöfnunarsjóðsins lækkar um 21,3 millj. eða úr liðlega 73 millj. í 52.

Það er ekki nein von til þess að sveitarfélög ráði við svona skyndileg stökk. Sömu sögu er að segja víða um land. Ég get rakið fleiri dæmi. Reyndar hafa sum sveitarfélög fengið aukin framlög vegna þessarar breytingar og veitir þeim svo sannarlega ekki af. En í þessu fjársvelti sem sveitarfélögin mörg hver eru er það engin lausn að taka fjármagn frá einu fátæku sveitarfélagi og færa til annars fátæks sveitarfélags eins og hér virðist vera raunin.

Herra forseti. Þau sveitarfélög sem nú fá svo gríðarlega skerðingu á framlögum úr jöfnunarsjóð eru í miklum vanda sem verður að taka á nú þegar. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. félmrh.:

1. Með hvaða hætti hafa greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga breyst og færst milli stærðarflokka sveitarfélaga vegna nýrra úthlutunarreglna sjóðsins?

2. Hvers konar sveitarfélög verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu framlaga úr jöfnunarsjóði vegna breyttra reglna sjóðsins og hvaða áhrif í raun hafa þessar breytingar á heildarfjárhag þeirra?

3. Hvernig hyggst ráðuneytið koma þeim sveitarfélögum til aðstoðar sem nú ná ekki endum saman í rekstri sínum, m.a. vegna skyndilega breyttra reglna sjóðsins?

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að hér er um bráðavanda að ræða sem verður að koma til móts við á þessu hausti. Ég óska eftir svörum.

[13:42]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Í byrjun árs 2001 skipaði þáv. félmrh. nefnd til að endurskoða lög og reglur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í henni áttu sæti tveir fulltrúar sveitarfélaganna, þrír alþm. og fulltrúi félmrh. Nefndin skilaði tillögum í september árið 2002 og helstu markmið þeirra voru að gera aðferðir við útreikninga einfaldari og auka hlutfallslegt vægi almennra framlaga, að stilla framlögum sjóðsins upp á nýjan og aðgengilegri hátt þannig að betri yfirsýn skapaðist, að gera nauðsynlegar breytingar á tilteknum reglum sjóðsins vegna breyttra forsendna, m.a. vegna fækkunar og aukinnar stærðar sveitarfélaga og breytinga á tekjustofnum þeirra og verkefnum, að tryggja réttláta jöfnun að teknu tilliti til tekjumöguleika sveitarfélaga og útgjaldaþátta en um leið að gæta þess að þau njóti engu að síður ávinnings af hagkvæmni í rekstri og að styrkja enn frekar hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga.

Í framhaldi af þessum tillögum nefndarinnar voru gerðar breytingar á laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Helstu áhrif breytinganna voru að útgjaldajöfnunarframlög koma nú í stað þjónustuframlaga. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á uppbyggingu framlaganna og við útreikning þeirra er tekið tillit til fleiri þátta en áður. Sem dæmi má nefna að sérstakt tillit er tekið til sveitarfélaga með fjölda þéttbýlisstaða umfram einn en markmið þeirrar breytingar er að styrkja þau sveitarfélög sem í kjölfar sameiningar þurfa að reka þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað.

Tekjuhá sveitarfélög verða nú fyrir hlutfallslega meiri skerðingu en áður. Það má einkum rekja til þess að skerðing vegna tekna hefst nú þegar tekjur sveitarfélags eru 4% yfir meðaltekjum sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki. Samkvæmt eldri reglum hófst skerðing þjónustuframlaga ekki fyrr en tekjur voru 15% umfram meðaltekjur. Sú breyting sem hefur mest áhrif á framlög til einstakra sveitarfélaga er að framlag vegna aksturs grunnskólabarna úr dreifbýli er nú hluti útgjaldajöfnunarframlaga en var sérstakt framlag áður.

Allra tekjuhæstu sveitarfélögin sem áður fengu framlag vegna skólaaksturs grunnskólabarna úr dreifbýli verða því sum hver fyrir algerri skerðingu á þessu framlagi. Af þessum sökum verða sex þeirra sveitarfélaga sem hafa hæstar tekjur fyrir skerðingu akstursframlaga sem nemur samtals um 42 millj. kr. milli áranna 2002 og 2003.

Í stuttu máli má segja, herra forseti, að stór og meðalstór sveitarfélög komi hagstæðar út við útreikning útgjaldajöfnunarframlaga í ár en sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa sem má rekja til þess að skerðing vegna stærðarhagkvæmni er ekki eins mikil og áður. Jafnframt leiða breyttar reglur í mörgum tilfellum til aukningar á framlögum til sameinaðra sveitarfélaga sem m.a. má rekja til framlags til þeirra sveitarfélaga sem nú eru með fleiri en einn þéttbýliskjarna.

Þegar rætt er um skerðingu útgjaldajöfnunarframlaga á þessu ári verður hins vegar að hafa í huga að þjónustuframlög úr jöfnunarsjóði voru óvenjuhá á síðasta ári. Safnast hafði fyrir eigið fé í sjóðnum og var tekin sú ákvörðun að auka úthlutun þjónustuframlaga á árinu 2002. Heildarúthlutun þjónustuframlaga í fyrra nam samtals 1,9 milljörðum kr. Vegna aksturs grunnskólabarna úr dreifbýli var þó greitt sérstakt framlag og nam það tæpum 500 millj. árið 2002. Í ár er áætlað að veita 1,9 milljörðum kr. til útgjaldajöfnunarframlaganna og eru framlög vegna aksturs grunnskólabarna þar meðtalin. Samkvæmt þessu eru minni fjármunir, þ.e. 1,9 milljarðar kr., til skiptanna í ár samanborið við 2,4 í fyrra. Munurinn nemur um hálfum milljarði kr.

Til samanburðar má geta þess að þjónustuframlög og framlög vegna aksturs grunnskólabarna úr dreifbýli námu svipaðri upphæð árið 2001 og varið er í ár til útgjaldajöfnunarframlaga.

Herra forseti. Mikið og gott samráð var haft við sveitarfélögin um endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs. Samband ísl. sveitarfélaga átti eins og áður sagði tvo fulltrúa í endurskoðunarnefndinni og einnig unnu sérfræðingar sambandsins náið að málinu með nefndinni og félmrn. Málið var síðan kynnt rækilega fyrir sveitarstjórnarmönnum, m.a. á fulltrúaráðsfundi sambandsins og á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna, auk þess sem samráð var haft við stjórn sambandsins og

ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga áður en breytingarnar tóku gildi. Varðandi áhrif skerðingar á einstök sveitarfélög er ljóst, herra forseti, að framlög skerðast mest hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hæstar tekjur og þar með mest svigrúm til hagræðingar í rekstri sínum. Þessi sveitarfélög eiga að geta hagað áætlanagerð sinni í samræmi við fyrirsjáanlega skerðingu framlaga, t.d. með því að draga úr fjárfestingum, hagræða í rekstri eða nýta betur tekjustofna sína. Ekki verður séð að þau sveitarfélög sem verða fyrir mestri skerðingu þurfi sérstakrar aðstoðar við þar sem tekjur þeirra á íbúa eru almennt langt yfir meðaltekjum sveitarfélaga af sambærilegri stærð.

Á hinn bóginn vil ég taka fram, herra forseti, að þetta er fyrsta árið sem framlögum jöfnunarsjóðs er úthlutað samkvæmt hinum nýju reglum og í allri umræðu er eðlilegt að hafa þann fyrirvara að ekki er komin mikil reynsla á hið nýja fyrirkomulag. Ég tel öruggt að bæði Samband ísl. sveitarfélaga og ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs muni óska eftir breytingum á gildandi reglum ef það reynist mat þessara aðila að þau markmið sem stefnt var að hafi ekki náðst við þær breytingar sem gerðar voru á reglum sjóðsins. Sama máli gegnir ef þessir aðilar telja að reglurnar leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu.

[13:47]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og málshefjandi, hv. þm. Jón Bjarnason, hefur af því nokkrar áhyggjur hvernig reglum er háttað um úthlutun á fjármunum úr sjóðnum. Ég verð að segja eins og er að ég deili þeim áhyggjum með honum. Sveitarstjórnarmenn sem komið hafa til fjárln. hafa lýst því yfir við okkur að þeir skilji ekki þær reglur sem gilda um jöfnunaraðgerðir jöfnunarsjóðs. Þeir eru þó allir á þeirri skoðun að jöfnunarhlutverk sjóðsins sé mjög mikilvægt. Það virðist vera eins og einhver misbrestur hafi orðið á því að kynna þessar breytingar sem urðu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þ.e. reglugerð frá 12. febr. sl. Sveitarstjórnarmenn virðast ekki gera sér grein fyrir í hverju þær breytingar eru helst fólgnar.

Jöfnunarframlög úr sjóðnum skiptast í tvennt. Annars vegar er það tekjujöfnunarframlagið sem ég held að allir skilji og hins vegar er þetta nýja útgjaldajöfnunarframlag. Útgjaldajöfnunarframlaginu skal varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf svo sem íbúafjölda, fjarlægð, skólaakstur í dreifbýli o.fl. eins og segir í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Ekki kannski mjög skýrt og maður fer í reglugerðina til að sjá hvernig það á að líta út vegna þess að það á að kveða nánar á um þetta í reglugerð en það er kannski fyrst þegar maður les reglugerðina sem maður verður endanlega ruglaður á því hvernig á að útdeila þessu nýja framlagi, þessu útgjaldajöfnunarframlagi. Ég held að það sé forgangsverkefni hjá hæstv. félmrh. að láta fara fram gagngera skoðun á þeim breytingum sem nýja reglugerðin um jöfnunarsjóð hefur haft í för með sér fyrir sveitarfélögin vítt og breitt um landið. Það er alveg ljóst að margir sveitarstjórnarmenn líta þannig á og halda að breytingarnar á reglugerðum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga séu að mestu leyti gerðar til þess að neyða smærri sveitarfélög í sameiningu við þau stærri.

[13:49]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt að menn ræði málefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hlutverk hans hefur verið að vaxa á undanförnum árum og í hvert skipti sem við höfum tekið um það ákvarðanir á Alþingi að færa verkefni til sveitarfélaga frá ríkinu hefur hlutverk jöfnunarsjóðsins þar með verið aukið. Þetta átti við t.d. þegar við tókum um það ákvörðun að færa verkefni sem lúta að skólamálum í grunnskólunum til sveitarfélaganna, þá þurftum við að auka hlutverk jöfnunarsjóðsins einfaldlega vegna þess að það þurfti að koma til móts við mismunandi þarfir.

Hlutverk jöfnunarsjóðs sést líka á því að ef við skoðum fjárlagafrv. fyrir næsta ár, þá er gert ráð fyrir því að lögbundið framlag ríkisins til sjóðsins verði samkvæmt frv. um 6,6 milljarðar kr. Hér er því um að ræða gríðarlega miklar upphæðir og ljóst mál að fyrir einstök sveitarfélög skipta jöfnunarsjóðsframlögin mjög miklu. Þess vegna munu allar breytingar sem gerðar eru á jöfnunarsjóðnum og reglunum í kringum það hafa áhrif á sveitarfélögin þó með mismunandi hætti eftir því sem breytingarnar gefa að sjálfsögðu tilefni til.

Ég held hins vegar að mjög mikil vægt sé í þessu sambandi vegna þess að við erum núna að ræða þær breytingar sem hér hafa verið til umræðu, að menn átti sig á því að það verður að skoða þetta líka í því samhengi sem hæstv. félmrh. vakti athygli á og það er að útgjaldajöfnunarframlögin eru núna á þessu ári verulega minni en þau voru á árinu 2002. Það var einfaldlega þannig að forsendur sköpuðust vegna fyrninga á árinu 2001 til að auka þessi framlög á árinu 2002. Því höfðu menn til ráðstöfunar um hálfum milljarði meira. Nú hafa menn sem sagt til útgjaldajöfnunarframlaganna um það bil hálfum milljarði minna til ráðstöfunar og það tekur auðvitað einhvers staðar í í samanburði við það sem menn höfðu á árinu á undan.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, þó það sé sjálfsagt að við reynum að skoða og átta okkur á áhrifum þessara breytinga, að menn verði jafnframt að gera sér grein fyrir að þær breytingar skýra ekki nema að nokkru leyti áhrifin á einstök sveitarfélög. Menn verða líka að hafa í huga við þessa skoðun að heildarframlögin til útgjaldajöfnunarinnar eru einfaldlega minni af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar.

[13:52]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir veigamiklu hlutverki varðandi fjármögnun minni og tekjulægri sveitarfélaga. Öllum ætti einnig að vera ljóst að staða sveitarfélaga landsins er bágborin. Þær breytingar sem urðu á úthlutunarreglum sjóðsins leiða oft til þess að verið er að færa fé á milli sveitarfélaga oftar frá hinum fámennari til hina fjölmennari. Breytingar á reglum jöfnunarsjóðsins leiða til þess að framlög til millistórra sveitarfélaga eða sveitarfélaga á bilinu 2.000–21.000 íbúa eru aukin. Þessi auknu fjárframlög virðast vera borin að einhverju leyti uppi af skerðingu til fámennari sveitarfélaganna. Ég tel að þau sveitarfélög sem fá aukið fé samkvæmt hinum nýju úthlutunarreglum séu ekki ofhaldin miðað við fjárhagsstöðu sveitarfélaga landsins og þeim veiti ekki af auknu fjármagni. En það má ekki verða til þess að verið sé að klípa af fámennari sveitarfélögum sem eru síður en svo fjársterkari en þau sem verið er að gera betur við í þetta sinn.

Við í Frjálslynda flokknum leggjum til að sveitarfélög við sjávarsíðuna fái á ný atvinnuréttindi. Þá muni þeim vegna betur og eiga auðveldara með að fjármagna rekstur sinn. Frjálslyndi flokkurinn leggur einnig til að auknu fjármagni verði varið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Peningunum væri betur varið í það en mörg önnur gæluverkefni ríkisstjórnarinnar, svo sem að verja 170 millj. til að loka sláturhúsum á landsbyggðinni.

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Undanfarna daga höfum við rætt á þinginu fjárlög ríkisins. Þau hafa verið eða ýmsir þættir þeirra gagnrýnd mjög harðlega og réttilega en eitt atriði hafa menn þó sameinast um að ljúka lofsorði á og það er sú nýbreytni að leitast við að horfa til framtíðar og gera grein fyrir pólitískum og efnahagslegum forsendum til næstu fjögurra ára. Þar með hafa stofnanir ríkisins vitneskju um hvað vakir fyrir fjárveitingavaldinu og þar með traustari forsendur til að gera rekstraráætlanir sínar.

Öðru máli gegnir um sveitarfélögin. Gagnvart þeim eru viðhöfð allt önnur vinnubrögð. Eins og oft áður er vinnuborð ríkisstjórnarinnar gagnvart sveitarfélögunum handarbakið. En það er ekki nóg með að við séum að verða vitni að handarbakavinnubrögðum því þau hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sveitarfélögin, séstaklega þau smáu. Fyrirvararlaust eru þau svipt veigamiklum tekjum. Þess eru dæmi að smásveitarfélög sem hafa fengið úr þessum sjóði tugi milljóna króna fá nú helmingi minna framlag. Á þessu eru mikilvægar byggðapólitískar hliðar.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að jafna tekjumun sveitarfélaganna og tryggja að sveitarfélögin geti viðhaldið eðlilegu þjónustustigi og hefur hér komið fram hvað er um að ræða. Vísað hefur verið í skólaakstur svo dæmi sé tekið. Hæstv. ráðherra segir að sveitarfélögin verði svipt þar 42 millj. kr. en það komi ekki að sök. Það eru ríku sveitarfélögin sem verða svipt þessu framlagi. Og nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða sveitarfélög eru það sem eru svo rík, hafa svo mikla sjóði að þau megi verða við slíkri sviptingu? Ég óska eftir svari við þeirri spurningu.

[13:56]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur mikið gildi fyrir sveitarstjórnarstigið og er hlutverk hans m.a. að vinna að jöfnuði milli sveitarfélaga er varðar fjármögnun lögbundinna verkefna þeirra. Ef borið er saman við aðrar Norðurlandaþjóðir er umfang jöfnunarsjóðsins hér á landi mun minna en í þeim löndum. En úthlutunarreglur sjóðsins hafa verið endurskoðaðar og lagaðar að breyttum aðstæðum nokkuð reglulega gegnum tíðina, síðast fyrir nokkrum mánuðum.

Þar sem fjármunir þeir sem jöfnunasjóður hefur til ráðstöfunar er einn pottur er ljóst að allar breytingar og tilfærslur framlaga milli einstakra þátta þýða tilfærslu fjárframlaga til sveitarfélaganna. Sú endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs sem fór fram nýlega miðar að ákveðnum markmiðum sem hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir. Fram hefur komið að ýmis sveitarfélög telja að framlög til þeirra lækki eftir þessa breytingu en hafa verður það í huga í því samhengi að á síðasta ári hafði jöfnunarsjóðurinn mun meira fjármagn til ráðstöfunar en á þessu ári og það verður að taka fullt tillit til þess í umræðunni. Ein afleiðing þessara nýju breytinga er að tekjuhá sveitarfélög fá lægri framlög en áður og hlýtur það að teljast rökrétt þar sem um jöfnunaraðgerð er að ræða. En á það skal lögð áhersla að breytingar á reglum jöfnunarsjóðs sem voru unnar nýverið voru unnar í fullu samráði við Samband sveitarfélaga og voru kynntar sveitarstjórnarmönnum og ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs áður en frá þeim var gengið. Ég vil í því sambandi, herra forseti, gera athugasemd við það sem fram hefur komið hjá hv. þm. Vinstri grænna um að hér sé um skyndilegar breytingar að ræða. Það er ekki rétt. Nefndin sem vann að þessu var skipuð árið 2001 og hún gerði grein fyrir þessum málum á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, á landsþingi sveitarfélaga og hjá fleiri stofnunum sveitarfélaga. Það er því ekki rétt að hér sé um að ræða skyndilegar breytingar eins og þær hafi dottið ofan úr himnunum vegna þess að þetta hefur verið kynnt. En þessar nýju reglur eru nýkomnar til framkvæmda og ég tel rétt að fá reynslu af þeim breytingum þannig að menn geti unnið að þessum málum í framhaldinu og ef talið er að breytingarnar hafi ekki náð þeim markmiðum sem upp voru sett, þá hljóta menn að skoða það í framhaldinu.

[13:59]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir veigamiklu hlutverki í tekjuframlögum til sveitarfélaga og sjá til reksturs þeirra. Þess vegna er það að þegar einhverjar breytingar hafa verið gerðar á úthlutunarreglum, þá kemur það misjafnlega illa við. Sem dæmi get ég tekið að í Öxarfjarðarhreppi er gert ráð fyrir að tekjuframlagið frá jöfnunarsjóði skerðist um hvorki meira né minna en 17 millj. kr. Jöfnunarsjóðurinn hefur verið helmingur af tekjum þess sveitarfélags og sveitarfélagið rekið á núlli. Þegar framlag minnkar svo mikið sem raun ber vitni frá jöfnunarsjóði, þá verður náttúrlega halli og ekkert svigrúm til að gera eitt eða neitt. Þetta kemur sér illa eins og ég sagði við sveitarfélög og sveitarstjórnarmenn eru sífellt að ræða þessi mál meira og meira við þingmenn. Þegar maður skoðar þetta eins og þetta lítur út getur maður séð skerðingar eins og hjá sveitarfélaginu Skagafirði allt að 90 millj. ef þetta gengur eftir. Þetta kemur sér náttúrlega mjög illa. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. félmrh. út í það hvort gripið verði til þess ráðs að spýta í eða setja inn í þennan pott 700–900 milljónir eins og gert hefur verið undanfarin ár beint frá ríkissjóði. Telja menn einmitt nú að mikil þörf sé á því m.a. vegna þess að á Alþingi var breytt lögum um einkarekstur og einkahlutafélög sem gerir það að verkum að sveitarfélög tapa mjög miklum tekjum bara vegna þessarar sjálfsögðu breytingar að gefa mönnum kost á að hafa rekstur sinn í einkahlutafélögum. Og það verða þá ekki útsvarstekjur sem sveitarfélögin fá í staðinn.

Verður bætt í þennan pott, hæstv. félmrh.? Og svo má eiginlega segja að enn einu sinni séum við að ræða um sífellt aukin verkefni á hendur sveitarfélaga frá hinu háa Alþingi án þess að tekjupóstar komi með og síðan munum við ábyggilega þurfa að hlusta á það á næstunni að sveitarfélögin verði skömmuð fyrir það að fara fram úr áætlun eða að skapa þenslu í landinu.

[14:01]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Hlutverk jöfnunarsjóðs hefur aukist mikið síðustu ár. Hann er mjög mikilvægur fyrir sveitarfélögin. Á fjárlögum er núna ætlað að verja tæpum 6 milljörðum að ég tel sem munu fara í jöfnunarsjóðinn.

Herra forseti. Jöfnunarsjóði var síðast en ekki síst breytt vegna þess að hann hamlaði í rauninni gegn sameiningu sveitarfélaga eins og hann var upp byggður áður og í endurskoðuninni tóku sveitarstjórnarmenn fullan þátt. Aðalatriðið er, eins og hæstv. félmrh. greindi frá áðan, að gerðar voru breytingar á tilteknum reglum sjóðsins vegna breyttra forsendna, m.a. vegna fækkunar og stækkunar sveitarfélaga og breytinga á tekjustofnum þeirra og verkefnum og til að tryggja réttláta jöfnun meðal sveitarfélaganna að teknu tilliti til tekjumöguleika þeirra og útgjaldaþátta en þess gætt að þau njóti engu að síður ávinnings af hagkvæmni í rekstri og til að styrkja enn frekar hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga. Niðurstaða nefndarinnar varð þó sú að gera ekki róttækar breytingar á reglum og gerð framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ef rétt reynist, eins og hv. þm. Jón Bjarnason heldur hér fram, að bráðavandi sé mikill þá er ég alveg sannfærð um að hæstv. félmrh. mun skoða það sérstaklega. En þetta er fyrsta árið sem unnið er eftir nýjum reglum. Við verðum að gefa sjóðnum tækifæri til að vinna úr sínum málum.

Það hefur líka komið í ljós að stærri sveitarfélög og meðalstór sveitarfélög koma hagstæðar út núna við útreikning útgjaldajöfnunarframlaga sem má rekja til þess að skerðing vegna stærðarhagkvæmni er ekki eins mikil og áður.

Herra forseti. Að lokum er rétt að benda á að hæstv. félmrh. hefur ákveðið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að hefja átak í sameiningarmálum sveitarfélaga þar sem samhliða verði verkaskipting ríkis og sveitarfélaga (Forseti hringir.) tekin til skoðunar ásamt tekjustofnum sveitarfélaganna.

[14:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það verði að ræða þetta mál í fyrsta lagi í ljósi þess að afkoma sveitarfélaganna almennt er óviðunandi. Þó hún sé vissulega breytileg og sveitarfélög finnist sem búa við góðan fjárhag þá er allur þorri sveitarfélaganna að glíma við rekstraraðstæður sem eru alls ekki boðlegar. Þeim mun tilfinnanlegri verða breytingar á þeirra högum sem þýða skyndilegt tekjufall af aðgerðum af þessu tagi. Og það er gagnrýni vert hversu oft það gerist að jöfnunarsjóðurinn, jafnmikilvægur og hann er, er notaður næstum til skyndiákvarðana í þessum efnum eins og þegar menn t.d. setja fyrst inn fólksfækkunar- og sérstöku tekjujöfnunarframlögin og kippa þeim síðan út aftur. Það verkar eins og högg á þau sveitarfélög sem áttu þar mikilla hagsmuna að gæta.

Ég dreg í efa að það standist að hér eigi eingöngu í hlut tekjuhæstu sveitarfélögin sem fá á sig sérstaka skerðingu. Alla vega er það ljóst að þarna eru sveitarfélög að verða fyrir miklu tekjufalli sem eru á sérstökum válista, sérstökum eftirlitslista félmrn. vegna skulda og erfiðs rekstrar. Hljómar það vel að það séu einmitt þau sveitarfélög sem fá þarna á sig sérstakt tekjufall? Ég held varla. Og þessi breyting er víst skyndileg, hv. þm., stjórnarliðar, vegna þess að reglugerðin kom ekki út fyrr en á þessu ári innan yfirstandandi fjárlagaárs og þá fyrst geta sveitarfélögin reiknað út nákvæmlega hvernig þetta kemur við þau. Þetta er víst svona. Það þýðir ekkert fyrir hv. formann fjárln., Magnús Stefánsson, að hrista hausinn. Þetta er bara svona. Það er ekki fyrr en reglugerðin er komin út, inn á yfirstandandi fjárlagaári, sem menn geta séð það nákvæmlega hvernig þeir koma út. Það er framkoma sem er ekki boðleg að skella þessu á sveitarfélögin innan yfirstandandi fjárlagaárs. Ég skora á hæstvirtan ráðherra að taka stöðu þessara sveitarfélaga, kannski á milli 10 og 20 sveitarfélaga sem verða sérstaklega illa úti, til sérstakrar skoðunar og gefa þeim a.m.k. aðlögunartíma eða að setja þak á það hversu skyndilega og hversu mikið framlög þeirra úr jöfnunarsjóði lækki. Allt annað er óviðunandi framkoma nema það sem fyrir mönnum vakir sé (Forseti hringir.) að gera annað tveggja, að svelta þessi sveitarfélög í hel eða svelta þau til sameiningar. Og það skyldi nú ekki vera?

[14:07]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir veigamiklu hlutverki í tekjujöfnun sveitarfélaga í landinu. Í gegnum árin hefur sjóðurinn haft sérstaklega mikið að segja fyrir minni sveitarfélög landsins og því haft gríðarlega þýðingu í byggðalegu tilliti. Í þeim tillögum sem ráðherraskipuð nefnd lagði til um endurskoðun á lögum um reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kom m.a. fram að einfalda ætti aðferðir við útreikning framlaga jöfnunarsjóðs sem og að tryggja réttláta jöfnun að teknu tilliti til tekjumöguleika sveitarfélaga og útgjaldaþátta þeirra. Sérstaklega er horft til þess að sveitarfélög eigi ekki síður að njóta ávinnings fyrir hagkvæmni í rekstri.

Markmiðin með setningu á þessum reglum eru því æskileg og eiga að samræmast þeim veruleika sem við búum við í dag, þ.e. stækkun sveitarfélaga og breytingar á tekjustofnum þeirra.

Hæstv. forseti. Hins vegar hefur borið á því að undanförnu að útgjaldajöfnunarframlög einstakra sveitarfélaga hafa skerst verulega eftir breytingu á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðsins. Þó ber að leggja áherslu á að framlögin úr jöfnunarsjóði voru óvenjuhá á árinu 2002 og því set ég spurningarmerki við það hvort rétt sé að bera saman árin 2002 og 2003 í þessu samhengi. Við hljótum jafnframt að sýna því skilning að umræddar skerðingar bitna greinilega í einhverjum tilvikum harkalega á minni og tekjulágum sveitarfélögum og er óviðunandi að þau sveitarfélög, tekjulág sveitarfélög, þurfi að búa við slíkt til langframa. Rétt er þó að benda á að skerðingin er í langflestum tilvikum hjá tekjuháum sveitarfélögum.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að mjög takmörkuð reynsla er komin á hinar nýju reglur um úthlutanir jöfnunarsjóðs og ég er þess sannfærður og tek heils hugar undir orð hæstv. félmrh. að ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðsins mun trúlega óska eftir breytingum á reglum sjóðsins ef ljóst þykir að þær leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu.

[14:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og þakka hæstv. félmrh. fyrir það sem hann hefur lagt inn í umræðuna þó að mér finnist það of dapurt. Mér sýnist að hæstv. ráðherra annaðhvort viti ekki eða geri sér ekki grein fyrir alvarleika þess sem við stöndum frammi fyrir.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að þessar breytingar á reglugerð hafa leitt til þess að framlög úr jöfnunarsjóði til þeirra sveitarfélaga sem hæstar hafa tekjur hafa skerst. En þau dæmi sem ég vitnaði hér til voru ekki dæmi um tekjuhá sveitarfélög. Þetta voru dæmi um afar tekjulág sveitarfélög. Tekjur þeirra voru að skerðast kannski frá 10% og upp í 40% og er ég þar ekki að miða við síðasta ár heldur lít ég til þriggja til fjögurra eða fimm ára þar á undan. Ég held að hver maður sem setur sig inn í málið ætti að geta séð að

þetta er staðreynd. Ég hefði viljað sjá, og vil ítreka það við hæstv. félmrh., að hann beiti sér nú í raun, skoði þessi mál og taki á þeim því fyrir einstaka sveitarfélög sem þarna er um að ræða er staðan afar alvarleg og þolir enga bið. Ég krefst þess raunar, herra forseti, að hæstv. ráðherra taki á þessum málum nú þegar hvað varðar endurskoðun á þessum reglum varðandi tekjulægstu sveitarfélögin sem ég hef hér tekið sem dæmi.

Varðandi kynninguna þá hef ég heyrt það frá þeim sveitarstjórnarmönnum sem ég hef heyrt í að kynningin hafi algerlega verið í skötulíki og að þetta hafi komið mörgum þeirra mjög á óvart. Vel má vera að þetta hafi verið kynnt með „PowerPoint"-sýningu, eins og einhver sagði við mig, á einhverri hátíðarsamkomu þar sem hann var ekki við. En svona stórmál þarf náttúrlega ítarlega kynningu áður en það er sett fram. Ég ítreka það að hér er svo (Forseti hringir.) alvarlegt mál á ferðinni gagnvart þeim sveitarfélögum sem eiga í hlut að engin bið má vera á úrlausn.

[14:11]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Á þessu ári er gert ráð fyrir að framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna verði hátt í 10 milljarðar kr. Fullyrða má að án þessara framlaga væri enginn fjárhagslegur grundvöllur undir rekstri margra sveitarfélaga, einkum á landsbyggðinni. Sjóðurinn hefur þannig mikla þýðingu fyrir byggðamálin í landinu.

Varðandi viðbrögð mín við kvörtunum sveitarfélaga vegna lægri framlaga vil ég ítreka og leggja sérstaka áherslu á að framlög sjóðsins voru óvenjuhá í fyrra og því verður að fara varlega í allan samanburð.

Herra forseti. Því er haldið fram í þessari umræðu að breytingar á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs hafi verið fyrirvaralausar. Það er ekki rétt. Fjárhagsleg áhrif breytinga á reglum sjóðsins eru í fullu samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar þar sem sveitarstjórnarmenn áttu sannarlega sína fulltrúa. Ég vil líka taka fram að tillögur nefndarinnar fólu alls ekki í sér róttækar breytingar á uppbyggingu og gerð framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Varðandi einstök sveitarfélög geta margir þættir haft áhrif á samanburð. Það má m.a. nefna mannfjöldabreytingar sem haft geta áhrif á niðurstöðu milli ára, t.d. lækkað framlög til sveitarfélaga þar sem börnum á skólaskyldualdri fækkar og þetta getur leitt til þess að samanburður við fyrri ár verður óhagstæður.

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr hvaða sveitarfélög verða fyrir skerðingu, svo sem vegna skólaaksturs. Ég ætla ekki að tíunda hér nákvæmlega hver þau eru. En sem dæmi um stöðu þeirra sveitarfélaga sem hafa gert athugasemdir við framlög sjóðsins má nefna að tekjur þeirra á hvern íbúa eru á bilinu 21–67% yfir meðallagi.

Tekjustofnar sveitarfélaganna voru nýlega hækkaðir nokkuð á grundvelli tillagna nefndar sem við höfum hér fjallað um. Nettóhækkun tekna allra sveitarfélaga vegna þessa er tæpir 4 milljarðar á ári. Útgjöld sveitarfélaganna vaxa hins vegar stöðugt sem vissulega kallar á reglulega endurskoðun tekjustofna sem sveitarfélögin hafa samkvæmt lögum.

Herra forseti. Að lokum vil ég nefna og svara með því spurningum um hvort bæta eigi í jöfnunarsjóðinn fjármunum nú að í tengslum við fyrirhugað átak í sameiningarmálum sveitarfélaga mun fara fram ítarleg athugun á hugsanlegri tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og aðlögun tekjustofna sveitarfélaganna að nýrri sveitarfélagaskipan. Ég tel eðlilegt að beina frekari umræðu um fjármál sveitarfélaganna sem mest í þann farveg.

Fundi slitið kl. 14:14.

---

7. FUNDUR

miðvikudaginn 8. okt.,
að loknum 6. fundi.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:

1. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, fsp. ÞBack, 52. mál, þskj. 52.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Ferðakostnaður vegna tannréttinga, fsp. ÞBack, 53. mál, þskj. 53.

3. Hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu, fsp. ÁRJ, 72. mál, þskj. 72.

4. Kynning á sjúklingatryggingu, fsp. ÁRJ, 73. mál, þskj. 73.

Til samgönguráðherra:

5. Umferð hjólandi vegfarenda um Reykjanesbraut, fsp. KolH, 60. mál, þskj. 60.

6. Áhrif hvalveiða á ferðaþjónustu hér á landi, fsp. ÁRJ, 74. mál, þskj. 74.

Til félagsmálaráðherra:

7. Endurskoðun atvinnuleysisbóta, fsp. SJS, 65. mál, þskj. 65.

8. Fæðingarorlofssjóður, fsp. ÞSveinb, 80. mál, þskj. 80.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað.

Fsp. ÞBack, 52. mál. — Þskj. 52.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Eins og okkur öllum er kunnugt er staða margra bænda og búskapur í sveitum mjög veik um þessar mundir og þá sérstaklega sauðfjárbænda. Þess vegna tel ég að okkur beri að styrkja búskap með öllum þeim ráðum sem við teljum að séu tiltæk. Ein leið sem ég vil benda á og hef gert margsinnis áður, er að auka hlut lífrænnar ræktunar eða lífrænna búskaparhátta og styrkja þá bændur sem vilja fara inn á þá braut til að breyta um búskaparhætti. Til þess þurfa þeir ákveðinn stuðning og styrki.

Við eigum að fylgja eftir þróun og markmiðssetningu á lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum í nágrannalöndum okkar. Við eigum þar í harðri samkeppni við að koma okkar vörum á markað, bæði í útflutningi og eins varðandi innflutning. Það liggur fyrir að breytingar muni verða á næstu árum á styrkjakerfi til landbúnaðar innan Evrópusambandsins og í raun og veru um allan heim og að það verður dregið úr styrkjum til hefðbundins landbúnaðar og þá sérstaklega

verksmiðjubúskapar, en styrkir færðir í auknum mæli yfir á lífrænt vottaðan landbúnað og til búsetu í sveitum.

Ég tel að með því að við setjum okkur framleiðslumarkmið í lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum og lífrænt vottuðum vörum, séum við að stíga rétt skref og þó ekki væri annað en að halda í við nágrannaþjóðir okkar svo við verðum ekki eftirbátar á vaxandi mörkuðum.

Auknar kröfur koma frá neytendum um aðgengi að lífrænt vottuðum vörum, bæði hvað varðar matvörur og eins aðrar vörur eins og snyrtivörur og fleira. Neytendur vilja þessar vörur vegna þess að þær eru öruggari. Þeir eru meðvitaðir um umhverfismál og telja lífrænar afurðir hollari og bragðbetri og þeir telja að þeir sem stunda þennan búskap hafi betri framleiðsluhætti að leiðarljósi.

Því vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh.: Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sem Alþingi vísaði til ríkisstjórnarinnar á sl. vori?

[14:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvað þessari ályktun Alþingis líður þá er einfalt að segja að hún hefur borist landbrn. og er okkar vinnuplagg sem slík við það sem fram undan er og höfð til hliðsjónar.

Ef ég ræði þetta mál aðeins hér þá vil ég segja, hæstv. forseti, að það eru engin bein framlög sem kalla mætti aðlögunarstuðning til lífræns landbúnaðar hér á landi að frátöldum stuðningi við endurræktun lands, þar með talið garðland vegna aðlögunar að lífrænum búskap og þar með talin ylrækt. Hámarksframlag er 30 þús. kr. á hvern hektara og 300 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Framlögin eru veitt til sömu endurræktunar tvö ár í röð. Framlög þessi eru veitt samkvæmt samningi um þróunarverkefni á lögbýlum í samræmi við ákvæði búnaðarlaga.

Verkefnið Áform – átaksverkefni sem starfaði á árunum 1995–2002 veitti frumkvöðlastarfi á þessu sviði marghátt-aðan stuðning og styrkti einnig rannsóknir og tilraunir í lífrænni ræktun. M.a. studdi verkefnið nokkra bændur í Mýrdal myndarlega á fyrstu árum þeirra í lífrænni framleiðslu. Sú tilraun hefur nú skilað þeirri reynslu að fóðuröflun í búfjárframleiðslu sem margir álitu vera nær óyfirstíganlegan þröskuld hér á landi, virðist ekki vera vandamál, a.m.k. ekki um sunnanvert landið. Einn lífrænn ylræktarbóndi hefur náð ágætum árangri í sinni ræktun, m.a. með myndarlegum stuðningi Áforms.

Á sviði lífrænnar garðyrkju hefur einnig náðst góður árangur. Allt veltur þetta á frumkvæði þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og er gaman til þess að vita að í verslunum hér á höfuðborgarsvæðinu fást nú lífrænt ræktaðar gulrætur sem framleiddar eru norður undir heimskautsbaug og þykja mikið lostæti.

Þá ber þess að geta að Áform beitti sér fyrir stofnun lífrænnar miðstöðvar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sem ætlað er að verða miðstöð kennslu og rannsókna á þessu sviði og tryggði jafnframt fjármagn til reksturs stöðvarinnar til loka næsta árs. Þannig hefur starf frumkvöðlanna í þessari grein skilað mikilvægum árangri sem skýrir myndina og auðveldar ákvarðanatöku um framhaldið.

Það er eins með lífræna framleiðslu og aðra, hún þarf að vera efnahagslega sjálfbær og til þess að dæmið gangi upp þarf að vera eftirspurn eftir vörunni. Hvað lífræna ylrækt og lífræna garðyrkju varðar virðist næg eftirspurn vera fyrir hendi og ber að fagna því.

Hins vegar er það svo að aðeins hluti þeirrar lífrænu mjólkur sem framleidd er í landinu selst sem slík þrátt fyrir að myndarlega sé að framleiðslunni staðið af hálfu mjólkuriðnaðarins. Ekki hefur tekist með viðunandi hætti að markaðssetja það lífræna dilkakjöt sem hér er framleitt. Að hluta til er ástæðan sú að afurðastöðvarnar hafa ekki verið reiðubúnar til að leggja í þann kostnað sem því fylgir að markaðssetja lífræna dilkakjötið sérstaklega. Meginástæðan er hins vegar sú að mínum dómi, bæði hvað varðar mjólkina og kindakjötið, að neytendur finna ekki það mikinn mun á lífrænu vörunni og þeirri hefðbundnu að þeir séu reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir hana. Mér er kunnugt um einn nautgripabónda sem lagði í umtalsverðan kostnað og fyrirhöfn við að framleiða lífrænt nautakjöt en þegar til kastanna kom fannst enginn markaður fyrir vöruna og var hún á endanum seld sem hefðbundið nautakjöt.

Íslenskar landbúnaðarafurðir eru í hágæðaflokki hvað bragð, hreinleika og heilbrigði varðar. Ég vil segja hér, hæstv. forseti, að sé lífrænt í A-flokki+ þá eru íslenskar landbúnaðarafurðir í A-flokki. Þannig að neytandinn hér gerir ekki mikinn greinarmun þarna. Hann þekkir þær afbragðsvörur sem á markaðnum eru. Og við sjáum það best hvernig við náum háu verði t.d. á lambakjöti og erum núna komnir inn í dýrar búðir víða í heiminum með fleira en lambakjötið, sem sýnir að neytendur heimsins líta á okkar vörur sem mjög sérstakar og góðar vörur og vilja borga fyrir þær hátt verð og telja þær mjög örugg matvæli. Þetta er auðvitað hin mikla sérstaða íslensks landbúnaðar.

Það má líka segja um það að Ísland getur áreiðanlega fyrst allra þjóða orðið vistvænt land, sjálfbært land sem getur markaðssett sig sem slíkt, bæði út af stefnunni hvað sjávarútveginn varðar og þeim gæðavörum sem þaðan koma og ekki síður hversu landið sjálft er frábært og við eigum góða bændur sem framleiða vörur sem eru í besta skala hvað matvæli varðar í heiminum.

Hæstv. forseti. Mér hefur borist þessi ályktun frá þinginu og ég hef hana auðvitað sem vinnugagn í landbrn. og að vissu marki sem leiðarljós.

[14:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál um stuðning við lífrænan búskap held ég að sé mikið framtíðarmál og afar brýnt að það sé nú þegar tekið föstum tökum. Ég vil benda á að í umræðunni sem nú á sér stað bæði hér og annars staðar í heiminum er verið að ræða um að færa stuðning til atvinnuvega eins og matvælaframleiðslu, frá magntengingu og yfir á sértæk gæði. Og við munum líka standa frammi fyrir því í auknum mæli.

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. landbrh.: Að hve miklu leyti eða hvernig hyggst hann taka inn í fyrirhugaða samninga um stuðning við landbúnað á næstu mánuðum og missirum í alþjóðlegu samhengi, stuðning einmitt við lífrænan landbúnað og lífræna ræktun? Ég veit að erlendis hefur þetta verið gert. Þar hefur stuðningurinn einmitt verið færður yfir á lífræna ræktun. Er þar ekki sóknarfæri fyrir okkur?

[14:25]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn í þetta mál vegna þess að þál. var afgreidd frá hv. landbn. á síðasta vori og við

teljum mikilvægt að það sé hugað að lífrænni ræktun. Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan þá er víða á Suðurlandi sem lífræn ræktun fer fram og virðist ganga mjög vel. En ég vil líka taka undir með hæstv. ráðherra þar sem hann talar um þessa sérstæðu stöðu Íslands og hvernig litið er á íslenska framleiðsluvöru sem hreina og það er hún svo sannarlega. Þess vegna er kannski erfitt að markaðssetja lífrænt dilkakjöt eða lífræna mjólk af því að almenningur veit að þeir eru með örugga og góða vöru vegna þess hve við eigum heilnæma gripi og það er mikill hreinleiki og mikið öryggi í öllu okkar matvælaferli í landbúnaði.

[14:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd við svar hæstv. landbrh.

Það er auðvitað alveg rétt og öll fögnum við því ef íslenskur landbúnaður getur gert það gott á erlendum mörkuðum. Hins vegar er eins og hæstv. ráðherra neiti að skilja muninn á lífrænt ræktuðum vörum sem hafa vottun frá vottunarfyrirtæki eða vottunarstofu og einhverju sem allir trúa að sé mjög heilnæmt. Munurinn er sá að það eru alþjóðlegir staðlar, viðurkenndir vítt um heim, sem fylgja vottun hinnar lífrænu framleiðslu. Þess vegna geta allir neytendur séð og vitað nákvæmlega þegar þeir sjá vottunarmerkið hvaða tryggingu þeir fá. Slíkt geta neytendur ekki þó að hæstv. landbrh. á Íslandi haldi að allir viti að íslensk landbúnaðarafurð sé afskaplega hrein. Þannig að hæstv. ráðherra verður að fara að komast til skilnings um það að vottun landbúnaðarvaranna okkar er lykilatriði í því að geta komist inn á dýrustu markaði veraldarinnar.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég ætla að vona að hæstv. landbrh. geri meira en að hafa þáltill. sér til handargagns heldur verði unnið með hana og við munum innan tíðar sjá myndarlega markmiðssetningu hvað varðar hlutfall af lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum framleiddum hér á Íslandi til lengri tíma. Það hafa löndin í kringum okkur gert. Svíþjóð hefur sett sér það markmið að hafa 20% landbúnaðarlands vottað lífrænt árið 2005 en í dag er það 13,5%. Á Íslandi erum við með 0,3% ræktaðs landbúnaðarlands lífrænt vottað. Að vísu verður að taka til þess að við erum með mikið af afréttum og það skekkir svolítið töluna en við erum langt á eftir okkar nágrannaþjóðum.

Hvað varðar markaðssetningu í fyrsta lagi innan lands, þá vantar almenna kynningu til neytenda, almenna fræðslu um hver munurinn er á hefðbundnum búskap og lífrænt vottuðum búskap og hvernig búskaparhættir skila sér í vörugæðum. Þó svo að við búum í hreinu landi, sem við Íslendingar vitum vel, og við teljum og við vitum að við erum með góða vöru, þá vantar þessa þekkingu. Hvað þá þegar komið er á erlenda markaði þá vantar skilning á hreinleika íslenskra búvara og þá vantar stimpil lífrænnar vottunar. Það er svo grætilegt hve lítið vantar upp á hjá mörgum bændum að fara yfir í lífrænan búskap og fá til þess tilskildar vottanir og hafa þá möguleika á að fá hærra verð fyrir sína framleiðslu. En það vantar miklu meira. Það vantar fræðslu, ekki bara til almennings, það vantar líka fræðslu til bænda og þá sérstaklega inn í landbúnaðarháskólana.

[14:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þingmenn halda alltaf að ráðherrar fylgist ekkert með og séu ekkert að gera. Þeir vita sjálfir hvað þeir eru að hugsa en þeir fylgjast kannski ekki alltaf með því sem gert hefur verið.

Þess vegna vil ég hér segja: Landbrn. hefur á undanförnum árum unnið markvisst að því að treysta lagalegt og stjórnsýslulegt umhverfi lífrænnar framleiðslu. Í janúar á sl. ári var gefin út reglugerð um lífræna framleiðslu sem í raun er yfirtaka á reglum Evrópusambandsins á þessu sviði með vissri aðlögun að séríslenskum aðstæðum. Sömu reglur gilda því um lífræna landbúnaðarframleiðslu hér á landi og í nágrannalöndum okkar í Evrópu.

Hér er sú sem hefur sett þessar reglur, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Ég vil svo segja hér þetta: Það er auðvelt að standa hér upp og segja að menn eigi að fara í lífrænan búskap þegar það liggur fyrir að það hækkar verðið á vörunni og þegar það liggur fyrir, sem ég var lýsa hér áðan, að þó að menn hafi farið í þennan búskap hafa þeir orðið að falla inn í hið góða, almenna, íslenska kerfi því að varan hefur ekki selst. Neytandinn hefur ekki valið þessa vöru.

Ég styð samt þessa þróun og þessa hugsjón, hún hefur haft mikil áhrif eins og fyrirspyrjandi sagði hér í upphafi, ekki síst á meðferð dýra um allan heim, baráttuna gegn verksmiðjubúskap, baráttuna gegn því að fara illa með móður jörð, sem er mikið mál, þannig að bændurnir hafa í gegnum þessa alþjóðahugsun, bæði hér og víða um veröld, breytt búskaparháttum sínum. Það er fagnaðarefni. En Íslendingar eru í sérröð hvað búskap sinn varðar. Við erum perlan í veröldinni, að mínu mati, með frábærar vörur og hreint land og eigum mikla möguleika í gegnum það. Auðvitað er rétt sem hér kom fram, sauðfjárræktina vantar ekkert mikið upp á það að vera lífræn en það getur vel verið að hún ráði ekki við það, að við þurfum að nota hér tilbúinn áburð. En þetta er verkefni sem bændurnir og fræðimenn verða að fara í gegnum og ég þakka fyrir að þingið vill styðja þessa hugsun þannig að það er gæðabúskapur sem ber að stunda á Íslandi í fremstu röð.

Ég þakka, hæstv. forseti, þessa ágætu umræðu hér í dag.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga.

Fsp. ÞBack, 53. mál. — Þskj. 53.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég legg hér spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. um ferðakostnað vegna tannréttinga.

Þær eru svohljóðandi:

1. Hefur tekist að ráða tannréttingasérfræðinga um allt land?

2. Ef ekki, mun ráðherra beina þeim tilmælum til tryggingaráðs að það endurskoði reglur um ferðakostnað vegna sérfræðiþjónustu tannréttingalækna?

3. Mun ráðherra tryggja að fjármagn fáist til að auka þátt Tryggingastofnunar í ferðakostnaði vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa á svæðum þar sem enga tannréttingaþjónustu er að fá?

Hæstv. forseti. Sl. vor bárust ábendingar um það að tannréttingasérfræðingur sem hafði unnið í tólf ár austur á Egilsstöðum væri hættur störfum. Hann hafði þar sinnt góðu starfi en ekki hafði tekist þegar komið var fram á vor að ráða nýjan tannréttingasérfræðing í hans stað og ekki fékkst endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir ferðakostnað allra þeirra barna sem eftir það urðu að fara annaðhvort norður til Akureyrar eða hingað suður til Reykjavíkur til þess að fara í tannréttingar.

Nóg er þessi aðgerð dýr fyrir foreldra sem eiga börn sem þarf að rétta tennurnar í, þ.e. þessar almennu tannréttingar sem við flest þekkjum. Þá er ekki verið að tala um alvarlega sjúkdóma, klofinn góm eða endursmíði á tönnum og gómum vegna meðfæddra galla eða alvarlegra sjúkdóma, heldur er þetta tannskekkja af ýmsum toga. Þetta er meðferð sem stendur að meðaltali í eitt og hálft til tvö ár — börnin eru látin koma á u.þ.b. sex vikna fresti til tannréttingasérfræðings til þess að fara yfir og herða á þessum spöngum öllum — er þetta mikill aukakostnaður fyrir fjölskyldurnar sem bætist ofan á tannréttingarkostnaðinn.

Ef ég tek Austurland eitt og sér eru einhvers staðar á milli 80 og 90 börn og unglingar sem þurfa að fara í tannréttingar í dag. Þegar ég lagði fram þessa fsp. sl. vor og spurði hvort breyta þyrfti reglum Tryggingastofnunar ríkisins varðandi greiðsluþátttöku í ferð til sérfræðinga svaraði hæstv. ráðherra því til að þess þyrfti ekki, tannréttingasérfræðingar væru sérfræðingar eins og aðrir sérfræðilæknar. Hann var mjög jákvæður fyrir því að skoða málið og hafði góð orð um að ef ekki tækist að ráða sérfræðinga úti um allt land vildi hann beita sér fyrir því að þessar reglur yrðu endurskoðaðar. Því spyr ég hæstv. ráðherra um þetta.

[14:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 10. þm. Norðaust. hefur spurt mig spurninga um ferðakostnað vegna tannréttinga í þremur liðum:

„1. Hefur tekist að ráða tannréttingasérfræðinga um allt land?"

Svarið við því er að allir tannréttingasérfræðingar á Íslandi starfa á eigin vegum á einkareknum stofum. Það er því alfarið undir þeim sjálfum komið hvar þeir starfa. Þeir hafa ekki verið ráðnir hjá heilsugæslustöðvum frekar en almennir tannlæknar undanfarin ár.

Nú eru aðeins níu tannréttingasérfræðingar starfandi hér á landi. Þeir eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu og reyndar starfa þeir ekki allir við tannréttingar í fullu starfi. Því hefur eftirspurn eftir þjónustu tannréttingasérfræðinga verið meiri en framboðið að undanförnu. Vitað er þó að nokkrir stunda nú sérnám í tannréttingum erlendis.

Sumir tannréttingasérfræðingar hafa farið reglulega út á landsbyggðina og þjónað ákveðnum svæðum. Á Austurlandi hafði tannréttingasérfræðingur komið reglulega og þjónað svæðinu til fjölda ára en sl. vetur hætti hann ferðum sínum, m.a. vegna aldurs. Ráðuneytið fór þess á leit við stjórn Tannréttingafélags Íslands að hún kannaði hvort einhver félagsmanna þeirra væri tilbúinn að fara á Austurland en fékk að lokum þau svör að enginn félagsmanna teldi sig hafa tök á að sinna þessari þjónustu á Austurlandi.

„2. Ef ekki, mun ráðherra beina þeim tilmælum til tryggingaráðs að það endurskoði reglur um ferðakostnað vegna sérfræðiþjónustu tannréttingalækna?"

Ráðuneytið hefur nú ritað tryggingaráði og farið þess á leit að það endurskoði reglur um ferðakostnað með tilliti til þess að þeir sem þurfa á tannréttingum að halda verði jafnsettir á landsbyggðinni með tilliti til endurgreiðslu ferðakostnaðar. Ferðareglur TR hafa verið einskorðaðar við tiltekna alvarlega sjúkdóma en eins og ætíð er er vandinn sá hvar setja eigi mörkin.

„3. Mun ráðherra tryggja að fjármagn fáist til að auka þátt Tryggingastofnunar í ferðakostnaði vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa á svæðum þar sem enga tannréttingaþjónustu er að fá?"

Svarið er já, ég mun leita eftir fjárheimildum til að mæta auknum kostnaði við endurgreiðslu ferðakostnaðar hjá Tryggingastofnun ríkisins ef viðbrögð við erindi ráðuneytisins verða jákvæð.

[14:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að ráðherra ætlar að taka á því að breyta ferðakostnaðarreglum Tryggingastofnunar vegna tannréttinga. Það er fullkomlega eðlilegt að fólk hafi jafnan aðgang að þessari þjónustu og ef tannréttingaþjónusta er ekki veitt á einhverjum ákveðnum svæðum er fullkomlega eðlilegt að Tryggingastofnun komi til móts við ferðakostnað þeirra sem þurfa að sækja þessa heilbrigðisþjónustu.

Mig langar líka til að nefna hér annað. Það er verulegt áhyggjuefni hvað tannréttingakostnaður er mikill fyrir fjölskyldur, sérstaklega fjölskyldur þar sem mörg börn þurfa á tannréttingum að halda, og hefði ég gjarnan viljað beina því til ráðherra að hann skoðaði hvort eitthvað væri hægt að koma meira til móts við þessa hópa, a.m.k. að einhverju leyti, því að ekkert er greitt nema þetta séu alvarlegir fæðingargallar, eins og komið hefur fram.

Síðan eitt í lokin, herra forseti. Misræmi í gjaldskrá Tryggingastofnunar og tannlækna er eitt af því sem þarf verulega að taka á, tel ég, og vísa ég því til hæstv. ráðherra að skoða þann þátt í tannheilsuþjónustu.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Það var mjög ánægjulegt að heyra svar hæstv. ráðherra við þessum fyrirspurnum og ég ætla að vona að tryggingaráð taki tilmælin til greina og vinni hið snarasta að því að breyta reglunum. Og eins að það komi þá það mikið fjármagn til viðbótar til Tryggingastofnunar að hægt sé að endurgreiða hluta þessa kostnaðar varðandi ferðir.

Þetta er, eins og ég sagði, mikið óréttlæti. Nógur er kostnaðurinn samt. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að heilbrrn. ræður ekki tannréttingasérfræðinga, þeir vinna á eigin vegum, en það þarf samt sem áður oft að hlutast til um að fá sérfræðinga út um allt land, t.d. með farþjónustu eins og verið hefur. Fyrrnefndur tannréttingasérfræðingur sinnti einmitt Austurlandi með því að koma þangað reglulega. Oft þarf tilstuðlan ráðuneytisins til að koma á sérfræðiþjónustu af ýmsum toga til þess að sinna landsbyggðinni.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að bregðast svona við og svo tek ég undir ábendingar hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um að einnig þyrfti að skoða kostnað varðandi almennar tannréttingar. Hann er mjög hár, sérstaklega hjá fjölskyldum sem eru með börn þar sem tannskekkja liggur í ættum. Hjá mörgum fjölskyldum eru tannréttingar eiginlegur hluti af uppeldi barnanna þar.

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu munum við í ráðuneytinu halda áfram að skoða hvort það eru möguleikar á að fá tannréttingasérfræðinga út á landsbyggðina. Auðvitað væri það æskilegast. En ég endurtek að við höfum sent erindi um endurgreiðslu ferðakostnaðar til tryggingaráðs. Ég geri mér alveg grein fyrir miklum kostnaði við tannréttingar hjá börnum og unglingum. Það hefur ekki verið komið til móts við nema verstu tilfellin sem eru mjög dýr. Nú mun taxti tannréttingasérfræðinga vera misjafn en ástandið er þannig, eins og ég tók fram í ræðu minni upphaflega, að eftirspurnin er meiri en framboðið eins og stendur. Sem betur fer eru nokkrir í námi erlendis í þessari sérfræðigrein.

En ég endurtek að við munum fylgja þessu máli eftir þannig að það ástand sem nú hefur verið haldi ekki áfram.

Hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. ÁRJ, 72. mál. — Þskj. 72.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Það hefur verið stefna yfirvalda að draga úr vistun aldraða á stofnunum og efla heimaþjónustu á næstu árum. Vissulega þarf að efla heimaþjónustu og gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima en það er ekki tímabært að draga úr hjúkrunarrýmum, síður en svo, ef horft er til ástandsins í öldrunarþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu. Hér er þörfin mest fyrir aukna þjónustu við aldraða og þörfin mest fyrir fleiri hjúkrunarrými.

Í Reykjavík einni — og þá er ég ekki að taka allt höfuðborgarsvæðið — bíða nú um 400 manns eftir hjúkrunarrýmum og þar af tæplega 300 í mjög brýnni þörf. Á Landspítalanum bíða á annað hundrað manns eftir úrræðum og það eftir að lækningu er lokið. Þeir eru þar í dýrum sjúkrarúmum þar sem þjónustan er alls ekki við þeirra hæfi. Þetta eru tæplega 150 manns og stór hluti þeirra er fólk sem bíður eftir að komast í hjúkrunarrými. Og þetta er 50% aukning frá því á undanförnum árum.

Þetta er bæði dýrt og óhagkvæmt fyrir alla, bæði sjúklinginn, sjúkrahúsið og samfélagið og gæti Landspítalinn eytt öllum biðlistum ef hann hefði þessi legupláss til ráðstöfunar samkvæmt lækningaforstjóranum þar í frétt nýverið. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur hjúkrunarrýmum ekki fjölgað sem skyldi og þó að hjúkrunarheimili hafi risið þá hefur þeim ekki fækkað sem bíða í mikilli þörf eftir plássi og er biðin allt upp í tvö ár og jafnvel lengur, sem er allsendis óviðunandi. Það verður að segjast að markmiðið um 90 daga bið í heilbrigðisáætluninni fyrir 2010 er því langt undan. Þó að rými bætist við þá fækkar þeim á eldri hjúkrunarheimilum, þeim stóru, vegna aukinna krafna um meiri gæði og betri aðstöðu. Sérherbergi með salernisaðstöðu eru nú talin sjálfsögð mannréttindi þó enn sé nokkuð um að aldraðir þurfi að búa við það að deila herbergi með öðrum með sameiginlega salernisaðstöðu. Á Grund hefur t.d. plássum fækkað úr 320 í 240 á undanförnum 15 árum, þó mest á síðustu fimm árum, og þar er gert ráð fyrir að fækka muni um 50 pláss til viðbótar á næstu árum. Eitthvað af þessum plássum eru reyndar dvalarheimilispláss.

Ég minni líka á að það eru ekki aðeins aldraðir sem bíða eftir hjúkrunarrýmum, það bíður líka ungt langveikt fólk sem þarf úrlausn. Því er ekki bjóðandi að dvelja á öldrunarstofnunum.

En þar sem vandinn er stærstur hér á höfuðborgarsvæðinu spyr ég hæstv. heilbrrh. hvað sé fram undan í uppbyggingu hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu, hversu mörg hjúkrunarrúm bætist við á þessu ári og því næsta og hver verði raunfjölgunin þegar þau verða komin í gagnið. Hve mikið fjölgaði hjúkrunarrýmum í raun á síðasta kjörtímabili og hversu margir bíða nú eftir hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu?

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. spyr hvað sé fram undan í uppbyggingu hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu, hversu mörg hjúkrunarrúm bætist við á þessu ári og því næsta og hver verði raunfjölgun þegar þau verða komin í gagnið.

Á árinu 2002 var tekin ákvörðun um að breyta húsnæði Vífilsstaða í Garðabæ í hjúkrunarheimili með 69 hjúkrunarrýmum sem taka átti í notkun um mitt árið 2003. Fljótlega kom í ljós að Höllinn sem er hluti af húsnæði Vífilsstaða hentaði ekki til rekstrar fyrir hjúkrunarrými. Rekstrarheimildir fyrir 19 rými voru þá flutt til annarra hjúkrunarheimila. Þar af fékk Holtsbúð í Garðabæ heimild fyrir 12 hjúkrunarrými, Hrafnista í Reykjavík fékk heimild fyrir 3 rými, Hrafnista í Hafnarfirði fékk 2 og Skógarbær í Reykjavík fékk 2. Öll þessi rými voru tekin í notkun á árinu 2003.

Framkvæmdir og breytingar á húsnæði Vífilsstaða hafa hins vegar tekið lengri tíma en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem ástand hússins reyndist verra en gert var ráð fyrir þegar endurbætur hófust. Nú er gert ráð fyrir að húsnæði Vífilsstaða verði tilbúið til notkunar í ársbyrjun 2004 og verða þá 50 hjúkrunarrými til viðbótar tekin í notkun. Auk framkvæmda við Vífilsstaði standa yfir nýbyggingar á hjúkrunarrýmum á þremur stöðum og verða hjúkrunarrýmin tekin í notkun í árslok 2003 og á árinu 2004.

Hjúkrunarheimilið Eir í Reykjavík er að byggja húsnæði fyrir 40 ný hjúkrunarrými sem væntanlega verða tekin í notkun í árslok 2003. Þar verður auk þess aðstaða fyrir 20 dagvistarrými. Hér erum við því að tala um 110 ný pláss.

Við Roðasali í Kópavogi er verið að byggja húsnæði sem á að hýsa hjúkrunarrými fyrir 8 heilabilaða vistmenn og verða þau tekin í notkun á árinu 2004. Auk þess verður þar aðstaða fyrir 20 dagvistarrými.

Við Hrafnistu í Reykjavík er verið að byggja 60 ný hjúkrunarrými sem á að taka í notkun um mitt árið 2004. Á móti verður dvalarrýmum fækkað smám saman.

Á árinu 2003 fjölgar því hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu um 59 og um 118 á árinu 2004. Hér er um hreina viðbót að ræða.

Hv. þm. spyr einnig hve mikið hjúkrunarrýmum fjölgaði á liðnu kjörtímabili. Svarið er: 185 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu.

Að lokum spyr hv. þm. hversu margir bíði nú eftir hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu. Á vistunarskrá í september sl. bíða 463 aldraðir eftir vist á hjúkrunarrými. Þar af eru 390 aldraðir í mjög brýnni þörf, 26 eru í brýnni þörf og 47 í þörf fyrir hjúkrunarvist.

Í þessu sambandi er bæði rétt og skylt að taka fram og ítreka að fyrir utan uppbyggingu á stofnunum er það

forgangsverkefni heilbrigðisáætlunar, eins og fyrirspyrjandi kom reyndar inn á, að stuðla að því að sem flestir aldraðir geti með viðeigandi stuðningi búið á heimilum utan stofnana. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að þrír af hverjum fjórum sem eldri eru en 80 ára eigi þess kost að búa annars staðar en á öldrunarstofnun. Hitt breytir ekki málinu að það er nauðsynlegt að vinna bug á skorti á hjúkrunarrýmum í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í heilbrigðisáætlun eins og fyrirspyrjandi kom hér réttilega inn á.

[14:51]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er ákveðin þróun sem á sér stað hvað varðar þjónustu og umönnun aldraðra og fatlaðra bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, alla vega í þeim ríkjum sem einhver velmegun er í, þeim ríkjum sem eiga að geta sinnt þessum aldurshópi og fötluðum sómasamlega. Þar af leiðandi þykir okkur ekkert sjálfsagt í dag að þeir sem eldast fari á dvalarheimili. Gerð er krafa um að fá heimahjúkrun og heimaþjónustu eins lengi og unnt er og því eru þeir einstaklingar sem nú vistast inni á stofnun orðnir miklu veikari og verr haldnir en áður. Því er eðlilegt að hlutfall á milli dvalarheimilisplássa og hjúkrunarrýma breytist og því nauðsynlegt að endurmeta þörfina á hjúkrunarplássum.

[14:53]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og jafnframt heilbrrh. fyrir hans ágætu svör. Það kemur í ljós í svari ráðherra að það eru geysilega mikil umsvif í þessum málaflokki og að 150 ný hjúkrunarrými muni núna á næstu mánuðum verða tekin í notkun.

Það kom líka fram hjá fyrirspyrjanda að það verði nokkur fækkun á vistrýmum og að það virðist vera þannig að enda þótt gert sé ráð fyrir því að þeim verði fækkað nokkuð þá virðist samt sem áður vera nokkur eftirspurn eftir þessu vistunarformi. Þannig að það er auðvitað mál sem þarf að skoða. Og heilbrigðisáætlun til 2010 er góð, svo langt sem hún nær. Þó virðist mér að með þeim úrræðum sem heilbrrh. lýsti hér áðan sé nokkuð vel í þetta mál tekið og lagt og ber að þakka það og vonandi að haldið verði áfram á sömu braut svo brýn sem þörfin er, eins og fram kom hér með þann fjölda sem er í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými.

[14:54]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þeim brýnu úrlausnarefnum sem uppi eru í málefnum aldraðra, einkum hér í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum vegna þessara löngu biðlista. Það kemur fram í svari hæstv. ráðherra, sem ég þakka sömuleiðis fyrir, að þeir sem eru í brýnni þörf eru nú á fjórða hundrað en hafa lengstum um margra ára skeið verið um 200. Ég held að við sjáum ekki fram undan nægileg úrræði til þess að þetta megi teljast viðunandi.

Ég vil þess vegna spyrja ráðherrann í ljósi þess að í þjónustuíbúðum í Reykjavík og á ýmsum stofnunum fyrir aldraða eru mjög margir sem eru á þessum biðlistum í brýnni þörf eftir hjúkrunarheimilum, hvort hann telji koma til greina að breyta stofnunum eða þjónustuíbúðum að hluta eða í heild í hjúkrunarrými til þess að þar megi með skjótum og öruggum hætti ná nokkrum árangri í að vinna á þessum biðlistum.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og það er greinilegt að það er verið að gera ýmislegt þótt það dugi því miður ekki til. Fram kom hjá hæstv. ráðherra að það eru 463 sem bíða eftir hjúkrunarrýmum og þar af 390 í mjög brýnni þörf og við sjáum fram á að þau rými sem eru væntanleg muni ekki leysa þennan vanda. Í ljósi þess að stóru heimilin eru að fækka plássum þá þarf líka að skoða þetta allt í samhengi og auðvitað þörfina fyrir dvalarheimilin í samhengi við þörfina fyrir hjúkrunarheimilin, eins og komið var inn á hér áðan.

Það er auðvitað ólíðandi að menn þurfi að bíða hér í yfir jafnvel tvö ár eftir hjúkrunarrýmum og það er náttúrlega verið að ræna þetta fólk mjög miklum lífsgæðum.

Mig langar einnig til að vísa spurningu til hæstv. ráðherra vegna þessa vanda sem við stöndum frammi fyrir og þeirrar miklu þarfar sem er fyrir hjúkrunarrými hér á höfuðborgarsvæðinu, hvort ekki komi til greina að verða við óskum t.d. Hrafnistu sem ég veit að hefur farið fram á það ítrekað undanfarin tíu ár að fá að bæta við hjá sér 90 hjúkrunarrýmum en ekki fengið heimild til þess. Það er mjög hagkvæm framkvæmd því að þar er til staðar öll yfirbygging og þjónusta við heimilin sem þar eru. Hvers vegna er ekki tekin sú ákvörðun að heimila Hrafnistu að bæta við þessum 90 plássum til að leysa þennan mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir, því að 463 bíða, 390 í brýnni þörf og við erum ekki að bæta við nema eitthvað á annað hundrað rýmum á næstu tveimur árum? Ég held því að þarna þurfi verulega að taka á. Þótt vel sé staðið að verki svo langt sem það nær, þá dugar það hvergi til.

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er vissulega rétt eins og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. n. að biðlisti eftir hjúkrunarrými fer vaxandi hér. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Þjóðin er að eldast hlutfallslega, það hefur verið mikill innflutningur af fólki inn á þetta svæði og því miður hefur ekki tekist að fylgja eftir í uppbyggingunni.

Það er vissulega mikil ásókn í að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými og við höfum unnið í því að reyna að nýta þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum haft í því efni. Við höfum vissulega ekki nóga rekstrarfjármuni til þess að sinna öllum óskum en við höfum verið að bæta þar í. Það er eigi að síður miklu meiri eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum en við höfum getað sinnt miðað við þær fjárheimildir sem við höfum. En hins vegar verður að geta þess að verið er að veita í þessa þjónustu mjög aukna fjármuni, m.a. í fjárlögum núna þar sem settar eru tæplega 500 millj. í átak í uppbyggingu og stofnkostnaði í öldrunarþjónustu.

Ég hef einnig hug á því að vinna að breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra þannig að hann geti haft möguleika til þess að gera leigusamninga. Þá er spurningin hve hratt er hægt að fara í það vegna rekstrarins því að það er ekki nóg að byggja, það verður að reka. Það er í rauninni þar sem hnífurinn stendur í kúnni, ef svo má að orði komast.

Við erum sem sagt að vinna að krafti að þessum málum en því miður hefur þörfin vaxið svona gríðarlega.

Kynning á sjúklingatryggingu.

Fsp. ÁRJ, 73. mál. — Þskj. 73.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Árið 2000 voru samþykkt á Alþingi lög um sjúklingatryggingu, sem var veruleg réttarbót fyrir þá sjúklinga sem verða fyrir læknamistökum, líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, og bættu mjög gamla ákvæðið í sjúkratryggingum almannatrygginga.

Þau lög tóku gildi 1. janúar 2001, fyrir tveimur og hálfu ári. Ég hef persónulega orðið tilfinnanlega vör við að sjúklingar sem hafa orðið fyrir mistökum vita ekki um rétt sinn samkvæmt þeim lögum og hafa heilbrigðisstarfsmenn ekki upplýst þá um hann. Það kom mér enn meira á óvart þegar ég átti þess kost að ræða sjúklingatrygginguna við hóp heilbrigðisstarfsmanna, sem margir hverjir eru í stjórnunarstöðum á heilbrigðisstofnunum en ég átti kost á að ræða við þá nú í haust, að þeim höfðu ekki verið kynnt þessi lög og réttindi sem þeim fylgja.

Þessar staðreyndir eru ástæðan fyrir því að ég spyr hæstv. ráðherra um hvernig kynning á þessum lögum og réttindum samkvæmt þeim hafi farið fram annars vegar gagnvart heilbrigðisstarfsfólki og svo almenningi, þ.e. sjúklingum.

Reyndar hefur ekki algjörlega verið þagað um sjúklingatrygginguna því að hennar er getið á vef Tryggingastofnunar í nýlegum pistli þar sem kemur fram að 22 hafi tilkynnt sjúklingatjón fyrsta árið sem lögin voru í gildi, 44 árið 2002 og 21 á fyrri hluta þessa árs, sem ég tel vera nokkuð fá tilvik og segir mér að kynning á sjúklingatryggingunni hefði mátt vera betri og meiri. Reyndar má segja að frá því að ég ræddi þessi mál við heilbrigðisstarfsmennina í sumarlok birtist ágæt grein um sjúklingatrygginguna eftir lækni og lögfræðing Tryggingastofnunar í Læknablaðinu, þ.e. Læknablaðinu sem kom út í september. Hún ætti að ná til a.m.k. hluta heilbrigðisstarfsfólks.

Herra forseti. Ég tel þarna ekki hafa verið nógu vel að verki staðið og þurfi að gera betur. Lögin um réttindi sjúklinga sem samþykkt voru 1997 fengu mjög fína kynningu í heilbrrn. og gefið var bæði út rit og bæklingur um réttindi samkvæmt þeim lögum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru þetta einu kynningarnar sem ég nefndi hér á undan á sjúklingatryggingunni, eða hvernig hefur kynningin farið fram? Eru áform um að koma upplýsingum um réttindi sjúklinga samkvæmt henni og hvernig þeir eiga að bera sig að ef þeir telja sig hafa orðið fyrir tjóni í tengslum við meðferð? Er gert ráð fyrir að koma einhverjum upplýsingum með bæklingi eða kynningu á framfæri, því að það er til lítils að auka réttindi sjúklinga ef þeir vita ekki af þeim réttindum og bera sig þess vegna ekki eftir þeim? Það er frumskilyrði að menn viti af þessu.

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fyrirspurn og vonandi verður hún eitt lóð á vogarskálina í kynningu á réttindum sjúklinga. Þar er spurt:

„Hvernig hafa lögin um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, og réttindi samkvæmt þeim verið kynnt annars vegar heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar sjúklingum?“

Þessi lög voru samþykkt á vorþingi árið 2000 og öðluðust gildi 1. jan. 2001. Frá því að lögin voru samþykkt og þar til þau öðluðust gildi var samin reglugerð nr. 673 um vátryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögunum um sjúklingatryggingu. Var reglugerðin birt í B-deild Stjórnartíðinda 13. okt. 2000 en tók gildi á sama tíma og lögin. Ástæða þess að reglugerðin var birt löngu áður en hún tók gildi var að ráðuneytið taldi rétt að gefa heilbrigðisstarfsmönnum og almenningi færi á að kynna sér lögin og reglugerðina tímanlega áður en þau öðluðust gildi.

Heilbr.- og trmrn. stóð enn fremur fyrir kynningu á lögunum og reglugerðinni hjá fagfélögum heilbrigðisstarfsmanna og auglýsti gildistöku laganna í Morgunblaðinu, DV og Degi 22. des. árið 2000. Lögin og reglugerðirnar og nánari upplýsingar um þau voru enn fremur birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga um sjúklingatryggingu hvílir upplýsingaskylda á Tryggingastofnun ríkisins. Þar segir að Tryggingastofnun sé skylt að kynna fyrir almenningi ákvæði laga um sjúklingatryggingu og þar skuli koma fram að sé um að ræða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skuli þeir beina kröfum til vátryggingarfélaganna. Heilbr.- og trn. Alþingis bætti ákvæði þessu við frv. þegar það var til meðferðar í þinginu vorið 2000. Lagði nefndin áherslu á að staðið yrði vel að kynningarmálum.

Heilbr.- og trmrn. hefur aflað sér upplýsinga um hvernig Tryggingastofnun ríkisins hefur staðið að kynningu á lögunum um sjúklingatryggingu í samræmi við 18. gr. laganna. Í svari stofnunarinnar kemur fram að stofnunin hefur sett upplýsingar á heimasíðu Tryggingastofnunar og í bækling stofnunarinnar um slysatryggingar. Enn fremur eru ítarlegar upplýsingar á tilkynningareyðublaði stofnunarinnar um trygginguna. Þá hafa starfsmenn Tryggingastofnunar skrifað greinar um sjúklingatrygginguna í Morgunblaðið, 31. jan. 2001, og septemberhefti Læknablaðsins 2003, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda.

Virðulegi forseti. Kynning á lögum um sjúklingatryggingu hefur farið fram í heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnun ríkisins. Eftir gildistöku laganna skal Tryggingastofnun ríkisins skv. 18. gr. laga um sjúklingatryggingu kynna lögin fyrir almenningi. Stofnunin hefur sinnt þessari upplýsingaskyldu eftir mætti. En ég tek undir þau orð heilbr.- og trn. að vel skuli standa að kynningu laganna um sjúklingatryggingu, en auðvitað má ætíð deila um það hversu umfangsmikil slík kynning eigi að vera, en full þörf er á því að kynna þau réttindi þannig að allir séu meðvitaðir um þau.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ja, það hefur nú aldeilis verið staðið vel að kynningu á þessum nýju lögum sem þingið var að bardúsa við að samþykkja hér um árið. Það hefur verið auglýst í B-tíðindum Stjórnartíðinda. (Gripið fram í.) Að vísu ekki þá.

Herra forseti. Ég er viss um að almenningur þessa lands er öllu upplýstari um það eftir að hafa lesið Stjórnartíðindin. Eða heldur hæstv. heilbrrh. að það sé virkilega þannig að nóg sé að auglýsa í Stjórnartíðindum um merkilegar réttarbætur eins og þessar? Ég velti því fyrir mér, af hverju bætti hæstv. ráðherra ekki um betur og auglýsti þetta líka á heimasíðu Framsfl.? Það kemur í ljós að þetta hefur verið auglýst á heimasíðu ráðuneytisins, einhvers staðar falið þar, ekki sá ég það þar en ég rengi ekki ráðherrann, og á heimasíðu Tryggingastofnunar og svo í Stjórnartíðindum. Hugsanlega hefur komið auglýsing í DV, blaði sem ég var einu sinni ritstjóri

á, og í öðru blaði sem hæstv. heilbrrh. var líka ritstjóri á, en um hvað? Um gildistöku laganna, ekki um réttarbótina.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst honum að vel sé staðið að þessu máli?

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég verð að segja að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að fólk sem hefur orðið fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni eða læknamistökum sé mikið að grúska í Stjórnartíðindum eða fari inn á heimasíður, þó að kannski einhverjir geri það.

Ljóst er að þarna hefur ekki verið nógu vel að verki staðið og engin markviss kynning verið í gangi þessi rúmlega tvö ár, þó svo að menn hafi auglýst gildistöku laganna og gildistöku reglugerðar. Ég tel því löngu tímabært að fram fari markviss kynning og gefinn verði út bæklingur, sérstakur bæklingur.

Ég fór og kynnti mér þetta eftir að ég heyrði í heilbrigðisstarfsmönnunum hvernig að þessu væri staðið og þá var ekkert í gangi, það var síðla sumars. Þá var ekki neins staðar nein kynning í gangi á vefjum hvorki heilbrrn. né Tryggingastofnunar sem þeir höfðu greiðan aðgang að.

Ég hafði samband við landlækni vegna þessa því mér fannst þetta ekki boðlegt. Ég veit að hann hugðist hafa samband við þá sem áttu að standa að þessu, sem hefur líklega verið Tryggingastofnun. Síðan hefur þetta aðeins lagast eins og ég benti á. Það er fín grein í Læknablaðinu frá því í september og síðan er þetta komið á fremstu síðu hjá Tryggingastofnun þar sem hægt er að kalla fram þessi réttindi.

En engu að síður verður að standa betur að þessu. Það er ekki hægt að búast við því að fólk sæki sér rétt sem það á ef það veit ekki um hann. Það er lágmark að hann sé kynntur og eins og við lögðum til í heilbr.- og trn. þegar frv. var til meðferðar þar, að vel skyldi staðið að kynningu. Það hefur ekki verið gert og ég benti hérna á lögin um réttindi sjúklinga þar sem mjög vel var að verki staðið. Ég legg til að hæstv. ráðherra taki þá kynningu sér til fyrirmyndar og setji af stað vinnu við að útbúa bækling og aðra kynningu sem er greið fyrir heilbrigðisstarfsmenn, almenning og þá sjúklinga sem þurfa á þeim upplýsingum að halda.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að skoða hvernig þessi mál megi betur fara og munu verða gerðar ráðstafanir til þess að fara yfir málið. En ég endurtek að það hefur verið staðið að kynningu á málinu með ýmsum hætti, og þó að hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, hafi ekki mikla trú á Stjórnartíðindum þá fylgjast fjöldamargir heilbrigðisstarfsmenn með þeim um lög og reglugerðir sem varða þá, án þess að ég sé með því að segja að það sé nóg.

Hv. þm. hefur tröllatrú á heimasíðu Framsfl. Það lesa hana vissulega margir en ég efast nú samt um að það sé nóg. En í alvöru talað þá förum við auðvitað yfir það í ráðuneytinu hvernig að þessum málum er staðið. Þetta skiptir sjúklinga miklu máli sem lenda í svona tilvikum, ég veit sjálfur um slík dæmi. Það er því áríðandi að fólk sé meðvitað um rétt sinn í þessu eins og öðru. Vissulega á Tryggingastofnun alltaf við þetta að glíma eins og fyrirspyrjandi þekkir vel sem var einu sinni upplýsingafulltrúi Tryggingastofnunar, þannig að hv. þm. þekkir þetta mjög vel.

Umferð hjólandi vegfarenda um Reykjanesbraut.

Fsp. KolH, 60. mál. — Þskj. 60.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Hvaða áform eru uppi um umferð hjólandi vegfarenda um Reykjanesbraut eftir tvöföldun hennar? Þetta er spurningin sem ég hef lagt fyrir hæstv. samgrh. og ég óska eftir því að í svarinu verði veittar upplýsingar um þær leiðir sem gert er ráð fyrir að umferð hjólreiðafólks verði beint inn á og hvernig gengið verði frá þeim leiðum með tilliti til lýsingar, yfirborðs hjólreiðabrautar og umferðaröryggis.

Virðulegur forseti. Breikkun Reykjanesbrautar hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum eins og lög gera ráð fyrir. Gerðar voru þrjár skýrslur um tvöföldun hennar og í grófum dráttum má segja að umferð hjólandi vegfarenda hafi komið þar við sögu þó að það hafi verið greinilegt af lestri skýrslnanna að málefni þeirra sem kjósa að nota reiðhjól sem samgöngutæki hafi kannski ekki verið í neinu sérstöku uppáhaldi hjá skýrsluhöfundunum.

Þannig segir t.d. í skýrslu Vegagerðarinnar um mat á umhverfisáhrifum vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi, með leyfi forseta:

„Ekki er fyrirhugað að ráðast í gerð sérstakra hjólreiðastíga, heldur gert ráð fyrir því að hjólreiðafólk og eftir atvikum aðrir sem um svæðið fara án vélknúinna ökutækja noti sömu stígana.“

En, virðulegur forseti, mér leikur sérstök forvitni á að vita hvernig gert er ráð fyrir því að leyst verði úr þörf hjólreiðamanna sem vilja komast á milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Í matsskýrslunum er lagt til að hjólreiðar verði bannaðar á Reykjanesbrautinni, en gert er ráð fyrir að hjólreiðafólk eigi að fara inn á gamla Vatnsleysustrandarveginn. Þar með er jú hjólreiðaumferðin aðskilin frá umferð á Reykjanesbrautinni og er það auðvitað vel, því það segir sig sjálft að ekki er beint fýsilegt að hjóla á braut þar sem ökutæki er að fara á kannski 110 km hraða fram hjá manni.

Þann 7. ágúst sl. birtist athyglisverð frétt í Morgunblaðinu þar sem vitnað er til orða Jónasar Snæbjörnssonar, umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Reykjanesi. Í fréttinni segir hann að ekki sé búið að taka endanlega ákvörðun um að banna hjólreiðar meðfram brautinni. Í fréttinni kemur sömuleiðis fram ákveðin óánægja hjólreiðamanna sem eru ósáttir við það að ekki skuli vera komin úrræði fyrir þá ef hjólreiðar verða bannaðar meðfram Reykjanesbraut eftir að hún verður tvöfölduð.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Ef gera á nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt sé að beina hjólaumferð um gamla Keflavíkurveginn eða Vatnsleysustrandarveginn, hverjar verða þá þær ráðstafanir, hvers eðlis verða þær og getum við treyst því að við getum verið stolt af því að bjóða hjólandi ferðalöngum að skoða landið okkar vegna þess að þeir finna fyrir því að gert hafi verið ráð fyrir þeim strax á leiðinni frá Keflavík?

[15:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hefur gert hér grein fyrir þeirri fsp. sem hún hefur borið upp. En svar mitt er svohljóðandi:

Í viðræðum Vegagerðarinnar við fulltrúa sveitarfélaganna Reykjanesbæjar, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnarfjarðar hefur verið gengið út frá því að hjólreiðar verði bannaðar á Reykjanesbrautinni sjálfri eins og kom fram í ræðu hv. þm. þegar hún mælti fyrir fyrirspurninni. Hjólreiðafólki verði beint inn á gamla Keflavíkurveginn í Njarðvík og hjóli eftir honum að Vogum. Síðan verði hjólað eftir Vatnsleysustrandarveginum að nýjum vegamótum sunnan eða vestan Kúagerðis. Þaðan verður lagfærð leið að gamla Keflavíkurveginum austan Kúagerðis og honum fylgt austur að Straumi. M.a. verða gerð undirgöng undir Reykjanesbrautina við Hvassahraun vegna hjólreiðafólks, en þaðan liggur gamli Keflavíkurvegurinn sunnan núverandi Reykjanesbrautar. Frá Straumi og áfram inn í Hafnarfjörð er ekki endanlega ákveðið hvert hjólreiðafólki verður beint en það er hluti af skipulagi Hafnarfjarðar sem er í endurskoðun á þessu svæði og nauðsynlegt að taka það fram. Frágangur yfirborðs hjólreiðastígsins alla leið frá Reykjanesbæ er ekki endanlega ákveðinn, en í matsskýrslu með breikkun Reykjanesbrautar kemur fram að það kosti um 16 millj. kr. að leggja klæðningu á gamla Keflavíkurveginn frá Njarðvík að Vogum. Ekki er fyrirhugað að setja upp sérstaka lýsingu með hjólreiðastígum.

Þetta er svarið sem ég hef við fsp. hv. þm.

[15:18]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég fagna svari hæstv. samgrh. við þeirri fsp. sem hér liggur fyrir. Það er alveg rétt sem fram kom í svarinu að sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa farið yfir þetta mál og skoðun þeirra á þessu máli liggur fyrir algjörlega kristaltær, hvort sem um er að ræða Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum eða hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, að hjólreiðar eiga ekki heima á hraðbrautinni, á tvöfaldri Reykjanesbraut. Og sú leið sem talað er um að fara, þ.e. frá Fitjum í gegnum Innri-Njarðvík, yfir Vogastapa í Voga, eftir gamla Vatnsleysustrandarvegi í Kúagerði og þaðan áfram í Hvassahrauni til Hafnarfjarðar, er í raun og veru eina leiðin sem til greina kemur.

Það sem við furðum okkur aftur á móti á er hve seint gengur að byrja á þessu, vegna þess að framkvæmdir ganga mjög vel við Reykjanesbraut og okkur undrar að ekki sé þegar farið að undirbúa þessa framkvæmd þannig að hún geti orðið tilbúin á sama tíma og umferð verður hleypt á þann part Reykjanesbrautarinnar sem tilbúin verður fljótlega.

[15:20]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Umferð hjólandi manna hefur aukist mjög á undanförnum árum, á kannski áratug, bæði erlendra ferðamanna en ekki síður Íslendinga sem hafa í síauknum mæli tekið upp þessa aðferð, þessa umhverfisvænu og heilbrigðisaukandi aðferð við samgöngur. Það hefur auðvitað fyrst og fremst verið innan bæjar en einnig á milli staða, og það hefur farið hönd í hönd við m.a. miklar framkvæmdir, lofsverðar þó ekki séu nægilegar, hér í Reykjavík á valdatíma Reykjavíkurlistans sem hefur tekið þetta mál sérstökum tökum.

Ég fagna því að hæstv. samgrh. skuli vera kominn í slóðina. En þetta gengur seint og ákvarðanir eru ekki teknar þó að brautin að öðru leyti sé að verða klár. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. geti gefið skýrari svör við því hér á eftir hver er hans vilji t.d. um slitlagið sem á að setja á þennan fyrirhugaða stíg eftir gamla veginum.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Já, það má þakka hæstv. ráðherra svörin, en auðvitað hefði maður viljað sjá meiri vilja, meiri ákafa hjá hæstv. ráðherra fyrir því að málið gengi vel og hratt fyrir sig. Það er nú svo að það er stefna ríkisstjórnarinnar að koma á sjálfbærum samgöngum í landinu. Má lesa um það í samgönguáætlun sem hæstv. samgrh. talaði fyrir hér á síðasta þingi og þar fagnaði ég því vissulega að samgöngutæki sem ekki eru vélknúin ættu nú að fá ákveðna athygli í samgöngumálum þjóðarinnar. Hér erum við nú komin að fyrsta alvörumálinu sem varðar hjólreiðamenn og umferð hjólandi vegfarenda eftir að samgönguáætlunin var samþykkt og ég hefði satt að segja óskað eftir því að betur væri haldið á málinu.

Það er auðvitað rétt að Vatnsleysustrandarvegurinn er stórhættulegur fyrir hjólreiðafólk eins og hann er í dag. Hann er fullur af blindhæðum og hættulegum beygjum. Hann er með einbreiðu malbiki og hann er ólýstur. Þannig að það eru gífurlegar hættur samfara því að hjóla á veginum eins og hann er núna. Þar að auki lengir hann vegalengdina milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar sennilega um eina 3–4 km. Og það þarf nú aðeins að skoða það. Ef það er markmið okkar að gera reiðhjól að samgöngutækjum í þéttbýlinu, þá þurfum við að fara að horfast í augu við það að stundum verðum við að leggja peninga í að búa til hjólreiðabrautir, sjálfstæðar hjólreiðabrautir meðfram stofnbrautum. Og það hefði getað átt við í tilfelli Reykjanesbrautar. Ég er ekki að segja að hitt geti svo sem ekki gengið ágætlega upp ef það er tryggt að frágangur á þeim brautum sem ætlaðar eru hjólreiðafólki sé þannig að þær séu öruggar, þær séu vel merktar og við getum verið stolt af því, eins og ég sagði áðan, að bjóða ferðalöngum, hjólandi ferðalöngum frá útlöndum á þær brautir.

[15:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna nú ákafa og sterkum og ríkum vilja þingmanna til þess að styðja þá sem standa í framkvæmdum á sviði samgöngumála. Það er fagnaðarefni. Og það er vissulega rétt eins og kom fram hér hjá hv. þm. að margt ágætt hefur verið að gerast hér á höfuðborgarsvæðinu m.a. til þess að bæta úr því að hjólreiðamenn geti greiðlega farið um. En það er alveg skýrt að það er ákvörðun og það er vilji til þess að bægja hjólreiðaumferðinni frá hraðbrautinni sem við skulum kalla svo, tvöfaldri Reykjanesbraut, og koma henni á þann veg sem ég lýsti áðan. Það kostar m.a. undirgöng og verulega miklar úrbætur sem til þess að hægt sé að þvera Reykjanesbrautina. En það er alveg ljóst að Vegagerðin leggur þær línur að skapa betri aðstæður fyrir hjólreiðamenn á þessu svæði og það er vilji minn sem samgrh. að svo verði, þannig að yfirborð vega, hönnun, frágangur og framkvæmdir eiga að miðast við það að þetta sé boðleg braut fyrir hjólreiðamenn þarna eins og annars staðar þar sem lögð er áhersla á að hjólreiðamenn geti farið um.

Þetta er verkefnið og ég vona að hv. þingmenn standi með okkur, bæði Vegagerðinni og samgrn. í þessum áformum okkar.

Áhrif hvalveiða á ferðaþjónustu hér á landi.

Fsp. ÁRJ, 74. mál. — Þskj. 74.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um áhrif hvalveiða okkar í vísindaskyni á ferðaþjónustu hér á landi. Það er ekki langt liðið frá því að við Íslendingar hófum að nýju vísindaveiðar á hval, eða um tveir mánuðir, og því án efa ekki komin fram raunveruleg áhrif veiðanna á ýmsar aðrar atvinnugreinar. Engu að síður er það mikilvægt þegar farið er út í aðgerðir eins og þessar veiðar, sem vitað er að hafa haft áhrif á aðrar atvinnugreinar, að gera á því athuganir og úttektir. Og því spyr ég ráðherra hvort hann hafi látið kanna áhrif hvalveiðanna á ferðaþjónustuna áður en veiðar hófust, eftir að þær hófust og skoðað hver áhrifin gætu orðið og þá haft samráð við ferðaþjónustuna um það.

Nú er það svo að samkvæmt mínum heimildum hafa engar slíkar kannanir eða rannsóknir verið gerðar, sem er gagnrýnivert ef rétt er, og samráð við þá sem starfrækja hvalaskoðunarfyrirtæki ekki verið neitt, ekki þegar veiðar hófust og reyndar ekki fyrr en nokkru eftir að þær hófust.

Það hefur verið álit þeirra sem stunda hvalaskoðun í öðrum löndum að hvalaskoðun og veiðar á sömu hvalategund gangi ekki upp og eru hvalaskoðunarmenn hér á landi á sama máli. Þeir eru því uggandi um framtíð starfsgreinarinnar. Í því ljósi er mikilvægt að gera kannanir á líklegum áhrifum á ferðaþjónustuna. Vitað er að einhver hundruð ferðamanna hafa hætt við komu hingað vegna hvalveiða okkar á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því þær hófust, á þessum tveimur mánuðum.

Hvalaskoðun hefur verið í mikilli sókn og ferðamönnum hefur fjölgað ótrúlega. Þegar hvalaskoðun hófst hér árið 1995 fóru 2.200 manns í slíka ferð. Árið 1999 voru þeir 35 þúsund og í fyrra 62 þúsund, þ.e. tvöföldun á þremur árum. Hvergi er meiri aukning í hvalaskoðun í allri Evrópu en hér og því um mjög mikilvæga atvinnugrein í ferðaþjónustu að ræða og miklir hagsmunir í húfi. Menn hafa talið að um 10% ferðamanna komi hingað gagngert til að fara í hvalaskoðun en nú er væntanleg ný könnun sem bendir til að það sé mun stærri hópur.

Nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. að allmiklar fjárveitingar fari til rannsókna og kynningar á ferðaþjónustu og svo til kynningaskrifstofa erlendis og væri fróðlegt að vita hvort eitthvað af því fé er ætlað sérstaklega til þess að bregðast við neikvæðum áhrifum þessara veiða.

En ég spyr í síðari spurningu minni hvort ráðherra hyggist bregðast við neikvæðum áhrifum veiðanna á ferðaþjónustu með kynningarátaki eða á annan hátt.

[15:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif hvalveiðar okkar hafa haft á ferðaþjónustu hér á landi eða hver áætluð áhrif þeirra verði á hana?"

Svarið er svohljóðandi: Engin könnun hefur verið gerð á vegum ráðuneytisins á því hver hafi verið áhrif hvalveiða undanfarnar vikur á ferðaþjónustu hér á landi né hver áætluð áhrif þeirra verði. Ferðamálaráð Íslands hefur gert og mun áfram á næsta ári gera almennar kannanir á meðal erlendra ferðamanna þar sem m.a. koma fram upplýsingar um fjölmarga áhrifavalda á vali þeirra á Íslandi sem áfangastað. Þó engin formleg könnun hafi verið gerð sérstaklega á áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustu þann tíma sem þær stóðu yfir, þá liggja fyrir upplýsingar um breytingar á fjölda erlendra gesta til landsins á þessum tíma miðað við fyrra ár.

Eins og þekkt er hófust vísindaveiðar á hrefnu 16. ágúst sl. Fjöldi erlendra gesta sem sóttu okkur heim í ágúst og september er verulega meiri en undanfarin ár. Nú í september er aukningin miðað við síðasta ár 16,5% og í ágúst voru erlendir gestir fleiri en nokkru sinni fyrr í einum mánuði og aukningin miðað við fyrra ár 16,2%. Af þessum tölum má ljóst vera að hrefnuveiðarnar, vísindaveiðarnar, hafa ekki dregið úr komu ferðamanna til landsins þennan tíma.

Í annan stað er spurt: „Áformar ráðherra að bregðast við neikvæðum áhrifum veiðanna á atvinnugreinina með kynningarátaki eða á annan hátt?"

Svar mitt er þetta: Eins og kom fram í svari við fyrri spurningunni hafa umrædd möguleg áhrif ekki verið könnuð á okkar mörkuðum. Ráðherra hefur undanfarin ár beitt sér fyrir almennt mjög aukinni markaðssókn íslenskrar ferðaþjónustu á innlendum og erlendum mörkuðum í samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Með stórauknum fjárveitingum, breyttum áherslum og aukinni samvinnu atvinnugreinar og stjórnvalda hefur tekist að verja stöðu okkar og ná hlutfallslega meiri árangri en nágrannalönd okkar hafa náð í kjölfar niðursveiflu tengdri hryðjuverkunum 11. september og fleiri áhrifaþáttum sem hafa haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Þessu almenna markaðsstarfi verður haldið áfram á næsta ári með enn meiri þunga en fyrr. Ekki eru áform um að bregðast sérstaklega við ókönnuðum áhrifum hvalveiða á okkar mörkuðum, heldur eins og áður sagði að efla allt okkar almenna markaðsstarf innan lands og á okkar hefðbundnu mörkuðum erlendis og færa út kvíarnar og leggja nú m.a. áherslu á Japansmarkað.

Vegna vísindaveiðanna á hrefnu og þeirrar umræðu sem hefur orðið, tel ég eðlilegt að meta hvort ekki sé æskilegt að gera sérstakt átak við kynningu á hvalaskoðunarsiglingunum við landið og styrkja þannig stoðir þeirrar greinar ferðaþjónustunnar sem hefur vissulega verið vaxandi og er fagnaðarefni hversu margir hafa farið inn á þá braut að sýna ferðamönnum hvali og annað sem ber að líta við strendur landsins.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér alvarlegt mál og má kannski segja barnaskapur af hæstv. ráðherra að hafa ekki látið fara fram könnun á mögulegum áhrifum hvalveiða okkar á komu ferðamanna hingað til landsins áður en þessar hvalveiðar hófust. Ég þakka því hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og lýsi yfir vonbrigðum mínum með það að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa haft samráð við hvalaskoðunarfyrirtækin áður en þetta örlagaríka skref var stigið.

Ég er þeirrar skoðunar að við séum ekki búin að bíta úr nálinni með þessa ákvörðun um vísindaveiðarnar, þetta eigi eftir að verða mjög afdrifaríkt fyrir okkur, mjög alvarlegt, og ég bendi á að ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra virðist ætla að leita til Japans eftir ferðamönnum er auðvitað sú að þeir mundu kannski ekki kippa sér upp við það að við værum að veiða hvali. Það mundu hins vegar þjóðir alls staðar annars staðar á jarðarkringlunni gera.

[15:34]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgrh. telur samkvæmt ræðu sinni hér að það hafi beinlínis hvatt ferðamenn til að koma

hingað til lands að teknar voru upp hvalveiðar vegna þess að þeim fjölgaði í ágúst og september. Ja, ef þetta er stefnumótunin í samgrn. gef ég nú lítið fyrir hana, satt að segja. (Gripið fram í.) Það er furðulegt ... ja, hæstv. ráðherra svaraði með þeim hætti spurningu hv. fyrirspyrjanda að ferðamönnum hefði fjölgað í ágúst og september og þess vegna hlyti allt að vera í lagi. (**Gripið fram í:** Það er í lagi.) Og það er auðvitað furðulegt, hæstv. forseti, að samgrh. hæstv. skuli ekki hafa gert neina könnun og ekki hafa neina skoðun á þessum hvalveiðum sem þó hafa staðið til í nánast mörg missiri þegar ákvörðun um þær er tekin. Og ég verð að spyrja hæstv. samgrh. um það hér með vegna þessara mála:

Hefur hann með einhverjum hætti flutt fram kvartanir og ábendingar hvalaskoðunarmanna í ferðaþjónustu um það að verið sé að níðast á þeim á þeirra svæðum með þeim hvalveiðum sem hér hafa farið fram? Þessu óska ég eftir að hæstv. ráðherra svari vegna þess að hann er eftir allt saman samgrh. og er ráðherra ferðamála í landinu og á að standa vörð um hagsmuni þeirrar greinar.

[15:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að núverandi hæstv. samgrh. hefur heldur betur staðið með ferðaþjónustunni í landinu, m.a. hefur hæstv. ráðherra haft frumkvæði að því að auka mjög framlög til greinarinnar til þess að standa í markaðsfærslu ferðaþjónustunnar með þeim árangri sem hæstv. ráðherra rakti hér áðan.

Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni í síðustu viku, áhrifin af þessum hvalveiðum á ferðaþjónustuna virðast vera minni en margir bjuggust við. Ég satt að segja sem hef verið ákafur talsmaður hvalveiða bjóst alltaf við talsvert miklum mótmælum þegar við hæfum þessar veiðar. En á daginn hefur komið að þau hafa ekki orðið í þeim mæli sem ég og mjög margir aðrir ætluðum að yrði.

Ég tek sem dæmi af breska sjávarútvegsráðherranum sem var með kjaftinn uppi fyrir nokkrum mánuðum. Í dag er greint frá því að hann sé í staðarblaði sínu í Bretlandi að draga í land með þetta allt saman og viðurkenni ekki lengur að hafa verið með þessar hótanir sem voru hafðar eftir honum í íslenskum fjölmiðlum og höfðu birst í breskum virtum fjölmiðlum.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það þurfi auðvitað að taka þessi mál alvarlega. Það hefur verið fylgst mjög nákvæmlega með áhrifunum af hvalveiðunum á ferðaþjónustuna af hálfu Ferðamálaráðs. Við höfum staðið þá vakt mjög rækilega og það hefur komið á daginn sem ég er hér að rekja að áhrifin eru ekki eins almenn og menn bjuggust við.

[15:37]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Staðreyndin er sú að við vitum ekkert hvaða áhrif þessar vísindaveiðar í sumar hafa haft eða munu hafa og hvaða áhrif áframhaldandi veiðar munu hafa á þjóðarhag Íslands. Eins og fram hefur komið var það ekki rannsakað fyrir fram þrátt fyrir að í gildi hafi verið þáltill. sem var samþykkt hér snemma árs 1999 þannig að nægur hefur tíminn verið, herra forseti, til þess að undirbúa málið. Það hefur þó ekki verið gert. Og við vitum í raun ekki hver áhrifin verða.

Hins vegar getum við haft skoðun á því hvort rétt sé að málum staðið. Ég er í sjálfu sér ekki á móti hvalveiðum, enda sé ég ekki að það hafi eitthvert gildi í sjálfu sér að vera á móti hvalveiðum á meðan verið er að nýta stofna sem ekki eru í útrýmingarhættu. Ég held hins vegar að það sé afar heimskulegt að skjóta hvali og skoða þá líka. Ég tala nú ekki um þegar það gerist í sama flóanum og berst svo til fréttastofu í Bretlandi þar sem hvalaskoðunarferðamennirnir horfðu upp á hvaladráp sér til lítillar gleði, herra forseti.

[15:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þessar deilur um það hversu hættulegar hrefnuveiðar Íslendinga, vísindaveiðarnar sem hófust í vor, séu fyrir ferðaþjónustuna séu að megninu til stormur í vatnsglasi. Ég bjó í mörg ár í Noregi og fylgdist þar mjög grannt með umræðunni og hef fylgst mjög grannt með umræðunum þar undanfarin ár eftir að Norðmenn hófu aftur vísindaveiðar á hrefnu og síðan veiðar í atvinnuskyni og það er ekki að sjá þar í því ágæta landi, herra forseti, að þær veiðar hafi haft nokkur áhrif á straum ferðamanna til Noregs. Alls ekki. Þvert á móti. (**Gripið fram í:** Styður þú Mathiesen ráðherra?) Ég styð Mathiesen ráðherra í þessu, já. Þar hefur þetta gengið mjög vel. Norðmenn hafa haldið skynsamlega á sínum málum og ég tel að íslensk stjórnvöld ættu að gera það líka. Ég er ekki að segja að hættan sé liðin hjá, alls ekki, mér finnst svolítið vafasamur málflutningur stjórnarliða þar sem þeir reyna að benda á ferðamannastraum í sumar til vitnis um að þetta hafi ekki haft nein áhrif. Ég held að ef þetta muni hafa einhver áhrif, sem ég reyndar efast um, munum við fyrst sjá merki um þau næsta sumar.

Ég minni á að Grænfriðungar voru hér í sumar og ég hef grun um það, herra forseti, eftir að hafa hitt þá sjálfur og talað við þá að þeir hyggist fara út í einhverjar aðgerðir á næsta ári ef við höldum áfram veiðum og við skulum hafa varann á okkur.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en verð að segja það hér: Við vitum ekkert hver áhrif vísindaveiðanna verða á ferðaþjónustuna. Ég verð að segja að það er ámælisvert að hæstv. ferðamálaráðherra hafi ekki látið gera neina könnun á því og engar rannsóknir og virðist ekki ætla að gera neinar rannsóknir á því. Það er mjög alvarlegt. Og það segir hann hér þrátt fyrir að bæði þingmenn og ráðherrar hafi ítrekað lofað þeim sem eru í hvalaskoðunarrekstri að þeir mundu ekki hefja veiðar fyrr en búið yrði að rannsaka áhrifin af hvalveiðum.

Mig langar að benda á það vegna þess að verið var að vísa á Noreg að Norðmenn veiða ekki sömu tegundir og þeir sýna. (Gripið fram í.) Það hefur komið fram ... (Gripið fram í.) Þeir gera það ekki á sama stað eins og verið er að gera hér, það er ekki þannig. Við þurfum að skoða þetta frá mörgum hliðum. Og það verður auðvitað að fara í allsherjarúttekt á áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustuna og reyndar á aðrar útflutningsgreinar þótt það heyri ekki undir hæstv. samgrh., heldur undir aðra ráðherra. Síðan verða menn auðvitað að meta það hvaða hagsmunum er verið að fórna áður en farið verður út í frekari hvalveiðar. Við verðum að vita hvað við erum að græða og hverju við erum að tapa í þessu.

Kynningarátak er mjög mikilvægt. Færeyingar hafa t.d. gert verulegt átak við að kynna veiðar sínar á grindhval vegna áhyggna sinna af hvalveiðum. Við vitum að veiðar á 200

hrefnum hafa kannski ekki verulega mikil áhrif í lífríkinu en þær geta haft veruleg áhrif á ferðaþjónustuna.

Og ég verð að segja að það er mjög athyglisvert að fara inn á vef sem heitir gestsauga.is þar sem verið er að fara yfir þessi mál og hvernig erlendir fjölmiðlar fjalla um íslenskar hvalveiðar og ferðaþjónustuna. Ég bendi fólki á að kynna sér það því þarna er auðvitað ábatasöm þjónusta, hvalaskoðunin, sem við höfum í hendi og við þurfum að skoða hvaða áhrif þessar veiðar hafa á hana.

[15:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil minna hv. þingmenn á það að hvalveiðar, vísindaveiðar á hrefnunni, hófust í kjölfar þess að Alþingi ályktaði um hvalveiðar. (**Gripið fram í:** 1999.) Auðvitað þarf að gera sér grein fyrir því. Í kjölfar ályktunarinnar tekur síðan sjútvrh. þessa ákvörðun. Auðvitað hef ég sem ferðamálaráðherra áhyggjur af því sem getur haft neikvæð áhrif á eflingu ferðaþjónustunnar. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að mínu mati, og ég hef ekkert legið á þeirri skoðun minni, hvernig að þessum vísindaveiðum er staðið. Það þarf að hafa gott samráð við þá sem stunda hvalaskoðun. Á það hef ég lagt áherslu.

Vegna þess sem hv. þm. Mörður Árnason sagði, hann spurðist fyrir um það hvort ég hefði flutt kvartanir hvalaskoðunarmanna, er ég í býsna góðu sambandi við hvalaskoðunarmenn og geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki skynsamlegt að beina hvalveiðimönnum inn á þau svæði, að sjálfsögðu ekki, þar sem síðan er verið að sýna ferðamönnum þessa hvali.

En ég held að aðalatriðið sé að hv. þingmenn átti sig á því að kannanir á þessu, eftir að búið var að taka ákvörðun um að hefja veiðar, eru ekki marktækar nema yfir langan tíma sé litið. Þó að við reynum að átta okkur á því í dag hvort hvalveiðarnar hafi einhver áhrif á ferðaþjónustuna er ekki hægt að merkja nein áhrif enn. Þess vegna er það algerlega fráleitt sem hv. þm. Mörður Árnason hélt fram hér, að ég hefði haldið því fram að hvalveiðarnar, vísindaveiðarnar, hefðu haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu. Ráðherrann sagði það aldrei nokkru sinni og mér hefði ekki dottið í hug að halda því fram.

[15:44]

Útbýting þingskjals:

GATS-samningurinn, 16. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 16.

Endurskoðun atvinnuleysisbóta.

Fsp. SJS, 65. mál. — Þskj. 65.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. varðandi upphæðir, (**Gripið fram í:** Frú forseti.) frú forseti, atvinnuleysisbóta og ég skal bara kalla félmrh. „frú félmrh." í staðinn.

Ég gekk frá þeim fyrirspurnum daginn fyrir þingsetningu, ef ég man rétt, og skal fúslega játa að ég gerði það í þeim anda að það kæmi til greina og gæti verið á dagskrá á Íslandi í dag að gera úrbætur í málefnum atvinnulausra, að hækka atvinnuleysisbætur, að endurskoða fyrirkomulag þeirra í þágu hinna atvinnulausu. Á dauða mínum átti ég von en ekki því sem síðan birtist í fjárlagafrv. að þar væri boðuð skerðing á atvinnuleysisbótum.

Það er þannig, frú forseti, að atvinnulausir í dag eru í ágústmánuði 4.452, miðað við fulla vinnu og heilt ár, eða rétt tæp 3% af vinnuaflinu í landinu. Og ég leyfi mér að fullyrða að það er ekki góðærinu fyrir að fara hjá þessum hópi. Atvinnuleysisbætur eru, eftir smávægilega hækkun sem á þeim varð um síðustu áramót, um 77 þús. kr. eða rétt rúmar 77 þús. kr. á mánuði.

Nú er það svo að framsóknarmenn héldu flokksþing í febrúarmánuði sl. Í framhaldi af því flokksþingi spurði ég þáv. félmrh. og forvera hins núverandi hvort til stæði að efna samþykktir flokksþings framsóknarmanna, en þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Hækka ber atvinnuleysisbætur og stefna að því að þær verði ekki lægri en lægstu launataxtar" sem voru á þeim tíma um 93 þús. kr., þ.e. það fyrirfundust aðeins lægri taxtar, en á grundvelli sérákvæðis í síðustu samningum eru ekki greidd lægri laun en þessar 93 þús. kr.

Sem sagt, það vantar einar 17 þús. kr. upp á að atvinnuleysisbæturnar nái allra lægstu launum sem þekkjast í landinu. Um það hafa þó framsóknarmenn ályktað að þangað skuli þær fara.

Það brá að vísu svo undarlega við að þáv. félmrh. svaraði því neitandi að til greina kæmi að hækka þetta. En nú gefst núv. félmrh. kostur á að svara því hvort til standi raunhækkun atvinnuleysisbóta, hvaða viðhorf ráðherra hafi til þess að tengja atvinnuleysisbætur við launaþróun á nýjan leik og hvort breytt úthlutun bótanna, breyttur útreikningur, t.d. að fyrstu mánuðina muni taka eitthvert mið af þeim launum sem menn höfðu áður eða af félagslegum skuldbindingum manna, til þess að minnka höggið frá þeim kjörum sem menn bjuggu við áður en þeir misstu vinnuna, kannski allvel launað fólk, sem er dúndrað niður í 77 þús. kr. á mánuði. Ég vil gjarnan heyra svör við þessu frá hæstv. félmrh. og hvort það sé virkilega rétt að til standi að breyta fyrirkomulagi atvinnuleysisbóta þannig að menn verði launalausir fyrstu þrjá daga atvinnuleysis og það eigi líka að gilda um fiskvinnslufólk, sem þá verði farið að henda heim, eins og var gert hér í gamla daga, um leið og hráefni skortir og það verði aftur og aftur kauplaust í þrjá daga. Er það þannig sem við ætlum að fara aftur á bak í tímann en ekki fram á við, t.d. í málefnum þessa hóps?

[15:48]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Hv. alþm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fyrir mig þrjár spurningar um atvinnuleysisbætur. Út af fyrir sig má segja að svarið við fyrri tveimur spurningunum sé að finna í fjárlagafrv. vegna næsta árs en þar er fjallað um hvort raunhækkun atvinnuleysisbóta sé fyrirhuguð.

Atvinnuleysisbætur hækkuðu síðast í upphafi árs úr kr. 73.765 í kr. 77.449, eða um 5%. Skemmst er frá því að segja að fjárlagafrv. gerir einungis ráð fyrir hækkun bótanna á næsta ári örlítið umfram spár um verðlagsþróun. Ekki er hins vegar gert sérstaklega ráð fyrir hækkun það sem eftir lifir af þessu ári.

Hins vegar hef ég reifað þær hugmyndir við forustumenn á vinnumarkaði að rétt sé að taka atvinnuleysistryggingakerfið í heild sinni til umfjöllunar og endurskoðunar. Ég á von á því að setja slíka vinnu formlega af stað á næstu vikum og bind vonir við að henni megi ljúka á fáeinum mánuðum. Nú þegar er hafinn nokkur undirbúningur að þessu starfi í

félmrn. sem mun fara fram í samstarfi við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og samtök aðila vinnumarkaðarins.

Önnur spurningin er um afstöðu ráðherra til þess að tekin verði upp á nýjan leik föst viðmiðun eða tenging atvinnuleysisbóta við umsamin laun.

Árið 1995 var horfið frá því að tengja upphæð atvinnuleysisbóta við lægstu launataxta. Slík tenging hafði tíðkast í almannatryggingakerfinu og var gagnrýnd. Gagnrýnin beindist einkum að því að tengingin þótti vera hemill á hækkun lægstu launataxta í landinu sem voru orðnir allt of lágir og fáir fengu greidd laun samkvæmt þeim. Þetta hafði neikvæð áhrif á upphæðir ýmissa bótaflokka og virkaði þannig í raun neikvætt á báða bóga. Þar af leiðandi ríkti um það nokkuð almenn samstaða að rjúfa þessa tengingu.

Því miður hefur reynslan orðið sú að miðað við þróun launavísitölu hafa atvinnuleysisbætur lækkað. Sú lækkun er reyndar ekki jafnmikil ef litið er til kaupmáttar atvinnuleysisbóta miðað við neysluvísitölu. Ég tel því ekki einboðið að slík tenging sé af hinu góða en vísa til fyrrgreindrar endurskoðunarvinnu um framhald málsins.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hvort til greina komi að endurskoða útreikning atvinnuleysisbóta þannig að fyrstu mánuðirnir taki að einhverju leyti mið af þeim launum sem viðkomandi hafði áður en til atvinnumissis kom, eða að reynt sé að taka mið af félagslegum aðstæðum eða skuldbindingum þess sem atvinnuna missir.

Ég vil á þessu stigi máls ekki útiloka það. Eins og fram kom í máli hv. þm., fyrirspyrjanda, hafa ýmsir aðilar álykað í þessu veru. Má þar nefna Alþýðusamband Íslands og flokksþing framsóknarmanna. Vegna þess sem ég hef áður rakið hér, að endurskoðunarvinna sé nú fram undan, vil ég, um leið og ég útiloka það ekki, ekki úttala mig heldur um þær hugmyndir og tel rétt að beina umræðunni í þennan farveg.

Hv. þm. spurði hvort það væri virkilega meiningin, eins og fram kemur í fjárlagafrv., að breyta kerfi atvinnuleysistrygginga á þann veg að þar verði biðtími í þrjá daga eftir atvinnuleysisbótum. Það stendur til já, og með því er verið að færa kerfið, að hluta til, og samræma það kerfi sem gildir á Norðurlöndunum, öðrum en Danmörku, eins og fyrirspyrjanda er eflaust kunnugt um. Í Noregi og Svíþjóð er þessi biðtími fimm dagar en í Finnlandi er hann sjö.

[15:52]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. félmrh. hefja starf sitt með undarlegum hætti. Ég veit ekki betur en Framsfl. hafi verið með kjörorðið „Vinna – vöxtur – velferð“. Og á hverju byrjar hann? Hann byrjar á því að ráðast á kjör atvinnulausra til þess að geta átt fyrir skattalækkunum þeirra sem hafa hæstu tekjurnar. Er þetta velferðin sem Framsfl. boðaði?

Síðan höfum við fengið þær upplýsingar á síðustu dögum að það sé til nóg af peningum næstu árin. Er þetta forgangsröðin sem Framsfl. boðaði í síðustu kosningum? Ég segi nei. Það var allt annað hljóð hér í vor.

[15:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að fá að segja það, í hinu háa Alþingi, að nú er mér sem nýjum þingmanni alveg hætt að bregða við það sem kemur frá stjórnarflokkunum. Það er allt svikið, svei mér þá, jarðgöng, línuívilnun. Í gær var til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um hækkun á vörugjaldi og eldsneyti, þungaskatti, sem mun verða gríðarlegt högg fyrir landsbyggðina, milljarður í skattahækkanir þar. Síðan eru boðaðar 20 milljarða kr. skattalækkanir árið 2007. Er ekkert að marka þetta fólk?

Hvernig stendur á því að hv. stjórnarþingmenn flýja alltaf þingsalinn þegar koma upp erfið mál, í þeirra augum? Núna er hér einn þingmaður Framsfl. í salnum og síðan hæstv. félmrh. Það er allt og sumt. Jú, þarna birtist einhver enn enn. Í gærkvöldi þegar við vorum að ræða um þungaskattinn var ekki einn einasti þm. Framsfl., ekki einn einasti, frú forseti. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Er það svona sem Alþingi starfar? spyr ég, nýgræðingurinn. Ég verð að lýsa því yfir að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hið háa Alþingi að verða vitni bæði að þessum vinnubrögðum stjórnarflokkanna, hvernig þeir svíkja öll sín loforð og síðan hvernig þeir sýna hinu háa Alþingi lítilsvirðingu með því að láta ekki einu sinni sjá sig í salnum.

[15:54]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er auðvitað með ólíkindum að fylgjast með því hvernig hæstv. félmrh. hefur göngu sína í þessum sölum. Við þurfum ekki að ræða um þau samskipti sem þingið hefur átt við hæstv. ráðherra um málefni verkamanna við Kárahnjúkasvæðið. En hér kemur hæstv. ráðherra og staðfestir að hann sé að leggja í þá göngu að rýra kjör atvinnulausra á Íslandi með því að búa til sérstakan biðtíma og segir síðan að það sé gert til þess að færa kjör þeirra til samræmis við það sem gerist á Norðurlöndunum. Veit hæstv. ráðherra ekki að kjör atvinnulausra á Norðurlöndum eru snöggtum betri en hér á landi?

Ég spyr, frú forseti. Mundi hæstv. félmrh. treysta sér til þess að framfleyta sjálfum sér, ekki börnum og fjölskyldu, á 77 þús. kr. á mánuði? Treystir hæstv. félmrh. sér til þess að koma hingað og verja framkomu sína gagnvart atvinnulausum, andspænis því loforði sem þeim voru gefin í stefnunni sem samþykkt var á flokksþingi Framsfl.? Frú forseti. Er það nema von að nýjum þingmönnum misbjóði og renni í skap eins og hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Þetta er auðvitað ekkert annað en brigð á orðum.

[15:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér eru sannarlega sorgartíðindi á ferð þegar hæstv. félmrh. gerir þá játningu í ræðustól að hann ætli sér að færa t.d. möguleika atvinnulauss fiskverkafólks til fornaldarhorfs. Hefur hæstv. ráðherra gert sér grein fyrir því hvað þetta eru alvarleg spor sem hann er nú að stíga? Ég verð að segja, frú forseti, að sá maður sem segir, undir þessum kringumstæðum, að hann ætli að taka allt kerfið til endurskoðunar samhliða breytingum, hefur vondan málstað að verja. Ég skora á hæstv. félmrh. að reka af sér þetta slyðruorð og koma til dyranna eins og maður ímyndar sér að hann sé innréttaður, miðað við þau loforð og þær yfirlýsingar sem hann gaf í nýafstaðinni kosningabaráttu. Hann á að sjálfsögðu að ganga fram fyrir skjöldu í ríkisstjórninni og verja hagsmuni atgvinnulausra og berjast fyrir því með kjafti og klóm að atvinnuleysistryggingakerfið verði eflt til muna og atvinnuleysisbætur verði færðar til þess horfs að þær geti jafnast á við lægstu laun.

[15:57]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Áður en þing hófst átti ég í viðræðum við hv. þm. Pétur Blöndal í stofum landsmanna að morgni. Þær snerust m.a. um Fæðingarorlofssjóðinn og vanda hans sem til

stóð að taka fyrir á eftir, en ferst nú fyrir vegna áhuga okkar á atvinnuleysistryggingunum. Hv. þm. Pétur Blöndal hafði lausn á vanda Fæðingarorlofssjóðsins, m.a. átti að skerða atvinnuleysisbæturnar. Í þessari umræðu hlýtur maður að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort stjórnarliðar hafi í raun og veru komið sér saman um þetta, að þetta tvennt tengist, að taka úr einum stað og setja í annan? Eða er bara allt í bið hjá ráðherranum? Impregilo er í bið og Fæðingarorlofssjóðurinn er í bið og atvinnuleysistryggingarnar eru í bið. Er hæstv. félmrh. biðmálaráðherra?

[15:58]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Við 1. umr. fjárlaga lýsti ég áhyggjum yfir stöðu atvinnulausra og þeim kjörum sem þeim eru búin í frv. og ég harma það enn að hæstv. félmrh. Árni Magnússon skuli hefja feril sinn sem ráðherra, ekki á því að bæta kjör atvinnulausra heldur að ganga sérstaklega á þau og láta þau rýrna á næsta ári, ekki bara með því að taka laun af mönnum í þrjá daga heldur líka með því að láta atvinnuleysisbæturnar ekki fylgja launavísitölu almennt það ár.

Við í Öryrkjabandalaginu höfum barist hatrammlega vegna þess að við höfum talið að 93–94 þús. kr. nægðu manneskju ekki til framfærslu. Hæstv. heilbrrh. hefur gengið skörulega fram og gert um það samning upp á annan milljarð kr. að bæta hér úr og bæta verulega í, því að fólki sé ekki bjóðandi þau kjör. 77 þús. kr. er það sem atvinnulausum er boðið upp á og ég sakna þess skörungsskapar sem einkennt hefur framkomu Jóns Kristjánssonar gagnvart okkur öryrkjum í framgöngu félmrh. gagnvart atvinnulausum. Spurningin hér, hæstv. félmrh. er ekki flókin. Treystið þér yður til að lifa af 77 þús. kr. á mánuði?

[15:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Framsfl. sem, fyrir kosningar, fór fram undir kjörorðinu „vinna — vöxtur — velferð“ og ekki síður „fólk í fyrirrúmi.“ Eru atvinnulausir ekki lengur fólk í augum framsóknarmanna? Þeir eru með rúmar 77 þús. kr. mánaðarlega til að framfleyta sér í dag. Það er undir hungurmörkum. Það getur enginn framfleytt sér á þessu og við vitum að þeir sem hafa verið atvinnulausir til lengdar þurfa að leita til hjálparstofnana, þurfa að leita til félagsmálastofnana og þurfa að leita annað því þeir geta ekki lifað á þessu. Og áfram heldur Framsfl. sem hefur farið fram undir þessum kjörorðum. Það á að hækka gjöldin í heilbrigðiskerfinu, komu til heilsugæslustöðva, komum til sérfræðinga, hækka lyfin hjá sjúklingum, hækka hlut sjúklinga í hjálpartækjum og svona mætti lengi telja. Hvað er flokkurinn að hugsa? Er þetta það eina sem hann getur gert, (**Gripið fram í:** Kosningarnar eru búnar.) að lækka þessar smánarlegu atvinnuleysisbætur? Þetta er til háborinnar skammar fyrir framsóknarmenn.

[16:01]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Umræðan núna minnir mig (Gripið fram í.) sumpart á þá umræðu sem átti sér stað hér í kjölfar kosninganna 1995 (Gripið fram í.) þegar stjórnarandstaðan stóð hér upp og spurði nánast daginn eftir kosningar: „Hvar eru 12.000 störfin?“ (**Gripið fram í:** Útúrsnúningar.) En flokkurinn nefndi að (Gripið fram í.) stefnt yrði að því til aldamóta. Og hvað varð? Um það bil 15.000 störf. (Gripið fram í.)

Ég dreg það fram, virðulegi forseti, að við erum að hefja hér kjörtímabil (**SJS:** 5 þúsund og ...) (**Gripið fram í:** Og lækkið atvinnuleysisbætur.) og við förum fram undir þessu: Vinna — vöxtur — velferð. Og við það munum við standa. (**Gripið fram í:** Hvaða velferð er það?)

Virðulegi forseti. Má ég biðja forseta að þagga niður í hinum ákafa þingmanni sem tekur hér frá mér dýrmætar sekúndur.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs núna eru ummæli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Þetta er öðru sinni sem hann kemur hér opinberlega fram og veitist að þinginu. Hann gerði það í upphafi frægðarferðar sjútvn. Þá sakaði hann þingmenn sem fara í vinnuferðir um að vera múlbundna á fyllerísferðum. Nú kemur hann hér og talar um að af því að þingmenn eru ekki hér í salnum (Gripið fram í.) þá sé það virðingarleysi við Alþingi. Ég bið hv. þingmann um að kynna sér þær vinnureglur sem hér gilda og þá tækni sem hér er til reiðu og láta af því að grafa undan virðingu Alþingis eins og hann hefur ítrekað gert.

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það eru orð að sönnu að það voru ákaflega dapurleg svör sem hæstv. félmrh. veitti hér. Það er náttúrlega einstaklega snautlegt fyrir hæstv. félmrh. að vera með flokkssamþykkt flokksþings framsóknarmanna frá því í febrúar sl., rétt fyrir kosningar, á bakinu þar sem er ályktað um að atvinnuleysisbætur skuli hækka upp að lægstu launum sem eru 93 þús. kr. En það örlar ekki á efndum. Framsóknarflokkurinn er búinn að fara með þessi mál í átta ár. Hann er að leggja inn á sitt þriðja kjörtímabil með félagsmálaráðuneytið í höndunum og þetta er frammistaðan. Þetta verður eitt af hinum eftirminnilegu afrekum Framsóknar til viðbótar því að leggja niður félagslega húsnæðislánakerfið og annað í þeim dúr.

Hvað er verið að gera? Það á að krukka í atvinnuleysisbæturnar. Hæstv. félmrh. lætur hafa sig í það að koma inn í Alþingi með tillögur um að skerða atvinnuleysisbætur, krukka í kerfið til þess að ná út 170 millj. Þetta er sama ríkisstjórnin og leggur til að lækka skatt á hátekjufólk. Hún telur atvinnulausa aflögufæra, t.d. atvinnulaust fiskverkafólk sem nú á að fara að senda heim upp á gamla móðinn aftur og aftur þegar hráefni skortir. Hefur hæstv. félmrh. kynnt sér að þríhliða samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð var á sínum tíma forsenda fastráðningar fiskverkafólks? Vilja menn hverfa aftur til þeirra daga þegar þetta fólk var algerlega réttlaust? Því var hent heim dögum oftar á atvinnuleysisbætur.

Ef þetta gengur eftir þá verður þetta ekki bara þannig að fólkið missir atvinnuleysisbætur eða öllu heldur laun fyrstu þrjá dagana. Næstu 57 dagar verða líka með kjaraskerðingu því það fær þá atvinnuleysisbætur en ekki fastlaunatryggingu eins og það hefur í dag með þessari þátttöku Atvinnuleysistryggingasjóðs sem greiðir ígildi atvinnuleysisbóta inn í kerfið. Það er verið að rústa þessu kerfi og það er alveg sérstaklega (Forseti hringir.) afdrifaríkt og alvarlegt í ljósi þess ástands sem við blasir í fiskvinnslu núna víða um land. Ég skora því á hæstv. félmrh. að vera maður til að taka þessa hluti til endurskoðunar.

Forseti (Þuríður Backman):

Hv. 9. þm. Suðurk. óskar að bera af sér sakir.

[16:05]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Frú forseti. Mér fannst ansi snautleg vörn hv. þm. Hjálmars Árnasonar hér áðan. Hann sakaði mig um að draga úr virðingu þingsins með ummælum héðan úr hinum háa ræðustól Alþingis. Það er alls ekki ætlun mín. Ég hef hins vegar verið að benda á hvernig stjórnarliðar hafa verið að vanvirða þingið með því að sitja ekki hér þegar mikilvægar umræður fara fram. Þeir sitja ekki undir andsvörum þegar stjórnarandstaðan er að gagnrýna þá í mikilvægum málum sem varða hagi fólksins í landinu. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum sem nýjum þingmanni.

Ég sagði áðan að nýir vendir sópuðu best. Ég vona að svo verði að við hinir nýju þingmenn sem nú setjumst á Alþingi í fyrsta sinn munum virkilega vera þess umkomnir að geta aðeins tekið hér til.

Svo er það annað, þ.e. hin fræga ferð sem hv. þm. Hjálmar Árnason er alltaf að nudda mér upp úr og segir að ég hafi þar verið að lítilsvirða þingið. Þetta er alls ekki rétt. Það sem ég átti við þar með gagnrýni minni á þá ferð var að ég óskaði eftir því að hv. sjútvn. Alþingis fengi að hitta fólkið í landinu, ekki einhverja útgerðarmenn, valda útgerðarmenn, heldur fólkið í landinu, fólkið sem vinnur við mikilvægustu atvinnugrein landsins sem er sjávarútvegurinn. Það var mín fróma ósk. En það er ósköp skiljanlegt að hv. þm. Hjálmar Árnason skilji ekki slíkar óskir.

[16:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur eiginlega lent út um víðan völl, alla vega svona í endann. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan og mér finnst að fyrirspyrjandi, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafi kosið að líta fram hjá. Fyrir dyrum stendur að taka kerfi atvinnuleysistrygginga okkar til gagngerrar endurskoðunar. Það verður gert í samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og aðila vinnumarkaðarins. Þar kemur m.a. til álita, eins og ég sagði áðan, að hækka bæturnar, að taka tillit til launa viðkomandi einstaklings sem verður atvinnulaus (**Gripið fram í:** Byrjarðu á að lækka?) og fleira.

Vegna þess að mér finnst líka gæta mikils (Gripið fram í.) misskilnings í því að þingmenn halda því fram, hugsanlega vísvitandi, að fólk eigi að lenda í skerðingu aftur og aftur þá er hér um að ræða þriggja daga skerðingu í eitt skipti á fimm árum, í þrjá daga af þeim 1.865 sem Íslendingar eiga rétt á að vera á atvinnuleysisbótum. Það eru um það bil 10 þús. kr. af 4,7 millj.

Vissulega er enginn ofsæll af þeim atvinnuleysisbótum sem við bjóðum fólki upp á. Það er þess vegna sem við ætlum að taka kerfið til endurskoðunar.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 16:09.

---

8. FUNDUR

fimmtudaginn 9. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning eins aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands, í stað Jóns Sigurðssonar bankastjóra, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.
2. Tryggingagjald, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 1. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 88. mál, þskj. 88. — 1. umr.
4. Lax- og silungsveiði o.fl., stjfrv., 111. mál, þskj. 111. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 13.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um vanda sauðfjárbænda. Málshefjandi er hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir en til andsvara verður hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Flutningur sláturfjár yfir varnarlínur, 121. mál, fsp. JÁ, þskj. 121.

Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni, 120. mál, fsp. MF, þskj. 120.

Lokuð öryggisdeild, 119. mál, fsp. MF, þskj. 119.

Samkomulag við heimilislækna, 118. mál, fsp. MF, þskj. 118.

Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, 124. mál, fsp. GHall, þskj. 124.

Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, 117. mál, fsp. MF, þskj. 117.

Virðisaukaskattur á barnavörum, 123. mál, fsp. ÖS, þskj. 123.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Landssímans.

[10:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Á forsíðu Fréttablaðsins er landslýð greint frá því að til standi að flytja hlutabréf Landssímans frá

samgrn. yfir í fjmrn. Rökin eru sögð þau að óeðlilegt sé að hluturinn sé á hendi þess aðila sem eigi að hafa eftirlit með samskiptareglum á fjarskiptamarkaði. Þetta kann að eiga við rök að styðjast. En er ekki eðlilegt að Alþingi sé upplýst um þetta? Ég vil minna á að fyrr í vikunni við umræður í þinginu var óskað eftir því að Alþingi yrði upplýst um samskipti samgrn. og fjmrn. hvað varðar arðgreiðslur frá Símanum. Við því fengust engin svör.

En í þessari frétt Fréttablaðsins segir einnig frá því að áhugi fjárfesta hafi ýtt við einkavæðingarnefnd að ganga í málið að nýju. Sannast sagna, herra forseti, fer um þessa þjóð nú orðið þegar sú nefnd kemur saman til fundar. Ég spyr hvort menn ætli ekki að draga neinn lærdóm af reynslunni af einkavæðingu ríkisbankanna því að sömu aðilar og eru komnir með eignarhald á þeim hafa lýst áhuga á Landssímanum. Ég ætla að leyfa mér að vitna í frétt Fréttablaðsins, með leyfi forseta. Hér segir:

„Framámenn í íslensku viðskiptalífi hafa mikinn áhuga á að kaupa Landssímann og hafa látið þann áhuga í ljós við einkavæðingarnefnd. Íslandsbanki og Straumur hafa látið nefndina vita af áhuga sínum, Kaupþing Búnaðarbanki hefur einnig áhuga og Opin kerfi í samstarfi við útlenda aðila en þeir höfðu mikinn áhuga á að kaupa Símann síðast þegar reynt var að selja hann. Eins benti verðbréfasvið Landsbankans á fyrir skömmu að nú væri rétti tíminn til að selja Símann og það mat hefur örugglega ekki farið fram hjá eigendum bankans. Einn eigendanna, Björgólfur Thor Björgólfsson, hefur verið að hasla sér völl á fjarskiptamarkaði og gert tilboð í samstarfi við þýska fjárfesta í búlgarska símann."

Nú velta menn því fyrir sér hvort þeir geti fengið að kaupa Landssímann í einu lagi. Þá er talað um kaupverð upp á 38–45 milljarða kr. Þetta eru þeir fjármunir sem þessir aðilar hafa handa á milli. En hvað stendur til að gera? Þarf ekki að upplýsa Alþingi um hvað vakir fyrir ríkisstjórninni og hvort hún hafi ekki dregið neinn lærdóm af einkavæðingu ríkisbankanna?

[10:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Fylgt verði eftir heimild Alþingis um sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands og þess gætt að sala fyrirtækisins fari fram þegar markaðsaðstæður eru hagstæðar og þannig tryggt að ríkissjóður fái sanngjarnt verð fyrir eign sína."

Þessi yfirlýsing var gefin út í vor að afloknum kosningum. Það lá alveg fyrir í aðdraganda þeirra hver stefna ríkisstjórnarflokkanna var í þessu máli. Það hefur verið stefna þeirra og stefna ríkisstjórnarinnar að selja Landssímann. Það kemur skýrt fram í þeim plöggum sem fylgja fjárlagafrv. að þeirri stefnu verður fylgt fast eftir þó að ekki sé gert ráð fyrir tekjum af þeirri eignasölu á þessu stigi málsins. Þess vegna þarf engum manni að koma á óvart að undirbúningur hefjist að því að selja Landssímann. Það verður auðvitað staðið að því með fullkomlega eðlilegum hætti á vegum ríkisstjórnarinnar með ráðherranefnd um einkavæðingu í broddi fylkingar og síðan einkavæðingarnefndina, sem er starfsnefnd þeirrar ráðherranefndar. Allt þetta hefur legið fyrir um langa hríð.

Það er auðvitað ómögulegt að fullyrða um hver verður kaupandi Símans. Ég hef enga hugmynd um það. Það verður væntanlega gengið í að auglýsa fyrirtækið til sölu með eðlilegum hætti. Þá gefa þeir sig fram sem hafa áhuga á að kaupa það.

Hvað varðar fyrsta atriðið sem þingmaðurinn nefndi, þ.e. spurninguna um hvar forræðið yfir hlutabréfum ríkissjóðs eigi að vera, þá hefur það verið rætt um langa hríð að það sé óeðlilegt að eftirlitsaðilinn sé jafnframt handhafi hlutabréfsins. Í þessu tilfelli er samgrn. með hvort tveggja. Það er í samræmi við grundvallarverkaskiptingu í lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands að eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum sé á forræði fjmrn. eins og aðrar eignir nema sérstaklega sé um annað samið eða ákveðið í lögum. En þetta er í samræmi við þær meginreglur sem hér gilda.

[10:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Fulltrúar Samf. gerðu á sínum tíma einmitt athugasemdir við að sama ráðuneyti færi með forræðið yfir Símanum og jafnframt eftirlit. Sú breyting sem verið var að kynna á síðum Fréttablaðsins í gær er því í fullkomnu samræmi við afstöðu Samf. Hins vegar er það alveg hárrétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það er auðvitað umhendis hjá hæstv. ríkisstjórn að kynna þau skipti með þessum hætti. Það hefði verið rétt að gera það þannig að þinginu yrði gerð grein fyrir því með öðrum hætti en því væri lekið í Fréttablaðið.

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram hér að Samfylkingin hefur mótað stefnu um sölu Landssímans. Hún er þeirrar skoðunar að það eigi að selja samkeppnisrekstur Landssímans. Hins vegar viljum við verja hlut landsbyggðarinnar og tryggja að hún nái að þróast tæknilega og á grundvelli þeirra fjarskiptabreytinga með sama hætti og þéttbýlið. Þess vegna höfum við sagt að á heppilegum tíma væri rétt að selja samkeppnisreksturinn en það á að skilja dreifikerfið frá til að landsmenn hafi allir sömu tök á því að koma sínum afurðum á sviði hugbúnaðar frá sér og sömuleiðis á að sækja sér upplýsingar.

Hins vegar finnst mér að hæstv. fjmrh. verði að gera betur grein fyrir því með hvaða hætti á að selja Símann. Hæstv. ráðherra sagði að það ætti að auglýsa hann til sölu. Ég tel, eins og hlutabréfamarkaðurinn hefur farið á allra síðustu mánuðum og missirum, að farsælt yrði, sé á annað borð er tekin ákvörðun að selja Símann, að gera það með þeim hætti að smáum fjárfestum, almennum borgurum í þessu landi, yrði gert mögulegt að fjárfesta í honum og reyna þannig að spýta nýju blóði í þennan markað sem hefur heldur farið dvínandi í þeim stórfiskaleik sem við höfum orðið vitni að.

Herra forseti. Sala Símans hefur verið eitthvert mesta klúður sem hæstv. fjmrh. hefur lent í til þessa. Ég vara hann við því að ana út í söluna jafnilla undirbúinn og sagan hefur sýnt hann gera áður.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru merkilegar vendingar í þessu máli. Nú er Samfylkingin komin með gömlu stefnu Framsfl. en það var lengi vel stefna Framsfl. að það ætti að selja Símann en skilja grunnnetið eftir. Núna er Samfylkingin sem sagt komin með þessa stefnu en Framsókn hins vegar hlaupin fyrir björg og hefur lagst flöt í málinu fyrir frjálshyggjuliðinu í Sjálfstfl. Nú bendir allt til þess að enn eitt stórslysið sé í uppsiglingu í þessu hörmulega einkavæðingarferli. Það er augljóst mál hvað er að gerast varðandi forræði málsins. Nú á að rífa það af samgrh. enda tókst það ekki sérstaklega vel síðast þegar samgrh. hafði forustuna í málinu eins og kunnugt er.

Eins og venjulega eru vinnubrögðin bara búin til jafnóðum. Reglurnar og aðferðirnar eru bara svona, fitjað upp á

þeim utan um skrokkinn og í viðtali við formann einkavæðingarnefndar í gær eða dag, sem er auðvitað alveg kostulegt, segir hann eitthvað á þá leið að nefndin sé að byrja að funda. Það fyrsta sem hún ætli að gera sé að leita að ráðgjafa. Síðan á nefndin eftir að ákveða að hve miklu leyti þetta verður kannski að einhverju leyti selt í dreifðri eign og að hve miklu leyti nefndin leitar að kjölfestufjárfesti. Það er nýyrðið fína. Er það Samson sem er í vændum þar? Er það Og Vodafone kannski? Er bara ekki einfaldast að gera þetta strax, að búa til eina ríkisvædda einokun? Það er auðvitað það sem er í uppsiglingu. Enn eitt sviðið í almannaþjónustu á Íslandi á að leggja undir fákeppnis- eða einokunarmarkað með því að einkavæða Landssímann. Það blasir við hverjum manni að það verður afleiðingin.

Svona eru vinnubrögðin öll hjá einkavæðingarnefnd þar sem formaðurinn fauk fyrir borð og varð að notast við ráðuneytisstjórann í forsrn. í staðinn. Það hefur verið svo mikið mannfall í nefndinni. Menn hafa sagt af sér hver á fætur öðrum vegna óánægju með vinnubrögðin þannig að nú er þetta bara komið inn í ríkisstjórnina sjálfa. Ráðuneytisstjórinn í forsrn. vélar um þetta. Vinnubrögðin eru auðvitað öll þannig að það þarf opinbera rannsókn á því hvernig þar hefur verið farið með eignir þjóðarinnar og allt í því sambandi.

[10:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við heyrðum sömu rulluna frá hæstv. fjmrh. og við höfum heyrt áður í tengslum við sölu á ríkiseignum. Hann sagði að hagsmuna þjóðarinnar yrði gætt í hvívetna, eða á þá lund var inntakið í svari hans.

Einmitt vegna þess hvernig til hefur tekist held ég að almenningur á Íslandi hafi áhyggjur af þessu máli. Ég vil einnig benda á það, þar sem einkavæðingarnefnd og Landssímann ber hér á góma, að þingflokkur Vinstri grænna hefur óskað eftir því að Ríkisendurskoðun geri athugun á vinnubrögðum, verklagi og stjórnskipulegri stöðu einkavæðingarnefndar. Sérstaklega verði könnuð samskipti nefndarinnar við Landssíma Íslands.

Eftir þessu var óskað formlega í janúarlok árið 2002. Við ítrekuðum þessa ósk og þetta erindi haustið 2002. Enn hefur engin skýrsla borist. Þetta er ekki fyrirspurn en ég vek athygli stjórnar þingsins á því að við höfum ekki fengið þessa skýrslu í hendur.

[10:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að það er samgrh. sem ber ábyrgð á þjónustu Landssímans og því að hann sé jafntryggur og hann efldur til að sinna fjarskiptaþjónustu um allt land.

Lítum til reynslunnar erlendis af markaðsvæðingu á raforkukerfinu á síðustu mánuðum. Í Kalifornfu hrundi hið einkavædda markaðskerfi raforkukerfisins og ríkið varð að leysa það til sín. Við höfum undanfarið heyrt fréttir af árangri af markaðsvæðingu raforkukerfisins í Skandinavíu þar sem heilu löndin og landshlutirnir urðu rafmagnslausir. Svipaðar fréttir berast frá Ítalíu og Frakklandi og orsökin er markaðsvæðing þessara fyrirtækja, þessarar þjónustu. Þegar arðsemiskrafan er sett í forgang þá hirða menn ekki lengur um viðhaldið, reksturinn eða þjónustuna.

Ég tel að ríkisstjórninni væri nær að taka markmið sín um sölu Landssímans til endurskoðunar í ljósi einkavæðingar og markaðsvæðingar slíkrar þjónustustarfsemi erlendis. Við upplifum það nú að tilkynnt er í fjölmiðlum að sala Landssímans hafi verið flutt frá samgrh. til fjmrh. Einhverra hluta vegna er samgrh. ekki lengur treyst til að fara með málið. Það sýnir nú best sambúðina innan ríkisstjórnarinnar.

Ég spyr: Hvar er Framsfl.? Ég skil alveg Sjálfstfl. sem allt vill selja og markaðsvæða. Honum finnst allt vera falt fyrir peninga. En er Framsfl. virkilega sama sinnis? Er hann það í raun? Eru það skilaboðin til þjóðarinnar að Framsfl. sé búinn að leggja alla félagshyggju og alla samhjálp til hliðar og sé reiðubúinn að skríða í markaðsvæðingarsæng íhaldsins og selja Landssímann hæstbjóðanda?

[10:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég veit að Framsfl. er ákaflega hugleikinn hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Og ég veit að stundum sér hann ekkert annað en Framsfl. Hins vegar skil ég ekki hvað hv. formanni gengur til að koma hingað og drepa á dreif fullkomlega eðlilegri og góðri umræðu eins og hv. formaður þingflokks VG gerði. Hugsanlega endurspeglar þetta einhverja spennu og valdaátök innan VG, ég veit það ekki. En að fara að ráðast á Samfylkinguna fyrir það sem hæstv. fjmrh. gerir, það skil ég ekki.

Herra forseti. Ég minnist þess að formaður VG hefur talað um að hann ætli að halda uppi harðri stjórnarandstöðu. Við sjáum hvernig hún er. Stjórnarandstaðan felst aðallega í því að berja á Samfylkingunni.

Herra forseti. Hv. þm. kemur hér upp og gerir því skóna að Samfylkingin sé að búa til einhverja stefnu núna og taka upp stefnu eftir Framsfl. Nú er það að vísu þannig að Framsfl. er ekki alvondur. Það var nú sama höndin sem skrifaði stefnuskrá hins upphaflega jafnaðarmannaflokks og Framsfl., þannig að sitthvað má kannski af þeim flokki læra.

Hins vegar er alveg ljóst að stefna Samfylkingarinnar er búin að vera svona um þriggja ára skeið og hún er nákvæmlega svona. Við teljum að heppilegt sé að selja samkeppnisrekstur Símans. Við teljum að það geti verið gott fyrir hlutabréfamarkaðinn og ef hann er seldur á réttum tíma, þá er það gott fyrir ríkið. En umfram allt er hugsanlegt að það geti spýtt nýjum vítamínum og blóði inn í þennan hugbúnaðariðnað sem hefur verið að kikna undan ofríki risans.

Við höfum hins vegar sagt: Það á ekki að selja dreifikerfið, a.m.k. ekki að svo komnu máli, vegna þess að við erum að hugsa um landsbyggðina og fyrirtækin á landsbyggðinni. Við lítum á dreifikerfið eins og þjóðvegakerfið. En það getur vel verið að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé svo upptekinn af Framsfl. og illsku hans að hann sjái það ekki að það sem Samfylkingin er að gera þarna er að verja annars vegar markaðinn og hins vegar landsbyggðina.

Og svo má nú ekki gleyma því að hv. þm. er ekki alveg hreinn þegar kemur að einkavæðingu. Var það ekki í samgönguráðherratíð hans sem menn byrjuðu á því að selja ríkisfyrirtæki?

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er ljóst að ég hef auðvitað komið alveg heiftarlega við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ég fellst á það. Það eru gríðarlegar skammir um Samfylkinguna og það er mjög ljótt, en því miður satt, að segja að Samfylkingin hefur nú tekið upp stefnu Framsfl. í símamálinu. (Gripið fram í.)

Framsfl. var mikið að vandræðast með þetta mál eins og kunnugt er og kom sér upp þeirri línu, sem að vísu var fengin að láni frá öðrum, að mögulegt væri að standa þannig að breytingum á þessu sviði að hið opinbera héldi eftir grunnnetinu. Það var ekki ný hugmynd. Strax þegar núv. forseti Alþingis, þáv. samgrh., breytti Pósti og síma í hlutafélag tók ég það mál upp og spurði: Stendur til að hlutafélagavæða grunnnetið? Þá spurði þáv. samgrh.: Grunnnetið, hvað er það? Og síðan áttum við um þetta nokkur skoðanaskipti. Þannig að hugsunin var gömul en ekki ný.

En staðreyndin er engu að síður sú að Samfylkingin er svona hálfvolg í þessu máli. Hún er bæði með og á móti því að einkavæða Landssímann, eins og heyra mátti hér, vill gera það bara öðruvísi en ríkisstjórnin. Enda er það alveg í samræmi við hinar nýju áherslur að Samfylkingin er hætt í stjórnarandstöðu og hefur tekið hér upp aðra hætti, eins og kunnugt er. (**ÖS:** Er það þess vegna sem þú styður hækkun bensíngjalds ...?) Þetta er auðvitað alveg í fullkomnum takti við það.

En ég áttaði mig ekki á að málið væri svona ofboðslega viðkvæmt í herbúðum Samfylkingarinnar að formaðurinn má hér vart kyrru halda í salnum fyrir óróleika þegar þetta ber á góma.

Málið er auðvitað grafalvarlegt, herra forseti, og það er á íhaldinu sem þarf að berja í þessu máli og vonandi getum við sameinast um það. Það er auðvitað ofstæki og trúarbragðaaðferðir Sjálfstfl., frjálshyggjunnar, sem eru höfuðmeinsemdin og auðvitað aumingjaskapur Framsfl., þessi fullkomna niðurlæging Framsfl., sem leggst á kviðinn og lætur nýfrjálshyggjuliðið valta yfir sig í hverju málinu á fætur öðru. Það er auðvitað alveg hroðalegt að horfa upp á þetta.

En ég sé nú að hæstv. heilbrrh. líður þó ekki verr en það að hann brosir.

[10:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um það hverjir hafa gengið lengst í björgin. Þeir eru nú fullfærir um að skera úr því, leiðtogar stjórnarandstöðunnar sem hér hafa tekist á.

En það eru tvö efnisatriði sem var fitjað hér upp á. Í fyrsta lagi: Er rétt að flytja forræðið yfir eignarhlut ríkisins í Landssímanum úr samgrn. yfir í fjmrn.? Svarið við því er já. Það er rétt að gera það og verið er að undirbúa það mál í samgrn. og það hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma, eins og flestum er nú væntanlega kunnugt. (Gripið fram í.)

Í öðru lagi er spurningin þessi: Á að fara að selja hlut ríkisins í Landssímanum? Svarið við því er líka já og það hefur legið fyrir um langa hríð. Það mál er í eðlilegum undirbúningi og ekkert meira um það að segja. Það liggur alveg fyrir hver stefna ríkisstjórnarinnar er í því máli. Það eina sem fram er komið í umræðunni, og er reyndar ekki nýtt, er að Vinstri grænir eru á móti því. Og hverjum þykja það tíðindi? (Gripið fram í.) Ekki mér. Ekki þykja mér það tíðindi. (**Gripið fram í:** Það eru 10% almennings.) Mér þykja það ekki tíðindi að Vinstri grænir séu á móti slíku framfaramáli, það liggur við að maður geti sagt að það sé eðli máls samkvæmt.

Tilhögun þingfundar.

[10:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Gert er ráð fyrir því að atkvæðagreiðslur verði klukkan hálftvö. Klukkan hálftvö fer fram kosning eins aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands, það er fyrsta dagskrármálið, og aðrar atkvæðagreiðslur ef umræðum verður lokið um 2., 3. eða 4. dagskrármálið.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89.

[10:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald. Frumvarp þetta er eitt af fylgifrumvörpum fjárlagafrv. næsta árs.

Í frv. er lagt til að ákvæði 4.–7. mgr. 2. gr. laga um tryggingagjald verði felld brott. Sú breyting felur í sér að heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar, er felld niður.

Með lögum nr. 148/1998, um breyting á lögum um tryggingagjald, var kveðið á um lækkun tryggingagjalds launagreiðanda um allt að 0,2%, en þó ekki meira en sem næmi 10% af iðgjaldshluta launamanns samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þessa lækkun skyldi nýta sem iðgjald launagreiðanda á móti iðgjaldi launamanns til viðbótarlífeyrissparnaðar.

Framangreind breyting á lögum um tryggingagjald var gerð í framhaldi af breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda voru rýmkaðar. Þannig var launamönnum og þeim sem unnu við sjálfstæða starfsemi heimilt frá og með 1. janúar 1999 að lækka skattskyldar tekjur sínar um allt að 2% verðu þeir fjárhæðinni til lífeyrissparnaðar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt vorið 2000 var þessi heimild hækkuð úr 2% í 4% auk þess sem heimild til lækkunar á tryggingagjaldi hækkaði úr 0,2% í 0,4%.

Meginmarkmiðið með þessum breytingum var tvíþætt, annars vegar að skapa skilyrði fyrir aukinn þjóðhagslegan sparnað og hins vegar að efla lífeyrissparnað landsmanna jafnframt því að auka vitund og sjálfsákvörðunarrétt þeirra yfir þessu sparnaðarformi. Framangreindar breytingar hafa svo sannarlega náð markmiðum sínum með vaxandi þátttöku launþega ár frá ári í þessari sparnaðarleið. Er nú svo komið að ríflega helmingur opinberra starfsmanna tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum og að því mér er best kunnugt tæpur helmingur á hinum almenna vinnumarkaði.

Af þessu má draga þá ályktun að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafi náð settu marki og vel það. Sparnaður í formi viðbótarlífeyris hefur náð góðri fótfestu meðal landsmanna sem eðlilegt sparnaðarform og því ekki lengur nein þörf sértækra ráðstafana á þessu sviði til að hvetja til sparnaðar, og því er lögð til umrædd breyting í þessu frv. Þar er lagt til að heimild til lækkunar tryggingagjalds vegna viðbótarlífeyrissparnaðar verði afnumin, en í því felst að greiðsla sú sem kemur úr ríkissjóði inn á reikninga þeirra

sem spara með þessum hætti fellur niður. Greiðsla launagreiðandans er hins vegar óbreytt, það er engin hækkun sem verður hjá honum í þessu sambandi.

Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að áfram verður í fullu gildi sá hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar sem felst í frádrætti iðgjaldsins frá skattskyldum tekjum og jafnframt sá hvati sem felst í mótframlagi vinnuveitenda. Og það er breytingin frá því að upphaflega var lögfest að ríkið legði á móti inn á reikninga viðkomandi launamanna. Sú breyting er sem sé sú að samið hefur verið á hinum frjálsa markaði og milli opinberra starfsmanna og ríkisins um að auka þetta framlag og að mótframlag komi frá vinnuveitanda. Það er því ærinn hvati fyrir hendi í þessu kerfi eins og það er í dag og þess vegna er ástæðulaust að ráðstöfun sem upphaflega var hugsuð sem tímabundin hvatning haldi endalaust áfram. Þess vegna er lagt til að það fjármagn sem hér er um að tefla og gæti numið um hálfum milljarði kr. á ári verði nýtt til annarra þarfa, samanber það sem um það segir í fjárlagafrv.

Ég legg því til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Frá því er skemmst að segja að afstaða Samf. til þessa frv. er neikvæð. Við erum á móti þessu frv. og munum greiða atkvæði gegn því.

Nú er það svo að viðbótarlífeyrissparnaðurinn, sem hæstv. fjmrh. hafði forgöngu um, er eitt af því sem best hefur tekist hjá hæstv. ráðherra. Við vitum að hluti arfleifðar verðbólguáranna hér á landi var að sparnaðarhæfi landsmanna var nánast svipt burt. Það hefur gengið ákaflega illa að fá Íslendinga til þess að spara. Nú um stundir er afar þarft að efla þjóðhagslegan sparnað. Það sem best hefur tekist er einmitt að ýta undir þennan viðbótarlífeyrissparnað hjá fólki á vinnumarkaði. Hæstv. fjmrh. upplýsti áðan að það hefði tekist ákaflega vel.

Herra forseti. Mikið vildi ég að hæstv. fjmrh. hlustaði á mig og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hann héldu einkafund sinn seinna.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég tek undir óskir hv. þm.)

Herra forseti. Það er alltaf gaman að hlusta á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson en þó miklu skemmtilegra þegar hann er í ræðustól. Ég var að lýsa því áðan, herra forseti, til upprifjunar fyrir hæstv. fjmrh., að Samf. er á móti þessu frv. Við teljum að það sé síst tímabært að leggja til afnám þessa hvata til sparnaðar sem ríkið hefur komið á gagnvart launamönnum.

Nú er það þannig að hvatinn til að taka þátt í lífeyrissparnaðinum er í reynd þrefaldur. Í fyrsta lagi er það skattfrestunin sem nemur greiðslu af iðgjöldunum. Í öðru lagi er það 2% mótframlag launagreiðandans sem felur í sér að ef starfsmaður tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði upp á 2% af tekjum sínum þá greiðir launagreiðandinn 2% til viðbótar. Ríkið hefur síðan komið inn í þetta með þeim hætti að fyrir hvert prósent sem launagreiðandinn sparar slær ríkið 0,1% af tryggingagjaldi sem færist í raun yfir á lífeyrissparnaðarreikning launamannsins.

Rökin sem hæstv. fjmrh. flytur fyrir þessu eru reyndar alls ekki út í loftið. Hæstv. ráðherra vísar til þess að vel hafi tekist til með þetta og það er rétt hjá honum. Hann greindi frá því, sem ég vissi ekki áður, að meira en helmingur opinberra starfsmanna hefur tekið þátt í þessu og um helmingur starfsmanna á almennum launamarkaði. Það sýnir að það er eftirspurn eftir þessu. Við aðrar aðstæður í samfélaginu, aðrar aðstæður í efnahagslífinu, væri þetta sennilega rétt ákvörðun hjá hæstv. fjmrh. Nú búum við hins vegar við sérstakar aðstæður.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar og ósammála Seðlabankanum að því leyti, að á næstu árum verði hagvöxtur töluvert meiri en Seðlabankinn hefur gert ráð fyrir. Ég tel að þenslan verði minni. Ég held að það sé hægt með samstilltu átaki okkar í stjórn og stjórnarandstöðu annars vegar og hins vegar afla á vinnumarkaði, að feta það einstigi sem feta þarf með agaðri hagstjórn til að hamla því að of mikil þensla verði í hagkerfinu, og það færi úr böndum þannig að verðbólgan losnaði úr þeim fjötrum sem hún er í núna og hugsanlega kæmist órói á gengið. Til þess að draga úr mögulegri þenslu þarf aukinn sparnað.

Mér segir svo hugur þegar ég skoða þau gögn sem liggja fyrir, frá hæstv. fjmrh. sem hann hefur sýnt okkur í þjóðhagsáætlun og fjárlagafrv., frá greiningardeildum bankanna og því sem Seðlabankinn hefur látið frá sér fara, að þó hér verði allt í þokkalegu standi varðandi þensluna sé óljóst hvernig verður þegar við komum fram undir lok árs 2005 og 2006. Þá verður hugsanlega mikil þensla í samfélaginu. Við eigum eftir að sjá hvernig þær stærðir þróast.

Það er fyrst og fremst tvennt sem ég hugsa um í því sambandi. Við vitum ekki hver niðurstaðan verður varðandi hækkun húsnæðislána, bæði lánshlutfalls, sem ég hef minni áhyggjur af fyrir hagkerfið, og hins hvort hámarksupphæðin verður hækkuð. Ég er viss um að í því felst umtalsverður þensluhvati í samfélaginu. Verði til viðbótar ráðist í framkvæmdir við Norðurál þá er ég smeykur um að sú braut sem hæstv. fjmrh. hefur teiknað upp kunni að grýtast mjög og verða torveldari yfirferðar. Ég held að við þurfum að búa í haginn og gera það sem hægt er til að draga úr þenslu. Eitt af því sem klárlega dregur úr þenslu og hvetur til sparnaðar er nákvæmlega þetta kerfi sem hæstv. fjmrh. kom á.

Ég tel að hér sé mikið í húfi. Þegar ég skoða hagþróun síðustu ára tel ég mig sjá að í reynd hafi orðið vatnaskil með þeirri samstillingu sem tókst um að koma í veg fyrir að verðhækkanir færu yfir rauðu strikin fyrir einu og hálfu ári síðan. Ég held að þá hafi orðið vatnaskil í hagþróun okkar. Þá tókst ákveðið samstarf sem, ef það lukkast áfram, gerir það að verkum að við getum á næstu árum skapað mikil verðmæti sem munu duga til að fjármagna af ríkisins hálfu drjúgar skattalækkanir og sömuleiðis til að hrinda í framkvæmd drjúgum hluta þeirra velferðarúrbóta sem komið hafa fram, t.d. í tillögum ASÍ og BSRB. Sömuleiðis tel ég að undir bláenda kjörtímabilsins væri einnig mögulegt að leiðrétta svolítið hlut sveitarfélaga.

Herra forseti. Við stöndum frammi fyrir einstöku tækifæri í efnahagsmálum. Það er þetta einstaka tækifæri sem ræður afstöðu Samf. til stefnunnar í efnahagsmálum og þess vegna höfum við tekið mjög jákvætt í margt sem komið hefur fram í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég óttast hins vegar að þegar líður á kjörtímabilið þá kunnum við að sigla inn í miklu meiri ólgusjó. Ég velti því fyrir mér hvort nú sé rétt að draga úr þessum hvata til aukins sparnaðar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, þó að ég skilji vel að hann sjái þarna matarholu sem nemur hálfum milljarði og vilji ná henni og þetta sé eitt af þessum stillingaratriðum í frv.: Ef við hefðum þessar 500 millj. til að hvetja launafólk til að efla sparnað, væri ekki hægt að verja þeim með öðrum hætti? Í dag er það svo að við hvert prósent sem launamaðurinn

sparar sjálfur aukreitis þá hefur hann fengið 0,1% og það byrjar að telja við fyrsta prósentið. Samtals getur þetta orðið 0,4%. Það munar verulega um þennan pening. Væri ekki hægt að fara þá leið að láta þennan hvata virka eftir að 2% er náð? Launamaðurinn mundi upp að því marki einungis láta stjórnast af skattfrestuninni af hálfu ríkisins annars vegar og hins vegar mótframlagi vinnuveitanda. En eftir það hefði hann aukinn hvata, tvöfaldan hvata á við það sem hann hefur í dag, fyrir þriðja og fjórða prósentið sem hann sparaði. Fyrir það fengi hann ekki 0,1% heldur 0,2%. Það er líklegt að ríkið mundi spara einhver hundruð milljóna króna á þessu. Ég þori ekki að fullyrða um það. En klárlega mundu ekki eins margir ráðast í að fara umfram 2%. Þetta gæti hins vegar leitt til að margir mundu láta freistast til að halda áfram sparnaðinum og fá þessar upphæðir. Þetta vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um og biðja hann að svara einhvern tíma í lok umræðunnar.

Það er sem sagt af umhyggju fyrir hagkerfinu en ekki endilega núverandi stöðu ríkissjóðs sem afstaða Samf. liggur svona fyrir. Við teljum að þó að vel hafi tekist til með þennan sparnað þá sé hlutverki hans alls ekki lokið. Það væri hægt að breyta honum til að nýta hann betur og þannig tækist okkur jafnvel að efla sparnað landsmanna og draga úr hugsanlegri ólgu þegar líður fram undir lok kjörtímabilsins.

[11:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því í mínum huga að samkomulag aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, á árunum í kringum 1970, um að hefja hér uppbyggingu lífeyrissjóða með söfnunarfyrirkomulagi, er eitt mesta gæfuspor sem við Íslendingar höfum tekið. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess í nútímanum, eftir að hafa skoðað samanburð á stöðu landa, Norðurlanda og Evrópulanda, að lífeyrissparnaðurinn í söfnunarsjóðum sé eitt af því sem geti átt eftir að skipta sköpum fyrir Ísland og lífskjör á Íslandi, sérstaklega eldri kynslóðarinnar á komandi árum og áratugum. Það mun gera Íslandi miklu léttara en ella að mæta breyttri aldurssamsetningu og býr til grunn til betra samkomulags milli kynslóðanna en ella hefði verið hægt að ná. Fróðlegt væri fyrir þá sem enn hafa allt á hornum sér gagnvart þessu kerfi að kynna sér t.d. umræðurnar í Þýskalandi undanfarin ár, um þá miklu erfiðleika sem Þjóðverjar standa frammi fyrir með sitt gegnumstreymiskerfi.

Þar af leiðandi var það ekki síður ánægjulegt, herra forseti, þegar samkomulag tókst undir lok 10. áratugar síðustu aldar, á árinu 1998 ef ég man rétt, um að festa þetta kerfi betur í sessi með nýjum lögum og gera það altækt þannig að greitt væri af öllum launum allra vinnandi manna í samtryggingarkerfi sem næmi 10% af heildartekjum og festa í sessi form fyrir frjálsan viðbótarsparnað. Sú sátt sem að hluta náðist milli mjög ólíkra hugmynda, um hvort byggja ætti á samtryggingarkerfi í söfnunarsjóðum eða algerlega frjálsum lífeyristryggingum eða lífeyrissparnaði, var mjög merk. Það var mikið gæfuspor þegar hún náðist og þar lögðu margir gjörva hönd á plóginn.

Hluti af því samkomulagi sem kom til framkvæmda í áföngum á árinu 1999–2000 og er enn að þroskast voru reglurnar um hinn frjálsa viðbótarsparnað sem byggði í raun á þríhliða samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisins í gegnum skattfrelsisákvæðin og þá hvatningu sem er til þessa sparnaðar með mótframlögum vinnuveitenda og beinni þátttöku ríkisins. Hvatningin hefur verið tvíþætt: Annars vegar skattfrestunin sem í sjálfu sér er ósköp eðlilegt fyrirkomulag hvað sköttun þessara tekna varðar, að inngreiðslurnar séu skattfrjálsar en síðan útgreiðslurnar meðhöndlaðar sem tekjur, og síðan þessi litli angi málsins sem við ræðum hér og fjmrh. gerir ekki mikið úr.

Það kann vel að vera að það muni ekki hrikta í þessu grundvallarsamkomulagi, samstöðunni um þetta mál eða að þetta valdi miklum breytingum á áhuga manna á sparnaðinum. Þetta hlýtur þó að verka mjög letjandi á atvinnurekendahliðina. Það er mjög augljóst mál. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. um hinn pólitíska bakgrunn málsins. Hvaða viðræður við aðila vinnumarkaðarins liggja að baki þessum fyrirhuguðu breytingum? Er hugsanlega verið að búa til enn eina skiptimyntina í komandi kjarasamningum eins og læðst hefur að manni og manni, að það sé verið að setja ýmiss konar skepnuskap inn í fjárlagafrv., skerðingu atvinnuleysisbóta og krukk í þetta og hitt til að eiga uppi í erminni sem skiptimynt þegar kemur að kjarasamningum, að kippa því til baka? Þarna væri náttúrlega dúsa sem upplagt væri að láta atvinnurekendur fá aftur, þ.e. hætta við þessa breytingu ef svo bæri undir.

Framsetning þessa frv. er einnig athyglisverð, herra forseti, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Er hæstv. fjmrh. ánægður með mat fjárlagaskrifstofunnar á þessu frv.? Ég las fyrst greinargerð frv. og síðan umsögn fjárlagaskrifstofunnar. Af hvorugu er neinar upplýsingar að hafa um kostnaðaráhrif málsins. Þar stendur ekki eitt orð um tekjuauka ríkissjóðs af þessum breytingum. Hvernig stendur á því? Til hvers er fjárlagaskrifstofan að fara yfir frumvörp? Er það ekki einmitt til þess að meta tekjuáhrifin á ríkissjóð?

Það skrapp upp úr hæstv. fjmrh. í framhjáhlaupi að þetta væri hálfur milljarður. Það er nefnilega það. Þetta er hálfur milljarður í tekjuauka fyrir ríkissjóð sem færist á greiðendur tryggingagjalds, gjalds sem hefur hækkað hressilega á undanförnum árum eins og kunnugt er við misjafna hrifningu. Skattbyrði á atvinnulífið hefur t.d. færst talsvert frá skattlagningu hagnaðar yfir í skattlagningu launatengds kostnaðar. Það gerðist með því að lækka stórlega álagningarprósentu tekjuskatts á lögaðila en hækka verulega tryggingagjald á sama tíma. Margir hafa miklar efasemdir um þá þróun. Hún færir augljóslega til skattbyrði af fyrirtækjum sem eru að gera upp rekstur sinn með mjög góðri afkomu yfir á þau fyrirtæki sem hafa hlutfallslega há launaútgjöld. Við vitum að launakostnaðurinn er hátt hlutfall af kostnaði fyrirtækja í matvælaiðnaði og öðrum slíkum en þessi tilfærsla kemur ákaflega vel út fyrir fyrirtæki með mikla fjárhagsveltu en lítið mannahald, fámenn fjármálafyrirtæki með mikla umsetningu. Þetta er auðvitað sérstök jólagjöf til þeirra, að lækka á þeim skattinn en hækka í staðinn launaútgjöldin.

Mér finnst, herra forseti, eins og það sé hálfpartinn verið að reyna að fela þetta hér, eða hver er ástæðan fyrir því að engar upplýsingar er að hafa, hvorki í greinargerð frv. né umsögn fjárlagaskrifstofunnar, sem er enn sérkennilegra, um það hvaða kostnaðaráhrif þetta hafi á ríkissjóð? Í raun og veru er þessi umsögn fjárlagaskrifstofunnar alveg stórmerkileg þegar hún er skoðuð betur því að hún er bara stytt endursögn á greinargerðinni. Það er ekkert nýtt í henni, ekki eitt orð, ekkert mat á því hvort þetta sé líklegt til að draga úr lífeyrissparnaði eða hvaða afleiðingar gætu orðið af þessu. Ekki einu sinni er minnst á það einu orði hvaða tekjuáhrif þetta hafi á ríkissjóð. Af því að það vill svo vel til að fjmrh. er hér til svara fyrir málið getur hann væntanlega líka tjáð sig um það hvort hann sé stoltur af þessari umsögn fjárlaga-

skrifstofunnar. Ég sé ekki annað en að það megi alveg eins sleppa því að senda henni frumvörp eins og að fá frá henni svona tuggu eins og þetta er.

Herra forseti. Eins og heyra má á máli mínu hef ég, og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, mjög miklar efasemdir um þetta mál. Það er út af fyrir sig alveg gilt sjónarmið að segja sem svo: Það var tímabundin aðgerð til að hvetja til þessa sparnaðar og koma honum á legg að ríkið tæki þátt í þessu með þeim hætti að slá af tryggingagjaldinu og greiða það inn á sparnaðinn. Þá hlýtur samt að vakna spurningin: Er rétti tíminn til að hverfa frá því núna, og það í einu skrefi, hætta því alveg? Þetta kom þannig til að fyrst komu 0,2% og síðan var fylgt eftir hækkuðum viðmiðunarmörkum með því að hækka það upp í 0,4%. Það þyrfti að koma til greina að fara þá út úr þessu í áföngum. Ég leyfi mér að halda því fram, og er þar á svipuðum nótum og hv. þm. Össur Skarphéðinsson — það hlýtur að gleðja hv. þingmann mjög að við séum þó a.m.k. tiltölulega samstiga í þessu efni (**ÖS:** Velkominn í minn hóp.) og að því leyti báðir í stjórnarandstöðu í þessu máli — að ég held að núna sé ekki rétti tíminn. Ég hef miklar efasemdir um það. Þessi viðbótarlífeyrissparnaður er tiltölulega nýr af nálinni. Fólk er að prófa þetta og það er alls ekki sjálfgefið að hann sé fastur í sessi um ókomin ár. Það ræðst af svo ýmsu og ýmsu, m.a. af því hvort fólk telur sig fá fullnægjandi ávöxtun á þennan viðbótarlífeyrissparnað. Hún hefur víða ekki verið neitt sérstaklega merkileg síðustu 1 – 2 árin, sums staðar léleg, allt niður í að vera neikvæð í einstökum tilvikum er mér kunnugt. Þess vegna gætu menn einmitt verið að meta það núna og velta því fyrir sé: Bíddu, er þetta skynsamlegt? Á ég ekki bara að hætta þessum sparnaði og fara að kaupa ríkisskuldabréf eða leggja peninginn bara inn á bestu fáanlegar bankabækur? Menn hefðu í mjög mörgum tilvikum sl. tvö ár alveg eins getað gert það hvað ávöxtun snertir. Kannski horfir eitthvað betur með hana aftur núna, a.m.k. ef marka má verulega bætta ávöxtun lífeyrissjóðanna sjálfra á sínum tekjum, þ.e. skyldusparnaðinum. En sama er, ég er alls ekki viss um að hægt sé að nálgast þetta mál með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerir, að nú sé þetta allt saman komið svo vel á legg og þátttaka almennings orðin svo mikil og almenn og föst í sessi að það sé óhætt að kippa þessu til baka. Ég er alls ekki viss um að svo sé.

Mér finnst þvert á móti að hæstv. ráðherra ætti að nálgast málið með þessari hugsun: Jú, þetta eru að vísu orðnir býsna miklir peningar, þ.e. hálfur milljarður á ári, af því að undirtektir almennings hafa verið svo gríðarlega góðar. Er það þá ekki gleðilegt og fínt og er það ekki það sem menn vildu? Jú, auðvitað. Efnahagslega er ekki nokkur minnsti vafi á því að það er mjög skynsamlegt og mjög æskilegt að þessi þróun haldi áfram. Það er mjög gott, bæði vegna framtíðarinnar þegar þarna verður á ferðinni sterkari tekjulegur grundvöllur þessa fólks þegar það fer á eftirlaun og líka vegna efnahagsástandsins í núinu og þess sem við blasir í þeim efnum. Þarna eru miklir fjármunir að fara úr umferð og færast yfir í sparnað. Er það ekki það sem alltaf er verið að tala um, að það vanti meiri sparnað á Íslandi, það sé of mikil eyðsla, of mikil neysla, of mikill viðskiptahalli? Jú. Og þetta er einmitt liður í að hamla með skynsamlegum hætti gegn því og byggja upp eignir á móti miklum og vaxandi skuldum. Heimilunum í landinu sem skulda tæp 180% af ráðstöfunartekjum veitir ekki af því að eiga einhvers staðar einhverjar eignir í handraðanum á móti. Það kemur sér mjög vel að það sé t.d. í traustum viðbótarlífeyrissparnaði. Ég hef því mjög miklar efasemdir um að þetta sé skynsamlegt eða að rétti tíminn til að fara í þessar breytingar sé a.m.k. nú. Það er dálítið merkilegt reyndar ef menn telja núna rétta tímann til þess að hverfa frá hverri hvatningaraðgerðinni á fætur annarri af þessu tagi. Má ég minna á að skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa er líka að falla niður einmitt um þessar mundir. (Gripið fram í.) Féll reyndar niður í fyrra, já, er úr sögunni í ár en nýttist vegna kaupa á fyrra ári. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hefur hann engar efasemdir um að gera þetta allt samtímis? Mér finnst svolítið merkilegt að þetta kemur allt saman frá hægri mönnum. Mér finnst þetta vera á skjön við umræðuna eins og hún er um hagstjórnarmálin, hagstjórnarvandann sem fram undan er við að halda lokinu á pottinum og allt það. Það er mjög margt, herra forseti, sem mælir með því að skoða þetta mál vandlega og velta fyrir sér hvort ekki sé hyggilegt að fara öðruvísi að. Kannski er hægt að draga upp úr hæstv. fjmrh. hér að hann mundi fallast á að efh.- og viðskn. færi rækilega ofan í saumana á því hvort endilega væri skynsamlegt að gera þetta svona. Þessu má öllu saman breyta hér áður en fjárlög verða afgreidd í desember og stilla þetta öðruvísi af en ríkisstjórnin leggur til í þessum frv. og öðrum sem þeim tengjast.

[11:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef búningurinn á frv., greinargerð þess og kostnaðarumsögn eru ekki þingmanninum að skapi. Mér þykir leitt ef hann telur sig ekki hafa fengið þær upplýsingar sem hann taldi sig eiga rétt á í þeim gögnum sem fylgja málinu en ég hlýt að benda á að upplýsingar um tekjutap af þessu máli er að finna m.a. í fjárlagafrv. þar sem getið er um þann ríflega hálfa milljarð sem gæti verið í húfi. En eitt verð ég að leiðrétta strax sem fram kom í máli þingmannsins. Hann hélt því fram, sennilega vegna misskilnings, að það væri verið að leggja auknar byrðar á launagreiðendur með þessari breytingu. Það er ekki svo. Það eina sem gerist er að þegar launagreiðandinn hefur tekið tryggingagjaldið til hliðar hættir hann að leggja þann hluta sem um er að tefla hér inn á reikning launamannsins en skilar honum í staðinn með öðrum hlutum tryggingagjaldsins í ríkissjóð. Það er ekki dregið meira af launagreiðandanum sjálfum, það er ekki um það að ræða að gjöldin sem hann þarf að borga hækki við þetta. Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi strax fram. Að öðru leyti mun ég svara þingmanninum síðar í umræðunni.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki misskilningur á ferð, heldur hef ég kannski ekki tekið nógu skýrt til orða. Ég talaði um að þetta mundi verka letjandi á launagreiðendurna. Ég tel að þeir geri mikinn greinarmun á því hvort þeir senda þetta í kassann hjá hæstv. fjmrh. Geir Hilmari Haarde eða hvort þetta er hvatningaraðgerð gagnvart starfsmönnum þeirra til að auka sparnað sinn. Það er það sem ég á við. Þetta var auðvitað hluti af þessu þríhliða samkomulagi sem ég lít svo á að hafi tekist milli aðila vinnumarkaðarins og ríkissjóðs á sínum tíma.

Það sem ég gagnrýndi varðandi forsendur frv. eru ósköp einfaldlega tekjuáhrifin á ríkissjóð. Mér finnst mjög sérkennilegt að lesa umsögn frá fjárlagaskrifstofunni þar sem ekki er minnst einu orðin á tekjuáhrifin á ríkissjóð. Til hvers er fjárlagaskrifstofan þá að skoða frv.? Man hæstv. fjmrh.

ekki hvenær það var upp tekið og hver rökstuðningurinn var? Hann var sá að fjárlagaskrifstofan fengi öll frv. til yfirlestrar þannig að það lægi alltaf fyrir þegar þau kæmu inn í þingið hvaða útgjalda- eða tekjuáhrif væri þeim samfara á ríkissjóð. Er það ekki? Er þetta ekki rétt munað? Hvernig stendur þá á því að hér kemur frv. þar sem hvorki í greinargerð fjmrh. né í umsögn fjárlagaskrifstofunnar er neinar upplýsingar um þetta að hafa? Ég veit vel að það er hægt að fara yfir í fjárlagafrv. og finna þar út með yfirlegu hvaða tekjuáhrif þetta hefur þar af því að þetta er auðvitað fylgifrv. með þeim forsendum sem fjárlagafrv. byggir á. En ég tel að í hverju frv. af þessu tagi eigi matið á tekjuáhrifunum að koma sjálfstætt fram.

[11:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að rutt er úr vegi þeim misskilningi að hér sé verið að auka álögur á launagreiðendur. Svo er að sjálfsögðu ekki. Ég hygg hins vegar að í flestum tilfellum láti þeir sig einu gilda þegar þeir innheimta tryggingagjaldið hvort þeir greiða hluta af því síðan inn á reikning launamannsins eða hvort þeir greiða það í ríkissjóð. Í það minnsta vænti ég þess að þessi breyting verði ekki til þess að launagreiðendur dragi úr hvatningu sinni til launþeganna um að leggja inn á viðbótarlífeyrissparnaðarreikninga.

Auðvitað er það staðreynd að það sparnaðarform er gríðarlega mikilvægt og heppilegt fyrir langflesta launamenn. Langsamlega flestir hafa hag af því að leggja inn á slíka reikninga þó að það geti verið breytilegt eftir aldri, vinnuumfangi og aðstæðum hvers og eins. Það breytist ekkert við þetta. Það er áfram gríðarlega hagstætt að leggja inn á þessa reikninga vegna þess að þetta eru skattfrjáls framlög og vegna þess að atvinnurekandinn leggur á móti eftir að um það var gert samkomulag milli vinnuveitenda og launþegasamtakanna.

Viðbótarlífeyrissparnaður var lögfestur sem möguleiki þegar gerðar voru grundvallarbreytingar á lífeyrissjóðalögunum 1997 en þetta fór ekki að taka við sér fyrr en ríkið ákvað að koma til móts með því framlagi sem ákveðið var frá og með 1. janúar 1999. Nú hefur það kerfi verið við lýði í fimm ár og gengið afskaplega vel eins og ég hef hér rakið og þingmenn hafa tekið undir og þá teljum við óþarfa að halda því áfram. Ég heyrði það í umræðunni hér að þingmenn skilja nákvæmlega út á hvað þetta gengur en það er mismunandi mat á því hvort þetta sé tímabært. Ég tel að þetta sé núna tímabært og þess vegna er þetta lagt fram með þessum hætti.

[11:28]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Enn á ný leggur hæstv. fjmrh. til að skattar verði hækkaðir en ekki lækkaðir þrátt fyrir fögur fyrirheit Sjálfstfl. í vor um að miklar skattalækkanir væru í vændum. Nei, núna leggur Sjálfstfl., nokkrum mánuðum síðar, til hverja tillöguna á fætur annarri um að hækka skatta. Fyrr í vikunni lagði hæstv. fjmrh. fram tillögu um að hækka þungaskattinn sem kemur sérstaklega illa niður á landsbyggðinni, bæði varðandi samkeppnisstöðu fyrirtækja og síðan vöruverð þar. Þetta eru ekki einu kosningaloforðin sem Sjálfstfl. og ríkisstjórnin vilja gleyma sem fyrst eftir kosningarnar. Nei, ég tel að frægasta kosningaloforðið sem verið er að „gleyma" sé línuívilnun sem hæstv. forsrh. lofaði nú í haust. Ég er ekki einn um þá skoðun. Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Norðvest., Einar Oddur Kristjánsson, fullyrti á fundi vestur á Ísafirði að ef línuívilnun kæmi ekki til framkvæmda nú í haust væri hæstv. forsrh. að ganga á bak orða sinna. Eins og áður segir er ég sammála hv. þingmanni.

Í hvað ætlar Sjálfstfl. að verja auknu fé? Hæstv. fjmrh., sjálfstæðismaðurinn, ver m.a. fé til þess að ríkið greiði háar upphæðir til þess að loka sláturhúsum á landsbyggðinni. Með þessu er flokkur sem gefur sig út fyrir að vera flokkur einkaframtaks að taka ákvörðun um að ríkið hagræði í atvinnugreinum landsmanna. Sjálfstfl. væri meiri sómi að því að vinna sig út úr miðstýrðu landbúnaðarkerfi og veita fólki á sjávarbyggðinni, svo sem á Bíldudal, atvinnuréttindi til þess að nýta sér nálæg fiskimið.

Virðulegi forseti. Hætt er við að þessi aðgerð sem við erum að fjalla núna um geti leitt til þess að sparnaður dragist saman og það er það sem við þurfum síst á að halda nú um þessar mundir. Almennt um tryggingagjaldið, sem ég tel að við verðum að hafa í huga, vil ég segja að það er í raun lítið annað en launaskattur sem leggst á heildarlaunagreiðslur. Launagreiðandi skilar þessari skattgreiðslu til ríkisins rétt eins og staðgreiðslu tekjuskatts af heildarlaunum. Hækkun tryggingagjaldsins minnkar það svigrúm sem atvinnurekandi hefur til að greiða launafólki laun. Eftir því sem launagreiðslur eru hærra hlutfall af kostnaði fyrirtækja leggst hækkun tryggingagjalds með meiri þunga á fyrirtækin. Þau fyrirtæki þar sem launakostnaður er lágt hlutfall, eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, munar minna um þessa hækkun. Því miður bitnar þessi hækkun oft og tíðum á minni fyrirtækjum.

Öll hækkun tryggingagjalds er í raun flatur skattur á öll laun. Tryggingagjaldið leggst að því leytinu til þyngra á launagreiðslur lágra launa vegna þess að áhrifa persónuafsláttar gætir ekki. Hækkun tryggingagjalds og það að persónuafsláttur fylgi ekki verðlagsþróun, eins og hefur gerst undanfarin ár, er í raun lítið annað en hlutfallslega auknar álögur á launagreiðslur þeirra sem hafa lægstar tekjurnar.

Öllum er ljóst að persónuafsláttur hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Það hefur margoft komið fram. Það væri því fróðlegt að fá upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. hvort tryggingagjald hafi hækkað á síðustu árum.

[11:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmann á að kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni. Ég vona að hv. þm. heyri hvað forseti segir. (Gripið fram í.)

[11:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Engu að síður vil ég að sjónarmið mín í þessu máli komi fram.

Í fyrsta lagi vil ég segja að hæstv. fjmrh. hefur að mörgu leyti sýnt mikla framsýni varðandi lífeyrissjóði og lífeyrissparnað. Hann hefur viljað styrkja undirstöður lífeyrissjóðanna og viljað stuðla að hvatningu til lífeyrissparnaðar. Einmitt þess vegna veldur þetta frv. vonbrigðum. Með því er numin brott úr lögum heimild launagreiðanda til lækkunar tryggingagjaldi sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar.

Ég er andvígur þessu af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi veldur þetta kjaraskerðingu hjá þeim einstaklingi sem í hlut á, kjaraskerðingu hjá launafólki.

Í öðru lagi. Þótt hér sé um lögbundin réttindi að ræða tengist þetta engu að síður kjarasamningum, óbeint að vísu.

En ég hefði talið eðlilegt að taka þetta mál upp í tengslum við kjarasamninga.

Í þriðja lagi tel ég rangt að gera þetta við þær aðstæður sem við búum við núna, hugsanlega þenslu í efnahagslífinu. Í stað þess að draga úr hvata til sparnaðar á að efla þann hvata. Þetta frv. gengur í þveröfuga átt.

[11:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Kannski er nú ekki miklu að bæta við það sem fram er komið um þetta mál. Það er alveg ljóst að mat manna á fyrirliggjandi aðstæðum er misjafnt. Ég tel að þau fimm ár sem þetta kerfi hefur verið við lýði hafi sýnt það og sannað að umrætt fyrirkomulag, viðbótarlífeyrissparnaður, hefur skotið hér varanlegum rótum og meðlagið úr ríkissjóði var hugsað til þess að greiða fyrir því. Það hefur sem sagt tekist. Þar með tel ég að þörfin fyrir þetta framlag úr ríkissjóði sé í rauninni brott fallin.

Ég hlýt líka að hafna því að með því að ríkissjóður ákvað einhliða að leggja til þetta fjármagn, eins og gert var hér að minni tillögu með lögum haustið 1998, þá sé nánast ekki unnt að fella þetta niður aftur nema þá í tengslum við kjarasamninga, eins og skilja mátti af ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Þingið hefur auðvitað fullt vald til að fella þetta niður alveg eins og þingið hafði fullt vald til að festa þetta ákvæði í lög.

Auðvitað má alltaf deila um hvenær rétt sé út frá efnahagslegum sjónarmiðum að gera breytingu sem þessa. Ég tel ekki að hún muni skipta sköpum í þá átt að draga úr hvatningu manna til þess að spara. Auðvitað gerir maður sér grein fyrir því að hún getur haft þar einhver áhrif. Ég vona að þau verði mjög lítil og helst engin því að auðvitað er mjög brýnt að viðhalda hér þessu sparnaðarformi eins og öðru því sem myndar hinn þjóðhagslega sparnað og við verðum að halda áfram að byggja upp á næstu árum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði einmitt að því hvort málið hefði eitthvað verið rætt við aðila vinnumarkaðarins í aðdraganda þess að þetta frv. er lagt fram á Alþingi. Svarið við því er einfaldlega nei. Það hefur ekki verið gert. Ég taldi ekki að á því væri nein sérstök þörf eða að einhver skylda væri þar fyrir hendi um slíkar viðræður. En auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt að efh.- og viðskn. leiti álits allra þeirra aðila sem telja sig þarna eiga hagsmuna að gæta.

Mikið er talað um nauðsyn þess að draga úr ríkisútgjöldum. Þau eru samsett úr litlum framlögum hér og þar, misjafnlega litlum og misjafnlega stórum. Þetta er eitt af slíkum framlögum og hér er verið að draga úr ríkisútgjöldum með því að lækka þetta. Þetta er viðleitni í þá veruna.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hvort hægt væri að breyta fyrirkomulagi þessa kerfis, t.d. þannig að framlag ríkisins kæmi ekki til skjalanna fyrr en eftir að menn væru búnir að spara kannski 2% og þá á bilinu 2–4%, í stað þess að byrja frá fyrstu krónu eins og gert er í dag. Auðvitað er allt slíkt hægt. Það má alveg hugsa sér mismunandi útfærslur á framkvæmd þessa máls. En það er ekki sú tillaga sem hér liggur fyrir af minni hálfu. Ég legg hér til að það verði bara hætt við þetta og lagðar hreinar línur í því sambandi hvað þetta atriði varðar.

Ég tel að við eigum ekki að binda okkur um aldur og ævi í fyrirkomulag sem við höfum tekið upp sem tímabundna hvatningu. Alveg það sama á við um það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi um hlutabréfaafsláttinn. Reyndar finnst mér mjög ánægjulegt að formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skuli núna tala hér eins og sá sem hefur áhyggjur af því að hlutabréfamarkaður eflist ekki og að verið sé að draga úr hvatningu manna til að kaupa sér hlutabréf. Það er gott ef hann er kominn í okkar lið í því efni.

En um það mál er það að segja að þar hefur þessi hvati verið við lýði í nokkur ár, reyndar alveg frá árinu 1984 í mismunandi mynd sem hefur þjónað sínum tilgangi. Hann hefur þjónað sínum tilgangi og hlutabéfamarkaði hér hefur m.a. vegna þessa fyrirkomulags vaxið mjög fiskur um hrygg. En þá er ekki ástæða til þess að halda því endalaust áfram að greiða með slíkum viðskiptum í formi skattafsláttar. Þetta er að hluta til sambærilegt mál. Þó er það þannig hér, herra forseti, að skattafslátturinn, hvað varðar hið frádráttarbæra iðgjald í vasa launþegans og í rekstri atvinnurekandans, heldur áfram. Þess vegna er hér áfram mjög rík hvatning til þess að spara þó svo að niður falli framlag ríkisins í þessu efni.

Ég vil að öðru leyti þakka hér fyrir undirtektirnar og góðan skilning á efni málsins þó að menn séu, eins og fram kemur, ósammála um tímasetningu og aðstæður að öðru leyti.

[11:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum í þessari umræðu farið vel yfir þetta mál og fyrir liggur að röksemdir hafa verið lagðar fram gegn þeim viðhorfum sem hæstv. ráðherra hefur og hann hefur auðvitað sín sjónarmið.

Ég vil hins vegar ítreka að ég tel að ekki sé tímabært að afnema þennan hvata. Ég hugsa að í framvindu þessa máls á þinginu muni Samfylkingin leggja fram tillögu um að hvatanum verði breytt þannig að hann komi ekki til skjalanna fyrr en komið er yfir 2%. Landsmenn hafa áfram þann mikla hvata sem er mótframlag launagreiðandans. En við þurfum á meiri sparnaði að halda, sérstaklega þegar vindur fram um kjörtímabilið. Þess vegna held ég að nota eigi þessa peninga til þess að hvetja menn til þess að spara umfram 2%. Ég get hins vegar ekki lagt mat á það á þessu stigi hversu mikil áhrif slík örvun kynni að hafa vegna þess að það helgast af því hversu hátt hlutfall af viðbótarsparnaðinum er t.d. núna í formi sparnaðar umfram 2%. En þær upplýsingar liggja ekki á lausu skilst mér.

Í annan stað, herra forseti, fannst mér hæstv. fjmrh. svolítið óheppinn að tala hér um hlutabréf og skattaívilnanir vegna þeirra. Þær voru eitt af því sem átti þátt í lyfta hlutabréfamarkaðnum á sínum tíma. Hæstv. ráðherra kemur núna og talar eins og að enn séu að verki þau lögmál sem leiddu til þess að aðgerðir ríkisins lyftu markaðnum á sínum tíma. Sá hvati var kannski ekki að öllu leyti fjarlægður en hann var minnkaður mikið. Og hvernig er hlutabréfamarkaðurinn í dag? Það er ekki nokkur maður að kaupa hlutabréf í dag. Það gera bara lífeyrissjóðir og menn sem heita Björgólfar. Það er bara þannig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 88.

[11:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. þetta er sumpart, eins og hið fyrra mál á þessum fundi, nátengt fjárlagafrv. næsta árs þó að þar sé einnig að finna önnur og almennari atriði.

Ég vil byrja á því, herra forseti, að vekja athygli þingheims á því að lögin um tekjuskatt og eignarskatt hafa nú verið endurútgefin með nýju númeri og er nú að finna í sérprentun sem lög nr. 90/2003. Eins og þingreyndir menn muna var jafnan talað um þau sem lög nr. 75/1981, sem síðan hafði verið þráfaldlega breytt, jafnvel oft á ári, og orðið löngu tímabært að grisja og laga til með endurútgáfu þeirri sem heimiluð var í lögum í fyrra og nú er orðin að veruleika. Fyrir þá sem eru vanir að vinna með þessi lög er rétt að vekja athygli á því að röð greina hefur sumpart breyst en að öðru leyti er hið mesta þjóðþrifamál að gefa út lögin með nýju númeri eins og hér hefur verið gert. Það breytir þó ekki því að eflaust þarf að halda áfram að breyta skattalögum með nýjum frv. og frv. sem hér er lagt fram í dag á þskj. 88, herra forseti., er það fyrsta sem kemur til skoðunar á Alþingi og varðar breytingar á þessum nýútgefnu lögum.

Þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði með þessu frv. má í meginatriðum skipta í fjóra þætti. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á hinum ýmsu viðmiðunarfjárhæðum laganna, svo sem persónuafslætti, sjómannaafslætti og viðmiðunum tengdum bótum og skerðingarmörkum, barnabótum, vaxtabótum o.s.frv. Lagt er til að viðmiðunarmörkin hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrv. fyrir árið 2004 eða um 2,5%.

Í öðru lagi er lögð til breyting á útreikningi vaxtabóta, nánar tiltekið hámarkshlutfalli vaxtagjalda af heildarskuldum. Með gildistöku núverandi reglna voru raunvextir af húsbréfum 6% og af lánum lífeyrissjóða 7%. Frá þeim tíma hafa vextir lækkað umtalsvert. Í dag eru húsbréfavextirnir 5% og vextir af lánum lífeyrissjóða á bilinu 5,5–6%. Í ljósi þessarar þróunar er talið eðlilegt að ofangreint hlutfall breytist í samræmi við langtímavexti af íbúðalánum. Með því verður jafnframt dregið úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði en sú skuldsetning hefur óneitanlega verið mönnum visst áhyggjuefni og þráfaldlega komið til umræðu í þingsölum.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott. Frá því að lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, voru sett hafa aðeins 14 fyrirtæki fengið leyfi til að starfa sem alþjóðleg viðskiptafélög. Þar af eru einungis 5–6 með einhverja starfsemi í dag. Yfirlýstur tilgangur umræddra laga var að efla erlenda fjárfestingu hér á landi en af þeim tölum sem ég hef rakið má ráða að áhrif umræddra laga á íslenskt atvinnulíf hafi ekki orðið þau sem vænst var.

Jafnframt hefur það gerst í millitíðinni að skattalegu umhverfi íslenskra fyrirtækja hefur verið gerbreytt, m.a. með þeirri miklu lækkun sem samþykkt var árið 2001 á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja. Raunar má halda því fram að með þeim breytingum hafi verið stigið stórt skref í þá átt að gera lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin óþörf.

Í því frv. sem nú liggur fyrir af minni hálfu er því mælt fyrir um brottfall þeirra ákvæða sem sett voru í tengslum við setningu laga nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög. Þau eru sem kunnugt er á forræði viðskrh. Nauðsynlegt þykir þó að veita þeim fyrirtækjum sem þegar eru starfandi sem alþjóðleg viðskiptafélög ákveðinn aðlögunartíma til að breyta rekstri sínum. Því er lagt til að sú breyting sem hér um ræðir komi ekki til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 2008. Jafnframt mun viðskrh. leggja fram frv. um afnám laganna um alþjóðleg viðskiptafélög þar sem lagt er til að nýjum fyrirtækjum verði ekki veitt leyfi til að starfa sem slík frá og með næstu áramótum.

Í fjórða lagi, herra forseti, er í frv. mælt fyrir um niðurfellingu hins sérstaka 5% tekjuskatts, hátekjuskattsins, í árslok 2005. Fram að þeim tíma er lagt til að hann verði lækkaður í tveimur áföngum. Samkvæmt gildandi lögum verður sérstakur tekjuskattur 5% við álagningu á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003. Hér er lagt til að við álagningu á árinu 2005 verði skatturinn 4% vegna tekna ársins 2004 og lækki síðan í 2% við álagningu á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005. Viðmiðunarfjárhæð þessa skatts eins og aðrar viðmiðunarfjárhæðir eru samkvæmt frv. hækkaðar um 2,5% frá gildandi lögum. Ég tek fram að um þessa framlengingu er gott samkomulag milli stjórnarflokkanna.

Auk þess eru í frv. lagðar til nokkrar minni háttar breytingar er varða framkvæmd laganna. Til dæmis er lagt til að heimilt verði að víkja frá meginreglunni um framtals- og skattlagningarstað þegar um það er að ræða að örðugleikar geti skapast þegar tveir skattstjórar hvor í sínu skattumdæminu koma að einu og sama málinu. Tilgangur breytinganna er að draga úr slíkum örðugleikum sem skapast kunna við álagningu, skattendurskoðun og skatteftirlit, t.d. ef fyrirtæki er staðsett í einu skattumdæmi en eigandi þess eða eigendur í öðru. Einnig er lagt til að heimilað verði að senda úrskurði skattstjóra í almennum pósti eða rafrænt í þeim tilvikum þar sem alfarið er fallist á kröfur kæranda. Tilgangur þeirrar breytingar er að draga úr þeim kostnaði sem leiðir af ábyrgðarsendingum skattyfirvalda en einnig að heimila og gera ráð fyrir þeim möguleika að kærendum verði sendir úrskurðir rafrænt eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri mun setja.

Þetta eru meginatriði frv., herra forseti, og legg ég til að því verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. þingsins.

[11:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að gera að umræðuefni eitt tiltekið atriði í frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. afnám alþjóðlegra viðskiptafélaga. Nú er það svo að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson lögðumst gegn þessu á sínum tíma og reyndar fleiri þingmenn. Við töldum að með þessu væri verið að aðstoða alþjóðleg fyrirtæki til þess að koma hingað og festa ból sitt á Íslandi og skjóta sér undan skattgreiðslum í heimalandi sínu. Í öllu falli kemur í ljós að þessi tilraun hefur algerlega mistekist og það má í sjálfu sér fagna því.

Ég minnist þess að árum saman var sérstakur fjárlagaliður þar sem verið var að veita fjármuni til að kynna þessi alþjóðlegu viðskiptafélög og til að kosta sérstakan starfsmann í viðskrn. sem sinnti þeim. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað kostaði þessi tilraun sem núna hefur runnið út í sandinn?

[11:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá þingmanninum að hér var gerð ákveðin tilraun og hún tókst ekki nógu vel. Við skulum bara viðurkenna það. Það kom ekki út úr þeirri tilraun það sem menn höfðu vænst hvað varðar stofnun alþjóðlegra viðskiptafélaga sem mundu greiða skatta samkvæmt sérstökum reglum í ríkissjóð. Til verkefnisins var varið ákveðnum fjárhæðum og gerður um það samningur við Verslunarráð Íslands að standa að tiltekinni kynningu á málinu. Ég hef það því miður ekki handbært hversu kostnaðurinn við þetta er orðinn mikill en ég geri ráð fyrir að viðskrh. geti greint frá því þegar frv. um að leggja niður lögin sjálf kemur fram. (**ÖJ:** Það eru 50 milljónir.) Að þessu leyti til er þetta frv. fylgifrv. með hinu málinu vegna þess að hér er eingöngu verið að fjalla um þau atriði sem er að finna í skattalögum og varða félögin sem um gilda sérstök lög.

[11:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður að hæstv. fjmrh. geti ekki upplýst hvað þessi vanhugsaða tilraun kostaði. Það kann að vera að einhverjir séu í salnum hérna sem geti sagt okkur frá því hversu mikið Verslunarráðið fékk til að sýsla um þessi mál, en þetta var auðvitað algerlega fordæmanleg tilraun. Það var út í hött að fara með peningana á þennan hátt að fela einhverjum aðila úti í bæ að sjá um þetta. Það mætti auðvitað velta því fyrir sér, er það þeim aðila sem þetta var falið að kenna að svona illa fór? Ekki skal ég fjölyrða um það.

Hins vegar vil ég óska hæstv. fjmrh. til hamingju með að hafa nú þegar tekið á sig rögg og afnumið þessi félög vegna þess að ef ég man rétt, þá urðu þau einmitt til þess að íslenska ríkið var sett á sérstakan svartan lista hjá OECD yfir þau lönd sem höfðu búið til óæskilegt skattaskjól. Nú getum við horfið af þeim lista og því óska ég hæstv. ráðherra og ríkisstjórn til hamingju.

[11:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá þingmanninum að Ísland hafi verið sett á sérstakan svartan lista hjá OECD. Ég þekki þau mál afar vel vegna þess að sú vinna er unnin á vegum fjmrn. Hins vegar var þetta fyrirbæri, alþjóðaviðskiptafélög á Íslandi, sett á lista yfir það sem hugsanlega gæti talist hafa skaðleg áhrif í skattalegri samkeppni milli landa. En á svarta listann fór þetta aldrei, hv. þm., og hefði sjálfsagt aldrei farið hvort sem við hefðum afnumið lögin eða ekki. En um þetta verður að sjálfsögðu sjálfstæð umræða þegar flutt verður frv. um að afnema lögin en hér er eins og ég sagði eingöngu verið að fjalla um ákvæði skattalaganna hvað þessu viðvíkur.

[11:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í frv. er fjallað um ýmsar skerðingar á heimili og fjölskyldur sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir og það er auðvitað í órafjarlægð frá þeim kosningaloforðum sem stjórnarflokkarnir, einkum Sjálfstfl. gaf kjósendum í síðustu kosningum. Það er kannski ekki síst af þeim ástæðum sem þeir nú sitja að völdum því að of margir trúðu að þeir mundu standa við stóru orðin í skattamálum.

Um hvað er verið að tala þegar við tölum um skattalækkanir hjá ríkisstjórnarflokkunum? Þeir segja að einhvern tíma undir lok kjörtímabilsins muni skattar lækka um 20 milljarða. En hver voru loforðin? Hægt er að rifja upp landsfund Sjálfstfl. sem talaði um skattalækkanir upp á 21–22 milljarða kr. Það kom fram í Morgunblaðinu í marsmánuði sl. Skyndilega hækkuðu þeir síðan skattaloforðin upp í 27–28 milljarða þegar þeir uppgötvuðu að ekki var gert ráð fyrir að skattleysismörkin hækkuðu í takt við launabreytingar. Þegar þeir standa frammi fyrir raunveruleikanum er aðeins um að ræða 20 milljarða kr. einhvern tíma undir lok kjörtímabilsins.

Það vita auðvitað allir og sjálfstæðismenn ættu að vita það manna best þó að þeir virðist hafa gleymt því núna þegar þeir eru komnir til þings að forsrh. lofaði fyrir þeirra hönd að í upphafi þings yrðu settar fram tímasettar áætlanir um það hvenær skattalækkanirnar kæmu til framkvæmda. Talað var um að lækka virðisaukaskatt af matvælum, helminga skattþrep í erfðafjárskatti, afnema eignarskatt og hækka barnabætur. Við sjáum ekki neitt um þetta í fjárlagafrv.

Hækkunin frá 22 milljörðum upp í 28 milljarða eins og ég sagði var sérstaklega skýrð með því að margítrekað var að skattleysismörkin áttu að halda í við það að tekjuskattur yrði lækkaður um 4% og skattleysismörk áttu þá að fara í 77–78 þús. kr. Nauðsynlegt er að hafa þetta allt í huga því að það er afar sérkennilegt að vera að fjalla um skattahækkanir ríkisstjórnarinnar á þessum tímapunkti en ekki skattalækkanir. Síðan er látið að því liggja að skattalækkanir geti hugsanlega komið í staðinn fyrir launahækkanir eða verið einhvers konar skiptimynt í kjarasamningum. Allt þetta kemur ofan á það sem birtist í frv. sem við fjöllum um núna að verið er að þrengja að vaxtabótakerfinu. Barnabæturnar eru óbreyttar og við sjáum í fjárlagafrv. ýmsar kostnaðarhækkanir í heilbrigðiskerfinu sem eru ekkert annað en dulbúnar skattahækkanir eins og í þjónustugjöldum í heilbrigðiskerfinu og hækkun á lyfjakostnaði. Við sjáum þetta í framlengingu á hátekjuskattinum sem ég hélt að væri sérstakt hugðarefni nýrra þingmanna Sjálfstfl. að mundi falla úr gildi nú um áramótin og við sjáum loforðin birtast í því að verið er að þyngja byrðarnar á þeim sem síst skyldi eins og að lækka atvinnuleysisbæturnar, aumar 77 þús. kr. sem atvinnulausir fá á mánuði sem allir vita að duga ekki fyrir framfærslu og hafa setið eftir á sl. kjörtímabili, en þær eru lækkaðar þegar atvinnulausir fara á atvinnuleysisskrá fyrstu þrjá dagana um hvorki meira né minna en 10 þús. kr. og fara niður í 66 þús., 11% lækkun á atvinnuleysisbótum hjá þeim sem síst skyldi. Full ástæða er til, herra forseti, að rifja upp þau skattaloforð sem stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir þegar við erum núna að fjalla um skattahækkanir í stað skattalækkana.

Byrjað var á því sem ég skal ekki fara mörgum orðum um sem var rætt í gær að hækka skattana um 1 milljarð á heimilin í landinu gegnum hækkun á bíla og bensín. Mjög athyglisverðar tölur hafa komið fram um það mál frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda og mér þótti athyglisvert að lesa Morgunblaðið í morgun að meira að segja virðist svo vera sem Morgunblaðinu sé farið að blöskra því að sérstakur leiðari er tekinn undir þessar auknu álögur á bifreiðaeigendur. En í fjölmiðlum nýlega kom fram hjá Runólfi Ólafssyni, framkvæmdastjóra FÍB, að hér sé um að ræða að með þessu verði skattbyrði af eldsneyti og bílum í nýjum hæðum og talar hann um 32 milljarða og það segir Runólfur vera 100% þyngri skattbyrði en lögð var á bifreiðaeigendur þegar Davíð Oddsson settist í Stjórnarráðið fyrir 12 árum. Til samanburðar getur hann þess að verðbólga á sama tíma hafi verið um 50%.

Síðan hefur komið fram að þetta er auðvitað ekkert annað en skattahækkun þegar um er að ræða 8–12 þús. kr. hækk-

un að meðaltali á ári á hvern bíleiganda. Ég minnist þess ekki að hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh. eða aðrir frambjóðendur Sjálfstfl. hafi boðað þessa hækkun sérstaklega í síðustu kosningum. Þannig er ávallt komið í bakið á kjósendum að loknum kosningum og merkilegt að stjórnarflokkarnir skuli halda velli og að kjósendur séu ekki farnir að sjá í gegnum blekkingavef þeirra.

Í þessu frv. er lögð til aðeins 2,5% hækkun á persónuafslætti, barnabótum og vaxtabótum. Það vekur auðvitað athygli að einungis er miðað við 2,5% hækkun þegar áætlað er að almenn launahækkun opinberra starfsmanna í fjárlagafrv. verði 3%. Hver er skýring hæstv. ráðherra á því að einungis er miðað við 2,5% þegar gert er ráð fyrir í frv. að almenn launahækkun opinberra starfsmanna verði 3% og að launavísitala hækki um 5% í fjárlagafrv.? Persónuafsláttur-inn hefur fylgt almennum umsömdum launahækkunum eða taxtahækkunum og því er ljóst að um er að ræða aukna skattbyrði umfram það sem verið hefur ef einungis á að miða við 2,5%, og væri æskilegt að hæstv. fjmrh. veitti nánari skýringu á þessu við umræðuna.

Ef miða á við 2,5% verðlagsbreytingar hækkar persónuafsláttur-inn aðeins um 500–600 kr. og fer úr rúmlega 26.800 á mánuði og hækkar því lítillega, fer í 27.495 úr 26.820 ef ég er með réttar tölur hér. 1% hækkun á persónuafslætti er um 600 millj. kr. og ef við erum að tala um 2,5%, þá er hækkunin um 1,5 milljarðar en ef miðað er við launavísitölu ættu að vera um 3 milljarðar í hækkun á þessum lið.

Herra forseti. Hér er ekkert annað á ferðinni en skatta-hækkanir sem bitna verst á lægst launaða fólkinu, lífeyris-þegum og atvinnulausum.

Þegar maður lítur til barnabótanna, þá er gert ráð fyrir óbreyttri krónutölu milli ára í frv. og ég spyr um skýringu á því hvers vegna sú tala er óbreytt þegar gert er ráð fyrir að barnabæturnar taki verðlagshækkunum sem nema 2,5% eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Auðvitað er þetta eins og annað í algeru ósamræmi við landsfundarályktanir Sjálfstfl. en þar var kveðið á um að tekjutenging barnabóta yrði með öllu afnumin. Er ekkert að marka þessar landsfundarályktan-ir Sjálfstfl.? Hverju á fólk að trúa þegar landsfundur Sjálfstfl. kemur saman og segir að afnema eigi allar tekjutengingar á barnabótum og svo þegar raunveruleikinn kemur í ljós, er um að ræða óbreytta krónutölu í fjárlagafrv.?

Ef við skoðum barnabætur síðasta árs og fjárhæðir sem til þeirra er varið á síðasta ári samanborið við árið 1995, áður en þessi ríkisstjórn tók við, þá vantaði á síðasta ári nærri 1.200 millj. kr. til að þær héldu raungildi sínu eins og þær voru á árinu 1995. Þá voru ótekjutengdar barnabætur greiddar með öllum börnum til 16 ára aldurs og vantar verulega á að það sé núna. Einhvern tímann var það reiknað út að á kjörtíma-bilinu, eða frá 1995, væri búið að skerða barnabæturnar um 10 milljarða kr. Það er því langt í land enn að barnabæturnar eða það fjármagn sem varið er til þeirra haldi því raungildi sem var á árinu 1995 og væri fróðlegt að fá fram hver eru áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar barnabætur. Þetta er nú mikið hugðarefni framsóknarmanna þó að þeir hafi ekki staðið við það sem þeir lofuðu á síðasta kjörtímabili í því efni, og spurningin er núna hvort framsóknarmenn ætli að halda sig við sama heygarðshornið og svíkja kjósendur líka á þessu kjörtímabili. Á að hækka barnabæturnar þannig að þær verði greiddar ótekjutengdar með öllum börnum að 18 ára aldri eða hvers er að vænta í þessu efni?

Ég vil fara nokkrum orðum um vaxtabæturnar. Mér finnast rökin sem hæstv. fjmrh. setur fram fyrir lækkun vaxtabóta afar sérkennileg en þær eiga að lækka um, ef ég mann rétt, 600 millj. kr. Rökin eru þau að raunvextir langtímalána hafi lækkað verulega. Síðan segir að þegar ákveðið hafi verið að taka viðmiðunina upp árið 1993 hafi raunvextir á húsbréfum verið 6% og af lánum lífeyrissjóða 7% og nú séu húsbréfa-vextir 5% og vextir af lánum lífeyrissjóða 5,5–6%. Þetta eru sem sagt rökin að vextir á langtímalánum hafi lækkað verulega á síðustu tíu árum. En það hlýtur að segja sig sjálft, sem ekki er þá getið um í greinargerð með frv., að ef vextir hafa lækkað á þessum tíu árum, þá hljóta vaxtagjöldin vænt-anlega að hafa lækkað líka og þar með vaxtabæturnar. Síðan vantar auðvitað ýmsar aðrar stærðir inn í þetta eins og að meðallán, t.d. húsbréfalán, hafa hækkað verulega á þessum tíma en þó í engu samræmi við verðlagsbreytingar. Þannig voru meðalhúsbréfalán vegna notaðra íbúða rúmar 2,8 millj. á árinu 1993 en 3,7 millj. árið 2003 eða 32% hækkun og meðallán vegna nýbygginga voru 2,6 millj. árið 1993 en eru í dag tæpar 5 millj. vegna nýbygginga eða 85% hækkun. Þetta hlýtur auðvitað að hafa áhrif á skuldsetningu heimilanna og þar með vaxtabætur. Og því til viðbótar, herra forseti, sem er nauðsynlegt að halda til haga, hafa verið gífurlegar hækkanir á fasteignum og ef við skoðun hækkunina frá ágúst 1993 til ágúst 2003, eða 10 ára tímabili, þá hefur meðalfer-metraverð á öllu húsnæði í fjölbýli hækkað um 85%. Það hlýtur auðvitað að koma fram í aukningu á skuldsetningu og þar með vaxtabótum. Ég sé því engin rök fyrir því að fara þá leið sem hæstv. ráðherra gerir og mér finnst hann halda utan við rökin sem hann teflir fram fyrir þessari skerðingu á vaxtabótum því sem máli skiptir sem er hækkun á lánum og gífurlegar hækkanir á verði á fasteignum. Síðan því til viðbótar, af því að hæstv. ráðherra nefnir vaxtalækkanir sem rökin til þess að lækka vaxtabætur, þá er ekkert tillit tekið til þessara miklu verðhækkana og líka mikilla vaxtahækkana í félagslega íbúðakerfinu þar sem vextir vegna viðbótarlána eru 5,6% en vextir í félagslega íbúðakerfinu voru 2,4%. Þetta eru vaxtahækkanir en ekki vaxtalækkanir sem gefa þá varla tilefni til þess að lækka vaxtabæturnar.

Skuldaaukning fjölda heimila er af þessum tvennum toga; vegna mikilla verðhækkana á íbúðarhúsnæði eða um 85% og hækkana hjá fjölda fólks sem áður átti félagslega eignaríbúð á vöxtum þeirra úr 2,4% en það greiðir nú 5,6% vexti þannig að þetta eru auðvitað bara gervirök sem verið er að búa til til þess að finna einhverja leið til þess að skerða vaxtabætur, skerða kjör heimilanna til þess að fá meiri pening inn í ríkissjóð.

Síðan má spyrja, herra forseti, hvaða áhrif þetta hef-ur. Hverjir lenda í þessu? Eftir því sem ég hef skoðað og aflað upplýsinga um, þá mun þetta hafa veruleg áhrif á 2.300–2.400 einstaklinga sem fá vaxtabætur. Ég er hér með dæmi af hjónum sem eru með eignarskattsstofn upp á 2–3 millj. og þessi hjón eru með tekjur á bilinu 3–4 millj. kr. Miðað við 5,5% af skuldum þeirra í staðinn fyrir 7% nemur skerðing á vaxtabótum þeirra 17 þús. kr. Það munar um það, herra forseti, og þetta er auðvitað bein kjaraskerðing hjá þessu fólki þegar verið er að fara þessa leið. Og ef við tökum fólk með tekjur á bilinu 4–5 millj. og sama eignar-skattsstofn upp á 2–3 millj., þá er skerðingin á vaxtabótum vegna þeirrar leiðar sem ríkisstjórnin hefur valið um 26 þús. kr. Þegar maður lítur til þess hvernig meðaltal vaxtabóta er hjá þessu fólki horft til atvinnutekna og heildarskulda vegna íbúðarhúsnæðis skipt yfir á tíundir hjá þeim sem fá

vaxtabætur, þá eru vaxtabætur mjög svipaðar hjá þeim sem hafa lægstu tekjurnar og þeim sem hafa hæstu tekjurnar þannig að vaxtabætur eru ekkert endilega að renna frekar til hátekjufólks en til lágtekjufólks. Eftirstöðvar af skuldum þeirra sem eru með vaxtabætur eru frá tæpum 4 millj. upp í 7,5 millj. kr. Herra forseti. Mér finnst því skorta öll rök fyrir að fara þessa leið sem hæstv. fjmrh. ætlar að fara.

Síðan kemur hátekjuskatturinn. Ég man ekki betur en þegar hæstv. fjmrh. og forsrh. voru spurðir um þennan skatt í kosningunum, að þá hafi svarað verið á þann veg að það væri auðvitað sjálfgefið að hann rynni út um áramótin og ég býst við því að nýr hv. þm., 10. þm. Reykv. n., Sigurður Kári Kristjánsson, hafi trúað á því að hátekjuskatturinn mundi falla niður núna um áramótin. Ég býst líka við því að hv. þm. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s., hafi trúað því að hátekjuskatturinn félli niður um áramótin og það verður fróðlegt að sjá hvernig þessir hv. þingmenn munu greiða þessu frv. atkvæði. En nú er hann framlengdur og á að stiglækka í 4% á næsta ári og í 2% árið 2005 og þá á hann að falla niður. Þetta á að gefa ríkissjóði um 80 millj. á næsta ári en greiðendur sérstaks tekjuskatts við álagningu 2003 voru tæplega 14.600. Þetta er ekki stór hópur af þeim sem greiða útsvar, eða um 6,8% af þeim sem greiða útsvar greiða hátekjuskattinn. En þar sem tekjumörk sérstaks tekjuskatts hækka minna en launabreytingar þá má gera ráð fyrir að greiðendum sérstaks tekjuskatts muni fjölga. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki hafi komið til greina að hækka tekjumörkin, sérstaklega hjá einstaklingum vegna þess að þau eru alls ekki há, þau eru um 340 þús. kr. á mánuði en þá byrjar hátekjuskatturinn að tikka, en um 680 þús. kr. hjá hjónum sem er verulega há fjárhæð kannski um 7–8 millj. á ári, en mér finnst tekjumörkin frekar lág varðandi einstaklingana og hefði átt að skoða að hækka þau. Samfylkingin vill að þessi skattur hverfi en við höfum setið hjá þegar greitt hefur verið um hann atkvæði á síðustu þingum þar sem ríkisstjórnin hefur ekki haft burði til þess að lækka skatt á fólki með lægstu tekjurnar, atvinnulausu og tekjulágu fólki með um 90–100 þús. kr. á mánuði. Við teljum það vera forgangsverkefni að skoða skattalækkanir á þessa hópa.

Síðan væri forvitnilegt að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það áður en þessari umræðu lýkur hver eru áform hans varðandi stimpilgjöldin. Því hefur verið marglofað og var lofað á síðasta kjörtímabili að fella niður stimpilgjöld í áföngum og ég sé ekki að þess sjái stað í því fjárlagafrv. eða í þeim frv. sem hafa verið boðuð á þessu þingi.

[12:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sannast sagna hef ég nokkrar áhyggjur af þessu skattalækkunartali. Ég vil leiðrétta mig og segja virðulegi forseti eða hæstv. forseti þar sem kona er í forsetastóli og biðst velvirðingar á því að hafa orðað ávarpið með þessum hætti. En svo að ég taki upp þráðinn þar sem ég byrjaði, þá hef ég nokkrar áhyggjur af þessu skattalækkunartali. Menn koma hér upp og brigsla ríkisstjórninni um svik í þeim efnum. Ég hef hins vegar litið svo á að skattalækkun sé ávísun á niðurskurð á opinberri þjónustu og komi til með að veikja undirstöður velferðarkerfisins í landinu.

Ég minnist þess að í kosningabaráttunni hótaði Sjálfstfl. að skerða tekjur sveitarfélaga og ríkisins, hins opinbera, um 28 milljarða ef ég man rétt. Hótun Framsfl. nam 20 milljörðum. Samfylkingin talaði um skerðingu upp á 15 eða 16 milljarða. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum ekki skerða tekjur ríkisins og sveitarfélaganna vegna þess að við óttuðumst að niðurskurðarhnífnum yrði beitt þar sem síst skyldi, innan heilbrigðiskerfis, innan menntakerfis, eða á aðra þætti velferðarþjónustunnar þar sem mikill skortur er á fjármunum.

Hins vegar velti ég því fyrir mér hvort til sé einhver málamiðlun. Nú liggur það fyrir að ríkisstjórnin ætli að lækka skattstigið um 20 milljarða á ári, að því er ég fæ best skilið, og ég velti því fyrir mér hvort til sé einhver málamiðlun. Ef þetta er orðinn hinn pólitíski veruleiki þarf að taka skattkerfið allt upp og endurskoða það frá grunni, að hinir tekjulægstu og millitekjuhóparnir fái meira í sinn hlut, fái ríkari skattaívilnanir en þeir sem hafa hæstu tekjurnar. Í þessu frv. er byrjað á þveröfugum enda. Það er byrjað á því að lækka skattana hjá þeim sem eru tekjuhæstir því að gert er ráð fyrir að draga, að vísu í áföngum, úr hátekjuskattinum. Í sjálfu sér finnst mér hann ekkert heilagri en margt annað í þessu kerfi. En ef við ætlum að taka á skattbreytingum tel ég að við þurfum að gera það heildstætt. Við þurfum að taka annars vegar skattana, tekjuskattana, og hins vegar millifærslurnar, bæturnar sem svo eru nefndar, heildstætt til skoðunar. Ég velti því fyrir mér hvort til sé einhver millileið í því efni og get upplýst að það hefur m.a. verið rætt á vettvangi samtaka launafólks og vísa ég þar í skattatillögur sem voru kynntar af hálfu BSRB sl. vor og verða kynntar nánar útfærðar innan ekki langs tíma.

Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi nefna í sambandi við þetta frv. og leggja áherslu á að ég er andvígur því að taka út eina mikilvægustu breytuna, lækkun á hátekjuskatti, og vek athygli á því og minni á að þetta er gert á sama tíma og ríkisstjórnin ætlar að stela 10 þús. kr. frá atvinnulausu fólki. Þetta er ein fyrsta stjórnarathöfn þessarar ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. að hlunnfara atvinnulaust fólk um 10 þús. kr. í upphafi atvinnuleysistímans, fólk sem stendur nánast veikast í þjóðfélaginu, tekjulega og félagslega.

Ég hef beint því áður úr ræðustóli til hæstv. ríkisstjórnar að hún taki þessa ákvörðun til endurskoðunar því að ég trúi ekki að óreyndu að hún ætli að hrinda henni í framkvæmd. Þetta á að sjálfsögðu eftir að ganga til nefndar og ef hugboð mitt reynist rétt mun þetta einnig verða tekið upp á vettvangi verkalýðshreyfingar í tengslum við samninga.

Síðan er í þessu frv. gert ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir vegna tekjuskatts, eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga. Þriðja atriðið eða meginatriðið sem þetta frv. tekur á lýtur að vaxtabótum. Þar er talað um skerðingu. Einnig finnst mér ástæða til að skoða vaxtabótakerfið í miklu víðara samhengi. Ég hef verið talsmaður þess að vaxtabætur og húsaleigubætur verði endurskoðaðar og komið á fót samræmdu húsnæðisbótakerfi. Það sem ríkisstjórnin gerir hins vegar með þessu frv. er að rífa vaxtabæturnar út úr öllu þessu stóra samhengi með það fyrir augum að skerða þær. Röksemdin sem reidd er fram í tengslum við þetta er sú að vextir hafi farið lækkandi og í greinargerð með frv. er rakið hvernig það hafi gerst því að hér segir, með leyfi forseta:

„Þegar ákveðið var að taka viðmiðunina upp árið 1993 voru raunvextir af húsbréfum 6% og af lánum lífeyrissjóða 7%. Frá þeim tíma hafa vextir lækkað umtalsvert og nú eru húsbréfavextir 5% og vextir af lánum lífeyrissjóða um 5,5–6%.“

Eftir stendur að vextir eru háir og fólk þarf að leita á rándýran lánamarkaðinn eftir fjármagni á uppsprengdu verði.

Það þekkjum við og þarf ekki að tíunda það fyrir landsmönnum. Þeir þekkja það á eigin buddu hvernig vaxtaokrið vinnur á fjárhagnum. Þannig að ég tel óeðlilegt að taka vaxtabótakerfið til skoðunar á svo þröngan hátt sem hér má sjá. Og aftur segi ég að við eigum að taka skattkerfið og millifærslukerfið heildstætt til skoðunar í stað þess að ráðast í svona bútasaum sem er allur á einn veg.

Síðan var nokkuð vikið að því í umræðunni hvert verði hlutskipti hinna alþjóðlegu viðskiptafélaga, sem ríkisstjórnin hefur verið að gera tilraun með í samvinnu við Verslunarráðið. Það var spurt hve mikið þetta hefði kostað. Ef ég man rétt, þá erum við að tala um 45–50 millj. sem þetta tilraunaverkefni kostaði og hefur ekki borið nokkurn einasta árangur. Ég hef margoft tekið þetta mál upp á þingi og beint fyrirspurnum til hæstv. viðskrh. Lengi vel var fátt um svör. Ég vísaði yfirleitt í rannsóknir sem voru gerðar á vegum OECD á skaðlegri skattasamkeppni sem svo var kölluð og í kjölfar rannsóknanna kom OECD með tillögur og ábendingar til ýmissa ríkja sem ekki hlýddu lágmarksskilyrðum. Það var Sviss, Lúxemborg og eyjur á Ermarsundinu, Guernsey og önnur slík gósenlönd sem Landsbankinn t.d. hefur flutt starfsemi sína til. Eins og greint var frá í frægu viðtali sem einn af landsbankastjórunum úttalaði sig um í Morgunblaðinu á sínum tíma væri skiljanlegt að menn vildu hafa leynd yfir sínum persónulegum málum. Þess vegna var eðlilegt að flytja starfsemi bankanna inn í slíkar paradísir. Ísland var tekið sérstaklega til skoðunar af hálfu OECD, hvort það stæðist þessar reglur, grunnreglur, sem OECD var að vinna að. Mönnum þótti ástæða til að athuga þetta tilraunaverkefni, gæluverkefni viðskrn. og Verslunarráðsins. En fyrir þá sem ekki til þekkja þá er kveðið á um það í lögum varðandi alþjóðlegu viðskiptafélögin að þau greiði mun lægri skatta en önnur fyrirtæki, 5% tekjuskatt og eru síðan undanskilin ýmsum öðrum ákvæðum. Nema það er skemmst frá því að segja að OECD sá ástæðu til að taka viðskiptafélögin til sérstakrar athugunar og ég sakna þess svolítið í greinargerð með þessu frv. að við skulum ekki upplýst nánar um hvernig. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að við hefðum ekki komist á svarta listann, en við vorum engu að síður í athugun hjá OECD um að við kynnum að vera brotleg við tilraunir Efnahags- og framfarastofnunarinnar um að stemma stigu við skaðlegri skattasamkeppni.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni. Öll meginsjónarmið mín í þessu máli hafa hér með komið fram. Þetta frv. á eftir að fara til efh.- og viðskn. þingsins þar sem ég á sæti. Þar verður málið að sjálfsögðu skoðað í þaula og leitað álits frá samtökum launafólks og öðrum aðilum sem þetta frv. snertir. En ég legg áherslu á að breytingar á skattkerfinu á að skoða heildstætt. Enn vek ég athygli á þessu hrikalega samhengi á milli, annars vegar þeirrar tillögu sem fram er komin í ríkisstjórn að stela 10 þús. kr. af atvinnulausu fólki, því fólki sem minnst má við kjaraskerðingu, á sama tíma og hátekjuskatturinn er lækkaður. Þetta samhengi hlutanna held ég að engin ríkisstjórn, jafnvel ekki sú sem nú situr, geti verið stolt af.

[12:27]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Kosningabaráttan síðastliðið vor var eftirminnileg fyrir margar sakir. Það er þó ekki ofsögum sagt að hún hafi meira og minna snúist um skattamál þegar á hólminn var komið. Það má meira að segja fullyrða, með góðum rökum, að hinn tæpi stjórnarmeirihluti ríkisstjórnarinnar hafi náðst með loforði um skattalækkanir. Í kosningabaráttunni bentu margir manni oft á að stjórnarflokkarnir byðu einfaldlega mestar skattalækkanir og því mundu þeir fá þeirra atkvæði. Nú kemur hins vegar þetta val fólksins í bakið á því. Nú ætlar ríkisstjórnin að svíkja kosningaloforð sín um skattalækkanir og er nú talað á allt öðrum nótum en var gert í kosningabaráttunni.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á nefnilega ekki að lækka skatta heldur hækka þá. Stjórnarflokkarnir hafa hengt sig í 80 millj. kr. skattalækkun á svokölluðum hátekjuskatti af miklum rembingi og monti. En það sem sjálfstæðismenn, framsóknarmenn og jafnvel sumir fjölmiðlar virðast ekki átta sig á er að hátekjuskatturinn hefði runnið sitt skeið á enda í lok ársins ef ekkert hefði verið gert. Þannig er hin rausnarlega skattalækkun upp á 80 millj. kr. í raun 1.400 millj. kr. skattahækkun á millistéttina í landinu. Það er pólitísk ákvörðun þessarar ríkisstjórnar að setja á svokallaðan hátekjuskatt næstu tvö árin sem ella hefði ekki lagst á millitekjufólkið í landinu. Það er ekki skattalækkun að leggja á skatt sem hefði annars ekki verið lagður á, þótt hann sé eilítið lægri en hann var. Eina skattalækkun ríkisstjórnarinnar er því í raun skattahækkun. Nú hefur hæstv. fjmrh. staðfest það að gott samkomulag hafi verið á milli Sjálfstfl. og Framsfl. um að standa fyrir þessari skattahækkun. Síðan má einnig minnast á 1 milljarðs kr. skattahækkun á bensíni og þungaskatti og skerðingu vaxtabóta um 600 millj. kr.

Það sannast nú sem við í Samfylkingunni sögðum í kosningabaráttunni að Sjálfstfl. er skattahækkanaflokkur þegar til kastanna kemur. Það er eitt stjórnmálaafl í landinu sem boðar hreinar og klárar skattalækkanir þetta árið og það er Samfylkingin. Samfylkingin hefur boðað helmingslækkun á virðisaukaskatti á matvælum sem mundi færa íslenskum heimilum um 5 milljarða kr. Maður hefði nú haldið að þessari hugmynd yrði tekið fagnandi hjá ýmsum þingmönnum ríkisstjórnarinnar, sérstaklega hinum nýju og ungu þingmönnum Sjálfstfl. sem margir hverjir voru hreinlega kosnir út á loforð þeirra um skattalækkanir. En aldeilis ekki. Nú segja þessir hv. þm. að þeir geti ekki stutt slíkar skattalækkanir þar sem þær eru ekki á þeirra forsendum. Hvers lags málflutningur er þetta eiginlega? Annaðhvort styður maður skattalækkanir eða ekki. Síðan benda þessir nýju þingmenn á að þeir vilji bíða eftir skattapakka ríkisstjórnarinnar, sem kemur ekki fyrr en 2005 að hennar eigin sögn. Það er kannski ágætt að vita að þessir ungu herramenn munu ekki styðja neinar skattalækkanir fyrr en a.m.k. eftir tvö ár. Það væri nú gaman að heyra viðbrögð frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna um svör fulltrúa þeirra á þingi. Það á ekki að skipta nokkru máli hvaðan skattalækkanir koma ef maður meinar það sem maður segir. En það er ekki nóg með að þessir sjálfskipuðu siðapostular frjálshyggjunnar neiti að styðja skattalækkanir, þótt þeim séu færðar þær upp í hendurnar, þá heyrist ekki bofs í þeim um skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Við í Samfylkingunni héldum að við gætum átt bandamenn í sumum þessara nýju þingmanna við að lækka skatta og álögur, af nógu er að taka, en svo er augljóslega ekki.

Sjálfstfl. var ekki lengi að beygja þessa ungu menn undir flokkslínuna, það er aðeins rétt vika liðin frá þingsetningu og þess vegna harma ég sérstaklega viðbrögð þessa hóps þingmanna.

[12:32]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. 10. þm. Reykv. s., Ágústs Ólafs Ágústssonar, og veitti því sérstaka athygli að hann virtist lýsa því yfir fyrir hönd Samf. að hún vildi fella niður hátekjuskatt þegar um næstu áramót. Mér finnst þetta athyglisverð yfirlýsing. Ekki var hægt að skilja ummæli hv. þm. öðruvísi þar sem hann veittist mjög að Sjálfstfl. fyrir að svo skyldi ekki gert. Nema hv. þm. hafi talað undir rós og hagað orðum sínum með þeim hætti að þau yrðu greinilega misskilin en þá er heldur ekki hreinn hugur á bak við þau ummæli.

[12:33]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég var að benda á í máli mínu var að það væri meðvituð pólitísk ákvörðun að framlengja hinn svokallaða hátekjuskatt þvert á loforð ríkisstjórnarinnar. Samf. hefur sagt að hún er ekki talsmaður þess að við höfum sérstakan hátekjuskatt að því marki sem hann er núna. Það sem við fordæmum hins vegar eru svikin kosningaloforð sem við gerum okkur grein fyrir að stuðluðu að sigri þessarar ríkisstjórnar í síðustu kosningum.

Hins vegar áttum við okkur á því að stjórnmál eru ætíð spurning um forgangsröðun. Það er sérstaklega ámælisvert að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er þessi litla 80 millj. kr. skattalækkun eins og þeir kalla hana sem er í raun skattahækkun eins og ég benti á í máli mínu á meðan ekkert er að gerast á öðrum sviðum sem kalla á miklu ríkari skattalækkanir og miklu meiri athygli ríkisstjórnarinnar. Það tel ég vera ámælisvert.

[12:34]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég virðist nú vita betur en hv. þm. hver hefur verið afstaða Samf. fram að þessu til hátekjuskatts eftir hans ummælum hér áðan. En ég hygg á hinn bóginn að hv. þm. reyni enn að koma því til skila til þeirra sem þannig vilja hugsa að nú sé Samfylkingin á móti hátekjuskatti. Það eru kannski áhrif frá hv. þm. inn í þingflokk Samf. að hún hefur breytt svo um skoðun.

[12:35]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að hv. þm. sé einfaldlega að snúa út úr meginatriði í málflutningi mínum sem snerist um þá pólitísku ákvörðun að framlengja hátekjuskattinn.

Samf. hefur sagt að þurfum að forgangsraða í þágu mannúðar og menntunar. Hvað felst í því? Í því felst ekki þessi litla viðleitni ríkisstjórnarinnar til skattalækkana sem snýr að hátekjuskattinum. Við teljum að af nógu sé að taka annars staðar. Við teljum að svigrúm ríkisstjórnarinnar til skattalækkana sé til staðar.

Við höfum boðað metnaðarfullar tillögur í að lækka skatta á matvælum sem eins og fram kom í máli mínu hefur ekki notið stuðnings Sjálfstfl. eða annarra stjórnarflokka af þeirri skringilegu ástæðu að þær séu ekki á þeirra forsendum. Þess vegna tel ég framferði ýmissa þingmanna, sérstaklega í Sjálfstfl. sem hafa gefið sig út fyrir að vera skattalækkunarsinnar, mjög skrýtið í ljósi þeirra ákvarðana sem nú liggja fyrir hjá ríkisstjórninni.

[12:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér finnst berast óvenjulegur tónn úr herbúðum stjórnarandstöðunnar, einkum Samf., í umræðunni um skattamál. Þeir hafa greinilega valið þann kostinn að tala eins og þeir séu meiri skattalækkunarflokkur en ríkisstjórnin, þeir leggi meiri áherslu á að lækka skatta og hraðar en stjórnarflokkarnir. Þeir gefa til kynna að munurinn á milli þeirra og stjórnarflokkanna sé einkum fólginn í því að þeir vilji hafa lægri skatta en lagt er til af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það eru út af fyrir sig skýr pólitísk skilaboð og mér finnst tilhlökkunarefni að kljást við Samf. á þeim forsendum, sérstaklega þegar menn koma að því að þurfa að taka afstöðu til þess hvernig eigi að afla tekna fyrir ýmsum útgjöldum. Ég veit að af hálfu Samf. eru ýmsar hugmyndir um aukin útgjöld á mörgum sviðum sem auðvitað þarf að afla tekna til.

Það eru nefnilega tvær hliðar á skattaumræðu, ekki bara tekjuhlið heldur líka útgjaldahlið. Þær verða auðvitað að spila saman. Ég er ekki viss um að hinir kappsfullu ungu talsmenn Samf. fyrir hröðum og miklum skattalækkunum verði jafnúrræðagóðir í umræðunum þegar kemur að því að afla tekna fyrir þeim útgjöldum sem þeir vildu gjarnan hafa hærri en ríkisstjórnin leggur til.

Ég vil nefna eitt sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Hann talaði fyrir lækkun á virðisaukaskatti. Ég get tekið undir það sjónarmið af hans hálfu. Ég tel að lækkun virðisaukaskatts sé ákaflega skynsamleg aðgerð til að auka kaupmátt almennings. Hún hefur þann kost að hún er líkleg til að dreifa lækkuninni jafnar eftir tekjum viðtakanda en almenn prósentulækkun, t.d. tekjuskatts. Þannig má ætla að lágtekjufólk muni njóta góðs af lækkun virðisaukaskatts í ríkari mæli en hópar með hærri tekjur. Ég bendi á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er einmitt kveðið á um að taka virðisaukaskattinn til athugunar í sambandi við skattalækkanaáform ríkisstjórnarinnar. Ég skil það svo að stjórnarflokkarnir séu sammála um að vinna að lækkun á virðisaukaskatti. Ég held að þau skeyti sem þingmaðurinn sendi héðan úr ræðustól hvað það varðar, að tilteknum þingmönnum, hafi ekki verið makleg í ljósi þess sem fyrir liggur.

Ég vil víkja að tveimur atriðum í þessu frv. og mun gera grein fyrir öðrum sjónarmiðum en fram koma í frv.

Í fyrsta lagi varðandi vaxtabætur. Í frv. er lagt til að lækka þá fjárhæð vaxtagjalda sem hver framteljandi getur talið fram úr 7% af skuldum niður í 5,5% af skuldum. Þetta er töluvert mikil lækkun, um 12% lækkun fjárhæðarinnar sem myndar stofn til vaxtabóta. Ég verð að segja að rökin sem færð eru fyrir þessari tillögu eru ekki nægilega sannfærandi að mínu mati. Rökin fyrir þessari tillögu eru fyrst og fremst þau að draga þurfi úr hvata til skuldsetningar hjá heimilunum. Ég er ekki viss um að þessi röksemdafærsla standist nákvæma skoðun.

Bæði kemur hún illa við þá sem þegar hafa stofnað til skulda á grundvelli þeirra laga sem voru í gildi þegar viðkomandi gerðu skuldbindingar sínar. Og sá sem hefur keypt sér íbúð á þessum forsendum, að hámark vaxtagjalda væri 7% af fjárhæð skulda, á enga möguleika á að bregðast við þessari lækkun nema þá að selja íbúð sína og stofna til nýrra kaupa á öðrum forsendum. En það hljóta hv. þingmenn að vera sammála um, að það er ákaflega óheppilegt að gera breytingar eftir á á þeim skilmálum sem voru í gildi þegar menn réðust í fjárfestingu. Almennt er ekki æskilegt að menn geri svona breytingar eftir á sem viðkomandi sem í hlut eiga eiga ekki möguleika á að sjá fyrir. Það mælir á móti því að gera breytingu af þessu tagi.

Í öðru lagi. Hafi raunvextir lækkað sem vissulega er rétt, a.m.k. í sumum tilvikum, þá er ekki þar með sagt að það hafi endilega lækkað vaxtakostnaðinn hjá viðkomandi íbúðareigenda. Hvað varðar húsnæðislánin eða fasteignaveðbréf hjá Íbúðarlánasjóði þá er ávöxtunarkrafan ákvörðuð í upphafi og vaxtaprósentan þar með þannig að henni verður ekkert breytt. Þó að ávöxtunarkrafan lækki síðar eins og gerst hefur þá hefur það ekki áhrif á þann sem keypti eða seldi þetta fasteignabréf á sínum tíma. Þannig hefur ekki orðið nein lækkun á vaxtagjöldum viðkomandi aðila. Hví skyldi ríkið þá draga úr þeim stuðningi sem stóð til boða þegar viðkomandi tók sína ákvörðun?

Enn fremur ber að athuga að þar sem raunvextir hafa lækkað hefur það leitt til lægri vaxtagjalda hjá viðkomandi íbúðarkaupanda og þar af leiðandi til lægri útgjalda ríkissjóðs. Ríkið hefur í raun notið góðs af þeim breytingum nú þegar. Ég átta mig ekki alveg á þeirri röksemdafærslu sem færð er fyrir tillögunni í frv.

Ég held að menn þurfi að skoða þetta vandlega í nefnd. Efh.- og viðskn. þarf að fá ítarlegar upplýsingar um hvaða áhrif þessi tillaga kann að hafa og hvernig þau áhrif yrðu eftir mismunandi tekjuhópum.

Ég vil síðan nefna atriði sem menn þurfa að velta fyrir sér í þessu samhengi. Mun þessi röksemdafærsla hafa áhrif á þær fyrirætlanir að hækka lán Íbúðarlánasjóðs upp í 90%? Sú breyting hefur þau áhrif að þeir sem stofna til skulda geti skuldað meira en þeir gera í dag vegna þess að í heildina tekið verður vaxtakostnaður lægri og fyrir sömu mánaðarlegar greiðslur geta menn skuldað hærri fjárhæðir. Þannig að ef við hækkum þessi lán má leiða að því rök að sú breyting stuðli að því að auka skuldsetningu heimilanna. Erum við þá að segja, með því að beita þeim rökum hér í frv. að við ætlum að vinna gegn frekari skuldasetningu heimilanna, að þar með falli veigamiklar röksemdir fyrir öðrum fyrirætlunum? Við þurfum auðvitað að skoða þetta mál í samhengi, hvaða áhrif rökin sem við beitum í þessu frv. kunni að hafa á aðrar ætlanir ríkisstjórnarinnar.

Hitt atriðið sem ég vil nefna stuttlega, því ég hef þegar gert grein fyrir sjónarmiðum mínum varðandi hátekjuskattinn, er að ég er almennt á þeirri skoðun að það eigi að dreifa skattlagningu eftir efnum og ástæðum og að núverandi kerfi tekjuskatts þar sem tekjuskattur er ein ákveðin prósenta með hátekjuskattinum, gangi allt of skammt í þá veru. Af heildartekjum sem ríkið aflar með því að leggja á tekjuskatt koma 98% af almenna prósentuþrepinu sem er eins fyrir alla. Það eru aðeins 2% af þeirri fjárhæð sem ríkið aflar sér með tekjuskatti sem koma af hinum sérstaka tekjuskatti sem kallaður er hátekjuskattur í daglegu tali.

Með því að hafa svona lítinn mun leggjum við þungann á tekjuöflunina á almennar tekjur. Ég hefði viljað sjá að við færum meira í þá átt að draga úr þunganum á tekjuöfluninni á almennu skatttekjurnar og færa meira yfir á háu tekjurnar. Það er sú pólitíska stefna sem ég hefði viljað taka og vil tala fyrir, hvort sem það er á þessum vettvangi eða öðrum. En frv. gengur í alveg öfuga átt, það gengur í þá átt að draga úr skattlagningu á háu tekjurnar. Og það er einkum tvennt sem menn hafa gert á undanförnum tveimur árum til að draga úr þessari skattlagningu á háu tekjurnar, það er annars vegar að frítekjumark til sérstaka tekjuskattsins hefur verið hækkað mjög mikið, yfir 20% eða nákvæmlega um 21,7%, og svo hitt að prósentan hefur verið lækkuð úr 7% í 5%, og nú er lagt til að hún lækki niður í 4% og síðan 2% og síðan falli þessi skattur niður.

Nú þegar má segja að áhrifin af því að hækka frítekjumarkið eins mikið og gert var og prósentuna, þýði að tekjurnar sem áætlaðar eru á næsta ári verða ekki nema um 1.400 millj. af hátekjuþrepinu en hefðu verið um eða yfir 3 milljarðar kr. ef menn hefðu haft óbreyttar forsendur frá því sem var fyrir tveimur árum. Þannig að það er búið að draga verulega úr skattlagningu á háar tekjur nú þegar. Og ef við skoðum hverjir það eru sem borga sérstaka tekjuskattinn eftir dreifingu skattgreiðenda í tekjuhópa þá kemur í ljós samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. að það er aðeins 10% tekjuhæsti hluti framteljenda sem er að borga þennan skatt. Það er bara úr þeim hópi sem sérstakur tekjuskattur leggst á. Þannig að 90% framteljenda hafa tekjur undir þeim mörkum sem sérstakur tekjuskattur miðast við.

Það má segja að það er sannarlega hátekjuskattur að leggja þennan skatt aðeins á efstu 10 prósentin. En það þýðir líka að við þurfum að leggja meiri tekjuskatt á hina sem neðar eru í almenna þrepinu, vegna þess að auðvitað spilar þetta saman því það er heildartekjuöflunin sem skiptir máli fyrir ríkissjóð. En ríkisstjórnin hefur komið sér saman um þessar tillögur og að sjálfsögðu munum við skoða þær í meðförum þingsins.

Herra forseti. Það eru svo sem fleiri atriði sem vert er að fjalla um í þessu frv. en ég held ég láti þetta duga og nefni að síðustu fjármagnstekjuskattinn og ítreki þau sjónarmið mín að ég er á þeirri skoðun að minnka eigi muninn á skattlagningu fjármagns annars vegar og skattlagningu atvinnutekna hins vegar. Og ég er, svo merkilegt sem það nú er, algjörlega sammála Kåre Willoch, fyrrverandi formanni norska hægri flokksins, sem hefur kveðið upp úr með skoðanir sínar í þeim efnum nýlega, þar sem hann gagnrýnir mjög harkalega þennan mikla mun sem er á skattlagningu fjármagnstekna annars vegar og atvinnutekna hins vegar og telur að menn séu með því að senda þau pólitísku skilaboð að fjármagnið sé vinnunni eitthvað göfugra eða æðra og telur það siðferðilega ekki verjandi sjónarmið. Og er þó munurinn á skattlagninu fjármagnstekna og atvinnutekna mun minni í Noregi en hann er hér á landi. Þannig að ég ítreka þau sjónarmið mín sem ég lét koma hér fram í umræðunni í síðustu viku að ég tel að menn eigi að skoða það að hækka fjármagnstekjuskattinn og draga úr muninum á skattlagningu fjármagns annars vegar og atvinnutekna hins vegar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:52]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Einkavæðing orkuveitna og orsakir rafmagnsleysis, 122. mál, fsp. SJS, þskj. 122.

Störf einkavæðingarnefndar, 115. mál, beiðni GAK o.fl. um skýrslu, þskj. 115.

Kosning eins aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands, í stað Jóns Sigurðssonar bankastjóra, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 26. gr. l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Vandi sauðfjárbænda.

[13:33]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Í samningi landbrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands við Bændasamtök Íslands um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum frá 11. mars árið 2000 eru settar fram eftirfarandi markmiðsgreinar, með leyfi forseta:

„Að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,

að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,

að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,

að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,

að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt."

Eðlilegt er að samningsaðilar hafi sett mikilvægasta markmiðið í fyrirrúm við samningsgerðina, þ.e. að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda. Það er hins vegar ljóst að leiðin sem valin hefur verið að því marki er kolröng því að greinin á nú í meiri erfiðleikum en nokkru sinni fyrr og sauðfjárbændur eru eina stétt landsins sem í heild má kalla fátæka. Hnignun greinarinnar mun að óbreyttu hafa í för með sér alvarlega byggðaröskun með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir mörg byggðarlög sem eru veikburða fyrir. Þær skyldur sem lagðar eru á herðar bændum að selja erlendis þriðjung framleiðslu sinnar eru einsdæmi í íslensku atvinnulífi og örugglega þótt víðar væri leitað. Jafnframt er með því lögð mikil pressa á sláturleyfishafa sem neyðast til að leggja í stórkostlegar fjárfestingar til að fullnægja kröfum viðskiptaaðila sinna. Ekki nóg með það, heldur telja forstöðumenn eins stærsta sláturhúss landsins sig munu þurfa að framkvæma fyrir 10–20 millj. árlega til að halda leyfinu. Verð sem bændur fá fyrir kjöt sem flutt er á Ameríkumarkað er 120–150 kr. fyrir kíló og það nægir ekki fyrir breytilegum kostnaði. Eftir því sem mér var tjáð í gærkvöldi hefur verðið lækkað síðan í fyrra. Aðrir markaðir eru svipaðir eða lítið eitt skárri þrátt fyrir að aðeins besta kjötið, hryggir, læri og fituminnsta kjötið, fari á markaði erlendis. Afgangurinn er á borðum okkar Íslendinga og spillir fyrir á besta markaðnum, þeim íslenska. Það er dagljóst að útflutningsskyldan er hengingaról um háls smærri bænda.

Annað markmið samningsins sem einnig hefur brugðist er að ná skuli jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Formaður landbn. mun ætíð hafa haldið því fram að samningurinn væri framleiðsluhvetjandi, sem hefur komið í ljós, og það er reyndar athyglisvert að formaður nefndarinnar talaði um þennan samning eins og um stjórnarandstæðing væri að ræða á fjölmennum bændafundi Samfylkingarinnar á Hellu sl. mánudagskvöld. Formaðurinn er reyndar sauðfjárbóndi og gerir sér grein fyrir bláköldum veruleikanum.

Hæstv. forseti. Það er ekki ástæða til að halda að það hafi verið vilji landbrh. að svo færi með sauðfjárbúskap sem raun er orðin, enda hefur hann, eins og kunnugt er, sett á fót nefnd til að bregðast við neyðarástandi innan stéttarinnar. Sú nefnd á að skila niðurstöðum fljótlega og mun því væntanlega aðeins taka á bráðavanda greinarinnar. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvað hyggst ráðherra aðhafast til að tryggja að sauðfjárbændur geti áfram gegnt sínu mikilvæga hlutverki við að halda landinu í byggð? Telur ráðherra verjandi að skylda eina starfsstétt í landinu til að flytja allt að 38% framleiðslu sinnar á markað þar sem verðlag dugir ekki fyrir breytilegum kostnaði við framleiðsluna og bera því allan kostnað sjálfa? Telur ráðherra líklegt að útflutningur lambakjöts geti í náinni framtíð skilað bændum viðunandi verði fyrir framleiðslu sína og jafnframt staðið undir 10–20 millj. kr. árlegum kostnaði útflutningssláturhúsa við að halda útflutningsleyfi?

[13:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu og mjög góð viðhorf til sveitanna og skilning á því að afkoma og þróun sauðfjárbúskapar ræður miklu um þróun byggðarinnar í framtíðinni. Það gleður mig líka að heyra að Samfylkingin hefur ekki bara gott hjartalag heldur einnig góðan skilning á þessum þætti landbúnaðarins og stöðu hinna dreifðu byggða.

Á síðustu 12–15 árum hefur ör tækniþróun og breytingar á búháttum, tæknibylting hér innan lands, samþjöppun í framleiðslu á hvítu kjöti og ekki síst minnkandi ríkisstuðningur við landbúnað gert það að verkum að búin stækka og þeim fækkar sem stunda matvælaframleiðsluna. Til dæmis var fjöldi greiðslumarkshafa eftirfarandi:

Í kúabúum 1995 864, 2001 705, hafði fækkað um 27 á ári.

Í blönduðum búskap, með ær og kýr, voru 459 bú 1995, 268 2001, hafði fækkað á ári um 32.

Í sauðfjárbúskap hreinum 1995 1.904 bú, 2001 1.506, hafði fækkað um 66 bú á ári.

Enn eru margir í sauðfé að framleiða of lítið til þess að ná launum. Útflutningsuppbætur voru slegnar af með sauðfjársamningnum 1990. Það hafði mikil áhrif á þróunina.

Ríkisstuðningur á síðustu tveimur áratugum við landbúnað hefur dregist saman sem hlutfall heildarútgjalda ríkissjóðs úr 12% í fjárlögunum í rúm 4%. Á sama tíma hefur verð á landbúnaðarafurðum lækkað til neytenda og er nú svo komið að útgjöld vísitölufjölskyldunnar til matarkaupa sem hlutfall af heildarútgjöldum hefur lækkað úr 25% í 15%, þ.e. um 40%. Allir búvörusamningar sem gerðir hafa verið hafa miðað að því að bændur hefðu lífskjör eins og aðrir

þjóðfélagsþegnar, atvinnugreinin þróaðist og búin stækkuðu. Sauðfjárbændur eru að litlum hluta eingöngu í því starfi, þeir sækja afkomu sína í aðrar búgreinar, í aðra atvinnu, þó að auðvitað séu þeir margir sem hafa ekkert annað sem lífsviðurværi sitt. Sauðfjárræktin er að stórum hluta aukabúgrein. Ung hjón sem í dag ætluðu eingöngu að búa með sauðfé og hafa lífskjör eins og verðlag er í dag, eins og viðmiðunarstéttir, þyrftu að búa sennilega með allt að því eitt þúsund vetrarfóðraðar ær.

Ég hef því sem landbrh. horft mjög til þess fjölþætta hlutverks landbúnaðarins, vil skapa ný atvinnutækifæri, bæði í landbúnaði og með öðrum hætti, skógrækt, landgræðslu, ferðaþjónustu, hestamennsku eða atvinnusókn, kornið ásamt átaki í upplýsingatækni í dreifbýli sem lið í því að efla samkeppnishæfni sveita þessa lands.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki dregið dul á það að vandi sauðfjárbænda er mikill. Verðlækkun sauðfjárafurða á innanlandsmarkaði upp á 8–10% er staðreynd og þessi lækkun stafar fyrst og fremst af offramboði á kjöti, ekki hvað síst af svína- og kjúklingakjöti. Offramboð og neyslubreyting innan lands hafa orðið til þess að flytja þarf á erlenda markaði hærra hlutfall af kindakjötsframleiðslu en verið hefur til margra ára en markaðsverð erlendis er verulega lægra en fæst fyrir dilkakjöt á innanlandsmarkaði. Hins vegar eru það bændurnir sjálfir sem gera sína samninga. Þeir hafa óskað eftir því að hafa það með þeim hætti að það væri félagsleg aðgerð hversu mikið magn yrði flutt á erlendan markað.

Staða sauðfjárbænda er ekki þannig að þeir þoli verulegan tekjusamdrátt. Því er mér ljóst að leita verður allra leiða til að tryggja sauðfjárbændum viðunandi rekstrarumhverfi og afkomu. Þess vegna skipaði ég núna í byrjun hausts nefnd til þess að fara yfir þessa stöðu. Hún mun skila mér tillögum á næstu vikum og þá mun ég ræða þær í ríkisstjórn og hér á hinu háa Alþingi.

Samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ber ráðherra að ákveða útflutningshlutfall kindakjöts að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Mér hefur alltaf fundist spurning hvort það ætti að vera hlutverk landbrh. að marka það hvað af magninu á að fara á innanlandsmarkað og hvað til útlanda. Það væri eðlilegt að stéttin sjálf bæri á því alla ábyrgð.

Það er erfitt að fullyrða um það hvort útflutningur lambakjöts geti skilað bændum viðunandi verði. Þar koma til margir þættir, svo sem verð á erlendum mörkuðum, almennt efnahagsástand, gengisskráning, veðurfar o.fl. Á síðustu 4–5 árum hafa menn verið að selja þessa vöru á hæsta verði sem kjöt er selt á í heiminum, í Bandaríkjunum, á Ítalíu og í Danmörku, og þeir markaðir lofa vissulega góðu. Verð hefur verið hækkandi (Forseti hringir.) og varan nýtur vaxandi eftirspurnar. Ég vil ekki slá á það, það er á kostnað bændanna, þeir fá lægra verð þar fyrir afurðir sínar og eru að þróa þessa markaði. Ég vil að þeir hafi frelsi til þess.

Hæstv. forseti. Það er mér mikið mál (Forseti hringir.) að njóta ráða þingsins og fara yfir þessa nýju stöðu og erfiðu sem sauðfjárbændurnir í landinu standa nú frammi fyrir.

[13:43]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Það hefur legið fyrir um nokkurra ára skeið að staða sauðfjárbænda væri að veikjast, í fyrsta lagi tekjulega og einnig sem atvinnugreinar. Mjög margir þættir hafa haft áhrif á þessa þróun en nú er staða flestra sauðfjárbænda orðin svo veik að ekki verður vikist undan því að nú þegar verði gripið til bráðaaðgerða til að verja kjör sauðfjárbænda svo að ráðrúm skapist til að móta framtíðarstefnu í málefnum landbúnaðarins eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað fyrir.

Frú forseti. Hvers vegna þarf að verja afkomu sauðfjárbænda með opinberum aðgerðum? Það er nauðsynlegt til þess að halda uppi byggð og búskap í landinu til langrar framtíðar. Sauðfjárbúskapur er undirstaða búsetu í mörgum landshlutum og má ætla að erfitt eða ómögulegt verði að finna jafnstöðugan atvinnurekstur eða aðra atvinnustarfsemi sem gæti komið í hans stað víða um land. Ef meiri grisjun verður á sauðfjárbúum verður erfiðara fyrir þá sauðfjárbændur sem eftir eru að halda áfram við búskap og eins mun það hafa víðtæk félagsleg áhrif fyrir aðra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi og veikja rekstrargrunn ýmissa fyrirtækja og þjónustu á viðkomandi svæði. Erfiður rekstur afurðastöðvanna hefur haft mikil áhrif á sauðfjárbúskapinn og það mun ekki bæta stöðu sauðfjárbænda að fækka enn afurðastöðvunum undir formerkjum hagræðingar í rekstri nokkurra stórra stöðva. Langur akstur með sláturfé og flutningar yfir sauðfjárvarnalínur er neikvætt á margan hátt og ættum við að horfa til þess að auðvelda bændum að reka sjálfir afurðastöðvar og möguleika á rekstri smærri afurðastöðva í heimabyggð.

[13:45]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Enginn skyldi efast um að forustumönnum bænda, sem stóðu fyrir síðasta sauðfjársamningi, hafi af einlægni gengið það til að styrkja sauðfjárræktina og standa að henni þannig að hún gæti blómgast. Margir í þinginu hjálpuðu til við að þessi samningur gæti gengið fram og studdum við hann og styrktum eins og við gátum. Forsenda samningsins var hins vegar sú von að verðlag á innlendum jafnt sem útflutningsmarkaði mundi standast miklu betur en raunin hefur verið. Það hefur alls ekki staðist á nokkurn hátt sem við settum til grundvallar þessum samningi, hvorki innan lands né erlendis. Þessar grunnforsendur eru ekki til staðar. Við sem stóðum fyrir þessu og styrktum þetta berum ábyrgðina á þessum samningi og það þýðir ekki annað fyrir okkur en að horfast í augu við staðreyndirnar. Þær eru þannig að afkoma bænda er slæm.

Í fjárlagafrumvarpinu á bls. 112, lið 04-805, er stuðningur við sauðfjárræktina með niðurstöðutölu 2.610 millj. kr. Þar af eru til beingreiðsluhafa 1.602 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég get ekki metið stöðuna öðruvísi. Það er kaldranalegt að þurfa að segja það en að mínu mati höfum við enga aðra möguleika en að taka allar þessar greiðslur, allar 2.610 milljónirnar og færa inn til beingreiðsluhafanna. Það eru þau atvinnuréttindi sem við erum að verja. Við verðum að verja það sem hægt er að verja í stað þess að láta atvinnugreinina alla fara fyrir borð, sjá hana leysast upp í fátækt og verða að engu. Með því að styrkja beingreiðsluhafana erum við að tryggja að sauðfjárræktin eigin sér framtíð.

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sauðfjárbændur þola ekki tekjusamdráttinn árum saman. Í desember sagði ég um vandann varðandi sölumál kindakjötsframleiðslunnar að stuðla yrði að því að flutt yrðu út 400–500 tonn af dilkakjöti til viðbótar við það sem gert var ráð fyrir árið 2002. Þá var ætlunin að

flytja út 1.700–1.800 tonn. Ef hæstv. landbrh. hefði brugðist við væri málið ekki eins erfitt fyrir sauðfjárbændur nú. Útflutningsskyldan sem skerðir tekjur bænda væri minni.

Sem betur fer hefur útflutningur kindakjöts aukist á undanförnum árum. Hann var rúm 800 tonn 1999, en eins og áður sagði um 1.700–1.800 tonn árið 2002. Miðað við markaðsstöðuna á kjötmarkaðnum og mikla framleiðslu svína- og kjúklingabænda hefur dilkakjötssalan auðvitað verið erfið. Framboðið hefur valdið verðlækkunum á afurðum. Það hefur aukið samkeppni við kindakjötsframleiðsluna og eru allar horfur á að einnig í haust sitjum við uppi með meira af dilkakjöti en æskilegt væri.

Rétt hefði verið að horfa til framtíðar á síðastliðnu hausti og gera sér grein fyrir vandanum. Það var tímabært fyrir ráðherrann síðasta haust að skoða í alvöru hvort ekki væri hægt að leysa fyrirsjáanlegan vanda, m.a. með því að stuðla að útflutningi á meira kjöti, ella safnaðist dilkakjötið fyrir. Kannski þarf að setja í það einhverja fjármuni en ég held að við verðum að horfast í augu við að vandinn er til staðar. Við verðum að takast á við að leysa hann.

Virðulegi forseti. Frjálslyndi flokkurinn telur að breyta þurfi beingreiðslum í landbúnaði. Draga þarf úr framleiðsluhvatanum en jafnframt tryggja að bændur haldi tekjum sínum. Ég held að sú stefna gæti fækkað þeim vandamálum sem við búum við.

[13:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er um tvennt að velja, að halda áfram að berja höfðinu við steininn og setja allt sitt traust á búvörusamninginn frá árinu 2000 eða að viðurkenna að forsendur samningsins eru brostnar, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur nú gert. Við þurfum að grípa til ráðstafana í samræmi við þá niðurstöðu. Það er gott að hæstv. landbrh. skuli hafa stofnað nefnd en hæstv. ráðherra hefur setið í ráðuneytinu í fjögur ár. Þetta er ekki nýr vandi.

Það er líka rétt hjá hæstv. landbrh. að Samf. hefur gott hjartalag og er skilningsrík. En hún er líka mjög skynsöm — mjög skynsöm, hæstv. landbrh. Þess vegna þurfum við að einbeita okkur að innanlandsmarkaði og sinna þörfum hans betur en hingað til hefur verið gert. Við eigum ekki að einblína á útflutninginn sem bjargráð kjötframleiðenda. Útflutningsskyldan mun ekki koma á jafnvægi hér á landi, það er fullreynt með hana.

Við skulum líka hafa það í huga, frú forseti, að aðstæður sauðfjárbænda verða ekki slitnar úr samhengi við stöðu landsbyggðarinnar almennt. Í því skyni er vert að benda á ályktanir búnaðarþinga 2003 og 2002 um bráðaaðgerðir stjórnvalda vegna fjárhagsstöðu bænda almennt. Um hvað ályktar bændur, frú forseti? Það er athyglisvert. Þeir ályktu um þéttara og betra velferðarnet á landsbyggðinni. Þeir ályktu um hækkun dreifbýlisstyrksins svo unglingar komist örugglega í framhaldsskóla, um hækkun barnabóta, jöfnun upphitunarkostnaðar og bætta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli. Sá vandi sem hér er við að glíma snýr ekki einvörðungu að framleiðslunni, þó vissulega sé sá vandi mikill, heldur um mannsæmandi kjör til handa stéttinni, sauðfjárbændum og bændum almennt.

Það er eins gott að þingheimur horfist í augu við að útflutningur dilkakjöts hefur ekki reynst sú vonarstjarna sem menn héldu heldur vonarpeningur sem litlu hefur skilað til bænda sjálfra.

[13:53]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi umræðunnar fagna því að hún skuli fara fram. Sú pólitíska afstaða sem birtist í fyrirspurnum hv. 6. Norðvest. gleður mig, sérstaklega að hún skuli taka undir með ráðherranum varðandi hið mikilvæga hlutverk landbúnaðarins í viðhaldi byggðar í landinu, ekki síst sauðfjárbóndans.

Við verðum að gæta okkar á að horfa ekki þröngt á landbúnaðinn. Ég vil horfa til þess að fleiri bændur en sauðfjárbændur geti haldið landinu í byggð þó ég dragi ekki mikilvægi þeirra í efa á nokkurn hátt. Treysta verður tekjugrundvöllinn í sveitum landsins og tel ég að landbrh. og Alþingi hafi einmitt unnið afrek í þeim efnum með stórauknum framlögum til skógræktarverkefna og þátttöku bænda í landgræðslu. Það eru svo sannarlega skref í rétta átt.

Ég tel hins vegar að við verðum að ýta undir aðlögunarhæfni íslensks landbúnaðar í sveitum landsins og leggja áherslu á hið fjölþætta hlutverk landbúnaðarins sem hæstv. landbrh. hefur gert. Ég tel að gildi þess fyrir framtíðarbúsetu í landinu sé afar mikið. Fáir í þessum sal deila um gildi þess að við höldum byggð á sem flestum stöðum í landinu. Liður í þessu er t.d. að auka sveigjanleika í íslenskum landbúnaði. Við verðum að skoða hvernig hægt er að gera bændum kleift að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum, líkt og nú á kjötmarkaði, án þess að það dragi úr fjölþættu framlagi þeirra til þjóðfélagsins. Ég hygg að mikill stuðningur sé við það í okkar landi. Í þessu sambandi skipta menntun, þróun og rannsóknir miklu máli.

Virðulegi forseti. Nýsköpunarverkefni eins og líftækni í landbúnaði, hörræktun, stóraukin kornrækt og aukin ferðaþjónusta í dreifbýli eru mikilvæg fyrir landbúnaðinn. Allt er þetta liður í að auka samkeppnishæfni hans og tryggja tekjugrundvöll.

[13:55]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Að óbreyttu stefnir í að tekjur sauðfjárræktarinnar í heild lækki um 250–300 millj. kr. vegna verðlækkunar hjá afurðastöðvunum og aukinnar útflutningsskyldu. Sauðfjárbændur hafa ekki það borð fyrir báru að geta tekið slíkri tekjuskerðingu. Við bætist svo beint upplausnarástand í málum afurðastöðva og á kjötmarkaði hér á landi. Forustumenn bænda, ekki síst landbrh., hafa haft stór orð um óheilbrigða viðskiptahætti á kjötmarkaðnum og haldið því fram að fjármálastofnanir sem hafa stórfyrirtæki í alifugla- og svínarækt undir sínum handarjaðri beiti óhóflegum niðurboðum og skekki alla samkeppni kjötgreina. Fari fram sem horfir mun allt atvinnu- og byggðamunstur rústast í stórum landshlutum. Þrátt fyrir stór orð hefur hæstv. landbrh. ekkert aðhafst í þessum samkeppnismálum.

Þingmenn Vinstri grænna hafa flutt lagafrv. hér á Alþingi sem miðar að því að takmarka svigrúm banka og fjármálastofnana til að styðja undirboð á almennum samkeppnismarkaði. Brýnt er að það mál nái fram að ganga sem fyrst.

Þeim aðgerðum sem nú þarf að grípa til gagnvart sauðfjárbændum má skipta í tvennt. Í fyrsta lagi bráðaaðgerðir til að verja bændur frekari tekjumissi. Það má gera með sérstökum eyrnamerktum framlögum inn í núgildandi sauðfjársamning sem gangi beint til bændanna sjálfra. Hins vegar þarf að móta nýja framtíðarstefnu í landbúnaði sem m.a. verður að

fela í sér að kjör bænda geti batnað og byggð í sveitunum styrkst á komandi árum.

Frú forseti. Bráðaaðgerðir strax — ekki eftir nokkrar vikur — áður en sláturtíð lýkur þannig að bændur geti gert ráðstafanir nú þegar í haust. Ég tel það brýnast í dag að þegar í stað verði gripið til bráðaaðgerða til aðstoðar við sauðfjárbændur áður en sláturtíð lýkur í haust þannig að hægt sé að taka raunhæft á málinu í framhaldinu.

[13:57]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Mér varð óneitanlega bilt við þegar ég heyrði hæstv. málshefjanda bera mér það á brýn að ég hefði talað eins og stjórnarandstæðingurinn á fundinum á Hellu. Í þessum sal hefur það aldrei farið á milli mála hvaða skoðanir ég hef í landbúnaðarmálum. Ég hef lýst skoðunum mínum bæði í ræðu og riti og talað sem stjórnarliði, hv. þm., en ekki sem stjórnarandstæðingur.

Enn á ný erum við að ræða hér um tekjuskerðingu bænda sem á heildina litið verður á milli 200 og 250 millj. kr. á þessu ári. Það er ekki síst vegna þess hvernig staðan hefur verið á kjötmarkaðnum í um rúmt ár. Hvíta kjötið hefur flætt inn á markaðinn á niðurgreiddu verði og bankarnir hafa hjálpað framleiðendum til að halda því verði. Í rauninni ætti Samkeppnisstofnun að taka á því máli, að það sé verið að setja vöru á markað undir framleiðslukostnaði.

Ég vil líka bregðast við því sem hér hefur verið rætt um, að fækkun sláturhúsa væri ekki af hinu góða. Ég er alveg þvert á móti sannfærð um að þessi fækkun, úrelding sem verið er að fara í núna, úr 17 sláturhúsum í 11, er af hinu góða. Sláturhúsin verða stærri og öflugri og meiri hagræðing ætti að skila sér til bænda þegar til lengri tíma er litið.

Hvað varðar útflutningsskylduna þá spyr ég: Hvernig hefði markaðurinn verið í dag ef ekki hefði þurft að flytja út kjöt? Þá væri yfirfullur markaður af lambakjöti ofan á allt annað. Það varð að flytja út kjötið og verður að gera það. Það kjöt sem er fram yfir innanlandsneysluna verðum við að flytja út. Sem betur fer hafa þessi nýju sláturhús nýja tækni, gaspökkun. Það er hægt að flytja út kjöt í auknum mæli, bæði til Bandaríkjanna, Danmerkur og Ítalíu.

[14:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Sauðfjárbúskapur á Íslandi er á heljarþröm, jafnvel að syngja sitt síðasta ef ekki verður brugðist við með öflugum og skjótum hætti. Á undanförnum árum hefur fjarað hratt undan greininni og sauðfjárbændur eru fullir örvæntingar um afkomu sína og möguleika greinarinnar, enda lái þeim hver sem vill í ljósi ráðleysis yfirvalda. Það verður að grípa til aðgerða sem duga til að gera sauðfjárbændum kleift að rétta framleiðslu sína við. Innantómar yfirlýsingar duga ekki til og bændur, frú forseti, lifa ekki á bröndurum einum saman. Eða getur það verið, frú forseti, að hæstv. landbrh. sé hreykinn af störfum sínum í þágu sauðfjárbænda í ráðherratíð sinni?

Frú forseti. Þær aðgerðir sem þarf að grípa til í málefnum sauðfjárbænda eru m.a. þær að afnema útflutningsskylduna sem á sér engan samjöfnuð í íslensku viðskiptalífi, að leyfa tvær gerðir sláturhúsa, aðra sem uppfyllir kröfur innanlandsmarkaðar og hina með útflutningsleyfi, að gagnger endurskoðun fari fram á markaðssetningu innan lands, en markaðssetning á lambakjöti er fjarri því að standast samanburð við það sem viðunandi telst og, frú forseti, að endurskoða greiðslur til sauðfjárbænda með það að markmiði að þeim sem vilja hætta sé gert það mögulegt með byggðagreiðslum til nýtingar við aðra atvinnuuppbyggingu til sveita, en þeir sem vilja framleiða geri það áfram. Valið væri þeirra. Með þessu móti er stuðlað að jafnvægi í greininni og þeim sauðfjárbændum sem vilja snúa sér að annarri atvinnuuppbyggingu til sveita gert það kleift með réttlátum og sómasamlegum hætti.

[14:02]

Magnús Stefánsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu. Sauðfjárbúskapurinn er mjög mikilvægur út frá byggðalegum sjónarmiðum. En hann er ekki eingöngu mikilvægur fyrir sveitir landsins. Hann er ekki síður mikilvægur fyrir þéttbýlið og landbúnaðinn almennt. Hæstv. landbrh. hefur einmitt lagt áherslu á þetta undanfarin ár, bæði í orði sem á borði.

Íslenskur landbúnaður er vörsluaðili okkar dýrmæta lands ásamt því að hann tryggir neytendum einhverjar bestu og heilnæmustu landbúnaðarafurðir sem þekkjast. Landbúnaðurinn er stór hluti af sögu þjóðarinnar og sögulegri menningu hennar og því ber okkur skylda til að styrkja íslenskan landbúnað og auka samkeppnishæfni hans án þess að hann tapi sérkennum sínum.

En ég vil víkja að kjötmarkaðnum og sölu dilkakjöts sem er auðvitað eitt af grundvallaratriðum þessa máls. Þeim bændum hefur fjölgað sem fullvinna afurðir sínar og markaðssetja þær sjálfir. Áhugi er meðal bænda að vinna saman að vinnslu og markaðssetningu afurða sinna. Ég tel að skoða þurfi hvort bændur geti í meiri mæli tekið sig saman, líkt og bændur hafa gert fyrir austan nýverið, og selt afurðir sínar beint frá býlinu, ef svo má segja. Þannig mætti hugsa sér að bændur innan héraðs selji afurðir sínar beint til neytenda.

Þá bendi ég á hvort ekki mætti skoða hvort mögulegt sé að koma á héraðs bundnum bændamörkuðum. Þannig er hægt að efla markaðssetningu afurða og auka fjölbreytni í úrvinnslu þeirra. Þannig yrði leitað leiða til að opna markaði fyrir bændur þar sem sérstaða afurðarinnar og svæðisins kæmi best fram og neytandinn yrði meðvitaður um það sem gerir afurðina sérstaka og frábrugðna öðrum vörum.

Mikilvægt og nauðsynlegt er að efla vöruþróun og auka markaðssókn og styrkja enn frekar stöðu lambakjöts á innlendum markaði. Ég tel vera sóknarfæri í þeim efnum en þar leikur atvinnugreinin sjálf lykilhlutverk.

[14:04]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Rómantísk oftrú á erlendum mörkuðum er hættuleg. Það hjálpar lítið bændum sem fá 120–150 kr. fyrir kílóið þó að hægt sé að tala með þanið brjóst um besta kjötið og dýrasta markað heims. Það skiptir engu máli þegar bændur fá svo lítið í sinn vasa fyrir þetta góða kjöt.

Ég verð þó að segja að ein setning í máli hæstv. landbrh. áðan vakti með mér ákveðna von, þ.e. þegar hann talaði um að hann óskaði þess að stéttin sjálf bæri ábyrgð á markaðssetningu afurða sinna. (Gripið fram í.) Það tel ég að sé hin rétta leið. En þá, hæstv. landbrh., verður að létta þeirri kvöð af bændum að flytja á erlendan markað. Það verður að gefa þeim frelsi til þess að sinna sínum málum sjálfir. Og ég er alveg sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að grunnforsendur síðasta búvörusamnings séu brostnar. Ég tel þetta stórmerkilega yfirlýsingu frá honum.

Frú forseti. Það er skoðun mín að íhuga beri alvarlega þann kost að afnema útflutningsskylduna. Ég tel hana tví-

mælalaust vera alvarlegasta vandamál sem bændur glíma við. Það má bjóða upp á tvenns konar sláturhús á Íslandi, bæði fyrir útflutning og líka fyrir innlendan markað. Með því móti gefst þeim bændum sem telja sig geta haft af því hag kostur á að framleiða fyrir erlendan markað en aðrir, og ég hygg að þeir muni verða fleiri, munu einbeita sér að innanlandsmarkaði. Ég hef setið fleiri enn einn opinberan fund með hv. formanni landn., Drífu Hjartadóttur, (Forseti hringir.) og ég hef heyrt hana fjalla um útflutningsskyldu, möguleika íslensks lambakjöts á erlendum markaði, og ég tel að við eigum samleið í því að afnema útflutningsskylduna.

[14:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Ég vil þó segja við vin minn hv. þm. Björgvin Sigurðsson: Það hefur aldrei þótt galli þar sem hann var alinn upp, í hinum gamla Gnúpverjahreppi, að geta gert að gamni sínu, hvort sem það var nú Gestur á Hæli eða það að vera á þorrablótunum núna hvert ár. Það er leiðinlegt ef svona skemmtilegur ungur þingmaður ætlar að taka það að sér að verða leiðinlegur.

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Hún var málefnaleg. Ég tek sérstaklega undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur. Ég hef alltaf horft á innanlandsmarkaðinn og beðið bændur um að horfa á innanlandsmarkaðinn. Hann er þeirra sterkasta sókn. Það vígi verða þeir að verja. Útflutningsmarkaðurinn er von í framtíðinni sem þeir sjálfir ráða hvort þeir sækja eða ekki. Þeir geta fækkað sínu fé og þurfa kannski að gera það við þessar aðstæður. En þeirra er markaðurinn. Þeir verða að vera vakandi á markaðnum. Þeir verða að vera sölumenn. Þeir verða að berjast fyrir því að á öllum hótelum og matsölustöðum, í öllum skólum sé lambakjötið selt. Það er ekkert einfalt að vera bisnessmaður í dag en það þurfa bændur og þeirra afurðarstöðvar að hafa í huga.

Ég hef verið talsmaður þess að íslenskur landbúnaður selji sínar hágæðavörur á erlendum mörkuðum. Ég sé þó að vinum Íslands fjölgar og ég sé að verðið þar er núna, eða svo segja þeir í Washington, komið upp undir 200 kr. til bóndans en er kannski hér heima 250–300 kr. Menn hafa því verið að minnka það bil og ef gengið væri eins og í fyrra þá væri staðan önnur.

Ég vil svo hér segja um það sem fer til bændanna, 2.600 millj. á fjárlögum, að það fer að megninu til bænda, aðeins 300 millj. í sölu- og markaðsstarf af þessari upphæð. Ég vil líka segja að mér var glatt í huga og ég var stoltur árið 2000 þegar 66% bændanna samþykktu nýjan búvörusasmning sem innihélt 17,5 milljarða til sjö ára. Þeir áttu von um að staðan á markaðnum væri öðruvísi. Það hefur ekki gerst. Ég ætla ekki að segja upp samningnum við þá. Það er þeirra mat og ég bíð auðvitað niðurstöðu þeirrar nefndar sem nú er að störfum til þess að skoða þessi mál fyrir mig, hæstv. forseti, og ríkisstjórnina.

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Hv. 5. þm. Suðurk. óskar að bera af sér sakir.

[14:09]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hélt ég hefði verið nógu skýrmælt áðan þar sem ég svaraði hv. frummælanda varðandi orð mín á fundi á Hellu og áfram með það að skoðanir mínar á landbúnaðarmálum hafa aldrei farið á milli mála. Það veit hæstv. landbrh. vel. Þær hafa komið fram í þingsölum. Ég hef aldrei talað á móti útflutningsskyldunni af því að ég veit að hún þarf að vera. Hún þarf að vera vegna þess að ef ekki hefði verið gripið til útflutningsskyldu þá hefði safnast hér upp hátt kjötfjall og því mega nú bændur síst af öllu við. Hvað hefði þá gerst ef enn meira kjöt hefði komið inn á markaðinn og enn meira verðfall hefði orðið á vörunni?

(**Forseti** (JBjart)**:** Ég minni þingmanninn á að undir þessum lið er einungis heimilt að bera af sér ávirðingar eða sakir.)

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 88.

[14:10]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Sú tillaga ríkisstjórnarinnar sem liggur fyrir þessum fundi um að skerða sérstaklega vaxtabætur, skerða vaxtabætur til skuldugra framteljenda, er skammarleg.

Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sagði fyrir aðeins nokkrum mánuðum síðan í sjónvarpsviðtali í Kastljósi, og með leyfi virðulegs forseta ætla ég að fá að reyna með hjálp tækninnar að vitna í orð hans orðrétt:

„En því má ekki fólkið í landinu fá skattalækkanir sem það getur notað m.a. til að borga niður sínar skuldir? Ríkið er búið að borga niður mikið af sínum skuldum. Fólkið í landinu þarf líka að borga niður sínar skuldir. Það fær tækifæri til þess með bættum kjörum, með því að skattar lækki svona mikið. Ég held að það sé akkúrat rétti tíminn til að færa fólkinu í landinu með beinum hætti árangurinn af verkum manna.“

Þetta var boðskapur hæstv. forsrh. fyrir aðeins nokkrum mánuðum síðan. Það átti að beita svona miklum skattalækkunum til þess að hjálpa fólkinu í landinu við að borga niður skuldir sínar. Og núna var akkúrat rétti tíminn til þess að grípa til þessara ráðstafana.

Virðulegur forseti. Hvar er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson núna? Hvar er hæstv. forsrh. núna þegar þing er komið saman og hann og ríkisstjórn hans er að efna þessar yfirlýsingar gagnvart fólkinu í landinu og skuldum þess? Hvar er þessi hæstv. forsrh., virðulegur forseti?

Ég held, virðulegur forseti, að ég lesi orð hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar aftur vegna þess að sú tilaga sem liggur fyrir þessum fundi hljóðar ekki upp á það að hjálpa eigi fólkinu í landinu að borga niður sínar skuldir. Hún hljóðar ekki einu sinni upp á það að leyfa fólkinu í landinu að búa við sömu skilyrði og það bjó við þegar forsrh. mælti þessi orð í vor. Nei, hún hljóðar upp á það að forsrh. ætlar að efna orð sín með því að skerða vaxtabætur um 600 millj. kr. og svíkja þar með ekki aðeins það sem hann lofaði, að lækka skattana, heldur ganga þvert gegn því sem hann lofaði, ganga þvert gegn því með því að gera fólkinu í landinu beinlínis erfiðara fyrir að borga skuldir sínar.

Við vitum um hvaða fólk er að ræða, hæstv. forseti. Um er að ræða fyrst og fremst ungt fjölskyldufólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og býr við óhóflegar skattaálögur. Ég hygg að hver einasti þingmaður í þessum sal, fyrir utan auðvitað þingmenn Vinstri grænna, hafi sagt

í kosningabaráttunni í vor að byrðum yrði að létta af þessu fólki.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fá að lesa aftur yfirlýsingar hæstv. forsrh. frá því í vor:

„En því má ekki fólkið í landinu fá skattalækkanir sem það getur notað m.a. til að borga niður sínar skuldir? Ríkið er búið að borga niður mikið af sínum skuldum. Fólkið í landinu þarf líka að borga niður sínar skuldir. Það fær tækifæri til þess með bættum kjörum, með því að skattar lækki svona mikið. Ég held að það sé akkúrat rétti tíminn til að færa fólkinu í landinu með beinum hætti árangurinn af verkum manna."

Tilvitnun er lokið, virðulegur forseti.

Þessi orð eru efnd, ekki bara með því að svíkja öll fyrirheitin um skattalækkunarfrumvörpin sem áttu að birtast hér í haust heldur með því, eins og við höfum rakið hér síðustu daga, að hækka ýmis gjöld og skatta. Fyrir ýmsum af þeim aðgerðum má kannski færa rök. En ekki fyrir þessari aðgerð, virðulegur forseti, að minnka stuðninginn og auka sérstaklega álögur á ungt skuldsett fjölskyldufólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Í stað þess að efna fyrirheit sín við fólkið í landinu, um að hjálpa því við að lækka skuldir sínar með því að létta af því sköttunum, á að draga úr vaxtabótum. Það er ekki bara að svíkja kosningaloforð, það er að ganga þvert gegn því sem maður segir.

Stundum eru ekki aðstæður til að efna loforð. Það getur þurft að draga það og gæti þurft að ganga eftir því. En það er auðvitað ekkert annað en ósvífni, virðulegur forseti, að ganga með jafnblásköldum hætti þvert gegn yfirlýsingum sínum. Þessi hópur, ungt fjölskyldufólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, er sennilega sá hópur skattgreiðenda sem síst má við því að skattar þess séu hækkaðir.

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. hefur reynt að færa einhver rök fyrir þessari skattahækkun. En þar stendur auðvitað ekki steinn yfir steini. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Það er eins og um annað í málflutningi hans á þessu haustþingi, að það sem heitir í fjmrn. að eitthvað lækki virðist fyrir okkur hinum öfugt, að það hækki. Því hefur t.d. verið haldið fram að ástæðan fyrir því að dregið sé úr vaxtabótum sé sú að hér hafi vextir verið að lækka, þar með kostnaður heimilanna og því rétt að breyta þessum viðmiðunum. En hér hefur sama fjármálaráðuneyti lagt fram frv. til fjáraukalaga. Þar kemur skýrt og greinilega fram hið gagnstæða, að vaxtabætur þarf að auka í ár. Hvers vegna eru vaxtabæturnar að aukast? Þær aukast í ár vegna þess að vaxtakostnaður greiðendanna hefur aukist. Það er auðvitað þannig.

Það er auðvitað ekki þannig, virðulegur forseti, að vextirnir á húsnæðislánunum sem fólk tók fyrir þremur árum eða fimm árum verði lækkaðir núna. Það er ekki þannig þó um sinn hafi kannski langtímavextir lækkað. Auðvitað er það ekki þannig að þeir sem eru búnir að ráðast í fjárfestingar og kaupa sér hús fái endurgreidd afföllin af húsbréfunum af því að kjörin á lánamörkuðum séu orðin svo góð. Auðvitað ekki og fjarri því. Það er auðvitað fyllilega ómaklegt gagnvart þessu unga fjölskyldufólki að raska með þessum hætti, þeim forsendum sem það hefur gefið sér fyrir því að ráðast í stærstu fjárfestingu lífsins.

Það er mjög mikilvægt þegar ungt fólk stofnar til heimilis og kaupir íbúð til að búa saman í og ala upp sín börn, að þær forsendur sem til grundvallar eru lagðar haldi og það komi ekki stjórnmálamenn eins og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og breyti þeim og dragi úr stuðningnum.

Það er dálítið skrýtið þegar hæstv. fjmrn. segir okkur að vextir séu nú lágir og því eigi að draga úr vaxtabótum. Þegar menn aðgæta þriggja ára hugmyndir fjmrn. þá gerir fjmrn. ráð fyrir því að vextir muni hækka mjög ört vegna þenslu á næstu árum. En gerir fjmrn. ráð fyrir að þá muni viðmiðin í vaxtabótunum hækka aftur? Nei, virðulegur forseti, fjmrn. gerir ekki ráð fyrir því að þegar vextir hækki aftur þá aukist vaxtabæturnar á ný.

Hér verður auðvitað, virðulegur forseti, að kalla eftir Framsfl. Hér verður að kalla eftir fulltrúum Framsfl. í umræðuna. Hvað er hér á ferðinni? Hér eru á ferðinni grundvallaratriði sem varða þann hóp sem Framsóknarflokkurinn veitti fyrst 90% lán. Það er auðvitað þannig að ein af ástæðunum fyrir því að vaxtabæturnar eru að aukast er sú að það var horfið frá verkamannabústaðakerfinu. Það voru tekin upp 90% lán með verðtryggingu og 5,8% raunvöxtum til efnaminnsta fólksins í landinu, til þess að það gæti fjármagnað sér kaup á íbúðarhúsnæði. Því var lofað og Framsfl. lofaði því aftur og aftur og aftur og aftur að greiðslubyrði efnaminnsta fólksins í viðbótarlánakerfinu yrði ekki þyngri en greiðslubyrði þess var í verkamannabústaðakerfinu. Þessu lofaði Framsfl. efnaminnsta fólkinu aftur og aftur og aftur og aftur. Þeir voru spurðir, ekki einu sinni og ekki tvisvar og ekki þrisvar: Verða ekki vaxtabæturnar skertar? Þeir sögðu nei. Við hljótum að ætlast til að það verði gerð grein fyrir því hversu mikið greiðslubyrði þessa hóps þyngist við þessar aðgerðir. Við hljótum að kalla eftir því að fulltrúar Framsóknarflokksins í þessum sal skýri með hvaða hætti þeir hafa gleymt loforðum sínum gagnvart kjósendum.

Virðulegur forseti. Auðvitað eru ýmis atriði í þessu frv. sem vert er að ræða önnur en þau sem snúa að vaxtabótunum. En ég hef kosið að draga vaxtabæturnar sérstaklega fram. Þó að það hafi ekki verið sérstakt forgangsmál hjá okkur í Samf. að fella niður sérstaka tekjuskattinn, sem sumir hafa ranglega nefnt hátekjuskatt, þá leggst hann talsvert þungt á fólk sem hefur þunga framfærslubyrði, miklar skuldir, hefur fyrir börnum að sjá og þarf þess vegna að vinna mikið. Þegar menn leggja auknar álögur á þennan hóp með því að skerða vaxtabæturnar og hafa árum saman dregið úr stuðningi við þennan hóp í barnabótakerfinu, þá er það auðvitað, fyrir Sjálfstfl., að bíta höfuðið af skömminni að endurnýja svo líka sérstaka tekjuskattinn. Þegar þetta spilar allt saman, lægri vaxtabætur, lægri barnabætur og endurupptaka á sérstaka tekjuskattinum, þá eru menn að gera þessu fólki, barnafólki sem er að koma sér upp húsnæði, ákaflega erfitt fyrir, virðulegur forseti, svo ekki sé meira sagt. Hér er auðvitað verið að ganga þvert gegn því sem menn hafa lofað.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju með ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrr í dag við þessa umræðu. Mér fannst gleðiefni að fulltrúi Vinstri grænna í þessari umræðu skyldi með svo jákvæðum hætti fjalla um skattalækkanir og opna fyrir það í fyrsta sinn að hv. þm. Ögmundur Jónasson telji koma til greina að skoða, í því góðæri sem í hönd fer, skattalækkanir. Það eru nýir tónar hjá þingmönnum Vinstri grænna og full ástæða til að fagna því.

Við í Samf. höfum auðvitað deilt þeim sjónarmiðum með stjórnarflokkunum að ef rétt er á málum haldið muni á þessu kjörtímabili gefast nokkuð svigrúm til skattalækkana. Við höfum hins vegar haft allt aðrar áherslur í því efni en stjórnarflokkarnir og leggjum mesta áherslu á matvælaverðið eins og fram hefur komið, að lækka virðisaukaskattinn á matvörunni. Við teljum það auðvitað fráleita ráðstöfun í

skattamálum að draga úr vaxtabótum til þeirra skattgreiðenda sem helst þarfnast stuðnings af skattkerfi okkar, sem verst hafa farið út úr jaðarsköttunum eins og sýnt hefur verið fram á með fjölmörgum dæmum.

Ég vil líka fagna yfirlýsingum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þm. Framsfl., um vaxtabæturnar. Hann hefur tekið undir þau sjónarmið að rökstuðningur hæstv. fjmrh. fyrir því að skerða vaxtabæturnar séu alla vega hæpnar. Það er eðlilegt að stjórnarþingmaður taki ekki dýpra í árinni við 1. umr. En sá rökstuðningur er auðvitað bara, virðulegur forseti, hreint fráleitur.

Þá hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ágætlega bent á hvernig verið er að skerða kjör hinna verst settu með þessu frv. með því að persónuafslátturinn fylgir ekki einu sinni launakjörum. Hann fylgir ekki launavísitölu heldur og eru það auðvitað talsverðar auknar álögur á þá lægst settu ef persónuafslátturinn á ekki að fylgja launaþróun.

Að síðustu vildi ég, virðulegur forseti, fá að spyrja hæstv. fjmrh. þeirrar spurningar sem hann var spurður að í morgun, um alþjóðlegu verslunarfélögin. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði að því hvað þessi tilraun með alþjóðlegu verslunarfélögin hefði kostað, vegna þess að sú tilraun hefur greinilega algjörlega mistekist og verið mistök frá upphafi. Hæstv. fjmrh. svaraði ekki þeirri spurningu en vísaði á viðskrh. sem er ekki viðstaddur og jafnvel ekki á landinu. Mér finnst, hæstv. fjmrh., ekki annað en sjálfsagt mál að ráðherra leiti eftir því við ráðuneytið að við fáum þessar upplýsingar inn á fundinn. Þessi umræða er greinilega langt frá því að vera búin og það getur ekki verið mjög flókið fyrir hina fjölmörgu starfsmenn fjmrn. að fletta upp og athuga hversu mikill kostnaður hefur verið við þessi mistök stjórnarliðsins. En ef ekki, þá getur eflaust hv. þm. Birgir Ármannsson upplýst okkur um kostnaðinn, a.m.k. gagnvart Verslunarráðinu.

Virðulegur forseti. Það er freistandi að fá í þriðja sinn að lesa upp yfirlýsingar hæstv. forsrh. frá því á vordögum. Ég ætla þó ekki að íþyngja þingheimi með því en lýsi furðu minni á því að þessar og aðrar yfirlýsingar forsrh. og fjmrh. um hvað þeir ætluðu að gera á þessu þingi í haust hafi ekki hafa verið spilaðar aftur og aftur á öldum ljósvakans á liðnum dögum. Það sætir furðu vegna þess að auðvitað er það bæði hlutverk stjórnarandstöðu og fjölmiðla að ganga eftir því að menn efni orð sín.

[14:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að það situr í hv. þm. að hans eigin ummæli um skattamál á vettvangi Reykjavíkurborgar hafi verið spiluð aftur og aftur og aftur í sjónvarpi á sínum tíma. Nóg um það.

Ég vildi rifja aðeins upp eitt atriði þar sem hann fór með rangt mál og benda honum á misskilning í máli hans. Í langtímaáætlun í ríkisfjármálum er ekki gert ráð fyrir hækkun langtímavaxta. Það er gert ráð fyrir því að skammtímavextir sem Seðlabankinn ákveður hækki en það er ekki gert ráð fyrir hækkun langtímavaxta. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á málflutning hans. Ég vænti þess að hann reikni sína hluti upp á nýtt út frá þessari staðreynd sem liggur fyrir í þessum gögnum.

[14:29]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, vel man ég, hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde, þegar fjölmiðlar spiluðu orð mín um það að við í Reykjavíkurlistanum ætluðum að lækka gjöld á Reykvíkinga. Mér fannst ekkert athugavert við að þau væru spiluð aftur og aftur og aftur. Auðvitað er það hlutverk fjölmiðla að veita stjórnmálamönnum aðhald. Ég ætlast bara til þess að hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni sé veitt sama aðhald og öðrum í því efni og að menn þori að spila aftur yfirlýsingar hans, m.a. um skattamál, þegar tilefni er til, hæstv. fjmrh.

Hitt vekur nokkra athygli ef fjmrn. gerir ráð fyrir því að stýrivextir Seðlabankans hækki umtalsvert en það muni ekki hafa áhrif á langtímavexti. Ég ætla svo sem ekki að deila hér við hæstv. fjmrh. um þetta atriði en það breytir ekki grundvallaratriði málsins, þ.e. að vaxtabætur eru hærri í ár vegna þess að vaxtabyrði heimilanna er meiri. Fólkið er að borga meira í vexti. Vextirnir á lánum sem fólk er búið að taka eru ekkert að fara að lækka. Þess vegna á viðmiðið um vaxtabætur ekki heldur að lækka.

Ef hæstv. fjmrh. vill efna loforð um að lækka skattana til að hjálpa fólkinu í landinu til að greiða niður skuldir þá á hann að auka vaxtabæturnar en ekki draga úr þeim.

[14:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu benda þingmanninum á að reyna að átta sig betur á þeim grundvallarmun sem er á skammtímavöxtum og langtímavöxtum hér í landi og myndun þeirra, því það hefur hann greinilega ekki gert.

[14:31]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. fer sem fyrr að hann kýs að halda sig við umræðu um einhverja hluti sem kannski munu gerast í framtíðinni og hvort skammtímavextir eftir einhver ár eða langtímavextir verði hærri eða lægri. Hann forðast eins og heitan eldinn að ræða það sem er að gerast núna og það sem núna brennur á fjölskyldufólki í landinu. Það sem núna brennur á því er að sá sami hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og lofaði fólkinu í landinu því fyrir nokkrum mánuðum síðan að hann ætlaði að hjálpa því við að lækka skuldir sínar alveg sérstaklega með því að lækka skattana, ætlar núna að hirða af fólkinu í landinu 600 milljónir í vaxtabætur og auka þannig sérstaklega skattheimtu á þeim sem helst ætti að styðja í lífsbaráttunni, ungu fjölskyldufólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

[14:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Rétt til að skerpa aðeins á kunnáttu hv. þm. í skattastefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hann vék að í máli sínu þegar hann sagði að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefði einn flokka neitað að syngja skattalækkunarkórinn þá er það rétt í sjálfu sér varðandi flata lækkun á skatti yfir línuna. Hitt verður hv. þm. að hafa í huga að Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram öfluga skattastefnu sem hefði komið láglaunafólki og millitekjufólki til góða. Þar var um að ræða breytingar á húsnæðisframlagi, breytingar á eignarskatti, breytingar á vaxtabótum og það að gera leikskólann gjaldfrjálsan sem hefði orðið tekjubót fyrir hjón með tvö börn upp á u.þ.b. milljón á ári. Hv. þm. verður að hafa það sem sannara reynist. Þó Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lagst gegn flötum skattalækkunum og neiti að gagnrýna fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar frá hægri þá hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð öfluga skattastefnu sem kemur til með að gagnast láglaunafólki og millitekjufólki.

[14:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir sjónarmiðum varðandi vaxtabætur. Ég held að sé rétt að árétta að þetta hlýtur að spila saman og tillögur af því taginu sem koma frá ríkisstjórn í þessu máli verður að skoða með hliðsjón af málinu í heild. Þegar menn hafa tekið ákvörðun um fjárfestingar á tilteknum forsendum um stuðning frá ríkissjóði þá verður að fara ákaflega varlega í að breyta þeim reglum. Við þurfum að skoða vandlega hvort af þeirri breytingu hljótist vandræði sem menn sjá ekki fyrir núna.

Ég vil ekki taka þátt í því að gera breytingar sem koma fólki mjög illa og breyta þeim forsendum sem það lagði til grundvallar þegar það réðist í þá fjárfestingu sem íbúðakaup eru. Þetta er því nokkuð sem menn verða að skoða vandlega í þinglegri meðferð.

Eitt af því sem menn hafa verið að gera á undanförnum árum, og kom fram í máli þingmannsins, er að hækka vexti á lánum úr gamla Byggingarsjóði ríkisins sem voru 0% eða 1%. Það var rökstutt með því að þeir sem ættu í erfiðleikum að óbreyttu við að bera þá vaxtahækkun fengju hana bætta í gegnum vaxtabætur þannig að nettóáhrifin yrðu viðráðanleg fyrir viðkomandi einstakling. Þess vegna verður að fara mjög varlega í að kippa fótunum undan bótahliðinni ef menn breyta ekki vaxtaprósentuhliðinni samhliða.

Ég vildi bara árétta þetta, herra forseti, þannig að það lægi alveg fyrir af því hv. þm. auglýsti sérstaklega eftir talsmönnum Framsóknarflokksins í þessari umræðu.

En mig langar að spyrja hv. þm. um eitt: Er það rétt skilið hjá mér að hann sé algerlega ósammála mér í því að rétt sé að hafa hátekjuskatt, að það sé rétt að leggja á menn skatta eftir efnum og ástæðum? Mér fannst hv. þm. tala gegn sérstökum tekjuskatti.

[14:36]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst fá að koma að spurningunni sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson endaði á um sérstaka tekjuskattinn. Ég held að ég hafi lýst því ágætlega í máli mínu að ég tel að skattar séu settir í samhengi og það samhengi sem hér er uppi gerir það að verkum að sérstaki tekjuskatturinn er ekki lengur neinn hátekjuskattur. Hann er skattur sem leggst að verulegu leyti á fjölskyldufólk, barnafólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og þarf að vinna mikið og hefur þess vegna af þeim ástæðum miklar tekjur. Því er ekki mætt í vaxtabótum heldur eru þær skertar og því er ekki mætt í barnabótum því þær hafa verið dregnar saman. Og við þær aðstæður tel ég gagnrýnivert að taka aftur upp sérstaka tekjuskattinn. Ég tel hins vegar vel koma til greina og auðvitað sjálfsagt mál að fólk greiði skatta eftir efnum og aðstæðum og við í Samfylkingunni orðuðum það m.a. þannig að tilefni kynni að vera til þess að taka allt tekjuskattskerfið til endurskoðunar. En það ræðum við nú ekki hér í stuttum andsvörum.

Ég vil hins vegar fagna yfirlýsingum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að skoða þurfi þetta með vaxtabæturnar vel og að í raun gangi þetta þvert gegn því sem menn hafa sagt efnaminnsta fólkinu og áður en það réðist í fasteignakaup vegna þess að þó að stöðugleiki í ríkisfjármálum og efnahagsmálum skipti mestu máli þá skiptir stöðugleiki fyrir heimilin og fjölskyldurnar í landinu enn þá meira máli. Og þær forsendur sem heimilin hafa lagt til grundvallar þegar þau ráðast í stærstu fjárfestingu lífsins um stuðning úr vaxtabótakerfinu verða einfaldlega að halda gagnvart húsnæðiskaupendum. Þær verða a.m.k. að halda. Látum vera þó menn auki ekki stuðninginn við þau. Látum vera þó menn lækki ekki skattana á þau. En að minnka sérstaklega stuðninginn við þá sem skuldsettastir eru vegna íbúðakaupa er ósvinna, virðulegur forseti.

[14:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að áhugavert væri á næstu mánuðum að fara yfir þessa skattaumræðu með fulltrúum Samfylkingarinnar til þess að átta sig á því hvernig stefnan liggur í þessum efnum. Það getur auðvitað verið forvitnilegt að sjá hvernig hún skýrist.

Ég vil draga fram ákveðnar staðreyndir, herra forseti. Af þeim sem telja fram greiða aðeins 6–7% sérstakan tekjuskatt. Það þýðir að 93–94% framteljenda hafa tekjur undir þeim mörkum sem sérstakur tekjuskattur miðast við. Af þeim sem telja fram greiða hins vegar yfir 60% almennan tekjuskatt sem þýðir að um og innan við tíundi hver skattgreiðandi er að borga sérstakan tekjuskatt. Það er vegna þess að mörkin eru svo há að þau miðast við einstakling með 4,2 milljónir í árstekjur eða hjón með 8,4 milljónir í árstekjur. Aðeins 6–7% framteljenda hafa svona miklar tekjur. Athugasemd mín í þessu máli (Forseti hringir.) hefur verið sú — Nú, fyrirgefið virðulegi forseti. Ég er búinn með tímann.

(**Forseti** (JBjart): Það er ein mínúta í seinna andsvari.)

[14:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Áherslur Samf. í skattamálum þurfa ekki að koma hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni neitt á óvart. Þær voru ágætlega kynntar í kosningabaráttunni. Við höfum m.a. sagt að við höfum ekki litið svo á að lækkun á sérstaka tekjuskattinum væri forgangsmál hjá okkur, ekki forgangsmál, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. En við höfum sagt að hjá okkur sé forgangsmál, og um það höfum við flutt frv. á þessu þingi, að lækka virðisaukaskatt á matvöru vegna þess að við höfum talið að það kæmi heimilunum í landinu og hinum lægst launuðu mest og best til góða. Við segjum hins vegar alveg skýrt, og í raun heyrist mér hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vera sjálfur að gefa það í skyn, að það að draga úr vaxtabótum um 600 millj. sé algerlega fráleit ráðstöfun í skattamálum og ámælisverð og sennilega ein af ámælisverðustu skattahækkununum sem stjórnarflokkarnir leggja fram hér á þessu þingi.

[14:41]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar stjórnarfrv. um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Ýmis orð hafa verið látin falla um þetta frv., m.a. frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, og um orð og efndir ríkisstjórnarflokkanna vegna kosningaloforða sem gefin voru í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa fyrst og fremst sakað ríkisstjórnarflokkana og okkur sjálfstæðismenn um að hafa svikið kosningaloforð okkar og fyrir að ætla ekki að standa við þau, hafa svikið fólkið í landinu með því að grípa til gylliboða í aðdraganda kosninga en ætla síðan að ganga á bak orða okkar. Við ungu þingmennirnir sem erum að taka sæti hér á Alþingi höfum verið spurðir hvernig okkur líði undir þessum meintu svikum. Ég get upplýst ágætan og réttkjörinn formann Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, um að okkur

líður bara býsna vel, meira að segja alveg gríðarlega vel. Ástæðan er sú að engin kosningaloforð hafa verið svikin. Og það sem meira er, þau verða ekki svikin.

Fyrir síðustu alþingiskosningar lofuðum við sjálfstæðismenn því að við mundum lækka tekjuskatt um 4%, að við mundum afnema eignarskattinn og við mundum gera breytingar á virðisaukaskattinum og erfðafjárskattinum til lækkunar og leiðréttingar. Öll þessi stefnumál okkar sjálfstæðismanna sem við kynntum fyrir síðustu kosningar rötuðu inn í stjórnarsáttmálann. Stjórnarsáttmálinn var frágenginn og hann var undirritaður af stjórnarflokkunum og það er nú með svoleiðis sáttmála að við þá verður staðið.

Ég sem ungur þingmaður og talsmaður skattgreiðenda hér á þingi get því ekki annað en verið sáttur við það hvernig til hefur tekist. Ég fagna því að í stefnuræðu hv. forsrh. er tekið fram að heilum 20 milljörðum verði varið til skattalækkana á þessu kjörtímabili. Ég leyfi mér að fullyrða að engin ríkisstjórn fyrr eða síðar hefur lagt upp með önnur eins skattalækkunaráform og sú sem nú situr. Ég fagna því og það ættu skattgreiðendur að gera líka þrátt fyrir að fulltrúar stjórnarandstöðunnar æmti hér og skræmti yfir loforðum sem þeir telja að hafi verið svikin. En það hefur ekki verið gert.

Það eina sem má kannski nefna af því sem nefnt var í kosningabaráttunni var að talað var um að lögfesta hér í upphafi dagsetningar á lækkun tekjuskattsins. Það varð síðan niðurstaða stjórnarflokkanna að útfæra það nánar í tengslum við gerð kjarasamninga. Það er mjög ábyrg leið við stjórn efnahagsmála að setja fram skattalækkanirnar í tengslum við gerð kjarasamninga. Gagnrýni stjórnarandstöðuflokkanna snýst því í rauninni, ef maður skoðar þær umræður sem hér hafa farið fram, fyrst og fremst um útfærslu á þeim skattalækkunarloforðum sem ráðist var í en ekki um það hvort loforðin hafi verið efnd.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að víkja að einu atriði í því frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Það er 12. gr. frv. Þar kemur fram að lagt er til að sérstakur tekjuskattur, sem í daglegu tali er nefndur hátekjuskattur, verði framlengdur um tvö ár en jafnframt lækkaður í tveimur áföngum þannig að hann falli niður að lokum. Það er jafnframt miðað við að viðmiðunarfjárhæðir skattsins verði lækkaðar um 2,5% frá núgildandi lögum.

Eins og fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. þá sagði hann að hann hafi litið svo á og það hafi hæstv. fjmrh. gert líka, að hátekjuskatturinn væri sjálffallinn niður um næstu áramót. Ráðherrarnir, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., voru nú reyndar ekki þeir einu sem álitu að hátekjuskatturinn eða hinn sérstaki tekjuskattur ætti að falla niður þá. Sá sem hér stendur deildi þeirri skoðun með ráðherrunum tveimur. Hins vegar sagði hæstv. forsrh. að það hefði orðið að samkomulagi milli stjórnarflokkanna að framlengja hátekjuskattinn en lækka hann með þeim hætti sem fram kemur í frv. þannig að hann yrði felldur niður árið 2006.

Ég get alveg sagt það í þessum sal að ég varð fyrir vonbrigðum með að hátekjuskatturinn skyldi ekki falla niður um næstu áramót. Ég varð fyrir vonbrigðum með það að það hafi þurft að ganga til sérstaks samkomulags um að framlengja hátekjuskattinn. Það voru mikil vonbrigði. Ég hefði talið að ef hátekjuskatturinn yrði framlengdur þá yrðu viðmiðunarmörkin hækkuð. En þetta var ekki gert. Hins vegar hlýt ég að fagna því að verið sé að festa í lög ákvæði sem gera það að verkum að lokum, eftir tiltölulega stuttan tíma, að þessi hátekjuskattur heyri sögunni til. (**KHG:** Þau voru í lögum.) Ég hlýt að fagna því að hann falli niður, hv. þm., árið 2006, vegna þess að ég tel að hátekjuskatturinn sé í fyrsta lagi mjög óréttlátur í eðli sínu. Ég tel að allir skattgreiðendur hér á landi eigi að greiða jafnháa prósentu til ríkisins.

Jafnframt tel ég að hátekjuskatturinn, sem kallaður hefur verið svo, standi ekki undir nafni vegna þess að hann leggst á margt ungt fólk sem hefur allt annað við sínar tekjur að gera en að greiða hærri skatta en hinn almenni launamaður. Ég fagna því a.m.k. að það verði leitt í lög að hátekjuskatturinn verði felldur niður og mun styðja það, enda er Sjálfstfl. eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur haft það á stefnuskrá sinni, bæði fyrir síðustu kosningar og áður, að afnema hátekjuskattinn. Hvað sem fagurgala annarra stjórnmálaflokka og fulltrúa þeirra hér í þingsalnum líður þá hafa aðrir stjórnmálaflokkar ekki fram að þessu sýnt neinn sérstakan áhuga á því í sínum stefnuskrám, hvorki fyrir síðustu kosningar né þar áður, að afnema þennan hátekjuskatt. Ég hlýt því að styðja þetta frv. sem leiðir til þess að hátekjuskatturinn verður á endanum afnuminn, enda sýnist mér að ekki veiti nú af að við talsmenn skattgreiðenda stöndum að baki stjórninni varðandi breytingu á hátekjuskattinum vegna þess að ég gat ekki skilið orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan öðruvísi en svo en hann væri bara hreinlega andsnúinn þeirri breytingu á hátekjuskattinum sem boðuð er í frv. Mér sýnist af þeim ummælum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lét falla hér áðan að við sem viljum hag skattgreiðenda sem mestan verðum einfaldlega að hafa okkur alla við til þess að tryggja afnám hátekjuskattsins.

Ekki er hægt að treysta á þingmenn Samfylkingarinnar í því máli enda gat hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson ekki svarað þeirri spurningu áðan hvort þingflokkur Samfylkingarinnar væri á móti hátekjuskattinum. Svo kom hér hv. þm. Helgi Hjörvar upp í pontu og var spurður þessarar sömu spurningar af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Hann treysti sér ekki til þess heldur heldur sagði að mikilvægt væri að skattar yrðu settir í samhengi. En hann tók ekkert afstöðu til spurningarinnar að öðru leyti.

Það kæmi nú á óvart ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson eða hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem stóðu að því að koma þessum hátekjuskatti á mundu styðja það núna að hann yrði afnuminn. (**ÖS:** Með hverjum?) Það kæmi mér á óvart. (**ÖS:** En með hverjum stóðum við að því?) Já, þið stóðuð að því með Sjálfstfl. En sem betur fer er sá ágæti flokkur að stefna að því að afnema þenna skatt núna og þó fyrr hefði verið.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið þessum athugasemdum mínum við 12. gr. frv. Ég ítreka það að ég hefði frekar viljað sjá hátekjuskattinn felldan úr gildi um næstu áramót. En það er ásættanlegt að mínu mati að hann verði felldur niður á kjörtímabilinu og það er algjörlega í samræmi við þær yfirlýsingar sem við sjálfstæðismenn gáfum fyrir þessar kosningar þar sem við töluðum um að hátekjuskatturinn yrði felldur niður á þessu kjörtímabili. Það er verið að gera og ekki er hægt að halda því fram, hvorki hér ná annars staðar, að í því felist einhver svik. Slíkar yfirlýsingar eru einfaldlega rangar.

[14:52]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp í tengslum við það frv. sem liggur frammi um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og fram hefur komið er þetta frv. ein af forsendum fjárlagafrv. sem lagt var fram á þinginu í síðustu viku og hefur gefið þingmönnum stjórnarandstöðunnar að

því er virðist tækifæri til þess að draga inn í umræðuna kosningabaráttuna frá því í vor. Eins og fram hefur komið, hér síðast í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, þá er því haldið fram í umræðunni að við þingmenn Sjálfstfl. höfum nú gleymt þeim hugmyndum um skattalækkanir sem við kynntum fyrir kjósendum á vormánuðum.

Það virðist standa upp úr í þessari umræðu annars vegar það að ekki séu kynntar hér á haustþinginu hugmyndir okkar um tímasetningar á skattalækkununum og finnst mér menn gera fullmikið úr því atriði sérstaklega. Á hinn bóginn verður þingmönnum stjórnarandstöðunnar tíðrætt um að þær hugmyndir sem kynntar voru skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en síðar á kjörtímabilinu. Þetta eru auðvitað gamlar fréttir og ekkert annað. Þetta kemur allt saman skýrt fram í stjórnarsáttmálanum, stjórnarsáttmálanum frá því í maí á þessu ári, þannig að það vekur athygli að þingmenn stjórnarandstöðunnar skuli sjá ástæðu til þess núna að eyða löngu máli í að skattalækkanahugmyndir Sjálfstfl. skuli ekki koma til framkvæmda nú strax á næsta ári og þeirra verði ekki vart í fjárlagafrv. fyrir árið 2004.

Virðulegi forseti. Þegar talið berst að því frv. sem hér er lagt fram og það tengt við fjárlagafrv. sem lagt var fram í síðustu viku þá tel ég nauðsynlegt að þingmenn skoði málin aðeins í víðara samhengi heldur en gert hefur verið hingað til og umræðan í dag ber vott um.

Í fyrsta lagi hefur margoft komið fram í umræðunni um fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. kynnti á fyrstu dögum þingsins, í máli hans og í umræðu um frv. sjálft, nú síðast í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, að allar helstu skattalækkanahugmyndir Sjálfstfl. eins og þær voru kynntar á vordögum er að finna í stjórnarsáttmálanum. Það er auðvitað stóra atriðið.

Þegar kemur hins vegar að því að þingmenn stjórnarandstöðunnar væna þingmenn Sjálfstfl. um að hlaupast undan loforðum sínum og ætla ekki að standa við hugmyndir sínar um skattalækkanir þá ber að hafa í huga að fleira er í pólitík Sjálfstfl. en skattalækkanahugmyndirnar sem eru þegar komnar inn í stefnuyfirlýsinguna. Flokkurinn hefur staðið fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Við höfum lagt áherslu á að jafnvægi ríki í ríkisfjármálunum og það frv. sem hér liggur frammi um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt er mikilvægt innlegg í það mál. Það er mikilvægt innlegg í það mikilvæga verkefni að viðhalda hér hagvexti, auka kaupmátt og halda verðbólgu lágri. Við erum að finna leiðir til þess að halda niðri ríkisútgjöldunum um leið og unnið er að verkefnum eins og þeim að auka hér afgang á ríkisfjárlögum, draga úr vexti samneyslunnar, greiða niður erlendar skuldir og halda verðbólgunni lágri og atvinnustiginu háu. Ekkert af þessu er nefnt í umræðu stjórnarandstöðuflokkanna um fjárlagafrv. eða það frv. sem hér er verið að kynna og tengist auðvitað fjárlagerðinni fyrir næsta ár. Engar af þessum staðreyndum eru tíndar til þegar talað er um kjör almennings sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í þingsalnum í dag.

Það er nefnilega svo að samkvæmt nýútkominni þjóðhagsáætlun mun kaupmáttur halda áfram að aukast. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið meira undanfarin ár en dæmi eru áður um. Í nýútkominni þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir því að kaupmáttur muni halda áfram að aukast á árinu 2004 um 2,5%, á árinu 2005 um 4% og um 2,75% á árinu 2006. Þetta eru dæmi inn í næstu þrjú ár. Þetta eru kjarabætur. Hér er verið að tala um ráðstöfunartekjur launþeganna. Þetta eru kjarabætur sem munu koma öllum til góða, líka þeim sem haldið er fram að vegið sé að með því frv. sem hér er til umræðu. Því verður ekkert horft fram hjá þeirri staðreynd þegar rætt er um fjárlagafrv. og það frv. sem hér er lagt fram á þessu haustþingi og tengist fjárlagafrumvarpsgerðinni, að hlutirnir haldast í hendur. Það er ekki boðlegt að slíta hlutina úr samhengi með þeim hætti sem gert hefur verið í umræðunni hingað til.

Samkvæmt minni bestu vitund eru allir stjórnmálaflokkar landsins og þeir sem hafa fjallað um framtíðarhorfur í efnahagsmálum sammála um að ríkisfjármálin muni gegna lykilhlutverki við hagstjórn næstu ára. Um þetta eru stjórnarflokkarnir jafnframt sammála og það kemur fram í stjórnarsáttmálanum. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa séð ástæðu til þess að draga hugmyndir sínar um lækkun virðisaukaskatts um 5 milljarða inn í þá umræðu sem hér fer fram um þetta frv. Þess vegna hlýtur maður að spyrja hvernig það fari saman hjá þeim stjórnmálaflokki að leggja áherslu á aðhald í ríkisfjármálunum, leggja áherslu á að hér ríki jafnvægi í ríkisfjármálum, á sama tíma og þeir leggja til að ríkistekjurnar verði dregnar saman um 5 milljarða. Hvar á að mæta þeirri lækkun tekna ríkissjóðs sem fylgir þessari hugmynd? Hvar á að gera það? Á það að gerast á kostnað afgangsins sem kynntur er í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna? Er það þá skoðun þessa stjórnmálaflokks að það skipti engu máli að ríkissjóður verði rekinn með afgangi á komandi ári? Maður hlýtur að þurfa að spyrja spurninga af þessu tagi þegar rætt er um þau frv. sem hér eru lögð fram og tengjast fjárlagafrumvarpsgerðinni fyrir komandi ár. Það er nefnilega skoðun undirritaðs að sá afgangur sem lagt er upp með í fjárlagafrv. fyrir komandi ár megi ekkert vera minni en þar er kynnt.

Virðulegi forseti. Það skal tekið fram að ég verð að taka undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni um að ég harma að ekki hafi tekist samstaða um að fella niður sérstaka tekjuskattinn og láta hann renna út núna um áramótin. Þessi skattur er ósanngjarn. Ég fagna því auðvitað jafnframt að hér skuli koma upp þingmenn eins og hv. þm. Helgi Hjörvar og draga athygli að því hversu ósanngjörn skattbyrði þetta er. En þetta er kannski eitt dæmi um það að þegar menn leggja á tímabundna skatta þá er gjarnan vakin athygli á því af hálfu Sjálfstfl. að tímabundnir skattar hafi tilhneigingu til þess að endast lengur en lagt var af stað með. Ég tel að þetta sé einmitt dæmi um það sem menn ættu að hafa í huga og reyna að draga lærdóm af, þ.e. að tímabundin skattlagning hefur tilhneigingu til þess að dragast úr hófi fram. Menn skulu læra af þessu dæmi um leið og þeir eiga auðvitað að fagna því nú skuli hafa tekist samstaða meðal þeirra sem stýra landinu um að skatturinn skuli falla niður fyrir fullt og allt eftir árið 2005. Skatturinn hefur beinst að ungu fjölskyldufólki sem er reiðubúið að leggja mikið á sig til þess að auka tekjur sínar á sama tíma og fjárfest er í fasteign og fjölskyldan stækkar. Almennt eigum við að haga skattlagningunni þannig að það borgi sig að vinna, að það borgi sig að sækja sér tekjur út á vinnumarkaðinn. Þessi skattur stríðir gegn því markmiði. Þess vegna er það sérstakt fagnaðarefni að nú hafi tekist samkomulag milli stjórnarflokkanna um að afnema skattinn með öllu árið 2005.

Svo verðum við auðvitað að halda því til haga að þessi skattur verður lækkaður núna um áramótin og það er í sjálfu sér hægt að fagna því fyrst að sú leið var farin að láta hann ekki renna út.

Hér hafa alþjóðleg viðskiptafélög verið nefnd til sögunnar enda snerta alþjóðlegu viðskiptafélögin að hluta til frv. sem hér liggur frammi. Ég vil koma því að í þeirri umræðu að ég tel að sú leið sem nú er verið að fara, þ.e. að kæfa þá hugmynd eða draga til baka þá hugmynd um alþjóðlegu viðskiptafélögin sem fólst í lagasetningunni á sínum sé ekki dæmi um að við höfum haft slæman ásetning í upphafi eða að hugmyndin hafi verið vond í grunninn. Þetta er hins vegar dæmi um að með málamiðlunum og með því að taka hálf skref þá geta góðar hugmyndir klúðrast. Við eigum að draga þann lærdóm af þessari löggjöf um alþjóðlegu viðskiptafélögin. Við eigum að hlusta á raddir atvinnulífsns. Við eigum að hlusta á þær ábendingar sem koma úr atvinnulífinu um hvaða nauðsynlegu forsendur þurfi að liggja að baki lagasetningu af þessu tagi og við eigum að halda áfram að finna leiðir til þess að draga að erlent fjármagn inn í íslenskt atvinnulíf. Það hefur komið fram í umræðunni um alþjóðlegu viðskiptafélögin, og rétt er að því sé haldið til haga, að sú kynning sem fram hefur farið á Íslandi sem fjárfestingarkosti hefur komið til góða þó að það hafi birst annars staðar í atvinnulífinu og viðskiptalífinu en einmitt í alþjóðlegu viðskiptafélögunum. Það er í sjálfu sér gott.

Að lokum, virðulegi forseti, um vaxtabæturnar. Ekki skal ekki gert lítið úr því markmiði sem kynnt er í lögunum að með þeirri lagabreytingu sem hér er kynnt í frv. er verið að draga úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði. Ég gat ekki betur skilið orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan, fyrr í umræðunni, en svo að þegar ungt fólk væri að taka ákvarðanir um fjárfestingar í húsnæði þá væri m.a. og að stórum hluta til byggt á því í dag, þegar horft væri til framtíðar, að vaxtabótastuðningurinn kæmi frá ríkinu. Ég vil bara af þessu tilefni vekja athygli á mikilvægi þess að ungt fólk sem ætlar að fjárfesta í húsnæði í fyrsta sinn á auðvitað fyrst og fremst að geta byggt á stöðugleika í efnahagsmálum, á auknum hagvexti og á kaupmáttaraukningu til lengri tíma litið. Það eru hinar almennu aðgerðir sem við getum beitt til þess að auðvelda fólki að eignast húsnæði, til þess að auðvelda fólki lífsbaráttuna, og það er með slíkum aðgerðum sem við ættum auðvitað almennt að létta undir með þeim sem haldið er fram að þessi lagabreyting beinist sérstaklega gegn.

[15:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við hér ræðum er frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Um nokkra liði þess þarf ekki að hafa langt mál, t.d. varðandi það að ákveðnar upphæðir og viðmiðanatölur hækki um 2,5% í samræmi við fjárlög. Það er auðvitað eðlilegt miðað við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur tekið þó kannski mætti segja að eðlilegra væri að þau fylgdu almennum launabreytingum, alla vega varðandi persónuafsláttinn. En það má auðvitað hafa langt mál um það hvernig persónuafslátturinn hefur í raun dregist aftur úr að raungildi til í nokkuð mörg undanfarin ár. Sýnt hefur verið fram á það með tölum að skattbyrði á fólk með lægri tekjur hefur aukist og mun fleiri einstaklingar í þjóðfélagi okkar greiða núna tekjuskatt en áður var þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp og persónuafslátturinn settur á.

En það sem ég vil sérstaklega ræða í þessu frv., virðulegi forseti, er m.a. atriði sem snýr að vaxtabótunum og því að það skuli vera orðið markmið núna að lækka vaxtabætur fólks. Hér er verið að koma í bakið á fólki, sérstaklega fólki sem hefur verið að kaupa sér húsnæði á undanförnum árum. Þó að því sé haldið fram að núna hafi vextir lækkað þá hafa þeir ekki lækkað á skuldbindingum fólks sem það hefur þegar tekið að þessu leyti til. Hér er í raun verið að vega að stöðu þess fólks sem hefur á undanförnum árum verið að gangast undir skuldbindingar varðandi kaup á eigin húsnæði.

Þar að auki er þessi útfærsla ekki í samræmi við þá stefnu sem stjórnarflokkarnir kynntu í kosningabaráttu sinni um að það mundi verða þeirra hlutskipti markvisst á þessu kjörtímabili að lækka skatta um allt að 20 milljarða eða jafnvel 28, en ekki stuðla að skattahækkunum eða álögum sem kæmu niður þannig að skattbyrði fólks og gjöld til ríkisins færu vaxandi á kjörtímabilinu.

Virðulegi forseti. Mér sýnist að þessi breyting á vaxtabótunum geti þýtt að fólk með lán á bilinu 4–8 millj. vegna húsnæðiskaupa sé að greiða meira í álögur sem nemur 15–30 þús. kr. á ári en ella væri. Þetta er samt háð dreifingu tekna fólks.

Virðulegi forseti. Annað atriði sem ég vil gera að umtalsefni er það sem kemur fram í 12. gr. frv. um hátekjuskattinn svokallaða. Ég tel, og það er bara mín skoðun og míns flokks og við settum það fram skýrt í kosningabaráttunni, að það sé röng stefnumótun að fara af stað með því að lækka hátekjuskattinn í stað þess að horfa til þeirra atriða sem gætu komið tekjulágu fólki til góða og barnafólki sérstaklega og barnafjölskyldum sem oftast nær eru nú jafnframt ungar fjölskyldur sem hafa verið að koma sér þaki yfir höfuðið. Ekki er sem sagt tekið á því, hvorki í gegnum persónuafsláttinn né með öðrum aðferðum, að koma til móts við það fólk heldur er farið beint í að afnema í áföngum núna hinn svokallaða hátekjuskatt.

Út af fyrir sig get ég tekið undir að viðmiðunartölur varðandi hátekjuskattinn upp á 4,2 milljónir á einstakling eru ekki háar. Vel væri athugandi að hækka þær viðmiðunartölur og alls ekki er fráleitt að hugsa sér að við í Frjálslynda flokknum mundum styðja það að fara með þessar tölur t.d. upp í 400 þús. kr. á einstakling eða kannski ríflega það. En eins og hefur komið fram í máli hv. þingmanna, m.a. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, greiðir hins vegar ekki fjölmennur hópur í þjóðfélagi okkar hátekjuskattinn. Ef tekjuviðmiðunin væri eitthvað hækkuð frá því sem nú er, en hún er um 350 þús. kr. á hverjum mánuði miðað við það sem stendur í frv., þá mundi það auðvitað fækka enn þeim sem greiða hátekjuskattinn og e.t.v. frekar verða til þess að fólk sem er að leggja á sig mikla vinnu, m.a. vegna þess að það er að reyna að eignast húsnæði, mundi þá ekki greiða skattinn. En upplýsingarnar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom fram með um að aðeins 10% skattgreiðenda greiddu hátekjuskattinn og stór hluti þeirra væri verulega yfir þessum tekjumörkum voru afar merkilegar.

Ég vil lýsa þeirri skoðun okkar flokks að við teljum að farið sé öfugt af stað með því að byrja á að lækka hátekjuskattinn í stað þess að taka annaðhvort þá útfærslu sem snýr að barnafjölskyldum í landinu og vinna þannig með unga fólkinu sem er að reyna að eignast þak yfir höfuðið eða þá að skoða persónuafsláttinn sérstaklega því að persónuafsláttarinn hefur ekki haldið gildi sínu á undanförnum árum eins og ég hef áður sagt. Þar skilur á milli okkar og ríkisstjórnarflokkana í þessu máli og okkar skoðun er sú að hér sé lagt upp í ranga vegferð á röngum tíma.

Svo er verið að breyta og fella niður í þessu frv. það sem var og er í lögunum í dag kallað alþjóðleg viðskiptafélög og

átti að verða til mikillar innspýtingar í þjóðfélagi okkar. En það fyrirbæri hefur greinilega mistekist. Hér er upplýst að aðeins 14 fyrirtæki séu skráð í landinu undir þessu alþjóðlega heiti og aðeins sex þeirra séu með starfsemi. Því er kannski sjálfgefið að breyta lögunum að því er þetta varðar.

Virðulegi forseti. Eins sakna ég þó og það er að upplýsingar frá fjmrn. skyldu ekki hafa fylgt með frv. sem fylgiskjal um það hvernig tekjudreifingin er varðandi hátekjuskattinn þar sem nákvæmlega væri sundurliðað hversu mikið af þessum 10% væri með þessar eða hinar tekjurnar og hvernig skattbyrðin dreifist á þau 10% sem greiða hátekjuskatt á annað borð.

Síðan hefði ég líka mjög gjarnan viljað sjá í fylgiskjali með frv., virðulegi forseti, rök fyrir því og það uppfært varðandi tekjubil og með tilliti til skulda heimilanna varðandi íbúðalán, hvernig þær byrðar sem hér er verið að leggja á fólk eru að breytast. Ég hefði talið eðlilegt að töflur sem sýndu þá breytingu sem hér er verið að boða fylgdu frv. Auðvitað munu þær koma fram í efh.- og viðskn. þegar málið verður skoðað en vissulega hefði verið lítið mál, held ég, hjá fjmrn. að láta slíkar upplýsingar fylgja því að ráðuneytið hlýtur að hafa þessar upplýsingar og hafa skoðað þær þegar verið var að vinna frv. Það getur ekki verið að frv. komi inn í þing án þess að ráðuneytið hafi skoðað þessar tölur og þessar stærðir, hvernig þær dreifast á skattgreiðendur annars vegar í hátekjuskattinum og hins vegar með því að breyta vaxtabótunum.

Virðulegi forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfum sýnt á spil okkar varðandi áherslur í skattamálum, m.a. með því að leggja fram þáltill. á hinu háa Alþingi um að skoða skattaútfærslur sem sérstaklega snúa að barnafjölskyldum. Ég vonast sannarlega til þess þegar það mál kemur hér til umræðu sem verður vonandi einhvern tíma á haustdögum að menn taki þeirri þáltill. vinsamlega vegna þess að ég tel að hún sé gott innlegg í það að skoða hvernig við viljum láta skattkerfið þróast hér á komandi árum og áratugum og hvernig við viljum líta til þess að barnafjölskyldur beri minni skattbyrði meðan þær eru að framfleyta börnum sínum og hvernig það megi spila saman með afkomu fjölskyldna í þessu landi. Það held ég að sé mikið mál upp á framtíðina að gera, virðulegi forseti, og þess vegna vonast ég vissulega til þess að það mál fái hér góða umræðu þegar að því kemur.

Umræðu frestað.

Lax- og silungsveiði o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 111.

[15:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 111, sem er 111. mál, en um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Um er að ræða frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum nr. 103/2003, til þess að unnt sé að lögleiða að fullu í íslenskan rétt tilskipun 91/67/EBE í Evrópurétti um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

Forsaga þessa máls er nokkuð löng. Tilskipunin er hluti af EES-samningnum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998, og hefur að geyma ákvæði um skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að milliríkjaviðskipti geti átt sér stað með eldisdýr og afurðir þeirra innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ísland hafði lengi undanþágu frá ákvæðum tilskipunarinnar. En sú undanþága féll endanlega úr gildi 30. júní 2002 og fékkst ekki framlengd þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ég trúði því að við fengjum hana upp tekna á ný og taldi það mikilvægt til að halda uppi friði um okkar dýrmætu laxveiðiár. Það gekk ekki og því höfum við orðið að leita annarra leiða til að verja þá auðlind og ég vona að þótt tilskipunin nái fram verði engu raskað eða meira áhætta tekin en þegar hefur verið gert með ströngum reglum sem hér gilda um fiskeldi í heild. Alþingi Íslendinga hefur með strangri löggjöf varðað það hvernig að þeim málum skuli staðið.

Eftirlitsstofnun EFTA fylgdist náið með framgangi mála hér á landi um innleiðingu tilskipunar 91/67 eftir að ljóst var að undanþágan fengist ekki framlengd. Meðal annars sendi Eftirlitsstofnun EFTA íslenskum stjórnvöldum fjögur formleg kvörtunarbréf, dagsett í júní, nóvember og desember 2002, vegna þess að tilskipunin með áorðnum breytingum hafði ekki verið innleidd og gerði jafnframt grein fyrir að sá tími sem íslensk stjórnvöld höfðu til svara, skýringa eða úrbóta væri að renna út.

Frumvarp var lagt fyrir Alþingi í mars sl. á löggjafarþingi 2002–2003 sem hafði að geyma nauðsynlegar lagabreytingar til þess að unnt væri að lögleiða tilskipunina. En það var ekki afgreitt frá þinginu á þeim forsendum að tíminn til að vinna málið í landbn. væri of naumur og var það því ekki tekið til 2. umr. Samhljóða frv. sem sjútvrh. lagði fram vegna eldis sjávardýra var hins vegar samþykkt fyrir þinglok.

Í apríl 2003 þegar tilskipun 91/67 hafði enn ekki verið innleidd sendi Eftirlitsstofnun EFTA íslenskum stjórnvöldum rökstutt álit sem er síðasta formleg viðvörun í málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem Íslandi var gefinn tveggja mánaða lokafrestur til að innleiða tilskipun 91/67 í íslenskan rétt. Eftir þann frest yrði tekin ákvörðun um hvort höfðað yrði mál gegn íslenska ríkinu vegna samningsbrots fyrir EFTA-dómstólnum.

Í júní sl. þegar áðurnefndur tveggja mánaða frestur var liðinn lögðu stjórnvöld í Evrópusambandsríkjum, nánar tiltekið í Skotlandi og á Írlandi, bann við innflutningi eldisdýra og afurða þeirra héðan frá Íslandi með skírskotun til þess að Ísland og fiskeldisstöðvar hér á landi höfðu ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í Evrópulöndum. Eftirlitsstofnun EFTA hafði hafnað að gefa út slíkar tryggingar fyrir Ísland fyrr en löggjöf hér á landi hefði verið aðlöguð ákvæðum tilskipunar 91/67.

Fiskeldið er ný atvinnugrein hér á landi og er í miklum vexti. Möguleikar Íslendinga á þessu sviði eru miklir þegar til framtíðar er litið. Íslensk fyrirtæki hafa flutt út eldisfisk og hrogn til Skotlands, Írlands og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins í ört vaxandi mæli. Viðskiptabann þetta tefldi í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og olli þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi voru miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa og blöstu uppsagnir við ef ekkert yrði að gert. Íslensk stjórnvöld áttu ekki annarra kosta völ en að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að leysa úr

þeim vanda sem þarna var kominn upp og hnekkja þessum viðskiptahindrunum.

Af samskiptum íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofnun EFTA á þeim tíma var ljóst að viðskiptahindrunum þessum yrði ekki hnekkt nema því aðeins að tilskipunin 91/67 yrði lögleidd hér á landi. Þar sem lagaheimild skorti til að lögleiða tilskipunina 91/67 í íslenskan rétt var komin hér upp sú staða að brýn nauðsyn var fyrir hendi til að setja bráðabirðgalög sem hefðu að geyma nauðsynlega lagaheimild til þess að unnt væri að lögleiða tilskipun 91/67. Hinn 1. júlí 2003 voru sett bráðabirgðalög, nr. 103/2003, sem hér eru til umfjöllunar.

Þegar eftir setningu bráðabirgðalaganna var tilskipun 91/67 lögleidd hér á landi með reglugerðum og leitað leiða til að afgreidd yrði beiðni Íslands um viðbótartryggingar sem fela í sér viðurkenningu á stöðu fisksjúkdóma hér á landi eða einhverju besta heilbrigðisástandi sem þekkist í veröldinni og verður nú okkar helsta vörn gegn innflutningi nýrra fiskstofna, enda er það ekki á dagskrá af hálfu fiskeldismanna. Þeir eiga þennan norska eldisstofn sem hér hefur verið notaður í fiskeldið og er seldur úti um heim, eins og ég gat um áðan. Stjórnvöld í Skotlandi og á Írlandi féllu í framhaldi af því frá áðurnefndum viðskiptahindrunum sem beint hafði verið að íslenskum fiskeldisfyrirtækjum.

Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja bráðabirgðalög fyrir Alþingi þegar það er saman komið á ný. Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna eftir að þingið kom saman falla þau úr gildi. Ef frv. þetta verður að lögum felur það í sér nauðsynlega lagaheimild fyrir áframhaldandi gildi þeirra reglugerða sem settar voru sl. sumar til að innleiða tilskipun 91/67 hér á landi eða nýrra reglugerða um sama efni þegar gildistíma bráðabirgðalaganna er lokið.

Hæstv. forseti. Efnislegar breytingar sem frv. hefur að geyma varða innflutning á fiski, hrognum og sviljum, sem eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að lögfest verði heimild til innflutnings lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni skv. lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, en samkvæmt ákvæðum laganna, áður en bráðabirgðalög nr. 103/2003 voru sett var slíkur innflutningur bannaður. Jafnframt er lagt til að lögfest verði heimild til notkunar erlendra flutningstækja hér á landi vegna fiskeldis, t.d. brunnbáta.

2. Gert er ráð fyrir að lögfest verði ákvæði í lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, um að heimilt sé að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð. Slíkt ákvæði felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 2. gr. laganna um að óheimilt sé að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra nema landbrh. veiti undanþágu frá því banni. Jafnframt er miðað við að lifandi fiskur, krabbadýr og lindýr sem flutt verða inn samkvæmt þessu undanþáguákvæði þurfi ekki að fara í einangrun í sóttvarnastöð eins og gildir um önnur dýr sem flutt eru inn samkvæmt undanþáguheimild landbrh., t.d. hundar og kettir. Í stað þess er í frv. kveðið á um margs konar sjúkdómavarnir sem ég mun nú gera grein fyrir.

Hæstv. forseti. Í frv. er gerð tillaga um að lögfest verði sérstök ákvæði í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim til að takmarka útbreiðslu sjúkdóma þrátt fyrir innflutningsheimildir þær sem gert er ráð fyrir að lögfestar verði með framangreindum ákvæðum í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði og lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra. Meðal annars er gert ráð fyrir að landbrh. sé í samráði við embætti yfirdýralæknis heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna eldisdýra eða afurða þeirra til lengri eða skemmri tíma til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma. Þá er gert ráð fyrir að landbrh. setji með reglugerð ákvæði sem nauðsynleg eru með tilliti til sjúkdómahættu vegna innflutnings sem leyfður verður á grundvelli laganna. Geta slík reglugerðarákvæði m.a. falið í sér skyldu til að setja innflutt eldisdýr í einangrun ef hætta á sjúkdómum gefur tilefni til.

Á fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv.

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er einungis verið að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til þess að efna samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Ég endurtek: Til þess að efna samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Undan þeirri skyldu getur þingið ekki vikið sér. Það snýr ekki að því hvort við studdum EES-samninginn eða ekki á sínum tíma. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað leitað eftir áframhaldandi undanþágu frá þeim skuldbindingum um frjálsan innflutning á lifandi eldisfiski, eins og ég gat um áðan, sem tilskipun nr. 91/67 byggir á. Af viðræðum íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofnun EFTA sl. eitt og hálft ár er orðið ljóst að Ísland á ekki kost á slíkri undanþágu og eru þessar lagabreytingar því óhjákvæmilegar.

Í umræðum um frv. þetta hefur því verið haldið fram að það feli í sér hættu á að sjúkdómar berist hingað til lands og einnig hættu á erfðablöndun sem kunni að valda tjóni á íslenska laxastofninum. Hér þykir rétt að benda á að með þeim reglugerðum sem settar voru sl. sumar hefur verið reynt að loka fyrir alla sjúkdómahættu sem stafað getur af innflutningi eldisdýra og afurða þeirra hingað til lands, en um er að ræða samræmdar reglur sem gilda fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið, m.a. hafa verið settar strangar reglur um þau skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem þarf að uppfylla til þess að innflutningur eldisdýra og afurða þeirra hingað til lands geti átt sér stað og einnig reglur um eftirlit með því að þau skilyrði séu uppfyllt. Ef einhver hætta er á að sjúkdómar berist með innflutningi eldisfisks eru víðtækar heimildir til að koma í veg fyrir slíkan innflutning og banna alfarið innflutning af tilteknum svæðum sem sjúkdómahætta stafar frá. Einnig eru ákvæði í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem gilda um varnir gegn útbreiðslu fisksjúkdóma hér á landi. Reglugerðirnar og ákvæði laganna eru að mínu mati ásættanleg vörn gegn útbreiðslu fisksjúkdóma hér á landi og tel ég að nokkuð góð sátt ríki um innflutning eldisdýra, að þeim fylgi ekki sjúkdómahætta eftir setningu þessara reglugerða.

Enginn vafi er á að nauðsynlegt er að efla íslenska laxastofninn gegn erfðablöndun. Ég endurtek: Engin vafi er á að nauðsynlegt er að vernda íslenska laxastofninn gegn erfðablöndun og ekki er ástæða til að draga í efa að um það eru allir þingmenn sammála eða ég vona það. Það verður hins vegar að gera með þeim úrræðum sem tiltæk eru og án þess að brjóta samningsskuldbindingar Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

Norskur laxastofn hefur verið hér á landi í um 20 ár og er nú þegar notaður í fiskeldi, en samkvæmt því er erfitt að færa rök fyrir að í fiskeldi hér á landi megi eingöngu nota innlendan stofn. Sá stofn sem hér er notaður nú í fiskeldi er

af erlendum uppruna ræktaður og kynbættur hér og því er, og ég endurtek, erfitt að færa rök fyrir því að hér á landi megi eingöngu nota innlendan stofn. (**Gripið fram í:** Það er von á fleirum.) Nei, hv. þm., þetta snýr að því sem undirskrifað var í EES-samningunum 1994. (**Gripið fram í:** Þú ræður engu?) *Ég ræð miklu og hef í sjálfu sér haft mikinn stuðning* og þakka fyrir það, stuðning þingsins til þess að ráða miklu. (**SJS:** Ekki til þess að leka ...) og setja hér upp ströngustu reglur sem hægt er að hugsa sér. (**SJS:** Þú hefur ekki haft stuðning þingsins til að leka niður.) (Forseti hringir.) Enda hefur það aldrei hvarflað að Flóamanninum sem hér stendur.

Hér þykir einnig rétt, hæstv. forseti, að benda á að í gildandi lögum og stjórnvaldsreglum hér á landi eru nú þegar ákvæði sem koma í veg fyrir að erfðablöndun geti átt sér stað þrátt fyrir innflutningsheimildir, t.d. er í 23. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sú meginregla að við fiskrækt í ám er einungis heimilt að nota stofn úr viðkomandi veiðivatni. (Gripið fram í.) Svo að ég útskýri þetta betur fyrir hv. þingmönnum þá mega menn ekki taka núna stofn úr Elliðaánum og rækta hann í Laxá í Kjós eða úr Laxá í Kjós og rækta hann í Elliðaánum. Og enginn má hér fara með erlendan fisk í íslensk veiðivötn.

Hæstv. forseti. Í 23. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, er sú meginregla að við fiskirækt í ám er einungis heimilt að nota stofn úr viðkomandi veiðivatni, eins og ég sagði hér áðan. Einnig er hver konar flutningur á laxfiskum úr náttúrlegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangaveiði óheimill. Enn fremur kemur *fram í 75. gr. sömu laga að kynbættan eldislax sé eingöngu* heimilt að nýta til fiskeldis og að óheimilt sé að sleppa honum í fiskirækt eða hafbeit, en þessar reglur gilda að sjálfsögðu einnig um erlenda stofna ekki síður og enn frekar en innlenda stofna. Í 77. gr. laganna eru landbrh. veittar víðtækar heimildir til að takmarka eða banna fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar fiskeldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérstaklega viðkvæm fyrir slíkri starfsemi. Með auglýsingu nr. 226/2001, um friðunarsvæði, þar sem eldi frjórra laxa í sjókvíum er óheimilt hef ég sem landbrh. bannað sjókvíaeldi fyrir öllum ströndum landsins sem eru nálægt helstu laxveiðiám landsins. Það kann líka að vera að ég líti á það sjálfur og kannski einhverjir fleiri sem verk sem muni lifa inn í framtíðina og þykja kannski síðar mikilvæg og merkileg gjörð til verndar stofnum af Íslands hálfu. Þar er um að ræða mjög víðtækar takmarkanir þar sem bannið nær yfir flest strandsvæði landsins. Sjókvíaeldi er því aðeins heimilt á örfáum stöðum á landinu. Loks eru í reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, ákvæði sem sett hafa verið í þeim tilgangi að veita vernd gegn því að erfðablöndun geti átt sér stað milli óskyldra stofna hér á landi og gilda þau einnig jafnt um innlenda og erlenda stofna. Samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum eru því miklar takmarkanir á hvað hægt er að gera við innfluttan eldisfisk þegar hann er kominn hingað til lands og eru leiðir til erfðablöndunar því verulega takmarkaðar.

Hagsmunum og tilvist íslenskra fiskeldisfyrirtækja var stefnt í mikla hættu sl. sumar þegar stjórnvöld í viðskiptalöndum okkar bönnuðu innflutning á eldisfiski og eldisafurðum héðan á þeim forsendum að Ísland hafði ekki *uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum*. Með setningu bráðabirgðalaga, nr. 103/2003, tókst ríkisstjórninni að bjarga þeim miklu hagsmunum sem í húfi voru og hnekkja þeim viðskiptahindrunum. Verði bráðabirgðalög nr. 103/2003 ekki staðfest á þann veg að tryggt verði áframhaldandi gildi þeirra reglugerða sem settar hafa verið og fela í sér lögleiðingu þeirra reglna sem eiga að gilda um markaðssetningu eldisfisks og eldisafurða á EES-svæðinu *og sem Ísland er skuldbundið af er alveg ljóst að aftur* verður lagður steinn í götu íslenskra fiskeldisfyrirtækja með sams konar viðskiptahindrunum og mættu þeim í sumar. Slíkar viðskiptahindranir munu á skömmum tíma eyðileggja tilvistargrundvöll þessara fyrirtækja og fiskeldis sem atvinnugreinar hér á landi. En ég vek athygli á að hér eru í húfi bæði hagsmunir ferskvatns- og sjávareldis. Það er ekki bara laxeldið heldur allt annað eldi, bæði í bleikju og sjávareldi, sem var í sumar og verður á ný í uppnámi.

Með vísan til þess sem hér hefur verið gerð grein fyrir tel ég ljóst að allir þingmenn geri sér grein fyrir hversu brýnt það er og í raun óhjákvæmilegt að bráðabirgðalög nr. 103/2003 verði staðfest af Alþingi innan tiltekins frests sem eru sex vikur frá setningu Alþingis.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir rökum sínum fyrir bráðabirgðalögunum sem sett voru í sumar og voru sannarlega mikið deilumál strax og sett voru því þá upphófust greinaskrif og talað var við fólk í fjölmiðlum sem varaði við lagasetningu í þessa veru. Það var reyndar búið að gera áður. Við þekkjum það þingmenn sem sátum í þessum sal í vor að gríðarlega miklar deilur voru og mörg hættumerki komu upp hjá þingmönnum þegar hæstv. landbrh. sýndi frv. í vor. Það var ástæðan fyrir því að frv. var á endanum frestað vegna þess að hér er um gríðarlega afdrifaríkt mál að ræða sem er stórhættulegt fyrir náttúru Íslands og ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að standi í hróplegu ósamræmi við og sé hreinlega brot á 1. gr. laga um náttúruvernd. Áður en ég rökstyð það nánar, herra forseti, *tel* ég rétt að rifja upp 1. gr. náttúruverndarlaganna. Hún er svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar."

Herra forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að bráðabirgðalög hæstv. landrh. stríða gegn þessari grein og þau stríða gegn stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Laxeldi af því tagi sem hæstv. landbrh. hefur verið að heimila upp á síðkastið á ekkert skylt við sjálfbæra atvinnustefnu eða sjálfbæra atvinnuvegi. Hvers vegna ekki? Jú, það er vegna þess að eldislaxinn er af norskum stofni sem í 30 ár er búið að rækta og erfðabreyta þannig að hann geti vaxið hratt en orðið kynþroska seint. Sannleikurinn er sá að hann er eins langt frá íslensku stofnunum sem okkur er uppálagt að vernda og hugsast getur.

Ég segi að þessi atvinnuvegur, eins og hann er framkvæmdur hér, sé ekki sjálfbær. Máli mínu til stuðnings vil ég nefna að sjálfbær þróun byggir á því að náttúra Íslands

geti þróast út frá eigin lögmálum. Þegar lax sleppur úr eldi, lax af erlendum uppruna, leitar hann upp í árnar. Það hefur nú sannast þar sem vitað er að sjö laxar hafa nú þegar veiðst í laxveiðiám á Austurlandi, m.a. í einni af dýrmætustu ám Íslendinga og skaðinn sem þessir laxar geta valdið á náttúrulegu lífríki og á klaki sem þegar er komið af stað í þessum náttúrulegu ám er gífurlegur. Við erum að tala um atvinnugrein sem byggir á þessum laxastofnum okkar sem eru afar viðkvæmir og eru búnir að lifa hér í sátt við landið í 10 þúsund ár og laxarnir sem byggja upp þann stofn eða þá stofna þola ekki ágang eldislaxanna á þeim nótum sem ljóst er að eldislaxar sýna náttúrlegu lífríki.

Það er út af þessu sem mönnum brá í brún þegar hæstv. landbrh. setti bráðabirgðalögin í sumar. Við töldum að við fengjum tækifæri til að ræða þessi mál nánar, það yrði farið betur ofan í saumana á þeim og við mundum fá að skoða þau út frá öllum hliðum. Það var ekki leyft. Hæstv. ráðherra ber við Evróputilskipuninni og áminningum frá Eftirlitsstofnun EFTA. Ég leyfi mér að fullyrða það hér, herra forseti, að hæstv. landbrh. hafi ekki gert allt sem í hans valdi stóð til að fá endurnýjaða undanþáguna. Ég vil meina að undanþágan sem heimild er fyrir í tilskipuninni byggi á samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika. Við erum skuldbundin af alþjóðasamningum sem settir voru í Ríó árið 1992 og þar er samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika. Það er mjög mikilvægur samningur og ég fullyrði að ríkisstjórn Íslands hafi trassað að leiða þann samning í lög. Þessi bráðabirgðalög stríða gegn þeim samningi og ég tel, og ég hef ástæðu til að ætla það, að hæstv. landbrh. og ríkisstjórn Íslands hefðu getað sótt undanþáguheimild á grundvelli þessa samnings ef rétt hefði verið að málum staðið, ef byrjað hefði verið á því í tíma og ef unnið hefði verið af mikilli einlægni í því máli.

Ég gagnrýni líka ríkisstjórnina fyrir annað sem ég hef reyndar áður gert úr þessum stóli, þ.e. að beita sér ekki fyrir því að eldi af þessu tagi lyti lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það er auðvitað þyngra en tárum taki að lögin um mat á umhverfisáhrifum skyldu hafa farið þannig í gegnum hið háa Alþingi að stærðartakmörkin á eldisstöðvum, hafbeitarstöðvum, væru svo há að það væri möguleiki að heimila undanþágur frá umhverfismati. Nú hefur það sýnt sig að bæði eldi í Mjóafirði og Berufirði fór í gegn án mats á umhverfisáhrifum. Eldi í Reyðarfirði laut reyndar mati og ég held að hæstv. ráðherra væri hollt að lesa fyrstu blaðsíðurnar af úrskurði Skipulagsstofnunar, jafnvel í matsskýrslunni, því að þar kemur fram afar margt sem skiptir sköpum í þessu máli sem segir að það sé gífurlega mikil hætta á því að laxeldi af því tagi sem hér er verið að heimila geti skaðað íslenska laxastofninn.

Hvað erum við að tala um þegar við minnumst á skaða á þessum íslenska villta laxastofni? Við erum að tala um atvinnugrein sem lögbýli úti um allt land byggja afkomu sína á. Milli 1.800 og 1.900 lögbýli á landinu byggja stóran hluta af tekjum sínum á hlunnindum sem skapast vegna laxveiði í laxveiðiánum okkar. Við erum að tala um ár sem að verðmæti eru kannski 30 milljarða kr. virði. Hér er því ekki lítið undir, herra forseti. Hér verður gífurlegur skaði ef heldur fram sem horfir. Þetta skaðar byggðina í sveitunum sem hæstv. ráðherra í annan tíma talar um af mikilli virðingu og segir okkur með opnu hjarta og mikilli einlægni í augum að hann vilji hafa öfluga og sterka. En þá getur hann ekki á sama tíma ógnað henni eins og hann er að gera með þeim lögum sem hér eru sett. Við verðum að krefjast þess að hér sé trúverðug stefna rekin í þessu tilliti en í sannleika sagt hefur mér ekki fundist það vera í þessu máli, herra forseti.

Ég ætla aðeins að fá að fara yfir, herra forseti, það sem mér finnst skipta mestu máli í þessu fyrir utan það sem ég nú hef rakið. Það er varðandi það sem hæstv. ráðherra segir um hættuna á sjúkdómum. Hann leggur afar mikla áherslu á það að hér sé verið að girða fyrir hættu á smitsjúkdómum eins og best verður á kosið. Hann fer samt afar lítið í það, herra forseti, að viðurkenna hættuna sem lífríkinu stafar af þessum framandi stofnum.

Vitneskjan um farleiðir laxa er takmörkuð en þó hefur komið fram í rannsóknum að laxar geta ferðast frá eldiskví allt að 2.000 km undan hafstraumi. Og hvað gerir lax sem sleppur úr kví, segjum t.d. hérna fyrir austan land? Hann ferðast undan straumi og leitar eftir þeirri lykt sem honum er í blóð borin, þ.e. lyktinni af laxi. Hann eltir þá lykt upp í hvaða á sem er. Laxinn sem slapp úr kvíunum í Norðfirði í haust var kynþroska að miklu leyti og eðlishvöt hans leiðir hann beina leið upp í árnar og þar rótar hann í náttúrulegum hreiðrum og kemur mögulega í veg fyrir að hrognin sem þar voru að búa sig undir að verða seiði geti átt frekari lífdaga fyrir höndum. Hæstv. ráðherra verður að horfast í augu við það að eldislaxarnir fara upp í árnar. Það er alveg sama hversu mikil eða lítil fjarlægðin er, þeir leita upp í ár í allt að 2.000 km fjarlægð frá þeim stað þar sem þeir sleppa. Þetta hafa norskar rannsóknir leitt í ljós. Við vitum alveg hvernig laxveiðiánum hefur fækkað í veröldinni og við vitum líka að það er vegna hættunnar sem stafar af laxeldinu sem villtu laxastofnarnir hafa orðið undan að láta.

Það má leiða að því rök, herra forseti, að af náttúrulegum virkum laxveiðiám í veröldinni sé helmingur til staðar á Íslandi. Hér er um að ræða auðlind og náttúruauðæfi sem okkur ber að vernda og okkur ber að leggja okkur í líma við það vegna þess að veröldin öll, heimsbyggðin öll, á þá kröfu á okkur að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að íslensku villtu laxastofnarnir lúti ekki í lægra haldi fyrir erlendum eldisstofnum. Það er þessi mikla ábyrgð sem hvílir á ráðherranum og honum ber að nýta öll þau tæki og öll þau tækifæri sem honum eru í hendi til þess að tryggja að íslensku laxastofnarnir fái lifað og að vöxtur þeirra og viðgangur verði tryggður.

Hæstv. ráðherra talar gjarnan eins og hann sé sterkasti og öflugasti boðberi þessarar verndunar sem ég nú tala fyrir. En þar gætir sannarlega tvískinnungs í málflutningi hæstv. ráðherra. Ef hann vill í alvöru vernda villtu laxastofnana hér við land hagar hann sér ekki eins og hann gerir með þessum bráðabirgðalögum. Þá fer hann öðruvísi að. Þá viðheldur hann því ákvæði sem hefur verið í lögum, að það eigi að vernda þessa laxastofna okkar. Mér finnst mjög alvarlegt, herra forseti, að í reglugerðafarganinu sem sett er í kringum þessi bráðabirgðalög sé eina mjög lúmska setningu að finna frá hæstv. ráðherra — hún er vegna breytinga á reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna — hann segir í þessari reglugerð sem er nýsett, þ.e. hún er frá 16. júlí 2003, að 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 105/2000 falli niður. Og við skulum spyrja okkur hver stærsti málsliðurinn sé. Það er einmitt sá sem varðar sleppingar laxfiska af erlendum uppruna. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Sleppingar laxfiska af erlendum uppruna í fiskrækt og hafbeit eru óheimilar."

Þetta er reglan sem við bjuggum við, reglan sem Alþingi hafði sett og sem við vorum sátt við að lifa við. Við töldum þessa þekkingu vera lykilatriði í því að vernda stofnana okkar. Þessi málsgrein hefur nú verið felld út úr reglugerðinni. Nú eru sem sagt heimilar sleppingar laxfiska af erlendum uppruna í fiskrækt og hafbeit. Það er nákvæmlega þetta sem stefnir laxfiskunum okkar, villtu stofnunum í veiðiánum okkar, í voða. Og hæstv. ráðherra getur ekki talað eins og hann sé postuli verndar þessara stofna þegar hann á sama tíma fellir mikilvægustu vörnina okkar niður úr lögum og reglugerðum. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvað varð um heiðursmannasamkomulagið sem undirritað var 25. október 1988 eftir að sú nefnd lauk störfum sem þáv. landbrh. Jón Helgason hafði skipað. Þá nefnd skipuðu þeir Guðmundur G. Þórarinsson, Böðvar Sigvaldason, Árni Ísaksson og Rafn Hafnfjörð og nefndin átti að leita ráða hjá færustu vísindamönnum þeirra tíma varðandi athafnir fiskeldismanna sem vildu freista gæfunnar á þeim tíma með eldi á norskum laxi. Það hafði verið gagnrýnt á þeim tíma af veiðiréttareigendum, stangveiðimönnum og verndarsinnum þannig að við erum ekki með nýja umræðu í gangi hér og nú. En heiðursmannasamkomulagið var undirritað 25. október 1988. Það gekk út á að ekki þætti fært að taka áhættu sem skaðað gæti íslenska náttúru í bráð og lengd. Það var sem sagt samkomulag um það 1988 að norskættuð hrogn, seiði eða lax, færu aldrei í hafbeit eða til eldis í sjókvíum við strendur Íslands. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað hefur breyst frá 1988? Hvenær var þessu heiðursmannasamkomulagi rift? Það er sannarlega orðið tímabært að hæstv. landbrh. svari okkur því því að þetta heiðursmannasamkomulag er ekki nýtt í umræðunni. Við fengum það sent, alþm., sl. vor þegar málið var til umfjöllunar og það skiptir verulegu máli að hæstv. ráðherra segi okkur hvers vegna afdrif þess hafa orðið þau sem raun ber vitni.

Hæstv. ráðherra talar mikið um að hér séu strangar reglur. Hann segir að hér búi laxeldið við ströngustu reglur í heimi. Hann segir að kvíarnar séu þannig gerðar að fylgst sé með því að lax sleppi ekki úr þeim. Sannleikurinn í því máli, herra forseti, er sá að eldiskvíarnar okkar hér eru nákvæmlega sams konar kvíar og eru notaðar í Noregi og Færeyjum. Í Noregi viðurkenna meira að segja eldismenn að 1% laxfiska sleppi úr kvíunum. Herra forseti. Ef það gerist í Noregi gerist það líka hér. Og hvað er 1% af því sem sett er í kvíarnar í dag? Það eru sennilega um það bil 60 þús. laxar. Það er, herra forseti, jafnmikill fjöldi og talið er að allir íslensku laxastofnarnir innihaldi. Við erum að tala um að það megi sleppa úr þessum kvíum jafnmörgum löxum og íslenski laxastofninn telur. Hvernig getur svo ráðherrann haldið því fram að hér séu svo strangar reglur að laxinn sleppi ekki úr kvíunum? Hvernig getur hann líka með nokkrum rétti haldið því fram að laxarnir sem sleppa úr kvíunum fari ekki í laxveiðiárnar okkar? Jafnvel þótt hann hafi með reglugerðum lokað ákveðnum fjörðum fyrir laxeldi er það bara einu sinni þannig að laxinn þekkir ekki reglur hæstv. landbrh. Laxinn fer í þær ár sem honum sýnist án þess að spyrja kóng eða prest eða hæstv. landbrh. Guðna Ágústsson. (**Landbrh.:** Og lög Alþingis.) Laxinn kann ekki heldur að lesa lög Alþingis, það er alveg rétt.

Sannleikurinn er sá að það eru aðferðir við að bjarga okkur út úr þessum voða. Þær aðferðir eru t.d. að setja kvíarnar upp á land. Hæstv. ráðherra sagði í fyrirspurnatíma á mánudaginn var að þar með yrði atvinnuvegurinn ekki arðbær. En þá fullyrði ég líka að ef hann er ekki arðbær með því að náttúru Íslands sé borgið með þennan atvinnuveg í túninu heima er þessi atvinnuvegur heldur ekki sjálfbær. Þá verðum við að endurskoða hann. Og þá verðum við bara að setja krafta okkar í eldismálum á annan stað, t.d. í áframhaldandi lúðueldi sem fer fram á landi og skaðar ekki óspillta náttúru. Hæstv. ráðherra verður að fara að skoða það í alvöru hvað framtíðarstefna ríkisstjórnarinnar til 2020 um sjálfbæra þróun þýðir. Hún þýðir nákvæmlega það að gera atvinnuvegina okkar sjálfbæra. Laxeldi sem hæstv. landbrh. hefur verið að heimila er ekki sjálfbært. Það er bara svo einfalt, og stríðir þess vegna gegn stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi framtíðarþróun.

Það er líka athyglisvert það bann sem hæstv. ráðherra hefur sett um laxeldi í fjörðum landsins, þar sem hann telur að laxveiðiám geti stafað hætta af því hefur hann samt bara bannað eldi á frjóum laxi. Veit ekki hæstv. ráðherra að ófrjór lax getur valdið jafnmiklum skaða á náttúrulegum búsvæðum laxins eins og sá frjói? Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna er ekki líka sett regla um það að laxinn sem er í eldinu fyrir austan sé ófrjór?

Það má kannski spyrja líka, herra forseti: Hversu margir laxar hafa verið settir út í kvíarnar fyrir austan og hvers vegna hafa ekki fengist upplýsingar um það hversu margir laxar hafa farið í kvíarnar? Það hafa heldur ekki fengist upplýsingar um það hversu stór hundraðshluti þeirra er merktur og það fást heldur ekki upplýsingar um hversu miklu er slátrað, þ.e. eftirlitsaðilum eða almenningi sem gjarnan vildi fylgjast með þessum málum eru ekki heimilaðar eða aðgengilegar þær upplýsingar sem eðlilegt getur talist að „verðir náttúrunnar" fái hjá stjórnvöldum. Hæstv. ráðherra verður að gera þingheimi grein fyrir því hér hvers vegna þessar upplýsingar liggja ekki á lausu. Þetta er auðvitað grundvallaratriði til þess að við getum fylgst með mögulegum sleppingum.

Það má líka spyrja hvers vegna við lærum ekki af reynslunni. Laxinn sem slapp hérna um árið við Faxaflóa fór ekki til Færeyja eins og hæstv. ráðherra er að vona að laxarnir frá Neskaupstað geri. Hvert fór hann? Hann fór upp í árnar okkar hér í flóanum. Þetta vita allir. Þetta veit ráðherrann og þetta vita allir. Hvers vegna lærir hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson ekki af reynslu okkar? Það er kominn tími til að málin verði hér skoðuð af kostgæfni og farið faglega og vísindalega yfir öll þau rök sem hafa komið gegn þessum bráðabirgðalögum og ég gagnrýni það flaustur sem haft var á setningu þeirra. [Klapp frá þingpöllum.]

(**Forseti** (BÁ)**:** Ég bið gesti á þingpöllum að hafa sig hæga.)

[16:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er skylda að merkja 10% af öllum fiskeldislaxi hér. Það er gert og því er fylgt eftir. Við stríddum líka við fiska í fyrra sem voru hér í íslenskum veiðiám. Þeir voru af erlendum stofni. Það er mjög mikilvægt að menn slátri laxeldisfiski áður en hann verður frjór og það bendir margt til þess að sá fiskur — hans var leitað í ánum næst Neskaupstað og þar fannst hann ekki að því er vísindamennirnir segja — en það bendir margt til þess að hann hafi farið til Færeyja eða á haf út og sé þess vegna dauður.

Hvað varð um heiðursmannasamkomulagið? Ég vil segja við hv. þm. að Alþingi Íslendinga samþykkti hér með löggjöf EES-samninginn sem gerður var. Í þeim samningi, í þeim gjörningi var þessi tilskipun þó að hann ætti ekki að snúast um

landbúnaðarmál. Það er þjóðréttarleg tilskipun sem Íslandi ber að undirgangast og þess vegna stend ég hér. Bráðabirgðalögin eru ekki bara bráðabirgðalög landbrh., bráðabirgðalög eru sett af ríkisstjórn Íslands með staðfestingu forsetans.

En ég vil segja út af þeirri grein sem hv. þm. minnir hér á, reglugerð nr. 105/2000, að það stendur alveg skýrt í íslenskum lögum, lax- og silungsveiðilögum, að óheimilt sé að nota kynbættan eldislax til annars en fiskeldis og óheimilt sé að sleppa honum í fiskirækt og hafbeit. Þetta er alveg skýrt í íslenskum lögum. Það er ekki heimilt og verður ekki heimilt með þessum lögum eða því frv. sem hér er verið að leggja fyrir Alþingi.

[16:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra haldinn fullkominni óskhyggju varðandi þá laxa sem sluppu fyrir austan á dögunum. Vitað er og rannsóknir hafa sýnt það að laxinn leitar auðvitað í árnar sem eru næstar honum en ef hann kemst ekki upp í þær fer hann lengra, hann fer undan hafstraumi. Það er aðalatriðið. Hann fer undan hafstraumi og þar sem við erum með nokkurs konar hringstraum í kringum Ísland er eðlilegt að hann geti sýnt sig í hvaða laxveiðiá sem er.

Hæstv. ráðherra upplýsir það hér í andsvari að 10% af laxinum séu merkt. Ég vil meina að það sé fulllítil prósenta. Hann segir okkur líka hér, herra forseti, að fylgst sé með því að 10% séu merkt. Ég verð þá að viðurkenna að þessar upplýsingar hafa ekki legið á lausu fyrir fólk sem hefur leitað eftir þeim og það er eðlilegt að almenningur eigi þannig samskipti við stjórnvöld og stofnanir stjórnvalda að þessar upplýsingar séu gefnar á hverjum tíma. Það skiptir meginmáli að við fáum að vita hve mikið af fiski fer ofan í kvíarnar, hve mikið af honum er merkt og hvað skilar sér í slátrun því munurinn hlýtur þá að vera fiskur sem sleppur. Og vill ekki hæstv. landbrh. fylgjast með því hversu mikið sleppur?

Varðandi tilskipunina þá var undanþáguákvæði í henni og auðvitað horfðu menn til þess þegar tilskipunin var samþykkt, þegar gengið var að EES-samkomulaginu hér. Ég hef ástæðu til að ætla að ráðherrar Evrópusambandsins telji samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika vera það mikilvægan, og vegna nýjustu upplýsinga sem hafa verið að koma fram í eldismálunum og því hvernig náttúrulegu laxastofnununum stafar hætta af fiski úr eldi tel ég ástæðu til að trúa því að þeir vilji að samningurinn nái fram að ganga, að honum verði framfylgt og vilji þess vegna halda í undanþáguákvæði tilskipunarinnar. Þess vegna vil ég halda því fram að við hefðum átt að vinna harðar að því að fá undanþáguna framlengda.

[16:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég býst nú við að allir skilji undanþáguákvæði sem tímabundið ástand. Ég hygg að íslensk stjórnvöld hafi gert það og eigendur laxveiðiánna líka. Ég hef líka verið gagnrýndur fyrir að koma ekki með þetta mál fyrr til lögfestingar af því að ég hefði átt að gera mér grein fyrir því að þetta var undanþáguákvæði. En ég var svona barnalegur í minni trú að ég hélt að hægt væri að framlengja undanþáguákvæðið til þess að vinna okkur lengri tíma.

En það liggur nú fyrir að það gekk ekki upp og þess vegna höfum við reynt og leitumst við að leita allra leiða til að varða það öryggi sem hinir náttúrulegu stofnar á Íslandi eiga skilið. Ég tek undir það með hv. þm. að ég lít á laxveiðijarðirnar og laxveiðárnar sem dýrmæta auðlind sem okkur ber að varðveita. Þær bera mikla sérstöðu og skapa mikil þjóðarverðmæti. Þannig að ég trúi því að við vörðum þá leið að geta farið hér af þeirri varkárni sem lagt hefur verið upp með. Ég er ekki bara sá einn sem lagt hefur upp með að koma í gegnum þingið löggjöf um málið. Alþingi samþykkti hér ströngustu lög um fiskeldi sem sett hafa verið um fiskeldi í veröldinni. Þannig að því ber mér að fylgja eftir og mun gera.

[16:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Strangasta löggjöf og ströngustu reglur í fiskeldismálum eru ekki nógu ströng fyrir íslenska villta laxastofna. Ef það er viðurkennt í Noregi að 1% eldislaxa sleppi úr kvíum — sögur segja reyndar að það geti verið allt upp undir 5% þó að eldismennirnir séu bara tilbúnir til að viðurkenna 1% — þá sleppur þetta 1% líka úr kvíunum hér. Það er alveg sama hvað við setjum strangar reglur. Eina ráðið til að koma í veg fyrir þessa ógn er að breyta atvinnuháttunum, breyta aðferðunum við atvinnuveginn.

Ef það borgar sig ekki peningalega þá borgar sig heldur ekki að vera með þær kvíar sem eru til staðar í því eldi, og ég tala nú ekki um það sem á síðan að bætast við í Seyðisfirði og stækkun í Berufirði og Reyðarfirði. Þannig að sannleikurinn er sá að kannski borgar það sig ekki fyrir okkur þegar öllu er á botninn hvolft að hafa eldið með þeim hætti sem verið er að reyna að koma á hér. Þetta er þauleldi á fiski. Þetta er eldi sem mögulega skaðar okkar dýrmætu auðlind sem eru villtu laxastofnarnir. Þannig að ég fullyrði að jafnvel þó að hæstv. landbrh. telji sig hafa sett ströngustu löggjöf í veröldinni þá nægir hún ekki vegna þess að eldi af þessu tagi er ekki öruggt. Það er ógnun.

[16:10]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég man þá tíð þegar setning bráðabirgðalaga var nánast daglegt brauð við stjórnun þessa lands á áttunda áratugnum og fram á þann níunda. Þá ríktu jú að einhverju leyti aðrar aðstæður bæði í efnahagsmálum og í landsstjórninni, en bráðabirgðalögin voru notuð og ofnotuð eins og allir vita.

Það er margt sem ég á erfitt með að botna í í þessu máli. Ég botna þó vel í þeim mikla vanda sem hæstv. landbrh. er búinn að koma sér í. En hvaða brýna þörf var á því, herra forseti, að setja bráðabirgðalög í sumar? Ekki síst í ljósi þess að hið háa Alþingi situr allan ársins hring og flest eigum við auðvelt með að koma okkur í vinnuna ef til okkar er kallað.

Í fskj. I með því frv. sem hér um ræðir stendur, með leyfi forseta:

„Íslensk fyrirtæki hafi að undanförnu flutt út eldisfisk og hrogn til Skotlands, Írlands og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins í ört vaxandi mæli. Viðskiptabann þetta“ — þ.e. það sem sett hafði verið á á grundvelli EES-samningsins – „tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert.“

Ég sé ekki betur, herra forseti, en að í þessu frv. sé falin sértæk aðgerð eins og það er stundum kallað í þessum sölum, sértæk aðgerð til að bjarga að því er virðist tilteknum hagsmunum, útflutningshagsmunum, sem sagðir eru brýnir og færðir hér sem rök fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga.

Og ég sé ekki betur í mínum gögnum, t.d. í þeim gögnum sem hv. landbn. hefur undir höndum, en að hinir verulegu útflutningshagsmunir séu aðalástæðan fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga. Nú má vel vera, hæstv. forseti, að ég hafi rangt fyrir mér en hins vegar sé ég ekki betur á þeim gögnum sem ég hef í höndunum en að hinir miklu útflutningshagsmunir séu hér í forgrunni.

Og sé það þannig, hæstv. forseti, þá er aðalástæðan um að uppfylla EES-samninginn í raun og veru bara aukaástæða. Hún er þá ekki aðalástæðan þó svo að við í raun vitum öll og séum þess fullviss að við þurfum að fullgilda þann samning og fara eftir honum, undir það höfum við gengist, en ég get ekki séð að það sé aðalástæðan fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga.

Nú vita allir Íslendingar að við getum ekki flutt heimilisdýrin okkar inn til landsins nema undir ströngu eftirliti og þau eru sett í einangrun, hvort sem það eru hundar eða kettir eða önnur dýr, og við vitum líka öll að hér eru þessar reglur með því strangasta sem þekkist. Bara í því ljósi er sú opnun sem hér er verið að gera bæði óskiljanleg og auðvitað mjög varasöm.

Í gögnum sem ég hef hér úr landbn. er talað um að viðhalda hreinleika íslenskrar náttúru, þar með talið heilbrigði dýrastofnanna sem lifa í landinu með okkur. Ég sé ekki betur en að með þessari opnun séum við að stefna því heilbrigði og þeirri sérstöðu og þeim villtu laxastofnum sem finnast í íslenskum ám í beinan voða.

Það er mjög langt seilst í röksemdafærslunni fyrir þessum bráðabirgðalögum. T.d. er sagt, það er ekki einu sinni látið að því liggja, herra forseti, heldur er fullyrt, með leyfi forseta, „að íslenskir laxastofnar hafi aldrei búið við algjöra einangrun. Það er örugglega hægt að færa fyrir því vísindaleg rök að þeir hafi aldrei búið við algjöra einangrun frekar en annað líf hér á landi". En að nota síðan þau rök til þess að segja að innflutningsbann á erlenda laxastofna komi ekki í veg fyrir hættu á erfðablöndun, hún sé og verði til staðar þrátt fyrir setningu bráðabirgðalaga og skuldbindingar EES-samningsins.

Ég er búin að leggja mig alla fram, hæstv. forseti, að reyna að skilja þetta allt saman. Ég skil þetta ekki. Ég skil ekki með hvaða rökum er hægt að styðja þessa lagasetningu. Eru það útflutningshagsmunirnir? Er það þannig að það sé hvort eð er engum hreinleika fyrir að fara og erfðablöndunin eigi sér þegar stað, sem reyndar virðist því miður hafa gerst í Norðfirði. Þá hljótum við að spyrja, hæstv. forseti: Eru þetta boðleg rök í þessu máli? Eins og fram hefur komið, m.a. í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, eru hér gífurlegir hagsmunir í húfi. Þá er ég ekki bara að tala um hagsmuni þeirra sem eiga veiðiréttindi í veiðiám eða hinna dreifðu byggða heldur hagsmuni íslenskrar náttúru og dýralífsins sem þrífst hér á landi og í sjónum í kringum landið. Við höfum líka undirgengist það, herra forseti, að gæta hagsmuna þeirra, ef þannig má að orði komast, sem eru auðvitað hagsmunir okkar allra, m.a. með því að lögleiða samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem áður hefur verið minnst á í þessari umræðu.

Ég vil líka benda á það, hæstv. forseti, að við höfum fullar heimildir og fulla ástæðu til þess að beita fyrir okkur, í þágu náttúruverndar, þeim alþjóðasamningum sem við erum aðilar að. Við eigum ekki að flækja okkur þannig í EES-samningnum að hann komi í veg fyrir að meiri hagsmuna okkar sé gætt. Þeirra getum við gætt með vísan t.d. til alþjóðasamninga eins og samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika. Það er líka ljóst, hæstv. forseti, að hægt er að grípa til verndaraðgerða til þess að viðhalda rótgrónum dýrastofnum hér á landi. Þær heyra ekki undir EES-samninginn þegar vandlega er að gáð. Þannig að ég sé ekki betur en það sé algerlega á hendi löggjafans að vernda hina villtu íslensku laxastofna, það þurfi ekki að finna blóraböggla í embættismönnum eða samningum sem við höfum gert í Brussel við Evrópusambandið til þess að koma þessu í gegn. Það er engin ástæða til þess. Ég vil líka ítreka það að hinar margnefndu tilskipanir Evrópusambandsins sem streyma hingað inn, eins og hv. þm. þekkja, eru forsagnir, rammar að löggjöf og forsagnir að því hvernig skuli laga íslenska löggjöf að ákveðinni rammalöggjöf innan Evrópusambandsins. Það er á okkar valdi að útfæra þessar tilskipanir en ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir höfum af því talsverða reynslu eftir setu okkar í umhvn. Alþingis að fara í gegnum það hvernig tilskipanir á sviði umhverfismála hafa annaðhvort verið rangtúlkaðar, oftúlkaðar, illa túlkaðar eða hreinlega ekki lesnar þegar farið var að semja frv. sem þeim þurfti að fylgja. Þess vegna geri ég mikinn fyrirvara við að allt það sem hér um ræðir eigir uppruna sinn í EES-samningnum og að ekki hafi verið hægt að framlengja undanþáguna margumtöluðu.

Hæstv. landbrh. er ef eitthvað, ekki handbendi Brusselvaldsins og ég trúi því hreinlega ekki að hann komi í ræðustól hins háa Alþingis í skjóli þess valds sem hann hefur líklega allra manna hér inni mestan ímugust á. Væri ekki betra, hæstv. forseti, að segja okkur þingmönnum hvers vegna svona brýn ástæða var til að setja þessi bráðabirgðalög í sumar? Ég hef ekki fengið fullgild rök fyrir því í málflutningi hæstv. landbrh. en ég vænti þess að í þessari umræðu og þeirri næstu og í umfjöllun hv. landbn., sem ég á sæti í, komumst við til botns í málinu, því að það er alveg ljóst að hér er verið að tefla á tæpasta vað. Okkar er að ákveða hvort villtir laxastofnar við Ísland fái að njóta vafans í hinni alþjóðlegu umhverfislöggjöf, hvort við ætlum að beita henni fyrir okkur eða láta aðra hagsmuni ráða.

Að lokum, hæstv. forseti, verður heldur ekki hjá því komist að rifja upp hvaðan öll þessi vandræði hæstv. landbrh. eru runnin. Þau eru runnin undan rótum þess að leyfa sjókvíaeldi við strendur Íslands. Við gætum sett á langar ræður um það en skulum ekki gleyma því að sú atvinnugrein, sjókvíaeldi við strendur Íslands, er ekki vandalaus eins og þetta frv. til laga sýnir okkur.

[16:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. lýsir í ágætri ræðu skilningsleysi sínu, hún nær ekki málinu. Það getur auðvitað hent hvern sem er. En ég veit að hv. þm. skilur þjóðréttarlega skuldbindingu, þannig að allt sem hv. þm. nefndi hér eru samtvinnaðar þrennur. Það eru útflutningshagsmunir, ekki bara í laxeldi heldur sjávareldi og bleikjueldi. Hvað gerist ef við förum fyrir dómstól úti í Evrópu? Þar hefði sjálfsagt sá dómur fallið að við yrðum að taka þetta upp í íslenska löggjöf. Niðurstaðan í sumar varð sú að íslenskar afurðir frá perlunni sjálfri, hinu hreina Íslandi, fengu þau skilaboð inn á alla hagsmunaaðila að hér væri sjúkdómaástand með þeim hætti að menn skyldu ekki versla við þetta land. Þetta er hluti af því að sá maður sem aldrei hefur farið til Brussel stendur nú hér í þessum sporum. Þetta mál er því margslungið en ég veit að hv. þm. skilur þjóðréttarlega skuldbindingu. Ég efast ekki um það. Ég veit líka að hv þm. hefur sýnt það í ræðustól

að hún vill hafa sannleikann og réttlætið að leiðarljósi. En ég held að við eigum að geta varið okkar hagsmuni. Svo er það allt önnur skoðun hvort menn vilja fiskeldið upp á land á nýjan leik. Það er pólitísk skoðun. Það er allt önnur skoðun. En við stöndum frammi fyrir þessari gjörð. Við fengum ekki undanþáguástand og verðum þess vegna að lögleiða það sem menn sömdu um í EES-samningunum.

[16:24]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Rök hæstv. landbrh. hafa ekki sannfært mig. Hann nefndi Evrópudómstólinn og kannski þyrfti að fá skorið úr um þetta mál fyrir dómstólum. Það má vera, ég ætla ekki að útiloka það. En í öðrum dómi sem fallið hefur í Evrópudómstólnum og fjallar um býflugnamálið, frá 1998, er kveðið á um að hægt sé að stofna sérstök verndarsvæði með innlendri löggjöf. Nú er ég ekki lögfræðingur, hæstv. forseti, en ég hygg að með þá miklu hagsmuni í huga sem við stöndum frammi fyrir, hagsmuni um líffræðilegan fjölbreytileika, um hreina dýrastofna, hreina náttúru og allt annað sem hefur verið nefnt í umræðunni og á grunni samnings um líffræðilega fjölbreytni, hljótum við að hafa fulla tösku af rökum fyrir því í Brussel að hér þurfi að hafa þessa hluti með öðrum hætti en samkvæmt tilskipuninni sem þessi lög byggjast á.

[16:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að þetta mál hafi getað farið inn á allar þær afurðir, þess vegna sjávarafurðir, lambakjötið sem við ræddum í dag o.s.frv. En að allt Ísland væri bara í skammarkróknum í Brussel, þykir mér óásættanlegt. Þess vegna treysti ég mér til að fylgja eftir þeim lögum og reglum sem við erum hér að setja og verja hagsmuni. Eru engir hagsmunir í fiskeldinu? Það kann vel að vera að mönnum finnist það. En Stofnfiskur hefur verið að selja út norska laxinn eða hrogn úr honum fyrir 300 millj. Það er búið að stofna til laxeldis á Austurlandi þar sem ekkert hefur klikkað, þar hefur ekkert sloppið út. Þessi aulaháttur á Norðfirði var lax úr Eyjafirði sem þeir voru að flytja til slátrunar og héðan í frá slátra þeir ekki með þeim hætti að hafa sjókví við höfnina þegar þeir eru að dæla þeim beint á land. En þeir eru búnir að leggja í pottinn að verðmæti sennilega tveggja milljarða.

Lúðueldið er að skila 400 millj. Menn eru að fara af stað með þorskeldi og trúa á það. Í bleikjueldinu erum við fremstir í veröldinni og í lúðueldinu. Bleikjueldið er að skila sennilega einum milljarði. En vissulega eru hér hagsmunir sem við verðum að líta á út frá atvinnu- og þjóðarhagsmunum. Um leið og við treystum okkur að varða þá leið sem ég er að leggja til, að lágmarka alla áhættu gagnvart laxveiðiánum þegar við fórum með laxeldi í sjó í þessum takmörkuðu fjörðum, viðurkenni ég að menn tóku ákveðna áhættu. Þess vegna þarf auðvitað að slátra laxinum áður en hann verður kynþroska og standa sem sterkast að því öllu og eftir því vil ég vinna.

[16:28]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum búin að taka áhættuna, það er rétt. En það er algjör óþarfi að auka hana eins og hér er lagt til. Mig langar líka að benda hæstv. landbrh. á að vera ekki að tala um húsdýrin og villta stofna í sömu setningunni. Það er ekki það sem við erum að ræða. Við erum að ræða um villta laxastofna, stofna sem eru mjög sérstakir á heimsvísu og okkur ber skylda til þess að vernda, ekki bara okkar vegna heldur af ýmsum öðrum ástæðum.

Svona rétt í lokin, hæstv. forseti, þá hefur, eins og ég sagði áðan, hæstv. landbrh. fært mikil og gild þjóðréttarleg rök fyrir máli sínu á grundvelli EES-samningsins. Það er óneitanlega kaldranalegt að standa frammi fyrir því eina ferðina enn í umfjöllun um frv. til laga eða þáltill. á hinu háa Alþingi, að standa frammi fyrir einhverju sem virðist gerður hlutur, búið og gert, vegna þess að við erum aðilar að samningi sem gerir það að verkum að við erum viðtakendur, þiggjendur og höfum ekkert um það að segja hvernig forsagnir, tilskipanir, reglugerðir og annað sem frá Brussel kemur er samið. Við höfum ekkert um það að segja, hæstv. forseti. (**Landbrh.**: Þessu vöruðum við við, andstæðingar EES-samningsins.) Já, þessu vöruðu andstæðingar EES-samningsins við. Við sem vorum fylgjandi EES-samningnum, þó ekki værum á þingi, og erum fylgjandi aðild að ESB erum frekar þeirrar skoðunar að við eigum að bera höfuðið hátt og gæta hagsmuna okkar með þeim hætti að það beri einhvern árangur í Brussel.

[16:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Ég fæ ekki betur séð en að hér séu ljóslifandi komin bráðabirgðalögin sem ríkisstjórnin afgreiddi í hasti skömmu eftir kosningarnar í vor og voru undirrituð af hæstvirtum forseta lýðveldisins á Bessastöðum þann 1. júlí sl. Þetta voru vægast sagt mjög umdeild bráðabirgðalög og þótti mörgum ríkisstjórnin sýna valdníðslu með setningu þeirra.

Ég vil leyfa mér að vitna í 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, með leyfi forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum."

Þessi grein, þar sem lögð er áhersla á orðin brýn nauðsyn, hlýtur að vekja upp þá spurningu hvort brýn nauðsyn hafi verið á að kýla í gegn bráðabirgðalög sem heimila lítt heftan innflutning á lifandi fiskum, krabbadýrum, lindýrum, óháð þroskastigi, sérstaklega í ljósi þess að slíkur innflutningur hefur verið háður mjög ströngum reglum sem efalítið hafa gert það að verkum að Ísland hefur verið afar vel statt hvað varðar fisksjúkdóma í ám og vötnum. Við erum laus við mikil sjúkdómavandamál sem hrjáð hafa nágrannaþjóðir okkar. Hér er besta heilbrigðisástand í veröldinni, eins og hæstv. landbrh. sagði áðan.

Lax- og silungsveiðilögin frá 1970 eru stórmerk lög sem mörkuðu tímamót á sínum tíma. Í þeim er að finna ótalmörg ákvæði sem eru til mikillar fyrirmyndar og settu Ísland í fremstu röð þjóða heims þegar um er að ræða veiðstjórn og nýtingu veiðivatna og áa.

Í lögunum er m.a. að finna þessa málsgrein, með leyfi forseta:

„Bannað er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni. Ráðherra er rétt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska, enda mæli fisksjúkdómanefnd með því og telji eigi hættu á, að sjúkdómar flytjist til landsins með slíkum hrognum, og þeim fylgi heilbrigðisvottorð frá viðkomandi yfirvöldum."

Þessa ágætu lagagrein vill ríkisstjórnin nú í raun fá dæmda dauða og ómerka.

En af hverju gerir ríkisstjórnin þetta? Hvað er það sem fær hæstv. landbrh. til að hegða sér með þeim hætti að halda mætti að hann vilji skemma dýrmætar auðlindir þjóðarinnar, auðlindir sem svo sannarlega tilheyra því sem við getum kallað erfðasilfur sveita landsins, já erfðasilfur þjóðarinnar, sem eru veiðivötn og laxveiðiár Íslands? Hvers vegna ber hæstv. landbrh. á borð fyrir hið háa Alþingi þetta frv. um breytingar á lögum, frv. sem gerir þjóðina ofurselda inn- og útflutningsduttlungum kaupahéðna sem hugsa bara um gróða dagsins í dag en gefa lítið fyrir varanleg verðmæti framtíðarinnar?

Mér skilst að þetta frv., sem á að lögleiða tilskipun Evrópusambandsins um frjálsan flutning á lifandi eldisdýrum og þar með talið laxfiskum til og frá Íslandi, hafi verið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi í fyrra. Þá hafnaði það til umfjöllunar í landbn. sem fékk það til afgreiðslu. Eðlilega hafnaði hin virðulega landbn. að afgreiða frv. þar sem hæstv. landbrh. lagði frv. fram skömmu fyrir þinglok og málið var umdeilt. Þá gerði ríkisstjórnin sér lítið fyrir og tróð því ofan í kok þjóðarinnar með setningu bráðabirgðalaga sem nú birtast þingheimi ljóslifandi sem frv. sem reyna á að fá Alþingi til að samþykkja. Þetta rekur nú á fjörur þingheims án þess að ríkisstjórnin hafi leitað álits hagsmunaaðila á málinu og þá á ég að sjálfsögðu ekki við einkavini stjórnarflokkanna í fiskeldisgeiranum því að þeir hafa eflaust haft nóg um þetta að segja á bak við tjöldin. Ríkisstjórnin hefur hins vegar skautað á sínum hála ís í þessu máli fram hjá áliti og skoðunum þeirra tugþúsunda Íslendinga sem með einum eða öðrum hætti eiga hagsmuna að gæta þegar lax- og silungsveiði er annars vegar.

Í sumar var talað fjálglega um að miklir hagsmunir væru í húfi, að kannski færi hálfur milljarður króna í súginn í útflutningsverðmæti á lúðuseiðum og norskættuðum laxahrognum ef tilskipunin tæki ekki gildi með lögum hér á landi og það undir eins. Þetta var haft eftir formanni Landssambands fiskeldisstöðva sem jafnframt er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Stofnfisks sem ræktar norskættaðan stofn eldislax og flytur út hrogn héðan frá Íslandi til margra landa. Fjölmiðlar klifuðu á því að tíu ára uppbyggingarstarf væri í uppnámi ef ekki yrðu samþykkt bráðabirgðalög.

En var nauðsynlegt að samþykkja þessi bráðabirgðalög? Nei, það var ekki nauðsynlegt. Gunnar á Hlíðarenda hefði aldrei reynt að leggja svona lög fyrir Alþingi. En nú sé ég að landbrh. er horfinn úr salnum þannig að hann gat ekki fengið að heyra þetta um sína miklu hetju.

En hvaða hagsmuni var verið að verja? Var verið að bjarga einhverjum einkavinum fyrir horn svo að þeir gætu selt laxahrogn og kannski lúðuseiði til útlanda? Fyrirtækið Stofnfiskur sem einkavinavætt var sérstaklega fyrir vini flokks hæstv. landbrh. fyrir tólf árum gumar af því að geta boðið til sölu einn besta stofn eldislax í heimi. Það er að eigin sögn stærsti seljandi laxahrogna til Evrópu og Chile. Þetta kemur allt fram í grein sem birtist í Morgunblaðinu í ágúst og ég ætla ekki að fara að þylja upp hér og nú.

Mig langar þó að spyrja íslenska fiskeldismenn: Þjónar það hagsmunum ykkar að hér á landi sé statt fyrirtæki sem hefur yfir að ráða svo frábærum laxastofni að heimurinn hefur aldrei séð annað eins, að þetta fyrirtæki sé að selja þeim laxaframleiðendum sem þið eruð að keppa við þetta frábæra útsæði? Er það ekki andstætt hagsmunum ykkar að þessi mikli útflutningur sé stundaður, 40–50 milljónir hrogna á ári að sögn framkvæmdastjóra Stofnfisks? Úr þessu er framleiddur lax sem keppir þó við íslenskan eldislax, lax sem framleiddur er til að mynda í Chile fyrir lítinn kostnað, lax sem sennilega á stóran hlut í því að markaðsverð á eldislaxi hefur verið í lægð um missiraskeið og valdið því að laxeldi við Norður-Atlantshaf hangir nú á horriminni.

Ég velti því líka fyrir mér af hverju Fiskeldi Eyjafjarðar, sem gumar af því að vera stærsti framleiðandi lúðuseiða í heimi og nú er heimild til að einkavinavæða að fullu í fjárlögum, velur þá leið að flytja þessi seiði út. Af hverju er ekki reynt að ná þeim virðisauka út úr þessum seiðum sem hlýtur að felast í að ala lúðuna hér á landi í sláturstærð? Það er gert hér á landi í dag en einungis í smáum stíl.

Ég les í Morgunblaðinu viðtal við stjórnarformann Fiskeldis Eyjafjarðar þar sem hann upplýsir að til standi að flytja út 90% af lúðuseiðaframleiðslu þessa árs, mest til Noregs. Hann telur að markaðsaðstæður fyrir sláturlúðu séu góðar, einkum í Evrópu. Í Noregi og í Kanada stunda menn sjókvíaeldi á lúðu, sjókvíaeldi þar sem notuð eru íslensk lúðuseiði. Hvers vegna í ósköpunum eru engar tilraunir í gangi með sjókvíaeldi á lúðu hér við land en þess í stað farið út í atlögu gegn íslenskum laxastofnum með því að ala norskan lax í grennd við nokkrar af bestu laxveiðiám landsins? Hefur hæstv. landbrh. velt þessu fyrir sér?

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. eftirfarandi spurninga og fá svör hér og nú. Fái ég þau ekki þá mun ég leggja þær fram sem fyrirspurnir með ósk um skrifleg svör:

Hafa eldisdýr verið flutt til landsins frá því að bráðabirgðalögin um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, voru undirrituð af forseta lýðveldisins þann 1. júlí í sumar? Sé svarið já, þá hve mikið af eldisdýrum og hvaða tegundir? Hve mikið af eldisdýrum og af hvaða tegundum hefur verið flutt út frá Íslandi frá því að bráðabirgðalögin tóku gildi 1. júlí á þessu ári fram til dagsins í dag?

Það væri fróðlegt að fá svör við þessum spurningum hjá hæstv. ráðherra. Ég hef nefnilega grun um að það hafi alls ekkert legið á því að setja bráðabirgðalögin í sumar.

Síðastliðið vor fékk Landssamband veiðifélaga Stefán Má Stefánsson prófessor til að vinna fyrir sig álitsgerð um verslun með lax og aðrar fisktegundir sem lifa í ósöltu vatni á Evrópska efnahagssvæðinu. Stefán komst að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld gætu hindrað þennan innflutning með því að setja í lög ákvæði um að ekki væri heimilt að flytja inn lifandi lax nema með leyfi ráðherra og að slík leyfi væri hægt að binda mjög ströngum skilyrðum, t.d. þeim að þannig væri búið um hnútana að hinir innfluttu fiskar slyppu ekki út í náttúruna.

Í 13. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er að finna fyrirvara sem þýðir að aðildarríki geti gripið til einhliða verndarráðstafana ef skilyrðum greinarinnar er fullnægt, þ.e. einkum til verndunar lífs og heilsu dýra, eins og þar segir. Dæmi finnast um að þjóðir hafi beitt fyrir sig þessum fyrirvara. Danir bönnuðu innflutning á framandi býflugnastofnum til eyjarinnar Lesö þar sem þeir töldu að slíkur innflutningur gæti skaðað býflugnastofninn sem fyrir var á eyjunni og þeir komust upp með það með tilvísun í þennan fyrirvara. Við gætum bannað innflutning á erlendum laxfiskum með tilvísun til þess að við teljum afar mikilvægt að vernda okkar hreinu stofna.

Við skulum ekki gleyma því að lax- og silungsveiði er gríðarlega dýrmæt auðlind hér á landi. Talið er að hún

velti um 3 milljörðum árlega. Fjöldi bújarða, herra forseti, í hinum dreifðu byggðum landsins hefur miklar tekjur af laxveiðinni. Veiðin veitir fjölmörgum Íslendingum mikla ánægju og hvíld frá erli dagsins. Í krónum talið er talið að verðmæti laxveiðiánna sé metið á um 30 milljarða króna, herra forseti. En í raun er hér um ómetanlega auðlind að ræða sem ekki verður mæld í krónum og aurum.

Herra forseti. Ég vísa í þá ágætu álitsgerð sem ríkisstjórnin kaus að líta algjörlega fram hjá, og er það ekki í fyrsta sinn sem hún hendir vönduðum lögfræðiálitum beint í ruslafötuna þegar um er að ræða að keyra í gegn umdeildar lagasetningar til að þjónka einkavinum og stuðningsaðilum stjórnarflokkanna. Við munum öll hvað varð um lögfræðiálit það sem unnið var í aðdraganda þess að smábátarnir voru illu heilli færðir í kvótakerfið árið 2001. Ég hvet alla til að skoða greinargerð Stefáns Más Stefánssonar prófessors.

Nei, herra forseti. Ég ætla að lýsa því yfir strax að Frjálslyndi flokkurinn er alfarið andvígur frv. því sem hér er lagt fram og við í þingflokki hans munum berjast gegn því með öllum tiltækum ráðum. Við viljum ekki setja í hættu þá dýrmætu auðlind sem lax- og silungsveiðin er. Við setjum hana ekki í hættu fyrir einhvern óljósan stundargróða einkavina ríkisstjórnarflokkanna.

Það er líka svo, herra forseti, að því miður er reynslan af eldi á norskum laxi í fjörðum landsins ekki til þess fallin að vekja traust. Öll munum við svo allt of vel þegar 3.000 laxar sluppu, — að því er okkur er tjáð 3.000 laxar — úr kví í Norðfirði nú í ágúst. Það var skelfilegt atvik og við erum öll sammála um það. Enginn veit hvaða afleiðingar það mun hafa.

Við vitum að hættulegir sjúkdómar hafa verið að grassera í löxum, eldislaxi í nágrannalöndunum. Sjúkdómurinn blóðþorri, skelfilegur sjúkdómur, hefur farið eins og drepsótt um Færeyjar. Það eru ekki nema um 400 km frá Færeyjum yfir til Austfjarða. Landbrh. vonar að strokulaxinn hafi synt til Færeyja. En hann skal líka vita að laxinn getur synt í báðar áttir. Hann getur líka synt frá Færeyjum til Íslands. Og hvað gerum við þá ef smitaður, sýktur lax syndir frá Færeyjum yfir til Íslands? Hvað gerum við ef villtir fiskar, eins og t.d. ufsi, bera þetta smit með sér? Við vitum ekkert um það hvort ufsi beri þetta smit með sér.

Hvað með öll fiskiskipin sem sigla á milli Færeyja og Íslands í stríðum straumum? Íslensk kolmunnaskip eru alltaf að landa kolmunna í Fuglafirði. Þar kom þessi sjúkdómur fyrst upp í Færeyjum. Talið er að þessi sjúkdómur hafi borist til Færeyja annaðhvort með villtum fiski eða með fiskiskipum sem voru að koma úr Norðursjó, frá Noregsströndum og Hjaltlandseyjum, til að landa fiski í Fuglafirði. Þar kom þessi sjúkdómur fyrst upp.

Ég tel að laxeldið fyrir austan sé ekkert annað en tifandi tímasprengja með tilliti til þessa sjúkdóms. Hann mun koma upp fyrr eða síðar fyrir austan. Það er bara spurning um tíma, herra forseti.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í að tala um erfðamengunina. Hún er mjög alvarleg. Aðrir þingmenn hafa komið inn á það mál hér. En mér finnst svolítið athyglisvert að velta því fyrir mér hvort meira hafi sloppið af laxi en þessir meintu 3.000 laxar sem syntu brott nú í ágúst. Hvað vitum við um það hvort lax hafi sloppið úr kvíum í Mjóafirði eða Berufirði? Reynsla nágrannaþjóða sem hafa margfalda reynslu á við okkur Íslendinga í sjókvíaeldi á laxi er því miður ekki glæsileg. Og þetta eru þær þjóðir sem við leitum til með þekkingu á eldi og leitum til þegar við erum að kaupa búnað til eldisins.

Nýlega kom út skýrsla í Noregi á vegum náttúrunýtingarstofunnar þar í landi sem sinnir m.a. sama hlutverki í Noregi og Veiðimálastofnun hér á landi. Þessi skýrsla geymir upplýsingar um fjölda eldislaxa sem veiddust í norskum laxveiðiám á tímabilinu 1989 til ársins 2000. Um 28–40% af öllum löxum sem veiddust í sjó við Noregsstrendur á árabilinu 1993–1999 voru eldislaxar. Á árunum 1989–2000 voru 11–35% af kynþroska löxum í norskum laxveiðiám laxar sem sloppið höfðu úr norskum eldisstöðvum.

Í Færeyjum er talið að um 600 þús. eldislaxar hafi strokið úr eldiskvíum í fyrra, bara í fyrra. Áætlað er að um 2 millj. eldislaxa hafi sloppið í Norður-Atlantshaf á síðasta ári. Þetta er að gerast alls staðar, herra forseti, alls staðar þar sem laxeldi er stundað, líka við Ísland. Það þarf enginn að segja mér annað. Þetta er að gerast við austurströnd Bandaríkjanna, Kanada, Færeyjar, Noreg, Írland, Bretlandseyjar. Ég vil fá að heyra nánar rökstuðning hæstv. ráðherra með þeirri fullyrðingu sinni að hann hafi sett ströngustu reglur í heimi gagnvart fiskeldi. Ég er nefnilega alls ekki sannfærður um að það sé rétt. Reglugerðin sem nú er í gildi hljóðar upp á að það megi vera með eldislax í kvíum allt að 5 km frá ós næstu laxveiðiár. Hæstv. ráðherra leiðrétti mig vinsamlegast ef þetta er rangt hjá mér. Það er að vísu bannað að þessi lax sé frjór, hann skal vera geldur. En landbrh. veit jafn vel og ég að geldur bústofn getur alveg eins smitað út frá sér hættulegum sjúkdómum eins og bústofn sem ekki er búið að gelda. Það veit hann. Og 5 km eru ekki löng vegalengd. Þetta þýðir að hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson getur t.d. leyft laxeldi í Hvalfirði þó að ósar einnar af stærstu perlum Íslands í laxveiðinni, Laxá í Kjós, séu einmitt við Hvalfjörð. Það væri hæglega hægt að leyfa stórfellt laxeldi utarlega í Hvalfirði án þess að þessi reglugerð yrði brotin.

Sú blákalda staðreynd að norskur lax hefur sloppið í stórum stíl úr kvíaeldi hér á landi er gersamlega óafsakanleg. Að mínu mati er það líka í raun tilefni til vantrausts á hæstv. landbrh. að hann svari eins og hann gerði í fyrirspurnatíma í þessum sal fyrr í vikunni. Þá sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Við skulum vona að sem mest af honum hafi drepist eða farið til Færeyja eða eitthvað annað. Ég býst við að hluti af honum sé svona eins og Keiko, ósjálfbjarga í hafinu, en það er önnur saga.“

Síðan sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Færeyingar stunda það hins vegar að veiða lax í sjó og ég vona að þeir nái þessum laxi sem hér slapp þannig að það er mikilvægt.“

Herra forseti. Þessi ummæli eru svo makalaus að ég trúði vart mínum eigin eyrum þegar ég heyrði þau falla af vörum hæstv. landbrh. í þessum sal, ráðherra sem fer bæði með eldismál laxfiska hér á landi og nýtingu stofna laxfiska. Ráðherrann veit ekki að Færeyingar hafa ekki stundað veiðar á laxi í sjó síðan 1991. Hann reynir að ímynda sér að þeir muni veiða laxinn sem sleppur á hans eigin ábyrgð úr sjókvíum á Austfjörðum. Hér talar ráðherra sem reynir að láta líta út eins og hann sé sérfróður um laxagöngur í úthafinu. (**Landbrh.:** Þetta eru vísindaveiðar.) Þeir stunda ekki vísindaveiðar, hæstv. ráðherra, þeir gera það alls ekki. (**Gripið fram í:** Jæja?)

Sannleikurinn er hins vegar sá (**Gripið fram í:** Bíddu við.) að hæstv. landbrh. á við alvarlegan þekkingarskort að

glíma. Hún er síðan verri, herra forseti, sú staðreynd að hér talar ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem ber ábyrgð á því að fjárframlög til rannsókna á villtum laxastofnum hér á landi eru skorin við nögl á þessu ári. Samkvæmt fjárlögunum sem nú liggja fyrir þinginu eru framlög ríkisins til Veiðimálastofnunar dregin saman um 17%, og var ekki af miklu að taka. Þau eru lækkuð úr 52 millj. kr. í 43,5 millj. Fjárveiting til að rannsaka göngu lax í sjó, herra forseti, er flautuð af, hreinlega flautuð af, með 10 millj. kr. niðurskurði. Einmitt núna þegar aldrei hefur verið jafnbrýnt að rannsaka vistfræði íslenskra laxastofna, að rannsaka göngu laxins, til að mynda í sjó, útbreiðslu hans umhverfis landið, líka rannsaka t.d. hvað verður um eldislax sem sleppur úr kvíum. Hvert syndir hann? Við vitum það ekki í dag. Sennilega munum við fá að vita það á næstu missirum. En það verður mjög fróðlegt að sjá hvað verður um þennan lax, hvert hann fer, því það er alveg rétt sem bent hefur verið á hér að þessi eldislax fer upp í árnar. Hann hrygnir saman við villta laxinn. Það eru mjög miklar líkur á því. Hann skemmir hrygningarsvæði villta laxins, rótar upp hrognum, eyðileggur fyrir villta laxinum, og er ekki á bætandi því að það er því miður staðreynd, herra forseti, að villtir laxastofnar við Norður-Atlantshaf standa mjög höllum fæti.

Mér finnst afskaplega sorglegt að vita til þess að við skulum hafa farið út í þetta laxeldi án þess að hafa stundað almennilegar rannsóknir og án þess að hafa undirbúið okkur á nokkurn hátt nógu vel. Núna erum við að súpa seyðið af því, því miður. Við hefðum haft og höfum sem betur fer enn þá einstakt tækifæri til að byggja upp ímynd Íslands sem kannski eina landsins við Norður-Atlantshaf sem hefur hreina laxastofna, er ekki með fiskeldi í sínum fjörðum, getur boðið upp á stangveiði sem við vitum að gefur mjög miklar tekjur, sem við höfum örugglega. Það er búið að nýta villta laxastofninn við Ísland með sjálfbærum hætti frá því að land byggðist. Þetta erum við að setja í hættu núna. Ég bara skil ekki að við séum að taka þennan séns. Fiskeldi á framtíð fyrir sér, þorskeldi, lúðueldi, steinbítseldi, jafnvel ýsueldi. Gott og vel. Ég er mikill stuðningsmaður fiskeldis. Ég er sjálfur háskólamenntaður fiskeldisfræðingur. Ég þykist vita hvað ég er að tala um og ég vara sterklega við þessu norska eldi, herra forseti.

[16:51]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þm. sem hafa efast um að skýringar hæstv. ráðherra varðandi það hvernig þessi bráðabirgðalög komu til séu trúanlegar. Ég held að menn leiti of langt með því að leita skýringanna til Evrópu. Mér finnst trúverðugra að hann hafi átt í vandræðum með að koma þessu máli gegnum þetta háa þing og hafi þess vegna tekið það til bragðs að setja þessi bráðabirgðalög.

Það frv. sem er hér til umræðu setur stóra hagsmuni í hættu. Ég vona að hæstv. landbrh. fari að átta sig á mikilvægi þeirra tekna fyrir þjóðarbúið sem koma frá laxveiðiám. Í raun snýst þetta mál ekki einungis annars vegar um tekjur og gróða nokkurra fyrirtækja í fiskeldi og hins vegar tekjur og arð af laxveiðiám. Þetta er miklu stærra mál og snýst um náttúruvernd og virðingu fyrir öllu lífi. Ég vona að hæstv. landbrh. sjái að sér og dragi málið til baka.

Með því að leyfa þennan innflutning á útlendum laxastofnum stofnar hæstv. landbrh. innlendum laxastofnum í hættu og það verður stór hætta á erfðamengun. Hann ætti að hafa það sérstaklega í huga vegna þess að honum verður tíðrætt um hreinleika íslenskrar náttúru. Er einhver meining með þessu eða er þetta bara eins og annað blaður í framsóknarmönnum?

Við í Frjálslynda flokknum erum alfarið á móti þessum innflutningi enda er stór hætta á því að laxastofnar og ár spillist. Við ætlum að standa með ánum og náttúru Íslands og á móti þessari lagasetningu.

Hæstv. forseti. Við Íslendingar höfum slæma reynslu af innflutningi dýra sem geta lifað í íslenskri náttúru. Minkurinn var fluttur inn til landsins með slæmum afleiðingum fyrir villta náttúru. Ég spyr því: Gerir hæstv. landbrh. sér grein fyrir þeirri hættu sem hann stofnar náttúru landsins í?

Við sem höfum fylgst með laxeldi vitum að lax á eftir að sleppa og hann hefur sloppið, bæði í Vestmannaeyjum, Faxaflóa og nú síðast fyrir austan. Þessi laxeldisfyrirtæki hafa orðið fyrir öðrum áföllum og þau hafa jafnvel farið á svig við mengunarvarnareglugerðir, urðað dauðan lax á svig við allar reglur og fengið síðan leyfi eftir á fyrir urðunarstöðum. Þetta eru ekki einhverjir aðilar sem er hægt að treysta í blindni. Það verður að hafa eftirlit og eftirfylgni með því að menn fari eftir reglunum og ég tel að eins og mengunarvarnareglum er háttað á Íslandi verði að fara að láta bæði fyrirtæki og aðra sem fara á svig við reglur sæta meiri ábyrgð en nú er. Það væri þá bragur ef hæstv. landbrh. veitti því brautargengi að mengunarvarnareglur væru á þann hátt að menn væru látnir sæta ábyrgð en fengju ekki blessun eftir á fyrir að urða t.d. lax í óleyfi.

Við skulum nú skoða aðgerðir hæstv. landbrh. í öðru ljósi. Hann var að tala um innflutning á köttum og hundum. Margir landsmenn þekkja strangar kröfur um einangrun katta og hunda í Hrísey. Allir hundar og kettir eru settir í fjögurra vikna einangrun, meira að segja dýr frá þeim stöðum sem hafa nánast sömu dýrasjúkdóma og við Íslendingar búum við. Þessum reglum er fylgt strangt eftir af starfsmönnum yfirdýralæknis. Svo rammt kveður að þessu að starfsmenn hæstv. landbrh. aflífuðu kött franskra ferðalanga norður á Blönduósi sem slapp óséður inn í landið. Berum saman þá hagsmuni sem eru í veði með innflutningi katta og hunda og þá hagsmuni sem hæstv. landbrh. setur í hættu, tekjur sem nema 3 milljörðum á ári. Er eitthvert vit í þessum áherslum hæstv. landbrh.? Við í Frjálslynda flokknum segjum nei við því.

[16:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. kom inn á það hvað við erum ströng í mörgu og þurfum að vera það ætla ég að minna á að sjúkdómar berast ekki bara með fiskeldi. Landbrn. fær heilmikla peninga og stendur mikinn vörð í Keflavík um að stangir þeirra manna sem koma með tæki sín og tól til að njóta laxveiðiánna séu sótthreinsaðar og staðið sé rétt að því. Ég hygg að sjúkdómarnir sem hafa verið að berast, jafnvel við Noreg, séu ekki allir frá fiskeldinu. Þeir eru líka frá því að einhverjir stangveiðimenn hafa farið óvarlega og komið með smit með sér.

Svona stendur nú málið, við stöndum í mikilli vörn og ég þakka hv. þingmanni fyrir að minnast á það hvað Alþingi ver miklum peningum til að standa að þessu. Ég segi fyrir mig: Það stendur þreskivél skítug austur á Seyðisfirði sem ég hleypti ekki á kornakra Austfirðinga af því að hún kom skítug utan úr Evrópu. Ég sagði mönnum að flytja til baka flutningabíl sem átti að fara að flytja lömb með af því að hann kom drulluskítugur utan úr Evrópu eða brenna hann

ella. (Gripið fram í.) Þannig verður það auðvitað líka í kringum þetta fiskeldi, það bendir ekki margt til að það sé mikið að koma hingað inn. En allar reglur verða hér að vera mjög strangar og eru það auðvitað.

[16:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var að benda hæstv. ráðherra á var að það yrði að vera eitthvert samræmi í framfylgni á reglum, að menn opnuðu ekki gáttir varðandi erfðablöndun og sjúkdóma með innflutningi á laxfiski og væru síðan með smásmyglilegt eftirlit á öðrum stöðum.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér í fyrsta lagi að gagnrýna frágang þessa máls af hálfu hæstv. ráðherra eins og hann leggur það fyrir þingið, að því skuli engin greinargerð fylgja. Bráðabirgðalögin eru auðvitað ekki greinargerð í venjulegum skilningi þess orðs, heldur bara endurprentun. Í raun og veru er frv. endurprentun á bráðabirgðalögunum án nokkurra skýringa. — Það er auðvitað gleðiatburður að hv. þm. Gunnar Birgisson er kominn í salinn en hann má samt ekki trufla þinghaldið of mikið. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra hafi athyglisgáfu til þess að bæði hlusta á mig og rabba við hv. þm. Gunnar Birgisson (**Gripið fram í:** Hárrétt.) í sömu andrá. Ég er ekki viss um það þótt ég ætli ekki að halda því fram að hann geti ekki tuggið tyggigúmmí og hlustað í sömu andrá eins og sagt var um annan ónefndan frammámann.

Ég gagnrýni það, herra forseti, að þessu frv. skuli ekki fylgja ítarleg greinargerð og eðlilegur rökstuðningur. Það breytir engu þó að menn hafi haft mál af þessu tagi til meðferðar á þinginu áður. Nú er hér nýtt þing saman komið og fær frv. sem hefði auðvitað átt að vera eitt fyrsta mál hæstv. ríkisstjórnar samkvæmt þeirri lagaskyldu og stjórnarskrárskyldu að leggja bráðabirgðalög strax fyrir þing, og því átti að sjálfsögðu að fylgja ítarlegur rökstuðningur.

Ég vil segja um málið sem slíkt að í mínum huga er afar mikilvægt að verja þá víglínu sem lengst af hefur verið gert, að í höndum okkar Íslendinga sjálfra sé réttur til að takmarka, stjórna eða banna innflutning á lifandi dýrum. Kannski væri réttara að tala hér um lífverur í þessu sambandi. Það hangir geysilega margt á þeirri spýtu. Sumt af því hefur viðskiptalegt gildi en annað snýr beint að náttúruvernd, bæði því að verja lífríkið fyrir sjúkdómum, koma í veg fyrir erfðamengun eða halda íslensku erfðaefni hreinu og þar fram eftir götunum.

Þetta frv. er auðvitað mjög sorglegt undanhald. Því verður ekkert á móti mælt. Þó að menn sperri stél og skelli skuldinni á Eftirlitsstofnun EFTA þá breytir það ekki innihaldi frv. Það gerir það bara ekki. Hér er verið að leyfa innflutning á lifandi dýrum fram hjá því einangrunarstöðvakerfi sem reynt hefur verið að nota sem hlið inn í landið í öllum öðrum tilvikum. Framan í það verður hæstv. landbrh. að horfa.

Ég gagnrýni hvernig haldið hefur verið á málsvörn og framgöngu Íslands að þessu leyti í samskiptum við evrópskar eftirlitsstofnanir. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að þar hafi menn varið íslenskan málstað eins og kostur var í hverju tilviki. Ég tel að menn hafi lekið niður og ekki unnið heimavinnuna sína almennilega. Það er auðvitað nöturlegt að það skuli þurfa utanaðkomandi aðila til að draga fram lagaleg rök og benda á möguleika sem ráðuneytinu virðist hafa yfirsést í samskiptum við stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins og áður en gripið var til bráðabirgðalagasetningar og reglugerðarútgáfu á þeim grundvelli.

Væntanlega er ekki um það að deila að við urðum að fullgilda með einhverjum hætti nefnda tilskipun, nema við hefðum valið erfiðu leiðina, að falla ekki frá stjórnskipulegum fyrirvara og fá á okkur mögulegar refsiaðgerðir og annað í þeim dúr vegna þess að við værum að brjóta þá skyldu að fullgilda viðeigandi reglugerð eða tilskipun. Hins vegar er ekki þar með sagt að við getum engum vörnum komið við eftir sem áður. Það sem ég tel að hér hefði átt að gera var að fullgilda tilskipunina þegar öll sund voru lokuð en halda í íslenskum lögum öllum þeim ýtrustu heimildum sem við gátum engu að síður haft, láta á þær reyna og láta þá Eftirlitsstofnun EFTA sækja á okkur um að þær takmarkanir stæðust ekki sem við héldum þar til haga. Með það mál hefði verið hægt að fara alla leið og fyrir dómstóla.

Hefðum við t.d. getað reist takmarkanir okkar á því að við værum að verja erfðaefni íslenska laxins, þetta væru ekki bara sjúkdómavarnir heldur væri þetta líka byggt á ákvæðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni og annað í þeim dúr? Þá held ég nú að farið hefði að sjákka í Eftirlitsstofnun EFTA að sækja á okkur. Ætli það hefði ekki verið býsna sterk ástæða að við værum hér að verja síðasta vígi íslenska laxins, villta laxins í Norður-Atlantshafi? Ég hef grun um það.

Síðan verð ég að segja að mér finnst rökstuðningur hæstv. ráðherra fyrir því að setja bráðabirgðalög í sumar slakur, eftir að Alþingi hafði hafnað að samþykkja málið nokkrum vikum áður. Það er staðreynd (Gripið fram í.) að Alþingi afgreiddi málið ekki. Það er ákveðin niðurstaða (Gripið fram í.) af hálfu löggjafans. Það er niðurstaða líka, hæstv. ráðherra, að afgreiða málið ekki. Ráðherra lagði málið fram til þess að fá það afgreitt, var það ekki?

Þingið afgreiddi málið ekki. Samt taldi ráðherrann sig hafa stöðu til að setja bráðabirgðalög, eins og það skipti bara engu máli að Alþingi féllst ekki á að afgreiða málið í þeim búningi sem ráðherra lagði það fyrir. Ég tel að teygt hafi verið mjög á bráðabirgðalagavaldinu. Í hverra þágu? Jú, þeirra hagsmuna sem hér er talað um í greinargerðinni. Hverjir eru þeir í reynd? Það eru afar takmarkaðir viðskiptahagsmunir, sennilega eins fyrirtækis, til að flytja út laxahrogn og að hluta til að selja sjálfu sér í útlöndum.

Hvað þarf til að bráðabirgðalagasetningarvaldið verði virkt? Það þarf ríka almannahagsmuni. Það þarf í raun að benda á hálfgerðan þjóðarvoða til að bráðabirgðalagavaldið sé notað. Ef tímapressan er ekki meiri en svo að tími sé til að kalla Alþingi saman þá á að gera það. Málið hefði strax verið skárra gagnvart stjórnarskránni og bráðabirgðalagavaldinu ef þing hefði verið kallað saman til að fjalla um málið. En það var ekki gert. Af hverju? Meðal annars vegna þess, held ég, að það hefði kannski reynst erfitt að rökstyðja að svo miklir hagsmunir væru í húfi að það réttlætti allt umstangið við að kalla þingið saman á miðju sumri. Þá er bara gripið til þess að setja bráðabirgðalög.

En það dugir ekki að benda bara á hagsmunina öðrum megin, hæstv. ráðherra, og gleyma hinni hliðinni, öllum hagsmunum annarra sem kann að vera stofnað í voða með bráðabirgðalagasetningu. Hvernig var málið lagt fyrir forseta Íslands? Honum var væntanlega, eins og hér er greint frá í greinargerðinni, talin trú um að það væri þjóðarvoði fyrir dyrum og gríðarlegir útflutningshagsmunir sem mundu tapast. Hverjir voru þeir nákvæmlega? Hverju hefði það breytt

þó að þetta hefði beðið haustsins? Voru það 30 millj. kr., 50 millj., 100 millj.? (**Landbrh.:** Dómstóllinn ...) Ég efast mjög um það. (**Landbrh.:** Dómstóll.) Dómstóll? Það var enginn dómstóll. Það var ekkert sem ráðherrann þurfti að hafa áhyggjur af. Hann gat vísað til þess að málið hefði verið sent Alþingi, hann hefði gert skyldu sína og það væri þá þjóðin út á við sem yrði að taka það á sig.

Dómstóll. Farast himinn og jörð þó að þessi ESA-dómstóll fengi einhvern tíma eitthvað að gera? Af hverju renna menn alltaf á rassinn og fella allt niður áður en málið kemst til dómstólsins? Það er meiri óskaplega hræðslan við þennan dómstól. Ég verð að segja eins og er að ég bara kaupi þetta ekki, herra forseti. Ég tel að þarna sé staðið linkulega að málum þegar í hlut eiga jafngríðarlega miklir hagsmunir og afdrifarík mál og að færa víglínuna innar að þessu leyti. Þegar náttúra Íslands á í hlut þá er það bara staðreynd að ríkisstjórn Íslands hefur staðið mjög gáleysislega að málum í hverju tilvikinu á fætur öðru. Það hefur verið gert. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að fara með ástarjátningar sínar til handa íslenska villta laxinum. Þó að hann játi honum ást sína af þvílíkum krafti að jafnvel Búkolla fari að verða afbrýðisöm, en þá tegund hefur nú ráðherrann lofað öðrum dýrum meira, þá eru það verkin sem sýna merkin, hæstv. ráðherra.

Ráðherrar eru það sem þeir gera en ekki það sem þeir segja, af því að ráðherrar hafa framkvæmdarvald. Það þýðir ekkert fyrir ráðherra að koma og halda að hann sé bara stikkfrí í málinu af því að hann fari með fallegar ástarjátningar og lofi og prísi sjálfan sig fyrir það hve fögrum orðum hann fari um laxinn.

Ég hlustaði á hæstv. ráðherra í útvarpsviðtali á útmánuðum þar sem þetta mál bar á góma. Þá sagði hann að enginn maður hefði tekið jafndjúpt í árinni og sterkt til orða og hann í þágu íslenska laxins. Það er nefnilega það. En hvað hefur hæstv. ráðherra gert eða látið vera að gera? (**Landbrh.:** Við höfum ströngustu reglur.) Það er það sem við erum að ræða hér.

Hæstv. ráðherra hefur setið í ríkisstjórn sem leyfði stórfellt þauleldi á laxi af erlendum uppruna í sjókvíum án þess að vart yrði við að hann reyndi að stoppa það. Hann rauf þar með heiðursmannasamkomulag sem í gildi hafði verið í meira en áratug um að sá stofn yrði uppi á þurru landi.

Hvað var sagt við okkur sem þá andæfðum og vildum að farið væri fram með gát? Jú, við vorum borin hörðum sökum: Móti framförum. Það gat nú skeð að vinstri grænir væru á móti framförum eins og venjulega. Það stóð upp úr öðrum hverjum framsóknarmanni ef ekki bara öllum. Þá sögðu þeir að þarna væri vinstri grænum rétt lýst, á móti þessu mikla framfaramáli — kvíarnar svo öruggar að það mun aldrei neitt sleppa, dúndrandi bisness. Ætla þeir að koma í veg fyrir að Austfirðingar fái atvinnu af þessu?

Síðan hefur nú reyndar gullöldin reynst eitthvað minni en lofað var. Og hvað hefur gerst, hæstv. ráðherra? Verstu martraðirnar hafa því miður ræst. Stórfellt magn af fiski hefur þegar sloppið og gengið upp í a.m.k. þrjár íslenskar laxveiðiár strax á fyrstu vikunum eftir þeir sluppu. Átta stykki eru það víst samkvæmt Austurglugganum, blaði á Austurlandi. (**Landbrh.:** Átta?) Átta stykki stendur í Austurglugganum. Átta hafa þegar veiðst í uppi íslenskum laxveiðiám, hæstv. ráðherra. Hvað hafa þá margir farið þangað upp, því að ekki hafa þeir veiðst allir? Fyrir hreinar tilviljanir hafa a.m.k. átta fiskar nú þegar verið veiddir í ádrætti eða á stöng og greindir sem eldislaxar, þar af einn sannanlega úr slysinu á Norðfirði. Hversu margir tugir eða hundruð eru þá þegar komnir upp í íslenskar ár, þessar og aðrar, það vitum við ekki. En það er skelfilegt til þess að hugsa að þetta skuli hafa gerst, svona fljótt og í svona miklum mæli. Tölfræðin segir okkur að því miður séu yfirgnæfandi líkur á því, miðað við það magn af fiski sem gengur upp í árnar, að einungis lítið brot af honum sé veitt á þessum síðustu haustdögum sem veiðar stóðu eða ádráttur stóð, að þeir skipti tugum eða kannski hundruðum.

Það er sannarlega, herra forseti, ástæða til að ganga hægt um gleðinnar dyr. Íslendingar þurfa svo sem ekki út fyrir landsteinana til þess að læra af slysum sem fikt við villta náttúru og lífríki getur haft í för með sér. Við getum eiginlega lært alveg nóg af minknum og innflutningi hans í íslenska náttúru, hvers konar stórslys geta orðið ef menn kunna ekki fótum sínum forráð í þessum efnum. Saga annarra landa er vörðuð sambærilegum hlutum. Nýi heimurinn, Eyjaálfa gerði t.d. hroðaleg mistök þegar hún var að byggjast á 17. og 18. og 19. öld. Menn fluttu tegundir frá Evrópu inn í algerlega framandi lífríki Ástralíu og Nýja-Sjálands (Gripið fram í.) kanínur og hvað það nú var, og fengu á sig hroðalegar katastrófur í lífríkinu þar. Kanínuplágan í Ástralíu er auðvitað fræg að endemum.

Ég þekki annað dæmi mjög vel. Það var þegar Nýsjálendingar fluttu inn prúðan þyrnirunna frá Skotlandi, sem „gorse" er kallaður. Hann hegðar sér þannig í skosku loftslagi að þetta er svona prúð og kurteis limgerðisplanta sem vex fallega og hægt, sem hægt er að klippa til og dreifir sér ekki neitt. Þá fannst mönnum upplagt að fara með það til Nýja-Sjálands og fá sér svona limgerði. Hvað gerði svo þessi planta í nýsjálensku loftslagi? Hún varð að einhverju skæðasta illgresi sem nokkurn tíma hefur komið til þess lands og kostar nýsjálenskan landbúnað milljarða á milljarða ofan að halda henni niðri vegna þess að í hinu hlýja og raka loftslagi Nýja-Sjálands þá sleppir hún fram af sér beislinu.

Þetta sýnir mönnum hversu lítið við vitum og (Gripið fram í.) hversu hættulegt allt fikt við lífríkið og náttúruna er. Hver á að njóta vafans? Eitt fyrirtæki út af einhverjum hrognum eða náttúra Íslands, hæstv. ráðherra? Það dugir ekki að fara í kringum þetta eins og köttur í kringum heitan graut. Þetta er bara svona. Hér eru menn með stórkostlega alvarlega hluti í höndunum. Það geta orðið slys sem engin leið er að bæta. Hitt er alltaf hægt að bæta, borga þeim frekar peninga. Af hverju sagði ekki ráðherra við fyrirtækið hérna: Ég vil frekar borga ykkur 30 milljónir. Haldið þið bara að ykkur höndum, við gerum þetta ekki svona. Það eru allt of miklir hagsmunir í húfi hinum megin.

Nei, forseti Íslands er sannfærður um það að himinn og jörð séu að farast, landið sé að fara á hausinn nema að sett séu bráðabirgðalög á miðju sumri til að hægt sé að flytja út þessi hrogn.

Síðan vil ég segja vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um tiltekið heiðursmannasamkomulag, sem réttilega er rifjað upp að gengið var frá í október 1988. Ég man það mjög vel því að mér var síðan kynnt það í beinu framhaldi. Eftir því var farið um langt árabil og það var ekki fyrr en tíu árum síðar sem ég frétti fyrst af því eða fékk grunsemdir um að það væri eitthvað farið að leka, að lax af norskum stofni væri kominn út í kvíar á einum eða jafnvel tveimur stöðum við landið. Það þóttu mér auðvitað mjög slæm tíðindi.

En það voru þó hreinir smámunir hjá þeim ósköpum sem gerðust þegar ríkisstjórnin ákvað að veita laxeldisfyrirtækj-

um eystra starfsleyfi fyrir þauleldi á laxi í gríðarlegum mæli, í raun og veru stærstu stöðvar sem menn hafa áformað að reisa í heiminum, nema ef vera kannski skyldi að í Chile fyndust einhverjar hliðstæður. Þetta eru stærri einingar heldur en Norðmenn hafa farið út í að leyfa, 8 þús. tonn á einum stað. Það er nú ekkert smáræði að ala 8 þús. tonn af fiski á einum bletti inni í einum firði með því gríðarlega magni af fóðri, þeim fjölda einstaklinga sem þar eiga í hlut og öllu því álagi sem fylgir á alla skapaða hluti.

Mönnum lá svo lifandis mikið á að þar var ekki einu sinni hægt að fara í mat á umhverfisáhrifum. Það var ekki einu sinni hægt að takast á um grundvallarspurningar um hvort leyfa ætti eldi á erlendum stofni og fá botn í þær fyrst. Það var ekki einu sinni farið í að ræða hvort gera ætti að skilyrði að laxinn yrði ófrjór. Það var skautað fram hjá þessu öllu af því að það voru svo miklir atvinnuhagsmunir í húfi. Það lá svo mikið á að drífa þetta bara allt í gang. Þeir sem mæltu varnaðarorð, þeir voru óvinirnir.

Ei veldur sá sem varar, hæstv. ráðherra, segir gamalt máltæki og á það vel við hér. En það átti að fara að kjósa og mikið lá við að sannfæra framsóknarmenn á Austurlandi um að þeir ættu að skila sér heim í réttina og kjósa eins og venjulega og allt var fyrir þá gert.

Herra forseti. Svo verð ég að segja að mig undrar að menn skuli ekki hafa lært meira af óförum laxeldisins hér á fyrri árum og að menn skuli ætla út í þetta á þennan hátt sem raun ber vitni og í svona stórum stíl. Ég er mjög undrandi á því. Auðvitað verða þau fyrirtæki sem eru að hætta sínum fjármunum þarna að ráða því. En ég er mjög hissa á því að menn sem telja sig klóka í bisness skuli halda að það sé svona mikil framtíð í því að við Íslendingar reynum að elta Norðmenn, Færeyinga, Skota og Chilebúa í laxeldi þegar við erum orðnir hvort sem er 10–20 árum á eftir þeim og ætla að fara að ala lax í stórum stíl með þessum hætti, sem er í raun orðinn að kjúklingi sjávarins. Það er löngu liðin tíð að eldislax sé lúxusvara á háu verði. Þetta er orðið að kjúklingi, verksmiðjuframleitt fóður á lágu verði. Maður hefði heldur haldið að framtíðin lægi í að reyna að vera í fararbroddi á eldi t.d. sjávarfiska eins og lúðu, sandhverfu, hlýra eða annarra slíkra tegunda sem við Íslendingar hefðum möguleika á að vera með ef athyglinni væri beint að því. Nei, en það er eins og allt ætli að verða okkur að ógæfu í þessum efnum. Lúðuseiðin eru flutt út og þau eru undirstaða eldis í öðrum löndum. En það er ekki að verða sú uppbygging hér í landi sem maður vonaðist til að yrði í kjölfar þess að Íslendingar hafa náð glæsilegum árangri í að klekja út lúðuseiðum. Þess í stað virðist öll orkan ætla að fara í að reyna laxeldi í stórum stíl. Og af hverju þarf það að vera í stórum stíl? Af hverju þarf 8 þús. tonn í stöð? Jú, það er vegna þess að verðbilið er orðið svo lítið að til þess að svona rekstur gangi þá þarf magnið að vera svona ofboðslegt. Það er af því að þetta er ekki lengur dýr lúxusvara. Þetta er kjúklingur og þá þarf bara að hauga út nógu ofboðslegu magni í voninni um að einhverjar krónur verði afgangs af hverju kílói og þá þurfa tonnin eða þúsundirnar af tonnunum að vera svona mörg til þess að þetta sé rekstrarhæf eining.

Er þetta þá mjög féleg framtíðarsýn, að ekki sé rekstrarafkoma í þessu nema við í raun leyfum allt, gríðarlega stórar einingar og það úti í sjó og stofn af erlendum uppruna? Það er það sem hæstv. ráðherra er að segja. Það er verið að gera þetta akkúrat svona því að annars stendur þetta ekki undir sér.

Þá er auðvitað spurningin: Á þá nokkuð að vera að standa í þessu? Ég held að svarið sé nei. Ef þetta er svona lélegur bisness að það þarf að leyfa þetta þauleldi í stórum stíl úti í sjó þá efast ég um að það borgi sig að standa í þessu og við hefðum frekar átt að reyna að beina kröftum manna í einhvern annan farveg sem væri líklegri til að skila árangri til lengri tíma litið.

Ef þetta snerist bara um að einhverjir stórir kallar töpuðu peningum þá mættu þeir það út af fyrir sig mín vegna, enda alla vega fengið sumt af þeim aurum. En málið snýst bara ekki um það. Það er aukaatriði í málinu. Þetta snýst um náttúru Íslands og gagnvart henni eigum við ekki að taka áhættu.

[17:19]

Útbýting þingskjala:

Aukin meðlög, 128. mál, fsp. MF, þskj. 128.

Malarnám í Ingólfsfjalli, 129. mál, fsp. MÞH, þskj. 129.

Sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, 127. mál, fsp. ÞBack, þskj. 127.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, 114. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 114.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, 116. mál, þáltill. SJS, þskj. 116.

Vinnsla kalkþörungasets, 126. mál, fsp. GAK, þskj. 126.

[17:19]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Þetta frv. er samhljóða bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin afgreiddi í sumar og það verð ég að segja, frú forseti, að það urðu mér mjög mikil vonbrigði að heyra af þessum bráðabirgðalögum. Jafnframt varð ég mjög undrandi yfir því að þau skyldu hafa verið afgreidd þar sem á liðnu vorþingi var samhljóða frv. lagt fram en þá svo seint að ekki vannst tími til þess að senda það til umsagnar og vinna það almennilega, eins og allir nefndarmenn hv. landbn. töldu að þyrfti að gera í svo mikilvægu máli. Því var ákveðið að gefa þessu tíma núna til haustþingsins og hafa þetta sem fyrsta mál. Frv. var sent út til umsagnar til viðkomandi aðila sem eru ekki fáir, þ.e. landeigendur og eigendur laxveiðiðiáa, veiðifélög og fulltrúar náttúruverndar og ýmsir sérfræðingar í dýrasjúkdómum o.s.frv.

Ég taldi því að við mundum byrja hér nýtt þing á þessu verki því að hér er í raun það stórt mál að óhæfa er að bráðabirgðalögin skuli hafa verið samþykkt og hagsmunaaðilar ekki haft möguleika á að koma með athugasemdir eða að þessari vinnu. Nú vona ég að hv. landbn. gefi sér þann tíma sem þarf til þess að kalla viðkomandi aðila til. Umsagnir liggja fyrir eftir sumarið og margt hefur komið fram í þeim umsögnum sem bendir til þess í fyrsta lagi að frv. sé mjög gallað, að þar sé óþörf grein og að skoða eigi mjög rækilega hvort við séum ekki að ganga allt of langt með þessu frv. og hvort við getum ekki gengið þannig frá tilskipun Evrópusambandsins að það lúti að flutningi dýra á markað eða dýravernd, en við séum undanskilin að öðru leyti ákvæðum þessarar tilskipunar vegna mikilvægari forsendna, þ.e. náttúruverndar og verndar íslensks erfðaefnis, erfðaefnis íslenska laxins. Ég tel að frv. sé að sumu leyti vanbúið og að ef vilji hafi verið fyrir hendi til þess að verja hagsmuni

seiðaframleiðenda eins og verið er að gera með þessu frv. þá hafi átt að fara strax sl. vetur í þá vinnu að setja þau ákvæði inn sem í raun hefðu dugað til þess að vernda íslenska erfðaefnið í íslenska laxinum en leggja ekki fram frv. sem er bókstaflega galopið fyrir innflutningi á sjávardýrum.

Frv. tekur sérstaklega á vernd gegn dýrasjúkdómum og sóttvörnum, og það er gott. En erfðaefnablöndun er hér vikið til hliðar. Þó er einmitt sá þáttur helsta vörn okkar því íslenski laxinn er eina tegundin af laxi í Norður-Atlantshafi sem enn er nær óspillt af erfðablöndun. Við höfum alþjóðlegar skyldur til að uppfylla til þess að vernda hann. Ég tel að þær skyldur okkar séu svo sterkar að við hefðum átt að vera búin að vinna að þessum málum og að við getum styrkt stöðu okkar miklu betur en kemur fram í frv. Því vísa ég því til hv. landbn. að hún vinni frv. upp þannig að tilskipunin verði uppfyllt en settir varnaglar miklu harðari en — ja, það eru nú varla varnaglar hérna nema hvað varðar sóttvarnir og smitsjúkdóma — og settar inn sterkari varnir gegn erfðablöndun.

Ég ætla ekki að fara í einstakar greinar frv. Þó get ég ekki stillt mig um að nefna 2. gr. I. kafla, þ.e. breytingu á lögum um lax- og silungsveiði. Þar er sett inn málsgrein sem ég tel að sé algjörlega óþörf. Hún lýtur að notkun erlendra flutningstækja og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun erlendra flutningstækja, svo sem brunnbáta, og búnaðar sem tengdur er þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur."

Reglugerðirnar munu þá lúta að hreinleika tækjanna og smitgát. En ég tel að þar sem við höfum möguleika á að nota íslensk flutningatæki og brunnbáta þá eigum við að gera það en ekki setja inn ákvæði sem þetta. Það er óþarft og stóreykur hættuna á að smit berist inn í landið.

Frú forseti. Hér hefur verið nefnt heiðursmannasamkomulag sem var gert í nóvember árið 1988 um að ef hér yrði eldi á norsk-íslenskum laxastofni þá yrði það eldi ætíð í landkvíum en ekki í sjókvíum. Það tel ég að eigi að vera markmið okkar. Ekki þarf að fara yfir þær ræður sem hér hafa verið fluttar um það sem við eigum öll að vita, þ.e. að alveg sama er hversu góðar sjókvíarnar eru, alveg sama hversu varkárir menn eru, það er ekki á mannlegu valdi að hindra að laxar sleppi. Það getur gerst af slysni eins og á Norðfirði fyrir skömmu þegar að bátur reif kví þannig að 3.000 laxar sluppu. Ekki hafa fundist nema nokkrir síðan og það meira að segja uppi í laxveiðiám. Svo geta kvíar rifnað í óveðrum eða í þær borist sjávardýr sem geta drepið eldisfiskinn, t.d. marglyttur. Það hefur gerst, meira að segja hér á landi og það í Mjóafirði. Þetta er því erfitt að eiga við. Við erum að stefna íslenska laxastofninum í hættu. Þó að hæstv. landbrh. hafi tekið til þess ráðs — og það ber að virða — að banna sjókvíaeldi á stórum svæðum þar sem laxveiðiár eru þá dugar það því miður ekki til því að a.m.k. einn af þessum löxum sem hvarf úr kví í Norðfirði veiddist í Vopnafirði. Þó svo að eldi sé bannað í Vopnafirði þá fara nú laxarnir samt á milli þannig að ákvæðið heldur ekki.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann fór yfir starfsleyfin, þau sem þegar hafa verið gefin út og það hversu leyfin heimila mikið eldi. Þetta er okkur öllum umhugsunarefni. Þó svo að við viljum stuðla að eldi í sjó væri þá ekki nær að fara hægar af stað og fjölga frekar leyfum eftir því sem fyrirtækin dafna og sanna sig í að geta staðið í framleiðslunni í stað þess að byrja á því að gefa út svona miklar heimildir? Það held ég að sé greininni sjálfri og framleiðslunni til framtíðar ekki til hagsbóta.

Frú forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í málflutning minn en mig langar að vitna til umsagnar frá Veiðimálastofnun sem Sigurður Guðjónsson framkvæmdastjóri hefur skrifað undir og sendi landbn. Alþingis í þessu umsagnarferli frá því að frv. var sent út á vorþinginu. Með leyfi forseta segir hér:

„Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær ekki til auðlindastjórnunar og ekki til náttúruverndar. Þau ákvæði sem hér um ræðir eru ekki eingöngu viðskiptalegs eðlis, það er frjáls sala eldisafurða milli landa. Þau koma klárlega inn á náttúruvernd og inn á auðlindastjórnun. Enda segir í tilskipuninni að henni sé ætlað að taka á heilbrigði eldisdýra í sambandi við markaðssetningu fiskeldisdýra og afurða. Jafnframt segir í I. kafla 1. gr. tilskipunarinnar: „Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda."

Þarna er komið að kjarna málsins. Taka verður tillit til þessa svo að tryggja megi verndun tegunda. Þetta hefur algerlega farið fram hjá höfundum eða öllu heldur þýðendum frv." Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Í frv. hefur farist fyrir að taka tillit til þeirrar hættu sem stafað getur af innflutningi lagardýra, hvað varðar erfðafræðileg og vistfræðileg áhrif. Í stuttu máli getur óhindraður innflutningur slíkra dýra valdið því að íslensk vistkerfi beri óbætanlegan skaða af og hin mikla auðlind sem fólgin er í sérstæðu lífríki í fersku vatni á Íslandi er sett í stórkostlega hættu."

Síðar segir: „Þrjár meginhættur eru samfara því að flytja tegundir á milli landa.

Í fyrsta lagi geta sjúkdómar borist með viðkomandi tegund og herjað í framhaldinu á innlendar tegundir. Umrædd tilskipun leitast við að taka á þeirri hættu, en benda verður á að sjúkdómaeftirlit er erfitt viðfangs og er bæði þekking og greiningaraðferðir dýrasjúkdóma ekki á því stigi að öruggt megi telja að ekki leynist sjúkdómar í eldisdýrum og í eldisvökva. Sama gildir um sníkjudýr. Ótal dæmi væri hægt að nefna um sjúkdóma t.d. í fiskum sem borist hafa á milli landa í dýrum sem höfðu vottorð um heilbrigði.

Í öðru lagi geta framandi eldisdýr sloppið eða beinlínis verið sleppt á skilgreind eldissvæði og blandast þeim innlendu stofnum sem fyrir eru.

Í þriðja lagi geta framandi lífverur sett innlend vistkerfi í uppnám."

Að lokum ætla ég að vitna í lokaorð: „Umrætt frumvarp er að mati undirritaðs byggt að hluta á misskilningi. EES-samningur tekur ekki til auðlindastjórnunar og náttúruverndar. Ákvæði til að tryggja þessa þætti eru því utan samningsins. Því til viðbótar er í tilskipuninni gert ráð fyrir að áfram séu fyrirvarar til að tryggja verndun tegundar og þar með líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi. Breyta þarf lögum með þetta í huga en ekki opna án skilyrða á frjálsan innflutning lífvera. Það hafa Evrópuþjóðir heldur ekki gert."

Frú forseti. Ég tel að þetta frv. til laga, þó að það sé búið að ganga frá því sem bráðabirgðalög, þurfi að skoða í þessu ljósi og að við þurfum að setja allar þær girðingar sem við höfum tök á inn í okkar löggjöf til þess að tryggja erfðaefni íslenskra dýra eins og laxins. Það er hægt að gera með breytingum á þessu frv. og öðrum lagatextum.

[17:35]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er að mörgu að hyggja í þessu máli og eðlilegt að menn vilji ræða þetta frv. nokkuð ítarlega. Ég vil byrja á því að víkja að upphafinu á þessu máli sem eru sjálf bráðabirgðalögin.

Fyrir 12 árum voru gerðar nokkuð viðamiklar breytingar á stjórnarskránni sem afnámu deildaskiptingu Alþingis og ætlað var, auk fleiri atriða, að draga mjög úr því að gefin væru út bráðabirgðalög. Það má segja að það hafi gengið að þó nokkru leyti eftir. Þannig hafa aðeins 8 sinnum verið gefin út bráðabirgðalög frá því að þessi stjórnarskrárbreyting var afgreidd á vordögum 1991.

Í stjórnarskránni er þó heimildin enn þá fyrir hendi í 28. gr. og þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum."

Ég vil aðeins fara yfir aðdraganda að þessari stjórnarskrárbreytingu fyrir 12 árum til þess að varpa ljósi á þann skilning sem þingmenn höfðu á því hvernig ætti að beita þessu bráðabirgðalagaákvæði, því það var öllum orðið ljóst að því hafði verið beitt mikið og öllu meira en eðlilegt var. Bráðabirgðalagaheimild þýðir einfaldlega að þingið hefur ekki löggjafarvaldið heldur ríkisstjórnin og þinginu þótti eðlilegt að gera breytingu á þessu til þess að styrkja stöðu sína.

Frv. til stjórnarskipunarlaga sem breytir stjórnarskrá er lagt fyrir tvö þing og á milli þeirra fara fram alþingiskosningar. Á fyrra þinginu sem frv. var rætt, sem var síðasta þingið fyrir kosningarnar 1991, var málið flutt af þingflokksformönnum þeirra þingflokka sem þá voru á Alþingi og 1. flm. málsins var Ólafur G. Einarsson sem síðar varð forseti Alþingis, eins og menn muna.

Ég vil vitna aðeins í það sem fram kom í framsöguræðu hjá honum þar sem hann mælti fyrir þessu frv., þar sem hann skýrði hver meiningin væri af hálfu flutningsmanna. Ég vek athygli á því að flutningsmenn voru þingflokksformenn allra stjórnmálaflokka sem sæti áttu á Alþingi. Fyrst vil ég vitna í eftirfarandi kafla í ræðu hans frá 1. febrúar 1991, með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín og margra annarra að það væri ástæða til þess að bæta þjónustu við þingmenn og ég hef þá trú að þegar starf í nefndum Alþingis eykst muni það kalla á einhverja aukningu í starfsmannahaldi. Slíkt er óhjákvæmilegt ef þingið ætlar sér að styrkja stöðu sína og hafa sjálfstæða umfjöllun um mál. Þá gengur ekki að reiða sig algerlega á þá þekkingu og vinnu sem fá má úr ráðuneytum og öðrum stofnunum eins og við höfum þurft að gera í allt of ríkum mæli á undanförnum árum."

Þarna kemur alveg ljóst fram hjá hv. þm. sem þá var, Ólafi G. Einarssyni, að tilgangurinn var að styrkja þingið þannig að það gæti tekið málið fyrir sjálft og með eigin hætti og treyst á eigin gagnaöflun og úrvinnslu.

Í öðru lagi vil ég vitna í annan kafla í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sem víkur að ákvæði frv. um bráðabirgðalagaheimildina. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við þingflokksformenn höfðum ekki uppi tillögur um að breyta starfstíma Alþingis að neinu verulegu leyti. Það verður að þróast eftir sínum lögmálum á næstu árum. En við leggjum til að þingið verði sett 1. okt. og það starfi fram í maí, lengur eða skemur eftir því sem verkast vill. Þá sé þingfundum frestað til loka þingársins með því skilyrði að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnar eða efna til mikilvægra umræðna. Við teljum þetta mikilsverða breytingu sem treysti störf Alþingis og stöðu löggjafarsamkundunnar í stjórnkerfinu. Alþingi er því starfhæft allt árið og getur komið til funda mjög skjótlega ef þörf er á. Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp á síðkastið."

Það er alveg ljóst hvaða skilning flutningsmenn málsins höfðu á málinu, fyrir hönd allra þingflokka Alþingis, að þingið ætti að vera starfhæft svo að það gæti afgreitt mál á öllum tíma árs. Ég vil halda áfram tilvitnun í ræðu Ólafs G. Einarssonar, með leyfi forseta:

„Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokksformenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til þess að gefa út bráðabirgðalög. Um það voru ákaflega skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga, til þess að gera nánast engar breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkar varð sú að gera nokkrar breytingar á ákvæðunum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi, og mun ég koma að þeim síðar, en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt. Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna.

Ég vek athygli á því að með þessum breytingum er ekki verið að þrengja formlega rétt til útgáfu bráðabirgðalaga því slík heimild hefur verið talin gilda þegar Alþingi hefur verið frestað með þingsályktun, með samþykki þess sjálfs."

Þarna er skýrður tilgangur breytingarinnar af hálfu flutningsmanna, þingflokksformanna, og hvernig ætti að skilja ákvæðið og beita því. Það er alveg ljóst að þeir komast að þeirri niðurstöðu að leggja til að bráðabirgðalagaákvæðið verði áfram inni í stjórnarskrá en það beri að skilja það á þann veg, og um það urðu þeir sammála, að nota það helst aldrei. Fremur ætti að leggja málið fyrir þingið. Öðrum ákvæðum var breytt á þann veg að þingið væri ávallt starfhæft og hægt að kveða það saman nánast fyrirvaralaust. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt að menn hafi í huga. Þessi skilningur kemur svo fram á síðara þinginu sem þetta mál er lagt fyrir Alþingi eftir alþingiskosningarnar 1991 og þá voru þingflokksformenn áfram flutningsmenn málsins og í neðri deild var 1. flm. hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fyrir hönd þeirra þingflokksformanna. Hún segir í framsöguræðu sinni fyrir málinu, með leyfi forseta:

„Jafnframt er reynt með ýmsum hætti í frv. að styrkja stöðu Alþingis í stjórnkerfinu. Þannig mun Alþingi starfa allt árið sem er tvímælalaust mikið framfaraspor. Það mun annars vegar leiða til þess að nefndir þingsins geta starfað allt árið í fullu umboði og hins vegar til þess að Alþingi afsalar sér aldrei sínum hluta löggjafarvaldsins yfir til framkvæmdarvaldsins eins og verið hefur. Að vísu er það svo að ríkisstjórn mun áfram hafa heimild til þess að leggja til við forseta að gefa út bráðabirgðalög meðan þingfrestanir standa, en það er skilningur allra sem að þessu máli hafa staðið að til þess komi ekki nema í sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýi siður að verði þörf á skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, t.d. yfir sumartímann, þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til þess að afgreiða hana með eðlilegum hætti."

Við umræður um þetta mál á vorþinginu 1991 sagði 1. flutningsmaður málsins fyrir kosningar sem nú var orðinn menntmrh., Ólafur G. Einarsson, eftirfarandi í ræðu 15. maí, með leyfi forseta:

„Ég nefni aðeins það sem hér hefur þegar verið drepið á, að samþykkt þessa frv. og frv. til nýrra þingskapalaga fylgir mikil breyting á störfum Alþingis. Í fyrsta lagi að þingið mun starfa allt árið og í einni málstofu sem er auðvitað mjög veigamikil breyting. Ég tel líka að sú breyting út af fyrir sig hafi það í för með sér að útgáfa bráðabirgðalaga ætti því sem næst að vera úr sögunni, ef ekki alveg."

Þannig að hann endurtekur þarna sjónarmið sitt frá því á fyrra þinginu sem málið var til umfjöllunar.

Þetta vil ég draga fram, herra forseti, til þess að mönnum sé það algerlega ljóst að jafnvel þótt heimild til þess að gefa út bráðabirgðalög sé enn í stjórnarskránni þá ber að beita henni með þeim hætti sem flutningsmenn skýrðu málið á Alþingi á sínum tíma. Um það var ekki neinn ágreiningur í hópi flutningsmanna og ekki gerður neinn ágreiningur, svo ég muni eftir, úr hópi annarra þingmanna.

Ég held að það sé alveg ljóst að menn séu algjörlega meðvitaðir um þetta, að útgáfa bráðabirgðalaga er algert neyðarúrræði. Við hljótum því að velta fyrir okkur núna hvort það ástand hafi verið uppi í sumar að það réttlætti að gripið væri til þess ráðs að gefa út bráðabirgðalög. Voru þeir ríku hagsmunir í húfi að þjóðfélagið hefði farið á annan endann ef ekki hefði verið gripið í taumana?

Ég neita því ekki að ég er þeirrar skoðunar að það vanti verulega mikið á að ríkisstjórnin hafi fært rök fyrir því að staða málsins hafi verið með þeim hætti að það réttlætti að beita þessu ákvæði eins og það var útskýrt fyrir þingheimi og hann samþykkti skilning á.

Ég vil nefna tvennt. Í fyrsta lagi var þingmál lagt fyrir Alþingi á síðasta þingi eða öllu heldur næstsíðasta þingi, á síðasta þingi fyrir kosningar. Frumvarp um málið var lagt fyrir Alþingi 6. mars, nokkrum dögum áður en það lauk störfum. Landbn. Alþingis fékk málið til umfjöllunar. Hún komst að því eftir athugun á málinu að um það var mikill ágreiningur meðal hagsmunaaðila. Og það varð niðurstaða landbn. að rétt væri að gefa sér tíma til að reyna að finna betri lausn á því viðfangsefni sem menn voru að glíma við heldur en frv. hafði að geyma. Í því fólst út af fyrir sig engin afstaða nefndarinnar til þess hvaða lausn hún mundi síðan vilja leggja fyrir þingið, ef málið hefði komið frá henni aftur til þingsins. En það var greinilega mikill ágreiningur um málið meðal hagsmunaaðila.

Stærsti hagsmunaaðilinn í málinu er auðvitað veiðiréttareigendur og bændur laxveiðiáa sem eiga lönd við laxveiðiár. Þeir hagsmunir eru gríðarlega miklir. Þeir eru taldir vera um 3 milljarðar króna í tekjur á ári. Það eru stærstu hagsmunirnir í málinu. Það vita allir og gera sér grein fyrir að ef mikil breyting verður á í þessu atriði þá bresta forsendur fyrir búsetu á mörgum jörðum um landið. Það er því eðlilegt að menn séu mjög varkárir í að samþykkja breytingar sem menn telja að geti stefnt þessum hagsmunum í hættu. Mér finnst mjög eðlilegt að menn séu mjög varkárir í þeim efnum.

Síðan eru hinir hagsmunirnir sem eru útflutningshagsmunir. Þeir eru auðvitað fyrir hendi líka. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef mun útflutningur á eldisfiski og hrognum á síðasta ári hafa verið um 245 millj. kr. Það er að vísu ekki sundurliðað þannig að ég veit ekki hversu stór fjárhæð af þessari tölu er vegna útflutnings til þeirra landa sem gripu til aðgerða í sumar, Skotlands og Írlands, ég hef ekki þá sundurliðun. Engu að síður eru þeir hagsmunir fyrir hendi en ég neita því ekki að þeir eru miklu minni en hinir hagsmunirnir. Það er mín skoðun. Og ég held að menn verði að skoða málið í því ljósi að reyna að greina aðalatriði frá aukaatriðum og stærri hagsmuni frá minni hagsmunum.

Hitt atriðið sem ég vil nefna er atriði sem kemur fram í bráðabirgðalögunum sjálfum til þess að rökstyðja setningu þeirra, sem er réttilega getið um, viðbrögð stjórnvalda í Skotlandi og Írlandi sem hafi sett bann á innflutning til sinna ríkja frá Íslandi, og eins og segir í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna, með leyfi forseta:

„Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert."

Ég efa ekki að þetta er allt rétt greint frá, að vísu ekki mjög nákvæmlega. Við vitum ekki hversu stórir þessir hagsmunir eru og miðað við þá fjárhæð sem ég nefndi áðan má ætla að fjöldi starfa og fjárhæðir séu eitthvað sem hægt er að áætla út frá útflutningstekjum upp á allt að 200 millj. kr. eða svo.

En er það nægileg ástæða til þess að setja bráðabirgðalög að hagsmunir fyrirtækis, eins eða fleiri um einhvern tíma séu í uppnámi og atvinnuhagsmunir fólks sem starfar hjá þeim fyrirtækjum? Ég vil ekki gera lítið úr því að menn eigi að bregðast við til þess að greiða úr því ástandi. En ansi oft hefur komið upp slíkt ástand hér innan lands hjá fyrirtækjum sem hafa haft margt fólk í vinnu, jafnvel tugi ef ekki hundruð, fólk sem hefur farið í greiðslustöðvun eða gjaldþrot og miklir hagsmunir hafa verið í húfi, og stjórnvöld hafa ekkert verið að grípa inn í það til þess að vernda atvinnuhagsmuni þess fólks. Þannig að stjórnvöld hafa auðvitað dálítið lagt línurnar um það hvernig menn meta stærð málsins gagnvart því að beita ákvæðinu í stjórnarskránni.

Mér finnst því að færa þurfi fram betri rökstuðning fyrir því að rétt hafi verið og eðlilegt að beita þessu bráðabirgðalagaákvæði. Miðað við þær upplýsingar sem lagðar hafa verið fram þá er það mín skoðun að það hafi ekki verið réttlætanlegt. Ég veit reyndar engin dæmi þess að ríkisstjórn hafi beitt bráðabirgðalagaákvæðinu gagnvart máli sem búið var að leggja til efnislegrar umfjöllunar á Alþingi. Og ef menn ætla að fallast á það að hægt sé að beita bráðabirgðalagaákvæðinu í þessu ljósi þá er þingið búið að gefa alveg opinn skilning á það að setja megi bráðabirgðalög um hvaða mál sem ekki fer hér í gegnum þingið. Ég veit að það er ekki meining ríkisstjórnarinnar að opna svo þessar heimildir að hún geti vísað til þessa fordæmis síðar meir en þingið getur ekki að mínu viti látið túlkun þessa stjórnarskrárákvæðis þróast með þessum hætti. Við verðum að halda túlkun málsins í því horfi og í því fari sem lagt var upp með á sínum tíma. Því ef við gerum það ekki erum við einfaldlega að veikja stöðu þingsins sem nemur breytingunni. Og ég vil halda í heiðri þann skilning á því hvernig beita eigi bráðabirgðalagaákvæðinu sem hér var kynntur og staðfestur á þeim tíma sem þetta var sett í lög og ég átti þá sæti á Alþingi. Ég held mig við sömu skoðun í málinu og þá varð niðurstaðan.

Ég vil svo, herra forseti, segja um málið sjálft að ég tel að gera verði breytingar á frv. Ég er að vísu ekki búinn að fá allar þær upplýsingar um málið sem ég hef óskað eftir og er því ekki rétt að leggja endanlegt mat á það, en mér sýnist að stjórnvöld hafi fulla stöðu til þess að verja innflutningsbann, a.m.k. með miklu ákveðnari hætti en skilja hefur mátt á

ráðherra til þessa. Og ég vona að menn séu ekki orðnir svo linir fyrir Brussel að menn bogni í hnjánum bara við það að menn ætli að leggja mál fyrir EFTA-dómstólinn, herra forseti.

[17:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerir mikið úr setningu bráðabirgðalaganna. Ég veit að hv. þm. veit hvað þjóðréttarleg skuldbinding er. Hann veit líka að þingmál sem liggur hefur ekki verið hafnað. Hann veit að ekki hefur tekist að vinna það. Hann veit líka að oft í alþjóðlegu starfi þegar þingmál er komið fyrir þingið þá segja menn jú að menn ætli að standa við sína skuldbindingu og þar með kemst friður á. Það gerðist ekki í sumar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Og ég veit að hv. þm., sem farið hefur til Brussel og þekkir þetta allt saman eins og fingurna á sér og miklu betur en ég, veit að Eftirlitsstofnun EFTA frestaði frekari meðferð brotamálsins sem svo var kallað á hendur Íslandi af því að bráðabirgðalögin voru sett. Hann veit líka að nú stefnir ESA að því að taka formlega ákvörðun um að Ísland sé laust við fisksjúkdóma, að taka þurfi ákvörðun um að við séum laus við fisksjúkdóma, eitt hreinasta land í Evrópu.

Hann veit líka hvað gerist förum við fyrir EFTA-dómstólinn og virði EFTA-ríki ekki niðurstöðu EFTA-dómstólsins. Það mundi hafa víðtækar afleiðingar fyrir útflutning á íslenskum vörum til Evrópusambandsins. Voru það ekki þeir hagsmunir sem líka var verið að verja, að við værum ekki í skammarkróknum og að við brytum ekki samningsgjörð sem við gerðum með EES-samningnum?

Við stóðum því frammi fyrir því að verða annars flokks land hvað varðar heilbrigði í fiskeldi á Íslandi. Við stóðum líka frammi fyrir því að verða annars flokks land í hugum Evrópubúa af því að við stóðum ekki við samning sem við gerðum. Ég lærði í æsku sem barn að orð skuli standa, hvað þá blekið úr pennanum.

Hér erum við að fylgja því eftir af þeirri vörn og því öryggi sem við getum til þess að verja íslenska hagsmuni.

[17:57]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar tveir aðilar deila og annar hótar að stefna hinum fyrir dómstóla, þá er ekki besta vörnin að leggjast á hnén og gefast upp. Þá taka menn til varna, tefla fram sínum sjónarmiðum. Og í þessu máli eru rík sjónarmið til varnar íslenskum sjónarmiðum og því að viðhalda innflutningsbanni. Þannig að ég verð að segja, herra forseti, að ég er algjörlega ósammála hæstv. landbrh. í því.

Í öðru lagi verð ég að segja það, vegna þess að það liggur fyrir í þingskjölum, að málið var ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en 6. mars, fáum dögum áður en því átti að ljúka. Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hvenær var frv. tilbúið í ráðuneytinu?

[17:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Slík ummæli að menn leggist á hnén eru auðvitað skemmtileg karlmennska úr ræðustól Alþingis. Ég hygg nú að ríkisstjórnin hafi ekki lagst á hnén. Hún stóð fyrst og fremst frammi fyrir því að hún varð að grípa til nauðvarnar út frá íslenskum hagsmunum og þess vegna voru bráðabirgðalögin sett, ekki bara einhverra örfárra fyrirtækja heldur íslenskum hagsmunum vegna skuldbindingar sem við höfðum undirgengist að innleiða í íslensk lög og margt í kringum það var í uppnámi. Þetta veit hv. þm.

Ég hef svo margfarið yfir það í dag að ég trúði auðvitað á undanþágu áfram og hef rakið hvernig við reyndum að ná því fram að undanþága yrði áfram frá þessu ákvæði. En þegar þannig stóð þá var ekki annað að gera en að þetta frv. kæmi fram. Það er viðurkennt af minni hálfu að það kom seint fram til þingsins. Ég trúði því þá að það mundi lægja þær öldur út af EES-samningnum að við hefðum frið til þessa þings til þess að vinna málið. Svo varð ekki. Þannig stendur málið og þess vegna er ég í þessum sporum.

[18:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er sá að Alþingi setur lögin. Það var Alþingi sem hafði málið til umfjöllunar og það var Alþingi sem komst að þeirri niðurstöðu að of mikill ágreiningur væri um málið til að leggja það fyrir þingheim úr landbn. Niðurstaðan úr þessu var sú að ráðherrann tók sér löggjafarvaldið, setti lög og breytti málinu í engu. Hann náði þar af leiðandi engu meiri samstöðu um málið en áður var. Það ríkir mikill ágreiningur um þetta mál, því miður. Þess vegna verðum við, þegar málið kemur hér til Alþingis á nýjan leik, að taka það fyrir til að finna lausn sem er betri en sú sem frv. leggur til.

[18:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir gagnmerka ræðu og ákaflega þarfa upprifjun á þeim breytingum sem gerðar voru á bráðabirgðalagavaldinu, setningarvaldinu, 1990–1991 (**Landbrh.**: Hvers vegna afgreiddi sjútvn. sitt mál?) — ákaflega þarfa upprifjun. Það hefur greinilega komið illa við hæstv. landbrh. að þetta væri rifjað upp.

Ég er algerlega sammála þeim rökum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson færði fyrir því, eins og ég reyndar sagði í ræðu minni í framhjáhlaupi, að bráðabirgðalagasetningarvaldið hafi þarna verið teygt út yfir öll takmörk. Ef svo brýna nauðsyn bar til að setja lög um þetta þá átti auðvitað að kalla þingið saman í sumar.

Það er ljóst að sameiginlegur skilningur allra á sínum tíma, þegar þessar breytingar voru gerðar 1990–1991, var að þegar fært er að kalla þingið skuli það gert, þurfi að setja lög. Ef einhver neyðaratvik koma upp og því verður ekki við komið að kalla saman þingið, sem situr og hefur fullt umboð en hefur gert hlé á fundum sínum, þá er þetta vald til staðar. Annars á ekki að nota það. Það er algerlega ljóst. Sá grundvallarmunur er þarna á orðinn að þingið er að störfum en hefur gert hlé á fundum sínum en er ekki eins og áður var rofið og sent heim við þinglausnir að vori.

Þetta er það sem greinilega hefur farið fram hjá hæstv. ráðherra í sumar. Ég tel að af þessu tilefni sé óhjákvæmilegt að formenn þingflokka hittist og fari yfir þetta mál, því ella held ég að sú samstaða sem um þetta tókst á sínum tíma kunni að fara út um víðan völl, úr því að svo óhönduglega hefur tekist til. Kannski verður hægt að líta á þetta jákvæðum augum, sem slys og vonandi eitthvað sem gerist aldrei aftur.

Það var reyndar athyglisvert að hæstv. ráðherra reyndi ekki að verja beitingu bráðabirgðalagavaldsins í andsvörum áðan. Hann fór bara út í þrætur um efnisþætti málsins.

[18:03]

Útbýting þingskjala:

Erlendar starfsmannaleigur, 125. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 125.

Notkun kannabisefna í lækningaskyni, 131. mál, fsp. MF, þskj. 131.

Sálfræðiþjónusta, 132. mál, fsp. MF, þskj. 132.

Úttekt á umfangi skattsvika, 130. mál, fsp. JóhS, þskj. 130.

[18:04]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Eins og síðasti ræðumaður þá fagna ég sérstaklega orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan. Hann fór á vandaðan og málefnalegan hátt yfir hina nýju hugsun um bráðabirgðalög. Það var fróðlegt að heyra andsvör hæstv. landbrh. við ræðu þingmannsins. Hæstv. landbrh. heldur því fram að nauðsyn hafi borið til að setja þessi lög í sumar. Nú ætla ég út af fyrir sig ekki að ræða það við hann hér, spurningin er auðvitað ekki sú, heldur um hvað mælti á móti því að kalla Alþingi saman til að setja þau lög sem hæstv. landbrh. taldi nauðsynlegt að setja. Það er reglan í þingræðisríkjum að það sé gert.

Ekki hefur ástæðan verið sú að þingið hafi ekki verið að störfum því formlega var það svo. Fundum þess hafði aðeins verið frestað. Ekki var ástæðan sú að hér væru þeir voveiflegu atburðir á ferðinni sem torvelduðu þinginu að koma saman. Hér var ósköp einfaldlega venjulegt íslenskt sumar og auðvelt að kalla þingið saman. Tiltölulega auðvelt hefði verið að kalla þingið saman með skömmum fyrirvara, þeim fyrirvara sem hefði þurft í þessu máli. Engar ástæðar eru sjáanlegar gegn því að kalla þingið saman um þetta brýna nauðsynjamál sem hæstv. landbrh. telur að hafi verið á ferðinni.

Í andsvörum ráðherra við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson kom hins vegar í ljós hvers vegna þetta var ekki gert. Komið hafði fram í umræðum um frv. sem hæstv. landbrh. lagði fram 6. mars á vorþingi að um það væru deildar meiningar. Þingmenn töldu að þeir þyrftu að taka sér tíma til að fara í gegnum þetta frv. og skoða á því ýmsar hliðar. Þess vegna var það ekki samþykkt og varð hér úti við þingfrestun. Hin brýna ástæða bráðabirgðalaganna virðist hafa verið sú að hæstv. landbrh. hafi verið hræddur um að frv. yrði ekki samþykkt ef þing yrði kallað saman. Eða að það lenti í þeim skakkaföllum í meðförum þingsins að ekki væri óhætt að fela það þinginu.

Ef þetta er eitthvað nálægt sannleikanum, ef þessi ósköp eru afleiðing af upplýsingum um stöðu mála á þinginu á sínum tíma og hinum öra vilja ráðherrans til að koma málinu fram í sumar án þess að kalla þing saman, þá er túlkunin á hinni brýnu nauðsyn sem þarf til að setja bráðabirgðalög satt að segja komin út um allar þorpagrundir og út í móa.

Ég tek undir þau orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að þetta þarf sérstaklega að ræða, kannski einmitt á þeim vettvangi sem á sínum tíma var notaður til umræðu og tillögugerðar í þessu mikilvæga máli.

Auðvitað vekur frv. sem hér liggur fyrir upp hugleiðingar og umræður eins og hér hafa farið fram um þetta mál almennt. Þegar ákveðið var að fara út í þessa nýju atvinnugrein, með stuðningi hæstv. landbrh., var tekin feikileg áhætta eins og áður hefur verið gert í Íslandssögunni með hliðstæðum innflutningi þar sem menn hafa miklað fyrir sér þann árangur sem nást kynni. Skemmst er að minnast minkaræktarinnar fyrr og síðar í því efni. Sá er þó munur á, án þess að bera saman hættuna af þessum dýrum og skaðann sem þau valda lífríkinu, að minkurinn hefur ekki blandast íslenskum tegundum eins og hinn nýi nytjastofn hæstv. landbrh. við landið kynni hins vegar að gera.

Slysið sem varð í Norðfirði í sumar er þess eðlis að í raun ættum við að taka okkur tíma í að ræða það nánar en við höfum gert. Mér finnst að hæstv. landbrh. ætti að hafa haft frumkvæði að því að flytja þingmönnum á hinu háa Alþingi skýrslu um hvernig þetta slys varð, hverjar reglur giltu um þann viðburð sem leiddi til slyssins og hvaða lærdóm landbrn., skrifstofa hæstv. landbrh., og þeir sem standa í þessum atvinnurekstri hafa af því dregið. Hvaða reglurammi er þá utan um þann feril sem slysinu olli?

Hæstv. landbrh. heldur því fram að hér séu ströngustu reglur í heimi um þetta eldi. Ég skal ekki draga það í efa. Ég hef ekki kynnt mér þær reglur sem gilda annars staðar. Þær virðast nokkuð strangar. Í reglugerð hæstv. ráðherra frá febrúar 2000 um flutning og sleppingar eru ákvæði sem gilda fyrir hafbeitar- og sjókvíastöðvar, með leyfi forseta:

„Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíastöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði sl. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km. Vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km."

Þar að auki hefur ráðherra, í ágætri reglugerð frá mars 2001, auglýst sérstök friðunarsvæði þar sem eldi frjórra laxa í sjókvíum er óheimilt. Þau ná yfir stórt svæði eins og ráðherra hæstv. sjálfur hefur dregið fram í umræðum hér á þinginu sem fram fóru í formi óundirbúinna fyrirspurna. Þingmönnum gafst þá ekki almennt kostur á að skipta sér af því máli öðruvísi en með eyrunum. En það er rétt. Friðunarsvæðið er allur Faxaflói, allur Breiðafjörður. Það er Húnaflói og Skagafjörður. Það er Skjálfandi og síðan svæðið frá Hraunhafnartanga að Fonti og að Glettinganesi. Þetta er væntanlega gert vegna þess að menn vilja ekki að lax af þessu tagi, frjór eldislax af öðrum stofni en hér er hagvanur, sleppi neins staðar í ár.

Ströngustu reglur í heimi virðast hafa brugðist í slysinu í Norðfirði. Ströngustu reglur í heimi gerðu nefnilega ekki ráð fyrir að laxinn færi úr sjókvíum sínum og hafbeitarstöðvum. Engar reglur eru finnanlegar í þessum tveimur reglugerðum eða öðru regluverki ráðuneytisins. Þær eru a.m.k. ekki tiltækar mér eða heimildarmönnum mínum í stofnunum landbrn. Enn sé ég ekki að neinar reglur hafi verið settar eða séu í gildi um sláturaðstöðu í eldinu nema þær upplýsingar sem ráðherra hæstv. hefur flutt í fjölmiðlum og reyndar hér á þinginu líka, að menn hafi náð einhvers konar samkomulagi um að hafa sláturkvíarnar eða flutningskvíarnar ekki í höfnunum heldur dæla fiskinum á land. Það er von að maður spyrji: Bíddu nú við, dæla honum á land — samkvæmt hvaða reglum er það? Hver er tryggingin fyrir því að þegar fiski er dælt á land þá sleppi hann ekki í sjó?

Reynslan með minkinn er sú að þrátt fyrir fyrirheit, loforð og heitstrengingar slapp minkur, bæði í fyrra skiptið sem minkaeldi hófst á landinu og líka í síðara skiptið sem það var leyft. Það sem hefur gerst með minkinn, af því að hann verður ræddur seinna í vetur, er að hann fékk í raun aldrei að jafna sig sem íslenskt rándýr, sem hefði þá kannski verið

einhver leið með það kvikindi. — Hér er enn eitt dýrið sem hæstv. landbrh. hefur að vísu ekki vald á, fluga sem skríður hér á hendi mér og er fagurt kvikindi. — En minkurinn varð fyrir sífelldri blöndun af hinum nýju eldisstofnum. Þannig að í raun er fordæmingin á honum þannig að maðurinn ber þar alla sök, bæði fram og aftur. — Ég veit nú ekki hvaða fluga þetta er en flugur í þjóðsögum voru iðulega sendar af æðri mönnum. Ég veit ekki hvort hæstv. landbrh. hefur sent mér þessa.

Ég vil svo segja þetta: Það er auðvitað þannig að menn virðast hafa ráðist í þetta laxeldi með nokkrum áhuga sem okkur er ekki ókunnur í íslenskri atvinnusögu. Tveir kurteisir menn skrifuðu grein í sumar. Það var varnargrein fyrir eldismann sem hafði verið borinn þungum sökum. Ég ætla ekki að fara út í það. Þetta voru þeir Sigurður Guðjónsson og Sigurður Már Einarsson sem menn þekkja sem grandvara vísindamenn og þeir taka kurteislega til orða. Þeir voru og eru hógværir, m.a. vegna þess að þeir hafa að sameiginlegum yfirmanni hæstv. landbrh.

Þeir segja þetta í Morgunblaðinu 7. september, með leyfi forseta:

„Búið er að leyfa ákveðið eldi. Ekki ætti að bæta við leyfum fyrr en reynsla er fengin af núverandi eldi. Auka þarf þekkingu okkar á ýmsum þáttum er lúta að eldinu. Þar skortir ýmsar grunnrannsóknir. Bæta þarf m.a. þekkingu á farleiðum lax í kringum landið, erfðafræði íslenskra laxastofna og þróun á notkun geldstofna í eldinu."

Þetta er dómur þeirra Sigurðar Guðjónssonar og Sigurðar Más Einarssonar, sem ættu að vera hæstv. landbrh. kunnir, um stöðu rannsókna í kringum þetta eldi sem hæstv. landbrh. hefur leyft. Þeir segja að grunnrannsóknir skorti. Á hvaða sviðum skortir grunnrannsóknir?

Í fyrsta lagi vitum við lítið um farleiðir laxa í kringum landið. Í öðru lagi vitum við ekki nóg um erfðafræði íslenskra laxastofna og þar með væntanlega möguleika þeirra til að verjast blöndun. Við vitum í þriðja lagi ekki mikið um notkun geldstofna í eldinu, þ.e. til hvers það muni leiða. En það hef ég fyrir satt frá kunningja mínum sem lengi hefur hugleitt eldi og kynþroska að geldfiskur sé að ýmsu leyti heppilegri eldisstofn en hinn fiskurinn. Þrátt fyrir þetta hefur hæstv. landbrh. barist fyrir því að þessari atvinnugrein sé komið af stað og hún efld.

Um farleiðir lax, sem við vitum ekki mikið um, hefur hæstv. landrh. sett reglugerð sem ég las áðan, eina reglugerð og eina auglýsingu, þar sem hæstv. landbrh. og ráðgjöfum hans virðist vera nokkuð ljóst um farleiðir laxa og telja að þeir fari 5–15 km úr hafbeitar- og sjókvíastöðvum sínum ef þeir sleppa út. Þá er rétt að spyrja hæstv. landbrh., hæstv. forseti, að því hvað hann telji langt á milli nokkurra staða á Austfjörðum, þ.e. á milli Norðfjarðar annars vegar og Selár og Hofsár í Vopnafirði og hins vegar milli Norðfjarðar og Breiðdalsár. Ég veit þetta ekki. Þó var ég með reglustiku minni að reyna að mæla þetta á landakorti, þ.e. kortabók sem hið ágæta bókaforlag Mál og menning gaf út fyrir nokkrum árum og er prýðileg til slíkra nota. Það var einkaframtak sem á sínum tíma þurfti að berjast nokkuð gegn gömlu ríkisfyrirtæki sem taldi sig hafa einokun á þessum upplýsingum. Þessi reglustikureikningur minn, sem er nú ekki mjög kunnugur á Austfjörðum, leiddi í ljós að meira en 5–15 km eru á milli þessara staða sem ég nefndi.

Á milli Breiðdalsár og Norðfjarðar sýndust mér vera 50–60 km eftir því hvernig reiknað væri. Milli Vopnafjarðar og Norðfjarðar sýndust mér vera um það bil 100–110 km. Þessa leið hafa þeir laxar sjó farið sem nú hafa náðst í þessum ám. Sex þeirra eru taldir vera úr Norðfirði með nokkurri vissu og einn þeirra er alveg örugglega þaðan vegna örmerkinganna.

Þetta er fróðlegt að virða fyrir sér í ljósi ummæla tvímenninganna um grunnrannsóknir á farleiðum laxa og í ljósi þeirra reglugerða um 5 km og 15 km sem hæstv. landbrh. hefur sett. Í auglýsingunni virðist hins vegar gert ráð fyrir að laxar fari nokkuð víðar um og geti fleygt sér á einhverjum vaxtarstigum yfir heila flóa og víðsævi mikið í fjörðum.

Hæstv. forseti. Ég sé sem sagt ekki að hæstv. landbrh. hafi gert neinar ráðstafanir til þess að koma í framtíðinni í veg fyrir aulaleg slys af því tagi sem urðu í Norðfirði og sem orðið geta, að mér sýnist, við annars konar aðferðir til að flytja lax frá uppeldisstað sínum og í sláturstöð. Ég óska eftir því í tilefni þessarar umræðu um bráðabirgðalög um málið að hæstv. landbrh. svari mér ekki út úr um þetta heldur tjái þingheimi það skýrt og greinilega hvað hann og skrifstofa hans, landbrn., hafa gert til þess að koma í veg fyrir slys eins og þarna urðu og geta orðið.

Ég vil svo segja þetta að lokum, hæstv. forseti: Þetta er mál sem landbrh. flytur og þessi málaflokkur er vistaður í landbrn. Ég ætla ekki að ræða um sögu þess ráðuneytis sem mörgum þykir hafa einkennst af því að einstakir hagsmunaaðilar hafi ráðið þar meiru en eðlilegt er í stofnun almannavaldsins. Ég vil bara segja þetta: Þetta er ekki landbúnaðarmál. Þetta er auðvitað mál sem snertir alla Íslendinga og áhugamenn um íslenska náttúru. (Gripið fram í.) Ja, þetta er landbúnaðarmál, fyrirgefið. Þetta er auðvitað landbúnaðarmál að því leyti sem það snertir þessa atvinnugrein sem þarna er um að ræða. En þetta er fyrst og fremst umhverfismál. Þetta er mjög mikilvægt umhverfismál sem hér er um vélað og ég tel að ef þessu máli verður vísað yfir höfuð til 2. umr. sem ég dreg í efa, sérstaklega eftir hina ágætu ræðu Kristins H. Gunnarssonar — mér sýnist að viðbrögð þingsins gætu orðið þau að láta málið ekki halda áfram — þá hljóti það að koma líka til kasta umhvn., hæstv. forseti, og mun ég e.t.v. ítreka þann vilja minn eða það álit mitt síðar.

[18:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil um margt þakka hv. þm. málefnalega ræðu. Hann kom í ræðu sinni inn á mörg atriði sem skipta máli. Hann ræddi um þær reglugerðir sem settar hafa verið um eldisfiska og kvíar við Ísland.

Nú höfum við einungis notað þennan stofn sem hér hefur verið í 20 ár, þennan norska stofn sem við notum við fiskeldið, og hann má einungis fara ofan í þessa örfáu firði sem hv. þm. sjálfur rakti hér og opnir eru. Annars staðar fer þessi fiskur hvergi niður, hvorki frjór né geldur. Hann fer hvergi annars staðar niður. Það liggur fyrir.

En það er hárrétt hjá hv. þm. að ég held að sú reglugerð sem hann vitnaði til og rakti skipti miklu máli hvað öryggi ánna varðar. Ég vil því þakka hv. þm. fyrir það af því að ég held að það skipti framtíðina miklu máli.

En eldisfiskurinn, sem sé þessi norsk-íslenski stofn sem við höfum verið að nota, er hér einungis ofan í Austfjörðunum. Hann hefur farið þar niður og ekki hafa orðið slys af honum. Ég tek undir með hv. þm., ég hef kallað það aulalegt slys sem varð á Norðfirði þegar þar sluppu út 3.000 fiskar — og vakti athygli hér fyrr í dag á því að reglum verður

breytt. Sláturfiskur fer beint á land, ekki í kví í sjónum. Fiskeldismenn hafa sjálfir beðið um það og lýst því yfir að þeir muni aldrei láta landa sláturfiski í kví við bryggjuna heldur dæla fiskinum í örugga aðstöðu uppi á þurru landi.

[18:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka vinsamlegan tón hæstv. landbrh. í svörum sínum í þessu efni en hlýt að vekja athygli forseta og þingheims á því að svörin voru engin. Svörin voru þau að fiskeldismenn hafi lýst yfir tilteknum vilja. Hæstv. landbrh. hefur ekki sett reglugerð eða gefið út auglýsingu þar sem tekið er á því vandamáli sem þarna var um að ræða.

Svo verður að segja að hvorki reglugerðin né auglýsingin hafa hindrað það að lax hafi farið úr Norðfirði og í Selá og Hofsá í Vopnafirði, sem eftir því sem ég veit best, þó að ég sé nú ekki mikill veiðimaður sjálfur, eru einar fengsælustu og vinsælustu ár á Austurlandi og saman jafnandi við bestu ár á landinu. Veiðin þar var 1.100 og 1.600 laxar í Selá árin 2001 og 2002 og 900 og 1.800 í Hofsá. Breiðdalsá er á í örum vexti vegna þess að menn hafa reynt að byggja hana upp. Það sem nú er um að ræða er það að þessar ár kynnu að vera í hættu. Þess vegna spyr maður auðvitað þegar farleiðir laxa sjást nú í raun í þessar ár: Vantaði ekki eitthvað í auglýsinguna frá því í maí 2000 eða þar um bil?

[18:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar þessir 3.000 fiskar sluppu kom upp í umræðunni hvort grátt svæði væri á milli landbrn. og sjútvrn., veiðimálastjóra og Fiskistofu, þannig að það var ekki alveg ljóst á þeim tímapunkti og við urðum að fara í að skilgreina það og höfum verið að því. Auðvitað líður manni vel yfir því að fiskeldismennirnir sjálfir lýstu því yfir sem þeir gerðu og því verður fylgt eftir með mjög skýrum reglum. Þær eru væntanlegar.

Við gerum okkur grein fyrir því að laxinn er syndur og það hefur sýnt sig. En við höfum ekki bara glímt í sumar við þessa sjö fiska úr slysinu heldur hefur hér komið aðskotafiskur á hverju sumri. Ég hef lýst því yfir að það þarf að vera þannig í kringum þetta fiskeldi á Austfjörðum að menn slátri fiskinum áður en hann verður frjór og að því er stefnt. Ég trúi því að megnið af þeim fiski sem slapp sé farinn á haf út eða dauður þess vegna og komi hér aldrei meir. Ég hef beðið þá menn sem með eftirlitsskylduna fara að fara yfir nálægar ár, t.d. við Norðfjörð. Þeir hafa gert það og ekki fundið þar fiska. Ég geri mér fulla grein fyrir þeirri hættu sem af þessu stafar en ég trúi því nú ekki að alvarleg erfðablöndun verði í þessu tilfelli.

En þarna liggur varúðin og um hana ber að hugsa af fullri alvöru.

[18:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú staðfest þann grun minn að engar reglur hafa verið settar. Ekkert hefur verið gert af hálfu skrifstofu hæstv. landbrh. til þess að fyrirbyggja slys eins og það sem varð í Norðfirði í sumar. Ég fagna því hins vegar að hæstv. landbrh. hefur nú lofað því að slíkar reglur verði settar.

Ég fagna því líka að hæstv. landbrh. skuli eftir hið hörmulega slys í Norðfirði, hafa, að því virðist, komist að því að laxinn er þeim eðliseiginleikum gæddur að hann er syndur.

[18:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Svona bara rétt við lok þessarar umræðu langar mig til að nefna hér tvö atriði sem eðlilegt er að landbn. fari sérstaklega vel yfir þegar þetta mál kemur til hennar kasta.

Í fyrsta lagi þarf að skoða hér tryggingarþátt málsins, þ.e. hvaða möguleikar eru á því að laxeldisfyrirtækin geti tekið tryggingar sem á einhvern hátt samkvæmt einhvers konar tryggingarlögmálum og skilmálum gætu bætt þriðja aðila tjón sem verður á laxeldi. Það er mjög nauðsynlegt að farið verði gaumgæfilega yfir þetta því að ef þetta er lítið mál eins og hæstv. landbrh. hefur verið að reyna að telja okkur trú um, að þegar laxinn sleppi úr kvíum deyi hann bara, hljóta þessi fyrirtæki að geta keypt sér mjög ódýrar tryggingar þannig að það sé þá nokkuð ljóst að svona lax sem sleppur úr kvíum valdi engum skaða. Ef það er hins vegar ekki jafnljóst og hæstv. landbrh. vill vera láta verður hér um afar dýrar og kostnaðarsamar tryggingar að ræða.

Mér segir svo hugur að jafnvel ekkert tryggingafyrirtæki væri tilbúið til að tryggja fyrirtæki gegn svo alvarlegu tjóni sem sleppingar laxfiska gætu valdið þriðja aðila. Þetta er mjög alvarlegt mál og verður að skoða. Hæstv. ráðherra byggir á spám og vonum en við skulum fara þannig ofan í málið í nefndinni að það verði byggt á raunverulegum hlutum; hvaða tryggingafélag er tilbúið til að tryggja laxeldisfyrirtæki gegn tjóni sem þriðji aðili, t.d. veiðiréttareigendur, verður fyrir af völdum eldislax.

Hitt atriðið sem ég held að landbn. verði að fara gaumgæfilega yfir er lögfræðilegt álitamál sem varðar spurninguna um það hver hafi í raun yfirumsjón á svæðum sem þessar laxeldiskvíar eru settar niður á. Nú er ég að tala um svæðin utan netlaga, svæði sem eru meira en 115 m fyrir utan stórstraumsfjöruborð.

Í Veiðimanninum, málgagni stangveiðimanna, 2. tbl. árið 2002, birtist afar athyglisvert viðtal við Óttar Yngvason hæstaréttarlögmann sem er annar eigenda Haffjarðarár. Mig langar til að vitna til þessa viðtals með leyfi forseta en þar segir Óttar um kvíar í Klettsvík og Mjóafirði:

„Þar með eru kvíarnar komnar á svæði ríkisins og eru utan lögsögu viðkomandi sveitarfélaga eða einkaaðila sem kunna að eiga land að sjó. Af því að þetta er sjór þá finnst mönnum þetta e.t.v. í lagi en ég er hræddur um að annað væri upp á teningnum ef um land væri að ræða. Samkvæmt stjórnarskránni þarf hér að koma til sérstakt samþykki um afnotarétt hafsins sem sennilega verður að byggjast á lögum fyrir hvert tilvik fyrir sig."

Þetta atriði þarf landbn. líka að athuga sérstaklega því kannski eru þessar eldisstöðvar sem eru með kvíar sínar utan netlaga frekar í óréttri en íslenska þjóðin sem á þá sameiginlegu auðlind sem býr í hafinu, alveg eins og við eigum sameiginlegu auðlindirnar sem búa í landinu. Kannski erum við ekki búin að gefa þessu leyfi, jafnvel þótt einhver lög hafi verið sett. Þetta þarf að skoða mjög nákvæmlega.

Ég verð að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að hún hefur verið afar fróðleg, umræðan sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Steingrímur J. Sigfússon hófu hér máls á varðandi setningu bráðabirgðalagaákvæðisins í stjórnarskrána og breytinguna á stjórnarskránni á sínum tíma. Það þarf auðvitað að kanna þetta rækilega og skoða hvaða sjónarmið lágu þarna að baki og kannski voru ekki ríkir almannahagsmunir

fyrir setningu bráðabirgðalaganna. Maður spyr sig hvort forseti Íslands hafi verið leiddur í einhverja villu þegar hann var látinn undirrita þessi bráðabirgðalög? Það eru afar alvarlegar ásakanir ef það er rétt en það verður a.m.k. að taka það mál mjög til skoðunar núna á næstu dögum þegar þingnefnd hefur þetta mál til umfjöllunar.

Hér í lokin, virðulegi forseti, langar mig til að halda því fram að það verði að kalla eftir upplýsingum úr landbrn. um það hvernig unnið var að því að fá framlengda undanþáguna sem heimild er fyrir í tilskipuninni. Var lögð ríkuleg áhersla á samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika í þeirri vinnu? Voru skoðaðar yfirlýsingar ráðherra Evrópuráðsins sem hafa gefið yfirlýsingar um að það beri að tryggja að náttúrulegum dýrastofnum sé viðhaldið, það megi ekkert raska ró dýrastofna sem séu í hættu? Var farið það vel yfir þessi mál á Evrópuvettvangi að það sé algerlega tryggt að undanþáguheimildin hafi ekki verið leyfð áfram, framlenging á henni hafi alls ekki komið til greina?

Ég brýni landbn. í þessum efnum og treysti því að hún fari nákvæmlega yfir þau vinnubrögð sem landbrn. viðhafði. Mig grunar nefnilega að landbrn. hafi ekki unnið heimavinnuna sína í þessum efnum. Allar yfirlýsingar ráðherranna sem ég hef lesið sýna mér að þetta sé fólk sem hafi fullan skilning á viðkvæmu lífríki Íslands, vilji tryggja það að ekki verði erfðablöndun á stofnum eins og íslenska laxastofninum. Þar af leiðandi tel ég að við hefðum átt fullan rétt á framlengingu undanþáguákvæðisins.

Þetta er bara svona brýningaratriði í lokin fyrir landbúnaðarnefndina. Ég treysti því að málið verði unnið af fagmennsku og trúmennsku í henni og tel reyndar líka eðlilegt að umhverfisþátturinn verði skoðaður þar algjörlega ofan í kjölinn. Kannski verður rétt að senda þetta mál til umsagnar umhvn., landbn. skoðar það kannski í sínum ranni. En í öllu falli er hér um gífurlega hagsmuni að ræða og það má ekki ana hér út í óvissuna sem mér sýnist að hæstv. landbrh. hafi gert með setningu bráðabirgðalaganna.

[18:36]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Mörður Árnason sagði hér áðan að honum virtist sem reglugerðir varðandi laxeldi væru nokkuð öruggar að sjá. Það kann vel að vera að þessar reglugerðir virðist vera nokkuð skotheldar fyrir þá sem ekki kannski þekkja ítarlega til þess hvernig laxeldi fer fram. En svo er því miður ekki. Ég er hér með reglugerð um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna sem gefin var út af landbrn. 18. febrúar 2000, undirrituð af Guðna Ágústssyni, hæstv. landbrh. Í 4. gr. segir:

„Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíastöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði sl. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar," — ég ítreka, geldstofnar — „má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km."

Þetta þýðir að það er hægt að vera með fiskeldi í allt að 5 km fjarlægð frá laxveiðiá ef um er að ræða geldstofn, t.d. á norskum stofni. Það var mjög ánægjulegt að heyra landbrh. lýsa því yfir hér áðan að geldfiskurinn færi ekki inn á þessi svæði sem hann hefur skilgreint ítrekað í viðtölum við fjölmiðla og líka hér úr ræðustól sem bannsvæði í laxeldi. Ég vona að hann standi við þetta og ég lýsi eftir reglugerð sem kveður skýrt á um að svo verði.

Önnur reglugerð, herra forseti, sem ég hef undir höndum er nr. 569/2003, líka útgefin af landbrn. nú í sumar, 23. júlí. Hún varðar öryggisráðstafanir vegna innflutnings á lifandi laxfiski og hrognum sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi. Þetta er nokkuð merkileg reglugerð, reglugerð sem ég tel að sé í raun og veru ekki pappírsins virði sem hún er skrifuð á. Þar segir í fyrstu setningu, með leyfi forseta:

„Af heilbrigðisástæðum vegna veirusjúkdómsins blóðþorra (ISA) er óheimilt að flytja inn lifandi fisk af laxfiskaætt (Salmonidae) sem á uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

Einnig er óheimilt að flytja inn lifandi hrogn fiska af laxfiskaætt (Salmonidae) sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi nema hrognin hafi verið sótthreinsuð tvisvar, bæði nýfrjóvguð og á augnhrognastigi, og með fyrirvara um að viðkomandi sendingu fylgi vottorð í því formi sem sett er fram í viðauka I með ákvörðun þessari."

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þetta þýðir að það er bannað flytja inn lax og hrogn frá Færeyjum og Noregi vegna þess að þar geisar hættulegur veirusjúkdómur sem kallaður er blóðþorri. Það er alveg rétt. Þar geisar hættulegur sjúkdómur sem heitir blóðþorri. Og hvaða sjúkdómur er þetta? Jú, þetta er vírussjúkdómur sem finnst í laxi og ál. Hvar hefur hann fundist? Það er rétt, eins og stendur í reglugerðinni, hann fannst í Noregi árið 1984 og í Færeyjum árið 2000. En hann hefur líka fundist á miklu fleiri stöðum. Hann hefur fundist í Skotlandi. Hann hefur fundist á Hjaltlandseyjum. Hann hefur fundist í Nova Scotia í Kanada. Hann hefur fundist í Chile. Hann hefur fundist í Maine í Bandaríkjunum. Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf þar sem Norður-Atlantslax finnst þar sem þessi veirusjúkdómur hefur ekki komið upp. Og hvers konar sjúkdómur er þetta? Jú, þetta er sjúkdómur sem talið er að smitist með snertingu frá sýktum fiski til heilbrigðs fisks. Hann er talinn berast með blóði, saur, fiskúrgangi og fleiru.

Vírusinn getur borist með búnaði og mönnum sem hafa verið í snertingu við sýktan fisk eða á sýktu svæði. Og takið nú eftir, lögin sem nú eru lögð fyrir þingið gera ráð fyrir því að það megi nota flutningatæki til að flytja lifandi eldisfisk erlendis frá til Íslands, m.a. flutningatæki sem hafa verið notuð í þessum nágrannalöndum okkar, t.d. Kanada og Bandaríkjunum. Ég get hvergi séð að bannað sé að nota flutningatæki frá Færeyjum og Noregi, það stendur hvergi í þessari reglugerð þótt ekki megi fara með fisk þaðan. Það má sigla með brunnbát frá Noregi til Íslands. Það er hægt. Það er ekkert sem bannar það.

Höldum aðeins áfram með þennan sjúkdóm. Ég hef nefnilega kynnst honum svolítið. Ég hef séð hvernig hann virkar vegna þess að ég var í Færeyjum þegar hann kom upp í fyrsta sinn árið 2000. Og það var ekkert grín. Þessi sjúkdómur er svo svæsinn að hann er ólæknandi, það finnst ekkert lyf gegn honum. Það verður að drepa allan fisk í eldisstöðinni þar sem hann kemur upp. Það verður að taka allan fiskinn upp, eyða honum í sýru, og ekki nóg með að það verði að eyða honum í sýru, heldur verður að brenna gumsið á eftir í sorpbrennslustöð. Í Leirvík í Færeyjum var fyrir ári síðan meðfram gamla þjóðveginum löng röð af tönkum sem voru fullir af eldislaxi sem eytt hafði verið í sýru og beið eftir því að fara í brennslu í sorpbrennslustöðinni í Leirvík. Svona svæsinn er þessi sjúkdómur. Og það er bannað að stunda fiskeldi á stöðum þar sem þessi sjúkdómur kemur upp í

mörg missiri á eftir. Þessi sjúkdómur kom upp í Fuglafirði í Færeyjum, nyrst í Færeyjum, og hefur verið að breiðast í kringum allar Færeyjar. Það er nánast hægt að fylgja honum með hafstraumunum. Og núna er hann kominn til Suðureyjar, syðst í Færeyjum. Hvenær kemur hann til Íslands? Hann getur borist með villtum fiski. Hann getur borist með skipum. Hann getur borist með mönnum. Hver veit? (**Gripið fram í:** Bátum?) Bátum.

Hvernig getur sjúkdómurinn borist í lax á Íslandi? stendur hér á pappír sem ég hef undir höndum. Villtur lax getur smitast í hafi og borið vírusinn til landsins. Smitaður eldislax sem hefur sloppið úr kvíum getur smitað aðra laxa og jafnframt borið vírusinn til landsins ef hann kemur. Vírusinn getur borist með eldisafurðum sem fluttar eru til landsins. Til eru þekkt dæmi um að ISA, eins og þessi sjúkdómur er skammstafaður, sýktur lax, hafi verið fluttur á markað erlendis. Færeyingar hafa verið að selja sýktan fisk. Þeir hafa verið að flytja út sýktan fisk. Það komst upp um þá um daginn. Og þeir eru í mjög vondum málum einmitt út af því. (**Gripið fram í:** Færeyingar?) Færeyingar, já.

Þetta sverð höfum við hangandi yfir okkur fyrir austan. Því miður er það bara staðreynd. Og ef þetta kemur upp munum við ekki geta gert nokkurn skapaðan hlut. Við munum ekkert ráða við þetta.

Það hefur verið talað svolítið um búnaðinn í fiskeldisstöðvunum fyrir austan. Ég er búinn að leita, ég er búinn að fara hér yfir fullt af gögnum og leita í reglugerðum en ég sé enga reglugerð um það hvernig búnaðinum í sjókvíaeldisstöðvunum fyrir austan eigi að vera háttað. Af sjónvarpsmyndum get ég ekki séð annað en að þetta sé sami búnaðurinn og notaður er í Færeyjum og við Noreg. Og þar vitum við að lax sleppur út í stórum stíl.

Þegar laxinn slapp út í Norðfirði nú í ágúst — náttúrlega alveg skelfilegur atburður, við erum öll sammála um það — greip um sig, virðist vera af blaðaskrifum, ég er hér með grein úr Morgunblaðinu sem var skrifuð daginn eftir, 21. ágúst, nokkurs konar skelfing meðal embættismanna. Þeir bentu hver á annan. Veiðimálastjóri, Árni Ísaksson, benti á Fiskistofu og sagði að þetta væri á hennar ábyrgð. Fiskistofa benti til baka og sagði að þetta væri á ábyrgð veiðimálastjóra. Það voru ekki til neinar reglur um það hvernig ætti að bregðast við, það var ekkert apparat fyrir hendi til að bregðast við. Ekkert skipulag, þetta var kaos. Við sáum myndir þar sem menn voru að henda út ýsunetum, það var reynt að senda kafara upp í laxveiðiár til að leita að þessum fiski. Það var keypt upp öll veiði í Norðfjarðará. Þetta var tómur flumbrugangur. Það vissi enginn hvað hann átti að gera. Enda var ekki fyrir hendi nein áætlun um það hvernig ætti að bregðast við svona slysum. Þetta var nú allur viðbúnaðurinn, allt öryggið. Og þá spyr maður sig: Hvernig er þá með allt hitt sem við vitum ekki um?

Maður hlýtur að spyrja sig þeirrar spurningar: Hvernig hefur verið staðið að þessu? Hver er undirbúningurinn? Ég held að hann sé ekki nógu góður, því miður, og eins og ég sagði fyrr í kvöld erum við hreinlega að taka allt of mikla áhættu.

Mig langar aðeins að lokum til að vitna í landbrh., í orð sem hann lét falla á ráðstefnu um framtíð villtra laxastofna og fiskeldis á Íslandi 28. nóvember árið 2000. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hæstv. ráðherra talaði þá frá hjartanu, hann meinti það sem hann sagði. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég hef sagt það áður að á sumum stöðum kemur aldrei til greina að heimila eldi í sjó. Þar sem fjörðurinn kyssir laxveiðiána verður aldrei eldi. Þar sem við lágnættið má sjá gljáandi lax líða með ströndum og reka trjónuna í ferskvatnið verður aldrei eldi. Til þess er sú sjón of tengd íslenskum glæsileik að henni sé vogandi."

Hæstv. ráðherra, Guðni Ágústsson, ég er alveg viss um að þetta kom frá hjarta þínu. Guðni Ágústsson: Orð skulu standa.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti beinir því til hv. þingmanns að beina orðum sínum til forseta og ávarpa ráðherrann með hæstvirtur.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 88.

[18:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Það fór vel á því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og hv. þm. Bjarni Benediktsson notuðu jómfrúrræður sínar hér á þingi til að verja skattahækkanir en berjast ekki fyrir skattalækkunum. Sjálfskipuðum talsmanni skattgreiðenda, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, kallaði sjálfan sig, líður afar vel í Sjálfstfl. enda hafa engin kosningaloforð verið svikin samkvæmt því sem hann sagði. Engin kosningaloforð svikin. Förum aðeins yfir þetta.

Sjálfstfl. lofaði að lækka skatta akkúrat núna, eins og það var orðað. Það var svikið. Sjálfstfl. lofaði að tímasetja skattalækkanir strax í upphafi þessa þings. Það var svikið. Sjálfstfl. lofaði að framlengja ekki hátekjuskattinn. Það var svikið. Í ofanálag hækkar ríkisstjórnin skatta um einn milljarð kr. á bensíni og þungaskatti og skerðir vaxtabætur um 600 millj. kr. þvert ofan í loforð um skattalækkanir og kjaraaukningu. Samt líður „talsmanni skattgreiðenda" mjög vel við núverandi aðstæður og í núverandi flokki sínum. Ég held að skattgreiðendur eigi betri talsmenn skilið en þetta.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og hv. þm. Bjarni Benediktsson sáu einnig sérstaka ástæðu til að fagna lögfestingu á endalokum hátekjuskattsins svokallaða eins og fyrirliggjandi frv. ber með sér. Hv. þm. virðast þó ekki átta sig á einu grundvallaratriði í þessari umræðu, það var einfaldlega búið að lögfesta endalok hins svokallaða hátekjuskatts. Hann átti að renna sitt skeið í lok ársins.

Það sem þetta frv. hins vegar gerir, sem báðir umræddir þingmenn taka sérstaklega fram að þeir ætli að styðja, er einfaldlega að ákveða að leggja sérstakan skatt næstu tvö árin á millitekjufólkið í landinu sem síst þarf á því að halda. Það er verið að ákveða að leggja á 1.400 millj. kr. skatt á millitekjufólk sem annars hefði ekki verið gert.

Afstaða Samf. í málefnum hátekjuskattsins er skýr. Samf. hefur ekki talið vera neina sanngirni í því að millitekjufólk greiði sérstakan tekjuskatt af tekjum sem eru ekkert annað en meðaltekjur í dag. Þetta kom m.a. fram í ræðu formanns Samf. árið 2001 um stefnuræðu forsrh. og víðar. Ég kom einnig inn á þetta í andsvörum mínum við hv. þm. Halldór Blöndal. Með leyfi forseta, sagði ég orðrétt:

„Samf. hefur sagt að hún er ekki talsmaður þess að við höfum sérstakan hátekjuskatt að því marki sem hann er núna.“

Þetta er afskaplega skýrt, þess vegna átta ég mig ekki alveg á athugasemd um að skattstefna Samf. hvað varðar hátekjuskattinn sé óskýr.

Samf. lofaði sömuleiðis skattalækkunum í kosningabaráttunni en nú er Samf. eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur sett fram tillögur um slíkar lækkanir í ár. Samf. hefur kynnt metnaðarfullar tillögur um stórfelldar skattalækkanir á matvælum sem mundu færa íslenskum heimilum og fjölskyldum allt að 5 milljörðum kr. Þessar tillögur vilja þingmenn Sjálfstfl. ekki styðja þar sem þær eru ekki á þeirra forsendum, eins og þeir orða það sjálfir. Ég vona svo sannarlega að skattgreiðendur muni einhvern tímann heyra þennan málflutning.

Að lokum langar mig gjarnan að vita einhvern tímann í framtíðinni eða hér á þingi þegar menn eru viðstaddir hvort hinn sjálfskipaði talsmaður skattgreiðenda á þingi, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, treysti sér til að styðja raunverulegar skattalækkanir á matvælum eins og Samf. hefur boðað.

[18:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu öllum þeim sem hafa greitt fyrir því að hún skuli nú komin að leiðarlokum. Hér við 1. umr. hafa komið fram margar ágætar athugasemdir í umræðunni sem ég treysti að efh.- og viðskn. muni skoða. Ég sé ekki ástæðu til að fara í saumana á einstökum atriðum. Auðvitað er alveg ljóst að um mál sem þetta er pólitískur ágreiningur, hann verður ekki leystur í ræðustól þingsins, en ég treysti því að öll sjónarmið sem eiga rétt á sér verði skoðuð málefnalega í þingnefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:53.

9. FUNDUR

mánudaginn 13. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 88. mál, þskj. 88. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lax- og silungsveiði o.fl., stjfrv., 111. mál, þskj. 111. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Störf einkavæðingarnefndar, beiðni um skýrslu, 115. mál, þskj. 115. *Hvort leyfð skuli.*
4. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
5. Virðisaukaskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
6. Fjármálafyrirtæki, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
7. Samkeppnislög, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
8. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
9. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
10. Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
11. Fæðingar- og feðraorlof, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
12. Framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill geta þess að þegar að loknum atkvæðagreiðslum um þrjú fyrstu dagskrármálin hefst umræða utan dagskrár um stöðu hinna minni sjávarbyggða. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hafa þrjú bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, til kosningaeftirlits í Aserbaídsjan á vegum utanrrn., og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Reykv. n., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Annað bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Suðurk., Brynja Magnúsdóttir sjúkraliði, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk."

Hið síðasta hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og í framhaldi af því til kosningaeftirlits til Georgíu og get því ekki sótt þingfundi næstu fjórar vikur óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþm. Framsfl. í Norðaust., Þórarinn E. Sveinsson forstöðumaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust."

Kjörbréf Brynju Magnúsdóttur og Þórarins E. Sveinssonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt, en þau hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Brynja Magnúsdóttir, 10. þm. Suðurk., og Þórarinn E. Sveinsson, 8. þm. Norðaust., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:06]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Brynja Magnúsdóttir og Þórarinn E. Sveinsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[15:06]

Útbýting þingskjala:

Bætt staða þolenda kynferðisbrota, 137. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 137.

Ferðasjóður íþróttafélaga, 135. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 135.

Happdrætti Háskóla Íslands, 140. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 140.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 142. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 142.

Málefni aldraðra, 143. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 143.

Styrktarsjóður námsmanna, 133. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 133.

Talnagetraunir, 141. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 141.

Umferðarlög, 134. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 134.

Úttekt á skipulagi og framkvæmd löggæslu, 136. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 136.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 111. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, VS, ÞES, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ÁMM, DO, EMS, GÁS, HBl, JóhS, SigurlS, SF, StB, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Málið sem hér eru greidd atkvæði um er þannig til komið að hæstv. ríkisstjórn sá ástæðu til þess að setja bráðabirgðalög í sumar um lax- og silungsveiði. Ég vil geta þess nú við atkvæðagreiðslu, strax við 1. umr., að þingflokkur Samfylkingarinnar er þeirrar skoðunar að skilyrði stjórnarskrárinnar fyrir setningu bráðabirgðalaga hafi ekki verið uppfyllt í tengslum við þetta mál, enga brýna nauðsyn hafi borið til þess að setja bráðabirgðalög um þetta mál, enda er það svo, frú forseti, að það orkar meira að segja tvímælis yfirleitt að nota bráðabirgðalagaákvæðið í stjórnarskránni nú á þeim tímum sem Alþingi situr allt árið og ekkert er því til fyrirstöðu að kalla þing saman ef nauðsynlegt er talið að setja lög um einhver slík mál.

Ég fullyrði það, frú forseti, að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki haft í huga tilvik á borð við þetta þegar fjallað er um brýna nauðsyn í 28. gr. stjórnarskrárinnar og vil því geta þess hér í upphafi að þetta er okkar afstaða. Við munum hins vegar ekki koma í veg fyrir að þingleg meðferð málsins (Forseti hringir.) geti farið fram og munum því styðja það að málið fari til 2. umr. En við munum tryggja það að málið fái ítarlega umræðu í nefnd.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að fram komi að það er skoðun fleiri þingflokka og einstakra þingmanna að rétturinn til setningar bráðabirgðalaga hafi verið teygður út yfir öll takmörk þegar þessi lög voru sett í sumar án þess að kalla þing saman sem auðvitað var lafhægt á björtum sumardögum. Mönnum var ekkert að vanbúnaði að koma hér og stunda lagasetningu ef svo ríka nauðsyn bar til að setja lög. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rökstuddi þetta sennilega best allra í ítarlegri ræðu þegar hann fór yfir það hvernig ætlunin var að takmarka mjög réttinn til útgáfu eða setningar bráðabirgðalaga með þingskapabreytingum 1991.

Úr því sem komið er er að sjálfsögðu nauðsynlegt að þetta mál fari til nefndar og fái skoðun. En ég tel að þingnefndin sjálf sem tekur við málinu — betra væri þó að sérstök nefnd eða formenn þingflokka tækju það upp á sína arma — ætti að fara af þessu tilefni yfir það sem hér hefur gerst til að fyrirbyggja að slíkir hlutir endurtaki sig í framhaldinu. Það er algerlega ljóst að verið er að rjúfa þá samstöðu sem á sínum tíma var um að takmarka og í reynd afnema bráðabirgðalagasetningu nema í algjörum neyðar- og undantekningartilvikum. Það er fráleitt að þetta samrýmist þeirri (Forseti hringir.) hugsun sem þá var lögð til grundvallar þingskapalagasetningunni á sínum tíma. Ég fer því fram á það, virðulegi forseti, að þetta verði gert.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Störf einkavæðingarnefndar.

Beiðni GAK o.fl. um skýrslu, 115. mál. — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Beiðni leyfð til forsrh. með 53 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Staða hinna minni sjávarbyggða.

[15:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þar sem fyrir liggur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að byggja áfram á núverandi aflamarkskerfi og þar sem frjálst framsal aflaheimilda fylgir slíku kerfi er meira en líklegt eins og dæmin sanna að atvinnumál og atvinnuöryggi byggða, smárra og nú jafnvel þeirra stærri, verði áfram í mikilli óvissu. Með því að óvissan er innbyggð í núverandi sjávarútvegsstefnu og ríkisstjórnin hyggst ekki breyta um stefnu næstu fjögur árin vil ég spyrja hæstv. iðnrh., ráðherra byggðamála: Hvernig verður leitast við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða með öðrum hætti en víðtækari veiðirétti eða byggðakvótum?

Allir landsmenn sem á annað borð fylgjast með umræðu og atburðum í þjóðfélagi okkar vita að víða á landsbyggðinni er mikil óvissa um hvort fólk hafi áfram atvinnu í hefðbundnum greinum, landbúnaði og sjávarútvegi.

Sá sem hér talar hefur mikla trú á því að það verði okkur sem þjóð mikils virði á komandi árum og áratugum að halda landinu að mestu í byggð og nýta af staðkunnugu fólki náttúrugæði til sjávar og sveita. Einnig er ljóst að enginn er betur til þess fallinn en sá sem þekkir staðhætti og sögu byggðar og hefur þar lengi búið að miðla þeirri reynslu og þekkingu áfram til þeirra sem landkosti vilja nýta.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 eru fimm meginmarkmið sem eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.

b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.

c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.

d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti

fyrir borgarana í búsetu og lífstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.

e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi."

Nú er tímabilið að verða hálfnað. Þess vegna er spurt eftirfarandi spurninga sem vonast er til að ráðherra byggðamála svari auk þeirrar sem áður var borin upp í máli mínu:

Er hæstvirtur ráðherra byggðamála með áætlanir um aðgerðir til styrktar atvinnu í sjávarbyggðum sem tengjast frekari úrvinnslu eða nýjum iðnaði úr sjávarfangi? Er einhver önnur nýsköpun sem tengist staðsetningu byggða við ströndina sem ráðherra byggðamála horfir til varðandi eflingu þeirra byggða og betri hag fólksins sem þar býr?

Liggja fyrir tillögur í ráðuneytinu um hvar bættar samgöngur milli byggða á afmörkuðu landsvæði, t.d. Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum, kæmu að mestu gagni til eflingar byggð, atvinnu, menntun og þjónustu?

Mun ráðherra byggðamála efla atvinnuþróunarfélögin, t.d. með tillögum að auknum fjárveitingum til þeirra, en þær hafa verið að mestu óbreyttar síðan 1997?

Hvaða tillögur liggja fyrir um eflingu nýsköpunar og atvinnuþróunar í minni sjávarbyggðum, t.d. með fjármunum af veiðigjaldi? Ef ekki, verða slíkar tillögur lagðar fram af ráðherra byggðamála á næstunni?

Ríkisstjórnin ákvað með fjáraukalögum í mars 2003 að verja 700 milljónum til að efla atvinnuþróunarátak á landsbyggðinni. Er búið að móta verkáætlun um hvert fjármunirnir eiga að fara og skilgreina hvað er markvisst þróunarstarf í hverjum landshluta fyrir sig, með það að markmiði að sérstök áhersla verði lögð á „ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft", eins og það er orðað í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005?

Hefur ráðherra látið kanna hvort og hvaða áhrif tilfærsla á aflakvótum, aflamarki og aflahlutdeild, hefur haft á fjölda starfa iðnaðarmanna eða fólks í þjónustugeirum sjávarútvegs í minni sjávarbyggðum? Þar miða ég við sjávarbyggðir með færri en 4 þús. íbúa.

[15:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við framkvæmd byggðastefnu ríkisstjórnarinnar 2002–2005 er með margvíslegum hætti unnið að verkefnum sem eru til þess fallin að styrkja hagsmuni sjávarbyggða sem og landsbyggðarinnar allrar. Einstök ráðuneyti bera ábyrgð á framkvæmd málaflokka sinna en iðnrn. hefur stuðlað að framgangi ýmissa verkefna byggðaáætlunarinnar í samvinnu við önnur ráðuneyti. Iðnrn. og menntmrn. vinna sameiginlega að verkefnum til eflingar menntun og menningu á landsbyggðinni og verkefni til eflingar háskólanámi og símenntun á Vestfjörðum. Annað verkefni lýtur að starfsmenntun. Þá má nefna þróunarverkefni í grunnskólum í dreifðum byggðum á Vestfjörðum, Vesturbyggð og Tálknafirði.

Í byggðaáætluninni er ferðaþjónustu sérstaklega getið í tengslum við sóknarfæri í atvinnumálum landsbyggðarinnar. Í samvinnu við samgrn. er unnið að uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Nú er unnið að sex verkefnum sem öll eru til þess fallin að skjóta nýjum stoðum undir atvinnulífið. Meðal þessara verkefna má nefna hlunnindabúskap á sunnanverðum Vestfjörðum og verkefni við veiðar og vinnslu sjávarfangs við Djúp.

Í atvinnumálum er m.a. unnið að verkefni um uppbyggingu fyrirtækjaklasa á Ísafirði og byggðarlögunum umhverfis. Tilgangur verkefnisins er að ná betri árangri í framleiðslu og sölu með því að tengja saman fyrirtæki í skyldum rekstri. Talið er að verulegs ávinnings sé að vænta ef unnt verður að koma á fót fyrirtækjaklasa í matvælaframleiðslu er tengist sjávarútvegi annars vegar og fyrirtækjaklasa í iðnaði sem starfar í tengslum við sjávarútveg hins vegar. Þetta verkefni er á lokastigi undirbúnings og er m.a. unnið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Byggðastofnun.

Í skýrslunni Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni, sem Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnu fyrir iðnrn. fyrr á þessu ári, kemur m.a. fram að samgöngubætur eigi að nýtast til að stækka atvinnu- og þróunarsvæði helstu þéttbýlissvæðanna og þar með að styrkja stöðu þeirra. Í skýrslunni er gerð tillaga um að samgöngukerfið á Íslandi verði byggt upp á þann hátt að samgöngur frá jaðarsvæðum að miðstöð hvers byggðakjarna verði auðveldaðar með það í huga að fólk geti sótt vinnu innan svæðisins. Þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni eru verðugt innlegg í áframhaldandi umræðu um samgöngumál á landsbyggðinni.

Atvinnuþróunarfélögin hafa gegnt mikilvægu hlutverki og munu gera það áfram. Framlög til þeirra voru óbreytt í krónutölu frá 1998–2002 en á þessu ári voru framlög til þeirra hækkuð nokkuð. Í febrúar voru undirritaðir nýir samningar við atvinnuþróunarfélögin en þau höfðu verið án samninga um tíma. Auk þessa hefur verið lögð áhersla á að styrkja starfsemi atvinnuþróunarfélaganna með því að tengja þau betur við aðra þætti stoðkerfis atvinnulífsins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að leitast verði við að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar sjávarbyggða. Þegar að því kemur mun iðnrn. koma með tillögur um meðferð og úthlutun þessara fjármuna til atvinnu- og nýsköpunar í sjávarbyggðum. Að undanförnu hefur verið erfitt að afla fjár til nýrra viðskiptahugmynda á frumstigi nýsköpunar í atvinnulífi. Til að örva sérstaklega nýsköpun á landsbyggðinni var í vor ákveðið að veita 700 millj. kr. til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni. Stærsti hluti þessarar fjárveitingar á að fara til kaupa á hlutafé í álitlegum nýsköpunarfyrirtækjum. Einnig mun Byggðastofnun hafa frumkvæði að rekstri sérstakra verkefna til að styrkja grunngerð nýsköpunar úti á landi, m.a. í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin.

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa ýmsar skýrslur verið skrifaðar um áhrif tilfærslu aflaheimilda á milli byggðarlaga. Árið 2000 vann Þjóðhagsstofnun greinargerð um stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun fyrir nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Niðurstaða þeirrar greinargerðar var að áhrif tilfærslu aflaheimilda væru almennt ofmetin. Byggðastofnun vinnur nú að endurskoðun skýrslu sinnar um þetta efni frá árinu 2001.

[15:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Stjórnvöld hafa afhent útgerðarmönnum einum jafngildi eignarréttar á sameign þjóðarinnar. Síðan hefur fjöreggjum sjávarbyggða, sérstaklega þeirra smærri, verið kastað á milli byggðarlaga með afdrifaríkari hætti en mögulegt var áður. Hlutafjárvæðing útgerðarfyrirtækja

hefur margfaldað möguleika á samþjöppun veiðiréttar og fyrirvaralausum flutningi veiðiheimilda frá einu byggðarlagi til annars.

Atburðir af þessu tagi hafa gerst og þeir vofa yfir á ýmsum smærri stöðum um þessar mundir. Eftir sitja íbúar í verðlausum húsum sínum og atvinnulausir. Grundvöllur til að stofna ný fyrirtæki í sjávarútvegi er nánast enginn og möguleikar til að koma af stað annarri atvinnustarfsemi í þessum sérhæfðu fiskiþorpum hafa reynst afar takmarkaðir líka.

Þessar staðreyndir valda því að fólkið missir trúna á framtíð smærri sjávarbyggða og flytur í burtu. Þetta er eyðibyggðastefna og hún virkar. Það þýðir ekki lengur að halda því fram að menn viti ekki hvernig hún virkar. Það er kominn tími til að þeir sem styðja þessa stefnu viðurkenni að eignarhald veiðiréttarins hefur þessi áhrif. Það sviptir byggðirnar grundvellinum sem skóp þær, hagræðinu af nálægð fiskimiðanna.

Hæstv. forseti. Það er búið að ákveða að sníkja kosningaloforðið um línuívilnun sem átti að koma smáum byggðum til góða strax í haust. Áhrifamiklum útgerðarmönnum líkar nefnilega ekki hugmyndin. Þeir hafa reiknað út hvernig veiðiheimildirnar muni gufa upp og störf tapast. Þess vegna, hæstv. forseti, er ástæða til að vekja athygli á því að jafnvel þó að þeir hefðu reiknað rétt er sú tilfærsla smámunir, eins og samanburður á hornsíli og hval, geri menn sér í hugarlund hvaða kvótatilfærslur Björgólfur Guðmundsson og Kjartan Gunnarsson gætu dundað sér við á einu síðkveldi í Austurstrætinu. Sú óvissa sem yfir vofir vegna eignarhaldsins á fiskinum í sjónum ætlar þó seint að leiða menn í skilning um eðli vandans.

[15:25]

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli og rétt að þakka fyrir það. Ég hefði raunar kosið að Alþingi hefði gefið sér lengri tíma til að fjalla um þann vanda sem steðjar að byggðum úti á landi. Hann er ekki bundinn við smærri sjávarbyggðir heldur við byggðarlög úti á landi almennt. Hann er sprottinn af því að við búum við breytta atvinnuhætti og getum ekki lengur stuðst við það byggðamynstur sem byggðist upp á öndverðri seinustu öld og stóð fram yfir hana miðja, raunar fram undir lok hennar.

Ég vil benda á að við erum að mörgu leyti betur búin nú en áður til að mæta þessum vanda. Samgöngur hafa batnað verulega og við erum komin langleiðina að því að geta sagt að bundið slitlag sé komið til helstu byggðarlaga og byggðakjarna úti á landi. Það eru kannski fimm eða tíu ár þangað til þeirri vegferð verður lokið. Við getum raunar líka sagt að við höfum stigið merkileg skref í þá átt að mennta ungt fólk og gera því lengur fært en hingað til að mennta sig og þroskast í heimabyggð sinni.

Ef við förum um landið þá sjáum við að víða vantar fólk á aldrinum 25–35 ára. Yngra fólkið hefur horfið suður, til Akureyrar eða til annarra landa til langskólamenntunar. En nú gefum við þessu fólki kost á að sækja nám heima hjá sér í margvíslegum greinum, á sviði heilbrigðismála, menntamála og ýmsum öðrum sviðum. Við erum auðvitað með margvíslegum hætti að reyna að mæta nýjum tíma. Eins og ég sagði skal ekki standa á mér að taka þátt í umræðum um þau mál. Ég sakna þess að við skyldum ekki hafa gefið okkur lengri tíma í dag en þegar þessi mál koma síðar til umræðu á Alþingi er nauðsynlegt að við alþingismenn höfum glögg og góð skoðanaskipti til að reyna að skýra þessi mál fyrir okkur og öðrum.

[15:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Vandi sjávarbyggðanna vítt og breitt um landið er mikill. Í ljósi þess er rétt að skoða forsöguna. Það er einmitt fyrir styrk, afl og vinnu fólks í þessum sjávarbyggðum sem við erum eitt ríkasta samfélag í heimi, ein ríkasta þjóð heimsins. Þess vegna er mikilvægt að átta sig á því hvort kerfisbundinni eða kerfislægri mismunun sé beitt gagnvart þessum byggðum því að það verður að styrkja og jafna samkeppnisstöðu þeirra. Er einhver kerfislæg mismunun í gangi? Já, hún er í gangi.

Nýjasta dæmið er úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem var breytt mjög skyndilega. Það bitnar einmitt hart á ákveðinni stærð sveitarfélaga en framlög til þeirra dragast saman miðað við það sem áður var, framlög til sveitarfélaga af þeirri stærð sem algengust er meðfram ströndum landsins. Er það sanngjarnt eða rétt?

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að sjóflutningar á ferskum fiski á markaði erlendis væri framtíðin og svar við Kínafiskinum svokallaða, að flytja fisk ferskan á markað. Þá gefur augaleið að dagróðrabátar og nálægð við fiskimiðin mun skipta gríðarlega miklu máli. Mun hæstv. byggðamálaráðherra beita sér fyrir breytingum sem styrkja dagróðraflotann?

Þá vil ég og nefna að varðandi flutningskostnaðinn er gríðarleg mismunun í gangi. Fiskframleiðendur við hafnir vítt og breitt um landið verða nú að axla allan kostnað af flutningi á vörum sínum til útflutningshafna. Útflutningshöfnum hefur verið fækkað. Vissuð þið t.d. að Ísafjörður er ekki lengur útflutningshöfn heldur er það Eskifjörður sem á að sinna útflutningnum? Þarna er kerfislæg mismunun í gangi sem ég vil spyrja hæstv. byggðamálaráðherra hvort hún muni beita sér fyrir að leiðrétta.

[15:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið komið inn á ýmsa þætti sem skipta svo sannarlega hinar dreifðu byggðir miklu máli. Það er alveg rétt að bættar samgöngur og mikið átak í þeim efnum hefur haft mikið að segja. Það er líka alveg rétt að bætt menntun ungs fólks úti á landsbyggðinni hefur haft mikið að segja. Það er alveg rétt að atriði eins og símenntun, átök í menningartengdri ferðaþjónustu og annað þess háttar eru einnig góðra gjalda verð.

En þetta er því miður ekki nóg. Hið stóra vandamál, frú forseti, í mínum huga er það að þessar litlu sjávarbyggðir allt í kringum landið fá ekki að njóta þeirra náttúruauðlinda sem þær búa að, fá ekki lengur það frelsi sem þær þurfa til að njóta þeirra náttúruauðlinda sem byggðust upp á sínum tíma. Þetta er hinn stóri vandi. Hinn stóri vandi er þessi geysilega harða og grímulausa fiskveiðistjórn sem öðrum þræði er að verulegum hluta hagsmunagæsla. Þetta er að brjóta niður þessar litlu byggðir. Þetta hef ég sjálfur séð á ferðum mínum um landið, bara núna á undanförnum mánuðum. Að koma á staði eins og Raufarhöfn og Bíldudal er ekki nein skemmtileg upplifun, því miður. Þessir staðir hafa ekki farið halloka vegna þess að fólk nenni ekki að vinna þar. Þeir hafa farið halloka fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa glatað af ýmsum orsökum nýtingarréttinum á sinni fremstu auðlind og hafa ekki náð honum til sín aftur, lifa nú og hanga á horriminni við mjög ótryggt atvinnuástand. Fólk hugsar sér

að sjálfsögðu til hreyfings við svona aðstæður, byggðirnar brotna smám saman niður og þær gera það innan frá.

Það er mikil þversögn í mínum huga að þetta skuli gerast á sama tíma og við búum við svona mikla velmegun, svo góðar samgöngur og fjarskiptatækni, að við skulum loksins vera búin að byggja upp þessa staði með öllum þeim innri strúktúr sem til þarf, skólum og öðru þess háttar, og að þá skuli einmitt leynt og ljóst vera unnið að því að leggja staðina niður. Lausnin felst í því að færa þessum byggðum aftur nýtingarréttinn á þessari mikilvægu auðlind og það er ekki verið að biðja um mikið, frú forseti.

[15:32]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er ærið tilefni til að velta þessum málum fyrir sér sem hér er hreyft í utandagskrárumræðu. Við verðum að vera þess meðvituð að þróun á sér ævinlega stað og mun gera óháð því hvernig kerfi við smíðum til að stjórna hlutunum. Við vitum það að á undanförnum árum og áratugum hafa orðið miklar breytingar í sjávarútvegi sem leiða af sér fækkun starfa. Þær hefðu orðið óháð því hvernig við stjórnuðum fiskveiðum okkar. Við höfum mætt þeim breytingum að mörgu leyti með því að stækka atvinnusvæði, bæta þjónustu fólksins sem býr í þessum plássum og auðvelda því að sækja önnur störf nálægt sinni heimabyggð þannig að menn hefðu úr öðru að moða en störfum í sjávarútvegi. Við eigum að halda áfram á þessari braut, stækka atvinnusvæði, bæta samgöngur o.s.frv.

En hinu er ekki að neita að það sem er undirstaða sjávarbyggðanna er sjávarútvegurinn. Það er vegna þess að þeir sem ekki starfa beinlínis við þá atvinnugrein í viðkomandi plássum hafa með óbeinum hætti atvinnu af hinum sem það gera. Þess vegna hljóta breytingar í þeirri grein að hafa mikil áhrif og við sjáum að frjálsa framsalið hefur haft gríðarleg áhrif. Samþjöppun veiðiheimilda á fáa staði hefur raskað þessu jafnvægi sem var um langt árabil hringinn í kringum landið. Afleiðingarnar hafa verið slæmar. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því. Við sjáum t.d. á Vestfjörðum að á tímum hins frjálsa framsals þar sem Vestfirðingar hafa misst um 40% af veiðiheimildum sínum í hlutdeildum talið hefur fólki fækkað um 20% á rúmum áratug og atvinnutekjur Vestfirðinga hafa lækkað úr því að vera þær hæstu á landinu í það að vera þær næstlægstu á landinu. Það er alveg augljóst hvað veldur þessari þróun, herra forseti.

[15:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Frú forseti. Sú umræða sem hér fer fram er vissulega löngu tímabær og ég tek undir með hv. þm. Halldóri Blöndal að við hefðum kannski átt að gefa okkur meiri tíma til að ræða þessa hluti en hér er ætlaður.

Við ræðum hér fyrst og fremst um breytta atvinnuhætti byggða sem eru sjálfsprottnar, þ.e. þær urðu til út af nálægðinni við sjóinn, urðu til vegna þess að þar voru tækifæri. En það hafa orðið miklar breytingar og þær hafa ekki átt sér stað af sjálfu sér, heldur kannski miklu frekar vegna ákvarðana sem teknar voru af stjórnvöldum. Þess vegna átti ég von á því, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra kæmi upp í þessari umræðu og mundi opna á það hvaða möguleika þessar byggðir ættu, þ.e. hvað kæmi í staðinn fyrir sjó, hvað kæmi í staðinn fyrir vinnslu sjávarafurða og nýtingu á auðlindinni. Og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það kom nánast ekki neitt. Það eru nokkur smáverkefni hér og þar um landið. Að öðru leyti er algerlega tíðindalaust. Þegar þessi sjónarmið koma frá stjórnvöldum finnst mér alveg lágmark, virðulegi forseti, að þau greini einnig frá því hvaða byggðir eiga að lifa og hvaða byggðir eiga að deyja. Það finnst mér vera lykilatriði og menn þá svari þeirri spurningu. Það er alveg ljóst eins og reyndar kom fram hjá hæstv. ráðherra að þeir sem vilja fjárfesta á landsbyggðinni hljóta að ganga hægt þar um sökum þess mikla óstöðugleika sem því fylgir að undirstöðurnar eru að bresta. Það er það mikill óstöðugleiki í þessum byggðum að menn sjá ekki að það sé hægt að byggja ofan á það sem fyrir er. Sá er vandinn.

Ég hefði viljað heyra hæstv. ráðherra greina frá því hvað hún sæi í raun og veru í þessari stöðu en ekki bara að það væru nokkur tilraunaverkefni í gangi í nokkrum skólum hringinn í kringum landið. Það er ekki lausn á þessum vanda.

[15:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu er því miður til staðar í ýmsum byggðarlögum mikill vandi, ekki síst í sjávarútvegsbyggðarlögunum, og þess vegna er fullt tilefni til þessarar umræðu. Það er hins vegar alveg rétt sem fram kom í máli hv. málshefjanda að ástæðurnar fyrir þessum vanda eru ekki alveg einhlítar og þess vegna held ég að skynsamlegt hafi verið hjá hv. þingmanni að beina sjónum sínum víðar til þess að reyna að átta sig á því hvað bæri að gera í þessu sambandi.

Menn hafa auðvitað verið að reyna að bregðast við þeim vanda sem upp hefur komið í sjávarbyggðunum með ýmsum hætti, t.d. með því að reyna að auka sóknarrétt minni bátanna sem hafa verið undirstaða atvinnulífsins í ýmsum þessara byggðarlaga. Það var gert t.d. með því að gefa þessum bátum á sínum tíma ákveðið forskot, þeir höfðu frelsi til sóknar í tilteknar aflategundir, og síðan með því að auka sérstaklega veiðiréttinn með útgáfu kvóta þeim til handa. Þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur núna á prjónunum og hæstv. forsrh. greindi frá að ætlunin væri að lögfesta nú í vetur, um línuívilnun, eru auðvitað viðleitni í þessa átt, að festa sóknarréttinn betur í þessum byggðarlögum til þess að tryggja það að undirstaðan fyrir atvinnuuppbyggingu í sjávarbyggðunum væri öflugri en hún er í dag. Þetta er auðvitað allt saman viðleitni í þessa átt.

En það er alveg rétt sem hv. þm. hafa vakið athygli á, við þurfum auðvitað að reyna að leggja áherslu á annars konar atvinnulega uppbyggingu jafnframt og ríkisstjórnin verður að taka fast á þeim málum. Það blasir t.d. alveg við að ef stærsti vinnuveitandi landsins, ríkisvaldið, leggur ekki áherslu á uppbyggingu sína úti á landi eins og á höfuðborgarsvæðinu er þetta stríð tapað. Stærsti vinnuveitandi landsins verður einfaldlega að leggjast á árarnar í þessum efnum. Ég vil í því sambandi sérstaklega segja það að auðvitað skapast núna ný tækifæri með þeirri uppsveiflu sem fram undan er til þess að fara í meira átak en nokkru sinni fyrr, í það að flytja hin opinberu störf út á land, koma þeim fyrir í þeim byggðarlögum þar sem fólk kallar á vinnu. Eins og við sjáum á tölum vantar okkur inn í aldurshópana stóra árganga. Ein forsendan fyrir því að unga fólkið, fólkið sem hefur leitað sér menntunar, komist til starfa aftur í heimabyggðum sínum er að ríkisvaldið leggist á árarnar einmitt á þessum vettvangi.

[15:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sannarlega ekki vanþörf á að ræða hér stöðu minni sjávarbyggða eins og hv. málshefjandi tók upp og þótt það væru byggðir við sjávarsíðuna almennt. Þar eru mjög víða blikur á lofti. Það hefur komið til fjöldauppsagna á allmörgum stöðum á undanförnum vikum og mánuðum og annars staðar er mikil óvissa uppi. Það er einmitt við þær aðstæður sem hæstv. ríkisstjórn velur að skerða atvinnuleysisbætur.

Það sem er nýtt í umræðunni er að það eru ekki aðeins íbúar hinna minni sjávarbyggða hverjum er órótt þessa dagana. Nú ber svo við að einnig íbúar stærstu byggðanna, þar sem eru höfuðstöðvar margra af stórfyrirtækjum landsins í sjávarútvegi sem hafa verið að sanka til sín veiðiheimildum undanfarið, sofa órótt vegna sviptinga í eignarhaldi þessara fyrirtækja þar sem enginn veit hver mun eiga annan eða stjórna öðrum deginum lengur. Það vekur athygli á þeirri staðreynd að í sjávarútvegskerfi þar sem er frjálst framsal afnotaréttarins verður þetta svona. Þetta verður hinn viðvarandi veruleiki, bæði lítilla byggða og stórra, meðan engin tenging er við byggðirnar og íbúa þeirra hvað aðganginn að auðlindinni snertir. Við skulum horfast í augu við það að þetta er óumflýjanlegur fylgifiskur núverandi kerfis og er komið til að vera sem veruleiki íbúa í sjávarbyggðum Íslands þangað til breytingar verða gerðar þarna á. Þetta sverð mun hanga í loftinu yfir byggðunum með öllu því sem fylgir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á það að menn vinni sig út úr þessu kerfi og byggðatengi afnotaréttinn í einhverjum verulegum mæli og það er engin önnur leið til í markaðsvæddum sjávarútvegi en að tryggja með einhverjum slíkum hætti afnotaréttinn. Annars búa menn ósköp einfaldlega við óbreytt ástand í þessum efnum.

Að sjálfsögðu er vandi sjávarbyggðanna ekki bara sjávarútvegsstefnan. En annað og góð viðleitni kemur til lítils ef sjálfan atvinnugrundvöllinn brestur. Það eru fátækleg svör hjá hæstv. ráðherra að tala um hluti af því tagi sem hún hér ræddi en minnast ekki á aðalatriði málsins, kjarnann sjálfan.

[15:42]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Af svari hæstv. iðnrh. má ráða að hún geri sér ekki grein fyrir vanda sjávarbyggðanna. Sjávarbyggðir Íslands byggjast upp á fiskveiðum. Þeir sem eru nú við völd bera mesta ábyrgð á því að rétturinn til sjósóknar var tekinn af byggðunum og gerður að söluvöru. Frjálslyndi flokkurinn er alfarið á móti þessu. Það á að tala um hlutina eins og þeir eru.

Ég var staddur fyrir nokkru á fundi þar sem byggðamál voru rædd. Þrír sérfræðingar veltu fyrir sér vanda sjávarbyggða en enginn þeirra minntist á að slæm staða þeirra gæti verið því að kenna að þær hefðu misst réttinn til sjósóknar. Þeir ræddu hins vegar um sameiningu sveitarfélaga og jafnvel um alþjóðavæðingu. Einn þeirra sagði að það mætti skýra byggðaþróun út frá sjóflutningum annars vegar og landflutningum hins vegar. Siglufjörður var tekinn sem dæmi um bæ sem byggðist upp vegna þess að hann lá vel við sjóflutningum en þegar dró úr mikilvægi þeirra fór Siglufirði að hnigna.

Hvers konar bull er þetta? Allir ættu að vita að atvinnulíf Siglufjarðar snerist ekki um einhverja flutninga á sjó eða landi. Atvinnulífið snerist um síld. Hvernig stendur á því að fulltrúi frá Háskóla Íslands skuli bera annað eins bull á borð? Jú, það virðist sem ekki megi nefna þá augljósu staðreynd að kvótakerfið eigi hér sök á þeirri byggðaröskun sem orðið hefur.

Bíldudalur glímir við erfiðleika. Í síðustu viku sátum við þingmenn kjördæmisins fund og fjölluðum um ástandið þar. Sá fundur skilaði litlu, því miður. Við fengum enn eina skýrsluna um ástand og horfur, bla, bla, bla. Það er komið nóg af skýrslum og nú er komið að því að ríkisstjórnin efni loforð og veiti byggðunum veiðiheimildir.

Hverju lofaði ríkisstjórnin? Jú, hún lofaði byggðunum línuívilnun. Hæstv. forsrh. hefur gengið á bak orða sinna um línuívilnun. Voru hæstv. forsrh. og aðrir stjórnarliðar einungis að gabba atkvæði út úr fólkinu þegar þeir lofuðu línuívilnun? Er ekkert mark takandi á þessu fólki? Ríkisstjórn Íslands verður að svara fólki sem býr á landsbyggðinni um hvað verður.

[15:44]

Þórarinn E. Sveinsson:

Hæstv. forseti. Þegar staða sjávarbyggða á Íslandi er til umræðu er nauðsynlegt að horfa á verkefnið frá öllum hliðum. Margt fleira skiptir máli en núverandi kvótastaða byggðarlagsins. Því þarf að skoða alla þætti samfélagsins og umhverfisins. Byggðirnar breytast, þær munu breytast og þær eiga að breytast. Það er nauðsynlegt að leita allra leiða til að hafa yfirsýn yfir það sem máli skiptir. Byggðir snúast nefnilega um fólk fyrst og fremst. Samgöngur á sjó eru meginástæður þess, hvað sem menn segja. Ísland er nánast eingöngu byggt meðfram ströndinni.

Fyrir örfáum áratugum var styttra frá Vestfjörðum til Reykjavíkur en frá grösugu flatlendi Suðurlands. Hvar byggð verður í framtíðinni á Íslandi snýst fyrst og síðast um það hvernig við skipum samgöngum okkar og samskiptum milli fólks, aðgengi að sameiginlegri þjónustu og hvert öðru. Ég trúi því ekki að á hinu háa Alþingi séu til þingmenn og jafnvel heilir flokkar sem vilja frysta fólk og atvinnulíf í þau spor sem það stendur í í dag. Samfélagið og atvinnulífið tilheyrir því og það verður að fá að þróast. Það verður að fá að halda áfram, breytingar eru nauðsynlegur hluti þess. Því miður eykst fiskurinn í sjónum ekki neitt við það að skipt verði um fiskveiðikerfi eða heimildir færðar á milli byggðarlaga. Það er nauðsynlegt hverri atvinnugrein að sjá sem lengst til framtíðar. Þess vegna þarf að hafa skipulag og framtíðarsýn.

Grunnatvinnuvegir okkar frá síðustu öld, landbúnaður og sjávarútvegur, eru að breytast. Færri og færri starfa við þessar atvinnugreinar, menntunarstig þjóðarinnar eykst með hverju árinu og því breytist atvinnulífið með. Nýsköpun í atvinnulífinu er það sem við þurfum að leggja meiri rækt við. Það þarf að brúa nýsköpunargjána svokölluðu. Því miður er allt of mikið satt í því að þeir sem sitja á peningunum hafa litlar hugmyndir um nýsköpun en þeir sem hafa hugmyndirnar hafa enga peninga. Það er því að mörgu að hyggja þegar staða sjávarbyggða sem og annarra byggða er til umræðu og það er of mikil einföldun að kenna kvótakerfinu einu um.

[15:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þingmönnum fyrir að taka þátt í þessari umræðu og skerpa almennt á umræðunni um byggðamálin. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér fannst ég ekki fá mjög skýr svör frá hæstv. iðnrh. varðandi

það hvað væri í farvatninu til þess að efla núverandi sjávarbyggðir sem margar eiga við vanda að stríða. Það hefur komið fram í þessari umræðu að frjálst framsal aflaheimilda hlýtur ævinlega að veikja undirstöðu byggðanna vegna þess að menn vita ekki fyrir fram hver tilfærslan verður. Þar af leiðandi hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að það sé afar erfitt að láta byggðastefnu, sem miðar að því að halda byggð í landinu, og núverandi útfærslu á sjávarútvegsstefnu vinna saman.

Ég vil lýsa vonbrigðum mínum yfir því að hæstv. ráðherra skuli vitna til skýrslu frá því árið 2000 sem segir að áhrifin af tilfærslu aflaheimilda sé ofmetin. Ég hélt kannski að undanfarin ár, frá árinu 2000, sýndu mönnum fram á að slíkt passar alls ekki því að staða byggðanna hefur greinilega endurspeglað hvað hefur orðið um aflaheimildirnar. Frá kosningum höfum við séð fjóra staði í uppnámi og nú eru jafnvel stórir útgerðarstaðir á landinu eins og Akranes og Akureyri þegar komnir í varnarstöðu um það hvernig þeir geti komist hjá því að missa frá sér aflaheimildir. Þetta er sú staða sem við stöndum frammi fyrir.

Ég hefði líka viljað heyra frá hæstv. ráðherra, sem ekki heyrðist, einhverjar frekari tillögur um það hvernig menn hyggjast nota tekjur af auðlindagjaldi til þess að efla byggðina en það stendur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

[15:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka alveg sérstaklega fyrir þessa umræðu vegna þess að mér finnst hún hafa verið málefnalegri en oft áður þegar fjallað hefur verið um byggðamál. Það var lítið um upphrópanir og það finnst mér mikilvægt m.a. vegna þess, og eins og kom fram í máli eins hv. þm., að fólkið má ekki missa trúna á sjávarbyggðum. Það skiptir mjög miklu máli. Þessi umræða, alla vega að mínu mati, var ekki á þann veg að auka á vantrú fólks á því að sjávarbyggðirnar eigi framtíð. Það er hins vegar algerlega ljóst, og þar eru ábyggilega allir sammála, að málið er ekki einfalt og það hefur ekki verið leyst til allrar framtíðar, það er langt frá því. Við munum áfram upplifa að það komi upp vandi í einstaka sjávarbyggðum eins og er í dag. Þannig er það. Það er ekki þannig að það sé hægt að skýra allt með sjávarútvegsstefnunni. Þessi umræða snerist kannski óþarflega mikið um sjávarútvegsmál af því að hún átti ekki að vera um þau. Ef hún hefði verið um sjávarútvegsmál, hefði hún verið gagnvart sjútvrh., en það var ekki. Þannig að ég ætla að forðast að fara allt of mikið út í sjávarútvegsmálin. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að nefna að það eru ýmsar aðrar ástæður sem gera það að verkum að erfiðleikar geta komið upp m.a. það sem er að gerast varðandi þróun fiskiðnaðar. Fyrir 10 árum voru um 10 þúsund manns að störfum við fiskiðnað og það eru 5 þúsund í dag. Einhvers staðar kemur þetta við. En það eru möguleikar í sambandi við líftækni og fleira mætti nefna.

Við erum náttúrlega ekki að fjalla bara um Vestfirði. Við hefðum getað nefnt Austfirði, þar er margt jákvætt að gerast. En mér þykir leitt að þurfa að segja það að flokkur hv. málshefjanda studdi hvorki álverið né Kárahnjúkavirkjun. Þegar stóru tækifærin gefast er mikilvægt að fólk styðji slík byggðamál eins og uppbygging stóriðju og þegar um virkjun á Austurlandi er að ræða.

En ég vil þakka umræðuna og ég endurtek það að mér fannst hún málefnaleg.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.

Þáltill. GAK og JÁ, 5. mál. — Þskj. 5.

[15:52]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Tillaga þessi hefur verið flutt áður í hv. Alþingi án þess að hljóta endanlega afgreiðslu og er því mörgum hér inni kunnug, en ég ætla nú samt að fara nokkuð yfir efni hennar. Í tillögunni segir svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2005.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.“

Svofelld greinargerð fylgir með þessari þáltill.:

„Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.“

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótrufluðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fényti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir um lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst.

Fényting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefið leiguverð á óveiddum fiski er algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Af sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins og áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Eins og ég gat um hefur þáltill. þessi verið flutt áður og sömu aðilar flutu hana, þ.e. sá sem hér stendur og hv. þm. Jóhann Ársælsson. Á fyrri þingum voru Svanfríður Jónasdóttir og Árni Steinar Jóhannsson einnig flutningsmenn.

Sjómannasamband Íslands hefur tekið afstöðu til þeirrar tillögu sem hér er flutt og á 23. þingi Sjómannasambandsins var svofelld tillaga samþykkt, með leyfi forseta:

„23. þing Sjómannasambands Íslands krefst þess að lög verði sett um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Eins og staðan er í dag getur kaupandi og seljandi afla verið einn og sami aðilinn sem í krafti einokunaraðstöðu sinnar ákveður verðið. Slíkur viðskiptamáti hlýtur að brjóta í bága við lög um heilbrigða samkeppni og góða viðskiptahætti. Eðlilegt hlýtur að teljast að allir fiskkaupendur hafi sama möguleika á að kaupa þann fisk sem leyfilegt er að veiða úr takmarkaðri auðlind. Fyrsta skrefið til að koma á eðlilegum viðskiptaháttum með fisk er að aðskilja veiðar og vinnslu fjárhagslega sem leiðir til þess að allur afli verði seldur á fiskmarkaði."

Þessi ályktun Sjómannasambands Íslands er algjörlega í samræmi við þá hugsun sem er í þeirri tillögu sem við höfum flutt og hefur verið rædd áður í þessum þingsölum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða það að íslenskir útgerðarmenn þurftu aldrei á því að halda til að gera út skip sín að hafa frjálst framsal á veiðiheimildum sín á milli. Þeir þurftu aldrei á leigu- og söluréttinum á aflakvótanum að halda til þess að að halda áfram eðlilegri og sjálfsagðri útgerð. Það fyrirkomulag sem tekið hefur verið upp hér á landi með aflakvótanum og framseljanleika þeirra hefur valdið miklum erfiðleikum vítt og breitt um landið og mun valda áfram eins og við höfum reyndar komið aðeins inn á hér fyrr í dag. Það kerfi sem við búum við mun aldrei búa til sátt með þjóðinni og það mun heldur ekki nást sátt

við sjómannasamtökin með því að hafa þá verðlagningu og verðlagningarfyrirkomulag sem verið hefur á undanförnum árum þar sem tvenns konar verð ríkir algjörlega hér á landi.

Ég veit að margir hv. þm. hafa fengið bréf frá Samtökum fiskmarkaða þar sem þau benda á stöðu sína og hvað þau telja að betur megi fara. Ég tel að það sé orðið meira en tímabært hér á landi að við tökum upp sams konar fyrirkomulag og tekið hefur verið upp í löndunum í kringum okkur að langmestu leyti, að fiskmarkaðarnir sjái um verðlagningu fisks. Hitt er svo annað mál að menn geta þurft að setja margar kröfur á fiskmarkaðinn um það að flokka fiskinn, að stærð hans liggi fyrir, að gæði hans liggi fyrir o.s.frv. Það er allt vinnulag sem auðvitað er hægt að taka upp og samræma en það hefur einmitt líka mikið verið gert af því á undanförnum árum að samræma meðferð og sölumál á íslenskum fiskmörkuðum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þessa tillögu, hún skýrir sig sjálf. Við flutningsmenn teljum að það sé afar nauðsynlegt að mynda hér þá vegferð fyrir málið að sett verði lög um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Vonandi leiddi það þá til þess fyrr en síðar að sem mest af aflanum færi á ferskfiskmarkaði vegna þess að þá væri kominn á fjárhagslegur aðskilnaður. Það er ekki sjálfgefið þó að menn eigi útgerð og fiskvinnslu að sömu hlutafar séu beggja megin þannig að hagsmunir manna eru ekki þeir sömu útgerðarmegin og fiskvinnslumegin. Þar af leiðandi ætti að koma upp eðlileg þróun og ákvörðun um það að fiskverð taki eðlilegum verðmyndunum hér á landi eins og samkeppnisreglur kveða á um.

[16:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég flyt þetta mál ásamt hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Við höfum mælt fyrir þessu máli áður en mig langar til þess að bæta pínulítið við þá umræðu.

Ég vil segja það fyrst að markaðurinn er auðvitað mikilvægur og það eru stjórnvöld sem móta umhverfi markaðarins á hverjum tíma, umhverfið sem viðskiptin fara fram í. Stjórnvöld skapa þær leikreglur sem eru og þær þurfa að vera almennar og gagnsæjar. Við sem erum komin yfir miðjan aldur vitum að það eru í raun og veru fá ár síðan sú hugsun fór að þróast hér á landi að það þyrfti á almennum reglum að halda. Það er ekkert langt síðan mönnum þótti það bara hið eðlilegasta mál að stjórnvöld, hvort heldur það voru bæjarstjórnir eða ríkisvaldið, afhentu verðmæt verkefni eða eignir ríkisins til fyrirtækja eða einstaklinga án þess að gefinn væri svo mikið sem kostur á því að það væri skoðað í samhengi við einhverja aðra sem gætu nýtt sér viðkomandi verðmæti.

Það er umhugsunarefni hvað ýmsir stjórnmálamenn í þessu landi virðast seinþroska og hvað þeir eru misþroska hvað varðar afstöðu til þessara leikreglna, því þeir eru á því að þær eigi að vera gagnsæjar og frjáls verslun eigi helst að vera sem allra mest á sumum sviðum, en svo þegar farið er að ræða t.d. um sjávarútveginn þá er eins og skipt hafi verið um forrit í viðkomandi stjórnmálamönnum. Þá þarf ekki neitt gagnsæi, þá þarf ekki neinar almennar jafnræðisreglur til þess að fara eftir.

Sjávarútvegurinn er dæmi um alveg fáránlegt afturhaldsfyrirkomulag hvað varðar viðskipti með verðmæti. Og þetta er frá upphafi til enda vegna þess að ríkisvaldið ákveður það að fyrst skuli menn fá úthlutað veiðirétti með þeim endemum að valdir er út sérstakir hópar fyrirtækja og manna sem hafa fengið það í eins konar vöggugjöf af því að þeir voru af tilviljun í útgerð á einhverjum tíma, eða að stjórnvaldinu datt í hug að bæta þeim í hópinn, að þeir skuli stöðugt fá úthlutað frá ríkinu þessum verðmætum. Og ekki bara það, þeim er leyft að selja öðrum þessi verðmæti, selja öðrum atvinnuréttindi að þessari atvinnugrein.

Ekki nóg með þetta. Útgerðarmenn í landinu hafa síðan gert kjarasamninga við sína sjómenn og þegar kemur að viðskiptum með veiðiréttinn þá er öllu blandað saman, veiðiréttinum, kaupum á honum, leigu og sölu og kjörum sjómanna. Þetta kom ágætlega fram í framsögu hv. 1. flm. þessarar tillögu hér áðan.

Til viðbótar við þetta er útgerð á Íslandi með þeim hætti að stærstu fyrirtækin eru fyrirtæki þar sem blandað er saman fiskvinnslu og útgerð. Og þá gerast nú málefnin flókin því venjulega er einhver einn starfsmaður í þessum stóru fyrirtækjum sem hefur mest um það að segja hvaða fiskverð er ákveðið til þess að koma til hlutaskipta sjómanna, og þannig hefur það verið í gegnum tíðina.

Auðvitað er þetta fyrirkomulag ekki nútímalegt. Þetta er óeðlilegt fyrirkomulag sem skekkir alla verðmyndun á hinum ýmsu verðmætum sem koma til álita þegar menn eru að verðleggja fisk og það er ekki bara fiskurinn sjálfur sem er þá verðmetinn heldur líka veiðiréttirnir og þar eru auðvitað skýrar og klárar leikreglur til staðar. En með þessu fyrirkomulagi, að blanda saman útgerð og fiskvinnslu og að menn geti verslað með þeim hætti sem gert er með veiðiréttinn, hefur orðið til ótrúlegt samspil af óeðlilegum viðskiptaháttum í sjávarútveginum. Því stjórnvöld hafa ekki bara ákveðið að úthluta veiðiréttinum svona og gefa útgerðarmönnum leyfi að versla svona hann, þau hafa líka látið það viðgangast að það sé ekki einu sinni skráð rétt verð á þessum viðskiptum. Menn geta skipst á veiðiheimildum á hvaða verði sem þeim sýnist. Menn geta látið geyma fyrir sig veiðiréttindi, mjög verðmæt veiðiréttindi, jafnvel yfir fiskveiðiáramót eða yfir fjárhagsáramót hjá viðkomandi fyrirtækjum og öll eru þessi viðskipti meira og minna undarleg.

Hv. framsögumaður vitnaði í það að Sjómannasambandið hefði þá stefnu að styðja þá hugmynd sem hér er sett fram og það eru fleiri sem hafa í raun og veru lýst yfir stuðningi við það að þessi mál verði öll tekin til endurskoðunar. Ég bendi t.d. á að Starfsgreinasambandið þar sem hvorki meira né minna en 40 þúsund manns úr atvinnulífinu eru saman komin og ættu að geta kallast hagsmunaaðilar hvað varðar útgerð og fiskvinnslu í landinu. Þó að ekki hafi verið mikið á þau hlustað í sambandi við ákvarðanir um stjórn fiskveiða, þá hefur Starfsgreinasambandið gert samþykktir um að tekið verði á þessum málum. Þar er m.a. sagt að leyfa beri fjárfestingar útlendinga til uppbyggingar í fiskvinnslu en jafnframt þurfi að vera skýrar reglur og lög sem tryggi að fullu hagsmuni Íslendinga og að auðlindin verði áfram í eigu þjóðarinnar, eins og kveðið er á um stjórnarskrá Íslands.

Til þess að þetta eigi að vera hægt þarf auðvitað að skilja á milli veiða og vinnslu. Og það er auðvitað ekki nein goðgá að leyfa útlendingum að fjárfesta í fiskvinnslu á Íslandi ef búið er að skilja á milli veiða og vinnslu, að maður tali nú ekki um ef búið væri að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu og afnema þennan einkaeignarrétt sem útgerðin hefur á veiðiréttinum á fiskstofnunum. Þá væri þetta hægt.

Það er sannarlega mikil þörf á því að menn fari yfir þessi mál upp á nýtt og taki á þessu frá upphafi til enda, komi á eðlilegum viðskiptaháttum og eðlilegu kerfi þar sem

hið opinbera sér til þess að í mikilvægustu atvinnugreinum þjóðarinnar gildi almennar, gagnsæjar leikreglur sem eru sanngjarnar og byggðar á jafnræði.

[16:15]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil lýsa ánægju með þá umræðu sem hér fer fram og ekki í fyrsta sinn um sjávarútvegsmál sem til þessa hefur verið óvenju málefnaleg miðað við margar ræður, rit og skrif sem hafa átt sér stað um sjávarútvegsmál sem því miður hafa einkennst allt of mikið af upphrópunum þar sem hlaupið er út og suður á stundum afskaplega ómálefnalegan hátt. Þess vegna ber að fagna því að hér skuli eiga sér stað jafnmálefnaleg umræða og raun ber vitni.

Því miður eru málefni sjávarútvegsins allt of oft einfölduð um of og mjög oft er umræðan byggð á nokkuð þröngu sjónarhorni þar sem er verið að ræða út frá hagsmunum einstakra hópa, einstakra útgerðarflokka og fiskvinnslu og út frá sjómönnum, útgerðarmönnum, jafnvel heilu byggðarlögunum eða landsvæðunum og þar fram eftir götunum. Stundum gleymist í slíkri umræðu eins og komið hefur fram hér í dag að í sjávarútvegi sem og öðrum greinum hafa orðið alveg gífurlega miklar tæknilegar framfarir þar sem tækni, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, hefur leyst mannshöndina af hólmi. Þess vegna m.a. hefur fækkað svo mikið í fiskvinnslunni og jafnvel í áhöfnum skipa eins og raun ber vitni. Auðvitað snertir það sjávarpláss. Auðvitað snertir það alla þá sem eru í slíkri útgerð eða eru í þeirri atvinnugrein, þó ekki sé nema bara hin tæknilega þróun sem átt hefur sér stað.

Í umræðum um sjávarútvegsmál fer tíminn yfirleitt langsamlega mestur í deilur um með hvaða hætti á að veiða. Á að veiða með frystitogurum? Á að veiða með handfærabátum, dragnótabátum, ísfiskbátum eða netabátum og hvað þeir nú heita allir? Og sýnist þar sitt hverjum. Gjarnan byggist afstaðan á því hvaðan menn koma hvaða hagsmunir ráða.

Allt of mikill tími fer í rauninni í slíka umræðu, ég segi of mikill tími vegna þess að sjávarútvegsstefna hefst í raun og veru ekki í sjónum. Hún hefst heldur ekki á mörkuðum hér. Það var rétt sem hv. þm. Jóhann Árælsson sagði þegar hann færði rök fyrir máli sínu um aðskilnað vinnslu og veiða að það væri markaðurinn sem skipti mestu máli, en það er ekki innanlandsmarkaðurinn sem skiptir þar meginmáli. Það er hinn erlendi markaður sem skiptir höfuðmáli og má segja að þar hefjist í rauninni sjávarútvegurinn okkar, á mörkuðunum. Því allt snýst þetta um að selja afurðir, ekki étum við allan þann fisk sem við veiðum. Sjávarútvegurinn er mikilvægasta gjaldeyrisöflun okkar. Þess vegna skiptir meginmáli að selja fyrir sem hæst verð á erlendum mörkuðum.

Því miður er umræðan, ekki síst hér á hinu háa Alþingi, allt of lítið um erlenda markaði, hvar og hvernig við getum fengið hæst verð fyrir afurðir okkar. Það sem síðan fylgir er í rauninni bara tæknileg útfærsla, þ.e. hvernig einfaldast er að afla hráefnis og vinna það eftir þörfum upp í þá samninga sem við hugsanlega getum náð, hina bestu samninga.

Og hvað sem sagt verður um sjávarútveg, hvaða skoðanir sem menn hafa á kvótakerfi eða öðru sem tengist sjávarútvegi, þá liggur það þó fyrir með tölulegum staðreyndum að sjávarútvegur skilar þjóðarbúinu í dag meiri verðmætum en nokkru sinni fyrr. Hvaða skoðun sem menn hafa á sjávarútvegi þá eru það tölulegar staðreyndir. Hann er lykillinn að þeirri velferð sem hér hefur verið á síðustu árum og áratugum og er undirstaða þeirrar velferðar. Okkur hefur tekist að skapa aukin verðmæti í sjávarútvegi, m.a. vegna aukinna tækniframfara og við höfum verið nokkuð rösk við útrásina, leitað að mörkuðum, og menn hafa reynt eins og það heitir að hagræða hvaða skoðanir sem menn hafa á því.

Það er auðvitað mikil viðurkenning á sjávarútveginum þrátt fyrir að við séum að veiða í bolfiski mun minna en við gerðum þegar best var, þá eru verðmætin eigi að síður mun meiri og því ber að fagna. Við þurfum auðvitað að hafa það í huga þegar við fjöllum um sjávarútveg.

Aðskilnaður veiða og vinnslu er auðvitað aðeins einn þáttur af mjög mörgum. Hér hafa verið færð alveg fullgild rök fyrir því af hverju á að skilja að veiðar og vinnslu. Sjálfur hef ég ekki neina afdráttarlausa skoðun á því vegna þess að það eru rök bæði með, eins og hér hefur verið ágætlega lýst, en menn hafa líka bent á rök á móti þessu, m.a. þar sem fiskvinnslufyrirtæki og útgerðarfyrirtæki sem oft fer saman, hafa náð langtímasamningum, góðum samningum við einhverjar keðjur erlendis, t.d. Marks & Spencer þar sem fæst ágætt verð fyrir afurð, gerðar ákveðnar kröfur og samningar til nokkuð langs tíma.

Þá segja þeir sem hafa náð slíkum samningum að þeir samningar verði einfaldlega í uppnámi. Vissulega eru þetta rök sem alls ekki er hægt að líta fram hjá. Kannski er rétta leiðin sú sem mig minnir að frændur vorir Færeyingar hafa farið þar sem þeir held ég skikki 30% af aflanum til að fara á markað, hinu megi útgerðir síðan ráðstafa með sínum hætti. Vera kann að þetta sé hin skynsamlega lausn, ég vil ekki leggja mat á það, en væntanlega mun hv. sjútvn. fara yfir það verði frv. vísað til nefndarinnar.

Frú forseti. Ég ítreka það að með hugmyndinni að setja allt á markað þá má tengja það þeirri utandagskrárumræðu sem var hér um stöðu sjávarbyggða. Ef allur afli á að fara á markað, hvað segir það þá um einstakar sjávarbyggðir? Hér hefur oft verið nefnt og í umræðu í dag var nefnt að byggðatengja þurfi sjávarafla. En hvað þýðir það ef allur afli fer á markað? Er það þá ekki hið frjálsa framtak og er það þá ekki styrkur fjármagnsins sem mun leiða aflann þangað sem fjármagnið vill að aflinn fari?

Meginatriðið, frú forseti, í þessu þar sem við hljótum alltaf og eigum alltaf að horfa á er hvort þetta er þjóðhagslega hagkvæmt, hversu hagkvæmt er það fyrir þjóðarbúið í heild sinni en ekki aðeins einn afmarkaðan þátt þess.

[16:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hafði áhyggjur af því að ef allur fiskur færi á markað gæti verið erfitt fyrir fyrirtæki að standa við samninga langt fram í tímann. Auðvitað getur verið hugsanlegt að það gerist. Ég held hins vegar að öll fyrirtæki hljóti að þurfa að aðlaga sig því umhverfi sem er á hverjum tíma. Ég get ekki séð annað en að annars staðar í heiminum uni menn vel við það fyrirkomulag. Þetta er talið nokkuð sérstakt eins og hér er að öll fiskvinnsla og útgerð skuli nánast vera samtvinnuð í stærstu fyrirtækjunum.

Vegna þess að mér fannst hann tala frekar jákvætt um þessa hugmynd þó hann væri ekki tilbúinn að taka afstöðu til hennar núna og vildi fjalla um hana í sjávarútvegsnefndinni sem er bara gott, þá langar mig að spyrja hv. þm. hvort hann sé þá ekki fullur af þeim ótta sem kom fram hjá forstjóra eins af stóru fyrirtækjunum fyrir kosningarnar í vor, þ.e. ÚA, þar sem hann lýsti því að ef veiðar og vinnsla yrðu aðskilin mundu þessi fyrirtæki öll vera í uppnámi og fjöldi af

fyrirtækjum mundi leggja upp laupana og atvinnuleysi hefja innreið sína í sjávarplássum á Íslandi. Þetta var nú engin smáyfirlýsing sem kom fram í kringum kosningarnar.

Ég spyr hv. þm.: Er hann óhræddur við að skoða þetta þó svo hann hafi fengið slíka aðvörun?

[16:25]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég sagði áðan er að sjálfsögðu eins og með allt að þingmenn hljóta að vera tilbúnir til að skoða, fara yfir kosti og galla og móta sér síðan afstöðu samkvæmt því. Þegar við tölum um kosti og galla hljótum við að horfa á þjóðhagslega hagsmuni.

Yfirlýsing forstjóra Útgerðarfélags Akureyringa er auðvitað fyrirbrigði sem þarf að horfa á og hlusta á. Það eru fullgild rök að baki því. Og það að allur fiskur fari á markað — það segir sig sjálft, ég tala ekki um ef við ætlum að nota það sem rök til að skilja að vinnslu og veiðar og þar með sé hægt að hleypa útlendingum inn í sjávarútveginn — hvað þýðir það fyrir sjávarbyggðir landsins eins og hér hefur verið rætt um í dag? (**ÖS:** Ég mundi eftir stefnu Halldórs Ásgrímssonar.) Munu þá ekki öflugir, sterkir, erlendir aðilar koma, eins og reyndar eru komnir inn í sjávarútveginn í dag og menn væntanlega gera sér grein fyrir, og á markaði fari þá væntanlega sá fiskur sem upp er boðinn þar sem uppboðið er hæst? Það þarf ekki endilega að vera í sjávarbyggðum. Það gæti verið um það að ræða að senda þann fisk lítt unninn úr landi vegna þess að erlendir aðilar bjóði hæst. Það kynni að vera niðurstaðan. Þetta eru fullgild rök. Þetta er hlutur sem verður að skoða.

Þegar fyrirtæki hafa náð góðum samningum sem byggja á fimm eða tíu ára veiðum og öruggum aðgangi að veiðiheimildum þá eru það líka fullgild rök sem verður að horfa á. En aðalatriðið er þó að í vinnu hv. nefndar verði farið yfir þessi mál út frá öllum hliðum og síðan móti menn sér afstöðu.

[16:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, menn geta haft þá skoðun að þetta séu fullgild rök. Ég vil þó fyrst taka fram að þessi tillaga fjallar ekki um það að allur fiskur fari á markað. Hún fjallar um aðskilnað veiða og vinnslu og vitanlega mun það hafa þau áhrif að meiri fiskur muni fara á markað, en tillagan sjálf gengur ekki nákvæmlega út á það.

Mér fannst þau rök sem komu frá forstjóra ÚA í sumar í kringum kosningarnar ekki fullgild. Ég held að fyrirtæki sem standa í lappirnar í samkeppni eigi ekki að þurfa að óttast hvert annað. Þetta er spurning um leikreglur. Og þeir sem eru bestir lifa auðvitað af. Þeir sem eru hræddir við samkeppnina hljóta að vera hræddir um að þeir séu ekki bestir og það er auðvitað þeirra vandi. Mér finnst það vera svolítið mikið vantraust á sjálfa sig þegar menn koma og lýsa því yfir að ef leikreglum verður breytt séu þeir ekki lengur samkeppnishæfir.

En síðan um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Ég tel ekkert athugavert við það að útlendingar komi hér inn í sjávarútveg svo fremi að búið verði að taka á atriðum sem varða eignarhald á veiðiréttinum. En á meðan það hefur ekki verið gert tel ég það mjög varhugavert.

Hins vegar veit ég ekki betur en hv. ráðherra utanríkismála, formaður Framsfl., hafi lýst því yfir að hann sæi fullkomlega ástæðu til að skoða það að útlendingum verði hleypt inn í sjávarútveginn án þess að breyta kerfinu. Mér finnst ekki hafa verið færð nægilega góð rök fyrir að það sé hægt að gera.

[16:29]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta það sem ég nefndi áðan að útlendingar eru komnir inn í íslenskan sjávarútveg. Þeir eru þar þó að það sé kannski ekki með beinum hætti. Það þekkir hv. þm. afskaplega vel.

Að sjálfsögðu eigum við að skoða það hvort eigi og þá hvernig eigi að hleypa útlendingum inn. Það er bara skylda okkar að skoða það. Við getum ekkert setið hjá. Við verðum að skoða kosti og galla þess fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Síðan tökum við afstöðu á grundvelli slíkrar skoðunar.

Ég virði fullkomlega rök forstjóra ÚA sem leggur áherslu á það eins og svo fjölmargir aðrir í sjávarbyggðum. Ég get nefnt fyrirtæki eins og Nesfisk í Garði sem hefur keypt til sín veiðiheimildir á annan milljarð á einu ári. Og til hvers? Til þess að halda uppi vinnu í byggðarlaginu. Það er eina markmiðið. Gera út sex, sjö báta og útvega vinnu fyrir hátt í 200 manns. Það skiptir höfuðmáli fyrir það byggðarlag og þannig get ég talið upp fleiri byggðarlög og eðlilega — þetta er hryggjarstykkið, þetta er jafnvel eini öruggi og fasti punkturinn í atvinnu þessara byggðarlaga sem þó hafa veikst. Við sjáum hvernig þau byggðarlög sem ekki hafa slíka burðarása í sínum röðum eða í sínum ranni hver staða þeirra er, hversu miklu lakar þau standa í öllu atvinnulegu tilliti. Þess vegna er ekki hægt annað en að virða fullkomlega áhyggjur og ugg forstjóra ÚA og margra kollega hans hvort sem þau ummæli koma fyrir eða eftir kosningar eða einhvers staðar þar á milli.

En fari allur fiskur á markað, af því að hv. þm. gat þess í framhjáhlaupi í ræðu sinni, þá verða menn líka að hafa það í huga í tengslum við þá umræðu sem hér fór fram í dag að það er engin byggðatenging. Á opnu uppboði er það bara sá sem hæst býður sem fær.

[16:31]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé rætt mjög mikilvægt mál fyrir íslensku þjóðina. Við í Frjálslynda flokknum teljum að frjáls viðskipti, þar sem eðlileg og virk samkeppni ráði, sé þjóðhagslega hagkvæm. Hún leiðir almennt til hagkvæmari reksturs og framþróunar atvinnuveganna. Sjávarútvegurinn er, eins og fram hefur komið, mikilvægasta gjaldeyrisskapandi atvinnugreinin en yfir 60% af útflutningsverðmætum skapast af sjávarfangi.

Einn af megingöllum núverandi gjafakvótakerfis er að það kemur nær algjörlega í veg fyrir nýliðun í útgerð. Þeir sem eru fyrir í greininni og hafa fengið gefins kvóta hafa mikið forskot á nýliða sem þurfa að greiða margfalda ársveltu fyrir það eitt að fá að hefja rekstur. Hinn kosturinn fyrir nýliða er að gerast leiguliðar stórgreifa og það er mjög aumt hlutskipti.

Aukin verðmæti sjávarafla má einkum rekja til þess að það hefur orðið hækkun á mörkuðum erlendis. Ég tel að ef samkeppnisstaða landvinnslu og sjóvinnslu væri t.d. jöfnuð gæti íslenska þjóðin stóraukið gjaldeyristekjur sínar af sjávarútvegi.

Almennt er viðurkennt að atvinnugreinum er nauðsyn að nýir aðilar eigi kost á að spreyta sig. Aðgengi nýliða er ekki einungis réttindamál, heldur skiptir atvinnuvegina miklu máli. Ég sé engin rök fyrir því að nýliðar séu ekki jafnmikilvægir í sjávarútvegi og í öðrum greinum atvinnulífsins. Nýliðar stuðla að framförum, einkum á tvennan hátt,

annars vegar með því að koma inn með nýjar hugmyndir og hins vegar að setja þrýsting á þá sem fyrir eru í greininni um að bæta sig. Ég er fullviss um að fiskvinnslunni er nauðsyn á því að nýir aðilar geti komið inn og spreytt sig.

Merki um að atvinnugrein sé hnignandi eru oft talin vera lækkandi menntunarstig í atvinnugreininni, harðnandi samskipti atvinnurekenda og verkalýðsfélaga, minnkandi trú á samkeppni í greininni og aukin stjórnvaldsvernd fyrir öflug fyrirtæki. Þetta sjáum við allt í sjávarútvegi. Æ færri leggja í nám tengt sjávarútvegi og fiskvinnslu og er nú svo komið, þótt ótrúlegt sé, að það er búið að leggja niður alla fiskvinnsluskóla á landinu. Útgerðarmenn hafa ekki lengur fyrir því að semja við sjómenn heldur bíða þolinmóðir eftir lagasetningu stjórnvalda.

Eins og framsögumenn röktu kemur kvótakerfið ekki einungis í veg fyrir eðlilega samkeppni í útgerð heldur einnig að fiskvinnslur búi við sambærilega samkeppni. Þær sem ráða yfir gjafakvóta fá fiskinn inn í vinnsluna á lægra verði en þær sem verða að kaupa á mörkuðum. Þetta girðir ekki einungis fyrir nýliðun í útgerð heldur einnig fyrir eðlilega samkeppnisstöðu og nýliðun í fiskvinnslu. Með því að koma á fjárhagslegum aðskilnaði í rekstri útgerðar og vinnslu væri hinn gríðarlegi aðstöðumunur þeirra jafnaður, annars vegar þeirra sem reka fiskvinnslu án útgerðar og þeirra sem reka fiskvinnslu með útgerð og hafa komist yfir gjafakvóta.

Ungir sjálfstæðismenn, sem gefa sig stundum út fyrir að vera fylgjandi eðlilegum markaðslögmálum og að samkeppni ráði í atvinnurekstri, ættu að styðja þessa þáltill. þar sem hún gerir ráð fyrir að ungir nýliðar geti tekið með fullum krafti þátt í einni mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar. Eins og ég rakti áður eiga menn ekki að vera hræddir við að fá nýliða inn í greinina heldur er sjávarútveginum eins og öðrum atvinnuvegum nauðsyn að fá nýtt blóð í reksturinn. Það sætir því furðu að sjálfstæðismenn hafi lýst sig andsnúna þessum aðskilnaði og í raun sýna þeir þessu máli mjög lítinn áhuga.

Snemma á árinu setti hæstv. sjútvrh. á stofn sjóð til þess að auka virði íslenskra sjávarafurða en ætlað er að verja um 300 millj. árlega í þennan opinbera sjóð til að styrkja rannsóknir og þróunarstarf. Ekki ætla ég að mæla á móti rannsóknar- og þróunarstarfi en ég hefði þó talið miklum mun skjótari og áhrifaríkari aðgerð að tryggja eðlilega og sanngjarna samkeppni í fiskvinnslunni til að auka virði sjávarútvegsins. Ef samkeppnisaðstaðan í fiskvinnslunni væri eðlileg mundi það leiða til þess að vel reknar fiskvinnslur yrðu ofan á en eins og staðan er nú er það ekki endilega raunin, heldur skiptir ekki minna máli fyrir rekstur fiskvinnslu að vera í tengslum við útgerð til þess að fá fiskinn á lægra verði til vinnslu.

Virðulegi forseti. Ég er einnig sannfærður um að lækkun flutningskostnaðar og fjárhagslegur aðskilnaður veiða og fiskvinnslu mundi milda lamandi áhrif þess þegar kvóti er seldur burt úr byggðarlögum. Ég er að því leytinu til mjög ósammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem taldi að það leiddi til enn frekari hnignunar byggðanna.

Eins og staðan er nú hringinn í kringum landið eru bæjum sem misst hafa aflaheimildir allar bjargir bannaðar. Ef fiskvinnslur á Seyðisfirði, Bíldudal, Sandgerði og fleiri stöðum sem misst hafa veiðiheimildir gætu nálgast hráefni á sambærilegu verði og vinnslur sem tengdar eru útgerð væri þeim gert auðveldara að halda áfram fiskvinnslu þótt kvóti væri seldur burtu úr byggðarlaginu. Þeir sem hafa á annað borð trú á markaðslögmálum ættu að styðja þessa þáltill. Við í Frjálslynda flokknum höfum trú á að markaðslögmál eigi að ráða í atvinnuvegum landsmanna. Við viljum hafa sanngjarnar leikreglur.

[16:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi tillaga til þál. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og vinnslu er svo sem eitt sjónarmiðið inn í umræðuna um fiskvinnslu og stjórn fiskveiða. Það sem vakir fyrir hv. flm. hér, að því er virðist, er að tryggja að á markað fari stór hluti af þeim fiski sem kemur að landi og það sé skilið fjárhagslega á milli útgerðar og fiskvinnslu.

Virðulegi forseti. Þessi sjónarmið þurfa ekki endilega að fara saman við þau markmið að tryggja fiskvinnslunni stöðugt hráefni. Ef við hugsum okkur einungis að skilja fjárhagslega að rekstur á útgerð og fiskvinnslu er hægt að gera það innan fyrirtækisins sem þýðir ekki endilega að meiri fiskur fari á markað í sjálfu sér. Þessi þáltill., eins og hún lítur hér út, lýtur því í rauninni bara að þessum fjárhagslega aðskilnaði. Ég get ekki séð að það í sjálfu sér sé neitt stórmarkmið þó að vafalaust megi ná einhverjum hluta af markmiðum frv. í að tryggja það að verðmyndun á fiski upp úr sjó fylgi því sem gerist á mörkuðum og sé þannig fært í bókhaldinu. Þarna er fyrst og fremst um bókhaldslegt atriði að ræða og kemur minna sjávarútvegsstefnunni sjálfri við sem slíkri. Þetta vil ég draga hér fram.

Ég skil hins vegar, og okkar flokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður það, ef menn vilja tryggja að ákveðið magn af veiddum fiski sé boðið hér á markaði til þess að viðhalda þeirri vinnslu sem treystir á þennan fisk. Þá þarf að vera einhver stöðugleiki í því kerfi. Það er erfitt að vera með kerfi sem býður fisk á markað bara þegar ákveðið verðástand ríkir, ákveðin aflabrögð eru í gangi eða einhverjar slíkar ytri aðstæður en svo þegar þær aðstæður snúast við er ekkert eða takmarkað magn af fiski á markaði.

Mér fyndist vera sjónarmið inn í þessa umræðu að skylda fyrirtæki til þess að leggja alltaf ákveðinn hluta af afla sínum á markað þannig að það væri nokkurn veginn jafnt hlutfallslegt framboð af fiski á markaði. Þau fiskvinnslufyrirtæki sem treysta á fisk á mörkuðum ættu að geta gengið að sambærilegu rekstraröryggi og aðrar fiskvinnslur í landinu. Mér finnst að þetta sjónarmið þyrfti þá að koma inn í þessa umræðu því að ég er alveg sammála því sjónarmiði að það þarf að tryggja rekstraröryggi þeirra fiskvinnslna sem treysta á að kaupa fisk á mörkuðum en eru ekki með eigin útgerð.

Málið er kannski miklu frekar samt það að það þarf gjörsamlega kerfisbreytingu á allri löggjöf og fyrirkomulagi um stjórn fiskveiða. Við heyrum það þessa dagana, og var rætt hér í utandagskrárumræðu áðan, hvernig öll byggðarlög sem reiða sig á fisk, fiskvinnslu og sjávarútveg eru í uppnámi þessa dagana, ekki aðeins hin minni byggðarlög sem við höfum haft sérstakar áhyggjur af, heldur einnig hin stærri. Kerfið sjálft felur í sér þetta gríðarlega óöryggi. Að mínu mati er óöryggi kerfisins orðið með þeim hætti að það truflar alla aukna hagkvæmni og alla frekari nálgun í að auka arðsemi þessarar greinar. Atvinnugrein sem er svo mikilvæg fyrir þjóðina verður að búa við öryggi, og það öryggi hefur hún ekki nú. Það fyrirkomulag sem leyfir frjálst framsal á aflaheimildum, eins og núverandi kerfi gerir, það fyrirkomulag sem tryggir í engu atvinnu eða búsetu í sjávarbyggðunum er ekki þessum atvinnuvegi þénugt. Því þarf að breyta.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram mjög ítarlegar tillögur um hvernig eigi að vinda sig

út úr því kerfi sem við búum við nú, þannig samt að engar alvarlegar kollsteypur verði hjá þeim fyrirtækjum sem búa við það. Jafnframt vinnum við okkur á ákveðnum tíma inn í það kerfi að hluti af aflaheimildum verði byggðatengdur. Það hjálpar lítið að vera með línuívilnun eða línutvöföldun á aflaheimildir sem hægt er síðan að selja hæstbjóðanda út úr byggðarlaginu. Hverjar þær aðgerðir sem grípa þarf til nú til að treysta stöðu þessa atvinnuvegar og treysta atvinnu í byggðunum verða að lúta að byggðatengingu, bæði á löndun á afla og líka á vinnslu á aflanum á viðkomandi svæði.

Annars erum við bara að færa okkur enn þá lengra inn í þennan götótta sekk eða þetta hálfbotnlausa fen sem fiskveiðistjórnarkerfið nú er. Og við erum kannski líka að drepa málunum á dreif með því að koma ekki bara beint að kjarna málsins.

Herra forseti. Í Fréttablaðinu í gær var einmitt rædd staða fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins. Þar er vakin athygli á því að sjóflutningar á ferskum fiski á erlendan markað eru kannski það sem koma skal. Til þess að efla megi ferskfisksútflutninginn hér á landi þarf að efla dagróðraflotann. Sá floti þarf líka að eiga stutt í land til þess að geta skilað fiskinum ferskum á markað. Einmitt kannski í gegnum þessa breyttu mynd í sjávarútveginum og fiskvinnslunni sjáum við aukna möguleika og hlutverk þessara fiskvinnslustaða, þessara litlu sjávarbyggða vítt og breitt um landið, og ættum að huga mjög ákveðið að.

[16:46]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ekki alveg hvað hv. þm. Jón Bjarnason og flokkur hans vilja í þessum efnum. Annars vegar finnur hv. þingmaðurinn að því að ekki sé gengið nógu langt í þáltill. sem hér er til umræðu. Hins vegar vill hann mjög skarpa byggðatengingu í það kvótakerfi sem hann telur sig þó vera á móti.

Ég verð að segja að ég tel að þetta frv. sé einmitt skref í áttina og mæti þeim mótbárum sem ýmsir hafa hér haft, t.d. hv. þm. Hjálmar Árnason og fleiri út og suður, gegn því máli að allur fiskur fari á markað. Hér er gert ráð fyrir aðskilnaði. Fyrsta skrefið er þá aðskilnaður, fjárhagslegur aðskilnaður, rekstrarlegur vissulega, en gagnsær þannig að fyrirtæki, sem bæði eru í útgerð og fiskvinnslu, sjái á hvaða verði þau selja fiskinn frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Þar með geta sjómenn borið það saman við annað verð og fiskvinnsluhlutinn, ef hann stendur í lappirnar, segir við útgerðarhlutann að þetta sé ekki verð sem þeir geti sætt sig við og þeir geti í raun og veru fengið fiskinn annars staðar. Þannig hafa ýmis stórfyrirtæki verið að hluta sig sundur til þess að nýta markaðskerfið almennilega. Það er það sem þingmennirnir hv. leggja til með tillögu sinni og er skynsamleg stefna.

Mín skoðun er sú að byggðatenging geti aldrei verið annað en neyðarúrræði, þegar sérstök kreppa ríkir í sjávarútvegi í einstökum byggðum, af einhverjum ástæðum sem geta verið fjölmargar, að byggðatenging sé í raun og veru ekki almennur kostur, heldur eigi frjáls viðskipti að tryggja hag byggðanna eins langt og þau ná. Frjáls viðskipti eru líka það sem leyfir eðlilegri byggðaþróun að eiga sér stað í staðinn fyrir að rígbinda allt í einhverjar tengingar sem stjórnmálamenn af ýmsu tagi ráða síðan upp og niður.

[16:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason áttar sig ekki alveg á hvað hér er verið að flytja tillögu um. Tillagan hljóðar upp á fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Það eitt og sér tryggir ekki að það komi aukinn fiskur á markað eða verði í boði fyrir þær fiskvinnslur sem verða að treysta á fisk á markaði. Við skulum bara hafa það á hreinu. Hvaða skoðun menn síðan hafa á því hvort fullur fjárhagslegur aðskilnaður á rekstri útgerðar og fiskvinnslu sé betri eða ekki, þá verða hlutirnir að heita sínum réttu nöfnum. Þessi tillaga hefur engin áhrif á aðgengi á fisk á fiskmörkuðum í sjálfu sér.

Ég skil alveg hv. þm. og flokk hans, Samfylkinguna, sem vilja að allur fiskur fari á markað, eftir því sem mér skildist, og meira að segja að fiskveiðiheimildir fari líka á uppboðsmarkað, þá samrýmist byggðatenging á aflaheimildum eða vinnslu ekki þeirri stefnu. Þar greinir okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á um stefnu í fiskveiðistjórnarmálum og fiskvinnslu við flokk hv. þm.

[16:50]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef kannski ekki orðað spurningu mína nógu skýrt. Hún var ósköp einfaldlega um það, vegna umkvörtunarefnis hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að þetta frv. gangi ekki nógu langt, hvort hann styðji hina ítarlegri gerð slíkra frumvarpa, þ.e. um aðskilnað veiða og vinnslu.

Ég held að hvað sem því líður hljóti menn að taka undir þetta frv. sem fjallar um að þetta kerfi sé gert gegnsætt þannig að menn sjái hvernig þessu er háttað. Um það hafa verið miklar sögur, flestar held ég því miður sannar, að menn hagi þessu eins og þeim sýnist, hvort sem það er útgerðarvængurinn eða fiskvinnsluvængurinn.

En það sem við þurfum að fá að vita núna, hæstv. forseti, er það hvort hv. þm. og hans flokkur styður þetta sjónarmið um aðskilnað veiða og vinnslu, þannig að allur fiskur fari á markað.

[16:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið sem snýr að útgerðinni og fiskvinnslunni í landinu er að það þarf að breyta kerfinu. Innan brenglaðs kerfis geta menn hugsanlega séð eitthvað til bóta í einhverjum þáttum. En stærsta málið er að það þarf að breyta þessu kerfi og sú breyting verður að ná fram þannig að það verði aukin byggðatenging, að fólkið í landi, fólkið í sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið hafi meira um ráðstöfun þessara auðlinda og atvinnutækifæra að segja og hafi meira ákvörðunarvald um hvað gerist. Um það snýst málið. Aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu getur kannski verið nauðsynlegur hjá ýmsum stórfyrirtækjum, ég get alveg tekið undir það.

En af því hv. þm. spyr beint um það tel ég að litlar útgerðir, þar sem er einyrkjaútgerð og einyrkjafiskvinnsla, þar eigi þessi ráðstöfun í sjálfu sér ekki heima. Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að hv. þm. og skoðanir hans flokks eru að þetta eigi allt að fara á uppboðsmarkað, hvort sem það eru veiðiheimildir eða afli, og sá sem býður hæst fái, þá getur byggðatenging eða þau sjónarmið sem snúa að landverkafólki orðið út undan í þeirri stefnu.

En það held ég sé stóra málið í þessu öllu, hvernig megi tryggja bæði hagkvæma nýtingu auðlindarinnar á vistvænan hátt og jafnframt að tryggja fólkinu í landi, byggðinni á landinu, rétt til auðlindarinnar og nýtingar hennar.

[16:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Mig langar að víkja að nokkrum atriðum sem komið hafa fram í umræðunum.

Vil ég sérstaklega víkja að því að það eru fjölmörg fyrirtæki hér á landi sem vinna fisk í samkeppni við fyrirtæki sem eru bæði með útgerð og fiskvinnslu, en kaupa allan sinn afla á fiskmörkuðum og eru svo jafnvel að selja í gegnum sölusamtökin, sem selja fyrir fyrirtækin sem eru með vinnsluna og veiðarnar á sömu hendi.

Það er alveg ljóst að fyrirtæki sem kaupa allan sinn fisk á fiskmarkaði greiða að jafnaði mun hærra verð, munar þar oft tugum króna, því þau eru að kaupa og vinna afla í samkeppni við fyrirtæki sem hafa bæði veiðar og vinnslu á sinni hendi, og ákveða verðið sín á milli með öðrum aðferðum en að láta markaðinn vinna þar með. Það hefur líka komið fram í umræðunni að slíkt fyrirkomulag skekkir samkeppnisstöðuna milli fyrirtækjanna, veldur miklum óróa um verðmyndunina og það hafa verið færð rök fyrir því að við séum alls ekki að fá það besta út úr auðlindinni með því fyrirkomulagi sem verið hefur.

Það var unnin skýrsla fyrir sjútvrn. sem heitir Skýrsla um aukið verðmæti í sjávarútvegi. Þessi skýrsla er mjög merkileg fyrir margra hluta sakir, því í henni kemur fram að það er hægt að auka verðmæti sjávarfangs mjög mikið hér á landi, m.a. með því að vinna ferskt hráefni og koma afurðunum ferskum á markað. Sem dæmi stendur í þessari skýrslu: „... að fersk flök úr þorski reiknuð yfir á hráefniskíló upp úr sjó, gefi að jafnaði 272 kr. á kíló, þegar sjófrystingin gefur 185 kr. á kíló.“ Við erum ekki að tala um neina smáaura, við erum að tala um 87 kr. á hvert einasta kíló. Þannig að verðmætisaukinn við það að ná aflanum ferskum til útflutnings er geysilega mikill.

Nú er það auðvitað svo að útgerð margra fiskiskipa getur komið með aflann ferskan að landi. Það er ekki bara bundið við smábáta. Vertíðarbátar, svokallaðir dagróðrabátar, geta þetta vissulega líka. Það hefur líka verið sýnt fram á það að með ákveðnu vinnuferli um borð í togurum, sem eru jafnvel úti fimm til sex daga í einu, má ná stórum hluta aflans inn í þetta ferli og sækja þennan virðisauka. Það er því alveg ljóst að það er eftir miklu að slægjast. Það hafa fyrst og fremst verið þeir sem hafa verið að vinna fersk flök á undanförnum árum og hafa rutt brautina þar, minni fiskvinnslur hafa opnað þann möguleika sem er verið að ræða um í þessari skýrslu varðandi verðmætisaukann á ferskum fiski.

Það var vikið að því hér í umræðunni, virðulegi forseti, að það þyrfti að horfa sérstaklega til eignarhalds eða eignaraðildar útlendinga að fiskvinnslunni eða að sjávarútvegi. Hv. þm. Hjálmar Árnason vék m.a. að þessu atriði og sagði í þessum ræðustól, ef ég tók rétt eftir, að útlendingar væru þegar komnir inn í sjávarútveginn og það vissu menn. Þessar upplýsingar hafa gengið manna á milli og verið sýnt fram á það og talið víst að erlend fyrirtæki ættu í sumum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þess heldur er ástæða til að taka upp aðskilnað veiða og vinnslu. Því veiðararnar hafa, eins og við höfum komið að m.a. í þessari umræðu og umræðunni sem var hér á undan, aflaréttinn. Í okkar fiskveiðistjórnarkerfi er úthlutað kvótaréttinum til útgerðarinnar og á þeim útgerðarrétti er svo frjálst framsal.

Ég kem ekki auga á það og er sammála hv. meðflutningsmanni mínum Jóhanni Ársælssyni í því hvernig fyrirkomulagið hér á landi geti verið þannig að útlendingar geti átt í sjávarútvegsfyrirtækjum meðan við erum með fjármuni sama sem atvinnuréttur í sjó. Það gengur ekki upp í mínum huga. Þess vegna held ég að það séu fjölmörg rök sem hníga til þess að við þurfum að vinna að því að skoða og koma því fyrirkomulagi á að hér sé fullur fjárhagslegur aðskilnaður milli útgerðar og fiskvinnslu. Það er algjört skilyrði ef við ætlum að fara þá vegferð m.a. að hleypa útlendingum inn í fiskvinnsluþáttinn, verðum við að skilja þarna á milli meðan við erum með núverandi kerfi.

Við búum við það að þessi ríkisstjórn hélt velli, því miður, með litlum meiri hluta. Hún hefur sett stefnuskrá fyrir næstu ár um það hvernig hún hyggist vinna og þar er ekki að finna breytingar á sjávarútvegsstefnunni varðandi kvótakerfið og frjálst framsal aflaheimilda. Þess vegna hlýtur að vera enn meiri áhersla fyrir okkur á hv. Alþingi að taka til gaumgæfilegrar athugunar þá tillögu sem hér er flutt um það að taka upp fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Það verður enn brýnna ef menn ætla sér í alvöru að opna fyrir aðkomu útlendinga að sjávarútvegi og ef ég man rétt hefur hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., opnað á þá umræðu að það væri jú rétt að skoða það.

Ég lýsi því yfir að ég tel að sú vegferð sé gjörsamlega ófær meðan við erum með það kerfi aflaheimilda að óveiddur fiskur í sjó sé sama sem fjármunir. Það gengur bara ekki upp í mínum huga. Ég hefði hins vegar talið ekkert óeðlilegt við það að útlendingar gætu komið hér inn í fiskvinnslu- og úrvinnsluþáttinn. Það kunna að vera full rök til þess.

Hins vegar verð ég að segja það, virðulegi forseti, að ég tel að ef þessi tillaga fengist samþykkt og unnið yrði í henni í sjútvn. sem því miður hefur ekki verið gert á undanförnum árum — það hefur ekki verið sest yfir þessa tillögu. Menn hafa ekki farið yfir hana á fundum og velt upp kostum og göllum við hugmyndina að útfærslunni. Í þáltill. segir að ætlunin sé að skipa nefnd manna til þess að vinna upp frv. sem leiði til þessa aðskilnaðar í rekstri útgerðar og vinnslu. Til að undirstrika síðan það sem menn voru að ræða áðan um að ekki stæði í henni stendur samt í henni, með leyfi forseta:

„Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.“

Það stendur vissulega í þáltill. að við stefnum að því að koma hér upp eðlilegri verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði þó að ekki sé beinlínis sagt hvernig það skuli gerast. Einn liður í því er jú að aðskilja veiðar og vinnslu fjárhagslega.

Það er ekki eins og við séum að finna upp hjólið. Flestar þjóðir í kringum okkur hafa farið þess á leit við fiskmarkaðina að þeir sjái um verðmyndunina. Færeyingar hafa gert það með ágætisárangri. Þeir settu jú reglur um það ef ég man rétt að allir skyldu skyldugir til að selja ákveðið hlutfall af afla sínum á fiskmarkaði og ef þeir seldu hann ekki á fiskmarkaði væru þeir samt sem áður skyldugir til að taka þá verðmiðun sem markaðurinn byggi til. Og þetta töldu þeir sig hafa tryggt með því að skylda allar útgerðir í Færeyjum,

í hvaða eignaformi sem þær væru, til að selja stóran hluta af afla sínum á fiskmarkaði. Mig minnir að það hafi verið skylda að þeir seldu 70% en þori ekki að fullyrða það nema fletta því upp.

Þannig fóru þeir þessa vegferð og reyndin hefur orðið sú að stærstur hluti afla í Færeyjum er nú seldur á fiskmarkað og hann er þar látinn mynda verðgrundvöll. Þetta er auðvitað þekkt leið í löndunum í kringum okkur til margra áratuga, að fiskmarkaðirnir mynda verðið og þar keppa menn um gæðin og verðið og reyna að ná til sín fiskinum. Síðan vinna fiskvinnslur úr hráefninu og reyna að koma því áfram í verð.

Í skýrslunni, sem ég minntist á áðan, um aukið verðmæti í sjávarútvegi sem sjútvrh. lét vinna fyrir sig en ákaflega lítið hefur farið fyrir í umræðunni kemur m.a. þetta fram sem ég sagði áðan um verðmyndun á ferskum flökum annars vegar fluttum úr landi reiknað ofan á hráefniskíló upp úr sjó og hins vegar mismuninn milli sjófrystingar og landfrystingar. Þar er munurinn 87 kr. eins og ég sagði áðan af hverju einasta þorskkílói. Það kemur líka fram í þessari skýrslu að það er jafnvel enn þá meiri verðmunur t.d. á karfa. Þar kemur fram að fyrir fersk flök af karfa flutt úr landi, allt reiknað til útflutningsverðmætis á hvert kíló hráefnis upp úr sjó, fæst 321 kr. að meðaltali fyrir karfann samkvæmt úttekt þessarar nefndar þegar hann er seldur ferskur en þegar hann er sjófrystur fást 107 kr. fyrir kíló. Og þegar hann er landfrystur fást 124 kr. fyrir kílóið. Þegar hann er fluttur heill og óunninn fást 147 kr. fyrir kílóið. Þetta er allt útflutningsverðmæti á hvert kíló, allt reiknað af hráefniskílói upp úr sjó, þannig að þetta eru samanburðarhæfar tölur.

Þarna munar hvorki meira né minna en 174 kr. á hvert einasta kíló, miðað við fersk flök eða heilan óunninn karfa seldan á mörkuðum erlendis. Eða landfryst kíló, þar munar ennþá meiru. Þar munar 197 kr., og síðan gefur sjófrystingin 107 kr. Það er því eftir miklum verðmætum að slægjast fyrir íslenska þjóð. Við erum langt á eftir að þessu leyti varðandi það hvers konar verðmyndun við viljum hafa hér á landi og hvernig við ætlum að efla það að þeir sem best eru að gera í sjávarútvegi í úrvinnslu hráefnis séu raunverulega að keppa um fiskinn, keppa um verðmæti.

Ég hef ekki trú á því, virðulegi forseti, að sjávarbyggðir sem liggja vel við fiskimiðum fari halloka í svona kerfi ef fiskurinn er almennt á markaði. Það kostar auðvitað þó nokkuð að flytja fisk utan af landi og t.d. hingað inn á suðvesturhornið til að vinna hann hér og þá eru menn að flytja heilan búk með beinum, haus og hala, eins og sagt er. Það kostar nokkrar krónur á hvert kíló þannig að menn hafa talsvert samkeppnisforskot varðandi markaðinn þar sem aflinn berst að landi ef þeir eru með fiskvinnslu þar.

Fjöldamörg rök hníga að því að við eigum að skoða það mjög alvarlega hvernig eigi að fara með þessi mál, t.d. út af eðlilegum viðskiptaháttum, vegna þess að við teljum jú að hér muni útlendingar smátt og smátt koma inn í fiskvinnsluna og með óbreytt kvótakerfi getum við ekki heimilað það þegar frjálst framsal er á aflaheimildum.

Ég vil svo þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og vonandi verður hún til þess að það verði tekist á við það að skoða málið raunverulega í sjútvn. og fara í gegnum kosti þess og galla að leggja af stað í þá vegferð sem hér er lögð til. Ég tel alveg víst að ef okkur bæri gæfa til að vinna málið með þeim hætti sem við höfum hér lagt til, þeir sem flytja þessa tillögu og þeir sem hafa verið henni meðmæltir, mundum við færa þjóðinni mikinn verðmætisauka og mikla breytingu til gæfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:08]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 138. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 138.

Ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, 139. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 139.

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, 144. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 144.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, 150. mál, fsp. MF, þskj. 150.

Menningarmál á Vesturlandi, 149. mál, fsp. JBjarn, þskj. 149.

Úrræði fyrir fötluð grunnskólabörn, 148. mál, fsp. BrM, þskj. 148.

Viðbygging við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi, 145. mál, fsp. MF, þskj. 145.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 6. mál (matvæli). — Þskj. 6.

[17:09]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um að lækka virðisaukaskatt á matvælum niður í 7%. Það er tímanna tákn að þegar við ræðum hér skattalækkunarfrv. af þessu tagi sé ég að hér í salinn vantar þá hv. þm. sem skolaði inn á fjörur þingsins í vor, fyrst og fremst vegna þess að þeir voru svo harðir baráttumenn fyrir lægri sköttum. Og ég spyr, herra forseti: Hvar eru hinir ungu og vösku riddarar Sjálfstfl., fjórir talsins, sem hingað komu vegna þess að þeir töldu sig sérstaka baráttumenn fyrir lægri sköttum? Enginn þeirra er í salnum, herra forseti. Það má auðvitað spyrja: Hvar eru þingmenn Sjálfstfl. þessa dagana þegar verið er að tala um skatta? Staðreyndin er sú að hér er verið að flytja fyrsta skattalækkunarfrv. sem sést á þessu þingi. Og það er tímanna tákn að það er Samf. sem flytur þetta frv.

Það er ekkert mál, herra forseti, sem Samf. hefur lagt jafnþunga áherslu á hvað lífskjör varðar og einmitt það að lækka matarverð á Íslandi. Við höfum ítrekað flutt um það þingmál. Og ég rifja það upp, frú forseti, að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti hér ákaflega gagnmerkt þingmál á síðasta þingi sem var samþykkt, það var um það að kanna orsakir fyrir háu matvælaverði hér á Íslandi samanborið við nágrannalöndin. Í þáltill. voru tiltekin Norðurlöndin og jafnframt Evrópusambandslöndin. Það er til marks um þann mikla áhuga sem spannst af þeirri umræðu að líklega ekkert þingmál naut jafnmikillar fjölmiðlaathygli á framanverðum síðasta vetri og einmitt það. Hið háa Alþingi samþykkti tillöguna.

Það er ákaflega sjaldgæft, frú forseti, að við þingmenn stjórnarandstöðunnar fáum með þeim hætti samþykkt mál en það sýndi þá samstöðu, frú forseti, sem um þetta mál ríkti hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna var það líka fagnaðarefni þegar kom til kosninga að kosningabaráttan snerist að verulegu leyti um skatta og skattstefnu. Það var sérstaklega athyglisvert að tveir flokkar sem nutu mests fylgis í kosningunum, Samf. og Sjálfstfl., virtust vera sammála um að það

bæri að fara þá leið að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 14% í 7%.

Þess vegna skýtur það skökku við, frú forseti, að þegar við komum nú til þings er engu líkara en að allur áhugi sjálfstæðismanna á því að lækka skatta sé gufaður upp. Þeir forustumenn Sjálfstfl. sem riðu um héruð, ekki bara mitt kjördæmi, heldur landið allt, og predikuðu nauðsyn þess að lækka skatta til þess að bæta lífskjör fólks sjást ekki í þessum sölum þegar verið er að ræða skattamál. Og það er skiljanlegt, frú forseti. Það er sjaldan sem nokkur flokkur hefur dottið jafnkirfilega á sinn óæðri enda í nokkrum málaflokki og Sjálfstfl. þessa dagana þegar skattamálin eru annars vegar. Minnumst þess að Sjálfstfl. háði kosningabaráttu sína með því að gefa loforð um að lækka skatta nærfellt um 30 milljarða brúttó. Og þegar allt var tekið til, frú forseti, má leiða rök að því að hugmyndir Sjálfstfl. um skattalækkanir hafi farið yfir 30 milljarða. Látum það vera þegar kosningum sleppti og ríkisstjórnin hélt áfram en þá kom hæstv. forsrh. og *flutti stefnuræðu sína*. Og obbinn af málefnapakkanum þar laut að lækkunum skatta.

Hæstv. forsrh. tíundaði það hvernig hann og ríkisstjórn hans hygðust lækka skatta um a.m.k. 20 milljarða á ári þegar yndi fram um kjörtímabilið. Frú forseti. Þegar við sáum síðan fjárlagafrv. og ýmis fylgifrv. þess kom í ljós að hugur virtist ekki fylgja máli. Þá var engu líkara en að hugmyndir Sjálfstfl. um að lækka skatta væru allar gufaðar upp. Hvað var það sem við sáum þá, frú forseti? Við sáum frv. á frv. ofan sem fólu í sér ekkert annað en skattahækkanir.

Þannig stendur allt á haus þegar Sjálfstfl. er annars vegar. *Það er skiljanlegt, frú forseti, að enginn þingmaður Sjálfstfl.* skuli staddur í þessum þingsal þegar um er að ræða mál sem getur ráðið úrslitum um afkomu margra peningalítilla fjölskyldna í landinu. Hvar eru þingmenn Sjálfstfl. þegar verið er að ræða skattalækkanir? Hvar eru riddararnir fjórir sem riðu hér um landið allt og lofuðu skattalækkunum með þeim árangri að þeir voru kjörnir á þing? Hvar eru hv. þm. Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og hv. þm. Birgir Ármannsson? Allir þessir ungu þingmenn sem efalítið eiga glæsilega framtíð fyrir sér í þessum sölum byrja þingferil sinn á að láta ekki sjá sig þegar rætt er um þau mál sem þeir báru fram af miklu kappi í kosningabaráttunni. Hvað veldur því að ekki einn einasti þingmaður sjálfstæðismanna er við umræðu þegar verið er að ræða lækkun á virðisaukaskatti á matvælum?

Frú forseti. Kosningabaráttan snerist að töluverðu leyti um skatta og efnahagsmál. Þó nú séu ekki nema tvær vikur liðnar af þessum þingvetri og kjörtímabilið rétt að hefjast þá spái ég því að þetta kjörtímabil muni í málefnalegu tilliti að verulegu leyti snúast um efnahagsmál og skattalækkanir. Það er þess vegna sem miklu máli skiptir að fá afstöðu Sjálfstfl. fram í þessum efnum, sérstaklega þeirra sem hafa gert að sérstöku baráttumáli sínu að lækka skatt. Standa þeir með tillögu Samfylkingarinnar um að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 14% niður í 7%? Eða, frú forseti, munu þeir koma hingað og taka þátt í að svæfa þetta mikilvæga og brýna lífskjaramál?

Frú forseti. Sú tillaga sem Samf. leggur hér fyrir felur í sér að matarreikningur íslenskra heimila mun lækka um fimm og hálfan milljarð. Það skiptir máli að lækka matarverð. Það skiptir ekki síst máli fyrir barnafjölskyldur. Það skiptir máli fyrir alla þá sem ekki hafa mikið umleikis.

Það má fara ýmsar leiðir til þess að lækka skatta, frú forseti. Sjálfstfl. og Framsfl., sem góðu heilli er staddur hér við umræðuna, voru tiltölulega samferða um skattamál í kosningabaráttunni. Raunar var það þannig að Sjálfstfl. lagði fram stefnuna og Framsfl. blessaði og sagði amen eftir efninu. En báðir þessir flokkar töldu hagfelldast að fara þá leið að lækka skatthlutfall.

Frú forseti. Það er fólk á Íslandi sem hefur svo lágar *tekjur að það borgar lítinn eða engan skatt af þeim*. Lægra skatthlutfall gagnast ekki þeim sem eru mjög tekjulágir. Það er þess vegna sem jafnaðarmenn hafa kosið að fara aðra leið. Við erum þeirrar skoðunar að frekar eigi að verja fjármunum til að lækka virðisaukaskatt á mat og lækka þannig matarverð. Það kemur öllum til góða og hlutfallslega mest þeim sem hafa úr minnstu að spila. Oft er þar um að ræða, frú forseti, fólk sem þarf að verja töluverðum hluta af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa brýnustu nauðþurftir, m.a. matvæli. Um þetta fólk eru jafnaðarmenn að hugsa. Það er þess vegna sem Samf. leggur mesta áherslu á þá tegund skattalækkana sem *nýtist öllum. Engin skattalækkun nýtist öllum í landinu* í jafnríkum mæli og þessi hugmynd Samfylkingarinnar gerir ráð fyrir, að lækka virðisaukaskatt á matvælum.

Við vitum öll að matvælaverð á Íslandi er allt of hátt, enda er það með því hæsta sem þekkist. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir upplýsti í greinargerð með sinni ágætu tillögu sem samþykkt var á þinginu í fyrra og ég hef þegar reifað, að norska hagstofan hefði gert könnun á matarverði á Norðurlöndunum og reyndar borið það saman við matarverð í ýmsum löndum Evrópusambandsins. Það voru ekki þægilegar staðreyndir sem þar komu í ljós. Þar birtist svart á hvítu að árið 2000 var matvælaverð hér á landi 69% hærra en í Evrópusambandslöndunum. Það var reyndar athyglisvert að í greinargerð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kom líka fram að matvælaverð í Noregi var 62% hærra en í samanburðarlöndunum í Evrópusambandinu. Þetta dregur *athyglina* að þeirri staðreynd sem við þingmenn Samf. höfum verið ódeigir við að benda á, þ.e. nauðsyn þess að við Íslendingar íhugum í fullri alvöru að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Við þurfum að skoða allar leiðir sem færar eru til að bæta lífskjör á Íslandi. Það er ákaflega margt sem bendir til þess að spurningin um Evrópusambandið sé öðrum þræði spurning um bætt lífskjör. Það eru ekki aðeins vextir sem mundu að öllum líkindum lækka duglega hér á Íslandi ef við gætum samið okkur á þokkalegum kjörum inn í Evrópusambandið heldur benda þær upplýsingar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram í greinargerð sinni til þess að matvælaverð mundi lækka töluvert ef við Íslendingar yrðum aðilar að Evrópusambandinu. Hér er því um spurningu að ræða sem er meira en einnar messu virði að skoða til hlítar. Við samfylkingarmenn höfum í reynd svarað þessari spurningu fyrir okkur: Við erum Evrópuflokkur og höfum ekki farið í felur með það.

En það eru aðrar leiðir, frú forseti, sem hægt er að fara til að lækka matarverð. Sú tillaga sem hér liggur fyrir beinist að því. Hún felur í sér að hægt sé að fara leið skattalækkunar varðandi matvæli. Tillagan sem hér liggur fyrir er í fullu samræmi við áherslur Samf. í kosningabaráttunni á liðnum vetri. Þá var það eitt af okkar helstu baráttumálum að lækka matarverð með því að fara þessa leið. Við erum flokkurinn sem kom hingað í þessi salarkynni að loknum kosningum og við stöndum við það sem við sögðum í kosningunum.

Sjálfstæðismenn hlaupa í felur. Hæstv. fjmrh. kemur ekki til þessarar umræðu. Þeir hv. þingmenn sjálfstæðismanna sem gerðu sig mest gildandi í umræðunni um skattalækkanir og sóru þess dýran eið að berjast hér til a.m.k. síðasta blóðdropa til að lækka skatta eru ekki í þessum sal. Þeir taka ekki þátt í þessari umræðu. Ég spyr, frú forseti: Eru þessir ágætu menn í upphafi síns þingferils að dæma sig ómerka í umræðu af þessu tagi? Hvar eru hugsjónir hinna ungu manna sem börðust fyrir þessu í kosningabaráttunni? Ég lýsi eftir þeim, frú forseti.

Ég og við í Samf. erum þeirrar skoðunar að núna sé lag að fara þessa leið. Eins og menn muna frá því fyrir kosningar var því spáð af ýmsum hagvitsbrekkum að hér yrði miklu meiri þensla en í reynd hefur orðið. Staðreyndin er sú að sökum þess að náðst hefur samstaða um að ráðast í framkvæmdir sem ýta undir hagvöxt þá er margt sem bendir til að á næstu missirum og árum geti Ísland siglt inn í velsældarskeið sem hugsanlega á sér ekki sinn líka í lýðveldissögunni. Hugsanlegt er að hér verði meiri hagvöxtur samhliða minni þenslu en menn töldu áður. En forsendan fyrir því, frú forseti, er hins vegar að okkur takist að sýna samstöðu á stjórnmálasviðinu og að samstaða ríki milli ólíkra afla á vinnumarkaði svo takist að sigla í gegnum þann ólgusjó þenslu sem hugsanlega bíður okkar undir lok kjörtímabilsins. Ef það tekst — Samf. hefur lýst því af mikilli ábyrgð að hún muni fyrir sitt leyti stuðla að því — er líklegt að við getum ráðist í að fjármagna a.m.k. drjúgan hluta af þeim félagslegu úrbótum sem verkalýðshreyfingin, ASÍ og BSRB, hafa lagt til auk þess að að hrinda í framkvæmd þeim hóflegu skattalækkunum sem Samf. og á stundum aðrir flokkar hafa lagt til. Það er líka hugsanlegt, ef vel tekst til, að okkur takist að bæta töluvert stöðu sveitarfélaga í fjárkreppu. Þau eru aðþrengd af ofríki núverandi ríkisstjórnar. Þannig mætti undirbúa frekari flutning verkefna til þeirra á því kjörtímabili er Samf. tekur við taumunum hér.

Frú forseti. Hér er Samf. að leggja fram hugmyndir sínar að skattalækkunum. Þær felast í að fara leið sem allir hafa hag af, ekki síst þeir sem hafa minnst umleikis. Við höfum lagt þunga áherslu á að lækka matarverð. Við höfum lagt mikla áherslu á að lækka skatta hins opinbera af matvælum. Þess vegna leggjum við fram þessar tillögur. En það er eftirtektarvert og ég hlýt að undirstrika það í lok þessarar umræðu að hér hefur enginn þingmaður Sjálfstfl. sést. Allir þeir þingmenn sjálfstæðismanna sem töluðu hvað hæst um skattalækkanir í kosningabaráttunni eru horfnir, gufaðir upp eins og dögg fyrir sólu.

[17:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða eitt þyngsta útgjaldamál heimilanna í landinu. Eins og formaður Samf. benti á er þessu stóra máli ekki sýndur mikill áhugi af stjórnarliðum í þessum sal. Þó er óumdeilt að matarverðið er einn þyngsti útgjaldapóstur heimilanna í dag.

Formaður Samf. fylgdi úr hlaði tillögu okkar um að lækka virðisaukaskatt um 7%. Það er fyrsta skrefið sem Samf. vill taka til að lækka matarverð. En við bíðum niðurstöðu úttektar sem Samf. beitti sér fyrir á síðasta vetri þannig að meta megi hverju þarf að breyta í innflutningi og innlendri framleiðslu til að lækka matarverðið.

Samkvæmt Hagstofu, en við hana hafði ég samband í dag, er talið að meðalútgjöld meðalheimilis á Íslandi í mat og drykk, þá er miðað við 2,82, þ.e. innan við þrjá einstaklinga í heimili, séu yfir 40 þús. kr. á mánuði og þá um 60 þús. kr. fyrir fjögurra manna fjölskyldu, miðað við sams konar yfirfærða mælingu.

Í Noregi hefur verið gerð úttekt á þessu. Þar er talið að fjögurra manna fjölskylda eyði um 70.000 kr. á mánuði í mat. Í Noregi er talið að sparnaður við að ganga í Evrópusambandið fyrir þessa fjölskyldu, miðað við sömu verðlagsforsendur og eru núna í Svíþjóð, yrði um 30%. Það gæti þýtt yfir 250 þús. kr. sparnað í matarútgjöldum fjögurra manna fjölskyldu í Noregi á ári.

Gefum okkur að með eigin ákvörðunum og breytingum í umhverfi matvælaframleiðslu og innflutnings gætum við sjálf náð þessu verði niður um 30%, eins og hæstv. forsrh. hefur svo oft hvatt til þegar við bendum á Evrópusambandsaðild sem kost fyrir fjölskyldurnar í landinu. Hann hefur gjarnan sagt: Þetta getum við gert sjálf. Kannski er það ástæðan fyrir því að hann lagðist á sveif með tillögu minni um að kanna orsakir hins háa matvælaverðs. Hann vildi sýna fram á að við gætum fengið tæki í hendur til að gera þetta sjálf. Ef við gætum lækkað matarverðið hjá okkur um 30% — við værum þó talsvert hærri en meðaltal Evrópusambandsverðs og jafnvel hærri heldur en hin Norðurlöndin — mundi það þýða um 200 þús. kr. lækkun á ári fyrir þessa fjölskyldu.

Á Íslandi fer enginn yfir landamærin til nágrannalands til að kaupa ódýrari mat. Eðli málsins samkvæmt eigum við þess ekki kost. Landsmenn hafa þann eina kost að versla á því verðlagi sem býðst á Íslandi. Norðmenn fara yfir til Svíþjóðar og versla. Síðast þegar ég heyrði tölur þar um var talið að meira en milljón Norðmanna verslaði í Svíþjóð.

Í tímariti norsku neytendasamtakanna sem ég komst yfir frá 2002 segir að ef farið er tvisvar yfir landamærin til að versla og kaupa leyfilegt magn sé búið að spara fyrir sólarlandaferð.

Þetta segir okkur hvaða gífurlegar tölur liggja í slíkum samanburði. Þetta segir okkur hvað við erum að bjóða íslensku og norsku fjölskyldunum. Ég tek þessar tvær fjölskyldur út úr af því maturinn hjá okkur er lang-, langdýrastur á Norðurlöndum eftir að hin löndin þrjú eru komin í Evrópusambandið.

Hér hefur líka verið sagt í umræðu um matinn: Það er nú ekki hægt að bera sig saman við þessi lönd í Suður-Evrópu með veðrinu og framleiðslunni þar og er margt tínt til. Það vill svo til að ég er mjög oft stödd á Ítalíu, virðulegi forseti. Ég fer og geri innkaup, gerði það m.a. núna í september þegar ég var þar við barnapössun. Við erum ekkert að tala um tölurnar sem ég er hér að vísa til þegar við tölum um matarverðið þar. Þar fær Íslendingur milt sjokk í hvert skipti sem hann fær strimilinn yfir innkaupin af fullri körfu vegna þess að þá erum við að tala um allt aðrar tölur. Meðaltalið sem við erum að tala um í Evrópusambandinu er með Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Þýskaland innan borðs og öll velmegunarríkin í Norður- og Vestur-Evrópu þar sem laun eru há og verðlag annað.

Matarverðsþróunin í hverju landi fyrir sig er mæld með vísitölu sem var sett á 100 árið 1996 til að auðvelda samanburð milli landa. Þá lágum við u.þ.b. í miðjunni hvað verð varðaði í samanburði Norðurlandanna. Árið 1998 vorum við orðin langhæst og við höfum farið stighækkandi síðan. Það sýnir matvælavísitalan sem Hagstofan gefur út. Matvælavísitala er eitt og verðlag er annað. Fyrir tveimur árum óskaði ég eftir að fá upplýsingar frá Hagstofunni um hvernig mat-

vælavísitalan hefur þróast frá 1990 fram á 2001. Þegar ljóst var að við höfðum skautað fram úr öllum Norðurlöndunum í vísitölunni var áhugavert að skoða matarverðið. Þegar ljóst var, eins og fram hefur komið í því þingmáli sem Samf. öll stóð að fyrir ári, að verðlagið hér var á þessum árum miklu hærra fer vísitalan og mæling hennar að skipta miklu máli.

Þannig vorum við komin í 121,5 stig árið 2001. Næsta land á Norðurlöndunum var eingöngu komið í 111 stig. Nú mætti ætla að hækkað gengi á Íslandi skilaði sér í lægra matarverði til íslenskra neytenda og í og með vegna þess að verð á erlendum gjaldeyri hefur lækkað. Það vitum við öll sem höfum verið að fara til útlanda og höfum verið að mæla íslensku krónuna á móti erlendum gjaldeyri. Ég var sannfærð um að nú hefði eitthvað birt til í þeim samanburði fyrir okkur og bað því Hagstofuna um upplýsingar um hreyfingu matvælavísitölunnar á milli ársins 2001 og 2002. Það var undarlegt sem kom í ljós. Matvælavísitalan hafði hækkað í 126,5 stig. Næsta land á Norðurlöndunum var einungis í 113 stigum. Vísitalan hafði hækkað um fimm stig á meðan gengið hækkaði hér heima og verð á erlendum gjaldeyri lækkaði. Í nokkur missiri núna hefur verð á erlendum gjaldeyri verið að lækka. En það virðist ekkert skila sér í lægra matarverði hér, raunar var mér bent á að það hefði heldur ekki skilað sér í ódýrari bifreiðum, svo stór tæki séu nefnd.

Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá Seðlabanka Íslands fyrir helgi var erlendur gjaldeyrir 1,7% lægri að meðaltali á árinu 2002 en á árinu 2001. Það er ekkert samhengi í þessu. Það er ekkert samhengi í því að Hagstofan skuli gefa þær upplýsingar að matvælavísitalan hafi hækkað um fimm stig á milli ára á sama tíma á einu ári og meðaltal á gjaldeyrisverði hefur lækkað um 1,7%. Og auðvitað heimtum við það hér í þessum sal og um það hefur Samf. forgöngu að þessi mál verði skoðuð og það sé skýrt af hverju íslensk heimili þurfi að nota svona mikla peninga í matarútgjöld við þessar aðstæður.

Bent var á það í fyrirspurnatíma á dögunum að grænmetið hefði lækkað. *Það er líka merkilegt ef við hugsum um það* að við þessar aðstæður ætti innflutt vara og aðföng til framleiðslu ekki að hækka í verði. En þá kemur það merkilegasta af öllu. Vísitölur fyrir grænmeti lækka úr 117 í 109 milli þessara sömu ára, milli 2001 og 2002. Og vísitölur fyrir landbúnaðarvörur, sem eru líka hin innlenda framleiðsla, hækka aðeins úr 117,1 stigi í 118,8. Það eru aðrar vörur en grænmeti og landbúnaðarvörur sem hækka vísitöluna um fimm stig á milli ára. Matarverðið almennt fer upp um fimm stig.

Ef við höfum ekki hátt um þetta, við í Samf. og þingmenn allir, og ef það unga fólk sem hér hefur verið vísað til sem er komið inn á þing og situr hér á þingi fyrir stjórnarflokkana og talar um að lækka eigi skatta og álögur á heimilin, ef það unga fólk hefur ekki áhuga á þessum sannleik, hann er ekki búinn til af Samf., hann kemur frá þeim stofnunum sem við virðum mest í landinu, Hagstofu og Seðlabanka, hvað er það þá sem það vill fá að vita? Allt hnígur í sömu átt. Okkur ofbýður matarverðið. Allir vita það en það þarf sérstök sannindi, sérstakar mælingar, sérstakar staðfestingar á því til að fólk sé tilbúið að taka við því. Og við í Samf. berum þær staðreyndir fram.

Ég spyr: Er þetta ásættanlegt? Auðvitað er svarið nei. Það er eitthvað mikið að. Við skulum ekki gleyma því að matarverðið vegur 15% í neysluvísitölunni, 15% í þeirri neysluvísitölu sem m.a. ákveður verðtryggingu lána sem er annar stór póstur hjá ungum fjölskyldum í landinu, þ.e. lánin, vextirnir og verðtryggingin. Hinn stóri pósturinn. Og þarna kemur matarverðið til sögunnar.

Samfylkingin leggur til með þessu þingmáli að byrja að ráðast á matarverðið með lækkun virðisaukaskatts. Það er í samræmi við það sem við sögðum í kosningabaráttunni og Samf. ætlar að fylgja stefnumiðum sínum frá því í kosningabaráttunni eftir.

Erum við þá bara að fara eitthvað út í loftið og segja: Lækkum virðisaukaskattinn, einfalt og gott. Nei, það sama gerðu Norðmenn. Það sama gerðu Norðmenn í júlí 2001. Þeir stóðu frammi fyrir því sama og við höfum verið að tala um, að verð á mat í Noregi er miklu hærra en annars staðar. Það sem er enn þá verra hjá þeim er að fólk fer bara yfir landamærin og yfir milljón manns kaupir matinn þar og þetta hefur gífurleg áhrif á efnahagsmál í Noregi.

Norðmenn lækkuðu virðisaukaskattinn í júlí 2001 í 12%, úr 24% í 12%. Þeir voru með helmingslækkun á virðisaukaskattinum, sömu helmingslækkunina og hér er lagt til í tillögu Samf. sem formaður flokksins hefur mælt fyrir.

Svíar lækkuðu virðisaukaskatt úr 25% í 12% 1996. Það hefur skilað sér þegar við skoðum samanburð á vísitölunni hvernig hún hefur verið að hreyfast frá 1996 þegar við settum hana á 100.

Þá ætla ég að nefna Danmörku. Maturinn þar er með 25% virðisaukaskatti. Er hann þá ekki ofboðslega dýr? Nei, verð í Danmörku er með því lægsta á Norðurlöndunum. Danir hafa komið mjög vel út úr samanburði á matarverði og oft verið lægstir á þeim árum sem ég er hérna að vísa til. *Og í* samanburði við vísitöluþróun þurfa þeir ekkert að skammast sín. Það eru ekki þeir sem koma á eftir okkur þegar við erum komin í 125 stig, þá eru það ekki Danirnir sem eru í 111 stigum. Það er því mjög umhugsunarvert að Danir skulu halda matarverðinu svo lágu miðað við að vera með 25% virðisaukaskatt og sérstaklega með tilliti til þess að kaupmáttaraukning hefur verið svipuð í Danmörku og hérlendis, *a.m.k. var hún það þegar ég byrjaði að skoða þessi mál.*

Þetta segir okkur að hægt er að skapa það umhverfi fyrir innflutning, fyrir framleiðslu og verslun að maturinn sé ekki svona dýr. Öll vinna Samf. beinist að því.

Hér hefur komið fram að tillaga Samf. um úttekt á orsökum matarverðs var samþykkt fyrir jól í fyrra. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands er með verkefnið sem á að ljúka núna fyrir jól. Þá verður unnt að sjá hvað það er í umhverfi framleiðslu og innflutnings sem veldur svo háu matarverði hér á landi og þá er hægt að grípa til frekari aðgerða eins og Samf. hefur boðað.

[17:41]

Útbýting þingskjala:

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 147. mál, frv. RG og BH, þskj. 147.

Sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, 151. mál, fsp. ÞBack og MF, þskj. 151.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 100. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 100.

[17:41]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga sem hér er til umræðu lætur ekki mikið yfir sér, er tvær greinar, en getur haft veruleg áhrif og í rauninni kannski meiri afleiðingar en flutningsmenn virðast hafa gert ráð fyrir og mun ég víkja frekar að því síðar.

Auðvitað ber að fagna því að hv. þingmenn skuli hafa áhuga á að lækka matvælaverð. Við vitum öll að matvælaverð á Íslandi er of hátt þó svo kannski megi draga það í efa að það sé 17,4% ráðstöfunartekna eins og var samkvæmt þeirri könnun frá 1995 sem vísað er til í grg. með frv. Við verðum að átta okkur á því að það hefur töluvert breyst síðan árið 1995. Það hefur orðið eða komið til mun meiri samkeppni á matvælamarkaði og fjöldinn allur af lágvöruverðsverslunum bæst þar við. En eftir sem áður stendur það auðvitað upp úr að matvælaverð er of hátt og við finnum það hvert á eigin skinni.

Eins og ég gat um áðan er svo að sjá af frv. að áhrifin séu kannski mun meiri en flutningsmenn virðast ætla, a.m.k. gat ég ekki greint það hvorki í máli 1. flm. né í grg. með frv. að ætlunin væri að lækka virðisaukaskatt af sölu á annarri vöru og þjónustu en matvöru. Frumvarpið gengur út á það að breyta 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt þannig að í stað hlutfallstölunnar 14% komi 7%. Þetta þýðir ekki eingöngu að matvælaverð lækki. Þetta þýðir að virðisaukaskattur á útleigu hótel- og gistiherbergja og annarri gistiþjónustu lækkar úr 14% í 7%. Virðisaukaskattur á afnotagjöldum útvarpsstöðva lækkar úr 14% í 7%. Sömu sögu er að segja um sölu tímarita, dagblaða, landsblaða og héraðsfréttablaða, sölu bóka, sölu á heitu vatni, rafmagni, olíu til hitunar húsa og laugarvatns. Og sömuleiðis aðgangur að vegamannvirkjum.

Hæstv. forseti. Áhrifin eru ekki bara þau að verið sé að lækka virðisaukaskatt á matvörum samkvæmt 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. úr 14% í 7% heldur er einnig verið að lækka virðisaukaskatt skv. 2., 4., 5., 6., 7. og 9. tölul.

Og þá hlýt ég að spyrja, hæstv. forseti: Var það ætlan flutningsmanna frv. að lækka virðisaukaskatt samkvæmt þessum liðum í 7%? Hefði þá ekki verið ágætt að það hefði komið fram í grg. með frv.? Hefði ekki verið gott að það hefði komið fram í máli 1. og 2. flm. sem töluðu hér áðan?

Ég vil líka vekja athygli hv. þingmanna á því, hæstv. forseti, að skv. 2. málsl. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. er sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu skattskyld með 24,5% virðisaukaskatti. Nái þetta frv. að ganga í gegn óbreytt þýðir það að munurinn þarna á milli er enn að aukast, úr því að vera núna annars vegar 14% og hins vegar 24,5% í það að vera 7% annars vegar og 24,5% hins vegar. Var þetta ætlan hv. þm. sem flytja þetta frv.? Var eitthvað hugað að þessu máli við samningu þessa frv.?

Þetta er að vísu sérstakt athugunarefni, hæstv. forseti, vegna þess að ríkisskattstjóri hefur skilgreint hliðstæða aðila í þessu sambandi, m.a. hamborgarastaði, staði sem selja flatbökur eða svokallaða pitsustaði og fleiri þess háttar staði. Þetta eru staðir sem gert er að selja vörur sínar með 24,5% virðisaukaskatti.

Fari maður hins vegar út í bakarí og kaupi til að mynda pitsusneið, sem maður gæti fengið á einhverjum pitsustað, þá þarf að borga 14% virðisaukaskatt. Þannig að þarna er verulegt ósamræmi og ójafnræði á milli aðila og það eru ákveðnar samkeppnishömlur sem í þessu felast, hæstv. forseti.

Ég vil líka vekja athygli á því að skv. 42. gr. laga um virðisaukaskatt er gert ráð fyrir endurgreiðslum til þeirra sem er gert að selja matvæli með 24,5% virðisaukaskatti, þ.e. til veitingahúsa, mötuneyta og hliðstæðra aðila, og þeir eiga sem sagt rétt á því að fá endurgreidda fjárhæð sem nemur 112,5% af innskatti hvers uppgjörstímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt skv. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr.

Þrátt fyrir þetta ákvæði, virðulegi forseti, þá dugar þetta ekki til til þess að rétta af samkeppnisstöðu þessara aðila, til að mynda pitsustaða eða hamborarastaða gagnvart öðrum stöðum eins og t.d. bakaríum. Samkeppnisaðstaðan er bara orðin allt önnur í dag en hún var þegar þessi lög voru sett og þessi reglugerð á sínum tíma. Nú er til að mynda sala á skyndibitum í auknum mæli að færast inn í bakarí þar sem menn kaupa sér pitsusneið og borga 14% virðisaukaskatt í staðinn fyrir að hlaupa á næstu pitsustað og kaupa sér pitsusneið með 24,5% virðisaukaskatti. Þetta er auðvitað eitthvað, hæstv. forseti, sem við þurfum að skoða og ég vona að verði skoðað við frekari meðferð málsins á Alþingi.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að þetta frv. kostar auðvitað sitt. Í grg. með frv. er talað um 4–5 milljarða kr. Fyrsti flm. frv. gat um það hér áðan að líklega mundu sparast 5,5 milljarðar hjá fjölskyldunum í landinu með samþykkt þessa frv. Þannig að þær hækka nú ört tölurnar, hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að þessar tölur miðast eingöngu við afnám svokallaðs matarskatts, þ.e. lækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 14 í 7%. Ég geri ekki ráð fyrir því að hér sé meðtalin lækkun samkvæmt öðrum töluliðum í 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt. Ef svo er geri ég ráð fyrir því að hv. flutningsmenn þessa frv. muni gera grein fyrir því síðar í umræðunni.

Í kosningunum síðasta vor gekk Framsfl. til kosninga undir kjörorðinu „Vinna, vöxtur, velferð". Þá sögðumst við ætla að lækka skatta um 20 milljarða á kjörtímabilinu. Það svigrúm er fyrst og fremst til komið vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Þær framkvæmdir gera það að verkum að hagvöxtur mun aukast á kjörtímabilinu, þær framkvæmdir gera það að verkum að tekjur ríkissjóðs munu aukast, og þetta mun auðvitað gerast að mestu leyti undir lok kjörtímabilsins. Þess vegna geta menn ekki gert ráð fyrir því að fimm mánuðum eftir kosningar verði búið að lækka alla skatta um 20 milljarða. Það er ábyrgðarlaust tal, hæstv. forseti, og við framsóknarmenn tökum ekki þátt í slíku.

Það er hins vegar fagnaðarefni að Samfylkingin skuli núna vera tilbúin til þess að eyða þessum ávinningi af stóriðjuframkvæmdunum. Þegar verið var að fjalla um þessar framkvæmdir á hinu háa Alþingi á síðasta þingi þá gekk Samfylkingin klofin til leiks. En það er sérstakt ánægjuefni að hún skuli þó vera sammála um hvernig eyða eigi ávinningnum af þessum framkvæmdum og að hún skuli þá standa sameinuð aftur í þessu tilviki. (**Gripið fram í:** Það voru nú fleiri klofnir, var það ekki?) Hvernig menn ætla að ráðstafa þessum auknu þjóðartekjum, auknum tekjum ríkissjóðs, er sameiginlegt úrlausnarefni okkar sem sitjum á hinu háa Alþingi.

Ég lít á þetta frv. hv. þingmanna sem innlegg inn í þá umræðu en ég bendi á að það eru ýmis atriði sem þarf að taka frekar til skoðunar í þeim efnum og það þarf líka að fjalla um önnur mál eins og til að mynda lækkun tekjuskatts og fleiri atriði. Þetta er fyrsta skrefið og það er í sjálfu sér ástæða til að fagna því að frv. skuli vera komið fram og ég vona að það fái eðlilega og málefnalega meðferð hér á hinu háa Alþingi.

[17:53]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Líkt og fram kom í máli 1. flm. frv., hv. 1. þm. Reykv. n., Össurar Skarphéðinssonar, þá er hér

um að ræða eitt brýnasta málið sem fyrir þessu þingi liggur. Lækkun virðisaukaskatts á matvæli, á brýnustu nauðþurftir, úr 14% í 7% er lykillinn að bættum lífskjörum og sérstaklega lífskjörum þeirra sem þurfa hvað brýnast á þeim úrbótum að halda, þeirra sem hafa lágar tekjur, eldra fólks og öryrkja og margra annarra sem hafa lágar tekjur og borga ekki tekjuskatt. Þetta fólk munar hvað mest um hverja einustu krónu sem inn kemur í lækkuðu matarverði og síðast en ekki síst barnafjölskyldur í landinu, fólkið sem eyðir hlutfallslega langmestum og miklum meiri hluta af sinni innkomu í það að brauðfæða heimilið. Þetta fólk munar um það þegar matvælaverð er lækkað með jafnróttækum og myndarlegum hætti eins og hér er lagt til að gera.

Við erum að tala um það, eins og fram kom í máli hv. alþm. Rannveigar Guðmundsdóttur, að þessar hóflegu skattalækkanir en verulegu lífskjarabætur gætu leitt til þess að matvælaverð lækkaði um allt að 30%. Það munar um minna og er stórt skref frá því lúxusverði á matvælum sem um er að ræða á Íslandi.

Annað sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Rannveigar Guðmundsdóttur sem mæltu hér fyrst fyrir frv., en þá vitnuðu hv. þm. og framsögumenn í merka þál. sem hv. alþm. Rannveig Guðmundsdóttir var 1. flm. að á síðasta þingi og var samþykkt hér í þinginu, um að orsakir hás matvælaverðs á Íslandi yrðu kannaðar. Þar kom fram í grg. að samkvæmt úttekt norsku hagstofunnar er matvælaverð á Íslandi 69% hærra en í löndum Evrópusambandsins og á þeim tíma 62% hærra í Noregi en í löndum sambandsins. Og líkt og flm. þeirrar tillögu, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, gat um þá er hér um að ræða öll 15 Evrópusambandslöndin þáverandi en ekki, eins og hún tók dæmi af, matvælaverð í Suður-Evrópu sem er náttúrlega miklum mun lægra en í Norður- og Vestur-Evrópu. Þannig að það er ákaflega brýnt og í samhengi við flutning á þessu frv., um breytingu á lögum um virðisaukaskatt á matvæli, að sú rannsókn á háu matvælaverði sem hið háa Alþingi samþykkti á síðasta þingi fari fram hið allra fyrsta. Það skiptir verulegu máli fyrir afkomu fjölskyldnanna í landinu að matvælaverð lækki hér verulega, enda í allt of, allt of háum verðflokki og stendur því helst fyrir þrifum að hér sé um að ræða góð lífskjör fyrir allan þorra almennings. Það er borð fyrir báru í ríkisrekstrinum til hóflegra skattalækkana eins og hér um ræðir sem skila neytendum í lægra matvælaverði strax að talið er 5,5 milljörðum en mundi kosta ríkissjóð mun minna, eða um 4 milljarða, þar sem um verulega aukningu á veltu yrði að ræða.

En kjarni málsins er sá, með leyfi virðulegs forseta, eins og fram kemur í grg. með tilögunni en þar stendur:

„Rökin fyrir skattalækkun af þessu tagi eru augljós. Lækkun virðisaukaskatts á matvælum kemur öllum til góða, einnig þeim sem hafa úr svo litlu að spila að þeir greiða ekki tekjuskatt, og mundu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskattshlutfalls sem stjórnarflokkarnir hafa boðað.“ — Boðuðu hér við mikinn lúðraþyt í vor, virðulegi forseti. Ég held áfram, með leyfi forseta: — „Þeir sem minnstar tekjur hafa eyða hlutfallslega mestum parti ráðstöfunartekna sinna til matvælakaupa. Lækkun virðisaukaskatts á matvælum kemur sér því hlutfallslega best fyrir þá sem hafa lágar tekjur eða millitekjur, ekki síst barnafólk sem þarf að verja miklum hluta tekna sinna til að kaupa mat. Í skattalækkun af þessu tagi felst því réttlæti sem vantar í of miklum mæli í skattkerfi okkar Íslendinga.“

Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti. Og við sem söknum þess að sjá hér koma inn í þingið boðaðar tillögur stjórnarflokkanna þar sem þeir lofuðu því að lækka skatta á allt og alla, á þriðja eða fjórða tug milljarða eftir því hvernig menn beittu reiknistokknum á liðnu vori þegar stjórnarflokkarnir fóru hér hamförum í kosningaloforðaflaumnum fyrir síðustu kosningar. Lítið hefur sést til þess enn þá og við bíðum spennt sem með fylgjumst og hefur verið rætt hérna um. Því er það ótrúlegt og verður vart trúað fyrr en tekið verður á, virðulegi forseti, að þingmenn stjórnarflokkanna, sem hvað harðast gengu fram í því að lækka hér skatta og álögur á almenning með tiltækum ráðum, styðji ekki þessa tillögu flutningsmanna, okkar samfylkingarmanna, um að lækka álögur á matvæli með þessum myndarlega og brýna hætti þar sem tekið væri strax á lífskjaravanda þeirra sem erfiðast eiga í samfélaginu og matur og nauðþurftir til þeirra lækkuð og þeim gert kleift að komast mun betur af en áður, hvernig svo sem menn kjósa að verja tekjum ríkissjóðs og beita ríkisvaldinu til að bæta kjör þessa fólks með öðrum hætti, sem auðvitað þarf að gera í leiðinni og hið fyrsta. En fyrir þá sem hafa orðið út undan og fyrir þá sem eiga erfitt og berjast í bökkum er þessi tillaga mikið þjóðþrifamál og verður tilhlökkunarefni að fylgjast með framgangi hennar á hinu háa Alþingi og spurt að leikslokum hvort Alþingi nái ekki saman um það að lækka verð á matvælum.

[18:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hygg að fáir mæli því í mót að við hér á Íslandi búum við hvað hæsta matvælaverð í Evrópu, hvað hæstu vexti og hvað hæstan húsnæðiskostnað. Auðvitað er það svo að hátt matvælaverð og mikill húsnæðiskostnaður rýrir mjög kjör heimilanna. Því held ég að það sé ekkert eitt mál sem fyrir þessu þingi liggur sem skiptir eins miklu máli í að lækka framfærslukostnað heimilanna og það frv. sem við ræðum hér.

Ég vil líka nefna til sögunnar, af því að erum tala um hvað skilar sér best í að bæta kjör heimilanna, ekki síst láglaunaheimila, að annað mál liggur líka fyrir þinginu sem við höfum margoft flutt, og það er að hætta að skattleggja fjárhagsaðstoð heimilanna. Fjárhagsaðstoð sem sveitarfélögin veita er raunverulega neyðaraðstoð og það er auðvitað til skammar að slík neyðaraðstoð skuli skattlögð og að ríkið hafi tekjur af fólki sem þarf að leita til sveitarfélaganna til þess að eiga fyrir brýnustu nauðsynjum. Þetta er eitt af þeim málum sem við leggjum mikla áherslu á að nái í gegn hér á þessu þingi.

Það má auðvitað margt tína til þegar þetta mál er rætt. Ég held að það hafi verið mikið þarfaverk þegar flutt var tillaga undir forustu Rannveigar Guðmundsdóttur sem leiddi til þess að nú er verið að skoða orsakir fyrir háu matvælaverði. Það hefur komið fram hér að með því að fara þá leið sem við tölum hér fyrir megi lækka matarverð um 30%. Það vegur mjög þungt í vísitölunni eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi áðan, þ.e. um 15%. Það er auðvitað ekki vansalaust og það hlýtur að vera verkefni allra flokka hér á þingi að taka sig saman um það að lækka hér matvælaverð þegar komið hefur í ljós að árið 2000 var matvælaverð 69% hærra hér en meðaltal 15 landa Evrópusambandsins. Í þeim samanburði kom fram að brauðvörur væru 80% dýrari og kjötvörur 74% dýrari á Íslandi en í þeim 15 löndum þar sem þessar vörur voru mældar hvað varðar þessa þætti. Maður hlýtur að spyrja sig af hverju þetta stafi.

Ég býst við að ein af skýringunum sem við munum fá fram þegar þessi úttekt liggur fyrir sé að hér er mikil fákeppni sem er orðið mjög brýnt að taka á. Ég vil koma að því síðar í máli mínu.

Þegar við skoðum útgjöld fjölskyldunnar vegna matvæla er hægt að taka ýmsan samanburð. Ég harma það að með þáltill. sem var samþykkt hér fyrir tveimur árum, sem við þingmenn Samf. fluttum, um að gerður yrði neyslustaðall hefur lítið eða ekkert verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt þeirri tillögu átti að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu um mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku um lánveitingar úr opinberum sjóðum. Síðan átti að skoða hvort ekki væri ástæða til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra og aðferðir við gerð þeirra.

Ég nefni það að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur margítrekað kallað eftir slíku neysluviðmiði sem ekki er til hér en þekkist víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ráðgjafarstofan hefur útbúið sínar eigin neysluviðmiðanir sem eru að norrænni fyrirmynd og aðlagað þær íslenskum aðstæðum. Hún hefur gert það með því að byggja fjárhæðirnar á heimilisbókhaldi 30 fjölskyldna í landinu yfir þriggja mánaða tímabil. Útgjöld þeirra voru síðan skoðuð þannig að einungis var tekið tillit til nauðsynlegra útgjalda að mati Ráðgjafarstofu. Um er að ræða neysluviðmið og útgjaldaviðmið sem Ráðgjafarstofan notar fyrir fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum. Hér er fyrst og fremst um að ræða neysluviðmið sem er ætlað að vari einungis í stuttan tíma.

Í því neysluviðmiði sem notað er hjá Ráðgjafarstofu heimilanna er matur í flestum tilvikum upp undir helmingur af neysluviðmiðinu. Ef við tökum einstakling var neysluviðmið um 60 þús. kr. og matur og hreinlætisvörur voru af því um 27.500. Ef við skoðum hjón var neysluviðmiðið samtals, sem ég vil ítreka að er mjög lágt, um 82.900 og þar af var matur rösklega helmingur, eða 42.700.

Sama gildir um hjón með börn. Við getum tekið hjón með tvö börn, þá var neysluviðmið 120.500 og matur og hreinlætisvörur af því voru um helmingur, eða 64.400 kr., í þessum nauðsynlegustu útgjöldum heimilanna. Það er sama hvaða fjölskyldustærð er hér tekin, þegar skoðað er neysluviðmið Ráðgjafarstofu er maturinn og hreinlætisvaran alltaf um helmingur af þeim útgjöldum sem Ráðgjafarstofa heimilanna miðar við.

Ég ræddi hér um háan húsnæðiskostnað sem ég hygg að sé sá hæsti sem þekkist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er auðvitað partur af slæmum kjörum margra láglaunafjölskyldna hve hár húsnæðiskostnaðurinn er. Síðast þegar ég skoðaði það var t.d. leiguverð á íbúð um eitt þús. kr. á hvern fermetra þannig að við getum ímyndað okkur að vel rösklega helmingur eða kannski upp undir $^2/_3$ af innkomu heimilanna fari í húsnæðiskostnað. Sá kostnaður hefur verulega hækkað síðan þessi ríkisstjórn tók við á árinu 1995, það er full ástæða til að nefna það.

Þegar við lítum á framfærslumöguleika heimila sem eru með lágar tekjur er það auðvitað vaxandi áhyggjuefni hve mikið er orðið um það að fólk þurfi að brúa bilið til þess að endar nái saman, fyrir mánaðamót t.d., með miklum neyslu- og yfirdráttarlánum í bönkum. Það er mikið áhyggjuefni og sú tillaga sem við hér stöndum að, þingmenn Samf., er leið til þess að lækka verulega framfærslukostnað heimilanna og þar með að koma í veg fyrir það eða a.m.k. draga úr því að yfirdráttarlán þurfi að nota sem neyslulán.

Ég nefndi hér fákeppni á markaðnum sem eina meginskýringu á því hvers vegna verðlag væri hér hátt. Það er full ástæða til að rifja upp þá skýrslu Samkeppnisstofnunar sem kom út í maí 2001 um matvörumarkaðinn en þar var skoðuð verðlagsþróun í smásölu á árunum 1996–2000.

Ég ætla að fá að vitna í þessa skýrslu, með leyfi hæstv. forseta, en þar kemur eftirfarandi fram:

„Smásöluálagning í matvöruverslunum er eins og vænta má mishá eftir vöruflokkum. Það vekur athygli að ýmsar vörur sem hafa mikinn veltuhraða (en það dregur úr kostnaði við birgðahald o.fl.), eins og t.d. brauð og egg, skuli bera að meðaltali 50–70% smásöluálagningu, þegar tillit hefur verið tekið til þess afsláttar sem framleiðendur veita matvöruverslunum."

Síðan kemur nokkuð fram sem ástæða er til að halda til haga við þessa umræðu, nefnilega það að fákeppni er ein af þeim skýringum sem hljóta að koma upp á borðið þegar sú úttekt liggur fyrir sem nú er verið að vinna að í samræmi við þáltill. þingmanna Samf. Hér segir orðrétt í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Um $^2/_3$ hlutar smásölumarkaðarins eru nú á hendi tveggja fyrirtækja. Til samanburðar þá réðu tvö stærstu fyrirtækin yfir 45% hlut smásölumarkaðarins árið 1996. Samþjöppun í innkaupum matvöruverslana er enn þá meiri. Ætla má að 80–90% af innkaupum matvöruverslana á dósa- og pakkavöru fari í gegnum tvö birgðahús sem langflestar matvöruverslanirnar hafa tengsl við."

Herra forseti. Það segir auðvitað sína sögu þegar hér kemur fram að $^2/_3$ hlutar smásölumarkaðarins eru á hendi tveggja fyrirtækja og að ætla megi að 80–90% af innkaupum matvöruverslana á dósa- og pakkavöru fari í gegnum tvö birgðahús. Þetta er auðvitað lýsandi skýring á því að hér er um fákeppni að ræða á þessum markaði sem verður að taka á.

Þann 9. okt. kom einmitt fram í Morgunblaðinu, hæstv. forseti, að verðhækkun birgja til verslana hafi verið allt að 10%. Með leyfi forseta, kemur þar fram:

„Verð á innfluttum mat- og sérvörum frá heildsölum og birgjum hefur verið að hækka til matvöruverslana síðustu vikur. Algengust hefur hækkunin verið frá 4–6% en dæmi eru um allt að 10% hækkun, samkvæmt upplýsingum sem Morgunblaðið aflaði sér í gær hjá nokkrum heildsölum og verslunum."

Þetta fer auðvitað beint út í matvælaverðið, herra forseti, og rýrir kjör heimilanna.

Ég vil minna á að í þessari skýrslu sem ég var að lesa upp frá maí 2001 um matvörumarkaðinn kemur fram hjá Samkeppnisstofnun að hún muni fara af stað með mál í því skyni að uppræta hugsanleg brot á samkeppnislögum, og hér segir orðrétt:

„Í því felst rannsókn á því hvort samningar og samningsskilmálar á milli einstakra verslunarkeðja, birgðahúsa eða matvöruverslana annars vegar og birgja hins vegar feli í sér ákvæði sem eru skaðleg samkeppni og fari gegn samkeppnislögum, þar með talið vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu."

Ég held, herra forseti, að það hljóti að vera viðfangsefni Alþingis, með tilliti til þessa háa vöruverðs sem við ræðum

hér, með tilliti til þess sem fram hefur komið varðandi olíufélögin, með tilliti til þess sem fram hefur komið varðandi tryggingafélögin og tryggingamarkaðinn, með tilliti til þess sem fram hefur komið varðandi grænmetismarkaðinn og þá fákeppni sem þar ríkir, að setjast yfir það að bæta alla aðstöðu Samkeppnisstofnunar. Ég er sannfærð um að það muni skila sér margfalt aftur í því að bæta kjör neytenda og lækka hér vöruverð, lækka það okur sem viðgengst á tryggingamarkaðnum og hjá olíufélögunum. Þegar fram hefur komið að það taki nokkur ár að rannsaka t.d. tryggingafélögin hlýtur að vera full ástæða til þess. Ef Samkeppnisstofnun þarf að taka mörg ár í það og ræður ekki við öll þau viðfangsefni sem hún er með á sinni könnu er brýnt að búa hér betur að henni. Því vildi ég halda til haga, herra forseti, í þessari umræðu. Það væri verðugt verkefni nú við þessa fjárlagaafgreiðslu, þegar við erum með svona mörg mál á borðinu sem sanna það að við þurfum að búa enn betur að Samkeppnisstofnun, að það yrði gert við afgreiðslu fjárlaga.

Svo að ég vitni aftur í þessa skýrslu kemur þar fram, með leyfi forseta:

„Fullyrt hefur verið að verslunarkeðjur reyni að beita birgja þrýstingi til að hafa áhrif á að verð hjá öðrum verslunum hækki." — Til að hafa áhrif á að verð hjá öðrum verslunum hækki. — „Einnig hafi þeir verið beittir þrýstingi til að koma í veg fyrir verðlækkun í smásölu þegar innkaupsverð verslana hafi lækkað. Ef rétt reynist er að mati Samkeppnisstofnunar verið að setja samkeppni á markaðnum alvarlegar hömlur."

Í lok þessarar skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Hækkun á smásöluverði á síðustu árum í matvöruverslun umfram verðhækkun frá birgjum gefur ástæðu til að ætla að dregið hafi úr samkeppni í smásölunni." — Samþjöppun í formi samruna er væntanlega helsta orsökin fyrir minni samkeppni.

Herra forseti. Ég veit út af fyrir sig ekki hvernig farið var með þessa skýrslu Samkeppnisstofnunar um matvörumarkaðinn sem var lögð fram í maí 2001. Það væri auðvitað full ástæða til að hæstv. viðskrh. skýrði fyrir þingheimi hvað hefur verið gert í kjölfar þess að þessi skýrsla var lögð fram fyrir liðlega tveimur árum. Ég mun hugleiða hvort ekki sé ástæða til að leggja slíkar fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra sem ekki er viðstödd þessa umræðu.

Ég vil líka nefna, herra forseti, að mér finnst full ástæða til að verðmyndun verði skoðuð nánar, reglubundið og oftar, þannig að gera megi grein fyrir verðmyndun, t.d. á landbúnaðarvörum, hver samsetningin á verðmynduninni er, hve mikið fer til bænda, sem fá minnstan hlutann af þessu, hve mikið fer til milliliða, hve mikið til dreifingaraðila og hve mikið til framleiðenda.

Ég man ekki betur en að t.d. í Frakklandi sé skylda að setja slíka merkingu á vörur þannig að fólk geri sér grein fyrir samsetningunni í verðinu. Ég tel fulla ástæðu til að skoða hvort ekki sé ástæða til þess að gera slíkt hið sama hér á landi. Ég man ekki betur en ég hafi á fyrri þingum nefnt þetta við hæstv. landbrh. sem ekki tók því fjarri.

Maður veltir oft fyrir sér hve mikil álagningin í smásöluversluninni er. Það er ástæða til að slíkar reglubundnar kannanir séu gerðar. Ég man ekki betur en hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi einmitt lagt til að gerður yrði reglulegur samanburður á tiltekinni matarkörfu, innan lands og síðan samanburður við Norðurlönd og lönd Evrópusambandsins. Það er allt of lítið um að slíkt sé gert. Á vegum Samkeppnisstofnunar er t.d. ekkert í gangi að því er þennan þátt varðar. Alþýðusambandið hefur verið með slíka úttekt og könnun á sínum snærum en þetta þarf að gera miklu oftar en gert hefur verið.

Það er ástæða til að nefna að þegar við erum að tala um hátt verð á landbúnaðarafurðum og hátt verð á grænmeti eins og verið hefur, að einnig þar hefur fákeppni og einokun ásamt háum innflutnings- og magntollum haldið uppi háu verði, t.d. varðandi grænmetið. Hið sama á við um flesta bændur, t.d. garðyrkjubændur. Það er full ástæða til að nefna að margir þeirra búa við bága stöðu þó að við þurfum að borga himinhátt verð fyrir grænmeti, miklu hærra en gerist og gengur í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Herra forseti. Skattaloforð stjórnarflokkanna hafa verið gerð að umtalsefni. Eins og við höfum rætt um í umræðum um önnur mál, herra forseti, er það mjög sérkennilegt að á fyrstu dögum þingsins ræðum við um skattahækkanir sem þessir stjórnarflokkar standa fyrir, sem birtast okkur í formi hærri gjaldtöku, t.d. í heilbrigðiskerfinu, í hærri sköttum á bílana, á umferðina og bensínið. Flokkarnir forðast að ræða skattalækkanirnar enda í óvissu hvenær þær skattalækkanir eiga að koma.

Ég geri ráð fyrir að þetta mál fái góða umfjöllun í þingnefnd. Gott væri að fá fram afstöðu sjálfstæðismanna til frv. sem við ræðum hér, um lækkun á matvælum. Þetta var eitt af helstu kosningaloforðum sjálfstæðismanna, að lækka skatta á matvæli. Eins og vikið var að áðan er mjög sérstakt að enginn þingmanna sjálfstæðsmanna sá ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu. Þeir töluðu mjög hátt í kosningunum um að lækka þyrfti skatta á matvæli og tekjuskatt. Kjósendur fá hins vegar að standa í algerri og fullkominni óvissu um hvenær þessar skattlækkanir muni sjá dagsins ljós. Því er ástæða til að ætla að þetta frv. fái ekki brautargengi hér í þinginu, ef sjálfstæðismenn ætla að halda sig við það sem þeir hafa gert á fyrstu dögum þingsins, að segja að það sé bara allt í lagi að skattalækkanir komi einhvern tíma undir lok kjörtímabilsins. Það er mjög klént að háttvirtir þingmenn standi þannig að máli en við viljum sýna fram á, herra forseti, að það sem við höfum sagt í þessum efnum stendur.

[18:21]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Stjórnarflokkarnir lofuðu miklu fyrir síðustu kosningar, ekki síst ungu barnafólki. Það átti að lækka skatta, hækka barnabætur og lækka virðisaukaskatt af matvælum og ungbarnavörum, svo örfátt sé nefnt. Niðurstaðan birtist okkur í stjórnarsáttmála sem er fullur af fyrirvörum og almennum yfirlýsingum. Nú síðast í fjárlagafrv. þar sem ekkert bólar á hækkun barnabóta, ekkert bólar á lækkun skatta á heimili. Nú á heldur að þyngja róður heimilanna með því að lækka vaxtabæturnar sem kemur einmitt verst niður á unga fólkinu, ekki síst barnafjölskyldum, sem öllu var lofað í síðustu kosningum.

Barnafjölskyldur í lágum millitekjuhópi hafa orðið harkalega fyrir aðgerðum og aðgerðarleysi stjórnvalda á undanförnum árum. Hærri skattbyrði, lægri barnabætur, hátt verð á nauðsynjavöru, háir vextir og verðtrygging ofan á vextina, hár húsnæðiskostnaður, þetta eru þær aðstæður sem ungu fólki eru búnar og helstu ástæður þess hversu erfiðlega þessu unga fólki gengur að koma undir sig fótunum. Barnafólki hefur ekki verið sinnt og ekki lítur út fyrir að þessum verkefnum verði nokkuð sinnt af ríkisstjórninni á næstunni. Við

sjáum það í stjórnarsáttmálanum og við sjáum það enn skýrar í fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Hátt matarverð leggst þungt á heimilin í landinu. Til að lækka matarverð eru m.a. tvær leiðir færar. Annars vegar að lækka beint virðisaukaskattinn á matvælum eins og Samf. leggur til nú og hins vegar koma til rökin fyrir aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Aðild að Evrópusambandinu snýst aðallega um eitt: Bætt lífskjör. Ef full aðild verður til þess að stórbæta lífskjörin ásamt því að við höldum fullum yfirráðum yfir fiskimiðunum eigum við að freista þess að ná aðild. Með því gætu vextir stórlækkað og matvælaverð orðið sambærilegt við það sem gerist erlendis.

Það á að vera verkefni þessa þings að auka lífsgæði og létta byrði á barnafjölskyldum þessa lands, ekki þyngja þær. Til þurfa að koma markvissar aðgerðir þar sem markmið eru skilgreind og þeim fylgt eftir af fullum þunga. Þess vegna er þessi tillaga um lækkun á virðisaukaskatti á matvælum úr 14% í 7% til komin af hálfu Samf. Hún er aðeins eitt lítið skref í þá átt að létta byrðunum af íslenskum heimilum og þá sérstaklega ungu barnafólki.

Fjölmörg önnur verkefni eru mikilvæg í þessu sambandi. Ég vil nefna örfá þeirra. Við þurfum að móta trúverðuga fjölskyldustefnu. Það er ekki fjölskyldustefna í þessu landi. Við lítum aldrei heildstætt á stöðu fjölskyldunnar. Það verður að lækka virðisaukaskatt á barnavörum, hækka barnabætur, hækka skattleysismörk og lækka námskostnað á hverja fjölskyldu.

Virðulegi forseti. Ég gæti farið út og suður og tínt til fleiri mál en við skulum byrja á matnum. Ég skora á þingheim að taka þátt í því með okkur að stíga fyrstu skrefin í að létta byrðum af heimilunum í landinu og samþykkja þessa tillögu okkar samfylkingarmanna um lækkun á virðisaukaskatti á matvælum.

[18:26]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er búið að gera prýðilega grein fyrir þessu máli hér. Ég ætla samt að bæta við fáeinum orðum. Matvælaverð er of hátt á Íslandi, jafnvel hærra en fram kemur í þeim könnunum sem við höfum vitnað í, einfaldlega vegna þess að landbúnaðarstyrkir á Íslandi eru mjög háir. Við erum að borga helminginn af kjötverði sem bændur fá með sköttunum okkar og helminginn af mjólkurverðinu erum við líka að borga með sköttunum okkar. Þannig kemur ekki nákvæmlega fram hver munurinn er. Ég veit ekki betur en við eigum enn metið, eins og í svo mörgu, í OECD hvað varðar stuðning við landbúnað.

Ég spyr: Hvenær ef ekki núna ættum við að taka ákvörðun um að lækka skatta með þeim hætti sem hér er talað um? Ég hef bent á það áður í þinginu í haust að það er ekki víst að menn fái tækifæri til þess þegar líður á þetta kjörtímabil. Spennan gæti komið í veg fyrir slíkar ákvarðanir. Nú er möguleiki á að taka ákvarðanir af þessu tagi. Nú reynir í raun á hvað menn meina mikið með því að ætla að standa við kosningaloforðin á eigin ábyrgð. Það er léttvægt að standa við kosningaloforð á ábyrgð næstu ríkisstjórnar. Það er léttvægt. Það er ekki merkileg pólitík að taka ákvarðanir um bagga á bakið á ríkisstjórninni sem á að taka við á eftir. Mér sýnist ýmislegt stefna í að skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar verði af því taginu nema því aðeins að menn ætli að steypa hér öllu í glötun í verðlagsmálum í þessu landi. Ég trúi ekki að svo verði gert.

Hér er á ferðinni tillaga sem skiptir verulega miklu máli fyrir almenning og alveg sérstaklega fyrir lágtekjufólk. Ég held að ekki sé hægt að finna neina leið sem yrði minna umdeild en þessi, yrði hún fyrir valinu.

Ég hef tekið eftir því að það er ekki mikil þátttaka af hálfu sjálfstæðismanna við umræður af þessu tagi. Við vorum fyrr í dag að tala um samkeppnisreglur, um viðskiptaumhverfi og samkeppnisreglur í þjóðfélaginu. Þeir sem hafa gefið sig út fyrir að vera forustumenn fyrir frjálsa samkeppni og skattalækkanir hafa kannski verið sjálfstæðismenn öðrum fremur. Þeir mættu ekki í umræðurnar í dag um viðskiptaumhverfi, frjálsa samkeppni og betri leikreglur hvað varðar sjávarútveginn. Þeir hafa ekki enn þá tekið til máls eða sett sig á mælendaskrá svo að ég viti í þessu máli sem snýst um skattalækkanir.

Ég skora á hina ungu og vösku sveit að mæta til leiks og taka þátt í umræðunum um skattalækkanirnar. Við samfylkingarmenn höfum lagt tillögur okkar á borð þingsins til að ræða og fara yfir hvernig þeir hyggjast standa við stóru orðin. Það er ekki nóg að segja: Jú, jú, við ætlum að lækka um 20 milljarða einhvern tíma á kjörtímabilinu. Það er engan veginn víst að það verði hægt og ekki trúverðugt heldur þegar menn geti ekki gert bærilegar grein fyrir máli sínu en þetta.

Auðvitað mætti margt segja um matvælaverð á Íslandi og hvernig það verður til. Sjálfsagt verðum við að búa við það til framtíðar að það verði hærra hér en í öðrum löndum. Hér er einfaldlega ýmis kostnaður hærri, flutningsgjöld, erfiðar aðstæður til að framleiða sumar vörur innan lands o.s.frv. En það er ljóst að við gætum búið við miklu lægra matvælaverð en er í dag því að flutningsgkostnaðurinn getur ekki útskýrt að munurinn sé svo gífurlegur á milli þeirra landa sem næst okkur liggja og verðsins sem er hér á Íslandi.

Við verðum þess vegna að leita leiða til að hafa áhrif á markaðinn. Það er m.a. hægt að gera með þessu. Þegar ríkið gengur fram fyrir skjöldu með því að lækka skatta eins og hér er lagt til þá er það líka áskorun á þá sem taka þátt í viðskiptalífinu um að koma í slaginn með okkur. Ég held að það væri verðugt verkefni hins opinbera, auk verslunarmanna og annarra sem hafa áhrif á matvöruverð á Íslandi, að taka sér svolítinn tíma í það verkefni að koma á eðlilegra matarverði í landinu og gera það byggilegra fyrir ungt fólk sem finnur mikið fyrir hinu háa matvælaverði.

[18:32]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Frjálslyndi flokkurinn er hlynntur því að leitað verði allra leiða til þess að lækka matvælaverð á Íslandi og finnst koma til greina að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 14% og í 7%. Þetta kæmi sér afar vel fyrir fjölskyldurnar í landinu. Báðir stjórnarflokkarnir ætla að lækka skatta eða sögðu það a.m.k. fyrir kosningar en hafa lítið gert síðustu daga annað en hækka skatta og öll gjöld. Þeir hækkuðu þungaskattinn og bensíngjaldið um 8% sem kemur landsbyggðinni afar illa, hækkuðu komugjöld á heilbrigðisstofnanir, hirða hluta af tryggingagjaldi sem rann áður sem sparnaður í vasa launþega, ráðast á kjör atvinnulausra með mjög sérstæðum hætti og skerða vaxtabætur heimilanna.

Það kemur mér verulega á óvart að sjá að stjórnarmeirihlutinn vilji ekki leggjast yfir þessar tillögur um lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Ef til vill er engin meining á bak við loforðin sem gefin voru í vor um skattalækkanir og línuívilnun.

Virðulegi forseti. Okkur í Frjálslynda flokknum finnst þetta vera jákvætt mál sem eigi að fá góða umfjöllun í nefnd og koma svo til afgreiðslu hér síðar.

[18:34]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka þá prýðilegu umræðu sem hér hefur farið fram um eitt af helstu stefnumálum Samfylkingarinnar á þessu þingi. Það gleður mig sérstaklega hversu rík þátttaka hefur verið af hálfu þeirra sem eru ung í okkar röðum og ný og ég vil sérstaklega þakka þeim. Það var gaman að hlýða á jómfrúrræðu hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar og ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur sem að vísu hafði tekið til máls í stefnuræðu fyrir hönd okkar samfylkingarmanna.

Ég vil hins vegar segja að það skipti nú í tvö horn með ræður þessara tveggja hv. þm. því mér fannst sem hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, þó að hann hafi flutt hér alveg prýðilega jómfrúrræðu, hafi tekið heldur neikvæða stefnu í þessu máli. Ég fæ ekki betur séð af henni en hér sé kominn upp a.m.k. fulltrúi eins flokks sem er á móti þessu máli. Að öðru leyti sýnist mér á umræðunni að flestir flokkar nema hugsanlega Framsfl. séu hlynntir þessu máli.

Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson gerði aðallega að umræðuefni þá miklu áherslu sem við höfum lagt á lækkun virðisaukaskatts á matvælum og fann að því að ég sem 1. flm. skyldi ekki gera frekari grein fyrir þeim fimm eða sex öðrum liðum sem er að finna í lagagreininni sjálfri. Það kann vel að vera að hv. þm. þyki það rangar áherslur en þetta eru áherslur Samfylkingarinnar. Ef hv. þm. hefði fylgst með greinaskrifum og umræðum og ræðum okkar í kosningabaráttunni hefði hann séð hvað það var sem við vorum að leggja til með þessu en frumvarpsgreinin stendur auðvitað fyrir sínu, herra forseti.

Hv. þm. sem er að vísu fulltrúi þeirra sem vilja auka neyslu á lambakjöti kom hér aðallega upp til að verja þá sem selja pitsur í bakaríum. Út af fyrir sig er það málstaður sem ber að verja, herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við það þó að ég sjálfur sé ekki tíður kaupandi slíks varnings í hinum ágætu bakaríum sem hér er að finna í borginni.

Hv. þm. gerði sömuleiðis að umræðuefni ákveðna túlkun sem mér fannst hann vera að leggja í 2. mgr. 8. tölul. í 14. gr. laganna sem við erum að leggja til breytingar á. En ef ég man rétt, herra forseti, er þar talað um að sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra skyldra aðila á tilbúnum mat skuli samt sem áður skattskyld samkvæmt þeirri 1. mgr. sem er að finna í 14. gr. og ég get ekki farið með hér af því að ég kann hana ekki utan að, en hún er um það að virðisaukaskatturinn skuli vera 24,5%.

Herra forseti. Ég vil líka gera athugasemd við það sem hv. þm. sagði um afstöðu okkar til stórvirkjana á Austurlandi. Það er ekki hægt fyrir hv. þm. að koma hér og kvarta undan því að Samfylkingin hafi ekki stutt það mál. Það vita allir sem hér voru þegar málið fór í gegnum þingið að það voru, minnir mig, 15 af 17 þingmönnum Samfylkingarinnar sem studdu það. En, herra forseti, ég tel samt sem áður að öllum mönnum sé hægt að koma til nokkurs þroska og ég geri mér vonir um það að Framsfl. muni þegar líður á þetta kjörtímabil sjá að það er í anda þeirra sem stofnuðu hann, þeirra sömu manna sem stofnuðu líka flokk jafnaðarmanna á sínum tíma, að fara einmitt þessa leið. Það er í anda jafnaðarstefnunnar og þeirra sem vilja koma þeim til liðsinnis sem eiga erfiðast með að lækka skatta með því að lækka virðisaukaskatt á matvælum. Það er það sem ég held að skipti langmestu máli varðandi skattalækkanir á næstu árum.

Ég vil líka segja það, herra forseti, vegna þess að ég gerði sérstaka athugasemd við það að hv. þm. Sjálfstfl., sem ég hef áður sagt að hafi skolað hingað inn á fjörur Alþingis eins og hverjum öðrum kjörvið norðan úr Íshafi á bylgju boðunar skattalækkunarfagnaðarerindisins, voru ekki hér í dag en þeir hafa komið hingað til umræðunnar og ég virði það, herra forseti. Ég hefði auðvitað kosið að hlýða á þá ungu hv. þm. koma hingað og lýsa a.m.k. siðferðilegum stuðningi í orði við málið. Ég túlka alla vega nærveru þeirra þannig að þeir telji að málið sé gott og þeir koma þá hingað og leiðrétta mig ef um annað er að ræða. Hins vegar get ég ekki annað en sagt það, herra forseti, í tilefni þessarar umræðu að það er auðvitað grátlegt að sjá með hvaða hætti Sjálfstfl. byrjar að efna loforð sín um skattalækkanir. Flokkurinn hefur núna á nokkrum dögum lagt fram frv. þar sem í fyrsta lagi er lagt til að þungaskattur verði aukinn um 400 millj. Í öðru lagi að besíngjald verði aukið um 600 millj. Í þriðja lagi að vaxtabætur verði skertar um 600 millj. Og í fjórða lagi að skattalegur hvati ríkisins til þess að efla viðbótarlífeyrissparnað verði fjarlægður og það eru aðrar 500 millj. Þá eru ótaldar ýmsar aðrar aðgerðir sem hægt er að telja til skattahækkana. Hæstv. fjmrh. byrjar sem sagt á því að hækka skatta og svo ætlar hann hugsanlega einhvern tímann í framtíðinni að lækka þá aftur. Herra forseti. Þetta er að byrja á öfugum enda.

Nú vil ég segja það alveg hreinskilnislega að ég og Samfylkingin deilum þeim björtu vonum sem margir stjórnarliðar hafa flutt um framvindu efnahagsmála í þessum sölum. Og ég hef sagt það alveg hreinskilnislega að ég tel að við Íslendingar stöndum núna frammi fyrir alveg einstæðu tækifæri. Ég held að það sé mögulegt á næstu árum að sigla í gegnum þá þenslu sem kann að bíða okkar ef menn gæta ekki að sér, en það þarf samstillt átak. Það þarf samstillt átak stjórnarandstöðu og stjórnarliða og það þarf samstillt átak verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda. Og ef það tekst, held ég að Íslendingar standi frammi fyrir meiri auðlegð en þeir hafa áður staðið frammi fyrir. Þá er ég líka að hugsa aftur í tímann til áratugarins eftir seinni heimsstyrjöldina þegar hér voru miklir uppgangstímar eins og ég hef rakið áður í ræðum á Alþingi.

En það er algerlega nauðsynlegt, herra forseti, að til þess að þetta sé hægt þá taki menn saman á. Og ef menn segja að þeir ætli að lækka skatta, þá skulum við byrja núna og við skulum einmitt byrja með því að lækka skatta hjá þeim sem þurfa það mest. Það er barnafólkið. Það eru þeir sem hafa minnst umleikis. Og sú leið sem er best til þess er einmitt sú leið sem við leggjum hérna til að lækka virðisaukaskatt úr 14% í 7% á þeim þáttum sem getið er um í lagagreininni sem við viljum breyta. Þetta mundu menn gera ef þeir vildu sameinast um að jafna lífskjörin. Ég el þá von í brjósti að það takist á þessu þingi að ná samstöðu um þetta mál. Ef ekki, þá mun Samfylkingin a.m.k. berjast fyrir því að málið nái fram að ganga þótt síðar verði á kjörtímabilinu og það mega hv. þm. stjórnarliðsins vita að við munum ekki þreytast á því að halda þeim við efnið.

[18:43]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var helst að skilja á ræðu hv. 1. þm. Reykv. n. að það hefði komið fram í ræðu minni að ég væri á móti þessu frv. (**Gripið fram í:** Þú sagðir það.) Sagði ég

það, hv. þm.? Nei, það er alrangt. Ég fagnaði einmitt þessu innleggi Samfylkingarinnar. (Gripið fram í.) Ég fagnaði því að Samfylkingin hefði áhuga á að koma til liðs við okkur í ríkisstjórnarflokkunum og lækka skattana. En ég sagði líka að forsenda þess að við gætum lækkað skatta sé að við fáum auknar tekjur í ríkissjóð og hv. 1. þm. Reykv. n. talaði einmitt um það sem skiptir lykilmáli í þessu sambandi og er lykilhugtak og það er hagvöxtur. Hann sér þann hagvöxt fyrir eins og við í ríkisstjórnarflokkunum. Þann hagvöxt ætlum við að nota til að lækka skatta og ég býð hv. þm. velkominn í hóp okkar framsóknarmanna til að vinna að þessu máli með okkur í ríkisstjórninni.

[18:44]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ein af mínum uppáhaldssögulegu upprifjunum að rifja það upp þegar einhver fremsti leiðtogi framsóknarmanna á síðustu öld, Jónas frá Hriflu, notaði nánast sama pennann til þess að skrifa stefnuskrá flokkanna sem við báðir tilheyrum. Nú var það víst þannig að Framsfl. bar ekki gæfu, nema rétt framan af, til þess að lyfta þeim manni til þeirra valda og áhrifa sem honum sannarlega báru í íslensku samfélagi.

Herra forseti. Það er ekki oft sem spádómar manna, vonir og draumar rætast svo að segja um leið og maður lætur þá í ljós. Ég sagði hér áðan, herra forseti, að ég æli þá von í brjósti að það tækist að koma þeim hv. þm. sem hér talaði áðan til nokkurs þroska og ég verð að segja að hv. þm. sýnir miklu betri þroskamerki en flestir þeir framsóknarmenn sem ég hef áður kynnst. Hv. þm. talaði með þeim hætti að ég túlkaði það svo hér í hans fyrstu ræðu, raunar jómfrúrræðu, að hann væri málinu andsnúinn. Það voru þá bara mistök mín og ég segi það af alveg fullri einlægni að mér þykir það leitt ef ég hef mistúlkað orð hv. þm. Ég gerði það ekki viljandi. Það gleður mig mjög ef Framsfl. er að hér lýsa yfir stuðningi við þetta mál.

Að öðrum kosti, herra forseti, vil ég segja það, að ég deili skoðunum hv. þm. á því hvað þarf til þess að við náum þeirri velsæld sem mér finnst blasa við. Til þess þarf samstöðu og til þess þarf líka að sýna almenningi í landinu að það var til einhvers barist. Fólk þarf að finna það á sínu eigin skinni að það nýtur líka betri tíðar. Því miður er ekkert sem bendir til að svo sé enn þá miðað við þau frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. En með nýjum mönnum koma nýir siðir og ég fagna nýjum mönnum.

[18:46]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega ánægjuefni ef hv. 1. þm. Reykv. n. er farinn að ráða rétt í mál mitt hér áðan. Það er hins vegar rétt sem ég gat um í fyrstu ræðu minni. Ég sagði ekki að Samfylkingin hefði verið á móti stóriðjuframkvæmdunum fyrir austan. Ég sagði að hún hefði gengið klofin til leiks og er það ekki rétt, hv. þm.? Kom það ekki fram í máli hv. þm. að hluti af flokknum treysti sér ekki til þess að standa að þeim framkvæmdum? Nú er hins vegar allur flokkurinn tilbúinn til þess að eyða þeim ávinningi sem af því hlýst. Auðvitað vonast ég til þess, eins og ég gat um í síðasta andsvari mínu, að hv. þm. og hv. flutningsmenn þessa frv. muni ganga til liðs við okkur framsóknarmenn um að lækka skatta síðar á kjörtímabilinu og þá mun hv 1. þm. Reykv. n. halda áfram að mæra foringja okkar framsóknarmanna.

[18:48]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur aldrei setið á mér að ausa þá lofi sem lof eiga skilið. Ég hef meira að segja tvisvar sinnum borið lof á hv. þm. sem flutti jómfrúrræðu sína í dag. Í fyrsta lagi fyrir ágæta ræðu, í öðru lagi fyrir að sjá loksins ljósið því að hv. þm. hefur komið hér og lýst því einlæglega að hann styðji a.m.k. andann í þessu frv. En hversu traust er að treysta loforðum framsóknarmanna?

Það vill nú svo til að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson háði kosningabaráttu í vor. Eitt af því sem hann barðist fyrir var að lækka virðisaukaskatt á barnafötum. Ég hef ekki sé það mál koma inn í þingið, herra forseti. En það má vel vera, af því að hv. þm. á eftir að sitja hér töluvert með okkur, að hann eigi eftir að leggja það mál fram. Þá yrðum við sammála enn á ný, því að það er stefna okkar í framtíðinni að afnema virðisaukaskatt eða lækka virðisaukaskatt á barnavarningi úr 24,5% niður í 7%. Við erum hins vegar ábyrgur flokkur. Við teljum að nóg sé að sinni með því að leggja fram þetta frv. Við teljum að staða efnahagsmála sé þannig að þau þoli skattalækkun af þessu tagi og þetta sé réttlát skattalækkun. Hins vegar má hv. þm. búast við því að ef það tekst, ekki síst fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingar og góðra afla í samfélaginu, að ná þessum efnahagslega ávinningi sem hv. þm. telur að sé fyrir hornið og ég held að sé rétt hjá honum, mun ekki skorta tillögur frá Samfylkingunni til þess að eiga og deila réttlátlega þeim verðmætum sem þjóðin hefur unnið sér saman inn fyrir.

[18:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hefur verið flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar um tillögur um lækkun á virðisaukaskatti á matvælum úr 14% í 7% er allra góðra gjalda vert. Og sú nálgun sem lögð er fram í hugsanlegum skattabreytingum eða skattalækkunum, að lækka skatta á þeim sem hafa sem mesta þörf fyrir það, almennu launafólki, barnafjölskyldum o.s.frv. og rakið er í greinagerðinni, sú nálgun finnst mér vera ágæt hvað það varðar.

Það er þó rétt að halda til haga að miklar breytingar, miklar skattalækkanir rýra tekjur ríkissjóðs og koma einhvers staðar niður í útgjöldum ríkissjóðs á móti. Þess vegna skiptir máli þegar flutt eru frv. um gríðarlegar breytingar í skattkerfinu að maður geri sér grein fyrir því að það hefur líka áhrif á útgjöld og forgangsröðun útgjalda ríkisins ef þar verður um tekjuskerðingu að ræða hjá ríkinu í heild sinni. Þetta finnst mér kannski vera það sem vantar þegar farið er í svona mikla skoðun og ég ítreka það að þetta þarf að skoðast í heild en ég ber fulla virðingu fyrir nálguninni.

Ég vil líka, varðandi greinargerðina, taka undir það að við getum á eigin forsendum haft áhrif á matarverð hér á landi, með breytingum á skattalöggjöfinni og með breytingum á virðisaukaskatti. En sú röksemd sem hér er tínd til að hin leiðin sé að ganga í Evrópusambandið og lækka með því matarverð finnst mér algerlega út í hött, enda hefur hún alls staðar reynst óraunsæ.

[18:52]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær röksemdir sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti í dag varðandi þróun matvælaverðs í tengslum við Evrópusambandsaðild með vísun til annarra Norðurlanda slær, finnst mér, út af borðinu síðustu fullyrðingu hv. þm. En allt um það. Ég deili einfaldlega þeirri

skoðun með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að það sé hægt að lækka matarverð með öðrum leiðum heldur en bara þeirri að ganga í Evrópusambandið. Annaðhvort væri nú og mér finnst mikilvægt að menn séu samferða eins langt og þeir geta. Ég heyri það að hv. þm. Jón Bjarnason og væntanlega sá flokkur sem hann tilheyrir, vilja verða Samfylkingunni samferða töluvert áleiðis í baráttu okkar fyrir því að lækka matarverð á Íslandi.

Hv. þm. bendir réttilega á það að ef menn eru að leggja fram hugmyndir sem draga úr tekjum ríkisins og hugsanlega ýta að einhverju leyti undir þenslu, verði þeir að koma með tillögur til mótvægis. Nú er það svo, herra forseti, að ég er eins og ýmsir þingmenn, t.d. hv. þm. sem nú situr í virðulegum forsetastóli, þeirrar skoðunar að ríkisútgjöldin almennt hafi bólgnað út á síðustu árum, langt umfram það sem æskilegt er og eðlilegt er. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi samstillt átak til þess að koma í veg fyrir og stemma þessa hóflausu þenslu ríkisútgjalda. Við getum síðan deilt um leiðir til þess að gera það.

Ég vil líka geta þess, herra forseti, að því er varðar þenslu efnahagslífsins, að ég tel t.d. að það væri æskilegt að grípa til einhvers konar aðgerða sem ýta undir sparnað. Ég hef varpað fram einni slíkri hugmynd í umræðu við hæstv. fjmrh. að því er varðar viðbótarlífeyrissparnað.

[18:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. á að ég held að flestir, nema einstaka félagar í hans flokki, geri sér grein fyrir því að innganga í Evrópusambandið breytir ekkert matarverði hér. Það er meiri breytileiki á verði innan ríkja Evrópusambandsins miðað við meðaltalstölur frá Evrópusambandinu og annarra ríkja. Það eru allt önnur atriði sem hafa áhrif á, eins og launastrúktúr og annað því um líkt innan landanna þannig að mér finnst það ljóður á annars nokkuð bærilegri greinargerð að þingmenn Samfylkingarinnar skuli stöðugt troða inn þessari Evrópusambandsaðildarhugsun sinni. Það verður að ganga inn í Evrópusambandið og ef ekki, þá verður að grípa til þessara og þessara aðgerða. Mér finnst það ljóður, virðulegi forseti, á annars nokkuð góðri greinargerð að þessu skuli vera troðið inn fullkomlega að ósekju og skemmir málið ef eitthvað er. En innganga í Evrópusambandið er ekki okkur til framdráttar né mun lækka hér matarverð, virðulegi forseti.

[18:56]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá ágreiningur sem er millum mín og hv. þm. Jóns Bjarnasonar um Evrópu er löngu kunnur. Sá ágreiningur er á allra vitorði. Það er kannski bara tímaeyðsla að deila við hv. þm.

Ég ætla ekki að halda því fram að hann muni sjá ljósið eins skjótt og hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson fyrr í dag. Þó el ég þá von í brjósti að hv. þm. Jón Bjarnason muni líka leyfa sér þann munað að skoða þetta af fordómaleysi í framtíðinni. Hv. þm. hefur áður sýnt að hann er fullkomlega fær um það. Ég gæti farið í langa umræðu um þær röksemdir sem hv. þm. hefur stundum flutt gegn skoðunum mínum en ég veit að hann má ekki tala hér aftur og ætla því ekki að gera það. Ég vil aðeins þakka honum fyrir ummæli hans um þá leið sem við leggjum til. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að menn eiga að reyna að verða samferða eins langt áleiðis og kostur er. Við getum farið töluvert langt í þessu máli saman, ég og hv. þm., áður en að því kemur að fyrir okkur verður vegpóstur þar sem á stendur: Evrópusambandið og Brussel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

10. FUNDUR

þriðjudaginn 14. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Virðisaukaskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjármálafyrirtæki, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
4. Raforkukostnaður fyrirtækja, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
5. Samkeppnislög, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
6. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
7. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
8. Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
9. Fæðingar- og foreldraorlof, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
10. Framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
11. GATS-samningurinn, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Tilkynning um afturköllun þingmála.

[13:31]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill tilkynna að 127. og 132. mál þingsins, fyrirspurnir á þskj. 127 og 132, eru kölluð aftur.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 146. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 146.

Barnalög, 152. mál, frv. allshn., þskj. 152.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umhverfisþing.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að vekja athygli forseta og þingheims á því að þannig háttar til í dag og á morgun, í miðri þingviku, að samtímis stendur yfir umhverfisþing, allan daginn í dag og fram undir kaffi á morgun. Svona til að undirstrika þá staðreynd hversu óhaganlega tekst til, herra forseti, má upplýsa að þinginu stýra tveir hv. þingmenn og upp undir 10 þingmenn eru skráðir til þátttöku á þinginu. Nú er að vísu um mikla silkihúfusamkomu stjórnvalda og embættismanna að ræða þannig að leikmönnum og náttúruverndarsamtökum og öðrum er ekki ætlaður þar mikill hlutur. Engu að síður er það þannig, herra forseti, að hér er um umhverfisþing samkvæmt lögum að ræða sem á að hafa mikið hlutverk með höndum. Þarna er verið að kynna drög að nýrri náttúruverndaráætlun sem er síðan væntanleg til þingsins. Eðli málsins samkvæmt hefðu því örugglega margir hv. þingmenn áhuga á því að sækja þetta þing. Það er að sjálfsögðu ekki við því að búast að óskyldir aðilar úti í bæ geti sýnt því skilning að þingið sé að störfum, ekki síst í miðri viku, en það er ansi hart að ráðuneyti setji stóra atburði eins og umhverfisþing, sem eru kannski annað hvert ár eða svo, niður með þessum hætti, að þeir séu inni í miðri viku og geri þingmönnum þar af leiðandi mjög óhægt um vik að sækja þá.

Ég ímynda mér reyndar, herra forseti, að þetta sé heldur ekki sérstaklega heppilegur tími fyrir t.d. áhugamenn af landsbyggðinni að sækja umhverfisþing, menn þurfa að taka sér þriggja daga frí úr vinnu til þess að geta sótt þetta. Þannig að hvernig sem á þetta er litið, finnst mér, herra forseti, þetta vera afar óhöndugt og hvet hæstv. forsætisnefnd þingsins til þess að fara yfir þetta mál að marggefnu tilefni því að það er ekki eins og þetta sé í fyrsta skipti sem ráðuneyti setja atburði svona niður algerlega á skjön og án tillits til skuldbindinga þingmanna og þeirra sjálfra hér á þingi, því að ráðherrar hafa auðvitað þingskyldur eins og aðrir menn. Ég hvet því forsætisnefnd til þess að skrifa ráðuneytunum bréf og fara fram á að hugað sé að þessum hlutum.

[13:35]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að athygli forsætisnefndar hefur verið vakin á þessu máli og forsætisnefnd mun taka það til frekari umræðu.

Fjárhagslegur aðskilnaður útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK og JÁ, 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 6. mál (matvæli). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga.

[13:37]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn er 10. október ár hvert og í ár var hann tileinkaður börnum og unglingum með geðraskanir. Geðræktarþing var haldið í tilefni dagsins og var hans einnig minnst með blaðaskrifum og viðtölum við foreldra og aðra sem málið varðar. Nýlega var stofnað félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga og má vænta að þar sé kominn ábyrgur þrýstihópur um bætta þjónustu. Vil ég beina því til hæstv. heilbrrh. að nýta sér krafta þessa fólks. Það er ljóst að geðheilbrigðisþjónustu hér á landi er að mörgu leyti ábótavant og þarf endurskoðunar við en brýnast er að bæta þjónustu barna og ungs fólks. Geðheilbrigði þessa aldurshópa hefur versnað á undanförnum árum og virðumst við fylgja sömu þróun og er í nágrannalöndum okkar. Ef erfiðleikar á sviði andlegrar líðunar, hegðunar eða þroska eru það miklir að þörf er á inngripi fagfólks má kalla það geðheilsuvanda. Ef vandinn er viðvarandi eða alvarlegur er um geðröskun eða geðsjúkdóm að ræða og eru þessi vandamál hlutfallslega algeng hjá börnum. Faraldsfræðilegar rannsóknir benda til að um 20% barna eigi við geðheilsuvanda að stríða á hverjum tíma og um 7–10% barna þurfi á geðrænni meðferð að halda. Þetta þýðir að um 10–20% barna þurfa á hjálp að halda vegna geðraskana. Ekki er að fullu ljóst hvers vegna þessi þróun á sér stað. Betri greining er einn þáttur af mörgum, hraði nútímaþjóðfélagsins, fjölskyldumunstur og samvera við foreldra, einelti, ofbeldi gegn börnum og ónógur stuðningur við fjölskyldur sem eru í vanda, allt þetta hlýtur að hafa mikil áhrif á geðheilsu og hegðun barna og unglinga, og eru þá aðeins nokkrir áhrifaþættir valdir.

Þar sem við getum að flestu leyti borið okkur saman við Norðurlöndin er ljóst að við höfum miklu færri meðferðarúrræði en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Í Danmörku og Svíþjóð voru 1997 meðferðarúrræði fyrir allt að 2% barna sem greindust með geðröskun en hér á landi voru það einungis 0,5% sem höfðu möguleika á meðferð og plássi. Fjöldi meðferða og plássa er ágæt viðmiðun á þjónustustigi. Til

framtíðar litið er mikilvægt að þétta stuðningsnet fjölskyldunnar og auka nærþjónustu á mörgum sviðum eins og t.d. hefur verið gert á Akureyri með verkefninu Nýja barnið.

Virðulegi forseti. Nú er það ekki svo að ekkert hafi verið gert til þess að bæta þjónustuna. Í fjáraukalögum er lagt til að 27 millj. kr. verði varið til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga og þar af verði varið 20 millj. til sérstaks tímabundsins átaks, þ.e. að koma út teymi sem starfi við barna- og unglingageðdeildina fram til ársloka og sinni bráðatilvikum, skiptingu bráðalista eftir þjónustu unglingadeildarinnar og veiti sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu utan spítalans með heimsóknum til unglinga í vanda. Þetta teymi hefur þegar tekið til starfa. Viðbygging við BUGL bætir vinnuaðstöðu og fjölgar meðferðarplássum þeirrar stofnunar. Hvernig sem starfseminni verður háttað á næsta ári á eftir að koma í ljós, tel ég, að tímabundið meðferðarteymi eigi að starfa áfram eða auka þjónustuna í samræmi við fengna reynslu af þessu tímabundna átaki.

Þó nokkuð sé verið að auka brýna þjónustu BUGL, þ.e. barna- og unglingageðdeildarinnar, vantar opinbera heildstæða stefnumótun varðandi þjónustu á geðheilbrigðissviði fyrir börn og unglinga og fjölskyldur þeirra. Því til viðbótar hefur dregist úr hömlu að móta heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga eins og samþykkt var á Alþingi árið 2001 og enn hefur ekki litið dagsins ljós. Stefnumótun og endurskipulag geðheilbrigðisþjónustunnar er mjög brýn en jafnframt er mikilvægt að stefnumótunarvinnan fari saman svo úr verði heildstæð framtíðarstefna. Eða verður öllum tillögum að breytingum innan geðheilbrigðisþjónustunnar slegið á frest með því að vísa til nefndar um heildarendurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu?

Herra forseti. Af þessu tilefni hef ég lagt fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra, svohljóðandi:

Hvenær er áætlað að endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu liggi fyrir og munu verða gerðar umtalsverðar breytingar á sviði geðheilbrigðisþjónustu meðan sú endurskoðun stendur yfir?

Hvernig telur ráðherra að koma megi á, nú þegar, virkari samráði við heilsugæslu, skóla og félagsþjónustu varðandi úrlausnir og meðferð barna og unglinga með tilfinninga- og geðraskanir? Telur ráðherra að breyta þurfi reglugerðum um sérfræðiþjónustu skólans svo meðferð vegna tilfinninga- og hegðunarraskana geti hafist fyrr og í nærumhverfi barna? Mun ráðherra beita sér fyrir auknum framlögum til eflingar geðverndar og geðheilbrigðisþjónustu sveitarfélaga og mun ráðherra beita sér fyrir auknum meðferðarúrræðum barna og unglinga með geðraskanir?

[13:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Norðaust. fyrir að hreyfa hér máli sem við ræddum nokkuð í liðinni viku, þ.e. geðheilbrigðismálin. Ég lét þau orð falla á alþjóðageðheilbrigðisdeginum að geðheilbrigðismál væru erfiðasti málaflokkurinn fyrir heilbrrh., að glíma við. Að glíma við þann vanda er ekki ólíkt því að takast á við ósýnilegan skugga sem öllum að óvörum tekur á sig myndir sem enginn býst við eða getur séð fyrir. Ósýnilegan vegna þess að geðsjúkdómar voru um langan aldur feimnismál, einkamál, persónuleg mál einstaklinga og í besta falli fjölskyldna þeirra.

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Norðaust. spyr mig fimm spurninga og ég vona að hún virði það við mig þótt ég reyni að svara þeim saman. Það er spurt um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu og hugsanlegar breytingar á sviði geðheilbrigðisþjónustu í því sambandi. Nýlega var gengið frá skipun nefndarinnar til að endurskoða heilbrigðisþjónustulögin. Í skipunarbréfi hennar er ekki tekið fram að tilteknar sérgreinar verði ræddar sérstaklega, en það verður auðvitað svo í framkvæmd. Geðheilbrigðisþjónustan er þar ekki undanskilin. Það er flókið mál að endurskoða jafnviðamikinn lagabálk og heilbrigðisþjónustulögin og sú leið vafalaust torfarin. Ég geri því ekki ráð fyrir að þeirri endurskoðun ljúki innan þess tíma sem ég tel að við höfum til þess að endurskipuleggja geðheilbrigðisþjónustu við tiltekna hópa sjúklinga. Umbætur í geðheilbrigðisþjónustunni verða með öðrum orðum að ganga fyrir.

Það er spurt hvernig megi koma á virkara samráði heilsugæslu, skóla og félagsþjónustu til að sinna betur börnum og ungmennum með tilfinninga- og geðraskanir. Ég tilkynnti á geðheilbrigðisdaginn fyrir helgi að ég hefði ákveðið að ráða sérstaka verkefnisstjóra til að sjá til þess, svo fljótt sem verða má, að leiða saman fulltrúa í heilbrigðisþjónustu, félags- og menntmrn. og sveitarfélögin í landinu til að koma í einn farveg þjónustunni sem börn og ungmenni með þroska-, hegðunar- og geðraskanir þurfa að fá. Ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að skoða þetta samspil þjónustuþáttanna hratt og vel eru m.a. samtöl mín við aðstandendur barna og ungmenna með tilfinninga- og geðraskanir og þær kennitölur sem ég hef fyrir framan mig um það sem við höfum verið að gera á undanförnum árum.

Hér komum við kannski að síðustu spurningu þingmannsins um aukin framlög og aukin meðferðarúrræði fyrir börn og ungmenni sem þurfa á geðheilbrigðisþjónustu að halda. Þegar ég tala um kennitölur þá er ég m.a. að tala um þetta. Umönnunarbörnum í þeim hópi sem við erum að tala um hefur fjölgað á nokkrum árum úr 700 í 1.700 hjá Tryggingastofnun ríkisins. Á síðustu þremur árum hafa heimsóknir barna til barnageðlækna á stofu rúmlega tvöfaldast, þær voru 1.600 árið 2000 en eru nú 3.950 samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins. Greiðslueiningar á komu til geðlækna eru nú um 14% fleiri en fyrir nokkrum árum samkvæmt fjölda afgreiddra mála á BUGL, hafa því tvöfaldast á sex árum. Tilvísunum hefur fjölgað úr 300 í 500 á sama tímabili. Á fimm árum fjölgaði stöðugildum lækna á BUGL um níu og stöðugildum hjúkrunarfræðinga fjölgaði um tólf. Samtals fjölgar stöðugildum þessara starfsstétta úr 37 í 58 á fimm árum og geðlæknum á samningi hjá TR hefur til að mynda fjölgað frá 1999, en þá voru þeir samtals 39 en voru í fyrra 43.

Ég bið menn að misskilja ekki eða snúa út úr því sem ég hef sagt hér. Ég er ekki að halda því fram að nóg sé að gert. Mér er fullkunnugt um að þjónustuna við suma hópa þarf að bæta verulega. Samtöl mín við aðstandendur hafa kennt mér það og þess vegna hef ég ákveðið að skipa sérstakan verkefnisstjóra, sem ég gat um áðan, til að freista þess að koma þjónustunni í einn öflugan farveg, en mér ber sem heilbrigðisráðherra og alþingismanni að skoða gaumgæfilega hvernig á því stendur að tilteknir hópar fá ekki nægilega fljótt þjónustuna sem þeir þurfa þó að stórauknu fé hafi verið varið til málaflokksins.

Virðulegi forseti. Við erum alltaf að tala um viðbrögð við afleiðingum einhvers sem gerist. En hverjar eru ástæðurnar fyrir þessari ríku og að því er virðist vaxandi þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu hér á landi? Ég vona að við fáum haldbetri svör við spurningunum en við höfum nú, þegar heil-

brigðisyfirvöld, félagsmálayfirvöld, yfirvöld menntamála og sveitarfélaga fara að tala saman eins og ég hef lagt grunninn að.

[13:48]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að taka þessi mál upp hér og tek undir flest það sem kom fram í hennar máli. En ég vil einnig taka sérstaklega undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að þrátt fyrir væntanlega heildarendurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu, sem ber að fagna, er nauðsynlegt að fara án tafar í ýmsar úrbætur í málefnum geðfatlaðra og þá sérstaklega geðfatlaðra barna og ungmenna. Staðan í málefnum þeirra er langt í frá að vera ásættanleg og þá ekki síst þegar kemur að möguleikum þeirra til náms. Ég get nefnt sem dæmi að á skólaskrifstofu Suðurlands liggja fyrir upplýsingar um að það eru u.þ.b. 20 börn með alvarlegar geðraskanir sem stunda nám inni í almennum bekkjardeildum grunnskólans. Þessi börn eru mjög veik og nám í almennri bekkjardeild nýtist þeim ekki. Þau þyrftu að fá sérkennslu samhliða meðhöndlun heilbrigðiskerfisins.

Það er líka ljóst að það eru í kringum 900–1.000 börn í grunnskólum landsins sem búa við einhverja fötlun. Aðeins um 200 þeirra eru í sérskólum þar sem sérstökum þörfum þeirra er sinnt. Af þessum tæplega þúsund börnum eru fjölmörg sem búa við alvarlegar geðraskanir og það á ekki að vera þannig að börn með alvarlega geðræna sjúkdóma séu inni í skólum í almennum bekkjardeildum þar sem lítil eða engin aðstaða er til að sinna þeim í samræmi við þær þarfir sem þau hafa.

Í Reykjavík og á Akureyri er haldið úti sérkennslu fyrir börn sem eiga við þessi alvarlegu veikindi að stríða og er hún kostuð af sveitarfélögunum. Ég tel að það sé ekki eðlilegt. Það er eðlilegt að sveitarfélögin beri kostnað af kennslunni en að sjálfsögðu á meðhöndlun innan heilbrigðiskerfisins sem þarf að fara fram samhliða að vera kostuð af ríkinu. Það á að tryggja þessum sjúklingum kennslu við hæfi og meðferð innan heilbrigðiskerfisins en ekki að auka á vanlíðan þeirra með því að láta þau stunda nám við aðstæður sem þau ráða engan veginn við.

[13:50]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er fjallað um afar mikilvægt mál. Geðraskanir meðal barna og ungmenna eru algengar og fjölþættar. Þar má m.a. nefna ýmsa geðsjúkdóma, þroskafrávik, hegðunarvandkvæði og vímuefnaneyslu.

Málefni ungmenna með geðraskanir hafa verið talsvert til umræðu á undanförnum missirum og almenningur hefur sem betur fer í ríkari mæli gert sér grein fyrir þýðingu þeirra og umfangi. Þjónustuþörfin er þekktari og brýnt að leita úrræða til að mæta henni með viðeigandi hætti.

Ríkisstjórnin hefur gengist fyrir auknum fjárveitingum sem m.a. hafa nýst til að efla samstarf aðila sem veita börnum og ungmennum þjónustu á þessu sviði, þar á meðal barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, Barnaverndarstofu og unglingadeild SÁÁ. Á þessu ári hafa stjórnvöld enn aukið fjárveitingar til barna- og unglingageðdeildarinnar sem munu m.a. nýtast til að fjölga sjúkrarýmum á deildum og efla sérfræðiþjónustu utan sjúkrahússins og til að draga úr biðlistun.

En það er nauðsynlegt að hafa í huga að geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungmenni er aðeins einn þáttur í þeim fjölþættu úrræðum sem þörf er á. Það er ekki síður nauðsynlegt að efla félagsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra ásamt því að reyna að greina geðraskanir barna sem fyrst í skólum og stuðla að fyrirbyggjandi meðferð. Efla þarf greiningu og meðferð geðraskana hjá ungmennum utan sjúkrahúsa, m.a. í heilsugæslunni, þannig að viðeigandi úrræði fáist áður en grípa þarf til vistana á sjúkradeildum.

Aukið samstarf heilbrigðis- og félagsþjónustu er nauðsynlegt og líklegt til að leiða til bættrar þjónustu og því ber að fagna því frumkvæði sem hæstv. heilbrrh. hefur haft í þessum málaflokki. Við þurfum öll að taka höndum saman í þessu mikilvæga máli og ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa frumkvæði að þessari umræðu hér á hinu háa Alþingi.

[13:52]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í erindi formanns Félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna, sem flutt var á alþjóðageðheilbrigðisdeginum sl. föstudag, kom fram að hér á landi eigum við nokkuð langt í land með að sinna þeim börnum sem eru verst stödd því hér eru einungis meðferðarpláss fyrir 0,5% barna og unglinga. Annars staðar á Norðurlöndunum er gert ráð fyrir að um 2% barna og unglinga þurfi á langvarandi aðstoð meðferðarstofnana að halda.

Þessar tölulegu upplýsingar segja mér hins vegar að viðhorf stjórnvalda til þessa málaflokks virðist vera að geðraskanir barna og unglinga séu mál sem sjálfkrafa eyðast og detta út. Einmitt þess vegna eru bráðabirgðalausnir hættulegar, ekki aðeins börnunum og unglingunum sem um er að ræða heldur samfélaginu öllu, því vandinn getur stækkað og orðið mun umfangsmeiri ef ekkert markvisst er gert til að taka á þörfum þessara barna og unglinga og veita þeim og fjölskyldum þeirra þau meðferðarúrræði sem þau eiga fullan rétt á. Það eru mörg grá svæði sem þarf að eyða. Það er skörun í þjónustuveitingu ríkis og sveitarfélaga til þessa hóps.

Þó ekki aðeins þurfi að bæta geðheilbrigðiskerfið þá verða skólar einnig að vera með inni í dæminu því um er að ræða börn á grunnskólaaldri. Meðfram því að efla geðheilbrigðisþjónustu barna og unglinga innan heilbrigðiskerfisins þarf líka að efla geðheilbrigðisþjónustu innan grunnskóla og framhaldsskóla. Þessir aðilar innan heilbrigðisþjónustunnar og grunnskólans þurfa því að finna lausnir sem allir geta verið sáttir við. Mikilvægast af þessu öllu er að það verði gert í fullri samvinnu við hagsmunahópa barna og unglinga með geðræn vandamál.

[13:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir frumkvæði að þessari umræðu um málefni geðsjúkra. Á þessu sviði má hvorki löggjafinn né framkvæmdarvaldið nokkurn tíma sofna á verðinum, við þurfum stöðugt að stuðla að bættum úrræðum.

Á þeim akri sem geðheilbrigðissviðið er kennir margra grasa. Þannig hafa sprottið upp sjálfshjálparsamtök sem hafa mörg unnið ágætt starf og vísa ég þar t.d. í klúbbinn Geysi. Þetta er mikilvæg hliðarstarfsemi við sjálft heilbrigðiskerfið.

Í tengslum við alþjóðageðheilbrigðisdaginn hafa birst greinar í fjölmiðlum, þar á meðal grein eftir formann Félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga. Það hefur verið vitnað til þessarar greinar hér í þessum umræðum. Ég vil benda á ábendingar sem þar koma fram um brotalamir í geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga

á Íslandi sérstaklega. Formaður þessa félags, Kristján Már Magnússon, bendir á að minna hlutfall barna njóti hjálpar heilbrigðiskerfisins en gerist almennt á Norðurlöndum. Og það er annað sem hann leggur einnig mikla áherslu á, það er skorturinn á samhæfingu innan kerfisins. Þar vísi aðilar hver á annan og í því sambandi vil ég sérstaklega nefna þær áherslur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð setti fram fyrir síðustu alþingiskosningar. Við lögðum ríka áherslu á að á þessu yrði gerð bragarbót. Í kosningabæklingi okkar segir um áherslur okkar að stuðningsteymi í hverju heilsugæsluumdæmi verði komið á fyrir fólk með félagslega eða geðræna röskun.

Á þetta vildi ég leggja sérstaka áherslu við þessa stuttu umræðu hér.

[13:57]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Fjárframlög til geðheilbriðgisþjónustu hafa verið aukin mjög á síðustu árum og sú aukning sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að þessu sinni gerir okkur kleift að þjónusta enn betur þau börn og unglinga sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Að fjármagninu slepptu eru verkefnin fleiri sem þarf að taka á og tryggja að þeir einstaklingar sem búa við hvers konar geðraskanir fái notið þjónustu við hæfi. Þarfir einstaklinganna og aðstæður eru jafnmisjafnar og þeir eru margir og þess vegna skiptir meginmáli að stjórnsýsla þessa málaflokks sé bæði sveigjanleg og skilvirk.

Það segir sig sjálft að það fyrirkomulag sem við búum við núna, að framkvæmd þjónustu við geðsjúk börn og unglinga falli bæði undir verksvið sveitarfélaganna og þriggja til fjögurra ráðuneyta, býður hættunni heim og kallar á að samhæfingu og samstarfi í þessum málflokki sé sérstakur gaumur gefinn. Við verðum að tryggja að það fjármagn og þjónustan sem við höfum verið og erum að byggja upp nýtist til fulls, og ég tel, herra forseti, mjög tímabært að endurskoða skipulag og framkvæmd þessarar þjónustu, hvernig mismunandi þættir hennar vinna saman og huga sérstaklega að bráðaþjónustunni, langtímaúrræðum og ekki síst að endurhæfingunni.

Það skiptir verulegu máli að geðraskanir séu greindar fljótt og oftar en ekki verður þeirra fyrst vart þegar börn hefja nám í grunnskóla, en reglugerðin um sérfræðiþjónustuna gerir einungis ráð fyrir einum sálfræðingi fyrir 1.400 börn auk alls annars sem þeim sérfræðingi er ætlað að sinna, eins og stuðningi við starfsmenn skóla og ráðgjöf við foreldra. Og þó að mörg sveitarfélög séu að gera mun betur en lágmarkið gerir ráð fyrir þá er alveg ljóst að það er mjög brýn þörf á að efla þennan þjónustuþátt.

Herra forseti. Samstarfsteymi sérfræðinga innan heilsugæslunnar sem sérstaklega er ætlað að efla þjónustu við börn og unglinga með geðræn vandamál og fjölskyldur þeirra tel ég vera sérstakt framfaraspor. Mig langar að lokum, herra forseti, að fagna því sérstaklega að ákveðið hefur verið og fjármagn tryggt til að koma á fót sérstakri deild fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga sem búa við samþætt vandamál, geðraskanir og fíkniefnaneyslu.

[14:00]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ár eftir ár eru málefni geðsjúkra einstaklinga í uppnámi og við heyrum meira að segja af ófremdarástandi í málefnum geðsjúkra barna og unglinga. Á meðan þetta er í ólestri getum við ekki réttlætt nein önnur ríkisútgjöld. Þetta er einfaldlega hluti af grunnskyldu samfélagsins langt á undan jarðgöngum, sendiráðum, búvörusamningum og menningarhúsum.

Á hverjum gefnum tíma glíma um 50 þús. Íslendingar við geðraskanir af ýmsum toga. Í þeim hópi er að sjálfsögðu að finna börn og unglinga en um fimmta hvert barn í landinu er talið eiga við geðheilsuvandamál að stríða. Fleiri einstaklingar fremja sjálfsvíg árlega hérlendis en þeir sem deyja í umferðarslysum.

Formaður Félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga hefur nýlega staðfest að kerfið hafi einfaldlega brugðist og að í raun ríki ófremdarástand í geðheilbrigðismálum barna og unglinga hér á landi. Hann telur að úrræði fyrir börn og unglinga skorti á öllum þjónustustigum og að Ísland sé hinum Norðurlöndunum langt að baki. Hér á landi er gert ráð fyrir að 0,5% barna með geðheilsuvandamál fái viðunandi þjónustu en annars staðar á Norðurlöndunum er þetta hlutfall 2%, þ.e. fjórum sinnum hærra. Til að ná þeim viðmiðunum hér á landi þyrfti að þrefalda mannafla barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Hvorki tímabundnir plástrar né góð orð ráðherrans við og við nægja lengur. Við þurfum eifnaldlega að setja þessi mál í forgang og í raun þarf ekki mikið til. Það á ekki að þurfa að standa í undirskriftasöfnunum eða skipa sérstaka verkefnisstjóra með reglulegu millibili. Hlustum á þá sem þekkja þessi mál og leysum þau í eitt skipti fyrir öll.

[14:02]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. 10. október sl. var alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn og í þetta sinn var hann tileinkaður börnum og unglingum með tilfinninga- og hegðunarraskanir. Síðustu missiri hefur öll umræða verið opnari og jákvæðari um geðheilsu og geðvernd, fordómar gegn þeim sem glíma við geðraskanir hafa látið undan síga og aukinn skilningur er á þessum málaflokki. Í úttekt sem gerð var á vegum heilbrigðisyfirvalda hefur komið í ljós að um 20% barna og unglinga á Íslandi þurfa að glíma við geðheilsuvandamál einhvern tíma fyrir 18 ára aldur í lengri eða skemmri tíma. Of mörg börn þjást, of mörg börn og unglingar hafa reynt sjálfsvíg og allt of mörg hafa tekið sitt eigið líf. Fram hafa komið vísbendingar um aukna þörf á bráðaþjónustu, langtímaúrræðum, endurhæfingu og þjónustu utan sjúkrahúss. Heilsugæslan ætti að geta sinnt stærra hlutverki við greiningu og meðferð einstaklinga með geðrænan vanda en nú er gert.

Virðulegi forseti. Það er verið að taka á þessum vanda og þess sér stað bæði í fjárlögum og fjáraukalögum sem eru nú til meðferðar í fjárln. Í frv. til fjárlaga eru t.d. ætlaðar 20 millj. til að koma á samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa í heilsugæslunni. Tilgangurinn með því er að efla heilsugæsluþjónustu sem tengist börnum og unglingum með geðræn vandamál og fjölskyldum þeirra.

Að lokum, virðulegi forseti, er afar mikilvægt að stöðugt sé hugað að heildarskipulagi geðheilbrigðisþjónustunnar. Samhæfing og samstarf er það sem koma þarf til svo að öll meðferðarúrræði verði markvissari.

[14:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil sem aðrir þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að taka upp þetta mál. Ég þakka einnig hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er að sjálfsögðu lofsvert svo langt

sem það nær, það sem verið er að reyna að gera í þessum málaflokki, eins og t.d. að bæta úr löngu tímabærum og óviðunandi aðstæðum barna- og unglingageðdeildarinnar sem lengi hafa náttúrlega verið til skammar. En það breytir ekki því, og ég hygg að það sé samdóma mat flestra sem til þekkja, að geðheilbrigðismálin, og ekki síst það sem snýr að börnum og unglingum og fjölskyldum þeirra, eru það svið heilbrigðismála okkar og velferðarþjónustu sem hefur lengi verið í langmestum ólestri. Það vantar allt of mikið upp á að hlutirnir vinni eðlilega saman. Eins og hér hefur rækilega komið fram vantar verulega upp á að skólakerfið, heilsugæslan, félagsþjónustan og eftir atvikum sérhæfðari úrræði myndi eina eðlilega heild; gráu svæðin milli félagslegu úrræðanna annars vegar og heilbrigðisþjónustunnar hins vegar eru allt of mörg og úrræðin eru einfaldlega allt of takmörkuð. Það er því miður engin ástæða til að ætla að þessi vandamál séu minna útbreidd hér á landi en annars staðar í nálægum löndum. Engu að síður blasir sú staðreynd við að úrræðin eru allt frá helmingi og upp í 100% minni eða þaðan af meira, þ.e. það skortir einfaldlega úrræði og bolmagn til þess að takast á við þessi vandamál og úr því þarf að bæta. Ég vil alveg sérstaklega, herra forseti, leggja áherslu á að það er mannlegi þátturinn sem þarf að efla, þ.e. við þurfum að bæta þjónustu sálfræðinga, geðlækna, félagsráðgjafa og annarra slíkra aðila en ekki bæta við lyfjagjöf. Fram hjá þessu þýðir ekkert að horfa. Við komumst hvorki lönd né strönd í þessum efnum nema við séum tilbúin til að taka á vandanum þar sem hann er, og hann er þessi. Það þarf að stórefla þessa þjónustu.

[14:06]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri þingmenn þakka hv. 10. þm. Norðaust. fyrir að hefja umræðu um þessi mál. Umræða um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga er þörf og löngu tímabær hér á hinu háa Alþingi. Því ber að fagna að hæstv. heilbrrh. hefur í störfum sínum lagt sérstaka áherslu á geðheilbrigðismál og eins og ráðherra gat um í ræðu sinni hér áðan ganga umbætur í geðheilbrigðisþjónustu fyrir. Það er auðvitað brýn nauðsyn til þess að taka á geðheilbrigðismálum barna og unglinga. Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra áðan voru fjögur þúsund heimsóknir barna til geðlækna á þessu ári og því síðasta.

Í samræmi við þessa áherslu hæstv. ráðherra hefur auknum fjármunum verið varið til geðheilbrigðisþjónustu við börn, bæði á fjárlögum árið 2002 og á fjárlögum árið 2003. Í því frv. til fjáraukalaga sem bíður afgreiðslu á hinu háa Alþingi er gert ráð fyrir 27 millj. kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Það er fyrir stækkun barna- og unglingageðdeildar við Dalbraut, flutning göngudeildar til að auka landsbyggðarþjónustu og sömuleiðis fyrir heimaþjónustu. Og síðast en ekki síst er gert ráð fyrir 45 millj. kr. til að stækka legudeild barna- og unglingageðdeildar í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Þá er sömuleiðis gert ráð fyrir 76 millj. kr. til að efla starfsemi barna- og unglingageðdeildar þannig að það er ljóst, hæstv. forseti, að það er vel unnið að þessum málum af hálfu hæstv. ráðherra og ég vona að þingheimur allur geti tekið höndum saman með hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórninni í þessum málum.

[14:08]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin, fyrir þann skilning sem hann virðist hafa á þessum málaflokki og fyrir það að hlusta á fólk. Það gleður mig að það skuli núna vera settur sérstakur verkefnisstjóri til að koma þessu samþætta starfi í einn öflugan farveg því að þessi skortur á samræmingu og samstarfi á milli þjónustuþátta, þ.e. skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaganna hefur háð geðheilbrigðisþjónustunni sérstaklega. Þarna verðum við að finna betri farveg til að öll vinna skili sér.

Herra forseti. Mér finnst mikilvægt að fram fari umræða um áherslur í heilbrigðisþjónustunni. Útgjöld til heilbrigðismála hækka ár frá ári og eðlileg skýring er á flestum þáttum. Þó má staldra við og spyrja sig hvort hægt sé að draga úr lyfjanotkun og -kostnaði með aukinni þjónustu. Bráðamóttökudeild barna og unglinga á að mínu mati að vera öll á sama stað, hvort sem um líkamlega eða geðræna sjúkdóma er að ræða. Núverandi fyrirkomulag ýtir undir fordóma gagnvart geðsjúkdómum sem mikilvægt er að vinna gegn með öllum ráðum, en greina má á milli bráðamóttöku göngudeildar og svo meðferðar til lengri tíma sem getur þá verið með sama hætti og nú er. Það þarf að efla þjónustu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og ráða þangað barnageðlækni. Sálfræðiþjónustu grunnskólanna þarf einnig að auka og gera mögulegt að sinna einfaldari geðröskunum. Auk þess þarf að koma þar á þverfaglegu greiningarteymi innan skólanna og í samvinnu við heilsugæsluna. Samvinnu skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga þarf að koma á með skipulögðum hætti eins og vonandi verður nú, eftir tillögu hæstv. ráðherra. Reglur Jöfnunarsjóðs um endurgreiðslur á sérstökum kennslukostnaði er svo þröngur og umsóknarferli það erfitt að sjóðurinn endurgreiðir kostnað allt of lágs hlutfalls barna miðað við tíðnitölur hinna ýmsu tegunda fatlana, tilfinninga og geðraskana. Það verður að gera sveitarfélögunum kleift að efla nærþjónustuna. Að öðrum kosti munum við stórauka sjúkrahúskostnaðinn.

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég heyri að þrátt fyrir allt eru þeir hv. þm. sem hafa tekið þátt í henni sammála um meginatriði málsins, að það þurfi að auka samhæfingu í þessum málaflokki. Þar ber þeim saman við það félag aðstandenda sem er nýstofnað. Ég hef rætt við það fólk og það er rauði þráðurinn í málflutningi þeirra. Það er keppikefli að veita þjónustuna á réttum stað, á réttum tíma og sem allra fyrst. Og ég tek auðvitað undir þetta með mannlega þáttinn. Hann skiptir miklu máli. Þetta verður aldrei gert nema með samvinnu aðila og það er einmitt það sem ég ætlaði verkefnisstjóranum að fjalla um og draga menn til samvinnu af því að ég veit að það er vilji fyrir hendi í þessum málum.

Ég undirstrika einnig að sjálfsprottin félög í þessum geira hafa unnið mjög gott verk og ég þakka þeim sérstaklega fyrir það verk sem þau vinna. Ég hef hlustað á skoðanir og reynslu þess fólks sem þar er um að ræða.

Varðandi samanburðinn við Norðurlöndin vil ég geta þess að tölurnar sem notaðar eru varðandi okkur eru frá 1997. Síðan hefur sem betur fer miðað í áttina því að útgjöldin og aðgerðir hafa aukist umtalsvert síðan þá. Við þurfum samt alveg nauðsynlega að vita hvar við stöndum nákvæmlega og ég hef gert ráðstafanir til þess að farið verði yfir þessar tölur því að það er ekki alveg samræmi í því hvað er talið með til þessara útgjalda og hvað er talið með í þessari þjónustu á Norðurlöndunum. Með þessu er ég ekki að afsaka neitt en

við þurfum að fara varlega með þessar tölur. Vonandi getum við samt aukið þjónustuna sem er aðalatriðið og samhæft hana. Það held ég að sé lykillinn að betri tíma í þessu efni.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. ÖJ og SJS, 7. mál (kaup viðskiptabanka á hlutabréfum). — Þskj. 7.

[14:14]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki en flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Það þarf varla að fjölyrða um að miklar sviptingar hafa orðið á fjármálamarkaði og í efnahagslífinu á undanförnum árum, þó sérstaklega á undanförnum missirum. Eignarhald fyrirtækja, stórra og smárra, hefur skipt um hendur ótt og títt. Það sem var í gær er annað í dag og enginn veit hvað morgundagurinn ber í skauti sér.

Þetta þarf í sjálfu sér ekki að vera slæmt. Reyndar er þetta einn þeirra kosta sem menn sáu við markaðs- og hlutafélagavæðingu þegar henni var hrundið af stokkunum í byrjun tíunda áratugarins. Þá var ein röksemdin sem sett var fram sú að heppilegt væri að koma á fyrirkomulagi þar sem eignarhald gæti skipt um hendur auðveldlegar en verið hafði. Það eru vissulega orð að sönnu, að eftir að fyrirtæki er breytt í hlutafélag er auðveldara að selja hluta af eignarhaldinu án þess að þurfa að selja fyrirtækið allt. Þetta var einn af kostunum sem menn sáu fyrir sér með hlutafélagavæðingunni og tilkomu kauphallarviðskipta.

Annað sem menn töldu til kosta hlutafélagavæðingar var sú hugsun að með hlutafélagavæðingu kæmu fleiri eigendur að fyrirtækjum, eigendur yrðu fjölmennari hópur en nú er. Þeir sem eldri eru muna eflaust eftir eldheitum barátturæðum Eyjólfs Konráðs Jónssonar, fyrrum þingmanns Sjálfstfl., sem var mikill talsmaður þessa og taldi að með því mundum við að stuðla að lýðræðislegra eignarhaldi í atvinnulífinu. Við vitum öll hvernig til hefur tekist. Draumsýn hans varð að martröð. Eignarhaldið er að færast í sífellt færri hendur en ekki fleiri hendur.

Annað hefur gerst en það er nú staðreynd að bankar sem áður fyrr stunduðu viðskipti, lánafyrirgreiðslu af margvíslegu tagi, eru sjálfir komnir á kaf í atvinnurekstur. Ekki nóg með þetta heldur hafa eigendur bankanna notað þá sem valdatæki til að brjóta sér farveg inn í atvinnulífið.

Fyrir fáeinum árum studdumst við við sterka fjárfestingarsjóði í atvinnulífinu, í iðnaði og sjávarútvegi. Þessir sjóðir voru síðan sameinaðir undir regnhlíf Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Hann var þegar fram liðu stundir gleyptur af Íslandsbanka og þar með var sett í gang sú fjármálahringekja sem ekki hefur stöðvast síðan. Eitt fyrst verk Fjárfestingarbankans var að losa um fjármagn í matvöruverslun. Þar voru losaðir nokkrir milljarðar sem síðan fóru inn í þessa fjármálahringekju.

Menn spyrja hver hafi orðið afraksturinn af þessu. Sú spurning sem skiptir þar mestu máli er hvort þetta hafi orðið til að auka verðmætin í þjóðfélaginu. Ég held að svo hafi ekki verið. Hins vegar hafa margir hagnast á því braski sem fylgt hefur þessum umsvifum.

Það frv. sem hér er lagt fram gerir tilraun til að skilja á milli starfsemi viðskiptabanka annars vegar og fjárfestingarfélaga hins vegar eða lánafyrirtækis sem annast slíkt.

Veigamesta breyting frumvarpsins felst þó í því að takmarka starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða með þeim hætti að þeim verði óheimilt að kaupa verðbréf eða hlutabréf í fyrirtækjum í því skyni að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila, sameina hana annarri starfsemi, skrá viðkomandi verðbréf og selja þau almenningi. Slík starfsemi hefur verið flokkuð sem fjárfestingarbankastarfsemi og gerir frumvarpið ráð fyrir því að einungis lánafyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í lögunum verði heimil slík starfsemi. Með þessu er framkallaður skýr aðskilnaður milli viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi. Þá er í frumvarpinu lögð sú skylda á herðar fjármálafyrirtækja sem stunda tímabundið aðra starfsemi skv. 22. gr. að tryggja að aðkoma þeirra skekki ekki samkeppni á viðkomandi sviði. Í þessu felst t.d. að banka yrði með öllu óheimilt að fjármagna taprekstur fyrirtækis á samkeppnismarkaði og gera því kleift að keppa með ósanngjörnum hætti við samkeppnisaðila með undirboðum eða öðrum slíkum aðferðum í skjóli hins öfluga fjármálalega bakhjarls.

Þótt ekki sé beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum að fyrirtæki hafi fleiri en eitt starfsleyfi er að því er virðist heldur ekkert sem bannar það. Af þeim sökum er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að fjármálafyrirtæki geti einungis starfað á grundvelli einnar tegundar af starfsleyfi á hverjum tíma. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sama fjármálafyrirtækið fái starfsleyfi bæði sem viðskiptabanki og lánafyrirtæki og haldi þar með óbreyttum starfsheimildum.

Á undanförnum missirum hefur komið í ljós að sá lagarammi og þær takmarkanir sem fjármálafyrirtækjum eru settar duga engan veginn til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Raddir eru uppi um að svokallaðir kínamúrar innan fjármálafyrirtækja haldi ekki og þar með efasemdir um að hagsmunum allra viðskiptavina sé gert jafnhátt undir höfði. Það er hverju fjármálafyrirtæki afar mikilvægt að forðast hvers konar hagsmunaárekstra. Í þessu sambandi er til að mynda augljóst að fjármálafyrirtæki getur enn síður en ella þjónað tveimur samkeppnisfyrirtækjum með trúverðugum hætti ef bankinn er stór eigandi í öðru þeirra. Svipað má segja um þær aðstæður sem koma upp ef fjármálafyrirtæki er annars vegar viðskiptabanki fyrirtækis en hins vegar að versla með eignarhluti í því hinu sama fyrirtæki fyrir eigin reikning. Á undanförnum missirum hafa fjármálafyrirtæki gerst umsvifamikil í kaupum og sölu á fyrirtækjum og beinir gerendur í ýmiss konar sviptingum þar sem tekist er á um hagnaðarvonir, völd og áhrif í viðskiptalífinu. Það er skoðun flutningsmanna að þessi mál séu komin úr böndunum og að óhjákvæmilegt sé að setja umsvifum fjármálafyrirtækjanna ákveðnari skorður í þessum efnum en núgildandi lög gera ráð fyrir og eins og þau hafa verið túlkuð og framkvæmd. Við kringumstæður sem þessar er það skylda löggjafans að skerast í leikinn til að vernda hagsmuni almennra viðskiptavina bankanna og til að takmarka líkur á því að hagsmunaárekstrar verði.

Við höfum sniðið löggjöf okkar að verulegu leyti að því sem tíðkast í Evrópusambandinu. Tilhneigingin hefur verið sú á undanförnum árum að leita þar eftir samræmingu og er það hið besta mál. Við sem höfum haft ákveðnar efasemdir um Evrópusambandið og aldeilis ekki verið á þeim buxunum

að ganga þar inn eða gerast aðilar höfum verið fylgjandi því að reyna að stuðla að samræmingu í ýmsu sem lýtur að verslun og viðskiptum, að menn styðjist við svipaða staðla.

Þessi lög eru mjög í anda þess sem tíðkast í Evrópu. Útfærslan á lögunum er hins vegar með mismunandi hætti. Það hefur komið fram, eftir eftirgrennslan hjá Fjármálaeftirlitinu, að þar á bæ hafi verið hugað að því að setja skýrari leiðbeinandi tilmæli, t.d. varðandi 22. gr. laganna um fjármálafyrirtæki sem þetta frv. gerir ráð fyrir að breyting verði gerð á. Ég hef leitað eftir upplýsingum um þetta hjá Fjármálaeftirlitinu. Þar hefur verið staðfest að menn hafi viljað leitað slíkra leiða.

Við teljum hins vegar og höfum einnig fengið um það ábendingar og hvatningu úr viðskiptalífinu, að styrkja þurfi hin lagalegu ákvæði. Ég ætla ekki að þreyta menn á að lesa upp þessar lagabreytingar sem við gerum ráð fyrir. Þetta eru hin almennu sjónarmið sem liggja að baki þessu frv.

Að loknum þessum umræðum legg ég til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. þingsins.

[14:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með frv. er lagt til að viðskiptabankar og sparisjóðir geti ekki sinnt fjárfestingarbankastarfsemi, þ.e. geti ekki tekið þátt í að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.

Nýlega var farið yfir þetta mál á Alþingi. Í fyrra voru samþykkt yfirgripsmikil lög um fjármálafyrirtæki og starfsheimildir þeirra. Leitast er við að tryggja að starfsemi banka geti þróast með eðlilegum hætti án þess að löggjafinn setji henni óeðlilegar skorður. Hins vegar er talið eðlilegt að setja starfsemi banka ákveðnar skorður. Ástæðan er sú að sérþekking banka beinist að fjármálaþjónustu en ekki eðlisólíkum rekstri sem getur, verði tap á þeirri starfsemi, leitt til rekstraráhættu fyrir fyrirtækið og stefnt heilbrigði þess í hættu.

Í umræðum síðustu daga hefur verið litið svo á að engar reglur gildi hér á landi um eignarhluti banka í öðrum fyrirtækjum. Það er langt frá því að svo sé. Víðs vegar í regluverkinu er kveðið á um takmarkanir á eignarhlutum í öðrum fyrirtækjum, svo sem í eiginfjárreglunum, í reglum um stóra áhættu o.s.frv. Reglurnar lúta einnig að fjárfestingum banka í atvinnufyrirtækjum. Bankar geta ekki verið kjölfestufjárfestar í öðrum fyrirtækjum en fjármálafyrirtækjum. Á þetta legg ég sérstaka áherslu. Bankar geta ekki verið kjölfestufjárfestar í öðrum fyrirtækjum en fjármálafyrirtækjum. Þeir geta hins vegar til skamms tíma tekið yfir rekstur sem er í erfiðleikum og einnig geta þeir sinnt svokallaðri fjárfestingarbankastarfsemi, þ.e. að kaupa fyrirtæki í því skyni að sameina annarri starfsemi, selja almenningi eða umbreyta á annan hátt.

Þá geta bankar keypt verðbréf til að eiga í stuttan tíma, minna en eitt ár, í því skyni að hagnast á verðbreytingu. Bönkum er hins vegar ekki heimilt að eiga í atvinnufyrirtækjum til langs tíma með áhrif í huga. Þannig er það samkvæmt lögum sem eru í gildi í dag. Það er ekki hlutverk banka. Mikilvægt er að hafa þetta í huga.

Vert er að hafa einnig í huga að Fjármálaeftirlitið getur sett leiðbeinandi tilmæli um hvernig bankar eigi að bera sig að við fjárfestingarbankastarfsemi. Í umræðunni heyrist einnig oft að engir kínamúrar séu á milli einstakra starfskrafta. Það kann vel að vera að sú gagnrýni hafi átt rétt á sér fyrir þremur til fjórum árum en síðan hefur margt áunnist. Vinnubrögð banka og Fjármálaeftirlitsins hafa batnað mjög á þessum tíma og betri skilningur ríkir á nauðsyn þessa aðskilnaðar. Þá eru einnig ströng ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki sem gilda um aðkomu stjórnar og starfsmanna að einstökum ákvörðunum.

Ég tel að þetta frv. mundi veikja íslenskan fjármálamarkað. Lagaramminn hér er í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins þar sem bönkum er heimilt að stunda viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi í sama fyrirtæki. Í Bandaríkjunum var lengi aðskilnaður á milli viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi, en þau lög voru afnumin fyrir nokkrum árum. Lagaumhverfi okkar verður að vera samkeppnishæft við lagaumhverfi nágrannaþjóða okkar. Hér verða að gilda svipaðar reglur og í löndunum í kringum okkur. Annars munu íslensku fjármálafyrirtækin ekki verða íslensk. Við höfum heimild til að ganga lengra en EES-samningurinn kveður á um en þá værum við að ganga lengra en gert er í helstu viðskiptalöndum okkar. Þar með er ekki sagt að bankar geti gert hvað sem er. Bankar verða að hegða sér skikkanlega og koma fram með traustum og trúverðugum hætti.

Bankar og opinberir eftirlitsaðilar þurfa að gæta þess að hagsmunaárekstrar komi ekki upp sem grafið geta undan trúverðugleika banka og kerfisins í heild. Lagaramminn er til staðar og hann er samkeppnisfær við það sem best gerist, t.d. að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

[14:31]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta svar eða þessar yfirlýsingar hæstv. ráðherra valda mér sannast sagna miklum vonbrigðum vegna þess að ég hef orðið var við það að þetta frv. og þessar hugmyndir fá góðan hljómgrunn innan úr fjármálalífinu. Gagnrýni á að kínamúrar séu ekki fyrir hendi er eitthvað sem heyrir sögunni til. Heyrði ég hæstv. ráðherra segja þetta? Hefur ráðherrann ekki fylgst með umræðu um þessi efni á Wall Street í Bandaríkjunum þar sem menn hafa einmitt sett fram miklar efasemdir um það?

Varðandi umsvif viðskiptabankanna í atvinnulífinu. Hefur það farið fram hjá hæstv. ráðherra hvað er að gerast þar, að eigendur stærstu bankanna eru orðnir stórir gerendur í atvinnulífinu hér? Hefur ríkisstjórnin og hefur hæstv. ráðherra virkilega ekki nokkrar einustu áhyggjur af því sem þar er að gerast?

Það er alveg rétt að þessi löggjöf, eins og ég tók fram í máli mínu, er í samræmi við það sem tíðkast í Evrópu en þar er svokölluð fjárfestingarbankastarfsemi bönkunum þar í álfu ekki óheimil. Hins vegar, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, hefur ekki verið gerð nein úttekt á því hvernig þessi lög eru síðan útfærð, t.d. hvaða starfsreglur gilda um þetta efni. Fjármálaeftirlitið hefur upplýst mig um það að ekki hafi farið fram nein heildarúttekt á þessu þannig að það veldur mér ekki aðeins áhyggjum heldur einnig undrun að hæstv. bankamálaráðherra skuli bregðast við á þennan hátt að óathuguðu máli.

[14:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki af hverju hv. þm. kýs að tala um að ég sé að tjá mig að óathuguðu máli. Ég hef t.d. skrifað pistil á heimasíðu mína um þetta efni þar sem ég fer mjög nákvæmlega yfir það hvað hér er um að ræða þannig að mér

finnst það vera eitthvað undarlegt eðli sem kemur fram hjá hv. þm. þegar hann talar svona til mín.

Það sem ég er að segja er að við erum á opnum markaði Evrópuþjóða hvað varðar fjármagn og flutning fjármagns og ef við setjum okkur aðrar reglur á Íslandi en þar gilda erum við að skerða samkeppnisstöðu okkar, svo einfalt er það, vegna þess að þá er, eins og ég sagði áðan, hætta á því að íslensk fyrirtæki verði ekki lengur íslensk. Og hvers vegna skyldum við fara allt aðra leið en aðrar þjóðir? Meira að segja Bandaríkjamenn sem áður voru með þau lög í landi sínu að ekki væri heimilt fyrir sama fjármálafyrirtæki að reka viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi, hafa breytt því í það horf sem við höfum á Íslandi. Ég geri mér fulla grein fyrir því hvað er að gerast á íslenskum markaði. Ég er ekki blind og ég hef alveg fylgst með því, en það eru hins vegar ekki hlutir sem ég gríp inn í.

Þegar ég var að tala um kínamúra áðan, var ég að segja að það mætti halda, miðað við umræðuna sem hefur farið hefur fram í þjóðfélaginu, að fólk gerði sér ekki grein fyrir því að það eru kínamúrar og það eru lög um kínamúra þannig að ef þessir kínamúrar halda ekki, þá er það brot á lögum og hlýtur að verða meðhöndlað sem slíkt.

Ef hv. þm. hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum með ræðu mína, þá er hún bara í samræmi við það sem ég hef áður tjáð mig í þessu máli og ég tel að ég sem viðskrh. geti ekki lagt til að hér á landi verði allt annað regluverk en tíðkast í Evrópu.

[14:35]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki meining mín að tala á niðrandi hátt til hæstv. ráðherra og biðst ég afsökunar á því ef orð mín hafa verið skilin þannig. En það sem ég á við er að eftir því sem ég fæ best vitað hefur ekki verið gerð heildstæð úttekt á því hvernig þessi lög eru útfærð í Evrópu. Í annan stað vil ég nefna að við getum ekki að öllu leyti borið okkur saman við aðstæður þar. Íslenska hagkerfið er agnarsmátt og ástæðan fyrir því að við, mörg hver, vildum hafa hér ríkisbanka var ekki ást á ríkisbönkum heldur vegna þess að með því móti töldum við tryggðan stöðugleika í okkar litla hagkerfi.

Nú hefur það gerst sem við vöruðum við að eignarhaldið á fjármálastofnununum er að færast á sömu hendur og stýra efnahagslífinu og þar skapast hagsmunaárekstrar sem eru varhugaverðir og við viljum reisa skorður við þessu í lögum. Hæstv. ráðherra sagðist vera mjög meðvituð um það sem væri að gerast í fjármálalífinu, að bankarnir væru væntanlega fyrirferðarmiklir í efnahagskerfinu almennt. Hvað finnst hæstv. ráðherra um þetta? Finnst henni þetta virkilega vera æskilegt og ef svo er ekki, hvers vegna í ósköpunum vill hún ekki taka undir með okkur sem viljum reisa lagalegar skorður við þessu?

[14:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Reisa lagalegar skorður. Þá er hv. þm. væntanlega að fjalla um það að setja í lög hverjir megi eiga fyrirtæki. Það er nú bara svo að þegar fyrirtæki eru á annað borð skráð á markaði þá er ekki hægt að tryggja til allrar framtíðar hverjir muni eiga þau. Það er vissulega mikil breyting sem hefur gerst með því en þetta er þróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum og við tökum þátt í henni.

Þegar ég er að tala um að fjármálafyrirtæki geti ekki verið kjölfestufjárfestir í öðru fjármálafyrirtæki, þá þýðir það að það sem hefur gerst hér á markaðnum — og ef við tölum beint út að Landsbankinn á Eimskip — þá getur það ekki verið nema tímabundið vegna þess að Landsbankinn getur ekki verið kjölfestufjárfestir í Eimskipafélaginu, en samkvæmt lögum getur þetta átt sér stað í einhvern tíma, sem ég ætla ekki að fullyrða hversu langur má vera, það er Fjármálaeftirlitsins að ákveða það. Það getur gerst tímabundið ef um er að ræða annars vegar fjárhagslega endurskipulagningu eða hins vegar að um sé að ræða umbreytingar af hálfu eigandans á viðkomandi fyrirtæki, og það sem þarna er að gerast mundi falla undir það ákvæði. Þegar hv. þm. talar um að það vanti heildstæða úttekt, þá er það rétt að við höfum ekki nákvæma úttekt á því hvernig öll Evrópuríki fara að hvað þetta varðar. Hins vegar vitum við ekki betur en að ekkert þeirra hafi það form á og það fyrirkomulag sem hv. þm. leggur til í frv. sínu.

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ofsögum sagt að þjóðinni hafi verið nokkuð brugðið á síðastliðnum haustdögum þegar hinar miklu sviptingar í eignarhaldi fyrirtækja gengu yfir, hinar mestu í Íslandssögunni, og milljarðatugir skiptu um hendur á sólarhringum. Það sem vakti auðvitað sérstaka athygli eða ætti a.m.k. að vekja athygli manna og vekja menn til umhugsunar er sú staðreynd að bankar voru gerendur og í raun og veru tækin í þessum sviptingum öllum. Ég verð að segja að mig undrar nokkuð ræða hæstv. viðskrh. hér m.a. í ljósi þess að ég man ekki betur en að hæstv. ráðherra hafi einmitt þegar þessar sviptingar voru að ganga yfir, lýst nokkrum áhyggjum af því. Og svipað var haft eftir hæstv. forsrh. Meira að segja Morgunblaðið spanderaði svona þriðjungi úr leiðara, ef ég man rétt, á það að þetta væri kannski dálítið umhugsunarefni sem þarna væri að gerast. En mann renndi strax í grun, eins og hér virðist vera að koma á daginn, að það stæði ekki til að gera neitt. Nei, svona til að spila aðeins í takt við áhyggjur þjóðarinnar af þessum hákarlaslag, þá lýstu menn áhyggjum og þetta væri umhugsunarefni o.s.frv. en síðan á ekki að gera neitt. Auðvitað ekki. Auðvitað á ekki að gera neitt. Samt er það staðreynd að það sem þarna hefur gerst er nánast einstætt í viðskiptalífi vestrænna markaðshagkerfa, að ég fullyrði, að menn einkavæði banka og fjármálastofnanir, afhendi þær *einstökum aðilum sem síðan geti með frjálslegri túlkun á* löggjöf notað þessa banka, þessar nýfengnu fjármálastofnanir bara sem tæki í valdatöku sinni í viðskiptalífinu. En það er það sem hér hefur gerst. Þetta gengur auðvitað, herra forseti, svo gersamlega þvert á ræðuhöld manna alveg þangað til fyrir fáeinum mánuðum eða missirum síðan. Um hvað snerust ræður manna hér á árunum þegar verið var að undirbúa og fara í einkavæðingu bankanna? M.a. um mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild. Af hverju? Af því að bankarnir mættu ekki verða tæki í höndunum á einstökum aðilum til þess að fara um í viðskiptalífinu og beita því mikla valdi sem þeir þar með fengju. Auðvitað ekki því það rústar öll þau siðalögmál og það traust sem þarf að vera til staðar ef einhver hlutabréfamarkaður á að þrífast. Það gengur auðvitað ekki að sumum þátttakendunum á slíkum markaði séu afhentar fallbyssur á meðan allir hinir eru með teygjubyssur. En það má auðvitað líkja bönkunum með sína sterku stöðu, með sitt fjármagn og með sína eign í sumum

af þessum fyrirtækjum, við fallbyssur á meðan hinir hafi baunabyssur sem ekkert eiga nema bara sitt fé í hlutabréfum eða sína eign í fyrirtækjum, enda er náttúrlega augljóst mál hvað hefur gerst, að tilteknir aðilar hafa náð hér algerum undirtökum. Það getur vel verið að menn séu ánægðir með þetta og telji að þetta eigi að vera svona. En ég hélt að það væri eitthvað eftir af markaðssinnum á Íslandi sem vildu að menn stæðu jafnt að vígi. Eru þeir allir gufaðir upp? Ég sé að vísu að hv. þm. Pétur Blöndal er hér og kannski fáum við eitthvað að heyra í honum á eftir um þessi ósköp. En finnst mönnum þetta virkilega vera eins og það eigi að vera? Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni og 1. flm. að það er að sjálfsögðu ekki sjálfgefið að nákvæmlega sömu reglur eigi að gilda um þetta að öllu leyti á Íslandi og gilda í miklu stærri hagkerfum með miklu þroskaðri markað þar sem eru allt öðruvísi aðstæður. A.m.k. á einhverju tímabili gæti maður séð að skynsamlegt væri að á Íslandi væri meiri aðskilnaður áskilinn, t.d. milli viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbanka.

Staðreyndin er sú að þó að lögin frá 2002 líti ágætlega út á pappírum, liggur þegar fyrir, hæstv. ráðherra — herra forseti, ég held að hæstv. ráðherra ætti að gefa gaum að því, að bankarnir hafa kosið að túlka heimildir sínar samkvæmt þeim, ákaflega frjálslega til þess að fara inn í fyrirtæki, eiga í þeim ráðandi hlut og beita síðan eign sinni með þeim hætti sem mönnum er tamt að telja ekki vera fyrst og fremst hlutverk viðskiptabanka. Fjármálaeftirlitið hefur ekki aðhafst neitt, af einhverjum ástæðum. Ég tek út af fyrir sig undir það að Fjármálaeftirlitið hefði getað beitt sér og ráðuneytið líka ef menn hefðu viljað beita því valdi, sem þó er þar, til að setja þessum hlutum takmarkandi reglur í miklu ríkari mæli en nú er gert. Ég tel að bankarnir hafi farið út yfir öll takmörk með framgöngu sinni í þessum eignasviptingum í september og að t.d. ítrekaðar og harðskeyttar tilraunir bankanna til að þvinga fram sameiningu fyrirtækja eins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og SÍF í andstöðu við ráðandi eigendur í fyrirtækjunum ætti að vera mönnum umhugsunarefni. Menn vita hvað gekk þar á á bak við tjöldin. Það var ekki fyrr en bankarnir voru eiginlega orðnir strand með þær tilraunir sem þeir gáfust upp. Þeir ætluðu að þvinga fram, í andstöðu við stóra eigendur í báðum fyrirtækjunum og ráðandi hlut öðrum megin a.m.k., þessa sameiningu, sem sagt með illu.

Af hverjum ætluðu þeir að taka ráðin? Af helstu sérfræðingum á sviði sölumála sjávarafurða í landinu. Þeir ætluðu að taka völdin af þeim sem búa yfir mestu sérfræðiþekkingu á viðkomandi sviði viðskipta í landinu. Er það skynsamlegt? Telur hæstv. ráðherra eða hv. þm. Pétur Blöndal að fjármálakallar viti betur hvernig á að selja fisk en helstu sérfræðingar um það á Íslandi? Og þar fram eftir götunum. Eru menn ekki komnir algjörlega út af? Jú auðvitað. Fjármálamenn og bankamenn eru farnir að taka að sér hlutverk sem þeir eru alls ekki hæfastir um að sinna.

Hvar eru allir markaðshyggjumennirnir? Af hverju sitja þeir allir þegjandi? Ég hefði nú haldið, herra forseti, að þetta verðskuldaði talsverða umræðu, satt best að segja.

Það er, herra forseti, í ljósi sögunnar og allra aðstæðna sem hafa verið að koma upp á fjármála- og hlutabréfamarkaði með ólíkindum hversu fljótir menn eru að gleyma fyrri yfirlýsingum sínum og snúa við blaðinu. Það þarf að fara að rifja alla þessa sögu rækilega upp. Það þyrfti að fara að lesa upp úr greinargerðum með frumvörpum þegar verið var að undirbúa hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna, sem þá hétu svo, og rökstuðninginn sem þar var settur fram fyrir mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild.

Síðan snúa menn gjörsamlega við blaðinu, hætta við að selja þessa banka með venjulegum hætti á markaði og ganga lengra. Þeir velja út einstakan aðila og láta hann hafa ráðandi hlut í fjármálastofnunum.

Hvað var Íslandsbanki að reyna að gera um daginn? Fyrir hverju var hann að verja sig? Einmitt þessu, vegna þess að þar hafa menn komist að því, eftir býsna dýrkeypta reynslu, að þeir vilja ekki hafa þetta þannig að einhver einn aðili geti ráðskast með bankann. Það eyðileggur hann. En það bjuggu menn til þegar þeir seldu Búnaðarbankann og Landsbankann. Það mætti segja ýmislegt um vinnubrögðin og aðferðafræðina þar. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra veitti okkur upplýsingar t.d. núna um hvernig greiðslur standi fyrir Búnaðarbankann. Hvernig stendur með endurmatið á sölu ríkisbankanna? Hvað verður afslátturinn mikill sem menn fá út á það að tíunda fram afskrifaðar kröfur og vond útlán í safninu? Hvar er franski bankinn sem átti að vera samstarfsaðili S-hópsins um kaupin á Búnaðarbankanum? Hvað fékk hann fyrir sinn snúð? Hvað varð um hann? Ein röksemdin var sú að það væri svo mikilvægt að fá inn erlendan samstarfsaðila með sérþekkingu á sviði fjármála, það væri svo mikill kostur við tilboð S-hópsins að það væri erlendur samstarfsaðili. Það væri að vísu ekki víst að það yrði franski bankinn, Société Générale, en það kæmi þá bara einhver annar í staðinn sem hann mundi útvega, þýskur banki. Ég hef ekki orðið var við hann enn þá. Er hann kominn úr kafinu? (**Viðskrh.:** Hann er búinn að vera allan tímann.) Hann er búinn að vera allan tímann, segir hæstv. ráðherra. Nú það skortir þá væntanlega ekki upplýsingar um það á eftir og ég fagna því.

Nei, herra forseti, staðreyndin er sú að í okkar agnarsmáa og litla hagkerfi er þessi óheppilega samblöndun af viðskiptabankastarfsemi annars vegar og fjárfestingarbankastarfsemi hins vegar, það sem ég vil í raun og veru kalla „brask" með eignarhald í fyrirtækjum, sérstaklega hættuleg. Ég held að hæstv. ráðherra og aðrir þurfi að gera sér grein fyrir því að þegar við berum okkur saman við önnur og miklu stærri hagkerfi er fjölbreytnin miklu meiri og hefðirnar allt aðrar. Hefðirnar eru m.a. þær að víðast hvar er þessi starfsemi tiltölulega aðskilin, nema þá í Þýskalandi. Hefðirnar eru þær að þetta eru að langmestu leyti aðskildar fjármálastofnanir. Það verður að horfa til stöðunnar eins og hún er og hefðanna. Þetta er ekki bara lagaspursmál.

Við ræddum á Alþingi á síðasta kjörtímabili, gjarnan í tengslum við frumvarp sem ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson fluttum, og þyrfti kannski að fara að pússa rykið af aftur, um að setja þak á hámarkseignaraðild einstakra aðila í bönkum, 8%. Undir það tók hæstv. forsrh., taldi það koma mjög vel til greina, og reyndar Morgunblaðið, svo að aftur sé vitnað í það, og fleiri og fleiri. En aðalröksemd hæstv. forsrh. fyrir að stíga ekki skrefið til fulls og styðja málið og ganga í það að fá það afgreitt, hver var hún? Hún var sú að við skyldum bíða og láta á það reyna hver þróunin yrði, því best væri að það gerðist af sjálfu sér að eignaraðildin yrði dreifð. Þá þyrftu menn ekki að hafa áhyggjur af þessu og þyrftu ekki að setja lög. Það var sem sagt ákveðið að láta markaðinn njóta vafans, ef svo má að orði komast, og láta á það reyna fyrst hvort þetta yrði ekki í lagi af sjálfu sér, að eignaraðildin yrði bara dreifð. Svona voru ræðurnar og umræðurnar þá, fyrir nokkrum missirum síðan.

Svo gerast þessi ósköp í tengslum við einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna sem er auðvitað úrslitaatriði hér, vegna þess að það afhendir sjálfkrafa einstökum aðilum forræðið í bönkunum og þá sem tæki í valdabaráttu sinni í fyrirtækja- og viðskiptaheiminum á Íslandi, sem þeir hafa heldur betur notað, Samson-hópurinn og co.

Nú liggur reynslan fyrir, herra forseti, reynslan sem hæstv. forsrh. vildi bíða eftir. Hún er sú, sem að vísu er við hann sjálfan að sakast, að eignarhaldið er nú aldeilis ekki dreift, þvert á móti. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég trúi því tæpast að við séum að upplifa það að það standi ekki til að gera neitt, ekki svo mikið sem eitt einasta hæti.

Hefur hæstv. viðskrh. ekki einu sinni rætt t.d. við Fjármálaeftirlitið um það hvort til standi að beita heimildum laganna og setja takmarkandi reglur umfram það sem nú er? Ja, það kom ekkert slíkt fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan. Þá verður ekki annað séð en að menn ætli bara að láta þetta hafa sinn gang, þó alveg ljóst sé að framganga bankanna og fleiri fjármálastofnana á undanförnum mánuðum og missirum sé þannig að það séu stórfelldar áhyggjur af því víða í viðskiptalífinu hvernig þetta hefur þróast.

Kannski gera menn ekki neitt með ræður t.d. fráfarandi stjórnarformanns Eimskips. Var það allt saman bull og þvaður? Er allt í lagi að viðskiptalífið sé þannig hérna næstu árin að bankarnir séu aðalgerendurnir í því að kaupa og selja fyrirtæki, sameina þau og sundra þeim, í illu, í andstöðu við starfsfólkið, stjórnendurna og oft stóra eigendur í fyrirtækjunum sem fyrir eru? Hvernig verður andrúmsloftið í slíkum viðskiptaheimi þegar frá líður? Hvernig er starfsandinn og hvernig er mórallinn í fyrirtækjunum þar sem enginn veit hvað þeirra bíður deginum lengur? Halda menn að þetta sé gott andrúmsloft til skynsamlegrar ákvarðanatöku, langtímastefnumótunar? Nei. Það er algjörlega úti í hafsauga, það er akkúrat hið gagnstæða.

Síðan væri fróðlegt að fara aðeins yfir það hvernig kvótakerfið í sjávarútvegi og forræði yfir veiðiheimildunum kemur inn í þetta mál, því sum af stóru sjávarútvegsfyrirtækjunum hafa einnig orðið leiksoppar, getum við kallað það, í þessum hákarlaslag sem þarna er búinn til.

Þetta er, herra forseti, og ég leyfði mér að kalla það í blaðagrein fyrir nokkru síðan, eins og að taka nokkra hákarla og setja þá ofan í gullfiskatjörn. Það er verið að búa til þannig slagsmál, þannig vígvöll. Halda menn að gullfiskarnir komi þá streymandi úr öllum áttum og biðji um að þeim verði sturtað í tjörnina? Nei, þeir synda í öfuga átt, held ég. Þetta er nokkurn veginn alveg algild aðferð til þess að loka íslenskum hlutabréfamarkaði. Ég er hræddur um að Kauphöll Íslands komi ekki til með að hafa mikið að gera á næstu missirum ef svo heldur sem horfir. Hver þorir að leggja peninga sína í hlutafé við svona aðstæður?

Enda hefur það gerst að það hefur nokkurn veginn algjörlega tekið fyrir nýskráningar fyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Það er auðvitað við fleira að sakast í þeim efnum en bara þennan hákarlaslag með þátttöku bankanna. Ég hugsa að þar hafi líka að einhverju leyti áhrif tímabundnar aðstæður í efnahagslífinu, óljós ákvæði um yfirtökuskyldur og hvernig t.d. það er skilgreint hvenær tengdir aðilar teljast þannig tengdir að þeim beri skylda til að gera yfirtökutilboð ef þeir fara yfir viðeigandi mörk, 40% eða 50%, eins og þau voru áður.

Þetta og það hvernig menn hafa orðið vitni að því að fyrirtæki, sem hafa verið skráð á markaði í góðri trú, trúa þessum boðskap um að það sé gott og heilbrigt og fá verðlagningu og mat og nýja eigendur með í reksturinn — menn vakna upp hver á fætur öðrum við það að þeir ráða sér ekki lengur sjálfir, þeir eru yfirteknir í illu af fjársterkum aðilum, jafnvel bönkum. Þeir eru jafnvel keyptir upp af sínum eigin viðskiptabönkum. Þess eru mörg dæmi að viðskiptabankar fyrirtækja, með allar trúnaðarupplýsingar úr rekstri þeirra inni í borði hjá sér, hafa tekið að kaupa upp bréf hjá sínum eigin viðskiptavinum. Það er ekkert annað en siðleysi og brot á öllum góðum reglum því að bankarnir hafa meiri upplýsingar um fyrirtækin en almennir hluthafar sem mæta einu sinni á ári á hluthafafund og fá þar takmarkaðar upplýsingar og þess á milli ósköp lítið. Bankinn liggur kannski með allar nýjustu fjárfestingaráætlanir og aðgerðir fyrirtækisins í höndunum og er að meta þær fyrir fyrirtækið. Tekur sig svo til, fer út á markaðinn og kaupir í því bréf, kaupir oft upp í því gengið og velur svo einhvern aðila til að kaupa af sér þegar hagnaðurinn er orðinn nógu mikill. Um þetta höfum við mýmörg dæmi á síðustu missirum. Er þetta í lagi? Nei, þetta er ekki í lagi. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra eða aðra að láta eins og hér sé ekkert að. Ég hef rætt við marga forsvarsmenn meðalstórra fyrirtækja sem hafa sagt mér að þeir hafi verið með það í huga að fara að undirbúa skráningu sinna fyrirtækja á markað en þeim detti það ekki í hug við þessar aðstæður, því að þeir vilji ráða sínum fyrirtækjum sjálfir. Þeir vilja ekki missa þau inn í þennan hákarlaslag sem er boðið upp á með þessum reglum, eða öllu heldur regluleysi sem hér er við að eiga. Rótgróin gömul fjölskyldufyrirtæki hafa barist harðri baráttu fyrir því að fá að ráða sér sjálf. Slagsmálin um yfirráðin í Tryggingamiðstöðinni eru kannski nærtækust, en dæmin eru mörg önnur og sum hafa farið á hinn veginn, þ.e. menn hafa ekki haft bolmagn til þess að verja eign sína og yfirráð í fyrirtækjunum gegn fjársterkum aðilum eins og bönkum eða leynilegum kaupendum úti í bæ sem í gegnum bankana hafa læðst inn í fyrirtækin og tekið þau yfir. Um það eru mörg dæmi. Allt í einu byrjar banki að kaupa í fyrirtæki í *þágu einhvers blinds aðila*, sem enginn veit hver er, svo kemur hann allt í einu úr kafinu þegar hann er búinn að fá nóg til þess að yfirtaka fyrirtækið. Margt, margt fleira af þessu tagi, herra forseti, ætti auðvitað erindi inn í þessa umræðu ef menn vildu fara með sæmilega rækilegum og tæmandi hætti yfir það sem þarna hefur verið að gerast.

Það þýðir ekkert að tala um hlutina öðruvísi en þeir eru. Þarna er miklu oftar á ferðinni valdabarátta en að menn séu að reyna að hagnast með eðlilegum hætti á viðskiptum með bréf í fyrirtækjum. Þetta hefur að langmestu leyti markast af átökum um völd og forræði og möguleika til að knýja fram eigin stefnu í þessum efnum en miklu minna um hlutlaus fjárfestingaáform.

Frumvarp okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar setur við þessu tilteknar skorður. Það er fullkomlega frambærilegt, *brýtur engar reglur. Okkur er að sjálfsögðu heimilt að setja* frekari skorður um aðskilnað þessara þátta og reyna að tryggja t.d. að bankar sem eiga fyrirtæki tímabundið og reka þau, rústi ekki öllu samkeppnisumhverfi, eins og gerst hefur í kjötgreinunum. Vill hæstv. ráðherra aðeins tjá sig um það hvernig þátttaka Búnaðarbankans í því að framleiða hvítt kjöt hefur rústað kjötmarkaðnum á Íslandi, og telur hæstv. ráðherra að það sé í lagi, svo dæmi sé tekið? Við erum m.a. *með tillögur um að grípa inn í það og gera það algerlega* skýrt að við slíkar aðstæður megi bankinn ekki dæla pen-

ingum inn í fyrirtækin, sem aftur leiði til þess að þau stundi undirboð og skekki samkeppnisgrundvöllinn o.s.frv. Það eru margir þættir af þessu tagi sem þarf að taka á og vonandi verður a.m.k. hv. efh.- og viðskn. ekki þeirrar skoðunar, eins og hæstv. ráðherra virtist vera hér áðan, að þetta sé allt í himnalagi og engin ástæða til þess að gera neitt.

[15:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér get ég tekið undir ýmislegt sem fram kom í ræðu hv. þm. En ég held að við setjum ekki í lög ákvæði sem koma í veg fyrir að tekist sé á um völd. Ég get í raun tekið undir það með honum að eitt af því sem hér hefur verið um að ræða eru átök um völd.

Hv. þm. talar um, það rifjaðist upp fyrir mér að hann hefur gert það áður, að bankarnir hafi verið afhentir einhverjum. Það er alltaf þetta orðalag, að afhenda bankana. Þegar bankar hafa verið seldir fyrir tugi milljarða þá heitir það á máli vinstri grænna að afhenda bankana, það er rétt eins og þeir hafi verið gefnir si svona. En það er ekki rétt og það ætti hv. þm. að vita.

Þegar hann talar um dreifða eignaraðild og að ræðurnar hafi snúist um það í tengslum við sölu bankanna þá kannast ég ekki við að svo hafi verið, a.m.k. ekki með þá sem hér stendur. Samkvæmt EES-samningnum gátum við ekki sett í lög að einum aðila væri ekki heimilt að eiga nema eitthvað ákveðið, 10% eða hvað það átti að vera. Það var einfaldlega þannig. Við fórum í mjög mikla vinnu í viðskrn. til að átta okkur á hver væri besta aðferðin við að selja banka. Niðurstaða okkar leiddi til þess að sett voru lög um eftirlit með virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum. Það er fyrirkomulag sem við búum við í dag.

Þegar Landsbankinn var seldur þá var það með ákveðnum skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið setti og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þessu máli. Viðskrn. kemur ekki að því á þessu stigi. Svo einfalt er það.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var umdeilt, eins og hæstv. viðskrh. veit vel, hvort og þá hvernig skorður væri hægt að setja í lög við eignarhlut. Slíkar skorður eru vel þekktar úr lögum margra annarra landa. Að vísu hafa þær sums staðar verið felldar úr gildi en þær eru enn til staðar sums staðar. Þar virðast menn hafa fundið leiðir til að halda í ákveðnar slíkar takmarkanir. Burt séð frá því gátu menn a.m.k. reynt, ef þeir vildu, að standa þannig að einkavæðingu og sölu bankanna að eignaraðildin yrði dreifð, a.m.k. framan af. Ég trúi satt best að segja ekki öðru en að hæstv. viðskrh. sé þeirrar skoðunar.

Ég hélt að það væri tiltölulega óumdeilt að það sé að breyttu breytanda betra að eignaraðildin sé mjög dreifð og enginn einn aðili, ég tala nú ekki um þann sem sjálfur er umsvifamikill í viðskiptalífinu á einhverjum sviðum, geti náð algerlega undirtökunum og ráðið ákvörðunum fjármálastofnunar eða stórs viðskiptabanka. Það er ekki heppilegt. Ég hélt að allir væru sammála um það. Ég er alveg viss um að hæstv. viðskrh. er eini viðskiptaráðherrann á Vesturlöndum sem er annarrar skoðunar, ef sú er raunin.

Aðferðin sem menn notuðu við að háeffa bankana og selja var í raun trygging fyrir því að einn aðili réði bankanum. Það er það sem ég kalla að afhenda einum aðila bankann. Ég endurtek það. Þetta var afhending, að vísu gegn endurgjaldi. Ég sagði aldrei að það ætti að vera afhent ókeypis. Þetta var afhent gegn endurgjaldi einum aðila. Einn aðili fékk Landsbankann og annar aðili fékk Búnaðarbankann. Það er staðreynd. Þetta var klæðskerasaumuð aðferð utan um helmingaskipti og hrossakaup stjórnarflokkanna í málinu.

[15:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum talað um þetta áður og ég veit ekki hve lengi við getum talað um sölu bankanna. En staðreyndin er sú að það var farið mjög faglega í þá sölu og allt auglýst. Þar var allt uppi á borðinu.

Í fyrravetur gagnrýndi hv. þm. fyrst og fremst söluna á Búnaðarbankanum. Nú heyrist mér að það hafi snúist eitthvað við og Landsbankinn verði aðallega fyrir orrahríð hv. þm. En ég endurtek að við erum á opnum markaði.

Við getum ekki fest allt í lög. Það væri þó örugglega aðferð sem hv. þm. mundi fella sig mjög vel við, að hafa allt njörvað niður í lögum. Þegar hann talar um bankana þá er eins og hann álíti að þar sé allt í einum graut, hvort sem um er að ræða viðskiptabankastarfsemi eða fjárfestingarbankastarfsemi. Það vita allir allt en það er eins og þetta með kínamúrana, að hv. þm. viðurkennir ekki að þeir séu til staðar, miðað við ræðu hans.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að halda því fram að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með virkum eignarhlut í bönkum komi fyrir lítið ef það eftirlit er svona eftir á. Hvernig var það þegar Landsbankinn fór í stórsviptingarnar í viðskiptalífinu í september? Komu þá einhver eftirlitsákvæði að gagni? Nei. Fjármálaeftirlitið getur auðvitað nöldrað eitthvað eftir á þegar allt er búið og gert. Það er algerlega gagnslaust ef málin eru þannig að menn hafa fengið í hendur banka, næststærsta eða stærsta banka þjóðarinnar, og geta notað hann sem tæki með tiltölulega frjálslegum hætti í valdabaráttu sinni í viðskiptalífinu. Þó að Fjármálaeftirlitið kynni að nöldra eitthvað eftir á, hver gerir eitthvað með það? Ég hef reyndar ekkert í því heyrt.

Varðandi kínamúra þá held ég að það segi allt sem segja þarf hvernig þetta er praktíserað í bönkunum. Bankarnir eru með fjóra eða fimm viðskiptareikninga og kaupa sennilega fyrirtæki með einum þeirra, borga starfsmönnum laun út í gegnum annan, eru með eignaumsýslu sína í þeim þriðja o.s.frv. Eru það kínamúrarnir, að það er ekki sami reikningurinn? Það er reikningur númer 160, 180, 220.

[15:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. kom inn á mörg atriði. Sum hver voru athyglisverð og má gjarnan ræða. Ég vil í fyrsta lagi koma inn á hugmyndir um að afhenda vöru. Venjan er sú að ef einhver kaupir vöru þá fær hann hana afhenta. Það er ekkert flóknara en það. Það er ekki verið að gefa mönnum neitt. (**SJS:** Ég sagði það aldrei.) Auðvitað átti að afhenda þeim bankana sem keyptu þá. Nema hvað?

Hv. þm. talaði líka um að ráðherra ætti að veita Fjármálaeftirlitinu tiltal. Þetta eru mjög hættuleg tilmæli til framkvæmdarvaldsins, að ráðherra veiti eftirlitsstofnun sem sett er á laggirnar og á að vera óháð tiltal. Að það komi tilmæli frá Alþingi um að ráðherra veiti slíkri eftirlitsstofnun

tiltal. Það tel ég ekki vera góðan kost. Ég treysti Fjármálaeftirlitinu fullkomlega til að starfa samkvæmt lögunum og minn skilningur á lögunum er sá að bankar megi eiga í óskyldum rekstri tímabundið. Í mínum huga er það talið í mánuðum en ekki árum.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvernig bankarnir sjálfir hugsa þetta eða hið fína nýyrði sem maður heyrir æ oftar úr þeirra munni, að vera umbreytingarfjárfestir. Það er alveg sérstakt nýyrði. Ég vek athygli þingmanna á því. Kannski væri ástæða til að halda námskeið í því hvað það þýðir. Ég sé að það stendur upp úr þessum miklu spekingum að þeir séu umbreytingarfjárfestar. Hvort sú umbreyting á að taka nokkra mánuði eins og hv. þm. Pétur Blöndal telur, skemmri eða lengri tíma, eins og mig grunar að bankarnir telji eðlilegt, skal ósagt látið.

Bankarnir hafa verið fyrirferðarmiklir sem eigendur að fyrirtækjum um býsna langan tíma í sumum tilvikum. Að vísu kunna stundum að koma upp þær aðstæður að þeim gengur erfiðlega að losa eign sína, eign sem þeir hafa þá leyst til sín til að gæta hagsmuna sinna og auðvitað getur maður haft samúð með þeim við slíkar aðstæður. En það gildir ekki þegar þeir hafa sjálfir, af fúsum og frjálsum vilja, keypt sig inn í fyrirtæki. Þá þarf að vera skýrara í hvaða tilgangi það er gert og að mínu mati er það ekki við hæfi að viðskiptabankar, ég tala ekki um ef það eru viðskiptabankar sömu fyrirtækja og þeir eru að kaupa í, geri svo.

Varðandi eftirlitsstofnanir þá tel ég auðvitað ekkert að því að hæstv. ráðherra ræði við Fjármálaeftirlitið um hina almennu framkvæmd eftirlitsins. Það er auðvitað þannig að Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga sem heyra undir ráðherrann. Ef ráðherra telur að Fjármálaeftirlitið sinni ekki skyldum sínum nógu vel þá flokkast það ekki undir íhlutun í innri málefni og sjálfa starfsemi Fjármálaeftirlitsins þótt ráðherrann biðji þar um fund og spyrji t.d. hvers vegna ekki eru settar takmarkandi reglur, ítarlegri og meira takmarkandi reglur, um hversu langt banki má ganga þegar hann kaupir í fyrirtæki, hversu lengi hann má eiga í því o.s.frv. Það er ekki íhlutun í eftirlit Fjármálaeftirlitsins í einstöku máli. Það væri að sjálfsögðu ekki við hæfi. Um það er ég sammála hv. þm.

[15:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. segir að bankarnir sjái málið ekki svona. Þeim ber ekki að sjá mál svona eða hinsegin. Það er Fjármálaeftirlitið sem samkvæmt lögunum á að hafa eftirlit með þessu. Það er Fjármálaeftirlitið sem á að meta stöðuna. Ég treysti því fullkomlega til þess. Það er örgglega að vinna í því núna.

Varðandi það að ráðherrann ræði við Fjármálaeftirlitið þá er ég sammála því að það megi gera almennt en alls ekki varðandi einstök mál eins og þau sem við erum hér að ræða.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá erum við sammála um þetta seinna atriði. Það er nákvæmlega það sem ég var að tala um. Að sjálfsögðu er mér ljóst að Fjármálaeftirlitið þarf að vera sjálfstætt. Það á ekki við í þessu tilviki frekar en öðrum sambærilegum málum og er ekki við hæfi að menn blandi sér inn í það hvernig Fjármálaeftirlitið tekur á einstökum málum.

En hvað varðar hina almennu framkvæmd eftirlitsins, reglusetninguna o.s.frv. þá heyrir það allt undir hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra er að lokum ábyrgur fyrir því hvernig framkvæmd laganna er. Þannig er það í okkar stjórnkerfi þó að sú ábyrgð gufi æðioft upp verði skandalar og hneyksli. Eins og kunnugt er bera þá íslenskir ráðherrar yfirleitt enga ábyrgð og það gerist varla nokkurn tíma að þeir segi af sér. En þeir bera hins vegar ábyrgðina þegar þeim þykir það henta.

Varðandi það að bankarnir túlki heimildir sínar rúmt samkvæmt lögunum þá hafa þeir einfaldlega gert það, hv. þm. Pétur Blöndal. Það er bara staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Bankarnir hafa í þessum efnum gengið eins langt og þeir mögulega geta, túlkað allar heimildir mjög rúmt og sér í hag.

[15:13]

Útbýting þingskjala:

Seðlabanki Íslands, 153. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 153.

[15:13]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég ætla að þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur reyndar ekki verið í samræmi við þann áhuga sem þessu frv. hefur verið sýndur í þjóðfélaginu, sérstaklega valda viðbrögð hæstv. bankamálaráðherra vonbrigðum. Margt athyglisvert kom fram í máli hennar, ekki síst varðandi einkavæðingu ríkisbankanna. Það var staðið alveg sérlega faglega að sölunni á þeim, afhendingunni eða hvað við eigum að kalla það. Ég hef reyndar talað um það sem gjöf, að ríkisstjórnin hafi verið að gefa vildarvinum sínum, sérstaklega þeim sem tengjast Framsfl., ítök í þessum eignum þjóðarinnar. Ég hef sagt það og stend við þau orð.

Þegar einstaklingar kaupa sér íbúðir þá fá þeir lán í Íbúðarlánasjóði og það tekur 25–40 ár að greiða þessi lán upp. Það er talið eðlilegt. En þegar menn kaupa sér eitt stykki ríkisbanka þá borga þeir það út á nokkrum árum, ef þeir yfir höfuð þurfa að leggja nokkuð fram. Það er verið að tala um tugi milljarða. Jú, 20 milljarðar rúmir sem bankarnir voru metnir á hvor um sig. Kjölfestufjárfestar svokallaðir voru látnir greiða helminginn af þessu. Hvað eru bankarnir að hagnast núna? Um hve mikið segist Búnaðarbankinn hafa hagnast á fyrstu 6 mánuðum þessa árs eftir skatta? Um 3.065 millj. kr., Landsbankinn um 1.400 millj. kr.

Þetta er hreinn hagnaður þessara aðila eftir skatt. Sannast sagna er þetta eitt mesta hneyksli í langan tíma, þ.e. á hvern hátt ríkisstjórnin hefur gefið frá þjóðinni þessar dýrmætu eignir. Og nú erum við að verða vitni að því hvernig þær eru notaðar og misnotaðar fyrir einstaklinga sem eru að brjótast til valda og áhrifa í efnahagskerfinu. Út á það gengur frv. okkar. Allt faglegt og uppi á borði. Ekki fannst Steingrími Ara Arasyni það þegar hann sagði sig úr einkavæðingarnefndinni. Ekki fannst honum allt vera faglegt og uppi á borði. Það var aldrei fyllilega upplýst um þessar deilur sem höfðu átt sér stað innan einkavæðingarnefndar og hvað var þess valdandi að hann gekk úr nefndinni og sagði þar af sér. Ekki vegna þess að allt var þar uppi á borði og svo ýkja faglegt. Ég held að það hafi verið hið gagnstæða sem var ástæðan fyrir því að sá mæti maður sagði sig úr þeirri nefnd.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni en vík kannski aðeins í örfáum setningum að kínamúrunum. Hæstv. bankamálaráðherra furðar sig á ummælum okkar um kínamúra. Hefur einhver efasemdir um að kínamúrar haldi

einhverju? Ég er ansi hræddur um að við séum mörg sem höfum um það efasemdir. Og í fjármálalífinu eru uppi miklar efasemdir um að þeir haldi. Og ekki bara hér á landi, þetta hefur verið mál málanna á Wall Street og helstu fjármálamörkuðum landsins. Þar vita menn að kínamúrar eru yfirleitt gagnsæir og þeir leiða hljóð. Eigum við að taka dæmi úr íslensku fjármálalífi? Fjármálafyrirtæki er falið það verkefni að selja bréf í fyrirtæki. Eigum við að segja að það heiti Járnblendifélagið? Eigum við að segja að fyrirtækið heiti Kaupþing? Og það taki upp á því að gerast fjárfestir sjálft, þetta fyrirtæki um stundarsakir. Hverjir eru hagsmunir þess? Það er að kaupa bréfin á eins lágu verði og um getur vegna þess að það er sjálft að fjárfesta.

Segjum svo að handan við kínamúrinn svokallaða sé lífeyrissjóður og hann sé að fjárfesta. Hverjir eru hagsmunir fjármálafyrirtækisins? Að selja þessi sömu bréf á uppsprengdu verði. Og gæti þar verið a.m.k. að hluta til komin skýringin á því að þetta sama fyrirtæki gumaði af 700 millj. kr. í hagnað á sama tíma og lífeyrissjóðir sem verið var að fjárfesta fyrir voru skildir eftir með tap? Gæti skýringin verið sú að kínamúrar haldi ekki? Að þetta sé nú þegar allt kemur til alls bara menn sem þekkjast og sitja saman á kaffistofum og ræða viðfangsefni sín? Þetta held ég sé nú bara staðreyndin.

Þess vegna leggjum við til að í fjármálaheiminum sé reynt að koma upp skipulagi sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi. Og þá þýðir ekkert að nota það sem röksemd að fyrirkomulagið sé á þennan eða hinn háttinn með öðrum þjóðum. Við eigum að ræða það á okkar forsendum. Það á að gera grein fyrir því hvers vegna ekki megi reisa þær skorður sem við erum að leggja til í frv. Reyna að sannfæra okkur um það málefnalega að þetta sé rangt og skaðlegt í stað þess að vísa aðeins til reynslu annarra eða fyrirkomulags sem er fyrir hendi hjá öðrum þjóðum og telja sig kvitt eftir slíkt.

Þetta eru staðreyndir sem ég vildi vekja máls á undir lok þessarar umræðu.

[15:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talar um gjöf. Nú var það þannig að leitað var eftir fjárfestum, það var auglýst. Þá skil ég ekki af hverju sá lífeyrissjóður sem hann er í stjórn fyrir bauð ekki í bankann og þáði gjöfina, hann hefði ekki þurft að bjóða nema nokkrum milljörðum meira og þá hefði hann fengið þessa gjöf.

Varðandi hagnaðinn sem hv. þm. var að býsnast yfir, þá er hann ekki allur vegna reksturs, heldur að einhverju leyti vegna söluhagnaðar og er einskiptishagnaður sem kemur ekki aftur. Og hann var reiknaður inn í verðið þegar það var ákveðið.

Um dæmið sem hv. þm. tók um Kaupþing og Járnblendifélagið og svo sölu til lífeyrissjóða, þá er það lélegur dómur um fjárfestingaraðilana hjá lífeyrissjóðunum. Þeir hafa bara ekki staðið sig í stykkinu. Ef hægt var að kaupa fyrirtækið svona miklu ódýrar, af hverju gerðu þeir það ekki beint? Þetta var jú á markaði. Mér finnst öll þessi ræða varðandi þau atriði vera slæm og þó að ég gæti ýmislegt gott sagt um frumvarpið sjálft, þá var þessi lokaræða ekki sérdeilis góð.

[15:21]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf gaman að fá einkunnagjöf frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. En varðandi lífeyrissjóðina þá hafa þeir verið að fjárfesta ágætlega á undanförnum vikum og sá lífeyrissjóður sem hv. þm. vísar til hafði hvorki meira né minna en 1.290 milljónir úr þeim hræringum sem urðu í fyrri hluta september vegna þess að hann var hlutlaus fjárfestir en ekki í valdabrölti af því tagi sem við höfum verið að ræða hér.

Hvers vegna buðu lífeyrissjóðirnir ekki í bankana? Hver segir að þeir hefðu ekki gert það ef þeir hefðu verið auglýstir á frjálsum markaði? Það sem hins vegar hefur aldrei vakað fyrir lífeyrissjóðunum, alla vega ekki þeim sem ég þekki til í, það er að gerast kjölfestufjárfestir í þeim skilningi sem auglýst var eftir. Ég hef aldrei getað skilið það hvers vegna Sjálfstfl., hvers vegna hægri sinnar í Sjálfstfl. létu bjóða sér þá málsmeðferð að auglýsa eftir kjölfestufjárfesti sem var ekkert annað en aðferð til að tryggja aðkomu manna sem voru pólitískt þóknanlegir að ráðstöfun þessara eigna. Til þess var leikurinn gerður.

En ég fæ ekki skilið hvers vegna hægri sinnar og markaðssinnar í Sjálfstfl. létu bjóða sér upp á þessi vinnubrögð. Hv. þm. Pétur H. Blöndal getur kannski upplýst mig um þetta.

[15:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er afskaplega leiðinlegt ef stjórn eins stærsta lífeyrissjóðs landsins fylgist ekki betur með og veit ekki til þess að til standi að selja eitt stykki banka. Og það sem meira er, hann var auglýstur til sölu. Vildi stjórnin ekki gerast kjölfestufjárfestir hefði hún getað keypt hann til skamms tíma og selt hann svo aftur í hlutum. Þetta lá allt opið. Ef þetta var svona mikil gjöf gátu fleiri tekið þátt í að hirða hana. Þetta var nefnilega ekki gjöf. Bankinn var seldur dýrum dómum fyrir hátt verð og hann var meira að segja staðgreiddur, það var ekki lánað á einn eða neinn máta. Varðandi dæmið um fasteignir sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni sem einstaklingar kaupa, þá eru til einstaklingar, sérstaklega eldra fólk sem er að minnka við sig, sem staðgreiðir fasteignir með eigin fé sem það er búið að safna um ævina. Það eru því ekki allir sem kaupa með lánum.

[15:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta gerist nú nokkuð flókin umræða. Bankarnir voru staðgreiddir. Er búið að greiða bankana? Er ekki enn verið að þrátta um verðið? Á ekki endanlegt verð að ráðast af afskriftum? Var ekki samið innbyrðis milli bankanna og gagnvart ríkisvaldinu um að ef afskriftir yrðu miklar í öðrum bankanum mundi hið sama gilda varðandi söluverðið gagnvart hinum? Er þetta ekki staðreynd? Þurfum við ekki bara að fá það upplýst hvað hafi verið greitt fyrir bankana og á hvaða forsendum? Ég get lýst því yfir að ég mun leita eftir upplýsingum um þetta í gegnum þingið.

Í sambandi við markaðsvæðingu bankanna og sölu þeirra þá var ekki farið með þá í venjulegt útboð á hlutabréfamarkaði, það var ekki gert. Auglýst var eftir kjölfestufjárfestum til þess að stjórnmálaflokkarnir gætu ráðskast með þessar eignir. Ég hef oft sagt að þar tel ég að Framsfl. beri að mörgu leyti þyngri ábyrgð eða haft frumkvæði í þessu máli. Ég hef aldrei skilið hvers vegna markaðssinnar eins og hv. þm.

Pétur H. Blöndal láta bjóða sér þetta en hv. þm. kemur núna í pontu til að verja það athæfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:26]

Útbýting þingskjals:

Afléttíng veiðibanns á rjúpu, 154. mál, þáltill. GunnB o.fl., þskj. 154.

Raforkukostnaður fyrirtækja, fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ og KLM, 8. mál. — Þskj. 8.

[15:26]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem ég mæli hér fyrir er um að kannaður verði mismunandi raforkukostnaður eftir því hvar á landinu fyrirtæki eru staðsett og hvaða rafveita þjónar fyrirtækjunum er mjög mikilvæg, sérstaklega í ljósi þess að nýlega voru sett ný raforkulög sem fólu í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Sú breyting fól í sér að skilja á milli einkasölupátta rafkerfisins, flutnings og dreifingar og þeirra þátta sem hægt er að koma samkeppni við, vinnslu og sölu. Áður en þær breytingar sem boðaðar eru koma til framkvæmda er rétt að kanna rækilega hvernig landið liggur og hver raforkukostnaður fyrirtækja er eins og staðan er nú. Sérstaklega er það mikilvægt vegna þess að enn er eitt aðalatriði breytinganna ófrágengið, þ.e. útfærsla á fyrirkomulagi orkuflutnings fyrir raforkumarkaðinn. Um það verkefni á 19 manna nefnd að skila tillögum. Nefndinni er einnig ætlað að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingu raforku.

Eins og áður segir er því mikil nauðsyn á að kanna hver staðan er nú til þess að þær tillögur verði markvissar. Nauðsynlegt er að kanna hvernig megi bregðast við svo að samkeppnisstaða fyrirtækja verði ekki ójöfn og að fyrirtæki hrekist ekki úr byggðarlögum vegna hárra rafmagnsreikninga. Og síðan að hár rafmagnskostnaður á landsbyggðinni verði ekki til þess að fyrirtæki hætti við staðsetningu þar sem raforka er dýr.

Virðulegi forseti. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.“

Síðan segir í e-lið:

„Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.“

Virðulegi forseti. Ef framangreind meginmarkmið eiga að nást um að draga úr mismun á lífskjörum og jafna starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni, þá verður að tryggja að fyrirtækjum og einstaklingum sé boðið rafmagn á svipuðu verði alls staðar á landinu. Öllum má ljóst vera að fiskvinnsla eða brauðgerð sem þarf að greiða þriðjungi hærra verð en sambærileg fyrirtæki annars staðar á landinu stendur höllum fæti í samkeppni. Nauðsynlegt er að fara ítarlega ofan í og kanna hvort fyrirtæki greiði mjög mishátt verð fyrir raforkuna og hvað sé til ráða.

Virðulegi forseti. Gerð hefur verið úttekt sem bendir til mikils ójafnaðar. Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna, Samorka, gerðu samanburð á afltöxtum allra rafveitna í landinu og hefur þar komið fram að mikill munur er á raforkuverði til fyrirtækja eftir því hvar þau eru á landinu.

Samorka setur upp dæmi sem sýna berlega að ótrúlega mikill munur er á því verði sem fyrirtæki greiða t.d. annars vegar á Snæfellsnesi sem Rarik þjónar og hins vegar í Reykjavík sem Orkuveita Reykjavíkur þjónar. Dæmi er tekið af fyrirtæki sem þarf að greiða 1.632.790 kr. á ári fyrir rafmagn á starfssvæði Rariks, t.d. á Blönduósi, en ef sama fyrirtæki væri staðsett í Reykjavík greiddi það einungis 1.252.648 kr. Munurinn er um 30%.

Nefndinni sem verður skipuð samkvæmt þessari ályktun ber að fara ítarlega yfir gjaldskrá og útreikninga og í framhaldinu að kanna hvort mishátt gjald á raforku skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu. Nefndinni væri síðan ætlað að leita leiða til úrbóta. Hér er um mál að ræða sem snertir einungis eitt ráðuneyti, þ.e. iðn.- og viðskrn., og ætti því að auðvelda úrlausn málsins að það er einungis á hendi eins ráðherra, hæstv. iðnrh., sem er yfirmaður raforkumála, samkeppnismála og byggðamála. Ég óska eftir að þessari þingsályktun verði vísað til iðnn. að lokinni fyrri umr.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar þáltill. um raforkukostnað fyrirtækja, um að skipuð verði nefnd sem fari yfir og geri úttekt á kostnaði á raforkuverði til fyrirtækja í landinu. Með því að slík nefnd yrði skipuð og færi að skoða mismun raforkuverðs milli landshluta væri í raun verið að gefa skýrslu um ástand sem mun breytast á næstu missirum. Og þá má velta fyrir sér hvort það yrði mikið gagn í raun að slíkri skýrslu og slíkri vinnu. Með tilkomu nýrra raforkulaga munu raforkunotendur brátt geta nýtt sér þann kost að leita tilboða milli raforkusala. Þetta mun eiga við um stærri notendur, þ.e. þá sem nota meira en 100 kílóvött, frá 1. janúar 2005 og alla notendur frá 1. júlí 2007. Þessi breyting er til þess fallin að jafna aðstöðu milli notenda því þeir geta nýtt sér þennan möguleika, algjörlega óháð staðsetningu.

Það er ljóst að í raforkukerfinu eins og það er í dag er jöfnun kostnaðar til staðar á milli dreifbýlis og þéttbýlis sem nemur um 500 millj. kr. Þetta er fyrst og fremst á dreifisvæði Rariks og Rarik hefur að verulegu leyti þurft að taka þennan kostnað inn í sinn rekstur sem verður ekki heimilt samkvæmt nýju lögunum vegna þess að það er ekki hægt að íþyngja einu orkufyrirtæki umfram annað. Þess vegna er í rauninni hægt að segja að þessi tillaga hv. þingmanns sé ekki mjög í samræmi við breytt lög og breytt umhverfi sem við erum að fara inn í.

Fyrirkomulag flutnings á raforku í nýju umhverfi hefur ekki verið ákveðið endanlega, en nefnd sem er skipuð samkvæmt bráðabirgðaákvæði í raforkulögum nr. 65/2003 er nú að störfum og það er ekki útilokað að niðurstaða þeirrar nefndar hafi einhver áhrif á orkuverð, bæði á landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Í þessari nefnd sitja 19 einstaklingar og allir þingflokkar eiga aðild að henni.

Aðalatriðið sem ég vildi sem sagt koma hérna á framfæri er að í rauninni er þetta mál komið í algjörlega nýjan farveg og það verður tekin upp samkeppni í sölu á raforku í áföngum. Fyrsti áfanginn er í raun hvað varðar það að velja sér raforkusala 1. janúar 2005.

[15:35]

Flm. (Sigurjón Þórðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur mér ákaflega á óvart að hæstv. ráðherra byggðamála skuli ekki taka betur í þessa tillögu en raun ber vitni. Staðreyndin er sú að raforkuverð til t.d. fiskvinnslu á landsbyggðinni er 30% hærra en raforkukostnaður sambærilegra fyrirtækja á Reykjavíkursvæðinu. Ég er á því að það sé ekki þessi munur á að dreifa orkunni á Sauðárkróki t.d. eða í Hafnarfirði. Sjávarbyggðir úti á landi neyðast til þess að taka þátt í því að greiða niður orku til t.d. sveitabæja og í sumarhúsabyggðir og mér finnst bara ósanngjarnt að fyrirtæki sem eru t.d. á starfssvæði Rariks taki ein þátt í þeirri greiðslujöfnun. Og ég er alveg sannfærður um að það sé nauðsynlegt að fara vel yfir þessi mál áður en framtíðarskipan þeirra verður ákveðin. Þess vegna kemur mér það mjög á óvart að iðnrh. hæstv. skuli ekki taka betur í þessa tillögu en raun ber vitni.

[15:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einhver misskilningur í málflutningi hv. þm. Ég var nefnilega að segja að við erum að fara út úr þessu kerfi. Við erum að fara inn í nýtt kerfi þar sem viðkomandi fyrirtæki geta skipt við þann raforkusala sem þau kjósa. Ég sagði einmitt í ræðu minni áðan að það væri ekki sanngjarnt að Rarik þyrfti eitt að taka á sig kostnað vegna óarðbærra eininga í kerfinu, enda verður það ekki heimilt samkvæmt nýjum lögum, það má ekki leggja slíkar kvaðir á eitt fyrirtæki umfram annað og þess vegna verður það ekki. Miðað við umræðu sem fór fram hér á hv. Alþingi sl. vetur heyrist mér að mikil samstaða sé um að það verði á einhvern hátt jafnað áfram þótt það eigi ekki að bitna á einu fyrirtæki frekar en öðru. Spurningin er þá eingöngu sú hvort það verður gert með jöfnunargjaldi, að koma til móts við þessar 500 millj., eða hvort það verður gert með framlögum úr ríkissjóði.

Það sem ég er að segja er eingöngu það að við erum að fara út úr þessu kerfi sem hv. þm. vill að verði skoðað. Það getur verið upp á söguna mikilvægt að hafa þær upplýsingar en þær skipta okkur í raun engu máli vegna þess að við erum búin að taka ákvörðun um að fara inn í annað kerfi þar sem er samkeppni og frelsi, bæði hvað varðar framleiðslu og sölu á raforku.

[15:38]

Flm. (Sigurjón Þórðarson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst gott að heyra að það sé kominn betri tónn í hæstv. ráðherra, að jafna orkunni. Eins og ég skil raforkulögin eiga samt að vera einkasöluþættir um dreifingu raforkunnar. Og það er ákaflega gott ef það er ríkur vilji til þess að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækjanna og það er í samræmi við samþykkta byggðastefnu.

[15:39]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi till. til þál. sem hér er flutt um raforkukostnað fyrirtækja af hv. flm. Sigurjóni Þórðarsyni og Kristjáni L. Möller er í sjálfu sér einfalt mál. Hún er tvískipt; annars vegar á að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að fara yfir mismunandi gjaldskrár orkuveitna og kanna hvort raforkukostnaður fyrirtækja sé mismikill eftir því hvaða orkuveitur þjóna þeim. Þessar upplýsingar ættu allar að vera til staðar og eru væntanlega til inni í ráðuneyti hjá hæstv. iðnrh. Í fyrsta lagi er minnsta mál að fá þær og í öðru lagi ætti hæstv. byggðamálaráðherra að hafa þetta á takteinum.

Hinn hluti tillögunnar snýr svo að því hvernig eigi að leiðrétta þá kerfislægu skerðingu sem verður á samkeppnisstöðu bæði fyrirtækja og almennrar búsetu sé mismunun til staðar.

Þetta mál er ekki nýtt á þingi, það hefur oft verið rætt og var mjög rætt sl. vetur við samþykkt nýrra raforkulaga.

Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er farin úr húsinu, virðulegi forseti, en ráðherrann kom hér í ræðu og lýsti því hvernig þetta umhverfi væri allt að breytast með þessum nýju raforkulögum sem voru samþykkt á Alþingi sl. vetur. Samkvæmt þeim á að færa markaðsvæðingu og einkavæðingu inn í raforkukerfið og hún telur að þetta eigi allt saman að leiða til betri vegar. Þeir voru þá býsna margir hér á þingi sem sögðu að þessi lagasetning væri fullkomin mistök, enda rökstuddu sumir þingmenn stuðning sinn með því að þetta hefði verið hluti af lagatilskipan Evrópusambandsins sem hefði láðst að sækja um undanþágu frá. Þetta hefðu verið kerfisleg og tæknileg mistök af hálfu þeirra sem fara með samskipti við Evrópusambandið og við sætum hér uppi nú með þessa löggjöf, og það væri ástæðan.

Lítum á hvað hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur. Í Kaliforníu var raforkukerfið t.d. einkavætt, fór á hausinn og ríkið varð að leysa það aftur til sín. Gríðarlegar rafmagnstruflanir urðu í markaðsvæddu raforkukerfi í Kanada, í norðurfylkjum Bandaríkjanna og stóðu ekki í nokkrar mínútur, heldur klukkutímum og jafnvel sólarhringum saman. Sama var upp á teningnum í Suður-Svíþjóð og Danmörku, þar var líka búið að markaðsvæða að hluta raforkukerfið og þar var líka gríðarlegt rafmagnsleysi og truflanir á rafmagni. Síðasta dæmið var svo Ítalía og Frakkland þar sem Ítalía nánast öll var rafmagnslaus í lengri tíma um daginn.

Þetta er það skipulag sem á að innleiða samkvæmt nýjum raforkulögum ef hæstv. iðnrh. fær að ráða ferð, gerum okkur grein fyrir því. Þetta er fyrirmynd hæstv. iðnrh. að raforkubúskap á Íslandi. Á Ísland sem er lítið eyríki að fara að feta í markaðsvæðingarspor þessara stórríkja sem lenda síðan uppi á skeri með starfsemi sína?

Það var fróðlegt sem orkubússtjóri Kaliforníu sagði hér í heimsókn sinni á Íslandi á dögunum. Hann er búinn að lifa tímana tvenna og hann varaði við því að einkavæða raforkukerfið, það væri hluti af grunnalmannaþjónustu sem allt atvinnulíf, búseta og lífskjör fólks byggðust á. Og að ætla að fara að setja það á einhverja uppboðsmarkaði væri fullkomið glapræði. Hann tók til orða á þann veg að hryðjuverk væru jú hættuleg og gætu truflað raforkukerfið og raforkudreifinguna en hryðjuverk væru smámunir á við einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkukerfisins. Og þetta er það kerfi sem hæstv. iðnrh. vill láta innleiða hér.

Ég tel þetta vera gríðarleg mistök, enda er nú verið að vinna að því hvernig megi hugsanlega milda hin skaðlegu áhrif af þessum raforkulögum sem sett voru sl. vetur að frumkvæði hæstv. iðnrh. Framsfl. Svona er nú þetta mál, virðulegi forseti.

Þessi litla þáltill. sem hér er flutt er bara til að draga fram í dagsljósið mun sem við jú vitum að er til staðar en við

viljum fá hann tölulega fram, þá mismunun sem er á milli fyrirtækja og einstaklinga í verði og afhendingaröryggi og möguleikum á gæðum rafmagns. Við viljum einmitt hafa þessar tölulegu upplýsingar þegar við förum að takast á um þá tilhögun á dreifikerfinu sem mun væntánlega koma inn í þingið seinna í haust.

Ég tel mjög mikilvægt að fá öll atriði inn í umræðuna um raforkukostnað fyrirtækja, um raforkudreifinguna, því að þetta er fjöregg íslensku þjóðarinnar. Við megum ekki setja raforkukerfið og dreifingu raforku á uppboðsmarkað fjármálafyrirtækja. Við höfum alveg nærtæk dæmi um mismuninn, við þekkjum það frá umræðunni hér í þinginu fyrir tveimur árum þegar Sveitarfélagið Skagafjörður var knúið til þess, vil ég segja, að selja Rafveitu Sauðárkróks, vel rekið fyrirtæki sem þjónaði íbúum Sauðárkróks vel, til Rariks í staðinn fyrir að opinberir aðilar tækju á fjárhagsvanda sveitarfélagsins með öðrum hætti. Rarik er jú bara opinber aðili og þurfti að fá peningana frá ríkinu til þess að greiða út Rafveitu Sauðárkróks. Eftir að Rafveita Sauðárkróks var keypt af Rarik snarhækkuðu náttúrlega allir taxtar, margfölduðust hjá minni fyrirtækjum.

Þetta mál sem hér er hreyft er mjög mikilvægt inn í þessa umræðu og nauðsynlegt. Það væri þarft að hæstv. iðnrh., hæstv. ráðherra Framsfl., sem gengur svo öflugt fram nú í að einkavæða og markaðsvæða alla þá almannaþjónustu sem hæstv. ráðherra kemst yfir, mundi hlýða á umræðuna og taka hana til greina.

Við verðum að standa vörð um raforkukerfið okkar. Við megum ekki markaðsvæða það og einkavæða það og selja það á uppboðsmarkað. Það þurfa allir að leggja sitt á vogarskálarnar til þess að firra okkur þeim óskapnaði ef af yrði. Við verðum öll að taka höndum saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 9. mál (meðferð brota, verkaskipting o.fl.). — Þskj. 9.

[15:47]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, eins og fram kemur á þskj. 9. sem er merkt 9. mál.

Frv. sem hér liggur fyrir eru þrjár nýjar greinar og mun ég gera grein fyrir þeim í máli mínu. En aðeins áður en ég fer í efnisatriði málsins er mikilvægt að rifja upp að nokkuð langt er orðið síðan menn hafa almennt orðið sammála um að ríkisvaldið eigi ekki að stjórna verðmyndun á vörum á markaði. Almennt eru menn sammála um að eðlilegra, skynsamlegra og betra sé að markaðurinn sjálfur fái að stjórna verðmynduninni. Menn eru einnig almennt sammála um að það gerist ekki nema á markaðnum séu skýrar leikreglur. Því eru miklir almannahagsmunir í því fólgnir að markaðurinn fái að starfa á grunni opinna og þekktra leikreglna. Annars er hættan sú að markaðurinn virki ekki eins og hann á að virka. Annars er hættan sú að verðmyndun sú sem menn leitast eftir að markaðurinn myndi eigi sér ekki stað. Þess vegna er mikilvægt að reglurnar á markaðnum séu skýrar og í því felast miklir almannahagsmunir að vel takist til.

Í sumar var dregið mjög skýrt fram hversu alvarlegar afleiðingar það kann að hafa fyrir almenning ef menn virða ekki reglur samkeppninnar á markaði og keppinautar fara að koma sér saman um verð. Þá er í reynd markaðurinn ekki að virka. Víðast hvar í hinum vestræna heimi þar sem byggt hefur verið á þessum grunnreglum markaðar til langs tíma eru menn smám saman að skynja hversu alvarleg þessi brot eru. Má taka sem dæmi að langt er síðan Bandaríkjamenn fóru að nota öll tiltæk ráð í opinberum rétti til að rannsaka þessi mál og ganga þeir miklu lengra en Evrópuríkin enn hafa nokkurn tíma gert, enda er kannski ekki nema von því að bandarísku samkeppnislögin, þau fyrstu sem litu dagsins ljós, eru frá árinu 1890 og þeir vitaskuld komnir hvað lengst á þessum vettvangi.

Ég ætla að gera stutta grein fyrir þeim ákvæðum sem við leggjum til, allir þingmenn Samfylkingarinnar sem eru á þessu máli og að því standa. Í fyrsta lagi leggjum við til að Samkeppnisstofnun geti við rannsókn máls gert húsleit í starfsstöðvum fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um brot gegn ákvæðum laganna. Á sama hátt getur stofnunin gert húsleit og lagt hald á gögn á heimilum stjórnenda fyrirtækja.

Við framkvæmd aðgerða skv. 1. mgr. skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Ég held að það sé nauðsynlegt í þessari umræðu, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að þann 1. maí nk. ganga í gildi reglur sem veita framkvæmdastjórn Evrópusambandsins rétt til þess að beita þessum heimildum, þ.e. að fara í húsleit. Það hefur svo sjálfkrafa í för með sér að Eftirlitsstofnun EFTA fær þá væntanlega sams konar heimildir hér á landi. Ég held að menn hljóti að vera sammála um að eðlilegt sé að innlendar stofnanir hafi þessar heimildir einnig því að hér eru á ferðinni mjög alvarleg brot og mikilvægt er að við nálgumst þau sem slík, enda eru á ferðinni miklir samfélagslegir hagsmunir varðandi það að keppinautar á markaði séu ekki að koma sér saman um verð. Þá er markaðurinn einfaldlega ekki að virka. Þá erum við ekki að fá það út úr markaði sem við viljum fá út úr honum.

Við hv. þm. Samfylkingarinnar lítum svo á að hér sé því um mjög mikilsverða hagsmuni að ræða sem verði að vernda með öllum tiltækum ráðum og því sé mikilvægt að þessi heimild sé veitt. Í Noregi hafa menn skilgreint heimili þannig — þar er þessi heimild til staðar — að „á heimilum" þýði að menn geti farið inn á fasteignir. Í greinargerð með frv. er það eftirlátið dómstólum að meta hverjir geti talist stjórnendur enda fer vitaskuld engin húsleit fram nema dómstólar samþykki slíka leit og á bak við þá leit séu viðeigandi gögn.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, þá kom upp í sumar, eins og margir þekkja, umræða um það hvernig verkaskiptingu eigi að vera háttað milli annars vegar stjórnvalda eða Samkeppnisstofnunar og hins vegar lögregluyfirvalda. Þessi verkaskipting olli talsverðum deilum sem ástæðulaust er að rekja hér. Þó má segja sem svo að hver og einn hafi litið málið sínum augum og túlkað niðurstöðuna á þann hátt sem hann taldi réttasta. En það má ekki vera þannig í lögum að þau séu óskýr og geri það að verkum að réttarástand á þessu sviði sé ekki sem skyldi. Því leggum við hér til, virðulegi forseti, í þessum reglum að Samkeppnisstofnun verði falið að rannsaka lögaðila og fyrirtæki en lögregluyfirvöld með ríkissaksóknara í fararbroddi fari með rannsóknir á hendur

einstaklingum. Við teljum að þetta sé skynsamlegt og það tryggir einnig að hvorki sé verið að rannsaka fyrirtæki né einstaklinga á tveimur stöðum í einu. Þetta er sú aðferð sem Bretar hafa sett upp hjá sér og ég held að við getum vel farið í smiðju til þeirra á þessum vettvangi.

Til að fylgja þessum hugmyndum eftir er 3. gr. frv. sett upp á þann hátt sem raun ber vitni. En kjarninn í þessu er sá að Samkeppnisstofnun skuli sjá um rannsóknir á brotum á samkeppnislögum að því er varðar lögaðila en ríkissaksóknari og þá væntanlega lögregla að því er varðar einstaklinga.

Í 2. gr. frv. er einnig tekið fram að Samkeppnisstofnun skuli veita ríkissaksóknara aðgang að nýjum gögnum jafnharðan og þeirra er aflað og tilkynna án tafar ríkissaksóknara um mál sem Samkeppnisstofnun telur að rétt sé að verði tekin upp.

Þetta er í stuttu máli, virðulegi forseti, kjarninn í því frv. sem við hv. þm. Samfylkingarinnar mælum nú fyrir. Ég hef hér gert grein fyrir ákvæðum frv. Ég ætla að fara í örstuttu máli, svona eins og hægt er, yfir greinargerðina með frv. svo að enginn velkist nú í vafa um hvert efni frv. er og hvaða hugsun býr þar að baki.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem m.a. er ætlað að skýra og skerpa á verkaskiptingu og samskiptum milli Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra vegna brota á samkeppnislögum, auk þess sem brot fyrirtækja varða ekki lengur refsingum.

Brot fyrirtækja og lyktir mála gagnvart þeim eiga því alfarið undir stjórnvöld. Að sjálfsögðu verða þær ákvarðanir bornar undir dómstóla ef svo ber undir, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Í fyrsta lagi er lagt til að refsiábyrgð fyrirtækja verði afnumin. Með breytingunni verður því einungis unnt að beita lögaðila stjórnsýsluviðurlögum vegna brota á lögunum. Ákvörðun Samkeppnisráðs þar um verður endurskoðuð af dómstólum samkvæmt almennum reglum kjósi aðili svo. Breytingin kemur í veg fyrir að lögaðilum sé refsað tvisvar fyrir sama brotið.

Í öðru lagi er lagt til að Samkeppnisstofnun verði gert kleift að leita á heimilum stjórnenda fyrirtækja að gögnum. Brot gegn samkeppnislögum eru fyrst og fremst brot gegn almenningi. Hér er því um mjög alvarleg brot að ræða. Það er almenn samstaða um það í samfélaginu að ríkisvaldið eftirláti fyrirtækjum og einstaklingum framleiðslu og sölu vara á markaði. Ríkið hefur líka að mestu dregið sig út úr ákvörðunum um verðlagningu og verðmyndun framleiðsluvara. Til þess að verðmyndun á markaði verði eðlileg er nauðsynlegt að sanngjörn og heiðarleg samkeppni fái notið sín. Þeir sem brjóta gegn ákvæðum laga sem ætlað er að stuðla að því að efnahagslífið fái þrifist og dafnað á þessum forsendum vega því alvarlega að hagsmunum almennings sem verður að greiða fyrir þessi brot með hærra verði á vörum, jafnvel nauðsynjavörum. Brot gegn samkeppnislögum eru litin mjög alvarlegum augum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fengið heimild til húsleitar á heimilum stjórnenda fyrirtækja við þessar aðstæður. Það er því ljóst að Íslendingar verða fljótlega að lögfesta sambærilegt ákvæði vegna aðildar sinnar að EES-samningnum. Það er skynsamlegt að gera það strax vegna alvarleika brotanna. Með lögfestingu þessara reglna er það lagt á dómstóla að meta hvað teljist vera heimili stjórnenda og hverjir séu stjórnendur fyrirtækja sem rétt sé að veita húsleitarheimild hjá.

Í þriðja lagi er lagt til að refsiábyrgð einstaklinga verði takmörkuð við brot á IV. kafla samkeppnislaganna sem hefur að geyma ákvæði um bann við samkeppnishömlum. Brot á ákvæðum IV. kafla teljast til alvarlegri brota í samkeppnisrétti. Önnur bannákvæði laganna lúta að vægari brotum á lögunum. Það er álit flutningsmanna að nægjanlegt sé að leggja refsiábyrgð á einstaklinga vegna alvarlegri brota á lögunum þar sem beiting stjórnsýsluviðurlaga gagnvart lögaðila feli í sér nægjanleg varnaðaráhrif gagnvart stjórnendum sem þurfa að taka á sig ábyrgð, reynist brot þeirra mjög alvarleg.

Í fjórða lagi, í samræmi við framangreinda tillögu, er kveðið skýrt á um að Samkeppnisstofnun skuli tilkynna ríkissaksóknara um mál þar sem rökstuddur grunur hefur vaknað um að refsiverður verknaður hafi verið framinn sem fari gegn ákvæðum IV. kafla laganna um bann við samkeppnishömlum. Jafnframt er kveðið á um að Samkeppnisstofnun skuli jafnharðan og nýrra gagna er aflað veita ríkissaksóknara aðgang að þeim, eftir að hann hefur ákveðið að hefja opinbera rannsókn á máli. Það er síðan í verkahring ríkissaksóknara að meta hvort og hvenær hafin skuli opinber rannsókn á ætluðum brotum einstaklinga. Gert er ráð fyrir að rannsókn Samkeppnisstofnunar og ríkissaksóknara fari fram samhliða. Ekki er að sjá að slíkt geti falið í sér vandamál þar sem Samkeppnisstofnun og ríkissaksóknara er falið að rannsaka ólíka fleti þessara mála enda verða þessar rannsóknir að vera sjálfstæðar hvor á sinn hátt.

Í fimmta lagi er lagt til að refsingar við brotum á ákvæðum samkeppnislaga verði hertar til samræmis við það sem þekkist í þeim löndum sem styðjast við sambærilega löggjöf og við. Það eru ekki síst varnaðaráhrif sem gera það að verkum að flutningsmenn telja nauðsynlegt að þyngja refsingar sökum alvarleika þessara brota. Þolendur brota gegn samkeppnislögum eru fyrst og fremst almenningur, sem vegna brotanna verður að greiða hærra verð eða hafa minna úrval til að velja úr, séu brotin fólgin í misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þess má geta að víðast hvar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, m.a. Bretlandi og Írlandi, er gert ráð fyrir 5–6 ára fangelsi vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga. Bandaríkjamenn ganga mun lengra í þessum efnum.

Þá er rétt að taka fram vegna umræðunnar sem verið hefur að undanförnu að í þessu frumvarpi er ekki kveðið á um að rannsókn Samkeppnisstofnunar skuli rjúfa fyrningu vegna refsiábyrgðar einstaklinga. Rannsókn Samkeppnisstofnunar fer ekki í einu og öllu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, eðli málsins samkvæmt. Hér er lögð til skýr verkaskipting milli ríkissaksóknara og lögreglu annars vegar og samkeppnisyfirvalda hins vegar, þar sem rannsókn samkeppnisyfirvalda snýr að fyrirtækjum, og telja flutningsmenn óeðlilegt að rannsókn hennar rjúfi fyrningu vegna hugsanlegrar refsiábyrgðar einstaklinga. Með þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar eru lagðar á Samkeppnisstofnun ríkar kvaðir að tilkynna ríkissaksóknara svo skjótt sem auðið er um að rökstuddur grunur hafi vaknað við rannsókn máls og einstaklingar kunni að hafa bakað sér refsiábyrgð. Ábyrgðin á því að brot fyrnist ekki er lögð á Samkeppnisstofnun. Með þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar er henni gert skylt að gera ríkissaksóknara tafarlausa grein fyrir því ef rökstuddur grunur vaknar um að brot hafi verið framin, sem kunna að leiða til refsiábyrgðar einstaklinga. Það er svo ákvörðun ríkissaksóknara að hefja rannsókn á málinu, en upphaf þeirrar rannsóknar rýfur fyrningu gagnvart hugsanlegri refsiábyrgð einstaklinga. Þetta telja flutningsmenn

vera eðlilegt fyrirkomulag í ljósi þeirrar verkaskiptingar sem lögð er til að verði lögfest milli þessara refsivörsluaðila, þ.e. Samkeppnisstofnunar og ríkissaksóknara.

Virðulegi forseti. Ég hef gert hér í nokkrum orðum grein fyrir þeim hugmyndum sem búa að baki því frv. sem hér er lagt fram. Með því erum við að undirstrika það hversu alvarleg brot við teljum að brot gegn samkeppnislögum séu og að um sé að ræða fyrst og fremst brot gegn almenningi í landinu. Við teljum nauðsynlegt og í samræmi við þá þróun sem verið hefur á Vesturlöndum að þau yfirvöld sem hafa með þessi mál að gera fái ríkari heimildir en nú er og er það í samræmi við það sem hefur tíðkast á Vesturlöndum, eins og ég áður rakti.

Að þessum orðum sögðum, virðulegi forseti, tel ég mig hafa gert nokkuð skýra grein fyrir þeirri hugsun sem býr að baki því frv. sem hér er lagt fram og óska, að umræðum lokunum, að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

[16:03]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Hv. þm. og flm. frv., Lúðvík Bergvinsson, hefur hér gert grein fyrir efni frv. og inntaki þeirra ákvæða sem lagt er til að lögfest verði hér á Alþingi.

Ég sé mig knúinn til vegna þessa frv. og atriða sem fram koma í því, að leggja hér orð í belg og gera nokkrar athugasemdir við ákvæði frv., einkum 1. gr. frv. og ekki síður 3. gr. þess, en ég mun væntanlega síðar í umræðunni víkja að 2. gr. frv.

Í framsöguræðu sinni lýsti hv. þm. Lúðvík Bergvinsson því yfir að það væri mikilvægt að á markaði ríktu skýrar reglur. Ég veit ekki betur en að reglurnar sem gilda nú á markaði séu skýrar og fyrirtækjum beri að fara eftir þeim í þeirri starfsemi sem þau hafa tekið sér á hendur. Þær breytingar sem hv. þingflokkur Samfylkingarinnar er að leggja hér til lúta fyrst og fremst að því að auka heimildir samkeppnisyfirvalda til þess að gera húsleitir hjá yfirmönnum fyrirtækja. Jafnframt er verið að herða refsingar við brotum gegn samkeppnislögum og það á að leggja sektir á einstaklinga og þá væntanlega stjórnendur fyrirtækja en hlífa fyrirtækjunum sjálfum við refsiábyrgð miðað við það sem áður var.

Ég tel nauðsynlegt að gera alvarlegar athugasemdir við þessar tillögur sem hér liggja fyrir. Ég ætla að byrja á því að víkja að 1. gr. frv. Þar er lagt til að Samkeppnisstofnun geti gert húsleit, ekki bara í starfsstöðvum fyrirtækis, heldur geti einnig lagt hald á gögn á heimilum stjórnenda fyrirtækja.

Ef við skoðum ákvæðið í samkeppnislögunum eins og það er nú, þá er það þannig orðað, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda."

Ef við skoðum orðalagið eins og það kemur fyrir í þessu lagafrv. þá er gert ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun geti við rannsókn máls gert húsleit í starfsstöðvum fyrirtækis, þannig að það má segja, ef við miðum við svona hefðbundnar skýringar á hugtökum í lögfræði, þá sé í rauninni verið að veita þarna auknar heimildir til handa samkeppnisyfirvöldum. Það er verið að leggja beint til að Samkeppnisstofnun fái húsleitarheimild sem ætti að öllu jöfnu að ganga lengra en ákvæði núverandi laga kveður á um, en það kveður á um sérstakar athuganir á starfsstöðvum fyrirtækja. En það má kannski segja að miðað við hvernig samkeppnislögin og þær reglur sem þau kveða á um hafa verið praktíseraðar, hafi í rauninni verið um húsleitarheimildir að ræða.

En það sem er alvarlegt og ég vil gera athugasemdir við í þessu frv. er að verið er að leggja til að Samkeppnisstofnun geti við rannsókn mála ráðist inn á heimili einstaklinga og gert húsleit þar í rannsóknum sínum á meintum brotum á samkeppnislögum.

Eins og fram kom í máli hv. flm. þessa frv. og frsm. hér á Alþingi, hv. alþm. Lúðvíks Bergvinssonar, þá stendur allur þingflokkur Samfylkingarinnar að baki þessu frv. Margir þeirra flutningsmanna sem hér eru taldir upp hafa nú gefið sig út fyrir það að vera miklir lýðræðissinnar og fyrir að vilja borgurunum allt hið besta og vilja standa vörð um réttindi borgaranna. Það frv. sem hér liggur fyrir þinginu er að mínu mati ekki í samræmi við þau sjónarmið sem hv. þm. hafa haft uppi í öðrum málum. Ég tel að hér sé verið að ganga ansi hart að réttindum einstaklinga og þeim réttindum sem þeim eru tryggð t.d. í 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um friðhelgi einkalífsins, heimilis og fjölskyldu.

Ég vil benda á það og ég vil að það komi hér fram að ég tel að það verði að fara mjög varlega með það ef menn ætla sér að veita stofnunum, opinberum stofnunum eða yfirvaldi, heimild til að raska friðhelgi einkalífs, hvort sem um er að ræða húsleit á heimilum, haldlagningu á gögnum sem notuð eru til einkanota, líkamsleit eða önnur slík úrræði sem stjórnvöldum eru falin í lögum.

Ég minni á að það er nú þannig, hygg ég, að flestir stjórnendur fyrirtækja eða mikill meiri hluti þeirra er fjölskyldufólk og að þetta fólk býr á sama heimilinu. Hvernig sjá menn það fyrir sér og hv. flutningsmenn frv. að þessi lög verði framkvæmd? Hvernig ætla menn að komast hjá því, ef lögin verða samþykkt, að hinni stjórnarskrárvörðu friðhelgi einkalífs þeirra sem búa á þeim heimilum sem samkeppnisyfirvöldum er ætlað að fá heimild til þess að fara inn á og framkvæma leit á, verði ekki raskað? Hvernig ætla menn að tryggja friðhelgi einkalífs þessa fólks, barna og annarra fjölskyldumeðlima, verði þetta frv. að lögum?

Ég bendi bara á þetta atriði sérstaklega sem atriði sem vert er að hafa í huga. Þar fyrir utan erum við að tala hér um úrræði sem ganga mjög langt. Verið er að leggja til að Samkeppnisstofnun fái mjög rúmar heimildir til þess að rannsaka mál.

Menn þekkja það sem hafa komið að samkeppnismálum og fylgst með umræðunni í gegnum tíðina að Samkeppnisstofnun hefur verið gagnrýnd fyrir það að hafa gengið ansi hart fram í því að leggja hald á gögn þegar farið hefur verið inn í fyrirtæki og þar framkvæmd húsleit. Starfsmenn þessara fyrirtækja hafa kvartað yfir því að lagt hafi verið hald á persónulega muni þeirra eða persónulegar upplýsingar, svo sem tölvupóst og annað sem ekkert kemur rekstri viðkomandi fyrirtækja við. Þetta hefur verið gagnrýnt í umræðunni. Og með því að leggja það til að stofnuninni verði heimilað að fara inn á heimili stjórnenda fyrirtækjanna er verið að stíga, tel ég, mjög hættulegt skref. Það er verið að stíga það skref að veita eftirlitsaðilum á markaði og hér í stjórnsýslunni heimildir til þess að fara inn á heimili borgarans, og það er alvarlegur hlutur að heimila slíkt.

Ég get ekki séð annað en að flutningsmenn þessa frv. séu í rauninni að leggja til að stofna hér hreinlega bara aðra lögreglu. Það er verið að fela Samkeppnisstofnun heimildir

sem lögreglan hefur haft í sínum höndum fram til þessa og það er í rauninni verið að hliðsetja samkeppnisyfirvöld lögregluyfirvöldum. Ég tel að þær heimildir sem nú þegar eru í lögum og heimila yfirvöldum að raska friði borgaranna og ráðast gegn réttindum þeirra, sem m.a. eru varin í stjórnarskrá, gangi nægilega langt og það sé engin ástæða til þess að veita auknar heimildir til slíks. Ég vildi því benda á það að ég vara sérstaklega við því að heimiluð verði húsleit á heimilum stjórnenda fyrirtækja eins og lagt er til í þessu frv.

Mig langar einnig til þess að víkja að 3. gr. frv. Samkvæmt b-lið 3. gr. frv. er lagt til að sektir samkvæmt lögum þessum verði einungis lagðar á einstaklinga.

Í greinargerð með frv. segir í fyrsta lagi að lagt sé til að refsiábyrgð fyrirtækja verði afnumin. Með öðrum orðum, og ég get ekki skilið frv. öðruvísi en svo, verði fyrirtæki sem starfar á markaði uppvíst að brotum á IV. kafla samkeppnislaganna eins og þau eru núna, sem fjallar um bann við samkeppnishömlum, og grípi samkeppnisyfirvöld til þess úrræðis að beita viðurlagaheimildum samkeppnislaganna verða þær sektir lagðar á einstaklinga og þá væntanlega stjórnendur fyrirtækjanna. Ef svo er ekki — frsm. hér hristir hausinn — væri ágætt að fá útskýringu á því hvernig þetta er nákvæmlega hugsað. Ég get ekki betur séð, eins og frv. er sett fram, en að sektir samkvæmt lögunum verði einungis lagðar á einstaklinga. Það hlýtur að þýða að stjórnendur fyrirtækjanna verði að bera þessar sektir en ekki fyrirtækin sjálf.

Ef þetta er sú regla sem menn ætla að leiða hér í lög á ég erfitt með að sjá að það verði auðvelt að fá fólk til þess að taka að sér trúnaðarstörf, hvort sem það eru framkvæmdastjórastörf eða stjórnarstörf í félögum. Ef menn mega búast við því að fá send sektarboð persónulega á sig verði fyrirtækið uppvíst að brotum á samkeppnislögum hefur sjálfsagt enginn áhuga á slíku starfi. Ef þetta er einhver misskilningur væri ágætt að fá útskýringar á því en ég get ekki lesið frv. öðruvísi en að þetta sé sú efnislega regla sem lögð er til.

Það eru ýmis önnur atriði í þessu frv. sem sæta furðu eða rétt er að gera athugasemdir við. Í a-lið 3. gr. er lagt til að refsingar verði hertar, þær verði gerðar allt að sex árum, þ.e. að brot á lögunum varði allt að sex ára fangelsi. Ef ég man lögin rétt varðar brotið núna tveggja eða fjögurra ára fangelsi. Það er helst vísað til varnaðaráhrifa þessari breytingu til rökstuðnings. Mig langar bara til að varpa þeirri spurningu fram til hv. flutningsmanns frv. hvort einhver könnun hafi verið gerð á því eða við hvað sú skoðun flutningsmanna styðst að hertar refsingar hafi einhver aukin varnaðaráhrif miðað við það sem nú er. Ég veit að hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni er kunnugt um að gerðar hafa verið rannsóknir á sviði refsiréttar og afbrotafræði, bæði hér á Íslandi og í Bandaríkjunum, sem hafa sýnt fram á það að hertar refsingar leiða ekkert endilega til þess að menn hætti að brjóta af sér. Og sömuleiðis sjáum við það í löggjöf og dómaframkvæmd hér á Íslandi að hertar refsingar í einstökum flokkum hafa ekkert leitt til þess að refsingum hafi fækkað. Það væri ágætt að fá skýringar á því hvað hv. flm. frv. hafa fyrir sér þegar þeir benda á það að hertar refsingar eigi að hafa varnaðaráhrif, eða hvort þetta er einfaldlega tilfinning þeirra.

Virðulegi forseti. Í þessari lotu tel ég rétt að gera athugasemdir við það að hér verði leiddar í lög þær reglur að heimila yfirvöldum húsleitir á heimilum einstaklinga. Og sömuleiðis að sektir vegna brota á samkeppnislögum verði lagðar á einstaklinga.

[16:20]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var margt sem kom fram í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í þessari umræðu og ég mun á eftir reyna að takast á við þær spurningar og það sem hann varpaði upp. Ég hlýddi með athygli á mál hans og ég verð að segja alveg eins og er að ég var að reyna að átta mig á því og greina hvað hann væri raunverulega að segja. Það sem ég las út úr þessu er það að hv. þingmanni þykir samkeppnin sem slík ekki vera þess virði að hún sé vernduð með öllum tiltækum ráðum. Það er í raun og veru ekkert annað sem ég gat lesið út úr ræðu hv. þm. en að samkeppnin væri ekki það mikilvæg að leitað yrði allra leiða til þess að vernda hana, þveröfugt við það sem réttarþróun hefur verið alls staðar á Vesturlöndum þar sem menn hafa gengið mjög hart fram í að vernda samkeppnina vegna þess að hún sé vænlegust til að tryggja almannahagsmuni, vænlegust til að koma í veg fyrir verðsamráð og vænlegust til að tryggja það að markaðurinn skili almenningi því sem hann á að skila. Það er í raun og veru það eina sem ég gat lesið út úr ræðu hv. þm., þ.e. til þess að reyna að átta mig á því á hvaða grundvallarhugmyndum hann byggir sinn málflutning.

Ég mun hins vegar í ræðu á eftir svara þeim einstöku spurningum eða hugmyndum sem hann varpaði upp en ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta olli mér miklum vonbrigðum í málflutningi hv. þingmanns.

[16:21]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Það var alveg ljóst, virðulegi forseti, á hverju málflutningur minn byggði og sú gagnrýni sem ég hafði á þetta frv. Ég tel að ekkert sé óljóst í því.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talar um að það sé mikilvægt að vernda samkeppnina með öllum tiltækum ráðum. Það er kannski matsatriði hvað það er að „vernda samkeppni með öllum tiltækum ráðum“ en ég tel að það sé algjörlega ljóst að það að veita yfirvöldum, samkeppnisyfirvöldum, heimildir til þess að ráðast inn á heimili fólks sem gjarnan er saklaust af þeim áburði sem samkeppnisyfirvöld munu bera á viðkomandi aðila fari langt út fyrir réttlætanlegar aðgerðir við að ætla sér að tryggja samkeppni.

Auðvitað hljóta þessar heimildir að skarast við það sem ég nefndi áðan, friðhelgi einkalífsins. Og það er verið að ganga hér mjög fast og hart gegn þeim miklu réttindum sem 71. gr. stjórnarskrárinnar tryggir fólki. Ég get ekki séð að neitt hafi verið óljóst í þessu. Menn verða að hafa það í huga þegar þeir leggja svona til að það eru ekki bara stjórnendur fyrirtækjanna sem búa á þessum heimilum, það eru líka eiginkonur eða eiginmenn og það eru börn stjórnendanna og auðvitað skarast þetta allt saman. Þetta eru atriði sem ég hugsa að flutningsmenn frv. hafi ekki haft í huga þegar þeir sömdu það.

[16:23]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig með þetta líf okkar og hagsmuni sem við oft og tíðum viljum vernda að það er ekki sjálfgefið að brotamenn séu einhleypir. Það er ekki sjálfgefið að þeir sem taka eignir ófrjálsri hendi séu einhleypir. Það er ekkert sjálfgefið þegar lögregluyfirvöld og ýmsir sem hafa fengið það hlutverk að vernda tiltekna hagsmuni þurfa að beita mjög alvarlegum úrræðum. Húsleit er mjög alvarlegt úrræði. Ég tek alveg heils hugar undir það. Það er ekki sjálfgefið að brotamenn séu einhleypir; þegar um er að ræða

alvarlegar líkamsárásir sem við teljum þess virði að vernda gegn og hægt er að gera húsleit út af er ekki sjálfgefið að ekki sé annað fólk á heimilinu.

Við metum það hins vegar oft og tíðum svo að þetta séu það mikilvægir hagsmunir að við viljum vernda þá og veitum þess vegna þessar heimildir.

Ég vil þó segja að þrátt fyrir að mér finnist, eins og ég sagði áðan, mig skorta talsvert til þess að átta mig á þeim grundvallarhugmyndum sem hv. þm. byggir á finnst mér samt að einhverjar breytingar hafi orðið hjá sjálfstæðismönnum hvað þetta varðar almennt. Fyrir nokkrum árum voru samþykkt hér lög um Póst- og fjarskiptastofnun og þar kom þessi umræða upp. Í því frv. sem síðar varð að lögum — það frv. var borið fram af hv. þm. Halldóri Blöndal — þarf Póst- og fjarskiptastofnun ekki einu sinni úrskurð dómstóla til þess að fara í húsleit. Ég skynja það þó hjá þessum unga hv. þm. sem hér er kominn inn að það eru einhverjar breytingar á hugmyndum um vernd og friðhelgi einkalífsins sem hafa náð fótfestu í þingflokki Sjálfstfl.

En ég verð að segja, virðulegi forseti, og ítreka að það eru einfaldlega hugmyndir okkar í Samf. að samkeppni sé svo mikilvæg að hana beri að vernda og að í því skyni eigi að veita þær heimildir sem við leggjum hér til. Það er grundvallarhugmynd okkar í þessu máli.

[16:26]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gaman að heyra að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson beri mikla virðingu fyrir samkeppninni og vilji hag hennar sem mestan. Ég deili þeirri skoðun. Ég tel samt að við verðum að tryggja þá ríku hagsmuni sem felast í friðhelgi einkalífsins. Með samþykkt þessa frv. er raunveruleg hætta á því að réttindi friðhelgi einkalífs þeirra sem ekkert koma að málum en slík húsleit beinist að verði brotin. Það er einfaldlega þannig.

Ég get ekki betur séð en að ef menn ætla að fara að framkvæma þær hugmyndir sem fram koma í þessu frv. muni þeir komast að því að réttur fólks sem ekkert kemur að þeim málum sem verið er að rannsaka sé brotinn. (**LB:** Vill þingmaðurinn afnema húsleitarheimildir almennt?) Nei, nei, þingmaðurinn vill ekkert afnema húsleitarheimildir almennt, þingmaðurinn hefur aldrei haldið því fram. Ég er bara að segja að ég vara við því að eftirlitsiðnaðinum eins og ég leyfi mér að kalla hann verði veittar of víðtækar heimildir til þess að ráðast inn á heimili fólks sem jafnvel er saklaust og hefur ekkert um þau mál að segja sem verið er að rannsaka.

[16:27]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 157. mál, frv. MF o.fl., þskj. 157.

Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, 155. mál, þáltill. MF, þskj. 155.

Sveitarstjórnarlög, 156. mál, frv. MF o.fl., þskj. 156.

[16:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er mjög eðlilegt að samkeppnislög komi til umfjöllunar á hv. Alþingi nú eftir að öll þau mál hafa verið svo mjög til umfjöllunar, eins og raun ber vitni, í tengslum við rannsókn á meintum lögbrotum olíufélaganna. Þau mál eru til rannsóknar og munu verða áfram en í tengslum við þá rannsókn hafa komið upp ákveðnir hnökrar sem eru hugsanlega á löggjöfinni. Þess vegna hef ég skipað nefnd, eins og komið hefur fram opinberlega, í samráði við dómsmrh. Nefndin hefur það hlutverk að fara yfir lögin og skila greinargerð um það að hvaða niðurstöðu hún kemst, hvort hún hugsanlega kemst að þeirri niðurstöðu að það sé ástæða til að skerpa lögin þannig að tilvik eins og það sem kom upp sl. sumar komi ekki upp aftur. Það er ekki gott að það sé ekki algjörlega skýrt í hvaða farveg mál fara og hvert hlutverk hverrar eftirlitsstofnunar er í sambandi við að rannsaka mál sem þetta. En ég vonast sem sagt til að þessi nefnd vinni hratt og skili fljótt niðurstöðu um það hvað hún leggur til í þeim málum. Ég tel að í rauninni sé komið til móts við það sem farið er fram á í 2. gr. frv. með þeirri vinnu.

Hvað varðar 1. gr. er vissulega rétt að það væri hörð aðgerð að ráðast inn í fyrirtæki. Það er gengið lengra ef hugsanlega væru sett um það lög að heimilt væri að ráðast inn á heimili manna, heimili forsvarsmanna fyrirtækja.

Í tengslum við þá miklu umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu í tengslum við rannsókn á olíufélögunum var unnin mikil greinargerð í viðskrn. um það hvort lögin sem við styðjumst við, íslensk samkeppnislög, séu á einhvern hátt frábrugðin því sem almennt gerist um þetta mál eða ekki. Niðurstaðan er sú að íslensku lögin séu mjög sambærileg við það sem um er að ræða í Evrópu, að einhverju leyti strangari en líka að öðru leyti veikari. Það þarf t.d. ekki í öllum löndum dómsúrskurð til þess að heimilt sé að ráðast inn í fyrirtæki en þannig er það hér. Hvað varðar það að ráðast inn á heimili eða að hugsanlega megi fara fram húsleit á heimilum stjórnenda fyrirtækja hef ég spurnir af því að slík tilskipun gæti verið í farvatninu. Hún er a.m.k. ekki orðin til núna en að sjálfsögðu eru þessi mál öll í þróun og það er eins innan Evrópusambandsins, þar er um það fjallað hvort stíga skuli það skref. Ég mun ekki beita mér fyrir frumkvæði í þeim efnum, að slík lög verði sett hér á landi, en ég tel mikilvægt að við fylgjumst vel með því sem er að gerast í Evrópu á þessu sviði. Það er ekki bara af áhuga sem við fylgjumst með því, heldur er það náttúrlega skylda okkar. Komi til þess að slík tilskipun verði sett eigum við ekki annarra kosta völ en að lögleiða hana hér á landi.

[16:33]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þær upplýsingar sem hún kom með hér í umræðuna. Mér leikur hins vegar forvitni á að vita hvernig hæstv. ráðherra muni bregðast við ef niðurstaða nefndarinnar verður sú að gera ekki neitt eða hvort ráðherra bíði alfarið eftir niðurstöðu nefndarinnar og muni láta niðurstöðu hennar alfarið ráða för í því sem fram undan er.

Ég tel mjög mikilvægt að þær verkaskiptingarreglur sem við leggjum til verði lögfestar og það verði sett skýrt fram hvernig ríkissaksóknari og lögregla annars vegar og samkeppnisyfirvöld hins vegar starfa. Hér er um mjög alvarleg brot að ræða og í reynd er það svo að verðsamráð fyrirtækja, verðsamráð keppinauta er í reynd ekkert annað en þjófnaður af almenningi, það er ekkert annað, og það er mjög alvarlegt brot.

Virðulegi forseti. Af því að mér fannst á hæstv. ráðherra að hún mundi heykjast á því að leggja til í frumvarpi að gengið yrði jafnlangt og við leggjum til hér þá hlýt ég að vekja upp spurningu. Þar sem fyrir liggur að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fær þær heimildir sem hér er verið að leggja til að verði festar í lög 1. maí 2004, og í beinu framhaldi af því mun Eftirlitsstofnun EFTA fá slíkar heimildir, þ.e. að leita á Íslandi og í þeim ríkjum sem heyra til

EFTA-landanna, þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún muni þá, komi til þess, beita sér gegn því að slíkar reglur verði lögfestar.

[16:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef kannski misst af einhverju í umræðunni en eins og ég hef kynnt mér þetta mál er hugsanlega tilskipun í farvatninu sem lýtur að því að heimilt verði að gera húsleit á heimilum forsvarsmanna fyrirtækja, en ég er þeirrar skoðunar að það komi ekki til þess hér á landi fyrr en það hefur verið sett í íslensk lög. Þess vegna sagði ég að við mundum að sjálfsögðu fylgjast með því sem gerist á þessum vettvangi, og ekki bara vegna þess að við höfum áhuga á því heldur vegna þess að okkur er það skylt. En ég sagði enn fremur að ég mundi ekki beita mér fyrir því, ég mundi ekki hafa frumkvæði að því að slíkt yrði sett í lög án þess að við hefðum í höndum tilskipun sem kvæði á um slíkt.

Hvað varðar nefndina sem skipuð hefur verið þá vinnur hún hratt og ég held að rétt sé að ég tjái mig ekkert frekar um þann þátt mála fyrr en hún hefur skilað af sér. Ég reikna alveg með að hún komist að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að skerpa lögin, ég held að reynsla okkar frá síðasta sumri segi okkur það að þetta getur ekki verið svo að opinberar stofnanir sem við berum ábyrgð á, framkvæmdarvaldið, sé að kasta þannig boltanum á milli sín. Mér finnst ekki skemmtilegt að vera vitni að því og ekki íslenskri stjórnsýslu til sóma.

[16:37]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Frú forseti. Það frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum sem þingmenn Samf. leggja fram er auðvitað ekki úr lausu lofti gripið heldur á rót sína að rekja til þeirrar hryggðarmyndar sem hefur blasað við okkur á undanförnum mánuðum þegar stofnanir ríkisins hafa vísað hver á aðra varðandi ábyrgð á rannsókn mála sem tengjast meintu samráði olíufélaganna hér á landi. Við höfum ekki bara fylgst með opinberum stofnunum, ríkisstofnunum vísa hver á aðra heldur höfum við líka fylgst með ráðherrum vísa hver á annan og við höfum fylgst með þingmönnum vísa hver á annan, þ.e. þingmönnum aðallega Sjálfstfl. og Framsfl. Eins og hæstv. viðskrh. gat um áðan hafa menn ekki bara verið að kasta boltanum á milli sín, eins og hún orðaði það, heldur beinlínis verið að vísa ábyrgðinni frá sér og yfir á aðra. Þetta hafa kannski fyrst og fremst verið Samkeppnisstofnun annars vegar og ríkislögreglustjóri hins vegar.

Meðan þetta gerist liggja saklausir einstaklingar undir grun og sekir sleppa hugsanlega með skrekkinn vegna þess að hegningarlögin, fyrningarregla hegningarlaganna gerir ráð fyrir að fyrningartíminn sé tvö ár og núna eru 22 mánuðir liðnir væntanlega af þeim fyrningartíma og enn er óvíst um rannsókn á vegum ríkislögreglustjóra á meintum afbrotum forsvarsmanna þessara fyrirtækja.

Svo virðist sem lögregluranns0kn sé ekki enn hafin og ríkislögreglustjóri hefur sagt að hann vanti 25 millj. kr. til þess að geta hafið þá rannsókn og sótt hafi verið um fjárveitingu á fjáraukalögum, en eftir því sem mér skilst er ekki gert ráð fyrir að þetta framlag komi á fjáraukalögum. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort rannsókn verði þá einfaldlega ekki hafin og fyrningartíminn líði áður en menn taka við sér.

Það sem verið er að leggja til í 2. gr. frv. er að skýra það hver verkaskiptingin er á milli stofnana í þessum málum þannig að sá leikur sem við höfum horft á í sumar endurtaki sig ekki, og það sé skýrt hvert er verkefni annars vegar ríkissaksóknara og þá ríkislögreglustjóra og hins vegar Samkeppnisstofnunar í þessum málum. Sú atburðarás sem við höfum fylgst með í sumar hefur dregið verulega úr trausti og trúverðugleika þessara stofnana sem auðvitað er mjög alvarlegt því að þær eiga að gæta mjög mikilvægra almannahagsmuna.

Lagt er til í frv. að ákvæði samkeppnislaga um þessi atriði verði gerð skýrari og gerð er tillaga um það í 2. gr. Ég hef reyndar ekki heyrt verulegan ágreining um þann þátt málsins.

Hins vegar virðist 1. gr. frv. fara meira fyrir brjóstið á þeim mönnum sem hér tala. Það er svo sem skiljanlegt vegna þess að það er auðvitað alltaf mjög alvarleg aðgerð að ráðast inn í inngöngu á heimili fólks og leita þar sönnunargagna í málum sem varða brot á lögum. Það á við í öllum tilvikum þegar ráðist er til inngöngu á heimili fólks. Heimilið er jú friðhelgt eins og fram hefur komið og auðvitað verður alltaf að fara mjög varlega með slíkt vald sem þarna er um að ræða. En gerð er tillaga um það í 1. gr. að við framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari málsgrein skuli farið eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum, þannig að það þarf að berast undir dómstóla að sækja þann rétt. Og það er ekki stofnunin sem hefur hann sjálfkrafa, hún þarf að sækja um heimildina og þá er farið eftir ákvæðum þessara laga.

En ég get sannarlega tekið undir það að mikilvægt er að fara varlega með þetta vald og það á við í öllum tilvikum. Það á líka við í tilvikum þar sem menn eru grunaðir um brot á lögum um meðferð fíkniefna, það á líka við í þeim tilvikum. Það eru líka einstaklingar sem búa á þeim heimilum, makar, börn og fleiri aðilar. Því verður það auðvitað alltaf að eiga við að fara á varlega með slíkt vald.

Hins vegar er brot gegn almannahagsmunum, eins og um er að ræða þegar brotið er gegn samkeppnislögum, ekki síður alvarlegt en brot gegn einkahagsmunum og við höfum tilteknar eftirlitsstofnanir til að fylgjast með í þeim efnum og þær þurfa auðvitað að hafa tæki til þess að rækja eftirlitsskyldu sína.

Hvað varðar sektir, það verður væntanlega útskýrt frekar af 1. flm. frv., þá er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því í frv. að fyrirtæki séu laus undan öllum sektargreiðslum. Gert er ráð fyrir því að fyrirtæki sæti eftir sem áður stjórnsýsluviðurlögum og þar getur verið um verulegar fjárhæðir að ræða sem fyrirtækjunum er gert að greiða vegna brota á samkeppnislögum, en það eru einstaklingarnir sem sæta refsiábyrgð og hún getur eftir atvikum verið fangelsi eða sektir. Þarna er að sjálfsögðu ekki verið að leggja það til að fyrirtækin sem slík séu laus allra mála og þurfi ekki að greiða viðurlög vegna þeirra brota sem þau fremja á samkeppnislögum.

Ég ætla, frú forseti, ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð en mig langar í lok máls míns til að ítreka það að mikilvægt er að opinberar stofnanir geti ekki vísað hver á aðra eins og þær hafa gert í sumar og það er mikilvægt að ekki bara stofnanirnar axli ábyrgð sína heldur geri ráðherrarnir það líka. Mér finnst að á það hafi skort í sumar. Þegar upp kom umræða um að ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri tækju mál olíufyrirtækjanna og meint brot þeirra eða einstaklinganna sem þar starfa til meðferðar þá vísaði hver á annan, ekki bara stofnanirnar heldur ráðherrarnir líka. Og enn höfum við ekki séð hvort ríkislögreglustjóri ætlar að fara í þá rannsókn sem

um er að ræða. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason sagði í viðtali við Morgunblaðið þá að mörg þung og umfangsmikil verkefni hvíldu á embætti ríkislögreglustjóra og að leggja yrði efnislegt mat á ósk hans um fleiri starfsmenn. Ég vona að dómsmrh., sem hefur haft til þess tæpa tvo mánuði, sé búinn að leggja efnislegt mat á þessa beiðni og geri sér grein fyrir hvort fjármuni þurfi, aukafjármuni, til að sinna þessu hlutverki eða hvort þeir fjármunir sem ríkislögreglustjóri hefur duga honum til að fara í þá rannsókn. Og ef svo er, ef þeir fjármunir duga, þá er það út af fyrir sig mjög merkilegt að hún skuli ekki fyrir löngu komin af stað.

[16:46]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að vita að fleiri eru hér í salnum en ég sem telja að það sé alvarleg aðgerð að ráðast inn á heimili borgaranna og að fara verði mjög varlega með allar slíkar heimildir. Ég tek undir það. Og það var kjarninn í málflutningi mínum að menn verða að fara varlega.

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar gengur út á það að lagt er til að eftirlitsaðila í þjóðfélaginu sé veitt sú heimild, sem betur fer að undangengnum dómsúrskurði, að framkvæma slíka leit. Og ég benti á það áðan í ræðu minni að í rauninni er verið að fá Samkeppnisstofnun úrræði sem eru sambærileg þeim sem lögreglunni eru veitt. Ég get ekki betur séð en að með því frv. sem hér liggur fyrir sé verið að leggja það til að stofna í rauninni nýja lögreglu. Það er ekkert annað. Ef það er hugmyndin, lögregla á þessum markaði, þá eiga menn bara að segja það og koma hreinskilnislega fram í því sambandi. En ég vil þó frekar hafa það þannig að lögreglan ein hafi þessar heimildir sem beitt er venjulega vegna brota á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni, en ekki á samkeppnislögum, alla vega ekki gagnvart heimilunum.

Ég get ekki betur séð en að með frv. sé verið að setja samkeppnisyfirvöld í sömu stöðu, a.m.k. hliðsett lögreglunni. Og það finnst mér alvarlegur hlutur.

[16:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að enginn ágreiningur sé í þessum sal, reyndar er ekki svo fjölmennt hér í salnum að það sé ástæða til að efna til ágreinings um þetta mál. Ég held að um það sé enginn ágreiningur að það er alvarleg aðgerð að ráðast inn á heimili og leita sönnunargagna vegna meintra brota. Og þá skiptir engu máli hvers eðlis brotið er eins og ég sagði áðan.

Hins vegar er það þannig að Samkeppnisstofnun hefur verið falið að vera eftirlitsaðili með því að samkeppnislög séu ekki brotin. Henni er falin rannsókn á slíkum brotum og hún verður að hafa þau tæki sem þarf eins og öðrum aðilum sem er falin rannsóknarskylda um meint brot gegn lögum. Hún verður að hafa þau tæki sem þarf, en eins og þarna kemur fram þarf hún að sjálfsögðu að sækja til dómstóla, fá dómsúrskurð áður en hún getur beitt þeim tækjum rétt eins og aðrir sem hafa þau í höndunum.

[16:49]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Miðað við það sem kom fram í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hlýtur það að vera framtíðarmúsíkin hjá þingflokki Samfylkingarinnar að veita öðrum eftirlitsaðilum á markaði, hvort sem það er skattyfirvöldum eða öðrum sem hafa eftirlit með einhverri starfsemi, á hvaða markaði sem er, sambærilegar heimildir. Það hlýtur að vera. Ef menn vilja gæta samræmis á öllum sviðum markaðarins þá hlýtur það að vera rökrétt framhald af því frv. sem hér er lagt fram að heimila húsleitir á heimilum stjórnenda allra þeirra fyrirtækja sem allar eftirlitsstofnanir í landinu hafa eftirlit með. Það hlýtur að vera. Ég get ekki séð að aðrar eftirlitsstofnanir gegni veigaminna hlutverki en Samkeppnisstofnun. Það verður gaman að sjá hvort slík frv. komi fram og hvort fleiri tillögur um frekari húsleitarheimildir er að vænta frá hv. þingflokki Samfylkingarinnar.

[16:51]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur í grg. með frv. er það mat flutningsmanna að brot gegn samkeppnislögum séu svo alvarleg brot gegn almannahagsmunum og geti haft í för með sér svo mikið tjón hjá neytendum, hjá einstaklingunum, að þau þurfi að skoða með sértækum hætti. Það hlýtur auðvitað að fara eftir því hvers eðlis lögin eru og hvers eðlis eftirlitið er sem um er að ræða í hverju tilviki fyrir sig.

Vísað var hér áðan í lög um Póst- og fjarskiptastofnun, að í þeim lögum væri þessi heimild til staðar án þess að sækja þyrfti með það undir dómstólana. Og ekki hefði maður nú haldið að þar væru á ferðinni slíkir gífurlegir almannahagsmunir að það gæti réttlætt slíkar heimildir í þeim lögum. Öðru máli gegnir um samkeppnislögin, ekki síst í ljósi þess að ég held við hljótum að vera sammála um það almennt að við viljum hafa frjálsræði sem mest á markaðnum. Ef við viljum hafa frjálsræði mikið, þá þurfum við líka að hafa slíkt eftirlit.

[16:52]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim þingmönnum sem tóku til máls um þetta mál fyrir þau sjónarmið sem þeir hafa sett fram. Og síðast en ekki síst þeim sem hafa gert athugasemdir við frv. og sett fram sjónarmið sem þeir telja að dragi að einhverju leyti úr vægi þess, því það er mikilvægt að rökræðan fari fram og menn setji fram sjónarmið sem bendi á það sem hugsanlega megi bæta, þó ég sé reyndar þeirrar skoðunar eftir þessa umræðu að ég hafi herst mjög í þeirri skoðun að mjög mikilvægt sé að þetta frv. verði að lögum.

Mig langar aðeins að byrja á að nefna það að þegar við ræðum hluti eins og húsleit þurfum við að átta okkur á hvaða hagsmuni við erum að vernda. Eru þeir þess virði að hægt sé að opna á heimildir til þess að trufla svo friðhelgi einkalífs að heimila opinberum stofnunum að fara inn til að leita að gögnum ef upp kemur grunur um að refsivert brot hafi verið framið? Í þessu tilviki er það samkeppnin sjálf sem við teljum að við séum að vernda. Við teljum að samkeppnin sé grundvallarforsenda þess að markaðurinn virki eins og hann á að virka og virki þannig fyrir almenning. Þetta er algert lykilatriði.

Ég verð að segja að það veldur mér miklum vonbrigðum að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem að einhverju leyti talar fyrir þau sjónarmið sem hafa verið nokkuð ráðandi í yngri deild flokksins, skuli ekki telja samkeppnina svo mikilvæga að rétt sé að vernda hana með þeim ráðum sem hér er lagt til. Það er þveröfugt við það sem hefur verið að þróast alls staðar á Vesturlöndum og alls staðar þar sem menn hafa verið með þróaðan markað.

Í mínum huga er það svo að þegar keppninautar koma sér saman m.a. um verð er það ekkert annað en þjófnaður af almenningi. Það er ekkert annað. Ég tel að þegar um slík

brot er að ræða eigi að beita þeim vopnum sem tiltæk eru, og í þessu tilviki leggjum við þetta til. Hins vegar gerum við að sjálfsögðu þá skýlausu kröfu að ef slíkt kemur til álita sé það dómstóla að meta hvort nægileg gögn séu til staðar til þess að fara í slíka húsleit.

Hv. þm. spurði áðan hvort hér væri á ferðinni hugsanlega fyrsta skrefið af mörgum til að veita öllum eftirlitsstofnunum samfélagsins sambærilegar heimildir. Ég held að rétt sé að upplýsa hann um það líkt og ég gerði áðan að það er aðeins ein eftirlitsstofnun sem hefur heimild til húsleitar án dómsúrskurðar sem ég veit um, það er Póst- og fjarskiptastofnun, sem sjálfstæðismenn fóru með í gegnum þingið þrátt fyrir ítarlegar aðvaranir um að veita ekki svo opnar heimildir, þá var það keyrt í gegnum þingið þannig að væntanlega eru þá eins og ég nefndi áðan ný sjónarmið uppi að einhverju leyti í yngri deild flokksins.

Hvað varðar Fjármálaeftirlitið er fyrirkomulagið þar þannig að því ber skylda til að afhenda lögreglunni upplýsingar um leið og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins telja að brot séu þess eðlis að þau eigi heima hjá lögreglunni hvað varðar einstaklinga. Og það er nákvæmlega það sama og hér er verið að leggja til, að ríkissaksóknari og lögregla fari með rannsóknir á brotum varðandi einstaklinga. Hins vegar ef um er að ræða brot er lúta að fyrirtækjum heyri það undir Samkeppnisstofnun.

Þessar þrjár eftirlitsstofnanir, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitið hafa allar mismunandi heimildir. Póst- og fjarskiptastofnun hefur þótt undarlegt megi virðast opnustu heimildina og í þeirri umræðu sem hér fór fram á sínum tíma þá mátti í reynd skilja ákvæðið þannig, þótt ég hafi nú alltaf verið efasemdarmaður um að það haldi einfaldlega gagnvart stjórnarskránni, að á stöðum þar sem megi finna fjarskiptatæki, þar á meðal síma, geti Póst- og fjarskiptastofnun farið inn án nokkurra heimilda dómstóla.

Ég hef sagt það áður og úr þessum ræðustóli að ég hef alltaf verið efasemdarmaður um að þetta ákvæði haldi, en þetta má finna í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.

Af því að hv. þm. nefndi áðan hvort það væru einvörðungu einstaklingar sem verði beittir sektum, þá er ákvæðið þannig í lögum nú að fyrirtæki og einstaklingar verði beittir sektum en með þeirri leið sem við leggjum til, þ.e. með skýrari verkaskiptingu, þá eru fyrirtæki tekin út og þau verða einfaldlega aðeins beitt stjórnsýsluviðurlögum. Það má glöggt sjá þegar menn lesa í gegnum kaflann um samkeppnislögin. Það er m.a. gert í því skyni að tryggja að fyrirtæki verði ekki bæði beitt stjórnsýsluviðurlögum og hins vegar refsiviðurlögum eins og sektir eru. Ég held því að menn þurfi ekki að velkjast í neinum vafa um þennan þátt málsins.

Hér í þingsölum fyrir einhverjum missirum fór fram ágæt umræða um refsingar þar sem tekist var á um þá spurningu hvort refsingar almennt séu til þess fallnar að fæla fólk frá eða hafi þau varnaðaráhrif sem um er rætt. Það var að mörgu leyti ágæt umræða en í henni kom m.a. fram, þó ég hafi ekki á takteinum nákvæmlega hvaða greinargerð eða rannsókn það var, þá var það dregið fram mjög skýrt að í tilvikum þar sem um var að ræða — ja, eins og það var kallað ef ég man rétt „hvítflibbabrot", þá er talið að refsingar og hertar refsingar hafi meiri áhrif á þau brot heldur en önnur brot. Í þeirri umræðu voru menn almennt sammála um að svo væri og lögðu fram á sínum tíma greinargerðir og álit til að rökstyðja það. Ég lít svo á að hér sé á ferðinni svipað eða sambærilegt brot og því tel ég að þynging refsinga muni hafa áhrif á þessu sviði.

Ég vil einnig vekja athygli á því að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, hefur hvatt eindregið til þess að allra leiða sé beitt til að tryggja það að samkeppni sé vernduð. Í skýrslu sem hún setti frá sér, fyrir líklega tveimur árum eða svo, dró hún fram sérstakt dæmi þar sem hún hvatti eindregið til þess að heimildin, eins og hér er lagt til, þ.e. heimild til að leita á heimilum stjórnenda, verði lögfestar. Dæmið sem fylgdi með í skýrslunni á sínum tíma var um gróft verðsamráð, verðsamráð fyrirtækja eða „cartel" eins og það er stundum kallað. Upplýsingum um það hafði verið komið fyrir á tölvudisklingi og þessi tiltekni disklingur fannst á endanum á heimili ömmu eins stjórnandans. Þetta er kannski sérstætt dæmi, en það sýnir hversu langt menn eru tilbúnir að ganga til þess að beita þessum aðferðum.

Samkeppnin er fyrst og fremst í þágu almannahagsmuna og ég tel að við séum að vernda þá. Ég tel að þeir sem stunda verðsamráð séu í raun og veru stórbrotamenn, hér sé um mjög alvarleg brot að ræða. Því ef slík brotastarfsemi fær dafnað án þess að beitt sé öllum leiðum til þess að koma í veg fyrir hana, er í raun og veru verið að hafa stórfé af almenningi.

Ef til að mynda þær ásakanir sem fram hafa komið á hendur íslenskum olíufélögum eru réttar, held ég að menn geti ekki einu sinni gert sér í hugarlund hvaða fjárhæðir um er að ræða sem hafa farið úr vösum almennings sem hefðu ekki farið ef samkeppnin hefði verið eðlileg. Það hugsa ég að hlaupi á milljörðum króna.

Þannig menn sjá í hendi sér að þessi brot hafa miklu víðfeðmari og alvarlegri afleiðingar en mörg önnur sem við lítum mjög alvarlegum augum. Ég tel því mjög mikilvægt að menn fjalli um þessa brotastarfsemi á þann hátt sem hún á skilið.

Ég ætla svo sem ekki að fjalla frekar um það, menn hafa gert það hér í umræðunni, að innkoma þeirra manna hér á hið háa Alþingi sé dálítið sérstæð, þeirra sem lýstu því yfir í fjölmiðlum og opinberlega og víða að þeirra hlutverk væri fyrst og fremst að beita sér fyrir lækkun skatta. Þegar skattahækkunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar koma til afgreiðslu fá þeir tækifæri til þess að fella þau í atkvæðagreiðslu, því að þeir eru nægjanlega margir til þess að tryggja það að frumvörpin nái ekki fram að ganga.

Það eru mér einnig mikil vonbrigði ef næsta skref þeirra er í reynd að tala með þeim hætti að þeir telji samkeppnina ekki vera þess virði að hún sé vernduð með öllum tiltækum ráðum. Það eru mér líka mikil vonbrigði.

En við eigum eftir að sjá og fylgjast vel með framhaldi á þessu sviði sem mörgum öðrum.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi farið yfir það sem fram hefur komið í þessari umræðu, reynt að svara því sem upp hefur komið og benda á dæmi sem rökstyðja það sem við leggjum til. Því segi ég það, virðulegi forseti, að lokum, að ég legg til að að lokinni þessari umræðu fari málið til efh.- og viðskn.

[17:04]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég nú hvað skattamálin koma því frv. við sem hér er til umræðu. Auðvitað mun ég taka mína afstöðu eins og aðrir þingmenn til skattamála þegar þar að kemur. Ég ætla einfaldlega að halda mig við þetta frv. um breytingu á samkeppnislögum sem hér er til umræðu.

Það hefur aldrei verið neinn vafi á því að ég tel samkeppnina vera mjög mikilvæga. Og hvort sem ég er hlynntur því frv. sem hér hefur verið lagt fram eða ekki, hefur það ekkert með samkeppnina að gera. Ég tel reyndar að samkeppnin sé þess eðlis að hún sjái um sig sjálf. Við þurfum ekki svo víðtækar heimildir sem fram koma í samkeppnislögum til þess að halda hér uppi samkeppni. Samkeppnin er raunar þannig að hún hefur það að meginmarkmiði að útrýma sjálfri sér, ef menn vilja skoða samkeppnina heimspekilega.

Ég vil bara benda á það að þó svo ég telji að samkeppnin sé mikilvæg, hefur það verið rauður þráður í minni umræðu og gagnrýni að ég tel einnig vera mjög mikilvægt að stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna, sérstaklega þeirra sem rannsóknir beinast ekkert að, séu virtar, og að við förum varlega í það að veita opinberum aðilum, eftirlitsaðilum, í þessu landi víðtækari heimildir en nauðsynlegt er. Þetta eru orð í tíma töluð og nauðsynlegt að varpa þeim fram og gagnrýna frv. með þeim hætti sem hér hefur verið gert, vegna þess að það hefur verið lagt fram.

[17:06]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má svo sem taka undir það að skattamálin eru að sjálfsögðu ekki til umræðu, en á hinn bóginn held ég að það sé ekki djúpt í árinni tekið þó ég haldi því fram að hv. þm. og fleiri hafi gefið sig út fyrir það í opinberri umræðu að þeir séu hlynntir frelsi og lækkun skatta o.s.frv., að það séu þeirra grundvallarsjónarmið.

Þess vegna er merkilegt þegar reynir á þessi grundvallarsjónarmið að menn taki eftir því að afstaða þeirra er kannski ekki eins og menn hefðu álitið. En að sjálfsögðu taka menn afstöðu út frá sinni sannfæringu og ég ætla ekki að gera lítið úr þeim ákvörðunum sem þeir á endanum taka í sínum málflutningi.

En hv. þm. nefndi það einnig að hann hefði mikið álit á samkeppninni og vildi vernda hana. Í reynd er það þannig að við erum fyrst og fremst að undirstrika það. Frumvarpið og kannski hin heimspekilega hugsun á bak við það er fyrst og fremst að vernda samkeppnina. Það er hún sem er verndarandlagið í þessu.

Reyndar taldi ég lengi vel að ég og hv. þm. ættum þar að einhverju leyti samleið. Þess vegna verð ég að segja það alveg eins og er að það eru mér talsverð vonbrigði að verða var við þá afstöðu sem birtist í þessu máli, þó ég eigi kannski ekki að tala um skattamálin, ég man ekki til þess að hv. þm. hafi tjáð sig um það sérstaklega, en það skýrist síðar. Við getum þá alla vega sammælst um það að hugmyndin sé að reyna að tryggja það að samkeppnin slátri ekki sjálfri sér.

[17:08]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur kom reyndar upp, í umræðu um frv. til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og lýsti miklum vonbrigðum með það að hátekjuskatturinn yrði framlengdur. Þannig að hann hefur látið til sín taka á því sviði.

Við erum greinilega sammála um það að samkeppnin sé mikilvæg. Ég vil veg hennar sem mestan. Ég tel hins vegar að þær tillögur sem fram koma í 1. og 3. gr. þessa frv. hafi í rauninni ekkert með samkeppnina að gera. Þetta snýst um úrræði sem ég tel að séu vafasöm og gangi allt of nærri frelsi einstaklingsins til þess að fá að vera í friði fyrir yfirvaldinu.

[17:09]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af orðum hv. þm. má ráða að þingmenn Samf. séu meiri samkeppnissinnar en hv. þm., því þeir eru tilbúnir til að ganga lengra í að vernda samkeppnina heldur en hv. þm., sem kemur kannski eilítið á óvart. Ég skal játa það að ég hafði ekki vitneskju um það að hv. þm. hefði tjáð sig um þessi skattamál og lýst miklum vonbrigðum með aðgerðir ríkisstjórnarinnar. En það er reyndar létt í vasa, því það reynir fyrst á manninn þegar málin koma til atkvæðagreiðslu. Nú er það einfaldlega þannig að þeir hv. þm. sem riðu hér inn á þeim hesti sem þeir vilja kenna við skattalækkanir og frelsi, eiga núna að hafa tök á því, í samstarfi við stjórnarandstöðuna, að fella þessar hugmyndir um að leggja þessar álögur á almenning og afnema greiðslu til almennings upp á u.þ.b. 4 milljarða. Nú hafa hv. þingmenn tækifæri til þess að sýna að þeir virkilega meina það sem þeir hafa sagt. Og það mun reyna á það í atkvæðagreiðslu. Ef hv. þm. stendur við það að hann muni ganga gegn þessum frumvörpum get ég virkilega sagt að hv. þm. sé að greiða atkvæði í samræmi við samvisku sína.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Borgaraleg friðargæsla, 79. mál, svar utanrrh., þskj. 163.

Mælingar á þrávirkum efnum í hvölum, 160. mál, fsp. MÁ, þskj. 160.

Sýkingarhætta á sjúkrahúsum, 159. mál, fsp. JóhS, þskj. 159.

Útflutningur lambakjöts, 158. mál, fsp. AKG, þskj. 158.

Öryggismál sjúklinga, 161. mál, fsp. MF, þskj. 161.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 10. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 10.

[17:12]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á tvennum lögum, annars vegar lögunum um meðferð opinberra mála og hins vegar á almennum hegningarlögum. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að lögfest verði sérstakt og sértækt úrræði til handa lögreglu sem ætlað er að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi á heimilum. Úrræðið er fólgið í því að lögregla fái heimild til að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna þeim heimsóknir á heimilið og nánasta umhverfi þess í tíu daga til þrjá mánuði. Með lögfestingu þessa frv., teljum við flm. þess, sem eru allir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að stigið yrði mjög mikilvægt skref í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þannig þyrftu þeir sem beittir eru ofbeldi á heimilum ekki lengur að flýja heimili sín, eins og nú er, heldur yrði þeim sem brýtur af sér gert að yfirgefa heimilið samkvæmt ákvörðun utanaðkomandi aðila, þ.e. lögreglu.

Það er afar mikilvægt, herra forseti, að samhliða brottvísun og heimsóknarbanni, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir að verði í lög leitt, að hafa í huga að viðkomandi aðilar gætu þurft á hjálp að halda til að vinna sig út úr ofbeldinu

og afleiðingum þess. Því er mikilvægt að fram fari nákvæm skoðun á því hvernig hið félagslega stuðningskerfi okkar er í stakk búið að axla þá ábyrgð sem þessi lagabreyting hefði í för með sér.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á réttarfarslögum, þ.e. lögunum um meðferð opinberra mála, nr. 19 frá 26. mars 1991. Sú breyting gerir ráð fyrir því eða skýrir hvenær heimilt er að beita þessari brottvísun með heimsóknarbanni. Það er lagt til að ákvæðið verði í sama kafla og ákvæði um nálgunarbann, enda er hér um að ræða náskylt úrræði þó að vægara sé. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kaflaheitið breytist samfara þessu, að því verði breytt úr „nálgunarbann" — þetta er XIII. kafli A í lögunum um meðferð opinberra mála — sem sagt að kaflaheitið breytist úr „Nálgunarbann" í „Brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann".

Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingu á almennum hegningarlögum. Sú breyting snýst um refsingu við brotum á ákvæðinu. Samkvæmt þessu frv. mun brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni varða sektum.

Nú er það svo, herra forseti, að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir í skýrslum sínum að ofbeldi gegn konum sé eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum heimsins. Í upplýsingum frá stofnuninni kemur fram að fleiri konur missi heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja má til kynferðis þeirra en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt. Vandamálið er alþjóðlegt og viðgengst jafnt í ríkum löndum sem fátækum. Fjöldi kannana hefur leitt í ljós að þeir sem ofbeldinu beita eru úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þær hafa einnig sýnt að algengasta mynd ofbeldisins er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt kærasti, eiginmaður, ættingi eða góður kunningi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður.

Kveikjan að þessu frv. er fengin frá Austurríki. Við erum ekki eina þjóðin sem höfum vaknað upp og kveikt á þeim hugmyndum sem Austurríkismenn hafa leitt í lög. Þeir gerðu það strax árið 1997. Það er ánægjulegt að segja frá því að bæði Norðmenn og Svíar hafa leitt sams konar ákvæði í lög hjá sér. Norsku lögin eru frá 10. jan. 2003 og þau sænsku tóku gildi 1. sept. 2003.

Eins og ég sagði er kveikjan upphaflega komin frá Austurríkismönnum sem lögfestu þetta úrræði 1997. Reynsla Austurríkismanna af þessu úrræði til handa lögreglu er afar jákvæð. Við fengum að heyra af reynslu Austurríkismanna á ráðstefnu sem haldin var hér í Reykjavík í ágúst árið 2001. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn" og var haldin á vegum samtakanna Norrænar konur gegn ofbeldi. Þar talaði einmitt austurrískur sérfræðingur, Rosa Logar, um þessi austurrísku lög, hvernig þeim var komið á og hver reynslan af þeim hefur verið.

Austurríkismenn tóku að hugsa sinn gang í þessum efnum þegar kvennaathvörf í landinu voru orðin 20 talsins. Talsverð umræða var um það að þau væru of fá, að þeim þyrfti að fjölga. Þá fóru menn að skoða málið. Ekki sakar að geta þess að það var að frumkvæði kvennahreyfinga. Menn fóru að skoða hvort eitthvað mætti betur fara í þessum málaflokki, hvort eðlilegt væri að kvennaathvörfum fjölgaði sífellt og hvort ekki mætti finna önnur úrræði. Menn spurðu hvort eðlilegt væri að þúsundir kvenna og barna væru á þennan hátt gerð að flóttamönnum í eigin landi vegna heimilisofbeldis.

Rosa Logar, sem talaði hér á ráðstefnunni, segir lögin í Austurríki hafa orðið til fyrir hálfgert kraftaverk. Hún átti varla orð til að lýsa því hvernig austurríska lögreglan hefði komið kvennahreyfingunum til hjálpar í að vinna þetta mál í hendur löggjafans. Það var mikið samstarf á milli kvennahreyfinga og austurrísku lögreglunnar. Fyrst og fremst átti að stuðla að fræðslu og þjálfun lögregluþjóna sem þurftu að taka á heimilisofbeldi. Segja má að störf austurrísku lögreglunnar og kvennahreyfinganna hafi leitt af sér vinnu evrópskrar kvennahreyfingar sem heitir Women against violence in Europe og er skammstöfuð WAFE. Þau samtök hafa upp á síðkastið og síðustu árin unnið mjög ötullega í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þau komu við sögu í vinnunni í Austurríki.

Þessi kvennahreyfing í Evrópu, WAFE, skilgreinir heimilisofbeldi sem mannréttindabrot. Það sem leiddi austurrísk yfirvöld á sporið í þessum efnum. Menn voru tilbúnir til að horfa á heimilisofbeldi sem mannréttindabrot gegn þeim sem fyrir ofbeldinu verða. Þannig eru það konurnar og börnin sem verða fyrir mannréttindabrotum og þar af leiðandi þurfa yfirvöld að leggja mikið á sig til að fækka mannréttindabrotunum. Austurríkismenn voru tilbúnir til að gera það sem í þeirra valdi stóð til að mannréttindabrot af þessu tagi viðgengjust ekki í landi þeirra.

Að sögn Rosu Logar varð austurríska lögreglan óvæntur bandamaður í þessari baráttu, hún viðurkenndi vanmátt sinn gagnvart ofbeldismönnunum og þótti skjóta skökku við að þurfa að skipa fórnarlömbunum að yfirgefa heimilið í lögreglufylgd meðan ofbeldismaðurinn gat sest aftur í sófann, hækkað í fótboltanum og fengið sér annan bjór. Ofbeldismaðurinn fékk að vera óáreittur í sínu umhverfi á meðan börnin og konurnar þurftu að fara, barin, út af heimilum og inn í athvarf. Þetta er grundvöllurinn og kveikjan að þessum hugmyndum, herra forseti. Ég tel afar mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að ástandið á Íslandi er ekki til fyrirmyndar í þessum málum.

Það má leiða að því sterk rök að ástandið hér sé afar svipað og í nágrannalöndum okkar. Ég læt mér nægja að vitna í upplýsingar úr ársskýrslu Kvennaathvarfsins frá árinu 2002. Í þeirri ársskýrslu segir að komur í Kvennaathvarfið hafi verið 435 það ár. Á bak við þá tölu eru reyndar ekki svo margar konur, þ.e. ekki 435 konur heldur 250 konur. Í Kvennaathvarfið komu 250 konur árið 2002 og margar oftar en einu sinni. Af þessum 250 konum voru 55 konur með líkamlega áverka við komuna. Í skýrslunni kemur einnig fram að 93% þessara kvenna séu fæddar á Íslandi og 91% gerendanna séu einnig fæddir á Íslandi. Við getum því ekki skellt skuldinni á aðkomufólk eða fólk af erlendum uppruna. Hér er um fólk af íslenskum uppruna að ræða sem verður fyrir ofbeldinu og karla af íslenskum uppruna sem eru gerendur.

Yngstu konurnar sem leituðu í athvarfið á síðasta ári voru 16 ára. Sú elsta var 71 árs. Hverjir voru gerendurnir? Jú, samkvæmt skýrslu Kvennaathvarfsins kemur í ljós að þeir eru eiginmenn og sambýlismenn í helmingi tilfella og fyrrverandi eiginmenn eða fyrrverandi sambýlismenn í 36% tilfella.

Árið 2002 dvaldi 41 barn í Kvennaathvarfinu, það yngsta var 5 mánaða og það elsta 19 ára. 39% þessara barna höfðu verið beitt ofbeldi samkvæmt skráningu athvarfsins en í ársskýrslunni er tekið fram að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að börn og unglingar sem búa við heimilisofbeldi fari aldrei varhluta af því þótt þau hafi ekki verið beinir þolendur þess. Í flestum tilfellum var ofbeldismaðurinn faðir barnanna, eða í 76% tilfella.

Herra forseti. Af þeim upplýsingum sem lesa má í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sést glöggt hversu alvarlegt ástandið er hér á landi og er skýrslan öll sterk hvatning til stjórnvalda um að halda stöðugt úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi. Við sem flytjum þetta frv. teljum að mál af þessu tagi mundi einmitt gera það, þ.e. efla markvisst starf gegn heimilisofbeldi.

Svo að ég víki aftur, herra forseti, að norsku og sænsku löggjöfinni má geta þess að áhugi Norðmanna og Svía á þessu máli og sú staðreynd að þeir hafa nú leitt sambærileg ákvæði í lög hefur vakið áhuga vítt og breitt um Evrópu. Það er ekki bara að Norðmenn og Svíar hafi leitt ákvæði af þessu tagi í lög heldur hafa þeir gert meira. Nægir þar að nefna „sænsku leiðina", þ.e. leið sænsku ríkisstjórnarinnar til að berjast fyrir friðhelgi kvenna. Nokkur missiri eru síðan sænska ríkisstjórnin gerði öflugt átak í þeim efnum, u.þ.b. tvö ár, þar sem markvisst hefur verið unnið í öllum ráðuneytum Svíþjóðar að því að tryggja friðhelgi kvenna og umfram allt að vernda konur og börn gegn ofbeldi.

Norðmenn settu sér áætlun fyrir um tveimur árum síðan, um svipað leyti og Svíar en aðeins á öðrum nótum. Þeir gerðu ársáætlun fyrir árið 2002–2003 þar sem lögð var sérstök áhersla á að berjast gegn ofbeldi á konum. Sú áætlun gekk út á að styrkja alla þá sem tengjast ofbeldismálum, lögreglu, starfsmenn heilbrigðisþjónustu, athvörfin, það fólk sem starfar að barnaverndarmálum, félagsþjónustuna og alla starfsmenn sem koma að meðhöndlun ofbeldismála í kerfinu.

Þetta er svipað og Austurríkismenn gerðu. Þeir lögðu áherslu á, og Norðmenn hafa lært það, að mikilvægt er að þessar breytingar eigi sér stað á breiðum grunni. Markmiðið með svo breiðum aðgerðum er að styrkja öll þau úrræði sem fyrir eru. Líka þarf að huga að því að veita ofbeldismönnunum nauðsynlega meðferð til þess að takast á við ofbeldishneigð sína. Við skulum gera okkur grein fyrir því að flestir ofbeldismenn vilja losna úr vítahring ofbeldisins og taka, ef í boði er, fegins hendi allri meðferð.

Þurft hefur að leggja mikla áherslu á að aðstoða börn sem alast upp við fjölskylduofbeldi. Þessar nágrannaþjóðir okkar hafa gert átak til að aðstoða og styrkja konur sérstaklega og þá hefur sérstakri athygli verið beint að konum úr minnihlutahópum, t.d. innflytjendum eða konum sem eru af erlendu bergi brotnar. Þannig hafa heilbrigðisráðuneytið í Noregi, barnafjölskylduráðuneytið og dómsmálaráðuneytið unnið saman að þessu verkefni sem felur í sér undirbúning að sérstakri stofnun Ofbeldis- og áfallamiðstöðvar. Henni er gert að vinna að heildarsamræmingu þessara mála um allt landið og vera ráðgefandi fyrir alla þá sem tengjast meðferð þessara mála, jafnt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, félagslegu sjónarmiði og lögfræðilegu. Ekki má gleyma fræðsluþættinum í þessu átaki. Norðmenn leggja afar mikla áherslu á að fræðsla sé í boði fyrir alla þá sem starfa á þessum vettvangi.

Ég held að það sé óhætt að segja að við höfum allar forsendur í löggjöf okkar og í íslensku stjórnarskránni til að setja lagaákvæði af þessu tagi. Það er jú kveðið á um það í stjórnarskránni að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Sömuleiðis erum við fullgildir aðilar að mannréttindasáttmála Evrópu og þar eru ákvæði á sömu nótum.

Á síðustu árum hefur ýmislegt verið gert í löggjöf okkar til að bæta réttarstöðu þolenda afbrota. Lögum um meðferð opinberra mála í tengslum við nálgunarbann og réttarstöðu brotaþola í opinberum málum hefur t.d. verið breytt. Einnig má nefna ákvæði í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Slík ákvæði hafa verið lagfærð til muna.

Hins vegar má segja að nálgunarbann sé úrræði sem ekki er beitt fyrr en rökstudd ástæða er til að ætla að viðkomandi brotamaður muni fremja afbrot eða á annan hátt stofna friði þess sem í hlut á í hættu. Það hafa svo sem komið fram í þingskjölum, í svörum við fyrirspurnum þingmanna, upplýsingar um hvernig nálgunarbanni hefur verið beitt. Á það er að koma ákveðin hefð og við erum að átta okkur á að það er úrræði sem er þénanlegt í þessu tilliti. Í frv. sem hér er til umræðu er í raun lagt til að lögfesta nokkuð vægara úrræði, tæki sem nýtist til skemmri tíma. Um leið má ætla að með því takist að taka á vandanum fyrr, á fyrstu stigum ofbeldisins.

Ákvæðið mundi veita lögreglu heimild til þess að vísa brott þeim sem beitir ofbeldi á heimili og banna heimsóknir hans á heimilið í tiltekinn tíma og er fyrst og fremst hugsað með sambúðarfólk í huga en getur átt við aðra á heimilinu, svo sem unglinga sem beita eða hóta að beita foreldra eða systkini sín ofbeldi. Einungis yrði heimilt að nota úrræðið við sérstakar kringumstæður þegar fjölskyldu ofbeldismanns eða öðrum stafar bein hætta af veru hans á heimilinu. Þannig þyrfti að fara fram hagsmunamat hjá lögreglu á því hvort viðkomandi mundi valda öðru heimilisfólki, hvort sem það væri sambúðarmaki, börn eða aðrir, alvarlegu tjóni, líkamlegu eða andlegu, eða brjóta á friðhelgi þeirra. Sérstaklega alvarlegar teljast kringumstæður þegar börn eiga í hlut enda hluti af markmiðinu með ákvæðinu að tryggja börnum fullnægjandi öryggi í uppeldi og forða þeim frá því að vera beitt ofbeldi eða þurfa að horfa á ofbeldi á eigin heimili. Hafa ber í huga þær afleiðingar sem slíkt getur haft á þau og hegðun þeirra síðar á ævinni. Börn sem alast upp við mikið ofbeldi gætu átt það til að temja sér slíka hegðun sjálf síðar á lífsleiðinni.

Hér er margs að gæta, herra forseti. En ég tel að í ljósi þess sem rakið er í greinargerð með frv. þessu sé ástandið þess eðlis hér á landi að brýn þörf sé á að Alþingi og hv. þingmenn ræði þessi mál ofan í kjölinn. Ég held að brýnt sé að skoða reynslu nágrannaþjóða okkar sem, eins og ég hef rakið, láta vel af reynslu af slíku ákvæði hjá sér. Ég tel að röðin sé komin að okkur að leiða í lög þetta úrræði fyrir lögregluna.

Ég óska eftir því, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:31]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég er ekki mjög kunnug því frv. sem hér er lagt fram, hef verið að renna yfir það og hlusta á framsögumann hér í þingsalnum en mér sýnist, bæði á frv., greinargerðinni og eins á þeirri framsöguræðu sem hér hefur verið flutt, að hér sé hreyft mjög mikilvægu máli sem nauðsynlegt er að taka til skoðunar.

Við höfum fylgst með því hér á landi síðan Kvennaathvarfið var stofnað, líklega 1983 ef ég man rétt eða 1982, annaðhvort árið var það nú, og enn lengur í öðrum löndum að ofbeldið á heimilunum birtist okkur með þeim sérkennilega hætti að árásarmaðurinn situr óáreittur eftir heima en eiginkona og börn flytja, ef ég má nota þá samlíkingu, í flóttamannabúðir. Þarna er auðvitað verið að snúa hlutunum við og mikilvægt er að reyna að koma hlutunum þannig fyrir að hægt sé að veita þeim sem fyrir ofbeldinu verður, eiginkonu og börnum í flestum tilvikum, vernd á heimili sínu.

Árásarmanninum á þá auðvitað að veita athvarf og vonandi hjálp til þess að takast á við sitt vandamál.

Það er einmitt það sem gerð er tillaga um hér. Í greinargerð er ágæt samlíking um að það hafi náðst almenn pólitísk sátt í Austurríki um málið og hún hafi byggst á svipaðri hugsun og rauða spjaldið í knattspyrnu, þ.e. þeim sem brýtur af sér er vísað af leikvelli og hann þarf að gjalda fyrir brot sitt en ekki fórnarlambið. Ég tel að þarna sé skynsamleg og eðlileg hugsun á ferðinni.

Auðvitað munu einhverjir grípa til þeirra svara, og það er út af fyrir sig eðlilegt, að þarna sé ákveðin hætta á ferðinni, það sé verið að brjóta gegn rétti þeirra einstaklinga sem vísað er af heimili og verða fyrir nálgunarbanninu. En það má auðvitað líka snúa röksemdafærslunni við og segja: Hver er réttur þess aðila sem fyrir árásinni hefur orðið og þarf að hverfa af heimili sínu af þeim sökum?

Við höfum ákveðnar skyldur í samfélaginu til að vernda og það getur auðvitað sett rétti einstaklinganna takmörk. Svo ég noti aftur samlíkinguna í stríðsrekstrinum hefur alþjóðasamfélagið líka skyldu til að vernda og það getur svo sem komið niður á fullveldi þjóða en við verðum að takast á við þá frumskyldu að vernda líf, limi og rétt fólks, hvort sem það er í stríðsrekstri á hinu alþjóðlega heimili eða í stríðsrekstri sem er annars konar inni á heimilum þar sem fólk býr við ofbeldi.

Eins og ég segi, herra forseti, held ég að þarna sé hreyft mikilvægu máli og það verður áhugavert að sjá hvaða meðferð það fær í þingnefnd og í meðförum Alþingis.

[17:35]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef svo sem engu við að bæta, vil eingöngu þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir þær undirtektir sem málið fær hér. Ég get tekið undir þau orð hennar að málið er af því tagi að aðstæður okkar hér á Íslandi kalla á að það sé skoðað hvort ekki sé hægt að færa hlutina til betri vegar eins og hér er lagt til. Ég lít á það sem mikilvæga stuðningsyfirlýsingu hv. þingmanns við málið sem hún sagði og treysti því, eins og ég sagði áðan, að málið fái vandaða meðferð hjá hv. allshn. Ég geri ráð fyrir að það verði sent út til umsagnaraðila og það verði sannarlega fróðlegt að fá að lesa þær umsagnir. Ég treysti því að þegar málið kemur til 2. umr. fylgi því öflug fylgigögn og síðan að hv. Alþingi geti tekið afstöðu til málsins áður en þessi vetur er allur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. MÞH o.fl., 11. mál (hljóðbækur). — Þskj. 11.

[17:37]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 11 sem jafnframt er 11. mál þingsins . Um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir á þessu frv. eru Helgi Hjörvar, hv. þm. Samf., og Kolbrún Halldórsdóttir, hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Með frv. þessu er lagt til að hljóðbækur beri sama virðisaukaskattshlutfall og prentaðar bækur, jafnt frumsamdar sem þýddar. Þær bera í dag 14% virðisaukaskatt en lesið efni sem gefið er út á miðli sem nýtist til hlustunar ber hins vegar 24,5% virðisaukaskatt og rennur hann heill og óskiptur í ríkissjóð.

Herra forseti. Hér er um mikið sanngirnismál að ræða, mál sem skiptir miklu máli fyrir sjónskerta, blinda og annað fólk sem af ýmsum orsökum nýtir sér hljóðbækur í dag, en einnig mál sem getur með tíð og tíma reynst dýrmætt fyrir menningararf íslensku þjóðarinnar.

Árið 1988 var farið að framleiða hljóðbækur hér á landi til sölu fyrir almenning. Hljóðbækur eru lesið efni sem gefið er út á diskum, tónsnældum eða öðrum þeim miðli sem nýtist til hlustunar. Þeir sem nota hljóðbækur eru einkum aldraðir, sjóndaprir og blindir, sem og lesblindir. Almenningur nýtir sér hljóðbækur í auknum mæli við hvers kyns störf og afþreyingu. Sífellt fleiri nemendur í skólum landsins nýta sér hljóðbækur. Af samanburði við t.d. Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin má ætla að markaður fyrir hljóðbækur hér á landi telji um 10 þúsund manns. Sumir telja jafnvel að þessi markaður geti verið a.m.k. 12–15 þúsund manns ef hljóðbækur væru á skaplegu verði, nægt úrval titla væri fyrir hendi og hægt væri að markaðssetja þær með skipulegum hætti. Frá upphafi hafa hljóðbækur verið skattlagðar í efra þrepi virðisaukaskatts en ritaðar bækur hafa fallið í lægra skattþrep virðisaukaskattsins. Ekki er að sjá nein rök til þess að skattleggja hljóðbækur öðruvísi en aðrar bækur enda um nákvæmlega sama efnið að ræða þótt miðlunaraðferðin sé ólík.

Það er ekki verið að tala um að ríkið missi af miklum tekjum ef virðisaukaskattur verður lækkaður til jafns við prentaðar bækur. Nú eru árlega seldar á bilinu fjögur til fimm þúsund bækur hér á landi af hljóðbókum. Þær eru dýrar og eru yfirleitt seldar á sama verði og innbundin prentuð bók sama ritverks. Sala þeirra og útgáfa hefur dregist mjög mikið saman á undanförnum árum. Í fyrra komu aðeins út tveir eða þrír titlar.

Sennilega mundi aukin sala á hljóðbókum vega upp tap ríkisins af lækkun virðisaukaskatts á hljóðbókum og jafnvel gott betur þar sem færa má rök fyrir því að sala á hljóðbókum mundi taka fjörkipp og þar með skila auknum tekjum í ríkissjóð. Aukin sala og framleiðsla á hljóðbókum mundi einnig skapa atvinnutækifæri fyrir þá sem lesa enn slíkar bækur og skapa dýrmæt störf blindra og sjónskertra sem hafa starfað við frágang og útgáfu hljóðbóka.

Herra forseti. Nú á Evrópuári fatlaðra væri samþykkt þessa frv. afar jákvæð aðgerð því þar með væri dregið úr mismunun milli fatlaðra og ófatlaðra, auk þess sem hér er um augljóst sanngirnismál að ræða.

Hluti af menningararfinum felst í því að hljóðrita lestur höfunda og þeirra sem stunda vandaðan upplestur. Ríkisútvarpið hafði þá stefnu um árabil að hljóðrita upplestur rithöfunda á eigin verkum. Nú hefur Ríkisútvarpið breytt um stefnu þannig að upplesið efni skipar æ minna rými í dagskrá þess. Þess vegna er nauðsynlegt að ýta undir hljóðbókaútgáfu hér á landi en slík útgáfa hefur án efa mikið menningargildi. Allir kannast t.d. við lestur Gísla Halldórssonar á Góða dátanum Svejk. Færri vita hins vegar að þessum upptökum var bjargað á síðustu stundu þegar átti að farga þeim. Haft var samband við Gísla Helgason sem þá starfaði við Blindrabókasafnið og fékk safnið að hirða allar upptökur

af þessum frábæra lestri eins vinsælasta leikara þjóðarinnar á hinu mikla meistaraverki Jaroslavs Haseks.

Því miður er ekki hægt að segja hið sama um aðra upplestra á frægum skáldsögum sem lifað hafa í minningu þjóðarinnar allt fram á þennan dag. Bör Börsson eftir Johan Falkberget sem lesinn var af Helga Hjörvar eldri á árum seinni heimsstyrjaldar er ekki til. Upptökum af Heljarslóðarorustu eftir Benedikt Gröndal sem lesin var af Lárusi Pálssyni árið 1966 var fleygt. Þannig hafa mörg menningarverðmæti glatast. Því miður eru ekki til margar hljóðritanir nútímarithöfunda af verkum sínum. Enginn vafi er þó á að hljóðritanir af þessu tagi væru mikils virði fyrir komandi kynslóðir.

Annars staðar á Norðurlöndunum er virðisaukaskattur á hljóðbókum sá sami og á öðrum bókum. Þar er reynt að ýta undir útgáfu hljóðbóka með einum eða öðrum hætti. Eitt meginverkefni Hljóðbókaklúbbsins var að koma Íslendingasögum á hljóðrænt form. Því verki er nær lokið með tilstuðlan Seðlabankans og fleiri ágætra stofnana. Frá 1995 hefur Hljóðbókaklúbburinn sem Blindrafélagið á gefið út tæplega 90 titla af hljóðbókum. Blindrafélagið hefur ekki haft bolmagn til að auglýsa hljóðbækur eins og vera þyrfti. Samkvæmt upplýsingum Gísla Helgasonar, tónlistarmanns og fyrrv. formanns Blindrafélagsins, er nú svo komið að félagið er hætt hljóðbókaútgáfu. Forlagið Vaka–Helgafell gaf til skamms tíma út hljóðbækur en virðist nú vera hætt útgáfu þeirra. Eina forlagið sem nú virðist stunda útgáfu hljóðbóka er Hörpuútgáfan.

Frú forseti. Eins og ég benti á í upphafi máls míns eru þeir sem nýta sér hljóðbækur fyrst og fremst almenningur. Innan þess hóps eru þeir sem eru blindir og sjónskertir eða lesblindir, auk eldra fólks. Í nútímaþjóðfélagi eru hljóðbækur jafnmikilvægur miðill og prentuð bók.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:43]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að fá að þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir það frumkvæði sem hann hefur sýnt í að flytja þetta litla frv. sem hér er til umfjöllunar og raunar líka að rifja upp þá sorglegu þætti í menningarsögu okkar sem eru förgun á upptökum og aðgæsluleysi manna við að varðveita merka hluti úr sögu Ríkisútvarpsins. Það er rétt að halda til haga hlut Knúts Skeggjasonar í því að stelast til þess að bjarga þar undan einni og einni upptöku sem við búum að því að eiga nú síðar meir.

Virðulegur forseti. Það er kannski rétt að ég taki fram við þessa umræðu að í henni á ég nokkurra hagsmuna að gæta þar sem ég er sjónskertur sjálfur og félagi í Blindrafélaginu sem er, eða öllu heldur var, til skamms tíma útgefandi á hljóðbókum, og svo er ég stjórnarmaður í Blindrabókasafni Íslands sem sömuleiðis hefur gefið út hljóðbækur. Menn verða að taka orðum mínum með þeim fyrirvara að í málinu á ég auðvitað talsverðra hagsmuna að gæta, bæði sem neytandi og vegna starfa minna í Blindrafélaginu og fyrir Blindrabókasafnið. Ég verð þó að segja það, virðulegur forseti, að ég sakna þess að sjá ekki stjórnarliðana flykkjast í salinn þegar við erum að fjalla um verðugar skattalækkanir eins og þá sem hér er til umræðu. Það virðist einhvern veginn sem áhugi þeirra á skattalækkunum hafi dvínað nokkuð eftir því sem leið fram yfir kosningar, virðulegur forseti.

Ég held að það þurfi í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta litla frv., svo sjálfsagt réttlætismál sem það er. Við höfum ákveðið að skattleggja bækur og bókaútgáfu í lægra skattþrepi til þess að styrkja og efla útgáfu íslenskra bóka og bóka á íslensku. Það hefur verið túlkun manna að sú skilgreining ætti ekki við um hljóðbækur og menn hafa um langt árabil neitað að leiðrétta þetta litla atriði. Þó er það þannig að það eina sem skilur hljóðbókina frá hinni prentuðu bók er að fyrir hljóðbókina er minni markaður en fyrir hina prentuðu og framleiðslukostnaður hljóðbókarinnar er meiri. Þannig eru í raun ríkari ástæður fyrir hið opinbera til þess að ívilna hljóðbókum með lægri sköttum eða gjöldum heldur en hinni almennu „svartletursútgáfu“ eins og við, hin sjónskertu, köllum bækurnar sem þið hin lesið, virðulegur forseti.

Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að hér er auðvitað ekki um mikla bókasölu eða bókaútgáfu að ræða. Þó hafa mjög margir á síðari árum verið að átta sig á því að hljóðbækur eru ekki bara eitthvað sem hentar blindum og sjónskertum, heldur sé mikill menningarauki að slíkum bókum og að þeirra geti sjáandi líka notið, hvort sem er við dagleg störf eða við akstur eða aðra iðju. Þetta eru ekki nema einhver hundruð, í mesta lagi kannski eitt, tvö þúsund, stykki af bókum sem seld eru á þessu formi árlega og þess vegna um hverfandi tekjur að ræða fyrir ríkissjóð og í rauninni ekki annað en sjálfsagt sanngirnismál að þeir sem kjósa að hlusta á upplestur bókar þurfi ekki að greiða af þeim upplestri hærri skatta en þeir sem hafa augu til að sjá textann og lesa hann á pappír.

[17:48]

Flm. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir stuðninginn við þetta ágæta mál sem, eins og fram kom í máli mínu, er mikið þjóðþrifamál og mjög mikið sanngirnismál og í raun og veru sætir furðu að það skuli ekki hafa verið leiðrétt fyrir löngu síðan, því að það eru svo ótal góðar röksemdir, herra forseti, fyrir því að það nái fram að ganga að virðisaukaskattur á hljóðbækur verði lækkaður úr 24,5% í 14% og þær beri þá sama skatt og venjulegar bækur.

Ég vil taka undir með hv. þm. Helga Hjörvar þar sem hann lýsir yfir furðu sinni, ég vil líka lýsa yfir vonbrigðum með það, að engir stjórnarliðar skuli vera hér í salnum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar benti á að þeir hafa gefið sig út fyrir að vera miklir áhugamenn um skattalækkanir og hafa boðað stór átök í þeim efnum á næstu missirum. Nú er hér annan daginn í röð lagt fram frv. um skattalækkanir. Í gær var lagt fram frv. um lækkun virðisaukaskatts á matvæli, mjög þarft og gott mál. Stjórnarliðar sáu sóma sinn í því að láta ekki sjá sig við þá umræðu, og í kvöld þegar við enn á ný, stjórnarandstaðan, erum að rétta út hönd til þeirra sem kannski minna mega sín í okkar ríka þjóðfélagi og kannski þeirra sem minnst mega sín að vissu leyti, rétta þeim hönd þannig að þeir fái notið sömu menningarverðmæta og við hin, þá brillera stjórnarliðar með fjarveru sinni. Þetta eru að vísu ekki miklar skattalækkanir, kannski ekki nógu miklar í þeirra augum til þess að það taki því að sýna þeim áhuga, en þær eru svo sannarlega mikilvægar fyrir þá sem njóta þeirra.

Eins og ég kom að áðan, hæstv. forseti, vil ég að lokinni þessari umræðu leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og það fái þær móttökur sem það á skilið og þá afgreiðslu sem

það á skilið og að hv. efh.- og viðskn. líti til þess jákvæðum huga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingar- og foreldraorlof, 1. umr.

Frv. ÖJ, 13. mál (orlofslaun). — Þskj. 13.

[17:50]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Í frv. er lagt til að við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: „Greiða skal orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði."

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sem voru samþykkt á árinu 2000 eða komu til framkvæmda þá, er ekki að finna ákvæði sem kveður á um að greiða skuli orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Á þetta hefur verið látið reyna fyrir sérstakri úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála og staðfesti hún fyrri ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að reikna ekki orlofslaun á greiðslur vegna orlofstöku til kæranda í fæðingarorlofi. Í úrskurðinum segir m.a., með leyfi forseta:

„Sá greinarmunur sem gerður er á rétti til orlofstöku og rétti til orlofslauna í framangreindum lögum styður þá niðurstöðu að í 2. mgr. 14. gr. ffl. felist fyrirmæli um áunninn rétt til orlofstöku en ekki rétt til orlofslauna."

Þetta hefur það í för með sér að einstaklingar í fæðingarorlofi fá ekki notið almennrar orlofstöku nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Í slíkum tilvikum grafa réttindi á einu sviði undan réttindum á öðru sviði.

Þeirri lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um er ætlað að tryggja að allir þeir sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs eigi óskertan rétt í sumarorlofi.

Hæstv. forseti. Nú er það svo að mér er fullkunnugt um að í sumum tilvikum hefur verið samið um rétt til greiðslna í orlofi en í öðrum tilvikum hefur svo ekki verið gert. Það á almennt við um hinn almenna vinnumarkað. Ég held að það geti ekki hafa verið markmið löggjafans að hafa þessi réttindi af fólki, sem oft og tíðum er á mjög litlum launum. Mér er kunnugt um póstmenn á lágum launum sem hafa nýtt sér fæðingarorlofið en síðan vaknað upp við þann vonda draum að sumarleyfið var ekki til, að rétturinn til þess var ekki til, ekki til greiðslna í sumarfríinu. Ég held að þetta sé nokkuð sem verður að taka á með lagabreytingu. Ég geri mér grein fyrir því að ef slíkt næðist fram í samningum þá væri það að sjálfsögðu góðra gjalda vert en ég held að löggjafinn þurfi að grípa hér inn í til þess að jafna hér stöðu manna, og þá sé ég ekki aðrar færar leiðir en að þessar greiðslur verði greiddar úr Fæðingarorlofssjóði.

Um þetta ætla ég ekki að hafa langt mál nú, fagna því að þetta komist á dagskrá hér þannig að það geti farið til umsagnar hjá þeim sem gerst þekkja til þessara mála og síðan vona ég að það fái skjóta afgreiðslu í félmn. þingsins, en ég legg til að frv. verði vísað þangað til frekari vinnslu.

[17:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Efni þessa frv. sem hér er til umræðu um að greiða skuli orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði var tekið fyrir á síðasta þingi og í efh.- og viðskn. reyndar líka í sumar. Tildrög þess voru að ég hafði lagt fram fsp. til þáv. hæstv. félmrh. um framkvæmd á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og m.a. spurst fyrir um þessi réttindi sem eru taka orlofs og greiðsla orlofslauna eftir fæðingarorlof.

Svar hæstv. fyrrv. félmrh. var afar skýrt og afdráttarlaust en það kvað á um að ekki væri hægt að undanskilja ávinnslu á rétti til greiðslna í orlofi sem foreldri ávinnur sér í fæðingarorlofi frá öðrum starfstengdum réttindum og þar var bæði byggt á ákvæðum laga um þetta efni í orlofslögum og lögum um fæðingarorlof.

Í svari hæstv. ráðherra kom fram, með leyfi forseta:

„„Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum þessara laga." Í lögunum er kveðið á um ávinnslu lágmarksorlofsréttar en í 7. gr. segir: „Launþegi á rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári"."

Síðan segir síðar í svari hæstv. þáverandi félmrh. til mín, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að foreldrar ávinna sér rétt til orlofstöku í fæðingarorlofi samkvæmt orðanna hljóðan í 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldrarorlof. Verður að ætla að um sé að ræða rétt til orlofstöku í skilningi laga um orlof. Með hliðsjón af framansögðu verður því ekki séð að unnt sé að undanskilja ávinnslu á rétti til greiðslna í orlofi sem foreldri ávinnur sér í fæðingarorlofi frá þeim starfstengdu réttindum sem fæðingarorlof skal reiknast til starfstíma við mat á."

Þetta gæti ekki verið skýrara, herra forseti, en svo vildi til að eftir að þetta svar kom fram, og flestir töldu að þetta væri nægjanlega skýrt til þess að Tryggingastofnun greiddi út orlofsgreiðslur til þeirra sem hefðu fengið fæðingarorlof, þá brá svo við, herra forseti, að hæstv. fyrrv. félmrh. dró lappirnar og vildi láta skoða málið eitthvað nánar. Sjálfsagt hefur hann fengið skömm í hattinn í ríkisstjórninni fyrir þennan úrskurð, sem er auðvitað alveg óskiljanlegt vegna þess að hann er afar skýr og örugglega byggður á traustri og vel ígrundaðri skoðun lögfræðinga félmrn.

Þetta var nefnilega afar mikilvægur úrskurður, herra forseti, vegna þess að það er ekki hægt að búa við það að ekki séu greiddar orlofsgreiðslur eftir töku fæðingarorlofs. Það er reyndar svo að á hinum opinbera markaði, eða a.m.k. hjá flestum launþegum á opinbera markaðnum sem fara í fæðingarorlof að þá fá þeir greiðslur úr sérstökum sjóði, þ.e. orlofsgreiðslur eftir töku fæðingarorlofs sem þeir sem eru á almennum markaði fá ekki. Þarna er verið að mismuna fólki mjög sem tekur fæðingarorlof.

Við getum sett þetta í það samhengi hvað þetta þýðir vegna þess að það hafa margir komið að máli við mig og sagt að þeir hafi stytt orlof sitt af þeim sökum að þeir fengju ekki greiðslur í sínu orlofi. Þetta þýðir í raun og sanni að fólk á almennum vinnumarkaði hefur þrem vikum skemmra fæðingarorlof en þeir sem vinna hjá hinu opinbera. Það var litið til þess hve margir það væru frá því að nýju fæðingarorlofslögin tóku gildi, sem hefðu þá verið hlunnfarnir um orlofsgreiðslur miðað við þessa niðurstöðu hæstv. fyrrv. ráðherra, og það voru um tíu þúsund manns sem áttu inni hjá ríkinu a.m.k. 500 millj. kr.

Þetta mál var ekki útkljáð meðan fyrrv. félmrh. var í stóli ráðherra en ég batt svo sannarlega vonir við það að nýr hæstv. félmrh. tæki á þessu máli af mikilli röggsemi. Hæstv. ráðherra hefur gefið sig út fyrir það að vilja vinna að og sinna vel málefnum fjölskyldunnar og þetta er svo sannarlega stórt mál sem skiptir fjölskyldur miklu máli fyrir utan það að verið er að mismuna fólki á almenna markaðnum og opinbera markaðnum. En hæstv. ráðherra tók því miður þá afstöðu að taka í raun og veru enga afstöðu til þessa máls heldur að setja málið í einhverja heildarendurskoðun í tengslum við fjárvöntun í Fæðingarorlofssjóðnum. Ef þetta er réttur og sannur réttur þeirra sem eiga fæðingarorlof þá er ekki hægt að setja þetta í samhengi við fjárvöntun í sjóðnum.

Nú skal því haldið til haga að ráðherra hangir sjálfsagt í niðurstöðu sem úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála komst að sem kom vissulega á óvart, en úrskurðurinn stangaðist gersamlega á við álit lögfræðinga félmrn. sem fyrrv. félmrh. byggði niðurstöðu sína á í svari við fyrirspurn minni á Alþingi í maímánuði á þessu ári. Meðan staðan er með þessum hætti, herra forseti, þá er réttaróvissa uppi og hún verður ekki leyst nema fyrir dómstólum eða með lagabreytingum. Og þar sem málið er komið í þennan farveg sé ég ekki annað en að það sé réttast og eðlilegast að taka af skarið með því að samþykkja lög þar að lútandi þannig að það sé algerlega klárt og kvitt að greiða skuli orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Hinu vil ég halda til haga að ég er ekki sammála því að það þurfi endilega lagabreytingu vegna þess að ég var sammála þeim rökstuðningi sem fram kom í svari hjá fyrrv. félmrh.

Það var félmn. sem fjallaði um þetta mál og ég hugsa að það hafi verið eitt af fyrstu verkum hæstv. ráðherra í stól félmrh. að koma á fund nefndarinnar til þess að ræða þetta *mál og hæstv. ráðherra, eins og ég nefndi áðan, vildi fella* þetta inn í heildarendurskoðunina en félmn. skrifaði hæstv. ráðherra bréf þess efnis að hún óskaði eftir því að þessu tiltekna máli sem varðaði orlofsgreiðslurnar yrði sérstaklega flýtt. Ég hafði vonast til þess og lagði áherslu á það í starfi mínu í félmn. að afstaðan til þessa þáttar lægi fyrir hjá hæstv. ráðherra nú þegar þing kæmi saman. Þess vegna vil ég fagna því að hæstv. félmrh. er hér við þessa umræðu og vænti þess að heyra svör hans, í fyrsta lagi um afstöðu hans til þess hvort hann telji, alveg burt séð frá þessum úrskurði, ekki rétt að greiða orlofsgreiðslur eftir fæðingarorlof og hvort hann telji við það búandi að það sé mismunað á vinnumarkaðnum í þessu efni, annars vegar að greiddar séu orlofsgreiðslur hjá opinberum starfsmönnum en hins vegar ekki á almenna markaðnum.

Ég vænti þess, herra forseti, að við fáum skýr svör frá hæstv. ráðherra um þetta efni við þessa umræðu.

[18:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Breytingin varðar meðferð orlofslauna í fæðingarorlofi en eins og fram hefur komið komst úrskurðarnefnd að þeirri niðurstöðu í sumar sem leið að ekki bæri að greiða slík orlofslaun.

Virðulegi forseti. Starfsmenn ríkisins hafa með samningum við ríkið sem vinnuveitanda náð samkomulagi um slíkar greiðslur sem hér er um rætt og ég hef því sagt að eðlilegt væri að aðilar vinnumarkaðarins mundu sjálfir útkljá þetta mál fremur en um það yrði sérstaklega fjallað í lögum. Hins vegar er það rétt sem hér hefur komið fram að frá í sumar hefur verið starfandi hópur fulltrúa hjá félmrn. og fjmrn. sem fékk það hlutverk að meta reynsluna af framkvæmd þeirra laga sem hér um ræðir og gera tillögur um breytingar á þeim ef ástæða þætti til í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Meðal þess sem þar er til skoðunar er hvort ástæða er til að setja hámark á bótafjárhæð, hvort herða beri reglur og eftirlit með úthlutun bótanna, hvernig megi tryggja framtíðarfjármögnun sjóðsins og það atriði sem hér er til umfjöllunar, þ.e. hvort greiða beri orlofslaun í orlofi.

Virðulegi forseti. Þeirri vinnu sem hér hefur verið lýst á að ljúka með tillögum til ráðherra fyrir lok þessa árs. Ég tel því að sú breyting sem hér er lagt til að verði gerð á lögunum sé í þessu ljósi ótímabær.

[18:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ofsagt að ræða hæstv. félmrh. olli mér miklum vonbrigðum. Ráðherra hefur ekkert hugsað málið frá því að við hittum hann í félmn. í sumar. Það er gersamlega nákvæmlega sama staða og þá var. Það er óviðunandi fyrir þær tíu þúsund fjölskyldur, sem eru orðnar fleiri núna, sem bíða í fullkominni óvissu um það hvort þær fái orlofsgreiðslur eða ekki.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni. Finnst honum það þolandi og líðandi að gerð sé mismunun á vinnumarkaðnum varðandi orlofsgreiðslur eftir því hvort um er að ræða þá sem eru á almenna vinnumarkaðnum eða opinbera markaðnum? Er ráðherrann að segja það þegar hann talar um að aðilar vinnumarkaðarins, væntanlega á almenna markaðnum eigi sjálfir að útkljá þetta mál að hann sé að fría sjálfan sig við því að þurfa að taka ákvörðun í málinu og hæstv. ráðherra sé raunverulega að vísa þessu kannski *inn í næstu kjarasamningagerð? Og ég spyr: Á þetta að vera* einhver skiptimynt í kjarasamningum á almenna markaðnum eins og hæstv. ráðherrar hafa talað um að skattalækkanir eigi að vera skiptimynt fyrir launahækkanir hjá fólki í komandi kjarasamningum? Það er auðvitað óþolandi. Hæstv. ráðherra ætlar greinilega að hunsa það sem hann var beðinn um af félmn., þ.e. að þetta sérstaka atriði yrði tekið út úr og skoðað sérstaklega. Þess vegna, herra forseti, ítreka ég að svar hæstv. ráðherra veldur mér miklum vonbrigðum og alveg örugglega þeim tíu þúsund fjölskyldum sem hafa verið hlunnfarnar og eiga inni 500 millj. kr. hjá ríkissjóði.

[18:08]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega hefur talsvert verið unnið í þessu máli í félmrn. í sumar og haust. Eins og ég kom inn á í ræðu minni áðan hefur hópur fólks verið að fara yfir framkvæmd laganna, það atriði sem hér er til umræðu meðal annarra. Eins og ég veit að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er fullkunnugt um hefur ásóknin í greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði verið meiri en reiknað var með í upphafi sem er út af fyrir sig jákvætt því að það segir okkur að lögin virki og þau hvetja feður í meira mæli til að taka fæðingarorlof heldur en kannski ráð var fyrir gert. Það stefnir hins vegar í að Fæðingarorlofssjóður verði í fjárþurrð á miðju árinu 2005 en ég tel óhjákvæmilegt að skoða málið allt í samhengi, ekki einungis einn þátt þess. Það tekur þennan tíma en ég vænti þess að niðurstaða fáist fyrir árslok.

[18:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist vera ógjörningur að fá hæstv. félmrh. til að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Ég spurði um þann mismun sem nú ríkir á vinnumarkaðnum varðandi þessar greiðslur, hver afstaða ráðherrans væri til þess. Ég spyr líka: Óttast hæstv. ráðherra ekki að ef þessi mismunun heldur áfram, þannig að þeir sem eru á almenna markaðnum hafa þriggja vikna skemmra fæðingarorlof en þeir sem eru hjá hinu opinbera, verði það til þess að feður eða það foreldri sem hefur hærri greiðslurnar hætti að taka það fæðingarorlof sem það hefur rétt á eða a.m.k. mjög skert af því að það bíður þeirra þá að taka skert orlof eða orlofsgreiðslur? Þetta mál er ekki hægt að afgreiða þannig að setja það í samhengi við stærra mál þ.e. hvort eigi að fara að breyta viðmiðunum í fæðingarorlofslögunum að því er varðar bótafjárhæðir eða almennt varðandi fjárvöntun úr sjóðnum af því að ásóknin var meiri í greiðslurnar en menn töldu í upphafi. Það er auðvitað bara gleðiefni að ásóknin sé meiri af því að þetta er eitt af því sem síðasta ríkisstjórn getur helst státað sig af varðandi félagslegar umbætur á síðasta kjörtímabili, það er þessi fæðingarorlofslöggjöf.

Nú hefur komið fram verulegur annmarki á löggjöfinni að því er þennan þátt varðar og veruleg mismunun.

Herra forseti. Ég óska þess að hæstv. ráðherra svari því hvað hvað hann telur um þá mismunun og hvort hann deili ekki ótta með mér um það að þetta muni verða til þess að feður á almenna markaðnum muni síður taka sér fæðingarorlof þegar þeir búa við það að fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á er þremur vikum styttra en hjá öðrum.

[18:11]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa komið skýrt inn á það áðan að skoðun mín er sú að aðilar vinnumarkaðarins hljóti að semja um þetta sín í milli rétt eins og starfsmenn ríkisins hafa gert við ríkið sem vinnuveitanda. Ég hef líka sagt að ef aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér saman um að þessi breyting yrði gerð á lögunum þá mundum við að sjálfsögðu taka það til skoðunar. En við megum ekki gleyma því að Fæðingarlofssjóðurinn er fjármagnaður af tryggingagjaldi þannig að fjármögnun hans lendir með einum eða öðrum hætti á atvinnurekendum og/eða launþegum.

Hvað varðar spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um hvort ég óttist að þetta geti orðið til þess að feður á almenna vinnumarkaðnum taki síður fæðingarorlof en aðrir, þá þori ég ekki að spá neinu um það. Sem betur fer hefur þróunin orðið sú að feður taka þetta orlof í mjög ríkum mæli og það er ástæða þess að við sjáum að það gengur hraðar á sjóðinn en ætlað var en sem betur fer virðist meginmarkmið laganna vera að ná fram.

[18:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og þá varðandi það hvort borga eigi orlof á orlof. Ég vil minna á að markmið þessara laga var að auka jafnrétti milli kynja. Það var meginmarkmiðið. Áður en lögin voru sett voru konur þær einu sem fengu fæðingarorlof og þær fengu mjög lága upphæð. Afleiðingin af því varð sú að þar sem konur hurfu úr starfi urðu þær einfaldlega dýrari fyrir fyrirtæki þar sem ráða þurfti í staðinn fyrir þær og allt slíkt. Þær voru einfaldlega dýrari en karlarnir.

Markmið þessara laga var að gera karlmenn jafndýra fyrir fyrirtækin og konur og það hefur tekist, frú forseti. Kannanir bæði kjararannsóknarnefndar og VR sýna að laun kvenna hafa hækkað meira en laun karla og þó að hægt miði í jafnréttisátt er það samt í rétta átt á meðan við fáum annars staðar fréttir um það, t.d. frá Noregi, að launamunurinn þar sé að vaxa. Áhrif þessara laga eru því ótvíræð.

Þau hafa líka haft þau áhrif að eldra fólk á auðveldara með að fá vinnu heldur en áður var einfaldlega vegna þess að yngra fólk sem á barneignir í vændum er orðið dýrara. Ég tel að það séu jákvæð aukaáhrif af þessari lagasetningu að eldra fólk sem átti oft mjög erfitt með að fá vinnu á nú orðið eitthvað auðveldara með það, bæði karlar og konur. Þetta er sem sagt afleiðing af þessum lögum.

Þessi lög um fæðingarorlof voru afskaplega góð. Þau kipptu Íslendingum frá því að vera aftastir á merinni í Norðurlandasamanburði í það að vera fremstir. Þegar þessi 80% af launum voru tekin inn í dæmið þá er spurningin: Af hverju 80%? Af hverju ekki 90%. Af hverju ekki 100%? Af hverju ekki 75% eða 60%? Það var vegna þess að menn töldu nauðsynlegt að hafa 80% til þess að lokka karlmenn til að vera heima hjá börnunum sínum, og það hefur tekist. Það hefur tekist með slíkum ágætum að Fæðingarorlofssjóður á við fjárhagsvanda að glíma.

Þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvort nauðsynlegt hafi verið að hafa beituna svona girnilega, hvort ekki megi lækka þessa prósentu í 75% eða 70%, en ekki ræða um að hækka þetta eins og flutningsmenn þessa frv. gera ráð fyrir. Það tel ég algjöran óþarfa vegna þess að markmið laganna hafa náðst. Ég vil að menn skoði það að þessi prósenta verði lækkuð.

Það er jú einu sinni þannig, frú forseti, sem mjög margir þingmenn gleyma, að það er alltaf einhver sem greiðir bæturnar. Það er alltaf einhver sem greiðir. Hinir vinnandi í landinu greiða. Það á ekki að hafa bætur hærri en nauðsynlegt er. Ef árangur næst til jafnréttis karla og kvenna með 80% og hugsanlega með 75% þá eiga menn að horfast í augu við það. Það er ekkert markmið að bætur séu háar.

Mér finnst undarlegt að sjá svona frv., og ábyrgðarlaust af flutningsmönnum að leggja það fram, um hækkun á þessum bótum á sama tíma og það hefur sýnt sig að lögin ná markmiði sínu. Það hefur sýnt sig að bæturnar hafa stórhækkað miðað við það sem áður var, miðað við það sem var þegar þetta var einhver pínulítil tala. Og líka vegna þess að þetta er jú greitt af einhverjum finnst mér undarlegt að horfa upp á að menn leggja til auknar bætur, aukin útgjöld, aukna skattlagningu á launþega þessa lands því að það eru þeir sem greiða þetta. Tryggingagjaldið er gjald á laun allra Íslendinga og engu máli skiptir hvort fyrirtæki greiða það eða hvort launin séu hækkuð um tryggingagjaldið og launþeginn greiði það. Þetta er flatur skattur á öll laun í landinu og það sem menn vilja með þessu frv. er hreinlega að hækka þessar álögur á alla launþega.

Nú vill svo til að flutningsmaður frv. er forustumaður launþegahreyfingar. Hann er sem sagt að krefjast þess og vill að álögur á launþega, á sína félagsmenn, séu hækkaðar að óþörfu að mínu mati.

Menn hafa líka talað um að óeðlilegt sé að hæstu laun fái óskaplega miklar bætur. 80% af milljón eru 800 þús. og menn hafa séð ofsjónum yfir því. En þá vil ég benda mönnum á markmið laganna sem er að gera karlmenn jafndýra og konur. Ef menn setja þak á þessar greiðslur þá eru þeir að

segja um leið að þeir vilji ekki gera kvenforstjóra jafndýra og karlforstjóra. Þeir vilja þá ekki að konur verði forstjórar yfirleitt. Það eru þeir að segja. Ég tel því mjög mikilvægt að ekki sé þak á þessu.

Hins vegar gæti ég alveg séð fyrir mér að þessi 80%, sem voru á sínum tíma skot út í loftið, yrðu lækkuð því að það er ýmiss konar sparnaður fólginn í því að sækja ekki vinnu, samanber bara t.d. ferðir á vinnustað, klæðnað og annað slíkt. Svo geta menn gert ýmislegt heima hjá sér sem sparar kostnað. Það er því ekkert sem segir að bæturnar þurfi að vera 80%, enda er það þekkt t.d. í lífeyriskerfum að menn stefna ekki svona hátt í bótum heldur eitthvað á bilinu 60–70%. Ég legg til að hæstv. félmrh. skoði þann þátt líka og hafi hugrekki til þess með það í huga að launþegar þessa lands borga brúsann á endanum. Það þarf auðvitað að hafa hugrekki til þess að standa á móti kröfum um auknar bætur sem alltaf eru uppi í hinum háu þingsölum á sama tíma og menn gleyma því að þessar sömu bætur eru greiddar af landslýð öllum og aðallega launþegum.

[18:20]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Sumu hef ég verið sammála, öðru ósammála, eins og gengur. Sérstaklega var ég sammála því sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem nú situr á forsetastóli. Ég var hins vegar ósammála mörgu sem kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals nema lofgjörð hans um fæðingarorlofslögin frá árinu 2000. Ég er sammála honum um að þeim var stigið mjög mikilvægt framfaraspor, að mínum dómi eitt það stærsta sem hér hefur verið stigið í félagslegum efnum í langan tíma.

Varðandi hæstv. ráðherra þá er gott að heyra að þessi mál séu til skoðunar, endurskoðunar og athugunar. En ég er honum hins vegar ósammála um að þessi lagabreyting sé ekki tímabær. Það kann að vera rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að lagabreytingu þurfi ekki til. En staðreyndin er sú að við sitjum uppi með úrskurð Tryggingastofnunar og staðfestingu á honum frá úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Hvert er meginefni málsins? Jú, fólk fer í fæðingarorlof. Það er mjög jákvætt. Það getur dvalið hjá ungum börnum sínum. En síðan vaknar það upp við þann vonda draum að þegar kemur að því síðar að fara í sumarfrí að þá er rétturinn fyrir hendi að fara í fríið en engar greiðslur koma. Það er launalaust frí. Þetta hefur komið sér afar illa, svo vægt sé til orða tekið, fyrir fólk á lágum launum. Ég hef rætt við marga sem hafa lent í þessu.

Við þetta getum við ekki búið. Þess vegna vænti ég þess að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í félmn. Ég vona að þegar endurskoðunarmenn hæstv. félmrh. hafa farið í saumana á þessum málum þá verði þeir sammála mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það sé ráð og meira að segja gott ráð að breyta lögum og það hið allra fyrsta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

GATS-samningurinn, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[18:23]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um úttekt vegna GATS-samningsins og breytinga á honum. Þessi þáltill. er í mörgum liðum.

Í fyrsta lagi viljum við — og þegar ég segi við er ég að vísa til þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því að við stöndum öll að þessu þingmáli — að gerð verði úttekt á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum GATS-samningsins á Íslandi, bæði miðað við núverandi stöðu og hugsanlegar afleiðingar samningsins til langs tíma. Hluti af þeirri rannsókn verði greining á lagalegri stöðu GATS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gagnvart innlendum lögum og reglugerðum. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi taka til endurskoðunar þær skuldbindingar sem Ísland hefur þegar undirgengist.

Í öðru lagi leggjum við til að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir að samningaviðræður Íslands og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði opnaðar fyrir almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Leitað verði m.a. til verkalýðsfélaga og annarra hagsmunasamtaka, auk fulltrúa sveitarfélaga og stofnana eftir því sem við á.

Í þriðja lagi viljum við að í yfirstandandi samningsferli Íslands og annarra aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna GATS-samningsins verði engar heimildir veittar fyrir markaðsvæðingu velferðar- og grunnþjónustu samfélagsins. Ekki verði fleiri þjónustugeirar felldir undir GATS-samninginn án undangenginnar könnunar á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum samningsins á íslenskt þjóðfélag og ekki fyrr en hlutdeild samtaka launafólks og annarra fulltrúa almennings í samningaviðræðunum hefur verið tryggð.

Þá leggjum við til að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að ákvæði 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins verði skýrð á þann veg að engum vafa sé undirorpið að samningurinn nái ekki til almannaþjónustu og þjónustu á vegum hins opinbera. Lagt er til að c-liður 3. mgr. I. gr. verði felldur úr gildi og að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir því á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Þá leggjum við til að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að þjónusta hins opinbera sem og þjónusta í almannaþágu verði í raun og veru undanskilin ákvæðum GATS-samningsins. Litið verði á rekstrareiningar á vegum hins opinbera sem heildstæðar í skilningi GATS. Þannig verði ekki hægt að færa þær í hlutum undir markaðsskuldbindingar GATS-samningsins.

Við viljum að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að orðalagi XXI. gr. verði breytt, þannig að sett verði inn málsgrein sem heimili ríkisstjórnum að fella brott þegar undirritaðar skuldbindingar í skuldbindingaskrá eða draga úr þeim að því tilskildu að það sé gert í þeim tilgangi að bæta almannaþjónustu eða þjónustu á vegum hins opinbera, án þess að hætta sé á að þær ákvarðanir kalli á skaðabætur samkvæmt reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Svo tryggja megi óskoraðan rétt ríkisstjórna til að setja lög og reglur og framfylgja þeim án hættu á lögsókn beiti ríkisstjórnin sér fyrir því að 4. mgr.

VI. gr., þ.e. reglur á heimamarkaði, í GATS-samningnum verði endurskoðuð þannig að skýrt komi fram að umhverfisþættir og félagslegir þættir hafi forgang gagnvart „frjálsum viðskiptum".

Þá leggjum við til að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að farvegur deilumála innan stofnunarinnar verði opnaður almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Ríkisstjórnin vinni að því að dómstóll Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar leiti í auknum mæli til stofnana Sameinuðu þjóðanna til samráðs við úrlausn deilumála og að tekið verði tillit til samfélags- og umhverfissjónarmiða. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samþykki að meginsamþykktir Sameinuðu þjóðanna hafi forgang á viðskiptareglur.

Við viljum og að kröfur um lágmarksréttindi verkafólks eins og þær hafa verið settar fram á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði felldar inn í GATS-samninginn og aðra samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem við á.

Þetta er efni þáltill., en ég tel að þessir samningar sem kenndir eru við GATS — þetta er skammstöfun úr ensku, General Agreement on Trade in Services, þ.e. almennt samkomulag um verslun í þjónustu — séu einhverjir mikilvægustu samningar sem nú fara fram á heimsvísu og að almannaþjónustunni stafi mikil ógn af þessum samningum.

Lengi vel fóru þessar samningaviðræður fram á bak við luktar dyr. En í seinni tíð hafa verkalýðssamtök og almannasamtök verið að þrýsta á um að fá þessar viðræður fram í dagsljósið. Það hefur gengið á ýmsu. Menn minnast mótmælaaðgerðanna í Seattle árið 1999 og síðar í Washington, Prag og Genúa á Ítalíu. Allt var þetta út af GATS-samningnum sem hér er verið að fjalla um.

Það óhuggulega við þennan samning er að ekki er hægt að stíga skrefið til baka. Ef menn á annað borð hafa undirgengist reglur GATS er ekki hægt að stíga skrefið til baka. Ríki sem reyna slíkt eiga á hættu að verða skaðabótaskyld. Við höfum núna verið í þeim farvegi að einstök ríki sem aðild eiga að GATS hafa verið að reisa kröfur hvert á hendur öðru og á vegum verkalýðshreyfingarinnar hefur verið unnið að því að fá upplýst hvaða kröfur hafa verið settar fram og hvaða ríki hafa sett fram slíkar kröfur. Þetta starf hefur að verulegu leyti hvílt á herðum BSRB. Það kom í ljós að Bandaríkjamenn, Indverjar og Japanar höfðu sett kröfur á hendur Íslendingum. Það fékkst ekki upplýst hvað hvert þessara ríkja hefði verið að fara fram á. Þó er vitað að þarna var verið að óska eftir því að við settum framhaldsmenntun og gott ef ekki bókasöfn einnig undir GATS-samningana.

Það var mikið uppistand í Bretlandi þegar upplýst var að framkvæmdanefnd Evrópusambandsins, sem fer með samningsumboðið fyrir hönd allra aðildarríkja Evrópusambandsins, hafði reist kröfur á hendur Kanadamönnum um að fá aðgang að vatnsmarkaði, neysluvatni í Kanada. Kanadamenn fóru fram á tilslakanir í landbúnaðarmálum, vildu koma korni á markað í Evrópu. Það gerist í öðrum samningum. Öll þessi samningaferli tengjast innbyrðis. Þeir höfðu farið fram á að fá niðurfellingu á tollum í korni og matvöru og Evrópusambandið svaraði þá fyrir sig og vildi komast inn á vatnsmarkaðinn í Kanada. Þetta eru þær viðræður sem fram hafa farið á bak við tjöldin.

Við skulum taka dæmi um þýðingu þessa. Við skulum segja að við föllumst á að setja bókasöfn undir GATS. Þá gætum við gert það í tveimur þrepum. Við gætum áskilið rétt gagnvart íslenskum bókasöfnum eða við gætum fellt öll bókasöfn almennt undir GATS. Þá þýddi það að erlendir aðilar sem vildu setja hér á fót bókasöfn, við skulum segja bandarískra sendiráðið eða trúfélög eða einhverjir aðilar, mundu reisa þá kröfu á hendur íslenska ríkinu að það styrkti þeirra safn á sama hátt og það styrkir Borgarbókasafnið eða Landsbókasafnið eða slíkt. Þetta var eðli og inntak svokallaðra MAI-samninga sem voru á vegum annars aðila, OECD, fyrir fáeinum árum. MAI er skammstöfun fyrir Multilateral Agreement on Investment og var mjög til umræðu í Evrópu. Það voru Frakkar sem stóðu harðast á móti þessu og það var franski kvikmyndaiðnaðurinmn sem stóð frammi fyrir svipaðri stöðu og ég er að lýsa um bókasöfnin. Ef Frakkar hefðu fallist á þetta samkomulag eða samkomulag hefði náðst um MAI, Multilateral Agreement on Investment, fjölþjóðasamkomulag um fjárfestingar, hefði ekki mátt mismuna fyrirtækjum sem seld eru undir eða starfa á sviði sem felld voru undir samninginn, kvikmyndaiðnaðurinn var þar á báti.

Ég vil nefna þetta sem dæmi um örlagaríkar ákvarðanir sem við erum að taka og hve mikilvægt það er að færa þessa umræðu og þessar ákvarðanir út úr embættismannaumhverfinu og inn á hið pólitíska svið. Þar geta menn deilt um hvað er rétt og hvað er rangt og hvað okkur ber að gera. En þessi umræða verður að fara fram fyrir opnum tjöldum. Allar þær tillögur sem við erum að setja fram miða að þessu, að opna umræðuna. Síðan viljum við að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir því á vettvangi GATS að sníða af þessu alvarlegustu vankantana.

Hér var rætt af nokkrum hita í vor um vatnsveitur, hvort það ætti að heimila sveitarfélögum að einkavæða vatnsveitur. Það voru einhverjir sem sögðu sem svo: Á það ekki að vera undir lýðræðislegri stjórn sveitarfélaga komið hvað þær vilja gera? Mitt svar við því var neitandi. Hér vorum við að fjalla um mál, réttindi, sem voru svo mikilvæg kynslóðum framtíðarinnar að lýðræðislegur vilji á stuttu kjörtímabili gæti ekki svipt kynslóðir framtíðarinnar réttinum til þessarar auðlindar. Það er reyndar í grunnsamþykktum Sameinuðu þjóðanna kveðið á um réttinn til vatns og við vísum til þess í þessu samhengi, samhengi GATS-samninganna einnig.

Því nefni ég vatnið að við erum að fjalla um ákvarðanir sem eru óafturkræfar í reynd. Okkur ber að taka allar þessar ákvarðanir með opin augu og það hefur skort mjög á að svo væri gert. Sums staðar er þetta sveipað leyndarhjúpi eins og í Evrópu. Þar er það framkvæmdanefndin sem hefur haft þessa samninga með höndum. Ég verð þó að segja utanrrn. til hróss að það hefur verið mög samstarfsfúst í seinni tíð að bjóða mönnum til funda og upplýsa um gang mála, ekki síður en gerist held ég best annars staðar. Engu að síður er það svo að þessi umræða er mjög lokuð. Það var engin tilviljun að farið var með fundinn á sínum tíma til Doha í Katar. Það var til þess að forðast kastljósið, komast frá öllum þessum mótmælahreyfingum og þessari umræðu. Svo lýðræðislegir voru skipuleggjendurnir að þeir heimiluðu aðeins einn fulltrúa frá hverjum verkalýðssamtökum að sækja þann fund, jafnvel þótt þau samtök teldu tugi milljóna félagsmanna. Þetta hefur aðeins verið að skána í seinni tíð t.d. á fundinum í Cancun og ríkisstjórnir hafa fylgt því ráði að bjóða fulltrúum almannasamtaka og verkalýðssamtaka þátttöku í sínum sendinefndum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég tel þetta vera mjög brýnt mál. Það er mjög ítarleg greinargerð sem fylgir þessari þáltill. upp á margar síður. Fyrir þá sem hafa áhuga á því að kynna sér þessi mál tel ég að hún sé upplýsandi.

Svo ég gleymi því nú ekki ætla ég að mælast til að þessari till. til þál. verði vísað til utanrmn. Málið er á forræði utanrrn. og því eðlilegt að það fari til þeirrar nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 18:38.

---

11. FUNDUR

miðvikudaginn 15. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Félags- og tómstundamál, fsp. KolH, 58. mál, þskj. 58.
2. Endurgreiðslubyrði námslána, fsp. KolH, 59. mál, þskj. 59.
3. Bygging menningarhúsa á landsbyggðinni, fsp. SJS, 68. mál, þskj. 68.
4. Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, fsp. MÁ, 102. mál, þskj. 102.
5. Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni, fsp. MF, 120. mál, þskj. 120.

Til félagsmálaráðherra:

6. Niðurstaða ráðherranefndar um fátækt, fsp. JóhS, 78. mál, þskj. 78.
7. Fæðingarorlofssjóður, fsp. ÞSveinb, 80. mál, þskj. 80.
8. Kostnaður sveitarfélaga vegna atvinnuleysis, fsp. MF, 113. mál, þskj. 113.

Til sjávarútvegsráðherra:

9. Hafrannsóknir á Svalbarða, fsp. RG, 82. mál, þskj. 82.
10. Stuðningur við kræklingaeldi, fsp. JBjarn, 107. mál, þskj. 107.

Til iðnaðarráðherra:

11. Stofnun hönnunarmiðstöðvar, fsp. ÁRJ, 96. mál, þskj. 96.
12. Vinnsla kalkþörungasets, fsp. GAK, 126. mál, þskj. 126.

Til viðskiptaráðherra:

13. Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, fsp. MF, 117. mál, þskj. 117.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun útifundar skotveiðimanna á Austurvelli.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Jöfnun flutningskostnaðar á olíu og sementi, 50. mál, svar viðskrh., þskj. 162.

Verndun hafs og stranda, 162. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 164.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktunartillaga um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

[13:33]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna till. til þál. sem átján hv. þingmenn hafa borið fram um afléttingu veiðibanns á rjúpu. Þetta er nokkuð sérkennileg þáltill. Í fyrsta lagi vegna þess að ályktað er í henni að umhvrh. aflétti veiðibanni á rjúpu sem fyrst. Ég er nýliði hér á þinginu og átta mig þess vegna ekki á því hvernig þetta orðalag er til komið því að samkvæmt lögunum hefur umhvrh. fullan rétt til þess með afskiptum þingsins eða án þeirra hvað varðar þáltill. að aflétta þessu veiðibanni eða setja það á. Eins og réttilega er sagt í greinargerðinni hefur ráðherra í raun og veru ekki gert annað tæknilega en að nýta ekki heimild sem hún hefur í lögum. Ég sé þess vegna ekki hvernig till. til þál. á að breyta því.

Hins vegar var hæstv. umhvrh. með yfirlýsingar í gær í fjölmiðlum um viðbrögð sín við tillögunni sem ég hef ekki enn þá náð að skilja og ég óska þess vegna eftir að sem fyrst og áður en þessi tillaga kemur til umræðu á þinginu geri hæstv. umhvrh. okkur grein fyrir því hvernig hún ætlar að bregðast við.

Það er þannig, hæstv. forseti, að þær fimm tillögur sem flutningsmenn leggja til eru mjög mismunandi. Þrjár þeirra eru tillögur til ráðherra um ákveðnar aðferðir sem hún hefur í valdi sínu að breyta. Tvær þeirra gera hins vegar ráð fyrir að flutt sé frv. á þinginu ef á að ná þeim fram, annars vegar tímabundið sölubann og hins vegar hámarksveiði á hvern veiðimann sem eru tillögur sem mér finnst vel koma til skoðunar. Þess vegna spyr maður líka þingmennina átján: Hvers vegna flytja þeir ekki það frv. þegar? Er von á frv. um þetta tvennt áður en umræða fer fram, hæstv. forseti, um þetta mál, sem hefur þegar farið fram í samfélaginu? Ég tel mikilvægt að fá þetta upplýst.

Félags- og tómstundamál.

Fsp. KolH, 58. mál. — Þskj. 58.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Afskaplega margt gott er gert í því æskulýðsstarfi sem unnið er hjá grasrótinni hjá félagasamtökum af ýmsu tagi en það er skoðun mín að kannski hafi stefnumörkun og eftirfylgni yfirvalda ekki verið sem skyldi. Við höfum kannski leyft stefnumótunarvinnunni að dankast. Við höfum látið hjá líða að endurskoða löggjöf okkar um æskulýðsmál og nú er svo komið að hún má teljast úrelt. Við höfum dregist mikið aftur úr nágrannalöndum okkar þrátt fyrir alla möguleika okkar á að fylgjast með öflugri stefnumótunarvinnu sem farið hefur fram á vettvangi Evrópusambandsins og eins og ekki síður á vettvangi Evrópuráðsins en þar hefur verið unnið öflugt starf á grundvelli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og það er afar mikilvægt, frú forseti, að við færum okkur í nyt það starf sem þar hefur verið unnið.

Ég leyfi mér að halda því fram að menntmrn. hafi ekki sinnt skyldum sínum nægilega vel í þessu tilliti. Æskulýðsmálin hefðu margra hluta vegna átt að vera forgangsmál undanfarin ár en hafa ekki verið það. Það er alveg ljóst að vandi sá sem steðjar að börnum og ungmennum verður ekki allur leystur í skólanum. Þótt mikið og öflugt tómstundastarf sé í flestum og trúlega öllum skólum landsins, þá geta skólarnir ekki verið ábyrgir fyrir t.d. því að 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sé virt en hún fjallar um rétt ungmenna og barna til að mynda sér skoðanir og að þau fái tækifæri til að láta þær skoðanir í ljósi. Með barnasáttmálanum er skilgreind ábyrgð stjórnvalda til að sjá ungmennum fyrir tækifærum til að vera virk í lýðræðislegri umræðu í samfélaginu. Þannig þurfum við að viðurkenna formlega að til sé önnur menntun en sú sem skólinn veitir. Á erlendu tungumáli hefur þetta verið kallað „Lifelong Learning" þ.e. aðferð til að viðurkenna það að börn og ungmenni eru að læra frá vöggu til grafar.

Ástandið í þessum málaflokki á aldursbilinu 16–25 ára er sérstaklega alvarlegt og það má tengja beint við mikið brottfall úr skóla. Mat mitt er það að yfirvöldum hafi ekki tekist nægilega vel að hlúa að valkostum ungmenna í þessu sambandi. Hér höfum við ekki lýðskóla eða handverksskóla í sama mæli og þekkist í nágrannalöndum okkar og segja má að unglingar sem eiga erfitt með að fylgja jafnöldrum sínum í námi fái ekki nægja valkosti til að nýta hæfileika sína og getu í æskulýðs- eða tómstundastarfi nema kannski á íþróttasviðinu.

Þá erum við kannski komin að jafnræðisreglunni sem er eðlilegt að við skoðum í þessu sambandi milli íþróttamála annars vegar og annarra æskulýðs- og tómstundamála hins vegar. Í vor kom út öflug skýrsla um stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi og það er tilefni fyrirspurnar minnar til hæstv. menntmrh. sem hljóðar svo:

Hverjar voru helstu tillögur nefndar sem vann að úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi og hvernig hyggjast stjórnvöld nýta sér niðurstöður nefndarinnar?

[13:38]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Spurt er: „Hverjar voru helstu tillögur nefndar sem vann að úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi og hvernig hyggjast stjórnvöld nýta sér niðurstöður nefndarinnar?"

Þetta mál er þannig vaxið að á haustmánuðum 2002 skipaði ég nefnd til að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks hér á landi og skilaði nefndin eins og hér kom fram viðamikilli skýrslu á vormánuðum 2003. Skýrslan var kynnt á málþingi sem haldið var í Borgarholtsskóla 29. mars sl. er ráðuneytið stóð fyrir ásamt æskulýðsráði ríkisins, sjö æskulýðssamtökum og samtökum félagsmiðstöðva. Skýrslan hefur verið send hv. alþm., sveitarstjórnum, félagasamtökum og fleirum.

Meðal þess sem nefndin bendir á í skýrslunni er að þátttaka ungs fólks í félags- og tómstundastarfi er einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samfélaginu, að uppeldislegt gildi félags- og tómstundastarfs er mikið en þátttaka í starfi af þessu tagi kennir ungu fólki að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Að í félags- og tómstundastarfi fer jafnframt fram þjálfun í framkomu á fjöldavettvangi og í tjáningu skoðana sem er einstaklingunum gott veganesti í lífi og starfi. Að áhersla félags- og tómstundasamtaka á sjálfboðavinnu kennir ungu fólki ósérhlífni og störf í þágu hópsins og að skipulegt félagsstaf eykur þroska ungs fólks og virðist einu gilda um hvað starfið í sjálfu sér snýst.

Í þessum aðalniðurstöðum má nefna að lokum að þátttaka í félags- og tómstundastarfi hefur mikið forvarnagildi og stemmir stigu við ýmiss konar frávikshegðun ungs fólks. Kannanir benda til þess að yfir 60% nemenda í 9. og 10. bekk séu virkir þátttakendur í félags- og tómstundastarfi. Í framhaldsskólunum er þetta hlutfall um 46%. Margir hafa lýst áhyggjum yfir því að þátttaka í starfi frjálsra félagasamtaka hafi staðið í stað eða minnkað. Í þessu ljósi leggur nefndin til að komið verði á nýju samstarfi við Landssamband æskulýðsfélaga, að áhersla verði lögð á langtímaæskulýðsrannsóknir og að lög um æskulýðsmál verði rannsökuð.

Framlög ríkisins til æskulýðsmála jukust um 265% að raungildi milli áranna 1994 og 2003. Í fjárlögum ársins 2003 eru 114 millj. kr. veittar til Landssamtaka æskulýðsfélaga og verkefna á sviði félags- og tómstundamála.

Í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi æskulýðsrannsókna og að stuðlað sé að framkvæmd langtímaæskulýðsrannsókna. Framlög sveitarfélaga til félags- og tómstundamála voru um 1 milljarður kr. árið 2001. Framlög sveitarfélaga til æskulýðsmála jukust um 51% að raunvirði milli áranna 1994 og 2001.

Í skýrslunni er bent á að ýmsir aðilar sem standa fyrir starfsemi fyrir börn og ungmenni kvarti undan því að sveitarfélög séu í samkeppni við frjáls félög. Í lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er kveðið á um að sveitarfélögin greiði kostnað við félagsstörf nemenda í grunnskólum. Áður greiddi ríkið til þessarar starfsemi eftir nokkuð flóknum reglum sem miðuðust m.a. við ákveðna upphæð á nemanda og tímakaup kennara en þá er ég að vitna í lög um grunnskóla, nr. 63/1974. Í fjárlögum styrkir ríkið landssamtök æskulýðs- og íþróttafélaga.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 2004 er lagt til að fjármunir verði settir í tómstundasjóð og æskulýðssjóð þar sem æskulýðsfélög og æskulýðssamtök geta m.a. sótt til menntunar og þjálfunar félagsmanna, forustumanna og annarra verkefna, svo sem þróunar og nýjunga. Gert er ráð fyrir að fjárframlag til sjóðsins verði 6 millj. kr. á ári en að sjálfsögðu er þetta háð þeirri vinnu sem fram fer á Alþingi varðandi fjárlagafrv.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Þau eru svo sem góð og gild svo langt sem þau ná. Hann nefndi ekki í svari sínu eina af tillögum nefndarinnar sem kemur fram í skýrslunni sem mér finnst nú eiginlega sú sem er mest áríðandi en hún varðar hugmynd nefndarinnar um að stofna sérstaka skrifstofu æskulýðs-, félags- og íþróttamála í menntmrn. Ég held að nauðsynlegt sé að stjórnvöld geri þessum málaflokki hærra undir höfði, t.d. með því að gera eitthvað slíkt og sjá til þess að stefna verði mörkuð til framtíðar, stefna um samstarfið milli þessara sjálfstæðu félagasamtaka sem hæstv. ráðherra nefndi í máli sínu, skólanna, félagsmiðstöðvanna og heimilanna.

Það er mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því jafnframt að aðstaða sveitarfélaganna til að standa vel að vígi í þessu máli er mjög misjöfn. Þannig eiga smærri sveitarfélög mjög erfitt með að bjóða upp á jafnmarga eða öfluga valkosti og stærri sveitarfélögin gera, þannig að það þyrfti jafnvel að

hugleiða hvort koma þyrfti til einhvers konar jöfnunarsjóður í þessu tilliti til smærri sveitarfélaganna.

Síðan eins og ég nefndi í ræðu minni, frú forseti, er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að stór fjöldi barna nýtir sér ekki tilboð íþróttafélaganna sem hafa þó úr langmestum fjármunum að spila. Það verður í sjálfu sér að tryggja að það barn sem velur sér tónlist sem lífsstíl hafi jafnmarga möguleika eða jafnöfluga og yfirgripsmikla möguleika og það barn sem velur sér að vera í íþróttum og þá á ég við varðandi stuðning frá hinu opinbera. Ekki er rétt að gera þannig greinarmun á vali barna hvað varðar tómstundaiðkun að íþróttirnar fái alltaf að bera höfuð og herðar yfir aðra tómstundaiðkun barna. Ég tel því mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að við verðum að sjá til þess að jöfnuður eigi sér stað jafnt með því að fjölga tækifærum barna og ungmenna og sömuleiðis að sjá um að fjármunirnir dreifist jafnar.

[13:46]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir áhugann á þessu máli vil ég taka fram að þau þrjú atriði sem ég nefndi sérstaklega í skýrslunni endurspegla að sjálfsögðu þau atriði sem ráðuneytið, undir minni stjórn, er að athuga sérstaklega. Þannig ætti ekki að fara á milli mála að hverju athygli okkar beinist.

Þó að það sé alveg rétt að íþróttamálin eru í mjög föstum farvegi og unglingar fái mikinn stuðning við félagsstarf sitt má ekki draga úr því merka starfi sem fram fer á vegum Ungmennafélags Íslands sem tekur raunar fyrir íþróttamál, félagsmál og menningarmál á mjög víðu sviði. Það skilar afar mikilsverðu starfi til æskulýðsmála og málefna þeirra sem hér eru til umræðu.

Einnig má nefna það sérstaklega að æskulýðsstarf kirkjunnar er viðamikið. Þegar litið er til allra þessara sviða og þessarar starfsemi í heild kemur í ljós að um mjög kröftugt starf er að ræða sem miklar vonir eru bundnar við. Sú stefnumörkun sem verið er að leggja drög að í skýrslunni miðar að sjálfsögðu að því að styrkja þessa starfsemi enn frekar.

Endurgreiðslubyrði námslána.

Fsp. KolH, 59. mál. — Þskj. 59.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Lánasjóður íslenskra námsmanna er öflugasta tækið sem við höfum til að tryggja jafnan aðgang allra að námi. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í vor er þess getið að huga eigi að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána og endurskoða lög um sjóðinn. Þetta var fagnaðarefni en ekki kom fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hvernig hún hygðist ná þessu markmiði sínu. Þess vegna er tilefni til að spyrja hæstv. menntmrh. nánar um málið.

Eins og er er endurgreiðsla námslána tvíþætt, annars vegar föst greiðsla sem allir lánþegar verða að inna af hendi árlega. Hins vegar greiða þeir sem hafa yfir 1.250 þús. kr. árstekjur 4,75% af tekjum sínum að frádreginni föstu greiðslunni einu sinni á ári.

Fjöldamörg samtök, t.d. BHM og SÍNE, hafa í öflugri skýrslu sem gefin var út fyrr á þessu ári bent á hversu há endurgreiðslubyrði námslánanna er og hversu erfið hún reynist ýmsum. Í vor kynntu þessi samtök ásamt 14 öðrum hagsmunasamtökum skýrslu þar sem gerðar eru athugasemdir við þetta og farið fram á betrumbætur.

Endurgreiðsla námslána reynist mörgum erfiður róður. Þegar einstaklingur klárar langskólanám og er að koma sér fyrir í þjóðfélaginu þá er fólk eðli málsins samkvæmt skuldum vafið og hefur oft litlar tekjur. Það tekur sannarlega tíma fyrir fjölskyldur að byggja upp fjárhag sinn. Núverandi endurgreiðslubyrði kemur því mörgum í erfiðleika en fyrir suma er um að ræða ein mánaðarlaun á ári.

Þegar þau hjá BHM gáfu út þessa skýrslu sem ég nefndi þá gáfu þau út lítinn appelsínugulan pésa um meginatriði málsins. Á forsíðu þar stendur, með leyfi forseta:

„Greiðendur námslána greiða sem svarar heilli útborgun mánaðarlauna til sjóðsins á ári."

Það er ljóst, frú forseti, að lækkun á endurgreiðslubyrði námslánanna yrði kjarabót fyrir margar fjölskyldur í landinu. Aðallega hefur verið talað um tvær leiðir til að lækka endurgreiðslubyrði lánanna. Annars vegar hefur verið rætt um að lækka endurgreiðslubyrðina sjálfa úr 4,75%, niður fyrir 4%, t.d. í 3,75%, eða að gera endurgreiðslubyrðina frádráttarbæra frá skatti. Það er orðið tímabært, frú forseti, að heyra hvaða leiðir stjórnvöld telja færar í þessum efnum.

Spurningin sem ég legg fyrir hæstv. ráðherra er sem sagt svohljóðandi:

„Á hvern hátt hyggst ríkisstjórnin nálgast það verkefni, sem getið er í stefnuyfirlýsingu hennar, að hugað verði að lækkun endurgreiðslubyrði námslána og hvar er vinnan við framkvæmdina á vegi stödd?"

[13:51]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Þegar spurt er á hvern hátt ríkisstjórnin nálgast það verkefni sem getið er í stefnuyfirlýsingu hennar, að huga að lækkun endurgreiðslubyrði námslána, þá er svarið á þessa lund:

Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí sl. þá er það vissulega eitt af markmiðum stjórnarinnar að Lánasjóður ísl. námsmanna gegni áfram því mikilvæga hlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Það er sérstaklega kveðið á um það í stefnuyfirlýsingunni að hugað verði, eins og réttilega kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að því að finna leiðir til að lækka endurgreiðslubyrði námslánanna og að lög um sjóðinn verði endurskoðuð.

Eins og kunnugt er hafa verulega umbætur orðið á Lánasjóði ísl. námsmanna á síðasta áratug. Markvisst hefur verið unnið að því að treysta fjárhagslegan grundvöll sjóðsins en það er grundvallaratriði að þessi sjóður styðjist við traustan fjárhagslegan grunn. Án traustrar fjárhagslegrar undirstöðu væri sjóðnum ómögulegt að rækja það meginhlutverk sitt að tryggja öllum tækifæri til náms.

Staða Lánasjóðs ísl. námsmanna er traust og í nýútkominni skýrslu OECD um menntamál kemur fram að Ísland, Nýja-Sjáland og Svíþjóð leggi þjóða mest í námslán auk þess sem þessi lönd eru einnig með hæsta innritunarhlutfall á háskólastigi af OECD-löndunum.

Núverandi stjórnarflokkar hafa áður stigið stór skref í þessa átt. Þann 26. maí 1997 samþykkti Alþingi frv. þáv. menntmrh. um að lækka endurgreiðslubyrðina mjög verulega, þ.e. úr 7% í 4,75%. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að huga að því hvort lækka megi endurgreiðslubyrðina enn

frekar en þegar hefur verið gert. Rétt er að taka fram að engin formleg skref hafa verið stigin enda er að mörgu að hyggja áður en ráðist verður í svo veigamikla breytingu á högum sjóðsins. Ýmsir möguleikar eru til að lækka raunverulega endurgreiðslubyrði námslána, t.d. að lækka endurgreiðsluhlutfallið, taka tillit til endurgreiðslna í útreikningi vaxtabóta eða draga hluta endurgreiðslu frá skatti. Fleiri möguleika mætti skoða í þessu sambandi en allir eru þeir þess eðlis að þeir kalla á lagabreytingar og áhrif þeirra geta orðið mismunandi.

Í viðleitni sinni til að treysta fjárhagslegan grundvöll lánasjóðsins hefur ríkisstjórnin fylgt þeirri ábyrgu reglu að leggja lánasjóðnum til það fé sem hann þarf til að standa undir framtíðarskuldbindingum sínum. Miðað við útreikninga Ríkisendurskoðunar sést að miðað við núverandi lánskjör þarf ríkissjóður að leggja lánasjóðnum til um 49% af útlánum sjóðsins auk rekstrarkostnaðar. Miðað við núverandi endurgreiðslukjör þarf einstaklingur með 250 þús. kr. mánaðartekjur að greiða um 11.875 kr. í afborgun af námsláni sínu á mánuði.

Í gildistíma eldri laga um sjóðinn, þ.e. laga nr. 72/1982, þar sem endurgreiðslubyrði var lægri, eða 3,75%, var áætlað að framlag ríkissjóðs þyrfti að nema um 66% af útlánum sjóðsins. Ef endurgreiðslubyrði lánanna væri lækkuð nú þannig að framlagsþörf sjóðsins hækkaði, t.d. um 10% í 59% af útlánunum, yrði útgjaldaaukning ríkissjóðs um 660 milljónir árlega miðað við núverandi útlán sjóðsins. Er þá ekki litið til þess hvort lækka eigi endurgreiðslur hjá þeim sem þegar hafa tekið lán á núverandi kjörum. Lækkun á endurgreiðslubyrði námslána mundi leiða til verulegra útgjalda fyrir ríkissjóð ef ekki ætti að stefna grundvelli lánasjóðsins í tvísýnu.

Með aukinni menntun hagnast bæði þjóðfélagið og einstaklingurinn sem hennar nýtur og við endurskoðun laga um Lánasjóð ísl. námsmanna þarf að taka tillit til mjög margra þátta, þar á meðal þess hvernig kostnaður og væntanlegur ávinningur af aukinni menntun á að skipast. Jafnframt þarf að horfa til þess að ekki verði um óhóflegar álögur á lánþega sjóðsins að ræða.

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka upp þetta mál. Það virðist sannarlega ekki vanþörf á að halda ríkisstjórninni við efnið. Margt bendir til að hér sé enn eitt kosningaloforðið á ferðinni sem sé í þann veginn að gufa upp. Það má reyndar segja að það hafi tekið að gufa strax í vor því að orðalagið sem ratáði inn í stjórnarsáttmálann var óskaplega aumlegt og loðið miðað við digrar yfirlýsingar margra frambjóðenda stjórnarflokkanna í aðdraganda alþingiskosninga.

Við minnumst þess mjög sem vorum í framboði í Norðaust. að einn af nýjum frambjóðendum Framsfl. þar fór mikinn, skammaði reyndar samstarfsflokkinn fyrir linku og aumingjaskap í málefnum lánasjóðsins og lofaði miklum úrbótum ef hin nýja kynslóð framsóknarmanna kæmist á þing. Hér er ég að vitna til hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur.

Svo ratar ekki meira en þessi loðmulla inn í sjálfan stjórnarsáttmálann og við heyrðum í hvaða gír hæstv. menntmrh. var hér. Það var einn áfram og þrír aftur á bak. Þetta er allt svo erfitt með fjárahg sjóðsins. Auðvitað er það það. Þetta er flókið mál. En það breytir ekki því að ef menn eru að gefa undir fótinn með úrbætur af þessu tagi eins og stjórnarflokkarnir gerðu fyrir kosningar þá verða þeir að sýna einhvern lit í að standa við það.

[13:56]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Meðal helstu stefnumála Framsfl. við síðustu alþingiskosningar voru úrbætur í málefnum námsmanna og úrbætur í málefnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Við töluðum þá um að við vildum lækka endurgreiðslubyrði námslána úr 4,75% í 3,75%, eins og var fyrir breytingarnar 1992.

Ég vek athygli á því, sama hvað skoðun menn hafa á því, að þetta ákvæði er inni í stjórnarsáttmálanum. Ég fullvissa hv. þm., bæði fyrirspyrjanda og sömuleiðis formann Vinstri grænna, 5. þm. Norðaust., að við framsóknarmenn munum fylgja þessu máli fast eftir. Það verður unnið að þessu máli, eins og hæstv. ráðherra gat um áðan. Það verður unnið að því í framtíðinni og því verður fylgt vel eftir af hálfu Framsfl.

[13:58]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Samkvæmt nýlegri samantekt hagsmunaaðila stúdenta kemur í ljós að endurgreiðsla námslána getur numið allt að einum mánaðarlaunum árlega eftir að námi lýkur. Það er því ljóst að endurgreiðsla námslána getur verið þungur baggi á nýútskrifuðum stúdentum. Í þessum hópi eru iðulega margir sem eru að koma sér upp fjölskyldu og þaki yfir höfuðið. Þetta er einnig hópur sem lendir í afar ósanngjörnu jaðarskattkerfi sem ríkisstjórnin virðist halda við ár eftir ár. Svo bætist við þung endurgreiðslubyrði námslána.

Ég vil koma þeim skilaboðum á framfæri við ráðherra að fögur orð í menntmálum nægja ekki lengur. Við þurfum aðgerðir og við þurfum þær núna. Ég hvet því hæstv. ráðherra og bendi honum á að það væri virkilegur sómi að því ef hæstv. menntmrh. gerði það sem eitt af síðustu embættisverkum sínum að bæta hag námsmanna rausnarlega enda er full þörf á því.

[13:59]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Sú stutta athugasemd hefur verið gerð um þessa ríkisstjórn að hún sé ríkisstjórn biðarinnar. Það er ekki bara vegna þess að stefnumál hennar séu svona lotleg að sjá heldur vegna þess að þau mannaskipti sem eiga að fara fram í ríkisstjórninni gera það að verkum að hver bíður eftir öðrum og hver togar í annan.

Nú er komið í ljós í þessu máli, eins og sést af þessu fyrirheiti í stjórnarsáttmálanum, að í þessu mikla loforði af hálfu Framsfl. í kosningabaráttunni verður ekkert gert meðan hæstv. ráðherra Tómas Ingi Olrich situr í stólnum. Nú er ekkert annað að gera en að bíða eftir næsta menntmrh. hæstv. sem ég vona að hann verði.

[14:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mér heyrðist sem hæstv. menntmrh. væri á flótta með þetta kosningaloforð framsóknarmanna eins og mörg önnur. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann ætli ekki að efna þetta 2007 eins og svo mörg önnur loforð sem eru á dagskrá það árið.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál. Það er alveg ljóst að hv. þingmönnum er heitt í hamsi, enda eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að í

ræðu voru yfirlýsingar í kosningabaráttunni afar digrar. Þetta var eitt af meginstefnumálum Framsfl. og það skýtur skökku við þegar hæstv. menntmrh. kemur hér fram með svar sem segir: Engin formleg skref tekin, ýmsar leiðir opnar, verið að hugleiða allt. Þetta eru auðvitað ekki nægilega góð svör fyrir fólkið sem er að afla sér menntunar eða fyrir fólkið sem er að reyna að skrapa saman til þess að eiga fyrir afborgunum námslánanna sinna. Hæstv. ríkisstjórn verður að gera sér grein fyrir því að orð og athafnir þurfa að haldast í hendur. Ef menntun er jafnmikilvæg fyrir afkomu þessa lands og ríkisstjórnin vill vera láta á tyllidögum verður hæstv. ríkisstjórn að hafa efndir sínar í samræmi við þær yfirlýsingar. Og efndirnar áttu auðvitað að vera þær og hefðu að öllu jöfnu átt að vera farnar að sjást. Fyrsta starfsár þessarar ríkisstjórnar er löngu hafið og tækifærin fyrir Framsfl. að halda Sjálfstfl. vel að verki hafa verið næg í þessu tilliti. Það hefur Framsfl. ekki lánast hingað til en við skulum vona að honum eflist þrek og þor og þess verði ekki langt að bíða, þess þurfi ekki að bíða fram til ársins 2007, að þetta digra kosningaloforð framsóknarmanna verði efnt.

[14:02]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að mönnum er mikið niðri fyrir út af þessu máli. Þá er rétt að minna á það að hagur lánþega Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur farið batnandi á hverju ári. Kjörin hafa verið bætt árlega. Það byggist á því að lánasjóðurinn er traustur. Hann nýtur þess að hafa traustan grundvöll og það eru einmitt forsendur þess að hægt verði að grípa til ráðstafana af því tagi sem hér hefur verið um rætt, þ.e. að skoða lækkun á endurgreiðslubyrði námslánanna, öfugt við það sem var í eina tíð, áður en fyrsta ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum. Þá höfðu menn gerst mjög örlátir í garð námsmanna en á kostnað sjóðsins. Menn hleyptu sjóðnum í lántökur og skáru niður framlög til hans. Slíkar aðgerðir vænti ég að allir þeir sem hér eru inni í þessum sal geti sammælst um að séu ekki traustar aðgerðir, enda fór talsverður tími í það að vinna Lánasjóð ísl. námsmanna út úr því umhverfi sem hann var þá kominn í, og þeim vandræðum. Nú er það hins vegar viðurkenning á því að sjóðurinn sé traustur að menn vilji huga að þessu og því fer víðs fjarri að ekkert sé verið að gera í málinu. Það er einmitt verið að skoða þessar forsendur en hér í máli mínu lagði ég einungis áherslu á að það ber að skoða forsendurnar vel og vandlega en einmitt ekki ganga í málin í flumbrugangi eins og gert var á sínum tíma og hleypa sjóðnum í vandræði sem af því leiddu.

Bygging menningarhúsa á landsbyggðinni.

Fsp. SJS, 68. mál. — Þskj. 68.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram einu sinni sem oftar fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um hvað líði býsna gömlum loforðum nú að verða um að reisa menningarhús á landsbyggðinni. Ekki man ég hvort þetta er í þriðja eða fjórða skiptið í röð sem ég legg fram þessa fyrirspurn en ástæðan er auðvitað einfaldlega sú að ósköp lítið hefur gerst.

Hin stórbrotnu loforð voru gefin 7. janúar 1999 og það dugði ekki minna til en fjóra ráðherra á blaðamannafundi til að kynna landslýð fagnaðarerindið og það var undir yfirskriftinni: Til að menning og listir fái blómstrað.

Margt vakti strax athygli við þessi loforð, þar á meðal að fimm staðir voru valdir út á landsbyggðinni og tilgreindir sérstaklega, þ.e. Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar. Þarna í hópnum var t.d. ekki Selfoss þar sem hefur þó lengi staðið hálfklárað gríðarlega mikið menningarhof, stórt svið og stór gryfjusalur sem sannarlega gæti notið sín vel sem menningarmiðstöð fyrir Suðurlandsundirlendið og sunnanvert landið ef það hús yrði klárað. Síðan tóku árin að líða, frú forseti, og nú er svo komið að fjögur ár og níu mánuðir rúmir eru liðnir frá þessum loforðum, tvennar alþingiskosningar að baki og enn er ekkert hús tekið að rísa. Að einhverju leyti eru málin komin í farveg, a.m.k. hefur mikil vinna verið unnin eins og á Akureyri þar sem heimamenn tóku strax mjög vel í fyrirheit stjórnvalda og buðu upp á samstarf. Þeim var í raun og veru fátt að vanbúnaði strax fyrir 3–4 árum með að spýta í lófana og hefjast handa. En þetta hefur tekið ógurlegan tíma og virtist að meira og minna leyti vera að lenda í útideyfu, samanber svör hæstv. ráðherra til mín í fyrrahaust, 6. nóvember sl., því að þá var staðan einfaldlega sú að ýmist var ekkert að gerast eða viðræður í gangi á þessum fimm stöðum. Menn mundu hins vegar eftir loforðinu í febrúar sl. þegar ákveðið var að auka fjármagn til vegamála og fleiri framkvæmda og þá var ákveðið að setja einn milljarð í þetta verkefni. En vel að merkja, þá voru tilgreindir tveir staðir, Akureyri og Vestmannaeyjar, og það vakti sérstaklega undrun að Vestmannaeyjar skyldu vera í þessum hópi vegna þess að í svari ráðherra 6. nóvember 2002 er sagt að hugmyndir Vestmannaeyinga um menningarhús í nýja hrauninu hafi ekki verið þróaðar frekar. Engu að síður taldi ríkisstjórnin efni til að tilgreina Vestmannaeyjar sérstaklega þarna strax nokkrum mánuðum síðar.

Margt vekur sem sagt undrun, frú forseti, í sambandi við þetta og er greinilegt að ekki veitir af að veita hæstv. ríkisstjórn aðhald. Það mun ég gera hér eftir sem hingað til. Að vísu gefst sennilega tæplega færi á að spyrja núverandi hæstv. menntmrh. oftar en í þetta skipti um málið en það verður þá sá þriðji sem næst svarar fyrir þetta að ári. Og spurningin er:

Hvað líður efndum fyrirheita ríkisstjórnarinnar frá því fyrir næstsíðustu alþingiskosningar, sem kynnt voru 7. janúar 1999 af fjórum ráðherrum, um að koma upp menningarhúsum á landsbyggðinni?

[14:07]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Frá því að menntmrh. svaraði síðast fyrirspurn þingmannsins, fyrir um það bil ári, m.a. um undirbúning að byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni hafa áform ríkisstjórnarinnar um að taka þátt í að reisa menningarhús utan höfuðborgarsvæðisins þróast svona: Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 11. febrúar 2003 var ákveðið að veita einn milljarð kr. til byggingar menningarhúss á Akureyri og í Vestmannaeyjum.

Ef við lítum fyrst á Akureyrardæmið er það svo að samkomulag ríkisins og Akureyrarbæjar um byggingu menningarhúss á Akureyri var undirritað 7. apríl sl. Í samkomulaginu er miðað við að heildarkostnaður verði ekki hærri en 1.200 millj. kr. Framlag ríkisins er 60%, þ.e. 720 millj. kr., á móti 40% af hálfu Akureyrarbæjar. Ráðgert er að húsið rísi á uppfyllingu við Torfunesbryggju og verði vettvangur menningarstarfsemi á Norðurlandi. Skipuð hefur verið

verkefnisstjórn sem mun vinna greinargerð um fyrirhugaða nýtingu hússins, greina rýmisþörf, skila framkvæmda- og tímaáætlun, kostnaðaráætlun og fjármögnunaráætlun sem taki mið af fjárframlögum. Einnig skal verkefnisstjórnin hafa umsjón með gerð útboðsskilmála fyrir bygginguna og vinna að samþykkt milli samningsaðila um tilhögun starfsemi í húsinu og nýtingarform. Það er gert ráð fyrir því að nefndin skili verki sínu á næstunni.

Að því er varðar Vestmannaeyjar var undirritað samkomulag vegna byggingar menningarhúss í Vestmannaeyjabæ 21. mars sl. Í samkomulaginu er við það miðað að heildarkostnaður verði ekki meiri en 300 millj. kr. Framlag ríkisins er 60%, þ.e. 180 millj. kr., á móti 40% af hálfu Vestmannaeyjabæjar. Að auki mun menntmrn. leggja til allt að 100 millj. kr. til uppbyggingar safnaaðstöðu í Vestmannaeyjabæ sem verður hluti af eða tengt menningarhúsinu. Það hefur verið skipuð verkefnisstjórn sem hefur fundað tvisvar sinnum og ákveðið hefur verið að láta fram fara þarfagreiningu og vinna áfram að skoðun þeirra hugmynda sem fram hafa komið um þetta mál. Stefnt er að því að fyrir áramót verði hægt að taka ákvörðun um það hvaða leið skuli valin.

Að því er varðar Austur-Hérað liggur fyrir skýrsla starfshóps um útfærslur á hugmyndum um menningarmiðstöð á Austur-Héraði sem unnin var að tilstuðlan sveitarfélagsins. Þessi skýrsla starfshópsins liggur fyrir og þar er komist að þeirri niðurstöðu að best verði að byggja menningarhús í tengslum við stjórnsýslubyggingu í miðbæ Egilsstaða. Þá hafa menntmrn. og bæjarstjórn Austur-Héraðs verið kynntar hugmyndir fjárfesta um uppbyggingu á Eiðum þar sem gert er ráð fyrir því að starfrækt verði alþjóðlegt mennta- og menningarsetur en í raun hefur engin afstaða verið tekin til þessa máls enn þá.

Ríkisstjórnin ákvað að veita jafnframt samtals 51 millj. kr. á árunum 2002–2004 til uppbyggingar þriggja menningarmiðstöðva á Austurlandi.

Að því er varðar Ísafjörð er í gildi samningur um uppbyggingu menningarhúsa á Ísafirði sem var undirritaður 25. apríl sl. Hann kveður á um að fé verði veitt til uppbyggingar þriggja húsa, Edinborgarhússins, bóka- og listasafna í Gamla sjúkrahúsinu og tónlistarsalar við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Heildarfjárhæð samningsins nemur 418 millj. kr. og þar af greiðir ríkissjóður 60%, þ.e. 251 millj. kr. Framkvæmdum er lokið við Gamla sjúkrahúsið og starfsemi safnanna er hafin þar.

Hið sama gildir um tónlistarsalinn Hamra. Unnið er að gerð áætlunar um framkvæmdir við Edinborgarhúsið og er þar m.a. gert ráð fyrir aðstöðu fyrir sviðslistir.

Hugmyndir Skagfirðinga um menningarhús eru í anda þeirra hugmynda sem unnið hefur verið með á Ísafirði og Austfjörðum. Á næstu dögum verður skipaður samstarfshópur til að fara yfir hugmyndir heimamanna í þessum efnum. Það er því ljóst af þessu að stigin hafa verið stór skref í framkvæmd þessa máls sem hefur tekið nokkurn undirbúningstíma sem eðlilegt er því hér er um mjög stór viðfangsefni að ræða. Það var fullkomin ástæða til þess að verja miklum tíma til þess að skoða málið frá grunni og finna skynsamlegar leiðir til þess að framkvæma þessa hluti. Það má heldur ekki gleyma því að frá upphafi voru þessar framkvæmdir við menningarhús tengdar sölu ríkiseigna og að því er varðar staðina sem fyrir valinu urðu hygg ég að ég muni fá tækifæri til þess að geta aðeins um forsendurnar fyrir þeim hugmyndum í umræðum á eftir.

[14:12]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er fullkomin ástæða til að skoða málin frá grunni, sagði hæstv. ráðherra. Ég get tekið undir það en tel að það hafi ekki verið gert. Það var til að mynda ekki haft samráð við samtök sveitarfélaga á þeim stöðum þar sem ákveðin var staðsetning menningarhúsanna. Vafalaust hefur einhver athugun farið fram hjá hæstv. ríkisstjórn með staðsetningu menningarhúss á Suðurlandi og menn af einhverjum ástæðum komist að þeirri niðurstöðu að það væri best komið í Vestmannaeyjum. Þó væri eðlilegt að í raun og veru væri um tvö menningarhús að ræða, annað uppi á landi og hitt úti í Eyjum.

Það er líka búið að setja sérstaka löggjöf um söfn landsins og það er safnaráð eða safnastjórn sem á að fara með úthlutun fjármuna til reksturs safna en engu að síður tekur hæstv. ríkisstjórn sig til og ákveður að setja 100 millj. í að byggja upp söfn á ákveðnum stöðum. Málin eru ekki skoðuð frá grunni.

[14:14]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er ósammála hæstv. ráðherra um að stór skref hafi verið stigin. Ég furða mig reyndar algerlega á því hvað er hægt að lofa sömu hlutunum oft og hvað Sjálfstfl. ætlar að hjala og mala lengi um þessi menningarhús. Er ekki kominn tími til að láta verkin tala?

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Það er að vísu rétt að það hefur nokkuð miðað frá því að við ræddum þetta fyrir ári. Þetta er að verða svona eins og leikritið góða, Á sama tíma að ári, árlegur atburður, þessi yfirheyrsla á hæstv. ríkisstjórn. En það er þó fyrst og fremst það að ríkisstjórnin mundi eftir þessu þegar það hentaði og stóð til að auka framkvæmdir sem að vísu er ljóst að muni ekki gerast á því árabili sem menn voru með þær í huga, þ.e. þessu ári og hinu næsta. Það mun hvergi koma til neinna framkvæmda fyrr en síðar, að því er best verður séð, nema þar sem menn eru að setja þetta í endurgerð gamalla húsa.

Það sem að öðru leyti hefur gerst er fyrst og fremst það, og það er jákvætt svo langt sem það nær, að á einum þrem stöðum hafa verið undirritaðir samningar og það var gert með pompi og prakt auðvitað og tilheyrandi veisluhöldum skömmu fyrir kosningar eins og gjarnan er í þessum efnum. Hins vegar hefur síðan kannski ekki mjög mikið gerst. Tíminn er ótrúlega fljótur að líða. Það er enginn að mæla með því, hæstv. ráðherra, að menn rasi um ráð fram. Auðvitað þarf að greina þarfir og meta stöðuna. En það liggur t.d. fyrir að Akureyringar voru tilbúnir með þau áform sem núna stefnir allt í að verði fyrir valinu, þ.e. byggingu á hafnarsvæðinu niður undan miðbænum fyrir þremur, þremur og hálfu ári síðan. Svo spiluðust inn í þetta hugmyndir sem reyndust ekki raunhæfar og hafa í raun og veru bara tafið málið.

Það hefur því miður lítið gerst varðandi Skagfirðinga og ég vona að því verði fylgt eftir þannig að sá staður fái sambærilega úrlausn. Ég tek það fram að ég tel t.d. hugmyndir Ísfirðinga til fyrirmyndar, að grípa frekar í útrétta hönd ríkisvaldsins og fá samninga um að endurgera merkileg hús og byggja fleiri en eina menningarmiðstöð. Og ég nefni aftur Selfoss og þá möguleika sem þar eru. Ég tel að ríkisstjórnin hljóti í framhaldlinu að skoða þann möguleika að fleiri staðir komi inn í myndina, t.d. Suðurlandið og þá virðist Selfoss

næsta sjálfgefið. Ég nefni Vesturland, stað eins og Stykkishólm þar sem eru gömul og sögufræg hús, og Þingeyinga sem engan samning hafa við ríkið um sín menningarmál.

[14:16]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég hef víst ekki nema tvær mínútur til að svara þessu en ég skal reyna að gera það eins vel og ég get.

Í fyrsta lagi var hugmyndin um menningarhúsin frá upphafi kynnt þannig að það væri verið að koma til móts við þá sem væru lengst frá Reykjavík, annaðhvort vegna vegalengda eða vegna samgangna. Þess vegna voru valdir úr þeir staðir sem valdir voru. Það var talað um það á þeim nótum að þeir sem væru í þeirri nálægð við höfuðborgarsvæðið að þeir gætu nýtt sér þá menningu, það mikla menningarframboð sem er á höfuðborgarsvæðinu, þyrftu ekki eins á þessu að halda, það væri verið að bæta hinum upp fjarlægðirnar. Þannig fór hugmyndin af stað, það eru enn rökin fyrir þessu og hafa alltaf verið.

Það má líka geta þess að fjármögnunin á þessu dæmi var alltaf tengd sölu ríkiseigna, frá upphafi. Þess vegna ber að geta þess að framkvæmdir og ákvarðanir um fjármögnunina fóru af stað þegar búið var að tryggja sölu ríkiseigna.

Í síðasta lagi langar mig til að geta þess alveg sérstaklega að auðvitað eru framkvæmdir komnar á fulla ferð. Það er búið að framkvæma heilmikið á Austurlandi, framkvæmdirnar eru í fullum gangi á Ísafirði og þróun mála á Akureyri hefur verið mjög góð, og var nauðsynleg. Það var nauðsynlegt að gefa sér góðan tíma til að fara yfir málin á Akureyri og sú lending sem nú er í augsýn veldur því að það verður hægt að reka þetta hús en það er ekki hægt að segja það sama um þær hugmyndir sem upphaflega voru á borðinu, að það hefði verið auðvelt að reka það hús.

Ég held því að menn eigi að líta til þess að hér er verið að efna til stórra verkefna. Húsið á Akureyri verður það stóra hús sem verður reist á þessari öld. Við þurfum að vanda vel til þess, við þurfum að tryggja bæði að húsið muni rísa undir nafni en einnig að það verði eins góður rekstrargrundvöllur undir húsinu og frekast er unnt. Það má ekki verða íþyngjandi, hvorki fyrir ríkissjóð né fyrir sveitarfélagið, að reisa menningarhús af þessu tagi. Það þarf að vera hægt að reka það.

Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni.

Fsp. MF, 120. mál. — Þskj. 120.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Sagan endurtekur sig á fleiri sviðum en gagnvart menningarhúsunum. Fyrir nokkrum árum var skipuð hér heilmikil nefnd af þáv. hæstv. menntmrh. um framtíð bygginga að Laugarvatni og Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni. Formaður þeirrar nefndar var þáv. hv. þm. Árni Johnsen og skilaði um efnið heilmikilli og góðri skýrslu. Það þótti samt sem áður nauðsyn að taka málið upp aftur og skipa aðra nefnd til nánari útfærslu á þeim tillögum sem komu fram í fyrstu skýrslunni og það var gert. Sú nefnd skilaði frá sér skýrslu 21. maí 2001 og þar voru settar fram ítarlegar tillögur um uppbyggingu mannvirkja að Laugarvatni og framtíð Íþróttamiðstöðvar Íslands.

Þáv. menntmrh., Björn Bjarnason, svaraði fyrirspurn, þeirri þriðju í röðinni um Íþróttamiðstöð Íslands, með leyfi forseta, sem hér segir:

„Ég ákvað síðan í framhaldinu“ — þ.e. í framhaldinu af þessari skýrslu sem var skilað 21. maí 2001 — „að fela sérstökum hópi undir formennsku Erlings Jóhannssonar sem er skorarformaður og skorarstjóri íþróttaskorar Kennaraháskóla Íslands í samvinnu við fulltrúa Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, Kennaraháskólans og menntmrn. að vinna frekar úr þessu og gera tillögur um forgangsröðun framkvæmda, rekstrarfyrirkomulag íþróttamiðstöðvarinnar og tengsl hennar við aðra aðila.“

Síðan segir hæstv. ráðherra í lokin, með leyfi forseta:

„... og þá verði málinu ýtt áfram, forgangsverkefni skilgreind og áfram staðið að því að ná þessu máli fram.“

Þessi nefnd var síðan skipuð og hún skilaði sinni skýrslu 7. ágúst 2002. Í þeirri skýrslu eru lokatillögur og valkostir sem nefndin setur fram eins og þáv. hæstv. menntmrh. var að kalla eftir. Þessar niðurstöður hafa verið kynntar þingmönnum, þær hafa verið kynntar hæstv. núv. menntmrh., þar sem auðvitað er lögð áhersla á það að sett verði reglugerð um starfsemi Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni, Íþróttamiðstöðin verði efld, en síðan eru þrír valkostir settir fram varðandi uppbyggingu þess húsnæðis sem þar er. Þess sjást hins vegar lítil merki að það eigi að fylgja þessum tillögum eftir, a.m.k. ekki í frv. til fjárlaga þetta árið.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

1. Hvað hefur verið gert til að fylgja eftir niðurstöðum og tillögum sem fram komu í skýrslu starfshóps um eflingu Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni?

2. Hefur verið tekin ákvörðun um endurbætur á gamla héraðsskólahúsinu og nýtingu þess? Ef svo er, hvað var ákveðið og hvenær má vænta þess að ráðist verði í framkvæmdir?

[14:22]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Íþróttamiðstöð Íslands hefur sl. sjö ár starfað undir umsjón íþróttaskorar Kennaraháskóla Íslands samkvæmt samkomulagi menntmrn. og Íþróttamiðstöðvarinnar frá 17. maí 1996. Undanfarin ár hafa nokkrir starfshópar á vegum ráðuneytisins unnið að tillögum sem miða að því að endurreisa og styrkja rekstur Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni.

Á fjárlögum 2003 voru veittar 20 millj. kr. vegna viðhalds á húsum Íþróttamiðstöðvar Íslands. Þar af var 5 millj. kr. varið til að sinna brýnu viðhaldi á húsnæði Héraðsskólans á Laugarvatni. Alls fara því um 15 millj. kr. til endurbóta á heimavistarhúsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar.

Menntmrn. hefur óskað eftir tilnefningum í starfshóp frá Íþrótta- og Ólympíusambandinu, Kennaraháskóla Íslands og Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga og var ætlunin að tilnefningar bærust eigi síðar en í dag. Starfshópurinn hefur það verkefni að fullgera reglugerð og skipulagsskrá. Í framhaldinu er fyrirhugað að skipa stjórn Íþróttamiðstöðvarinnar en sú stjórn mun móta markmið og stefnu varðandi uppbyggingu hennar.

Þess má geta að drög að skipulagsskrá voru unnin sl. sumar af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga í samráði við

fulltrúa ráðuneytisins og fulltrúa frá Íþróttafræðasetri Kennaraháskóla Íslands. Í þeim drögum er ráðgert að Íþróttamiðstöðin verði sjálfseignarstofnun er heyri undir menntmrn., Íþrótta- og Ólympíusambandið, sveitarstjórn og Kennaraháskóla Íslands og er það í samræmi við skýrslur vinnuhópanna.

Það er einnig spurt hér hvort tekin hafi verið ákvörðun um endurbætur á gamla héraðsskólahúsinu og nýtingu þess. Í apríl sl. var undirritað friðunarskjal fyrir héraðsskólahúsið og þar með tryggt að ytra byrði hússins, anddyri og fyrirkomulag við stiga fái að standa óbreytt. Í fjárlögum 2003 var 5 millj. kr. varið í brýnt viðhald á héraðsskólahúsinu.

Ákveðið hefur verið að aðskilja rekstur og uppbyggingu héraðsskólahússins frá Íþróttamiðstöð Íslands. Enn hefur ekki verið tekin frekari ákvörðun um nýtingu héraðsskólahússins en menntmrn. hefur farið fram á tillögur frá sveitarstjórninni þar að lútandi. Tillögur sveitarstjórnar hafa enn ekki borist en ráðuneytið bindur vonir við að þær tillögur verði grundvöllur fyrir næstu skref í málinu. Af hálfu menntmrn. er litið svo á að fyrst þurfi að taka ákvörðun um það hvernig eigi að nýta gamla héraðsskólahúsið áður en ráðist verður í endurbætur á því. Ákvörðun um fjárframlög til frekari endurbóta er því ekki tímabær fyrr en fyrir liggur með hvaða hætti eigi að nýta þetta húsnæði.

Með öðrum orðum er ljóst að þær hugmyndir sem gerðu ráð fyrir því að héraðsskólahúsið yrði hluti af þessari uppbyggingu Íþróttamiðstöðvarinnar hafa ekki fengið stuðning innan menntmrn. enda voru víðar en þar efasemdir um að þar væri skynsamlega að málum staðið.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég harma að það skuli ekki vera í endanlegum tillögum hæstv. menntmrh. að héraðsskólahúsið verði tekið inn í fyrirhugaðar fyrirætlanir um Íþróttamiðstöð Íslands. Valkostur A frá þessari nefnd sem síðast skilaði gerir ráð fyrir því að farið verði í endurbætur á Héraðsskólanum upp á 158 millj. og hann sinni þar viðamiklu hlutverki í Íþróttamiðstöð Íslands.

Það er löngu orðið tímabært að ráðuneytið geri upp við sig hver framtíð þessarar byggingar á að vera. Þetta er hluti af menningu okkar og sögu, þetta hús, og þetta er í raun og veru hjarta þessa staðar, Laugarvatns.

Ég fagna þó því að tekin hefur verið ákvörðun um að styrkja Íþróttamiðstöð Íslands og með því framlagi sem fyrirhugað er á fjárlögum en minni á að niðurstöður tillögunnar gera ráð fyrir endurbótum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar upp á 103 millj. Það er því langt því frá, eftir allar þessar skýrslur, alla þessa nefndarvinnu, að verið sé að taka með myndarlegum hætti á uppbyggingu Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni.

Mig minnir reyndar að það hafi verið tekið með mun meira afgerandi hætti á því þegar talað var um og ákveðið að byggja upp Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Norðurlandi. Af einhverjum ástæðum hefur ekki vafist fyrir menntmrn., starfsmönnum þar eða hæstv. ráðherra, að ljúka því máli. Ég skora á hæstv. ráðherra sem á nú bara eftir að vera örfáa mánuði í þessu embætti að ljúka því með þeim hætti að allir geti vel við unað og að menning og saga þessa staðar að Laugarvatni verði virt með því að tekin verði ákvörðun um framtíð héraðsskólahússins líka.

[14:28]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Af því að hér var getið um Vetraríþróttamiðstöðina á Akureyri er rétt að geta þess að það mál á sér aðdraganda alveg aftur til ársins 1992. Þegar því máli var siglt í höfn var það í þeim farvegi að sveitarfélagið þar ber hita og þunga af öllum rekstri mannvirkjanna í Vetraríþróttamiðstöðinni og $^2/_3$ af stofnkostnaði en ríkið kemur inn með $^1/_3$ af stofnkostnaði.

Í upphaflegum hugmyndum um Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni var ekki talað um aðkomu sveitarfélaganna að þessu og það mál er enn þá í umfjöllun. Þess ber þó að geta, og það er mikils virði, að sveitarfélögin hafa tekið jákvætt í að koma að því máli. Það er mjög mikils virði í þessari umræðu. En það mál var ekki í þeim farvegi þegar sá sem hér stendur tók við málinu.

Síðan er rétt að geta þess alveg sérstaklega að það hefur bara ekki verið fallist á að það væri skynsamleg tilhögun að taka gamla héraðsskólahúsið inn í þessar hugmyndir um uppbyggingu Íþróttamiðstöðvarinnar. Það breytir engu um að það þarf að finna því ágæta og merkilega húsi verðugt hlutverk. Það er verið að ræða það, m.a. við sveitarstjórnina núna, hvaða hugmyndir hún geri sér um það að nýta húsnæðið.

Upphaflegu hugmyndirnar um að fella héraðsskólahúsið að uppbyggingu Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni voru fólgnar í því að gera verulega kostnaðarsamar breytingar á þessu húsi. Það ber líka að hafa það í huga að ef menn vilja varðveita þetta hús sem næst í þeirri mynd sem það var ber líka að finna því viðfangsefni og hlutverk sem stendur ekki í vegi fyrir því að menn geti varðveitt húsið. Það eru einmitt einhverjar slíkar hugmyndir sem við erum að leita eftir að fá frá sveitarstjórninni og ég er ekki í nokkrum vafa um að slíkar hugmyndir finnist og að húsinu verði fundið verðugt verkefni.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins.

Fsp. MÁ, 102. mál. — Þskj. 102.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Hæstv. forseti. Upphaf þessarar fyrirspurnar er það að í fjárlagaumræðu um daginn urðu nokkur orðaskipti milli mín og hæstv. fjmrh. um stöðu Ríkisútvarpsins. Það er reyndar, á ég að segja, skemmtileg tilviljun eða a.m.k. fróðleg tilviljun að hæstv. menntmrh. sem nú er, skuli hafa vitnað núna áðan í stöðu lánasjóðsins fyrir u.þ.b. 10–12 árum því sjálfstæðismenn héldu því fram þá í lok ráðherratíðar Svavars Gestssonar þegar ríkisfjármálum var nú skipað með nokkuð öðrum hætti — það var einmitt breytt um stefnu í þeirri stjórn undir forustu páv. fjmrh. afar hæstv., Ólafs Ragnars Grímssonar — en þá kölluðu sjálfstæðismenn það svo að lánasjóðurinn væri gjaldþrota. Svipað má raunar segja með lögjöfnun eins konar um Ríkisútvarpið nú, en það var að vísu ekki tilefni þessarar fyrirspurnar því að lokum ræddum við hæstv. fjmrh. um sérstakan en þungan hluta af þessum fjármálavanda Ríkisútvarpsins sem eru lífeyrisskuldbindingar þær sem á það voru settar u.þ.b. árið 1994 og komu þá eiginfjárhlutfalli Ríkisútvarpsins úr 88 í 35%. Það er nú komið niður í 9,4 samkvæmt síðustu tölum og sennilega í 6–7 núna þannig að það voru ekki bara lífeyrisskuldbindingarnar sem

gerðu þetta heldur líka hallarekstur og óstjórn undir stjórn menntamálaráðherra Sjálfstfl. sem síðan hafa setið.

Ég vil hins vegar segja það um þetta mál að það var þó gert að sett var saman skýrsla, og skilað af embættismönnum ágætum, um fjármál Ríkisútvarpsins haustið 2001 sem fjallaði m.a. um það að leysa þyrfti þetta mál, leysa lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins sem er, eins og hæstv. menntmrh. best veit, ekki sams konar stofnun og aðrar ríkisstofnanir sem vissulega bera þessar lífeyrisskuldbindingar nýjar og gamlar en fá þær greiddar á fjárlögum. Þannig háttar ekki til.

Framhaldið á þessari skýrslu var það í þeirri ríkisstjórn sem þá sat að tveimur ráðherrum hæstv., þáv. menntmrh. og þáv. heilbrrh., sem enn er heilbrrh., var falið að setjast í sérstaka ráðherranefnd til þess að skoða fjármál Ríkisútvarpsins. Sú ráðherranefnd hefur ekki enn þá skilað áliti, enda er þáv. menntmrh. hættur. Hæstv. fjmrh. svaraði spurningu minni um daginn með því að vísa til menntmrh. sem væri að beita sér í þessu máli eða væri með þetta mál undir höndum, og þess vegna hef ég lagt fram þá fyrirspurn til menntmrh. um lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, hvort hann hyggist beita sér fyrir því að létt verði af útvarpinu þessum skuldbindingum og ef svo er, hvenær megi vænta tillagna hans um þetta. Ég vil bæta því við að hér hefur hæstv. ráðherra, sem ég hygg að sé menningarmaður og vinur Ríkisútvarpsins almennt, tækifæri til þess að festa nafn sitt við töluverða léttingu á þessum fjárhagsvanda sem það býr við.

[14:34]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Sá vandi Ríkisútvarpsins sem á því hvílir vegna lífeyrisskuldbindinga og hv. þm. vísar til í fyrirspurn sinni er vissulega mikill. Það er eindreginn vilji stjórnvalda að reyna að finna lausn á þessum vanda Ríkisútvarpsins og hafa ýmsar leiðir verið skoðaðar í því sambandi. Vandi þessi á að hluta til rætur að rekja til ársins 1993 þegar sú ákvörðun var tekin af hálfu stjórnvalda að láta B-hluta ríkisstofnanir standa sjálfar undir lífeyrisskuldbindingum. Þessar skuldbindingar hafa reynst sumum stofnunum menntmrn. sem hafa litlar sértekjur þungur baggi að bera. Má sérstaklega í því sambandi nefna Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hvað Þjóðleikhúsið varðar þá hefur sú stofnun verið færð undir A-hluta ríkisreiknings. Á henni hvíla því ekki lengur lífeyrisskuldbindingar eins og raunin er með B-hluta stofnanir. Hvað Sinfóníuhljómsveitina varðar þá get ég greint frá því hér að nú hillir undir lausn á þeim vanda sem hún á við að etja vegna lífeyrisskuldbindinga en rekstraraðilar hljómsveitarinnar hafa að undanförnu unnið að samkomulagi til að leysa þann vanda. Standa vonir til þess að það geti orðið á allra næstu vikum.

Vandi Ríkisútvarpsins vegna lífeyrisskuldbindinga er að mörgu leyti eða sumu leyti hliðstæður. Ótvírætt er að lífeyrisskuldbindingar hafa íþyngt rekstri og greiðslustöðu Ríkisútvarpsins á undanförnum árum. Stofnunin gerði upp skuldir sínar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrir tveimur árum með því að taka á sig skuldabréf til 25 ára. Eftirstöðvar skuldabréfsins voru um síðustu áramót rétt rúmlega 2,6 milljarðar kr. og nemur árleg greiðsla vaxta og afborgana af skuldabréfinu um 200 millj. kr.

Á undanförnum missirum hefur ýmislegt áunnist í því að bæta rekstur Ríkisútvarpsins og þar hefur vissulega náðst fram nokkur sparnaður. Á stjórnendum þess hvílir sú skylda að gera enn betur í rekstri stofnunarinnar og leita allra leiða til að ná fram sem bestri nýtingu á þeim miklu fjármunum sem stofnunin hefur yfir að ráða og til hennar renna.

Undanfarin ár hefur Ríkisútvarpið verið rekið með halla. Halli á rekstrinum var 337 millj. kr. árið 2001, 188 millj. kr. árið 2002 og í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að hallinn gæti numið allt að 215 millj. kr.

Í frv. til fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir 155 millj. kr. halla þrátt fyrir kröfu um óbreytt útgjöld og hækkun tekna þó vitað sé að útgjöld muni að óbreyttu hækka, m.a. vegna kjarasamningsbundinna hækkana launa í ársbyrjun 2004 en launin eru um helmingur af útgjöldum Ríkisútvarpsins. Eftir stendur þó að hinar þungu lífeyrisskuldbindingar gera rekstur Ríkisútvarpsins mjög erfiðan og hafa stjórnvöld fullan skilning á því. Fyrir liggur erindi frá útvarpsstjóra um hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess erindis enn þá en menntmrn. fer nú yfir fjárhagsmálefni Ríkisútvarpsins m.a. í tengslum við þessa málaleitun útvarpsstjóra um hækkun afnotagjalda, en einnig í tengslum við uppgjör lífeyrisskuldbindinganna og þá á ég við lífeyrisskuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem áður var vikið að og snerta vissulega fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Það er von mín að þessari yfirferð ráðuneytisins verði lokið bráðlega og að þar finnist farsælleg lausn á þessu stóra vandamáli Ríkisútvarpsins sem nauðsynlegt er að taka á eins og tekið hefur verið á lífeyrisskuldbindingum Þjóðleikhússins, og vonir standa til að hægt verði að ljúka farsællega málefnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn. Þetta er ein af þeim fyrirspurnum sem þarf að hamra hér á ár eftir ár og það er auðvitað skömm að svo skuli þurfa að vera. Það er alkunna að lífeyrisskuldbindingar þessara stofnana hafa verið verulega íþyngjandi. Það er ástæðan fyrir því að nú er búið að létta þeim af Þjóðleikhúsinu og þess vegna spyr maður hvað dvelji orminn langa með að gera nákvæmlega það sama við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið. Hér er um sambærilegar stofnanir að ræða að því leytinu til að þetta eru menningarstofnanir í eigu íslensku þjóðarinnar og þannig vill þjóðin halda þeim. Ef hægt er að gera það sem gert hefur verið fyrir Þjóðleikhúsið, fyrir eina þeirra, sem ég fagna og tel auðvitað að hafi verið rétt skref, þá verður að vera hægt að gera það sama fyrir hinar tvær. Hvers vegna er svona miklu erfiðara að leiðrétta þetta mál Ríkisútvarpsins? Maður hefur á tilfinningunni að það sé vegna þess að Ríkisútvarpið njóti ekki sama meðbyrs hjá ríkisstjórninni og t.d. Þjóðleikhúsið, og ég fagna öllum meðbyr sem Þjóðleikhúsið nýtur. En það verður að vera þannig að ríkisstjórnin standi við bakið á menningarstofnunum sínum öllum jafnt og þetta eru þrjár öflugustu menningarstofnanir þjóðarinnar.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. kurteisleg svör og þá að vísu fremur óljósu yfirlýsingu að hann og önnur stjórnvöld í landinu vilji finna lausn á þessu vandamáli.

Ég vil líka þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja athygli á því að eins og það er nú gott að fundin var lausn á lífeyrisskuldbindingum bæði Þjóðleikhússins og síðan Sinfóníunnar sem auðvitað hefði verið efni í aðra fyrirspurn, og fagna því, þá er Ríkisútvarpið auðvitað undir sama

hatti hvað þetta varðar. Fjárupphæðin kann að vera stærri en rökin nákvæmlega þau sömu og það leitar á mann sú hugsun að það sé vegna þess að menn vilji kannski ekki leysa þennan vanda, þennan þátt af vanda Ríkisútvarpsins vegna þess að ágreiningur er uppi bæði innan ríkisstjórnarinnar hæstv. og Sjálfstfl. sjálfs um framtíð Ríkisútvarpsins. En ég skora enn á hæstv. menntmrh. að reyna að finna lausn á þessu sem er í raun og veru ekki nema ein. Hún er sú að ríkissjóður taki við þessu máli eins og í hinum tilvikunum, hygg ég, og þeim öðrum tilvikum þar sem þetta mál hefur verið leyst, og ég vona að hæstv. ráðherra geri þetta af myndarskap áður en hann stígur niður af sínum stalli núna um áramótin og heldur til höfuðborgar sem okkur báðum er kær til að vera þar fulltrúi þjóðar sinnar.

[14:41]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir að brýna mig í þessu hlutverki. Ég vil hins vegar vekja athygli þingheims á einu. Ef litið er yfir lífeyrisskuldbindingar hins opinbera almennt þá hljóta allir og jafnvel hinir ósanngjörnustu að viðurkenna að þar hefur mikið breyst til batnaðar frá því sem var, þar sem stjórnvöld hafa lagt til hliðar mikla fjármuni til að standa undir þeim skuldbindingum sem ríkið tekur á sig vegna lífeyrissjóða. Ég held að menn eigi að líta á það sem gerðist í Þjóðleikhúsinu og það sem er væntanlega að gerast í sambandi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem koma reyndar að fleiri rekstraraðilar þannig að það er flóknara verkefni en tengist einnig Ríkisútvarpinu, að verið sé að taka á þessum málum í heild. Þetta er liður í gífurlega mikilli uppstokkun á lífeyrismálum hins opinbera, sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa tekist á við og hægt hefur verið að takast á við vegna þess hvernig þróun ríkisfjármála hefur verið þar sem menn hafa verið að leggja mikið til hliðar í ríkisfjármálum. Það hefur verið afgangur á ríkisfjármálum. Hann hefur verið notaður til þess að byggja upp þessar sterku stoðir, sem er í raun og veru eðlilegt vegna þess að Íslendingar í heild eru að byggja upp mjög sterka stöðu í lífeyrissjóðum sem marka sér nokkra sérstöðu í Evrópu. Þarna fer saman viðleitni hins frjálsa markaðar og ríkisins.

Niðurstaða ráðherranefndar um fátækt.

Fsp. JóhS, 78. mál. — Þskj. 78.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mikil umræða hefur orðið í þjóðfélaginu á þessu og síðasta ári um vaxandi fátækt á Íslandi. Upplýsingar hafa komið fram hjá hjálparstofnunum og frá Félagsþjónustu sveitarfélaga sem sýna að æ fleiri þurfa að leita sér neyðaraðstoðar til að eiga til hnífs og skeiðar eða til þess að geta leitað sér læknishjálpar eða leyst út lyfin sín. Í þeim hópi er einnig í vaxandi mæli að bætast við fullvinnandi fólk sem á ekki fyrir framfærslunni.

Á síðasta kjörtímabili kom glögglega í ljós að ríkisstjórnin vildi sem minnst af þessu máli vita og erfitt var að fá nokkra umræðu við ráðherra síðustu ríkisstjórnar um fátækt, og m.a. neitaði hæstv. forsrh. því ítrekað að ræða þessi mál utan dagskrár. Afskiptaleysi ríkisstjórnarinnar og sinnuleysi gagnvart fátækum birtist ekki síst í því að atvinnuleysisbætur hækkuðu nánast ekkert og lífeyrisþegar fengu ekki hækkun á lífeyri sínum í samræmi við hækkanir hjá öðrum þjóðfélagshópum. Þessi þögn ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra var orðin æpandi þegar þeir loksins sáu sig tilneydda til þess að skipa sérstaka ráðherranefnd í málið í janúar sl. Síðan hefur ekkert heyrst frá ríkisstjórn eða einstaka ráðherrum um þetta mál ef undan er skilið að þeir töluðu fallega til fátækra rétt fyrir kosningar. Það er því fullt tilefni, herra forseti, til þess að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. um niðurstöðu þessarar ráðherranefndar um fátækt. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér helstu ástæður fátæktar sem fram komu í skýrslu ASÍ sem kynnt var fyrir kosningar. Ég man að formenn allra flokka voru þá boðaðir á fund þar sem þessi skýrsla var kynnt og tekið var vel undir þær aðgerðir sem ASÍ lagði til, sem voru bráðaaðgerðir til þess að koma til móts við þá sem búa við skort. Ástæður fátæktar sem nefndar eru í skýrslunni eru mikill húsnæðisskortur og skortur á félagslegu húsnæði, hátt verðlag á nauðsynjavörum, lágar atvinnuleysisbætur, félagsleg staða margra einhleypra karla, en þeir eru stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, lágar bætur og miklar tekjutengingar og að kaupmáttaraukning bóta hafi verið minni en almennra launa á liðnum árum hjá þessum hópi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra:

1. Hver er niðurstaðan af starfi ráðherranefndar um fátækt sem skipuð var að tilhlutan fyrrverandi félagsmálaráðherra og hafði það verkefni að skilgreina vandann sem við er að etja vegna fátæktar og finna leiðir til úrbóta?

2. Hverjir eiga sæti í ráðherranefndinni, hve marga fundi hefur hún haldið og til hvaða aðila hefur nefndin leitað vegna samráðs og upplýsinga í starfi sínu?

3. Hver er skoðun ráðherra á stöðu fátækra, telur ráðherra að grípa þurfi þegar til sérstakra aðgerða til að bæta kjör þeirra og þá hvaða aðgerða?

[14:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beinir til mín spurningum um niðurstöðu ráðherranefndar um fátækt. Því er til að svara að ríkisstjórnin fól í janúar á þessu ári starfshópi á vegum forsrn., félmrn., heilbr.- og trmrn. og fjmrn. það verkefni að leitast við að skilgreina fátækt hér á landi, greina þá hópa sem kynnu að falla undir þá skilgreiningu og benda á leiðir sem komið gætu að gagni við að draga úr fátækt. Í starfshópnum sitja Gunnar Haraldsson frá forsrn., sem hefur leitt þetta starf, Ingibjörg Broddadóttir úr félmrn., Magnús Skúlason úr heilbr.- og trn. og Fjóla Agnarsdóttir frá fjmrn. Starfshópurinn hefur komið margsinnis saman og lagt töluverða vinnu í öflun gagna. Hér var ekki um formlega skipaða nefnd að ræða, heldur samstarfshóp ráðuneyta. Hópurinn hefur í fyrsta lagi beint sjónum sínum að því að skilgreina fátækt hér á landi og skoða tekjudreifingu þjóðarinnar. Hann hefur aflað upplýsinga um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Félagsþjónustunnar í Reykjavík til einstaklinga og fjölskyldna, svo og kynnt sér heildargreiðslur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga á landsvísu. Staða atvinnulausra og öryrkja svo og kjör einstæðra foreldra hafa fengið nánari athygli en aðrir hópar í þessu starfi.

Þess má einnig geta að sé litið til fjölskyldugerðar eru konur með börn annar fjölmennasti hópurinn sem leitar eftir fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna, en eins og mönnum er líklega kunnugt um eru einstæðir karlar án

barna fjölmennasti hópurinn. Greining á þeim hópum sem leita til félagsþjónustu sveitarfélaganna getur gefið okkur nokkuð góða vísbendingu um það hverjir það eru sem búa við bágust kjörin.

Virðulegi forseti. Fyrir liggja drög að skýrslu þessa starfshóps, eftir er hins vegar að leggja á hana lokahönd. Í skýrslunni mun m.a. verða greint frá leiðum til úrbóta. Ég get hins vegar því miður ekki gert nánari grein fyrir störfum hópsins hér og nú. Þessi skýrsla er væntanleg um miðjan næsta mánuð, þá gefst okkur kostur á að greina nánar frá þeim upplýsingum sem hópurinn hefur tekið saman og tillögum hans til úrbóta.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum geta þess að það er mín skoðun að okkur beri að leita allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra sem lægst hafa launin, ekki síst þeirra sem glíma við langtímafátækt og barnafjölskyldna sem hafa lágar tekjur.

[14:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina.

Því er ekki að neita að á sl. kjörtímabili var ríkisstjórn Íslands í afneitun þegar fátækt bar á góma í hinu háa Alþingi, vísaði sífellt í meðaltöl og vildi ekki heyra á það minnst að fátækt á Íslandi fælist ekki síst í þeim mikla tekjumun sem er að myndast á milli ákveðinna hópa í samfélaginu. Eins og hefur komið fram vitum við hvaða hópar þetta eru, einstæðingar í röðum karlmanna og konur á lágum launum með börn á sínu framfæri. Þetta hafa rannsóknir Hörpu Njáls félagsfræðings og reynsla hjálparstofnana sýnt okkur mánuðum, missirum og árum saman og það er vonum seinna að ríkisstjórn og hæstv. félmrh. taki við sér í þessum efnum. En því miður verður að segjast eins og er að þau byrjuðu ekki vel þetta haustið, því þau ákveða að lækka atvinnuleysisbæturnar. Og hvar skyldi það nú koma verst niður, frú forseti?

[14:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka að þetta er mjög brýnt verkefni sem þessi hópur er að vinna og við vitum að bilið milli ríkra og fátækra hefur verið að aukast og eykst stöðugt. Það sýnir sig í upplýsingum þeirra sem hafa verið að veita þeim aðstoð sem eru illa staddir, einstæðingum og einstæðum foreldrum. Ég vil minna á könnun sem aðstoðarlandlæknir Matthías Halldórsson gerði fyrir nokkrum árum um hvaða afleiðingar það hefur fyrir börn að alast upp við fátækt. Það hefur sýnt sig að heilsufar barna sem alast þannig upp er mun lakara en annarra barna. Við vitum að bætur á Íslandi eru mun lægri en í nágrannalöndunum. Það eru ýmsar fátæktargildrur inni í kerfinu sem þarf að losna við þannig að fólk geti aukið tekjur sínar, þó ekki væri nema tímabundið. Þetta ástand kemur niður á öllum. Það kemur niður á félagslega kerfinu. Það kemur niður á heilbrigðiskerfinu. Það kemur niður á velferð þeirra sem búa við fátækt og lífsgæðum þeirra. Þess vegna er mjög brýnt að tekið verði á þessu máli.

[14:51]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu brýna málefni og hæstv. félmrh. svörin, að svo miklu leyti sem það eru svör, því enn einu sinni þetta haustið kemur hæstv. félmrh. í þingið og les upp minnisblað frá embættismönnum án þess að hafa nokkrar tillögur fram að færa um hvernig eigi að takast á við vandann.

Við höfum rætt hér um málefni Fæðingarorlofssjóðs og ráðherrann hefur vísað því frá sér og sagt að það sé verkefni aðila vinnumarkaðarins að leysa úr þeim brýnu viðfangsefnum sem þar eru. Við höfum rætt um Kárahnjúka og ráðherrann hefur vísað því frá sér og sagt að á Kárahnjúkum sé allt með þeim hætti að hann geti ekkert aðhafst. Nú ræðum við um fátækt og ráðherra félagsmála hefur engar aðgerðir fram að færa og enga stefnu að boða þinginu. Þó er það hverjum manni ljóst að sá hópur sem hvað helst kemur til álita í þessu efni eru atvinnulausir sem þurfa að búa við 78.000 kr. bætur á mánuði langtímum saman, í allt að fimm ár. Hæstv. félmrh. hefur það í hendi sér að bæta kjör þessa hóps og getur gefið um það stefnumarkandi yfirlýsingar um hvað hann ætli að gera fyrir þennan hóp á kjörtímabilinu.

En, virðulegur forseti, ef það er svo að hæstv. félmrh. hefur ekkert fram að færa eða ekkert að gera við brýnustu úrlausnarefni í samfélagsmálunum, hlýtur hið háa Alþingi að spyrja hvað það hefur við hinn háa félmrh. að gera.

[14:52]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér skiljanlegt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skuli taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Hún er fyrrv. félagsmálaráðherra og þekkir stöðu fátækra vel, enda hefur staða þeirra líklega aldrei verið verri en einmitt í ráðherratíð hennar. (**JóhS:** Færðu rök fyrir þessu.) Athugasemd mín snýr hins vegar að 3. tölul. í fyrirspurninni, þar sem fram kemur og er svo einkennilega orðað: Hver er skoðun ráðherra á stöðu fátækra?

Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst þetta nokkuð kauðsk spurning og einkennileg. Ætlast hv. þm. til þess að ráðherra geti verið ánægður með stöðu fátækra? Ætlast hv. þm. til þess að einhver hv. þm. hér í salnum geti verið ánægður með það að fólk sé fátækt á Íslandi? Auðvitað ekki. Og við eigum öll að taka höndum saman í því að útrýma fátækt hér á landi.

[14:54]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að það eru til skýrslur og tillögur m.a. sem ASÍ útbjó á vordögum sem heita „Velferð fyrir alla“. Þar er lögð sérstök áhersla á að fátækt bitni ekki á börnum, m.a. er lögð áhersla á að greiða niður kostnað sem börn þurfa að greiða vegna tómstunda- og íþróttastarfs þannig að þeim sé ekki mismunað þar. Einnig þau gjöld sem börn eru rukkuð um vegna starfs sem fer fram í skólum. Ég tel að hæstv. ráðherra ætti að nýta sér þær tillögur og leita ekki langt yfir skammt.

[14:55]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson virðist skorta þekkingu á sögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fyrrv. ráðherra sem var ráðherra frá 1987–1994, frá 1987–1988 í ríkisstjórn með Framsfl. og frá 1988–1991 einnig í ríkisstjórn með Framsfl. Mér þykir rétt að hann upplýsi um það á hvoru tímabilinu, 1988–1991 eða 1991–1994, fólk var fátækara en nokkru sinni í Íslandssögunni og hverjum það hafi verið að kenna.

[14:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er örstutt síðan að okkur var boðið upp á það og öllum landsmönnum að horfa á fulltrúa Framsóknarflokksins í framboði fara fram með bros á vör og blíðu fyrir framan okkur í sjónvarpstækjunum og tala um „vinnu, vöxt, velferð." Nú hafa hv. þingmenn Framsfl. eins og sá sem hér talaði, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, ekkert fram að færa nema útúrsnúninga og órökstuddar dylgjur um ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þegar bætur héldust í hendur við lágmarkslaun í landinu. Þessi málflutningur er ekki boðlegur hv. þingmönnum og þaðan af síður hv. kjósendum sem vildu gjarnan trúa því að Framsóknarflokkurinn ætlaði að stíga skárri spor á þessu kjörtímabili en því síðasta.

[14:57]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það með öðrum sem hér hafa talað og þakka frummælanda fyrir þessa fsp. til hæstv. félmrh., en ég verð að láta það koma fram að mér fannst svarið heldur rýrt í roðinu frá hæstv. ráðherranum. Ég hjó eftir því að í svarinu gerði hann grein fyrir starfshóp sem starfar á milli ráðuneyta og í þessum starfshópi sitja einvörðungu embættismenn, þ.e. það er ekki pólitísk forusta í starfshópnum önnur en sú sem er í ráðherrunum sjálfum. Það segir sig sjálft að þegar verið er að vinna slíka vinnu, verða embættismennirnir að hafa einhverja leiðsögn um það í hvaða átt þeir eigi að vinna, hver stefna ráðherra sem þeir eru fulltrúar fyrir í starfshópnum er. Mér hefði þótt eðlilegt að hæstv. ráðherrann gerði okkur grein fyrir því hver væru hans helstu áhyggjuefni í þessum málum.

Ég vil að það komi hér fram að ég held að þessi starfshópur eigi ekki síst að horfa til barna og þeirra efnalegu og félagslegu fátæktar sem þar er til staðar.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að orð hæstv. félmrh. voru hálfrýr, þegar hann kemur hér og greinir þinginu frá hver staðan er eftir að ríkisstjórnin hefur sérstaklega verið með þetta mál í skoðun í hartnær ár. Hæstv. ráðherra boðar þó að skýrsla sé á leiðinni og komi um miðjan nóvembermánuð og í henni séu tillögur til úrbóta. Ég fer fram á það að ráðherrann hæstv. sjái til þess að sú skýrsla komi þegar í stað til þings og við getum fengið tækifæri til að ræða hana og þær tillögur sem hæstv. ráðherra mun þá setja fram til úrbóta.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að góð orð bæta ekki kjör fátækra eða færa þeim mat á borðin ef ekki fylgja efndir þeim loforðum og góðu orðum sem hæstv. ráðherrann vissulega viðhafði hér. Það á auðvitað að gefa hæstv. nýjum félmrh. tækifæri til að sýna hvað hann vill gera í þessum efnum. En hæstv. ráðherra byrjar svo sannarlega ekki vel þegar fyrsta verk hans í stóli ráðherra er frv. sem hann flytur hér inn í þingið um að skerða kjör atvinnulausra, þeirra sem verst hafa það í þjóðfélaginu. Þeirra sem ríkisstjórnin hefur helst ráðist á á síðasta kjörtímabili. Það vekur ekki miklar vonir um það að hæstv. ráðherrann ætli að standa í ístaðinu þegar fátækir eru annars vegar.

Hæstv. ráðherra nefndi ekki að hann hefði kynnt sér tillögur ASÍ. Ég spyr hann um það: Hefur hann kynnt sér þær tillögur? Er hann sammála því að það þurfi að hækka atvinnuleysisbæturnar upp í 93 þúsund? Er hann sammála því sem þar kemur fram að það þurfi að hækka lægstu samsettu bætur lífeyrisþega upp í 110 þús. kr.? Er hann sammála því að það þurfi að lækka vextina á félagslegu leiguíbúðunum niður í 1% úr 3,5%? Þetta eru allt tillögur sem ASÍ setur fram og ég spyr hæstv. ráðherra um það.

[15:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Ég hef áður rakið í svari mínu stöðu mála hjá þeim hópi sem nú fjallar um stöðu fátækra á Íslandi og aðgerðir til úrbóta. En ég vek athygli hv. þingmanna á því að um það fjölluðu spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrst og fremst. Um niðurstöðu þess starfs get ég einfaldlega ekki tjáð mig þar sem þær liggja ekki fyrir. Hv. þm. Helgi Hjörvar hefur trúlega ekki heyrt það.

Hins vegar er það skoðun mín að brýnt sé að skilgreina eins vel og kostur er hverjir teljast fátækir hér á landi, með hvaða hætti þeim er rétt hjálparhönd og hvort ástæða er til að bregðast sérstaklega við.

Það er rétt sem hér hefur komið fram, að öruggt húsnæði er meðal lífsnauðsynja barnafjölskyldna. Flutningur milli bæjarhluta getur haft slæmar afleiðingar á uppeldisaðstæður barna, flutningur úr einum skóla í annan hefur ævinlega í för með sér mikið rask og óöryggi fyrir börn. Ég tel að fyrirhugaðar aðgerðir í húsnæðismálum muni án efa koma þeim hópi sem hér um ræðir til góða.

Langtímafátækt er fylgifiskur langvarandi atvinnuleysis. Þrátt fyrir að hér á landi séu fáir atvinnulausir til lengri tíma þá fer sá hópur stækkandi. Það er rétt að gefa honum sérstakan gaum. Unnið er að því verkefni í félmrn., m.a. í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka að ég tel að við eigum að styðja vel við bakið á fátæku fólki á Íslandi. Sem betur fer þá tilheyrum við einni ríkustu þjóð veraldar. Um það erum við væntanlega öll sammála. Vissulega verður hinu háa Alþingi gerð grein fyrir niðurstöðum þess starfs sem hér um ræðir.

Fæðingarorlofssjóður.

Fsp. ÞSveinb, 80. mál. — Þskj. 80.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Virðulegi forseti. Um mitt sumar bárust fréttir af því að mjög hefði gengið á fé Fæðingarorlofssjóðs. Ef fram heldur sem horfir gæti eigið fé sjóðsins orðið upp urið innan tveggja ára eða um mitt ár 2005.

Þegar ný lög um fæðingarorlof voru samþykkt vorið 2000 var þingheimur á einu máli um að í þeim fælist eitt mesta framfaraspor á sviði jafnréttisbaráttunnar sem stigið hefði verið hér á landi. Sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs sætti tíðindum og til Íslands hefur verið litið sem fyrirmyndar í þessum efnum. Breytingunni hefur svo sannarlega verið tekið með opnum örmum af nýbökuðum foreldrum, ekki síst nýbökuðum feðrum sem hafa nýtt sér sinn sjálfstæða rétt í meiri mæli en flesta grunaði vorið 2000.

Lögin um fæðingarorlof gengu að fullu í gildi um síðustu áramót. Nokkur reynsla er því komin á þau. Þó er langt í frá að hægt sé að kveða upp úr um áhrif þeirra, ekki síst áhrif þeirra á íslenskan vinnumarkað til langframa. Markmið laganna er, eins og við vitum, að tryggja barni samvistir við bæði föður

og móður á fyrstu missirum ævi sinnar. En áhrif þessara breytinga á ólíka stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði eru án nokkurs vafa mjög mikil, jafnvel byltingarkennd.

Nú skilst mér að hæstv. félmrh. hafi sett af stað vinnu í ráðuneyti sínu við að endurskoða fæðingarorlofslögin. Það væri því fróðlegt að heyra, frú forseti, hvaða leiðir er verið að skoða í þeirri vinnu og hvort einhverjar breytingar séu í undirbúningi í ráðuneytinu.

Ég er þeirrar skoðunar að fara eigi mjög varlega í breytingar á fæðingarorlofslögunum. Margir hafa séð ofsjónum yfir háum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði en það er hollt að hafa í huga, frú forseti, að þær endurspegla einungis launamun kynjanna á vinnumarkaði, bæði launabilið og kynbundinn mun. Greiðslurnar hafa með vissum hætti svipt leyndarhulunni af ólíkri stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði, að svo miklu leyti sem sá munur tekur til launagreiðslna.

Með þetta í huga vil ég inna hæstv. félmrh. eftir því hvernig hann hyggst bregðast við fjárþurrð Fæðingarorlofssjóðs. Hér er um gífurlega hagsmuni að tefla, hagsmuni íslenskra barna, foreldra þeirra, stöðu þeirra á vinnumarkaði og hagsmuni heimilanna.

[15:05]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir spyr hvernig félmrh. hyggst bregðast við fjárþurrð Fæðingarorlofssjóðs og ég þakka henni fyrir að brydda upp á því málefni.

Málefni sjóðsins hafa verið til umræðu í félmrn. og raunar víðar upp á síðkastið. Í sumar fór fram allnokkur umræða um aukin útgjöld sjóðsins sem reynast langt umfram það sem ráð var fyrir gert þegar til hans var stofnað í upphafi. Ástæður þess að útgjöld sjóðsins eru umfram spár virðast einkum vera tvenns konar. Í fyrsta lagi eru mun fleiri, eins og kom fram í máli hv. þm., að nýta sér fæðingarorlof en ráð var gert fyrir í upphafi. Það eru einkum karlmenn sem nýta sér þennan rétt betur og í meiri mæli. Í öðru lagi reynast meðaltekjur, sem greiðslur í fæðingarorlofi byggja á, hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Það er í sjálfu sér ánægjulegt að foreldrar skuli nýta sér í ríkum mæli þann rétt sem þeir eiga á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof. Það er einnig sérstakt ánægjuefni að karlmenn virðast nýta sér þennan rétt betur en jafnvel bjartsýnustu menn þorðu að vona. Það sýnir fyrst og fremst að lögin eru að skila miklum árangri í þá átt að jafna stöðu kynjanna með tilliti til umönnunar barna á fyrstu mánuðum lífs þeirra. Eins hafa lögin stuðlað að jafnari stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Um það erum við sammála.

Það er hins vegar staðreynd að þessi auknu útgjöld sjóðsins leiða að óbreyttu til þess að halli mun myndast á rekstri hans frá miðju ári 2005. Það er áhyggjuefni og ekki ráð nema í tíma sé tekið að huga að þeirri stöðu. Því setti ég strax í sumar af stað hóp fólks úr félmrn. og fjmrn. sem er m.a. ætlað að greina tölfræðilegar upplýsingar um sjóðinn í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins. Hópnum er líka ætlað að meta veikleika sem kunna að vera á framkvæmd laganna, svo sem varðandi eftirlit og áreiðanleika upplýsinga, og í því ljósi að meta þörf fyrir hugsanlegar breytingar á lögunum. Að endingu og ekki síst er starfshópnum ætlað að meta útgjöld og rekstur sjóðsins í ljósi reynslunnar og setja fram hugmyndir um leiðir til að styrkja fjárhagslega stöðu hans.

Ýmislegt kemur til greina í þessu sambandi sem ég ætla ekki að tíunda sérstaklega hér enda ekki tímabært. Við verðum þó að geta rætt þessi mál af hreinskilni. Undan því verður ekki vikist. Til dæmis þarf að skoða hvort og hvernig hægt er að breikka tekjustofn sjóðsins. Við þurfum að skoða hvort og þá hvernig hægt er að draga úr útgjöldum sjóðsins án þess að gengið sé of langt í þeim efnum. Til dæmis þarf að ræða áhrif þess að lækka að einhverju leyti það hlutfall af heildarlaunum sem greiðsla í orlofi byggir á. Slíka kosti sem og aðra verður að skoða og meta áhrif einstakra breytinga.

Þessi hópur á að skila tillögum sínum og greinargerð til félmrh. fyrir áramót. Í framhaldi af því munum við meta í samráði við aðila vinnumarkaðarins til hvaða úrræða verður gripið.

Ég legg ríka áherslu á að hafa gott samráð við þá aðila sem málið varðar, m.a. aðila vinnumarkaðarins. Hér er um þýðingarmikið hagsmunamál að ræða. Lögin hafa í öllum meginatriðum reynst vel og almenn ánægja ríkir með þau. Ég tel að við getum verið sammála um það. Það verður hins vegar að finna fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri sjóðsins þegar til lengri tíma er litið. Hjá því verður ekki komist. En ég vænti þess að við munum ná samstöðu um þær nauðsynlegu breytingar sem kann að þurfa að ráðast í til að ná þeim markmiðum.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Frú forseti. Ég var svo hugsi yfir svari hæstv. félmrh. að ég tók ekki eftir að það væri komið að mér.

Gott og vel. Hópur embættismanna er í málinu. Við höfum heyrt það áður í dag, frú forseti. En það sem skiptir mestu máli er að pólitísk leiðsögn hæstv. ráðherra sé í lagi.

Þörf er á að herða eftirlit með því hvernig greiðslur eru metnar eða teknar úr sjóðnum. Til dæmis má athuga hvernig laun eru metin, hvort tekið er nógu langt tímabil hjá fólki til að fá meðallaun sem síðan eru greidd út í fæðingarorlofi. Ýmislegt annað mætti hafa í huga. Ég vil benda hæstv. félmrh. á að það er þak núna, 80% þak. Þeir sem hafa séð ofsjónum yfir greiðslum úr sjóðnum hafa kannski ekki allir gert sér grein fyrir því að örfáir milljón króna menn auka þarna útstreymið með þeim hætti sem raun ber vitni. Eins og ég kom inn á í máli mínu áðan endurspeglar það aðeins þann launamun sem fyrir er í samfélaginu því að meðalgreiðslur til mæðra eru um 150 þús. kr., til feðra 250 þús. kr., rúmlega.

Það er mikilvægt að fá um það skýr svör frá hæstv. félmrh. hvort hann hyggist með einhverjum hætti eiga við grunngerð sjóðsins. Það skiptir mjög miklu máli fyrir þau áhrif sem hann kann að hafa og hefur haft á vinnumarkaðnum, ekki síst á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

[15:11]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og svara hv. þm. skýrt. Ég hef sem félmrh. ekki í hyggju að gera tillögur um grundvallarbreytingar á þessum lögum. Það sem við erum að skoða, eins og ég rakti áðan, er fyrst og fremst hvort gera þurfi einhverjar breytingar á reglunum til að bregðast við þeirri stöðu sem blasir við, að sjóðurinn muni ekki hafa úr nægu fjármagni að spila þegar fram í sækir. Eins og hv. þm. rakti kann að vera rétt að gera þarna ákveðnar breytingar á reglum en grundvallarbreytingar á þessum lögum, sem ég tel að við séum öll sammála um að hafi gengið fram með mjög góðum hætti og skilað okkur þeim árangri sem að var stefnt, mun ég ekki gera tillögur um.

Kostnaður sveitarfélaga vegna atvinnuleysis.

Fsp. MF, 113. mál. — Þskj. 113.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Við höfum í dag rætt um fátækt og fyrir stuttu var í sölum Alþingis rætt um breytingar á atvinnuleysisbótum, að lækka þær og fella niður greiðslur fyrstu þrjá dagana. Farið hefur verið yfir hvaða áhrif það hefur á þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi. Það er búið að fara yfir að það getur valdið verulegum heilbrigðisvandamálum, félagslegri einangrun og/eða einelti. Námsgetu barna í skólum getur hrakað, vanskilaskuldir heimilanna vaxa og vandamál þeirra yfirleitt.

Við erum búin að fara yfir þetta allt. Við erum búin að fara yfir það að ekki sé hægt að miða við það hvernig staðið er að málum á öðrum Norðurlöndum að einu leyti, þ.e. að fella niður greiðslur fyrstu dagana í atvinnuleysinu, á meðan við bjóðum ekki upp á sambærilegar atvinnuleysisbætur og greiddar eru í þeim löndum.

En einn þáttur er mjög sjaldan ræddur, þ.e. áhrif atvinnuleysis. Við erum búin að fara yfir hvaða áhrif þetta hefur á efnahag heimilanna. En á ferðum mínum í sumar — reyndar einnig áður í heimsóknum til sveitarfélaganna — hefur komið æ betur í ljós, ekki síst nú þegar fjárhagsstaða margra sveitarfélaga er mjög bágborin, að viðvarandi og mikið atvinnuleysi, jafnvel þó að atvinnuleysistölurnar séu ekkert mjög háar, hefur verulega áhrif á útgjöld sveitarfélaganna. Þá er ég ekki bara að tala um atvinnuskapandi aðgerðir sem mörg sveitarfélög fara út í heldur að útgjöld félagsþjónustunnar aukast verulega. Þess eru dæmi í sveitarfélögum að þær deildir sem sjá um félagslega þætti innan sveitarfélaga hafi sótt um aukafjárveitingar á þessu ári upp á tugi milljóna króna, fyrst og fremst vegna þess að atvinnuleysi í viðkomandi sveitarfélagi er mikið og aðstæður fjölskyldna þannig að þær þurfa að leita á náðir félagsmálastofnana mun meira en áður.

Þess vegna leyfi ég mér á þskj. 113 að bera fram fsp. til hæstv. félmrh.:

Hafa verið teknar saman upplýsingar um beinan og óbeinan kostnað sveitarfélaga vegna atvinnuleysis, þar með talinn kostnað við atvinnuskapandi aðgerðir og aukna félagslega aðstoð í kjölfar atvinnuleysis? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar samantektar? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að þessar upplýsingar verði teknar saman?

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir beinir til mín spurningum um kostnað sveitarfélaga vegna atvinnuleysis. Skemmst er frá því að segja að félmrh. hefur ekki tekið saman þær upplýsingar sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spyr um. Ráðuneytið leitaði eftir því hvort slík samantekt hefði farið fram á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga en svo reyndist ekki vera. Hins vegar kom fram að af hálfu sambandsins er nú unnið að gerð könnunar á sérstökum úrræðum sveitarfélaga vegna atvinnuleysis ungs fólks á framhaldsskólaaldri. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja hins vegar ekki fyrir.

Eins og kunnugt er eru veittir styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna sérstakra verkefna á vegum svæðisvinnumiðlana. Styrkir þessir eru ætlaðir fyrir tímabundin verkefni sem eru umfram venjuleg umsvif þess fyrirtækis eða sveitarfélags sem í hlut á. Vinnuveitandi greiðir mismuninn á milli styrks og útgreiddra launa þeirra einstaklinga sem ráðnir eru á þessum grundvelli. Töluverð ásókn er í þessa styrki og hafa mörg sveitarfélög verið þar fyrirferðarmikil. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafa sveitarfélög sótt um styrki vegna samtals 84 verkefna af þessum toga á tímabilinu janúar til ágúst á þessu ári. Flest verkefni voru samþykkt af hálfu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, en með þeim voru um 470 einstaklingar virkjaðir á grundvelli ofangreinds átaks. Ljóst má því vera að þátttaka sveitarfélaga í aðgerðum til að sporna gegn atvinnuleysi er nokkur. Yfirlit yfir þessa þátttöku sveitarfélaganna liggur hins vegar ekki fyrir og full ástæða er til að greina hana frekar.

Skýr fylgni hefur verið milli fjölda á atvinnuleysisskrá og kostnaðar við fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna undanfarin ár. Það er í sjálfu sér eðlilegt að svo sé. Það er hlutverk sveitarfélaganna að reka grunnfélagsþjónustu í landinu samanber lög þar um. Samkvæmt þeim skal sveitarstjórn setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar sem félmn. leggur til grundvallar við ákvörðun um fjárhagsaðstoð til einstaklinga.

Virðulegi forseti. Það er því bæði hlutverk sveitarfélaga að veita slíka fjárhagsaðstoð og eins að meta þörf fyrir aðstoð hverju sinni. Félmrn. hefur unnið að því í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga að setja fyrirmyndir að slíkum reglum. En það er að sjálfsögðu sveitarfélaganna sjálfra að ákveða hvaða reglur og viðmiðanir eru í gildi varðandi fjárhagsaðstoð svo framarlega sem þær séu í samræmi við lögin sjálf, en í því felst að fólk geti séð fyrir sér og sínum.

Rétt er að geta þess að sveitarfélögunum ber jafnframt skylda til að veita alhliða félagslega ráðgjöf, en í henni felst m.a. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála og húsnæðismála og hún ætti eðli málsins samkvæmt að aukast í kjölfar atvinnuleysis.

Hér getur það því verið afar mismunandi hvernig sveitarfélög standa að málum. Eins gæti verið erfitt að greina hvað er vegna atvinnuleysis og hvað er aðstoð af öðrum toga. Upplýsingar um þessi útgjöld sveitarfélaganna liggja hins vegar ekki fyrir hjá félmrn.

Ég lýsi mig í ljósi spurningar hv. fyrirspyrjanda, Margrétar Frímannsdóttur, reiðubúinn til að fara í þessa vinnu, að greina kostnað sveitarfélaganna vegna atvinnuleysis ef það er vilji hins háa Alþingis. Það er afar brýnt að slíkt sé gert í nánu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rétt er þó að benda á þann möguleika í lokin að ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarfélögin vinni sjálf slíka greiningu, t.d. á vettvangi sambandsins.

[15:19]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og því að vekja athygli á brýnu málefni og sömuleiðis hæstv. ráðherra fyrir að lýsa vilja til þess að ráðast í úttekt á kostnaði sveitarfélaganna vegna þessa. Eins og kom fram í máli hans er skýr fylgni milli atvinnuleysis annars vegar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga hins vegar og það á auðvitað líka að vera okkur umhugsunarefni.

Á tvennu vil ég sérstaklega vekja athygli í þessu sambandi. Það er annars vegar að nú eru uppi sparnaðaráform í fjárlagafrv. næsta árs sem fela það í sér að menn fá ekki bætur fyrstu þrjá dagana. Það er tiltölulega lítil glóra í sparnaði í

opinberum útgjöldum ef sá sparnaður felur það bara í sér að kostnaðinum er velt af einu stjórnsýslustigi á annað vegna þess að þá er ekkert að sparast í opinberum útgjöldum heldur er þetta bara pappírleikur á blaði.

Hitt er fjárhæð atvinnuleysisbótanna og hana höfum við rætt áður í dag, vegna þess að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er eðli málsins samkvæmt neyðaraðstoð. Hún á að vera skammtímaaðstoð. Hún á að koma til í mjög skamman tíma og einvörðungu í neyð. (Forseti hringir.) En ef atvinnulausu fólki er í fimm ár búin svo lág framfærsla að það þurfi sífellt að leita fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga þá er það óeðlilegt og óviðunandi fyrirkomulag og félmrh. á að taka atvinnuleysisbætur til endurskoðunar strax.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og sérstaklega það að hann tekur undir nauðsyn þess að skoða þessa þætti.

Fjárhagsstaða mjög margra sveitarfélaga er bágborin. Orðið hafa gífurlegar breytingar á atvinnuháttum. Samdráttur hefur verið í landbúnaði og sjávarútvegi í hinum dreifðu byggðum landsins. Það hefur þýtt að tekjutap sveitarfélaga margra hverra er mjög mikið. Auk þess eykst atvinnuleysi. Ég veit ekki til þess að nokkurs staðar hafi það verið tekið inn í útreikninga um fjárhagsþörf sveitarfélaga að þau bera verulegar byrðar vegna atvinnuleysis. Þar á ég ekki bara við atvinnuskapandi aðgerðir heldur ekki síður félagslega aðstoð. Það er, eins og hæstv. ráðherra sagði, skýr fylgni þar á milli.

Í máli hæstv. ráðherra hefur komið fram að hann er tilbúinn til að láta skoða lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð og skoða þær bætur sem greiddar eru. Með svona lágum greiðslum atvinnuleysisbóta er verið að velta ákveðnum vanda yfir á sveitarfélögin og menn ýta þessum vanda yfir á sveitarfélögin með galopin augun. En ef fara á í endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins þá er ekki síður nauðsynlegt að Samtök íslenskra sveitarfélaga komi þar að verki og þá liggi fyrir vitneskja um það hvernig staða þeirra er gagnvart því mikla atvinnuleysi sem hefur verið á undanförnum árum og reyndar er spáð töluverðu atvinnuleysi áfram á næsta ári. Það skiptir mjög miklu máli að þetta sé tekið með þegar fjárhagsstaða sveitarfélaga og möguleikar sveitarfélaga til þess að framfylgja þeim lögum sem þau eiga að framfylgja er skoðuð. Það er mjög nauðsynlegt.

[15:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin rétt aðeins ítreka að þær upplýsingar sem hér var spurt um liggja ekki fyrir. En ég tel eins og áður kom fram ríka ástæðu til þess að taka þær saman og lýsi vilja mínum til þess.

Ég vil enn fremur ítreka að til stendur að taka til endurskoðunar lögin um atvinnuleysistryggingar í samráði við aðila vinnumarkaðar og fleiri.

Hafrannsóknir á Svalbarða.

Fsp. RG, 82. mál. — Þskj. 82.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hæstv. sjútvrh. um það hvort Ísland hafi hagsmuni af því að vera með í hafrannsóknarverkefni sem er verið að koma á laggirnar í Nýja-Álasundi á Svalbarða. Margar þjóðir ætla að taka þátt í þessu verkefni eða samstarfi sem á að gefa aukna þekkingu á hafinu á norðursvæði og Norðurskauti.

Umræða um slíka rannsóknastofnun hefur staðið frá árinu 1996 og nú er vænst að hún standi tilbúin um mitt sumar 2005. Á þessum samstarfsvettvangi hefur verið unnið mjög vísindalega að undirbúningi að þessu samstarfi og þessari stofnun og forusta samstarfsins er á vegum Norsk Polarinstitutt. Það er norsk stofnun í norðursjávarrannsóknum. Upprunalega var þetta samstarf um rannsóknastofu að uppistöðu á vegum þeirra, Ítalíu, Japans, Þýskalands, Bandaríkjanna og háskólans á Svalbarða. Síðan hafa bæst við hafrannsóknastofnanir, t.d. í Skotlandi og Kóreu og stöðugt bætast fleiri við.

Um er að ræða alveg nýja möguleika á rannsóknum á vistfræði hafsins, lífeðlisfræði og lífefnafræði sem gefa von um aukna vísindalega þekkingu á haffræði, jarðfræði hafsins og hafísrannsóknum. Þetta verður nyrsta rannsóknastofnun í heimi og hún á jafnframt að verða sú aðgengilegasta í hafrannsóknum í okkar heimshluta, á norðurhveli.

Gert er ráð fyrir því að þessi rannsóknastofnun stundi tilraunir og opni möguleika á að stýra umhverfisþáttum eins og saltstyrk, hita, birtu og ljósi og opni vísindasamstarf þannig á breiðum grunni milli viðkomandi stofnana og þjóða. Að vísu var stofnuninni hrint í framkvæmd af fyrirtækinu Kings Bay í Nýja-Álasundi. En það er að uppistöðu í eigu Norsk Polarinstitutt sem er hin norska haffræðistofnun.

Mjög mikil áhersla er lögð á að uppbyggingin geti líka nýst öðrum notendum en þeim sem verða upphafsþátttakendur. Mér finnst þetta afar áhugavert verkefni og spyr því hæstv. sjútvrh. hvort við höfum hagsmuni af því að vera með á þessu sviði.

[15:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Hér er um að ræða mjög áhugavert efni sem við þurfum að gaumgæfa. Hins vegar er málið þannig vaxið að við höfum ekki átt neina aðild að því og hvergi nálægt því komið og vart hægt að segja að við höfum vitað um það fyrr en fyrirspurnin lá fyrir og engin gögn hafa borist okkur í ráðuneytinu frá þessum aðilum til kynningar eða boð um að taka þátt í þessu. Við leituðum reyndar til undirstofnana okkar sem ekki könnuðust heldur við þetta verkefni og til annarra ráðuneyta og stofnana sem ekki höfðu neinar upplýsingar um það heldur. Við höfðum þá auðvitað samband til Noregs og fengum um þetta upplýsingar og þær staðfestu, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér er um mjög áhugavert verkefni að ræða sem komið hefur verið af stað af hálfu þessara stofnana og um það stofnað þetta fyrirtæki sem hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Gert er ráð fyrir því að ákvörðun um þetta málefni verði tekin í desember á þessu ári. Þess vegna er væntanlega of seint fyrir okkur að íhuga það að vera beinir aðilar að þessu. Hins vegar mun þessi rannsóknastöð vera þannig byggð upp

að öðrum stofnunum en þeim sem eru beinir þátttakendur í þessu gefist möguleiki á að hafa þarna aðstöðu ef þær þess óska. Þar af leiðandi eru möguleikar fyrir okkur til þess að taka þátt í þessu samstarfi í framtíðinni jafnvel þótt við verðum ekki með í því að stofna þetta fyrirtæki eða þessa rannsóknastöð sem fyrirtækið ætlar að stofna.

Við höfum þegar gert ráðstafanir til þess að fá frekari upplýsingar og munum í byrjun næsta árs eiga fund með einum af forsvarsmönnum þessa fyrirtækis sem mun þá verða staddur hér á landi í tengslum við svipuð verkefni sem hér er verið að vinna. Ef ég dreg þetta saman þá tel ég þetta áhugavert fyrir okkur. Við þurfum að skoða hvaða möguleikar eru þarna fyrir rannsóknastofnanir okkar. Ekki hefur verið gert ráð fyrir því í áætlunum þeirra fram til þessa og verði það niðurstaðan að það sé áhugavert þá þurfum við að gera ráð fyrir því í þeim fjárhagsáætlunum sem stofnanirnar vinna eftir.

[15:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Herra forseti. Mér finnst svar hæstv. sjútvrh. benda til eða reyndar vera augljóst dæmi um þann sofandahátt sem íslensk stjórnvöld hafa lengst af, því miður, um marga áratugi sýnt í málefnum sem varða norðurheimskautssvæðið. Við Íslendingar erum allt of slappir við að stunda heimskautarannsóknir. Við höfum verið allt of slappir við að sýna þessum svæðum tilhlýðilegan áhuga, ekki bara vegna þess að þetta eru áhugaverð svæði út frá vísindalegu tilliti heldur vegna þess að þetta eru svæði sem hugsanlega geta búið yfir mjög miklum náttúruauðlindum og þá er ég ekki að tala um fisk, herra forseti.

Það er rökstuddur grunur um það að við Svalbarða sé olía og þar eru kol m.a. Einmitt það að stunda rannsóknir á þessum svæðum styrkir réttarstöðu okkar Íslendinga varðandi það að ná undir okkur yfirráðum á þessum svæðum eða ítökum. Það er mjög mikilvægt atriði og mergur málsins í þessu öllu saman.

Ég tel því að íslensk stjórnvöld ættu að stórauka sókn sína hvað varðar vísindarannsóknir á norðurheimskautssvæðunum, ekki síst á Svalbarða, þar sem við höfum skýlausan rétt. Og við eigum að keyra langtum harðari pólitík gegn Norðmönnum í þessum málum.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé afar nauðsynlegt fyrir okkur að huga vel að rannsóknum á norðurslóðum þótt ekki væri vegna annars en þess að á undanförnum árum hefur hafsvæðið hér verið að hlýna og reyndar einnig upp með ströndum Noregs og það geta orðið miklar breytingar á lífríkinu í norðurhöfum á næstu árum.

Menn hafa lengi haldið því fram hér á Íslandsmiðum að þorskurinn væri í okkar fiskabúri innan lögsögunnar. Ég held að þetta sé mikill misskilningur og ef skilyrðin breytast þannig að norðurhafið hlýnar er ég næsta viss um að stór hluti af þorskstofnum okkar mun leita út fyrir lögsögu okkar, sérstaklega yfir sumartímann, og þar getur verið mikil hætta á því að aðrar þjóðir sæki í hann.

Ég hygg að það sé ekki seinna vænna fyrir okkur að reyna að tryggja okkur aðgang að því að fylgjast vel og vandlega með rannsóknum á norðurslóðum og ef þetta er vegferð til þess held ég að við ættum að huga vandlega að þessu máli.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Já, það kemur mér á óvart að það berist ekki vitneskja um svona merkilegt samstarf eins og ég kynntist þarna. Ég var í heimsókn á Svalbarða í sumar, eins og ég hef nefnt, og líka í Tromsö og það eru viðamiklar rannsóknir sem fara fram á norðurslóð, t.d. er Norsk Polarinstitutt sífellt að leita nýrra leiða til að fá vitneskju um hafið, um tegundirnar og um hafstraumana, og nú eru t.d. tilraunir uppi hjá þeim með að festa örsenda á sjávardýr til að fylgjast með hafstraumum og hita í hafinu. Þetta er tækni sem áður hefur verið notuð til að kynnast lífsháttum sjávardýra en nú á að nýta þessa nýju tækni til þess að mæla aðra hluti í umhverfinu í hafinu. Þetta hefur gríðarlegt gildi fyrir okkur.

Ég er fulltrúi Norðurlandaráðs í þingmannasamstarfi um Norðurskautsmál og þar eru núna miklar umræður um rannsóknir og vísindastarf, um umhverfi og lífshætti og hvaða breytingar sem eru að verða í umhverfi okkar eru þess eðlis að þær hafi gífurleg áhrif á búsetu og annað. Þessar nýju rannsóknir sýna m.a., og það er skýrsla sem mun koma út á næsta ári, að umhverfisbreytingar sem verða hér á norðurslóð á 10 árum eru eins og umhverfisbreytingar sem verða annars staðar á jörðinni á 25 árum. Þetta segir okkur að hitabreyting í hafinu, breytingar í lofslagi sem hafa gífurlegar afleiðingar í för með sér, gerist hraðar hér og rannsóknirnar fá allar mikla þýðingu vegna þess að þar með er vitað hvað muni gerast á næstu 25 árum á öðrum stöðum.

Ég hvet ráðherrann til að skoða það að við, þessi þjóð, sem byggir allt á hafinu, verðum með í rannsókn af þessu tagi.

[15:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þó að ég vilji kannski ekki nota orðfæri hv. 9. þm. Suðurk. er það rétt hjá honum að það er mjög margt í náttúrunni sem við Íslendingar höfum ekki haft bolmagn til þess að rannsaka en áhugavert hefði verið að gera. Það er auðvitað takmarkað hvað við getum fengist við á hverjum og einum tíma og við þurfum að forgangsraða vegna þess að fjármunirnir eru takmarkaðir.

Hins vegar, eins og hann nefndi, eru heimskautarannsóknir mjög fjölþættar rannsóknir. Hann tiltók sérstaklega olíurannsóknir sem eru út af fyrir sig ekki á starfssviði sjútvrn. þó að þeir þættir sem hv. 5. þm. Norðvest. nefndi séu að stærstum hluta til á starfssviði sjútvrh. og eins það sem hv. 4. þm. Suðvest. nefndi í sínum lokaorðum.

Ég vil að lokum þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli okkar á þessu. Við höfum þegar gert ráðstafanir til þess að fá um þetta frekari upplýsingar og leita þeirra leiða sem nauðsynlegt er að finna til þess að geta tengst þessu og nota þau tækifæri sem okkur munu hugsanlega bjóðast þarna í samræmi við þær áætlanir og það fjármagn sem stofnanir okkar munu hafa á hverjum tíma.

Stuðningur við kræklingaeldi.

Fsp. JBjarn, 107. mál. — Þskj. 107.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Hinn 10. mars 1999 samþykkti Alþingi þáltill. um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan „fjörubúskap“. Flm. tillögunnar þá voru hv. þm. Ólafur

Hannibalsson og Guðjón Guðmundsson. Á vegum landbrn. var síðan unnið að rannsóknum á möguleikum kræklingaræktar hér á landi í samstarfi við nokkra aðila sem þegar höfðu farið af stað og þar voru rannsökuð bæði ýmis umhverfismál og einnig ræktunartæknileg atriði. Þessar rannsóknir hafa sýnt að arðsöm kræklingarækt er vel möguleg hér á landi en kræklingaræktin er sjálfbær þannig að ekki þarf að fóðra kræklinginn sérstaklega, heldur vinnur hann fæðu sína úr sjónum.

Nokkrir aðilar stunda nú kræklingarækt hér á landi, má þar nefna í Arnarfirði, Eyjafirði og Mjóafirði, en fyrir um ári lagði sjútvn. einróma til að veitt yrði fjármagn til stuðnings kræklingarækt og til að styðja við þá búgrein til að koma henni á laggirnar.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár samþykkti Alþingi 5 millj. kr. fjárveitingu til stuðnings kræklingarækt í landinu. Þessi grein er á gjörsamlegu frumkvöðulsstigi og hana sárvantar fjármagn til að stíga fyrstu skrefin. Þó nokkur innanlandsmarkaður er fyrir hendi og útflutningsmöguleikar eru talsverðir. Í samtölum við kræklingaræktendur kemur fram að þessum litlu fjármunum sem veitt var á fjárlögum þessa árs hefur ekki enn verið úthlutað til greinarinnar og þeim finnst reyndar sjútvrn. sýna kræklingarækt nokkurt tómlæti.

Í Eyjafirði er nú búist við að taka megi uppskeru sem svarar 15–20 tonna framleiðslu á þessu ári og hátt á annað hundrað tonn á næsta ári ef vel gengur. Þar hafa menn lagt út 60 km línu sem kræklingurinn festir sig á. Á Bíldudal er reiknað með að megi uppskera um eitt til tvö tonn í ár en eftir næsta ár geti uppskeran farið að skipta tugum tonna.

Það er því ljóst að hér er á ferðinni umtalsverður atvinnuvegur, umtalsverðir möguleikar sem geta orðið drjúg búbót og drjúgur stuðningur við þá atvinnu sem er í viðkomandi byggðarlögum vítt og breitt meðfram ströndum landsins.

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvrh.:

1. Hvernig hefur verið ráðstafað þeim 5 millj. kr. sem ákveðið var að verja til stuðnings kræklingaeldi í fjárlögum fyrir árið 2003?

2. Hyggst sjávarútvegsráðuneytið beita sér fyrir enn frekari stuðningi við þessa nýju atvinnugrein, og þá hvernig?

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Svar við fyrri spurningunni er svohljóðandi:

Í fyrsta lagi hefur Samtökum íslenskra kræklingaræktenda verið veittur styrkur að fjárhæð 1,5 millj. kr. til kaupa á vélbúnaði sem notaður er við uppskeru og forvinnslu kræklings.

Í öðru lagi fól ég AVS-verkefnisstjórninni að auglýsa fyrir hönd ráðuneytisins eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar á kræklingaeldi og bárust nokkrar umsóknir. AVS-verkefnisstjórnin hefur ákveðið að mæla með að Samtökum íslenskra kræklingaræktenda verði veittur 3,5 millj. kr. styrkur til verkefna á sviði uppbyggingar kræklingaræktar á Íslandi. Ég geri ráð fyrir að ganga frá þessari afgreiðslu á næstu dögum.

Nánar skilgreint eru markmiðin eftirfarandi:

Uppbygging kræklingaræktar á Íslandi og að ná tökum á uppskeru og vinnslu kræklings sem ræktaður er við Íslandsstrendur. Nánari útfærsla verkefnisins er:

að hanna ræktunar-, uppskeru- og vinnslubúnað sem henta íslenskum aðstæðum og ná tökum á meðhöndlun söluafurða á leið frá ræktun á markað,

að gera endurbætur á uppskeruvél, tilraunir með ýmsar gerðir safnara, líftími sökka, vigtun og sundurliðun og ásætun.

Þá er áætlað að meta afföll skelja við vinnslu og vatnstap sem og að leggja mat á heppilegar pakkningar.

Svar við síðari spurningunni er að laga- og reglugerðarramminn um kræklingaeldi er hinn sami og um annað eldi sjávardýra. Er þar átt við lög nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, og reglugerð nr. 238/2003, með síðari breytingum, sem sett er við þau lög. Stuðningur við kræklingaeldi lýtur á sama hátt sambærilegum vinnureglum innan sjávarútvegsins og annað eldi sjávardýra. Þar er átt við stofnumótun og tillögur að fjárstuðningi sem fer fram innan fiskeldishóps AVS-verkefnisins auk þess samræmingarhlutverks sem er á hendi fiskeldisnefndar, sbr. 4. gr. áðurnefndra laga og samhljóða ákvæði í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hefur jafnframt leitast við að setja sig sérstaklega inn í málefni kræklingaræktarinnar og mun fylgjast með uppbyggingu atvinnugreinarinnar áfram sem hingað til.

[15:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að koma með þessa þörfu fsp.

Fiskeldisrannsóknir á Íslandi hafa lengi verið í lamasessi og þær eru það enn þá, því miður, það er bara staðreynd.

Ég lýsi eiginlega hálfgerðri undrun yfir því að hæstv. sjútvrh. skuli vera hérna til svara því að ég veit ekki betur en að kræklingaræktin heyri undir landbrn. Svo er a.m.k. að sjá á vefnum þar sem kræklingaverkefnið svokallaða er hýst undir vefsíðum Veiðimálastofnunar.

En nóg um það. Ég vil fá að vitna aðeins í ágæta ársskýrslu frá þessu kræklingaverkefni þar sem fram kemur að sýnatökum varðandi kræklingaeldi hefur verið verulega ábótavant. Við vitum lítið um vöxt og viðgang kræklings, við vitum ekkert um hugsanlega þörungaeitrun, sem hefur verið mikið vandamál í löndunum umhverfis okkur, við vitum lítið, því miður allt of lítið, um hagkvæmni kræklingaeldis. Það má vel vera að það sé hagkvæmt og ég vona svo sannarlega að það sé rétt því að hér gæti reynst um góða búbót að ræða fyrir sjávarbyggðir þessa lands.

En kjarninn er sá að rannsóknum er allt of lítið sinnt hér á landi.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þegar verið var að ræða þær 5 millj. sem voru ætlaðar til þess að styðja við kræklingaeldi hér á landi minnir mig að það hafi komið greinilega fram hér í umræðum að menn teldu að það væri best gert með því að efla og styðja við þau fyrirtæki sem eru í kræklingaeldinu. Þau eru sennilega aðallega þrjú núna hér á landi sem eru í einhverri vegferð í þessu tilliti, þ.e. í Arnarfirði, Eyjafirði og Mjóafirði. Ég hefði talið að það hefði verið staða til þess, a.m.k. eins og ástandið er t.d. í Arnarfirði, að hvetja til þess að fjármunir væru settir þangað til þess að byrja uppskeru. Það er, eins og kom hér fram í máli hv. fyrirspyrjanda, hægt að vinna hér krækling fyrir innanlandsmarkað og hefja vinnslu. Mér er sagt að í Arnarfirði sé kræklingur þegar

orðinn það stór að hann sé orðinn markaðshæfur og þá hefði verið æskilegt að ýta þar undir með beinum fjárveitingum. Þess vegna er þessi útdeiling, án þess að ég viti hvernig hún eigi nákvæmlega að fara, ekki alveg ljós.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna. Ég vil taka það fram varðandi þessar 5 millj. sem voru ætlaðar á fjárlögum þessa árs að þær áttu að vera algjörlega umfram það fjármagn sem var að skapast í þessum sjóði sem sjútvrh. var að stofna til innan ráðuneytisins um aukið verðmæti sjávarafla. Það hefði verið vel ef við hefðum varið bara auknu fjármagni til þessarar búgreinar einmitt í gegnum þennan sjóð sem hann var að stofna í staðinn fyrir að fella þessa peninga inn í og setja í flókið úthlutunarkerfi sem hefur leitt til þess að það er ekki enn búið að ráðstafa úr sjóðnum þó að það hafi verið samþykkt fyrir nærri ári.

Þessa grein, þessa þrjá aðila sem nú eru í gangi með kræklingaeldi, sárvantar fjármagn til þess að komast áfram í þróun greinarinnar. Bæði vantar rannsóknir og líka fjármagn til uppbyggingarstarfs.

Ég hefði viljað heyra mun ákveðnari orð hér frá hæstv. sjútvrh. sem liggur á digrum sjóðum, hundruðum milljóna eða milljarða króna sjóðum, þróunarsjóðum sem lúta að því að bæta og auka arðsemi í sjávarútvegi, í fiskvinnslu og nýtingu nýrra tegunda og nýrra afurða á þeim sviðum. Hann gæti séð af þótt ekki væru nema 10–15 millj. kr. þarna inn. Ég treysti eiginlega á hina miklu framsýni hæstv. ráðherrans til þess að taka myndarlegar á þessu máli en ráðherrann gerði hér í svari sínu.

Tökum Bíldudal sem dæmi. Þar eru möguleikar en þar er mjög örðugt að komast lengra fram vegna fjárskorts. Ef við ekki hlúum að nýsprotum sem þessum þurfum við ekki að búast við því að hér á landi blómgist eða vaxi nýjar atvinnugreinar. Við verðum að taka nokkur áhættuskref með þeim. Og það á að vera gert á sameiginlega ábyrgð, virðulegi forseti, og ég hvet hæstv. ráðherra til að taka betur á en hann gerði hér í þessu svari.

[15:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vildi að satt væri að ég lægi á mjög digrum sjóðum eins og hv. þm. virðist halda (**JBjarn:** Þú átt alveg morð fjár.) (**GAK:** ...135 milljónir í ...) þá væri auðvelt að auka fjármuni til þeirra ýmsu rannsókna sem almennt er beðið um. Ég taldi hins vegar skynsamlegast að um kræklingaræktina gilti það sama og önnur þau verkefni sem fallin eru til þess að auka verðmæti sjávarfangs og að þeir sömu aðilar sem mætu hvað væri vænlegast í þeim efnum fjölluðu um kræklingaræktina. Og jafnframt þegar til framtíðar væri litið væru möguleikar kræklingaræktarinnar mestir í því að vera inni í því sama kerfi sem þar væri um að ræða, þar sem verið væri að vinna að því að fá meiri fjármuni til þess að auka verðmæti sjávarfangs sem hv. þm. gerir væntanlega ráð fyrir að kræklingaræktin muni gera.

Þess vegna hef ég fellt þetta inn í AVS-verkefnið. Eins og hv. þingmenn sjálfsagt vita eru 100 milljónir ný fjárveitingatillaga í fjárlagafrv. til þessa verkefnis og kræklingaræktin ætti því að eiga möguleika á að sækja þar um til jafns við önnur þau verkefni sem vænleg eru til þess að auka verðmæti sjávarfangs.

Við verðum auðvitað á hverjum tíma að styrkja þau verkefni sem vænlegust eru og við hljótum öll að vera sammála um að kræklingaræktin þarf þá að vera metin við hliðina á öðrum verkefnum og fjármununum úthlutað til þeirra verkefna sem vænlegust eru talin.

Vinnsla kalkþörungasets.

Fsp. GAK, 126. mál. — Þskj. 126.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Íbúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar hafa undanfarin tvö til þrjú ár bundið nokkrar vonir við að nýting sjávarsetskalkþörunga í Arnarfirði og að vinnsla afurða úr kalkþörungi mundi efla mjög atvinnu og styrkja búsetu á svæðinu. Einkum hafa íbúar Bíldudals bundið góðar vonir við að verksmiðjurekstur á Bíldudal myndaði ákveðna festu fyrir búsetu þar og að Vesturbyggð sem sveitarfélag yrði sterkara en nú er. Áhrifa á samfélagslegum breytingum vegna kalkþörungavinnslunnar hafa verið metin í skýrslu sem unnin var fyrir Íslenska kalkþörungafélagið sem er í eigu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að bygging og rekstur kalkþörungavinnslu í Arnarfirði muni hafa veruleg bein áhrif á atvinnu- og mannlíf á sunnanverðum Vestfjörðum. Einkum verða áhrifin sýnileg á þéttbýlisstöðunum þremur, Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Sveitarfélögin í V-Barðastrandarsýslu, Vesturbyggð og Tálknafjörður, munu verða fyrir talsverðum áhrifum bæði á framkvæmda- og rekstrartíma fyrirhugaðrar verksmiðju. Framkvæmdir og rekstur slíkrar vinnslu er vel til þess fallin að hafa jákvæð og styrkjandi áhrif á bæði sveitarfélögin. Þrátt fyrir að áhrifin verði meiri og beinni í Vesturbyggð mun Tálknafjarðarhreppur njóta ýmissa beinna áhrifa. Meðan á byggingu verksmiðjunnar stendur má gera ráð fyrir að verktakar frá öllum þremur þéttbýlisstöðunum muni frá verkefni í tengslum við bygginguna."

Nú er málum þannig háttað, virðulegi forseti, að samstarfsaðilinn um þessa framkvæmd, sem var írskt fyrirtæki, hefur gengið úr skaftinu og ekki treyst sér til að halda áfram og þess vegna er komin upp sú staða að finna þarf nýjan samstarfsaðila. Þess vegna tek ég þetta mál upp hér og beini fyrirspurn minni til hv. iðnrh. sem jafnframt er ráðherra byggðamála hvort málið sé þannig vaxið núna að ástæða sé til þess fyrir hæstv. iðnrh. að koma að málinu. Hvers vegna minnist ég á þetta í þessa veru? Jú, það er m.a. vegna þess að eins og við munum eftir þegar menn gengu frá álverinu í Reyðarfirði, Norsk Hydro, þá var settur sérstakur kraftur í það að finna nýja samstarfsaðila. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra hvort nú sé ekki komið að því að hæstv. ráðherra komi að þessu máli, annaðhvort beint eða með því að veita fé til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem er eigandi að Íslenska kalkþörungafélaginu og hvort nú sé ekki orðið tímabært að reyna að styrkja þar málsmeðferðina.

Spurning mín er eftirfarandi:

Mun ráðherra eiga frumkvæði að því að leita nýrra samstarfsaðila að nýtingu kalkþörungasets í Arnarfirði eða vinna að því að bjóða vinnsluna út, nú þegar ljóst er að írskir samstarfsaðilar um slíka vinnslu munu ekki hefja framkvæmdir?

[15:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það urðu mér vonbrigði þegar spurðist að írskir samstarfsaðilar heimamanna á Bíldudal um vinnslu kalkþörunga í Arnarfirði hefðu ákveðið að halda að sér höndum í bili a.m.k. og hefja ekki vinnslu eins og fyrirhugað hafði verið. Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að vinnsla kalkþörunga á sunnanverðum Vestfjörðum mundi efla mjög atvinnu og styrkja búsetu á sunnanverðum Vestfjörðum. En þegar þetta lá fyrir fól ég fulltrúum mínum í stjórn Fjárfestingarstofunnar að kanna hvort stofan gæti með einhverjum hætti komið að þessum málum. Eftir viðræður við framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem reyndar er einn stjórnarmanna í Fjárfestingarstofunni var samþykkt í stjórn Fjárfestingarstofunnar að stofan mundi taka málið til meðferðar og meta með hvaða hætti best væri að þoka því áfram og eftir atvikum aðstoða atvinnuþróunarfélagið við að leita að nýjum samstarfsaðilum. Samkvæmt upplýsingum frá Fjárfestingarstofunni hefur þegar verið leitað til bandarísks ráðgjafarfyrirtækis sem sérhæft hefur sig í ráðgjöf fyrir matvælaiðnaðinn. Er verið að fara yfir frumgögn frá ráðgjafarfyrirtækinu til þess að unnt sé að meta hvort fara eigi út í frekara samstarf við það eða leita annað.

Ég vil á þessari stundu ekki vekja falskar vonir um að vinnsla kalkþörunga úr Arnarfirði verði hafin innan nokkurra vikna, en það er ljóst að lítt unnir kalkþörungar keppa á markaði þar sem er að finna margar aðrar vörur sem nothæfar eru í sama eða svipuðum tilgangi þar sem verð stjórnar alfarið eftirspurn. En helsta vonin til þess að unnt sé að tryggja stöðuga og arðbæra vinnslu úr Arnarfirði er að vinna hráefnið frekar en til að kanna slíka möguleika þarf bæði tíma og fjármuni.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að þegar hefur verið hafin vinna við að kanna möguleika á að ná árangri í þessum efnum. Ég get bætt því við að í iðnrn. hefur verið tilbúið leyfi vegna þessarar vinnslu um nokkurt skeið. Það stendur ekki á því.

[15:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hæstv. iðnrh. að þróunin varðandi þessa kalkþörungaverksmiðju við Arnarfjörð er því miður vonbrigði. Hún er vonbrigði vegna þess að atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum hefur átt undir högg að sækja síðustu tvo áratugina og kalkþörungaverksmiðja á Bíldudal og líka kræklingaeldi í Arnarfirði gætu verið aukagreinar sem mundu hjálpa þeim byggðum. En við skulum heldur ekki gleyma því að aðalástæðan fyrir því að þessar byggðir hafa farið svo halloka er náttúrlega sú að þær hafa misst nýtingarrétt sinn á helstu auðlindinni sem er fiskurinn í sjónum.

Ég er hér með skýrslu sem unnin var fyrir Íslenska kalkþörungafélagið sem mig langar til að lesa aðeins úr fyrir hæstv. iðnrh. sérstaklega í ljósi ummæla hennar um daginn fyrir tveimur dögum um það að tilfærsla aflamarks hefði ekki haft áhrif á búsetu fólks. Þar stendur um neikvæða þróun í búsetu fólks á sunnanverðum Vestfjörðum:

„Til að tryggja afkomu sína hefur þetta fólk flutt á önnur landsvæði sem hafa upp á næga atvinnu að bjóða. Því segja tölur um atvinnuleysi ekki nema hluta sögunnar, því hluti þeirra sem annars væru atvinnulausir hafa leyst vandræði sín með flutningi á önnur landsvæði.“

[15:55]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur spurt um mál sem er gríðarlega þýðingarmikið fyrir þær byggðir sem eiga í hlut og höfðu bundið vonir við að vinnsla á kalkþörungaseti gæti orðið til atvinnuuppbyggingar. Það er dapurt að þeir samningar sem búist hafði verið við að ná við kalkþörungavinnsluna í Arnarfirði skyldu síðan renna út í sandinn.

Ég vil fagna þeim undirtektum hjá hæstv. iðnrh. að Fjárfestingarstofunni, sem er á vegum iðnrn. og hefur þar verið að liðsinna við fyrst og fremst stóriðjuframkvæmdir, verði beitt til þess að koma þessum verkefnum bæði í Húnaflóanum hjá íbúum Húnaþings vestra og einnig við Arnarfjörð.

Ég vil líka benda á að á fjárlagalið iðnrn. er undirliður sem heitir Iðnaðarrannsóknir og stóriðja með nokkrar milljónir króna og ég hvet hæstv. ráðherra til að beita stofnunum sínum til þess að koma til aðstoðar við að vinna markað og samninga.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún gaf og er ég út af fyrir sig mjög —

(**Forseti** (SP): Hæstvirtum.)

hæstvirtum — hress með að könnun skuli vera farin af stað á því að nota Fjárfestingarstofuna til að finna aðra samstarfsaðila. Ég vonast vissulega til þess að það leiði til einhvers og leiði til þeirrar niðurstöðu að hægt verði að hefja þessa vinnslu. Auðvitað er ekki gott að vera að gefa neinar falskar vonir, en ég tel að þetta verkefni verði ekki sett í gang nema alveg skýlaust ákveðinn samstarfsaðili finnist. Ég tel að við getum ekki farið inn í þennan rekstur öðruvísi en að hafa samstarfsaðila sem hefur þekkingu á markaðnum og þekkingu á því að markaðssetja slíka vöru.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að sú vinna skuli hafa farið af stað og leyfið er tilbúið, þannig að það ætti svo sem ekkert að vera því til fyrirstöðu.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að hér er verið að tala um að það geti verið 16–18 störf sem skapist við þessa framleiðslu og að gert er ráð fyrir að íbúafjölgun gæti orðið sem næmi 30–40 manns í byggðarlaginu ef þetta verkefni kæmist á koppinn. Það er því eftir miklu að slægjast og fyrir það svæði sem hefur staðið veikt á undanförnum árum, sunnanverða Vestfirði, gæti þetta skipt verulega miklu máli að þar yrði ákveðinn viðsnúningur í viðhorfum fólks til framtíðar sinnar.

Ég fagna því ef þetta er komið á veg og vona svo sannarlega að ekki verði gefið eftir í því að reyna að finna samstarfsaðila sem tekur þetta verkefni að sér. Það má jafnvel reyna þetta með beinu útboði þar sem fyrirtækið vill taka að sér þessa nýtingu fyrir ákveðið verð eða ákveðna aðlögun.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka það að við munum ekki draga af okkur í iðnrn. í þessu máli því þetta er eitt af þeim málum sem ég batt mjög miklar vonir við í sambandi við suðurfirðina og því voru þau gífurleg vonbrigði þegar snurða hljóp á þráðinn. Hins vegar er rétt að hafa í huga að Írarnir eru svo sem ekki hættir við og ég veit að þeir eru væntanlegir hingað eftir nokkrar vikur til þess að fara yfir málið. En engu að síður töldum við rétt að beita þeim stofnunum

sem við eigum yfir að ráða til að reyna að leita að öðrum samstarfsaðila og þannig stendur málið á þessari stundu.

Mig langar aðeins til að leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að ég hafi sagt að tilflutningur á kvóta hafi ekki haft áhrif á búsetu fólks. Ég held ég hafi nú ekki tekið svo mikið upp í mig, ég kannast ekki við það. En ég sagði hins vegar að samkvæmt skýrslum sem liggja fyrir hafi tilflutningur á aflaheimildum haft minni áhrif á flutning fólks á milli svæða en haldið hafi verið fram. Og þetta er í sjálfu sér mál sem hægt er að deila um. En þær skýrslur hafa alla vega komist að þeirri niðurstöðu, eða skýrsluhöfundar, og það eru fleiri en ein og fleiri en tvær skýrslur sem segja þetta. En það er nú ekki aðalatriðið.

Ég vil líka taka fram af því kræklingaræktin kom til umræðu, að það er mál sem ég hef reynt að sýna áhuga og styrkja í litlum mæli þó, en mér finnst að það sé atvinnugrein sem eigi rétt á sér og geti vonandi eflst því hún getur skipt máli fyrir nokkra smáa staði eða smá byggðarlög á landsbyggðinni.

Út af dagskrá voru tekin 11. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 16:02.

---

12. FUNDUR

fimmtudaginn 16. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjármálafyrirtæki, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Raforkukostnaður fyrirtækja, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samkeppnislög, frv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 10. mál, þskj. 10. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Fæðingar- og foreldraorlof, frv., 13. mál, þskj. 13. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. GATS-samningurinn, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Barnalög, frv., 152. mál, þskj. 152. — 1. umr.
9. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 140. mál, þskj. 140. — 1. umr.
10. Talnagetraunir, stjfrv., 141. mál, þskj. 141. — 1. umr.
11. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 142. mál, þskj. 142. — 1. umr.
12. Almenn hegningarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.
13. Framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
14. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
15. Kosningar til Alþingis, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
16. Skattafsláttur vegna barna, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
17. Stofnun stjórnsýsluskóla, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
18. Tannvernd barna og unglinga, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
19. Seðlabanki Íslands, frv., 153. mál, þskj. 153. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil geta þess að atkvæðagreiðslur fara fram að loknu hádegishléi, um kl. hálftvö.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Áfengislög, 163. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 165.

Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, 166. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 168.

Námsefni um hlutskipti kvenna um víða veröld, 165. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 167.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[10:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Í þingbyrjun lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig rökstyður ráðherra þá ákvörðun að reikna þátttöku Íslands í borgaralegri friðargæslu sem framlag landsins til þróunarsamvinnu?“

Svar barst við fyrirspurninni í vikunni og ég kem hér upp, hæstv. forseti, til þess að vekja athygli á því hversu rýrt og efnislítið þetta svar er. Ég hafði hreinlega búist við því að hæstv. utanrrh. mundi rökstyðja þessa ákvörðun sína betur en hér er gert. Hér fylgir ekki einu sinni skilgreining þróunaraðstoðarnefndar OECD um það hvers vegna borgaraleg friðargæsla skuli reiknast sem þróunarsamvinna og ég hefði haldið að það væri grunnskilyrði þess að hægt væri að svara spurningunni.

Ég sé það, hæstv. forseti, að ég verð að spyrja spurningarinnar aftur og kannski í fleiri liðum til þess að fá viðunandi

svör, en ég vil vekja athygli á þessum vinnubrögðum og lýsa yfir vonbrigðum mínum með að geta ekki fengið skýr svör við mjög skýrum og einföldum spurningum.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þm. á að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson er erlendis í opinberum erindisgerðum (Gripið fram í.) og hefur tekið varamann inn á þing svo það liggi ljóst fyrir. En ég tók ummæli hv. þm. eins og hún sagði að talað væri til forseta.

[10:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt þegar svari eða meðferð þingmáls í þinginu er ábótavant að gera athugasemd við það strax og þess vegna er fullkomlega eðlilegt að þingmaðurinn, Þórunn Sveinbjarnardóttir, komi og geri forseta grein fyrir því að þetta er ekkert svar sem hér hefur borist á borð þingmanna.

Í tilefni af þeirri fyrirspurn sem þingmaðurinn bar fram og gagnrýni hennar á svarið, þá hlýt ég að vekja athygli á því hversu veikt það er að nota orðið friðargæsla um þá starfsemi sem við erum að taka þátt í. Sú starfsemi sem við tökum þátt í erlendis og hér er nefnd friðargæsla er t.d. nefnd „krigshantering" á Norðurlöndunum og það má segja að hún sé í þremur þáttum. Í fyrsta lagi aðkoma okkar landa, til að mynda Norðurlandanna, þegar spenna er að myndast á svæðum og hugsanlegar aðgerðir til að taka þátt í að afstýra því að þessi spenna brjótist út sem átök, aðkoma eftir að átök brjótast út, og við höfum horft víða á það, og þátttaka við uppbyggingu í kjölfar átaka. En þetta orð „friðargæsla" hér á Íslandi vekur þá hugsun í hugum manna að við séum bara að koma til að taka þátt og hjálpa fólki einhvers staðar til betra lífs. Þetta er miklu umfangsmeira og ég vek athygli á því að Ísland er m.a. orðið formlegur þátttakandi í Norcat. Það er fullkomlega óásættanlegt, eins og hv. þm. benti á, að koma hér með þær útskýringar sem birtast í svarinu á þskj. 163 og ætlast til þess að þingmenn meðtaki það að þetta sem hér er tilgreint sé hefðbundin friðargæsla. Ég tek undir þá gagnrýni sem þingmaðurinn kom hér með, herra forseti.

Barnalög, 1. umr.

Frv. allshn., 152. mál (lagaskil). — Þskj. 152.

[10:36]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. frá allshn. um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er lagt til að í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2003" hvarvetna í 81. gr. laganna komi: 1. nóvember 2003.

Þannig er að þegar frv. til nýrra barnalaga var samþykkt á 128. löggjafarþingi láðist að breyta dagsetningum í 81. gr. frv. sem fjallar um lagaskil til samræmis við gildistökuákvæði frv. sem var breytt í meðförum allshn. úr 1. janúar 2003 í 1. nóvember 2003. Þessu frv. er ætlað að samræma lagaskilaákvæði og gildistökuákvæði laganna áður en lögin taka gildi 1. nóvember nk. Þetta ósamræmi hefur m.a. þá þýðingu að þrátt fyrir að gildistökuákvæði laganna kveði á um að lögin skuli taka gildi eins og áður hefur komið fram 1. nóvember nk., þá segir í 81. gr. laganna, sem fjallar um lagaskil, að lögunum skuli beitt um dómsmál skv. II., III. og VI. kafla laganna sem hafi verið þingfest eftir 1. janúar 2003. Þetta er mjög óheppilegt ósamræmi.

Allshn. leggur fram þetta frv. og hefur fjallað um það og mælist til þess að frv. verði samþykkt. Ég geri það að minni tillögu að málinu verði ekki vísað til nefndarinnar þar sem nefndin leggur frv. fram og hefur þegar fjallað um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140.

[10:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Frv. gengur út á það að framlengja einkaleyfi happdrættisins til þess að reka happdrætti til 1. janúar 2019.

Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til rekstrar peningahappdrættis hér á landi síðan 1934, sbr. lög nr. 44 19. júní 1933. Hefur happdrættið síðan að langmestu leyti staðið undir öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands og þannig verið honum ómetanleg lyftistöng, en jafnframt hefur happdrættið að sama skapi sparað ríkissjóði útgjöld. Frumvarpið miðar að því að Happdrætti Háskóla Íslands verði gert kleift að fullnægja óskum viðskiptavina sinna og tryggja þar með að það geti enn sem fyrr verið fjárhagslegur bakhjarl Háskóla Íslands.

Sá háttur hefur verið hafður á að lagaheimild til einkaleyfisveitingarinnar hefur verið bundin til 10 eða 15 ára í senn. Núgildandi heimild, sem endurnýjuð var til 15 ára með lögum nr. 23 5. maí 1986, rennur út 1. janúar 2004. Er því brýnt að hún verði endurnýjuð nú og lagt er til að það verði gert til 15 ára.

Jafnframt er rétt að benda á að hugsanlega getur þurft að stytta leyfisveitinguna ef breyta þarf skipan happdrættismála hér á landi, svo sem ef alþjóðlegar reglur kalla á slíkar breytingar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

[10:40]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar á sér langa sögu og er ekki óeðlilegt að menn vilji halda því formi sem hér hefur ríkt um áratuga skeið jafnvel þótt tímarnir hafi breyst mjög sem raun ber vitni um. Þannig háttaði til að á 123. löggjafarþingi 1998/1999 lagði ég fram tvö frumvörp varðandi Happdrætti SÍBS og Happdrætti DAS þar sem tillagan gekk út á það að lagabreyting yrði með þeim hætti að þau happdrætti fengju einnig leyfi til þess að greiða út vinninga í peningum. En þessi tvö happdrætti hafa unnið þjóðfélaginu þarft verk í gegnum árin og áratugina, aflað fé til bættra lífsgæða, endurhæfingar þeirra sem lent hafa í slysum og veikindum og til að búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

Það má segja að á því herrans ári 2003 skjóti nokkuð skökku við að enn skuli vera flutt frv. um Happdrætti Háskóla Íslands þar sem framlengt er leyfi til einkaleyfis á þessu sviði. Þegar þetta mál kom til umræðu í hv. allshn og

hún hafði fjallað um málið, sagði m.a. svo, með leyfi forseta, í greinargerð frá nefndinni vegna þessa máls:

„Nefndin hefur skilning á vanda umræddra happdrætta og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvörpunum, en þar sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á peningahappdrætti samkvæmt lögum nr. 13/1973, með síðari breytingum, telur nefndin ekki unnt að leggja til að þau verði samþykkt. Nefndin telur eðlilegt að happdrættismarkaðurinn í heild verði tekinn til skoðunar og að sett verði ein heildarlög um happdrætti og leggur til að málunum verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þetta er sem sagt niðurstaðan sem hæstv. dómsmrh. var að fylgja hér úr hlaði. En síðan þetta álit allshn. kom fram hefur líka komið fram álit Samkeppnisstofnunar vegna þess að þessi happdrætti undu ekki við þessa niðurstöðu og var málinu vísað til Samkeppnisstofnunar. Þar kemur m.a. fram að ekki er allt sem sýnist. Með leyfi forseta, vildi ég aðeins vitna til álits Samkeppnisstofnunar frá 9. maí árið 2000. Þar segir svo:

„Aðgangur að happdrættismarkaðnum er ekki frjáls. Vilji löggjafarvaldsins á hverjum tíma ræður því hverjir fá að reka happdrætti og hvernig tekjum er skipt í vinninga, leyfisgjöld og ágóða. Leyfi er veitt fyrir rekstri happdrættanna með tilliti til þeirra markmiða löggjafarvaldsins að afla fjár til almannaheilla án opinbers rekstrar. Happdrættin, sem starfa samkvæmt núgildandi sérlögum, ættu að mati samkeppnisráðs að njóta jafnræðis hvað varðar skilmála fyrir rekstrinum, þannig að virk samkeppni geti þróast á milli þeirra. Vinningshafar vöruhappdrættanna þurfa að hafa fyrirhöfn og væntanlega kostnað af því að koma vinningum sínum í peninga. Það er því óhagkvæmt fyrir neytendur og getur gert vinninga verðminni í hendi vinningshafa heldur en efni standa til. Einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til þess að greiða vinninga út í peningum gefur happdrættinu samkeppnislegt forskot gagnvart vöruhappdrættunum og torveldar frjálsa samkeppni á markaðnum. Einkaleyfið fer því gegn markmiðum samkeppnislaga."

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, herra forseti, en mun að sjálfsögðu koma þessu máli og skoðunum Samkeppnisstofnunar til allshn. og vænti þess þá að hún hafi úr öðru að spila en því sem áður var í ljósi þess og með tilliti til þess sem hér hefur komið fram.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er skiljanlegt að meðan ekki er leitað annarra fjármögnunarleiða fyrir Háskóla Íslands að ríkisstjórnin komi fram með frv. af þessu tagi um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands og óski eftir því að framlengja þann tíma sem veittur er til einkaleyfis á að reka happdrætti. Það hlýtur hins vegar að vera umhugsunarefni að enn árið 2003 skuli þessa æðsta menntastofnun þjóðarinnar þurfa að byggja í svo ríkum mæli á áhuga fólks á að spila með fé. Ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh. í upphafi máls míns hvort ríkisstjórnin hafi ekki rætt það að háskólinn fái fjármagn til uppbyggingar eftir öðrum leiðum en þessari.

Fyrr á árum var öðruvísi litið á happdrætti. Fólk átti miða í Happdrætti Háskóla Íslands. Það átti e.t.v. miða í Vöruhappdrætti SÍBS eða miða í Happdrætti DAS allt eftir því við hvaða gott framtak og góða starfsemi það vildi styðja. Fólk mundi númerin sín, þótti vænt um þau og átti þessa miða árum saman, miðann sinn eða miðana sína. Þetta var fyrr á árum meðan þetta mál var tiltölulega saklaust og enginn tengdi það við spilafíkn að eiga miða í Happdrætti Háskólans.

En fyrir nokkrum árum voru sett ný lög um spilakassa og Happdrætti Háskólans rekur slíka í talsvert miklu umfangi. Þegar þeir sem hafa leyfi til að reka spilakassana hafa verið spurðir um það á liðnum árum hve miklar tekjur komi í gegnum spilakassana þá hefur komið í ljós að það eru mjög miklir peningar. Það eru mjög miklir peningar sem renna til háskólans og hafa gert honum kleift að standa í mikilvægum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum sem nauðsynleg eru.

En það er önnur hlið á þessu máli. Þegar lögin sem heimiluðu rekstur spilakassa voru í undirbúningi spunnust miklar deilur. Það spunnust deilur um hvort það ætti að heimila þessum tilteknu aðilum sem þá voru tilgreindir í frv. að reka spilakassa. Það voru deilendur í málinu og þeir sameinuðust þegar hver um sig hafði fengið sinn hlut þannig að deilendur sameinuðust um að fá að reka þessa spilakassa og vera tilgreindir í lögunum.

Menn höfðu áhyggjur þegar þessi lög voru sett. Sumir sáu fyrir sér að þarna væri verið að skapa alveg nýtt umhverfi sem gæti borið hættuna með sér. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða, virðulegi forseti, að enginn hafi samt séð það fyrir sem síðan hefur gerst vegna þess að spilakassarnir og spilafíknin sem hefur blómstrað með þeim hafa lagt heimili margra fjölskyldna í rúst.

Við komum alltaf að þessu með frelsið, frelsið til þess nota peningana sína með tilteknum hætti, þ.e. fólk eigi að sjá fótum sínum forráð, að það sé fólkinu sjálfu að kenna ef það fari með alla matarpeningana í spilakassa og eyði þeim á þrem dögum og síðan sé ekkert eftir til að kaupa mat fyrir fjölskylduna. Það er ekki spilakössunum að kenna. Það er ekki löggjafanum að kenna sem heimilaði þá. Það er því að kenna að menn sjá ekki fótum sínum forráð.

En þetta er ekki svona einfalt. Umræðan hefur verið mjög hörð um spilakassana og um spilafíknina. Bæði Háskóli Íslands eða hinir sem hafa leyfi til að reka spilakassa fá gífurlegar tekjur. Við sjáum það og hugsum: En gott að háskólinn skuli geta byggt meira. Það er alveg frábært að háskólinn skuli geta keypt tæki. En þessi fjárhæð birtist í svörum, m.a. þeim svörum sem ég hef beðið um þegar ég hef spurt á liðnum árum: Hvað hafa spilakassarnir verið að skila miklum tekjum? Það eru óhugnanlegar fjárhæðir sem hafa runnið úr vösum landsmanna í þessa spilakassa.

Ég get ekki annað, virðulegi forseti, en bent á það gífurlega vandamál sem hefur þróast við hliðina á þessari nýju heimild um happdrætti. Við erum ekki lengur að framlengja heimild fyrir Happdrætti Háskóla Íslands — ég lít alla vega svo á að heimildin fyrir Námunni sé inni í þessu — heldur erum við að gefa áframhaldandi heimild til reksturs spilakassanna og þess sem hér er gert að umtalsefni. Þess vegna spyr ég og endurtek spurninguna til hæstv. menntmrh.: Hefur það verið skoðað að þessi virðulega menntastofnun fái aðra tekjustofna en þetta sem hingað til hefur staðið undir svo mikilvægum þáttum? Um þetta spyr ég í ljósi þess hversu alvarlegir hlutir liggja þarna á bak við.

[10:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Já, það er eðlilegt að hv. þingmenn ruglist í því hvaða embættum viðkomandi þingmenn gegna í ríkisstjórninni í það og það skiptið. Hér erum við auðvitað að ávarpa hæstv. dómsmrh. sem til skamms tíma gegndi

ráðherraembætti í öðru ráðuneyti, nefnilega menntmrn. Því skyldi maður ætla að hæstv. ráðherra, Björn Bjarnason, sé vel kunnugur þeim málum sem hér er verið að fjalla um, bakgrunni þeirra, og þekki vel þær áhyggjur sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lýsti hér varðandi hið tvöfalda siðgæði sem ríkir í veröld happdrætta á Íslandi.

Nú er það alkunna að happdrætti og peningahappdrætti Háskóla Íslands hefur verið mjög öflugur bakhjarl ákveðinna rekstrarþátta háskólans, þ.e. bygginga og kostnaðar við nýbyggingar og framkvæmdir hjá háskólanum. Auðvitað hefði enginn okkar sem sitjum í þessum sal viljað skerða möguleika Háskóla Íslands til þeirra framkvæmda sem um ræðir. Hins vegar höfum við vaxandi áhyggjur af því siðferði sem verið er að nýta sér eða sem kemur í ljós þar sem happdrættisreksturinn hefur dregið fram í dagsljósið ákveðnar skuggahliðar í mannlífinu. Hann hefur dregið fram í dagsljósið gífurlega alvarlega persónulega harmleiki sem tengjast spilafíkninni.

Þegar við ræðum þetta mál verðum við að skoða ofan í kjölinn hvort við viljum taka þessa siðferðilegu ábyrgð sem við óneitanlega stöndum að með heimildum Háskóla Íslands til happdrættisrekstrar. Ég held líka að við verðum að ræða þetta mjög yfirvegað og hún er fullkomlega eðlileg spurningin sem sá hv. þm. sem talaði á undan mér bar upp til hæstv. dómsmrh., þ.e. hvort ríkisstjórnin hafi í alvöru hugað að því að til væru aðrir möguleikar fyrir Háskóla Íslands til að afla fjár til þeirra framkvæmda sem happdrættið hefur hingað til fjármagnað.

Ég held líka að eðlilegt sé að við ræðum í umfjöllun um þetta mál almenn sjónarmið varðandi peningahappdrætti og ræðum ofan í kjölinn þau mál sem hafa komið upp í samfélaginu og hafa verið mjög fyrirferðarmikil í fjölmiðlum síðustu árin. Ég held að það sé eðlilegt að þingheimur taki á þessum málum núna þegar tækifæri gefst til og að við skoðum siðferðistilfinningu okkar gagnvart þessu ofan í kjölinn. Við getum þá um leið talað um þær aðferðir sem ríkisvaldið hefur til þess að styðja við bakið á því fólki sem lendir í þeim harmleik sem getur stafað af spilafíkn. Við verðum að viðurkenna ábyrgð okkar í þessum efnum, gangast við henni og vera ófeimin við að ræða hana um leið og við ræðum tæknilega um peningahappdrætti og einkaleyfi Háskóla Íslands á slíkum rekstri.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, herra forseti. Ég geri ráð fyrir að allshn. fái þetta mál til umfjöllunar og að þar verði farið djúpt ofan í saumana á því. En ég tel eðlilegt að við skoðum þessa hlið málsins, þ.e. hina siðferðilegu, um leið og við skoðum hina tæknilegu.

[10:55]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka ágætar umræður um málið þótt ekkert komi í sjálfu sér á óvart í þeim því að öll eru þessi mál þaulrædd og hafa verið rædd oft á Alþingi, bæði það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi og einnig hinir tveir síðari ræðumenn. Ég tók vissulega þátt í umræðum um þetta sem menntmrh. á sínum tíma þegar mest var talað um spilakassana svonefndu og tekjuöflun Háskóla Íslands vegna þeirra. Ég minnist þess að hér voru lagðar fram og opinberlega lagðar fram greinargerðir frá siðfræðingum og öðrum um það mál. Ég leyfi mér að vísa hv. þingmönnum til þeirra greinargerða. Ég ætla ekki að endursegja þær hér. Þar voru sérfróðari menn en ég sem fjölluðu um málið og komust að sinni niðurstöðu eins og við vitum. En að sjálfsögðu er það mat þeirra. Þingmenn kunna að hafa aðrar skoðanir en þessir ágætu sérfræðingar. Þetta er álitaefni sem við þurfum að líta til og velta fyrir okkur þegar við fjöllum um þessi mál og sjálfsagt og eðlilegt er að gera það.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að á þessu sviði eins og öðrum hefur alþjóðavæðingin breytt ýmsu og hnattvæðingin leitt til þess m.a. að ríki og þjóðir hafa sett sér þau markmið að ná undirtökunum á alþjóðamarkaði varðandi happdrættismál, spilamál, lottó og aðra slíka starfsemi. Spilafíknin getur fengið útrás á mörgum sviðum. Ég tel að ekki sé nú rétt af okkur Íslendingum að verða svo heilagir í þessum málum að við hættum að reka slíka starfsemi og afla fjár með þessum hætti til þess m.a. að standa við bakið á Háskóla Íslands. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að líta til þess hvaða stöðu við höfum að þessu leyti varðandi samkeppni á alþjóðavettvangi. Við getum ekki sagt sem svo að leggjum við niður þessa starfsemi hér þá muni hún hverfa í landi okkar. Ég held að enginn þingmaður ætli t.d. að banna mönnum að nota internetið í þessu skyni ef þeir kjósa að gera það. Hins vegar finnst mér að við eigum að hafa þá kosti í okkar landi sem gefa færi á því að menn geti tekið þátt í þessu eins og öðru. Við stöndum þar að því leyti jafnfætis öðrum þjóðum þegar litið er á samkeppni á milli ríkja. Það er ekki hægt að líta á þá alþjóðlegu samkeppni í hólfum heldur verður að líta á hana í heild og m.a. að þessu leyti. Siðferðileg umræða á vissulega rétt á sér og er nauðsynleg. En við verðum líka að líta á þann veruleika sem við búum við og þær staðreyndir sem við blasa í umhverfi okkar.

Varðandi aðrar leiðir fyrir Háskóla Íslands til að afla sér þessara tekna þá er það að sjálfsögðu ávallt álitamál og hve langt á að ganga til þess að heimila Háskóla Íslands að afla sér sértekna. Ég man það sem menntmrh. að þegar ég kom hér með tillögur um að hækka innritunargjald í Háskóla Íslands þá risu þeir þingmenn upp sem hér gagnrýna þetta og töldu að það væri of langt gengið við innheimtu á innritunargjöldum í Háskóla Íslands og ekki mætti gefa honum heimild til þess að afla sér sértekna með þeim hætti. Ég veit því ekki hvaða tillögur ég get flutt hér á þinginu og þessir þingmenn munu samþykkja ef um það er að ræða á annað borð að gefa Háskóla Íslands heimild til að afla sér sértekna. Ég vildi gjarnan spyrja þá þingmenn frekar um það hvaða leiðir þeir sjá til þess að heimila Háskóla Íslands að afla sér sértekna, ef þeir eru bæði á móti þessari leið og einnig á móti því að háskólinn hafi leyfi til þess að afla sér sértekna með innritunargjöldum. Ég ætla ekki að tala um skólagjöldin til þess að setja hér ekki allt í uppnám á þessari morgunstund því að ef um þau er rætt þá veit ég að hv. þm. munu verða enn þá ærstari jafnvel en þegar þessi mál ber á góma.

Ég vil vekja máls á því að tekjur Háskóla Íslands af þessum rekstri voru 508 millj. árið 2001 og 495 millj. árið 2002. Það munar um minna fyrir allar stofnanir, hvort sem það er Háskóli Íslands eða aðrar stofnanir. Við erum því að tala um ríka hagsmuni háskólans og að líta verði til þeirra hluta líka þegar við fjöllum um þetta.

Ég skil vel þau sjónarmið sem komu fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og fagna því að hann muni leggja sín gögn fyrir allshn. þingsins. Ég tel að ganga þurfi til þess verks að setja almenna löggjöf um happdrættisstarfsemi í landinu. Dómsmrh. skipaði árið 1998 nefnd til að fjalla um mótun framtíðarstefnu í happdrættismálum. Hún skilaði áliti í febrúar árið 1999 og nefndi þrjár leiðir, þ.e. að öll happdrætti yrðu ríkisrekin, að öll happdrætti yrðu einkarekin

og að öll happdrætti yrðu annaðhvort ríkis- eða einkarekin. Þetta er ekki flókin staða í raun og veru þannig að það eru ekki margir kostir í þessu. Við þingmenn þurfum því að gera þetta upp við okkur og er ágætt að allshn. fjallaði um þessa þrjá kosti þannig að menn sæju þar og við fengjum kannski vísbendingar um það frá þingmönnum hvaða leiðir af þessum þremur þeir kysu helst að fara.

Ég vil minna á að Happdrætti Háskóla Íslands greiðir einkaleyfisgjald fyrir þessa starfsemi sína og 20% af tekjum happdrættisins renna í ríkissjóð sem einkaleyfisgjald. Það voru 110 millj. kr. á síðasta ári. Ef við afnemum einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands og heimilum öllum happdrættum að reka peningahappdrætti þá tel ég að sjálfsögðu að þetta einkaleyfisgjald mundi hverfa frá háskólanum eða happdrætti hans. Hins vegar er spurning hvort ríkissjóður væri tilbúinn til þess að afsala sér þessum tekjum. Þá yrði væntanlega til þess litið að öll happdrætti legðu í það púkk þannig að ekki yrði gengið á hagsmuni ríkissjóðs með tilliti til þeirra tekna sem hann hefur af þessu einkaleyfisgjaldi.

Herra forseti. Ég tel mig hafa svarað þeim sjónarmiðum sem komu fram í ræðum þingmanna.

[11:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið til að biðja hæstv. dómsmrh. velvirðingar á að ég skuli ítrekað hafa ávarpað hann sem menntmrh. Það ætti að vera sumum áhyggjuefni en hann getur nokkuð vel við unað að vera svo sterkt tengdur við menntamálin.

Þessi orðaskipti gefa mér tilefni til að endurtaka enn á ný fyrirspurn mína um tekjurnar af spilakössunum. Þessi mál hafa verið rædd af mikilli yfirvegun og alger óþarfi að vera með æsing út af þeim. Þetta er mál sem við eigum að ræða og eðlilegt að sú umræða komi upp undir þessu frv. um fjármögnun til Háskóla Íslands. Ég geri mér alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er mjög erfitt að banna kassana þegar málin eru komin á það stig sem nú er. Það er miklu erfiðara að snúa til baka en verið hefði ef byrjað hefði verið með afmarkaðri hætti.

Nú er mikilvægast að leita leiða til að stemma stigu við aðgengi barna og unglinga að spilakössum. Þar er ekki nóg að gert. Það þarf öfluga fræðslu og meðferðarúrræði þegar skaðinn er skeður. En við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að mjög mörgum finnst óviðkunnanlegt að háskólinn þurfi að treysta svo mjög á tekjur af spilakössum og af happdrætti. Varðandi það hvað eigi að koma í staðinn þá ráðlegg ég hæstv. dómsmrh. að leggja til í ríkisstjórn að skoðað verði hvar ríkisháskólar í nágrannalöndunum fá fjármagn til uppbyggingar og reksturs.

[11:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. ætlar greinilega að spyrða okkur hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur saman í andsvörum sínum þar sem hann fer ekki í andsvar við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Ég verð hins vegar á svipuðum nótum.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra nefnir að alþjóðavæðingin á netinu gerir fólki og þjóðríkjum erfitt fyrir að standa í fæturna varðandi siðferði og það að reyna að sjá til að fíknir eigi ekki greiðan aðgang að borgurunum. Nú er það svo að við höfum tekið á okkur ákveðna ábyrgð í því sambandi. Samfélagið og samhjálpin býður upp á meðferðarúrræði sem eru sniðin fyrir fólk sem ánetjast fíknum vegna áfengisneyslu og neyslu fíkniefna. Hins vegar hefur ekki í sama mæli verið komið til móts við fólk sem hefur ánetjast spilafíkninni. Við þurfum þess vegna að taka þessi mál til gagngerrar skoðunar.

Varðandi spilakassana sem eru í notkun er nauðsynlegt að það komi fram að lagðar hafa verið fram öflugar og framkvæmanlegar tillögur og hugmyndir í þá átt að hafa betri stjórn á þeim en nú er. Þar má í fyrsta lagi nefna takmarkaðan aðgang barna og ungmenna. Í öðru lagi verðum við að horfa til þeirra kassa sem eru samtengdir. Það má hugsa til þess þegar um þetta mál er fjallað að kassar sem eru samtengdir þar sem gífurlegar upphæðir eru í boði eru auðvitað hættulegri þeim sem veikir eru á svellinu en kassar sem hafa lægri upphæðir að bjóða í spilunum.

Við vitum að það verður ekki hægt að útiloka eða henda þessum spilakössum eða happdrættum út í hafsauga í einu lagi. Hins vegar verðum við að sjá til þess að þær takmarkanir sem okkur eru mögulegar og geta stemmt stigu við neikvæðum afleiðingum verði nýttar. Það er á ábyrgð okkar, ríkisvaldsins, að gera það.

[11:06]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst leiðrétta hæstv. dómsmrh. varðandi það að ræðumenn hefðu verið á móti hækkun skólagjalda til háskólans. Þar vorum við þrjú sett undir en ég vil leiðrétta það. Ég hef aldrei komið að því máli og ekki sett mig upp á móti skólagjöldum.

Varðandi skýrsluna sem vitnað er til þá er það rétt að hún fjallar um sérkennilegt viðfangsefni og niðurstaða hennar bráðskemmtileg, svo ekki sé meira sagt. Ég vildi aðeins skerpa á því sem hæstv. dómsmrh. kom inn á varðandi leiðirnar. Í fyrsta lagi að happdrættin verði ríkisrekin, í öðru lagi einkarekin eða í þriðja lagi ýmist ríkis- og einkarekin. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hver af þessum þremur leiðum er heppilegust og lítur svo á að þar sé um að ræða ákvörðun sem eðlilegt er að tekin verði á vettvangi stjórnmálanna.

Herra forseti. Virðulegur dómsmrh. kom inn á það áðan að einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands rynni í ríkissjóð. Hér er ég með grein úr Morgunblaðinu frá 7. nóvember árið 2000 sem skrifuð er af framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins, Vilhjálmi Lúðvíkssyni. Ég vildi, með leyfi forseta, vitna aðeins til þess sem þar segir:

„Ein af tillögum rektors og forsvarsmanna stúdenta er að fella niður svokallað einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands sem nemur 20% af nettótekjum Happdrættisins. Þetta kann að hljóma eins og þjóðráð því hvort tveggja sé að feitur ríkissjóður þurfi ekkert á þessu gjaldi að halda nú og að ríkisvaldið hafi hvort eð er svikið sjálfar forsendur þess með því að leyfa fleiri aðilum að reka peningahappdrætti. Einkaleyfið sem greitt var fyrir hafi því ekki að haldið.

Svona einfalt er málið þó ekki því staðreynd málsins er sú að einkaleyfisgjaldið hefur ekki staldrað lengi í ríkissjóði heldur runnið beint í bygginga- og tækjasjóð rannsóknastarfseminnar í landinu. Það gerist nú samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Er þessi sjóður nú ein helst uppspretta fjármagns til meiri háttar tækjakaupa til rannsókna í landinu. Hefur hann komið að góðum notum, ekki síst innan Háskóla Íslands þar sem einmitt hefur þrengst um fé til tækjakaupa á síðustu árum.

Sjóðurinn ráðstafar nú þrisvar til fjórum sinnum meira fé til tækjakaupa en tækjakaupafé Háskólans sjálfs gerir. Sjóðurinn hefur hins vegar lagt áherslu á samvinnu milli stofnana um meiri háttar fjárfestingarverkefni, bæði samfjármögnun

til að laða fleiri aðila til stuðnings við einstök átaksverkefni sem enginn einn hefur bolmagn til og einnig til að tryggja samnýtingu svo ekki þurfi allir að kaupa sömu tæki sem síðan væru illa nýtt."

Hann bendir síðan á þau svið sem notið hafa framlaga úr sjóðnum, með leyfi forseta:

„Sem dæmi má nefna eftirfarandi svið vísinda og tækni sem sjóðurinn hefur komið að á undanförnum fimm árum. Upptalningin nær eingöngu til helstu sviða og er ekki tæmandi:

Fjölbreyttur tækjakostur til sameindalíffræðilegra grunnrannsókna og rannsókna ... Sameiginleg aðstaða til dýratilrauna fyrir lyfja- og læknisfræðilegar rannsóknir fjölmargra aðila ... Tæki til ýmissa læknisfræðilegra rannsókna og tækniþróunar annarra en sameindalíffræðilegra ... Aðstaða og tækjabúnaður til líftæknirannsókna í samvinnu rannsóknastofnana atvinnuveganna, Háskóla Íslands, og ýmissa fyrirtækja ... Margvísleg tæki til matvælatæknilegra rannsókna á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri o.fl. ... Sérhæfður massagreinir fyrir Norrænu eldfjallastöðina ..." — og fleira telur hann upp sem ég ætla ekki að tína til.

Einkaleyfisgjaldið hefur því komið sér mjög vel og hefur ekki staldrað við í ríkissjóði eins og greinarhöfundur segir réttilega frá.

Ég teldi hins vegar enga goðgá að það yrði skoðað alvarlega hvernig standa má að þeim málum, líkt og þessi virðulega nefnd sem var skipuð hér á árunum og hefur skilað umfangsmikilli skýrslu. Reyndin er sú, virðulegi forseti, að það eru miklu fleiri aðilar sem greiða út vinninga í beinhörðu fé en Happdrætti Háskóla Íslands. Það eru spilakassarnir, Íslensk getspá og fleiri aðilar sem hafa komið inn á markaðinn eftir að einkaleyfislögin um Happdrætti Háskóla Íslands voru sett. Það er gert þrátt fyrir að lög um einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands séu í gildi.

Ég er ekki að deila á þetta í sjálfu sér. Ég vil hins vegar að þau gagnmerku happdrætti sem hafa unnið þjóðinni heilt og vel, eins og Happdrætti SÍBS og Happdrætti DAS, sitji við sama borð og Happdrætti Háskóla Íslands. Þau hafa stutt vel við góð málefni og það hefur háskólinn gert líka. Þess vegna er eðlilegt að hv. allshn. skoði þetta mál í ljósi þess sem ég gat um áðan, þ.e. niðurstöðu Samkeppnisstofnunar sem telur rangt að málum staðið varðandi einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Talnagetraunir, 1. umr.

Stjfrv., 141. mál (framlenging rekstrarleyfis). — Þskj. 141.

[11:12]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að breyta heiti Íþróttasambands Íslands í Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, sem er í samræmi við breytingar á heiti þessa sambands. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að þeim aðilum sem þarna er um að ræða verði heimilað að reka þessa starfsemi til 1. janúar árið 2009.

Með lögum nr. 26 2. maí 1986, var Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands veitt leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags sem samtökin mundu stofna, talna- eða bókstafagetraunir. Starfsemin er rekin í nafni félagsins Íslensk getspá. Heimildin var veitt til tæplega 20 ára og gildir til ársloka 2005.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþrótta- og ungmennastarfi í landinu og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja eða til að standa undir annarri starfsemi Öryrkjabandalagsins í þágu öryrkja. Reksturinn hefur haft mikla fjárhagslega þýðingu fyrir eigendurna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild dómsmálaráðherra til að veita félaginu leyfi til að reka getraunastarfsemi verði framlengd til 1. janúar 2019. Brýnt er að frumvarpið nái fram að ganga nú þar sem endurnýja þarf tækjabúnað og því nauðsynlegt að framtíðarhorfur félagsins séu skýrar þegar gengið verður til samninga um það.

Jafnframt er rétt að benda á að hugsanlega getur þurft að stytta leyfistímann ef breyta þarf skipan happdrættismála hér á landi, svo sem ef alþjóðlegar reglur kalla á slíkar breytingar.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

[11:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um breyting á lögum um talnagetraunir. Breytingin sem hæstv. dómsmrh. leggur til lýtur að því að nafnið Íþróttasamband Íslands breytist í Íþrótta- og ólympíusamband Íslands.

Nú er kannski eðlilegt að þingmenn sem hafa áhuga á þessum málum varpi fram þeim spurningum hvort eðlilegt væri að allshn. færi að öðru leyti ofan í þessi lög. Það er alkunna að menn hafa rætt það vítt og breitt hvort rétt sé að skipting þess fjár sem kemur inn í gegnum talnagetraunir sé ævinlega sú sem lögin gera ráð fyrir.

Nú er það víða þannig í nágrannalöndum okkar að menningarstarfsemi ýmiss konar hefur fengið stuðning í gegnum lottóvélar og talnagetraunir. Það væri kannski hægt að hugsa sér að allshn. tæki til skoðunar í umfjöllun um málið, þar sem lögin eru opin, hvort tímabært sé að hugleiða slíkt hjá okkur.

Annað málefni dettur mér í hug, herra forseti, sem menn hafa hugleitt að láta talnagetraunirnar veita fjármagn til, þ.e. ungmenna- og æskulýðsmál. Í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær var rætt við hæstv. menntmrh. um að virkileg þörf væri á úrbótum og ákveðnu jafnræði milli greina í tómstundageiranum, ef svo má að orði komast. Aðstaða barna til að stunda íþróttir ýmiss konar er víða mjög mikil. Þar er gífurlegt framboð og er það vel. Íþróttafélög vítt og breitt um landið geta, að hluta til fyrir stuðning gegnum talnagetraunirnar, rekið mjög öfluga starfsemi og boðið upp á fjölbreytta þjónustu fyrir börn og ungmenni í íþróttum. Hins vegar vaknar spurningin um hvers þau börn eiga að gjalda sem hafa ekki kosið sér þann lífsstíl að verja tómstundum sínum í íþróttastarf.

Ég tek það fram, herra forseti, að ég lasta sannarlega ekki íþróttastarfið. Ég hampa því hvar sem ég á þess kost. En það breytir því ekki að börn og unglingar hafa mismunandi áhugasvið og sum börn og sumir unglingar hafa ekki áhuga á að starfa í íþróttum en hafa mjög mikinn áhuga

og mikla hæfileika til að starfa í listum, t.d. tónlist eins og alkunna er. Það er spurning hvort þau börn eigi ekki að fá að hafa jafnfjölbreytt tækifæri og hin sem geta stundað öfluga íþróttastarfsemi hjá öflugum íþróttafélögum. Ég held að hér sé tækifæri til að ræða málin í víðara samhengi en þetta frv. gefur tilefni til. Ég hvet hv. allshn. til að skoða það þegar málið kemur til hennar.

[11:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins af þessu tilefni segja að ég er ekki að flytja frv. um að breyta því hverjir koma að þessum málum og hafi tekjur af slíkri starfsemi. Eins og ég sagði eru það Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands. Um þetta var samið hér á Alþingi á sínum tíma og gengið frá því að þau samtök mundu koma á fót samtökum sín á milli til þess að reka þetta og eins og ég sagði heitir það félag Íslensk getspá. Eignarhlutföll aðildarfélaganna eru þau að Íþrótta- og ólympíusambandið á 46,67%, Öryrkjabandalagið 40% og Ungmennafélag Íslands 13,33%. Vinningar í þeim getraunum eru greiddir út í peningum eins og við vitum og sala á lottói hófst 22. nóv. 1986, en frá því að sú starfsemi hófst hafa nokkrar breytingar verið gerðar á henni og flestar hafa verið gerðar með reglugerðarbreytingum.

Í október 1995 hóf göngu sína nýr leikur, Kínó. Hann var starfræktur í 17 mánuði en þá var sölu á honum hætt vegna ónógrar þátttöku. Í mars 1993 hófst samstarf með hinum Norðurlöndunum um Víkingalottó, Jóker með laugardagslottóinu var hleypt af stokkunum í apríl 1998 og með Víkingalottói í september 2001. Áskriftarsala á lottómiðum hófst í október 1998 en frá því í maí á þessu ári hefur almenningi gefist kostur á að kaupa lottó á netinu.

Ef við lítum á tekjur af miðasölu Íslenskrar getspár og skoðum tvö síðustu ár voru tekjurnar 1.197 millj. kr. árið 2001 og þar af fóru 479 millj. kr. í útdregna vinninga en tekjuafgangurinn var 385 millj. kr. Á síðasta ári voru tekjur af starfseminni 1.818 millj. kr., útdregnir vinningar voru 790 millj. kr. og tekjuafgangurinn 618 millj. kr. Ég tel að þessar upplýsingar eigi erindi inn í umræðuna og gagnlegt fyrir þingmenn og allshn. að vita af þessum tölum og sjá hve miklu máli þetta skiptir fyrir þá aðila sem koma að máli.

Herra forseti. Ef ég má enn og aftur vísa til reynslu minnar sem menntmrh. þá sagði ég oft þegar um þessi mál og fjárstuðning til íþróttahreyfingarinnar var rætt að menn mættu ekki gleyma því að ríkisvaldið og Alþingi með lögum eins og þeim sem við fjöllum um núna veitir þessum aðilum sérstaka stöðu sem þeir hafa til að afla sér fjár og á síðasta ári var heildartekjuöflunin eins og ég sagði 1.818 millj. kr. og nettótekjurnar 618 millj. kr. sem skiptir auðvitað miklu fyrir þá aðila sem hér eiga hlut að máli.

[11:21]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja fram þetta frv. um talnagetraunir og vil að það komi fram í upphafi umræðunnar að sem stjórnarformaður í hússjóði Öryrkjabandalagsins er málið mér ekki alveg óskylt og ljóst að við hjá Öryrkjabandalaginu njótum sérstaklega góðs af frv. og ber að skoða orð mín í því ljósi.

Það hefur um nokkurt skeið verið fyllilega tímabært að lögin um talnagetraunir yrðu framlengd. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þarf að ráðast í endurnýjun á tækjabúnaði og aðra slíka hluti og því brýnt að frv. nái sem fyrst fram að ganga og ánægjulegt að nýr dómsmrh. hefur gengið beint í það verk.

Rétt er að halda því til haga hér í sölum Alþingis að fyrir síðustu alþingiskosningar gengu þeir aðilar sem að lottóinu standa, þ.e. Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands, eftir því við alla stjórnmálaflokkana hver afstaða þeirra væri til þess að framlengja á þennan hátt lögin um talnagetraunir og gengu sérstaklega eftir því hvort flokkarnir, hver fyrir sig, styddu það að lög þessi yrðu eins og hér er lagt til, að þau verði framlengd í óbreyttri mynd með sama hætti og verið hefði. Rétt er að benda hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur á að allir þeir stjórnmálaflokkar sem nú eiga sæti á Alþingi, þar með talin Vinstri hreyfingin – grænt framboð, lýstu því yfir í aðdraganda kosninganna að þeir styddu framlengingu á lögunum og þessari starfsemi með þeim hætti sem hún hefur verið. Við höfum þess vegna treyst því að þau orð mundu ganga eftir.

Hins vegar er full ástæða til að taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að auðvitað getur menningarstarfsemi og ýmisleg æskulýðsstarfsemi átt það skilið að hafa aðgang að einhvers konar happdrættistekjum en ég hygg að þá sé fyrst og fremst til þess að horfa að slík samtök hafi sjálf frumkvæði að því að koma á fót starfsemi af því tagi frekar en að verið sé að togast á um þá starfsemi sem fyrir er.

En það er engum blöðum um það að fletta að þetta fé hefur nýst m.a. okkur í Öryrkjabandalaginu gríðarlega vel frá því að Oddur heitinn Ólafsson lagði af stað í þann leiðangur fyrir einum 20 árum að koma upp hinum vinsæla laugardagsleik okkar. Það er nú orðið svo að íbúðir sem hússjóður Öryrkjabandalagsins hefur komið upp um land allt eru 609 talsins á þessum tiltölulega stutta tíma og veita auðvitað mikilvæga úrlausn fyrir fjöldann allan af fólki sem býr við örorku og lágar tekjur og þarf á að halda ódýru og öruggu íbúðarhúsnæði, fyrir utan auðvitað að þessi starfsemi hefur skilað verulegum fjármunum til íþrótta- og ungmennahreyfingarinnar og þar skilað því ágæta starfi til heilsubótar og eflingar íþróttaanda í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 142. mál (13. samningsviðauki). — Þskj. 142.

[11:24]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu. Frumvarp þetta er lagt fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar nýs samningsviðauka, 13. viðauka er kveður á um afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum. Lagabreytingar þær sem frv. mælir fyrir um varða eingöngu formsatriði en ekki efnisatriði.

Þegar mannréttindasáttmálinn, þ.e. samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóv. 1950 var fullgiltur á Alþingi haustið 1951 þótti ekki ástæða til að breyta lögum því að reglur samningsins voru taldar grundvallarréttindi sem fælust þegar í meginreglum íslenskra laga. Tíminn leiddi síðar í ljós að nokkurt misræmi var milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans og fóru þá að heyrast þær raddir hvort ekki bæri að lögfesta samninginn.

Á Alþingi 1994 var tekin sú ákvörðun að lögfesta samninginn í heild sinni ásamt viðaukum hans. Er það í fyrsta og eina skiptið sem mannréttindasamningur hefur verið lögtekinn með þessum hætti hér á landi. Til samræmis við þá framkvæmd sem fylgt hefur verið síðan er hér sami háttur hafður á.

Samningsviðauki nr. 13 kveður á um afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum. Þrátt fyrir að rétturinn til lífs sé verndaður með lögum í öllum ríkjum heims sem og í alþjóðasamningum hefur sú vernd ekki verið án undantekninga. 2. gr. mannréttindasáttmálans kveður á um að réttur hvers manns til lífs skuli verndaður með lögum og að engan mann skuli af ásettu ráði svipta lífi nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

Í tímans rás hafa viðhorf til dauðarefsinga breyst nokkuð og árið 1982 voru undanþágur 2. gr. mannréttindasáttmálans þrengdar til muna með tilurð 6. samningsviðauka en hann kvað á um afnám dauðarefsingar á friðartímum. Viðaukinn var fyrstur alþjóðasamninga í sögunni til að öðlast gildi sem kvað á um afnám dauðarefsingar á friðartímum án þess að nokkrar undanþágur eða fyrirvarar væru heimilir.

Eftir að 6. viðauki öðlaðist gildi hélt þróunin áfram í þá átt að afnema með öllu dauðarefsingu.

13. viðauki leit svo dagsins ljós í byrjun síðasta árs og ég mun ekki orðlengja nánar um tilurð hans heldur vísa til grg. með frv. í því sambandi.

Eins og ég gat um áður er ekki um efnisbreytingar á íslenskum rétti að ræða því að dauðarefsing var numin úr lögum árið 1928 og þá hafði henni ekki verið beitt í nær 100 ár. Með breytingum sem gerðar voru á stjórnarskránni árið 1995 var svo lögfest ákvæði þess efnis að í lögum mætti aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Ákvæði þetta var mun afdráttarlausara og gekk mun lengra en ákvæði í alþjóðlegum mannréttindasamningum á þeim tíma en hér þótti það eðlilegt og í samræmi við íslenska réttarvitund.

13. viðauki öðlaðist gildi að þjóðarrétti 1. júlí á þessu ári þegar tíu ríki höfðu fullgilt hann. Í dag hafa 19 ríki af 45 fullgilt hann. Með fullgildingu viðaukans er aukið enn frekar á þá vernd sem stjórnarskrá okkar veitir borgurunum auk þess sem íslenska ríkið sendir með henni skýr skilaboð út í alþjóðasamfélagið um hvaða augum það lítur dauðarefsingar. Utanrrh. mun síðar á þessu þingi flytja þáltill. til fullgildingar samningnum.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[11:28]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér er merkilegt mál á ferðinni sem felur í sér að Íslendingar taka í lög samningsviðauka 13 í mannréttindasáttmála Evrópu sem felur í sér afnám dauðarefsinga í öllum tilvikum. Með þessu er viðurkennt með afgerandi hætti að allir menn eigi rétt til lífs og að sá réttur sé undirstaða í lýðræðisþjóðfélagi.

Þetta er í sjálfu sér ekki alls staðar viðurkennt, ekki heldur í ríkjum sem kenna sig við lýðræði og er auðvitað nærtækast í því sambandi að líta til Bandaríkjanna því að óvíða eru fleiri teknir af lífi samkvæmt dómi og lögum en þar, nema ef vera kynni í Kína sem er nú kannski ekki hægt að kenna við lýðræðið og er þar af leiðandi ólíkt farið en í Bandaríkjunum.

Eins og hér hefur komið fram í máli hæstv. dómsmrh. breytir þessi samningsviðauki ekki íslenskum lögum. Það hefur verið hluti af íslenskri löggjöf allt frá 1928 að dauðarefsingar væru ekki heimilar. En með þessu er ákvæðið samt styrkt og með því að taka upp þennan samningsviðauka eru Íslendingar að sýna samstöðu á alþjóðlegum vettvangi.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Eins og ég sagði tel ég að þetta sé hið merkasta mál en ég vildi hins vegar vekja athygli á því að núna, á þessu ári, er mannréttindasáttmáli Evrópu 50 ára og mér fannst nokkuð merkilegt að lesa ræðu hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar sem hann flutti á málþingi Lögfræðingafélags Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands af því tilefni nýverið. Mér fannst eins og ráðherrann legði lykkju á leið sína í þessu ávarpi sem er haldið af þessu merka tilefni til þess að agnúast út í Mannréttindadómstólinn og þá dómara sem færu að niðurstöðum Mannréttindadómstólsins í túlkunum sínum á íslenskum lögum. Mér fannst dálítið sérkennilegt af ráðherranum að gera þetta að aðalinntaki ræðu sinnar í stað þess að ræða mannréttindi almennt og mikilvægi þeirra.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að a.m.k. í tvígang hefur það gerst hér að fallið hafa dómar í Hæstarétti þar sem menn hafa túlkað lög með öðrum hætti en ríkisstjórninni hefur verið þóknanlegt þar sem einmitt hefur reynt á mannréttindaákvæði sem Íslendingar hafa gert að sínum. Það er bæði í öryrkjadómnum svokallaða og eins í Valdimarsdómnum sem svo hefur verið kallaður.

Ég vek athygli á því að ekki eru öll kurl komin til grafar í þeim málum, sérstaklega ekki hvað varðar öryrkjamálin. Mér skilst að einmitt í dag verði kveðinn upp dómur í Hæstarétti í því máli og þá fáum við að vita hvort lögin sem Alþingi stóð að 2001 í kjölfar hæstaréttardóms í öryrkjamálinu svokallaða standist stjórnarskrána eða ekki. Ég vil í því sambandi minna á orð sem hér féllu í þeirri umræðu af hálfu hæstv. utanrrh. Hann sagði að ef niðurstaðan yrði sú að það frv. sem þá yrði að lögum stæðist ekki stjórnarskrá, virðulegi forseti: „... held ég að ljóst sé að ekki bara einn ráðherra þyrfti að segja af sér, ég held að þá þyrftu ansi margir ráðherrar að segja af sér og trúlega öll ríkisstjórnin, ef ríkisstjórnin verður uppvís að því að hún ætli sér vísvitandi að halda áfram að brjóta stjórnarskrá og vísvitandi ætli ríkisstjórnin sér ekki að uppfylla dóm Hæstaréttar".

Þetta sagði hæstv. utanrrh. í umræðu um þetta mál hér á Alþingi í janúar 2001 og í dag mun væntanlega reyna á hvort þetta verður að veruleika eða ekki.

(Forseti (HBl)**:** Ég vil minna á að ef lesið er upp prentað mál skal biðja leyfis forseta.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (fullgilding spillingarsamnings). — Þskj. 146.

[11:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka svo að unnt verði að fullgilda Evrópusamning á sviði refsiréttar um spillingu frá 27. janúar árið 1999.

Spillingarsamningurinn eins og hann er nefndur í frv. er afrakstur sérstaks vinnuhóps sem skipaður var af ráðherranefnd Evrópuráðsins samkvæmt tilmælum evrópsku dómsmálaráðherranna til að bregðast við þeirri ógn sem lýðræði, réttaröryggi og mannréttindum stóð af spillingu. Meginmarkmið samningsins var að þróa samræmdar efnis- og málsmeðferðarreglur í samningsríkjum er vörðuðu tiltekin spillingarbrot. Hugtakið spilling er ekki skilgreint í samningnum en við gerð hans var stuðst við víðtæka merkingu hugtaksins, þ.e. mútur eða aðra háttsemi sem brýtur gegn skyldum manna sem falin hefur verið ábyrgð af opinberum eða viðskiptalegum toga og er ætlað að ná fram óréttmætum ávinningi af einhverju tagi fyrir þá sjálfa eða aðra. Nauðsynlegt þótti að styðjast við svo víðtæka merkingu þar sem ekki var fyrir hendi nein almenn, samræmd skilgreining á hugtakinu spilling í refsilöggjöf samningsríkjanna. Samningurinn kveður hins vegar á um almenna lýsingu á mútubrotum, bæði mútugreiðslum og mútuþágu, sem og lýsingu á annarri spillingarstarfsemi, svo sem spillingu í viðskiptalífi og áhrifakaup. Spillingarsamningurinn sem nú hefur verið fullgiltur af 22 ríkjum Evrópuráðsins öðlaðist gildan þjóðarrétt hinn 1. júlí á síðasta ári þegar 14 ríki höfðu fullgilt hann. Utanrrh. mun síðar á þessu þingi flytja þáltill. til fullgildingar samningsins.

Ég ætla ekki, herra forseti, að gera að umtalsefni einstök ákvæði frv. Þau eru rækilega skýrð í því sjálfu og ítarlegri greinargerð sem því fylgir en ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[11:37]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Ég flyt hana ásamt hv. þm. Samf. Margréti Frímannsdóttur, Helga Hjörvar, Bryndísi Hlöðversdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Björgvin G. Sigurðssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Samf. setti jafnrétti kvenna og karla á oddinn í síðustu kosningabaráttu. Í stefnuskrá Samf. kemur fram að komist hún til áhrifa eftir kosningar verði fyrsta mál á dagskrá að vinna að leiðréttingu á kjörum og starfsframa kvenna hjá hinu opinbera. Tillaga sú sem hér er mælt fyrir er flutt í samræmi við þessa stefnu þar sem sérstaklega er tekið á launamisrétti kynjanna.

Tillagan felur í sér að ríkisstjórnin láti undirbúa framkvæmdaáætlanir til 6 ára með það að markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Framkvæmdaáætlanirnar verði tvær, annars vegar fyrir opinberan vinnumarkað og hins vegar fyrir almennan vinnumarkað. Þær skulu unnar eftir föngum í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga og í þeim skal sett fram tímaáætlun um aðgerðir. Beitt verði ákvæði 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun, að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara, sbr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Greina skal uppbyggingu launakerfa og kjarasamninga með tilliti til kerfislægrar mismununar.

Í tillögunni kemur fram að þessar framkvæmdaáætlanir eigi að leggja fyrir Alþingi haustið 2004 og að á tveggja ára fresti fram til ársins 2010 eigi fjmrh. í samráði við félmrh. að leggja fyrir Alþingi skýrslu um framvindu mála.

Herra forseti. Flestir þekkja til þess að þrátt fyrir að ítrekað hafi verið sett lög um jafnrétti kynjanna — fyrstu heildarlögin voru sett 1961 um launajöfnun karla og kvenna — er enn langt í land með að við búum hér við launajafnrétti. Þessum fyrstu jafnréttislögum sem voru sett fyrir 40 árum hefur margsinnis verið breytt til þess að skerpa og herða öll ákvæði þeirra og gera þau virkari, m.a. ákvæðið um launajafnréttið. Á árinu 1973 voru samþykkt lög um jafnlaunaráð. Með þeim var lögfest ákvæði um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og um að atvinnurekendum væri óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Lög um jafnrétti kvenna og karla voru síðan sett árið 1976. Þeim var aftur breytt árið 1985 og þá var heiti þeirra breytt í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með þeim lögum kom m.a. inn ákvæði um jákvæða mismunun þess efnis að sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna gangi ekki gegn lögum. Árið 1991 voru síðan aftur sett heildarlög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þá var enn hert á ákvæðum jafnréttislaga, m.a. með því að kveðið var sérstaklega á um að tilgangur laganna væri að bæta sérstaklega stöðu kvenna til að ná fram jafnrétti.

Á 125. löggjafarþingi 1999–2000 voru enn á ný sett heildarlög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 14. gr. laganna kemur fram að konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Á það er einnig hægt að benda að Ísland hefur fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100/1951 þar sem kveðið er á um jöfn laun karla og kvenna en með fullgildingu á þessari samþykkt skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að fylgja samþykktinni. Auk þeirra breytinga á jafnréttislögum sem áður hefur verið getið hafa ýmsar leiðir verið reyndar til að ná fram jafnrétti kynjanna, ekki síst í launamálum. Má þar m.a. nefna starfsmat, auk þess sem gerðar hafa verið ótalmargar launakannanir sem allar staðfesta mikinn launamun kynjanna.

Vissulega hefur nokkuð þokast í rétta átt, herra forseti, við að að ná fram launajafnrétti. Það má benda á að allt frá 1986 hafa ríkisstjórnir sett fram framkvæmdaáætlanir um jafnrétti, ráðuneytum og ríkisstjórnum verið falið að setja sér jafnréttisáætlanir og unnið hefur verið að starfsmati, m.a. á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins sem var álitið veigamikið skref til launajafnréttis. Auk þessa hafa konur með eftirminnilegum hætti vakið athygli á misjöfnum kjörum kvenna og karla og ber þar hæst kvennafrídaginn 1975.

Herra forseti. Þetta stutta yfirlit sýnir að ekki vantar lög, ekki vantar reglur, ekki vantar alþjóðasamþykktir sem Ísland hefur undirgengist og því er það ótrúlegt hve langt er í land með að launajafnrétti náist fram.

Það er mjög sérstakt að launamunurinn er ekki síður í opinbera geiranum heldur en í hinum almenna. Það ætti að vera verkefni stjórnvalda og einstakra ráðherra að sjá til þess

að jafnréttislögunum sé framfylgt á hinum opinbera markaði. Það er mikilvægt að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi og virði lög og alþjóðasamþykktir og það er afar mikilvægt að fjmrh. sem viðsemjandi opinberra starfsmanna sýni frumkvæði og ábyrgð í verki með því að beita sér fyrir markvissri áætlun um að koma á launajafnrétti kynjanna, bæði í gegnum kjarasamninga við opinbera starfsmenn og með eftirliti með því að opinberar stofnanir og ráðuneyti fylgi markvissri jafnréttisáætlun um að allar starfstengdar greiðslur og/eða hlunnindi sem kveðið er á um í 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gangi jafnt til kvenna og karla fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Herra forseti. Það er ekki síst ástæða til þess að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi þegar um er að ræða að við búum við tvöfalt launakerfi, annars vegar almenna kjarasamninga og hins vegar einstaklingsbundna ráðningarsamninga sem fara vaxandi og hvers konar duldar greiðslur, álög og starfstengdar greiðslur sem orðnar eru stór hluti af kjörum fjölda launþega.

Sama ætti að gilda um forsvarsmenn sveitarfélaga. Þeim ætti að vera skylt að sjá til þess að ákvæðum laga um launajafnrétti kynjanna sé framfylgt, refjalaust.

Á það skal jafnframt bent að þótt stofnunum og ráðuneytum beri lagaskylda til að gera jafnréttisáætlanir, hafa þær ekki reynst það stjórntæki sem til var ætlast til að stuðla að jafnrétti m.a. í launamálum. Þar skortir allt markvisst eftirlit og eftirfylgni með því að stofnanir og ráðuneyti framfylgi jafnréttisáætlunum sínum. Ég þekki það vel sem fyrrv. félmrh. að það er erfitt að ganga á eftir einstökum fagráðuneytum að þau framfylgi því að undirstofnanir þeirra framfylgi jafnréttisáætlunum.

Ég sé að hæstv. félmrh. er genginn í salinn og er viðstaddur þessa umræðu. Ég fagna því og vona að hæstv. ráðherra taki þátt í umræðunni. Það er afar mikilvægt þegar við setjum fram þessa tillögu, sem við teljum að miklu máli skipti, ef hún nær fram að ganga, til þess að stuðla að launajafnrétti, að við heyrum afstöðu hæstv. ráðherra til hennar og hvað sé á döfinni í ráðuneyti hans til þess að framfylgja launajafnrétti kynjanna.

Mín skoðun er sú, herra forseti, að þessu verði ekki náð fram nema með því að beita ákvæði um jákvæða mismunun. Það er einmitt lagt til í þeirri tillögu sem ég mæli hér fyrir. Í grg. með frv. er ákveðinn kafli þar sem fjallað er ítarlega um jákvæða mismunun og nauðsyn þess að beita því ákvæði jafnréttislaganna sem hefur verið í gildi mjög lengi, sennilega 10–12 ár, eins og ég nefndi áðan. Það má nefna í því sambandi að Reykjavíkurborg hefur raunverulega farið þá leið með ákveðnum hætti að beita þessari jákvæðu mismunun. Það hefur orðið til þess að launamunurinn hjá Reykjavíkurborg hefur minnkað verulega. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar hefur óútskýrður kynbundinn launamunur minnkað hjá Reykjavíkurborg úr 15,5% niður í 7% árið 2001. Þennan árangur má rekja til víðtækra aðgerða á mörgum sviðum, bæði að því er varðar kjarasamningagerð, hækkun launa í hefðbundnum kvennastéttum og margháttaðar samræmingaraðgerðir í kjarasamningum o.s.frv. Þannig að ég tel að sá árangur sem þar hefur náðst ætti að vera gott fordæmi og leiðarvísir í þeirri vinnu sem fram undan er, verði þessi tillaga samþykkt.

Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að kannanir og úttektir sem gerðar hafa verið staðfesta að yfirborganir, duldar greiðslur og fríðindi renna í miklu meira mæli til karla en kvenna. Mér er ávallt í fersku minni þegar ég beindi fsp. til viðskrh. á Alþingi fyrir þremur árum, um að kerfi fastra bifreiðastyrkja í bankakerfinu væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum. Þegar þetta kom fram, sem var mjög skýrt í svari viðskrh., var málið kært til kærunefndar jafnréttismála og niðurstaða hennar var sú að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum eftir kyni sem bryti í bága við jafnréttislög. Yfirmenn banka töldu engu að síður að engin lög væru brotin. Hæstv. viðskrh. taldi sig ekki geta fylgt málinu eftir, jafnvel þó að bankarnir væru þá í meirihlutaeign ríkisins. Sennilega hefur lítið gerst í því máli varðandi mismun á bifreiðastyrkjum til karla og kvenna í bankakerfinu þrátt fyrir úrskurð kærunefndar þar um. Þess vegna er, herra forseti, nauðsynlegt að leita nýrra leiða til þess að ná utan um þetta mál og ná því fram að jafnrétti ríki í launamálum kynjanna, vegna þess, herra forseti, að það er ekki síður hagur karlanna að það ríki launajafnrétti, að konur geti fært til framfærslu heimilanna það sem þeim ber fyrir sambærileg störf og karlar. Þess vegna er það hagur bæði karla og kvenna og allrar fjölskyldunnar að það verði gripið til samstilltra aðgerða á öllum sviðum og af öllum aðilum sem að því máli koma til að ná meiri árangri en náðst hefur hingað til.

Það hafa verið gerðar, eins og ég nefndi, kannanir og í grg. með þessari tillögu eru tveimur könnunum sem gerðar voru af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerð ítarleg skil. Önnur var gerð 1995 samkvæmt beiðni Jafnréttisráðs og hin að tilhlutan tölfræðihóps norræna jafnlaunaverkefnisins, sem ég hef ekki tíma, herra forseti, til þess að rekja nánar, en vísa í þessar kannanir sem gefa góða vísbendingu um að allt of lítið hafi gengið að jafna launakjör kynjanna fyrir sambærileg störf.

Herra forseti. Í þessari tillögu er sérstaklega vísað til atvinnurekendaábyrgðar fjmrn. og lýst eftir sýn þess á með hvaða aðferðum eyða megi kynbundnum launamun og hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að árangur náist. Það er kallað eftir forustu fjmrn. í tillögunni hvað varðar kjarasamningagerð, sem er í höndum hæstv. fjmrh., og eftirlit með launagreiðslum ríkisstofnana. Einnig er vísað til þess að stofnanir ríkisins nýti lögbundnar jafnréttisáætlanir til að greina vandann innan hverrar stofnunar og setji fram markmið og tímasetji aðgerðir til að jafna launamun kynjanna. Þá er brýnt að aðilar vinnumarkaðarins geri raunhæfar framkvæmdaáætlanir um að eyða kynbundnum launamun.

Með þeirri tillögu sem hér er flutt er leitað markvissra leiða til að vinna gegn launamisrétti og ná árangri með sex ára aðgerðaráætlun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

[11:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mjög brýnt og tímabært mál sem Samfylkingin flytur undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Eins og segir í tillögunni er hér gert ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa framkvæmdaáætlanir til sex ára með því markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við gildandi jafnréttislög. Gert er ráð fyrir að áætlanirnar taki til opinbera vinnumarkaðarins og einnig hins almenna.

Það hefur áður komið fram í umræðum á hinu háa Alþingi að mikið skorti á að vinnumarkaðsrannsóknir hins opinbera séu með þeim hætti að við höfum í höndunum þau tól og tæki, þær staðreyndir, þær upplýsingar sem við þurfum til þess að hægt sé að ganga á hólm við launamun kynjanna. Þetta kom m.a. fram í umræðum á síðasta þingi við hæstv. fjmrh. Það hefur staðið til í nokkur ár að rannsaka launamuninn og uppbyggingu launa hjá hinu opinbera, en þegar til hefur tekið hefur vantað tölfræðileg gögn til þess að þær rannsóknir geti í raun farið fram og til þess að þær nái því markmiði að vera tæki til þess að vinna gegn launamuninum. Það bjátar mikið á en það er hins vegar hægt að laga þetta ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Slíkar rannsóknir eru stundaðar í nágrannalöndum okkar og ef vilji er fyrir hendi er minnsta mál að kyngreina breytur og upplýsingar um íslenskan vinnumarkað, eins og þörf er á, og greina hann með öðrum hætti þannig að Hagstofa Íslands geti veitt hinu opinbera nauðsynlegar upplýsingar svo hægt sé að gera áætlanir sem vinna gegn launamun kynjanna. En rannsóknunum er því miður ábótavant og það er brýnt að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar taki á því máli.

Ekki gerist þetta af sjálfu sér, herra forseti, það vitum við sem höfum staðið í launabaráttu árum saman. Mér varð hugsað til kosningabaráttunnar vorið 1995 þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir þáltill. Þá var viðkvæðið „viðhorfsbreyting", að allt mundi nú lagast af því að það væri alveg að skella á mikil viðhorfsbreyting í samfélaginu. Hæstv. forsrh. fór þar fremstur í flokki. Það var nýkomin út launakönnun, samanburðarkönnun milli Norðurlandanna sem vakti mikla athygli, og sá ágæti maður hélt því fram að viðhorfsbreytingin væri u.þ.b. að eiga sér stað á Íslandi.

Við stöndum hér átta árum síðar og því miður hefur viðhorfsbreytingin ekki orðið nema að mjög litlu leyti. Hún hefur þokast í rétta átt en enn er launamunur kynjanna og launabil kynjanna með öllu óviðunandi hér á landi. Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að viðhorfsbreytingin ein og sér verður ekki. Launajafnrétti er hápólitískt mál og á því misrétti verður aðeins unnið með pólitískum vilja, aðgerðaáætlunum eins og þeim sem hér er lagt til að gera, og skýrum markmiðum um það að stjórnvöld vilji minnka launamun kynjanna.

Í kosningabaráttunni í vor var fagurgalinn mikill í þessari umræðu. Þá kom hver á fætur öðrum, frambjóðendur stjórnmálaflokkanna, og sögðu á opinberum vettvangi að launamisréttið væri mál málanna í jafnréttisbaráttunni í dag. Fæstir þessara ágætu frambjóðenda eru í salnum í dag, hæstv. forseti, en vonandi munu þeir leggja Samfylkingunni lið við að fá þessa tillögu samþykkta á hinu háa Alþingi og að hrinda þessu brýna þjóðþrifamáli í framkvæmd. Vilji þeirra var ljós úr öllum flokkum í vor, herra forseti, og ég á ekki von á því að það hafi breyst mikið þó að einhverjir mánuðir séu liðnir.

Það er annað sem þarf líka að taka á og ræða í þessu sambandi og það er launaleyndin. Það er vitað að launaleyndin kemur konum verst, launaleyndin er beinlínis, að því er virðist, notuð gegn konum á vinnumarkaði. Ég hygg að það eitt að svipta leyndarhulunni af launagreiðslum almennt, hvort sem það er hjá hinu opinbera eða úti á hinum almenna vinnumarkði, gæti leiðrétt ýmislegt, ekki síst sporslurnar og aukagreiðslurnar sem við vitum, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á, að fara að stærstum hluta til karla á vinnumarkaði.

Svo má líka bæta því við í þessa umræðu að það hefur verið fróðlegt að sjá hvernig greiðslurnar úr Fæðingarorlofssjóði, sem var reyndar ræddur hér í vikunni við önnur tækifæri hér á hinu háa Alþingi, hvernig greiðslurnar til karla og kvenna úr Fæðingarorlofssjóði afhjúpa í raun og veru launastrúktúrinn og misréttið á íslenskum vinnumarkaði. Það er kannski aukaverkan þess ágæta sjóðs að sýna það svart á hvítu hvað konur fá í laun og hvað karlar fá í laun. Það ber að þakka en hins vegar er það býsna löng leið að fara til þess að fá þær upplýsingar sem ættu í raun að liggja fyrir vandræðalaust.

Rétt að lokum, hæstv. forseti, vil ég benda á að árangri er hægt að ná með pólitískum vilja. Því trúum við í Samfylkingunni og að því viljum við vinna. Við höfum dæmin fyrir framan okkur, við höfum glæsilegan árangur Reykjavíkurborgar undir forustu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Með það að leiðarljósi getum við á hinu háa Alþingi unnið að því að afnema launamisréttið sem ríkir á milli karla og kvenna á Íslandi.

[11:59]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er sannarlega ekki smátt í sniðum. Það felur í sér áætlun um að ná fram launajafnrétti kynjanna sem er sannarlega ekki einfalt mál. Að vinna að launajafnrétti kynjanna er í sjálfu sér flókið og vandasamt verk. Það blandast líklega engum hugur um það. Ég hef sjálf kynnst því á átta árum hjá Reykjavíkurborg að það er ekki einfalt mál að vinna bug á því launamisrétti sem er á milli karla og kvenna.

Það er ýmislegt sem þarf til þess að ná árangri á því sviði. Það þarf í fyrsta lagi margháttaðar aðgerðir á mörgum sviðum. Það þarf tæki til þess að vinna með, það þarf skýran pólitískan vilja og ábyrgð og það þarf staðfestu og einurð. Ef þetta er allt saman til staðar þá er sannarlega hægt að ná árangri. Og eins og hér var vitnað til, þá gerðist það hjá Reykjavíkurborg að launamunur kynjanna minnkaði um helming eða frá því að vera 15,5% árið 1995 niður í það að vera 7% árið 2001. Enn þá er launamunurinn til staðar og enn þá er hann of mikill en það hefur saxast á hann, og ég held að ég geti fullyrt að það hefur saxast meira á hann heldur en í annan tíma. Þessum árangri náði Reykjavíkurborg með margháttuðum aðgerðum. Það sem er hins vegar vert að hafa í huga þegar um þessi mál er fjallað, og það eru eiginlega mín ráð til ríkisstjórnarinnar þegar hún fer að vinna með þessi mál því ég efast ekkert um að þar er viljinn til staðar, hann er a.m.k. til staðar í orði kveðnu og ég geri ráð fyrir því að menn ætli að leita einhverra leiða til þess að gera þetta að veruleika, en það eru mín ráð að menn skoði ekki síst miðlægar aðgerðir og þá einkum kjarasamninga og eins greiðslur fyrir yfirvinnu og önnur fríðindi á vinnustöðum.

Það hefur sýnt sig hjá Reykjavíkurborg að þann árangur sem náðst hefur má að miklu leyti rekja til miðlægra aðgerða og þá einkum kjarasamninga. Hins vegar virðist minni árangur nást um þau kjaraatriði sem ákveðin eru á vinnustöðunum. Að því leytinu til hafa staðbundnir vinnustaðasamningar ekki skilað þeim árangri sem margir hafa samt bundið vonir við og mikilvægt að reynt sé að vinna að þessum málum með verkalýðshreyfingunni í gegnum miðlæga kjarasamninga. Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Það er hægt að gera það með launapottum, með starfsmati, með því að gefa ákveðnum hópum forgang á tilteknum tíma o.s.frv. Þannig að ýmislegt er hægt að gera til þess að ná þessum árangri og

ég gæti út af fyrir sig farið yfir þær fjölmörgu aðgerðir sem Reykjavíkurborg hefur gripið til en til þess gefst ekki tími hér, virðulegi forseti.

En fyrst og síðast verður að vera einurð og skýr pólitískur vilji og ábyrgð í þessu máli. Sú ábyrgð hvílir að vissu leyti á félmrh. en getur þó aldrei alfarið hvílt á hans herðum. Það vakti reyndar athygli mína þegar ég fór að lesa lögin um Stjórnarráðið og reglugerð um Stjórnarráð Íslands að þar er hvergi kveðið á um það að jafnréttismálin heyri undir félmrh. Það er einvörðungu í jafnréttislögunum sjálfum en það kemur hvergi fram í reglugerð um Stjórnarráðið.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er erfitt fyrir félmrh. að segja öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni fyrir verkum og það er erfitt fyrir félmrh. að hafa verkstjórnarvald yfir öðrum ráðherrum og til dæmis að taka forsrh. eða fjmrh. Ég held að þetta hljóti öllum að vera ljóst. Þess vegna held ég að til þess að hin skýra pólitíska ábyrgð sé til staðar þá eigi að færa samþættingu jafnréttissjónarmiða að allri stefnumótun og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar til forsrn. og það sé forsrh., sem samræmingaraðili í ríkisstjórninni, sem eigi að bera ábyrgð á því að ríkisstjórnin öll sé að vinna í samræmi við þær samþykktir og ályktanir sem gerðar hafa verið á Alþingi og eins af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Búið er að ályktа hér aftur og aftur um jafnréttismál og ég minni á að það eru 45 ár síðan Ísland skuldbatt sig á alþjóðavettvangi til að koma á launajafnrétti kynjanna og það eru 27 ár síðan jafnréttislög voru sett og samt förum við hænufet í jafnréttismálum. Ég held að einhver hafi reiknað það út hvað það tæki okkur langan tíma að ná fullu jafnrétti ef svo héldi fram sem horfir og ég held að það hafi ekki verið talið í áratugum heldur öldum hversu langan tíma það tæki.

Það hefur verið ályktað um að samþætta jafnréttissjónarmiðin allri stefnumótun og ákvörðunum. Það var fyrst gert 1998 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem var samþykkt hér á Alþingi. Í endurskoðaðri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar 2002–2004 var þetta markmið líka áréttað, að það skuli samþætta þetta öllu daglegu starfi allra ráðuneyta og svo er þetta ítrekað aftur og aftur.

Gerð var skýrsla um það nýverið hvernig til hefði tekist í þessu efni. Í þeirri skýrslu kemur fram, virðulegur forseti, að ekki hefur mikið gerst. Þetta var nefnd sem ríkisstjórnin skipaði í nóvember 2000 og hún átti að hafa það verkefni að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun tæki mið af jafnrétti kynja og hún segir, með leyfi forseta, nefndin:

„Vinna við opinbera stefnumótun tekur í auknum mæli mið af jafnrétti kynjanna en þó er hægt að sjá dæmi þess að ekki er alltaf nægilega hugað að jafnréttissjónarmiðum við opinbera stefnumótun og stundum alls ekki.“

Þegar síðan farið er í gegnum þessa skýrslu kemur auðvitað í ljós að þessi mál eru alls ekki í nógu góðu horfi. Aðeins þriðjungur ráðuneyta og ríkisstofnana hefur gert sínar jafnréttisáætlanir. Þriðjungur segist vera að vinna að því og þriðjungur hefur ekkert gert í þessum málum. Þegar skoðaður er hlutur kvenna í stjórnunarstöðum kemur í ljós að hlutfallið er 18,7%, og þegar talað er um launamun kynja sjáum við auðvitað ekkert um það vegna þess að fjmrh. hefur ekki staðið við loforð sem hann gaf 1997 um að fylgjast með því hvernig kjarasamningar kæmu við konur og karla.

Virðulegur forseti. Hægt væri að halda hér langar ræður og tala langt mál um þetta efni en ég vil bara ítreka að það þarf skýran pólitískan vilja og það þarf ábyrgð. Þess vegna hyggst ég leggja fram frv. sem felur forsrh. ábyrgð á því að samþætta þessi sjónarmið allri stefnumótun og öllum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og ég reikna með að það komi fram á hinu háa Alþingi á morgun.

[12:08]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. þessarar tillögu fyrir framlagningu hennar því að hér er um þarft umfjöllunarefni að ræða og það er augljóst að við sættum okkur ekki við og eigum ekki að sætta okkur við kynbundinn launamun. Á þetta hefur sá er hér stendur lagt áherslu og hefur í hyggju að vinna markvisst gegn hvers konar kerfisbundnum mismun á launum kynjanna.

Herra forseti. Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri til þess að upplýsa Alþingi um að nú er unnið að viðamikilli könnun á sviði jafnréttismála þar sem launamunur kynjanna er m.a. sérstakt viðfangsefni. Að henni standa auk félmrn., forsrn., Jafnréttisstofa og Háskóli Íslands.

Herra forseti. Í þáltill. sem hér er til umræðu felast mikilvægar ábendingar og þetta eru að mörgu leyti góðar tillögur. Rétt er þó að skoða um leið hvað verið er að gera nú þegar á þessu sviði. Eins og mönnum er kunnugt skal félmrh. leggja fyrir Alþingi eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisstofu. Þessi áætlun skal endurskoðuð tveimur árum síðar og liggur fyrir að tillaga um ályktun verður lögð fyrir Alþingi næsta vor.

Herra forseti. Ég vil einnig í stuttu máli víkja að öðrum verkefnum sem líkleg eru til að draga úr launamun kynjanna. Foreldra- og fæðingarorlofið, sem nú er að fullu komið til framkvæmda og gerir ef svo má að orði komast kynin jafneftirsóknarverð á vinnumarkaði, er eitt dæmi um þetta. Annað sem ég vildi nefna, herra forseti, er að Samband íslenskra sveitarfélaga er langt komið með að aðlaga breskt starfsmat að íslenskum aðstæðum og verður þetta kerfi innleitt hjá Reykjavíkurborg innan skamms og eru bundnar talsverðar vonir við árangur af því á því sviði.

Enn vildi ég nefna aðgerðir Íslands í tilefni af formennsku okkar í norrænu ráðherranefndinni á næsta ári. Fyrirhuguð er samanburðarrannsókn á þátttöku og viðhorfi til fæðingarorlofs á öllum Norðurlöndunum sem og á þeim hindrunum sem kunna að vera fyrir því að fólk nýti sér þennan rétt. Þar leggjum við einnig áherslu á að sjónum verði beint að hefðbundnum kvennastörfum með þeim hætti að tryggja að karlar fái tækifæri til að gegna t.d. umönnunar- og uppeldisstörfum. Í formennskuáætlun Íslands er þó fyrst og fremst lögð áhersla á að finna leiðir til að draga úr kynbundnum launamun og verður í því sambandi lögð sérstök áhersla á samstarf milli jafnréttissviðs og vinnumálasviðs.

Herra forseti. Í ljósi þess sem fyrr er rakið þætti mér ekki úr vegi að félmrn. og Jafnréttisstofa í samvinnu við fjmrn. útfærðu umræddа till. til þál. nánar með þeim hætti að hún falli inn í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Það liggur beint við að fara þá leið frekar en vera með margar áætlanir uppi í einu. Fyrsta skrefið yrði að beina sjónum að starfsmönnum ríkisins. Síðan mætti skoða samráð við sveitarfélögin en jafnréttisfulltrúar þeirra eiga einmitt gott samráð við Jafnréttisstofu. Samband íslenskra sveitarfélaga er þegar að vinna að jafnlaunaverkefnum sem nýst gætu á sviði ríkisins. Samráð milli ríkis og sveitarfélaga á þessum

vettvangi tel ég raunar mjög raunhæft. Aðgerðir sem beint yrði að hinum almenna vinnumarkaði gætu fylgt í kjölfarið þegar reynsla yrði komin á það hvernig ríkinu gengi að ná fram markmiðum sínum, enda tel ég að ríkisvaldið eigi að ganga fram með góðu fordæmi í þessum efnum.

[12:12]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir innlegg hans og ég verð að segja að ég tel það virðingarvert að félmrh. skuli sitja hér og taka þátt í umræðunni. Það er meira en hægt er að segja um aðra ráðherra í þessari ríkisstjórn sem flestir hverjir virða ekki almenna þingmenn svars eða viðlits í umræðum um mál hér.

Ég verð hins vegar að segja að mér fannst skjóta dálítið skökku við að félmrh. væri farinn að eigna sér eða gera það að merki eða flaggi fyrir ríkisstjórnina að Samband íslenskra sveitarfélaga væri að vinna að bresku starfsmati, kynhlutlausu starfsmati. Ég vil nú segja ráðherra frá því hvernig það mál er til komið. Það var Reykjavíkurborg sem á árinu 2001 gerði kjarasamning við Eflingu – stéttarfélag, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Tæknifræðingafélagið um að taka upp kynhlutlaust starfsmatskerfi frá 1. desember 2002, átti það að vera, og þetta breska kerfi var fundið og farið í að aðlaga það íslenskum aðstæðum. Það má segja að þetta sé róttækasta og umfangsmesta breyting á launamyndunarkerfi sem Reykjavíkurborg hefur nokkurn tíma samið um í því skyni að ná fram markmiðum um jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Og það nær til 63,4% starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þetta hefur hins vegar reynst mjög umfangsmikil vinna og miklu tímafrekari og kostnaðarsamari en menn reiknuðu með og þess vegna hefur þetta ekki enn þá verið til lykta leitt og er núna verið að fá auknar fjárveitingar til þess að ljúka þessari vinnu. En þetta er sem sagt komið í gegnum kjarasamninga Reykjavíkurborgar við sína stærstu viðsemjendur sem eru annars vegar Efling og Starfsmannafélag Reykavíkurborgar og um þetta er góð sátt. Ég vil að Reykjavíkurborg eigi það sem hún á og síðan getur ríkisstjórnin státað sig af því sem er hennar og það er ekki þetta.

[12:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætlaði ég mér í máli mínu að halla á hlut Reykjavíkurborgar eða hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrv. borgarstjóra, né reyna að eigna mér það verkefni sem hér hefur orðið að umtalsefni heldur nefndi það einungis sem dæmi um þau verkefni sem unnið er að í samfélaginu á þessu sviði.

[12:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, þetta er verkefni sem unnið er að í samfélaginu á þessu sviði en við erum hér að tala um verk ríkisstjórnarinnar, bæði það sem hún hún hefur gert og það sem hún ætlar sér að gera. Það er það sem við eigum að beina sjónum okkar að á hinu háa Alþingi en ekki að seilast inn á önnur svið því víða í samfélaginu er verið að vinna að góðum málum í jafnréttismálum án þess að það sé ríkisstjórninni að nokkru leyti viðkomandi.

[12:15]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér dettur eiginlega ekki í hug að biðjast afsökunar á að vekja athygli á því sem vel er gert í samfélaginu. Það hafa fleiri hv. þm. gert í þessari umræðu og það verður svo að vera.

[12:15]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ljóst er af orðum hæstv. ráðherra áðan að vilji hans stendur til þess að gera vel í jafnréttismálunum og fagna ég því og óska honum góðs gengis í því mikilvæga starfi hans.

Ég fagna því líka sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að hann telur að til álita komi að fella þá framkvæmdaáætlun sem lögð er til í tillögunni inn í áætlun um jafnréttismál, ef ég skil ráðherrann rétt. Ég fagna því mjög að ráðherrann tekur það vel undir tillöguna að hann telur rétt að íhuga það alvarlega að fella þessa tillögu um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna inn í áætlun um jafnréttismál. Þetta er mikilvægt innlegg í umræðuna hjá okkur í félmn. vegna þess að ekki er hægt að líta á þetta öðruvísi en stuðning hæstv. ráðherra við þetta mál og gefur því góðar vonir um að tillagan verði samþykkt. Samþykkt hennar mundi styðja hæstv. ráðherra mjög vel ef hann hyggst, sem ég vona, fella þessa tillögu inn í sína framkvæmdaáætlun. Hann hefur þá stuðning þingsins við það þegar hann leggur málið fyrir ríkisstjórn að þetta verði gert á þann hátt. Ég fagna þessu mjög.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra ráðgerir launakönnun sem fjmrn. lofaði að gera í tengslum við kjarasamninga 1997. Ég fagna því að sú könnun fari fram.

En ég vil spyrja ráðherrann: Er það ekki skýrt að skoðun hans er sú að grípa eigi til aðgerða sem jafnréttislögin heimila, þ.e. 2. mgr. 22. gr. jafnréttislaganna sem heimilar að grípa til aðgerða sem fela í sér jákvæða mismunun og að sérstakar tímabundnar aðgerðir geti komið til sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti, að það gangi ekki gegn lögunum? Og við erum að tala um í þessu tilviki til að ná fram launajafnrétti.

[12:18]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég margt mjög gott í þáltill. og lýsi vilja mínum til þess að eiga um það góða samvinnu að fella margt sem í henni er inn í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Ég er ekki tilbúinn til að tjá mig um það nákvæmlega á þessari stundu hvað það er helst eða hvort við eigum að grípa til þeirra aðgerða sem hv. þm. lýsti áðan með jákvæða mismunun.

Aðeins til að skerpa á því þá er sú könnun sem ég rakti áðan ekki eiginleg launakönnun heldur er þar um viðhorfskönnun til jafnréttismála að ræða þar sem félmrn., forsrn., Jafnréttisstofa og Háskóli Íslands koma að og launamunur kynjanna er eitt af því sem fjallað er um í þeirri könnun en þetta er viðamikil könnun með tilliti til jafnréttismála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:19]

Útbýting þingskjala:

Frágangur efnistökusvæða, 168. mál, fsp. GÓJ, þskj. 170.

Gjald af áfengi og tóbaki, 164. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 166.

Náttúruverndaráætlun, 169. mál, fsp. GÓJ, þskj. 171.

Rekstur Ríkisútvarpsins, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[12:20]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rekstur Ríkisútvarpsins. Flutningsmenn að tillögunni eru allir þingmenn Frjálslynda flokksins, þ.e. sá sem hér stendur og hv. þingmenn Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.“

Svofelld greinargerð fylgir ályktuninni:

„Tillaga þessi var flutt á 126., 127. og 128. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir:

Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.

Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.

Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.

Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan rammaáætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.

Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.

Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.

Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.

Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.

Nýskipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.“

Virðulegi forseti. Það hagar svo til að í Fréttablaðinu í morgun birtist frétt á forsíðu sem dregur einmitt fram í dagsljósið m.a. hvað átt er við þegar talað er um flokkspólitísk áhrif á stofnunum eins og Ríkisútvarpinu. Með leyfi forseta, langar mig að lesa það sem kemur fram í frétt Fréttablaðsins um Ríkisútvarpið.

Í fyrirsögn segir að útvarpsstjóri saki undirmenn um vinstri slagsíðu.

Síðan segir í forsögn fréttarinnar, með leyfi forseta:

„Markús Örn Antonsson lýsir því í tölvupósti að umsjónarmenn Spegilsins reki andbandaríska áróður. Uppnefnir Spegilinn Hljóðviljann og vill nýjan þátt sem mótvægi. Nafngreinir tvo umsjónarmenn þáttarins. Markús vill skerpa á ritstjórnarlegri ábyrgð.“

Síðan segir í fréttinni:

„Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er brugðið eftir að tölvupóstur Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra frá því í síðustu viku, þar sem hann fjallar um útvarpsþáttinn Spegilinn og fleiri dagskrárliði, barst út. Í tölvuskeytinu, sem sent var nokkrum stjórnendum Ríkisútvarpsins, kallar útvarpsstjóri útvarpsþáttinn Spegilinn „Hljóðviljann“ og segir „vinstri slagsíðu“ vera á umræðu í þættinum: „Ég kalla Spegilinn gjarnan Hljóðviljann við kunningja mína og nána samstarfsmenn. Og nú er sennilega Jón Ásgeir (Sigurðsson) kominn með helgarútgáfu af „Hljóðviljanum“ með Svan Kristjánsson“ ...“ segir í fréttinni.

Síðan segir, virðulegi forseti:

„Útvarpsstjóri vekur athygli á því að í þættinum megi finna andbandaríska áróður. Um pistla Spegilsins segir útvarpsstjóri að þeir séu „afskaplega einslitir að ekki sé talað um erlendu umfjöllunina sem einkennist fyrst og fremst af krónískum pirringi út í bandarísk stjórnvöld eða antípatí á Bandaríkjunum“.“

Virðulegi forseti. Ekki verður annað séð en að full þörf sé á að taka starfsemi og skipulag Ríkisútvarpsins til endurskoðunar og að viti þess sem hér stendur eru aðeins tvær leiðir til. Annaðhvort að stjórn Ríkisútvarpsins, útvarpsráð, sé algjörlega pólitískt skipað, það sé bara alveg skýrt að það sé pólitískt skipað eða þá eins og við leggjum til í tillögunni, virðulegi forseti, að það verði algjörlega ópólitískt.

En hér segir áfram í tillögunni:

„Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía“, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.“

Virðulegi forseti. Mér sýnist að sú frétt sem ég vitnaði í úr Fréttablaðinu ýti nú aldeilis undir það að skoða þessi mál varðandi Ríkisútvarpið og fara rækilega ofan í skipulag, starfshætti og stjórnunarþætti þar. Mér finnst ákaflega merkilegt þegar útvarpsstjórinn lýsir því yfir í sérstöku tölvubréfi að honum finnist sérstök vinstri slagsíða í stofnuninni og að hann sakni þess að þegar hann gangi um ganga stofnunarinnar finni hann ekki þessa hörðu hægri menn sem hann greinilega er að leita að. Þetta lýsir auðvitað betur en nokkuð annað, virðulegi forseti, hvers konar pólitísk stýring er á Ríkisútvarpinu.

Útvarpsstjóri segir einnig í fréttinni að það þurfi að fara út fyrir stofnunina til að leita að hægri sinnuðum umsjónarmönnum til mótvægis og búa til öðruvísi þátt en þann sem hann hefur gert að umræðuefni, þ.e. Spegilinn sem hann kallar Hljóðviljann. Gætu menn nú farið að ætla að t.d. væru menn farnir að sakna Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og vonuðust til að það mætti ná honum inn í starfsemi fyrir stofnunina eða í þáttastjórnun.

Vel væri hægt að bæta úr þessum söknuði útvarpsstjóra eftir hægri mönnum. Þeir gætu t.d. tekið að sér, ungir sjálfstæðismenn, að ganga annað slagið um ganga stofnunarinnar og uppfylla þær þarfir útvarpsstjóra að sjá hægri menn. Og hann virðist skilgreina starfsmenn stofnunarinnar almennt sem vinstri menn.

Þetta sýnir auðvitað glögglega, virðulegi forseti, að sú tillaga sem við erum hér að flytja í Frjálsl. um endurskipulagningu á Ríkisútvarpinu á fullan rétt á sér. Síðan segir í tillögunni, virðulegi forseti:

„Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð, veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram." Síðan segir: „Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir."

Þessu fylgir greinargerð, virðulegi forseti, sem ég ætla að fara yfir í lok máls míns:

Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafnviðbragðsfljót til ákvarðana og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanna beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núgildandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, er hinn eðlilegi miðill til að jafna þennan aðstöðumun. Sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru nú.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkapólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýjaði sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi sem hér er fjallað um þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Frétt Fréttablaðsins í morgun um starfsemi og athafnir útvarpsstjóra og athugasemdir hans um undirmenn sína vegna vinstri slagsíðu þeirra ýtir enn frekar undir það að þessi mál séu tekin til gaumgæfilegrar skoðunar.

[12:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði að gera nokkrar athugasemdir við það sem kemur fram í þessari till. til þál. um rekstur Ríkisútvarpsins. Fyrir það fyrsta vil ég segja að það er margt gott í henni sem sá sem hér stendur gæti heils hugar tekið undir en í greinargerðinni segir m.a. að Ríkisútvarpið sé „viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi".

Ég verð að segja fyrir mína parta að ég get ekki séð að nein önnur lögmál gildi um rekstur fjölmiðla en annarra fyrirtækja. Ég get ekki betur séð en að útvarps- eða sjónvarpsrekstur geti allt eins verið á hendi einkaaðila eins og hins opinbera og eigi reyndar að vera þar í öllum grundvallaratriðum. Ég mundi segja að forsendurnar að baki þessarar þáltill. séu í það minnsta hæpnar hvað þetta varðar. En svo verð ég að leyfa mér að efast um að rekstur Ríkisútvarpsins sé nákvæmlega sá sem hér er lýst. Ég veit ekki betur en að Ríkisútvarpið leggi sig mjög fram við að bjóða upp á ýmsa afþreyingu sem ætti frekar heima á einkastöðvunum og leggi sig mjög hart fram í samkeppni einmitt á þeim vettvangi í þessum rekstri.

[12:37]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum alls ekki haldið því fram að aðrir geti ekki rekið hljóðvarp og sjónvarp, enda er ekki verið að leggja til að einkaframtak í þá veru verði lagt af.

Við erum eingöngu að draga það fram með þessari tillögu að Ríkisútvarpið sé allra landsmanna, ekki bara fólks sem býr á suðvesturhorninu og nær að heyra allan þann fjölda stöðva sem boðið er upp á, heldur einnig landsmanna vítt og breitt, upp til sveita og út til stranda þar sem á mörgum stöðum nást illa aðrar stöðvar en Ríkisútvarpið og sums staðar jafnvel bara langbylgjan. Þar að auki eru aðrir miðlar sem vonandi komast nú til allra landsmanna með nútímatækni og dreifingu upplýsinga og aðgangi manna að fjarnámi og símenntun. Þar sitja ekki allir við sama borð. Við teljum að Ríkisútvarpið sé að stórum hluta líka öryggistæki fyrir landsmenn og það verði að vera hægt að treysta á að dreifikerfi útvarpsins nái til allra Íslendinga og að allir sitji þar við sama borð. Við teljum að það verði ekki gert öðruvísi en að ríkið sjái um þann þáttinn. M.a. þess vegna er tillagan flutt og einnig til þess að breyta fyrirkomulagi og þeim rekstrarlegu áherslum sem Ríkisútvarpið hefur búið við á undanförnum árum.

[12:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu er venjulega mikið gert úr öryggishlutverki Ríkisútvarpsins gagnvart almenningi. Ég vil ekki gera lítið úr mikilvægi þess að almenningur hafi aðgang að viðtækjum þegar vá er fyrir dyrum en að mínu mati er alveg hægt að tryggja þann öryggisventil sem menn telja nauðsynlegan öðruvísi en með rekstri ríkisútvarps. Við úthlutun útvarpsleyfa er t.d. einfaldlega hægt að setja það skilyrði að þeir aðilar sem nauðsynlega þurfa að koma skilaboðum á framfæri komist inn í dreifingarkerfið þegar þurfa þykir.

Ég minnist tveggja dæma sem við þekkjum þar sem einkaaðilar urðu fyrri til en Ríkisútvarpið að flytja fréttirnar þegar aðstæður urðu krítískar. Ég nefni jarðskjálftana á Suðurlandi árið 2000 þegar aðrar fréttastofur en fréttastofa ríkissjónvarpsins urðu fyrr á staðinn og voru fljótari til þess að flytja landsmönnum fréttir af þeim atburðum. Það sama má segja, ef ég man rétt og ég held að ég geri það, um snjóflóðið hörmulega sem féll á Flateyri 1995. Ég bendi bara á þessi tvö dæmi máli mínu til stuðnings um að það eru fleiri aðilar en ríkið sem geta virkað sem öryggistæki gagnvart almenningi.

En ég var fyrst og fremst að benda á að ég tek ekki undir það að það sé ríkið eitt og sér sem geti sinnt því hlutverki sem lýst er fyrst og fremst í upphafi greinargerðar þáltill.

[12:41]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu seinna andsvari höfum við aðallega verið að ræða um það sem snýr að öryggiskerfinu. Ég vil leyfa mér að benda á það, virðulegi forseti, að Ríkisútvarpið sendir ekki út á mörgum rásum sem ná til allra landsmanna. (**Gripið fram í:** Engum.) Jú. (**Gripið fram í:** Ná ekki til allra landsmanna.) Langbylgjan nær til allra landsmanna. Það er bara svoleiðis. Ríkisútvarpið sendir þar út og það er einmitt langbylgjan sem hefur dugað til þegar komið hefur upp sú staða að önnur kerfi hafa brugðist. Símkerfi hafa hrunið, sendar og VHF hafa hrunið, hinar rásirnar hafa dottið niður og þá er það fyrst og fremst langbylgjan sem hefur staðið eftir sem tæki sem náð hefur bæði til sjávar og sveita. Þetta er öryggisstuðull sem menn verða að hafa inni í myndinni og ekki senda margar stöðvar út á sama tíma á langbylgju. Þótt menn hefðu samning um að komast inn á dreifikerfið ef dreifikerfið fyrir FM-stöðvarnar dettur niður er bara langbylgjan eftir og hún er öryggisventill. Ég held að ég muni það t.d. úr Súðavíkurslysinu að eingöngu langbylgjan var til staðar á ákveðnum tímapunktum fyrir fólkið fyrir vestan til að hlusta á því allt annað var farið úr sambandi.

[12:44]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég tel að sú till. til þál. sem fjórir hv. þm., allir úr Frjálsl., hafa hér flutt sé hin þarfasta. Ég fagna því að hún skuli vera lögð hér fram. Efni hennar er það að samið verði frv. af fulltrúum þingflokkanna sem þar með má ætla að leitist við að skapa einhverja samstöðu og sátt um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins. Að vísu er hér talað um breyttan rekstur en ég geri ráð fyrir að allt verði undir ef samin yrðu ný lög um Ríkisútvarpið.

Það er engin furða að slík tillaga skuli koma fram á hinu háa þingi vegna þess að hæstv. menntamálaráðherrar undanfarinna 12–13 ára og raunar lengur aftur í tímann hafa brugðist því hlutverki sínu að semja þetta frv. eða a.m.k. reyna að ná samstöðu um frv. sem samið hefði verið um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins. Það stafar ekki síst af því að í þennan tíma sem í fyrsta lagi má rekja aftur til valdatöku Sjálfstfl. árið 1991 og í öðru lagi má rekja aftur til þess tíma að Ríkisútvarpið var ekki lengur einokunarfyrirtæki og öðrum var hleypt í útvarpsrekstur, sem var svona nútímamál á níunda áratugnum — þá er eðlilegt auðvitað að bregðast við því nýja ástandi í fjölmiðlun með því að marka Ríkisútvarpinu nýja framtíðarsýn og nýja framtíðarskipan. Það tókst ekki. Á þeim tíma voru mikil umveltiár í stjórnmálum. Og það tókst heldur ekki í þeirri ágætu stjórn sem síðast sat án veru Sjálfstfl. enda var þá margt að gera eftir að Sjálfstfl. hafði stjórnað í ríkisstjórn sem kom efnhagslífinu á kaldan klaka með bráðræðislegum skattahækkunum og fleiri mistökum í efnahagsstjórn sem langan tíma tók að lagfæra.

Gallinn við ríkisstjórnir Sjálfstfl. að undanförnu gagnvart Ríkisútvarpinu er sá að Ríkisútvarpið hefur verið í pattstöðu gagnvart þeim. Það hefur annars vegar verið í pattstöðu gagnvart þeim og hins vegar hefur það verið fært í fjárhagslega spennitreyju á þessum tíma. Pattstaðan kemur fram í því að meiri hluti þjóðarinnar og líka meiri hluti þingflokka á Alþingi og þingmanna á Alþingi vill Ríkisútvarpinu vel, vill standa vörð um það jákvæða í þeirri arfleifð sem í Ríkisútvarpinu felst og vill sækja fram á þess vegum. Um það má segja að sé nokkuð breið samstaða meðal meiri hluta alþingismanna og meðal meiri hluta þjóðarinnar.

Í Sjálfstfl. hins vegar eru átök að innanverðu og Sjálfstfl. hefur síðan staðið gegn hinum flokkunum að utanverðu í þessu máli með þeim hætti að málefni Ríkisútvarpsins og þar með fjölmiðlunar í ljósvakamiðlum í landinu hafa verið látin drabbast. Ríkisútvarpið hefur verið í pattstöðu og það hefur ekki eingöngu — sem er nógu slæmt — komið niður á Ríkisútvarpinu, starfsmönnum þess og hlustendum og unnendum, heldur hefur það líka komið niður á öðrum ljósvakamiðlum vegna þess að ekki hefur tekist að skapa það ástand í landinu sem æskilegt er í nútímasamfélagi í málefnum ljósvakafjölmiðlanna.

Hæstv. forseti. Þegar menn setjast niður í alvöru við það verk sem þeir fjórir hv. þm. leggja hér til, þ.e. alvöruumræðu um Ríkisútvarpið, þá verða þeir auðvitað að byrja á því að spyrja sig: Hvað er það sem við erum að skoða? Það sem stjórnmálamönnum ber að skoða er auðvitað sjálf stofnunin Ríkisútvarpið vegna þess að hún er merkileg stofnun og

hefur mikið hlutverk. En fyrst og fremst eða áður en þeir gera það þá verða þeir að skoða fjölmiðlunina í landinu í heild.

Hvaða fjölmiðlun viljum við Íslendingar? Hvernig viljum við hreinlega hafa fjölmiðlunina? Hvaða þarfir eiga kjörnir fulltrúar að miða við þegar þeir fást við málefni fjölmiðlunar í landinu?

Menn hafa stundum spurt: Af hverju rekur ríkið ekki dagblað? Það má nú minna á að það gerði það með sínum hætti eða á ákveðinn hátt hér fyrr á árum og ef ekki væri til hér dagblað þá mundi ríkið að vísu kannski ekki reka slíkt dagblað en það mundi alveg örugglega styrkja útgáfu slíks dagblaðs vegna þess að dagblað, eitt, tvö eða fleiri, er partur af því fjölmiðlaumhverfi sem við vildum hafa.

Það skiptir líka máli þegar stjórnmálamenn, hinir kjörnu fulltrúar, fjalla um fjölmiðlun í landinu að þeir skoði hvert starfsumhverfi atvinnugreinarinnar sem slíkrar er, hinna íslensku fyrirtækja í mikilli og harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki á þessu sviði því það er staðreynd sem við megum ekki gleyma að nú til dags er ekki um það að ræða að menn annað hvort kveiki eða slökkvi á útvarpi allra landsmanna eða því sjónvarpi sem það fæddi síðan af sér heldur eru ekki eingöngu margar íslenskar útvarpsstöðvar sem betur fer heldur líka margar erlendar útvarps- og sjónvarpsstöðvar sem menn fá hér inn með ýmsum hætti. Allt gott er um það að segja. En við verðum líka að gæta þess að hinir íslensku fjölmiðlar hafi hér umhverfi sem þeir starfa í og geta verið í heilbrigðri og góðri samkeppni við hina erlendu og notið sérstöðu sinnar á Íslandi. Það er ýmislegt sem við þurfum í raun að byrja á að hugsa um, þ.e. þegar stjórnmálamenn setjast yfir fjölmiðla og þeir koma til almennrar umræðu, áður en við byrjum á einstöku máli eins Ríkisútvarpinu.

Nú væri vissulega skemmtilegt að taka Ríkisútvarpið hér til alvarlegrar skoðunar og umræðu. Til þess er ekki tími a.m.k. í þessu erindi mínu núna. En ég vil segja bara almennt um tillöguna til þingsályktunar sem frá þeim fjórum góðum þingmönnum kom, að ég hygg að við samfylkingarmenn séum sammála henni að mestu leyti í flestum þeim atriðum sem hér eru nefnd. Þau hafa komið til umræðu á okkar vettvangi og við erum á mjög svipaðri leið og tillögumenn í þessum efnum þó að ég segi þetta ekki án fyrirvara.

Ég tek sérstaklega undir það sem stendur í i-lið tillögunnar, með leyfi forseta:

„Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.“

Það er sorglegt og átakanlegt, hæstv. forseti, að sjá í dagblaði sem hér kemur út vitnað í póstsendingar útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins þar sem hann atast í undirmönnum sínum vegna meintrar pólitískrar misnotkunar þeirra á Ríkisútvarpinu. Sjálfur útvarpsstjórinn gerir þetta í tölvupósti. Hann uppnefnir undirmenn sína og einstaka þætti þeirra. (Forseti hringir.) Það er fyrir neðan allar hellur að maðurinn skuli ekki koma fram og ræða þessi mál opinberlega. Þetta sýnir (Forseti hringir.) umfram allt, hæstv. forseti, að það er mikið að í stjórnun Ríkisútvarpsins.

[12:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kom upp og talaði máli þjóðarinnar og flestra þingmanna, að eigin sögn. Ég hygg nú að hann hafi fyrst og fremst talað fyrir sjálfan sig í þessu máli. Mig langar að víkja þó að einu atriði sem hann nefndi. Hann sagði að Ríkisútvarpið hefði verið fært í fjárhagslega spennitreyju.

Nú hefur Ríkisútvarpið mjög mikla meðgjöf umfram aðra fjölmiðla sem eru í rekstri á Íslandi. Ríkisútvarpið innheimtir afnotagjöld og allir Íslendingar sem eiga sjónvarp eða útvarp eru skyldaðir til þess að greiða þau. Og það sem meira er, Ríkisútvarpið hefur lögveð í viðtækjum þeirra sem ekki greiða. Ríkisútvarpið selur auglýsingar til birtingar á öllum sínum miðlum og hefur bætt mjög í þann þátt í rekstri sínum. Þar að auki hefur Ríkisútvarpið verið rekið með halla sem síðan er greiddur af skattgreiðendum og ríkissjóði.

Ég get því ekki séð, þegar einu fyrirtæki á markaðnum eru sköpuð slík rekstrarskilyrði að fá að innheimta afnotagjöld, selja auglýsingar og komast upp með að reka fyrirtækið með halla sem síðan er greiddur upp af skattgreiðendum, að slíkt fyrirtæki hafi verið fært í fjárhagslega spennitreyju. Hvað þá með hina fjölmiðlana sem starfa á markaðnum?

[12:54]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sem hér talaði hefur að sjálfsögðu rétt fyrir sér. Það er tvennt í þessu, annars vegar er það að dregið hefur verið saman við Ríkisútvarpið. Afnotagjöld þess hafa ekki fylgt verðlagsþróun og þau hafa ekki fylgt þeim gjöldum sem tiltæk eru til samanburðar á öðrum fjölmiðlum. Það er klárt.

Það hefur þýtt að Ríkisútvarpinu hefur verið att út í sífellt grimmilegri og blóðugri samkeppni á auglýsingamarkaði og kostunarmarkaði með þeim afleiðingum að annars vegar dregur dagskrá Ríkisútvarpsins sjálfs æ meiri dám af markaðssjónarmiðum, þ.e. af þeirri sölu á aðgangi að áskrifendum og hlustendum sem auglýsingar í fjölmiðlum eru. Hins vegar hefur það haft þau áhrif á hinar stöðvarnar sem ég einmitt ræddi um áðan, að rekstrarskilyrði þeirra eru erfiðari en vera ætti.

Nú vil ég benda hv. þm. á það að í þeirri tillögu sem hér er til umræðu, og er nú ekki eftir mig og ekki flutt á mínum vegum, er einmitt gert ráð fyrir þessu. Þar er gert ráð fyrir að draga úr — reyndar að hætta viðskiptaauglýsingum. Mér þykir það nú nokkuð svona upp í sig fært. En til framtíðar má ræða það. Annars vegar er rætt um það og hins vegar að setja stofnunina á fjárlög og þá með þeirri skynsemi að það sé ekki á hverju ári heldur sé það yfir langan tíma með rammasamningum eða þjónustusamningum til langs tíma.

Þannig hefur tvennt gerst í einu, annars vegar það að útvarpinu er haldið í spennitreyju hvað varðar þess megintekjustofn og hins vegar það að útvarpið er sett inn á venjulegan hefðbundinn samkeppnismarkað þar sem það á einmitt ekki að vera vegna þess að það hefur sérstakt hlutverk. Ríkisútvarpið á að sinna því sérstaka hlutverki sem er grunnurinn undir því að það er til.

[12:56]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason lýsti því að Ríkisútvarpinu hefði verið att út auglýsingasölumarkaðinn og út í kostun á dagskrárliðum í þessu tali um fjárhagslega spennitreyju Ríkisútvarpsins.

Ég held að þessi umræða sé góð og þáltill. að mörgu leyti. Það er margt í henni sem ég get tekið undir eins og ég sagði strax í upphafi. En ég held að við gætum líka tekið til umræðu á hvaða leið Ríkisútvarpið er. Menn geta verið sammála um að Ríkisútvarpið eigi að vera flaggskip íslenskrar

menningar og tungu. Ég get ekki séð af stórum hluta þeirrar dagskrár sem það t.d. býður upp á að það sé að sinna þessu hlutverki sínu. Við vitum að stór hluti dagskrárinnar eru sýningar á bandarískum þáttum eins og Sex and the City, Sopranos og fleiri afþreyingarþáttum. Eitthvað af fjármunum Ríkisútvarpsins fer í kaup á þessum dagskrárliðum og það er kannski þess vegna sem þessi stofnun er rekin með svo miklu tapi að hún er að sinna hlutverki sem hún á alls ekkert að vera í, þ.e. samkeppni við einkastöðvarnar.

Auðvitað kemur þetta ekki bara niður á starfsmönnum annarra fjölmiðla heldur líka rekstri þeirra. Það sem ég er að segja er að vera Ríkissjónvarpsins á þessum markaði og ríkisins á fjölmiðlamarkaði hefur áhrif og — það er rétt — á starfsmenn annarra fjölmiðla en kemur líka niður á rekstri annarra fjölmiðla í landinu. Það er alveg sama hvort um er að ræða ljósvakamiðla eða prentmiðla. Ég get því alveg tekið undir það að nauðsynlegt er hinu háa Alþingi að taka málefni ríkisins á fjölmiðlamarkaði til nánari umfjöllunar. En ég vildi bara að þetta kæmi fram í þessari umræðu um meinta fjárhagslega spennitreyju Ríkisútvarpsins.

[12:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hver veit nema hið ótrúlegasta geti gerst, þ.e. að ég og hv. 10. þm. Reykv. n. getum náð einhvers konar samstöðu í málefnum Ríkisútvarpsins. Ég veit að ræðutími hans er liðinn og hann getur ekki gert það núna. En þá verður hann auðvitað að gera það upp við sig hvort hann vill ríkisútvarp eða ekki. Mér hefur heyrst að hann sé svona á síðari skoðuninni í því.

Við erum sammála um að Ríkisútvarpið eigi að hafa sérstöðu í íslenskri fjölmiðlun, til þess sé það til, og það eigi að sinna því hlutverki fyrst og fremst og ekki öðrum hlutverkum, þó að ég sé svo sem ekki og vilji alls ekki að þátturinn Sopranos — af sérstökum ástæðum sem geta þess vegna varðað hv. þm. sem hér talaði áðan — eða Sex and the City verði teknir sérstaklega af dagskránni. En Ríkisútvarpið er í vanda. Það stendur sig vel að sjálfsögðu frá degi til dags. Það er í vanda. Það er í rekstrarlegum vanda sem við vitum um og hefur verið hér til umræðu tvisvar eða þrisvar á þeim stutta tíma síðan þingið kom saman. Það er í skipulagslegum vanda. Það hefur ekkert gerst þarna í skipulagi sem þarf að gerast og þessi tillaga tekur að vissu leyti á því.

Það er líka í stjórnunarlegum vanda sem því miður blandast pólitík og sú pólitík og sá stjórnunarvandi kemur ágætlega fram í frétt af tölvupósti útvarpsstjórans sem birt er í Fréttablaðinu í dag þar sem hann ræðst að undirmönnum sínum með ákaflega óvenjulegum hætti sem lýsir því að það er eitthvað rotið í ríki Dana.

[13:00]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Þær hafa alla vega dregið fram að mönnum er alls ekkert á móti skapi að taka málefni Ríkisútvarpsins til gaumgæfilegrar umræðu og fjalla um hvert framtíðarhlutverk Ríkisútvarpsins á að vera í þjóðfélagi okkar.

Það er auðvitað ekki svo að þau atriði sem við, fjórir þingmenn Frjálsl., höfum talið upp í nokkrum liðum sé tæmandi upptalning á því sem þarf að ræða. Það þarf vafalaust að ræða fleira í sambandi við Ríkisútvarpið og framtíðarfyrirkomulag þess. En þetta er alla vega það sem við höfum lagt til málanna inn í þessa umræðu. Ég fagna því að menn telji að málið sé þess fyllilega vert að taka til gaumgæfilegrar skoðunar. Ég vona sannarlega að þannig verði málið unnið, að farið verði í það af fullri alvöru að skoða starfsemi Ríkisútvarpsins og hvernig fyrirkomulag á að vera á henni á næstu árum eða áratugum.

Sérstaða Ríkisútvarpsins þarf að vera tryggð að mínu mati. Ríkisútvarpið á að hafa ákveðið menningarhlutverk. Það á að sjá til þess að allir þegnar Íslands geti átt aðgang að Ríkisútvarpinu og viti hvað Ríkisútvarpið stendur fyrir. Þó er ekki þar með sagt að afþreyingarefni, sem svo er stundum kallað í ljósvakamiðlum, t.d. ákveðnir sjónvarpsþættir sem hér hafa verið nefndir, séu algerlega teknir út úr útsendingartímum Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Það þarf að marka Ríkisútvarpinu ákveðna stefnu og sérstöðu. Það mun auðvitað skýrast sérstaklega þegar menn hafa viðurkennt að Ríkisútvarpið á að vera fjármagnað af fjárlögum. Það á ekki að etja Ríkisútvarpinu út á hinn harða samkeppnismarkað fjármagnsins gegnum auglýsingarnar. En þangað hefur því verið beint á undanförnum árum til að það gæti yfirleitt rekið sig. Hallinn á Ríkisútvarpinu á undanförnum árum er til kominn vegna þess að afnotagjöld hafa ekki fylgt þeirri þróun sem þurft hefði til að standa undir rekstri Ríkisútvarpsins og þar af leiðandi hefur Ríkisútvarpið orðið harður samkeppnisaðili, m.a. á auglýsingamarkaðnum.

Það er þarft að við tökum þessi mál til umfjöllunar, að þeim verði komið í ákveðinn farveg. Vonandi mun þessi þáltill. verða til þess að menn komist niður á að ræða framtíð og skipulag Ríkisútvarpsins og hvernig með það á að fara, virðulegi forseti.

Hér hefur komið til umræðu hin sérstæða frétt í Fréttablaðinu. Hún dregur fram það að Ríkisútvarpinu er að stórum hluta pólitískt stjórnað. Þar sitja menn í stjórnunarstöðum sem telja sérstakt hlutverk sitt að gæta að því að ekki myndist vinstri slagsíða á göngum Ríkisútvarpsins. Mér er það ljóst að í lögum um Ríkisútvarpið stendur að það skuli gæta hlutleysis og fjalla um málin á hlutlausan hátt, að öll sjónarmið skuli koma þar fram. Ég hefði talið að innan útvarpsins væri hægt að sjá til þess. Við sem erum starfandi á Alþingi eigum auðvitað að sjá til þess líka að málunum sé þannig fyrir komið og gera athugasemdir ef okkur finnst að Ríkisútvarpið halli á í pólitískri umfjöllun og hygli einhverjum ákveðnum.

Það er fullt tilefni til að gera það að umræðuefni sem kemur fram á síðum Fréttablaðsins í morgun, að útvarpsstjóri skuli senda fréttapóst til starfsmanna útvarpsins um að að hann telji að hægra fólk og hægri skoðanir vanti í Ríkisútvarpinu. Ég vil, svona fyrir sálarheill útvarpsstjóra, mælast til þess við sjálfstæðismenn að þeir gangi þar annað slagið um ganga svo að hann fái ró í sálina. Þeir ættu að leggja honum til stuðning að því leyti þannig að hann þurfi ekki að argast í starfsmönnum sínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, 167. mál, beiðni MÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 169.

Færsla Hringbrautar í Reykjavík, 172. mál, fsp. GÓJ, þskj. 174.

Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, 173. mál, fsp. GÓJ, þskj. 175.

Lega Sundabrautar, 176. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 178.
Myndasafn lögreglu, 171. mál, fsp. GÓJ, þskj. 173.
Starfsemi héraðsdómstóla, 170. mál, fsp. GÓJ, þskj. 172.
Starfsmenntun leiðsögumanna, 175. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 177.
Sundabraut í Reykjavík, 174. mál, fsp. GÓJ, þskj. 176.

Fjármálafyrirtæki, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ og SJS, 7. mál (kaup viðskiptabanka á hlutabréfum). — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Raforkukostnaður fyrirtækja, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ og KLM, 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 9. mál (meðferð brota, verkaskipting o.fl.). — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 10. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. MÞH o.fl., 11. mál (hljóðbækur). — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ, 13. mál (orlofslaun). — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

GATS-samningurinn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 152. mál (lagaskil). — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Talnagetraunir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 141. mál (framlenging rekstrarleyfis). — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 142. mál (13. samningsviðauki). — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (fullgilding spillingarsamnings). — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Rekstur Ríkisútvarpsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 15.–19. mál.

Fundi slitið kl. 13:44.

---

13. FUNDUR

fimmtudaginn 16. okt.,
að loknum 12. fundi.

Dagskrá:

1. Barnalög, frv., 152. mál, þskj. 152. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Kosningar til Alþingis, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
3. Skattafsláttur vegna barna, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
4. Stofnun stjórnsýsluskóla, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
5. Tannvernd barna og unglinga, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
6. Seðlabanki Íslands, frv., 153. mál, þskj. 153. — 1. umr.

Barnalög, 2. umr.

Frv. allshn., 152. mál (lagaskil). — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Skattafsláttur vegna barna, fyrri umr.

Þáltill. SigurlS o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

[13:48]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir svohljóðandi þáltill.:

Alþingi ályktar að tekinn verði upp sérstakur skattafsláttur handa börnum. Afslátturinn fylgir hverju barni til 16 ára aldurs. Foreldrar eða forráðamenn barna nýta skattafsláttinn með frádrætti frá sköttum eða endurgreiðslu við álagningu líkt og um persónuafslátt væri að ræða. Fjmrh. er falið að skoða nánari útfærslu slíks afsláttar og hvort afslátturinn skuli fara stighækkandi eftir fjölda barna. Fjmrh. skal við upphaf haustþings 2004 leggja tillögur sínar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Skal að því stefnt að lög um skattafslátt handa börnum taki gildi í upphafi árs 2005.

Kröfur í nútímaþjóðfélagi um menntun, íþróttir og félagsstarf barna hafa kallað á aukin útgjöld foreldra vegna barna sinna. Slík útgjöld teljast nú nauðsynleg til að sinna sjálfsögðum þörfum barna svo þau fái notið viðbótarmenntunar, t.d. í tónlist, þjálfun í íþróttum og öðru félagsstarfi. Ekki fer á milli mála að með virkri þátttöku barna í áðurnefndu menntunar- og íþróttastarfi sem barninu býðst er jafnframt verið að efla mannkosti barnsins og verja það fyrir óæskilegum áhrifum t.d. af völdum vímuefna.

Þessi nýi kostnaður sem foreldar sjá nú í heimilishagkerfinu er sá kostnaður sem tengist alls kyns íþrótta- og tómstundaiðkun barna okkar. Kostnaður samfara þessu er umtalsverður. Fyrir utan æfingar og námskeiðagjöldin er allur búnaður sem íþrótta- og tómstundastarfi fylgir dýr. Þetta eru háar upphæðir þegar allt er tekið saman og verður til þess að margir foreldrar veigra sér við að senda börn sín á námskeið vegna kostnaðar.

Tekið er gjald fyrir skólamáltíðir og ræðst það að nokkru af fjárhag foreldra hvort þeir hafi efni á að greiða fyrir slíkt. Útkoman í þessu hefur orðið til þess að ekki fá öll börn heitan mat í hádeginu þrátt fyrir að skólinn eigi að kallast einsetinn heilsdagsskóli. Flest börn eru í skólanum frá átta til tvö eða um 34 kennslustundir á viku að meðaltali. Jafnframt þarf að greiða fyrir gæslu eða vistun eftir skóla ef foreldrar geta ekki sinnt þeim vegna vinnu. Oft er í boði einhvers konar námskeið í gæslunni og í flestum tilfellum þarf að

greiða fyrir þau námskeið líka að viðbættu vistunargjaldi. Með þessu öllu er grunnskólinn sem á í raun að vera gjaldfrír orðinn stór kostnaðarliður í bókhaldi heimilanna.

Foreldrar vita frá fæðingu barna sinna að börnin eru það dýrmætasta sem þeir eiga. Þeir gera sitt besta til að hlúa að þeim og fræða þau um lífið og tilveruna því þau vita að þau koma til með að erfa landið. Við verðum því að leggja kapp okkar á að búa í haginn fyrir börnin. Þau eru framtíðin. Við verðum að leyfa þeim að taka þátt í hvers kyns heilbrigðu íþrótta- og tómstundastarfi og þar eiga öll börn að njóta jafnræðis og enginn á að verða út undan af fjárhagsástæðum. Við leggjum kapp á að gera þetta þó kostnaður sé mikill.

Sjálfsagt og eðlilegt verður að teljast að foreldrar og forráðamenn barna í íþrótta- og tómstundastarfi eigi skilið að fá umbun. Unnt er að veita þá umbun í skattalegu formi. Skattafslátturinn er góð umbun sem foreldrar og forráðamenn barnanna ættu skilið að fá fyrir það eitt að leyfa börnum sínum að taka þátt í heilbrigðu íþrótta- og tómstundastarfi. Þetta yrði fjárfesting til framtíðar sem mundi án efa margborga sig að koma í framkvæmd. Börn og unglingar, foreldrar, forráðamenn, íþrótta- og tómstundafélög og þjóðarbúið sjálft hafa mikinn hag af þeirri skattalegu lausn.

Þegar hagur þjóðarbúsins er tíundaður sem skattaleg lausn kemur í ljós að hæfir einstaklingar koma til með að byggja upp landið enn frekar og það kemur okkur öllum til góða. Það er líka löngu sannað að ef börnum og unglingum er haldið uppteknum við heilbrigða íþrótta- og tómstundaiðkun falla þau síður í gryfju reykinga, áfengis og eiturlyfja. Þannig er þetta ekki síður forvörn því að í dag eru okkur sagðar sögur af sölumönnum dauðans á skólalóðum grunnskólanna.

Einnig ganga sögur um að auðveldara sé fyrir ungling að kaupa hass en bjór og að eiturlyf megi kaupa í heimsendingu sem eru afgreidd með skjótari hætti en pitsa í heimsendingu. Eðlilega hrýs fólki hugur við sögum af þessu tagi og vill með ýmsum ráðum vernda börn sín fyrir því böli sem getur fylgt reykingum, áfengi eða eiturlyfjaneyslu.

Frjálslyndi flokkurinn leggur mikið upp úr því að stuðningurinn við foreldra og forráðamenn barna í skattalegu formi verði efldur enn frekar. Þessi þáltill. er ein af þeim raunhæfu lausnum sem Frjálslyndi flokkurinn leggur til svo foreldrar geti betur eflt forvarnastarf innan fjölskyldu sinnar.

[13:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hreyfir hér mjög mikilvægu máli sem er aðbúnaður barnafjölskyldna í landinu og hún kemur hér með athyglisverða tillögu um með hvaða hætti væri unnt að koma til móts við þær. Ég tek fram í upphafi máls míns að ég kem ekki í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi Samfylkingarinnar við þessa leið. Við höfum farið fremur varlega í að fara með mismunandi skatta fram gagnvart ólíkum hópum en það á að skoða allt í þeirri stöðu sem orðin er í þessum málum í samfélaginu. Hingað til hafa það verið barnabætur og persónuafsláttur kannski fyrst og fremst sem notað hefur verið til að jafna gagnvart barnafjölskyldunum. Skattkort hafa verið boðuð og á tímabili skoðuðum við í mínum flokki möguleika á fjölskylduskattkorti sem ég er enn þá nokkuð hrifin af. Þá væru tekjur allrar fjölskyldunnar skoðaðar og reynt að meta þær saman þó að tekið væri tillit til sérsköttunarinnar. En þetta er ekki einfalt mál.

Þegar við erum á ferð í fyrirtækjum og úti á meðal fólks þá benda t.d. einstæðir foreldrar mjög oft á þörfina fyrir að hafa leyfi til að nýta skattkort barna sinna sem eru komin yfir 16 ára aldur og hafa bent á það sem Sigurlín Margrét nefnir í tillögunni, þ.e. hin miklu útgjöld fjölskyldunnar og aldrei verða þau þyngri fyrir heimilið en þegar er einn framfærandi. Þess vegna er svo mikilvægt að við á Alþingi grípum þau tækifæri sem gefast til þess að ræða málefni barnafjölskyldunnar og að við horfum hispurslaust framan í þá staðreynd að að henni er ekki vel búið í samfélagi okkar. Við eigum að ræða hvers konar samfélag við viljum og hvaða hlutverk við ætlum fjölskyldunni í íslensku samfélagi.

Ég ræddi um matvælaverð á dögunum og ég vísaði til upplýsinga frá skattstofunni en hún gerir úttektir fyrir meðalfjölskylduna. Ég fékk upplýsingar um að matarútgjöld fyrir fjölskyldu sem mælist 2,82, þ.e. nokkuð liðlega undir þriggja manna fjölskyldu, væru um 40 þús. kr. Sú mælieining, 2,82, segir okkur mikið um hvaða þróun hefur orðið í samfélagi okkar og við eigum að spyrja: Viljum við að slík þróun haldi áfram? Börnum fækkar í öllum löndum Evrópu og sögur eru sagðar af því að foreldrar á framabraut kjósi að vera barnlaus vegna þess að stuðningur við barnafjölskyldur og tækifæri fyrir foreldra í erfiðum störfum til að vera bæði foreldrar og sinna starfi eru ekki mikil og að þetta er erfið staða. Erfið staða, já fyrir foreldrana sem vilja vera foreldrar, sinna erfiðum störfum og eiga börn en það eru börnin sem við eigum að einblína á. Staða barnanna í samfélaginu, umönnun barnanna, möguleikar foreldra til að vera með börnunum í veikindum, taka þátt í því sem er að gerast hjá þeim, t.d. í skólanum, og vera foreldri upp á það sem foreldrahlutverkið þýðir.

Við töluðum líka hér á dögunum um leikskólann og Samfylkingin hefur farið fram með það í kosningabaráttu að byrja að taka leikskólann undir grunnskólaskylduna, þ.e. elstu og efstu árgangar og elstu börn í leikskóla séu í skóla og í upphafi verði fjórir tímar gjaldfrjálsir af því að það væri skólatími barnsins. Vinstri grænir gengu lengra í tillögum sínum sem ræddar voru í síðustu viku og vilja að nefnd sé boðuð þar sem ríki og sveitarfélög skoði það saman að leikskólinn verði frír.

Af hverju erum við að ræða málið frá svona ólíkum sjónarhóli? Hvort leikskóli eigi að vera frír því að hvert leikskólapláss er svo þungur baggi fyrir hvert foreldri. Við ræðum matarverðið af því að maturinn fyrir þriggja manna fjölskyldu, ég tala ekki um fjögurra manna, er allt of þungur póstur miðað við launakjör í landinu og við höfum verið að ræða um hvernig hægt sé að koma til móts við barnafjölskyldur.

Við ræðum þetta vegna þess að úrræði ríkisstjórnarinnar hafa verið slök. Um margra ára bil hefur verið dregið úr barnabótunum. Í barnalandinu, hjá barnaþjóðinni hefur núv. ríkisstjórn valið það þegar hún er að ná sér í peninga og spara að draga úr barnabótum og rýra þær að verðgildi.

Nú er búið að lofa og boða að aftur verði farið að auka barnabæturnar, en þá er dregið úr vaxtabótunum sem er einn pósturinn enn sem ég hef ekki nefnt og er mjög þung útgjöld fyrir barnafjölskyldur, fólk sem er að koma jafnvel úr námi eða fólk sem hefur verið alla tíð á lágum launum, er að koma sér upp heimili, vill koma sér örugglega undir þak og eignast sitt eigið heimili.

Þetta er ekki efnilegt og sú mynd er ekki fögur sem ég dreg upp. En ég kem hér til að segja við hv. þm. Sigurlín

Margréti Sigurðardóttur sem hefur komið inn á Alþingi Íslendinga og brotið enn eitt glerþakið sem við erum oft að fást við í samfélagi okkar og hefur oft komið í hlut kvenna að brjóta, að koma hér og berjast, ekki bara sem einstaklingur á Alþingi fyrir bættum hlut þeirra sem hún ætlar að bera fyrir brjósti heldur líka sýna það að fólk með hömlur eins og hún er með stendur fyrir sínu. Ég er feykilega hreykin af því að kynsystir mín hefur tekið að sér þetta hlutverk. Þess vegna kem ég hér og segi við hana: Þó að ég geti ekki lofað stuðningi við nákvæmlega þá útfærslu sem hún leggur til, þá heiti ég henni stuðningi við þær hugmyndir sem hún er að setja hér fram um að taka á málum barnafjölskyldnanna, að bæta eigi hag barnafjölskyldna og að miklu sé ábótavant. Við eigum að taka höndum saman um að laga það.

[14:02]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. sem hér hefur verið mælt fyrir af hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur um sérstakan skattafslátt vegna barna, er einn vegvísirinn enn í þeirri umræðu að styrkja og bæta kjör barnafólks og koma á auknu jafnrétti milli þeirra sem eiga og ala upp börn í samfélaginu. Það er alveg hárrétt sem hér er komið inn á að við beitum skattkerfinu til jöfnunar, þ.e. eitt hlutverk í beitingu skattkerfisins er annars vegar að jafna byrðar, taka skatta af þeim sem við teljum að geti staðið undir því að greiða skatta og síðan að veita stuðning af hálfu ríkisins með einum eða öðrum hætti til þeirra sem við teljum að þurfi helst á því að halda. Þannig beitum við skattkerfinu beint til jöfnuðar. Það er því í hæsta máta eðlilegt að hér sé borin hér fram tillaga sem miðar að því að horfa á sérstakan skattafslátt vegna barna.

Það er svo að börnin eru þau sem landið erfa, börnin eru það dýrmætasta sem hver og ein kynslóð leggur fram til næstu kynslóðar og því skiptir miklu máli í allri þeirri vegferð að hver kynslóð skili af sér börnum til næstu kynslóðar sem taki betur á hlutunum en sú fyrri gerði. Það hlýtur að vera hið eilíflega og ævinlega hlutverk okkar sem viljum berjast fyrir bættum heimi til framtíðar og geta þar stöðugt stigið skref.

Það er alveg hárrétt og ég get í hæsta máta tekið undir það sem stendur í greinargerð með þessari tillögu, með leyfi forseta:

„Kröfur í nútímaþjóðfélagi um menntun, íþróttir og félagsstarf barna hafa kallað á aukin útgjöld foreldra. Þessi útgjöld teljast nú nauðsynleg til að sinna sjálfsögðum þörfum barna, svo að þau fái notið íþrótta- og tómstundastarfs sem og viðbótarmenntunar, t.d. í tónlist. Virk þátttaka barna í félags- og íþróttastarfsemi er til þess fallin að efla mannkosti barns og verja það fyrir óæskilegum áhrifum, t.d. af völdum vímuefna. Kostnaður vegna þessa er umtalsverður og oft meiri en margir foreldrar geta staðið undir."

Ég held að við þekkjum þetta öll í raun. Við getum nefnt mörg dæmi sem staðfæra þetta. Öll mismunun á möguleikum barna til þess að njóta menntunar og þroska í samfélaginu er stórhættuleg. Því meiri mismunun, því meiri ójöfnuður, því meira bil fáum við á milli þjóðfélagshópa ef hver einstaklingur, sem er dýrmætur í sínu samfélagi, fær ekki að þroskast innan samfélagsins á eðlilegan hátt eða búa sig sig undir að takast á við þau verkefni sem honum verða síðan falin. Það er því afar brýnt að sem mestur jöfnuður ríki í möguleikum barna alveg frá fæðingu og til fullorðinsára þegar þau fara sjálf að hasla sér völl í lífinu.

Þetta frv. er því einn góður vegvísir á þeirri leið. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum flutt hér þáltill., eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist réttilega á, um gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum þannig að foreldrar geti sent börn sín á leikskóla, bæði til að njóta þeirrar menntunar sem þar er í boði, enda er leikskólinn orðinn hluti af hinu almenna mennta- og skólakerfi, og einnig til þess að koma til móts við foreldra að þeim séu ekki íþyngt með óhóflegum greiðslum til að geta sent börn sín á leikskóla eða notið þeirrar þjónustu sem leikskólinn er fyrir fjölskyldur í landinu. Því höfum við lagt hér fram frv. um gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum, sem er einn liður að sama marki og þessi tillaga hér miðar að.

Það er líka vert að gera sér grein fyrir því að í gegnum skattkerfið er núna þegar beitt ákveðinni mismunun. Það eru allar þær tekjutengingar sem fólk má búa við. Tökum t.d. ungt fólk sem er að koma úr námi eða stofna fjölskyldu, koma sér upp húsi og heimili, þetta er gríðarleg fjárfesting sem þarf þarna að stofna til og það sem þetta unga fólk hefur til að afla sér fjármuna til þess eru hugur og hönd, þ.e. með vinnu sinni. Þá er nú þannig í pottinn búið að einmitt þetta launafólk, fólk sem vinnur og vinnur og reynir að ná inn auknum fjármunum í gegnum laun vinnu sinnar, er hundelt með tekjutengingum, barnabætur tekjutengdar, afborganir af námslánum tekjutengdar, húsaleigubætur eða vaxtabætur, tekjutengingarnar eru alls staðar. Lífeyririnn er tekjutengdur. Þannig að ungu fólki sem er að koma upp börnum og heimili er á vissan hátt refsað í gegnum skattkerfið og gert erfiðara fyrir að koma sér upp heimili.

Sú tillaga sem hér er flutt er einmitt liður í því að skoða þá hlið málsins að veita sérstakan skattafslátt vegna barna. Ég tel að þetta sé kannski ekki beinasta leiðin til þess. Við eigum að taka á öðrum leiðum í þessum málum frekar. En engu að síður er þessi tillaga mjög sterkt innlegg inn í þá umræðu og það er athyglisvert, og ég held að þingið ætti að taka mið af því í vinnu sinni og þeim lagabreytingum sem hér gætu verið unnar, taka tillit til þess að hvert málið á fætur öðru kemur hér inn á þing sem miðar að því að styrkja stöðu barnafjölskyldna, jafna kjör og styrkja stöðu barnafjölskyldna og stöðu barna í samfélaginu. Þetta eru ein skýrustu skilaboðin, finnst mér, sem hafa komið inn á þing nú í upphafi og væri vel ef Alþingi tæki nú virkilega heildstætt á þessum málum og þannig að verkin töluðu en ekki bara orðin ein, að það væru verkin sem sýndu merkin. Þessi tillaga hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur er góður vegvísir inn í þá heildarumræðu.

[14:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér till. til þál. um sérstakan skattafslátt vegna barna. Þegar tillaga þessi er lesin í hörgul sést fljótt að þetta eru í rauninni barnabætur, ótekjutengdar barnabætur, og það er meira að segja gert ráð fyrir að þær verði háðar fjölda barna í fjölskyldu en verði algjörlega ótekjutengdar. Það eru rök fyrir því, herra forseti. Í fyrsta lagi þau rök að jafna aðstöðu foreldra sem eru með sambærilegar tekjur og önnur hjón sem eiga engin börn. Það er verið að jafna aðstöðu þeirra, bæði með svipaðar tekjur. Það sem mælir á móti því er að þessi tillaga gerir ráð fyrir því að fólk með mjög háar tekjur, jafnvel með milljón á mánuði, fái barnabætur óskertar. Og þær eru að sjálfsögðu greiddar

með sköttum allra, líka þeirra sem eru með lágar tekjur. Það kemur þannig út að það er þá verið að skattleggja foreldra með lágar tekjur í gegnum virðisaukaskatt, í gegnum skatta almennt til þess að greiða barnabætur til foreldra með mjög háar tekjur.

Á sínum tíma þegar barnabætur voru hækkaðar mikið í vandræðunum miklu 1993, 1994 og 1995, þá var að tillögu Alþýðuflokksins sáluga tekin upp mikil tekjutenging þessara stórhækkuðu barnabóta. Þannig að það var litið til félagslegrar stöðu fjölskyldunnar. Síðan þá hafa menn verið að vinna í því að afnema þessar tekjutengingar, milda þær og minnka og það er markmið núverandi ríkisstjórnar að vinna áfram í því að minnka tekjutenginguna. Þannig að við erum að stefna á það sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

En þá kemur spurningin hvort það sé eðlilegt að vera að borga fólki með mjög háar tekjur bætur sem eru greiddar með sköttum allra, líka þeirra sem eru með lágar tekjur. Og frv. tekur meira að segja að vissu leyti tillit til félagslegrar stöðu, vegna þess að það stendur í tillögunni að barnabætur fari stighækkandi eftir fjölda barna, þ.e. það er ekki sagt að hvert barn fái sínar barnabætur, heldur að það fari stighækkandi, og ég reikna náttúrlega með því að t.d. þrjú börn fái eitthvað hærri bætur eða skattafslátt en eitt barn, en ekki endilega þrefalt. Þannig að tekið sé tillit til þess að það er ódýrara að ala upp þrjú börn í einu heldur en þrisvar sinnum eitt barn.

Í Evrópu hefur orðið mikil umræða um aðstoð við barnafólk vegna þess að fæðingum hefur fækkað mjög mikið og það horfir til vandræða vegna þess að börn nútímans standa undir velferðarkerfi framtíðarinnar á grundvelli kynslóðasamningsins. Þess vegna er mjög mikilvægt að það fæðist börn og það þarf að stuðla að því með öllum ráðum að það gerist. Hér á landi er þessi vandi ekki til staðar í sama mæli. Íslendingar hafa verið mjög duglegir að eiga börn og íslenskt þjóðfélag er mjög barnvænt, afstaða fólks til barna er mjög jákvæð, andstætt því sem víða er í Evrópu. Og þess vegna er ekki eins mikil þörf á því að styðja börn sérstaklega og alveg sérstaklega er ekki þörf á því að styðja barneignir tekjuhás fólks, fólks sem er kannski með milljón á mánuði. Þannig að ég hef dálitlar efasemdir um þetta frv. vegna þess arna, að það eigi að vera algerlega óháð tekjum. Og það er bara af félagslegri ástæðu að mér finnst óeðlilegt að skattleggja fólk með lágar tekjur og sem á börn og hefur kannski erfiða framfærslu, mikla ómegð, skattleggja það til þess að borga óskertar barnabætur í sama mæli til fólks með háar tekjur.

[14:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði. Við leggjum til að þær bætur sem kunna að verða útfærðar eftir þessari tillögu verði ekki tengdar tekjum. Hv. þm. veltir fyrir sér hvort það sé ekki of mikið í lagt að barnabætur gangi til fólks með háar tekjur.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að eins og við höfum kynnt okkar stefnu í Frjálsl. varðandi skattalagabreytingar þá höfum við lagt til að hátekjuskatturinn yrði ekki afnuminn. Það er auðvitað í samræmi við þá skoðun okkar að þeir sem hafa hæstu tekjurnar í þessu þjóðfélagi geti borgað meira. Vissulega höfum við tekið undir það að sú viðmiðunartala sem þar er núna, 350 þús. kr. hjá einstaklingi, mætti vera hærri. Hins vegar erum við andvíg því sem ríkisstjórnin leggur til, að afnema hátekjuskattinn.

Við teljum að áherslurnar eigi að snúa að barnafólkinu. Það telur reyndar stjórnarandstaðan öll. Stjórnarandstaðan hefur öll flutt mál sem snúa að hag fjölskyldunnar. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vék að því áðan varðandi matarverðið. Vinstri grænir hafa flutt tillögu um að afnema gjöld á leikskólum. Allar vísa þessar hugmyndir í sömu átt, í átt að því að efla stöðu barnafjölskyldunnar.

Ég heyri það á hv. þm. að hann er út af fyrir sig ekki andvígur því en veltir fyrir sér hvort það sé of mikið í lagt að hafa barnabætur ótekjutengdar og þær renni einnig til þeirra sem hafa háar tekjur. Við teljum að það eigi að vera en að hátekjuskatturinn eigi hins vegar að vera til staðar.

[14:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að mörkin fyrir hátekjuskattinn, 350 þúsund, mættu vera hærri. En þá gefur hann bara engar tekjur í ríkissjóð. Tekjur fara mjög hratt lækkandi, þessi stofn, ef mörkin eru hækkuð. Það eru nefnilega svo sárafáir framteljendur með mjög háar tekjur. Sumir hafa kallað þetta öfundarskatt af því að hann gefur sáralítið en dregur úr frumkvæði og dugnaði þeirra sem eru með háar tekjur. Hann gefur sem sagt mjög lítið. Það sem þetta frv. gengur út á er að taka fyrst hátekjuskattinn af fólki, þeim sem hafa háar tekjur, og greiða þeim síðan óskertar barnabætur til baka. Ég sé nú ekki tilganginn í því.

[14:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Var ekki einhver misskilningur í þessu síðasta andsvari, alla vega í lokin? Við í Frjálsl. höfum ekki lagt til að taka af hátekjuskattinn. Við höfum sagt að við teldum að það ætti að halda hátekjuskattinum, byrja frekar á að bæta hag barnafjölskyldunnar í landinu og efla stöðu hennar. Það er misskilningur að við höfum lagt til að afnema hátekjuskattinn.

Ég hef hins vegar sagt að mér fyndist mega skoða hvort að hækka ætti mörk hátekjuskattsins upp frá þessum 350 þús. kr. eins og þau eru í dag. Það er misskilningur ef hv. þm. hefur talið að með því væri ég að leggja til að hátekjuskatturinn yrði lagður af. Svo er ekki.

Ég tel brýnt að horfa til þess að barnafjölskyldurnar í þessu landi þurfa sérstakrar aðhlynningar við. Við getum veitt slíka aðstoð með mörgum aðferðum. Við getum gert það með því að breyta gjaldtöku, með því að hækka barnabætur eða í gegnum skattkerfið, eins og við leggjum til hér, með því að láta barnafjölskyldur njóta skattafsláttar. Það væri hægt að gera þetta í gegnum matarverðið. Barnmargar fjölskyldur fara með meira til matarinnkaupa en þær sem fámennari eru o.s.frv.

Því verður ekki á móti mælt að ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram tillögur í þessa veru. Hún hefur lagt til að afnema hátekjuskattinn í áföngum. Hún hefur lagt til að auka álögur á barnafjölskyldur, m.a. með því í að breyta vaxtabótum. Stefna ríkisstjórnarinnar er öfug við hugmyndir okkar í þessari tillögu. Við leggjum til að þessi leið verði skoðuð og menn velti fyrir sér hvort hér sé komin leið sem geti bætt hag barnafjölskyldunnar.

[14:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því ekki fram að flutningsmenn þessarar tillögu ætluðu að afnema hátekjuskattinn. Ég sagði einmitt að þeir ætluðu að halda honum við og taka háa skatta,

t.d. af barnafjölskyldum sem hafa háar tekjur, og borga þeim síðan ótekjutengdar barnabætur í staðinn, þ.e. taka fyrst af þeim peningana og borga þá svo til baka.

Það er dálítill munur á því hvort um er að ræða barnabætur eða skattafsláttur. Hann er ekki mikill en hann felst í því að barnabætur eru eign barnsins en skattafslátturinn eign framfæranda. Þar getur verið munur á aðstæðum barna, t.d. ef barn býr ekki hjá foreldri, í skilnuðum og slíku. Það eru þekkt dæmi um að foreldrarnir stingi barnabótum í vasann en hinn raunverulegi framfærandi, kannski afi og amma, fái ekki barnabæturnar. Þá er dálítill munur á þessum tveimur leiðum, að fara í skattafslátt eða fara í barnabætur. Ég vildi svona rétt koma því að.

[14:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna því að hér er lögð fram tillaga til að styrkja og styðja barnafjölskyldur í landinu. Ég vil þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur og hennar meðflutningsmönnum fyrir framlagningu á þessu máli. Nú er það ekki svo að ég muni hér og nú lýsa yfir stuðningi við þá leið sem hér er lagt til að farin verði. Ég er fyrst og fremst að lýsa stuðningi við að styrkja og styðja barnafjölskyldur betur en gert hefur verið.

Ég vil samt, herra forseti, segja að ég tel ekki miklar vonir til að á þessu kjörtímabili verði hagur barnafjölskyldna bættur. Það er full ástæða til að rifja upp og verður aldrei of oft gert að á síðasta kjörtímabili skerti ríkisstjórnin verulega barnabætur og þar með kjör barnafjölskyldna. Staðan er einfaldlega sú að minna er varið til barnabóta á árinu 2003 en var á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Það vantar verulega upp á það, sennilega einar 1.500 millj. kr. Skerðing á barnabótum í tíð þessarar ríkisstjórnar er sennilega um 10 milljarðar kr.

Ég og minn flokkur höfum viljað fara þá leið að hafa barnabætur ótekjutengdar og greiða með öllum börnum að 18 ára aldri. Ísland er eitt fárra ríkja í Evrópu sem tekjutengir barnabætur. Á barnabætur er yfirleitt litið sem rétt barnsins sem ekki eigi að vera tengdur tekjum foreldra. Á árinu 1995 var ótekjutengdur hluti barnabóta greiddur með öllum börnum að 16 ára aldri. Nú er hann einungis greiddur með börnum að sjö ára aldri.

Ég sé að hv. þm. miðar við að afslátturinn, þ.e. sérstakur ótekjutengdur skattafslátt handa foreldrum eða forráðamönnum sem hafa börn á framfæri sínu, nemi tiltekinni upphæð fyrir hvert barn til 16 ára aldurs. Því væri fróðlegt, við þessa umræðu, að heyra sjónarmið hv. þm. um hvers vegna miðað er við 16 ára aldur en ekki 18 ára aldur.

Ég vil halda því til haga að auðvitað eru til margar leiðir til að bæta hag barnafjölskyldna gegnum skattkerfið, eins og hv. þm. leggur til. Ég vil rifja upp að ég hef á mörgum undangengnum þingum flutt tillögu um að foreldrar geti nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna. Ónýttur persónuafsláttur barna er verulegur. Á bak við það er svipuð hugsun og hér er og var ég þá sérstaklega að hugsa um einstæða foreldra þó að vissulega þurfi að skoða það líka í ljósi þess að tekjulágar barnmargar fjölskyldur þyrftu líka á slíkri aðstoð að halda í skattkerfinu.

Ég vil taka fram, herra forseti, að ég tek undir þau rök sem hv. þm. flytur fyrir tillögu sinni, ekki síst fyrir þeim kafla sem fjallar um þær kröfur sem eru í nútímaþjóðfélagi um menntun, íþróttir, félags- og tómstundastarf barna. Því miður stöndum við hér frammi fyrir stéttskiptu þjóðfélagi þar sem stéttskipting er frekar að aukast. Það hefur komið fram í ýmsum könnunum að börn tekjulágra fjölskyldna eða einstæðra foreldra með litlar tekjur hafa ekki sömu möguleika og börn efnameiri foreldra til að stunda íþróttir og ýmiss konar félagsstarf. Þetta kostar einfaldlega miklu meira en það gerði áður og ýmis starfsemi sem fram fer í skólunum, íþróttastarfinu o.fl., er kostnaðarsöm, ekki síst fyrir tekjulágar fjölskyldur. Reyndar hafa sveitarfélögin séð ástæðu til þess, séð sig knúin til að veita sérstaka fjárhagsaðstoð handa tekjulágum fjölskyldum til að börn þeirra geti stundað ýmiss konar tómstundastarf, íþróttir, félagastarf o.fl. sem önnur börn geta tekið þátt í. Rökin sem hér eru sett fram eru sannarlega rétt. Þó að ýmsir telji að kostnaðurinn við að ala upp börn sé mestur á fyrstu árum ævi barnanna þá er hann jafnvel enn meiri þegar börnin vaxa úr grasi, ekki síst þegar börn eru komin kannski á 12–16 ára aldurinn.

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir þá hugsun sem hér kemur fram. Þessari tillögu mun væntanlega vísað til efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Ég tel næsta öruggt að hún muni þar fá þá umfjöllun sem henni ber. Hv. formaður efh.- og viðskn. boðaði það á síðasta fundi að tillögur þingmanna mundu nú fá meira vægi í efh.- og viðskn. en áður hefur verið gert og teknar þar til efnislegrar umfjöllunar. Það hefur ekki verið gert áður, sem er náttúrlega ósiður og vanvirðing við minni hlutann á þinginu. Tillögur þingmanna fá yfirleitt umfjöllun á korteri eða hálftíma á lokadögum þingsins. Þær eru jú sendar til umsagnar en fá yfirleitt ekki efnislega umfjöllun í nefndum. Nú reynir á þetta.

Ég efa ekki að hv. þm. Pétur Blöndal, formaður efh.- og viðskn., muni standa við það sem hann boðaði á síðasta fundi nefndarinnar. Ég vænti þess að tillagan fái góða umfjöllun og verðuga í efh.- og viðskn. eins og hún á skilið og þakka hv. þm. fyrir að flytja þessa tillögu.

[14:29]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir hennar mál og afstöðu hennar til þessa máls. Ég skil vel að hún tjái ekki beinan stuðning flokks síns við nákvæmlega þessa útfærslu að svo komnu máli. Reyndar má segja að ekki sé gefin nákvæm forskrift að því hver útfærslan á að vera heldur séum við í raun að leggja inn til umfjöllunar í þinginu hvað gera megi til að bæta hag barnafjölskyldna í landinu.

Hv. þm. spurði hvers vegna við gerðum ráð fyrir afslætti til til 16 ára aldurs. Það er vegna þess að fólk fær skattkort sín og persónuafslátt við 16 ára aldur og fer þá yfirleitt að nýta skattafslátt sinn sjálft. Við vildum ekki blanda því saman eða flækja með því að fara upp fyrir 16 árin þó að einhver rök kunni að vera fyrir því. Við greindum þar á milli í þessari tillögu okkar.

[14:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi bara láta það koma fram að ég tel þetta svar hv. 5. þm. Norðvest. fullnægjandi og rökrétt.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um tillögu okkar, þingmanna Frjálsl., sem við flytjum öll saman. Við viljum huga að því hvernig megi bæta hag barnafjölskyldna í landinu í gegnum breytingar á skattkerfinu, með því m.a. að velta því upp hvort það sé

hugsanlega æskileg og góð leið að tekinn verði upp sérstakur skattafsláttur sem tilheyri börnum en sem fjölskyldan, foreldrar og forráðamenn, geti nýtt sér og sínum til framfæris og til betra lífs.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir fór nákvæmlega yfir efni þessarar þáltill. og þess vegna mun ég ekki endurtaka það hér. Ég vil aðeins segja það að við teljum í Frjálsl. að það sé afar mikil þörf á því að skoða hvernig megi lagfæra stöðu barnafjölskyldna í landinu og þetta sé einn af þeim raunverulegu kostum sem geti vissulega komið til greina. Við viljum einnig vekja athygli á því að í kosningabaráttunni á sl. vori ræddum við iðulega um tvennt varðandi skattamál, annars vegar stöðu barnafjölskyldna í landinu og hvernig mætti bæta hana og hins vegar stöðu láglaunafólks og horfðum þá sérstaklega til breytinga á persónuafslætti í því sambandi.

Það er auðvitað alveg hárrétt sem komið hefur hér fram í tali hv. þingmanna að það eru margar leiðir til þess að bæta stöðu barnafjölskyldna í landinu. Sú tillaga sem þingflokkur Vinstri grænna hefur lagt hér fram, m.a. um að afnema gjöld á leikskólum í landinu, kemur auðvitað barnafjölskyldunum mjög til góða, alveg á sama hátt og sú tillaga sem við hér leggjum til mundi gera það. Það er hins vegar alveg ljóst að þær fjölmörgu hugmyndir sem stjórnarandstaðan hefur lagt til varðandi það hvernig efla mætti stöðu fjölskyldunnar í þessu landi — Samf. hefur lagt sérstaklega til hugmynd um lækkun á matarskatti — eru allt saman gegnar og góðar tillögur sem snúa allar í þá veru að bæta hag fjölskyldunnar, sérstaklega barnmargra fjölskyldna. Það er sláandi að stjórnarandstaðan öll sömul skuli hafa þessi atriði í skattkerfinu eða í afkomu barnafjölskyldunnar að sérstöku leiðarljósi við tillögugerð sína hér í þinginu. Þó að við höfum bent á þrjár mismunandi leiðir er alveg ljóst að stjórnarandstaðan í heilu lagi er tilbúin til þess að styðja tillögur sem bæta hag barnafjölskyldna í landinu. Ég vil leyfa mér að vonast til þess, virðulegi forseti, að það verði líka hlutskipti stjórnarflokkanna, að skoðuðu máli, að fara í útfærslur sem duga til þess að bæta hag barnafólks í landinu.

Þjóðin eldist auðvitað þó að ekki gerist það með sama hraða kannski og í öðrum löndum þar sem barnsfæðingum fækkar mun meira en hér á landi en það mun einnig gerast hér á landi á næstu áratugum ef eftir gengur sama þróunin og í öðrum löndum. Þjóðin er vissulega að eldast, lífaldur lengist þannig að það verður hærra hlutfall af eldra fólki í landinu. Þar af leiðandi verða færri á vinnumarkaði til þess að bera uppi kostnað þjóðfélagsins. Það er að mörgu að hyggja í þessu máli og ég tel að við eigum að horfast í augu við það í tíma hvernig við getum eflt stöðu barnafjölskyldna í landinu. Sá hugsunargangur má ekki verða ráðandi hjá ungu fólki að það þurfi að velta því alveg sérstaklega fyrir sér hvort það eigi að fæða börn inn í þetta þjóðfélag vegna kostnaðar af því. Ég tel að við eigum að reyna að bæta hag barnafjölskyldna þannig að kostnaður vegna barnauppeldis minnki og að barnafjölskyldunum verði gert hærra undir höfði en öðrum skattgreiðendum, m.a. með jöfnunaraðgerðum eins og við leggjum hér til. Þess vegna teljum við í Frjálsl. að hér sé hreyft mjög þörfu máli sem ég vonast til að menn taki jákvætt undir við vinnu í hv. nefnd.

[14:36]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir að hreyfa þessu máli hér um leið og ég óska henni til hamingju með það að vera hér að flytja sitt fyrsta þingmál og ryðja áfram brautina sem hún hefur gert með jafnglæsilegum hætti og raun ber vitni.

Það mál sem hér er flutt, eins og hefur komið fram hjá flokkssystrum mínum sem hér hafa talað, er ekki endilega þannig að við getum skrifað upp á það beint eins og það er hér, heldur getum við tekið heils hugar undir hugmyndina og þann hug sem liggur að baki og það er mikilvægt atriði.

Ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar, frú forseti, að það eigi að nota skattkerfið til meiri jöfnunaraðgerða en gert er. Mig langar til að segja frá vinnu sem átti sér stað í svokallaðri byggðanefnd forsrh. á kjörtímabilinu 1995–1999 þar sem verið var að ræða um ýmsar aðgerðir í byggðamálum og þetta tengdist því og væntanlegri kjördæmabreytingu. Í þeirri ágætu nefnd var rætt töluvert mikið um námskostnað og hvernig við eigum að jafna aðstöðu unglinga og annars fólks til að sækja sér nám. Ég tók sem dæmi að ég mundi vilja gera þetta í gegnum skattkerfið og færði fyrir því þau rök að ef ég sem einstaklingur keypti mér á sama tíma hlutabréf í fyrirtæki sem skráð var á markað hér á Íslandi gæti ég merkt við það á skattframtali mínu og þá kæmi vottorð frá viðkomandi hlutafélagi um að ég hefði keypt þessi bréf og ég fékk skattafslátt 1. ágúst árið á eftir. Hugmynd mín var sú að við mundum nota þetta sama kerfi til að jafna aðstöðu fólks til að fara í framhaldsnám, með öðrum orðum ef ég fjárfesti í menntun barna minna ætti ég að geta talið það fram á skattskýrslu, þá kæmi vottorð frá viðkomandi skóla um að viðkomandi börn sæktu nám og í kjölfarið skattafsláttur í staðinn fyrir að greiða það út eins og gert er.

Þetta fékk því miður ekki hljómgrunn. Ég vildi aðeins nefna þetta hér sem dæmi um það sem hægt er að gera í því kerfi sem við rekum, okkar ágæta skattkerfi sem er um margt langt á undan öðrum. Ég ætla ekki að eyða tíma í að ræða það hér en hvað varðar kerfið sjálft og tæknina væri auðvelt að gera þetta á þennan hátt og að því leytinu til væri það mjög auðvelt, frú forseti, að jafna aðstöðu fólks við barnauppeldi og koma til móts við barnmargar fjölskyldur í gegnum skattkerfið, hvort sem það er ótekjutengdur skattafsláttur eða tekjutengdur.

Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, að þingmaður sem sat á Alþingi fyrir nokkuð mörgum árum fyrir Alþýðuflokkinn í Norðurl. v., Jón Sæmundur Sigurjónsson, flutti hér fyrir lifandis löngu tillögu um að foreldrar gætu nýtt ónýttan persónuafslátt nemenda í framhaldsskólum til þess að jafna þennan mun. Þetta þótti merkileg tillaga þó að hún hafi ekki náð fram að ganga. Enn fremur má minna á það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan um flutning sinn á tillögum um ónýttan persónuafslátt barna.

Herra forseti. Eins og kemur fram í ágætri grg. þáltill. aukast í sífellu kröfurnar um menntun, íþróttir og félagsstarf barna í nútímaþjóðfélagi. Þessar kröfur sem við erum að innleiða í þjóðfélag okkar valda mjög miklum mismun milli barna eftir því hvernig fjárhagsstaða eða atvinna foreldra er. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál hvernig við sjáum þennan mismun vera sífellt að aukast. Ég segi það alveg hiklaust og fullyrði að ansi oft er ég viss um að þetta er ein af ástæðunum fyrir einelti sem oft er rætt um í skólum og hefur mikið verið rætt um hér upp á síðkastið. Ég segi það alveg hiklaust sem gamall kennari og sem íþróttaþjálfari að oft og tíðum varð maður var við það að börn efnaminni foreldra gátu ekki sinnt áhugamáli sínu, hvort sem það var íþróttaiðkun eða annað, vegna þess að peningar voru einfaldlega ekki til. Þetta er

náttúrlega eitt það versta sem við látum viðgangast í okkar þjóðfélagi, þessi mismunun er sífellt að aukast og þess vegna er það sá hugur sem kemur fram hér í umræddri þáltill. sem er svo sérstaklega góður. Við eigum örugglega samleið hvað það varðar, við þingmenn Samf. og þeir þingmenn Frjálsl. sem flytja þessa þáltill.

Virðulegi forseti. Það hefur líka komið hér fram við þessa umræðu að það er erfiðara að vera með börn á framfæri í dag. Barnabætur hafa verið skertar eins og hér kom fram áðan. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem ég efast ekki um að er með þessar tölur allar á hreinu, segir að í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka hafi skerðing á barnabótum verið allt að tíu milljarðar í þau ár sem ríkisstjórnin hefur setið og það er auðvitað mjög alvarlegt mál. Nú á að halda áfram, ríkisstjórnin hefur fundið hin breiðu bök til að ná saman fjárlögum og nú á að ráðast á vaxtabæturnar sem auðvitað kemur líka illa við ungt fólk, fólk með börn, fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið.

Þetta, virðulegi forseti, vildi ég leggja inn í umræðuna um leið og ég endurtek það sem ég sagði áðan um það framtak sem hér er flutt og óska hv. þingmanni til hamingju með sitt fyrsta þingmál. Það er sérstaklega ánægjulegt og það sem kemur fram í því. Þó að ég viti að það hefur verið lenska hér að tillögur frá stjórnarandstæðingum fái ekki mikla umræðu eða að mikið sé hlustað á þær vænti ég þess að tillagan fái mikla og góða umræðu í þeirri nefnd sem henni verður vísað til. Ég trúi því og treysti að hv. formaður efh.- og viðskn., ef þessi þáltill. kemur þangað, muni taka málefnið til gaumgæfilegrar athugunar og umræðu, að þetta verði rætt þar vel og komi helst aftur til þings.

[14:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil færa hv. þingmanni árnaðaróskir í tilefni af því að hafa flutt sitt fyrsta þingmál sem er sögulegt hér í þingsölum. Ég hygg að þetta sé í fyrsta sinn sem heyrnarlaus þingmaður situr á þingi og flytur þingmál. Það er fyllsta ástæða til þess að óska þingmanninum til hamingju með þennan áfanga og vona ég að henni farnist vel í starfi á þessum vettvangi.

Efni tillögunnar fjallar um sérstakan skattafslátt vegna barna og lýtur að því að auka ráðstöfunartekjur fjölskyldufólks með tilteknum hætti eins og greint er frá í tillögunni. Rökstuðningurinn fyrir því er tvíþættur, annars vegar almenns eðlis, sem sé að almenn þjóðfélagsleg rök séu fyrir því að efla stuðning við barnafjölskyldur, að það sé þjóðfélagslega nauðsynlegt að barnafjölskyldum vegni vel þannig að fólk kjósi að eignast börn sem síðar koma til starfa í þjóðfélaginu með tíð og tíma. Í öðru lagi er rökstuðningurinn sértæks eðlis, þ.e. vísað er til þess að því að kostnaður fylgi því að eiga börn og rétt sé að auka ráðstöfunarfé foreldranna til þess að mæta þeim kostnaði.

Ég get tekið undir þessi rök í öllum meginatriðum. Það er ljóst ef við skoðum stefnu stjórnmálaflokkanna á Íslandi að það er gegnum gangandi í ályktunum þeirra að ályktað er á þann veg að styðja við barnafjölskyldur vegna þess að menn telja það æskilegt markmið að fólk eigi börn og fremur fleiri en færri og hafi efnahagslega afkomu til að geta alið þau vel upp.

Í samþykktum flokksþings Framsóknarflokksins er að finna þennan rauða þráð sem ég var að rekja sem almenna stefnu og við sjáum tillögur um það mjög víða í okkar samþykktum. En við leggjum fyrst og fremst áherslu á almennar aðgerðir til þess að styðja við bakið á barnafjölskyldum og öðrum landsmönnum með því að reka efnahagsstefnu og atvinnustefnu sem tryggir hátt atvinnustig og sem tryggir vaxandi kaupmátt ár frá ári. Segja má að undanfarin átta ár hafi verið eitt mesta framfaraskeið fyrir þjóðina í efnahagslegu tilliti. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið ár frá ári í átta ár samfleytt og vaxandi efnahagur fólks er auðvitað stuðningur við barnafjölskyldur, alveg eins og kemur fram í ályktunartillögunni þar sem gert er ráð fyrir að hækka ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna með sérstökum skattafslætti. Það sem menn hafa unnið að í efnahags- og atvinnumálum hefur því haft þau áhrif sem hér er lýst og sóst er eftir að ná fram.

Í þriðja lagi leggjum við áherslu á sem almenna aðgerð að hækka persónuafslátt — það var ein af samþykktum okkar á síðasta flokksþingi — og hækka lán til íbúðakaupa upp í 90% með þeim rökum að ef við gerum það í gegnum Íbúðalánasjóð þá séum við að lækka útgjöld heimilanna til íbúðakaupa og þar með að hækka ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna.

Í fimmta lagi vil ég nefna sem sérstakt áhersluatriði af okkar hálfu sem hefur þessi sömu áhrif og tillagan stefnir að, að á grundvelli þessa framfaraskeiðs í efnahagsmálum sem hefur skilað fólki vaxandi kaupmætti, hefur skilað ríkissjóði vaxandi tekjum, þá hefur verið varið til heilbrigðis- og menntamála gríðarlegum peningum umfram það sem var fyrir átta árum. Hækkunin á hverju ári nemur mörgum milljörðum króna sem renna til þessarar þjónustu og til þeirra sem njóta bóta almannatrygginga.

Efnahags- og atvinnustefnan hlýtur alltaf að vera undirstaðan í hverju þjóðfélagi og hinar almennu aðgerðir hljóta alltaf að draga vagninn í þessum efnum.

En sértækar aðgerðir eru líka réttlætanlegar og það er líka skoðun okkar framsóknarmanna eins og sjá má á samþykktum okkar á síðasta flokksþingi. Ég vil nefna nokkrar sem hafa sömu áhrif eða svipuð og þessari tillögu er ætlað að hafa.

Í fyrsta lagi er í samþykktum okkar ályktað um að foreldrarnir geti nýtt ónýttan persónuafslátt 16–18 ára barna. Þessi tillaga gengur að mörgu leyti í sömu átt og tillaga flutningsmanna þó hún eigi ekki við um sama aldurshóp. En hún er sama eðlis að því leyti að réttur barnsins getur nýst eða ónýttur réttur barnsins getur nýst til að auka ráðstöfunartekjur foreldra.

Í öðru lagi var ályktað um að hækka frítekjumark barnabóta og að stærri hluti barnabótanna verði ótekjutengdur en áður var. Ég vil geta þess að á undanförnum þremur árum hefur fjármagn til barnabóta verið aukið um 2 milljarða kr.

Í fjórða lagi var ályktað um það í okkar samþykktum að leikskólagjöld barna verði frádráttarbær frá skattstofni foreldra. Þessi tillaga er með alveg sömu rökum og koma fram í rökstuðningi flutningsmanna, þ.e. að rétt sé að mæta tilteknum útgjöldum barnafjölskyldna. Flutningsmenn leggja til að það verði gert með sérstökum skattafslætti. Við erum með aðra útfærslu eins og að leikskólagjöld geti verið frádráttarbær og að foreldrar geti nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna 16–18 ára.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, geta tillagna um að lækka endurgreiðslu lána lánasjóðsins þannig að ungt fólk sem er að ljúka sínu námi er auðvelduð framfærslan með framkvæmd þessara tillagna þegar þeim verður hrint í framkvæmd, en þær miða að sama marki og tillagan sem hér er flutt.

[14:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. síðasti ræðumaður las upp úr stefnuskrá Framsóknarflokksins ýmsar tillögur og áherslur sem framsóknarmenn leggja að því er varðar það að bæta hag fjölskyldunnar. Ýmsum af þessum tillögum sem hann setur hér fram er ég hjartanlega sammála og ég er viss um að ekki mun standa á okkur þingmönnum Samfylkingarinnar að styðja hv. þm. í að koma þeim til framkvæmda.

En það sem veldur mér áhyggjum, frú forseti, er að á síðasta kjörtímabili lofuðu framsóknarmenn í stefnuskrá sinni þá svokölluðu barnakorti. Það átti að veita öllum börnum ótekjutengdar barnabætur að 16 ára aldri. En þegar kjörtímabilinu lauk voru ótekjutengdar barnabætur einungis greiddar börnum að sjö ára aldri og miklu lægri en framsóknarmenn höfðu lofað. Á liðnu kjörtímabili voru barnabætur, eins og fram kom í máli mínu áðan, skertar um 10 milljarða kr. og enn vantar töluvert á að sama fjármagn sé veitt til barnabóta og á árinu 1995. Hvers mega kjósendur vænta að því er varðar það og að þær tillögur sem hér var lýst komist til framkvæmda þegar horft er til fortíðar Framsóknarflokksins í Stjórnarráðinu?

[14:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ef fortíðin er gerð upp í þessum efnum, og við skulum miða þá við síðustu átta ár, þá sé hún nú býsna góð þannig að segja má að efndir á fyrirheitum af hálfu Framsfl. hafi nú verið nokkuð miklar. Við verðum auðvitað að hafa það í huga að þegar stjórnmálaflokkur ályktar á flokksþingi sínu og mótar sér stefnu þá getur hann ekki bundið aðra en sjálfan sig í þeim efnum. Stjórnmál á Íslandi eru samsteypustjórnarstjórnmál eins og hv. þm. kannast við frá fyrri tíð sinni á Alþingi. Menn koma því ekki alltaf öllu fram sem þeir ætla sér og kannski ekki öllu jafnhratt og menn vilja. Ég held að engin ástæða sé til að gera hlut okkar framsóknarmanna slæman í þessum efnum. Mér fannst hv. þm. tala eins og hann væri að því. Ég er algjörlega ósammála því. Ég tel að það hafi náðst fram sem menn stefndu að með barnakortin. Þau fengu að vísu ekki að heita barnakort. Um það náðist ekki samkomulag. En það er alveg ljóst að við lögðum það til. Það sem skiptir aðalmáli er auðvitað innihaldið en ekki nafnið eins og hv. þm. veit mætavel. Við höldum ótrauðir áfram að ná fram til fulls því markmiði sem við settum okkur með barnakortin. Ég get ekki annað séð en að málið sé á býsna góðum rekspöl.

[14:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að vísu rétt sem fram kom hjá hv. þm. að Framsóknarflokkurinn getur ekki bundið aðra en sig sjálfan að stefnuskrá sinni. Hv. þm. er væntanlega að vísa til þess að hann þarf að semja við samstarfsaðila eins og Sjálfstæðisflokkinn til þess að ná fram stefnumálum sínum.

Ég vil spyrja hv. þingmenn: Var reynslan svo góð á síðasta kjörtímabili af því að ná fram stefnumiðum Framsóknarflokksins í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn að ástæða hafi verið til þess að framlengja það samstarf? Getur hv. þm. ekki verið sammála mér um að miklu vænlegra hefði verið til árangurs við að ná fram stefnumálum Framsóknarflokksins með því að ganga til liðs við aðra en Sjálfstæðisflokkinn?

Hv. þm. getur ekki neitað því að mörg stefnumál Framsóknarflokksins sem snúa að fjölskyldunni, t.d. fjölskyldan í fyrirrúmi, náðu ekki fram að ganga á liðnu kjörtímabili, ekki einu sinni aðalkosningamál þeirra um að bæta hag barnafjölskyldna með því að greiða ótekjutengdar barnabætur að 16 ára aldri. Framsóknarmenn náðu því aðeins fram að ótekjutengdar barnabætur eru greiddar að sjö ára aldri.

Öll þau ár sem ég hef verið á þingi man ég ekki eftir öðrum eins mótmælum og voru á liðnu kjörtímabili frá öryrkjum og öldruðum sem stóðu hér af og til fyrir utan Alþingishúsið að mótmæla skertum kjörum sínum, þar sem kjör þeirra voru svo mjög rýr samanborið við aðra í þjóðfélaginu. Mér finnst þetta ekki mikið til að státa sig af í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Ég held að framsóknarmenn hefðu verið miklu betur settir ef þeir hefðu snúið sér að öðrum en Sjálfstæðisflokknum að því er varðar kjörtímabilið sem nú er að hefjast. Ég spái því að framsóknarmenn muni í lok þessa kjörtímabils sitja eftir með sárt ennið að því er varðar framkvæmd stefnu sinnar líkt og þeir gerðu á síðasta kjörtímabili. (**Gripið fram í:** Fá það óþvegið þá.)

[14:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt má segja um stjórnarsamstarfið og þá ákvörðun flokksins að efna til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn svona lengi. En ég vil fyrst segja að það sem hefur verið árangursríkast í því stjórnarsamstarfi er árangurinn í efnahags- og atvinnumálum. Hann hefur náðst í samstarfi þessara tveggja flokka og ómótmælanlegt er að það er merkasti árangur síðari ára í stjórnmálum sem hefur skilað öllum bættum hag. (**JóhS:** Ekki atvinnulausum.) Hann er núna að skila bæði öryrkjum og öldruðum vaxandi kaupmætti í gegnum tímamótasamkomulag sem gert var við þessa hópa fyrir síðustu kosningar og það er verið að hrinda því í framkvæmd. Það er verið að setja 1 milljarð kr. í hækkun bóta til öryrkja eins og hv. þingmenn þekkja.

Auðvitað er alveg rétt að þegar menn hafa ekki hreinan meiri hluta þá þurfa þeir að semja við aðra flokka um framgang mála sinna. Sjálfstæðismenn þurfa líka að semja við framsóknarmenn um framgang sinna mála. Hv. þingmenn muna það kannski að formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti því yfir að hátekjuskatturinn rynni út um komandi áramót, að menn þyrftu ekki að hafa meiri áhyggjur af honum. Þegar ríkisstjórnin kynnti fjárlagafrumvarpið fyrir þingmönnum þá var ekki gert ráð fyrir hátekjuskattinum. Hann er í frv. núna og gert er ráð fyrir því að hann verði áfram. Það er vegna þess að semja þarf um hlutina. Við höfum áhrif í þeim samningum alveg eins og sjálfstæðismenn hafa áhrif í þeim samningum. Niðurstaðan er auðvitað þannig að hvorugur flokkurinn fær allt sitt fram.

Ég held því að ekki sé hægt að segja að þetta hafi verið slæmt stjórnarsamstarf, a.m.k. ekki hvað varðar aðalatriði málsins sem eru efnahags- og atvinnumál. Hitt er svo annað mál að það er mín skoðun að ekki sé hollt fyrir Framsóknarflokkinn að vera mjög lengi í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. (**Gripið fram í:** Bravó.) (**Gripið fram í:** Þetta er rétt.)

[15:01]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég er gríðarlega þakklát fyrir það að mál mitt hefur fengið mjög góða umfjöllun á þingi og sé að hinir flokkarnir eru mikið að velta fyrir sér sama málefni og við. Öll viljum við að sjálfsögðu gera vel við barnafjölskyldur og er þetta ein lausn, ein leið, af fjöldamörgum öðrum sem við getum farið. Ég vona það sannarlega, eins og hv.

þm. nefndi áðan, að þegar þetta mál fer til efh.- og viðskn. fái það réttláta og góða umfjöllun. Vegna þess, eins og hv. þm. benti á áðan, að þó Framsóknarflokkurinn hafi gert marga góða hluti og margt gott sé á þeirra stefnuskrá, hafa öryrkjar og barnafjölskyldur ekki fengið það sem þau eiga skilið og eru langt á eftir í því sem réttlátt er. Og þetta verður að laga.

Það er alveg greinilegt að í þessu samfélagi eru ótal margir hópar, stórir hópar, sem missa mjög mikið og margir þurfa að fá leiðréttingu á sínum kjörum. Við getum notað skattkerfið og veitt þeim skattafslátt og afnumið tekjutenginguna.

Alveg eins og hv. þm. Pétur Blöndal hjá Sjálfstæðisflokknum benti réttilega á áðan, þegar verið var að ræða um það að foreldrar ættu að geta fengið styrki til þess að börnin gætu stundað tómstunda- og íþróttastarf, verðum við líka að líta á það að barnmargar fjölskyldur og barnafjölskyldur í landinu skulda gríðarlega mikið. Skuldabaggi þeirra er hár.

Ég vona að mitt mál fái góða og réttláta umfjöllun og að það nái fram að ganga. Ég þakka kærlega fyrir umræðuna í þingheimi í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

[15:04]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um breytingu á lögum til kosninga til Alþingis. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skal hafa að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi."

Meðflutningsmenn þessarar tillögu, ásamt mér, eru hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, hv. þm. Sigurjón Þórðarson og hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Svofelld greinargerð fylgir þessu máli, virðulegur forseti:

„Áður fyrr þótti mönnum sem rök lægju til þess að fólk í strjálum byggðum ætti meira afl í atkvæði sínu en þéttbýlisfólk og þó einkum íbúar höfuðborgarinnar. Þetta reyndust falsrök ein, enda verður í engu séð að misvægi atkvæða hafi nokkurs manns hagsmuni varið né heldur byggðarlaga. Þvert á móti, þar sem fulltrúar þéttbýlisins hafa hrifsað til sín að kalla allt framkvæmdarvaldið með beinni vísan til þess að með því móti væri verið að jafna völd og áhrif á móti atkvæðisréttinum sem taldist landsbyggðinni mjög hagstæður.

Árið 2000 var samþykkt á Alþingi Íslendinga tillaga um að misvægi atkvæða skyldi vera allt að einn á móti tveimur. Atkvæðisrétturinn, helgur undirstöðuréttur þegna í lýðræðisríki, var þar með áfram misjafn sem uppfyllir ekki jafnræðisreglu. Og örþjóðinni, sem er ekki fjölmennari en meðalborg í nágrannalöndunum, var skipt upp í kjördæmi, með það eitt að leiðarljósi að innan þeirra byggi sem jafnastur fjöldi fólks. Það leiddi til þess að höfuðborgarsvæðinu þurfti að skipta þvers og kruss og hagræða kjördæmamörkum þar eftir stærð fjölbýlishúsa og fjölda íbúa þeirra. Það má líka heita með ólíkindum ákvæðið, sem kveður svo á, að skilyrði til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti sé að framboð fái á landsvísu 5% atkvæða, eða um 9.160 atkvæði miðað við alþingiskosningar á sl. vori, og enda þótt slíkt framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann. Samkvæmt þingsköpum Alþingis teljast tveir þingmenn þingflokkur og eðlilegt væri að nái flokkur tveimur mönnum, þ.e. fái u.þ.b. 5.500 gild atkvæði eða meira, þá fáist uppbótarþingmenn. Það er misræmi í því að 5.500 kjósendum sé meinað að fá kjörinn þingmann þegar besta nýting atkvæða á bak við þingmann er aðeins 2.707 atkvæði, en meðaltalið á bak við alla þingmenn nú er 2.907,5 atkvæði. Frjálslyndi flokkurinn telur brýnt að landið verði allt eitt kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi frumburðarréttur einstaklinganna, atkvæðisrétturinn, verði þar með jafn og óskertur.

Þar með bæru allir þingmenn jafna ábyrgð gagnvart kjósendum hvar sem búseta þeirra væri. Enginn þingmaður gæti því vísað frá sér málum vegna þess að þingmenn úr viðkomandi kjördæmi ættu að gæta hagsmuna annarra landsvæða og íbúa.

Það er augljóst mál að ekki verður búið við hina nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er rétt að breyta sem fyrst skipan þessa undirstöðumáls lýðræðisins og sleppa sem fyrst frá því millistigi sem nú er við lýði með þrjú mjög stór landsbyggðarkjördæmi og uppskipta höfuðborg.

Frjálslyndi flokkurinn átti enga aðild að samþykkt tillögunnar árið 2000 þar sem landinu var skipt upp í 6 kjördæmi og lagði á 127. löggjafarþingi fram tillögu um breytta kosningaskipan, líkt og nú er gert."

Virðulegi forseti. Það er rétt að minna einnig á það, þegar verið er að ræða um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipan, að þingflokkur vinstri grænna og þingflokkur Frjálslynda flokksins hafa lagt fram beiðni á Alþingi um skýrslu varðandi framkvæmd alþingiskosninganna sl. vor. Sú skýrslubeiðni var samþykkt fyrir stuttu síðan.

Það kom fjölmargt í ljós við framkvæmd kosninganna sl. vor, m.a. var framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu og úrskurður atkvæða með ýmsum hætti. Og við stöndum uppi með það að Alþingi sjálft hefur, að tillögu meiri hluta kjörbréfanefndar, samþykkt að atkvæði greidd í sumum kjördæmum landsins sem merkt voru V teljist gild, en í öðrum kjördæmum ógild. Það er að vísu alveg sérstakt að þessi staða skyldi koma upp, að mínu viti, virðulegi forseti. En þetta mál snýst sérstaklega um það með hvaða hætti við viljum hafa fyrirkomulag kosninga og kjörgengis og kjördæmaskipan hér á landi. Í tillögunni erum við sem sagt að leggja það til að landið verði eitt kjördæmi.

Það er svo, virðulegi forseti, að eins og uppbótarkerfið okkar er um úthlutun jöfnunarsæta, er mjög misjafnt vægi á milli þeirra atkvæða sem hvíla á bak við jöfnunarmanninn. Ég get tekið sem dæmi að síðasti uppbótarmaður Frjálslynda flokksins hefur á bakvið sig 3.381 atkvæði, en síðasti uppbótarmaður Framsóknarflokksins hefur á bakvið sig 2.707 atkvæði. Þar munar langt á sjöunda hundrað atkvæða. Það er því að mörgu að hyggja þegar farið er að skoða kosningalögin og kjördæmaskipan, virðulegur forseti.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þessa tillögu. Við höfum mælt fyrir þessu áður í hv. Alþingi og ég hygg að það sé meira en tímabært að hefja umræðuna um það að gera landið allt að einu kjördæmi í stað þess að hafa það eins og nú er, sex kjördæmi þar sem þrjú landsbyggðarkjördæmi eru mjög stór, eins og áður sagði. Síðan er Reykjavík skipt í tvö kjördæmi ásamt þriðja kjördæminu sem er kallaður

kraginn, eða Suðvesturkjördæmið, sem liggur allt umhverfis Reykjavíkurborg.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[15:12]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. snýst um lýðræðið og er einföld í sjálfu sér: einn maður — eitt atkvæði. Við í Frjálslynda flokknum berum mikla virðingu fyrir lýðræðinu og teljum að framganga þessa máls muni tryggja lýðræðið í landinu. Ég er sannfærður um að það muni vera til mikilla hagsbóta að gera landið að einu kjördæmi, ekki síst fyrir landsbyggðina sem og alla þjóðina. Eins og framsögumaður rakti, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, mun það leiða til að allir þingmenn beri jafna ábyrgð gagnvart landsbyggðinni, hvar sem þeir búa á landinu. Enginn þingmaður gæti því vísað frá sér vandamálum á landsbyggðinni á þeim forsendum að þau séu einhver einkamál viðkomandi þingmanna í því kjördæmi. Á síðasta kjörtímabili sáum við oft að þegar komu upp vandamál t.d. á Vestfjörðum var oft litið á að það væri eingöngu þingmenn í því kjördæmi sem ættu að leysa þau mál og þau væru nánast óviðkomandi hinum 58.

Vandamál helstu atvinnuvega landsbyggðarinnar, m.a. sjávarútvegsins, voru að mestu tilkomin vegna lamandi stjórnvaldsaðgerða. Þannig að það má öllum vera ljóst að það skiptir máli að allir þingmenn séu vel upplýstir um þennan vanda sem var tilkominn vegna stjórnvaldsaðgerða.

Ég er sannfærður um að það hefði verið til mikilla bóta fyrir hinar dreifðu byggðir ef allir þingmenn fyndu til jafnrar ábyrgðar gagnvart landsbyggðinni, og því að fólk væri svipt lífsafkomunni og að réttur til vinnu væri gerður að söluvöru.

Ég er algerlega andvígur þeirri nálgun sem stundum hefur verið farin í þessu máli að ein af aðalástæðunum fyrir því að við ættum að gera landið að einu kjördæmi væri til þess að koma í veg fyrir kjördæmapot. Allar framkvæmdir á landsbyggðinni hafa oft á tíðum verið tíundaðar sem eitthvert landsbyggðarpot og kjördæmapot, hvort sem það eru framkvæmdir vegna vegagerða, jafnvel heilsugæslu, skóla, atvinnuþróunarverkefna, alltaf eru einhverjir tilbúnir að hrópa upp að hér sé eitthvert kjördæmapot á ferðinni.

Ég er sannfærður um að ef landið væri eitt kjördæmi væri meiri skilningur á mikilvægi þess að byggja og nýta allt landið. Það er reyndar mjög óskynsamlegt að hætta að nýta staðbundin fiskimið hringinn í kringum landið. Ég efast reyndar um að landsmenn geri sér almennt grein fyrir mikilvægi smárra staða eins og t.d. Bakkafjarðar þar sem búa einungis um 140 manns. En árið 2001 voru unnin 2.400 tonn af þorski þar. Ekki er ólíklegt að það gefi heilar 600 milljónir í útflutningstekjur. Aflinn fæst af miðum sem er staðbundinn þorskur og ef byggð legðist af á Bakkafirði væri óvíst að landsmenn nytu þessara náttúruauðæfa.

Virðulegi forseti. Við verðum að standa vörð um lýðræðið og vera vakandi yfir öllu sem stofnar lýðræðinu í hættu. Misvægi atkvæða skiptir verulega máli. Annað atriði, sem skiptir ekki síður máli, og verður að taka á, er fjármál stjórnmálaflokkanna. Það má telja með ólíkindum að stjórnmálaflokkar sem telja sig vera lýðræðisflokka skuli vilja leyna bókhaldi sínu. En það býður, eins og allir sjá, upp á spillingu. Ekki er ólíklegt að kvótaflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., hafi fengið digrar summur frá kvótaeigendum sem vilja viðhalda óréttlátu kvótakerfi sem kemur landsbyggðinni mjög illa.

Ég tel að ef við ætlum að bæta lýðræði í þessu landi, og einhver meining er á bak við það, verði að opna bókhald stjórnmálaflokkanna sem og að gera landið að einu kjördæmi. En það að gera landið að einu kjördæmi tryggir einnig atkvæðarétt þegnanna. Þá getur ekki talist eðlilegt að atkvæði sumra kjósenda, eins og staðan er nú, vegi helmingi meira en annarra sem búa í þéttbýli.

Eins og ég hef sagt er lýðræðið best tryggt með því að hver maður hafi eitt atkvæði.

[15:17]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér er áhugavert mál á ferðinni þó það láti kannski ekki mikið yfir sér, er aðeins þrjár línur. En það felur í sér, ef þessi ályktun næði fram að ganga, að ákveðið yrði að Alþingi skipaði eða fæli forsrh. að skipa fulltrúa allra þingflokka í nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhugan kosninga til Alþingis. Nefndin á að hafa það markmið að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi.

Undir þetta geta þingmenn Samf. tekið, enda hefur Samf. haft það á stefnuskrá sinni líklega allt frá stofnun, og ég held ég fari með rétt mál, virðulegur forseti, þegar ég held því fram að gerð hafi verið um þetta sérstök samþykkt á stofnfundi Samf. árið 2000, að gera ætti breytingar á kjördæmaskipaninni í þá átt að gera landið allt að einu kjördæmi. Það var raunar lengi stefna a.m.k. Alþýðuflokksins á sínum tíma og þótti nú ýmsum að þar væri á ferðinni allt að því landráðastefna við landsbyggðina eins og margir litu á þegar talað var fyrir því á sínum tíma.

Að baki kjördæmaskipan, því að skipta landinu í kjördæmi, liggur sú hugsun að kjördæmin séu landfræðileg heild, að þau geti verið eðlileg landfræðileg heild og í því felst líka að kjördæmin eru þá mörg. Það eru engin rök á bak við þá kjördæmaskipan sem núna er, engin eðlileg rök, engin málefnaleg rök á bak við hana. Kjördæmin eru þannig að þeir sem kjörnir eru, sérstaklega úr Norðaustur- og Norðvesturkjördæminu, eiga fullt í fangi með að sinna þeim kjördæmum svo vel sé, þannig að hugsunin sem upphaflega er á bak við það að skipta landinu í mörg kjördæmi er löngu farin miðað við þá skipan sem núna er.

Fullyrða má að ekkert kjördæmi sé lengur eðlileg landfræðileg heild. Ekkert landsbyggðarkjördæmi, ekki Reykjavíkurkjördæmin og ekki kraginn svokallaði heldur. Auðvitað eru engin rök bak við það að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi eftir Miklubraut og Vesturlandsvegi. Það er bara talnaleikur sem býr þar að baki en engin efnisleg eða málefnaleg rök. Og auðvitað eru engin rök fyrir því að Seltjarnarnes sem tengist beint Reykjavík skuli tilheyra Suðvesturkjördæminu. Ef við erum yfirleitt með kjördæmaskipan ætti það að fylgja Reykjavík en ekki kraganum svokallaða.

Ég hélt lengi vel að andstaðan við að gera landið að einu kjördæmi væri fyrst og fremst á landsbyggðinni. En ég komst að því í vor að svo er alls ekki. Ég komst t.d. að því að á Vestfjörðum er mikið fylgi við þá hugmynd að gera landið allt að einu kjördæmi, einmitt með þeim rökum sem sett eru fram í grg. með þessari þáltill. að þar með bæru allir þingmenn jafna ábyrgð gagnvart kjósendum sínum hvar sem búseta þeirra væri. Ég held að mikilvægt sé að við lítum svo á að allir þingmenn hafi jafnar skyldur og jafna ábyrgð gagnvart landsmönnum öllum hvar sem þeir eru búsettir.

Það búa ekki nema 280.000 manns í landinu og óþarfi að

skipta þeim upp í einhver hólf og velja þingmenn með tilliti til þess hvar þeir hafa búsetu eða hafa haft á landinu.

Ég held líka að ef þetta næði fram að ganga væri það hagstæðara fyrir konur en sú kjördæmaskipan sem núna er, því við vitum að því færri sem kjörnir eru á þing úr tilteknum kjördæmum, þeim mun erfiðara er fyrir konur að komast inn. Ef þingmenn eru kjörnir úr einu kjördæmi þá held ég að möguleikar kvenna til þess að ná kjöri verði meiri en eru núna og ég tala nú ekki um eins og áður þegar kjördæmi voru kannski með örfáa þingmenn.

Ég held að þetta væri til bóta og vil lýsa því yfir að ég er efnislega sammála því að sú nefnd hafi þetta að markmiði, að jafna atkvæðisréttinn og gera landið allt að einu kjördæmi.

[15:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ekki þarf að koma á óvart að hv. þm. Samf. styðji heils hugar efni þeirrar tillögu sem hér er flutt. Má til þess vitna að á þessu þingi hafa allir þingmenn Samf. flutt till. til þál. um breytingu á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar og einn liður í þeirri þáltill. er að gera tillögur um að landið verði allt að einu kjördæmi. Einnig hafa þingmenn Samf. flutt t.d. á 128. löggjafarþingi frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem beinlínis er kveðið á um í því frv. að landið verði eitt kjördæmi.

Rökin fyrir því hafa komið hér fram og ég tek heils hugar undir öll rök sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni. Ljóst er að það fæst fullkominn jöfnuður milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um og þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið. Það held ég að sé ákaflega mikilvægt. Kosningakerfið verður líka gert einfalt og auðskilið.

Ég vil þó vekja athygli á þeim tillögum sem ég get ekki fellt mig við en fram kemur í tillögugreininni að fela eigi forsrh. að skipa fulltrúa allra þingflokka er eiga sæti á Alþingi í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Ég sé ekki af hverju og ég spyr hv. flm. af hverju forsrh. á að hafa slíka nefndaskipan með höndum. Ég vitna til þess að í þeirri tillögu sem flutt er af þingmönnum Samf. nú undir forustu Össurar Skarphéðinssonar er lagt til að Alþingi álykti að kjósa níu manna nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána þar sem eitt markmiðið er að gera tillögur um að landið allt verði eitt kjördæmi.

Mér finnst því fráleitt að það eigi að vera á hendi forsrh. að skipa slíka nefnd og hafa verkstjórn með henni. Ég held að ef þingmenn eiga á annað borð að endurskoða stjórnarskrána að því er varðar kjördæmaskipanina, þá eigi það að vera þingið sjálft sem hafi það með höndum og Alþingi skipi slíka nefnd.

Ég vil þó nefna við þessa umræðu að ég hef verið andsnúin því að þingmenn væru sjálfir í því að endurskoða kjördæmaskipanina og rifja það upp af því tilefni að ég flutti á árinu 1995 tillögu um frv. til stjórnarskipunarlaga um það að efna skuli til sérstaks stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Samhliða því var flutt annað frv. um stjórnlagaþing og hvernig það yrði skipað.

Í þeim frv. um stjórnlagaþing sem hefði það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána, ekki bara kjördæmaskipanina, heldur stjórnarskrána í heild sinni, var lagt til að þingið, stjórnlagaþingið, væri skipað þjóðkjörnum fulltrúum sem væru kjörgengir samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, öðrum en alþingismönnum. Með slíku þingi væri komið í veg fyrir að alþingismenn fjölluðu um mál sem vörðuðu þá sjálfa, t.d. ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningaskipan og ráðherraábyrgð. En tillaga mín á þeim tíma var að hlutverk slíks stjórnlagaþings yrði að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni og skoða sérstaklega kosningareglur og mannréttindaákvæði hennar og síðan átti að fela því stjórnlagaþingi að skoða æskilegar breytingar á stjórnkerfinu, svo sem skýrari skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og eins hvort ráðherrar ættu jafnframt að vera þingmenn. Og þingrofsheimildina átti einnig að skoða, svo og ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég held að sú tillaga eigi í sjálfu sér fullan rétt á sér enn þann dag í dag. Ég sé ekki af hverju það ætti að vera í hlutverki þingmannanna sjálfra sem hagsmuna hafa að gæta að því hvernig kjördæmaskipanin er, að þeir eigi að hafa sjálfir með höndum slíka endurskoðun.

Við tölum stundum um hagsmunaárekstra hér í þinginu. Þetta er auðvitað ekkert annað en hagsmunaárekstrar að þingmennirnir sjálfir séu að endurskoða kjördæmaskipanina. Þeir og flokkar þeirra geta haft hugmyndir og tillögur um hvernig það á að gera en þeir eiga ekki sjálfir að koma að því verki. Það er skoðun mín.

Við sem höfum kannski setið um langan tíma í þessum þingsölum munum hvernig það hefur verið þegar kjördæmaskipan hefur verið breytt og gerðar tillögur þar að lútandi, þá hafa reiknimeistarar verið fengnir í það verk að gera breytingar með tilliti til einstakra þingmanna hvort þeir væru inni eða úti miðað við þessa eða hina breytingu á kjördæmaskipaninni. Það finnst mér ekki rétt leið.

Ég vil halda því til haga að það er enn í fullu gildi að sérstakt stjórnlagaþing væri sem hefði þetta verkefni með höndum. Ég styð efni þessarar tillögu að landið verði gert að einu kjördæmi, en ekki að hæstv. forsrh. verði falið þetta verkefni.

Ég vil í lokin segja, herra forseti, að þó vissulega hafi verið stigið rétt skref í ákveðna átt með síðustu kjördæmabreytingu, þá var það skref stigið í þá átt að við færðum okkur nær því sem hér er til umfjöllunar, þ.e. að landið verði gert að einu kjördæmi og mín spá er sú að ekki líði mörg kjörtímabil áður en við förum alveg yfir í það sem hér er verið að fjalla um, að gera landið að einu kjördæmi.

[15:30]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum till. til þál. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis með það að markmiði að landið verði allt eitt kjördæmi.

Þegar núverandi kjördæmaskipan var tekin upp stóðu menn frammi fyrir tveim „extrem" valkostum, annars vegar einmenningskjördæmum og hins vegar að landið allt yrði eitt kjördæmi. Ef við erum með einmenningskjördæmi getur komið upp sú staða að einn flokkur sem fær 51% í öllum kjördæmum fær alla þingmenn og annar flokkur sem er með 49% fær engan. Það er mjög ólýðræðislegt.

Þá gerist það líka að einstaklingarnir sem eru í kjöri skipta meginmáli, stefnurnar eða flokkarnir skipta minna máli. Þetta er ókostur við það kerfi. Ef við erum með landið allt sem eitt kjördæmi skipta einstaklingarnir mjög litlu

máli en flokkarnir, þ.e. stefnurnar, skipta öllu máli. Og þyki mönnum mikið til um flokksræðið í dag geta menn ímyndað sér hvað gerist þegar flokkurinn ákveður lista fyrir allt landið. Þá er það flokkurinn sem ræður alls staðar.

Sem milliveg á milli þessara tveggja öfga völdu menn að hafa sex nokkurn veginn jafnstór kjördæmi til þess að hafa kosti einstaklingsins, þ.e. 10–11 þingmenn í hverju kjördæmi, og kosti stefnunnar, þ.e. að hafa marga flokka í hverju kjördæmi. Þetta var sem sagt mjög meðvituð stefna og þess vegna klufu menn Reykjavík, sem er náttúrlega eðli sínu samkvæmt eitt kjördæmi, í tvennt. Af þessari ástæðu. Þetta var ekki alveg óhugsað.

Svo var það málamiðlun að misvægi atkvæða skyldi verða tvöfalt. Það var miklu meira áður. Auðvitað er maður ekki sáttur við það. Auðvitað er maður ekki sáttur við að sumir þingmenn hafi tvöfalt fleiri kjósendur á bak við sig en aðrir. En þetta var málamiðlun til breytingar í þá átt að minnka þetta misvægi.

Það er alltaf misvægi jafnvel þó að landið yrði allt eitt kjördæmi. Næsti maður á eftir síðasta þingmanni sem kemst inn er með 1 á móti 64 í atkvæðavægi eða eitthvað þar um bil sem er 1,6% og þau hafa engin áhrif. Þau vantar alveg. Það er alltaf mismunun. En hún er náttúrlega miklu minni heldur en þegar það er tvöfalt.

Það sem mér finnst að menn ættu að skoða ef þeir vilja endilega breyta þessu, og það er sjálfsagt að hafa umræðuna stöðugt í gangi, væri að taka upp kerfi sem er notað í Þýskalandi. Þar kjósa menn annars vegar flokk og hins vegar einstakling, óháð hvort öðru. Það væri t.d. hægt að kjósa Samf. sem flokk og síðan einhvern þingmann af lista Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Pétur Blöndal?) Það sagði ég ekki. Þannig næst bæði fram stefnan, þ.e. flokkurinn, og einstaklingurinn. Flokksræðið minnkar mikið við það.

En þá er líka fjöldi þingmanna breytilegur. Fjöldi þingmanna á þýska þinginu getur verið breytilegur að mér skilst um hartnær 100 þingmenn. Það eru eitthvað um 600 þingmenn að meðaltali og fjöldinn er breytilegur sem gæti skapað ákveðið vandamál varðandi stólafjölda í þingsal.

[15:34]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur fengið hér nokkra umfjöllun og nú liggur náttúrlega ljóst fyrir að þingmenn Samf. taka undir það enda hefur, eins og komið hefur fram í máli þeirra hv. þm., það verið eitt af stefnumálum Samf. og reyndar kannski Alþýðuflokksins þar á undan að rétt væri að huga að því að gera landið að einu kjördæmi.

Ég held að síðustu breytingar sem urðu á kjördæmaskipan hér, þær sem við kusum eftir á sl. vori, hafi örugglega sannfært marga um að við ættum að stíga þetta skref til fulls og gera landið að einu kjördæmi. Ég held að mjög margir líti svo á að kjördæmaskipanin sem við höfum núna sé millistig sem ekki muni vara lengi og menn muni fara fljótlega í að gera landið að einu kjördæmi.

Við í Frjálsl. höfum myndað okkur skoðun á þessu máli og hún birtist í þessari þáltill. Við höfum reyndar flutt þetta mál áður í hv. Alþingi. Við teljum að úr því sem komið er eigi menn að fara alla leið og gera landið að einu kjördæmi. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur áðan að það er þó nokkurt verk að sinna hinum stóru landsbyggðarkjördæmum. Þó að menn hafi mjög gaman af mannlegum samskiptum, og sá sem hér stendur hefur það, og telji ekki eftir sér ferðalög er samt mikið verk að ferðast um hin nýju stóru kjördæmi. Ég hygg að þingmenn annarra landshluta eins og Norðaust. og Suðurk. hafi einnig orðið þess áskynja að það er mikil vinna í þessum ferðalögum eins og þau þurfa að vera ef menn vilja halda því sem þeir gerðu áður, að hafa sérstök samskipti við kjósendur í kjördæmum sínum.

Ef menn mundu breyta landinu í eitt kjördæmi yrðu flokkarnir auðvitað að reyna að skipta á milli sín með einhverju lagi samskiptum þingmanna við kjósendur sína. Það mundi dæmast á flokkana að útfæra það og reyna að sinna kjósendunum. Ég hygg að það séu orðin það mikil rök fyrir þessari breytingu sem við leggjum til í þáltill. að það verði að skoða hana í fullri alvöru.

Ef menn fara að skoða kosningar til Alþingis og kjördæmaskipan þarf auðvitað að velta ýmsu upp og hv. þm. Pétur Blöndal vék áðan að ákveðnum annmörkum sem gætu fylgt þessum breytingum. Hann nefndi m.a. hugmynd sem við höfum iðulega bent á í Frjálsl., hvort samhliða því að gera landið að einu kjördæmi væri ekki eðlilegt að taka upp tvenns konar kosningar, þ.e. kosið af landslista annars vegar og flokkslista hins vegar. Annars vegar væri kosinn ákveðinn fjöldi nafna og hins vegar væri flokkslisti. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að útfæra það þannig. Við höfum m.a. áður bent á það í Frjálsl. þegar við höfum flutt þetta mál hér í rökræðu að það væri fyllilega þess virði að skoða þannig uppsetningu að helmingur þingmanna væri kosinn persónukosningu af einum lista, þ.e. hver flokkur byggi til sinn nafnalista. Ef við værum að tala um 63 þingmenn væru t.d. 32 á öðrum listanum og 31 þingmaður á hinum listanum og kjósendur gætu þá valið. Ef það væri nafnamerking á öðrum listanum gætu þeir valið einhverja 32 þingmenn, svo dæmi sé tekið, án þess að þeir væru allir úr sama flokki. Þar mundu menn merkja við nöfn og gætu þar af leiðandi verið með fyrir framan sig nafnalista þar sem þeir merktu við þann fjölda nafna úr ýmsum flokkum sem þeir teldu hæfasta til að komast inn á þing og að hinu leytinu til væri krossað við flokkslistann sem viðkomandi flokkur raðaði upp á. Þar mundu menn bara merkja við einn listabókstaf.

Þetta er leið sem ég held að menn eigi að skoða vandlega ef farið verður í að skoða kjördæmaskipanina. Ég treysti því auðvitað að þegar menn setjast yfir svona mál verði það gert af fyllstu samviskusemi og að öllum möguleikum verði velt upp. Hitt er alveg ljóst að eins og þáltill. er orðuð, þó að stutt sé, segir alveg ákveðið um verksviðið, nefndin „skal hafa að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi". Það er náttúrlega alveg skýrt og þar af leiðandi hygg ég að vangaveltur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hérna áðan um það að menn hefðu á fyrri stigum, þegar verið var að láta þingmenn fjalla um framtíðarskipulag kjördæmanna, verið að láta reikna sig inn og út eftir hinum og þessum aðferðum séu óþarfar. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig það mundi gerast þegar landið yrði orðið eitt kjördæmi. Þegar einn maður er eitt atkvæði held ég að það sé alveg skýrt. Það yrði a.m.k. að benda mér á það hvaða aðferð menn mundu nota til þess að láta reikna sig inn og út, ég átta mig ekki alveg á því. Ég tel það m.a. einn af kostum þess að gera landið að einu kjördæmi að það eru ekki þessar vangaveltur um það. Ég hygg t.d. að þegar menn voru að skoða kjördæmaskipanina sem nú gildir hafi þeir einmitt verið í þeim kúnstum að skoða stærð kjördæmanna, velta fyrir sér fjölda manna í þeim, uppbótarmönnum o.s.frv.

ásamt því að velta fyrir sér hvernig menn kæmu út úr þessari breytingu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að því hvers vegna við teldum að forsrh. ætti að skipa fulltrúa allra þingflokka í svona nefnd en ekki þingið sjálft. Ég get svo sem ekki sagt að fyrir því liggi nein sérstök veigamikil rök, þingið gæti vissulega klárað þetta mál, en það er nú einu sinni svoleiðis að forsrh. ræður ansi miklu í þessu landi og er auðvitað ráðandi núna fyrir þessari ríkisstjórn. Við töldum það svo sem ekkert verra þó að forsrh. væri falið að skipa fulltrúa allra þingflokka í nefndina enda, eins og ég sagði áðan, hefur nefndin mjög skýrt veganesti. Hún skal hafa það að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna og að landið verði allt eitt kjördæmi. Undan þeim meginsjónarmiðum yrði varla vikist þegar nefndin færi að starfa.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki mikið meira að segja um þetta mál. Ég tel að umræðan hér í hv. þingi í dag um þessa þáltill. okkar í Frjálsl. um að gera landið allt að einu kjördæmi hafi verið málefnaleg og ég þakka hana. Svo vona ég að málið fái góða og efnislega umfjöllun í nefnd og að lokaniðurstaðan verði sú að við efnum til þess að setja af stað starf til að skoða hvernig við gerum landið að einu kjördæmi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:43]

Útbýting þingskjala:

Aflamark og veiðar smábáta, 178. mál, fsp. MÞH, þskj. 180.

Inn- og útflutningur eldisdýra, 179. mál, fsp. MÞH, þskj. 181.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 191. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 193.

Stjórnendur lífeyrissjóða, 177. mál, fsp. JóhS, þskj. 179.

Stofnun stjórnsýsluskóla, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[15:44]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að flytja hér till. til þál. sem ég mæli nú fyrir um stofnun stjórnsýsluskóla en flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og hv. þm. Jóhann Ársælsson.

Efni þessarar tillögu má rekja til þess að Alþingi samþykkti í júní árið 1998 þáltill. um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni, sem þingmenn Samfylkingarinnar fluttu. Nefndin sem fjallaði um þetta viðfangsefni var undir forustu Páls Hreinssonar og verkefnið var hjá forsrn. og forsrh. skilaði skýrslu um málið árið 1999. Í þessari skýrslu komu fram margar markverðar tillögur sem snerta bætt skilyrði í stjórnsýslunni og til þess að tryggja frekar réttaröryggi borgaranna. Má þar nefna:

Ráðherraábyrgð og rétt þingmanna til upplýsinga.

Meinbugi sem eru á íslenskri löggjöf.

Starfrækslu sérstakrar lagaskrifstofu.

Framtíðarstefnu um þróun stjórnsýslukerfisins.

Endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi.

Réttaröryggi borgaranna.

Siðareglur opinberra starfsmanna.

Starfrækslu stjórnsýsluskóla fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Ég tel afar brýnt að Alþingi fylgi eftir tillögum sem fram koma í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda, þannig að þær komist til framkvæmda. Ekki bólar á því, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. eða ríkisstjórnin sé að fylgja eftir framkvæmd þeirra mörgu gagnmerku tillagna sem komu fram í skýrslu Páls Hreinssonar. Þessa tillögur munu allt í senn tryggja betur réttaröryggi borgaranna, herða allt eftirlit með framkvæmd stjórnsýslunnar og skýra betur hvar ábyrgðin liggur, auk þess sem viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni verða virk, ekki síst þegar um er að ræða að framkvæmdarvaldið tekur ákvarðanir sem byggjast á matskenndum lagaheimildum og stjórnvaldsákvörðunum.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa gert sér far um að fylgja þessum tillögum eftir með margvíslegum hætti, bæði með því að það yrði starfrækt sérstök lagaskrifstofa, með tillögum um siðareglur opinberra starfsmanna, svo dæmi séu nefnd. Við, þingmenn Samfylkingarinnar, munum leitast við á komandi árum að leggja okkar af mörkum til þess að þetta verði framkvæmt.

Tillaga þessi felur sem sagt í sér að hér verði starfræktur stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga eins og gerist reyndar víða í nágrannalöndum okkar. En í skýrslu forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda kemur m.a. fram að óhjákvæmilega hljóti að rísa vandamál þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði komi að töku ákvarðana og beitingu almennra efnisreglna stjórnsýsluréttar hafi þeir ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði. Einnig kemur fram að almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu flóknar og ákveðinnar lágmarksþekkingar í lögfræði sé þörf svo unnt sé að beita þeim.

Í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi stjórnsýsluskólar fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Slíkur skóli er ekki starfræktur hér á landi. En það er athyglisvert, og kom fram í skýrslu Páls Hreinssonar, að ríkið ver árlega á bilinu 300–500 millj. kr. í endurmenntun starfsmanna sinna. Í þeirri skýrslu er sett fram sú spurning hvort því sé stjórnað nógu markvisst að þessi fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt til þess að mæta þörfum stjórnsýslunnar.

Ég vil vekja athygli á því að þessi tillaga, þó að um sé að ræða stofnun stjórnsýsluskóla, þarf því ekki endilega að þýða aukin fjárútlát hjá ríkinu heldur fyrst og fremst að skipulag og hagræðing sé betri á allri endurmenntun í stjórnsýslunni, en tillagan gerir einmitt ráð fyrir því, með leyfi forseta, eins og hér er sagt:

„... að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun stjórnsýsluskóla. Í því skyni verði skipuð nefnd sem móti markvissa endurmenntunarstefnu hjá ríki og sveitarfélögum um endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna. Í nefndinni verði fulltrúi fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, Endurmenntunar Háskóla Íslands og heildarsamtaka opinberra starfsmanna.

Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi haustþings 2004.“

Frú forseti. Það er mín skoðun að eftir að stjórnsýslulög og upplýsingalög tóku gildi sé mjög brýnt að boðið sé upp

á námskeið fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar um þau lög. Endurmenntun starfsmanna ríkis og sveitarfélaga er ekki skipuleg og markviss á sviði stjórnsýsluréttar. Það er ekki í gildi markviss endurmenntunarstefna sem felur í sér að nýir starfsmenn sem fá það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt og skyldu borgaranna séu sendir á grunnnámskeið til að læra almennar reglur stjórnsýsluréttarins.

Má vísa til þess að starfs- og endurmenntun er á vegum ýmissa stéttarfélaga, fræðslu forstöðumanna ríkisstofnana, Endurmenntunar Háskóla Íslands og Stofnunar stjórnsýslufræða, en það er fyrst og fremst undir forstöðumönnum stofnana í stjórnsýslunni komið hvort starfsmenn þeirra eða ráðuneytanna sæki slík námskeið, það er sem sagt ekki skylda.

Það er ástæða til þess að benda á það að umboðsmaður Alþingis hefur séð ástæðu til að fjalla um nauðsyn þess að auka fræðslu og þekkingu opinberra starfsmanna á stjórnsýslunni.

Í ársskýrslu sinni til Alþingis árið 1998 kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Á þessum vettvangi er því ástæða til að vekja máls á því hvort ekki sé fullt tilefni til þess að starfsfólk stjórnsýslunnar eigi í meira mæli en nú er kost á skipulegri fræðslu og endurmenntun um þær lagareglur sem stjórnsýslan starfar eftir. Þannig verður að telja að aukin fræðsla um réttarreglur stjórnsýsluréttarins, þá einkum málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga, sé best til þess fallin að bæta almennt úr þeim atriðum sem hafa orðið tilefni athugasemda af hálfu umboðsmanns Alþingis."

Í ársskýrslu umboðsmanns Alþingis árið 2000 er þetta enn ítrekað en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég ítreka því þau sjónarmið sem ég hef áður sett fram um mikilvægi þess að auka fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar um þær réttarreglur sem gilda um starfshætti hennar. Ég bendi í því sambandi á að það þykir sjálfsagt að bjóða nýjum starfsmönnum hins opinbera upp á tölvunámskeið af margvíslegum toga og eigi viðkomandi að sinna bókhaldsstörfum eru slík sérhæfð námskeið í boði. Mér er ekki kunnugt um að boðið sé t.d. upp á námskeið fyrir nýja starfsmenn innan stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga um stjórnsýslulögin og aðrar réttarreglur stjórnsýsluréttarins en reglur þessar eru þó almennur grundvöllur þess hvernig standa ber að afgreiðslu mála innan stjórnsýslunnar. Ég tek líka fram að þarna er um að ræða fræðslu sem ekki á bara erindi til löglærðra starfsmanna heldur einnig annarra starfsmanna, og í vissum tilvikum nefndarmanna, sem koma að ákvarðanatöku í málum einstaklinga af hálfu stjórnvalda."

Það er ljóst, herra forseti, að þessar ábendingar umboðsmanns Alþingis styðja mjög þá tillögu sem hér er flutt.

Virðulegur forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að mæla frekar fyrir þessari tillögu. Það er mikilvægt, verði þessi tillaga samþykkt, að þeir aðilar sem best þekkja til komi að mótun endurmenntunarstefnu opinberra starfsmanna. Í þessari tillögu er talað um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála en meginmarkmiðið með Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands er að efla kennslu og rannsóknir í opinberri stjórnsýslu og standa fyrir umræðu um opinbera stefnumörkun og stjórnmál. Því er lagt til að auk fulltrúa fjmrn. komi að verkinu fulltrúi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, Endurmenntunar Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Ég tel auðvitað sjálfsagt, og á það er bent í grg. með þessari tillögu, að þessi nefnd leiti ráðgjafar hjá umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun.

Hæstv. forseti. Ég tel að það færi vel á því í tilefni af 10 ára afmæli stjórnsýslulaganna 1. janúar 2004 að Alþingi samþykki tillögu um mótun markvissrar endurmenntunarstefnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum og undirbúin yrði stofnun stjórnsýsluskóla sem byggði starf sitt á þeirri stefnumótun.

Frú forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. Ég hef ekki mótað mér beint skoðun á því í hvaða nefnd þessi tillaga eigi að fara en vil áskilja mér rétt til þess að koma þeirri ábendingu minni á framfæri til hæstv. forseta eftir að ég hef hugsað málið.

[15:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fáein orð um þessa tillögu. Ég er einn af flutningsmönnum og tel að það sé full ástæða til þess að gefa gaum að þessu máli og koma í framkvæmd sem fyrst. Ég held að við þurfum ekki annað en að renna huganum fáein ár aftur í tímann og velta fyrir okkur hlutum sem hafa gerst sem sýna okkur að það er langt frá því að við höfum komið upp stjórnsýslu í þessu landi sem stenst þær kröfur sem við eigum að gera til hennar. Borgararnir hafa þurft að sækja rétt sinn jafnvel til útlanda vegna þess að það hefur verið brotið á þeim hér, um það eru fleiri dæmi. Við höfum doðranta frá umboðsmanni Alþingis um hluti sem hafa gerst þar sem embættismenn ríkisins, bæjarfélaganna, stjórnsýslunnar allrar í raun og veru, hafa ekki sýnt borgurunum þá virðingu sem eðlilegt er. Ég held að skóli af þessu tagi sé mjög nauðsynlegur. Í honum færi fram menntun á þessu sviði og umræða um þróun siðareglna í stjórnsýslu sem ég held að sé á allan hátt ákaflega nauðsynlegt.

Fyrsta veturinn sem slíkur skóli yrði starfræktur þyrfti helst að hafa í einum bekk alla þá sem ráða í þessu þjóðfélagi núna, ríkisstjórnina og ráðherrana alla, vegna þess að það hefur verið hlutskipti umboðsmanns Alþingis og borgaranna á undanförnum árum að horfa upp á það að ráðherrar ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin í heilu lagi virðast alls ekki bera virðingu fyrir eðlilegum siðareglum í stjórnsýslu. Fjölmargar og ítrekaðar ábendingar umboðsmanns Alþingis t.d. til sjútvrh. eru gott dæmi um þetta og lagasetningar ríkisstjórnarinnar, sumar hverjar, sem hún hefur gengist fyrir og Alþingi hefur samþykkt, hafa verið síðan framkvæmdar. Sum þessara laga hefur kannski alls ekki verið mögulegt að framkvæma með eðlilegri stjórnsýslu vegna þess að það hefur verið ætlast til þess að hlutir gerðust sem eru í raun og veru óréttlátir, mismuna borgurunum.

Ég held að umræðan um stjórnsýsluskóla og það námsefni sem yrði þar til staðar gæti hjálpað okkur dálítið áfram í þessum hlutum. Vegna þess að umboðsmaður Alþingis, sem er ekki vafamál að var stórt framfaraskref að það embætti skyldi vera stofnað, er til umræðu þá er ljóst að verkefni hans yrðu ákaflega mikið til umfjöllunar þegar menn velta fyrir sér siðareglum í stjórnsýslunni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en ég hvet til þess að sú nefnd sem fær þetta mál að lokum til umfjöllunar í þinginu taki á því af fullri alvöru og sýni vilja til þess að koma því til framkvæmda. Í framhaldi af því að mikilvæg embætti, eins og t.d. umboðsmaður Alþingis, eru komin á laggirnar þurfum við á þessu að halda. Við þurfum held ég ekki fleiri ábendingar eða meiri rökstuðning fyrir því að hrinda þessu í framkvæmd en liggur fyrir.

Eitt af því sem stjórnvöld, sem hafa farið með völdin a.m.k. síðustu árin, hefur skort átakanlega er að hlusta á rök, taka mark á góðum rökstuðningi fyrir því að einhverjir hlutir séu gerðir og taka mark á andrökum, t.d. fyrir því að eitthvað af því sem stjórnvöld hafa hugsað sér að gera sé kannski ekki alveg nákvæmlega það rétta. Menn hefur skort þann pólitíska styrk og þá pólitísku stærð sem þarf til þess að standa uppréttir gagnvart lýðræðinu, sem er auðvitað líka fólgið í því að fallast á rök andstæðinganna þegar þau eru góð og sterk. Hér eru færð fram góð rök fyrir því að það væri hægt með stofnun þessa stjórnsýsluskóla að þroska betur stjórnsýsluna og þjóna borgurunum með meiri virðingu en hefur verið gert fram að þessu.

Ég vona sannarlega að það verði tekið á þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tannvernd barna og unglinga, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og ÖJ, 25. mál. — Þskj. 25.

[16:03]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um tannvernd barna og unglinga. Þáltill. er á þskj. 25 og er 25. mál þingsins. Meðflutningsmaður er hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs verði efld. Sérstök tannvernd verði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu og nái til allra barna og unglinga á aldrinum þriggja, sex, níu, tólf og fimmtán ára. Þessir árgangar fái skoðun og forvarnir hjá tannlækni án greiðslu og 90% endurgreiðsluhlutfall frá Tryggingastofnun ríkisins vegna almennra tannlækninga. Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar til annarra aldurshópa verði 90% í skoðun, forvörnum og í almennum tannlækningum."

Herra forseti. Ljóst er að þrátt fyrir að við höfum ekki mjög nýlega rannsókn á tannskemmdum barna og unglinga þá ber flestum tannlæknum saman um það að tannheilsu barna og unglinga sé að hraka. Það megi ekki dragast úr hömlu að grípa til aðgerða til þess að endurheimta fyrra tannheilbrigði og að finna þurfi ráð til þess að sem flest börn og unglingar njóti þeirrar tannlæknaþjónustu sem þekktist á árum áður og að forvörnum sé komið við á sem flestum sviðum. Nú er verið að undirbúa rannsókn á þessu sviði.

Heilbrigði munnholsins er öllum mönnum mikilvægt til að halda góðri heilsu. Grunnurinn að góðri tannheilsu er lagður strax í æsku með góðri tannhirðu, hollu mataræði og reglulegu eftirliti tannlæknis allt fram á fullorðinsár. Eitt af forgangsverkefnum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 er að lækka tíðni tannskemmda 12 ára barna. Árið 1985 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar tennur hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Herra forseti. Nú er ekki hægt að segja að efnahagslegri stöðu fólks hafi almennt hrakað og að það sé ástæða þess að börn og unglingar fari ekki til tannlæknis en það er ýmislegt annað sem hefur breyst. Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6%, árið 1996 hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5%, en margt bendir til þess að tannheilsu barna og unglinga hafi hrakað undanfarin ár eða frá því að síðasta landskönnun var gerð árið 1996, eins og ég nefndi fyrr, og það er mjög alvarleg þróun. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaraðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Ósamræmi gætir milli ráðherragjaldskrár og raunkostnaðar við tannlækningar en endurgreiðsluhlutfall vegna tannlækninga er nú við u.þ.b. 50% í stað 75% eins og reglugerð kveður á um. Kostnaður við tannlækningar er orðinn of hár fyrir margar fjölskyldur og líklegt er að það sé ein af ástæðunum fyrir því að 35,9% barna 0–18 ára fóru ekki til tannlæknis á 18 mánaða tímabili frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002.

Til forvarna teljast nokkrir þættir. Það er reglulegt eftirlit, röntgenmyndataka, almenn fræðsla um tannvernd, hreinsun tanna, skorufyllur og flúormeðferð þeirra sem eiga á hættu að fá tannskemmdir. Endurgreiðsluhlutfall Tryggingastofnunar ríkisins miðast við samningsbundna gjaldskrá heilbrigðisráðuneytis og tannlækna, en hún féll úr gildi 1. október sl. Það er ekki til þess að bæta það ástand sem ríkt hefur auk þess sem reglurnar eru þannig að börn fá ekki endurgreiðslu nema einu sinni á ári, það má ekki líða skemmri tími á milli til að fá endurgreiðslu frá TR. En allar leiðbeiningar sem tannlæknar vinna eftir og byggja á rannsóknum sem gerðar hafa verið og til þess að ná sem bestum árangri er mælt með því að börn frá tveggja til þriggja ára aldri og fram að 15 ára aldri fari a.m.k. á hálfs árs fresti í þessa forvarnaraðgerð, þ.e. að láta hreinsa og fara yfir tennurnar og flúorbursta til þess að ná þeim árangri sem við vorum búin að ná upp úr 1985 þegar mjög kröftuglega var tekið á þessum málum og á þeim tíma þegar endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins var 100% fyrir þessar aðgerðir, en er komin niður í 50% af raunverulegum kostnaði og eingöngu fyrir aðgerðir einu sinni á ári. Þannig að þeir foreldrar sem vilja fylgja bestu ráðleggingum og fara með börn sín á hálfs árs fresti eins og mælt er með til þess að halda góðri tannheilsu, til þess að forðast tannskemmdir, fá ekki aðra vitjun endurgreidda. Auk þess hefur gjaldskrá Tryggingastofnunar og þess samnings sem verið hefur í gildi fram að þessu dregist svo aftur úr eða ekki fylgt launaþróun eða gjaldskrá tannlækna og ekki verðlagshækkunum þá er auðvitað ljóst að tannlæknakostnaður er farinn úr böndunum.

Ég tel að með því að binda tannlæknaskoðanir við ákveðna aldurshópa, þ.e. þá aldurshópa sem mönnum ber saman um að séu mikilvægir í tannþroska — um þriggja ára aldur er mjög mikilvægt að börn byrji að fara til tannlæknis og að farið sé yfir tennurnar — og með því að velja síðan þá aldurshópa sem fá sérstaka skólaheilsugæslu, ætti að vera hægur vandi að vísa þessum árgöngum til tannlæknis. Skólaheilsugæslan ber nokkra ábyrgð á að þessum börnum sé vísað til tannlæknis. Finna þarf eðlilegan farveg þarna á milli eða tilvísunarkerfi, hér er ekki verið að tala um fasta skólatannlækna eins og voru áður fyrr, heldur að tryggja það að börn fari til tannlæknis. Því miður er það svo að það eru líka til fjölskyldur sem ekki sinna þessum þætti. Með þessu væri hægt að halda nokkuð utan um það að þau börn sem ættu rétt á gjaldfrjálsri vitjun til tannlæknis í forvarnaskyni sæktu þá þjónustu.

Gerð hefur verið könnun á því hvernig börn skila sér til tannlæknis, hægt er að skoða það með greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins, og komið hefur í ljós að það er mjög misjafnt eftir landshlutum og sveitarfélögum hvernig börn skila sér til tannlæknis. Þegar við horfum á þessi svæði er ekki hægt að setja samasemmerki á milli tekna fjölskyldna á viðkomandi svæðum og því hvernig börn skila sér til tannlæknis heldur fer þetta eftir einhverju öðru. Það að á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjavík skuli vera hæsta hlutfallið sem ekki skilar sér til tannlæknis, en þar voru það yfir 20% barna frá 4–18 ára sem ekki skiluðu sér á þessu eins og hálfs árs tímabili, segir ekki eingöngu til um efnahag foreldra heldur líka að þarna vantar einhvern hvata til þess að foreldrarnir sjái til þess að börnin fari til tannlæknis. Þetta getur ekki eingöngu tengst efnahag.

Þar sem heilsugæslan er öflug og þar sem tannlæknar eru til staðar er þetta í þokkalegu lagi en þá verður hvort tveggja að vera til staðar. Þannig að þeir sem hafa komið að þessum málum finna að víða þarf úrbóta við og það finna foreldrar líka sem eiga börn á þessum aldri. Þetta er ein leið og ég vænti þess að hæstv. heilbr.- og trn. sem fær þetta mál til meðferðar, skoði það með mjög jákvæðum huga og finni leiðir til þess að ná aftur þeirri tannvernd og þjónustu við börn og unglinga sem var hér áður og að hægt verði að koma á reglubundinni þjónustu eins og mælt er með, á hálfs árs fresti, án þess að foreldrarnir borgi alfarið aðra vitjunina.

Hér mætti fara í miklu fleiri þætti en þetta á við hina almennu tannheilsuvernd. Það er mjög alvarlegt ástand hjá mörgum foreldrum sem eiga börn sem af einhverjum ástæðum hafa lélegar tennur eða þar sem einhverjir sjúkdómar eru meira en í tönnunum og fara verður því reglulega með börnin á allt að þriggja mánaða fresti til tannlæknis til þess að börnin haldi tönnum sínum til einhvers tíma. Þetta er kostnaður sem fer meira og minna yfir á fjölskylduna, þ.e. ef ekki er viðurkennd alvarleg sjúkdómsgreining hjá barni þannig að það fái fulla endurgreiðslu eins og börn með klofinn góm eða alvarlega meðfædda fæðingargalla. Ef tannheilsan er það léleg að sinna þurfi börnum miklu oftar en þetta þá fer kostnaðurinn alfarið yfir á fjölskylduna.

Þetta verðum við auðvitað að skoða og finna betri lausnir. Semja þarf við tannlækna og koma á nýjum samningi. Það er brýnt. Það þarf að endurskoða gjaldskrána og hafa forvarnir og fræðslu aftur í forgrunni, og hafa börnin aftur í forgrunni eins við höfðum miklu sterkar fyrir nokkrum árum.

[16:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. flutningsmanni fyrir að flytja þetta mál inn í þingsali. Það er virkilega verðugt verkefni að taka til umræðu í þinginu hvernig hægt er að efla forvarnir og eftirlit með tannheilsu barna og stuðla að því að börn fái reglulegt eftirlit með tannheilsu sinni.

Í greinargerð er bent á að tannheilsu barna og unglinga hafi hrakað. Ég dreg það ekki í efa. Ég tengi það líka beint efnahag margra fjölskyldna. Það er alveg örugglega oft látið sitja á hakanum, þegar fólk á erfitt með að láta enda ná saman, að fara reglulega með börnin til tannlæknis.

Ég vil spyrja hv. flutningsmann tillögunnar hvort hún hafi gert tilraun til að láta skoða kostnaðinn við að fara þá leið sem hún leggur til. Hér er verið að tala um að greiða að fullu kostnað við eftirlit og forvarnir hjá ákveðnum hópi barna. Síðan er gert ráð fyrir 90% endurgreiðsluhlutfalli frá Tryggingastofnun ríkisins vegna almennra tannlækninga. Þá er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar til annarra aldurshópa verði 90% í skoðun, forvörnum og almennum tannlækningum.

Það er ljóst að tillagan felur í sér töluverð útgjöld. Það er náttúrlega mikilvægt að Alþingi, þegar það fjallar um þessa tillögu, geri sér grein fyrir því. Ég tel mikilvægast að við finnum leiðir til að efla með einhverjum hætti forvarnir og eftirlit. Það yrði kannski að taka þetta í áföngum og sleppa því að hafa almennu tannlækningarnar inn í þar sem ég tel litlar líkur til að almenn samstaða náist um þær á þinginu.

Ég tek undir efni þessarar tillögu og vildi mjög gjarnan vita hvað hv. þm. hefur gert í að skoða kostnaðinn við þessa framkvæmd.

[16:20]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, ég hef ekki fengið reiknað út hvað þetta mundi kosta fyrir Tryggingastofnun ríkisins eða ríkissjóð. Það er ljóst að fyrir meira en 20 árum fékkst full endurgreiðsla fyrir tannviðgerðir barna. Ég dreg í efa að það hafi verið misnotað á einhvern hátt. En það skilaði sér sannarlega í betri tannheilsu. Það virðist samasemmerki milli þess þegar dregur úr þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins við endurgreiðslu og þess að tannskemmdum fjölgar og hvernig börn hafa skilað sér til tannlæknis.

Ætlunin er að fara í stóra könnun á tannheilsu barnanna en í fljótu bragði sýnist mér ekki þurfa mikla skoðun til að sjá fylgni þarna á milli. Við höfðum efni á þessu áður fyrr. Við stærum okkur af því að þjóðin sé að verða ríkari, efnahagurinn betri og ríkissjóður styrkur. Ég tel að við eigum að láta börnin ganga fyrir og að þetta sé eitt af mörgum málum sem við eigum að taka til alvarlegrar endurskoðunar og ekki láta fara á verri veg.

[16:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. nefndi að fyrir 20 árum hafi verið full endurgreiðsla vegna tannheilsu barna. Það er alveg rétt. Þetta er auðvitað í samræmi við aðra þróun. Það er verið að auka kostnaðarþátttöku sjúklinga og þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Það er auðvitað mjög slæmt, sérstaklega í þessu tilviki sem hv. þm. er að tala um, varðandi tannheilsu barna.

Ef ríkið stuðlar að forvörnum og eftirliti með því að greiða það að fullu þá verður það auðvitað til þess að foreldrar sæki sér þá þjónustu og komi þar með í veg fyrir að allt fari í óefni og tannlækningar vegna barna þeirra verði dýrari.

Ég styð því heils hugar að menn skoði málið af fullri alvöru, sérstaklega að því er varðar forvarnir og eftirlit, að ríkið greiði það að fullu vegna barna. Ég vil árétta að með spurningu minni til hv. þm. var ég ekki að draga úr þessu. Ég hvet aðeins til að fundið verði út hvað þetta mundi kosta.

Ég minnist þess að ég flutti fyrir nokkrum árum tillögu um að heimila skattafslátt vegna tannviðgerða. Ég held að það hefði skilað sér margfalt, bæði í að bæta tannheilsu þjóðarinnar og eins kæmu full skil af slíkri greiðslu inn í ríkissjóð af því sem tannlæknar hafa í tekjur.

Eins flutti ég tillögu um 25% endurgreiðslu í öllum almennum tannlækningum. Það átti sér stuðning hér á þinginu. En þær hugmyndir hafa ávallt strandað á kostnaði fyrir ríkissjóð og þess vegna bar ég fram þessa spurningu til hv. þm.

[16:24]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir stuðninginn við þetta mál. Ég tók orð hennar ekki sem gagnrýni á þáltill.

En það er rétt að þetta kostar mikið. Ég vona að þáltill. fái góðan hljómgrunn og menn átti sig á að það er dýrt fyrir þjóðarbúið að fara ekki í aðgerðir nú þegar og reyna að snúa við þeirri þróun sem komin er á skrið. Þetta mun hafa í för með sér fjárútlát fyrir Tryggingastofnun ríkisins eða ríkissjóð í byrjun. En það mun líka skila sér þegar til lengri tíma er litið.

Ég hef heyrt í tannlæknum sem finnst ástandið þegar orðið það slæmt að þeir líkja því við fyrri tímabil í sögu okkar þar sem ekki þótti óeðlilegt að fá falskar um fermingu. En þá þurfum við auðvitað að fara 40–50 ár aftur í tímann. Þá þótti ekkert tiltökumál að börn fengju falskar um fermingu. Þetta voru börn sem höfðu ekki aðgang að tannlæknaþjónustu og þá var ráðið þetta, að rífa tennurnar úr og fá falskar um fermingu.

Það er okkur til skammar ef við látum stéttaskiptingu í landinu koma fram í mismunandi tannheilsu barna og unglinga, þ.e. eftir því hvort foreldrar hafa efni á því að senda börnin til tannlæknis eða ekki.

Það að horfa upp á að tannheilsu sé að hraka kemur bara niður á okkur síðar, hvort sem það verður ríkissjóður eða einstaklingar sem greiða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 153. mál (bankastjórar). — Þskj. 153.

[16:27]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Áður en ég kem að efnisinntaki frv. langar mig að nota hluta af ræðutíma mínum til að fjalla örlítið um reynslu mína af því að sitja í þingsölum nú í fjóra daga. Ég kvaddi Alþingi fyrir níu árum og fannst þá, það var reynsla mín þá, að þingmenn sætu almennt ekki mjög vel þingfundi, ég tala ekki um þingmenn ríkisstjórnarinnar. Ástandið var vont þá en það er snöggtum verra núna.

Mér finnst raunar með ólíkindum að sitja dag eftir dag í hálftómum þingsal. Hér sjást varla þingmenn úr stjórnarliðinu. Ég hygg að í dag væri hægt að telja á fingum annarrar handar þá sem hafa heiðrað þetta háa Alþingi með nærveru sinni. Ráðherrar eru sjaldséðir hvítir hrafnar á þessari samkundu. Það er kannski ekkert við því að segja. Ég veit að þeir mæðast í mörgu og hafa kannski ekki alltaf tíma til að vera viðstaddir þegar þingmenn mæla fyrir málum sínum. Kannski er ekki hægt að gera kröfu til þess. Það eru þó tveir ráðherrar sem kannski hafa skorið sig úr í þessari viku hvað það varðar að koma þó og hlusta á þingmenn flytja mál sín. Það eru hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh. Aðrir hafa komið hér rétt til þess að flytja mál sín og eru síðan roknir á dyr.

En látum það vera. Alþingi hlýtur sjálft að þurfa að gæta að virðingu sinni. Þegar stjórnarþingmenn, sem sitja í nefndum Alþingis, formenn nefnda Alþingis, bera varla við að mæta í þingsal til að hlusta á þingmenn mæla fyrir málum sem eiga eftir að koma til kasta þessara nefnda þá finnst mér fokið í flest skjól.

Mér finnst það áleitin spurning, sem ég varpa hér í hálftóman þingsalinn að vanda, hvort forsn. þingsins ætti ekki að velta fyrir sér að gera það að skyldu nefndarformanna að hlýða á þegar mælt er fyrir málum sem eiga eftir að koma til kasta viðkomandi nefnda. Hér kemur oft ýmislegt fram í umræðunni sem ágætt væri fyrir þá að vita þegar þeir fjalla um málið í nefndinni.

Menn eru hér að tala til Alþingis. Menn eru að mæla fyrir málum hér á Alþingi og sannfæra aðra þingmenn um ágæti þess sem þeir hafa fram að færa. Þá og því aðeins þannig er hægt að sannfæra einhvern að einhver hlusti. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst Alþingi hafa sett ofan og mér finnst mjög miður að sjá það, nú þegar Alþingi hefur aðeins starfað í þrjár vikur, að þetta yfirbragð er orðið á þinginu. Það væri hugsanlega hægt að skilja það ef komið væri fram að þinglokum en aðeins þrjár vikur eru liðnar af þingtímanum og þingmenn er strax þrotið örendið. Ég veit ekki hvernig það verður þegar líða tekur á þetta fyrsta þing eftir kosningar. Þetta er fyrsta þingið eftir kosningar, þrjár vikur liðnar af því og þetta er það sem við okkur blasir. Það er engum um að kenna nema þingmönnum sjálfum. Ég veit að þetta hefur eitthvað komið til umræðu í þinginu, í síðustu viku líklega, og einhver þingmaður hafði á orði að það væri bara popúlismi af versta tagi að tala um þetta. Það er það ekki. Það er enginn popúlismi að tala um þetta. Þetta er mál sem þingmenn verða að gaumgæfa og huga að. Ef nýir þingmenn mæta til þings og venjast því og læra það að hér þurfi enginn að vera, hér þurfi menn ekki að hlusta hver á annan, mun þessari stofnun bara hnigna, virðulegur forseti. Þetta ætla ég að segja áður en ég mæli fyrir þessu máli mínu. Ég er búin að vera hér meira og minna frá kl. 10.30 í morgun og, eins og ég segi, það er hægt að telja á fingrum annarrar handar stjórnarþingmennina sem hér hafa mætt til leiks.

Virðulegur forseti. Málið sem ég tala hér fyrir er um breytingu á lögum um Seðlabanka og það er í rauninni sáraeinfalt. Þetta frv. felur það í sér að gerð verði breyting á 23. gr. laga um Seðlabankann, eiginlega tvípætt breyting. Annars vegar lýtur hún að því að auglýsa skuli opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og hins vegar að bankastjórar skuli hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum. Sem sagt, þetta embætti skuli vera opið til umsóknar eins og önnur og að það verði gerðar ákveðnar hæfniskröfur til þeirra sem ráðnir eru til þessa embættis en svo er ekki í núgildandi lögum.

Forsaga þessa máls er sú að árið 2001 voru sett ný lög um Seðlabanka Íslands en meginmarkmið þeirra var að auka sjálfstæði Seðlabankans og gera honum kleift að vinna markvisst og faglega að stjórnun peningamála. Þegar frv. var til umfjöllunar á Alþingi lögðu þingmenn Samf. fram tillögu um að bankastjóri yrði einn en ekki þrír og að ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum yrðu teknar af peningastefnunefnd eins og víða tíðkast, t.d. í Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. Þetta náði ekki fram að ganga á því þingi og þó að hér sé ekki gerð tillaga um að bankastjórum verði fækkað úr þremur í einn er það eftir sem áður stefna Samf. Það sem mér gengur til með þessu frv. er hins vegar að gera umbætur á núgildandi lögum eins og þau eru, umbætur sem ég tel mjög brýnar og þess vegna er þetta ekki

nein endurskoðun á lögunum í heild sinni, heldur einungis á einu ákvæði þessara laga.

Þrátt fyrir að þingmenn Samf. hafi flutt frv. sem hafði í för með sér ákveðnar breytignar hvað varðar bankastjóra og ákvarðanir í peningamálum studdu þeir frv. og þeir studdu hin nýju lög um Seðlabankann, enda var stuðningurinn við þau hér á Alþingi víðtækur. Hér var ekkert mótatkvæði greitt þegar lögin voru samþykkt, enda var það talið þeim helst til tekna að nú væru gerðar hliðstæðar kröfur til Seðlabanka Íslands og annarra seðlabanka um gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði. Bankinn stefnir nú að ákveðnu verðbólgumarkmiði og gengi krónunnar ákvarðast á markaði. Ákvarðanir í peningamálum eru því að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni sem krefst sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Þetta sjónarmið er viðurkennt af seðlabönkum um allan heim og kemur gleggst fram í því að af 35 seðlabankastjórum víðs vegar um heiminn eru 33 menntaðir hagfræðingar. Það er auðvitað engin tilviljun vegna þess að í þeirri menntun — margir þeirra eru með doktorsmenntun og að lágmarki mastersmenntun í hagfræði — felst að þeir hafa tileinkað sér ákveðna faglega nálgun í þessum málum. Auðvitað geta ýmsir kynnt sér hagfræði og kunna sitthvað fyrir sér í henni en þeir hafa samt ekki þann faglega grunn að standa á sem fylgir óneitanlega slíkri menntun. Við getum líka mörg hver tileinkað okkur ýmislegt í lögum og getum bara orðið býsna góð í því að lesa og skilja og túlka lög en við erum samt ekki talin til þess hæf að fara með þau tæki sem dómstólum eru falin að lögum.

Ákvörðunarvaldið í peningamálum er í höndum stjórnar Seðlabankans en þar sitja þrír bankastjórar, skipaðir samkvæmt ákvörðun forsrh. Ábyrgð og völd bankastjórnarinnar eru mikil og því nauðsynlegt að hún hafi tiltrú og njóti trausts sem fagleg og sjálfstæð stofnun. Það er ljóst að talsvert skortir þar á.

BS-ritgerð var skrifuð við Háskólann í Reykjavík nýverið þar sem inntakið var viðtalskönnun meðal 22 innlendra sérfræðinga sem starfa á vegum fjármálastofnana og hagsmunasamtaka sem eru auðvitað þeir sem þurfa að hafa tiltrú á Seðlabankanum og ákvörðunum hans. Þar kemur fram að aðeins fjórir af þessum 22 töldu núverandi fyrirkomulag í peningamálum tryggja nægjanlegt sjálfstæði Seðlabankans við stjórn peningamála þó svo að 17 þeirra hafi verið sammála því að breyta um peningastefnu með nýjum lögum um Seðlabankann. Þeir voru sem sagt sammála því að gengið skyldi ráðast á markaði og vextirnir skyldu verða aðalstjórntæki Seðlabankans og hann skyldi hafa verðbólgumarkmið. Þeir töldu ekki, þrátt fyrir þetta, að bankinn hefði traust og trúverðugleika sem fagleg og sjálfstæð stofnun. Af þeim 15 sem töldu sjálfstæðið ekki nægjanlegt nefndu 14 að fagleg sjónarmið fremur en pólitísk ættu að ráða við ráðningu bankastjóra.

Þann 15. ágúst sl. skipaði forsrh. í embætti seðlabankastjóra og var það í fyrsta sinn eftir að hin nýju lög tóku gildi. Ljóst er að það skipti verulegu máli fyrir trúverðugleika og ímynd bankans hvernig að þeirri skipan væri staðið þegar fyrst reyndi á lögin. Engum blandaðist hugur um að sá sem skipaður var í embætti væri ekki aðeins hæfur til að gegna því, heldur mætti færa rök fyrir því að hann væri sá hæfasti sem völ væri á. Til að kalla eftir þeim rökum sem lágu að baki ráðningunni ákváðu fulltrúar Samf. í bankaráði Seðlabankans að senda fyrirspurn í þremur liðum til forsrh. Fyrirspurnin var:

1. Með hvaða hætti var gengið úr skugga um að sá sem skipaður var í embættið væri sá hæfasti sem völ var á?

2. Með hvaða hætti er jafnræðisreglunnar, sem er grundvallarregla í stjórnsýslu, gætt við skipan í embætti seðlabankastjóra nú þegar ekki er lengur skylt að auglýsa embættið?

3. Hvaða hæfniskröfur voru lagðar til grundvallar við nýlega ráðningu í embætti seðlabankastjóra?

Ég vil taka það fram vegna þessara spurninga og vegna frv. að þetta mál er af minni hálfu prinsippmál og hefur ekkert með þann einstakling að gera sem til starfans var ráðinn. Það skiptir máli að greina þar á milli.

Þann 22. september 2003 barst svohljóðandi bréf frá forsrh., með leyfi forseta:

„Með vísan til erindis yðar, dags. 16. þessa mánaðar, um skipun Jóns Sigurðssonar í embætti bankastjóra í Seðlabanka Íslands, skal tekið fram, að ákvörðun þessi var tekin á grundvelli 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands," — af sjálfu leiðir að það er verið að fara að seðlabankalögunum þegar skipað er í embættið. Það þarf varla að taka það sérstaklega fram í því svari. Ég gaf mér það nú, að forsrh. færi að lögum — „að aðgættum almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Til upplýsinga er rétt að geta þess að ég hygg að í þeim lögum og þeirri grein sem þarna er vísað til sé í rauninni bara fjallað um það að til þess að fá ráðningu hjá ríkinu skuli menn vera orðnir 18 ára, þeir skuli vera heilir á geði og þeir skuli vera fjár síns ráðandi. Það eru þessi grundvallaratriði sem bara yfirleitt þarf til þess að fá starf en segja ekkert um hæfi manna. Það hefur sem sagt verið farið að þessum almennu starfsgengisskilyrðum „og að teknu tilliti til þeirrar menntunar og fyrri starfa, sem tilgreind voru í hjálagðri fréttatilkynningu um skipun í embættið, dags. 15. fyrra mánaðar." Það fylgdi síðan með.

Ljóst er af bréfi þessu frá forsrh. að í því er ekki að finna svör við þeim þremur einföldu spurningum sem beint var til hans og sem gætu varpað ljósi á hvort núverandi stjórnvöld hafa raunverulegan áhuga á að auka tiltrú á Seðlabankanum sem stofnun sem lúti sjálfstæðri og faglegri forustu en ekki pólitískri forustu Sjálfstfl. og Framsfl. Bréfið varpar líka ljósi á að í þessu máli fer forsrh. með ákvörðunarvald sem ekki lýtur aðhaldi frá einstaklingum, stofnunum eða almannavaldi, þar sem ekki þarf að auglýsa starfið, ekki eru gerðar til þess sérstakar kröfur, ekkert mat fer fram á þeim sem ætlað er að gegna starfinu og ekki þarf að rökstyðja ráðningu. Með öðrum orðum, það er ekki hægt að koma við neinu aðhaldi varðandi beitingu þessa valds sem í mínum huga stangast algjörlega á við alla réttarvitund og siðferðiskennd. Í samfélagi okkar á ekkert vald að vera til sem ekki er hægt að beita aðhaldi og eftirliti. Formlegir aðilar að þessu máli, um ráðningu í starf seðlabankastjóra, eru aðeins tveir, forsrh. og sá sem ráðinn er til starfans.

Að mínu viti er þetta afleitt fyrirkomulag þegar um æðstu stöður í samfélaginu er að ræða. Það verður að vera hægt að beita aðhaldi og fá umræðu um þær forsendur sem að baki lágu við ráðningu. Þá má eiginlega segja að að ýmsu leyti eigi það sama við um ýmsar aðrar stöður og sú spurning vaknar hvort rétt sé að skipunarvaldið í svona stöður eins og seðlabankastjóra eða hæstaréttardómara, svo það sé nú tekið, sé hjá ráðherra. Hér er um mjög mikilsverðar stöður að ræða í samfélaginu, æðstu stöður sem mikilvægt er að allir hafi

tiltrú á og það er nauðsynlegt að mönnum blandist ekkert hugur um að fagleg sjónarmið ráði. Það má aldrei líta svo á að þeir sem þessum stöðum gegna séu taldir pólitískir fulltrúar ákveðinna sjónarmiða þótt þeir séu pólitískt skipaðir til starfa.

Það frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem hér er flutt hefur það að markmiði að tryggja eins og kostur er að fagleg sjónarmið ráði við skipan í embætti seðlabankastjóra og að ráðherra geti ekki komið sér undan því að rökstyðja ráðninguna eins og nú er. Þess vegna er gerð tillaga um að starf seðlabankastjóra verði auglýst þrátt fyrir að víðtæk sátt hafi verið um það þegar núgildandi lög voru sett að undanskilja þetta embætti auglýsingaskyldu. Að vísu komu ekki fram nein sérstök rök fyrir því af hverju það skyldi undanskilið auglýsingaskyldu önnur en þau — þau komu fram í máli forsrh. á þeim tíma — að það væri bara skrípaleikur og það væri verið að plata menn með því að auglýsa þetta embætti. Til dæmis tók hann að heill bekkur í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefði sótt um seðlabankastöðuna þegar Finnur Ingólfsson, þáv. viðskrh., var ráðinn til að gegna starfi seðlabankastjóra. En af hverju sótti heill bekkur í Hamrahlíðinni um embættið? Jú, auðvitað til þess að sýna fram á fáránleikann í því að ekki væru gerðar neinar hæfniskröfur til þessa mikilvæga embættis. Þeir gátu auðvitað alveg sótt um, allir þessir krakkar, því ekki var gerð nein krafa um að menn uppfylltu eitthvert hæfi. Þau voru í raun inni að sýna fram á þennan fáránleika með því að sækja um og þá voru viðbrögðin ekki þau að setja inn hæfnisskilyrði. Nei, nei. Viðbrögðin eru þau að hætta að auglýsa af því að þetta sé skrípaleikur og það sé verið að plata. En ef starf er auglýst og ef einhver mjög hæfur einstaklingur sem sækir um af fullri alvöru fær það ekki á hann auðvitað rétt lögum samkvæmt til þess að láta reyna á þær reglur sem gilda í stjórnsýslulögum sem kveða m.a. á um jafnræðisregluna og að sá hæfasti skuli valinn.

Sáttin sem þó varð um það að auglýsa ekki byggðist m.a. á því að margir þingmenn vildu láta á það reyna hvort sú grundvallarbreyting sem gerð var á Seðlabankanum mundi ekki endurspeglast í breyttum viðhorfum ráðherra til embættis seðlabankastjóra. En sú virðist ekki raunin og segja má að forsrh. falli á fyrsta prófinu. Það er enn litið svo á að Framsfl. og Sjálfstfl. fari með pólitískt eignarhald á embættunum og eftir höfðinu dansa limirnir því að í opinberri umræðu í samfélaginu er litið svo á að nýleg skipun í embætti seðlabankastjóra hafi verið á forræði Framsfl. og næst verði skipunin á forræði Sjálfstfl. Það er opinskátt talað um það í samfélaginu að þegar Birgir Ísleifur Gunnarsson, sem er nú formaður bankaráðs, hætti sem slíkur eigi Sjálfstfl. það embætti. Menn hafa m.a. velt vöngum yfir því hvort núv. forsrh. sé á leiðinni í þann stól þegar hann yfirgefur ríkisstjórnina á næsta hausti. Og það er eins og það sé sjálfsagt og sjálfgefið að Sjálfstfl. hafi þetta sæti til ráðstöfunar.

Ef vilji Alþingis stendur til þess að bankastjórastöðum í Seðlabankanum verði skipt á milli stjórnmálaflokka, sem getur verið hugmynd ef út í það er farið, verður að gera það á grundvelli einhverra gegnsærra meginreglna um það hvernig þeim skuli skipt þannig að það sé þá uppi á borðinu og engum blandist hugur um það eða þá að skipt verði um bankastjóra með nýrri ríkisstjórn. Þá fari bara seðlabankastjórinn út í hvert skipti sem ný ríkisstjórn kemur inn og hún komi með sína seðlabankastjóra. Það er bara þetta tvennt sem kemur til álita, annaðhvort að reglurnar séu gegnsæjar um það hvernig hin pólitíska ráðning skuli vera eða þá að bankastjórarnir fari út með nýrri ríkisstjórn.

Flutningsmenn þessa frv. telja hins vegar rangt að fara inn á þá braut og algjörlega í ósamræmi við það sem tíðkast í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Þess vegna gerum við þessa breytingu sem liggur fyrir á þessu þskj., virðulegur forseti.

Að lokum vil ég nefna það að sú breyting sem hér er gerð tillaga um er efnislega samhljóða ákvæði sem var í 39. gr. frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem flutt var á 116. löggjafarþingi af þáv. viðskrh., Jóni Sigurðssyni, og er því ekki nýtt af nálinni í sölum Alþingis.

Ég legg að lokum til, virðulegur forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og til meðferðar í efh.- og viðskn. á milli umræðna.

[16:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka 1. flm. fyrir að hafa forgöngu um þetta brýna mál og flytja frv. um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Ég á aðild að flutningi þess og á einnig sæti í efh.- og viðskn. sem fær frv. til umfjöllunar þannig að ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um málið.

Eins og hv. 1. flm. málsins nefndi er frv. mikilvægur þáttur í því sem ég held að flestir vilji sjá sem er gegnsæi, gegnsæ og opin stjórnsýsla og á auðvitað að fylgja eftir þeirri þróun sem verið hefur á umliðnum árum með upplýsingalögunum og stjórnsýslulögunum, að við sjáum það í æ meira mæli að stjórnsýslan sé opin og gegnsæ. En með þetta mál, eins og að auglýsa opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra í Seðlabankanum og að sett séu hæfisskilyrði, það er eins og ekki megi breyta því. Það eigi að tilheyra fortíðinni, tilheyra þeim vinnubrögðum sem tíðkast hafa gegnum áratugina að eignarhald flokka eigi að vera skilyrðislaust hvað sem öllu öðru líður í stjórnsýslunni, það eigi að vera eignarhald flokka á bankastjórastöðu í Seðlabankanum sem er auðvitað allt annað en gerist í öðrum löndum eins og 1. flm. kom inn á. Sá listi er mjög athyglisverður sem fylgir með tillögunni sem fskj. um seðlabankastjóra í öðrum löndum og hvaða hæfisskilyrði og menntun þeir hafa.

Það er eins og staða selabankastjóra sé eins konar pólitískt hæli fyrir stjórnmálamenn þegar þeir hætta störfum og það er auðvitað erfitt að þurfa að búa við slíka tímaskekkju í stjórnkerfinu.

Þegar þetta mál um Seðlabanka Íslands kom til umræðu í þingsölum á árinu 2001 hafði náðst um það samkomulag í nefnd fulltrúa allra flokka um hvaða breytingar skyldu gerðar á lögum um Seðlabanka Íslands sem voru í þá veru að auka sjálfstæði bankans og markviss og fagleg sjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi við stjórn peningamála. Engu að síður kom það atriði sem er á dagskrá í þessu frv. til umræðu og ég minnist þess að ég gagnrýndi það í máli mínu að þetta embætti skyldi ekki auglýst laust til umsóknar. Rökin fyrir því eins og kom fram í máli 1. flm. voru að halda átti áfram að skipa í þetta starf þannig að stjórnmálamenn settust fyrst og fremst í þennan stól og þá væri auðvitað sýndarmennska að auglýsa stöðuna. Var haft í flimtingum það sem hv. þm. nefndi um skólakrakkana sem sóttu tugum saman um stöðu bankastjóra í Seðlabankanum. En nú höfum við reynsluna eins og hv. þm. sagði. Það er skipað í stöðuna pólitískt. Komið var að Framsfl. þannig að hann gat ráðið því hver yrði bankastjóri og næst verður það hlutur sjálfstæðismanna.

Tillögur okkar þingmanna Samf. þegar þessu var breytt var að einn bankastjóri yrði við bankann sem bæri ábyrgð ásamt varabankastjórum og við hlið hans væri síðan skipuð sérstök peningamálastefnunefnd. En eins og ég sagði, nú höfum við reynsluna af þessu og þess vegna er tímabært að flytja þetta mál inn í þingsali. Ég á sæti í efh.- og viðskn. og mun þá gera mitt til þess að frv. fái þar efnislega og góða umfjöllun og það er brýnt að málið nái fram að ganga og verði að lögum áður en næst kemur að því að skipa bankastjóra í Seðlabankanum. Við getum ekki verið með svona fortíðardraug í farteskinu. Við viljum sjá gegnsæja og opna stjórnsýslu en það er eins og flokkarnir vilji hafa þetta fyrir sig.

Ég vil líka segja, frú forseti, um það bréf sem var skrifað til hæstv. forsrh. af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem á einnig sæti í stjórn bankans, að það er með ólíkindum hvernig hæstv. forsrh. leyfir sér að svara slíku bréfi og sýnir ljóslega, frú forseti, hroka hæstv. forsrh. að svara erindi sem til hans er sent með þessum hætti.

(**Forseti** (SP): Ég bið hv. þm. að gæta orða sinna þegar hann ræðir um hæstv. forsrh.)

Ég var bara að segja það sem mér býr í brjósti. Mér finnst það hroki þegar menn svara ekki bréfum sem til þeirra er beint nema með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Ég vil, frú forseti, rifja upp um hvað var spurt. Spurt var um það af bankaráðsmanni á hvern hátt gengið var úr skugga um að sá sem skipaður var í embætti væri sá hæfasti sem völ væri á. Er þetta ekki eðlileg spurning, frú forseti? Það er spurt um hvernig jafnræðisreglunnar, sem er grundvallarregla í stjórnsýslunni, er gætt við skipan í embætti seðlabankastjóra nú þegar ekki er lengur skylt að auglýsa embættið. Er þetta ekki eðlileg spurning, frú forseti? Og einnig er spurt um hvaða hæfiskröfur eru lagðar til grundvallar við nýlega ráðningu í embætti seðlabankastjóra. Þetta er mjög eðlileg spurning, frú forseti. En svarið er óeðlilegt sem hæstv. forsrh. sendir sem svar við þessum spurningum. Þar er einungis sagt, með leyfi forseta:

„Með vísan til erindis yðar, dags. 16. þessa mánaðar, um skipun Jóns Sigurðssonar í embætti banka stjóra í Seðlabanka Íslands, skal tekið fram, að ákvörðun þessi var tekin á grundvelli 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, að aðgættum almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og að teknu tilliti til þeirrar menntunar og fyrri starfa, sem tilgreind voru í hjálagðri fréttatilkynningu um skipun í embættið, dags. 15. fyrra mánaðar."

Frú forseti. Mér finnst þetta vera svar sem ekki er samboðið forsrh. að senda frá sér þegar málefnalega er spurt um rökin að baki tiltekinni embættisveitingu í stöðu seðlabankastjóra sem mjög er gagnrýnd í þjóðfélaginu. Mér finnst, frú forseti, að hæstv. forsrh. geti ekki leyft sér að svara á þann veg sem hann gerði.

Við höfum aðeins eitt svar við þessu, frú forseti. Það er að sett skuli í lögin hæfisskilyrði sem skuli fylgja og þar með rökstutt hvernig viðkomandi fær embættið, hvers vegna hann er ráðinn umfram aðra sem sækja um stöðuna. Það er sú leið sem hér hefur verið valin, þ.e. að setja það í fyrsta lagi í lögin að bankastjórastaða skuli auglýst og að síðan séu tiltekin hæfisskilyrði sem skuli fylgja við þá ráðningu. Við sem erum inni í þessum sal getum vel ímyndað okkur að við Seðlabankann hafi gegnum árin verið starfandi embættismenn sem unnið hafa mjög faglega og vel gegnum tíðina, unnið þar í mörg ár og sýnt og sannað með störfum sínum í bankanum að þeir séu hæfir til þess að gegna stöðu bankastjóra. En vegna þeirrar hefðar og venju að pólitískir flokkar geti slegið eignarhaldi sínu á slíkar stöður þá er það yfirleitt svo að þessir ágætu starfsmenn Seðlabankans eru úr myndinni og hafa ekki möguleika á að keppa við aðra á jafnréttisgrundvelli um þær stöður, hafi ekki möguleika á að njóta hæfileika sinna, þekkingar og getu til þess að hreppa þá stöðu. Og það er að vera í fortíðinni, frú forseti. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skuli hafa forgöngu um að flytja þetta mál inn í þingsali og ég mun leggja mitt af mörkum og við þingmenn Samf. um að þetta fái góða umfjöllun í nefndinni og fari til umsagnar og að málið komi inn í þingsali aftur þannig að þingmenn fái að greiða atkvæði um það að við flytjum stjórnarhættina við ráðningu á stöðu seðlabankastjórans inn í nútímann.

[16:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í dag tók ég til máls í umræðu um þingmál sem hv. þm. úr öðrum flokki var að flytja. Ég lýsti því þar að ég væri ekki tilbúin til að lýsa yfir afdráttarlausum stuðningi við málið eins og það lægi fyrir en hér væri hreyft mikilvægu máli sem varðaði fjölskyldur, barnafjölskyldur, foreldra með ung börn og þess vegna væri mikilvægt að fá rökræðu um málið á Alþingi. Og það varð rökræða um málið á Alþingi og það var góð umræða sem varpaði ljósi á stöðu ungs barnafólks. Inn í umræðuna voru dregnar aðstæðurnar eins og þær eru í dag, hvað hefur verið að breytast, hvað við þurfum að lagfæra þó að ef til vill greindi á um leiðir til að lagfæra. Meira að segja bar svo við að stjórnarþingmenn brugðu sér inn í þessa umræðu og tóku þátt í rökræðunni og mér fannst það gott.

Hér er hreyft mjög stóru máli sem varðar þá stofnun sem við eigum að setja hæst á lista yfir stofnanir í okkar samfélagi, stofnun sem menn hafa verið sammála um að mikilvægt væri að hefði meira sjálfstæði en nokkrar aðrar stofnanir til að fara með og meta efnahagsmál og taka sjálfstæðar ákvarðanir og koma með ábendingar um hvað þurfi að gerast miðað við þróun efnahagsmála. Við erum öll sammála um matið á þessari stofnun, Seðlabanka Íslands.

Svo kemur hv. þm. sem hefur mikla þekkingu á starfi í þessari stofnun og sýnir okkur fram á afskaplega vafasöm vinnubrögð, eins og lýst er í þessu þingmáli og grg., við ráðningu þeirra sem mest eiga um að véla og halda utan um í þessari æðstu stofnun, eins og ég leyfi mér að lýsa henni. Vinnubrögð þar sem engar hæfniskröfur eru gerðar, vinnubrögð sem sýna að helmingaskiptaregla Framsfl. og Sjálfstfl. er í fullu gildi og rýrnar ekki og menn halda ótrauðir áfram á sömu braut og ávallt fyrr og vinnubrögð sem sýna fram á að vald þess sem úthlutar slíkri stöðu er óhemjulegt.

Nægir að vísa til einnar setningar efst á bls. 3 í grg.:

„Formlegir aðilar að málinu eru bara tveir — forsætisráðherra og sá sem ráðinn er til starfans."

Þessi setning lýsir á afdráttarlausan hátt því sem er að gerast hjá okkur, virðingarleysinu fyrir eigin valdi og hversu sjálfsagt það þykir að úthluta því „bara milli okkar tveggja".

Það sem veldur mér áhyggjum er viðhorfið til valdsins hjá þessari þjóð. Ég hef fullan skilning á því en það veldur mér áhyggjum. Fólk er búið að venjast því að ekkert breytist. Það eru sett ný lög, framsækin lög, það eru boðaðar breytingar, það er boðað að í framtíðinni skuli menn fara öðruvísi með

en hingað til. Það er borið saman við stjórnsýslu annarra landa, það eru sett lög um opna stjórnsýslu eins og í öðrum löndum, það er farið að alþjóðasamningum, af því að menn ætla að hafa hlutina eins og í öðrum löndum, og menn tala um vald sitt með virðingu en framkvæma eins og engin virðing sé fyrir því borin. Fólk er þess vegna að venjast því að ekkert breytist og fólk er að sætta sig við að ríkisvaldið fari fram af geðþótta.

Það sem mér finnst verst í þessu máli, eins og það blasir við mér, og ég vil sérstaklega hrósa flutningsmanni fyrir hve greinargerðin dregur á einfaldan hátt fram stöðu þessa máls og fylgirit með þessari grg. í einfaldleika sínum, þegar fylgiskjölin eru skoðuð um seðlabankastjóra í löndum með verðbólgumarkmið og seðlabankastjóra víðs vegar um heiminn og peningamálaráð nokkurra Seðlabanka og þær upplýsingar sem að sjálfsögðu eru veittar á heimasíðum virtra stofnana úti í heimi, að það sem veldur enn meiri áhyggjum en viðhorfið til valdsins er kæruleysið í meðferð og umgengni við þá sem óska eftir því að farið sé vel með.

Á bls. 2 eru okkur sýndar þrjár spurningar sem eru bornar fram til þess sem fer með valdið:

„Með hvaða hætti var gengið úr skugga um að sá sem skipaður var í embættið væri sá hæfasti sem völ var á?"

Ég tek undir orð flm., hér erum við ekki að tala um þann sem var ráðinn, við erum að tala um vinnubrögð.

„Með hvaða hætti er jafnræðisreglunnar, sem er grundvallarregla í stjórnsýslu, gætt við skipan í embætti seðlabankastjóra nú þegar ekki er lengur skylt að auglýsa embættið?" Og: „Hvaða hæfniskröfur voru lagðar til grundvallar við nýlega ráðningu í embætti seðlabankastjóra?"

Þá er svarið þetta að „það var gætt að almennum starfsgengisskilyrðum skv. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins", sem eru svo einfaldar að maður þarf að hafa náð 18 ára aldri, vera við eðlilega geðheilsu og vera sjálfráða, almennar reglur til allra starfa, líka til þess að vera ráðinn á kassa í búð.

Þegar við erum að ræða þessi vinnubrögð og hvað við viljum hafa öðruvísi við val á hæfasta umsækjandanum til að sitja við störf í æðstu stofnuninni þá ber svo við að það er engin rökræða. Þess vegna tek ég undir með flutningsmanni og gagnrýni hennar á hvað hefur verið að gerast á síðustu árum í vinnubrögðum þessa þings, vegna þess að ég átti sæti á þessu þingi þegar hv. flm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sat á Alþingi. Ég minnist þess að þá þegar var gagnrýni höfð uppi á ýmislegt í meðförum þingsins.

Ég minnist þess líka að hafa verið formaður í nefnd sem vann með þau stjórnarmál sem komu frá ráðherra. Þegar þau komu út úr nefnd sat formaður og þeir sem þá voru formenn nefnda í sal og tóku af prúðmennsku gagnrýni ef þeir brugðu sér frá í mat ef umræðan teygðist. Af því þeir settu sér þær skyldur á herðar að hafa tekist á hendur ábyrgð á þessum málaflokki, vinnslu málaflokks í nefnd, og með hvaða hætti því er skilað inn til þingsins til ákvarðanatöku.

Þess vegna er gagnrýnin sem kemur fram í upphafi flutnings þessa máls eðlileg og sjálfsögð og við ættum að taka hana til eftirbreytni og til umhugsunar og afgreiðslu og gera bragarbót á.

Það er óásættanlegt að ræða hér frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þar sem meginefnið er tvennt, að „forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og þar skal tekið fram hvort um sé að ræða stöðu formanns bankastjórnar. Bankastjórar skulu hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum." Þetta eru meginatriði þess sem hér er rætt. Og þegar málið kemur á dagskrá þingsins þarf enga rökræðu. Hér mætir enginn til rökræðunnar. Við erum hér ein, þingmenn Samfylkingarinnar, að reyna að bera það fram hversu þýðingarmikið það sé að hafa vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni, að það sé hafið yfir gagnrýni hvernig er með farið og sérstaklega að það sé hafið yfir gagnrýni þegar ráðið er í æðstu stöður þessarar stofnunar.

Af því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur beðið um orðið tek ég það fram að þegar ég tek svo til orða, að við erum hér ein að ræða málið, þá er það að þeir sem hafa verið á mælendaskrá hingað til í þessu máli hafa verið þingmenn Samfylkingarinnar.

Þetta er fullkomlega óásættanlegt, virðulegi forseti. Forsn. hlýtur að þurfa að taka það upp hvort ekki eigi að gilda einhverjar reglur um viðveru í þingsal, hvort ekki á að fylgja því einhver ábyrgð að þingmanni sé falið að veita nefnd formennsku og hvort það megi ekki reikna með því að þegar borið er inn í þingið efnismikið — þó að það láti lítið yfir sér — mál sem þarf á umræðu og rökræðu að halda megi treysta því að sú rökræða fáist. Svona vinnubrögð eru jafnvond og þau sem við erum að gagnrýna í málinu sem hér er til umræðu.

Ég hvet til þess að þetta verði tekið upp, virðulegi forseti, og gagnrýni harkalega hvort tveggja, það sem er tilgreint í þessu þingmáli og vinnubrögðin hér í þinginu sem endurspeglast á þessum eftirmiðdegi.

[17:10]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með Samfylkingunni og lýsa yfir furðu á því að enginn stjórnarliði skuli vilja ræða þetta mál. Mér, sem nýliða á þinginu, hefði fundist fróðlegt að heyra sjónarmið stjórnarflokkanna, því að það er verið að ræða, eins og fram hefur komið, eina æðstu stofnun í peningamálum þjóðarinnar. Ég verð að segja það að ég hef orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum að heyra ekki sjónarmið, mér finnst það skorta.

Við í Frjálsl. höfum tekið undir þau sjónarmið að við erum komin hingað til að ræða málin og taka þátt í orðræðu, bæði um stjórnarfrumvörp og stjórnarandstöðufrumvörp. Ég sakna þess að sjá ekki meira af stjórnarliðum í þinginu og spyr: Hvað á þetta að ganga lengi?

En ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég hef orðið margs vísari um Seðlabankann og er sannfærður um að margir stjórnarliðar hefðu örugglega getað lært ýmislegt af að fylgjast með umræðum um Seðlabankann hér.

[17:12]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það fer ekki á milli mála að hér er afar mikilvægt mál á ferðinni, þ.e. þegar maður skoðar frumvarpið og grg. sem því fylgir. Hins vegar mætti ætla, þegar maður horfir yfir þingsalinn, að hér væri um eitthvert lítils háttar mál að ræða. Ég vil nýta þetta tækifæri til að taka undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað og gagnrýnt fjarveru þingmanna við umræður á Alþingi og sérstaklega það að formenn nefnda og í rauninni allir viðeigandi nefndarmenn skuli ekki — ég vil leyfa mér að segja — sjá sóma sinn í því að vera viðstaddir þegar mál er tekið til 1. umr.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. að tilgangur umræðunnar hlýtur að vera að fá fram mismunandi sjónarmið. Þau geta reyndar komið fram hjá öðrum en einungis þeim hv. þm. sem sitja í viðkomandi nefndum, þannig að það væri æskilegt að fá sem flesta til umræðunnar í málum almennt.

En ég hvet til þess að orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur verði tekin til skoðunar hjá forsn. þingsins, þ.e. að forsn. kanni það hvernig megi koma viðunandi skikkan á þetta mál í þinginu. Það getur ekki verið, frú forseti, að það teljist eðlilegt að einungis þingmenn viðkomandi flutningsflokks og hugsanlega einn til tveir úr öðrum flokkum sitji við umræðuna hverju sinni.

[17:14]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram í þingsalnum í dag þó að í henni hafi Samfylkingin fyrst og fremst tekið þátt auk þingmanns frjálslyndra.

Ég vil segja að ég tel að umræða, 1. umr. um mál í þingsalnum, geti varpað nokkru ljósi á sjónarmið sem hér eru til staðar og að eðlilegt sé að mál séu rædd aðeins við 1. umr. þannig að það auðveldi meðferð þeirra í nefndum þingsins þegar þau koma þangað og menn séu þá nokkuð kunnugir sjónarmiðum hvers annars.

Það er alltaf álitamál hvaða mál eru merkileg og hvaða mál eru ekki merkileg. Ég geri ráð fyrir að flutningsmönnum frumvarpa og mála þyki alltaf sín mál merkileg út af fyrir sig og þau eiga öll rétt á þinglegri meðferð og því að þau séu skoðuð af gaumgæfni. Kannski er einmitt eitt grundvallaratriði lýðræðisins að menn hlusti hverjir á aðra. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að lýðræðinu á Íslandi hefur hrakað mjög mikið á undanförnum árum vegna þess að menn eru löngu hættir að hlusta. Það ber Alþingi órækan vott um. Menn telja sig ekkert þurfa að hlusta á hverjir á aðra og þeir telja sig ekkert þurfa að færa rök fyrir skoðunum sínum eða gjörðum. Það kemur skýrt fram í svari hæstv. forsrh. við spurningum okkar sem sitjum í bankaráði Seðlabankans, að hann telur sig ekkert þurfa að rökstyðja þær ákvarðanir. Hann ræður og hann ætlar að hafa þetta svona og það kemur bara engum við af hverju hann hefur það svona en ekki einhvern veginn öðruvísi. Það eru skilaboðin sem okkur eru send.

Svo eru það skilaboðin sem þjóðinni og þingmönnum eru send úr þingsölum. Þau eru þau sömu. „Við þurfum ekkert að hlusta á ykkur í stjórnarandstöðunni. Við ráðum. Þið getið setið hér og hlustað á hvert annað. Við ráðum og við ætlum bara að hafa þetta eins og okkur hentar.“ Það eru skilaboðin sem verið er að senda úr þingsölum á hverjum degi. Það er verið að ala upp nýja kynslóð þingmanna í þessum viðhorfum. Það er hættulegt virðingu Alþingis og það er hættulegt lýðræðinu, virðulegur forseti.

[17:17]

Útbýting þingskjala:

Bátar sem hafa landað leyfilegum meðafla botnfisks, 185. mál, fsp. MÞH, þskj. 187.

Borgaraleg friðargæsla, 193. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 195.

Bókasafnsskírteini, 187. mál, fsp. BrM, þskj. 189.

Framleiðsla sauðfjárafurða, 192. mál, fsp. AKG, þskj. 194.

Húsnæðislán, 182. mál, fsp. GÓJ, þskj. 184.

Íslenska friðargæslan, 195. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 197.

Laxeldi á Austfjörðum, 180. mál, fsp. MÞH, þskj. 182.

Meðafli botnfisks, 184. mál, fsp. MÞH, þskj. 186.

Meðafli í flotvörpu, 183. mál, fsp. MÞH, þskj. 185.

Styrkveitingar til eldis sjávardýra, 189. mál, fsp. KLM, þskj. 191.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 190. mál, fsp. RG, þskj. 192.

Veiðarfærarannsóknir, 181. mál, fsp. MÞH, þskj. 183.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 186. mál, frv. HBl o.fl., þskj. 188.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:20.

---

14. FUNDUR

föstudaginn 17. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, beiðni um skýrslu, 167. mál, þskj. 169. *Hvort leyfð skuli.*

2. Skattafsláttur vegna barna, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Kosningar til Alþingis, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Stofnun stjórnsýsluskóla, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Tannvernd barna og unglinga, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Seðlabanki Íslands, frv., 153. mál, þskj. 153. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Barnalög, frv., 152. mál, þskj. 152. — 3. umr.

8. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 164. — 1. umr.

9. Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.

10. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.

11. Áfengislög, frv., 29. mál, þskj. 29. — 1. umr.

12. Sveitarstjórnarlög, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.

13. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.

14. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.

15. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.

16. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Fyrri umr.

17. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.

18. Almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.

19. Samgönguáætlun, frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.

20. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 40. mál, þskj. 40. — 1. umr.

21. Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[Fundarhlé. — 10:30]

[10:41]

Útbýting þingskjala:
Kynfræðsla í framhaldsskólum, 188. mál, fsp. BrM, þskj. 190.

Kynja- og jafnréttissjónarmið, 194. mál, þáltill. ISG o.fl., þskj. 196.

Tilkynning um dagskrá.

[10:42]

Forseti (Birgir Ármannsson):
Um klukkan eitt í dag fer fram umræða utan dagskrár um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar í öryrkjamálinu í gær. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund. Hádegishlé verður gert kl. 12 og þingflokksfundir eru áætlaðir kl. 12.30. Atkvæðagreiðslur gætu orðið um kl. 13.30.

Um kl. 13.30, að loknum atkvæðagreiðslum, fer fram umræða utan dagskrár um tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. menntmrh. Tómas Ingi Olrich verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðgangur þingmanna að upplýsingum.

[10:43]

Helgi Hjörvar:
Virðulegur forseti. Ég fagna því að hér eigi að fara fram síðar í dag utandagskrárumræða um dóm Hæstaréttar í gær en ástæða þess að ég kem hér upp er sú að ég hef í störfum mínum í fjárln. Alþingis leitað eftir upplýsingum sem ég hef talið vera nauðsynlegar fyrir mig sem alþingismann og sem fjárlaganefndarmann. Það eru fjárlagabeiðnir lögreglunnar í Reykjavík — en Reykjavík er kjördæmi mitt — og fjárlagabeiðni Sveðisskrifstofu um málefni fatlaðra sömuleiðis.

Á fundi fjárln. óskaði ég eftir þessu og send voru erindi til hlutaðeigandi ráðuneyta til að óska eftir þessum upplýsingum. Ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í viðkomandi ráðuneytum hafa nú bréflega neitað mér um þessar upplýsingar með vísan til úrskurðar upplýsinganefndar í máli Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún leitaði sem almennur borgari eftir fjárlagabeiðnum lögreglunnar í Reykjavík.

Nú má út af fyrir sig deila um þann úrskurð upplýsinganefndar og hvort hann standist fyrir lögum, hvort almennir borgarar eigi ekki að eiga aðgang að þessum upplýsingum, en ég taldi, virðulegur forseti, að sem alþingismaður, sem kjörinn fulltrúi fólksins í Reykjavík og þar að auki sem kjörinn fulltrúi Alþingis í fjárln., hlyti ég að eiga aðgang að öðrum eins grundvallarupplýsingum og mati sérfræðinga okkar í Reykjavík á þörfum fatlaðra og mati lögreglunnar í Reykjavík á þörfum lögreglunnar til þess að tryggja öryggi borgaranna í Reykjavík. Ég tel, virðulegur forseti, að þetta mál varði virðingu þingsins og virðingu fjárln. Fjárln. felldi nú í morgun þá beiðni mína að nefndin sem heild óskaði eftir þessum upplýsingum. Ég skil ekki, virðulegur forseti, hvernig hægt er að vinna að fjárlagagerð í Alþingi ef fjárlaganefndarmenn hafa ekki aðgang að grundvallarupplýsingum. Ég mun, virðulegur forseti, skjóta þessari ákvörðun og þessari synjun til forseta Alþingis og vonast til þess að hann beiti sér fyrir því að þessar upplýsingar séu aðgengilegar fulltrúum Alþingis í fjárln. og vonast til þess að ekki þurfi til þess að koma að ég þurfi að leita eftir rétti mínum sem almennur borgari, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir á sínum tíma varð að gera því að þing var ekki að störfum, heldur geti ég í krafti starfs míns sem alþingismanns fengið aðgang að jafnsjálfsögðum upplýsingum og óskum opinberra stofnana um fjárstuðning Alþingis Íslendinga.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi orð hv. þm. Helga Hjörvars. Það eru merkilegar upplýsingar sem hann kemur hér fram með. Í gærmorgun vorum við fulltrúar Alþingis í umhvn. að ræða nákvæmlega sömu mál og ósk var sett fram um það hvort við gætum fengið upplýsingar um hverjar óskir stofnana væru. Aðeins þannig gætum við metið það fjárlagafrv. sem væri verið að setja fram og við ættum að fara yfir í nefndum þingsins. Ef við vitum ekki hverjar þarfirnar og óskirnar eru, hvernig eigum við þá að leggja mat á það hvort það eru nægileg úrræði og hvort við getum fallist á þær tillögur sem birtast í fjárlagafrv.? Mér finnst mikilvægt að á þessum fundi var ekki synjað um þetta, heldur sagði formaðurinn að hún mundi að sjálfsögðu kanna möguleikana á þessu. Hins vegar kom fram í umræðunni í umhvn. að þetta væru upplýsingar sem væntanlega væru aðgengilegar í fjárln. og það mætti e.t.v. velta því fyrir sér hvort þar ætti að fá upplýsingarnar því að allir flokkar eiga þar fulltrúa. Nú er það upplýst að þar er synjað um þessar mikilvægu upplýsingar og við eigum enn sem fyrr að taka ákvarðanir á grundvelli vinnu sem við höfum ekki tekið þátt í. Ég gagnrýni þetta harðlega.

[10:47]

Magnús Stefánsson:
Herra forseti. Það mál sem hv. þm. Helgi Hjörvar ber hér upp höfum við fjallað um í fjárln. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um nokkurt álitamál að ræða. Það varð niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að vilja ekki óska eftir þessum gögnum. Það eru ýmis gögn sem ganga á milli einstakra stofnana og viðkomandi fagráðuneyta í undirbúningi að gerð fjárlagafrv. Þetta eru vinnugögn og það var skoðun okkar að það væri ekki ástæða til að kalla eftir þeim. Fjárlagagerðin er samkvæmt rammafjárlagaforminu þar sem ráðuneyti fá sína ramma og þeim er ætlað að ráðstafa fjárheimildum innan þeirra þannig að þar er um vinnuferli að ræða. Ég vil taka það fram að eins og fram hefur komið hefur fjárln. ákveðið að fara í ákveðna vinnu við að endurskoða verkferla og vinnubrögð í kringum vinnslu fjárlagafrv. og ég lýsti því í

nefndinni í morgun að við mundum að sjálfsögðu taka þetta mál upp í þeirri vinnu. En þetta var niðurstaða meiri hlutans í morgun eins og fram hefur komið.

[10:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er vissulega umhugsunarvirði hve oft það kemur fyrir að fæti sé brugðið fyrir þingmenn til þess að koma í veg fyrir að þeir geti með eðlilegum hætti sinnt skyldum sínum á hv. Alþingi. Maður veltir fyrir sér í þessu tiltekna máli, þegar þingmenn kalla eftir fjárlagabeiðnum einstakra stofnana og því er synjað, hvað það er sem ekki þolir dagsins ljós. Eða hver er skýringin á því að forstöðumenn stofnana eða ráðuneyta neita slíkri eðlilegri beiðni? Það er óþolandi að þingmenn, sem hafa sérstakan stjórnarskrárvarinn rétt til þess að leita upplýsinga og þingsköp þar sem líka eru ákvæði sem heimila þeim að leita upplýsinga, skuli síðan þurfa að sækja rétt sinn sem almennir borgarar gegnum upplýsingalögin. Það er auðvitað óþolandi, herra forseti, og þess vegna er það eðlileg ósk sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar að leita til forsætisnefndar með þetta mál. Það er kominn tími til, og þótt fyrir löngu hefði verið, að forsætisnefnd taki upp alvarlegar umræður um það hvernig þingmenn geti með eðlilegum hætti leitað réttar síns þegar þeir kalla eftir upplýsingum hjá framkvæmdarvaldinu. Þess vegna styð ég ósk hv. þingmanns um að þetta mál fari til forsætisnefndar.

[10:50]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Við upplifum það æ ofan í æ hér á Alþingi að mál eru að þróast á þann veg að Alþingi og alþingismenn eru farnir að lúta framkvæmdarvaldinu og beygja sig fyrir því í hvívetna. Við stöndum einmitt nú frammi fyrir því í meðferð ákveðins máls gagnvart fjárlögum.

Það er rétt að halda því til haga og gera sér grein fyrir því að framkvæmdarvaldið leggur fjárlagafrv. inn til þingsins og eftir 1. umr. í þinginu um það fer það til fjárlaganefndar. til frekari úrvinnslu og hún ber ábyrgð á því að skila því síðan aftur inn í þingið.

Fjárlaganefnd á að hafa fullan aðgang að öllum þeim upplýsingum sem liggja inni í viðkomandi fagráðuneyti og einstökum ráðuneytum og hafa áhrif á vinnu og niðurstöðutölur í fjárlagafrv. þegar það verður lagt fram aftur til 2. umr. Þessi valdbeiting hér er bara til þess að þjóna valdinu. Það eru engir leyndarhagsmunir þarna til, og eiga heldur ekki að vera. Þingið og fjárlaganefnd eiga að eiga fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem liggja inni í viðkomandi ráðuneytum og lúta að fjárlagagerðinni. Þess vegna, virðulegi forseti, er hér bara verið að þóknast valdbeitingunni en ekki að styðja að almennilegri lýðræðislegri vinnu í þinginu.

[10:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þann málstað sem hér hefur verið kynntur af hv. þm. Helga Hjörvar. Mér finnst undarlegt að þingmaður geti ekki fengið upplýsingar í fjárlaganefnd um fjárlagabeiðnir og grunngögn sem liggja því til grundvallar hvaða stofnanir í hans eigin kjördæmi þurfi til starfsemi sinnar og hvaða áætlanir hafa verið gerðar um það hvernig viðkomandi stofnanir geti rekið sig á næsta ári. Ég held að hér sé verið að fara mjög ranga braut með því að neita fjárlaganefndarmönnum um upplýsingar sem snúa að þeirri vinnu sem þeir eiga að leysa af hendi í fjárlaganefnd.

[10:53]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að menn átti sig aðeins betur á því hvernig þetta mál er vaxið. Að sjálfsögðu getur fjárlaganefnd. Alþingis beðið um hvaða gögn sem hún vill. Auðvitað getur hún gert það og auðvitað fær hún þau. Ákvörðun fjárlaganefnd. var einfaldlega sú að hún vildi ekki æskja eftir því. Það var niðurstaða meiri hlutans og hann hlýtur að ráða. Við erum að vinna fjárlagavinnuna sem við höfum takmarkaðan tíma til og það er enginn vandi að drekkja nefndinni í pappír. Það stóð aldrei til að fara að vinna fjárlögin upp á nýtt. Við erum að fara yfir þessi fjárlög og ætlum að klára þau á tilsettum tíma eins og dagskrá Alþingis segir til um.

Hv. þm. í fjárlaganefnd. geta að sjálfsögðu æskt þess að yfirheyra hvaða embættismenn og hvaða forstöðumenn sem þeir vilja. En að hefja fjárlagagerðina upp á nýtt stóð aldrei til hér. Þetta eru rammafjárlög sem við erum að framkvæma, ekki einhver þarfafjárlög. Rammarnir eru búnir að vera í meðferð kannski í 200 daga áður en fjárlagafrv. er tilbúið. Ætla menn að fara í gegnum það pappírsflóð aftur? Þeir ættu þá að skila fjárlögunum eftir nokkur ár. Það stóð ekki til. Við ætlum að standast tímaáætlunina. Þess vegna er þetta vilji meiri hlutans og menn verða að hlíta vilja hans.

[10:55]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er rétt að vekja athygli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar á því að í landinu er stjórnarskrá eins og Hæstiréttur Íslands hefur síðast í gær minnt þingmanninn á. Eftir þeirri stjórnarskrá starfar þetta þing. Þeir þingmenn sem hér sitja hafa stjórnarskrárbundnar skyldur um aðhald og eftirlit gagnvart ríkisfjármálum og að sjálfsögðu sérstaklega þeir sem Alþingi hefur kjörið til þess að sitja í fjárlaganefnd. þingsins. Það eru brýnir almannahagsmunir, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að þeir þingmenn, hvort sem þeir eru í minni eða meiri hluta, eigi fullan og óskoraðan aðgang að gögnum sem varða almannahag.

Við höfum í störfum nefndarinnar bara ósköp einfalt nýlegt dæmi um slíkt eftirlit. Þó að við fáum ekki þessar umræddu fjárlagabeiðnir fékk ég þó a.m.k. ósk Íþróttasambands fatlaðra til mín vegna þess að þar er um félagasamtök að ræða. Í umfjöllun í fjárlaganefnd. kom í ljós að það hafði bara gleymst í fjárlagagerðinni að á næsta ári væru Ólympíuleikar fatlaðra. Það er hlutverk okkar í fjárlaganefnd. að rýna þannig í fjárlagafrv. að slík mistök, sem ég held að séu ekki flokkspólitísk, alls ekki flokkspólitísk eða pólitískur vilji, verði ekki við fjárlagagerðina. Þess vegna er brýnt að þær óskir sem hafa verið lagðar fram komi fram þannig að það megi leiðrétta mistök og líka að það megi færa fram hér í þinginu þær brýnu þarfir sem við teljum að þingið þurfi að taka afstöðu til.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Ég vona svo sannarlega að forseti Alþingis muni beita sér fyrir virðingu þingsins hér og ganga eftir því að við eigum þennan rétt, enda greina þingsköp til um hann. Ég lít svo á að þar sem segir að fjárlaganefnd. eigi rétt til þeirra upplýsinga eigi það við bæði um mig og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson en ekki bara um þingmenn meiri hlutans. Við, þingmenn minni hlutans, erum líka þingmenn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

[10:57]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti áminnir þingmenn um að ávarpa ekki einstaka þingmenn heldur forseta úr ræðustóli.

Umræðu frestað.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingsályktunartillaga um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

[10:57]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég bað í upphafi fundar um að fá að gera athugasemdir við störf þingsins. Þær athugasemdir vörðuðu raunar ekki það mál sem hér hefur verið rætt og ég hefði talið skynsamlegra að láta það útrætt en úr því að svona er komið og þetta blandast saman verð ég að blanda þessa umræðu hér inn.

Hún er um annað mál jafnalvarlegt sem varðar náttúru Íslands og fugla í þeirri náttúru, þ.e. rjúpuna sjálfa. Þetta er í framhaldi af athugasemd sem ég gerði við störf þingsins á miðvikudag. Ég vildi fá svör frá hæstv. umhvrh. og flutningsmönnum þáltill. nokkurrar sem hér hefur verið lögð fram og er í mjög undarlegu lagi, þ.e. því lagi að jafnvel þó að hún verði samþykkt hefur hún engin áhrif á heimildir ráðherra eða gerðir hennar nema hún kjósi sjálf. Þess vegna voru spurningar mínar á þeim tíma tvær, annars vegar bað ég hæstv. umhvrh. að gera grein fyrir afstöðu sinni til tillögunnar ef hún yrði samþykkt af þinginu áður en við í umhvn. förum að fjalla um tillöguna. Hún verður að vísu ekki tekin fyrir fyrr en mjög langt er liðið á hinn hefðbundna rjúpnaveiðitíma því að í næstu viku er kjördæmavika og þar á eftir kemur saman þing Norðurlandaráðs. Hins vegar beindi ég því til flutningsmanna tillögunnar að gera okkur grein fyrir því hvort þeir hygðust fylgja henni eftir með lagafrv. sem er eina leiðin til þess að Alþingi taki valdið í sínar hendur í þessu máli.

Helsti flm. tillögunnar, 1. flm., hefur að vísu ekki sést í þinginu síðan það hófst nema einu sinni og enginn verið fyrir hann í meðfylgjandi forföllum í menntmn. o.s.frv. Hugsanlega geta samt einhverjir hinna 18 tillögumannanna, þar af 14 sjálfstæðismenn, svarað fyrir þessa tillögu í athugasemdum um störf þingsins.

[10:59]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér kom fram. Það er búið að leggja inn á borð þingmanna þáltill. um að rjúpnabanninu verði aflétt. Ég hlakka mjög til umræðnanna um það mál hér á Alþingi. Ég finn að það er mikill hiti, bæði í samfélaginu og í þingmönnum hér á Alþingi, út af því máli. En það eru allir sammála um að grípa þurfi til verndaraðgerða vegna rjúpnastofnsins. Hann er í mjög bágbornu ástandi. Hann hefur vaxið um 20% á milli ára en ætti að hafa vaxið um 50%. Þannig eru allir sammála um að grípa þurfi til aðgerða.

Ég hef farið eftir ráðgjöf okkar færustu sérfræðinga og gripið til þess að banna rjúpnaveiðar í þrjú ár vegna þess að önnur úrræði dugðu ekki til.

Í þessari þáltill. sem hér hefur verið borin fram á borð þingmanna — það á eftir að mæla fyrir henni — eru tvö úrræði tínd til sem bent er á að umhvrh. eigi að grípa til, kjósi hann svo. En til þeirra úrræða er ekki hægt að grípa nema lögum sé breytt. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að benda á það. Ég get ekki sett á kvóta á hvern veiðmann nema lögum sé breytt og ekki sett á tímabundið sölubann nema lögum sé breytt. Í tillögunni kemur ekki fram að það eigi að breyta lögum.

Ég flutti sjálf mál á síðasta þingi um að setja á tímabundið sölubann til fimm ára. Það felldi umhvn. í umfjöllun sinni, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Þar fór fremstur í flokki 1. flm., hv. þm. Gunnar Birgisson, sem nú flytur þessa tillögu um tímabundið sölubann.

Ég hlakka að sjálfsögðu mjög til umræðunnar á þinginu, bíð eftir að umhvn. fjalli um málið og mun þá sjá hvað kemur út úr því. Aðalatriðið er að við verndum rjúpnastofninn í þessari stöðu og það getum við best gert núna með þriggja ára veiðibanni.

[11:01]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég þakka svörin en vek athygli á að til að auðvelda störf þingsins er mikilvægt að vilji umhvrh. í málinu liggi fyrir. Við erum sammála um það, ég og hæstv. umhvrh., að tillagan sé tilgangslaus og hafi engar afleiðingar nema þá pólitískar og þess vegna er spurningin: Hvaða pólitískar afleiðingar gæti þessi þáltill. haft á umhvrh.? Hyggst hún fara með einhverjum hætti eftir tillögunni ef hún verður samþykkt á þinginu? Ef umhvrh. svarar engu um það er í raun tilgangslaust að taka tillöguna til umræðu í umhvn.

[11:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Vilji minn er skýr og hann hefur komið fram. Ég vil rjúpnaveiðibann til þriggja ára og hef sett í gang vinnu sjö hagsmunaaðila varðandi það í hvaða formi veiðarnar eiga að hefjast aftur árið 2006. Vilji minn er alveg skýr.

En ef vilji þingsins er einhver annar þá hlýtur hann að koma fram hér í umfjölluninni og í umhvn. Að sjálfsögðu mun ég taka tillit til þess sem umhvn. segir að lokum. En það er alveg ljóst að þessi tillaga hefur þann galla að tvö úrræðanna, sem kannski eru aðalúrræðin, eru ekki á mínu valdi nema þingið breyti lögum. Ég get því ekki gripið til þeirra. Þannig er tillagan að hluta til marklaus að því leyti.

Athugasemdir um störf þingsins, frh. umr.

Aðgangur þingmanna að upplýsingum.

[11:03]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þetta er orðin dálítið sérkennileg umræða hérna því að það kom eitthvert „intermezzo“ hér um rjúpuna í umræðu um störf fjárln. og beiðni þingmannsins Helga Hjörvars um að fá tiltekin gögn sem varða lögregluna í Reykjavík.

Ég kem eiginlega upp til þess að bregðast við orðum þingmannsins Einars Odds Kristjánssonar hér áðan, sem mér fundust ansi sérkennileg.

(**Forseti** (BÁ)**:** Háttvirts.)

Háttvirts þm. Einars Odds Kristjánssonar, afsakaðu forseti.

Málefni lögreglunnar í Reykjavík hafa alltaf verið mjög viðkvæm þegar kemur að fjárlagatillögum. Hv. þm. Jóhanna

Sigurðardóttir hefur áður farið fram á að fá þau gögn sem lögreglan í Reykjavík leggur inn í ráðuneytið sem vinnslugögn þegar verið er að vinna fjárlagafrv. og ekki fengið. Nú er þingmanni öðru sinni a.m.k. synjað um þessi vinnugögn.

Svarið er fengið hér núna um hvernig á því stendur. Það kemur fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að í sjálfu sér sé ekkert athugavert við að fá þessi gögn en nefndin vilji ekki fá þau. Hún vill ekki kalla eftir þeim. Þingmaðurinn sagði: Við viljum ekki biðja um þessi gögn og meiri hlutinn ræður.

Þannig er það sem þessir menn hugsa og þannig er það sem þeir vinna: Þið getið bara étið það sem úti frýs, við ráðum í meiri hlutanum.

Þannig standa málin þó að við séum með upplýsingalög í landinu sem eiga að tryggja mjög greiðan aðgang, ekki síst þingmanna, að gögnum og upplýsingum í slíkum málum. Að heyra svo líka þingmanninn háttvirtan tala um að þetta væru rammafjárlög en ekki þarfafjárlög. Bíddu við, eiga rammafjárlög ekki að taka mið af einhverri þörf? Eiga menn þá ekki a.m.k. að leggja mat á þörfina, hver hún er? Rammafjárlög eru ekki bara gripin af himnum ofan, þau hafa einhverjar viðmiðanir. (**HBl:** Það dettur nú ýmislegt af himnum.)

[11:05]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Nú er sá tími liðinn sem ætlaður er til athugasemda um störf þingsins samkvæmt þingsköpum. Það eru 20 mínútur og verður við það staðið þótt ljóst sé að fleiri hv. þingmenn hafi áhuga á að ræða störf þingsins.

Verndun hafs og stranda, 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (heildarlög). — Þskj. 164.

[11:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um verndun hafs og stranda. Á síðasta þingi mælti ég fyrir frv. þessu en það hlaut ekki afgreiðslu og er það því lagt fram á nýjan leik. Frumvarpið var rætt ítarlega í umhvn. og sent til umsagnar. Fjölmargar umsagnir bárust til nefndarinnar sem farið var yfir með starfsmönnum ráðuneytisins en einkum vegna þess hversu snemma þingi lauk síðasta vor vannst ekki tími til að ljúka málinu.

Frumvarpið er nú lagt fram nokkuð breytt, m.a. með hliðsjón af þeim umræðum sem fram fóru í umhverfisnefnd að fengnum áðurnefndum umsögnum. Að meginstofni er frumvarpið samið af nefnd sem skipuð var af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með hliðsjón af reynslu liðinna ára og alþjóðlegum samningum er varða mengun sjávar og varnir og viðbrögð gegn mengun sjávar.

Nefndin hóf störf í ársbyrjun 1999 og skilaði tillögum til umhvrh. í september 2001.

Í athugasemdum við lagafrv. er að finna ítarlega umfjöllun um lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986, svo og önnur lög er varða málefnið. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda þessi atriði hér frekar en vísa til athugasemda með frv.

Ég mun nú gera, virðulegur forseti, grein fyrir helstu nýmælum frv.

Í 2. gr. er fjallað um gildissvið laganna og fram kemur að um er að ræða heildarlög sem gilda að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um hlutaðeigandi atriði. Sérlög sem hér koma til greina eru t.d. lög um geislavarnir, lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög. Gert er ráð fyrir að lögin gildi einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum. Þannig mundu lögin ná yfir íslensk fiskiskip sem veiða utan íslenskrar mengunarlögsögu svo framarlega sem um er að ræða skip sem sigla undir íslenskum fána. Ákvæðið er sett til að tryggja með óyggjandi hætti að íslensk skip sem eru að störfum utan íslenskrar mengunarlögsögu fylgi ákvæðum alþjóðasamninga, svo sem MARPOL 73/78 og Montreal-bókuninni um verndun ósonlagsins.

Í frv. er að finna það nýmæli að fjallað er annars vegar almennt um verndun hafs og stranda og hins vegar í sérákvæðum um varnir og viðbrögð við bráðamengun sjávar. Þannig er því í reynd skipt upp í tvo meginframkvæmdakafla enda viðbrögð og varnir með ólíkum hætti eftir því hvort um er að ræða mengun sem kallar á skjót og oft tafarlaus viðbrögð eða aðra mengun.

Í frv. er að finna fleiri og ítarlegri skilgreiningar á orðum og orðasamböndum en eru í gildandi lögum. Brýnt er að skilgreiningar á orðum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, svo sem efni reglugerða, byggist mjög á þeim.

Lagt er til að ábyrgð á framkvæmd laganna verði í höndum Umhverfisstofnunar undir yfirstjórn umhvrh. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að fara með eftirlit með framkvæmdinni að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögum. Umhverfisstofnun er veitt heimild til að fela tiltekna þætti eftirlitsins faggiltum skoðunarstofum eða Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna í umboði stofnunarinnar.

Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn hæstv. dómsmrh., annast hins vegar eftirlit með hafsvæðum umhverfis landið. Hvílir sú skylda á Landhelgisgæslunni að tilkynna Umhverfisstofnun ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða.

Siglingastofnun Íslands, undir yfirstjórn hæstv. samgrh., annast svo eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna.

Eins og ég hef nefnt á undan er í frv. að finna nýmæli varðandi vöktun hafs og stranda. Í 4. gr. er það skilgreint sem hlutverk Umhverfisstofnunar að sjá um vöktun hafs og stranda og er það í samræmi við aðrar skyldur Umhverfisstofnunar til vöktunar, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, en með þessum hætti ættu allir þættir vöktunar að vera komnir undir eina stofnun og eina stjórn.

Í 6. gr. frv. eru tilgreindar reglugerðarheimildir og er rétt að benda á að þar er m.a. gerð krafa um að notuð verði besta fáanlega tækni við mengunarvarnir og stuðst við bestu umhverfisvenjur.

Í 9. gr. kemur fram það nýmæli að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna skuli háð leyfi Umhverfisstofnunar sem hafi þar samráð við sjútvrn., Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun Íslands, en engin sérstök leyfi þarf í dag til að leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur hér á landi.

Eins og áður hefur komið fram eru helstu nýmælin bundin við svokallaða bráðamengun, en bráðamengun er sú mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra

hreinsunaraðgerða. Í tengslum við sérákvæði um bráðamengun er lagt til lögin geymi ítarleg ákvæði um íhlutun í slíkum tilvikum. Lagt er til að Landhelgisgæslan geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir eða draga úr bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og hafi um það samráð við Umhverfisstofnun og, ef við á, hafnarstjóra.

Lagt er til að þegar mengun hefur orðið á hafi úti skuli Umhverfisstofnun grípa til viðeigandi aðgerða. Þegar hætta er talin á mengun af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal stofnunin gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

Í 16. gr. er að finna nýmæli sem tengist bráðamengun. Þar er lagt til að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans, sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun skulu samkvæmt þessu taka ábyrgðartryggingu að upphæð allt að 1 millj. SDR, eða rúmar 100 millj. ísl. kr. Takmarkast hin hlutlæga ábyrgð við þá upphæð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

Um nánari framkvæmd er varðar vátrygginguna og gildissvið fer samkvæmt reglugerð.

Gerð er grein fyrir því hvað átt er við með atvinnurekstri sem fellur undir það að vera atvinnurekstur á landi sem getur valdið mengun hafs og stranda. Þar er vísað sérstaklega til fskj. I í frv., en slíkur atvinnurekstur er allur háður starfsleyfum skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og er talinn upp í fylgiskjali með þeim lögum.

Rétt er að taka fram að ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Í slíkum samningum er oft að finna hámark sem greiða skal fyrir í einstökum tilvikum eða á tilteknu tímabili, svo sem almanaksári, auk þess sem í alþjóðasamningunum er að finna ákvæði um greiðslur úr sjóðum á því sem umfram er.

Nái þau ákvæði fram að ganga sem ég hef fjallað um hér á undan, þ.e. íhlutun vegna bráðamengunar og vátryggingar sem þeim tengjast, væri góðum áfanga náð í umhverfisrétti hér á landi þar sem í fyrsta sinn yrði kveðið á um hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar og töku vátrygginga í íslenskum umhverfisrétti.

Í 19. gr. er kveðið á um að mengunarvarnabúnaður skuli vera á hverju svæði undir umsjá svæðisráða og skal vera sérstakur umsjónarmaður með hverjum búnaði. Umhverfisstofnun skal auk þess ráða yfir flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

Í 20. gr. er að finna nýmæli um siglingaleiðir og strönduð skip. Þar er lagt til að samgrh., að höfðu samráði við hæstv. umhvrh., dómsmrh. og sjútvrh., geti sett reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farmrými og tönkum.

Undanfarin ár hefur verið töluverð umræða um hvernig skuli haga ákvörðun um siglingaleiðir þegar í hlut eiga skip sem flytja olíu og annan hættulegan varning. Hefur nefnd á vegum samgrn. skilað tillögum um hvernig siglingaleiðum skuli háttað en engin ákvæði er að finna í lögunum um hver skuli taka ákvörðun um siglingaleiðir, sé þess talin þörf. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og samgönguráðherra taki slíka ákvörðun enda heyra siglingalög og lög um skip undir samgrn.

Í 22. gr. eru nýmæli um þvingunarúrræði sem Umhverfisstofnun getur beitt til að knýja á um framkvæmd laganna. Er þetta í samræmi við þvingunarúrræði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, en refsiviðurlög laganna hafa verið löguð að nýrri löggjöf á sviði umhverfismála. Það er í samræmi við almenn hegningarlög, nr. 19/1940, eins og lögunum var breytt með lögum nr. 122/1999, en í þeim var í fyrsta skipti tekið á umhverfisafbrotum í almennri hegningarlöggjöf hér á landi. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 2004 og samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða er þó lagt til að ákvæði 2. mgr. 11. gr. laganna um móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum taki gildi aðeins seinna eða 24. sept. 2004, en það er í samræmi við gildistöku alþjóðlegra skuldbindinga um það efni.

Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða getur ráðherra til ársins 2010 veitt undanþágur frá einstaka ákvæðum laganna þar sem sérstaklega stendur á, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og heilbrn. Er þetta gert til að veita ákveðna aðlögun að einstökum ákvæðum laganna þar sem þess er þörf.

Í ákvæði III til bráðabirgða er lagt til að umhvrh., í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, geri áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006. Hreinsun skal lokið fyrir árslok 2008.

Loks er lagt til að umhvrh. skipi starfshóp til að undirbúa gildistöku laganna sem í sitji, auk fulltrúa umhvrh., fulltrúi samgrh., fulltrúi Umhverfisstofnunar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Ég hef, virðulegur forseti, farið yfir helstu nýmæli og breytingar sem fólgnar eru í frv. til laga um verndun hafs og stranda og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[11:17]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill tilkynna að á fundi forseta með formönnum þingflokka áðan var ákveðið að umræðan um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar í öryrkjamálinu verði kl. 12.45 og standi í u.þ.b. eina klukkustund.

[11:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það sem hér er til umræðu, frv. til laga um verndun hafs og stranda, er ekki mál mikilla átaka í þingsalnum en það er mál mikilla hagsmuna. Í því felast miklir hagsmunir fyrir okkur Íslendinga að vel takist til um löggjöf um verndun hafsins og strandanna. Eins og kom fram í framsögu hæstv. umhvrh. eru meginatriðin varp efna í hafið, ábyrgð á mengunartjóni og viðbúnaður vegna mengunaróhappa, um tilkynningarskylduna og um alla losun eða varp sem lögin ná til innan efnahagslögsögu landsins og svo um heimildir til umhvrh. að bregðast við.

Það er mikilvægt í þessu efni að vel hefur verið farið yfir málið í hv. umhvn. Alþingis og eins og kom fram hjá ráðherra þá hefur verið tekið tillit til margra ábendinga eða athugasemda sem komu fram við þá yfirferð. Málið er sem

sagt búið að vera í undirbúningi frá því 1999 og þetta er í þriðja sinn sem það kemur hingað fyrir Alþingi. Það er mjög mikilvægt — og þetta er það sem við erum alltaf að tala um — að í stórum og ég tala nú ekki um í flóknum málum sé gefinn tími til yfirferðar á þingmálinu þannig að ljóst sé að þegar löggjöfin er sett þá hafi þeir sem um hana fjölluðu tilfinningu fyrir því að þeir viti nokkurn veginn hvað þeir voru að gera og til hvers þetta tæki verði notað sem lögin eru, og að þeir séu sáttir við vinnubrögðin. Ég held að mér sé óhætt að segja að það hafi verið góð vinnubrögð að gefa sér tíma til að fara yfir þetta mál í umhvn., taka athugasemdir til greina og setja málið fram á ný. Auðvitað förum við í umhvn. yfir málið í smáatriðum, þ.e. hvað bent var á, að hvaða leyti tillit var tekið til þess og hvort við erum sammála því.

Virðulegi forseti. Mikil breyting hefur orðið á umgengni við hafið. Það skilar sér bæði varðandi ástand fjörunnar auk þess sem allt önnur viðhorf eru líka orðin til fjörunnar og hafsins. Það er allt öðruvísi að fara um strandir og fjörur í dag en fyrir tíu árum og fyrir tuttugu árum. Settar hafa verið reglur um að koma með allt sorp í land og löggjöf um förgun báta og skipa sem áður fyrr þótti sjálfsagt að draga bara út á haf og sökkva þar. Þetta skiptir miklu máli.

Það er mín skoðun að alþjóðasamstarf sé hvergi þýðingarmeira en í umhverfismálunum, þ.e. varðandi loft og haf. Áhrif umgengni okkar við náttúruna skila sér út í andrúmsloftið og út í hafið. Það er erfitt að snúa til baka þegar mikill skaði er skeður í þessum efnum. Þess vegna er verndun hafsins óhemjustórt mál.

Auðvitað er það sem við erum að fjalla um hér ekkert endanlegt. Það þarf í miklu ríkari mæli að skoða hafið og á hverju þarf að taka varðandi hafið.

Í þessari viku var haldið tveggja daga umhverfisþing. Vegna þess að við þingmenn í umræðum okkar í ræðustól Alþingis erum oftast með gagnrýni uppi í viðræðu okkar við hæstv. ráðherra eða alla vega gagnrýnar ábendingar þá vil ég nota þetta tækifæri til að gefa hæstv. umhvrh. prik fyrir góðan og vandaðan undirbúning að umhverfisþingi og fyrir umhverfisþingið sjálft sem var geysilega áhugavert fyrir okkur sem vinnum að umhverfismálum að sækja og gífurlega þýðingarmikið fyrir samvinnu allra þeirra sem á vettvangi ríkisvaldsins og í frjálsum félagasamtökum vinna að þessum málum. Ég er mjög ánægð með þingið. Auðvitað er hægt að koma með ábendingar. Auðvitað gagnrýndum við það að ekki væri enn þá meira svigrúm gefið fyrir frjáls félagasamtök og þátttöku þeirra. En þetta eru hlutir sem er hægt að laga. Nú er búið að lögbinda að slíkt umhverfisþing verði haldið og ég bara ætlast til þess og treysti því að þannig hlutir verði lagaðir. En þarna átti sér stað góð orðræða og samræða og samráð um þessi mikilvægu mál.

Við erum fjalla um hafið en ég ætla ekki að fara yfir þau tæknilegu atriði sem felast í greinum frv. hér. Ég er ekki til þess bær af því að ég hef ekki fengið nægileg tækifæri til að fjalla um það. Hins vegar ætla ég að tala um það sem tengist þessari vinnu sem er svo mikilvæg.

Ég ætla að vekja athygli á orðum Davids Andersons frá Kanada í ræðu hans á þinginu. Þar var hann með varnaðarorð varðandi ástand hafsins og fór orðum um sjófugla og sjávardýr sem við þurfum að passa upp á. Hann nefndi að PCB er orðið fimm sinnum meira en æskilegt er á ákveðnum hafsvæðum. Það er farið að hafa áhrif á brjóstamjólk á norðurslóð og farið að skila sér inn í lífríkið. Sérstaklega hefur þetta vakið athygli manna í sambandi við rannsóknir á sel sem er aðalfæðuuppistaða fyrir ísbirni sem nú eru verða tvíkynja eða kynlausir og er það mjög alvarlegt fyrir stofninn.

Það er alveg sjálfsagt að við séum mjög meðvituð um þessi mál og um að hafið á okkar svæði er gífurlega viðkvæmt. Stundum höldum við að efni sem fara út í loft eða haf á suðurhveli jarðar skipti okkur ekki svo miklu máli. En það er ekki þannig. Það er þannig að hin ýmsu efni sem fara út í andrúmsloftið á suðurhveli jarðar fara upp í háloftin og niður í kuldaskilunum og í hafið og valda þar ómældum skaða. David Anderson vísaði til þess að vinna Íslands og Noregs væri mikilvæg fyrir ástandið í hafinu og því ætla ég líka enn á ný að benda á hversu heimskautasamstarf, bæði á ráðherravæng í löndunum frá Kanada til Rússlands og jafnframt þingmannasambandið, er orðið mikilvægt.

Ég ætla líka að leyfa mér, þó að ég hafi gert það hér á Alþingi áður, að nefna væntanlega skýrslu Roberts Corells. Hann mun skila sinni miklu skýrslu á næsta ári. Hann hefur í ræðum sínum upplýst að breytingar í náttúrunni á norðursvæði, þ.e. lofti, umhverfi og hafi, sýni sig að vera tíu sinnum hraðari eða sem sagt að það sem gerist á tíu árum hjá okkur gerist á 25 árum annars staðar á jörðinni. Þess vegna eru rannsóknir á norðurhveli mikilvægar til að segja fyrir um hvaða breytingar verða í umhverfismálum á jörðinni allri. Eins er það alvarlegt fyrir okkur hvað breytingar gerast hratt. Ísar eru að þiðna. Gerð hafsins er að breytast og mikilvægir hafstraumar geta breyst með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þetta er afskaplega mikilvægt og hlýtur að blandast inn í umræðu okkar um umgengnina við hafið.

Ég tók þátt í nefndarstarfi á umhverfisþinginu sem ég var að hæla hæstv. umhvrh. fyrir. Í þeim hópi var þátttakendum ætlað að horfa til framtíðar. Fjöldi fólks tók þátt í umræðunni þar og hún var gagnleg. Ég vænti þess að hún verði til gagns fyrir ráðherrann í vinnunni áfram vegna þess að mjög ítarleg fundargerð var tekin saman um það sem fram kom í nefndinni.

Ein af þremur meginspurningum sem við beindum sjónum að í nefndinni þegar við horfðum til framtíðar, var hvernig skynsamlegt er að taka á náttúruvernd í hafinu. Þá erum við að tala um að sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins sé höfð að leiðarljósi við fiskveiðar, að náttúruvernd í hafinu eigi að þjóna þríþættu hlutverki, þ.e. að greina og vernda verðmætustu svæðin við strönd Íslands með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni, að auðvelda rannsóknir á lífríki hafsins og fá samanburð á friðuðum og nýttum svæðum og styðja sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Í umræðunni um hvernig megi stíga fyrstu skrefin í náttúruvernd í hafinu var það nefnt meðal annars að gagnlegt gæti verið að taka saman yfirlit yfir reynslu annarra þjóða af verndarsvæðum í hafinu, að greina þau svæði við strendur Íslands sem búa yfir mestri líffræðilegri fjölbreytni, að kortleggja hvernig tímabundinni lokun veiðisvæða er háttað og að þróa aðferðir til að meta verndargildi og svo eru auðvitað víðtækar samræður og samráð við samtök í sjávarútvegi nauðsynlegar. Miðað við þessi meginsjónarmið sem ég bendi á hlýt ég að vekja athygli á því máli sem er næst á dagskrá þessa fundar. Það er um kortlagningu á náttúru Íslands. Það er grundvallaratriði til að geta viðhaft góð vinnubrögð í þeim mikilvæga málaflokki. Hér erum við í raun að tala um það sama. Við erum að tala um kortlagningu og hvernig sé hægt að vinna að þessum málum.

Í þessum starfshópi var líka spurt hvernig væri háttað samstarfi umhvrn. og sjútvrn. í þessum mikilvæga málaflokki um verndun hafsins og nýtingu hafsins, hvernig væri tekið á árekstrum sem óhjákvæmilega verða hjá t.d. ráðuneyti þar sem meginhlutverkið er nýting hafsins, nýting sjávardýra. Vísa ég þá til þess sem David Anderson sagði í framsögu sinni sem gestur þingsins, að 90 millj. tonna af fiski og öðrum sjávardýrum séu árlega sótt í hafið. Hagsmunirnir verða annars vegar mikil nýting en hins vegar ábyrgð umhvrh. og umhvrn. á verndun hafsins. Í nefndinni var lögð gífurleg áhersla á að þarna næðist góð samvinna og að í sjútvrn. væri hlustað á sjónarmið umhvrn. Talað var um íslenska hafsbotninn, hvað leyndist í botninum og hvað leyndist í raun í hinum myrku djúpum.

Einnig var talað um að úttekt á lífríkinu mundi ráða mjög miklu um verndun í hafinu og að nú væri, eins og við sjáum í þessu frv. sem er til umræðu, mest rætt um mengunarvarnir annars vegar og nýtingu stofna hins vegar og fæðusvæði sjófuglanna. Rannsóknir voru nefndar aftur og aftur og að rannsóknagögn vanti til að vinna góða áætlun. Þetta voru meginskilaboðin í nefndinni frá þeim aðilum sem hafa komið að vinnu við þessi mál: Rannsóknir, ítarleg gögn til að vinna áætlun og að leggja höfuðáherslu á að setja peninga í kortagerð og kortlagningu.

Af því að á þessum fundi var líka verið að kynna vinnubrögð við gerð rammaáætlunar um virkjanir, jarðhita og nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem var mjög áhugavert innlegg, þá var líka talað um að aðferðafræðin sem menn hafa komið sér niður á í mælingum við þessa mikilvægu vinnu gæti e.t.v. nýst þegar farið yrði að reyna að vinna með hafið og verðmætin þar og hvernig skuli um halda. Það var einmitt bent á Breiðafjörð — auðvitað er fólk hrætt þegar talað er um verndun og friðun, hvað felist í því. Er verið að fara að vernda og friða allt þannig að ekki verði einu sinni unnt fyrir okkur að nýta hafið eða landið eins og átök hafa verið um? Það er ekki verið að tala um það og ekki verið tala um að friðunin sé endilega andstæða við nýtingu og Breiðafjörður nefndur sem dæmi um mikla friðun en líka mikla nýtingu.

Það kom mjög vel fram í þessari umræðu hversu mikilvægir alþjóðasamningar eru og þátttaka okkar í þeim, en að alþjóðasamningarnir eigi fyrst og fremst að fara fram um samvinnu á stóru hafsvæðunum og það er afskaplega mikilvægt, en að ábyrgðin liggi hjá okkur sjálfum, í löndunum, um hvaða aðgerðir og hvaða skoðun og rannsóknir farið er í innan lögsögu okkar. Þá erum við náttúrlega ekki að vísa til alþjóðasamninga eins og þeirra sem er undirstaða þess frv. sem við ræðum, þar sem er verið að koma sér saman um hvernig reglur skuli gilda um mengun m.a. í hafinu, heldur kannski miklu frekar það sem ég hef gert að umtalsefni í framhaldi af því.

Þetta, virðulegi forseti, vildi ég leyfa mér að koma inn á í umræðunni um frv. til laga um verndun hafs og stranda. Ég mun leggja mig fram um að skoða þetta mál í umhvn. og hvet hæstv. umhvrh. til að halda vel á málum og gera allt sem henni er fært til að hefja þá vinnu sem ég hef drepið á og kom svo skýrt fram í nefndinni og að taka undir ábendingar Samf. um kortlagningu landsins og kortlagningu hafsins að því marki sem það er unnt. Það kostar peninga, en þetta er afar mikilvægt.

[11:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka umræðuna um það frv. sem er til umfjöllunar. Ég tók eftir að ekki var farið mikið í tækniatriði frv. enda munu menn skoða það í nefnd en sum atriði í því eru nokkuð flókin. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem er nýr liðsmaður í umhvn. fór nokkrum orðum um almennt mikilvægi verndunar hafsins og mikilvægi alþjóðlegs samstarfs. Ég vil taka undir það.

Það hefur verið ein megináhersla okkar í umhvrn. að vera í alþjóðasamstarfi um verndun hafsins. Það hefur verið efst á forgangslista okkar. Að mínu mati hefur tekist vel til. Við náðum fyrir stuttu í gegn alþjóðasamningi um bann við notkun og losun tólf þrávirkra lífrænna efna í hafið og hv. þm. nefndi einmitt eitt af þessum efnum, þ.e. PCB. Þetta eru efni eins og díoxín, DDT og alls kyns eituefni. Sem betur fer náðist þessi alþjóðasamningur og við vonum að slík efni fari lækkandi í hafinu á næstunni.

Það er ein ógn sem steðjar að núna sem við þurfum að auka alþjóðasamstarfið um og það er kvikasilfursmengun. Hjá UNEP, umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, er nýkomin út alþjóðaskýrsla sem sýnir að kvikasilfursmengun er að aukast og kom það nákvæmlega fram hjá hv. þm. hér áðan af hverju það er en það er vegna þess að mengun er að koma frá suðri og hingað upp á norðurskautssvæðið og kringum pólinn. Það er nú svo merkilegt með kvikasilfur að það losnar við ófullkominn bruna á kolum og aðallega kolum sem eru brennd í Afríku og Asíu og það tekur einungis sjö daga fyrir loftmassann að skila sér t.d. frá Spáni til norðurpólsins, þannig að þetta mengaða loft getur ferðast með ótrúlega miklum hraða. En kvikasilfrið safnast upp á norðurslóðum af því að hér er kuldi og þess vegna gufar það ekki upp aftur eða heldur neitt áfram. Það safnast fyrir í kuldagildru kringum norðurheimskautið og þar losnar það út og ástand skapast sem kallað er „polar sunrise phenomena" og gerist á vorin þegar hitna fer á pólnum og á norðurskautssvæðinu. Þá fellur kvikasilfrið allt út og safnast upp í lífríkinu, einmitt þegar lífríkið er að vakna til lífsins og er í mikilli virkni. Þetta er vaxandi vandamál sem við þurfum auðvitað að vinna á alþjóðlegum vettvangi að takast á við, sérstaklega þau lönd sem hafa svona mikilla hagsmuna að gæta varðandi mengun hafsins og sölu á hreinum sjávarafurðum.

Einnig var hérna minnst á skýrsluna sem Bob Corell og fleiri eru að vinna fyrir norðurskautsráðið, svokallaða ACIA-skýrslu, sem gengur út á það að taka saman gögn um hvernig loftslagsbreytingar geti hugsanlega haft áhrif á hafsvæðin á norðlægum slóðum. Ég lít til þess með mikilli tilhlökkun þegar við fáum þá skýrslu af því ég tel að hún verði mjög þýðingarmikið gagn fyrir okkur til að átta okkur á því til hvaða aðgerða við getum gripið af því að á norðurskautinu virðist allt gerast með tvöföldum hraða í loftslagsmálunum miðað við það sem gerist hnattrænt.

Í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur var einnig minnst á samstarf milli umhvrn. og sjútvrn. sem laut að verndun í hafi. Það samstarf er með miklum ágætum og nefnd er að vinna að því núna hvernig við getum aukið vernd í hafi til framtíðar hér við strendur okkar. Ég veit líka að Hafrannsóknastofnun er að rannsaka botninn við Íslandsstrendur. Verið er að kortleggja t.d. kóralrif og ég hef kynnt mér sérstaklega hvað Norðmenn hafa gert. Þeir hafa friðað nokkur kóralsvæði í kringum Noreg og þeim hefur tekist að gera það í mikilli sátt við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Og mér heyrist á þeim hagsmunaaðilum í sjávarútvegi sem ég a.m.k. hef heyrt í að til greina kæmi að slíkt yrði gert hér og ég fagna því mjög.

Í náttúruverndaráætluninni sem við fjölluðum um á umhverfisþingi — og ég vil sérstaklega þakka hv. þm. fyrir að gefa ráðherra prik fyrir það þing, það tókst mjög vel — er ekkert svæði í hafi, og það er alveg rétt að við þurfum að taka á því í framtíðinni. En einhvers staðar verðum við að byrja. Við völdum 14 svæði en það kemur að sjálfsögðu að því að við tökum svæði í hafi, það er eðlilegt og brýnt að gera það.

Að öðru leyti vil ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið og vona að málið fái góða skoðun í umhvn. þannig að það geti orðið að lögum af því að vel var farið yfir það á síðasta þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 3. umr.

Frv. allshn., 152. mál (lagaskil). — Þskj. 152.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[11:40]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um öflun grunngagna um náttúru landsins um gerð náttúrufarskorta. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jóhann Ársælsson. Þessi tillaga var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú endurflutt að mestu leyti óbreytt.

Tillögugreinin fjallar um það að Alþingi álykti að fela umhvrh. að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vegum alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að og skyldra alþjóðastofnana. Jafnframt er kveðið á um í ályktunargreininni að kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreindar á skýran hátt, þ.e. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagnanna og ákveðið úr hvaða náttúrufarsgögnum skuli vinna á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að upplýsingunum.

Herra forseti. Þetta mál var sent út til umsagnar á 128. löggjafarþingi og fjölmargar umsagnir bárust um málið, frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, Landmælingum Íslands, Skipulagsstofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Landvernd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga og Umhverfisstofnun. Ég ætla ekki að rekja efni umsagnanna að öðru leyti en því að þær voru almennt séð mjög jákvæðar og virðist vera sem mjög mikill stuðningur sé hjá fagaðilum gagnvart því að farið verði í slíka vinnu. Flestir þessara aðila töldu að brýnt væri að ráðast í verkefni af þessu tagi.

Ég vil líka segja, herra forseti, að á nýafstöðnu umhverfisþingi — og ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, mér þótti þetta umhverfisþing mjög glæsilegt í alla staði og þar fór fram frjó og skemmtileg umræða um öll helstu álitaefni sem uppi eru um umhverfismál í dag og hópurinn sem sótti þingið var mjög breiður sem ég tel vera mjög mikilvægt — kom fram að þetta verkefni sem lagt er til að ráðist verði í er eitt af því sem mjög margir töldu brýnt að væri farið í. Ég sat í hópi sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir stýrði. Sá hópur átti að fjalla um, ef ég man rétt, brýnustu verkefni í nánustu framtíð eða eitthvað slíkt í umhverfismálum og þar var þetta mjög ofarlega á baugi í umræðunni. Einnig frétti ég í hópi sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir stýrði að í niðurstöðum þess hóps var það eitt af forgangsverkefnunum að ráðist yrði í að gera vistgerðarkort af landinu öllu. Það er það sem við erum að leggja til í þessari tillögu, herra forseti.

En hvað er það nákvæmlega sem við leggjum til? Við leggjum til að tekin verði upp ákveðin aðferðafræði hér á landi sem má segja að hafi byrjað að þróast í kjölfar Ríóráðstefnunnar árið 1992. Í kjölfar þeirrar ráðstefnu breyttist viðhorf til umhverfismála mjög mikið og þjóðir heims hafa lagt áherslu á það annars vegar að endurskoða löggjöf á þessu sviði sem við Íslendingar höfum reyndar gert, en auk þess að þróaðar verði nothæfar aðferðir til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis. Þessum aðferðum hafa fjölmargar þjóðir, norræn ríki, Evrópusambandsríki og önnur ríki sem eiga aðild að Bernarsamningnum, um verndun villtra plantna og dýra á lífsvæði í Evrópu, beitt með ágætum árangri á undanförnum árum.

Íslendingar hafa verið samstiga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar og má segja að við búum við nokkuð svipaðan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópulönd og OECD-ríki. En þegar kemur að grunngögnunum, herra forseti, sem nauðsynleg eru til þess að fyrrgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum, erum við eftirbátar annarra ríkja.

Við erum ekki búin að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar og að auki er mikið magn af þeim gögnum sem safnað hefur verið ekki nægilega aðgengilegt, t.d. í stafrænu formi. Það hefur í för með sér að við eigum mjög erfitt með að framfylgja alþjóðlegum skyldum sem við höfum tekið að okkur, t.d. hvað varðar skuldbindingar í Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum fyrrnefnda, tengdum verkefnum o.s.frv.

En hvaða afleiðingar hefur þessi gagnaskortur í för með sér? Meðal annars að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er mun dýrara hér á landi en í grannríkjum okkar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að hér á landi geta framkvæmdaraðilarnir ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði. Þeir þurfa sjálfir að byrja að afla grunngagnanna, oft með dýrum grunnrannsóknum. Ef við tökum t.d. Svíþjóð og Finnland sem dæmi þá hefur þar verið lögð áhersla á að skapa góðan grunn sem er til staðar og það nægir síðan framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar. Þá getur hann, án frekari vettvangsathugunar, fengið upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess.

Þessi gagnaskortur háir líka gerð skipulagsáætlana hér á landi, en eins og við vitum er landið allt skipulagsskylt núna. Þetta hefur haft það í för með sér að mörg sveitarfélög þurfa sjálf að kosta dýrar rannsóknir til að afla nauðsynlegra grunngagna um náttúrufarið.

Landsáætlanir sem gert er ráð fyrir í náttúruverndar- og skipulagslögum, svo sem rammaáætlun um virkjun jarðhita og fallvatna eða náttúruverndaráætlun, eru einnig illframkvæmanlegar vegna þessa gagnaskorts. Það má því segja að grunnur skynsamlegrar landnotkunar á sjálfbærri nýtingu náttúrunnar sé mjög ótraustur.

Ein afleiðing gagnaskortsins er líka sú að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hafa sett skýrar línur er varða kröfur um lágmarksgögnin, um gæði gagnanna, lágmarksgæði þeirra, sem ætti í raun og veru að leggja til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Þetta hefur þær afleiðingar í för með sér að kröfur eru misjafnar, óljósar, og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir. Við þekkjum það úr umræðunni við mat á umhverfisáhrifum hér á landi að það er oft mikill ágreiningur, oft mun meiri en í nágrannaríkjunum, vegna þess m.a. að það kemur ekki alltaf fram eins og t.d. í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þar kom m.a. fram að ekki væri í öllum tilvikum ljóst hvaða gögn stofnunin teldi þurfa að liggja fyrir til að unnt væri að meta áhrif viðkomandi framkvæmdar. Og það leiðir af sjálfu sér að þá er erfitt fyrir framkvæmdaraðila að meta það hvenær nauðsynlegt er að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir á svæðum sem ætlunin er að raska og ósamræmi vill verða í kröfugerðinni. Í raun og veru hefur framkvæmdaraðilinn ekki sambærilegt mat á milli svæða. Það er oft mjög lítið vitað um svæðin þegar farið er af stað í rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum.

Það sem kannski mestu skiptir er það að á meðan kröfur um gögn er varða náttúrufarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar, verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæranna og verðmæta þeirra háð tilviljunum og geðþótta. Það er kannski það sem er meginmarkmiðið með þessu öllu saman, að við búum okkur til eða tökum upp aðferðafræði sem aðrar þjóðir hafa beitt með góðum árangri til þess að reyna að leggja mat á náttúruna, þannig að umræðan verði ekki alltaf á tilfinningagrunni fyrst og síðast. Umræðan um náttúruvernd er og verður alltaf að einhverju leyti tilfinningabundin og á að vera það, að mínu mati. En við verðum samt að hafa einhverja mælikvarða. Ég held það hjálpi okkur og hjálpi okkur líka til að taka skynsamlegar ákvarðanir.

En þessi ályktunartillaga leggur til að það verði bætt úr þessum mikla skorti á grunngögnum og að við beitum sömu vinnubrögðum og þeim sem grannþjóðirnar hafa notað með góðum árangri.

Ég vil líka geta þess, og það kom einnig fram á umhverfisþinginu, að það er komin nokkur reynsla á þessi vinnubrögð hér á landi þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur beitt þeim við öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla og fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Það hefur einnig verið stigið fyrsta skrefið við flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu með því að kanna skipulega allar lýsingar og skilgreiningar á vistkerfum Evrópusambandsins og þær viðbætur sem unnar hafa verið fyrir norðlægar vistgerðir. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu um náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla, þar hefur verið ráðist í þessa vinnu. Þannig hafa þessi vinnubrögð verið þróuð að nokkru leyti hér á landi og þeir sem vinna í þessum geira eru farnir að tileinka sér þessa aðferðafræði að einhverju leyti.

Það er líka mjög mikilvægur þáttur sem kemur fram í tillögunni sem snýr að lágmarksgögnum og lágmarksgæðum gagna, vegna þess að ég tel að það eigi ekki að vera svo mikið háð mati framkvæmdaraðila, sem er sjálfur að fara út í viðkomandi framkvæmd, hversu ítarleg gögn eigi að vera eða hver gæði þeirra eigi að vera. Þarna tel ég að umhverfisyfirvöld eigi að koma fram með mun skýrari fyrirmæli en staðreyndin er í dag.

Það er gerð grein fyrir því í tillögunni hvað átt er við með náttúrufarskortum. Það er ekki sjálfgefið að allir átti sig á hvað átt er við með því. Þá erum við að tala um mismunandi þekjur af upplýsingum er sýna t.d. vistgerðir sem endurspegla gróðurfar, dýralíf og jarðvegsgerð, búsvæði tegunda sem þarfnast sérstakrar verndar og sérstæðar jarðmyndarnir og náttúruvætti, svo og þekjur er sýna staðsetningu mikilvægra svæða fyrir spendýr, svo sem selalátur og burðarsvæði hreindýra og mikilvæg fuglasvæði á borð við fuglabjörg og önnur mikilvæg varplönd, viðkomustaði fartegunda og vetrarstöðvar er hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglastofna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra um þessa tillögu. Ég vil hvetja hæstv. umhvrh. til þess að taka svolítið af skarið í þessu máli og teldi það raunar vera mjög við hæfi í kjölfar umhverfisþingsins sem var haldið nýverið að hæstv. umhvrh. mundi taka svolítið frumkvæði og setja af stað vinnu hvað þetta varðar. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er allt saman spurning um peninga, þetta kostar allt saman eitthvað. En það má, svo fremi sem sett hefur verið fram skýr stefna af hálfu umhverfisyfirvalda, byrja að veita í þetta fjármuni smátt og smátt þannig að þessi vinna geti farið af stað af svolitlum krafti, því ég held að það muni spara okkur þó nokkra fjármuni þegar fram í sækir. Það mun hafa í för með sér minni deilur um landnotkun og nýtingu náttúrunnar en uppi hafa verið og skýrari mælikvarða á það hvað eigi að koma fram þegar mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram. Það mun þar af leiðandi, herra forseti, held ég, gera framkvæmdina við lögin um mat á umhverfisáhrifum mun auðveldari og kannski minna um pólitískar ákvarðanir.

Það er mjög mikill þungi í pólitísku ákvörðuninni við mat á umhverfisáhrifum eins og staðan er í dag. Þó það sé ekki ástæða til þess að fara fram hjá þeirri ákvörðun verður að vera til staðar eins góður faglegur grunnur og við mögulega getum búið til. Þá verður pólitíska ákvörðunin auðveldari og byggð á sterkari faglegum forsendum. Þannig að ég legg til, herra forseti, að hæstv. umhvrh. taki þessari tillögu vel og að henni verði að umræðu lokinni vísað til hv. umhvn.

[11:54]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um að það sé nauðsynlegt að skrá náttúru landsins því það mun auðvelda mat á umhverfisáhrifum og gera þá vinnu gagnlegri og miklu markvissari en nú er og mun örugglega leiða til þess að mat á umhverfisáhrifum verði betra.

Það eru ákveðnir hlutir sem ég hef leyft mér að gagnrýna varðandi umhverfisþingið. Mér þykir mjög miður að hafa ekki komist á þetta þing, því það var haldið á meðan

þinghald stóð yfir. Mér finnst það gagnrýnisvert að hafa umhverfisþing á meðan þinghald stendur yfir á Alþingi.

Annað sem ég hef leyft mér að gagnrýna varðandi þetta umhverfisþing, og finnst rétt að komi hér fram, er aðkoma frjálsra félagasamtaka að þessu þingi. Ég er sannfærður um það að ef frjáls félagasamtök hefðu haft greiðari aðgang að þessu þingi hefði það verið betra.

Að öðru leyti fagna ég því að þingið hafi farið vel fram og hafi skilað miklu eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur greint frá.

[11:55]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nú alltaf þannig þegar farið er af stað með stórar samkomur, ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að svara fyrir hæstv. umhvrh. varðandi umhverfisþingið, það má eflaust gagnrýna ýmislegt í þeirri framkvæmd. Ég tel hins vegar mikilvægt að það komi hér fram að þarna fór fram gagnleg umræða og ég a.m.k. fann fyrir jákvæðum straumum þarna. Varðandi val á ræðumönnum o.s.frv., hópstjórum, þá hef ég í sjálfu sér ekki farið ítarlega yfir hvort það hefði mátt vera einhvern veginn öðruvísi. En ég held að fátt sé svo gott að ekki megi gagnrýna það á einhvern hátt. En mér fannst umræðan þarna vera góð. Mér fannst líka þátttakan vera mjög breið. Það var kannski það sem ég var svolítið hrifin af. Þetta var mjög fjölmennt þing, þrátt fyrir að það væri á virkum degi, það hefur vissulega takmarkað eitthvað aðgang þeirra sem ekki eiga heimangengt á slík þing á vinnutíma. Þarna var mjög breiður hópur sem tók þátt, allt frá miklum þekktum náttúruverndarsinnum yfir í t.d. mikla virkjunarsinna og Landsvirkjun o.s.frv. Þannig að allir þeir, eða mjög margir, sem hafa komið að umræðu um náttúruvernd, landnýtingu, virkjanir o.s.frv., voru þarna og tóku þátt í umræðunni og það er það sem mér þótti mjög glæsilegt á þessu þingi.

Að öðru leyti vil ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir efni þeirrar tillögu sem hér er til umræðu og hef í sjálfu sér ekki meira um það að segja. Við erum greinilega sammála um mikilvægi þess verkefnis sem hér er lagt til að ráðist verði í.

[11:57]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég er einn meðflutningsmanna þessarar þáltill. sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur nú mælt fyrir. Eins og fram kom í máli hennar hefur tillagan áður verið lögð fyrir, fjallað var um hana í hv. umhvn. á þinginu sl. vetur. Þar fengust m.a. umsagnir um hana. Ég tel reyndar brýnt að leitað verði umsagna á ný e.t.v. hjá fleiri aðilum en þeim sem sendar voru umsagnarbeiðnir til í fyrra og vil koma því hér á framfæri við hv. fulltrúa í umhverfisnefndinni.

En það er alveg ljóst, miðað við þá umfjöllun sem málið fékk á 128. löggjafarþingi að málið nýtur víðtæks stuðnings á meðal fagaðila og þeirra sem gerst til þekkja í þessum málum. Ég tel að það ætti að vera einboðið fyrir hið háa Alþingi að afgreiða þetta mál í haust og koma því í viðunandi farveg, vegna þess að hér er um þvílíkt prinsippmál að ræða, þar sem við getum í raun og veru ekki stundað mat á umhverfisáhrifum, gerð skipulagsáætlana eða öðru slíku almennilega og með faglegum vinnubrögðum hér á landi, nema fyrir liggi grunngögnin sem hér er kveðið á um að láta gera að fullu fyrir allt landið. Við erum í raun, hæstv. forseti, að tala um lágmarksgögn eins og fram kom í máli hv. flm. Þetta er spurning um að gera lágmarkskröfur um gæði og gögn til þess að nota við starf að skipulagsmálum og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, t.d. Þess vegna tel ég einboðið, hæstv. forseti, að hið háa Alþingi vindi sér í það að afgreiða þessa tillögu og á ég ekki von á því að auðfundin verði rök til þess að setja sig upp á móti henni. Hér hefur verið bent á að þetta kosti allt peninga — vissulega. Ég held samt að í hinu stóra samhengi hlutanna, ég tala nú ekki um hinu stóra samhengi íslenskra fjárlaga, sé kostnaðurinn við gerð þessara grunngagna ekki mikill. Hann er vissulega einhver, en ekki mikill, sérstaklega í ljósi þess að hversu miklu gagni þau munu koma í náinni framtíð og í langri framtíð og eins og hér hefur verið bent á, að gagni fyrir alla þá sem taka þátt í og þurfa að koma að t.d. mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, ellegar gerð skipulagsáætlana. Þetta sparar peninga til langframa, hæstv. forseti, fyrir sveitarfélögin, ríkið og þar af leiðandi fyrir skattgreiðendur á Íslandi.

[12:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þingmenn Samf., Bryndís Hlöðversdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir, hafa gert þessu máli góð skil og ég þarf ekki miklu við að bæta — örstuttar ábendingar þó.

Í náttúruverndaráætluninni 2004–2008 er talað um alþjóðlegt samstarf um vernd jarðfræðiminja og landslags sem sé skemmra á veg komið en það sem lýtur að vernd lífríkisins. Þó hefur Evrópuráðið samþykkt sérstakan landslagssáttmála. Ég vildi bara benda á þetta vegna þess að við höfum verið að vísa hér í umhverfisþingið og það er ekki óeðlilegt vegna þess að þar var komið víða við í því sem við erum að ræða hér í dag, hafið og landið. Þá hlýt ég að benda á það hve margir ræddu undirbúning að ákvarðanatöku. Það kom aftur og aftur fyrir að fólk ræddi undirbúninginn, vöntun á nauðsynlegum gögnum og kortum, nauðsyn þess að afla þekkingar og upplýsinga og þróa aðferðir til að meta, flokka og bera saman svæði, beinlínis þetta að velja viðmið. Það var talað um landslagið, að það yrði að koma inn í matið á landinu. Það var líka talað um hætturnar og bent m.a. á eldborgirnar sem eru að hverfa og votlendið sem er að hverfa. Allt er þetta mjög mikilvægt í umræðunni um að kortleggja landið og skoða hvar hættur leynist, hvað við eigum að vernda og koma sér saman um hvað sé mikilvægt þegar á að meta breytingar á landinu.

Þegar verið var að skoða hvað ætti að hafa að leiðarljósi var líka afskaplega mikil áhersla á að fyrst yrðu viðfangsefnin að koma og síðan viðmiðin til þess að taka á þeim viðfangsefnum. Aftur var talað um landslagið, bæði náttúrulegt og búsetutengt, jarðminjarnar, hverina, hrygginn með eldstöðvunum og jöklana. Mjög mikil áhersla var lögð á það að við héldum að við ættum svo mikil fágæti en að fágæti minnkar hjá okkur, fágæt náttúra, vegna vaxandi mannfjölgunar á Íslandi og að við teygjum okkur sífellt inn á víðernin. Bent var á að víðernin væru að dragast saman, við erum að breyta landinu með framkvæmdum, ýmiss konar röskun, vegagerð og línulagningu. Norðmenn hafa verið að skoða þessi mál hjá sér og allt í einu gerðu þeir sér grein fyrir því að þeir ættu ekki eins mikið ósnortið land og þeir hefðu talið og óskuðu. Nú eru þeir að skoða hvað þeir eigi af víðernum og hvað þeir þurfi að taka frá af þeim því að hingað til hefur verið bitið og nartað í þetta mikilvæga land.

[12:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem komið hefur fram í þessari umræðu að það kostar mikið að afla þessara gagna. En það er líka rétt að þetta eru mjög mikilvæg gögn. Síðustu árin höfum við sett háar upphæðir til einmitt þessarar vinnu og við erum komin nokkuð langt þótt enn þá megi betur gera. Það er búið að stórefla þetta starf á Náttúrufræðistofnun Íslands og við búum yfir miklu meiri gögnum þar en nokkurn tímann fyrr. Það er líka búið að efla kortagerð á Landmælingum Íslands. Rammaáætlun sem hér hefur verið minnst á hefur kostað, að mér skilst, 511 millj. og hluti af þeim fjármunum hefur farið einmitt í að afla náttúrufarsgagna. Við erum komin á góðan rekspöl með að kortleggja náttúru landsins en vegna þess hve stórt landið er og við fá er þetta geysilega mikil vinna. Og af því að hún er svo dýr sem eðlilegt er — það þarf sérfræðinga til að vinna þessa vinnu, fjarkönnunargögn sem eru tekin af gervitunglum eru geysilega dýr — er talsvert eftir.

Það er ekkert óeðlilegt þegar maður lítur til þessarar þjóðar sem telur 290.000 manns sem vilja halda hér uppi öflugu velferðarkerfi, standa að rekstri dýrra sjúkrahúsa og félagslegri hjálp o.s.frv., að það þurfi að forgangsraða. Það er ekki hægt að setja allt það fjármagn sem við gjarnan hefðum viljað setja í að afla þessara grunngagna gagnvart náttúrufari landsins. En við erum komin langt á leið. Við höfum sett mikla peninga í verkið og munum að sjálfsögðu halda því áfram.

Það hefur aðeins verið komið hérna inn á óeiningu varðandi úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Það er alveg rétt að það hefur verið talsverð óeining um úrskurði. Það gæti að sönnu verið vegna einhverra gagna sem menn eru ekki sammála um hve nákvæm eigi að vera. Það er samt miklu stærri skýring að umhverfismatsferlið okkar er allt öðruvísi en í nágrannaríkjum okkar, það er aðalskýringin á óeiningunni. Hér erum við að úrskurða bæði hjá Skipulagsstofnun og svo hjá ráðherra í umhverfismati og fólk upplifir það sem einhvers konar leyfi. Það er skýringin á óeiningunni. Þess vegna höfum við í hyggju að breyta lögunum um mat á umhverfisáhrifum til þess forms sem gildir í nágrannaríkjum okkar.

[12:07]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka undir að það sé mikilvægt að farið verði í þessa vinnu. Ég tók það líka fram í máli mínu að ég gerði mér grein fyrir því að þetta kostar peninga og er spurning um peninga. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að töluvert mikið af þeirri óeiningu sem hefur verið um mat á umhverfisáhrifum megi rekja til þess að það vantar mælikvarðana. Við erum að deila um atriði sem væri hægt að hafa skýrari ef við hefðum þessa mælikvarða og grunngögn til staðar. Ég vísa þar til reynslu í öðrum löndum.

Í sjálfu sér deilum við hæstv. umhvrh. ekki um nauðsyn þess að slík gögn eigi að vera til, hvað sem gagnaskorturinn hefur annars í för með sér. Hæstv. umhvrh. nefndi það að miklir fjármunir hefðu verið settir í verkið. Ég rak m.a. augun í það í fjárlögum fyrir þetta ár að þar er lagt til að tímabundið framlag sem var ætlað til þessara verkefna upp á 3,5 millj. kr. komi ekki inn aftur núna. Ég held að það hefði verið æskilegt, herra forseti, ef þessum lið hefði verið haldið inni. Þetta var reyndar tímabundið á sínum tíma, átti að gilda til ársins 2001. Með því að veita þótt ekki sé mjög stórum fjárhæðum árlega í þessa vinnu erum við a.m.k. að þokast í rétta átt. Ég er að kalla eftir því, herra forseti, að fá yfirlýsingu frá hæstv. umhvrh. um það að vilji sé fyrir því að halda þessari vinnu hægt og bítandi áfram. Ég geri mér fulla grein fyrir því að kannski er ekki hægt að gera það á örfáum árum, en að það sé a.m.k. skilningur af hálfu umhvrn. hvað það varðar að í þessa vinnu sé ráðist þannig að við þokumst í rétta átt. Ég held að við deilum í sjálfu sér ekki um mikilvægi þess að gera þetta og að sú aðferðafræði hafi reynst ágætlega sem þarna er lögð til.

Það er kannski það sem ég kalla fyrst og síðast eftir frá hæstv. umhvrh., skilningi á mikilvægi verkefnisins.

[12:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við höfum einmitt verið að sýna þessum verkefnum skilning. Við höfum stóraukið framlögin í rannsóknir á náttúru Íslands. Allir sem vilja vera réttmætir geta séð það og flett því upp í fjárlögum síðustu ára, það er búið að stórauka framlög til rannsókna á náttúru Íslands. Áfram verður unnið í því.

Varðandi deilurnar um umhverfismat og úrskurð á því hafa stærstu deilurnar orðið um Kárahnjúkavirkjun og Þjórsárverin sem eru þau svæði sem eru líklega einna best rannsökuð á Íslandi. Það virðist því ekkert hanga saman hvar deilurnar verða og hvað er mest rannsakað. Menn hafa bara mismunandi skoðanir á þessum framkvæmdum og eru auðallega að deila um það, líka vegna þess í hvaða ferli þetta mat er sem við munum reyndar vilja breyta. Bara mjög lítill hluti af þessum deilum er út af gögnunum sem þar lágu til grundvallar.

[12:10]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. umhvrh. um þetta en kannski leysum við málið ekki hér. Ég held að reynslan frá mörgum öðrum ríkjum sýni að eftir að farið er að beita þessum aðferðum markvisst og eftir að búið er að fara í þessa grunnflokkun og skráningu hefur reynslan verið sú að það er ekki deilt jafnmikið og áður um framkvæmdir.

Hæstv. umhvrh. nefndi að málaflokkurinn Rannsóknir á náttúru Íslands hefði verið efldur verulega. Við í hv. umhvn. vorum að fara yfir fjárlagafrv. og þar kemur m.a. fram að í málaflokknum Rannsóknir undir umhvrn. — þar eru fjárlagaliðirnir Náttúrufræðistofnun, Náttúrustofur, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Veðurstofa Íslands — er um að ræða að heildarfjárveiting til málaflokksins lækkar um 21,8 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Það er kannski alveg í samræmi við það sem hæstv. umhvrh. heldur fram. Ég dreg sérstaklega fram þennan tímabundna lið sem fellur niður sem var beinlínis til þess að þróa samræmdar aðferðir við öflun gagna um náttúrufar. Mér finnst það ekki vera, herra forseti, í samræmi við þessa forgangsröðun sem kom svo sterklega fram á umhverfisþinginu. Kannski eru eðlilegar skýringar á þessu en mér finnst svolítil synd að í nákvæmlega þetta skuli ekki vera meira lagt og þá er ég ekki að tala um neina byltingu, heldur einungis að við höldum markvisst áfram á þessari braut.

[12:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allir sem vilja skoða málin með réttmætum hætti sjá að við höfum stóraukið framlögin til rannsókna á náttúrufari landsins. Hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er búið að stórefla rannsóknirnar. Þangað hafa verið ráðnir mjög margir nýir sérfræðingar á síðustu árum þannig að þessi stofnun er að verða með þeim stærri hjá umhvrn. Það er líka búið að efla Landmælingar Íslands sem eru í kortagerðinni. Það er búið að setja yfir 500 millj. í rammaáætlun, hluti af því fer til rannsókna á náttúru Íslands. Það verður líka haldið áfram að vinna í rammaáætlunum, líklega á næsta ári. Allir sem vilja vera réttmætir sjá að fjárútlát til rannsókna hafa verið stórlega efld. Það er líka eðlilegt. Ég er ekki að sjá á eftir því fjármagni.

Við erum á góðri leið og ég tel eðlilegan gang í rannsóknunum, það er mitt mat, og eðlilegt líka að horfa til þess að við erum fámenn í þessu geysistóra landi. Ef skrá ætti á mjög stuttum tíma allt sem hér fyrirfinnst yrði það samfélaginu því miður ofviða. Það er bara staðreynd málsins.

Það er talað um að það ætti að vera hægt að hafa samband við ríkisstofnanir og fá allar náttúrufarsupplýsingar um einhver svæði ef maður vildi fara í framkvæmd eins og víða er erlendis. Hér þurfa fyrirtækin sjálf oft að afla þessara rannsókna í umhverfismati. Ég tel að það hafi verið talsverður sparnaður fyrir almenna skattgreiðendur að þessi fyrirtæki, t.d. orkufyrirtækin, hafi sjálf þurft að afla þessara gagna. Auðvitað er það slæmt fyrir þau en það er gott fyrir skattgreiðendur sem ella hefðu þurft að greiða hluta af þessum gögnum. Ég tel að við séum á góðri leið, virðulegur forseti, með þessi mál, búin að stórauka fjárframlög til náttúrufarsrannsókna og munum halda áfram að vinna í þeim á komandi árum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:14]

Umræður utan dagskrár.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar í öryrkjamálinu.

[12:45]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú hefst áður boðuð umræða utan dagskrár um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar í öryrkjamálinu 16. október. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar, svohljóðandi: Málshefjandi hefur sjö mínútur, forsrh. sjö mínútur, næstu fimm ræðumenn hafa fjórar mínútur, síðan næstu fimm ræðumenn þrjár mínútur og loks hafa málshefjandi og forsrh. fjórar mínútur við lok umræðunnar.

Ég vil geta þess að að lokinni þessari umræðu verða atkvæðagreiðslur og síðan um klukkan tvö verður utandagskrárumræða sú sem áður hafði verið tilkynnt, um tónlistarnám á framhaldsskólastigi.

[12:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Niðurstaða Hæstaréttar í gær er ótvíræður ósigur fyrir ríkisstjórnina en hún er um leið mikill sigur fyrir málstað Öryrkjabandalagsins. Árum saman hafa staðið hér deilur um réttindi öryrkja og árum saman hafa öryrkjar þurft að heyja sína baráttu fyrir dómstólum til þess að leita réttar síns. Og árum saman hefur hæstv. ríkisstjórn reynt að komast hjá því að þurfa að greiða öryrkjum það sem þeim ber. En árum saman hefur stjórnarandstaðan sömuleiðis varað við gerðum ríkisstjórnarinnar. Við höfum varað hana við því að hún sé ekki einungis röngum megin við línu réttlætisins heldur höfum við líka varað hana við því að hún væri að brjóta stjórnarskrá gagnvart öryrkjum.

Ég rifja það upp, herra forseti, að 1998 þegar lög voru sett til þess að skjóta stoðum undir reglugerð, lög sem síðar voru dæmd í Hæstarétti sem brot á stjórnarskrá, þá varaði stjórnarandstaðan ríkisstjórnina 30 sinnum við því að hún væri að brjóta stjórnarskrána. Þrjátíu sinnum sögðum við ríkisstjórninni að hún væri að brjóta stjórnarskrána og ríkisstjórnin og ekki síst hæstv. forsrh. og reyndar hæstv. utanrrh. höfðu uppi stór orð í því máli og það voru þung orð sem voru látin falla um stjórnarandstöðuna. Hæstv. forsrh. sagði þá að stjórnarandstaðan þyrfti að biðjast afsökunar á orðum sínum.

Hver er það í dag, herra forseti, sem þarf að biðja öryrkja landsins afsökunar á þeim misgjörðum sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á gagnvart þeim?

Það sögulega hefur gerst, herra forseti, að Hæstiréttur hefur fellt dóm þar sem staðfest er í annað sinn að ríkisstjórnin hefur brotið stjórnarskrá gagnvart öryrkjum. Þetta hlýtur að vera þungur baggi að bera fyrir eina ríkisstjórn. Hann léttist ekki þegar haft er í huga að ákvæðin sem ríkisstjórnin hefur brotið í gegnum feril þessa máls eru m.a. mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Ríkisstjórn Íslands hefur orðið uppvís að því að brjóta mannréttindi gagnvart öryrkjum.

Ég vil aftur nota þetta tækifæri, herra forseti, og óska Öryrkjabandalaginu til hamingju með niðurstöðuna. Niðurstaða Hæstaréttar er í stuttu máli sú að lögin sem Alþingi setti í kjölfar öryrkjadómsins svokallaða í janúar 2000, brutu gegn stjórnarskrárbundnum rétti öryrkja.

Ég vil rifja það upp að meginniðurstaða okkar í stjórnarandstöðunni á sínum tíma var að lögin fælu í sér brot á stjórnarskrá, frumvarpinu bæri þess vegna að vísa frá og að flytja yrði nýtt mál sem fullnægði dómi Hæstaréttar.

Eitt aðalatriðið í málflutningi okkar varðaði einmitt afturvirkni laganna og undir það sjónarmið tók Hæstiréttur í gær. Allir sjö dómarar tóku undir það að afturvirkni laganna hafi verið óheimil samkvæmt stjórnarskránni. Að því leyti til tók Hæstiréttur undir málflutning stjórnarandstöðu og Öryrkjabandalagsins á sínum. Við vöruðum ítrekað við því að með þessu væri verið að skerða réttindi öryrkja afturvirkt en réttindin nytu hins vegar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar og yrðu þess vegna ekki skert með íþyngjandi löggjöf. Þetta var einmitt ein meginniðurstaðan í dómi Hæstaréttar í gær. Þar er fallist á að ekki hafi verið heimilt að skerða afturvirkt vegna áranna 1999–2000. Hæstiréttur tók að vísu undir það að kröfur vegna áranna 1994–1996 væru fyrndar og við deilum ekki við dómarann. Hitt er svo að það er ekki óhugsandi að næsta skref í réttindabaráttu öryrkja verði að fara með þetta mál fyrir Mannréttindadómstólinn.

Dómurinn, herra forseti, í gær er ekki síst sögulegur fyrir þá sök að hann þokar félagslegum réttindum allra landsmanna fram á við. Hann staðfestir nefnilega að félagsleg réttindi njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að rifja upp feril og tildrög þessa máls en mig langar að inna hæstv. forsrh. eftir því hver verða viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Hver verða viðbrögðin núna þegar hún er enn einu sinni dæmd fyrir að fara á svig við stjórnarskrána? Og ég spyr þingheim, herra forseti: Hvar á byggðu bóli í lýðræðisríkjum þekkist það að ríkisstjórn sé ítrekað flengd af hæstarétti fyrir að ganga á rétt öryrkja? Getur hæstv. forsrh. bent á eitthvert ríki þar sem ríkisstjórn með svona feril, sem brýtur stjórnarskrá ekki bara einu sinni heldur oftar, situr svo bara eins og ekkert hafi í skorist?

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hafði skýrar og skeleggar skoðanir á einmitt þessum þætti málsins hér fyrir tveimur árum. Orð eru nefnilega dýr. Málið var þá litið svo alvarlegum augum og þær ásakanir stjórnarandstöðunnar sem nú hafa reynst réttar voru taldar svo viðurhlutamiklar að hæstv. utanrrh. sagði í umræðu í þessum sölum að kæmi í ljós að ríkisstjórnin hefði brotið stjórnarskrána þá ætti ekki aðeins hann heldur líka öll ríkisstjórnin að segja af sér.

Hvað segir hæstv. forsrh. við þessu? Er hann sama sinnis og hæstv. utanrrh. var fyrir tveimur árum eða ætlar ríkisstjórnin bara að sitja óáreitt eftir þetta?

Ég spyr sömuleiðis, herra forseti: Hvernig mun hæstv. ríkisstjórn bregðast við núna gagnvart öryrkjum?

Í öðru lagi langar mig til þess að rifja það upp að síðast þegar hæstv. ríkisstjórn breytti lögum um kjör öryrkja þá lýsti hún því yfir að sömu breytingar yrðu gerðar á kjörum ellilífeyrisþega. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Er hann tilbúinn að gefa sömu yfirlýsingu gagnvart ellilífeyrisþegum hér og nú?

[12:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta var dálítið skrýtin ræða. Og það er nú kannski von að hún sé skrýtin vegna þess að hv. þm. var mikið í mun að gleyma öllu sem hann hafði sagt um þetta mál þegar lögin nr. 3/2001 voru sett. Hv. þm. sagði, málshefjandi, að (**Gripið fram í:** Ætli það vildu nú ekki fleiri gleyma?) hann hefði 30 sinnum sagt að ríkisstjórnin hefði brotið stjórnarskrána eða væri að brjóta stjórnarskrána. Vísvitandi að brjóta stjórnarskrána, eins og það var nú svo smekklega orðað. Ég hef nú ekki talið það, það má vel vera rétt að hann hafi sagt þetta 30 sinnum, en hvað var það sem hv. þm. sagði?

Hann sagði, með leyfi forseta, um fyrri dóminn:

„... Hæstiréttur hefur talað og talað skýrt." — Þetta er um fyrri dóminn. — „Hann hefur sagt að það brjóti gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka."

Þetta sagði hann 30 sinnum. Hann minntist aldrei á afturvirknina svo ég muni til.

En hvað er það sem Hæstiréttur sjálfur segir í dómi sínum nú um þennan dóm sem var svo skýr að mati hv. málshefjanda? Hæstiréttur segir að ekkert í þeim dómi veiti tilefni til þeirrar ályktunar að löggjafanum sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu öryrkja til skerðingar, en því valdi séu þó settar þær skorður sem að framan hafi verið lýst.

Ekkert í þeim dómi gefur tilefni til að draga þá ályktun sem hv. þm. dró að eigin sögn 30 sinnum. Þrjátíu sinnum. Þannig að Hæstiréttir sendir þessar fullyrðingar öfugar ofan í kokið á hv. þm. og það er von að það stíflaði svolítið það sem upp úr honum ætlaði að koma hér í ræðustólnum. Ég er ekki undrandi á því vegna þess að stóryrðin, gífuryrðin, svigurmælin sem á var byggt vegna nákvæmlega þessa atriðis, að fyrri dómurinn væri kristalklár, kýrskýr um að ekki mætti tengja þetta með þessum hætti — Hæstiréttur leggur lykkju á leið sína, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar til að segja að það hafi ekki verið heil brú í þeim málflutningi stjórnarandstöðunar.

Þetta þýðir með öðrum orðum það að lögin nr. 3/2001 standa algjörlega óbreytt hvað að framtíðinni snýr.

Annað atriði sem stjórnarandstaðan og sérstaklega hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði sérstaklega að miklu árásarefni hér var spurningin um fyrningu. Það var talið hið versta mál og framgöngu ríkisstjórnarinnar fundið allt til foráttu vegna þess. Hæstiréttur skrifar algjörlega undir allt það sem ríkisstjórnin gerði í þeim efnum.

Síðan minnist hv. þm. á félagsleg réttindi. Það er nú ekki það ákvæði stjórnarskrár sem Hæstiréttur hins vegar vísar til. Það er til þess ákvæðis stjórnarskrárinnar sem hv. þm. og hans samherjar hafa aldrei verið mjög hrifnir af, ákvæðis um eignarrétt. Hæstiréttur telur sem sagt að varðandi uppgjörið hafi myndast tiltekinn eignarréttur.

Þannig að dómurinn er kristalklár og fyrir stjórnarliða hér, sem sátu undir svigurmælum, í rauninni mikill sigur að megininntak laganna og öll gagnrýni hv. þingmanna Össurar Skarphéðinssonar og Steingríms J. Sigfússonar stóðst ekki. Gífuryrðin stóðust ekki. Það var enginn grundvöllur fyrir þeim. Það var enginn grundvöllur fyrir þessum orðum hv. þm. þegar hann sagði: „... Hæstiréttur hefur talað og talað skýrt. Hann hefur sagt að það brjóti gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka." Þetta var megininntak gagnrýninnar. Og Hæstiréttur segir að það sé ekki fótur fyrir þessum skýringum, eins og ég var að lesa áðan fyrir þá þingmenn sem heyra sæmilega, en fyrir þá sem heyra verr, skal ég gjarnan lesa þetta aftur. Mér sýnist ekkert vanþörf á því: „Ekkert í þeim dómi veitir tilefni til þeirrar ályktunar að löggjafanum sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu öryrkja til skerðingar," eins og hér segir.

Og af hverju kemur Hæstiréttur og vekur sérstaklega athygli á þessu? Það var vegna þess að málsástæða stefnanda, meginmálsástæða stefnanda og lögmanns stefnandans var sú að einmitt það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafði haldið fram, að þetta væri óheimilt með tekjutenginguna, stæðist ekki stjórnarskrá. Hæstiréttur vísar þessari málsástæðu algjörlega á bug. Þetta var meginmálsástæðan og þess vegna er það sem Hæstiréttur, sem við viljum allir virða og respektera, ekki satt, hér í þessum sal, Hæstiréttur segir 7:0, að allar meginforsendur ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans hér á Alþingi stóðust.

Þess vegna, af því að hv. þm. nefndi það að ég hefði sagt að menn þyrftu kannski eftir dóm Hæstaréttar að biðjast afsökunar þá er það alveg hárrétt, 30 sinnum afsökunar, að sögn þingmannsins sjálfs. 30 sinnum fór hann vitlaust með, 30 sinnum hafði hann uppi gífuryrði og fullyrðingar hér sem að mati Hæstaréttar fá ekki staðist. Þannig er staðan.

Hv. þm. spyr: Hvernig verður brugðist við þessum dómi? Eins og ég sagði, lögin standa algjörlega. Þau standa kyrr í lagasafninu og virkni þeirra til frambúðar er fullkomin, vegna þess að allt sem þið sögðuð, hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, um það mál stenst ekki samkvæmt mati Hæstaréttar.

Hins vegar varðandi uppgjörið þá fer það þannig fram að þegar reiknað hefur verið út hvað þessi þáttur varð-

andi afturvirknina kostar þá verður sú upphæð færð hér inn í þingsalinn og með breytingum á fjáraukalögum verður heimildin veitt til þess að greiða það til baka. En lögin sjálf standa fullkomlega.

Og menn sem fóru í sjónvarp og fjölmiðla í gær, bersýnilega án þess að hafa lesið forsendur dómsins, þurfa nú að lesa hann gaumgæfilega og þá sjá þeir að það sem þeir létu hafa eftir sér í gær var fjarri öllu lagi með sama hætti og fullyrðingar þeirra og málatilbúnaður allur þegar lögin voru sett, voru fjarri öllu lagi og stenst enga skoðun. Og sem betur fer undirstrikar Hæstiréttur þetta prinsipp með mjög afgerandi hætti og ég verð að segja að fyrir það er ég ákaflega þakklátur.

[12:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna á að samkvæmt þingsköpum ber að segja hv. þm. en ekki ávarpa þingmenn beint, heldur beina orðum sínum til forseta.

[12:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ósvífni hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í þessu máli verður seint jöfnuð. Hér kemur hæstv. forsrh. með stjórnarskrárbrotin á bakinu og talar eins og ríkisstjórnin hafi stefnt stjórnarandstöðunni fyrir Hæstarétt og unnið málið. Þannig var talað hér áðan. Þetta heitir, hæstv. forsrh., að kunna ekki að skammast sín.

Hvað þarf Davíð Oddsson og ríkisstjórnir hans marga hæstaréttardóma á herðarnar, stjórnarskrárbrot og það á öryrkjum til þess að fara að læra að skammast sín? Ég verð að segja að sú lögfræði sem hér var flutt, um það að málið sannaði algerlega að lögin stæðust, þ.e. hin efnislegu ákvæði, skerðingarákvæði, er mjög umdeilanleg vegna þess að dómkröfurnar í þessu máli snúa að fortíðinni. Þær snúa að uppgjöri á því sem liðið var þegar lögin tóku gildi í janúar 2001.

Það er að vísu rétt að Hæstiréttur er með það sem kalla má dálítið óvenjulega umfjöllun um hin almennu efnisatriði. En dómkröfurnar eru tvær, að fyrningin standist ekki og að afturvirkni laganna standist ekki. (Gripið fram í.) Ríkisstjórnin sleppur með annað málið fyrir horn. Hæstiréttur leggur ekki í að reka hana til baka með fyrninguna. En afturvirknin er dæmd ólögmæt og stjórnarskrárbrot og það var þungamiðja í málflutningi okkar hér margra hverra. Við vöruðum ríkisstjórnina við því í þessu dæmalausa máli að fara nú ekki enn einu sinni út á þennan þunna ís að túlka alla hluti öryrkjum og stjórnarskrá landsins í óhag, allan vafa sér í hag, öryrkjum og stjórnarskránni í óhag.

Ríkisstjórnin getur ekki borið við grandaleysi í þessu máli. Það er algerlega útilokað mál. Aftur og aftur var bent á þetta. Ég vil t.d. vitna í ræðu sem ég hélt við 1. umr. málsins. Þá sagði ég, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Þriðja dæmalausa hneykslið í frv.," — mönnum var nokkuð heitt í hamsi eins og menn muna — „sem að vísu hefur ekki fengið næga athygli, er afturvirkni þess, ..."

Skömmu síðar í sömu ræðu, með leyfi forseta:

„Það var nú hvorki meira né minna en þannig að það var stjórnarskrárbrot að hafa þessa tekjutryggingu af öryrkjum í sambúð á þessum árum, 1999 og 2000. En samt á að skerða hana með afturvirkri löggjöf. Þvílík endemi, segi ég."

Í atkvæðagreiðslum um þetta nefnda ákvæði til bráðabirgða I, b-lið, segir sá sami ræðumaður sem hér stendur, með leyfi forseta:

„Efnisatriði þessa ákvæðis til bráðabirgða I eru lýsandi fyrir framgöngu ríkisstjórnarinnar í málinu. Þetta ákvæði hlýtur að mega kallast hraklegt. Það felur bæði í sér afturvirkni hinnar nýju skerðingarreglu fyrir árin 1999 og 2000 og að borið er við fyrningu þannig að með fyrningu á að hafa af öryrkjum það sem dæmt hefur verið með röngum og ólögmætum hætti af þeim tekið."

Það var sjálfstæð og póltísk ákvörðun að bera við fyrningunni og það er smánarblettur á framgöngu ríkisstjórnarinnar jafnvel þó að hún sleppi fyrir horn með það í Hæstarétti. Ég reyndi að útskýra málið fyrir hæstv. utanrrh. og benti þá m.a. á að ríkisstjórnin væri í öllu falli að taka áhættu, það væri borðleggjandi. Ég sagði, með leyfi forseta:

„Hún [þ.e. ríkisstjórnin] velur með pólitískri ákvörðun að láta sinn skilning njóta vafans en ekki stjórnarskrá landsins og býður upp á áframhaldandi málaferli og deilur, eins og ekki sé nú nóg komið."

Sú varð raunin á, þ.e. áframhaldandi málaferli og deilur, af því að ríkisstjórnin tók ekki af skarið og lét öryrkja og stjórnarskrá landsins njóta réttar síns án vafa.

Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson taldi alveg víst í orðaskiptum okkar að ef málið færi aftur fyrir Hæstarétt þá mundu allir sjö dómarar Hæstaréttar kvitta ríkisstjórnina. Niðurstaðan varð önnur. Hæstv. utanrrh. lofaði því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að hún mundi segja af sér ef hún skyldi nú tapa máli aftur í Hæstarétti. Og nú reynir á. Reynast það innistæðulaus loforð eins og kosningaloforðin eða verður staðið við stóru orðin, herra forseti?

[13:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Meginatriði þessa máls eins og hæstv. forsrh. hefur skilmerkilega farið hér yfir er að Hæstiréttur hefur staðfest réttmæti laga nr. 3/2001 um efnisleg viðbrögð við dómi réttarins í desember 2000 í öllu sem mestu máli skiptir og snertir framtíðarskipan málsins þó hann telji að uppgjör fyrir tiltekið tímabil aftur í tímann hefði átt að vera með öðrum hætti en var. (**Gripið fram í:** Smámál.) Að gengnum dómi Hæstaréttar í desember árið 2000 var fyrst og fremst um það deilt hvort í honum fælist bann við því að skerða örorkulífeyri vegna tekjuöflunar maka lífeyrisþega. Í dómi Hæstaréttar nú er kveðið á um það skýrum stöfum að slíkt sé löggjafanum heimilt. Er meira að segja kveðið svo fast að orði að ekkert í forsendum fyrri dómsins gefi tilefni til þeirrar ályktunar að löggjafanum sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu öryrkja til skerðingar.

Herra forseti. Í dómi Hæstaréttar felst staðfesting á að lögin sem voru sett í ársbyrjun 2001 uppfylli kröfur stjórnarskrár að því er varðar ákvæði þeirra um skerðingu á lífeyri vegna tekjuöflunar maka. Þetta var langþýðingarmesta atriðið sem fjallað var um í málinu.

Að því er varðar leiðréttingu aftur í tímann fellst Hæstiréttur á það atriði sem lá lagasetningunni til grundvallar, að eldri kröfur en fjögurra ára væru fyrndar. Aftur á móti telur hann að ekki hafi verið nægilegt að leiðréttingin tvö síðustu árin aftur í tímann miðaðist við sömu reglu og sett var til framtíðar og byggir það á sjónarmiðum um afturvirkni laga.

Herra forseti. Hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon vitna hér til orða hæstv. utanrrh. frá því í janúar 2001 og draga af þeim þær ályktanir að

ráðherrann og jafnvel ríkisstjórnin öll ætti að segja af sér vegna þessa máls. (**SJS:** Hún lofaði því.) (**JBjarn:** Hún lofaði því.) Með leyfi forseta vil ég leyfa mér að vitna beint í ræðu hæstv. utanrrh. frá því í janúar 2001. Þar segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Ég ætlaði að fara að ljúka máli mínu en ég kemst illa í það vegna stöðugra frammíkalla. Ég tel að hér hafi verið viðhöfð vönduð vinnubrögð og ég tel afskaplega nauðsynlegt að Alþingi fari mjög vandlega yfir þetta mál og kalli til lögfræðinga og ýmsa aðra til að komast að raun um hvort það geti virkilega verið að ríkisstjórnin sé með það ætlunarverk að halda áfram að brjóta stjórnarskrána. Ef það yrði niðurstaðan þá held ég að ljóst sé að ekki bara einn ráðherra þyrfti að segja af sér, ég held að þá þyrftu ansi margir ráðherrar að segja af sér og trúlega öll ríkisstjórnin, ef ríkisstjórnin verður uppvís að því að hún ætli sér vísvitandi að halda áfram að brjóta stjórnarskrá og vísvitandi ætli ríkisstjórnin sér ekki að uppfylla dóm Hæstaréttar. Auðvitað dettur engum manni þetta í hug." (**LB:** Var þetta bara af gáleysi?) (**Gripið fram í:** Óvart, var það ekki?)

Herra forseti. Dettur einhverjum í hug eftir þessa tilvitnun að hæstv. utanrrh. beri að segja af sér? Auðvitað dettur engum slíkt í hug. (**Gripið fram í:** Jú.) Og auðvitað er það ekki merkilegur málflutningur að halda slíku fram.

Herra forseti. Meginniðurstaðan er að lögin frá árinu 2001 standast í öllum aðalatriðum. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að tenging bóta öryrkja við tekjur maka eins og lögin gera ráð fyrir og mestar deilur hafa staðið um hafi staðist stjórnarskrá og lögin standist því til frambúðar. Hástemmdar yfirlýsingar stjórnarandstöðu um brot gegn stjórnarskrá eru því einkennilegar svo að ekki sé fastar að orði kveðið, herra forseti.

Hæstiréttur kemst enn fremur að því að hluti fjárkrafna vegna afturvirkni laganna sé fyrndur. Eftir stendur að ríkinu er gert að greiða öryrkjum þann hluta krafnanna sem ná til áranna 1999 og 2000. Undirbúningur þess er hafinn hjá Tryggingastofnun ríkisins en eðlilega tekur nokkurn tíma að reikna út upphæðina fyrir hvern og einn einstakling sem málið varðar.

[13:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það var með nokkuð merkilegum aðdraganda sem Alþingi var kallað saman um miðjan janúar árið 2001. Hinu háa Alþingi var þá ætlað að takast á við eitt sérkennilegasta mál sem ein ríkisstjórn undir forustu núverandi forsrh. ætlaði meiri hlutanum, þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna, að knýja fram. Það var með miklum ólíkindum að Alþingi væri ætlað að hrinda dómi æðsta dómstóls okkar, Hæstaréttar. Þó má í þessu sambandi minna á gjörðir ríkisstjórnarinnar í kjölfarið, Valdimarsdómsins svokallaða, um kvótamálið. Viðbrögð stjórnarandstöðunnar við málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar í kjölfar öryrkjadómsins í desember 2000 voru hörð, enda var stjórnarandstaðan sannfærð um að framsetning ríkisstjórnarinnar sem byggði á niðurstöðu sérstaks starfshóps góðvina hæstv. forsrh. í lögfræðingastétt væri röng og brot á stjórnarskrá lýðveldisins.

Það er nú komið á daginn með dómi Hæstaréttar í gær að afstaða okkar í stjórnarandstöðu um stjórnarskrárbrot var rétt. Formenn stjórnarandstöðuflokka skrifuðu bréf til virðulegs forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, sem ég ætla að leyfa mér að vitna í. Það var skrifað 16. janúar 2000 og undirritað af formönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Það hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Það er álit undirritaðra formanna stjórnarandstöðuflokka á Alþingi að frv. til laga um almannatryggingar á þskj. 624 sé óþinglegt með þeim rökum að frv., ef að lögum verður, hrindir dómi Hæstaréttar sem byggður er á ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins, en ákvæði stjórnarskrárinnar hafa þingmenn lagt við drengskap sinn að virða, enda fráleitt að bera fram frv. til laga á Alþingi sem inniheldur lagaákvæði sem brýtur í bága við stjórnarskrá. Því er frv. með öllu óþinglegt og ber að vísa því frá sem óhæfu til afgreiðslu á hinu háa Alþingi."

Krafist var úrskurðar hæstv. forseta um efni málsins.

Niðurstaðan varð sú að hæstv. forseti taldi að þetta bréf ætti ekki við rök að styðjast og á þessi málefnalegu rök var lítið hlustað. Meiri hlutinn keyrði sem sagt áfram í villu síns vegar. Það komu fram í Morgunblaðinu hjá Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni svofelld ummæli, með leyfi forseta:

„„Dómurinn ber það hins vegar með sér [þ.e. dómurinn sem féll í gær] að hann er málamiðlun," segir Ragnar. „Það stafar af því að þegar dómurinn gekk á sínum tíma í desember 2000, þá varð Hæstiréttur fyrir einhverju mesta aðkasti sem hann hefur orðið fyrir í sögu sinni af hálfu framkvæmdarvaldsins, þ.e. ríkisstjórnarinnar. Sagt var að rétturinn notaði pólitísk sjónarmið frekar en lögfræðileg til að komast að niðurstöðu, hann hefði afskipti af fjárveitingarvaldinu og fleira í þeim dúr, án þess að þetta væri rökstutt.""

Nú er komið í ljós með dómi Hæstaréttar og niðurstöðu hans, sameiginlegri með sjö mönnum, að brot á stjórnarskránni að því er varðar afturvirknina var rétt ályktun stjórnarandstöðunnar. Undan því geta ríkisstjórnarflokkarnir ekki vikist. Þeir sitja uppi með það að hafa knúið hér fram lög sem hafa leitt til stjórnarskrárbrots. Það þarf nú að leiðrétta aftur í tímann fyrir árin 1999 og 2000. Málið kemur sem sagt aftur til þingsins í formi fjáraukalaga þegar á þessu hausti og það verður auðvitað hægt að taka um það lengri umræðu en hér gefst tækifæri til.

Í lokin langar mig að vitna í ummæli hv. fyrrv. þingmanns og formanns Frjálslynda flokksins, Sverris Hermannssonar, þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur frá öndverðu álitið að mál þetta væri óþinglegt og með öllu óhæft til umræðu og afgreiðslu á hinu háa Alþingi af því að ýmsar greinar þess, ef að lögum verða, brjóta bersýnilega í bága við stjórnarskrá lýðveldisins."

[13:12]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á ferðinni er án efa fordæmalaust í íslenskri réttarsögu og sögu Alþingis. Það sem hér er á ferðinni er að ríkisstjórnin hefur orðið ber að því í tvígang að brjóta stjórnarskrána, að brjóta lög um sama málið. Fyrst gerist hún brotleg við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og síðan núna við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það er ekki bara að það sé búið að dæma þessa ríkisstjórn í tvígang fyrir að brjóta íslensk stjórnarskipunarlög, það er búið að dæma hana í þrígang í þessu máli því við skulum ekki gleyma því að það þurfti að fara fyrir dómstólana til þess að særa fram minnisblað sem fylgdi skipan sérfræðinefndar sem samdi frv. til laga sem núna hefur verið dæmt sem ólög. Í þrígang er búið að dæma ríkisstjórnina í þessu máli og í þrígang hefur hún brotið lög

á tilteknum hópi fólks sem er meðal þeirra sem hvað mest eiga undir því að stjórnvöld standi vörð um réttindi þeirra, sem eiga lífsviðurværi sitt undir því, öryrkjar í landinu. Það er brotið gegn mannréttindaákvæðum. Það er brotið gegn eignarréttarákvæðum. Og nú segja stjórnarþingmenn hér: „Ja, þetta er nú lítið mál. Við bara borgum þetta til baka og þá er málið útrætt og þá erum við lausir allra mála." En það er ekki svo. Ríkisstjórnin og meiri hluti þingsins er ekki laus allra mála. Þetta er áfellisdómur yfir ríkisstjórninni og þeim meiri hluta sem hún styðst við á hinu háa Alþingi. Hún getur ekki skýlt sér á bak við það, ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis, að þeir hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera. Þetta var einbeittur brotavilji, hæstv. forseti, sem endurspeglast í þessari lagasetningu, einbeittur brotavilji, því ríkisstjórnin var vöruð við og meiri hluti Alþingis var varaður við. Það gerði m.a. stjórnarandstaðan hér á þingi og ég vil vísa sérstaklega til tveggja þingmanna, tveggja lögfræðinga í röðum Samfylkingarinnar, hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Það kom mjög skýrt fram í þeirra máli að afturvirknin í þessum lögum stæðist ekki stjórnarskrá. Í máli Lúðvíks Bergvinssonar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, virðulegi forseti, að hér sé í raun og veru um eignaupptöku að ræða.

Þá spyr maður: Hvað skyldi stjórnarskráin segja um slíka eignaupptöku? Jú, hún segir að enga eign megi skerða nema fullar bætur komi fyrir. Ég fæ því ekki betur séð ef keyra á þetta í gegn, en þá sé enn og aftur verið að brjóta gegn stjórnarskránni, enn og aftur."

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti hér álit minni hluta heilbr.- og trn. þar sem nákvæmlega þetta sama kom fram. En forsrh. sakaði þá, eins og hann gerir núna, um stóryrði og sagði að þessir þingmenn, framganga þeirra og málatilbúnaður væri fordæmalaus hér á Alþingi. Og hann sagði, virðulegur forseti, með leyfi forseta:

„Vönduð skýrsla lögfræðinga og frv. ríkisstjórnarinnar hrindir þessum tilefnislausu og siðlausu ásökunum."

Riddarinn ráðagóði, Jón Steinar Gunnlaugsson, hefur ekki reynst ráðhollur í þessu máli. Hann hefur ekki reynst góður lögfræðingur í þessu máli og er kominn reyndar aftur fram á sjónarsviðið í Morgunblaðinu í dag.

Virðulegur forseti. Halldór Ásgrímsson sagði í umræðum á þingi að hann og ríkisstjórnin öll ætti að segja af sér ef hún væri vísvitandi að brjóta gegn stjórnarskránni. Hún braut vísvitandi gegn stjórnarskránni. Hún gerði það með (Forseti hringir.) augun opin og hún á að segja af sér.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. hefur þrívegis sagt að ríkisstjórnin hafi vísvitandi brotið gegn stjórnarskránni. Það eru óþingleg ummæli.)

Það eru ekki óþingleg ummæli, virðulegi forseti. Það er mitt mat að ríkisstjórnin hafi brotið vísvitandi af sér. Hún var vöruð við. Það kom fram í umræðum á þingi að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða og ég tel að þegar menn ganga engu að síður fram eins og þeir gerðu á þeim tíma þá sé um eindreginn brotavilja að ræða og menn séu vísvitandi að gera það sem þeir gera, vitandi vits.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegur forseti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil segja við hv. þm. að þessi skýring hennar er fullgild. En ég vil biðja hv. þm. að gæta háttvísi í sínum orðum og ég tel að við eigum að gera það og ég veit að hv. þm. er mér sammála um það.)

Virðulegur forseti. Úr því að forseti beinir þessum orðum til mín, að hann hafi tekið rök mín (Gripið fram í.) gild þá vil ég að það komi fram, virðulegur forseti, að mér þykir heldur miður að vera að ósekju trufluð í ræðustóli Alþingis.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég sagði ekki að ég hefði gert það að ósekju, hv. þm. En ég vil samt sem áður segja, eins og ég sagði áður, að mönnum ber að gæta hófs.)

[13:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er stundum eins og hv. þingmönnum sé ekki sjálfrátt í málflutningi. Hverjum dettur það nú í hug, í alvöru, sem hugsar málið að einhver þingmaður hér inni, einhver ráðherra eða ríkisstjórnin í heild ætli sér vísvitandi að brjóta stjórnarskrána? Gera menn sér ekki grein fyrir því hvílíkar ásakanir þar eru á ferð?

Það var reynt að halda þessu fram í janúar árið 2001. Þingmaðurinn sem það gerði, hv. þm. Ögmundur Jónasson, endaði nú með því, ef ég man rétt, að hrökklast til baka með þann málflutning og hálfpartinn biðjast afsökunar á honum, enda er slíkur málflutningur að sjálfsögðu ekki við hæfi. En það er nú eins og menn hafi ekkert lært af öllum þessum fúkyrðaflaumi sem fylgdi þessu máli, af stóryrðunum öllum sem gengið hafa í þessu máli innan þings sem utan. Það er eins og menn hafi ekkert lært og geti ekkert af þessu lært.

Það sem upp úr stendur núna eftir dóm Hæstaréttar í gær er þetta: Það þarf ekki að breyta lögum. Lögin sem samþykkt voru hér nr. 3/2001 standa. Það er meginniðurstaðan í þessu máli.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér: Já, en dómkröfurnar vísuðu bara aftur í tímann. — Gott og vel með það. En hvers vegna er þá Hæstiréttur að leggja lykkju á leið sína til að útskýra af hverju aðalmálsástæðan í því máli var röng? Það gerði hann í rökstuðningi sínum með dómnum, eins og hæstv. forsrh. las hér upp: Ekkert í þeim — þ.e. röksemdum fyrir fyrri dóminum — veitir tilefni til þeirrar ályktunar að löggjafanum sé óheimilt að láta tekjur maka hafa áhrif á tekjutryggingu öryrkja til skerðingar, ekkert. Þetta er auðvitað kjarni málsins og þetta er ástæðan fyrir því að Hæstiréttur leggur lykkju á leið sína til að koma þessu sjónarmiði að. Með öðrum orðum, við hér í þinginu þurfum ekki að breyta lögum nr. 3/2001. Það sem við þurfum að gera er að við þurfum að gera upp vegna áranna 1999 og 2000, og það munum við gera þegar útreikningar liggja fyrir. Það mun koma tillaga um það frá okkur í ríkisstjórninni með hvaða hætti rétt sé að breyta fjárlaukalagafrv. til þess að koma til móts við þetta.

Það er líka svo, og það er þriðja atriðið í þessu máli, að það hefur verið fallist á rökstuðning ríkisstjórnarinnar hvað varðar það að hin almennu fyrningarákvæði laga gildi um kröfur í þessu máli, eins og í öðrum málum. Um það var tekist verulega á hér í þinginu á sínum tíma. Þá vantaði nú ekki stóryrðin og ásakanirnar um það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon las upp hluta af því.

Ég held að menn ættu nú aðeins að reyna að læra af þessu máli, að það eru ekki stóryrðin eða fúkyrðin eða gífuryrðin sem gilda. Það er ekki þannig. Menn verða að reyna að komast að sanngjarnri niðurstöðu í öllum málum, að sjálfsögðu (**SJS:** Í dóma ...?) og þá gildir það ekki að tala með þessum hætti, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** ... dómar sem gilda.) Það er hæstaréttardómurinn sem gildir, (**Gripið fram í:** ... tvisvar.) hann segir okkur það að lögin nr. 3/2001 standa. Það þarf að laga uppgjörsatriðin vegna áranna 1999 og 2000

en öll gífuryrðin sem stóðu út úr hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og öðrum falla dauð og ómerk. (**Gripið fram í:** Er þetta búið?)

Ef menn ætla að tala hér um það að einhverjir þurfi að segja af sér, biðjast afsökunar eða þess háttar legg ég nú til að þessir herrar — eins og þeir kalla nú stundum aðra menn hér inni — þessir herrar líti í eigin barm.

[13:21]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ástæða er til að þakka Öryrkjabandalaginu fyrir vasklega framgöngu í réttindamálum félagsmanna sinna og óska þeim til hamingju með samhljóða dóm Hæstaréttar. Barátta Öryrkjabandalagsins fyrir réttindum félagsmanna sinna hefur verið mjög einörð og hörð. Talsmenn öryrkja hafa átt við ramman reip að draga þar sem ríkisstjórnin hefur staðið þétt saman með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar og reynt að gera lítið úr baráttu þeirra með útúrsnúningum og stóryrðum.

Pirringur og gremja ríkisstjórnarflokkanna hefur ekki eingöngu beinst gegn Öryrkjabandalaginu, heldur hefur Hæstiréttur einnig fengið væna sneið af gremjunni í tengslum við mál sem snerta málefni öryrkja. Það er því ánægjuefni að vita til þess að til séu samtök sem láta ekki kúga sig og halda ótrauð áfram í réttindabaráttu sinni. Pirringurinn er enn til staðar, ríkisstjórninni og ríkisstjórnarþingmönnum er heitt í hamsi. Það er okkur líka. Okkur var það í janúar árið 2001 þegar við fjölluðum um þetta mál. Það var okkur öllum, sérstaklega stjórnarandstæðingum, þungbært að vera hér þátttakendur í þeirri gjörð sem þá var gjörð hér á Alþingi. Ég tel að okkur muni líða þannig áfram þegar við vinnum hér að áframhaldandi lagasetningu og breytingum að við munum taka þungt í árinni.

Hæstv. forseti. Allt það ferli sem hófst með fyrra öryrkjadómnum hefur verið okkur mjög lærdómsríkt og lýsir vel hvernig núverandi meiri hluti hefur unnið hér á hinu háa Alþingi. Allt er keyrt í gegn í krafti meiri hlutans og ef einhver gagnrýni heyrist utan úr þingsal er hún slegin niður eins og vel kom hér fram í umræðum í morgun.

Hæstv. forseti. Það muna allir eftir þessum hörðu orðum og umræðum sem fóru hér fram eftir öryrkjadóminn 19. des. árið 2000 þar sem ríkisstjórnin var dæmd fyrir mannréttindabrot. Og hver voru viðbrögðin? Þing var kallað saman til að afgreiða skerðingarákvæði lífeyrisgreiðslna öryrkja og lögfesta með þeim brot á stjórnarskrá lýðveldisins, eins og fram kom í ræðu minni við umfjöllun um frv. Þingmenn ríkisstjórnarflokkanna létu mata sig á hinu gagnstæða.

Nú hafa þessi lög verið dæmd af Hæstarétti Íslands sem stjórnarskrárbrot, eða hluti af þeim. Og það var ekki eins og stjórnarþingmenn hefðu ekki fengið aðvaranir um að lagasmíðin mundi brjóta í bága við stjórnarskrána. Þeir fengu þær. Því má álíta að hér hafi verið um vísvitandi gjörning að ræða.

Stjórnarandstaðan varaði því sannarlega við því að þingmenn stjórnarliða væru að fremja stjórnarskrárbrot ef þeir samþykktu nýju lögin. Þetta fannst mönnum ótrúleg lágkúra, t.d. hæstv. forsrh. sem viðhafði stór orð í þeim efnum.

[13:24]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Þetta mál má fjalla um frá ýmsum hliðum. Annars vegar má fjalla um það út frá dómi Hæstaréttar og hins vegar í pólitísku ljósi.

Ef við lítum á dóm Hæstaréttar má segja að hann feli í sér að málatilbúnaður hv. stjórnarandstöðu sé í öllum meginatriðum hrakinn, meira að segja í því ákvæði sem lýtur að uppgjöri við ákveðinn hluta öryrkja á árunum 1999 til 2000, þar eru forsendur Hæstaréttar byggðar á eignarréttarákvæði en ekki jafnréttisákvæði eins og hefur verið forsenda í málatilbúnaði stjórnarandstöðunnar allan tímann.

Hins vegar segir í dómi Hæstaréttar að það séu málefnaleg rök að tengja bætur öryrkja við tekjur maka. Það er rétt að minna á það, herra forseti, að hér hafa stjórnarandstæðingar haldið digurbarkalegar ræður og haldið því fram að sú hugsun væri brot á stjórnarskrá. Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn úrskurð og segir að ríkisstjórnin hafi haft rétt fyrir sér hvað það varðar.

Ef við lítum hins vegar á þetta út frá pólitísku sjónarmiði, út frá túlkun á hugtakinu „jafnrétti í velferðarkerfi“ og að „auka jöfnuð“ — sem hefur oft komið hér til umræðu og virðist vera mikill vilji til þess, ekki síst hjá stjórnarandstæðingum, að auka jöfnuð — getum við spurt okkur, og ég bið stjórnarandstöðuna að gefa skýr svör við því: Er það jafnrétti að líta algjörlega fram hjá tekjum maka þegar ákveðnar eru bætur til öryrkja og til annarra, alveg óháð því hverjar þær bætur eru, þótt maki hafi allt að því eina milljón á mánuði, eins og mörg dæmi eru um? (**Gripið fram í:** Á ekki bara að tekjutengja ... þingmanna?) Á að líta fram hjá því?

Það er líka rétt að vekja athygli á því að í þessum dómi er ekki verið að fjalla um einhleypa öryrkja. Þeir munu ekki njóta góðs af þessum dómi.

Við hljótum í framhaldinu að spyrja: Munu sömu forsendur gilda um ellilífeyri? Á þá líka að horfa algjörlega fram hjá tekjum maka, hvort þeir eru með milljón eða meira á mánuði, á ekki að líta á hinar sameiginlegu tekjur heimilisins? Ég hlýt að spyrja og biðja um skýr svör frá hv. stjórnarandstöðu um það hvort það sé sú leið sem best verður farin til að auka jöfnuð og koma til móts við þá í okkar samfélagi sem helst þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda? (Gripið fram í.) Ég vil fá skýr svör frá stjórnarandstöðu um það. Dómurinn hefur verið kveðinn upp, uppgjör mun eiga sér stað vegna áranna 1999 og 2000 fyrir hluta öryrkja og það verður litið á hjón sem hjón með sameiginlegar tekjur. Það er ákveðið grundvallaratriði. Ef stjórnarandstaðan hefur breytt um skoðun, áratugaskoðun á því, eru það merkileg tíðindi.

[13:27]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það kemur ekki á óvart að sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum í okkar ágæta landi skuli hafa orðið uppvís að því að hafa brotið á eigin þegnum með grófleg um hætti, svo grófum að hún hefur brotið stjórnarskrá. Þeir þingmenn sem nú sitja í ríkisstjórn og þeir stjórnarþingmenn sem sátu á 126. löggjafarþingi hafa nú orðið uppvísir að því, að mati þess sem hér talar, að hafa brotið þann trúnaðareið sem þeir undirrituðu að stjórnarskrá þegar þeir settust á þing í fyrsta skipti.

Þessi trúnaðareiður, sem allir þingmenn undirrita, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég undirritaður sem kosinn er þingmaður til Alþingis Íslendinga heiti því að viðlögðum drengskap mínum og heiðri að halda stjórnarskrá landsins.“

Það var margoft búið að vara stjórnarliða við þegar þetta mál var til umræðu á 126. löggjafarþingi. Aðvörunarorðin voru mjög sterk og afdráttarlaus og studd mörgum góðum

rökum. Hv. þm. Sverrir Hermannsson, fyrrverandi formaður Frjálslynda flokksins, flutti margar ræður þar sem hann reyndi að koma vitinu fyrir sína gömlu félaga í Sjálfstfl.

Sverrir sagði m.a. þann 17. janúar, eftir að fyrri dómurinn féll í hinu svokallaða öryrkjamáli, þegar það frv. ríkisstjórnarinnar sem Hæstiréttur hefur nú fellt lá fyrir þinginu, með leyfi forseta:

„Mér hefur líka verið hugsað til járnkanslarans míns, Bjarna Benediktssonar, og hvaða viðhorf hann hefði haft til þessarar málsmeðferðar sem nú reynum við af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hann hefði að vísu ekki þekkt gamla flokkinn sinn aftur. Hann hefði ekki þekkt flokk sem hefur yfirgefið gömlu hugsjónir sínar um stétt með stétt, flokk sem predikaði eign handa öllum, en framfylgir nú boðorðinu eign handa örfáum. Hann hefði ekkert kannast við flokk sem á sinni tíð barðist fyrir frelsi einstaklingsins og framtaki, en nú er frelsið aðeins til handa fáum svo við tökum dæmi af sókninni í sjávarauðlindina."

Hv. þm. Sverrir Hermannsson varaði mjög sterklega við þessum gjörningi og nú hefur komið á daginn að hann hafði hárrétt fyrir sér. Hann sagði m.a.:

„Ég ætla engum orðum eða getum að því að leiða hvernig hæstv. forseta lýðveldisins verður um þegar þar að kemur að hann á að undirrita þessi lög svo að þau nái framkvæmd því að forsetinn hefur svarið dýran eið við stjórnarskrá Íslands. Ég ætla engum getum að þessu að leiða. En trúlega verða það þung spor sem hann þarf þar að stíga.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að biðja og segja að Alþingi gái að sér og sóma sínum."

Herra forseti. Stjórnarmeirihluti Alþingis með ráðherra ríkisstjórnarinnar í fararbroddi skeytti eins og oft áður ekki um viðvaranir í framkomu sinni gegn þegnum landsins. Þetta ber að harma. Það ber að harma að ríkisstjórnin hafi gert þetta. Þetta verður sennilega ekki í síðasta sinn sem hún gerir þetta. Hún hefur gert þetta áður og hún mun endurtaka þennan leik, því miður.

[13:31]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þegar Garðar Sverrisson, um miðjan síðasta áratug, gerði mér og nokkrum öðrum félögum í Öryrkjabandalaginu grein fyrir því mikla óréttlæti sem fælist í reglugerð um skerðingu á tekjum öryrkja vegna tekna maka, þá trúði ég ekki mínum eigin eyrum. Ég trúði því ekki að þeim sem bjuggu við sama hlutskipti og ég, væru 75% öryrkjar, ungir menn, en ekki eins heppnir og ég að hafa vinnu, og giftust maka sem hefði sæmilegar tekjur, væri ætlað að lifa ævina út á 18 þús. kr. á mánuði. Það þóttu mér grimmúðleg örlög og ég trúði ekki öðru en að ef bent væri á það, þá mundu góðir menn ganga í að leiðrétta þetta og ég þakkaði guði mínum fyrir að hafa vinnu.

Hv. Alþingi var bent á óréttlæti þessarar reglugerðar og hvað gerðuð þið, herra forseti? Þið settuð lög nr. 149/1998 til að leiða þennan ósóma staðfastlega í lög. Ég tel að það hafi ekki aðeins verið rétt hjá Hæstarétti að það hafi verið brot á lágmarksmannréttindum, herra forseti. Ég tel að það hafi sýnt skort á góðu kristilegu siðferði. Jafnvel þjóðkirkjan benti þinginu á að hér væri helgri stofnun, hjónabandinu, ógnað með ólögum þessum. Menn voru varaðir við að setja þau og menn voru reknir upp í Hæstarétt og sigraðir þar og menn komu aftur og menn neituðu að afhenda minnisblöð og þeir voru reknir út í Hæstarétt og sendir aftur. Þeir voru varaðir við að setja lög nr. 3/2001 og það var farið með þá í Hæstarétt og það var 7:0 í gær, herra forseti, 7:0. Aftur er sómi manna þessi. Þrjár kennslustundir í lögfræði hefur Öryrkjabandalag Íslands haldið fyrir ríkisstjórnina.

Það er rétt hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að drengskaparheit þingmanna er við stjórnarskrá landsins. Menn hafa hér brotið hana, ekki bara einu sinni heldur aftur og aftur. Aðvaraðir og síðast en ekki síst gagnvart þeim sem síst skyldi, gagnvart þeim sem kjörnir fulltrúar helst eiga að verja, öryrkjum, þeim sem höllustum fæti standa hafa menn aftur og aftur brotið af sér. Svo koma menn hér sigri hrósandi og stoltir af því að kannski hafi Hæstiréttur sagt að þeir megi samt kroppa 8 þús. kr. af þessum öryrkjum á mánuði, 8 þús. kr. Já, mikill er sómi yðar, herra forseti, mikill er sómi yðar.

En það stendur hvergi í stjórnarskrá lýðveldisins að menn þurfi ekki að virða hana nema stundum og það stendur hvergi í drengskaparheiti þessara manna sem hér sitja að þeir megi brjóta gegn stjórnarskránni stundum, dálítið eða gagnvart sumum og það stendur sannarlega ekki, herra forseti, að þeir megi gera það ef þeir eru svo vitlausir, ef þeir eru svo vitlausir að gera það óafvitandi og ber þá nýrra við, herra forseti, ef hæstv. forsrh. er farinn að skýla afglöpum sínum bak við eigin fáfræði eða dómgreindarskort.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að hann á að víkja máli sínu til forseta en ekki ávarpa einstaka þingmenn.)

[13:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Af þremur atriðum í dómi Hæstaréttar í gær var aðeins eitt sem er áfellisdómur fyrir stjórnarmeirihlutann og það er greiðslan tvö ár aftur í tímann. Þar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að það bryti eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og það þykir mér virkilega miður að hafi verið niðurstaðan vegna þess að ég taldi að við værum að bæta kjör öryrkja en ekki skerða þau. En þetta varð niðurstaðan.

Önnur atriði eins og fyrningin og það að taka megi tillit til tekna maka var staðfest, herra forseti. Hæstiréttur leggur meira að segja lykkju á leið sína og skýrir dóm sinn frá 19. desember árið 2000. Hann segir að það megi tengja bætur tekjum maka. Hann dæmdi öll ummæli stjórnarandstöðunnar í umræðunni um það frv. árið 2001 ómerkt. (**Gripið fram í:** Segðu satt, Pétur.) Hann dæmdi þau öll ómerk. Okkur var brigslað um stjórnarskrárbrot vegna þess að við vildum tengja bætur tekjum maka. Það töldu stjórnarandstæðingar að væri stjórnarskrárbrot og Hæstiréttur segir sérstaklega eins og hæstv. forsrh. las að það væri heimilt. Fyrningin var líka leyfileg þannig að það þarf engu að breyta.

Síðan er í dómnum dálítið merkileg athugasemd og dálítið skrýtin. Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Öryrkjabandalagið hafði um langt árabil átt í útistöðum við stefnda og ríkisvaldið um þá hagsmuni félagsmanna sinna, er málsóknin laut að, og hefði verið unnt að bera ágreiningsefnið undir dómstóla fyrr en gert var." Og þá hefðu félagsmenn ekki tapað eins miklu í fyrningum.

Þarna er Hæstiréttur í rauninni að atyrða Öryrkjabandalagið fyrir að hafa ekki staðið nægilega vörð um hagsmuni félagsmanna sinna. (Gripið fram í.) Mjög merkilegt. En niðurstaðan af þessum dómi og niðurstaða af umræðu stjórnarandstöðunnar, sem ég hélt að væri félagshyggjufólk, er ákveðin einstaklingshyggja sem felst í því (Gripið fram í.)

að það á ekki að taka tillit til félagslegra aðstæðna einstaklingsins. Hann á að fá bætur óháð tekjum makans og það sem mun gerast er það að þeir öryrkjar sem eru giftir hátekjufólki fá bætur. 80% öryrkja sem ekki eru í þeirri stöðu munu ekki fá neitt, þeir munu ekki fá neitt. Þessi 1–1,5 milljarðar sem þetta mun kosta munu renna til fólks sem er yfirleitt í hjúskap með hátekjufólki. Þetta er kannski það sem jafnaðarmennirnir vilja.

[13:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er snautlega lítið sem hefur komið fram af hálfu stjórnarliðanna í þessari umræðu sem hægt er að telja málefnalegt. Það hefur komið fram með ótvíræðum hætti að hæstv. forsrh. skammast sín ekki einu sinni fyrir það að vera hér á sínu 12. ári sem forsrh. með tvíbrotna stjórnarskrá á bakinu. Og hæstv. félmrh. sem er eini maðurinn sem hefði haldið pólitísku lífi hér ef orð mundu standa kemur og lýsir því yfir að vilji hæstv. utanrrh. til þess að brjóta stjórnarskrána hafi ekki verið nógu einbeittur og þess vegna fái hann að hírast áfram í embætti. Ja, heyr á endemi. Og svo kemur hv. þm. Pétur Blöndal, gæslumaður réttinda og eignarréttar, og segir að þetta hafi verið giska góður dómur, stjórnarskráin hafi ekki verið brotin nema á einu ákvæði. Hvar er metnaður og siðferði stjórnarliðs sem segir svona andspænis stjórnarskránni?

Það er þó merkilegt að hæstv. forsrh. sýnir þó aðeins lit í kinnum. Hann ber þó örlítinn kinnroða yfir sínum eigin verkum undir lok ferils síns en það birtist í því, herra forseti, að hann kom hingað og talaði um einhvern allt annan dóm heldur en þann sem féll í gær. Hæstv. forsrh. er alltaf í keppni og samkvæmt kappleiknum sem fór fram í gær, þá var það sá sem situr þarna, hæstv. forsrh. sem vann 7:0. Hæstv. forsrh. talaði um allt aðra hluti heldur en þá sem dómurinn sem féll í gær fjallaði um. Hann bjó til sinn eigin sýndarveruleka þar sem hann var verjandi, hann var sækjandinn sem setti fram dómkröfurnar og auðvitað var það hann sem var dómari. Og dómsúrskurðurinn var þannig að allt er í lagi, eiginlega allt sem hæstv. forsrh. hefur gert í málinu væri rétt, allt sem við höfum sagt væri rangt. Hæstv. forsrh. tók þar sérstaklega til að það hefði verið dæmt, hann orðaði það svo og var ekki hægt að skilja hann öðruvísi en þannig að í fyrsta lagi þá hefði það verið úrskurður Hæstaréttar í gær að það væri í lagi að skerða bætur öryrkjanna með þeim hætti sem gert er. Það verður að koma fram, herra forseti, að dómkröfurnar lutu ekkert að því. Það þarf þá sérstakt mál til þess og þetta kemur hvergi fram í dómnum en svona vinnur hæstv. forsrh. þegar hann er í kröppum dansi. Hann veit að sókn er besta vörnin, jafnvel þó að verið sé að sækja á röngum og vondum forsendum og hæstv. forsrh. hélt því fram að það sem við sögðum fyrr á árum um að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar hefðu verið brotin væri tóm vitleysa.

Herra forseti. Hvernig lýsir dómurinn í gær úrskurðinum frá 1990? Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Taldist sú skerðing meiri en svo að hún tryggði öryrkjum þau lágmarksréttindi, sem fælust í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að þeir fengju notið þeirra mannréttinda, sem 65. gr. hennar mælti þeim.“

Herra forseti. Þarf þetta að vera skýrar? Þarf það að vera skýrar að hæstv. forsrh. túlkar dóminn með einhverjum allt öðrum hætti en Hæstiréttur sjálfur skrifar hann niður.

Herra forseti. Menn verða að læra af þessu máli. Við verðum öll að læra af þessu og við verðum að læra það að ekki er hægt að skella skollaeyrum við því þegar Öryrkjabandalagið og samtök fólks sem eru að berjast fyrir rétti sínum koma aftur og aftur með fullgild rök. Það er ekki hægt að kasta því til hliðar eins og það skipti ekki máli.

Nú hefur ríkisstjórnin tvo dóma á bakinu. Herra forseti. Í reynd hefur hún þann þriðja því að það var líka umsögn umboðsmanns Alþingis.

Herra forseti. Þetta er álitshnekkir fyrir ríkisstjórnina, sama hvaða leikrit hæstv. forsrh. setur upp og þetta er spor fram á við í réttindabaráttu okkar. Þarna hefur það komið fram að landsmenn njóta félagslegra réttinda sem falla undir stjórnarskrárvarin eignarréttindi. Það er ákaflega mikilvægt.

[13:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hafa ýmsir hv. þm. aftur og aftur reynt að gera orð hæstv. utanrrh. tortryggileg þegar hann brást mjög hart og réttilega við því þegar hann var sakaður um að vera vísvitandi að brjóta stjórnarskrá og menn hafa reynt að hártoga þetta. En sá sem reyndar hleypti því máli af stað, það er meiri töggur og meiri heilindi í honum en sumum öðrum þingmönnum sem hér hafa talað því að hann sagði, með leyfi forseta, í umræðunni, hv. þm. Ögmundur Jónasson:

„Ég held að sá sem hér stendur hafi jafnvel einhvern tíma látið þau orð falla, gott ef ekki var í frammíkalli. Þetta er ómaklegt og ég skal alveg viðurkenna að þessi orð vildi ég ekki sagt hafa.“ Þ.e. að menn hefðu vísvitandi brotið stjórnarskrána. „Þetta er ómaklegt og ... þessi orð vildi ég ekki sagt hafa.“

Svo kom annar hv. þm. og gerði þessi orð hins vegar að sínum sem þarna var búið að biðjast afsökunar á og sagði að ríkisstjórnin og þingmenn hefðu vísvitandi brotið stjórnarskrána og þegar forseti vítti viðkomandi þingmann, þá fór hann að hártoga orð forseta. Allt var þetta afskaplega fróðlegt að sjá.

En þessi umræða ber þessi merki sem betur fer að þessi síðari dómur Hæstaréttar, öfugt við þann fyrri, er skýr. Hann er algerlega skýr og þess vegna þarf ekkert um hann að deila eins og hinn fyrri, sem eins og flestir menn viðurkenna var afar óskýr. Þessi dómur er algerlega skýr. Stefnandinn tapaði meginmálsástæðu sinni, tapaði meginprinsippi sínu sem gekk út á það ... (Gripið fram í.) Stefnandinn tapaði meginprinsippi sínu sem gekk út á það að fá það dæmt að fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um að ríkisstjórnin væri að brjóta lög eða þingmeirihlutinn væri að brjóta lög ef hann byggði á því með hvaða hætti mætti tekjutengja við tekjur maka bætur til öryrkja. Sú málsástæða var meginmálsástæða stefnandans. Þess vegna fjallar Hæstiréttur um það af því að það var meginmálsástæða stefnandans. Hæstiréttur hafnar henni.

Og númer tvö hafnar Hæstiréttur kröfunni um fyrningu. Það er einungis þessi uppgjörsþáttur sem lýtur að fortíðinni gagnvart tilteknum hópi öryrkja sem Hæstiréttur fellir dóm um að skuli bættur með tilteknum hætti, þannig að öll lögin standa. Það er meginniðurstaðan þvert ofan í það sem var sagt í þessum þingsal af hálfu virðulegrar stjórnarandstöðu.

Þegar menn hafa verið að tala um að ég hafi í þeim umræðum sagt — og vitnuðu til orða minna að menn hefðu farið með gífuryrði, þá gerðu menn það, menn gerðu það. Hv. þm. í þeim sal þá og situr í þessum sal núna kallaði lögfræðilega ráðunauta ríkisstjórnarinnar stormsveitir. Ég hygg að hann hafi að vísu verið víttur fyrir það, hv. þm. Lúðvík

Bergvinsson þegar hann kallaði lögfræðilega ráðunauta ríkisstjórnarinnar stormsveitir. Ég man ekki hvort hann baðst afsökunar á því eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Svona gekk þetta fram með þessum hætti. Mönnum var heitt í hamsi.

Það sem hlýtur að skipta máli fyrir okkur, fulltrúa ríkisstjórnarinnar, að meginmálsástæðan sem þar var til umræðu í þessum sal og reyndi á nú fyrir Hæstarétti var dæmd ríkisstjórninni í hag. Nú fara menn að tala aftur um uppgjörsmálið en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði í ræðu sinni áðan í sín eigin orð þar sem sagði: Sá þáttur hefur ekki vakið nægilega athygli. Þetta var rétt hjá hv. þm. Það atriði var nánast ekkert hér til umræðu. Það var hitt atriðið sem ég vitnaði í í upphafi ræðu minnar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson og fleiri fjölluðu um a.m.k. 30 sinnum að eigin sögn og fóru að mati Hæstaréttar algerlega rangt með.

Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Beiðni MÁ o.fl. um skýrslu, 167. mál. — Þskj. 169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Beiðni leyfð til samgrh. með 45 shlj. atkv.

Skattafsláttur vegna barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigurlS o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Þáltill. GAK o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Stofnun stjórnsýsluskóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tannvernd barna og unglinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og ÖJ, 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 153. mál (bankastjórar). — Þskj. 153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 152. mál (lagaskil). — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, BrM, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, TIO, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
19 þm. (ÁRJ, BjörgvS, BBj, EMS, GAK, GÁS, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KJúl, MF, MÁ, RG, SigurlS, SF, VS, ÞES, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 200).

Verndun hafs og stranda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (heildarlög). — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Tónlistarnám á framhaldsskólastigi.

[13:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Okkur stjórnmálamönnum er ærið tamt á tyllidögum að hampa listafólkinu okkar. Er þá gjarnan talað um það fjálglega á hversu háu stigi tónlistarlíf okkar er og hversu blómleg sé sú flóra sem getur af sér hljóðfæraleikara og söngvara í fremstu röð. Varla taka ráðamenn svo á móti erlendum gestum og varla efna þeir svo til veisluhalda að ekki sé kallað á tónlistarfólk til að dýpka gleði góðra gesta. En skýtur ekki skökku við að á sama tíma skuli tónlistarnám okkar standa í þeirri kreppu sem raun ber vitni?

Í framhaldi af ákvörðun stjórnvalda í Reykjavík í sumar um að hætta að greiða fyrir tónlistarnám barna sem búsett eru utan Reykjavíkur hófust formlegar viðræður fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og menntmrn. um stöðu framhaldsmenntunar í tónlist. Í þeim viðræðum þarf að leysa

ágreiningsmál sem sum hver má rekja langt aftur í tímann eða til ákvarðana um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi tónlistarskólana.

Eftir að helmingaskiptareglan var afnumin 1989 og málefni tónlistarskólanna voru alfarið lögð á herðar sveitarfélaganna og síðan eftir að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólanna virðist sem ákveðið misræmi hafi skapast varðandi kostnaðarfyrirkomulagið. Þá fór að gera vart sið sig ókyrrð sem hefur magnast smátt og smátt og loks dró til tíðinda í sumar. Með aðgerðum Reykjavíkur og raunar fleiri sveitarfélaga hefur verið sköpuð pressa á ráðuneytið að standa undir þeirri ábyrgð sem rökstyðja má að ríkisvaldið eigi að bera á tónlistarkennslu á framhaldsstigi. Í sumar var haft eftir hæstv. menntmrh. í Morgunblaðinu að hann telji kröfur sveitarfélaganna ekki hafa lagastoð en hann líti hins vegar svo á að sanngirnisrök liggi að því að gerðir verði samningar um þennan kostnað. Því ber að halda til haga, herra forseti.

En þá að tónlistarkennaramenntuninni. Tónlistarskólinn í Reykjavík er elsti starfandi tónlistarskóli landsins, stofnaður um 1930. Það er dapurlegur tónn í Morgunblaðsgrein Kjartans Óskarssonar, skólastjóra tónlistarskólans, frá 11. október sl. þar sem hann segir að vá sé fyrir dyrum þar sem tónlistarkennaramenntun virðist vera orðin einhver aukaafurð í augum yfirvalda. Langflestir starfandi tónlistarmenn og kennarar hafa útskrifast frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Alls hafa á þessum 73 árum tæplega 300 nemendur lokið burtfarar- og einleikaraprófum í hljóðfæraleik og 46 hafa útskrifast úr tónfræðadeild. Alls hafa 456 nemendur lokið kennaraprófi og stefnir í að þeir verði 461 þegar þeir fimm nemendur sem nú stunda nám í blásarakennaradeild skólans útskrifast í vor. En þessir fimm nemendur, herra forseti, verða síðustu nemendurnir til að taka kennarapróf úr Tónlistarskóla Reykjavíkur. Nú þegar er búið að leggja niður tónmenntakennaradeildina, píanókennaradeildina, strengjakennaradeildina, söngkennaradeildina og þessum þætti í sögu skólans er lokið. Sömu sögu er að segja af kennaradeildum annarra skóla. En hvers vegna og hvað tekur við?

Hugmyndin mun hafa verið að Listaháskóli Íslands tæki við. En er það að gerast? Nei, engin kennaradeild hefur verið stofnuð við þann skóla og raunar er ekki fjallað um tónlistarkennaradeild í samningi þeim sem er í gildi milli menntmn. og Listaháskólans og allt virðist benda til þess að löng bið verði enn eftir því að tónlistarkennaranám geti hafist við Listaháskólann.

En Tónlistarskólinn í Reykjavík er ekki eini skólinn sem kennir tónlist á framhaldsstigi, herra forseti. Þar má einnig nefna Tónlistarskóla FÍH og Söngskólann í Reykjavík, Tónskóla Sigursveins, tónlistarskólana í Kópavogi og Garðabæ, tónlistarskólana á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum, auk kraftmikilla skóla víðar á landinu og smærri skóla.

En hvað þýðir, herra forseti, framhaldsskóli í tónlist? Jú, það hlýtur að vera skóli sem undirbýr fólk undir háskólanám í tónlist, sem sagt menntaskóli. Það væri ekki mikið vit í því að bjóða upp á háskólanám ef engir væru í menntaskólar. Það liggur því beint við að mínu mati að gera Tónlistarskólann í Reykjavík að slíkum menntaskóla og sjá til þess að aðrir skólar sambærilegir eigi þess kost að reka deildir á menntaskólastigi. Af þeim ástæðum sem ég nú hef rakið, herra forseti, hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. menntmrh.:

1. Hvað líður viðræðum ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarnáms á framhaldsskólastigi og hvenær er von á niðurstöðum?

2. Hver er ábyrgð ríkisvaldsins á tónlistarnámi á framhaldsskólastigi?

Hver er ábyrgð ríkisvaldsins á kennaranámi í tónlist og til hvaða aðgerða er gert ráð fyrir að gripið verði svo koma megi aftur af stað slíku námi?

Að lokum, herra forseti: Eru uppi hugmyndir um að gera Tónlistarskóla Reykjavíkur að menntaskóla fyrir tónlist?

[13:56]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Þegar spurt er hvað líði viðræðum ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarnáms á framhaldsskólastigi og hvenær sé von á niðurstöðu, þá er svarið eftirfarandi:

Í kjölfar óska Samtaka ísl. sveitarfélaga frá sl. vori um endurskoðun á kostnaðarskiptingu og fyrirkomulagi tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi ákvað ég í júní að óska eftir tilnefningu tveggja fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga í sérstaka viðræðunefnd um málefnið. Á móti tilnefndi ráðuneytið þrjá fulltrúa í nefndina. Í umboði nefndarinnar kemur fram að henni er ætlað að fjalla um kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag tónlistarkennslu á framhaldssólastigi. Nefndin hefur þegar haldið fjóra fundi og stefnt er að því að hún ljúki störfum fyrir áramót.

Mér þykir rétt að taka það fram að nefndin fjallar ekki um samskipti sveitarfélaga og málefni nemenda sem stunda tónlistarnám fjarri lögheimili sínu, enda er þar um að ræða innri málefni sveitarfélaga sem þeim ber að leysa sín á milli á grundvelli fyrrgreindra laga og ríkisvaldið hefur enga aðkomu að því deilumáli.

Samhliða þeirri vinnu sem fram fer í nefndinni hef ég ákveðið að skipa nefnd er geri tillögur um heildarendurskoðun á lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985.

Þá er einnig spurt: Hver er ábyrgð ríkisvaldsins á tónlistarnámi á framhaldsskólastigi?

Frá gildistöku fyrrgreindra laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla árið 1985 báru ríki og sveitarfélög að jöfnu greiðsluskyldu á launum kennara og skólastjóra þeirra tónlistarskóla sem hlotið höfðu staðfestingu sveitarstjórna og viðurkenningu ráðuneyta. Með breyttum verkaskiptasamningi ríkis og sveitarfélaga árið 1989 og lagabreytingum í kjölfar hans hvílir greiðsluskylda vegna launakostnaðar tónlistarskóla nú á sveitarfélögunum einum óháð skólastigi og aldri nemenda. Ráðuneytið ber hins vegar sem fyrr ábyrgð á viðurkenningu nýrra tónlistarskóla og gerð samræmdrar námskrár fyrir tónlistarfræðslu á öllum skólastigum, þ.e. á hinum faglega þætti.

Spurt er: Hver er ábyrgð ríkisvaldsins á kennaranámi í tónlist og til hvaða aðgerða er gert ráð fyrir að gripið verði svo að byggja megi aftur upp slíkt nám?

Nám tónmenntakennara í grunnskólum hefur verið á hendi Kennaraháskóla Íslands og að hluta í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Kennaranám þeirra kennara er kennt hafa í tónlistarskólum hefur um langt árabil verið hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík og ríkissjóður hefur veitt sérstakan styrk í því augnamiði. Á árinu 2002 var tekin ákvörðun um að færa kennaranám í listum til Listaháskóla Íslands eins og gerð er grein fyrir í frv. til fjárlaga fyrir árið 2003, en þar segir m.a. í umfjöllun um Listaháskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Hins vegar er um að ræða 13 millj. kr. hækkun vegna fyrirhugaðs viðbótarsamnings um að boðið verði upp á kennaranám fyrir allt að 30 nemendur á ári. Miðað er við að innrita 15 nemendur haustið 2002 og að 15 bætist við haustið 2003 þannig að meðalfjöldinn verði 22,5 á árinu. Gert er ráð fyrir að framlög til kennaranámsins verði 19,2 millj. kr. árið 2004 þegar deildin hefur náð fullri stærð. Á sama tímabili mun fjara út jafnhátt framlag til tónlistarkennaranáms [þ.e. í Tónlistarskólanum í Reykjavík] á vegum [liðar] 563 Tónlistarskólinn í Reykjavík."

Ákvörðun þessi var tekin í fullu samráði við þáverandi skólastjóra og formann skólanefndar Tónlistarskólans í Reykjavík.

Þá var einnig spurt: Hver er staða Tónlistarskólans í Reykjavík í skólakerfinu og Listaháskóla Íslands með tilliti til kennaranámsins?

Ég hef áður greint frá stöðu Tónlistarskólans í Reykjavík. Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur gert samning við ríkið um listnám á háskólastigi, þar með talið tónlistarnám. Tónlistardeild Listaháskólans var stofnuð árið 2001 og er á sínu þriðja starfsári. Námið er á þremur brautum: hljóðfæraleikur/söngur, tónsmíðar/nýmiðlar og tónlistarfræði/almenn braut. Þó að skólinn hafi ekki stofnað sérhæft kennaranám til fyrstu háskólagráðu er lögð mikil áhersla á að nemendur á tónlistarbraut séu undirbúnir undir kennarastörf. Almenna brautin innan tónlistardeildarinnar er námsleið fyrir nemendur sem vilja öðlast góða almenna tónlistarþekkingu á sem víðustu sviði, þar á meðal á sviði kennslu þó að ekki sé um að ræða eiginlegt kennaranám eða eiginlega kennarabraut.

Stefnt er að því að allir nemendur í tónlistardeild og sérstaklega nemendur sem hafa stundað nám á almennu brautinni geti jafnframt tekið viðbótarnám til kennsluréttinda. Í kennsluréttindanáminu í listum er lögð sérstök áhersla á kennslufræði myndlistar, kennslufræði leiklistar og kennslufræði tónlistar.

Tími minn er að renna út. Ég mun hér á eftir bæta við þessar upplýsingar. En ég ætla aðeins að geta þess í lokin að innan Listaháskóla Íslands hafa menn mjög stílað inn á (Forseti hringir.) samanburð við nágrannalöndin þar sem víðast hvar er unnið að því að flytja kennaranám yfir á magistersstig, þ.e. að menn klári tónlistarkennaranám eftir grunnnám í háskóla.

[14:01]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér er verið að hreyfa mjög mikilvægu máli sem brýnt er að einhver úrlausn fáist í hið allra fyrsta. Í rauninni er það fyrir neðan allar hellur að ekki skuli fyrir löngu vera komin niðurstaða í þessa verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi því þetta mál á sér í rauninni mjög langan aðdraganda. Það er ekki svo, eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh., að þetta mál hafi byrjað síðasta vor. Þetta mál á sér miklu lengri aðdraganda. Það nær í rauninni allt aftur til ársins 1985 þegar núgildandi lög voru sett vegna þess að þá voru uppi áform um það í þeim verkaskiptalögum sem þá voru samþykkt að ríkið mundi fara í það að endurskoða kostnað vegna tónlistarfræðslu á framhaldsskólastigi, sem síðan var ekki gert. 1998 var haft samband við ríkið, menntmrn. og þáv. menntmrh. og hann beðinn að ganga í þetta mál og taka upp þessi verkaskipti. Skipuð var nefnd í málinu og hún skilaði engum niðurstöðum. Síðan var farið með málið í aðra nefnd í ágúst 2001 og sú nefnd var þeirrar skoðunar að það ætti að vera skýr verkaskipting og ríkið ætti að fara með tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi. En mér skilst að fjmrn. hafi bannað nefndinni að skila þeirri niðurstöðu af sér. Þannig að það kom aldrei til framkvæmda.

Mér skilst að búið sé að skipa þriðju nefndina núna til þess að fjalla um þetta mál og hún eigi að skila af sér fyrir áramót. Og það má ekki seinna vera, hæstv. forseti, vegna þess að um næstkomandi áramót hafa sveitarfélögin í landinu sagt að þau ætli að hætta að greiða fyrir þá nemendur á framhaldsskólastigi sem nú sækja þessa skóla í Reykjavík. Reykjavíkurborg greiðir ekki með þeim lengur. Þetta eru um 300 nemendur. Það eru 40 millj. kr. á ári sem Reykjavíkurborg yrði að axla ef hún kostaði þessa nemendur úr öðrum sveitarfélögum til náms og það mun Reykjavíkurborg ekki gera vegna þess að þá fjármuni þarf að setja í menntun á grunnskólastigi í tónlist.

[14:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að efna til viðræðna milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á því fyrirkomulagi sem er í gildi um einstök mál eins og t.d. tónlistarfræðslu. Ég verð þó að segja að það er alveg ljóst að höfuðborgin nýtur þess í mjög ríkum mæli að vera höfuðborg landsins og mikið af tónlistarkennslu landsmanna fer hér fram, m.a. fyrir atbeina ríkisvaldsins og fjárhagslegan stuðning sem þaðan kemur. Borgin hefur af því miklar tekjur og hún hefur sem höfuðborg líka skyldur. Það er ekki bara þannig, herra forseti, að höfuðborgin eigi að hafa tekjurnar en sveitarfélögin á landsbyggðinni eigi að hafa útgjöldin. Ég verð að segja að hún hryggir mig mjög þessi (**ISG:** Það er ríkið sem á að hafa þau.) dapurlega framkoma borgarstjórnar Reykjavíkur að velta kostnaði frá sér yfir á sveitarfélögin á landsbyggðinni og ef þau borga ekki, yfir í buddu foreldra þeirra barna og unglinga sem hér stunda tónlistarnám. Mér finnst það mjög hryggileg niðurstaða að borgarstjórn Reykjavíkur skuli ganga hér fram eins og tötrum klædd förukona með grátbólgna hvarma yfir fátækt sinni, borg og sveitarfélag sem hefur algjöra yfirburði í fjárhagslegri stöðu hvað efnahag varðar. Við sjáum það þegar við skoðun tölur um tekjur og eignir þessa sveitarfélags í samanburði við önnur sveitarfélög landsins. Það er engin reisn yfir þessu, herra forseti, og ég vil beina því til borgarstjórnar Reykjavíkur, bæði minni hluta og meiri hluta, að sýna meiri reisn og standa undir því að stjórna höfuðborg landsins.

[14:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þau viðfangsefni sem fram undan eru og þarf að leysa varðandi aðkomu ríkisins að málefnum tónlistarskólanna eru tvenns konar. Annars vegar málefni nemenda sem stunda tónlistanám á framhaldsskólastigi og hins vegar málefni er varða réttindi og skyldur tónlistarkennara.

Víkjum fyrst að rétti tónlistarnema. Reykjavíkurborg hefur að stærstum hluta, þar til í haust, kostað nám nemenda hvaðanæva af landinu sem stundað hafa framhaldsnám í tónlist. Nám þessara nemenda er nú í uppnámi. Málið snýst um að ríkið viðurkenni skyldur sínar gagnvart þessum nemendum til jafns við annað fólk sem er í námi í framhaldskólum landsins. Þegar ungmenni af landsbyggðinni sækja sér framhaldsskólanám til stærri staða hefur ríkið borið kostnaðinn. Sæki ungmenni hins vegar framhaldsskólanám í tónlist, þá

eiga sveitarfélögin allt í einu að standa straum af kostnaðinum. Hér er tónlist gert miklu lægra undir höfði en öðrum námsgreinum á framhaldsskólastigi og vekur það furðu. Ungmenni velja sér þessa námsleið rétt eins og hvert annað fag og varla halda menn því fram að tónlist sé óæðra nám en annað framhaldsskólanám.

Síðara atriðið er varðandi rétt tónlistarkennara. Í lögunum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla frá árinu 1975, var kveðið á um að menntamálaráðuneytið setti reglugerð um réttindi og skyldur tónlistarkennara. Þessi reglugerð var aldrei sett og í lögunum um tónlistarskóla árið 1985 hvarf þetta ákvæði. Tónlistarkennarar, aðrir en tónmenntakennarar, hafa ekki lögskráð réttindi og tónlistarkennaranám er í uppnámi eftir þær breytingar sem orðið hafa upp á síðkastið. Það er brýn þörf fyrir löggjöf um réttindi og skyldur tónlistarkennara. Réttindin verða að vera samræmd og staðfest með lögum og mikilvægt að þau séu í samræmi við þær hugmyndir og kröfur sem uppi eru um nám til tónlistarkennaraprófs.

[14:08]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Allt tónlistarnám, söng- og tónlistarlíf, er grundvallarþáttur í menntun og menningarlífi þjóðarinnar. Þetta þekkjum við öll. Við sem búum úti á landi þekkjum vel þann gríðarlega metnað sem íbúar og sveitarfélög leggja í almenna söng- og tónlistarmenntun í sínu héraði. Ég þekki best til í Skagafirði. Tónlistarskóli Skagafjarðar er í skipulögðu samstarfi við allt skólastarf í héraðinu. Ekki er að því ég best veit gerður munur á nemendum hvort þeir eru innan héraðs eða utan hvað gjaldtöku varðar. Þegar svo Reykjavíkurborg sendi í vor út bréf til sveitarfélaganna um allt land um að hún mundi krefja þau um sérstaka greiðslu vegna þeirra sem kæmu til Reykjavíkur í framhaldsnám og sæktu tónlistarnám þar, þá opinberaðist hversu veikur grunnur er fyrir tónlistarnám í landinu. Í beinu framhaldi af þeim bréfaskriftum óskaði sveitarstjórn Skagafjarðar eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga beitti sér gagnvart ríkisvaldinu um að taka upp þegar í stað viðræður um aðra skipan á tónlistarnámi í landinu, að krefjast þess að tónlistarnám á framhaldsskólastigi yrði eins og annað nám á framhaldsskólastigi á kostnað og ábyrgð ríkisins. Þetta er sú meginkrafa sem ég held að við öll séum sammála um að eigi að bera fram.

Það er fagnaðarefni að skipuð skuli hafa verið nefnd á milli þessara aðila til að takast á við þetta mál. En að mínu viti er það allt of seint að láta hana ekki skila áliti fyrr en um áramót. Við þurfum að fá þessa ákvörðun nú þegar í haust áður en við ljúkum afgreiðslu fjárlaga, því við ætlumst til að niðurstaða í þessu samstarfi eða þessari endurskoðun verði sú að ríkið axli ábyrgð á tónlistarnámi í framhaldsskólum eins og öðru námi í dag og þá þurfum við líka að gera ráð fyrir því á fjárlögum næsta árs.

Virðulegi forseti. Þetta er afar brýnt, bæði kostnaðarlega og einnig gagnvart þeirri virðingu og metnaði sem við berum fyrir tónlistarnámi og tónlistarlífi í landinu.

[14:10]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það hafa, held ég, allir ræðumenn farið hér yfir hve tónlistarlíf og tónlistarnám er mikilvægt og ég ætla ekki að endurtaka það hér og er sammála þeim sem hafa farið yfir það. En eins og allir vita var þessi málaflokkur sérstaklega færður yfir til sveitarfélaga árið 1989 með sérstöku samkomulagi. Það verður að segjast eins og er að það kom mér nokkuð á óvart af því að ég vissi af þessari utandagskrárumræðu, þó ég þakki fyrir hana, að sjá hér þingmann Vinstri grænna, hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, hefja umræðuna á þessum vettvangi og enn þá fannst mér nú sérkennilegra þegar ég hlustaði á fyrrv. borgarstjóra, hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, taka hér ræður á þessum vettvangi, einfaldlega vegna þess að ef við skoðum hvað gerst hefur bara í þessari viku þá gerðist nákvæmlega það að fulltrúi Vinstri grænna í menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar og varaborgarfulltrúi sagði af sér. Og ég vil, með leyfi forseta, vitna hér í viðtöl við viðkomandi fulltrúa.

Hún segir í viðtali við sjónvarpið um ástæðuna fyrir þessu: „Óánægja með heildarframgöngu borgarinnar í menningarmálum og ekki síst þau verk sem hafa snúið að tónlistarskólunum undanfarið og þá vil ég meina að það sem vegi þyngst hjá mér sé túlkun Reykjavíkurborgar á kjarasamningi við tónlistarkennara."

Á öðrum stað segir hún:

„Ja það er aðallega tvístígandi og að sumu leyti stefnuleysi sem mér finnst einkennast þar og ég sakna þess að borgin taki af skarið um að ákveða sig hvort að hún ætlar að vera menningarborg í verki og reka þá sín flaggskip og burðarliði í menningunni eða hvort hún ætlar bara að vera menningarborg á góðum degi þegar aðrir borga."

Ég verð að viðurkenna að ég tel málið mjög brýnt, en hefði talið eðlilegra að fulltrúar Vinstri grænna, þingmenn Vinstri grænna í Reykjavík sem og þingmenn Reykjavíkur og borgarfulltrúar eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tækju þetta upp á öðrum vettvangi og reyndu þá gera einhverja bragarbót. Og það er svolítið sérkennilegt þar sem þessir fulltrúar eru í meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur, hafa þar margt um málin að segja en taka það ekki upp þar heldur koma hér til þess að ræða þessi mál. Og það er kannski eins og þessi ágæti fulltrúi segir að þeir vilji bara hafa Reykjavík menningarborg þegar aðrir borga.

[14:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það má svo sem segja það um ýmsar ræður að þær hefði kannski átt að flytja á öðrum vettvangi en einmitt hér í þessum ræðustól. En ég vil þó þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka þetta mál upp hér og ræða það á hinu háa Alþingi því það breytir ekki hinu, þótt menn deili um hver sé ábyrgð hvers o.s.frv., að það eru nemendurnir sem verða fyrir barðinu á þessu. Og það er því okkar stjórnmálamannanna að reyna að lenda þessu máli með einhverjum skynsamlegum hætti og það eru deilur uppi um það hver eigi að greiða fyrir tónlistarnám fólks á framhaldsskólastigi.

Við höfum núna nokkrum sinnum á hinu háa Alþingi tekið umræður um ýmislegt sem brennur á fólkinu í landinu og ég sakna þess jafnan að mér finnst ætíð skorta á einhvers konar framtíðarsýn hjá þeim ráðherrum sem hér taka til máls. Ég hlýddi mjög gaumgæfilega á ræðu hæstv. menntmrh. þar sem ég reyndi að átta mig á því hvert hann hygðist stefna, hvaða framtíðarsýn hann hefði í málinu og hvernig hann hygðist taka á þeim vanda sem uppi er og allir viðurkenna en það var í reynd ekkert sem kom fram, ekki nokkur skapaður hlutur. Það kom þó það eitt fram að málið hefði verið í nefnd, mundi verða eitthvað áfram í nefnd og væntingar væru um að nefndin skilaði af sér um áramótin. Það kom ekkert fram að hæstv. ráðherra hefði sjálfstæðan vilja í málinu. Það kom

ekkert fram um það að hann hefði einhverja sýn í málinu. Það kom ekkert fram sem sagði okkur að hann ætti eitthvert erindi eða hefði eitthvert innlegg í það að leysa þessa deilu.

Og það er afar erfitt, virðulegi forseti, að eiga hér viðræður við hæstv. ráðherra, pólitískan ráðherra sem sjaldan eða aldrei virðist hafa nokkra pólitíska sýn, nokkra sýn á það hvernig leysa eigi úr þessu. Þetta mál hefur lengi verið til umræðu. Það er engin niðurstaða fengin en ég segi það aðeins að ég hvet menn til þess að reyna að finna lausn á þessu og afgreiða á þann hátt að ríkisvaldið sjái um tónlistarmál á framhaldsskólastigi.

[14:15]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Hvort tónlistarkennsla á framhaldsskólastigi eigi að vera á vegum ríkis eða sveitarfélaga er sjálfstætt úrlausnarefni. Ég vek athygli á að nú er starfandi á vegum hæstv. félmrh. verkefnisstjórn sem sérstaklega á að fjalla um verkaskiptingu og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sú verkefnisstjórn hlýtur að taka þetta mál til umfjöllunar í störfum sínum.

Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gat um áðan hafa deilur ríkis og sveitarfélaga um þessi mál fyrst og fremst bitnað á nemendum. Það er auðvitað miður. Það er mikilvægt fyrir menntun og þroska barna og ungmenna að þau fái að stunda sitt tónlistarnám, þroska hæfileika sína og auðga líf sitt og annarra.

Ef sú krafa er gerð til Reykjavíkurborgar að borgin standi undir kostnaði við tónlistarnám nemenda úr öðrum sveitarfélögum þá er jafnframt verið að skerða möguleika borgarinnar til að nota takmarkaða tekjustofna sína til að bjóða reykvískum ungmennum upp á almennilegt tónlistarnám. Í því felst ákvörðun um að skattgreiðslum foreldra reykvískra ungmenna sé betur varið til að styðja ungmenni úr öðrum sveitarfélögum en Reykjavík.

Að mínu mati, ég verð að segja það sem þingmaður Reykjavíkur, hæstv. forseti, þá gengur ekki upp að gera slíkar kröfur til Reykjavíkurborgar.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að þetta mál eigi fullt og brýnt erindi inn í umræður á Alþingi og þó fyrr hefði verið. Eins og réttilega hefur komið fram þá á þetta mál sér langan aðdraganda. Þessi mál hafa alls ekki verið í nægjanlega góðu lagi og ein aðalundirrót þess er sú að ríkið hefur dregið lappirnar gagnvart því að viðurkenna skyldur sínar á þessu sviði. Það er alveg ljóst. Það hefur ýtt málinu á undan sér og látið sér vel líka að hafa málið hjá sveitarfélögunum og kostnaðarskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga óklára.

Þetta hefur síðan leitt inn í vandamál sem þessu tengjast, t.d. varðandi kjaramál tónlistarkennara og þann núning sem upp er kominn í innbyrðis samskiptum sveitarfélaga á þessu sviði. Ég held að hæstv. menntmrh. geti náttúrlega ekki látið eins og það sé honum algerlega óviðkomandi bara af því að málið sé eitthvað sem sveitarfélögin eigast við um. Hæstv. menntmrh. er menntmrh. og ber ábyrgð á því að tónlistarfræðslu sé haldið uppi í landinu, með reisn og af myndarskap. Öll vandamál sem upp koma í þeim efnum heyra undir menntmrh. sem yfirmann þeirra mála. Hins vegar hefur þetta oft skotið upp kollinum, þessi ríka tilhneiging ráðherra Sjálfstfl. til að fá sér fjarvistarsannanir frá slíkum hlutum og skella skuldinni á einstakar stofnanir, sveitarfélögin eða aðra slíka aðila.

Hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. líta yfirleitt svo á að þeir geti ráðið því sjálfir hvenær þeir eru ráðherrar og hvenær ekki. Þeir eru sem sagt menntamálaráðherrar þegar það er gaman og allt gengur vel en þegar eitthvað annað er upp á teningnum og vandamál sem hægt er að kenna öðrum um þá eru þeir ekki ráðherrar lengur. Þetta gengur auðvitað ekki svona.

Það er heldur engin lausn í málinu að skamma Reykjavík. Auðvitað ber Reykjavíkurborg mikla ábyrgð, bæði ríki og borg bera hér mikla ábyrgð sem langstærstu aðilarnir í þessu máli. Það er engin lausn að skamma Reykjavík með fullkomlega ómálefnalegum hætti eins og menn hafi engan skilning á þeim aðstæðum sem þar hafa komið upp. Hliðstæð dæmi, þó á smærri skala séu, eru uppi í mörgum öðrum sveitarfélögum í landinu og þetta þarf að leysa.

[14:19]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Sú ágæta umræða sem hér fer fram leiðir hugann að tónlistarfræðslu og mikilvægi hennar fyrir tónlistar- og menningarlíf í landinu. Hér á landi höfum við valið okkur að haga málum þannig að tónlistarskólarnir séu í höndum sveitarfélaga.

Ég þekki það mjög vel sjálf, sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður á Snæfellsnesi, hversu gríðarlega mikilvægar menningarmiðstöðvar tónlistarskólarnir eru. Það verður aldrei ofmetið. Það er vert að hafa í huga að þessi starfsemi skiptir máli þegar fólk velur sér búsetustað. Þetta eru mál sem skipta í raun máli fyrir búsetuþróun.

Í gegnum tíðina hafa nemendur utan af landi leitað til höfuðborgarsvæðisins, þá fyrst og fremst til Reykjavíkur, í framhaldsnám. Það er þá að vonum að það séu vonbrigði fyrir þetta unga fólk og fjölskyldur þeirra að Reykjavíkurborg hefur ákveðið að innheimta gjald af nemendum sem sækja tónlistarskóla í Reykjavík. Hvaða áhrif mun þetta hafa? Það er vert að velta því fyrir sér. Ég held að áhrifin geti m.a. orðið þau að þessir nemendur flytji lögheimili sitt til Reykjavíkur. Er það það sem við viljum? Er það það sem liggur að baki hjá Reykjavíkurborg, að toga til sín fleira ungt fólk til búsetu í Reykjavík með því að neyða nemendur og foreldra þeirra til að greiða gjöld fyrir framhaldsnám í tónlist? Mér finnst þetta ömurleg staða sem alls ekki hæfir höfuðborg landsins.

Hér hefur einnig verið komið inn á kennaranámið. (Forseti hringir.) Það er mjög mikilvægt mál. Ég hefði gjarnan viljað ræða það frekar en tíminn leyfir það ekki.

[14:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem komu við fyrirspurn minni þó að hann eigi eftir að svara lokaspurningunni. Ég verð jafnframt að segja að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með innihald þeirra. Hæstv. ráðherra verður að viðurkenna að skilin á milli þessara skólastiga hafa orðið skýrari eftir því sem árin hafa liðið. Þegar kostnaðarskiptingarsamkomulagið var gert árið 1989 var skammt í að grunnskólarnir færu yfir til sveitarfélaganna. Eftir að grunnskólarnir fóru yfir til sveitarfélaganna hafa menn í auknum mæli gert sér grein fyrir því að framhaldsnám í tónlist er orðið afmarkaðra fyrirbæri en það var 1989 og fram til 1995. Við skulum átta okkur á því að þetta hefur verið að kristallast síðasta áratug.

Við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vil ég segja að Reykjavíkurborg er sannarlega ekki eina sveitarfélagið sem hefur þann hátt á sem nú hefur verið tekinn upp. Akureyri hefur t.d. alla tíð innheimt gjöld vegna þeirra nemenda sem

sækja tónlistarnám á Akureyri en eru utan sveitarfélagsins. Þetta er ekki neitt einsdæmi hjá Reykjavíkurborg. Hins vegar eru aðgerðir Reykjavíkurborgar til þess gerðar að beita þrýstingi á ríkisvaldið sem verður að fara að gera upp hug sinn í þessu máli og láta ekki eins og framhaldsnám í tónlist sé ekki til, að þetta menntaskólastig í tónlistarnámi sé ekki til.

Mér virðist ríkisvaldið víkja sér undan ábyrgð í þessum efnum og ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það. Ég varð einnig fyrir vonbrigðum með þau svör hæstv. ráðherra er hann talaði um einhvers konar ígildi kennaranáms í Listaháskóla Íslands. Mér skildist það á máli hans áðan að það ætti að leggja áherslu á að nemendur yrðu búnir undir kennarastörf þó ekki væri um eiginlegt kennaranám að ræða. Ég spyr: Er hæstv. ráðherra að boða einhverja gengisfellingu eða gjaldfellingu kennaranáms í listum? Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum ef svo er.

Ég vil að lokum (Forseti hringir.) segja, herra forseti, að meðan staðan er eins og hún er þá eru það nemendur og foreldrar þeirra sem gjalda þess.

[14:24]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er rétt að svara því sem hv. fyrirspyrjandi lagði fram þegar hún spurði hvort hugmyndin væri að gera tónlistarskóla í Reykjavík að menntaskóla fyrir tónlist. Það eru ekki hugmyndir uppi um það. Það er hins vegar margs kyns misskilningur hér í gangi.

Í fyrsta lagi er ekki hægt að halda því fram að þegar tónlistarnám hófst í Listaháskóla Íslands hafi námið verið gengisfellt. Hvernig dettur mönnum í hug að segja þetta? (**KolH:** Kennaranám, kennaranám) Það er fjarri lagi. Það er að sjálfsögðu búið að flytja þetta nám upp á háskólastig og það er mikil framför. Það er staðið mjög vel að náminu í Listaháskóla Íslands að því er varðar tónlist, afskaplega vel. (**KolH:** Þetta er rangtúlkun á orðum mínum, ráðherra).

Það er reiknað með því að ofan á grunnnámið verði byggt kennaranám. Það er verið að vinna að því að skoða uppbyggingu námsins í samræmi við þá þróun sem er í Evrópu, þar sem stefnt er að því að að kennarar í tónlist ljúki meistaraprófi.

Að sjálfsögðu er ekki á nokkurn hátt hægt að lýsa málinu eins og þar sé um gengisfellingu að ræða. Ég er undrandi yfir því að heyra slíkt hér. (**KolH:** Þetta er útúrsnúningur.)

Í öðru lagi, ef ég fæ frið, hæstv. forseti, til að koma máli mínu frá mér, vil ég geta þess að hér er farið svolítið losaralega með hugtök. Það er enginn ágreiningur í nefndinni sem ljúka mun störfum fyrir áramót um að þar verði ekki fjallað um samskipti sveitarfélaganna varðandi málefni nemenda sem stunda tónlistarnám fjarri lögheimili sínu. Það er vandamál sveitarfélaganna og þau eiga að leysa það. Hins vegar er góður vilji fyrir því að fjalla þar um tónlistarnám innan framhaldsskólanna. Það mál verður örugglega leyst og verður auðvelt að leysa. En þar verður ekki, og það er samkomulag um það í nefndinni, fjallað um málin á þeim grundvelli sem hér hefur verið rætt um og nánast alla tíð.

Mikilvægt er að menn átti sig á því að það eru til mismunandi námsstig í tónlistarkennslunni. Það er til grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Það endurspeglar ekki skipulag skólans. Þannig geta nemendur grunnskólans verið í framhaldsnámi og nemendur í framhaldsskólunum verið í grunnnámi.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[14:27]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta var til umræðu fyrr í dag og er þeirri umræðu nú haldið áfram. Fyrsti flutningsmaður þáltill. er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og nokkrir aðrir þingmenn Samf. Tillagan fjallar um að afla þurfi grunngagna og gera náttúrufarskort.

Ég vil bara segja í upphafi að ég styð heils hugar þá tillögu sem hér er flutt, þau markmið sem sett eru fram í þessari þáltill. og þau rök sem fyrir henni eru færð.

Það er afar brýnt að vinna samræmdan gagnagrunn, upplýsinga- og gagnagrunn um náttúrufar og aðra þætti í náttúru Íslands. Það er mjög mikilvægt að það verði gert á ábyrgð hins opinbera, að hið opinbera sjái svo um að þessir þættir séu bæði rannsakaðir og metnir á óhlutbundið og óháð en ekki undir pressu framkvæmdaraðila líkt og við höfum mátt búa við. Við þekkjum þá umræðu, hvort sem verið hefur í kringum stórframkvæmdir í vegamálum eða virkjanamálum. Þar er hlaupið upp til handa og fóta og reynt að afla lágmarksgrunngagna til að uppfylla lágmarkskröfur umhverfismats fyrir framkvæmdir sem hafa áhrif um ófyrirsjáanlega framtíð. Slíkt býður upp á ófullkomna og óvandaða vinnu miðað við það sem við vildum sjá.

Þess vegna er mjög mikilvægt að þessi öflun grunngagna sé gerð af fullkomlega opinberum og óháðum aðilum þannig að ekki þurfi að blandast inn í þá vinnu, það mat, þær niðurstöður og sú skýrslugerð sem slík vinna mundi leiða af sér, tímabundnir eða ótímabundnir hagsmunir einstakra framkvæmdaraðila eins og við höfum mátt verða vitni að á undanförnum árum. Er skemmst að minnast ágreinings á milli framkvæmdaraðila í stórframkvæmdum og vísindamanna sem höfðu unnið ákveðnar grunnupplýsingar um mat og túlkun á þeim. Því betri og vandaðri upplýsingar sem við höfum því minni hætta er á að til árekstra komi í mati á þessum ýmsu náttúrugæðum sem við hér erum að fjalla um.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp að fyrir allmörgum árum, líklega rétt upp úr 1990, hóf Hólaskóli vinnu við að gera samræmdan gagnagrunn fyrir lífríki vatna á Íslandi, fyrst og fremst í stöðuvötnum. Til grundvallar voru þar notaðir alþjóðlegir staðlar við að meta lífríki og eðlisþætti ferskvatna á Íslandi. Það er alveg sjálfsagt að geta þess hér að þessar rannsóknir fóru af stað þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var umhvrh. og veitti Hólaskóla örlitla fjárveitingu úr ráðuneytinu til að hleypa þessum rannsóknum af stokkunum. Það er sjálfsagt að geta þess sem vel er gert og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði vel á þeim tíma.

Síðan hefur það orðið til þess að fleiri samstarfsaðilar hafa komið inn í þetta stórverkefni um samræmdan gagnagrunn fyrir lífríki og eðlisþætti ferskvatna á Íslandi. Ég verð að segja að það væri betur ef þessu hefði verið rækilega fylgt eftir hér þegar umræðan fór á skrið upp úr 1990, að unninn hefði verið gagnagrunnur fyrir sem flesta þætti lífríkis á Íslandi. Þá stæðum við mun betur að vígi nú til þess að meta þær framkvæmdir t.d. sem við höfum verið að takast á um og eigum eftir að takast á um á næstunni. Það væri líka bara grunnvitneskja um þessa auðlind okkar Íslendinga sem við náttúrlega byggjum líf okkar á.

Það er hægt að hafa mörg fögur orð um markmið, tilgang og nauðsyn þess að vinna þá vinnu sem hér er tíunduð. Það er líka hægt að lýsa hryggð sinni yfir því að stjórnvöld skuli ekki hafa tekið á þessum málum af tilhlýðilegri festu og ábyrgð, varið til þess fjármagni og forgangsraðað inn í verkefni sín. Þessar grunnrannsóknir á hinu fjölbreytta lífríki Íslands og eðlisþáttum íslenskrar náttúru á að vinna á hlutlausan og opinberan hátt og þær eiga síðan að liggja fyrir þegar verið er að taka ákvarðanir um að grípa inn í lífríkið. Þegar við erum að ráðast í stórframkvæmdir sem allar hafa áhrif á viðkomandi lífríki ættu þessar grunnupplýsingar að vera til staðar. Ég tek því bara undir það meginmarkmið þáltill. að þetta mál, öflun grunngagna um náttúrufar landsins, sé sett í algjöran forgang í þeirri vinnu sem við stöndum nú frammi fyrir, einmitt að meta þessi gæði og hvernig með skuli fara til skemmri og lengri tíma. Ég vildi bara, virðulegi forseti, taka það fram við þessa umræðu að þetta mál er alveg tímabært. Það hefur verið flutt áður og það ítrekar þá forgangsröðun sem hið opinbera á að hafa í umgengni og upplýsingaöflun um náttúru landsins. Því er brýnt að þær áherslur sem hér eru lagðar fram stýri ferð í auknum mæli af hálfu opinberra stjórnvalda.

[14:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér till. til þál. um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta og ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við hana. Hér er afar gott mál á ferðinni og brýnt að mínu mati. Það kemur að sjálfsögðu til vegna þess að stjórnvöld hafa ekki sett þennan málaflokk í forgang sem er auðvitað val stjórnvalda þannig að hér hafa hlutirnir farið fremur hægt af stað. Satt að segja mega kannski samningarnir sem gerðir voru í Ríó 1992 eiga það að þeir hristu örlítið upp í íslenskum stjórnvöldum þó svo að þau hafi brugðist afar seint við.

Á síðustu árum hefur, eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh. fyrr í þessari umræðu, þó verið reynt að gera ýmislegt, á síðustu þremur árum vil ég meina. Það hefur að hluta til verið gert í tengslum við vinnu við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að hluta til í gegnum fjárveitingar til Landmælinga. Allt er það gott sem vel er gert en hér er auðvitað um verkefni að ræða af þeirri stærðargráðu að mér þykir eðlilegt að það sé forgangsverkefni hjá umhverfisyfirvöldum á Íslandi.

Við búum í afar stóru landi sem er ríkt af náttúrugæðum. Náttúran okkar er einstök í veröldinni, búsvæðagerðirnar einstakar og það starf sem er hafið í skráningu búsvæðagerðanna á Náttúrufræðistofnun Íslands er algjörlega til fyrirmyndar. En þar er ekki bara um hefðbundna kortagerð að ræða, frú forseti, heldur hefur skráning búsvæða og búsvæðagerða vítt og breitt um hálendi Íslands staðið þar yfir og gerð korta á grunni þeirra greininga. Ég hef orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að kíkja aðeins yfir öxlina á þeim vísindamönnum sem hafa unnið búsvæðagerðagreiningarnar og kennslustundirnar sem maður getur farið í hjá þeim vísindamönnum eru afar fróðlegar.

Það er að hluta til nýtt hér í landinu að fara í svona greiningu á náttúrufarinu og gera kort af búsvæðagerðum okkar. Ég held að við þurfum að opna augu okkar fyrir því að hér getum við, eins og í svo mörgum öðrum málum, tekið ákveðna forustu. Ég held að við höfum á að skipa frábærum vísindamönnum sem hafa miklu meiri getu en þeir geta látið í ljósi vegna þess að fjármunirnir til málaflokksins hafa verið af skornum skammti.

Ég hef átt sæti í umhvn. Alþingis sem fékk þetta mál til sín í fyrra en fjallaði ekki um það þá. Þetta er dæmi um mál sem kemur frá stjórnarandstöðuþingmönnum og þar af leiðandi er það lagt til hliðar og fær ekki afgreiðslu. Nú vil ég bara segja það hér í þessari umræðu að það er afar brýnt að þingið fái tækifæri til að taka afstöðu til þessa máls þegar þar að kemur. Það liggja fyrir jákvæðar umsagnir um málið frá fagaðilum, sem skipta auðvitað verulegu máli, og stjórnvöld verða að fara að láta af þeim leiða sið að salta ævinlega frumvörp eða þáltill. sem koma frá stjórnarandstöðunni, það má segja nánast sama hversu góð þau eru.

Nú lýsti hæstv. umhvrh. því hér í morgun að hún væri í sjálfu sér samþykk efni málsins. Hún lýsti því yfir að verið væri að vinna að málinu, jú, það er rétt, en það er ekki verið að vinna að því á þeim hraða sem telja mætti eðlilegan og ekki heldur nægilega vel til þess að segja megi að við stöndum okkur vel varðandi þá alþjóðlegu samninga sem við höfum skuldbundið okkur til. Vil ég þá sérstaklega nefna samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika því að framkvæmdaáætlun um þann samning hefur ekki enn þá litið dagsins ljós.

Það er auðvitað gífurlega brýnt að stjórnvöld taki á í þessu máli, reki af sér slyðruorðið og bretti upp ermar því að hérna held ég að við getum tekið ákveðna forustu í heiminum og ég held að við getum kennt vísindamönnum vítt og breitt um veröldina hvernig við förum í þessa vinnu. Eins og ég segi, vísindamennirnir okkar hafa meiri getu en þeim er heimilt að nota núna vegna fjárskorts. Ég vil bara að það verði hætt að láta framkvæmdaraðila ævinlega ráða því hvað er rannsakað og hvað er skoðað og að farið verði að gera það á forsendum náttúruverndarinnar og þeirra vísinda sem þar liggja að baki.

[14:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara koma hér örstutt upp varðandi þetta mál og tjá þá skoðun mína að hér sé farið skipulega og vel af stað í þeirri hugsun að kortleggja náttúrufar, náttúrugögn og upplýsingar um náttúruna með skipulögðum hætti þannig að aðgengilegar séu.

Ég hef reyndar haft mjög mikinn áhuga á þessu sviði, bæði til lands og sjávar, þó kannski frekar til sjávar, í ein 20 ár. Mér hefur lengi fundist mikið á slíkar upplýsingar skorta, virðulegi forseti, t.d. þegar við tökum okkur það fyrir hendur að stöðva nýtingu á svæðum sjávarins þar sem við höfum með reglugerðum eða lögum lokað hafsvæðum fyrir veiðum. Eftir að stundaðar hafa verið veiðar langtímum saman er lokunin algjörlega tilviljanakennd og þekkingin sem menn vilja fá er ekki aðgengileg. Vegna hvers? Jú, það er auðvitað nákvæmlega það sem kemur fram í meginefni þessarar tillögu, það er engin skráning til um það sem fyrir er.

Við höfum upplifað það hér á fiskimiðunum við Ísland að svæðum hefur verið lokað í tvo áratugi og enginn vissi hvernig svæðið var þegar því var lokað, hvernig botngerð þess var eða hvaða breytingar höfðu orðið á svæðinu. Engin úttekt fór fram, ekki einu sinni á fyrsta ári lokunar, til að skoða hvernig svæðið leit út og undirbyggja þekkingargrunn þannig að það væri hægt að sjá hvað gerðist þá á næstu 20 árum meðan svæðið væri ekki í notkun. Það er alveg nákvæmlega sama með þetta sem hér er lagt til, það er

nauðsynlegt að slíkar upplýsingar séu til og skráðar þannig að menn geti gengið að þeim og séð hvernig ástandið var t.d. á ákveðnum svæðum landsins á ákveðnum tíma. Þess vegna tel ég að hér sé verið að flytja mjög merkilegt mál og nauðsynlegt.

Ég vek athygli á þessu varðandi sjóinn vegna þess að mér finnst ömurlegt að menn skuli sitja uppi með það eftir að hafa takmarkað veiðar eða notkun á einhverjum svæðum að vita ekkert hvað gerðist. Engar grunnrannsóknir fóru fram þegar hætt var að nýta svæðin og þar af leiðandi hafa menn engan samanburð þegar þeir hugsanlega vilja fara að skoða þau. Ef menn vildu hugsanlega fara og skoða slík svæði yrðu þeir að standa fyrir mjög dýrum og umfangsmiklum rannsóknum utan við slík svæði og bera svo saman við það sem innan við er en það er hrein tilgáta því að líf á mismunandi svæðum, hvort sem er til lands eða sjávar, er bara ekkert eins á ólíkum svæðum. Það er mjög breytilegt eftir veðurfari, eftir því hvort land nýtur skjóls eða er á berangri o.s.frv., og mjög stutt er á milli svæða þar sem gróðurfar er gjörsamlega ólíkt.

Ég tel að þessi tillaga sé mjög af hinu góða og að svona skipuleg vinnubrögð sem hér eru lögð til mundu færa okkur þekkingu sem við gætum svo byggt á sjálf þegar við værum að hugsa um landnýtingu okkar eða aðra nýtingu náttúrunnar en e.t.v. hefur verið til staðar á undanförnum árum og áratugum.

[14:44]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Frú forseti. Ég vil fyrst og síðast koma hér í pontu í annað sinn í þessari umræðu til að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni í dag, reyndar hæstv. ráðherra líka sem hefur nú vikið sér úr húsi, og þó sérstaklega þeim hv. þm. sem hafa tekið vel í tillöguna og lýst yfir eindregnum stuðningi við hana.

Ég held satt best að segja, frú forseti, að efni tillögunnar sé þessi eðlis að flestum þyki skynsamlegt að fara í þessa vinnu. Það kann að vera deilt um það hversu hratt á að gera það, vegna kostnaðar, og hver forgangsverkefnin eigi að vera. En ég vil taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem sagði áðan að það væri skoðun hennar að þetta hlyti að vera forgangsverkefni númer eitt, tvö og þrjú hjá umhverfisyfirvöldum. Það er kannski ekki síst það sem ég er að kalla eftir með þessari umræðu og held að með því að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir væri verið að lýsa því yfir að þetta væri það mark sem stefnt væri að, og þá tækju stjórnvöld beinlínis þá stefnu að þetta væri vinna sem ætti að leggja mikla áherslu á. Við getum svo deilt um það á hversu mörgum árum eigi að gera það.

En það er einfaldlega, frú forseti, erfitt að fá umræðu um náttúruvernd, landnýtingu eða virkjanakosti í skynsamlegan farveg á meðan þessi gögn liggja ekki fyrir, á meðan skráninguna vantar og grunnrannsóknir eru kannski að stórum hluta til í höndum framkvæmdaraðila.

Ég vil líka endurtaka það sem ég sagði í umræðunni fyrr í dag að á nýafstöðnu umhverfisþingi var það álit a.m.k. tveggja hópa sem þar störfuðu að þetta ætti að vera forgangsverkefni. Það kom töluvert fram í umræðum á umhverfisþingi. Því segi ég enn og aftur, frú forseti, að ég vonast til þess að þessi tillaga fái raunverulega og góða umfjöllun í hv. umhvn. og í þinginu aftur og að hún verði afgreidd. Umsagnaraðilar hafa tekið mjög vel í hana þannig að þeir sem starfa á þessum vettvangi virðast vera hlynntir efni tillögunnar.

Ég held líka að það sé mikilvægt að við horfum til þess að við höfum verið í vandræðum með ferlið um mat á umhverfisáhrifum. Um það held ég að við getum öll verið sammála, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, það hafa verið óvenjumiklar deilur hér á landi um úrskurði varðandi mat á umhverfisáhrifum og ég er sannfærð um að það stafar af því að það vantar ákveðin grunngögn. Við getum borið þetta saman við reynsluna frá öðrum löndum þar sem framkvæmdaraðilar geta gengið að ákveðnum grunngögnum vísum, það er til kort af viðkomandi svæði og þá er til ákveðið, ef við getum orðað það svo, verðmætamat. Það er búið að leggja ákveðið mat á verðmæti þessa tiltekna lands út frá einhverjum alþjóðlegum, viðurkenndum stöðlum.

Hvernig í ósköpunum eigum við öðruvísi að verðmeta land, við getum orðað það þannig, en að styðjast við einhverja staðla til þess? Smekkur okkar er misjafn. Við hljótum að gera þá kröfu að þarna sé unnið faglega. Sú aðferðafræði sem hér er lögð til er ekki fundin upp af mér, hún hefur verið þróuð hjá öðrum ríkjum. Hún er byggð á ákveðinni grunnhugsun sem birtist í ákveðnum alþjóðlegum sáttmálum sem við erum bundin af. Hvers vegna ættum við ekki að tileinka okkur þessa aðferðafræði?

Hæstv. umhvrh. sagði í morgun að við værum lítið land og það væri mjög dýrt fyrir okkur að fara út í þessa vinnu. Vissulega kostar hún peninga. Ég held samt að það sé líka mikilvægt fyrir hæstv. umhvrh. og stjórnvöld að hafa í huga að hér hafa farið fram ansi miklar framkvæmdir uppi á hálendi Íslands, það hefur verið mikið farið í virkjanir og þess vegna er mjög mikilvægt að þessi vinna sé unnin hratt og vel. Ég er líka sannfærð um að mikið fé mundi sparast ef þessi gögn væru til staðar. Miklir fjármunir hafa farið af hálfu stjórnvalda í öll málaferlin og allar deilurnar sem hafa staðið um úrskurðina um mat á umhverfisáhrifum og kæruferlin. Allt kostar þetta peninga og þar erum við Íslendingar miklir meistarar í samanburði við aðrar þjóðir. Af einhverju stafar það, frú forseti.

Ég held líka að þessi skráning sé mikilvæg til þess að fá umræðu um náttúruvernd upp úr tilfinningasemi. Þó að hún sé alltaf að einhverju leyti háð tilfinningum og mati hvers og eins held ég að það sé mikilvægt að reyna að fá hana niður á einhvern mælanlegri mælikvarða. Eins og þessi mál horfa við okkur í dag skortir skýra efnislega mælikvarða svo að unnt sé að meta og kortleggja náttúruna.

Ég vek líka athygli á því sem kemur fram í tillögunni að það er lagt til að með þessu séu gerðar ákveðnar lágmarkskröfur til gæða gagnanna. Eins og þetta er í dag eru framkvæmdaraðilarnir sjálfir í raun og veru að meta það hversu góð gögnin séu sem þeir leggja fram sjálfir. Við getum líka lagt fram rök fyrir þeirri skoðun að í raun og veru sé umhverfismatið ekki jafngott og það gæti verið ella ef gögnin væru unnin af hlutlausum aðilum.

Frú forseti. Ég tel að með því að samþykkja þessa tillögu sé unnt að standa skynsamlegar að landnýtingu en nú hefur verið gert, og nýtingu náttúruauðlinda yfirleitt. Ég tel að þarna höfum við fordæmi hjá öðrum þjóðum fyrir aðferðafræði sem virkar og að við eigum að taka hana upp.

Enn og aftur, frú forseti, vil ég þakka fyrir þessa umræðu og sérstaklega þeim hv. þm. sem lýstu yfir eindregnum stuðningi við tillöguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 29. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 29.

[14:51]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998. Flm. að þessu frv. ásamt mér eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir.

Frumvarpið er mjög einfalt í sniðum. Það er aðeins ein grein og svo lagagildingargreinin. 1. grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda."

Síðan er lagagildingargreinin um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Þessu fylgir örstutt greinargerð, svohljóðandi:

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða séríslensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis hefur áður verið lagt hér fram, á 128. löggjafarþingi, en var þá ekki afgreitt úr nefnd og er því lagt fram að nýju.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns er þetta frv. nokkuð einfalt í sniðum. Það kveður á um það að heimilisiðnaður, eins og við viljum kalla það — ég mundi jafnvel vilja kalla það listgrein hjá mörgu fólki sem er mjög hæft í því að framleiða dýrindis matarvín — verði löglegur, það verði ekki talið lögbrot lengur að framleiða vín sem er upp að 15% styrkleika af hreinum vínanda.

Eins og málum er háttað hér á landi í dag er hægt að kaupa öll tækin til að framleiða vín og það gerir fólk í stórum stíl, það kaupir sér útbúnaðinn og framleiðir sín eigin vín. Mörg þeirra vína eru prýðilega góð og það sem meira er, fólk hefur á undanförnum árum og áratugum verið að þróa með sér þekkingu á þessu sviði, m.a. þá að nýta íslenskar jurtir og ávexti til þess að framleiða úr dýrindis matarvín.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þessi vín eru höfð um hönd á heimilum viðkomandi manna og eru jafnvel einstöku sinnum gefin í tækifærisgjafir. Ég hygg að þeim sem fá að njóta og taka við finnist það hin besta gjöf að fá framleiðslu fólks sem kann til verka og er jafnvel búið að framleiða matarvín mjög lengi og af hinni mestu snilld Mörgum finnst ugglaust gaman að fá slíka persónulega gjöf.

En einmitt þessi athöfn, að gefa framleiðslu sína öðrum, bera hana á borð fyrir aðra eða jafnvel að neyta hennar sjálft, er ólögleg vegna þess að styrkleiki vínanna er yfir þeim mörkum sem fólki er heimilt að framleiða. Þetta vitum við auðvitað öll og það hefur gætt mikils tvískinnungs í þjóðfélaginu um afstöðu til þess fólks sem framleiðir sitt eigið matarvín.

Þetta litla frv. sem við höfum stundum kallað í gamni „litla bruggmálið" hefur komið áður fyrir augu hv. alþm. án þess að það hafi náð að fara í gegnum hið háa Alþingi. Ég vænti þess nú að menn láti af tvískinnungi sínum, hv. alþm. sem aðrir, og viðurkenni að hér á landi framleiðir fólk sitt eigið vín, enda er löglegt að kaupa tæki til þess og annan útbúnað í verslunum. Ég leyfi mér að fullyrða, virðulegi forseti, að margir hér á landi, mjög margir, kunna afar vel til verka við að framleiða sín eigin matarvín. Sú sérstaka framleiðsla sem betrumbætt er með íslenskum ávöxtum eða jurtum eða þar sem framleiðslan er eingöngu úr íslenskum ávöxtum og jurtum er afar sérstök að mörgu leyti. Ég get alveg fullyrt það fyrir mína parta að betri vín með villibráð — ég vil kalla íslenskt lambakjöt villibráð — en heimatilbúið vín úr krækiberjum eða aðalbláberjum með slíkum réttum, ég tala nú ekki um með fuglum, hreindýrakjöti o.s.frv., fyrirfinnist varla. Mér finnst a.m.k. að þau vín sem ég hef smakkað hjá fólki smellpassi við slíkar náttúruafurðir.

Þetta litla frv. sem hér er lagt fram gerir það að verkum fyrst og fremst, ef samþykkt yrði, að menn verða ekki lögbrjótar við að framleiða það sem þeir gera hvort eð er í dag. Þeim tvískinnungi í íslensku þjóðfélagi yrði hætt, að halda því fram að fólk kaupi sér víngerðartæki og framleiði ekki vín sem er yfir þeim styrkleikamörkum sem fólki er heimilt að framleiða í dag. Ég legg til að við hættum þeim tvískinnungshætti að halda því fram að hér geti menn keypt allar grænjurnar en megi bara ekki nota þær. Þetta er vægast sagt furðuleg afstaða og ég eiginlega skil ekki í jafnhreinskilinni þjóð og Íslendingum sem játa á sig hvert lögbrotið á fætur öðru og ráðherrarnir hlæja að í mesta lagi. Það gerðist á Landssambandsþingi smábátaeigenda í gær, þar sögðu menn: Ja, við hendum nú þessum tegundum hreinlega í sjóinn. Og ráðherra bara brosti. Menn gera ekkert með það. En lögin eiga samt að vera í gildi þó að þau stangist á við alla framkvæmd.

Sama er um þetta mál nema það að fólkið sem framleiðir þessi vín er í raun og veru að nýta sér íslenska náttúru og það er ekki að taka afurðirnar frá neinum. Það er yfirleitt að nýta þær í eigin landi því að margir bændur og bændakonur kunna vel til verka í þessum efnum og það er fullur sómi að þeirri framleiðslu.

Ég hygg að sú opnun sem hér er lögð til, að bruggun upp að 15% styrkleika af hreinum vínanda verði lögleg og að menn megi bera hana á borð fyrir gesti sína án þess að það sé lögbrot, sé hæfileg. Þetta opnar hins vegar alls ekki á að menn geti farið að selja vín. Það þarf miklu meiri breytingar og miklu meiri uppfyllingar á lagaskilyrðum til þess að fólk geti framleitt vín til sölu. Þá eru menn auðvitað komnir undir heilbrigðisreglugerðir og fjöldamörg önnur ákvæði svo sem þjófaheldar víngeymslur o.s.frv. Menn mega ekki misskilja það að það frv. sem hér er verið að ræða sé um það að allir gætu farið að framleiða heimagerð matarvín og allir gætu tekið upp sölu á þeim. Það er ekki þannig. Það gæti enginn farið að selja vín samkvæmt þessari lagaheimild sem hér væri opnað á. Hér væri eingöngu opnað á það að fólki væri heimilt að framleiða þessi vín og bera þau á borð fyrir gesti sína án þess að það teldist lögbrot.

Ég álít, virðulegi forseti, að sú vínmenning sem hefur þróast hér á landi á undanförnum árum, að fólk nýti og noti meira af léttum vínum en var kannski hér áður og fyrr, sé

af hinu góða. Ég tel að ef við getum opnað á það og hvatt til þess að menn geti framleitt afurðir úr íslenskum jurtum og ávöxtum séum við að auka menningu okkar og opna á ný svið sem núna eru lögbrot, virðulegi forseti. En fólk framleiðir auðvitað sín eigin vín og margir eru snillingar í því.

Ég lít svo á að þetta sé opnun á það að hér megi koma fram áhugi fólks, vilji og geta til þess að framleiða góða matardrykki, sem matarvín eru vissulega, og það þurfi ekki að vera með sérstakar bindindispredikanir í sambandi við þetta mál. Vilji okkar er ekki sá að opna fyrir framleiðslu á heimabruggi til þess að fólk fari að sjóða af því spíra, við erum ekki að því. Hér er eingöngu verið að opna á það að fólk megi gera sitt heimagerða vín á löglegan hátt en sé ekki, eins og það er í dag, lögbrjótar við slík verk.

Ég held að ég geti ekki haft mikið lengra mál um þetta, þetta er lítið mál. Þetta er nefnilega „litla bruggmálið" sem mér finnst að hv. Alþingi eigi að klára og sjá sóma sinn í að afgreiða til að við höldum ekki áfram hér, hv. alþingismenn, að segja fólki að það megi kaupa tækin, það fái sérstakar leiðbeiningar um hvernig eigi að nota þau, en síðan sé það lögbrot að nota þau. Þetta er tvískinnungur, virðulegi forseti, og á ekki skylt við þróun og hugsun í nútímaþjóðfélagi. Ég held einnig, eins og við höfum reyndar vikið að hér, að á skömmum tíma, nokkrum árum, geti komið upp sú þekking við framleiðslu á íslenskum matarvínum að þetta geti orðið undirstaða síðar að framleiðslu sem yrði söluvara en þá þarf bara málið að fara í annan farveg heldur en opnað er á í þessu frv. Þetta frv. gerir ekkert annað en að gera það löglegt sem menn aðhafast í dag og allir vita og enginn skiptir sér af en er samt sem áður lögbrot, virðulegur forseti.

[15:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég kem hingað í ræðustól til að þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir afar skemmtilega ræðu um litla bruggmálið og verð að segja að ég hef afar mikla samúð með þessu frv. Ég hef reyndar kallað það „litla heimilisiðnaðarfrumvarpið" (**GAK:** Það er betra orð.) og ég held að það geti svo sem alveg gengið líka.

En ég get tekið undir svo margt sem hv. þm. sagði. Tilgangur frv. er alveg ljós. Hann er náttúrlega sá að fólk hafi ekki á tilfinningunni þegar það er að brugga sín kækiberjavín að það sé að brjóta lög því að það er alveg vitað að fólk hefur þróað með sér þekkingu og færni til þess að búa til sín heimagerðu borðvín og sú þekking og sú færni gæti jafnvel orðið upphafið að einhverju stærra og meira fyrir okkur í framtíðinni. Það kann vel að vera að við gætum á ákveðnum tíma þróað með okkur kunnáttu og þekkingu og færni sem gerði okkur kleift að framleiða vín sem væru einstök í veröldinni. Það yrði nú saga til næsta bæjar, frú forseti, ef Íslendingar gætu þróað með sér slíka þekkingu að hér mætti búa til vín sem væru af allt, allt öðrum toga en þau vín sem búa má til úr þrúgum sem vaxa sunnar í álfunni. Jurtirnar okkar, blóðbergið, súrurnar, allar þær kryddjurtir sem finna má í íslenskri náttúru, eru þeirrar gerðar að þær eru sérstakar vegna þess að þær vaxa við þau skilyrði sem íslensk náttúra býr þeim. Eins og ég segi, það er gaman að fylgjast með því fólki sem hefur aflað sér kunnáttu og þekkingar varðandi jurtirnar okkar og getur nýtt þær til margra hluta og þessi kunnátta hefur í sér að geyma vaxtarbrodd til stærri afreka.

Ég vænti þess, frú forseti, að þetta litla heimilisiðnaðarfrumvarp verði stutt, a.m.k. af þeim sem hafa stundað mikið frelsishjal, ungir frjálshyggjumenn sem vilja nú aldrei skerða frelsi einstaklingsins til nokkurs hlutar. Það má gera ráð fyrir því að fólk sem talar á þeim nótum sjái hér tækifæri til þess að styðja gott mál, og ég vil meina að það sé allt eins líklegt að á þessum stað, hinu háa Alþingi, sé öflugur stuðningur við mál af þessu tagi. Í öllu falli er þetta eitt af þessum sjarmerandi málum sem koma hér upp og ég lýsi því yfir að ég get stutt þetta mál í gegnum þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 30. mál (lágmarksstærð sveitarfélags). — Þskj. 30.

[15:07]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég verð því miður að leiðrétta það sem hæstv. forseti sagði, þetta er ekki stjórnarfrumvarp. Ég el samt þá von í brjósti að stjórnarliðar sjái að það sé skynsamlegt að gera þá breytingu sem hér er lögð til. Ég hef flutt, ásamt fleiri hv. þm., þetta lagafrv. í nokkur skipti og einhverjir eru nú undrandi á því að við skulum gera það enn einu sinni, vegna þess að fyrir liggur að bæði frá sveitarfélögunum í landinu og ríkisvaldinu er meiningin að fara í átak til eflingar og stækkunar sveitarfélaganna. En ég vona það að af grg. skilji menn hvers vegna við teljum að hluti af því að láta það takast felist í því að gera breytingu af því tagi sem við leggjum hér til.

Í grg., hæstv. forseti, stendur ýmislegt en ég ætla nú að fara yfir hana.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126., 127. og 128. löggjafarþingi en var ekki útrætt og er það flutt efnislega óbreytt.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. — Það er líklega að verða rúmur áratugur núna, en þá gekkst Jóhanna Sigurðardóttir, hv. þm. og þáverandi félmrh., fyrir skipun „sveitarfélaganefndar" í febrúar 1992. Nefndin skilaði lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna. Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 105. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Pólitískur vilji til þess að stækka og efla sveitarfélögin í landinu og færa til þeirra fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur. Fyrirætlanir stjórnvalda um átak í þessu efni liggja nú fyrir. En jafnframt hefur komið skýrt fram að ekki skuli hrófla við ákvæði sveitarstjórnarlaga um að lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi skuli vera 50 manns. Möguleikar til að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna byggist á þeirri forsendu að öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni. Eigi að hafa þetta sjónarmið að forsendu mun þróun í þá átt að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera ekki ná fram nema þau smáu sameinist og myndi þannig

nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda þess að byggð geti haldist og þróast víða um land. Það er því eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að efla og stækka sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ástæður þess að sameining smárra sveitarfélaga hefur gengið hægt eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda þessu að hluta til. Mikil breyting hefur þó orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er afstaða til sameiningar jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á ýmsum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Afar brýnt er að hraða almennri þróun í átt til öflugri sveitarfélaga sem geta veitt sambærilega þjónustu og tekið við nýjum og auknum verkefnum.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum þau búsetuskilyrði sem nú eru nauðsynleg til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt frumvarpsins yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða vilji til að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

Miklar umræður hafa farið fram um þessi mál á undanförnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram um hvernig standa skuli að eflingu sveitarfélaganna. Þótt stjórnvöld sýni nú viðleitni til að gera átak í þessu efni og lýsi því jafnframt yfir að flytja skuli verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera virðast þau þó ekki hafa dug til að marka stefnu sem leiði örugglega til öflugri sveitarfélaga sem verði fært að taka að sér slík verkefni. Náist ekki að sameina fámennu sveitarfélögin í nægilega stórar einingar verður mjög erfitt að flytja mikilvæg verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Það er grundvallarkrafa að sveitarfélög um allt land geti veitt sambærilega þjónustu. Verði ekki gerð breyting á lágmarksíbúafjölda sveitarfélaganna geta örfá lítil sveitarfélög hamlað þeim fyrirætlunum að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Það er ekki við það unandi að fáein fámenn sveitarfélög komi í veg fyrir þær mikilvægu fyrirætlanir að stækka og efla sveitarfélögin. Með samþykkt þessa frumvarps fá þau sveitarfélög sem hafa færri íbúa en 1.000 þrjú ár til að sameinast öðrum sveitarfélögum. Það fer ágætlega saman við fyrirætlanir stjórnvalda um átak til stækkunar og eflingar sveitarfélaganna og tryggir framgang þess máls. Flutningsmenn leggja til að 1.000 íbúa lágmarkið miðist við 1. janúar 2004 og ef íbúatala er lægri en 1.000 samfleytt í þrjú ár eftir það tímamark verði sameiningarskyldan virk.

Hæstv. forseti. Nú er það ekki svo að við sem flytjum þetta frv. séum með þetta 1.000 manna mark algjörlega fastsett. Við teljum að eitthvert annað íbúafjöldamark geti alveg komið til greina. Eitt erum við þó sammála um og það er að það mark sem núna er í sveitarstjórnarlögunum, þ.e. að lágmarkið skuli vera 50 manns, sé fráleitt í dag. Við teljum að þeir alþingismenn og ráðamenn þjóðarinnar sem ekki eru tilbúnir að taka þátt í umfjöllun og afgreiðslu þessa máls sem hér er á ferðinni þurfi auðvitað að koma fram og rökstyðja það hvers vegna það eigi að hafa 50 manna lágmarksfjölda í sveitarfélagi. Fyrir því eru að mínu viti ákaflega fátækleg rök. Hvort lágmarksfjöldinn eigi að vera 1.000 manns, 2.000 manns eða 500 manns getur svo verið umræðuefni sem ég tel eðlilegt að verði fjallað um í hv. nefnd. En ég tel það mjög mikilvægt, og ætla að endurtaka það í lok máls míns, hæstv. forseti, að það fari saman við það átak sem sveitarfélögin í landinu og stjórnvöld ætla nú í til þess að efla sveitarfélögin í landinu, gera þau öll öflugri þannig að það verði ekki fyrirstöður hvað varðar að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna, á þeim forsendum að sum sveitarfélög í landinu geti ekki tekið við verkefnunum.

Auðvitað verður áfram að vera ákvæði í gildi í sveitarstjórnarlögum um það að landfræðilegar aðstæður og sérstakar aðstæður geti komið til, eins og eru í lögunum núna. Í gegnum tíðina hafa verið til sveitarfélög í landinu sem hafa haft færri íbúa en 50 manns á þeim forsendum. Það eru því ekki rök í málinu að halda því fram að til yrðu einhvers konar sveitarfélög sem hefðu í raun og veru engar forsendur til þess að vera sameiginlegt svæði.

Ég vildi að þetta kæmi fram í lokin, hæstv. forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. félmn.

[15:18]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er á móti þeirri lögþvingun sem kemur fram í frv., þeirri hugsun að það eigi að hafa vit fyrir sveitarfélögunum. Sveitarfélögin og fólkið eiga að sameinast ef það hentar þeim.

Ég verð líka að segja það að ef á að sameina sveitarfélög fyndist mér að það ætti að sameina þau á höfuðborgarsvæðinu. Hér blasir hagkvæmnin við að sameina.

Síðan finnst mér líka að það eigi að vera inni í dæminu að taka mið af landfræðilegum aðstæðum svo sem eins og í Grímsey. Ég held að Grímseyingar séu miklu betur settir með eigin sveitarstjórn sem málsvara fólksins sem býr þar.

Það sem mér gremst helst, virðulegi forseti, hvað varðar þessa sameiningarumræðu, er að mér finnst stundum vera farið út í hana til þess að forðast umræðu um vanda landsbyggðarinnar. Það er eins og menn fari að tala um sameiningu sveitarfélaga þegar þeir vilja ekki ræða raunverulegan vanda landsbyggðarinnar, sem er oft á tíðum af allt öðrum toga, þ.e. að það er búið að hefta atvinnuvegi landsbyggðarinnar.

Ég hef reyndar miklar efasemdir um að það sé eitthvað hagkvæmara að reka 1.000 manna sveitarfélag en t.d. 600 manna sveitarfélag. Það er miklu nær, tel ég, ef það á að fara í einhverja sameiningu og taka á skipulagsmálum sveitarfélaga að fara í miklu stærri sameiningu.

Annars þakka ég fyrir góða umræðu.

[15:20]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að hann væri á móti lögþvingun. Nú þarf ekkert um það að ræða að það er lögþvingun í gangi. Ef sveitarfélög fara niður fyrir 50 manns skulu þau

sameinast öðrum. Þegar það hefur gerst hefur þeirri lögþvingun verið beitt, þó nokkuð oft. Þannig að það er ekki um það að ræða að það sé ekki fyrir hendi þetta mark í lögunum, það er þar.

Þá er spurningin, hvaða mark á að hafa þarna? Hv. þm. nefndi: Á það að vera 1.000, á það að vera 600, á það að vera eitthvað annað? Ég segi: Á það að vera 50? Þeir sem segjast vera á móti því sem þeir kalla lögþvingun, halda því í raun og veru fram að það eigi að vera 50 og að þeir sem eru í sveitarfélögunum í dag eigi að hafa um það algert neitunarvald að á því verði breyting.

Ég er á þeirri skoðun að löggjafinn eigi að bera ábyrgð á þessu og að það sé skynsamlegt að taka þetta til endurskoðunar núna. Hvort menn vilja svo lögþvinga með miklu stærri hætti en um hefur verið rætt fram að þessu, t.d. á höfuðborgarsvæðinu eða þéttbýlissvæðum, þá eru menn að ræða um málið á allt öðrum forsendum en við höfum gert fram að þessu, því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru fullkomlega fær um að taka við þeim verkefnum sem talað er um að vísa frá ríkinu til sveitarfélaganna og að þjóna íbúunum samkvæmt þeim kröfum sem hafa verið gerðar.

En landfræðilegar aðstæður skipta auðvitað máli og ég tel ástæðu til þess að ítreka það að það á auðvitað að geta ráðið úrslitum (Forseti hringir.) ef það er ekki skynsamlegt af landfræðilegum ástæðum að sameina sveitarfélög.

[15:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé líka brýnt, ekki síst áður en menn fara að setja upp einhverja tölu, hvort sem hún er 1.000 eða 3.000 eða 4.000, að menn fari yfir það hvernig hafi tekist til í sveitarfélögum sem hafa sameinast á síðustu árum og skoði líka hvort þeir sem stóðu fyrir utan sameiningu í sveitarfélögum, t.d. eins og á sunnanverðum Vestfjörðum, standi eitthvað verr en þeir sem voru með í sameiningu sveitarfélaganna. En það sem gerist oft á tíðum þegar búið er að sameina sveitarfélög þar sem eru margir byggðakjarnar, ég tek sem dæmi Þingeyri og Bíldudal o.fl., að fólkið sem býr á þessum stöðum vantar oft á tíðum málsvara þegar eitthvað bjátar á í sveitarfélaginu. Ég tel nauðsynlegt að fara yfir það.

Hvað varðar þjónustu sem fólk í þessum fámennari sveitarfélögum skortir, hafa þau oft getað gert samning við stærri sveitarfélög eða einhver samtök sveitarfélaga um að vinna að þeim verkefnunum, svo sem á sviði félagsþjónustu og barnaverndarmála. Ég tel að það sé ekkert útilokað þó svo að sveitarfélögin renni ekki saman.

[15:24]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru allt saman gamalkunnug rök í þessari umræðu og svo sem að mörgu leyti ágætlega gild. Við höfum verið að prófa okkur áfram með þetta í langan tíma og umræðan leitt okkur þangað sem við erum í dag. Og hvar erum við? Þar sem mikill vilji er hjá öllum, eða stórum meiri hluta sveitarstjórnarmanna, frammámanna sveitarstjórna í landinu, fyrir því að gera mikið átak í sameiningu sveitarfélaga. Þar eru menn ekki að tala um að búa til 400–500 manna samfélög, heldur miklu stærri.

Þetta er í raun og veru niðurstaða margra ára umræðu um þessi málefni. Það sem verið er að tala um í þessu samhengi er að við sitjum ekki uppi með svæði og örlítil sveitarfélög inni á milli stærri sveitarfélaga sem bókstaflega munu koma í veg fyrir að það verði hægt að ganga eins langt og annars væri í því að flytja verkefni til sveitarfélaganna og efla þau.

Það eru ýmis vandamál sem fylgja því að stækka sveitarfélög, m.a. gæti fólk kannski misst málsvarsmöguleika sem það hefur ef það er í einstöku litlu sveitarfélagi. Á þessu þurfa menn auðvitað að taka. Það eru svipuð vandamál og eru í hverfum t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum séð fólk rísa upp í einstökum hverfum til þess að berjast fyrir tilteknum málefnum. Slíka hluti þurfa menn að geta komið einhverju skikki á, og að enginn vafi sé á því að það eru hverfaskiptingar og annað slíkt sem hjálpa til við það.

[15:26]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er meðal flutningsmanna að þessu frv. um stækkun sveitarfélaga.

Eins og 1. flm. kom að í inngangi sínum þá er það ekki endilega skoðun okkar að lágmarkstalan þurfi að vera 1.000 manns, það er tala sem hlýtur að verða til skoðunar í umfjöllun um þetta mál í viðkomandi nefnd. Sama má segja um landfræðilegar aðstæður.

Það er nokkuð auðsætt að svæði sem búa við jafnsérstæðar aðstæður og t.d. Grímsey hljóta að verða til skoðunar þó að við höfum dæmi um eyju sem tilheyrir sveitarfélagi sem nær yfir fastalandið líka, þ.e. Flatey á Breiðafirði. Einnig má líta á Strandirnar þar sem samanlagður fjöldi íbúa er ekki 1.000. Þetta hlýtur að verða allt til skoðunar. En jafnframt getur sameining sveitarfélaga og kröfur um lágmarksfjölda líka verið rök um ákveðnar úrbætur, t.d. í samgöngumálum við önnur nærliggjandi svæði. Þar má einmitt tiltaka Strandirnar þar sem liggur nokkuð vel við að bæta samgöngur inn í Breiðafjörð og Barðaströndina og Dalasýslu.

Meðan sveitarfélög eru jafnsmá og nú er mikil hætta á því að íbúarnir verði af ákveðinni þjónustu sem þeim ber, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, og ýmsum tækifærum sem þeim mundu sjálfkrafa bjóðast væru þeir hluti af stærra sveitarfélagi. Það er hægt að koma á samstarfi. Við þekkjum öll byggðasamlögin sem hafa verið stofnsett á Íslandi um hina ýmsu þjónustu. En það fyrirkomulag er flókið og ákaflega dýrt ef það þarf að setja upp flest ef ekki öll málefni sem teljast mikilvæg.

Mikilvægasti þátturinn í þessu máli er þó sá sem 1. flm. kom inn á, þ.e. möguleiki sveitarfélaga til þess að taka að sér verkefni frá ríkinu. En það er nokkuð ljóst að á meðan sveitarfélögin eru jafnlítil og vanmáttug og nú getur það ekki gengið. Ég er þó ekki á þeirri skoðun að sveitarfélögin verði í sjálfu sér eitthvað sterkari við sameiningu tveggja eða fleiri vanmáttugra sveitarfélaga, heldur þarf ýmislegt fleira að koma til. Sameining gefur okkur þó þann möguleika að hlúa betur að sveitarfélögunum og svæðunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, fyrri umr.

Þáltill. KolH og SJS, 31. mál. — Þskj. 31.

[15:30]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Hér leggjum við tveir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ég og hv. þm. Steingrímur J.

Sigfússon, fram till. til þál. um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Tillögutextinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnunina að friða í varúðarskyni þau svæði á hafsbotni sem brýnast er talið að vernda til að koma í veg fyrir meira tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Jafnframt verði gerð áætlun um frekari rannsóknir á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og um aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum af þeirra völdum og til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar.

Við undirbúning og meðferð málsins verði leitað eftir samvinnu við umhverfisráðherra, rannsóknastofnanir, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og samtök áhugamanna eftir því sem við á.

Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og til að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing tillögur þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða og fjárþörf vegna æskilegra rannsókna."

Frú forseti. Þannig hljóðar tillögugrein þessarar þáltill. en kveikjan að henni er að sjálfsögðu sú staðreynd að vísbendingum fjölgar sífellt um það að tjón hafi orðið á lífríki hafsbotnsins vegna hömlulítillar notkunar á botnveiðarfærum. Það má segja að fyrir nokkrum árum höfum við verið vakin upp af værum blundi þegar sjónvarpið sýndi afar áhrifamikla mynd sem tekin var neðan sjávar við strendur Noregs, mynd sem dró ljóslifandi fram áhrif veiða á kórallasamfélag á hafsbotni. Það verður að segjast, frú forseti, að slíkum gögnum hefur farið fjölgandi á seinni árum og þekkingu okkar fleygt fram.

Fyrir skemmstu barst mér í hendur mynd af ástandinu á ákveðnum svæðum hér við land. Þær myndir sem ég fékk þar augum litið eru vægast sagt hrikalegar, frú forseti, og efla mig í þeirri trú að við séum kannski á síðasta snúningi með að bjarga ákveðnum svæðum, svo alvarlegt virðist ástandið vera.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg árið 2002, ráðstefnunni sem fjallaði um sjálfbæra þróun, voru á dagskrá ýmis málefni sem tengdust hafsbotninum og gildi búsvæða hafsbotnsins. Þar var sérstök áhersla lögð á búsvæði kórallasamfélaga. Búsvæði kórallasamfélaganna og þróun þeirra er mikilvæg vegna sjálfbærrar þróunar í lífríki sjávar. Kórallasamfélögum vítt um veröldina er nú ógnað vegna mengunar sjávar, vegna hækkaðs sjávarhita og notkunar veiðarfæra sem skaða kórallasamfélögin. Við blasir að þörf er á kerfisbundnum rannsóknum á þessu sviði. Það hefur reyndar blasað við allt of lengi og ég fullyrði, frú forseti, að allt of lítið hefur verið gert í þessum efnum hérlendis, sérstaklega þegar miðað er við hversu dýrmæt auðlindin er okkur, þessari þjóð á norðurhjara sem byggir og hefur byggt allt sitt á fiskveiðum.

Auðvitað hefur maður stöku sinnum heyrt hryllingssögur útvegsmanna eða sjómanna sem hafa fengið kóralla í botnvörpur. Maður hefur heyrt hvernig farið hefur verið yfir svæði, jafnvel þar sem menn hafa vitað að væru kórallasamfélög. Sannarlega vonar maður að menn geri ekki slíkt að gamni sínu lengur, að fara yfir þannig svæði. Ég held að við deilum öll áhyggjunum eftir að vísindamenn hafa vakið okkur af værum blundi og við séð hættuna sem við stöndum frammi fyrir.

Frú forseti. Á meðan við öflum okkur frekari þekkingar á þessu sviði er brýnt að grípa til varúðarráðstafana eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir. Sú tillaga sem hér er flutt byggir á þeirri hugmyndafræði sem býr að baki Ríó-yfirlýsingunni og þeim samningum sem samþykktir voru á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992.

Frú forseti. Á 122. löggjafarþingi var samþykkt þáltill. frá hv. fyrrv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Í þeirri þál. var gert ráð fyrir þriggja ára rannsóknarátaki á slíkum áhrifum og að til þess yrði varið um 63 millj. kr. næstu þrjú ár samkvæmt áætlun frá Hafrannsóknastofnun sem fylgdi þeirri tillögu. Á fjárlögum 1999 var samþykkt fjárframlag til að hefja störf í samræmi við þá ályktun. Ég vil benda hv. þingmönnum á, varðandi frekari rökstuðning með þessari tillögu, rökstuðninginn í þáltill. frá 122. löggjafarþingi. Þar var einmitt gerð grein fyrir rannsóknarverkefninu Botndýr á Íslandsmiðum sem hefur aukið þekkingu okkar á botndýrategundum innan efnahagslögsögunnar, útbreiðslu þeirra og tengslum við aðrar sjávarlífverur. Það er auðvitað eðlilegt við þá vinnu sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir að hliðsjón verði höfð af þessu rannsóknarverkefni.

Á yfirlitsuppdrætti með þessari tillögu má sjá að hér við land er að finna svæði þar sem talið er að séu mjög verðmæt kórallasamfélög. Tillögunni fylgir kort af þeim stöðum. Það á ættir sínar að rekja til Hafrannsóknastofnunar, þ.e. kort af sunnanverðu landinu og landgrunninu þar fyrir sunnan. Það sýnir fundarstaði steinkóralls, sem heitir á latínu Lophelia Pertusa. Þetta er sú tegund sem myndar kóralgarða í Norður-Atlantshafi.

Varðandi þýðingu þessarar tillögu, frú forseti, hafa lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mjög mikið að segja og mikla þýðingu, m.a. 8. og 9. gr. þeirra laga sem veita ráðherra heimildir til að gera ráðstafanir til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Þar er og gengið út frá skiptingu veiðisvæða og tímabundnu banni við öllum veiðum eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði. Ég tel, frú forseti, að í lögunum höfum við ákveðin tæki í sem geri okkur kleift að fara í þá vinnu sem hér er lagt til að hefja.

Eitt meginefni tillögunnar er að fela ráðherra, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að friða án tafar í varúðarskyni, a.m.k. fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda. Augljóst er að það fer eftir gerð og eðli veiðarfæra hvort þau kunna að valda röskun á lífríki hafsbotnsins og þá hversu mikilli. Botnvarpa og dragnót eru dæmi um veiðarfæri sem mest eru í sviðsljósinu í þessu sambandi en fleira getur komið til. Á hinn bóginn eru krókaveiðar augljóslega ekki skaðvaldur í þessu sambandi. Veiðar í net geta einnig verið óskaðlegar með tilliti til áhrifa á botninn. Nánari rannsóknum er hins vegar ætlað að leiða í ljós áhrif einstakra gerða veiðarfæra í þessu samhengi. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja ríka áherslu á framgang þeirra rannsókna.

Gert er ráð fyrir að við undirbúning og vinnslu málsins verði haft samráð við rannsóknastofnanir, hagsmunasamtök og, sem ekki er síður mikilvægt, samtök áhugamanna. Það er vert að vekja athygli á því, frú forseti, að upplýsingaöflun hefur þegar farið fram á vegum Félags dagabátaeigenda um

gildi lífríkis hafsbotnsins og áhrif veiðarfæra á það. Þau gögn sem þar var aflað voru m.a. kynnt á merkilegri ráðstefnu sem haldin var í Borgarnesi síðasta vor.

Það er rétt að við meðferð málsins séu höfð í huga ákvæði í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Ég ítreka, frú forseti, að það er afar mikilvægt að þau ákvæði séu skoðuð gaumgæfilega. Þar er einmitt kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnrh. og óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherra.

Síðan er einnig rétt, frú forseti, að minna á ákvæði náttúruverndarlaga. Í 54. gr. þeirra segir um friðlýsingu náttúruminja í hafi, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu."

Þetta var tilvitnun í 54. gr. náttúruverndarlaga en sömuleiðis mætti nefna önnur ákvæði annarra greina í þessum sama kafla. Þau gilda auðvitað eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

Þá koma einnig til álita, frú forseti, ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og lög um stjórn fiskveiða og eftirlit með veiðum. Sérstaklega þarf að meta hvernig best verður staðið að því að tryggja varanlega vernd og friðun ákveðinna svæða og/eða tímabundna vernd eftir því sem við á.

Frú forseti. Við ræddum fyrr í dag þáltill. um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Þá kom hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson inn á að það þyrfti að huga að rannsóknum og kortagerð á hafsbotninum. Þau ummæli eiga sannarlega við þessa tillögu líka. Ég vil taka undir þau og held að þannig megi tengja þessi tvö mál sem hér hafa verið flutt. Ég á von á að hv. þingmenn taki jafn vel í þá tillögu sem ég hef nú talað fyrir eins og áðurnefnda tillögu sem við ræddum hér lengi framan af degi.

Hér er um afar brýnt mál að ræða, slysin hafa átt sér stað. Við vonum að sjálfsögðu að það sé ekki orðið of seint að girða fyrir alvarlegri slys. Ég ítreka að það væri gott ef þetta mál fengi skjóta en vandaða afgreiðslu í nefndum þingsins.

[15:44]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni afar brýnt og þarft mál og ég þakka flutningsmönnum fyrir það að hafa lagt fram þessa till. til þál. í þinginu.

Málið er mér svolítið skylt að vissu leyti því að á sínum tíma bjó ég í Noregi og starfaði þar m.a. sem fréttamaður. Ég man að ég sýndi á Íslandi, sennilega árið 1998, komin fimm ár síðan, mjög sláandi myndir sem norska hafrannsóknastofnunin hafði tekið á hafsbotni við Noreg. Forsaga þess máls var sú að sjómenn höfðu haft samband við norska vísindamenn við norsku hafrannsóknastofnunin í Björgvin og bent þessum vísindamönnum á að við strendur Noregs væri að finna kóralrif sem hefðu orðið fyrir skemmdum af völdum togveiðarfæra. Norðmenn brugðust mjög drengilega við þessum ábendingum sinna sjómanna og sent var út rannsóknaskip búið myndavélum og þær sendar niður og hreinlega teknar myndir af hafsbotninum. Þær myndir voru mjög sláandi. Annars vegar mátti sjá hreint ótrúlega náttúrufegurð, ótrúlegan fjölbreytileika lífs, þar iðaði allt af lífi, stórkostlegar myndir. Ég er þess fullviss að allir þeir sem hafa séð þessar myndir munu aldrei gleyma þeim. Mikið af fiski í kringum þessi kóralrif og afskaplega mikið líf.

Hins vegar mátti sjá myndir af svæðum þar sem veiðarfæri höfðu farið yfir og þar var gersamlega búið að splundra öllum kóral. Hafsbotninn var eins og eyðimörk. Kórallinn var malaður mélinu smærra, allt líf var horfið nema einstakir fiskar sáust á stangli.

Slíkt slys hafði sem sagt orðið við Noregsstrendur. Í framhaldi af því tóku Norðmenn strax þá ákvörðun að friða þessi svæði og allar götur síðan hefur norska hafrannsóknastofnunin verið að kanna strendur Noregs markvisst og fleiri svæði hafa fundist, stórkostleg kóralsvæði sem umsvifalaust hafa verið friðuð fyrir togveiðarfærum. Þetta er að mínu mati, frú forseti, gott dæmi um mjög ábyrga nýtingarstefnu. Það er enginn að tala um að banna eigi fiskveiðar á þessum svæðum, hins vegar er verið að tala um að banna notkun dreginna veiðarfæra sem við vitum að skemma kóralinn. Það er vel hægt að stunda veiðar á svona svæðum með kyrrstæðum veiðarfærum, með línum eða handfærum, jafnvel netum, en ekki að nota dregin veiðarfæri.

Ég man eftir að þegar þessar myndir voru sýndar á Íslandi brá mörgum í brún og það var mjög skiljanlegt. Menn höfðu hreinlega ekki gert sér grein fyrir því að slíka fegurð, jafnstórkostleg fyrirbæri væri að finna á hafsbotni. Ég tek fram, frú forseti, að ég er ekki að álasa sjómönnum á neinn hátt þó að þeir hafi skemmt kóralrif, menn hafa hreinlega ekki vitað hvað þeir voru að gera. Norðmenn vissu ekki hvað þeir voru að gera og Íslendingar hafa heldur ekki vitað hvað þeir voru að gera. Ég hef sjálfur verið á sjó og ég hef lent í því þegar kórall hefur komið upp með trolli. Maður gerði sér ekki neina grein fyrir því að þarna væri sennilega búið að toga yfir stórkostleg svæði og skemma svæði sem kannski hafði tekið hundruð eða þúsundir ára að byggja upp með því að beita slíku veiðarfæri vegna þess að maður sér ekki hvað er að gerast á botninum þegar veiðarfærin eru dregin eftir honum. En nú vitum við miklu betur.

Eftir að myndirnar voru sýndar fyrir fimm árum kom einmitt fram þáltill. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að gera yrði eitthvað í þessum málum. Það varð því miður ekkert úr því. Eftir sýningu myndanna árið 1998 fylgdi sjónvarpið þessu aðeins eftir, tekin voru viðtöl við hagsmunaaðila og vísindamenn. Allir lýstu því yfir að þeim þætti þetta alvarlegt mál og það væri sjálfsagt að fara í þetta og kanna þetta. En því miður, frú forseti, verð ég að lýsa því yfir að það hefur nánast ekkert verið gert. Það hefur ekkert verið gert í þessu máli.

Hafrannsóknastofnun hefur sennilega, eins og venjulega, hvorki haft mannskap né peninga til að sinna þessu sem ég

vil flokka undir alvöru hafrannsóknir. Að vísu hefur verið leitað eftir gögnum, haft samband við sjómenn og leitað eftir vitneskju þeirra um hvar kóralinn væri að finna en þar fyrir utan hefur ekkert verið gert. Þetta er afskaplega sorglegt og ber vott um mikið ábyrgðarleysi. Ég sakna þess, frú forseti, að hér í salnum skuli hvorki vera hæstv. umhvrh. né hæstv. sjútvrh., þeim er báðum málið mjög skylt, og leitt að þau skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera hér við þessar umræður og taka þátt í þeim.

Að sjálfsögðu ætti fyrir löngu að vera búið að senda hafrannsóknaskip á þau svæði sem sýnd eru í ágætu korti sem fylgir þessari þáltill., fskj. II. Við eigum skip sem getur sinnt þessum rannsóknum, rannsóknaskipið Árna Friðriksson, sem menn hafa löngum gortað sig af að væri afskaplega fullkomið. Það hefur yfir að ráða búnaði sem hægt væri að nota við þetta. Ég veit að um borð í því skipi er t.d. svokallaður fjölgeislamælir til að kanna hafsbotninn. Honum hefur ekki verið beitt í þessar þörfu rannsóknir. Það er ekkert mál að koma fyrir myndavélum um borð í svona skipum, senda þær niður og taka neðansjávarmyndir.

Ég verð að lýsa því yfir, frú forseti, að mér finnst alveg með ólíkindum það mikla ábyrgðarleysi sem ríkisstjórnin hefur sýnt í þessu máli, þetta gríðarlega ábyrgðarleysi. Því að þessi kóralsvæði eru ómetanleg, ekki bara með tilliti til þess að þarna er svo fjölbreytt líf, margar jafnvel fágætar tegundir sem hverfa um leið og kórallinn er molaður niður, malaður mélinu smærra, heldur er margt sem bendir til að þessi svæði séu uppvaxtarsvæði fyrir mikilvæga nytjastofna, t.d. karfa. Við vitum, frú forseti, að karfinn á Íslandsmiðum fyrir sunnan og vestan land á mjög í vök að verjast og hann hefur lengi átt erfitt ef marka má niðurstöður fiskifræðinga. Nýliðun hefur verið léleg, frú forseti.

Sjómenn hafa sagt okkur að þeir hafi verið að toga í gegnum þessi svæði, þeir hafa skemmt þau og þeir vita hvar þau eru. Þeir gætu auðveldlega bent okkur á svæðin. Ef leitað væri eftir upplýsingum hjá þeim í trúnaði um hvar þau svæði eru þá er ég þess fullviss að íslenskir sjómenn mundu vera allir af vilja gerðir til að upplýsa fiskifræðinga og sjávarlíffræðinga um hvar þessi svæði er að finna.

Hér er það fyrst og fremst viljann sem skortir, og það er tregara en tárum taki að þau stjórnvöld sem eru við völd á Íslandi í dag og gorta sig af því að reka hér ábyrga fiskveiðistefnu haldi úti heimasíðum á erlendum tungumálum undir flagginu „Responsible Fisheries", ábyrgar fiskveiðar, að þau skuli ekki gera neitt í þessu máli. Þetta er hrein þjóðarskömm.

Ég vona, frú forseti, að bæði hæstv. umhvrh. og hæstv. sjútvrh. heyri þessar umræður og þau taki sér nú tak og geri eitthvað í þessum málum því að ljóst er að þessi svæði verða ekki bætt og það er ófyrirgefanlegt að við skulum ekki gera neitt í þessu. Og að sjálfsögðu ættu hagsmunaaðilar, bæði sjómannasamtökin og samtök útgerðarmanna, strax að sjá sóma sinn í því að þrýsta á stjórnvöld að umrædd svæði verði fundin, þau verði mynduð og síðan friðuð fyrir togveiðarfærum.

[15:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur er alveg örugglega einn af þeim seku ef hægt er að tala um seka menn í þessu sambandi. Hann var skipstjóri á togara í 20 ár, og það er alveg hárrétt sem komið hefur fram í umræðunni að togveiðar, kröftugar togveiðar með botnlægum veiðarfærum eins og botnvörpunni breyta ástandi hafsbotnsins. Það hefur lengi verið ljóst og skipstjórnarmönnum hefur lengi verið það ljóst. Það var hins vegar ekki fyrr en fyrir um 20–25 árum sem menn fóru að hugleiða það í alvöru að menn gætu verið að skemma botninn til framtíðar.

Ég hygg að fiskimenn hafi ekki almennt gert sér grein fyrir því frekar en sá sem hér stendur að það gróðurfar sem er á botninum þar sem dýpi er komið niður fyrir 100 faðma væri jafnseinvaxið eins og komið hefur í ljós með nútímarannsóknum og að menn hafi áttað sig á því að þeir voru að ryðja burt kóralhrúgunum eða slíta upp gríðarlega stórar og hávaxnar plöntur af hafsbotninum, stærstu plöntur sem ég hef séð, hálfgerð tré um 3–4 metrar sem stundum komu upp með veiðarfærunum. Þessi gróður var hins vegar mjög takmarkaður og hann var á tiltölulega takmörkuðum svæðum, þ.e. svona gróður sem var mjög áberandi eins og t.d. stórvaxin, rauð tré, ég vil kalla það tré því að þetta eru stofnar sem verða mjög sterkir og sverir og hafa síðan fjölda greina. Þetta barst auðvitað upp með veiðarfærunum á ákveðnum svæðum.

Ég hygg, virðulegi forseti, að Hafrannsóknastofnun með fullri virðingu fyrir henni hafi ekki þá þekkingu að geta bent á slík svæði, en það hafa hins vegar fiskimenn. Og ég er alveg sannfærður um að í dag miðað við þá umræðu sem fiskiskipstjórar hafa auðvitað fylgst með og flestir fiskiskipstjórar hafa mikinn áhuga á lífríkinu sem þeir nýta, þá eru menn orðnir þess meðvitaðir að með þeim kröftum sem verið er að nota við togveiðar í dag er auðvitað mjög auðvelt að breyta botnlagi verulega. Það er alls ekki sama hvar botnvarpan er notuð með tilliti til þess hvaða áhrif hún hefur á lífríki sjávar.

Það er alveg ljóst að á sumum hafsvæðum hér við land þar sem voru kóralsvæði fyrir tveim til þrem áratugum, þar er núna sléttlendi, tiltölulega slétt slóð sem menn þekkja orðið mjög vel eins og fingurna á sér. Á sumum svæðum þar sem áður voru kísil- og kóraltré og sveppatré, þar er núna líka búið að breyta botnlaginu og breyta landslagi á hafsbotni. En hins vegar eru sennilega eftir nokkrir staðir þar sem fer saman gróður og mjög erfið botngerð, þ.e. hraun eða hraundrangar og önnur sú botngerð sem mjög erfitt er að fara yfir með nútímaveiðarfæri, jafnvel með þeirri veiðarfærastýringu sem menn eru komnir með, að geta séð hversu fast trollið situr o.s.frv.

Það sem hefur hins vegar verið að gerast á undanförnum 25 árum, virðulegi forseti, er það að aflið sem notað er til togveiðanna hefur ekki bara tvöfaldast og ekki bara þrefaldast, það hefur í sumum tilfellum fimm- og sexfaldast.

Sem dæmi get ég tekið að þegar verið var að flytja inn og endurnýja bátaflotann, hinn gamla síldveiðiflota upp úr 1970, og inn voru að koma togarar, hinir svokölluðu minni skuttogarar sem voru fluttir hingað til lands á árunum frá 1970 og fram undir 1980, þá voru flest þessi skip með togafl á bilinu frá 11 og upp í kannski 15 tonna togafl á skrúfu. Ég hugsa að okkar öflugustu skip í dag séu með togafl þar sem togspyrnan er 50–60 tonn á skrúfu, þar sem togspyrnan áfram hefur margfaldast með þessum hætti. Þetta er auðvitað gert bæði með stærri vélum í skipunum, stærri og öflugri skipum og einnig með stærri skrúfum og hæggengari og betri útbúnaði til þess að nýta togaflið.

Á sama tíma hefur svo orðið breyting á veiðarfærunum þar sem toghlerarnir sem við notuðum upp úr 1970 voru rétt um tonn og toghlerarnir í dag eru allt upp í fimm tonn per stykki. Það er auðvitað í samræmi við aflið sem dregur þá

áfram. Með sama hætti er spilaflið, því það verður auðvitað að fylgja eftir, sem var kannski 6–8 tonn á hverja tromlu í upphafi skuttogaraaldarinnar er sennilega núna orðið upp undir 40, 50 tonn á hverja tromlu. Þessir miklu kraftar gera það auðvitað að verkum að sum hver þau svæði sem ekki var farið yfir hér á árum áður og töldust ódragandi, voru kortlögð af íslenskum skipstjórum sem slík, eru núna dregin af miklum krafti og þau svæði hafa verið að breytast smátt og smátt. Þetta vita íslenskir fiskiskipstjórar mjög vel. Og vegna umfjöllunar um nýtingu sjávarins, umgengni um hafsbotninn og þeirra miklu upplýsinga sem komið hafa inn í umræðuna á undanförnum árum, þá gera þeir sér sennilega manna best grein fyrir því í dag hvað hefur gerst á undanförnum 20–30 árum þegar menn hugsa aftur í tímann. En sú þróun verður ekki tekin til baka.

Þess vegna hefði ég talið, virðulegi forseti, og vil leggja það hér sérstaklega inn í þessa umræðu að mynda þarf samstarf við íslenska togaraskipstjóra og biðja þá að benda á þau fáu svæði sem enn þá eru algjörlega ónýtt, sum eru nýtt aðeins að hluta. Þeir gætu þegar í dag bent á nokkur svæði allt í kringum landið, tiltölulega lítil svæði með erfiða botngerð sem þeir teldu að ætti að friða. Ef menn vilja virkilega gera átak í þessum efnum, sem ég tek undir að er þörf á, þá ættu menn að leita til íslenskra skipstjórnarmanna. Þeir eru örugglega fúsir til að veita slíkar upplýsingar. En þær liggja ekki á lausu endilega í Hafrannsóknastofnuninni þó að Hafrannsóknastofnun á undanförnum árum hafi vissulega fengið meiri þekkingu frá skipstjórnarmönnum og aukna þekkingu af eigin rannsóknum, m.a. með hinu nýja skipi sínu, Árna Friðrikssyni, til þess að annast slík verkefni. En ef menn virkilega vilja koma málinu fljótt á hreyfingu þá væri aðferðin sem ég legg til betri.

[16:01]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað fyrir afar athyglisverðar ræður og ekki hvað síst þær lýsingar sem við fengum hér, nú síðast frá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, á því hvernig landslagið á þessum kóralsvæðum okkar getur verið og hvað það er sem sjómenn geta komið með upp úr sjó dragi þeir botnvörpurnar yfir slík svæði.

Ég vissi satt að segja ekki um tengsl hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar við myndirnar frá Noregi sem ég gat um í máli mínu. Það er athyglisvert að finna hvað heimurinn getur oft verið lítill. Ég man sjálf eftir að hafa séð þessar myndir og ég var alveg lömuð fyrir framan skjáinn þegar ég gerði mér grein fyrir því hvað þetta væri alvarlegt. Jafnvel þó að einhvers staðar í vitundinni hafi maður gert sér grein fyrir því að þetta væri alvarlegt, að botnvörpurnar og hreyfanlegu veiðarfærin færu illa með botninn, gerði maður sér ekki grein fyrir því að það liti út eins og malbikað hefði verið yfir allt lífríkið þegar búið væri að fara yfir svæðin.

Auðvitað getur þjóð sem þykist reka ábyrga nýtingarstefnu ekki komið svona fram við grunn auðlindarinnar. Það væri eins og að þeir sem nýta skóginn sinn mundu brenna hann áður en þeir ákvæðu að höggva hann. Ábyrg nýtingarstefna hlýtur að vera í því fólgin að hlúa að þeim skilyrðum sem gera okkur kleift að lifa af nytjastofnunum hér við land, og þau skilyrði sem gera stofnunum kleift að vaxa og dafna eru á hafsbotninum. Lífríkið sem þrífst á þessum kóralsvæðum er þvílíkt að það er algjör grunnur undir það að við getum stundað fiskveiðar. Þess vegna er svo nauðsynlegt að við tökum af skarið núna þegar vitneskjan er þó orðin sú sem hún er í dag og segjum við sjálf okkur: Hingað og ekki lengra. Ég tek undir með hv. þingmönnum Frjálsl. að auðvitað verður þetta ekki gert nema með sameiginlegu átaki hins opinbera, stofnana ríkisins og sjómanna sjálfra.

Ég get tekið undir gagnrýnisorð hv. þingmanna varðandi skeytingarleysi og ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar hingað til. Það hefur skort vilja til að taka á þessu máli, menn hafa svolítið snúið blinda auganu að vandamálinu því að þetta er afar alvarleg staðreynd og það hefur kannski verið mönnum á einhvern hátt ofviða að ætla sér að fara að taka á því. Nú held ég samt að það sé tími til og sannarlega orðið tímabært að við gerum átak í þessum efnum. Ævintýraheimur undirdjúpanna er í hættu, grunnurinn undir auðlindinni okkar.

Ég held að hrollurinn sem um mig fór þegar hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson lýsti sjónarmiðum eins hinna seku eigi eftir að reka mig áfram í þessu máli. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hv. umhvn. fái í heimsókn vísindamenn Hafrannsóknastofnunar til að fá nákvæmlega að vita hvaða kortlagning hefur nú þegar átt sér stað, hversu margs vísari menn eru eftir að þeir fóru í verkefnið sem getið er um í tillögutextanum, „Botndýr á Íslandsmiðum“, og hvaða áætlanir Vísindastofnun hefur um einhverjar úrbætur í þessum efnum. Þar þurfum við auðvitað að skoða líka hvort hún gerir ráð fyrir einhverjum frekari rannsóknum eða aðgerðum í þessu tilliti í fjárlagabeiðnum sínum og þetta þarf allt að skoðast í samhengi hvað við annað.

Ég vil þá, frú forseti, þakka umræðurnar sem hér hafa orðið og óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til sjútvn. eða umhvn. Ég tel fullt tilefni til að báðar þessar nefndir fjalli um málið þannig að taki hæstv. forseti ákvörðun um að málinu verði vísað til sjútvn. er samt mjög brýnt að einnig umhvn. fái málið til alvarlegrar, faglegrar umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:05]

Útbýting þingskjala:

Fjarskiptasamband, 196. mál, fsp. JBjarn, þskj. 198.
Löggæslukostnaður, 197. mál, fsp. KLM, þskj. 199.

Efling félagslegs forvarnastarfs, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

og

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 36. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 36.

[16:06]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman. Hér er um endurflutta tillögu að ræða sem fyrst var sýnd á 127. löggjafarþingi og síðan endurflutt á því 128. en varð í hvorugt skiptið útrædd.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem

verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um hvernig vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist.

Um þennan þátt málsins, frú forseti, má segja að upp að vissu marki liggi þessi kortlagning eða slík úttekt nú fyrir í formi skýrslu sem unnin var af menntmrn. og kom út, að ég hygg, í maímánuði sl. um æskulýðs- og tómstundastarf ungs fólks. Þar er margar gagnlegar upplýsingar og ábendingar að finna um hvað hægt væri að gera til að styrkja starf af þessu tagi. Það varð reyndar tilefni orðaskipta í fyrirspurnatíma milli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og hæstv. menntmrh. Tómasar Inga Olrichs. Það yrði þá að meta eftir atvikum að hve miklu leyti þessi skýrsla væri fullnægjandi og að hve miklu leyti ástæða væri til að kortleggja betur það svið sem hér um ræðir.

Áfram með tillögugreinina:

Til átaksins verði varið allt að 10 millj. kr. á árinu 2003 til að undirbúa framkvæmd þess og síðan allt að 180 millj. kr. árlega í fimm ár eða þar til ákvarðanir verða teknar um frekara framhald þess. Tekna verði aflað með hækkun á hlutfalli áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1995. Áfengis- og vímuvarnaráð geri tillögur til Lýðheilsustöðvar og heilbrigðisráðherra um ráðstöfun þess fjár sem við bætist í Forvarnasjóð og sérstaklega er ætlað til eflingar félagslegu forvarnastarfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 18/2003. Heilbrigðisráðherra setji, að höfðu samráði við *menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra, nánari ákvæði* í reglugerð, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 18/2003, um þetta efni, þar með talið hvernig háttað skal samráði og samstarfi einstakra aðila sem málið varðar.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn.

Frú forseti. Eins og af þessu ræðst fylgir tillögunni frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, þar sem tillögur um tekjuöflun í samræmi við ákvæði þáltill. eru útfærðar í frumvarpsformi og ég mun mæla fyrir því á eftir eða gera lítillega grein fyrir því í lokin.

Eins og áður segir er hér um endurflutta tillögu að ræða sem var fyrst flutt á 127. löggjafarþingi og var þá send út til umsagnar. Þá fékk hún, leyfi ég mér að segja, almennt mjög jákvæðar undirtektir. Þó bárust ýmsar hugmyndir um breytingar á tillögunni og hefur hún að hluta til verið endursmíðuð með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram komu og voru vel ígrundaðar í umsögnum sem bárust á 127. löggjafarþingi. Meginbreytingin frá upphaflegu útgáfunni er sú að nú er mælt fyrir um hvernig tekna skuli aflað með hækkun á þeim hluta áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð þannig að hlutur Forvarnasjóðs hækki úr 1% í 2% af áfengisgjaldi strax 1. nóvember. Það gæti gefið nálægt 10 millj. kr. í viðbótartekjur strax á þessu ári til að hefja undirbúning að framkvæmd átaksins. Hækkun þess hluta áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð í 4% um næstu áramót mundi svo skila nálægt 180 millj. kr. á ári í viðbótartekjur til að standa straum af kostnaði við átakið.

Að óbreyttu áfengisgjaldi yrði hér að sjálfsögðu um að ræða sambærilega tekjulækkun hjá ríkissjóði en það er sjálfstætt ákvörðunaratriði auðvitað á hverjum tíma hvernig áfengisgjaldtökunni er háttað. Samhliða þessari tillögu er því flutt frv., eins og áður sagði, um þessa breytingu á hlut Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi.

Einnig er valin sú leið að mæla fyrir um að áfengis- og vímuvarnaráð hafi með höndum tillögugerð til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Auðvitað kæmu þar ýmsar aðrar leiðir til greina og mætti hugsa sér að standa að því öðruvísi. Áfengis- og vímuvarnaráð er þó til staðar með kerfi til að taka á móti umsóknum og afgreiða þær til hvers kyns verkefna sem gagnast geta í forvarnaskyni og því er að mörgu leyti nærtækt að fela því þetta hlutverk. Af hálfu okkar flutningsmanna er að sjálfsögðu ætlunin að þetta átak verði hrein viðbót og til styrktar því almenna forvarnastarfi sem fyrir er og að þetta verði unnið í góðu samstarfi allra málsaðila.

Til að tillagan nái tilgangi sínum er augljóst mál að mjög mikilvægt er að gott samstarf takist milli allra sem sinna áfengis- og vímuvarnamálum og svo þeirra fjölmörgu sem halda úti félagastarfsemi sem efla má í forvarnaskyni. Það er einnig mjög mikilvægt að virkja aðila eins og sveitarfélögin og samtök þeirra til liðs við baráttuna. Það er sérstök ástæða til að beina fjárstuðningi til verkefna í fámennum og fjárhagslega veikburða sveitarfélögum þar sem ástæða er til að ætla að starfsemi af því tagi sem um ræðir standi höllum fæti. Ráðherra er því falið að setja nánari ákvæði í reglugerð um þetta atriði sérstaklega, þ.e. hvernig samráði og samstarfi einstakra aðila skuli háttað.

Það er ljóst að neysla fíkniefna er gríðarlega alvarlegt samfélagsvandamál á Íslandi. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst vilja til þess að bregðast við þessum vanda og í umræðum um þessi efni er jafnan lögð mikil áhersla á forvarnir. Sú tillaga sem hér er flutt er hugsuð sem innlegg í baráttuna *gegn neyslu ávana- og fíkniefna og snýr að því sem við köllum* félagslegar forvarnir. Um leið er að sjálfsögðu ætlunin að styrkja þroskandi þátttöku ungs fólks, bæði félagslega, andlega og líkamlega, í uppbyggilegu félagsstarfi.

Ein helsta röksemdafærslan fyrir obbanum af því tómstundastarfi, t.d. innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, sem haldið er úti, a.m.k. þegar verið er að leita eftir fjárstuðningi, er einmitt gjarnan sú að fyrir utan holla og þroskandi þátttöku í félagsstarfinu sem slíku hafi það mikið forvarnagildi. Við þekkjum það, held ég öll, að til þessa er gjarnan vitnað þegar verið er að rökstyðja mikilvægi þessa starfs.

Þar af leiðandi er það rökrétt og í beinu samræmi við þetta að menn nýti kosti þessa félagsstarfs skipulega og sem formlegan hluta af forvörnum, hvort sem menn kalla það félagslegar forvarnir, eins og við kjósum að gera hér í tillögunni og í grg., eða eitthvað annað. Það er að sjálfsögðu ekki ætlunin að reyna að stjórna því í stóru og smáu hvernig einstaklingar haga lífi sínu þó að menn haldi uppi forvörnum. Það er ekki tilgangur eða meginmarkmið forvarnastarfs í sjálfu sér. Það má segja að forvarnir snúist um það að reyna að stuðla að því að fólk, einkum ungt fólk, láti það vera að nota vímuefni eða hefji a.m.k. notkun þeirra seinna en ella, ekki fyrr en það getur sjálft tekið yfirvegaða ákvörðun um það og neyti þá vímuefna í hófi. Það er samdóma álit allra sem að þessu vinna að það eitt að seinka upphafi notkunar vímuefna hjá ungu fólki sé gríðarlega mikilvægt og alltaf til bóta. Það sé á allan hátt félagslega og líkamlega betur búið undir það að takast á við hinn harða heim eftir því sem það öðlast meiri þroska og þekkingu á sjálfu sér og umhverfi sínu.

Félagslegar forvarnir hafa þann mikla kost að það eru í raun þátttakendurnir sjálfir sem sinna eigin forvörnum um leið og þeir taka þátt í þroskandi og uppbyggjandi félagsstarfi og sniðganga þá vímuefnin. Slíkt félagsstarf eykur alla jafna samskiptahæfni fólks og eflir sjálfstraust og virðingu manna fyrir sjálfum sér og öðrum. Í þessu sambandi er höfuðatriði að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þess vegna er mjög mikilvægt, herra forseti, að líta til allrar mögulegrar tómstundaiðkunar sem getur komið að liði, ekki síður t.d. til nemendafélaga, tómstundafélaga, skáta, þess vegna trúfélaga, félagsmiðstöðva heldur en ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar þótt hún sé gjarnan einna fyrst nefnd þegar þessa hluti ber á góma.

Vissulega vinnur íþróttahreyfingin gríðarlega mikilvægt starf á þessu sviði og þúsundir og tugþúsundir ungmenna eru þar þátttakendur í skipulögðu starfi. Allar kannanir sem á þessu hafa verið gerðar hafa sýnt gildi íþrótta og að íþróttir gegni stóru hlutverki í félagslegum forvörnum og í baráttunni gegn ávana- og fíkniefnum. Þar kemur ekki síst til hið mikla félagslíf sem íþróttaiðkuninni fylgir. Unglingar sem stunda íþróttir velja sér einnig frekar fyrirmyndir úr hópi íþróttafólks og það hvetur á sinn hátt til þess að menn hlúi að heilsunni og láti vímuefni ósnert.

Auðvitað eru á þessu margar hliðar og það verður að horfast í augu við það og viðurkennast að íþróttum getur einnig fylgt ákveðin sambúð við vímuefni, sérstaklega þegar komið er upp í fullorðinsaldursflokka, keppnisferðalög og hátíðahöld og hvað það nú er sem þar er tilheyrandi. Engu að síður er það staðreynd að þó að mjög margvíslegt íþrótta- og tómstundastarf sé í boði á vegum ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar og margra félagasamtaka, er mikill fjöldi unglinga sem finnur þar ekki neitt við sitt hæfi. Það er einnig staðreynd að brottfall úr íþróttum er gríðarlega mikið meðal unglinga, sérstaklega meðal unglingsstúlkna. Það er vel þekkt vandamál hjá íþróttafélögum sem reka blómlegt starf í barnaaldursflokkum að á unglingsárunum koma göt þannig að jafnvel heilu árgangarnir týnast og ekki er unnt að halda úti keppnisliðum í árgöngum á þeim aldri. Þar með eru þeir hópar tapaðir, í þeim skilningi að þeir eru ekki lengur þátttakendur í þessu skipulega starfi með því gildi sem það hefur hvað varðar félagslegar forvarnir.

Félagsmiðstöðvar gegna þarna afar mikilvægu hlutverki og skipta í raun sífellt meira máli. Í félagsmiðstöðvunum er boðið upp á vímulaust og verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst. Þar er yfirleitt að finna starfsfólk með fjölbreytta reynslu og menntun þar sem forvarnir eru einn helsti útgangspunktur í öllu starfi. Starf félagsmiðstöðvanna er mjög fjölbreytt og þar er reynt að aðstoða unglinga við að gera það sem þeir hafa áhuga á og gera það áhugavert, hvort sem það snýst um tónlist, leiklist, kvikmyndagerð, námskeið, fræðslufundi, skáldskap, íþróttir eða annað. Tilgangur þessa starfs er ekki síst að styrkja sjálfsímynd unglinga og gefa þeim raunverulegt val um hvernig þeir verja frítíma sínum. Oft snýst þetta í raun og veru ekki um annað en það að útvega unglingum aðstöðu til að vinna að áhugamálum sínum. Þetta á t.d. við um ýmsar íþróttir, ekki síst „jaðaríþróttir", ef svo má að orði komast, sem gjarnan ná fyrst hylli meðal unglinga og geta síðan átt eftir að festa rætur í íþróttalífi landsmanna. Sem dæmi um þetta má nefna hjólabretta- og snjóbrettaiðkun sem nú er orðin útbreiddari en skíðaiðkun, svo dæmi sé tekið, og hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

Það eru meira en 70 félagsmiðstöðvar starfræktar víða um land þar sem er unnið alveg gríðarlega mikilvægt og merkilegt starf en af miklum vanefnum, því að nánast undantekningarlaust búa félagsmiðstöðvarnar við mjög þröngan fjárhag. Staðreyndin er sú að 90–95% af rekstrarkostnaði félagsmiðstöðvanna fer beint í launagreiðslur. Það segir í raun allt sem segja þarf um hvað þá er eftir til ráðstöfunar í aðra hluti. Það er afar lítið, ef nokkuð, til viðhalds og efnis- og tækjakaupa, hvað þá að hægt sé að greiða utanaðkomandi aðilum, t.d. fyrirlesurum eða öðrum slíkum fyrir þeirra heimsóknir eða þjónustu. Það er í raun algjörlega ófært að til þess sé ætlast að félagsmiðstöðvar eða annað starf af þessu tagi lifi af sértekjum. Það gefur augaleið að það er ekki hægt að krefja þá sem þangað sækja um aðgangseyri eða þátttökugjöld í miklum mæli. Þá tapast þeir úr hópnum sem síst skyldi og starfið missir marks. Aðstæður unglinganna eru mjög misjafnar og gjaldtaka hefði óumflýjanlega þessi áhrif.

Það eru til mælingar á því hversu hátt hlutfall unglinga tekur í einhverjum mæli þátt í starfi félagsmiðstöðvanna, það er á bilinu 50–65%. Þannig að þar er þátttakan heldur meiri en t.d. í heildaríþróttaiðkun á vegum íþróttahreyfingarinnar. Það er einnig ljóst að t.d. hér á Reykjavíkursvæðinu gegna félagsmiðstöðvar í vaxandi mæli því hlutverki að vera einhvers konar hverfamiðstöðvar fyrir alla aldurshópa. Dæmi eru um að börnum allt niður í 6 ára aldur og upp úr sé sinnt þar með skipulögðu starfi árið um kring.

Samstarf félagsmiðstöðvanna er einnig rekið af miklum vanefnum og í raun og veru án nokkurs opinbers stuðnings. Mun það vera einsdæmi innan Evrópusamtaka félagsmiðstöðva (ECYC) að landssamtök félagsmiðstöðva, í tilviki Íslands Samfés, skuli alfarið byggjast á félagsgjöldum og kostun viðkomandi aðila.

Það er enginn vafi á því í okkar huga, frú forseti, að það má stórefla þetta starf til mikils gagns. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé leitun að skynsamlegri farvegi fyrir viðbótarfjármuni, ef vilji er fyrir því á annað borð að veita einhverja, en þeim að ráðstafa þeim inn í þennan farveg. Það mun án efa skila miklu hvað forvarnagildið snertir og það kæmi sér að sjálfsögðu gríðarlega vel fyrir þessa fjölbreyttu og mikilvægu starfsemi ef hægt væri að efla hana í leiðinni með sérstökum stuðningi af því tagi sem tillagan gengur út á.

Það er ekki síst ástæða til að huga að málefnum 15–18 ára aldurhópsins. Það er enginn vafi á því að þar er kannski við hvað alvarlegastan vanda að glíma þó að hrollvekjandi upplýsingar séu reyndar um að þessi aldursmörk færist sífellt neðar.

Að lokum að frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum. Frumvarpið er afar einfalt. Það gengur út á það að áfengisgjaldið hækki í þrepum, þ.e. sá hluti þess sem rennur í Forvarnasjóð, úr 1% í 2% 1. nóv. nk., þannig að enn er nokkur tími til stefnu til að klára málið ef menn vildu nú vera svo röskir á hinu háa Alþingi að drífa þetta af, og síðan í 4% frá og með næstu áramótum og héldist þannig, a.m.k. út það fimm ára tímabil sem áætlunin gerir ráð fyrir að sett verði upp í byrjun í þessu sambandi. Ég held að um það efni þurfi í sjálfu sér ekki frekari rökstuðnings við. Í raun og veru er hvort tveggja lagt til, hvernig að verkefninu yrði staðið og eins hvernig það yrði fjármagnað. Ég held að þó að ekki kæmi annað til en það að menn færu í þá vinnu að

skoða þetta skipulega og kortleggja þá möguleika sem eru á þessu sviði, gjarnan með hliðsjón af þeirri skýrslu sem ég áður nefndi og kom út sl. vor, mundi það eitt og sér vera ákaflega gagnlegt starf þó að ekkert annað kæmi nú til, sem við tillögumenn vonum að verði, að tillögunni verði sem slíkri hrint í framkvæmd og látið á það reyna hvaða árangri mætti ná með þessu. Síðan má endurmeta málið og fara yfir það hvernig til hefur tekist. Að sjálfsögðu er fyrirkomulag af þessu tagi alltaf umdeilanlegt og sjálfsagt að taka það til endurskoðunar og endurmats hvernig skynsamlegast verði staðið að málum hverju sinni.

Ég legg svo til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu á þskj. 35 vísað til síðari umr. og frumvarpi á þskj. 36 vísað til 2. umr. og báðum til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgönguáætlun, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 39. mál (skipan samgönguráðs, grunntillaga). — Þskj. 39.

[16:27]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Flutningsmenn, ásamt þeirri sem hér stendur, eru hv. þm. Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson og Bryndís Hlöðversdóttir.

Við leggjum til í 1. gr. frv. að breytingar verði gerðar á 3. gr. laga um samgönguáætlun:

a. 1. mgr. orðist svo:

Samgönguráð annast endurskoðun og gerð grunntillögu að samgönguáætlun. Í samgönguráði sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Uppsetning og efni tillögu samgönguráðs skal vera í samræmi við ákvæði 1. og 4. mgr. 2. gr. og þau skilyrði og sjónarmið sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. 2. gr.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Niðurstaða samgönguráðs um grunntillögu að samgönguáætlun skal gerð opinber. Ráðherra skal óska eftir umsögnum sveitarfélaga um niðurstöðu samgönguráðs áður en hann leggur tillögu sína að samgönguáætlun fram á Alþingi, sbr. 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Grunntillögur að fjögurra ára áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Öllum tillögum samgönguráðs að framkvæmdum skal fylgja samræmt arðsemismat. Grunntillögur samgönguráðs að fjögurra ára áætlun skulu gerðar opinberar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skilið verði milli Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar annars vegar og samgönguráðherra hins vegar við gerð tillagna að samgönguáætlunum sem leggja ber fyrir Alþingi. Samkvæmt núgildandi lögum um samgönguáætlun sem sett voru á 127. þingi sem og eldri lögum kemur samgönguráðherra beint að gerð samgönguáætlana á öllum stigum máls innan stofnana samgöngumála. Þetta fyrirkomulag veldur því að erfitt eða ómögulegt er að átta sig á því af hvaða rótum einstakar tillögur eru sprottnar.

Ljóst er að forsendur tillagna sem teknar eru á pólitískum grunni eru iðulega talsvert ólíkar forsendum tillagna sem teknar eru á faglegum forsendum eingöngu. Með þessu er ekki sagt að pólitískar ákvarðanir eigi ekki rétt á sér þegar teknar eru ákvarðanir um samgönguframkvæmdir, þvert á móti er augljóst að slíkar ákvarðanir eiga rétt á sér í lýðræðisríki. Það er hins vegar ekki stofnana ríkisins að setja fram pólitíska stefnumótun heldur ber þeim að vinna að verkefnum sínum á faglegan og hlutlausan hátt. Til að þeim sé það unnt verður að tryggja þeim tiltekið sjálfstæði. Jafnframt er mikilsvert að pólitískar áherslur samgönguráðherra á hverjum tíma komi skýrt fram og séu aðgreindar frá öðrum tillögum sem reistar eru á öðrum grunni.

Til að ná framangreindum markmiðum er lagt til að samgönguráðherra eða fulltrúi hans eigi ekki aðild að samgönguráðinu. Jafnframt er lagt til að grunntillögur samgönguráðs verði gerðar opinberar samhliða því sem þær eru sendar ráðherra. Með þessu er tryggt að hagsmunaaðilar og allur almenningur geti fylgst með því hvaðan einstakar tillögur eru komnar og hverjar pólitískar áherslur samgönguráðherra og ríkisstjórnarinnar eru.

Eftir að tillaga samgönguráðherra hefur verið lögð fyrir Alþingi gefst þingheimi síðan tækifæri til að leggja mat á niðurstöðu ráðherra og gera þær breytingar sem meiri hluti er fyrir.

Gert er ráð fyrir því að grunntillögur verði unnar af stofnunum samgöngumála og samgönguráði án afskipta samgönguráðherra bæði hvað varðar tólf ára samgönguáætlun og fjögurra ára samgönguáætlun.

Þá er í frumvarpinu lagt til að öllum tillögum samgönguráðs að framkvæmdum fylgi samræmt arðsemismat sem geri mönnum kleift að bera saman einstakar framkvæmdir með hliðsjón af arðsemi. Arðsemi framkvæmda hefur verið lítill gaumur gefinn við forgangsröðun framkvæmda hér á landi og er brýnt að úr því verði bætt. Þá er mikilvægt að horft sé til kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum á tilteknum leiðum og stöðum og hvort líkur séu á því að framkvæmd geti dregið úr slysum. Eðlilegt er að slík skoðun sé hluti af arðsemismati hverrar framkvæmdar fyrir sig.

Að lokum má geta þess að Norðmenn hafa nú þegar skilið á milli tillögugerðar innan stofnana samgöngumála og tillögugerðar innan ráðuneytis samgöngumála með líkum hætti og hér er gert ráð fyrir og er þar nú unnið að frumgerð áætlunar fyrir árin 2006–2015 innan norsku vegagerðarinnar án afskipta samgönguráðherra þar í landi.

Herra forseti. Við leggjum til að stjórnsýslan verði gagnsærri og komið verði á svokallaðri stjórnfestu hvað varðar ákvarðanir um forgangsröðun í samgöngumálum þannig að ljóst sé á hvaða forsendum framkvæmdum er raðað, pólitískum forsendum eða öðrum. Við sem leggjum til þessar breytingar í þessu frv. til laga höfum horft til Norðmanna og þeirra breytinga sem þeir eru að gera. Ég vil benda á grein sem Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar, skrifaði ekki alls fyrir löngu í Vegamál, blað Vegagerðarinnar, þar sem hann lýsir þessari leið.

Við munum auðvitað fylgjast með því hvernig Norðmönnum gengur að koma þessu á og teljum fulla ástæða til að við höfum Norðmenn sem fyrirmynd í þessum efnum. Almenningur, skattborgarar þessa lands, á fullan rétt á að vita á hvaða forsendum ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir í samgöngumálum.

Eins og ég benti á og fram kemur í greinargerð með þessu frv. er ekki verið að gera athugasemdir við að menn taki pólitískar ákvarðanir um að taka ákveðnar framkvæmdir fram fyrir. Það geta verið fullgildar ástæður fyrir því, t.d. byggðamál eða aðrar ástæður. En við leggjum ríka áherslu á að arðsemismat liggi fyrir um allar framkvæmdir. Það hefur verið nokkur misbrestur á því. Menn hefðu þá arðsemismatið til hliðsjónar þegar vinnan fer fram á hinum pólitíska vettvangi hér á Alþingi.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta frv. legg ég til að því verði vísað til hv. samgn.

[16:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur gert grein fyrir þessu máli en ég er einn af flutningsmönnum þess. Ég tel ýmislegt mæla sterklega með því að gerð verði tilraun til að breyta því ferli sem hér ríkir og hefur verið á undanförnum árum hvað varðar ákvarðanir í samgöngumálum. Það er auðvitað ekki vansalaust hvernig þessar ákvarðanir virðast oft teknar í hálfgerðri þoku. Fagleg vinnubrögð og gagnsæ eru ekki til staðar hvað þessa hluti varðar.

Við höfum á undanförnum árum, að minnsta kosti allan síðasta áratuginn og rúmlega það, séð hvernig menn setja fram samgönguáætlanir til fjögurra ára og upp á síðkastið til lengri tíma. Einu eða tveimur árum seinna stekkur ríkisstjórnin fram með átak í vegamálum. Ég hef ekki tölu á hve mörg þau eru orðin en ég gæti ímyndað mér að þau væru líklega svona fimm eða sex á þessu tímabili, á 11 eða 12 ára tímabili. Þessi átaksverkefni í vegamálum eru ævinlega sama marki brennd. Þá ákveður ríkisstjórnin að setja tiltekið fjármagn í átak í vegamálum og um leið ákveður ríkisstjórnin að tiltekin verkefni komi til framkvæmda. Það eru ekki endilega verkefni sem hafa verið á áætlun undanfarin ár eða miklu aftar en önnur verkefni. Þannig er því starfi sem unnið hefur verið við áætlanagerðina allt í einu kastað til hliðar vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið það að auglýsa sig fyrir næstu kosningar eða af einhverjum öðrum ástæðum.

Að sama skapi eiga þingmenn og aðrir ákaflega erfitt með að setja fram gagnrýni á þessar ákvarðanir á faglegum forsendum. Það er ekki til skráning eða mat á þeim einstöku verkefnum sem koma til greina. Svo að maður taki sem dæmi eitt af síðustu deilumálum hvað svona ákvarðanatöku varðar, jarðgöngin til Siglufjarðar, þá telja sumir að nýta ætti til annars þau þrjú ár sem eru fram að því þær framkvæmdir eiga að hefjast samkvæmt síðustu loforðum ríkisstjórnarinnar. Þeir geta hins vegar ekki borið þær framkvæmdir saman við neina aðra möguleika.

Nú liggur t.d. fyrir, svo annað dæmi sé tekið, að styttíng á leiðunum á þjóðvegi 1 er oft mjög hagkvæm. Fyrir liggja útreikningar á möguleikum sem eru fyrir hendi til að stytta þjóðveg 1 og eru margir þeirra mjög hagkvæmir. Aðrir möguleikar til að stytta leiðir eru ekki til staðar. Af því að ég nefndi áðan jarðgöngin milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar þá hefur t.d. komið fram að hugmynd um að stytta þjóðveg 1 með því að halda þjóðvegi 1 áfram við þéttbýlisstaðina á leiðinni um Norðurland vestra. Þá er ég að tala um að láta þjóðveginn áfram liggja í gegnum Blönduós, færa hann nær Skagaströnd og fara yfir Þverárfjallsveginn til Sauðárkróks og þaðan yfir Skagafjörðinn, í gegnum Tröllaskagann inn í Eyjafjörð. Þessi leið hefur ekki verið skoðuð þannig að menn geti borið hana saman við þá styttingu sem Vegagerðin hefur miðað við, þ.e. að styrkja og gera betri vegi á svipuðum slóðum og verið hefur og stytta hann. Framtíðarumferðin um þjóðveg 1 liggur samkvæmt áformum Vegagerðarinnar öll fjarri þessum byggðarlögum sem ég taldi upp áðan. Það er auðvitað slæmt að menn geti ekki borið saman svo mikilvæga möguleika. Nú veit enginn hver niðurstaðan yrði. Menn geta ekki borið þetta saman en það þyrfti að vera hægt.

Ég vil endurtaka að ekki er við það búandi inn í framtíðina að menn hagi sér eins og þeir hafa gert á undanförnum árum. Það er í raun brandari að leggja fram samgönguáætlanir annað hvert ár og fara aldrei eftir þeim. Jafnoft kemur ríkisstjórnin með átak í vegamálum og tvístrar öllu saman. Ég tel í sjálfu sér allt í lagi að menn taki ákvarðanir um átaksverkefni í vegamálum. En það er pólitísk ákvörðun að láta það átak raska öllu öðru. Það er enginn vandi að flýta framkvæmdum í þeirri framkvæmdaröð sem upp hefur verið sett. Endurskoðun á samgönguáætlunum ætti að hafa faglegri framgang en raun ber vitni.

En svona vilja menn hafa þetta í þeirri ríkisstjórn sem hefur setið undanfarin ár. Það er öruggt að á meðan hún situr verður engin breyting á þessu. Þetta hefur verið eitt aðalsportið gagnvart kjósendum, að sýna fram á að fara eigi að gera eitthvað á tilteknum svæðum og kaupa sér vinsældir með þessum hætti. Svo langt hafa menn gengið, t.d. fyrir síðustu kosningar, í að kaupa sér vinsældir að það var ekki nokkur leið að eyða öllum peningunum sem ætlaðir voru til vinsældakaupanna.

Ég hef svo sem ekki allt of mikla trú á, eins og þeir heyra sem á mig hlýða, að ríkisstjórnin sem nú situr hafi áhuga á að samþykkja tillögur eins og þá sem við erum að ræða hér. Uppáhaldsiðja þeirra í samgöngumálum hefur verið að gera átak í vegamálum öðru hvoru og koma hjartfólgnum verkefnum ríkisstjórnarinnar, ráðherranna eða meirihlutaflokkanna, eins og það vill nú oft verða, í verk á þeim tíma sem hentar.

Hæstv. forseti. En aldrei má maður missa vonina. Ég vona að menn fjalli faglega um þetta í samgn. Batnandi mönnum er best að lifa og aldrei skyldi maður missa vonina um að menn fari að stunda fagleg vinnubrögð. Orð eru til alls fyrst og hér hafa þau verið sett fram til þess að reyna að leiða starfið í samgöngumálum inn á faglegri brautir.

[16:43]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir þetta innlegg í umræðuna um frv. Vissulega erum við hér að leggja til að ástunduð verði fagleg vinnubrögð. Því miður hefur skort á þau í allri vinnu við samgöngumál, sérstaklega í vegamálum eins og við þekkjum. Við höfum verið að upplifa, með þessa ríkisstjórn, átaksverkefni og hringlandaháttt í vegamálunum. Það eru settir nokkrir milljarðar í vegagerð rétt fyrir kosningar og svo er þeim kippt til baka eftir kosningar. Einum milljarði var kippt til baka úr síðasta átaki. Þetta virðist sett í gæluverkefni sem er ekki einu sinni hægt að fá upplýsingar um arðsemismatið á.

Í fjölmiðlum og í umræðum á þinginu ber ekki nokkrum manni saman um hver arðsemin er af hinum og þessum verkefnum. Héðinsfjarðargöng sem hafa verið nokkuð til umræðu í sumar eru dæmi um þann vanda. Þar munaði mörgum tugum prósentustiga á arðsemismati sem menn nefndu út og suður. Þegar vegamálastjóri var spurður að því í samgn. hvað væri til í þessum tölum um arðsemismatið vildi hann gera lítið úr öllu saman. Hann taldi að allt of háar upphæðir hefðu verið nefndar.

Þetta viljum við koma í veg fyrir með frv. Við erum að leggja til að menn hafi arðsemismatið, samræmt hvað varðar allar framkvæmdir, þannig að menn geti borið saman leiðir og síðan unnið út frá því. Þannig yrði ljóst hvers vegna menn velja eina leið umfram aðra.

Við þyrftum svo líka að ræða annað mál, þ.e. hvernig við kostum slíkar framkvæmdir. Ég vil nefna hugmyndir sem hafa verið uppi um Sundabrautina, að fara út í að láta þá sem nota leiðina greiða fyrir eins og fyrir Hvalfjarðargöngin núna. Ég leyfi mér að efast um að það sé réttlætanlegt að höfuðborgarsvæðið og íbúar þar, sem eru líka skattgreiðendur og greiða í þann sjóð sem fer til vegagerðar, eigi endilega að greiða aukalega fyrir slíkar framkvæmdir með veggjaldi eins og hugmyndir hafa verið uppi um. Það er umræða sem við eigum eftir að taka. Sú umræða er fram undan og við þurfum að ganga í gegnum hana. Ég tel ekki sjálfsagt að fara þá leið að láta höfuðborgarbúa greiða sérstaklega fyrir framkvæmdir innan borgarmarka.

Ég minni á að höfuðborgin er okkar allra. Af því ég er að nefna hér Sundabrautina vil ég nefna hversu mikilvæg hún er okkur öllum, ekki bara höfuðborgarbúum, heldur allri landsbyggðinni. Hún mun bæta aðgengið að borginni og leiðina frá henni einnig. Þar er náttúrlega komið upp ófremdarástand eins og við þekkjum.

Herra forseti. Ég hef kannski farið aðeins út fyrir efnið en hér leggjum við til að tekin verði upp faglegri vinnubrögð, að ljóst sé hvar ákvarðanir eru teknar og hvernig þær eru teknar, á hvaða forsendum og arðsemismat liggi fyrir þegar samgönguáætlun er til umræðu og afgreidd hér í þinginu. Eins og ástandið er í dag er það ekki hægt á þeim forsendum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 40. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 40.

[16:48]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Auk mín flytja málið hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og Guðlaugur Þór Þórðarson.

Frumvarpið er mjög einfalt. Í 1. gr. þess segir: „2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frumvarp þetta hefur verið flutt áður í þrígang, á 126., 127. og 128. löggjafarþingi. Því hefur verið vísað til efh.- og viðskn. í tvígang og nefndin hefur ekki séð ástæðu til þess að afgreiða málið með því að leggja til að það yrði samþykkt, því yrði breytt eða að það yrði fellt með viðeigandi rökstuðningi. Það er dálítið athyglisvert, frú forseti, þar sem í grg. með frv. er því haldið fram og færð fyrir því rök að þetta ákvæði kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt. Og hér í dag, frú forseti, varð mikil umræða um stjórnarskrána, það er því kannski viðeigandi að ræða þetta mál einmitt núna.

Því er haldið fram að þetta ákvæði sé í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir, með leyfi forseta, að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það sé enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Það ákvæði sem lagt er til að fellt verði brott er eftirfarandi:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi."

Frú forseti. Þetta ákvæði minnir dálítið mikið á stöðu mála í Kína og í Sovétríkjunum, sem eru nú liðin undir lok, þar sem stór stéttarfélög opinberra starfsmanna eða stór stéttarfélög landsmanna, verkamenn yfirleitt, voru með skylduaðild og voru afskaplega höll undir ríkisvaldið. Hér er sem sagt öllum opinberum starfsmönnum gert að greiða í ákveðið stéttarfélag. Og þeir mega ekki stofna ný stéttarfélög til að berjast fyrir kjörum sínum ef þeim finnst þau ekki vera nægilega góð. Þetta er mjög undarlegt ákvæði, frú forseti.

Þetta er í raun dulbúin skylda til aðildar að viðkomandi stéttarfélagi vegna þess að maður sem ekki er í stéttarfélagi nýtur ekki þeirra kjara sem tengjast stéttarfélagsaðildinni. Má þar nefna t.d. orlofsheimili, aðild að sjúkrasjóði og ýmiss konar heilsuverndarþátttöku o.s.frv. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir mann sem er gert að greiða fullt stéttarfélagsgjald til stéttarfélags en er ekki félagi, að ganga ekki í félagið. Þetta er því í rauninni dulbúin skylda til þess að ganga í stéttarfélag.

Frumvarpið var sent til umsagnar til ýmissa aðila á sínum tíma og umsagnir bárust frá nokkrum félögum, t.d. Læknafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Alþýðusambandi Íslands, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins o.s.frv. sem flestöll lögðust gegn samþykkt þess og öll með vísan til þess að þetta væri aðild að stéttarfélagi. Ekkert þeirra tók afstöðu til þess að jafnframt er sagt að þetta gæti verið skattur.

Árið 1998 felldi Félagsdómur dóm og komst að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Félagsdómur taldi sig sem sagt þess umkominn að fara í sæti stjórnlagadómstóls og kveða upp um það hvort lög frá Alþingi samrýmist stjórnarskránni. Í flestum löndum eru sérstakir stjórnlagadómstólar til að kveða á um það hvort lög frá löggjafarsamkundunni samrýmist stjórnarskrá. Hér á landi er þetta hlutverk Hæstaréttar. Hann hefur nú dæmt nokkrum sinnum eins og kunnugt er að ákveðin lög samrýmist ekki stjórnarskránni og ég hef nú reyndar stungið upp á því og lagt til að Hæstiréttur væri alltaf fullskipaður við slíka ákvörðun og það var hann núna síðast í gær þegar hann felldi úr gildi eitt ákvæði laga sem Alþingi hafði samþykkt. Þá var hann fullskipaður, þ.e. allir sjö dómarar.

Umsagnir þær sem bárust vísuðu töluvert mikið til þess að Félagsdómur hefði kveðið á um að þetta ákvæði stæðist stjórnarskrána. Einstakur félagsmaður í stéttarfélagi gæti að sjálfsögðu farið í einkamál og það mál færi ekki fyrir Félagsdóm heldur færi það venjulega leið í gegnum dómskerfið og upp til Hæstaréttar. Og þá væri athyglisvert að athuga hvað

gerðist ef Hæstiréttur kæmist að annarri niðurstöðu en Félagsdómur. Ætli það skyldi nú ekki vera þannig að úrskurður Hæstaréttar gildi? Það er nefnilega ákveðið í stjórnarskrá að Hæstiréttur sé æðstur dómstóla. Þar með má segja að þessi úrskurður Félagsdóms hafi sama gildi og úrskurður annarra dómstóla en Hæstaréttar, þó ekki sé hægt að áfrýja honum. Hann hafi ekki lögskýringargildi. Þess vegna er ekki hægt að vísa í þennan dóm frá Félagsdómi að hann hafi eitthvert gildi vegna þess að Hæstiréttur gæti fellt hann úr gildi.

Ef litið er á félagsgjaldið með þeim augum að reyna að réttlæta það sem þjónustugjald, hvað þá? Menn eru skyldaðir til að greiða slíkt gjald og spurning er: Er þetta þjónustugjald? Er þetta skattur? Annað hvort er það, því þetta er lögbundið. Menn borga ákveðna prósentu af launum í félagsgjald, þ.e. maður sem er með 200 þús. kr. á mánuði greiðir tvöfalt meira en maður sem er með 100 þús. kr. á mánuði. Engin rök eru fyrir því að það sé tvöfalt meiri vinna að semja fyrir mann sem er með 200 þús. kr. en þann sem er með 100 þús. kr. Meira að segja má færa rök fyrir því að hann þurfi í auknum mæli að semja fyrir sjálfan sig eftir að tekin hefur verið upp ný stefna í kjaramálum ríkisstarfsmanna þar sem þeir geta samið beint um laun sín, þ.e. til viðbótar við kjarasamninga.

Þess vegna má segja að þeir sem eru með hærri launin hafi yfirleitt samið um þau laun sjálfir við atvinnurekanda sinn, sem er opinber stofnun. Þess vegna er ekki hægt að segja að þetta sé þjónustugjald af því að þeir sem eru með háu launin borga þá hreinlega of mikið. Þannig að þetta getur ekki verið þjónustugjald. Þetta hlýtur því að vera skattur.

Og þá kemur að því að á þessu gjaldi er ekkert hámark samkvæmt lögum. Félagsfundur í litlu stéttarfélagi gæti ákveðið að félagsgjaldið yrði 100% af launum. Og launaskrifstofa ríkisins yrði að innheimta 100% af launum af þessum manni sem ekki er félagi í félaginu. Hann yrði þá bara launalaus og ætti eftir að borga skatta. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum að það skuli vera hægt að fela einhverju félagi slíkt vald og brýtur að sjálfsögðu ákvæði stjórnarskrárinnar um skattlagningu.

Félagsgjald er reyndar mismunandi eftir stéttarfélögum. Stundum er það 1%, stundum 1,5% og ég held að 1,75% sé það hæsta sem ég hef séð. Ekkert þeirra er komið upp í 100%.

En spurningin er: Hvað er skattur? Hugtakið skattur er jafnan skilgreind sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald, þ.e. maðurinn sem greiðir tvöfalt gjald er greinilega að borga meira en þarf miðað við manninn sem greiðir einfalt gjald, þ.e. af helmingi lægri launum. Hann greiðir skatt, hann fær ekkert fyrir það sem umfram er. Andstætt skatti eru þjónustugjöld, lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir tiltekna veitta þjónustu hvort sem skylda er að neyta hennar eða ekki. Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður fyrir veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Nú liggur ekki fyrir nánari skilgreining á hugtakinu skattur eða hugtakinu opinber aðili. Það er bara þessi skilgreining og ekki meir. En með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð eða sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald til stéttarfélags sem hann ekki er félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Þarna stendur að ekki megi fela stjórnvöldun ákvörðun um að leggja á skatt eða breyta honum, en hér er meira að segja aðilum sem ekki eru einu sinni stjórnvald, frú forseti, falin ákvörðun um hvað skatturinn á að vera hár og hvort hann skuli lagður á. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar um skattlagningu og hvernig skattamálum skuli hagað er því greinilega illilega brotið, eða svo sýnist mér.

Því er í þessu ákvæði, sem hér er lagt til að fellt verði brott, skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanninum er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða hafi nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að aðlaga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, þeirri breytingu. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Frú forseti. Það eru nokkur önnur athyglisverð dæmi, svipuð þessu, gamlar leifar. Eitt af því er t.d. búnaðargjald sem lagt er á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtakanna sem stéttarfélagsgjald og til Lánasjóðs landbúnaðarins, frú forseti. Hverjir skyldu fá lán úr Lánasjóði landbúnaðarins? Það eru þeir bændur sem eiga nægar eignir til veðsetninga og hafa nægilega háar tekjur til að geta greitt af láninu, þ.e. tiltölulega vel stæðir bændur. En allir bændur skulu greiða þetta gjald, líka fátæku bændurnir, þannig að þetta er í rauninni skattlagning á fátækt, frú forseti. Fátæku bændunum er gert að greiða þetta gjald sem þá munar töluvert um og þeir sem njóta þess eru ríkari bændur. Þetta er mjög ófélagslegt.

Annað dæmi er sóknargjald sem er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá háskólanum umfram aðra menn. Þetta hlýtur þá að vera skattur, þetta er ekki þjónustugjald, og þess vegna er spurning hvort það fái staðist.

Þá er það stefgjaldið. Það er það gjald sem er með mestum ólíkindum, frú forseti, því það kveður á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki og nú nýverið líka á geisladiska. Þarna er skattlagning. Þarna er ákveðið gjald sem tollurinn innheimtir og rennur til einkafélags, frú forseti, til greiðslu á höfundarrétti. Þeir sem nota kannski mest geisladiska, fólk sem er að taka sínar eigin myndir, stafrænar, höfundar að þeim myndum, og einnig þeir sem semja hugbúnað og forrit og eru eigendur að þeim höfundarrétti, fá hins vegar ekki greitt úr þessum höfundasjóði sem stefgjald rennur til. Þeir skulu engu að síður borga ef þeir ætla að nota þessi tæki til þess að geyma sín gögn. Þetta gjald er mjög vafasamt, frú forseti.

Svo komum við að afnotagjaldi til RÚV. Það er í fyrsta lagi mjög ófélagslegt vegna þess að það er hið sama á alla.

Þetta er ákveðinn skattur, um 30 þús. kr. á fjölskyldu á ári, burt séð frá tekjum hennar. Fjölskyldur með mjög lágar tekjur greiða tiltölulega hátt gjald. Þetta er ófélagslegt gjald. Ef auk þess einhver annar, t.d. unglingur sem er fluttur að heiman, vill fá að horfa á Skjá einn sem hann er hrifinn af og sem kostar ekkert að horfa á verður hann að borga til RÚV, frú forseti, ríkissjónvarpsins, til þess að mega horfa á Skjá einn sem er í samkeppni við RÚV. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum, allt saman.

Þá er það, frú forseti, iðnaðarmálagjald sem öll iðnfyrirtæki eiga að greiða til Samtaka iðnaðarins, hvort sem þau vilja vera í þeim samtökum eða ekki. Reyndar fer iðnaðarmálagjaldið í gegnum fjárlög og er kannski á vissan hátt dekkað þannig.

Svo má nefna iðjald til lífeyrissjóða sem er ekki þjónustugjald. Einstæðir karlmenn borga of hátt iðgjald til lífeyrissjóðs þar sem lífeyrissjóðurinn greiðir barnalífeyri sem þeir fá aldrei ef þeir eiga kannski ekki afkvæmi, og karlar lifa skemur en konur þannig að ellilífeyririnn þeirra er verðminni en ellilífeyrir kvenna.

Svo er dálítið skrýtinn skattur, Fiskræktarsjóður. Það er ákvæði um að allar vatnsaflsstöðvar á landinu sem sumar hverjar eru mjög stórar skuli greiða þrjú prómill af óskírum tekjum til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hann er einkafyrirtæki. Þarna eru sem sagt vatnsaflsstöðvarnar skattlagðar og skatturinn rennur ekki til sveitarfélaganna eða ríkisins, nei, hann rennur til Fiskræktarsjóðs. (**Gripið fram í:** Þú veist hverjir fá úr Fiskræktarsjóði.) Já, það er nefnilega málið, frú forseti, það eru þeir sem ekki borga virðisaukaskatt af því að selja eitt laxveiðileyfi. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (JóhS): Ekki samtal.)

Það sagði ég ekki.

Ég ætla að ljúka með því að segja frá kandídatsritgerð sem Elín Blöndal skrifaði til embættisprófs í lögfræði 1992. Hún fjallaði einmitt um neikvætt félagafrelsi. Hún skiptir því í tvennt, þ.e. beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu og nefnir sem dæmi skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands og segir að menn geti jú ákveðið hvort þeir vilji sækja um lögmannsréttindi eða ekki. Ef þeir sækja um lögmannsréttindi eru þeir skyldaðir til að ganga í þetta félag. Síðan er það spurningin um þá sem eiga hlut í sambýlishúsi. Þeir verða að vera aðilar að húsfélagi.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessa ritgerð en í henni kemst Elín að þeirri niðurstöðu að þessi grein, 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, samrýmist ekki ákvæðum 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkuð þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins, sé brot á ákvæðinu. Þetta brýtur sem sagt líka alþjóðlega samninga sem Íslendingar hafa undirgengist.

Ég tel að þetta sé nokkuð alvarlegt mál þótt það sé kannski ekki mjög stórvægilegt. Ég veit ekki hversu margir opinberir starfsmenn hafa ama af því að þurfa að vera félagar í stéttarfélagi opinberra starfsmanna. Það kann að vera að þeir séu allir mjög ánægðir með það. En það breytir engu, þeir skulu vera þarna inni hvort sem þeir eru ánægðir eða ekki, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

[17:07]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki. Flutningsmenn ásamt þeirri er hér stendur eru hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson.

Í tillgr. segir að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fimm sérfræðinga, samkvæmt tilnefningu þingflokka, sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Nefndin ráði starfsmann og skili skýrslu um niðurstöður sínar til Alþingis innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Nefndinni er gefið fernt að leiðarljósi í tillgr.:

1. Nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna um allan heim.

2. Nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum, m.a. bólusetningu gegn algengum barnasjúkdómum og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir alnæmissmit.

3. Taki mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrannalöndum okkar, t.d. á vegum annarra norrænna þróunarsamvinnustofnana, og taki mið af niðurstöðum álitsgerðarinnar „Ísland og þróunarlöndin" sem kom út 1. september sl.

4. Lagt er til að nefndin meti þörf þess að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna vinnu sinnar.

Frú forseti. Til þess að þróunarsamvinna við fátæk ríki skili mælanlegum og góðum árangri þurfa markmið að vera skýr og verkefni vel skilgreind. Til grundvallar þarf að liggja mótuð stefna stjórnvalda á hverjum tíma. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) starfar samkvæmt lögum nr. 43/1981. Þessi lög eru barn síns tíma og nokkuð komin til ára sinna. Hingað til hefur ÞSSÍ lögum samkvæmt einungis tekið þátt í tvíhliða verkefnum á sviði þróunarsamvinnu. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að huga þurfi betur að kostum þess að íslenska ríkið leggi meira af mörkum á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og þá einnig með hvaða hætti slík samvinna ætti að fara fram. Fleira kemur til greina en tvíhliða samvinna ríkja, t.d. þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum ellegar beinar fjárveitingar til ákveðinna verkefna á vegum viðurkenndra alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka, hvort sem það eru stofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna eða frjáls félagasamtök, hjálparsamtök mörg hver.

Hinn 28. maí 1985 ályktaði Alþingi um þróunaraðstoð Íslands. Þá var samþykkt að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Markmiðið var sem sagt að ná þessu árið 1992. Síðan hefur tíminn liðið og eins og þingheimi er kunnugt eru framlög okkar til þróunarsamvinnu á þessu ári, 2003, um 0,16% af landsframleiðslu. Eins og kunnugt er hefur þetta markmið ekki náðst, heldur hefur þokast í raun og veru ótrúlega hægt miðað við fyrirætlanir og samþykktir hins háa Alþingis.

Árið 1996 fluttu hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Margrét Frímannsdóttir till. til þál. um aukið framlag til þróunarsamvinnu en hún var aldrei afgreidd frá utanrmn. þingsins.

Samkvæmt núverandi stefnumiðum ÞSSÍ er samvinna og aðstoð við þróunarlönd greind í þrjá aðalþætti.

1. Eiginleg þróunaraðstoð sem miðar að varanlegum umbótum og framförum samkvæmt skilgreindum markmiðum.

2. Neyðarhjálp vegna bráðavanda sem skapast, t.d. vegna matarskorts, styrjalda eða náttúruhamfara.

3. Verkefnaútflutningur og viðskiptasamvinna.

Eins og fram hefur komið eru verkefni ÞSSÍ einvörðungu tvíhliða verkefni, þ.e. unnin á grundvelli sérstaks samkomulags íslenska ríkisins við það ríki sem þiggur aðstoðina.

Frú forseti. Jafnmikið af ráðstöfunarfé Þróunarsamvinnustofnunar Íslands fer til verkefna sem tengjast fiskveiðum og til þeirra verkefna sem tengjast menntun og félagslegum aðgerðum. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að meiri áherslu eigi að leggja á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála, enda svari þau brýnustu þörf margra fátækustu samfélaga í heimi og komi konum og börnum sem lifa í örbirgð sérstaklega til góða. Eðli þróunarsamvinnu krefst þess að markmið séu sett til langs tíma, t.d. til tíu ára í senn, en endurskoðuð jafnframt með jöfnu millibili. Markmiðum og framkvæmdaáætlunum þurfa einnig að fylgja hærri framlög til þróunarmála. Þau verða auðvitað ekki hækkuð í einu vetfangi og þykir flutningsmönnum skynsamlegt að miða við að þau hækki í 0,7% af landsframleiðslunni á u.þ.b. einum áratug, þ.e. á árabilinu 2005–2015. Vandað val samvinnuverkefna verður að byggjast á skýrri stefnu og raunsæjum langtímamarkmiðum sem við setjum okkur. Gæta þarf jafnvægis á milli tvíhliða og fjölhliða aðstoðar við val á verkefnum. Einnig þarf að gera skýran greinarmun á þróunarverkefnum og neyðaraðstoð og einnig má nefna að gera skýran greinarmun á þróunarverkefnum, neyðaraðstoð og svo friðargæslu hvers konar.

Forsenda þess að árangur náist er að heimamenn séu hafðir með í ráðum og stýri helst för. Samstarfsverkefni sem byggjast einvörðungu á hagsmunum gefandans reynast gagnslítil eins og dæmin sanna. Þróunarsamvinnuverkefni sem skila raunverulegum árangri einkennast af mikilli undirbúningsvinnu og nánu samstarfi við fólkið sem tekur þátt í þeim. Til dæmis ber það vott um fagleg og góð vinnubrögð að kanna hvar þörfin er mest í einhverju tilteknu landi áður en menn bjóða fram aðstoð sína. Stundum getur líka þurft að ljúka verkefnum sem aðrir hófu eða ganga inn í samstarf sem þegar er fyrir hendi. Matið á því hvað best sé að gera hlýtur alltaf að byggjast á hagsmunum heimamanna en ekki hins utanaðkomandi, ekki á hagsmunum gefandans, frú forseti.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu svokölluð þúsaldarmarkmið árið 2000, markmið sem nást eiga fyrir árið 2015. Þessara markmiða er getið í fylgiskjali I með tillögunni. Þau eru m.a. að eyða fátækt og hungri, að fleiri börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015 en nú er og sérstaklega sé til þess séð að stúlkur fái grunnmenntun, að vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna, að lækka dánartíðni barna, að vinna að bættu heilsufari kvenna, að berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu og vinna að sjálfbærri þróun.

Markmiðin eru skýr og þau eru háleit, frú forseti, en þetta eru allt markmið sem hægt er að ná með einurð og festu og með því að vinna af alvöru í þessum málum.

Þessi markmið þurfa líka að endurspeglast í utanríkisstefnu Íslands á öðrum sviðum og geta aldrei orðið annað en samþætt henni þar sem við höfum undirgengist þau með samþykkt Sameinuðu þjóðanna.

Það er vel við hæfi að íslensk stjórnvöld setji sér markmið á sviði þróunarsamvinnu sem eru hluti af þessum þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þannig náum við raunhæfum árangri og þannig getur þróunarsamvinnan orðið raunveruleg þróunarsamvinna þar sem báðir læra og báðir verða ríkari, bæði þeir ríku og þeir snauðu.

Ég vil rétt í lok máls míns, frú forseti, minna á umræðu utan dagskrár í upphafi þings við hæstv. utanrrh. um álitsgerðina „Ísland og þróunarlöndin". Fjöldi þingmanna tók þátt í þeirri umræðu og ég held að mig misminni ekki þegar ég held fram að allir hafi tekið undir þær óskir og þær kröfur að Ísland stæði sig betur í þróunarsamvinnu en hingað til, að við hækkuðum framlögin a.m.k. upp í 0,3% af landsframleiðslu á næstu þremur árum, þ.e. eigi síðar en árið 2006 eins og lagt er til í álitsgerðinni sem þá var rædd.

Við búum að þó nokkurri reynslu og mörg þeirra verkefna sem unnin hafa verið í þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki hafa lukkast mjög vel. Það verður þó ekki sagt um öll þeirra og við eigum að vinda okkur í þessa stefnumótun af metnaði, fá í hana okkar færasta og besta fólk á þessu sviði og vinna tillögur til langs tíma sem að sjálfsögðu yrðu svo ræddar og yfirfarnar á hinu háa Alþingi og samþykktar héðan, helst í sem mestri sátt og samlyndi þannig að raunverulegur pólitískur vilji sé á bak við þær og hægt verði að treysta því að það sem hér verður ákveðið gangi eftir á næstu fimm til tíu árum.

Það voru sett lög, frú forseti, um aðstoð Íslands við þróunarlöndin árið 1971. Tíu árum síðar settum við lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands sem hún hefur starfað eftir fram á þennan dag. Eins og ég minntist á áður var samþykkt till. til þál. árið 1985 um að ná 0,7% markinu á sjö árum. Síðan hafa verið gefnar út þó nokkrar skýrslur á vegum utanrrn., sú fyrsta 1992, sú næsta árið 1997 og nú sú nýjasta í haust, 1. september 2003.

Í raun má segja, hæstv. forseti, að þingheimur hafi flest þau gögn í höndum sem hann þarf til þess að setjast niður og vinna þá vinnu sem vinna þarf undir leiðsögn þeirra sem gerst til þekkja í þessum málum. Ég trúi því og treysti að sú tillaga sem ég mæli hér fyrir fái vandaða umfjöllun í hv. utanrmn. og svo líka við síðari umr. hér á hinu háa Alþingi. Og auðvitað vonast ég til þess, frú forseti, að hún verði samþykkt í vetur.

[17:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur sérstaklega fyrir það frumkvæði sem hún hefur haft að því að vinna þessa þáltill. sem við nokkrir þingmenn Samf., m.a. við þrjú sem erum í utanrmn. fyrir Samf., höfum lagt hér fram og hún mælt fyrir. Tillagan er bæði afdráttarlaus og skýr og greinargerðin afskaplega góð þannig að þeir sem hafa áhuga á þessum málum eiga að geta séð hvert Samf. vill stefna og hvað Samf. leggur áherslu á í sýn sinni á þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Af því að þingmaðurinn vísaði hér í álitsgerð sem utanrrn. skilaði til okkar þingmanna í september ætla ég aðeins að grípa niður í hana til að styðja við þær hugmyndir sem við setjum hérna fram. Þar er einmitt bent á það að opinber þróunaraðstoð hérlendis er af tvennum toga, annars vegar

marghliða aðstoð sem fer um hendur alþjóðlegra stofnana og hins vegar tvíhliða aðstoð frá einu landi til annars. Þetta er það algenga munstur sem er í öðrum löndum. Það er lagt til í þessari álitsgerð að stuðningur við sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna sem vinna að þróunarmálum verði aukinn og það verði hugað sérstaklega að því að styrkja tengsl Íslands við Þróunarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, ásamt hliðarstofnunum hennar sem sinna málefnum tengdum fæðuöflun. Ég vek sérstaklega athygli á því. Þetta er kannski það sem við byrjuðum að líta á þegar við á Íslandi hófum þróunaraðstoð okkar, að veita fátækum ríkjum mataraðstoð og svo ríkjum þar sem voru hamfarir, þurrkar eða aðrir alvarlegir erfiðleikar sem gerðu það að verkum að fólk svalt.

Það er líka talað um það að taka þátt í störfum þróunaraðstoðarnefndar OECD sem mundi auka mjög þekkingu Íslands á þróunaraðstoð og að Ísland ætti að leita virkrar þátttöku í stjórnun og starfi þessara útvöldu stofnana og nýta tengsl sín við þær.

Ég vek sérstaklega athygli á þessum punkti vegna þess að það sem við erum að benda á með þessari tillögu sem Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur haft forgöngu um er í raun og veru ný sýn á hvert maður ætlar að stefna með þróunaraðstoðinni, hvers konar þróunarsamvinnu og af hverju við viljum líta á þessa þætti. Við verðum líka sjálf að þróa vinnubrögð okkar og sýn á það hvað það er og við hvað við ætlum að taka þátt í að hjálpa.

Ég vil líka benda á hnattvæðingarnefndina sem vísað er til í álitsgerðinni. Hún skilaði skýrslu í apríl 2002 og þar segir að það sé ósanngjarnt að kenna hnattvæðingunni um fátæktina í þriðja heiminum af því að hana megi frekar rekja til þess að þjóðir hafi farið á mis við hugsanlegan akk af markaðsbúskap og þátttöku í alþjóðaviðskiptum. Þess vegna er þeim bent á að tollar í viðskiptum milli iðnríkjanna séu ekki nema tíundi partur af því sem þeir voru í lok síðari heimsstyrjaldarinnar.

Ég held hins vegar að við eigum ekki að einfalda málin svona mikið. Gagnrýnin og andúðin á þátttöku í því sem tengist hnattvæðingunni er út af misskiptingu. Og það er þessi gífurlega misskipting sem við erum alltaf að fást við. Það er hatrið og skelfingin yfir bágum kjörum sem fær ungt fólk til að taka þátt í vonlausum aðgerðum sem það heldur að sé barátta fyrir betra lífi, samanber í Miðausturlöndum. Og ég held að við eigum að horfa með miklu víðari skilningi og skýrum augum á fylgikvilla hnattvæðingarinnar. Við styðjum hana, við viljum nýta hana til þess að sem flest lönd heims geti átt heilbrigða viðskiptahætti, að allir búi við tilsvarandi reglur og að það skapi löndunum jafna möguleika. Á þessu eru hins vegar bakhliðar eins og mál hafa þróast og við getum ekki tekið á þeim nema horfa opnum augum á þær.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi þúsaldarmarkmiðin. Í tengslum við framsetningu þeirra er einmitt nefnt að fátækt í heiminum við upphaf 21. aldar hafi sýnt hvað sé þörf á mörgum og miklum verkefnum, að u.þ.b. 800 milljónir manna líði næringarskort og að á hverju ári deyi hálf milljón kvenna af barnsförum. 130 milljón börn ganga ekki í skóla. Víða í þróunarlöndum deyr eitt barn af hverjum tíu áður en það nær fimm ára aldri. Þetta eru svo alvarlegar upplýsingar að við getum ekki leyft okkur að einfalda þróunaraðstoðina. Þess vegna eru þessar tillögur sérstaklega tilteknar og nefndin beðin að hafa að leiðarljósi að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna, taka þátt í uppbyggingu almennrar heilsugæslu og taka mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrannalöndum.

Ég átti þess kost, virðulegi forseti, að hitta Elisabeth Rehn þegar hún var hér á ferð. Hún talaði við okkur fulltrúa flokkanna í utnarmn. um þetta, að styðja konur í þróunarlöndunum. Það er alltaf að verða skýrara þeim sem eru að horfa á þessi mál að það er mikilvægast að styðja konur í þróunarlöndunum. Konurnar halda utan um og ná samfélaginu saman eftir þá erfiðleika sem land þeirra hefur farið í gegnum, annaðhvort vegna fátæktar eða stríðs, þurrka eða hörmunga. Hún benti líka á að við verðum að fara að bregðast við þeirri óhugnanlegu þróun að nauðgun í stríði er notuð beinlínis til að brjóta niður samfélög. Okkur bregður svo þegar við heyrum þetta en þetta eru bara hlutir sem við eigum að taka þátt í að vinna með. Við eigum að spyrja okkur hvað við getum gert til að hjálpa fólkinu í flóttamannabúðunum þegar kannski þriðja kynslóð er farin að alast þar upp og á sér enga framtíðarsýn eða -von.

Ég rifja hér upp í því sambandi þegar Madeleine Albright fór í heimsókn í flóttamannabúðir í Miðausturlöndum. Þegar hún kom heim frá því að fara í þessa heimsókn og skoða flóttamannabúðir beitti hún sér fyrir því að fjárveitingar yrðu auknar til flóttamannabúða á svæðinu sem hún hafði heimsótt til að byggja upp salerni. Og af hverju skyldi hún hafa lagt mesta áherslu á að byggja upp salerni? Það var vegna þess að það var svo langt á milli salerna og það var langt þangað að heiman fyrir litlar stúlkur og ungar konur og þeim var nauðgað á leiðinni.

Það eru svona hlutir, það er þekkingin á hvað hægt er að gera með litlu skrefunum meðan við erum að vinna að því að tekin verði stór skref sem er svo mikilvægt.

Og ég get ekki annað í lok framsögu minnar, virðulegi forseti, en nefnt líka einstaklingsaðstoðina og allan þann fjölda sem styður börn í barnaþorpum og í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar og fleiri, börn sem búa þá á heimilum og njóta skólagöngu af því að einhver heimili, líka uppi á Íslandi, eru að borga fyrir tilveru eins lítils barns. Það er ekki lítið en þetta verður allt að tvinna saman. Þess vegna er mikilvægt að við hugum að þessu og ég þakka Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir frumkvæði hennar.

(**Forseti** (JóhS)**:** Háttvirtum þingmanni.)

Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, þingmanni Samf., fyrir að hafa unnið þetta þingmál með þeim hætti sem hún hefur gert.

[17:28]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka flutningsmönnum þessarar tillögu, hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að vekja máls á þessum mikilvæga málaflokki sem þróunaraðstoð er. Sameinuðu þjóðirnar hafa bent rækilega á mikilvægi hennar. Á fundi þeirra í Mexíkó í mars á síðasta ári var ákveðið að auka aðstoð til þróunarlanda, m.a. vegna þess að með því er talið að hægt sé að uppræta hryðjuverk öfgasinna í heiminum. Þróunaraðstoð dugar samt ekki ein og sér, heldur þarf að auka viðskiptafrelsi í heiminum til að þessi lönd geti þá auðgast í viðskiptum.

Við í Frjálsl. getum tekið undir margt í þáltill. og ætla ég að ræða stuttlega efni hennar. Það kemur fram að nefndinni sem á að skipa samkvæmt tillögunni er ætlað að hafa fjögur meginmarkmið að leiðarljósi, þ.e. nauðsyn þess að efla

menntun, mannréttindi og frelsi kvenna um allan heim og nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum hvað varðar heilbrigði barna og koma í veg fyrir alnæmissmit. Nefndinni er í þriðja lagi ætlað að taka mið af stefnumótun í nágrannalöndum. Það teljum við mjög mikilvægt. Síðan í fjórða lagi á að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna nefndarinnar.

Mér finnast þetta mörg háleit markmið og mjög góð sem nefndinni er ætlað að vinna að en óneitanlega læðist að manni sá grunur að nefndin færist með því of mikið í fang. Ég er alls ekki að draga úr mikilvægi þessara fjögurra atriða. Það er t.d. eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á mjög nauðsynlegt að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna. Bæði stuðlar það að minni fólksfjölgun og almennu heilbrigði. Við í Frjálsl. getum tekið undir það heils hugar.

Ef samt verður farið af stað með svo háleit markmið og óljós er hætt við því að því aukna fjármagni sem stjórnvöld hafa ákveðið að verja til þessa málaflokks, úr 1.300 millj. í 2.600 millj. árlega, verði varpað á glæ. Ég tel að við ættum að einbeita okkur að því að afmarka verkefnin þannig að nefndinni verði falið að fara yfir hvernig þessu fjármagni verði sem best varið og það viðurkennt að það sé mjög mikið verkefni og ærið. Í öðru lagi væri vert að fara yfir lög Þróunarsamvinnustofnunar.

Sjálfum finnst mér vel koma til greina að við hér á Íslandi leituðum eftir ríkri samvinnu við einhverja hinna Norðurlandaþjóðanna. Danir hafa t.d. mikla reynslu af slíku starfi, hafa starfað að því um árabil og varið mjög háu hlutfalli af tekjum sínum í þetta starf. Mér finnst sjálfsagt t.d. að reyna að nýta þeirra reynslu til þess að fé okkar verði sem best varið.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég nefna það jákvæða sem hefur gerst, eða jákvæðasta sem hefur gerst á síðustu árum, í þróunarsamvinnu. Það er sú ákvörðun Alþýðusambands Íslands að styðja verkefni sem tengjast ólæsi fullorðinna, öryggi verkamanna í þeim löndum sem Þróunarsamvinnustofnun er með verkefni sín í. ASÍ ætlar að verja um 0,7% af ársinnkomu sinni til þróunaraðstoðar og það er til fyrirmyndar og í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna.

[17:32]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir þátttökuna í umræðunni. Í tilefni þess sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði áðan um hin háleitu markmið þá get ég vissulega tekið undir það að þau eru háleit, en ég held líka, frú forseti, að við þurfum á þeim að halda vegna þess að við þurfum á þessu sviði eins og öðrum í stjórnmálunum að vita hvert við stefnum. Við tölum í þessum sal um að útrýma fátækt í heiminum, barnadauða og öðru. Við tölum um að jafna misskiptingu tekna hér á landi, að bæta kjör þeirra sem verst hafa kjörin. Við þurfum að hafa háleit markmið og þau þurfa að vera skýr og þau þurfa að vera pólitísk, frú forseti, og það eru þessi markmið með tilliti til kvenfrelsis, menntunar og mannréttinda, þarfarinnar á heilsugæslu, bólusetninga barna og því að vinna gegn útbreiðslu alnæmis, svo dæmi séu nefnd. Það eru vissulega margir fleiri sjúkdómar sem koma þar til greina eins og berklar og malaría eins og ég hef áður minnst á. Við getum alltaf lært af þeim sem hafa gert vel í kringum okkur. Engin ástæða er til þess að finna upp hjólið hér í þessu efni frekar en öðru og þess vegna m.a. er vísað til reynslu nágrannalandanna. Markmiðin eru vissulega háleit en þau eru líka verðug, frú forseti, og þau eru okkur samboðin.

Hins vegar er það þeirrar nefndar sem við flutningsmenn erum að leggja til að verði skipuð, að velja verkefnin, leiðirnar að markmiðunum. Og síðan hins háa Alþingis að leggja mat á það val og bæta við eða taka úr eftir því sem þörf þykir.

Það er nefnilega þannig að verkefnin geta verið svo mörg og leiðirnar svo margar. Og stundum er það þannig, sérstaklega í þessum flókna og mikilvæga málaflokki, að fólki fallast hreinlega hendur þegar það stendur frammi fyrir honum af því að þegar manni er sagt að 500.000 konur deyi á hverju ári af barnsburði, þá er það fyrsta sem maður hugsar: Hvað getum við gert í því? En það er svo einfalt og það er svo margt sem hægt er að gera í því. Og eitt af því t.d. er að auka menntun kvenna úti um allt.

Þess vegna skiptir máli að setja sér háleit markmið, velja verkefnin mjög vandlega og vanda þau, hafa þau frekar færri og betri og til lengri tíma en mörg og úti um allt. Þau geta verið margs konar og þau geta verið í samstarfi við mjög ólíka aðila eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti á.

Verkalýðshreyfingin hefur stigið mjög lofsamlegt skref í átt að samvinnu í þróunarlöndunum. Ísland getur líka verið í samvinnu við ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna beint og óbeint. Þar eru ótal tækifæri og svo má heldur ekki gleyma frjálsum félagasamtökum, bæði þeim sem starfa á Íslandi eins og Rauði krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar og annað slíkt og einnig erlendum hjálparsamtökum og stofnunum. Það eru endalausir möguleikar til þess að láta gott af sér leiða og vinna með fólki að hjálpa því til sjálfshjálpar. Verkefnið er hins vegar að velja nákvæmlega hvað það er sem við viljum einbeita okkur að á næstu missirum, árum og kannski áratug, setja niður áætlun og standa svo við hana, frú forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 14.–15. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 17:37.

15. FUNDUR

þriðjudaginn 28. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Áfengislög, frv., 29. mál, þskj. 29. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sveitarstjórnarlög, frv., 30. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Efling félagslegs forvarnastarfs, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 36. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Samgönguáætlun, frv., 39. mál, þskj. 39. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 40. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
11. Kirkjuskipan ríkisins, frv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.
12. Vextir og verðtrygging, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.
13. Lögreglulög, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
14. Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
15. Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
16. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Fyrri umr.
17. Staða hjóna og sambúðarfólks, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Fyrri umr.
18. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar um aðbúnað skipverja, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Fyrri umr.
19. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.
20. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 91. mál, þskj. 91. — 1. umr.
21. Þingsköp Alþingis, frv., 98. mál, þskj. 98. — 1. umr.
22. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, þáltill., 99. mál, þskj. 99. — Fyrri umr.
23. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.
24. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
25. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tilkynning um stjórnir þingflokka.

[13:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill bjóða þingmenn velkomna til starfa eftir kjördæmaviku og væntir þess að þeir hafi átt þar gagnlega daga.

Forseti vill tilkynna, eins og venja er til þótt seint sé, að stjórnir þingflokka á þessu þingi eru eftirfarandi:

Þingflokkur framsóknarmanna: Hjálmar Árnason formaður, Magnús Stefánsson varaformaður, Dagný Jónsdóttir ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Guðjón A. Kristjánsson formaður, Magnús Þór Hafsteinsson varaformaður, Sigurjón Þórðarson ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Bryndís Hlöðversdóttir formaður, Kristján L. Möller varaformaður, Ágúst Ólafur Ágústsson ritari.

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Einar K. Guðfinnsson formaður, Sigríður A. Þórðardóttir varaformaður, Drífa Hjartardóttir ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Þuríður Backman varaformaður, Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Varamenn taka þingsæti.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa sex bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York á vegum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðaust., Árni Steinar Jóhannsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest."

Annað bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York á vegum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykv. n., Ásta Möller, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n."

Þriðja bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég verð í fæðingarorlofi næstu vikur og get því ekki sótt þingfundi á meðan óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samf. í Suðurk., Brynja Magnúsdóttir sjúkraliði, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk."

Fjórða bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York á vegum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykv. s., Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s."

Árni Steinar Jóhannsson, Ásta Möller, Brynja Magnúsdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru öll boðin velkomin til starfa á nýjan leik.

Fimmta bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á leið í fæðingarorlof og sæki því ekki þingfundi næstu mánuði óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samf. í Suðvest., Ásgeir Friðgeirsson ritstjóri, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest."

Sjötta og síðasta bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York á vegum Alþingis og get því ekki sótt Alþingi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samf. í Reykv. s., Einar Karl Haraldsson ráðgjafi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s."

Kjörbréf Ásgeirs Friðgeirssonar og Einars Karls Haraldssonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt. Þeir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Ásgeir Friðgeirsson, 7. þm. Suðvest, og Einar Karl Haraldsson, 7. þm. Reykv. s., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Ásgeir Friðgeirsson og Einar Karl Haraldsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

[13:36]

Útbýting þingskjala:

Bann við umskurði kvenna, 198. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 201.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 108. mál, svar fjmrh., þskj. 207.

Evrópufélög, 203. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 214.

Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar, 56. mál, svar landbrh., þskj. 206.

Flutningur veiðiheimilda fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003, 95. mál, svar sjútvrh., þskj. 213.

Kvennahreyfingin á Íslandi, 199. mál, þáltill. KolH og ÞBack, þskj. 202.

Lyfjatjónstrygging, 201. mál, frv. ÁRJ, þskj. 208.

Réttindi sjúklinga, 202. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 209.

Skyndirannsóknir lögreglu á myndbandaleigum, 83. mál, svar dómsmrh., þskj. 205.

Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, 124. mál, svar dómsmrh., þskj. 210.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 200. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 203.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 190. mál, svar dómsmrh., þskj. 212.

Vátryggingarsamningar, 204. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 215.

Vigtunarleyfi, 94. mál, svar sjútvrh., þskj. 211.

Yfirstjórn menntastofnana landbúnaðarins, 101. mál, svar landbrh., þskj. 204.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stuðningur við sjálfstæði Færeyja.

[13:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Á þingi Norðurlandaráðs sem nú stendur yfir í Ósló bar færeyska landstjórnin fram ósk um aðild að Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni eins og sjálfstæðar þjóðir hafa nú. Þetta gerði landstjórn Færeyja í fullu umboði Lögþings Færeyja sem samþykkti einróma tillögu um þetta í mars á þessu ári.

Í fréttum hefur hæstv. forsrh. sagt að það sé afstaða okkar, eins og hæstv. forsrh. orðar það, að blanda okkur ekki í þessi mál og að Danir hljóti að hafa síðasta orðið gagnvart okkur innan raða Norðurlandaráðs á meðan Danir og Færeyingar eigi í viðræðum.

Herra forseti. Okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins þykir þessi afstaða hæstv. forsrh. með ólíkindum. Færeyingar eru fremsta vinaþjóð Íslendinga meðal norrænna þjóða. Þeir hafa oft reynst okkur vel á raunastundum. Okkur ber að styðja þá með ráðum og dáð í baráttu þeirra fyrir auknu sjálfstæði, ég tala nú ekki um þegar einróma stuðningur Lögþings Færeyja er á bak við, eins og er í þessu tilfelli.

Við hefðum að sjálfsögðu átt að lýsa yfir stuðningi við umsókn þeirra um aðild að Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni. Sem nýliði á hinu háa Alþingi varpa ég þeirri spurningu til hæstv. ráðherra sem hér eru viðstaddir hvort Alþingi hafi fjallað um þessa umsókn Færeyinga. Einnig þætti mér fróðlegt að fá að vita hvort þetta mál hafi verið til formlegrar umfjöllunar í utanrmn. Alþingis eða ríkisstjórn. Sömuleiðis hvort hér hafi geðþóttaákvörðun hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. ráðið því að við bregðumst vinum okkar þegar þeir þurfa á hjálp okkar að halda.

[13:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson ber fram er fullkomlega eðlileg. En ég spyr hæstv. forseta: Hver gegnir embætti forsrh. nú?

(**Forseti** (GÁS): Samkvæmt þeim upplýsingum sem forseti hefur við höndina heitir sá Davíð Oddsson. Hann er ekki með fjarvistarleyfi hér í dag.)

Herra forseti. Þá er svo háttað um stjórnsýslu Íslands að enginn veit hvar starfandi forsrh. er niður kominn og enginn veit hver gegnir embætti forsrh. nú þegar hæstv. skipaður forsrh. Davíð Oddsson er erlendis. Þetta er ákaflega skrýtið en ég vænti þess að þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér stinga saman nefjum á ráðherrabekk kunni að upplýsa hver það er sem fer með forsætisráðherravald nú um stundir.

Herra forseti. Það er fullkomlega eðlilegt að Íslendingar sem fullvalda og sjálfstæð þjóð taki undir einróma óskir færeyska Lögþingsins. Við skulum ekki gleyma því að við Íslendingar háðum sjálfir sjálfstæðisbaráttu okkar. Þá leituðum við eftir fulltingi annarra þjóða, grannþjóða og frændþjóða við hverju nýju skrefi sem við tókum í sjálfstæðisbaráttu okkar.

Færeyingar hafa einsett sér að verða fullvalda ríki og þeir líta á það sem hluta af sjálfstæðisbaráttu sinni að taka sæti í Norðurlandaráði meðal helstu frændþjóða sinna. Færeyingar hafa alla burði til þess að verða fullvalda þjóð. Þeir hafa gróna innviði, þeir hafa öfluga stjórnsýslu, þeir hafa ríka auðlegð náttúruauðlinda og þeir hafa sjálfstæða menningararfleifð. Þeir telja sjálfir að kominn sé tími til að þeir stigi þetta skref. Þegar færeyska Lögþingið samþykkir svona ósk einróma, þá er ákaflega erfitt fyrir Íslendinga að standa álengdar hjá. Þess vegna segi ég að það er fullkomlega eðlilegt að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson inni eftir því hvar þessi ósk hefur verið rædd. Og hefur ríkisstjórnin farið eftir þeim lögum sem gilda um meiri háttar utanríkismál og leitað samráðs við utanrmn.?

Ég sem einn af þegnum lítillar sjálfstæðrar þjóðar lít á það sem meiri háttar utanríkismál þegar svona kemur upp, þegar um er að tefla fullveldi nánustu frændþjóðar okkar.

[13:43]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. um það hver gegndi störfum forsrh. nú um stundir, þá hafa þær upplýsingar borist úr forsrn. að það er hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason sem það gerir.

[13:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil taka undir þær ábendingar sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. um afgreiðslu íslensku þingmannanna á þingi Norðurlandaráðs sem nú er haldið. Beiðni Færeyinga um stuðning við fulla þátttöku og sjálfstæði á Norðurlandaráðsþingum er að mínu mati eðlilegt framhald af þeirri vinnu sem Færeyingar eru að inna af hendi núna. Þeir eru að vinna að auknu sjálfstæði. Við höfum stutt það og skiljum afstöðu þeirra. Mér þykir miður að þegar þeir koma inn með þessa beiðni með fullum stuðningi Lögþingsins fái þeir hana ekki rædda með eðlilegum hætti. Og sérstaklega þykir mér miður að fulltrúar okkar á þinginu skuli ekki hafa lýst stuðningi við beiðni þeirra. Erindi Færeyinga fara í gegnum dönsku sendinefndina og þannig mun það verða þar til einhverjar breytingar verða gerðar á skipan Norðurlandaráðs. Einhvers staðar verður að byrja og ég hefði talið það eðlilega byrjun og stuðning við erindi þeirra að við Íslendingar styddum beiðni þeirra og settum þetta í ákveðinn farveg til frekari vinnslu.

[13:45]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill láta í té frekari upplýsingar um stöðu stjórnsýslunnar vegna fjarveru hæstvirtra ráðherra í opinberum erindum á Norðurlandaráðsþingi. Hæstv. landbrh. gegnir jafnframt störfum utanrrh. Það liggur þá líka fyrir.

[13:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hæstv. forseta er Björn Bjarnason starfandi forsrh. en hann er nú staddur á Akureyri.

Fullveldi okkar nánustu frændþjóðar, Færeyinga, er viðkvæmt mál. Við höfum miklar tilfinningar til þeirra og mikinn skilning á stöðu þeirra. Þeir hafa í alla staði reynst okkur vel í okkar málum í gegnum tíðina. Við viljum auðvitað reynast þeim vel líka. Við verðum hins vegar að gæta að okkur í því samstarfi sem Norðurlandasamstarfið er. Það byggir að mestu leyti, ef ekki nánast öllu, á því að það sé samstaða um hlutina, að ekki er hægt að taka ákvörðun um að útvíkka samstarfið og fjölga þar aðildarþjóðum, eins og um er að ræða í samstarfi ráðherranefndarinnar, án þess að um það sé samstaða meðal allra aðildarþjóðanna. Sérstaklega þarf að fara varlega í þessum efnum ef einhver þessara þjóða telur að það málefni sem hér er til umræðu brjóti gegn stjórnarskrá einnar aðildarþjóðanna.

Það er þess vegna ekki þægilegt fyrir okkur að taka á þessu máli þar sem tvær vinaþjóðir koma að því en ég held að af efnisatriðum megi vera augljóst hvað hæstv. forsrh. var að segja þegar hann talaði fyrir okkar hönd á fundi Norðurlandaráðs í Ósló og lýsti þessari stöðu málsins og þessari skoðun. Ég held að hv. þingmenn hljóti að hafa skilning á þeirri afstöðu alveg á sama hátt og ég held að allir þingmenn hafi skilning á stöðu og afstöðu Færeyinga en málum í þessu samstarfi er komið fyrir á þennan hátt.

[13:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hún var óskaplega skrýtin, þessi ræða sem hæstv. sjútvrh. flutti hér þar sem hann fór nokkrum orðum um það að sérstaklega þyrfti að taka tillit til þess hvað stæði í stjórnarskrá ríkja Norðurlandanna um það hvernig Norðurlandaráð skyldi skipað. Það er algjörlega nýtt í umræðunni.

Ég skil hæstv. ráðherra hins vegar vel, að hann skuli fylgja forsrh. sínum í þessari umræðu og taka undir það sem hann segir, a.m.k. það sem hefur borist okkur hingað.

Þar sem hæstv. landbrh. er í salnum og gegnir störfum hæstv. utanrrh. þætti mér mikilvægt og gott að það kæmi fram hér í þessari umræðu hvort Framsfl. sé á sömu línu og Sjálfstfl. í þessu máli og hvort hann styðji það að við leggjum frændum okkar ekki lið í því máli sem þeir báru upp á þingi Norðurlandaráðs. Ég held að það sé mikilvægt að fá þessa afstöðu fram því að ég er þess fullviss að menn munu láta á það reyna hver afstaða þingsins er til þessarar beiðni sem frændþjóð okkar hér, Færeyingar, hefur sett fram á Norðurlandaráðsþinginu.

Mér þætti vænt um það, virðulegi forseti, ef hæstv. landbrh., starfandi utanrrh. og þá næstum því forsrh., gæti gert grein fyrir því hver væri afstaða Framsfl. til þessa máls.

[13:49]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram, hér er um virkilega stórt og mikið mál að ræða og hér er mál sem er sannarlega ástæða til þess að Alþingi fjalli um. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að ekkert slíkt erindi hefur borist frá Lögþingi Færeyinga.

Það er líka rétt að draga það fram að enn hafa Færeyingar ekki tekið þá stóru pólitísku ákvörðun að stíga sjálfstæðisskrefið til fulls. Um það eru miklar deilur enn þá í Færeyjum. Persónulega trúi ég og vona að Færeyingar, grannar okkar í austri, muni stíga það skref en það er sjálfsákvörðun þeirra að stíga það. Ég efast ekki um að á hinu háa Alþingi Íslendinga sé fullur stuðningur við viðleitni Færeyinga til þess að ganga þá leið, enda frændur okkar og vinir til margra alda.

Það er líka vert að draga það fram hér og árétta að ekkert slíkt erindi hefur borist til Alþingis Íslendinga frá Lögþingi Færeyinga þannig að út frá þeim forsendum hefur Alþingi ekki haft tækifæri til þess að ræða málið. Ég hygg að með sama hætti hafi málið borið að á þingi Norðurlandaráðs sem nú stendur yfir og þess vegna er í rauninni ekki hægt að taka afgerandi afstöðu hér og nú, enda hefur málið ekki fengið lýðræðislega umfjöllun. — Hér talar sá sem kannski er færeyskastur af hv. þingmönnum og Færeyjar eru hans annað föðurland.

[13:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum búin að hlýða hér á ræður eins hv. þm. úr stjórnarflokkunum og eins hæstv. ráðherra. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég er engu nær um svörin við þeim spurningum sem bornar voru fram af hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, hvort þessi afstaða sem forsrh. tjáði hafi verið rædd í ríkisstjórn, hvort ákvörðun hafi legið fyrir þegar forsrh. tók þessa afstöðu né hvort málið hafi verið borið undir utanrmn. sem ber að gera lögum samkvæmt. Við höfum ekki fengið nein svör við því hér, virðulegi forseti, hvort þær ákvarðanir eða sú yfirlýsing sem forsrh. gefur í þessu máli hafi verið tekin af ríkisstjórninni.

Það er alveg ljóst að Færeyingar stefna að sjálfstæði og ég tel að við Íslendingar eigum að styðja Færeyinga í þeirri stefnu með ráðum og dáð og eigum að leggja þeim lið eins og við framast getum á þeim vettvangi. Þess vegna harma ég að slík afstaða sem hæstv. forsrh. tjáði varðandi aðild Færeyinga að Norðurlandaráði skyldi vera tekin og tel að við hefðum komið betur að málinu og verið samkvæmari sjálfum okkur sem lítil þjóð ef við hefðum stutt þá.

[13:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil um þetta mál segja að það er auðvitað erfitt að ræða það hér fyrr en þeir eru komnir heim, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sem hafa orðið vitni að þeim átökum sem eru milli Dana og Færeyinga. Málið hefur ekki verið rætt í ríkisstjórn og eins og hér hefur komið fram hefur ekkert erindi borist og ég get tekið undir þá skoðun að það er mjög erfitt fyrir Ísland að setja sig í deilur þessara frændþjóða. Þegar við börðumst fyrir okkar frelsi, Íslendingar, var það í gegnum gott samstarf við Danmörku og ég hygg að það sé mikilvægt á meðan Færeyingar berjast fyrir sínu frelsi að aðrar þjóðir gangi ekki inn í þá samninga og þær viðræður eða taki afstöðu þegar deilur ríkja þeirra á milli. Mér finnst heiðarleg afstaða að blanda sér ekki í þær deilur og reyna heldur að rækta vinskap við báðar þessar þjóðir. Þær eru báðar okkur nærri, ekkert síður Danmörk en Færeyjar, ekkert síður Færeyjar en Danmörk. Þær eru báðar okkur kærkomnar og við styðjum þær til frelsis og góðra verka.

En bíðum þeirrar stundar að þeir menn sem fara með þessi mál muni ræða þau í ríkisstjórn hér á hinu háa Alþingi eru heim komnir.

[13:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að enn eru þrír hv. þm. á mælendaskrá og hefur mælendaskrá verið lokað enda líður hratt á þann tíma sem ætlaður er til umræðu af þessum toga.

[13:55]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að koma fram með þetta mál. Við gerum okkur öll grein fyrir því að við stöndum dyggilega að baki vinaþjóð okkar, Færeyingum, og höfum gert það um árabil. Ég vil minna á það í þessu sambandi að ég tel að þingheimur hafi verið einhuga um að aðstoða Færeyinga lagalega við undirbúning sjálfstæðistöku þannig að það er enginn vafi í mínum huga að Alþingi Íslendinga stendur heils hugar á bak við Færeyinga í þeirra vinnu til þess að koma sjálfstæðismálum sínum áfram.

En ég tek undir með hv. þm. sem hafa gagnrýnt hversu klaufalegt það er að ekki skuli fara fram umræða um þessi mál í ríkisstjórninni, í utanrmn. og hér á hinu háa Alþingi vegna þess að það er klaufaleg aðkoma ef það kemur þingmönnum í opna skjöldu hvernig staðið er að atkvæðagreiðslu í Norðurlandaráði, eins og raun ber vitni. Það þarf fyrst og fremst að taka á þessu máli heima fyrir.

Ég tel að allir Íslendingar séu sammála því að það beri að styðja Færeyinga í viðleitni þeirra til að taka sem flest mál í sínar hendur sem síðan leiðir til fulls sjálfstæðis. Þetta er þá fyrst og fremst gagnrýni á þá vinnuaðferð sem er viðhöfð heima fyrir, að málið skuli ekki rætt í ríkisstjórn og í utanrmn. og hér á hinu háa Alþingi. Það væri full ástæða til.

Ég vil bara koma þessum málum að. Ég tel að við séum öll sammála um að styðja frændur okkar, Færeyinga, í vinnu þeirra til sjálfstæðis.

[13:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er mjög ósammála hæstv. starfandi utanrrh. um það að við eigum að standa til hliðar við það sem hann kallar deilur tveggja vina- og frændþjóða. Það er einfaldlega engin þjóð sem kallar til jafnnáins skyldleika við okkur og Færeyingar. Við erum miklu skyldari Færeyingum en Dönum og auðvitað studdu Færeyingar okkur þegar við áttum sjálf í harðvítugri sjálfstæðisbaráttu gagnvart Dönum.

Það sem ræður úrslitum um stuðning okkar er það hvað Færeyingar sjálfir vilja. Um hvað er samstaða meðal Færeyinga? Það hefur komið fram að það var einróma samstaða á Lögþinginu um þessa umsókn. Þess vegna tel ég einboðið að Íslendingar styðji það mál.

Hér talaði sá sem er færeyskastur allra okkar þingmanna, hv. þm. Hjálmar Árnason, og hann sagði að þetta væri stórt mál, kallaði þetta meiri háttar mál. Ég lít málið sömu augum. Þar af leiðir hlýt ég að óska eftir því við hv. þingmann og aðra þingmenn stjórnarliðsins að þeir styðji þá ósk sem fram

hefur komið, að þetta mál verði tekið upp og rætt í utanrmn. Lögum samkvæmt á ríkisstjórn Íslands að hafa samráð við utanrmn. um meiri háttar mál. Við erum sammála um það, virðist vera, í þessum sal að þetta er meiri háttar mál.

Það er kannski ekki í mínum verkahring að bera blak af hæstv. ríkisstjórn. Ég veit ekki hvernig þetta mál kom upp en aðdragandinn var kannski ekki mikill og það kann að vera að það hafi verið umhendis að ræða það í ríkisstjórn og taka upp fyrir fram í utanrmn. Gott og vel, ég get fallist á slík rök en ég tel hins vegar að eftir þessar umræður liggi fyrir að það sé fullur vilji meðal þingmanna til að ræða þetta mál í utanrmn. Ég ítreka það að við eigum ekki að láta afstöðu Dana endilega ráða afstöðu okkar í framtíðinni heldur það sem er einróma samstaða um í Færeyjum. Við hljótum þá að taka höndum saman við vini okkar, frændur og frænkur, sem þar búa.

[13:59]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að málið, að því er ég best veit, bar þannig að að það vannst enginn tími til þess að ræða það í ríkisstjórn eða hv. utanrmn. áður en farið var til Norðurlandaráðsþingsins. Þar af leiðandi skýrist ágætlega að málið var einfaldlega ekki rætt.

Það sem ég var hins vegar að reyna að gera í fyrri ræðu minni var að skýra afstöðu forsrh. því um það var beðið, en það leiðir af eðli þessa máls og eðli þessa samstarfs að ekki er hægt að ganga fram með einhverjum hamagangi. Þarna er hefð fyrir því að hlutirnir eru unnir í samstarfi og niðurstöðurnar eru samhljóða og það hjálpar ekki Færeyingum, held ég, að við köstum stríðshanskanum í þessu máli gagnvart Dönum til þess að aðstoða þá á þennan hátt.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég minnast á ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Það er út af fyrir sig allt í lagi að hv. þingmenn komi hér upp og segi álit sitt á ræðum fyrri ræðumanna í umræðunni. Við þolum það alveg. En það er kannski ekkert sérstaklega traustvekjandi fyrir hv. þingmenn ef þeir hins vegar í sömu ræðu verða berir að því að hafa ekki fylgst með umræðunni um málið sem verið er að ræða um. Því það hefur einmitt komið fram í umræðunni hjá forsætisráðherra Dana að hann telji að aðild Færeyinga, eins og tengslum þeirra við Danmörku er nú háttað, standist ekki stjórnarskrá Danmerkur. Hv. þm. upplýsti það í ræðu sinni að hann hefði í fyrsta skipti heyrt minnst á þennan þátt málsins í ræðu minni fyrr í dag þannig að þetta er fáfræði hjá þingmanninum sem telur sig vera þess umkominn að fella dóma um ræður annarra ræðumanna í umræðunni.

Grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 29. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 30. mál (lágmarksstærð sveitarfélags). — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og SJS, 31. mál. — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Efling félagslegs forvarnastarfs, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 36. mál (forvarnasjóður). — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Samgönguáætlun, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 39. mál (skipan samgönguráðs, grunntillaga). — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 40. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 18. mál (félagsgjöld til stéttarfélags). — Þskj. 18.

[14:06]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir örlitlu frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Eins og margoft hefur komið til umræðu í hinum góðu sölum Alþingis, þá úir og grúir af gloppum og ranglæti í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, herra forseti. Með þessu frv. erum við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar að reyna að stoppa upp í eitt gatið þar sem ranglætið sytrar út um.

Þetta frv. lætur lítið yfir sér en það bætir samt sem áður úr verulegum galla á núgildandi lögum. Samkvæmt frv. er verið að leita heimildar Alþingis til þess að félagsgjöld sem launamaður hefur greitt stéttarfélagi samkvæmt kjarasamningi eða samþykkt stéttarfélags verði frádráttarbært frá skattstofni. Við fyrstu sýn, herra forseti, kann það að virka nokkuð umhendis að fara fram á slíka heimild. Hér er hins vegar um jafnræði að tefla. Staðan er þannig að yfirskattanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til Samtaka atvinnurekenda eru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni. Félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga sinna hafa hins vegar ekki fengið náð yfirskattanefndar til frádráttar.

Við sem flytjum þetta mál teljum að það séu engin rök fyrir þessu misræmi. Þetta felur í sér ranglæti, bæði gegn launamönnum og líka verkalýðshreyfingunni og ég held að það sé enginn vafi á því að þessi staða stenst a.m.k. ekki þann jafnræðisanda sem lög og stjórnarskrá hafa yfir sér. Ég er ekki að halda því fram, herra forseti, að þessi lög eins og þau eru í gildi núna brjóti stjórnarskrána en ég held því hins vegar fram að þau feli í sér ranglæti og ég held því líka fram að þau séu ekki samkvæmt þeim jafnréttis- og jafnræðisanda sem er núna að finna í stjórnarskránni. Við fluttum margar ræður um jafnræði þegar við tókum okkur saman um það í tilefni af hálfrar aldar afmæli lýðveldisins 1994 og samþykktum nýjan kafla í stjórnarskrána um mannréttindi og jafnræði. Það voru haldnar fjálgar ræður um það á hinu háa Alþingi að öllum lögum þyrfti að breyta í anda þessa ákvæðis og það er það sem við erum að reyna að gera hér.

Ég mundi ekki, herra forseti, koma hingað og flytja þetta frv. ef staðan væri þannig að fyrirtækjum væri meinað að draga þau gjöld sem þau greiða til Samtaka atvinnurekenda frá tekjuskattsstofni, en þeim er ekki meinað það, þeim er leyft það. Og það er þannig að á vinnumarkaðnum höfum við tvo aðila, Samtök atvinnurekenda og verkalýðshreyfinguna, og hvaða réttlæti og hvaða jafnræði felst í því að einungis öðrum aðilanum er með þessum hætti gert kleift að draga frá þann kostnað sem hlýst af hagsmunabaráttu hans? Það er auðvitað ekkert réttlæti í því. Það hlýtur að vera, herra forseti, af því að hér stendur í dyragættinni einn af þeim mönnum sem stóðu í fylkingarbrjósti fyrir verkalýðshreyfingunni á sínum tíma, stundum með sólglit í auga og saltstork í hári, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að hann sé að búa sig undir það að koma hér og taka til máls og styðja okkur þingmenn Samfylkingarinnar í þessu máli.

Þetta er réttlætismál, sagði ég, herra forseti. Ekki síst finnst mér að stjórnarliðar eigi að taka með jákvæðum hætti á þessu máli þegar horft er til þess átaks sem verkalýðshreyfingin hefur staðið fyrir á síðustu árum til þess að halda stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það hafi orðið kaflaskil í efnahagssögu þessarar þjóðar fyrir tveimur árum þegar verkalýðshreyfingin barðist fyrir því að opinberar hækkanir yrðu brotnar á bak aftur þegar gjörvöll forusta ASÍ, og raunar að hluta til BSRB, fór fylktu liði um landið og talaði við sveitarstjórnir og fyrirtæki og knúði til baka verðhækkanir sem hefðu, ef þær hefðu náð að verka, leitt til þess að hin svokölluðu rauðu strik kjarasamninganna hefðu brostið. Hér hefði þá hrunið á sjálfkrafa vítahringur hækkana launa og verðlags og efnahagsstöðugleikinn hefði verið fyrir bí, hér hefði komið sá spírall sem við þekkjum frá liðnum árum sem hefði leitt stöðugleikann og efnahagslíf þessarar þjóðar út í öngstræti. Það var fyrst og fremst verkalýðshreyfingin sem með samstilltu átaki innan sinna raða fékk bæði stjórnarlið og stjórnarandstöðu og fyrirtækin í landinu til þess að taka þátt í þessu átaki. Og þegar ég segi að þarna hafi orðið söguleg kaflaskipti, vísa ég til þess að síðan hefur allt legið upp á við í efnahagsmálum þjóðarinnar og núna blasir það við að ef sú samstaða heldur sem þá tókst fyrir forustu verkalýðshreyfingarinnar, þá er líklegt að við séum að sigla inn í jákvæðara efnahagsskeið hér á Íslandi og hagsælla en við höfum e.t.v. nokkru sinni séð. Það er mögulegt að á næstu árum séum við að sigla inn í góðæri sem skapar okkur meiri

verðmæti en Íslendingar hafa áður staðið frammi fyrir. Og ég er að segja það, herra forseti, að hvatinn að þessu, þeir sem hófu þetta skeið, voru þeir sem voru í forustu verkalýðshreyfingarinnar. Og hví held ég þessa tölu um þátt þeirra í þessari stöðu? Jú, vegna þess að mér finnst það ranglátt ef stjórnarliðið ætlar að standa gegn því að þetta baráttumál verkalýðshreyfingarinnar nái fram að ganga. Mér finnst það ranglátt í ljósi þess að stjórnarliðið hefur tekið þátt í því að láta annan aðila vinnumarkaðarins njóta þess sem það hefur meinað verkalýðshreyfingunni að fá líka í sinn hlut.

Mér finnst þetta ranglátt þegar ég horfi til þess að það var verkalýðshreyfingin sem í reynd tók að sér að vinna þau verk sem ríkisstjórnin gat ekki. Nú má auðvitað segja eins og einn stjórnarliði sagði í umræðum þegar við ræddum svipuð mál: Það er alveg sama hvaðan gott kemur. En það er ekki alveg sama hvaðan gott kemur. Menn eiga að fá að njóta verka sinna og ég er þeirrar skoðunar að frumburðarréttinn að þeirri hagsæld sem við höfum notið á síðustu fjórum missirum og munum væntanlega njóta á næstu missirum megi rekja til verkalýðshreyfingarinnar.

Hér eru þingmenn Samfylkingarinnar, sem líta á sig sem *hið pólitíska afl verkalýðshreyfingarinnar í* þessum sölum, að flytja mál sem varðar einstaka launamenn töluvert miklu og það sem skiptir mestu er að þetta er réttlætismál. Það er ekki hægt að þola það ranglæti að einungis fyrirtækin fái að draga sín félagsgjöld frá tekjuskatti en ekki almennir launamenn. Því veit ég að réttlætistaugin sem þrátt fyrir allt bærist í brjósti allra hér í þessum sölum mun hrærast þegar menn lesa þetta mál og skoða það og skynja réttlætið sem í því felst.

[14:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem ég vildi koma að varðandi ræðu hv. þm. Það fyrra er þáttur verkalýðshreyfingarinnar í því að ná efnahagslegum stöðugleika. Um það er ekki deilt. Hún átti mikinn þátt í því á sínum tíma og hefur staðið vörð um það markmið, enda hafa félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar notið þess best að efnahagslegur stöðugleiki hefur verið fyrir hendi þannig að það þarf ekki sérstaklega að umbuna þeim í öðru. Þeir hafa staðið að þessu vegna þess að það er þeirra hagsmunamál og þeir hafa notið þess nú þegar manna best *í sínum kjörum.*

Hitt atriðið varðar efni frv. um það hvort heimilt eigi að vera að draga frá tekjuskattsstofni félagsgjöld til félaga innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég held að ekki sé deilt um það hvort það eigi að vera heimilt. Ég man ekki betur en að þetta hafi verið frádráttarbært í eldra tekjuskattskerfi. En við kerfisbreytinguna 1988 þegar tekin var upp samtímagreidd staðgreiðsla, eins og við þekkjum núna með staðgreiðslukerfi skatta, voru ýmsir frádráttarliðir sameinaðir í einn og felldir inn í persónuafsláttinn. Þannig að ég tel að alla vega í upphafi kerfisins hafi verið gert ráð fyrir því að þessar greiðslur yrðu *áfram frádráttarbærar frá skatti* þó að útfærslan væri með öðrum hætti en áður var. Ég held því að við eigum að skoða það í efh.- og viðskn. hvort þetta sé rétt og hvort þróunin síðan hafi verið með þeim hætti að ástæða sé til að bregðast við því.

[14:16]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur finnst mér hjartað slá hægt í hinum gamla verkalýðssinna Kristni H. Gunnarssyni ef hann vill einungis „skoða" þetta mál. Hv. þm. hefur alla sína ævi frá því að hann komst fyrst til pólitísks vits og þroska verið að taka þátt í baráttu sem miðar að því að hnika áfram réttindum launamanna. Þá finnst mér nú ekki að hv. þm. geti gert sjálfum sér það að koma hingað á gamals aldri og tala um að menn eigi að skoða svona réttlætismál.

Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði á sínum tíma, þegar Framsfl. var í stjórn og þeir flokkar sem núna mynda Samfylkinguna, þá var gerð bylting á skattkerfinu. En það var einn lykill *í þeirri byltingu sem gerði* það að verkum að það var talið réttlætanlegt að fella niður ýmsa smáa frádráttarliði, það var persónuafslátturinn. Ef við mundum framreikna persónuafsláttinn, sem þá var, til dagsins í dag, væru skattfrelsismörkin líklega nær 100 þús. kr. en 70 þús. kr., ætli þau væru ekki í kringum 90 þús. kr.? Þannig að við erum að tala um allt annan veruleika.

Síðan hefur það gerst að þeir flokkar sem eru í ríkisstjórn hafa alltaf skirrst við að hækka skattfrelsismörkin miðað við aðrar hækkanir í samfélaginu. Þannig hefur það gerst að menn eru stöðugt að greiða skatta af auknum hluta tekna sinna. Þar með finnst mér rökin fyrir því að fella burt ýmsa frádráttarliði eins og gerðist vera fallin.

En í öllu falli þá skiptir það meginmáli, herra forseti, sem hefur líka gerst síðan 1988, að við höfum samþykkt í stjórnarskrá ákveðna jafnræðisreglu. Við eigum að láta lögin vera í anda þess jafnræðis. Það er ekkert jafnræði í þessu. Það er ekki jafnræði í því að félagsgjöld atvinnurekenda séu frádráttarbær en ekki félagsgjöld launamanna. Síðan gæti ég haldið langa ræðu um fyrsta part þess sem hv. þm. sagði.

[14:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er orðið þunnt í pólitíkinni ef menn þurfa að fara að búa til ágreining. Það er ekki ágreiningur um málið. Ég sagði að það hefði verið ákveðið í upphafi að þessar greiðslur yrðu frádráttarbærar, þannig að ég tel að ekki sé um neinn pólitískan ágreining að ræða í þessu efni.

Það sem þarf að skoða er hvort þróunin sem síðan hefur orðið á persónuafslættinum sé slík að það gefi tilefni til að ætla að það þurfi að leiðrétta, þannig að menn telji að sú regla sem menn settu sér sé ekki lengur að fullu í gildi. Við skulum skoða það, herra forseti, og ég efa ekki að hv. efh.- og viðskn. *nær samkomulagi um framkvæmd að* þessu.

En mig langar aðeins að rifja upp söguna fyrir hv. þm. vegna þess að sá fjmrh. sem var þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp var þáverandi formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson. Við vorum reyndar hvorugur í þeim flokki, ég né hv. ræðumaður, (Gripið fram í.) við vorum samflokka samt. Það var síðan næsta ríkisstjórn sem kom á eftir þeirri sem afnam tenginguna milli persónuafsláttar og lánskjaravísitölu.

[14:20]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um það að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að það sé ekki ágreiningur um málið. Ég skynjaði það nú samt þannig að það þyrfti heldur aðeins að hotta á framsóknarskjónu til þess að hún rækist í réttan dilk í þessu máli.

Ég fagna því hins vegar að hv. þm. hefur talað með þeim hætti að það er ákaflega líklegt að hann hyllist til þess að styðja þetta mál þegar búið er að skoða það í efh.- og viðskn., en eins og menn vita þá gegnir hann háu embætti þar. Hann er varaformaður, ef ég man rétt, hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal

og vísast þarf eitthvað af þeirri réttsýni sem hv. þm. hefur enn þá til brunns að bera til þess að koma þeim góða formanni nokkuð áleiðis í þessu máli.

Að því er varðar það sem hv. þm. nefndi hér áðan um að launamenn hefðu þegar fengið þá umbun sem þeim ber vegna breytinga til hins betra í hagþróun ... (Gripið fram í.) Hv. þm. kallar fram í og segir að hann hafi kannski ekki alveg orðað það svona. Eigi að síður var það þannig að hann talaði um að launamenn hefðu þegar notið góðs af góðærinu. En það er einfaldlega þannig að þeir sem hafa notið miklu meira en góðs af því eru fyrirtækin í landinu. Ég tel að verkalýðshreyfingin, barátta hennar og þær byrðar sem launamenn tóku á sig tímabundið — það var ekki fyrirséð hvernig þetta mál mundi fara þá, herra forseti — hafi leitt til þess að fyrirtækin standa miklu betur. Mér finnst að þeir sem í þessum sölum styðja fyrirtækin stöðugt á kostnað launamanna ef svo ber undir, ættu að sjá sóma sinn í því að styðja það að launamenn, alveg eins og fyrirtækin, fái að draga félagsgjöldin frá skatti. En um þetta ríkir ekki sem sagt ágreiningur milli mín og hv. þm.

[14:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum hér, frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og nær til stéttarfélagsgjalda launþega og er flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar, tel ég vera hið besta mál og meira en líklegt að við í þingflokki frjálslyndra munum styðja það. Ég tel að með þeirri stöðu sem hefur komið upp á undanförnum árum að launþegar fái ekki að draga stéttarfélagsgjöld frá tekjum áður en skattlagt er sé í raun og veru verið að mismuna launþegum með tilliti til þess hvað viðgengst á vinnumarkaði. Það er jú þekkt, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að í máli sínu, að atvinnurekendur draga sín gjöld til sinna samtaka frá rekstri og frá tekjum þannig að mismununin er til staðar. Ég tel að það eigi ekki að una við slíka mismunun sem felst í núverandi framkvæmd og þess vegna sé hér verið að hreyfa mjög þörfu máli að því er launþegana varðar.

Það er ýmislegt fleira sem hægt væri að víkja máli að þegar verið er að tala um stöðu launþega og hvernig greiðslur sem launþegar inna af hendi eru skattlagðar. Það hafa m.a. komið upp deilur um það, eins og menn muna vafalaust eftir, að greiðslur úr styrktar- og sjúkrasjóðum séu skattlagðar sérstaklega og samt sem áður eru greiðslurnar í styrktar- og sjóðum hluti af stéttarfélagsgjaldinu sem launþegar hafa svo greitt skatta af. Þannig að óréttlætið er framkvæmt með mjög ósanngjörnum hætti að því er varðar launþega.

Ég tel að það sé algjörlega rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að áðan að það var Alþýðusamband Íslands sem gekk á undan í því að halda niðri verðbólgu í landinu þegar ríkisstjórnin var nánast að missa það mál úr böndunum. Ég held að það sé líka rétt í þessari umræðu að vekja athygli á því að Alþýðusamband Íslands hefur mótað ákveðna stefnu í velferðarmálum og kynnti hana á sl. vetri, um velferð fyrir alla. Við tókum undir í Frjálsl. og töldum að þar væri lagt upp með stefnumótun sem kæmi fólki vel í þessu þjóðfélagi og sérstaklega þeim sem lægri hafa launin. Það er því vissulega rétt sem hér hefur verið vikið að að ríkisstjórnin í landinu og launþegar allir og ríkisborgarar þessa lands eiga Alþýðusambandinu margt að þakka í þeirri stefnumótun sem þeir hafa unnið að á undanförnum árum.

Það er slæmt til þess að vita að í núverandi stefnu ríkisstjórnarinnar, m.a. í fjárlagafrv., er ekki tekið neitt mið af því sem Alþýðusambandið er að leggja upp með í stefnumálum sínum varðandi velferð fyrir alla í þjóðfélaginu.

Ég tel að í þessu máli, sem snýr að stéttarfélagsgjöldum launþega, sé verið að hreyfa réttlætismáli sem ber að leiðrétta og við munum styðja frv. í Frjálsl. og vonum að það fái efnislega og góða umfjöllun og komi aftur inn til 2. umr. og fái síðan afgreiðslu við 3. umr. sem lög.

[14:26]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í framsögu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar er hér í raun og veru lítið frv. á ferðinni og tekur ekki margar málsgreinar að setja á blað sem þarna er átt við. Eins og fram hefur komið er þetta mikið réttlætismál, þetta er mikið jafnréttisfrumvarp eins og hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum sem hafa rætt þetta. Þetta snýst um, eins og hér hefur komið fram, að samtök atvinnulífsins og fyrirtæki sem greiða til sinna samtaka, Samtaka atvinnulífsins, og launþegar sem greiða til sinna samtaka, verkalýðsfélaga, fái að draga frá frá skatti þau félagsgjöld sem greidd eru.

Út frá því vil ég leggja og segja, herra forseti, að þetta jafnréttisfrumvarp sem hér er sett fram, það jafnréttissjónarmið sem hér er sett fram hlýtur að falla vel að þeim þætti í stjórnarskránni sem fjallar um jafnrétti og jafnræði. Þess vegna er það í raun og veru alveg með ólíkindum, herra forseti, að við þurfum nú, árið 2003, þegar fer að líða undir lok þess árs, að ræða þetta mál á Alþingi, að þetta skuli ekki löngu vera komið í lög og fest hér inn, þetta mál sem ég hygg að kosti nú ríkissjóð ekki margar milljónir, það sé ekki svo. Þetta er með öðrum orðum mikið ranglæti sem þarna viðgengst, enda hafa stéttarfélög, t.d. á Húsavík, álíktað mjög um þetta. Sú trygga og góða forusta sem þar er í forsvari hefur tekið þetta upp á þingum og aðalfundum sínum og álíktað um þetta og lagt til að þetta verði sett í lög og þetta sjónarmið verði samþykkt.

Ég held líka, herra forseti, þó að þetta sé nú vafalaust ekki stór upphæð, en safnast þegar saman kemur, að launamenn eigi þetta sannarlega inni hvað varðar félagsbaráttu sína. Án þess að ég viti það nákvæmlega þá hygg ég að tekjur verkalýðsfélaga séu jafnvel að dragast saman. Þá veitir ekki af að koma til móts við það þannig að þeir sjóðir sem þurfa að vera öflugir, eflist. Verkalýðshreyfingin í landinu, eins og kom fram hjá hv. frummælanda, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, tók málin í sínar hendur fyrir um tveimur árum síðan, þegar var farið að líða undir lok ársins 2001, gagnvart rauðu strikunum og veitti sitjandi ríkisstjórn mikla leiðsögn og í raun og veru forustu í þeim málum sem þar voru að fara á verri veg. Að maður tali nú ekki um frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar að þjóðarsáttarsamningunum svokölluðu, sem eru, hygg ég, annar aðalþátturinn í þeirri velferð sem við höfum verið í á Íslandi síðasta áratug a.m.k. þó að sáttasamningurinn og samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði verði í framtíðinni skráðir sem þau tvö atriði sem réðu mestu um hvernig okkur tókst að snúa vörn í sókn á Íslandi.

Ég fagna því að einn hv. stjórnarþingmaður, Kristinn H. Gunnarsson, skuli koma upp í andsvari og ræða þetta mál eins og hann gerði. Ég þóttist geta lesið úr orðum hans afstöðu sem hann mun vonandi fylgja í efh.- og viðskn., að málið fái þar meðferð og komi til baka frá efh.- og viðskn. þannig að lagt verði til að frv. verði verði samþykkt. Ég trúi ekki öðru en að réttlætisvitund stjórnarþingmanna leiði þeim fyrir sjónir að þetta er sanngjarnt mál. Spurningin er hins

vegar: Þora þeir að taka sjálfstæða ákvörðun, hv. þingmenn stjórnarliðsins, eða verða þeir að beygja sig og sætta sig við það sem frá ríkisstjórn kemur, að þetta mál megi ekki samþykkja vegna þess að það kemur frá stjórnarandstöðu eða valdi örlitlu tekjutapi ríkissjóðs? Ég veit ekki hve mikið tekjutapið yrði en það er örugglega ekki há tala.

Þora stjórnarliðar, herra forseti, að koma fram og stuðla að því að frv. nái fram að ganga? Um það snýst þetta. Ég hygg að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé að flytja þetta mál í annað ef ekki þriðja sinn. Þetta var rætt í fyrra og fékk þá jafngóðar viðtökur. Vafalaust hefur það verið þá eins og nú virðist, að stjórnarsinnar ætli ekki að taka þátt í umræðunni frekar en fyrri daginn. Hins vegar hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson brotið í blað og rætt um þetta mál. Ég trúi því að verkalýðshjarta hv. þm. sé enn fullt af blóði (**KHG:** Það slær enn þá.) og slái enn. Ég vona að hv. þm. hugsi til þess að hér er um mikið réttlætismál að ræða sem ekki væri stórvandamál að koma í gegn.

Ég treysti á að hv. þingmenn Framsfl. láti ekki stóra bróður, Sjálfstfl. og þingmenn Sjálfstfl. sem e.t.v. finna þessu ýmislegt til foráttu og telja enga þörf á að gera þetta, segja sér fyrir verkum. Nú reynir á hvað framsóknarmenn gera, hvort B-deild Sjálfstfl. verður að lúffa fyrir A-deildinni. Það mun sjást af því hvernig þessu máli lyktar í efh.- og viðskn. Ég trúi því að aðalforustumaður B-deildar stjórnarliðsins, Kristinn H. Gunnarsson, sem hér hefur talað í þessu máli dugi vel í efh.- og viðskn. og stuðli að framgangi þessa máls með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem þar situr líka.

Nú sé ég að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., er genginn í salinn. Þingmenn sitja hér spenntir og bíða eftir að Pétur taki til máls og fjalli um frv. við 1. umr. Það verður síðan sent til hans nefndar. Það hefur oft komið fram í ræðum hv. þm. Péturs H. Blöndals að hann vilji að þingmenn og þingnefndir hafi meira frumkvæði og taki ekki alltaf við tilskipunum frá hæstv. ríkisstjórn og geri eingöngu það sem ríkisstjórnin segir þeim að gera eða leyfi þeim að gera. Nú reynir á hv. þm. Pétur H. Blöndal. Búa nefndin og nefndarmenn að því frumkvæði að þora að taka slíka ákvörðun, að mæla með að þetta jafnræðismál nái fram að ganga á hinu háa Alþingi?

[14:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kem í pontu til að lýsa stuðningi við þetta frv. Ég er í hópi þeirra sem vilja styrkja verkalýðsfélög og verkalýðshreyfinguna í sessi. Hún er hluti af fjölþættu lýðræðisþjóðfélagi okkar. Verkalýðshreyfingin stuðlar að jafnvægi í þjóðfélaginu almennt. Hún heldur uppi merki launafólks og veitir fjármagnsöflunum og atvinnurekendum mótvægi. Þetta á við um þjóðfélagið almennt. Hið sama gildir um vinnustaðinn. Verkalýðsfélögin, stéttarfélögin, sinna þar mikilvægu lýðræðislegu hlutverki og stuðla að jafnvægi innan vinnustaðarins og í þjóðfélaginu almennt. Á verkalýðsfélög má þannig líta sem mikilvægar samfélagsstofnanir.

Þótt ég sé á þessu máli er ekki þar með sagt að ég sé andvígur samtökum atvinnurekenda. Mér finnst eðlilegt að þeir hafi samtök með sér einnig. Almennt er ég fylgjandi samtökum í samfélaginu, hvort sem það eru fyrirtæki eða launafólk, að menn vinni saman og reyni að beina málefnum sínum og ágreiningsefnum í skipulegan farveg.

Nú bregður svo við að þessum tveimur aðilum er gróflega mismunað, annars vegar atvinnurekendum og hins vegar samtökum launafólks. Eins og fram kemur í greinargerð með þessu frv. hefur yfirskattanefnd markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda megi draga frá tekjuskattsstofni en félagsgjöld sem launþegar greiði til stéttarfélaga sinna hafa ekki verið frádráttarbær frá skatti fram að þessu. Út á það gengur þetta frv., að leiðrétta misræmið, eða eigum við að segja ranglætið, sem þarna er á ferðinni.

Fleiri orð þarf í raun ekki að hafa um þetta frv. Ég ítreka að ég lýsi yfir stuðningi við það.

[14:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í því felst að félagsgjöld til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti. Þetta er eitt af þessum mörgu góðu málum sem fela í sér að gera skattkerfið sífellt flóknara og grafa undan einfaldleika þess. Þau eru mikið fleiri og ég gæti nefnt mörg fleiri slík mál.

Málið er að tekjuskattskerfi einstaklinga byggir á brúttóskattlagningu, þ.e. tekjur eru skattlagðar án þess að menn geti dregið frá kostnaði við öflun teknanna. Þetta er okkar prinsipp. Aðrar þjóðir hafa önnur prinsipp. Þýska skattkerfið gengur út frá því að menn geti dregið allan hugsanlegan, mögulegan og ómögulegan, kostnað við að afla teknanna frá skatti. En þá getur skattprósentan líka verið hærri.

Við getum hugsað okkur einstæða móður sem ætlar að sækja um vinnu. Til að sækja vinnu þarf hún að koma barni sínu á barnaheimili. Það er kostnaður hennar við að afla tekna. Ætti hún ekki að geta dregið þann kostnað frá skatti með nákvæmlega sömu rökum? Þarf hún ekki frekar á því að halda en stéttarfélögin, herra forseti? Það er hægt að ganga miklu lengra. Hvernig er með ferðir til vinnu? Er ekki eðlilegt að menn geti dregið ferðir til vinnu frá skatti, græna kortið í Reykjavík eða rekstur bifreiðar. Þannig mætti áfram telja. Afleiðingin yrði mjög flókið skattkerfi þar sem hækka yrði prósentuna af því að það gæfi hreinlega minni tekjur.

Ég geri ráð fyrir að þetta frv., þó að það standi hvergi í því, kosti ríkissjóð nokkur hundruð milljóna eða jafnvel milljarð í skatttekjur. Þetta er um það bil 1% af launum sem yrði skattfrjáls. Launasumman er 400 milljarðar þannig að skattstofninn mundi rýrna um 4 milljarða. Útsvar og tekjuskattur af því eru um einn og hálfur milljarður og sennilega fær ríkið helminginn af því. Þetta mundi kosta nálægt milljarði í minni tekjum til ríkissjóðs. Að sjálfsögðu fylgdu þessu minni skattar á einstaklinga en einhvers staðar verður að ná í tekjurnar. Ég er ekkert hoppandi glaður eða himinlifandi yfir því að hola skattkerfið með þessum hætti.

Menn hafa bent á samanburð á milli fyrirtækja og einstaklinga. Það er rétt. Fyrirtæki draga alls konar kostnað frá skatti. Þau draga frá kostnað við rekstur bíla, kostnað við greiðslu félagsgjalda og annað slíkt. En þá þurfa menn líka að horfa á það hversu kvikur sá skattstofn er. Það er mjög auðvelt að reka fyrirtæki með tapi. Ég skal taka það að mér í hvelli að reka hvaða fyrirtæki sem er með tapi. (**GAK:** Ertu með reynslu?) Nei, reyndar ekki á þeim endanum. En ég gæti gert það hratt og vel.

Skattstofn fyrirtækja er mjög kvikur og það er mjög auðvelt að koma hagnaði fyrirtækja í lóg. Þess vegna getur verið að lág skattprósenta á hagnað fyrirtækja auki skatttekjur. Skattur var einu sinni 50% og gaf ríkissjóði litlar tekjur. Síðan hefur hann verið lækkaður í áföngum, niður í 30% og síðan 18% og hann virðist gefa sífellt hærri tekjur til

ríkissjóðs, til rekstrar velferðarkerfisins, eftir því sem skattprósentan er lækkuð meira. Auðvitað eru neðri mörk á því. Við getum ekki farið niður í hálft prósent en spurningin er: Hvar er hámarkið? Hvaða skattprósenta gefur hámarkstekjur til ríkissjóðs? Þannig er ekki hægt að bera saman tekjur einstaklinga og hagnað fyrirtækja.

Ég hjó eftir því, herra forseti, að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði að sjúkrasjóðsgreiðslur væru skattskyldar. Það er rétt en iðgjaldið í sjúkrasjóðinn er að sjálfsögðu skattfrjálst því að það er greitt af fyrirtækjunum. Þau borga að lágmarki 1% af launum allra landsmanna inn í sjúkrasjóði og draga frá skatti sínum þannig að þetta er skattfrjálst fé sem enn hefur ekki verið skattað. Aðrar bætur stéttarfélaga, eins og útfararkostnaður, er borgaður af félagsgjöldunum. Þar á þetta við. Það er sjálfsagt að skoða svoleiðis. Ég er á móti tvísköttun og það má gjarnan skoða það.

Ég er því ekkert hoppandi glaður yfir þessu frv. sem slíku vegna þess að mér finnst mörg önnur atriði skipta meira máli. Ég mundi t.d. frekar vilja hjálpa einstæðum foreldrum með börnin sín, að þau geti dregið barnaheimiliskostnað frá skatti ef það er sannarlega til að afla tekna. Ég mundi miklu frekar gera það heldur en að hjálpa vesalings verkalýðshreyfingunni.

[14:42]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gæta þess að slökkva á farsímum sínum. Það dugir ekki að draga niður í þeim því að þeir hafa truflandi áhrif á útsendingu.

[14:43]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði: Hvað kostar samþykkt þessa frv.? Þar kemur að ákveðnum aðstöðumun milli okkar í stjórnarandstöðu og stjórnarliðsins. Það hefur verið leitað eftir því af okkar hálfu að fá tölu á hvað þetta kostar. Sú tala hefur ekki fengist. Það kann hins vegar að vera að hv. þingmenn stjórnarliðsins hafi allt aðrar leiðir og aðstöðu til að fá slíkan útreikning. Við höfum ekki nema eina leið færa til að finna slíkt út, þ.e. að leggja fram fyrirspurnir á hinu háa Alþingi. Þess vegna hef ég hef lagt fram fyrirspurn um þetta mál hér á þingi sem þegar er búið að dreifa. Ég vildi gjarnan geta haft það sem meðlag við þessa umræðu hvað þetta kostar nákvæmlega. En svona er að oss búið, herra forseti.

Mér finnst ekki rétt af hv. þm. að segja að hann vildi miklu frekar nota fé sem færi til að standa straum af þessu frv. til að gera hitt eða þetta. Þetta er spurning um jafnræði. Ef hv. þm. hefði hlustað á ræðu mína hefði hann heyrt að útgangspunkturinn í röksemdafærslu minni var að nú þegar er búið að tryggja hinum aðilanum á vinnumarkaðinum, þ.e. fyrirtækjum sem eru aðilar að samtökum atvinnurekenda, heimild til að draga félagsgjöld sín frá skatti. Ef það er búið að leyfa einstökum fyrirtækjum að gera það þá spyr ég: Hvers vegna er ekki launamönnum heimilað hið sama? Þeir eru með sama hætti aðilar að vinnumarkaðinum í gegnum heildarsamtök sín. Þetta er spurning um jafnræði og jafnrétti. Ég hefði ekki lagt þetta frv. fram ef þessi væri ekki raunin. Þetta er útgangspunkturinn í röksemdafærslu minni.

Hitt er rétt hjá hv. þm., að það er ekki hægt að leggja til jafns kostnað sem atvinnurekendur hafa og skattgreiðslur þeirra annars vegar og hins vegar launamanna vegna þess að fyrirtæki greiða ekki nema 18% skatt en launamaðurinn yfirleitt töluvert meira.

[14:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. þm. og tók eftir því að hann talaði um jafnrétti og jafnræði milli fyrirtækja og launþega. Ég kom einmitt inn á það í ræðu minni að einstaklingar borguðu bruttóskatt af tekjum sínum á meðan fyrirtæki gætu dregið frá alls konar kostnað. Og ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að tekjur einstaklinga eru miklu tregari skattstofn en hagnaður fyrirtækja.

Menn geta ekki hætt að vinna, þeir verða að lifa af einhverju. En fyrirtæki geta auðveldlega látið hagnaðinn hverfa. Og eins og ég gat um áðan býðst ég til þess, ef einhver vill endilega láta hagnað einhvers fyrirtækis hverfa, að taka það að mér. Það er svo sem ekkert voðalega skemmtilegt en auðvelt er það.

[14:46]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki ekki feril hv. þm. Péturs H. Blöndals nægilega mikið til þess að vita hvort hægt sé að treysta honum til að reka fyrirtæki með drjúgu tapi. Ég hef heldur engan sérstakan áhuga á því að láta á það reyna.

Hv. þm. talaði í fyrri ræðu sinni um ýmiss konar útgjöld sem mætti allt eins hugsa sér að yrðu dregin frá skattstofni ef þetta yrði samþykkt. En þau útgjöld sem hv. þm. nefndi í þeirri ræðu voru allt saman valfrjáls útgjöld. Munurinn á þessu sem hér er og því sem hann nefndi er að þetta eru lögbundin útgjöld og þess vegna skiptir miklu máli að við náum þessu fram.

Hér eru um lögbundin útgjöld að ræða til stéttarfélaga og jafnræðisreglan sem ég talaði um áðan hlýtur að gilda. Þegar við skoðum báðar hliðar vinnumarkaðarins hlýtur það að gilda að ef atvinnurekendur fá að draga þetta frá skatti, hvað er það þá sem réttlætir það að launamenn fái ekki að draga það frá skatti?

Þetta er kjarnaspurningin, herra forseti. Ég óska eftir að formaður efh.- og viðskn. svari því ef hann treystir sér til þess núna: Hvers vegna ættu launamenn ekki að fá að gera þetta ef einstök fyrirtæki atvinnurekendamegin fá að gera það?

Ég vil síðan segja, herra forseti, að ég gleðst yfir því að hv. þm. hefur ekki fortakslaust kveðið upp úr með andstöðu sína í málinu. Hann hefur að vísu sagt að hann sé ekki það kátur yfir frv. að hann hoppi af kæti. En við höfum hins vegar oft séð hv. þm. töluvert glaðan án þess að hann gangi hér hoppandi um sali, þannig að ég geng að því sem vísu að þrátt fyrir allt bærist örlítill gleðivottur í hjarta hans yfir því að sjá þetta réttlætismál. Ég vænti þess að hv. þm. sé a.m.k. reiðubúinn til að skoða þetta fordómalaust í nefndinni. Við sjáum þá hvort hægt sé að ná einhvers konar samstöðu um það.

Ég hef margsinnis reynt hv. þm. að því að fara sínar eigin leiðir en komast að niðurstöðu sem mér finnst sanngjörn og réttlát. Við skulum sjá hvort það gildir líka í þessu máli.

[14:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fullyrðing hv. þm. um að félagsgjöld séu lögboðin er ekki rétt. Það er ekki nema hjá opinberum starfsmönnum, og við vorum einmitt að greiða atkvæði um að

vísa til 2. umr. frv. um að afnema þá lagaskyldu á opinbera starfsmenn að greiða í stéttarfélag hvort sem þeir vilja vera í þeim eða ekki. (Gripið fram í.) Stjórnarskráin tryggir mönnum félagafrelsi og aðild okkar að alþjóðavinnumálasamningi tryggir það sömuleiðis að ekki er skylda að borga í stéttarfélag, enda er fjöldi manna sem borgar ekki í stéttarfélag.

Hins vegar ef menn búa fjarri vinnustað þá getur það nú orðið dálítið erfitt að komast þangað án þess að nota farartæki. (**Gripið fram í:** Það er val manna.) Val manna, menn geta náttúrlega labbað en þá eyða þeir kannski miklum tíma í að fara á milli, ég sé því ekki að sá kostnaður sé neitt minni. Ég mundi frekar vilja aðstoða menn við að komast á vinnustað með því að heimila að draga frá kostnað við strætisvagna eða bíl heldur en að styðja verkalýðshreyfinguna með því að hafa félagsgjöld þangað skattfrjáls.

Um það hvort ég taki þetta fyrir fordómalaust, ég vona að ég hafi ekki mikla fordóma. Ég ræði að sjálfsögðu kosti og galla allra frv. Við höfum einmitt tekið þá stefnu í hv. efh.- og viðskn. að ræða kosti og galla þingmála og fá svarað fyrirspurnum, t.d. frá fjmrn. um hvað þetta er stór upphæð.

[14:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að með þessari tillögu væri verið að hola skattkerfið og gera það flóknara og lýsti því réttilega að skattkerfið er í grundvallaratriðum öðruvísi gagnvart launþegum en atvinnurekendum.

En grunnurinn að því að hafa grundvöllinn svona mismunandi átti að vera að menn hefðu persónuafslátt og væru með þeim hætti varðir fyrir ríkisskattinum. Hv. þm. hefur gengið fram með félögum sínum í stuðningi við ríkisstjórn á undanförnum árum í því að grafa í raun undan þeim grundvelli sem hann lýsti. Það hefur skekkst meira og meira eftir því sem árin líða. Menn hljóta að velta því alvarlega fyrir sér hvort eigi að halda svona áfram og hvort menn eigi þá að reyna að finna aðrar leiðir til þess að létta launþegum skattbyrðina og koma á einhverju réttlæti hvað varðar kostnað þeirra, því að það er auðvitað mjög undarlegt að líta annars vegar þannig á að fyrirtæki þurfi hagnað til að geta borgað skatt en hins vegar að launþegar þurfi ekki einu sinni upphæð sem dugar til framfærslu til að borga skatt. Þetta er tvískinnungur sem er í rauninni óþolandi.

Mér finnst að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi með því að halda því fram að helst ætti að láta alla borga sömu skattprósentu hversu lág laun sem menn svo sem hefðu, þá sé hann í raun með tvískinnung gagnvart því sem hann lýsti hér áðan, þ.e. mismuninum á þessum tveimur kerfum, annars vegar sem snýr að launþegum og hins vegar sem snýr að atvinnurekendum.

[14:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort tveggja hefur gerst að persónuafsláttur hefur verið hækkaður í samræmi við verðbólguforsendur fjárlaga hverju sinni, það hefur verið gert. Einnig hefur skattprósentan verið lækkuð þannig að frítekjumarkið, þ.e. þær tekjur sem menn hafa eftir skatt hafa hækkað nokkurn veginn í takt við verðbólgu frá 1993 eða 1994 miðað við verðlag.

Að sjálfsögðu hefur frítekjumarkið ekki haldið í við hækkun launa því að laun hafa hækkað svo mikið umfram verðlag að það þykir jafnvel til vandræða, sérstaklega hjá stjórnarandstöðunni. Ég sé ekki vandann alveg svo slæman að laun hækki svona mikið. Og ef skattkerfið er þannig uppbyggt eins og það er í dag, að hærri laun þýði hærri skatta þá er það bara rökrétt afleiðing af því að laun hækka mikið umfram verðlag, að menn borgi hlutfallslega stærri hluta af tekjum sínum.

Reyndar er markmið núverandi ríkisstjórnar að lækka skattprósentuna töluvert mikið þannig að menn borgi þá minna af tekjum sínum til skattkerfisins en núna.

Ég hef reyndar lagt fram frv. um það að taka upp flatan tekjuskatt. Ég held að það yrði í rauninni einfaldasta og besta kerfið þó að það virki ófélagslega, þ.e. að þeir sem eru með lág laun eins og hv. þm. nefndi borgi skatta, en þá lagar launakerfið sig að því. Launakerfið tekur nefnilega mið að skattkerfi hvers lands. Og ef ákveðin laun eru skattfrjáls þá þurfa þau ekki að vera eins há, herra forseti.

[14:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi flata skattprósenta sem hv. þm. nefndi er nákvæmlega það sem ég lýsti hérna áðan, þ.e. í henni er byggt óréttlæti af því tagi sem við höfum verið að ræða um. Með henni er verið að fara inn á allt aðra leið en hv. þm. lýsti í fyrri ræðu sinni, þar sem verið væri að gera raunverulegan mun á þessum kerfum gagnvart launþegum og hins vegar gagnvart atvinnurekendum. Menn hafa heldur ekki tekið þá umræðu sem þyrfti að taka ef á þessu á að verða sú breyting sem er í rauninni að gerast hægt og hljótt, að grafið hefur verið undan þessu.

Ég mótmæli því sem hv. þm. sagði. Það hefur orðið verulega mikil breyting hvað varðar persónuafslátt á undanförnum árum. Það hefur verið margfarið yfir það hér í þingsölum hvernig sú breyting hefur orðið. Þær tölur hef ég ekki í kollinum og ætla ekki að reyna að fara með hér, en þær hafa a.m.k. sannað fyrir mér að þar hafi hallað verulega á launþega með lág laun. Og hvernig svo sem því er nú öllu varið er alveg á hreinu að menn eru farnir að borga skatt samkvæmt þessum lögum og reglum sem eru í gildi í dag langtum fyrr en þeir hafa náð framfærslukostnaði sínum sem eðlilegt væri að hafa. Ég er þess vegna mjög á annarri skoðun en hv. þm. hvað það varðar að svona flatur persónuafsláttur komi til greina nema því aðeins að ríkið setji þá um leið afkomutryggingu með einhverjum öðrum hætti sem tryggir öllum lágmarksframfærslu og fjármuni til þess sem þeir geta tekið við með reisn en ekki eins og einhverri ölmusu.

[14:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum farin að ræða allt annað frumvarp en hér er til umræðu.

Ég vildi gjarnan geta þess, fyrst að ég var spurður, að ég gerði ráð fyrir því í því frv. sem ég lagði fram á sínum tíma að við hliðina á því væri tekið upp húsnæðisbótakerfi sem tryggði þeim sem hafa lágar tekjur og lágar eignir ákveðinn styrk til húsnæðis og kæmi í staðinn fyrir meingallað húsaleigubótakerfi og vaxtabótakerfi.

Við skulum hafa það í huga þegar við hv. þingmenn erum að flækja skattalögin að það er talið að um 7% þjóðarinnar séu ólæs. Sá hluti þjóðarinnar stendur frammi fyrir óskiljanlegu bákni sem er skattkerfið. Eftir því sem við gerum skattkerfið flóknara og flóknara til að gera það réttlátara, tökum inn í það félagsgjaldið í stéttarfélög, tökum inn í það kostnað við að keyra til vinnu o.s.frv., þeim mun berskjaldaðri stendur þessi hópur manna fyrir sífellt flóknara kerfi.

Hann mun ekki telja fram og hann mun lenda í áætlunum og mun borga lögfræðikostnað eins og hann hefur gert hingað til. Fyrir þennan hóp manna er best að skattkerfið sé sem allra einfaldast.

[14:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fróðlegt hefur verið að hlýða á orð hv. þm. Péturs H. Blöndals um þetta mál. Það var einnig fróðlegt að heyra hann víkja að barnafjölskyldunum og það er einmitt mál sem við höfum flutt í þinginu varðandi skatta barnafjölskyldna og hvernig mætti horfa til þess að lagfæra stöðu barnafjölskyldunnar í landinu. Ég fagna því að hv. þm., formaður efh.- og viðskn., er frekar jákvæður í þá veru að telja að það sé þarft mál.

Síðan vill þannig til, virðulegi forseti, að á morgun mun ég sennilega mæla fyrir breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í sambandi við ferðakostnað sem hv. þm. vék einnig að. Ég fagna því einnig alveg sérstaklega ef hann tekur undir það með þeim orðum sem hann hefur hér látið falla að það kæmi vel til greina.

Ég átta mig hins vegar ekki á því hvers vegna hann hafnar því réttlætismáli sem hér er til umræðu vegna þess að í raun og veru er verið að gera jafngilda atvinnurekendur og launþega að þessu leyti. Ég sé ekki nein rök til þess, fyrir utan það að það stangast sennilega á við efni í stjórnarskrá okkar, hvernig má mismuna þegnum landsins að þessu leyti á sama vinnumarkaðnum, þ.e. annars vegar atvinnurekendum og hins vegar launþegum sem eru báðir að vinna að hagsmunamálum sínum og nota til þess tekjur af stéttarfélagsgjaldi.

Hv. þm. vék að því að ég hefði nefnt sjúkrasjóðina í þessu tilfelli sem væru skattlagðir. Það er rétt. Og hann vék að því að sjúkrasjóðirnir tækju gjöld utan skattkerfisins, þ.e. að atvinnurekendur greiddu í sjúkrasjóðina, það er líka rétt svo langt sem það nær hjá hv. þm. En það gleymist hins vegar að sjúkrasjóðir lenda stundum í því að greiða meira en í þeim er. Ég þekki dæmi þess að stéttarfélagsgjöld hafi verið látin renna í sjúkrasjóði til að standa undir ákveðnum skuldbindingum.

[15:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur illilega misskilið það sem ég var að segja og ég hef þá sennilega ekki verið nægilega skýrmæltur. Ég nefndi dæmi um fullt af málum sem mætti taka upp, ferðakostnað, barnaheimiliskostnað o.s.frv. Við getum gert skattkerfið óskaplega flókið ef við ætlum að vera mjög réttlát, réttlát fram í ystu fingurgóma og láta allan kostnað sem menn hafa af vinnu sinni koma til frádráttar. Ég var einmitt að segja að það vildi ég ekki. Ég var einmitt að segja að þess vegna væri ég ekki mjög hrifinn af þessu frv. af því að það gerir skattkerfið flóknara. Nú þurfa menn að fara að draga frá, ekki bara iðgjald í lífeyrissjóð sem er viss flæking á skattkerfinu, lækkaði skatttekjur ríkisins og hækkaði frítekjumarkið. Það geta hv. þm. sem hér hafa talað tekið inn að frítekjumarkið hækkaði við það að iðgjaldið í lífeyrissjóð varð frádráttarbært. Hér er lagt til að félagsgjaldið verði líka frádráttarbært, það er sem sagt verið að flækja kerfið og það þýðir líka að þeir sem eru kannski verst settir standa höllum fæti gagnvart þessu flókna kerfi. Þess vegna hef ég lagt til að hafa skattkerfið mjög einfalt. Ég hef meira að segja lagt til að skatturinn verði 20% af öllum tekjum, greiddur af laununum um leið og þau eru greidd og ekkert framtal. Ekkert framtal, herra forseti. Þjóðin vinnur heilan dag á ári við að telja fram sér til mikilla leiðinda. Ég þekki ekki nokkurn einasta mann sem hefur gaman af því. Ef tekinn væri upp flatur tekjuskattur og horft fram hjá öllum þessum flóknu réttlætismálum yrði það mest til hagsbóta þeim sem verst eru settir.

[15:02]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú fór í verra. Allt sem ég hélt að ég hefði skilið hef ég greinilega misskilið og hv. þm. er búinn að taka til baka allt sem ég hélt að væri svolítið bitastætt í málflutningi hans um það að laga stöðu barnafjölskyldna og jafnvel taka tillit til ferðakostnaðar. En það er líka merkilegt þegar hv. þm. talar um að flækja skattkerfið o.s.frv.

Sú yfirlýsing sem hann gaf fyrr í umræðunni um að hann treysti sér til að taka við rekstri fyrirtækis og sjá til þess að það mundi aldrei greiða nokkurn einasta skatt er meira en lítið merkileg. Ég meina, það var verið að lækka skatta á fyrirtæki, þeir eru komnir niður í 18% ef ég man rétt. Ég hefði gaman af að vita hvort hann hefði treyst sér til þess að reka fyrirtæki í landinu skattlaust áður en tekjuskatturinn var lækkaður eða eftir að hann var lækkaður í 18%. Það verður þá líka að spyrja hv. þingmann — ef hann treystir sér til þess að reka fyrirtæki í landinu, öll með tapi — hvort skattkerfi fyrirtækjanna sé þá ekki þannig í pottinn búið að það sé flókið, snúið, hægt að ganga fram hjá því og komast fram hjá öllum mögulegum hlutum til þess að fá þá niðurstöðu sem menn vilja? Væri þá ekki nær að taka á því sem snýr að atvinnulífinu í þessu tilliti ef það er rétt ályktun hjá hv. formanni efh.- og viðskn. að skattkerfisumbun fyrirtækja sé þannig að það sé hægt að reka öll með tapi, sama í hvaða umhverfi þau eru?

[15:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort hv. þm. misskilur mig af ásettu ráði eða ekki. Ég sagðist treysta mér til þess að reka hvaða fyrirtæki sem er með tapi — ef ég þyrfti að gera það. Ég mundi ekki gera það með glöðu geði. En það er hægt að gera það og þegar skatturinn var 50% vissu menn hvernig var hérna milli jóla og nýárs. Þá voru fyrirtækin í því að fjárfesta, kaupa tölvur og annað slíkt til að koma hagnaðinum í lóg af því að ríkið borgaði í rauninni helminginn af því sem þau keyptu og gátu fært til gjalda. Þetta er engan veginn æskileg staða, langt í frá, en ég var að benda á að hagnaður fyrirtækja er hvikull skattstofn, það er svo auðvelt að láta hann hverfa. Það er hins vegar mjög erfitt að hafa hann góðan, hafa mikinn hagnað, það er snilld. Góð stjórnun og góður rekstur á fyrirtæki er snilld og það er erfitt og það erum við að verðlauna með því að hafa skattinn ekki of háan á þessi fyrirtæki þannig að það sé mikill hvati fyrir stjórnendur fyrirtækja að reka þau með hagnaði. Reyndin er líka sú eftir að skatturinn var lækkaður að hagnaður fyrirtækja hefur blómstrað sem aldrei fyrr, þau borga mjög mikla skatta í ríkissjóð og geta borgað há laun því að fyrirtæki sem rekin eru með tapi borga ekki mikil laun. Það er alveg á hreinu. Það ætti hv. þm. að þekkja úr kjördæmi sínu. Fyrirtæki sem eru með myljandi hagnað aftur á móti borga góð laun. Það er þarna sem við verðum að gæta að. Það er ekkert jafnræði milli hagnaðar fyrirtækja og launa launþega. Þetta er allt annar skattstofn eins og ég benti á. Annar skattstofninn er tregur vegna þess að menn verða að vinna og þeir geta ekki hætt að vinna þó að skatturinn sé hækkaður eilítið. En hagnaði fyrirtækja er

mjög auðvelt að breyta og að sama skapi er mjög erfitt að ná upp góðum hagnaði.

[15:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði svo sem ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en get ekki orða bundist í kjölfar þeirra viðbragða sem hér hafa orðið við þessu litla og tiltölulega einfalda frv. til laga sem fyrst og síðast felur það í sér að skapa jafnræði gagnvart fyrirtækjum og félögum annars vegar og einstaklingum hins vegar í skattalögum. Bara til að ég klári þann litla en samt mikilvæga þátt mála í ljósi viðbragða sérstaks sérfræðings Sjálfstfl. í skattamálum, peningapólitík og efnahagsmálum yfirleitt, hv. þm. Péturs H. Blöndals, þegar hann finnur þessu litla frv. allt til foráttu í ljósi þess að það flæki skattalögin svo mikið að það sé ekki fyrir nokkurn mann að átta sig á þeim ef að lögum verður — er þá ekki hægt að gagnálykta að hann sé í raun að boða þá stefnumörkun að hann fari fram á það að leggja af þessar ívilnanir gagnvart félögum og fyrirtækjum gagnvart Samtökum atvinnulífsins? Er ekki eðlileg gagnályktun að hann beiti sér þá fyrir því að þessum ívilnandi þáttum í skattalögum sem snúa að greiðslum fyrirtækja til samtaka sinna verði á sama hátt komið í lóg? Ég vildi gjarnan að hann svaraði því.

Það var samt ekki meginástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs heldur þessi undarlegu viðbrögð sýknt og heilagt við hugmyndum okkar jafnaðarmanna í þá veruna að létta álögum af almenningi í þessu landi. Það er ekki í fyrsta skipti á þessu hausti og vafalaust ekki það síðasta sem hér koma stjórnarliðar og bregðast ókvæða við, finna því allt til foráttu þegar við samfylkingarmenn leggjum til að lækka skatta á fólk, lækka álögur á fólk, lækka matvælaverð. Þá er þetta allt ómögulegt. Það flækir málin og skapar erfiðleika og ríkissjóður má ekki verða af þessum tekjum og ekki hinum. Það er eins og menn hafi brugðið sér í nýjan búning á örfáum mánuðum, gleymt öllu því sem um var talað í aðdraganda kosninga þar sem mest var um það rætt einmitt að lækka skatta á fólk. Hv. þm. Pétur H. Blöndal dró ekki af sér í þessari orðræðu allri. En nú hefur hann haft endaskipti á sjálfum sér og flokknum sínum og nú er það allt hið versta mál þegar Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkur Íslands, flokkur umbóta sem vill treysta sameiginlega þjónustu, finnur glufur í peningapólitíkinni og vill létta álögum af fólki. Þá er það ómögulegt, bara svakalegt. Vegna þessa litla frv. er spurt með þjósti: Hvað kostar þetta? Hvaða gífurlegu fjárhæðir er hér um að tefla? Svo leyfa menn sér það, frú forseti, enn og aftur að fara í hinn gamalkunna farveg og segja: Er nú ekki betra að hjálpa fátæku ekkjunni í strætó? Er ekki betra að hjálpa barnmörgu fjölskyldunum á leikskólunum og barnaheimilunum? Slá úr og í og reyna að drepa málum á dreif með ódýrum hætti.

Ég ætla að tala hér mannamál, frú forseti. Þetta er auðvitað óþolandi orðræða sem okkur hv. þm. er boðið upp á, og þjóðinni allri. Þetta eru menn sem hafa einfaldlega vondan málstað að verja. Þetta eru menn með vonda samvisku sem standa frammi fyrir þeim veruleika sem birtist okkur í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar þar sem skattalækkunarloforðum ríkisstjórnarinnar var stungið ofan í skúffu og sagt sem svo: Við skulum skoða þetta mál í lok kjörtímabils. Við ætlum að lofa þessu upp á nýtt árin 2006 og 2007 þegar líður að næstu kosningum. Frú forseti. Það er auðvitað enginn mannsbragur á þessu öllu saman og hér eru engir aukvisar á ferð sem taka þátt í þessari orðræðu um skattamál og skattaáþján á íslenskar fjölskyldur. Hér er um að ræða formann efh.- og viðskn., sérstakan sérfræðing Sjálfstfl. í þessum efnum og svo er hér auðvitað að finna hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Ég verð þó að verðlauna hann fyrir það sem hann sagði. Hann hafði þó skilning á því að hér væri ekki allt með felldu, hér væri auðvitað bersýnilega um mismunun að ræða sem færi á svig við þessa gullnu jafnræðisreglu stjórnarskrár og jafnræðisreglu sem auðvitað gildir í skattalögum og öðrum þáttum þjóðlífs. Hann tók frv. með tiltölulega miklu umburðarlyndi, sagði þó á framsóknarvísu að þetta þyrfti að skoða og athuga en það var þó meiri vigt í þeirri nálgun hans en hv. þm. Péturs H. Blöndals. Allt ber þetta þó að sama brunni. Það er ekkert að marka þessa ríkisstjórn. Hún er að hefja sitt þriðja kjörtímabil og byrjar vegferð sína með allt niður um sig, kannast ekki við orð sín frá því í vor og, það sem meira er, bregst ókvæða við þegar stjórnarandstaðan, við jafnaðarmenn á þingi, er þó að tala í svipaða veru og þeir gerðu í kosningabaráttunni, um að létta álögum af launafólki í þessu landi. Þá er það bara algerlega ómögulegt.

Öðruvísi mér áður brá og vissulega hljóta þeir að ruglast dálítið í ríminu. Ég hef samúð með þeim sjálfstæðismönnum þegar að því kemur að þeir nái sönsum. Þeir hafa fram undir það síðasta talið það vera sitt sérstaka einkamál og þeir hafi sérleyfi á því að tala um skattalækkanir en það er auðvitað ekki þannig lengur því að veruleikinn birtist okkur í hverri fréttinni á fætur annarri, nú síðast á Stöð 2 þar sem OECD gerði ítarlega úttekt á því hver þróun þessara mála hefði orðið á síðustu árum og í ljós kom að 1995 þegar þeir helmingaskiptaflokkar rugluðu saman reytum er Ísland hástökkvari annarra OECD-þjóða þegar kemur að skattahækkunum og álagningu á einstaklinga og fyrirtæki. Sú tafla er vafalaust öllum aðgengileg og hafi hv. þingmenn ekki séð þessa umtöluðu frétt veit ég að bókasafnið hér mun geta prentað hana út. Stundum, öllu heldur gjarnan, hafa nefnilega hv. stjórnarþingmenn borið fyrir sig alþjóðastofnanir þegar þeir vilja halda því fram að spilling sé hér lítil og að við stöndum vel að vígi í samanburði við aðrar þjóðir. Þarna auðvitað eru tölurnar svo naktar sem frekast má vera. Ísland er hástökkvari þjóða meðal OECD, það er bara þannig, og skattar hér hafa hækkað umtalsvert á þessu tímabili. Allar þessar deilur sem fram fóru fyrir síðustu kosningar um það hvort skattar hér hefðu hækkað eða lækkað eru auðvitað fullkomlega óþarfar. Tölurnar eru bara svona hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Það er verk að vinna, frú forseti, og þetta litla frv. er hænufet í þá áttina að við getum farið að létta álögum af launafólki. Ég hefði haldið fyrir fram að menn hoppuðu upp á þennan vagn hikstalaust og hiklaust og fögnuðu þessu litla frumkvæði okkar en væru ekki með eitthvert röfl og nudd og leiðindi.

[15:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ekki að ég hafi verið neitt sérstaklega grimmur á móti þessu frv. Ég var einmitt mjög hógvær og tók fyrir kosti og galla og lýsti þeirri skoðun minni að skattstofnar ættu að vera einfaldir, sem stærstir og án undantekninga til þess að koma í veg fyrir bæði misnotkun og það að þeir breyti hegðun fólks. Þetta er skoðun mín og verður áfram.

Ég nefndi líka að menn geta komið með fullt af góðum málum og hér er eitt þeirra. Það er búið að boða annað sem tekur á ferðakostnaði. Það er líka gott mál. En alltaf er verið að hola skattstofninn og alltaf er verið að gera hann minna

og minna flatan og alltaf er verið að gera stöðu þess fólks sem kannski stendur hvað verst þekkingarlega og kann bara hreinlega ekki að lesa verri og verri. Flókið kerfi bitnar helst á því fólki. Þeir ríku sem hafa dýra endurskoðendur nýta allar smugur í skattkerfinu, ekki spurning, frú forseti.

Varðandi það hvernig Sjálfstfl. ætlar að bregðast við og hvað hann ætlar að gera í skattamálum hljóta kjósendur að horfa til leiðarloka. Við erum búin að lækka töluvert af sköttum. Eignarskatturinn hefur verið helmingaður og rúmlega það og hann verður felldur niður. Það stendur til að lækka tekjuskatta. Þetta er allt saman að leiðarlokum, í lok kjörtímabilsins, og þá tölum við við kjósendur okkar. Þeir munu sjá hvernig við stefnum til framtíðar. Við erum ekki að hugsa um næstu tvo, þrjá mánuði. Við erum að hugsa um næstu 20, 30, 40 árin, hvernig þjóðfélagið lítur út.

Skattkerfið og tekjutenging bóta er þannig, hannað m.a. af Alþýðuflokknum á sínum tíma, að breiðu bökin áttu að borga meira. Hálaunamenn áttu að borga meira. Þegar svo illa vill til, frú forseti, að launin hækka og hækka umfram verðlag er það víst mjög slæmt því þá fara menn að borga meira því að þeir eru komnir með breið bök. Þetta var vilji Alþýðuflokksins sáluga sem hv. þm. var einu sinni í.

[15:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru nokkrir punktar í þessu sem vekja sérstaka athygli. „Við skulum ræða saman um skattamál í lok kjörtímabils." Það eru skilaboð ríkisstjórnarinnar. „Við skulum spjalla saman þarna á kosningavetrinum og sjá hver staðan er." Nei, frú forseti. Svona verður það ekki einfalt. Menn búa sér ekki til fjarvistarsönnun frá skattaumræðunni næstu þrjú árin. Það skal hv. þm. vita. Þannig verður það ekki. Það verður kallað eftir því að tímasetningarnar komi hér með og kurt og pí á þessu hausti eins og lofað var. Það verður ekki hægt að skauta svona létt fram hjá loforði fyrir kosningar. Það skal hv. þm. vita alveg upp á hár.

Í öðru lagi, frú forseti: Hv. þm. er að segja okkur að einstaklingar í þessu landi, launamenn, séu ekki læsir og hafi ekki vit á því að kynna sér þá möguleika sem skattkerfið bjóði upp á, það geti hins vegar hinir ríku, þeir séu sérfræðingar í því. Auðvitað er þetta ekki svona. Hvað eru þeir margir, frú forseti, einstaklingarnir sem hafa breytt sér úr launamanni í einkahlutafélag á síðustu missirum og árum? Einhvers staðar sá ég töluna 15 eða 20 þús. sem með þeirri einu aðgerð fara úr því að greiða skatt upp á 39% í að greiða fjármagnstekjuskatt upp á 10%. Er þetta hið einfalda kerfi sem hv. þm. er að hæla sér af? Af hverju er hann ekki búinn að breyta þessu þá og færa fjármagnstekjuskattinn til jafns við launamannaskattinn, tekjuskatt á launafólk? Af hverju hefur hann ekki frumkvæði hér að því að einfalda þetta götótta kerfi? Hentar bara núna að hafa áhyggjur af því að verið er að gata kerfið af því að almennir launamenn eiga að fá að njóta? Það skyldi þó ekki vera, frú forseti?

[15:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði ekkert um það að launamenn væru almennt ekki læsir. Ég sagði að hluti þjóðarinnar væri ólæs, því miður, vegna lesblindu og annars slíks. Það er talið og hefur komið fram í ræðum á þingi að um 7% þjóðarinnar hafi ekki lesið heila bók sér til gagns. Þetta fólk stendur frammi fyrir mjög flóknu kerfi, bótakerfi og skattkerfi. Ég held að það ætti að vera markmið þingmanna að hafa þessi kerfi einföld, einmitt til þess að gæta hagsmuna þessa hóps.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um fjármagnstekjuskattinn þá er það ekki rétt að þeir sem hafa stofnað hlutafélag borgi bara 10%. Þeir borga fyrst 18% af hagnaði fyrirtækjanna. Þeir geta ekki borgað út arð nema fyrirtækið skili hagnaði og séu búnir að borga skatt af því. Síðan borga þeir 10% af því sem eftir stendur þannig að þetta kemur út sem 26% skattur. Það er reyndar miklu lægra en er á launatekjur. En ríkisskattstjóri á að reikna þeim tekjur. Ef reksturinn skilar ekki þeim hagnaði að hann dugi fyrir tekjunum þá er tap á rekstrinum. En þeir verða að borga skatt samt. Þeir verða að borga tekjuskatt samt af þeim reiknuðu tekjum sem ríkisskattstjóri reiknar þeim. Þarna kemur því inn í einmitt sú áhætta sem atvinnulífið býr við. Fjármagnstekjuskatturinn var á sínum tíma valinn 10% en ekki 20% vegna þess að inni í honum eru verðbætur sem ekki eru tekjur. Inni í honum er áhætta. Ríkinu kemur ekkert við þó að menn tapi í hlutabréfum eða í rekstri. Ég hugsa því að meðalprósentan, 10%, sé nokkuð nálægt því að vera eins og skattur á laun.

[15:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta ber allt að sama brunni, þ.e. að svo mikil áhætta sé fólgin í því að standa í atvinnurekstri. Hv. þm. sagði að þeir sem hafa hætt að vera launamenn og breytt sér í einkahlutafélag borguðu sennilega jafnháa ef ekki hærri skatta. Mér er spurn: Eru þeir allir ólæsir eða hvað? Er einhver misskilningur á ferðinni hjá þessum tugþúsundum, liggur mér við að segja, einstaklinga sem hafa ráðist í þessa aðgerð? Nei, ég hygg að svo sé ekki. Ég hygg þvert á móti að þeir sjái ávinning í því og trúi því að svo sé.

En bara þessi eina yfirferð hv. þingmanns á mismunandi skattprósentum undirstrikaði það sem ég sagði áðan, þ.e. að ég væri ekki var við mikinn vilja hjá hv. þingmönnum í hans flokki að einfalda þetta kerfi, að færa þá þessa skattprósentu til samræmis þannig að kerfið geti verið einfalt og gagnsætt eins og við viljum, hygg ég, báðir.

Staðreyndin er sú, frú forseti, og það verður alveg að vera skýrt, að mér finnst hv. þm. leyfa sér dálítið í umræðunni að segja að allt öðru máli gegni um hinn almenna launamann en einstaklinga í atvinnurekstri sem ég vil auðvitað að séu kröftugir og hafi gott skjól og gott svigrúm til þess að stunda rekstur sinn. Guð minn almáttugur, frú forseti. Hefur hv. þm. ekki orðið var við að fólk er að missa vinnuna? Hefur hv. þm. ekki orðið var við að yfirvinna er að dragast saman? Hefur hv. forseti ekki orðið var við breytingar í lífi íslenskra fjölskyldna? Hinn virki dagur er ekki eins frá degi til dags, frá mánuði til mánaðar, frá missiri til missiris. Þar er því óöryggisþáttur einnig í för. Ég segi bara að hin almenna regla á að vera sú að hér ríki jafnræði og þetta litla frv. snýst um það. Ég segi: Ef hv. þm. vill tryggja jafnræði þá samþykkir hann þetta frv. En ef hann er andvígur þessum ostagötum á hann auðvitað að vera sjálfum sér samkvæmur og loka þá öðrum.

[15:22]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég vil einungis í lok þessarar umræðu þakka það í örfáum orðum hversu menn hafa tekið kröftugan þátt í henni. Ég vil þakka þeim hv. stjórnarliðum sem hér komu og lögðu sín viðhorf á borðið fyrir það. Mér þótti vænt um að heyra að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti yfir góðum

þokka á málinu. Ég kýs að túlka það svo að hv. þm. Pétur Blöndal hafi alls ekki skotið loku fyrir að hann kynni á síðari stigum málsins að styðja það. Ég hjó eftir því að í andsvari við mig áðan, frú forseti, sagðist hann ekki vera mjög hrifinn af málinu. Það útilokar samt ekki svona lágmarkshrifningu eigi að síður ef hann skoðar það grannt.

Ég vil líka segja að ég held að þegar menn velta þessu máli fyrir sér sjá þeir að hér er um réttlætismál að ræða. Ég vil ítreka að forsenda þess að við þingmenn Samf. leggjum þetta mál fram er sú staðreynd að mótaðilinn á vinnumarkaðnum, fyrirtækin sem eru aðilar að atvinnurekendasamtökum, fær að draga frá skatti gjöldin sem hann greiðir til atvinnurekendasamtakanna. Af þeim sökum finnst mér ekki bara einboðið heldur sjálfsagt réttlætismál að launamenn fái sömuleiðis að draga frá skatti félagsgjöld sín. Um þetta kann mönnum að sýnast sitt hverjum. Við í Samf. höfum lagt fram rök okkar í þessu máli. Hv. þm. Pétur Blöndal fann að því með réttu að við gátum ekki sagt hvað þetta kostar. Það er einungis vegna þess að við höfum ekki getað fengið upplýsingar um það. Þær upplýsingar munu innan örfárra daga liggja fyrir hér í svari við skriflegri fyrirspurn minni. Það er eina leið stjórnarandstöðuþingmanns til þess að fá svör við lykilspurningum af þessu tagi.

Frú forseti. Ég vil að lokum óska eftir því að þessu máli verði í lok umræðunnar vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjuskipan ríkisins, 1. umr.

Frv. GAK og ÞBack, 14. mál (aðskilnaður ríkis og kirkju). — Þskj. 14.

[15:24]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Flm. ásamt mér er hv. þm. Þuríður Backman. Frv. er tiltölulega einfalt í sniðum. Í því eru hins vegar ýmis lögfræðileg álitamál varðandi framkvæmd sem gerð er grein fyrir í langri greinargerð. Í upphafi máls vil ég fara yfir greinar frv.

Í 1. gr. þess segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum og í 2. gr. að fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju skuli náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað.

Rétt er að geta þess í upphafi að þessar lagagreinar, 1. og 2. gr., öðlast því aðeins gildi, þó frv. verði samþykkt í hv. Alþingi, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin taki afstöðu til þess hvernig hún vill standa að aðskilnaði ríkis og kirkju eða breytingum á ríkjandi fyrirkomulagi. Í frv. er ekki nákvæm forskrift að því hvernig breytt fyrirkomulag muni verða heldur er ætlunin að gera það með sérstakri nefnd eins og kemur fram í 3. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.“

4. gr. frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu sveitarstjórnarkosningum, vorið 2006 eða eigi síðar en fyrir árslok 2007. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.“

Í 5. gr. frv. segir um gildistökuna, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast ákvæði 1. og 2. gr. gildi“ — eins og ég kom að áður — „að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.“

Virðulegi forseti. Áður hefur verið mælt fyrir þessu máli í hv. Alþingi. Þess vegna ætla ég mér ekki að hafa langa framsögu um það að þessu sinni. Einnig hefur verið talsverð umræða í þjóðfélaginu um aðskilnað ríkis og kirkju og sitt sýnist þar hverjum. Rætt hefur verið um aðskilnaðinn á nýafstöðnu kirkjuþingi eins og reyndar oft áður og þó að meiri hluti þar virðist vera fyrir óbreyttu ástandi hafa prestar vissulega einnig skiptar skoðanir á því fyrirkomulagi sem nú ríkir.

Sú breyting hefur verið gerð á frv., virðulegi forseti, frá því sem áður var og þegar mælt var fyrir þessu máli á fyrri þingum, að 3. gr. er nú látin taka gildi strax, en hún var áður látin taka gildi eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Um það segir aftast í greinargerð frv., með leyfi forseta:

„Rökin fyrir því að breyta ákvæðum frumvarpsins í þá veru að 3. gr. þess öðlist þegar gildi og dóms- og kirkjumálaráðherra skipi þá þegar nefnd, til undirbúnings aðskilnaði ríkis og kirkju, eru þau að betra er talið að nefndin hefji þegar störf. Nefndin geti þá tekið þátt í þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er og komið fram með tillögur og upplýsingar sem hún hefur fjallað um og birt almenningi áður en gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Í þessu sambandi skulum við minnast þess að í þessari tillögu er eingöngu lagt til að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum árið 2006. Þar af leiðandi væri vel hægt að vera búið að afla mikillar þekkingar og setja upp upplýsingar sem aðgengilegar væru almenningi.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Þetta mætti t.d. gera með áfangaskýrslu frá nefndinni. Vafalaust gæti það orðið til þess að almenningur væri betur upplýstur um málið og fyrir lægju þá ýmis gögn um málefni ríkis og kirkju, sem og stöðu annarra trúfélaga eða safnaða í landinu. Það verður aldrei horft fram hjá þeirri staðreynd að kirkjan og kristin trú hafa um langan tíma verið afar mikilvægur hluti af þjóðfélagsgerð hér á landi.“

Það eru vissulega orð að sönnu að kirkjan hefur haft mikil og mótandi áhrif á allt þjóðlíf okkar Íslendinga um aldir þó að við getum vissulega deilt um hvernig þau áhrif hafa verið á hverjum tíma og hvernig eignamyndun og völd kirkjunnar hafa verið. Það má t.d. spyrja þeirrar einföldu spurningar um eignamyndun kaþólsku kirkjunnar á öldum áður sem lúterska kirkjan yfirtók við siðaskiptin, hvort það sé alveg

sjálfgefið að lúterska kirkjan skyldi hafa getað yfirtekið þær eignir. Er það alveg sjálfgefið, virðulegur forseti?

Það má miklu frekar líta svo á að þjóðin eigi kirkjueignirnar og þjóðin hafi auðvitað átt þær í kaþólskum sið og þjóðin eigi þær líka í lúterska siðnum. Þetta er auðvitað deilumál sem Íslendingar útkljáðu fyrr á tíð og tóku jafnvel æðstu menn kaþólsku kirkjunnar af lífi við þau siðaskipti. Ég ætla ekki að gera það mikið að umræðuefni. Hins vegar vil ég segja, virðulegi forseti, að ég lít svo á að kirkjujarðir og kirkjueignir séu eign íslensku þjóðarinnar. Þær hafi verið það í kaþólskum sið og séu það líka í lúterskum sið og að þær eignir tilheyri auðvitað íslensku þjóðinni. Við hljótum t.d. að líta á stóran hluta af íslensku kirkjunum sem menningar- og söguleg verðmæti og munum í framtíðinni líta á margar kirkjur á Íslandi sem verðmætar eignir þjóðarinnar.

Þess vegna má hafa um það efasemdir þegar talað er um að farið hafi fram einhver ákveðin eignaskipting og að á þeim grundvelli skuli ákveðnir hlutir gerðir eins og að finna fyrirkomulag launagreiðsla o.s.frv. Er ég þó ekki með þeim orðum að fella dóm um að prestum skuli ekki greidd laun. Ég er eingöngu að vekja á því athygli að mér finnst ekki sjálfgefið að fyrirkomulag ríkis og kirkju verði áfram eins og það hefur verið á undanförnum árum. Tillagan sem við tveir hv. þm. flytjum hér gengur út á það að gefa þjóðinni tækifæri til þess að segja skoðun sína, reyndar eftir að farið hefur fram ákveðin vinna við að skilgreina hverjar þessar skuldbindingar og skyldur eru og hvernig við ætlum að rækja þær svo að allir sitji við sama borð, að öll trúfélög sitji við sama borð að því leyti til að mönnum sé ekki mismunað vegna trúar sinnar eða settir í mun lakari stöðu við að reka söfnuði sína eða þá þjónustu sem prestar og aðrir sem þjónusta trúarsöfnuði veita.

Það er ekkert launungamál sem segir í niðurlagsorðum greinargerðarinnar sem ég vitnaði til áðan að kirkjan hefur haft mikil áhrif á mótun þjóðarinnar og í þjónustu við þjóðina á undanförnum árum. Vissulega geta mörg störf kirkjunnar fallið undir það að kirkjan sé að veita félagslega þjónustu í þjóðfélaginu og það er vel. En það hafa líka fleiri kirkjunnar menn gert þó að ekki séu þeir af hinni lútersku trú sem við skilgreinum sem okkar ríkistrú.

Það er einfaldlega líka þannig, virðulegi forseti, að í fjöldamörg ár hefur farið fram skoðanakönnun meðal þjóðarinnar um afstöðu til aðskilnaðar ríkis og kirkju og lengst af hafa yfir 60% þjóðarinnar tekið þá afstöðu að vilji er fyrir breytingu án þess að hún væri nægilega skilgreind. Þess vegna er 3. gr. frv. sett upp eins og hún er, þ.e. að skipa skuli fimm manna nefnd til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og vinna upp þekkingargrunn sem fólk getur byggt afstöðu sína á því vissulega þarf mikla kynningu á þessu máli og við ætlum okkur ekki þá dul að við séum að mæla nákvæmlega fyrir um hvernig þessum málum skuli háttað í framtíðinni. Til þess þarf miklu meiri ígrundun en við leggjum beinlínis til með efni frv. Eins og áður sagði er það um að þjóðin geti fengið að taka afstöðu eftir að hún hefur verið upplýst um hvaða kostir eru í stöðunni og hvað verði lagt til að bestu manna yfirsýn í þeim efnum sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skuli njóta jafnréttis að lögum og að fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísk-lútersku kirkju skuli náð innan fimm ára sem er sú stefnumörkun sem við leggjum upp með.

Margvíslegri vinnu þarf að ljúka áður en svona mál er borið undir þjóðaratkvæði og við teljum að við höfum lagt það fram í þessu máli hvernig ber að vinna það.

Ég vil líka minna á, virðulegi forseti, að fram hefur komið fyrirspurn í þinginu sem ég er reyndar ekki með undir höndum í pontu. Hún var frá hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Hún beindi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um hvað þyrfti að koma til svo að standa mætti að aðskilnaði ríkis og kirkju. Svör dómsmrh. má öll finna í þessari greinargerð þannig að ef menn lesa greinargerðina eins og hún er upp sett þá drögum við vissulega fram vandann við það að fara þessa leið og hvernig þurfi að vanda það verk allt saman.

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði þá hef ég áður mælt fyrir frv. í hv. Alþingi á 127. og 128. þingi og ætla því ekki að þessu sinni að lesa alla greinargerðina, enda eru allir hér inni prýðilega læsir og skynsamt fólk sem getur ágætlega gert sér grein fyrir því sem í frv. felst. Eins og segir í greinargerð frv., virðulegi forseti, er flytjendum þess öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frv. ekki á neinn hátt í sér óvild í garð kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi skýrt þetta mál. Að sjálfsögðu mun ég taka þátt í umræðum ef eitthvað hefur verið óskýrt í ræðu minni. Þetta mál hefur lengi verið til umræðu í þjóðfélaginu eins og skoðanakannanir sýna. Það hafa svo sem mörg önnur mál verið, t.d. hið þjóðfræga kvótamál. En því miður hefur þjóðinni aldrei verið boðið upp á allsherjaratkvæðagreiðslu um afstöðu hennar til kvótakerfisins. Betur færi ef það hefði verið gert.

[15:39]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég er 2. flm. frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Ég vil þakka hv. 1. flm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir mjög greinargóða yfirferð og kynningu á frv. Segja má að litlu sé við að bæta. Þó langar mig aðeins að draga fram nokkur atriði til viðbótar. Ég les í upphafi 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Hæstv. forseti. Það væri öldin önnur ef 65. gr. stjórnarskrárinnar væri uppfyllt að öllu leyti. Orðið hafa miklar breytingar á samsetningu þjóðarinnar. Stöðugt fjölgar þeim mönnum af erlendum uppruna sem hér búa. Þar af leiðandi fjölgar þeim sem iðka aðra trú en kristna trú. Þetta er þróun sem við sjáum allt í kringum okkur í hinu fjölmenningarlega þjóðfélagi hér sem annars staðar. Þetta er spurning um hlutfall Íslendinga og útlendinga. En ekki er hægt að horfa fram hjá því að samfélag okkar er mikið að breytast. Þó svo að hér sé ekki mjög hátt hlutfall fólks af erlendum uppruna sem iðkar hér sína trú aðra en kristna ber okkur auðvitað að taka tillit til þess, þó svo að það sé núna ekki mjög margt. Við getum litið til nágrannaþjóða okkar og Evrópu og verðum þá vitni að því að þar er þetta hlutfall mikið að breytast. Múhammeðstrú m.a. hefur sótt mjög á. Þetta gerist hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við getum lítið varist því öðruvísi en að gæta jafnréttis gagnvart öllum trúarbrögðum.

Töluverðar umræður hafa verið um þetta mál í þjóðfélaginu þar af leiðandi, um hvort rétt sé að binda í stjórnarskrá að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og hvort ríkisvaldinu beri að styðja hana og vernda, þ.e. að hafa það bundið í lögum. Þessu ákvæði má eingöngu breyta með breytingu á lögum og það viljum við að verði skoðað en þó fara mjög varlega í það því að svo samofin er hin kristna trú og evangelíska lúterska kirkja allri stjórnskipun landsins að að mörgu er að hyggja. Það þarf að skoða mjög marga þætti áður en hægt er að ráðast í að breyta lögunum. Svo varin er þessi réttur kirkjunnar að samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar þarf og skal bera það undir þjóðaratkvæði hvort það eigi að breyta stjórnarskránni. Þarna er varnagli sem við teljum eðlilegan. Við teljum og að undirbúa þurfi slíka þjóðaratkvæðagreiðslu vel. Þess vegna er í þessu frv. gerð sú breyting að skipa þegar fimm manna nefnd til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju ef frv. verður samþykkt því ef leggja á þetta undir þjóðaratkvæðagreiðslu þá verður þjóðin að hafa mjög skýra mynd af því um hvað verið er að kjósa, hvað þetta þýðir og hvernig kirkjan standi þá á eftir. Því er nauðsynlegt að töluverð vinna fari fram áður en málið verður lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. ef frv. verður samþykkt.

Gallup-kannanir mörg undanfarin ár hafa sýnt að meiri hluti þjóðarinnar er hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju. En hvort allir vita hvað það þýðir er ég ekki viss um. Um það deila margir. Þess vegna verður að leggja í þá vinnu að kortleggja þetta vel, hvernig það muni ganga fyrir sig og hvernig hin evangelíska lúterska kirkja muni standa á eftir. Prestar eru mjög mikilvægir og kirkjustarf er mjög mikilvæg þjónusta í dag. Víða um land eru störf presta ómetanleg. Þeir gegna þar sínum störfum ekki síst sem sálusorgarar, en einnig félagsráðgjafar. Þeir eru traustur klettur í hverju samfélagi. Hugmyndin með frv. er því ekki að veikja það net sem við höfum byggt upp heldur eingöngu að gera alla jafnréttháa samkvæmt lögum.

[15:46]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv. til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Ég var flutningsmaður að þessu frv. ásamt með 1. flm. Guðjóni A. Kristjánssyni á tveimur síðustu þingum þannig að ég vil aðeins leggja orð í belg varðandi það.

Ég hef verið aðili að því vegna þess að ég tel að umræða um stöðu kirkjunnar á þeim grunni sem hér er lagður til, sérstaklega hvað varðar 3. gr. frv., muni verða til góðs og ég hef stutt frv. með þeim formerkjum að það efli umræðu um stöðu kirkjunnar og efli kirkjuna sjálfa. Ég er þeirrar skoðunar að íslenska þjóðkirkjan sé máttarstólpi íslensks samfélags, enda vitum við öll að hefðir okkar, venjur, frí og hátíðarhald allt byggist á grunni starfsemi kirkjunnar. Ég vil að það komi skýrt fram. Ég vitnaði í 3. gr., um að dóms- og kirkjumrh. skipi nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrv. og sjá um allan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju samkvæmt 2. gr., og tel að það muni leiða til þess að menn fari í þá vinnu sem þarf að vinna til þess að athuga stöðu kirkjunnar í samfélaginu. Allir gera sér grein fyrir því að helsti ásteytingarsteinninn er fjármálaleg samskipti ríkis og kirkju. Menn eru gríðarlega ósammála um það hver undirstaða eigna kirkjunnar sé og hverjar geti verið kröfur kirkjunnar á ríkið í framhaldi af slíkri umræðu og það er mjög gott að það komi upp og sé kortlagt.

Ég held líka að það sé mjög gott að kortleggja í þessu samhengi peningalega stöðu og framkvæmdir á vegum annarra trúarfélaga. Það er a.m.k. tilfinning mín að uppbygging annarra safnaða hafi að verulegu leyti átt sér stað með innskotum af peningum, af fjármagni erlendis frá þar sem söfnuðir hafa byggt upp bæði safnaðarstarf og líka byggingar með því að hafa fengið í sumum tilfellum allverulegar fjárupphæðir frá útlöndum. Þetta þurfum við að fá upp á borðið í þessari umræðu.

Kirkjunnar menn margir og jafnvel biskupinn yfir Íslandi hefur úttalað sig um það að kirkjan sé gagnrýnd fyrir að vera íhaldssöm. Sumum þykir það gott og öðrum þykir það miður og ég er sannfærður um að umræðan um stöðu kirkjunnar muni styrkja hana til lengri tíma litið. Margir kirkjunnar menn eru þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag sem núna er á samskiptum ríkis og kirkju sé fullnægjandi og vilja þess vegna ekki frekari breytingar en ég tel að sú undirbúningsvinna sem sett yrði í gang á grunni 3. gr. frv. um að skipa fimm manna nefnd til að undirbúa og setja fram nauðsynleg lagafrumvörp mundi leiða til þess að við fengjum miklu betri grunn til þess að ræða stöðu trúmála í landinu á einhvern vitrænan hátt þannig að við sæjum hvað við hefðum í höndunum.

Virðulegi forseti. Það voru aðeins þessi atriði sem ég vildi draga fram. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir kirkjuna að það sé stöðug og lífleg umræða um starfsemi hennar. Kirkjunnar menn hafa kallað eftir slíkri umræðu og kannski ekki fengið hana vegna þess að það hefur verið of mikil íhaldssemi varðandi breytingar á starfsgrundvelli hennar. Það hafa að vísu átt sér stað gríðarlegar breytingar með hlutfallslega miklum aðskilnaði miðað við það sem áður var en þessi vinna sem hér fer í gang mun gefa okkur miklu betri grunn til þess að átta okkur á þeirri stöðu sem við erum í og gera okkur kleift að taka vitrænar ákvarðanir um það hvernig við viljum haga samskiptum ríkis og kirkju á grunni þeirrar vinnu sem lagt er til í 3. gr. frv. að fram fari um breytingar á kirkjuskipan ríkisins.

Virðulegi forseti. Það voru aðeins þessi atriði sem ég vildi draga fram vegna þess að ég hef komið að þessu máli. Ég undirstrika að ég tel að sú vinna sem lagt er til að verði sett í gang muni geta lagt mikilvægan grunn að því að ræða framtíðarskipan kirkjumála og samskipta ríkis og kirkju með það að leiðarljósi að efla starf og starfsemi þjóðkirkjunnar á alla lund.

[15:52]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem hér er til umræðu um breytingu á kirkjuskipan ríkisins er á margan hátt tímanna tákn og það er mjög nauðsynlegt að sú þjóðkirkjuskipan sem hér er við lýði sé til gagnrýninnar umræðu og umfjöllunar á hverjum tíma, sérstaklega í ljósi þess að þjóðfélagið breytist hratt og hingað berast ný trúarbrögð og fólk frá öðrum þjóðum sem hefur annan átrúnað en við höfum vanist.

Hins vegar verð ég að segja að það eru nokkur atriði í þessu frv. sem ég á erfitt með að fella mig við. Hér stendur í 1. gr. að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skuli njóta jafnréttis að lögum og er vitnað í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég held að þarna séum við á brautum sem nálgast það að misnota þetta jafnræðisákvæði. Það er fullyrt í greinargerð að núverandi ástand sé í andstöðu við þau meginsjónarmið í

því ákvæði stjórnarskrárinnar sem hv. þm. Þuríður Backman las upp áðan, þ.e. að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisgrein stjórnarskrárinnar kveður á um.

Þessi ákvæði í stjórnarskránni eru tiltölulega ný. Þau komu inn 1995 eftir ræki lega endurskoðun á mannréttindum, þ.e. mannréttindakafla var bætt inn í stjórnarskrána. Við þessa athugun var náttúrlega farið yfir þjóðkirkjuskipanina og sú nefnd sem vann að þessari endurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að þjóðkirkjuskipanin bryti ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Spurningin er: Hefur eitthvað mikið breyst frá 1995? Í Noregi þar sem þjóðkirkjuskipulag er við lýði, miklu stífara og víðtækara en hér á Íslandi, hafa menn verið í sams konar athugun og farið yfir mannréttindasamninga og mannréttindaskrár í Evrópu og komist að svipaðri niðurstöðu. Þessi fullyrðing finnst mér vera afar vafasöm og hún er í öllu falli ekki rökstudd.

Við getum líka fundið að 2. gr. þessa frv. þar sem stendur að stefnt skuli að fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísk-lútersku kirkju innan fimm ára. Að vísu kom fram í máli frummælanda að þau vissu ekki nákvæmlega hvað í þessu fælist, það á nefndin að skoða sem skipa á samkvæmt þessu frv. Manni finnst þarna þó mjög afdráttarlaust til orða tekið, „fullur aðskilnaður", menn ætli að skiljast að fullu á fimm árum eftir 1000 ára samleið. Það verður ekki á annan hátt skilið en ætlunin sé að ríkið verði algjörlega hlutlaust gagnvart öllum trúfélögum í landinu. Fleiri en frjálslyndir virðast á þessari skoðun. Miðað við ályktun stjórnar Heimdallar í vikunni á ríkið að hætta að vera að vasast í trúmálum.

Það er nauðsynlegt að hafa til athugunar að það eru ýmis form á samstarfi ríkis og kirkju í okkar heimshluta. Það eru nokkur módel sem hafa verið í gangi. Þó að þau séu kannski ekki alveg hreinræktuð getur maður sagt í fyrsta lagi að það sé hið veraldlega og trúarlega heildarlíkan þar sem engin skil eru gerð milli ríkis og kirkju. Síðan er þetta ríkis- og þjóðkirkjuskipulag sem við þekkjum á Norðurlöndum og er það skipulag sem íslenska kerfið er sniðið eftir en þó erum við komin lengst af Norðurlandaþjóðunum, öðrum en Svíum, við að þróa okkar þjóðkirkjuskipulag yfir í það sem kalla mætti samstarfslíkan þar sem ríki og kirkja eru í samstarfi en ekki í mjög nánum tengslum þar sem kirkjan hefur mikið fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði.

Svíar telja sig vera búna að skilja að ríki og kirkju, gerðu það árið 2000, en samt sem áður eru kirkja og ríki í Svíþjóð alls ekki skilin að skiptum. Í rauninni má færa rök að því að við séum á sumum sviðum komin lengra en Svíar í aðskilnaði ríkis og kirkju.

Þegar menn tala um aðskilnaðarlíkan eru þeir að mínu viti á mjög hættulegum brautum. Það má t.d. nefna grein í Morgunblaðinu á sunnudaginn frá einum af forustumönnum Siðmenntar en hann er þeirrar skoðunar að það sé ekki nóg að upphefja þá jákvæðu mismunun sem vissulega er í stjórnarskránni gagnvart þjóðkirkjuskipaninni með því að bæta hlut annarra trúfélaga í landinu. Það er ekki hægt að ganga til móts við þau, ganga til móts við kröfur þeirra, að ríkið auki stuðning við það — það er ekki verið að biðja um það. Það er verið að biðja um að þessi jákvæða mismunun verði afnumin gagnvart þjóðkirkjunni. Þegar þessar kröfur eru settar fram í bókstafstrúarstíl verða viðbrögðin oft þannig að ríkið segir: Ja, við skiptum okkur bara ekkert af því, við látum þetta bara allt gossa. Og ég held að það sé slæmt. Ég er á þeirri skoðun að ríkið eigi að hafa samstarf við trúfélögin í landinu og það eigi að vera út frá sjónarmiðum trúfrelsis að sjálfsögðu en það sé hins vegar mjög vafasamt að við eigum að afnema alla jákvæða mismunun gagnvart þjóðkirkjunni.

Ég held að það sé margt í samtíma okkar sem við getum líkt við stöðu þjóðkirkjunnar í dag. Við getum tekið t.d. Þjóðleikhúsið og frjálsa leikhópa. Að sjálfsögðu er jákvæð mismunun gagnvart Þjóðleikhúsinu, miðað við frjálsu leikhópana, en á þá krafan að vera sú að allir ríkisstyrkir til Þjóðleikhússins verði afnumdir til þess að þeir standi jafnfætis, leikararnir í Þjóðleikhúsinu og leikararnir hjá frjálsu leikhópunum?

Við getum tekið háskólana. Eigum við að afnema alla jákvæða mismunun, rannsókna- og vísindasérkenni Háskóla Íslands, til þess að hann hafi ekki forgang umfram sérháskólana og þessa nýju háskóla sem eru að spretta upp af miklum krafti allt í kringum háskólann?

Auðvitað gerum við þetta ekki. Svona hugsa menn ekki, heldur hugsa menn til þess að reyna að bæta stöðu frjálsu leikhópanna með því að í þjóðfélagi þar sem efnahagur fer batnandi ár frá ári höfum við meiri möguleika til þess að láta sem flest blóm spretta. Hið sama á við um háskólana.

Þess vegna held ég að þegar jafnréttisreglan er notuð á þennan hátt séu menn komnir á mjög hættulega braut. Ég vil nefna dæmi um þetta, nokkuð sem við erum að sjá alls staðar annars staðar í Evrópu. Það er þegar öfgasinnaðir og bókstafstrúaðir hópar múslima koma sér fyrir í þeim löndum og gera kröfur í nafni jafnréttis og mannréttindakafla stjórnarskrár viðkomandi landa um að þeir fái að iðka sína trú og nota þau trúarlegu viðmið sem þeir hafa með sér að heiman, úr sínu umhverfi.

Þetta er afskaplega falleg og göfug krafa, sett fram í nafni trúfrelsis og mannréttinda. En þegar hún felur það í sér að við í vestrænum lýðræðisríkjum eigum að viðurkenna Sharia-lögin, sem eru nánast trúarsetningar í mörgum slíkum hópum, verður maður að stíga niður fæti. Þá er ekki spurningin um það að veita slíkum hópum jafnræði. Þá er ekki spurningin um að þeir eigi að fá sömu meðhöndlun og þjóðkirkjan eða sá átrúnaður sem við höfum fylgt og þróast hefur með okkar lýðræðissamfélagi í áratugi og aldir vegna þess að Sharia-lögin eru þannig löguð að þau koma í veg fyrir allar raunhæfar framfarir í arabalöndunum þar sem ekki er lýðræði í einu einasta ríki. Þau samræmast ekki vestrænum hugmyndum um lýðræði, mannréttindi, jafnrétti kynjanna og einstaklingsfrelsi sem þó eru þær forsendur sem við höfum í heiðri á okkar tímum og eru þess utan grimmilegt skálkaskjól fyrir ofbeldi gegn konum. Sharia-lögin eru frá 9. öld og svona álíka úrelt og spænski rannsóknarrétturinn. Eigum við að fara að veita honum jafnrétti í okkar samfélagi?

Þessi jafnræðishugsun, svo falleg og góð sem hún er, er ekki algild. Eins nauðsynlegt og það er að ræða þjóðkirkjuskipanina hér — vissulega kemur til greina að þróa samstarf við trúarhópa með ýmsum hætti hér á Íslandi og gera breytingar á sambúð ríkis og kirkju, halda áfram þar sem frá var horfið með kirkjuskipanina 1997 og breyta henni enn meira í átt til sjálfstæðis kirkjunnar — þurfum við að fara að með gát.

Sérstaklega harma ég það þegar fulltrúar ýmissa trúfélaga hér á Íslandi og lífsskoðunarhópa til að mynda, eins og ég nefndi hér áðan, Siðmenntar, virðast beina spjótum sínum aðallega gegn þjóðkirkjunni í stað þess að gera kröfur sínar gagnvart ríkinu, gagnvart almannavaldinu. Hvað er það sem

þau upplifa þannig að þau njóti neikvæðrar mismunar? Geta þau nefnt dæmi um að þau séu þolendur neikvæðrar mismunar? Er verið að banna mönnum atvinnu eða er verið að banna mönnum að rækja trú sína, er verið að koma í veg fyrir að fólk geti stundað sitt tómstundalíf? Er verið að ofsækja fólk hér á Íslandi? Hverjar eru kröfurnar frá trúfélögunum á hendur ríkinu?

Ef það eru eignakröfur á ríkið auðvitað að skoða það. Það sem vantar hins vegar í þessa umræðu er einmitt að trúfélögin sem hér starfa við hliðina á þjóðkirkjunni lýsi því hvað þau vilja. Vilja t.d. trúfélög og lífsskoðunarfélög að ríkið borgi fyrir forstöðumenn þeirra safnaða? Mér finnst það alveg koma til greina. Það fellur alveg inn í samstarfsmódel ríkis og kirkju að ríkið greiði laun t.d. forstöðumanna safnaða sem hafa ákveðna ítölu, ef maður getur sagt sem svo. Það sem kannski mundi rökstyðja þá kröfu væri að gegn því að ríkið ætti samstarf við slíka hópa væri hægt að setja skilyrði fyrir því að slíkir hópar, hvort sem það eru lífsskoðunarhópar eða trúarhópar, starfi í samræmi við íslensk lög og virði mannréttindi, kvenréttindi og lýðfrelsi innan vébanda sinna, eins og okkur öllum er skylt að gera sem höfum unnið eið að íslensku stjórnarskránni.

Ég vil að lokum endurtaka að umræða um þessi mál er mjög góð og þörf. Þjóðkirkjumenn ættu síst af öllu að skjóta sér undan að taka þátt í þeirri umræðu. En mér finnst eins og áður sagði að með þeim orðum sem hér eru rituð í frv. um fullan aðskilnað og fullyrðingar í grg. um að núverandi ástand sé í andstöðu við meginsjónarmið í stjórnarskránni sé of djúpt í árinni tekið, of mikið í fang færst og það geti skapað verulegar hættur og hugsanlega opnað fyrir upplausnarástand í samfélaginu.

[16:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var athyglisvert að hlýða á málflutning hv. þm. Einars Karls Haraldssonar. Ég tel þó rétt að taka fram að það eru ekki bara öfgasinnar sem taka undir það sjónarmið sem fram kemur í þessu frv., að jafnræðisreglan sé brotin. Það eru m.a. forstöðumenn í evangelískum kirkjum í Reykjavík sem telja að lúterskir söfnuðir séu settir skör lægra en söfnuðir sem tilheyra ríkiskirkjunni. Og það er það sem við viljum breyta með þessu frv., að jafnræðis sé gætt.

Þetta frv. snýst fyrst og fremst um jafnræði og ég tel gott að þingið velti málinu fyrir sér. Ég þakka samt Einari fyrir ágætisræðu.

[16:11]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að það ber að ávarpa þingmenn með fullu nafni og ávarpa þá „háttvirta".

[16:11]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Karli Haraldssyni fyrir ágæta ræðu og bollaleggingar. Ég geri mér grein fyrir því að það er venja í þinginu að menn fari ekki í andsvar við jómfrúrræðu en þar sem hv. þm. er vanur í pólitíkinni held ég að hann hafi gott af því að fá andsvar og að um hann gildi e.t.v. ekki sömu reglur og um aðra nýbakaða þingmenn.

Mér fannst margt koma fram í ræðu hv. þm. og hann var með margar bollaleggingar og hugmyndir um samskipti ríkis og kirkju. Þess vegna langar mig bara að spyrja hann hvort hann telji ekki, eins og ég kom inn á í minni ræðu áðan, að sú skoðun sem er lögð fram í 3. gr. frv. verði til góðs og leggi grunn að frjóum umræðum um samskipti ríkis og kirkju. Ég er sannfærður um það og ég vil undirstrika enn og aftur, eins og kom fram í málflutningi mínum, að ég er þeirrar skoðunar að hér sé verið að leggja grunn að frjórri umræðu um samskipti ríkis og kirkju og bind vonir við að það verði til góðs fyrir kirkjuna og efli starf hennar.

Mér fannst á hv. þm. Einari Karli Haraldssyni að hann væri sama sinnis og velti hér upp mörgum nýjum vinklum sem menn þyrftu að skoða. Auðvitað gera sér allir grein fyrir því að margt er enn óskoðað og órætt en ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé mér ekki sammála í því að erfiðasta dæmið þarna sé hvernig eigi að afgreiða þessi fjárhagslegu samskipti, söguleg og í nútímanum. Á grunni 3. gr. er sú vinna sett af stað og hún á sem sagt að leiða okkur inn á þær brautir að geta rætt þessi mál á vitrænum nótum, að ég tel.

[16:13]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir andsvörin. Það er mér mikill heiður að veitt skulu andsvör við jómfrúrræðu minni.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson spurði mig hvort fjárhagslega sjónarmiðið væri ekki aðalatriðið.

Ástandið er þannig núna að það eru engin vandamál varðandi fjárskipti ríkis og kirkju nema hvað varðar prestssetursjarðir. Að öðru leyti hefur verið um þau samið. Ég tel mjög mikilvægt að ljúka þeim áfanga þannig að við getum fengið reynslu af þeirri kirkjuskipan sem nú er í gildi, frá 1997, og mín afstaða hefur alltaf verið sú að við þyrftum að fá reynslu af henni í a.m.k. 10–15 ár áður en einhver ný skref yrðu tekin. Og ég held að í stofnun sem hefur verið að þróast í þúsund ár sé í rauninni engin ofrausn að ætla henni þennan tíma til þess að laga sig að nýjum aðstæðum. Ég bendi á að rammalög voru sett um kirkjuna og hún hefur verið mjög upptekin við að fylla út í þann ramma og er núna að móta sér stefnu til næstu ára sem skiptir miklu máli um framhaldið. Ég held að hún þurfi svolítinn tíma. Ég er ekki að biðjast undan því að menn ræði málin en ég bendi á að í Noregi eru menn að ræða þetta, hafa tekið sér tíma fram til 2014 og ætla þá hugsanlega að taka skref sem nálgast það sem við erum búin að taka. Ég held að menn eigi að taka sér góðan tíma í þetta. Þess vegna finnst mér fimm árin of stuttur tími og mér finnst það ekki boðlegt að setja það sem markmið að stefnt sé að fullum aðskilnaði.

[16:16]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Karli Haraldssyni fyrir svörin en spyrja jafnframt af því að hv. þm. talar um þennan fjárhagslega ramma sem unnið er eftir. Nú eru kirkjunnar menn alls ekki sáttir við þann ramma því hann hefur kallað á hagræðingu innan kirkjunnar og mikil átök um niðurlagningu prestakalla og þessi rammi gerir það að verkum að stór prestaköll, aðallega hér í þéttbýlinu, eru algerlega undirmönnuð og það eru dæmi um það að einstakir prestar eru með fleiri þúsund manna sóknir sem þeir ráða engan veginn við. Þannig að við erum náttúrlega að tala hér í grunninn. — Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér um að þörf sé á að efla þjóðkirkjuna á þeim svæðum þar sem fólksfjölgunin er mest. Ég þekki víða til þar sem er hálfgildings vandræðaástand út af því að menn eru kannski einyrkjar eins og ég sagði í fleiri þúsund manna

byggðarlögum og þá verða átökin uppi vegna þessa fjárhagslega ramma sem er settur, í samskiptum ríkis og kirkju, þá verða slagsmálin, sem eru nú oft erfið, að skera niður annars staðar til þess að auka þjónustuna þar sem fólki hefur fjölgað. Ef til vill er þetta alröng stefna að teknu tilliti til dreifbýlis, mikilla vegalengda o.s.frv. Ég tel því að svona umræða sé mjög nauðsynleg, svona skoðun sé mjög nauðsynleg. Það má ræða um það að mínu mati og ég get verið sammála hv. þm. Einari Karli Haraldssyni um það að þetta er kannski ekki spurning um fimm ár, það geta verið sjö ár þess vegna í umræðunni um málið, en ég tel þetta mjög mikilvægt og vil spyrja hv. þm. hvort hann geti verið sammála mér um það sérstaklega gagnvart þessum stóru sóknum sem eru núna undirmannaðar að mínu mati hvað varðar þjónustu presta.

[16:18]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson spurði nánar út í fjárhagsrammann og ég verð að segja að þetta er alveg hárrétt hjá honum. Annars vegar ber þetta vott um mjög mikið og vaxandi starf og þjónustu kirkjusafnaða í okkar fjölmennari samfélögum þar sem mjög reynir á fjárhaginn og ekki bætti það nú úr skák þegar ríkisstjórnin skerti sóknargjöldin fyrir tveimur, þremur árum til þess að hamla gegn verðbólgu að því sagt var. Fjárhagur sókna er af þeim ástæðum víða mjög þröngur og mikið álag á starfsfólki. Maður getur t.d. mjög vel skilið fríkirkjuprestinn hér í Reykjavík, í stórum söfnuði, sem ekki fær borguð sín föstu prestlaun úr ríkiskassanum, að hann skuli vera að kikna undan starfsálagi. Það er mjög vel skiljanlegt. Hins vegar tel ég að hann eigi ekki endilega að gera kröfur á hendur þjóðkirkjunni heldur á hendur ríkinu. Það er annað mál.

Á hinn bóginn er menningarhlutverk og stuðningshlutverk presta í litlum sóknum og í dreifbýlinu, sem á mjög í vök að verjast víða um land, gríðarlega mikilvægt og verður seint ofmetið. Það er þyngra en tárum taki að það skuli þurfa að leggja prestsembættið þar niður vegna þessa fjárhagsramma. Hann er eins og harmonikka, það er bara föst tala af prestum sem má vera og síðan verður kirkjan að stjórna því hvar er helst brúk fyrir þá. Og hún neyðist til þess að taka mjög erfiðar ákvarðanir. En það kemur hart niður á byggðum þar sem síst skyldi. Þar fyrir utan er kirkjan að reka 200 friðaðar byggingar um allt land sem eru mikil menningarverðmæti. Þannig að auðvitað er full ástæða til þess að ræða fjármál þjóðkirkjunnar á jákvæðan hátt.

[16:20]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Þær hafa verið málefnalegar að mínu mati og ekki neitt nema gott um þær að segja.

Ég ætla í þeirri stuttu ræðu sem ég hyggst flytja núna að víkja að sumu því sem hér hefur verið sagt. Ég vil t.d. segja, *virðulegur forseti, varðandi það sem hv. þm. Einar* Karl Haraldsson sagði hér áðan og vitnaði þá til trúarbragða sem ekki samræmdust íslenskum lögum. Ég vil segja að ég tel að slík trúarbrögð geti aldrei verið samþykkt af íslensku þjóðinni sem trúarbrögð sem við setjum jafngild trúarbrögðum sem gangast undir öll mannleg gildi. Þá er ég að tala um jafnrétti og stöðu fólks að öðru leyti, stöðu barna o.s.frv. Þannig að mér finnst það sjálfboðið að þegar vinna eins og við leggjum hér til að farið fram samhliða þessu frv., þá væri að sjálfsögðu skoðað hvaða stöðu trúfélög og trúarsöfnuðir hafa hér á landi eða önnur félög sem menn hafa myndað um viðhorf sín til trúar eins og t.d. Siðmennt, og hvort þau eru e.t.v. með eitthvað í sínum samþykktum sem fer í bága við landslög. Ég hef reyndar ekki orðið var við að hér séu iðkuð trúarbrögð sem fari í bága við landslög eða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. En ef svo er, þá tel ég sjálfgefið að slíkum trúarbrögðum yrði ekki gert jafnhátt undir höfði og öðrum. Það liggur eiginlega alveg í hlutarins eðli.

Það má ekki túlka það sem hér segir í greinargerð „ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína", það má ekki túlka þetta þannig að við séum að samþykkja trúarsöfnuði sem beinlínis hefðu í samþykktum sínum eða trú athæfi sem við teljum fara algerlega gegn íslenskum hefðum og íslenskum réttarvenjum. Ég held að enginn geti ætlað okkur það að þessi texti eigi að lesast þannig að í honum standi að trúfélög sem virða ekki *mannréttindi og líf* fólks skuli viðurkennd til jafns við önnur trúfélög að þessu leyti.

Þetta vildi ég nú sagt hafa um það þannig að það sé örugglega enginn misskilningur þar á ferð. Það er alla vega okkar skilningur sem höfum hreyft þessu máli hér.

Varðandi hins vegar það sem vikið var að og nefnt hér í máli manna um mismunun að fjárhagslegu leyti og þá jákvæð mismunun, þá hef ég litið svo á að það væru tvær leiðir til þess að jafna stöðu trúfélaga í landinu. Annars vegar að færa rétt annarra trúfélaga í fjárhagslegu tilliti m.a. til þess sem lúterska kirkjan hefur og viðurkenna þá önnur trúfélög að því leyti til að þeim skuli einnig tryggður fjárhagslegur styrkur til þess að halda trú sína og hafa þjónandi menn fyrir sína söfnuði. Hins vegar að hafa fullan aðskilnað og marka þá tekjustofnana, hvernig með þá eigi að fara og hvernig þeir eigi þá að ná til allra trúarsöfnuða.

Ég tel að það sé ágreiningur í þjóðfélaginu þegar vikið er að jafnréttisákvæðum stjórnarskrárinnar og því ákvæði sem sett var 1995. Eftir því sem ég fæ skilið þá skilja lögfræðingar í þessu þjóðfélagi ekki þetta ákvæði allir eins og um það eru deilur. Ég hef heyrt útskýringar hæstv. dómsmrh. á þessu ákvæði og ég heyrði hvað hv. þm. Einar Karl Haraldsson sagði hér áðan. Ég ætla ekki að leggja dóm á það, ég er ekki lögfræðimenntaður maður. Ef deilur eru um efnisatriði í okkar stjórnarskrá verða aðrir að útkljá það. Það verður ekki leyst af þeim sem hér stendur.

Ég vil bara að lokum, virðulegi forseti, ítreka það að frv. sem við leggjum hér fram hefur verið kynnt hér áður í hv. þingi. Við höfum ævinlega lagt það til að atkvæðagreiðslan færi fram samhliða öðrum kosningum, vegna þess að við höfum ekki talið að það þyrfti neina flýtiaðferð í þessu máli og ekki væri rétt að efna til sérkosningar eingöngu vegna þessa atriðis, heldur mætti framkvæma það í sveitarstjórnar*kosningum eða alþingiskosningum* til að fá afstöðu fólks í landinu til þessarar framtíðar sem menn vildu e.t.v. stefna að.

Ég held að sé afar nauðsynlegt, eins og umræðan hér í dag hefur kannski leitt í ljós, að í þessa vinnu verði farið og menn fari nákvæmlega í gegnum það hver staðan er í dag. Hvernig eru fjárhagsleg samskipti? Hvernig eiga þau að vera í framtíðinni? Hvernig eiga allir að sitja við sama borð að því leyti til að menn hafi sömu réttindi varðandi trú sína og möguleika til að iðka hana o.s.frv.?

Ef það er ásteytingarsteinninn að fimm ár þyki skammur tími í þessu sambandi og e.t.v. væru tíu ár eðlilegri tími, þá geri ég svo sem engan sérstakan ágreining um það. Mér er eiginlega nokk sama hvort menn eru að tala um fimm ár eða tíu ár ef menn bara fara skipulega og af skynsemi í þessa vinnu og skoða málin ofan í kjölinn. Og ég er bara alls ekkert viss um það, virðulegi forseti, að þegar þjóðin verður látin kjósa um þetta mál þá fari málið nákvæmlega eins og lagt er til í þessu frv. Það verður bara að koma í ljós. En þjóðin hlýtur að eiga rétt á því að taka afstöðu til þessa máls eftir að það hefur verið vandlega unnið af starfshópi sem er til þess bær og hefur fengið það verkefni í hendur að skoða stöðu kirkjunnar í okkar þjóðfélagi og annarra trúfélaga og trúarsafnaða.

Að þeirri vinnu lokinni tel ég að leggja eigi þetta mál með öllum þeim upplýsingum sem hægt er að leggja með því fyrir þjóðina í upplýstri umræðu til þess að taka afstöðu til málsins í allsherjaratkvæðagreiðslu. Þegar um jafnstórt mál og hér er að ræða þá tel ég að vinna eigi með þessum hætti og að ekki verði hægt að fara í að breyta kirkjuskipaninni og samskiptum ríkis og kirkju öðruvísi en að það sé gert með vel upplýstri og undirbyggðri umræðu þar sem dregnir eru fram kostir og gallar þess að gera breytingar og þá í hvaða veru og í hvaða átt breytingin á að ganga nákvæmlega. Ég tel að frv. feli þetta í raun og veru í sér. Og ég vonast til þess að sá dagur komi að frv. fái efnislega og góða umfjöllun í nefnd sem vinni það í þann búning sem ásættanleg getur talist fyrir þing og þjóð. Ef ágreiningurinn stendur um það hvort við vinnum þetta verk á fimm árum, átta árum eða tíu árum, þá geri ég eins og ég sagði áður ekki sérstakan ágreining um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Frv. ÖJ, 22. mál (verðtryggð útlán). — Þskj. 22.

[16:30]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Frv. er stutt og er frumvarpsgreinin svohljóðandi:

„Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem njóta verðtryggingar."

Nokkuð er um liðið síðan ég boðaði þetta frv. þótt það hafi ekki verið lagt fram og mælt fyrir því fyrr en nú. En ég boðaði frv. upphaflega í blaðagrein í lok ágústmánaðar árið 2001 undir fyrirsögninni „Fjármagnseigendur með belti og axlabönd". Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Eitt alvarlegasta efnahagsmein sem við búum við hér á landi er hár fjármagnskostnaður. Í rauninni er það afar kurteislegt heiti yfir þau okurkjör sem heimili og fyrirtæki eru knúin til að undirgangast á lánsfjármarkaði ... Ekki er óalgengt að fólk greiði vel á aðra milljón króna á ári í vexti. Það er vert fyrir allt samfélagið að hugsa um það alvarlega hvað það þýðir í raun að gera efnalitlum fjölskyldum að greiða slíkar upphæðir á ári hverju í vexti. Og takið eftir, við erum aðeins að tala um vexti, ekki einu sinni afborganir af lánunum. Nú er það svo að lánin sem bera hæstu vextina eru óverðtryggð ... Að mínum dómi stendur slagurinn því ekki um að berjast gegn verðtryggingu sem slíkri heldur klyfjum okurlánastefnunnar almennt. Í rauninni er það ekkert undarlegt að lán sem bera verðtryggingu séu á lægri vöxtum en hin sem enga slíka tryggingu hafa. Í útlöndum tíðkast það hjá lánveitendum að tryggja sig með breytilegum vöxtum. Ef verðbólgan eykst hefur lánveitandinn heimild til að hækka vextina. Ef hins vegar dregur úr verðbólgu eru þeir lækkaðir ... Á Íslandi nægir þetta fjármagnseigendum ekki. Þeir vilja geta haldið uppi um sig brókunum bæði með belti og axlaböndum. Þeir heimta verðtryggingu auk breytilegra vaxta. Verðtryggingin þýðir að eign fjármagnseigandans rýrnar aldrei hvert sem verðbólgustigið verður. Þá áhættu tekur lántakandinn hins vegar á sínar herðar. En í ofanálag heimtar lánveitandinn breytilega vexti. Hann vill geta ákveðið einhliða og samkvæmt eigin geðþótta hve mikið hann skammtar sjálfum sér upp úr vasa lántakandans hverju sinni. Þetta er ósiðlegt og mun ég á komandi þingi kynna lagafrumvarp sem reisir við þessu skorður."

Þetta var tilvitnun í blaðagrein sem ég skrifaði í lok ágústmánaðar árið 2001.

Ekki varð af því, eins og ég sagði áður, að ég legði frumvarpið fram á þinginu það ár en nú liggur það fyrir og ég vona að það fái góðan hljómgrunn í þinginu og afgreiðslu.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hagsmuni lántakenda með því að koma í veg fyrir að vextir verðtryggðra lána verði hækkaðir á lánstíma, samkvæmt einhliða ákvörðun lánveitanda eins og almennt tíðkast á íslenskum lánamarkaði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að semja um lækkun vaxta en lagalegar skorður á hinn bóginn reistar við því að vextir verði hækkaðir. Þetta var nokkuð sem ég hugleiddi, hvort rétt væri að banna breytilega vexti á verðtryggðum lánum. Niðurstaðan varð sú að lánveitanda og lántakanda ætti að vera heimilt að semja um lækkun vaxtanna en lánveitandi hefði ekki í hendi sér að ákvarða einhliða hækkun vaxtanna.

Þetta er svipað og við ímynduðum okkur einstakling sem færi út í búð að kaupa fisk. Hann kaupir ýsuna fyrir kvöldmatinn en þá segir fisksalinn: Síðan þarftu að borga ýsuna frá í gær og í fyrradag og daginn þar áður og í fyrra. Þetta er ákvörðun um verðbreytingu aftur í tímann. Hún tekur til þess sem liðið er og þetta er óeðlilegt.

Sérstaða íslensks lánamarkaðar er allnokkur. Þannig tíðkast hér á landi verðtrygging í lánsfjárviðskiptum í ríkari mæli en í flestum öðrum ríkjum. Verðtrygging sparifjár og lánsfjár hefur almennt verið heimiluð hér á landi frá árinu 1979. Í lögum sem sett voru það ár var kveðið á um að almennt skyldi stefnt að verðtryggingu sparifjár landsmanna og almannasjóða og grunnur lagður að lánskjaravísitölu. Allan áttunda áratuginn hafði geisað mikil verðbólga í landinu. Á þessum tíma voru stjórnvöld treg að heimila vaxtahækkanir og við þær aðstæður voru raunvextir neikvæðir. Með verðtryggingunni var lagður grunnur að tryggari sparnaði og meiri stöðugleika í fjármála- og efnahagslífinu. Nú er svo komið að flestar langtímaskuldbindingar, þar á meðal skuldir heimilanna, eru verðtryggðar.

Enda þótt verðtrygging sé mjög útbreidd hér á landi er ekki svo að skilja að hún fyrirfinnist ekki annars staðar. Tekin var upp verðtrygging hér á landi sem vörn fyrir sparendur og fjármagnseigendur og hefur hið sama verið uppi á teningnum í Argentínu, Brasilíu, Chile og Ísrael. Í þessum ríkjum var verðtrygging talin nauðsynleg til að vinna traust fjárfesta á fjármagnsmörkuðum. Víðast hvar annars staðar

hefur verðtrygging ekki tíðkast að neinu marki. Allvíða hafa verðtryggð skuldabréf þó verið í boði og má þar nefna Bretland, Svíþjóð, Frakkland, Ástralíu, Kanada og Bandaríkin. Verðtryggð skuldabréf til langs tíma hafa þótt æskilegur kostur og líkleg leið til að lækka vaxtakostnað.

Athuganir hafa verið gerðar á raunvaxtabyrði óverðtryggðra lána annars vegar og verðtryggðra lána hins vegar. Niðurstöðurnar hafa allar verið á einn veg. Raunvaxtabyrði verðtryggðra lána er minni en óverðtryggðra. Í skýrslu sem nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins birti í október árið 1998 segir m.a., með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi veldur áhættuálag sem fjárfestir krefst vegna verðbólgu því að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga verða hærri en verðtryggðra. Verðtrygging veldur því að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættu. Hér á landi sýnir reynslan að á þessum áratug hafa raunvextir verðtryggðra lána verið að meðaltali um 2% lægri en raunvextir óverðtryggðra útlána ... Í öðru lagi veldur verðbólguáhætta því að lánveitendur eru hikandi við að veita óverðtryggð lán til eins langs tíma og verðtryggð með föstum vöxtum."

Einmitt þarna liggur hundurinn grafinn. Íslenskir lánveitendur vilja hafa allt sitt á þurru. Ekki aðeins krefjast þeir verðtryggingar heldur einnig breytilegra vaxta en erlendis tíðkast einmitt að nota breytilega vexti í sama augnamiði og verðtryggingin upphaflega var hugsuð hér á landi: Til að bregðast við breytingum sem kynnu að eiga sér stað á lánstímabilinu og tryggja þannig að umsamdar lánsfjárupphæðir yrðu ekki étnar upp af verðbólgu. Þegar tvenns konar trygging gegn áhrifum verðbólgunnar eru komnar til sögunnar, verðbætur og breytilegir vextir, hefur verið haft á orði að íslenskir fjármagnseigendur hafi tryggt sig bæði með belti og axlaböndum.

Nú kann einhver að segja að mönnum sé í sjálfsvald sett að semja um lánskjörin og óþarft sé að setja lög um bann við tilteknu lánsformi. Við því er það að segja að lántakendur eru iðulega ofurseldir lánveitendum sem, þegar á heildina er litið, bjóða viðskiptavinum sínum upp á mjög sambærileg kjör.

Iðulega er því haldið fram að vextir séu nauðsynlegt stýritæki við hagstjórn. Vöxtum megi beita sem stýritæki til að slá á þenslu eða örva hana eftir atvikum. Sé vöxtum hins vegar breytt á skuldbindingum langt aftur í tímann hafa slíkar aðhaldsaðgerðir snúist upp í andhverfu sína. Skuldarinn er ekki aðeins í hættu vegna verðbólguþróunar heldur stafar honum einnig ógn af duttlungum lánardrottins síns. Hann á með öðrum orðum erfitt með að skipuleggja sig á fyrirsjáanlegum forsendum vegna þess að lánveitandinn hefur öll ráð í hendi sér.

Eins og komið hefur fram í máli mínu tel ég meira máli skipta að við beinum sjónum okkar að vaxtaklyfjunum en ekki samsetningu þeirra. Ég tel að menn hafi einskorðað sig um of við verðtrygginguna og gagnrýni á hana á liðnum árum. Það sem máli skiptir er raunvaxtabyrðin af lánsskuldbindingum.

Verðtrygging lána hefur sætt mikilli andstöðu í landinu allar götur frá því að henni var komið á, ekki síst eftir að verðtrygging launa var afnumin. Réttilega hefur verið bent á í því sambandi að á sama tíma og launafólk er háð verðlagsþróun og á stöðugt á hættu að verðgildi launa rýrni af völdum verðbólgu þá hafi fjármagnseigendur jafnan allt sitt á þurru. Þetta eru eðlilegar ábendingar sem byggjast á sanngirnisrökum. Af hálfu stjórnvalda hefur verið fylgt þeirri stefnu að draga smám saman úr vægi verðtryggingar og hefur sú viðleitni fyrst og fremst beinst að lánum til skemmri tíma. Athygli vekur að enda þótt raunvextir verðtryggðra lána séu almennt lægri en óverðtryggðra hefur sá munur farið minnkandi á síðari árum eins og fram kemur í skýrslu viðskiptaráðuneytis sem áður var vitnað til. Eðlilegt er að taka verðtryggingu lána til endurskoðunar með hagsmuni lántakenda, ekki síður en lánveitenda, í huga en svo virðist sem hagur fjármagnseigenda sé jafnan hærra metinn þegar þessi mál hafa komið til álita. Þeirri forgangsröðun þarf að breyta.

Ég hef gert grein fyrir helstu röksemdum með samþykkt þessa frv. sem ég mæli með að verði vísað til efh.- og viðskn. þingsins.

[16:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hans framlagningu þessa máls sem er að mörgu leyti athyglisvert. Þó er tvennt sem ég vildi spyrja þingmanninn um.

Annars vegar kemur fram í máli hans, ég vil nánast segja sú klisja, að verðtrygging færi mönnum lægri raunvexti en fastir vextir. Þá er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvort hann telji að þeir raunvextir sem við höfum verið að greiða á Íslandi síðan verðtryggingin var tekin upp séu lægri en þeir raunvextir sem tíðkast í löndunum í kringum okkur þar sem verðtrygging er ekki til staðar. Eru það ekki augljós reynslusannindi að við höfum hér búið við hærri raunvexti en tíðkast hafa í kringum okkur þrátt fyrir verðtryggingu þó að í því felist nokkur mótsögn?

Varðandi hitt, að um væri að ræða eitthvert lítils háttar áhættuálag sem fælist í vöxtum án verðtryggingar. Teldi hv. þm. Ögmundur Jónasson, kannski sérstaklega með vísan til afskipta hans af Sigtúnshópnum hér fyrr meir, ekki heppilegra til lengri tíma litið að lántakendur greiddu slíkt áhættuálag frá mánuði til mánaðar, ári til árs, fremur en að verðbólguhríðin, eins og gerðist árið 2001 eða eins og gerðist upp úr árunum 1980, skelli með geysilegum þunga á einstökum hópum eða einni kynslóð?

[16:45]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er meginmál þessa frv. ekki verðtryggingin, heldur er lagt til að það verði ekki heimilt að hækka vexti á verðtryggðum lánum. Það er meginmál frumvarpsins.

Síðan vek ég athygli á því að rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi sýna fram á að raunvextir á verðtryggðum lánum eru talsvert lægri, að jafnaði tveimur prósentustigum lægri en á óverðtryggðum lánum. Ég legg áherslu á að meginmáli skipti hvaða raunvexti lántakandinn er að axla af lánsskuldbindingum sínum. Ég held að í verðtryggingunni sé ekki skýring á þeim mun sem er á vaxtakostnaði annars vegar hér á landi og því sem tíðkast í ýmsum öðrum löndum. Ég held að þar komi aðrir þættir til sögunnar.

Hv. þm. Helgi Hjörvar vísar til Sigtúnshópsins. Það er alveg rétt að ég tók þátt í starfi hans og fleiri sem eru staddir í þessum sal, ég horfi hér á hv. þm. Einar Karl Haraldsson. Við sem störfuðum í þeim hópi gerðum þetta aldrei að meginmáli. Við sögðum sem svo: Reynum að ná raunvaxtakostnaðinum niður án þess að hengja okkur í leiðir til þess eða hvernig raunvaxtakostnaðurinn er saman settur, hvort hann er kallaður vextir eða verðbætur. Það sem við spurðum

um var: Hvað þarf lántakandinn að greiða fyrir lánið.

[16:47]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er ljóst að tillaga hv. þm. Ögmundar Jónassonar lýtur að því að fjárfestar eða lánveitendur séu ekki bæði með belti og axlabönd gagnvart lántökum og held að það sé í sjálfu sér framfaramál. Það sem ég vil aðeins vekja athygli á í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar er að ég tel að það sé einhliða áróður af hálfu lánveitenda og fjármagnseigenda að verðtrygging færi lántakendum til lengri tíma lægri vexti. Það kemur einfaldlega ekki heim og saman að á Íslandi borgi menn að meira eða minna leyti hæstu raunvexti í heimi og séu síðan einir um verðtryggingu og að verðtryggingin sé þó sérstaklega til þess fallin að lækka raunvexti. Ég sé engin rök fyrir því frá því að verðtryggingin var tekin upp að hún hafi leitt til lægri raunvaxtakostnaðar fyrir lántakendur í landinu og það sé því engin réttlæting fyrir viðhaldi verðtryggingarinnar.

[16:48]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ef til vill umræða til hliðar við meginefni þessa frv. Ég var einvörðungu að benda á hvað rannsóknir leiddu í ljós hvað þetta snertir. Hins vegar get ég getið þess að í skýrslunni sem ég vitna til frá viðskrn. í október 1998 kemur fram að einhverju sinni þegar bresk stjórnvöld leituðu leiða til að ná raunvaxtakostnaði niður, þá var hafinn mikill áróður fyrir verðtryggðum lánum til þess beinlínis að draga úr vaxtakostnaði sem þá þótti hafa keyrt úr hófi fram þar í landi. Ég er einvörðungu að benda á skýrslur sem gerðar hafa verið, athuganir sem gerðar hafa verið. Menn geta síðan dregið sína lærdóma eða niðurstöður af þeim málum.

Ég vek athygli á að í greinargerð með þessu frv. mínu tek ég það sérstaklega fram að mér finnist ástæða til að endurskoða verðtrygginguna með hagsmuni lántakandans sérstaklega í huga, þannig að því fer fjarri að ég sé að hengja mig í einhverjar klisjur í þessu máli, síður en svo.

[16:50]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við hlýddum á framsöguræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar um þetta frv. sem felst í því að ekki megi hækka vexti á verðtryggðum lánum, hins vegar megi lækka þá, þ.e. einhliða af hendi þess sem hefur lánað peningana.

Það var mjög athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. hafandi í huga hver er lánveitandi á Íslandi svona almennt séð. Lífeyrissjóðirnir eiga um 700 milljarða og eru stærstu lánveitendur á Íslandi, bæði beint til sjóðfélaga, en sérstaklega í gegnum Íbúðalánasjóð með því að kaupa upp húsbréf sem hann gefur út og veitir ríkisábyrgð á. Þeir eru þá þessi lánveitandi sem bæði þarf að hafa belti og axlabönd, þ.e. lífeyrissjóðirnir.

Nú er það svo að fjármagn lífeyrissjóðanna er notað til að greiða lífeyri og þar af leiðandi er tilgangurinn alls ekki slæmur. Verðtryggingin er jú ein aðalforsenda fyrir verðtryggðum lífeyri, frú forseti. Mér finnst undarlegt þegar menn vilja afleggja verðtrygginguna eins og kemur fram síðar á dagskránni og við munum ræða seinna í dag.

Hv. þm. segir að fjármagnseigendur vilji bæði hafa belti og axlabönd og það sé ekki jafnvægi á lánamarkaðinum og lántakandinn sé alltaf hinn veikari. Það hefur ekki verið undanfarið. Þökk sé inngripum bandarískra auðmanna á húsbréfamarkaðinn á Íslandi, þá lækkuðu vextir á húsbréfamarkaðnum það mikið að þau fóru í yfirverð. Hvað gerði hinn skynsami lántakandi þá? Hann tók ný húsbréf og greiddi upp þau gömlu. Þetta hefur gerst í mjög miklum mæli, þ.e. menn eru að lækka hjá sér vaxtakostnaðinn með því að taka ný húsbréf í sambandi við íbúðasölur, greiða upp eldri húsbréfin sem eru með hærri vöxtum eða voru seld með hærri afföllum og nýta sér þá lækkun á vöxtum sem bandarískir auðmenn hafa fært íslensku launafólki. Mjög merkileg niðurstaða og skemmtileg, hafandi í huga orðtak margra vinstri manna varðandi þessi mál.

Í andsvari hv. þm. Helga Hjörvars áðan kom fram að sú kenning eða þær rannsóknir sem sýna að verðtrygging sé ætíð ódýrari fyrir lántakendur en óverðtryggð lán væri áróður. Þetta var tiltölulega auðvelt að reikna út þegar Seðlabankinn hafði þetta á sinni könnu, en síðustu árin er það vissulega erfiðara. En það segir sig sjálft að ef menn eiga lánsfé, eiga fé til að lána út, segjum að það sé lífeyrissjóður, og fá verðtryggingu á féð, þá þurfa menn ekki að vera eins áhyggjufullir yfir hugsanlegum verðbólguskotum og geta þar af leiðandi sætt sig við lægri vexti en ella. Áhættan minnkar. Hún minnkar líka hjá þeim sem tekur lánið, vegna þess að sem betur fer hafa laun og önnur kjör hækkað í takt við verðbólgu alla vega yfir lengri tíma. Það gerðist reyndar þegar Sigtúnshópurinn var stofnaður á sínum tíma að launin lækkuðu miðað við verðlag. Skuldirnar jukust vegna verðbólgu en verð íbúða stóð í stað. Það var verðfall á eignum miðað við verðlag. Það voru vandræði Sigtúnshópsins.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra, en í sjálfu sér er það ekki röng aðferðafræði að segja að ef lánað er út óverðtryggt þá skuli vera heimilt að hafa breytilega vexti, en ef lánað er út verðtryggt þá dugi verðtrygging til þess að taka á áhættu lánveitandans. Því er til að svara að það eru líka í gangi markaðsvextir og ég vil ekki ýta undir þá forsjárhyggju sem felst í því að taka fram fyrir hendur á fólki eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að það geti ekki lengur samið frjálst nema til lækkunar. Sú hugsun byggir að sjálfsögðu á því að það sé nokkurn veginn frjáls markaður með fjármagn eins og hefur myndast á síðustu árum. Þá ættu menn, ef vextirnir yrðu hækkaðir eða lánsfjáreigandinn hækkaði vextina einhliða, að geta sagt upp láninu. Það eru yfirleitt ákvæði um það í flestum skuldabréfum.

Þannig að ég skil anda frumvarpsins, en hef dálitlar áhyggjur af þeirri forsjárhyggju sem þarna er í gangi. Ég reikna með að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til efh.- og viðskn. og þar munum við ræða það ítarlega hvort eigi að festa vexti alveg, bæði til hækkunar og lækkunar, eða eins og hér er sagt eingöngu á aðra hliðina.

[16:56]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst og fremst að þakka fyrir umræðuna og mér finnst gott að heyra að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., telur andann í frumvarpinu ekki með öllu ómögulegan þó hann hafi sitthvað við það að athuga, talar um forsjárhyggju. Ég lít eiginlega fremur á þetta sem fyrirhyggju að við komum í veg fyrir að mér liggur við að segja að valdi sé misbeitt. Það er mjög mikilvægt að fólk geti skipulagt sín mál og viti nokkurn veginn að hverju það gengur. Ég get sagt frá því að ég er nýkominn af þingi BSRB þar sem þessi mál voru rædd. Þar voru ýmsir sem

sögðu, eða þar heyrðist það sjónarmið, að hugsanlega væri betra að hafa breytilega vexti, óverðtryggð lán, einfaldlega vegna þess að menn gætu þá betur séð hver framtíðin yrði, menn væru hins vegar háðir duttlungum verðbólgunnar í þessum vísitölubundnu lánum. Ég hef sjálfur verið annarrar skoðunar einfaldlega vegna þess að ég vil draga lærdóm af reynslunni hver hún raunverulega er. Ég vil fyrst og fremst horfa í það hver vaxtabyrðin er. Það er það sem mér finnst skipta mestu máli.

Eitt varðandi Sigtúnshópinn frá fyrri tíð sem var mér mjög hugleikinn. Þá var náttúrlega vandinn ekki einvörðungu sá eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að það hafi orðið verðfall á eignum í hlutfalli við lánin eða með hliðsjón af lánunum. Það sem gerðist var, eins og hann benti reyndar réttilega á, að launavísitalan var tekin úr sambandi vorið 1983 en lánskjaravísitalan hélt áfram að tikka. Það var það sem menn fóru að kalla misgengi, annars vegar á greiðslugetu lántakandans og lánsbyrðinni hins vegar.

Hv. þm. vék að lífeyrissjóðunum sem væru einn stærsti lánveitandinn á Íslandi. Það er alveg hárrétt. Ég tel að lífeyrissjóðirnir þurfi að sýna mjög mikla ábyrgð í allri sinni stefnumótun, sinni fjármálapólitík. Það stefnir í það að innan fjögurra ára verði eignir lífeyrissjóðanna um 1.000 milljarða kr. og þeir eru orðnir mjög umsvifamiklir á lánsfjármarkaði og geta haft mjög mikil áhrif á vaxtastigið. Lögin um lífeyrissjóði eru mjög þröng að því leyti að þeir eru knúnir til að leita eftir fjárfestingum þar sem arðsemin er mest hverju sinni. Þó er sá fyrirvari settur að fjárfestingin skuli vera trygg.

Ég hef verið talsmaður þess að túlka þetta mjög vítt og horfa til samfélagslegrar ábyrgðar lífeyrissjóðanna, vegna þess að það er ekki svo að með því að setja iðgjöld í lífeyrissjóð þá séu menn að setja peninga í sparibauk og þeir bíði í bauknum þangað til að því kemur að það þarf að grípa til þessara peninga. Þetta eru fjármunir sem eru settir inn í efnahagskerfið. Og vandinn er nákvæmlega sá sami hvort sem um sjóðsmyndun er að ræða eða gegnumstreymi, að því leyti að þessi verðmæti þarf að taka út úr efnahagskerfinu þegar þar að kemur. Þess vegna eiga lífeyrissjóðirnir, þótt þeir séu sjóðir, allt sitt undir því komið að efnahagskerfinu vegni vel. Það er grundvallaratriði. Og efnahagskerfinu mun ekki vegna vel, það á ekkert síður við fyrirtækin en heimilin, ef vaxtavextir eru keyrðir óhóflega hátt upp.

Af því að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur stundum vitnað til þess að ég eigi sæti í lífeyrissjóðsstjórn sem er alveg hárrétt, get ég upplýst hann um það að mér hefur oft fundist lífeyrissjóðirnir, einnig sá sem ég á sæti í, fara óþarflega hátt upp með vextina. Þá er ég að horfa til þessarar samfélagslegu ábyrgðar með tilliti til efnahagslífsins. Mér finnst það eigi ekki síður við um lífeyrissjóði en aðra lánveitendur að það er rangt í eðli sínu, að mínu mati, að lánveitandinn geti upp á eigið eindæmi ákveðið það án nokkurs samráðs við hinn viðskiptaaðilann, að hækka verðið á vörunni aftur í tímann. Ég var með svona frumstæð samanburðardæmi hér áðan um að maður færi út í fiskbúð og væri rukkaður fyrir fiskinn í gær líka og þar áður og fiskinn frá því í fyrra. Það var gengið frá þeim kaupum, þetta er liðin tíð. En það er ekki þannig með afturvirka vexti.

Ég held því að það felist ekki nein óeðlileg forræðishyggja í þessu, alls ekki, vegna þess að mönnum er í sjálfsvald sett að semja um óverðtryggð lán, ef því er að skipta, eða verðtryggð lán. Eina sem er óeðlilegt er að lánveitandinn geti upp á sitt eindæmi einhvern tímann síðar meir ákveðið að hækka vöruna um tiltekið hlutfall. Það er það sem er óeðlilegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:02]

Útbýting þingskjala:

Brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 213. mál, fsp. JóhS, þskj. 226.

Eftirlit með ráðningarsamningum útlendinga, 214. mál, fsp. JóhS, þskj. 227.

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu, 210. mál, fsp. KLM, þskj. 223.

Laganám, 216. mál, fsp. GÓJ, þskj. 229.

Réttindi barna með Goldenhar-heilkenni, 211. mál, fsp. MF, þskj. 224.

Siðareglur fyrir alþingismenn, 208. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 219.

Siðareglur í stjórnsýslunni, 207. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 218.

Skólagjöld í Háskóla Íslands, 209. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 222.

Starfslokasamningar hjá Byggðastofnun, 70. mál, svar iðnrh., þskj. 221.

Umferðaröryggi á þjóðvegum, 205. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 216.

Umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar, 54. mál, svar umhvrh., þskj. 220.

Þátttaka sveitarstjórnarmanna í Evrópusamstarfi, 212. mál, fsp. EKH, þskj. 225.

Lögreglulög, 1. umr.

Frv. SigurjÞ, 26. mál (löggæslukostnaður á skemmtunum). — Þskj. 26.

[17:05]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta felur í sér að fella í burtu það heimildarákvæði sem er í lögreglulögum sem heimilar lögreglustjórum að innheimta sérstakan löggæslukostnað. Ástæðurnar fyrir að brýn nauðsyn er að fella í burtu heimild til þess að innheimta löggæslukostnaðinn eru einkum af þrennum toga.

Í fyrsta lagi er lagaramminn fyrir innheimtu löggæslukostnaðarins mjög ótraustur. Í öðru lagi hefur notkun heimildarinnar til að innheimta gjaldið verið mjög handahófskennd í framkvæmd og sérir í raun réttlætiskennd almennings. Í þriðja lagi er aðalreglan sú að kostnaður vegna starfsemi lögreglunnar er greiddur úr ríkissjóði. Einu undantekningarnar eru löggæslukostnaður á skemmtunum og kostnaður vegna framkvæmda eða flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi.

Hinn 8. ágúst 2001 skipaði hæstv. dómsmrh. starfshóp til að fara yfir gildandi lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Starfshópurinn skilaði ágætri skýrslu um störf sín þann 11. júlí 2002. Í skýrslunni kemur m.a. fram að reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi byggjast á ótraustum lagagrundvelli og að umboðsmaður Alþingis hafi oftar en einu sinni gert athugasemdir við gildandi fyrirkomulag. Bent

er á að nauðsynlegt sé að setja skýrari lagaramma á þessu sviði.

Helstu reglur um þessi atriði er að finna í reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, sem sett var í gildistíð laga um lögreglumenn frá 1972, sem lögreglulög, nr. 90/1996, leystu síðar af hólmi, og laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Skemmtana- og mótshald Íslendinga hefur vitaskuld breyst á þeim tíma síðan þessi lög voru sett árið 1947. En hæstv. dómsmrh. mun hins vegar hafa sett viðmiðunarreglur um útihátíðir á árinu 1990.

Nýleg dæmi sýna við hvaða vandamál er að etja hvað varðar notkun á viðkomandi reglum. Ungmennafélag Íslands var síðasta sumar krafið um greiðslu fyrir löggæslu á íþróttamóti sem haldið var um verslunarmannahelgina þrátt fyrir að aðgangur væri ókeypis. Í reglugerð nr. 587/1987 segir hins vegar að einungis þurfi að fá leyfi hjá lögreglustjóra ef selt er inn á skemmtun. En samt sem áður var löggæslukostnaður innheimtur af umræddu móti. Grundvöllur kröfu lögreglustjóra um greiðslu fyrir löggæslukostnaði virðist byggjast á því að um skemmtun sé að ræða sem skemmtanaleyfi þurfi fyrir og þá jafnframt að um „skemmtistað" sé að ræða. Í lögunum er ekki skilgreint hvers konar skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi eða hvað sé skemmtistaður í skilningi laganna. Ákvæði reglugerðarinnar mæla svo fyrir um hvaða skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi og teljist þar með gjaldskyldar samkvæmt lögunum.

Ég var staddur á Ísafirði þar sem unglingalandsmótið fór fram og mér finnst lögregluyfirvöld þar hafa teygt og togað hugtakið „skemmtistaður" ansi langt og í raun séu þau á mjög þunnum ís hvað varðar túlkun á reglugerð um löggæslu á skemmtunum. En nú er svo komið að Ungmennafélag Íslands hefur ályktað sérstaklega um þennan óréttláta löggæslukostnað, en ályktunin er á þessa leið, með leyfi forseta:

„43. sambandsþing Ungmennafélags Íslands haldið 18.–19. október 2003 á Sauðárkróki skorar á stjórnvöld að tryggja að landsmót og íþróttamót á vegum ungmennafélaganna séu undanþegin innheimtu á löggæslukostnaði."

Lagaramminn um þátttöku í löggæslukostnaði er mjög ótraustur eins og áður segir og byggist reglugerðin vægast sagt á mjög hæpinni lagastoð. Hæstv. dómsmrh. hefur ekkert aðhafst til að gera nauðsynlegar breytingar þrátt fyrir ábendingar og niðurstöður starfshóps sem hann skipaði sjálfur eins og kom fram áðan. Nauðsynlegt er að eyða þessari réttaróvissu. Með því að samþykkja frv. væri þeirri réttaróvissu eytt.

Í 33. gr. lögreglulaga frá árinu 1996 er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. En síðan kemur í 34. gr. þetta heimildarákvæði sem ég legg til að verði fellt brott. Með því að samþykkja frv. væri sú heimild úr sögunni og allur kostnaður greiddist úr ríkissjóði.

Dómsmrn. hafði í bréfi frá árinu 1999 lagt til að þessi vafasami löggæslukostnaður væri í raun aðeins innheimtur í undantekningartilfellum. Lögreglustjórar áttu í stað þess að mæta kostnaði á útihátíðum að sækja í sérstakan sjóð í dómsmrn. vegna fjárútláta útihátíða og landsmóta. Það sætir því ákveðinni furðu að sama sumar og sú ágæta skýrsla kemur út sem bendir á þennan veika lagagrunn kemur nýtt bréf frá dómsmrn. þar sem kveðið er á um að það eigi að innheimta löggæslukostnaðinn í enn ríkari mæli en áður. Það sem virtist reka dómsmrn. áfram var í rauninni fjárskortur til þess að sinna skyldu sinni um löggæslu á útihátíðum.

Í bréfi til sýslumanna frá 28. júní 2002 er kveðið á um að einungis verði greiddur þriðjungur löggæslukostnaðar vegna fjölsóttra hátíða og landsmóta úr sjóði ráðuneytisins. Og sömuleiðis verði sett hámark á greiðsluna, 1,5 milljónir.

Virðulegi forseti. Það virðist vera mjög handahófskennt við hvaða tækifæri löggæslukostnaður er innheimtur og sérir það réttlætiskennd almennings. Í sumar sáum við að lítil bæjarhátíð á Skagaströnd var látin greiða háan löggæslukostnað en þar fór lítið annað fram en dansleikur og guðsþjónusta. Á sama tíma fór fram miklu stærri hátíð í stærri bæ, Akureyri. Þar var ekki innheimtur umræddur löggæslukostnaður þrátt fyrir að þar væri mun meira um að vera fyrir lögregluna. Hvaða rök eru fyrir þess háttar handahófskenndri gjaldtöku? Ég get alls ekki séð að nokkur málefnaleg rök séu fyrir henni. Þess vegna ber að taka þessa heimild frá lögreglustjórum svo þeir þurfi ekki að beita henni.

Fleiri hafa furðað sig á svipaðri gjaldtöku, m.a. Sæmundur Gunnarsson á Skagaströnd, en hann beindi þeirri fyrirspurn í fyrra til dómsmrn. sem var eitthvað á þá leið hvers vegna verið væri að innheimta 1,3 milljónir í löggæslukostnað af Kántríhátíð á Skagaströnd á meðan enginn löggæslukostnaður væri innheimtur vegna menningarnætur í Reykjavík. Í svari dómsmrn. kom m.a. fram að það skipti verulega máli hvar hátíðir væru haldnar á landinu. Þar sem fyrir væri fjölmennt lögreglulið væri kostnaðurinn ekki innheimtur en þar sem væri fámennt lögreglulið eins og á Blönduósi væri innheimt gjald. Í framhaldi af svari dómsmrn. hljóta menn að spyrja hvort landsmenn séu jafnir fyrir lögunum. Er svonefndur löggæslukostnaður einungis sérstakur smábæjarskattur?

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands er rukkað um löggæslukostnað á Ísafirði en ekki veit ég til þess að t.d. Knattspyrnusamband Íslands sé rukkað vegna kostnaðar vegna landsleikja í knattspyrnu. En það blasir við að mun meiri löggæslukostnaður er vegna landsleiks í knattspyrnu en unglingalandsmóts á Ísafirði. Af framangreindu má ljóst vera að nauðsynlegt er að hætta þessari tilviljanakenndu innheimtu.

Virðulegi forseti. Aðalreglan er sú að kostnaður vegna starfsemi lögreglunnar er greiddur úr ríkissjóði.

Þeir fjármunir sem innheimtir eru með þessum hætti skipta vart sköpum fyrir fjármögnun lögreglunnar í landinu. Samkvæmt lögum er það íslenska ríkið sem á að halda uppi allsherjarreglu í landinu og lögreglustjórum er falið að meta hvað til þurfi hverju sinni. Af þeim sökum er rétt að ríkið beri þann kostnað. Innheimta smábæjarskattsins er aftur á móti uppspretta deilna og þrætumála við þá aðila í landinu sem síst skyldi. Tíma og kröftum lögreglustjóra landsbyggðarinnar er miklu betur varið í önnur mikilvægari verkefni en að standa í stappi við íþróttahreyfinguna og sveitarfélögin. Mér þætti ekki ólíklegt að sýslumaðurinn á Sauðárkróki vildi gjarnan losna við að innheimta löggæslukostnaðinn á landsmóti ungmennafélaganna á næsta ári. Ég tel að löggæslunni í landinu væri greiði gerður með því að losna við að þurfa að innheimta þennan löggæslukostnað.

Mér finnst augljóst að þetta mál eigi að fara hratt og vel í gegnum þingið. Ég hef starfað innan Ungmennasambands Skagafjarðar og ég veit að menn fylgjast með þessu í ungmennafélögunum víðs vegar um land vegna þess að hér er um einfalt réttlætismál að ræða. Því ætti hið háa Alþingi að

taka vel í frv. og breyta þessu og fella niður löggæslukostnað á íþróttafélögin og smábæi á landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi hjóna, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

[17:17]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér þáltill. um lífeyrisréttindi hjóna. Meðflutningsmenn mínir á þessari þáltill. eru hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Sólveig Pétursdóttir.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál kemur fyrir Alþingi. Það má segja að þetta sé líklega í tíunda skiptið sem málið er flutt en þó er það nú í öðrum búningi en verið hefur. Áður var flutt frv. um breytingar á hjúskaparlögum, 102. gr. þeirra, þar sem lagt var til að lífeyrisréttindi hjóna féllu utan skipta við slit á fjárfélagi.

Þegar þetta mál hefur verið flutt hefur ýmis ágreiningur komið upp varðandi málið og aðilar talið að það þyrfti betri skoðunar við þannig að ekki væri hægt að breyta lögunum nema nánar yrði að gætt með tilliti til réttindaávinnings í lífeyrissjóðunum. Með það að leiðarljósi að málið fái þinglega meðferð sem oft hefur verið um getið, hefur sá sem hér stendur ásamt meðflutningsmönnum farið þá leið að flytja þáltill. sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað.

Nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.“

Í greinargerð segir svo:

Samkvæmt 102. gr. hjúskaparlaga getur maki krafist þess við skipti að áunnin lífeyrisréttindi hans komi ekki til skipta við skilnað. Lífeyrisréttindi eru tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Það er álitamál hvort ekki sé eðlilegra að litið sé á öflun lífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Telja má réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun lífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Þessi sjónarmið fá nokkurn hljómgrunn í 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. Þar kemur fram að þyki það ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að lífeyrisréttindum sé haldið utan skipta sé heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum. Á ákveði þetta reyndi í dómi Hæstaréttar frá 26. apríl 2002 í máli nr. 170/2002. Í málinu krafðist sóknaraðili, sem hafði verið heimavinnandi í þau rúmlega 20 ár sem hjónaband hans stóð yfir, að honum yrði bætt það með fjárgreiðslum að lífeyrisréttindum maka hans væri haldið utan skipta við skilnaðinn að kröfu hans. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti með vísan til forsendna sagði m.a.:

„Er óumdeilt að sóknaraðili hafi borið hitann og þungann af heimilisstörfum og uppeldi barna þeirra á samvistatímanum, þótt deila megi um nauðsyn þess að hún væri heimavinnandi allan tímann, eins og varnaraðili bendir á máli sínu til stuðnings. Á hitt ber þó að líta að svo virðist sem aðilar hafi verið samhuga um þá tilhögun, á meðan allt lék í lyndi, og verður við það miðað við úrlausn málsins.“

Þegar þetta var metið ásamt því að sóknaraðili hafði nánast engar tekjur haft og þar með ekki aflað sér lífeyrisréttinda en varnaraðili á hinn bóginn haft háar tekjur og aflað sér verulegra lífeyrisréttinda taldi dómurinn ósanngjarnt að lífeyrisréttindum varnaraðila væri haldið utan skipta og dæmdi varnaraðila til að greiða sóknaraðila 2,5 millj. kr.

Þessi dómur Hæstaréttar mun án efa hafa fordæmisgildi en langur vegur er hins vegar frá því að hann tryggi jöfn skipti þeirra verðmæta sem í lífeyrisréttindum felast við skilnaði í framtíðinni enda málsatvik iðulega ólík og heimild dómstóla matskennd.

Í Lögmannablaðinu (október, 3/2002) fjallar Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður um framangreindan dóm Hæstaréttar. Í grein sinni vekur hann athygli á þeirri staðreynd að lífeyrisréttindi eru persónubundin réttindi sem koma aðeins til greiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í því ljósi setur hann spurningarmerki við það hvort eðlilegt sé að hinn aðilinn geti fengið eingreiðslu sé slíkum réttindum haldið utan skipta, án tillits til þess hvort nauðsynleg skilyrði fyrir útgreiðslu réttindanna verði uppfyllt. Telur hann ástæðu til að íhuga hvort rétt sé að breyta lögum með þeim hætti að unnt sé að skipta áunnum lífeyrisréttindum með samningi eða dómi. Með þessu væri tekið tillit til þeirrar óvissu hvort skilyrði fyrir útborgun úr lífeyrissjóði verða uppfyllt eða ekki.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir að vert væri að skoða slíka breytingu, enda gengur hún í þá átt að tryggja rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað. Flutningsmenn telja þó rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga enn lengra með því að skilgreina áunnin lífeyrisréttindi hjóna á hjúskapartímanum sem hjúskapareign þeirra sem kæmi þá til helmingaskipta samkvæmt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga við skilnað. Með því yrði komið í veg fyrir deilur um skiptingu þessara verðmæta auk þess sem ætla má að slík niðurstaða yrði almennt sanngjörn. Þessa kosti þarf að gaumgæfa vel og í þeim tilgangi er þessi tillaga lögð fram.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast oft mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á lífeyrisréttindi sem sameiginlega eign eins og aðrar hjúskapareignir.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir að það getur valdið vanda fyrir lífeyrissjóðina þar sem rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Í þingsályktunartillögu þessari er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn lífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og

þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, var komið nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar, sbr. 14. gr. laganna. Þar kemur fram að sjóðfélagi geti á grundvelli samkomulags við maka tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka, í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum skuli verðmæti uppsafnaðra ellilífeyris réttinda hans allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Framangreind heimildarákvæði eru til bóta. Þó má gagnrýna ýmislegt, t.d. að hafi sjóðfélagi gert samkomulag um að skipta uppsöfnuðum ellilífeyrisréttindum og mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka sinn eða fyrrverandi maka skerðast réttindi sjóðfélagans sem því nemur, sem hefur í för með sér að verði sjóðfélagi langlífari færast réttindin ekki aftur til hans. Sjóðfélagi tekur því nokkra áhættu með þessu.

Það er mat flutningsmanna að ekki sé nægjanlegt að sá sem t.d. hefur sinnt heimili og börnum meginhluta starfsævi sinnar verði að eiga það undir góðvild maka síns við skilnað hvort hann fái hlutdeild í þeirri eignamyndun sem orðið hefur til og felst í lífeyrisréttindum makans. Það er jafnframt ófullnægjandi að mati flutningsmanna að maki sem telur á sér brotið þurfi að ráðast í kostnaðarsöm málaferli til að sækja réttindi sem hann hefur átt þátt í að mynda.

Gert er ráð fyrir að nefndin sem skipuð verður, verði tillagan samþykkt, skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.

Virðulegi forseti. Ég hef þá lokið lestri greinargerðar með þessari þáltill. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

[17:28]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér till. til þál. um að skipta lífeyrisréttindum á milli hjóna, afskaplega merkilegt og þarft mál og þarf að ræðast ítarlega. Það er sem sagt spurningin um að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyriseign hvors annars.

Nýverið féll dómur í öryrkjamálinu svokallaða þar sem sagði að réttur manna til bóta úr almannatryggingakerfinu, þ.e. krafa fólks á hendur öðru fólki, skuli óháður félagslegri stöðu bótaþegans að mestu leyti, þ.e. að menn eigi rétt á ákveðnum lágmarkslífeyri burt séð frá félagslegri stöðu sinni. Hins vegar megi taka tillit til tekna maka.

Sú tillaga sem hér um ræðir er einmitt um það að hjón hafi sameiginlegan fjárbúskap, hafi sameiginlegan fjárhag. Þannig er það í öllum þeim tilfellum sem ég þekki til, ég man ekki til þess að hafa nokkurn tímann séð, frú forseti, að menn kvitti fyrir kaffibollann að morgni til þess sem keypti, heldur er þetta sameiginlegt og eignamyndunin í sambúð eða hjónabandi er á herðum beggja. Menn geta skipt með sér hlutverkum. Annar aðilinn getur séð um uppeldi barna og hinn lagt áherslu á öflun tekna o.s.frv. en eignamyndun er yfirleitt talin til skipta. Og við skilnað skipta menn öllum eignum sínum nema, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, flm. þessarar þáltill. bendir á, lífeyrisréttindum.

Þegar kemur að skiptingu lífeyrisréttinda lenda menn í ákveðnum vanda. Núgildandi reglur eru dálítið ankannalegar, frú forseti. Þær ganga út frá því að menn skipti réttindum í bróðerni og þegar allt er í góðu. Venjan er sú við skilnað að það er ekki allt í góðu, því miður. Þá er síst af öllu vilji til þess að fara að skipta lífeyrisréttindum í góðu þannig að núgildandi ákvæði eru engan veginn fullnægjandi við skilnað.

Það eru til tvær leiðir til að leysa þetta. Annars vegar að lífeyrisréttindin yrðu metin hjá hvoru hjóna eða sambúðaraðila og síðan yrði skuldajafnað á milli nákvæmlega eins og gert er með húsið, bílinn o.s.frv. Þetta var gert í Þýskalandi fyrir allmörgum árum og olli eiginlega því að fólk gat hreinlega ekki skilið af því að lífeyrisréttindi annars aðilans, oftast karlmannsins, voru svo miklu meiri og um svo stórar tölur að ræða að allar hinar eignirnar dugðu ekki til og hann fór eiginlega með svo miklar skuldir út úr sambandinu að við það var ekki unað, hann reis hreinlega ekki undir þeim. Sú leið er því ekki góð, enda er hún ekki lögð til í þessari þáltill. Það sem lagt er til er að skipta réttindum. Það er miklu skynsamlegra að réttindum sem menn afla í sambúðinni eða í hjónabandinu verði skipt. En það rekst hins vegar á sérkenni íslensks lífeyriskerfis sem felst í því að aðild að lífeyrissjóði er háð aðild að stéttarfélagi eða háð ákveðinni vinnu. Lífeyrissjóður flugmanna tekur t.d. ekki við hverjum sem er þannig að ef flugmaður er giftur segjum afgreiðslukonu í búð, eða afgreiðslumanni í búð ef flugmaðurinn er kona, þá er lífeyrissjóður flugmanna ekki tilbúinn til að taka við afgreiðslumanninum inn í sinn sjóð eigandi þar helming réttinda flugmannsins. Þetta er sá vandi sem menn standa frammi fyrir af því að lífeyriskerfið er svona uppbyggt. Það urðu um það harðar deilur á sínum tíma að aðild að lífeyrissjóði væri háð ákveðnu starfi og menn hefðu ekkert frjálst val um það. Ef það væri frjálst val um lífeyrissjóðinn væri þetta enginn vandi, frú forseti. Ég hygg hins vegar að þetta rekist töluvert mikið á þegar Lífeyrissjóður verslunarmanna þarf að fara að taka inn verkfræðinga eða öfugt o.s.frv. Þetta eru því mál sem þarf að skoða, hvort við komumst fram hjá þessu, en það er mjög brýnt að á þessu tekið þannig að um sé að ræða raunverulega skiptingu á eignum búsins við skilnað.

[17:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Það sem hv. þm. Pétur Blöndal kom hér inn á er hugrenning um það sem lengi hefur verið á döfinni þá þetta mál hefur verið flutt. Eins og kom fram í greinargerð þegar við hv. flutningsmenn vorum að vitna til hjúskaparlaganna svo og þeirra laga sem voru samþykkt á Alþingi 1997 um lífeyrisréttindi og vitnað til þess að sjö árum áður en fólk skilur nánast, skuli sú tilkynning hafa borist til lífeyrissjóðanna vegna skiptingu unninna réttinda. Þar eru menn að taka ákveðna áhættu eins og ég kom inn á áðan, að ef maki fellur

fyrr frá þá tapast helmingur af áunnum lífeyrisréttindum. Þetta hefur verið allgrýtt leið sem flutningsmenn hafa farið á umliðnum árum og það kom fram í greinargerðinni m.a. að flutningsmenn telja að það hafi nokkuð verið komið til móts við þáltill., ekki þessa heldur þá sem áður hefur verið flutt á umliðnum árum um breytingu á hjúskaparlögum og ég vitnaði til varðandi lög um lífeyrissjóði og starfsemi þeirra.

Það er alveg rétt eins og hv. þm. Pétur Blöndal kom hér inn á, þetta er ákaflega vandmeðfarið mál. Hins vegar er þetta mál með þeim hætti eins og fram kemur í greinargerðinni að það er enn þann dag í dag nokkuð um það að í hjónabandinu séu þau verkaskipti að annar er á vinnumarkaðnum og hinn sinnir börnum og heimili. Þess vegna er ekki óeðlilegt að það sé horft á þetta mál nú með það að leiðarljósi að nefnd fari ofan í saumana á þessu og finni þann flöt sem megi verða til lausnar á þessu svo að þetta mál þurfi ekki að vera að veltast í þingsölum næstu 10 árin. En ég vona að þetta mál nái fram að ganga og einhver farsæl lausn fáist á því.

[17:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ein smáathugasemd sem hv. þm. kom með. Hún var sú að nú eru hjón búin að skipta með sér lífeyrisrétti og annað fellur frá, þá tapast inneignin. Þetta er ekki réttur skilningur á hlutverki lífeyrissjóðs. Réttindi hjá lífeyrissjóði eru ekki inneign. Lífeyrissjóður tekur að sér að bæta áfall sem menn verða fyrir, annaðhvort að verða öryrkjar á starfsævinni eða falla frá um aldur fram og skilja eftir börn í ómegð, til þess er greiddur barnalífeyrir og makalífeyrir eða áhættan af því að verða mjög gamall og til þess er borgaður ellilífeyrir. Það er nefnilega ein áhættan. Maður sem verður 100 ára gamall eða 107 ára gamall getur lent í því að vera í 40 ár, frá 67 ára aldri, án tekna. Þetta er áhættan af því að verða gamall. Maður sem fellur frá 70 ára og skilur hvorki eftir sig maka né börn, hann var bara heppinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:37]

Útbýting þingskjala:

Farþegaskattur, 217. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 230.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, 222. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 235.

Fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands, 215. mál, fsp. ÖS, þskj. 228.

Samræmd slysaskráning, 218. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 231.

Úthlutun fjár til kynningar- og markaðsmála í ferðaþjónustu, 219. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 232.

Staða hjóna og sambúðarfólks, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 47. mál. — Þskj. 47.

[17:38]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um stöðu hjóna. Með flutningsmenn mínir eru hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Sólveig Pétursdóttir. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Nefndin kanni hvort brögð séu að því að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti.

Nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.“

Virðulegi forseti. Í greinargerð segir svo:

„Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, innkaup o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafana í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit er vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð.

Fram hefur komið hjá þjónandi prestum á höfuðborgarsvæðinu að þeir viti nokkur dæmi um hjónaskilnaði af ástæðum sem að framan greinir.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.“

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:42]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna framkominni þáltill. frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og fleiri þingmönnum, öllum úr Sjálfstfl., hygg ég, ef ég tók rétt eftir. Það hlýtur að vekja sérstaka athygli að þessir þingmenn gangi sérstaklega fram fyrir skjöldu til að flytja ályktun af þessu tagi því að við

í Öryrkjabandalaginu höfum nú m.a. um nærri því áratugs skeið bent á það með hvaða hætti tekjutenging, þ.e. tenging bóta við tekjur maka í lífeyriskerfinu hafi strítt gegn hjónabandinu og stuðlað í rauninni jafnvel að hjónaskilnaði, a.m.k. dregið mjög úr hvata fólks til þess að staðfesta samvistir sínar. Og fyrir daufum eyrum þessara þingmanna vakið athygli á því að óhóflega langt væri gengið í því að skerða tekjur einstaklinga á grundvelli tekna maka þeirra. Við höfum þurft að fara með þau mál fyrir dómstóla og fyrir Hæstarétt og fá stjórnarmeirihlutann og þar með hv. þm. Guðmund Hallvarðsson og félaga hans dæmda í tvígang til þess að ganga til baka með ákvarðanir í þessu efni. Ég hlýt því að spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson hvort hann líti svo á að tenging bóta örorkulífeyrisþega við tekjur maka þeirra sé til þess fallin að grafa undan hjónabandinu og hvort hann sé í raun með flutningi þessarar ályktunar að lýsa andstöðu við slíkar ráðstafanir í tryggingakerfinu.

[17:44]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að leiðir okkar hv. þm. Helga Hjörvars, liggi ekki mjög fjarri hvor annarri, varðandi styrkingu hjónabandsins. Við erum sammála um að það er hornsteinn þessa þjóðfélags.

Ég hef löngum talið að öryrki sem gengur í hjónaband sé jafnmikill öryrki á eftir þannig að ég get tekið undir það að vissu leyti að það er afar óheppilegt með tengingar inn á þær brautir sem farnar hafa verið. Það er mjög umdeilanlegt og ætti að skoða og út á það gengur þessi tillaga að það verði litið til fleiri átta, vegna þess að það er ekki bara að þetta komi niður á öryrkjum eins og hv. þm. Helgi Hjörvar kom inn á, heldur er þetta líka til óhagræðis fyrir þá sem geta stundað vinnu en hafa kannski litlar tekjur og leita þá til þeirra leiða, óyndisúrræðis, að skilja til þess að ná út úr þessu tryggingakerfi sem er náttúrlega fyrst og fremst ætlað til þess að bæta þeim bág kjör sem verst eru settir.

[17:45]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir svar hans. Ég heyri að við erum að mörgu leyti sömu skoðunar þegar kemur að þessum málum. Ég get tekið undir að vert sé að skoða stöðu hjóna víðar en hjá örorkulífeyrisþegum og að víðar geti verið gildrur eins og tenging við tekjur maka örorkulífeyrisþega sem ég nefndi í fyrra andsvari mínu.

Ég vil árétta að ég tel að Alþingi gangi enn of langt í að skerða tekjur öryrkja vegna tekna maka þeirra. Þó að sú skerðing sé komin niður í 8 þús. kr. á mánuði þá tel ég enn of langt gengið í því efni. Ég tel að það að hafa 50 þús. kr. á mánuði sér til framfærslu ævina út sé alls ekki viðunandi, virðulegur forseti, þó að það varði kannski ekki akkúrat efni þessarar þáltill. En ég get stutt þá hugsun sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur lýst að felist í henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar um aðbúnað skipverja, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GAK, 48. mál. — Þskj. 48.

[17:47]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn."

Í greinargerð segir að árið 1936 hafi Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, samþykkt tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli varða velferð sjómanna í höfn og fela í sér aðstöðu varðandi heilsu, þ.e. hættu sem steðja að heilsu sjómanna í höfn og meðferð í veikindum, ásamt gistiaðstöðu, tómstundahúsnæði, möguleika á að geta sent peninga til fjölskyldna sinna og upplýsingamiðlun til sjómanna um velferðaraðstöðu ýmiss konar. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin, þ.e. önnur en Ísland, voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Síðastliðna hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana, sjómannastofa, annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa allt aðrar forsendur verið ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Stórflutningaskip flytja mestan hluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum, en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn koma í hafnir á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári, þ.e. hafnirnar í Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og við Grundartanga.

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á að láta fara fram viðamikla könnun sumarið 2000 meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar.

Niðurstaða þessarar könnunar leiddi afdráttarlaust í ljós að mikil þörf er fyrir eftirtalda þjónustu: Síma og tölv-

ur, póstþjónustu, ferðaþjónustu, veitingaþjónustu, bókasöfn, myndbönd, líkamsrækt, guðsþjónustu og þannig mætti lengi telja.

Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO nr. 163 frá 1987, en í henni eru nú öll þau atriði sem voru í tilmælunum nr. 48 frá 1936. ILO-samþykkt nr. 163 er síðan útfærð nánar í sérstökum tilmælum. Tólf ríki hafa fullgilt þessa samþykkt og þar með tryggt fjármagn til þeirrar starfsemi sem sjómannaþjónustan byggist á. Í hópi þessara ríkja eru öll Norðurlöndin nema Ísland.

Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 millj. kr., til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með öllum þeim búnaði sem til þarf. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður tekur ekki að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykkt nr. 163 og tilmæli nr. 173 til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á það í samþykkt nr. 163 að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem m.a. er ætlað að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar í fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með til teknu hlutfalli af hafnargjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 millj. kr. á ári.

Virðulegi forseti. Íslenskir farmenn hafa um áratuga skeið notið þjónustu erlendra sjómannastofa og ekki óeðlilegt að óskað sé eftir því að Íslendingar svari í sömu mynt og veiti þá þjónustu sem þeir hafa notið um áratuga skeið. Ég vona að þessi þáltill. fái brautargengi og legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 91. mál (fjárhagsaðstoð sveitarfélags). — Þskj. 91.

[17:53]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Þeir hv. þingmenn sem flytja málið með mér eru hv. þm. Össur Skarðhéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Björgvin G. Sigurðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson og Jóhann Ársælsson.

Markmið þessa frumvarps er að felldur verði niður skattur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þeir einstaklingar og fjölskyldur sem hafa ónógar tekjur sér og sínum til lífsviðurværis.

Rökin fyrir afnámi skattlagningarinnar eru augljós. Um er að ræða neyðaraðstoð sem ætluð er til skamms tíma og þar af leiðandi um lágar upphæðir að ræða, enda hugsaðar til þess að fólk geti dregið fram lífið í stuttan tíma meðan verið er að komast yfir erfiðleika. Af sjálfu leiðir að afar óeðlilegt er að taka skatt af slíkum bótum. Skattlagning fjárhagsaðstoðar hefur líka leitt til þeirrar tilhneigingar að halda bótunum sem næst skattleysismörkum til að reyna að forðast skattlagningu þeirra. Skattleysismörkin hafa á undanförnum árum ekki fylgt almennum verðlagshækkunum og vísitölu sem aftur hefur því leitt til þess að fjárhagsaðstoðin hefur lítið hækkað.

Óeðlilegt er að skattleggja þessa fjárhagsaðstoð enda er hún aðeins veitt þeim sem ekki eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Ekki er óalgengt að þeir sem leita sér fjárhagsaðstoðar þurfi aftur að leita aðstoðar gagngert til að geta greitt skatta af fjárhagsaðstoðinni sem þeir fengu árið áður. Það sýnir kannski best fáránleika málsins. Þetta sýnir kannski best hve fáránlegt er að skattleggja slíka neyðaraðstoð.

Frú forseti. Ég tel næsta víst að ef á það mundi reyna í þingsölum þá hefði þetta mál þingmeirihluta. Ég held að allir flokkar, nema Sjálfstfl., hafi skilning á að það eigi að afnema skattlagningu á slíka fjárhagsaðstoð. Ég minnst þess að þegar ég var í stóli félagsmálaráðherra hafði ég oft á orði að óeðlilegt væri að skattleggja þessa fjárhagsaðstoð, reyndar var það svo að húsaleigubætur komust ekki á, hlutu ekki samþykki Sjálfstfl., nema þær yrðu skattlagðar. Þetta er með sama hætti varðandi fjárhagsaðstoðina. Af einhverjum ástæðum telja sjálfstæðismenn brýnt að hafa peninga af fólki sem í neyð sinni þarf að leita eftir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum.

Þetta er afar sérstætt í ljósi þess að sjálfstæðismenn hafa verið í fararbroddi fyrir því á umliðnum árum að lækka skatta hjá þeim sem mestar hafa tekjurnar, hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar. En það ætlar allt um koll að keyra hjá þeim ef á því er imprað að lækka skatta örlítið á þeim sem minnstar hafa tekjurnar. Fólk sem hefur lágar tekjur eða meðaltekjur og lífeyrisþegar, sem voru fyrir tveimur árum með tekjur undir 90 þús. kr. á mánuði, borga í ríkissjóð einn milljarð af sínum litlu tekjum í skatt. Það er náttúrlega til skammar, frú forseti, að tekinn skuli í skatt einn milljarður af fólki sem á ekki fyrir brýnustu nauðþurftum sér og sínum til framfærslu á milli mánaða.

En með þessu frv. er gerð tilraun til að breyta þessu, frú forseti. Reyndar gerðum við tilraun, þegar stóru skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar fóru í gegn fyrir 2–3 árum, til að flytja brtt. í þá veru að hætta að skattleggja neyðaraðstoð við þá verr settu í þjóðfélaginu en hún var felld af stjórnarmeirihlutanum.

Annars staðar á Norðurlöndum, svo að því sé haldið til haga, hefur ekki verið tekinn skattur af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í Danmörku var þó fyrir þremur til fjórum árum tekin upp skattlagning á fjárhagsaðstoðinni um leið og viðmið aðstoðarinnar var samræmt um allt landið. Þar eru fjárhæðir slíkrar aðstoðar á hinn bóginn líka miklu hærri en hér á landi. Í raun er þeim upphæðum ekki saman að jafna, frú forseti.

Þetta eru ekki háar fjárhæðir fyrir ríkissjóð en skipta öllu fyrir þá sem minnst hafa í þjóðfélaginu. Samkvæmt lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar á árinu 2001 kostar það 120–135 millj. kr. að hætta að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Gera má ráð fyrir nokkuð hærri fjárhæð nú þar sem

fjárhagsaðstoðin hefur aukist mikið á undanförnum árum. Á árinu 2000 fóru tæplega 600 millj. kr. í fjárhagsaðstoð í Reykjavík en áætlað er að fjárhagsaðstoðin verði um 1.200 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þannig hefur fjárhagsaðstoðin aukist um helming á stuttum tíma, þ.e. frá árinu 2000.

Hvaða skýringar eru á þessu, frú forseti? Ja, þær má tína til margvíslegar. Við höfum oft rætt það hér í þingsölum að fátækt hefur verið að aukast í þjóðfélaginu og hvernig hjálparstofnanir hafa þurft að koma til með neyðaraðstoð og matargjafir handa fólki sem hefur ekki átt fyrir mat út mánuðinn eða hefur ekki getað haldið jólin á eðlilegan hátt. Þetta höfum við verið að sjá í góðæri undanfarinna ára. Við höfum séð þetta í Hjálparstofnun kirkjunnar, mæðrastyrksnefnd og hjá sveitarfélögum þar sem fjárhagsaðstoðin hefur blásið út.

Við höfum vissulega séð það líka að þegar ríkisstjórnin hefur skert lífeyrinn eins og hún hefur gert frá 1996 með því að afnema tengingu lífeyris við launavísitölu og breyta viðmiði að því er varðar atvinnuleysisbætur hafa lífeyrisgreiðslur og einkum atvinnuleysisbætur verið skertar svo verulega að ef þær hefðu í dag sama viðmið og þær höfðu á árinu 1996 væru þær 15 þús. kr. hærri á mánuði. Það er verið að hafa af atvinnulausum, þeim sem minnst hafa milli handanna, um 180 þús. kr. á ári, frú forseti. Þetta hefur haft þær afleiðingar að þegar verið er að rýra kjör þessa fólks sem verst er statt í þjóðfélaginu svo verulega eins og gert hefur verið á umliðnum árum kemur það auðvitað út í auknum útgjöldum hjá sveitarfélögum vegna þess að meiri þörf verður fyrir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum. Ríkið ýtir raunverulega útgjöldum yfir á sveitarfélögin og býr svo um hnútana að þeir sem verst hafa það í þjóðfélaginu þurfa að leita eftir aukinni aðstoð hjá sveitarfélögum gegnum fjárhagsaðstoðina. Þetta sjáum við í þeim tölum sem ég nefndi, þ.e. bara fyrir Reykjavík eina hefur fjárhagsaðstoðin tvöfaldast, farið úr 600 millj. í 1.200 millj. á þessu ári.

Mér finnst furðulegt, virðulegi forseti, að ekki skuli heyrast meira frá sveitarfélögunum vegna þess að það er algengt að ríkisvaldið fari í gegn með alls konar lagabreytingar í þinginu án þess að hafa um þær samráð við sveitarfélögin. Við getum bara rifjað upp að þegar skattalagabreytingin sem auðveldaði það að færa rekstur úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög fór í gegn var reiknað út að með þeirri lagabreytingu — það jókst mjög að einstaklingar flyttu starfsemi sína yfir í einkahlutafélög út af skattalegu hagræði — skertust tekjur sveitarfélaganna um einn milljarð. Ég hygg að ég muni þá tölu rétt. Með því að skerða lífeyri og atvinnuleysisbætur er verið að koma útgjöldum bakdyramegin yfir á sveitarfélögin. Þessu er brýnt að halda til haga þegar við ræðum þetta mál sem ég hélt að væri sjálfsagt að gæti farið í gegnum þingsalina og orðið að lögum vegna þess að eins og ég segi er ekki forsvaranlegt að skattleggja þessa fjárhagsaðstoð.

Hverjir eru það sem njóta fyrst og fremst fjárhagsaðstoðarinnar? Það eru einstæðir foreldrar, einstaklingar eru vaxandi hópur þeirra sem leita sér fjárhagsaðstoðar og síðan eru það lífeyrisþegar, atvinnulausir og tekjulágar, barnmargar fjölskyldur. Þetta er hópurinn sem er verið að seilast í vasann hjá. Þegar hann hefur leitað sér fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum er hún skattlögð hinum megin og með þeim afleiðingum, eins og ég sagði, að þetta bítur allt í skottið á sjálfu sér og viðkomandi þarf oft að leita aftur til sveitarfélaganna til þess að eiga fyrir skattlagningunni á fjárhagsaðstoðina.

Það er auðvitað mjög mismunandi hversu lengi fólk hefur þörf fyrir fjárhagsaðstoð. Það er algengt að það sé um nokkurra mánaða skeið en það hefur verið reiknað út að 5–10% af heildinni hafi á undanförnum þremur árum fengið fjárhagsaðstoð í ár eða lengur. Fólk þarf orðið að treysta mjög á það, ekki síst atvinnulausir. Þeir sem vegna veikinda eða annarra erfiðleika hafa ekki getað verið á vinnumarkaðnum þurfa að treysta svona lengi á fjárhagsaðstoðina, eitt ár eða lengur. Virðulegi forseti. Það eru ekki bara atvinnulausir og lífeyrisþegar sem endar ná ekki saman hjá sem þurfa að leita sér fjárhagsaðstoðar, heldur er það í vaxandi mæli fullvinnandi fólk sem nær ekki endum saman. Það segir auðvitað sína sögu vegna þess að ég held að það sé ekki langt um liðið, kannski örfá ár síðan við fengum einmitt þær upplýsingar að það væru ekki bara þeir sem ættu við mikla erfiðleika að stríða vegna atvinnuleysis, heilsubrests eða annars sem þyrftu að leita sér fjárhagsaðstoðar, heldur líka fullvinnandi fólk.

Sýnt hefur verið fram á það með ýmsum talnalegum samanburði í norrænum könnunum að útgjöld vegna félagslegrar aðstoðar eru hvað minnst á Íslandi. Það er ekki eins og hægt sé að líta á það, eins og mér finnst stundum sumir gera, sem þjóðfélagið standi og falli með því að það séu skertar atvinnuleysisbætur eða kjör þeirra verst settu. Við veitum, virðulegi forseti, miklu minna fé til þessara félagslegu þátta en grannþjóðir okkar sem við berum okkur saman við, miklu minna til lífeyrismála elli- og örorkulífeyrisþega, miklu minna til málefna barna og atvinnulausra og er það auðvitað einstakt. Það verður lengi í minnum haft þegar þeir stjórnarflokkar sem að þessari ríkisstjórn standa komu úr kosningum þar sem þeir ætluðu allt að gera fyrir þá sem verst höfðu það. Ég minnist þess, virðulegi forseti, að ég sat stóra ráðstefnu sem ASÍ boðaði til þar sem kynnt var skýrsla um neyðaraðgerðir fyrir fátækt fólk, m.a. atvinnulausa þar sem lagt var til að atvinnulausir fengju lágmarkslaun í atvinnuleysisbætur, þ.e. 93 þús. Þá vantaði ekki að forsvarsmenn stjórnarflokkanna, hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. ef ég man rétt, sem mættu á þann fund hefðu góð orð um að virkilega þyrfti að bretta upp ermar, taka til hendi við að bæta kjör þeirra sem verst hafa það í þjóðfélaginu.

En hvert er svo þeirra fyrsta verk, virðulegi forseti? Það er að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, ráðast að atvinnuleysisbótunum, skerða þau smánarkjör sem atvinnulausir hafa, um 77 þús. kr. á mánuði, skerða þau í fyrsta mánuði í atvinnuleysinu um 10 þús. kr. Ég spái því, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. verði fyrr en seinna rekinn til baka með þá ætlan sína að skerða kjör atvinnulausra og ætli það verði ekki hæstv. forsrh., sem oft er í skjóli þegar verið er að ræða erfiða hluti sem snerta skerðingu á félagslegum réttindum eða í heilbrigðiskerfinu, sem komi fram áður en fjárlög verða afgreidd og tilkynni að hætt verði við að skerða þessa þrjá daga hjá atvinnulausum. Þessu spái ég, virðulegi forseti. Og ég trúi því ekki að verkalýðshreyfingin ætli að láta þetta verða einhverja skiptimynt í kjarasamningum, skiptimynt í staðinn fyrir launabætur svo sjálfsagt sem það er að ríkisstjórnin falli frá þeirri ósvinnu sem það er að skerða atvinnuleysisbæturnar. Ég skora á hæstv. félmrh. að verða fyrri til, verða á undan hæstv. forsrh., að tilkynna þjóðinni, tilkynna atvinnulausum, tilkynna fátæku fólki, að hann hafi gert mistök þegar hann blessaði þetta í fjárlagafrv. sem nú er til meðferðar í þinginu. Það er slæmt, virðulegur forseti, að hann geti ekki verið við þessa umræðu og rætt við okkur

um þennan þátt mála. Félagslega aðstoðin, félagsþjónustan, heyrir undir ráðuneyti hans þannig að það hefði verið mjög gott að fá afstöðu hæstv. ráðherra til þessa máls sem við ræðum hér. Mér skilst, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. sé bundinn á Norðurlandaráðsfundi þannig að hann hefur auðvitað lögmæt forföll, ef ég veit rétt.

Ég vil aðeins drepa á eitt, virðulegi forseti, það vantar töluvert upp á að reglur um fjárhagsaðstoð séu samræmdar milli þessara u.þ.b. 100 sveitarfélaga og ég tel, virðulegi forseti, að það væri þarfaverk ef menn yndu sér í að reyna að samræma slíkar reglur milli sveitarfélaga. Víða um land hafa sveitarfélög sameinast um félagsmálanefndir og eru reglurnar því mun færri en sveitarfélögin en mér finnst Reykjavíkurborg hafa nokkra sérstöðu varðandi fjárhagsaðstoðina. Þar er t.d. ekki tekin með fjárþörf vegna barna en á móti eru meðlög, mæðralaun og barnabætur ekki reiknuð til tekna við útreikning fjárhagsaðstoðar. Það er viðurkennt með þessu að t.d. barnabæturnar séu raunveruleg eign barnanna eins og gert er víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við og þetta sé eitthvað sem á að taka út fyrir sviga og ekki tekjutengja eins og við gerum hér. Sennilega tekjutengir ekkert ríki sem við berum okkur saman við barnabætur. Þau eru a.m.k. mjög fá. Mig minnir að þau hafi verið eitt eða tvö síðast þegar ég skoðaði það, virðulegi forseti. Sum sveitarfélög telja allar greiðslur með börnum til tekna með börnum nema umönnunarbætur og reikna síðan framfærslu þeirra með í fjárþörfina. Þessar aðgerðir koma auðvitað misvel út miðað við aðstæður fjölskyldna og geta fjölskyldur sem búa við sambærilegar fjárhags- og félagslegar aðstæður fengið mismunandi aðstoð eftir sveitarfélögunum.

Virðulegi forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar. Málið skýrir sig mjög sjálft og er einfalt í sniðum. Þetta er aðeins ein grein þar sem lagt er til að styrkur sem greiddur er með fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi verði undanþeginn skattlagningu. Ég hef trú á því þar sem ekki er um mikil fjárútlát fyrir ríkissjóð að ræða, um 200 millj., að þetta mál hafi breiðan stuðning hér á þingi. Það væri fróðlegt að fá fram, og þjóðin vissi þá um það, hvers vegna Sjálfstfl. hefur ávallt lagst gegn því að afnema þessa skattlagningu á fátækasta fólkið, það fólk sem minnst ber úr býtum í þjóðfélaginu. Fyrir því eru ekki nokkur rök. Eina ferðina enn er gerð tilraun til að ná þessu máli í gegnum þingið. Nú er kominn nýr formaður í efh.- og viðskn., hv. þm. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s. Ég veit ekki hvort það veit á að þetta mál eigi greiðari aðgang í gegnum þingið og geti orðið að lögum en ég heyrði að hv. þm. bað um orðið og við bíðum spennt eftir afstöðu hans til þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:14]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér hvort fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna skuli undanþegin skatti, ekki sagt beinum orðum hvað gerist ef fjárhagsaðstoðin leggst við aðrar tekjur skattþegans, þ.e. ef hann hefur t.d. fjármagnstekjur eða vinnur utan við fjárhagsaðstoðina sem ekki er bannað. Hvað ætla menn að gera þá?

Ég er alltaf á móti því að skilgreina vissar tekjur sem ekkitekjur. Skattalögin ganga út frá því að skattleggja eigi allar tekjur, hvort sem menn vinna við að skúra einhvers staðar, vinni á skrifstofu, afgreiði, hafi tekjur úr lífeyrissjóði eða frá sveitarfélagi. Skattkerfið gengur út á það að allar tekjur séu skattlagðar. Ég hugsa að við búum til enn meira misræmi í kerfinu ef við ætlum að hafa fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna skattfrjálsa vegna þess að það er til fólk, því miður, sem vinnur á mjög lágum launum, 120 þús. kr., ég þekki dæmi þess, allan daginn og borgar af því skatta að sjálfsögðu. Það fólk þyrfti þá að horfa upp á aðra sem væru með skattfrjálsa fjárhagsaðstoð sveitarfélags og væri hugsanlega að vinna við hliðina á því, en borgar ekki skatta af sömu ráðstöfunartekjum, af sömu tekjum til heimilisins. Þetta er það sem menn eru að búa til með svona undanþágum. Tekjur eru tekjur, frú forseti, hvort sem þær koma frá sveitarfélagi eða annars staðar frá.

Nú er það svo að sá sem fær eingöngu bætur frá sveitarfélagi borgar sárasjaldan skatta í dag, enda kemur það fram í frv. og þá skil ég ekki hver vandinn er. (Gripið fram í.) Hver er vandinn? Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er misjöfn, sennilega hvað hæst í Reykjavík og hún er um og undir skattleysismörkum. Vandinn er því að þeir sem eru að vinna til viðbótar eða hafa tekjur annars staðar frá, fjármagnstekjur eða slíkt, borga þá skatt og mér finnst það í rauninni í lagi miðað við þá sem vinna fyrir svipuðum tekjum og borga skatta.

Ef við tölum um önnur lönd, Norðurlöndin sérstaklega, þá hygg ég að í fáum löndum sé eins hátt frítekjumark og á Íslandi. Í Danmörku er það miklu lægra þannig að menn byrja að borga þar skatta af sáralágum tekjum. Svo hlýtur fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna að taka mið af öllu því umhverfi sem búið er til. Það tekur að sjálfsögðu mið af barnabótum skattalaganna, það tekur mið af meðlögum, það tekur mið af gjaldi í RÚV sem er nefskattur sem allar fjölskyldur borga jafnt, hvort sem það er hátekju- eða lágtekjufólk, hvort sem einn eða sex eru í heimili, sem er mjög óréttlátur skattur, frú forseti. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna hlýtur að taka mið af þessu, enda kom fram í ræðu 1. flm. að Reykjavíkurborg tekur ekki mið af barnabótum skattalaganna og meðlögum í útreikningi en veitir heldur ekki neina sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir börnin en auðvitað kosta þau heilmikið og það er ósanngjarnt hjá Reykjavíkurborg að foreldrar sem eiga börn fái sömu aðstoð og fólk án barna. Og auðvitað hlýtur foreldri að standa kostnað af uppeldi barns síns þó að það fái meðlag og barnabætur. Þær greiðslur duga ekki til þannig að þeir sem eiga börn eru verr settir en þeir sem ekki eiga börn. En það er aftur á móti ákvörðun sveitarfélagsins og eins og hv. flm. sagði með eru reglur sveitarfélaganna mjög mismunandi, frú forseti.

Ég er því ekkert yfir mig hrifinn af þessu frv. frekar en öðrum frv. sem menn koma fram með sem minna dálítið á lýðskrum. Menn eru að reyna að koma með vinsæl mál og taka þau upp en átta sig ekki á því umhverfi og þeim breytingum sem það hefur á allt kerfið. Ég vil benda aftur á það að til er fólk sem vinnur allan daginn fyrir 120 þús. kr. á mánuði, borgar af því skatt og iðgjöld í lífeyrissjóð, 4%, félagsgjald til stéttarfélags, 1,5% hugsanlega, og verður síðan að horfa upp á þá sem fá aðstoðina frá sveitarfélaginu sem þetta fólk borgar með sköttum sínum því að það borgar bæði tekjuskatt og líka að sjálfsögðu virðisaukaskatt og útsvar, allir borga útsvar, það er prósentur af tekjum. Það þarf því að gæta samræmis við hina sem fá bæturnar. Þess vegna finnst mér ekki skynsamlegt að hafa einar tekjur skattfrjálsar af því að þær heita bætur en aðrar tekjur skattaðar af því að þær eru fyrir að skúra gólf eða eitthvað slíkt.

[18:20]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég er einn af þremur flm. þess frv. sem hér er til umfjöllunar, ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, en þær eru sem kunnugt er löngu landsþekktar af baráttu sinni fyrir félagslegu réttlæti og aukningu þess í landinu. Ég fagna því mjög að geta átt aðild að frv. nú því að sem formaður félagsmálaráðs Reykjavíkur þurfti ég fyrr á árum að gangast fyrir því að staðgreiðsla skatta yrði tekin af þeirri fjárhagsaðstoð sem þá var greidd og er greidd mánaðarlega af Félagsþjónustunni í Reykjavík og gerði það satt að segja með mjög blendnum hug því að það er, virðulegur forseti, í rauninni bara eins og hver önnur vitleysa að sveitarfélög rétti fólki í neyð, í fjárhagsneyð því að fjárhagsáætlun sveitarfélaga er tímabundin neyðaraðstoð, 2 kr. og af hverjum 2 kr. sem sveitarfélagið réttir því hirðir ríkið 1 kr. Og til að koma til skila neyðaraðstoð til fátæks fólks þá þurfi sveitarfélögin að reiða fram í rauninni tvöfalt meira en þyrfti til, vegna þess að einhver helgisiðaleikur í ríkisfjármálum hefur búið til það lögmál að engar undanþágur megi vera í því háheilaga kerfi, skattkerfinu.

Ég vil líka lýsa sérstaklega vanþóknun minni á ræðu hv. þm. Péturs Blöndals og vonbrigðum í rauninni með þær undirtektir sem málið fær hjá formanni efh.- og viðskn. Ég verð að segja um það mál sem hv. þm. hafði um þetta hér í ræðustól, virðulegur forseti, að það hafi lýst nokkuð yfirgripsmikilli vanþekkingu á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, hvernig hún er, að hverjum hún beinist, hvaða upphæðir þar um ræðir og hverja það helst snertir.

Hv. þm. Pétur Blöndal þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af fólki sem hefur 120 þús. kr. á mánuði á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Víðast hvar eru viðmiðunarmörk fjárhagsaðstoðar rétt liðlega 70 þús. kr. á mánuði og þeir sem vinna sér inn 120 þús. kr. á mánuði þurfa ekkert að sjá neinum ofsjónum yfir því þó að það fólk sem fær í neyðaraðstoð 70 þús. kr. á mánuði þurfi ekki að borga af því skatt (**PHB:** Það gerir það ekki.) né heldur af hinni fjárhagsaðstoðinni sem þó einkum kemur til skattlagningar. Og nú er rétt að ég upplýsi hv. þm. Pétur Blöndal nokkuð um veruleikann í samfélaginu og landinu vegna þess að þær 200 millj. sem innheimtar eru í skatttekjum af fjárhagsáætlun sveitarfélaga stafa að verulegu leyti af því þegar sveitarfélög þurfa að koma að fjármálum einstaklinga og fjölskyldna sem komin eru í algeran ólestur. Sveitarfélög þurfa að koma að málum þar sem einstaklingar hafa orðið illa úti vegna ábyrgðarskuldbindinga, vegna heilsubrests og tekjutaps um lengri tíma, lent í óviðráðanlegum vanskilum með húsnæði sitt og eiga það á hættu að missa húsnæði sitt og hafa fyrir börnum að sjá. Sveitarfélögin sjá sig knúin til þess að ganga inn í þau mál til að leysa úr því neyðarástandi sem uppi er og tryggja einkum þeim börnum sem í hlut eiga öruggt og tryggt heimili til frambúðar. Þrátt fyrir að slík áföll hafi hent fjölskyldurnar geta komið til talsverðar upphæðir í fjárhagslegan stuðning einu sinni til að leysa úr slíkum vanda og getur jafnvel hlaupið á hundruðum þúsunda. Ég hygg að í Reykjavík sé dæmi um mjög verulegan stuðning við einstaklinga sem hafa safnað upp langvarandi húsaleiguskuldum við Reykjavíkurborg en verið þar í félagslegu húsnæði.

Hvað gerist síðan þegar því fólki hefur verið veitt aðstoð til að komast út úr slíkum vanda og búið að reyna að koma því á rétta braut? Þá fær það bakreikning í skattauppgjörinu upp á 38,9% skatt af í rauninni neyðaraðstoð við að gera upp skuldir á fyrra ári. Og þá stendur hlutaðeigandi frammi fyrir nýjum vanda, yfirleitt með tekjur sem rétt duga fyrir framfærslu án þess að vera í neinni aðstöðu til að geta reitt af hendi 40% skatt af fjárhagsaðstoð sem öll fór í að gera upp skuldir á fyrra ári. Þannig held ég að við höfum ófá dæmin um að fólk sem búið var að hjálpa til þess að vera sjálfbjarga til að láta enda ná saman þrátt fyrir lítil efni, hjálpa því til að halda húsnæði sínu og fjölskyldu saman, að vegna þessa skipulags komum við því aftur í stökustu vandræði árinu síðar. Ég held að það sé ekkert mjög flókið að þær 200 millj. sem verið er að innheimta af því fólki sem á við sárustu fátæktina að glíma í íslensku samfélagi, því fólki sem er á framfæri sveitarfélaga a.m.k. um skamman tíma vegna sannanlegs neyðarástands, það séu 200 millj. sem ríkissjóður geti vel séð af í sköttum sínum. Þó að ég geti út af fyrir sig verið sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að menn þurfi að fara hóflega með undanþágur í skattkerfinu, þá get ég ekki verið sammála hv. formanni efh.- og viðskn. um að í skattkerfinu megi engar undanþágur vera. Ég held að það sé einfaldlega ekkert vit að hið opinbera sé að veita bætur, neyðaraðstoð með annarri hendinni og taka helminginn af því til baka með hinni hendinni. Ég held að það sé ákaflega flókið og ógagnsætt kerfi, ég tala nú ekki um þegar eitt stjórnsýslustigið, sem eru sveitarstjórnirnar sem veitir bæturnar, en annað stjórnsýslustig, þ.e. ríkið, sem tekur skatttekjurnar. Ég held t.d. að það hafi verið mikið framfararspor að hætta að skattleggja húsaleigubætur og það hafi sannarlega verið kjarabót sem reyndist hinum lægst launuðu hvað best. Ég minni líka á að oft í umræðu um skatta tala menn um það í þessum sal og í fjölmiðlum landsins að ekki sé hægt að hækka skattleysismörkin vegna þess að hvert prósent sé svo dýrt eða hverjar þúsund krónur í skattleysismörkum.

Á síðustu árum hafa menn verið að auka skattbyrði hinna lægst launuðu með því að tregðast við að láta skattleysismörkin fylgja launavísitölunni og hafa réttlætt það með því að það sé svo erfitt vegna þess að það að hækka persónuafsláttinn nái til allra og það sé svo slæm leið við að bæta kjör hinna lægst launuðu að hækka með þeim hætti persónuafsláttinn. En ef menn vilja ekki fara þá leið geta þeir ekki líka hafnað því að grípa til sértækra aðgerða til að létta sköttum af þeim sem við lægsta framfærslu búa í landinu eins og þeim sem búa við fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Menn verða þá að vera á annarri hvorri skoðuninni, hv. þm. Pétur Blöndal, að beita eigi sértækum aðgerðum til að létta sköttum af þeim sem verst eru settir eða að menn eigi að hækka skattleysismörkin meira en verið hefur. En það er auðvitað lýsandi um þróun þeirra að menn eru farnir að borga skatta af fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.

[18:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef staðið að því að aðstoða fólk við að skilgreina skuldir sínar, kortleggja þær og greiða þær niður oft af ekki mjög háum tekjum og menn hafa lagt mjög hart að sér í mörg ár við að koma skuldum sínum á hreint. Þetta fólk sem oft er ekki með háar tekjur borgar skatta af öllum sínum tekjum áður en það borgar niður skuldirnar. Það verður svo að horfa upp á aðra sem fá fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu og þurfa ekki að borga skatta af tekjum sínum og fá skuldir sínar felldar niður.

Það er kannski rétt sem hv. þm. sagði með uppáskriftir, þeim óvana og ósið á íslenskum fjármálamarkaði, að þar

geta menn lent í mjög slæmum málum. Auðvitað eru menn fjárráða. Auðvitað eiga menn að hafa vit á þessu en margir gera það ekki og skrifa upp á í einhverju léttlyndi, jafnvel fyrir lánasjóðinn og þurfa síðan að standa skil af þeim greiðslum, oft milljónum. Þetta er mjög slæm staða oft á tíðum og ég hef verið eindreginn stuðningsmaður hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar í því að taka á þessum málum. En við skulum alltaf passa okkur á því að það er til fólk sem leggur mjög hart að sér að borga skuldir sínar niður og við þurfum að gæta samræmis milli þess fólks sem þarf að borga skatta af tekjum sínum að fullu á móti hinum sem fá fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna til að gera upp skuldir sínar og eiga að fá það skattfrjálst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 98. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 98.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 99. mál. — Þskj. 99.

[18:32]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvíki Bergvinssyni, Jóhanni Ársælssyni, Björgvin G. Sigurðssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Þessi tillaga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að afnema verðtryggingu á inn- og útlánum í áföngum sem og að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Nefndin skal skipuð með aðild aðila vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.“

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Afar mikilvægt er að kostir og gallar þess séu metnir af fyllstu varfærni, en ljóst er að verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Lagt er til að nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila, atvinnulífs og hins opinbera. Jafnframt er lagt til að sett skuli fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi í langan tíma. Meginforsendan fyrir verðtryggingunni var að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum. Jafnframt hafði verðtrygging verulega þýðingu til að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Stundum, a.m.k. af og til hér í þingsölum, hafa komið upp raddir um að afnema beri verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Ég man eftir því að fyrir 15–20 árum var viðkvæðið að það þyrfti að ríkja stöðugleiki um nokkurn tíma til að menn treystu sér út í að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Nú hefur ríkt stöðugleiki um nokkurra ára skeið og því rétt og eðlilegt að þetta mál verði skoðað með þeim hætti sem hér er lagt til.

Það verður að líta til þess að efnahagslegar aðstæður eru í dag allt aðrar en þær sem kölluðu á verðtryggingu undir lok áttunda áratugarins þegar verðbólga var mjög sveiflukennd og sparifé landsmanna brann upp á verðbólgubálinu. Veruleg breyting hefur orðið á fjármálamarkaðnum. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu. Auk þess sem innleitt hefur verið frelsi í vaxtaákvörðunum er fjármagnsflæði milli landa orðið vaxandi þáttur í atvinnulífinu. Jafnframt því eru fyrirtæki í auknum mæli að færa út starfsemi sína til annarra landa. Verðtryggingin hafði vissulega afar jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn, einkum fyrir peningalegan sparnað, og var því nauðsynleg á tímum niðursveiflu og mikillar verðbólgu.

Virðulegi forseti. Stöðugleiki hefur varað í hartnær tíu ár með nokkrum undantekningum í verðbólguskotum sem staðið hafa í tiltölulega skamman tíma. Þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankinn vinnur nú eftir ættu líka að auðvelda gerð skipulegrar áætlunar um afnám verðtryggingar í áföngum. Vissulega er mikilvægt að markaðurinn hafi trú á viðvarandi stöðugleika og sterkri peningamálastjórn. Það er einmitt ein meginástæða þess að rétt er að fara varlega í sakirnar eins og hér er gert ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þá tillögu sem hér liggur fyrir. Ég geri mér fulla grein fyrir þeim áhyggjum sem ýmsir hafa af því að afnema verðtrygginguna. Það er einmitt ástæðan fyrir því að hér er varlega stigið til jarðar. Ýmsir munu halda því fram að þetta leiði til þess að erfiðara verði að fá lánsfé til lengri tíma. Ég get út af fyrir sig tekið undir það. Á því er ákveðin hætta. Menn telja líka að lánastofnanir muni áskilja sér hærra áhættuálag í vöxtum og því hærri sem þeir telja að verðbólgan verði, þeim mun hærri verði nafnvextirnir. Því hræddari sem þeir yrðu um að verðbólgan gæti aukist, þeim mun hærra yrði verðbólguálagið og þar með vextirnir. Þetta eru rök sem teflt er fram og vissulega ber að horfa til en engu að síður þurfum við að feta okkur með markvissari hætti en gert hefur verið út úr verðtryggingunni. Þess vegna er þessi tillaga sett fram.

Það er sett fram í greinargerðinni að líklega sé fyrst í stað skynsamlegast að afnema verðtrygginguna á fjárskuldbindingum, lánveitingum, til skemmri tíma en 20 ára. Ég hygg að það gæti verið ein leið sem vert væri að skoða. Einnig

er lögð áhersla á að skoðað verði að heimila að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:38]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það er rétt sem kom fram í ræðu hv. þm., að verðtryggingin var á sínum tíma tekin upp til að bjarga innlendum sparnaði sem stefndi óðfluga í hrun vegna þess að raunvextir voru mínus 10% til mínus 20%. Við bjuggum sem sagt við óðaverðbólgu. Það tókst að bjarga stöðu innlends sparnaðar. Sérstaklega, frú forseti, tókst að bjarga lífeyrissjóðunum. Það er beint samhengi á milli verðtryggingar í þjóðfélaginu og verðtryggingar lífeyris lífeyrissjóðanna, frú forseti. Vilji menn afnema verðtryggingu, eins og einu sinni voru uppi hugmyndir um, með einu pennastriki, væru þeir í raun um leið að afnema verðtryggingu á lífeyri lífeyrisþeganna og lífeyrissjóðanna. Þeir borga helming af öllum lífeyri í landinu.

Laun hafa hækkað miklu meira en verðlag undanfarin ár. Sumir þakka það erlendum aðstæðum, aðrir þakka það ríkisstjórninni. Ég hallast að sjálfsögðu að því seinna, frú forseti. Skuldbindingar vegna lána hafa því lækkað miðað við laun og horfir meira að segja til vandræða hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Menn eru farnir að borga lánin svo hratt niður að þeir eru farnir að kvarta undan því. En þeir máttu gera ráð fyrir því, þegar þeir tóku lánin, að þau stæðu til miklu lengri tíma og launin mundu ekki hækka svona mikið. Þar er borgað hlutfall af launum í afborganir.

Vandinn í þessu er kannski að verðtryggingin hækkar eins og verðlag, þ.e. lífeyrir hjá lífeyrissjóðunum, en ekki eins og laun eins og t.d. bætur frá Tryggingastofnun hafa gert. Þetta er einn þáttur í vanda lífeyrisþega sem aldrei er nefndur.

Við búum í dag við tvískiptan lánamarkað og allir sem vilja, frú forseti, geta tekið óverðtryggð lán. Vilji menn ekki taka verðtryggð lán, þá bara verði þeim að góðu og taki óverðtryggð lán. Vilji menn endilega fara með verðtryggð lán yfir í óverðtryggð þá geta þeir borgað upp sitt verðtryggða lán og tekið óverðtryggt. Það er (**JóhS:** En til hve langs tíma?) bara allur vandinn. Það sem gerist er einmitt, frú forseti, að menn fá það ekki til eins langs tíma. Hvernig skyldi nú standa á því? Það er vegna þess að áhætta þess sem á fjármagnið, oft og tíðum lífeyrissjóðs, er of mikil til að lána til langs tíma með óverðtryggðum vöxtum. Þegar verðbólguskotið varð fyrir tveimur árum, 8%, hefðu óverðtryggðir vextir þurft að fara upp í 15–16%. Greiðslubyrðin hefði aukist svo mikið að fólk hefði komist í greiðsluþrot. Maður sem skuldar 5 millj. kr. hefði þurft að borga 15% af því bara í vexti, 750 þús. kr. á ári. Það er ekki viðráðanlegt. Það er nefnilega kosturinn við verðtryggðu lánin. Þau eru mjög þægileg viðureignar upp á greiðslubyrði að gera.

Svo hefur komið fram í könnunum — hv. þm. Helgi Hjörvar kallaði það reyndar eitthvað, ég man ekki hvort hann kallaði það plat, reyndar sagði hann ekki alveg það — að verðtryggðir vextir hefðu alltaf verið lægri en óverðtryggðir. Þetta var mjög einfalt að reikna út áður fyrr þegar Seðlabankinn sá um þetta allt saman en eftir að markaðsvextir voru teknir upp og ýmiss konar lánsform þá er þetta ekki svo auðvelt viðureignar. En menn geta hreinlega prófað að taka verðtryggð lán og óverðtryggð lán eða fá tilboð um hvort tveggja, tilboð á netinu, og borið saman hve mikið lægri vextirnir eru miðað við ákveðnar verðbólguforsendur í verðtryggða láninu. Það hefur komið í ljós að verðtryggð lán eru að sjálfsögðu ódýrari fyrir lántakandann en óverðtryggð lán. Þar er áhættan bæði tekin af lántakanda og lánveitanda. Það er þess vegna sem mörg lönd vilja skoða þá leið að taka upp verðtryggingu. Hins vegar átta menn sig á ákveðinni hættu sem því fylgir, að það getur myndast verðbólga í verðtryggðu myntinni en það er önnur saga.

Þetta frv. er ákveðin forsjárhyggja. Ég held að það sé algerlega óþarft. Það er óþarft nú til dags. Í fyrsta lagi af því að verðbólgan er orðin svo lág, verðlag hefur hækkað mikið minna en laun þannig að það hefur orðið léttara og léttara að borga af þessum verðtryggðu lánum sem einu sinni voru tekin. Menn geta jafnframt valið hvort þeir taka verðtryggð lán eða óverðtryggð. Ég sé því engan tilgang í að vera með svona forsjárhyggju og hafa vit fyrir fólki sem getur tekið verðtryggð lán eða óverðtryggð eftir því sem því sýnist.

[18:44]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og meðflutningsmönnum hennar fyrir þá tillögu sem hér er til umræðu. Ég held að hún sé löngu tímabær og mikilvægt að verðtryggingin sé tekin til alvarlegrar skoðunar, að þegar í stað verði tekin skref í átt til þess að snúa enn frekar af hennar braut. Þó að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að sem nauðvörn fyrir sparnað í landinu fyrir um það bil aldarfjórðungi síðan hafi verðtryggingin verið nauðsynleg, þá held ég að hún hafi hin síðari ár verið okkur til óþurftar. Sannarlega greinir okkur á þar, mig og hv. þm. Pétur Blöndal.

Hann fór yfir það mörgum orðum hversu gríðarleg áhætta væri í því fólgin að afnema verðtrygginguna fyrir lífeyrissjóði og lífeyrisþega — lífeyrisþega lagði hann ríka áherslu á til að málstaður hans væri með þeim hætti að menn gætu samsamað sig honum. Hann á náttúrlega líka við að það væri verið að setja fjármagnseigendur, banka og aðrar fjármálastofnanir í landinu, í verulega áhættu með afnámi hennar.

En hverjum finnst hv. þm. Pétri Blöndal að vert sé að axli þessa áhættu? Jú, hv. þm. Pétri Blöndal finnst ekkert sjálfsagðara en að ungt fjölskyldufólk sem er að stofna heimili og þarf að stofna til mikilla skulda til þess að koma sér upp heimili fyrir sig og fjölskyldu sína taki þá áhættu sem hann ekki treystir fjármagnseigendunum eða fjármálastofnunum til þess að taka. Þar er ég honum ákaflega ósammála og þarf það svo sem, virðulegur forseti, ekki að koma neinum á óvart, enda gæta ég og hv. þm. Pétur Blöndal hagsmuna ólíkra hópa á Alþingi Íslendinga eins og glöggt mátti ráða af orðum hans áðan.

Það var rétt hjá hv. þm. að ég sagði hér fyrr í dag ekki að það væri eitthvert plat að vextir af óverðtryggðum lánum væru hærri en af verðtryggðum lánum. Auðvitað eru vextir af óverðtryggðum lánum á Íslandi hærri en af verðtryggðum lánum. En þá verða menn líka að líta til annarra þátta sem kunna að eiga hlut að máli, svo sem eins og ríkisábyrgða á verðtryggðum bréfum og stöðu á fasteignaveðrétti sem er yfirleitt öllu betri á verðtryggðu lánunum o.s.frv., til þess að um það megi ræða af nokkru viti. Ég benti einfaldlega á að vera kann að í kenningunni eigi raunvextir að vera lægri í verðtryggðu umhverfi. En þegar við berum raunvexti fjárskuldbindinga á Íslandi saman við raunvexti fjárskuldbindinga í nágrannalöndum okkar þar sem ekki er

verðtrygging þá sýnir það sig að hér hafa raunvextir verið umtalsvert hærri en þar. Þess vegna er kenningin í veruleikanum, í praxís, ekki beinlínis að ganga eftir. Það hlýtur að vera hinu háa Alþingi nokkurt umhugsunarefni að þau lönd sem einkum notast við verðtrygginguna eru, eins og fram kom fyrr í dag, Argentína, Brasilía, Chile og Ísrael. Einhvers staðar stendur: Segðu mér hverjir vinir þínir eru og ég skal segja þér hver þú ert. Ég held nú að þessi lönd séu ekki þau lönd sem við Íslendingar teljum farsælast að elta í efnahagsstjórn eða stýringu á fjármálamarkaði. Nei, ég held að það sé mjög mikilvægt að við reynum að vinna okkur út úr verðtryggingunni, sérstaklega á seinni árum þegar skuldsetning heimilanna í landinu er orðin jafngríðarleg og raun ber vitni og kannski ekki síst þegar ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún ætli nú að ráðast í að veita 90% lán til íbúðarkaupa. Það þýðir í raun að þeir sem kaupa sér húsnæði eiga nánast ekkert í húsnæðinu þegar þeir eru að hefja sinn búskap og þá má fólk ekki við neinu. Þá mega lántakendurnir ekki við þeirri áhættu sem hv. þm. Pétri Blöndal er svo umhugað um að forða bönkunum frá. Lántakendurnir mega ekki við 8% eða 9% verðbólguskoti eins og var hér árið 2001 vegna þess að þá eru skuldir þeirra einfaldlega á örskömmum tíma orðnar meiri en eignirnar. Í slíku óvissuumhverfi er óþolandi fyrir nýjar kynslóðir og ungt fjölskyldufólk að reyna að skipuleggja sig fram í tímann. Það hlýtur að vera krafa þeirra að áhættunni sé a.m.k. deilt ef það á ekki einfaldlega að vera svo að sá sem á vöruna eða fjármagnið og selur hana eigi einfaldlega sjálfur að taka áhættuna af því.

[18:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði um áhættu og þá væntanlega áhættu almennings, launþega, af verðbólguskoti eins og var hérna fyrir tveim árum þegar verðbólga fór upp í 8% og skuldirnar jukust sem því nam, verðtryggðu skuldirnar. Hann gleymir því að einn stærsti þáttur í verðbólgu undanfarinna áratuga hefur verið hækkun á húsnæði. Hækkun á húsnæði hefur aukið eignir fólksins. Eignirnar hafa hækkað miklu meira heldur en lánin, alveg sérstaklega í Reykjavík og það er áhætta sem ég mundi gjarnan vilja koma að. Hvort sem menn kaupa það með verðtryggðum eða óverðtryggðum lánum, alveg sama, þá felst áhættan í því að kaupa eign sem hugsanlega er komin í hámark og gæti lækkað í verði. Það er aftur áhætta sem er miklu stærri heldur en það sem við erum að tala um út af einhverju verðbólguskoti. Segjum að fasteignaverð sé komið í efri mörk. Það eru ákveðin efri mörk á fasteignaverði sem markast af nýbyggingarverði og framboði lóða. Ef mikið er byggt vegna þess hvað verðið er orðið hátt þá getur verðið lækkað um 10–15% og þá erum við að tala um miklu meiri áhættu fyrir unga fólkið heldur en það sem talað er um í verðbólgu. Ég vil því spyrja hv. þm.: Hefur hann áttað sig á þessari stöðu og hvernig 90% lánin kynnu að koma inn í það?

[18:51]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir áhyggjur hv. þm. Péturs Blöndals af því sem kann að gerast ef hann og aðrir þingmenn stjórnarliðsins innleiða þessi 90% lán þegar fasteignaverð er trúlega nokkuð nærri því að vera í hámarki. Það er vissulega hætta á verðfalli. Ég held að það séu ekki rök gegn því sem ég hef haldið hér fram. Ég held þvert á móti að það séu rök með því sem ég hef haldið fram vegna þess að með verðtryggingunni er verið að hækka lánin vegna hækkunar á húsnæðismarkaði ár frá ári. En ég á ekki von á því að við sjáum að sama skapi verðhjöðnun í vísitölunni þó að fasteignaverð hrapi á næstu árum. Þá erum við auðvitað í mjög alvarlegri stöðu þegar skuldir heimilanna eru orðnar jafngríðarlega stór hluti af ráðstöfunartekjum þeirra og raun ber vitni og skuldsetning fasteigna orðin svo mikil, hafandi hækkað með verðtryggingunni ár frá ári. Síðan fellur verðið á markaðnum. Þá getur það valdið skyndilegum og óvæntum áföllum fyrir almenning. Ég held að það eigi að reyna að miða kerfin við að forða almenningi frá slíkum skyndilegum og ófyrirsjáanlegum áföllum.

[18:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég gat um þá er meginuppistaða verðbólgu undanfarinna ára hækkun á fasteignaverði Ef fasteignaverð skyldi nú allt í einu lækka, segjum um 10%, þá lækkar vísitalan væntanlega og öll lánin sem eru verðtryggð. En óverðtryggðu lánin halda sínum takti og standa á íbúðunum óbreytt. Ég mundi því telja að ef eitthvað er þá væru verðtryggðu lánin miklu betri í slíkri stöðu til að taka af fólki þessa áhættu sem til kæmi ef fasteignaverð lækkaði, sem maður vonar að gerist ekki. Það er langbest að hafa ákveðna ró yfir þessum hlutum. En ég held að verðtryggðu lánin taki yfirleitt áhættuna af lántakendum líka.

[18:54]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, ég get deilt þeirri skoðun með hv. þm. að heppilegast sé að hafa nokkra ró yfir þessu öllu saman. Þess vegna er ég almennt þeirrar skoðunar, virðulegur forseti, að fjárfestarnir, stórir og burðugir aðilar eins og lífeyrissjóðir og fjármálastofnanir, eigi til lengri tíma að taka þessa áhættu og rukka fyrir hana í hverjum mánuði það áhættuálag sem þeir telja sig þurfa og skapa almenningi þær aðstæður að geta tekið lán, geta gert sér grein fyrir því hvað lánin munu kosta og geta gengið út frá því sem vísu, en ekki að almenningur taki þá áhættu og að við fáum hér hækkanir eða lækkanir á fasteignamarkaði, verðbólguskot eins og 2001 eða verðbólguhryðju eins og upp úr 1980 sem kollsigli kannski heila kynslóð í húsnæðismálum. Ég tel slíkt fyrirkomulag til lengri tíma litið beinlínis óheppilegt og þess vegna eigi þessi áhætta að vera hjá lánveitendunum.

Ég held líka að þetta fyrirkomulag verðtryggingarinnar hafi dregið úr aðhaldi á efnahagsstjórnina vegna þess að fólk sá ekki hversu gríðarleg áhrif 8% eða 9% verðbólga árið 2001 hafði. Það var bara falið einhvers staðar inni í verðtryggingunni. Ég held þess vegna að verðtryggingin hafi dregið úr því nauðsynlega aðhaldi að efnahagsstjórninni sem við þurfum að hafa. Ef áhættan lægi hjá fjármálamarkaðnum þá væri aðhaldið og þrýstingurinn þaðan einfaldlega í lagi og við hefðum nokkra ró á þessum mörkuðum.

[18:56]

Útbýting þingskjala:

Farsímakerfið, 221. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 234.

Forsjárlausir foreldrar, 220. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 233.

Skattaívilnanir vegna gjafa og framlaga til mannúðar- og menningarmála, 206. mál, þáltill. EKH o.fl., þskj. 217.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–15., 19. og 23.–25. mál.

Fundi slitið kl. 18:57.

16. FUNDUR

miðvikudaginn 29. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, fsp. JóhS, 76. mál, þskj. 76.

Til dómsmálaráðherra:

2. Endurskoðun laga um meðferð opinberra mála, fsp. ÖJ, 49. mál, þskj. 49.

3. Aukin meðlög, fsp. MF, 128. mál, þskj. 128.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Flutningur sláturfjár yfir varnarlínur, fsp. JÁ, 121. mál, þskj. 121.

Tilhögun þingfundar.

[13:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur fara fram rétt fyrir klukkan fjögur í dag.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Innheimtulög, 223. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 236.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Fsp. JóhS, 76. mál. — Þskj. 76.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Í maímánuði 2001 samþykkti Alþingi þál. þess efnis að ríkisstjórninni væri falið að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum barna og unglinga en flutningsmenn þessarar tillögu voru þingmenn úr öllum flokkum á Alþingi. Markmið stefnumótunarinnar var að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa til sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Á grundvelli stefnumótunarinnar átti að gera 5 ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga. Þessa framkvæmdaáætlun átti að leggja fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002, þ.e. fyrir einu ári.

Mér er auðvitað ljóst, virðulegi forseti, að þetta verkefni er umfangsmikið. Það er til fyrirmyndar að við þessa vinnu hefur verið haft samráð við fjölda aðila sem vinna við þennan málaflokk auk þess sem drög að stefnumótun voru kynnt á ráðstefnu sem haldin var 31. janúar á þessu ári. Ég tók þátt í henni ásamt fleiri þingmönnum og fjölda aðila sem vinna að málefnum barna og ungmenna. En nú er liðið ár frá því að leggja átti framkvæmdaáætlunina fyrir þingið og því tel ég tímabært að spyrja hæstv. forsrh. en verkefnið er unnið undir hans forustu: Hvað líður undirbúningi þessarar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga? Hvenær verður framkvæmdaáætlunin lögð fyrir Alþingi og hverjar eru helstu tillögur hennar? Ég viðurkenni fúslega að þótt ég viti að verkið hafi verið í góðum höndum hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem verið hefur formaður nefndarinnar sem vann þetta verkefni fyrir forsrn. og að hv. þingmaður hafi svo sannarlega metnað til að skila af sér góðum og heildstæðum tillögum í samræmi við efni þáltill. hef ég margvíslegar efasemdir og athugasemdir við þau drög sem kynnt voru á fyrrnefndri ráðstefnu í upphafi árs. Margt var þar jákvætt og athyglisvert en ég vona, virðulegi forseti, að tillit hafi verið tekið til þeirra margvíslegu ábendinga sem þar komu fram og tillögurnar hafi þá breyst í samræmi við þær. Frá þessari ráðstefnu í upphafi árs hef ég lítið heyrt af framvindu mála. Fyrirspurnin sem ég beini til hæstv. forsrh. er þessi, með leyfi forseta:

1. Hvað líður undirbúningi heildstæðrar og samræmdrar opinberrar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga, en samkvæmt ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 2001 átti að leggja framkvæmdaáætlun um slíka stefnu fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002?

2. Hvenær verður framkvæmdaáætlun lögð fyrir Alþingi og hverjar eru helstu tillögur að opinberri stefnumótun í málefnum barna og unglinga?

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurnum um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga:

1. Hvað líður undirbúningi heildstæðrar og samræmdrar opinberrar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga, en samkvæmt ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 2001 átti að leggja framkvæmdaáætlun um slíka stefnu fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002?

Alþingi ályktaði hinn 11. maí 2001 að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Í ályktuninni segir að markmið stefnumótunarinnar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Einnig segir að á grundvelli stefnumótunar nefndarinnar verði henni falið að undirbúa téða stefnu og skuli gerð 5 ára framkvæmdaáætlun í samræmi við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þar með talið félagasamtökum unglinganna sjálfra.

Þann 25. október 2001 skipaði forsrh. 7 manna nefnd samkvæmt tilnefningu frá fimm ráðuneytum, félmrn., dómsmrn., heilbr.- og trmrn., menntmrn. og umhvrn., sem og Sambandi ísl. sveitarfélaga og var síðan Drífa Hjartardóttir alþingismaður skipuð til að vera formaður þessarar nefndar.

Á starfstíma nefndarinnar hefur hún leitað upplýsinga hjá um 130 aðilum um hver séu helstu áhyggjuefni varðandi hagi barna og unglinga nú um þessar mundir og til næstu ára horft. Á grundvelli þeirra upplýsinga er það markmið nefndarinnar að setja fram nokkur stefnumið sem unnt er að vinna að með árangursríkum hætti á næstu 5 árum. Þó að að því væri stefnt að nefndin lyki vinnu nokkru fyrir alþingiskosningarnar sl. tókst það ekki. Verkefnið reyndist umfangsmeira en horft var til í fyrstunni. Því tekur nefndin upp störf þar sem frá var horfið nú að loknum kosningum og skipun nýrrar stjórnar. Verkefnið er að fara yfir vinnuna þar sem frá var horfið, taka tillit til breytinga eins og hv. þm. nefndi í sinni ræðu, hugmynda og tillagna í framhaldi af umræðum um efnið, nýrra upplýsinga sem fram hafa komið, svo og til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og frv. til

fjárlaga fyrir árið 2004. Það er stefnt að því að endanlegri skýrslu verði skilað til forsrn. fyrir lok þessa árs.

Seinni liður fyrirspurnarinnar hljóðar þannig:

2. Hvenær verður framkvæmdaáætlun lögð fyrir Alþingi og hverjar eru helstu tillögur að opinberri stefnumótun í málefnum barna og unglinga?

Því er til að svara að eins og kom fram í svari við 1. lið er ekki gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrr en við lok þessa árs. Í framhaldinu verður rætt af stjórnvöldum, ráðuneyti og ríkisstjórn, einhvern tíma til að fara yfir skýrsluna og setja fram framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar. Því er stefnt að því að framkvæmdaáætlun verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar, umræðu og afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt tel ég ekki vera efni til að tína út úr vinnu nefndarinnar á þessu stigi, ekki til gagns fyrir umræðuna hvaða tillögur munu vera þar fremstar á blaði. Þó að ég hafi séð yfirlit um slíkar hugmyndir frá nefndinni hafa þær ekki verið afgreiddar og ég tel ekki vera til framdráttar fyrir framgang málsins að fara að tína þær úr samhengi á þessu stigi máls undir fyrirspurnaliðnum.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin þótt ég harmi þann drátt sem er á því að framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir þingið. Það er þó gott að heyra að það er hreyfing á málinu. Hæstv. ráðherra tímasetur hér að verkefninu ljúki um nk. áramót og stefnt er að því að leggja fram framkvæmdaáætlun á yfirstandandi þingi. Það er út af fyrir sig jákvætt. Ég tók eftir því að þessi nefnd var ekki skipuð fyrr en í október þó að tillagan hafi verið samþykkt í maí þannig að það hefur orðið óþarfadráttur á þessu verki þó að ég viðurkenni vel og gerði í framsögu minni fyrir fyrirspurninni að þetta sé umfangsmikið verk.

Ég vil líka segja það, herra forseti, að ég vona svo sannarlega að drögin sem lágu fyrir ráðstefnunni í október breytist og það verði tekið tillit til þeirra ábendinga sem fram komu. Ég heyrði ekki annað á máli hæstv. ráðherra en að það yrði gert. Það skorti verulega á í þeim drögum sem lágu fyrir að þau væru í samræmi við það markmið sem þessari stefnumótun var sett í ályktun Alþingis frá maí 2001. Þeir annmarkar voru á stefnumótuninni að það vantaði heildstæða yfirsýn og heilsteyptar aðgerðir og tillögur í málefum allra barna en aðgerðir og stefnumótun virðist taka meira mið af afmörkuðum hópum en börnum og unglingum í heild sinni í þeim drögum sem lágu fyrir.

Ég ætla ekki að rekja þessar athugasemdir frekar hér en nefndin sem vinnur þetta mál fékk í febrúarmánuði sl. ábendingar mínar og nokkurra annarra þingmanna í þessu máli þar sem m.a. er lögð áhersla á að framkvæmdaáætluninni verði stillt upp í forgangsröð og hún tímasett auk þess sem gerð verði kostnaðar- og fjármögnunaráætlun sem fylgi áætluninni. Það er nauðsynlegt ef við eigum að sjá árangur af þessu starfi og þeirri framkvæmdaáætlun sem leggja á fyrir þingið. En ég vona að þau tímamörk sem hæstv. ráðherra lýsti hér standi.

Endurskoðun laga um meðferð opinberra mála.

Fsp. ÖJ, 49. mál. — Þskj. 49.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. dómsmrh. Árið 2002, 19. febrúar, talaði ég fyrir frv. í þessum ræðustóli um breytingar á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Gekk frv. út á tvennt, annars vegar réttinn til þess að áfrýja máli úr undirrétti til Hæstaréttar og hins vegar hvernig skipa skuli dóm sem byggir á framburði vitna þar sem leitað er til þeirra.

Ef ég vík fyrst að síðara atriðinu snýst það um að þegar um er að ræða mál sem ráðast af sönnunargildi framburðar vitna er líklegt að nauðsynlegt sé að vega og meta ýmis álitaefni og er eðlilegt að við slíkar aðstæður dæmi fleiri en einn dómari er stuðli að traustara réttaröryggi. Þetta var síðara atriðið.

Hvað fyrra atriðið snertir lít ég svo á að rökin fyrir óheftum áfrýjunarrétti sakfelldra manna í opinberum málum séu svo sterk að þeim sé ekki hægt að víkja til hliðar. Hæstiréttur getur samt meinað mönnum að sækja mál sitt í Hæstarétti ef þeir tapa því í undirrétti. Það eru þær takmarkanir á þessu að talað er um að meina megi mönnum að sækja mál sitt fyrir Hæstarétti ef um minni háttar mál er að ræða. Það ræðst m.a. af því hve þung refsingin er hvað telst minni háttar. Ég grennslaðist fyrir um það í morgun hver sektarfjárhæðin væri núna. Hún stendur í 410.991 kr. Reyndar held ég að engum manni finnist slíkt mál vera minni háttar ef hann er dæmdur í undirrétti en rökin fyrir því að gefa Hæstarétti heimild til þess að meina mönnum að skjóta máli þangað eru fyrst og fremst sparnaðarrök. Hins vegar snýst þetta að mínum dómi um mannréttindi og þess vegna lagði ég þetta mál fram. Niðurstaðan varð sú að allshn. vísaði málinu til dómsmrn. og réttarfarsnefndar sem væri að endurskoða þessi lög, og nú spyr ég:

1. Hvernig miðar störfum réttarfarsnefndar við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?

2. Hefur réttarfarsnefnd fjallað um tillögur um að numdar verði brott takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 265. mál 127. löggjafarþings sem Alþingi samþykkti að vísa til ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af starfi nefndarinnar?

[13:44]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur hann áður tekið þessi mál fyrir hér og flutt m.a. tillögu frá sjálfum sér um breytingu á lagaákvæðum til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem hann reifaði. Hann spyr mig:

Hvernig miðar störfum réttarfarsnefndar við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?

Réttarfarsnefnd er að vinna að þessum málum og endurskoðun laganna og verkáætlun nefndarinnar gerir nú ráð fyrir því að hún hafi lokið endurskoðun sinni á þessum lögum á næsta vori. Síðan verði tíminn fram að haustþingi 2004 notaður til nánari vinnslu á tillögum nefndarinnar í dómsmrn. og stefnt er að því að fullbúið frv. liggi fyrir á haustþingi árið 2004.

Þá spyr hv. þm.:

Hefur réttarfarsnefnd fjallað um tillögur um að numdar verði brott takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 265. mál 127. löggjafarþings sem Alþingi samþykkti að vísa til ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af starfi nefndarinnar?

Nú veit ég ekki hvort nefndin hefur þegar fjallað um þetta mál. Ég er ekki nægilega kunnugur störfum nefndarinnar varðandi það hvernig hún tekur mál fyrir en hitt er víst að nefndin mun að sjálfsögðu líta til þessa máls í endurskoðun sinni á löggjöfinni, heildarlögunum um meðferð opinberra mála, og taka afstöðu til álitaefnisins áður en hún skilar tillögum til dómsmrn.

[13:46]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er alltaf ánægjuefni þegar lög um meðferð opinberra mála koma til umræðu á hinu háa Alþingi. Að því er varðar þetta mál þá er hér hreyft sjónarmiðum sem fyllilega eiga rétt á sér, þ.e. um rétt manna til að áfrýja til æðra dóms sakfellingardómi yfir sér. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um áðan þá eru ákveðnar takmarkanir á því vegna minni háttar mála. Þetta fer í sjálfu sér eftir því hvers eðlis þessi mál eru.

Mér finnst að við þá endurskoðun sem fram undan er ætti m.a. að skoða hvort slíkar takmarkanir ætti að fella úr gildi varðandi brot gegn almennum hegningarlögum eða tilteknum ákvæðum í tilteknum köflum almennra hegningarlaga, til að mynda ofbeldisbrot. Ég þekki dæmi þess að menn hafi verið sakfelldir á, við getum sagt, hæpnum forsendum og dæmdir til sektarrefsingar þar sem venjulega hefði átt að dæma menn til fangelsisrefsingar, sem gerði það að verkum að viðkomandi gat ekki áfrýjað máli til Hæstaréttar.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. dómsmrh. tjáði sig ekki um efnisinnihald. Það er kannski ekkert óeðlilegt við það. Það er fyrst og fremst beint spurningum til hans um hvernig gangi hjá réttarfarsnefnd sem er að endurskoða þessi lög. Sjálfum finnst mér hér vera á ferðinni mannréttindamál sem þoli ekki þá töf sem fyrirsjáanleg er. Ég minni á að fyrst var talað fyrir málinu í febrúarmánuði árið 2002. Það fékk ágætan hljómgrunn. Hið sama gildir um umfjöllun í allshn. þingsins. Einnig þar tóku margir undir efnisatriði frv. Niðurstaðan varð síðan sú að allshn. sameinaðist um að skjóta málinu til dómsmrn. í ljósi þess að á vegum þess væri verið að vinna að endurskoðun laganna.

Ég var orðinn óþolinmóður þegar liðið var langt á haust 2002 og 11. desember í fyrra spurði ég þáv. hæstv. dómsmrh. hvað þessari vinnu liði. Hæstv. ráðherra Sólveig Pétursdóttir sagði orðrétt m.a., með leyfi forseta:

„Það er úrvalslið sem skipar réttarfarsnefndina. Því er ekki að neita að ég hef mikinn áhuga á að sjá tillögur frá þeim sem fyrst. Ég get að vísu ekki fullyrt um það núna hvenær þessari vinnu lýkur en ég vænti þess að það verði innan tíðar og vonast svo sannarlega til þess.“

Nú upplýsir hæstv. dómsmrh. okkur um að þessari vinnu ljúki ekki fyrr en vorið 2004 og að við megum ekki vænta þess að frv. komi fram á Alþingi frá ríkisstjórninni fyrr en haustið 2004. Ég vek athygli á að við (Forseti hringir.) erum að fjalla hér um mannréttindamál sem þolir ekki þessa bið.

Aukin meðlög.

Fsp. MF, 128. mál. — Þskj. 128.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir tæpum tveimur árum lagði ég fram fyrirspurn til þáv. dómsmrh., hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, um auknar eða tvöfaldar meðlagsgreiðslur með börnum. Ástæða þess var sú að í þeim tilvikum sem foreldri er úrskurðað aukið meðlag verður einstaklingurinn að sækja sjálfur allar greiðslur umfram eitt venjulegt meðlag. Þess eru dæmi að aldrei hafi verið staðið við úrskurði og foreldri sem átti rétt á tvöföldu meðlagi með tveimur börnum, svo að ég nefni dæmi, vegna bágrar fjárhagsstöðu og mikilla veikinda barnanna fékk aldrei greitt nema einfalt meðlag. Ástæðan var sú að foreldrið hafði ekki efni á að kaupa sér aðstoð lögfræðings eða sækja málið til enda.

Fjárhagsstaðan var svo bág að viðkomandi gat ekki keypt þá þjónustu sem börnunum var nauðsynleg og úrskurðurinn var grundvallaður á. Innheimtustofnun sveitarfélaga ber ekki að annast innheimtu á auknu meðlagi og gerir það ekki þrátt fyrir að hún hafi raunverulega til þess lagaheimildir. Aðstæður foreldris sem hefur fengið úrskurð um aukið meðlag eru því oft bæði fjárhagslega en einnig tilfinningalega erfiðar þegar kemur að því að innheimta þær greiðslur sem eru umfram einfalt meðlag auk þess sem það getur haft áhrif á samskipti foreldra og barna hvernig staðið er að þessum málum.

Þegar ég ræddi þessi mál hér fyrir tveimur árum tók þáv. dómsmrh. afar vel spurningum mínum um hvort hægt væri að tryggja að þessir einstæðu foreldrar fengju þær greiðslur sem þeim höfðu verið úrskurðaðar og ákvað m.a. að vísa því til réttarfarsnefndar hvort og þá með hvaða hætti væri hægt að auðvelda innheimtu samkvæmt úrskurði sýslumanns. Því spyr ég hæstv. núv. dómsmrh.:

Hefur verið athugað hvernig unnt sé að auðvelda innheimtu aukinna meðlaga, sérframlaga og menntunarframlaga samkvæmt úrskurðum sýslumanna?

Ef svo er, hver var niðurstaðan? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum sem tryggja þessar greiðslur og auðvelda innheimtu þeirra?

[13:52]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þegar litið er á fyrirspurnir þingmannsins má segja að auðvelt sé að svara fyrri spurningunni játandi. Leitað hefur verið álits á þessu og þetta mál hefur verið kannað. Ég vil þó sérstaklega taka fram að menntunarframlög og sérframlög eru greidd úr Tryggingastofnun ríkisins innan þeirra marka sem lög um almannatryggingar setja. En aukið meðlag er ekki greitt úr Tryggingastofnun. Leitað var til réttarfarsnefndar eins og kom fram í svari forvera míns á þessum stað við fyrirspurn hv. þm. á sínum tíma. Með leyfi forseta ætla ég að lesa úr bréfi réttarfarsnefndar sem barst ráðuneytinu sem svar við þessu erindi. Þar segir:

„Leyfir réttarfarsnefnd sér að ganga út frá því að ráða megi af þessum gögnum að hverju erindi yðar lýtur.“— þ.e. að umræðunum hér á þingi um fyrirspurn hv. þm. á sínum tíma.

„Samkvæmt 5. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, samanber 24. gr. barnalaga, er heimilt án undangenginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar að gera fjárnám fyrir þeim

meðlagsgreiðslum sem um ræðir í erindi yðar. Með þessu nýtur krefjandi meðlags þess réttarfarshagræðis sem frekast getur almennt staðið til boða að núgildandi lögum til innheimtu annars konar kröfu en þeirrar sem tryggð kann að vera með veði. Fær réttarfarsnefnd ekki séð á hvaða hátt megi ganga lengra til að greiða fyrir innheimtu meðlagskröfu með því að breyta lögum nr. 90/1989 eða öðrum réttarfarslögum.

Til þess má hins vegar líta að samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, getur hún tekið að sér, samkvæmt beiðni og gegn greiðslu, innheimtu á þeim hluta barnsmeðlags sem er hærra en lögmæltur barnalífeyrir svo og öðrum kröfum sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður. Réttarfarsnefnd er ekki kunnugt um hvort þessarar heimildar hafi verið neytt í einhverjum mæli í framkvæmd. Hún telur þó ástæðu til að ætla að svo sé ekki. Mætti allt að einu benda á að þetta úrræði getur staðið til boða handa þeim sem á vangoldin hjá foreldri barns aukin meðlög, sérframlög eða menntunarframlög samkvæmt úrskurði sýslumanns. Ef til álita kæmi að gera breytingar á lögum til að liðsinna þeim sem eiga í vandkvæðum við innheimtu á slíkum meðlögum eða framlögum mætti huga að því hvort efni séu til að breyta tilvitnuðu ákvæði laga nr. 54/1971 þannig að Innheimtustofnun sveitarfélaga yrði ekki aðeins heimilt að taka að sér innheimtu þessara krafna heldur skylt ef eftir því er leitað, svo og að fella niður áskilnað um að hún geri þetta gegn greiðslu."

Þetta er það svar sem kom frá réttarfarsnefnd. Það liggur fyrir varðandi hins vegar þann lagabálk sem þarna er nefndur um Innheimtstofnun sveitarfélaga að það er e.t.v. ekki á verksviði dómsmrn. að beita sér gagnvart þeirri stofnun eða fara með þau mál, enda er þar um samskipti við sveitarfélög að ræða sem eru í höndum félmrn. Réttarfarsnefnd nefnir þarna úrræði sem væri hægt að skoða. En hún segir jafnframt, eins og fram hefur komið, að eins og málum er háttað varðandi réttarfarslögin þá njóta þessar kröfur þess réttar sem bestur er fyrir utan kröfur sem eru tryggðar með veði.

[13:56]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Við gerum okkur grein fyrir, og það kom fram í máli hæstv. ráðherra, að aukin meðlög hefur verið erfitt að innheimta. Ég held að málið þarfnist miklu dýpri skoðunar en kannski bara lagalegrar vegna þess að tilfinning mín er sú að innheimta aukinna meðlaga strandi að langmestu leyti á fjárhagslegri stöðu sérstaklega forsjárlausra feðra en ef til vill mæðra líka.

Ég vil vekja athygli þingheims á því að ég hef sett fram fyrirspurn á þskj. 223 til félmrh. um upplýsingar um stöðu forsjárlausra feðra. Ég held að það sé nauðsynlegt í framhaldi af þessari umræðu að skilgreina stöðu þeirra vegna þess að allir sjá að aukin meðlög verða trauðla innheimt af manni sem er kannski með þrjú börn á framfæri og er láglaunamaður með kannski 100–120 þús. útborgað. Þar liggur e.t.v. aðalvandi málsins.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Sjónin er að vísu aðeins farin að daprast en ekki heyrnin. Samt er það þannig þegar maður situr í ystu röð í þessum sal að oft og tíðum er afar erfitt að heyra skýrt svör hæstvirtra ráðherra hvort sem því veldur viftan eða hvað það er, eða hljómburðurinn í salnum. Alla vega held ég að þetta þurfi að taka til athugunar.

Ég þakka hins vegar hæstv. ráðherra fyrir það sem ég heyrði af svörunum. Ég gat skilið hann þannig að sú leið sem væri best og færust væri að skylda Innheimtustofnun sveitarfélaga til þess að sjá um innheimtu aukinna meðlaga. Hún hefur þessa heimild í dag. En það ætti hins vegar að vera skylda. Það væri hins vegar ekki á verksviði dómsmrn. heldur félmrn.

Virðulegi forseti. Ég vil þá fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann sendi þessa niðurstöðu réttarfarsnefndar til félmrn. Kannski væri hægt að hafa eitthvert samband þarna á milli þannig að menn fyndu þá niðurstöðu í málið því staðreyndin er sú að innheimta aukinna meðlaga hvílir nánast eingöngu og alfarið á því foreldri sem fær þennan úrskurð. Vissulega er það rétt að fjárhagsstaða margra einstæðra feðra eða mæðra sem eiga að greiða slík meðlög getur verið bágborin. Hins vegar er úrskurðurinn yfirleitt byggður á fjárhagsstöðu þess einstaklings sem á að greiða meðlögin. Það er yfirleitt ekki um aukið meðlag að ræða þegar um mjög bága fjárhagsstöðu er að ræða. En það getur hins vegar breyst. Þá er hægt að fara með það aftur fyrir sýslumann.

Þetta skiptir miklu máli því að það er hvorki fjárhagslega né tilfinningalega hægt að leggja það á einstætt foreldri sem þarf á þessari greiðslu að halda vegna bágrar fjárhagsstöðu, vegna veikinda barna eða annarra aðstæðna að þurfa að standa í þessari innheimtu sjálft. Við vitum að þetta er óréttlátt. Við vitum að það þarf að leiðrétta þetta. Við erum búin að ræða þetta hérna í tví- eða þrígang og endilega, virðulegi forseti, ef hæstv. ráðherra mundi nú ræða við hæstv. félmrh. og þeir fyndu saman lausn.

Flutningur sláturfjár yfir varnarlínur.

Fsp. JÁ, 121. mál. — Þskj. 121.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Sauðfjársjúkdómar ollu miklum skaða hér á landi fyrr á tíð og valda tjóni enn í dag. Riðuveikin hefur reynst erfið viðfangs og virðist geta leynst jafnvel í mörg ár á svæðum þar sem skorið hefur verið niður. Virðing manna og þekking á gildi þeirra varnarlína sem eru í landinu gegn sjúkdómi í sauðfé virðist þverrandi. Nú hallast menn að því t.d. að riðuveiki sem nýlega kom upp á Suðurlandi hafi borist þangað með heyi af sýktu svæði á Norðurlandi. Virðing stjórnvalda og trú á gildi þessara varnarlína virðist líka hafa minnkað mikið.

Sérstaka athygli vekur framganga stjórnvalda á þessu sumri hvað varðar rekstur sláturhúsa. Þar er sem ríkisstjórnin kasti út gulli úr ríkissjóði og láti skeika að sköpuðu eins og Egill forðum vildi gera um hver skuli hljóta. Ég tel að það sé kominn tími til að hæstv. ráðherra þessara mála útskýri það fyrir þjóðinni hver stefna hans og ríkisstjórnarinnar er í þessum málum. Telur hæstv. ráðherra það engu máli skipta hvar slátrað er í landinu, hvort sláturfé er keyrt milli landshorna yfir varnarlínur af svæðum þar sem riðusmit hefur komið nýlega upp og inn á önnur þar sem smit hefur ekki greinst lengi, svo dæmi sé tekið? Og hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu efni? Hvernig kemur hún fram í stuðningi við úreldingu sláturhúsa?

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann telji að mikill og vaxandi flutningur sláturfjár yfir varnarlínur sé forsvaranlegur með tilliti til útbreiðslu sjúkdóma í sauðfé, svo sem

riðuveiki. Við þurfum að fá já eða nei við þessu. Ef svo er ekki, hvað hefur ráðherrann gert eða fyrirhugar að gera til að tryggja sauðfjárveikivarnir?

En það er líka annar afar mikilvægur hluti þessa máls að þau þrjú svæði á landinu þar sem aldrei hefur greinst riða verði varin. Frá þeim svæðum hafa bændur fengið líflömbin. En nú háttar svo til að fé af þessum svæðum er flutt landshorna á milli til slátrunar á farartækjum sem hafa verið notuð til að flytja fé af svæðum sem hafa þennan sjúkdóm. Þessi þrjú svæði eru í rauninni eins konar líftrygging íslenska sauðfjárstofnsins. Finnst hæstv. ráðherra, sem ekki vill hleypa ketti inn í landið öðruvísi en að hafa hann í einangrun langtímum saman, vansalaust að ekki gildi sérstakar reglur til varnar þessum hreinu svæðum?

Það er svo líka mikilvægt hvað þessi svæði varðar að hægt er að selja kjöt frá þeim undir merki sérstaks hreinleika vegna þess að þar er ekki riða. Mér er kunnugt að fyrirspurnir um hvort slíkt væri fyrir hendi hafa komið erlendis frá. Og þá er ekki hægt að verða við þeim óskum.

Hyggst ráðherra gera ráðstafanir til að verja Strandir, Snæfellsnes og Þistilfjörð fyrir riðusmiti, t.d. með því að hlutast til um að sérstök sláturhús verði starfrækt þar og umferð fjárflutningabíla af riðusmituðum svæðum um þau héruð verði bönnuð?

[14:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fleiri gerast nú sérfræðingar en ég ætlaði í dýrasjúkdómum og afleiðingum þeirra. En það er gott að fá liðsmenn til þess að berjast gegn skæðum sjúkdómi sem hefur kostað íslenskan landbúnað og samfélag mikla peninga og ég þakka þann stuðning og vænti þess samt sem áður að hv. þm. setji sig inn í og afli sér þekkingar á þeirri miklu baráttu, þeim mikla árangri sem náðst hefur á 10–15 árum í sambandi við varnir gegn riðu. Ég hygg að það hafi verið algengt að 50–100 bæir hafi verið að fá riðuveiki í sitt sauðfé þegar ég var að byrja hér í þinginu. Nú eru það einn og tveir og þrír. Árangurinn er augljós.

Hv. þm. minntist á að sá sem hér stendur vilji ekki einu sinni flytja ketti inn í landið. Það er gert eftir lögum frá Alþingi og reglum og kettir eru fluttir inn. Hefði hann viljað vera sjálfum sér samkvæmur hefði hann frekar átt að nefna krókódíla sem hafnað var.

En hvað varðar ágætar fyrirspurnir hv. þm. þá stendur málið þannig að fækkun sláturhúsa hefur í för með sér stóraukinn flutning sláturgripa milli landshluta. Til að sporna gegn óheppilegum afleiðingum þessa var þann 23. ágúst 2001 sett reglugerð nr. 635/2001, um bann við flutningi sláturfjár yfir sauðfjárveikivarnarlínur. Byggði sú reglugerð á eldri reglum um þetta efni. Með reglugerðinni er komið í veg fyrir flutning sláturfjár til þeirra svæða sem mikilvægast er að vernda og þar sem enn eru starfrækt sláturhús, svo sem á Hornafirði. Þess ber að geta að öll stærstu sláturhúsin, á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík og Selfossi, eru á svæðum sem ekki er ástæða til að banna flutning sláturfjár til.

Hægt er að draga verulega úr smithættu við flutning sláturfjár milli svæða með því að hafa góðar reglur og skilvirkt eftirlit, fræða þá sem starfa við dýraflutninga og slátrun um hvað varast ber og er þessu fylgt mjög fast eftir. Í þessu sambandi hafa verið samdar sérstakar starfsreglur fyrir þessa aðila og áhersla lögð á það við kjötskoðunardýralækna að líta eftir því að þær séu virtar. Krafa er gerð á sláturleyfishafa að leggja til góða aðstöðu til þrifa og sótthreinsunar á flutningabílum. Kjötskoðunardýralæknar hafa það hlutverk hver í sínu sláturhúsi að líta eftir því að vandað sé til þeirrar vinnu og votta ef með þarf að slík sótthreinsun hafi farið fram. Sama gildir um kröfu á sláturleyfishafa að útvega hlífðarfatnað og hafa til staðar góða aðstöðu fyrir innleggjendur til þrifa á skófatnaði að lokinni afhendingu fjárins í sláturhúsrétt. Langflutningar sláturfjár snerta einnig dýravernd vegna aukins álags, þreytu og streitu og stefna í hættu gæðum afurðanna.

Hvað síðari spurninguna varðar þá er það auðvitað stefna bændanna að reyna að hafa sem mest út úr sínum afurðum. Þeir hafa barist fyrir og talið mikilvæga fækkun sláturhúsanna. Ríkið hefur komið að stuðningi hvað það varðar og lagt fram fjármagn eins og hv. þm. minntist á.

Litið hefur verið á þá framkvæmd að fækka sláturhúsum sem einn mikilvægasta liðinn í að efla stöðu sauðfjárræktarinnar og treysta tekjustöðu bænda. Er jafnvel talið að sú hagræðing sem nú er geti skilað 200–300 millj. meira til bænda eða hagræðingin á að geta skilað því í auknum tekjum til þeirra ef hún gengur eftir eins og hún er lögð upp.

Með vísan til þessa er útilokað að reka sláturhús á Ströndum sérstaklega. Og ég lýsi því hér yfir að ríkið ætlar ekki að reka sláturhúsin og ríkið ætlar ekki að byggja upp sláturhús á Ströndum. Þetta verkefni er á höndum bændanna. Og ég hygg að engir séu strangari og harðari um að allar varnir séu hafðar í frammi en einmitt þeir bændur sem búa á hinum heilbrigðu svæðum þar sem riðan hefur aldrei komið upp og skilja það öðrum fremur að það eru þeirra hagsmunir að öll þau öryggisatriði sem sett hafa verið fram og hv. þm. minntist hér á í ágætri ræðu, séu virt og höfð að leiðarljósi. Þannig stendur þetta mál.

Til þess að sporna gegn þeirri hættu sem stafað getur af auknum flutningi sláturfjár ber hins vegar að leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að hindra að smit berist milli svæða svo sem ég hef hér farið yfir í minni ræðu. Við eigum enga leið aðra. Það er rétt hjá hv. þm. að vísindamennirnir vita ekki svo mikið um riðuna og hvernig hún berst, þar heyrum við ýmsar fullyrðingar, en hitt er ljóst að árangurinn er mikill á síðustu 10–15 árum sem ber að fagna og þakka, hæstv. forseti.

[14:09]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú í raun alveg makalaust hversu önugur hæstv. landbrh. er gagnvart að mínu mati sjálfsögðum spurningum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Mér finnst mjög eðlilegt að spurt sé þeirrar spurningar hvort samþjöppunin hvað slátrunina varðar sé að leiða okkur í ógöngur eða að við tökum of mikla áhættu í þessum efnum. Það eru líka sjálfsagðar spurningar hvort stefna eigi að því að hafa sláturhús sérstaklega á þeim stöðum þar sem sjúkdómar finnast ekki og þá sérstaklega riða. Mér finnst full ástæða til að skoða þessa hluti, vegna þess að reynslan alls staðar í heiminum, bæði af massabúskap þar sem dýrum er þjappað saman og líka þar sem þau eru keyrð saman til slátrunar, hefur víðast hvar leitt af sér meiri hættu á sjúkdómum og sjúkdóma hefur orðið meira vart. Þess vegna vil ég taka undir þann málflutning sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði hér í frammi. Ég tel fulla ástæðu til að skoða þessi mál af alvöru og raunsæi.

[14:10]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst ekki eingöngu um sjúkdómavarnir, heldur einnig um dýravernd, að vera að þvæla þessum skepnum landshorna á milli fyrir slátrun. Og vegna orða hæstv. landbrh. um einhverja hagkvæmni í þessari fækkun sláturhúsa, þá er það bara staðreynd sem ekki er hægt að líta fram hjá að það hefur engin hlutlaus úttekt verið gerð á því hvort þessi miðstýrða ríkishagræðing sé í raun einhver hagræðing. Og það eru meira að segja miklar líkur á því að slátrun í þessum útflutningshúsum leiði til aukins kostnaðar fyrir landbúnaðinn.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með svör hæstv. ráðherra, sérstaklega á því að honum virðist finnast eða það má svona skilja það svo að honum finnist óþarfi að menn séu yfirleitt að skipta sér af hans verkefnum sem ráðherra. Þekking mín á þessum málum er ekki nóg, það skal viðurkennt í þessum stól, en mér finnst full ástæða til að menn velti því alvarlega fyrir sér hvort það sé eðlilegt að hafa það þannig til framtíðar að sláturfé sé keyrt endanna á milli í landinu bæði út frá dýravernd og líka út frá sjúkdómavörnum.

Mér finnst það satt að segja þunnur þrettándi að hlusta á það að hæstv. ráðherra, sem er nýbúinn að taka ákvörðun um það að moka peningum í að fækka sláturhúsum, telji að það komi bara ekki til greina að reyna að standa við bakið á því að slátrað verði á þeim svæðum þar sem engir sjúkdómar eru til þess að reyna að vernda þau svæði til framtíðar fyrir bændur í landinu, fyrir þjóðina, fyrir bústofninn sjálfan. Ég hefði haldið að það væri eitthvað hægt að leggja á sig fyrir það. Og annað eins hefur nú verið gert í því að setja peninga í landbúnað á Íslandi eins og það að reyna að tryggja slíkt. En skilningur ráðherrans virðist enginn vera á þessu.

Mér finnst það satt að segja vera dapurleg niðurstaða af þessum umræðum að það eigi að fleygja peningum úr ríkissjóði til bænda og þeirra sem reka sláturhús og að þeir eigi að slást um þá fjármuni og svo skuli kylfa eiga að ráða kasti um hvar fé verði slátrað í landinu til framtíðar og stefna ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra er engin. Nákvæmlega engin. Engin skoðun á því hvar eigi að slátra, eða hvort verja eigi þau svæði þar sem uppspretta líflambanna er í landinu.

[14:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla bara í upphafi að spyrja að því: Hvor var illskeyttari eða með meiri fýlusvip í sinni ræðu, ég eða hv. þm. sem var fyrirspyrjandi? Það er fullyrðing sem eru skiptar skoðanir um hvort það var ég eða hann. En ráðherrar eru nú ekki bara hérna til að vera poki til þess að berja. Og hv. þm. hélt hér ræðu þar sem hann byrjaði á því að gera lítið úr því sem gert hefði verið, eins mikið og hefur nú verið gert í þessum vörnum. Þannig að það var skapvonska hans sem gerði það að verkum að mér fannst ég geta alveg sagt sem svo að hann gæti komið öðruvísi að þessum málum. Því í fáum málum hefur meira verið gert. Þannig að ég var nú ekki önugri en hv. þm. En ég vek bara athygli á því að menn sem byrja með illsku geta fengið illsku á móti. Það er nú bara svo einfalt þetta líf. Það ber að tala við menn eins og menn og ekki vera alltaf með aðdróttanir um að ekkert sé gert og allt sé svikið.

Það hefur í fáum málum sem snerta sjúkdómavarnir í landinu jafnmikið verið gert og til að verjast riðunni (Gripið fram í.) og landbrn. stendur enn og hefur staðið fyrir því að sú mikla starfsemi hefur skilað mjög miklum árangri þó ég taki undir það að enn vita menn of lítið um málið, hvernig það berst.

Hvað flutninga varðar á milli svæða, þá eru miklar breytingar á því. Ég hygg að Evrópusambandinu, svo að ég nefni það sem dæmi, sem hv. þm. vill ganga í, þættu þetta stuttar leiðir. Nú er verið að fara með fé á milli hérða í 400–500 lamba bílum, mjög góðum bílum með vatni og loftræstingu. Þegar ég var strákur fóru 70 lömb á pallinn og var þröngt og sum köfnuðu á leið í sláturhús á þeim tíma. En bændurnir fara með sláturhús, þeir geta auðvitað rekið og byggt upp sláturhús á Ströndum en við teljum að vegna riðuvarna höfum við nóg önnur úrræði (Forseti hringir.) til þess að verja hin heilbrigðu svæði og landbrn. hefur og mun leggja mikið á sig til þess að halda riðunni frá íslenskri sauðkind og sérstaklega þessum hreinu, heilbrigðu svæðum.

Fundi slitið kl. 14:16.

---

17. FUNDUR

miðvikudaginn 29. okt.,
að loknum 16. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kirkjuskipan ríkisins, frv., 14. mál, þskj. 14. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vextir og verðtrygging, frv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lögreglulög, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrisréttindi hjóna, þáltill., 46. mál, þskj. 46. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Staða hjóna og sambúðarfólks, þáltill., 47. mál, þskj. 47. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar um aðbúnað skipverja, þáltill., 48. mál, þskj. 48. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 91. mál, þskj. 91. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Þingsköp Alþingis, frv., 98. mál, þskj. 98. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, þáltill., 99. mál, þskj. 99. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
12. Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
13. Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
14. Aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.

15. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.

16. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.

17. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.

18. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Fyrri umr.

19. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.

20. Bætt staða þolenda kynferðisbrota, þáltill., 137. mál, þskj. 137. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 32. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 32. [14:17]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo:

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

Síðan segir í 2. gr. en frv. er aðeins tvær greinar:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2006.

Með frv. fylgir stutt greinargerð, svohljóðandi:

Með frumvarpi þessu er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári.

Frádráttarheimild þessi gildir ekki um þá sem fá útlagðan kostnað greiddan í formi ökutækjastyrkja enda eru slíkar greiðslur frádráttarbærar skv. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2006.

Virðulegi forseti. Fyrir þessu máli höfum við áður mælt í hv. Alþingi og sá sem hér stendur verið 1. flm. málsins. Við lítum svo á að hér sé á ferðinni frv. sem getur skipt verulegu máli fyrir fólk sem þarf að sækja atvinnu um langan veg og þetta geti einnig skipt verulegu máli í byggðalegu tilliti.

Atvinnuástand getur verið mjög mismunandi og ótryggt. Þó að stærstu atvinnusvæði landsins séu eðlilega á Stór-Reykjavíkursvæðinu og þar megi að öðru jöfnu finna nýja atvinnu ef menn missa atvinnu sína, þá er það ekki jafnauðvelt á landsbyggðinni. Reyndar er nú ástandið svo á höfuðborgarsvæðinu og víðar að atvinna liggur ekki alveg á lausu þrátt fyrir góðærið eins og tölur sýna.

Það sem við flm. leggjum til er að með þessari heimild í skattalög geti launþegar nýtt sér að draga frá kostnað til og frá vinnu sinni sem þeir leggja út sannanlega við það að afla tekna. Við teljum að þetta geti orðið til þess að fólk sjái sér betur borgið en ella væri með því að sækja atvinnu jafnvel um langan veg í lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum.

Það er reyndar einnig þannig, virðulegi forseti, og hefur gerst í meira mæli í þjóðfélagi okkar á undanförnum árum að menn hafa verið að stofna einkahlutafélög um sjálfa sig. Þegar slíkt hefur verið gert og menn hafa aðstæður til þess að standa þannig að málum, þá er ferðakostnaður og annar kostnaður, sem telst útlagður við að ferðast t.d. til að selja vinnu sína, frádráttarbær eins og hver annar rekstrarkostnaður hjá fyrirtæki. Fólki er því mjög mismunað að þessu leyti til eftir því hvort það hefur aðstæður til þess að starfa í einkahlutafélögum eða starfa sem launþegar. Þetta hafa aðrar þjóðir viðurkennt að sé eðlilegt að taka tillit til í skattkerfum sínum. Eins og ég vék að áður hafa t.d. Norðmenn viðurkennt það að kostnað launþega megi draga frá tekjum áður en skattlagt er.

Sú upphæð sem við leggjum til sem við miðum við 120 þús. kr. á ári, þ.e. 10 þús. kr. á mánuði að jafnaði, að það þurfi að vera umfram það til að menn geti farið að nýta sér þennan frádráttarlið, er einfaldlega sett inn vegna þess að það hafa allir einhvern kostnað af ferðum sínum til og frá vinnu en hann er misjafnlega mikill. Við ákváðum þegar við vorum að vinna frv. að reyna ekki að miða við einhver ákveðin farartæki, hvorki einkabílinn, strætisvagninn, ferjuna, flugvélina né langferðabílinn og setja það upp með þeim aðferðum heldur nota krónutöluna og síðan væri það í þessu tilviki eins og fjölmörgum öðrum í sambandi við skattkerfið á ábyrgð framteljandans, þ.e. launþegans í þessu

tilviki að sýna fram á það að hann hefði þennan kostnað og sá kostnaður sem hann teldi fram tilheyrði vinnunni. Sönnunarbyrðin er auðvitað hjá launþeganum. Í fyrsta lagi að telja kostnað fram og í öðru lagi að hafa rök á bak við það að sá kostnaður sé raunverulegur og draga megi það þá frá sem fer umfram 120 þús. kr. og frádrátturinn á einu ári geti að hámarki hjá hverjum einstaklingi orðið 400 þús. kr. í frádrag áður en skattlagt er. Þetta þýðir eins og þetta er upp sett að viðkomandi einstaklingur, ef hann gæti nýtt sér hámarksfrádragið, hefði þá haft kostnað á einu ári upp á 520 þús. kr. Ella næði hann ekki þessu hámarki miðað við að fyrstu 120 þús. kr. í ferðakostnað séu ekki frádráttarbærar.

Við hv. þingmenn sem flytjum þetta mál ætlum ekki að halda því fram að 120 þús. kr. séu byggðar á einhverjum hárnákvæmum vísindum um að það sé akkúrat sú upphæð sem rétt sé að hafa sem viðmiðun og kostnað umfram þá upphæð megi draga frá. Hins vegar er það svo að allir hafa einhvern kostnað af því að sækja atvinnu sína, mismunandi mikla og það verður auðvitað að semja um það lög og reglur hvernig slíkur kostnaður á að dragast frá en þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir því að hann megi nýtast launþeganum.

Við teljum, virðulegi forseti, að hér sé um réttarbót fyrir launþega að ræða og teljum að í mörgum tilvikum geti slík heimild sem hér er lögð til orðið til þess að létta fólki að takast á við breytilegt atvinnuástand. Við erum með í landi okkar því miður nokkur kerfi sem eru afar ótrygg í atvinnulegu tilliti. Þar getum við t.d. nefnt fiskveiðistjórnarkerfið þar sem menn vita varla frá degi til dags hvort atvinna þeirra helst í byggðinni eða ekki og það er í raun og veru háð ákvörðun einhvers aðila sem hefur fengið veiðirétti úthlutað hvort hann nýtir hann til atvinnusköpunar í viðkomandi byggðarlagi eða ráðstafar honum á einhvern annan hátt. Þar af leiðandi hefur fólk ekkert um það að segja.

Staða sauðfjárbænda í landinu er afar erfið og tekjur þeirra hafa verið að dragast saman á undanförnum árum. Fjöldamargir sauðfjárbændur og fólk sem býr í sveitum drýgir tekjur sínar með því að sækja vinnu utan bús og verður eðlilega að leggja kostnað fram við það að sækja þá atvinnu. Svona útfærsla gæti m.a. orðið til þess að þær tekjur sem aflað yrði utan bús yrðu drýgri en ella væri og gæti þannig stuðlað að því að ýta undir að byggð héldist í landinu til framtíðar af meira öryggi en ella. Ég held að ekki sé vanþörf á að reyna með einhverju móti, ef það samrýmist eðlilegri hugsun okkar í sambandi við skattalög, að gera skattalögin þannig úr garði að þau hjálpi frekar til og ýti undir það að fólk geti aflað sér tekna og sjái sér hag í því frekar en reyna að sækjast t.d. eftir atvinnuleysisbótum sem kann að vera annar valkostur ef fólk sér sér ekki hag í því að ferðast um langan veg til að afla sér tekna.

Auðvitað eru þessi atriði einstaklingsbundin eftir því hvernig þau snúa að viðkomandi einstaklingi og hér er eingöngu verið að leggja til almenna löggjöf og almenna heimild um að fólk geti nýtt sér þennan frádráttarlið þó að það sé ekki atvinnurekendur eða með einkahlutafélag utan um starfsemi sína heldur eingöngu venjulegir launþegar.

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að geta þess að samtök sveitarfélaga, m.a. í kjördæmi mínu, Norðvesturkjördæmi, bæði á Norðvesturlandi og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, hafa ályktað um að aðlaga beri skattkerfið, m.a. til að hvetja til þess að það þurfi búsetu og byggð í landinu. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa tillögu sem var samþykkt hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi en hún er nánast samhljóða tillögu sem var samþykkt hjá sveitarfélögum á Norðvesturlandi einnig núna í haust en þessi ályktun er frá 10. október sl. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn föstudaginn 10. október 2003, vekur athygli á því að núverandi skattaumhverfi kemur oft á tíðum í veg fyrir nútímavæðingu og aðlögun breyttra aðstæðna á landsbyggðinni. Í þessu sambandi má nefna að skattalöggjöfin gerir ekki ráð fyrir því að fólk sæki vinnu langar vegalengdir. Kostnað við akstur er ekki leyfilegt að draga frá skattskyldum tekjum og dregur þessi hái kostnaður við rekstur bifreiða verulega úr sóknarfærum fólks að búa í dreifbýli."

Eins og ég sagði áður var mjög sambærileg ályktun samþykkt í Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Ljóst er, virðulegi forseti, að tilgangur okkar þingmanna í Frjálslynda flokknum með því að flytja þetta inn í sali Alþingis er að reyna að koma inn með tillögu sem launþegar geta nýtt sér miðað við þann kostnað sem þeir leggja fram óháð búsetu þó að það kunni vissulega að verða svo að slíkur frádráttarliður nýtist í meira mæli því fólki sem sækir atvinnu út fyrir heimasveit sína og á það þá jafnt við um Reykvíkinga sem aðra sem þurfa að ferðast út fyrir byggðarlag sitt til að afla sér tekna. Kosturinn við tillöguna miðað við þá útfærslu sem við höfum lagt upp með er sá að hún mismunar ekki fólki að þessu leyti. Ef kostnaðurinn verður til og fólk getur sýnt fram á hann, og sönnunarbyrðin er vissulega hjá framteljandanum eins og áður sagði, þá eiga allir rétt á þeim frádrætti.

Við teljum, virðulegi forseti, að hér sé þarft mál á ferðinni og muni til framtíðar jafnvel geta styrkt byggð í landinu eins og ég gat um áðan varðandi stöðu fólks í sjávarbyggðum og hinum minni stöðum, ég tala nú ekki um á stöðum þar sem komið hefur upp tímabundið ástand þar sem jafnvel enga atvinnu er að fá eins og því miður eru dæmi um nú um stundir. Tillaga sem þessi gæti ýtt undir það að fólk sækti sér þá atvinnu út fyrir viðkomandi byggðarlag vegna þess að kostnaður sem það legði fram við að fara á milli staða og komast að atvinnu á öðrum svæðum fengist dreginn frá tekjum áður en skattlagt væri og mundi þar af leiðandi hækka rauntekjur fólks frá því ástandi sem er í dag. Það væri sem sagt meira virði að sækja tekjurnar en ella væri. Við höldum að ekki sé vanþörf á því, virðulegi forseti, að reyna á einhvern hátt að koma inn með jákvæðar hugmyndir í skattkerfið sem hafa áhrif til þess að styrkja atvinnu á landsbyggðinni þar sem víða hallar undan fæti því miður og einnig til þess að koma á réttlæti meðal fólks því að ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst ekki mikið réttlæti í því að launþegi sem hefur stundað atvinnu árum saman sem launþegi, tekur síðan ákvörðun um að breyta rekstrarforminu í einkahlutafélag og heldur áfram í raun og veru nákvæmlega sömu vinnu og sömu ferðalögum og áður var, þá er kostnaðurinn allt í einu orðinn frádráttarbær en meðan hann var launþegi var hann ekki frádráttarbær. Ég minni á þá umræðu sem var í gær og hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á hér í ræðustól og lýsti því yfir að hægt væri að reka öll fyrirtæki með tapi, einkahlutafélög sem önnur, hann treysti sér til þess að koma að því að tryggja taprekstur í hlutafélögum. Ég held að ég hafi skilið hv. þm. rétt, en hann er hér í salnum svo hv. þm. getur alveg örugglega, leiðrétt mig ef ég hef misskilið þetta. Það vill nú svo til að ég misskil stundum hv. þm. Það er sennilega eitthvað sem ég verð smátt og smátt að læra að skilja á annan hátt en leggja má beint

út af orðum hans. En þetta var útúrdúr, virðulegi forseti, og skiptir ekki þetta frv. efni máls.

Við lítum hins vegar svo á að þetta sé mál sem geti komið landsbyggðinni vel og launþegum almennt í landinu og teljum þess vegna að það eigi að fá góða og vandaða umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. með það að markmiði að heimildin verði sett í skattalögin.

Fyrir þessu máli hefur áður verið mælt hér á þingi, virðulegi forseti, a.m.k. kannast sumir þingmenn við það og eru því kunnugir en vissulega er mikið úrval af nýjum þingmönnum sem vonandi hafa eftir mál mitt áttað sig á því hvað við erum að leggja til.

Ég held ég bæti ekki miklu meira við þetta mál í bili en mun sjálfsagt fylgjast af áhuga með umræðum ef þær verða um þetta mál og taka þátt í þeim síðar, virðulegi forseti.

[14:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn fjögurra flm. þess frv. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði grein fyrir rétt í þessu. Ég er sammála hv. þm. um að hér sé í raun og veru um sanngirnismál að ræða, þ.e. að launþegar geti að einhverju leyti dregið ferðakostnað sinn frá skatti þegar þeir fara til og frá vinnu. Þetta er á vissan hátt ágætis byggðamál. Það er alveg rétt sem hv. þm. benti á að oft og tíðum er ótrygg vinna í okkar ágæta landi, t.d. í tengslum við sjávarútveginn en líka í tengslum við ýmsa verktakavinnu. Við sjáum það núna eða heyrum réttara sagt, frú forseti, að það berast slæmar fréttir af Suðurnesjum þar sem verið er að segja upp fjölda fólks sem unnið hefur á Keflavíkurflugvelli.

Við höfum á undanförnum áratugum upplifað stöðugt bættari samgöngur hér á landi. Vegir eru alltaf að batna, bílar eru alltaf að verða betri og öruggari og þeim er að fjölga. Víða um land situr fólk í húsnæði sem það hefur aflað sér hörðum höndum á starfsævi sinni, oft og tíðum í niðurgreiddu húsnæði, þ.e. fólk er búið að losa sig við megnið af þeim skuldum sem á því hvíldu við upphaf íbúðarkaupa. Fólk vill gjarnan vera áfram á þeim stöðum sem það býr á. Það er með börnin sín á þessum stöðum og þau ganga þar í skóla, skyldfólk og aðrir búa á þessum stöðum. En svo missir fólk vinnuna. Þá getur það oft verið þannig að fólk sjái sér hag í því að leita atvinnu í öðrum sveitarfélögum sem kannski liggja fjær. Við getum t.d. séð þá þróun sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum á Suðvesturhorninu þar sem stöðugt fleiri sækja vinnu til Stór-Reykjavíkursvæðisins þó að þeir búi á Suðurnesjum, á Suðurlandi, þ.e. fyrir austan fjall eins og kallað er, eða á Vesturlandi, sérstaklega eftir tilkomu Hvalfjarðarganganna. Í sumum tilfellum taka atvinnuveitendur þátt í ferðakostnaði til og frá vinnu þegar um slíka starfskrafta er að ræða en í öðrum tilfellum þurfa starfskraftarnir sjálfir að bera kostnað af þeim fararkostaði. Og þá gæti einmitt svona regla komið inn og virkað mjög jákvætt.

Ég bjó í Noregi í mörg ár og þar er mjög algengt að fólk búi í úthverfum stórra borga, búi jafnvel úti á landi, sæki sér vinnu inn á þéttbýliskjarnana, fari á milli og eyði þá jafnvel — ekki er óalgengt að það eyði kannski klukkutíma í að koma sér til vinnu og síðan aftur frá vinnu. Þetta fólk er í Noregi kallað „pendlarar". Í Noregi eru í gildi svipaðar reglur og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti á. Ég gerði það að gamni mínu í morgun að fara á netið hjá norskum skattyfirvöldum og skoða hvers konar skattaívilnanir eru þar í gangi fyrir fólk sem þarf að sækja vinnu um langan veg. Þar eru margar reglur, fjölmargar reglur, fjölbreytilegar reglur sem gilda um ýmislegt og í rauninni langtum flóknari reglur en þær sem við leggjum til með þessari einföldu breytingu á skattalögunum hér á landi. Það væri kannski athugunar virði fyrir hv. efh.- og viðskn. og jafnvel skattyfirvöld líka að kynna sér einmitt reglurnar hvað þetta varðar í nágrannalöndunum til að skoða hvaða lendingu menn hafa náð þar í þessum málum. Ég tel að margt þar sé til fyrirmyndar.

Það mætti t.d. nefna að menn sem nota bíl til og frá vinnu í Noregi geta fengið frádrátt fyrir allt að 35 þús. km akstri á ári sem nemur um 16 kr. íslenskum á km. Yfir árið er þetta tæplega 600 þús. kr. Ef fólk ekur yfir 35 þús. km fær það frádrátt upp á um 10 ísl. kr. á km. Fleiri slíkar reglur eru fyrir hendi. Ef fólk er með atvinnu, vinnuaðstöðu heima hjá sér, þá getur það fengið skattfrádrátt fyrir það, t.d. ef það er með heimatölvu, heimaskrifstofu svokallaða. Sjómenn fá ýmsan frádrátt varðandi kostnað í tengslum við vinnu sína t.d. til að kaupa sér vinnuföt, þ.e. sjófatnað, allt að 20 þús. kr. á ári. Ef þingmenn í Noregi þurfa að búa í Ósló og taka ekki fjölskylduna með sér fá þeir skattfrádrátt fyrir hvern þann dag sem þeir búa í höfuðborginni, 2000 kr. á dag fyrir hvern þann dag sem þeir búa í borginni. Ef þingfundir eru á kvöldin og þingmenn komast ekki heim til að borða kvöldmat fá þeir 700 kr. í skattafslátt. Til viðbótar þessu fengju þeir skattafslátt fyrir það að keyra til og frá vinnu.

Svona má lengi telja. Þetta eru ýmsar og fjölbreytilegar reglur. Fólk sem er að ljúka doktorsgráðu getur fengið skattafslátt upp á allt að 200 þús. kr. til að halda veislu til að fagna þeim tímamótum. En í það heila, frú forseti, held ég að menn ættu að kynna sér hvernig þetta er gert í nágrannalöndunum. Ég held að það mundi hafa mjög jákvæð áhrif hér á landi. Þetta er ágæt hugmynd t.d. út frá byggðasjónarmiðum séð. Við vitum að það er mjög dýrt þegar fólk flytur t.d. til höfuðborgarsvæðisins í stórum stíl, og ef það flytur inn í aðra þéttbýliskjarna í stórum stíl þarf að byggja yfir það bæði dýr hús, skóla og aðrar þjónustustofnanir. Þetta er dýrt sérstaklega í ljósi þess ef þessar stofnanir eru þegar fyrir hendi í hinum ýmsu þéttbýliskjörnum úti á landi. Eins og ég sagði áðan, frú forseti, eru samgöngurnar alltaf að batna, bílarnir alltaf að verða betri, þannig að þetta ætti að verða því áhugaverðara eftir því sem árin líða.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra að þessu leyti, frú forseti, en tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni um það að þetta verði litið jákvæðum augum hjá hv. efh.- og viðskn.

[14:45]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræddum í gær frv. um að félagsgjöld í stéttarfélög yrðu frádráttarbær frá skatti. Það var sem sagt eitt af þeim góðu málum sem við ræðum hérna dags daglega. Í skattkerfinu í dag eru nokkur atriði sem eru svona góð, t.d. er iðgjald í lífeyrissjóð frádráttarbært. Við erum með sjómannaafslátt sem upphaflega var settur upp sem hlífðarfatakostnaður sjómanna, en breyttist svo í áratuganna rás og kostar ríkissjóð 1,5 milljarða. Við erum með dagpeninga sem vaxa upp í himininn vegna aukinna ferðalaga sem þeir stuðla að. Það er líka mjög gott mál að sjálfsögðu. Svo erum við með bílastyrki sem er líkt því máli sem við ræðum hér í dag. Það kerfi er mjög flókið, hefur reyndar ekki vaxið mikið á undanförnum árum. Það eru orðnar allmyndarlegar tekjur sem ríkissjóður missir þar. Allt eru þetta réttlætismál.

Ég gæti nefnt fleiri réttlætismál eins og hv. síðasti ræðumaður sem vitnaði í norsku lögin. Ég kynnti mér einu sinni fyrir langalöngu þýsku lögin sem reyna að koma að öllum mögulegum og ómögulegum kostnaði og draga hann frá skatti. Þar má m.a. draga frá skatti notkun gleraugna í vinnu. Nú og notkun heyrnartækja má draga frá skatti, að því leyti sem þau eru notuð í vinnunni að sjálfsögðu, hlutfallslega. Svo getur maður dregið frá skatti batterí í heyrnartæki, líka að því leyti sem þau eru notuð í vinnunni. Ef þau eru tekin úr heyrnartækjunum á nóttunni, af því heyrnartækin eru ekki í notkun þá, eykst hlutfallið sem þau eru notuð í vinnunni, þannig að það eru kannski 37% notkun í vinnunni og hægt að draga frá 37% af einu batterii. (Gripið fram í.) Já það kemur líka til.

Þetta leiðir til ótrúlega mikillar skriffinnsku. Menn sitja og fylla út vegaskýrslur og annað slíkt, t.d. varðandi ferðakostnað. Hvernig keyri ég í vinnuna? Fer ég stystu leið? Fer ég hraðvirkari leið í gegnum eitthvert úthverfi, eða hvaða leið fer ég? Hvernig reiknar maður kílómetrana? Ágreiningur við þýska skattborgara gengur út á þetta. Hvað gerist ef maður og kona nota sama bílinn og maðurinn keyrir konuna fyrst í vinnuna og keyrir síðan í sína vinnu? Það eru til flóknar reglur um hvernig eigi að skipta þessum ferðakostnaði á milli þeirra. Þetta er til að æra óstöðugan.

Eftir því sem við gerum kerfin réttlátari, þeim mun flóknari verða þau. Hverjum skyldi það nú nýtast? Ekki þeim sem hefur ekki þekkingu. Það er alveg á hreinu. Sá sem ekki vissi af bílastyrknum hérna þegar búið er að samþykkja hann nýtir hann að sjálfsögðu ekki. Hverjir skyldu það nú vera? Hverjir skyldu annars nýta hann? Þeir sem hafa efni á að hafa dýra endurskoðendur á sínum vegum. Það er hátekjufólkið. Lágtekjufólkið hefur oft ekki þekkingu. Þess vegna er það með lágar tekjur. Það hefur ekki þekkingu til að nýta sér flókin skattkerfi. Þar af leiðandi verða flókin skattkerfi óréttlát, þó að flækingin sé hugsuð til að gera þau réttlát.

Talið er að 7% þjóðarinnar sé ólæs í þeim skilningi að viðkomandi hafi aldrei lesið heila bók sér til gagns. Þetta sagði ég í gær. Sá hópur þjóðarinnar situr fyrir framan mjög flókin kerfi, sífellt flóknari og flóknari, bótakerfi og skattkerfi. Hann nýtir ekki bótakerfið og veit ekki að hann á rétt hér og þar. Þetta hef ég rekist á aftur og aftur. Hann nýtir ekki þá möguleika sem skattkerfið gefur ef það verður of flókið. Þannig að þetta réttlæti leiðir til flækingar. Flækingin leiðir til óréttlætis. Þessu þurfum við alltaf að gæta að.

Svo er annar kostnaður sem mér finnst ekki síður mikilvægur. Segjum að það séu hjón sem eiga tvö börn og konan er heima og ætlar að fara að vinna. Þá þarf hún að setja börnin á barnaheimili. Það kostar yfir 50.000 kr. á mánuði. Er það ekki starfskostnaður líka? Eigum við ekki að taka það inn í líka? Að sjálfsögðu. Þannig að við getum endalaust haldið áfram í réttlætisátt. Og alltaf minnkar skattstofninn, því það er búið að hola hann sem þýðir að við verðum að hækka prósentuna. Það kom ekki fram hérna áðan hver prósentan er í Noregi í skattinum.

Það sem gerist er að þegar skattstofninn minnkar þarf að hækka prósentuna. Við höfum haft þá stefnu að vera með bróttóskatt án þess að menn geti dregið frá allan mögulegan og ómögulegan kostnað. Það hefur verið stefnan hingað til. Ég er hlynntari því, vegna þess að ég held að einfaldara skattkerfi sé um leið réttlátt í þeim skilningi að þeir sem eiga erfitt með að skilja kerfin, skilji þau mögulega ef þau eru einföld. Ég hef meira að segja lagt til að það verði tekinn upp flatur tekjuskattur, 20%, sem yrði tekinn af þegar launin eru greidd og síðan ekki söguna meir, ekkert framtal og ekki neitt. Það mundi spara þjóðinni einn dag á ári a.m.k. í framtal.

Ég er ekki hér með að segja að það sé ekki hugsanlegt að taka þessa tillögu til velviljaðrar skoðunar, vegna þess að það er ákveðið kerfi í gangi í dag sem eru bílastyrkirnir, sem er nákvæmlega það sama. Þar þurfa menn að leggja fram reikninga, sýna hvað þeir keyrðu mikið o.s.frv., skriffinnska sem skattstjóri þarf að fara í gegnum og kostar vinnu báðum megin. Síðan er það spurningin: Eigum við að leyfa manni sem er á 5 millj. kr. jeppa og eyðir 20 lítrum á hundraði að afskrifa hann eða eitthvað svoleiðis? Hann yrði fljótur að fara upp í 520.000 kr. kostnað á ári. Eru engin efri mörk á því? Á einn maður að keyra í bíl til Keflavíkur t.d., menn sem slá sér saman um bíl, geta þá dregið minna frá skatti? Það er mjög algengt.

Þannig að ég vara við því að menn holi kerfin með réttlætisást að leiðarljósi, því þá verða kerfin flókin og þegar þau eru flókin verða þau óréttlát.

[14:52]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú hv. þm. Pétur Blöndal gera svolítið lítið úr vitsmunum fólks, a.m.k. ákveðinni prósentutölu af borgurum landsins. Það má vel vera að flókin kerfi verði aðeins flóknari, ég ætla svo sem ekki að segja til um það. Mín reynsla var sú, þegar ég bjó og starfaði í Noregi, að þetta væri ekkert ýkja flókið. Fólk var meðvitað um hvaða réttindi það hefði varðandi þessar reglur, hélt utan um sína pappíra hvað það varðaði, skilaði þeim inn og ég varð aldrei var við það að þetta væri neitt voðalega mikið mál. Skattayfirvöld hafa nokkuð góða reynslu og tilfinningu fyrir því hvaða tölur menn eru að leggja fram miðað við hvar þeir búa og ég reikna með að þar sé þokkalegt eftirlit með þessu. Þannig að ég gat nú ekki séð að þetta væri svo hryllilega flókið.

Hv. þm. talaði um að ef þetta kæmi til þyrfti að auka skattbyrðina á móti. Ég er ekkert endilega sammála því, því ég held að samfélagið mundi á margan hátt spara þó nokkuð á svona reglum. Eins og ég benti á í máli mínu áðan þá er þegar búið að leggja út í töluverðan kostnað t.d. víða úti á landi varðandi ýmiss konar þjónustu, menntun og skóla. Það er búið að leggja mikla peninga í vegakerfið. Og það að fólk geti haldið áfram að búa á stöðunum í kringum þessi atvinnusvæði og að því sé gert það auðveldara að gera það, held ég að muni í raun og veru, þegar upp er staðið, spara hinu opinbera þó nokkuð mikil útgjöld.

[14:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er vissulega ekki að gera lítið úr vitsmunum fólks. En það er nú einu sinni þannig að fólk er misjafnlega viti borið. Og það er þannig að kerfin eru að verða mjög flókin. Ég rekst á það aftur og aftur í mínu starfi að fólk veit ekki af því að það á rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði. Það veit ekki einu sinni að hann sé til. Það eru meira að segja hv. þingmenn sem hafa flutt hér þingsályktunartillögur og breytingartillögur við lög sem í greinargerð stendur ekkert um alla sjúkrasjóðina sem eru starfandi í landinu. Þeir vissu það ekki. Vita hv. þm. að sjúkrasjóðir margir hverjir borga 80–90% af launum ef menn veikjast? Ég er ekkert viss um það.

Þetta kerfi er orðið svo flókið. Ég rekst líka á það að fólk sem á rétt á örorkulífeyri sækir ekkert um hann af því það veit ekkert um hann. Ég er ekki að segja að þetta fólk sé heimskt, en kerfin eru orðin svo flókin og menn sitja og úthugsa kerfin aftur og aftur, einhverjir spekingar sem eru vel inni í hlutunum. Akkúrat þessum hluta, ferðakostnaðinum. Þeir vita allt um ferðakostnað. En þeir vita ekkert um alla hina endana, sjúkrasjóðina og bara nefna það hvað kerfin eru orðin flókin. Tryggingastofnun borgar um 150 tegundir trygginga, 150 tegundir bóta. Vissu hv. þingmenn það? Frammi fyrir þessu stendur fólk sem er kannski ekki sérfræðingar á þessu sviði og þarf að kunna skil á þessu.

Ég held því fram að kerfin séu orðin allt of flókin. Það er betra að hafa þau eitthvað einfaldari þannig að fólk skilji þau og nýti sinn rétt.

[14:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal talar um að kerfin séu orðin svo flókin að það sé orðið erfitt fyrir fólk að átta sig á þeim réttindum sem það hefur. Það má vel vera að hann hafi nokkuð til síns máls. Ég skal ekki segja til um það. En þá langar mig til að varpa þeirri spurningu fram: Er það ekki hið opinbera sem á að veita þessa þjónustu, er það ekki að bregðast með því að veita fólki ekki nægilega greinargóðar upplýsingar um hvaða réttindi það hefur?

Hv. þm. Pétur Blöndal talar um að þetta sé svo flókið að það sé erfitt fyrir venjulegan meðalmann að halda utan um þetta. Það má líka spyrja sig að því: Ef það er þörf, markaður, fyrir þessa vitneskju, fyrir þessa kunnáttu, hvers vegna hafa þá ekki einhverjir sniðugir bisnessmenn notfært sér þetta til þess að selja þessa þekkingu út í þjóðfélagið?

Enn og aftur hlýt ég að koma að Noregi þar sem ég bjó í mörg ár eins og ég sagði áðan. Ég get upplýst að þar er metsölubókin á hverju einasta ári tiltölulega lítil bók, hún er ekki mjög stór, en inniheldur mikið af dýrmætum upplýsingum. Sú bók gengur út á það að ráðleggja fólki um það hvernig það á einmitt að nýta sér þá frádráttarliði sem það hefur í skattframtalinu. Mest selda tímarit í Noregi er tímarit sem heitir Dine penger – Peningarnir þínir. Það tímarit gengur út á það að ráðleggja fólki um það hvaða réttindi það hefur varðandi fjármál, hin ýmsu fjármál. Það gengur ekki út á það að búa til lista yfir ríkustu menn landsins. Nei, það gengur út á það að ráðleggja meðalmanninum um það hvernig hann eigi að haga sínum fjármálum, hvernig hann eigi að fara að því að fylla út sitt skattaframtal o.s.frv. Fólk les þetta unnvörpum. Og það skilur það, vegna þess að upplýsingarnar eru gerðar aðgengilegar fyrir fólk. Þær eru gerðar venjulegu fólki skiljanlegar.

[14:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði einmitt það sem ég var að halda fram. Það er gefin út bók sem menn eiga að lesa. Hvernig er með þessi 7% sem aldrei hafa lesið heila bók sér til gagns? (**Gripið fram í:** Þeir geta hlustað á útvarp eða horft á sjónvarp.) Akkúrat. Sá hópur nýtir sér ekki þessar fínu upplýsingar. Svo eru kerfin orðin svo flókin að það er orðinn atvinnuvegur og gróðavegur að gefa út upplýsingar. Almáttugur. Það er kerfi handa sérfræðingunum. Það er handa fólkinu sem spekúlerar og spekúlerar og eyðir mörgum dögum í það að spekúlera hvernig það getur fengið peninga út úr skattkerfinu. Er þetta það sem við viljum? Ég segi nei. Ég vil hafa skattkerfin einföld. Og ég vil helst komast hjá því að fólk þurfi að telja fram, því ég veit ekki um einn einasta mann sem ekki leiðist það.

[14:59]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef leggja á skilning í orð hv. þm. Péturs Blöndals, þá eigum við að skilja orð hans þannig að núverandi skattkerfi sé einfalt. Ég er ekkert viss um það, virðulegi forseti, að skattkerfið sé einfalt eins og það er í dag. Menn þurfa oft að fá leiðbeiningar til þess að telja fram til skatts og það eru alls konar frádráttarliðir sem við höfum verið með í gangi á undanförnum árum. Við höfum verið með hlutabréfakaupin, það er öðruvísi skattlagning á arði og vöxtum o.s.frv. og ýmsir frádráttarliðir sem hægt er að hafa í því sambandi. Ég held að það sem má skilja á hv. þm. sé að við séum með einfalt skattkerfi, ég er ekki viss um að það fái staðist. Ég vil meina að einföld regla um frádrátt vegna ferðalaga til og frá atvinnusvæði sé ekki flókin, enda er fjöldi manna í dag sem er með bifreiðakostnað og dregur hann frá og dagpeninga o.s.frv.

[15:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki til þess að ég hafi sagt að núverandi skattkerfi væri einfalt, alls ekki. Og mér finnst alls ekki bót að því að vera að flækja það enn frekar, mér finnst það bara allt of flókið. Eins og ég sagði áðan leiðist fólki yfirleitt að telja fram af því að það er flókið. Ég sagði ekki að þetta væri einfalt, alls ekki. Þar leggur hv. þm. mér orð í munn, og meiningu.

Svo það að þetta litla frv. breyti ekki miklu. Auðvitað ekki. Auðvitað gæti öll þjóðin lært að þeir sem ferðast og eyða meira en 10 þús. kr. á mánuði geti dregið það sem umfram er frá skatti. Auðvitað gæti öll þjóðin lært það.

Þetta minnir mig á manninn sem var að hlaða hross. Hann setti alltaf stein á stein ofan, alltaf var það pínulítill steinn, í hvert skipti var það u.þ.b. hálfs kílós steinn og munaði ekkert um það. En allt í einu kiknaði hrossið í hnjáliðunum því að hlassið var orðið svo mikið. Það var svo mikið af litlum steinum. Ef kerfið er alltaf smátt og smátt gert flóknara og flóknara verður það að lokum svo flókið að fólk botnar bara ekkert í því. Þá þarf að fara að gefa út bækur og þá fara að koma sérfræðingar sem veita þeim sem hafa efni á að kaupa bækurnar og þeim sem hafa efni á sérfræðiþekkingunni upplýsingar um allar mögulegar og ómögulegar smugur í skattkerfinu, eins og t.d. í Þýskalandi þar sem menn geta dregið batterí í heyrnartæki frá skatti í því hlutfalli sem þeir nota það í vinnunni miðað við það sem þeir eru vakandi.

[15:02]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hv. þingmenn Frjálsl. hafa hér flutt er ágætismál og fellur mjög að því sem ég hef oft talað fyrir á Alþingi og annars staðar um jöfnunaraðgerðir í skattkerfi, jöfnunaraðgerðir gagnvart þeim sem búa á landsbyggð andspænis höfuðborgarsvæði og, eins og hér er, jöfnunaraðgerð gagnvart þeim sem þurfa að ferðast langan veg með miklum tilkostnaði til að sækja sér vinnu. Hvort þessi leið er einmitt sú besta ætla ég ekki alveg að úttala mig um. Ég tók eftir því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson ræddi um hið norska kerfi sem ég kynnti mér mjög vel á síðasta ári. Það hugnast mér vel þannig að það sem ég vildi segja hér í upphafi er að hvort þessi leið verður farin eða önnur er mér nokk sama um ef menn komast að þeirri

niðurstöðu að þetta sé sanngirnismál, það sé jafnréttismál að koma svona til móts við fólk. Hvernig það er gert í gegnum skattkerfið ætla ég ekki að úttala mig um en hugmyndin er góð.

Þar þurfum við að leita, og getum leitað, í smiðju nágrannaþjóða okkar, Norðurlandanna, og þetta er til í Þýskalandi að sjálfsögðu líka og fleiri stöðum vafalaust. Frá Norðurlöndunum þekkjum við þetta þó best. Við þurfum að leita í smiðju til þeirra og athuga hvaða aðferð er best, hvað gagnast best — líka til þess að hafa það ekki allt of flókið. Ég ætla í lok ræðu minnar að eiga smáorðastað við hv. þm. Pétur H. Blöndal út af því sem hann hefur sagt hér um skattkerfið, flókið skattkerfi og annað. Ég ætla að geyma mér það.

Ég vildi bara segja, herra forseti, að þrátt fyrir allt er þetta viðurkennd aðferð í gegnum skattkerfið, þegar við erum að telja fram til skatts, til að jafna aðstöðu fólks þó að við gerum það á misjafnan hátt.

Flutningsjöfnunarsjóður olíu og sements hefur verið ræddur. Ég veit að hv. þm. Pétri H. Blöndal finnst hann ekki góður, það heyrist á mæli hans að honum finnst aðferðin röng. Mig minnir að hann hafi einmitt vakið upp þá umræðu á síðasta þingi hvort ekki ætti hreinlega að leggja sjóðinn niður.

Margt fleira er jafnað. Ekki er langt síðan það jafnréttismál náði fram að ganga að síminn kostar það sama alls staðar á landinu, og gott ef það gerðist ekki í samgönguráðherratíð þess hæstv. forseta sem situr fyrir aftan mig. Ansi lengi bjuggum við landsmenn við það að það var miklu ódýrara að tala í síma milli húsa í Reykjavík en að tala frá Reykjavík t.d. til Siglufjarðar. Kostnaðurinn var í sjálfu sér ekkert meiri en þetta var ákveðin aðferð sem var notuð. Menn sáu að þetta var ósanngjarnt og þess vegna var landið gert að einu gjaldsvæði, mjög sanngjarnt mál.

Ég hef áður sagt að við kaupum blöðin á sama verði hvar sem er á landinu, útgáfufélögin jafna kostnaðinn við flutning og menn búa við sama verð. Nokkur atriði í neysluvörum okkar eru svoleiðis þannig að þetta er til. Þetta er sanngirnismál.

Við getum tekið dæmi af máli sem líka hefur verið mikið haft í frammi, mál sem hefur þokast í rétta átt, alveg hiklaust, þ.e. að jafna námskostnað fólks sama hvar það býr á landinu, þ.e. að jöfnunarstyrkir komi til móts við það fólk sem býr ekki við framhaldsskóla á svæðinu sínu og þarf að senda unglingana sína í annað sveitarfélag til að sækja sér þar nám. Það er hið besta mál þó að okkur geti svo að sjálfsögðu greint á um það hvort það er rétt upphæð, hvort hún er nógu há. Ég er þeirrar skoðunar að hún sé ekki enn þá orðin nógu há þó að hún hafi hækkað töluvert síðari ár. Þar er m.a. gert ráð fyrir því, og það er einmitt það sem á að gerast næstu tvo daga, að námsmenn í framhaldsskólum fjarri heimabyggð eigi að sækja um þessa jöfnunarstyrki til náms. Þar er m.a. tekið á því ef unglingar þurfa að keyra langan veg í skóla, sama hvort þeir fara á eigin bílum eða nýta sér aðrar ferðir. Þeir sem þurfa mikið að keyra til og frá fá aukinn styrk, aukið framlag til jöfnunar á námskostnaði vegna þess. Það er dæmi um það sem við erum að tala hér um, þarna höfum við í raun og veru rök og við höfum aðferð sem er viðurkennd í dag. Ég ætla svo ekki að lengja umræðuna hér um það og segja hvernig ég hefði viljað að þetta hefði verið gert. Nýlega gafst mér tækifæri til að ræða það hér á hinu háa Alþingi, þ.e. að það hefði verið auðveldara að jafna muninn í gegnum skattframtal en á þann hátt sem gert er núna með útgreiðslu úr ríkissjóði.

Við notum skattkerfið til að niðurgreiða húshitun á þeim svæðum þar sem dýrast er að hita hús. Og bara af því að það var til umnræðu aðeins í iðnn. í morgun þar sem ég á sæti eru það í kringum 860 millj. sem eru notaðar í þennan pott. Auðvitað er það komið í þessa upphæð vegna þess að hér á hinu háa Alþingi hafa menn verið sammála um að það sé sanngirnismál að greiða niður himinháan húshitunarkostnað á mörgum stöðum úti á landi. Þó að þetta sé ekki gert í gegnum skattkerfið koma peningar af skattstofni ríkisins á fjárlögum til að greiða féð út og það er gert á ákveðinn hátt sem Orkustofnun heldur nú utan um.

Það er verst að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., sem hefur tekið þátt í þessari umræðu og verið hér til staðar er ekki hér núna. Ég ætla að beina máli mínu aðeins til hans. Ef það væri hægt að athuga hvort hann væri hérna nálægt mundi ég mjög gjarnan vilja það. Það snýr að hinu flókna skattkerfi sem hann hefur talað um. Væri hægt, herra forseti, að athuga hvort formaður efh.- og viðskn. væri hér nálægt vegna þess að þetta er frv. sem snýr að hans nefnd?

Virðulegi forseti. Þetta sem sagt snýr að því sem við höfum verið að tala um að eru jöfnunaraðgerðir frá hendi hins opinbera, sama hvort það er gert þá í gegnum skattkerfið með einföldu framtali — ég þakka þér fyrir að koma, Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., vegna þess að ég er hér að ræða um nokkur atriði sem eru nú þegar í skattkerfi okkar eða ríkisfjármálum þar sem peningar eru teknir frá ríkissjóði til að jafna aðstöðu fólks. Ég var nýhættur að ræða um niðurgreiðslu á húshitun sem er ekki mjög flókið dæmi en varðar samt 800 millj. sem eru teknar út úr ríkissjóði til þess að greiða niður húshitun. Þetta er ekki flókið kerfi, þetta hefur gengið ágætlega fyrir sig og þarf ekki að vera með andstöðu við það vegna þess að það sé flókið, það er þá eitthvað annað.

Næsti þáttur sem ég ætla að nefna og er í gegnum skattkerfið varðar nokkuð sem hv. þm., formaður efh.- og viðskn., nefndi áðan. Eftir því sem skattkerfið verður flóknara, þeim mun verra verður það, sagði hann. Undir það má taka í sjálfu sér. Réttlátara skattkerfi taldi hv. þm. með öðrum orðum vera með sem allra minnstum undanþágum. Nú er mér ekki grunlaust um að hv. þm. hafi tekið þátt í því hin síðari ár að búa til flóknara skattkerfi með því að heimila þeim sem keyptu hlutabréf í ákveðinn árafjölda í viðurkenndum hlutafélögum sem skráð eru á markaði að telja þau fram til skatts og fá endurgreiðslu 1. ágúst árið eftir. Ég hygg að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi verið stuðningsmaður þessa kerfis. Þetta var gert á þeim árum sem við unnum í því að fá meira fé almennings í hlutabréf til fyrirtækja til að byggja þau upp og annað slíkt en þetta var mjög mikið stundað og við vitum hvernig veislan hjá þeim sem seldu hlutabréf var yfirleitt á gamlársdag. Það var yfirleitt fullt út úr dyrum og rauðglóandi símalínur, allir voru að kaupa til að nýta sér skattafsláttinn á eftir.

Þá er spurning mín til hv. þingmanns hvort þetta hafi verið arfavitlaus aðferð og hvort hún hafi ekki verið studd af hv. þingmanni og flokki hans. Gott ef flokkur hans var bara ekki í forsvari fyrir þetta. Hver væri munurinn á því að maður fengi að telja það fram sem einstaklingur, um leið og hann keypti hlutabréf og fengi skattafslátt árið eftir, að barn hans væri í framhaldsskóla og þar á eftir kæmi jöfnun

námskostnaðar í gegnum skattkerfið? Hver væri munurinn á því? Að mínu mati er hann enginn.

Þetta eru aðeins nokkur atriði, herra forseti, um að það sé hægt að stunda mikinn jöfnuð og jafnaðarstefnu, jafna lífskjör fólks í gegnum skattkerfið. Hér er m.a. talað um að menn fái að telja fram til skatts til frádráttar sannanlegan útlagðan ferðakostnað, viðurkenndan að sjálfsögðu af skattstofu. Þetta snýst um það og ég hef hér nefnt nokkur dæmi. Það er bara ákvörðun sem þarf að taka.

Ég vil með öðrum orðum, herra forseti, segja það og ítreka að þessi hugmynd sem hér er sett fram er góð þótt við gætum jú diskúterað hvort hún sé besta aðferðin eða hvort við eigum að skoða hvað nágrannar okkar hafa gert í gegnum skattframtalið sjálft.

Við vitum að ferðalög fólks til og frá vinnu um langan veg, á íslenskan mælikvarða, hafa aukist hin síðari ár. Ég hygg að fyrir 10–15 árum hafi menn aðallega farið á milli hér á höfuðborgarsvæðinu, Reykvíkingar til Keflavíkur eða Keflvíkingar hingað í mesta lagi, til að sækja vinnu. Nú er þetta hins vegar miklu meira út um allt land. Inn í það blandast náttúrlega ákveðið atriði, sem er mjög dapurlegt, að störfum hefur verið að fækka á mörgum stöðum á landinu. Sú staða er komin upp vegna hinna miklu breytinga sem m.a. Alþingi hefur stuðlað að, þ.e. breytingum í tveimur aðalatvinnuvegum okkar, fiskveiðum og landbúnaði. Heilu og hálfu frystihúsunum í viðkomandi byggðarlögum hefur jafnvel verið lokað. Fólk hefur misst vinnuna og ekkert annað komið í staðinn. Fólk hefur þurft að ferðast meira milli staða til að sækja vinnu.

Svo ég fari norður í okkar ágæta Eyjafjörð og skoði ástandið þar þá sést hvernig fólk er þar farið að færa sig til Dalvíkur og Dalvíkurbyggðar. Þar rekur Samherji fiskiðjuver. Ég vil ekki kalla það frystihús einu sinni, ég vil ekki kalla það því nafni vegna þess að þetta er ekkert annað en hátæknilegt iðjuver. Þar er glæsilegt hús og mikil starfsemi og unnið nær allan sólarhringinn á vöktum, m.a. er þar unninn fiskur sem sennilega fer að leggja af stað eftir u.þ.b. klukkutíma frá Dalvík, verður kominn í flug í fyrramálið og kominn á markað úti í löndum eftir örfáa tíma.

Í nágrenni við Dalvík, á Ólafsfirði, í Hrísey og jafnvel aðeins lengra inni í Eyjafirði hefur orðið atvinnusamdráttur. Það gerir það að verkum að fólk á þessum stöðum þarf að sækja vinnu til Dalvíkur, m.a. sigla með ferju frá Hrísey. Þó að það séu ekki margir kílómetrar þá eru þeir þó nokkrir. Þessu fylgir því töluverður kostnaður og hann er hlutfallslega hár. Það má skjóta því inn í að atvinnurekendur hafa sumir komið til móts við starfsmenn sína, sem sækja vinnu til þeirra um langan veg, með því að borga þeim kaup meðan þeir ferðast og það er auðvitað virðingarvert.

Ég mundi halda að fólk sem þarf að gera þetta, eins og ég hef hér tekið dæmi um, ætti að fá að telja fram sannanlega útlagðan kostnað til og frá vinnu og fá hann dreginn frá skatti áður en skattur er greiddur af vinnutekjum þessa fólks. Þannig verður aðstaða þess jöfnuð og við fáum fleiri, t.d. í hátæknivæddum fiskiðjuverum, til að vinna og sköpum þar af leiðandi meiri verðmæti og framlegð fyrir fyrirtæki og þjóðarbúið í heild.

Ég tek undir það að breytingar í landbúnaði hafa gert það að verkum að sauðfjárbændur eiga ekki nokkurn einasta möguleika á að lifa af búrekstrinum. Hvort sem það eru bæði hjónin eða annað hvort, sem tekur sig til og ferðast langan veg frá bændabýlinu til næsta þéttbýlisstaðar til að sækja vinnu, þá getur orðið af því hrikalegur kostnaður, að maður tali ekki um það sem er enn þá stærra mál, að stundum er þar verið að keyra hálfgerðar torfærur og jafnvel illa mokaða vegi á vetrum. Það hamlar töluvert á stundum. En kostnaðurinn sem þessu fylgir er allt of mikill. Þetta nefni ég aðeins til að rökstyðja að þetta sé sanngjarnt, að jafna aðstöðu fólks sem lendir í að keyra langan veg.

Þá kunna einhverjir að spyrja: En hvað með fólkið hér á höfuðborgarsvæðinu? Það þarf að ferðast langan veg og hefur mikinn kostnað af því. Það er sannarlega rétt. Hér er ég ekki að tala fyrir því að menn geri þetta innan sveitarfélags. En vafalaust kæmi einhver lágmarks kílómetrafjöldi inn í þetta dæmi og þá mundi ég halda að þeir sem þyrftu að sækja sér vinnu suður í Keflavík eða frá Keflavík til Reykjavíkur féllu einnig þar undir. Það finnst mér sanngirnisatriði.

Þetta getur einnig átt við íbúa í Reykjavík sem sækja sér vinnu víða um land eins og sjómenn. Það þekkja þingmenn og aðrir sem ferðast mikið og fljúga mikið að þeir eru oft samferða mönnum sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu en vinna kannski austur á fjörðum, skipverjar á skipum o.s.frv. Ég hygg þó að ákveðnir skipverjar sem eru mjög eftirsóttir fái þann kostnað allan greiddan frá viðkomandi útgerð. Vonandi er það þannig en margir þurfa að borga þetta sjálfir.

Herra forseti. Ég hef rætt um þetta og lýsi stuðningi mínum við þær hugmyndir sem hér koma fram. Ég get ekki orða bundist að ræða nokkur atriði sem hv. þm. Pétur H. Blöndal ræddi um áðan. Það er alveg með ólíkindum að þegar menn nefna einhver atriði til jöfnunar og í jafnréttisátt og hyggjast nota skattkerfið til þess að þá sprettur hv. þm. Pétur H. Blöndal á fætur og finnur því allt til foráttu. Ég missti því miður af fyrri hlutanum, þar sem hann talaði um batteríin í heyrnartækin. Ég get ekki tjáð mig um það en mér fannst mjög kyndugt að hlusta á hvernig seinni hlutinn, sem ég heyrði, var settur fram.

Hv. þm. hefur talað um að eftir því sem skattprósentan sé lægri þeim mun betur skili skatturinn sér til ríkisins. Göngum út frá því að þetta sé rétt. Hann hefur talað um að tekjuskattur fyrirtækja hafi verið lækkaður úr 50% í 30% og úr 30% í 18%. Mig minnir að hv. þm. hafi ekki verið ánægður með að hafa 18% tekjuskatt af lögaðilum, heldur vildi hann fara með skattinn enn neðar vegna þess að það mundi skila sér enn þá betur. Þá vil ég, virðulegi forseti, í lokin spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal hvort þetta eigi þá ekki líka við um almenning. Hve langt vill hann ganga í að lækka skatta á almenning og taka kannski út alls konar skattafslætti í staðinn? Getum við verið sammála um 10% skatt eða 5% skatt? Hvar endar hann í þessu? Það hlýtur að vera sama sjónarmiðið sem gildir fyrir einstaklinga og fyrirtæki?

Í lokin langar mig að segja að hv. þm. situr í þingflokki Sjálfstfl. sem reið um héruð fyrir kosningar og lofaði skattalækkunum. Reyndin er sú að þriðja málið, eiginlega fyrsta málið sem hæstv. fjmrh. talar fyrir hér á hinu háa Alþingi, er skattahækkun upp á einn milljarð þar sem Pétur H. Blöndal og aðrir stjórnarþingmenn ætla að velta einum milljarði á þá sem eiga bíla, 600 milljónir í formi bensínsskatts og 400 millj. kr. í hærri flutningskostnað, hærri þungaskatt. Það er skattahækkun sem hv. stjórnarmenn koma fram með á fyrstu dögum þingsins. Kannski væri ástæða til að óska þeim tveimur sem hér eru í salnum innilega til hamingju með glæsilegan árangur í að byrja að lækka skatta með því að leggja fram skattahækkunarfrumvarp.

[15:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að sýna frv. okkar úr þingflokki Frjálsl. svo jákvæðan hug. Ég vil einmitt árétta dæmið sem hann tók af Eyjafirði og fólkinu sem býr á því atvinnusvæði og benda á þá staðreynd, sem mér finnst í raun mergurinn málsins í frv. og ég bið hv. þingmenn um að missa ekki sjónar á því, að það hafa orðið miklar breytingar í atvinnuháttum landsmanna og eiga eftir að verða töluverðar breytingar áfram í atvinnuháttum landsmanna. Fólk er farið að sækja vinnu á fjarlægari svæði í meiri mæli en þekktist áður.

Við getum tekið Austfirði sem dæmi. Þar standa menn í mikilli uppbyggingu sem við skulum vona að verði til hagsbóta fyrir þjóð okkar, að þær fórnir og sá kostnaður sem lagt hefur verið út í þar muni sannarlega skila sér. Margt bendir til þess að fólk, alls staðar að af Austfjörðum, af öllum Austfjörðum, muni í stórauknum mæli sækja sér vinnu inn á ákveðna þyngdarpunkta, ef svo má að orði komast.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum en það er ekki ætlast til þess að þeir taki undir það sem fyrri ræðumaður hefur sagt. Ef hv. þm. óskar að veita andsvar við ræðu hv. 3. þm. Norðaust. þá er það heimilt. Hv. þm. kvaddi sér hljóðs til þess að veita andsvar við ræðu hans.)

Já, hæstv. forseti. Ég hef ekki lokið máli mínu enn en ég vildi sem sagt árétta og nefna þessi dæmi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vakti athygli hv. þm. á að hann hefur orðið til að veita andsvar. Ég bið hann þá að snúa sér að andsvörum en ekki halda áfram í þeim dúr sem hann gerði, og hlýða þingsköpum.)

Það er greinilega túlkunaratriði á milli mín og hæstv. forseta hvað er andsvar í þessum ræðustól. Við getum farið yfir það síðar.

[15:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil upplýsa háttvirtan þingmann um að það er túlkun forseta sem skiptir máli í þessum sal.

[15:25]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja örfá orð um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er flutningsmaður að ásamt öðrum.

Ég hef hlustað með athygli á umræðuna um þetta mál. Það gengur út á að menn geti fengið að draga frá skatti meira en 120 þús. kr. útgjöld í ferðakostnað vegna þess að menn sæki vinnu langt að. Það kemur fram í greinargerð með frv. að hér er ekki síst verið að hugsa um dreifbýlið á Íslandi en þannig hagar til víðast í dreifbýlinu þar sem landbúnaður er stundaður að erfitt er að lifa af tekjum sem búið eitt gefur. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir annað hvort hjóna að stunda vinnu utan heimilis og er það góðra gjalda vert.

Það sem ég hnaut um í umræðunni var að spjótunum var beint mjög að hv. formanni efh.- og viðskn., Pétri H. Blöndal. Eins og ég skildi ræðu hans og ræður annarra þá sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal að það mætti skoða þetta mál með velvilja. Hann gaf hins vegar í skyn að hann vildi fara öðruvísi í málið og færði fyrir því rök. Mér virðist því að þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað í dag séu efnislega sammála um að það sé fýsilegt að gera mönnum það auðveldara peningalega að stunda vinnu fjarri heimili þó því fylgi töluverður tilkostnaður.

Ég vil að þessu leyti taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, að menn einblíni ekki á eina aðferð í þessu sambandi. Ég vil minna á, af því að það kom fram í umræðunni áðan, að sá sem hér stendur flutti till. til þál. á 127. löggjafarþingi um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Menn nefndu hér Eyjafjörð til sögunnar og það að menn gætu sótt vinnu, m.a. á Dalvík, víða að úr Eyjafirði. Mjög mörg fyrirtæki á landinu og allnokkur í Eyjafirði hafa af því töluverðan kostnað að aka fólki til og frá vinnustað. Það eru dæmi um það að fyrirtækin hafi sjálf áætlunarbíl eða rútu sem flytur starfsfólk viðkomandi fyrirtækis til og frá vinnu.

Almenningssamgöngukerfið í landinu er hins vegar í molum. Við byggjum á eldgömlu sérleyfiskerfi sem hefur verið tjaslað upp á en heildstætt almenningssamgöngukerfi fyrir landið hefur ekki verið mótað.

Á síðasta ári lýsti hæstv. samgrh. því yfir að hann hefði falið Háskóla Íslands að setja fram og vinna mótaðar hugmyndir um hvernig almenningssamgöngukerfi gæti litið út í strjálbýlinu á Íslandi. Almenningssamgöngukerfi í nýtísku stíl fyrir Ísland 2003 er nauðsynlegt fyrir margra hluta sakir. Það mundi þjóna þessum hluta fólks sem er að sækja sér vinnu, það mundi ganga inn í allt skólaaksturskerfið, gera það ónauðsynlegt að fyrirtæki komi sér upp sérbílum til þess að flytja starfsmenn til og frá vinnu. Það mundi gera ferðamönnum auðveldara um vik að ferðast um Ísland á eigin forsendum án þess að leigja sér bíl og komast á milli staða.

Eyjafjörður var nefndur sem dæmi en ég vil líka nefna í þessu samhengi, hversu nauðsynlegt er að endurskoða almenningssamgöngur, að það er ekki hægt að fá tengingu frá öllu flugi til Egilsstaða niður á firði frá flugvellinum á Egilsstöðum. Þar væri sterkt almenningssamgöngukerfi mikil bragarbót.

Að þessu leyti er ég sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal, þ.e. sammála um að líta á þetta í víðu samhengi. Nú hagar svo til að hv. þm. Pétur H. Blöndal er enginn venjulegur þingmaður. Hann er formaður efh.- og viðskn. Það að úttala sig um það í þessum ræðustól að það megi líta á þetta mál með velvilja tek ég á þann hátt að vinna megi að málinu og samræma sjónarmið. Það held ég að sé mjög gott.

Ég styð grunnhugsun frumvarpsins. Ég hef hins vegar ekki lagt niður fyrir mér hvernig að skuli fara. Í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar kom fram að þær tölur sem fram væru settar í frv. væru svo sem ekkert heilagar, hvort miðað væri við 120 þús. kr. eða 150 þús. kr. gætu menn rætt um og ættu auðvitað að ræða um í nefnd. En að mínu mati eiga menn líka að ræða önnur atriði sem hjálpað gætu við að ná sömu markmiðum. Þessi punktur, með almenningssamgöngukerfið, er í mínum huga stórt mál í þeirri umræðu, miklu stærra en við gerum okkur grein fyrir vegna þess að að hluta til kemur á móti sparnaður annars staðar í kerfinu sem til er orðinn vegna sérleyfissamgangna, vegna þess að fyrirtækin reka bíla í ýmsu formi, einkabíla og rútur, til þess að sækja fólk til vinnu. Þetta eru staðreyndir málsins sem verður að skoða.

Virðulegi forseti. Ég vona að umræðan í nefnd um þetta mál verði á þessum nótum og spunnin verði saman þau atriði sem málinu tengjast þannig að við tökum ekki — eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal svo réttilega orðaði það — bara einn enda. Það er algjör óþarfi og þjónar kannski ekki þeim markmiðum sem allir sem hér hafa talað virðast sammála

um að stefna beri að og stefnt er að með þáltill. Það held ég að sé meginmálið.

Ég vil standa að því að mönnum verði gert kleift að stunda vinnu fjarri heimili sínu og geti átt kost á að hluti af kostnaði við slíkar ferðir verði frádráttarbær frá skatti. Það finnst mér athugunarinnar virði. En ég held að þetta þurfi að vera á þremur stólpum. Ég vil leggja höfuðáherslu á almenningssamgöngukerfi í nútímaformi í því sambandi.

Við erum ekki bara að tala um landsbyggðina í því samhengi. Við erum að tala um höfuðborgarsvæðið líka. Það eru allir sammála um að við erum komnir í algjörar ógöngur með samgöngur í borginni. Hér er allt of mikill einkabílismi og almenningssamgöngukerfi, endurbætt og myndarlega rekið, getur sannarlega orðið innlegg í þessa umræðu. Við megum ekki, vegna þess að þetta snýst líka um þéttbýlið, stuðla að aukinni keyrslu einkabifreiða. Við eigum að leggja áherslu á ódýran samgöngumáta sem byggist á almenningssamgöngum. Slíkar samgöngur eru því miður lítt þróaðar á Íslandi miðað við önnur lönd. Að sumu leyti er það út af því hversu fá við erum en við getum ekki alltaf sagt að Íslendingar vilji ekki nota almenningssamgöngukerfi heldur vilji þeir nota sinn einkabíl. Það held ég að sé ekki rétt. Þeir sem eiga kost á að nota gott, traust og vel rekið almenningssamgöngukerfi nota það.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég leggja til umræðunnar. Ég vil enn og aftur segja að ég skil það svo að allir þeir sem hér hafa talað í dag séu sammála um meginstefnuna, að gera beri fólki auðveldara að sækja vinnu fjarri heimili sínu ef svo ber undir. Það fæst kannski skýrt með umræðu í nefnd hvernig skuli standa að því máli. Ég tel þetta frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt góðan grunn að þeirri vinnu sem þarf að fara fram í nefnd um þessi mál.

[15:34]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem fram hefur farið í dag um það mál sem við höfum verið að ræða hér og flutt er af okkur þingmönnum Frjálsl. Það hefur nokkuð komið inn í umræðuna að slík útfærsla sem hér hefur verið lögð til á ferðakostnaði fólks til og frá vinnu sem það mætti draga frá tekjum áður en skattlagt yrði, kæmi sér vel víða á landsbyggðinni vegna atvinnuástands sem gæti verið að koma upp á viðkomandi svæðum og tilfallandi atvinnumissis í því byggðarlagi sem viðkomandi launþegi býr í.

Það er vissulega svo að þetta getur m.a. orðið til þess að hafa áhrif á það að ekki reyni kannski eins mikið á það að fólk, sem býr í byggðum þar sem brestur verður í atvinnulífi tímabundið, þurfi að bregða búi þar ef slík regla sem hér er lögð til yrði tekin upp því það skiptir þá ekki eins miklu máli kostnaðarlega séð að sækja atvinnu um lengri veg ef kostnaðurinn við að afla atvinnunnar fengist dreginn frá tekjum. Þannig að vissulega er það rétt sjónarmið sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum í umræðunni að þetta getur haft áhrif í þessa veru þegar svo hagar til að tímabundið atvinnuleysi myndast á ákveðnum stöðum vegna aðstæðna sem erfitt er að sjá fyrir eins og t.d. vegna þess að aflakvóti færist úr byggðarlagi vegna sölu á fyrirtæki.

Eins og menn vita eru lögin um stjórn fiskveiða þannig útfærð að það er í raun og veru eigandinn að aflaheimildunum, eins og það er skilgreint miðað við notkunarréttinn, sem getur ákveðið að fara með aflaheimildirnar úr byggðarlaginu. Þar með væri atvinna sem fylgdi því að nýta aflaheimildirnar og sjósóknarréttinn til þeirra horfin frá svæðunum. Þetta er því miður að gerast af og til, virðulegi forseti, og er innbyggt í það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. Þetta er ein af þeim vandræðareglum sem fylgja því kerfi og menn hafa orðið að láta yfir sig ganga vegna þess að þau stjórnvöld sem nú ríkja í landinu hafa viljað viðhalda því og margir í stjórnarflokkunum hafa illa séð þá vankanta sem fylgja kerfinu þó að það sé kannski að breytast nú í seinni tíð þegar menn eru farnir að sjá að jafnvel hinum stærri stöðum getur orðið hætt í þessu tilliti og að þetta gæti jafnvel farið að hafa víðtæk áhrif á atvinnu á mjög stórum stöðum og þar af leiðandi á mikinn fjölda manna, ekki bara í hinum smærri byggðarlögum heldur jafnvel í hinum stærri. Sú umræða hefur verið hér í þjóðfélaginu að undanförnu og er nærtækast í þessu sambandi að nefna eigendaskipti á Eimskipafélagi Íslands sem á sjávarútvegsrisann Brim. Ég veit að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, þá umræðu þekkja auðvitað allir hv. þm., og það vekur auðvitað ugg í brjósti þess fólks sem býr á þeim stöðum þar sem aflaheimildir þess fyrirtækis eru í ráðandi stöðu um atvinnuástand.

Eins og menn rekur vafalaust minni til hefur það komið fram, m.a. hjá bæjarstjóranum á Akranesi, að 20% af tekjum Akraneskaupstaðar tengdust því að aflaheimildir fyrirtækisins Haraldar Böðvarssonar væru áfram nýttar á Akranesi með óbreyttri úgerð og vinnslu. Þannig að það sjá allir hvaða stærðir við erum að tala um í þessu sambandi þegar jafnstór staður og Akranes getur farið þannig út úr því að þar séu 20% af tekjunum að færast til.

Þar af leiðandi er það auðvitað alveg rétt sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum í dag að áhyggjur að því er varðar atvinnuástand víða úti um hinar dreifðu byggðir landsins geta auðvitað haft mikil áhrif og okkur er það auðvitað öllum ljóst, virðulegi forseti, að þannig er í pottinn búið, því miður, og er eitt af hinum innbyggðu vandamálum kvótakerfisins sem nauðsynlegt væri að taka á fyrr en síðar.

Síðan er það atvinnuástandið í landbúnaðinum, virðulegi forseti, sem gerir það að verkum, eins og hér hefur líka verið komið inn á, að fólk sem stundar landbúnaðarstörf, einkum í sauðfjárrækt, þarf að auka tekjur sínar með annarri vinnu. Samanlagt getur því svona tillaga eins og hér er verið að ræða haft veruleg áhrif á það að fólk þurfi ekki að bregða búi í raunverulegum skilningi, þ.e. af bújörðum sínum, né heldur jafnvel úr sveitarfélögum sem lenda í tímabundnu atvinnuleysi vegna aðgerða eins og ég hef áður nefnt í máli mínu.

Allt þetta eru fyllilega rök með því að slík tillaga sem hér er flutt í frumvarpsformi bæti stöðu fólks, einkum launafólks, eins og henni er ætlað að gera, og gæti þar af leiðandi að hluta til valdið því að festan í byggðarlögunum yrði meiri, fólk sæi ekki jafnfljótt ástæðu til þess að bregða búi og flytja aðsetur sitt ef slík heimild sem hér er lögð til væri til staðar í íslenskum skattalögum.

Það er auðvitað fjöldamargt fleira sem væri hægt að ræða í þessu sambandi, virðulegi forseti, en ég vil bara að lokum þakka þingmönnum fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag um þetta mál. Hún hefur verið málefnaleg og menn hafa tínt fram ýmis rök inn í þennan málflutning og bent á að leiðir sem hér mætti nota til þess að jafna aðstöðu fólks að þessu leyti megi vissulega nota með þeim hætti og þeirri hugsun sem við höfum hér lagt til.

Það er ekkert launungarmál að þegar við vorum að hugsa þessa tilögu þá veltum við því auðvitað fyrir okkur hvort

hér ætti frekar að tala um kílómetragjald, flugfarseðla eða einhverjar fastar viðmiðanir sem menn ættu að setja inn sem frádráttarliði varðandi skattalögin. En til þess að gæta alls jafnræðis meðal fólks og binda þetta ekki niður við ákveðinn ferðamáta af neinu tagi þá ákváðum við að leggja til að miðað væri við ákveðna upphæð, sem stendur í frv. að þurfi að vera a.m.k. 120 þús. ári svo að fólk geti farið að draga kostnað umfram það frá tekjum sínum áður en til skatta kemur. Síðan setjum við einnig fram tilögu um að á þessari upphæð verði ákveðið þak, þ.e. að enginn geti þó fengið að draga frá meira en 400 þús. kr. varðandi ferðakostnað.

En eins og ég gat um í framsögu minni, virðulegi forseti, þá höfum við ekki haldið því fram í þessari umræðu eða fyrri umræðu þegar við höfum kynnt þetta mál, en það hefur áður verið kynnt í hv. Alþingi, að þessar tölur væru eitthvað heilagar í þessari framsetningu heldur settar fram bæði til að benda á það að auðvitað þarf að vera eitthvert lágmark, því að allir leggja fram einhvern kostnað í ferðalag til og frá vinnu sinni, og einnig sé eðlilegt að hafa eitthvert hámark á þessu, virðulegi forseti. Þannig að ég tel að tillagan sé efnislega vel útfæranleg. Það hefur réttilega verið bent á það, m.a. af þingmönnum sem hér hafa talað eins og hv. þm. Kristjáni Möller, að útfærslur sem tengjast því að ríkið greiði mönnum til baka mismunandi kostnað eins og námskostnað eða húshitunarkostnað, þetta er allt þekkt í okkar kerfi, og sú tillaga sem hér er lögð til er í raun og veru jafnvel mun einfaldari en þær tillögur sem hv. þm. Kristján Möller vitnaði hér til.

Ég vil svo bara, virðulegi forseti, að endingu minna á það að landshlutasamtök eins og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtök sveitarfélaga á Norðvesturlandi hafa ályktað um það að nota aðlögun skattkerfisins til þess að bæta réttarstöðu fólks að þessu leyti og hafa m.a. bent á það í ályktun sem mig langar til að lesa hér í lokin, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn föstudaginn 10. október 2003 vekur athygli á því að núverandi skattaumhverfi kemur oft á tíðum í veg fyrir nútímavæðingu og aðlögun breyttra aðstæðna á landsbyggðinni. Í þessu sambandi má nefna að skattalöggjöf gerir ekki ráð fyrir því að fólk sæki vinnu langar vegalengdir. Kostnað við akstur er ekki leyfilegt að draga frá skattskyldum tekjum og dregur þessi hái kostnaður við rekstur bifreiða verulega úr sóknarfærum fólks að búa í dreifbýli."

Ég held að það sé ágætt, virðulegur forseti, að enda mál mitt á því að vitna í þessa samþykkt. Það sýnir auðvitað að sveitarstjórnarmenn vítt og breitt um landið hafa hugleitt það með hvaða hætti megi nota skattkerfið til þess að bæta stöðu fólks og hafa beinlínis lagt það til í tillögum sínum og þessi tillaga gengur einmitt í þá átt, virðulegi forseti, að gera launþegum kleift að bæta stöðu sína að þessu leyti varðandi kostnað til og frá vinnu sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 18. mál (félagsgjöld til stéttarfélags). — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kirkjuskipan ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. GAK og ÞBack, 14. mál (aðskilnaður ríkis og kirkju). — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ, 22. mál (verðtryggð útlán). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lögreglulög, frh. 1. umr.

Frv. SigurjÞ, 26. mál (löggæslukostnaður á skemmtunum). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lífeyrisréttindi hjóna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Staða hjóna og sambúðarfólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 47. mál. — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar um aðbúnað skipverja, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GAK, 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 91. mál (fjárhagsaðstoð sveitarfélags). — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 98. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 98.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 99. mál. — Þskj. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 12.–20. mál.

Fundi slitið kl. 15:53.

---

18. FUNDUR

fimmtudaginn 30. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2002. — Ein umr.
2. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2002. — Ein umr.
3. Málefni aldraðra, stjfrv., 143. mál, þskj. 143. — 1. umr.
4. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
5. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
6. Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
7. Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
8. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
9. Almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
10. Aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
11. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.
12. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.
13. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
14. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Fyrri umr.
15. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.
16. Bætt staða þolenda kynferðisbrota, þáltill., 137. mál, þskj. 137. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich menntmrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Laxeldi á Austfjörðum, 180. mál, svar landbrh., þskj. 237.
Lýsing við Gullfoss, 224. mál, fsp. MF, þskj. 239.
Meðafli botnfisks, 184. mál, svar sjútvrh., þskj. 242.
Meðafli í flotvörpu, 183. mál, svar sjútvrh., þskj. 241.
Virðisaukaskattur á barnavörum, 123. mál, svar fjmrh., þskj. 238.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2002, ein umr.

[10:31]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi Ríkisendurskoðunar ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan fyrir liðið ár var gefin út og birt í maímánuði sl. Með sama hætti

og gert hefur verið á liðnum árum mun ég gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni.

Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2002 er með nokkuð hefðbundnu sniði. Í henni er m.a. gerð grein fyrir starfsskyldum stofnunarinnar, starfsemi hennar á árinu 2002 og markmiðum með endurskoðun og leiðum á því sviði. Þá er gerð grein fyrir þeim skýrslum, leiðbeiningarritum og greinargerðum sem stofnunin gaf út á árinu. Í henni er þó lögð meiri áhersla en áður á að gera grein fyrir starfi einstakra sviða hennar en minna lagt upp úr að gera grein fyrir efni útgefinna skýrslna og greinargerða.

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar að frádregnum tekjum af seldri þjónustu námu 264,6 millj. kr. á árinu 2002. Á árinu 2001 námu rekstrarútgjöld tæplega 250 millj. kr. Útgjöld jukust því um 15 millj., þar af eru 7 millj. kr. framlag stofnunarinnar vegna viðbótarhúsnæðis. Að teknu tilliti til þessa hækkuðu nettóútgjöld um 3,3% á milli ára. Kostnaðurinn skiptist þannig á milli starfssviða að 167 millj. eða 62% af heildarkostnaði tengjast fjárhagsendurskoðun. Rekstur stjórnsýslusviðs kostaði um 48 millj. kr. eða um 18%, rekstur lögfræðisviðs 19 millj. eða 7%, rekstur upplýsingasviðs 17 millj. eða 6% og rekstur yfirstjórnar 20 millj. eða 7%. Þessi kostnaðarskipting endurspeglar allvel umfang starfseminnar og skiptingu vinnslustunda eftir starfssviðum.

Undanfarin 10 ár hafa fastráðnir starfsmenn Ríkisendurskoðunar að jafnaði verið á bilinu 43–45. Auk þeirra hafa utanaðkomandi endurskoðendur sinnt ýmsum verkefnum fyrir hönd stofnunarinnar. Á árinu 2002 skiluðu starfsmenn alls tæplega 69.000 vinnustundum við endurskoðun og eru það heldur fleiri stundir en árið áður eða sem svarar einu stöðugildi. Aðkeypt þjónusta samsvaraði um fimm ársverkum og er það einu ársverki færra en árið áður.

Á undanförnum árum hefur færst mjög í vöxt að stofnanir og fyrirtæki ríkisins gefi út eigin ársreikninga með áritun endurskoðanda. Árið 1997 voru gefnir út 242 ársreikningar með áritun endurskoðenda og voru 146 þeirra með áritun Ríkisendurskoðunar en 96 með áritun sjálfstætt starfandi endurskoðunarskrifstofa er starfa í hennar nafni. Á síðasta ári var fjöldi áritaðra ársreikninga kominn upp í 409, þar af áritaði Ríkisendurskoðun 328 reikninga en 81 ársreikningur var áritaður af öðrum endurskoðunarskrifstofum. Þetta jafngildir því að reikningar um 80% allra stofnana í A-hluta ríkisreiknings hafi verið teknir til endurskoðunar.

Stefnt er að því að endurskoða árlega allar stofnanir ríkisins auk þess sem áhersla verður lögð á að votta upplýsingar um umsvif og rekstrarárangur sem stofnanir birta í ársskýrslum sínum. Í þessu sambandi skal þess getið að um það bil helmingur stofnana ríkisins hefur tekið upp svokallaða árangursstjórn sem felur m.a. í sér að þær setji sér markmið til lengri eða skemmri tíma sem nota má sem viðmiðun þegar endanlegur árangur er metinn. Langfæstar endurskoðunarskýrslur eða endurskoðunarbréf sem starfsfólk Ríkisendurskoðunar tekur saman ár hvert vegna eftirlits og endurskoðunarstarfa sinna koma fyrir almenningssjónir, heldur eru þær fyrst og fremst sendar þeim aðilum sem endurskoðunin beindist að, svo og viðkomandi ráðuneyti. Í skýrslum endurskoðunar ríkisreiknings er þó jafnan að finna samandregið yfirlit um þá vinnu sem unnin er við fjárhagsendurskoðun á vegum stofnunarinnar.

Á næstu árum hyggst Ríkisendurskoðun verja enn meiri tíma en gert hefur verið til þess að kynna sér nánar starfsemi, starfsumhverfi, bókhalds- og eftirlitskerfi þeirra stofnana sem hún endurskoðar, forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi þeirra og leitast við að tryggja að endurskoðunarvinna skili tilætluðum árangri með vandaðri skýrslugjöf sem nýtist jafnt viðkomandi stofnun, Alþingi og almenningi.

Auk hefðbundinnar endurskoðunar hefur Ríkisendurskoðun undanfarin ár fylgt þeirri stefnu við fjárhagsendurskoðun að taka nokkra afmarkaða málaflokka til sérstakrar athugunar og skoða gaumgæfilega tiltekin atriði í rekstri þeirra. Markmiðið með þessu er að auka aðhald í ríkisrekstri og stuðla að góðri og markvissri nýtingu fjármuna. Við fjárhagsathuganir á árinu 2002 var hugað sérstaklega að aðalskrifstofum ráðuneytanna, framhaldsskólunum, embættum sýslumanna og þeim stofnunum sem heyra undir skattkerfið.

Þau atriði sem einkum koma til skoðunar í þessu sambandi voru samskipti þessarar stofnunar við birgja, fjárvarsla þeirra, virðisaukaskattsskil, ákvarðanir um laun yfirmanna og innra eftirlit.

Með tölvuvæðingu síðustu ára hefur orðið sú breyting á *fjárhagslegu innra eftirliti að það er að stórum hluta orðið* vélrænt, það er byggt inn í upplýsingakerfin sjálf í stað þess að vera unnin í höndunum eins og áður tíðkaðist. Í því skyni að auka skilning á þessum þætti fjárhagseftirlits og efla hann gaf Ríkisendurskoðun út sérstakt leiðbeiningarrit um helstu aðferðir sem vélrænt eftirlit byggir á. Ritið nefnist „Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum" og á einkum að vera til hjálpar við val og stillingu á nýjum upplýsingakerfum og við endurbætur á gömlum upplýsingakerfum.

Af starfsemi stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar á árinu 2002 er það að segja að sviðið lauk sjö úttektum. Á árinu var lögð sérstök áhersla á heilbrigðiskerfið og voru samdar fjórar viðamiklar skýrslur sem því tengdust. Stofnunin ákveður í hvaða stjórnsýsluathuganir eða sambærileg verkefni er ráðist. Engu að síður fær hún oft beiðnir, ýmist frá þingmönnum, með atbeina forsætisnefndar Alþingis, ráðuneytum eða stofnunum um að athuga tiltekna þætti í starfsemi eða fjárreiðum ríkisstofnana.

Eftir að hafa gengið úr skugga um að athugun heyri undir verkefnasvið stofnunarinnar reynir hún að jafnaði að verða við beiðnum af þessu tagi eigi hún þess nokkurn kost. Verkefni þessi geta verið mjög fjölbreytileg að efni og umfangi auk þess sem efnistök geta verið mjög mismunandi.

Þar sem stjórnsýsluúttektir krefjast bæði mikils tíma og mannafla hefur Ríkisendurskoðun kappkostað að velja viðfangsefni sín af kostgæfni. Einkum hefur verið lögð áhersla á málefni sem hafa verulega þýðingu fyrir stjórnsýsluna í heild, einstök ráðuneyti eða stofnanir. Við verkefnaval er sömuleiðis tekið mið af rökstuddum ábendingum um annmarka eða ágalla í rekstri stofnana eða ríkisfyrirtækja. Skýrslur af þessum meiði eru opinberar og jafnan sendar Alþingi fyrst.

Þau verkefni sem ekki verða heimfærð beint undir endurskoðun sem og önnur almenn starfsemi stofnunarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu 2002. Hér er einkum átt við eftirlit með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum, eftirlit með ríkisreikningsskilum sókna og kirkjugarða, námskeið, endurmenntun starfsmanna o.fl.

Ríkisendurskoðun er í umtalsverðum alþjóðlegum samskiptum á sínu sviði. Hún er aðili að ýmsum fjölþjóðlegum samtökum um endurskoðun auk þess sem hún hefur gott samband við systurstofnanir í nágrannaríkjunum. Samstarf á þessum vettvangi er mjög mikilvægt, enda má margt læra af reynslu og þekkingu systurstofnana og alþjóðasamtaka á sviði endurskoðunar.

Þess má geta að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi var kjörinn annar tveggja endurskoðenda Evrópusamtaka ríkisendurskoðenda á síðasta ári auk þess sem hann var beðinn um að sitja áfram í endurskoðunarráði Evrópuráðsins í Strassborg.

Um störf stofnunarinnar á árinu 2002 að öðru leyti mun ég ekki fjölyrða, heldur læt nægja að vísa til skýrslunnar sjálfrar þar sem grein er gerð fyrir megindráttum starfseminnar. Að lokum vil ég þó vekja athygli á því að í skýrslunni er m.a. vikið að því að Ríkisendurskoðun hafi á undanförnum árum leitast við að kynna opinberum aðilum mikilvægi áhættustjórnar í opinberum rekstri. Áhættustjórn er kerfisbundið ferli þar sem leitast er við að greina, meta og bregðast á skynsamlegan og hagkvæman hátt við þeim áhættuþáttum sem jafnan fylgja rekstri stofnana og fyrirtækja. Einn helsti þáttur áhættustjórnar er gott innra eftirlitskerfi. Samhliða hefðbundinni fjárhagsendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun í síauknum mæli kannað ýmsa áhættuþætti í rekstri opinberra stofnana. Áhættustjórn getur gagnast opinberum aðilum með margvíslegum hætti. Hún auðveldar glímuna við þá þætti rekstrar sem viðkvæmastir eru, skýrir ábyrgðarsvið starfsmanna, dregur fram veikleika sem kunna að vera fyrir hendi, auðveldar greiningu þeirra og nauðsynlegar úrbætur. Þannig má segja að áhættustjórn stuðli að bættri og skilvirkari þjónustu hins opinbera með því m.a. að bregðast við truflunum, töfum og tæknilegum örðugleikum við starfsemina.

Stofnunin hyggst halda áfram að miðla upplýsingum um stöðu og þróunarsvið áhættustjórnar og veita aðstoð við innleiðingu innri eftirlitskerfa. Ljóst er að samhliða örri tækniþróun í framtíðinni mun eftirlitshlutverk opinberra endurskoðunarstofa í æ ríkari mæli beinast að áhættumati og innri eftirlitskerfum ríkisaðila.

Að lokum vil ég fyrir hönd forsætisnefndar, herra forseti, flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því sviði sem hér hefur verið fjallað um.

[10:42]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ágætt yfirlit frá hv. þm. Halldóri Blöndal um starfsemi Ríkisendurskoðunar, þá mikilvægu og vaxandi starfsemi, en vil fyrst og fremst kannski sem nýliði fá að beina þeirri spurningu til forseta þingsins hvort um starfsemi Ríkisendurskoðunar hafi það álitaefni verið rætt hvort vel fari á því að Ríkisendurskoðun endurskoði þingið sjálft. Hún er stofnun þingsins. Væri endurskoðun á þeim þætti í ríkisrekstrinum ekki betur fyrir komið hjá öðrum aðila, óháðum þinginu?

[10:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur verið álitaefni en niðurstaðan hefur orðið sú að Ríkisendurskoðun endurskoði þingið.

[10:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa skýrslu. Ég vil þó segja það að Ríkisendurskoðun er ein mikilvægasta stofnunin í íslenskri stjórnsýslu og mjög mikilvægt að búa vel að henni. Almennt hefur Ríkisendurskoðun risið ágætlega undir þeim skyldum sem henni eru settar á herðar þó að þar kunni að vera einhverjir hnökrar á. Ég hef áður fundið að því að beiðni sem kom frá þinginu, frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að könnun á einkavæðingarferlinu, störfum einkavæðingarnefndar, þá ekki síst með tilliti til Landssímans, yrði hraðað. Það er orðið mjög langt um liðið síðan þessi beiðni kom fram. Ríkisendurskoðandi hefur hins vegar fullvissað mig um að hennar sé að vænta innan skamms. Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli, hef áður gert það í þessum ræðustól.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar og í máli hæstv. forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, kemur fram að umhverfismál og umhverfisþátturinn vegi þyngra nú en áður í athugunum Ríkisendurskoðunar.

Hér segir, með leyfi forseta, í skýrslunni eða aðfaraorðum forstjóra Ríkisendurskoðunar:

„Umhverfisendurskoðun beinist einkum að ýmsum skyldum, markmiðum, áætlunum og aðgerðum sem hafa eða geta haft áhrif á umhverfið. Meðal mikilvægra verkefna er að kanna hvort og með hvaða hætti stjórnvöld innleiða alþjóðasamninga og samþykktir á sviði umhverfismála."

Þetta er atriði sem ég vildi vekja athygli á og taka sérstaklega undir, tel vera mjög jákvætt.

Einnig er vikið að svokallaðri áhættustjórnun. Ég skal alveg viðurkenna að þótt ég hafi hlustað vel á framsöguræðu hæstv. forseta þá skil ég ekki hvernig þetta orð er til komið. Áhættustjórnun. Ég skil að vísu að opinberar stofnanir á Íslandi búa við mikið áreiti, stöðugt áreiti og lifa í sannkölluðu áhættuumhverfi vegna þeirra stjórnvalda sem við búum við, þeirrar ríkisstjórnar sem hér stýrir ferðinni. En þetta er sennilega eitt af þessum tískuorðum sem hefur leitað inn í íslenskuna og starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Eitt vakti athygli mína í skýrslunni, það eru athugasemdir sem fram koma í tengslum við stjórnsýsluendurskoðun.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Í skýrslum Ríkisendurskoðunar er bent á ýmsa veikleika í fyrirkomulagi þeirra málaflokka og stofnana sem voru til endurskoðunar. Í sumum tilvikum hefur ríkisfé augljóslega verið notað á annan hátt en gert var ráð fyrir í samningum og þar þyrfti viðkomandi ráðuneyti að kanna lögvarin réttindi sín og leitast við að tryggja að farið sé eftir þeim skilyrðum sem ríkið setur þjónustuaðilum. Í öðrum tilvikum skortir nógu góðar upplýsingar um kostnað við heilsuvernd eða læknisverk til að hægt sé að meta hagkvæmni einstakra valkosta á markvissan hátt og nýta betur þá takmörkuðu fjármuni sem eru til ráðstöfunar. Í enn öðrum tilvikum skortir nauðsynlega verkaskiptingu sem m.a. hefur valdið því að einingaverð vegna heilbrigðisþjónustu hefur hækkað mun meir en sem nemur almennum verðhækkunum."

Hér er vísað í eina tiltekna skýrslu sérstaklega. Ég vek athygli á þessu almenna sjónarmiði sem Ríkisendurskoðun sér ástæðu til að setja fram, að ríkisfé sé augljóslega notað „á annan hátt en gert var ráð fyrir í samningum og þar þyrfti viðkomandi ráðuneyti að kanna lögvarin réttindi sín og leitast við að tryggja að farið sé eftir þeim skilyrðum sem ríkið setur þjónustuaðilum".

Það verður fróðlegt að fá nánari skýringar á þessum lið því að það er ekki farið mjög rækilega í hann.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessa skýrslu og tek undir árnaðaróskir hæstv. forseta í garð starfsmanna Ríkisendurskoðunar.

[10:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hve mikilvægt hlutverk eftirlitsstofnana er í íslenskri stjórnsýslu. Það er ljóst að Ríkisendurskoðun hefur staðið undir

þeim verkefnum sem henni hafa verið falin með lögum. Þar hefur á umliðnum árum markvisst verið unnið að því að auka gæði og skilvirkni í stjórnsýslunni og eftirlit með meðferð opinberra fjármuna. Fyrir þetta á ríkisendurskoðandi og starfsfólk hans þakkir skildar og ástæða er til að koma þeim þökkum á framfæri í umræðum um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2002.

Í umræðum um skýrslu Ríkisendurskoðunar á umliðnum árum hefur iðulega borið á góma sú meðferð sem skýrsla Ríkisendurskoðunar fær hér á háttvirtu Alþingi. Við höfum oft haft á orði að koma þyrfti umfjöllun um skýrslu Ríkisendurskoðunar í betri og markvissari farveg en gert hefur verið. Hér er, eins og við sjáum á dagskrá þessa fundar, bara ein umræða um þessa skýrslu. *Ég hefði viljað sjá að þessi skýrsla* færi til umfjöllunar í nefnd. Það hefur stundum verið rætt um að skýrslur Ríkisendurskoðunar og stjórnsýsluúttektir sem Ríkisendurskoðun gerir eigi að fá umfjöllun í nefnd og koma aftur til umræðu á þinginu.

Stjórnsýsluúttektir og skýrslur Ríkisendurskoðunar fá sjaldnast þá umfjöllun sem hæfir í þinginu. Þetta finnst mér afar mikilvægt að forsn. skoði, hvort ekki sé hægt að gera breytingar á þessu. Hér er um að ræða afar mikilvægar skýrslur frá Ríkisendurskoðun, ekki síst skýrslur þar sem unnið er að stjórnsýsluendurskoðun. Þeim skýrslum hefur fjölgað á umliðnum árum. Þær eru að vísu ekki mjög margar en margar hverjar umfangsmiklar. Þetta eru um sjö til ellefu skýrslur sem Ríkisendurskoðun gerir á hverju ári. Í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar, starfsskýrslu, kemur einmitt fram að mestur tími Ríkisendurskoðunar fer í fjárhagsendurskoðun, eða 63% allra vinnustunda.

Ég hef átt þátt í því í starfi efh.- og viðskn. að fjalla um slíkar skýrslur, eina eða tvær að mig minnir. Ég held að það hafi verið afar gagnlegt fyrir nefndarmenn að fara yfir þær skýrslur. Efh.- og viðskn. skilaði áliti um skýrslu um tollaframkvæmd, tillögum og ábendingum um það sem nefndin taldi að betur mætti fara. Ég lét taka saman fyrir mig í hve mörgum tilvikum einstakar nefndir, t.d. fjárln. eða efh.- og viðskn., hafa fjallað um skýrslur þessar. Það er ekki oft, herra forseti. Skýrslurnar sem nefndirnar hafa fjallað um eru ekki margar. Þar er skýrsla um stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á tollaframkvæmd, úttekt Ríkisendurskoðunar á skattsvikamálum, úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárlagaferlinu, athugun Ríkisendurskoðunar á rammasamningi Ríkiskaupa, könnun Ríkisendurskoðunar á kaupum ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu og úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði Tollstjórans í Reykjavík.

Ég held að allar þessar athuganir þingnefnda hafi verið afar gagnlegar. Ég nefni sem dæmi skýrslu sem ég fjallaði um og aðra sem efh.- og viðskn. fjallaði um, um kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu sem hefur blásið mjög út á umliðnum árum. Ég tel virkilega ástæðu fyrir þingnefndir, eins og fjárln., að skoða sérstaklega þróunina á því sviði, sem þeir hafa greinilega gert með þessari skýrslu, sem ég tel mikinn feng í.

Ég sé ástæðu til að vekja athygli á þessu og hvet til að þingið skoði af fullri alvöru að koma þessum skýrslum í ákveðinn og fastan farveg þannig að það fái ákveðinn sess í þingsköpum hvernig með þessar skýrslur skuli farið og þær komi aftur til umræðu í þinginu eftir skoðun nefndar þar sem ábendingar og tillögur nefnda verða ræddar. Þetta á líka við um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar sem mér finnst full ástæða til að fái tvær umræður á þingi og fari í millitíðinni til meðferðar í nefnd.

Ég vildi aðallega koma þessu á framfæri. Auk þess fagna ég því sem Ríkisendurskoðun hefur verið að vinna að, þ.e. að koma á siðareglum Ríkisendurskoðunar sem eru til í ágætri samantekt, og síðan könnun sem Ríkisendurskoðun beitti sér fyrir, á því hvaða ríkisstofnanir hefðu sett sér siðareglur og hver áformin væru í því efni. Við fengum nýlega niðurstöðu úr því. 200 stofnanir voru þar kannaðar og 15% þeirra höfðu sett sér siðareglur, sem eru nú ekki mjög margar, og einungis helmingurinn hafði áformað að setja sér slíkar reglur en hinn helmingurinn ekki. Ég tel mjög mikilvægt til að skapa ákveðna festu í stjórnsýslunni með því að ríkisstofnanir setji *sér slíkar siðareglur. Það er einmitt tillaga um það í þinginu* að það verði gert og teljum við sem stöndum að því þingmáli að með setningu slíkra reglna sé verið að tryggja meiri aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Verði slíkar reglur settar — þær eru í mörgum ríkjum heims — yrði unnið mjög markvisst að því að móta slíkar siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins, ýmist fyrir stjórnsýsluna í heild eða einstakar starfsstéttir innan hennar.

Þessu vildi ég koma á framfæri. Ég vildi líka vekja athygli á því sem mér finnst þurfa að skoða sérstaklega — ég hef að vísu rætt það við ríkisendurskoðanda og hann hefur skýrt sjónarmið sín í því efni — hve mikið fjármagn af því sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar fer í aðkeypta þjónustu til að vinna ákveðin verkefni sem snúa að Ríkisendurskoðun. Ég hefði talið skilvirkara og ódýrara að meiri mannskapur kæmi að verkefnum Ríkisendurskoðunar frekar en að svo miklir fjármunir færu í aðkeypta þjónustu. Ég held engu að síður, þegar maður skoðar rekstrarumfang og kostnaðinn við að reka Ríkisendurskoðun, að hvergi sé of í lagt og það sé skylda okkar á þingi að búa vel að Ríkisendurskoðun þannig að hún geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki.

Herra forseti. Ég vil enn og aftur ítreka það og koma á framfæri að forsn. skoði sérstaklega að setja ársskýrslu *Ríkisendurskoðunar og ekki síst stjórnsýsluendurskoðanir í* betri og skilvirkari farveg og þær fái þá umfjöllun á þingi sem þær eiga skilið.

[10:58]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég hef örfáar athugasemdir eða ábendingar fram að færa varðandi þá ágætu skýrslu sem hér liggur fyrir. Í byrjun er rétt að vekja athygli á því sem sérstaklega vel er gert af hálfu Ríkisendurskoðunar og kemur fram í þeim verkefnavísi sem hér er birtur á bls. 35 í skýrslunni.

Fyrsti liður þar, Áritaðir ársreikningar, sýnir okkur að þar er stofnunin að ná verulegum árangri. Árið 2000 áritaði stofnunin 104 reikninga en árið 2002 eru þeir orðnir 328. Þessu til viðbótar fara endurskoðendur úti í bæ yfir um 100 ársreikninga og þannig er stutt í að stofnunin hafi yfirsýn yfir alla ársreikninga, en þarna liggja undir 500 stofnanir eða ársreikningar. Það er rétt að þakka það sem vel er gert í þessum efnum og það er augljóst að þarna er stofnunin á mjög góðri leið.

Ef við skoðum næsta lið fyrir neðan, Endurskoðunarbréfin, sem tengjast þessu sama, má segja að þar sé sama þróun. Þar hafa afköstin aukist frá árinu 2000, úr 105 upp í 269. Þannig er augljóst að menn eru á réttri leið og rétt að taka undir það sem fram hefur komið í máli nokkurra hv. þm., að mikilvægi þessarar stofnunar er mikið. Því er eðlilegt að við athugum hvort ekki sé vert að skoða nánar þá skýrslu

sem hér er til umræðu og senda hana til nefndar. Ég tel ekki síður nauðsynlegt að komið verði í fastan farveg þeim stjórnsýsluúttektum sem stofnunin stendur fyrir. Því miður er tilviljunarkennt hvernig farið er með þær.

Mjög oft eru þetta viðamiklar skýrslur með mörgum ábendingum og jafnvel fullyrðingum um að ekki sé rétt staðið að málum. En eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er það tilviljunarkennt hvernig með þessar skýrslur er farið. Efh.- og viðskn. hefur á stundum tekið skýrslurnar fyrir og skilað ályktunum um þær með sérstökum áherslum. Fjárln. hefur einstaka sinnum komið að því að fjalla um þessar skýrslur en því miður ekki náð að skila nefndaráliti um þær. Það var ein skýrsla sem fjallað var sérstaklega um sem sneri að framkvæmdum á Alþingisreitnum og nefndin skoðaði sérstaklega en náði ekki samstöðu um niðurstöðu í málinu. Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé mjög brýnt að forsætisnefnd skoði það alveg sérstaklega að koma þessu í fastan farveg þannig að það sé tryggt að allar úttektir Ríkisendurskoðunar fái farveg inn í nefndir þingsins hvort sem það eru fagnefndirnar sem fjalla um það svið sem úttektin fjallar um eða að efh.- og viðskn. eða fjárln. fari sérstaklega yfir þessar skýrslur og skili nefndarálitum ef nefndir telja ástæðu til.

Herra forseti. Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því sem tengist stjórnsýsluúttektunum í þessari um margt ágætu skýrslu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að því að það kæmi fram í skýrslunum, sérstaklega varðandi heilbrigðiskerfið, eins og segir hér orðrétt, með leyfi forseta, í skýrslunni:

„Í sumum tilvikum hefur ríkisfé augljóslega verið notað á annan hátt en gert var ráð fyrir í samningum og þar þyrfti viðkomandi ráðuneyti að kanna lögvarin réttindi sín og leitast við að tryggja að farið sé eftir þeim skilyrðum sem ríkið setur þjónustuaðilum." Skömmu síðar, með leyfi forseta, segir hér: „Í enn öðrum tilvikum skortir nauðsynlega verkaskiptingu sem m.a. hefur valdið því að einingaverð vegna heilbrigðisþjónustu hefur hækkað mun meir en sem nemur almennum verðhækkunum."

Hér er, herra forseti, um mjög alvarlega ábendingu að ræða að það sé ekki nægjanlega skýrt hvernig verkaskipting eigi sér stað í heilbrigðiskerfinu. Það er augljóst mál að þessar úttektir sem hér eru nefndar og áttu sér stað árið 2002 hefðu þurft frekari umfjöllun ýmist í heilbrn. eða fjárln., vegna þess að hér eru mjög alvarlegar ábendingar á ferðinni. Á bls. 19 í skýrslunni segir, og það er líklega alvarlegasta ábendingin sem fram kemur í skýrslunni, og afar athyglisvert og nauðsynlegt, herra forseti, að lesa það orðrétt upp. En hér segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að stjórnvöld marki sér skýra stefnu í heilbrigðismálum enda sé slíkt forsenda góðrar og markvissrar þjónustu í þessum málaflokki."

Herra forseti. Hér segir með öðrum orðum, sem reyndar hefur verið bent á nokkrum sinnum m.a. í umræðum um fjárlög, að það skorti stefnu í heilbrigðismálum. Hér tekur Ríkisendurskoðun undir þær ábendingar sem margoft hafa komið fram að ef við ætlum okkur að ná almennilega utan um þennan málaflokk verða stjórnvöld að hafa skýra stefnu. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar Ríkisendurskoðun kemur með þá ábendingu að í þessum fjárfrekasta málaflokki þjóðarinnar skuli stjórnvöld skorta stefnu. Því vildi ég, herra forseti, vekja sérstaka athygli á því að Ríkisendurskoðun er með þessu að taka undir þau orð sem margoft hafa verið sögð að það er tímabært að stjórnvöld komi saman og móti stefnu í heilbrigðismálum. Ég vil þar af leiðandi taka sérstaklega undir þessa athugasemd Ríkisendurskoðunar.

Herra forseti. Það væri hægt að fjalla frekar um starfssvið Ríkissendurskoðunar og velta því fyrir sér t.d. hvernig þingnefndir hafa aðgang að Ríkisendurskoðun. Við getum auðvitað velt því upp t.d. í samhengi við vinnu fjárln., en eins og hv. þingmenn kannast við hefur það gerst að einum þingmanni í fjárln. hafa verið meinaðar upplýsingar sem hann sótti sérstaklega um. Það er umhugsunarefni hvort það sé ástæða til að fá Ríkisendurskoðun í liðið við það að kanna ýmsar upplýsingar sem ýmsir nefndarmenn í fjárln. telja nauðsynlegar til þess að við getum sinnt eftirlitshlutverki okkar í nefndinni. Þetta munum við að sjálfsögðu skoða, hvort Ríkisendurskoðun sé hugsanlega sá aðili sem ber að leita til og verður óskað eftir að Ríkisendurskoðun fari sérstaklega yfir þau mál sem við minnihlutamenn í fjárln. teljum að skorti upplýsingar um. Það er vissulega athugandi vegna þess að Ríkisendurskoðun heyrir undir þingið, er stofnun sem heyrir ekki undir framkvæmdarvaldið og það getur þess vegna verið brýnt að kalla hana til aðstoðar. Ég mun ekki á þessari stundu fullyrða hvort sú leið verði farin en sú leið hlýtur að sjálfsögðu að vera til skoðunar því að Ríkisendurskoðun hefur margþættu hlutverki að gegna og hefur á stundum komið með góðar ábendingar. En því er nú verr og miður eins og ég nefndi hér áðan, herra forseti, þá skortir mjög á það að þær ábendingar fari í fastan farveg og þeim sé fylgt eftir. Við munum að sjálfsögðu halda á lofti þessari ábendingu Ríkisendurskoðunar nú við vinnu fjárlaganna vegna þess að það er auðvitað mjög brýnt í þessum fjárfrekasta málaflokki að stjórnvöld móti sér stefnu.

[11:06]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hafa komið nokkrar athugasemdir. Þær athugasemdir sem hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhanna Sigurðardóttir bar fram eru ekki nýjar af nálinni heldur hafa þær oft heyrst áður og að minni hyggju að sumu leyti byggðar á misskilningi. Ég hygg að alþingismönnum sé öllum ljóst að sú skýrsla sem hér er lögð fram af Ríkisendurskoðun er lögð fram til þess að einstakir þingmenn geti farið yfir hana og dregið lærdóm af henni og gert athugasemdir ef þeim sýnist svo. Á hinn bóginn á það við um þessa skýrslu, einnig um aðrar skýrslur sem Ríkisendurskoðun sendir frá sér, að þingmönnum er heimilt að taka þær upp eða leggja fram ósk um það í hvaða nefnd sem er og fjallar um efni skýrslunnar að hún sé þar rædd, endurskoðunarúttekt og þar fram eftir götunum. Það þarf ekki atbeina Alþingis til heldur er það tekið skýrt fram í þingsköpum að nefnd geti tekið upp mál af sjálfsdáðum með því að einhver nefndarmaður í nefndinni leggi það til og taki málið upp. Að þessu leyti byggjast skoðanir hv. þm. á misskilningi að minni hyggju. Ef við erum t.d. að ræða um sérstaka úttekt endurskoðunar á skýrslu sem fjallar um heilbrigðismál, þá hlyti að verða að taka það mál upp sérstaklega en ekki í tengslum við þá skýrslu sem hér liggur fyrir og einungis lýtur að störfum Ríkisendurskoðunar, ekki að einstökum skýrslum sem Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér. Ég hygg að það sé nauðsynlegt að hafa þetta í huga og rugla því ekki saman.

Ég verð einnig að segja að ég er ósammála hv. þm. að rétt sé að Ríkisendurskoðun stefni að því að öll verk sem hún tekur sér fyrir hendur skuli unnin af opinberum starfsmönnum. Ég held að það sé nauðsynlegt og þarft að

endurskoðendur víðs vegar um landið komi að endurskoðun á einstökum þáttum ríkisins. Ég vil jafnframt minna hv. þm. á að margir af þeim endurskoðendum sem ráðnir hafa verið af Ríkisendurskoðun til þess að fara yfir reikninga einstakra stofnana eru einmitt starfandi úti á landi. Með því að dreifa þannig verkefnum út fyrir veggi stofnunar sinnar stuðlar ríkisendurskoðandi með þessum vinnubrögðum að því að færa störf ríkisins út á land. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa þetta í huga og held að þetta sé einmitt sjónarmið sem margir þingmenn landsbyggðarinnar hafa haldið fram, að stofnanir ríkisins eigi með þessum hætti að styrkja það að sérfræðiþekking geti orðið til á landsbyggðinni og styrkja einnig með þessum hætti að fyrirtæki eins og endurskoðunarstofur hafi fjárhagslegan grundvöll víðar en í Reykjavík. Ég get því ekki fallist á að þær athugsemdir sem hv. þm. vék að í þessu efni eigi við rök að styðjast.

Hið sama á að vissu leyti við um það sem hv. 7. þm. Norðuraust., Einar Már Sigurðarson sagði hér áðan. Það hefur verið svo um áratugi, ég hygg kannski síðan Alþingi var endurreist, að einstakir þingmenn hafa tekið upp einstaka þætti ef þeim þykir nauðsynlegt í sambandi við fjárreiður ríkisins og einstakra stofnana. Það hefur ekki verið bundið við það að Ríkisendurskoðun hafi hverju sinni skrifað um það skýrslu, heldur hafa slíkar umræður oft vaknað í tengslum við fjáraukalög eða í tengslum við fjárlögin sjálf. Það er líka svo að fjárln. getur óskað eftir upplýsingum frá Ríkisendurskoðun um einstök atriði og mér er ekki kunnugt um að Ríkisendurskoðun hafi synjað um að veita slíkar upplýsingar.

Ég hygg að það sé raunar líka tilfellið um einstakar þingnefndir að þær hafa tekið sér það fyrir hendur að eigin frumkvæði, þó að það sé ekki fjárln., að fjalla um fjárlagabeiðnir einstakra ríkisstofnana og leggja fram fyrirspurnir um þær og talið að það rúmist innan þingskapanna. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við það þó að ég hafi að vísu stundum efast um að það sé réttur skilningur en það hefur ekki verið við því amast. Þannig að þær ábendingar sem hv. þingmenn hafa komið fram með, þingmenn Samf., bæði hv. 7. þm. Norðaust., Einar Már Sigurðarson, og hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhanna Sigurðardóttir, um að þingnefndir hafi ekki tök á því að koma að fjármálum einstakra stofnana eiga ekki við rök að styðjast. Saga þingsins sýnir þvert á móti að þingmenn hafa verið ófeimnir við að fylgja eftir skýrslum Ríkisendurskoðunar ef þeim sýnist svo og hafa gert það bæði í nefndum og eins á Alþingi. Á hinn bóginn er í þessari skýrslu ekkert sérstakt tilefni til tveggja umræðna eins og hún liggur fyrir, enda hafa ekki komið fram þær athugasemdir við skýrsluna sem gefa tilefni til að hlé sé gert á þessari umræðu nú til þess að vísa málinu til nefndar. Ég vil minna hv. þm. á að óþarfi er að tvær umræður séu um mál til þess að nefnd taki málið til athugunar, það er auðvitað hægt að gera hlé á umræðunni. Það hefur ekki komið fram beiðni um það. Þess vegna lít ég svo á að þingmenn séu sammála mér um að ekki sé ástæða til að vísa þessari skýrslu til nefndar eins og umræður hér hafa fallið.

Vegna þess sem hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundur Jónasson, sagði vil ég einungis taka fram að á bls. 16–18 í skýrslunni er skilgreint hvað felst í áhættuendurskoðun. Ég sé ekki ástæðu til að fara djúpt í það. Ég get, með leyfi hæstv. forseta, dregið fram tvo kafla úr þeirri skilgreiningu ef það skyldi skýra fyrir hv. þingmönnum hvað um er að ræða. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhættustjórnun er kerfisbundið ferli þar sem leitast er við að greina, meta og bregðast á skynsamlegan og hagkvæman hátt við þeirri áhættu sem jafnan felst í starfsumhverfi og rekstri stofnana og fyrirtækja. Það sem einkennir flesta áhættuþætti er óvissan um þær afleiðingar sem þeir hafa í för með sér. Vel má hugsa sér að sami þátturinn skipti eitt fyrirtæki litlu eða engu máli, veiti öðru fyrirtæki ný sóknarfæri og möguleika til að efla starfsemi sína en valdi þriðja fyrirtækinu alvarlegum erfiðleikum og verði jafnvel til að skaða rekstur þess eða ímynd. Dæmi um slíkt eru breyttir stjórnunarhættir, eða ýmiss konar tækninýjungar sem ætlað er að bæta reksturinn."

Á öðrum stað segir á bls. 17, með leyfi hæstv. forseta:

„Að dómi Ríkisendurskoðunar getur áhættustjórnun hjálpað opinberum aðilum með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi skýrir hún tengsl áhættu og ábyrgðar í upphafi verks með því að leggja áherslu á forkönnun (þ.e. hagkvæmni- og matsáætlun), með því að beina áhættunni þangað sem auðveldast er að fást við hana og með því að skýra hver ber ábyrgð á einstökum áhættuþáttum. Í öðru lagi felur hún í sér mat á veikleikum, hvort einstök ferli skili þeim árangri sem að er stefnt og hvar úbóta er þörf. Í þriðja lagi hjálpar hún til við að greina hugsanleg vandamál og stuðla að því að eignir og mannauður nýtist þar sem þeirra er mest þörf. Í fjórða lagi getur hún hjálpað til við að meta þær afleiðingar sem breytt viðhorf verkefna eða tækni hefur í för með sér og dregið fram hvernig málum skuli hagað svo að unnt sé að veita góða þjónustu. Að lokum getur hún orðið til þess að bæta þjónustu og gert hana skilvirkari með ýmiss konar ráðstöfunum til að bregðast við truflunum, töfum, tæknilegum örðugleikum eða takmörkunum á að veita þjónustu og vandkvæðum við að sinna aukinni eftirspurn."

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Eins og við sjáum á þessum stutta upplestri eru markmiðin skýr með því sem kallað hefur verið áhættustjórnun og eru að sumu leyti auðvitað staðfesting á þeim vinnubrögðum sem endurskoðunarvinnan á að fela í sér. En auðvitað er alltaf gott og nauðsynlegt að setja hlutina nákvæmlega niður fyrir sér til þess að vinnan verði markvissari og árangur meiri.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

[11:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður taldi greinilega ekki mikla ástæðu, ef marka má orð hans, til að breyta þeirri meðferð sem er á þeim skýrslum sem koma frá Ríkisendurskoðun og ég harma það, herra forseti. Það er staðföst skoðun mín að skýrslur Ríkisendurskoðunar, stjórnsýsluúttektir sem Ríkisendurskoðun gerir, fái ekki nægjanlega umfjöllun hér á þingi. Á þeim tíma sem Ríkisendurskoðun hefur starfað hafa verið gerðar sennilega á annað hundrað stjórnsýsluúttektir og þetta eru kannski um tíu skýrslur sem nefndir hafa tekið til efnislegrar meðferðar og ályktað um, eða kannski innan við 10% af þeim skýrslum, og ég fullyrði að allar þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun hefur gert á þessum árum, stjórnsýsluúttektir, eiga erindi í þingnefndir til umfjöllunar þar.

Við það er ekki hægt að búa að það sé undir hælinn lagt og tilviljanakennt hvernig og hvort nefndir taka slíkar skýrslur til umfjöllunar. Mér finnst það ekki boðlegt, herra forseti. Ég tel að setja eigi ákvæði um þetta í þingsköp, að það sé föst regla að gera slíkt, að taka þær skýrslur til umfjöllunar

og álykta um þær. Þarna koma oft fram ábendingar um það sem betur má fara í stjórnsýslunni og tillögur um það. Það er hlutverk þingmanna að hafa eftirlit með stjórnsýslunni og framkvæmdarvaldinu og það getum við auðvitað best gert með því að fara yfir slíkar skýrslur, kalla til þá aðila sem ábendingar og tillögur beinast að til þess að fylgjast með framkvæmd mála.

Ég harma það að forseti þingsins skuli ekki taka betur undir það setja þessi mál í fastari skorður en verið hefur.

[11:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á sjónarmiðum hv. þm. né hvað hann ætlast fyrir. Það liggur fyrir að fjárln. tekur marga mánuði er okkur óhætt að segja í að fara yfir fjárlagafrv. og fjallar einnig um fjáraukalög og auðvitað hljóta einstakir nefndarmenn í fjárln. að kynna sér þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun hefur lagt fram hverju sinni þegar farið er yfir frv. til fjárlaga og þegar farið er yfir frumvörp til fjáraukalaga.

Jafnframt er það svo og nú á seinni árum hefur sú venja skapast að senda mál til umfjöllunar hjá fagnefndum og auðvitað hljóta þær fagnefndir í tengslum við þá vinnu sem tengist fjárlagagerðinni að fara yfir þær skýrslur Ríkisendurskoðunar sem lagðar hafa verið fram síðan síðustu fjárlög voru afgreidd til að glöggva sig á hvað þar stendur og með hvaða hætti þær skýrslur skýra starfsemi viðkomandi stofnunar.

Ég hef verið alllengi hér á Alþingi, að vísu ekki jafnlengi og hv. þm., en mín reynsla af þingmönnum er sú að þeir vilji vinna verk sín vel og ég efast ekki um að þeir athugi þessi mál gaumgæfilega og fari yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar þegar nauðsynlegt er og þeim þykir þörf á við úrvinnslu mála í þingnefndum.

[11:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti er vísvitandi að misskilja það sem ég hef hér sett fram vegna þess að eins og hæstv. forseti benti á er þetta ekki í fyrsta sinn sem þessi ábending kemur fram hér í þingsölum. Það er reglubundið að þingmenn veki athygli á þessu og beini því til forsetaembættisins að gerð verði bragarbót á að þessar skýrslur og umfjöllun um þær séu settar í fastan farveg í þinginu, sem ekki hefur verið gert. Þingmenn vilja alls ekki búa við það að það sé bara tilviljanakennt hvernig fjallað er um þetta.

Hæstv. forseti talar um að fjárln. fjalli um málin og hún vísi einstökum þáttum fjárlaga til nefnda. Við erum bara að fjalla um allt aðra hluti. Við erum að fjalla um stjórnsýsluúttektir sem Ríkisendurskoðun er að gera sem fjallar um öll svið þjóðlífsins, alla geira og alla málaflokka. Það er ekki allt á sviði fjárln. að fjalla um heldur einstakra nefnda. Þetta er auðvitað liður í því að styrkja eftirlitshlutverk þingsins, styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, sem ekki veitir af, og við auðvitað treystum þar mjög á forustu og atbeina forseta þingsins og forsn. um að búa þinginu þá aðstöðu að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þess vegna er ástæða til að harma það hversu litlar undirtektir það fær, sem ekki bara ég heldur þingmenn á umliðnum árum höfum verið að kalla eftir, að það sé skylda nefnda að fjalla um þetta, og m.a.s. hefur komið fram ábending og tillaga um að sérstök nefnd verði skipuð, að bætt verði við nefnd sem fjalli um slíkar skýrslur frá Ríkisendurskoðun, skýrslu umboðsmanns Alþingis o.s.frv. Það er því langt síðan við höfum vakið athygli á þessu og ber að harma hvernig forseti þingsins tekur undir þetta.

[11:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að forsætisnefndarmaður eigi að kunna svo mikið í þingsköpum að vita að það var 2. þm. Norðaust., sem talaði hér og ber að ávarpa hann svo. Þó að hann öðrum stundum gegni því að vera forseti þá ber að ávarpa hann sem 2. þm. Norðaust. þegar hann er í ræðustól og er hér í umræðum, og er nauðsynlegt að fara yfir það.

Ég fellst ekki á þá skoðun hv. þm. að það sé tilviljanakennt hvort þingmenn fari yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar. Ég efast ekki um að þeir þingmenn sem sérstaklega fjalla um viðkomandi málaflokk fari mjög vandlega yfir þær skýrslur sem Ríkisendurskoðun sendir frá sér. Hér var hv. 7. þm. Norðaust. Einar Már Sigurðarson að vitna til skýrslna um heilbrigðismál áðan. Ég efast ekki um að þeir þingmenn sem eru í heilbr.- og trn., svo dæmi sé tekið, fari mjög vandlega yfir þær skýrslur sem um þann málaflokk fjalla með sama hætti og ef við erum að tala um lögfræðileg málefni þá athugi þeir sem eru í allshn. sérstaklega þá þætti sem veita að því.

Eins og ég sagði áðan geta þingmenn tekið mál upp í þinginu ef þeim sýnist hvort sem er hér í þessum sölum eða í nefndum þingsins. Ég hef ekki orðið var við annað en að skýrslum Ríkisendurskoðunar hafi verið gefinn góður gaumur og sé ekki ástæðu til að breyta þeim reglum sem um það hafa gilt.

[11:26]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna orðræðu sem átti sér stað um stöðu hv. 2. þm. Norðaust. sem er eins og kunnugt er jafnframt kjörinn forseti þingsins, hvernig bæri að ávarpa hann, þá urðu sitjandi forseta á mismæli þegar hann kynnti hv. þm. sem forseta í þessari umræðu, en að þingsköpin eru áfkaflega skýr í þessum efnum.

Í 8. gr. segir svo:

„Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víkur hann þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan."

Það er auðvitað einn forseti í salnum hverju sinni þannig að það var hv. 2. þm. Norðaust. sem hér talaði fyrir því máli sem umræða hefur verið um.

[11:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er öllum örugglega mjög létt í salnum að nú sé þetta á hreinu með forsetaumboðið. Það er sá sem situr á forsetastóli á hverjum tíma og ekki aðrir sem fara með það vald. Annars væri hér stjórnleysi og margir forsetar á ferli í salnum samtímis og það kynni ekki góðri lukku að stýra. Hitt er svo annað mál að í einum og sama manninum fara auðvitað saman hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, og sá sem oft er á forsetastóli, hv. 2. þm. Norðaust., forseti þingsins, Halldór Blöndal. Og það er ekkert að því að vekja athygli á því sem slíku. Hér var auðvitað hv. þm. Halldór Blöndal og virðulegur forseti þingsins í hlutverki sínu af því að til umræðu var skýrsla Ríkisendurskoðunar og er. (**HBl:** Á þingmaðurinn erfitt með að þekkja þá í sundur?) Mér er hlýtt til beggja, hv. 2. þm. Norðaust. og forseta þingsins. Það er mikilvægt að forsætisnefndarmenn séu hér virkir í umræðum, það er eðlilegt þegar í hlut eiga umræður um þær stofnanir

sem undir Alþingi heyra, þessar tvær mikilvægu stofnanir, Ríkisendurskoðun og embætti umboðsmanns Alþingis.

Ég ákvað að blanda mér aðeins í þessa umræðu í framhaldi af orðaskiptum hv. þm. Halldórs Blöndals og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem vitnuðu m.a. til þingreynslu sinnar og var svona pínulítið eins og gamalt kærustupar væri að kýta þegar þau sem hafa þingreynslu á þriðja áratuginn voru að ræða um störf þingmanna og samviskusemi þeirra við lesa m.a. skýrslur Ríkisendurskoðunar sem ég ætla ekki að draga í efa.

Hitt er ljóst og það vitum við mörg sem höfum áður tekið þátt í umræðum um þessar skýrslur og ýmislegt sambærilegt að það er gamalkunnug umræða hér með hvaða hætti Alþingi ætti að taka við efni af þessu tagi og fylgja því eftir. Sú umræða er alveg á sínum stað.

Það hefur iðulega verið rætt hvort heppilegt væri að hér starfaði sérnefnd. Það er þekkt í ýmsum þjóðþingum í kringum okkur að sérstök nefnd hafi það hlutverk með höndum að taka við skýrslum eftirlitsstofnana af þessu tagi, einhvers konar eftirlitsnefnd, kontrólnefnd eins og hún er kölluð á skandinavísku, og það fyrirkomulag kemur vel til greina. Þá hefur sérstakur aðili það fyrir fram ákveðna hlutverk að taka við efni af þessu tagi, fjalla um það, m.a. meta hvort niðurstöður gefi tilefni til lagabreytinga, hvort í framhaldinu þurfi að huga að lagasetningu eða öðru slíku o.s.frv. Þetta var rætt hér á sínum tíma, bæði í tengslum við umræður um skýrslurnar og í tengslum við vangaveltur um breytingar á þingsköpum Alþingis. Hin leiðin væri sú að þessar skýrslur gengju til allra fagnefnda þingsins og þær hefðu það hlutverk hver og ein að sortera út og fara yfir það sem er á þeirra sviði. Það fyrirkomulag kæmi líka vel til greina.

Í tilviki Ríkisendurskoðunar má yfirleitt heimfæra það allt undir fjárln. út af fyrir sig en þó er oft verið að fjalla um faglega þætti í leiðinni, t.d. kemur hér fram að viðamikill hluti af starfi Ríkisendurskoðunar hefur á síðustu missirum legið inni á sviði heilbrigðismála. Það er auðvitað fullkomlega eðlilegt, jafnútgjaldafrekur og sá málaflokkur er. En ég a.m.k. áskil mér allan rétt til þess að halda áfram til haga þeim hugmyndum að það geti komið vel til greina að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem hér hefur verið við lýði í þau 12–15 ár sem þessi embætti hafa verið til og starfað í skjóli Alþingis. Það er ekki lengra síðan eins og kunnugt er. Ef minni mitt svíkur ekki var embætti umboðsmanns stofnað undir lok 9. áratugar síðustu aldar og Ríkisendurskoðun hvarf út úr fjmrn. sem deild og öðlaðist sjálfstæði og færðist í skjól af Alþingi um svipað leyti. Mér finnst því, herra forseti, að vel geti komið til greina að skoða breytt fyrirkomuleg. Síðan vantar auðvitað fleiri stofnanir af þessu tagi sem ættu að starfa í skjóli Alþingis. Þá vil ég sérstaklega nefna hagfræðilega stofnun. Það voru að mínu mati mikil mistök, mikið óráð, að leggja Þjóðhagsstofnun niður í stað þess að nota tækifærið og færa undir verndarvæng Alþingis sjálfstæða, óháða eftirlits- eða matsstofnun á því sviði sem hefði síðan getað verið þriðja stoðin í þessu eftirlits- og aðhaldskerfi sem Alþingi hefur sjálft starfandi í skjóli sínu og lýtur m.a. og ekki síst að fjármálalegum þáttum en einnig framkvæmd í stjórnsýslunni eins og embætti umboðsmanns auðvitað sérstaklega hefur með höndum.

[11:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessara umræðna vil ég aðeins vekja athygli á því að það hefur þrásinnis komið fyrir að þingmenn hafa óskað eftir umræðum utan dagskrár um skýrslur Ríkisendurskoðunar og ég man ekki eftir að því hafi verið synjað.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2002, ein umr.

[11:33]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2002. Eins og lýst er í bréfi því til Alþingis sem fylgir skýrslunni hefur enn verið fylgt því fyrirkomulagi sem tekið var upp í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1998 að birta í henni að meginstefnu til aðeins útdrætti vegna mála sem umboðsmaður hefur lokið með áliti eða bréfi og ákveðið að birta opinberlega. Er í bréfinu vakin athygli á því að álit umboðsmanns birtast nú ásamt útdrætti á heimasíðu hans jafnóðum og málunum er lokið. Ljóst er að þetta fyrirkomulag á birtingu álita og annarra afgreiðslna umboðsmanns hefur áfram náð að viðhalda því markmiði að vekja athygli borgaranna og stjórnvalda á þeim verkefnum sem umboðsmanni er með lögum falið að fjalla um.

Þá auðveldar það einnig þingmönnum að fylgjast með störfum umboðsmanns, enda kunna þau málefni sem umboðsmaður fjallar um að verða tilefni til umræðna á Alþingi.

Sú skýrsla umboðsmanns sem hér er rædd er að meginstefnu til byggð upp með sama hætti og skýrslur sl. ára. Í I. kafla er fjallað um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans árið 2002. Þá er í kaflanum vikið að helstu viðfangsefnum umboðsmanns á árinu, að frumkvæðismálum og viðbrögðum stjórnvalda í tilefni af frumkvæðisathugunum umboðsmanns. Gert er ráð fyrir því í lögunum um umboðsmann að umboðsmaður geti að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Þá geti hann jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalda til almennrar athugunar.

Í ræðu minni við umræður um skýrslu umboðsmanns fyrir árin 2000 og 2001 lagði ég á það áherslu að mikilvægt væri að umboðsmaður ætti þess kost að beita þessari heimild til frumkvæðisathugana, m.a. með nauðsynlegum fjárveitingum þannig að hann geti sinnt því eftirlitshlutverki gagnvart stjórnsýslunni sem Alþingi hefur falið honum. Þá sagði ég að líta yrði svo á að þetta frumkvæðiseftirlit væri vel til þess fallið að veita umboðsmanni Alþingis færi á því að stuðla að umbótum í stjórnsýslunni og þar með að rækja það hlutverk sem honum væri falið að lögum, að tryggja réttaröryggi borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Tekið skal fram að í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 er lagt til að embætti umboðsmanns fái sérstaka 3 millj. kr. fjárveitingu til að efla frumkvæðisathuganir embættisins almennt.

Það er ljóst að frumkvæðiseftirlit umboðsmanns mun vart ná tilgangi sínum nema stjórnvöld horfi með jákvæðum hætti til þeirra ábendinga og tilmæla sem umboðsmaður setur fram. Á bls. 16–18 í skýrslunni fjallar umboðsmaður um viðbrögð stjórnvalda við frumkvæðisathugunum umboðsmanns en þar er vísað til nokkurra tilvika þar sem stjórnvöld hafa ekki fylgt því nægilega eftir að færa starfshætti að reglum til samræmis við ábendingar og tilmæli umboðsmanns.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á umfjöllun umboðsmanns sem er að finna á bls. 21–23 um þau tímamót sem verða í upphafi næsta árs þegar stjórnsýslulögin eiga 10 ára afmæli. Þar leggur umboðsmaður áherslu á nauðsyn þess að stjórnvöld hugi vel að því að færa vinnulag við

afgreiðslu mála til samræmis við þær kröfur sem stjórnsýslulögin setja, enda sé það liður í að bæta það sem umboðsmaður nefnir stjórnsýslumenningu okkar Íslendinga. Þá fjallar umboðsmaður um nauðsyn þess að auka fræðslu um reglur stjórnsýsluréttar.

Ég vek einnig athygli á umfjöllun umboðsmanns á bls. 25–26 þar sem hann víkur að notkun á orðinu „umboðsmaður". Bendir hann á að alþjóðasamtök umboðsmanna hafi sammælst um að vekja athygli þjóðþinga og stjórnvalda á mikilvægi þess að sjálfstæði embætta umboðsmanna þjóðþinganna og hliðstæðra embætta sé viðhaldið með því að orðið umboðsmaður sé ekki notað sem embættis- eða starfsheiti annarra á vegum viðkomandi ríkis. Í því sambandi hafi verið bent á að það sé til þess fallið að valda ruglingi um hlutverk og valdheimildir ef orðið „umboðsmaður" er notað bæði fyrir þá sem valdir eru sem óháðir trúnaðarmenn, t.d. þjóðþinganna, til að hafa eftirlit með stjórnsýslunni og, svo dæmi sé tekið, einstaka starfsmenn innan stjórnsýslunnar eða á vegum hennar sem falið er að vera sérstakir talsmenn ákveðinna þjóðfélagshópa eða jafnvel ákveðinna húsdýrategunda, eins og umboðsmaður segir svo skemmtilega í skýrslu sinni. Þeir sem eru kunnugir telja að fyllsta ástæða hafi þó verið til að hafa þá. Á árinu 2002 voru skráð 280 ný mál hjá umboðsmanni Alþingis og tók hann sjö mál upp að eigin frumkvæði en þeim er nánar lýst á bls. 13–15. Skráð mál á grundvelli kvartana voru því 273. Er þetta nokkur fjölgun mála frá árinu 2001 en þá voru skráð mál 248. Alls 292 mál hlutu lokaafgreiðslu hjá umboðsmanni Alþingis á árinu 2002.

Í II. kafla skýrslunnar er að finna töflur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál sem umboðsmaður kannaði á árinu. Rétt er að vekja athygli á þeim yfirlitum sem fram komu á bls. 38–41 en þar er að finna í fyrsta lagi yfirlit yfir viðbrögð stjórnvalda við sérstökum tilmælum umboðsmanns en það er þegar umboðsmaður hefur ákveðið að beina þeim tilmælum til hlutaðeigandi stjórnvalds að það taki umrætt mál til endurskoðunar sökum annmarka á málsmeðferð eða efnislegrar niðurstöðu þess ef beiðni um endurupptöku berst stjórnvaldi frá þeim sem kvartaði til umboðsmanns.

Í öðru lagi er þarna að finna yfirlit yfir viðbrögð stjórnvalda við almennum tilmælum umboðsmanns og er þá átt við að umboðsmaður beini þeim tilmælum til stjórnvalda að haga málum framvegis með tilteknum hætti í sambærilegum málum.

Loks er lýst tilkynningum umboðsmanns til Alþingis, ráðherra eða sveitarstjórna í tilefni af meinbugum á lögum með almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða framkvæmd. Þarna er að finna í sjö liðum ábendingar umboðsmanns, m.a. til Alþingis á liðnu ári, um að tilefni kunni að vera til þess að endurskoða tiltekin lagaákvæði, m.a. að teknu tilliti til ákvæða stjórnarskrár, ákvæða í reglugerð með stjórnsýsluframkvæmd ákveðinna stjórnvalda.

Í III. kafla skýrslunnar eru birtar niðurstöður og álit í málum sem afgreidd voru hjá umboðsmanni Alþingis á árinu 2002. Eftir hverju áliti sem annaðhvort eru reifuð eða birt í heild sinni fylgja tiltækar upplýsingar um viðbrögð stjórnvalda við þeim tilmælum sem umboðsmaður beindi til þeirra í viðkomandi áliti og miðast þær upplýsingar við dagsetningu skýrslunnar.

Í IV. kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað er um í fyrri skýrslum umboðsmanns.

V. kafli geymir loks skrár yfir atriðisorð og skrá yfir málin í númeraröð.

Herra forseti. Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2002. Ég vil sem fyrr þakka umboðsmanni og starfsfólki hans fyrir vel unnin og árangursrík störf á liðnu ári.

[11:41]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir yfirferð um skýrslu umboðsmanns Alþingis en það er eitt af ánægjulegri verkefnum í þinginu að fara yfir þessa skýrslu. Það er alltaf ljómandi góð ábending fyrir okkur sem hér störfum og vil ég þakka umboðsmanni afar áhugaverðar ábendingar til stjórnvalda. Það kemur berlega í ljós að bráðum er ekkert mannlegt óviðkomandi umboðsmanni Alþingis. Það sést á umfangi þeirra mála sem um er að ræða í skýrslunni.

Það er mjög áhugavert að skoða þar sem umboðsmaður fer yfir notkun á orðinu „umboðsmaður" og þá umræðu sem á sér stað erlendis. Þetta er alþjóðaheiti yfir starfssviðið. Hann fer jafnframt yfir það að kannski sé ofnotkunin hér á annan hátt en víðast hvar annars staðar. Við höfum einungis einn annan umboðsmann sem gegnir svipaðri stöðu, umboðsmann barna, en við erum hins vegar farin að tala um umboðsmann sjúklinga líka. Ég hef verið ein af þeim sem hefði frekar viljað tala um talsmenn í þessum málaflokkum, bæði varðandi sjúklinga, fatlaða, útlendinga o.s.frv. þannig að því verði ekki ruglað saman við hin stóru embætti sem hafa verið stofnuð með lögum, eins og segir í skýrslu umboðsmannsins.

Það er líka mjög áhugavert að skoða þau frumkvæðismál sem umboðsmaður hefur tekið að sér. Þau eru afar merk og mörgum ber að fagna sérstaklega, ekki síst frumkvæðismálum varðandi málefni fanga en sá hópur á oft fáa talsmenn og ekkert bakland þannig að það er afar mikilvægt að þeirra mál séu skoðuð. Ég bendi þingmönnum sérstaklega á bls. 15, mál nr. 6, varðandi laun og launamál fanga. Það verður afar spennandi að sjá hvað kemur út úr því, enda er líka upplýst að kannski komi lagabreytingatillögur frá hæstv. dómsmrh. viðlútandi þessi mál.

Það er líka mjög fróðlegt að sjá hvernig við erum alltaf að fóta okkur betur og verða betri í því að svara málum á réttum tíma. Þó erum við kannski ekki enn alveg orðin nógu æfð í því en allt horfir til betri vegar og það er alltaf munur frá skýrslu til skýrslu um hvað svörun verður betri. Það er líka afar fróðlegt að skoða alla málaflokkana og það kemur ekki á óvart að flest málin varða dóms- og kirkjumál. Ég bendi á bls. 31 þar sem þetta yfirlit kemur fram.

Það kemur mér samt sem áður á óvart að ekki skuli vera meira varðandi félagsþjónustuna og þá komum við kannski að þeirri spurningu hvort fólk sé nægilega meðvitað um þann rétt sem það á samkvæmt félagsþjónustulögunum og þær kæruleiðir sem fólk hefur í sveitarfélögunum. Það hefur löngum viljað bera á því að sá réttur sé ekki nægilega vel kynntur nema það sé tekið fyrir sérstaklega í sveitarfélögunum og í raun gefnir út bæklingar varðandi þessa réttarstöðu. Þar sem ég hef einmitt unnið mjög lengi í þeim málaflokki þá kemur mér á óvart hve það eru fá mál sem lúta að félagsþjónustunni en auðvitað er það líka mjög ánægjulegt. Við eigum eflaust líka eftir að sjá aukningu varðandi skólamálin í ýmsum málum sem kæmu til umboðsmanns þannig að í rauninni er þessi skýrsla oft vísbending inn í framtíðina um

hvar við þurfum að skoða ýmsa stjórnsýslu og í rauninni styrkja rétt fólks til þess að láta reyna á sín mál.

Það er líka afar ánægjulegt að sjá að það er eiginlega undantekning ef ekki er farið eftir tilmælum umboðsmanns. Að vísu heyrum við auðvitað að sumir vilja spyrna við fótum og eru ekki alltaf alveg sáttir við það álit sem umboðsmaður kemur með en það er hins vegar mjög ánægjulegt að sjá að einungis er um eitt tilfelli að ræða þar sem ekki er farið eftir tilmælum og það er á bls. 39 í þeirri skýrslu, en þegar ég skoðaði það mál þá sá ég að það er mál sem fer sennilega til dómstólanna þannig að það er mjög ánægjulegt líka að sjá að það er í rauninni farið meira eftir þessum málum.

Ég vil ekki ræða einstök mál. Ég vil hins vegar benda fólki á bls. 97. Það er frekar sjaldgæft að fá barnaverndarmál hér inn en kannski má líka búast við einhverri aukningu á því en það er líka allt í lagi að benda t.d. á að þarna er verið að ræða um fósturráðstöfun. Það er kannski líka hollt að benda á það að þó að fósturforeldrar hafi alið önn fyrir barni frá ómunatíð, þá hafa þeir engan rétt samkvæmt barnaverndarlögum og teljast ekki aðilar máls ef upp kemur mál varðandi þá þannig að það segir manni kannski að það getur líka verið vísir inn í framtíðina fyrir umboðsmann að skoða.

Það er ekki hefð fyrir því að vera með mjög langar umræður um þessa skýrslu en það er mjög gott að sjá að hinn venjulegi borgari er búinn að sjá að umboðsmaður er sá aðili þar sem hægt er að koma með kvartanir til þegar allt um þrýtur. Að sjálfsögðu koma þangað mál án þess að umboðsmaður taki þau fyrir en mér finnst þessi skýrsla og þessi starfsemi fyrst og fremst benda til þess að styrkja réttarstöðu hins almenna borgara gagnvart stjórnkerfinu og er það afar vel.

[11:48]

Bjarni Benediktsson:

Herra forseti. Umboðsmaður Alþingis gegnir því mikilvæga hlutverki að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Allshn. Alþingis hefur jafnan fundað með umboðsmanni í tengslum við skýrslugjöf hans til Alþingis og fór allshn. að þessu sinni í heimsókn til umboðsmanns þar sem ágætt tækifæri gafst til þess að ræða störf embættisins og helstu áherslur í nýútkominni skýrslu. Ábendingar umboðsmanns um úrbætur í stjórnsýslunni þurfa að eiga sér traustan farveg í allri umræðu á Alþingi og get ég tekið undir það í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag í því efni.

Í skýrslu umboðsmanns er að finna upplýsingar sem eru Alþingi afar mikilvægar til að fylgjast með allri framkvæmd stjórnsýslunnar sem og einstökum brotalömum í framkvæmd sem umboðsmaður hefur í störfum sínum orðið áskynja um.

Þá geymir skýrslan einnig almennar athugasemdir umboðsmanns um ýmis atriði sem að hans mati væru til þess fallin að renna enn styrkari stoðum undir faglega og vandaða stjórnsýslu hér á landi. Þessar ábendingar verða teknar til frekari umræðu og úrvinnslu í allshn.

Á árinu 2002 fjölgaði málum hjá umboðsmanni miðað við árið á undan en engu að síður náðist góður árangur í því að hraða afgreiðslu þeirra kvartana sem borist höfðu. Afgreiðslutími embættisins er þó m.a. háður afgreiðslutíma stjórnvalda á erindum frá embættinu og á undanförnum árum hefur umboðsmaður bent á mikilvægi þess að stjórnvöld svöruðu fyrirspurnabréfum embættisins vegna athugunar einstakra mála tímanlega svo afgreiðsla kvartana dragist ekki.

Á árinu 2002 varð breyting til batnaðar hvað þetta snertir en enn eru þó dæmi um að stjórnvöld taki sér óhæfilega langan tíma til að svara erindum umboðsmanns. En það eru einmitt málaflokkarnir málsmeðferð og starfshættir stjórnsýslunnar og tafir hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála sem eru að venju fyrirferðarmestir í skýrslu umboðsmanns. Án þess að fara ofan í einstök mál þykir mér ástæða til þess að draga athygli að nokkrum athugasemdum sem umboðsmaður fjallar um í I. kafla skýrslu sinnar og snertir þessi mál m.a.

Fyrst má hér nefna að því miður hefur engin breyting orðið á því að um 20% allra kvartana sem berast til umboðsmanns varða tafir hjá stjórnvöldum við afgreiðslu máls og þetta er auðvitað óásættanlegt. Skv. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, skulu ákvarðanir í málum teknar svo fljótt sem unnt er og í þessari sömu lagagrein kemur einnig fram sú mikilvæga regla að þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því og upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Enginn vafi er á því að ef stjórnvöld mundu almennt fylgja þeirri reglu að staðfesta móttöku erinda og eins greina frá fyrirsjáanlegum töfum mundu mál færast mjög til betri vegar. Það er ekki ásættanlegt að stjórnvöld sýni engin viðbrögð þegar þeim eru send erindi.

Það skal tekið fram að í mörgum tilfellum eru þessi mál í ágætisfarvegi í stjórnsýslunni eins og vera ber, en við eigum hins vegar að gera þá kröfu að þetta sé almennt þannig og það heyri til algerra undantekninga að brögð verði að þessu og þannig geti menn gert sér grein fyrir því hvar mál þeirra eru stödd í stjórnsýslunni en þurfi ekki að leita atbeina umboðsmanns nánast til þess eins að reka á eftir svari.

Ég vil einnig staldra við þá athugasemd í skýrslu umboðsmanns sem lýtur að viðbrögðum stjórnvalda við tilmælum og ábendingum hans. Sérstaklega sé ég ástæðu til þess að staldra við þá athugasemd að stjórnvöld láti sér það nægja þegar umboðsmaður hefur bent á að tiltekin framkvæmd hafi ekki verið í samræmi við gildandi lög að greina frá því að viðkomandi reglur séu til endurskoðunar eða ný lagasetning um efnið sé væntanleg. Eftir stendur að leysa þarf úr því réttarbroti sem þegar hefur átt sér stað og hefur orðið tilefni til þeirrar kvörtunar sem um er að ræða í hverju tilviki. Þannig bendir umboðsmaður réttilega á að stjórnvöld geti ekki látið hjá líða að afgreiða erindi vegna þess eins að þau telji rétt að bíða nýrra laga og það er ástæða til þess að taka sérstaklega undir þetta með umboðsmanni.

Hér vil ég einnig minnast á ábendingar umboðsmanns um að efla þurfi fræðslu í stjórnsýslunni. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands er auðvitað fagnaðarefni en eins og bent er á í skýrslunni verður stjórnsýsla sveitarfélaga sífellt umfangsmeiri og ýmis verkfni sem áður tilheyrðu ríkinu hafa nú verið færð til sveitarfélaganna og við þetta verður stjórnsýsla þeirra sífellt umfangsmeiri. Þetta kallar auðvitað allt á öflugt fræðslustarf og Alþingi þarf að vera vakandi yfir því að því starfi sé sinnt með viðeigandi hætti. Það er þess vegna ástæða til þess að taka hugmyndum umboðsmanns um lágmarksfræðslu starfsfólks stjórnsýslunnar og um endurmenntun til nánari skoðunar.

Hér hefur áður í umræðunni um skýrslu umboðsmanns verið vikið að þeim ábendingum sem borist hafa frá alþjóðasamtökum umboðsmanna. Þau hafa sem sagt sammælst um það að vekja athygli þjóðþinga og ríkisstjórna og stjórnvalda

reyndar líka á mikilvægi þess að sjálfstæði embætta umboðsmanna sé viðhaldið með því að slá skjaldborg um heiti umboðsmanns. Ég ætla svo sem ekki að bæta neitt frekar í þá umræðu um þetta sem hér hefur átt sér stað en það er ástæða til þess að taka eftir því að við höfum mjög nýleg dæmi sem gefa tilefni til þessarar umræðu þó að hún hafi áður átt sér stað á Alþingi þannig að það er e.t.v. komið að því nú að við stöldrum við og höldum ekki áfram á þessari braut því kannski getur það verið of seint þegar gripið verður í taumana.

Eins og fram hefur komið líður senn að því að 10 ár verði liðin frá því að stjórnsýslulögin tóku gildi. Umboðsmaður hvetur til þess í sinni skýrslu að við þessi tímamót verði framkvæmd laganna tekin til skoðunar og það kannað hvernig til hefur tekist við að innleiða reglur stjórnsýslulaganna í starfsemi stjórnsýslunnar. Ég tel að það væri vel við hæfi að taka þessari áskorun og huga að því hvernig til hefur tekist við að festa í sessi þær lágmarkskröfur um meðferð mála í stjórnsýslunni sem stjórnsýslulögin geyma.

Umboðsmaður bendir á að þrátt fyrir að nú séu liðin 10 ár frá gildistöku laganna þá virðist sem víða í stjórnsýslunni skorti að mótaðar hafi verið verklagsreglur um meðferð mála og afgreiðslu þeirra. Það er því full ástæða til þess að taka undir með umboðsmanni í þessu efni og eins og sjá má af skýrslunni eru til að mynda 17,9% þeirra mála sem koma til umboðsmanns þess eðlis að í þeim hefur kæruleið ekki verið tæmd og umboðsmaður tekur þess vegna ekki sérstaklega á þeim málum heldur beinir því til viðkomandi að tæma kæruleið áður en málin koma til hans kasta. Það er alveg skýrt í 20. gr. stjórnsýslulaga að stjórnvaldi beri að veita leiðbeiningar um kæruheimild þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld og einnig hvert beina skuli kæru. Þessi mikli fjöldi mála þar sem kæruleið hefur ekki verið tæmd gefur e.t.v. tilefni til þess að ætla að þessari leiðbeiningarskyldu sé ekki fullnægt í framkvæmd í stjórnsýslunni. Það er því að mörgu að hyggja þegar þessi mál eru tekin til heildarendurskoðunar og fullt tilefni til þess að gera það.

Ég vil að lokum minnast á ábendingar umboðsmanns um mikilvægi þess að í stjórnsýslunni sé farið eftir ábendingum hans og tilmælum því það er auðvitað þannig að tilmæli hans eða ábendingar eru ekki bindandi fyrir stjórnvöld og þegar svo bregður við að stjórnvöld láta hjá líða að fylgja tilmælum umboðsmanns, þó að það heyri til algerra undantekninga þá eru til þess dæmi, þá reynir auðvitað á eftirfylgni og aðhald Alþingis til þess að tryggja vönduð vinnubrögð og skilvirkni í stjórnsýslunni. Þessu hlutverki má Alþingi ekki bregðast með því að treysta fyrir fram á að starf umboðsmanns tryggi eitt og sér þetta mikilvæga markmið.

Að lokum tel ég ástæðu til að geta þess hve skýrsla umboðsmanns er aðgengileg og greinargóð, framsetning skýr, og mér þykir ástæða til að þakka sérstaklega fyrir þessi vönduðu vinnubrögð við frágang skýrslunnar. Það er brýnt að Alþingi taki til umfjöllunar og bregðist við athugasemdum umboðsmanns þar sem því verður við komið og tekið verði á öllu því sem betur má fara í stjórnsýslunni eða færa þarf til samræmis við gildandi lög.

[11:59]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að hér er til umfjöllunar ársskýrsla umboðsmanns Alþingis um eftirlit hans með stjórnsýslunni og þar með framkvæmdarvaldinu og það hlýtur að vekja sérstaka athygli að hér virðist mér ráðherrabekkurinn vera algerlega auður og eru þó ýmsar athugasemdir sem lúta að störfum ráðherra ríkisstjórnarinnar og sérkennilegt að enginn þeirra skuli sjá ástæðu til að vera við þessa umræðu. Þar sakna ég þó einkum dómsmrh. og vil því beina fyrirspurnum til formanns allshn. í hans fjarveru, hvort þær fjölmörgu athugasemdir við stjórnsýslu dómsmrn., og einkum á sviði fangelsismála, sem er að finna í skýrslu umboðsmannsins, valda ekki áhyggjum hjá formanni allshn. sem fer einnig með dómsmálin í þinginu, hvort hann hafi í hyggju að kalla fyrir embættismenn ráðuneytisins og yfirmenn fangelsismála til þess að ræða í nefndinni þær ávirðingar sem eru í þeim efnum, hvort hann telji ekki að sá óhæfilegi dráttur á setningu reglna og/eða laga á sviði fangelsismála sem umboðsmaður lýsir í skýrslu sinni sé áhyggjuefni, hvort honum sé kunnugt um það loforð sem umboðsmaður vísar til að lagt verði fram í þinginu í vetur frv. um fangelsismálin og hvort honum sé kunnugt um að það frv. sé væntanlegt í þinginu.

[12:01]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í skýrslu umboðsmanns á bls. 17 að hann hafi óskað eftir fundi og farið á fund nýs hæstv. dóms- og kirkjumrh. í júní á þessu ári og að í kjölfar þess fundar hafi honum verið veittar upplýsingar um framgang þessara mála. Vissulega get ég tekið undir með hv. þm. Helga Hjörvar að þær athugasemdir sem fram koma í skýrslu umboðsmanns um þetta tiltekna mál eiga fullkomlega rétt á sér en ég tel að nú sé sýnt að þessi mál séu komin í farveg og eins og fram kemur í skýrslunni er áformað að frv. til nýrra laga um fangelsi og fangavist verði lagt fram á Alþingi í vetur. Einnig kemur fram efst á bls. 18 að ýmis mál hafa verið færð til betri vegar sem umboðsmaður hefur gert athugasemdir við og þess vegna tel ég að þessi mál séu að komast í traustan farveg og að sjálfsögðu mun allshn. fylgja því fast eftir að þessum ábendingum verði fylgt eftir.

[12:02]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að nýr formaður allshn. ætli að ganga eftir því að þessar ábendingar séu teknar alvarlega og eftir því gengið að úr verði bætt. Enda lýsti formaður allshn. því ágætlega í ræðu sinni áðan að það er alls ekki nóg að bíða eftir væntanlegum lögum. Það kemur fram í skýrslu umboðsmanns að ráðuneytið hefur áður lýst því yfir að þessi lög væru væntanleg en það ekki gengið eftir. Það er sannarlega ekki hægt að bíða með úrbætur eftir því að lög komi einhvern tíma í framtíðinni. Til þess eru þessar aðfinnslur, einkanlega við fangelsismálin, allt of margar í skýrslu umboðsmanns Alþingis að mínu áliti, virðulegi forseti.

[12:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Embætti umboðsmanns Alþingis er núna orðið 15 ára gamalt, var stofnað með lögum árið 1987, tók til starfa í byrjun árs 1988. Þetta embætti hefur verið að treysta sig í sessi, mér liggur við að segja sækja í sig veðrið, því að það hefur átt í eins konar styrjöld við stjórnsýsluna og kerfið að reyna að færa það til betri vegar. Þetta er styrjöld sem er reyndar háð í mikilli friðsemd því að um embættið er mikil sátt í samfélaginu. Ég held að það líti allir svo á að þetta sé einn af veigameiri póstunum í okkar lýðræðissamfélagi. Ég

held að það sé alger samstaða um það á Alþingi og óhætt að fullyrða að menn vilja almennt styrkja þessa stofnun.

Það eru hliðstæð embætti í öðrum ríkjum. Það kemur fram að í um 100 ríkjum víðs vegar um heiminn eru áþekk embætti umboðsmanna og ég fagna því að hér skuli það koma fram að það sé ástæða til að endurskoða notkun okkar á þessu hugtaki. Það er ábending sem kemur frá Alþjóðasambandi umboðsmanna um að við takmörkum þetta hugtak við þetta tiltekna embætti. Ég hef áður vakið máls á því við umræður um skýrslu umboðsmanns að það sé ástæða til þess að fara sparlega með þetta hugtak. Það var talað um að það væri ástæða til þess að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur umræðuna. Það má vera að hæstv. landbrh. hefði átt að vera hér því að það kemur fram í skýrslunni og kom fram í framsöguræðu að umboðsmannsheitið væri núna kennt við ákveðna húsdýrategund og þá er náttúrlega vísað til umboðsmanns hestsins. En ég held að við eigum að taka þessar ábendingar alvarlega og endurskoða heiti umboðsmanns barna. Ég held að það sé eina umboðsmannsheitið sem er að finna í lögum, eftir því sem ég best veit, en það hafa komið fram óskir og tillögur um að komið verði á fót embættum umboðsmanna öryrkja, nýbúa o.s.frv. Ég held að þetta sé ábending sem við eigum að taka til greina.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir umsvifum embættisins, fjölda kvartana, afgreiðslutíma mála hjá umboðsmanni og það vekur athygli mína að hann segir að þótt enn þá sé að finna ýmsar brotalamir þá sé þetta allt að færast til betra horfs, betur en 2002–2003 svo ég vitni orðrétt, með leyfi forseta, í skýrsluna:

„Fann ég að breyting varð almennt til batnaðar varðandi það hversu fljótt stjórnvöld svöruðu erindum frá mér.“ Þetta segir í skýrslu umboðsmanns Alþingis og enn fremur segir, með leyfi forseta: „Enn eru þó dæmi um að stjórnvöld taki sér óhæfilega langan tíma til að svara erindum frá mér og það þrátt fyrir ítrekanir. Í slíkum tilvikum verður mér erfiðara um vik að standa við það markmið mitt að ljúka afgreiðslu á viðkomandi kvörtun innan sex mánaða frá því að hún barst mér.“

Mér finnst gott að stefnt skuli að því að hraða afgreiðslutíma hjá embættinu en það kemur þá niður á öðrum þáttum og þar vísa ég sérstaklega í frumkvæðismálin. Mér finnst mjög slæmt að það skuli koma niður á þeim þætti því að hér segir, með leyfi forseta:

„Í skýrslum mínum fyrir árin 2000 og 2001 rakti ég að frumkvæðisathugunum hefði fækkað þar sem ég hefði ákveðið að leggja áherslu á að hraða afgreiðslu þeirra kvartana sem mér höfðu borist. Með sama hætti hefði ég ákveðið að láta úrvinnslu á eldri frumkvæðisathugunum bíða þar til náðst hefði ásættanlegur málshraði við afgreiðslu kvartana.“

Í skýrslunni kemur fram að umboðsmaður leggur mikið upp úr þessari vinnu, frumkvæðismálunum, og hann vísar í greinargerð með lögunum frá árinu 1987 þar sem fram kemur að embættinu hafi verið ætlað að gera tillögur um úrbætur í stjórnsýslunni og þar gegnir þessi þáttur miklu máli. Þar er vísað í frumkvæðismál sem hafa verið unnin á vegum embættisins á árinu 2002 varðandi réttarstöðu fanga t.d., töku ákvarðana ríkislögreglustjóra um að hafna útgáfu öryggisvottunar til ákveðinna einstaklinga í tilefni af fundi utanrrh. Atlantshafsbandalagsins. Þetta er athugun sem er enn í vinnslu. Það hefur verið tekið á umhverfismálunum líka. Ég hefði fyrir mitt leyti kosið ítarlega rannsókn á því sviði því að ég leyfi mér að fullyrða að oft hafi verið misræmi á milli orða og athafna, á milli laga og framkvæmda varðandi stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Ég hef haldið því fram í ræðu og riti að Landsvirkjun hafi verið á undan lögunum, menn hafi verið byrjaðir að framkvæma áður en tilskildar lagaheimildir hafi legið fyrir.

En það er eitt mál sem umboðsmaður hefur tekið sérstaklega til athugunar og tengist þessu og vísað er í þá athugun á bls. 13 í skýrslunni. Hér segir, með leyfi forseta. Það er vísað í frumkvæðisathugun varðandi:

„Afgreiðslutíma hjá umhverfisráðuneytinu í tilefni af kærum vegna úrskurða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.“

Um þetta er síðan fjallað ítarlega í skýrslunni en í niðurstöðu úttektar umboðsmanns kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Niðurstaða mín samkvæmt framansögðu er því sú að umhverfisráðuneytið hafi í meiri hluta þeirra mála sem undir það eru borin á grundvelli [laga sem vísað er í] farið fram úr lögbundnum átta vikna afgreiðslufresti.“ Síðar segir: „Í ljósi þess eru það tilmæli mín til umhverfisráðuneytisins að leitað verði leiða til úrbóta á þessum annmarka á stjórnsýslufram-kvæmd þess og þá í samræmi við þau sjónarmið sem ég hef rakið í álitinu.“

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu að í meiri hluta þeirra mála sem voru borin undir umhvrn. á þessu sviði er ekki farið að lögum varðandi tímafresti.

Í skýrslunni kemur fram að umboðsmaður Alþingis hefur verið að kanna með hvaða hætti stjórnsýslan hafi bætt sig eða hvort hún hafi gert það. Einhvers staðar kemur fram að hann hafi skrifað einum 32 stofnunum og ráðuneytum til að kanna verkferlana. Hann segir þó engu að síður að á það skorti að fram fari heildstæð athugun á þessum málum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hafa verður í huga að sérstök úttekt hefur ekki verið gerð á því hvernig til hafi tekist hjá stjórnvöldum að laga vinnubrögð sín að þeim kröfum sem stjórnsýslulögin gera.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Ég hef hins vegar lýst því að mér þykir enn of hægt ganga við að stjórnvöld geri almennar ráðstafanir til að færa starfshætti sína til samræmis við þær kröfur sem leiða af reglum laganna. Þá hef ég talið brýnt að auka fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar um þær stjórnsýslureglur sem þeim ber að fylgja við úrlausn mála.“ Síðan varar umboðsmaður okkur við að alhæfa í þessu efni.

En ég vil taka undir þetta. Ég held að fræðsla innan stjórnsýslunnar skipti mjög miklu máli. Hún er til þess fallin að gera fólk betur í stakk búið að sinna sínum verkum og gerir stjórnsýsluna þar með markvissari í öllum vinnubrögðum. Því vil ég sérstaklega vekja athygli á þessari ábendingu umboðsmanns um að efla almennt starfsfræðslu hjá starfsfólki innan stjórnsýslunnar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa skýrslu sem er vönduð og vel fram sett og vil gera slíkt hið sama gagnvart starfsfólki umboðsmanns Alþingis og ég gerði gagnvart starfsmönnum Ríkisendurskoðunar að óska þeim alls góðs.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég get tekið undir margt af því sem fyrri ræðumenn hafa sagt og þarf ekki að endurtaka það en vil hugleiða nokkur mál sem tengjast þessu.

Í fyrsta lagi þetta með orðanotkun eða hugtakanotkun og önnur umboðsmannsembætti. Það hefur áður borið á góma hér. Það má segja að það sé tvíþætt mál, annars vegar hvaða nafngiftir menn gefa slíkum embættum, þessu umboðsmannsembætti Alþingis og eftir atvikum öðrum, ef þau eru til staðar. Svo er náttúrlega spurning um það hvort menn eigi að fara lengra inn á þá braut eins og gert hefur verið í löndunum sums staðar í kringum okkur, sérstaklega Svíþjóð, að stofna slík umboðsmannsembætti á helstu sviðum. Þar eru þau allmörg og eru formleg embætti umboðsmanna aldraðra, sjúklinga, fatlaðra, barna og kannski nýrra íbúa o.s.frv. Það er umhugsunarefni í sjálfu sér og getur vel komið til greina hér. Þó verður að hafa í huga að við erum þrátt fyrir allt ekki jafnstórt og fjölmennt samfélag eins og þar gerist og ekki við því að búast að okkar stjórnsýsla verði jafnumfangsmikil að þessu leyti. Að sjálfsögðu varð tilkoma umboðsmanns barna gríðarleg framför á því og ég held að það hvarfli ekki að neinum að það eigi að leggja það niður. Spurningin væri þá frekar um nafnbreytingu, án þess að ég telji að það eitt og sér valdi miklum ruglingi, að þessi tvö embætti væru áfram við lýði með þessum nöfnum. Það gæti þó vel komið til greina að koma þar breytingu á, sérstaklega ef farið yrði inn á svipaða braut á fleiri sviðum.

Ég gæti látið mér til hugar koma að það gæti verið mögulegt að nota þá frekar nafn eins og „réttargæslumaður" í þeim tilvikum sem í hlut ættu einhvers konar fulltrúar eða réttargæslumenn hópa sem störfuðu á grundvelli sérlaga. Þróun í löggjöf gefur fullt tilefni til að skoða það. Hér hafa t.d. verið sett lög um réttindi sjúklinga, á Alþingi hefur verið sýnt réttargæslufrumvarp fatlaðra þar sem sérstök réttargæslulög yrðu sett til að tryggja stöðu þess hóps, og vel gæti komið til greina að hluti af þeirri lagasetningu væri að stofnað yrði embætti réttargæslumanns. Þá væri a.m.k. fyrir því séð að um nafnarugling yrði ekki að ræða.

Ég er hallari undir þá útfærslu og þróun frekar en að fjölga embættum umboðsmanna, að það yrði farið yfir og skilgreint á hvaða sviðum gæti verið tilefni til þess að sérstakir réttargæslumenn störfuðu sem hefðu þá sérstaklega með það að gera að tryggja réttindi ákveðinna hópa á grundvelli laga sem um þau hefðu verið sett.

Ef um væri að ræða almenna hagsmunagæslumenn er málið komið út á dálítið annað skrið og þá enn fjarlægara en ella að rétt sé að nota heitið „umboðsmaður".

Það er, eins og þegar hefur komið fram hér held ég, óhætt að segja að það ríki mjög góð sátt um embætti umboðsmanns Alþingis og það hafi tekist vel til við uppbyggingu þess og sama megi segja í öllum aðalatriðum um Ríkisendurskoðun þó að það embætti af ýmsum ástæðum geti eðli málsins samkvæmt orðið umdeildara.

Umfangið í starfsemi umboðsmanns og þær tölulegu staðreyndir sem liggja fyrir í skýrslunni segja allt sem segja þarf um þörfina fyrir þetta embætti, að almenningur í landinu hefur þegar lært að nýta sér það. Það er margt áhugavert þegar maður skoðar þá tölfræði. Mér finnst t.d. að mörgu leyti ánægjulegt, eða a.m.k. athyglisvert, að sex einstaklingar undir tvítugu senda erindi til umboðsmanns Alþingis. Það má kannski segja að það séu algerlega tvær hliðar á því, það sé líka slæmt að ungt fólk telji svo á rétt sinn og hlut gengið að það sjái sig knúið til að kvarta til umboðsmanns. En það er í öllu falli jákvætt að meira að segja í þessum aldurshópi er mönnum ljós þessi möguleiki, að bent er á hann.

Ég held að líka sé ástæða til að fara rækilega yfir flokkun mála og draga af henni skynsamlega lærdóma, t.d. því sem hér hefur þegar komið fram, hversu áberandi mál á sviði fangelsismála, út af fyrir sig dómsmála, eru. Þau eru 10% allra mála, 35 skráð viðfangsefni á árinu 2002 falla undir liðinn Fangelsismál, og það er reyndar sláandi hversu langfyrirferðarmest allra ráðuneyta dóms- og kirkjumrn. er þegar kemur að flokkun eftir ráðuneytum. Á því eru að sjálfsögðu að mörgu leyti eðlilegar skýringar þar sem um réttarfars- og stjórnsýsluleg mál er að ræða.

Ég get tekið undir það sem hv. 5. þm. Reykv. n., Guðrún Ögmundsdóttir, sagði, það vekur á hinn bóginn athygli t.d. hversu fá mál á sviði félagsmála, á sviði félmrn., enda hjá umboðsmanni. Þar hefði maður þó ætlað að tilefnin gætu verið ærin.

Afgreiðslutíminn hefur lengi verið fyrirferðarmikill þegar menn hafa rætt um starfsemi embættis umboðsmanns og stór hluti af orku embættisins hefur farið í það gegnum tíðina að veita stjórnvöldum aðhald og knýja þau til þess að afgreiða mál, helst innan tilskilinna tímamarka. Þar hefur tvímælalaust orðið framför en þó eru enn því miður veruleg brögð að því að það dragist úr hömlu að svara erindum eða jafnvel að þeim sé alls ekki svarað, ekki sé virtur sá réttur manna að fá upplýsingar um það ef afgreiðsla mála þeirra tefst o.s.frv.

Framkvæmd stjórnsýslulaganna, eins og hér var minnt á af hv. þm. Bjarna Benediktssyni, er að sjálfsögðu fyrirferðarmikil. Það er eðlilegt að farið sé yfir það, m.a. vegna þess að stjórnsýslulögin eru nú tíu ára gömul, hvort þar sé breytinga þörf. Ég hef þá tilfinningu að það sé kannski meira framkvæmdinni og eftirliti og eftirfylgju sem þyrfti að beina sjónum að, heldur en að lögunum sjálfum sé í grundvallaratriðum áfátt. Ég held að þau séu í öllum aðalatriðum vönduð, voru tvímælalaust mikil framför í réttarfari okkar og stjórnsýslu allri þegar þau komu til sögunnar.

Ég vil aðeins nefna, eins og fleiri hafa reyndar gert hér, mál sem umboðsmaður tekur upp að eigin frumkvæði. Það er ánægjuefni að það eigi að efla þann þátt í starfseminni. Það er auðvitað enginn vafi á því að það er mjög þarft. Það er mjög mikilvægt að embættið geti að eigin frumkvæði tekið upp mál, og vonandi fer þeim athugunum hlutfallslega fjölgandi á næstu árum. Ég held að þar mættu gjarnan vera önnur hlutföll en nú eru þar sem sjö mál voru tekin upp að eigin frumkvæði embættisins en málafjöldinn er hátt í 300.

Viðbrögð stjórnvalda hafa líka lengi verið umræðuefni í tengslum við skýrslur umboðsmanns og alla vinnu embættisins, þ.e. viðbrögð þeirra við formlegum álitum og sérstaklega þeim álitum þar sem fram kemur að gera þurfi ráðstafanir. Hér hafa að sjálfsögðu iðulega litið dagsins ljós lagaframvörp þegar í kjölfar skoðunar hjá embætti umboðsmanns hefur komið í ljós að t.d. reglugerðir hafa ekki haft fullnægjandi lagastoð eða annað í þeim dúr og þá er að sjálfsögðu rétt og skylt að bregðast fljótt við slíku. Auðvitað er þetta ferli hugsað þannig að það sé gagnvirkt og menn geti sem sagt þannig sameiginlega tekið á málum.

Hitt er öllu verra ef menn lofa öllu fögru en gera síðan ekkert, eins og lesa má út úr ákveðnum málsgreinum hér í skýrslunni að séu nokkur brögð að. Þá er náttúrlega embætti umboðsmanns vandi á höndum, hvort það á þá sjálft að fara að standa í eftirrekstri gagnvart því að úrbætur sem hefur verið lofað eða gefin hafa verið fyrirheit um láti síðan ekkert á sér kræla. Kannski er það þáttur sem mætti velta fyrir sér í sambandi við framtíðarframsetningu skýrslunnar að þar sé ítarlegar farið yfir það og því haldið til haga sérstaklega

með yfirliti í hvaða tilvikum komið hafa viðbrögð frá stjórnvöldum þar sem gefin eru fyrirheit um breytta framkvæmd eða úrbætur sem síðan hafa látið á sér standa. Þannig væri einnig að þessu leyti hægt að nota embættið til aðhalds í stjórnsýslunni.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta, virðulegur forseti. Ég sem sagt þakka fyrir þessa skýrslu og þakka fyrir almennt vönduð störf embættis umboðsmanns Alþingis.

[12:25]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Það eru alltaf ákveðin tímamót þegar skýrsla umboðsmanns Alþingis kemur fram, a.m.k. fyrir þá sem láta sig opinbera stjórnsýslu varða og stjórnsýslurétt almennt. Nú er komin út skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2002 sem hér hefur verið til umfjöllunar og við þingmenn höfum fengið tækifæri til að kynna okkur.

Almennt um þessa skýrslu má segja að hún er, eins og komið hefur fram hjá öðrum þingmönnum, skýr og vel unnin og einstaklega aðgengileg eins og fyrri skýrslur umboðsmanns Alþingis hafa líka verið. Ég tel rétt að gera það sama og aðrir þingmenn hér hafa gert, að óska embættinu og umboðsmanni sjálfum til hamingju með skýrsluna enda er hún embættinu til sóma.

Það sem kemur fram í skýrslunni og er dálítið skemmtilegt er að segja má að nú séu ákveðin tímamót í opinberri stjórnsýslu, þ.e. að stjórnsýslulögin sem sett voru árið 1993 eru tíu ára gömul og það er kannski ástæða til að velta fyrir sér hvernig framkvæmd þessara laga hafi verið umliðin tíu ár. Ég er sjálfur ekki í neinum vafa um að frá setningu stjórnsýslulaganna 1993 hafi réttaröryggi borgaranna verið mun betur tryggt en það var áður. Við vitum að með setningu stjórnsýslulaganna voru lögfestar almennar meginreglur sem giltu í stjórnsýslunni. Í stjórnsýslulögunum má segja að fram komi leiðarvísir fyrir starfsmenn í opinberri stjórnsýslu sem er einfaldur og skýr og eftir honum á að fara.

Það eru hins vegar, og það sjáum við við lestur skýrslu umboðsmanns Alþingis, ákveðnar brotalamir í opinberri stjórnsýslu, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Ég er þó sannfærður um að við setningu stjórnsýslulaganna hafi málsmeðferð í allri opinberri stjórnsýslu batnað mjög frá því sem áður var. Ég tel að stjórnsýslan nú sé mun betri og málsmeðferð hjá stjórnvöldum sé í mun betri farvegi núna en var fyrir tilkomu stjórnsýslulaganna.

En það er alveg ljóst að lengi má gott bæta og það á jafnt við um stjórnsýsluna og annað. Mig langar til að vekja athygli á því að á bls. 33 í skýrslu umboðsmanns er farið yfir skiptingu skráðra mála árið 2002 eftir viðfangsefnum. Við sem höfum kynnt okkur skýrslur umboðsmanns Alþingis í gegnum tíðina og unnið með þær í a.m.k. okkar fyrri störfum höfum rekist á það að þetta eru alltaf sömu viðfangsefnin sem umboðsmaður á fyrst og fremst við. Það eru fangelsismálin, það eru skattar og gjöld, og svo eru það málsmeðferðarreglurnar.

Ef við skoðum þessa töflu á bls. 33 kemur í ljós að mál sem varða málsmeðferð og starfshætti stjórnsýslunnar á árinu 2002 eru 47, og tafir hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála eru 49 talsins. Báðir þessir liðir heyra undir málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaganna, málshraðareglan telst klárlega til málsmeðferðarreglu. Það má því segja að þær athugasemdir sem umboðsmaður gerir lúti að málsmeðferðarreglunum sem voru lögfestar árið 1993.

Eins og ég sagði áðan, frú forseti, eru þessar málsmeðferðarreglur mjög einfaldar og það á að vera hægt með tiltölulega litlum tilkostnaði og litlu átaki að kippa þessum málum í opinberri stjórnsýslu í liðinn. Stjórnsýslulögin og þær málsmeðferðarreglur sem þar koma fram eru mjög góðar og þær hafa bætt stjórnsýsluna. En það nægir ekki bara að setja lög, það þarf að fara eftir þeim, og starfsmönnum í opinberri stjórnsýslu verður að vera kunnugt um efni þessara reglna.

Eins og ég segi tel ég að það sé auðvelt að bæta stjórnsýsluna og gera hana vandaðri. Þess vegna leyfi ég mér að taka undir það sem fram hefur komið hér í máli hv. formanns allshn., Bjarna Benediktssonar, og kemur jafnframt fram í skýrslu umboðsmanns, að á þessu tíu ára afmæli stjórnsýslulaganna sé rétt að huga að því að auka fræðslu á efni stjórnsýslulaganna og efni málsmeðferðarreglnanna hjá starfsmönnum stjórnsýslunnar, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Þá á ég ekki bara við kannski þá sem eru efstir í stjórnsýslunni heldur einnig hina almennu starfsmenn. Það skiptir þá starfsmenn stjórnsýslunnar sem eiga að vinna með þessi lög verulegu máli að kunna og þekkja þær reglur sem þeim ber að fylgja og það skiptir líka náttúrlega borgarana verulegu máli að eftir þessum reglum sé farið. Ég tel að sú ábending sem umboðsmaður kemur fram með í skýrslunni um það að auka fræðslu starfsmanna innan stjórnsýslunnar á efni stjórnsýslulaganna sé réttmæt og mikilvæg og ég tek undir þá ábendingu.

Frú forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mörg fleiri orð um efni skýrslunnar. Það hefur verið komið að notkuninni á hugtakinu umboðsmaður og ég ætla bara að leyfa mér að taka undir það sem menn hafa sagt í þessum ræðustól um þann þátt skýrslunnar. Íslenska tungumálið er þannig að við getum notað fullt af öðrum orðum en umboðsmaður til að skýra einhver embætti talsmanna tiltekinna hópa en ég tel að við ættum að varast að nota orðið umboðsmaður um slíka talsmenn.

Að svo búnu vil ég ítreka hamingjuóskir mínar til starfsmanna embættis umboðsmanns Alþingis og hans sjálfs með þessa skýrslu sem er, eins og áður, vönduð, skýr og mjög aðgengileg.

[12:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Ríkisstjórninni og stjórnvöldum er samkvæmt stjórnarskránni skylt að standa þinginu skil gerða sinna. Þetta má leiða af þingræðisreglu stjórnarskrárinnar. Í krafti þeirrar reglu á Alþingi að hafa eftirlit með stjórnvöldum og ráðherra bera síðan ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum gagnvart Alþingi.

Segja má að í þessu felist það sem hefur oft verið nefnt þingeftirlit eða eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu og stjórnvöldum. Þetta er einn af hornsteinunum í okkar stjórnskipan. Mjög mikilvægt er að þetta þingeftirlit sé virkt til þess að lýðræðið og það stjórnskipulag sem við höfum byggt okkur upp virki eins og ætlast er til.

Alþingi hefur nokkur úrræði til að sinna þessu hlutverki sínu, fyrirspurnir til ráðherra, skýrslubeiðnir um tiltekin mál, það að krefja ráðherra svara í utandagskrárumræðum o.s.frv. Í seinni tíð hafa síðan verið tekin upp ýmis úrræði til þess að styrkja þetta eftirlit. Og segja má að þar fari fremst í flokki stofnun umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

Frú forseti. En við höfum líka í stjórnarskránni úrræði eins og heimildina í 39. gr. um skipan þingeftirlitsnefnda.

Það er nánast dautt úrræði og hefur ekki virkað hér á landi. Til þess að taka allt ferli þingeftirlitsins má líka vekja athygli á því í þessari umræðu að enn eitt úrræðið sem mundi heyra undir þingeftirlit, þ.e. ráðherraábyrgðin, hefur ekki virkað heldur hér á landi. Má segja að það sé svo þungt í vöfum í þeim lögum sem við höfum sett að það sé nánast ómögulegt að láta það virka.

Þessar ábendingar hafa svo sem oft áður komið fram hér í þinginu. En það hefur líka komið fram mjög skilmerkileg greinargerð um þetta í skýrslu sem forsrh. lét vinna að beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og nefnist skýrslan: Starfsskilyrði stjórnvalda. Hún er afrakstur nefndar sem Páll Hreinsson stýrði. Voru niðurstöður nefndarinnar síðan gefnar út í bókarformi og þar koma fram fjölmargar ábendingar um það sem betur mætti fara í þessum efnum og m.a. er komið inn á þau atriði sem við erum að ræða hér, þ.e. um möguleika þingsins til þess að sinna þingeftirliti sínu.

Ég verð að segja það eins og er, frú forseti, að ég er svolítið undrandi á því að ekki hafi verið gert neitt af hálfu þingsins eða yfirstjórnar þingsins eða framkvæmdarvaldsins til þess að koma þeim fjölmörgu góðu hugmyndum sem eru nefndar í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda, í framkvæmd. Þar eru fjölmargar góðar hugmyndir, m.a. um að taka til gagngerrar endurskoðunar lögin um ráðherraábyrgð frá árinu 1963, um landsdóm, þannig að þau virki í raun. Hugmyndir að ýmsum úrræðum eru nefndar í því skyni að efla t.d. þingeftirlitið sem við erum að ræða hér.

En ég nefni þetta hérna vegna þess að ég tel mikilvægt að við setjum þetta í samhengi. Það sem við ræðum hér, skýrsla umboðsmanns Alþingis, er hluti af þessu þingeftirliti. Nú erum við að ræða skýrslu umboðsmanns og í þeirri skýrslu koma fram, eins og rakið hefur verið í umræðunum, fjölmargar athugasemdir um að stjórnvöld fari ekki að tilmælum umboðsmanns. Umboðsmannsembættið er byggt þannig upp, eins og víða í nágrannaríkjunum, að það getur ekki þvingað stjórnvöld til að fara að tilmælum sínum. Einungis er um tilmæli að ræða. En maður getur velt því fyrir sér hvað gerist í þeim tilvikum þegar stjórnvöld fara ekki að tilmælum umboðsmanns, eins og fjölmörg dæmi eru rakin um í þessari ágætu skýrslu.

Umboðsmaður gerir athugasemdir og gefur síðan tilmæli. En ef ekki er farið að þeim þrátt fyrir það, hvað á umboðsmaður þá að gera? Hann hefur í raun og veru ekki úrræði. En, frú forseti, þá hlýtur að koma til kasta þingsins að bregðast við. Ef ekki er farið eftir þeim úrræðum sem þingið hefur sett til þess að sinna eftirliti með stjórnvöldum og stjórnsýslunni þá hlýtur þingið að koma til og skoða hvað megi gera í þeim efnum.

Ég fagna því sem hér hefur komið fram, m.a. í máli hv. þm. Bjarna Benediktssonar formanns allhn., um að ástæða sé til þess að stofna stjórnsýsluskóla eða auka stjórnsýslufræðslu. Það er eitt þeirra úrræða sem er, held ég, orðið mjög brátt að grípa til þannig að a.m.k. sé tryggt að þeir sem fara með það mikilvæga vald sem felst í því að starfa í stjórnsýslunni, eigi kost á öflugri fræðslu um stjórnsýsluna.

Ég fagna þessu sérstaklega vegna þess að á hinu háa Alþingi hefur verið lögð fram tillaga um stofnun stjórnsýsluskóla. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flm. að henni og við hv. þm. Jóhann Ársælsson erum meðflutningsmenn. Þar leggjum við til að Alþingi ályktí að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun stjórnsýsluskóla. Í því skyni verði skipuð nefnd sem móti markvissa endurmenntunarstefnu hjá ríki og sveitarfélögum um endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna. Síðan er kveðið á um að í nefndinni skuli vera fulltrúar fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, Endurmenntunar Háskóla Íslands og heildarsamtaka opinberra starfsmanna.

Þetta er kannski a.m.k. ein hugmynd í þá veru að efla þessa fræðslu innan stjórnsýslunnar. Ég held að það sé úrræði sem sé mjög mikilvægt að grípa til.

Frú forseti. En ég tel líka að Alþingi geti ýmislegt annað gert til að sjá til þess að stjórnvöld fari að tilmælum sem beint er til þeirra á grundvelli þeirra laga sem við setjum hér. Til dæmis tel ég að það væri mjög mikilvægt að taka til umfjöllunar skýrslur umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar og setja þær í ákveðinn farveg í þinginu þannig að þær fari til umfjöllunar í nefnd þar sem farið verði yfir skýrslurnar frá A til Ö, umboðsmaður kallaður til eða sá sem gefur skýrsluna út og farið yfir helstu atriði sem fram koma þannig að tryggt verði að þessar skýrslur fái jafnvandaða meðferð og t.d. lagafrumvörp. Þó að ekki sé hægt að líkja þessu tvennu saman þá sjáum við alveg muninn á þessu þegar skýrslur eru teknar á dagskrá, eins og nú, og ræddar. En í raun og veru er ekki neinn farvegur í þinginu þar sem er kafað ofan í hverja skýrslu. Síðan getur þingið eða viðkomandi nefnd komið fram með hugmyndir um það í kjölfarið hvað beri að gera. Hér eru ákveðin vandamál sem hafa komið fram ítrekað í skýrslum umboðsmanns Alþingis þar sem ekki er farið að tilmælum hans. Ætlar hið háa Alþingi ekkert að gera í því?

Finnst Alþingi og finnst hæstv. forseta Alþingis — af því að ég sé að hv. þm. Halldór Blöndal er kominn í salinn — finnst honum ekki ástæða til að taka þessar alvarlegu ábendingar alvarlega? Við höfum sett ákveðinn ramma. Við höfum búið til lög um umboðsmann Alþingis. Þau eru liður í því að sinna þingeftirliti sem okkur er á herðar lagt samkvæmt stjórnarskrá. Nú er ekki farið eftir því og það kemur ítrekað fram. En hvað ætlar Alþingi að gera í því?

Ég vísa líka til þess, frú forseti, að í stjórnskipunarréttinum er skýrt tekið fram að samkvæmt stjórnskipan okkar er Alþingi æðsta stofnun þessa ríkis. Alþingi eitt getur sett framkvæmdarvaldinu skorður. Alþingi eitt getur séð til þess að framkvæmdarvaldið fari eftir þeim ramma og þeim lögum sem hér hafa verið sett. Því hlýtur það að vera verkefni okkar, frú forseti, að sjá til þess að farið sé að tilmælum þeirra embætta sem við höfum sett til þess að framfylgja þessu eftirliti.

Ég held að bara með því að taka skýrslurnar til umfjöllunar í nefnd, eins og mér skilst að sé gert víða annars staðar — í öðrum þjóðþingum eru þessar skýrslur teknar fyrir og ræddar í nefnd. Mig minnir að ég hafi einhvers staðar heyrt að líka finnist það form að til sé sérstök nefnd sem hafi skýrslur á borð við þessa til athugunar. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess í okkar litla þjóðfélagi að búa til sérstaka nefnd í kringum þetta. En vel mætti hugsa sér að hv. allshn. Alþingis sinnti þessu hlutverki, þ.e. að taka þessar skýrslur til ítarlegarar skoðunar hjá sér. Þá væri það ákveðin skylda líka að Alþingi færi yfir þær og gæfi skýrslu, það væri lögð fram skýrsla frá Alþingi hér í þessum stól.

Þetta mundi ég vilja leggja inn í þessa umræðu, frú forseti. Ég vonast til þess að hæstv. forseti Alþingis taki til máls og greini okkur frá því hvort eitthvað sé fyrirhugað í þessum efnum. Þá er ég að tala um úrræði til þess að bregðast við

þeim alvarlegu athugasemdum sem koma fram í skýrslu umboðsmanns ár eftir ár um að ekki sé farið að tilmælum hans og e.t.v. líka þeim ábendingum sem komu fram í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda. Þar eru líka mjög alvarlegar ábendingar um að ýmislegt sem snýr að þingeftirliti okkar virki ekki sem skyldi. Ef þingeftirlitið virkar ekki sem skyldi þá hlýtur það að vera Alþingis að bregðast við því, frú forseti.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt lengra að sinni.

[12:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Óhjákvæmilegt er að vekja athygli á því að samkvæmt því sem kemur fram í skýrslunni hefur verið farið að tilmælum umboðsmanns nema í einu tilviki. Það mál er fyrir dómstólum og er óhjákvæmilegt að úrskurður þar liggi fyrir eins og fram kemur á töflu á bls. 39.

Ég vil í annan stað segja að þau álit sem hér liggja fyrir eru 36. Það er fjöldi mála. Nú hefur verið venja hin síðustu ár að allshn. taki skýrslu umboðsmanns til athugunar áður en málið er tekið hér til umræðu. Ég vil segja eins og áður í sambandi við skýrslu ríkisendurskoðanda að um leið og álit umboðsmanns liggja fyrir þá gefst þingmönnum kostur á því að taka þau mál upp í þinginu, annaðhvort utan dagskrár eða með því að vekja athygli á því að þessi álit liggi fyrir í þeirri þingnefnd sem í hlut á. Ég held að störf þingsins yrðu tafsöm ef hugmyndin væri sú að hér ættu að vera almennar umræður um 36 álit umboðsmanns og ef jafnmiklar umræður yrðu ávallt — eins og hv. 2. þm. Reykv. s. Jóhanna Sigurðardóttir sagði fyrr í dag — um skýrslu Ríkisendurskoðunar þá mundi það tefja mjög þingmál. En þingmönnum er frjálst að taka þessi mál upp á Alþingi ef þeir sjá ástæðu til. Ekki hefur verið synjað um slíkt þannig að ég álít að þingið gegni alveg sinni skyldu að fylgja eftir álitum frá umboðsmanni og ríkisendurskoðanda þegar við á.

[12:47]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hélt því aldrei fram að þingið sinnti ekki skyldu sinni með að taka þessar skýrslur til umræðu hér. En ég tel hins vegar að þingið geti — þegar fram koma ábendingar um það líkt og hér kemur fram, ég ætla ekkert að fara að rekja það aftur sem fram hefur komið í umræðunum, en það má m.a. sjá á bls. 19 í yfirliti fyrir árið 2001 að stjórnvöld hafi í tveimur málum ekki farið að tilmælum. Í báðum tilvikum er um að ræða kvartanir frá dóms- og kirkjumrn. Í einu máli 2002 hafi stjórnvöld ekki farið að tilmælum og það eru ýmis önnur atriði sem umboðsmaður gerir athugasemdir um að ekki sé farið að tilmælum hans. Ég held að ekki þurfi að endurvekja þá umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag.

Það er alls ekki þannig að verið sé að biðja um að farið verði yfir hvert einasta mál og ég verð að segja, frú forseti, að mér finnst svona viðbrögð nánast vera útúrsnúningur. Það sem verið er að tala um er það sem þekkist víða í öðrum nágrannaríkjum, að skýrslurnar í heild sinni séu teknar til skoðunar og þá yrði umboðsmaður kallaður fyrir og farið ítarlega yfir þær og síðan mundi sú nefnd gefa skýrslu til þingsins um hvort ástæða væri til einhverra viðbragða.

Það er vissulega þannig að hver og einn þingmaður hefur möguleika á að framfylgja og koma fram athugasemdum en það sem ég er að spyrja hæstv. forseta um er hvort hann skynji ekki sérstaklega ábyrgð sína í þessum efnum, að gera þingeftirlitið virkara og þá er ég bæði að vísa til þeirra athugasemda sem koma fram í þessari skýrslu og fjölmörgum skýrslum umboðsmanns áður og einnig því sem kom fram í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda að ýmsir meinbugir væru á því að þingeftirlitið virkaði nægilega vel.

Mér heyrist, frú forseti, að hæstv. forseti Alþingis hafi ekki af þessu áhyggjur og þá erum við ósammála, en ég er ekki að halda því fram að ekki sé farið að lágmarksskyldum þeim sem á þingið eru lagðar með því að ræða þessa skýrslu. En það má kannski gera betur.

[12:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má löngum gera betur og kannski er maðurinn svo ófullkominn að alltaf kemur einn öðrum fremri, ekki skal ég draga það í efa, nema kannski nú eins og á stendur þegar þingmönnum Sjálfstfl. hefur fækkað á Alþingi.

Á hinn bóginn hlýt ég að segja eins og áður að skýrslur umboðsmanns liggja fyrir og eru aðgengilegar á netinu og ef þingmenn telja ástæðu til geta þeir tekið skýrslurnar til athugunar og umræðu í þingsölum með því að óska eftir umræðum utan dagskrár eins og ég sagði áður og jafnframt hygg ég að þingnefndir, a.m.k. formenn þingnefnda fylgist með því hvort athugasemdir séu gerðar innan þeirra málaflokks og málsviðs. Ég tel eðlilegt að þingmenn vinni með þeim hætti og eftirlitsstörf þingsins séu þannig vel unnin.

Á hinn bóginn þykir mér líka nauðsynlegt að benda á að í upphafi hvers þingfundar er hægt að kveðja sér hljóðs um störf þingsins og vekja athygli á því ef þingnefnd skorast undan því að taka til athugunar sérstakt álit sem þingmenn hafa áhuga á. Ég hygg á hinn bóginn, eins og hv. þm. sagði raunar áðan, hæpið að efna til þess að umræður séu í þingsal um hvert einasta álit og þess vegna er óhjákvæmilegt að það sé tekið upp af einstökum þingmönnum ef sú er hugmyndin. Það er þingmönnum sjálfum í lófa lagið og það er mikill metnaður sem ég sýni fyrir hönd þingsins að ætlast til þess að þingmenn hafi dug í sér sjálfir til að taka upp þau mál sem þeir telja nauðsynlegt að taka upp á hinu háa Alþingi.

[12:51]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki alveg hvaðan hv. þm. Halldór Blöndal hefur þá hugmynd að hér sé einhver að ræða um það að taka hvert einasta álit umboðsmanns fyrir og ræða það í ræðustóli. Ég vil ítreka það enn og einu sinni að ég hef ekki heyrt neinn nefna það í umræðunni.

Málið snýst einfaldlega um það hvort þingið telji að nægilega vel sé að málum staðið hjá stjórnvöldum og hvort þingið eigi að grípa til einhverra aðgerða til þess að styrkja enn betur slíkt eftirlit. Í þeim efnum teldi ég það vera ráð að nefndirnar hafi skýrslur á borð við þessa í sérstökum farvegi hér í þinginu og hugsanlega í allshn. þar sem þær eru teknar til sérstakrar umfjöllunar. Á þann hátt er það tryggt, frú forseti, að það sé eitthvert ábyrgt apparat í þinginu sem kafi ofan í þá skýrslu. Gefi síðan mat sitt á það og leggi fram í þinginu hvort einhver ástæða sé til að breyta lögum eða styrkja þennan ramma enn betur.

Ég vil líka ítreka, eins og fram kemur í skýrslu umboðsmanns, að sem betur fer hefur mjög mikið lagast á síðustu árum og eftir að embættið tók til starfa. Allt stendur þetta því til bóta, frú forseti. En spurningin er kannski sú hvort við sem erum þjóðkjörnir fulltrúar á þessari samkundu getum breytt einhverju í okkar starfsháttum til þess að tryggja enn betra eftirlit.

[12:53]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að halda því til haga að í stjórnsýslunni er í öllum meiri hluta mála brugðist við með jákvæðum hætti við þeim ábendingum og tilmælum sem umboðsmaður Alþingis sér ástæðu til að gera. Þannig er það eins og nú hefur fram komið að á árinu 2001 var það einungis í tveimur málum sem stjórnvald fór ekki að tilmælum umboðsmanns og á árinu 2002 var það einungis í einu tilviki.

Hins vegar er mikilvægt í þessu sambandi að horfa til þess hve hátt hlutfall þeirra mála sem berast til umboðsmanns varða tiltölulega skýrar reglur stjórnsýslulaganna. Þetta hefur komið fram fyrr í umræðunni í dag. Ábendingar eru í skýrslu umboðsmanns frá árinu 2002 sem gefa tilefni til þess að ætla að hægt sé að færa stjórnsýsluna til betri vegar með tiltölulega einföldum aðgerðum. Í þessu sambandi hefur verið rætt um aukna fræðslu og það eru þeir tveir málaflokkar sem ég vék að í mínu máli fyrr í dag. Annars vegar þær tafir sem eru að verða á meðferð mála í stjórnsýslunni og hins vegar að t.d. leiðbeiningarskyldu stjórnvalds hefur ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti og þannig berst mikill fjöldi mála til umboðsmanns þar sem kæruleiðir hafa ekki verið tæmdar.

Að öðru leyti sýnist mér að allar aðstæður séu á þinginu til þess að taka skýrslu umboðsmanns til umfjöllunar og til meðferðar og það séu allar aðstæður til að bregðast við þeim ábendingum sem í skýrslunni er að finna. Allshn. hefur nú þegar fundað með umboðsmanni og farið yfir helstu áherslur í skýrslunni eins og þær birtast okkur í henni og þar af leiðandi hefur þingið þegar tekið til skoðunar hvað mætti betur fara.

[12:55]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan vil ég í sjálfu sér fagna því og mér þykir gott að vita að málið sé tekið til gagngerrar skoðunar núna í hv. allshn. Ég ítreka einungis að þá liggur það í frumkvæði nefndarinnar sem slíkrar og það er ekki alltaf þannig að tekið sé jafn vel á því. Það veltur svolítið á því hvort áhugi sé fyrir hendi og þá gjarnan hjá formanni nefndarinnar að gera það. Ég hvika þess vegna ekki frá því að ég teldi þessum farvegi betur við komið á þann hátt að þetta væri skylt að gera, taka skýrsluna til skoðunar og að hv. allshn. mundi síðan gefa skýrslu til þingsins þannig að við mundum vita það að öruggt væri að farið væri ítarlega ofan í efni skýrslunnar. Ég held að það sé mjög gott að það verði gert núna og ég líka fagna því enn og aftur að tekið sé tillit til þeirrar ábendingar umboðsmanns að gera mætti bragarbót á með því að auka stjórnsýslufræðsluna sem ég tek undir og held að sé mjög mikilvægt að gera.

[12:57]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis koma því að í tilefni af andsvari hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að ég sé ekki að það sé tilefni til þess að þingið fari að gefa skýrslu um skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna þess að umboðsmaður Alþingis er sérstaklega kjörinn af Alþingi til að gegna því hlutverki að hafa eftirlit með stjórnsýslunni og hann gefur út skýrslu um störf sín og sú skýrsla er eins og hér hefur komið fram mjög greinargóð og aðgengileg og hún á að vera fullnægjandi fyrir þingmenn til þess að gera sér grein fyrir öllum þeim vandamálum sem kunna að finnast í framkvæmd stjórnsýslunnar. Ég tel því ekki ástæðu til að þingið fari að gefa út sérstaka skýrslu um skýrsluna heldur eigi menn frekar að einbeita sér að því að horfa til þess hvar í skýrslunni er vakin athygli á úrbótum sem við má koma í framkvæmd stjórnsýslunnar og þannig á þingheimur allur að taka það til sín að fylgja eftir þeim ábendingum sem umboðsmaður kemur á framfæri og sérstaklega á það auðvitað við þar sem stjórnvöld hafa ekki brugðist við sem eru sem betur fer alger undantekningartilvik, en við eigum í tilefni af skýrslu árið 2002 að horfa sérstaklega til þeirra ábendinga sem þar koma fram um einfaldar lagfæringar sem geta skilað miklum árangri.

[12:58]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Þarna er ég ósammála hv. þm. Bjarna Benediktssyni. Ég er einmitt þeirrar skoðunar að rétt væri að þingið gæfi skýrslu um skýrslu umboðsmanns eins og hefur reynst ágætlega í nágrannalöndunum. Af hverju segi ég þetta? Vegna þess að sá munur er á starfi umboðsmanns Alþingis annars vegar og Alþingis hins vegar að Alþingi eitt hefur þá stjórnskipulegu stöðu að geta framkvæmt eitthvað, geta breytt lögum og breytt umhverfinu þannig að tryggt sé að eftir því sé farið.

Umboðsmaður Alþingis hefur heimild til að gefa tilmæli en við höfum valdið til að breyta lögum til þess að tryggt sé að því sé framfylgt. Þess vegna teldi ég að ábyrgð okkar væri betur tryggð, það væri öruggara að við mundum axla þá ábyrgð sem á okkur er lögð í þessum efnum ef þingið mundi skila af sér einhverri álitsgerð um þessa skýrslu. En um þetta erum við ósammála og er í sjálfu sér ekkert meira um það að segja greinilega, en þetta er eindregin skoðun mín og ég vek líka athygli á því að þetta hefur reynst vel í öðrum þjóðþingum.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það fóru fram gagnlegar og fróðlegar umræður fyrr í morgun um skýrslu umboðsmanns Alþingis og er svolítill áherslumunur milli manna, sýnist mér, á því hvernig framgangur mála eigi að vera. Sumir hv. þm. hafa verið mjög ánægðir með það að lítið sé um það núorðið að ekki sé farið að tilmælum umboðsmanns Alþingis. Ég er á þeirri skoðun að enn sé allt of mikið um það. Einn partur af því máli hefur ekki verið ræddur mikið hér núna, þ.e. að stjórnvöld bregðast nokkuð jákvætt við aðfinnslum umboðsmannsins í vissum tilfellum en gera svo ekkert í málinu og þá er Alþingi auðvitað vandi á höndum. Sérstaklega hlýtur forsetaembættinu að vera vandi á höndum, forsetaembætti Alþingis, vegna þess að með því fyrirkomulagi sem hér gildir, að umboðsmaður beini tilmælum til stjórnvalda og geri síðan skýrslu um málin og leggi fyrir Alþingi, þá hlýtur að vera ætlast til þess að eftirlitsaðilinn með því að farið sé að tilmælum umboðsmanns sé Alþingi. Og auðvitað alveg sérstaklega þegar umboðsmaður leggur til að gerðar verði breytingar á lögum eins og oft vill verða í hans umfjöllun.

Ég ætla að nefna eitt dæmi sem er í skýrslunni um það hvernig þetta gengur stundum hjá umboðsmanni Alþingis.

Á bls. 149 í skýrslunni er mál sem umboðsmaður tók upp að eigin frumkvæði. Það er mjög ítarleg skýrsla um málið í þessari bók sem okkur hefur verið fengin, á 16 blaðsíðum um þetta tiltekna mál. Þetta mál er nr. 3204/2001,

en nú er sem kunnugt er árið 2003. Það heitir Frumkvæðisathugun. Meinbugir á lögum. Félagafrelsi. Stjórnarskrá. *Mannréttindasáttmáli Evrópu.* Þarna segir, með leyfi forseta, í upphafi greinargerðarinnar:

„Umboðsmaður tók að eigin frumkvæði til athugunar hvort og þá með hvaða hætti fyrirkomulag ákvæða 6. og 8. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, um skyldu þeirra sem taka til vinnslu og sölu *sjávarafurðir af opnum bátum og þilfarsbátum undir* 10 lestum til að greiða hlutfall af hráefnisverði þess afla sem þeir taka inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta og ráðstöfun þeirrar greiðslu til Landssambands smábátaeigenda, samrýmdist 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, um félagafrelsi."

Hér er því um að ræða mjög mikilsvert mál, þ.e. hvort verið sé að fara eðlilega að stjórnarskránni. Og niðurstaða umboðsmanns Alþingis af þessu máli, hæstv. forseti, er sú að hann segir hér á bls. 164 í bókinni:

„Með vísan til þess ..."

(**Forseti** (JóhS): Það þarf leyfi forseta ef vitnað er í prentað mál.)

Hæstv. forseti. Ég óska eftir leyfi til þess að vitna í skýrsluna sem er hér til umræðu. Þar stendur á bls. 164 undir kaflafyrirsögninni Niðurstaða:

„Með vísan til þess sem rakið er hér að framan er það niðurstaða mín að verulegur vafi leiki nú á því hvort tilhögun ákvæða 6. og 8. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, fullnægi þeim kröfum sem síðari málsl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar gerir. Hef ég því ákveðið að vekja athygli Alþingis og sjávarútvegsráðherra, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, á þessu áliti mínu og beina þeim tilmælum til þeirra [þ.e. Alþingis og hæstv. sjútvrh.] að kannað verði hvort og þá með hvaða hætti þurfi að endurskoða lög nr. 24/1986 ..."

Og nú ætla ég að ljúka þessari tilvitnun, en annars staðar, hæstv. forseti, undir kaflafyrirsögninni V. segir, með leyfi forseta:

„Með bréfi til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2003," — *ég vek athygli á þessu ártali* — „óskaði ég eftir upplýsingum um hvort eitthvað hefði verið aðhafst af hálfu ráðuneytisins í tilefni af tilmælum þeim sem ég setti fram í áliti mínu og þá í hverju þær aðgerðir hefðu verið fólgnar. Í svari sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 25. mars 2003 segir m.a.:" — Og áfram, með leyfi forseta, vitna ég í lokakafla þessa *hluta skýrslunnar sem ég er að vitna hér til:*

„Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 19. apríl 2002, lagði forsætisráðherra fram álit umboðsmanns Alþingis dags. 12. apríl 2002 varðandi framangreint úrlausnarefni." — Það hefur komið fram áður að álit umboðsmanns er frá árinu 2001 varðandi framangreint úrlausnarefni.

„*Jafnframt tilkynnti forsætisráðherra ríkisstjórninni* það álit sitt að álit umboðsmanns Alþingis gæfi fullt tilefni til að endurskoða hin tilgreindu ákvæði laga, en að jafnframt yrði ekki hjá því komist að taka sams konar gjaldtöku í þágu félagasamtaka í öðrum atvinnugreinum til endurskoðunar.

Forsætisráðherra lagði til að framangreind endurskoðun *færi fram í starfshópi sem skipaður yrði tilnefndum fulltrúum* iðnaðaráðherra, landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, undir forustu fulltrúa forsætisráðherra." — Ekki er nú lítið í málið lagt. — „Jafnframt taldi hann rétt að fjármálaráðherra tilnefndi fulltrúa í hópinn, enda bæri gjaldtaka af þessu tagi öll einkenni skattheimtu.

Ríkisstjórnin samþykkti tillögu forsætisráðherra. Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu hefur dregist að starfshópurinn taki til starfa, þar sem enn skortir tilnefningar í hópinn."

Og nú er komið árið 2003 og þing komið saman. Ríkisstjórnin hefur sett fram skrá yfir þau mál sem hún áætlar að leggja fyrir Alþingi í vetur, þ.e. hefur tekið ákvörðun um að leggja fram, það hlýtur að mega skilja það þannig, og það *þýðir* að ríkisstjórnin hefur ekki enn tekið ákvörðun um að leggja til breytingar á þessum lögum sem umboðsmaður Alþingis fjallaði um í áliti sínu frá 2001.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að ánægjuræðurnar mættu kannski vera færri um það hvað mönnum hefur miðað þegar ríkisstjórnin hefur fengið álit *umboðsmanns Alþingis, fjallað um það, en svo situr málið* allt saman strandað hjá ríkisstjórninni sjálfri vegna þess að ráðherrarnir skipa ekki menn í nefndina sem á að skila tillögunum og það er ekki gerður neinn reki að því að klára þetta mál. Og það er ekki um að ræða neitt venjulegt mál. Málið snýst um það að umboðsmaður telur að hér sé um brot á *stjórnarskránni* að ræða. Það má því auðvitað velta því fyrir sér hvernig í ósköpunum stendur á því að menn leggja ekki meiri áherslu á að taka á málum en þetta. Og ég held að hv. þm. Halldór Blöndal, sem gegnir aðalforsetaembætti á þessu þingi, hljóti að bera alveg sérstaka ábyrgð á því að málum af þessu tagi sé framfylgt, einmitt vegna þess hvernig þessum *málum er öllum háttað gagnvart umboðsmanni Alþingis* og líka vegna þess að hér er um það að ræða að menn telja að stjórnarskráin sé ekki virt.

En það má kannski segja um ríkisstjórnina að sjaldan bregður mey vana sínum. Þegar um er að ræða stjórnarskrána virðast ekki vera miklar áhyggjur uppi og þar á bæ *eru menn tilbúnir að taka áhættu gagnvart stjórnarskránni,* eins og sést nú best á því að hæstv. utanrrh. sagði í viðtali við fjölmiðil þegar umræðan um öryrkjamálið var um daginn, að það hefðu verið mikil átök milli lögfræðinga, lögskýrenda um það hvort aðferðir ríkisstjórnarinnar stæðust. En hann var tilbúinn að taka áhættuna af því gagnvart stjórnarskránni. *Ríkisstjórnin virðist vera tilbúin til* þess að taka áhættuna gagnvart stjórnarskránni og ekki láta málefni njóta vafans þegar átök eru á milli lögmanna um það hvort lög standist stjórnarskrá.

Mér finnst þetta vera dæmi um það að menn taki ekki hlutina alvarlega. Og nú þarf ekki að sækja sökudólgana neitt *langt frá sér því þeir eru auðvitað hér staddir, að vísu er* bara einn hæstv. ráðherra mættur í salinn núna, en það er greinilegt að ráðherrarnir sem ætlast var til að settu mannskap í þessa nefnd sem ríkisstjórnin ákvað að setja í málið, hafi ekki allir klárað að skipa fulltrúa í nefndina. Það er að vísu þetta svar sem umboðsmaður Alþingis fékk frá ríkisstjórninni í mars *sem segir það, en síðan eru liðnir nokkrir mánuðir* þannig að það hefur nú verið möguleiki á því að kippa þessum hlutum í lag og ríkisstjórnin hefði getað klárað það með litlum vandkvæðum fyrir þann tíma sem nú er kominn. En það að ekki skuli boðað frv. um breytingar á þessum lögum segir meira en mörg orð um það hvað búið er að gera í málinu.

Ég vildi bara taka þetta sérstaka mál hérna til umræðu og benda á það vegna þess að þetta er mikilvægt mál. Það er mjög mikilvægt mál að mati umboðsmanns Alþingis, sem lýsir sér í því að hann skuli hafa að eigin frumkvæði tekið málið upp. Niðurstaða hans er alveg skýr, hann telur að það þurfi að endurskoða þessi lög og telur miklar líkur á því að

þau stangist á við stjórnarskrána. Og auðvitað á að bregðast við slíkum ábendingum frá umboðsmanni Alþingis og sýna bæði stjórnarskránni sérstaklega og umboðsmanni Alþingis þá virðingu að vinna hratt og markvisst að því að fara yfir mál af þessu tagi ef það kemur upp.

Ég vildi koma þessari gagnrýni minni á framfæri, en að öðru leyti tek ég undir það sem menn hafa sagt hér um að þessi skýrsla er afar gagnleg. Ég tel að á meðan málum er háttað með þeim hætti sem hefur verið gagnvart skýrslunni og umfjöllun um hana hér í Alþingi, þá eigi starfsnefndir þingsins, þeir sem í þeim eru, að fara yfir skýrsluna með það í huga að þeir beri svolitla ábyrgð á því að skoða einstök mál sem heyra undir þeirra nefndir. Og það er þess vegna sem ég fjallaði um þetta mál að ég á sæti í sjútvn. og finnst ástæða til þess að lesa sérstaklega það sem umboðsmaður er að segja um þann málaflokk sem heyrir undir hana.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 143. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 143. [13:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Í frv. er gert ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,5%, eða úr 5.440 kr. í 5.576 kr. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga en gert er ráð fyrir að byggingavísitala hækki um 2,5% frá árinu 2003 til ársins 2004.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem eru skattskyldir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Úr sjóðnum eru m.a. veittir styrkir til byggingar öldrunarstofnana. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögur til heilbr.- og trmrh. um úthlutun úr honum.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frv. þetta hljóti afgreiðslu á haustþingi þannig að það fylgi fjárlagafrv. og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 38. mál (vændi). — Þskj. 38. [13:47]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir varðar breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, hefur í þessum sölum, í fjölmiðlum og víða í samfélaginu gengið undir heitinu „vændisfrumvarpið". Þetta mál hefur verið lagt fram á fjórum undangengnum þingum en nú ber svo við að þingkonur allra flokka utan Sjálfstæðisflokksins safna sér saman á þetta mál. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Dagný Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Bjartmarz, Katrín Júlíusdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Þuríður Backman. Þetta eru þingkonur fjögurra stjórnmálaflokka sem hér sitja á Alþingi.

Málið gengur út á að hver sá sem greiði fyrir kynlífsþjónustu af nokkru tagi skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Þetta er megininntak 1. gr. frv., frú forseti, en að öðru leyti mun ég gera grein fyrir þeim breytingum sem yrðu á gildandi grein verði þetta mál að lögum.

Nú er það svo að refsiábyrgð vegna vændis hvílir á herðum þeirra sem leiðast út í vændi, þ.e. á herðum þeirra sem neyðast til að selja aðgang að líkama sínum. Þetta telja flutningsmenn þessa frv. vera misráðið og vilja breyta áherslum með því að færa refsiábyrgðina yfir á herðar þess sem býr til eftirspurnina, þ.e. á herðar kaupandans. Með því að gera þessa breytingu yrði aflétt refsiábyrgðinni af vændiskonunum og þeim sem leiðast út í vændi. Ábyrgðin hvíldi þannig eingöngu á herðum þeirra sem byggju til eftirspurnina.

Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því að orðalagi í núgildandi lögum verði breytt á þann hátt að þar sem segir í núgildandi lögum „hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra" verði orðalagi breytt í „hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra". Má segja að hér sé um grundvallarbreytingu á lagagreininni að ræða, þar sem orðið lauslæti yrði tekið út úr henni og í staðinn yrði alla jafna sett í staðinn fyrir orðið „lauslæti" orðin: vændi eða önnur kynlífsþjónusta.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir því í frumvarpsgreininni, frú forseti, að ákvæði 4. mgr. 206. gr. verði breytt þannig að aldursmörk hverfi út úr greininni og gert ráð fyrir því að athæfi það sem greinin fjallar um verði refsivert, hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Í gildandi lögum segir um þetta atriði að það varði refsingu að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar. Með þessu frv. er gerð tillaga um að aldursmörk falli niður og það skipti þar með ekki máli hvort viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og einnig er lagt til að orðalagið „hafa viðurværi sitt af lauslæti" breytist í: taka þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði.

Frú forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að umræðan um mansal, vændi og klám hefur aukist mjög í Evrópulöndum á síðustu árum. Aukin áhersla hefur verið lögð á baráttuna gegn kynlífsiðnaði og Íslendingar mega að sjálfsögðu ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum. Þess vegna þurfum við að færa gildandi lög til betri vegar.

Ýmsar deilur hafa komið upp um hvernig best sé á þessum málum haldið. Frv. það sem hér er flutt er samið eftir fyrirmynd frá Svíum. Svíar lögleiddu fyrir fjórum árum, tæpum fimm árum, svipaða breytingu í sínum lögum og hér er lögð til. Í málstofu sem Stígamót gengust fyrir ásamt nokkrum öðrum kvennahreyfingum á Íslandi undir yfirskriftinni „Baráttan gegn verslun með konur – Bestu leiðirnar á Evrópuvettvangi" flutti sérstakur ráðgjafi sænsku ríkisstjórnarinnar, Gunilla Ekberg, erindi um hvernig sænska leiðin hefði reynst hjá Svíum.

Sömuleiðis höfum við Íslendingar tekið á móti Margaretu Winberg sem er fyrrverandi jafnréttisráðherra Svíþjóðar. Hún kom til Íslands og hélt erindi í málstofu sem Stígamót og kvennahreyfingar héldu sameiginlega þann 6. september

sl. Fór Margareta Winberg þar yfir hvernig sænska leiðin hefði reynst hjá Svíum og var samdóma álit þessara tveggja kvenna, Gunillu Ekberg og Margaretu Winberg, að aðferðin hefði reynst vel og það hefði sýnt sig að þessi aðferð hefði stemmt stigu við götuvændi í Svíþjóð, hefði sömuleiðis haft þau áhrif að glæpasamtök sem stunda mansal á börnum og konum í kynlífsiðnaðinn í Svíþjóð væru farin að sniðganga landið. Það má segja að það hafi farið fram úr björtustu vonum þeirra þingmanna sem fluttu þetta mál í Svíþjóð hversu fljótt árangurinn virtist ætla að skila sér.

Margareta Winberg rakti tilurð þessara laga og taldi að það hefði skipt sköpum að sænskir þingmenn voru tilbúnir til að fallast á þá skilgreiningu þeirra sem stóðu að málinu að vændi væri í raun ofbeldi gegn konum. Ef við, frú forseti, skilgreinum vændi sem ofbeldi þá ber okkur að sjálfsögðu að meðhöndla málið sem slíkt, meðhöndla málið sem ofbeldi.

Hvers vegna teljum við mikilvægt að gera þá breytingu sem hér er lögð til? Jú, það er mikilvægt í vestrænum samfélögum að löggjöfin endurspegli þá þekkingu sem löggjafinn og þegnarnir telja sig hafa á málum. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að vændi hefur hörmulegar afleiðingar á það fólk sem út í það leiðist. Þær hafa m.a. sýnt að áhrifin af vændinu séu svipuð og áhrifin sem þolendur kynferðisofbeldis þurfa að þola. Fleiri en eina rannsókn væri hægt að nefna sem gefur slíkar niðurstöður.

Það má líka segja að í vændi halli ævinlega á vændiskonuna, þ.e. hún er ævinlega veikari aðilinn í sambandinu. Kúnninn er sá sterkari. Kúnninn hefur val, val um það hvort vændið er keypt eða ekki. Vændiskonan á hins vegar ekki val. Hún er venjulega að framfleyta sér með vændinu út úr neyð vegna þess að aðrir valkostir eru ekki til staðar. Einnig má fullyrða að fjöldi vændiskvenna leiti í vændi vegna sögu um misnotkun, sömuleiðis að eiturlyfjaneytendur fjármagni eiturlyfjaneyslu sína með vændi og þar fram eftir götunum. Það er því augljóst, frú forseti, að sá einstaklingur sem stundar vændi notar það sem óyndisúrræði. Þar af leiðandi er staða hans, þess einstaklings, ævinlega veikari en staða kúnnans.

Það er því mikilvægt, frú forseti, að við gerum okkur grein fyrir því að hér er líka verið að flytja mál sem höfðar til mannréttinda, þ.e. mannréttinda þeirra einstaklinga sem eiga erfitt með að framfleyta sér, erfitt með að finna leiðir í þessu samfélagi. Það er auðvitað á ábyrgð okkar samfélags að koma því fólki til hjálpar en ekki að neyða það út í óyndisúrræði á borð við vændi.

Nú er það svo, af því að við vorum að fjalla um leiðina sem Svíar hafa farið, að reynsla Svía sýnir fram á að þetta er löggjöf sem sænska þjóðin fellir sig mjög vel við. Þrjár skoðanakannanir eru til grundvallar þessari fullyrðingu minni. Þær hafa sýnt að um 80% sænsku þjóðarinnar telja sig hlynnt þessari löggjöf þegar spurt hefur verið. Hér er um yfirgripsmiklar og stórar skoðanakannanir að ræða, kannanir sem hafa verið endurteknar á mismunandi tímum og leiða í ljós að Svíar eru almennt ánægðir með að þessi löggjöf skyldi sett og refsiábyrgðin færð á herðar kaupandanum en ekki vændiskonunni.

Ekki ber að skilja það svo, frú forseti, að hér gildi refsigleðin ein. Þvert á móti. Við verðum að horfa í það hvernig hlutirnir eru að þróast í samfélaginu og hvernig álit fólks er að breytast. Fólk er í auknum mæli að verða meðvitað um að ábyrgðin þurfi að hvíla á herðum sterkari aðilans að þessu leyti en ekki hins veikari í samskiptum vændiskvennanna og kúnnanna.

Samhliða því að svona mál fari í gegn, frú forseti, þarf að huga að ýmsu, t.d. því að fólk sem leiðist út í vændi eigi sér einhverja möguleika á stuðningi í samfélaginu. Þetta þýðir að við þurfum að efla félagsþjónustu, efla alla þá þjónustu sem stendur til boða fólki sem í annan tíma gæti gripið til þess óyndisúrræðis að selja aðgang að líkama sínum.

Sömuleiðis þurfum við að efla mjög fræðslu til ungs fólks varðandi kynlífsiðnaðinn og áhrif hans. Svíar hafa útbúið sérstakt fræðsluefni fyrir skóla og sérstaklega er þar verið að tala um framhaldsskóla. Meðal þess sem gert hefur verið í Svíþjóð er að fræg bíómynd Lukasar Moodyssons, Lilya 4-ever, hefur verið sýnd í skólum landsins og sannarlega gefið góða raun. Þetta hefur vakið mikla og öfluga umræðu í Svíþjóð á almennum vettvangi fjölmiðla og sömuleiðis meðal félagasamtaka. Lögreglan hefur tekið sér tak og búið til fræðsluprógramm fyrir sitt fólk. Sömuleiðis þeir einstaklingar sem starfa innan félagsþjónustunnar.

Segja má að Svíar hafi tekið vel á málum alls staðar í kerfinu þar sem þörf er á að veita stuðning. Þetta verðum við auðvitað líka að hafa í huga, að máli af þessu tagi fylgir ábyrgð. Sé horft á reynslu Svía hvað varðar ákærur þá hefur komið fram í fjölmiðlum að um 500 einstaklingar hafi þegar verið ákærðir í Svíþjóð á grundvelli þessarar tilteknu greinar laganna og flestir þeirra hafa verið sakfelldir eða viðurkennt sekt sína.

Svíar töldu aldrei að þessi aðferð þeirra mundi leysa öll þeirra vandamál. Við sem stöndum að baki þessarar tillögu hér, virðulegi forseti, erum heldur ekki með þá glýju í augunum að við teljum að lagabreyting af þessu tagi breyti ástandinu þannig að vændi verði útrýmt í eitt skipti fyrir öll. Það er öðru nær. Við teljum hins vegar að reynsla Svía hafi sýnt að tölur þeirra sem sjást á götunum við þessa iðju hafi hrapað það mikið að það sé alveg ljóst að stór kúfur í þessu máli breytist verði lagagrein af þessu tagi sett sem lög á Alþingi.

Segja má að Svíar hafi núna staðfest að glæpasamtökin sem hingað til hafa flutt þúsundir kvenna, jafnvel tugþúsundir, til Svíþjóðar séu farin að sniðganga Svíþjóð. Nú telja Svíar að eingöngu 200–500 konur lendi í klóm mansalsglæpahringa á mót þeim þúsundum sem áður komu um landamæri Svíþjóðar í þessum tilgangi til landsins. Því er alveg ljóst að stór hluti vandamálanna hefur breyst og hefur leyst.

Ein rödd er þó uppi í Svíþjóð sem fjallar um nákvæmlega þennan þátt. Menn segja: Sænskir kúnnar leita nú bara yfir landamærin. Dregið hefur svo mikið úr eftirspurninni í Svíþjóð að sænskir kúnnar eru farnir að leita yfir landamærin til Noregs, Finnlands og jafnvel Eystrasaltslandanna. Hvað er þá til ráða, virðulegi forseti? Þá er það auðvitað til ráða að útfæra löggjöf Svía í nágrannalöndunum því við verðum að horfa á það af alvöru að mansal er glæpur, alþjóðlegur glæpur, sem spyr ekki um landamæri. Glæpahringir þeir sem stunda mansal fara þvert yfir lönd og álfur. Það er nauðsynlegt að lönd í Vesturálfu taki höndum saman úr því löggjöf Svía virðist vera að reynast svona vel og sameinist og standi sameinuð á bak við þessa aðferð.

Ef Finnar sem núna eru að skoða möguleikann á að taka þetta upp tækju upp sömu leið — ég tala nú ekki um baltnesku löndin sem sum hver eru með þetta til skoðunar líka, jafnvel Rússland er að skoða þessa aðferð — þá sjáum við í hendi okkar að svæðið sem glæpasamtökin sniðganga núna, sem er Svíþjóð, stækkar. Ef við Íslendingar gætum gengið

fram fyrir skjöldu, fylkt okkur að baki Svíum og sagt að við séum tilbúin til að fara þessa sömu leið þá mundi það auðvelda Finnum, baltnesku löndunum og hinum Norðurlöndunum að stíga þessi skref. Við verðum að horfa á þetta í stóru samhengi.

Svíar eru búnir að ríða á vaðið. Árangurinn virðist vera mjög sterkur, mjög góður og þá skiptir öllu máli að við höldum áfram að breiða út boðskapinn. Það er það sem þeir flutningsmenn sem hér standa að baki tillögunni hafa ákveðið að sameinast um. Við teljum mikilvægt að vestræn samfélög axli ábyrgð af þessu tagi, axli ábyrgð á sama hátt og Svíar hafa gert. Við værum stolt af því ef Ísland gæti komið næst í röðinni á eftir Svíum. Það mundi síðan auðvelda Finnum enn meira þá vinnu sem þar er í gangi.

Noregur hefur hingað til ekki verið ginnkeyptur fyrir þessari aðferð virðist vera, en þó berast þær fréttir frá Noregi, af stjórnmálaflokkum í Noregi, að Sosialistisk Venstreparti sé búið að ákveða að reyna að vinna þessari leið brautargengi í Noregi. Það er ljóst að hugmyndafræðin er að breiðast út og kannski eigum við með þessari hugmyndafræði eftir að ná utan um þann skelfilega glæp sem mansalið er.

Við erum skuldbundin samkvæmt alþjóðasáttmálum að gera slíkt. Nefna má sáttmálann um afnám skipulagðrar glæpastarfsemi milli landa og bókun, sérstakan viðauka við þann samning, sem fjallar um mansalið, þ.e. svokallaða Palermo-bókun.

Við höfum í þessum þingsal átt orðaskipti um þá bókun og ljóst er að Íslendingar rituðu undir bæði þennan samning og þessa bókun í desember árið 2000 þegar samningurinn var gerður. Nú eru svo mörg lönd búin að fullgilda bæði Palermo-bókunina og samninginn sjálfan að svo virðist vera að þess sé stutt að bíða að þessir samningar hafi lagalegt gildi fyrir aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna. Þetta er afar mikilvægt og við hvetjum auðvitað til þess að Íslendingar fylgi þeim löndum sem þegar hafa staðfest eða fullgilt þessa samninga, að fara nú að gera slíkt. Það stendur til, en það má alveg fara að huga að því að drífa í því.

Virðulegi forseti. Ég á sæti í stjórn Evrópusamtaka sem vinna gegn mansali á konum inn í kynlífsiðnað á Vesturlöndum. Þessi samtök hafa sett sér það markmið að búa til stórt og mikið net kvennasamtaka sem vinni saman að því að finna leiðir sem virka gegn mansalinu, leiðir sem tryggi að fólk geti lifað með reisn í heiminum, allir, og þurfi ekki að eiga það á hættu að lenda í klóm þeirra sem stunda mansal. Þetta er auðvitað hluti af birtingarmynd ójöfnuðar í heiminum og hún er fólgin í því að fólk í fátækari löndum telur ævinlega eftirsóknarvert að komast til Vesturlanda eða að eiga veraldlegar eignir. Fjölskyldufeður selja jafnvel dætur sínar í svona þrældóm til að geta menntað syni sína. Það er á ábyrgð okkar Vesturlandabúa að taka hér til hendinni og sjá til þess að þjóðir í heiminum þurfi ekki að leggjast svona lágt. Hér er um vandamál að ræða sem teygir anga sína víða.

Þessi Evrópusamtök sem hafa einsett sér að vinna gegn mansalinu og stuðla að því að fólk geti lifað með reisn í mannlegu samfélagi hvar sem er í heiminum hafa líka ákveðið að skoða eftirspurnina í sínum löndum eftir kynlífinu, eftirspurnina eftir vændinu, eftirspurnina eftir kláminu. Þessi samtök teygja sig nú þegar um mest alla Evrópu. Það er gaman að segja frá því hér að lokaráðstefna þessara samtaka er á næsta leiti. Það er eiginlega svona ársprósess eða ársvinna sem hefur verið að fara fram og henni er að ljúka núna í desember þannig að í desember geri ég ráð fyrir að tugir kvennasamtaka fylki sér á bak við þetta net og taki að sér að vinna í sínum löndum að þessum áherslumálum sem hafa verið sett fram í formi stofnsamþykktar. Íslendingar eru ein af þremur þjóðum sem leiða þetta starf þannig að á vettvangi Evrópu eru Íslendingar mjög framarlega í þessu tilliti. Það yrði því til sóma, virðulegi forseti, ef möguleiki yrði að koma löggjöf af því tagi sem hér er talað fyrir í gegn á Íslandi sem fyrst.

En hversu stórt er vandamálið hér heima hjá okkur? Er þetta kannski bara vandamál sem brennur á stórþjóðunum í útlöndum? Nei, virðulegi forseti, vandamálið brennur á okkur hér á Íslandi.

Árið 2001 kom út skýrsla á vegum dómsmrn. sem sýndi fram á að vændi væri stundað á Íslandi og það ekki bara einhver ein tegund af tilviljanakenndu götuvændi heldur a.m.k. fimm mismunandi og ólíkar tegundir vændis. Skýrslan ber heitið Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess og hún er afar gagnleg lesning, virðulegi forseti.

Samkvæmt þessari skýrslu er kynlífsiðnaðurinn skilgreindur því það hefur jú verið á reiki hvað hér sé um að ræða, þ.e. hvaða kynlífsþjónustu hér sé um að ræða og hvaða kynlífsiðnað hér sé verið að fjalla um. Í skýrslunni er talið að með kynlífsiðnaði sé vísað til klámrita, starfsemi nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á internetinu, skipulagðs vændis, götuvændis, símavændis, erótískra nuddstofa og fylgdarþjónustu. Við þessa upptalningu má líka bæta auglýsingum um ýmiss konar kynlífsþjónustu, t.d. í dagblöðum, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.

Því er alveg ljóst að af þeirri lesningu sem skýrslan um vændi á Íslandi hefur að geyma að vandamálið brennur á okkur hér. Ekki er um neitt fjarlægt vandamál að ræða sem við getum skýlt okkur á bak við. Við getum ekki skýlt okkur á bak við að við séum lítil þjóð í norðurhöfum sem þurfi ekki að glíma við svona lagað.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum sem jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og ráðherranefnd þess hafa afgreitt er alveg ljóst að vilji Evrópusambandsins til þess að ná böndum á þennan kynlífsmarkað allan er alveg skýr. Við erum að því leyti líka í samvinnu við Evrópulönd á breiðum grunni og ættum þess vegna að fylgja fordæmi þeirra og skoða skilgreiningar þeirra á þessu og sjá til þess að vera ekki eftirbátar þeirra úti í Evrópu sem eru núna að vinna vinnu af svipuðu tagi og hér hefur verið lýst.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að við viljum standa saman um að útrýma ofbeldi úr okkar heimi. Ofbeldið á sér margar birtingarmyndir og sumar æðiflóknar. Þeir sem standa að baki því frv. sem hér er flutt eru sammála um að kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu sé gróf valdbeiting. Með öðrum orðum þá teljum við varðandi kynferðislegt ofbeldi að valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna sé staða hins sterka. Það er alveg ljóst að afleiðingar vændisins eða sölu hvers kyns kynlífsþjónustu eru mjög alvarlegar og eins og ég sagði í upphafi máls míns þá sýna rannsóknir fram á að þær eru svipaðar hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi, sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga.

Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir fólks um mannsæmandi framtíð víða knúið það til vændis og auðveldar það þannig þeim sem kaupa kynlífsþjónustu eða gerast milligöngumenn um slíkt að ná valdi yfir því. Þetta eru alvarlegar

staðreyndir, virðulegi forseti, sem við verðum að skoða, taka nærri okkur og vinda okkur í, einhenda okkur í að tryggja að þurfi ekki að vera á okkar eigin dyraþrepum. Við þurfum að taka ábyrgð. Við sem erum í þessum sal getum gert það með því að hugleiða löggjöf af því tagi sem hér er talað fyrir og sjá til þess að vændi verði meðhöndlað eins og eðlilegt getur talist, þ.e. sem ofbeldi.

[14:14]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er afar ánægjulegt að stíga í pontu þingsins og vera einn af flutningsmönnum frv. sem hér er um rætt, en það er hið svokallaða vændisfrumvarp sem svo mikið hefur verið rætt í langan tíma. Öll kvennasamtök og allir hafa ályktað og styðja þetta mikla góða framtak sem hér er verið að mæla fyrir.

Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir mjög góða framsögu í málinu. Mitt hlutverk hér sem meðflytjanda er því fyrst og fremst aðeins að fylgja í hennar spor og sýna að við styðjum af heilum hug málið sem við nú mælum fyrir.

Með frv. þessu er verið að breyta ýmsu í hegningarlögunum. Til dæmis er tekið á orðinu lauslæti. Það hefði alveg eins getað staðið í textanum: þeir sem væru lausgirtir. Þetta er auðvitað gamalt orðatiltæki og ágætt að afmá það út úr lagatexta. Enda skilur enginn í dag hvað orðið lauslæti þýðir. Það hefur allt aðra merkingu en það hafði hér á árum áður.

En málið er í rauninni mjög einfalt fyrir mér og sennilega flestöllum öðrum. Í fyrsta lagi getur það ekki verið löglegt eða siðlegt að kaupa aðra manneskju til að þjóna kynlífsórum sínum. Mjög einfalt. Það á ekki að vera löglegt og það er ekki siðlegt.

Í öðru lagi. Það á ekki að vera þannig að hegna eigi manneskju sem selur sig í neyð. Það er líka mjög einfalt. Þetta eru mjög skýr og einföld fyrirmæli sem við erum að tala um og einfaldir hlutir. Það er auðvitað þingsins að setja þessi siðferðislegu mörk og axla siðferðislega ábyrgð. Við viljum stuðla að því.

Mjög gaman er að velta því fyrir sér af því ég hef verið í kvennabaráttu frá ómunatíð, að allt í einu verður hið gamla slagorð „manneskja, ekki markaðsvara" mjög nálægt í dag. Það er mjög ánægjulegt.

Það sem gerist hér er að allar þingkonur allra flokka utan Sjálfstfl. eru með á þessu frv. Ég hef ákveðið að strá ekki meira salti í sárin hjá þeim konum, þótt þær konur séu ekki endilega á þingi því við vitum vel að innan Sjálfstfl. er mjög mikil óánægja með að sá flokkur skuli ekki vera með á þessu frv.

Einnig var óánægja með að karlmenn fengju ekki að vera með á frv. Þetta varð hins vegar lending kvennanna sem að þessu máli standa. Hins vegar vitum við vel af góðum stuðningi margra karlmanna hér inni og er það vel. Vona ég svo sannarlega að þeir muni líka taka til máls í þessari umræðu.

Ég get státað af því að hafa hafið umræðuna um mansal og vændi og beðið um skýrslur þar að lútandi, enda málið staðið mér nálægt þar sem ég hef unnið við slík mál, komið nálægt þeim í mörg ár og kannski veit ég meira en góðu hófi gegnir um þennan heim. En það hefur verið ágætt veganesti inn í umræðuna.

Einnig er gaman að geta þess að ég veit að mjög mikil ánægja er meðal Norðurlandaþjóðanna að við skulum vera komin svo langt með þetta mál að það skuli vera komið til þingsins. Við erum vissulega að feta í fótspor Svíanna. Ef við gætum orðið næst, þá er þar mjög mikill sigur unninn. En einnig hafa jafnaðarmenn og vinstri menn á Norðurlöndunum og í Norðurlandaráði ályktað í þessa veru. Það ætti því ekki að verða mjög erfiður eftirleikur ef þetta tækist núna. Við eygjum ennþá þá von og við skulum ekki missa hana.

Ég í mínu fagi veit auðvitað að hluti af vændi fer fram neðan jarðar, hefur gert það t.d. í Svíþjóð. Fínt, segjum við þá. En þá þarf félagslega kerfið að vera viðbúið að bregðast við því og taka á þeim vandamálum sem þar koma upp ef vitað er um slíkt. Hér heima hefur þetta alla tíð verið neðan jarðar. Það er neðan jarðar. Það er ekki eins og við séum að tala um að setja eitthvað niður. Það er allt niðri.

Ég hóf þá umræðu og bað um samanburð á lagaumhverfinu og ég var ein þeirra sem byrjuðu að tala um drengjavændið. Ég hef vitað af drengjavændi í 15–20 ár hér heima og öll mín ár í Danmörku. Það var alveg vitað hvar karlmenn gætu keypt drengi, hvar það vændi fór fram. Þegar ég nefndi það þá hélt fólk að ég væri farin að rugla. En auðvitað er ekki svo.

Ég vil benda þingheimi á afar gagnmerka skýrslu um vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess og flestallir hafa heyrt um þá skýrslu. Hún hefur verið mikið í fjölmiðlum og í rauninni er hún framhald af þeim tveimur skýrslum sem þegar hafa komið fram. Skýrslan sýnir að þetta eru ekki bara stelpur. Þetta eru ekki bara dætur og mæður. Þetta eru synir og feður sem eru líka fórnarlömb þessa. Því er afar mikilvægt og ekki væri úr vegi að hv. allshn. fengi t.d. höfund þeirrar skýrslu, Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur, til fundar við nefndina og skoða hvaða hugmyndir og tillögur hún hefur fram að færa varðandi löggjöfina og hvernig er hægt að bregðast við.

Það er afar mikilvægt og verður alltaf að hugsa það í þeirri samfellu, og ég hef reynt að gera það, að lykilatriði er að koma upp neyðarlínu. Það var m.a. ein af spurningunum sem ég spurði þáv. hæstv. dómsmrh., Sólveigu Pétursdóttur, margsinnis að. Neyðarlína er ein af þeim framhaldsaðgerðum sem þarf. Við þurfum slíkt skjól. Stígamót hafa unnið gríðarlega góða vinnu. Við þurfum líka að geta tekið á móti erlendum konum sem hingað koma í mansali t.d. Mér finnst þess vegna að félagsþjónustan, Kvennasamtökin, lögreglan, Rauði krossinn og aðrir aðilar þurfi núna að setjast niður og koma með einhverja góða línu um það hvernig við eigum að mæta þessu. Og ég tala nú ekki um út frá þeirri skýrslu og þeim raunveruleika sem er kynntur í henni og liggur fyrir núna. Í rauninni getum við sagt sem svo að þessi breyting í frv. um almenn hegningarlög komi algjörlega á réttum tíma í tengslum við þann raunveruleika sem verið er að afhjúpa á Íslandi. Það gæti í rauninni ekki verið betra.

Við vitum líka og eigum ekki að hiksta við að viðurkenna það hverjir standa á bak við vændi t.d. í Danmörku. Við vitum vel að það er stór hluti t.d. af Hells Angels, Banditos og öllum þessum gengjum sem standa á bak við mikla glæpastarfsemi, í dópi, mansali og vændi. Við megum heldur ekki vera þau börn að halda að það sé ekki hér. Auðvitað er það hér líka eins og allt annað. Það er líka falið. Við eigum að byrja að ræða við lögregluna um það sem þeir vita akkúrat um þau mál. Og þeir vita talsvert. Við hér, löggjafinn á að vera það framsýnn að hann á að bregðast við. Það er ekki spurning.

En það er afar ánægjulegt að þetta frv. skuli komið fram og með flestöllum konum þingsins. Ég á líka alveg eins von á því að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Það fer auðvitað

til umsagnar. Verið er að taka stórt skref í að axla ábyrgð og að við sendum þau siðferðislegu skilaboð að við getum ekki keypt aðrar manneskjur okkur til dundurs og kynlífsþarfa. Hvorki viljum við láta kaupa dætur né mæður okkar. Gleymum því ekki. Stundum hefur verið að því hlegið, en harðfullorðnar konur eru líka í vændi, sjötíu og tveggja ára er sú elsta sem ég hef rætt við.

Við eigum því að gera allt til þess að styðja þá hópa sem eru í vændi. Reyna að gera allt til þess í gegnum félagsþjónustu, stuðningshópa, neyðarlínur og í gegnum löggjöfina eigum við að taka af þeim saknæmið. Við erum eitt Norðurlandanna sem er með þá löggjöf að saknæmt sé að selja sig. Nú erum við að færa þetta í takt við aðrar Norðurlandaþjóðir og er það vel. Höfum í huga að við viljum ekki láta kaupa dætur okkar og syni. Ég vona svo sannarlega að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ef ekki, þá endurtökum við leikinn að ári.

[14:24]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Mig langar að byrja á að þakka hv. 1. flm. frv. fyrir framsöguna og mjög góða framsögu um málið. Hún rakti í rauninni allar forsendur og rök sem eru á bak við það að flutningsmenn leggja til þessa breytingu á almennum hegningarlögum. Ég, eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, kem fyrst og fremst hér til að lýsa stuðningi mínum við frv.

En það sem mig langar að gera að umtalsefni er afstaða þeirra úrtölumanna sem við höfum heyrt töluvert mikið í. Afstaða þeirra sem ýmist gera grín að frv. eða kappkosta að tína til einhver þau rök og ástæður til að þessa breytingu eigi ekki að gera. Það hefur valdið því að ég hef hugsað þetta mál aftur og aftur og velt því fyrir mér hvort þetta væri rétt. Eins og ákvæðið er núna er refsivert að selja líkama sinn, enda dugi það viðkomandi til framfærslu. Annars er það ekki refsivert eins og við vitum.

Spurningin er sú ef menn vilja ekki ganga þetta skref og gera þessa breytingu, hvað vilja þeir þá? Þetta ákvæði er barn síns tíma. Sett fyrir áratugum síðan við allt aðra þjóðfélagsmynd en við búum við í dag. Sett fyrir tíma mansals og klámvæðingarinnar og þess alls. Það sem við erum í rauninni að gera er að bregðast við *breyttu þjóðfélagi, breyttri þjóð*félagsmynd. Við erum að bregðast við þeim raunveruleika vestrænna samfélaga sem við sjáum bæði í mansalinu og þeirri klámvæðingu sem ríður yfir okkur.

Ég velti því fyrir mér að ef menn vilja hafa lögin óbreytt, með hvaða rökum er það? Þá hljótum við m.a. að taka afstöðu til þess hvort við trúum því raunverulega að nokkur kona, nokkurn tímann af frjálsum og fúsum vilja, sé að selja líkama sinn. Ég hef ekki hitt enn þá neina konu sem heldur því fram að svo sé, og þess vegna svo sem ekki marga karla. Vegna þess að raunveruleikinn er alltaf sá að það eru yfirleitt ekki konurnar sjálfar heldur einhverjir allt aðrir sem hagnast á þessu fjárhagslega. Þær eru yfirleitt notaðar öðrum til hagnaðar.

Það sem við vitum líka af skýrslu dómsmrh. frá árinu 2001 um vændi er að flestir þeir sem fara út í þetta eru annaðhvort fíkniefnaneytendur eða konur og þess vegna drengir sem hafa verið misnotaðir kynferðislega í æsku. Við vitum öll hvaða áhrif það hefur á þá sem verða fyrir því. Það er brotin sjálfsmynd og eyðilögð æska og fólk sem hefur verið eyðilagt félagslega og andlega. Ætlar svo einhver að halda því fram að slíkir einstaklingar hafi frjálst val? Ég get a.m.k. ekki fallist á það.

Ef við sjáum hverjir þeir eru sem hafa verið að selja líkama sinn, þá er líka alveg ljóst að þeir sem kaupa vændi eru að nýta sé eymdina og volæðið sem þetta fólk býr við, nýta sér veika félagslega og efnahagslega stöðu þessa fólks, andlega, félagslega og efnahagslega fátækt. Það sem við þurfum líka að hugsa til er að kaupendurnir í þessu tilviki, ef við skoðum kaupendahópinn út frá þeim sem hafa verið að bjóða vændi til sölu, út frá þeim sem eru að bjóða, þeir hafa val. Hinir hafa ekki val.

Þess vegna segi ég, eins og lagaákvæðið er núna að refsivert sé að bjóða en ekki að kaupa vændi, þá finnst mér það ólíðandi ef við höldum í þá löggjöf. Og þá getum við skoðað hvort ekki séu rök til þess að fella það brott. Þá erum við í rauninni að lögleiða vændi. Er það eitthvert lagaástand sem við viljum búa við?

Viljum við í rauninni að í samfélagi okkar verði vændið *gert að starfsgrein? Að konur geti boðið líkama sinn til sölu* og karlmenn geti keypt. Nú er rétt að taka fram að það eru líka ungir drengir sem hafa verið að bjóða líkama sinn til sölu og eldri karlmenn að kaupa líkama þeirra, við skulum ekki binda þetta bara við konurnar. Þessi leið hefur verið farin í sumum löndum og á sér ýmsa talsmenn. Rökin fyrir því eru m.a. þau að ekki sé hægt að koma í veg fyrir vændi — við erum ekki að tala um Norður-Evrópu, við erum ekki að tala um Norðurlöndin — og rök ríkjanna eru þá þau að það sé réttast að leyfa þetta, vegna þess að þá sé hægt að koma á heilbrigðiseftirliti og svo sé hægt að innheimta hjá vændiskonunum skatta og gjöld. Ég hef ekki heyrt önnur rök fyrir því að þetta eigi að vera refsilaust hjá þeim ríkjum sem hafa verið að fara þá leið.

Við skulum heldur ekki gleyma því að á sama hátt og við erum hérna að manni finnst stundum miðað við umræðuna eins og hún hefur verið og úrtölurnar, að við séum svolítið hjáróma í rökum okkar fyrir þessari breytingu, að þá eru alveg gífurlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi í kynlífsiðnaðinum og þeir eiga sér óskaplega marga sterka talsmenn. Þetta er alveg gífurleg velta sem menn hafa sagt að megi alveg jafna við þá veltu eða þann hagnað sem er bæði í eiturlyfjaiðnaðinum og vopnasölu.

Og þá segi ég: Það er í ekki hægt að fara þá leið heldur, ekki í okkar samfélagi, ekki í norrænum velferðarsamfélögum. Ég get ekki fallist á að við gerum það. Og þá spyr ég: Hvað stendur þá eftir? Að mínu mati stendur þá ekkert annað eftir en þessi þriðja leið, að gera kaupin refsiverð. Rökin fyrir því að gera það eru í rauninni þau sömu. Þau eru akkúrat þessi: Að sá sem er sterkari í þessum samskiptum, sá sem hefur betri efnahagslega og félagslega stöðu er að nýta sér bágindi, eymd og volæði annars manns. Við erum þá með því að reyna að sporna við eftirspurninni og við erum að reyna að sporna fæti við þessari klámvæðingu.

Mér finnst einhvern veginn að við getum ekkert rætt bara um þetta mál. Eins og ég sagði í upphafi búum við í allt öðru samfélagi en við gerðum þegar þetta hegningarlagaákvæði var sett á sínum tíma því nú þurfum við að horfast í augu við mansalið, þessa nýju gróðavon í vestrænum heimi. Við getum ekkert talað bara um vændið eitt og sér. Við getum ekki talað um það án þess að horfa líka til mansalsins og klámvæðingarinnar.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég sannfærðist endanlega um að þetta væri eina rétta leiðin eftir að ég sá

kvikmyndina Lilya 4-ever. Hún fjallar um stúlku frá einu af baltnesku löndunum, einstæðing, allslausan, sem á sér varla vin, sem er blekkt til þess að fara til Svíþjóðar undir því yfirskyni að hún eigi að tína þar ávexti af trjám, ef ég man rétt. Síðan er hún lokuð inni og það er selt inn á hana. Og ég sé ekkert til fyrirstöðu, eða ég sé alla vega ekkert í okkar umhverfi sem segir að við getum ekki staðið frammi fyrir nákvæmlega því sama hér.

Ef við ætlum að hafa kaup á vændi refsilaust og ef við ætlum að hafa söluna refsilausa, hvort tveggja, þá erum við að bjóða upp á nákvæmlega sams konar innflutning á barnungum stúlkum og þess vegna drengjum til Íslands. Við erum að opna fyrir þennan markað hérna. Og það er ekki nema með því að gera kaupin refsiverð sem við erum í rauninni að spyrna við fótum gagnvart því að við gætum þurft að horfast í augu við svipuð dæmi og svipaðar aðstæður hér.

Þessi leið hefur verið farin í Svíþjóð. Og svo segja sumir: Það er ekki tímabært að fara þessa leið hér, fyrst skulum við sjá hver reynslan af þessu verður. En reynslan í Svíþjóð á þessum fjórum árum er einmitt sú að það hefur stórlega dregið úr mansali. Menn leita fyrir sér og leita hófanna með þessi viðskipti í öðrum löndum þar sem auðveldara er að koma þessum kaupum á. Og ég spyr bara: Eftir hverju er þá að bíða? Hvers vegna förum við ekki, að fenginni reynslu Svía, þessa sömu leið?

Mér finnst það líka stóra spurningin í allri þessari umræðu, sem mér finnst gleymast þegar maður er að hlusta á úrtölumennina, þá sem tala gegn því að fara þessa leið, hvaða boðskap við ætlum að flytja út í samfélagið og hvaða gildismat við erum talsmenn fyrir í íslensku velferðarsamfélagi. Erum við talsmenn þess að hér, eins og víða annars staðar þar sem þjóðir búa ekki við þá velferð sem við búum við, þurfi að vera eitthvert botnfall, eitthvert fólk í samfélaginu sem þurfi að þjóna þessum þörfum?

Menn hafa líka sagt að sönnunarstaðan í þessum málum væri svo slæm. Og þá segi ég: Hún er það líka í nauðgunarmálum. Þar er oft bara staðhæfing á móti staðhæfingu. Hvað með sönnunarstöðuna í málum um kynferðisbrot, kynferðisofbeldi gagnvart börnum? Hún er ekki góð. Það hvarflar samt ekki að neinu okkar að fella þau ákvæði út úr hegningarlögunum. Við viljum halda í refsinæmi þeirra, þó svo að vinnan geti verið erfið við að koma fram fullri sönnun og koma fram fullri refsingu. Að mínu mati eru það því ekki nokkur rök.

Á vettvangi Norðurlandaráðs sem lauk í Ósló í gær var töluverð umræða um þessi mál í tengslum við mansalið. Þar kom m.a. fram tillaga, sem ég veit ekki betur en hafi verið samþykkt í lok þingsins, um að gera myndina Lilya 4-ever að kennsluefni á öllum Norðurlöndunum. Og tilmælunum er beint til norrænu ráðherranefndarinnar að hún styðji það fjárhagslega að myndin sé tekin upp sem kennsluefni, ekki bara í einu landi, heldur á Norðurlöndunum öllum. Og ég horfi nú á hv. þm. Drífu Hjartardóttur sem kannski getur upplýst það í umræðunni hvort þessi tillaga var samþykkt á vettvangi ráðsins.

Annað sem hefur verið gagnrýnt í þessu máli er að flutningsmenn séu bara konur. Ég ætla að viðurkenna það hér að ég held að ég hafi verið helsti hvatamaðurinn að því að flutningsmenn yrðu einungis konur. Og það var fyrst og fremst í þeirri trú og von að við næðum fullri samstöðu kvenna um þetta mál, vegna þess að þetta er þverpólitískt mál. Það er ekki flokkapólitík sem þetta mál fjallar um. Hins vegar veit ég að það er stór hópur þingmanna sem styður okkur í þessu máli og mun styðja það þegar kemur að því að greiða atkvæði um það og getur þá sýnt stuðning sinn við það í verki. En það var fyrst og fremst til að sýna að þetta væri ekki flokkapólitík sem málið fjallaði um sem við ákváðum, konur, að standa saman um þetta í þeirri trú og von og vissu að karlmenn mundu síðan fylgja okkur að málum í því.

Það er alveg ljóst að þó að við gerum kaup á vændi refsivert, þá útrýmum við ekki vændi. Á ákveðinn hátt er þetta táknrænt og bara með þessu einu útrýmum við ekki vændi. Það er fjölmargt annað sem við þurfum að gera. Það þarf að endurmennta lögreglumenn. Það þarf að endurmennta saksóknara. Það þarf að byggja upp ákveðin félagsleg úrræði og ég tala nú ekki þau sem við þurfum að hafa tiltæk gagnvart þeim sem eru fluttir hingað mansali. Það er óteljandi. Þetta er fyrsta skrefið. Þannig að þetta er svar mitt við þeirri spurningu hvort við höldum að með þessu útrýmum við vændinu í eitt skipti fyrir öll. Þetta er bara fyrsta skrefið á þeirri leið.

En meginboðskapurinn er kannski sá að ég segi fyrir mitt leyti, og ég get talað fyrir hönd Landssambands framsóknarkvenna líka, að okkar sjónarmið er það að við getum aldrei fallist á það að líkami manns, karls, konu eða barns, sé söluvara, að hann sé andlag í viðskiptum manna á milli. Einhver staðar þurfum við að setja stopp við markaðshyggjunni. Ég legg til að við gerum að hér, frú forseti.

[14:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þm. Jónína Bjartmarz beindi eiginlega orðum til mín um umræðu á Norðurlandaráðsþinginu sem við vorum að koma af í gærkvöldi, þá var það rétt að þar var mikil umræða um þessi mál og þar var samþykkt tillaga um að myndin Lilya 4-ever yrði send í alla skóla á Norðurlöndum og ekki bara á Norðurlöndum, heldur líka í baltnesku löndunum. Það var líka umræða á þinginu um þá tillögu sem liggur fyrir hér eða aðferð Svía í vændismálunum. Ekki voru allir sammála um að fara leið Svíanna, heldur vildu menn sjá hvernig því máli reiddi af eða hver niðurstaðan yrði hjá þeim. Ég man ekki betur en að hafa heyrt það einnig eftir Elisabeth Rehn, sem var hér um daginn, að hún væri ekki heldur sátt við að fara þessa leið.

Af því að það hefur verið rætt mikið um það og við sjálfstæðiskonur dregnar fram í umræður um að við værum ósjálfstæðar og vildum ekki standa með ykkur að þessu máli, þá vil ég bara vísa því á bug. Það er nú bara einu sinni þannig að ef við eigum að vera með í máli, þá viljum við kannski fá að koma að því frá frumgerðinni og hafa það í því formi sem við mundum vilja sjá það. Við höfum ekki fengið tækifæri til þess. En við höfum mikla samúð með þessu máli. Það má ekki túlka þetta þannig að við séum eitthvað samþykkar vændi, konur í Sjálfstfl. Það er bara alveg af og frá.

[14:39]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir að staðfesta það að þessi tillaga var samþykkt á vettvangi Norðurlandaráðs og fagna því að það hafi verið gert.

Það er alveg rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að það eru skiptar skoðanir innan Norðurlandanna á þessu máli. Það má segja að það séu fyrst og fremst Danir sem hafa verið andvígir því, en Finnarnir, samkvæmt gögnum sem ég las á fundi Norðurlandaráðs, um nefnd sem þar var falið að fjalla

sérstaklega um þetta — það kom bara ekki fram í nefndarálitinu — mæltu með því að þessi leið yrði farin í Finnlandi. Þetta gerðist núna bara síðustu dagana eða vikurnar. Þannig að hreyfingin er alla vega öll í þessa áttina, og mér finnst í þessum málum eins og mörgum öðrum að við þurfum ekki alltaf að vera síðust. Við getum gengið á undan með góðu fordæmi.

[14:40]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var einmitt, eins og fram kom hjá hv. þm. Jónínu Bjartmarz, mikið rætt á þinginu og það kom líka fram að menn vilja skoða þetta, menn vilja ekki flýta sér of mikið í löggjöfinni. Þetta er spurning um það þegar sett eru lög með refsiákvæðum, að þá þarf náttúrlega að fara eftir þeim lögum. Og menn vilja svolítið horfa til þess hvernig þessu máli vegnar í Svíþjóð. Norðmenn eru ekki tilbúnir að fara þessa leið og aðrir.

En aðeins bara út af myndinni aftur, Lilya 4-ever, þá ráðlegg ég öllum sem ekki hafa séð þá mynd að sjá hana. Ég varð sjálf mjög snortin að sjá þessa mynd og var nánast með tárin í augunum þegar ég horfði á hana. En ég held að við verðum líka að uppræta vandann miklu fyrr, áður en hann er kominn á þetta stig. Við þurfum að uppræta fátæktarvandann í Eystrasaltslöndunum. Ég var í Rússlandi í Viborg í vor þar sem ég kom á götubarnaheimili. Þar voru götubörn, börn sem nágrannar, Finnar, koma og misnota. Það er miklu fyrr, á grunnstiginu, sem við verðum að vinna þessi mál. Við þurfum líka meiri uppfræðslu, meiri varnir í heilbrigðismálum og það er svo margt sem við getum gert.

[14:42]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að taka undir það með hv. þm. Drífu Hjartardóttur að það er alveg fjölmargt annað sem við getum gert. En þótt þetta væri ekki nema táknrænn boðskapur, þá held ég hann þjóni sínum tilgangi þó við gerum ýmislegt annað og þurfum að gera ýmislegt annað.

Það er líka alveg hárrétt hjá hv. þm. ef við setjum lög, þá þurfum við að fylgja þeim.

Ég ætla bara að fá að nefna það hér að lagaákvæðið eins og það er núna í hegningarlögunum, ég held það finnist ekki í dæmasafni Hæstaréttar nema ein fimm dæmi á öllum þeim áratugum sem það ákvæði hefur verið í gildi, þannig að því hefur ekki verið sérlega framfylgt frekar en mörgum öðrum lögum. Þannig að það eru svo sem ekki rök í sjálfu sér fyrir því að styðja ekki þessa breytingu.

En varðandi Elisabeth Rehn sem var nefnd hér og hefur verið svolítið nefnd í tengslum við þessa umræðu og ég nefndi hana sjálf á vettvangi Norðurlandaráðs í tengslum við umræðu um þessi mál, þá spurðum við hana að þessu á fundi í utanrmn. þar sem hún hitti fulltrúa flokkanna, um afstöðu hennar til þessa. Hún er nú búin að fara víða og sjá eymdina víða og það mætti í rauninni hafa sérstaka umræðu um skýrslu hennar um stríð, konur og frið, en það bíður þá betri tíma. Og hún sagði: Ég er búin að fara í ótal hringi. En hún er líka að skoða þjóðfélög sem standa allt öðruvísi en við. Hér eru allir möguleikar og öll tækifæri til að taka á þessu og skapa miklu betra ástand hvað þetta varðar heldur en við höfum á Balkanskaganum og annars staðar þar sem stríð hefur verið háð.

Hv. þm. hafði orð á því að sjálfstæðisþingkonur hefðu viljað koma að frumgerðinni. Það má vera að það sé eitthvað í frv. sem þarfnist lagfæringar þannig að þær geti stutt þetta frv. Ég trúi því að við tökum þetta til skoðunar í hv. allshn. og skoðum það einmitt hvar við getum einhvers staðar mæst á miðri leið þannig að það geti orðið einn allsherjarstuðningur við þetta mál. Og það sem ég vildi nefna í því tilliti sérstaklega er orðið „þjónusta" sem stendur alveg geysilega í mér í frv. en ég hef ekki fundið neitt annað betra. En ég geri ráð fyrir því að í allshn. náum við einhverri lendingu og sátt þannig að allar konur geti staðið saman að þessu.

[14:44]

Útbýting þingskjala:

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, 228. mál, fsp. SÞorg, þskj. 248.

Heilsugæsla á Suðurlandi, 232. mál, fsp. MF, þskj. 252.

Málaskrá lögreglu, 230. mál, fsp. GÓJ, þskj. 250.

Prestaköll og prestsstöður, 234. mál, fsp. EKG, þskj. 254.

Prestar þjóðkirkjunnar, 233. mál, fsp. EKG, þskj. 253.

Sjálfstæðar rannsóknir í Tækniháskóla Íslands, 231. mál, fsp. KJúl, þskj. 251.

Starfsemi lögreglunnar í Reykjavík, 229. mál, fsp. GÓJ, þskj. 249.

[14:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Fyrir Alþingi liggur afar merkilegt lagafrv. um að gera kaup á vændi refsivert. Ég vil hvetja alla hv. þm. til að styðja efnisatriði þessa frv. og tel mikinn sóma fyrir löggjafarsamkunduna ef við getum komið okkur saman um að taka þessa sögulegu ákvörðun. Við þurfum að gera greinarmun og átta okkur á eðlismun viðskipta með vörur og þjónustu annars vegar og hins vegar viðskipta með líkama fólks. Við getum ekki litið á það sem viðskipti þegar einstaklingur ákveður að kaupa afnot af líkama annars einstaklings líkt og í vændi. Við getum ekki litið á það sem frjálst val að selja líkama sinn eins og gerist í vændi.

Goðsögnin um hina hamingjusömu hóru er einmitt goðsögn. Það getur hins vegar verið mjög erfitt að sannfæra einstakling sem afgreiðir þessa umræðu iðulega á þeim orðum að um sé að ræða frjálst val í frjálsum viðskiptum. Menn verða að átta sig á þessum eðlismun í hjarta sínu og með skynsemi sinni.

Ég tel að Alþingi Íslendinga mundi senda sterk og jákvæð skilaboð út í samfélagið ef við gerðum kaup á vændi refsiverð. Við megum ekki gleyma því að mannskepnan er í eðli sínu löghlýðin og því mundu lög í þessa átt hafa mikil áhrif á eftirspurn eftir vændi. Meðalmaðurinn mundi einfaldlega ekki taka áhættuna ef kaupin væru orðin refsiverð. Þar með væri eftirspurnin minnkuð sem væri fyrsta skrefið í að uppræta þessa misnotkun á manneskjum.

Ísland er eitt Norðurlanda með löggjöf sína þannig að seljandinn sé brotlegur en kaupandinn ekki. Ef maður skoðar hins vegar hver er að brjóta á hverjum þá er augljóst að þetta á að vera öfugt. Kaupandinn hefur valið sem seljandinn hefur ekki. Kaupandinn er gerandi í því broti sem á sér stað þegar líkami er keyptur til afnota. Getur verið að þingmenn líti svo á að vændiskona sé meiri glæpamaður en sá sem kaupir líkama hennar? Íslenskar vændiskonur geta því ólíkt öðrum konum ekki notið aðstoðar lögreglu verði þær fyrir ofbeldi eða sé réttur þeirra brotinn án þess að bjóða þeirri hættu heim að sæta ákæru og jafnvel fangelsi. Þessu þurfum við að breyta.

Það er einnig merkilegt að í núverandi löggjöf skiptir öllu máli hvort vændi sé til framfærslu eða ekki. Löggjafinn hefur einungis áhuga á vændi sem er stundað í svo miklum mæli að það hafi veruleg áhrif á afkomu þess sem það stundar. Þetta sýnir að afstaða löggjafans til vændis mótast fyrst og fremst af því hvort fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. Sé svo er talin ástæða til að spyrna við fótum. Vændi er hins vegar alvarlegt vegna þess að það felst í misnotkun á manneskjunni. Alvarleikinn felst ekki í þeim fjárhagslegu hagsmunum sem í húfi eru. Skilningur eða öllu heldur misskilningur löggjafans á vændi sést einna best á því að allt fram til ársins 1992 var ákvæði um vændi í þeim kafla almennra hegningarlaga sem fjallar um brot á reglum um framfærslu og atvinnuhætti.

Í umræðunni heyrir maður iðulega röksemdir á borð við þær að með því að gera kaup á vændi refsivert fari vændi neðan jarðar. Þessa röksemd tel ég ekki í takt við íslenskan veruleika. Vil ég þá spyrja þá sem halda þessu fram hversu sýnilegt vændi sé nú þegar í íslenskum veruleika. Þar sem hluti vændis er nú þegar ólöglegur, þ.e. salan, þá er vændi nú þegar neðan jarðar. Vændi verður því áfram neðan jarðar þótt kaupin á því séu leyfileg. Því tel ég að þessi lagabreyting breyti þar engu um.

Sem betur fer hefur vændi ekki tíðkast á Íslandi fyrir opnum tjöldum. Því tel ég að refsiverð kaup á vændi muni breyta litlu þar um. Hér er einungis verið að tala um að færa refsiábyrgðina þangað sem hún á heima.

Áhugamenn um lagatæknileg atriði benda á sönnunarbyrðina, að erfitt sé að sanna kaup á vændiskonu þegar kaupin eru orðin refsiverð. En mikilvægari spurning hlýtur að vera hvort eðlilegt sé að erfiðleikar við sönnun standist sem sjálfstæð röksemd gegn refsingu fyrir brot. Við bönnum margs konar brot, hvort sem erfitt er að sanna þau eða ekki. Nærtækustu dæmin eru að sjálfsögðu kynferðisbrot gegn börnum og nauðganir.

Á sínum tíma var ekki talið hægt að viðurkenna að nauðgun gæti átt sér stað innan hjónabands þar sem sönnun væri mjög erfið í slíkum málum. En nú viðurkenna allir að eiginmenn geta nauðgað eiginkonum sínum og jafnvel þótt erfitt geti reynst að sanna slíkar nauðganir, eins og reyndar nauðganir yfirleitt, eru það ekki rök fyrir því að nauðgun eigi að vera refsilaus samkvæmt lögum. Staðreyndin er nefnilega sú að í mörgum alvarlegum brotaflokkum er sönnunarstaðan erfið.

Við eigum einfaldlega að banna háttsemi sem brýtur á rétti einstaklings, hvort sem það er erfitt að sanna hana eða ekki. Með því að gera þátt seljandans refsilausan opnast einmitt sá möguleiki að sanna brot milligönguaðila vændis en seljendur vændis hafa hingað til ekki verið viljugir að blanda sér í slík mál, enda er þáttur þeirra refsiverður samkvæmt núgildandi lögum.

Þrátt fyrir fréttir um annað er reynslan af svipaðri löggjöf í Svíþjóð góð. Þeir vinna með þessi málefni hafa staðfest það að dregið hefur úr vændi eftir að lögunum var breytt þar. Og ofbeldi gegn vændiskonum hefur ekki aukist. Þetta hefur m.a. fyrrv. aðstoðarforsætisráðherra Svía staðfest. Hún benti einnig á mikilvægi þess að fræða lögregluna og koma henni til skilnings á löggjöfinni og markmiðum hennar, þannig yrði hún fús til að beita sér.

Ég vil að lokum hvetja alla þingmenn til að styðja efnisatriði þessa frv., ekki síst karlkyns þingmenn og þá sérstaklega unga karlkyns þingmenn. Ég sé að tveir eru hérna í salnum, hv. þm. Bjarni Benediktsson og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Ég hvet þá og reyndar allan þingheim til að styðja þetta frv. (Gripið fram í.) og ekki síst í því að þetta er í eðli sínu ekki spurning um refsilöggjöf heldur einnig jafnréttislöggjöf vegna þeirrar staðreyndar að það eru iðulega konur sem selja sig og karlar eru kaupendurnir. Þó er það langt frá því að vera algilt eins og við vitum. Lagabreytingin felur í sér viðhorfsbreytingu með þeim mikilvægu skilaboðum að líkamar kvenna eða annarra séu ekki til kaups.

Ég vil taka það fram að ég hefði gjarnan viljað vera meðflutningsmaður á málinu en vil þó leggja mitt lóð á vogarskálarnar í umræðunni hér.

[14:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vona að ég geti talist í hópi hinna ungu karla sem hugsa sér að styðja þetta frv. Ég hef reyndar verið flutningsmaður að því á tveimur síðustu þingum og færði þá fórn í þágu aukinnar samstöðu um málið að hverfa af lista yfir flutningsmenn. Mér var það nokkuð þungbært og segi eins og síðasti hv. ræðumaður að ég hefði gjarnan viljað vera á þessum lista áfram en það má svo sem einu gilda. Stuðningur minn við málið á a.m.k. að liggja rækilega fyrir.

Ég vil byrja á að þakka hv. 1. flm. frv. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir dugnaðinn og einbeitnina sem hún hefur sýnt í þessu máli og þann árangur sem ég tel tvímælalaust að sé að nást frá því málið hóf hér göngu sína á þingi fyrir fjórum árum, að jafnbreið samstaða skuli orðin um málið og raun ber vitni. Vonandi hillir undir að hún verði alger og málið fái hér endanlega afgreiðslu.

Auðvitað er þetta mál ekki einhlítt. Það er síður en svo að allir séu ánægðir með það. Það þekkjum við vel sem erum aðstandendur þess frá fyrstu tíð. Það hafa ekki alltaf verið hlýlegar kveðjur og góðar óskir sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur fengið fyrir frumkvæði sitt í þessu máli þótt þær séu sem betur fer mjög margar. Ég er í engum vafa um að það hefur orðið gríðarleg hugarfarsbreyting í almennri umræðu um þessi mál, bara á þessum síðustu árum. Lagabreytinga af þessu tagi nýtur núorðið mjög víðtæks stuðnings úti í þjóðfélaginu og hlýtur náttúrlega að koma að því að einhver geri um það skoðanakönnun. Í skoðanakönnunum er spurt um allt milli himins og jarðar og löngu tímabært að kanna afstöðu almennings til þessa máls.

Ég vil í öðru lagi sérstaklega halda á lofti þeirri staðreynd að þetta er að sjálfsögðu ekki sérmál kvenna, nema síður væri. Ef eitthvað er ætti körlum að renna blóðið enn frekar til skyldunnar og leggja þessu lið sitt, að takast á við þann gríðarlega harmleik sem vændið er og allt sem því fylgir. Ég vona sannarlega að karlar hér á þingi og annars staðar í þjóðfélaginu láti ekki sitt eftir liggja hvað það varðar að tala fyrir þessu máli og takast á við, oft kynbræður sína, sem hafa önnur viðhorf uppi í þessum efnum. Þau eru því miður víða á ferli.

Ég hef fylgst mjög náið með ferli þessa máls í Svíþjóð allt frá því á árinum 1997 og 1998 þegar til umræðu kom í sænskum stjórnmálum að fara þessa leið. Gegnum veru mína í Norðurlandaráði allan þennan tíma hef ég haft ágæta aðstöðu til þess. Ég fylgdist með umræðunum á sænska Ríkisdeginum þegar frumvarpið var þar til meðferðar. Þá voru auðvitað um það mjög skiptar skoðanir og ýmsar hrakspár uppi sem hafa síðan sem betur fer nánast allar afsannast.

Þegar menn vitna til þess að það sé mikilvægt að fylgjast með reynslunni og skoða hana þá er það að sönnu rétt. En hún liggur nú þegar fyrir með býsna afdráttarlausum hætti.

Það er komin heilmikil reynsla á þessa löggjöf í Svíþjóð. Það er búið að dæma menn í nokkuð miklum mæli. Það er ekki bara búið að dæma einstaka kaupendur heldur hefur löggjöfin nýst til að koma upp um skipulagða umfangsmikla starfsemi og vændishringi. Hún hefur nýst í baráttunni gegn mansali og á margan annan hátt hefur þetta reynst mjög árangursríkt tæki í að takast á við allt sem vændi fylgir og því tengist. Þetta leiðir einnig yfir í fíkniefnaheiminn og skipulagða glæpastarfsemi og annað í þeim dúr.

Rökin sem helst hafa verið höfð uppi gegn því að fara þessa leið eru þau að þetta ýti vandanum bara neðan jarðar. Ef við veltum því aðeins betur fyrir okkur þá halda þau rök ekki. Þau standast ekki dóm reynslunnar og halda heldur ekki nema menn séu tilbúnir til að lögleiða vændi. Svo lengi sem vændi er ólöglegt er það auðvitað bannað. Eðli málsins samkvæmt er það þar af leiðandi dulin starfsemi. Ég fæ ekki séð að það sé frambærileg og haldbær röksemdafærsla að neikvæðir fylgifiskar lagabreytingar af þessu tagi séu þessir, nema menn séu tilbúnir til að snúa algerlega við blaðinu og velja þá leið að lögleyfa þessa starfsemi, sem ég vona að fáir séu, a.m.k. hér á þingi, til að tala fyrir.

Annars er spurningin bara um hversu þungar refsingarnar og viðurlög eru við þessu og hverjir skuli dregnir til ábyrgðar. Ég held að við getum ekki notað það sem röksemd eða talið ókost að starfsemi sem er bönnuð hverfi af yfirborðinu við einhverjar breytingar. Eða eru menn þá að segja að lögum sé þannig framfylgt að menn setji kíkinn stanslaust upp að blinda auganu? Ja, ég veit það ekki.

Eitt er víst og það var prýðilega rökstutt í máli síðasta ræðumanns, Ágústs Ólafs Ágústssonar, 10. þm. Reykv. s., að núverandi ástand í íslenskum lögum er algerlega fráleitt. Það er í raun algjör hneisa að láta það standa áfram óbreytt í öllu falli, hvort sem okkur kann að greina eitthvað á um að fara nákvæmlega þessa sænsku leið eða einhverja útgáfu af henni. Ég held að það sé ekki á nokkurn hátt verjandi lengur að þetta sé í löggjöfinni íslensku eins og hún er, að það sé sá sem hefur neyðst út í þau ósköp, eða verið neyddur til þess sem jafnoft er, að selja líkamann sinn sem telst sökudólgurinn í málinu en hitt sé ekki refsivert.

Menn geta auðvitað velt því fyrir sér lagalega hvort að ábyrgðin ætti að vera á herðum beggja með einhverjum hætti. Sumir færa fram þá röksemd gegn þessu frv. að að því leyti sé gengið of langt. En það eru ekki rök fyrir því að láta núgildandi rök standa óbreytt, fjarri því.

Ég held að megingildi þessa frv. og það sem í því felst sé tvíþætt. Þetta hefur tvímælalaust lagalegt gildi. Þetta verður að mikilvægu tæki, vopni, í höndum okkar til að glíma við þennan vanda, vændið, mansalið, kúgunina, mannréttindabrotin og niðurlæginguna sem þessu eru samfara. En þetta hefur líka gríðarlega mikið pólitískt og huglægt gildi. Þetta er spurning um viðhorf, um nálgun í málinu. Það er ekki síður mikilvægt í mínum huga að menn horfi á þann þátt málsins. Það er grundvallarstefnubreyting fólgin í því af hálfu löggjafans hvernig menn nálgast þessi mál ef við veljum þessa leið. Við erum að lyfta þeim gildum sem allt of lítið hafa komist að í umræðunni sem snúa að mannréttindabrotunum, að frelsissviptingunni, að siðleysinu, sem býr á bak við. Þar af leiðandi er það hárrétt að þó það kunni oft á tíðum að vera torsótt að sanna brotin eru þau ekki betri fyrir það. Þau eiga að vera refsiverð eftir sem áður og ekki síður þó það sé stundum erfitt að komast að þeim.

Það er mikil hreyfing í gangi í þessum efnum. Það hefur verið nefnt að í Finnlandi er þetta mál á dagskrá og það lítur held ég betur og betur út fyrir það að ef Íslendingar verða ekki næstir á eftir Svíum þá verði það Finnar. Vonandi viljum við gjarnan vera í öðru sæti. Í Noregi er mikil umræða orðin um þessi mál þó svo það sé rétt að norsk stjórnvöld hafi verið afar hikandi í framgöngu sinni hingað til. En það gildir það sama þar og mjög víða annars staðar, að frumkvæði Svía er orðið mjög vel þekkt. Það er um það mikil umræða. Það er alls staðar verið að fylgjast með því hvernig til tekst. Og það er vaxandi fylgi við það, fullyrði ég, mjög víða á Norðurlöndunum, við Eystrasaltið og suður um alla Evrópu, Kanada og víðar, að fara þessa sænsku leið.

Ég held að við eigum líka að hafa það í huga að þetta er angi, að vísu mjög stór þáttur, af gríðarlega miklu máli sem er kynlífs- og klámvæðingin og öll sú starfsemi sem henni tengist. Við Íslendingar höfum sem betur fer verið tiltölulega heppin hvað það snertir. Smæð og fámenni og landfræðileg einangrun hefur varið okkur talsvert fyrir því að þessi starfsemi hefur ekki verið jafn umfangsmikil og útbreidd og víða annars staðar. Við njótum fjarlægðarverndar gagnvart þeim aðstæðum í austanverðri Evrópu sem hafa þýtt þessa flóðbylgju yfir á Norðurlönd og til Vestur-Evrópu enn um sinn og þó er það kannski mjög að bresta. Það er hins vegar engin afsökun fyrir því að takast ekki á við þetta og horfast í augu við það.

Eins og hér hefur komið rækilega fram þá er sá tími bara því miður liðinn að við getum leyft okkur að lifa í þeirri trú að þetta sé ekki vandamál á Íslandi. Það er algjörlega borðleggjandi, það vita það allir að sá tími er því miður liðinn. Það sem verra er, við höfum verið tiltölulega andvaralaus í þessum efnum, alveg fram á síðustu missiri. Menn opnuðu hér allar gáttir fyrir súlustöðunum og það er ágætt fyrir menn að hugleiða það í þessum sal þegar þau mál voru tekin upp á Alþingi fyrir einum sex til átta árum síðan og spurt hvort ekki væri nú ástæða til að sporna við og gera eitthvað. Hjörleifur Guttormsson þáv. hv. þm. tók það hér upp og spurði: Ætla menn að leyfa þessa starfsemi? Þarf fólk ekki atvinnuleyfi sem ætlar að koma inn og starfa þarna? Hvað var gert hér í salnum? Það var hlegið. Það vildu margir Lilju kveðið hafa núna. Hvað hafa síðan sveitarfélög og löggjafinn verið að reyna, því miður eftir að búið er að hleypa starfseminni af stað? Jú, að takast á við hana og takmarka hana. Banna einkadans og annað í þeim dúr. En það var algert andvaraleysi ríkjandi gagnvart því þegar þessu var hleypt af stað. Auðvitað er miklu betra ef menn takast á við hlutina strax og eru með fyrirbyggjandi aðgerðir í staðinn fyrir að fljóta sofandi að feigðarósi og vakna svo upp við vondan draum þegar allt er komið í óefni.

Þetta mál snýst því líka um að við reynum að taka á vaxandi vandamáli sem er vændi á Íslandi og gerum það fljótt áður en ástandið versnar enn. Það er enginn vafi á því í mínum huga að hvert einasta ár getur reynst mjög dýrmætt í þeim efnum.

Þá vil ég aftur minna á allt sem fylgir og við vitum vel að er fylgifiskur vændis og klámiðnaðar alls staðar í heiminum. Hann er alls staðar gróðrarstía fyrir fíkniefnadreifingu, fyrir mansal, fyrir skipulagða glæpastarfsemi og fyrir vopnaburð. Af hverju? Af því að það eru gríðarlegir fjármunir á ferðinni. Og fólk er tekið ófrjálsri hendi og þvingað inn í þessa starfsemi. Þá þurfa menn á vopnum að halda og skipulögðu neti til að halda utan um hlutina. Ég hef séð stóra og sterka karlmenn fara upp í flugvélar og fljúga milli Akureyrar og

Reykjavíkur með þrjár konur af austrænum uppruna. Hverra erindagerða voru þeir? Þeir voru gæslumenn fyrir þessar ófrjálsu konur sem verið var að fara með á milli súlustaða norðan og sunnan heiða. Það er ömurlegt að horfa upp á slíkt gerast á Íslandi. Og maður er auðvitað varnarlaus. Þar væri þó löggjöf af þessu tagi strax í áttina og möguleiki kannski á að grípa inn í, þó auðvitað þurfi margt fleira að koma til. Á því er líka verið að taka í öðrum þingmálum eins og því að tryggja fórnarlömbum vernd, þeim sem vilja koma fram og kæra o.s.frv.

Það er ekki lítið í húfi fyrir Ísland að takast á við þessi mál og reyna eins og kostur er að fyrirbyggja að allir þessir hlutir skjóti hér rótum því við vitum alveg hvers konar grundvallarbreytingar verða á samfélagi við það að þar vaxi upp klámiðnaður, skipulögð glæpastarfsemi og allt sem þarna hangir á spýtunni.

Ég vona því svo sannarlega, herra forseti, að þetta mál fái afgreiðslu og við getum öll, karlar og konur í öllum flokkum, sameinast um farsæla afgreiðslu þess á þessu þingi. Ég bind miklar vonir við að svo verði og er algerlega sannfærður um að flm. frv. eru allir af vilja gerðir að gera á því þær breytingar, ef það þarf einhverjar, til þess að um afgreiðslu þess geti tekist samstaða, því það væri auðvitað langbest að um afgreiðslu málsins gæti tekist alger samstaða, þó meiri hluti þingsins eigi að ráða niðurstöðunni að lokum ef ekki tekst svo vel til að full samstaða náist um málið. Hún er í sjónmáli í formi þess að stór hópur þingmanna úr fjórum þingflokkum af fimm eru flutningsmenn málsins. Það eru auðvitað ákveðin skilaboð um að þegar sé í sjónmáli þingræðislegur meiri hluti fyrir því að gera þessar breytingar. Við skulum vona og vinna að því í lengstu lög að um málið geti tekist alger samstaða.

[15:08]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég finn mig knúna til þess að standa hérna upp í þessari umræðu. Reyndar er það nú svo að mér finnst ég vera aðeins vanbúin til þessarar umræðu því ég átti nú ekki von á því að hún færi fram í dag, þó maður hafi kannski mátt vita betur þar sem þetta umræðuefni var á dagskránni, en ég átti ekki von á því að það yrði tekið fram yfir mörg önnur mál sem eru á dagskrá hér í dag.

Ég er búin að vera á þingi núna í tvo daga og hefði gjarnan viljað hafa meiri tíma til þess að undirbúa mig undir þetta, því þetta er náttúrlega stórt mál. Ég er svo sem ekkert að afsaka mig hér, en vildi að þetta kæmi fram og geri athugasemdir við það að ekki var haft samráð við þingflokksformennina varðandi breytingu á dagskránni í þessa veru.

Mig langaði til þess að ræða málið bæði efnislega og hvernig að því var staðið og vildi þá fyrst fjalla um aðdraganda þess.

Í kynningu á frv. hefur því mikið verið haldið á lofti að eingöngu konur standi að frv. og var gengið svo langt að útiloka karlmenn, áhugasama karlmenn, til þess að vera meðflutningsmenn. Ég heyri það á hv. þm. Steingrími Sigfússyni að honum þótti þetta mjög miður og hefði gjarnan viljað vera með. En það að eingöngu konur eru á þessu frv. átti sennilega að vera merki um ákveðna samstöðu kvenna á þingi sem mætti kalla, með slettu og með leyfi forseta, svona „sisterhood" — systrasamstöðu. Við kynningu á frv. hins vegar þá vék meginhugmyndafræði frv. fyrir árásum á konur í þingflokki Sjálfstfl. að þær væru ekki með. Skilaboðin voru þau að konur í Sjálfstfl. væru svo aumar að þær þyrðu ekki að taka afstöðu nema bera það undir karlana í flokknum. Og síðast í Fréttablaðinu í dag birtist endurvarp þessara skilaboða frá konum í þingflokki Vinstri grænna, Samf., Framsfl. og Frjálsl. til alþjóðar undir yfirskriftinni: Ósjálfstæðar konur í Sjálfstæðisflokknum.

Augljóst má því vera að það fór lítið fyrir systrasamstöðu. Meginatriðið við framlagningu frv. var ekki efnisleg kynning á frv., heldur að koma höggi á konur í Sjálfstfl. og gefa í skyn að þær standi og sitji eftir reglum karlanna í flokknum. Það fór sem sagt lítið fyrir systrasamstöðu þegar mátti koma höggi á stallsystur sínar.

Vissulega er það svo að konur, reyndar einnig karlar í Sjálfstfl. og reyndar þingheimur allur er í sárum eftir ákveðna niðurstöðu þingkosninganna í vor þegar fimm reyndar stjórnmálakonur Sjálfstfl. duttu út af þingi. En það var hins vegar lúalegt bragð af konum í öðrum flokkum á þingi að snúa hnífnum í sárinu.

Það er almenn regla í þingflokkunum hér á hinu háa Alþingi að þingmenn ræða það í þingflokkunum hafi þeir hug á að vera meðflutningsmenn að frumvörpum eða þáltill. þingmanna annarra flokka. Það á ekki bara við um Sjálfstfl. því ég hef kynnst því þegar ég hef verið að biðja aðra þingmenn um að skrifa upp á þáltill. eða frumvörp sem ég hef verið að leggja fram, þá hefur verið svarað með þeim formerkjum: Já, en ég þarf fyrst að bera það undir þingflokkinn minn. Í þessu tilviki var konum í Sjálfstfl. ekki gefið tækifæri til slíks. A.m.k. ein þeirra var erlendis og hending hvort hinar voru í tölvusambandi. Þeim sem voru þó í tölvusambandi var gefinn kostur á að svara samdægurs, daginn fyrir þingsetningu.

Nú er mér ekki kunnugt um það hvort konum í þingflokkum annarra flokka hafi einnig verið gefinn sami stutti fyrirvari, en mig grunar að svo hafi ekki verið og tilmæli til kvenna í þingflokki Sjálfstfl. hafi verið yfirklór eða eftirá-hugsun. En augljóslega var tilgangurinn sá að koma höggi á þær, koma á bak þeim. Hvar er þá systrasamstaðan hér?

Reyndar verð ég að segja að þessi vinnubrögð koma mér á óvart, því ég þekki hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að öðru. Hingað til hafa konur á hinu háa Alþingi lagt upp úr því að þær standi saman. Sjálf hef ég einnig haldið þessu fram og er ósammála þeirri mýtu að konur séu konum verstar. Ég er ósammála því. Það má því ljóst vera að þessi framgangsmáti að konur í þingflokki Vinstri grænna, Samf., Framsfl. og Frjálsl. hafi lagt sig í líma við að koma höggi á konur í Sjálfstfl. eru mér mikil vonbrigði. Og síðast í umræðunni í dag þegar hv. þm., ágæt vinkona mín, Guðrún Ögmundsdóttir, hélt áfram þessari sömu klisju. Vonbrigði mín varða þá pólitísku hlið sem snýr að því að koma höggi á andstæðinginn.

Hins vegar er það annað mál hvort þingmenn séu efnislega sammála því frv. sem hér hefur verið lagt fram, hvort konur í Sjálfstfl. hefðu kosið að vera meðflutningsmenn frumvarpsins hefðu þær fengið tækifæri og rými til þess að skoða málið.

Reyndar hefur komið fram í viðtölum við hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur og Sólveigu Pétursdóttur að þær hafi ákveðnar efasemdir um setningu slíkra laga. Hér segir, með leyfi forseta, í viðtali við hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur og hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, þriðjudaginn 21. október í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Ég tel að setning slíkra laga muni ekki ná þeim árangri sem til er ætlast." Og hv. þm. Sólveig segir, með

beinni tilvitnun: „Sólveig segir það ekki rétta leið að útrýma mannfyrirlitningu með breytingu á refsilöggjöfinni."

Jafnframt kemur fram að þegar hv. þm. Sólveig Pétursdóttir var dómsmrh. lét hún þessi mál sig mikið varða og lét gera tvær skýrslur um vændi sem eru grundvöllur að umræðu um vændi í nútímanum, í dag, og grundvöllur að því frv. sem hér hefur verið lagt fram og enn fremur að þar hafi verið nefndar fjölmargar úrbætur. Svo segir, með leyfi forseta:

„Þar er á hinn bóginn tekið fram að nefndin, sem vann skýrsluna, telji ekki rétt a.m.k. að svo stöddu að fara út í þær lagabreytingar sem hér um ræðir vegna þess að ákveðin hætta fylgi slíkum breytingum. T.d. er bent á sönnunarvanda og hættuna á því að vandamálið, vændið, fari undir yfirborðið. Þar með verði síður hægt að hjálpa þeim sem eiga í vanda."

Síðan kemur einnig fram sú varfærni hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að hún telur að miklu betri upplýsingar þurfi að koma fram um það hvaða áhrif lögin hafa haft í Svíþjóð. Jafnframt leggur hún áherslu á að mikilvægt sé að ráðast gegn því samfélagsböli sem vændi er. Í máli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur kemur enn fremur fram, með leyfi forseta:

„Ég er einfaldlega mjög efins um að þessi aðferð stemmi stigu við vændi," útskýrir hún. „Ég tel að margir hafi ofmetið þessa aðferð."

Það er alveg ljóst af þessu að afstaða tveggja af fjórum konum í þingflokki Sjálfstfl. liggur ljós fyrir og þær hafa ákveðnar efasemdir, og leyfa sér það, og ég verð að segja að mér finnst sem ég standi hér uppi í ákveðinni úlfagryfju. Ég ætla samt að leyfa mér á sama máta og þeir tveir hv. þm. sem ég nefndi að hafa sömu efasemdir og þær og eins og Finnar hafa, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég vil aftur benda á það að ég sit hér sem varaþingmaður og ég var ekki þátttakandi í þessu sjónarspili sem fór fram í þingbyrjun eins og ég lýsti áðan. Núna ætla ég að halda mig við efnisatriði frv. og lýsa skoðunum mínum á málinu í stuttu máli.

Meginbreyting frv. lýtur að því að ekki verði lengur refsivert að stunda vændi til framfærslu, heldur verði refsiábyrgðinni snúið og verði refsivert að kaupa vændi og aðra kynlífsþjónustu. Ég er sammála því sem kemur fram í greinargerð með frv., að það þurfi að snurfusa ýmsar greinar og skilgreina sérstaklega hvað felst í „vændi" og hvað felst í „lauslæti". Hins vegar er ég ekki sannfærð um að árangur náist í baráttu gegn vændi og þeirri mannlegu niðurlægingu sem bæði konur og karlar upplifa við að selja aðgang að líkama sínum með því að snúa refsiábyrgðinni við og gera refsivert að kaupa vændi. Til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég ekki að þessi afstaða sé túlkuð á þann veg að sjálfstæðismenn eða ég sem sjálfstæðismaður sé einhver sérstakur talsmaður hinnar hamingjusömu vændiskonu og því síður talsmaður þess að lögleiða vændi, svo að það sé alveg ljóst.

Hins vegar langar mig líka aðeins að nefna það að margir hv. þm. hafa bent á að þetta vandamál snúi sérstaklega að konum, það séu konur sem selji sig og karlar kaupi. Þess vegna hlýt ég að draga það fram sem sérstakt umhugsunarefni að þetta er ekki alveg svo. Í nýlegri skýrslu sem kom mér og held ég flestum öðrum á óvart, skýrslu um rannsókn eftir Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur, kom fram að af krökkum í framhaldsskólum höfðu 2% „selt sig" og þar af voru um það bil $^3/_4$ strákar, $^1/_4$ stelpur. Þetta kom mér á óvart, veit ekki með aðra, en það kemur einnig fram í þessari rannsókn að þetta er ekkert einstakt fyrir Ísland, heldur á þetta við víðar, í Noregi, Bandaríkjunum og víðar.

Það kemur einnig fram og mjög sterklega í niðurstöðum þessarar rannsóknar að rótin að því að ungmenni leiðist út í vændi er félagslegt vandamál og ekki síst kynferðisleg misnotkun í æsku. Það vakti reyndar sérstaklega athygli sem kannski er þó ekki ástæða til að draga fram nema til umhugsunar — og ég skil ekki reyndar — að það skuli vera sterk fylgni milli lágrar menntunarlegrar stöðu feðra og líkanna á að einstaklingur leiðist út í vændi. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða nánar. Það er alveg augljóst að við náum bestum árangri með því að ráðast á grunnundirliggjandi aðstæður þess að einstaklingur leiðist út í vændi til að verja börn á uppvaxtarárunum. Ég tel að einmitt á síðasta kjörtímabili hafi hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, þáv. hæstv. dómsmrh., beitt sér sérstaklega fyrir því að herða refsingu við kynferðislegri misnotkun barna. Við sjáum þessa dagana að þær breytingar sem hið háa Alþingi gerði á hegningarlögum á síðasta kjörtímabili eru að byrja að skila sér. Til viðbótar má segja að sú vitundarvakning sem hefur orðið í þjóðfélaginu varðandi einelti, að sporna við einelti sem er grundvöllur margra félagslegra vandamála hjá börnum sem síðan vaxa upp, er mjög ánægjuleg. Það er augljóst að tilgangurinn með þeirri breytingu sem frv. leggur til er að ekki verði lengur ólöglegt að stunda vændi sér til framfærslu heldur að það megi ekki kaupa það. Með öðrum orðum er með frv. verið að segja að það sé löglegt að stunda vændi en ólöglegt að kaupa það. Einhvern veginn passar þetta ekki saman í mínum huga. Ég er ósammála þessari nálgun og mér finnst hún ekki rökrétt.

Á sama hátt mætti segja að það væri heimilt að selja eiturlyf, seljandi eiturlyfja bæri enga refsiábyrgð, en það væri kaupandinn, eiturlyfjaneytandinn einn, sem bryti lög með því að kaupa eiturlyfin. Eiturlyfjaneytandanum væri refsað en eiturlyfjasalinn væri í rétti að selja vöruna. Þetta finnst mér heldur ekki standast. (**BH:** Þarna ertu komin með vöru.) Ég vona að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sjái nú samlíkinguna. Þarna er verið að skilgreina hver er seljandi og hver kaupandi á sama hátt og verið er að skilgreina hver er seljandi og hver kaupandi í frv. sem hér er til umræðu.

Rætt hefur verið um hvaða áhrif þessi löggjöf hefur haft í Svíþjóð. Ákveðnar vísbendingar hafa komið fram um framför en líka hefur verið dregið í efa að þær séu réttar og bent á að spádómur margra um að þetta vandamál færi undir yfirborðið hefði ræst, erfiðara yrði að nálgast konur í þessum vanda, konur eða karla í þessum vanda. Ég tel að við þurfum meira svigrúm til þess að fá reynslu á lögin, til þess að við séum nokkuð viss um að við séum að taka rétt skref í þessa veru. Það er mín skoðun, virðulegi forseti, að löggjafinn verði að gefa skýr skilaboð um þær samskiptareglur sem gilda eiga manna í milli er varða löggjöf landsins.

Sú tillaga sem hér er lögð fram gefur tvöföld skilaboð. Hún segir að annars vegar megi stunda vændi en hins vegar megi ekki kaupa það og ég segi að þetta passar ekki saman í mínum huga. Ég er tilbúin að skoða margar leiðir til að stemma stigu við vændi hér á landi og að aðstoða fólk við að vinna sig út úr neyð sem hefur knúið það til slíkrar iðju, eins og fátækt, áfengis- og vímuefnaneyslu eða aðrar aðstæður. Hins vegar verða skilaboðin að vera skýr og ef það á að fara þá leið að refsa fyrir vændi er það mín skoðun

að refsiábyrgðin eigi að vera á báða bóga. Það ætti að vera refsivert bæði að stunda vændi og kaupa vændi.

[15:24]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er svo sem ekki ljúft að koma í ræðustól og gefa andsvar við ræðu hv. þm. Ástu Möller en ég verð að segja samt sem áður að málin hér þróast ansi oft þannig að dagskránni er breytt án þess að þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar séu látnir vita. Og ég vil að því sé haldið til haga að ég gerði mitt ýtrasta til að láta vita af því að samkomulag hefði náðst meðal þingmanna sem áttu hér mál á dagskrá um að þetta mál færi fram fyrir nokkur önnur mál og það vildi þannig til þegar ég var að láta fulltrúa úr Frjálsl. vita að þingflokksformaður Sjálfstfl. varð á vegi mínum og ég tilkynnti honum um að það væri verið að gera breytingu á dagskránni. Það kom engin athugasemd við það frá honum. Um þetta vissi forseti þingsins, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, þannig að formlega var ekki neitt að því að þetta mál væri tekið fram fyrir önnur mál. Það var gert í samkomulagi og með vitneskju þeirra sem ég taldi að þyrftu að vita.

Um annað í málflutningi hv. þingmanns langar mig til að segja að hún talar af fullkominni vanþekkingu um málið. Mér finnst kannski eðlilegt að þingkonur Sjálfstfl. séu fullar af vonbrigðum með það hvernig umræðan um málið hefur þróast úti í fjölmiðlum. Það vita allir sem vilja vita að ég hef reynt að ljá ekki máls á þeim umræðum sem fjölmiðlamenn vilja fara út í hvað þetta varðar.

Það skal upplýst hér að ég var í sambandi við þingkonur Sjálfstfl., sannarlega ekki allar en þann 4. september óskaði ég eftir því við hv. þm. Drífu Hjartardóttur að hún talaði við sínar konur og þær skoðuðu þetta mál með jákvæðum huga. Mér finnst þetta mál svo miklu mikilvægara en svo að það sé hægt að ásaka mig um það að ég hafi með lúalegu bragði reynt að koma höggi á þingkonur Sjálfstfl. því að það hef ég svo sannarlega ekki gert.

[15:27]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri í sjálfu sér engan stóran ágreining um það að dagskránni sé breytt en ég hefði gjarnan viljað hafa betri undirbúning fyrir þetta mál. Ég las skýrslu um vændi og hefði sem sagt viljað, eins og hv. þm. þekkir til minna vinnubragða, hafa betri tíma til þess að undirbúa mig. Hins vegar segi ég það ekki að ég þekki ekki málið og ég ætla ekki að taka það til mín að ég tali af fullkominni vanþekkingu um málið eins og hv. þm. gefur í skyn.

En varðandi dagskrána skulum við bara láta það liggja milli hluta. Ég get í sjálfu mér sett mig í þau spor hv. þingmanns að hún hafi stundum þurft að sæta þessu sjálf. Ég vildi benda á það að þetta kom mér á óvart og ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Varðandi aðkomu þingkvenna í Sjálfstfl. stendur það sem ég sagði áðan, ég var ekki þátttakandi í þessu sjónarspili því að ég er ekki fastur þingmaður á þingi. Eins og þetta leit hins vegar út fyrir mér þar sem ég var úti í bæ og ekki að fylgjast með frá degi til dags fannst mér það vera meginatriðið í kynningu á frv., því miður því að umræðan er góð, að sjálfstæðiskonurnar væru slíkir aumingjar að þær gætu ekki einu sinni tekið ákvarðanir sjálfstætt. Það svíður mér. Ég gat ekki annað en komið því á framfæri.

[15:29]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt því ekki fram að hv. þingmaður væri að tala af vankunnáttu um málið sjálft, heldur um tilurð þess og hvernig það upphaflega kom til. Til að því sé algjörlega haldið til haga upplýsti hv. þm. Jónína Bjartmarz það hérna áðan að hún hefði verið aðalhvatamaður að því að þetta mál yrði kvennamál. Upphaflega fór ég af stað til að leita meðflutnings tveggja einstaklinga úr hverjum flokki. Málin þróuðust allan september milli þeirra fimm flokka sem eiga alþingismenn á þingi og á endanum varð það ljóst mjög seint í mánuðinum að samstaða næðist meðal allra kvenna í þinginu utan kvennanna í Sjálfstfl. Ég vissi satt að segja ekki hvort talað hefði verið við allar en í samtölum okkar í milli höfðu ýmsir tekið að sér að tala við sjálfstæðiskonurnar háttvirtar. Á endanum var sem sagt ekki eftir nema þessi eini dagur til að gefa þremur þeirra tækifæri til að vera með. Þær höfðu hins vegar allar haft pata af því að verið væri að reyna að fá breiða kvennasamstöðu um málið.

[15:30]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það upplýsist sem sagt frá hendi hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að það sé ákveðinn misskilningur í þessu máli og hún gefur skýringar á honum. En það breytir því ekki að sem sagt þrjár af fjórum þingkonum Sjálfstfl. fengu tölvupóst daginn fyrir þingsetningu og málið var kynnt, ef ég man rétt, 1. október, sem sagt daginn eftir. Þær höfðu ekki forsendur til að skoða þetta enda hefði það kannski ekki breytt miklu.

Það sem mér fannst vera komið aftan að okkur í þessu máli var að það var látið að því liggja að konur í Sjálfstfl. væru svo ósjálfstæðar að þær gætu ekki tekið eigin ákvarðanir, og það er náttúrlega algjörlega út úr kortinu. (Gripið fram í.)

[15:31]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Örlítið andsvar við ræðu hv. þm. Ástu Möller.

Ég vona að þingmenn hafi tekið eftir því að umræðan hérna hefur ekki verið um það hvort sjálfstæðiskonur væru með eða ekki að öðru leyti en því að ég nefndi nákvæmlega í fyrstu ræðu minni að þátt tækju allar konur þingsins utan sjálfstæðiskonur en að ég vissi líka af óánægju í röðum þeirra. Ég sagðist hins vegar ekki ætla að ræða það frekar eða strá salti í þau sár. Mér finnst heldur engin ástæða til þess.

Mér finnst líka afar mikilvægt að við berum fulla virðingu fyrir því ef fólk hefur efasemdir í þessu máli. Margir eru búnir að fara í gegnum ýmsa fasa í því þannig að ég ber fulla virðingu fyrir afstöðu sem er ekki samhljóma minni.

Ég játa það líka að það er mjög ánægjulegt að hafa hv. þm. Ástu Möller hér á þingi og við finnum það núna að hennar hefur verið saknað. Það er mjög gott. Og það er ákveðin systrasamstaða hér, það er alveg hárrétt hjá þingmanninum. Hún verður vonandi áfram til staðar í öðrum málum þó að það hafi kannski ekki alveg gerst hér.

Eins og ég segi ber ég fulla virðingu fyrir þessum efasemdum og við vitum vel að fólk getur skipt um skoðun. Hv. þm. Jónína Bjartmarz lýsti því af hverju hún skipti um skoðun, það var þegar hún sá kvikmyndina Lilya 4-ever. Þetta er allt breytingum undirorpið. Vændisskýrslan kom út árið 2000 og nú er 2003. Mjög margt hefur gerst á þessum tíma.

Ég tek ekki til mín að hafa átt þátt í því að vera með lúaleg brögð gagnvart sjálfstæðiskonum, af og frá.

[15:33]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem skiptir kannski mestu máli í þessari umræðu, sem hefur farið fram í andsvörum, er að það er orðið nokkuð ljóst hvernig staðið hefur verið að þessu máli í byrjun, að allir aðilar hafi fengið tækifæri til að skýra aðkomu sína að málinu og einnig að það sem skiptir máli er að afstaða okkar, kvenna í Sjálfstfl., er efnisleg. Það eru ákveðnar efasemdir um þessa leið og ég held að það sé mjög gott að þær raddir komi fram þannig að við önum ekki út í eitthvað sem fólk vildi ekki sitja uppi með þegar til seinni tíma væri litið. Þetta verður þá til þess að málið verður skoðað í hv. allshn. með gagnrýnum augum, með hliðsjón af fram komnum efasemdum og það verði ekki bara tómur já-kór karla og kvenna sem samþykki það blindandi.

[15:34]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mótmæli því líka að í umræðu um þetta mál hafi átt sér stað einhvers konar aðför að sjálfstæðiskonum. Hafi það komið þannig út held ég að það hafi ekki verið meiningin en ég verð að segja eins og er að ég undrast mjög hvernig þær sjálfstæðiskonur sem ég hef heyrt fara í þessa umræðu í fjölmiðlum tjá sig um málið. Hv. þm. Ásta Möller nefndi tvær þeirra hér áðan og nú endurtekur hv. þm. Ásta Möller þessa sömu rökræðu sem snýst annars vegar um að „við fengum ekki að vera með" og hins vegar „við viljum ekki vera með". Hvort er það?

Mér finnst kannski ekki skipta öllu máli þó að fólki hafi ekki verið boðið að vera með á frumvörpum ef það er síðan jafnákveðið í að það hefði ekki verið með. Mér var ekki boðið að vera með á rjúpumáli hv. þm. Gunnars Birgissonar, svo dæmi sé tekið, og ég er ekkert mjög móðguð yfir því. Mér finnst þessi umræða hafa fengið allt of mikið svigrúm í tengslum við þetta mál því að auðvitað eigum við að halda okkur við efnislegu umræðuna.

Ég vil hins vegar gera þá efnislegu athugasemd við ræðu hv. þm. að mér finnst óviðeigandi þegar hún talar um kaupanda og seljanda vöru í þessari umræðu. Hér kom m.a. mjög skýrt fram hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni og e.t.v. fleirum að ekki er hægt að líkja þessu saman. Við erum ekki að tala um kaup og sölu á „vöru". Þetta eru ekki viðskipti í þeim skilningi. Við erum að tala um sölu á fólki. Mér finnst mjög mikilvægt að við höfum það í huga í umræðunni og þess vegna mótmæli ég þessari samlíkingu.

[15:36]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði ekki tekið upp þetta mál sem snýr að því hvernig málið hófst nema vegna þess að það var látið líta út sem það væri aðalatriði í byrjun. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Og í umræðunni í fjölmiðlum — eins og í Fréttablaðinu í dag komu skilaboðin algjörlega skýrt, hvort sem þau voru frá þessum konum eða hvort það var tilbúningur fréttamanna, það er ekki nokkur leið fyrir hinn almenna borgara að átta sig á hvaðan hlutirnir koma. Það er mjög auðvelt að draga þá ályktun að þetta hafi verið skilaboðin frá konunum sem kynntu frumvarpið í byrjun.

Spurningin var ekki um það hvort við hefðum fengið að vera með, heldur miklu frekar að það var dregið fram að við værum ekki með, og það væri sérstakt athugunarefni.

Það er hins vegar alveg rétt að ef t.d. ég hefði verið spurð um þetta mál sem ég hafði ekki afstöðu til hefði skoðun mín verið sú sem ég hef hér lýst.

Varðandi samlíkinguna á vændi og eiturlyfjum er það svo, eins og hefur komið fram í þeirri rannsókn sem ég vísaði til í dag, að eiturlyf eru oft undirrót þess að fólk leiðist út í vændi. Það er því hægt að draga þá samlíkingu þarna á milli að það eigi að refsa báðum aðilum ef út í það er farið.

[15:38]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki að þessi samlíking eigi við. Það er ekki hægt að tala um kaupanda og seljanda sem jafnréttháa einstaklinga hér og það er ekki heldur hægt að líkja saman sölu á vöru annars vegar og sölu á fólki hins vegar. Jafnvel þó að eitthvað kunni að vera líkt með misvæginu á milli kaupanda og seljanda erum við annars vegar að tala um vöru og hins vegar um fólk. Það finnst mér vera grundvallaratriði.

Varðandi fjölmiðlaumræðuna er það hins vegar vissulega rétt að fjölmiðlar drógu mjög fram þessa mynd strax og það er svo sem ekkert nýtt að fjölmiðlar kveiki á svona hlutum. Þegar þeir sjá að það eru konur úr öllum flokkum nema einum þarf ekkert að benda þeim á það sérstaklega.

En mér þykir, svo að ég gagnrýni þátt þeirra sjálfstæðiskvenna sem hafa svarað fyrir þetta, að það hefði verið stórmannlegra af þeim að segja einfaldlega: Já, það er rétt, við erum ekki með á þessu frumvarpi, við erum ósammála þessu frumvarpi — eins og þrjár þeirra hafa núna sagt — í staðinn fyrir að segja: Það var vegna þess að hún Kolbrún lét okkur ekki vita fyrr en deginum áður, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, svo að ég haldi mig við þingsköpin, frú forseti.

Tvær hv. þingkonur Sjálfstfl. hafa tekið ansi mikinn þátt í því að blása þetta út í fjölmiðlum og ég horfði á heilan umræðuþátt nánast bara um það, frú forseti.

[15:39]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sjónvarps- eða útvarpsþáttur fór þá fram hjá mér. En það er alveg ljóst að hv. þm. sem fengu boð um að vera með á þessu frv. hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri, gerðu það í viðtali í Morgunblaðinu og útskýrðu efnislega hver afstaða þeirra væri. Hún er alveg fullgild.

[15:40]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni afar gott mál að mínu mati. Í vændi felst alvarleg misnotkun á manneskjunni og gríðarlegt ójafnvægi á milli einstaklinga. Íslensk refsilöggjöf er lýtur að vændi er í dag mjög óréttlát og ekki síður gamaldags. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er því afar tímabært.

Í almennum hegningarlögum er það skýrt að hver sá sem stundar vændi sér til framfærslu skuli sæta refsingu. Þetta er óréttlátt. Það er óréttlátt vegna þess að hvergi er minnst á ábyrgð þess sem kaupir líkama annarrar manneskju sér til afnota. Ábyrgð þess sem kaupir líkama annars til sinna afnota hlýtur að vera veruleg því að það er alls ekkert jafnvægi í þessum samskiptum. Einn kaupir aðgang og afnot af líkama annars með peningum á meðan þeir sem selja líkama sinn búa yfirleitt við afar bágar félagslegar og fjárhagslegar

aðstæður sem kaupandinn færir sér í nyt í skjóli almennra hegningarlaga þar sem engin refsing liggur við því. Lögin eru í dag kaupandanum í hag sem eykur enn á ójafnvægið í þessum samskiptum.

Virðulegi forseti. Sú leið sem lögð er til í frv. hefur verið sett í lög í Svíþjóð. Þar í landi hafa menn nefnilega þorað að viðurkenna að enginn selur líkama sinn nema í algerri neyð. Því sé rangt að ríkið og samfélagið refsi fólki sem býr við slíka neyð og grípur til slíkra neyðarúrræða. Kaupandinn er sá sem notfærir sér neyð vændiskvenna og -karla og því ber okkur að færa refsinguna á kaupandann. Kaupandinn er gerandi í því broti sem á sér stað þegar líkami er keyptur til afnota.

Virðulegi forseti. Forsendur og röksemdir fyrir þessari breytingu eru fjölmargar og vel raktar í grg. með frv. sem og í framsögu 1. flm., Kolbrúnar Halldórsdóttur, og annarra sem hér hafa talað. Ég er afar þakklát fyrir það að vera meðflutningsmaður á þessu máli á mínu fyrsta þingi og á ég þá ósk heitasta að frv. verði samþykkt svo að réttlætið endurspeglist í lögunum hvað þessi mál varðar.

Sú leið sem hér er lögð til mun líklega ekki útrýma vændi á Íslandi en hún lýsir gildismati sem við viljum að börnin okkar alist upp við, er skref í átt að samfélagi þar sem virðing fyrir manneskjunni er í hávegum höfð, samfélagi þar sem líkami fólks er ekki til kaups. Það er grundvallaratriði að mínu mati.

[15:44]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnu Halldórsdóttur, fyrir þá elju að flytja hér frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Ég er sannarlega stolt af því að vera meðal meðflutningsmanna frv. og vil því koma því á framfæri að þingflokkur Frjálsl. styður það.

Vændi er skilgreint sem ofbeldi, svo mikið er víst. Það að fara út í vændi er nokkuð sem enginn gerir nema í algerri neyð. Þá neyð hefur samfélagið að stórum hluta kannski mótað ósjálfrátt án þess að einstaklingarnir fái rönd við reist.

Fjölmargar ástæður liggja að baki því að fólk leiðist út í vændi. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór vandlega yfir þær ástæður í flutningi sínum. Sú breyting sem frv. felur í sér er að gera þann sem skapar eftirspurnina að vændi refsiverðan, þ.e. kaupanda vændisins. Það hlýtur líka að teljast fullkomlega eðlilegt að sá sem kaupir vændi skuli gerður refsiverður því að vændi er í sjálfu sér refsivert. Í dag höfum við lög sem banna vændi.

Umfang klámiðnaðarins er orðið verulegt áhyggjuefni yfirvalda um allan heim. Því hafa mörg félagasamtök, bæði hér heima og erlendis, lýst því yfir að vændi sé ofbeldi og mannréttindabrot.

Í 6. gr. kvennasamnings Sameinuðu þjóðanna sem tók gildi árið 1981 segir, með leyfi forseta:

„Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstefanir, þar á meðal með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna."

Ísland er aðili að þessum samningi og hefur undirritað hann.

Það á aldrei að samþykkja að lifandi fólk gangi kaupum og sölum. Þetta frv. felur því í sér grundvallarbreytingu á siðferðislegu viðhorfi þjóðarinnar til vændis.

Formaður þingflokks Frjálsl., Guðjón Arnar Kristjánsson, hefur stutt þetta frv. frá því að það kom fyrst fram á þingi. Í frv. felst grundvallarbreyting á siðferðislegu viðhorfi til vændis þar sem litið er svo á að vændi sé kynbundið ofbeldi gegn konum. Vændi brýtur gegn lögbundnum mannréttindum og vinnur gegn jafnrétti kynjanna. Frjálslyndi flokkurinn lítur svo á að ekki sé hægt að líta á vændi sem starfsgrein og vill sporna gegn því að fólk gangi kaupum og sölum í nafni vændis. Því telur flokkurinn mikilvægt að auknum fjármunum verði varið til þess að hjálpa fórnarlömbum vændis til að byggja upp líf sitt að nýju.

[15:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa eindregnum stuðningi við þetta frv. til laga sem er flutt af fjórtán þingmönnum með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur í broddi fylkingar. Vil ég þakka henni og öðrum þingmönnum sem standa að frv.

Það hefur margítrekað verið staðfest að vændi er stundað á Íslandi. Birtar hafa verið um þetta skýrslur, m.a. af dómsmrn. árið 2001. Þar kemur fram, og er vísað til þess í greinargerð með frv., að vændi sé stundað hér í ýmsum myndum, meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu, meðal eldri einstaklinga í heimahúsum, hér sé stundað tilviljanakennt götuvændi í gegnum auglýsingar í dagblöðum o.s.frv. Um þetta deilir enginn. Það deilir heldur enginn um hitt að vændi eigi að vera ólöglegt og það eigi að vera refsivert. Hins vegar kunna að vera um það skiptar skoðanir á hvern hátt það skuli gert refsivert og hverjum skuli refsað, þeim sem nýtir sér vændi og neyð annarra eða hinum sem leiðast út í vændi eða eru þvingaðir út í vændi.

Þetta frv. gerir ráð fyrir breytingum frá núverandi lögum að því leyti að refsiábyrgð vegna vændis breytist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu verði refsivert en vændi sem stundað er til framfærslu verði ekki lengur refsivert. Þetta er þungamiðjan í frv. Ég fyrir mitt leyti tel þetta eðlilega og mjög nauðsynlega breytingu á lögunum.

Það sem ég vildi gera að þungamiðju í máli mínu, auk þess að lýsa stuðningi við frv., er afgreiðslan hér í þinginu. Við vitum hvað hendir mál sem eru umdeild eða sem njóta ekki velvildar ríkisstjórnar eða stjórnarmeirihluta eða eru sprottin upp úr stjórnarandstöðunni. Þau eru svæfð í nefnd. Það sem er óhugnanlegt við það sem fram kemur í greinargerð með þessu frv. er að frv. sama efnis var margsinnis lagt fram á síðasta kjörtímabili. Það sem hins vegar hefur breyst frá þeim tíma er að málinu hefur aukist stuðningur. Við heyrum það nú frá talsmönnum allra flokka þótt hér hafi komið upp ágreiningur um aðdraganda þessa frv. Hann kemur mér reyndar mjög á óvart eftir að hafa fylgst með framvindu málsins í haust og á hvern hátt 1. flm. málsins reyndi að fá til fylgis flutningsmenn úr öllum flokkum. En víkjum því til hliðar. Það sem máli skiptir er hvernig málinu reiðir af í þinginu og hvort þingið fær möguleika á því að taka afstöðu til þess. Um það snýst baráttan núna, þ.e. að það verði ekki hreinlega svæft í nefnd. Það hefur allt of oft hent.

Ég minnist þess að í einu máli sem var mjög umdeilt, þar sem tilfinningar voru mjög sterkar, að það var keyrt í gegnum þingið og inn í afgreiðslu m.a. á þeirri forsendu að eðlilegt væri að þingið fengi að taka afstöðu. Það var boxið. Þingið fékk að greiða atkvæði um boxið. Fékk, segi ég. Ég var ekki hlynntur því frv. og tel samþykkt þess hafa verið til ills. En ég skal alveg játa að ég var mjög veikur fyrir þessari röksemd. Mér finnst eðlilegt að mál komi til kasta þingsins og þingið fái að taka afstöðu til þeirra.

Um þetta snýst núna baráttan á komandi vikum, að lýðræðislegur vilji í þessum sal fái að koma fram og menn geti greitt atkvæði um þetta frv. Ég hvet þá sem fylgjast með þessu máli til að hafa augun einmitt sérstaklega á þessu.

Núna verður frv. vísað til nefndar. Þaðan fer það til álitsgjafar. Því verður skotið til ýmissa aðila sem þessi mál hafa rannsakað eða tengjast í stjórnsýslunni á einhvern hátt, og til almannasamtaka. Þetta á ekki að þurfa að taka nema tiltölulega stuttan tíma, tvær til þrjár vikur gæti ég ætlað. Síðan er eðlilegt að málið komi aftur til kasta þingsins og því gefist færi á að greiða um það atkvæði. Þetta er grundvallaratriði, að málið fái lýðræðislega meðferð í þinginu. Þetta skulu vera mín lokaorð.

[15:53]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Mig langar við lok þessarar umræðu að fá að þakka þá umræðu sem átt hefur sér stað hér. Ég fagna því hversu margir þingmenn hafa látið í ljósi skoðanir sínar og hversu virkur sá stuðningur er og sá meðbyr sem ég hef fundið fyrir hér í þessum sölum.

Ég vil aðeins fara yfir örfá atriði sem hér hafa verið nefnd. Það er satt að umræðan um þessi mál er afskaplega breytt. Umræða sú sem átti sér stað í dag hefði ekki getað farið hér fram fyrir fjórum árum þegar þetta mál var fyrst kynnt og dreift hér á pappír í sölum þingsins. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum fjórum árum. Meðal annars hafa þingmenn fengið tækifæri til að sjá þá bíómynd sem nokkrir hv. þm. viku að í ræðum sínum, þ.e. Lilya 4-ever. Ég get tekið undir orð þeirra þingmanna sem hér hafa lýst tilfinningum sínum í garð þeirrar myndar og fagna því að Norðurlandaráð skuli nú hafa samþykkt að hún skuli gerð að fræðsluefni í framhaldsskólum á Norðurlöndunum. Það er afar mikilvægt að umræðan verði áfram á málefnalegum nótum og mynd af því tagi sem Lilya 4-ever er hjálpar upp á það að menn geti haldið hástemmdum yfirlýsingum til hliðar en einbeitt sér að þeim málefnalegu rökum sem styðja við það sem hér er um rætt.

Er vændi starfsgrein eða ekki? Eðli starfsgreina er að menn geti farið út meðal fólks og unnið sér fyrir salti í grautinn, fyrir launum sem geta staðið síðan undir framfærslu fjölskyldu viðkomandi einstaklinga. Starf er í eðli sínu þess eðlis að við stundum það af reisn. Enginn stundar vændi með mannlegri reisn. Allir sem hafa lent í klóm harmleiks vændisins geta vitnað um að þar stendur maður ekki með mikilli mannlegri reisn. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við þingmenn í þessum sal sameinumst um að forða fólki frá því að grípa til þeirra örþrifaráða sem vændið er. Þess vegna tek ég mjög undir orð þeirra þingmanna sem hér hafa talað um mikilvægi þess að gera fleira en frv. eitt og sér leggur til. Allir sem standa að baki frv. eru sér meðvitaðir um það að þetta vinnur engin sérstök kraftaverk. Þetta er fyrsta skrefið á langri leið í átt til þess að útrýma vændi úr samfélagi okkar.

Af hverju viljum við útrýma vændi? Jú, vegna þess að það er til þess fallið að niðurlægja fólk. Það gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn. Reynsla þeirra sem hafa lent í vændi segir okkur það. Ég hef sjálf fengið að hlusta á fyrrverandi vændiskonur segja frá reynslu sinni og fáar ræður hef ég heyrt jafnáhrifamiklar og ræður kvenna sem hafa þurft af eigin rammleik að koma sér út úr hringiðu vændisins og þeim ömurlegu aðstæðum sem vændiskonum eru búnar.

Varðandi það sem hér hefur verið sagt um rökin fyrir því að kúnnanum eigi að refsa fyrir að kaupa vændið en ekki einstaklingnum sem stundar vændið þá vil ég segja að reynsla fólks af því að hafa vændi ekki refsivert samkvæmt lögum er sú sama og þjóða sem hafa lögleitt vændi, má segja. Alls staðar þar sem vændi hefur verið lögleitt hefur hinn ólöglegi markaður stækkað. Hann virðist blómstra sem aldrei fyrr í skjóli hins löglega.

Nýverið fór fram umræða, og fer fram enn, um ástandið í Grikklandi. Það hefur verið gert að umtalsefni að yfirvöld í Aþenu hafa ákveðið að fjölga vændishúsum í borginni vegna þess að fyrir dyrum eru Ólympíuleikar. Í Aþenu einni saman eru nú um 200 svokölluð lögleg vændishús og hugmyndin er að fjölga þeim um 30 til þess að anna aukinni eftirspurn á Ólympíuleikum. Norrænir ráðherrar og norræn kvennasamtök hafa mótmælt þessu harðlega og við Íslendingar getum verið stoltir af því að þau mótmæli áttu upptök sín hér á Íslandi á ráðstefnu Stígamóta sem haldin var í júní í sumar.

Í Grikklandi er gífurlega stór markaður fyrir ólöglegt vændi. Þúsundir vændiskvenna dvelja ólöglega í landinu og sá litli hópur sem starfar í löglegum vændishúsum er bara eins og dropi í hafið. Því hefur verið mótmælt harðlega og hástöfum að Grikkir geti náð einhverjum tökum á vændisiðnaðinum og kynlífsiðnaðinum með því að rýmka til í Aþenu með fjölgun vændishúsa meðan Ólympíuleikarnir standa yfir því það eina sem þetta muni leiða af sér sé aukin eymd og aukin hætta fyrir vændiskonur sem fluttar eru ólöglega inn í landið.

Við skulum því hafa það í huga þegar við ræðum um þessi mál, af því að þetta er nú ekki einfalt, að hér er allt undir og það er hættulegt að ætla sér að gera einhvern greinarmun á vændi, mansali og klámiðnaðinum sjálfum. Við skulum hafa það í huga að klám, sem er myndefni á spólum, í blöðum eða á geisladiskum eða hvar svo sem það er, er ekkert annað en kvikmyndað eða ljósmyndað vændi. Við getum því ekki aðgreint þessa þætti á þann hátt sem sumir kannski mundu vilja óska því að þetta er allt saman einn og sami hluturinn. Mansalið er stundað til þess að koma konum og börnum í vændi og ekki er hægt að gera greinarmun á vændiskonum sem hafa komið inn í kynlífsiðnaðinn í gegnum mansal og hinum sem hafa komið inn í vændisiðnaðinn eftir öðrum leiðum.

Ég held að mjög mikilvægt sé að við höfum það ævinlega í huga að það er gildismatið okkar fyrst og fremst sem skiptir máli þegar við setjum þjóðinni lög. Í þessu tilfelli er um að ræða mál þar sem gildismat kemur sannarlega við sögu. Ég held að gildismat þeirra sem hér hafa talað í umræðunni sé svipað að þessu leyti. Við teljum að í samfélagi okkar, ríku, norrænu samfélagi, eigi ekki að þurfa að vera til sú eymd sem tilheyrir kynlífsiðnaði eða vændismarkaði. Við teljum að við getum staðið þannig við bakið á því fólki sem á erfitt um framfærslu að það geti treyst á samfélagið, á félagslegt öryggisnet samfélagsins, en þurfi ekki að grípa til þeirra óyndisúrræða sem vændiskonur eru reknar út í.

Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð í viðbót um málflutning hv. þm. Ástu Möller sem vitnaði í frétt í Fréttablaðinu í dag um það að þingmenn þeirra flokka sem standa að baki frv. hafi verið að koma höggi á sjálfstæðiskonur, og hún vitnaði til Fréttablaðsins án þess að nefna nokkuð hvaða frétt þar var um að ræða. Nú hef ég lesið þá frétt, virðulegi forseti, og það kemur í ljós að um er að ræða lesendabréf til Fréttablaðsins sem ber yfirskriftina: Ósjálfstæðar sjálfstæðiskonur. Bréfið er skrifað af Úrsúlu Jünemann kennara, og ég sé ekki að hv. þm. Ásta Möller hafi haft ástæðu til að halda

því fram að þær þingkonur sem eru á frv. hafi á meðvitaðan hátt verið að reyna að koma höggi á sjálfstæðiskonurnar sem ekki eru á frv. Þetta bréf í Fréttablaðinu gefur ekki tilefni til þeirra ummæla að mínu mati sem hv. þm. lét falla. Ég vil því ítreka að það var sannarlega ekki ætlun nokkurs sem að þessu máli stóð að koma höggi á einn eða annan í því. Til þess er málið okkur allt of dýrmætt.

Umræðan sem hér hefur farið fram er líka dýrmæt og við eigum eftir að varðveita hana inn í vinnuna sem vonandi á eftir að fara fram í hv. allshn. því að að lokinni þessari umræðu geri ég ráð fyrir að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr. Mikilvægt er að hafa það í huga eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um í ræðu sinni að við þurfum að fylgjast með því hvernig málum af þessu tagi reiðir af í þinginu og þetta er mál sem nýtur það mikils stuðnings og hefur fengið það mikla umfjöllun hér að ég tel einsýnt að þingið eigi þann rétt að fá að greiða um það atkvæði.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, vil ég eingöngu þakka þann stuðning sem hér hefur komið fram og ekki hvað síst stuðninginn sem hefur komið í ljós í samfélaginu frá 14 kvennasamtökum sem hafa sent þingmönnum áskorun um að leiða þetta mál til lykta hér í eitt skipti fyrir öll. Þau kvennasamtök eru Bríet – félag ungra feminista, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennakirkjan, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Samtök um kvennaathvarf, Stígamót, Tímaritið Vera, UNIFEM á Íslandi, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna og V-dagssamtökin. Ég læt það verða mín lokorð, virðulegi forseti, að segja að það er auðvitað afar dýrmætt þegar þingmenn sem flytja mál af því tagi sem hér er flutt fá stuðning af því tagi sem hér hefur verið látinn í té.

[16:05]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég ætla í upphafi máls míns — og ætla ekki að vera langorð — að þakka hv. 1. flm. frv. fyrir ágæta framsögu sína og lokaorð líka, en þar sem sú sem hér stendur sat í forsetastól áðan fékk ég orðið á eftir 1. flm. er hún lokaði umræðunni.

En það voru aðeins örfá atriði sem mig langar að leggja áherslu á. Aftur er tilefnið orð hv. þm. Ástu Möller þar sem hún heldur því fram að aðaláherslan í kynningu á frv. hafi verið lögð á það að sjálfstæðiskonurnar væru ekki með á því. Og hún tekur stórt upp í sig og segir að systrasamstaðan á þingi hafi verið látin víkja fyrir árásum á sjálfstæðiskonur og fyrir þeim tilgangi að koma höggi á sjálfstæðiskonur.

Af því að það upplýstist hér í upphafi umræðunnar að ég hefði verið aðalhvatamaður þess að konur stæðu saman að þessu þá langar mig að leggja orð í belg og árétta það að einmitt til þess að það yrði ekki gert að flokkspólitísku máli var svo mikil áhersla lögð á það löngu fyrir þá dagsetningu, 1. október þegar þing kom saman, að ná fullri samstöðu meðal kvennanna þannig að ekki væru flokkspólitísk sjónarmið þar á bak við og gefa öllum sjálfstæðiskonunum kost á því. Og þó svo að frv. væri sent og ákveðinn tölvupóstur á þingkonur Sjálfstfl. þennan tiltekna dag eða daginn áður en þing var sett, þá var búið að vera í sambandi og samræðum við þær töluvert áður og a.m.k. einhver hluti þeirra átti þess kost að setja sig inn í málið.

En þær eru auðvitað frjálsar að skoðun sinni og afstöðu til frv. og þær eru fyrst og fremst bundnar af sannfæringu sinni eins og við af okkar. Ég ætla því ekki að fetta fingur út í það þó að skoðanir einhverra þingkvenna fari ekki saman við skoðanir meiri hluta kvenna á þingi sem standa að þessu frv.

Hins vegar er margt sem kemur upp í umræðunni. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hafði orð á því fyrr í dag að ég hefði skipt um skoðun. Ég ætla viðurkenna það hér og nú að ég skipti ekki um skoðun þegar ég sá kvikmyndina Lilya 4-ever. Ég er búin að fara í marga hringi í þessu máli eins og svo margar aðrar þingkonur, held ég. Það sem m.a. hefur stundum staðið í manni er að gera eigi kaup á vændi refsiverð en að salan sé ekki refsiverð. Hv. þm. Ásta Möller nefndi það fyrr í dag og fór að líkja þessu við sölu á fíkniefnum. En eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti henni á erum við annars vegar að tala um vöru, að vísu ólöglega, og hins vegar erum við að tala um mannslíkama þannig að því er ekki saman að jafna.

En þegar maður skoðar síðan aðstöðu þeirra kvenna sem hafa lent í vændi, ég tala nú ekki um konurnar sem eru fluttar hingað mansali frá Eystrasaltsríkjunum, eins og myndin Lilya 4-ever sýndi nú einna gleggst og opnaði augu margra, þá getur maður kannski horft til nauðgunarbrotanna. Eigum við líka að hafa refsingu við því að vera nauðgað? Það er svo mikil nauðung á bak við þessi vændisbrot og á bak við mansalið að hægt er á ákveðinn hátt að jafna því við nauðgunarbrot. Ekki er hér nokkur talsmaður þess að þeim sem er nauðgað sé líka refsað. Ég skil því í rauninni ekki þessa samlíkingu og langaði aðeins að koma þessu á framfæri.

Ég nefndi það líka við upphaf umræðunnar eða í fyrri ræðu minni að við yrðum að skoða þetta heildstætt, við yrðum að skoða vændið og síðan klámvæðinguna og mansalið. Sumir halda því fram að lagabreytingin sem gerð var á síðasta þingi þegar þyngd voru refsiviðurlögin við kynferðislegum afbrotum gegn börnum hafi borið einhvern árangur. Mig langar í því tilliti að halda hinu gagnstæða fram og ég spyr mig stundum: Hver er ástæðan fyrir þeirri 15% aukningu kynferðisbrota í samfélaginu? Frétt um skýrslu ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði 2002 var birt í Morgunblaðinu 23. október. Um er að ræða 15% fjölgun slíkra brota.

Ég held, án þess að ég byggi það á nokkrum vísindalegum rökum, að það sé klámvæðingin. Ég held að þetta orsakist af hinni miklu klámvæðingu vegna þess að gildismat og öll viðhorf eru svo á reiki að það hálfa væri nóg gagnvart mörgum í samfélaginu.

Ég held að við eigum einhvern tíma eftir seinna á þessu þingi að ræða nánar um klámið og mig langar þá í því tilviki að vekja máls á því að ég kem stundum í skóla og hitti foreldra unglinga. Aftur og aftur heyri ég á foreldrum hvað þeir furða sig allir og fordæma og hafa mikla andstyggð á þessari klámvæðingu. Og svo spyrja þeir: Er ekki hægt að setja einhver lög við þessu?

Þessi viðhorf foreldra koma bara ekki svo mikið fram, og maður hvetur fólk til þess að láta í sér heyra. Það var einmitt í Mannlífsblaði nýlega sem tvær áberandi konur fjölluðu sérstaklega um þetta og fordæmdu klámvæðinguna. Ég er með ljósrit af greinunum, og ég hvet fólk til að kynna sér þær, en þessar konur voru annars vegar Andrea Róberts og hins vegar Ágústa Johnson framkvæmdastjóri. Ég fagna því þegar fólk kemur fram vegna þess að að öllu jöfnu þegar fólk talar um og fordæmir þetta þá er það ásakað um tepruskap, það sé á móti tjáningarfrelsinu og það koma allar þær úrtölur.

En mig langar að lokum, frú forseti, að hafa orð á að sumir segja að ekki sé tímabært að breyta þessum lögum. Það er komin fjögurra ára reynsla í Svíþjóð, góð reynsla, sem sýnir að stórlega hefur dregið úr mansalinu. Það eru engar neikvæðar hliðarverkanir sem hafa komið í ljós, og ég segi ekki annað en það að ekki er eftir neinu að bíða.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hafði orð á því áðan að baráttan eftir þessa umræðu væri síðan í allshn., að málið yrði ekki svæft þar heldur að ná því út.

Þá vil ég benda á að þegar þetta mál var flutt áður var það sent út til umsagnar og að stærstu leyti er frv. óbreytt frá frv. eins og það var þegar það var sent út til umsagnar. Og það sem meira er að neikvæðu umsagnirnar voru um síðustu málsgreinina í frv. eins og það var, málsgrein sem er ekki lengur í þessu frv. Ég sé því til að mynda engin rök til annars en að stuðst verði við þær umsagnir sem þegar liggja fyrir og við þurfum ekki að eyða frekari tíma í að senda málið út til umsagnar á þessu þingi, heldur getum byggt á þeim umsögnum sem þegar liggja fyrir.

[16:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns koma á framfæri þökkum til þeirra kvenna sem hafa flutt þetta frv. hér í dag. Ég tel að þetta sé þarft og gott mál. Ég vil líka þakka fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað í dag. Þær hafa verið málefnalegar og mjög athyglisverðar og á margan hátt fræðandi.

Mér finnst alveg sjálfsagt að það skuli vera refsivert að fólk greiði fyrir kynlífsþjónustu, það skuli vera refsivert að fólk hafi tekjur af milligöngu um kynlífsþjónustu, það skuli vera refsivert að fólk sé flutt mansali á milli landa til að taka þátt í klámi og kynlífsiðnaði. Líka að það skuli vera refsivert að verið sé að ginna, hvetja eða aðstoða börn yngri en 18 ára til að taka þátt í vændi eða annarri kynlífsþjónustu.

Frú forseti. Ísland er lítið land og um margt sérstakt land. Við njótum hér ákveðinnar einangrunar sem felst í því að landið er eyja. Sem betur fer hafa vandamál vegna vændis ekki verið jafnmikil hér á landi og í nágrannalöndum okkar en það er margt sem bendir til að þetta hafi verið að aukast á undanförnum árum. Séð í ljósi þeirra mannlegu harmleikja sem oft tengjast vændi og kynlífsiðnaði af ýmsu tagi þá finnst mér allt í lagi að við á hinu háa Alþingi reynum að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann, ef svo má að orði komast, og setja reglur sem á einhvern hátt geta komið í veg fyrir að sú þróun nái að verða með þeim hætti sem við höfum séð í nágrannalöndunum.

Ég vil vekja athygli á því að verið er að tala um að breyta lögum. Það er hægt að breyta þeim á þann veg sem lagt hefur verið til hér í dag. Einnig er hægt að breyta þeim aftur þannig að ef þetta virkar ekki eins og til er ætlast, þá er hægt að fella þetta úr gildi. Hvers vegna ættum við ekki að gefa þessu möguleika? Hvers vegna ættum við ekki að reyna að fara þá leið, að setja þessi lög? Við höfum allt að vinna og engu að tapa.

Ég tel því, frú forseti, að það sé sjálfsagt mál að veita málinu brautargengi og það fái eðlilega afgreiðslu í Alþingi og frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:15]

Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., 1. umr.

Frv. BH o.fl., 41. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 41.

og

Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, 1. umr.

Frv. BH o.fl., 42. mál. — Þskj. 42.

[16:27]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tveimur skyldum málum sem ég óskaði eftir að rædd yrðu saman þar sem þau eru nátengd og nánast hvort öðru háð. Annað er frv. um bótarétt höfunda og heimildarmanna og hitt er frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Flutningsmenn beggja frv. eru auk mín hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Sænska konungsskipið Vasa árið 1628, geimferjan Challenger árið 1986, MS Estonia árið 1994. Hvað er sameiginlegt með þeim fyrirbærum sem hér voru talin upp? Jú, hverju þeirra tengdist lítill hópur háttsettra einstaklinga sem voru ákveðnir í að leggja af stað í stórleiðangur. En í hvert sinn átti sér stað stórslys sem kom umheiminum fullkomlega á óvart. Í öll þessi skipti var til staðar vitneskja sem þagað var yfir, vitneskja um galla eða vanrækslu sem, ef upp hefði komist, hefði getað varnað slysi. En enginn vildi axla þá ábyrgð að koma í veg fyrir stórvirkið og því fór sem fór.

Sumardag einn árið 1628 hlupu 30 sjómenn fram og til baka á dekki hins nýbyggða konungsskips Vasa. Þeir hlupu samsíða skipshliðanna á milli og í hvert skipti valt stolt sænska herveldisins meira og meira. Fleming aðmíráll sem stýrði æfingunni stöðvaði hana fyrir öryggis sakir vegna þess að hann óttaðist um líf sjómannanna á æfingunni. En hann lagði ekki í að leggjast gegn sjálfu sænska herveldinu, gegn því að stórvirkið gæti átt sér stað. Daginn eftir sigldi þetta stolt sænska herveldisins 1.300 metra á vötnum Stokkhólms og sökk síðan með minnst 30 manns innan borðs.

Þetta er saga sem er oft nefnd sem dæmi í sænskum fjölmiðlarétti um mikilvægi þess að mikilvægar upplýsingar er varða almannahagsmuni og eiga brýnt erindi til almennings skili sér þangað. Hún dregur fram mikilvægi þess að fólk þori að tjá sig, að upplýsa um mál sem geta varðað almenning miklu hvort sem þar er um að ræða embættismenn, opinbera starfsmenn og jafnvel eftir atvikum starfsmenn einkafyrirtækja. En til þess að svo sé þarf heimildaverndin að vera trygg og um það fjalla þau frv. sem hér eru til umræðu.

Fjölmiðlar eru gríðarlega mikilvægt afl í samfélaginu. Þeir eru skoðanamyndandi en skoðanir eru grundvöllur ákvarðanatöku. Fjölmiðlar eru farvegurinn fyrir ekki aðeins skoðanir almennings og stjórnvalda heldur einnig fyrir ýmsa aðra áhrifahópa sem gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu, stjórnmálaflokka, frjáls félagasamtök, verkalýðshreyfingu og samtök atvinnurekenda svo dæmi séu tekin.

Tjáningarfrelsið er verndað í 73. gr. stjórnarskrárinnar en samkvæmt þeirri grein eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Á síðari árum benda ýmis dæmi til þess að dómstólar í lýðræðisríkjum hafi viðurkennt með skýrum hætti hlutverk og gildi fjölmiðla í samfélaginu. Í íslenskum dómum eru nokkur dæmi þessa þótt ekki sé þar feitan gölt að flá, eins og Páll Sigurðsson kemst að orði í riti sínu Fjölmiðlaréttur. Skýrust eru slík ummæli í héraðsdómum sem gengu vegna undirskriftanna um Varið land á sínum tíma, en sá dómur er birtur með dómi Hæstaréttar frá 1979 á bls. 647. Þar er komið svolítið inn á þetta og mikilvægi þess að hagsmunir samfélagsins af því að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur krefjast. Það er m.a. nauðsynlegt að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki en þótt menn séu ekki sammála um það hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, þá virðast dómstólar vera að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni.

Svipaðar vangaveltur eru uppi í dómi Hæstaréttar frá 1995 á bls. 408, og í dómi Hæstaréttar í máli Agnesar Bragadóttur frá árinu 1996 er að finna vangaveltur af svipuðu tagi. Hvað sem líður almennum umsögnum af þessu tagi í íslenskum dómum er á hinn bóginn óhætt að fullyrða að í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, sem hafa vissulega mikla þýðingu fyrir okkar réttarfar, sérstaklega eftir að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu voru lögtekin hér, megi finna fjölmörg dæmi þess að sá merki dómstóll hafi tjáð sig með skýrum og víðtækum hætti um hlutverk og gildi frjálsrar fjölmiðlunar. Ég ætla að nefna tvö dæmi sem merki þessa, annars vegar mál The Sunday Times frá því í apríl 1979 en þar segir í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta, að í tjáningarfrelsi felist ekki aðeins frelsi til að veita upplýsingar sem eru óumdeildar, heldur nái það einnig til upplýsinga sem eru móðgandi eða truflandi fyrir ríkisvaldið eða hvaða hluta samfélagsins sem er. Þessi grundvallarregla er óhemju mikilvæg þegar kemur að fjölmiðlum og starfsumhverfi þeirra.

Í máli Oberschlick frá 1991 segir m.a. í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta, að frelsi fjölmiðla sé besta trygging almennings til þess að uppgötva og til að mynda sér skoðanir á hugmyndum og framferði stjórnmálaleiðtoga. Þetta er undirstrikað m.a. með því að tryggja rétt almennings til upplýsinga auk þess sem frelsi til pólitískrar rökræðu er talið vera einn af hornsteinum lýðræðisins.

Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem varða brot á tjáningarfrelsi hefur auk þess verið staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi felst ekki aðeins í því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald með gagnrýninni umræðu heldur ekki síður í því að tryggja almenningi upplýsingar. Þannig að þetta snýst ekki aðeins um það hvernig starfsumhverfi fjölmiðla er heldur ekki síður um það að tryggt sé að almenningur fái upplýsingar sem eru mikilvægar og eiga brýnt erindi þangað. Það er því mikilvægt að þessi réttur almennings til upplýsinga hefur verið viðurkenndur líka.

Til þess að fjölmiðlar geti rækt þetta mikilvæga hlutverk sitt í samfélaginu þarf starfsumhverfi þeirra að vera þannig að þeim sé gert það kleift. Þeir þurfa í fyrsta lagi að njóta frelsis til að sinna starfi sínu. Njóta íslenskir fjölmiðlar frelsis til starfa? Skiptir eignarhald á fjölmiðlum máli? Eru íslenskir fjölmiðlar frjálsir að sinni ritstjórnarstefnu eða eru eigendur þeirra með óhófleg afskipti af því hvernig fréttir eru sagðar og hvaða fréttir eru sagðar? Ég ætla ekki að svara þessum spurningum hér og frv. sem hér eru til umræðu taka ekki á þessu en ég tel þó að full ástæða sé til að endurskoða þennan þátt málsins líka og í raun er löngu orðið tímabært að endurskoða allt starfsumhverfi fjölmiðla frá grunni hér á landi. Dæmin eru fjölmörg bara frá síðustu árum sem benda til þess að úr þessu þurfi að bæta og þá ekki síst það sem snýr að vernd heimildarmannanna eða vernd trúnaðarsambands heimildarmanna og fjölmiðlanna og nægir þá að nefna til sögunnar alla litlu mennina sem hafa verið til umræðu á síðustu missirum hvort sem þeir hafa starfað í BYKO, hjá Símanum eða verið fréttamenn á Stöð 2. Setja þyrfti skýrari línur hvað varðar ritstjórnarfrelsi og e.t.v. væri ástæða til að kveða skýrar á um mikilvægt hlutverk fjölmiðla í slíkum lögum þannig að ábyrgðin sé líka gerð skýrari. Grundvallarskilaboðin sem felast í siðareglum blaðamanna mætti t.d. setja í slík lög einnig til þess að styrkja grunn og mikilvægi þeirra. Til er nýlegt efni sem ég mun koma hér að svolítið síðar, m.a. sem tekið hefur verið saman eru leiðbeinandi reglur hjá Evrópuráðinu og víðar þar sem meginhugmyndirnar í þessum efnum eru í raun og veru til og tilmælum hefur verið beint til aðildarríkja Evrópuráðsins að taka þær upp í lög en ég veit ekki til þess að það hafi verið gert hér á landi og kann að vera að einhver vinna sé í gangi í menntmrn. hvað það varðar.

Siðareglur Blaðamannafélagsins setja fjölmiðlamönnum ákveðinn ramma í sínum störfum og m.a. er í þeim reglum vakin athygli á persónulegri ábyrgð blaðamannsins á öllu sem hann skrifar og honum er uppálagt að virða trúnað við heimildarmenn sína. En þarna erum við einungis að tala um siðareglur sem eru vissulega mikilvægar en ekki jafnbindandi og lagareglur eru. Blaðamanni er samkvæmt reglunum skylt að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Honum ber líka að foraðst allt sem valdið gæti saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda óþarfasársauka og vanvirðu. Þá er í siðareglunum tiltekið að blaðamanni beri í frásögnum af dóms- og refsimálum að virða þá meginreglu að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Blaðamanninum er líka skylt að varast að lenda í hagsmunaágreiningi, t.d. með því að flytja fréttir af fyrirtækjum eða samtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í öllu því sem hann tekur sér fyrir hendur í starfi sínu.

Eins og ég sagði áðan, eru siðareglurnar mikilvægur hlekkur. Þær eru mjög mikilvægar fyrir stéttina sem slíka og fjölmiðlamenn, en þær hafa ekki sömu áhrif og lagareglur í þessum efnum.

Ég minntist aðeins áðan á erlenda strauma og þá einkum frá Evrópu. Þó að vissulega hafi líka ýmislegt gerst í þessum efnum vestan hafs hef ég sérstaklega skoðað í þessu samhengi og þá með tilliti til þess að okkar löggjöf er miklu skyldari Norðurlandalöggjöfinni það sem snýr að réttarfari og ýmsu öðru í okkar löggjöf, þannig að ég horfði kannski aðallega austur um haf við skoðun á þessu. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu og Evrópuráðið hefur gefið út tilskipun ráðherraráðs Evrópuráðsins sem eru reyndar leiðbeinandi reglur nr. 7/2000, um rétt fjölmiðlamanna til að halda heimildum sínum og heimildarmönnum leyndum. Í þeim reglum og eins reyndar líka í ályktun Evrópuþingsins frá 1994 um sama efni eru mjög skýr tilmæli, eða eins og

ég segi þetta eru ekki bindandi heldur svona leiðbeinandi reglur fyrir aðildarríkin og tilmæli til aðildarríkjanna um það að þau taki þessa vernd tryggilega upp í sína löggjöf. Ef maður skoðar íslenska löggjöf með tilliti til þessara ályktana og þessara grundvallarreglna, þá er það ekki svo að þessir straumar hafi borist inn í íslenska löggjöf enn, og ég vitna í þeim efnum í Pál Sigurðsson sem segir í riti sínu Fjölmiðlaréttur, með leyfi forseta:

„Enda þótt nú nýlega hafi farið fram umfangsmikil og stórgagnleg endurskoðun á réttarfarslöggjöf okkar þar sem lagaákvæðin um nafnleynd eða þagnarvernd höfunda og heimildamanna er m.a. að finna, eru þau ákvæði lagabálkanna sem hér skipta máli varla nægilega skýr að öllu leyti svo sem fyrr hefur verið rakið. Úr því þarf að sjálfsögðu að bæta en við þær endurbætur mætti m.a. hafa nokkra hliðsjón af hinum nýlegu dönsku ákvæðum sem fjalla um þetta efni en þau eru um sumt skýrari en hin íslensku auk þess sem dönsku ákvæðin virðast hafa að geyma heppilegri efnisreglur en okkar, a.m.k. í sumum efnum."

Það má segja að þetta hafi verið grundvöllurinn sem ég hafði til hliðsjónar og við sem unnum að þessum tveimur frumvörpum sem hér eru til umræðu og ætla ég nú að fara yfir efni þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildamanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Þarna er um að ræða breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, um meðferð einkamála, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og á sveitarstjórnarlögum og almennum hegingarlögum. Þar er lagt til að sérstakar reglur verði settar til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildamanna þeirra.

Við vísum til þess í greinargerð að á síðustu árum hafa komið upp nokkur mál þar sem reynt hefur á slíkt trúnaðarsamband fyrir dómstólum. M.a. var það í máli Agnesar Bragadóttur, sem hér var áður nefnt, þar sem niðurstaða héraðsdóms í því máli — þetta var mál sem var höfðað gegn Morgunblaðinu vegna greinaskrifa hennar um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga og viðskipti þess við Landsbanka Íslands — var á þann veg að blaðamanninum var talið skylt að bera vitni í málinu þannig að það sýnir fram á það hversu óskýrar þessar reglur eru. Í Hæstarétti var þessu síðan snúið við og eins og ég nefndi áðan hefur almennt verið litið svo á í íslenskum fjölmiðlarétti að þetta sé mat Hæstaréttar hverju sinni. Það er að mínu mati alls ekki nægilega tryggt að þessi vernd sé tryggð á þann hátt. Ég tel að löggjafinn þurfi að kveða mun skýrar á um þetta. En markmiðið er eins og áður sagði að tryggja möguleika fjölmiðla til upplýsinga og fréttaöflunar um hvert það efni sem varðar hagsmuni almennings og þá er það gert í ljósi þess að frjálsir og óháðir fjölmiðlar séu ein af meginstoðum hvers lýðræðisríkis og reglur um heimildavernd eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu þeirra.

Eins og ég nefndi í upphafi með dæmunum um stórslysin, þá getur þetta verið mjög alvarlegt mál. Ég nefndi reyndar mjög afdrifarík mál þar sem upplýsingar bárust ekki alla leið. Ef þær hefðu borist alla leið, ef þær hefðu borist til almennings, tökum sem dæmi ef vanrækslan sem vitað var um í tilviki MS Estoniu hefði borist til almennings, þá er mjög líklegt að ferjan hefði aldrei farið sína síðustu ferð. Alla vega hefði ekki farið á þann veg sem fór. Þannig má eiginlega segja að sá sem tekur að sér að koma slíkum boðskap á framfæri sé kannski ekki mjög vinsæll, hann á það á hættu að missa starfið sitt en hann er eigi að síður að koma mikilvægum hagsmunum almennings á framfæri. Þess vegna er mikilvægt að vernda hann.

Í fyrra frv. má annars vegar segja að meginefni þess felist í því að gerð er mikilvæg undantekning frá meginreglunni um vitnaskyldu bæði í opinberum málum og einkamálum þannig að blaðamanni er talið óskylt að gefa upp heimildarmenn sína ef eftir því er óskað fyrir dómi. Það er undantekning frá þeirri meginreglu að fólki sé skylt að greina frá öllu sem það er spurt um fyrir dómi. Þetta á við bæði í opinberum málum og einkamálum. En það er líka tekið á því í frv. að starfsmanni ríkisins og starfsmanni sveitarfélaga sé heimilt að víkja frá þagnarskyldu ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings því að starfsmenn og það á líka í raun og veru við um starfsmenn einkafyrirtækja, lenda í ákveðinni togstreitu þegar þeir komast að einhverju slíku. Þeir vita kannski um galla á einhverju farartæki og vilja koma því áfram til eiganda fyrirtækisins, hver sem það er, en eigi að síður er tekin sú ákvörðun að halda áfram og hvað á viðkomandi þá að gera? Þá lendir hann í þeirri togstreitu annars vegar að koma þessum mikilvægu upplýsingum áfram og forða jafnvel stórslysi og hins vegar að bregðast trúnaðarskyldu hjá þeim sem hann vinnur hjá. Trúnaðarskyldan hvað varðar opinbera starfsmenn og eins í sveitarstjórnarlögunum er mjög rík, hún er mjög rík í íslenskum lögum sem er vissulega gott en í þessum tilvikum er mikilvægt að heimilt sé að víkja frá henni.

Í frv. sem fylgir með þessu frv. og er um bótarétt höfunda og heimildarmanna, er um það að ræða að starfsmaður ríkis eða sveitarfélags sem ryfur þagnarskyldu með því að greina frá upplýsingum sem varða ríka hagsmuni og telja verður að eigi erindi til almennings, á rétt til bóta úr hendi vinnuveitenda fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitenda enda þyki sýnt að aðgerðir vinnuveitenda séu viðbrögð við rofi á þagnarskyldu. Sama á við um starfsmenn annarra fyrirtækja, félaga eða stofnana hvernig sem eignarhaldi þeirra er háttað. Og það voru vissulega áhöld um hvort það eigi að láta þetta ná til annarra en opinberra starfsmanna en í ljósi þess að mjög stór hluti mikilvægrar almannaþjónustu hefur verið fluttur yfir til einkaaðila til rekstrar, þá getur verið um nákvæmlega sömu hagsmunina að ræða hjá einkafyrirtækjum og þar af leiðandi engin ástæða til annars en að starfsmenn hjá einkafyrirtækjum, almenningssamgangnafyrirtæki eða flugfélag eða hvað sem það nú er, njóti sömu verndar.

Ég legg þessi frumvörp fram og vona að þau fái jákvæða umfjöllun. Ég legg til að þeim verði vísað til hv. allshn. og það verður að viðurkennast að ég var í pínulitlum vandræðum með það hvert rétt væri að vísa málunum en eftir að hafa fengið ráðgjöf hjá vísum mönnum, komst ég að því að eðlilegast væri að þau færu til allshn. Annað málið fjallar um bótarétt höfunda og heimildarmanna og hitt fjallar um lög til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna þannig að þetta á kannski heima í félmn., allshn. og jafnvel í menntmn. ef út í það er farið því það yrði menntmrn. sem hefði þær reglur til skoðunar sem Evrópuráðið hefur samþykkt, leiðbeinandi reglurnar. En til þess að unnt sé að skoða bæði frumvörpin saman og að þau séu rædd í samhengi, tel ég mikilvægt að þau fari til hv. allshn. og verði rædd þar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra.

Ég hvet hv. þingmenn til þess að skoða þessi mál vel og þá ekki síst með tilliti til þeirra alþjóðlegu samþykkta sem hefur verið beint til okkar að taka upp í íslensk lög sem eru í anda þess sem hér er lagt til.

Virðulegi forseti. Ég legg að lokum til að málunum verði vísað til hv. allshn.

[16:48]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir vandaðan undirbúning að þessu máli og öðrum flutningsmönnum. Í raun má segja að þetta væri næstum því kvennafrv. eins og það frv. sem var til umræðu áðan ef ekki kæmi til þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefði léð því sinn þunga aftast á blaðinu.

Mér rennur að sjálfsögðu blóðið til skyldunnar sem gömlum blaðamanni að fjalla um þetta mál. Þó er það svo eins og frummælandi nefndi áðan að þetta trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna er ekki síst mikilvægt fyrir almenning og til þess að vernda heimildarmenn fyrir óþægindum. Ég þykist vita það að hv. þingmenn muna eftir þeim ágætu heiðurskonum Cynthiu Cooper, Coleen Rowley og Sherron Watkins sem voru kjörnar menn ársins 2002 í vikuritinu Times. Þessar konur komu upp um mikið hneykslismál. Cynthia Cooper upplýsti það að fyrirtækið WorldCom hefði falið 3,8 milljarða dollara tap fyrir hluthöfum og almenningi, Sherron Watkins ljóstraði upp um bókhaldssvindl risafyrirtækisins Enron og Coleen Rowley upplýsti um vanrækslu alríkislögreglunnar um að rannsaka mál Zacariasar Moussaouis sem hefði hugsanlega, ef það hefði verið rannsakað, leitt til þess að hægt hefði verið að koma í veg fyrir árásina á tvíburaturnana 11. september eins og frægt er orðið.

Það sem er einkennandi fyrir þessar konur er að þær voru og eru allar samviskusamar og fyrirvinnur heimila sinna. Þær mátu störf sín mikils og höfðu til að bera sterka siðferðiskennd. Þær settu starfsferil sinn að veði til að koma á framfæri upplýsingum um vanrækslu, svindl og svínarí, upplýsingum sem sannarlega verða að teljast í almannaþágu, enda aldar upp í anda hinnar gömlu siðferðisreglu: Gjör rétt og þol ei órétt. Í kjölfar þessara upplýsinga neyddust stórfyrirtæki í Bandaríkjunum til þess að breyta og bæta reglur um endurskoðun og upplýsingagjöf til hluthafa og starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar hefur sætt harðri gagnrýni og endurskoðun. Það er athyglisvert í þessu dæmi að þær sóttust ekki eftir sviðsljósinu og tóku málin fyrst upp innan húss en röð tilviljana leiddi þær síðan í frægðarljómann.

Uppljóstrarar kosta miklu til. Þeir sem hafa rannsakað þessi mál á alþjóðavettvangi segja að flestir þeirra sem telja það skyldu sína við þjóðfélagið að upplýsa fjölmiðla um misferli í fyrirtækjum eða opinberum stofnunum segja eftir á að þeir mundu ekki vilja ganga í gegnum það aftur. Ef þeir eru ekki reknir eru þeir oft og tíðum settir út í horn, einangraðir eða settir í einskis nýt verkefni. Í eftirleiknum hneigjast margir til þunglyndis og alkóhólisma að því er kemur fram í alþjóðlegum rannsóknum en þessi mál hafa verið mjög víða til umræðu, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

Við höfum í fersku minni tvo uppljóstrara á íslenskum vettvangi, BYKO-manninn og litla Landssímamanninn. Forustumenn BYKO urðu í upphafi tvísaga þegar mál Árna Johnsens var til umræðu í fjölmiðlum og gerðu tilraunir til að þvinga fram upplýsingar um hver hefði lekið upplýsingum innan úr fyrirtækinu til fjölmiðla. Síðan sáu þeir að sér og gerðu að lokum vel við BYKO-manninn. Blaðamenn sem skrifuðu um þessi mál segja að eftir þau blaðaskrif sem urðu í kjölfar upplýsinga BYKO-mannsins hafi afstaða forustumanna stofnana og fyrirtækja breyst og margir hafi í kjölfarið kosið að gera hreint fyrir sínum dyrum strax og fjölmiðlar grennsluðust fyrir um einhver álitamál á þeirra vettvangi.

En skjótt skipast veður í lofti og þegar litli Landssímamaðurinn kom fram lagði allt silkihúfulið Sjálfstæðisflokksins kringum einkavæðingatilraunir Landssímans kapp á að upplýsa hverjir innan fyrirtækisins hefðu veitt fjölmiðlum upplýsingar. Allt var sem sagt reynt til að finna heimildarmanninn og hegna honum. Halldór Örn Egilsson gekk þá fram fyrir skjöldu og tók á sig alla ábyrgð. Hann var rekinn úr starfi. En annar maður innan Landssímans sem hafði leitað eftir upplýsingum slapp með áminningu. Mér er kunnugt um að Halldór Örn átti erfitt uppdráttar á vinnumarkaði eftir þetta.

Landssímamálið hafði þveröfug áhrif miðað við Árna Johnsen málið og blaðamenn úr hópi þeirra fáu rannsóknarblaðamanna sem virkir eru á Íslandi, tjá mér að talsvert beri á ótta við hefndaraðgerðir og innanhússofsóknir hjá hugsanlegum heimildarmönnum þar sem þeir leita hófana um upplýsingar í dag. En mér er einnig kunnugt um að það voru í rauninni fleiri heimildarmenn en BYKO-maðurinn og litli Landssímamaðurinn sem veittu fjölmiðlum upplýsingar í þessum málum tveimur sem ekki er ástæða til að rekja efnislega hér í dag. Allt í allt munu það hafa verið um átta starfsmenn sem komu upplýsingum á framfæri og sýnir það sem betur fer að það er alltaf til fólk sem hefur kjark til þess að koma upplýsingum á framfæri þegar valdsmenn og stjórnendur eru að misfara með trúnaðarfjármuni almennings eða hluthafa jafnvel þótt menn taki með því mikla áhættu með sína persónulegu velferð. Ég lít þannig á að þetta frv. sem hér er á ferðinni sé fyrst og fremst til þess að vernda hagsmuni, trúnað og nafnleynd þeirra fimm starfsmanna sem enn þá hafa ekki komið fram í dagsljósið í sambandi við upplýsingar um þessi tvö mál sem um ræðir.

Eins og ég sagði áðan þá er mikilvægt að tryggja möguleika fjölmiðla og fréttastofa til þess að ná upplýsingum og afla frétta um þau efni sem varða hagsmuni almennings. Reglur um heimildarvernd eru eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfsrækslu fjölmiðla. Engu að síður þarf fyrst og fremst að verja heimildarmennina. Fjölmiðlarnir hafa sínar ábyrgðareglur, siðareglur, útvarpslög og prentlög að starfa eftir og auðvitað er það þannig að hver ærlegur blaðamaður fer frekar í fangelsi heldur en að uppljóstra um sína heimildarmenn í alvarlegum málum. Þannig að við erum fyrst og fremst að tryggja það að almenningur fái upplýsingar um það ef um misferli, vanrækslu eða stórkostleg svik er að ræða í fyrirtækjum eða opinberum stofnunum. Við búum í þjóðfélagi sem er tiltölulega gegnsætt og tiltölulega óspillt en engu að síður er það þannig að það koma alltaf upp hneykslismál, það koma alltaf upp mál þar sem menn eru að misfara með trúnað eða fara á skjön við reglur og lög eða siðferðisvitund manna. Þá er mikilvægt að starfsmenn séu ekki múlbundnir og haldnir þrælsótta og þurfi að kosta til þess starfi sínu og heilsu fyrir það eitt að gegna þeirri þjóðfélagslegu skyldu og siðferðislegu skyldu að veita almenningi nauðsynlegar upplýsingar.

[16:58]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja örfá orð inn í þessa umræðu og byrja á að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdótt-

ur fyrir afskaplega vandaðan undirbúning að þessu frv. sem lýtur að því að breyta lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra sem og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Í sjálfu sér er ekki miklu við að bæta sem hér hefur verið sagt um þetta mál og fram kom í framsöguræðu hv. 1. flm. en ég freistaðist til að skoða málið dálítið út frá lýðræðishugtakinu og ekki síst út frá þessari hefðbundnu þrískiptingu valds, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds. Og síðan það sem kannski á að leika sem ferskir vindar um það sem stundum hefur verið kallað fjórða valdið, þ.e. fjölmiðlarnir og fjölmiðlun sem er afskaplega mikilvægt fyrirbrigði í allri lýðræðislegri umræðu, að upplýsingastreymi sé opið og upplýsingar berist til almennings þannig að almenningur geti tekið þátt í hinni lýðræðislegu umræðu. Það er í rauninni grundvöllur lýðræðisins sem við viljum öll verja og búa við.

Við þekkjum líka dæmi þess frá þeim ríkjum þar sem frelsi fjölmiðla er ekki til staðar. Við vitum um fólk sem hefur látið líf sitt til þess að reyna að koma upplýsingum á framfæri. Við þekkjum dæmi um að ritskoðun eigi sér stað og hvaða áhrif það hefur á alla samfélagsþróun í þeim ríkjum. Ég nefni þetta til þess að undirstrika hversu mikilvægir fjölmiðlar eru í lýðræðisríki og í réttarríki. Við þekkjum það meira að segja í störfum hv. Alþingis þar sem oft spinnast umræður, utandagskrárumræður, fyrirspurnir og eru jafnvel þingmál flutt vegna fréttaflutnings í fjölmiðlum á Íslandi. Því má segja að við búum svo vel að hafa hér nokkuð frjálsa fjölmiðlun þó að sjálfsagt megi endalaust deila um hversu frjáls hún er og þar fram eftir götunum.

Til þess að fjölmiðlar geti starfað þurfa þeir að búa við það lagaumhverfi að þeir geti starfað og þeir geti sinnt þeirri skyldu sinni að vera fjölmiðlar, þ.e. að dreifa upplýsingum og upplýsa hlustendur sína, áhorfendur eða lesendur. Einn grundvallarþáttur fjölmiðlastarfsemi er einmitt sá sem þetta frv. lýtur að, þ.e. að vernda samband fréttamanns og heimildarmanns. Eins og hér hefur verið rakið í dag þá myndast oft þær aðstæður að erfitt getur verið fyrir einstaklinga að gefa sig fram gagnvart vinnuveitendum sínum eða nánasta umhverfi. Hann treystir á trúnaðarsamband við fjölmiðlamenn.

Ég tel það vera kost við þetta frv. að það eru þó settar takmarkanir, eins og fram kemur bæði í 1. og 2. gr. frv. Þessi heimildarvörn er því ekki takmarkalaus. Það fer dálítið eftir eðli málsins og hvert hugsanlegt refsiákvæði kann að fylgja málinu. Það er sem sagt ekki takmarkalaust. Ég tel það vera eðlilegt. Og hvað varðar opinbera starfsmenn þá að sjálfsögðu ef þeir telja að um almennaheill sé að ræða og að verið sé að ganga á almannaheill og þeir vilji því hugsanlega koma upplýsingum á framfæri sem þeir telja eðlilegar vegna almannaheilla þá er eðlilegt að þeir hafi möguleika til þess.

En það er hins vegar vandmeðfarið. Það er afskaplega vandmeðfarið. Ég vil þess vegna einmitt benda á annað frv. sem liggur fyrir hv. Alþingi. Það er frv. til laga um siðferði opinberra starfsmanna. Ég tel afskaplega mikilvægt að í opinberum stofnunum, eins og reyndar öllum fyrirtækjum, sé mikilvægt að menn komi sér upp ákveðnum siðareglum og ákveðnu ferli til þess að bregðast við þegar þær aðstæður koma upp að opinber starfsmaður eða annar starfsmaður telur að verið sé að brjóta gegn almannaheill innan stofnunar, þ.e. hvernig eigi að bregðast við því. Ég tel afskaplega mikilvægt að benda á þetta um leið og frv. það sem hér er til umræðu er á dagskrá, þ.e. mikilvægi þess að einstakar stofnanir taki upp slík vinnubrögð þannig að ferlið um meðferð upplýsinga, jafnvel trúnaðarupplýsinga, sé alveg ljóst innan stofnunar.

Aðalatriði í frv. er þó að þetta trúnaðarsamband sé virt og að skapaður sé eðlilegur grundvöllur og starfsskilyrði fyrir frjálsa, opinskáa fjölmiðlun sem er svo mikilvæg fyrir lýðræðið.

Herra forseti. Ég vil að lokum einnig horfa á hina hliðina á þessu máli, þ.e. ábyrgðina. Frelsi fylgir nefnilega gífurlega mikil ábyrgð. Þá hlýtur það jafnframt að vera hugsun hv. flutningsmanna og þeirra sem styðja frv. — ég tek fram að ég gæti vel hugsað mér að styðja frv. á borð við þetta — en ég vil líka skírskota til ábyrgðar þeirra sem með fjölmiðlavaldið fara. Það er gífurlega mikið vald og getur haft mikil áhrif á samfélagið í heild sinni hvernig með fréttir er farið í fjölmiðlum. Þá þurfum við líka að hugsa um það hvernig fjölmiðlar eru reknir, hver tilgangur þeirra er. Í sumum tilvikum er markmið fjölmiðla einungis það að færa eigendum sínum sem mestan hagnað og við þekkjum það sérstaklega úr erlendri pressu hvað fjölmiðlar geta gengið langt í því að slá upp fréttum, jafnvel á afskaplega hæpnum forsendum. Á ensku er sagt: „Let the bastards deny it.“ Í sumum tilvikum tel ég að erlendir fjölmiðlungar, hin svokallaða gula pessa í sumum tilvikum, hafi gengið allt of langt í að misnota þetta frelsi og hafi vikið sér undan allri þeirri ábyrgð sem fylgir því að fara með fjölmiðlavald. Ég tel afskaplega mikilvægt að fjölmiðlafólk, einstakar fréttastofur, einstakir fjölmiðlamenn komi sér upp slíkum siðareglum. Til er siðanefnd blaðamanna en ég tel mikilvægt að hver vinnustaður fjölmiðlamanna hafi sterkar siðferðisreglur og siðferðisviðmið til þess að starfa eftir, einmitt til þess að minna fjölmiðlamenn á að þeir bera gífurlega mikla ábyrgð.

Herra forseti. Í öllum megindráttum líst mér vel á frv. og get vel hugsað mér að styðja það einmitt í ljósi þess að fjölmiðlar eru mikilvægir fyrir lýðræðið í okkar landi.

[17:06]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir góðar undirtektir við málin. Ég vil líka taka undir með honum þegar hann segir að mjög mikilvægt sé að draga fram ábyrgð fjölmiðla. Um það er ég svo sannarlega sammála honum og get í því efni vísað til þess að ég eyddi nokkrum tíma í ræðu minni í að lesa upp siðareglur Blaðamannafélags Íslands sem mér finnst gríðarlega mikilvægt að sé haldið vel á lofti. Ég nefndi m.a. hugmynd sem reyndar er ekki lögð til í frv. En ef lögð yrði í það vinna, sem ég tel orðið brýnt að gera, að endurskoða allt starfsumhverfi fjölmiðla með það í huga að styrkja frjálsa og óháða fjölmiðlastarfsemi og m.a. heimildarverndina þá yrði einnig að skýra þessa ábyrgð þar betur. Það mætti t.d. gera með því að setja meginhugsunina í siðareglum Blaðamannafélagsins inn í slík lög. Það mundi styrkja mun betur þessa ábyrgð sem er svo mikilvægt að sé fyrir hendi.

Auðvitað á það hins vegar alltaf við, virðulegi forseti, um allar stéttir að misjafn sauður er í mörgu fé og í fjölmiðlastéttinni eins og í öðrum stéttum eru náttúrlega einstaklingar sem fara misvel með þá ábyrgð sem þeim er falin. Kannski er lítið annað við því að gera en að hafa skýrar reglur um það hvernig með skuli farið ef út af ábyrgðinni er brugðið. En ég vil taka undir þetta með ábyrgð fjölmiðlanna. Mér finnst

mjög mikilvægt að lögð sé áhersla á hana um leið og frelsi til fjölmiðlastarfa er tryggt.

[17:07]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er eiginlega að verða nokkuð undarlegur þingdagur því að ekki eiga sér oft stað umræður í hverju málinu á fætur öðru þar sem stjórn og stjórnarandstaða skiptast á skoðunum án mikilla upphrópana og mikils andstreymis hvor við aðra. En það er einmitt eðli lýðræðisins að umræðan fari fram. Ég hygg að ég og hv. frummælandi þessa máls, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, séum sammála um þetta.

Hvað varðar ábyrgðina og frelsið þá eru tengslin þar á milli eiginlega órjúfanleg. Ég tek mjög undir það að mjög mikilvægt er að hafa fyrirbrigði eins og siðanefnd blaðamannafélags.

Ég hef hins vegar ekki mikla trú á því að með lagasetningu sé hægt að þvinga fram siðferði. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir hvern vinnustað, ekki bara hver samtök eins og Blaðamannafélagið, að hafa sína siðanefnd. Það þarf líka að gilda fyrir hvern vinnustað. Einstakir fjölmiðlar þurfa að hafa sínar siðareglur þannig að starfsmenn þeirra séu stöðugt minntir á þá ábyrgð sem þeir bera og ekki síst af því að, eins og hv. þm. nefndi, misjafn sauður er í mörgu fé og það á við blaðamenn eins og aðra. Það á meira að segja jafnvel örugglega við um þingmenn líka. En hvernig á að bregðast við þegar einhver á vinnustað eins og fjölmiðli misnotar þetta mikla vald? Hvernig ætlar vinnustaðurinn sjálfur að taka á málunum þegar þetta vald, fjölmiðlavaldið, er misnotað? Það er mjög mikilvægt að einstakir fjölmiðlar móti sér slíkar siðareglur til þess að bregðast við þannig að þeir axli ábyrgðina eins og þeir vilja örugglega flestir gera.

[17:09]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn eftir ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar og orð hans um samstöðu stjórnar og stjórnarandstöðu að taka til máls um þetta mál. Ég ætla einungis að hafa nokkur orð um það og lýsa ánægju minni með frv. Mér finnst sérlega áhugavert og málið þarft. Eins og fram kom í ræðu flutningsmanns má segja að tilgangurinn á bak við þetta sé að draga fram þörfina fyrir frjálsa og óháða fjölmiðla. Þeir eru ein af meginstoðum hvers lýðræðisríkis. Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir bendir á má segja að reglan um heimildarverndina sé ein meginforsenda þess að fjölmiðlarnir þjóni þessu hlutverki sínu.

En þegar maður skoðar frv. er ljóst að þar eru breytingar sem varða ýmis lög. Nú er ég bara að tala um frv. um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna, þ.e. annað frumvarpið. Þarna er gert ráð fyrir breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, um meðferð einkamála, sveitarstjórnarlögum, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins svo og hegningarlögunum. Ég held að það sé hárrétt hjá flutningsmanni, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, að þetta mál eigi helst heima í allshn. þó að aðrar nefndir hafi komið til greina.

Segja má að meginefni frv. sé að gera þessa mikilvægu undantekningu frá meginreglunni sem er bæði að finna í opinberu málunum og lögum um meðferð einkamála, þ.e. vitnaskyldunni. Efni frv. er kannski fyrst og fremst það að undanþiggja ekki bara blaðamenn og fjölmiðlamenn heldur starfsmenn fjölmiðla — þeir geta verið fleiri en fréttamenn — þeirri skyldu að bera vitni í opinberu máli eða í einkamáli, auk þess sem lögin gera ráð fyrir því að bæði sveitarstjórnarlögunum og lögunum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna verði breytt að því er varðar þagnarskyldu sem er þar meginregla gagnvart ríkisstarfsmönnum. Tekið er fram í frv. að það sé einungis ef málefnið varði mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings. En það hagsmunamat eiga síðan dómstólarnir samkvæmt frv. Gert er ráð fyrir því. Gerðar eru töluverðar kröfur til þess af því að gert er ráð fyrir því að ekki sé heimilt að víkja frá þessu ef vitnisburðar er krafist vegna brots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi.

Í framhaldi af orðum hv. þm. Hjálmars Árnasonar áðan og orðaskiptum hans og hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur langar mig líka að hnykkja á hinni miklu ábyrgð fjölmiðlanna og vísa í siðareglur þeirra og hvað það er mikilvægt að þeir starfi samkvæmt þeim. Þeim er, eins og segir réttilega í siðareglunum og flutningsmaður gerði grein fyrir, ætlað að vernda notendur gegn ónákvæmum, hlutdrægum eða ósönnum fréttum fyrir utan annan tilgang sem þessar siðareglur hafa.

Ég vil bæta við öðrum varnagla í þessu máli öllu saman ef við skoðum það heildstætt, bæði frelsi til að gefa ekki upp heimildarmanninn og síðan ábyrgðina. Ofan á þetta leggst hlutlæg ábyrgð ritstjóra blaða og útvarpsstjóra á því efni sem birt er í fjölmiðlum þeirra.

En svo ég hafi þessi orð nú ekki öllu fleiri, herra forseti, þá ætla ég svo sem ekki endilega að lýsa hér og nú stuðningi við þetta mál. Maður getur velt því fyrir sér hver tilurð þess sé öðru fremur. Það er tiltekið mál sem varðaði greinaskrif í Morgunblaðið. Þar komst héraðsdómur að því að blaðamanni væri skylt að gefa upp nafn heimildarmanns. Hæstiréttur hnekkti þeirri niðurstöðu héraðsdóms. Þá getur maður spurt sig: Er þörf á lagabreytingum? Erum við þarna komin með tiltekið fordæmi sem lagt verður til grundvallar ef önnur svona mál koma upp og önnur svona mál verða höfðuð?

Málið er ágætlega unnið. Mér finnst þetta mjög áhugavert og ekki síst það sem dregið er fram, þ.e. gildi frjálsra og óháðra fjölmiðla sem meginstoðanna í hverju lýðræðisríki.

[17:14]

Útbýting þingskjala:

Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, 235. mál, fsp. EKG, þskj. 255.

Heilsugæslumál, 227. mál, fsp. SÞorg, þskj. 247.

Skattlagning bótasjóða tryggingafélaganna, 226. mál, fsp. JóhS, þskj. 246.

Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, 225. mál, þáltill. HjÁ og SKK, þskj. 245.

[17:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns rifja upp að í gær í þessum virðulega ræðustól var ég ítrekað áminntur af virðulegum forseta, reyndar ekki þeim sem nú situr heldur hv. þm. Halldóri Blöndal, fyrir það að vera ekki í andsvari eða vera ekki að hreyfa andsvörum þegar ég í raun var hér í andsvari. Nú var hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir í ræðustól áðan í andsvörum við Hjálmar Árnason og ég gat ekki heyrt að það væri neitt andsvar heldur var hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir aðallega að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni

fyrir hversu vel hann tæki undir þau frv. sem hér eru til umfjöllunar sem varða það sem við getum kallað fjölmiðlarétt. Ég vildi aðeins benda á þetta. Ég er ekki að þessu til að sýna neinum óvirðingu, síður en svo, og ég er heldur ekki að þessu til að sýna neitt vanþakklæti í garð hæstv. þingforseta Halldórs Blöndals. Ég virði það mikils við hann að hann sé að reyna að gera úr mér, nýliðanum á Alþingi, bæði forhertan og góðan stjórnarandstöðuþingmann sem virkilega notfærir sér andsvör ...

(**Forseti** (BÁ): Vegna ummæla þingmannsins vill forseti taka fram að það hlýtur alltaf að vera mat hverju sinni hvort um andsvör er að ræða. Þingmenn og forseta kann að greina á um þetta mat, en úrskurður forseta gildir.)

Ég dreg það ekki í efa, virðulegur forseti, að hann gerir það.

En við skulum snúa okkur að því sem máli skiptir. Hér eru til umræðu tvö ágætisfrumvörp sem ég tel að séu góðra gjalda verð og varða mikilvæga hluti, þ.e. réttindi og skyldur bæði fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og vernd heimildarmanna þegar um er að ræða mikilvæg mál. Ég hnýt í greinargerð með öðru frv. um setningu sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem varða brot á tjáningarfrelsi hefur verið staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi felst ekki eingöngu í því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald með gagnrýnni umræðu heldur ekki síður í að tryggja almenningi upplýsingar um hvers konar mál er varða almannahagsmuni."

Ég er eins og hv. þm. Einar Karl Haraldsson gamall fjölmiðlamaður. Ég tel því að þetta mál sé mér að vissu leyti svolítið skylt. Ég hef nefnilega lent í því, við getum kallað það átök, varðandi fréttaflutning þar sem einmitt þessir hlutir hafa komið upp, þ.e. verndun heimildarmanna, tjón sem heimildarmenn hafa orðið fyrir, skyldur fjölmiðla til að upplýsa almenning um hluti sem betur mættu fara í þjóðfélagi okkar og varða stórkostlega almannaheill. Því miður er reynsla mín og heimildarmanna minna ekki góð. Þetta eru atburðir sem hafa gerst nýlega og þess vegna fagna ég mjög þessu frv. því að ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Mig langar til að nota tíma minn aðeins til að fara yfir þá sögu því að ég held að hún sé á margan hátt mjög merkileg. Hv. þm. Einar Karl Haraldsson fór áðan yfir svokallað BYKO-mál og mál litla Landssímamannsins svokallaða, ég ætla ekki að eyða tímanum í það. Ég ætla frekar að segja sögu mína.

Þetta hófst allt með því að árið 2000 kom enn á ný upp kvittur um brottkast á fiski á Íslandsmiðum. Það sem kannski gerði greinarmuninn í þetta skipti var að Fiskistofa aflaði gagna sem sýndu fram á að ástæða væri til að gruna að menn væru að henda þorski og öðrum bolfiski í stórum stíl. Á sama tíma kom það upp að Hafrannsóknastofnun óð í villu og svima við mat sitt á stærð þorkstofnsins sérstaklega og hafði að eigin sögn ofmetið hann mjög harkalega sem leiddi til þess að skera varð niður fiskveiðikvóta allverulega.

Ég taldi þetta brottkastsmál mjög mikilvægt, bæði brottkastið og málefni varðandi skráningu afla og fór á stúfana sem fréttamaður til að rannsaka þetta frekar. Ég talaði við fjölda sjómanna sem allir komu fram undir nafnleynd, ég notaði þá aldrei sem vitni, ég hafði aldrei neitt eftir þeim, sagði alltaf við menn: Ef þið ætlið að segja frá þessu, þá verðið þið að gera svo vel að koma fram undir nafni, vegna þess að þetta voru alvarlegar ásakanir. En hvað um það. Ég fékk staðfestan grun um að hér væri pottur brotinn, gerði frétt um þetta og lenti strax í því að skrifuð voru mikil og merkileg klögubréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna til yfirmanna Ríkisútvarpsins þar sem þess var krafist að ég yrði tekinn úr umferð, helst rekinn. Ég lét mér ekki segjast og hélt áfram og árið 2001 komst ég í samband við skipstjóra sem voru reiðubúnir til að leyfa að myndað yrði brottkast um borð í skipum þeirra. Við fórum og tókum myndir og voru þær sýndar í sjónvarpinu. Þær vöktu gríðarlega athygli og mikið umtal, m.a. hér í sölum hins háa Alþingis. Þetta var í árslok árið 2001.

Rétt fyrir jólin árið 2001 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem gerðu það að verkum að sjómönnum var leyfilegt að koma með meðafla botnfisks sem ekki reiknaðist þá til kvóta, allt að 5% af afla á hverjum tíma. Greinilega kom fram í umræðum á Alþingi að sú regla var sett á einmitt til þess að menn væru ekki að henda fiski, að menn kæmu með allan afla í land. Þetta kom greinilega fram og sú lagabreyting var sett á í þeirri trú að hún ætti að virka þannig.

Í dag fékk ég svar við fyrirspurn minni frá hæstv. sjútvrh. um það hversu mikill afli hefði borist frá því að sú reglugerð eða lagabreyting tók gildi frá 1. febrúar árið 2002. Í ljós kemur að á þeim mánuðum sem liðnir eru hefur borist að landi afli að verðmæti 300 millj. ísl. kr. Þar af er þorskur 230 millj., tæplega 2 þúsund tonn af þorski sem hafa komið á land.

Ég er alveg sannfærður um að þessar myndir gerðu það að verkum að Alþingi samþykkti að setja slíka reglu á og það eru þessar myndir sem hafa þó skilað þessu verðmæti á land á ekki lengri tíma en þetta. Við skulum heldur ekki gleyma því að þetta hefur líka leitt til þess að öll gagnaöflun Hafrannsóknastofnunar, t.d. mikilvæg gögn sem eru nánast hryggsúlan í stofnstærðarmati þeirra hafa líka orðið réttari fyrir vikið þar sem við vitum nú betur hver afföll eru vegna veiða. En nóg um það. Þarna var sem sagt alveg klárlega að mati þess sem hér talar verið að fjalla um mál sem vörðuðu almannahagsmuni, svo sannarlega, vörðuðu nýtingu á mikilvægustu auðlind þjóðarinnar. Það var greinilega verið að henda fiski, miklum verðmætum þó svo menn væru mjög tregir til að viðurkenna það, bæði ýmsir stjórnmálamenn og líka ýmsir útgerðarmenn, þá var þetta því miður staðreyndin. Sannarlega mál sem varðaði almannahagsmuni.

En hvað gerðist svo? Hvað varð síðan um þá sem öfluðu þessara gagna, þ.e. fréttamanninn, myndatökumanninn og heimildarmennina, þ.e. sjómennina og útgerðarmennina um borð í umræddum bátum? Við skulum taka sjómennina fyrst. Þeir voru kallaðir til yfirheyrslu hjá lögreglu, einn á eftir öðrum. Þetta endaði allt með því að skipstjórar og útgerðarmenn bátanna voru kærðir. Annar útgerðarmaðurinn var sýknaður. Hinn útgerðarmaðurinn var dæmdur í milljón kr. sekt eða hann skyldi ella sæta langri fangelsisvist fyrir að hafa leyft okkur þessa ósvinnu, tel ég vera, að hafa tekið þessar myndir. En það var ekki nóg með að hann hefði verið dæmdur í héraðsdómi heldur voru þeir bátar sviptir veiðileyfum um leið og Fiskistofa komst að raun um hvaða bátar þetta voru. Annar báturinn, bátur þess útgerðarmanns sem síðar var dæmdur í milljón kr. sekt var sviptur veiðileyfi í fjóra mánuði. Ég er ekki lögfræðimenntaður maður, herra forseti, en mér skilst að þetta sé svokölluð stjórnsýslusekt, þ.e. ákveðnar stofnanir í þjóðfélaginu geta beitt svona ákvæðum, refsiákvæðum án þess að mál fari fyrir dómstóla og jafnvel án þess að mál

séu rannsökuð almennilega. Í þessu tilfelli hafði málið alls ekki verið rannsakað á neinn hátt, menn höfðu bara fundið út hvaða bátur þetta var og einn, tveir og þrír, hann var sviptur veiðileyfi í fjóra mánuði yfir hábjargræðistímann frá janúar og fram undir páska. Þetta olli útgerðinni gríðarlegu fjárhagstjóni, náttúrlega skipstjóranum líka og áhöfn. En síðan er skipstjórinn aftur dæmdur í annað sinn fyrir sama brot og þá fyrir héraðsdómi og þá er milljón kr. sekt. Ég hef kallað þetta mannréttindabrot og ég tel mig alveg geta rökstutt það.

Í sumar sat ég sem fulltrúi Frjálsl. á fundi í allshn. og þar var meðal annarra mætra manna mættur fyrir nefndina Bogi Nilsson ríkissaksóknari. Var fjallað um hið meinta verðsamráð olíufélaganna og gerði Bogi Nilsson nefndinni grein fyrir því að það gæti verið svolítið snúið að senda það til ríkislögreglustjóra, sérstaklega í ljósi þess ef Samkeppnisstofnun væri búin að dæma olíufélögin til greiðslu sekta, þá væri ekki hægt að dæma olíufélögin í annað sinn, þ.e. fyrir dómstól, vegna þess að ekki væri hægt að dæma tvisvar sinnum fyrir sama brot. Hann sagði að þessi lög eða aðferð, þ.e. beiting hinna svokölluðu stjórnsýslusekta, ef ég fer rétt með það orð, væri svo nýtilkomið hér á landi að á það hefði aldrei reynt en benti máli sínu til stuðnings á hæstaréttardóma sem hefðu fallið í Noregi. En hér er þessi útgerðarmaður sem ekki hefur jafnmikið bolmagn kannski og olíufélögin til að bera hönd fyrir höfuð sér dæmdur tvisvar sinnum fyrir sama brot fyrir þá ósvinnu að hafa leyft okkur að filma það sem allir vissu að væri að gerast í flotanum, þ.e. brottkast á fiskiafla. Og sá maður hefur orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni og hans fólk. Ég ætla ekki að rekja þá sögu lengra.

Fréttamaðurinn, sá sem hér stendur, var ásakaður um svik og falsanir og hafa ætlað að blekkja þjóðina, þetta hefði allt saman verið sett á svið. Þetta fékk hann m.a. að heyra frá hæstv. sjútvrh. í fjölmiðlum og frá öðrum þrátt fyrir að færðar væru ótal góðar röksemdir einmitt fyrir því að þetta hefði alls ekki verið sett á svið. Það sem síðar gerist er náttúrlega það, og flestir sem hlýða á mitt mál muna eflaust eftir því, að dómur féll í Hæstarétti hér á dögunum þar sem ráðherra var sýknaður fyrir þau ummæli þannig að þau virðast standa. Yfirvaldið í landinu, í þessu tilfelli ráðherra í ríkisstjórn Íslands getur sem sagt sakað fjölmiðlamann um að beita óheilindum. Hann getur tengt það mál frægum fölsunum erlendis sem varða eiturlyfjamál, mjög frægt mál í Bandaríkjunum sem er notað í kennslu í fjölmiðlun þar í landi í dag. Hann gat tengt það við hið svokallaða brottkastsmál með ummælum sínum og stimplað þann sem hér stendur sem svikara og falsara. Þetta voru afleiðingarnar fyrir fréttamanninn.

Síðan er það myndatökumaðurinn. Lögregluyfirvöld hafa ítrekað reynt að fá hann til að láta af hendi allar þær upptökur sem við tókum um borð í umræddum skipum. Hann hefur neitað að gera það og vísar einmitt til þess að hann vilji vernda heimildarmenn sína sem leyfðu honum að taka myndirnar. Einu myndirnar sem hafa borið fyrir augu almennings er myndskeið upp á kannski tvær mínútur þó að til séu miklu lengri myndskeið sem sýna menn að störfum um borð í skipunum, veiðarnar sjálfar og síðan vinnubrögðin við brottkast. Þessar myndir verða ekkert sýndar, það kemur ekki til greina. Fyrir það færi myndatökumaðurinn í fangelsi býst ég við. En mér er kunnugt um að lögregluyfirvöld íhugi nú að draga þennan myndatökumann fyrir dóm fyrir að hylma yfir í alvarlegum glæp.

Þetta er nú allt öryggið sem fjölmiðlamenn í rauninni búa við á Íslandi ef þeir eru svo ósvífnir að draga á land myndir eða hvað sem er, gögn sem sýna eitthvað sem yfirvöldum er ekki að skapi. Þá er nefnilega hægt að ganga ansi langt í því að refsa bæði fréttamönnum og heimildarmönnum fyrir að hafa voga sér, herra forseti, að upplýsa þjóðina um málefni sem svo sannarlega varða almannaheill og í þessu tilfelli aflaverðmæti upp á fleiri hundruð milljónir ísl. kr. Við getum margfaldað það með þremur sem er yfirleitt þumalputtareglan til að reikna útflutningsverðmæti og þá erum við komin upp í tæpan milljarð frá 1. febrúar árið 2002.

Ég ætla svo sannarlega að vona að frv. nái fram að ganga og ég ætla líka sannarlega að vona að frv. komi af stað umræðu í þjóðfélaginu. Umræða þarf að fara fram um þetta og ég sakna þess að Blaðamannafélag Íslands skuli ekki taka þetta mál til miklu ítarlegri umræðu en verið hefur. Ég sakna þess að sjá ekki félaga í Blaðamannafélagi Íslands sitja hér á þingpöllum þegar þetta mál er flutt til að fylgjast með því. Hér var fyrr í dag hópur af konum til að fylgjast með frv. sem lagt var fram, ágætu frv. varðandi það hvort beita skuli refsingu í vændismálum. En fjölmiðlamenn Íslands eru því miður fjarri, það er miður en ég vona að þeir heyri orð mín og taki þessari áskorun og fari aðeins að hugsa sinn gang og velti frv. vel fyrir sér og ræði innihald þess og reyni að hafa þau áhrif að það verði jafnvel enn betra en hér er lagt til.

Það er skoðun mín, herra forseti, að íslenskir fjölmiðlar eru oft og tíðum allt of veikir og standa sig alls ekki í stykkinu með að veita aðhald, bæði valdhöfum og hagsmunaaðilum í þjóðfélaginu, að veita þeim almennilegt aðhald og líka stjórnvöldum og stjórnmálamönnum, okkur sem hér sitjum m.a. Þetta er hlutverk fjölmiðla og þeir eiga að vera óhræddir við að beita slíku aðhaldi. Auðvitað fylgir því mikil ábyrgð. En þetta er nú einu sinni hlutverk fjölmiðla að mínu mati og ég vildi svo gjarnan sjá að á Íslandi væri stundað meira það sem kallað er rannsóknarblaðamennska, hér væru fjölmiðlar virkilega á fullu í því að kanna málin til fulls. Því miður er allt of mikið um það á Íslandi að fjölmiðlar taki gagnrýnislaust við fréttatilkynningum og birti þær nánast orðréttar í blöðum sínum eða fjölmiðlum og jafnvel heilu fréttirnar les maður stundum og sér sem eru samdar á skrifstofum fyrirtækja, á skrifstofum hagsmunaaðila. Þetta kemur nánast orðrétt frá þeim. Maður les ákveðnar fréttir, ég ætla ekki að nefna neina fjölmiðla á nafn í þessu sambandi, það skiptir svo sem engu máli, en maður hefur stundum upplifað það að lesa orðrétt fréttir í fjölmiðlum sem líta út fyrir að vera skrifaðar af blaðamanni tiltekins fjölmiðlis og finna síðan sömu fréttir á heimasíðum fyrirtækjanna. Þá eru þær sennilega skrifaðar af forstjóra fyrirtækisins eða einhverjum honum nátengdum. Einn ágætur maður hefur kallað þetta kramablaðamennsku. Þetta er því miður allt of algengt á Íslandi og íslenskir blaðamenn mættu virkilega standa sig betur í stykkinu með að stunda gagnrýna blaðamennsku og bera sig virkilega eftir því að finna fréttnæma hluti. Ég tel t.d. að full ástæða sé til að setja spurningarmerki við það hvort upplýsingalögin svokölluðu fái að virka til fullnustu eins og þau voru sett upp á sínum tíma. En það er umræða sem verður að bíða seinni tíma.

[17:34]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla einungis að segja örfá orð. Í sjálfu sér er ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í henni og fagna því að þeir hafa allir tekið nokkuð vel í meginefni frv. Það hlýtur

að auka mér bjartsýni á að málið fái jákvæðar undirtektir í meðferð hins háa Alþingis.

Einni spurningu vil ég svara sem kom fram í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Hún velti því fyrir sér hvort þörf væri á þessu og vísaði til þess að hæstaréttardómur í máli Agnesar Bragadóttur hefði fallið þannig að henni væri talið óskylt að gefa upp heimildarmenn sína. En ég dreg þá ályktun eftir að hafa skoðað það nokkuð frekar, reyndar dró ég það fram í framsöguræðu minni, að í raun væri það háð mati dómstóla hverju sinni. Ég tel það ekki viðunandi umhverfi fyrir fréttamenn eða fjölmiðlamenn. Ég vil líka geta þess að Páll Sigurðsson prófessor sem skrifar Fjölmiðlaréttinn, það ágæta rit, er þeirrar skoðunar að þetta sé ekki nægilega tryggt. Hann skoðar málið í ljósi þess sem hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur. Þar hefur þessi vernd verið að aukast þó að ábyrgðin hafi vissulega líka aukist.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé ekki nægilega tryggt, jafnvel þó að dómur hafi fallið á þennan veg í þessu einstaka máli. Það þarf að vera algerlega skýrt að fjölmiðlamanni sé ekki skylt að gefa upp heimildarmann sinn. Hitt á einungis við þegar Hæstiréttur metur að heimilt sé að víkja frá þessari skyldu, að krefjast má þess af fjölmiðlamanninum að gefa upp heimildarmann ef um er að ræða mjög alvarlegt brot eins og nánar er tiltekið í frv. Það væri samkvæmt mati Hæstaréttar á málinu eða dómstóls sem um það fjallar hverju sinni.

Aðeins varðandi fjölmiðlamenn. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson saknaði þess að sjá ekki meiri umræðu frá Blaðamannafélagi Íslands um þetta. Ég get svo sem tekið undir það að félagið sem slíkt hafi ekki staðið mikið fyrir slíkri umræðu. Ég vil þó geta þess að ég hef leitað til einstaklinga í því félagi og nokkurra starfandi fjölmiðlamanna. Ég leitaði ekki til félagsins sem slíks til þess að undirbúa þetta frv. en hef fengið ágæta aðstoð við undirbúninginn frá fjölmiðlamönnum sem margir eru mjög áhugasamir um að úr þessu verði bætt.

Að öðru leyti vil ég þakka umræðurnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, fyrri umr.

Þáltill. JÁ og AKG, 45. mál. — Þskj. 45.

[17:38]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum. Flutningsmaður þessarar þáltill. ásamt mér er hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi áætlun um aðgerðir til að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum."

Á síðustu missirum hafa horfur í byggðamálum breyst verulega. Fyrirætlanir um mestu framkvæmdir Íslandssögunnar í orku- og iðnaðarmálum eru hafnar á Austfjörðum. Þetta verða gífurlegar framkvæmdir sem standa í mörg ár. Þær munu hafa í för með sér aðra uppbyggingu í tengslum við búsetu og þjónustu við atvinnustarfsemina sem þar verður.

Jafnframt þessu liggja fyrir ákvarðanir stjórnvalda um að gerð þrennra jarðganga á Norðausturlandi. Gerð Austfjarðaganganna er hafin. Í byggðaáætlun sem samþykkt var á liðnu vori var aðaláherslan lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Það yrði fagnaðarefni ef hillti undir betri tíma á norðausturhluta landsins. Hins vegar hlýtur að vera umhugsunarefni hversu þær fyrirætlanir og áætlanir sem hér um ræðir, og allar eru frá stjórnvöldum komnar, deilast ójafnt niður á landið. Það er veruleg hætta á því, ef fram fer sem horfir, að næstu ár verði öðrum dreifbýlissvæðum mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefnir.

Víða úti á landi þar sem búsetan stendur veikum fótum hafa menn miklar áhyggjur af stöðu mála. Þeirri aðstoð í atvinnulífinu sem sjávarútvegurinn hefur verið mörgum þessara svæða hefur verið sópað burt með séreignastefnu stjórnvalda á fiskinum í sjónum. Landbúnaður á í vök að verjast. Sauðfjárrækt, sem hefur verið kjölfesta byggðar á afskekktum svæðum, stendur veikari en nokkru sinni fyrr. Atvinnustarfsemi tengd landbúnaðinum, svo sem rekstur sláturhúsa, hefur verið lögð niður. Óvissa um framtíð atvinnulífsins er því mikil víða og grefur undan byggðunum.

Þegar gífurlegum framkvæmdum er stefnt á eitt landsvæði, eins og ég nefndi áðan, hljóta þær að skapa öðrum svæðum sem veikt standa mjög mikinn vanda. Stjórnvöld bera alla ábyrgð í þessu efni vegna þess að hinar miklu framkvæmdir sem standa fyrir dyrum eru fyrir atbeina þeirra. Þörf fyrir byggðaaðgerðir myndast óhjákvæmilega vegna þess ójafnvægis sem nú myndast.

Stjórnvöld hefðu þurft að hafa heildaráhrif aðgerða í huga þegar þær voru ákveðnar. Svo var ekki gert. Þess vegna er þörf á að endurskoða tímasetningu framkvæmda og aðrar fyrirætlanir sem geta haft jákvæð áhrif á búsetu og atvinnulíf annars staðar en á vaxtarsvæðunum sem njóta munu þessara umfangsmiklu fyrirætlana. Í ljósi breyttra aðstæðna þarf að bregðast við og taka ákvarðanir sem koma öðrum landsvæðum til góða. Þar væri nærtækast að skoða hvort unnt sé og rétt að flýta framkvæmdum í samgöngumálum, sérstaklega þeim sem hafnar eru eða mögulegt er að hefja án mikils fyrirvara.

Sérstakt átak til að auka möguleika til framhaldsmenntunar og að styrkja menntun í dreifbýli væri sjálfsagður hluti slíkra fyrirbyggjandi aðgerða.

Aflétta þarf höftum á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum sem byggja atvinnulíf sitt nánast alfarið á útgerð og fiskvinnslu þannig að þær geti aftur farið að njóta nálægðarinnar við gjöful fiskimið.

Stuðningur hins opinbera við atvinnulíf í dreifðum byggðum hefur verið bundinn við mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt. Þessum stuðningi verður að breyta í stuðning við atvinnulífið í dreifbýli og freista þess að skapa ný atvinnufyrirtæki. Þetta er nauðsynlegt ef forða á því að heilu byggðarlögin fari í eyði. Stjórnvöld hafa rökstutt ákvarðanir sínar um framkvæmdir, t.d. í samgöngumálum, með því að nýta eigi fjármuni sem komið hafa eða eiga að koma í ríkissjóð vegna sölu á ríkiseignum til að styrkja byggð í landinu. Það er ekki sjálfsagt mál að allir þessir fjármunir sem nú stefnir í að fáist fyrir sölu ríkiseigna fari í samgöngumannvirki á einu landsvæði. Þessa peninga má ekki síður nota í menntamál en samgöngumál.

Nú þarf að bregðast við af myndugleik og verulegum krafti til að ójafnvægi milli landsvæða í dreifbýli skapi ekki nýjan vanda í byggðarlögum sem eiga í nægum vanda fyrir. Mótvægisaðgerðir eru þess vegna bráðnauðsynlegar og ákvarðanir um þær þarf að taka strax á þessu hausti. Það hefði þurft að taka ákvarðanir af þessu tagi fyrir ári síðan. Þá hefði verið réttasti tíminn til að fara í aðgerðir eins og hér er talað um en það er svo sem ekki of seint enn þá.

Ég hef tekið eftir því að sumir tala um þessa tillögu okkar og gefa henni einkunn eins og kjördæmapot eða eitthvað slíkt. Ég vil fara nokkrum orðum um það. Málið er að á Alþingi Íslendinga hafa menn tekið ákvörðun um að hafa kjördæmi í landinu. Það leggur þær skyldur á herðar þingmönnum að velta fyrir sér búsetumöguleikum og framtíð byggðar í þeim kjördæmum sem þeir eru kosnir fyrir.

Með því fyrirkomulagi sem áður var þóttust menn sjá mikinn mun á því hvort kjördæmi ættu ráðherra í ríkisstjórn eða ekki. Ég held að það sem menn gætu kallað kjördæmapot í gegnum tíðina hafi mikið tengst því hvort viðkomandi kjördæmi áttu menn í ráðherraliði ríkisstjórnar.

Á síðasta kjörtímabili hagaði þannig til að í ríkisstjórninni sátu ráðherrar af því svæði sem við köllum núna Norðausturkjördæmi. Þeir voru fleiri en á því svæði sem við köllum Norðvesturkjördæmi. Mér sýnist að þeir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna sem hefðu þá átt að gæta hagsmuna þess svæðis sem við köllum Norðvesturkjördæmi hafi ekki aldeilis staðið sig sem skyldi, hafi hreinlega setið eftir með svartapétur í viðskiptunum við hina þingmennina og ráðherrana í ríkisstjórninni sem áttu aðild að ákvörðunum um það að koma á hinu mikla byggðaátaki á norðaustursvæðinu. Þetta er kannski ekki mjög frjó umræða sem ég er að fara orðum um en það er ekki hægt að horfa fram hjá því að ríkisstjórnin sem sat síðasta kjörtímabil hafði greinilega ekki í huga eitt augnablik að það gæti myndast slíkt ójafnvægi í byggðamálum vegna ákvarðana hennar, eins og í stefnir núna. Þótt þessi þáltill. hafi verið flutt á síðasta hausti var ekki hlustað frekar en oftast nær þegar stjórnarandstaðan bendir á veilur og vanda sem ríkisstjórnin hefur skapað. Það hefði betur verið gert því að það er augljóst mál að þar mun aukast vandi, og það á ekki bara við um Norðvest. heldur líka um hinar dreifðu byggðir annars staðar, líka þær sem ekki munu njóta góðs af þessum ofurframkvæmdum sem núna eru fyrirsjáanlegar. Þetta þurfa menn auðvitað að horfast í augu við.

Við sjáum núna að í sjávarþorpunum, bæði á Austurlandi og Vestfjörðum, eru komin upp veruleg vandamál vegna fyrirkomulagsins í sjávarútveginum sem hefur verið deilumál í gegnum tíðina. Þessi byggðarlög munu ekki njóta neins í þeim fyrirrætlunum sem eru uppi í byggðamálum, a.m.k. hafa þeir sem talað hafa fyrir ríkisstjórnarflokkana kallað þetta átak í byggðamálum, allar þessar framkvæmdir sem í stefnir núna á norðaustursvæði landsins.

Okkur sem höfum það hlutverk að tala fyrir Norðvest. hefur verið bent á að það standi aldeilis til að fara í framkvæmdir í Hvalfirði. Það er líka rétt en það mun ekki bjarga einu eða neinu hvað varðar byggðarlögin á Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra. Ég held að það fari best á því að þingmenn á hv. Alþingi fari að líta á stöðu sína sem fulltrúa fyrir allt landið þegar verið er að fjalla um byggðamálin en ekki sem varðhunda fyrir einhver ákveðin svæði. Það kann vel að vera að einhver brosi að því eftir þá ræðu sem ég hef verið að halda en menn hafa ekki haft heildarsýn í huga þegar ákvarðanirnar voru teknar og þá hlýtur að þurfa að halda ræður af þessu tagi og benda mönnum á það, flytja tillögur og reyna að fá menn sem hér stjórna málum til að skoða þau upp á nýtt.

Satt að segja hef ég miklar áhyggjur af ýmsum byggðarlögum á landinu og ég held að það sé full ástæða til þess. Það er ekki bara, eins og ég sagði áðan, á Norðvesturlandi, það er líka á öðrum stöðum. Það þarf heildarendurskoðun á þeirri stefnu sem uppi hefur verið hvað varðar sjávarútveginn og hvað varðar landbúnaðinn til þess að fólk geti séð fyrir sér einhverja framtíð í sumum af þessum byggðarlögum. Það er satt að segja ekki mjög björgulegt fram undan í landbúnaðinum og sérstaklega sauðfjárræktinni. Ekki virðist bóla á neinum hugmyndum um breytingar á landbúnaðarstefnunni. Þaðan af síður bólar á hugmyndum frá þessari ríkisstjórn um breytingar á sjávarútvegsstefnunni þannig að þeir sem búa í byggðarlögunum við sjávarsíðuna sjá enga framtíð þar. Því skyldi fólk vilja búa á stað þar sem menn geta ekki látið sér detta í hug að hægt sé að byggja upp ný fyrirtæki í aðalatvinnuveginum, sjávarútveginum? Og því skyldu menn sitja á jörðum í strjálbýlum sveitum ef þeir sjá ekki fram á að hægt sé að framfleyta sér á aðalatvinnuveginum þar? Það er auðvitað vandi fólks sem á heima á þessum svæðum að spá í þessa framtíð og taka ákvarðanir í því myrkri og þeirri móðu sem er uppi vegna þess að það er ekkert hægt að átta sig á því hver framtíðin á að vera. Það eina sem menn hafa fyrir sér er það hvernig málin standa, hver stefnan hefur verið, en þá vita menn líka að ef hún heldur áfram er ekki mikil von um að þessar byggðir nái sér aftur á strik.

Ég tel mögulegt þó að seint sé að gera hluti sem skipta máli og það sé mjög þarft að menn fari yfir þessi mál sem hér er verið að nefna með það fyrir augum að reyna að hamla á móti þeim vanda sem upp er kominn og mun koma upp á næstu missirum. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[17:52]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Við í Frjálsl. getum tekið undir þessa þáltill. og ég hef lengi furðað mig á aðgerðaleysi kvótaflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., í byggðamálum. Því miður höfum við dæmi víða um land um að sjávarbyggðir og hinar dreifðu byggðir standi illa. Bæði hafa verið uppi umræður um þorpið á Bíldudal og svo Raufarhöfn. Ég hef ekki heyrt af neinum sérstökum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til að rétta þessum byggðum hjálparhönd. Ef svo er fyndist mér að einhver stjórnarliði ætti að koma hingað í ræðustól og greina okkur frá þeim. En fólkið í sjávarbyggðunum þarf ekki fleiri skýrslur eða markvissa fundi. Það þarf einhverjar aðgerðir, raunverulegar aðgerðir. Og þá þarf hæstv. ráðherra byggðamála að horfast í augu við raunverulegan vanda sjávarbyggðanna.

Því miður er sú ekki raunin. Það kom fram í umræðum á þingi um daginn að það væri eins og hæstv. byggðamálaráðherra væri í afneitun, þ.e. neitaði að horfast í augu við raunverulegan vanda byggðanna og neitaði að horfast í augu við það að kvótakerfið hefur leikið byggðirnar grátt. Þar valdi hæstv. ráðherra að vitna í þriggja ára gamla skýrslu máli sínu til stuðnings þótt augljóst ætti að vera öllum sem velta þessum málum fyrir sér að kvótakerfið hefur farið illa með byggðir víða um land. Ég sakna þess að sjá ekki hæstv. ráðherra í salnum og það er raunar enginn hv. þm. stjórnarflokkanna í salnum ef frá er talinn virðulegur forseti. Sýnir

þetta í rauninni áhuga þessara kvótaflokka á byggðamálum? Er þetta lýsandi dæmi um það? Ætla þau ekkert að taka þátt í þessari umræðu? Eru þau alveg stikkfrí?

Satt að segja átti ég ekki von á því að þau tækju mikinn þátt í umræðu um byggðamál því að þetta er mál sem þeim þykja erfið og þau vilja flýja. Þau vitna gjarnan í þetta álver fyrir austan en síðan á allt annað að gleymast, byggðirnar á Vestfjörðum, byggðirnar á Norðausturlandi. Ég spyr: Er þessum flokkum nákvæmlega sama hvernig fer um þessar byggðir?

Það er alveg rétt sem kemur fram í þáltill. sem við höfum hér til umfjöllunar, sjávarbyggðirnar þurfa fyrst og fremst að fá atvinnufrelsi á ný og fá að nýta nálæg fiskimið. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. ber mesta ábyrgð á ástandinu eins og staðan er nú og því að hafa gert atvinnurétt þessara byggða að söluvöru. Ríkisstjórninni ber að bæta fyrir það tjón sem ástandið hefur valdið þessum íbúum og sem hefur valdið mörgu fólki búsifjum. Bæði hefur það lækkað verðið á eignum þeirra og síðan komið í veg fyrir að fólkið hafi getað sótt vinnu. Ég er sannfærður um að sjávarbyggðir, svo sem á Bakkafirði, Grímsey, Þingeyri og Bíldudal, séu þjóðhagslega hagkvæmar. Það er mjög hagkvæmt að sækja á nálæg fiskimið og hætt er við að staðbundnir stofnar verði vannýttir nema fólk búi á þessum stöðum.

Á síðustu 10 árum hefur fólki fækkað gífurlega á landsbyggðinni. Á Norðurlandi vestra hefur fólki fækkað um 1.100, þ.e. um 10%, á Vestfjörðum um 18%, 1.700 manns. Á Vesturlandi hefur líka fækkað ef litið er fram hjá þeirri fjölgun sem hefur átt sér stað á Akranesi. Í kjördæmi hæstv. byggðamálaráðherra hefur einnig orðið fækkun ef litið er fram hjá þeirri fjölgun sem hefur orðið á Akureyri, eða um heilt þúsund sem hefur fækkað í kjördæminu. Þá á ég við Norðausturland. Þessar tölur tala sínu máli og það er kominn tími til þess að hæstv. byggðamálaráðherra fari að opna augun og grípi til raunverulegra aðgerða, viðurkenni vandann og orsök hans.

Virðulegi forseti. Við í Frjálsl. höfum lagt fram fjölmargar tillögur til þess að laga stöðu landsbyggðarinnar og oftar en ekki hafa fáir og stundum engir hv. þm. stjórnarinnar tekið þátt í þeim umræðum. Þær hafa verið fjölmargar, allt frá því að leyfa fólki að draga bein úr sjó, gefa því tækifæri til að draga ferðakostnað frá skattstofni og til þess að fara yfir það hvort hægt sé að lækka raforkuverð til fyrirtækja á landsbyggðinni sem er 30% hærra en raforkuverð fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. En aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa verið í þveröfuga átt. Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir hækkun á þungaskatti sem hefur hækkað vöruverð á landsbyggðinni og skert samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja þar. Síðan hefur ríkisstjórnin svikið kosningaloforð sem átti að koma hinum dreifðu byggðum sérstaklega til góða og þá á ég við línuívilnunina en hún átti að koma til framkvæmda strax í haust. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lofaði þessu hátíðlega á fundi á Ísafirði. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson lofaði þessu í grein og hv. þm. Halldór Blöndal, þingforsetinn, lofaði því í blaðagrein í Morgunblaðinu en nú virðist sem allir þessir menn vilji að sem allra minnst sé minnst á línuívilnunina sem átti að koma þessum byggðum sérstaklega vel.

Í fjárlagafrv. sjáum við síðan að það eru skert fjárframlög til framhaldsskóla á landsbyggðinni. Síðast en ekki síst er algjör óstjórn í landbúnaðarmálum. Ríkisstjórnin stendur hér fyrir ríkishagræðingu, engir útreikningar fylgja því hvort þessi hagræðing skili nokkrum ávinningi. Það er verið að flytja allt sláturfé í útflutningshús og það gefur augaleið að sláturkostnaður er mun hærri í þessum útflutningshúsum en í þeim húsum sem verið er að leggja af. Sá sem ber ábyrgð á þessari byggðaröskun er ríkisstjórnin og hún verður að fara að taka sig saman og horfast í augu við ástandið: Ætla mennirnir að gera eitthvað eða ætla mennirnir bara að horfa á?

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Búseta geðfatlaðra, 243. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 263.

Búsetuúrræði fyrir geðfatlaða, 242. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 262.

Greiðsla örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum, 245. mál, fsp. PHB, þskj. 265.

Heilbrigðisþjónusta, 238. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 258.

Heilbrigðisþjónusta við útlendinga, 241. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 261.

Heilsugæsla í framhaldsskólum, 239. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 259.

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, 240. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 260.

Nám í hjúkrunarfræði, 236. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 256.

Starfsemi sjúkrasjóða, 244. mál, fsp. PHB, þskj. 264.

Ungir langlegusjúklingar, 237. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 257.

Örorkulífeyrir, 246. mál, fsp. PHB, þskj. 266.

[18:01]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu var flutt á síðasta þingi eins og fram kom í máli málshefjanda, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hún er hér endurflutt í þeirri veiku von flytjenda að það megi þoka stjórnarliðum til þess að hyggja að hinum stórkostlegu vandamálum á vissum svæðum landsins.

Ég ætla sérstaklega að vekja athygli á því að vandamálin sem við er að etja víða úti á landsbyggðinni eru til komin einmitt vegna aðgerða ríkisvaldsins og get ég þar talið upp fjölmarga þætti. Fiskveiðilöggjöfin er stjórnvaldsaðgerð sem hefur haft mjög mikil áhrif til hins verra t.d. fyrir byggðir á Vestfjörðum. Samningur um sauðfjárrækt er algerlega misheppnaður og kemur mjög hart niður á sveitum landsins. Sveitarfélögin eru veikburða og það er m.a. vegna þess að ríkisvaldið hefur lagt á herðar sveitarfélaganna verkefni án þess að á móti komi nægilegt fjármagn. Verkefni eins og t.d. yfirtaka skólanna gekk vel fyrir sig vegna þess að það var sannfæring beggja að sveitarfélögin mundu standa vel að verki eins og sýnt hefur verið fram á. Ríkisvaldið hafði hins vegar sparað og dregið saman í rekstri grunnskólanna til margra ára og það hefur komið í hlut sveitarfélaganna með tilheyrandi kostnaði að byggja starfsemi grunnskólanna aftur upp.

Núna á síðustu dögum er verið að hækka bensíngjald og þungaskatt sem mun koma sérstaklega hart niður á landsbyggðinni. Það er verið að lækka hátekjuskatt lítils háttar. Það er aðgerð sem mun næstum örugglega gagnast mest hér á höfuðborgarsvæðinu eða á þeim stöðum landsins þar sem ástandið er gott.

Það er alveg ljóst að eitt af því besta sem hægt er að gera til hagstæðrar þróunar er að bæta samgöngur. Á Vestfjörðum eru samgöngur með fádæmum og þar bíða mjög stór verkefni, t.d. að tengja Suður- og Norður-Vestfirði þannig að Ísafjörður geti í raun orðið sú þjónustumiðstöð sem því

sveitarfélagi er ætlað að vera, ekki aðeins fyrir norðurfirðina heldur einnig fyrir suðurfirðina. Það þarf einnig að tengja Dalina og Húnavatnssýslu en það er samvinna milli Dalamanna og Húnvetninga um úrvinnslu landbúnaðarafurða sem er báðum aðilum mjög mikilvæg. Um vetrartímann neyðast t.d. mjólkurbílar til að keyra alla leið í Borgarnes eða þar fram hjá til að komast í Búðardal með afurðir sínar í staðinn fyrir að fara yfir Laxárdalsheiði eins og hægt er yfir sumartímann.

Hafin er uppbygging Þverárfjallsvegar milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðar og það er þörf á því að hraða þeirri framkvæmd. Sú framkvæmd er einmitt gullið dæmi um það hvernig samgöngubætur geta orðið til góðs. Það eru nú þegar uppi miklar umræður um samstarf þeirra sveitarfélaga í atvinnumálum sem eru beggja vegna í Húnavatnssýslum, þ.e. Skagastrandar og Blönduóss og sveitanna þar í kring og sveitarfélagsins Skagafjarðar hins vegar. Það er talað um daglegan akstur bæði í framhaldsskólann á Sauðárkróki og eins er Hólaskóli með kennslu á háskólastigi bæði á Sauðárkróki og á Hólum sem verður auðvelt fyrir íbúa Austur-Húnavatnssýslu að nýta sér eftir að þessi vegur verður kominn í gott lag.

Það er mikil þörf á því að gera stórátak í menntamálum á landsbyggðinni, ekki síst í Norðvesturkjördæmi þar sem menntunarstig er því miður með því lægsta sem gerist á landinu. Þar með er grundvöllur fyrir flutningi ýmissa atvinnutækifæra sem við svo gjarnan viljum sjá úti á landi, þar sem krafist er meiri menntunar, veikari en ella. Það dugar því ekki að geyma þessa uppbyggingu í lengri tíma en nú er orðið.

Eins og fram hefur komið í máli þeirra ræðumanna sem talað hafa fyrr í dag er tíminn að renna frá okkur. Þessum byggðum sem við erum þingmenn fyrir, við þrjú sem talað höfum til þessa, er að blæða út mörgum hverjum. Og það dugir ekki að bíða fimm, sex, sjö eða tíu ár þar til bylgjan sem er að fara af stað núna með framkvæmdunum fyrir austan hefur hjaðnað. Ekki nema menn vilji virkilega sjá þessum byggðum blæða út, það kann að vera. Ég segi stundum, herra forseti, að aðgerðaleysi sé líka aðferð, það er aðferð að aðhafast ekki neitt. Því miður, herra forseti, hef ég grun um að það eigi t.d. ekki að aðhafast neitt í málefnum byggðanna á suðurhluta Vestfjarða. Ég sé þess satt að segja engin merki, því miður, herra forseti. Og þetta er stefna, ég legg á það áherslu. Með þessu móti er náð fram ákveðnum málum.

Ég ætla að leyfa mér að vona, herra forseti, að þessi grunur minn sé rangur og stjórnarliðar og ríkisstjórnin hafa tækifæri til að sýna fram á að svo sé og ég ætla rétt að vona að þeir geri það.

[18:08]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þessa þáltill. um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum. Ég get í sjálfu sér stutt það að menn fari í slíka vinnu sem hér er lýst eina ferðina enn, en ég verð þó að segja það að mér finnst að hv. þm. sem hér hafa talað séu nú fullóraunsæir í málflutningi miðað við þá stöðu sem uppi er, vegna þess að ákvörðunartaka um stóriðju, bara það eitt, í umræðu um hana, kom í raun fram stór hluti af því sem er að gerast og hv. þm. lýsa áhyggjum yfir núna. Mikið innstreymi fjár og stórar framkvæmdir. Það var vitað fyrir fram að það mundi halda uppi gengi og bara það eitt að ætla að fara t.d. í Hvalfjarðaruppbygginguna líka, er samkvæmt bestu manna yfirsýn talið að muni styrkja gengið enn frekar, líklega um 3%. Menn verða að átta sig á því að ein ákvörðunartaka leiðir e.t.v. til blóðtöku á öðrum stöðum.

Hver er svo afleiðingin? Gengið hefur haldist mjög hátt alveg frá því að menn eygðu að möguleiki væri á þessum stóru framkvæmdum fyrir austan. Þannig að hér höfum við um margra mánaða skeið verið með gengi sem er óraunverulega hátt, byggt á væntingum áður er raunverulegar framkvæmdir hófust, því að þær eru rétt um það bil að fara í ganga núna. Við höfum allan tímann vitað að þetta mundi taka langan tíma. Nú erum við að horfa á afleiðingarnar og ég tala um raunsæi. Við vitum hvaða kerfi við búum við í sjávarútveginum. Við vitum að staðan í sjávarútveginum er þannig núna að þar er varla borð fyrir báru. Við vitum hvað menn gera þá miðað við þá stöðu sem uppi er, menn hagræða enn frekar. Þar eru möguleikar um frekari samruna fyrirtækja. Og hvað eru menn að gera? Þeir eru akkúrat að sameina.

Það er ekkert sem kemur á óvart í því ferli sem hér er verið að lýsa í þessum stóru málum. Það eru margir sem eru svo svartsýnir og tala um að þetta uppsveifluferli vegna þessara stóru ákvarðana verði svo erfitt sjávarútvegnum að hagræðingin stöðvist ekki bara við Akureyri heldur verði hagræðingin þess eðlis að við munum horfa fram á útgerð að langmestu leyti bara á einum stað á landinu.

Þessi umræða fór öll fram þegar við ræddum uppbyggingaráform í stórum skala í stóriðju. Og við erum að sjá byrjunina á þessu núna, hraðari og þyngri með hverju missirinu sem líður. Hvað er til ráðs? Ekki er það bara sjávarútvegurinn, vegna þess að við vitum nákvæmlega hvað átti sér stað og á sér stað í landbúnaðinum. Hv. þm. hafa lýst þeim ömurleika sem þar blasir við. Þar er hagræðingarferli í gangi og menn tala um þrjú stór sláturhús þar sem e.t.v. ætti að fara þveröfuga leið og hafa minni og færri sláturhús og nærri uppruna. Ég er auðvitað hlynntur því að menn geri úttekt á þessu og það er alveg nauðsynlegt að fara ofan í það.

Það var líka öllum ljóst fyrir mörgum missirum að uppbygging í svína- og kjúklingaframleiðslu væri algjörlega á óraunhæfum nótum. Enda er hverjum manni ljóst að það eru bankarnir sem halda fyrirtækjunum gangandi og fyrirtækjum sem eru í samkeppni við hefðbundinn landbúnað — og þá ekki síst sauðfjárframleiðsluna — svo hundruðum millj. kr. skiptir. Ekkert er afskrifað. Þetta vitum við öll. Þessu höfum við öll gert okkur grein fyrir en það hefur ekki verið vilji til að taka á því. Bankarnir sullast áfram með þessi fyrirtæki og hefðbundnu greinunum blæðir. Þetta er ískaldur raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir.

Gengismálin, sem afleiðing af þessari gríðarlegu innspýtingu, hafa auðvitað stór áhrif og eru farin að hafa það. Mér finnst ekki sanngjarnt að þeir sem styðja það að fara í stóriðju eða uppbyggingaráform, í þeim skala sem hér um ræðir, geri sér ekki grein fyrir afleiðingunum. Það kaupi ég bara ekki vegna þess að öll þessi umræða fór fram hér svo klukkutímum skipti. Það var talað um ruðningsáhrif, það var talað um að það þyrfti að kortleggja hvernig þetta mundi eiga sér stað, meira að segja var lögð fram þáltill. um að það ætti að senda menn út af örkinni til þess að skoða hvernig ruðningurinn færi fram. Þetta var allt vitað, menn gerðu sér grein fyrir þessu öllu.

En það má enn eina ferðina skoða og velta fyrir sér tillögum. Og það er auðvitað, eins og fram kom hjá sumum hv. þm. sem hér hafa talað, hægt að fara í hluti af ýmsu tagi sem

stöðva þessa þróun. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir benti réttilega á að stóru póstarnir eru náttúrlega opinber þjónusta sem er þó staðsett á landsbyggðinni og við getum farið línuna. Ef við tölum um Norvesturkjördæmi alveg frá Sauðárkróki, suður um og niður á Akranes er auðvitað hægt að bæta stöðu þessara aðila, skólanna, sjúkrahúsanna og annarrar opinberrar þjónustu á svæðinu. Það mun ekki leiða til þenslu. Það mun minnka flutning af svæðunum og inn á höfuðborgarsvæðið því að þessi þjónusta er byggð upp og þarf miklu meira fé hér vegna þess að hún er svelt úti á landi sem leiðir síðan til fólksflutninga suður. Þetta er vinna sem er tiltölulega auðvelt að fara í en menn hafa ekki viljað fara í hana.

Síðan söngurinn um uppbyggingu Akureyrar. Vita menn hvað fór í það stóra dæmi? Það fóru 20 millj. kr. sem átti að nota til að skipa nefndir um hvernig ætti að fara í málið. Það er allt og sumt. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, stofnanir þar náðu ekki, frekar en á Sauðárkróki eða Akranesi eða annars staðar, að draga miðað við það sem aðrir fengu, sérstaklega höfuðborgarsvæðið. Sjúkrahúsin hér fengu massa framlög meðan að aðrir fengu hlutfallslega miklu minna. Til hvers leiðir það? Það leiðir til þess að þjónustan fer hingað, meira að segja sjúklingarnir fara hingað. Svona mál er hægt að fara í á þessu þenslutímabili á auðveldan hátt og náttúrlega vegagerðarmálin líka. En ég vil og eiginlega krefst þess að menn horfi raunsætt á þær afleiðingar sem verða af því þegar menn taka svona stórar ákvarðanir eins og uppbyggingu af því tagi sem við erum að fara í núna fyrir austan. Það var allt fyrirséð. Það átti ekki að koma nokkrum manni á óvart, virðulegi forseti.

[18:16]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig eiginlega ekki á því hvert hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson er að fara. Er verið að segja að ef gengið lækkar þá verði engin hagræðing og ef gengið hækkar þá verði hagræðing í sjávarútvegi? Ég kaupi ekki þessi rök.

Staðreyndin er sú að fiskvinnsla hefur færst út á sjó þrátt fyrir að það sé mjög óhagkvæmt þjóðhagslega. Það er vegna þess að fiskveiðistjórnarkerfið hefur hvatt til þess og það hefur bitnað á fiskvinnslu í landi og á byggðunum sem hafa haft tekjur af því að vinna fisk.

Ég skil ekki heldur að það sé einhver hagræðing að því að flytja alla slátrun í stærri útflutningshús vegna þess að kostnaður við slátrun á hvert kíló í stærri húsunum er hærri. Það er staðreynd. Meiri kostnaður fylgir því. Varðandi hagræðinguna sem við höfum verið að tala um og bylur á okkur sí og æ þá liggja engir útreikningar fyrir í þessari skýrslu ríkisstjórnarinnar um hagræðingu í sláturhúsum um að þetta sé eitthvað betra. Öll rök hníga að því að sláturkostnaðurinn verði hærri. Sama er að segja um fiskvinnslu úti á sjó. Það liggur bara fyrir að við frystingu á fiski úti á sjó lækkar verðið um tugi prósenta.

[18:18]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. áttar sig nú á því að ég er ekki talsmaður þessarar hagræðingar. Ég var bara að lýsa því hvernig hlutirnir væru. Staðreyndin er sú að við fáum um 78 kr. fyrir dollarann þegar útflutningsatvinnuvegirnir þyrftu að vera í þeirri stöðu að fá kannski 90–95 kr. Það er bara staðan. Þetta gildir um bændur líka. Þar af leiðandi lenda þessi fyrirtæki í erfiðleikum, fyrst og fremst í sjávarútvegi, sem framkalla og ýta mönnum út í hagræðingu. Ég ætla ekki að ræða það hér og hafa vit á því hvort hún er réttmæt eða ekki. En þetta eru bara staðreyndir málsins. Þeir sem eru í útgerð segja það fullum fetum að vegna þess að krónan sé svona sterk þá sé framlegð fyrirtækjanna minni og þeirra svar við því er meiri hagræðing. Það þýðir á mannamáli fækkun og stækkun fyrirtækja. Þetta eru bara hlutir sem eru að gerast.

Ég er ekki að lýsa því hvað mér finnst að eigi að gera. Ég hef talað fyrir sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í mörg ár og hún byggir á allt annarri hugmyndafræði. En ég er að tala út frá því hvernig landið liggur í dag og hvernig hlutirnir eru og hvernig þeir blasa við okkur. Rækjuiðnaðurinn t.d. þolir ekki þessa stöðu krónunnar. Menn eru í miklum vandræðum þar. Sumir eru að tala um að rækjuvinnslu hér verði jafnvel hætt. Svona eru þessi mál og það er þetta sem hér er rætt um sem ruðningsáhrif vegna ákvörðunartöku um annars konar uppbyggingu í landinu á stórum skala. Þannig blasir þetta við. Menn verða að horfast í augu við þessar afleiðingar því að þær eru svona. En það þýðir ekki að ég sé sammála þeim, aldeilis ekki. Ég tjáði mig ekki um slíkt enda byggir pólitík mín og flokks míns á allt annarri hugmyndafræði en hér er á ferðinni.

[18:20]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo virðist sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson gleypi þessa hagræðingarsíbylju hráa. Það sem ég var að segja áðan er að í raun og veru á engin hagræðing sér stað heldur er verið að auka kostnaðinn og þjóðhagslega er þetta óhagkvæmt.

[18:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur er hv. þm. að misskilja og snúa út úr málflutningi mínum. Ég er ekkert að gleypa neina hagræðingarsíbylju. Ég er að segja hvernig málin blasa við. Ég er að segja það sem menn í greininni eru að tala um. Ég á ekki Brim. Ég stjórna því ekki. Þeir menn sem það eiga stjórna þar. Það er þeirra ákvörðun. En ég hlusta og geri mér grein fyrir því hvert þeir stefna með sín mál og það er það sem ég er að draga fram og lýsa.

[18:22]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson virðist vera dálítið bitur eftir umræðuna um stóriðjuna á síðasta kjörtímabili. Hann talar um að þetta sé óraunsæi og það hafi verið rætt um þetta allt í þeirri umræðu. Málið er að mínu viti svolítið rangfært og snúið með þessari framsetningu. Við lögðum þessa þáltill. fram sem vorum á þingi fyrir Samfylkinguna á sl. hausti. Við töldum og teljum meira að segja enn að það sé hægt að bregðast við og koma í veg fyrir sum af þeim vandamálum sem annars koma upp. Við erum ekki að tala um að láta fara fram einhverja athugun eða eitthvað slíkt. Tillögugreinin gengur út á það að Alþingi feli ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi aðgerðaráætlun sem hafi það að markmiði að draga úr þessu ójafnvægi. Við bendum á hluta af þeim möguleikum sem þar væru til staðar.

Ég held að þetta sé nokkuð einfalt og ljóst. Ég verð að segja að ég harma að menn skyldu ekki taka á þessu máli strax í haust sem leið. Mér finnst eiginlega ekki að ég ætti að þurfa að þræta við hv. þingmann um þennan hluta málsins. Þó svo að menn hafi farið yfir afleiðingar þess hvað gæti gerst ef þessi stóriðja yrði að veruleika fyrir austan þá er

náttúrlega líka eðlilegt að þeir geri þá kröfu að reynt sé að koma í veg fyrir afleiðingar sem mögulegt er að koma í veg fyrir eins og við teljum alveg hiklaust að hægt sé að gera.

[18:24]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara viðurkenna það fyrir hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að auðvitað er maður gramur yfir því að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa brugðist við í kjölfar ákvarðanatöku um þessar framkvæmdir. Þannig eru málin bara og þetta var náttúrlega rætt í þaula. Það er búið að ræða þessi áform í fjögur ár. En hafi hv. þm. Jóhann Ársælsson hlustað vel á ræðu mína áðan þá undirstrikaði ég það einmitt að nauðsynlegt væri að fara í þá vinnu sem hv. þm. var að tala um. Ég styð það heils hugar. Ég nefndi í því dæmi rekstur á opinberum stofnunum, vegagerð o.s.frv. Auðvitað viljum við fara í þá vinnu. Ég lýsti stuðningi við tillöguna hvað það varðar en vildi undirstrika þessa forsögu sem ég tel að sé mjög mikilvæg og gera grein fyrir þeim vandræðum sem við erum í, hver blóðtakan er, hver ruðningsáhrifin eru að verða. Það held ég að sé mjög mikilvægt í þessari umræðu þannig að það er það sem ég vildi draga fram. Þáltill. sem slík er fín og ég styð hana. Ég vil fara í þessa vinnu. Ég hrósaði hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir það sem hún nefndi í sambandi við opinbera þjónustu þannig að ég tel að enginn ágreiningur sé á milli okkar þó að ég hafi viljað draga það fram að við og sérstaklega hæstv. ríkisstjórn hefðum mátt sjá þessa hluti miklu meira fyrir en ekki láta þetta gusast yfir menn eins og hverja aðra kalda sturtu.

[18:26]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir þessa ræðu og reyndar hina líka, en alveg sérstaklega þessa af því að mér fannst andinn í henni miklu þekkilegri. Ég verð að segja það einu sinni enn að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að ríkisstjórnin skyldi ekki bregðast við strax síðasta haust því að þá voru möguleikarnir meiri til þess að vinna gegn þessum óheppilegum áhrifum. Ég er á þeirri skoðun að það hafi verið rétt skref að fara í þessa stóriðju fyrir austan og ég studdi það. Ég stend við það. En mér finnst hart að þurfa að horfa upp á að menn skuli ekki hafa vandað sig við framhaldið. Það hefur ekki verið gert. Ég bara vona af því að auðvitað verður maður að halda áfram að vona. Við í stjórnarandstöðunni verðum að benda á möguleikana og leiðirnar til þess að reyna að draga úr vandanum og það erum við að gera hér. Við erum að reyna að stunda jákvæða pólitík hvað þetta varðar með þessum tillögum okkar þó að sandurinn renni hratt úr stundaglasinu. Verulegt svigrúm var til staðar og svigrúm er til staðar enn þangað til mesta spennan myndast vegna framkvæmdanna sem fram undan eru og þann tíma á að nota.

[18:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki svo miklu við þetta að bæta. Ég tel að við séum í öllum meginatriðum sammála. En af því að við sem hér höfum talað erum öll fulltrúar Norðvesturkjördæmis þá verður að draga strax fram svo að menn séu ekki alltaf á svörtu nótunum að auðvitað á þetta svæði alveg gríðarlega möguleika og ekki hvað síst á grunni þess að þar eru þrír háskólar sem gefa svæðinu gríðarlega möguleika í framtíðinni. Hvanneyri er kannski frumkvöðull á leið til nýrra landbúnaðarhátta eða nýsköpunar í landbúnaði. Miklar vonir eru bundnar við slíkt. Þarna eru gríðarlegir möguleikar. Ég mun leggjast á sveif með öllum góðum verkum til að milda þau áhrif sem ég lýsti í fyrri ræðu minni og reyna að koma málum þannig fyrir að fólk geti búið við velsæld á öllum þessum svæðum. Auðvitað er það það sem við viljum hvort sem það er á grunni opinberrar þjónustu svo sem vegagerðar eða skólanna eða stuðnings við sveitarfélög o.s.frv. Það þarf svo sem ekkert við þetta að bæta frekar. Ég held að gott sé að fara í þessa vinnu á grunni þessarar þáltill. og auðvitað verðum við að milda áhrifin af því sem ég lýsti í fyrri ræðu minni með einhverjum ráðum. Ég er sammála því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki lagt í þá vinnu af neinum myndarskap.

[18:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem komið hefur fram í ræðum hv. þingmanna í kvöld, að það rennur ansi hratt úr stundaglasinu hjá mörgum byggðum á Íslandi, því miður. Þetta hefur margoft verið til umræðu á hinu háa Alþingi og fluttar margar ræður um þessi mál á undanförnum árum.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir, um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, er svo sem góðra gjalda verð. Það er mikil slagsíða á byggðamálunum og mörg vandamál við að kljást. Ég hef oft hugleitt þetta og finnst oft og tíðum mikil þversögn að slík vandamál skuli til staðar. Þegar maður kemur út á land og í viðkomandi byggðir þá finnst manni skrýtið að fólk skuli flykkjast frá þeim. Þetta eru yndislegir staðir hvort sem um er að ræða þorpin eða sveitirnar. Það er gott að vera úti á landi og það verður stöðugt betra. Samgöngur eru alltaf að batna og farartækin alltaf að batna. Bílarnir eru alltaf að verða betri. Fólk finnur minna og minna fyrir einangrun, miklu minna en fyrir örfáum árum síðan. Við getum talað um nýjungar í tölvutækni, betri dreifingu á fjölmiðlaefni, t.d. sjónvarpi. Menn hafa þar gervihnattamóttakara. Það er farið að skipta voðalega litlu máli hvar fólk býr.

Landsbyggðin býr yfir mörgum kostum sem ég held að við ættum að hafa í huga. Ég held að það sé mjög mikilvægt að reyna að hlúa að landsbyggðinni fyrir framtíðina í þessu landi, fyrir komandi kynslóðir. Þessir staðir úti á landi, bæði sveitir og sjávarþorp, eru góðir til búsetu. Það er gott fyrir börn og ungt fólk að alast upp á þessum stöðum. Þarna er ódýrt húsnæði, oft og tíðum alveg ágætis húsnæði. Fyrir ungt fólk sem er að koma undir sig fótunum er alls ekki slæmur kostur að búa á þessum stöðum og ala upp börn þar, þar til þau komast til manns. Oft hefur það verið þannig að fólk er á þessum stöðum fyrstu 30–40, jafnvel 50 ár ævinnar og flyst síðan suður, í átt að höfuðborgarsvæðinu, jafnvel í takt við það þegar börnin fara að afla sér menntunar.

En hvað á að gera gegn ójafnvægi í byggðamálum? Ég tel að þetta sé ekki svo voðalega flókið, herra forseti. Ég mundi flokka vandann í þrjá þætti.

Í fyrsta lagi þarf að búa svo um hnútana að þessar byggðir fái notið náttúruauðlinda sinna, þeirra auðlinda sem þær búa að eftir því sem framast er kostur, á jafnréttisgrundvelli. Það eru þessar auðlindir sem gerðu það að verkum að byggð varð til á þessum stöðum, að fólk settist að á þessum stöðum og fór að búa þarna, að þar mynduðust þéttbýliskjarnar o.s.frv.

Í öðru lagi tel ég að stjórnvöld eigi að tryggja að góðar samgöngur séu á þessum stöðum og fjarskiptamál í lagi. Það er hlutverk stjórnvalda, að sjá til þess að vegir séu góðir, jafnvel flugsamgöngur, flutningar séu í lagi og fjarskipti í

lagi, þá er ég að tala um símasamband og líka tölvutengingar sem skipta sífellt meira máli.

Í þriðja lagi er það skylda stjórnvalda að sjá til að þessir staðir njóti viðunandi opinberrar þjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntunar. Gera þarf fólkinu á þessum stöðum kleift að sækja sér menntun, annaðhvort innan þess svæðis sem það býr á eða að svo verði búið um hnútana að fólk geti stundað fjarnám. Ég er í þessu sambandi að tala um framhaldsmenntun, framhaldsskóla eða jafnvel háskólanám.

Þetta eru þrír aðalþættirnir í þjónustunni við landmenn. Við í Frjálsl. höfum sett byggðamál mikið á oddinn. Ég hef flutt óteljandi ræður um þetta, sérstaklega í kosningabaráttunni. Tíminn leyfir að sjálfsögðu ekki að ég fari með alla þá rullu hér og nú.

Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að við tryggjum að byggðirnar fái aftur nýtingarréttinn og að atvinnuréttinn haldist í byggðunum. Atvinnuréttinn skiptir svo miklu máli. Hann býr til peninga á þessum stöðum, peninga sem fólk notar til þess að lifa af og fara í það að kaupa vörur og þjónustu á þessum stöðum, byggja þessa staði upp. Það skiptir mjög miklu máli.

Landbúnaðarhéruðin eiga t.d. í miklum vandræðum nú um stundir. Þar þarf virkilega að taka til hendinni. En ef við tökum sjávarþorpin meðfram ströndum landsins sem dæmi og skoðum Íslandskortið þá eru þau oft á tíðum þjónustumiðstöðvar fyrir næsta nágrenni, fyrir sveitirnar í kring. Ef sjávarbyggðirnar gefa eftir þá hrynur hitt líka. Þetta getur hrunið eins og spilaborg.

Ég vil taka fram að ég er sammála Jóhanni Ársælssyni um að það er ekki of seint að bjarga þessum stöðum. Það er enn þá hægt. Hins vegar þarf að hafa snör handtök. Því miður eru margar af þessum byggðum komnar að fótum fram en eins og ég benti á áðan er ofboðslega mikil þversögn fólgin í því. Ég tel að það ætti að vera skylda okkar stjórnmálamanna að fara vandlega yfir þessi mál.

Ég sakna þess t.d. mjög að sjá ekki stjórnarliða í salnum í kvöld. Af hverju vilja þeir ekki taka þessa umræðu við okkur? Þetta er umræða sem skiptir íslensku þjóðina miklu máli. Við verðum að vera á verði. Ég er ekki að tala um einhver stórfengleg ríkisfyrirtæki, langt í frá. Við eigum bara að búa svo um hnútana að lífvænlegt verði að búa í þessu landi, öllu landinu, alls staðar meðfram ströndinni, eins og verið hefur þar til fyrir svona 20 árum eða þar til sú ríkisstjórn sem nú situr tók við völdum.

Þetta er ekki voðalega flókið mál að laga. Ég mundi treysta mér til þess ef ég kæmist í valdastól að fara í þessi mál, taka til hendinni og kippa þessu í liðinn. Það væri ekkert voðalega flókið. En því miður er búið að búa svo um hnútana, m.a. með hræðilegum ákvörðunum hér í sölum Alþingis, að til eru orðin manngerð vandamál víða um land. Ég hef oft kallað þetta manngerðar náttúruhamfarir. Þetta er mjög slæmt og ekki aðeins sjálfra okkar vegna heldur líka vegna barna okkar og barnabarna, komandi kynslóða. Það er slæmt að við skulum markvisst brjóta niður byggð á Íslandi. Ég tel að land sem ekki er í byggð sé einskis virði. Ef við ætlum að geta selt Ísland sem ferðamannaland í framtíðinni þá þurfum við t.d. að hafa landið í byggð. Það sem ferðamenn vilja sjá þegar þeir koma til Íslands eru ekki bara fjöll og firnindi, ár og lækir. Nei, þeir vilja líka sjá mannlífið. Þeir vilja koma í þorp og sveitir og sjá hvernig fólkið í landinu býr.

Við getum sjálf bara gert okkur í hugarlund það sem við viljum skoða þegar við erum á ferðalögum erlendis. Við viljum kynna okkur mannlífið í þeim löndum sem við heimsækjum.

[18:37]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í lokin á þessari umræðu þakka þeim sem tóku þátt í henni. Ég sakna þess sárlega að stjórnarliðar skyldu ekki koma til leiks. Satt að segja finnst mér stundum ekki mikil virðing borin fyrir umræðunni, sem lýðræðið á að byggjast á, í þessum sölum. Því skyldu menn ekki mæta til leiks sem galvaskir fóru í gegnum kosningar með kosningaloforð sín og hugmyndir um hvernig ætti að stjórna landinu? Af hverju fara menn ekki yfir það með myndugum og góðum hætti? Hvaða hugmyndir hafa þeir um þau verkefni sem talað er um í þessari þáltill.?

Ég er á þeirri skoðun að það sé síður en svo of seint að taka á málum. Ég vil bara segja að stefnan, hvað varðar landsbyggðina, þarf að byggjast á því að styrkja verulega sveitarfélögin í landinu. Stjórnarflokkarnir hafa lýst því yfir að þeir stefni að því að fylgja eftir stækkun og eflingu sveitarfélaga á þessu kjörtímabili. Samtök sveitarfélaga í landinu hafa einnig þessa stefnu og ástæða er til að halda að það verði tekið á því máli. Mér virðist samt vanta dálítið upp á að menn ætli að fylgja því nógu fast eftir. Þar eru samt uppi fyrirætlanir sem gætu skipt miklu við að bjarga sumum svæðum.

Þau atriði sem hér hafa aðallega verið í umræðunni og ég sagði í fyrri ræðu minni að mestu máli skipti að taka á núna eru verkefni í vegamálum, í menntamálum og síðast en ekki síst að aflétta þeim hömlum sem eru á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum landsins. Að mínu viti er það langmikilvægasta atriðið hvað það varðar að byggð haldist um allt land. Sjávarþorpin eru ekki bara sjávarþorp, þau eru hluti af byggðatengingunni allt í kringum landið og eru nauðsynleg fyrir sveitirnar líka.

Við höfum ekki talað mikið um landbúnaðinn. Ég ætla svo sem ekki að gera það núna. En vandamálin eru til staðar bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Þau verða ekki leyst með því að tala um annað, eins og býsna oft hefur gerst í sölum Alþingis. Þessi erfiðu byggðamál sem uppi eru núna verða ekki leyst nema menn taki á vandamálum grunnatvinnuveganna á þessum svæðum, landbúnaðar og sjávarútvegs.

Ég er á þeirri skoðun að stjórnarandstaðan þurfi að gera fleiri tilraunir og trúi því að það hljóti að koma að því að lokum að stjórnarliðar mæti hér til leiks og fari yfir það hvernig þeir ætla að taka á þessum málum í framtíðinni. Þó að þeir hafi ekki lagt í þá umræðu núna munum við ekki gefast upp við reyna að fá þá í ræðustól til að fara yfir þessi mál. Við munum hlýða þeim yfir það í vetur og spyrja um hvað er fram undan. Það er náttúrlega á þeirra ábyrgð en auðvitað líka á okkar ábyrgð að benda á vandann og hvað hægt er að gera. Þeir sem styðja þessa ríkisstjórn bera hins vegar ábyrgð á því aðgerðaleysi sem er í gangi núna.

Ég vona að þingmenn sofi ekki alveg rólegir yfir þeim vanda sem er uppi í hinum ýmsu byggðarlögum landsins fyrr en þeir hafa a.m.k. komið sér upp stefnu sem þeir eru menn til að verja í sölum Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt staða þolenda kynferðisbrota, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 137. mál. — Þskj. 137.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5., 8. og 11.–15. mál.

Fundi slitið kl. 18:43.

19. FUNDUR

mánudaginn 3. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 143. mál, þskj. 143. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., frv., 41. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Bætt staða þolenda kynferðisbrota, þáltill., 137. mál, þskj. 137. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 191. mál, þskj. 193. — 1. umr.
9. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 214. — 1. umr.
10. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 215. — 1. umr.
11. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
12. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
13. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
14. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.
15. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.
16. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
17. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Fyrri umr.
18. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 247. mál, frv. EKG og ÖS, þskj. 267.

Bókasafnsskírteini, 187. mál, svar menntmrh., þskj. 244.

Tilkynning um afturköllun þingmáls.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég tilkynni að 148. mál, fyrirspurn á þskj. 148, er kölluð aftur.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Stækkun NATO.

[15:02]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í fjarveru hæstv. utanrrh. vil ég leyfa mér að beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. Hún varðar stækkunarferli NATO. Eins og kunnugt er hafa NATO-ríkin samþykkt að taka inn sjö ný aðildarríki. Þessi stækkun kallar hins vegar á það að þjóðþing allra 19 NATO-ríkjanna staðfesti þetta. Nú er svo komið að 11–12 NATO-ríki hafa þegar gengið frá þessari staðfestingu. Hins vegar hafa þrjú NATO-ríki satt að segja ekki hreyft sig í málinu. Þau eru Grikkland, Portúgal og Ísland.

Í ljósi þess að langstærstur hluti þingsins hefur verið meðmæltur þessari stækkun NATO og verið áfram um það að hún gengi hratt og vel fyrir sig — einkum og sér í lagi höfum við lagt á það áherslu að Eystrasaltsríkin þrjú kæmu inn í hið vestræna andrúmsloft, bæði með aðild að ESB og ekki síður NATO — þykir mér skjóta skökku við að við sitjum svona aftarlega á merinni. Mig langaði þess vegna að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hefði hugmynd um stöðu mála í utanrrn. í þessum efnum og hvort vænta mætti tillögu frá ráðherranum og ríkisstjórninni þessa efnis þannig að við gætum gengið frá málinu áður en það er komið í tímaþröng. En eins og kunnugt er þá er stefnt að því að þessi ríki verði fullgildir aðilar eigi síðar en næsta vor.

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir þessa spurningu. Málið liggur þannig fyrir að það hefur verið lagt fram eða kynnt í ríkisstjórn og eins fyrir þingflokkum stjórnarflokkanna og ég geri ráð fyrir því að hæstv. utanrrh. muni mæla fyrir málinu alveg á næstunni. Ég veit til þess að ráðuneytið er í sambandi við þingið um heppilegan tíma fyrir flutning á þessum málum og er viss um að það verður góður og mikill stuðningur við málið hér.

[15:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. forsrh. og fagna því að við getum gengið til verka í þessu mikilvæga máli og treysti því að hann sem oddviti ríkisstjórnarinnar ýti við utanrrh. í þessu efni og hann klári verk sín.

Seðlageymslur á landsbyggðinni.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að vísu ekki jafnstórbrotið viðfangsefni og stækkun NATO sem ég hyggst taka upp við hæstv. forsrh. heldur málefni sem varðar Seðlabanka Íslands. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh., þess ráðherra í ríkisstjórn landsins sem fer með málefni Seðlabanka Íslands.

Þannig er að nú fyrir skemmstu barst sparisjóðum og útibúum á landsbyggðinni bréf frá Seðlabankanum þar sem tilkynnt er um lokun á 16 af 22 seðlageymslum í landinu. Þessar 16 seðlageymslur eru að sjálfsögðu allar á landsbyggðinni. Seðlabankinn tilkynnir þetta án nokkurs samráðs við viðkomandi stofnanir en hefur að vísu unnið eitthvað

að málinu síðan í sumar með fulltrúum Samtaka banka og verðbréfasjóða.

Það sem þetta felur í sér, herra forseti, er án nokkurs vafa mikið óhagræði fyrir viðkomandi stofnanir og viðkomandi svæði. Þetta skerðir öryggi í dreifingu peningasendinga um landið og hér er verið að eltast við aura og að mínu mati kasta krónunni og örygginu. Það fyrirkomulag sem hefur verið við lýði er að Seðlabankinn fer um landið tvisvar á ári með sérútbúna bifreið og fjóra menn og fyllir á seðlageymslurnar. Þar eru síðan til staðar, í viðkomandi stofnunum, nægar seðlabirgðir til þess að sparisjóðir og bankar þurfi ekki sjálfir að halda umfangsmikla sjóði. Rekstrarkostnaður er sáralítill fyrir viðkomandi stofnanir til að annast hann.

Það sem þetta mun hafa í för með sér er að annaðhvort eða hvort tveggja verða viðkomandi stofnanir að fara að halda miklar seðlabirgðir, peningasendingar með pósti eða með öðrum hætti munu stóraukast og öryggi verður fyrir borð borið. Maður sér ekki hvaða tilgangi það þjónar að fara út í þessar breytingar til þess eins, að því er virðist, að spara fáeinar krónur. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi kynnt sér málið og ef ekki hvort hann sé tilbúinn til að gera það og beita sér við Seðlabankann um að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi ákvörðun Seðlabankans hefur ekki verið rædd sérstaklega við forsrn. og ekki við mig sérstaklega. Án þess að ég vilji fullyrða neitt geri ég þó ráð fyrir að þetta hafi verið tekið upp í bankaráði bankans þar sem fulltrúar kjörnir af Alþingi sitja. En vegna þess sem hv. þm. sagði síðast, er ég reiðubúinn til þess að setja mig sérstaklega inn í málið og kynna mér það en vil ekki lofa afstöðu fyrr en ég hef gert það, en vil gjarnan hafa samband við hv. þm. um það. Svo er ágætt að fá að deila við menn hér á íslensku.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér heyrist nú reyndar ekki að við séum að deila mikið, við forsrh., frekar en fyrri daginn, þó að það sé gjarnan sett þannig upp. Út af fyrir sig hefði verið gaman að hafa þessar samræður á dönsku svona í tilefni af tengslum okkar við þá ágætu þjóð.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og tel að þau séu eftir atvikum eins og við gat verið að búast. Ég fagna því að hæstv. forsrh. kynni sér málið og hafi samband við Seðlabankann. Að sjálfsögðu er ekki spurt með því hugarfari að forsrh. eigi að vera með nefið ofan í einstökum ákvörðunum Seðlabankans um rekstur og þjónustu en hér er um ákveðið grundvallaratriði að ræða. Það er um þjónustu þessa miðlæga banka við fjármálastofnanir vítt og breitt um landið og það er mál sem kemur okkur öllum við. Þetta er líka byggðamál og ríkisstjórnin fer með það og það væri alveg ástæða til að hæstv. iðn.- og viðskrh. sem fer með byggðamál væri jafnframt hafður með í ráðum í þessum efnum. Þetta er spurning um þá þjónustu sem landsmenn njóta og stofnanir af þessu tagi án tillits til staðsetningar í landinu. Ég tel að ef einhverjum ber skylda til að standa svona sæmilega að málum í þeim efnum, sé það t.d. seðlabanki þjóðarinnar.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

[15:10]

Þórarinn E. Sveinsson:

Hæstv. forseti. Ég beini smáfyrirspurn til heilbrrh. vegna fréttaflutnings af niðurskurði á starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Fyrirspurnin er einföld og hljóðar þannig: Hver er staða þessara mála að mati ráðherrans og hvernig verður staðið að áframhaldandi uppbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á næstu missirum?

[15:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Varðandi framtíð Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þá er verið að kanna það hvernig eigi að nýta þær óinnréttuðu hæðir sem eru við sjúkrahúsið. Það er í undirbúningi að innrétta þar 1. hæðina til þess að bæta þjónustu við geðsjúka, þ.e. að koma upp göngudeild.

Varðandi afkomu sjúkrahússins almennt og niðurskurð er, eins og kemur fram í fjárlögum og fjáraukalögum, lagt til að framlag til sjúkrahússins verði hækkað á fjáraukalögum um 100 millj. kr. og sú upphæð verði sett inn í grunninn til að styrkja rekstrarstöðu þess. Ég varð var við fréttaflutning, eins og hv. fyrirspyrjandi, um niðurskurð til sjúkrahússins en þar er um misskilning að ræða.

[15:11]

Þórarinn E. Sveinsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessar skýringar. Það er mjög mikilvægt að leiðrétta neikvæðan fréttaflutning, sérstaklega þegar viðkvæmur og mikilvægur vinnustaður eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á í hlut. Þar hefur verið mikil og góð uppbygging í gangi og fréttaflutningur eins og birtist í fjölmiðlum fyrir nokkru síðan var heldur til að óróa umhverfið og það er af hinu verra.

Ég þakka góðar skýringar.

Greiðslur til öryrkja samkvæmt dómi Hæstaréttar.

[15:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það væri nú vert af forseta að brýna fyrir a.m.k. sumum ráðherrum að brýna nokkuð raustina í ræðustólnum. Því að þó að guð hafi gefið þeim hv. þm. sem hér stendur stór eyru, þá er með naumindum að við sem erum á öftustu bekkjunum heyrum svör sumra.

Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi þann dóm sem féll í Hæstarétti sl. mánuð í máli nr. 549/2002, mál Ingibjargar Gunnarsdóttur gegn Tryggingastofnun ríkisins, sem þingmenn og ráðherrar þekkja. Laut það lögum nr. 3/2001 sem sett voru eftir að Hæstiréttur hafði úrskurðað um lögin fyrri nr. 149/1998. Spurningin sem ég vil beina til hæstv. heilbrrh. er: Hvenær mega örorkulífeyrisþegar, sem rétt eiga á greiðslum samkvæmt dómi Hæstaréttar, búast við því að Tryggingastofnun inni þær greiðslur af hendi? Ég vek athygli á því að hér hefur verið úrskurðað að farið hafi verið gegn einkaeignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og því ákaflega brýnt að því sé hraðað að fara að dómnum og skila fólki lögmætum eigum sínum og það helst án tafar. En sömuleiðis vil ég spyrja hvort heilbrrh. hafi gefið Tryggingastofnun fyrirmæli um það með hvaða hætti skuli staðið að útgreiðslum og þá hvaða fyrirmæli. Fulltrúar Tryggingastofnunar voru í sl. viku á fundi okkar í fjárln. Þar kom fram að það væru uppi ýmis álitamál um túlkun dómsins

og hvernig standa skyldi að útgreiðslunum. Það væri gott ef heilbrrh. gæti upplýst hvaða álitamál eru þar á ferðinni, hvort það varðar skattalega meðferð, hvort það eigi að meðhöndla greiðslurnar sem skaðabætur eða tekjur eða hvaða önnur álitamál kunni að vera þarna uppi. Sérstaklega var það tekið fram að við túlkun fyrri dómsins hafi ríkisstjórnin tekið þá grundvallarafstöðu að enginn örorkulífeyrisþegi skyldi vera verr staddur eftir dóminn en fyrir og ástæða til að spyrja hvort slík fyrirmæli hafi verið gefin út.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Strax eftir að dómurinn hafði verið kveðinn upp kallaði ég á forstjóra Tryggingastofnunar og við fórum yfir það hvernig framvindan yrði varðandi útreikninginn. Ég lagði á það áherslu að hann lægi fyrir sem fyrst. Þetta mál hefur verið sett í forgang hjá Tryggingastofnun að fá þessar upplýsingar upp á borðið. Daginn eftir gerði ég ríkisstjórn grein fyrir þessum viðræðum okkar og við höfum lagt á það áherslu að þessum útreikningi væri flýtt og það næðist til þeirra aðila sem dómurinn fjallaði um. Það voru fyrirmælin frá minni hálfu. Það kom fram hjá Tryggingastofnun að þetta mundi taka nokkurn tíma. Hins vegar er lagt allt kapp á að flýta þessu. Það er ekki komin dagsetning enn þá í málið en ég hef átt viðræður síðan þetta var við forstjóra Tryggingastofnunar til að fylgjast með framvindu málsins og vona að það líði ekki langur tími áður en ég fæ þessar upplýsingar á borðið. Það er rétt að Tryggingastofnun er að athuga m.a. skattalegu hliðina á þessu máli en upplýsingar um þá hlið eru ekki á því stigi að þær hafi komið inn á borð til mín enn þá. Þannig að mér hefur ekki verið gerð grein fyrir stöðu þeirra mála. En það liggur í hlutarins eðli að við verðum að flýta málinu, m.a. vegna þess, svo að maður tali um hreinu fjárhagslegu hliðina, að þarna eru líka dráttarvextir sem falla á greiðslurnar þannig að við verðum að hraða þessu.

[15:17]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þau svör sem hann veitti að svo miklu leyti sem hann gerði það. Ég vil kannski fá að árétta það við hæstv. ráðherra að hér komi fram einhver rammi um tímann í þessu. Geta þeir sem eiga kröfur á Tryggingastofnun á grundvelli þessa dóms vænst þess að greitt verði út á þessu ári eða getur ráðherrann með einhverjum hætti nálgast þær tímasetningar sem fólk má búast við? Hér er auðvitað um þungar búsifjar að ræða fyrir örorkulífeyrisþega sem hafa verið skertir um hálfa milljón króna í tilfelli þess sem stefndi. Hálf milljón króna er gríðarleg fjárhæð í rýrum tekjum örorkulífeyrisþega og ákaflega brýnt að þeim sé það ljóst sem fyrst hvenær svona u.þ.b. megi vænta greiðslunnar þó að ég geti ekki gert kröfu á ráðherrann um að hann nefni dagsetninguna. En má vænta þess að það verði í ár, hæstv. ráðherra?

[15:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vonast til þess að þessar upplýsingar liggi fyrir á þessu ári. Það er ljóst. Við höfum eins og ég segi lagt alla áherslu á það að þessar upplýsingar liggi fyrir sem fyrst og ég vonast til þess án þess að ég vilji nefna dagsetningu í málinu. Ég hef ekki fengið hana hjá Tryggingastofnun enn en ég vonast til þess.

Varðandi það hvort einhver standi verr en áður þá gefur dómurinn ekki tilefni til þess. Það var fyrri öryrkjadómurinn sem var þess efnis en þessi dómur gefur ekki tilefni til þess eftir þeim upplýsingum og túlkunum sem ég hef fengið. Ég hef lagt áherslu á að þeir aðilar sem þarna eiga kröfu á ríkið fái sínar greiðslur samkvæmt dómnum og Tryggingastofnun haldi sig við það.

[15:19]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir að staðfesta hér að enginn verði verr settur eftir dóminn en áður, en örorkulífeyrisþegar eiga umtalsverðar inneignir a.m.k. samkvæmt fréttum af hæstaréttardómnum sem hér er fjallað um. Og ég vil að síðustu leggja áherslu á það við hæstv. ráðherra að það skiptir miklu máli með hvaða hætti staðið verður að hinni skattalegu meðferð þessara greiðslna því það kann að hafa talsverð eftirköst og afleiðingar ef farið verður þannig með að greitt verði út í einni greiðslu en síðan allt skattlagt eftir á sem tekjur þessa árs þannig að mjög tekjulágt fólk sem býr í rauninni við viðvarandi lágar tekjur alla ævi fái í kjölfar þessara skaðabóta í rauninni aftur á greidda skattreikninga á næsta ári upp á umtalsverðar fjárhæðir. Það getur valdið talsverðum erfiðleikum ef ekki er staðið vel að málinu að þessu leyti.

Nefnd um endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í febrúar sl. var þess farið á leit við þingflokkana að þeir tilnefndu fulltrúa í nefnd til að endurskoða lögin um heilbrigðisþjónustu. Þessi nefnd er auk fulltrúa þingflokkanna skipuð fulltrúum samtaka launafólks og fleiri aðila. Þetta var og er mjög virðingarvert framtak af hálfu hæstv. heilbrrh. að leita eftir breiðri samstöðu í þjóðfélaginu um breytingar á þessum lögum.

Ýmis álitamál er brýnt að skoða svo sem hvernig hægt er að styrkja og efla heilbrigðisþjónustuna, hvort nauðsynlegt sé að setja sérstök lög um sérfræðiþjónustu, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hvaða stofnanir eigi að sinna einstökum verkþáttum. Allt þetta er mikilvægt að gaumgæfa.

Síðan er hinu ekki að leyna að örlagaríkt er hvaða stefna er tekin hér á landi um skipulag heilbrigðisþjónustunnar. Sterk öfl í fjármálalífinu hugsa gott til glóðarinnar, vilja umbylta þessari þjónustu og færa hana yfir á markaðstorgið. Verslunarráð Íslands hefur verið helsti málsvari slíkrar stefnu en ljóst er að á vettvangi stjórnmálanna hefur verið tekið undir þessi viðhorf, fyrst og fremst innan Sjálfstfl. en einnig af hálfu annarra eins og nýleg dæmi sanna.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvað líði störfum starfsnefndarinnar um endurskoðun heilbrigðislaganna.

[15:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er rétt að tilnefningar í nefndina voru komnar til mín í vor. Ekki var gengið frá nefndinni fyrr en eftir kosningar og hún er nú komin á laggirnar og mun byrja að starfa af fullum krafti. Ég hef ekki sett þessari nefnd ákveðin tímamörk. Ég tel að þarna sé um mjög viðamikið mál að ræða og að hún þurfi tíma til þess að fara yfir sín verk og þurfi alla vega veturinn til þess þannig að ég reikna ekki með að afraksturinn af starfi hennar verði lagður fram á þessu þingi, en þarna þarf að vanda til verka.

Varðandi rekstur heilbrigðiskerfisins almennt þá væri ástæða til þess að taka umræðu um þann hluta og stefnubreytingu Samf. og hina nýju heilbrigðisstefnu þeirra sem er ekkert ný vegna þess að einkarekstur og kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu er ekkert nýtt. Heilbrigðisþjónustan er mest rekin undir þessum formerkjum með kaup og sölu, t.d. öldrunarþjónustan. Ég stóð í mikilli utandagskrárumræðu við samfylkingarfólk fyrir ári síðan út af tilraun að bjóða út eina heilsugæslustöð í Salahverfi í Kópavogi, í langri umræðu hér, þannig að þessi stefnubreyting og þessi kanína sem þeir voru að draga upp úr hatti um helgina, að markaðslögmálið þyrfti bara að leysa heilbrigðisþjónustuna, er ekkert ný. Þarna er bara verið að ganga til liðs við stefnu stjórnarflokkanna í málinu.

[15:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og þó sérstaklega þær áherslur sem fram koma í máli hans um að hann vilji standa vörð um samfélagslega rekna heilbrigðisþjónustu. Ég hefði talið heppilegt að setja nefndinni einhver tiltekin tímamörk en þó er mikilvægast, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að hún vandi vel til verkanna. En eitt má hæstv. heilbrrh. vita að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun veita honum fullan stuðning við að styrkja samfélagslega rekna heilbrigðisþjónustu, laga þær brotalamir sem þar er að finna og standa gegn ásókn gróðaaflanna sem nú reyna að safna liði um sína hagsmuni. Það er staðreynd að markaðsvædd heilbrigðisþjónusta er dýrari fyrir samfélagið og leiðir til misréttis sem aldrei á að líðast.

[15:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir hans mál og stuðning við samfélagslega rekna heilbrigðisþjónustu. Ég tel að hún sé samfélagslega rekin í dag. Og eins og ég segi, það er ekkert nýtt í þessari stefnu Samf. sem hún var að finna upp um helgina nema þeir vilji t.d. bjóða út rekstur geðdeildar Landspítalans. Ég sé að þeir nefna geðmálin sérstaklega, að það þurfi ekkert meiri peninga í þau heldur breytt skipulag og markaðurinn eigi að ráða því. Hins vegar er kannski ekki heiðarlegt af mér að ræða þetta hér undir þessum formerkjum en ég var spurður og það var komið inn á þetta. Ég er tilbúinn að ræða þetta við Samf. þegar þar að kemur en ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma hér.

Gjaldtaka fyrir tæknifrjóvgun krabbameinssjúkra kvenna.

[15:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð ungra krabbameinssjúkra kvenna. Ungar konur sem fá alvarlega blóðsjúkdóma svo sem hvítblæði eða krabbamein sem kallar á mergskipti, þurfa að fara í erfiða lyfjameðferð sem hefur þær afleiðingar að þær verða ófrjóar og geta ekki eignast börn eftir slíka meðferð. Þessar ungu alvarlega veiku konur þurfa að greiða háar fjárhæðir, 200–300 þús. kr. og jafnvel meira fyrir aðgerð sem felst í því að láta taka egg og tæknifrjóvga áður en þær fara í lyfjameðferðina. Þetta er erfið meðferð sem þær þurfa að fara í áður en krabbameinsmeðferðin hefst. Þetta er erfið meðferð fyrir heilbrigðar konur hvað þá fyrir þessar veiku ungu konur, og síðan tekur við erfið krabbameinsmeðferð hjá þeim.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst honum eðlilegt að taka svo háar greiðslur af þessum veiku ungu konum fyrir slíka meðferð svo þær geti eignast börn síðar á ævinni? Ég spyr hæstv. ráðherra einnig hvort hann muni beita sér fyrir því að greiðslur fyrir aðgerðir fyrir þessar ungu konur verði felldar niður þannig að þær fái hana endurgjaldslausa. Í dag kemur ríkið ekki til móts við greiðslurnar og þær greiða samkvæmt gjaldskrá fyrir slíka meðferð.

[15:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þetta tiltekna mál sem hv. fyrirspyrjandi spyr um hefur ekki komið inn á mitt borð en ég er tilbúinn til þess að láta fara yfir það og skoða þessa greiðsluþátttöku og hvort rök eru fyrir henni. Ég get ekki sagt um það á þessu stigi hvort þarna verður tekin upp breyting en ég mun biðja mitt fólk að fara yfir þessa reglugerð og kanna efni fyrirspurnar hennar. Það er svarið sem ég get gefið um þetta núna á þessu stigi.

[15:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka jákvætt í að skoða þetta mál. Ég vil ítreka að hér er um fáar konur að ræða. Þetta eru ungar konur sem standa frammi fyrir því að geta ekki eignast börn eftir krabbameinsmeðferð. Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að fara yfir gjaldskrá tæknifrjóvgunardeildar og sjá til að þessar konur þurfi ekki að greiða háar upphæðir fyrir meðferðina. Það er nógu erfitt að standa frammi fyrir því að vera með alvarlegan sjúkdóm og þurfa að fara í meðferð við honum og fara líka í erfiða meðferð á undan tæknifrjóvgun. Ég hvet hæstv. ráðherra og treysti því að hann muni breyta þessu til betri vegar.

[15:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Því er við að bæta að greiðsluþátttaka í tæknifrjóvgunum er almennt nokkuð há. Það eru dýrar aðgerðir. En ég endurtek að ég er tilbúinn til að láta skoða þessa reglugerð, hvort til eru undantekningartilvik og hvað þau hafa í för með sér. Ég skil alveg þá aðstöðu sem fyrirspyrjandi lýsir. Ég endurtek að ég hef ekki verið með þetta mál á mínu borði en ég er tilbúinn að taka það upp og láta skoða það.

Reglur um dráttarvexti.

[15:32]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Jafnræði skiptir okkur að sjálfsögðu miklu máli. Sömu reglur eiga að gilda um alla, máttur og megin á þar engu að skipta. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Eftir hvaða reglum fer ríkissjóður við greiðslu dráttarvaxta á reikningum eða greiðsluseðlum frá fyrirtækjum eftir að gjalddagi er liðinn og eðlilegir dráttarvextir fallnir á?

Þá vil ég sömuleiðis spyrja hæstv. fjmrh. hvort ríkissjóður fari eftir sömu reglum við innheimtu opinberra gjalda. Fer ríkissjóður eftir sömu reglum við greiðslu dráttarvaxta og hann beitir við innheimtu þeirra?

[15:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég skal viðurkenna það fúslega að ég kann ekki þessar reglur utan að. Það er auðvitað hægt að kynna sér þær með því að grafast fyrir um þau mál. Það gilda sérstök lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda og eftir þeim er farið í sambandi við slík mál.

[15:33]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Mér var ungum kennt: Það sem þú vilt að aðrir geri þér, það skalt þú og þeim gera. Mér er kunnugt um að ríkissjóður greiðir ekki dráttarvexti af reikningum frá fyrirtækjum sem hafa unnið í verktöku fyrir ríkissjóð þrátt fyrir að ríkissjóður hafi dregið greiðslur sem nemur 5–8 vikum. Ríkið greiðir ekki greiðsluseðlana heldur millifærir beint inn á reikning fyrirtækis.

Öll vitum við að ef sömu aðilar greiða ekki opinber gjöld þá falla dagvextir. Ég þekki dæmi um fyrirtæki sem hafa þurft að bíða með hundruð þúsunda jafnvel milljónir eftir greiðslum frá hinu opinbera, haft það þar án dráttarvaxta, á sama tíma og þeir hafa átt í erfiðleikum með að greiða laun, hvað þá hin opinberu gjöld. Þar falla dagvextir á. Ég spyr ráðherra: Finnst honum þetta réttlátt og eðlilegt?

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 143. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 38. mál (vændi). — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra o.fl., frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 41. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 42. mál. — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ og AKG, 45. mál. — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Bætt staða þolenda kynferðisbrota, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 137. mál. — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (meðferð hlutafjár). — Þskj. 193.

[15:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.

Með frv. þessu er lagt til að brott falli ákvæði til bráðabirgða við þessi lög sem mælt hefur svo fyrir að samgrh. fari með eignarhlut ríkisins í Landssímanum. Við brottfall þess tekur fjmrh. við handhöfn hlutafjárins en það er sú skipan sem almennt gildir um mál er varða eignir ríkisins og fyrirsvar vegna þeirra samkvæmt þeirri verkaskiptingu sem ákveðin er með reglugerð um Stjórnarráð Íslands eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við frv.

Ekki þykir lengur ástæða til að hafa aðra skipan á meðferð hlutafjár í Landssímanum. Má jafnvel færa fyrir því gild rök að óheppilegt geti verið að fyrirsvar vegna þess sé á hendi sama ráðherra og fer með mál er varða síma og önnur fjarskipti.

Ég tel reyndar ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta frv. fleiri orð enda málið afar einfalt og auðskilið í alla staði. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn. enda lýtur það eingöngu að verkaskiptingu í Stjórnarráðinu.

[15:40]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta yfirlit. Þetta virðist þarft mál og til þess fallið að bæta stjórnsýslu alla.

En ég vil nota tækifærið til að spyrja hæstv. forsrh. hvort sömu röksemdir um verkaskiptingu í Stjórnarráðinu og hér hafa verið færðar fram fyrir því að flytja meðhöndlun eignarhluta ríkisins frá fagráðuneytinu til fjmrn. muni þá ekki eiga við um önnur ríkisfyrirtæki. Ég vil þá sérstaklega spyrja hvort það muni ekki eiga við um Landsvirkjun. Væri þá ekki með sama hætti eðlilegt fyrir það fyrirtæki að flytja umsýslu með eignarhlutnum til fjmrn.? Er unnið að því á vegum ríkisstjórnarinnar? Er það í undirbúningi á einhverjum vettvangi og mundu þar ekki sömu sjónarmið liggja að baki?

[15:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gildir ekki nákvæmlega það sama um Landsvirkjun og um Símann. Landsvirkjun er ekki í sama formi og Síminn er nú. Landsvirkjun er sameign þriggja aðila, ríkis, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Það segir í lögum, eins og ég man þau lög, um það fyrirtæki að breytingar verði ekki gerðar í þeim efnum nema með samþykki allra eigenda fyrirtækisins, hvaða breytingar sem nafni nefna má.

Hins vegar er það svo í þessu tilviki að meginreglan, eins og kom fram í hinni örstuttu framsöguræðu, er samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands sú að fyrirsvar eignarhalds sem byggist til að mynda á hlutafélagalögum liggur hjá fjmrn. En í þessu tilviki liggur fyrirsvar gagnvart Landsvirkjun hjá iðnrn. samkvæmt sérstökum lögum um það efni í samræmi við þá samninga sem í öndverðu voru gerðir um fyrirtækið árið 1965.

[15:42]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið og fyrir að upplýsa þann sem hér stendur um að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eigi hluti í Landsvirkjun. Það er mér þó kunnugt enda fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn fyrirtækisins, eins og raunar hæstv. forsrh. sjálfur á árum áður.

Ástæða þess að ég vildi spyrja að þessu er að ég er þeirrar skoðunar og vil koma því á framfæri við hæstv. forsrh. að þær breytingar sem hafa orðið á lagaumhverfi í orkuiðnaðinum á raforkumarkaði, það samkeppnisumhverfi sem verið er að innleiða þar, geri það að verkum að rök fyrir sérákvæði um Landsvirkjun — ákvæði um að sameignarfélagið sé falið iðnrn.- og viðskrn., eðlilega kannski vegna þess að það hafði stöðu einokunarfyrirtækis á markaði — eigi í raun ekki lengur við, ekki frekar en þau eiga við um Landssímann eftir þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum á fjarskiptamarkaði. Þess vegna væri vert að skoða með sama hætti hvort umsýsla eignarhalds í Landsvirkjun ætti ekki að vera með sama hætti og Landssímans, leitað eftir samþykki meðeiganda þar um og lögum sem í gildi eru um Landsvirkjun breytt að þessu leyti.

[15:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég segi þykja mér gilda nokkuð augljósar og aðrar reglur hvað snertir Landsvirkjun. Hins vegar hefði mátt koma með þau rök að þau sjónarmið sem ég færði fram gagnvart Landssímanum hefðu til að mynda átt við eða getað átt við um bankana á sinni tíð eftir að þeim var breytt í hlutafélög. Hugsunin er sú að t.d. bankamálaráðherrann kemur með vissum hætti að málefnum bankanna, sem eftirlitsaðili í öðru hlutverkinu og eigandi á hinn bóginn. Nú er þetta náttúrlega allt breytt og ekki sömu forsendur fyrir hendi. Það sama gerist með Landssímann, að hæstv. samgrh. kemur fram sem eftirlitsaðili eða yfirmaður eftirlitsstofnunar í einu hlutverkinu og svo eigandi í hinu. Það fer ekki vel á því. Þess vegna eru þessar breytingar gerðar.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að mig undrar nokkuð að hæstv. forsrh. skyldi ekki sjá ástæðu til að mæla fyrir frv. með ítarlegri ræðu en raun bar vitni. Þá á ég sérstaklega við það að þetta frv. tengist að sjálfsögðu endurvöktum áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu Landssímans og það er væntanlega einnar messu virði að ræða það mál þótt ekki væri nema að ríkisstjórnin gerði grein fyrir reynslunni af fyrri tilraun, færi yfir stöðuna og rökstyddi að nú stæði betur á til að leggja í þennan leiðangur á nýjan leik. Þetta mál er ekki bara formsatriði. Það er ekki bara einhver einföld kerfisbreyting að færa forræði í máli frá samgrh. yfir til fjmrh. í kyrrstöðu. Ég hef skilið það svo að þetta sé undirbúningur að framkvæmd þessa ákvæðis stjórnarsáttmálans og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að fara nú í að selja Landssímann. Það er ekkert smámál þannig að ég vonast til þess að hæstv. forsrh., þá síðar kannski í umræðunni, geri grein fyrir mati ríkisstjórnarinnar á stöðunni, þar á meðal því hvort ástæða sé til að ætla að betur takist til í tilraun tvö en gerði í fyrstu tilraun, í þessari hraklegu brotlendingu ríkisstjórnarinnar þegar hún hugðist einkavæða eða selja Landssímann fyrir nokkrum missirum. Það er leitun að snautlegri, svo að það ágæta íslenska orð sé viðhaft hér sem ég veit að gleður hæstv. forsrh. jafnan, útkomu á einu máli en því hvernig ríkisstjórnin, undir forustu þá að vísu hæstv. samgrh., brotlenti þeim málum.

Úr því að ég bryddaði upp á því, herra forseti, er ástæða til að ræða það efnisatriði málsins fyrst. Er endilega sjálfgefið að ekki séu rök fyrir því að hlutir heyri til fagráðherranna þó að almenna reglan sé sú að fjmrn. fari með eignir og verðmæti ríkisins? Það eru auðvitað mýmörg dæmi um hið gagnstæða þar sem menn telja fagleg rök vera fyrir undantekningunni og þau hafa sannarlega verið fyrir hendi og eru að mínu mati enn þann dag í dag hvað varðar Landssímann sem er með náttúrulega einokun að uppistöðu til á sviði fjarskipta í landinu. Það er kannski einmitt tímanna tákn að við þessa einkavæðingu sé hrint úr vör í tilraun tvö með því að undirstrika að fagleg sjónarmið verði látin lönd og leið og það verði bara svona einfaldur bisness í höndum fjmrh. að selja þetta þjóðarfyrirtæki með náttúrulega einokun á sviði fjarskipta í landinu. Það er sem sagt það. Það er kannski til þess einmitt að fjmrh. geti síðan vísað til þess að hann sé ekki fjarskiptamálaráðherra, honum komi ekki við hvaða áhrif þessi eignasala hefur t.d. á aðstöðu landsbyggðarinnar hvað varðar það að vera fullgildur þátttakandi í þróun upplýsingasamfélagsins o.s.frv.

Ég held, herra forseti, að þegar á dagskrá kemur einkavæðing Landssímans séum við komin að enn nýjum vatnaskilum í sögu einkavæðingar í landinu. Ýmislegt má um þau ósköp segja sem hingað til hafa á gengið, eins og með bankana sem núna stunda sjálftöku á gróða sem aldrei fyrr í höndum hinna nýju eigenda og þjóna markmiðum þeirra

um valdatöku í íslensku viðskiptalífi eins og við höfum séð undanfarna mánuði. En þegar kemur að Landssímanum og fjarskiptanetinu í landinu er komið að enn nýjum vatnaskilum því að hér á í hlut almannaþjónusta sem skiptir gríðarlega miklu máli að landsmenn standi allir jafnt að vígi gagnvart. Það er verulegur munur í mínum huga og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á bönkunum sem fjármálastofnunum annars vegar og Landssímanum sem þessu undirstöðuþjónustufyrirtæki hins vegar, m.a. vegna þess að hin náttúrulega einokun Landssímans er miklu ríkari. Hún liggur grafin í jörðu og í loftinu yfir höfðum okkar í formi ljósleiðarans, koparlagna, örbylgjusendinga, jarðstöðva og fleiri slíkra hluta. Það er ekkert sem breytir í einu vetfangi hinni náttúrulegu einokun Landssímans. Hún er múruð inn í uppbyggingu fjarskiptakerfisins í landinu og auk þess hafa aðstæður á samkeppnismarkaði, ef eitthvað er, þróast þannig að það er algerlega borðleggjandi að það verður engin eiginleg samkeppni í fjarskiptum á Íslandi næstu árin. Það er rugl. Blaðran sprakk þegar hér spruttu upp einhver fjarskiptafyrirtæki sem þóttust ætla að fara að veita Landssímanum samkeppni. Hvert eru þau farin? Þau eru skriðin saman í eitt fyrirtæki. Heitir það ekki Og Vodafone, eitthvað svoleiðis, upp á nútímalega íslensku? Hvað verður þá þegar búið verður að afhenda Landssímann, að vísu gegn smáendurgjaldi því að ég geri ekki ráð fyrir að þeir gefi hann? Það verður svipuð aðferð og með bankana. Hann verður afhentur gegn endurgjaldi. Það er það sem ég kalla þessar aðferðir ríkisstjórnarinnar. Þá verða tveir markaðsráðandi risar eða öllu heldur einn markaðsráðandi risi og einn svona stubbur við hliðina á honum, það verður fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi. Halda menn að það verði merkileg samkeppni? Halda menn að það verði flókið fyrir menn að hafa smásamráð? Hvers konar sjálftökuaðstæður er verið að setja þá í sem fá forræði fyrir þessu stóra fyrirtæki í hendur ef þetta verður gert svona, ég tala nú ekki um ef tískufyrirbærið „kjölfestufjárfestir" verður dregið á flot eina ferðina enn og það verður talið nauðsynlegt að hafa kjölfestufjárfesti í Landssímanum? Hvað mun það þýða á mannamáli? Það mun þýða að einn aðili fær í krafti kannski 45 eða 51% eignaraðildar allt vald í þessu fyrirtæki. Og þeim þykir ágætt að einhverjir sem engu ráða eigi á móti þeim, þá þurfa þeir ekki að leggja eins mikið út fyrir völdunum.

Hvað verður þá, herra forseti, um t.d. stöðu hinna dreifðu byggða og áframhaldandi fjárfestingar í fjarskiptakerfinu þar, til þess að menn geti haldið áfram að vera þátttakendur í uppbyggingu upplýsingasamfélags, nýtt sér möguleika fjarkennslu og annað í þeim dúr? Ég skal að vísu viðurkenna fyrstur manna að ég er hundóánægður með það hvernig Landssímanum hefur verið beitt undanfarin missiri í þeim efnum og ég tel að það standi stórkostlega upp á hinn stóra eiganda, ríkið, að hafa ekki gefið Landssímanum fyrirmæli um að gera nauðsynlegar úrbætur, t.d. á sviði fjarskiptamála í þeim landshlutum þar sem þau mál eru í ólestri. Fyrir þinginu liggur fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. samgrh. um þá hneisu að það skuli látið dragast ár eftir ár eftir ár að gera nauðsynlegar úrbætur í fjarskiptamálum á norðausturhorni landsins og það kostar 35–40 millj. kr. Þetta mikla fyrirtæki sem græðir marga milljarða á ári og greiðir ríkulegan arð í ríkissjóð getur ekki tryggt að Raufarhöfnungar og Kópaskersbúar hafi nútímalega og fullnægjandi fjarskiptaþjónustu. Nei, það bara borgar sig ekki. Það er ekki nógur gróði af því.

Þá erum við einmitt komin að vatnaskilunum og því sem mestu máli skiptir. Með hvaða hugarfari er þessi starfsemi rekin? Er þetta bisness til þess að græða á honum, fleyta rjómann þar sem markaðurinn er bestur eða er þetta þjónusta? Er þetta spurning um að það búi ein þjóð í þessu landi og allir geti notað tölvur, farið á netið o.s.frv., hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem brosir hér mjög úti í salnum undir þessum ræðuhöldum, hv. 10. þm. Reykv. n.? Það verður fróðlegt að heyra viðhorf þingmannsins til þessara þátta og kannski verður hv. þm. svo vænn að koma hér í ræðustólinn og ræða út frá frjálshyggjuhugmyndafræði sinni hvernig hann sér fyrir sér að þessum málum verði fyrir komið í hinum ríkiseinokunareinkavædda heimi sjálfstæðismanna en um hann dreymir þá mjög.

Herra forseti. Maður hefði þó a.m.k. bundið vonir við hæstv. fagráðherra ef allt hefði verið með felldu. Ef samgrh. hefði verið með hýrri há í þessu máli hefði verið til bóta að framkvæmd einkavæðingarinnar væri þó áfram í höndum þess hæstv. ráðherra sem fer með fjarskiptamál. Maður getur þó velt fyrir sér hvort það hafi nokkuð upp á sig samanber hvernig staðið var að málum í fyrri tilraun. Það var t.d. þannig að Ísland ætlaði að gera þetta með meiri frjálshyggju, vil ég segja, heldur en nokkurs staðar annars staðar hefur litið dagsins ljós á byggðu bóli.

Fyrri áform um einkavæðingu Landssímans voru þannig að ríkið ætlaði ekki að halda eftir neinu í höndum fagráðherrans til þess að geta haft tiltekin ítök um rekstur fyrirtækisins. Meira að segja Nýsjálendingar, sem lentu í því á dimmustu hremmingarárum sínum þegar nýfrjálshyggjukratar náðu þar illu heilli völdum á 9. áratugnum og einkavæddu allt sem hægt var að einkavæða og helst til útlanda, héldu þó eftir gullbréfi þegar þeir einkavæddu landssímann nýsjálenska. Þeir héldu eftir einu hlutabréfi í höndum ríkisins gegnum hvað var hægt að tryggja vissa hluti, t.d. að meiri hluti stjórnar væri ævinlega í höndum Nýsjálendinga jafnvel þótt eignarhaldið væri farið úr landi og annað í þeim dúr. Ég spurði að þessu á sínum tíma: Á ekki einu sinni að halda eftir gullbréfi í höndum ríkisins ef fyrirtækið verður einkavætt alfarið? Og svarið var nei. Ekkert af slíku tagi átti þarna að gera og það kalla ég meiri frjálshyggju en annars staðar hefur sést í þessum efnum.

Það væri auðvitað, herra forseti, ástæða til að fara yfir reynslu annarra þjóða sem hafa ratað í þær ógöngur að einkavæða alfarið fjarskipti sín. Nýja-Sjáland er þar kannski hroðalegasta dæmið þar sem tvö amerísk stórfyrirtæki sem hugsa ekki um annað en gróðann eiga núna fjarskiptamarkaðinn í Nýja-Sjálandi og flytja arðinn úr landi í stórum stíl. Og meira en arðinn, talsverður hluti af starfsemi nýsjálenska símans hefur beinlínis fýsískt verið fluttur til Bandaríkjanna og er unninn þar. Fyrirtækin eru rekin og þeim er stjórnað frá Bandaríkjunum. Það er málamyndastjórn eftir í landinu. Verður t.d. boðið upp á það hér að erlendir risar á sviði fjarskipta kaupi Landssímann? Gæti kjölfestufjárfestirinn orðið eitt útlenskt stórfyrirtæki sem kynni að ómaka sig til að hafa áhuga á þessum litla fjarskiptaaðila hér uppi á Íslandi? Það reyndist ekki síðast, enda þótti það þá kannski ekki nógu góð söluvara mitt í kreppu nýja hagkerfisins og upplýsingafyrirtækjanna en kannski kann að verða annað upp á teningnum nú. Auðvitað sjá menn þarna ákjósanlegar aðstæður fyrir sjálftöku hagnaðar til að ná tangarhaldi á fyrirtæki sem hefur náttúrulegar einokunaraðstæður í einu landi og ekkert er í sjónmáli um að muni sæta neinni umtalsverðri samkeppni á

komandi árum.

Á vettvangi Norðurlandaráðs, herra forseti, sem mönnum er ferskt í huga þessa dagana var unnin fyrir nokkrum missirum mjög ítarleg skýrsla af þáverandi Evrópunefnd Norðurlandaráðs um fjarskiptamarkaðinn norræna, sérstaklega fjarskiptakerfið og hvernig hinum dreifðu byggðum Norðurlandanna mundi reiða af í þeim efnum. Niðurstaða þeirrar skýrslu var mjög skýr, mjög einföld, og stóðu að henni allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Norðurlandaþingi, þar á meðal hægri menn. Niðurstaðan varð sú að enginn annar aðili en hið opinbera gæti séð um og tryggt að undirstaðan væri til staðar, að fjarskiptakerfin væru til staðar, þau væru þróuð, byggð upp og öllum landsmönnum tryggður aðgangur að þeim. Það þýðir ekki endilega að ríkið þurfi að eiga eða reka alla hluti. En hin opinbera ábyrgð er þarna og verður að vera þarna því að það getur enginn annar aðili tryggt þetta. Þessir hlutir eru allir í lausu lofti eins og ríkisstjórnin ætlar greinilega að standa að þessu.

Það er merkilegt ef ríkisstjórn Íslands ætlar að láta verða af þessu með leifarnar af Framsfl. innan borðs líka sem einhvern tíma þóttist hafa einhverja meðvitund í þessum efnum. Hann er að vísu farinn úr salnum eins og ævinlega þegar þessi mál ber á góma. Ég man aldrei eftir því að einn einasti framsóknarmaður hafi tollað yfir þessari umræðu stundinni lengur nema þá hann sé bundinn í forsetastól eða er fyrir tilviljun að sortera pappírana sína. Af einhverjum ástæðum vilja framsóknarmenn lítið við tilvist sína kannast þegar þetta mál ber á góma, kannski skiljanlega því að Framsókn þóttist ætla að standa í lappirnar og leggjast gegn því að Landssíminn yrði einkavæddur, þ.e. með grunnnetinu. Það var lengi vel opinber stefna Framsfl. að ekki skyldi ljá máls á því að umferðaræðar fjarskiptanna í landinu, vegirnir fyrir fjarskiptin, yrðu seldar í hendur einkaaðila. Síðan lak Framsókn auðvitað niður, gafst upp fyrir nýfrjálshyggjuliðinu í Sjálfstfl. og hefur núna skrifað upp á hráa einkavæðingu fjarskiptafyrirtækisins að meðtöldu grunnnetinu.

Þá bar að vísu svo við að sú stefna var hirt upp af öðrum. Samf. tók hana upp á arma sína, þessa munaðarlausu stefnu um að ekki skyldi selja Landssímann með grunnnetinu, og hefur hana nú við hún, að ég best veit, og það er gott mál svo langt sem það nær. Hitt er miklu miður að einnig að þessu leyti leggur Samf. að hluta til einkavæðingaröflunum lið, hún getur ekki staðið vaktina hér með þeim aðilum öðrum sem vilja yfir höfuð ekki sjá víglínuna færða inn í þá mikilvægu almanna- og samfélagsþjónustu sem undirstöðufjarskiptaþjónustan í landinu er.

Að mínu mati, herra forseti, er það þannig að þegar kemur að talsímasamskiptunum, símþjónustunni og upplýsingaflutningunum, á a.m.k. að slá skjaldborg um þá þjónustu og segja: Hún er þess eðlis, hún er svo mikilvæg og hún lýtur þannig lögmálum að þar á einkavæðingin ekki heima. Menn geta keppt um afmarkaða þætti eins og GSM-þjónustu eða annað því um líkt og fyrir því kunna að vera tæknilegar forsendur að þar skapist raunveruleg og virk samkeppni. En það á ekki við um fastlínusamböndin og það á ekki við um gagnaflutninga í miklum mæli, t.d. út um byggðir landsins.

Það er augljóst mál að það er enginn í sjónmáli og verður ekki á komandi árum sem veitir þar neina samkeppni. Hugmyndir manna um að svokölluð þriðja kynslóð farsíma eða þráðlausir gagnaflutningar í miklum mæli kæmu til sögunnar og gætu keppt við ljósleiðara eða örbylgjusambönd hafa reynst óraunhæfar. Þær hafa bæði reynst tæknilega óraunhæfar og viðskiptalegar óraunhæfar. Og helstu sérfræðingar Norðurlanda á þessum sviðum, þróunarsérfræðingar Nokia og Ericsson, komu fyrir þá norrænu nefnd sem ég nefndi áðan og skrifuðu upp á það að á næstu árum væri það ekki raunhæfur kostur að keppa við fastlínusamböndin eða örbylgjurnar um slíka gagnaflutninga í miklum mæli. Það gæti komið til sögunnar á afmörkuðum sviðum, og allt í góðu lagi með það, en það mundi ekki breyta grundvallarstöðunni hvað þetta varðar.

Og málið, herra forseti, snýr alveg sérstaklega að landsbyggðinni og hinum dreifðu byggðum. Nú þegar er staðan auðvitað orðin önnur á höfuðborgarsvæðinu þar sem eru orðnar vissar tæknilegar forsendur fyrir samkeppni með ljósleiðaravæðingu á vegum annarra aðila eða fleiri aðila en Landssímans og í einstöku öðrum bæjarfélögum kann það að koma til sögunnar. Fyrirtæki eins og Landsvirkjun á hér ljósleiðara norður yfir hálendið o.s.frv. En þar fyrir utan er bara allt annar heimur sem menn lifa í þar sem eru þau byggðarlög önnur sem eru alfarið háð þeirri tæknilegu uppbyggingu og þeirri þjónustu sem þetta stóra fyrirtæki, Landssíminn, veitir. Og ég hef engin svör heyrt, haldbær eða gagnleg í þeim efnum, hvernig tryggja eigi að þessi þjónusta verði fullnægjandi og í boði og að ekki sígi á ógæfuhliðina þegar köld viðskiptasjónarmiðin ein ráða þarna ferðinni, þegar þjónustuhugsuninni er ýtt til hliðar fyrir arðsemiskröfunni og þegar fyrirtæki sem telur sig þurfa á því að halda að geta beitt styrk sínum í mögulegri samkeppni við einhverja aðra þar sem verið er að fleyta rjómanum ofan af, þarf að geta haft sína hentisemi í sambandi við gjaldskrár og annað.

Hvað gerðist í Nýja-Sjálandi? Á því eina svæði þar sem amerísku símafyrirtækin fengu samkeppni sem var í höfuðborginni Wellington og í Auckland á Norðurey þar sem upp undir fjórðungur íbúa Nýja-Sjálands býr, lækkuðu þeir verðið og hækkuðu það á landsbyggðinni. Strjálbýlið á Nýja-Sjálandi hefur greitt herkostnaðinn af samkeppni símans á stóru markaðssvæðunum. Þetta er sannað. Um þetta hafa gengið dómsmál og kærur.

Það er inn í þessa framtíð sem menn ætla að fara með málin hér. Og það er verra en það, herra forseti. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn hafi ekki fengið nóg af því sem hefur verið að gerast í íslenskum viðskiptaheimi undanfarin missiri og hefur ekki síst birst okkur í sviptingunum miklu á haustdögum, af vaxandi fákeppni og markaðsráðandi drottnunarstöðu hringa á sífellt fleiri sviðum viðskipta í landinu. Fjármálaþjónustan er nýjasti geirinn þar sem þrír markaðsráðandi risar skipta markaðnum þannig á milli sín að gróðinn flæðir út úr eyrunum á þeim. Það dettur engum þeirra í hug að lækka hjá sér gjaldskrá. Hvernig stendur á því, herra forseti? Gæti hæstv. forsrh. upplýst okkur um það að þrátt fyrir hinn gríðarlega gróða bankanna og meinta samkeppni, þá hagga þeir ekki gjaldskránni. Enginn þeirra býður minnsta afslátt af þjónustugjöldum til þess að reyna að ná til sín auknum viðskiptum. Hvernig stendur á því? Er það ekki eitthvað skrýtið að enginn þeirra skuli í öllum gróðanum telja sig hafa efni á því að bjóða betri kjör til að ná til sín meiri viðskiptum? Hringja engar bjöllur? Hvað með matvörumarkaðinn, vátryggingarstarfsemi, olíudreifingu o.s.frv.? Er ekki nóg af sviðum í íslenskum viðskiptum sem eru ofurseld þessari markaðsráðandi fákeppni tveggja, þriggja aðila? Hér á að fara að búa til eitt enn. Það er það sem þetta mál snýst um, að koma fjarskiptunum líka yfir í þetta umhverfi. Er það það

sem menn vilja þegar komið er að almannaþjónustu af þessu tagi? Ég segi nei, takk.

Mér finnst, herra forseti, að menn eigi að geta verið menn til þess að læra af eigin reynslu og annarra. En það er alveg sama hvar borið er niður í þessum efnum, það hefur ekki leitt til farnaðar að einkavæða undirstöðuþjónustu af þessu tagi. Og allra síst þegar í hlut á veitustarfsemi eða fjarskiptaþjónusta sem lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar. Reynslan hrópar öll á okkur og hún er ein og hin sama frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og annars staðar þar sem þetta hefur verið gert. Það hefur leitt til ófarnaðar. Og hvers vegna þá að ana út í þá keldu hér?

[16:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt nú að ítreka að hér er eingöngu um formbreytingu að ræða og því var ekki efni til þess fyrir mig að halda langa framsöguræðu um annað efni. Ég hef hins vegar ekkert á móti því að menn fari aðeins víðar um í umræðunum og noti tækifærið til þess, mér finnst það í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, en það var ekkert tilefni til þess fyrir mig að hefja þá umræðu miðað við tilefnið hér.

Einnig vil ég nefna að sú ályktun er röng sem hv. þm. dregur að þessi breyting sé gerð vegna þess að nú ætli menn sér að fara í annan áfanga á sölu Símans. Ég minni á að hæstv. samgrh. hefur áður látið orð falla hér í þinginu. Ég minnist þess að hann gerði það a.m.k. sl. vor, að hann teldi eðlilegt að breyting af þessu tagi væri framkvæmd. Og það hefur hann einnig gert annars staðar en hér, einnig utan þings, alveg óháð því að menn væru að fara í sölu á Símanum.

Hitt er annað mál fyrst hv. þm. nefnir það að þá virðist vera hagstæðara umhverfi til sölu á Símanum en var síðast þegar þau mál voru á döfinni fyrir einu til tveimur árum síðan. En það er erfitt að gera mönnum til hæfis í þeim efnum eins og kunnugt er. Því var gjarnan haldið á lofti að menn vildu láta eignir ríkisins fyrir slikk fyrir hina og þessa velunnara og vini seljendanna, eins og það var gjarnan orðað með hæfilegri smekkvísi, en síðan þegar ríkisstjórnin sagði að þau tilboð sem fyrirtæki hefðu gert í Símann væru ekki nógu há og þess vegna vildi ríkisstjórnin ekki selja, þá var sagt að allt söluferlið hefði mistekist og ríkisstjórnin farið hrapallega út úr því o.s.frv., o.s.frv.

Einnig minni ég á það að jafnvel þó að hlutir séu í einkaeign, þá getur ríkið jafnað þætti. Það gerum við með olíudreifingu þótt það séu þrjú olíufélög í einkaeign sem reki hana. Við gerum það út af fyrir sig gagnvart rafmagni og hitun og það væri hægt óháð því hver ætti veiturnar o.s.frv. Þannig að allir slíkir möguleikar eru áfram fyrir hendi vilji ríkisvaldið, þingið, jafna stöðu landsmanna eftir því hvar þeir búa í landinu.

[16:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að þetta frv. sé eingöngu formbreyting, þá er það nú engu að síður svo að hér erum við að ræða breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands. Þannig að það hlýtur að teljast akkúrat að ræða dagskrármálið að inna eftir áformum hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum og er ekki aldeilis að fara með umræðuna út um víðan völl. En að þetta sé ekki tengt áformunum beint sem slíkum, þá hef ég nú fyrir mér m.a. viðtal við formann einkavæðingarnefndar frá því fyrir nokkru síðan, kannski viku, hálfum mánuði, þrem vikum, þar sem hann var einmitt að upplýsa um það að nú væri einkavæðingarnefndin að snúa sér að þessu mikla verkefni. Og eins og venjulega kom þar fram að það fyrsta sem nefndin ætlaði að ræða væri hvaða aðferð hún mundi nú viðhafa í þessu tilviki. En eins og kunnugt hefur einkavæðingarnefnd ævinlega reynt að finna upp nýja aðferð, nýja formúlu í hverju einstöku tilviki. Það hefur aldrei verið notast við sömu aðferðina. Ýmist er verið að reyna að dreifa eignaraðildinni eða verið að reyna að þjappa henni saman til þess að finna kjölfestufjárfesta o.s.frv.

Það sem skiptir auðvitað mjög miklu máli hér, herra forseti, er í hvernig umhverfi þetta fyrirtæki kemur þá til með að starfa, ef af verður, þ.e. að það breyti um eiganda að einhverju leyti eða öllu. Verður það allt gert í einu lagi eða yrði farin þarna einhver yfirveguð leið eins og Norðmenn hafa t.d. gert? Þegar þeir hafa verið að breyta eignarhaldi að einhverju leyti í mörgum stórum ríkisfyrirtækjum þá hafa þeir gert það í rólegheitum með því að taka inn nýtt hlutafé eða lækka hlut ríkisins á margra ára tímabili og sú áætlun hefur öll legið fyrir fyrir fram. Eða verður bara haldið eitt uppboð hér og verður jafnvel Síminn seldur í heilu lagi eins og einn kassi ef einhver býður bara í hann? Þetta skiptir allt saman máli.

Og varðandi möguleika ríkisins til að tryggja jöfnun þá eru þeir fræðilega séð til staðar. En að þeim hugmyndum er sótt, eins og hæstv. forsrh. veit, t.d. í tilviki olíuverðjöfnunarsjóðs.

[16:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gefur náttúrlega augaleið að þetta sérstaka frv. tengist ekki sölunni á Símanum því ef svo færi að salan færi fram að öllu leyti þá skiptir engu máli hver fer með hlutaféð í Símanum eftir það vegna þess að þá er það ekki lengur ríkið, hvorki samgrh. né fjmrh. Þannig að þá mundi það nú ekki skipta öllu máli.

Hins vegar er það nú svo að afstaða manna til allra þessara hluta eins og einkavæðingar breytist. Ég minnist þess vegna þess að vitnað var sérstaklega í Samf. að hv. formaður Samf. lýsti því yfir með starfsmönnum Pósts og síma 1995, hygg ég, að hann mundi aldrei styðja það að Póstur og sími, eins og það hét þá, yrði seldur yfirleitt, á fundi í Sigtúni gamla. Þannig að það breytist nú margt. Og meira að segja er það svo að sá ágæti formaður flutti að því er best verður séð athyglisverða ræðu varðandi heilbrigðismál á landsfundi sínum, meira að segja svo athyglisverða að ég held því fram að ef ég hefði haldið þá ræðu þá hefðu hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og nokkrir fleiri verið búin að heimta utandagskrárumræðu við mig út af þeirri fáheyrðu framkomu sem ég hefði sýnt á mínum landsfundi. En hér er allt með ró og friði og spekt þannig að margt er það nú sem breytist í heiminum og er það kannski vel.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vekur athygli hæstv. forsrh. á því að hann er hér í andsvörum við hv. 5. þm. Norðaust.)

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. forsrh. sé nú nokkur vorkunn. Það er auðvitað alltaf gaman þegar áhugaverðir atburðir gerast í samfélaginu og það er eðlilegt að mönnum séu þeir ofarlega í huga. Ég veit að vísu ekki hvort þingsköpin bjóða upp á þann möguleika að hæstv. forsrh. biðji um utandagskrárumræðu og til svara verði hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég held að það hljóti að vera þingtæknilega

mögulegt og væri áhugavert ef brotið yrði blað í þingsögunni í þeim efnum.

Það sem ég vil að síðustu leggja sérstaka áherslu á hér í svari mínu og hæstv. forsrh. kom ekki inn á, er að þetta snýst um meira en bara jöfnun á kostnaði þegar við erum að tala um framtíðina í fjarskiptaumhverfinu á Íslandi ef Landssíminn verður einkavæddur. Það er ekki sá þáttur málsins sem ræðumaður hefur mestar áhyggjur af. Það er tiltölulega gagnsætt og auðvelt að glíma við á hverjum tíma ef verið er að okra á tilteknum hluta landsmanna hvað varðar gjaldskrá fyrir þjónustu og tök til þess í gegnum fjarskiptalög og fleira að hafa þar hemil á. Það sem er miklu stærri þáttur þessa máls og alvarlegri er hin tæknilega uppbygging. Það eru ákvarðanir í rekstri fyrirtækisins inn í framtíðina sem verða teknar í nýju umhverfi og í nýju samhengi. Og það er þannig sem mismunurinn mun læðast aftan að mönnum ef farið verður út á þessa braut. Það er reynslan annars staðar frá og skammsýni hinna nýju eigenda reynist ævintýraleg í þeim efnum, samanber reynsluna frá einkavæðingu járnbrauta, vatnsveitna og fjarskiptafyrirtækja þar sem skammtímagróðasjónarmiðin ráða öllu, að draga nóga peninga út úr fyrirtækjunum. Öryggismálin eru látin sitja á hakanum, langtímafjárfestingar mæta afgangi og infrastrúktúrinn grotnar niður. Þetta er ástæða þess að menn eru núna að þjóðnýta á nýjan leik orkuveitur, járnbrautakerfi og annað í þeim dúr. Og það er þannig ástand sem við viljum ekki varðandi íslenska Landssímann.

[16:13]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst megininntak ræðu hv. þm. einmitt beinast að gagnaflutningi og dreifikerfinu. Öll ræðan snerist um þessa grunnþjónustu og mikilvægi hennar. Og ég tek undir þær áhyggjur og deili þeim með þingmanninum. Mér finnst dreifikerfið vera alveg sambærilegt við vegakerfið og að það séu slíkir þættir sem eigi að vera hjá ríkinu, en aðrir samkeppnisþættir eigi svo þess vegna heima annars staðar. Ég minni á að þegar það var úrskurðað að Landssíminn þyrfti að skilja GSM-deildina frá öðrum rekstri af því að komin voru önnur GSM-fyrirtæki í landið og á markað sem töldu að það væri óeðlilegt að slík deild gæti verið innan þess stóra fyrirtækis sem Landssíminn var. Við vitum það, ég og hv. þm., að hlutdeild Íslands í gervitunglum t.d., sem er upp á tugi milljóna króna hver hlutdeild, liggur hjá þessu ríkisfyrirtæki sem Landssíminn er. Við hugsum mjög sjaldan um að við eigum hlutdeild í gervitunglum sem við höfum haft samvinnu um og að sú eign er hjá þessu fyrirtæki. Þess vegna spyr ég þingmanninn: Er þetta ekki aðalmálið? Er það ekki aðalmálið að standa vörð um grunnnetið og gagnaþjónustuna? Er það ekki í raun og veru stóra byggðamálið og stóra málið í þessu öllu að standa vörð um það og skilja það frá eins og hann nefndi réttilega að Samf. hefði lagt áherslu á? Og snýst ekki ræða hans öll um nákvæmlega þetta sama og við erum að leggja áherslu á?

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt. Það var eitt megininntakið í mínum málflutningi. Þessi undirstöðuþjónusta, umferðaræðar fjarskiptanna, eru gríðarlega mikilvægar. Það skiptir að sjálfsögðu máli hvernig með þær er farið. Hins vegar er of langt gengið að láta að því liggja að ég og hv. þm. eða ég og Samfylkingin, minn flokkur og síðan Samfylkingin, séu sammála um að þar með sé björninn unninn með því að taka upp þá stefnu að ekki eigi að einkavæða grunnnetið, m.a. og ekki síst vegna þess að það er alls ekkert í boði. Hæstv. ríkisstjórn hefur hafnað þeirri leið. Framsókn lak niður. Það er ekki í boði. Þá verða menn að gera það upp við sig hvort þeir vilji einkavæðingu Landssímans að því gengnu þegar það er alls ekkert í boði og þetta snýst um annaðhvort eða.

Það er rétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi og rifjaði upp. Ýmislegt hangir þarna á spýtunni, t.d. sæstrengir, eignarhlutur okkar í gervihnattafyrirtækjum og ýmislegt fleira. Ég hef að þessu spurt áður. Á þetta allt saman að fara með? Mér skilst að svarið sé já.

Strax þegar því ágæta fyrirtæki Pósti og síma var skipt upp eða það reyndar „háeffað" í byrjun með svardögum og loforðum um að alls ekki stæði til að einkavæða, ekki hæti. Um það má finna vitnisburðinn úr þessum ræðustóli. Þáverandi hæstv. samgrh., núv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, sagði að það yrði nú aldeilis ekki, þetta væri bara formbreyting og til marks um það yrði bara gefið út eitt hlutabréf. Menn sæju náttúrlega að ekki stæði til að selja hlut í slíku fyrirtæki. Ekki yrði þetta hlutabréf rifið í sundur og seld af því hornin. Nei, nei. Það yrði bara gefið út eitt hlutabréf og það væri til marks um að engin einkavæðing væri þarna fyrirhuguð. Það loforð náði varla að kólna áður en hafinn var undirbúningur að því, fyrst að skipta fyrirtækinu upp og svo að undirbúa einkavæðingu. Þannig hefur þetta allt saman verið.

Í raun stöndum við frammi fyrir hreinni víglínu, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Viljum við þetta eða viljum við það ekki, það sem í boði er af hálfu ríkisstjórnarinnar?

[16:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta ákaflega skrýtin ræða, þ.e. að ekki væri í boði af hálfu ríkisstjórnarinnar að aðskilja dreifikerfið, umferðaræðar fjarskiptanna, eins og þingmaðurinn orðaði það, og þess vegna væri það ekki til umræðu hér. Það er auðvitað til umræðu hvernig við viljum sjá hlutina gerast. Það er heldur ekki í boði af hálfu ríkisstjórnarinnar að hætta alveg við að selja Landssímann og að ríkið eigi fyrirtækið áfram óbreytt eins og núna. Þess vegna erum við hvert fyrir sig eða hver flokkur fyrir sig að skoða hvernig við getum séð fyrir okkur þessa framtíðarþróun og hvað við eigum að leggja áherslu á að halda í að ríkið reki og ríkið eigi.

Hér hefur verið afgreitt raforkufrv. og lög sett sem taka gildi um næstu áramót. Þar er skilið milli reksturs og dreifikerfis. Í þeim lögum stendur að vísu ekki að ríkið eigi að eiga dreifikerfið. En ég ætla að taka undir með þingmanninum: Ég vona að sú verði raunin að ríkið haldi áfram að eiga það dreifikerfi. Og ef önnur fyrirtæki verði til þá vona ég að leigð verði afnot af því, því við þurfum a.m.k. að passa okkur á því að vera ekki með of mikið sýnilegt byggt upp í óþarfa. En um það er verið að ræða og af því þingmaðurinn nefndi að Samfylkingin vilji bara selja, tali að vísu um eitthvert dreifikikerfi, þá er svo mikið undir í dreifikerfinu, þ.e. þetta sem við höfum þegar nefnt. Þess vegna hefur Samfylkingin gert það upp við sig að það sem er á samkeppnismarkaði má fara. Ekki skiptir það mig neinu máli hvort ríkið eigi eitthvert GSM-fyrirtæki þegar til eru orðin mörg önnur. Þá mega þau bara vera einhvers staðar annars staðar. Það skiptir mig máli hvað er hjá ríkinu og m.a. þetta. Ég lít á það sem stórkostlegt byggðamál að ríkið sé með dreifikerfið. Þess vegna spyr ég

þingmanninn: Hvað annað en dreifikerfi þarf „absalút" að vera hjá ríkinu?

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. má hafa allar skoðanir á mínum ræðum og kalla þær skrýtnar. En veruleikin er bara þessi: Hér er stjórnarfrv. á ferðinni um breytingu á lögum þar sem ekki er gert ráð fyrir því að aðskilja þessa þætti í starfsemi Símans og þar sem er gert ráð fyrir sölu á þessu öllu saman í einum pakka. Þá standa menn frammi fyrir því og að taka afstöðu til þess. Menn geta að sjálfsögðu haldið til haga áherslum sínum og hugmyndum um hvernig hefði verið hægt að gera hlutina öðruvísi. En þegar við komum til með að greiða atkvæði í þessum efnum eða þegar við höfum verið að greiða atkvæði í þessum efnum þá hefur það verið um þetta, einkavæðingu Landssímans eins og hann leggur sig.

Að sjálfsögðu væri til bóta að undanskilja grunnnetið. En það er síður en svo án vandkvæða. Það mikið veit ég um þessi mál hafandi glímt við þau talsvert um hríð. Það er alls ekki einföld eða vandalaus leið að fara. Ég tel að hún væri fær og ég tel að hægt væri að gera það og miklu betra en að ana þessa leið áfram. En þá þyrfti að stofna sérstakt fyrirtæki rekstraraðila um grunnnetið. Því yrði að tryggja fullnægjandi tekjur til þess að geta haldið uppbyggingu og fjárfestingum áfram o.s.frv. Það yrði að útbúa reglur á grundvelli hverra menn ættu síðan aðgang að þessu neti á jafnræðisgrundvelli og sanngjörnum grundvelli. Það yrði að kostnaðarreikna þættina o.s.frv.

Vandinn m.a. gagnvart því að svara því hvað þurfi að vera á hendi ríkisins eða hvað þurfi að tryggja til að allir landsmenn sitji við sama borð er að það er ekki það sama t.d. í Reykjavík og í strjálum byggðum landsins. Sumt gæti verið í samkeppni hér en það eru engar forsendur fyrir því þegar kemur út um landið. Þess vegna er þetta ekki bara þannig að einhver virðisaukaþjónusta, viðbótarþjónusta eða jaðarþjónusta sé í samkeppni en einhver undirstöðuþjónusta um allt land hins vegar ekki. Það tekur líka mið af landfræðilegum aðstæðum. Ég held þar af leiðandi, herra forseti, þegar upp er staðið og að lokum þá stöndum við frammi fyrir því hvort við viljum fara út á þessa braut eða ekki. Svo einfalt er það. Eitt er víst og það er að ég held að það muni um hvert ár sem það er ekki gert.

[16:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði í ræðu sinni prýðilega grein fyrir því hvers vegna hér er lögð til sú breyting sem frv. felur í sér, þ.e. fjarskiptaráðherrann haldi ekki á hlutabréfi í stærsta símafyrirtæki landsins. Hann fór yfir þau mörgu mikilvægu mál sem fjarskiptaráðherrann þarf að fjalla um og setja reglur um, svo sem eins og þjónustu og samkeppnisaðstæður ýmsar. Mér heyrðist því að ekki væri nú langt í að hv. þm. gæti verið sammála ríkisstjórninni um þessa breytingu.

Hins vegar kom hv. þm. inn á atriði sem er óháð því að hver fer með hlutabréfið í Landssímanum, þ.e. hvort selja eigi grunnkerfið í Símanum með eða ekki. Um þetta höfum við rætt oft í sölum þingsins og við höfum komist að þeirri niðurstöðu í ríkisstjórninni að það beri að fara sömu leið og allar þjóðir Evrópu sem hafa einkavætt símana hafa farið, þ.e. að selja grunnnetið einnig með. Hvers vegna? Jú, það er vegna þess m.a. að á Íslandi er komin samkeppni í þjónustu í grunnkerfinu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ber að sínu leyti væntanlega ábyrgð á þeirri samkeppni í gegnum stuðning sinn við R-listann sem hefur með Línu.Neti byggt upp ljósleiðarakerfi á höfuðborgarsvæðinu og tekið þátt í samstarfi innan fyrirtækis með Landsvirkjun sem hefur lagt ljósleiðara yfir hálendið. Það er því kominn vísir að þessari samkeppni hvað varðar grunnnetið og það er hlutverk fjarskiptaráðherrans að setja um þetta reglur.

Ég vil vekja athygli á því sem er nauðsynlegt að vekja athygli á, þ.e. að á Íslandi eru GSM-símar notaðir meira en víða annars staðar í nágrannalöndum og internetnotkun er meiri en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Það er vegna þess að við höfum nú þegar byggt kerfið mjög myndarlega upp þó víða sé þörf á uppbyggingu áfram.

[16:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er allt rétt. Hver byggði upp kerfið? Hvers vegna hefur Ísland verið í fremstu röð á svipi fjarskipta? Hvers vegna bjuggum við við einhver hagstæðustu símgjöld í allri Evrópu áður en menn fóru að ráðskast með Póst og síma? Það var af því að byggt var upp eitt sterkt sameiginlegt þjónustusinnað fyrirtæki sem veitti landsmönnum ótrúlega góða þjónustu um allt land í okkar stóra strjálbýla landi. Reynslan af hinu opinbera fyrirtæki var nú ekki verri en sú að það er viðurkennt að Ísland var í fararbroddi hvað það varðaði að taka inn tækninýjungar og koma þeim til allra landsmanna. Uppbygging NMT-kerfisins var ein sú hraðasta og fyrst á ferðinni í allri Evrópu hér. Póstur og sími sá um það fyrir 12–15 árum síðan. Sama gerðist aftur þegar GSM-kerfið fór af stað o.s.frv. Það eru þó meðmæli eða hvað með því að það hafi nú ekki verið svo slæmt fyrirkomulag sem gat afrekað þetta í landi við aðstæður eins og raun ber vitni hér?

Aðeins varðandi grunnnetið og að rök fyrir því að fara þessa leið séu að hér sé komin á einhver vísir að samkeppni, t.d. á Reykjavíkursvæðinu og að Landsvirkjun eigi ljósleiðara norður yfir heiðar. Þetta er hvort tveggja atriði sem ég nefndi. En ég benti á það líka að þetta tekur aðeins til hluta landsins. Eftir eru þau stóru svæði sem þetta gildir ekki um. Þessi samkeppni verður þá í besta falli sú að tveir aðilar eru til staðar í landinu, þ.e. klassísk fákeppni. Er það þannig umhverfi sem við viljum innleiða hér að öllu leyti? Ég segi nei. Ég tel að það gefist ekki vel á öðrum sviðum viðskipta þar sem menn eru þó síður bundnir lögmálum náttúrulegrar einokunar en hér á við. Ég á ákaflega erfitt með að sjá að þetta geti gengið vel jafnvel þó að fjarskiptamálaráðherrann sé metnaðarfullur og beiti þeim úrræðum sem á að heita að hann hafi í sínum höndum.

[16:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að tekið hefur langan tíma að byggja upp fjarskiptakerfi í landinu. Það gerist hins vegar ekki fyrr en í fyrstu ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að eitt gjald verður fyrir símnotkun í öllu landinu í fjarskiptakerfinu. Í dag er það þannig að GSM-símaþjónustan er á sama verði alls staðar. Mikil lækkun hefur orðið á kostnaði í gagnaflutningum hin síðari ár. Þessari þróun hefur því allri miðað í rétta átt. Verð á fjarskiptaþjónustu á Íslandi samkvæmt skýrslum OECD er með því allra lægsta sem gerist í veröldinni og það er afar mikilvægt fyrir okkur. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að auðvitað þarf

að koma í veg fyrir að eitthvað sem hann kallar náttúrulega einokun geti orðið til þess að koma í veg fyrir að fjarskiptaþjónustan verði það mikla afl til uppbyggingar í landinu sem hún á að geta verið.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að njóta hans ábendinga og stuðnings sem ég veit er að einlægur í því að fjarskiptafyrirtækin fái ekki frið til annars en að byggja upp þjónustu sína um landið allt og fyrir því vil ég standa.

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það var í tíð Halldórs Blöndals, páv. hæstv. samgrh., að landið varð eitt gjaldsvæði í símaþjónustu. Hæstv. samgrh. hefði alveg mátt halda áfram að rifja upp söguna og svara því hvenær sú stefna var mótuð og hvernig ástandið hafi þróast árin þar á undan. Það var nefnilega þannig þegar ég kom í samgrn. að munurinn á innanbæjarsamtölum og langlínu var einn á móti átta. Það var átta sinnum dýrara að hringja á milli landshluta en innan bæjar. Sá munur var kominn í einn á móti þremur þegar ég skellti þar dyrum og sú stefna hafði þegar verið mótuð að landið yrði allt eitt gjaldsvæði í áföngum.

Það er alveg hárrétt, það er alveg gríðarlega mikilvægt atriði og við hæstv. samgrh. erum sammála um það — það er þó vel — að allir landsmenn búi við sem jafnastar aðstæður í þessum efnum. Það er orðið algjört úrslitamál hvað varðar alla framþróun í atvinnulífi, í menntun og á fjölmörgum öðrum sviðum samskipta fyrir landsmenn. Það er algerlega ljóst að ef ekki tekst að tryggja þennan jafna aðgang að upplýsingahraðbrautinni, ekki bara í formi verðs heldur líka tækni og aðgangs og jafnvel kunnáttu til að nýta möguleikana, þá verður þetta undirrót hinnar nýju stéttaskiptingar. Það verða þá annars vegar þeir sem hafa þekkingu, tækni eða aðgang að slíku á sínu valdi til að vera þarna fullgildir þátttakendur og hinir sem hafa það ekki. Þess vegna er svo gríðarlega mikið í húfi. Ég hef miklar áhyggjur af því að jafnvel þótt menn af góðum vilja hyggist tryggja slíkt í gegnum reglusetningarvald stjórnvalda þá reynist erfitt í framkvæmd að ná því fram, að misvitrir stjórnendur muni setjast við völd, jafnvel ekki með sama skilning á þessu og núv. hæstv. samgrh., sem ekki beiti tækjunum. Þar getur mismununin læðst aftan að okkur meðal annars.

[16:30]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.

Virðulegi forseti. Mér finnst með ólíkindum að ekki skuli vera fleiri hv. þingmenn við umræðuna á hinu háa Alþingi vegna þess að hér er sannarlega um stórmál að ræða. Verið er að opna á það sem ákveðið hefur verið, þ.e. að selja fyrirtækið Landssímann hf.

Hvernig fyrirtæki er Landssíminn hf.? Það hefur margoft komið fram hér. Síminn er vel tæknivæddur. Hann þjónar mjög vel hinu 103 þúsund ferkílómetra landi með svo fáum íbúum sem raun ber vitni. Þráfaldlega hefur komið fram að Síminn er ódýr og stenst alla samkeppni við önnur lönd og er meira að segja miklu ódýrari en annars staðar í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Mjög mikilvægt er að fara í efnislega umræðu um hvernig við viljum haga þessum málum. Komið hefur fram t.d. hjá Samf. að hún vilji halda eftir grunnnetinu. En við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum klárlega sett fram þá stefnu okkar að við viljum halda þjónustufyrirtæki eins og Landssímanum í eign ríkisins. Við höfum fært fyrir því fjölmörg rök. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór í gegnum þau mál öll í ræðu sinni áðan og gerði því mjög góð skil.

Hver er staðan í fjarskiptamálum í nágrannalöndum okkar? Ég minnist þess að hafa lesið um það að í heimabyggð minni, Dalvík, var einkasími fyrir daga Landssímans. En gallinn var bara sá að síminn á Dalvík náði bara á milli húsa á Dalvík og enginn náði lengra. Símafélagið á Dalvík var því sameinað Landssímanum og gekk inn í hann til að menn gætu átt samskipti á milli svæða, á milli héraða og milli bæja. Einföld tillaga.

Hver er reynslan af samkeppni og nýjum félögum inn á símamarkaði t.d. í löndunum í kringum okkur? Í mörgum stórum borgum eru menn orðnir einangraðir í litlum félögum sem ná ekki út fyrir símasvæði sín. Það eru t.d. mörg félög í London sem ná ekki út fyrir og hafa ekki samninga við önnur lönd, þannig að ekki er hægt að hringja á milli. Þetta er afleiðing þess að menn hafa einangrað sig og er áratuga afturför miðað við það sem áður var. Ég minnist þess að ég var í heimsókn á eyjunni Isle of Man þar sem ríkir mikil frjálshyggjustjórn. Þeir sömdu við tiltölulega lítið símafyrirtæki á Isle of Man, Manareyju, um símaþjónustu við landið. Við komumst að því, íbúar frá Norðurlöndum sem þar vorum í heimsókn, að enginn okkar náði út fyrir eyjuna í síma og við héldum allir að símarnir okkar væru bilaðir. En við komumst að því að láðst hafði að gera samning á Isle of Man þannig að símafyrirtækið sem var ráðandi og ríkjandi á markaði þar á eyjunni hafði enga samninga við stóru símafyrirtækin í öðrum löndum, þannig að eyjan var meira og minna einangruð, náði sér í símaþjónustu í gegnum London o.s.frv. Ætla menn að horfa fram á slíka þróun í samfélagi okkar?

Við höfum fylgst með hvað þeir hugsa og setja fram sem eiga símafyrirtækin sem eru hér í samkeppnisrekstri. Það hefur margoft komið fram að menn vilja ekki standa í neinum stórræðum um sinn vegna þess að menn líta á það sem biðtíma þar til Landssíminn verður á sölutorgi. Augljóst er af því sem maður ímyndar sér í framhaldi af umræðum um þessi mál að þeir sem eru á markaði og keppa núna hugsa sér að fara fram með þeim hætti að koma á einkavæddri einokun á símkerfi landsins. Ég get ekki túlkað hlutina öðruvísi miðað við það sem ég hef lesið um hug þessara manna til framtíðar fjarskipta af þessu tagi í landinu.

Þess vegna teljum við mjög mikilvægt að horfið sé frá þeim áformum. Sérstaklega vegna þess, eins og fram hefur komið m.a. í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að númer eitt, tvö og þrjú mun það verða landsbyggðin sem blæðir fyrir breytt form. Og það er ekki bara vandamál landsbyggðarinnar vegna þess að okkar annar stærsti atvinnuvegur, ferðaþjónustan, þarf svo sannarlega á því að halda og byggist á því að hér séu góð fjarskipti um allt landið, þetta 103 þúsund ferkílómetra land. Það er grundvallaratriði í þessu samhengi. Þess vegna viljum við hvetja til þess að menn fari ekki fram með þeim hætti og rasi ekki um ráð fram.

Það hefur margoft komið fram að ríkisstjórnin ætlar ekki að setja neinar girðingar af neinu tagi, t.d. að læra af reynslu Nýsjálendinga hvað varðar einhvers konar tök á fyrirtækinu í framtíðinni. Þetta er virkilegt áhyggjuefni.

Virðulegi forseti. Það eru fyrst og fremst þessi atriði sem ég tel að sé nauðsynlegt að þjóðin geri sér grein fyrir. Sumir

hv. þingmenn hafa bent á stöðuna á raforkumarkaði og einkavæðingaráform þar eða samkeppnismöguleika sem nýverið er búið að innleiða. Við höfum nú þegar allnokkra reynslu af slíku ferli t.d. í Evrópu, þar sem menn telja að orkuafhendingartruflanir af mörgu tagi, sumar gríðarlega stórar eins og á Ítalíu um daginn, séu bein afleiðing af því sem er búið að gera í einkavæðingu orkugeirans í Evrópu. Þar sögðu menn og settu fram sem meginástæðu fyrir einkavæðingunni að 20% offramleiðsla væri í kerfinu. Þessi 20% ættu að koma neytendum til góða. En það er bara ekki þannig þegar upp er staðið. Menn setja þessi 20% á sölutorg. Þeir loka óarðbærum einingum. Og þegar í harðbakkann slær, veður versnar, álag eykst, þá er kerfið ekki tilbúið vegna þess að eigendur kapítalsins, eigendur fjármagnsins vilja ekki sitja uppi með kvöðina um öryggið af neinu tagi. Þannig gerast kaupin á markaðstorginu. Það er engin kvöð. Það er engin skylda. Það er bara að hala inn í núinu eins miklu og gengið getur.

Það eru slík varnaðarorð sem verður að hafa í frammi varðandi sölu á grunnþjónustu eins og Landssímanum. Þau hafa verið höfð í frammi af okkar hálfu varðandi markaðsvæðingu eða samkeppnisvæðingu á raforkumarkaði. Við erum að tala um svið eins og afhendingu á köldu og heitu vatni. Grunnþjónusta sem allir þurfa að nota og verður sú notkun ekki dregin verulega saman þó svo að einhverjir komist yfir að eiga viðkomandi fyrirtæki.

En samfélagsleg áhrif, virðulegi forseti, geta orðið gríðarleg. Og það að hafa ekki öflug, góð og ódýr fjarskipti um allt land gerir það að verkum að það er innantómt tal að ræða um uppbyggingu á tækniiðnaði eða hvers konar iðnaði, búsetu fólks úti á landi o.s.frv. nema þessir grunnþættir séu í lagi, þ.e. fjarskiptamálin. Sennilega eru þau að verða eitt af stóru atriðunum eða lykilatriðin í ákvarðanatöku um búsetu á landsbyggðinni og uppbyggingu fyrirtækja þar. Gríðarlega mikilvægur þáttur, auk þess eins og ég nefndi áðan með öruggri afhendingu á annarri orku, svo sem rafmagni eða heitu vatni.

Við erum að ræða, virðulegi forseti, um stórmál vetrarins. Mér finnst með eindæmum ef hv. þingmenn ætla ekki að taka þátt í umræðunni og gera þjóðinni frá hinu háa Alþingi grein fyrir því hvar þeir standa í málinu. Það er algjörlega nauðsynlegt. Vegna þess að þjóðin hefur reynslu af þessari svokölluðu formbreytingu sem framsóknarmenn tala um. Formbreyting fyrirtækja, það muni ekki neitt breytast. En við höfum eins og ég segi þessa löngu reynslu þar sem formbreytingin tekur gildi en síðan að örfáum missirum liðnum stökkva menn til og selja, hvort sem það hafa verið fyrirtæki í ríkiseigu eða þjónustufyrirtæki, svo sem eins og bankarnir. Ævinlega var talað um að breytingin á bankakerfinu, þ.e. formbreytingin þar, þýddi ekki endilega sölu. Menn undirstrikuðu það, sérstaklega framsóknarmenn, bara til að halda kjósendum sínum við það að trúa því að þeir hygðust ekki gera það. Það er mergurinn málsins.

Framsóknarmenn gengu líka fram í síðustu kosningabaráttu og sögðu öllum sem heyra vildu að þeir mundu ekki selja Landssímann. Það eru staðreyndir mála. Heima í héraði var gengið fram af hálfu framsóknarmanna með þann boðskap. Og hv. þingmenn framsóknarmanna verða að koma fram í þessari umræðu og gera þjóðinni grein fyrir því hvert þeir stefna í málinu og hvernig þeir sjá framtíðina varðandi fjarskiptamálin, þ.e. Landssíma Íslands. Það er algjörlega nauðsynlegt.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir og ég held að enginn velkist í vafa um hug okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til þessara mála. Við höfum lagt á það megináherslu allt frá stofnun flokks okkar og í málflutningi okkar á hinu háa Alþingi að við viljum og stöndum vörð um grunnþjónustu landsins. Þar undir eru fjarskiptin. Þar undir eru orkumálin og orkuafhendingarmálin, hvort sem við erum að tala um rafmagn, kalt vatn eða heitt vatn. Þar undir eru vegamál. Þar undir er heilbrigðisþjónusta o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. en vil leggja áherslu á að sala fyrirtækisins og það að setja fyrirtækið á markað mun leiða til þess að verðlagning þjónustunnar hækkar. Það gefur augaleið. Menn gera arðsemiskröfur. Við megum ekki ganga að því neitt gruflandi að sala fyrirtækisins mun leiða til þess að menn vilja fá betri afkomu og verðið mun hækka. Þetta teljum við vonda þróun, slæma sýn og viljum leggja okkar af mörkum hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til að gera hv. þingmönnum og hæstv. ríkisstjórn grein fyrir því að hér er verið að fara inn á óheillabraut með eina af mikilvægustu grunnþjónustustoðum landsins.

[16:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir í sjálfu sér við ræðu hv. þm. Honum er mikið niðri fyrir. Ég verð samt endilega að taka fram að við erum ekki að taka neina ákvörðun núna um sölu Símans. Sú lagaheimild liggur fyrir, í þeim lagabálki sem verið er að gera smávægilega breytingu á. Við erum því ekki að taka neina efnislega ákvörðun um, það hefur löngu verið gert á Alþingi hvað heimildina varðar. Þetta er eingöngu um formbreytingu að ræða með hlutafé í Símanum, fari hæstv. fjmrh. með en ekki hæstv. samgrh. Þannig að við erum ekki að tala um það núna að menn þurfi að taka afstöðu í þeim efnum, þó ekkert sé á móti því eins og ég sagði áðan að menn noti tækifærið til að ræða mikilvægt mál eins og þetta og ég geri ekki lítið úr því.

[16:43]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður mig að hæstv. forsrh. kemur fram með það hér að ekki þurfi endilega að selja. Og ef við tölum kannski nógu lengi yfir hv. þingmönnum og hæstv. ríkisstjórn, þá ber það e.t.v. þann árangur að menn hugsa sinn gang. Það er í sjálfu sér gleðiefni. Ég held að við verðum að eflast og tína það fram sem við höfum okkar málum til rökstuðnings þannig að hæstv. forsrh. beygi af leið og hugsi sér ekki til hreyfings, enda kom fram hjá hæstv. forsrh. að hann þyrfti ekki að gera það miðað við frv. og hér væri einvörðungu um formsatriði að ræða. Það gefur manni von og hefði kannski eflt mig enn frekar í framsetningu mála minna áðan ef ég hefði áttað mig á því sem hæstv. forsrh. benti mér á að hér væri ekki verið að fara inn á þá vegferð um sinn. Vonin er þá ekki öll úti um að menn hugsi sinn gang og taki aðrar ákvarðanir en að setja þetta mikilvæga fyrirtæki á markað.

[16:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að ég hef ekki talað nægilega skýrt í fyrra andsvarinu. Þetta frv. hljóðar svo:

„3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin fellur brott."

Þetta er nú frumvarpið. Og síðan gildistökugrein:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004."

Það sem ég var að reyna að segja áðan í andsvari við hv. þm. var þetta: Heimildin til að selja og efnisumræðan um

þá heimild til handa ríkisstjórninni hefur þegar farið fram í þessum sal, þessum húsakynnum. Sú heimild liggur fyrir í lögunum sem verið er að breyta að pínulitlu leyti. Í þeim orðum mínum felst ekki að ríkisstjórninni hafi snúist hugur og ætli sér ekki að selja. Ríkisstjórnin ætlar sér að selja enda fáist viðunandi verð fyrir fyrirtækið. Það hefur komið fram hjá talsmönnum beggja flokka hvað eftir annað.

[16:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin ætlar að selja. Það liggur fyrir að einkavæðingarnefnd er á fullu við að undirbúa söluna. Þá verður manni á að hugsa: Til hvers þá þessa formbreytingu? Er hæstv. samgrh. ekki treystandi fyrir því að skrifa undir samningana? Hvaða vandamál eru þar til staðar ef menn ætla hvort sem er að selja sem allra fyrst? Þá duga ekki röksemdir hæstv. samgrh. um að hann sé eftirlitsaðili. Hann verður eftirlitsaðili með einhverjum öðrum en sjálfum sér þegar búið er að selja. Þannig tekur því varla að standa í þessari breytingu ef salan er á næstu grösum, nema menn treysti ekki hæstv. samgrh. fyrir því að klára þetta dæmi. Auðvitað gekk hæstv. ráðherra fremur illa með það þegar hann gerði tilraun til að koma Símanum á annarra hendur fyrir nokkru.

Við sitjum uppi með það að sumum finnst að fremur illa hafi gengið að stjórna Símanum. Mönnum finnst það af ýmsum ástæðum. Það er t.d. ekki einleikið að hafa þrjá forstjóra á launum hjá einu fyrirtæki. Fleira mætti til telja sem hefur ekki gengið alveg nógu vel.

Formbreytingin sem hér er á ferðinni er að mínu viti einskis virði nema í henni megi finna þá bjartsýni sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson leyfði sér áðan, að menn ætli þá að eiga fyrirtækið áfram. Þar með er náttúrlega í sjálfu sér eðlilegra að fjmrh. fari með þetta vald og hæstv. samgrh. hafi eftirlit með fyrirtækinu og sé ekki að forminu til handhafi eignarhaldsins. En til þess eru nú refirnir skornir að taka fjárforræðið af hæstv. samgrh. Ég hefði haldið að það væri betra að fá að heyra aðeins betur í honum um hvort hann er ánægður með þetta. Er hann kannski sannfærður um að hann muni hafa eftirlit með þessu um langa tíð áður en sala fer fram? Þá væri þetta vitanlega bráðnauðsynlegt. Ég skil það mjög vel. En hitt skil ég ekki að það liggi á með þessa formbreytingu ef salan stendur fyrir dyrum.

Það er mikið umhugsunarefni að Framsfl., eins og lýst var fyrr í dag, var með miklar yfirlýsingar um að hér skyldi aldrei gengin sú gata sem sjálfstæðismenn hafa marglýst yfir að eigi að ganga, að selja Símann í heilu lagi. Ég verð að segja það fyrir mig að mér finnst fráleitt að menn geri þá tilraun. Ég tel að menn eigi að fara hægt í þetta mál. Það er nefnilega annað mál á næstu grösum sem má segja að sé af svipuðu tagi. Hér stendur til að breyta um rekstur á raforkukerfinu í landinu. Þar hafa menn, eftir því sem ég veit best, tekið þær ákvarðanir að grunnnetið skuli ekki í eigu fyrirtækjanna sem keppa á markaðnum heldur skuli það skilið frá. Ég er mjög sáttur við þá grunnhugmynd þó ég hafi alla fyrirvara á þar sem við höfum ekki fengið að sjá hvernig að því verður staðið. Ég tel að sú grunnhugsun eigi líka að vera við lýði í fjarskiptunum og Símanum.

Úti á landi hafa menn miklar áhyggjur af því að grunnnetið verði ekki skilið frá. Þar eru líka þeir sem hafa vit á, t.d. þeir sem vinna hjá Símanum. Þeir hafa verið með yfirlýsingar um að erfitt verði að fá fram alls konar viðbætur og framkvæmdir á strjálbýlum stöðum eigi þetta að vera eins og í stefnir, að einkafyrirtæki eigi að meta málið út frá fjárhagslegum hagsmunum. Þeir óttast að ekki verði litið á þetta sem þjónustu við alla landsmenn eins og þegar hið opinbera á hlut að máli, eins og var hjá Pósti og síma og verið hefur hjá Símanum eftir að skilið var í sundur milli fyrirtækjanna.

Hæstv. samgrh. hélt mikla hólræðu um það áðan hvað þetta hefði gengið rosalega vel. Hvergi lægri gjöld. Hvað liggur þá á? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Eigum við ekki að gera eina tilraun í einu? Er það ekki nóg? Ég held að þessi tilraun með raforkukerfið geti sýnt okkur hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Það er mikið umrót á öllum þessum þáttum samfélagsins. Þannig hefur það verið undanfarin ár og verður þannig fram undan. Ég tel fulla ástæðu til að fara sér frekar hægt hvað þetta mál varðar. Ég held að það væri öllum til góðs.

Ég óttast hins vegar að hluti af því að Framsfl. gleypti stefnuna sína í samningnum um myndun ríkisstjórnar sé að nota eigi þessa peninga í skattalækkanir ríkisstjórnarinnar undir lok kjörtímabilsins og engin önnur leið sé til að standa við stóru loforðin en að ná inn peningum fyrir einkavæðingu Símans.

Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn haft sem skotsilfur á undanförnum árum til að deila út? Það eru peningar sem hafa komið inn fyrir eigur ríkisins. Þeir hafa svo sannarlega verið notaðir til að auglýsa mátt og mikilleika ríkisstjórnarinnar þegar það hefur þótt henta. Ég held að það sé óhætt að segja um þessa ríkisstjórn að sjaldan bregður mey vana sínum. Hún mun halda þessu áfram, selja eigur ríkisins og reyna að skreyta sig með því þegar líður að kosningum. Hún mun skreyta sig með þeim fjármunum sem þar hafa fengist.

Mér finnst að framsóknarmenn megi við þessa umræðu útskýra fyrir hv. Alþingi hvernig þeir sjá fyrir sér að tryggja megi uppbyggingu á samskiptakerfum úti á landi og í öllu landinu svipað og verið hefur á undanförnum árum. Þá skilar okkur kannski eitthvað áfram í þessari umræðu. Það eru verulegar hættur í þessu máli. Ég tel að það sé ekki einleikið ef mönnum liggur svona á.

Ég vil taka skýrt fram að ég get ósköp vel skilið að þessi formbreyting eigi sér stað ef menn fresta þessu máli og gefa sér tíma til að sjá hvernig það sem ég vil alla vega að verði fyrri tilraunin gengur, þ.e. með raforkukerfið, áður en menn taka ákvörðun um að fara aðra leið hvað varðar fjarskiptakerfið í landinu.

[16:55]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér er til umræðu fjallar um að fjármálaráðherra fari með hlutabréf í Landssíma Íslands í stað samgönguráðherra. Ég held að við sem hér erum séum í meginatriðum sammála um þá breytingu. Ég vil taka það skýrt fram að hér er ekki verið að fjalla um sölu Landssímans. Það er umræða sem tekin verður síðar.

Í umræðunni sem fram hefur farið í dag hefur mikið verið kallað á okkur framsóknarmenn og okkur borið á brýn að við hefðum sagt fyrir kosningar að við vildum ekki selja Símann. Sú ákvörðun var tekin á síðasta kjörtímabili. Sjálfur stóð ég í þeirri meiningu í kosningabaráttunni að sú ákvörðun hefði verið tekin. Lagaheimildin liggur fyrir. Það er búið að taka þetta vald af þinginu og framselja framkvæmdarvaldinu. Ég held að menn deili ekki um að þessi lagaheimild hefur legið fyrir og lá fyrir fyrir kosningar.

Hvað varðar umræðu um uppbyggingu á dreifikerfinu þá tek ég undir áhyggjur margra hv. þingmanna hvað það varðar. Við verðum að standa vörð um dreifikerfið og byggja það upp. Það er trúlega eitt mesta byggðamál samtímans að byggja upp öflugt dreifikerfi um allt land. Það er eitt stærsta byggðamál hinna dreifðu byggða.

Hvað varðar einkavæðingu og söluna á Landssímanum þá verðum við líka að tryggja að samkeppnisumhverfið sé fyrir hendi þegar af sölunni verður. Mér skilst að samkvæmt fjarskiptalögum eigi allir að eiga jafnan aðgang að dreifikerfinu. Ég segi það hér sem mína skoðun að það verður að vera vel ígrundað hvernig samkeppnisumhverfið skuli vera þegar að sölunni kemur. En ég er stuðningsmaður sölu Landssímans. (**Gripið fram í:** Í heilu lagi?) Í heilu lagi, já. Ég hef ekki farið í grafgötur með það. Ég tel að ríkið eigi ekki að vasast í samkeppnisrekstri, keppa við einkaaðila á markaði. Ég verð að segja, miðað við málflutning Samf. í dag, að ég átta mig ekki alveg á stefnu þeirra varðandi Landssímann. Mér finnst sumir hv. þm. þeirra tala jafnvel gegn sölu Landssímans. Ég get ekki skilið það öðruvísi.

Ég vil benda á annað. Aðilar á markaði hafa sagt að nú sé lag. Það er mjög gott ástand á markaðnum ef svo má segja. Við megum búast við að fá mikið og gott verð fyrir Landssímann. Ástandið er mun betra en fyrir tveimur eða þremur árum þegar tilraun var gerð til að selja Landssímann. Ég held að það hafi reynst okkur heilladrjúgt að fresta þeirri sölu.

Afstaða Framsfl. í þessu máli er mjög skýr. Hún hefur verið skýr og var skýr fyrir kosningar. Við tókum þá ákvörðun á síðasta kjörtímabili að selja Landssímann. Það eru útúrsnúningar og ekkert annað að halda öðru fram en að við höfum verið búnir að ákveða þetta fyrir kosningar. *Sú ákvörðun lá ljós fyrir. Ég veit ekki betur en að margir* þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefðu talað mjög í þá átt fyrir kosningar að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn væru búnir að taka þessa ákvörðun. Við fórum ekkert í grafgötur með það.

Ég held að afstaða Framsfl. í þessu máli liggi fyrir. Ég tek samt fram enn og aftur að við erum einungis að tala um mjög litla breytingu, þ.e. að færa hlutabréfin frá samgrh. til fjmrh. Svo munum við væntanlega taka aðra umræðu síðar um sjálfa söluna á Landssímanum.

[16:59]

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuefnameðferð, 248. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 268.

Framkvæmd laga um leikskóla, 253. mál, fsp. ÖJ, þskj. 273.

Rannsóknahús við Háskólann á Akureyri, 250. mál, fsp. HHj, þskj. 270.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, 249. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 269.

Þjálfun fjölfatlaðra barna, 251. mál, fsp. ÖJ, þskj. 271.

[17:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka það að framsóknarmenn, aldrei þessu vant, viðhaldast í salnum og taka meira að segja þátt í umræðum. Hv. 9. þm. Norðaust. sýnir nokkurn kjark í því að koma hér og reyna að verja hinn hroðalega málstað Framsfl. í þessu máli. Það er virðingarvert við hann sem ungan og óreyndan þingmann að lenda í því. En venjan hefur verið sú að framsóknarmenn hafa forðað sér úr þingsalnum þegar þessi mál ber á góma.

Að stefna Framsfl. hafi verið skýr — jahá. Ja, hún hefur tekið talsverðum stakkaskiptum eins og kunnugt er og ég fór yfir í ræðu minni. Og hv. þm. viðurkenndi það, og ég er honum sammála um það, að uppbygging dreifikerfisins og rekstur þess og hvernig fjárfestingum og uppbyggingu er háttað t.d. á landsbyggðinni sé eitt stærsta landsbyggðarmál samtímans. Það er það augljóslega vegna mikilvægis fjarskiptaþjónustunnar og gagnaflutninganna um landið og þess að vera þátttakendur í upplýsingatækninni.

Er þá niðurstaðan sú að Framsókn treysti einkaaðilunum best til þess að gera það, eða hvað? Það er sú stefna sem hér er verið að skrifa upp á. Framsfl. hélt lengi vel, framan af, þeirri stefnu sinni til haga á síðasta kjörtímabili að það ætti ekki að einkavæða grunnnetið. Síðan gafst Framsfl. upp, lagðist á kviðinn í þessu máli eins og fleiri gagnvart nýfrjálshyggjunni og það var farið í að reyna sölu. En þau söluáform runnu út í sandinn. Og þannig var staðan í aðdraganda síðustu kosninga.

Þess vegna var málið í sjálfu sér opið á nýjan leik og Framsókn hefði verið í lófa lagið að endurmeta áherslur sínar. Ég leyfi mér að halda því fram og tek undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni — það var nú ekki beinlínis þannig að frambjóðendur Framsóknar hömpuðu því að eitt af forgangsverkefnum á næsta kjörtímabili yrði að selja Landssímann. Þeir mynduðu hins vegar ríkisstjórn með Sjálfstfl. að loknum kosningum og tóku það inn í stjórnarsáttmála á nýjan leik að selja Landssímann. Þannig að tækifærið til að móta þarna nýja stefnu var ekki notað.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að vekja athygli hv. þm. á því að hann er duglegur að tala inn í rauða ljósið.)

[17:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum þó vonandi sammála um það, við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að þessi stefna hafi verið mörkuð á síðasta kjörtímabili og lá ljós fyrir í kosningabaráttunni. Það er á hreinu. Aftur á móti erum við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki sammála að því leyti að ég treysti einkaaðilum vel fyrir því að taka við rekstri banka og Landssíma Íslands. Ég held að ríkið eigi ekki að vera að vasast í þeim rekstri í samkeppni við einkaaðila á markaðnum. Þetta er skýr meiningarmunur í okkar pólitík sem við verðum bara að horfast í augu við.

Ég segi það sem nýr þingmaður hér að ég treysti því að dreifikerfið verði byggt myndarlega upp í tengslum við sölu Símans. Það munu kannski skapast forsendur með sölu Símans og þeim miklu verðmætum sem munu fást af sölunni að hægt verði að byggja af meiri hraða upp dreifikerfi, sem er gríðarlega mikilvægt byggðamál. Það erum við þó sammála um, við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

En hvað um það — ég mótmæli þeim málflutningi að stefna okkar framsóknarmanna hafi ekki legið skýr fyrir fyrir kosningar. Ég segi það enn og aftur: Við tókum þessa ákvörðun á síðasta kjörtímabili, það lá fyrir. Þingmenn stjórnarandstöðunnar veltu okkur upp úr því í kosningabaráttunni og við svöruðum fyrir það.

Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon geti ekki sagt annað, við erum nú í sama kjördæmi, Norðaust., og ég held að hann hafi ekki heyrt mig tala um það að ég væri á móti sölu Símans í kosningabaráttunni.

[17:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef engin orð lagt í munn hv. þm. í þeim efnum hvað hann hafi sagt í kosningabaráttunni. Hitt er alveg ljóst að þetta var ekki í hópi þeirra forgangsverkefna og áherslumála Framsfl. sem mig rekur minni til að sá flokkur hafi auglýst í kosningabaráttunni sérstaklega og vantaði þó ekki að talsvert væri auglýst. Framsfl. auglýsti sig í kosningabaráttunni, eins og kunnugt er, sem eitthvað allt, allt annað fyrirbæri en hann er í raun og veru. Það má út af fyrir sig hrósa þeim fyrir þá hugkvæmni og að komast upp með það: að selja sig inn á þjóðina sem stjórnarandstöðuflokkur, svona félagshyggjuflokkur í stjórnarandstöðu. Eins og kunnugt er þá gagnrýndi Framsfl. ekki síst eigin verk í ríkisstjórninni. Byrjaði langar sjónvarpsauglýsingar á ófremdarástandinu í húsnæðismálum sem Framsfl. var búinn að fara með í átta ár og lofaði svo úrbótum. (**Gripið fram í:** Þið ættuð bara að gera betur.) En ég tel að ég muni það rétt, það verður þá leiðrétt ef annað er, að það kom hvergi fram í þessum fallegu auglýsingum framsóknarmanna að eitt af fyrstu verkum þeirra yrði að selja Landssímann, það væri sérstakt baráttumál þeirra.

Eins og ég var að undirstrika hér þá hafði Framsfl. tækifæri til þess, í ljósi þeirra ófara sem þetta mál allt saman var undirorpið á síðasta kjörtímabili, að reisa skorður við. Mönnum var það í lófa lagið. Staðreyndin er auðvitað sú að Framsfl. gafst upp í málinu. Framsókn þóttist hafa stefnu og sagði það við fólk út um byggðir landsins að þeir vildu ekki einkavæða grunnnetið. Þeir gáfust upp. Þeir kyngdu stefnu Sjálfstfl., nýfrjálshyggju-einkavæðingarstefnunni. Og nú koma hér ungir hv. þm. og tala eins og það sé frá þeirra innstu hjartans rótum runnið, stefna Sjálfstfl. Hún sé þeim vaxin í blóð og merg. Kannski er hin nýja kynslóð framsóknarmanna bara klassískir frjálshyggjumenn. Þá verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni einnig að því leyti.

[17:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona og tel að við séum sammála um það, við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að við viljum efla grunnnetið og leggja meiri fjármuni í að byggja upp öflugt grunnnet um allt land, það er stórkostlegt byggðamál. Með sölunni munum við vonandi fá meira fjármagn til þess að byggja það grunnnet upp.

Svo finnst mér merkilegt að heyra hv. þm. Steingrím J. Sigfússon gagnrýna það að Framsfl. skuli ekki hafa auglýst meira í kosningabaráttunni. Áttum við að vera með sérstaka herferð í að auglýsa stefnu okkar í Landssímamálinu? Ég man ekki betur en að á hverjum einasta fundi sem ég var með honum á þá byrjaði hann yfirleitt mál sitt á því að býsnast yfir þeim miklu peningum sem Framsfl. hafði úr að spila og öllum þessum glamúrauglýsingum okkar. (**SJS:** Hvaðan komu þeir?) Svo kemur það í ljós að Framsfl. auglýsti ekki mest í kosningabaráttunni. (**SJS:** Næstmest?) Hann auglýsti ekki næstmest, heldur var hann bara í miðjunni eins og honum einum er lagið.

En ég held að niðurstaða orðaskipta míns og hv. þm. sé sú að við erum sammála um það að við viljum byggja upp dreifikerfið víða um land og efla þjónustu við íbúa í hinum dreifðu byggðum.

[17:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það var engu líkara en hæstv. forsrh. væri að mæla fyrir frv. sem fjallaði um smávægileg formsatriði þegar hann mælti fyrir því að hlutabréfið sem þjóðin á í Landssímanum verði fært frá einu ráðuneyti til annars. Það má til sanns vegar færa að þessi breyting skipti ekki sköpum. En hitt er stórmál hvað verður um Landssímann íslenska. Það er stórmál. Í rauninni spyr ég sjálfan mig hvort þetta sé ekki táknrænt á margan hátt um afstöðu ríkisstjórnarinnar. Landssíminn er fjármálalegt fyrirbrigði sem á að vera komið undir hæstv. fjmrh. að ráðskast með, en ekki samgrh., sem sinnir og á að hafa umsjón og ábyrgð á ákveðnu þjónustuhlutverki sem Síminn hefur gegnt í okkar samfélagi. Þannig að þessi breyting er ekki aðeins breyting á formi, hún er táknræn um pólitíska afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Nú má spyrja sem svo: Hvaða máli skiptir það hver á Símann? Skiptir það einhverju máli? Ég skal alveg viðurkenna það að mér fannst hinn stóri slagur sem háður var um Landssímann kannski mikilvægari en það sem nú er að gerast, þegar Landssíminn var gerður að hlutafélagi, vegna þess að þá ákváðu menn að taka þessa stofnun og færa hana undan handarjaðri almannavaldsins og yfir á markað. Þetta fannst mér hinn raunverulegi slagur um Símann. En nú spyr ég þegar þetta hefur átt sér stað, við erum komin með Landssímann yfir á hlutabréfamarkað: Skiptir þetta máli? Ef svo er, hvaða máli skiptir það að færa hann í hendur einkaaðila?

Ég held að einn stærsti veikleiki hlutabréfaformsins þegar um grunnþjónustu í samfélaginu er að ræða, sé óstöðugleikinn. Eðli máls samkvæmt leitar sá sem fjárfestir í fyrirtæki á einkamarkaði eftir hámarksarðsemi hverju sinni. Og þegar gefur á bátinn heldur hann á önnur mið. Þetta hefur reynst veikleikinn í hlutafélagsforminu í raforkugeiranum og annars staðar þegar um grunnþjónustu er að tefla. Þetta hefur gerst í einkavæddum vatnsveitufyrirtækjum og raforkufyrirtækjum í Frakklandi og víðar. Þetta er veikleikinn í þessu formi. Þess vegna getur það skipt höfuðmáli hver eigandinn er, að hann sé samfélagslega ábyrgur. Hverjir gætu komið þar inn aðrir en ríki og sveitarfélög? Menn mundu hugsanlega líta til lífeyrissjóða. Eru þeir ekki samfélagslega ábyrgir? Jú, það er alveg rétt, þeir lúta slíkri stjórn. Hins vegar er þeim, lögum samkvæmt, gert að leita jafnan eftir hámarksarðsemi í fjárfestingum sínum. Þannig að lögum samkvæmt bæri þeim sem eignaraðila í símafyrirtækjum, raforkufyrirtækjum eða annarri slíkri þjónustu að halda á önnur mið ef fyrirtækinu eða starfseminni vegnaði illa.

Ástæðan fyrir því að ég kom aðeins of seint í þingsalinn var sú að ég var einmitt að leita gagna sem ég veit að eru fyrir hendi um þetta: um þessa hættu sem almannaþjónustunni stafar af þessu formi, þessu eignarformi.

Auðvitað sjá menn ýmsa kosti við hlutafélagsformið fyrir markaðinn. Það er auðvelt að skipta um eigendur. Í stað þess að eigandi þurfi að selja fyrirtækið á einu bretti, er hægt að gera það smám saman á hlutabréfamarkaði. Það eru ákveðnir kostir. Það er hreyfanleiki og sveigjanleiki í kerfinu sem þessu fylgir. Og það er ágætt. En þetta eru ókostirnir.

Það var þetta sem Danir óttuðust t.d. þegar danski síminn var einkavæddur. Það var fyrirtæki í Chigaco, Ameritec, sem keypti yfir 30% af hlutunum. Fyrirtæki sem eignaðist síðan símann í Ungverjalandi og einhvers staðar í Suður-Ameríku. Síðan hafa þessir hlutir verið seldir, fyrirtækið fékk ráðandi hlut í símanum fyrir vikið. En þessu fylgdi óstöðugleiki. Það

fylgdi ekki traust rekstrarumhverfi sem á að vera grunnur undir þessa almannaþjónustu.

Þegar við horfum til baka spyr maður sjálfan sig: Hafa þau skref sem við höfum stigið verið til góðs? Við vorum með fyrirkomulag sem byggði á nánu samstarfi og sambýli símans og póstsins. Menn sögðu sem svo: Leiðir skilja milli þessara tveggja stofnana, þessarar tvenns konar starfsemi. Ég held að það sé ekki rétt. Ég held að þetta sé einmitt að tengjast aftur í gegnum internet og þessa tækni sem hefur litið dagsins ljós í síma og fjarskiptum almennt. Þetta sambýli var mjög gott og hentaði íslenskum aðstæðum mjög vel. Það byggði á því að síminn gat fært arðinn af sinni starfsemi yfir á póstinn og í okkar litla samfélagi þá gagnaðist þetta afar vel. Hvað hefur síðan gerst? Pósturinn er neyddur náttúrlega til að fara að Evrópusamþykktunum sem eru mjög þrengjandi, lýðræðislegar takmarkandi. Mér finnst þessi óður sem menn eru alltaf með um dásemdir EES-samningsins og Evrópusamvinnunnar alveg furðulegur. Þeir horfa þá fram hjá þeim lýðræðislegu takmörkunum að við megum t.d. ekki reka póstþjónustuna eins og okkur helst líkar og sem hentar íslenskum aðstæðum. Nú þarf að reka póstþjónustuna á markaðsgrunni. Þetta hefur haft það í för með sér að félagasamtökum, landsbyggðarblöðunum, eru þröngar skorður settar. Þegar þetta er komið að fullu til framkvæmda þarf Öryrkjabandalagið að borga vel á aðra milljón meira en áður þurfti til að koma félagsblaði á framfæri við félagsmenn sína. Sama á við um verkalýðsfélögin. Landsbyggðarblöðin eiga í vök að verjast af þessum ástæðum. En hér fyrr á tíð var hægt að færa þarna arðinn á milli. Það var hægt að færa á milli símans og póstsins. Þetta er liðin tíð.

Nú er það að gerast að Síminn, Landssíminn er farinn að hugsa afar þröngt, jafnvel þótt hann sé í eign okkar, ríkisins. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. samgrh. tjá sig um það efni. Hann er farinn að hugsa um allar þjónustueiningar sem sjálfstæða starfsemi. Ég get sagt það sem dæmi að í sumar var farið að skrúfa niður öryggissímana í orlofsbyggðum verkalýðssamtakanna. Það var farið að skrúfa þá niður. Hvers vegna? Vegna þess að þeir gáfu ekki af sér nægilegan arð. Hér sýnir hæstv. samgrh. mér svona tæki, farsíma. Það eru ekki allir sem hafa slík tæki. Á Eiðum, svo dæmi sé tekið, á Austurlandi, þar sem eru orlofsbúðir, er ekki hægt að ná símsambandi í gegnum þennan síma. Engu að síður átti að skrúfa niður öryggissímann. Hvers vegna? Hann gaf ekki af sér nægilegan arð. Það var hægt að stöðva þetta á síðustu stundu. Það var ekki hægt í öðrum orlofsbyggðum vegna þess að menn eru farnir að hugsa alla hluti þröngt. Það er verið að skrúfa niður almenningssímana í þorpum víðs vegar um landið, jafnvel í pósthúsunum. Það er verið að taka þá niður. Það þykir heppilegra að setja þá inn í verslanir ef það yfirleitt er gert.

Þetta er hugsunin sem verið er að innleiða. Þess vegna segi ég: Það er dæmigert og táknrænt um þessa hugsun og þessa afstöðu að færa ábyrgðina á þessari starfsemi frá samgrn. yfir í fjmrn. Þess vegna er þetta ekki bara spurning um form. Þetta er spurning um hvaða tilgang menn sjá með þessari starfsemi og þá ábyrgð, sem hvílir eða á að hvíla á samfélaginu, að sjá öllum landsmönnum fyrir eðlilegum og góðum fjarskiptum. Um þetta snýst málið.

Hv. þm. Birkir Jónsson sagði að það yrði rætt síðar hvort Landssíminn yrði seldur. Verður það gert? Ég held ekki. En ég minnist þess á hve óendanlega óheiðarlegan hátt allt þetta ferli hefur verið rekið áfram, vegna þess að upphaflega þegar Landssíminn var gerður að hlutafélagi var því aftur og ítrekað lýst yfir og því lofað af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar að ekki stæði til að selja Símann. (**Gripið fram í:** Ekki þá.) Því var aftur og ítrekað lofað (Gripið fram í.) að það yrði ekki gert. Ég er með þetta bæði í þingræðum og á prenti.

En að sjálfsögðu stóð aldrei annað til, enda eru það ákveðin rök fyrir því að selja hlutina í hlutafélagi. Það heitir hlutafélag vegna þess að það eru margir hlutir væntanlega. Það er hugsunin. Hugsunin er sú að fara úr einu eftirlits- og aðhaldskerfi, almannaeftirliti í gegnum þing eða lýðræðislega kjörnar stjórnir og yfir í annars konar form sem er markaður og aðhald þá þeirra sem hafa hlutabréfin á hendi. Þetta eru ákveðin rök fyrir þessu.

En þá finnst mér að við eigum líka að íhuga þær röksemdir sem ég er að vekja máls á núna, þ.e. stöðugleikann sem er að tryggja að þessi grunnþjónusta sé í höndum aðila, undir eignarhaldi aðila sem er treystandi og sem hlaupast ekki undan merkjum ef gefur á bátinn, eins og hefur gerst í grunnþjónustunni og ég hef áður vikið að.

Ég mun við síðari umræðu koma með dæmi um þetta í þeirri von að sé hægt að ræða þetta með tilvísan til reynslu annarra þjóða, þ.e. að við tökum á þessu máli á þann hátt og teflum fram rökum og skoðum reynslu annarra. Ég minni á að hér á þinginu var samþykkt ekki alls fyrir löngu, einhverjum missirum, að skipa nefnd til að rannsaka reynsluna af einkavæðingu víðs vegar um heiminn, einkavæðingu grunnþjónustu. Hún er ekki enn þá farin að starfa enda hefur ekki verið skipað í hana. Ég vil minna hæstv. forsrh. á að það er ógert af hans hálfu að skipa í þá nefnd. Hins vegar get ég alveg sagt að mér finnst ekki skipta öllu máli hvernig að slíkri umræðu er staðið svo framarlega sem hún fer fram.

Nú fáum hvern gestinn á fætur öðrum hingað til lands sem varar okkur við að halda út á þessar brautir. Ekki eru margar vikur síðan ljósið slokknaði hjá 50 milljónum Ameríkana. Hæstv. iðnrh. ætlar að hlusta á þá sem slökktu ljósin en ekki hina sem haldið hafa ljósunum logandi því það var almannaþjónustunni í Bandaríkjunum, rafveitunum í eign og umsjá sveitarfélaga og ríkja, sem var haldið gangandi. En það á að horfa til hinna sem mistókst verk sitt.

Ætla menn að leita uppi öll mistök sem gerð hafa verið í heiminum og elta þau? Er ekki kominn tími til að reyna að fara í smiðju til þeirra sem hefur vegnað vel, sem hafa búið fyrirkomulag sem hefur skilað góðum árangri? Á að elta uppi mistökin og apa þau eftir?

Við erum að fá hingað gesti úr heilbrigðisþjónustunni einnig. Æðstu ábyrgðarmenn í bandaríska heilbrigðiskerfinu hafa komið hingað til lands til að vara okkur við því að fara út á þá refilstigu sem sú þjóð hefur ratað í skipulagi heilbrigðismálanna. En hvað gerist þá? Þá vill Verslunarráð Íslands apa þetta kerfi eftir. Það vill apa þetta upp. Og sterk öfl í Sjálfstfl. hafa tekið undir þetta. Og nú á helginni eru tónarnir frá landsþingi Samfylkingarinnar þeir að einmitt þetta eigum við að gera, nú eigum við að byrja að einkavæða og markaðsvæða í heilbrigðisþjónustunni. Til hvers eru þessi spor stigin?

Einn af þingmönnum Samfylkingarinnar hefur kvatt sér hljóðs í andsvari. Ég hlakka til að heyra hans mál vegna þess að mér fannst dapurlegt... (**Gripið fram í:** Um Símann?) Um einkavæðingu og markaðsvæðingu á grunnþjónustu samfélagsins sem Samfylkingin er núna að taka undir og þar sem síst skyldi, innan heilbrigðisþjónustunnar.

Þetta eru nefnilega tímamót. Það eru tímamót að flokkur sem kennir sig við félagshyggju og félagsleg sjónarmið sé að taka undir með íhaldinu, með Verslunarráðinu, sem vill koma klónum í arðinn sem má hafa af sjúku fólki og öldruðu. Og ég furðaði mig á því í vor þegar tekist var á um það hér í þingsölum hvort heimila ætti einkavæðingu á drykkjarvatninu að Samfylkingin skyldi taka undir þau sjónarmið. Nú eru menn að sýna andlit sitt á öðrum sviðum í heilbrigðisþjónustunni. Mér finnst þetta dapurlegt og mér finnst það mjög alvarlegt að það skuli vera að gerast.

Já, ég tengi þetta allt saman, rafmagnið, vatnið, Landssímann, heilbrigðismálin og menntamálin. Það er um þessa þætti sem félagsleg öfl í samfélaginu, í verkalýðshreyfingunni eða í stjórnmálum eiga að taka höndum saman um að verja gegn gróðaöflunum.

[17:27]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Halda mætti að farið væri að draga nokkuð nær jólum en raun er þegar hv. 9. þm. Reykv. s. gengur í ræðustólinn og hrópar Grýla, Grýla, í framhaldi af landsfundi Samfylkingarinnar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fer einfaldlega með rangt mál þegar hann heldur því fram að á landsfundi Samfylkingarinnar hafi verið fjallað um einkavæðingu og markaðsvæðingu í heilbrigðiskerfinu. Það er einfaldlega alrangt hjá þingmanninum. Hv. þm. veit einfaldlega betur.

Það var fjallað um það að menn í Samfylkingunni vildu, eins og við höfum raunar fjallað um áður, nýta kosti einkarekstrar í heilbrigðiskerfinu og skoða að hvaða leyti markaðslausnir gætu dugað við að takast á við erfið vandamál þar. En einkavæðing er alls ekki á dagskrá Samfylkingarinnar. Það var skýrlega tekið fram um helgina og markaðsvæðing í þeim skilningi sem verður að leggja í það orð alls ekki heldur. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er hér að rangtúlka og oftúlka, kannski í þágu ímyndaðra pólitískra hagsmuna sinna eða flokks síns, þá umræðu sem fram fór á landsfundi Samfylkingarinnar um helgina.

[17:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er hv. þm. Össur Skarphéðinsson hugsanlega að rangtúlka hv. þm. Össur Skarphéðinsson þegar hann talar um markaðsvæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar? Ég heyrði ekki betur og las ekki annað (Gripið fram í.) í fjölmiðlum, í Morgunblaðinu m.a. — það var sjálfur ritstjórinn sem sat fund Samfylkingarinnar — en að nákvæmlega þetta hefði verið sagt, að það ætti að notast við markaðsmekanisma, markaðslögmálin, innan heilbrigðisþjónustunnar. En nú gerist það náttúrlega eins og gerðist með Landssímann á sínum tíma að menn þykjast hafa verið að meina eitthvað allt annað. „Þetta er ekki einkavæðing. Þetta er einkaframkvæmd. Þetta á að skoða og þetta á að athuga. Og síðan á að skrifa bók." En væri ekki nær að byrja á því að skoða og athuga og komast síðan að niðurstöðu? Niðurstaðan var gefin í upphafi þings Samfylkingarinnar um að nú bæri að fara leið markaðsvæðingar innan heilbrigðisþjónustunnar.

Mér finnst grundvallaratriði að menn tali heiðarlega og menn tali skýrt. Það gerði formaður Samfylkingarinnar og ég kann honum þakkir fyrir það. Mér finnst það gott. Mér finnst þessi boðskapur hins vegar slæmur frá flokki sem vill kenna sig við félagshyggju, að fara að daðra við markaðshyggjuna, við Verslunarráðið, þegar kemur að heilbrigðisþjónustu landsins. Það finnst mér dapurlegt.

[17:30]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson heldur sig enn við það að reyna að rang- og oftúlka það sem sagt var á landsfundi Samf. um helgina.

Það er auðvitað aldeilis fráleitt að fyrir dyrum standi af hálfu Samf. einhvers konar einkavæðing, og var það sérstaklega tekið fram á landsfundinum um helgina, þ.e. í þeirri merkingu að einkavæða eigi ríkisstofnanir í heilbrigðisþjónustunni.

Hins vegar er ósköp eðlilegt að menn frá einum tíma til annars skoði með hvaða hætti markaðslausnir eiga við til að taka á þeim verkefnum sem eru í heilbrigðisþjónustunni og nauðsynlegt að benda hv. þm. Ögmundi Jónassyni á, ef hann hefur ekki kynnt sér heilbrigðiskerfið nýlega, að í því eru auðvitað fjölmörg dæmi um einkarekstur og markaðslausnir. Við höfum fjölmörg dæmi um sjálfstætt starfandi lækna, um sjálfseignarstofnanir sem reka hjúkrunarheimili, um lyfjaþáttinn í heilbrigðiskerfinu og þannig getum við haldið áfram. Það er aldeilis alveg fráleitt að halda því fram að ekki sé notast við markaðslausnir og einkarekstur í heilbrigðiskerfinu eins og það er í dag og það kerfi er bara alveg ágætt.

[17:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var sem sagt ekki verið að segja neitt sem mark er á takandi á flokksþingi Samf., það skipti engu máli, það þýddi ekki neitt.

Ég tók hins vegar eftir því hve sláandi lík orðanotkun formanns Samf. var orðanotkun hv. þm. Ástu Möller sem er einn einarðasti talsmaður markaðshyggjunnar á þessu sviði innan Sjálfstfl. Ég sat í útvarpsþætti þennan morgun eftir setningu þingsins og ég hef ekki hitt sælli manneskju en téðan hv. þm. Ástu Möller. Hún var svo glöð yfir því að hafa snúið Samf. á sitt band. Ég er ekki einn um að skilja þetta á þennan hátt.

Ritstjóri Morgunblaðsins sat þing Samf. og ekki lýgur hann eða hvað? Var það ekki þetta sem sagt var? Skipta orð engu máli? Skipta yfirlýsingar engu máli? Skiptir yfirleitt engu máli hvað Samf. segir? (**Gripið fram í:** Það er nú það.) Það er nú það. Við eigum kannski eftir að fá nánari og gleggri svör við því síðar, hugsanlega við þessa umræðu. Ég vona að við gerum það.

[17:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að ræða um þennan tilflutning á hlutabréfinu frá hæstv. samgrh. yfir til hæstv. fjmrh. en vegna þeirrar orðræðu sem fram fór hér á undan get ég ekki annað en vakið athygli á því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur dottið í þá gryfju sem margir gera stundum, þ.e. að fullyrða aðeins, kynna sér ekki málið og fara ekki yfir það sem sagt var. Það sem hv. þm. sagði hér í stólnum áðan var langt frá því sem fram kom á fundi Samf.

Á fundinum kom einnig fram að aldrei yrði ráðist í neinar breytingar sem gerðu það að verkum að ekki hefðu allir aðgang að sömu þjónustu. (Gripið fram í.) Það eru sömu grundvallaratriði sem lagt er upp með, hv. þm., og verið hefur. Ég held, virðulegi forseti, að ekki sé óskynsamlegt í ljósi þeirrar þróunar sem verið hefur og þeirrar útgjaldaaukningar sem verið hefur í heilbrigðiskerfinu, án þess kannski að það skili okkur meiru en verið hefur, en við skoðum alla möguleika. Ég er einfaldlega þannig gerður að ég er ekki viss um

að fortíðin hafi svör við öllu hvað varðar framtíðina. Ég held að mikilvægt sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson hugleiði mjög vandlega hvort fortíðin hafi gefið af sér öll svörin. (**ÖJ:** Eigum við ekki að skoða nútíðina og reynsluna?) Það er því mikilvægt að hv. þm. fari vandlega yfir það sem sagt var í stað þess að standa hér með hástemmdar yfirlýsingar sem því miður fyrir hv. þm. eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. (**ÖJ:** Ég mundi fagna því.) Ég hvet hv. þm. til þess að fara yfir það. Þó að Morgunblaðið hafi tekið að sér það hlutverk að túlka það sem þar var sagt er ástæðulaust fyrir hv. þm. að detta í sömu gryfju.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er verið að fara yfir og ræða frv. um flutning á hlutabréfi því sem ríkið á í Landssímanum og verið hefur í vörslu hæstv. samgrh. og verið er að flytja til hæstv. fjmrh. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að þessa leið eigi að fara. Ég, ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, flutti í tvígang frv. nákvæmlega sama efnis árið 1999 og árið 2001 sem reyndar byggði að mestu á sömu sjónarmiðum og það frv. sem hér er lagt fram, þ.e. að skynsamlegt væri að það sé ekki sami aðili sem fari með hlutabréfið og hafi einnig með eftirlit á markaðnum að gera. Í grg. sem fylgdi með frv. kemur þetta mjög glögglega fram.

En á þeim tíma, virðulegi forseti, var þeirri leið hafnað. Meiri hluti Alþingis taldi ekki ástæðu til að fara þá leið og er í sjálfu sér ekkert um það að segja. Þess vegna hljóta spurningar að vakna þegar ákveðið er að fara þessa leið. Hvað veldur því að menn vilja fara þá leið núna?

Er það vegna þess að eins og haldið hefur verið á málum telji ríkisstjórnin heppilegra, vegna hugsanlegra sölutilburða sem kunna að vera uppi á næstu vikum eða mánuðum, að hæstv. fjmrh. haldi um þetta mál í stað þess að hæstv. samgrh. geri það? Vegna þess að þau rök sem borin eru fram hafa verið borin fram á hinu háa Alþingi fyrr og slík sjónarmið hafa verið sett fram. Það hefur ekkert breyst í lagaumhverfinu eða umhverfinu frá því að þau frumvörp voru lögð fram eins og veruleikinn er í dag. Það er ekkert í umhverfinu sem gerir það að verkum eða skýrir það af hverju þetta er gert núna en var ekki gert á sínum tíma annað en að það ætlunarverk hefur ekki tekist að selja Landssímann. Ég held að mikilvægt sé að þessi sjónarmið liggi fyrir, virðulegi forseti, í umræðunni. Það er a.m.k. ekki að sjá að önnur skýring sé á þessu en sú að hæstv. samgrh. hafi ekki tekist vel upp í þeirri tilraun sinni að selja bréfið í Landssímanum.

Hins vegar er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni áðan að þetta mál, þ.e. sala Símans, kemur ekki aftur fyrir þingið. Umboð þingsins til handa ríkisstjórninni liggur þegar fyrir að selja Símann. Í rauninni er þetta einasta tækifærið til að ræða sölu Símans og ræða hvort sú hugmynd sem gengið hefur ljósum logum og verið kannski meginstef hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. að selja Símann í einu lagi, sé heppileg og til þess fallin að efla fjarskiptamarkaðinn til lengri tíma litið.

Við í Samf. höfum haft uppi þau sjónarmið að við erum tilbúin að styðja það að ríkisvaldið selji ákveðna þætti sem lúta að rekstri þar sem samkeppni er fyrir. Hins vegar hefur umhverfið breyst dálítið, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á í ræðu sinni, frá því að þessir hlutir voru til umræðu hér fyrir nokkrum árum. Fækkað hefur á markaðnum, það hefur verið sameining sem hefur gert það að verkum að eins og málin standa nú er hugsanlega í uppsiglingu hið dæmigerða íslenska módel, þ.e. að tvö fyrirtæki verði á markaðnum. Ég held að það sé ekki djúpt í árinni tekið þó að fullyrt sé að tvö fyrirtæki á markaði eru ekki mjög líkleg til þess að tryggja samkeppni til lengri tíma litið. Það er langur vegur þar í frá og við höfum mýmörg dæmi þess á Íslandi að það hafi ekki tekist og jafnvel þó að þau væru þrjú, eins og nýleg dæmi sanna og þarf svo sem ekki að fara langt aftur til að rifja upp fræg grænmetismál og þær ásakanir sem uppi eru nú á hendur olíufyrirtækjum og tryggingafyrirtækjum. Hið dæmigerða íslenska módel með fáum stórum fyrirtækjum á íslenskan mælikvarða hefur ekki skilað þeirri samkeppni sem við hefðum viljað sjá. Þess vegna, virðulegi forseti, held ég að ef uppi eru hugmyndir um að selja fyrirtækið í heilu lagi geti það skaðað mjög þróun á fjarskipta- og hugbúnaðarsviði þegar til lengri tíma er litið.

Ég held, virðulegi forseti, að lykilatriðið í því, komi til þess að þetta gangi eftir, sé að grunnnetið verði tekið frá. Það tryggir öllum aðgang að grunnnetinu sem er stór hluti í verðmætum fyrirtækisins og það tryggir kannski að smærri og litlir aðilar geti komist inn á þennan markað og einbeitt sér að ákveðnum sviðum þar og tryggt að menn hafi aðgang að markaðnum í gegnum grunnnetið. Þegar hæstv. samgrh. kom upp í ræðustól áðan og fullyrti að komin væri samkeppni á þessu sviði vegna þess að einhverjir væru búnir að leggja ljósleiðara yfir hálendið þá dugar það engan veginn, virðulegi forseti, því að meginsamkeppnin felst í því að ná til neytenda. Það þarf enginn að segja mér að einhver sé að fara að grafa skurði inn í öll hús í landinu til að leggja nýjar heimtaugar. Það er einfaldlega ekki uppi á borðinu. Og það er einfaldlega þannig að framfarir í tækni á þessu sviði hafa gert það að verkum að gamli koparinn sem hefur reyndar fyrir löngu verið afskrifaður hefur nýst mjög vel og með auknum framförum í nýtingu á endabúnaði hefur verið hægt að nota hann miklu meira en nokkurn mann óraði fyrir.

Virðulegi forseti. Það er a.m.k. skoðun þess sem hér stendur að miklu frekari rök þurfi til að réttlæta það að selja Símann í einu lagi.

Þá óhjákvæmilega, virðulegi forseti, kemur til þess, ef menn ætla að fara þá leið að skapa hér hið dæmigerða íslenska módel, þ.e. með tveimur fyrirtækjum, að lykilatriðið væri til að tryggja eðlilegan rekstur, eðlilega verðmyndun og eðlilega samkeppni að þeir aðilar sem eiga að hafa eftirlit með þessu yrðu efldir til mikilla muna, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun. Ég held að ég taki heldur ekki djúpt í árinni hvað það varðar að núv. ríkisstjórn hefur ekki sýnt mikinn vilja til að efla þessar eftirlitsstofnanir, það hefur hún ekki gert. Hún er því ekki líkleg til að reyna að skerpa þennan þátt málsins ef hún heldur til streitu þeirri ákvörðun sinni að fara þá leið að selja Símann í einu lagi.

Að sama skapi held ég að ef sú hugmynd sem birtist í ræðu hæstv. forsrh. og hann vakti athygli á að alltaf væri þó möguleiki fyrir þingið að grípa inn teldu menn að verðþróun og þróun á þessum markaði væri ekki með þeim hætti að það nýttist landsmönnum, þá er það í eðli sínu miklu erfiðari og þyngri aðgerð en ef menn hafa ákveðið vald á þeim þáttum sem mestu skipta í þeirri þróun. Ég held að það væri miklu skynsamlegra, virðulegi forseti, að ganga hægar um þær dyr og reyna að tryggja að menn nái þeim markmiðum sem að er stefnt.

Ég vænti þess líka, virðulegur forseti, að í þessari umræðu kæmu fram sjónarmið um það hjá hæstv. ríkisstjórn,

ætli hún að halda áfram á þeirri leið að selja Símann í einu lagi, hvaða kröfur hún geri um verð á Símanum. Fyrir nokkrum missirum hafði ríkisstjórnin uppi hugmyndir um að selja Símann í heilu lagi á 42 milljarða en markaðurinn svaraði því þannig að hann hefði ekki áhuga. Nú hafa heyrst tölur eins og 35–40 milljarðar fyrir Símann en manni virðist einnig að markaðurinn hafi ekki neinn áhuga á því heldur. *Ég held að það sé mikilvægt að hæstv. forsrh. geri grein fyrir* því á hinu háa Alþingi, vegna þess að þetta mál mun mjög ólíklega koma aftur til umræðu í þinginu nema í sérstökum utandagskrárumræðum eða öðru slíku, hvaða verðhugmyndir menn hafi um Símann því það mun vissulega skipta miklu máli hvaða hugmyndir menn hafa á þessu sviði, þó ekki væri nema að menn segðu að þeir mundu aldrei selja Símann undir einhverju tilteknu verði. Það er nú einu sinni Alþingi sem fer með löggjafarvald, a.m.k. að forminu til, hér á Íslandi og það væri mikilvægt að Alþingi yrði gerð grein fyrir þeim áherslum og þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur uppi í þessu tiltekna máli.

Virðulegi forseti. Ég vil segja það sem mína skoðun að ég styð það að þetta hlutabréf verði fært frá hæstv. samgrh. til hæstv. fjmrh. Ég held að það sé miklu eðlilegra og skynsamlegra að hæstv. fjmrh. fari með hlutabréf að því er varðar eignir ríkisins og viðkomandi stjórnarflokkar geta þá rætt það sín á milli hverjir fái að tilnefna í stjórnir þessara félaga, sem menn hljóta að geta lent með einhverjum hætti. En aðalatriðið er að það sé eðlilegt að fjmrh. fari með þetta hlutabréf. *Hins vegar, eins og ég vakti athygli á í upphafi,* hefur svo sem ekkert breyst frá því að þessar sölutilraunir áttu sér stað til dagsins í dag sem skýrir það að menn geri þetta nákvæmlega núna.

Hins vegar kom fram í andsvari eftir framsögu hæstv. forsrh. fyrirspurn um það hvað hæstv. ríkisstjórn hygðist gera að því er varðar önnur félög í eigu ríkisins, og var reyndar sérstaklega spurt um Landsvirkjun, og hæstv. forsrh. gerði ákveðna grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar eru. En það má vissulega spyrja um fleiri félög eins og t.d. eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja sem er hlutafélag. Og það má spyrja hvort hugmyndin þar sé að færa það tilnefningarvald til hæstv. fjmrh. og hvort þetta sé almenn stefnumótun.

Það má kannski rifja það einnig upp hér, af því að hæstv. forsrh. taldi að á sínum tíma hefði kannski verið æskilegra að færa hlutabréf sem var í höndum viðskrh. yfir til fjmrh. eftir stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Það vill nú þannig til að frv. þess efnis var flutt hér í tvígang á hinu háa Alþingi, þ.e. af þeim sem hér stendur og hv. fyrrv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, sem flutti einnig með mér frv. um að færa bréf ríkisins í Landssímanum yfir til fjmrh. Þannig að það er svo sem ekkert nýtt í þessum efnum. Ég tel hins vegar, einfaldlega vegna þess að Alþingi hefur nú þegar samþykkt umboð til ríkisstjórnarinnar um að fela henni að selja Landssímann, að það væri mikilvægt að í þessari umræðu kæmu fram ákveðin sjónarmið sem skýrðu stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ég held að það væri kurteisi og virðing við þingið að þinginu yrði gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem væru uppi hjá hæstv. ríkisstjórn í þessu máli.

[17:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að fræðast hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem sat þing Samfylkingarinnar. Ég átti ekki annarra kosta völ en að fylgjast með þinginu í fjölmiðlum. Birtir voru úrdrættir úr ræðu formanns flokksins að ég held í öllum blöðum landsins og við fengum einnig fréttir á ljósvakamiðlunum. Og ég heyrði ekki betur, og það þótti reyndar öllum fjölmiðlum nokkur tíðindi, þegar formaður flokksins talaði um að greiða götu markaðsaflanna innan heilbrigðiskerfisins, að við ættum að nýta okkur markaðinn innan þess.

Hins vegar var hann með nákvæmlega sömu uppsetningu á þessu og Verslunarráðið og Sjálfstfl. hefur verið með í seinni tíð, að leggja áherslu á jafnt aðgengi allra að þjónustunni. Það sem væri nýtt væri að Samf. legði ekki neitt upp úr því hvort þjónustan væri samfélagslega rekin eða hvort einkaaðilar gerðu það. Og ég heyrði ekki betur en hv. þm. væri að finna að því við mig þegar ég gagnrýndi þetta, að ég horfði til fortíðar þegar ég var að tala um reynslu annarra af þessum kerfisbreytingum.

Mig langar til að biðja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að skýra fyrir mér í hverju *minn misskilningur er fólginn.*

[17:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig með hv. þm. Ögmund Jónasson, sem oft og tíðum flytur hér ágætar innblásnar ræður, að hann á það kannski til á köflum að missa sig örlítið í umræðunni.

Í þeirri ræðu sem hv. þm. fjallaði um þetta mál hér áðan talaði hann um að Samf. væri gengin til liðs við Verslunarráðið og öll helstu frjálshyggjusamtök og -öfl sem fyrir mætti finna í landinu. Það er langur vegur frá því. Þetta var túlkun hv. þm. og ég mótmælti henni harðlega.

Það er hins vegar þannig að flestar þjóðir á Vesturlöndum eru að takast á við þetta verkefni, þ.e. þá miklu þenslu sem hefur verið í heilbrigðisgeiranum. Og það er þannig hjá okkur að það eru margvísleg rekstrarform í núverandi kerfi. Formaður Samf. var í sinni ræðu fyrst og fremst að setja þetta mál á dagskrá og setti það upp þannig að menn færu að vinna að því með skipulegum hætti hvort það mætti gera þetta á annan hátt en verið hefur. Þetta er kjarninn í ræðu formanns Samf., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Þetta var það sem hann sagði. Hann nefndi það aldrei að hann ætlaði að ganga til liðs við Verslunarráðið og þær hugmyndir sem þar eru, hvað þá önnur frjálshyggjuöfl sem hafa verið að fjalla um þessa þætti, aldrei nokkurn tíma, heldur fyrst og fremst að setja þessa umræðu á dagskrá.

Það kemur mér dálítið á óvart að hv. þm. skuli bregðast svona hastarlega við að á dagskrá séu sett mál sem flestar þjóðir eru að fjalla um. Sumar hafa brugðist við á þann hátt sem hv. þm. fór yfir hér áðan og taldi að illa hefði tekist til. Aðrar hafa kannski gert það á annan hátt. En þetta var allt og sumt sem var í þessari ræðu. En síðan voru það (Forseti hringir.) ákveðnir fjölmiðlar sem tóku að sér að túlka það með þeim hætti sem þeir gerðu.

[17:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., minntist aldrei á Verslunarráðið. Hann minntist heldur ekki á hægrisinna í Sjálfstfl. eða hagsmunaaðila sem vilja hafa arð af heilbrigðiskerfinu. Það er alveg rétt, hann minntist ekkert á þá. En hann er að taka undir sömu sjónarmið og þessir aðilar hafa verið að tefla fram, vegna þess að við stöndum á margan hátt á tímamótum um

framtíð heilbrigðisþjónustunnar í landinu og almannaþjónustunnar. Við höfum verið að deila hér um einkavæðingu símkerfisins, við höfum verið að tala um raforkuna, við höfum verið að tala um drykkjarvatnið og við höfum verið að tala um heilbrigðisþjónustuna. Og það eru mikil átök um það í heiminum öllum, ekki bara hér á landi, hvert beri að stefna.

Þegar Samf., sem hefur verið að bisa við að kenna sig við félagshyggju, fer að slá þessar sömu baráttubumbur og Verslunarráðið, hægrisinnar í Sjálfstfl. og markaðsöflin hafa verið að slá á undanförnum mánuðum og missirum, þá sperra menn eyrun. Það er ekki að ástæðulausu sem Morgunblaðið fletur þessar fréttir yfir forsíðu sína, að ljósvakafjölmiðlarnir gera þetta að fyrstu frétt, vegna þess að þeir vilja taka Samf. alvarlega.

Síðan verðum við vitni að því hér í þingsal að menn koma upp hver á fætur öðrum til að afneita sjálfum sér og því sem þeir hafa verið að tala fyrir. Og ef hv. þm. heldur að ég hafi glaðst yfir þessum tíðindum þá er það mikill misskilningur. Og ef ég hef misskilið eitthvað þá er ég fyrsti maður til að fagna því, vegna þess að ég vil efla þá liðssveit, hvar í flokki sem hana er að finna, sem ætlar að standa í fæturna gegn gróðaöflunum og standa vörð um samfélagsþjónustuna, (Forseti hringir.) bæta þær brotalamir sem þar er að finna og efla hana og treysta í hvívetna.

[17:55]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. að hann sé tilbúinn að bakka út úr þeim misskilningi sem hann hefur haft uppi í þessari umræðu og sé tilbúinn til að ræða áfram þetta mikilvæga mál sem hv. þm. kom með inn í þessa merku símaumræðu og tilflutning á hlutabréfum. Ég fagna því ef hv. þm. er tilbúinn að kyngja þeim misskilningi sem hann hafði hér í frammi.

Það er hins vegar, virðulegi forseti, dálítið hvimleitt í umræðunni þegar ýmsir koma hér í ræðustólinn og fyllyrða, fullyrða einungis í því skyni að aðrir komi hér upp og reyni þá væntanlega að bakka út úr einhverju til þess að reyna að útskýra. Veruleikinn er einfaldlega sá að Samf. hefur sett heilbrigðismálin á dagskrá. Þau hafa ekki verið mikið til umræðu nema þá helst á þeim nótum að fortíðin hafi gefið svör við öllum verkefnum framtíðar, eins og mátti greina hér á ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. (Gripið fram í.) Þannig hefur umræðan verið. Við erum hins vegar að setja þessa umræðu á dagskrá. Og það að einhver komi hér upp og sé að afneita einhverri umræðu sem fram fór er náttúrlega algerlega fráleitt. (**ÖJ:** Og allt misskilningur?) Það er eins og hv. þm. sagði, hann er tilbúinn að bakka út úr þeim misskilningi sem var uppi í hans máli. Og ég held að hv. þm. sé bara maður að meiri að bakka út úr því sem hann fullyrti hér. (**ÖJ:** Ég er ekki að bakka út úr neinu.)

[17:58]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að lýsa yfir stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er löngu tímabært frv. Það er í alla staði óeðlilegt að sá sem hefur forræði yfir Póst- og fjarskiptastofnun skuli á sama tíma halda hlutabréfi í því fyrirtæki sem er hvað öflugast og fyrirferðarmest á markaði. Ég tel að þetta frv. sé vísbending um að það séu að verða til skýrari reglur um afskipti og aðkomu hins opinbera að viðskipta- og athafnalífi.

Mikið hefur verið rætt hér í dag um þjónustuhlutverk Landssímans. Það er vissulega mjög mikilvægt. Ég er þeirrar skoðunar að einkafyrirtæki geti ágætlega veitt þjónustu og hafi gert það um langan tíma. Því styð ég hugmyndir um einkavæðingu Landssímans. En við verðum að hafa í huga hver markmið einkavæðingar eru. Þau eru ekki síst að auka samkeppni á þessum markaði og með þeim hætti að bæta þjónustuna, en á sama tíma er líka blásið lífi í þessa atvinnustarfsemi sem vissulega skiptir mjög miklu máli hvað varðar framþróun atvinnulífs hér á landi. Við ætlum jú að byggja atvinnutækifæri okkar í framtíðinni ekki hvað síst á tækni og nýjungum á því sviði. En þegar markmiðið að auka samkeppni er skoðað er mjög mikilvægt að hafa í huga hver hlutur grunnnetsins er sem hefur verið hér til umræðu. Ég er þeirrar skoðunar að aðskilnaður grunnnets og rekstrarkerfa sé einmitt heppilegur til þess að auka samkeppni, til þess að bæta þjónustuna á þessu sviði. Þannig er að fylgi grunnnetið þeim aðila sem kaupir þetta fyrirtæki þá er viðhaldið þeirri einokun á grunnnetinu sem er við lýði í dag. Viðkomandi aðila sem rekur grunnnetið ber lögum samkvæmt skylda til þess að veita aðgang að því en hann hefur aðrar leiðir til þess að gera samkeppnisaðilum sínum erfitt fyrir og hann gerir það í gegnum gjaldskrá. Samkeppnisaðilar Landssímans í dag hafa haft uppi þau orð að einmitt með þeim hætti hafi Landssíminn unnið gegn samkeppni. Það þjónar því ekki einvörðungu þeim tilgangi að halda uppi góðri og öflugri þjónustu Landssímans við alla íbúa landsins að skilja að grunnnet frá rekstrarkerfum, það þjónar einnig markmiðum samkeppni og það þjónar einnig því að bæta þjónustu og efla þessa starfsgrein hér á landi.

[18:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil reyna að tjá mig aðeins um þetta mál þó að röddin sé nú ekki upp á sitt besta, en það verður að hafa það.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram í dag í þessari umræðu að Síminn er þjónustufyrirtæki fyrir alla landsmenn og það er alls ekki sama hvernig á þeim sölumálum er haldið. Við höfum tekið eftir því, sérstaklega við sem erum og teljumst vera að vakta hagsmuni m.a. fólks á landsbyggðinni í okkar kjördæmum, að það er lítill áhugi á því hjá Símanum að bæta dreifikerfið og málin virðast vera í talsverðri biðstöðu þar. Ég tel að það muni ekki lagast þegar búið er að selja Símann og dreifikerfið líka. Eins og staðan er nú hér á landi, þar sem aðeins tvö fyrirtæki eru á símamarkaðnum og Landssíminn hefur þar yfirburðastöðu, tel ég að það komi ekki til greina að dreifikerfið sé selt með Landssímanum. Það beri að aðskilja dreifikerfið algjörlega við sölu á Símanum. Reyndar tel ég að það liggi ekki mikið á að selja Símann eins og málum er háttað og betra að því máli væri frestað um þó nokkurt skeið og menn sæju hvernig þessum málum mundi haga til á næstu missirum hér á landi.

Ég tel það alveg ljóst að ef við ætlum að tryggja jafnan aðgang landsmanna að símkerfinu og því dreifikerfi sem við þurfum að halda uppi hér á landi verði það best gert með því að ríkið haldi dreifikerfinu og sjái til þess að dreifikerfið sé af þeim gæðum og veiti þá þjónustu sem einstaklingar vítt og breitt af landsbyggðinni gera eðlilega kröfu um, að sitja nokkurn veginn við sama borð og aðrir í þessu efni. Ég tel það ábyrgðarleysi í núverandi stöðu að selja dreifikerfið með Símanum og að það eigi að tryggja það að dreifikerfið verði bætt áður en til þess kemur að Síminn verði seldur. Í öllu falli að halda dreifikerfinu sér, það hlýtur að vera lágmarkskrafa.

Núna eru aðeins tvö fyrirtæki á símamarkaði hér á landi og Landssíminn hefur vissulega mikla yfirburðastöðu, þó að málið sé þannig í pottinn búið að bæði fyrirtækin séu að horfa á þann markað sem veitir þeim mestar tekjur. Það eru auðvitað þéttbýlustu staðirnir á landinu. Þetta hefur komið greinilega í ljós þegar verið er m.a. að tala um hvort það þurfi að bæta dreifikerfið, t.d. GSM-símakerfið. Þá er auðvitað á það bent að 98% íbúa, þar sem þeir eru staðsettir í dag, nái að nýta sér það kerfi. Eftir sem áður eru miklar vegalengdir hér á landi þar sem enginn sími næst svo vel sé. Það er líka fjöldamargt varðandi þjónustu í hinum dreifðu byggðum þar sem fólk hefur ekki aðgang að því dreifikerfi sem það gerir vissulega kröfu um varðandi nútímafjarskiptasamband.

Þess vegna vil ég segja það, virðulegi forseti, að ég tel að sala á dreifikerfinu með Símanum komi ekki til greina og við leggjumst gegn því í Frjálsl. og teljum reyndar að það þurfi ekki og liggi ekki mikið á í því einkavæðingarferli sem nú er fyrirhugað varðandi Símann. Síminn skilar eiganda sínum, íslensku þjóðinni, miklum arði á hverju ári og það er ekkert sem kallar á að þessum málum sé hraðað, virðulegi forseti.

[18:07]

Útbýting þingskjala:

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 254. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 274.

Stjórn fiskveiða, 255. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 275.

Textun sjónvarpsefnis, 252. mál, fsp. SigurlS, þskj. 272.

[18:08]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því að frv. það sem hér liggur fyrir er í samræmi við þá áherslu sem Samfylkingin hefur lagt á skýrari stjórnsýslu og að greint verði á milli fagráðuneytis og eignarhluta ríkisins í einu stærsta fyrirtæki landsins á sviði samgöngumála.

Ég stend hérna upp til þess að ræða aðeins um þá markaðshagfræði sem hefur verið flutt af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og til þess að gera svolitla grein fyrir viðhorfum Samfylkingarinnar til markaðarins.

Samfylkingin er flokkur jafnaðarstefnu en hann er líka markaðssinnaður flokkur. Samfylkingarfólk er einfaldlega þeirrar skoðunar að virkur samkeppnismarkaður skili betri árangri en miðstýrð ákvarðanataka hins opinbera, eins og hefur komið fram á svo mörgum sviðum. Þess vegna erum við þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki endilega að standa í samkeppnisrekstri á þeim sviðum þar sem virkur markaður er fyrir hendi eða miklar vonir standa til þess að svo geti orðið. Það er af þessum ástæðum sem Samfylkingin leggur á það áherslu að samkeppnissvið Símans verði einkavætt og telur að það sé eðlilegt, um leið og flokkurinn leggst gegn því að grunnnetið, sjálft dreifikerfið, verði selt heldur verði það áfram í eigu opinberra aðila og það verði opið öllum og aðgengilegt um allt land.

Markaðslausnir eiga ekki alls staðar við, síst af öllu innan heilbrigðis- og menntakerfisins, vegna þess einfaldlega að þar er ekki neinn eiginlegur markaður fyrir hendi. Þar eru menn ekki frjálsir að sínum ákvörðunum, hvorki nemendur, a.m.k. á lægri stigum skólakerfisins, né sjúklingar og ýmsir aðrir sem leita til þjónustu heilbrigðiskerfisins, vegna þess að þar eru aðrir sem ráða meðferðum, lyfjagjöf og aðgerðum. Það er því ekki hægt að segja að um óháða aðila, ákvörðunaraðila á markaði sé að tefla.

Hins vegar er heilbrigðiskerfið stórt kerfi sem tekur til sín gífurlega mikla fjármuni og það er margreynt, á því eru mörg svið og sums staðar er sjálfsagt hægt að koma við markaðslausnum. Það sem Samfylkingin samþykkti á sínum landsfundi var að það væri nauðsynlegt að horfast í augu við það að með því miðstýrða kerfi sem við höfum á ákvörðunartöku um framlög og skipulag heilbrigðiskerfisins erum við ekki að ná þeim árangri sem við hefðum vænst til. Eins gott og íslenska heilbrigðiskerfið er þá er þar við gríðarleg vandamál að stríða, eins og kemur fram í biðröðum eftir þjónustu og í útgjaldaaukningu sem hefur ekki tekist að hemja á ýmsum sviðum. Svo er komið að margir eru þeirrar skoðunar að það verði ekki mikið lengur haldið áfram á sömu braut og að það verði að nýta fjármunina betur innan heilbrigðiskerfisins en gert er.

Það sem Samfylkingin lagði til á sínum fundi var einfaldlega það að kanna að hvaða leyti markaðslausnir gætu komið til greina við lausn þeirra vandamála sem við er að stríða í heilbrigðiskerfinu. Mér finnst það vera heiðarleg niðurstaða að viðurkenna það að við höfum rekið okkur á ákveðna veggi í sambandi við skipulag og rekstur heilbrigðiskerfisins og að það verður að leita nýrra lausna á þeim viðfangsefnum.

Það sem fyrir liggur er að kanna þau mál en það er algjörlega ljóst að Samfylkingin mun ekki samþykkja að þessum markaðslausnum verði beitt á þessu sviði nema á ákveðnum forsendum. Þær eru að þjónustan verði ekki verri, að hún kosti ekki meira fyrir sjúklingana, að aðgengi verði opið og öllum jafnt og að það verði sparnaður af þeim aðgerðum fyrir ríkið.

Það var athyglisvert að hlusta á breska hagfræðinginn John Kay á landsfundi Samfylkingarinnar. Hann lagði mikla áherslu á það að stjórnmálamenn ættu fyrst og fremst að ræða forsendur og markmið en láta aðila úti í samfélaginu, hvort sem það eru einkaaðilar eða opinberir aðilar, vera í samkeppni um að velja leiðir og sjá um framkvæmdina en ekki að vera of mikið með puttana í því, heldur leggja áherslu á það að koma sér upp aðferðum til að mæla árangurinn af pólitískum markmiðum í samfélaginu og vera tilbúnir að leiðrétta þau mistök eftir á ef þeir sem treyst hefur verið til að sinna þessum verkefnum hafa ekki staðið sig sem skyldi. Það er kannski eitt af því sem stjórnmálamenn hafa átt erfitt með að gera, að horfast í augu við mistök sem gerð hafa verið.

[18:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hafa tekið undir frv. sem hér hefur verið kynnt. Það er ekki mikið að vöxtum en menn hafa lýst yfir stuðningi við það og fært fyrir því rök.

Ég átti von á því í upphafi að umræðan um þetta mál yrði ekki mjög löng og efnismikil. Sjálft frv. gaf a.m.k. ekki tilefni til þess. Hér hafa síðan verið fjörlegar umræður og gagnlegar á marga lund, sumar næsta óvæntar og sveiflukenndar. Það var fundið að því við mig fyrr í umræðunni af virðulegum forseta að ég væri að nefna Samf. til sögunnar. Ég tel að miðað við umræðuna sé mér það óhætt eins og hinum, miðað við það hvernig þetta mál hefur þróast.

En fyrst út af Símanum. Spurt var um hvaða markaðsvirði eða merkimiða ríkisstjórnin setti á Símann. Það hefur engin ný ákvörðun verið tekin í þeim efnum umfram það sem áður hafði verið kynnt og menn þekkja og engin áform hjá ríkisstjórninni umfram þau sem áður voru fyrir hendi, að selja

ekki Símann nema tilhlýðilegt og viðunandi verð fengist fyrir hann. Sú stefna er óbreytt.

Síðan þróaðist þessi umræða mjög út í að skilgreina stöðu og stefnu Samf. í heilbrigðismálum. Það var mjög athyglisverð umræða og áhugaverð á alla lund. Nú er það svo með okkur stjórnmálamenn, sem lengi höfum verið í þeim störfum, að við lendum allir í því, kannski misoft, að þurfa að éta eitthvað ofan í okkur. Það er ekki mjög lystugt en við látum okkur hafa það ef það er algerlega nauðsynlegt. En það er sjaldgæfar að menn komi og éti ofan í aðra það sem þeir hafa sagt. En það gerðist núna í þessum sal þegar tveir hv. þingmenn, hv. þm. Helgi Hjörvar og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, voru að útskýra ræðu formanns Samf. á landsfundi þess ágæta flokks. Ég horfði á hann sjálfan í sjónvarpi lýsa þessu og ekki fyrir milligöngu neins annars, fjölmiðla eða slíkra, heldur bara beint eins og þetta kom af skepnunni. Þá meina ég þetta auðvitað með virðulegum hætti að sjálfsögðu.

Ég þóttist hafa skilið ræðuna sem þar var flutt svo að hún væri merkileg og verðskuldaði þá athygli sem fjölmiðlar sýndu henni, þarna væri verið að hverfa til nýrrar stefnu. Ég heyrði ekki neitt sagt þar af formanni Samf. sem ekki hefði mælst ákaflega vel fyrir á landsfundi Sjálfstfl. Þessu hefði öllu verið vel tekið og ég vona að það dragi ekki úr gleði manna með ræðuna. Það er hrós af minni hálfu að lýsa því yfir að ræðunni hefði verið feiknalega vel tekið af landsfundi Sjálfstfl. Auðvitað hefðu verið einn til þrír menn þar sem mundu telja að þar væri gengið of langt eins og verða vill.

Síðan gerðist það að tveir hv. þingmenn fóru að leiðrétta ræðuna. Í rauninni gáfu þeir til kynna að fjölmiðlar hefðu misskilið þetta allt og þetta væri ekkert merkilegt og einhverju allt öðru hefði átt að slá upp úr þessari ræðu. Þar átti ekki neitt markvert að hafa gerst.

Annar hv. þm. sem ég nefndi áðan til sögunnar sagði að þetta væri bara lýsing á því ástandi sem væri í raun, bara atvikalýsing á þjóðfélaginu hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samf. Ég fór að verða fyrir vonbrigðum og var eiginlega ráðinn í að skoða þetta upp á nýtt, hvort ég hefði ekki misskilið ræðuna. En síðan kom ágætur hv. þm. sem síðast talaði, hv. þm. Einar Karl Haraldsson, og þá lagaðist textinn aftur. Ég heyrði ekki betur en þá kæmi nákvæmlega það sama fram og fram kom í máli Össurar Skarphéðinssonar þannig að ég gladdi mig við að ég hefði ekki misskilið eitt eða neitt og ræða hans hefði líka mælst ákaflega vel fyrir á landsfundi Sjálfstfl. (**EKH:** Enda hlustaðirðu á alla ræðuna.) Af athygli, já, já.

Þetta gleður mig vegna þess að allt breytist með tímanum. Það segi ég vegna þess að ég og hv. þm. sátum hér uppi í búrinu samhliða í eitt eða tvö ár, ég sem þingfréttaritari Morgunblaðsins og hann Tímans. Við hefðum ekki ímyndað okkur að við ættum eftir að sitja í þessum sal saman og ræða mál af þessu tagi. En þetta hefur gerst hér og nú, að ég er farinn að trúa því að skilningur okkar sem hlustuðum á formann Samf. og skilningur fjölmiðlamanna, að hér væri um markverða stefnubreytingu að ræða, sé réttur en skilningur þeirra hv. þm. Helga Hjörvars og Lúðvíks Bergvinssonar hafi ekki verið réttur. Ég er hálffeginn því.

Það er mjög þýðingarmikið að Samf. sé komin á þetta ról. Ég fagna því. Við höfum haldið þessu fram í háa herrans tíð, sjálfstæðismenn. Ég sný ekki til baka með það. Ef ég hefði haldið svona ræðu á landsfundi Sjálfstfl. og hún verið gerð að aðalmáli þá hefði ég fengið á mig utandagskrárumræðu frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sjálfsagt líka frá hv. þm. Helga Hjörvar og ég veit ekki hverjum. Það hefði orðið mikið fjör, mikil skemmtun. (**Gripið fram í:** Ögmundi Jónassyni líka.) Og svo Ögmundi Jónassyni hinum megin frá — já, af mikilli hörku.

En nú þarf ég ekki að halda slíka ræðu. Nú er komið slíkt ofurefli liðs með þessa stefnu. Það er fagnaðarefni fyrir mig. Að öðru leyti vil ég halda mig við málið sem ég bar hér fram og fagna því. Það virðist góður efnislegur stuðningur við málið þó að menn hafi síðan, ekki óeðlilega, fjallað um ýmsa þætti er snúa að sölu Símans.

[18:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að ræða hv. þm. formanns Samf. á landsfundinum hafi vakið mikla athygli. Menn hafa lagt út af henni á ýmsan hátt. Það sem gerð var athugasemd við hæstv. forsrh. með í upphafi, að hann fjallaði um ræðu hv. þm. undir öðru máli, hefur orðið uppistaðan í þessari umræðu.

Hæstv. forsrh. sagði einnig að hv. þingmenn hefðu þurft að bakka út úr einhverju eða éta eitthvað ofan í sig. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig sá málsverður var. Það sem ég lagði fram í þessa umræðu í andsvari við hv. þm. Ögmund Jónasson var að ég vildi gera athugasemd við þann skilning hv. þm. að sú ræða sem formaður Samf. flutti hafi verið þess eðlis að þar hafi sérstaklega verið gengið til liðs við Verslunarráðið og ýmis frjálshyggjuöfl. Við bentum á að hv. þm. Össur Skarphéðinsson setti á dagskrá að menn skoðuðu allar færar leiðir til að koma frekari böndum á þenslu ríkissjóðs og útgjöld á þessu sviði. Menn vilja skoða allar leiðir í þeim efnum þó að ákveðnir varnaglar hafi vissulega verið slegnir.

Ég vildi bara að þessi túlkun og þessi skýring væri á hreinu. Ég leyfi mér þann munað að frábiðja mér að pólitískir andstæðingar eða menn úr öðrum flokkum sem vilja leyfa sér að túlka þetta geri það á þann hátt að það henti þeim eitthvað sérstaklega.

[18:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski fullmikið sagt að segja að formaður Samf. hafi tekið þetta mál á dagskrá þó að hann tæki undir þær hugmyndir sem hv. þm. Ásta Möller hefur margoft reifað í þinginu á undanförnum árum og fleiri úr hennar flokki. En það má segja að hann hafi sett þær hugmyndir Ástu Möller og okkar á dagskrá Samf. Ég er ánægður með það. Ég fagna því og óska flokknum til hamingju með það.

Í raun var þetta það eina sem ég varð var við í fjölmiðlum að vekti virkilega athygli á landsfundi Samf. ef frá eru talin framboð sem stundum voru þar á döfinni en varð svo minna úr en til stóð í upphafi.

[18:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvaða tilgangi þetta þjónar í sjálfu sér. Við höfum sett þessi sjónarmið fram, komið þeim mjög skýrt fram og ég ætla að leyfa mér að fullyrða að þær hugmyndir sem þingmaðurinn sem vitnað var til áðan hefur sett fram hafa lítið sem ekkert með það að gera sem við höfum sett fram núna um helgina. Menn þurfa ekkert að velkjast í vafa um það.

Það gleður mig hins vegar og segir kannski meira um þann mikla styrk sem Samf. hefur og trúverðugleik hennar

hjá þjóðinni, að um leið og formaður flokksins setur tiltekið mál á dagskrá þá vekur það svo mikla athygli að það gegnsýrir alla umræðu um skeið. Jafnvel þegar menn eins og hæstv. forsrh. ganga í að færa hlutabréf milli ráðuneyta þá virðist ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar yfirgnæfa það verkefni. Enda er, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, eðlilegt að styðja við ríkisstjórnina í því tilviki.

[18:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða vekur athygli vegna þess að hún er nýlunda á þessum vettvangi. Hún mundi vekja athygli með sama hætti og kafli í minni ræðu á landsfundi Sjálfstfl. þar sem ég lýsti því yfir að við ætluðum að hækka tekjuskatt, hækka virðisaukaskatt og fleira í þeim dúr mundi auðvitað vekja athygli. Menn mundu segja að þar væri alger nýlunda á ferðinni, að formaður Sjálfstfl. væri að boða skattahækkanir á öllum sviðum. Það er af þessum ástæðum sem þessi ræða vakti athygli, að menn fóru yfir á nýjar slóðir og töluðu með allt öðrum hætti en ýmsir hv. myndarlegir þingmenn hafa iðulega talað hér í salnum á undanförnum árum.

[18:26]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert að hæstv. forsrh. skuli farinn að kalla eftir því að Össur Skarphéðinsson flytji ræður á landsfundum Sjálfstfl. Það er fagnaðarefni að hæstv. forsrh. skuli hafa fundið ljós lífs síns og leiðtoga í heilbrigðismálum í hv. formanni Samf., Össuri Skarphéðinssyni.

Það er hins vegar rangt hjá hæstv. forsrh. að ég hafi leiðrétt ræðu Össurar Skarphéðinssonar. Ég leiðrétti ræðu Ögmundar Jónassonar sem líkt og hæstv. forsrh. reyndi nokkra útúrsnúninga í máli sínu, þá einkum með því að segja Samf. hafa sett einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu á dagskrá. Það er bara alls ekki rétt.

Þó að formaður Samf. hafi sannanlega sagt að við skyldum skoða lausnir markaðarins í heilbrigðisþjónustunni þá fólst ekki í þeim orðum nein yfirlýsing um að fara ætti að selja ríkisfyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Það stendur ekki til af okkar hálfu, að selja Landspítalann svo að dæmi sé tekið. Það er alger oftúlkun og rangtúlkun á orðum formanns Samf. og full ástæða til að leiðrétta ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar en ekki ræðu Össurar Skarphéðinssonar.

[18:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur aldrei til í mínum flokki að kalla annarra manna flokka til á landsfundi okkar til að halda þar ræður. Hins vegar er það árátta hjá Samf., sem getur ekki notið sín sæmilega nema fá tvo flokksbundna sjálfstæðismenn til að vera aðalnúmer á fundinum. Það gerist ekki hjá okkur að við leitum til andstæðinga með þeim hætti. Við erum nægilega vel mannaðir, (Gripið fram í.) báðir eru flokksbundnir í Sjálfstfl. og eru þar (**KLM:** Dyggir og góðir jafnaðarmenn.) dyggir og góðir sjálfstæðismenn, eins og þú veist. Við erum á ýmsum sviðum einnig jafnaðarmenn, það er líka rétt.

[18:28]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þeim hv. þingmönnum sem fylgst hafa með því hvernig hæstv. forsrh. tekur gagnrýni eða öðrum sjónarmiðum þarf ekki að koma á óvart þó að hæstv. forsrh. hafi ekki áhuga á því að bjóða til landsfundar síns mönnum sem á öðrum skoðunum eru.

En við í Samf. erum óhrædd við það. Við teljum einfaldlega, hæstv. forsrh., eins og John Stuart Mill orðaði það, að vondar skoðanir hafi ákveðna gagnsemi, að umræðan í sjálfu sér sé nýtileg. Menn eiga að ræða mál og ræða stefnu og þess vegna er mikilvægt að setja heilbrigðismálin á dagskrá íslenskra stjórnmála. Það hefur ekki verið tekist á við þann vanda sem þar er.

Við sjáum enn á ný í fjáraukalögum, enn eitt árið í ríkisstjórnartíð hæstv. forsrh., að það koma inn milljarða bakreikningar, útgjöld sem voru ófyrirséð í fjárlögum og útgjaldavandi sem vex ár frá ári. Ríkisstjórninni virðist alls ekki fært að takast á við vandann. Það er þess vegna sem Samf. hefur ákveðið að ráðast í það verk að kalla til menn úr öllum áttum og ræða hvernig eigi að takast á við heilbrigðismálin. Ég held að það sé verkefni dagsins en ekki útúrsnúningar hæstv. forsrh. eða hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

[18:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullyrt við hv. þm. að ég tel ekki, miðað við 300 manna fund samfylkingarfólks, að kalla þurfi menn utan úr bæ til að koma þar upp vondum skoðunum.

[18:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég trúi að það gleðji hæstv. forsrh. að hann hefur fengið myndarlega umræðu um frv. sitt. Alþingi ræður málflutningsrétti sínum sjálft og hér brestur iðulega á eldhúsdagur eins og gengur. Það er að sjálfsögðu í samræmi við rótgrónar þinghefðir að svo lengi sem umræðan er innan viðeigandi marka hvað þingsköp, ræðutíma og annað snertir er ekkert nema gott um það að segja að stundum stýri umræðan sjálfri sér og berist inn á frjóar brautir. Hér hefur það gerst, upp hefur hafist þó nokkur umræða um í raun og veru grundvallarhugmyndafræði sem menn láta kannski of sjaldan eftir sér, að ræða út frá gefnu tilefni um grundvallaratriði eins og þau hvert hlutverk hins opinbera skuli vera og hvert hlutverk einkaaðila þegar í hlut á mikilvæg almannaþjónusta eins og hér sannanlega er til umræðu, þ.e. fjarskiptaþjónustan. Það er nærtækt að menn beri niður í öðrum hliðstæðum sviðum eins og t.d. orkumálum og heilbrigðisgeiranum.

Ég verð að vísu að gera þá athugasemd að mér finnst það til marks um upphafinn hégómaskap og eitthvert misskilið álit manna á sjálfum sér að halda að þeir geti slegið eign sinni á það að koma sumum af mikilvægustu málaflokkum samtímans á dagskrá með því að fjalla um það í einni ræðu. Sá draugagangur hefur mikið verið uppi í Evrópuumræðunni að einhverjir tilteknir menn eigi einkarétt á því að þeir komi þeirri umræðu á dagskrá sem hefur verið linnulaus á Íslandi í 30–40 ár, spurningunni um tengsl okkar í vaxandi samstarfi þjóða á meginlandi Evrópu.

Alveg eins er þetta með heilbrigðismálin. Mér finnst með ólíkindum ef menn reyna í alvöru að segja að nú séu þau stóru tímamót að verða að heilbrigðismál séu að komast á dagskrá í þjóðmálaumræðu á Íslandi af því að einn flokkur, þótt merkur sé, fjallar eitthvað um þau á landsfundi sínum. Ég man bara ekki betur en að hvert einasta ár séu hér miklar umræður um þetta mikilvæga svið þjóðmála okkar sem tekur um 40% af íslenskum fjárlögum, útgjöld heilbr.- og trmrn. Sú umræða er eðlileg og sjálfsögð.

Það sem ég tel, herra forseti, að hafi kannski verið markverðast við þessa umræðu er að hún hefur á köflum farið upp úr þröngum farvegi fjarskiptanna og spurningarinnar um framtíð Landssímans og snúist um grundvallarhugmyndafræði. Þá er auðvitað stutt í þær kennisetningar sem mjög hafa riðið húsum í vestrænum stjórnmálum sl. 20 ár eða svo, nýfrjálshyggjuna, thatcherismann sem einkavæðingin er óaðskiljanlegur hluti af, og því er eðlilegt að það beri á góma hér. Það er auðvitað staðreyndin að úr smiðju nýfrjálshyggjunnar, thatcherismans, eru þessar einkavæðingarhugmyndir runnar. Þær komast á dagskrá í vestrænum stjórnmálum með valdatöku Margrétar Thatcher í Íhaldsflokknum í Bretlandi og Ronalds Reagans í Bandaríkjunum og þær verða hin leiðandi hugmyndafræði. Því miður verðum við vinstri menn að viðurkenna að svo hefur það verið um langt árabil.

Nú er að vísu sem betur fer svo komið að þessi hugmyndafræði er mjög á undanhaldi, t.d. í Bretlandi. Hver er þar í mikilli og vondri vörn með sín mál annar en lukkuriddarinn Tony Blair sem tók thatcherismann upp á arma sína og hefur reyndar gengið lengra í einkavæðingu þar í landi á mörgum sviðum heldur en nokkurn tíma járnfrúin sjálf? Nú sætir hann vaxandi gagnrýni og verður að kyngja því að t.d. borgarstjóri Lundúna hefur komist þar til valda í óþökk hans þótt flokksbróðir sé og fylgir þar allt annarri hugmyndafræði og er að almannavæða ýmsa þjónustu á nýjan leik sem komin var úr böndunum og hafði mislukkast gjörsamlega í einkavæðingunni.

Þá ber svo við, frú forseti, að uppi á Íslandi eins og stundum áður ganga eftirlegukindurnar ljósum logum. Gamlir draugar ríða hér húsum þar sem thatcherismin er, nýfrjálshyggjan, og við erum eins og stundum áður kannski 10 árum á eftir tímanum í þessum efnum. Þetta þykir enn boðleg hugmyndafræði hér þrátt fyrir allar ófarirnar sem menn hafa lent í og eru jafnvel að fá nýja liðsmenn eins og að hluta til úr Samf. sem glöggur maður hér úti í salnum benti mér á að væri kannski skyldust því af öllu sem fyrirbærið Heimdallur hefur boðað í þessum efnum. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að leggja formanni Samf. orð í munn, enda geta menn lesið þetta sjálfir. Ég hygg þó að ekki sé ósanngjarnt að segja að þarna hafi verið daðrað við markaðslausnir í heilbrigðiskerfinu. Ég ætla a.m.k. að láta það standa sem mína upplifun af þessu að þarna hafi verið daðrað á gáleysislegan hátt við markaðslausnir í sjálfum kjarna heilbrigðisþjónustunnar og það er ekki boðskapur sem hugnast mér. Svo mikið skal vera víst.

Varðandi fjarskiptaþátt umræðunnar á nýjan leik held ég að niðurstaðan þar sé sú að við höfum búið við tiltölulega gott ástand í þeim efnum í aðalatriðum. Það hefur að vísu verið gagnrýnt, og ég hef gert það, að Landssíminn hefði mátt standa betur að málum þar upp á síðkastið, hefði mátt beita afli sínu til þess að halda áfram að bæta fjarskiptakerfið, einkum úti um hinar dreifðu byggðir. Landssíminn hefur tekið að setja sér ýmsar reglur sem eru mjög íþyngjandi fyrir smærri byggðarlög, t.d. ákvæði um lágmarksfólksfjölda í þéttbýliskjörnum sem fái nýjustu og bestu tækni. Það er andstætt því þjónustu- og almannaviðhorfi sem ég tel að svona fyrirtæki eigi að hafa að leiðarljósi. Hvers eiga menn að gjalda ef þá vantar nokkra íbúa upp á 500 svo að þeir fá þá ekki t.d. ADSL-tengingu eða annað í þeim dúr, hvað það nú heitir?

Ég vil svo að lokum aðeins inna eftir nokkru eða bera fram ósk eftir atvikum, eftir því hvort hæstv. forsrh. sér sér fært að svara hér við lok umræðunnar eða ekki. Verði farið út í þá aðgerð að selja Landssímann, sem í sjálfu sér er ekki beint undir í þessu frv. en vofir yfir, skiptir miklu máli hvernig að sölunni verður staðið. Það hefur einnig kristallast í þessari umræðu og um það hefur verið spurt með ýmsum hætti. Hvaða aðferðir verða þá notaðar þegar eða ef farið verður inn á þá braut að reyna á nýjan leik að selja Landssímann? Verður þá reynt að tryggja dreifingu eignarhaldsins? Verður reynt að tryggja að eignarhaldið haldist innan lands? Verður þetta gert í einhverjum áföngum eða fyrirtækið selt í einu lagi? Kemur til greina að láta skilyrði eða kvaðir fylgja fyrirtækinu? Kemur til greina að hafa inni í því gullbréf, að ríkið eigi eitt hlutabréf upp á eina krónu sem fylgir fyrirtækinu um aldur og ævi og sé óaðskiljanlegt því, og þessu bréfi fylgi réttindi, fylgi möguleikar til að tryggja ákveðna hluti? Allt þetta er hægt að gera því að sem betur fer eru enn tækifæri til að ganga frá því með hvaða hætti þetta yrði gert.

Nú er mér ljóst að ríkisstjórninni ber ekki skylda til að fara með málið sem slíkt fyrir þing á nýjan leik, þ.e. lögin eru til staðar með heimildum sínum en þetta eru að sjálfsögðu bara heimildir. Það þarf ekki að beita þeim og ríkisstjórninni er ekkert að vanbúnaði ef hún vill sýna þinginu þá virðingu og tillitssemi í ljósi mikilvægis málsins að taka það hér inn. Því spyr ég að því eða vil bera fram þá ósk eftir atvikum að þegar einkavæðingarnefnd sem nú hefur hafið vinnu að þessu máli hefur komið sér niður á tillögu um það hvernig verði farið í þetta ef gert verður er ríkisstjórnin tilbúin til þess að taka þær tillögur inn til umfjöllunar á þinginu þannig að aðferðafræðin sjálf og áformin sem slík fái umfjöllun, að mönnum gefist færi á að koma sjónarmiðum sínum fram, og eftir atvikum reyna að hafa áhrif með málflutningi sínum á gang málsins? Geysilega mikið er í húfi. Hér er um milljarðatugafyrirtæki að ræða í verðmætum talið og er það þó alls ekki aðalatriði málsins í mínum huga heldur hitt hversu gríðarlega mikilvægu hlutverki það gegnir og hversu afdrifaríkt það kann að reynast hvernig til tekst verði farið út á þá braut að einkavæða og selja fyrirtækið. Út af fyrir sig og burt séð frá því, hvort sem þetta verður gert nær eða fjær okkur í tíma, verður áframhaldandi rekstur Landssímans í einhverju formi gríðarlega mikilvægur sem slíkur vegna hlutverks fyrirtækisins á komandi árum og ég vil segja áratugum. Það er ekkert annað í sjónmáli og þess vegna er þetta mín síðasta ósk, herra forseti, í þessari umræðu.

[18:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun vera búinn með seinni ræðu mína en ég tek fram að ríkisstjórnin mun beita þeim heimildum sem hún hefur varðandi söluna sem hér verður afgreidd í lagaformi. Ég vil í annan stað vekja athygli á því sem hv. þm. sagði sjálfur í fyrri ræðu sinni að einkavæðingarnefnd er nú að fjalla um þann fasa sem þetta mál mun hafa og er að ganga frá því. Ég á ekki von á að auglýst verði eftir áhugamönnum um kaup á Símanum það sem eftir lifir þessa árs. Ég á ekki von á að það gerist fyrr en á næsta ári þótt ég vilji ekki fullyrða nákvæmlega um tímasetningar í því efni. Mál mun ekki bera að hér frá ríkisstjórninni með formlegum þinglegum hætti en ég vek hins vegar athygli á því sem hv. þm. nefnir, það gefast mörg tækifæri og gott tóm til að fjalla um málið engu að síður með viðræðum við viðkomandi ráðherra.

[18:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hæstv. forsrh. ætti eftir eina ræðu sem frsm. frv. þó að það sé aukaatriði málsins en ég þakka þau svör sem hér komu í andsvari. Þau eru mér að vissu leyti vonbrigði. Ég held að það hefði verið mikilvægt framlag af hálfu ríkisstjórnarinnar að heita þinginu því að þegar söluáformin sem slík væru komin í búning og í form tillagna frá einkavæðingarnefnd fengju þau hér umfjöllun. Auðvitað er hárrétt að þetta mál má taka upp í ýmsu samhengi, t.d. í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga og þetta hefur fjárhagsáhrif o.s.frv. Það er hægt að biðja um umræður utan dagskrár og annað í þeim dúr en við slíkar aðstæður og vegna máls af þessu tagi fyndist mér í raun og veru að skemmtilegasti svipurinn á umræðu um það innan veggja væri sá að ríkisstjórnin hefði sjálf forgöngu um það, legði málið fyrir í formi skýrslu til kynningar og umræðu.

En auðvitað eigum við þess kost með ýmsum hætti væntanlega að takast á við málið. Það er gott í sjálfu sér að það á ekki að flana að neinu, hér er upplýst að ekki séu líklegar neinar aðgerðir á þessu ári og einn mögulegur leikur þingsins, sem auðvitað hefur valdið í sínum höndum, væri sá að setja skilyrði eða þá kvöð inn í frv. að ríkisstjórnin skyldi ekki nýta heimildir sínar eða væri ekki bær til þess fyrr en að undangenginni umfjöllun á þingi. Vel væri athugandi að leggja það til við 2. umr. og atkvæðagreiðslu í málinu.

[18:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér kom fram í lok andsvars hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um mikilvægi þess að Alþingi fengi að fylgjast vel með þessu ferli og því sem fram undan er og gæti sett mark sitt og sjónarmið inn í þá umræðu.

Mér fannst reyndar í upphafi málsins hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon detta í sömu gryfju og hæstv. forsrh., þ.e. að öfundast út í þá athygli sem umræða og ræða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar fékk á landsfundi Samf. Meðal annars leyfði hæstv. forsrh. sér að tala um að þetta væri 300 manna þing eða svo þegar það er nær því að vera 1.000 manns sem á hann mættu. En látum það liggja á milli hluta.

Hv. þm. talaði í upphafi máls síns um að það væri mikilvægt að annað slagið fjölluðu menn um hugmyndafræði og hinar breiðu línur í þessum málum og mig langaði þá að spyrja hann í ljósi þess — það breytir þá kannski ekki hvort um er að ræða skipan í heilbrigðismálum, fjarskiptamálum eða öðru slíku en á báðum þessum sviðum er um að ræða mjög blandaðan rekstur, þ.e. það eru einkafyrirtæki á þessum markaði ef markað skyldi kalla, bæði á fjarskiptamarkaði og heilbrigðissviði: Leggur hv. þm. þá með þeim orðum og sjónarmiðum sem hann setur fram til að þessi fyrirtæki verði þjóðnýtt, þ.e. að ríkið leysi þau til sín? Eða er hv. þm. sáttur við það fyrirkomulag sem nú er á þessu sviði, þ.e. ef um blandaðan rekstur er að ræða? Ég vildi fá að heyra sjónarmið hv. þingmanns í þessum efnum vegna þess að hann hefur talað mjög einarðlega fyrir ríkisrekstri á þessum sviðum. Ég vildi gjarnan fá það fram hvort hann hygðist þá grípa til sérstakra aðgerða vegna þeirrar stöðu, virðulegi forseti, sem uppi er á báðum þessum sviðum.

[18:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég væri mjög fús til þess að eiga langar og ítarlegar viðræður við hv. þm. um þessi grundvallarhugmyndafræðilegu atriði og útskýra fyrir honum áherslu flokks míns. Mér dettur sannarlega í hug að ekki veiti af. Kannski hefði það haft góð áhrif ef við hefðum verið búnir að eiga slík samtöl áður en hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór á landsfund Samfylkingarinnar. Hugsanlega hefði hann þá getað haft holl áhrif á formann sinn og fleiri sem þar véluðu um.

Það er ekki öfund af minni hálfu hvað varðar athygli þá sem ræða formanns Samfylkingarinnar hefur fengið. Ég er ekki hallur undir þær kenningar ameríska að vont umtal sé betra en ekkert svo að það sé algerlega á hreinu. Ég öfunda formann Samfylkingarinnar og Samfylkinguna alla ekki af sviðsljósinu sem landsfundur þeirra er í að þessu leyti. En það er auðvitað ekki mitt að tjá mig um það. Ég hóf ekki þessa umræðu. Ég tek það fram. Það má gjarnan koma fram að ég hef beðist undan því að tjá mig um nákvæmlega þessa sömu atburði við fjölmiðla á meðan helgin gekk af því að ég reyni að halda í heiðri þá reglu að við formenn stjórnmálaflokkanna séum ekki að blanda okkur í innri mál hvers annars akkúrat þegar atburðir af þessu tagi ganga yfir. En fjölmiðlar og umræðan í þjóðfélaginu hefur alveg hjálparlaust af okkar hálfu greinilega fengið sína upplifun af því sem þarna fór fram.

Við erum ekki endilega talsmenn þess að færa aftur í opinbera eigu hluti sem eru það ekki í dag. Við erum hins vegar mjög einörð í andstöðu okkar við að færa út landamæri markaðarins og færa þau inn í sjálfan kjarna velferðarþjónustunnar. Það er alveg á hreinu og þegar í hlut eiga almannaþjónustufyrirtæki af tagi Landssímans sem búa við náttúrulega einokun þá horfum við á reynsluna og hvernig það hefur gefist t.d. annars staðar að fara út í breytingar af því tagi sem hér eru fyrirhugaðar. Við sjáum ekki annað en þar hafi menn yfirleitt farið hinar mestu ófarir og þá viljum við draga dám af því. Við viljum reyna að forðast það að við hér uppi á Íslandi þurfum að gera mistök sem aðrir hafa gert á undan okkur og lært af.

[18:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að við ræddum um þessar breiðu línur og hugmyndafræði sem hv. þingmenn og einstakir flokkar standa fyrir þá átti ég kannski von á því að við gætum dregið fram að einhverju leyti línu þessum efnum.

Nú er það einfaldlega þannig, eins og hv. þm. komst að orði, að landamæri markaðarins hafa færst út. Í dag eru markaðslausnir notaðar á ákveðnum sviðum. Það má t.d. nefna einkarekstur, sjálfseignarstofnanir og ríkisrekstur. Það má nefna ýmis rekstrarform sem eru til staðar. Þá skil ég hv. þm. þannig að lína hans flokks eða sú hugmyndafræði sem hann byggir á sé sú að þetta verði ekki víkkað frekar út en það er í dag en hann sætti sig þá við það fyrirkomulag væntanlega eins og skipan mála er í dag.

Ég skil hv. þm. þannig. En í því eru náttúrlega fólgnar ákveðnar andstæður því mjög erfitt verður að átta sig á því hver lína flokksins er ef hann er í raun að tala um blandað fyrirkomulag á þessu öllu saman án þess að kannski sé hægt að finna nokkra línu í þeim efnum.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta sýnir nú hvaða víddir svona umræða getur tekið á sig. Nú er þetta farið að snúast um það að ég útskýri í andsvari stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í heilbrigðismálum fyrir hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. En upphaf umræðunnar voru þessi grundarvallarhugmyndafræðilegu atriði og tíðindin af landsfundi Samfylkingarinnar.

Við drögum mörkin að mörgu leyti þar í mínum flokki að við viljum ekki hleypa einkarekstri sem rekinn er í hagnaðarskyni innar í kjarna heilbrigðisþjónustunnar og undirstöðu velferðarþjónustu en nú er. Það er grundvallarmunur á þeim rekstri sem sjálfseignarstofnanir og stofnanir sem ekki eru reknar í ágóðaskyni, starfsemi sem félagasamtök hafa með höndum og hinu að einkaaðilar sem stofna fyrirtæki til þess að græða á þeim peninga fái heilbrigðisþjónustuna sem vígvöll. Það er það fyrst og síðast sem ber að varast og allt sem á eftir fylgir. En þá leggja menn af stað inn á braut sem við vitum hvar endar ef hún er gengin til enda, í tvöföldu amerísku kerfi með tilheyrandi mismunun. Það viljum við ekki. (**Gripið fram í:** Hún er fyrir löngu orðin vígvöllur.)

[18:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð vegna allrar þeirrar umræðu sem hefur orðið um landsfund Samfylkingarinnar í þessari umræðu um Símann að lesa upp úr samþykktri stjórnmálaályktun landsfundarins um einmitt þessi mál sem hafa verið hér til umræðu, þ.e. úr í heilbrigðiskaflanum. Stjórnmálaályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samfylkingin vill beita sér fyrir framtíðarlausn í heilbrigðismálum þjóðarinnar þar sem nýjar leiðir og fjölbreyttari rekstrarform, svo sem þjónustusamningar og einkaframkvæmd, eru skoðuð," — eru skoðuð. Þetta eru rekstrarform sem þegar eru í heilbrigðisþjónustunni — „án þess að missa sjónar af þeirri stefnumörkun flokksins að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Samfylkingin hafnar einkavæðingu í velferðarkerfinu."

Þetta er hluti úr samþykktri stjórnmálaályktun Samfylkingarinnar frá landsfundinum sem lauk í gær. Ég vil að menn hætti nú hér að tala endalaust um einhverjar túlkanir út og suður hvort sem það er stjórnmálamanna eða fjölmiðlamanna. Þetta er ályktunin eins og hún var samþykkt á fundinum

[18:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. kærlega fyrir upplýsingarnar og þær tilraunir til að hjálpa okkur til dýpri skilnings á því sem þarna raunverulega gerðist sem í því voru fólgnar. Það er að vísu skaði að hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndur hefur ekki verið hér á síðari spretti umræðunnar til þess að útskýra ræðu sína. Mér sýnist þetta dálítið vera farið að snúast um það hvort gildi, ræða formanns eða ályktun landsfundarins, þó formlega sé náttúrlega ljóst að samþykktin er sterkari orðum formannsins ef þar er mismunur á. Að vísu hafa komið af því fréttir að eitthvað hafi verið samþykkt þarna fyrir misskilning eins og t.d. afnám verðtryggingar á húsnæðislánum þannig að kannski skolast þetta nú eitthvað til. Þarf þá orðið það sem kallað var í öðru samhengi kremlarlóga til þess að ráða í hlutina, þ.e. hvað raunverulega var þarna sagt og gert og hvað gildir. (**Gripið fram í:** Þú ert nú kominn í kremlarlógí.)

Ég ætla ekki að fara dýpra eða lengra út í það en þakka hv. þm. fyrir þennan upplestur sem var til þess fallinn að skýra málið.

[18:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla bara að leiðrétta það sem kom fram í andsvari nú. Það var ekkert samþykkt á landsfundinum fyrir mistök. (Gripið fram í.) Þetta er lýðræðislegur flokkur. Flokksmenn taka ákvarðanir og greiða atkvæði um ályktanir. Varðandi þessar ályktanir sem menn hafa verið að velta fyrir sér í dag að hafi verið fyrir mistök, þá er það alls ekki rétt því að þær eru alveg í anda stefnu Samfylkingarinnar og eru auðvitað slíkar eftir þessar samþykktir á landsfundinum. Það er auðvitað spurning hversu langan tíma taki að ná þessu fram. En vissulega er þetta stefnan eftir samþykkt frá landsfundinum.

[18:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn tek ég það fram að hugur minn stendur ekki til þess að túlka eða afflytja á nokkurn hátt það sem þarna gerðist enda er það ekki mitt hlutverk. En svo vill til að ég var að hlusta á kvöldfréttir Ríkisútvarpsins áðan og þar voru viðtöl við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann Samfylkingarinnar, annars vegar og varaþingmanninn Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir, varaformann Samfylkingarinnar, hins vegar. Þar lét sú síðarnefnda að því liggja að kannski hefði nú eitthvað skolast til í afgreiðslu þessa máls hvað varðaði afnám verðtryggingar á húsnæðislánum. En síðan var viðtal við formann Samfylkingarinnar Össur Skarphéðinsson sem bar það til baka með mjög svipuðum hætti og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gerði hér áðan. Vonandi er þá enginn misskilningur þar á ferð og menn hafa samþykkt það sem þeir ætluðu að samþykkja og ekki annað.

[18:55]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Þetta er umræða um lítið lagafrv. sem hæstv. forsrh. hefur flutt. Hún hefur þróast út í venjulega eldhúsdagsumræðu og stendur enn núna þegar klukkan er að verða sjö og menn orðnir svangir og vilja fara að komast í kvöldmat.

Ég ætla aðeins að draga kvöldmatartímann og fara inn í þessa umræðu vegna þess að hún hefur verið um margt skemmtileg og ýmislegt annað hefur verið rætt en þetta litla frv. segir til um.

Eins og hér hefur komið fram er frv. þannig að við þingmenn Samfylkingarinnar getum stutt það enda hafa þingmenn Samfylkingarinnar áður flutt svona frv. um að flytja málið frá samgrn. til fjmrn. Ekkert nema gott eitt er um það að segja. Það er ekki stórmál. En þetta litla mál hefur sem sagt spunnið upp á sig og ýmislegt annað verið hér rætt. Umræðan hefur því eiginlega spunnist út í hálfgerðan eldhúsdag og ber náttúrlega að þakka sérstaklega fyrir það að hér skuli þessi mánudagsumræðutími á hinu háa Alþingi að mestu snúast um landsfund Samfylkingarinnar. Það er kannski eðlilegt vegna þess að þetta var í sjálfu sér mjög merkilegur fundur.

Þannig er það oft að þegar stjórnmálaflokkar halda landsfund þá er umræða mikil í framhaldi af því. Það er t.d. enn þá mikil umræða um landsfund Sjálfstfl. sem var haldinn fyrir

kosningar og þá á ég við um samþykkt um línuívilnun sem hefur tröllriðið þessu þjóðfélagi hingað til, þ.e. hvað þar var sagt og hvað ekki. Þar voru líka boðaðar miklar skattalækkanir sem átti að kynna strax á fyrstu dögum þingsins. Þær skattalækkanir hafa hins vegar snúist upp í skattahækkanir. Þriðja málið á hinu háa Alþingi á þessu þingi snerist um skattahækkun upp á einn milljarð frá hæstv. ríkisstjórn. Ég á við bensínskattinn og þungaskattinn.

Síðan fá aftur aðrir flokkar mikla umræðu fyrir að halda sig langt aftur í fortíð. Þeir samþykkja ýmsa hluti og vilja halda sig við hluti sem eru löngu löngu komnir á öskuhauga í öðrum löndum en eru hér hafðir í hávegum. Ég á við ýmsar samþykktir Vinstri grænna. Ég verð bara að játa að ekkert kemur upp í huga minn núna hvað framsóknarmenn hafa verið að samþykkja upp á síðkastið. En það kannski skiptir ekki máli vegna þess að þegar aðalflokkurinn, Sjálfstfl., hefur ályktað eitthvað þá kemur B-deildin yfirleitt þar á eftir.

Það hefur líka komið inn í umræðuna hvort selja eigi Símann, hvenær og á hvaða verði. Sú umræða fór öll fram þegar það var rætt. Var það ekki bara á síðasta þingi fyrir kosningar? Það var mikil umræða hér um sölu Símans og ég tók þátt í henni þá. Skoðun mín hefur ekkert breyst síðan þá. Ég sat þá í hv. samgn. Ég var þeirrar skoðunar að það eigi þegar markaðsaðstæður eru góðar að selja samkeppnishluta Símans og ég var þeirrar skoðunar að það eigi að skilja grunnnetið frá og ekki selja það. Afstaða mín hefur ekki breyst.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, bara rétt til að árétta það, að rétti tíminn til að selja Símann hefur ekki komið hingað til. Ef til vill misstu menn af því tækifæri þegar uppgangurinn var sem mestur í þessum geira og símafyrirtæki úti seldust á háu verði. En það hefur kannski komið í koll mörgum fyrirtækjum þar á eftir og e.t.v. neytendum í hærri gjöldum. Ef til vill má líka horfa á það þannig að það hafi verið gott að hann seldist ekki vegna þess að það hefði getað komið í hausinn á okkur sem búmerang til baka í hærri gjöldum. Hvenær þessi tími kemur veit ég ekki. En ég tók eftir því áðan hjá hæstv. forsrh. sem flytur þetta mál fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar hvort — ég ætla ekki og get ekki haft það nákvæmlega eftir — hvort það er fyrir áramót eða á næsta ári. Hvenær sá tími kemur veit ríkisstjórnin ein og e.t.v. hafa einhverjir tjáð áhuga sinn á því að kaupa Landssímann og það er þá auðvitað á borði ríkisstjórnar hvenær það verður gert. En ég hygg og vona að allir hafi sömu skoðun á því að þegar selt verður þá fáist gott verð og ekki verði selt á neini brunaútsölu eins og leit út fyrir á sínum tíma þegar sala Símans og það söluferli var eiginlega tekið til baka.

Ég ætla svo að segja, herra forseti, um þetta að ég hef ákveðna skoðun á því hvað eigi að gera við þá peninga sem koma inn fyrir sölu Símans, a.m.k. stóran hluta. Ég held að þegar við Íslendingar seljum Símann, sem hefur verið byggður upp fyrir rekstrarfé almennings í landinu sem hefur borgað misjafnlega mikil símagjöld og vafalaust alltaf allt of mikil að því er fólki finnst, eigum við hiklaust að leggja þá peninga í að byggja nýjan landspítala. Með öðrum orðum, seljum Landssímann og byggjum landspítala. Þá held ég að hluti af þeim peningum sem fyrir Landssímann komi renni virkilega til góðs málefnis, mjög brýns málefnis, þ.e. að byggja við Landspítalann, enda skilst mér að flestir séu á því að byggja þar virkilega vel við þannig að setja megi alla starfsemi Landspítalans undir eitt þak. Ég hygg að það hái starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss mjög í dag að vera í tveimur aðskildum húsum. Mig langar að taka dæmi: Hjartadeild er rekin á öðrum staðnum en lungnadeild á hinum. Auðvitað sjá allir að þetta getur ekki gengið. Ég held að rétti tímapunkturinn fyrir okkur Íslendinga til að bæta úr ástandinu — þetta kostar jú töluvert mikla fjármuni — sé þegar við seljum Landssímann. Þess vegna vildi ég koma þessu sjónarmiði mínu og hugmyndinni hér á framfæri. Þá held ég að meiri sátt mundi skapast í þjóðfélaginu um sölu Landssímans, þ.e. ef peningarnir yrðu notaðir beint til að byggja jafngott og -mikið húsnæði eins og þarf yfir Landspítalann, og þá til langrar framtíðar þannig að allt geti verið þar undir einum og sama hattinum.

Þá kem ég að því sem ég nefndi áðan um sölu Landssímans: Á að selja grunnnetið frá eða ekki? Við í Samf. fluttum tillögu um það sem stjórnarliðar felldu á síðasta þingi. Við það situr. Við vöruðum þá við ýmsum þáttum sem margir hverjir hafa komið á daginn og sannast að hefur ekki verið gert, og hvernig verður það þá þegar búið verður að selja grunnnetið til einkaaðila? Ég er mjög ánægður með að hæstv. samgrh. sitji hér við þessa umræðu og jafnframt ráðherra byggðamála, hæstv. viðskrh., sem situr hér líka og er viðstödd þessa umræðu. Þetta snýst nefnilega að töluverðu leyti um byggðamál.

Það var mikið rætt og gagnrýnt þegar lögunum um Landssímann var breytt og sala heimiluð að grunnnetið færi með. Þá var það dregið mjög í efa að einkavætt fyrirtæki eða það fyrirtæki sem fengi Símann mundi ekki standa sig og þjóna hinum dreifðu byggðum landsins hvað varðaði t.d. að leggja ljósleiðara. Og nú hefur það skeð á því ári sem liðið er að Landssíminn hefur ekki staðið sig í stykkinu gagnvart ýmsum byggðarlögum og skal ég hér nefna enn á ný Raufarhöfn og Kópasker sem enn þá eru þannig í sveit sett að þau fá ekki að taka þátt í þessari byltingu sem hefur átt sér stað, með öðrum orðum var ljósleiðari ekki lagður til þeirra. Í svari hæstv. samgrh. til mín á síðasta þingi var það talið allt of dýrt en áætlað er að það kosti í kringum 32 millj. kr.

Það kemur líka í ljós að sjónvarpsstöðvar á Íslandi eru með miklar hugmyndir um stafrænt sjónvarp, að fara bara upp í gervihnetti og kasta sjónvarpsefni sínu þannig fram. Eftir þeim upplýsingum sem ég fékk um helgina þar sem þetta var rætt mikið hjá ákveðnum hópi manna. Það sem stendur framkvæmdinni fyrir þrifum er hversu dýrt ljósleiðarasambandið hjá Landssímanum er. Þegar þetta er svona núna hjá ríkisfyrirtækinu, þó að það sé háeffað, Landssímanum, hvernig verður það þá þegar einhverjir aðrir aðilar eru búnir að komast yfir fyrirtækið og gera kannski öðruvísi arðsemiskröfur?

Eitt í viðbót ætla ég að nefna sem ég ætla svo að tengja saman við Raufarhöfn og Kópasker, virðulegi forseti. Í Hrísey hafa menn ekki getað tekið þátt í þeirri byltingu sem hefur átt sér stað, menn sitja eftir og fá ekki að njóta sama hraða, ef svo má að orði komast, í ljósleiðara og öðru eins og allir vilja hafa í dag. Hygg ég að þingmenn geti hugsað aftur í tímann þegar þeir voru með minni hraða á heimastöðvum sínum til þess að ná m.a. í gögn frá Alþingi og til þess hraða sem þingmönnum er boðið upp á í dag. Í Hrísey hefur sem sagt verið gerð tilraun af einkaaðila til þess að netvæða, ef svo má að orði komast, eyjuna á nútímalegan hátt. Þar eru sett upp ákveðin tæki sem kasta geisla sínum upp í gervihnött sem fer síðan til Ítalíu og frá Ítalíu til Íslands í gegnum ljósleiðara — og gæti þess vegna verið að sækja einmitt núna umræður

frá Alþingi, hvað á dagskrá Alþingis verður í dag eða hvað hæstv. forsrh. hefur sagt í umræðunni í dag. Síðan fer þetta sömu leið til baka, þ.e. í ljósleiðara frá Íslandi til jarðstöðvar á Ítalíu, þaðan upp í gervihnött og frá gervihnetti norður til Hríseyjar. Og viti menn, stofnkostnaður við þennan búnað var í kringum 1.400 þús. kr., ekki meira en það. Þeir notendur sem taka þetta þurfa að vísu að greiða allan kostnaðinn sjálfir. Það sem meira er: Hríseyingar fá út úr þessu miklu meira, hraðara og betra samband en ADSL-tengingar sem við erum jú að reyna að koma í sem flest byggðarlög landsins í dag. Annað sem er ekki síður merkilegt: fyrir miklu minni pening.

Þetta er merkileg tilraun sem einstaklingar eru að gera í Hrísey fyrir eigið fé en ekki, eftir því sem ég best veit, með neinni þátttöku Landssímans eins og auðvitað er gert annars staðar. Og þá kemur að því að ræða um það hvernig menn ætla í framtíðinni að þjóna íbúum norðausturhorns landsins, þ.e. Raufarhöfn og Kópaskeri. Eins og ég sagði áðan — gott að hæstv. ráðherra byggðamála er hér — hefur það verið mikið umkvörtunarefni íbúa á Raufarhöfn í framhaldi af erfiðleikum sem þar sköpuðust í fiskvinnslu og með uppsögnum á fólki. Með skipun nefndar ráðherrans til að ræða um málefni Raufarhafnar stendur þar upp úr að vonandi leysist aðalmálið, þ.e. fiskvinnslan, og Raufarhafnarbúar eru heppnir að hafa fengið ungan athafnamann frá Húsavík þar í lið með sér — en umkvörtunarefni sveitarstjórnarmanna á Raufarhöfn er það að ekkert hafi gerst í þessum málum sem ég nefni hér, að tengja Raufarhafnarbúa og Kópaskersbúa á nútímalegan hátt við netsamband. Þetta man hæstv. ráðherra að var rætt hér um daginn.

Nú ætla ég að stytta mál mitt vegna þess að það er komið of langt fram í matartímann en í framhaldi af þessu spyr ég hæstv. samgrh., sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni í þessari umræðu þó að hann flytji ekki þetta mál, hvort hann vilji beita sér fyrir því að Landssíminn taki á í þessum efnum, bæði hvað varðar Hrísey, Raufarhöfn og Kópasker, og athugi hvort Landssíminn geti aðstoðað við að taka þessa tækni upp á þessum stöðum. Ef þetta verður til þess að Landssíminn geti kannski sparað sér 30 millj. kr. við að leggja ljósleiðara á þessa staði held ég að það sé þess virði að skoða það.

Virðulegi forseti. Þetta er náttúrlega allt annað en við erum hér að ræða um, þ.e. að færa hlutabréfið frá hæstv. samgrh. til hæstv. fjmrh. — eða frá mér séð frá hægri hönd til vinstri handar, skipað á ráðherrabekknum. En ég vildi nota tækifærið og nefna þetta hér vegna þess að umræðan, eins og ég segi, hefur verið mjög mikil um grunnnetið og aðra þætti og ég hef gert það viljandi að lengja hana ekki með því að ræða um heilbrigðismál og þá umræðu sem heilbrigðismálakafli háttvirts formanns Samf., Össurar Skarphéðinssonar, fékk á landsfundinum. En þetta vildi ég spyrja út í um leið og ég endurtek að ég er sammála þessu litla frv. sem hér er flutt. Það er mjög gott og gaman að geta stutt frv. frá ríkisstjórninni en ég spyr út í þetta atriði og vænti þess að hæstv. samgrh. tjái sig um það eða hæstv. ráðherra byggðamála og að við fáum að heyra hvernig Landssíminn mundi standa sig í þessu og hvort þetta mál verði klárað áður en að sölu Landssímans kemur.

[19:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller spyr um tiltekin atriði í fjarskiptum á norðausturhorni landsins. Ég vildi fyrst segja að ég mun væntanlega svara þessu nánar í vikunni þannig að það er best að bíða eftir því að tækifæri gefist til þess að taka þá skriflegu fyrirspurn sem er á dagskrá um þessi efni.

Ræða hv. þm. var hins vegar merkileg að því leyti að hún segir okkur hvers vegna það er ekki skynsamlegt að skilja grunnnet Símans eftir í ríkiseign. Þróunin er svo ör, eins og sést af þeirri tækni sem hann var að lýsa, að við getum staðið frammi fyrir því sem menn kannski hafa óttast, sumir hverjir, að grunnnetið yrði ekki eins notadrjúgt í framtíðinni, bara alveg í næstu framtíð, eins og það er í dag. Allar spár ganga út á það að farsímakerfið og stafræna tæknin leysi mjög mikið af þessu af hólmi, leysi tæknivandamálin.

Það er hins vegar ekkert nýtt sem hv. þm. vekur athygli á að verið sé að nýta í Hrísey. Hér uppi í Borgarfirði hefur þessi tækni verið notuð einmitt í þröngum dölum og á afskekktum stöðum þar sem erfitt er að nýta ljósleiðaratæknina til þess að koma samböndunum á. Ég er alveg sannfærður um að samstarf símafyrirtækjanna, hvort sem er Landssímans eða annarra símafyrirtækja, og sveitarfélaga eða einkaaðila og notenda símkerfanna getur orðið á þann veg að nýta þessa tækni og koma okkur þannig miklu fyrr í samband en með hefðbundnum koparleiðslum og ljósleiðaratækninni. Þetta sem hv. þm. vakti hér athygli á á sér heilmikla möguleika, að ég tel, og ég treysti símafyrirtækjunum til að nýta sér þetta.

[19:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þetta svar hans þó að ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort þetta mál hafi verið í fyrirspurnaformi og komi kannski fyrir á miðvikudag. Það er þá eitthvað sem hefur farið fram hjá mér.

Engu að síður er það rétt sem hæstv. ráðherra segir, þetta virðist vera notað í nokkrum skólum. Hann nefnir hér skóla sem ég þekki ekki en ég veit um aðra skóla sem nota þessa tækni. En þá má eiginlega spyrja hæstv. ráðherra út í það hvers vegna ekki hafi verið farið af stað með að kanna þessa tækni gagnvart Raufarhöfn og Kópaskeri sem við höfum oft rætt um og eru staðir sem kannski sitja hvað mest eftir hvað þessa byltingu varðar.

Hitt atriðið sem ráðherrann nefndi um að þetta væri rökstuðningur fyrir því að selja grunnnetið með — það er ekkert sem segir það, virðulegi forseti, að grunnnetið í eigu ríkisins, eins og vegakerfi landsins, skuli ekki taka þátt í þeirri byltingu sem á sér stað í þessum efnum. Það er ekki þar með sagt að ríkisapparat sem ætti grunnnetið þyrfti endilega að sitja eftir og gera ekki neitt, ekki frekar en að ríkisapparatið sem á vegi landsins taki þátt í byltingunni við að malbika, byggja upp vegi og annað slíkt. Ríkisvaldinu er alveg treystandi til að taka þátt í þeim byltingum sem eiga sér stað.

En það má kannski líka snúa spurningunni við, hæstv. forseti, og segja: Er þá ástæða til að vera að plata einhvern annan til að kaupa þetta grunnnet? (**Gripið fram í:** Svaraðu nú.)

[19:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki verið að plata neinn til þess að kaupa köttinn í sekknum, fjarri því. En tæknin er að breytast mjög hratt og því er spáð að símanotkunin færist yfir á farsímakerfin en gagnaflutningarnir nýti sér ljósleiðaratæknina og koparinn í jörðu. Það eru allar líkur á því að enn um sinn, að sjálfsögðu, verði símkerfið afar mikils virði vegna vaxandi notkunar gagnaflutninga.

En þá kem ég að því sem hv. þm. nefndi af því að hann klifar stöðugt á því að það eigi að aðskilja netið. Við skoðuðum þetta afskaplega vel og fengum sérfræðinga til þess að meta stöðuna og það voru alveg ótvírætt ráð sérfræðinga sem við treystum og einkavæðingarnefndin lét vinna þetta verk, að aðskilja þetta ekki. Það væri svo flókið að greina frá annars vegar lagnakerfið og tölvurnar í símstöðvunum að það væri ekkert vit í að gera það. Og það sem við gerðum í þinginu til þess að koma til móts við áhyggjur manna var að tryggja þetta í löggjöf sem gerir kröfu um aðgang að þessu kerfi. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem fór vandlega yfir þetta í samgn. ásamt Kristjáni L. Möller veit að löggjöfin um aðgang að neti er mjög skýr og ströng og símafyrirtækin sem eru markaðsráðandi geta ekkert undan því vikist að hleypa öðrum símafyrirtækjum að grunnkerfunum. Þannig tryggjum við hagkvæmni og komum í veg fyrir það að byggja upp margfalt grunnkerfi í landinu og í því felast hagsmunir neytenda.

[19:16]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta nema að hér hefur komið fram, sem við erum sennilega ekkert ósammála um, að gagnaflutningar munu nota ljósleiðara og kopar í jörðu í framtíðinni og áfram þó svo að símatæknin breytist mikið. Á ráðstefnu sem haldin var á Ítalíu fyrir um hálfum mánuði kom fram — þó að ég sé ekki með alveg á hreinu niðurstöður þaðan en mér hefur verið sagt óljóst frá því sem þar gerðist — að hreyfingin sé í þessa veru og tæknin að breytast svo hratt að það verði margt orðið úrelt innan eins árs sem við teljum vera sjálfsagðan hlut í dag.

En það er líka sem dæmi um hvað þetta breytist hratt að þegar við vorum að ræða sölu Símans á sínum tíma og ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sátum í samgn. fyrir hönd Samf. þá fengum við m.a. til okkar aðila sem lýstu því mjög greinilega hvernig Landssíminn notaði sér markaðslega yfirburði og notaði sér aðstöðu sem hann hafði gagnvart línum í jörðu og grunnnetinu til þess að koma í veg fyrir samkeppni. Nefnd voru dæmi þar sem aðilar aðrir en Landssíminn voru að bjóða þjónustu sína til fyrirtækja. Þeir þurftu um leið að kanna hvaða leið væri hægt að fara í jörðu eða í lofti í gegnum Símann. Og viti menn hvað gerðist? Yfirleitt komu fulltrúar frá Símanum daginn eftir og buðu svipaða þjónustu. Sem betur fer er þetta nú liðið og það er dæmi um það hvað þetta gengur hratt fyrir sig.

En ég vildi bara ítreka og segja það, og bíð þá eftir þeirri fyrirspurn sem hér liggur fyrir, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt að þessu verði svarað þar og þá munum við taka þátt í þessari umræðu sem ég hef verið að nefna gagnvart Raufarhöfn, Kópaskeri og kannski fleiri stöðum á landinu, en ég hvet til þess vegna þess eins og áður segir að hér sitja ráðherrar bæði samgöngumála og byggðamála og hæstv. forsrh., áður en við förum í mat, að þetta verði tekið upp í ríkisstjórn og hvort það er ekki athugandi að leysa strax málefni þessara byggðarlaga sem ég hef hér gert að umræðuefni á þann einfalda hátt sem mér virðist að hægt sé að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingarsamningar, 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 215.

[19:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vátryggingarsamninga sem er 204. mál þingsins á þskj. 215.

Frv. þetta var lagt fram á seinasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er lagt fram óbreytt að nýju. Vil ég fyrst, hæstv. forseti, rekja stuttlega forsögu frumvarpsstarfsins og undirbúnings þess.

Löggjöf um vátryggingar og vátryggingarstarfsemi er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar eru reglur um vátryggingarsamninga, þ.e. um réttarsambandið milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Hins vegar eru reglur, opinbers réttar eðlis, um vátryggingafélög, stofnun þeirra og skilyrði fyrir því að þau hafi starfsleyfi og um eftirlit með þeirri starfsemi. Löggjöf um starfsemi vátryggingafélaga hefur nýlega verið endurskoðuð og breytt í ýmsum atriðum í takt við kröfur nýrra tíma. Nú gilda lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Frv. það sem hér er til umræðu varðar réttarsambandið milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Eitt megineinkenni vátrygginga er að þeirri áhættu sem einstaklingur eða lögaðili býr við er dreift milli fleiri aðila sem allir búa við sömu eða sams konar áhættu. Þörf fyrir að takmarka eða útiloka hættu á fjárhagslegu tjóni að því marki sem unnt er að fullnægja með vátryggingum hefur lengi verið fyrir hendi en hefur vaxið með viðgangi umfangsmikils atvinnurekstrar, tæknivæðingar og hvers konar tækjavæðingar í atvinnurekstri og í lífi einstaklinga. Aukin hagsæld og eignasöfnun eykur einnig þörf fyrir þá fjárhagslegu vernd sem vátryggingar geta veitt. Mikilvægt er því að lagaumhverfi vátryggingarmarkaðarins sé með þeim hætti að settar séu leikreglur sem bæði séu þeim sem starfa á markaði til hagsbóta og viðskiptamönnum þeirra.

Frv. þetta er að meginefni til samið af nefnd sem forveri minn skipaði í mars árið 1999. Til þess að leiða starfið var fenginn Viðar Már Matthíasson lagaprófessor og skilaði nefndin frumvarpsdrögum sumarið 2002. Nokkrar ástæður lágu til þess að talið var nauðsynlegt að ráðast í að semja frv. til nýrra laga um vátryggingarsamninga.

Í fyrsta lagi eru gildandi lög frá 1954 byggð á samnorrænni lagasmíð frá þriðja tug síðustu aldar. Á þeim tíma var öll umgjörð og umhverfi vátrygginga mun einfaldari en síðar varð. Ýmsar vátryggingargreinar sem síðar hafa orðið algengar voru ekki eða lítt komnar fram á sjónarsviðið. Það vantar í lögin frá 1954 ýmis þau ákvæði sem taka hefur þurft á vegna þróunar vátryggingarmarkaðarins og síðast en ekki síst hefur þróun löggjafar um samskipti neytenda og fyrirtækja öll hnigið í þá átt að auka vernd neytenda.

Þá má bæta því við að annars staðar á Norðurlöndunum hefur almennt átt sér stað endurskoðun á lagaumhverfi vátryggingarsamninga og byggir frv. þetta á norskum lögum um sama efni. Vegna þess hversu umfangsmiklar breytingar frumvarpshöfundar lögðu til og í ljósi þess hversu margir kynnu að hafa áhuga á efninu var ákveðið að setja frumvarpsdrög nefndarinnar á heimasíðu ráðuneytisins. Jafnframt var fjölmörgum aðilum ritað bréf til kynningar á efni frumvarpsdraganna. Allmargir sendu ráðuneytinu athugasemdir og ábendingar. Óskað var eftir því að frumvarpshöfundar

færu yfir aðsendar athugasemdir og gerðu þeir ýmsar breytingar á texta frv. af þeim sökum. Frv. var síðan búið í endanlega mynd af sérfræðingum ráðuneytisins.

Frumvarpið er í fjórum hlutum. Í fyrsta hluta þess eru reglur um skaðatryggingar, en það eru þær vátryggingar sem einkum er ætlað að bæta raunverulegt fjárhagslegt tjón sem kann að verða á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum hins vátryggða og í samræmi við þá grundvallarreglu í skaðatryggingum að enginn eigi að geta hagnast á vátryggingunni. Til skaðatrygginga teljast m.a. eignatryggingar, rekstrarstöðvunartryggingar og ábyrgðartryggingar. Skaðatryggingar eru venjulega skilgreindar neikvætt, þ.e. sem þær vátryggingar sem ekki teljast til persónutrygginga. Í öðrum hluta frumvarpsins eru reglur um persónutryggingar, en það eru vátryggingar sem vernda eiga hagsmuni sem felast í lífi manna eða heilsu. Til persónutrygginga teljast líftryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Í þriðja hluta frumvarpsins eru nokkrar almennar reglur og í fjórða hluta eru gildistökuákvæði og ákvæði um breytingar á öðrum lögum.

Megineinkenni frumvarpsins er að það hefur að geyma reglur um almenn atriði sem varða skaðatryggingar og persónutryggingar. Í því eru ekki tillögur um reglur er varða einstakar tegundir skaðatrygginga nema að því marki sem nauðsynlegt þykir að mæla fyrir um réttarstöðuna í ábyrgðartryggingum og hópvátryggingum á þessu sviði, svo og einstök sérákvæði. Ekki eru þannig gerðar tillögur um sérstakan kafla um sjóvátryggingar eða búfjártryggingar eins og gert er í gildandi lögum heldur gilda reglur frumvarpsins um þessar tegundir skaðatrygginga eins og aðrar og mæla þannig fyrir um lágmarksvernd vátryggingartaka við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga á þessum sviðum.

Eins og áður segir voru norsku lögin um vátryggingarsamninga sem tóku gildi 1. júlí 1990 nýtt sem fyrirmynd og er uppbygging frv. því í meginatriðum hin sama og uppbygging norsku laganna. Efnisskipan einstakra greina er einnig með svipuðum hætti, en um nokkur sérstök atriði er reglum þó skipað með öðrum hætti eða lagt til að lögfestar verði reglur sem ekki er að finna í norsku lögunum.

Í athugasemdum með frv. er að finna fróðlega samantekt á þróun vátrygginga frá dögum Hammúrabís Babýloníukonungs og til okkar daga. Ætla ég ekki að rekja þá sögu nánar en get þó ekki stillt mig um að geta merkilegs framtaks í Norður-Þingeyjarsýslu á sviði vátrygginga en árið 1885 voru stofnuð fyrstu samtök til vátryggingar nautpenings, a.m.k. frá þjóðveldisöld en þetta var Kýrábyrgðarfélag Keldhverfinga. Stofnendur félagsins voru konur og konur munu alla tíð hafa staðið að því félagi og stjórnað því, en ekkjumenn munu þó einnig hafa verið gjaldgengir félagsmenn og munu einhverjir slíkir hafa verið í félaginu. Ekki var félaginu kosin stjórn fyrr en árið 1925, en fram til þess tíma var kjörin forstöðukona til eins árs í senn sem fór með alla stjórn félagsins. Iðgjaldið var fyrst í stað tvö pund af smjöri fyrir hverja kú félagsmanns, en árið 1906 var ákveðið að greitt skyldi iðgjald í peningum, 1,50 kr. fyrir hverja kú. Félagið bætti að hálfu það tjón sem eigandi varð fyrir er kýr drapst. Á starfstíma félagsins mun það hafa bætt um 60 kýr. Vegna búháttabreytinga og tæknivæðingar reyndist ekki grundvöllur fyrir starfsemi þess til frambúðar og mun það hafa hætt eiginlegri starfsemi fyrir lok áttunda áratugar síðustu aldar, en síðasta fundargerð þess mun vera frá árinu 1977. Félaginu hefur ekki verið slitið formlega.

Mun ég nú, hæstv. forseti, fjalla um meginefni frv. og helstu nýmæli.

Frumvarp þetta hefur að geyma almennar reglur um vátryggingarsamninga. Þær lúta einkum að þeim hluta vátryggingastarfsemi sem tekur til réttarsambandsins milli vátryggingafélagsins og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Reglur þess eru því einkaréttarlegs eðlis að meginstefnu til. Reglur frumvarpsins tengjast öðrum réttarreglum um stofnun, framkvæmd og slit samninga. Réttarsamband vátryggingafélags og vátryggingartaka eða hins vátryggða lýtur því almennum reglum samningaréttar og kröfuréttar að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um annað í frumvarpinu. Af þessu leiðir að reglur frumvarpsins tengjast reglum laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum sérlögum á þeim réttarsviðum sem nefnd voru. Auk þess eiga ýmsar almennar og óskráðar réttarreglur samninga- og kröfuréttar við t.d. um túlkun vátryggingarsamninga.

Sú grundvallarbreyting er lögð til í frv. að ákvæði þess, verði það að lögum, verði ófrávíkjanleg en ekki frávíkjanleg eins og er um ákvæði gildandi laga frá 1954. Þetta felur í sér grundvallarbreytingu og helgast af því markmiði að treysta betur en gildandi lög réttarstöðu neytenda, þ.e. með því að veita þeim lágmarksvernd. Frá þessu eru gerðar undantekningar þegar í hlut eiga þeir sem hafa með höndum viðamikinn atvinnurekstur. Er ekki gert ráð fyrir því að slíkir aðilar njóti þeirrar neytendaverndar sem almennt er gengið út frá í frv. eiga þeir enda að hafa fulla burði til þess að semja sjálfstætt við vátryggingafélög um viðskipti sín.

Þrátt fyrir það að reglur félagsins séu ófrávíkjanlegar leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að ekki sé svigrúm til samninga við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga. Í fyrsta lagi er beinlínis tekið fram í ýmsum ákvæðum frumvarpsins að semja megi um tiltekin atriði. Í öðru lagi taka reglur frumvarpsins einungis til takmarkaðra þátta vátryggingarsamninga. Ekki er t.d. leitast við að setja því mörk gegn hvaða áhættu er vátryggt og í sjálfu sér er ekki amast við samningum um skýrar hlutlægar takmarkanir á ábyrgð vátryggingafélaga.

Í þriðja lagi eru engin ákvæði um takmarkanir á ákvörðun iðgjalds eða með hvaða hætti er samið um hækkun þess, eða lækkun, ef því er að skipta. Svigrúm til samninga er því verulegt og í frumvarpinu er ekki að finna reglur sem takmarka ættu möguleika vátryggingafélaga til samkeppni þeirra á milli um viðskiptavini.

Ég gat þess hér áðan að eitt megintilefni þess að ráðist var í samningu þessa frv. sé að það sé í takt við áherslu síðustu áratuga á aukna neytendavernd að tryggja betur en gert er í lögum frá 1954 lágmarksréttindi vátryggingartaka. Nefna má eftirfarandi atriði til stuðnings þeirri áherslu sem lögð er á vernd lágmarksréttinda vátryggingartaka og verður í því sambandi að hafa í huga þá meginreglu frumvarpsins að reglur þess eru ófrávíkjanlegar.

Í fyrsta lagi eru ítarleg ákvæði í frumvarpinu um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og annarra sem koma fram fyrir þeirra hönd, einkum við gerð vátryggingarsamninga. Í lögunum frá 1954 eru ekki ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga, einungis um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Lýtur upplýsingaskylda sú sem lögð er á vátryggingafélög í frv. bæði að efni löggjafar, þegar við á, að atriðum sem varða vernd þá er vátrygging veitir og ráðgjöf um viðbótarvernd. Upplýsingaskyldan er fyrst og fremst virk við gerð vátryggingarsamnings, en einnig er mælt fyrir um

takmarkaðri upplýsingaskyldu við endurnýjun hans. Þess ber einnig að geta í þessu sambandi að upplýsingaskyldu er ekki létt af vátryggingartakanum miðað við reglur gildandi laga. Hann verður að veita umbeðnar upplýsingar og á í sumum tilvikum að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, einkum um atriði er verulega þýðingu hafa fyrir mat félagsins á þeirri áhættu sem það undirgengst með vátryggingarsamningnum.

Í öðru lagi er í frv. leitast við að ráða bót á einu mesta álitaefni sem tengst hefur framkvæmd laganna frá 1954, þ.e. hvaða mörk eigi að setja hlutlægum ábyrgðartakmörkunum, einkum þegar þær tengjast háttsemi hins vátryggða eða *manna sem verða samsamaðir honum*. Það er gert með því að skilgreina hugtakið varúðarreglur víðtækar en gert er í gildandi lögum, en einnig með því að vátryggingafélögunum er gert að upplýsa skýrlega í vátryggingarskírteini um hvaða varúðarreglur séu í samningnum sem leitt geti til takmörkunar á ábyrgð þess, auk þess sem ákvæði frv. bannar að félagið beri fyrir sig fyrirvara vegna brota á varúðarreglum ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg.

Í þriðja lagi eru í frumvarpinu ýmsar reglur sem tryggja eiga lágmarksvernd vátryggingartaka eða hins vátryggða við framkvæmd vátryggingarsamnings. Margar þessara reglna eru í gildandi lögum, en til viðbótar koma ýmsar nýjar reglur.

Í fjórða lagi vil ég sérstaklega nefna reglur um vátryggingarsamninga en efni þeirra er skipað með þeim hætti að vátryggingartaki hefur mikið svigrúm til þess að slíta samningnum, en miklar takmarkanir eru á heimildum félagsins til þess að slíta vátryggingarsamningi, ekki aðeins á vátryggingartímabilinu, heldur einnig við endurnýjun hans. Af þessum reglum leiðir að vátryggður á rétt á að halda vátryggingarvernd sinni, einnig við endurnýjun, nema sérstök rök réttlæti slit á samningnum.

Í fimmta lagi eru ýmsar reglur í frumvarpinu um uppgjör vátryggingabóta, en í núgildandi lög skortir slíkar reglur að öðru leyti en því að þar er að finna nokkrar reglur um greiðslutíma vátryggingabóta. Þessar reglur frumvarpsins lúta að því innan hvaða marka félögin geti skuldajafnað vangoldnum iðgjöldum af tiltekinni vátryggingu eða vátryggingum við gjaldfallnar bætur. Eru settar takmarkanir við rétti til skuldajafnaðar sem eru þrengri en leiða mundi af almennum reglum. Einnig er að finna takmarkanir á heimildum félagsins til þess að skuldajafna bótagreiðslum til þriðja manns við kröfur sem það kann að eiga vegna vátryggingarinnar eða á hendur þeim sem greiðsluna á að fá.

Í sjötta lagi eru ákvæði í frumvarpinu um mjög aukna vernd tjónþola þegar sá sem bótaskyldur er nýtur verndar ábyrgðartryggingar. Hin aukna vernd felst einkum í því að tjónþolinn á beinan rétt á hendur félaginu, þ.e. hann er ekki bundinn við það að beina kröfum sínum að hinum bótaskylda, þ.e. hinum ábyrgðartryggða, og leiða þær til lykta með samskiptum við hann. Leitast er við að tryggja einnig rétt þess sem er ábyrgðartryggður, þ.e. að því leyti að tjónþoli og vátryggingafélagið geti ekki gert tjón upp sín á milli án samráðs við hann þannig að bindandi sé fyrir hann.

Í sjöunda lagi eru í frumvarpinu sérstakar reglur um hópvátryggingar, en engin ákvæði eru um slíkar vátryggingar í lögunum frá 1954. Réttarstaðan í hópvátryggingum getur verið flókin. Um er að ræða þrjá aðila, þ.e. félagið, vátryggingartakann og hina vátryggðu. Mikilvægt er að afmarkað sé hverjir teljist á hverjum tíma til hópsins og hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt til þess að einhver teljist hluti af hópnum, svo og hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að sá sem telst til hópsins hætti að gera það. Þá er mikilvægt að tryggja að þátttakendur í hópnum fái nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína, t.d. skilmála, breytingar á þeim o.fl. Þess vegna þarf að taka af skarið um það á hverjum sú skylda hvílir að miðla upplýsingum til hópsins. Þá þarf að slá því föstu á hverjum skyldan til að greiða iðgjaldið hvílir. Loks þarf að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi þeim sem tilheyrir hópnum en hættir í honum af tilgreindum ástæðum að viðhalda vátryggingarvernd.

Í áttunda lagi er lagt til í frumvarpinu að settar verði skorður við því að vátryggingafélög geti krafið þann sem óskar eftir persónutryggingu eða hefur óskað persónutryggingar, um nánar tilgreindar heilsufarsupplýsingar, þ.e. heilsufarsupplýsingar sem lúta að erfðafræðilegum þáttum. Eðlilegt er að slíkar takmarkanir séu settar. Ýmsir kostir eru tiltækir við skipan slíkra reglna, en í frumvarpinu er sett fram regla sem er sambærileg reglu um sams konar takmarkanir í dönskum rétti, en sú regla var sett þar í landi á árinu 1997. Engar sambærilegar reglur er að finna í lögunum frá 1954.

Í níunda lagi eru í frumvarpinu reglur þar sem lagt er til að lögfest verði tilvist úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og hvaða reglur eigi að gilda um hana og starfsháttu hennar. Vátryggingafélög hafa haft með sér samstarf um úrlausn ágreiningsmála er varða vátryggingar. Þá hefur verið samkomulag milli stjórnvalda, neytendasamtaka og vátryggingafélaga um starfrækslu úrskurðarnefndar á sviði vátryggingamála. Neytendur hafa því átt þess kost að afla skjótrar úrlausnar með ódýrum hætti um ágreining í slíkum málum. Eðlilegt er að grundvöllur úrskurðarnefndar í vátryggingamálum verði treystur með því að fastsetja í lögum að slík nefnd skuli vera starfandi. Verksvið nefndarinnar verður aukið verulega frá því sem nú er og réttur neytenda til að skjóta málum til úrlausnar með skjótum hætti því rýmkaður verulega.

Ljóst má vera að mörg af þeim atriðum, sem talin hafa verið upp hér að framan, muni leiða til nokkurs kostnaðarauka fyrir vátryggingafélögin ef frumvarp þetta verður að lögum. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að skýrari og ítarlegri reglur um ýmis atriði muni leiða til fækkunar ágreiningsmála og þar með til minni kostnaðar sem tengist þeim. Verður að telja að aukin neytendavernd sé samfélaginu til hagsbóta þegar til lengri tíma er litið.

Hæstv. forseti. Frumvarp til laga um vátryggingarsamninga er mikið að vöxtum, tæpar 200 blaðsíður með athugasemdum. Má ljóst vera að í framsöguræðu sem þessari gefst aðeins tóm til þess að tæpa á helstu atriðum. Vegna þess hversu snemma þings mælt er fyrir frv. er það von mín að hv. þingmenn hafi gott tækifæri til þess að kynna sér efni þess.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[19:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir ágæta framsögu eins langt og það nær. En eins og hæstv. ráðherra sagði þá er frumvarpið sem hér um ræðir mikið að vöxtum og vitaskuld ekki hægt að fara nákvæmlega yfir öll ákvæði þess eða þær stefnur og þau sjónarmið sem þar eru ríkjandi. Ég vildi þó til gamans nefna það, af því að Hammúrabí var nefndur til sögunnar í umræðunni og eins Þingeyingar, að ef ég man rétt úr fræðunum í háskólanum má upphaflega rekja

vátryggingar til samstarfs bænda sem komu sér saman um, held ég á 11. öld, að koma sameiginlega að brunatjónum sem hugsanlega kynnu að verða í sveitinni. En hvar það var nákvæmlega man ég ekki, hvort ég geti hampað Þingeyingum eða einhverjum öðrum vegna þeirra afreka get ég lítið sagt um.

Hins vegar, virðulegi forseti, er hér vitaskuld verið að ræða mjög merkilegt frumvarp sem tekur á stórum þáttum íslensks samfélags og ekki hvað síst er hér um mjög stórpólitískt frv. að ræða. Við þekkjum það mætavel að í gegnum tíðina hafa reglur þessa efnis ekki verið vátryggingafélögunum andhverfar, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið. Það hefur ekkert með núv. hæstv. viðskrh. að gera, enda eru, ef ég man rétt, núgildandi reglur frá 1954, a.m.k. var það það sem ég fór yfir á sínum tíma. Það þarf kannski ekki að koma á óvart því að tryggingafélög og aðrir slíkir sem hafa jafnan mikið umleikis og mörg og stór verkefni, hafa haft veruleg áhrif í samfélaginu og hafa kannski öðrum frekar getað komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Eins hafa þessi félög haft veruleg áhrif í öllum stjórnmálaflokkum, ég held að það þurfi ekki að draga þá í sérstaka dilka hvað það varðar. Þannig hafa þau átt mjög auðvelt með að koma sínum sjónarmiðum að. Því held ég að grundvallarútgangspunkturinn í meðferð þessa frv., en ég sit í hv. efh.- og viðskn., verði hvernig neytendavernd er best tryggð.

Við höfum verið að ganga í gegnum það undanfarin missiri að vera að opna hér flesta markaði, auka við frelsið. Það hefur vitaskuld gefið mönnum tækifæri til þess að færa út kvíarnar á mörgum sviðum og kannski að mörgu leyti gert neytendum erfiðara um vik því þetta aukna frelsi hefur gert það að verkum að sérfræðingar standa jafnan betur að vígi. Það eru fleiri sjónarmið sem þarf að skoða, það eru fleiri möguleikar. Þar af leiðandi standa þeir sem vel eru að sér og eru sérfræðingar á þessum sviðum, betur að vígi í samningum, sérstaklega við einstaklinga. Því verðum við að fara mjög vandlega yfir það þegar við förum yfir þetta frv. hver staða einstaklinganna er. Eins þurfum við að velta því fyrir okkur við meðferð þessa frv. að þróun til að mynda vátryggingafélaga og eignarhald þeirra á Íslandi er að þau séu að færast nær viðskiptabönkunum. Við þurfum því að velta því upp hvort sú þróun kunni að hafa áhrif á það frv. sem við ræðum hér.

Ég mun í þeirri meðferð sem fram undan er í efh.- og viðskn. leggja ríka áherslu á þessi atriði. Við munum væntanlega fara vandlega yfir þær skyldutryggingar og annað sem eru í lögum og kannski ekki hvað síst þau tækifæri sem tryggingafélögin hafa til þess að segja sig frá ábyrgð eiginlega með hlutlægum hætti.

Það er eitt af því sem ég held að við munum fara mjög vandlega yfir því að vátryggingasviðið er gríðarlega viðfemt, nær nánast til allra einstaklinga sem búa hér á landi. Því eru þau sjónarmið og sú stefnumörkun sem fram kemur í reynd mjög pólitísk og þeir hagsmunir sem þar eru í fyrirrúmi.

Ég get ekki sagt það, virðulegi forseti, að ég geti á þessu stigi dregið það fram með mjög skýrum hætti þó að ég hafi flett þessu frv. og reynt að setja mig inn í efni þess. En eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra eru þetta tæpar 200 síður og reyndar mjög flókið efni. Þetta svið er mjög flókið og tekur mikinn tíma að setja sig inn í þessa hluti.

Ég vildi aðeins, virðulegi forseti, setja þessi sjónarmið fram við 1. umr. Hér er náttúrlega um stórt mál að ræða, stórpólitískt mál, sem skiptir alla mjög miklu máli. Því er mikilvægt, að minni hyggju, að neytendavernd verði tryggð eins og kostur er og mun ég leggja á það áherslu í málflutningi mínum í nefndinni, vegna þess að ég tel, virðulegi forseti, að eftir því sem frelsið eykst og tækifærin verða fleiri, þeim mun erfiðara geti það verið fyrir einstaklingana að átta sig á því hvað máli skiptir og hvað ekki. Því skiptir miklu máli að það verði mjög vönduð meðferð á þessu frv. Ég verð einnig að segja það að ég hefði viljað sjá fleiri taka þátt í umræðu um jafnmikilvægt mál og raun ber vitni. En ég lofa því að við munum leggja okkur alla fram um að fara vandlega yfir þetta frv. og reyna að tryggja það að neytendavernd verði tryggð. Vitaskuld kemur það óhjákvæmilega inn í umræðuna af því að hæstv. ráðherra nefndi það í sinni ágætu framsögu, að frv. hefði það m.a. að markmiði að tryggja einhvers konar samkeppni um viðskiptavini vátryggingafélaganna. Það er eitt af því sem við munum skoða, ekki hvað síst í því ljósi sem umræðan um þá hluti hefur verið undanfarin missiri.

En ég vildi setja þessi sjónarmið fram og nefna að þetta eru kannski þeir áherslupunktar sem Samfylkingin mun leggja mikla og ríka áherslu á í yfirferð á þessu frv. í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 19:48.

---

20. FUNDUR

þriðjudaginn 4. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 191. mál, þskj. 193. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 215. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 214. — 1. umr.

4. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.

5. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.

6. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.

7. Almenn hegningarlög, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.

8. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.

9. Erlendar starfsmannaleigur, þáltill., 125. mál, þskj. 125. — Fyrri umr.

10. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.

11. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.

12. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Fyrri umr.

13. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.
14. Aflétting veiðibanns á rjúpu, þáltill., 154. mál, þskj. 154. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Þórarinn E. Sveinsson, 8. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):
Að loknum atkvæðagreiðslum um tvö fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um viðbrögð við hækkun lögboðinna iðgjalda tryggingafélaganna. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson en hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):
Borist hefur svohljóðandi bréf:
„Þar sem ég fer nú í fæðingarorlof með vísan til 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og get því ekki sótt þingfundi næstu þrjá mánuði óska ég eftir því, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður minn á lista Frjálslynda flokksins í Suðurk., Grétar Mar Jónsson skipstjóri, Sandgerði, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk."

Kjörbréf Grétars Mars Jónssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit.

[Grétar Mar Jónsson, 9. þm. Suðurk., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):
Grétar Mar Jónsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (meðferð hlutafjár). — Þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vátryggingarsamningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Viðbrögð við hækkun lögboðinna iðgjalda tryggingafélaganna.

[13:34]

Ögmundur Jónasson:
Hæstv. forseti. Að undanförnu hafa Neytendasamtökin fjallað ítarlega um þrjár tegundir markaða sem eru mjög mikilvægir fyrir neytendur og hafa mikil áhrif á lífskjör fólks. Þetta eru matvörumarkaðurinn, vátryggingarmarkaðurinn og bankamarkaðurinn. Á öllum þessum mörkuðum hafa verið gerðar rannsóknir og ber niðurstöðurnar í öllum tilvikum að sama brunni. Fyrirtækjum á þessum mörkuðum fer fækkandi og er fákeppni að verða allsráðandi. Í öllum tilvikum er viðkvæðið hjá formælendum fyrirtækjanna að þessu valdi nauðsynleg hagræðing.

Hagnaður þeirra er hins vegar mjög mikill og fer í mörgum tilvikum ört vaxandi og hann rennur allur til fyrirtækjanna og eigenda þeirra því að neytendur njóta einskis. Fyrir neytendurna er niðurstaðan hærra verð. Hér styðst ég við rannsóknarskýrslur og vísa í staðhæfingar forsvarsmanna Neytendasamtakanna.

Eðlilegt er að menn staðnæmist við slíkar upplýsingar. Tilefni umræðunnar eru vátryggingar og þá sérstaklega bílatryggingar. Þær eru lögbundnar sem eðlilegt er. Það er hins vegar ekki eðlilegt ef trygging sem er lögþvinguð er á afarkjörum, að ekki sé minnst á ef tryggingafélögin hafa myndað eins konar bandalag um að hafa þær tryggingar á óeðlilegu verði þannig að þau geti makað krókinn á kostnað almennings.

Hvers vegna segi ég þetta? Verðið segir sína sögu en einnig minni ég á að Samkeppnisstofnun komst að þeirri niðurstöðu í frumskýrslu sem nýlega var birt að gögn sýni að tryggingafélögin hafi haft með sér víðtækt samráð um iðgjöld í ökutækjatryggingum um langt árabil.

Fyrir 15 árum voru 25 vátryggingafélög starfandi í landinu. Nú eru starfandi þrjár meginsamsteypur, Sjóvá–Almennar, Tryggingamiðstöðin og Vátryggingafélag Íslands. Þessi félög ásamt dótturfélögum ráða nú 95% af markaðnum. Á milli þessara aðila á sér ekki stað mikil samkeppni og í nýbirtri skýrslu Neytendasamtakanna segir m.a., með leyfi forseta:

„Samræmdar og stórfelldar breytingar á iðgjöldum félaganna benda hins vegar ekki til að samkeppnin sé ýkja hörð, ..."

Hver hefur verðlagsþróunin verið? Í skýrslu Neytendasamtakanna kemur fram að iðgjöld hafi hækkað að meðaltali um 70% á síðustu sex árum og iðgjöld vegna lögbundinna trygginga hafi tvöfaldast. Neytendasamtökin eru ekki ein um að benda á þá þróun. Fyrr í haust var talsverð umræða um þetta. Var þá haft eftir framkvæmdastjóra Félags ísl. bifreiðaeigenda að þessi þróun á verðlagi iðgjalda væri óeðlileg og væru iðgjöldin miklu hærri en þau ættu að vera.

Í leiðara í byrjun september vakti Morgunblaðið athygli á því að bifreiðatryggingar skiluðu tryggingafélögunum vaxandi hagnaði og hefði hann aukist um 20% frá sama tímabili í fyrra. Orðrétt sagði blaðið, með leyfi forseta:

„Iðgjöld vegna bílatrygginga eru umtalsverður útgjaldaliður í heimilisbókhaldi flestra fjölskyldna á Íslandi. Þessi kostnaðarliður verður ekki umflúinn, eigi fólk á annað borð bíl, enda er ábyrgðartrygging lögboðin.“

Síðan segir á þá leið að neytendur hljóti að ganga út frá því að á markaðnum fyrir bílatryggingar ríki virk samkeppni og einstök félög sem ná miklum afkomubata nýti hann til að lækka verðið og ná til sín nýjum viðskiptavinum. Svona virðast kaupin hins vegar ekki gerast á eyrinni. Lægsta trygging fyrir Toyota Corolla í Svíþjóð og Danmörku er 14.000 ísl. kr. á meðan lægsta iðgjaldið hér á landi er 69.000 kr.

Nú spyrja menn: Er eðlilegt að á sama tímabili og verðbólgan hækkar um 20,1% skuli bílatryggingar hækka um 86,6%? Þetta gerðist á árunum 1999–2002 og á sex ára tímabili hækkuðu þessar tryggingar um helming, um 100%. Er eðlilegt að tjónasjóðirnir séu orðnir 38,3 milljarðar og hafi vaxið um 54% eða 13 milljarða á síðustu fimm árum?

Hver á að gæta þess að tryggingafélögin misnoti ekki aðstöðu sína gagnvart lögþvinguðum kúnnum sínum? Það er Fjármálaeftirlitið sem heyrir undir viðskrn. sem á að gera það. Og nú er þeirri spurningu beint til hæstv. viðskrh. hvort hún geti upplýst okkur hvernig þessi mál er nú stödd hjá hinum opinbera eftirlitsaðila.

[13:39]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Umræður um iðgjöld vátryggingafélaga skjóta reglulega upp kollinum hér á landi og er það vel. Iðgjöldin eru stór hluti af rekstrarkostnaði heimilanna og skipta því hvern einasta neytanda máli. Iðgjöldin eru ekkert einkamál vátryggingafélaganna. Þau verða að geta sýnt fram á að iðgjöld vegna lögboðinna vátrygginga séu ekki ósanngjörn í garð vátryggingartaka. Af þeim sökum er nauðsynlegt að vátryggingafélögin fái aðhald frá markaðnum og eftirlitsaðilum.

Ítarleg skýrsla Neytendasamtakanna um vátryggingamarkaðinn og þessi umræða hér í dag eru dæmi um þetta aðhald. Jafnframt er nauðsynlegt að eftirlitsaðilar fái aðhald í sínum störfum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og reyndar einnig Neytendasamtökin gagnrýna hve há vátryggingaskuld tryggingafélaganna er og eftirlit með félögunum. Neytendasamtökin segja að miðað við aðstæður á markaði hafi eftirlit Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisstofnunar verið veikt. Ég tel rétt að víkja örstutt að því hvernig vátryggingaskuld verður til.

Þegar tjón verður ber vátryggingafélagi að færa til hliðar fé til að mæta þeim bótakröfum sem greiða þarf í framtíðinni. Byggist það á lögum og reglugerðum sem eru samræmdar á Evrópugrundvelli. Vátryggingaskuldin hefur verið að hækka síðustu ár þótt dregið hafi úr hækkun á síðasta ári og það er því ekki óeðlilegt að vátryggingafélögin séu tortryggð. Ég get hins vegar ekki dæmt um það hvort vátryggingaskuldin sé nú óeðlilega há miðað við þróun á markaði. Til þess hef ég ekki forsendur á þessari stundu. Það er í raun ekki hægt að segja til um það fyrr en öll spil hafa verið lögð á borðið. Það hefur komið fram opinberlega að Fjármálaeftirlitið er að vinna að nýrri úttekt á stöðu vátryggingaskuldar.

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er tvíþætt hvað varðar eftirlit með vátryggingafélögunum. Annars vegar lýtur eftirlitið að fjárhagslegri stöðu vátryggingafélaga, þ.e. að vátryggingafélög hafi fjárhagslega burði til að standa við skuldbindingar sínar. Hins vegar ber Fjármálaeftirlitinu að fylgjast með iðgjaldagrundvelli vátrygginga með það fyrir augum að iðgjöld sem í boði eru hér á landi séu sanngjörn í garð vátryggingartaka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað vátryggingafélaga.

Síðara hlutverkið er nokkuð sérstakt og frábrugðið því sem almennt þekkist í starfsemi eftirlitsstofnana í löndunum í kringum okkur. Getur verið vandkvæðum bundið fyrir Fjármálaeftirlitið að gera annars vegar kröfu til að fjárhagsleg staða vátryggingafélags sé yfir ákveðnum mörkum og hins vegar að iðgjöld megi ekki fara yfir tiltekin mörk. Fjármálaeftirlitið tengir þetta hlutverk með lögum og það getur engu að síður verið fullt tilefni til umræðu um hvort slíkt tvöfalt hlutverk sé eðlilegt.

Fjármálaeftirlitið hefur tvívegis tekið til sérstakrar skoðunar hækkanir vátryggingafélaga á iðgjöldum ökutækjatrygginga. Varðandi hækkunina 1999 tók Fjármálaeftirlitið fram að hækkanir umfram það sem rekja hafi mátt til breytinga á skaðabótalögum hafi ekki verið nauðsynlegar öllum tilvikum þegar horft hafi verið til fjárhagsstöðu vátryggingafélaganna og stöðu tjónaskuldar. Jafnframt að brýnt væri að hvert félag tæki forsendur iðgjaldaákvæða sinna til endurskoðunar um leið og frekari reynsla yrði fengin.

Í greinargerð Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2000 kom enn fremur fram að þrátt fyrir að fjárhagsstaða stóru vátryggingafélaganna væri sterk og fé hefði losnað úr tjónsskuld fyrri ára hefði félagið sýnt fram á aukinn tjónakostnað og óstöðugleika í greininni. Í hvorugu tilfelli taldi Fjármálaeftirlitið forsendur til að grípa til aðgerða á þeim grundvelli að iðgjöld væru ósanngjörn í garð vátryggingartaka. Var m.a. bent á að vátryggingafélögin starfa á samkeppnismarkaði og að félög sem keppa á vátryggingarmarkaði eigi að hafa talsvert svigrúm til iðgjaldaákvarðana.

Á ársfundi Fjármálaeftirlitsins í síðustu viku kom fram að eftirlitið hefur síðustu missiri verið að vinna tölfræðigreiningu á stöðu vátryggingaskuldar í lögboðnum ökutækjatryggingum hjá þremur stærstu vátryggingafélögunum og verið væri að ljúka athugun á hækkun iðgjalda á árinu 2002 í tilteknum eignatryggingum.

[13:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Iðgjöld tryggingafélaga eiga að standa undir líklegum tjónum, rekstri og markaðssetningu sem og hagnaði fyrirtækjanna. Líkleg tjón eru útgreidd tjón á árinu og framlag í bótasjóð sem er mat á væntanlegum bótum þar sem oft og tíðum líða mörg ár þar til endanlega liggur fyrir hversu mikil t.d. örorka verður eða hvort endurhæfing tekst.

Bætur tryggingafélaganna hafa hækkað mikið á undanförnum árum. Fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Mikil hækkun launa sem hækkar dánar- og örorkutjón ábyrgðartrygginga en líka viðgerðarkostnað og þar með munatjón. Bílaeign hefur stóraukist og þar með þétting umferðar og hlutfallsleg aukning tjónatíðni. Hækkun launa og stóraukna bílaeign má skilja sem góðæri og er ég ekkert dapur yfir því. Aukinni tjónatíðni þarf að berjast gegn og þar leggur ríkisvaldið sitt af mörkum með upplýsingaátaki og með því að leggja út í mjög miklar vegaframkvæmdir, t.d. á Reykjavíkursvæðinu.

Lögboðnar bifreiðatryggingar eru hluti af velferðarkerfi okkar. Þær tryggja þann sem verður að ósekju fyrir tjóni í

umferðinni að hann fái tjón sitt bætt burtséð frá hæfni eða vanhæfni skaðvaldsins til að greiða tjónið. Þess vegna eru ábyrgðartryggingar lögboðnar um allan heim og þess vegna eru þær á dagskrá hér sem ég þakka frummælanda fyrir. Því verðum við að tryggja að samkeppni sé næg og iðgjaldið eins lágt og hægt er.

Við höfum á undanförnum árum opnað markaðinn og sett á laggirnar og styrkt þrjár eftirlitsstofnanir sem eiga að tryggja samkeppni, öryggi og lágt iðgjald. Fjármálaeftirlitið sér til þess að bótasjóðir séu nægir og tryggingin verði greidd en iðgjöld þó ekki óhófleg. Samkeppnisyfirvöld sjá til þess að samkeppni sé næg og skattrannsóknastjóri sér til þess að bótasjóðir séu ekki of miklir því að það frestar skattheimtu og hækkar iðgjaldið.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Íslenski tryggingamarkaðurinn einkennist af yfirburðum þriggja tryggingafélaga. Þau hafa hér algera yfirburðastöðu. Tryggingafélögunum hefur fækkað hér á undanförnum árum eins og allir vita. Í afar athyglisverðri skýrslu Neytendasamtakanna um tryggingamarkaðinn segir m.a., með leyfi forseta, þar sem talað er um ábendingar til lagfæringar:

„Ástæða er til að efla opinbert eftirlit með rekstri vátryggingafélaganna. Athuganir á vátryggingarekstrinum þurfa að fara fram með reglulegum og skjótum hætti. Opinberar eftirlitsstofnanir þurfa að vinna að því að gera vátryggingastarfsemina gagnsærri með birtingu ítarlegri upplýsinga en hingað til hafa verið aðgengilegar. Vegna eðlis vátrygginga og fákeppnisaðstæðna á markaðnum þurfa eftirlitsstofnanirnar að halda uppi einbeittu eftirliti og vera tilbúnar til afskipta þegar hagsmunum almennings er ógnað."

Hér er vissulega mikið sagt, herra forseti, og varað sérstaklega við því hvað gengið sé nú á hagsmuni almennings. Margt bendir til þess þegar skýrsla Neytendasamtakanna er lesin að málinu sé svo háttað að almenningur og hagsmunir hans séu fyrir borð bornir í starfsemi tryggingafélaganna. Það má m.a. draga þá ályktun af sjóðasöfnun sem birtist í sérstökum sjóðum tryggingafélaganna og ætla má að þar séu tryggingafélögin að leggja til hliðar fé sem e.t.v. verður síðar notað til annarrar starfsemi.

[13:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sú úttekt sem Neytendasamtökin beittu sér fyrir um tryggingamarkaðinn staðfestir það sem við höfum lengi haldið fram, að tryggingafélögin blóðmjólka bifreiðaeigendur með himinháum iðgjöldum sem eru langt úr takti við alla verðþróun í þjóðfélaginu og það í skjóli einokunar og valdsamþjöppunar á þessum markaði. Tryggingafélögin boluðu út af markaðnum fyrir nokkrum árum samkeppnisaðila sem bauð 35% lægri tryggingar en þau og vafalaust fór sú verðstýring fram undir hatti samráðsvettvangs Sambands ísl. tryggingafélaga sem margir álíta ólöglegan og Samkeppnisstofnun er nú að rannsaka. Mér finnst Fjármálaeftirlitið sýna allt of mikla linkind gagnvart tryggingafélögunum sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Það er ólíðandi og skapar tortryggni gagnvart Fjármálaeftirlitinu að eftirlitið hefur lítið til málanna að leggja þó iðgjöld bifreiðatrygginga hækki um 70–80% á örfáum árum. Bótasjóðirnir gildna stöðugt sem er m.a. skjól fyrir tryggingafélögin til að skammta sér hagnað með því að geta sjálfir stjórnað því sem þeir greiða hverju sinni í skatt. Reglum um skattlagningu bótasjóðanna verður að breyta þannig að óuppgerð tjón geti ekki legið í bótasjóðum í allt að tíu ár og láta tryggingafélögin þannig liggja með gífurlega mikið af óskattlögðu fjármagni í sinni vörslu.

Ég kalla hér og nú eftir því að Samkeppnisstofnun skili strax niðurstöðu sinni á rannsókn á tryggingafélögunum sem staðið hefur yfir frá því 1997 og ég skora á Fjármálaeftirlitið að sýna gagnrýnna aðhald með tryggingafélögunum en eftirlitið hefur gert til þessa og verja betur hagsmuni neytenda. Ef þeir gera það ekki þá verður stutt í að Fjármálaeftirlitið glati trúverðugleika sínum.

[13:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa orðið örar breytingar í viðskiptalífi landsmana. Æ meiri samþjöppunar gætir á öllum sviðum viðskipta og blokkamyndanir eru tíðari. Það er sama hvert litið er, alls staðar hefur átt sér stað óhófleg samþjöppum, í sjávarútvegi, í bankaheiminum og hjá tryggingafélögunum.

Markmiðið sem aðilar bera fyrir sig er ævinlega það sama, hagræðing. En hagræðing fyrir hverja? Fyrir neytendur? Já, maður skyldi ætla það. En annað kemur á daginn þegar að er gáð. Svo virðist sem hagræðing fyrirtækjanna sé eingöngu þeim sjálfum í hag en ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Nú eru til skoðunar hjá opinberum eftirlitsyfirvöldum tvö mál sem varða víðtækt samráð sem bendir til að hafi bitnað alvarlega á íslenskum neytendum. Þetta eru mál olíufélaganna og tryggingafélaganna.

Á tryggingamarkaði hefur þróunin orðið sú að fyrirtækjunum hefur fækkað og hagnaður þeirra stóru hefur aukist mjög. Samfara þessu hafa tryggingar hækkað umtalsvert. Þrátt fyrir sterka stöðu tryggingafyrirtækjanna sem kemur til af aukinni hagræðingu hafa þau séð ástæðu til þess að hækka iðgjöld á neytendur.

Á fyrri hluta þessa árs er hagnaður tryggingafélaganna rúmlega 1 milljarður bara af bílatryggingunum, rúmlega 20% aukning frá árinu á undan. Eins og við vitum þá komast menn alls ekki hjá því að tryggja bílana sína. Við eigum flest bíla og þá þarf að tryggja. Það er ágætt að halda því til haga í þessari umræðu að auk þess sem fjárhagsleg staða tryggingafélaganna hefur styrkst þá hefur tjónum líka fækkað þannig að miklar hækkanir tryggingafélaganna eru hreinlega óskiljanlegar fyrir venjulega neytendur sem stöðugt er lofað að hagræðingin sé til hagsbóta fyrir þá.

Það er hlutverk okkar, virðulegi forseti, að gæta þess að stórar fyrirtækjasamsteypur noti ekki aðstöðu sína til þess að okra á neytendum. Það nægir ekki að yppta öxlum og lýsa áhyggjum. Sú þróun sem ég hér hef lýst er óæskileg þar sem fyrirtæki sem eru að verða allt of valdamikil verða það á kostnað neytenda.

[13:52]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Þegar verð á olíumörkuðum hækkar líður yfirleitt ótrúlega skammur tími þar til verð hérlendis hækkar til íslenskra neytenda. Meiri tregða hefur hins vegar verið í að fylgja eftir lækkunum á heimsmarkaði til lækkunar á verði til íslenskra neytenda og það sem meira er, ótrúlegur samhljómur er ætíð þegar verðbreytingar eiga sér stað hjá olíufélögum.

Ég nefni þetta hér, herra forseti, því að að mörgu leyti minnir þetta mig á tryggingafélögin. Þegar illa árar stendur ekki á hækkunum iðgjalda til íslenskra neytenda. Þegar

hagnaður hins vegar er mikill, og núna meiri en nokkru sinni fyrr, virðist fátt benda til þess að verð á iðgjöldum til neytenda lækki. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur. Við hljótum að spyrja: Hvar er hin virka samkeppni?

Við hljótum líka að velta því fyrir okkur, herra forseti, að ekki alls fyrir löngu breytti Alþingi skaðabótalögum. Fyrir því virtust vera fullkomlega eðlileg rök. En við hljótum líka að spyrja okkur í framhaldi af því og eins og ástandið er núna hvort Alþingi hafi e.t.v. verið heldur rausnarlegt gagnvart tryggingafélögum í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Spurðu Finn.) Getur verið að þau lög eigi einhvern þátt í hinum mikla hagnaði? Við hljótum að spyrja okkur að því, a.m.k. bólar lítið á lækkunum iðgjalda til neytenda þrátt fyrir gífurlegan hagnað félaganna. Ég lýsi mig reiðubúinn til að taka þátt í endurskoðun á lögum um tryggingafélög ef ástæða er til vegna heilbrigðrar samkeppni og vegna íslenskra neytenda.

[13:54]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Góð arðsemi fyrirtækja er nauðsyn, ofsahagnaður er það ekki. Bættur hagur tryggingafélaga á síðustu árum er skoðunarverður. Eigið fé félaganna hefur nær þrefaldast á um fjórum árum. Á sama tíma hefur vátryggingaskuld verið greidd rausnarlega inn á reikning sem eitt sinn var kallaður bótasjóður. Þessir sjóðir tryggingafélaganna stóru hafa fjórfaldast á átta árum. Þeir nema nú samtals yfir 40 milljörðum kr. sem er langt umfram þær skuldbindingar sem þeim er ætlað að standa við.

Með hliðsjón af árlegum iðgjaldatekjum félaganna sem hafa vaxið eins og hér hefur komið fram hafa þessir sjóðir styrkst um 300% á síðustu fjórum árum. Þennan styrk hafa félögin notað til þess að hindra aukna samkeppni og girða fyrir aðkomu nýrra aðila. Þau nota úr bótasjóðum fé til þess að veita viðskiptavinum á fyrirtækjamarkaði lán eða bjóða þeim fé til fjárfestinga. Þess eru dæmi að tryggingafyrirtækin hafi boðið viðskiptavinum sínum sem ætla að segja upp tryggingum sínum svokallaðan samkeppnisafslátt. Þetta er brot á samkeppnislögum. Það er full ástæða til þess að stjórnarstofnanir skoði vel og ítarlega starfsemi tryggingafélaga og að þau mál sem þar eru til afgreiðslu og í athugun fái skjóta afgreiðslu.

[13:56]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Í þessari umræðu er nauðsynlegt að hafa í huga að það er öllum í hag að fyrir hendi séu í landinu öflug vátryggingafélög sem hafa fjárhagslegan styrkleika til að mæta skakkaföllum og bæta tjón hvort sem er á mönnum eða munum. Að því leyti er fagnaðarefni þegar félögunum gengur vel og þau eiga kost á að byggja upp öfluga bótasjóði. Það er síðan lögbundið hlutverk Fjármálaeftirlits að fylgjast með hvort sú uppbygging sé í eðlilegu samræmi við hlutverk þessara bótasjóða, ekki með því að segja til um hversu mikið nákvæmlega beri að leggja til þeirra heldur að þessar greiðslur séu innan tiltekinna marka, tiltekinna rauðra strika sem fyrirtækjunum ber að halda sig innan. Þessi opinberi eftirlitsaðili býr til ákveðinn ramma sem fyrirtækin verða að halda sig innan en á ekki að gefa fyrirmæli um hlutföll milli einstakra þátta í þessu sambandi.

Auðvitað hlýtur Fjármálaeftirlitið að horfa á sanngirni gagnvart neytendum eins og er þess lögbundið hlutverk. En Fjármálaeftirlitið þarf líka að hugsa um öryggi þeirra sem tryggja hjá félögunum.

Það er líka ástæða til að minna á það í þessari umræðu að lögbundnir þröskuldar gagnvart innkomu nýrra aðila á markaðinn hafa verið afnumdir á undanförnum árum. Þátttaka okkar í Evrópska efnahagssvæðinu tryggir aðgang fyrirtækja af öllu þessu svæði inn á íslenska markaðinn. Það skiptir verulegu máli í þessu sambandi enda felur möguleikinn á innkomu nýrra erlendra aðila alltaf í sér ákveðið aðhald að þeim fyrirtækjum sem fyrir eru. Hitt er svo annað mál að það hefur valdið mér eins og öðrum vonbrigðum að erlendir aðilar skuli ekki hafa gert meira vart við sig á þessum markaði en raun ber vitni. Sama á reyndar við á mörgum öðrum sviðum viðskiptalífsins þar sem erlendir aðilar hafa ekki sýnt þann áhuga sem við kannski væntum þegar markaðarnir voru opnaðir.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að frjáls samkeppni tryggir neytendum bestan árangur. Ef lögmál frjálsrar samkeppni eru brotin ber að taka á því. Til þess höfum við opinbera eftirlitsaðila og við verðum að treysta þeim til þess að framfylgja þeim ákvæðum sem þeim ber lögum samkvæmt.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Tryggingastarfsemi á Íslandi er eitthvert klassískasta dæmið sem við höfum fyrir augunum um algera fákeppni. Þrír aðilar skipta á milli sín markaðnum í aðalatriðum með 90–95% hlutdeild og hana tiltölulega stöðuga. Hagnaður þessara fyrirtækja hefur verið gríðarlegur undanfarin ár og rétt er að hafa í huga að tryggingafélögin, einkum tvö þau stærri af þremur, eru mikilvægar aflvélar í ákveðnum blokkum viðskiptalífsins í landinu og með sjóði sína að baki hafa þær stundum verið gerendur en ekki bara þátttakendur í eignaskiptum og miklum sviptingum, þar á meðal nýlega.

Herra forseti. Að formi til er það auðvitað alvarlegast ef tryggingafélögin misfara með stöðu sína í þeim tilvikum sem um skyldutryggingar er að ræða eins og bifreiðatryggingar, ábyrgðartryggingar bifreiða. En í reynd, praktískt, skiptir það kannski ekki öllu máli ef engin samkeppni er að heldur á þeim sviðum trygginga sem allir almennir notendur taka, eins og heimilistryggingum eða kaskótryggingum bifreiða. Ástandið er þannig að grunsemdir eru um víðtækt samráð, samanber athuganir Samkeppnisstofnunar og Neytendasamtaka en Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar farið sér hægt, a.m.k. enn sem komið er. Þennan gríðarlega hagnað taka tryggingafélögin til sín án þess að því er virðist að nýta sér hann til þess að bjóða betri kjör og reyna að stækka sinn hlut af kökunni. Hvernig stendur á því? Hafa tryggingafélögin ekki áhuga á stærri hlut viðskipta? Þarna er sama staða uppi og með bankakerfið og olíufélögin og fleiri slíka aðila. Það dugar ekki endalaust fyrir stjórnvöld að lýsa áhyggjum og vísa til þess að eftirlitsstofnanir séu starfandi lögum samkvæmt en aðhafast síðan ekki neitt.

[14:01]

Birkir J. Jónsson:

Herra forseti. Það er verulegt áhyggjuefni að horfa á þær hækkanir sem hafa orðið á iðgjöldum lögboðinna bifreiðatrygginga á síðustu missirum. Ég tek því heils hugar undir áhyggjur hv. þm. Ögmundar Jónassonar í þeim efnum.

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins frá 1. september sl. kemur fram að bifreiðatryggingar hafa að meðaltali hækkað um 86,6% á tímabilinu 1999–2003. Þessi hækkun vekur upp spurningar, enda sýna reikningar tryggingafélaganna nú um þessar mundir verulegan hagnað af bifreiðatryggingum.

Jafnframt vakna upp spurningar hvort eðlilegur gangur sé í þeirri rannsókn sem Samkeppnisstofnun hóf árið 1997 á hugsanlegu verðsamráði tryggingafélaganna. Ég tel að þessi rannsókn hafi dregist úr hófi fram og legg áherslu á að mjög mikilvægt er að þessari rannsókn ljúki sem allra fyrst. Það er því mikilvægt fyrir okkur hv. alþingismenn að hlúa vel að starfsemi Samkeppnisstofnunar því mikilvægi stofnunarinnar er gríðarlega mikið fyrir íslenska neytendur. Því er jafnframt mjög brýnt að Samkeppnisstofnun ljúki þeim rannsóknum sem nú standa yfir. Meðan sú vinna klárast ekki borga íslenskir neytendur brúsann. Það er óásættanlegt.

[14:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin sem mér fannst þó ekki sannfærandi um að eftirlitsþátturinn væri í nógu góðu lagi. Hæstv. ráðherra segir að tryggingafélögin fái aðhald á tvennan hátt, annars vegar frá markaðnum og hins vegar frá eftirlitsstofnunum.

Nú hefur komið í ljós að markaðurinn er nánast í herkví sökum fákeppni og það var sýnt fram á það í frumathugun Samkeppnisstofnunar að gögn bentu til þess að tryggingafélögin hefðu um langt skeið haft samráð sín á milli. Þau neituðu þessu þegar þetta kom til umræðu í þjóðfélaginu um mánaðamótin júlí/ágúst og voru svo óskammfeilin að segja jafnframt að ef brot hefðu verið framin þá væru þau án efa fyrnd þannig að aðhaldið er ekki frá markaðnum.

Þá víkur málinu að eftirlitsstofnunum. Það vakti athygli mína að talsmaður Fjármálaeftirlitsins sagði fyrir fáeinum dögum að tjónasjóðirnir væru núna í skoðun hjá einstökum vátryggingafélögum en það hefði ekki verið ákveðið enn þá hvort og þá hvernig greint yrði opinberlega frá þessu. Þetta finnst mér undarlegt og mér finnst þetta ámælisvert.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði að iðgjöldin ættu að standa undir tjónakostnaði og hagnaði. Það gera þau svo sannarlega eins og fram hefur komið í máli mínu því að arðsemi eigin fjár tryggingafyrirtækjanna hefur yfirleitt verið 10–20% á undanförnum árum og eigið fé þeirra hefur þrefaldast á fimm árum svo að dæmi sé tekið.

Þessi mál eru ekki í nógu góðu lagi. Fjármálaeftirlitið og opinberar stofnanir virðast fara silkihönskum um tryggingafélögin. Ég vek athygli á því að aðrar tryggingar, brunatryggingar sem einnig eru lögbundnar, sem einnig eru lögþvingaðar, virðast vera að hækka líka. Eitt fyrirtækjanna, Sjóvá–Almennar, hefur sent sínum viðskiptavinum bréf þar sem boðuð er 50% hækkun á brunatryggingum. Þetta þarf að stöðva.

[14:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér finnst rétt að taka fram að ekki liggja fyrir neinar nýjar hækkanir á iðgjöldum ökutækjatrygginga. Umfjöllun í skýrslu Neytendasamtakanna lýtur að hækkunum þeim sem áttu sér stað á árunum 1999 og 2000 og athugun Fjármálaeftirlitsins á þeim tíma. En núverandi athugun Fjármálaeftirlitsins lýtur hins vegar að stöðu vátryggingaskuldarinnar almennt og er hluti af því eftirlitsstarfi sem stofnuninni er fengið en lýtur ekki að tilteknum iðgjöldum.

Fram kom hjá hv. frummælanda að ekki lægi fyrir hvort greint yrði opinberlega frá þeim niðurstöðum sem fengjust. Það tengist í rauninni þeirri umræðu sem fór fram á síðasta ársfundi Fjármálaeftirlitsins. Þá var þeirri spurningu varpað fram hvort ástæða sé til að rýmka heimildir Fjármálaeftirlitsins til að greina frá framkvæmd eftirlits og niðurstöðum í einstökum málum. Snýr umræða þessi að því að sökum þagnarskyldu þeirrar sem hvílir lögum samkvæmt á starfsmönnum, forstjóra og stjórnarmönnum Fjármálaeftirlitsins þá getur Fjármálaeftirliltið ekki tekið þátt í opinberi umræðu um einstök mál eða málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila.

Síðan langar mig, hæstv. forseti, að segja að síðustu að það ríkir samkeppni. Ekki er hægt að neita því að það ríkir samkeppni á vátryggingamarkaði þó að markaðurinn hafi vissulega ákveðin einkenni fákeppni. Tvö ný vátryggingafélög tóku til starfa á síðasta ári og nýlega hafa borist fréttir af breyttu eignarhaldi og rekstri Varðar á Akureyri. Vissulega hefur langur tími liðið frá því að rannsókn Samkeppnisstofnunar hófst á málefnum vátryggingafélaganna. En ég hef vissu fyrir því að þeirri rannsókn mun ljúka fyrir áramót.

Evrópufélög, 1. umr.

Stjfrv., 203. *mál* (EES-reglur). — Þskj. 214.

[14:08]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Evrópufélög sem er á þskj. 214. Það er 203. mál þingsins. Með frv. þessu sem samið var í viðskrn. verða innleidd ákvæði reglugerðar EB-ráðsins nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög, þ.e. evrópsk hlutafélög sem tekin hafa verið upp í EES-samninginn og veitt verður lagagildi hér á landi Auk þess eru í frv. ýmis ákvæði til fyllingar reglugerðinni.

Frv. tengist annað lagafrv. sem hæstv. félmrh. mun leggja fram vegna innleiðingar tilskipunar um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, svo og frv. viðskrh. um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna reglugerðarinnar.

Með reglugerðinni er félögum er starfa í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu gefinn sá valkostur að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að þau geti þá í aðalatriðum starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Þetta leiðir til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og eykur samkeppnishæfni félaga á efnahagssvæðinu. Unnt sé að setja Evrópufélög á stofn með samruna félaga, sameiningu útibúa, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi. Sé eigi kveðið á um annað í lögum um Evrópufélög, þar á meðal Evrópufélagsreglugerðinni, gilda ákvæði laga um hlutafélög og eftir atvikum ákvæði annarra laga. Evrópufélög yrðu skráð hjá hlutafélagaskrá sem ríkiskattstjóri starfrækir.

Lögin um Evrópufélög yrðu ítarlegri en lög um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, eina tegund sameignarfélaga, en þau lög voru sett í tengslum við aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Að því er snertir hið tengda frv. félmrh. varðandi aðild starfsmanna að Evrópufélögum vil ég taka fram til yfirlits að við stofnun Evrópufélags þurfa að fara fram viðræður í samninganefnd um þátttöku starfsmanna í félaginu, í sérstakri fulltrúanefnd allra starfsmanna sem yrði aðskilin frá stjórn félagsins. Ef samkomulag næst ekki gilda ákveðnar

meginreglur í viðauka við tilskipunina. Mismunandi reglur geta gilt eftir því hvernig aðild starfsmanna er háttað í þeim löndum sem stofnun Evrópufélagsins snertir. Aðild starfsmanna felst í því að stjórnendur félagsins gefa fulltrúum starfsmanna í fulltrúanefndinni reglulega skýrslur, hafa reglulegt samráð við þá og gefa þeim upplýsingar um nánar tiltekin atriði, m.a. uppsagnir.

Sé hugað að fortíð vil ég taka fram að hugmyndir um Evrópufélagið komu fram í Efnahagsbandalagi Evrópu um 1970. Málið tafðist hins vegar af ýmsum ástæðum fyrst og fremst vegna ágreinings um aðild starfsmanna og leystist ekki fyrr en á árinu 2001. Þegar lögum um hlutafélög var breytt og sérstök lög sett um einkahlutafélög í ársbyrjun 1995 vegna aðildar Íslands að sameignum um Evrópska efnahagssvæðið var í athugasemdum með viðkomandi frumvörpum gerð grein fyrir því að fyrir lægju í Evrópubandalaginu annars vegar drög að reglugerð um Evrópufélagið til að auðvelda samvinnu félaga í mismunandi aðildarríkjum og drög að tilskipun varðandi þetta félag er geymdi ákvæði um aðild starfsmanna, þá kallað atvinnulýðræði. Var þar lýst þremur meginleiðum um aðild starfsmannanna og tekið fram að erfitt væri að ímynda sér að Ísland gæti ekki valið einn af þeim möguleikum sem í boði væru ef önnur EFTA-ríki svo og EB-ríkin gætu það. Slík ákvæði taka enda aðeins til aðildar starfsmanna í Evrópufélögum.

Reglugerðin sem ætlunin er að lögfesta hér á landi geymir aðeins ákvæði um félagsrétt en gengur ekki inn á ýmis svið landslaga, svo sem skattalaga, samkeppnislaga, hugverkaréttar eða gjaldþrotalaga. Uppbygging reglugerðarinnar er með þeim hætti að í I. bálki eru almenn ákvæði. Þar kemur m.a. fram að lágmarkshlutafé í Evrópuélögum yrði 120 þús. evrur eða um 11 millj. kr. Lágmarkshlutafé í hlutafélögum hér á landi er 4 millj. kr. nú eða röskur þriðjungur.

Í II. bálki er fjallað um stofnun Evrópufélagsins með ýmsum hætti, í III. bálki um skipulag þess, m.a. einþætt og tvíþætt stjórnkerfi, í IV. bálki um ársreikninga og í V. bálki um slit félaga o.fl. Gert er ráð fyrir gildistöku reglugerðarinnar 8. október 2004 og yrði unnt að stofna Evrópufélög hér á landi eftir þann tíma samkvæmt frv.

Samráð hefur verið haft við fulltrúa hinna Norðurlandaþjóðanna um gerð lagafrv. en einkum hefur verið stuðst við sænskt lagafrv. Ekki er einungis um það að ræða að Evrópufélagsreglugerðinni sé ætlað að hafa lagagildi hér á landi samkvæmt frv. heldur er í því tekið á ýmsum atriðum þar eð reglugerðin gerir ráð fyrir heimild ríkja til þess að ákveða ýmis atriði sjálf og jafnframt í sumum tilvikum skyldu þeirra til að gera slíkt. Grundvallarreglur Evrópufélagsreglugerðarinnar skapa töluverða einsleitni í löggjöf ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þótt um ýmis frávik sé að ræða vegna áðurnefndrar heimildar og skylduákvæða.

Frv. skiptist í sex kafla, þ.e. almenn ákvæði, stofnun, skráningu, flutning skráðrar skrifstofu milli ríkja, skipulag og önnur ákvæði.

Hæstv. forseti. Verði frv. þetta til laga um Evrópufélög óbreytt að lögum telur fjárlagaskrifstofa fjmrn. að frv. hafi ekki kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, fyrri umr.

Þáltill. SJS og KolH, 19. mál. — Þskj. 19.

[14:14]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Um er að ræða 19. mál þingsis á þskj. 19. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla."

Það er rétt að taka fram, herra forseti, að hér er um endurflutta tillögu að ræða, þ.e. að tillagan var sýnd á hinu stutta vorþingi sem hér fór fram og stóð í tvo eða þrjá daga eftir kosningar í maímánuði sl.

Það verður tæpast um það deilt að Jökulsá á Fjöllum og náttúrufyrirbæri eins og Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu öllu hinu stórbrotna umhverfi árinnar allt frá upptökum Jökulsár við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls og niður til sjávar í Öxarfirði, er einstæð náttúrugersemi. Fyrst skal auðvitað frægan telja Dettifoss sjálfan, sem oft er titlaður aflmesti eða voldugasti foss í Evrópu, og síðan hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Þá lýkur Jökulsá ævi sinni með því að flæmast um sandana fyrir botni Öxarfjarðar og hefur þar grafið í sand eða setlög eitt af háhitasvæðum landsins. Ekki er umhverfi árinnar hið efra síður stórbrotið þar sem upptakakvíslar Jöklu eða Jökulsár flæmast um sandana norðan Dyngjujökuls og vestan Kverkfjalla með Kverkfjallarana og Krepputungu austan við. Trölladyngja, Dyngjufjöll og Herðubreið með Ódáðahraun að baki skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan Brúarjökli koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið um stórbrotið land á leið sinni til móðurelfunnar.

Það má segja um svæðið í heild, herra forseti, að Jökulsá á Fjöllum sé með þverám sínum bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufyrirbæri jarðarinnar þar sem er samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem einkennist af mikilli eldvirkni og móbergsmyndunum, m.a. frá ísaldartímum sem eiga sér engan líka í veröldinni. Hinar miklu dyngjur, móbergshryggir og móbergsstapar eru einstök jarðfræðifyrirbæri og hvergi finnanleg með sambærilegum hætti og þau eru á Íslandi og þá einkum og sér í lagi á þessum slóðum. Meðfram Jökulsá og í farvegi hennar, og ekki síst í gljúfrunum hið neðra, er að finna ummerki um einhver gríðarlegustu hamfarahlaup sem þekkt eru í sögu landmótunar, a.m.k. hér á landi og jafnvel þó víðar væri leitað. Síðan er það öll áferð þessa stórbrotna svæðis, allt frá úfnum hraunum, söndum og eyðimörkum og yfir í einstakar gróðurvinjar eins og Hvannalindir, Fagradal og Arnardal, Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og fleiri slík, sem liggja að eða í nágrenni við ána, dýralíf og vatnafar og þannig mætti áfram telja.

Það má minnast þess t.d. að farið var á þessar slóðir með geimfarana tilvonandi þegar Bandaríkjamenn undirbjuggu fyrstu tunglferðir sínar vegna þess að hvergi, a.m.k. í viðráðanlegri fjarlægð frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, þótti að finna landslag sem gæti með sama hætti minnt á eða jafnast við aðstæður sem talið var að þeir ættu í vændum á tunglinu þegar þeir færu þar að stíga fyrstu skref mannsins, sem samkvæmt bestu vitund var nú gert þó að vissulega séu til þær kenningar að menn hafi aldrei farið. En það er nú önnur saga.

Það er ekki aðeins umhverfið, landið og náttúran umhverfis Jökulsá á Fjöllum sem hluti af stórbrotinni landslagsheild, sem gefa þessari á mikið gildi, það er einnig vatnasviðið sjálft, stórbrotið samspil jökulvatna og lindáa og rennslishættir þessara vatna. Það hefur að vísu, herra forseti, ekki farið mikið fyrir því á Íslandi fyrr en þá hin allra síðustu árin að menn hafi rætt um gildi vatnsfallanna sem slíkra og náttúrulegra rennslishátta þeirra í sjálfu sér og verndargildi þess, en sú umræða er vel þekkt úr nálægum löndum, m.a. vegna þess að þar hafði víða verið raskað rennslisháttum fallvatna löngu, löngu áður, t.d. vegna mannvirkja eins og skipaskurða, stíflumannvirkja og vatnaflutninga til áveitu eða hins vegar jafnvel með mannvirkjum sem tengdust timburfleytingum. Hin síðari ár eru það hins vegar fyrst og fremst virkjanir, uppistöðulón og vatnsmiðlun eða vatnaflutningar vegna virkjana sem raskað hafa rennslisháttum og aðstæðum fallvatna.

Það er rétt að menn hafi það í huga að ef svo heldur fram sem horfir þá verða innan fárra ára nokkur og reyndar flest af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra hefur þá verið gjörbreytt. Þetta á við um Þjórsá og Tungnaá, sem heita má að séu fullmiðlaðar. Þetta á við um eða kemur til með að eiga við um Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal og jafnvel fleiri fallvötn. Í ljósi þessa hlýtur verndargildi Jökulsár á Fjöllum, að Kreppu og Kverká meðtöldum, með óbreyttum rennslisháttum, þar á meðal sumarhlaupunum og öðru, að teljast enn þá meira en ella. Það eru með öðrum orðum, herra forseti, að verða síðustu forvöð að taka þá ákvörðun að bjarga einni af stóru og korgugu jökulánum.

Þess má geta að á umhverfisþingi sem haldið var fyrir nokkru síðan benti Sveinbjörn Björnsson, sem fer fyrir vinnu stjórnvalda að gerð rammaáætlunar, mönnum á þá staðeynd að í ljósi krafna álframleiðenda um sífellt stærri einingar væri ljóst að að Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fljótsdal fullvirkjaðri væri aðeins einn virkjunarkostur eftir í landinu sem einn og sér væri nógu stór til þess að fullnægja slíkum þörfum, einu stykki risaálveri, það væri Jökulsá á Fjöllum. Hvergi annars staðar er að finna í einu vatnsfalli svo mikið afl að ef það væri beislað í einu lagi dygði það fyrir slíkum pakka. Næstu kostir þar fyrir neðan kalla yfirleitt á að afli úr þremur til fjórum fallvötnum eða mörgum háhitasvæðum sé safnað saman.

Hvað kynni þá að gerast, herra forseti, ef aftur bankaði á dyrnar innan fárra ára erlendur aðili sem vildi reisa eitt stykki risaálver? Hvar er hætt við að menn mundu bera niður? Er það ekki á þeim eina stað þar sem í einu vatnsfalli væri saman komið nóg afl til þess að mæta slíkum þörfum? Þess vegna held ég að það væri nú gagnlegt að menn tækju einu sinni umræðu um vernd náttúrufyrirbæris af þessu tagi, þar sem er Jökulsá á Fjöllum, áður en það er komið í bein tengsl við einhver fyrirhuguð framkvæmdaáform og áður en mönnum er stillt upp við vegg og sagt: Ætlið þið að fara að koma í veg fyrir þessa uppbyggingu, þessi störf og þessar tekjur með því að leggjast gegn framkvæmdunum? Við höfum enn þá tíma til þess að taka þessa grundvallarákvörðun hvað varðar Jökulsá á Fjöllum því enn sem komið er er ekki beinlínis verið að banka á dyrnar og biðja um strauminn eða orkuna úr Dettifossi. En hver veit hvenær sú tíð er og hvar hún er handan við hornið.

Það er rétt að nefna það Jökulsá á Fjöllum til framdráttar í þessu sambandi að hún hefur að geyma alla verðmætustu eiginleikana sem stórfljót af þessu tagi í raun og veru getur búið yfir. Þetta er stærsta vatnasvið landsins upp á 8.000 ferkílómetra, þetta er næstkorgugasta jökulá landsins að Jökulsá á Dal frátalinni, þetta er fjórða vatnsmesta vatnsfallið að meðalrennsli með mikla sveiflu í vatnsrennsli, eins og menn m.a. upplifðu sterkt síðasta sumar þar sem áin var vikum saman síðla sumars í 400, 500, 600 rúmmetra rennsli og alltilkomumikil á að sjá, ekki síst við Dettifoss.

Ég hef áður nefnt allt umhverfi árinnar, ummerki um hamfarahlaupin o.s.frv. Í grg. með tillögunni er vitnað í hin fleygu orð Sigurðar heitins Þórarinssonar jarðfræðings, en hann vann merkt brautryðjandastarf þegar hann tók saman yfirlit yfir fossa á Íslandi, raðaði þeim í forgangsröð miðað við verndargildi og komst að þeirri niðurstöðu að fossaröðin í Jökulsá á Fjöllum væri tvímælalaust í allra hæsta verndarflokki. Eða eins og það er orðað í hinu gagnmerka riti Sigurðar: „... stórvirkjun í Jökulsá eyðileggur röð fossa: Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, sem samanlagt eiga enga sína líka hérlendis og í Evrópu allri". Reyndar lýsti Sigurður, minn gamli lærifaðir, einnig í þessu riti viðhorfum sem ekki er síður ástæða til að rifja upp í dag. Hann sagði, með leyfi forseta: „Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum."

Svo mörg voru þau orð og eiga ekki síður við í dag en á sinni tíð þegar þau voru rituð á áttunda áratug síðustu aldar.

Það er líka rétt að menn hafi það í huga að það er síður en svo að virkjunarhugmyndir og nýtingarhugmyndir hvað varðar Jökulsá á Fjöllum eða hluta af vatnasviðinu séu allar úti af borðinu. Ég hef skoðað glænýja pappíra þar sem einmitt er verið að velta vöngum yfir tæknilegum úrlausnum á því viðfangsefni að taka vatn úr Kverká, Kreppu og jafnvel Jökulsá sjálfri, austur um Fagradal eða Arnardal, niður í Fljótsdal og áfram yfir á Hérað. Þannig að það eru uppi bæði eldri og yngri ráðagerðir um virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Við flutningsmenn þessarar tillögu erum þeirrar skoðunar að tímabært sé að Alþingi taki af skarið í þessu máli. Það væru tvímælalaust tímamót ef tekin yrði ákvörðun um að friðlýsa vatnsfall og vatnasvið af þessu tagi eigin gildis vegna. Inn á þá braut hafa Íslendingar lítið farið og ég hef stundum undrast það hversu langur tími er liðinn síðan hin merku vatnalög voru sett hér á hinu háa Alþingi 1926 þar sem vatnsvernd og vernd náttúrulegra rennslishátta er mjög sterkur þáttur. En síðan er eins og það hafi gleymst og menn jafnvel gert sér leik að því að brjóta ótvíræð ákvæði vatnalaga sem mæla skýrt fyrir um það að við allar framkvæmdir og alla vatnsnotkun, hvort sem er til áveitna, til öflunar drykkjarvatns eða til virkjana skuli halda allri rösk-

un á náttúrulegum rennslisháttum fallvatna í lágmarki. Það hefur nú ekki verið haft sérstaklega að leiðarljósi, a.m.k. á norðausturhálendinu hin síðustu missirin, herra forseti.

Þó að þessi áfangi næðist sem ég vil reyndar trúa að auðvelt ætti að vera að safna pólitískri samstöðu um, hvort sem það gerist sem algerlega sjálfstætt mál eða í einhverjum tengslum við stærri og viðameiri verndunaraðgerðir eins og nú eru á dagskrá og viðfangsefni sérstakrar nefndar hvað varðar svæðið norðan jökla, þá hafa yfirlýsingar manna ýmsar verið á þá lund að þeir telji að ekki komi til greina að hrófla við Jökulsá á Fjöllum. Þó að þetta næðist, sem maður vildi vissulega vona, þá er síður en svo að þar með sé nóg að gert. Það eru mörg önnur vatnasvið og aðrar ár sem væri fullkomin ástæða til að skoða með sama hætti, og ég nefni þar sérstaklega Hvítárnar tvær, þ.e. í Borgarfirði og í Árnessýslu, og eins Skjálfandafljót sem margir renna hýru auga til en hefur að geyma einstaka fossa og stórbrotið umhverfi þar sem er Bárðardalurinn og umhverfi Skjálfandafljótsins allt upp til Vatnajökuls og Tungnafellsjökuls.

Þess er rétt að geta að lokum, herra forseti, að málum hliðstæðrar tegundar hefur áður verið hreyft hér á Alþingi og er vitnað til þess í lok fylgiskjals.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

[14:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu. Mér finnst hún góð. Mér finnst hún fyllilega tímabær og mér finnst greinargerðin með henni segja allt sem þarf um þetta stóra og þýðingarmikla mál. Ég er afdráttarlaust þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að alþingismenn eigi að sameinast um að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum.

Það er löngu tímabært að ákveða hverju ekki á að hrófla við í landinu okkar og við eigum að ákveða hvað við erum tilbúin að spara til framtíðar, hverju má hrófla við og hvað það er sem við erum tilbúin að skoða hvort heldur er vegna virkjunar eða einhverra annarra framkvæmda.

Ég velti því fyrir mér meðan framsögumaður var að ræða málið og sem hann kom reyndar að í lokin hvort ekki væri full ástæða til að skoða hvort Jökulsá á Fjöllum með umhverfi sínu og vatnasviði gæti orðið hluti af Vatnajökulsþjóðgarði eða a.m.k. tengst þessum væntanlega þjóðgarði sem er verið að fjalla um.

Þingmaðurinn nefndi umhverfisþingið. Þar var rætt um tillögur umhvrh. um ný friðuð svæði og þar var einmitt lögð mikil áhersla á að það væri nauðsynlegt að ganga lengra í að friða vatnasvið og að það væri líka mjög mikilvægt að friða svæði, ekki bara taka einhvern einstakan afmarkaðan stað heldur skoða hvort það væri hluti af þýðingarmiklu svæði sem þyrfti með einhverjum hætti að varðveita.

Líka komu fram ýmsar skemmtilegar hugmyndir á umhverfisþinginu, meðal annars í þeim hópi sem ég veitti forstöðu. Ein var um hvort ekki væri orðið tímabært að friða eina jökulá sem rennur í norður og aðra sem rennur í suður, einmitt vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem mælir fyrir þessari tillögu nefndi áðan. Við erum búin að ganga á stóru árnar og það er engin stór á eftir sem hægt er að grípa til til að þjónusta risastóriðjufyrirtæki. Þó að ég sé ekki að leggja það til er fyllilega ástæða til að gefa gaum hugmyndum sem þessum. Okkur hefur fundist að það sé svo sjálfsagt að vera með miklar jökulár með öllum sínum fossum, giljum og stórbrotnu umhverfi en það er ekkert sjálfsagt lengur. Við erum farin að ganga inn á landið mjög mikið og sérstaklega höfum við gengið inn á landið norðan Vatnajökuls. Okkur ber að skoða hvort nóg sé að gert í bili og hvort við eigum ekki að standa vörð um svona stórkostlegt náttúrufyrirbæri eins og Jökulsá á Fjöllum er og það svæði sem hún tilheyrir alveg ofan frá Dyngjufjöllum og svæðinu norðan Vatnajökuls.

Annað vil ég nefna. Hér bar á góma umsögn Sveinbjörns Björnssonar um árnar okkar. Hann varpaði líka eiginlega upp einkunnagjöf sem mun fylgja rammaáætluninni sem verður brátt skilað til okkar og þar fær þessi á, Jökulsá á Fjöllum, hæstu einkunn, ekki hæstu einkunn til að virkja heldur hæstu einkunn þegar verið er að meta hvers virði árnar eru sem við getum tekið í þjónustu okkar til að skaffa rafmagn og orku. Næstefstu einkunnina erum við í raun og veru búin að fella, það eru Kárahnjúkarnir. Það hefði verið næststærsta verkefnið sem við hefðum átt að standa vörð um ef við ættum að fara eftir rammaáætlun af því tagi sem við erum fyrir mörgum árum búin að setja í gang vinnuna við en hefur alltaf verið á leiðinni og svo tökum við alltaf ákvarðanir áður en áætlunin kemur fram. Það eru fleiri en Sigurður Þórarinsson sem meta og setja í hæsta verndarflokk þessa stórbrotnu á. Hún er líka í þessari sérstöku vinnu sem sett er í gang til að skoða hvað við megum virkja og hvað við eigum að vernda. Þar er hún líka sett efst hvað verndun viðvíkur.

Virðulegi forseti. Ég kom ekki hingað til að halda langa ræðu heldur fyrst og fremst til að taka undir orð flutningsmanns. Aftur vil ég segja að flestallt sem skiptir máli kemur fram í greinargerðinni og ég hvet þingmenn til að lesa hana. Það eru ekki allir sem hafa komið á þetta svæði og það er jafnstórbrotið og hér er lýst. Ég var svo heppin að þegar ég fór um svæðið fyrst, kom að vestan og fór yfir allt svæðið og austur að Snæfelli, var það í stórkostlegu veðri, blár himinn alla daga, hiti allt upp í 25 stig og landið eins og það getur fegurst orðið með allri sinni sérstöðu og öllum sínum andstæðum. Það er mjög mikilvægt að þeir sem ekki hafa farið á svæðið og halda að alltaf sé verið að tala um að það þurfi bara að vernda einhverja auðn lesi a.m.k. frásögn af því hvernig umhverfið er þarna. Það er mjög mikilvægt að þeir sem taka ákvarðanir viti a.m.k. um hvað ákvarðanirnar snúast.

[14:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. var hér í húsi við atkvæðagreiðslu áðan og ég verð að segja að ég bjóst við að hún mundi doka við og taka þátt í þessari umræðu með okkur. Ég lýsi yfir vonbrigðum með að hún skuli ekki hafa séð ástæðu til þess þar sem ég tel umræðuna vera afar mikilvæga, afar gagnlega fyrir okkur á tímum þar sem verndarsjónarmið hafa orðið að þoka fyrir nýtingarsjónarmiðum. Eins og þeir ræðumenn sem þegar hafa talað á undan mér hafa vikið að eru kannski að verða síðustu forvöð fyrir okkur á Íslandi að vernda vatnasvið heils jökulfljóts. Hvað liggur þá beinna við þegar búið er að fórna Jökulsá á Dal en að standa vörð um Jökulsá á Fjöllum?

Jökulsá á Fjöllum er afskaplega sérstæð á eins og lýst hefur verið og lýst er í greinargerð með þessu máli sem finna má á þskj. 19 í gögnum hv. þingmanna. Henni er sömuleiðis lýst í mjög viðamikilli skýrslu sem Náttúrufræðistofnun Íslands gerði nýverið um náttúrufar og verndargildi náttúrufyrirbæra norðan Vatnajökuls. Í þeirri skýrslu má sjá

að vísindamenn okkar og verndarstofnun leggja afar ríka áherslu á þessa gersemi og að sjálfsögðu er eðlilegt að við gerum það núna þegar við sjáum fórnina sem verið er að færa á altari stóriðjunnar á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Menn kunna að spyrja sig, virðulegi forseti: Er einhver hætta á því að farið verði í að virkja Jökulsá á Fjöllum? Og ég segi: Já. Ég segi tvímælalaust já. Það er hætta á ferðum, meðal annars vegna þess að Jökulsá á Fjöllum er enn þá opinberlega í gögnum stjórnvalda yfir mögulega virkjunarkosti á Íslandi. Hún er enn þá nefnd í skýrslu um innlendar orkulindir til vinnslu raforku og þar er hennar getið undir heitinu Austurlandsvirkjun sem á sínum tíma og löngum hefur gengið undir nafninu „langstærsti draumurinn" en þar var einmitt hugmynd að virkja saman Jökulsá í Fljótsdal, Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum og búa til þrjú risastór lón, þ.e. lón á Eyjabökkum, Hálslón og Arnardalslón. Þessu plani hefur ekki verið aflýst. Þessar teikningar og þær rannsóknir sem hér liggja til grundvallar eru enn þá uppi á borðum þeirra aðila sem ásælast orkuna í fallvötnunum okkar. Þess vegna segi ég: Það er full ástæða til að ræða þessi mál af mikilli alvöru, og það núna. Langstærsti draumurinn er enn á teikniborðinu.

Þegar Kárahnjúkavirkjun hefur verið skoðuð hafa menn vikið að því að það væri hægur vandi að bæta í Hálslón vatni sem kæmi t.d. úr Kverká og jafnvel Kreppu, leiða bara einfaldlega í göngum sem er svo auðvelt að bora nú til dags eins og við höfum heyrt sagt fjálglega frá í fréttum og dúndra því niður í Hálslón. Kann að vera að sá draumur lúri í einhverju brjósti einhvers staðar á einhverri verkfræðiskrifstofunni. (**Gripið fram í:** Næststærsti draumurinn.) Það er næststærsti draumurinn.

Herra forseti. Ég held að málið sé afskaplega alvarlegt og þess vegna sé mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga bregðist við núna og slái skjaldborg um vatnasvið Jökulsár á Fjöllum. Það liggur fyrir í náttúruverndaráætlun hæstv. umhvrh. sem var kynnt á umhverfisþingi sem ræðumenn hafa nú þegar vikið að að það eigi að stækka þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum en það er eingöngu talað um að hann skuli stækka til austurs og svo er talað um smáspildu til norðurs, norður fyrir Dettifoss, en það er ekki talað um að taka vatnasviðið allt suður undir Vatnajökul. Ég lýsi vonbrigðum mínum með það því að ég tel að við höfum í náttúruverndaráætluninni tækifæri til að taka stærra skref hvað varðar þjóðgarð í Jökulsárgljúfrum en hæstv. umhvrh. leggur til. Ég hvet hv. alþingismenn til að kynna sér vel þau plön sem eru á borðum stjórnvalda, taka afstöðu og þá fyrst og fremst auðvitað að taka afstöðu með verndarsjónarmiðunum.

Við eigum von á því að fá rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hingað á okkar borð innan skamms. Eins og vikið hefur verið að hefur Sveinbjörn Björnsson verkefnisstjóri rammaáætlunarinnar gert mjög góða grein fyrir því hvernig störf rammaáætlunarverkefnisstjórnarinnar hafa gengið. Við höfum því miður þurft að bíða úr hófi eftir niðurstöðunum. Satt að segja eru margir orðnir mjög óþolinmóðir en ég hef hér tilraunamatið á 15 virkjunarkostum í vatnsafli sem gefið var út af sömu verkefnisstjórn í apríl árið 2002 og þá kemur í ljós algerlega svart á hvítu, það er alveg sama hvernig málinu er velt fyrir sér, að Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal, þ.e. árnar sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, eru í raun og veru viðkvæmustu og dýrmætustu svæðin út frá sjónarmiðum náttúruverndar.

Herra forseti. Kannski eru að verða síðustu forvöð að vernda stórfljót á hálendi Íslands. Vöknum nú af dvalanum, tökum til hendinni, skoðum þessi mál gaumgæfilega og gerum það núna. Nú höfum við tækifæri, sláum upp á Alþingi Íslendinga skjaldborg til verndar Jökulsá á Fjöllum.

[14:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns segja að ég styð þessa tillögu. Tillaga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur gengur út á það að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum, allt vatnasvið hennar, þverár og eðlilega rennslishætti. Í tillögunni felst að það yrði bannað að ráðast í hvers konar mannvirkjagerð eða röskun á þeim landsháttum sem þessu tilheyra.

Ég vil líka upplýsa það, herra forseti, að tveimur sinnum hefur Samf. staðið frammi fyrir því að taka afstöðu til þessa máls. Í bæði skiptin hefur niðurstaða okkar verið með þessu móti. Fyrir kosningarnar sendu Náttúruverndarsamtök Íslands forustumönnum stjórnmálaflokkanna spurningar sem vörðuðu mikilvæga þætti um náttúruvernd hér á landi. Þar var m.a. spurt um afstöðu til friðlýsingar Jökulsár á Fjöllum. Svar mitt sem formanns Samf. var að flokkurinn fylgdi henni.

Ég vil líka draga inn í þessa umræðu, herra forseti, að Samf. hefur lagt fram till. til þál. um hálendisþjóðgarð. Það er að sönnu tillaga sem ekki allir í þessum sal eru sammála um en hún var af okkar hálfu eins konar sáttargjörð í þeirri illvígu deilu sem geisaði um virkjun við Kárahnjúka. Nú er það svo að þeir hv. þm. tveir sem flytja þá tillögu sem hér er til umræðu voru allt annarrar skoðunar en sá sem hér talar. Ég er eigi að síður þeirrar skoðunar að sú tillaga sem við fluttum um hálendisþjóðgarð sé vel fallin til þess að skapa ákveðna sátt meðal alls þorra þjóðarinnar. Í reynd felur hún í sér að menn setja niður deilurnar um Kárahnjúka, grafa aftur stríðsöxina sem upp var tekin úr jörðu í þeim deilum og fallast á að mjög dýrmæt svæði norðan og norðaustan Vatnajökuls sem við teljum að sé brýnt að vernda fyrir komandi kynslóðir yrðu sett undir þjóðgarð.

Nú ætla ég ekki að leggja þessa umræðu undir tillögu okkar samfylkingarmanna um hálendisþjóðgarðinn en ég vil að það komi ákaflega skýrt fram að samkvæmt greinargerð með henni á að vera tryggt að innan hins ákjósanlega hálendisþjóðgarðs sem við lögðum til yrði allt vatnasvið Kreppu sem fellur í Jökulsá á Fjöllum og nægilega stór hluti af vatnasviði Jökulsár á Fjöllum til þess að ókleift yrði að ráðast í virkjanir sem t.d. löskuðu Dettifoss. Ég vil í tilefni af hinni ágætu tillögu þeirra tvímenninga úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leyfa mér að lesa það sem segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn telja raunar vel koma til greina að Alþingi samþykki sérstaka ályktun um friðun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til hafs svo öll tvímæli verði tekin af um vernd árinnar."

Það liggur því fyrir, herra forseti, að við höfum fyrir okkar leyti lýst því, ekki með jafnskeleggum hætti kannski og þeir hv. þm. sem hér hafa flutt tillöguna en eigi að síður höfum við sagt það skýrt og skorinort fyrir okkar hatt, að við teljum þetta æskilegt. Því kem ég hér í þennan stól til að lýsa því yfir að Samf. er sammála málflutningi hv. flutningsmanna. Við teljum að þetta eigi að gera.

Núna eru kannski síðustu forvöð að vernda þarna einu merkilegustu jökulelfu landsins. Henni tengjast kennileiti í

landslagi sem eru sérkennileg og náttúrufyrirbæri sem við eigum sennilega ekki völ á að sjá annars staðar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti fossaröðina í ánni og vísaði til síns merka gengna læriföður, Sigurðar Þórarinssonar, sem manna fegurst hefur lýst þeim verðmætum sem er að finna í þessari einstæðu náttúrugersemi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti því líka með nokkuð glæsilegum hætti hve einstæðar minjar um gríðarleg hamfarahlaup tengjast Jökulsá á Fjöllum og sennilega er ekkert sem hefur nokkru sinni í sögu landsins náð að móta landslag með jafnstórbrotnum hætti og á jafnskömmum tíma og einmitt hamfarahlaupin sem hafa runnið um farvegi hennar og skapað gersemar sem draga fjölda erlendra ferðamanna hingað til lands, einungis til að skoða þau.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, reyndar eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, rakti dæmi um það að enn væru uppi á borðum einhvers konar teikn til þess að menn hygðust virkja Jökulsá á Fjöllum. Herra forseti. Þegar ég sat í ríkisstjórn með hv. þm. Halldóri Blöndal sem nú situr í forsetastóli komu slíkar vísbendingar fram með mjög afgerandi hætti frá Orkustofnun og undir þær tóku vissir ráðamenn sem töldu að það væri æskilegt og verjandi. Ég rifja upp, herra forseti, að sérstök skýrsla var lögð fram sem átti einmitt að sýna þjóðinni fram á þá virkjunarkosti sem væri að finna á því svæði sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti áðan. Ég tók mjög afdráttarlausa afstöðu gegn því og hv. þm. Halldór Blöndal sömuleiðis. Þessar hugmyndir lutu að því að það ætti með einhverjum hætti að stýra rennsli Jökulsár á Fjöllum. Í reynd jafngilti þetta því að setja stórvirkan krana á Dettifoss.

Því rifja ég þetta upp, herra forseti, sem það liggur fyrir í nýlegu plaggi frá ríkisstjórn Íslands að það eru enn á borðum hennar æðstu embættismanna einhvers konar hugmyndir um virkjun Jökulsár á Fjöllum sem þarf að kveða í kútinn hið fyrsta. Ég er þá að vísa í fylgiskjal Orkustofnunar frá því í febrúar í fyrra sem var lagt fram í þessum sölum með frv. ríkisstjórnarinnar um virkjanaleyfi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Í því fylgiskjali er vísað hvorki meira né minna en sjö sinnum til hugmynda um að virkja Jökulsá á Fjöllum. Það er þess vegna alveg borðleggjandi, herra forseti, að víða blundar í hugskoti manna sem dreymir glæsta drauma um virkjanir að virkja Jökulsá á Fjöllum. Ég held að það sé þarft verk okkar sem höfum staðið í deilum um virkjanir við Kárahnjúka, þó að ég og þeir hv. flutningsmenn sem hér hafa talað gætu ekki orðið sammála um þá niðurstöðu, að ráðast hér í eins konar sáttargjörð um náttúruvernd á Íslandi. Ég tel að það sé ekkert eins vel fallið til þess að gera það með táknrænum hætti og að friða Jökulsá á Fjöllum. Ég held að með þeim hætti ynnum við mjög þakklátt verk fyrir komandi kynslóðir og ég held að við öll gætum lokið störfum í fyllingu tímans á hinum pólitíska vettvangi ef það væri eitt af þeim verkum sem við hefðum lagt gjörva hönd á.

[14:50]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum þáltill. um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lagði til að hér gætum við sameinast um sáttargjörð um friðlýsingu á þessu mikla vatnasvæði og það væri gott ef þingheimur gæti gert það og litið þá á þetta sem sáttargjörð. Eitt er víst og það er að mjög mikilvægt er að hið allra fyrsta verði tekin ákvörðun um að friða vatnasvæði norðan Vatnajökuls og það áður en fram kemur beiðni um frekari stóriðju hér á landi.

Núverandi ríkisstjórn er mjög hlynnt stóriðju eins og við öll vitum og hefur keyrt hjól efnahagslífsins á stóriðjuframkvæmdum. Það má láta nærri að ef einhver bankaði upp á, hvort sem hann kæmi frá Rússlandi, Ameríku eða einhverju öðru landi, fyrirtæki sem hefði áhuga á því að reisa hér enn eitt álverið eða starfrækja orkufrekan iðnað, yrði það skoðað með mjög jákvæðu hugarfari og þá er spurningin hvaðan eigi að taka þá orku. Fallvötnin eru orðin fá eftir til þess að fara í og Jökulsá á Fjöllum er eina stóra fallvatnið sem gæti borið það að fá inn jafnstórt verkefni og álver á Reyðarfirði er orðið í dag. Við þessar aðstæður og á meðan ekki er bankað upp á er nauðsynlegt að vinna í þessu máli. Það er nær ómögulegt — við höfum kynnst því í þessum sal — að taka ákvörðun um friðlýsingu á ákveðnu svæði undir þeirri pressu sem er á öllum, á Alþingi, úti í atvinnulífinu og á ákveðnum svæðum, ef beiðni um stóriðju liggur á borðinu. Ef virkjunaráform liggja fyrir til að uppfylla þær beiðnir er nær ómögulegt að ná sátt um friðlýsingu á viðkomandi svæði.

Við sem þekkjum Jökulsá á Fjöllum og svæðið í kring, hálendið, og njótum þess að fara um náttúru landsins getum ekki verið viss um að sú stórfenglega sýn sem Jökulsá á Fjöllum er frá því að hún kemur frá jökli og alveg þar til hún rennur út í sjó fái að vera í friði. Það sem mörg okkar líta á sem mikil verðmæti líta aðrir fyrst og fremst á sem mikla orku. Það er alveg ljóst að þeir sem fyrst og fremst líta á fallvötnin sem orkulind sem núverandi kynslóð beri að nota til að afla tekna og meiri auðlegðar í landinu líta ekki fram hjá því að það megi bæta orkusvið Kárahnjúkavirkjunar með því að bæta bæði Kreppu og Kverká inn í framkvæmdina. Við skulum ekki gleyma því heldur að þær deilur sem uppi eru um verndun Þjórsárvera, hversu hátt eigi að fara með lón inn á það svæði og hversu mikið eigi að seilast inn í Þjórsárverin, eru einmitt um hagkvæmni virkjunar, hagkvæmni þess að fá inn meiri orku fyrir tiltölulega ódýra framkvæmd. Það á eins við um Hálslónið, Kárahnjúkavirkjun, það er mjög hagkvæmt að beina Kverká inn í Hálslónið og auka þannig orkuna. Þegar þessar staðreyndir liggja fyrir og á meðan ekki er pressa um áframhaldandi stóriðju er mjög mikilvægt að vinna markvisst að þessu máli, hvort sem þetta er þá alveg hreint sérstök friðunaraðgerð eða hvort þessi friðunaraðgerð færi saman við ákvörðun um þjóðgarð eða friðuð svæði norðan Vatnajökuls. Enn megum við bíða eftir rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma og á meðan sú rammaáætlun er ekki lögð fram — mér hefur þó skilist að hún sé fullunnin — munum við halda áfram að takast á um einstakar ár og vatnasvið.

Það eru því miður ekki margar ár eftir og ósnortin vatnasvið og því óska ég eftir því við þingheim allan að þessi þáltill. fái mjög jákvæða umfjöllun, herra forseti, og unnið verði að henni núna í vetur, annaðhvort sem alveg sjálfstæðri tillögu eða með annarri ef fram koma tillögur um friðlýsingu á landi norðan Vatnajökulsþjóðgarðs eða friðlýstra svæða. Það fer eftir því hversu hratt sú nefnd vinnur og skilar af sér sem hefur þetta sem verkefni.

Herra forseti. Við höfum ekki óþrjótandi tíma. Það er góður tími núna til að taka ákvörðun sem þessa meðan ekkert stórfyrirtæki stendur í dyrunum.

[14:57]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft miklu nauðsynjamáli. Ég hef lesið vandlega yfir þá tillgr. sem hér er á þskj. 19 og er

þeirrar skoðunar að þar megi ekki eitt einasta orð falla niður, samanber það sem hér segir, með leyfi forseta:

„Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla."

Ég álít að þetta sé mjög gagnort og komi að kjarna málsins. Ég tel að ekki sé hægt að líta á vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum öðruvísi en að hafa í huga að auðvitað er Vatnajökull sjálfur hluti af því vatnasvæði og ber að horfa á það sem eina heild.

Ég vil við þetta tækifæri jafnframt lýsa því yfir að ég er þeirrar skoðunar að það eigi mjög að efla rannsóknir á öræfunum norðan Vatnajökuls, sérstaklega því svæði sem hér er fjallað um og tel raunar eðlilegt að þær rannsóknir verði hýstar í þeirri stofnun sem kölluð hefur verið Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Ég hygg að heimamenn eigi að hafa stjórn þessarar rannsóknar í sínum höndum og ég tel líka að vísindamenn eigi að vinna og vera staðsettir á þeim slóðum þar sem þeim er sérstaklega falið að sinna verkefnum eins og við tölum nú um í sambandi við þjóðgarða. Í þessari tillögu er t.d. sérstaklega fjallað um umgjörð Jökulsár á Fjöllum í víðasta samhengi.

Það er rétt sem hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, sagði áðan að á þeim tíma sem við vorum saman í ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur, var komið með virkjunaráætlun inn í ríkisstjórnina, þáv. iðnrh. Sighvatur Björgvinsson. Ég tók þá afdráttarlaust fram að ég væri andvígur því að hrófla við vatnasvæði Jökulsár og jafnframt því að virkja Jökulsá á Fjöllum, svo það liggi alveg ljóst fyrir. Enda var þessu máli ekki hreyft í ríkisstjórninni í þeim skilningi á þeim tíma að ætlast væri til að hún legði blessun sína yfir plaggið, heldur tók ég það svo að það væri fremur til kynningar. En hvernig sem því var háttað er víst að þetta mál kom ekki nema einu sinni á borð ríkisstjórnarinnar.

Ekki efast ég um að það sé rétt að umhvrh. á þeim tíma, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hafi verið sama sinnis og ég þá, þó hann hafi að vísu ekki verið orðinn jafn hægri sinnaður þá eins og hann er núna ef marka má síðustu sveiflurnar á flokksþinginu og gladdi mig satt að segja mjög að við skulum nú loksins orðnir skoðanabræður í heilbrigðismálum. Vill hann þó ganga fetinu lengra, því hann vill markaðsvæða heilbrigðisþjónustuna, en ég hef látið nægja að tala um að einkavæða hluta hennar, sem er auðvitað að ganga skemmra heldur en að markaðsvæða sem þeir vita sem kunna íslensku.

Í sambandi við það sem hv. 4. þm. Suðvest. Rannveig Guðmundsdóttir sagði hér áðan um merkilega hugmynd um að virkja eina jökulsá til norður og eina til suðurs, (**RG:** Vernda.) vernda, þá getur þetta verið allflókið mál ef við erum að hugsa um það að ekki megi byggja varnargarða með ánum. Og er þá sennilega engin jökulsá eftir sem rennur til suðurs, Jökulsá á Breiðamerkursandi, Jökulsá á Sólheimasandi o.s.frv. Við erum í þeim vandræðum að við erum að reyna að hemja vatnaganginn, en með því erum við auðvitað að ganga nærri þessum ám. Svo er raunar líka um Jökulsá á Fjöllum. Við höfum staðið frammi fyrir því þar að nauðsynlegt hefur verið að byggja varnargarða til þess að hindra að áin slæmdist inn í Herðubreiðarlindir eða inn í Skjálftavatn í Kelduhverfi. Það má auðvitað deila um hvort við eigum að gera slíkt, hindra yfir höfuð Jökulsána, leyfa henni bara að fara þangað sem henni sýnist. Ég er þó þeirrar skoðunar að Herðubreiðarlindir séu það mikil perla í náttúru landsins að rétt sé að gera nokkuð til þess að komandi kynslóðir megi áfram njóta þeirra.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að hér sé hreyft meira en þörfu máli. Ég tel að hér sé hreyft nauðsynjamáli. Og ég styð þessa tillögu. Ég get hugsað mér að skerpt sé á einstökum atriðum, en ekki dregið úr neinu sem þar stendur.

[15:04]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er sérlega ánægjulegt að vera í sölum Alþingis þessa dagana þegar hver forustumaður Sjálfstfl. á fætur öðrum keppist við að lýsa ást sinni á formanni Samf., hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, hvort sem það segir nú meira um hv. þm. Össur Skarphéðinsson eða hitt hvernig Sjálfstfl. líður í stjórnarsamstarfinu.

En að því máli sem er hér til umfjöllunar, þá vil ég fagna sérstaklega yfirlýsingu hv. þm. Halldórs Blöndals til framkominnar tillögu. Ég tel að það sé mikilvægt að fá fram við afgreiðslu þessarar ályktunar, afstöðu þingsins í þessu efni, alveg skýra og klára. Því segi ég að við, Íslendingar, megum vænta þess á næstu árum að vera spurðir um þá kosti sem við eigum hér til orkuöflunar.

Það var í fréttum fyrir nokkru síðan að Landsvirkjun hefur m.a. átt í viðræðum við Statoil og Statnett sem hafa verið að spyrjast fyrir um hvaða möguleikar kynnu að vera hér í samstarfi við Ísland í orkumálum í tengslum við upptöku á grænum kortum í Evrópusambandinu á árabilinu 2008–2012. Þessi norrænu fyrirtæki telja fyrirsjáanlegt að vegna stefnu Evrópusambandsins verði verð á endurnýjanlegri orku umtalsvert hærra í Evrópu en á annarri orku og það kunni að skapa forsendur fyrir því m.a. að ráðast í miklar fjárfestingar t.d. í tengslum við lagningu sæstrengs héðan og til Evrópu. Það er augljóst að við munum þá þurfa að svara því hvaða afstöðu við höfum til þess og hversu langt við erum tilbúin að ganga á náttúru landsins í raun til að nýta hana í þágu orkuframleiðslunnar.

Ég vil þess vegna taka undir með hv. þm. Halldóri Blöndal að ég tel að þessi þáltill. sem fram er komin sé mikilvæg og það sé mikilvægt að hún fái afgreiðslu þingsins skjótt og vel, vegna þess að þetta þarf auðvitað að liggja fyrir áður en menn leggja í mikla leiðangra eða samstarf við fyrirtæki í nágrannalöndunum á þessu sviði.

[15:06]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og þær undirtektir sem tillagan hefur fengið og stuðning sem fram hefur komið. Ég geri mér meiri vonir um afgreiðslu málsins nú en áður í ljósi þess að hér hafa komið fram eindregnar stuðningsyfirlýsingar þingmanna úr a.m.k. þremur þingflokkum. Ég þykist líka mega vitna til þess að í opinberri umræðu á fundum og í fjölmiðlum, held ég að óhætt sé að segja að slíkar yfirlýsingar hafi komið fram og víðar að. Nú reynir á það í meðferð þingsins á þessu máli á þessum vetri hvaða hugur fylgir máli og hvort unnt er að fá afgreiðslu á málinu, að Alþingi taki grundvallarákvörðunina, setji þetta mál í farveg, þannig að stjórnvöld hafi leiðsögn í þeim efnum, hvert stefna beri með Jökulsá á Fjöllum. Sé hugur manna almennt sá að það komi ekki til greina að raska

vatnasviði Jökulsár á Fjöllum með að virkja það vatn, held ég að það væri meira en tímabært og þarft eins og hér hefur rækilega komið fram, að tekið væri af skarið í þeim efnum. Það er alveg ljóst að það mun falla mjög vel að væntanlegum niðurstöðum rammaáætlunar, vera í góðum takti við þær, svo mikið liggur þegar fyrir. Ég held að það nægi að vísa til allra þeirra raka sem hér hafa verið fram sett í umræðunni og koma fram í greinargerð með tillögunni.

Ég vil taka undir það og það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að að sjálfsögðu ber að líta til verulegs hluta Vatnajökuls sem hluta af vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Það er alveg ljóst að Dyngjujökull og upp á Bárðarbungu, norðanvert og norðaustanvert við Bárðarbungu, svæðið umhverfis Kverkfjöll og vestanverður hluti Brúarjökuls og langt inn undir jökulinn tilheyri þessu vatnasviði og eðlilegt að heildinni verði haldið saman, í þeim skilningi að vatnsverndunin og friðlýsingin taki til þessa svæðis í heild. Enda ekkert að því þó friðlýsingar á grundvelli mismunandi ákvarðana skarist sem gerist iðulega. Menn eru að vernda svæði eða friðlýsa þau, stundum í mismunandi tilgangi. Í einu tilviki er verið að hugsa um gróðurfar eða landslag. Í öðru tilviki um vatnafar. Og það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli að stundum skarast þetta tvennt eða þrennt.

Ég vil einnig taka það fram vegna þess að spurt var um hvað menn sæju fyrir sér varðandi tengingu friðlýsingar á Jökulsá og síðan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og Vatnajökulsþjóðgarðs og eftir atvikum hugsanlega fleiri verndarsvæði eða þjóðgarða í viðkomandi landshluta, þá er komið inn á það í sjálfri tillögugreininni og það yrði hluti af þeirri undirbúningsvinnu sem stjórnvöldum yrði falið að vinna. En í sjálfu sér held ég að þetta falli vel að þeirri hugsun sem núna er æ meira að ryðja sér til rúms í umhverfisverndarmálum og byggir þar m.a. á alþjóðlegri skilgreiningu og alþjóðlegu starfi, að flokka þjóðgarða og verndarsvæði eftir verndunarstiginu sem þar er á ferðinni, að það sé ekki lengur um að ræða eitthvert annaðhvort eða, annaðhvort sé svæðið alfarið friðað, sé þjóðgarður og öll mannvirkjagerð bönnuð, eða ekki neitt. Heldur séu þetta mismunandi stig verndunar, stundum í mismunandi tilgangi og geti tengst saman og myndað eitt samræmt net.

Það er t.d. enginn vafi á því að eigi að taka stórt svæði norðan og norðaustan jökla til friðunar, það sem eftir er þar til að friða, eru menn væntanlega að tala um verndun þar sem ýmiss konar hefðbundnar nytjar verða áfram leyfðar, eins og beit, veiðar, ferðamennska og annað í þeim dúr. Ég held að engum detti í hug að friða t.d. Vesturöræfi þannig að hreindýraveiðar verði þar ólöglegar, eða friða gróðurlendin alveg norður undir byggð í Norður-Þingeyjarsýslu þannig að bændur geti ekki nýtt hefðbundin beitarlönd. Það þýðir ekki að einhver aukin verndun á grundvelli nýrrar nálgunar og flokkunar geti ekki komið til sögunnar.

Ég vil taka það fram vegna orðalags tillögunnar og þakka sérstaklega hv. 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, fyrir að vera afdráttarlausan í þeim efnum að þar á ekkert undan að draga, undan að slá. Það er ekki mín ætlan. En ég vil samt ekki að það misskiljist þannig að ætlunin með þessu orðalagi sé að koma í veg fyrir að menn geti tekið vatn úr uppsprettulindum til heimilisnota eða þess vegna virkja bæjarlæki í einhverjum litlum sprænum, þó þær endi daga sína í Jökulsá. Enda er tillagan miðuð við Jökulsá sjálfa og helstu þverár hennar hvað vatns- og rennslisháttarverndunina snertir til þess að hinum náttúrulegu rennslisháttum árinnar sem slíkrar verði ekki raskað. Það gerist að sjálfsögðu ekki þó menn taki sér vatn í kaffibolla úr lindum og lækjum o.s.frv. Þannig að þetta yrði hluti af því sem menn mundu draga upp.

En afar mikilvægt er að það sé ljóst og skýrt að hér er verið að tala um Jökulsá og allar helstu þverár hennar, ekki bara Kverká og Kreppu sem leggja auðvitað mikið vatn til Jökulsár og eru hluti af náttúru hennar, heldur líka stóru lindárnar sem eru einstök gersemi, margar hverjar, eins og t.d. Svartá, þar sem gríðarlegt vatnsfall kemur upp úr sandauðnum og nær að safnast saman í rennsli upp á tugi rúmmetra á örfárra kílómetra kafla og er einstök upplifun fyrir þá sem ekki hafa þegar skoðað Svartá og fylgt henni frá upptökum og þar til hún sameinast Jökulsá.

Margar stórmerkar lindár og uppsprettur eiga þarna uptök sín á svæðinu, sumar mjög vatnsmiklar eins og Svartá, lindárnar í Hvannalindum, í Herðubreiðarlindum, Grafarlöndum og víðar. Svo koma að sjálfsögðu til sögunnar ár með dragáreðli þegar utar kemur, einkum austar. Þannig að í raun og veru spannar vatnasvið Jökulsár á Fjöllum allar víddirnar og tekur að hluta til til sín vatn úr öllum helstu gerðum fallvatna eða straumvatna sem er að finna á Íslandi.

Svo mikið um það, herra forseti.

Aðeins að lokum. Það er algerlega ljóst og ég held að það þurfi ekki að rökstyðjast frekar eins og hefur komið fram í umræðunum, að Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar skorar á alla mælikvarða sem þekktir eru, fær yfirleitt hæstu einkunn hvað verndargildi snertir. Þetta hefur átt við um vinnu rammaáætlunar. Þetta kemur skýrt fram í gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands sem hafa verið tekin saman fyrir nefndina sem nú er að störfum varðandi þjóðgarða eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Þetta hafa ýmsar aðrar úttektir sýnt sem og held ég bara almenn tilfinning manna, almennt mat. Huglægt og tilfinningabundið mat manna fer þarna saman við fræðilega nálgun.

Að síðustu má velta fyrir sér hversu brýnt eða þarft er að taka þessa grundvallarákvörðun. Ég vísa þar til þess sem hér hefur þegar verið nefnt um ýmiss konar virkjunaráform, bæði eldri og yngri. Þau eru til varðandi Jökulsá, a.m.k. af þrennum toga og misgömul. Þar eru hugmyndir um að taka hluta af vatni Jökulsár, t.d. vatn úr Kverká og/eða Kreppu, færa það austur á bóginn, jafnvel þannig að það yrði tekið svo nálægt upptökum að það gæti runnið í Hálslón um göng og orðið hluti af miðlun þar. Í því sambandi hafa menn bent á að aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal úr Hálslóni eru víðari en þau þyrftu að vera ef eingöngu stæði til um aldur og ævi að flytja vatnið úr Jökulsá á Dal einni saman. Af hvaða ástæðum þetta er ætla ég ekki að vera með getgátur um. Færð hafa verið fram þau rök að menn hafi einfaldlega fengið svo hagstætt tilboð í víkkunina að ekki hafi verið hægt að halda aftur af sér með að taka því, að hægt væri að miðla vatni að hluta til til baka í gegnum göngin ef þau væru nógu víð. Alla vega býður það upp á þá hættu að vatn gæti farið um þau víðar að en frá Jökulsá á Dal.

Önnur virkjunaráform miða yfirleitt að því að stífla árnar neðar og taka úr uppistöðulóni sem væri í minni hæð yfir sjó, of lágt til þess að það yrði sameinað Hálslóni. Fyrst og fremst eru menn að horfa á uppistöðulón í Arnardal sem eitt og sér væri stórslys, að eyðileggja þá náttúruperlu. Sú virkjun er yfirleitt í tveimur þrepum, úr Arnardal og yfir á Jökuldal, eftir að hafa notað farveg Jökulsár, þá þurran að mestu eftir Kárahnjúkavirkjun, spottakorn niður eftir dalnum

úr öðru inntakslóni, undir Fljótsheiði og yfir í Fljótsdal. Það vatn kæmi út í Löginn skammt neðan við þar sem fyrirhugað er að vatn komi úr Kárahnjúkavirkjun. Færi þá að verða nokkuð mikið um jökulvatn sem kæmi í Löginn og á Héraði ef þar bættist við að miklu leyti vatn Jökulsár á Fjöllum með þverám sínum.

Þessu hafa einmitt tengst hugmyndir um að setja kranann á Dettifoss, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til áðan. Það er ekki lengra um liðið en svo að ég heyrði menn fabúlera með þessar hugmyndir á heilmiklum fundi þar sem þessi stóru virkjunaráform norðan og norðaustan Vatnajökuls voru kynnt. Þá lét ónefndur fræðimaður það úr úr sér að menn væru hvort sem er þeirrar skoðunar að Dettifoss var einna fallegastur þegar um 180 rúmmetra rennsli væri í ánni. Hann hafði þá fundið kvarða til að mæla fegurðarskyn manna eða meta það. Hugsunin var sú að einhvers konar túristarennsli yrði haft á Dettifossi yfir hásumarið með þessum krana.

Þessar hugmyndir eru raunverulegar. Þær eru ekki bara einhverjir hugarórar einhverra einstaklinga. Þær eru til á blöðum og í skýrslum. Við þær er enn stuðst þegar orkuforðinn í landinu er metinn. Þeir tímar gætu vel verið nær okkur en við höldum að bankað verði upp á með hugsanleg afnot af þessari orku, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi hér áðan.

Þriðja tegund virkjunaráforma Jökulsár á Fjöllum af eldri toga eru þrepavirkjanir þar sem vatnið færi áfram út á svipuðum slóðum norðaustanlands og það gerir í dag. Jökulsá yrði veitt úr farvegi sínum, haldið ofar og virkjuð í einhverjum þrepum, þar á meðal fram hjá Dettifossi og niður í Jökulsárgljúfur.

Hvernig sem á allt saman er litið held ég að því verði varla á móti mælt að æskilegt væri, ef hugur manna stendur til þess að ekki verði bollalagt frekar um virkjun þessa afls, að tekið yrði af skarið með það. Menn geta þá hætt að eyða pappír undir það að hafa þau áform á blaði. Málið á í sjálfu sér ríkan rétt. Mér finnst þetta í raun og veru algerlega sjálfstætt grundvallarmál og eðlilegast að nálgast það fyrst og fremst sem slíkt. Í mínum huga er það ekki á neinn hátt tengt átökum um önnur umhverfismál, hvorki afstaðin né þau sem kunna að vera fram undan. Ákvörðun um að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum og vatnasviðið á ekki að vera nein aflausn fyrir vonda samvisku vegna annars heldur á að ganga í það mál sökum þess eigin ágætis og til þess þarf ekki annan rökstuðning eða réttlætingu.

Nú ber svo vel í veiði, herra forseti, að væntanlega kemur náttúruverndaráætlun til umfjöllunar Alþingis á þessum vetri. Ég geri ráð fyrir því að fljótlega í framhaldi af umfjöllun á umhverfisþingi leggi umhvrh. áætlunina fram. Hún gengur þá til umhvn. ásamt þessari tillögu, sem þangað verður vonandi vísað á næstu dögum. Mér finnst ástæða til að gera þá kröfu að þessi mál hljóti samhliða afgreiðslu, sem væntanlega verður fyrir vorið. Í ljósi undirtekta hér geri ég mér miklar vonir og meiri en fyrr um að málið fái farsælan endi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

[15:21]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Hér er um endurflutta tillögu að ræða frá 128. löggjafarþingi en tillagan varð þá ekki útrædd. Hún er nú flutt óbreytt enda efni hennar að öllu leyti í fullu gildi.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:

kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,

aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,

kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,

aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,

kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,

kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,

skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,

stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,

stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,

stöðu frumkvöðla,

stöðu uppfinningamanna.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2004 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti."

Hér er lagt til, virðulegur forseti, að farið verði út á braut sem er vel þekkt sums staðar í nágrannalöndum okkar, að í gildi sé sérstök framkvæmdaáætlun um aðgerðir af þessum toga, það sem heitir á skandinavískunni „handlingsplan" og er mikil tíska í þeim löndum. Það er ekki ástæða til að ræða hvern og einn þeirra þátta sem hér eru taldir upp og eiga að koma til skoðunar. Á þeim er þó brýnt að taka.

Ég vil sérstaklega nefna það sem snýr að aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu. Ég hygg að ég tali fyrir munn margra þegar ég segi að hvar sem maður fer og ræðir við þá sem standa að nýsköpun í atvinnumálum, eru að koma nýjum atvinnurekstri á fót eða byggja upp og efla lítil fyrirtæki, þá er áberandi hversu erfið

staða slíkra aðila er hvað varðar nauðsynlegustu fjármagnsfyrirgreiðslu. Ef menn komast yfir þann erfiða hjalla og koma fyrirtækjum sínum á legg, framleiðslu þeirra í gang eða sú starfsemi sem þar á í hlut er búin að sanna sig og farin að skila frumkvöðlunum afkomu þá koma iðulega til sögunnar aðilar sem bjóða fram fé, gjarnan gegn því að fá fyrirtækið keypt og ná þar undirtökunum. Þá fyrst treysta lánastofnanir sér til að veita fyrirtækinu fyrirgreiðslu þegar það hefur sannað sig og hefur komist yfir erfiðustu þröskuldana á vegi þess.

Staðreyndin er sú að fjölmargar tilraunir til nýsköpunar og ýmis álitleg sprotafyrirtæki ná aldrei alla leið í mark hvað þetta snertir, ef svo má að orði komast. Mörg verða úti á berangri þess áhuga- og afskiptaleysis sem virðist því miður oft á tíðum ríkja í málefnum frumkvöðla og nýsköpunar- og sprotastarfsemi hér á landi.

Að sjálfsögðu skiptir þarna fjölmargt annað máli. Ég hygg að í tillögugreininni sé um sæmilega tæmandi upptalningu á því helsta að ræða þó ugglaust megi bæta við. En það er enginn vafi á að því sem snýr að kostnaðinum við að stofna til atvinnurekstrarins, koma honum á legg, að fá nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf í því sambandi, er víða ábótavant. Eins er ljóst að takmarkaður aðgangur smærri atvinnurekstrar eða þess sem er nýr af nálinni að nauðsynlegri fjármálaþjónustu og fjármagni er mikill flöskuháls.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að ýmislegt hefur að sjálfsögðu verið að gerast í þessum efnum á síðustu árum og ber að fagna því. Það má geta þess að síðan þessi tillaga var fyrst flutt hefur nýsköpunarmiðstöð tekið til starfa á Akureyri sem er reyndar sérstaklega ætlað að sinna málefnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar er þó eingöngu um útibú frá nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnunar, Impru, að ræða. Það sem þar er gert er vel gert. Hinu er þó ekki að neita að mikið tómahljóð er í tunnunni hvað varðar fjármagn til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Nýsköpunarsjóður er þorrinn og er að mestu leyti hættur að leggja fé til nýrra fyrirtækja, á nóg með það sem þegar hefur verið gert. Enn hefur ekki heyrst af umtalsverðum áformum um að bæta við nýju fé.

Það er einnig rétt að geta þess að síðasta vetur var hér á Alþingi til umfjöllunar ákvörðun Íslands um að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, sem er um breytingu á XV. viðauka EES-ssamningsins. Þar er fjallað um þær greinar Rómarsáttmálans sem lúta að ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Með þessari ályktun, sem Alþingi afgreiddi hér sl. vor, fylgdi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, nr. 70/2001, um framkvæmdina og viðauki þar sem skilgreint er hvað skuli teljast lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og annars staðar á því svæði. Þar með hafa slíkar skilgreiningar öðlast tiltekna viðurkenningu og lagastoð hér á landi og ljóst að evrópskar samkeppnisreglur heimila sérstakan stuðning við fyrirtæki sem falla undir skilgreininguna, þ.e. fyrirtæki sem teljast samkvæmt þessari flokkun lítil eða meðalstór.

Það er reyndar svo, virðulegur forseti, að þegar það er skoðað fellur stærstur hluti íslensks atvinnulífs undir þessa skilgreiningu. Stærstur hluti íslenskra fyrirtækja telst annaðhvort lítill eða meðalstór samkvæmt evrópskum reglum.

Ég fór yfir það að gamni mínu í sumar þegar listinn um 100 eða 200 stærstu fyrirtækin birtist í tímaritinu Frjálsri verslun og bar saman við skilgreininguna sem tekur tvær viðmiðanir, annaðhvort að um 50 starfsmenn eða færri sé að ræða eða veltu upp á tilteknar fjárhæðir í evrum, og mig minnir að ég hafi þá lent einhvers staðar inn á listann á bilinu milli 50 og 100 stærstu fyrirtækjanna í landinu. Þannig að það eru kannski ekki nema 100 eða innan við 100 stærstu fyrirtækin sem fara upp fyrir þessi mörk. Það segir okkur þá að í raun og veru höfum við Íslendingar mikla möguleika á því að beita þessum heimildum ef vilji er fyrir hendi. Stór hluti þessara minni fyrirtækja eða verulegur hluti þeirra er síðan á svæðum sem jafnframt uppfylla skilyrði til sértæks byggðastuðnings, svonefnd þróunarsvæði í byggðalegu tilliti, en það á við um Ísland að mestu leyti utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Þannig að það er ekki það sem þarf í öllu falli að halda aftur af okkur eða torvelda okkur að hlúa að nýsköpun, hlúa að frumkvæði einyrkja og brautryðjenda og styðja við bakið á litlum eða nýjum fyrirtækjum sem eru að byggja sig upp að reglur standi þar í vegi.

Herra forseti. Ég held að það sé einnig ástæða til að fara yfir þá staðreynd sem allt of oft týnist í umræðunni og fellur í skuggann af þeirri athygli, svo maður segi ekki aðdáun, sem umsvif stórfyrirtækja og fjölþjóðafyrirtækja fá, að það eru ekki þau sem leggja til hrygglengjuna í nýsköpun, hagvöxt og tilurð nýrra starfa í hagkerfum Vesturlanda. Það er þveröfugt. Uppistaðan af nýjum störfum verður til í nýjum fyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum í vexti. Kannanir hafa sýnt að allt að 70% nýrra starfa í almennu atvinnulífi verða til í nýjum smáfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum í vexti. Og hrygglengjan í hagvexti og framþróun í atvinnulífi þjóða er drifin áfram af nýsköpun í slíkum fyrirtækjum. Það er síðan oft annar handleggur að þegar slík starfsemi er komin fram í dagsljósið þá koma stórfyrirtækin til sögunnar með sínu fjármagni og vilja gjarnan innlima þá starfsemi eða kaupa hana upp.

Það er líka ástæða til að minna á að í þessu sambandi er rétt að gleyma ekki frumkvæði kvenna í atvinnulífinu. Það er ekki síst í stofnun nýrra fyrirtækja og smáfyrirtækja þar sem konur með útsjónarsemi sinni eygja tækifæri í viðskiptum sem aðrir hafa ekki komið auga á og Ísland er hér engin undantekning. Sem betur fer hefur orðið gjörbreyting á bæði í nálgun opinberra aðila sem og í almennri umræðu um þá hluti á allra síðustu missirum, konur hafa bundist samtökum, skipulagt sig og komið fram í umræðuna af miklu meiri krafti en áður sem gerendur á þessu sviði. Það er ánægjulegt að fylgjast með því að margt það merkilegasta sem tengist nýsköpun á mörgum sviðum viðskipta, t.d. í ferðaþjónustu, menningu og listum, í handverks- og smáiðnaðarframleiðslu, ráðgjafarþjónustu, framleiðslu á snyrtivörum, lyfjum, heilsuvörum og öðru slíku, er til orðið vegna frumkvæðis kvenna í fyrirtækjum sem konur hafa stofnað, oft af miklum dugnaði og útsjónarsemi. Það er hluti af þeim sköpunarkrafti sem einmitt er vilji okkar flutningsmanna að virkja með þessari tillögu.

Það er að sjálfsögðu ekki svo að hér sé verið að finna upp hjólið. Eins og ég kom áður inn á eru slíkar framkvæmdaáætlanir um stuðning við starfsemi af þessu tagi víða við lýði. Það er líka rétt að geta þess og komið inn á það í greinargerð með tillögunni að hjá Evrópusambandinu er í gildi sérstakur sáttmáli eða stefnumörkun um smáfyrirtæki sem heitir á ensku European Charter for Small Enterprises. Málið hefur einnig verið á dagskrá norrænnar samvinnu. Þar var starfshópur sem starfaði á vegum efnahagsnefndar Norðurlandaráðs og hann skilaði tillögum sem Norðurlandaráð hefur gert að sínum og falið ráðherraráðinu til framkvæmdar. Það er kominn í gildi norrænn sáttmáli sem gildir núna á

þessu sviði og nýlega var ákveðið að breyta eða sameina í eina stofnun norræna þróunarmiðstöð og Norræna iðnþróunarsjóðinn í öflugri stofnun sem hefur þá yfir að ráða bæði fagþekkingu og fjármunum til að stuðla að nýsköpun og þróun í atvinnulífi á Norðurlöndunum.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vil bara taka fram til að það misskiljist ekki að að sjálfsögðu ber ekki að líta á þessa tillögu sem neitt vantraust á þá viðleitni til nýsköpunar og þróunar sem í gangi hefur verið af hálfu aðila eins og Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og atvinnuþróunarfélaganna víða um land. Þar er víða unnið hið merkasta starf en því miður af miklum vanefnum. Þessar einingar eru veikar og fjárvana. Þær hafa mátt búa við það reyndar missirum saman að hafa ekki fast land undir fótum. Þær hafa ekki haft samninga um sína starfsemi og sínar fjárveitingar og það hefur skapað öryggisleysi og erfiðari starfsskilyrði en ella hefði þurft að vera. Fyrst og fremst, herra forseti, þarf að stórefla þessa starfsemi. Ef við ætlum að sækja fram og hafa í landinu þróttmikið og dafnandi og fjölbreytt atvinnulíf þá þarf að leggja mikla áherslu á þessa þætti. Það næst ekki með því að einblína á fáa, stóra, miðstýrða stóriðjukosti. Burt séð frá deilum um þá sem slíka og hvaða áhrif sem þeir kunna að hafa í efnahagslegu tilliti í hagkerfinu eða á atvinnulífið hið næsta sér, þá er í öllu falli ljóst að ef við viljum þróttmikið, gróskumikið og fjölbreytt atvinnulíf vítt og breitt í byggðum landsins þá verður að taka betur á í þeim efnum en gert hefur verið hingað til.

[15:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Menn hafa stundum spurt í tengslum við stóriðjuumræðuna hvað Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji gera í atvinnumálum. Þetta er dæmi um það. Þetta þingmál sem hér hefur verið talað fyrir af hálfu 1. flm., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, er dæmi um hvernig við viljum standa að atvinnuuppbyggingu í landinu. Þetta þingmál lýtur að aðgerðum til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Okkar hugsun byggir á því að það sé hlutverk samfélagsins, hvort sem er sveitarfélaga eða ríkis, að sjá fólkinu, heimilinum og fyrirtækjunum fyrir góðri grunnþjónustu.

Ég hef stundum vitnað í rannsóknarskýrslu sem unnin var á vegum danska atvinnumálaráðuneytisins undir lok tíunda áratugarins þar sem spurt var hvað fyrirtækin teldu mikilvægast að gert væri af hálfu samfélagsins til að örva atvinnuuppbyggingu, hverju þau legðu mest upp úr, hvað réði því hvar þau settu sína starfsemi niður. Svörin voru mjög á einn veg. Við þurfum að hafa góða leikskóla. Við þurfum að hafa góðar samgöngur. Fólk spyr hvort það komist í tengsl við internetið, svo dæmi sé tekið. Við þurfum að hafa góða heilbrigðisþjónustu, gott menntakerfi, löggæslu, hún þarf að vera í góðu lagi, og þannig má áfram telja. Þetta teljum við vera hlutverk hins opinbera gagnvart atvinnulífinu.

Sú ríkisstjórn sem hér hefur farið með völdin undanfarin ár hefur snúið öllu á hvolf. Hún hefur ráðist í mjög mikla íhlutun í efnahagslífið og atvinnustarfsemi með beinni þátttöku, með beinum fjárfestingum, og þar er stóriðjan að sjálfsögðu nærtækast dæmi. Á sama tíma hefur hún grafið undan og veikt þessa grundvallarþjónustu sem ég var að vísa til og atvinnulífið og að sjálfsögðu heimilin leggja svo mikið upp úr.

En það er annað sem hefur verið mjög sláandi í umræðu um atvinnumál og kemur alltaf fram þegar menn heimsækja fyrirtæki vítt og breitt um landið að þau kvarta öll yfir því hve fjármagnið er dýrt og hve erfitt er að nálgast það, einkum á frumstigi þegar verið er að koma fyrirtækinu á laggirnar. Þess vegna höfum við verið með tillögur hér í þinginu um leiðir til að auðvelda fyrirtækjum aðgang að ódýru lánsfjármagni eða styrkjum. Það var fyrirkomulag sem við bjuggum við hér fyrr á árum. Þá voru allsterkir fjárfestingarsjóðir og lánasjóðir á vegum hinna ýmsu atvinnugreina, sjóðir sem voru sameinaðir undir regnhlíf FBA og síðan innlimaðir í Íslandsbanka. Og það segir kannski sína sögu að þeir sem voru harðastir talsmenn þessa hafa ýmsir verið að ympra á því í seinni tíð að styrkja þyrfti Byggðastofnun sem lánastofnun, lánastarfsemi á vegum Byggðastofnunar. Undir þessi sjónarmið öll höfum við tekið og verið með tillögur um hvernig rétt væri að standa að málum.

Hér hefur verið gerð grein fyrir þingmálinu, hvaða aðgerðir við teljum að þurfi að grípa til til að auðvelda fyrirtækjum að verða til, ef svo má að orði komast. Við viljum að ríkisstjórnin vinni sérstaka framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings þessum fyrirtækjum, atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Við vísum hér á ýmsa efnisþætti; kostnað við að stofna til atvinnurekstrar og aðgang að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi, aðgang smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu, kostnað og aðgang smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga, aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu, kostnað og eftir atvikum aðrar hindranir sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri, kostnað uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar. Við viljum að skattalögin séu skoðuð með þessa hagsmuni í huga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur reynt að örva umræðu um þessi mál. Við vorum með mjög athyglisverða ráðstefnu í haust um leiðir til að styrkja smáatvinnurekstur, atvinnurekstur í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og þar fengum við m.a. þá aðila sem hér er vísað til, uppfinningamenn, menn sem hafa beitt sér fyrir eða hafa verið frumkvöðlar í atvinnurekstri. Þetta var ráðstefna sem var afar gefandi og við fengum mikinn stuðning við þá stefnu sem við hér fylgjum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa þáltill. Fyrsti flutningsmaður hennar, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefur gert ítarlega grein fyrir málinu og í greinargerð með þingmálinu er líka vikið að því sem hefur verið að gerast á þessu sviði á undanförnum árum og við fögnuðum að sjálfsögðu þeim skrefum sem hafa verið stigin. Nýsköpunarmiðstöðin á Akureyri hefur verið nefnd í því sambandi og við vísum til þess sem hefur verið unnið á vegum Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar svo dæmi séu tekin.

[15:44]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Við í Frjálsl. getum í meginatriðum tekið undir markmið þáltill., þ.e. að stuðla að því að menn stofni fyrirtæki og hlúi að nýsköpun og þróunarstarfi.

Ýmislegt jákvætt hefur gerst á síðustu árum varðandi nýsköpun í atvinnurekstri. Í fyrsta lagi hefur almennt orðið meiri skilningur á því að koma þurfi á nýsköpun og þróun og leggja peninga í rannsóknir. Annað mikilvægt skref var

stigið þegar Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var stofnaður. Það var gert með því að slá saman nokkrum opinberum sjóðum og söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þegar meta á afrakstur nýsköpunarverkefna og frumkvöðlasetra er mikilvægt að hafa í huga að það getur tekið langan tíma að meta hvort verkefni skili árangri og það verður að gefa verkefnum tíma.

Virðulegi forseti. Þó margt hafi áunnist á síðustu árum er tímabært að fara yfir aðstöðu frumkvöðla sem hleypa af stokkunum nýjum fyrirtækjum því margt má betur fara.

Nýliðar skipta verulega miklu máli. Þeir stuðla að framförum, einkum á tvennan hátt. Annars vegar að koma með nýjar hugmyndir og hins vegar að setja þrýsting á þá sem eru fyrir í atvinnurekstrinum. Það leiðir til þess að þeir bæta sig.

Mikilvægt er að fara yfir þessa stöðu vegna þess að þetta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir atvinnuvegina í heild. Minni fyrirtæki búa oft á tíðum við verri vaxtakjör en stórfyrirtæki. Stærri fyrirtæki hafa greiðari aðgang að erlendu lánsfé þar sem vextir eru lægri en hér innan lands. Og þessir háu vextir reynast oft þungur baggi að bera fyrir minni fyrirtæki.

Það eru ýmsir sjóðir sem nýliðar í atvinnurekstri og fyrirtæki geta sótt í, sjóðir sem er ætlað að stuðla að nýsköpun. Full þörf er á að fara rækilega yfir þá sjóði því skipulag og fjárframlög til þeirra er stundum með þeim hætti að þeir stuðla alls ekki að því að nýir aðilar hasli sér völl.

Imprusjóður Iðntæknistofnunar og Nýsköpunarsjóðs er að mörgu leyti ágætur sjóður sem ætlað er að veita styrki til nýsköpunar. En helsti galli hans er að hann veitir mjög lága styrki. Hæstu styrkir sem hann veitir eru um 400.000 kr. Það er ekki sú upphæð sem skiptir sköpum við stofnun fyrirtækja eða að hrinda nýrri hugsun eða nýsköpun í gang.

Annar sjóður sem nýlega er búið að stofna finnst mér vera mjög gagnrýniverður og það er sjóðurinn um aukið virði sjávarafurða. Ég hefði talið nær að veita þá fjármuni sem fara í þann sjóð frekar í Nýsköpunarsjóð. Þar er fyrir sjóður sem er eins og komið hefur fram fyrr í umræðunni þurrausinn. En skipulagið á þessum nýja sjóði er mjög gagnrýnivert. Búið er að veita talsvert fjármagn í hann en slaknað hefur á honum. Skipulag hans er þannig að hætt er við að nýir aðilar fái ekki fjárstyrk úr sjóðnum, þar eð þeir sem nú þegar eru leiðandi í atvinnugreinum sem ætlað er að styrkja til nýsköpunar, sitja í verkefnahópum sjóðsins og er ætlað að leggja faglegt mat á nýjar umsóknir.

Í fiskeldishópnum sitja kunnugleg nöfn sem eru fyrir að reka fiskeldisfyrirtæki, svo sem Guðbrandur Sigurðsson, hjá Brimi, sem er formaður, og Finnbogi Jónsson, stjórnarformaður Samherja. Ætli sú skipan sé líkleg til þess að nýjum aðilum með nýjar hugmyndir verði veittur fjárstyrkur til að fara í samkeppni við þá sem fyrir eru í greininni og sitja í stjórn sjóðsins? Ég efa það.

Hinir hóparnir sem hafa verið myndaðir til að fjalla um umsóknir til nýsköpunar í sjávarútvegi eru sama marki brenndir. Formaður fiskvinnsluhóps Nýsköpunarsjóðs er einnig formaður Samtaka fiskvinnslustöðva. Formaður líftæknihópsins, Úlfar Steindórsson, sem á að fjalla um umsóknir til nýsköpunar er sjálfur á kafi í rekstri. Úlfar er starfandi stjórnarformaður í Primex, sem er eitt stærsta líftæknifyrirtæki á landinu. Er vænlegt fyrir nýliða sem ætla í nýsköpun að senda forstjórunum og stjórnarformönnum sem fyrir eru í greininni í öflugum og stórum fyrirtækjum trúnaðarupplýsingar um fyrirhugaðan rekstur? Ég efa það stórlega.

Í þessum ræðustól hef ég áður bent á mikilvægi þess að nýliðar spreyti sig í atvinnurekstri og bent á að kvótakerfið í sjávarútvegi komi ekki einungis í veg fyrir eðlilega samkeppni í útgerð og nýliðun, heldur kemur það einnig í veg fyrir að fiskvinnslur búi við sambærileg og sanngjörn samkeppnisskilyrði. Þær sem ráða yfir gjafakvóta fá fiskinn inn í vinnsluna á lægra verði en þær sem kaupa á mörkuðum. Það sem undirstrikar þennan ójöfnuð er að vinnslur sem versla á frjálsum mörkuðum eru í sérsamtökum sem hafa það að leiðarljósi að samkeppni um hráefni verði sanngjörn og eðlileg.

Ég hef reyndar furðað mig lengi á því að Sjálfstfl. sem vill reyna að kenna sig stundum við frjálst markaðskerfi skuli halda hlífðarhendi yfir svo óréttlátri samkeppnisaðstöðu.

Mér finnst í raun tímanna tákn að sjá að það eru Vinstri grænir sem flytja þáltill. um nýsköpun sem við Frjálsl. getum tekið undir í meginatriðum. Ekki er það Sjálfstfl. sem er alltaf að verða meiri og meiri kvótaflokkur og virðist í raun fjarlægjast sanngjarnar leikreglur og viðheldur óréttlátu kvótakerfi, setur upp svokallaða nýsköpunarsjóði þar sem nýliðar þurfa að sækja um opinbera styrki til forstjóra í stórfyrirtækjum sem jafnvel eru í enn þá í rekstri á sömu sviðum og umsækjendur.

Þetta vinnulag ríkisstjórnarflokkanna í viðskiptum og stjórn opinberra fjármuna og sjóða sem efla eiga nýsköpun veldur vantrú á að faglegum vinnubrögðum sé beitt við umfjöllun nýrra umsókna til nýsköpunar.

[15:52]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem liggur fyrir frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og fleiri þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir til stuðnings í atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum er ánægjulegt vitni um að menn bera hag smáfyrirtækja fyrir brjósti og er full af velvilja í garð þess konar atvinnurekstrar sem að sjálfsögðu er einn af mikilvægum þáttum í atvinnulífi okkar.

Eins og kemur fram í lok greinargerðar hefur borið á því að hér sé atvinnulífið allt sett undir sama hatt þótt ljóst sé að aðstæður og úrlausnarefni séu gerólík eftir því um hvers konar atvinnurekstur er að ræða. Ég held að svið smáatvinnurekstrar sé einmitt afar fjölbreytt og kannski duga ekki almennar aðgerðir í öllum tilfellum gagnvart því fjölbreytta sviði.

Við verðum líka að átta okkur á því hvernig við skilgreinum smá og meðalstór fyrirtæki. Ekki duga alþjóðlegar skilgreiningar vegna sérstöðu íslensks atvinnulífs. Mikill meiri hluti íslenskra fyrirtækja mundi flokkast undir svokölluð örfyrirtæki, ekki smáfyrirtæki. Félög á vegum einyrkja eru yfir helmingur allra fyrirtækja á Íslandi og örfyrirtæki eru þau fyrirtæki sem hafa í vinnu frá einum til níu manns. Slík örfyrirtæki eru fjölmörg á Íslandi og eru auðvitað mikilvæg og þá sérstaklega úti á landi þar sem ef slík örfyrirtæki væru ekki til væri harla lítið atvinnulíf.

Smáfyrirtæki væru þá á bilinu þar sem eru 10–49 starfsmenn en meðalstór fyrirtæki á bilinu 50–250 starfsmenn. Ef við notum þessa skilgreiningu á Íslandi sjáum við að meðalstór fyrirtæki samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu eru nánast að segja stórfyrirtæki á íslenska vísu. Það eru tiltölulega mjög fá fyrirtæki hér á landi sem hafa yfir 250 manns í

vinnu. Ég lít svo á að þegar hér er talað um smáfyrirtæki, sem mér sýnist tillagan aðallega miða við, þá séum við að tala fyrst og fremst um fyrirtæki sem eru með undir 50 manns í vinnu.

Samf. hafði á síðasta vetri í gangi starfshóp til að huga að málefnum smáfyrirtækja og þar kom ýmislegt athyglisvert fram. Eitt helsta vandamál smáfyrirtækja á Íslandi er að arðsemin er yfirleitt mjög slök. Einnig er þekkingu mjög ábótavant í fyrirtækjunum. Þetta gildir um samanburð við smáfyrirtæki í öðrum löndum og það gildir líka samanborið við starfsemi stærri fyrirtækja á Íslandi. Þetta er eitt helsta vandamálið sem stendur í vegi fyrir því að smáfyrirtækin geti stækkað.

Framleiðnin er yfirleitt heldur slök og lítil miðað við stærri fyrirtæki hér á landi en forsendan fyrir því að smáfyrirtæki geti orðið stærri og sterkari er að framleiðnin í fyrirtækjunum sé bærileg. Munurinn á framleiðnistigi í íslenskum smáfyrirtækjum er meiri hér á landi miðað við önnur fyrirtæki í öðrum löndum í Evrópu.

Smáfyrirtæki eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir atvinnusköpun í landinu. En kannski er sá misskilningur stundum uppi að þau standi fyrst og fremst undir nýsköpun og hagvexti. Við þekkjum það af umræðum í öðrum löndum oft á tíðum að talið er að hugmyndirnar kvikni fyrst og fremst í litlum fyrirtækjum, smáum fyrirtækjum, og að þau séu mikilvæg fyrir hagvöxt en það á eingöngu við þegar þau smáfyrirtæki vaxa og hafa tækifæri og skilyrði til þess.

Meginverkefnið er því að hjálpa fyrirtækjunum til þess að verða stærri og þá er ég að tala um fimm til tíu manna fyrirtæki, 20–30 manna fyrirtæki, hjálpa þeim til að vaxa og verða öflugri. En hvernig gerum við það? Eitt helsta vandamálið í fyrirtækjarekstri hér er einmitt þegar fyrirtæki eru komin yfir byrjunarerfiðleikana, yfir fyrstu tvö, þrjú, fjögur árin og þurfa að fara að móta stefnu sína til framtíðar. Þá þurfa þau yfirleitt að kosta til þess tíma, miklum fjármunum, kaupa ráðgjöf sem opinberum ráðgjafarstofnunum er óheimilt að veita vegna þess að þá væru þær í samkeppni við aðra ráðgjafa sem veita ráðgjöf á markaði. Þess vegna verða smáfyrirtækin að kaupa ráðgjöf að dýrum dómum. Og mörgum þeim fyrirtækjum reynist um megn að móta framtíðarstefnu við þessar aðstæður. Reynslan sýnir að geri þau það ekki, þá dagar þau uppi í samkeppni á markaðnum við stærri fyrirtæki og við erlendan innflutning oft á tíðum ef ekki kemur til skörp og skýr stefnumótun einmitt á þessu stigi.

Það er afskaplega góðra gjalda vert að gera slíka úttekt eins og hér er lögð til og dæmi eru um það í mörgum öðrum löndum að farið hefur verið yfir löggjöf um efnahags- og atvinnumál með tilliti til smáfyrirtækja. Það hefur skilað árangri í atvinnuuppbyggingu og hagvexti í þeim löndum. Finna má dæmi um þetta í Kanada, Bandaríkjunum og á Írlandi að slíkt hefur verið gert og það hefur skilað sér í góðum árangri. Til að mynda veit ég að atvinnurekendasamtökin á Írlandi hafa það á stefnuskrá sinni að við alla lagasetningu verði tekið tillit til hagsmuna smáfyrirtækja. Það er tillaga sem mér finnst mjög athyglisverð. (Forseti hringir.)

Um þetta mál mætti margt segja en ég hef lokið máli mínu.

[16:00]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé á ferðinni mjög gagnmerk tillaga fyrir margra hluta sakir. Í samfélagi okkar undanfarin missiri og undanfarin ár hefur verið rekin stefna hagræðingar í atvinnulífinu og í mörgum greinum er svo komið að ungt fólk lítur ekki á það sem framtíðarvalkost að læra til vissra verka. Við sjáum t.d. að Stýrimannaskólinn er með örfáa nemendur, Vélskólinn sömuleiðis, þannig að það er full ástæða til að athuga og skilgreina hvernig við ætlum að standa að atvinnuuppbyggingu í þessu landi.

Auðvitað er grunnþjónustan þar lykilatriði, grunnþjónusta sem ríkið rekur og við erum að takast á um hvernig eigi að koma fyrir hér um bil á hverjum einasta degi hér á hinu háa Alþingi. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á það að samkvæmt könnunum leggja fyrirtæki mjög mikið upp úr stoðkerfi samfélaga þar sem þau setja sig niður og er þá verið að tala um vegakerfi, veitur, þjónustu af ýmsu tagi, hvort sem það er heilsugæsla, öldrunarþjónusta, barnagæsla, skólar o.s.frv. þannig að hér er um gríðarlega veigamikla þætti að ræða.

Ræðum aðeins um uppbyggingu fyrirtækja á landsbyggðinni. Við erum t.d. með fyrirkomulag á raforkuafhendingu sem byggir á svikamyllu gagnvart fyrirtækjum sem þar eru staðsett. Rafmagnsveitur ríkisins hafa það hlutskipti að selja og veita inn á strjálbýlustu svæði landsins, þær hafa aðeins örfáa þéttbýlisstaði innan vébanda sinna. Hinn félagslegi þáttur raforkukerfis Rafmagnsveitna ríkisins er að stórum hluta fjármagnaður með aukinni gjaldtöku á þéttbýlisstöðunum sem Rafmagnsveitur ríkisins þjónusta. Hér er um gríðarlegar fjárhæðir að ræða og við síðustu fjárlagagerð var talið að Rafmagnsveitur ríkisins þyrftu að fá um milljarð kr., a.m.k. 900 millj., til þess að standa straum af afhendingu á rafmagni á þessum félagslegu nótum sem kallaðar eru, þ.e. óarðbæra hluta raforkukerfisins.

Það þýðir náttúrlega ekki neitt að bjóða atvinnulífi og nýjum sprotafyrirtækjum upp á grunn sem ekki einu sinni stenst sanngirni. Annaðhvort verðum við að endurskoða afstöðu okkar til Rafmagnsveitna ríkisins og létta af fyrirtækinu þeirri kvöð að þjóna hinu óarðbæra kerfi, þ.e. allra strjálbýlasta svæðinu, með því að taka aukið gjald í raun og veru af þeim þéttbýlisstöðum sem fyrirtækið þjónar eða fjármagna þjónustuna öðruvísi. Það er hróplegt misræmi í þessum málum sem á stóran þátt í því að fyrirtæki í dreifbýlinu, í smærri byggðarlögum, eiga mjög erfitt uppdráttar, fyrirtæki sem þurfa að nota mikla orku. Er það m.a. kannski ástæðan fyrir því að mörg þessara fyrirtækja nota innflutta orkugjafa, jarðolíur, í staðinn fyrir að nota rafmagn vegna þess að það er gríðarlega dýrt.

Önnur atriði, og það var síðast til umræðu hér í gær, eru fjarskiptamálin sem eru líka algjört grunnatriði ef fólki á að finnast fýsilegt að stofna til fyrirtækjareksturs, sérstaklega í dreifbýli. Maður finnur vel að ef fólk hefur ekki internettengingu, ef það hefur ekki þá möguleika sem það telur að það þurfi hvað fjarskipti varðar, verður það stór þrándur í götu. Þess vegna er mjög mikil og stór umræða í þessu samhengi öllu hvernig við förum með Landssímann og hvernig við stöndum að uppbyggingu fjarskipta í landinu. Það er lykilatriði.

Umræða hefur verið þrálát um smá og meðalstór fyrirtæki og í von um að þau spretti upp fleiri og fleiri verðum við að sjá til þess að þessir hlutir séu í lagi, þ.e. grunnþjónustan sem við vinnum með á hverjum degi. Það er pólitísk spurning, um málið eru gríðarleg átök og núna síðast, eins og ég nefndi, um Landssíma Íslands.

Hagræðingarhrina síðustu ára hefur leitt til samþjöppunar. Við getum tekið flutningageirann þar sem tveir aðilar hafa nánast mulið undir sig fjölda fyrirtækja sem voru á flutningsmarkaði á sínum tíma. Nú eru örfáir einyrkjar eftir í þeim bransa. Það má spyrja sig hvort það hafi verið heppileg þróun. Þeir sem stýra henni segja að svo hafi verið en þeir sem nýta hana eru alls ekki vissir um það lengur. Menn benda á gríðarlegan kostnað, hækkun flutningsgjalda o.s.frv. Þarna er spurning um það hvort verið sé að fara inn á réttar brautir með tilliti til samfélagsins. Ég held að svo sé ekki þegar til lengri tíma er litið.

Við höfum verið að tala um og horft á samþjöppun sjávarútvegsfyrirtækja sem á sér stað stjórnlaust og margir sem í greininni eru hafa þá sýn að sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi eigi bara að vera þrjú. Þá er spurningin hvort sjávarútvegur verður yfir höfuð rekinn frá stöðum á landsbyggðinni, hvort menn hugsi þá ekki til þess að útgerðin verði bara út frá hinum stóru Faxaflóahöfnum. Þetta eru hlutir sem sannarlega verður að skoða og menn verða að átta sig á því hvort þetta er þróunin sem þeir vilja. Það er ekki hægt að horfa upp á það að þróun í atvinnumálum sé bara á forsendum fyrirtækjanna án þess að gerð sé hin minnsta tilraun af hálfu opinberra aðila til að stýra henni.

Fyrir mína parta tel ég að þetta sé röng þróun, t.d. í sjávarútvegi, líka í landbúnaði. Þar hefur verið gríðarleg samþjöppun og fækkun búa en á móti stórar og miklar fjárfestingar sem þeir sem eftir eru í greininni hafa farið út í. Það er líka í sjávarútveginum. Það er ekki langt síðan við vorum mjög áhyggjufull yfir því á hinu háa Alþingi að sjávarútvegurinn skuldaði hátt í 100 milljarða kr. Nú jaðrar við að þessi upphæð hafi tvöfaldast.

Það er svo sannarlega ástæða til að velta fyrir sér möguleikum þeim sem reifaðir eru í þessari till. til þál. sem flutt er af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er sýn til framtíðar, það er sýn um fjölbreytileika. Unga fólkið á Íslandi mun ekki líða einhæfni í atvinnulífinu. Það mun ekki líða að það fái ekki aðkomu að atvinnulífinu. Þess vegna er tillagan allra góðra gjalda verð.

[16:09]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og ágæt skoðanaskipti. Ýmis áhugaverð sjónarmið hafa komið fram hjá þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni. Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi réttilega að þessi tillöguflutningur af okkar hálfu væri hluti af stefnumótun á sviði atvinnumála þar sem við höfum lagt fram áherslur okkar og það sem við teljum að þarft væri að gera á sviði nýsköpunar í atvinnumálum hér á landi. Það tekur útgangspunkt í því að fjölbreytnin sem slík sé verðmæti í sjálfu sér þegar kemur að atvinnuuppbyggingu og því fleiri og fjölbreyttari stoðir sem standi undir atvinnulífi einnar þjóðar, því betra. Það hefur verið við ramman reip að draga að ýmsu leyti hér á landi að koma þeim hlutum fram, menn hafa mikið rætt um einhæfni íslensks atvinnulífs og lengi var rætt um sjávarútveginn þannig að það væri eitt mesta keppikeflið í atvinnusköpun í landinu að draga úr því mikla vægi sem hann hefði. En menn hafa þá ekki meira lært af því en svo að það sem menn ætla að gera er að skipta honum út fyrir ál, og ef svo heldur sem horfir tekur þessi eini málmur og verðsveiflur á honum á heimsmarkaði að leika svipað eða stærra hlutverk í hagkerfi landsins en þorskurinn gerði hér í eina tíð. Þannig stefnir t.d. í að 80% af raforkumarkaði landsins taki tekjur sínar inn í gegnum tengingu við heimsmarkaðsverð á ál. Menn geta velt fyrir sér hversu gæfulegt það í sjálfu sér er að ofurselja allan orkumarkaðinn undir það að deila kjörum með gengi þessa eina frumefnis á heimsmarkaði.

Fjölbreytnin skiptir sem sagt sköpum, fjölbreytnin sem byggir á því að virkja mannauð og þekkingu, hlúa að nýsköpun og nýgræðingi á þessum akri og átta sig á þeim einföldu og fornu sannindum að margt smátt gerir eitt stórt, virða þá staðreynd sem hv. þm. Einar Karl Haraldsson nefndi einnig að hlutirnir gerast sérstaklega í fjölbreyttri flóru minni fyrirtækja í örum vexti þar sem ný störf bætast við, eins og ég reyndar nefndi í framsögu minni.

Grunnþjónustan sem samfélagið veitir er hluti af þeirri umgjörð sem atvinnulífið býr við. Ein veigamesta skylda stjórnvalda er að búa atvinnulífinu hagstæð skilyrði, ekki bara í skattalegu tilliti eins og frjálshyggjumenn og hægri menn, hvar í flokki sem þeir eru, virðast halda, heldur hagstæð skilyrði að öllu leyti. Það snýr líka að því að það séu góðir skólar, góð félagsþjónusta og samfélagslegt öryggi í þeim byggðarlögum þar sem menn eru að velta fyrir sér að setja niður atvinnurekstur. Danir gætu kennt okkur Íslendingum mjög margt í þessum efnum þar sem stórfyrirtækin velja iðulega að setja niður nýja starfsemi eða deildir fjarri helstu þéttbýlisstöðunum en í hagstæðu umhverfi þar sem vinnumarkaður er stöðugur og þar sem vel er búið að starfsmönnum. Þetta geta menn t.d. séð ef þeir skoða hvar uppbygging margra danskra stórfyrirtækja, eins og Bang & Olufsen eða slíkra, hefur ekki síst átt sér stað síðustu árin. Menn rekast allt í einu á verksmiðjur þeirra í litlum þorpum á Jótlandi, og af hverju? Jú, af því að þar er búið að skapa þessi hagstæðu skilyrði, þessi góðu samfélagslegu skilyrði sem auðvitað byggja einnig á góðum samgöngum og fjarskiptum og öðru slíku.

Við héldum, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi, ráðstefnu eða reyndar nýsköpunarþing og þessi tillaga er að hluta til sprottin upp úr vinnu þar og í aðdraganda þess. Það var ákaflega gaman að leiða saman þá aðila sem sýsla sérstaklega með nýsköpun, uppfinningar og frumkvæði í atvinnulífi í landinu, aðila eins og formann Félags uppfinningarmanna, þrjár eða fjórar konur sem allar hafa náð miklum árangri í fyrirtækjum sínum, ýmist á sviði ferðaþjónustu, lyfjaframleiðslu, kaffigerðar eða enn annars, og helstu sérfræðinga stofnana á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar eins og Iðntæknistofnunar, hönnunar- og rannsóknarstjóra eða tækni- og rannsóknarstjóra framsækinna fyrirtækja eins og Össurar hf. o.s.frv. Þegar öll sú flóra er skoðuð er vissulega margt til að gleðjast við sem vel hefur gengið í íslensku atvinnulífi.

En við vorum líka með á þessari ráðstefnu fulltrúa þeirra sem gengið hafa svipugöngin á enda, fórnað sjálfum sér og eignum sínum í það eitt að koma hugmyndum sínum fram í veruleikann og gera þær að verðmætum, koma framleiðslustarfseminni af stað. Þar má nefna jafnsláandi dæmi og slökkvibílaframleiðslu í Ólafsfirði sem hefur kostað frumkvöðlana sem þar eiga í hlut nánast allt sitt. Þeir þurftu að ganga svipugöngin á enda, eins og ég segi, yfirstíga alla þröskuldana og þegar það var loks allt að baki og framleiðslan orðin til, farin að seljast, var loksins hægt að fá áheyrn nýsköpunarsjóðanna og fjármögnunaraðilanna. Er það þannig sem við viljum hafa þetta? Við teljum ekki. Við teljum að það þurfi að vera hagstæðara umhverfi fyrir frumkvöðla og nýsköpun í atvinnulífinu.

Það var athyglisvert sem hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjón Þórðarson, nefndi hér og dregur athyglina að þeirri staðreynd að smæð hins íslenska samfélags felur í sér ýmsa erfiðleika og ýmsar hættur þegar kemur t.d. að því að úthluta styrkjum, meta umsóknir og afgreiða mál. Er það t.d. heppilegt að þau mál séu í þeim farvegi sem hv. þm. nefndi, að í stjórnum sjóða eða úthlutunarnefndum sitji ráðandi aðilar sem fyrir eru í greininni og véli um það hvort einhverjum nýjum hugmyndum eigi að veita brautargengi? Vandinn er sá að þetta eru um leið þeir aðilar sem mesta þekkingu hafa á viðkomandi sviði í landinu. Við erum kannski þar með seld undir það að verða að velja og hafna milli þeirra kosta að kalla til við slíkar aðstæður mennina sem búa yfir sérþekkingunni, sem er oft fámennur hópur, eða hins að reyna að velja leið sem er óháðari hagsmunum sem fyrir eru í greininni.

Þarna er að sjálfsögðu engin einhlít formúla til og verður að ætla mönnum að reyna að kunna fótum sínum forráð í þessum efnum. Því er ekki að leyna að oft verður maður var við að það ríkir tortryggni hjá þeim sem eru með áhugaverðar hugmyndir, viðskiptahugmyndir eða framleiðsluhugmyndir í höndunum, í garð þess kerfis sem við tekur ef þeir sýna spilin og leggja fram umsóknir um styrki eða fjárveitingar.

Hv. þm. Einar Karl Haraldsson nefndi hér flokkun fyrirtækjanna. Ég kom lítillega inn á það í framsöguræðu minni en fór mjög hratt yfir sögu. Það er alveg hárrétt að hinar evrópsku flokkunarreglur taka auðvitað mið af öðrum veruleika, öðrum stærðum en okkur eru tamar. En það eru engu að síður þær sem í sjálfu sér gilda hér. Þær hafa verið teknar upp með afgreiðslu þál. á Alþingi sl. vetur og fylgiskjölum þeirrar þáltill., þ.e. viðauka og fylgiskjali, hefur þar með verið veitt tiltekin lagastoð. Í öllu falli er ljóst að þær gilda í því samhengi, hvað varðar heimildir okkar og möguleika til að styðja við bakið á fyrirtækjum á grundvelli þessarar skilgreiningar. Samkvæmt íslenskri málvenju er það hins vegar alveg ljóst að fyrirtæki með upp undir 250 starfsmenn er ekki í okkar huga bara meðalstórt fyrirtæki, heldur stórt. Ég nefndi það að kannski þarf að fara niður undir 50. sæti á listanum yfir stærstu fyrirtæki landsins til að finna fyrirtæki sem fara upp úr þessari viðmiðun, hvað varðar annaðhvort starfsmannaumfang eða veltu á efnahagsreikningi.

Við getum vel unnið þannig með þetta að við höfum okkar stærðarhlutföll og okkar aðstæður í huga þegar við erum að vinna með þetta samkvæmt íslenskri málvenju. Lagalega gilda engu að síður hinar evrópsku skilgreiningar. Það er að vísu svo að Íslendingar þurfa náttúrlega að huga að ýmsu. Þar á meðal því að það er ekki endilega víst að það séu sérstök gleðitíðindi og viti á mikla grósku í nýsköpun í atvinnulífi þó hér hafi fjölgað einkahlutafélögum. Það á sér aðrar og kannski miklu minna jákvæðar skýringar að verulegu leyti. Það er einfaldlega staðreynd að það er búið að búa út það skattaumhverfi á Íslandi að það er ákaflega hagstætt fyrir einstaklinga að stofna einkahlutafélög utan um sjálfan sig og þarf ekki að vera í sjálfu sér umfangsmikil starfsemi þar á ferð. Það er hins vegar hlutur sem ég held að menn verði að reyna að leysa og taka á á þeim vettvangi og dregur athyglina að því hversu óheppilegt er að það sé annars vegar mjög langt bil á milli þeirra skattreglna sem gilda um einstaklinginn og launatekjur og hins vegar skattlagningu hagnaðar sem til fellur í atvinnulífinu. Það er nú sjálfsagt önnur saga.

Herra forseti. Ég held að ég sé ekki að orðlengja þetta, enda veit ég að menn bíða mjög spenntir eftir því að næstu mál á dagskrá komist til umræðu og ætla ekki að teygja lopann meira.

Ég þakka kærlega fyrir þessa umræðu og vona að þetta mál fái sanngjarna umfjöllun í þingnefnd, þó mér sé alveg ljóst að meiri hlutinn, ríkisstjórnin, telur það sjálfsagt ekki sérstaklega í sínum verkahring að afgreiða stefnumótandi tillögur af þessu tagi frá stjórnarandstöðunni. Þá skyldi það nú samt ekki vera að sú málafylgja sem hér hefur verið höfð uppi og endurtekið flutt á Alþingi hafi þó haft sín áhrif, a.m.k. hafa hugtök og skilgreiningar sem fyrst litu dagsins ljós á prenti á íslenskri tungu í þessari tillögu ratað býsna víða síðan hún var fyrst lögð fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aflétting veiðibanns á rjúpu, fyrri umr.

Þáltill. GunnB o.fl., 154. mál. — Þskj. 154.

[16:20]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um afléttingu veiðibanns á rjúpu, sem kemur í kjölfar þess að umhvrh. hefur ekki nýtt sér heimild í lögum til að aflétta friðun af rjúpunni frá 15. október til 22. desember. Þeir sem flytja þessa tillögu eru Gunnar Birgisson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Birkir J. Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þórarinn E. Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Pétur H. Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Hjörleifsson. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að umhverfisráðherra aflétti veiðibanni á rjúpu sem fyrst.

Í stað veiðibanns verði eftirfarandi leiðir farnar, ein eða fleiri, til að vernda íslenska rjúpnastofninn án þess að veiðar séu bannaðar: stytting veiðitíma, svæðisbundin friðun, einkum þar sem rjúpu- og fálkastofninn eiga undir högg að sækja, tímabundið sölubann, hámarksveiði á hvern veiðimann og bann við veiðum tiltekna daga vikunnar, sem og aukið eftirlit með banni við notkun vélhjóla og vélsleða við veiðarnar."

Í greinargerð með ályktuninni segir eftirfarandi:

Með útgáfu reglugerðar nr. 716/2003 ákvað umhverfisráðherra að nýta ekki heimild laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, til að aflétta veiðibanni á rjúpu frá 15. október til 22. desember. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðherra er fyrirhugað að bannið gildi í þrjú ár, þ.e. 2003, 2004 og 2005. Veiðar verða því fyrst leyfðar aftur árið 2006. Þá skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag rjúpnaveiða að loknu veiðibanninu.

Á síðasta þingi var til meðferðar frumvarp til laga um sölubann á rjúpum. Við ítarlega meðferð málsins í umhverfisnefnd Alþingis komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sölubann væri ekki vænleg leið til árangurs heldur benti á önnur úrræði sem umhverfisráðherra væru tæk til að takmarka veiðar og vernda rjúpnastofninn, m.a. að stytta veiðitímabilið.

Sá sem hér stendur var í umhvn. þegar þetta mál kom til umfjöllunar og var það þverpólitísk niðurstaða nefndarinnar

að leggjast gegn algjöru veiðibanni, frekar að stytta veiðitímabilið, fara í svæðisbundna friðun eða einhverjar aðrar aðgerðir heldur en að banna alfarið veiðar á rjúpu.

Þess má geta að fyrrv. umhvrh., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þegar hann var í þessu embætti og vísindamenn vöruðu hann við veikri stöðu rjúpnastofnsins þá stytti hann veiðitímabilið um einn mánuð árið 1994 og ætlaði allt vitlaust að verða. Ráðherra hefði einnig getað nýtt sér þennan möguleika en gerði það ekki. Þá benti umhvn. einnig ráðherra á að við værum að taka björgina frá bændum í landinu sem standa nú ekki allt of vel. Þeir hafa haft tekjur vegna veiðanna. Þeir hafa veitt sjálfir og selt og einnig hafa þeir selt aðgang að veiðilendum sínum. Á engar þessar röksemdir umhvn. hlustaði ráðherrann.

Umhverfisráðherra aflaði í kjölfarið álits Náttúrufræðistofnunar sem lagði til algert veiðibann í fimm ár. Umhverfisráðherra féllst á tillögur Náttúrufræðistofnunar um alfriðun rjúpunnar í tiltekinn árafjölda þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hefði lagst gegn slíkum aðgerðum enda skorti rannsóknir til að byggja svo afdrifaríka ákvörðun á. Flutningsmenn benda einnig á að ákvörðun umhverfisráðherra gengur þvert gegn vilja umhverfisnefndar Alþingis sem lagði til að beitt yrði öðrum lögmæltum aðferðum en sölubanni á rjúpu og er þá augljóst að nefndin gerði ekki ráð fyrir að ráðherra gripi til alfriðunar þótt löggjafarþingið legðist gegn sölubanni.

Síðan hefur í framhaldinu gerst nokkuð merkilegt í málinu að hæstv. ráðherra hefur látið í það skína hér á sumardögum að hún væri nú tilbúin að skoða það að ef hún fengi komið á sölubanni, mundi hún aflétta veiðibanninu. Nú er hún aftur á móti fallin frá því og ætlar að halda fast við veiðibannið.

Ástand rjúpnastofnsins hefur um nokkurt skeið verið áhyggjuefni manna og telja flutningsmenn rétt að grípa til aðgerða til að hlúa að stofninum og draga úr sókn. Algert veiðibann í þrjú ár er hins vegar mjög róttæk aðgerð sem á sér ekki hliðstæðu í sögu rjúpnaveiða á Íslandi en rjúpan er vinsælasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Flutningsmenn telja rétt að áður en gripið er til svo afdrifaríkra aðgerða skuli fyrst reyna önnur úrræði sem vægari eru gagnvart veiðimönnum og almenningi í landinu. Að mati Umhverfisstofnunar var ekki talið að þau gögn sem umhverfisráðherra byggði mat sitt á sýndu fram á nauðsyn þess að alfriða rjúpuna í tiltekinn árafjölda. Taldi stofnunin rétt að kannað yrði hvort önnur og vægari úrræði mundu ekki nægja til að ná sömu markmiðum.

Flutningsmenn telja að umhverfisráðherra skuli fyrst reyna aðrar aðgerðir en alfriðun og leggja til að notuð verði ein eða fleiri af eftirtöldum leiðum:

Í fyrsta lagi. Stytting veiðitíma. Veiðitímabilið mætti stytta t.d. í 4–5 vikur.

Hæstv. ráðherra hefur látið hafa það eftir sér að þetta sé ekki á hennar valdi. Varðandi þessa fyrstu tillögu þá hefur hún það algjörlega á sínu valdi. Með leyfi forseta, stendur hér í 17. gr. í áðurnefndum lögum:

„Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir ...“

Það er frá 15. október til 22. desember varðandi rjúpuna. Þannig að það er ekkert mál, hæstv. fyrrv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson gerði þetta fyrir níu árum og það er enn þá hægt að beita þessu samkvæmt lögunum. Þannig að það er ekki málið.

Í öðru lagi. Svæðisbundin friðun. Það er unnt að stækka griðasvæði rjúpunnar en það þarf nánari rannsóknar við hversu umfangsmikil slík svæði eigi að vera. Nú þegar eru nokkur svæði friðuð til rjúpnaveiða, svo sem vegna friðunar einstakra landeigenda, þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Það stendur líka í 17. gr. þessara laga, með leyfi forseta:

„Nú hefur umhverfisráðherra ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg.“

Hann getur að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum. Það er heimild í lögum fyrir þessu líka.

Í þriðja lagi. Tímabundið sölubann. Flutningsmenn telja að tímabundið sölubann með virku eftirliti ætti að geta dregið úr sókn svokallaðra magnveiðimanna sem hafa haft verulegar tekjur af skotveiðinni. Þessir magnveiðimenn veiða yfir 50% af veiðinni en eru tiltölulega fáir.

Eins og ég sagði áður hafði umhvn. ekki trú á þessari aðferð síðasta vor. Skoðun mín er sú að sölubann fúnkeri ekki mjög vel. En til að koma til móts við ráðherrann vildum við setja þetta fram. Ég hef talað við sérfræðinga í þessum málum, fuglafræðinga, sem tjá mér að þetta hafi gengið í öðrum löndum en taki nokkur ár. Gallinn við þessa lausn er að svartamarkaður myndast og algengara verður að rjúpur séu gefnar. Einnig má benda á að með því að hafa sölubann verður náttúrlega að banna innflutning í leiðinni. Flutningsmenn vilja engu síður benda á bannið sem einn af þeim möguleikum sem hæstv. ráðherra getur notast við.

Í fjórða lagi leggjum við til hámarksveiði á hvern veiðimann. Unnt væri að setja kvóta á hvern veiðimann en samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar veiða um 67% veiðikortahafa aðeins rjúpu. Meðalveiði á veiðimann hefur verið um 20–25 rjúpur undanfarin ár en þó er talið að um 10% veiðimanna hafi veitt um og yfir helming allra veiddra rjúpna undanfarin ár. Ef veiðarnar væru kvótasettar væri hægt að koma í veg fyrir veiðar í atvinnuskyni. Í þessu tilfelli verður að breyta lögum og helst að tengja þetta veiðikortinu.

Við bendum einnig á að eðlilegt er að hagsmunasamtök skotveiðimanna setji siðareglur um fjölda veiðiferða og veiddra fugla eins og tíðkast víða í lax- og silungsveiði. Væntanlega vilja þeir hafa rjúpnastofninn í góðu ástandi og geta veitt úr honum. Þetta hefur gefist ágætlega í lax- og silungsveiði og betur eftir því sem lengra líður.

Í fimmta lagi bendum við á að hægt væri að banna veiði tiltekna daga vikunnar, t.d. á sunnudögum og jafnvel einnig tvo daga í miðri viku. Með því fækkar veiðidögum innan veiðitímabilsins. Ef veiðitímabil er þannig brotið upp ætti einnig að draga úr ásókn magnveiðimanna.

Að lokum benda flutningsmenn á að með lögum nr. 60/2003, sem öðlast gildi 15. október 2003, verður óheimilt að notast við vélsleða og fjórhjól við veiðarnar. Flutningsmenn leggja áherslu á að virkt eftirlit verði með þessum þætti og ætti það ásamt öðrum aðgerðum sem hér eru upp taldar að geta stuðlað að minni sókn í íslenska rjúpnastofninn. Það yrði þó með þeim hætti að menn gætu skotið sér í soðið, a.m.k. haft rjúpur á jólaborðinu.

En það er annað sem er nokkuð merkilegt sem ég heyrði í fréttum um daginn sem hefur náttúrlega áhrif á viðgang rjúpnastofnsins. Það er fjölgun refs og minks í landinu. Refastofninn hefur fimmfaldast á síðustu 10 árum. Minki fjölgar

verulega. Mönnum sem hafa farið á tófugreni og séð hvað er á matseðli tófunnar er ljóst að þar kemst rjúpan ekki undan.

Ég spyr: Er ekki betra og væri sú aðferð ekki áhrifaríkari, í staðinn fyrir að friða refinn eins og gert var á ákveðnum svæðum á landinu, að auka veiðar á ref og minki? Þetta eru mestu óvinirnir, báðir þessir vargar, hjá fuglum landsins. Þar sem ref og minki hefur fjölgað er mófugl nánast horfinn. Gaman væri að fá að vita hjá ráðherranum hve miklum fjármunum hefur verið varið í veiðar á ref og minki undanfarin ár? Hafa þeir fjármunir verið auknir eða hafa þeir minnkað? Eru áform uppi um að auka veiðarnar í stofnana? Hvað gerist ef ref og minki heldur áfram að fjölga eins og útlit er fyrir ef fram heldur sem horfir?

Flutningsmenn vona að þáltill. verði samþykkt og ráðherra muni taka vel í þá möguleika sem þarna er bent á til að við getum áfram verið með sjálfbæra veiði úr rjúpnastofninum. Boð og bönn eru ekki alltaf töfraorðin til að leysa öll mál.

[16:36]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að nauðsynlegt sé, þar sem hv. þm. virðist hafa gleymt forsögu þessa máls, að minna á að umhvn. beindi því sérstaklega til ráðherra að stytta veiðitímann, að ráðherra hefði tök á að vernda rjúpnastofninn með því að stytta veiðitímabilin. Nefndin telur að það verði vænlegra til árangurs við að vernda rjúpnastofninn en sölubannið. Nú virðist þingmaðurinn allt í einu standa í þeirri trú að nefndin hafi verið að beina því til ráðherra að taka upp friðuð svæði o.s.frv. Það var ekkert minnst á það í nefndarálitinu á sínum tíma.

Samkvæmt lögum er það hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að meta rjúpnastofninn og koma með tillögur um veiðar úr honum, eins og Umhverfisstofnun gerir raunar líka. Ég vil halda því til haga vegna þeirra orða sem hv. þm. lét falla hér áðan.

Síðan verð ég að segja að tvö atriði í þessari þáltill., kannski tvö meginatriði sem þingmennirnir vilja að gripið sé til, eru ekki á valdi ráðherra. Það þarf að breyta lögum til þess að hægt sé að grípa til þeirra úrræða. Það þarf að breyta lögum ef grípa á til tímabundins sölubanns og líka ef það á að grípa til kvóta. Ég furða mig á því að þessi tillaga komi fram í formi þáltill. þar sem sagt er við ráðherrann: Þú átt að nota eina til fleiri af þessum aðferðum. Bara nota þær. Ráðherrann sem hér stendur getur ekki notað þessar aðferðir. Fyrst þarf að breyta lögunum. Ég lýsi furðu minni á því að þingmenn skuli leggja til að ráðherra noti aðferðir sem ekki eru á hans valdi. Mér finnst það innistæðulaust og varla sæmandi.

Hins vegar vil ég koma á framfæri að ég deili hugmyndum hv. flutningsmanns varðandi ref og mink. Við höfum notað um 500 millj. kr. á síðustu sjö árum til að eiga við ref og mink og stóraukið það framlag á síðustu árum. En við þurfum að gera enn betur í að nýta þetta fjármagn. Það eru tvær nefndir að fara í gang til að vinna sérstaklega að því.

[16:38]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einu sinni þannig, hæstv. ráðherra, að þú situr hér á löggjafarsamkundu Íslendinga. Þurfi að breyta lögum þá væntanlega leggur þú fram frv. til þess arna. Það hefur verið gert í öðrum málum og væri hægt að gera það í þessum málum líka.

Það sem vakir fyrir okkur er að benda ráðherranum á lausnir. Kannski er furðulegast í þessu máli að ráðherra stökkvi upp á nef sér út af því. Umhvn. lagði til að stytta veiðitímann síðasta vor, það er alveg rétt, en við lögðumst gegn sölubanni. Það sem við erum að gera núna, flutningsmenn tillögunnar, er að bjóða upp á að ráðherrann geti nýtt sér það. Hæstv. ráðherra hefur tjáð sig um það í fjölmiðlum að hún hefði jafnvel verið tilbúin að skipta á sölubanni og veiðibanni. Þannig er mjög skrýtið að allt í einu grípi hún til alfriðunar, einn, tveir og þrír.

Ég spyr: Hvað hefur breyst frá því í vor? Við skulum segja að umhverfisnefndin hefði samþykkt að fara þá leið að algert sölubann mundi taka gildi. Værum við þá í sömu stöðu? Væri verið að banna veiðar úr rjúpnastofninum í dag, eða hvað? Væri ekki búið að aflétta friðuninni? Hvað er í gangi? Hvað hefur breyst á svona stuttum tíma? Það væri gaman að fá svör við því.

Það sem vakir fyrir flutningsmönnum er að við getum stundað sjálfbæra nýtingu á rjúpnastofninum, til góða fyrir landsmenn, veiðimenn og aðra sem njóta góðs af, landeigendur, bændur og aðra sem geta bætt lífsafkomu sína með veiðum.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill áminna hv. þm. um að ávarpa þingið rétt.)

[16:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. spyr: Hvað hefur breyst síðan í vor? Það hefur gerst síðan í vor að ráðherra hefur tekið ákvörðun um veiðibann í þrjú ár. Auðvitað er það mjög stór ákvörðun og mikil breyting. Til hvers ætti að ráðherrann að fara að flytja frv. um lagabreytingar þegar ráðherrann er nýbúinn að ákveða veiðibann til þriggja ára?

Ég spyr: Af hverju í ósköpunum flytja ekki flutningsmenn tillögunnar lagafrumvarp? Af hverju er verið að biðja ráðherra að grípa til úrræða sem ekki væru samkvæmt lögum? Ég get ekki gripið til slíkra úrræða samkvæmt lögum. Þið eruð að biðja mig í þessari tillögu ykkar að grípa til tveggja úrræða, veiðikvóta á mann og tímabundins sölubanns. Það er ekki hægt nema lögum sé breytt. Ég reyndi að fá slík lög í gegn síðasta vor. Það tókst ekki, m.a. vegna þess að hv. þm., Gunnar Birgisson, stóð gegn því.

Nú eru greinilega breyttir tímar og menn sjá að sér í þessu. En ég er búin að taka þessa ákvörðun. Það er breytingin frá því í vor. Þess vegna dettur mér ekki í hug að flytja lagafrumvarp núna. Ykkur væri nær að flytja það ef ykkur er svo mikið í mun að aflétta veiðibanni. Af hverju gerið þið það þá ekki?

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil áminna hæstv. ráðherra um að ávarpa þingið rétt.)

[16:42]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst um að aflétta veiðibanninu. Það þarf enga breytingu á lögum til að aflétta veiðibanninu, hæstv. ráðherra. Það er gert með reglugerð.

Spurningin er um hvaða framgang þessi þáltill. fær í þinginu. Verði hún samþykkt tekur hæstv. umhvrh. hana væntanlega til umfjöllunar og skoðunar. Það er það sem við erum að biðja um, flutningsmenn þessarar tillögu, að leitað verði leiða til að sjálfbærar veiðar geti haldið áfram úr rjúpnastofninum á Íslandi. Um það snýst málið.

Það þýðir enga viðkvæmni, hæstv. ráðherra, þótt við í umhvn. höfum verið á móti sölubanni í vor. Ég breytti um

skoðun í þessu máli til að veiðar gætu hafist úr stofninum. Ég hélt að það væri ósk hæstv. ráðherra að fá þetta sölubann. Hún getur breytt lögum núna, lagt frv. fram strax. Það er ekki málið.

[16:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi vil ég segja þetta: Að sjálfsögðu er það skoðun okkar jafnaðarmanna að rjúpan eigi að njóta vafans. Það er númer eitt.

Í öðru lagi vil ég segja: Það er arfur Samfylkingarinnar að halda vel á þessum málum. Það voru umhverfisráðherrar jafnaðarmanna, fyrst Eiður Guðnason og seinna Össur Skarphéðinsson, sem stóðu annars vegar fyrir aðild Íslendinga að Bernarsamningnum og hins vegar að ná villidýrafrumvarpi í gegnum Alþingi. Ef ég man rétt þá tók það fjögur ár. Ég vildi benda á þetta í upphafi.

Þá sný ég mér að þessari merkilegu tillögu. Fyrir hvað er þessi tillaga merkileg? Hún er merkileg fyrir það að hún sýnir okkur átök í stjórnarmeirihlutanum. Þessi tillaga snýr ekki að hinum breiða hópi Alþingis. Nei, 14 af flutningsmönnum hennar eru sjálfstæðismenn sem eiga 22 manna þingflokk. Þeir sem ekki eru á tillögunni eru annaðhvort ráðherrar, forseti Alþingis eða verðandi umhverfisráðherra 15. sept. að ári. Allir aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja þessa tillögu gegn umhvrh. Það er meginmálið. Þetta blasir við okkur og það sem við hljótum að gera hér í dag er fyrst og fremst að brosa og hlusta. Við spyrjum: Hvernig reiðir þessu stóra máli af innan stjórnarmeirihlutans?

Að vísu eru tveir til þrír framsóknarmenn og einn stjórnarandstæðingur á þessu. En uppistaðan er sú sem ég hef þegar greint frá. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, virðulegur forseti, að þetta sé sýndartillaga og ekkert annað vegna þess að þingið kom saman 1. október. Umræðan um rjúpuna stóð í sumar og það var í sumar sem yfirlýsingar þingmanna komu í stríðum straumum. Það er 4. nóvember núna og við erum að tala um þáltill. um að breyta ákvæðum á þessu hausti um veiðar.

Við komum saman í umhvn. þingsins og 1. flm. og fleiri flutningsmenn frumvarpsins eiga sæti í umhvn. þingsins. Á fyrsta fundi umhvn. spurðum við jafnaðarmenn hvort taka ætti rjúpuna fyrir í nefndinni, af því að sagt hafði verið að rjúpan yrði tekin fyrir í umhvn. Alþingis. Engin svör komu við því. Á öðrum fundi spurðum við: Á að taka rjúpumálið fyrir í nefndinni? Engin voru svör og mest lítið um mætingar þeirra sem hæst höfðu haft í sumar.

Á þriðja fundi báðum við um að málið yrði sett á dagskrá en tókum það reyndar upp undir liðnum Önnur mál þar sem það gekk ekki og spurðum: Á nú að taka málið fyrir í nefndinni? En þá var það að sjálfsögðu ekki tímabært. Vegna hvers? Vegna þess að sýndartillaga var komin fram á Alþingi, sýndartillaga um að hætta við veiðibannið og leyfa eitthvað annað með tillögum í fimm liðum þar sem uppistaðan er lagasetning, sem færi væntanlega í gang núna eftir 4. nóvember.

Hver trúir þessu? Hver trúir því að hugur hafi fylgt máli hjá þeim sem hæst höfðu í sumar? Ekki nokkur maður. Þetta er aðferðafræði þeirra sem vilja láta taka eftir sér, aðferðafræði þeirra sem vilja skora inn í hópa veiðimanna sem segja: „Já, þetta eru sko okkar menn í þinginu. Þeir vildu aflétta veiðibanninu." Það er ekkert að marka þetta.

Í greinargerð þáltill. er sagt, með leyfi frú forseta:

„Flutningsmenn benda einnig á að ákvörðun umhverfisráðherra gengur þvert gegn vilja umhverfisnefndar Alþingis sem lagði til að beitt yrði öðrum lögmæltum aðferðum en sölubanni á rjúpu og er þá augljóst að nefndin gerði ekki ráð fyrir að ráðherra gripi til alfriðunar ..."

Ég tek það fram að hér er ekki talað fyrir mína hönd sem á sæti í umhvn. enda er verið að vísa til afstöðu umhvn. á fyrra kjörtímabili. Ég þekki ekki til þeirrar umræðu að öðru leyti en því að a.m.k. einhverjir nefndarmenn þar hafa gert sér grein fyrir því og hafa sagt að þar sem lagst var gegn veiðibanni, og þeir tóku þátt í því, þá hlyti það að hafa blasað við að þetta yrði ein leiðin.

Ég tók líka eftir því á fundi sem ég var á um daginn og í gögnum sem ég hef fengið að það var mat veiðistjóra að sölubann á rjúpu gæti í besta falli dregið úr veiði 15–20%. Ef það er rétt þá hefði auðvitað þurft að beita fleiri aðgerðum.

Mest hefur verið talað um sölubann og veiðibann. Við í Samfylkingunni vorum búin að taka eina meginákvörðun í sumar og hún var sú að vera tilbúin til samræðna í nefnd um það hvort það fyndust leiðir sem væru ásættanlegar og allir gætu sæst á, þ.e. aðrar en alfriðun, en fyrst og fremst að fara þá leið sem best væri til að ná stofninum upp.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að nefna það að auðvitað horfum við á það að uppsveifla stofnsins, þessi tíu ára uppsveifla, er minni en nokkru sinni fyrr og auðvitað vitum við að nú er rjúpnastofninn 300–500 þúsund fuglar á hausti og að í hámarki væri hugsanlegt að koma honum upp í 1 milljón, meðan á síðustu öld var stofninn fimmfalt það. Verið er að tala um að fá að skjóta sér til matar. Það eru nú refurinn og minkurinn og fálkinn fyrir utan manninn sem eta rjúpuna. Og ef það er eina leiðin sem fær er þá mun sú sem hér stendur taka þátt í því að hægt sé að nota þessi þrjú ár til þess að búa til veiðistjórnarkerfi og byggja upp griðlönd á tilteknum svæðum á landinu til þess að síðar og eftir þessi þrjú ár muni siðferði gilda í veiðum hér á landi. Að sjálfsögðu munum við þingmenn Samfylkingarinnar taka þátt í umræðu um þessa þáltill. í nefnd enda höfum við mætt þar og látum að sjálfsögðu til okkar taka vinnuna þar og verði farið í vinnu á þessari tillögu og kallaðir til allir þeir fræðingar sem þarf þá munum við að sjálfsögðu kynna okkur þau viðhorf, virðulegi forseti.

En þessi tillaga hér hefði átt að koma fram strax ef nokkrum datt í hug að ná henni fram.

[16:52]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er enn að reyna að átta mig á hver skoðun Samfylkingarinnar er í þessu máli. Ég átta mig ekki alveg á því. Hún er tilbúin að skoða málið. En það á að taka þrjú ár að skoða það, eða bara í haust? Ég er þarf nú kannski að fá svar hjá hv. þm. við því.

En eitt er það sem hv. þm. sagði og mér líkar ekki. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fullyrti að hugur fylgdi ekki máli. Það er bara alrangt. Hér fylgir hugur máli eins og við eigum eftir að komast að raun um þegar við munum fjalla um þessa tillögu í umhvn. þingsins.

Svo vil ég benda hv. þm. á það að mér er ekki kunnugt um að rjúpan sé í ákveðnum stjórnmálaflokki.

[16:53]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei sem betur fer eru dýr merkurinnar ekki í stjórnmálaflokkum. Guði sé lof fyrir það. En það er samt ánægjulegt að líta til þess að sumir stjórnmálaflokkar

hafa fram að þessu staðið betur vörð um t.d. þessi dýr sem ég hef tiltekið en aðrir.

Víst er það sýndartillaga, þó hugur fylgir máli, ef menn koma ekki fram með þáltill. strax í fyrstu viku þingsins eftir að hafa þanið sig út megnið af sumrinu um hvað þeir ætli að gera þegar þing kemur saman. Ef hugur fylgir máli þá *kemur þetta mál fram í fyrstu viku. Ef hugur fylgir rækilega* máli þá flytja menn frv. til þess að þingið geti tekið afstöðu til lagaákvæðanna, en ekki þáltill. til að fá viljayfirlýsingu þingsins sem síðan á að fara til ráðherrans. Síðan á hann að fara að flytja frv. með þessum lagaákvæðum.

Við vinnum eftir ákveðnu ferli í þinginu. Við vitum hver munurinn á þáltill. og frv. er og þau eru notuð miðað við það hvernig á að vinna málið. Stundum er þingið að senda álit til ráðherranna og biðja þá að vinna frekar með málið. En ef menn ætla að ná ákveðnum hlutum fram og strax í kjölfar málsins — ef það er nú von til þess að fá það samþykkt — þá flytja þeir frumvarp.

Allt í þessu máli er æpandi staðfesting á því að menn eru að reyna að bjarga sér með að koma með eitthvað fram of seint og of illa unnið til að nokkur vegur sé að þetta nái fram að ganga.

[16:54]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekki að spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að því hvenær ég mun leggja fram þingsályktunartillögur eða önnur mál hér í þinginu.

En það er gaman að heyra það að Samfylkingin standi vörð um dýr merkurinnar. (Gripið fram í.) Það er orðrétt haft eftir hv. þingmanni. (Gripið fram í.) Annað sem hv. þm. sagði var að rjúpan ætti að njóta vafans. (**Gripið fram í:** Ha?) Þetta eru svona frasar sem hafa heyrst lengi.

En, hv. þm. *Rannveig Guðmundsdóttir*, þessi þáltill. verður auðvitað rædd í umhvn. og kemur væntanlega aftur inn í þingið. Ég er enn þá að auglýsa eftir skoðun Samfylkingarinnar. Er hún með eða á móti þessari þáltill.? Ég hef ekkert heyrt neitt um það né heldur hvort hún vilji fjalla um hana í tvo mánuði eða þrjú ár. (**Gripið fram í:** En Sjálfstfl., hvar er hann?)

[16:56]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo ágætt að þetta mál snýst ekkert um Samfylkinguna. Að vísu er búið að vera mjög skemmtilegt á Alþingi undanfarna daga því alveg sama hvaða mál hefur komið upp hér, hvaða stjfrv. hefur komið til umræðu, þá hefur umræðan alltaf snúist upp í að fjalla um Samfylkinguna og stefnu hennar. Það er sama hvort það er sala á Landssímanum eða eitthvað annað, áður en menn vita eru þeir komnir í umræðu um Samfylkinguna.

En ég hef mest gaman af þessari tillögu og kem fyrst og fremst upp til að segja frá því og vekja athygli á því hvað hún er gagnslaus. Fyrst og fremst ætla ég þó að fylgjast með hvernig umræðan verður á milli stjórnarflokkanna. Þetta er þeirra mál. Heill þingflokkur sjálfstæðismanna leggst gegn ráðherranum í samstarfinu og leggst væntanlega gegn þingmanni þeirra því hver verður staða þingmannsins þegar hún verður orðinn ráðherra að ári vegna þess að búið er að taka þessa ákvörðun um friðunina.

Hér á sér því stað alveg einstaklega skemmtilegt mál sem við höfum fulla ástæðu til að sitja yfir á þessum þriðjudagseftirmiðdegi og fylgjast með þingmönnum stjórnarflokkanna og orðræðu þeirra.

[16:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ekki verður á móti því mælt að þetta er óvenjulegt þingmál. Hér flytja 18 þingmenn, þar af 17 stjórnarsinnar, tillögu sem gengur út á það að grípa fram fyrir hendur ráðherra ríkisstjórnarinnar, sem sömu þingmenn *eru stuðningsmenn að, og segja henni fyrir verkum* gagnvart nýlega tekinni ákvörðun framkvæmdarvaldsins um tímabundið veiðibann á rjúpu. Einhvern tíma hefði þetta nú verið talið nálgast vantrauststillögu á ráðherra. Það verður að segjast alveg eins og er að ef maður nennti að taka þetta mál alvarlega sem slíkt þá væru það auðvitað stórtíðindi í stjórnmálalegu samhengi.

Það er ekki á hverjum degi sem ríkisstjórn, þingbundin meirihlutaríkisstjórn, sem sækir umboð sitt til stjórnarmeirihlutans á Alþingi fær á sig mál af þessu tagi, að ákveðið er að flytja tillögu og grípa fram fyrir hendur ráðherrans, taka af honum valdið og segja honum fyrir verkum. Það er auðvitað á öllu venjulegu mannamáli ósköp einfaldlega vantraust á embættisfærslu ráðherrans.

Ég ætlaði nú ekki að elta ólar við það satt best að segja. Ég hef miklu meiri áhuga á því að ræða efnisþætti þessa máls og stöðu rjúpnastofnsins. Að sjálfsögðu flytur hv. þm. Gunnar Birgisson öll þau þingmál sem hann vill. Hann hefur ekki íþyngt okkur mjög með miklum fjölda þeirra á undanförnum árum. Hann flutti eitt stórmerkilegt þingmál á síðasta kjörtímabili um box og nú er hann kominn að því að leyfa veiðar á rjúpu. Það verður spennandi að vita hvað hann tekur fyrir á þriðja kjörtímabili sínu ef hann verður svo lengi á Alþingi.

Ég verð líka að segja að tillagan er mjög sérkennileg. Hún er ekki bara sérkennileg vegna þess hvernig hún er flutt, í hvaða samhengi við *stjórnarsamstarfið*, hún er sérkennileg vegna þess að hún er hrærigrautur af mismunandi valkostum um að vernda rjúpuna. Það er bara bögglauppboð, hvað viltu? Viltu sölubann, viltu kvóta, viltu þetta eða hitt? Það eru í raun og veru sex kostir og boðið upp á að taka einn þeirra eða blöndu af þeim. Ég spyr á móti: Er samstaða í hópi flutningsmanna um einhvern af þessum kostum? Eru allir þessir átjánmenningar sammála um sölubann? Eða eru þeir sammála um að stytta veiðitímann eða eru þeir sammála um að þetta eigi að vera kvóti eða hvað? Maður hefði getað tekið þessa tillögu alvarlega ef hún hefði falið í sér skýra stefnumótun: Svona viljum við hafa þetta, leyfa veiðar á rjúpu en vernda hana með tilteknum aðgerðum. En það er ekki, m.a. vegna þess að baklandið er væntanlega þannig að þeir hafa ekki komið sér saman um neitt annað en tillöguflutning af þessu tagi. Síðan á að henda pakkanum í umhvn. þingsins og ráðherra. En umhvn. sat yfir þessu máli í allan fyrravetur og niðurstaðan þar varð tiltekin eins og við þekkjum.

Ég flutti tillögu strax á fyrsta degi þings haustið 2002 um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Ég hef reyndar hreyft því máli og hafði hreyft því máli þrjú haust í röð vegna vaxandi áhyggna af því hvernig stofninn var á hraðri niðurleið. Því miður var ekkert undir það tekið og verð ég að vísa til vonbrigða minna með það að þá aðhafðist umhvrh. ekkert eins og ég hefði gjarnan viljað. Ég lagði t.d. fram fsp. í hittiðfyrrahaust um hvort til greina kæmi að stytta veiðitímann. Þeirri fsp. var ekki svarað. Það dróst að svara henni þangað til veiðin var byrjuð. Svipað var upp á teningnum í fyrra þegar ég lagði fram á fyrsta degi þingsins, 1. október, tillögu um styttingu veiðitímans í von um að slíkar aðgerðir

dygðu. Þá var ekkert aðhafst og enn eitt haustið fór fram hjá okkur. Sú tillaga fól það að vísu í sér að ef ekki slík friðun og nákvæm vöktun á stofninum sýndi að óhætt væri að leyfa veiðar þá skyldi grípa til harðari aðgerða, annaðhvort sölubanns eða alfriðunar stofnsins um eitthvert árabil. Ég er enn þeirrar skoðunar að grípa verði til aðgerða. Og til að það sé algerlega á hreinu, sé ekkert annað í boði en sú algera friðun rjúpunnar tímabundið sem ráðherra hefur ákveðið þá styð ég það því að eitthvað verður að gera, það er algerlega ljóst.

Ég hef fylgst með ástandi rjúpnastofnsins lengi. Ég hef gengið til rjúpna á heimaslóðum mínum síðan ég var unglingur. Ég ætla ekki að upplýsa hvað ungur ég var þegar ég byrjaði en það eru a.m.k. 25–30 ár síðan. Ég hef fylgst með því ásamt með staðkunnugum mönnum á norðausturhorni landsins hvernig ástand stofnsins, þar sem hann á nú af náttúrufarslegum ástæðum að vera hvað sterkastur, hefur hríðversnað og er hörmulegt í dag, það fullyrði ég sem ég stend hérna. Það er hörmulegt ástand þegar eitt eða tvö rjúpnapör verpa í þjóðgarðinum í Öxargljúfrum, þegar hægt er að ganga klukkustundum saman um móa á Þistilfjarðarheiðum, Melrakkasléttu og Langanesi án þess að verða var við nema eitt og eitt rjúpnapar á stangli í besta kjörvarplandi rjúpunnar á Íslandi. Þá er hörmulegt ástand á þeim stofnum, þar sem maður smalaði ungur maður til rúnings á sumrin og ekki var þverfótað fyrir rjúpu. Það var alveg sama hvert litið var, þar voru rjúpnahópar að fljúga upp, a.m.k. í góðum árum þegar stofninn var í uppsveiflu.

Auðvitað kemur þar fleira til en veiðin, það vitum við vel. En það er einföld staðreynd að veiðin er sá þáttur sem við getum haft áhrif á. Ég sé ekki annað en að óhjákvæmilegt sé að taka þetta ástand stofnsins mjög alvarlega.

Ég hefði auðvitað bundið vonir við það ef menn hefðu gripið tímanlega í taumana að komast hefði mátt hjá algeru veiðibanni vegna þess að það er óæskilegt í sjálfu sér að þurfa að hætta veiðunum alveg. Þá rofnar þar ákveðið samhengi sem er við veiðarnar og ákveðnar upplýsingar sem þær gefa á hverju ári. En það er ekkert vit í öðru en að láta þennan stofn njóta viðurkenndra varúðarsjónarmiða. Og við skotveiðimenn, af því að ég segi við skotveiðimenn, eigum að vera í fararbroddi þeirra sem hafa það sjónarmið í heiðri og að leiðarljósi að hér verði að fara fram með aðgát. Ég læt ekki undan þrýstingi jafnvel þó að þeir menn hóti mér því í tölvubréfum að kjósa mig ekki oftar þegar ég hef sannfæringu fyrir máli af þessu tagi. Það eru ekki röksemdir sem bíta mikið á undirritaðan.

Nei, góðir fundarmenn, mér sýnist það næsta ljóst — eða næsta víst, eins og ónefndur íþróttafréttaritari mundi orða það — að það mun koma til með að ríkja veiðibann í haust, það mál er fallið á tíma. Er þá ekki hyggilegt að menn grafi stríðsaxirnar og taki þetta mál í vandaða skoðun í vetur í nefnd þingsins og meðal stjórnmálaflokkanna? Kannski komast menn niður á samkomulag sem gerir það að verkum að menn treysta sér til að opna aftur fyrir einhverja takmarkaða og vel stýrða veiði. Ef ekki, þá held ég að varúðarsjónarmiðin eigi að gilda.

Ég hef velt því mikið fyrir mér hvort hægt væri að færa stýringu á rjúpnaveiðunum yfir í svipaðan farveg og gildir um hreindýraveiðarnar þannig að þetta væri leyfisbundið, þessu væri stýrt svæðisbundið og landeigendur og sveitarfélög nytu þá arðs af þeirri sportveiðimennsku og hægt væri kannski að ná betra samkomulagi og betri sátt milli íbúa svæðanna, landeigenda, sveitarfélaga og svo aftur sportveiðimanna. Öllum er fyrir bestu að þessi mál komist í einhvern skynsamlegan og jákvæðan farveg en séu ekki í þeim skotgrafahernaði sem núna ríkir.

[17:05]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara þingmanninum þá var gaman að heyra að hann er fylgjandi — gaman að heyra það, hann segir það beint út að hann sé með veiðibanni á rjúpu, en hv. þm. vill skoða málið betur.

Það er búið að skoða þetta mál allvel. Ég hef jafnmiklar áhyggjur af rjúpnastofninum og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og ég hef gengið til rjúpna líka. En það sem vakir fyrir flutningsmönnunum er að gefa ráðherranum möguleika til að opna fyrir málið þannig að hægt sé að veiða úr stofninum að litlu leyti.

Vissulega er skotveiðin ríkjandi þáttur í ástandi rjúpnastofnsins en það eru einnig margir aðrir þættir, m.a. refur og minkur, eins og við höfum rætt um, og það þarf að fækka þeim. Það væri gaman að heyra í hv. þm. hvort hann hafi ekki orðið meira var við ref á þeim slóðum sem hann er frá en verið hefur undanfarin ár og nú flæðir minkurinn um allt land og sumum finnst það hið besta mál, að hafa þessi dýr um allt.

Það er ekki um neitt bögglauppboð að ræða, það er verið að gefa þarna möguleika í málinu og þetta er vel meint bæði fyrir rjúpuna og veiðimennina.

[17:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé langbest fyrir hv. þm. að lesa ræðuna mína, þar útskýri ég viðhorf mín. Ég tók fram, svo það misskiljist ekki, ég sagðist hiklaust vera fylgjandi veiðibanni ef aðrar fullnægjandi verndaraðgerðir væru ekki í boði. Sem sagt, það væri hreint ábyrgðarleysi að aðhafast ekkert. Eins og staðan er þá styð ég það þangað til náðst hefur samkomulag um að fara einhverjar aðrar leiðir sem menn eru sannfærðari um að sé verjanlegt að nota þegar eða ef menn opna fyrir veiðar á nýjan leik, sem við auðvitað vonum að verði sem fyrst.

Eitt sem að sjálfsögðu þarf jafnan að gera er að fylgjast mjög náið með ástandi stofnsins og hvort hann réttir úr sér. Kannski gerist það og vonandi, hvort sem það verður þá þakkað veiðibanninu eða að hve miklu leyti, því að auðvitað eru þarna margir þættir samverkandi, það vitum við vel. Það er ýmislegt til í því að ástæða sé til að ætla að fjölgun refs og minks hafi þarna sín áhrif, tíðarfar og ýmislegt fleira. Kannski eru einhverjar líffræðilegar aðstæður í stofninum sem við ekki vitum og í sumum tilvikum vitum við að það er, það eru sýkingar og annað slíkt sem hefur sín áhrif.

En aftur komum við að þessu sama að sjálfar veiðarnar eru auðvitað sá þáttur sem er hendi næst til að beita ef við teljum að grípa þurfi til aðgerða til að byggja stofninn upp, þ.e. að draga úr álaginu. Þetta er það sama og við erum að gera víða annars staðar í lífríkinu, á fiskimiðunum o.s.frv., og ætti ekki að vera okkur neitt nýtt eða framandi. Reynslan sýnir líka, bæði frá Íslandi og nálægum löndum, t.d. Grænlandi, að menn geta lent í því að fara algerlega offari í veiðiálagi á fuglastofna. Það er hörmulegt ástand á mörgum veiðitegundum í Grænlandi svo dæmi sé tekið, þannig að hér er ástæða til að fara að með gát.

Ég held að það þjóni litlum tilgangi og sé a.m.k. ekki í þágu rjúpunnar né heldur veiðimannanna að fara með þetta ofan í einhverjar sérstakar pólitískar skotgrafir, karp eða

annað því um líkt. Ég held að það sé langgáfulegast að gera það sem ég stakk upp á, að fara með þetta mál í vandaða skoðun í vetur í þingnefnd og vita hvort hægt er að ná út úr nefndinni sem hv. þm. situr í einhverri vitrænni niðurstöðu.

[17:10]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir jákvæð viðbrögð. Hann bara snerist um 180 gráður milli ræðna sem er nú mjög gott. Hann vill þá skoða þetta í fullri alvöru. Ég er sammála honum í því, auðvitað þurfum við að skoða þetta í fullri alvöru, það er ljóst.

Menn eru að tala um veiðiálag og annað. Það sem ég var að reyna að benda á áðan í upphafsræðu minni er fimmföldunin á refastofninum á undanförnum tíu árum. Hvað halda hv. þingmenn að slíkt þýði fyrir álagið á rjúpnastofninum? Refurinn hirðir bæði egg og drepur ungana. Mér finnst að menn þurfi að skoða það líka í leiðinni. Þegar við skoðum þetta í nefndinni förum við auðvitað yfir þetta.

Ég þakka fyrir jákvæð viðbrögð og vonandi eigum við eftir að eiga gott samstarf við fulltrúa þingflokka í nefndinni.

[17:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hætti mér ekkert frekar út í orðræður við hv. þm. um túlkanir á afstöðu manna hér. Hann virðist fara mjög frjálslegar leiðir í því að gera menn ýmist að andstæðingum sínum eða samherjum á víxl. Ég tel að ég hafi ekki tekið neinar U-beygjur í þessu máli heldur talað fyrir sjónarmiðum mínum sem eru í aðalatriðum eins og þau hafa verið og hv. þm. verður bara að búa við það.

Mér finnst að vanti að nefna til sögunnar og þessara umræðna einn þátt, þ.e. fálkastofninn. Enginn vafi er á því að einnig er mikil ástæða til að hafa áhyggjur af afkomu hans og velferð í framhaldi af því hvernig rjúpnastofninn hefur sannanlega hrunið. Staðkunnugir menn telja sig verða vara við það að fálkinn sé í æ meira mæli farinn að reyna að leita sér í aðra fæðu en sína kjörfæðu sem er rjúpnastofninn, lunda eða hvað sem það nú er. Við vitum að mikil deila er um refinn og ekki eru allir sammála um hvort halda eigi honum niðri af þeirri hörku sem ýmsir vilja og þarf auðvitað að gera ef á að hafa bein áhrif á þátt hans í þessu afráni á rjúpnastofninum.

Þá erum við komin kannski inn í flóknari umræðu þar sem um fjölstofna samspil í lífríkinu er að ræða og að hve miklu leyti við erum til þess bær, mennirnir, að fara að stýra því með því að veiða tegundirnar þannig niður á víxl að þær séu í jafnvægi. Þetta er hugmyndafræði sem liggur að baki rannsóknum á hvölum á Íslandi um þessar mundir og mætti nú margt um það segja en er víst eitthvað önnur saga.

En aðalatriðið er, virðulegi forseti, að hér ber að viðhafa þær leikreglur í samskiptum við náttúruna sem skynsamlegastar eru og það er varúðarsjónarmið, því það er nefnilega auðvelt mál að opna á nýjan leik fyrir veiðar þegar eða ef menn eru öruggir um að það sé óhætt. Hitt er ekki eins auðvelt ef stórslys verða í náttúrunni hvað það varðar að menn hafi gengið of nærri tilteknum tegundum. Þess vegna er auðvitað miklu auðveldara að leysa málið í þá áttina ef menn kunna fótum sínum forráð.

[17:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hér og snýr að alfriðun eða því að ekki verði stundaðar rjúpnaveiðar í þrjú ár horfir þannig við þeim sem hér stendur að hann er alfarið á móti allsherjarbanni á veiðum á rjúpu. Það eru margar ástæður fyrir því, virðulegur forseti. Og þó að ég sé jafnframt hlynntur því að farið verði varlega í nýtingu á rjúpnastofninum og veiðar úr honum þá finnst mér aðferðin sem valin er, að taka upp allsherjarbann til þriggja ára, í raun og veru alveg arfavitlaus svo ég orði það bara eins og mér finnst það liggja fyrir. Hvers vegna held ég því fram að það sé vitlaust að fara í málið með þeim hætti að taka upp allsherjarbann? Jú, ég hugsa að ég geti bara best skýrt það með því að taka dæmi af fiskveiðistjórninni. Hafrannsóknastofnun hefur einstaka sinnum tekið sér það fyrir hendur að setja allsherjarveiðibann á svæði á fiskislóðum við Ísland, m.a. er búið að vera tæplega 20 ára bann við veiðum á Strandagrunni. Hvað vita menn um Strandagrunn í dag? Hvað hefur breyst á þeirri veiðislóð? Hvaða fiskmagn er þar? Hvaða tegundir eru þar? Hvernig hefur lífríkið breyst? Hvernig hefur umhverfið breyst? Ekki neitt? Menn vita nánast ekki neitt. Það fóru engar skipulegar rannsóknir fram á svæðunum áður en allsherjarbann var sett á. Þar af leiðandi vissu menn ekki hvernig svæðið leit nákvæmlega út. Síðan hafa ekki farið fram markvissar rannsóknir á því svæði þannig að menn viti hvað hefur gerst eða hvernig svæðið hefur breyst og sama á að mínu viti við varðandi þá allsherjartakmörkun að taka upp þriggja ára veiðibann á rjúpu. Og hvað svo? Hvað ætlum við að gera eftir þrjú ár? Á hvaða þekkingu ætlum við að byggja eftir þrjú ár? Ætlar hæstv. umhvrh. að sjá til þess að kannski verði ráðnir einhverjir 50–60 menn sem gangi um landið dag eftir dag eftir dag til þess að telja rjúpur og byggja þekkinguna fyrir framtíðina eftir þrjú ár á þeirri talningu? Eða hvernig ætlum við að öðlast samfellda þekkingu á hvaða breyting er að verða í stofninum?

Ég held því fram, virðulegi forseti, að við eigum að viðhalda þeirri þekkingu sem við þurfum á dýrastofnum með því að nýta þá skynsamlega. Ég tek alveg undir það sem hv. síðasti ræðumaður vék að, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að þegar dýrastofnar eru í lægð og við erum smeyk um að verið sé að ganga of nærri þeim, þá eigum við auðvitað að láta þá njóta vafans að ákveðnu marki. En það er allt annað að velja sér aðferðir til að láta dýrastofna njóta vafans en að taka upp allsherjarbann. Það er alveg tvennt ólíkt. Og ég segi það enn og aftur, virðulegur forseti, á hvaða þekkingu ætlum við að byggja þegar við hefjum veiðar eftir þrjú ár eins og málið stendur núna? Ég held að veiðireynslan sé ákaflega mikils virði til þess að leggja mat á það hvernig dýrastofnar í lífríkinu á Íslandi eru að þróast og það eigi jafnt við um fugla sem fiska og það sé mikils virði að hún sé til staðar. Þess vegna styð ég það, virðulegi forseti, að allsherjarbanni verði aflétt en í staðinn verði tekin upp virkileg takmörkun við veiðar á rjúpu. Það má gera m.a. með aðferðum eins og bent er á í greinargerð með þessari tillögu og þó að hæstv. umhvrh. hafi sagt hér áðan að aðeins væri leitað tveggja úrræða, kvóta og sölubanns, þá er það náttúrlega ekki rétt. Bent er á margar fleiri aðferðir sem hægt er að nota til þess að stýra veiðum á rjúpnastofninum. (**Umhvrh.:** Ég sagði það ekki.) Ég skrifaði þetta eftir þér, hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að t.d. er alfriðun á refnum á Hornströndum einhver

vitlausasta aðferð sem ég hef upplifað á því að reyna að nýta lífríkið. Það er alveg furðulegt að menn skuli fara þannig í málin að taka upp alfriðun á dýri eins og tófunni sem hefur það auðvitað sér til ágætis að vera sérhæft veiðitæki því að tófan lifir á því að vera algerlega sérhæft veiðitæki í íslenskri náttúru. Hún ber sig auðvitað eftir þeirri björg sem hún finnur og rjúpan er vissulega valkostur þar og egg hennar og ungar. Það fer ekkert á milli mála þó að minkurinn sé e.t.v. enn meiri skaðvaldur en nokkurn tíma tófan sem hefur lifað með okkur í landinu um ár og áratugi.

Ég vil því segja það, virðulegi forseti, að ég tel að það væri mikið gæfuspor ef menn tækju þetta mál til málefnalegrar umræðu og settu niður tillögur um það, t.d. að veiðitíminn væri ekki nema mánuður og jafnvel að innan þess mánaðar ákvæðu menn að það mætti bara veiða fjóra daga í viku. Veiðiréttareigendur, þ.e. landeigendur sem á annað borð leyfa veiðar á rjúpu á sínu landi hafa vissulega tök á því að setja reglur um aðgang að landi sínu og hversu mikið þeir vilja láta veiða og hvaða reglur þeir vilja að veiðimenn undirgangist. Þetta eru sömu aðilarnir og eru að selja mönnum aðgang að jörðum sínum til rjúpnaveiða. Og auðvitað geta samtök veiðimanna einnig komið sér saman um reglur um það hvernig þeir vilji haga veiðunum. Allt þetta er hægt án þess að beinlínis séu sett um það lög, boð og bönn.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að allsherjarbann finnst mér ekki koma til greina. Mér finnst það alveg út úr kortinu miðað við það að við þurfum vitneskju um þróun stofnsins og við fáum m.a. þá vitneskju með veiðum. Þess vegna er það alveg hárrétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék hér að áðan að það hefði vissulega verið betra ef menn hefðu tekið undir þær tillögur sem hann hefur verið að flytja og viðvörunarorð á undanförnum árum. Sá sem hér stendur er ekki rjúpnaveiðimaður, hefur einu sinni sest niður til að skjóta rjúpu og hitti ekki og hefur síðan ekki borið það við en skýtur svartfugl og aðra sjófugla með mikilli ánægju. Það er því ekki að neinu leyti um það að ræða að ég sé áhugamaður um það að taka upp öðruvísi stýringu á veiðum á rjúpnastofninum vegna þess að ég hafi áhuga á að stunda þær sjálfur. Mér finnst bara aðferðin, allsherjarbann, ja, ég orða það bara eins og venjulega, það alvitlausasta sem hægt er að gera til þess að átta sig á því hvernig rjúpnastofninn er að þróast.

[17:22]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér kom fram sú hugmynd sem margoft hefur komið fram að leyfa veiðar í mánuð. Ég vil taka það fram af því tilefni að það er of langur tími miðað við það sem sérfræðingar segja okkur. Það er ekki hægt að leyfa veiðar í mánuð. Það væri hugsanlega hægt að leyfa veiðar í viku en vegna öryggissjónarmiða hefur ekki verið talið eðlilegt að gera það. Staðan er bara svona slæm, það er ekkert hægt að leyfa veiðar í mánuð. Staðan er þannig að rjúpnastofninn vex um 20% milli ára. Hann á að vaxa um 50% milli ára. Til þess að minnka veiðiálagið um 50–70% þarf að grípa til þessarar friðunar sem við höfum gripið til. Mánuður er ekki eðlilegur tími, það yrði of mikil veiði. Þetta hefur margoft komið fram í öllum gögnum sem við höfum verið að styðjast við og ræða á opinberum vettvangi.

Hv. þm. ræddi um refinn. Af því tilefni vil ég taka fram að við erum að fara að skipa nefnd núna bráðlega sem á sérstaklega að skoða stöðu refsins í íslenskri náttúru. Ég tel eðlilegt að sú nefnd endurskoði t.d. veiðibannið á Hornströndum vegna þess að það eru geysilega skiptar skoðanir um það og alveg ljóst að ref hefur stórfjölgað í náttúrunni upp á síðkastið. Við erum að skipa nefnd út af minknum og sú nefnd á að koma með tillögur um hvort og hvernig megi takast að stórhefta útbreiðslu minks og hugsanlega útrýma honum.

Ég vil líka koma því á framfæri, virðulegi forseti, að við höfum á síðustu sjö árum verið að borga mjög háar upphæðir í að eyða ref og mink, um 300 millj. í refinn og um 200 millj. í minkinn, bæði ríki og sveitarfélög, og þessar upphæðir hafa farið hækkandi. Og þrátt fyrir það búum við við þessa erfiðu stöðu. Þannig að eins og staðan er núna þurfum við því miður að grípa til friðunar á rjúpu en í leiðinni ætlum við að endurskoða það sem við erum að gera varðandi ref og mink.

[17:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög áhugavert að taka þátt í umræðum þar sem skipst er á skoðunum um það hvernig við stöndum að veiðum og veiðitímabilum, rannsóknum og takmörkunum á nýtingu náttúrunnar. Þess vegna vil ég beina einni spurningu til hæstv. umhvrh. vegna þess að í þeirri skoðun sem fram hefur farið hlýtur það að hafa komið upp að skoða mismunandi svæði á landinu með tilliti til þess hversu mikið magn af rjúpu væri á þeim og þá með tilliti til þess hvaða aðrar veiðar hafa verið stundaðar á svæðinu.

Svo að ég skýri þetta örlítið, virðulegi forseti, þá er það svo að menn eru mjög misduglegir að stunda veiðar á ákveðnum landsvæðum. Ég get tekið sem dæmi vestanvert Ísafjarðardjúp þar sem tvö ár í röð hafa verið drepnir yfir 300 minkar á hverju sumri af þeim veiðimönnum sem þar eiga að sjá um minkaveiði. Ég tel að þetta hafi orðið til þess að minki hafi fækkað mikið á svæðinu. Það vill nú svo til að ég á sumarhús í vestanverðu Djúpi og ég gerði það að gamni mínu nokkrum sinnum í sumar að labba upp fyrir bæinn og upp í fjallið til þess að vita hvort maður sæi ekki rjúpu og vissulega sá maður rjúpu. Ég held að það sé mjög athugandi að fá þetta upplýst hjá ráðherranum: Hvernig eru svæðin í landinu, hvaða magn af rjúpu er á ákveðnum svæðum og hefur það þá verið skoðað með tilliti til þess hvaða veiðar hafa farið fram, m.a. á mink og ref á viðkomandi svæðum? Ef þessi þekking er til staðar, held ég að við eigum að nota hana þegar við skipuleggjum nýtingu á rjúpnastofninum eins og við erum m.a. að ræða hér í dag, en ekki að grípa til allsherjarbanns út frá því að rjúpnastofninn sé í lægð. Við verðum þá að vita hvers vegna hann er í lægð og hvar.

[17:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki upplýsingar á þessari stundu um nákvæmlega hvaða magn hefur verið veitt af ref og mink, en það sem ég veit er að ríki og sveitarfélög hafa verið að auka fjármagn fyrir þessar veiðar þannig að þær hafa aukist.

Hins vegar veit ég að á þeim svæðum sem við friðuðum gagnvart rjúpnaveiðum á suðvesturhorninu hefur rjúpunni fjölgað, enda hefur hún fengið að vera í friði fyrir skotveiði. Mér hafa borist upplýsingar víða af landinu um að þar sjái menn ekki rjúpu. Sérstaklega hafa þessar upplýsingar komið frá Austurlandi og við heyrðum hérna áðan hvað hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði varðandi Norðausturland þannig að það berast upplýsingar um að það sé mjög lítið af

rjúpu mjög víða, enda er það þess vegna sem við erum að grípa til þessara aðgerða.

Varðandi veiðibannið til þriggja ára sem grípa varð til í ljósi mjög bágrar stöðu rjúpnastofnsins, þá er á sama tíma og það bann er í gildi, þ.e. næstu þrjú árin, starfandi nefnd sem nú þegar hefur tekið til starfa. Í henni eru fulltrúar hagsmunaaðila og hún mun skoða í hvaða formi veiðarnar eiga að hefjast aftur og hvaða svæði t.d. verða þá tekin út úr sem griðasvæði. Ég held að það muni skapast fremur góð samstaða um það að velja ákveðin svæði til verndunar. Þar á líka að skoða hundana, þar á að skoða vopnin, þar á að skoða hvort setja eigi á kvóta, koma með lagabreytingar ef með þarf, þar á að skoða sölubannið, koma með lagabreytingar ef með þarf. Þannig að sú nefnd mun skila af sér væntanlega í lok ársins 2005 til þess að við getum breytt lögum árið 2006 og veiðar hefjist þá í nýju formi það ár af því að það eru breyttir tímar. Menn eru hættir að ganga til rjúpna. Þeir fara keyrandi meira eða minna. Menn komast miklu meira yfir og eru með öflugri vopn þannig að þetta eru breyttir tímar.

[17:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er komin ný tækni til ferðalaga hér á landi en það er líka hægt að setja reglur um það hvaða tæki menn mega nota til þess að fara til rjúpna. Slíkar reglur eru vissulega takmarkandi eftir því hvernig þær eru settar, hvort bannað er að nota fjórhjól, snjósleða, veiðihunda o.s.frv.

Það er mikill munur á því hvernig staðið er að reglum hvaða afköst menn geta sýnt við veiðar. En ég hef ekki heyrt annað, virðulegi forseti, en að m.a. samtök veiðimanna hafi lýst því yfir að þeir væru tilbúnir til að skoða allar þessar aðferðir til þess að takmarka veiðar og binda þær með þeim hætti að menn teldu að ekki væri verið að ofgera rjúpnastofninum.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, enn og aftur, að ég tel að það sé alveg bráðnauðsynlegt að veiðar fari fram til þess að menn hafi þá mælingu samhliða annarri mælingu. Ég hef ekki trú á því að við náum niðurstöðu í stærð rjúpnastofnsins bara með því að stunda talningar vítt og breitt um landið. Þær verða þá að vera í slíkum mæli að við erum þá að tala um einhverja tugi manna sem við réðum til þeirra starfa ef svo á að vera, fyrir utan það að það er með rjúpuna eins og fiskinn að hún færir sig á milli staða. Fiskurinn notar að vísu sporðinn en rjúpan vængi. Það er nú eini mismunurinn á þeim dýrategundum til þess að afla sér fæðu og velja sér viss svæði. Ég held því að það sé mjög áhugavert, virðulegi forseti, að það sé skoðað hvernig veiði á rjúpu eftir svæðum í landinu mundi leggja sig ef það væri skipulagt að veiða hér eftir einhverju svæðisskipulagi.

[17:30]

Útbýting þingskjala:

Íslenska friðargæslan, 195. mál, svar utanrrh., þskj. 276.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 257. mál, frv. JóhS og RG, þskj. 285.

Úreltar búvélar, 256. mál, fsp. RG, þskj. 284.

[17:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa ýmis orð verið látin falla um það þingmál sem við ræðum hér, þáltill. á þskj. 154. Ég get í sjálfu sér tekið undir þau orð sem hv. ræðumenn hafa haft á undan mér um það að tillagan er afar undarleg og ekki eins og maður á að venjast um tillögur. Mér finnst líka rétt að taka undir það sem sagt hefur verið varðandi það að við séum fallin á tíma þetta haustið. Tillagan er of seint fram komin og við erum að ræða hana of seint á þessu hausti. Ég verð að segja að það er leitt til þess að vita að svo skuli þurfa að vera, því auðvitað höfum við haft fulla ástæðu til að ræða þessi mál af mikilli alvöru miklu, miklu fyrr. Er ég þá að vitna til orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem rakti hér áðan hvernig hann hefur þráfaldlega reynt að fá að taka þessi mál á dagskrá í tíma undangengin tvö ár, þ.e. hálft síðasta kjörtímabil, og það gekk ekki. Þess vegna erum við nú í þeirri stöðu sem við erum í dag.

Enn eina ferðina stöndum við hér, þingheimur, að takast á um vernd annars vegar og nýtingu hins vegar. Það er orðið æðioft, virðulegi forseti, sem í þessum sal er tekist á um verndarsjónarmið annars vegar og nýtingarsjónarmið hins vegar. Í þetta sinn er það ekki hálendi Íslands eða orka fallvatnanna sem er undir, það er ekki íslenski laxastofninn, það eru ekki íslensku fiskstofnarnir almennt, heldur er það rjúpan sem er friðuð á Íslandi, en ráðherra hefur verið heimilt að aflétta friðuninni tiltekinn tíma á hverju hausti. Það hefur verið gert á tímabilinu frá 15. okt. til 22. des. Sem sagt fuglinn er friðaður vegna þess að við höfum viðurkennt það í gegnum tíðina að hann þurfi verndar við.

Nú höfum við öll fengið, kannski sérstaklega það fólk sem setið hefur í umhvn. þingsins, upplýsingar frá vísindamönnum um ástand stofnsins og höfum getað kynnt okkur það afar vel. Og ég verð að segja að umhvn. síðasta kjörtímabils fjallaði um þetta mál á afar yfirgripsmikinn hátt, tók í það tíma og vann það af alvöru. Ég hef sjálf lýst því yfir á heimasíðu minni að ég fagni þessari ákvörðun hæstv. ráðherra að hún skuli hafa tekið af skarið með þessa deilu og friðað rjúpuna. Ég fagna því líka hversu hæstv. ráðherra er fylginn sér í þessu máli núna, þó svo að ég hafi gagnrýnt hana fyrr í sumar og í haust þegar málið var að fara af stað, þegar hún hálfpartinn stillti umhvn. upp sem einhverjum blóraböggli í þessu máli, þar sem hún hélt því fram að umhvn. hefði hafnað tillögu hennar um sölubann og talaði þá eins og hún væri mikill stuðningsmaður hagsmunaaðila í þessu máli, þ.e. rjúpnaveiðimannanna, sem gerðu háværar kröfur um sölubann. Hæstv. umhvrh. sagði í fjölmiðlum um málið síðsumars að það hafi verið sér mikil vonbrigði að umhvn. skyldi hafa hafnað sölubanninu.

Ég vil halda því fram, virðulegi forseti, að tillaga hæstv. ráðherra í fyrra hafi verið algjör bastarður, hún hafi verið hálfstigið skref og sjálfgert fyrir umhvn. að hafna henni, því að tillögur Náttúrufræðistofnunar, sem voru hvatningin á bak við tillögu ráðherrans, gengu út á miklu meira heldur en einhliða sölubann. Þær tillögur sem Náttúrufræðistofnun lagði til gengu út á sölubann, innflutningsbann, bann við kaupum og sölu og bann við því að gefa og þiggja rjúpu. Þar var tillaga sem gekk mjög langt. En um þessa tillögu fékk umhvn. ekki að fjalla á síðasta ári, eingöngu einn lítinn þátt hennar, þ.e. sölubannið.

Hvað gerði umhvn.? Hún hafnaði því. Á hvaða forsendu? Á þeirri forsendu að það mundi aldrei halda. Okkur yrði ekki stætt á því að ná til t.d. veitingahúsa eða þess hvort væri verið að selja innfluttar rjúpur yfir höfuð eða rjúpur sem einhver hefði gefið einhverjum. Það var því algerlega skýrt í nál. umhvn. frá síðasta ári, sem birtist á þskj. 1185 í 404. máli, að nefndin taldi tillögu hæstv. ráðherra um sölubannið, einhliða sölubann, vonda og alls ekki halda. Það mundi bjóða upp á

svartamarkaðsbrask á rjúpum og væri sem sé ekki til þess fallið að ná utan um vernd rjúpnastofnsins.

Nefndin lagði þá til að það yrði leitað annarra leiða. Hvaða leiða? Það var talað um að stytta veiðitímann, það kemur fram í nál. Það var líka talað um það í nál. að það yrði að herða eftirlit með t.d. notkun hunda og fjölskota skotvopna, og við töluðum um það í nefndinni að það þyrfti að herða eftirlit með vélknúnum ökutækjum og að reglur varðandi þau væru haldnar. Nú vitum við öll að við höfum ekki haft nægilegt bolmagn til að sinna þessu eftirliti og menn hafa farið á skjön við þær reglur sem hafa verið settar.

En nú vil ég gera þá játningu hér, af því að við töluðum um það í nál. í fyrra, nefndarmenn umhvn., að það væru ákvæði í lögum sem bönnuðu notkun hunda. Við þingmenn höfum fengið skammir frá hundaeigendum fyrir það að hafa ekki skilið eða ekki vitað um það hvað það felur í sér að veiða með hundum. Ég finn mig knúna til að segja frá því hér að ég fór í ferð með veiðimönnum sem sýndu mér notkun veiðihunda við veiðar og ég verð að segja það að ég varð bara mjög impóneruð af því sem þar var á ferðinni, þ.e. þjálfaðir veiðihundar haga sér allt öðruvísi við veiðar heldur en við töldum sem ræddum málið í umhvn. í fyrravetur.

Þetta segi ég til marks um það að það eru margir þættir í þessu máli sem ég tel að þingmenn og umhvn. geti kynnt sér mjög vel. Og ég vil þakka fyrir og fagna því að við skulum núna fá tíma til þess að vinna áfram í málinu. Það eru nefndir að fara af stað, eins og hæstv. ráðherra hefur getið um, og ég tel að við höfum svigrúm og tíma til þess að ná áttum, komast að því hvernig við förum best að til þess að tryggja vernd rjúpnastofnsins til frambúðar.

Ég er ekki talsmaður þess að við gerum það með því að drepa allan mink eða allan ref. Ég tel að við séum á hálum ís þegar við tölum um þessa jafnvægislist eins og við höfum lent í í sambandi við þorskinn. Það mætti halda að sumir teldu að við gætum aftur farið að veiða 400 þús. tonn af þorski á ári ef við bara drepum nógu mikið af hval. Ég held því að við séum oft á yfirborðslegum nótum þegar við fjöllum um jafnvægið í lífríkinu. En ég tel okkur hafa tækifæri til þess að fara vel ofan í saumana á málinu og að hér séu komnar upplýsingar sem nefndarmenn geta áfram moðað úr og tel að við eigum eftir að finna lausn sem rjúpan í öllu falli getur unað vel við.

[17:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hér kemur fram afdráttarlaus yfirlýsing um að þessari ákvörðun sé fagnað. Það er þó eitt sem ég verð að gera athugasemd við varðandi málflutning hv. þm., og þetta kom líka fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er það að hér hafi verið reynt að þrýsta á ráðherra í langan tíma að taka einhverjar ákvarðanir um styttingu veiðitíma eða bann við veiðum eða eitthvað slíkt.

Af þessu tilefni vil ég taka fram að Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hefur það hlutverk að meta ástand stofnsins og koma með ráðgjöf til ráðherra, kemur árið 2001 ekki með tillögur um að stytta veiðitímann eða neitt slíkt. En mér finnst af umræðunni að það sé verið að halda því fram, en svo er ekki. Árið 2002, sem sagt í fyrra, leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að veiðitíminn verði ári síðar einn mánuður og sett á sölubann. Við förum yfir það og ákveðum að setja á 49 daga veiði, þ.e. lengur en mánuð og sölubann, sem reyndar fór svo ekki í gegnum þingið, og ákváðum að þetta yrði fimm ára prógramm, sem sagt veitt í 49 daga, og það átti að hefjast nú í ár.

Síðan í sumar leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til bann við veiðum í fimm ár, en ég ákveð bann í þrjú ár. Þannig að ég átta mig ekki alveg á þessari umræðu að ýmsir þingmenn upplifi þetta sem svo að ráðherra hafi eitthvað verið að draga lappirnar ægilega mikið í þessu máli. Það er bara þannig að við höfum farið meira eða minna eftir tillögum Náttúrufræðistofnunar og það hefur verið samstaða á milli okkar um að þær aðgerðir sem við höfum viljað grípa til mundu duga til. Ég tel að við höfum tekið mjög ábyrgt á þessum málum.

[17:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kann vel að vera að hæstv. umhvrh. hafi ekki borist tillögur frá Náttúrufræðistofnun á undanförnum tveimur árum sem lutu að því að takmarka veiðar á rjúpnastofninn. En hins vegar voru hér bæði þingmál og fyrirspurnir frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni haustið 2002 og haustið 2001 sem lutu nákvæmlega að áhyggjum af þessum málum. Við þingmenn vorum búin að fá upplýsingar frá fólki vítt og breitt um landið sem hafði áhyggjur af rjúpnastofninum. Við höfðum líka pata af því að vísindamenn, jafnvel á Náttúrufræðistofnun, voru orðnir uggandi um það að uppsveiflan væri ekki nægileg, stofninn væri í sögulegu lágmarki. Ég er ekki að halda því fram að Náttúrufræðistofnun hafi átt að koma með tillögur fyrr eða hafi komið með tillögur fyrr, heldur eingöngu það að það voru tækifæri til þess að grípa til þessara aðgerða fyrr og taka þessa umræðu fyrr. Við höfðum þau tækifæri í þingmálum sem hv. þm. Steingrímur J. Steingrímsson, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, lagði hér fram.

[17:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alla vega alveg ljóst að það var engin ástæða til að grípa til neinna aðgerða 2001. Það komu aldrei neinar tillögur fram um það. Samkvæmt mati sérfræðinga þurfti þess ekki. En þeir komu fram með tillögur í fyrra þannig að þá fer öll umræðan í gang.

Það kom líka fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að umhvn. hefði skoðað sölubannið í fyrra og það er alveg rétt. Ef umhvn. hefði talið það nauðsynlegt til að sölubannið virkaði að setja líka á innflutningsbann í leiðinni hefði nefndin alveg getað flutt það. En hún hafði bara enga sérstaka trú á þessu sölubanni enda hafnaði hún því. Nefndin hefði auðvitað getað flutt slíkt mál hefði hún náð samstöðu um það.

Okkur ber alltaf að sama brunni, það þarf að setja lög til að koma á sölubanni, og maður skilur ekkert í því núna að flutningsmenn þessarar þáltill. skuli, eins og hér var orðað svo ágætlega af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, koma með alla þessa böggla og leggja þetta allt í hendurnar á ráðherra sem hefur svo engin úrræði til þess að framfylgja þessu, (Gripið fram í.) ekki tveimur af meginatriðum tillögunnar, þ.e. sölubanni og veiðikvóta. Þá þarf að breyta lögum. (**Gripið fram í:** Í skjóli Vinstri grænna.) Það er því alveg rétt sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haldið hér fram að þetta er staðan.

En ég fagna líka þeim málflutningi sem Samfylkingin hefur flutt hér og dregið fram að þetta er auðvitað mjög ankannaleg tillaga þar sem það eru 17 stjórnarþingmenn sem fara hér fremstir í broddi fylkingar við að reyna að hnekkja

nýtekinni ákvörðun ráðherra. Þetta er auðvitað mjög sérstakt.

[17:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi nefndina sem starfaði á síðasta kjörtímabili sem fjallaði um þetta mál, þá er það alveg rétt sem hæstv. ráðherra bendir á að hún hefði auðvitað getað óskað eftir því að sett yrði á innflutningsbann. Þessi nefnd hafði ekki trú á því að það yrði vel liðið. Það var bara þannig. Við töldum okkur ekki stætt á því að fara fram með tillögu um innflutningsbann samhliða sölubanni.

Það var alveg ljóst að nefndin sem starfaði í fyrra var ekki hlynnt því að taka jafnstór skref og Náttúrufræðistofnun Íslands hafði lagt til í málinu. Það var hins vegar ekki nein sérstök atkvæðagreiðsla í því máli. Það var bara þannig að nefndin taldi hæstv. ráðherra hafa í höndunum það öflug úrræði til þess að takmarka veiðitímann, auka eftirlit og gera aðrar ráðstafanir til þess að tryggja vernd rjúpnastofnsins. En það sem er svo erfitt í þessu máli er nákvæmlega þetta: Að ætla sér að vernda um leið og maður nýtir. Það kemur að því að það getur verið orðið of seint.

[17:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja fyrst að ég hef ekki byssuleyfi og hef aldrei skotið rjúpu. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að það hafi ekki verið valin rétt leið í þessu máli. Sú tillaga sem komin er fram ber fyrst og fremst vott um það að hæstv. ráðherra hefur ekki ráðið við málið. Það er eitthvað að þegar svona margir stjórnarþingmenn flytja mál og ég er heldur ekkert hissa þó að málið hafi komið upp vegna þess hvernig það kom að okkur í þinginu í vetur leið. Þá kom hæstv. ráðherra með tillögu um þetta svokallaða sölubann, og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig væri ástandið núna ef við hefðum samþykkt þá tillögu? Sú tillaga hefði orðið til þess að það hefði einungis dregið í kringum 20% úr veiðum. En nú kemur hæstv. ráðherra og segir að það þurfi að draga 70% úr veiðunum, og ég spyr: Hvað hefur breyst frá því í fyrra og hvers vegna var okkur ekki sagt það þá að það þyrfti að draga 70% úr veiðunum? Þá gæti vel verið að menn hefðu haft aðra skoðun á málinu en þeir höfðu.

Ég held að þetta mál beri fyrst og fremst vott um að ekki hafi verið vel að því staðið og ég er mjög óánægður með þetta vegna þess að ég var í umhvn. Mér fannst að hæstv. ráðherra væri sífellt að stilla okkur upp við vegg. Það var ekkert hægt að gera annað en að setja á þetta blessaða sölubann. Við bentum á aðrar leiðir og óskuðum eftir því að þær yrðu farnar. Hæstv. ráðherra kemur svo með þetta mál núna og ég óska eftir útskýringu á því. Mér finnst að upplýsingarnar sem er verið að tína fram núna sýni allt aðra mynd en þá sem fólst í tillögu hæstv. ráðherra í vetur leið um það að setja á þetta sölubann og veiði í 49 daga. Allt bannað.

Ég er á þeirri skoðun að það væri miklu heppilegra að ná lendingu í þetta mál með einhverjum millivegi. Kannski þarf að vísa því til heilbrrh. Það hefur verið reynt áður. Hann gæti kannski fundið út úr því hvernig hægt væri að ná einhverri sáttalendingu. (**EMS:** Það er ekki rétt ... landbrh.) (**Landbrh.:** Hvaða rjúpu á að skjóta?) Hæstv. forseti. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða rjúpu á að skjóta enda hef ég aldrei tekið þátt í veiðum af því tagi en ég geri ráð fyrir að menn skjóti þær sem næst þeim eru.

Hæstv. forseti. Ég held að þetta mál sé miklu stærra í sniðunum en kannski hefur enn komið fram í þessari umræðu. Mér finnst þetta vera mál sem eigi að vera víðtækt samráð um milli allra aðila, ekki síst þeirra sem ganga um landið og vilja vera veiðimenn. Mér skilst að Sigmar B. Hauksson hafi 5.000 menn undir vopnum. Það munar aldeilis um slíkan hóp hermanna í þessu landi. Hæstv. umhvrh. kvartar hér undan ref og minki. Væri ekki hægt að nota eitthvað af þessum mannskap til þess að taka þátt í því að halda niðri varginum? Ég spyr. Er einhver skömm að því að skjóta tófu? Er einhver skömm að því að skjóta mink? (Gripið fram í.) Ég meina þetta í fullkominni alvöru. (**Gripið fram í:** Auðvitað.) Ég veit ekki betur en það hafi verið taldar mjög virðingarverðar veiðar í löndunum í kingum okkur að eltast við refi. Skyldi það ekki vera hægt á Íslandi líka? (**Landbrh.:** Jafnvel svín.) Hæstv. forseti. Það er nú liðinn sá dagur að villt svín gangi laus í landinu nema mjög takmarkað. Ég veit ekki til þess að svín hafi verið fellt æðilengi. Það var þó tilkynnt um eitt látið svín til lögreglunnar á Ísafirði fyrir fáeinum árum. (**Gripið fram í:** ... ættingja?) En ég tel að það megi finna margar leiðir til að takmarka mikið veiðar á rjúpu ef menn vilja leyfa þær. Ég bendi t.d. á, af því að ég veit að veiðimennirnir í þessu landi væru tilbúnir til að leggja sig mikið fram um að farið yrði vandlega eftir þeim reglum sem yrðu til, að gefa mönnum hreinlega daga til að veiða, að þeir tilkynni inn á tölvukerfi hvaða daga þeir ætla að nota og hvenær þeir koma til baka. Eftirlitið getur þá orðið mjög einfalt. Það getur verið fólgið í því að fylgjast með þessu tölvukerfi, taka stikkprufur af veiðimönnum og veiðimenn mundu sjálfir fylgjast hver með öðrum til að sjá til þess að farið yrði eftir þessum reglum. Ég efast ekkert um að menn mundu vilja gera slíka hluti. Og þá gætu menn haldið áfram með kortasjóðinn, hvað verður annars um hann ef allir veiðimenn verða gerðir vitlausir í þessu landi? Þurfa þeir á einhverjum veiðileyfum að halda? Þurfa þeir eitthvað að borga í þann sjóð? Ég held ekki. Ég held að það geti fækkað æðimikið krónunum í honum ef svona fer fram.

Ég held líka að það þurfi að skoða vandlega hvort það eigi að setja á veiðifélög sem hefðu ákveðin svæði. Þar gætu komið að landeigendur og vörslumenn lands á þeim svæðum sem um væri að ræða. Þannig væri hægt að stjórna fjölda veiðimanna inn á einstök svæði. Það er margt annað sem kæmi vel til greina að skoða í þessu sambandi og það verður auðvitað ekki gert allt í einu. Það er einfalt að gera það sem ég lagði til áðan að yrði skoðað og mér finnst að menn eigi ekki að afsegja það að fara yfir þetta mál að nýju. Mér finnst ráðherra skulda okkur sem fengum þetta mál í andlitið frá henni í fyrravetur að hún fari yfir, hæstv. ráðherra, þetta mál að nýju með það fyrir augum að reyna að ná einhverri sátt. Málið var mjög illa undirbúið. Við vorum mötuð í fyrravetur á vitlausum upplýsingum miðað við það sem nú er talað um og niðurstöðurnar sem hæstv. ráðherra kemur með eru sölubann sem við gátum aldrei reiknað með að yrði niðurstaðan þegar við fjölluðum um málið í fyrravetur.

Ég ætla ekkert að segja um það hver afdrif tillögunnar sem er hér til afgreiðslu verða. Mér finnst ólíklegt að hún komi út aftur í sömu mynd og hún er sett hér fram og ætla þess vegna að geyma mér að yfirlýsa nokkuð um það hvernig ég fer með atkvæði mitt þegar til afgreiðslu hennar kemur ef svo verður.

[17:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur frú forseti. Hv. þm. brýnir ráðherra til þess að fara yfir málið aftur og reyna að ná samstöðu um það.

Ég tel að þessi umræða hér sé til þess fallin að skýra málið betur og ég býst við því að umhvn. fjalli um það á vandaðan hátt eins og gert var í fyrra. Í fyrra var farið vel yfir málið. Umsagnir voru sendar inn og sérfræðingar okkar komu til nefndarinnar og ræddu við hana. Það kom fram í máli þeirra fyrir nefndinni — ég vona að hv. þingmaður hafi verið í nefndinni þegar það kom fram — og það hefur alltaf komið fram hjá Náttúrufræðistofnun að ná þyrfti um 50–70% minnkun á veiðiálagi á rjúpnastofninn. Það kom fram hjá fulltrúum Náttúrufræðistofnunar að ef sölubannið yrði ekki samþykkt, sem varð svo ekki, væri rjúpnaveiðibann einn af þeim kostum sem yrðu skoðaðir þannig að þessar upplýsingar komu fram í nefndinni. Ég vona að hv. þingmenn almennt hafi áttað sig betur á þeim en ég heyri að hv. þm. gerir sem lýsir eftir þessum upplýsingum hérna sem ég er að fara yfir. Það var alveg vitað að staðan var alvarleg í rjúpnastofninum í fyrra. Ég átti talsvert miklar viðræður við Skotvís einmitt um það og reyndar mjög góðar og mjög gott samstarf við þá þannig að það er ekki rétt sem hefur komið fram hér og mér finnst svolítið endurspeglast í ræðu hv. þingmanns að það hafi komið mönnum bara algjörlega í opna skjöldu að staðan væri svo slæm að hugsanlega yrði gripið til alfriðunar. Staðan var svona slæm, og er, og þess vegna er gripið til þessara aðgerða.

[17:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki ánægður með þessa ræðu hæstv. ráðherra. Mat hæstv. ráðherra á stöðunni í fyrra var það að veiði í 49 daga og sölubann væri nóg. Mat hæstv. ráðherra núna er að það megi veiða eina viku í mesta lagi. Ég tók mark á hæstv. ráðherra. Mér fundust það vera upplýsingar líka til okkar hvaða afstaða væri hjá hæstv. ráðherra til þess sem ætti að gera. Þess vegna segi ég að mér finnst málið líta einhvern veginn gjörsamlega allt öðruvísi út í dag eins og hæstv. ráðherra talar fyrir því en það gerði í fyrravetur þegar við fórum yfir málið.

Ég veit vel að Náttúrufræðistofnun hélt þessu fram. En það voru líka fjölmörg önnur sjónarmið uppi í málinu í fyrravetur og það var verið að fara yfir það út frá hinum fjölbreytilegustu sjónarmiðum. Við töldum að hæstv. ráðherra ætti að hafa þetta í hendi sinni. Hún gæti vel leyst málið með því að auka friðunina með því að fækka dögum. Veiðistjóri t.d. var með tillögu sem ég var sammála honum um, að t.d. mætti veiða einhvern tiltekinn fjölda daga í hverri viku. Ég segi það að ef menn hefðu viljað fara í fækkun daga var það ekki neitt tæknilegt vandamál. Þessi leið sem er valin núna er fyrst og fremst vond vegna þess að hún slítur samhengi hlutanna í sundur og hún slítur í sundur friðinn um þessi mál. Ég er alveg sannfærður um að veiðimenn og bændur og aðrir sem eiga hlut að máli eru tilbúnir til þess að ganga langt í því að friða en þeir þurfa að fá að vera með í þessum málum og þeir þurfa að fá að taka þátt í þeirri sátt sem hægt er að gera um málið.

[17:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit að okkar færustu sérfræðingar sögðu í umhvn. að það þyrfti mjög að takmarka veiðarnar, um 50–70%, og að það gæti komið til alfriðunar rjúpunnar. Þá voru hins vegar ekki tillögur uppi um það, það er alveg rétt. Þær tillögur koma eftir að menn fara í vortalninguna í vor, líka af því að við báðum um tillögur í ljósi þess að sölubannið var ekki samþykkt. Þá koma tillögur frá okkar færustu sérfræðingum á Náttúrufræðistofnun um að banna veiðar í fimm ár með endurskoðunarákvæðum eftir þrjú ár. Það var ákveðið af okkar hálfu að banna veiðar í þrjú ár í kjölfarið.

Ég geri mér hins vegar líka grein fyrir því að önnur undirstofnun hjá okkur, þ.e. Umhverfisstofnun, er á öðru máli. Þar starfar veiðistjóri sem ber núna starfsheitið yfirmaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar. Sú stofnun hefur aðrar áherslur og telur að hægt sé að ná nægilegum árangri án þess að friða rjúpuna. Það töldu ekki sérfræðingar okkar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég fór yfir þetta mál með þeim í sumar og þessi varð niðurstaðan. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hópur fólks er ósáttur við þetta og það er kannski aldrei hægt að ná fullkomlega sátt um svona aðgerðir.

Varðandi bændur eiga þeir fulltrúa í þessari sjö manna nefnd hagsmunaaðila sem nú hefur tekið til starfa og þeir munu koma sjónarmiðum sínum á framfæri þar varðandi það í hvaða formi veiðarnar byrja þegar þær byrja aftur eftir þrjú ár. Ég veit að þeir hafa uppi þau sjónarmið m.a. að þeir fái í ríkari mæli en í dag að leigja lönd sín eitthvað svipað og gengur og gerist í laxveiðum þannig að það eru ýmsar hugmyndir sem þeir hafa þar að lútandi.

[18:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel hið besta framtak að setja á þessa nefnd og finna út hvernig þetta skuli líta út í framtíðinni. Ég tel hins vegar að töluvert slys hafi orðið nú þegar og menn hafi ekki staðið sig sem skyldi í þessu máli frá upphafi. Það var illa til þess stofnað í fyrravetur.

Ég tel að það sé alltaf ástæða til að hlusta á sérfræðinga í þessu máli og að engin ein niðurstaða liggi ótvírætt fyrir. Veiðistjóri hefur haft aðra skoðun en Náttúrufræðistofnun í þessu máli og fleiri aðilar sem hafa sérfræðiþekkingu á þessu sviði allt aðra skoðun einnig.

Ég held því ekki fram að veiða eigi mikið af rjúpu. Ég held því hins vegar fram að menn hafi gengið of langt með þessari ákvörðun og leita hefði átt sáttaleiða. Raunar ættu menn að leita leiða sem virka mundu fyrr en nefndin, sem hæstv. ráðherra er búinn að setja, nær að skila af sér. En vissulega hefur sú nefnd verkefni að vinna upp á framtíðina.

[18:01]

Birkir J. Jónsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um aflétting veiðibanns á rjúpu sem flutt er af 18 hv. þingmönnum Framsfl., Sjálfstfl. og Frjálsl.

Við hv. alþingismenn sem stöndum að þessari þáltill. viljum stuðla að því að aðrar leiðir verði farnar í friðun rjúpunnar en þriggja ára veiðibann. Það er svo einfalt að við erum á móti þriggja ára veiðibanni. Við leggjum til ákveðnar aðgerðir, aðrar leiðir í fimm liðum. Ég ætla að lesa þær hér til áréttingar þó hv. framsögumaður, Gunnar Birgisson, hafi reyndar farið ágætlega yfir þær áðan.

Við leggjum til styttingu veiðitíma, svæðisbundna friðun, tímabundið sölubann, hámarksveiði á hvern veiðimann eða bann við veiðum tiltekna daga vikunnar.

Menn hafa talað um að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé vantraust á hæstv. umhvrh. Það er ekki rétt. Við treystum hæstv. umhvrh. til að velja bestu leiðina og við treystum Siv Friðleifsdóttur. Ég stend hér og segi: Ég treysti Siv Friðleifsdóttur.

(**Forseti** (JóhS): Hæstv. ráðherra.)

Fyrirgefðu, frú forseti. Mig langar að fjalla örlítið efnislega um málið. Rökstuðningurinn með ákvörðun hæstv. umhvrh. er aðallega sá að með friðun megi auka vöxt í stofninum þannig að stærð stofnsins verði allt að 50% meiri en ella.

Ég hef enga sannfæringu um að þessi rök Náttúrufræðistofnunar standist. Mín sannfæring er önnur og mér ber sem þingmanni að fara eftir henni. Ég byggi það á viðtölum við fjölmarga veiðimenn. Flestir þeirra veiða á bilinu 15–20 rjúpur hver. Þeir fullyrða að þeir séu ekki vandamálið hvað varðar ofveiði á rjúpu heldur séu það hinir svokölluðu magnveiðmenn sem er tiltölulega fámennur hópur sem leggst út heilu dagana og vikurnar með fullkomna bíla og vélsleða ásamt því að hafa hunda, tæki og tól. Þeir bera ábyrgð á allt að 50% af heildarveiði á rjúpu. Þetta er álitið í dag. Ég tel ljóst að þennan hóp þurfum við að stöðva. Við megum ekki láta þessa hegðun bitna á heiðarlegu fólki sem einungis gengur til rjúpna og veiðir handa sér og sínum í jólmatinn, um 15–20 rjúpur. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að þessi hópur veiðimanna ráði úrslitum um framtíð og viðhald rjúpnastofnsins.

Háttvirtum þingmönnum hefur orðið tíðrætt um umræddа þáltill. og hafa rætt um að hún sé merkingarlaus. Því er ég einfaldlega ósammála. Með þessari ályktun viljum við, 18 þingmenn sem flytjum þetta mál, fá fram vilja þingsins. Í stjórnarskránni segir í 1. gr. að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn. Hér ríkir þingræði. Ég hef orðið var við það hjá hv. stjórnarandstöðu að hún ræðir mikið um þingræðið og stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég bið hv. þingmenn að sýna okkur flutningsmönnum þessarar tillögu þá virðingu að leyfa okkur að kanna vilja þingsins í þessu máli. Það erum við að gera með þessari þáltill.

Hæstv. umhvrh. hefur bent á að hér þurfi jafnvel lagabreytingar við hvað varðar tvær af þessum tillögum, þ.e. um sölubann eða veiðikvóta. Að sjálfsögðu munum við flutningsmenn styðja hæstv. umhvrh. ef hún kýs að fara þá leið. Ég legg áherslu á að ég treysti Siv Friðleifsdóttur, hæstv. umhvrh., til að velja bestu leiðina í þessu máli. Það er einfaldlega þannig að það er sannfæring mín að þriggja ára veiðibann sé ekki sú leið sem við eigum að fara í þessu máli.

Ég vil að öðru leyti þakka umræðuna. Mér skildist á ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að Samf. stæði heil að baki hæstv. umhvrh. í þessu máli. Ég leyfi mér að efast um að svo sé. Það væri gott að fá fram vilja Samfylkingarinnar í þessu máli. Hún hefur að undanförnu að eigin sögn talað sem ábyrgur flokkur.

Ég óska eftir því að þingið afgreiði þessa tillögu til hv. umhvn., að hún fái efnislega umfjöllun og lýk þar með máli mínu.

[18:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með einlægni hv. þm. í þessu máli. Það er vafalaust af einlægni að hann ræðir um nauðsyn þess að þingið fái að ráða og talar fyrir því að Alþingi segi hæstv. umhvrh. að draga til baka reglugerð sem hún setti fyrir örfáum vikum. Ef það er sérstök traustsyfirlýsing á hæstv. umhvrh. þá kalla ég eftir fleiri traustsyfirlýsingum á fleiri ráðherra í þeim dúr. Það getur tæplega talist mikið traust á flokkssystur hans, hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur, þegar flokksbróðir hennar kemur hér, lýsir yfir sérstöku trausti á henni og segir henni jafnframt að hún eigi að draga til baka ákvörðun sem hún tók, væntanlega að vel yfirveguðu ráði, fyrir örfáum vikum. Ég held að það geti ekki verið öllu skýrara. Þessi tillaga kveður fyrst og síðast á um að hæstv. ráðherra verði gerð afturreka með ákvörðun sem hún tók. Það er kjarni málsins.

Ég hygg að hv. þm., af því að hann er nýkjörinn á þing, geti kannski lítið upplýst mig um gangverkið í ríkisstjórninni þessa dagana en afskaplega er þetta sérkennilegt fyrir okkur sem höfum verið hér eilítið lengur, þegar stærstur hluti þingflokks Sjálfstfl. fær leyfi hjá þingflokki Sjálfstfl. til að fara fram með tillögu af þessum toga og væntanlega þeir hv. þingmenn sem úr Framsfl. koma, hv. síðasti ræðumaður og kollegi hans, Þórarinn E. Sveinsson, fá samsvarandi leyfi úr þingflokki Framsfl. Með öðrum orðum: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í málinu? Ég ætla líka, virðulegi forseti, að hæstv. umhvrh. hafi spurt um leyfi áður en hún fór fram með þetta mikilvæga mál í ríkisstjórn.

Hvar er þetta mál? Mér finnst ég eins og óboðinn gestur í veislu þar sem allt logar í illdeilum og leiðindum.

[18:10]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér logar ekkert í illdeilum. Hér erum við einungis að ræða um pólitík. Pólitík er skoðanaskipti. Ég hef ekki orðið var við annað en að þær illdeilur sem hér hafa komið úr ræðupúlti í dag hafi komið frá stjórnarandstöðunni.

Ég er hér að tala fyrir sannfæringu minni í málinu. Þegar ég tala um að menn hafi reynt að hefja illdeilur þá vísa ég til þess er stjórnarandstaðan talar um að þessi tillaga sé marklaus. Hún er ekki marklaus. Við erum hér 18 háttvirtir þingmenn að lýsa yfir vilja okkar.

Ég auglýsi eftir stefnu Samf. Ég spyr hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson hvar hann standi í þessu máli. Það er allt skýrt hvað okkur varðar. Við höfum lagt fram okkar tillögur, við 18 hv. þm., og nú auglýsi ég eftir stefnu Samf. í málinu.

[18:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vera einlægur með það. Ég hef áhyggjur af ástandi mála, ég verð að segja það. Ég veit ekki hvernig þessu vindur fram ef fram fer sem horfir, ef þetta á að vera hinn venjulegi gangur mála á ríkisstjórnarheimilinu. Ég verð að segja, frú forseti, að svona getur þetta auðvitað ekki gengið lengur.

Ég virði auðvitað sannfæringu hv. þm. og sannfæringu okkar allra, maður lifandi. Það væri verra ef fólk fengi ekki að tala hug sinn á þingi. En það er harla óvenjulegt að þannig sé í pottinn búið hjá fylgismönnum ríkisstjórnarinnar. Gangur mála hefur yfirleitt verið sá að menn hafi verið píndir á takkana, rauða eða græna eftir efnum og ástæðum. Nú bregður nýrra við sem gerir það að verkum að ég er dálítið ruglaður í ríminu.

Ég frábið mér þá einkunnagjöf að ég sé að efna til ófriðar. Það er engin þörf á því. Ófriðurinn er nægur fyrir. Ég er hér sem friðarpostuli, vil stilla til friðar og reyna að koma skikkan á þessi mál svo að við hv. þingmenn áttum okkur á hver er stefna ríkisstjórnarinnar, þeirra sem fara með stjórn í þessu landi.

Stjórnarmeirihlutinn er afskaplega naumur. Við skulum ekki gleyma því, virðulegi forseti. Það eru fimm atkvæði sem skilja á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það þarf harla lítið til að þessi ríkisstjórn sé liðin tíð. Ég græt það ekki sérstaklega en ég vil átta mig á því hvort hér sé eitthvað

undirliggjandi sem geri það að verkum að við í Samfylkingunni þurfum að fara að búa okkur sérstaklega undir það að taka við stjórnartaumunum, ekki bara í þessu máli heldur yfirleitt. Það er kjarni málsins.

Yfir þetta mál almennt ætla ég að fara í ítarlegri ræðu minni á eftir. Það er sitthvað af viti í þessari tillögu og ég get farið yfir það í rólegheitum á eftir. En kjarni málsins er að ríkisstjórnin verður að finna taktinn í þessu. Hæstv. landbrh., þú verður að kippa aðeins í taumana.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil minna hv. þm. á að það á beina orðum sínum til forseta en ekki einstakra þingmanna eða ráðherra.)

[18:13]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að segjast að það er greinilega runnin upp ný tíð hér í þingsölum. Stefna ríkisstjórnar í því máli sem hér er til umfjöllunar er afar óljós. Maður veltir því fyrir sér hvort við eigum von á að í fleiri málum komi svipaðar tillögur fram.

Hv. þm. sem hér flutti ræðu áðan tilkynnti að hann hefði sannfæringu. Hv. þm. tilkynnti einnig að honum bæri að fara eftir sannfæringu sinni. Nú vill svo til að ég var á fundi með hv. þm. ekki alls fyrir löngu norður á Siglufirði. Þar var verið að fjalla um frestun Héðinsfjarðarganga. Þar heyrði ég ekki betur en hv. þm. hefði mikla sannfæringu. Því spyr ég hv. þm.: Megum við eiga von á því að hv. þm. komi, m.a. til mín og annarra hv. þm., og spyrji hvort þeir vilji vera samflutningsmenn að tillögu um að hæstv. samgrh. fái nokkra valkosti um hvenær skuli hefja gerð Héðinsfjarðarganga? En hv. þm. hefur lýst yfir andstöðu sinni við þá frestun sem ákveðin hefur verið.

Frú forseti. Það hlýtur að vekja athygli þegar slíkur fjöldi þingmanna úr stjórnarliðinu leggur fram tillögu sem þessa og hvort það er fyrirboði um vinnubrögðin innan stjórnarliðsins. Megum við búast við að sjá slíkar tillögur ef andstaða er í þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna? Komum við til með að sjá fleiri tillögur sem þessar?

Ég tek undir það með hv. þm. að við höfum haft miklar áhyggjur af stöðu þingsins gagnvart þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Það er greinilegt að þær áhyggjur eru nú komnar í þingflokka ríkisstjórnarflokkanna. Ég vona að það boði að menn taki það alvarlega að við búum við þingræði eins og hv. þm. sagði.

Frú forseti. Ég tel nauðsynlegt að fá skýr svör um það frá hv. þm. hvort við megum eiga von á því í áðurnefndu máli að svipuð tillaga komi fram.

[18:16]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er að verða sérkennileg umræða svo ekki sé meira sagt. Í miðjum umræðum um rjúpuna blessaða skulum við fara að ræða um samgöngumál. Ég held að við ættum að finna okkur annan tíma hér á vettvangi þingsins til þess. Við skulum nota andsvörin til að ræða það mál sem nú liggur fyrir.

Nú er það svo að hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. hafa ályktað sérstaklega um málefni rjúpunnar á þingum sínum og því held ég að það sé meiri óskhyggja heldur en hitt hjá Samf. að halda að þetta leiði til sundrungar innan stjórnarliðsins. Svo er alls ekki. Ef hv. þm. Einar Már Sigurðarson er að vona að þetta mál sprengi ríkisstjórnina þá er það óskhyggjan ein. En ég spyr á móti: Var þetta aðalumræðuefnið á nýliðnum landsfundi Samf.? Hvernig var það?

[18:17]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt er að draga úr áhyggjum hv. þm. að það var ekki aðalmál landsfundar Samf. hvernig fara skyldi með rjúpnamálið í þingflokkum stjórnarflokkanna. Við höfðum ýmislegt annað um að ræða.

Hins vegar verður að segja, frú forseti, að það er auðvitað sérkennileg staða hæstv. ráðherra sem fær slíka tillögu fram borna af slíkum fjölda stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar. Frá því verður ekki litið. Þess vegna, frú forseti, spurði ég hv. þm. hvort við ættum von á fleiri tillögum sem þessari varðandi önnur mál þar sem hv. þm. og ég trúi fleiri hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa sannfæringu í og legg ég mikla áherslu á að það er auðvitað ánægjulegt að hv. þm. skuli leggja svo mikið upp úr sannfæringu sinni í þessu máli og ég vænti þess að það sé í öllum málum svo. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. spyrji eftir stefnu Samf. í málinu vegna þess að ljóst er að ekki finnur hann stefnu Framsfl., ekki finnur hann stefnu Sjálfstfl. í málinu því að þeir flokkar eru ekki samstiga í málinu og ég hugsa, hv. þm., ef grannt verður skoðað, þá sé það líka þannig í Samf. Þannig sé það í flestum flokkum að menn eru ekki nákvæmlega samstiga í málinu frekar en ýmsum málum af þessari gerðinni.

Frú forseti. Einni spurningu er þó algerlega ósvarað. Hvernig var þetta mál, eins og önnur mál sem ég vænti að ráðherrar flytji í þinginu eða taki ákvörðun um, afgreitt í þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna? Hvernig var þetta mál afgreitt í þingflokki Framsfl.? Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. viti hvernig það var afgreitt í þingflokki Sjálfstfl. en við sjáum það á flutningsmannafjöldanum að það liggur nokkuð ljóst fyrir hvernig sú afgreiðsla hefur verið ef afgreiðslan hefur átt sér stað. (**Gripið fram í:** Þetta liggur ljóst fyrir, það þarf ekkert að svara því.) Ég spurði ekki um deilur Sjálfstfl.

[18:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér er vissulega stórt mál til umræðu og talsvert tilfinningamál. En það er líka mál sem snýr að einni auðlind sem íslensk þjóð á og þarf að virða og fara vel með sem er veiðiréttur á litlum fugli sem hefur auðvitað fullan rétt til að fá að lifa í landinu og dafna þannig að nýta megi afurðir rjúpunnar sé til framtíðar horft.

Hér liggur fyrir einhver frjálslyndasta tillaga á þessu þingi sem flutt hefur verið um langa hríð þar sem flutningsmenn telja upp allar leiðir til að vernda rjúpuna, nema þá einu að friða hana frá skotveiðimönnum í þrjú ár, svo hún megi dafna. Við getum séð að þremur árum liðnum hvort hún hefur náð aftur því flugi og þeirri fjölgun sem okkur dreymir alla um. Þess vegna er þetta ekkert smámál og ég verð að segja fyrir mig að ég virði og stend með hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur í málinu. Ég tel að hún hafi tekið kjarkaða afstöðu en um leið einu ákvörðunina sem gat komið til greina við þessar aðstæður til að sjá hvort rjúpnastofninn stækkar ekki á ný, til að geyma þessa auðlind svo að íslenskir skotveiðimenn geti átt hana áfram í landinu.

Einnig er stór spurning við þessar aðstæður: Hvers vegna geta íslenskir vísindamenn ekki svarað því hvað hefur komið fyrir rjúpnastofninn? Hefur orðið umhverfisslys í stofninum? Hvers vegna er rjúpan stödd eins og hún er stödd? Við verðum auðvitað að velta því fyrir okkur.

Ljóst er að þeir menn sem fóru til fjalla í haust að smala, þeir mörgu Íslendingar sem hafa verið á hálendinu í sumar hafa vart séð rjúpu. Sterkustu hagsmunaaðilar, bændurnir sem hafa haft þetta fyrir auðlind og haft af því tekjur hafa margir ekki gengið til veiða í tvö eða þrjú ár af virðingu fyrir rjúpnastofninum. Þeir hafa sagt: Við skjótum ekki rjúpu sem ekki er til. Og hvers vegna ætlast stór hluti þingsins til þess að íslenskir skotveiðimenn skjóti rjúpur sem ekki eru til? Ég spyr.

Staðreyndin er sú að allir þeir mörgu ferðamenn sem fara um Ísland vitna um að rjúpan er ekki til og þess vegna ber okkur að virða þá tilraun sem hæstv. umhvrh. hefur nú sett í gang að friða rjúpnastofninn í þrjú ár sem tilraun til að sjá hvað gerist við þær aðstæður og ég vil sannarlega taka undir þá skoðun. Hvers vegna halda hv. þingmenn að refurinn sé kominn til byggða? Hvers vegna halda þeir að refurinn sé núna fluttur af fjöllum og kominn niður á mýrarnar og í mólendið í Flóanum? Refurinn færir sig til í landinu eftir æti. (**Gripið fram í:** Þeir búa fyrir austan.) Það hefur aldrei verið talað um í fæðingarsveit minni sem liggur fyrir austan Selfoss að þar þekktist refur. Nú er búið að taka þar mörg greni í sumar og þar er mikið af ref sem aldrei var. Refurinn hefur farið af fjöllunum vegna þess að rjúpan er ekki til. Hann er að leita í annað æti, í mófuglinn.

Við skulum við þessar aðstæður líka velta því fyrir okkur hvort hæstv. umhvrh. og fleiri þurfi ekki að huga að því líka að stofnstærð minksins og refsins við þessar aðstæður er í hámarki. Kannski þarf þingið fremur að koma að því umræðuefni í dag, heldur en að leika sér í kringum litla rjúpu, að spyrja sig: Þurfum við ekki að endurskipuleggja þær veiðar og takast á við það verkefni að halda þeim stofnum í lágmarki til að rjúpan fái að þroskast í landinu? Að þessu öllu þurfum við að spyrja okkur við þessar aðstæður.

Enginn vafi er á því að þegar ljóst er að fiskstofnar í hafinu eru í hættu, þá drögum við úr ásókn eða hættum veiðum. Ef það gerist í íslenskum laxveiðiám að fiskurinn hverfur, þá fækka menn stöngum eða hætta veiðum um sinn til að sjá hvað gerist. Og það er nákvæmlega þetta sem verið er að gera í kringum rjúpuna og hefur verið gert í kringum svo margar aðrar auðlindir á Íslandi. Hún er ekki bara gamanmál, rjúpan. Hún á hér búseturétt. Hún er auðlind sem okkur langar að hafa til þess að frjálsir veiðimenn geti gengið á fjöll og heiðar til að sækja hana, en við þessar aðstæður er það því miður ekki hægt. Þess vegna er gripið til þeirra örþrifaráða sem hér blasa við í dag, að við ætlum að friða hana í þrjú ár og sjá hvort hún dafnar ekki á nýjan leik.

Ég tel því að þingið verji betur tíma sínum með því að sundrast ekki í þessu máli. Stundarhagsmunir mega ekki ráða ferð heldur sameinast um þessa ákvörðun og velta hinu fyrir sér hvort við þurfum ekki að taka á refnum og minknum, hvort við þurfum ekki að leita allra leiða til að kanna hvað kom fyrir rjúpnastofninn, hverjir bera ábyrgð á því. Er það náttúran sjálf, refurinn og minkurinn, eða eru það skotveiðimennirnir að svo er komið um leið og við sitjum yfir því stóra verkefni að setja nýjar reglur um veiði þessa fugls eins og hæstv. umhvrh. hefur lagt til að gert verði á umræddu tímabili.

Ég trúi því að það komi nýr tími með blóm í haga og rjúpu á jólaborð. En íslensk rjúpa getur það ekki orðið næstu þrjú árin, því miður. Staða fuglsins í landinu er þannig um þessar mundir.

[18:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. talaði sig heitan og er greinilega misboðið. Honum misbýður að komið sé í bak hæstv. umhvrh. í þessu máli og talar yfir hausamótunum á samherjum sínum á ríkisstjórnarheimilinu. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann hefur auðvitað þær upplýsingar við höndina: Var það samþykkt fyrirvaralaust í ríkisstjórn áður en yfirlýsing umhvrh. lá fyrir að setja á veiðibann? Í öðru lagi: Var sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar, hafi hún verið tekin og það fyrirvaralaust, borin undir þingflokka stjórnarflokkanna? Hafi svo verið, er þá um að ræða svik af hálfu þeirra þingmanna sem fara fram með þetta mál sem hér um ræðir?

Ég vil bæta þeirri spurningu við á hendur hæstv. ráðherra. Hvernig hefði hæstv. landbrh. brugðist við ef 17 stjórnarþingmenn, þar af þrír hv. þm. úr hans eigin þingflokki hefðu t.d. farið fram með tillögu þar sem ákvörðun hans um norsku kúna hefði verið vefengd? Hér hefði verið borin upp tillaga um að leyfa norsku kúna þvert á ákvörðun hæstv. landbrh. á þeim tíma. Hefði hæstv. landbrh. litið á það sem vantraust eða hefði hann litið á það sem sérstaka traustsyfirlýsingu svo að ég vísi í orð hv. þm. Birkis J. Jónssonar?

Að lokum þetta um efnisatriði málsins. Er hæstv. landbrh. til að mynda tilbúinn að koma að þessu máli með því móti að setja á reglugerð strax á morgun og leyfa hressilegan innflutning á grænlenskum rjúpum, skoskum rjúpum og sænskum rjúpum þannig að pressunni létti eilítið af, því það er líka snar þáttur í þessu máli? Ég spyr hann og vænti þess að hann svari auðvitað hispurslaust eins og venja er til.

[18:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá landbrh. sem hér stendur gaf leyfi um síðustu jól fyrir miklum innflutningi á grænlenskum rjúpum. En þær veiddust ekki heldur (**Gripið fram í:** Skoskar.) og voru ekki borðaðar um þau jól. Ja, kannski að þær hafi verið skoskar. Leyfið var gefið en þær veiddust ekki þar heldur.

Hvað þessar spurningar varðar sem hv. þm. beinir til mín þá minnist ég þess að hæstv. umhvrh. sem fer með þetta mál kynnti þá ákvörðun sem hún ætlaði að taka fyrir ríkisstjórn á einhverjum fundi í sumar, ef ég man rétt. Það var hennar ákvörðun og við það var ekki gerð athugasemd. Ég veit ekki hvort hæstv. umhvrh. hefur síðan borið það undir þingflokka.

Ég vil ekki hafa uppi orðið svik í þessum efnum. Sum mál eru þannig gerð í þessu þingi að menn telja sig hafa meira frelsi í þeim en öðrum, að þau séu þverpólitísk. Þetta mál er þannig vaxið þó að ég sé þeirrar skoðunar að þeir menn sem nú flytja þetta mál hafi ekki hugsað það til botns.

Ég vil minna hv. þm. á það að minni hans er nú ekki alveg í fullkomnu lagi því að sá sem hér stendur gaf leyfi fyrir innflutningi á fósturvísum úr norskum kúm í þrjú fjós í samanburðartilraun sem átti að fara hér fram undir mjög athugulum vísindamönnum. Bændurnir hættu við þá tilraun og felldu hana. Síðar hafnaði ráðherra landbúnaðarmála innflutningi sem nokkrir bændur fóru fram á. Ég hef því bæði sagt í því máli já og nei.

[18:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvernig datt mér í hug að spyrja hæstv. landbrh. um ákvarðanir hans því að þær eru auðvitað alltaf

já eða nei þannig að ekki er hægt að finna hliðstæðu í þessu stóra máli.

Það er hins vegar merkileg yfirlýsing af hans hálfu að hér hefur ríkisstjórnin samþykkt þessa málsmeðferð hæstv. umhvrh. (**Gripið fram í:** Hún var kynnt fyrir.) Hún var kynnt fyrir. Við þekkjum það, ég og hæstv. landbrh., að ef það er gert athugasemdalaust þá jafngildir það samþykki ríkisstjórnarinnar og fyrirvaralausu því að venjan er sú á ríkisstjórnarheimilinu að einstakir ráðherrar lýsa þá yfir sérstökum fyrirvara. Einnig er það gert í þingflokkunum þegar mál eru kynnt á þeim bænum. Ég vænti þess því að það verði upplýst þegar á þessa umræðu líður hvernig þessi gjörningur varð til og hvort hv. flutningsmenn þessa frv. séu að koma í bakið á hæstv. ráðherra eða hvort hæstv. ráðherra hafi ekki spurt þá leyfis áður en hún fór fram með málið.

Af þessu hef ég verulegar áhyggjur í stjórnsýslunni og á stjórnarheimilinu. Ég hætti ekki fyrr en ég fæ botn í málið.

[18:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að biðja hv. þm. að hvíla sig á öllum áhyggjum af stöðunni á stjórnarheimilinu því að ef hann fer að hafa miklar áhyggjur þá hverfur af honum gleðisvipurinn og þreytan tekur við og löngunin eftir að komast í ráðherrastól. Það er mjög erfitt að þreyja með það í marga mánuði, jafnvel í nokkur ár, í maganum. (**Gripið fram í:** ... þekkir það?) Ég vil því biðja hv. þm. að sleppa öllum áhyggjum og gera sér það fullljóst að hér er komin ríkisstjórn sem er í góðu samstarfi. Ég verð að segja fyrir mig að bæði í mínum þingflokki og því samstarfi sem ég á við sjálfstæðismennina að það er allt heiðarlegt og svikalaust. Það hefur verið drengskapur á báða bóga og heilindi og þarf ekkert að vera að rugla því inn í þessar umræður. Í þessu máli hafa menn gefið sér meira frelsi en oft gerist. Þess vegna hafa þessir þingmenn flutt þetta og væri nú myndarlegt af þeim að draga tillöguna til baka. (**Gripið fram í:** Noh!)

[18:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. talaði eins og náttúrubarn um fuglinn smáa sem við eigum að verja. Hann sagði: „Hvernig ætlast stór hluti þingsins til þess að ráðherrann verji ekki rjúpuna?“ „Rjúpan er ekkert gamanmál“, sagði ráðherrann. „Hún er auðlind sem við viljum eiga svo að menn geti gengið á fjöll og notið hennar og veitt hana og stundarhagsmunir mega ekki ráða ferð svo að nýir tímar komi með blóm í haga.“

Þetta er hæstv. landbrh. sem setti bráðabirgðalög í sumar um innflutning á seiðum án þess að gera agnarögn til þess að verja okkar eigin laxastofna þannig að nú er hitamál í þinginu. Meðan ég sat hér og hlustaði á hæstv. ráðherrann prófaði ég að setja lax inn í þar sem hann sagði rjúpa. Ég verð bara að taka um höfuðið því að vissulega er hæstv. ráðherra úr flokki sem segir já og nei í einu. En aldrei nokkurn tíma hef ég orðið vitni að því að upp komi tvö stórmál í þinginu, annars vegar átakamál um rjúpu og hins vegar um lax, og að höfð séu svo ólík orð um hvort.

[18:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. upplestur úr ræðu minni sem hefur ekki verið prentuð. Ég gerði mér ekki grein fyrir hversu góð hún var fyrr en ég heyrði þennan flutning. Ég tek undir hvert einasta orð sem ég sagði áðan og hv. þm. endurtók í ræðu sinni.

Ég minni hv. þm. á að útúrsnúningar á hinu háa Alþingi eru alvarlegir hlutir. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var ráðherra í ríkisstjórn Íslands þegar EES-samningarnir voru undirritaðir og hefur gengist undir þá tilskipun að laxeldi skyldi fá að þróast á Íslandi og að það skyldu vera gagnvegir með mjög ströngum skilyrðum í báðar áttir. Hv. þm. var ráðherra við þessar aðstæður. Hún skrifaði undir þjóðréttarlega tilskipun á þeim tíma er þetta gerðist.

Ég flyt nákvæmlega sömu ræðuna um íslenska laxinn og rjúpuna. Við þurfum við að verja þær auðlindir. Ég hef staðið í því sem landbrh. að takmarka og takmarka frelsi laxeldisins og setja því þrengri og þrengri skorður til þess að það fái að þróast í örfáum fjörðum til þess að hægt sé að verja út frá öllum sjónarmiðum þá auðlind sem dafnar í íslenskum laxveiðiám. Við erum því samherjar í þessu máli. Ég stend hins vegar í þeim sporum að taka við gjörð ríkisstjórnar hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur frá 1994. Ég er að vanda mig í því verki og hef gert það þann tíma sem ég hef verið landbrh.

[18:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var nú reyndar ekki ráðherra. En ég átti sæti í utanrmn. og vann heilt sumar við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

En nú sit ég í umhvn. þingsins og við erum búin að sitja yfir því hvernig megi afstýra þeim áhrifum sem bráðabirgðalögin sem sett voru í sumar, sem auðvitað aldrei skyldi verið hafa, geta haft að óbreyttu. Ég vona að ráðherrann sé búinn að heyra um það að verið er að reyna að setja því skorður í landbn. að lögin hafi þau áhrif sem annars stefnir í.

Svo hlýt ég að segja ráðherranum frá því að í EES-samningnum eru tæki til þess og vitnað er til þess að heimalandið hefur ákveðinn varnaðarrétt þannig að það þýðir ekkert að koma inn á þetta. Ráðherrann talaði um rjúpuna með allt öðrum hætti en hann fer með laxinn.

[18:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ólíkt höfumst við nú að. Hv. þm. sat sjálf við gerð EES-samninganna að hún segir. Það kann vel að vera. Ég stóð hér þá sem þingmaður og barðist gegn mörgum ákvæðum og var alltaf fullvissaður um að þessir samningar snerust ekki um landbúnaðarmál. Ég man eftir því að Jón Baldvin Hannibalsson taldi á fingrum sínum hvað eftir annað að þessir samningar snerust ekki um landbúnaðarmál. (Gripið fram í.) Ég trúi því að bæði þær tillögur og gjörðir sem ég hef staðið í sem landbrh. til að takmarka fiskeldið við mjög fáa firði, setja því ströngustu skorður sem settar hafa verið á allan hátt, geri það að verkum að við erum ekki að taka þar áhættu nema í lágmarki.

Það var ákvörðun sem einhver tók á undan mér að flytja hingað inn norskan laxastofn. Hann var til í landinu þegar ég tók við og er til og verður til og menn vilja hafa hann fyrir atvinnutækifæri.

[18:40]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef smáathugasemdir við ræðu hæstv. landbrh. Í fyrsta lagi er nú ekki hugsunin að draga þessa ágætu tillögu til baka.

Mér finnst hafa verið mótsagnir í ræðu hæstv. ráðherra. Hann segir réttilega að refurinn færi sig til í landinu eftir æti

og hafi farið niður á mýrarnar og móana. Það hefur hann sannarlega gert. Hann flæðir um allt Suðurlandsundirlendið eins og hæstv. ráðherra er kunnugt. Einnig er hann kominn á Austfirði þar sem hann hefur ekki sést lengi. Það lá í orðum hæstv. ráðherra að hann væri að flýja hálendið af því að þar væri engin rjúpa á matseðlinum og þess vegna væri hann kominn niður í móana. Það er samt sérkennilegt að á síðustu tíu árum hefur refastofninn fimmfaldast þannig að eitthvað hefur hann nú haft að borða á fjöllunum. Það er alveg ljóst.

En ég er sammála því og mjög ánægður með að hæstv. ráðherra tók það sérstaklega fram að það þarf að gera átak til að fækka ref og mink. Það er vargur í okkar fuglalífi og mófuglinn er oft hart leikinn eftir bæði tófuna og minkinn.

Við ætlum svo sannarlega ekki að draga tillöguna til baka. Ég virði samt stuðning hæstv. landbrh. við hæstv. umhvrh.

[18:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna og þakka þessa ræðu. Ég veit að hv. þm. Gunnar Birgisson ber mikla virðingu bæði fyrir skotveiðimönnum og rjúpunni. Mér fannst ég finna það í þessari ræðu að hann muni ekki hleypa af skoti í haust. Hann getur áreiðanlega í hjarta sínu nú eftir ræðu mína áðan fallist á það sjónarmið að það beri að sjá til, sjá hvað gerist í eitt ár, sjá hvað gerist í tvö ár. Kannski verður hægt að ganga til veiða í frjálsri náttúru og kannski hefur rjúpnastofninn stækkað eftir þrjú ár. Það hefur hæstv. umhvrh. auðvitað í hendi sér með Alþingi á bak við sig að hefja veiðar.

Ég hygg að við séum sammála um það sem hér hefur komið fram, að refurinn og minkurinn hafa haft of mikið æti og það er skylda þingsins að huga að því nú hvernig menn geti haldið þeim stofnum í skefjum. Því miður er það að verða skoðun margra vísindamanna að þessa stofna eigi helst að láta í friði og að þeir eigi að fá að ferðast frá firði til fjarðar og veiða sér til átu. Ég minnist þess þegar ég kom í Þingvallanefnd að þá var eitt það fyrsta sem við gerðum þar að setja veiðar í gang í þjóðgarðinum undir ströngum reglum til þess að fækka bæði ref og mink þar. Fuglalífið kom til baka. Fiskurinn kom til baka í vatninu og náttúran nýtur sín betur á eftir. Þess vegna er það skylda okkar að halda refastofninum í skefjum og reyna að sækja dálítið hart að minknum því að hann veldur miklum skaða í ám og vötnum þessa lands og er að ganga mjög hart að mófuglinum eins og refurinn.

[18:44]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þáltill. sem er hér til umræðu. Ég vil einnig lýsa yfir að ég skil ekki hvers vegna hæstv. ráðherra tók þá ákvörðun að alfriða rjúpuna í þrjú ár. Ég hefði talið miklu nær að fara í vægari friðunaraðgerðir því það hafa komið margar mjög góðar tillögur um hvernig vernda má rjúpnastofninn, m.a. frá vísindamönnum hjá Hafrannsóknastofnun, frá Ólafi Karvel Pálssyni sem kom með mjög góðar tillögur og ég hefði talið rétt af hæstv. umhvrh. að hringja í Jóhann Sigurjónsson og fá hann lánaðan. Það hefðu verið mjög góðar tillögur til þess að koma til móts við veiðimenn og til að vernda rjúpnastofninn.

En hverjar voru ástæður fyrir þessari ákvörðun hæstv. umhvrh? Ég óskaði eftir því að fá þær gefnar upp og skrifaði hæstv. ráðherra í júlí sl. Ég vil fá að lesa upp þær spurningar sem ég bar upp við ráðuneytið, með leyfi virðulegs forseta. Ég óskaði eftir því að fá upplýsingar um hvaða vísindaleg gögn lægu til grundvallar veiðibanninu. Ég óskaði jafnframt eftir að gerð yrði grein fyrir því hvers vegna ekki var tekið tillit til tillagna Umhverfisstofnunar um vægari aðgerðir til verndunar rjúpnastofninum, en lögum samkvæmt er það hlutverk hennar að gera tillögu að stjórn og umsjón veiðanna. Óskað var eftir að gerð yrði grein fyrir árangri af alfriðun á griðasvæði rjúpunnar í kringum Reykjavík, hvort friðunin frá 1999 og stækkun svæðisins frá 2002 hafi skilað marktækri fjölgun rjúpna á svæðinu. Óskað var eftir að fá línurit yfir talningu fugla á svæðinu frá 1999. Og hvort núverandi lágmark rjúpnastofnsins sé tölfræðilega marktækt lægra en fyrri lágmörk stofnsins.

Virðulegi forseti. Ég taldi að ég fengi svör við þessum spurningum skjótt en því var ekki að heilsa. Ég fékk ekki svar fyrr en um miðjan september og það svar var hvorki fugl né fiskur. Og umhvrn. lét hjá líða að svara mörgum þeirra spurninga sem ég bar upp þrátt fyrir að ég ítrekaði spurningarnar m.a. við ráðuneytisstjóra í umhvrn. Mér finnst í raun heiðarlegra af umhvrn. að segja bara að það hafi ekki svör í stað þess að humma svona fyrirspurn fram af sér.

Hvert er svo ástand rjúpnastofnsins? Við höfum heyrt hérna margar fullyrðingar og það sem ég get tekið undir er að bæta þarf rannsóknir á stofninum. Staðreyndin er sú, eða alla vega virðast líkur benda til þess, að lágmark stofnsins núna sé ekkert marktækt lægra en fyrri lágmörk rjúpnastofnsins. En það virðist alla vega skorta vilja hjá ráðuneytinu að upplýsa þingmenn um þau gögn sem liggja til grundvallar þessu banni. Er ástæðan fyrir þessu banni e.t.v. einhver önnur en að rjúpnastofninn sé eitthvað lakari nú en t.d. í fyrra? Hvers vegna var ekki gripið til þessara aðgerða í fyrra? Er ástæðan fyrir þessu banni e.t.v. sú að hæstv. umhvrh. sé misboðið að hafa ekki komið í gegn þessu umræddu sölubanni sem var hér til umræðu fyrr í kvöld? Hvað sem því líður þá skuldar hæstv. umhvrh. veiðimönnum og öðrum sem þetta mál varðar skýringar á því hvers vegna hún fór ekki í vægari friðunaraðgerðir.

Málið er að ráðuneytið getur ekki svarað þegar þingmenn spyrja spurninga um hvaða vísindaleg gögn liggi fyrir. Það virðist ekki hafa svör, vísindaleg gögn. Vísindamenn á öðrum stofnunum hafa bent á leiðir sem eru færar til þess að vernda stofninn. Snýst þetta veiðibann einungis um að hæstv. umhvrh. hafi móðgast þegar hún kom ekki þessu sölubanni í gegn? Alla vega tel ég að hæstv. umhvrh. skuldi veiðimönnum og öðrum sem þetta mál varðar skýringar á því hvers vegna ekki var farið í vægari aðgerðir varðandi friðun rjúpnastofnsins en raun ber vitni.

[18:50]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek til máls um þessa till. til þál. um afléttingu veiðibanns á rjúpu ekki síst vegna þess að ég er einn af flutningsmönnum þessarar tillögu. Hv. þm. Gunnar Birgisson gerði í sjálfu sér grein fyrir megininntaki hennar og rökstuðningi fyrir tillögunni og ég leyfi mér að vísa til þeirrar umfjöllunar og greinargerðar með henni, en langar til þess að bæta nokkrum atriðum við henni til stuðnings.

Sú till. til þál. sem hér hefur verið lögð fram er tillaga um það að fundin verði lausn sem rjúpan, veiðimenn, landeigendur og fleiri geta unað við, ekki einungis rjúpan eins og umhverfisverndarsinnar eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vill að gert verði. Þessi tillaga okkar gengur út á það að gripið verði til vægari aðgerða en ákvörðun hæstv. umhvrh. um veiðibann kveður á um, þ.e. að gripið verði til aðgerða

sem ekki koma eins hart niður á veiðimönnum, jarðeigendum og öðrum sem eiga hagsmuna að gæta en samt sem áður þannig að réttindi rjúpunnar verði virt og að tryggt verði að ekki verði gengið of hart fram gegn rjúpnastofninum.

Ýmislegt hefur verið sagt úr þessum stól í þessari umræðu og því var m.a. haldið fram af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að hér væri um sýndartillögu að ræða. Það er ekki rétt, hér er ekki um neina sýndartillögu að ræða. Það er einfaldlega verið að krefjast þess og leggja það til að hæstv. umhvrh. breyti fyrri afstöðu sinni og geri það sem hún hefur fulla heimild til að gera, skv. 17. gr. laganna um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, að aflétta veiðibanninu og það er heimild til þess í 17. gr. þessara laga.

Það er reyndar, eins og komið hefur fram í ræðum annarra þingmanna, erfitt að sjá hvar stjórnarandstaðan stendur í þessu máli. Þeir hafa komið hér upp hver um annan þveran og haldið ýmsu fram en ekki sagt sína skoðun. Á ég þá sérstaklega við hv. þingmenn Samf. sem kosið hafa að koma hingað upp og ræða um form málsins. Það gerði t.d. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og ekki má gleyma hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni sem kom hingað upp og kaus að ræða um jarðgöng. En við vitum ekkert hvaða afstöðu þessir hv. þingmenn eða Samf. hefur til málsins og ég ætlaði mér að leyfa Samf., ekki rjúpunni í þetta skiptið heldur Samf., að njóta vafans en ég gat ekki betur séð en að hv. þm. Jóhann Ársælsson klippti þá niður úr snörunni og ætlaði að styðja okkur í þessu máli.

En mig langaði líka til þess að benda á það að í þessari umræðu hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tekið til máls og ræða hans fól í sér kannski mestu sögulegu pólitísku tíðindin sem komið hafa fram í þessari umræðu vegna þess að hv. þm. lýsti því yfir að hann hefði farið út um allar koppagrundir á Norðausturlandi og skotið rjúpu. Þetta er nú söguleg pólitísk játning frá formanni græningjaflokks á Íslandi sem lýsir því yfir að hann eigi sinn þátt í því að rjúpnastofninn sé í eins slæmum málum og raun ber vitni. Þetta er pólitísk játning og alveg hreint ótrúleg frá þessum ágæta formanni græningjaflokksins, og svo ég noti orð hans sjálfs, snautlegur vitnisburður um hans umhverfispólitík.

(**Forseti** (JóhS): Það þarf leyfi forseta ef verið er að vitna í eins og hv. þm. gerði.)

Fyrirgefðu, virðulegi forseti. En eins og ég segi, þetta var söguleg pólitísk játning frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Vernd rjúpnastofnsins er í sjálfu sér göfugt markmið og við tillöguflytjendur ætlum okkur ekki hér að ganga milli bols og höfuðs á rjúpnastofninum en við teljum að veiðimenn, landsmenn og jarðeigendur eigi sér einnig nokkurn rétt og að hægt sé að ná fram þeim markmiðum sem veiðibanninu er ætlað að ná með vægari úrræðum en algeru banni. Við teljum að beita beri einhverjum af þeim aðferðum sem fram koma í greinargerð með þáltill. og með því að beita þeim úrræðum þá væri hæstv. ráðherra í sinni embættisfærslu og stjórnsýslu miklu fremur að fara að þeim reglum sem t.d. stjórnsýslulögin kveða á um um meðalhóf í ákvörðunum í málum sem þessum.

En ég vil benda á það í þessari umræðu að þetta er ekki eingöngu mál rjúpnaskyttnanna, veiðibannið kemur líka niður á landeigendum sem hafa fjárfest í jörðum og veiðiréttur eru hlunnindi sem fylgja jarðeignum. Með því að banna alla rjúpnaveiði í þrjú ár er gengið ansi hart gegn réttindum landeigenda sem hafa mjög mikla fjárhagslega þýðingu. Það verður ekkert fram hjá þeim litið og það verður að telja að slík réttindi njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Það verður líka að taka það með í reikninginn að það eru fleiri hópar sem hafa hér hagsmuna að gæta eins og t.d. rekstraraðilar sportvöruverslana sem hafa sitt lifibrauð af því að selja rjúpnaskyttum þann búnað sem nauðsynlegur er til þess að geta farið á veiðar. (Gripið fram í.) Allt eru þetta hagsmunir sem líta verður til, hæstv. landbrh., þegar ákvörðunin er tekin. En ég tel og við flutningsmenn tillögunnar að hægt sé að ná fram þeim meginmarkmiðum sem veiðibanninu er ætlað að ná, þ.e. að vernda rjúpnastofninn, en það þarf ekki að þýða það að banna þurfi algerlega allar veiðar. Við teljum að hægt sé að grípa til vægari aðgerða en samt sem áður verði hægt að ná fram þeim meginmarkmiðum sem ætlað er að ná með veiðibanninu. Og með því að heimila veiðar tryggjum við að landsmenn og rjúpnaskyttur geti farið á veiðar í haust eða nú í vetur og að landsmenn fái rjúpu á jólaborð sín um þessi jól.

[18:58]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn kemur hv. þm. hér upp og kvartar yfir því að Samf. ræði fullmikið form málsins en minna um efnisinnihald. Ég get lofað hv. þm. því að nokkrir þingmenn Samf. munu ræða efni frv. eins og gert hefur verið nú þegar í umræðunni. Hins vegar er eðlilegt í stuttum andsvörum að spurt sé um nokkur atriði sem tengjast forminu.

Það er auðvitað einnig mjög athyglisvert að heyra það hér hjá hverjum hv. þm. á fætur öðrum að treyst er á að Samf. bjargi ríkisstjórnarflokkunum úr þeim vanda sem þeir virðast vera komnir í. Það er t.d. afar athyglisvert að skoða fjölda flutningsmanna og bera þá saman við fjölda þingmanna í þingflokki og það væri fróðlegt að fá að heyra það frá hv. þm. hvernig þetta mál var afgreitt í þingflokki Sjálfstfl. vegna þess að það er greinilegt að það eru 14 þingmenn af 22 sem eru flutningsmenn að frv. Það segir okkur það, frú forseti, að það er ekki meiri hluti fyrir gjörðum hæstv. umhvrh. í þingflokki Sjálfstfl. Þess vegna hlýtur eðlilega að vakna sú spurning hvernig málið var afgreitt í þingflokki Sjálfstfl. Við getum síðan haldið áfram að leika okkur með tölur um það hvernig þetta mál færi í atkvæðagreiðslu í þingsalnum ef stjórnarandstaðan léti málið vera og ríkisstjórnarflokkarnir kæmu eingöngu að afgreiðslu málsins í þingsalnum. Ég er hræddur um að það gæti munað býsna litlu hvernig málið lægi og það hlýtur því að vekja þá spurningu: Hver telur hv. þm. að staða hæstv. umhvrh. sé, ef svo færi að tillaga hv. þingmanna sem frv. flytja yrði samþykkt í þingsalnum?

[19:00]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skal fyrst tekið fram að hvorki sá sem hér stendur né aðrir tillöguflytjendur eru að biðla til Samf. með einum eða neinum hætti varðandi það að koma ríkisstjórnarflokkunum til aðstoðar. Það hefur ekki verið gert. Það hefur hins vegar vakið athygli í umræðunni að hv. þm. Samf. hafa komið hingað upp og látið móðan másа en forðast að ræða efnisatriði málsins nema hv. þm. Jóhann Ársælsson sem reyndar ræddi einnig um svínaskytterí, refaskytterí, minkaskytterí o.fl. En það mátti lesa milli línanna í ræðu hans að hann væri efnislega samþykkur þeirri tillögu sem hér er til umræðu.

Sú meðferð sem þetta mál hlaut í þingflokki Sjálfstfl. var ósköp eðlileg og ekkert meira um það að segja. (Gripið fram

í.) Hún var ósköp eðlileg. (**GÁS:** Hvernig?) Hún fékk þá meðferð sem önnur mál fá í þingflokki Sjálfstfl.

Sá sem hér stendur lítur ekki þannig á að þessi till. til þál. sé einhver aðför að umhvrh., alls ekki. Það er hins vegar ekkert launungarmál að sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að með því að ákveða veiðibann hafi hæstv. umhvrh. gengið of langt í sinni stjórnsýslu og þess vegna leggjum við til að veiðibanninu á rjúpunni verði aflétt en henni, þ.e. hæstv. ráðherra, verði veitt heimild til þess og gefinn kostur á að finna aðrar leiðir til þess að ná því markmiði sem veiðibanninu var ætlað að ná.

[19:02]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað athyglisvert að þetta mál fékk eðlilega meðferð í þingflokki Sjálfstfl. Það segir okkur að 14 þingmenn af 22 hafa væntanlega lagst gegn því og það lítur hv. þm. á sem eðlilega meðferð og að eftir slíka meðferð í þingflokki sé eðlilegt að málið fái framgöngu í ríkisstjórn, ef ég hef skilið hv. þingmann rétt, þ.e. ef meiri hluti þingflokks annars stjórnarflokksins leggst gegn máli sé eðlilegt að það fái samt framgöngu í ríkisstjórn. Þetta held ég að verði að teljast afar óvenjulegt, að þannig séu mál afgreidd í samstarfi tveggja flokka í ríkisstjórn. En hugsanlega eru það nýir hættir hjá ríkisstjórninni að þannig séu mál afgreidd.

Frú forseti. Hv. þm. sagði að það væri ekki verið að biðla til Samf. Ég tók hins vegar eftir því í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar sem orðaði það, ef ég man rétt, með leyfi forseta, að það væri eðlilegt að fá að „kanna vilja þingsins í þessu máli". Frú forseti. Að „kanna vilja þingsins í þessu máli" hlýtur að vera það að kanna hver viljinn sé hjá stjórnarandstöðuflokkunum því að stjórnarflokkarnir ættu að geta kannað það sjálfir hver viljinn er í þeirra eigin þingflokkum og a.m.k. er ljóst að það er meiri hluti fyrir þessu máli í þingflokki Sjálfstfl. Það er augljóst mál að eftir því er verið að leita hver afstaða stjórnarandstöðunnar er í málinu.

Ég vil segja hv. þingmanni að þar sem örlítill vafi leikur á að hér sé um alvörufrv. að ræða held ég að það væri eðlilegt fyrir flokk eins og Samf. að bíða og sjá hverjar lyktir málsins verða í nefnd og sjá hvernig málið mun líta út að lokum.

[19:05]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að fjalla ekki um Héðinsfjarðargöngin í þetta skiptið heldur ræða það sem hér er til umræðu. Hann getur haft sínar skoðanir og verið með ýmsar fabúleringar á því hvaða meðferð þetta mál fékk innan þingflokks Sjálfstfl. en hún var eðlileg. Það breytir því hins vegar ekki (**Gripið fram í:** Var það samþykkt?) að einstakir þingmenn mega hafa sínar skoðanir á málunum. Það breytir því ekki, hv. þingmaður, að einstakir þingmenn mega hafa sínar skoðanir á málunum. (**Gripið fram í:** Sautján.) Auðvitað verum við flutningsmenn þessarar tillögu mjög ánægðir með það ef þingmenn Samf. styddu hana en við erum ekkert að biðla, og það sagði ég áðan, til Samf. um það að hún komi stjórnarflokkunum til aðstoðar varðandi einhvern meintan hristing sem þar er, á stjórnarheimilinu, eins og hér hefur verið haldið fram. Við höfum aldrei beðið um aðstoð Samf. í því sambandi og gerum það heldur ekki nú.

[19:06]

Útbýting þingskjala:

Lax- og silungsveiði o.fl., 111. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 290; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 291.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, 258. mál, fsp. ÖS, þskj. 289.

[19:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég lofaði því í stuttu andsvari áðan að fara örfáum orðum um efni máls. Mér varð tíðrætt þá um hina formlegu stöðu málsins sem auðvitað er óhjákvæmilegt að nefna í þessu sambandi og ég mun fara orðum um hér á eftir.

Nú er það þannig, herra forseti, að eftir því hefur verið leitað hver afstaða Samf. hafi verið í þessu stóra máli. Staðreyndin er sú að þingmenn Samf. hafa hér í þessum sal og í umhvn., ekki mánuðum saman, ekki missirum saman, heldur árum saman farið á undan í almennri og skynsamlegri umræðu um það hvernig mætti bregðast við og rætt um sitthvað af því sem hér hefur verið nefnt til sögu, um styttingu veiðitíma, svæðisbundna friðun, jafnvel hugsanlegt veiðibann. Við höfum með öðrum orðum haft allt undir í þessari umræðu og viljað nálgast skynsamlega niðurstöðu í sæmilegri sátt. Það hefur hins vegar lítið verið hlýtt á ábendingar okkar í þessum efnum og ríkisstjórnin viljað hafa þetta mál út af fyrir sig. Þess vegna kemur núna ákallið: Getur Samf. bjargað því sem bjargað verður þegar rjúpan er farin og horfin, eins og hæstv. landbrh. nefnir það nú, að það þýði ekkert að leyfa neina veiði því að það sé enga rjúpu að hafa? Þá má auðvitað gagnálykta og spyrja sem svo: Er þá ekki alveg sársaukalaust að leyfa veiði þegar rjúpan er hvort eð er farin? Það kemur út á eitt þannig að ... (**Gripið fram í:** Hvers konar rjúpur ...?) Nákvæmlega þetta, eins og hv. þm. bendir hér á, hvers konar stjórnun hefur verið á þessum hlutum? Hvað er það sem við blasir hér eftir átta ára samfellda stjórnarstefnu þessara tveggja flokka? Nú er svo komið að menn eru komnir upp við vegg, ríkisstjórnin sundurtætt og klofin, enginn veit hvert fara skal og þá er beðið um leiðsögn okkar samfylkingarmanna. (**Landbrh.:** Nei, nei.) Frú forseti. Við höfum áhyggjur af þessu og við teljum mikilvægt að sérfræðingar í þessum málum, okkar fólk í umhvn. með öðru góðu fólki, fari enn einn ganginn yfir málið. Það er óhjákvæmilegt. Og það endar þannig að tíminn hleypur frá okkur, frú forseti. Það er 4. nóvember í dag og þetta venjubundna, hefðbundna veiðitímabil er senn á enda runnið. Það er hálfur annar mánuður þangað til 22. desember rennur upp þannig að menn verða að hafa hraðar hendur ef þeir ætla að senda ráðherra til baka eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þetta voru örfá orð um efni málsins.

Frú forseti. Undan hinu verður ekki vikist að hér hefur, eins og ég spáði fyrir um, hægt og bítandi verið upplýst um það hvernig þessi mál birtust með þessum sérkennilega hætti eins og raun ber vitni. Hér hefur verið upplýst um það að þingflokkar stjórnarflokkanna fengu málið til umfjöllunar einhvern tíma á sumarmánuðum væntanlega eftir að ríkisstjórnin hafði samþykkt tillögu hæstv. umhvrh. um algert veiðibann, fyrirvaralaust eftir því sem hæstv. landbrh. upplýsir hér. Þá er gangur mála sá, ef ég kann rétt, þannig var það a.m.k. á árum áður, að málið fer til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna og ef afgreiðsla mála hefur verið eðlileg, eins og það hefur verið orðað, hafa þingflokkarnir væntanlega heimilað að ráðherra færi sínu fram. Því spyr ég: Var það þannig? Og ég spyr hv. þm. Gunnar Birgisson,

1. flm.: Samþykkti hann og hans 14 félagar í þingflokki Sjálfstfl. að hæstv. umhvrh. fengi að setja þetta bann? Það er bara hin einfalda klára spurning. Á sama hátt hlýt ég að spyrja þá tvo — eða þrír eru þeir raunar, ég gleymdi áðan í upptalningu minni hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni en hann er hvort eð er á móti öllu sem ríkisstjórnin gerir þannig að það er engin ný frétt — þingmenn hvort það væri með sama hætti og ég hlýt enn fremur að spyrja hæstv. umhvrh.: Voru þessir þrír þingmenn í hennar þingflokki, Framsfl., andvígir því að hún fengi að setja á veiðibann með reglugerð? Lýstu þeir því yfir að þeir mundu koma hér á haustdögum og fara gegn henni? Ég bið um svar við því. Ég vil bara hafa þetta á hreinu. Við búum hér við þvingunarstjórn, það hefur réttilega komið fram. Og þessir blessaðir hæstv. ráðherrar búa við það að stuðningsmenn þeirra úti í salnum styðji þá því að annars er ríkisstjórnin ónýt, annars hefur hún ekki stjórnarmeirihluta. Það þýðir auðvitað ekki, frú forseti, að hæstv. ráðherrar komi hér þegar það þykir henta og segi eins og hæstv. landbrh.: Þetta mál er bara þverpólitískt. Um þetta mál gilda allt önnur lögmál. (**Landbrh.:** Ég sagði það ekki.) Og ég spurði hér um norsku kýrnar og hann smeygði sér auðvitað fram hjá þeim.

Ég get notað önnur mál. Hér var verið að dreifa litlu nál. þar sem hæstv. landbrh. fær heldur betur gúmoren, honum er sagt til syndanna hér, í örfáum orðum hefur hann nánast farið á svig við stjórnarskrá, hvorki meira né minna. Það erum ekki við í stjórnarandstöðunni sem erum að gefa slíkar einkunnir, það er öðru nær, virðulegi forseti. Það eru þingmenn á borð við hv. þm. Drífu Hjartardóttur, Magnús Stefánsson, Einar Odd Kristjánsson, Guðmund Hallvarðsson og Birki Jón Jónsson. Þeir eru tveir þarna, flokksbræður hæstv. landbrh. Þar er bara einfaldlega sagt að hann hafi farið offari við setningu bráðabirgðalaganna þannig að það er bara einn ráðherra á dag. Er skrýtið að menn spyrji: Er þessi blessaða ríkisstjórn, hæstv., á vetur setjandi?

Ég get svo sem nefnt fleiri dæmi. Hæstv. menntmrh. sem kveður senn hefur áform um að klára styttingu stúdentsprófs og væri það þá ósköp eðlileg niðurstaða að allt í einu mættu 17 stjórnarliðar í þingsal með ályktunartillögur um að hætta við það? Ég get notað einhver fleiri dæmi, ég gæti notað hvað sem er. Menn sjá í hendi sér að þessi ríkisstjórn stendur ekki styrkum fótum.

Við vorum að ræða hér fyrir margt löngu — ég tók raunar ekki þátt í þeirri umræðu — hið svokallaða vændisfrv. Það var líka allt út og suður. Er það bara þverpólitískt þegar það hentar, frú forseti? Hvers eigum við að gjalda í stjórnarandstöðunni? (Gripið fram í.) Við erum satt að segja alveg rugluð og vitum ekki hvort við erum að koma eða fara. Er þessi ríkisstjórn starfandi með heföbundnum hætti? Nýtur hún hér þingmeirihluta eða gerir hún það ekki? Um það snýst þetta mál og menn hljóta auðvitað að svara því, og ég spyr hæstv. umhvrh.: Finnst henni þessi tillaga bera þess merki að vera sérstök traustsyfirlýsing í hennar garð, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson orðaði það? Tekur hún þessa tillögu flokksbræðra sinna og annarra stjórnarþingmanna sem sérstaka traustsyfirlýsingu? Ég vil enn fremur spyrja hana: Ef svo færi að tillagan yrði hér samþykkt á næstu dögum eða vikum, hvernig mundi hæstv. ráðherra bregðast við? Mundi hún líta á það sem vantraust stjórnarmeirihlutans? Mundi hún hætta eða hvað mundi hún gera? Mundi hún sérstaklega fagna því að þarna væri komin fram sérstök traustsyfirlýsing á störf hennar?

Frú forseti. Hér eru auðvitað málin í rjúkandi rúst. Þetta mál kannski eitt og sér kann ekki að velta við öllum þessum steinum en það er engu að síður talandi dæmi um það að þessi ríkisstjórn er komin að fótum fram og græt ég það svo sem ekki.

[19:15]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti, með yðar leyfi:

Ein er upp til fjalla,
yli húsa fjær,
út um hamrahjalla,
hvít með loðnar tær,
brýst í bjargarleysi,
ber því hyggju gljúpa,
á sér ekkert hreysi
útibarin rjúpa.

Valur er á veiðum,
vargur í fuglahjörð,
veifar vængjum breiðum,
vofir yfir jörð;
otar augum skjótum
yfir hlíð, og lítur
kind, sem köldum fótum
krafsar snjó og bítur.

Rjúpa ræður að lyngi
— raun er létt um sinn —
skýst í skafrenningi
skjót í krafsturinn,
tínir, mjöllu mærri,
mola, sem af borði
hrjóta kind hjá kærri,
kvakar þakkarorði.

Valur í vígahuga
varpar sér á teig,
eins og fiskifluga
fyrst úr löngum sveig
hnitar hringa marga;
hnýfill er að bíta;
nú er bágt til bjarga,
blessuð rjúpan hvíta!

Elting ill er hafin,
yfir skyggir él,
rjúpan vanda vafin
veit sér búið hel;
eins og álmur gjalli,
örskot veginn mæli,
fleygist hún úr fjalli
að fá sér eitthvert hæli.

Mædd á manna besta
miskunn loks hún flaug,
inn um gluggann gesta
guðs í nafni smaug
— úti garmar geltu,
gólið hrein í valnum —
kastar hún sér í keltu
konunnar í dalnum.

Gæðakonan góða
grípur fegin við
dýri dauðamóða —
dregur háls úr lið;
plokkar, pils upp brýtur,
pott á hlóðir setur,
segir happ þeim hlýtur,
og horaða rjúpu étur.

[19:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þannig var á árum áður að hv. þm. Hjálmar Árnason kenndi mér íslensku. Nú bið ég um ljóðaskýringar. Hver er valurinn í kvæðinu?

[19:18]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að harma það og gera þá játningu að mér hefur augljóslega ekki tekist hönduglega upp í íslenskukennslu hér forðum. En ég treysti á að hv. þm. rifji upp þá kennslu því að ég treysti mér ekki til að mæla betur en Jónas Hallgrímsson í tiltölulega einföldu ljóði, fullu af myndlíkingum, sem fjallar um þetta viðkvæma efni, blessaða rjúpuna.

[19:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var auðvitað að þorið brysti. En ég sá hvert hv. þm. beindi augum sínum þegar hann talaði um valinn sem engu eirði, og horfði þá beint í augu hv. þm. Gunnars Birgissonar, þannig að ég upplýsi nú um það.

[19:18]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé að myndlíkingarnar og kennslan eru að skila sér hægt og rólega, en minni á að valurinn er merki Sjálfstfl.

[19:19]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Þegar ég hlustaði á hv. síðasta ræðumann, Hjálmar Árnason, kom helst upp í huga minn að þetta væri vel flutt ljóð og minnti mann helst á ávarp fjallkonunnar á 17. júní. Ekkert nema gott eitt er um það að segja. Ég vil þakka fyrir frábæran flutning og innlegg í þessa umræðu.

Till. til þál. sem hér er rædd er vægast sagt mjög undarleg þar sem hún er þáltill. 14 sjálfstæðismanna, þriggja framsóknarmanna, samflokksmanna hæstv. umhvrh., og eins fulltrúa frjálslyndra sem leggja til að ákvörðun umhvrh. um veiðibann á rjúpu verði í raun dregin til baka. Þessi tillaga er, eins og ég segi, undarleg fyrir það að hér eru 17 stjórnarsinnar af 18 flutningsmönnum að flytja þáltill. gegn sitjandi ráðherra í ríkisstjórn Íslands, hæstv. umhvrh.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara yfir þetta. Það hefur verið gert ágætlega, m.a. af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni áðan, þ.e. um það hvernig þetta hefur allt saman gert sig og hvernig þetta hefur komið fram. Það kom fram hjá hæstv. landbrh. áðan að þessi tillaga hafi hlotið náð og samþykkt í ríkisstjórn. Enginn hreyfði andmælum við því. Þess vegna má segja að umhvrh. sé að flytja frv. í nafni ríkisstjórnar sem stjórnarliðar ganga svo gegn eins og fram hefur komið.

Segja má að margt furðulegt sé að gerast nú á upphafsmánuðum hæstv. ríkisstjórnar. Það er þessi þáltill. sem nú er verið að ræða og andstaða 17 stjórnarþingmanna við frv. umhvrh. Það er vandræðagangur í ríkisstjórn vegna loforða og svikinna loforða um línuívilnun. Það er vandræðagangur, og svikin loforð um áform um skattalækkanir birtast okkur nú á upphafsdögum þingsins sem skattahækkun. Svona má lengi telja. Því er vægt til orða tekið að undarlegt ástand sé á stjórnarheimilinu. Það er furðulegt hvernig þetta byrjar.

Hvort rétt sé að friða blessaða rjúpuna í þrjú ár, stytta veiðitíma, setja á sölubann eða hvað, ætla ég ekki að úttala mig um hér og nú. Ég geng ekki til rjúpna og borða ekki rjúpur nema örsjaldan þegar mér er boðið það. Ég hef hins vegar rætt við fjölmarga sem ganga til rjúpna og heyri þá þær skoðanir manna sem ég tek fullt mark á, manna sem þekkja til og hafa stundað þessa veiði lengi, að það sé miklu minna af rjúpu nú en áður. Ástæður þess eru vafalaust margar. Ástæðan er ekki eingöngu veiðimenn, þeir sem ganga til rjúpna og skjóta. Ástæðan er alls ekki veiðimenn sem veiða sér í matinn. Hinum svokölluðu magnveiðimönnum sem veiða mikið, stunda veiðiskap og selja hefur vafalaust fjölgað. Kem ég kannski að því síðar. En ætli það sé ekki annað í lífríkinu? Þess vegna þótti mér ræða hæstv. landbrh. áðan mjög furðuleg þegar hann talaði um refinn sem var kominn í túnið heima hjá honum og um minkinn, hvernig hann hefur komið og er að éta mikið af rjúpu og rjúpuungum. Það er vafalaust rétt. Ekki má gleyma vargfugli. Það er dálítið furðulegt að heyra menn tala um varginn. Hann fær sífellt minna að éta miðað við það hvernig var áður fyrr, þ.e. slóg úr fiski og annað slíkt, vegna þess að ýmislegt er nú bara að breytast í fiskveiðum okkar þannig að vargurinn fær sennilega ekki nóg að éta eins og hann hafði fyrir kannski tíu árum á hefðbundinn hátt úti á sjó. Vargurinn er kominn til þess að djöflast í mófuglunum og öðrum og það hefur maður séð með eigin augum hvernig veiðibjalla, hettumávur og aðrir éta æðarkolluunga, kríuunga og vafalaust einnig rjúpuunga.

Þegar hæstv. landbrh. talaði eins og hann gerði áðan held ég að maðurinn ætti að líta sér aðeins nær — hæstv. ráðherra — vegna þess að það er nú einhvern veginn þannig að styrkir til að veiða og fækka þessum vargi hafa minnkað og það er sífellt að verða erfiðara að fá menn til að stunda þennan veiðiskap.

Ég nefndi magnveiðimenn áðan. Lögin sem tóku gildi nú 15. október þar sem óheimilt er gert að notast við vélsleða og fjórhjól við veiðarnar eru til mikilla bóta. Það hefði átt að vera komið fyrir lifandi löngu. Þetta hefur verið misnotað. Þó að menn segi að þeir fari á slíkum tækjum til veiða en leggi svo tækinu og gangi til að skjóta þá hefur ekki verið svo nema kannski í örfáum tilfellum. Ef það væri eitthvert eftirlit með þessu þannig að tæki og tól yrðu gerð upptæk af þeim sem koma á slíkum farartækjum af rjúpnaveiðum og það mundi spyrjast út að kannski milljón króna snjósleði væri tekinn, ætli það mundi ekki hafa þau áhrif að færri færu í framhaldi af því?

Virðulegi forseti. Í fyrravor var lagt til að sett yrði sölubann á rjúpu. Það var talin fullnægjandi aðgerð þá. En eins og hér hefur komið fram samþykkti umhvn. það ekki. Nú koma menn og leggja til algjört veiðibann. Um það eru mjög skiptar skoðanir eins og ég hef rakið. Ég hef heyrt marga veiðimenn lýsa yfir stuðningi við algert veiðibann. Ég hef líka heyrt í mönnum sem telja að betri lausn til að byrja hefði verið að hæstv. umhvrh. hefði notað sér þær heimildir sem hún hefur til þess að stytta tímabilið. (Gripið fram í.) Um það skal ég nú ekki segja, hæstv. ráðherra. Ef hæstv. ráðherra vantar aðstoð í þeim efnum þá er ég viss um að

hægt væri að finna það út. Síðan hefur ráðherra sér að baki marga sérfræðinga. En ekki væri það nú vandamálið að gera það.

Auðvitað bregður manni mjög við þegar reyndir veiðimenn tala eins og þeir tala núna og segja að miklu minna sé af rjúpu en áður. Ég hef rakið nokkrar ástæður sem menn telja fyrir þessu, t.d. veiðimennskuna. En ég segi bara í lokin, virðulegi forseti, að ég held að þessi sýndarþáltill. breyti engu um þá ákvörðun sem ráðherrann hefur tekið. Ég leyfi mér að efast um að þessi þáltill. komi aftur til þings þegar búið verður að vísa henni einu sinni til nefndar. Ef til vill eru hinir 17 flutningsmenn stjórnarliðsins svo duglegir og kraftmiklir að þeim takist að koma þessu aftur til þings og að beygja hæstv. umhvrh. Mér finnst það alveg merkilegt ef svo er komið.

[19:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér hefur átt sér stað ansi sérstök umræða. Hún hefur verið mjög köflótt, má segja, enda er það kannski ekki óeðlilegt af því að tillagan er nokkuð óvenjuleg. Ég tek þetta mál mjög alvarlega þannig að ég vil ekki ræða um það af neinni léttúð. Mig langar í stuttu máli að gera aðeins grein fyrir aðdraganda ákvörðunarinnar um að banna rjúpnaveiðar í þrjú ár af því að mér finnst að þingmenn rugli mjög mörgu saman í þeim aðdraganda.

Árið 2001 fengum við engar sérstakar tillögur um að grípa beri í taumana en þær fáum við árið 2002. Þá er lagt til að veiðin standi yfir í mánuð, þ.e. á því ári, og að sett verði á sölubann sem þarf lagaheimild til. Við ákváðum þá að leggja til 49 daga veiði í fimm ár frá og með þessu ári og freista þess að fá sölubann samþykkt á Alþingi. Það gekk svo ekki eftir. Eftir þessa atburðarás og vortalningar lagði Náttúrufræðistofnun til veiðibann í fimm ár með endurskoðunarmöguleika eftir þrjú ár. Það eru okkar bestu sérfræðingar á sviði fuglamála sem leggja það til.

Ég held að það gæti verið mjög fróðlegt fyrir þingheim að lesa grein sem birtist í Morgunblaðinu 17. ágúst sl. Þetta er mjög löng grein. Hún er eftir Jón Gunnar Ottósson, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ólaf K. Nielsen fuglafræðing og Kristin Hauk Skarphéðinsson fuglafræðing. Grein sem birtist í Morgunblaðinu 17. ágúst lýsir mjög vel öllum aðdraganda og stöðunni sem er uppi og af hverju gripið er til þessara aðgerða.

Þannig er að hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt lögum er að meta ástand rjúpnastofnsins. Hún á líka að koma með tillögur varðandi vernd og veiðar og það á Umhverfisstofnun líka að gera. Náttúrufræðistofnun hefur því geysilega stórt og mikilvægt hlutverk varðandi mat á rjúpnastofninum og til hvaða aðgerða eigi að grípa þannig að ég hef tekið mjög mikið mark á sérfræðingum stofnunarinnar.

Það er alveg ljóst að margar ógnir steðja að rjúpnastofninum, m.a. veiði. Meðalveiðin er um það bil 150 þús. fuglar á ári og það eru rúmlega 5 þús. veiðimenn sem skjóta þá. Reyndar eru fáir veiðimenn sem veiða um helming rjúpnanna, þ.e. 10% veiðimanna eru svokallaðir magnveiðimenn og sölubannið átti að taka á þeim. En það er meira en veiðin sem ógnar stofninum. Það er fæðuöflun og það eru tófa og minkur. Núna eru um það bil þrefalt fleiri refir en árið 1970 þannig að refnum hefur fjölgað verulega. Við ætlum að taka á því. Við munum gefa út skipunarbréf fyrir nefnd sem á að endurskoða hvernig við stöndum að refaveiðunum. Við höfum notað um 300 millj. kr. í þær veiðar á síðustu sjö árum og ég mun falast eftir því að nefndin skoði hvort aflétta beri banninu á veiðum á ref í Hornstrandarfriðlandi. Við höfum líka nýlega sett upp skipunarbréf fyrir nefnd sem fer af stað út af minknum og við viljum helst ná því að útrýma honum þó að ég geri mér grein fyrir því að það sé mjög erfitt. Um 200 millj. kr. hafa farið í minkaveiðar á síðustu sjö árum.

Það eru fleiri ógnir, t.d. uppblástur, ofbeit, girðingar og símalínur, sem ógna rjúpnastofninum og ekki má gleyma því að fálkinn tengist afkomu rjúpunnar. Hann er fáliðaður, 300–400 pör, en hann er á válista og við berum ábyrgð á einum stærsta fálkastofni í Evrópu og lífsafkoma hans er algjörlega háð rjúpnastofninum þannig að það er mikilvægt að við lítum einnig til þessa.

Á sínum tíma hélt Náttúrufræðistofnun Íslands að veiðarnar hefðu lítil áhrif en þeir segja núna að það sé ljóst að skotveiðar hafa áhrif. Það er ekki lengur réttlætanlegt að horfa fram hjá þeim og því hefur verið lögð til friðun um fimm ára skeið sem ég hef samþykkt í þrjú ár. Það er vegna þess að núna er uppsveiflan að byrja þannig að núna er lag. Núna er lífvænlegur stofn sem á að geta vaxið með eðlilegum hraða, þ.e. um 50% milli ára en ekki um 20% eins og hann hefur gert upp á síðkastið. Þess vegna ákvað ég að grípa til friðunar. Umhvn. hafði leiðbeiningar um það að grípa til þess að stytta veiðitíma eftir þörfum þannig að hann var styttur niður í núll. Það verður engin veiði samkvæmt ákvörðun minni næstu þrjú árin. Þessari ákvörðun hefur verið tekið fagnandi hjá mörgum en margir eru líka ósáttir við hana og ég hef orðið vör við það, sérstaklega hjá skotveiðimönnum, en ég hef átt mjög gott samstarf við þá og ég sé að þeir hafa verið að fylgjast með umræðunum hér, bæði Sigmar B. Hauksson, formaður Skotvíss, og Einar Haraldsson sem er stjórnarmaður hjá Skotvís. Ég vil sérstaklega taka fram hérna að ég hef átt mjög gott samstarf við Skotvís. Þó að okkur beri ekki saman um allt og hvað eigi að gera hef ég átt ánægjulegt samstarf við þá.

Ég hef fengið nokkrar spurningar hér. Í fyrsta lagi vil ég segja að þetta mál var ekki tekið fyrir í þingflokki Framsfl. í sumar. Rjúpnaveiðibannið var sett á með ákvörðun ráðherra. Þetta er ákvörðun ráðherra og hún á að vera ákvörðun ráðherra samkvæmt lögum þannig að hún var tekin af ráðherra. Hún var ekki tekin fyrir í þingflokkunum.

Ég bjóst við því að þetta mál yrði tekið upp í umhvn. en síðan æxluðust mál þannig að það kom inn í þingið í formi þáltill. Ég var spurð að því hvort ég liti á þetta sem sérstaka traustsyfirlýsingu. Ég get ekki sagt að ég líti á þessa tillögu sem sérstaka traustsyfirlýsingu en ég lít heldur ekki á hana sem sérstaka tillögu um vantraust eða neitt slíkt. Ég lít á hana sem aðferð nokkurra þingmanna við að koma þeirri skoðun sinni á framfæri að þeir séu ósáttir við bannið og við því er ekkert að segja. Menn hafa skiptar skoðanir á þessu. Ég ber fulla virðingu fyrir því ef menn vilja láta sína skoðun í ljósi en ég átti ekki von á því að hún kæmi í tillöguformi inn í þingið. En maður veit ekki sína ævina fyrr en öll er í þessu frekar en öðru.

Verði tillagan samþykkt er spurning hvað verður gert. Ég get eiginlega ekki svarað því alveg á þessari stundu. Ég vil sjá hvernig umhvn. fjallar um tillöguna og hvaða skoðanir hún fær þar. Ég held að ég geti ekkert sagt um það fyrr en ég sé hvernig málin þróast áfram þannig að það verður bara að bíða seinni tíma með að sjá hver afdrif þessarar tillögu verða.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að þetta mál hefur verið stórt í umræðunni. Mér finnst það ekki mjög flókið. Það er flókið en það er ekki mjög flókið samt. Það hefur verið erfitt á margan hátt. Viðbrögðin við því eru ótrúleg. Ég hef aldrei fengið eins mikil viðbrögð í gegnum tölvupóst á netinu hjá mér á siv.is nema í Kárahnjúkamálinu og sjaldan fengið eins mikil viðbrögð úti í samfélaginu eins og á þetta mál. Ég skil það af því að það er bæði tæknilegt og líka mjög tilfinningahlaðið. Við erum mörg hver alin upp við það að borða rjúpur á jólunum — ég er sjálf í þeim hópi — og stór hópur manna gengur til rjúpna og hefur ánægju af því þannig að ég skil vel að þetta er umdeilt og erfitt. Ég hef fengið þá einkunn hjá einum að mér hafi tekist það sem Castro tókst ekki, þ.e. að stela jólunum af fólki, en ég bið fólk um að virða að það er einungis gert til þess að menn geti veitt rjúpur til langs tíma. Þá þurfa menn að hemja sig í stuttan tíma, þ.e. í þrjú ár.

[19:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af ræðu hæstv. ráðherra þar sem hún kom að því að það lægi beint fyrir að banna rjúpnaveiði langar mig að spyrja hvort núverandi lágmark stofnsins sé marktækt lægra en fyrri lágmörk stofnsins.

Í öðru lagi spyr ég hvers vegna ráðuneyti umhverfismála svarar ekki erindum sem beint er til þess.

[19:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér láðist að svara fyrirspurn sem borin hafði verið til mín í fyrri ræðu hv. þm. Þannig er að við höfum fengið spurningar frá hv. þingmanni og ég held að ég fari rétt með að það er búið að svara hluta af þeim en það vantaði einmitt upplýsingar um hvort það væri tölfræðilega marktækur munur á þessu lágmarki sem er núna og fyrri lágmörkum. Upplýsingar mínar frá Náttúrufræðistofnun eru þær að þeir eru að ganga frá endanlegu svari til hv. þingmanns þannig að það er von á því mjög bráðlega. Það er leitt hvað dregist hefur að svara þessu en ég tel að það sé búið að svara hluta af því sem þingmaðurinn falaðist eftir, þ.e. að veita upplýsingar um gögnin sem við byggðum ákvörðun okkar á.

Varðandi stöðu rjúpnastofnsins er hann í lágmarki en hann er ekki í útrýmingarhættu. Sumir hafa haldið því fram að stofninn sé í útrýmingarhættu. Svo er ekki en hann er í lágmarki og það sem er alvarlegt í stöðunni er að hann hefur ekki verið að sveiflast eins og hann á að gera. Sveiflurnar eru að jafnast út þannig að það er tæpast hægt að segja að við stundum þessar veiðar með sjálfbærum hætti eins og þetta er í dag. Reyndar ber að taka fram að það eru margar ógnir aðrar sem steðja að þessum stofni en veiðarnar. Veiðarnar eru sá hluti sem við getum haft áhrif á með auðveldustum hætti og þess vegna er gripið til þessa banns.

[19:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Staðreyndin er sú að ég get ekki séð að rjúpnastofninn sé eitthvað miklu verr settur nú en t.d. í fyrra eða árið þar áður. Þess vegna er óskiljanlegt að grípa til þessara aðgerða nú. Þær fullyrðingar sem hafa komið fram um að rjúpnastofninn væri í algerri útrýmingarhættu — það mátti skilja orð hæstv. landbrh. á þann hátt — eru ekki þessu máli til framdráttar eða náttúruvernd almennt. Sjálfur er ég í Fuglaverndunarfélaginu en mér finnst þessi framganga umhvrn. ekki vera því til sóma, hvorki í að svara bréfum né með að grípa til svona gerræðislegra úrræða.

[19:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er a.m.k. ekki skoðun þeirrar er hér stendur að þetta sé gerræðisleg ákvörðun. Þetta er nauðsynleg ákvörðun og hún er tekin vegna tillagna okkar færustu fuglasérfræðinga. Ég er ekki fuglasérfræðingur en ég tel mig hafa ákveðið brjóstvit gagnvart því að geta tekið við ráðgjöf okkar færustu sérfræðinga og þeir lögðu til friðun í fimm ár í ljósi stöðunnar í stofninum. Vegna þess að stofninn er í lágmarki en er að fara í uppsveiflu er núna lag að leyfa honum að vaxa. Þetta er sá tími sem helst ætti að leyfa stofninum að vaxa óheft til þess að reyna að ná uppsveiflunni eins öflugri og hún var áður fyrr. Sveiflurnar hafa verið að sléttast út og það er áhyggjuefnið.

[19:40]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. umhvrh. hefur gert góða og glögga grein fyrir afstöðu sinni til þeirrar vantrauststillögu sem hér hefur verið flutt á hennar verk. Við þá umræðu hefur hæstv. ráðherrann ítrekað sagt að ráðherra hafi tekið ákvörðun um að friða rjúpuna næstu þrjú árin. Nú er kunnara en frá þurfi að segja að það hefur verið tekin ákvörðun um að hæstv. umhvrh. láti af því embætti eftir 10 mánuði og við því taki hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir. Þess vegna sakna ég þess að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur ekki lýst skoðun sinni í umræðunni í dag og ég spyr hæstv. umhvrh. í fjarveru arftaka síns hvort hún hafi ástæðu til að ætla að arftaki hennar sem umhvrh. muni staðfesta þessa ákvörðun hennar eða hvort hún fylgi í þessu máli stefnu ríkisstjórnarinnar eða stefnu meiri hluta þingflokks Sjálfstfl. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir er jú í þeim þingflokki og meiri hluti þingflokks Sjálfstfl. stendur að þeirri tilögu sem hér er fram komin.

[19:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ákvörðunin er hugsuð til þriggja ára vegna þess að þá fær rjúpnastofninn nokkur ár til að nýta sér uppsveiflutímann. Ég get ekki svarað fyrir skoðanir einstakra þingmanna hér. En ég get bent á það að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir er ekki á þessari þáltill. og þetta mál fer til umhvn. þannig að þar mun umfjöllunin fara fram. Ég tel alls ekki við hæfi að ég fari eitthvað að fjalla um það hver skoðun einstakra þingmanna er á einstaka málum hér. Þeir geta gert grein fyrir sínum skoðunum við þau tækifæri sem gefast.

Það er alveg ljóst að þetta mál mun brenna talsvert á hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur á næstunni vegna þess að hún verður í þeirri stöðu að þessi lög sem við byggjum þetta veiðibann á falla undir umhvrh.

[19:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bið hæstv. umhvrh. að virða mér það til vorkunnar að beina spurningum um þetta efni til ráðherrans. Það hefði auðvitað verið æskilegt að geta beint þeim til hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur við þessa umræðu og ég hefði talið eðlilegt að formaður umhvn. væri við umræðuna til svara um efni málsins. En mér finnst mikilvægt vegna þess hve óljós skilaboð ríkisstjórnin sendir í þessu efni að það séu tekin af öll tvímæli um það að ákvörðun umhvrh. til þriggja ára standi og að ríkisstjórnin, bæði þeir sem í henni

sitja nú og þeir sem tilkynnt hefur verið um að sitja muni í ríkisstjórninni, styðji ákvörðunina.

[19:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis benda á það að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur verið viðstödd meira og minna alla umræðuna sem hefur staðið hér frá kl. 4 þannig að hún hefur fylgst með því sem fram hefur farið í þessu máli.

[19:44]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér kom fram rétt áðan hjá hæstv. umhvrh. að þingflokkar stjórnarflokkanna hafa ekki blessað þessa þáltill. Fyrr í dag kom það fram í máli hæstv. landbrh. að ríkisstjórnin hefði samþykkt þetta fyrir sitt leyti, þetta hafi verið samþykkt í ríkisstjórn. Því vil ég spyrja hæstv. umhvrh.: Er þetta ekki ríkisstjórnarmál? Hvaða augum lítur hæstv. umhvrh. þetta mál þegar það kemur hér fram að 14 þingmenn Sjálfstfl. eru með þessa vantrauststillögu á hana eins og hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi áðan? Aðeins tveir óbreyttir þingmenn Sjálfstfl., Sigríður Anna Þórðardóttir, verðandi umhvrh. eftir einhvern tíma, og Halldór Blöndal, forseti þingsins, eru ekki á henni og ekki ráðherrarnir í ríkisstjórninni sem væntanlega hafa stutt þessa reglugerð hjá hæstv. umhvrh. eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. landbrh.

Ég bara spyr hæstv. umhvrh. og vil fá skýrt svar: Er þetta ríkisstjórnarmál eða ekki?

[19:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég sagði í ræðu minni var að ákvörðun mín í sumar um að banna rjúpnaveiðar til þriggja ára var ekki tekin fyrir í þingflokki okkar. **(Gripið fram í:** En í ríkisstjórninni?) Það er sem sagt ákvörðun ráðherra, þannig að mín ákvörðun í sumar er tekin af ráðherra.

Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. — en það er reyndar búið að snúa út úr því hér — þá sagði hann að þetta mál hefði verið kynnt í ríkisstjórninni. Það var kynnt í ríkisstjórninni af því að þetta er ákvörðun ráðherra, þetta er ekki ákvörðun ríkisstjórnar, þetta er ákvörðun ráðherra, en hún var kynnt í ríkisstjórninni. Hún var ekki tekin til afgreiðslu í þingflokkum stjórnarflokkanna af því að hún var tekin af ráðherra í sumar.

[19:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur það komið skýrt fram hjá hæstv. umhvrh., og staðfest það sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að það voru engir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sem andmæltu þessu. Þess vegna hlýtur það að vera rétt sem Guðni Ágústsson, hæstv. landbrh., sagði áðan að það megi líta á þetta sem samþykkt í ríkisstjórn.

Þá er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar 17 stjórnarþingmenn flytja hér tillögu sem gengur þvert á það sem ráðherrann er að boða. Það má í raun og veru kalla það vantrauststillögu á þá ákvörðun sem hefur verið tekin, sem er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Nú ætla ég að taka það skýrt fram og ítreka það sem ég sagði áðan: Ég hef ekki myndað mér fullkomna skoðun um það hvort þetta bann og þessi ákvörðun eigi að vera það sem gildir, en mér finnst mjög merkilegt hvað margir veiðimenn eru sammála því að rjúpnastofninn sé í sögulegu lágmarki. Þess vegna vil ég spyrja í lokin: Kom það ekki til tals, hæstv. ráðherra, að stytta veiðitímann á þessu veiðiári um helming og hafa hann t.d. — vegna þess að það var spurt um það áðan – frá 15. október til 15. nóvember?

[19:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég var að reyna að segja áðan þá kynnti ég þessa ákvörðun í ríkisstjórn. Hún var ekki borin þar upp til atkvæðagreiðslu eða samþykktar eða synjunar. Ég var að kynna hana. Það er ekki hægt að túlka það sem ríkisstjórnarákvörðun eins og ég heyri að menn vilja gjarnan toga þetta í. (Gripið fram í.) Hún var kynnt í ríkisstjórninni.

Varðandi það hvort hægt sé að leyfa veiðar núna í mánuð þá er það ekki mat okkar sérfræðinga. Miðað við hvernig stofninn er og allar aðstæður væri kannski hægt að leyfa veiðar í viku, rúma viku. Það er ekki talið eðlilegt að gera það í ljósi öryggisaðstæðna. Mánuður er bara of mikið, því miður, þannig er staðan. Mánuður er of mikið og þess vegna var ekki hægt að taka þá ákvörðun.

[19:49]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera harla merkileg og góð umræða um þetta ágæta mál. Málið byrjar náttúrlega í umhvn. sl. vor þar sem afarkostir frá umhvrh. koma til nefndarinnar og nefndinni var stillt upp við vegg: Annaðhvort sölubann eða.

Við í nefndinni mæltum með styttingu veiðitíma ásamt öðrum atriðum sem er búið að fara í gegnum í þessari umræðu. Á það var ekki hlustað og hæstv. ráðherra setti veiðibann. Því erum við ósammála, flutningsmenn þessarar þáltill.

Hæstv. ráðherra vitnar mikið í sérfræðinga og grein í Morgunblaðinu sem Jón Gunnar Ottósson og fleiri skrifuðu. Það hafa fleiri skrifað í Morgunblaðið sem hafa töluvert vit á fuglum, eins og Arnór Sigfússon, sem mælti með sölubanni, mælti á móti veiðibanni og er hann þó doktor í greininni. Þessir sérfræðingar eru því ekki allir sammála um málið.

Við viljum öll, held ég, hvort sem við erum með þessari þáltill. eða á móti, vernda rjúpnastofninn. En við sem flytjum þessa þáltill. viljum að veiðin verði minni en það verði hægt að stunda sjálfbærar veiðar á stofninum. Það er okkar hugsun.

Það hefur verið talað mikið um tófu og mink og það er alveg ljóst að mikil fjölgun tófunnar og minksins hefur ekki gert rjúpunni auðvelt fyrir. Kannski er of seint farið að taka á því. Kannski þarf að gera hluti án þess að vera í endalausum nefndarstörfum fram eftir ári. Það þarf kannski að taka ákvörðun og gera hlutina.

Hæstv. ráðherra sagði og tuggði það margoft að 200 millj. kr. hefðu farið í að greiða veiðar á minki á sjö árum. Það er innan við 30 millj. kr. á ári sem er ekki mikið. Það eru ekki margir menn sem geta verið á launum við það, hist og her um landið. Aftur á móti var ég ánægður þegar hæstv. ráðherra sagði að spurning væri að leyfa veiðar á tófu og mink og gefa þær frjálsar, ég held að það væri hið besta mál.

Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til hv. umhvn. og til síðari umr. Þar fær þessi þáltill. vonandi góða umfjöllun í nefndinni. Það er hægt að fara yfir vísindaleg rök í málinu og vonandi kemur þessi þáltill. aftur inn í þingið þar sem þingið getur tekið afstöðu til hennar og fengið meiri upplýsingar um hana.

Það voru merkilegar spurningar sem voru tíndar til af hv. þm. Framsfl. áðan og hann hafði ekki fengið svör við. En

vonandi fáum við það nú allt saman í umhvn. þegar þetta verður tekið þar til umfjöllunar.

Að lokum vil ég þakka fyrir góða umræðu um þetta mál í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–13. mál.

Fundi slitið kl. 19:54.

---

21. FUNDUR

miðvikudaginn 5. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Endurskoðun stjórnarskrárinnar, fsp. SJS, 67. mál, þskj. 67.

Til utanríkisráðherra:

2. Árósasamningurinn, fsp. KolH, 62. mál, þskj. 62.

3. Lágflug og æfingar orrustuflugvéla Bandaríkjahers, fsp. SJS, 64. mál, þskj. 64.

4. Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, fsp. RG, 84. mál, þskj. 84.

5. Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins, fsp. RG, 92. mál, þskj. 92.

6. Lögmæti innrásarinnar í Írak, fsp. SJS, 110. mál, þskj. 110.

7. Þátttaka sveitarstjórnarmanna í Evrópusamstarfi, fsp. EKH, 212. mál, þskj. 225.

Til fjármálaráðherra:

8. Úttekt á umfangi skattsvika, fsp. JóhS, 130. mál, þskj. 130.

Til samgönguráðherra:

9. Úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu, fsp. SJS, 69. mál, þskj. 69.

10. Lega Sundabrautar, fsp. ÁRJ, 176. mál, þskj. 178.

11. Farþegaskattur, fsp. ÁRJ, 217. mál, þskj. 230.

12. Úthlutun fjár til kynningar- og markaðsmála í ferðaþjónustu, fsp. ÁRJ, 219. mál, þskj. 232.

Til iðnaðarráðherra:

13. Stofnun hönnunarmiðstöðvar, fsp. ÁRJ, 96. mál, þskj. 96.

14. Einkavæðing orkuveitna og orsakir rafmagnsleysis, fsp. SJS, 122. mál, þskj. 122.

Til viðskiptaráðherra:

15. Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands, fsp. MF, 117. mál, þskj. 117.

Til umhverfisráðherra:

16. Vistferilsgreining, fsp. KolH, 61. mál, þskj. 61.

17. Framkvæmdir Landsvirkjunar í Vonarskarði, fsp. SJS, 63. mál, þskj. 63.

Til heilbrigðisráðherra:

18. Notkun kannabisefna í lækningaskyni, fsp. MF, 131. mál, þskj. 131.

19. Öryggismál sjúklinga, fsp. MF, 161. mál, þskj. 161.

20. Kynfræðsla í framhaldsskólum, fsp. BrM, 188. mál, þskj. 190.

Til félagsmálaráðherra:

21. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, fsp. MF, 150. mál, þskj. 150.

22. Forsjárlausir foreldrar, fsp. ÁSJ, 220. mál, þskj. 233.

Til menntamálaráðherra:

23. Starfsmenntun leiðsögumanna, fsp. ÁRJ, 175. mál, þskj. 177.

24. Sjálfstæðar rannsóknir í Tækniháskóla Íslands, fsp. KJúl, 231. mál, þskj. 251.

25. Nám í hjúkrunarfræði, fsp. ÁMöl, 236. mál, þskj. 256.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Ferðaþjónusta á Íslandi, 55. mál, svar samgrh., þskj. 282.

Störf einkavæðingarnefndar, 115. mál, skýrsla forsrh., þskj. 288.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Fsp. SJS, 67. mál. — Þskj. 67.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. varðandi málefni stjórnarskrárinnar. Það var tilefni orðaskipta okkar á milli fyrir einu eða tveimur árum, þ.e. þegar nokkuð langt var liðið á síðasta kjörtímabil, hvort áformað væri af hálfu forsrh. að setja endurskoðun stjórnarskrárinnar í einhvers konar farveg á nýjan leik. Forsætisráðherra svaraði efnislega á þá leið að hann teldi tímabært að huga að því. Maður átti allt eins von á því að slík endurskoðunarvinna færi af stað en af því varð ekki á síðasta kjörtímabili. Nú er hafið nýtt kjörtímabil þannig að mér finnst við hæfi að taka málið upp á nýjan leik og spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi í hyggju að skipa stjórnarskrárnefnd á þessu kjörtímabili og einnig hvaða tilefni væru að mati hæstv. ráðherra brýnust þegar kemur að endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Ég vil taka það fram fyrir mína hönd og flokks míns að við erum þeirrar skoðunar að það sé meira en tímabært að huga að þessum verkefnum á nýjan leik. Það er nokkuð um liðið síðan síðustu lotu sem tengdist endurskoðun stjórnarskrárinnar lauk með stjórnarskrárbreytingum, þá á ég við efnisbreytingar en ekki kjördæmabreytingar, með stjórnarskrárbreytingunni sem afgreidd var og staðfest 1995 þegar hinn nýi mannréttindakafli stjórnarskrárinnar kom til sögunnar.

Það hefur mikið verið rætt um að ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar þörfnuðust endurskoðunar og breyttar aðstæður kölluðu á það. Ýmsar hugmyndir hafa þar verið á kreiki, m.a. hér í þingsölum eins og nýleg þáltill. ber vitni um. Menn hafa einnig hreyft því að breyttar aðstæður í samskiptum Íslands við önnur ríki gætu kallað á breytingar á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem lúta að framsali fullveldis og hvernig því yrði fyrir komið, hvort tekin yrðu upp í stjórnarskrá okkar ákvæði um aukinn meiri hluta á Alþingi þegar um afgreiðslu

minni háttar þjóðréttarsamninga væri að ræða og eftir atvikum um það búið hvenær slík mál færu til þjóðaratkvæðis. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að ekki síst þurfi að huga að því með hvaða hætti þjóðaratkvæðagreiðslur eru látnar fara fram. Núverandi fyrirkomulag, að láta þær falla saman við kosningar til Alþingis án þess að um sérstakan atkvæðaseðil væri að ræða, er nánast óvirkt eins og nýleg dæmi sanna. Fróðlegt væri að heyra hvort hæstv. forsrh. teldi ástæðu til að athuga þessa hluti.

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. gat um bar hann fram svipaða fyrirspurn fyrir nokkru. Þá svaraði ég því til að ég væri, með ákveðnum formerkjum þó, reiðubúinn að beita mér fyrir því að slík endurskoðun yrði hafin enda yrði um það sæmileg sátt í þinginu. Þessi formerki vísuðu til þess að fyrri tilraunir til endurskoðunar á stjórnarskránni í heild sinni hefðu ekki borið árangur. Á hinn bóginn hefðu afmarkaðir hlutar stjórnarskrárinnar verið endurskoðaðir og þeim breytt á tiltölulega stuttum tíma.

Af fyrra endurskoðunarstarfi taldi ég mig geta dregið tvenns konar lærdóm. Annars vegar væri óráðlegt að ætla sér um of í slíku starfi. Hefðu menn allt undir í slíkri endurskoðun væri hætt við að hún yrði ekki nógu markviss. Kröftum yrði dreift of víða. Það tæki síðast en ekki síst allt of langan tíma og næði ekki fram að ganga. Á hinn bóginn væri ákveðin hætta fólgin í að menn ætluðu sér of lítinn tíma í endurskoðun á stjórnarskrárákvæðum eins og stundum hefur borið við í seinni tíð.

Stjórnarskráin á að vera kjölfesta í stjórnskipun okkar. Hún er í eðli sínu margslungin. Þess vegna þarf að hyggja vel að öllum áformum um breytingar og gaumgæfa þær frá öllum hliðum. Af fyrri reynslu okkar tel ég því óhætt að draga þá ályktun að farsælast sé að endurskoða stjórnarskrána í afmörkuðum áföngum, hvort sem hún er miðuð við tiltekin atriði eða kafla, og ætla sér til þess hæfilegan tíma. Stjórnarfarslegar aðstæður eru allt aðrar nú en áður. Örar breytingar og framfarir í þjóðlífinu virðast gefa tilefni til að farið verði yfir hvernig eldri ákvæði stjórnarskrárinnar hafa staðist tímans tönn og hvort ástæða sé til að gera þar á breytingar. Á þessum grundvelli get ég því enn tekið undir fyrri lið fyrirspurnarinnar og lýsi mig reiðubúinn til samstarf við formenn annarra stjórnmálaflokka um að hefja endurskoðun afmarkaðra þátta í stjórnarskránni. Ég legg áherslu á að um þetta verður að ríkja góð sátt meðal forustumanna flokkanna ef þetta á að geta gengið fram.

Varðandi síðari hluta spurningarinnar, um hvaða tilefni séu að mati ráðherra brýnust við endurskoðun stjórnarskrárinnar vil ég segja þetta: Þegar ég svaraði síðast sams konar fyrirspurn eins og ég nefndi áðan þá rifjaði ég upp að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar hefðu tiltölulega nýlega verið endurskoðuð í því skyni að taka þar upp öll réttindi sem alþjóðlegar skuldbindingar gera ráð fyrir. Almennt væri því ekki ástæða til að ætla að brýn þörf væri á að endurskoða þau ákvæði fyrr en fengist hefði af þeim meiri og ríkari reynsla en þegar væri fengin. Líklega væri fremur ástæða til að hrófla ekki við þeim meðan dómstólar fóta sig á þýðingu þeirra og ná þar vonandi fótfestu eftir því sem tímar líða fram. Ég hygg að endurskoðun stjórnarskrárinnar ætti miklu fremur að snúa inn á við og í raun ætti að taka upp þráðinn þar sem við hann var skilið um miðja síðustu öld.

Þannig virðist mega að ósekju færa ýmis atriði í I. og II. kafla stjórnarskrárinnar til nútímalegs horfs. Þar er fjallað um stjórnarformið og grundvallarreglur stjórnskipunarinnar, um forsetakjör, lögkjör forseta og störf hans og ráðherra. Almennt mætti í þessum köflum draga upp skýrari mynd af ríkjandi stjórnarfari og færa ákvæði um það nær því sem það er í raun. Eins og menn þekkja eru mörg þessara ákvæða orðuð þannig að þau draga ekki rétta mynd af raunveruleikanum nema þau séu lesin í samhengi hvert við annað og skýrð í ljósi ýmissa venjuhelgaðra reglna sem hafa í raun öðlast stjórnarskrárvarða stöðu, svo sem þingræðisreglunnar sem þó er ekki nefnd. Þetta á til að mynda við um valdheimildir forseta og ráðherra.

Bent hefur verið á að ýmis þau störf sem forseta eru falin samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar hafa komið til og þótt eðlilegur þáttur í störfum hans meðan þingið átti að kjósa í embættið eins og til stóð. Þau voru hins vegar ekki endurskoðuð þegar þjóðkjör hans var ákveðið. Almennt gerir stjórnskipun okkar ráð fyrir að valdheimildir forseta séu bundnar atbeina ráðherra. Stjórnarskráin getur hins vegar í engu einu starfa hans sem stjórnskipunin gerir ráð fyrir að forseti sinni án atbeina ráðherra, sem sé um hlutverk hans við stjórnarmyndanir. Ég sé fyrir mér að ákvæði um það gæti átt heima í stjórnarskrá. Það mundi tengist því að þingræðisreglan yrði fest í sessi, t.d. gagnvart skilyrðum um það í hvaða tilvikum sé hægt að mynda utanþingsstjórn, boða til kosninga undir ákveðnum kringumstæðum og þar fram eftir götunum.

Þá gerir stjórnskipun okkar ráð fyrir að ráðherrar fari með æðsta framkvæmdarvald hver á sínu sviði. Til greina kæmi að árétta þá skipun berum orðum, þar á meðal að ráðherra fari með völd forseta og tengja það ábyrgð þeirra í stjórnarframkvæmdum. Með því móti yrði augljóst að ábyrgðin hvílir á þeim nema hún sé sérstaklega frá þeim tekin með lögum.

Stjórnarskráin er enn fremur fáorð um hlutverk ríkisstjórnarinnar. Æskilegt væri að af stjórnarskrá mætti ráða hvert hlutverk ríkisstjórnarfunda eigi að vera. Eiga þeir eingöngu að vera pólitískur samráðsvettvangur eða má jafnframt fela þeim stjórnsýslu? Ætti að styrkja agavald ríkisstjórnar og ráðherrafunda yfir einstökum athöfnum ráðherra, til að mynda þannig að þeir fari ekki fram með önnur þingmál en þau sem ríkisstjórnin stendur öll að, staðfesting milliríkjasamninga sé undirorpin samþykki ríkisstjórnar o.s.frv.?

Ég ætlaði að hafa þetta heldur lengra en nú er ljósið farið að blikka á mig. Saman dregið sé ég það þannig fyrir mér að endurskoðun stjórnarskrárinnar gæti bæði falist í athugun á gildandi ákvæðum sem og því hvort ástæða sé til að taka í hana sérstök nýmæli. Með nýmælum í stjórnarskrá á ég við hvort ástæða sé til að festa í sessi ýmsar venjuhelgaðar reglur sem ætla má að hafi nú þegar öðlast stjórnarskrárvarða stöðu, eins og þingræðisregluna, sem og aðrar reglur sem ekki hafa slíka stöðu en einhugur ríkir engu að síður um, svo sem að auðlindir okkar til lands og sjávar séu sameign þjóðarinnar, svo að eitthvað sé nefnt.

[13:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því að hæstv. forsrh. lýsi því yfir að hann vilji leita samstarfs við flokkana á þinginu um endurskoðun á stjórnarskrá. Það er ástæða til að við samfylkingarmenn fögnum því vegna þess að við fluttum þáltill. sem liggur fyrir þinginu og búið er að ræða varðandi endurskoðun á stjórnarskránni.

Ég tel ástæðu til að hvetja menn til þess að vinna hratt og örugglega í þessu máli. Það hafa reyndar legið fyrir fleiri en ein og fleiri en tvær yfirlýsingar frá hæstv. forsrh., t.d. um að endurskoða stjórnarskrána gagnvart ákvæðum um sameign þjóðarinnar á auðlindum í kringum landið. Ekki hefur orðið af því enn en það er ástæða til að taka eftir því að hann hafði það síðast í upptalningu sinni núna á verkefnum sem vert væri að skoða.

En það er gott að heyra að hæstv. forsrh. er til í samstarf um þetta.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég skil vel að tíminn reynist stuttur til að svara máli af þessu tagi í fyrirspurnatíma. Mér heyrðist reyndar svarið efnislega vera prýðileg uppistaða í bréf sem væri tilvalið að senda forustumönnum stjórnmálaflokkanna í framhaldi af þessum orðaskiptum og koma málinu þar með af stað.

Ég lýsi mig í öllum aðalatriðum sammála þeirri nálgun sem hæstv. forsrh. mælti fyrir, að taka fremur fyrir einstaka kafla stjórnarskrárinnar en að setja endurskoðunarnefnd að störfum sem hafi allt undir. Ég held að það verði ekki um það deilt að m.a. I. og II. kafli stjórnarskrárinnar, ramminn um stjórnskipunina og stjórnarfarið, mættu vel við því að vera færðir upp til nútímans.

Ég vil bæta við þau dæmi sem hæstv. forsrh. nefndi sérstaklega, stöðu þingsins og forseta Alþingis hvað varðar ákvarðanir um að kveðja þing saman og slíta því. Í raun tel ég algera tímaskekkju að það vald sé ekki alfarið í höndum þingsins sjálfs og að utanaðkomandi aðilar eins og forseti lýðveldisins og forsrh. séu þar með hlutverk. Langeðlilegast er, og í samræmi við þingræðisregluna sem nefnd var, að þingið hafi alfarið með þá hluti að gera.

Ég tel líka að endurskoða eigi í þessu samhengi spurningar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og það hvernig stjórnarskrárbreytingar eru staðfestar. Hvort tveggja fellur vel saman og gæti líka tengst því hvort sérstakar reglur verða teknar upp í tengslum við afgreiðslu milliríkjasamninga eða þjóðréttarsamninga. Þar væru kannski tvær leiðir færar eftir því hvort um einfaldari eða viðameiri gjörninga væri að ræða.

Ég fagna þessu svari sérstaklega og endurtek þakkir fyrir að þetta mál komist nú í farveg. Að sjálfsögðu erum við öll örugglega sammála um að um þessa hluti ber að leita algerrar pólitískrar samstöðu.

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil víkja að nokkrum öðrum punktum sem ég náði ekki í fyrra svari mínu. Ég tek undir með hv. þm. að það kann að vera ástæða til að halda áfram að fara yfir skipulag Alþingis gagnvart stjórnarskrá, hyggja að fleiri atriðum er þá koma til skoðunar, svo sem um störf og starfshætti þingsins eins og hv. þm. nefndi. Þá geymir stjórnarskráin til að mynda ekkert ákvæði um eftirlitsstofnanir Alþingis ef frá er talið fyrirheit í 43. gr. um að ríkisendurskoðun skuli fara fram á þess vegum. Til greina virðist geta einnig komið að treysta stöðu umboðsmanns Alþingis í sessi í stjórnarskrá og ýmsar hugmyndir hafa komið fram um með hvaða hætti mætti efla áhrif fjárlaga sem hagstjórnartækis. Sumar þeirra rúmast þó ekki innan þeirra takmarka sem ákvæði stjórnarskrárinnar um fjárlög setur, svo sem efni þeirra og gildistíma. Þá hefur verið rætt um hvort mætti mæla með skýrari hætti fyrir um rétt þingmanna til að krefja ráðherra upplýsinga um opinber málefni og skyldur ráðherra til að láta þær í té.

Loks er í V. kafla stjórnarskrárinnar um dómsvaldið helst til fátæklegt að mínu mati og sumt mætti þar orða á nútímalegri og greinarbetri hátt. Það á t.d. við um úrskurðarvald dómstóla um valdmörk stjórnvalda. Þá mætti taka upp ákvæði um að dómstólar eigi úrskurðarvald um hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá eins og löng réttarvenja er fyrir. Þá er ekki minnst á æðsta dómstól landsins í stjórnarskrá né heldur meðferð ákæruvalds eða saksóknara, svo maður telji bara upp nokkur atriði.

Síðan hafa á undanförnum tíma komið fram ábendingar um að ástæða kunni að vera að huga að sérstaklega meðferð valdheimilda ríkisins í samskiptum við aðrar þjóðir og fjölþjóðastofnanir. Til að mynda hefur prófessor Davíð Þ. Björgvinsson verið ötull talsmaður þess og ég minni á að Samf. hefur í þáltill. um endurskoðun stjórnarskrárinnar í tilefni af heimastjórnarafmæli gert tillögu um að tekið verði á stjórnarskrárheimild um framsal ríkisvalds með ákveðnum formerkjum. Það er því fullt af hlutum sem menn geta farið yfir og eru athygli verðir. Ég er ekki að lýsa skoðun minni á þeim atriðum en vek athygli á að á þessu virðist vera þörf og ég ítreka að ég er tilbúinn til samstarfs við forustumenn stjórnmálaflokkanna um þessi atriði og vinnu í framhaldi af því.

Árósasamningurinn.

Fsp. KolH, 62. mál. — Þskj. 62.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á vorþingi árið 2001 lagði hæstv. utanrrh. fram till. til þál. um fullgildingu Árósasamningsins sem fjallar um aðgang að upplýsingum og þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Það var í samræmi við samstarfsyfirlýsingu sem hæstv. umhvrh. hafði gert við frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála, yfirlýsingu sem undirrituð var í marsmánuði árið 2001. Í þeirri yfirlýsingu er skýrt kveðið á um það að aðilar séu sammála um þýðingu frjálsra félagasamtaka, þau gegni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki í umræðu um umhverfismál og í því skyni að tryggja og efla það hlutverk þeirra verði leitað heimildar Alþingis til að staðfesta Árósasamninginn frá 1998. Dráttur hefur orðið á þessu og við höfum átt skoðanaskipti í sölum Alþingis um þessi mál við hæstv. utanrrh. áður. Hann sagði t.d. í umræðum í febrúar árið 2003 að Árósasamningurinn væri jú merkilegur en legði nýjar skuldbindingar á herðar okkar sem ekki yrði auðvelt að standa undir miðað við íslenskar aðstæður. Hann gat þess að þess vegna hefði verið ákveðið að ákvæði samningsins yrðu tekin til mjög ítarlegrar umfjöllunar. Síðasta vor var ekki tilbúin niðurstaða í því sambandi og hæstv. ráðherra taldi að það biði nýrrar ríkisstjórnar að gera eitthvað í því máli.

Í tilefni af þessu öllu saman, í tilefni af því að nú er komin ný ríkisstjórn, tel ég eðlilegt að endurnýja umræðuna um málið og sérstaklega líka í ljósi þál. sem samþykkt var í sölum Alþingis í maí 2002, sem mér skilst að ekkert hafi verið gert með. Þar á ég við ályktun sem fól ríkisstjórninni að skipa

nefnd sem mundi gera úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndarmála á Íslandi og henni var gert að skila tillögu til ríkisstjórnarinnar um hvernig samskiptum stjórnvalda við slík samtök yrði best háttað og með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi sem undirritaður var í Árósum í júní 1998. Sem sagt, stjórnvöld hafa verið að viðurkenna í orði tilvist þessa samnings. Hann hefur verið undirritaður að sjálfsögðu fyrir Íslands hönd en ekkert bólar á því að fara eigi í fullgildingarferlið. Af þessum ástæðum legg ég eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanrrh.:

1. Hvað líður skoðun stjórnvalda á áliti réttarfarsnefndar frá 2001 um mögulegar lagabreytingar sem gera þyrfti áður en Ísland gæti staðfest Árósasamninginn frá 25. júní 1998, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum?

2. Hver er afstaða annarra Norðurlandaríkja til sömu álitamála og hvað líður staðfestingu þeirra á Árósasamningnum?

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samkvæmt áliti réttarfarsnefndar mundi fullgilding Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum af Íslands hálfu óhjákvæmilega kalla á umtalsverðar breytingar á íslensku réttarfari. Í fyrsta lagi telur nefndin að nokkur ákvæði samningsins, einkum 2. mgr. 9. gr., samanber 5. mgr. og 2. gr., stangist á við þá grundvallarreglu íslensks réttarfars að sá sem höfði dómsmál verði sjálfur að eiga lögvarða hagsmuni að því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir þar.

Í öðru lagi telur nefndin að lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, einkum 6. gr. laganna, tryggi ekki þá kröfu 1. mgr. 9. gr. samningsins að almenningur verði að geta leitað til annarrar sjálfstæðrar og óhlutdrægrar stofnunar en dómstóla sér að kostnaðarlausu eða gegn óverulegu gjaldi.

Í þriðja lagi telur nefndin að 4. og 5. mgr. 9. gr. samningsins stangist á við gildandi reglu um gjafsókn í XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, annars vegar og um lögbannstryggingu samanber 30. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., hins vegar. Að fengnu áliti réttarfarsnefndar var komið á fót óformlegum starfshópi umhvrn., utanrrn. og dómsmrn. um að athuga stöðu Árósasamningsins gagnvart íslenskum lögum og hvaða breytingar þyrfti að gera á þeim til að uppfylla þær skuldbindingar sem samningurinn kveður á um. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að fullgilding samningsins mundi kalla á yfirgripsmiklar breytingar á íslenskum lögum. Starfshópurinn er í meginatriðum sammála niðurstöðum réttarfarsnefndar en telur að jafnframt þyrfti að gera ýmsar aðrar breytingar m.a. á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og ýmsum sérlögum. Tekið skal fram að hinum óformlega starfshópi var ekki falið að útfæra hugsanlegar lagabreytingar nákvæmlega eða taka afstöðu til mismunandi leiða í því sambandi.

Nýlega var ákveðið að skipa formlegan starfshóp undir forustu umhvrn. til að gera nákvæma úttekt á þeim lagabreytingum sem fullgilding Árósasamningsins hefði í för með sér. Umræddar lagabreytingar varða málefni ýmissa ráðuneyta og er gert ráð fyrir að fulltrúar dóms- og kirkjumrn., iðnrn., landbrn., sjútvrn. og utanrrn. auk umhvrn. eigi sæti í þeim starfshóp.

Að því er varðar aðra spurningu vil ég taka fram eftirfarandi. Löggjöf á Norðurlöndum er ekki einsleit á þeim sviðum sem hér um ræðir. Því er mismunandi að hve miklu leyti einstök norræn ríki hafa þurft eða munu þurfa að breyta löggjöf sinni til að gera þeim kleift að fullgilda Árósasamninginn og hvaða leiðir þau hafa valið í því sambandi. Danmörk fullgilti samninginn 29. september árið 2000 og Noregur fullgilti hann 2. maí sl. Í Finnlandi og Svíþjóð er unnið að fullgildingu samningsins en í Svíþjóð er talið að fullgilding kalli á stjórnararskrárbreytingar og því ljóst að málsmeðferðin þar mun taka nokkurn tíma.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Það er heldur betur mikið sem þarf að gera virðist vera til að fullgilda þennan samning. Manni finnst það satt að segja skjóta skökku við þegar verið er að undirrita stóra og mikla alþjóðasamninga þar sem ráðherrar taka þátt í að vinna jafnvel undirbúningsvinnu eða ráðuneytin taka þátt í undirbúningsvinnunni og jafnvel skuli þingmál líta dagsins ljós í sölum Alþingis Íslendinga, þá skuli eftir á koma í ljós að gera þurfi allar þessar gífurlegu breytingar, umfangsmiklar breytingar á íslenskri löggjöf til að leiða viðkomandi samning í lög.

Mér er kunnugt um, herra forseti, að Evrópusambandið sé búið að setja fram ein tvö „dírektív" sem byggja á þessum samningi sem kveði svo á að Evrópusambandslöndin eigi að lögleiða ákvæði samningsins. Ég veit ekki betur en það falli undir EES-samninginn þannig að það virðist vera stutt í að tilskipun komi frá Evrópusambandinu að við þurfum að leiða þetta í lög. Þess vegna er það frekar önugt að ríkisstjórnin skuli vinna á hraða snigilsins að þessu máli því að hér er um mjög áríðandi og aðkallandi réttarbætur fyrir umhverfissamtök að ræða. Mér er kunnugt um að á Norðurlöndum, t.d. í Finnlandi og Noregi, sé löggjöfin beinlínis túlkuð umhverfissamtökunum í hag. Þannig hafa þeir gert það í Noregi og í Finnlandi hafa þeir leyft náttúruverndarsamtökum að lögsækja á grundvelli laga um náttúruvernd. Ég verð því að segja, herra forseti, að ólíkt hafast ríkisstjórnir Norðurlandanna að í þessum efnum. Ég veit að sænska ríkisstjórnin og umhverfisráðuneytið er að bjóða til sérstakrar ráðstefnu á morgun um málefni samningsins, þannig að hjá þessum frændþjóðum okkar er allt í fullum gangi við að innleiða þetta. Mikil umræða er þar í samfélaginu um þessi mál og ég hvet til þess að íslensk stjórnvöld standi vörð um slíka umræðu hér.

[13:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er rétt að þegar utanrrn. ákvað á sínum tíma að leggja þetta mál fyrir Alþingi gerðum við það í þeirri góðu trú að viðkomandi samningur kallaði ekki á lagabreytingar hér á landi. Það er vissulega gagnrýnivert, en það er sannleikur málsins. Síðan kemur í ljós við nánari skoðun að íslensk löggjöf þarf að taka miklum breytingum til að hægt sé að fullgilda þennan samning. Ég tel það vera skyldu okkar að fara vandlega yfir málið og hrasa ekki að neinu í svo umfangsmiklu máli fyrr en við vitum nákvæmlega hvað það þýðir. Ég veit að það verður mjög umdeilanlegt hvort í þær lagabreytingar skuli fara. Vel má vera að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að fara í þær lagabreytingar, ég skal ekkert fullyrða um það. En þetta er kjarni málsins og okkur ber að hafa þar vönduð vinnubrögð.

Það sést best á því að t.d. í Svíþjóð er talið að það kalli á stjórnarskrárbreytingu. Hér á undan var verið að tala um stjórnarskrána og ég tel að okkur beri að bera þá virðingu fyrir lögum og stjórnarskrá landsins að við fullgildum ekki samninga sem við teljum að geti stangast á við hana jafnvel þótt við höfum gert þau mistök sem hér skulu játuð að við lögðum fram þáltill. í góðri trú.

Lágflug og æfingar orrustuflugvéla Bandaríkjahers.

Fsp. SJS, 64. mál. — Þskj. 64.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurnum til hæstv. utanrrh. vegna lágflugs og æfingaflugs orrustuflugvéla Bandaríkjahers. Kunnara er en frá þurfi að segja þeim sem fylgjast með fréttum að iðulega veldur slíkt miklu ónæði og er óvinsælt á þeim stöðum sem fyrir því verða. Þannig má t.d. vitna til fréttar í Morgunblaðinu laugardaginn 8. mars en þar segir frá því að kennarar og starfsmenn við Menntaskólann á Akureyri, alls um 40 manns, skrifuðu undir áskorun til ríkisstjórnar Íslands um að hún banni erlendum her að stunda heræfingar á og við Akureyri og nota Akureyrarflugvöll sem stríðsæfingasvæði. Bent er á að á þessu skólaári hafi herflugvélar stundað æfingar yfir Akureyrarbæ á Akureyrarflugvelli og um Eyjafjörð oft í hverjum mánuði, iðulega dag eftir dag og valdið óbærilegri truflun á starfsemi stofnunarinnar. Þetta telja starfsmenn MA óviðeigandi og óviðunandi í herlausu landi friðar.

Vitna má í frétt í Ríkisútvarpinu frá 25. september sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Herþotur af Keflavíkurflugvelli rufu sveitakyrrðina í Biskupstungum og Hrunamannahreppi í gær. Margir bændur hafa kvartað undan hávaðanum í vélunum og svo mikil voru lætin að ekki heyrðist mælt mál innan dyra. Dýr ókyrrðust í haga og á sumum bæjum trylltust nautgripir vegna hávaðans frá þotunum."

Síðan má vitna í fréttabréf eða lesendabréf í Morgunblaðinu 25. júlí í sumar en þar segir:

„Í hádeginu hinn 22. júlí 2003 var ég undirritaður staddur með hópi þýskra ferðamanna á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Allt í einu barst gríðarlegur hávaði úr vestri og sjá mátti tvær herþotur frá bandaríska hernum koma inn með ströndinni. Allir viðstaddir gripu fyrir eyrun og óskuðu sendingu þessari för hið snarasta í hið neðra. Fuglarnir í björgunum ókyrrðust og mátti á svipstundu sjá þúsundir fugla fljúga upp með gargi miklu enda áttu þeir sér einskis von. Þessi leifturstutta röskun olli mikilli truflun bæði meðal hinna erlendu gesta ekki síður en málleysingjanna."

Það mætti bæta við frétt um æfingar herþotna upp undir Látrabjargi fyrir nokkrum missirum sem sömuleiðis ullu þar miklum usla.

Af þessu tilefni hef ég leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Hvaða reglur gilda um lágflug orrustuflugvéla Bandaríkjahers og aðrar æfingar yfir byggð eða á öðrum viðkvæmum stöðum?

2. Hvaða reglur gilda um flug vélanna yfir hljóðhraða og hvar og hvenær þeim er heimilt að rjúfa hljóðmúrinn?

3. Hyggst ráðherra endurskoða áðurnefndar reglur um æfingaflug Bandaríkjahers í ljósi fram kominnar óánægju fari svo að vélarnar hverfi ekki úr landi á næstunni?

En út af fyrir sig væri það einföld og varanleg lausn á því vandamáli að landið losnaði við þessa óværu.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Almennt gilda reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og innlend lög og reglur um flug og loftferðir. Það er hins vegar hægt að semja um undanþágu frá þessum almennu reglum með sérstöku samkomulagi og það hefur verið gert vegna æfinga- og þjálfunarþarfa flugsveitar varnarliðsins sem staðsett er hér á landi.

Í umboði varnarmálaskrifstofu utanrrn. hafa Flugmálastjórn Íslands og varnarliðið gert með sér samkomulag um tæknilega framkvæmd æfinga- og þjálfunarflugs.

Í endurskoðuðu samkomulagi Flugmálastjórnar og varnarliðsins frá því í september er kveðið á um að varnarliðið geti notað svokallað LOMA-lágflugsæfingasvæði sem afmarkast af hálendinu sunnan Hofsjökuls, stórum hluta Vatnajökuls og hálendinu norðan Vatnajökuls. Í samkomulaginu er varnarliðinu veitt heimild til að æfa á svæðinu allt að tólf sinnum í hverjum mánuði frá 1. september til 9. maí. Lágflug á þessu svæði er ekki leyft á sumrin vegna umhverfissjónarmiða, en gert er ráð fyrir þeim möguleika að veita undanþágur yfir sumartímann ef um stórar varnaræfingar er að ræða. Að auki hefur varnarliðið heimild til að fljúga lágflug inn á lágflugsæfingasvæðið allt að átta sinnum í mánuði á tímabilinu 1. október til 9. maí. Er þá flogið yfir Faxaflóa, inn yfir Mýrar, yfir Holtavörðuheiði og norður með Langjökli og Hofsjökli inn á lágflugsæfingasvæðið. Þess má geta að dagsetningin 1. október er valin með tilliti til þess að göngum og réttum sé almennt lokið og leiðin því ekki opnuð fyrr en 1. október.

Í stuttu máli er ferlið þannig að varnarliðið óskar eftir heimild Flugmálastjórnar um æfingaflug með þar til greindum fyrirvara. Samþykki Flugmálastjórn gefur hún út svokallaða NOTAM-tilkynningu sem tilkynnir hvar og hvenær æfingaflugið fer fram og lokanir tilheyrandi svæða. Á þessu lágflugsæfingasvæði á hálendinu hafa orustuþoturnar leyfi til að æfa allt niður í 500 feta hæð yfir jörðu. Almennt gildir hins vegar að þoturnar þurfa að vera í a.m.k. 5.000 feta hæð, nema þegar verið er að æfa lendingar og aðflug, t.d. á varaflugvöllunum á Akureyri og Egilsstöðum.

Að því er varðar spurningu nr. 2 þá er orrustuþotum varnarliðsins ekki leyfilegt að rjúfa hljóðmúrinn yfir landi. Þoturnar mega rjúfa hljóðmúrinn ef þær eru meira en 30 sjómílur frá landi og yfir 10.000 feta hæð.

Að því er varðar síðustu spurninguna, þá vil ég taka fram að þessi mál eru unnin í góðri samvinnu milli Flugmálastjórnar og varnarliðsins og nýbúið er að endurskoða samkomulag milli þessara aðila. Varnarliðið ber ábyrgð samkvæmt varnarsamningnum á vörnum landsins, ekki bara Miðnesheiðar, og verður að geta þjálfað sína flugmenn á viðunandi hátt þannig að þeir kynnist aðstæðum hér og geti einnig uppfyllt sínar innri kröfur um þjálfun og æfingar. Í bandaríska hernum eru skýrar reglur um það að flugmenn verði að að fá ákveðna þjálfun, annars eiga þeir á hættu að missa réttindi sín vegna ófullnægjandi þjálfunar.

Ég sé því ekki betur, herra forseti, en að málin hafi verið og séu í ágætum farvegi hvað æfingaflug varnarliðsins varð-

ar og tel ekki að það sé tilefni til endurskoðunar þeirra að svo komnu máli.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það má vissulega viðurkennast að að einhverju leyti hefur verið tekið tillit til þeirrar megnu óánægju sem uppi hefur verið undanfarin ár með æfingar og flug herflugvéla yfir landinu, t.d. meðan það var enn leyft á árstímum þegar ferðamenn voru algengir. Frá því hafa að vísu verið undantekningar á æfingatímum o.s.frv. Ég held því miður að vísu að einhver brögð séu að því að þessar reglur hafi ekki verið virtar. Af og til hafa borist fregnir af því að hljóðmúrinn hafi verið rofinn alveg upp undir ströndum landsins eða jafnvel yfir landi og ég minni þar t.d. á fregnir frá Látrabjargi. Ég held að þetta sé kannski hvað tilfinnanlegast á þeim stöðum þar sem herþoturnar eru að æfa aðflug við varaflugvellina og þá sérstaklega á Akureyri, ofan í þröngum og kyrrviðrasömum Eyjafirðinum. Ég hef orðið vitni að því oftar en einu sinni að það veldur gríðarlegu ónæði, hávaða og truflun þegar vélarnar fara þar alveg niður í nokkur hundruð feta hæð og gefa síðan fullt afl og rífa sig upp úr firðinum, gjarnan upp yfir Akureyri eða upp yfir höfninni.

Það hlýtur því að vera spurning hvort ekki megi gera þar einhverjar breytingar á, draga úr þeim æfingum eða ná því fram í flughermum eða með einhverjum slíkum hætti þannig að ekki þurfi að koma til jafnmikilla og tíðra æfinga og undanfarið hafa verið þarna, þ.e. þangað til þá hin varanlega lausn, sem ég nefndi og hæstv. ráðherra kom nú ekki inn á, nær fram að ganga að herflugvélarnar hverfi hér endanlega úr landinu.

Ég vil að vísu taka það sérstaklega fram að sú frétt sem kom í fjölmiðlum fyrir skömmu síðan gladdi mig mjög, að herþoturnar væru yfirleitt óvopnaðar. Það tel ég vera virkilega til bóta því ekki væri nú á bætandi ef þær væru, miðað við þá áhættu og það ónæði sem er samfara þeim, að þvælast hér yfir byggð í landinu ef það bættist svo við að þær bæru vopn auðvitað í algeru tilgangsleysi. Þannig að ég er ósammála öllum þeim sem töldu það gagnrýnisvert og fagna því sérstaklega að þessar þotur skuli yfirleitt vera óvopnaðar og þar með er náttúrlega enn síður nokkur ástæða til að hafa þær í landinu.

[14:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég gekk nú út frá því að fyrirspurnin væri fram borin á þeirri forsendu að herþoturnar yrðu hér áfram, enda hefði fyrirspurnin verið óþörf ef gert hefði verið ráð fyrir því að þær færu héðan. En það liggur alveg ljóst fyrir hver er vilji ríkisstjórnar Íslands í því sambandi og hefur komið skýrt fram og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér.

Hitt er svo annað mál að það er vitað að það hafa orðið mistök í þessu sambandi. Það á m.a. við í því tilviki sem hv. þm. nefndi hér að því er varðaði atvikið í Biskupstungum þar sem þoturnar flugu yfir Flúðir. Þar áttu sér stað mistök þar sem Flugmálastjórn gaf þeim heimild til að stækka æfingasvæðið en flugmenn varnarliðsins skildu það sem svo að Flugmálastjórn hefði veitt þeim heimild til að æfa á stærra svæði og flugu þar af leiðandi yfir þennan stað, þ.e. Flúðir. Slík mistök geta að sjálfsögðu átt sér stað.

Að því er varðar að rjúfa hljóðmúrinn, þá má samt ekki rugla saman því atviki og almennum hávaða frá þotunum. Það er mikill hávaði frá þeim, það liggur alveg ljóst fyrir. Og ýmsir halda að það sé verið að rjúfa hljóðmúrinn en það þarf alls ekki að vera, vegna þess að hávaðinn er því miður verulegur frá þessum þotum. Það liggur alveg ljóst fyrir eins og hv. þm. sagði.

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn.

Fsp. RG, 84. mál. — Þskj. 84.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í haust var mér kynnt frétt um að upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Norðurlönd, sem staðsett er í Kaupmannahöfn, verði lögð niður um áramótin. Skrifstofan verði sameinuð upplýsingadeild í Brussel þar sem Evrópusambandslöndin muni hafa forgang. Það var fremur hljótt um þessa ákvörðun og virðist sem algjört áhugaleysi hafi ríkt hjá ríkisstjórnum Norðurlanda að viðhalda upplýsingaskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Þetta er sérstaklega athyglisvert þar sem Norðurlöndin öll sem eitt lyfta Sameinuðu þjónuðum sem hornsteini í sinni utanríkispólitík.

Á fréttavefnum sem gerði þessa breytingu að umtalsefni kom fram að Danir hafi talið að það að halda áfram með skrifstofuna snerist um tiltölulega litla fjármuni, að Svíar hefðu ekki viljað leggja neitt meira til, ekkert hefði heyrst frá Noregi, en Íslands og Finnlands er lítið getið nema að því leyti að þetta mundi skipta mjög miklu máli fyrir Noreg og Ísland sem lönd utan Evrópusambandsins.

Það má ætla að ný upplýsingaskrifstofa í Brussel gagnist miklu fremur þeim þremur Norðurlandanna sem eru aðilar að Evrópusambandinu en jafnframt má ætla að hætta sé á að Ísland og Noregur geti lent utan girðingar. Ísland hefur kostað eina stöðu á upplýsingaskrifstofunni í Kaupmannahöfn svo það má nú ætla að utanrrn. hafi talið að það samræmdist hagsmunum okkar að vera með aðild að slíkri upplýsingaþjónustu og ekki síst þar sem m.a. upplýsingar á okkar eigin tungumáli voru tryggðar með aðild okkar að þessari skrifstofu.

Þess vegna er fyrirspurn mín til hæstv. utanrrh. svohljóðandi:

1. Hver eru rökin fyrir því að leggja niður upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn og flytja verkefni hennar undir upplýsingaskrifstofu Evrópusambandsins í Brussel?

2. Hefur þessi flutningur breytingar í för með sér fyrir EES-löndin?

3. Mun Ísland áfram kosta stöðugildi á upplýsingaskrifstofunni?

[14:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Lokun upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn er hluti af aðgerðum til almennrar hagræðingar í upplýsingastarfsemi Sameinuðu þjóðanna samkvæmt tillögum aðalframkvæmdastjóra samtakanna í skýrslu sem samþykkt var á 57. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það hefur verið stefna Íslands ásamt hinum Norðurlöndunum að styðja við bakið á framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, og því hafa Norðurlöndin ekki gert fyrirvara með tilliti til upplýsingaskrifstofunnar í

Kaupmannahöfn jafnvel þótt almenn ánægja ríki á Norðurlöndunum um starfsemi hennar. Ekki er um það að ræða að starfsemi upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn verði flutt undir upplýsingaskrifstofu Evrópusambandsins í Brussel. Hins vegar stendur til að opna þar um næstu áramót sérstaka upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, í stað níu minni skrifstofa sem starfað hafa í jafnmörgum löndum Evrópu, í Aþenu, Bonn, Brussel, Kaupmannahöfn, Lissabon, London, Madrid, París og Róm. Skrifstofurnar í Vínarborg og Genf verða reknar áfram.

Að því er varðar 2. lið fsp. þá hefur upplýsingaskrifstofan í Kaupmannahöfn miðlað upplýsingum á tungumálum Norðurlandanna en þó aðeins að takmörkuðu leyti á íslensku. Til þess að bæta úr því veitti utanrrn. upplýsingaskrifstofunni í Kaupmannahöfn 500 þús. kr. styrk á þessu ári vegna vinnu íslensks starfsmanns við vefsíðugerð á íslensku. Við breytinguna er gert ráð fyrir að hin nýja Evrópuskrifstofa upplýsingadeildar Sameinuðu þjóðanna muni miðla upplýsingum á tungumálum núverandi Evrópusambandsríkja.

Að því er varðar 3. liðinn þá hefur Ísland ekki kostað stöðugildi á upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn nema með ofangreindum styrk sem aðeins var veittur í eitt skipti vegna sérstaks verkefnis. Nú er unnið að því að stofna í Reykjavík miðstöð Sameinuðu þjóðanna þar sem vonast er til að hægt verði að hýsa undir sama þaki Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, UNICEF á Íslandi, UNIFEM á Íslandi og e.t.v. fleiri aðila. Utanrrn. styrkir þetta verkefni. Gert er ráð fyrir að ný miðstöð Sameinuðu þjóðanna geti í samvinnu við hina nýju Evrópuskrifstofu upplýsingadeildar Sameinuðu þjóðanna, sem áður er getið, sinnt ýmsum þeim verkefnum á sviði upplýsingamiðlunar sem upplýsingakrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og utanrrn. hafa sinnt fram að þessu.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er nokkuð ánægð með hvernig málið hefur þróast miðað við þær upplýsingar sem koma fram á þessum fréttavef og hlýt að geta þess, þó ekki sé nema til gamans, að fréttamaðurinn upplýsti að hann hefði fengið upplýsingar um breytingarnar á 38. hæð, hæð aðalritarans hjá Sameinuðu þjóðunum, og að einn af nánum samstarfsmönnum Kofi Annans hafi undrast að Norðurlöndin hafi ekkert brugðist við þessari breytingu og þessum niðurskurði. Væntanlega hefur þarna eitthvað slegið saman að peningarnir sem voru lagðir til íslenskuþáttarins hefðu verið til þess að styðja við íslenskt stöðugildi og við skulum ekkert harma það þó að meira hafi verið gert úr framlagi Íslands en efni stóðu til.

En miðað við það að þessar breytingar hafa orðið finnst mér jákvætt, ef miðstöð Sameinuðu þjóðanna verður opnuð hér, ef að það verður hægt að koma því á að miðstöðin geti jafnframt sinnt upplýsingaskyldu og átt samvinnu við upplýsingaskrifstofuna í Brussel um þau málefni sem áður þótti ástæða til að koma á framfæri við Norðurlöndin, mundi þá vera komið á framfæri til okkar.

Miðað við fréttirnar og gagnrýnina sem uppi er um framkvæmdina og linku Norðurlandanna að bregðast þarna við þá ætla ég að vera fremur sátt við málið ef af verður með þessa miðstöð Sameinuðu þjóðanna, að hún sinni þessum þætti.

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins.

Fsp. RG, 92. mál. — Þskj. 92.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það var í júní í sumar sem bárust fréttir af því að búið væri að gera og ná niðurstöðu um breytingar á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Franz Fischler, framkvæmdastjóri landbúnaðarmála hjá Evrópusambandinu, var nokkuð brattur í umsögn sinni um breytingar á landbúnaðarstefnunni og taladi um að nú mætti Evrópusambandið sterkt til leiks til samninga við Alþjóðaviðskiptastofnunina WTO. Hann fullyrti að endurskoðunin leiddi af sér meira frelsi fyrir evrópska bændur að jafna framboð og eftirspurn í greinum sínum og að unnt yrði að hindra að smjörfjöll, vínbirgðir og annað hlæðist upp.

Evrópusambandið hefur leitt þann ríkjahóp sem stendur vörð um þá tegund landbúnaðar sem hefur best þekkst og verið haldið utan um á norðurhveli. Nú virðist sem þeir hjá Evrópusambandinu ætli að breyta að mestu yfir í svokallaða græna styrki, þ.e. styrkir sem verða ekki lengur framleiðslutengdir eins og er t.d. hjá okkur á Íslandi. Það virðist sem bóndinn eigi að fá tiltekna styrki og fjárhæðir við tilteknar aðstæður, óháð því hvaða verkefni hann ætlar að fara í, hvort sem það er skógrækt, þjónusta, eftirlit eða einhvers konar uppbygging. Erfitt að átta sig á því en ég býst við því að hæstv. ráðherra upplýsi okkur nánar um það.

Þar sem þrír meginhópar innan Alþjóðaviðskiptaskrifstofunnar, Evrópusambandið, Bandaríkin og þróunarlöndin hafa verið að takast á um stefnuna sem verður tekin innan Alþjóðaviðskiptaskrifstofunnar, hlýtur það að geta haft talsverð áhrif á okkur hvernig Evrópusambandið mótar sína stefnu, sérstaklega ef Evrópusambandið breytir í aðra átt en við erum kannski að vinna að innan Alþjóðaviðskiptaskrifstofunnar.

Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. um álit hans á þróuninni og hvernig hann telji að við munum þurfa að bregðast við, hverjar séu helstu breytingar sem samþykktar hafi verið á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins og hvernig þessar breytingar falla að íslenskum hagsmunum.

[14:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Helsta einkenni þeirra breytinga sem nú eiga sér stað og eru fram undan innan Evrópusambandsins er að framleiðsla er að mestu leyti aftengd styrkveitingum. Þess í stað er meiri áhersla lögð á matvælaöryggi og umhverfismál.

Í meginatriðum verður framkvæmdin á þann veg að í stað framleiðslutengdra styrkja nýtur hvert býli árlegs, almenns framlags sem er reiknað í hverja einingu lands. Framlagið er fundið út frá því hvað viðkomandi býli fékk í framlag árin 2000–2002, en þær viðmiðanir má leiðrétta hafi rekstur býlisins verið afbrigðilegur á viðmiðunarárunum. Frá þessari meginreglu var samið um frávik sem aðildarlöndin mega beita hvert fyrir sig til að samkomulag næðist.

Nýtt fyrirkomulag tekur gildi 1. jan. 2005, sem er ári seinna en framkvæmdastjórnin hafði lagt til. Þá verður hverju og einu landi heimilt að fresta gildistöku þessa fyrirkomulags í allt að tvö ár eða til 1. jan. 2007.

Markaðsstuðningur tekur einnig breytingum. Markmiðið er að færa markaðsverð ESB fyrir landbúnaðarafurðir nær

heimsmarkaðsverði. Eftir sem áður verður markaðsverð matvæla innan ESB hærra en heimsmarkaðsverð vegna markaðsverndar sem tollar og uppkaupaverð umframframleiðslu veita og einnig vegna útflutningsbóta. Þá er enn fremur ákveðið að framlög til einstakra býla sem eru umfram 5.000 evrur á ári verði skert um 3% árið 2005 stighækkandi í 5% árið 2007 og síðar. Þó skal ekki skerða framlög til býla á jaðarsvæðum.

Áætlað er að þessi skerðing nemi 1,2 milljörðum evra sem verði deilt út eftir þeirri meginreglu að hvert land fær í sinn hlut að lágmarki 80% af því sem það leggur til. Hverju landi er heimilt að veita landbúnaði sínum viðbótargreiðslur að hámarki 10% af þeim stuðningi sem ESB veitir. Sé þessi stuðningur búgreinatengdur má hann ekki nema hærri fjárhæð en nemur 10% þess stuðnings sem búgreinin fær úr sjóðum ESB. Þessi framlög skulu vera til umbóta og umhverfisverndar í landbúnaði og hvetja til betri gæða og markaðssetningar fyrir búvörur.

Viðbrögð aðildarríkjanna voru misjöfn en þó virtust öll hafa náð ásættanlegum lausnum sinna mála í málamiðlun þeirri sem samþykkt var að lokum. Portúgalar voru þeir einu sem greiddu atkvæði gegn endurskoðuninni.

Þess má geta að samtök evrópskra bændasamtaka voru lítt ánægðir með niðurstöðuna. Gagnrýni þeirra var á þá lund að verið væri að færa landbúnaðarstefnuna aftur heim í hérað, eins og það var orðað, samkeppnishæfni evrópsks landbúnaðar væri í hættu, niðurskurður væri of mikill í mjólkurgeiranum og hætta væri á að framleiðsla mundi leggjast af á harðbýlum svæðum þar sem framleiðslutenging styrkja hefði verið afnumin.

Að því er varðar síðari hluta fsp. þar sem spurt er hvernig þessar breytingar falli að íslenskum hagsmunum, er því til að svara að landbúnaðarstefnan hefur í sjálfu sér engin áhrif á íslenskan landbúnað enda er hann ekki hluti af landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Þannig er ekkert sem bendir til að umbæturnar á landbúnaðarstefnu ESB hafi áhrif á íslenskan landbúnað eða raski samkeppnisstöðu hans gagnvart hinum Evrópusambandsríkjunum enda nýtur íslenskur landbúnaður mikillar sérstöðu og útflutningshagsmunir okkar eru tiltölulega litlir.

Hins vegar kann breytt landbúnaðarstefna ESB að hafa áhrif á stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi sem endurspeglast fyrst og fremst í yfirstandandi samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég hef sagt að þess megi vænta að niðurstaða ESB verði leiðbeinandi um þær breytingar sem gera verði á íslenska landbúnaðarkerfinu vegna væntanlegra WTO-samninga en breytt landbúnaðarstefna ESB skapar sambandinu aukið svigrúm í Doha-samningalotunni. Til þess að hægt sé að leiða þær samningaviðræður til lykta af Íslands hálfu er víst að við þurfum að vera reiðubúin til að taka á okkur skuldbindingar um endurskoðun á landbúnaðarstefnunni.

Þó að viðræðurnar hafi siglt í strand í Cancún að þessu sinni og óvíst um næstu skref er það ekkert launungarmál að okkar bíður það verkefni að hagræða í íslenskum landbúnaði svo að hann geti mætt aukinni samkeppni og breyttu rekstrarumhverfi á heimsmarkaði á næstu árum.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það var mjög áhugavert að fylgjast með því sem var að gerast í sumar og það kom fram í þessari sömu frétt að kostnaður Finna hefði getað farið upp í 85 millj. evrur á ári við fyrstu hugmyndir sem voru um endurskoðun á landbúnaðarstefnunni, en verði 7 millj. Það eru miklar breytingar frá fyrstu hugmyndum. Ég var einmitt að vísa til þess að þar sem Evrópusambandið er ein stærð af þremur sem eru að takast á og ræða málin innan Alþjóðaviðskiptaskrifstofunnar þá getur nú verið að sú stefna verði ofan á og hafi áhrif á skuldbindingar okkar eins og fram kom í svari ráðherra í lokin.

Ég er þá að velta því fyrir mér, ef þetta er að ganga eftir, að þarna er frestun leyfð í tvö ár, segir hæstv. ráðherra. En verðum við ekki að fara að huga að því hvort það muni henta Íslandi og þá hvernig hægt væri að fara yfir í græna styrki í framtíðinni í stað þess að vera með þessa framleiðslubundnu styrki sem við erum með sem hafa að mörgu leyti verið mjög erfiðir. Það er áhugavert að heyra svar hæstv. ráðherra við því vegna þess að við getum að sjálfsögðu verið utan Evrópusambandsins og sagt að okkur varði ekkert um hvað gerist hjá þeim, en þeir eru gífurlega sterkur aðili innan samninganna hjá Alþjóðaviðskiptaskrifstofunni. Og ef það bíður okkar að verða að endurskoða landbúnaðarstefnuna þá er nú kannski fremur viturlegt að byrja að skoða hvernig við þurfum að sveigja hana þannig að þetta skelli ekki mjög illa á okkur og alvarlega.

[14:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, vegna þeirra umræðna sem fara núna fram innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að við munum þurfa að breyta ýmsu í styrkjum eða stuðningi við íslenskan landbúnað. Við erum fyrst og fremst með svokallaða græna styrki og svokallaða gula styrki og okkur sýnist að það verði tiltölulega minna mál fyrir okkur en ýmsa aðra að gera þarna breytingar á. Það er þegar byrjað að ræða það við Bændasamtökin og aðila í landbúnaðinum hvernig best sé að snúa sér í þessum málum. Ég er ekki að segja að það verði vandalaust, það er langt frá því. Hins vegar sýnist okkur að við séum í tiltölulega betri stöðu en vinir okkar í Noregi sem hafa notað annars konar styrki, svokallaða bláa styrki, og það verði þeim enn þá erfiðara að gera þær breytingar sem eru yfirvofandi.

Okkur sýnist því að það hafi verið haldið skynsamlega á málum á undanförnum árum og áratugum að því er varðar íslenskan landbúnað og að það verði auðveldara fyrir okkur að aðlagast þeim reglum sem líklegt er að verði breytt, á grundvelli samkomulags á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en fyrir ýmsa aðra. En það má ekki draga úr þeim vanda sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir því hann þarf að mæta vaxandi erlendri samkeppni. En það eru allar líkur á því að íslensk stjórnvöld geti haldið áfram að auðvelda íslenskum landbúnaði að framleiða góðar vörur, sérstaklega fyrir okkur Íslendinga og okkar þjóð, enda eru útflutningshagsmunir okkar tiltölulega litlir.

Lögmæti innrásarinnar í Írak.

Fsp. SJS, 110. mál. — Þskj. 110.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er fyrst og fremst með tvennum hætti sem valdbeiting gegn fullvalda ríki innan viðurkenndra

landamæra getur talist lögleg í þjóðarétti. Í fyrra tilvikinu er það ef réttur til sjálfsvarnar hefur stofnast á grundvelli 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ríki hefur þannig rétt til að verja sig eitt eða með öðrum ef á það hefur verið ráðist með hervaldi.

Hitt tilvikið er ef eitthvert ástand er þannig að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur úrskurðað skv. 39. gr. að fyrir hendi sé ófriðarhætta, friðrof, eða ríki hafi gert árás sem getur þá aftur varðað við 51. gr. eins og áður sagði. Sé slíkt ástand úrskurðað, þ.e. að það ógni heimsfriði, skal fyrst tæma öll efnahagsleg, diplómatísk, pólitísk og lagaleg úrræði, sbr. 40. og 41. gr. stofnsáttmálans, áður en öryggisráðið heimilar valdbeitingu skv. 42. gr.

Nú er það ljóst í fyrsta lagi að Írak réðst ekki á Bandaríkin né Bretland. Í öðru lagi er ljóst að öryggisráðið úrskurðaði ekki að ástandið í Írak ógnaði heimsfriði og fylgdi því eftir með annarri ályktun sem heimilaði valdbeitingu skv. 42. gr. Engin slík samþykkt var gerð á vegum öryggisráðsins. Í þriðja lagi liggur fyrir að þrátt fyrir linnulausa leit í marga mánuði og gríðarlegan kostnað hafa engin gereyðingarvopn fundist í Írak. Vaxandi líkur eru á því að þau hafi alls ekki verið til staðar. Alvarlegra er að sterkar vísbendingar eru uppi um að blekkingum hafi verið beitt eða a.m.k. hafi menn vísvitandi ýkt þá ógn sem stafaði af fyrrverandi stjórnvöldum í Írak.

Í þessu ljósi hef ég leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Hvert er mat ráðherra á lögmæti innrásar Bandaríkjamanna og Breta í Írak fyrr á árinu í ljósi þess að engar sannanir hafa fundist fyrir gereyðingarvopnaeign Íraka og svo virðist sem sú hætta sem umheiminum stafaði af þáverandi stjórnvöldum í Írak hafi verið ýkt?

Hér mætti bæta því við að engar sannanir hafa heldur fundist fyrir tengslum írakskra stjórnvalda við hryðjuverkasamtökin al Qaeda.

2. Hefur ríkisstjórnin hugleitt þann möguleika að draga til baka stuðning sinn við innrásina í Írak og láta taka Ísland af lista yfir þær þjóðir sem studdu stríðið?

3. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til áframhaldandi bandarískra yfirráða í Írak?

[14:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að styðja aðgerðir Bandaríkjanna og Bretlands gegn Írak var hvort tveggja pólitísk og byggð á grundvelli alþjóðalaga. Að vandlega íhuguðu máli tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak. Ákvörðunin er fyrst og fremst stuðningur við það sjónarmið að Sameinuðu þjóðirnar yrðu að fylgja eftir ákvörðunum sínum um afvopnum Íraks. Stjórnvöld í Írak höfðu hvorki staðið við vopnahlésskilmálana frá 1991 né hlýtt fjölmörgum ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um afvopnum frá þeim tíma.

Í ályktun öryggisráðsins nr. 1441 er sérstaklega vísað til tíu fyrri ályktana ráðsins um Írak. Tólf ár liðu frá því Írökum bar að afvopnast og nauðsynlegt að allri óvissu yrði eytt í þeim efnum. Öryggisráðið hafði varað Íraka ítrekað við afleiðingum þess að þeir héldu áfram að brjóta gegn þeim skilmálum sem öryggisráðið hafði sett með fyrri ályktunum sínum.

Með einróma ályktun öryggisráðsins nr. 1441 frá 8. nóvember 2002 gáfu Sameinuðu þjóðirnar Írak lokatækifæri til að sýna fram á að landið hefði eytt öllum gereyðingarvopnum sínum. Írak braut gegn ákvæðum þessarar ályktunar eins og annarra áður. Það hefði verið ákjósanlegt ef allar aðstæður hefðu leyft að vopnaeftirlitinu hefði verið gefinn meiri tími, en um það náðist ekki samstaða í öryggisráðinu eins og kunnugt er. Sameinuðu þjóðirnar eða öllu heldur sum aðildarríki þeirra brugðust skyldum sínum með því að víkja sér undan ábyrgð með því að fylgja ekki eftir einróma samþykkt ályktunar öryggisráðsins nr. 1441.

Íröksk stjórnvöld höfðu um árabil virt Sameinuðu þjóðirnar að vettugi og allar tilraunir til að beita öðrum aðferðum en hernaðarlegum reyndust árangurslausar. Það var einungis þegar herveldi var hótað að íröksk stjórnvöld gáfu tímabundið eitthvað eftir. Írak hefur um árabil verið ógnun við svæðisbundin og hnattrænan stöðugleika og farið með ófriði gegn nágrannaríkjum sínum og ráðist á miskunnarlausan hátt gegn eigin borgurum og annarra ríkja með gereyðingarvopnum. Mannréttindabrot stjórnar Saddams Husseins voru með ólíkindum. Og enn hefur ekki að fullu verið upplýst um örlög margra kúveiskra borgara og íranskra stríðsfanga.

Ástæður hernaðaraðgerðanna voru því margþættar og snerust ekki eingöngu um spurninguna um gereyðingarvopnaleit Íraka. Hvenær þraut þolinmæði alþjóðasamfélagsins? Hversu lengi er nógu langt?

Saddam Hussein hefur nú verið rekinn frá völdum eftir 23 ára ógnarstjórn. Refsiaðgerðum gegn Írak hefur verið aflétt með ályktun öryggisráðsins nr. 1483 frá 22. maí 2003. Alþjóðasamfélagið vinnur nú að því að skapa forsendur fyrir öflugri endurreisn í Írak, þar sem lokamarkmiðið verður að koma á lýðræðislegri stjórn í landinu og forræði írakskra borgara á eigin málum. Þótt engin gereyðingarvopn hafi enn fundist í Írak, þá hlíttu Írakar ekki ályktunum Sameinuðu þjóðanna um afvopnun og gerðu vopnaeftirlitsmönnum samtakanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni eins erfitt fyrir og kostur var. Íslensk stjórnvöld telja það alvarlegt mál þegar ályktunum Sameinuðu þjóðanna er ekki fylgt.

Að því er varðar spurningu númer tvö og í ljósi þess sem ég hef nú sagt er afstaða íslenskra stjórnvalda óbreytt. Ekki er heldur ástæða til að óska eftir því að Ísland verði tekið af þeim lista sem nefndur hefur verið, enda væri það sérkennileg sögufölsun.

Nýlega hefur náðst samkomulag í öryggisráðinu um ályktun nr. 1511 og endurreisnarstarf er hafið. Það þjónar því litlum tilgangi og alls ekki hagsmunum íraksks almennings að líta fyrst og fremst um öxl, heldur fram á við. Rétt er að taka eftir því að fullt samkomulag náðist um það í öryggisráðinu.

Að því er varðar spurningu þrjú skiptir miklu að Bandaríkjunum og öðrum samstarfsríkjum í Írak takist sem fyrst að tryggja öryggi og stöðugleika í landinu því það er forsenda þess að endurreisnarstarf geti hafist og íraksk þjóðin geti með lýðræðislegum hætti kosið nýja ríkisstjórn. Um leið yrði skapaður grundvöllur fyrir þátttöku alþjóðlegra og fjölþjóðlegra samtaka og stofnana, einnig óháðra félagasamtaka í uppbyggingarstarfinu. Íslensk stjórnvöld telja að Sameinuðu þjóðirnar eigi að vera þar í broddi fylkingar.

[14:40]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Rétt er hjá hv. fyrirspyrjanda að forsenda fyrir innrás af þessu tagi er sjálfsvörn eða ógnun við heimsfriðinn og það er skiljanlegt að hæstv. utanrrh. vilji ekki líta um öxl í þessu efni, heldur horfa fram á veginn því hann kom hér upp með allt aðrar skýringar en hann færði þjóðinni í mars sl.

Á fundi með háskólastúdentum í hádeginu 26. mars sl. sagði hæstv. utanrrh. að Írakar réðu yfir vopnum sem heimsbyggðin gæti ekki horft upp á. Hann sagði, með leyfi, forseta:

„Af hverju veittum við þennan stuðning? Vegna þess að við teljum stórhættulegt að Saddam Hussein ráði yfir gereyðingarvopnum. Öll heimsbyggðin er sammála um að alþjóðasamfélaginu stafi hætta af."

Og hæstv. utanrrh. var ekki í neinum vafa um þau gereyðingarvopn. Þegar hann var spurður um heimildir sínar fyrir þeim, þá sagði hann að flestir teldu allar líkur á að hann hefði rétt fyrir sér í þessu efni.

Hvar eru nú gereyðingarvopnin? Þau eru hvergi. Það sýnir sig, virðulegur forseti, að jafnmikilvæg ákvörðun í utanríkismálum og þessi hefur verið tekin á röngum og raunar nánast engum forsendum.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. fór hér eins og köttur í kringum heitan graut. Ég þakka honum samkvæmt venju fyrir svörin en mér fannst þau ekki stórbrotin. Hæstv. ráðherra fór með tugguna frá Washington um það á hvaða grundvelli væri nú, í ljósi þess sem liðið er og komið hefur á daginn, hægt að láta það heita svo að þetta árásarstríð væri réttlætanlegt og verjanlegt. Hæstv. ráðherra sneiddi algerlega hjá því að ræða þá staðreynd að þarna hafa nær algerlega engin gereyðingarvopn fundist. Hæstv. ráðherra kom í engu tilviki inn á þær grundvallargreinar stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem ég vitnaði til og spyr um. Heldur er hér farið út í skóg að smíða sér einhverjar röksemdir fyrir því að þetta geti heitið löglegt.

Og að tala svo um að ríkisstjórn Íslands hafi að vandlega athuguðu máli ákveðið að styðja þetta stríð. Við sem upplifðum það hvernig ráðamenn ríkisstjórnarinnar sneru við blaðinu á fáeinum sólarhringum síðari hluta marsmánaðar síðastliðins þekkjum aðra útgáfu af sögunni. Ég á í mínum fórum dag frá degi ummæli hæstv. utanrrh. þar sem hann segir alveg fram til 17. mars að nýja ályktun þurfi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Síðan í framhaldinu eru gereyðingarvopnin notuð sem helsta réttlæting fyrir því að styðja þetta stríð og svo heyrum við hvernig talað er núna.

Segjum sem svo að það sé slæmt stjórnarfar í einu ríki í Austurlöndum nær, í öðru lagi að ástandið þar sé ógnun við öryggi á svæðinu og í þriðja lagi að viðkomandi ríki brjóti gegn ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Hvað gæti þetta ríki heitið? Ísrael? Í öllum tilvikum ætti þetta við Ísrael. Er afstaða ríkisstjórnar Íslands þá sú hin sama þar? Eiga menn ekki að reyna vera sjálfum sér samkvæmir?

Mér finnst, herra forseti, að þetta mál sé langt frá því að vera uppgert í íslenskum stjórnmálum og áskil mér fullan rétt til að halda stjórninni áfram við efnið í þeim efnum.

[14:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að fulltrúar stjórnarandstöðunnar víkja yfirleitt aldrei einu orði að ógnarstjórn Saddams Husseins. Eins og það komi málinu ekki við. Ég spyr þá: Ef gereyðingarvopnin væru fundin, teldu þeir þá að rétt ákvörðun hefði verið tekin? Auðvitað skiptu gereyðingarvopnin miklu máli í þessu sambandi, því skal ekki neitað. Og það er vitað mál að þau voru til. Það liggur alveg ljóst fyrir. Hins vegar er ekki vitað hvað varð um þau.

En er það þannig að alþjóðasamfélagið beri enga ábyrgð þegar ógnarstjórnir eins og stjórn Saddams Husseins myrðir eigin borgara með gereyðingarvopnum eða öðru því sem tiltækt er? Ber þá alþjóðasamfélagið enga ábyrgð? Bar alþjóðasamfélagið enga ábyrgð í Bosníu? (**SJS:** Það á að fara að sínum eigin forsendum.) Bar alþjóðasamfélagið enga ábyrgð í Kosovo? Bar alþjóðasamfélagið enga ábyrgð í Afganistan? Í Rúanda? Í öllum þessum tilvikum er ljóst að samþykki Sameinuðu þjóðanna lá ekki fyrir. En það lá fyrir að Sameinuðu þjóðirnar voru þeirrar skoðunar að þarna væri mjög alvarlegt ástand. Og í öllum tilvikum er talið að gripið hafi verið of seint til aðgerða.

Hins vegar verðum við líka að líta þetta mál í ljósi þess ástands sem er hjá Sameinuðu þjóðunum. Hvernig neitunarvaldi er beitt. Og hvernig Sameinuðu þjóðirnar starfa. Okkur ber að bæta starfsaðferðir Sameinuðu þjóðanna. Það gengur ekki að þjóðir hafi jafnríkt neitunarvald og þær hafa eins og raun ber vitni. Eða er hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, sammála því að Bandaríkjamenn beiti neitunarvaldi skipti eftir skipti (**SJS:** Nei.) að því er varðar Palestínu? (**SJS:** Nei.) Vill hann halda því áfram? (**SJS:** Nei.) Áttu Frakkar þá heimild til þess að beita algjörlega neitunarvaldi að því er varðar Írak eins og þeir gerðu? (**SJS:** Hvað höfðingjarnir hafast að ...)

Þátttaka sveitarstjórnarmanna í Evrópusamstarfi.

Fsp. EKH, 212. mál. — Þskj. 225.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Einar Karl Haraldsson):

Hæstv. forseti. Ég beini spurningu til hæstv. utanrrh. varðandi það hvernig hann og ráðuneyti hans hyggist tryggja sveitarstjórnarmönnum aðgang að Evrópusamstarfinu.

Sveitarstjórnarmál á Íslandi eru í hæsta máta Evrópumál. 70% af þeim löggerningum ESB sem leidd eru í lög hér koma til framkvæmda á vettvangi sveitarstjórna. Evrópureglur gilda um veitumál, sorphirðu, innkaup og útboð, starfsmannahald, samkeppnisreglur og fleira á vettvangi sveitarstjórna. Kunnara er en frá þurfi að segja að lýðræðishallinn innan ESB hefur verið stöðugt til umræðu um langan tíma og til mótvægis hefur Evrópuþingið fengið löggjafarvald. Völd ráðherraráðsins hafa verið aukin á kostnað embættismanna framkvæmdastjórnarinnar. Nálægðarreglan um ákvarðanir hefur verið innleidd. Völd og þátttaka svæðisbundinna stjórnvalda í undirbúningi ákvarðana hafa verið stóraukin, m.a. með svæðanefnd sveitarstjórnarmanna. Í komandi svokallaðri stjórnarskrá Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að aðkoma sveitarstjórna og þjóðþinga verði aukin enn frekar. Það gliðnar sem sagt sífellt milli reglna ESB og þeirra reglna sem gilda á EES-svæðinu. Sú gliðnun grefur undan tilvist EES-samningsins og markmiðum hans.

Aðkoma fulltrúa almennings EFTA-ríkjanna að pólitísku samráði innan ESB fer sem sagt minnkandi ár frá ári. Í rauninni er ekki aðeins um að ræða tvöfaldan lýðræðishalla í þessu efni hjá okkur, heldur fullveldishalla sem er að verða ólíðandi. Utanrrn. hefur ýmislegt gert til að vekja athygli á þessum málum og komið hefur fram hjá ráðherranum að hann hafi áhuga á því að reyna að fá aðgang fyrir sveitarstjórnarmenn að svæðanefnd ESB og áhuga á því að stofnuð verði sveitarstjórnarnefnd EFTA með ráðgjafarnefnd EFTA

sem fyrirmynd. Þess vegna er spurt hvernig þessum áhugamálum miði og hvaða möguleikar eru á að ná fram meiri áhrifum fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn á vettvangi Evrópusambandsins.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í utanrrn. hefur verið lögð sérstök áhersla á málefni sveitarfélaganna og EES undanfarin ár og hvernig megi tryggja betur aðgang þeirra að EES-samstarfinu. Það er vissulega ekki mitt að segja íslenskum sveitarfélögum fyrir verkum. Íslenskir sveitarstjórnarmenn eru fullfærir um að móta þá afstöðu sem best hentar hagsmunum þeirra hverju sinni og umbjóðenda þeirra. Við í ráðuneytinu höfum hins vegar lagt áherslu á mikilvægi þess að sveitarstjórnarmenn taki öflugan þátt í Evrópuumræðunni og að utanrrn. aðstoði íslenskar sveitarstjórnir sem kostur er við hagsmunagæslu á erlendri grund. Sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli talið sig vera út undan að því er varðar málefni EES, sem er sérstaklega bagalegt í ljósi þess hve mikla ábyrgð þau bera á framkvæmd EES-reglna. Mér hefur borið skylda til að bregðast við því, ekki síst vegna hins aukna vægis sem sveitarstjórnarstigið hefur fengið innan ESB undanfarin ár og það hef ég gert með margvíslegum hætti.

Haustið 2001 var tekin sú ákvörðun í utanrrn. að sinna markvissar þeim málum EES-samningsins sem varða sveitarfélögin í landinu. Markmiðið var m.a. að gera sveitarfélögunum viðvart þegar nýjar gerðir eða tilskipanir er varða sveitarfélögin eru í undirbúningi. Sérstökum starfsmanni á viðskiptaskrifstofu utanrrn. var falið að sinna málefnum er varða EES og sveitarfélögin og yrði hann m.a. tengiliður og sæi um að miðla upplýsingum frá Brussel og fylgjast með gangi mála þar, ekki síst með aðstoð fulltrúa annarra ráðuneyta í sendiráðinu þar. Meðal annars var boðað til fundar með 22 stærstu sveitarfélögum landsins um EES og sveitarfélögin.

Í október 2001 var efnt til fundar með fulltrúum nokkurra ráðuneyta um málefni sveitarfélaganna og EES og þeim kynnt að ákveðið hefði verið að sinna framvegis EES-málum sveitarfélaga sérstaklega. Í framhaldi af þeim fundi ákvað utanrrn. að setja á fót starfshóp sem hefði m.a. það hlutverk að fylgjast með þróun löggjafar innan ESB sem snerta málefni sveitar og héraðsstjórna og gera stjórnvöldum grein fyrir afleiðingum hennar fyrir íslensk sveitarfélög. Utanrrn. fer fyrir þessum starfshóp sem nú hefur starfað í tvö ár. Á þeim tíma hefur skapast prýðileg samvinna á þeim vettvangi. Auk þess að funda reglulega hefur starfshópurinn staðið fyrir tveimur stórum ráðstefnum um EES og sveitarfélögin, 8. febrúar 2002 og 4. apríl sl. Á þeim ráðstefnum hefur verið lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að EFTA-ríkin komi í eins ríkum mæli og unnt er að mótun löggjafar sem okkur er á endanum ætlað að fylgja. Oft og tíðum er verið að fjalla um löggjöf sem varðar hagsmuni almennings og ekki síður hagsmuni sveitarsjóða og atvinnulífs. Með stofnun nefndarinnar hefur verið verulega bætt úr upplýsingum til sveitarstjórnanna.

Mikilvægt er að íslenskum sveitarfélögum sé gert kleift að sinna hagsmunagæslu bæði að því er varðar EES-löggjöf og til að nýta þau tækifæri sem gefast í EES-samningnum, t.d. með þátttöku í ýmsum samstarfsáætlunum á þessum vettvangi. Ekki síst í ljósi þess að EES-samningurinn minnist ekki á málefni sveitarfélaga eða aðkomu þeirra að samráði eða framkvæmd EES-samningsins. Ég fól því þessum starfshópi í febrúar sl. að gera skýrslu með tillögum sem lagðar yrðu fyrir ríkisstjórn um framtíðartilhögun á streymi upplýsinga og samráði milli sveitarfélaga og stjórnvalda um EES-mál. Skýrslunnar mun verða að vænta í lok þessa mánaðar.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að utanrrn. hefur að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga unnið að því að fá aðkomu að svæðanefnd ESB og mun reyna að fá samstöðu innan EFTA um að stofnuð verði sveitarstjórnarnefnd EFTA með ráðgjafarnefnd EFTA sem fyrirmynd. Svæðanefnd ESB er skipuð fulltrúum sveitarstjórnarstigsins og hefur veigamiklu hlutverki að gegna sem umsagnaraðili um löggjöf Evrópusambandsins.

Loks er þess að geta að til að styrkja aðkomu sveitarfélaganna að EES-samstarfinu hefur utanrrn. nú í um ár staðið straum af kostnaði við þátttöku eins fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga á fundum ráðgjafarnefndar EFTA. Það er gert á grundvelli þess að sveitarfélögin eru einn stærsti vinnuveitandinn í landinu.

[14:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar samningurinn um EES var gerður í árdaga var aðkoma sveitarstjórnarmanna innan Evrópusambandsins miklu minni en í dag. Þeir kvörtuðu sáran yfir því og þess vegna hafa verið gerðar gagngerðar breytingar eins og hv. þm. Einar Karl Haraldsson lýsti. Nú á sveitarstjórnarstigið innan ESB miklu meiri möguleika á að koma viðhorfum sínum á framfæri. Ekkert slíkt hefur gerst í jákvæða breytingarátt innan EFTA-stoðarinnar. Sveitarstjórnarmenn í EFTA-ríkjunum eiga enn jafnörðugt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og ég fullyrði að það hefur kostað sveitarstjórnarstigið á Íslandi mikla fjármuni. Allt það sem hæstv. ráðherra taldi upp áðan hefur hæstv. félmrh. farið yfir og dæmt léttvægt. Hæstv. félmrh. sem fer með sveitarstjórnarmálin í landinu segir að eina leiðin sé að endurskoða EES-samninginn til að koma inn aðkomu EFTA-sveitarstjórnarmanna. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Telur hann að einhverjar líkur séu á því að EES-samningurinn verði endurskoðaður með það fyrir augum?

[14:55]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Enn þurfum við að ræða ýmsa þá agnúa sem fylgt geta því formi sem við höfum valið á samskiptum okkar við Evrópusambandið og ætti nú kannski að vera okkur íhugunarefni. En ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Mikilvægt er að hér fari fram meiri umræða en verið hefur um málefni sveitarstjórnarstigsins og var raunar kallað sérstaklega eftir því á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna fyrr í dag. Er það tímanna tákn að í setningu fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna var sérstaklega og ítrekað fjallað um þau miklu og margvíslegu áhrif sem tilskipanir Evrópusambandsins hafa haft á starfsemi sveitarfélaganna, þau auknu verkefni sem þeim hafa þar verið lagðar á herðar og þá margvíslegu sérstöðu sem íslensk sveitarfélög búa við og þyrftu að hafa mun greiðari leiðir til að koma á framfæri eins og hæstv. félmrh. hefur raunar áður á bent og hv. 1. þm. Reykv. n. hefur haldið til haga í umræðunni.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Einar Karl Haraldsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirferð hans á þessu máli. Enginn þarf að efast um áhuga hans á að koma áfram auknum áhrifum sveitarstjórnarmanna á

Evrópusamstarfið eins mikilvægt og það nú er eins og hv. þingmenn hafa bent á í umræðunni.

En það sem mér fannst vanta í málflutning hans var kannski það mat á því hvort það væri líklegt að EES-leiðin í þessu væri í rauninni líkleg til árangurs. Er líklegt að hægt sé að fá aðgang að svæðisnefnd sveitarstjórna innan ESB? Og er líklegt að EFTA vilji koma upp einhvers konar sveitarstjórnarráði?

Mjög mikilvægt er að átta sig á því hversu raunhæfar þessar leiðir eru. Eins og áður hefur komið fram hjá framsóknarmönnum hefur það verið stefna þeirra að byggja á EES-samningnum til þrautar. En takist ekki að ná fram endurskoðun á honum eða uppfærslu innan tíðar hlýtur að reka að því að hugað verði að aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Athyglisvert er í þessu sambandi að samkvæmt blaðafregnum virðist ekki vera mikil samstaða meðal utanríkisráðherra EFTA um hvað eigi að leggja áherslu á í sambandi við endurskoðun EES-samningsins né heldur mikil líkindi til þess að framkvæmdastjórnin og ráðherraráð Evrópusambandsins ljái máls á slíkri endurskoðun.

[14:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Staðfest hefur verið í þessari umræðu að sveitarstjórnarmenn fylgjast ekki nægilega vel með því sem gerist í þessum málum. Við höfum reynt að bæta úr því eftir því sem hægt er. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi fylgist ekki nægilega með því heldur og hef oft ítrekað það að nauðsynlegt væri fyrir Alþingi að hafa starfsmenn í Brussel til að fylgjast með málum. Það sé ekki nægilegt að ráðuneytin og utanrrn. geri það. Ég er löngu búinn að segja þá skoðun mína að ég telji að Alþingi eigi að fylgjast miklu betur með undirbúningi löggjafar og þingið væri þá betur í stakk búið til að taka á málum þegar þau koma hér til umfjöllunar. Má þar t.d. nefna mál sem nú er til umfjöllunar á Alþingi sem varðar bráðabirgðalög sem reyndist nauðsynlegt að setja.

Að því er varðar það hvort líklegt sé að EES-samningurinn verði endurskoðaður þá er ég svartsýnn á það. Illa gekk að ná samstöðu um það innan EFTA en samstaða náðist samt og framkvæmdastjórnin tók því vel, Evrópusambandið tók því vel. En vísbendingar núna benda til þess að þar verði mjög á brattann að sækja. Hins vegar er það skylda okkar að reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur til að hafa þau áhrif sem við getum á grundvelli EES-samningsins. Utanrrn. hefur að sjálfsögðu lagt sig fram um að koma því til leiðar, hvort sem það er á sveitarstjórnarstiginu eða annar staðar, að við getum það og við munum halda því starfi áfram.

Það eru kostir og gallar við að taka þátt í þessu starfi. Það eru líka kostir og gallar (Forseti hringir.) við að vera aðili að Evrópusambandinu. Allt þurfa menn að meta og þetta er eitt af því sem er mikilvægt að ræða í því samhengi.

Úttekt á umfangi skattsvika.

Fsp. JóhS, 130. mál. — Þskj. 130.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Í maí 2002 var samþykkt hér á Alþingi þál. um úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Tvívegis hefur umfang skattsvika verið kannað, árið 1984 og 1992. Niðurstaðan í fyrri úttektinni var sú að ætla mætti að umfang dulinnar starfsemi hérlendis væri á bilinu 5–7% af landsframleiðslu. Niðurstaðan frá árinu 1992 var sú að áætlaðar óframtaldar tekjur hefðu numið sem svarar tæpum 4 1/4 af landsframleiðslu. Þetta samsvaraði því að á árinu 1992 hefðu 16 millj. kr. ekki verið gefnar upp til skatts.

Í framhaldi af þessum úttektum voru gerðar verulegar endurbætur á skatteftirliti og skattrannsóknum, m.a. var komið á fót embætti skattrannsóknarstjóra og mikill árangur hefur í kjölfar þess náðst í hertu skatteftirliti og fjölgun mála sem tekin hafa verið til rannsóknar og skilað sér í umtalsvert auknum tekjum ríkissjóðs.

Ástæður fyrir því að tillagan var flutt á sínum tíma um að það skuli gerð úttekt nú tíu árum eftir að sú síðasta var gerð eru m.a. að í skýrslu sem var gerð fyrir tveimur til þremur árum um meðferð skattsvikamála komu fram verulegar efasemdir um að virðisaukaskattur skili sér nægilega vel í ríkissjóð.

Ásetningur virðist að dylja brotin með skjalafalsi. Ýmislegt hefur líka breyst í atvinnulífi og skattumhverfi fyrirtækja frá því að síðasta úttekt á skattsvikum fór fram á árinu 1992. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu.

Fjármagnsflæði milli landa er vaxandi þáttur atvinnulífsins og hafa skapast möguleikar á að skrá fyrirtæki erlendis og reikningsfæra umsvif fyrirtækja á erlendum vettvangi, m.a. til skatthagræðis. Rekstrarformi fyrirtækja hefur verið breytt og hlutafélagavæðing aukist, auk þess sem hægt hefur verið að stofna einkahlutafélög, sem hefur fjölgað gífurlega á undanförnum árum. Á það hefur ítrekað verið bent, m.a. af skattyfirvöldum, að með stofnun einkahlutafélaga skapist möguleiki á því að eigendur taki hluta launa sinna út í arðgreiðslum og greiði af þeim einungis 10% skatt í stað 38% í skatt. Mismunandi skattprósenta eftir uppruna tekna býður upp á alls konar skattundandrátt sem nauðsynlegt er að skoða.

Því var þessi tillaga flutt og hún samþykkt á Alþingi í maí 2002. Því er nú spurt:

Hvenær má vænta niðurstaðna starfshóps sem var skipaður samkvæmt þessari tillögu og skila átti niðurstöðum fyrir júlí á þessu ári?

Í öðru lagi er spurt: Mun ráðherra gera Alþingi grein fyrir niðurstöðunum strax og þær liggja fyrir og upplýsa hvernig brugðist verður við þeim tillögum til úrbóta sem starfshópnum var falið að leggja fram?

[15:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Fjmrh. skipaði starfshóp í samræmi við umrædda þáltill. frá 3. maí 2002 með skipunarbréfi sem dagsett er í júlí 2002. Í starfshópinn voru skipaðir Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík, jafnframt formaður, Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri og Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri. Með starfshópnum hafa starfað séfræðingar í fjmrn. Hópurinn hefur fundað reglulega frá hausti 2002.

Hlutverk starfshópsins er í fyrsta lagi að athuga hvernig skattsvik, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi hafa, frá því að nefnd sem kannaði umfang skattsvika skilaði skýrslu á árinu 1993, þróast eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og

hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hefur verið af þessum sökum.

Í öðru lagi að athuga helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar.

Í skipunarbréfi kemur fram að starfshópurinn skuli leita upplýsinga og ábendinga hjá aðilum vinnumarkaðarins og öðrum hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Viðfangsefni þessa starfshóps er að mörgu leyti víðfeðmara en fyrri sambærilegra starfshópa þar sem verkefni hans lýtur ekki eingöngu að skattsvikum heldur einnig skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Nefndin frá 1993 afmarkaði t.d. umfjöllun sína um skattsvik við refsiverð brot gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt, virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjald.

Það er rétt sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að margvíslegar breytingar hafa átt sér stað í íslensku samfélagi frá útkomu síðustu skýrslu er snerta viðfangsefni starfshópsins. Þannig hafa frjálsir fjármagnsflutningar og frjálsari viðskipti milli landa aukist frá því sem áður var. Hefur sú þróun kallað á ný athugunarefni fyrir skattyfirvöld sem gefa þarf gaum. Starfshópurinn hefur því kannað þennan þátt sérstaklega.

Starfshópurinn hefur aflað ýmissa gagna bæði innan lands og utan. Í samanburði við aðrar þjóðir hefur einkum verið litið til hinna Norðurlandanna. Hafa nefndinni m.a. borist skýrslur og gögn úr sambærilegum úttektum sem unnar hafa verið þar. Þá hafa fulltrúar starfshópsins sótt fund um skattsniðgöngu og skattsvik sem haldinn var í Ósló í vor á vegum ríkisskattstjóraembætta Norðurlandanna.

Starfshópurinn hefur óskað eftir ábendingum og athugasemdum frá ýmsum innlendum aðilum svo sem hagsmunasamtökum og opinberum stofnunum. Þá hefur verið framkvæmd könnun á vegum Gallups þar sem könnuð var afstaða manna til skattsvika og þátttaka í slíkum brotum. Er könnunin sambærileg fyrri könnunum sem gerðar hafa verið og verður hún birt í lokaskýrslu starfshópsins.

Þar sem erfiðlegar hefur gengið að afla gagna en ætlað var í upphafi hefur vinna hópsins því miður tafist nokkuð frá upphaflegri áætlun. Í skýrslu sambærilegrar nefndar sem lauk störfum á árinu 1993 voru skattsvik m.a. metin með samanburði úr þjóðhagsreikningum eftir mismunandi uppgjörsaðferðum, annars vegar framleiðsluuppgjöri og hins vegar ráðstöfunaruppgjöri. Mismunur þessara tveggja aðferða gaf vísbendingu um þær tekjur sem ekki voru taldar til skatts.

Í fyrrnefndri skýrslu frá 1993 voru framangreindar upplýsingar birtar vegna áranna 1975–1992. Starfshópurinn sem nú er að störfum hefur undir höndum samsvarandi tölur vegna áranna 1993–1997 sem birtar verða í lokaskýrslu hópsins. En vegna breyttra aðferða við úrvinnslu framangreindra gagna hefur starfshópnum hins vegar ekki tekist, a.m.k. ekki enn sem komið er, að afla sambærilegra gagna vegna áranna 1998 til og með 2002. Því miður hafa sem sagt orðið tafir á því að hópurinn gæti lokið störfum en hann stefnir að því að ljúka störfum sínum sem allra fyrst.

Síðan er spurt, herra forseti, hvort ráðherra muni gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum strax og þær liggi fyrir. Ég vil svara því þannig að ég mun að sjálfsögðu gera Alþingi grein fyrir öllum þeim niðurstöðum í þessari skýrslu sem unnt er að birta opinberlega og sjálfsagt að ræða það mál hér á Alþingi þegar þar að kemur. Reyndar á ég ekki von á því að í þessari skýrslu verði nein sérstök leyndarmál. Upphaf þessarar rannsóknar er að finna á Alþingi þannig að það er auðvitað eðlilegt að Alþingi verði gerð grein fyrir málinu.

[15:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að halda vel á þessum málum. En það er nú þannig að sumt er vel þekkt hvað varðar skattundandráttinn, það eru þjónustukaupin, þessi endalausa spurning um reikning eða ekki reikning. Við þekkjum öll að það fólk þykir furðufuglar sem biður um reikning með fullum virðisaukaskatti og öllu tilheyrandi. Sérstaklega eru þekktar sögurnar um viðhald húsa, þegar fólk er að kaupa þjónustu til viðgerða á húsum sínum. Mig furðar á því að ráðuneyti hæstv. fjmrh. skuli ekki nýta sér það tæki sem endurgreiðsla virðisaukaskatts af viðhaldskostnaði er, vegna þess að mundi vera liður í endurhæfingu fólks á því að það að fá reikning, borga reikning, borga skattana og fá þá endurgreidda á réttum stað sé eitthvað sem á að gera, en ekki að taka þátt í þessum leik.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér við fsp. minni. Ég tel af því sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að vel hafi verið haldið á málinu af hálfu hæstv. ráðherra, en auðvitað harma ég það ef ekki tekst að afla gagna um umfang skattsvika fyrir árið 1998–2000. En af orðum hæstv. fjmrh. má marka að það er verið að gera það sem hægt er í ráðuneytinu til þess að afla þeirra gagna, og ég legg áherslu á að menn taki sér frekar lengri tíma til þess en hitt þannig að það geti þá legið fyrir til þess að við fáum heildstæða mynd af þeim breytingum sem hafa orðið á þessu tíu ára tímabili.

Það er alveg ljóst að umfang þessa verks var töluvert mikið og því má segja að það sé eðlileg skýring á því að þetta hafi dregist nokkuð, en nefndin átti að skila 1. júlí 2003. Af þeirri verkefnalýsingu sem hæstv. ráðherra gaf hér er hún fullkomlega í samræmi við þál. sem var samþykkt í maí 2002 þannig að það er unnið nákvæmlega eftir þeirri forskrift sem var gefin í þessari þáltill. og ég fagna því. Það eina sem ég heyrði að ráðherrann sleppti, sem fram kemur í tillögunni, var að það á að leggja fram tillögu til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum. Ég geri ráð fyrir að nefndin hafi það verkefni líka og væri kannski ágætt að fá það fram í síðara svari hæstv. ráðherra ef hann telur ástæðu til þess að koma hér aftur í ræðustól.

En ég legg áherslu á það og hvet hæstv. ráðherra til þess að reyna að hraða þessu starfi þannig að við höfum tækifæri til þess að fjalla um niðurstöðu starfshópsins á þessu þingi.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Út af þessu síðasta sem fyrirspyrjandi gat um, tillögur til úrbóta og mat á því tekjutapi sem þarna gæti verið um að ræða, geri ég fastlega ráð fyrir því að nefndin muni koma með hvort tveggja eftir því sem henni er unnt í skýrslu sinni.

Ég vil síðan undirstrika það og taka undir með hv. þm. að ráðuneytið hefur að sjálfsögðu tekið þessi mál fyrir af mikilli alvöru og þeirri festu sem nauðsynlegt er til þess að svona skýrsla, sem mikil vinna er fólgin í, geti skilað einhverjum árangri. Við höfum auðvitað það sameiginlega markmið hér

á Alþingi, þingmenn í stjórnarandstöðu jafnt sem ríkisstjórnarflokkum og að sjálfsögðu ríkisstjórnin, að stemma stigu við þessu athæfi sem hérna er verið að rannsaka, koma í veg fyrir að menn færi sér í nyt með ólögmætum hætti sniðgönguleiðir eða undandráttarmöguleika í þessu kerfi sem ella leiðir til þess að aðrir skattborgarar verða að standa undir kostnaði sem slíkir aðilar hafa komið sér undan. Það er því enginn vafi á því að það er áreiðanlega vilji allra hér á Alþingi að búa þannig um hnútana að þessi mál séu í sem bestu horfi. Þar skiptir auðvitað máli að vera með skattalöggjöf sem hvetur fólk ekki til að svíkja undan skatti eða reyna að fara á svig við reglurnar. En það skiptir líka máli að vera með framkvæmd sem er þess eðlis að bæði álagning og eftirlit sé með eins traustum og öruggum hætti og hægt er að koma við í okkar samfélagi.

[15:14]

Útbýting þingskjals:

Varnir gegn mengun sjávar, 259. mál, frv. EKG, þskj. 292.

Úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu.

Fsp. SJS, 69. mál. — Þskj. 69.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Því miður neyðist ég til að taka þetta mál upp einu sinni enn hér í fyrirspurnatíma eða umræðum á Alþingi af þeirri einföldu ástæðu að þær úrbætur sem maður átti satt best að segja von á að nú væru um garð gengnar í fjarskiptamálum á norðausturhorninu, eru það ekki. Og ég hafði ástæðu til að ætla miðað við fyrri orðaskipti okkar, mín og hæstv. ráðherra, og af ýmsum öðrum ástæðum að nú yrði þetta um garð gengið á þessu ári eða þessu sumri sem er heppilegasti tíminn til framkvæmda í þessum efnum. Þetta snýst fyrst og fremst um það að bæta úr ófullnægjandi ástandi þessara mála á þéttbýlisstöðunum Raufarhöfn og Kópaskeri og næsta nágrenni og er fjárfesting upp á 30–45 millj. kr. hvað varðar a.m.k. svona brýnustu úrbætur. Ástandið er þannig í dag að Raufarhöfn hefur fjarskiptasamband með örbylgju frá Viðarfjalli. Það er ótryggt og ófullnægjandi tenging og háir uppbyggingu t.d. á sviði fjarvinnslu eða annarrar slíkrar starfsemi á staðnum. Kópasker hefur tvenns konar sambönd, það eru gamlir koparþræðir frá Lundi í Öxarfirði annars vegar og veikt örbylgjusamband yfir á Auðbjargarstaðabrekkubrún handan Öxarfjarðar hins vegar. Þessi sambönd eru fulllestuð og það stendur mönnum fyrir þrifum að ekki hefur verið ráðist í úrbætur þarna.

Tillögur liggja fyrir og hafa lengi gert um nauðsynlegar lagfæringar, svo sem eins og lagningu ljósleiðara frá Lundi út á Kópasker og mögulega áfram upp á Snartarstaðanúp, hvaðan yrði þá bætt við örbylgusambandi yfir til Raufarhafnar sem þannig fengi tvöfalda tengingu úr báðum áttum, aukið öryggi og meiri flutningsgetu. Þessi lausn væri fullnægjandi fyrir báða staðina en einnig kæmi auðvitað til greina að tengja Raufarhöfn sérstaklega við ljósleiðaranetið með lagningu ljósleiðara úr vestanverðum Þistilfirði og þangað.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hverju sætir að enn hefur ekki verið ráðist í úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu, einkum hvað varðar tengingar Raufarhafnar og Kópaskers við ljósleiðarann?

2. Hvað kosta nauðsynlegar úrbætur til þess að fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikar komist í forsvaranlegt horf, viðunandi öryggi verði tryggt og unnt verði að anna eftirspurn á viðkomandi svæði?

3. Hefur ráðherra beitt sér í málinu gagnvart Landssímanum?

4. Hvenær er þess að vænta að úrlausn fáist?

5. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir fjárveitingum á fjárlögum til að styrkja grunnfjarskiptanetið á strjálbýlum svæðum ef sýnt þykir að fjarskiptafyrirtæki láti úrbætur þar sitja á hakanum?

Það vekur undrun að hið öfluga fyrirtæki Landssíminn með prýðilega afkomu, í eigu ríkisins, skuli ekki sjá sér fært að bæta þjónustuna við íbúa þessara svæða þó að auðvitað sé brýn þörf fyrir fjárfestingar og úrbætur á mörgum öðrum sviðum, svo sem eins og í því að þétta GSM-netið.

[15:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hverju sætir að enn hefur ekki verið ráðist í úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu, einkum hvað varðar tengingar Raufarhafnar og Kópaskers við ljósleiðarann?“

Eins og í öllum fyrirtækjarekstri verður að velja og hafna, forgangsraða í fjárfestingum símafyrirtækja sem starfa á markaði. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að það sé skýringin á því að umræddar úrbætur hafa ekki náð fram að ganga. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins er afkastageta fjarskiptakerfisins viðunandi miðað við notkun á umræddu svæði, þó öryggið sé mest á Þórshöfn þar sem ljósleiðarinn liggur. Ekki eru fyrirhugaðar neinar framkvæmdir af hálfu Landssíma Íslands við uppbyggingu sambanda við þéttbýlisstaði á Austurlandi á þessu ári samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu og ekki liggja fyrir endanlegar áætlanir næsta árs, en óvíst er hvenær farið verður í framkvæmdir.

Til er áætlun um lagningu ljósleiðara frá Lundi í Öxarfirði til Kópaskers, eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda, og að örbylgjusamband verði sett upp milli Kópaskers og Raufarhafnar, en þaðan er örbylgjusamband á Viðarfjalli við ljósleiðarahringinn. Núverandi samband við Kópasker er annars vegar um örbylgju frá Tjörnesi og hins vegar um koparstreng frá Lundi og getur hvort samband um sig flutt tveggja megabita sambönd. Raufarhöfn er hins vegar tengd með 34 megabita sambandi um Viðarfjall.

Í annan stað er spurt: „Hvað kosta nauðsynlegar úrbætur til þess að fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikar komist í forsvaranlegt horf,“ o.s.frv.?

Í spurningunni felst fullyrðing sem ekki er hægt að staðfesta. Ekki liggur fyrir að kerfið anni ekki eftirspurn eða öryggi sé óviðunandi. Kostnaðurinn við þessa ljósleiðaraframkvæmd er áætlaður um 50 millj. kr.

Í þriðja lagi er spurt hvort ráðherra hafi beitt sér gagnvart Landssímanum.

Stefna ráðuneytisins er að gera skýrar kröfur um að símafyrirtæki anni sem best eftirspurn og að alþjónustuskyldur séu virtar. Heimildir ráðherra til að beita sér takmarkast af því annars vegar að Landssíminn er hlutafélag á samkeppnismarkaði og með málefni fyrirtækisins fer stjórn sem hefur lögmætt hlutverk. Hins vegar eru í gildi sérlög um fjarskiptamarkaðinn sem nær til Landssímans eins og annarra

fyrirtækja á þessum markaði. Eftirlit með þessum fyrirtækjum er í höndum Póst- og fjarskiptastofnunar sem m.a. á að tryggja að fyrirtækið sinni skyldum sínum, þar á meðal um alþjónustu.

Ráðherra getur ekki þvingað fyrirtæki til fjárfestinga sem stjórnendur þess telja ekki hagfelldar. Símafyrirtækjunum er hins vegar ljós stefna ráðuneytisins um að fjarskipti á Íslandi séu ódýr, örugg og aðgengileg um land allt.

Fjórðu og fimmtu spurningunni kýs ég að svara saman, en þar er spurt hvenær þess sé að vænta að úrlausn fáist og hvort ráðherra sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir fjárveitingum.

Sem svar við því er að af svörum stærstu fjarskiptafyrirtækjanna við spurningum um fyrirætlanir sínar má skilja að fyrirtækin ætli að þétta net sín á þeim svæðum sem þegar er þjónað en leggja áherslu á frekari útbreiðslu. Í þessu samhengi er umhugsunarefni hvort rúmar reikiheimildir eru hamlandi þáttur í aukinni útbreiðslu farsímafyrirtækjanna í dreifðum byggðum og þarf að skoða það.

Að þessu sögðu má ljóst vera að fjárfestingar sem nauðsynlegt er að ráðast í til að auka útbreiðslu farsímakerfa og möguleiki á aukinni gagnaflutningagetu, verður ekki þvingaður upp á fjarskiptafyrirtæki sem starfa á markaði í dag. Í framtíðinni verður uppbygging fjarskiptaneta á þeim svæðum sem fjarskiptafyrirtækin telja ekki arðsamt að ráðast í fjárfestingar á, kölluð fram með útboði á vel skilgreindum þjónustuþáttum, ásamt því að fylgja eftir þeim kvöðum sem lagðar eru á fyrirtækin í lögum og starfsleyfum. Slíkt útboð gæti t.d. falið í sér bættar gagnaflutningalausnir líkt og gert var með útboði á svokölluðu FS-neti fyrir skólastofnanir.

Þess ber auk þess að geta að tækniþróunin er mjög ör og eru lausnir m.a. gervihnattasambönd gott dæmi um slíkar úrlausnir sem tryggja fjarskiptin í hinum dreifðu byggðum.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, um leið og ég lýsi megnustu óánægju og vonbrigðum með þau. Mér finnst það neðan við allar hellur að ár eftir ár sé málum af þessu tagi þvælt fyrir fótum manna og þvílíkur aumingjaskapur hér á ferðinni að engu tali tekur. Auðvitað getur hæstv. samgrh., ef fyrirtækið stendur ekki sómasamlega að málum af þessu tagi, haldið hluthafafund, hann á fyrirtækið, og sagt því að gera það sem hann vildi í þessum efnum. Og að ráðuneytið hafi einhverja stefnu en síðan verði fyrirtækið að fá að taka þessar ákvarðanir á markaðslegum grunni. Það er þá aldeilis dómurinn um það undir hvaða aðstæður íbúar í afskekktum byggðum eru settir eftir að þessi fyrirtæki voru háeffuð. Ég tek þetta ekki gilt. Það er ekkert annað en aumingjaskapur að kippa þessum málum ekki í liðinn. Hreinir smáaurar þarna á ferðinni og ef ríkisstjórnin vill getur hún t.d. látið Símann draga frá arðgreiðslum í ríkissjóð einhver skilgreind verkefni af þessu tagi sem hún vill að ráðist sé í af pólitískum eða byggðapólitískum forsendum. Þetta er engin afsökun, hæstv. ráðherra, og hin mestu vonbrigði að menn tali með þessum hætti.

Og síðan er ráðuneytið að geta sér til um ástæður þess að fyrirtækið hafi ekki farið í þessar framkvæmdir. Segir að ráðuneytið geri ráð fyrir því að það séu arðsemissjónarmið fyrirtækis á markaði sem þarna ráði ferðinni. Þetta er ekkert venjulegt fyrirtæki á markaði. Það er í eigu ríkisins. Það hefur náttúrulega einokun á starfsemi sinni, algera einokun á þessu svæði. Hver býður upp á þjónustu þarna annar en Landssíminn? Enginn. Og menn eru algerlega ofurseldir því af hvaða gæðum þessi þjónusta er þegar kemur út á þessi svæði.

Ég tel að það sé stórlega gagnrýnivert hvernig Landssíminn hefur t.d. verið að hringla með reglur sínar, breyta þátttakendafjölda hvað varðar tengingu staða við ADSL-þjónustu og annað í þeim dúr. Og það hefur bitnað aftur og aftur á minni þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Ráðherra verður að gera betur en þetta aumingjalega svar sem hér kom áðan.

[15:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það vantaði ekki stóryrðin hjá hv. þm. En ég held að afar mikilvægt í þessu sem öðru sé að tala af yfirvegun og í ljósi staðreynda. Það liggur fyrir að afkastageta kerfisins eins og er í dag er fullnægjandi. Ef hins vegar lægi fyrir mikil þörf um gagnaflutninga á þessu svæði, mundu símafyrirtæki að sjálfsögðu bregðast við eins og eðlilegt getur talist.

Ég gat þess sérstaklega að svokallað FS-net bauð út gagnaflutningaþjónustu inn á þetta svæði fyrir skólastofnanir og ríkisstofnanir. Þar er um að ræða afkastagetu sem er fullnægjandi og er fjarri því að vera fullnýtt samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá í dag. Þannig að þetta er allt saman ofsögum sagt hjá hv. þm. þegar hann er að reyna að koma höggi á Landssímann, að hann standi sig ekki. Við verðum auðvitað í þessu tilviki eins og öllum öðrum að byggja upp þjónustuna miðað við þarfir og áætlanir og þær kröfur sem við gerum í lögum.

Ég vil vekja athygli á því sérstaklega í þessu sambandi að Landssíminn er í þessu tilviki til umræðu, en það eru fleiri símafyrirtæki, hins vegar er það réttilega Síminn sem er þarna með þjónustu, og við gerum miklar kröfur til Landssímans, miklu meiri kröfur en á þeim tíma þegar hv. þm. var samgrh. og hafði með þessi mál að gera.

Nýlega er búið að gera samning við Símann á grundvelli laga um fjarskipti og alþjónustu, þar sem honum er gert að veita þjónustu, ISDN-plús þjónustu sem nánast jafngildir ADSL-þjónustunni hér í þéttbýlinu. Þannig að inn á hvert einasta sveitabýli er hægt að fá þessar tengingar sem skipta miklu máli. Og ég held að við eigum miklu fremur að sameinast um það að þessi þjónusta verði bætt í takti við kröfurnar, í takt við þörfina, en að reyna að koma höggi á pólitíska andstæðinga eða símafyrirtæki sem gegna svo miklu hlutverki við uppbyggingu fjarskiptakerfisins á Íslandi.

Lega Sundabrautar.

Fsp. ÁRJ, 176. mál. — Þskj. 178.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Eitt stærsta verkefnið fram undan í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu er lagning Sundabrautar. Hún er ekki aðeins mikilvæg framkvæmd fyrir höfuðborgarbúa heldur landsmenn alla. Hún opnar greiða leið inn í höfuðborgina og út úr henni aftur. Það er öllum ljóst sem aka um í höfuðborginni að vegakerfið á ýmsum fjölförnustu leiðum er að springa á álagstímum. Það kallar ekki síst á að framkvæmdir við gerð Sundabrautar hefjist sem fyrst. Það er einnig mikilvægt vegna skipulagsmála í borginni en

nokkuð hefur verið tekist á um hvaða leið skuli fara með brautina. Samgönguyfirvöld vilja fara hina svokölluðu innri leið, sem er heldur ódýrari, en borgaryfirvöld þá ytri. Voru allir borgarfulltrúar, a.m.k. á síðasta kjörtímabili, einhuga um að fara ytri leiðina.

Ég hef tekið eftir því, m.a. við lestur dagblaða, að innri leiðin er umdeild meðal þeirra sem búa nálægt áætlaðri legu hennar, t.d. við Hamrahverfið og einnig þar sem hún kemur inn í bæinn, í Vogahverfinu. Einnig er hún vafasöm vegna umferðarþunga sem þegar er þar sem áætlað er að hún komi inn í borgina.

Verðmunur á leiðunum tveimur er um 3 milljarðar en þó er erfitt að segja til um það nákvæmlega þar sem inni í tölunum eru vegamannvirki eins og mislæg gatnamót sem þyrfti að reisa hvort eð er. Borgaryfirvöld vilja að sjálfsögðu hafa með það að gera hvernig brautin liggur. Það tengist þróun byggðar og umferðar í borginni og er hluti af skipulagsmálum sem eru á forræði sveitarstjórna. Menn hafa skeggrætt um hvernig brautin skuli fjármögnuð og má segja að það hvernig hún er fjármögnuð skipti máli, jafnvel varðandi það hvort það borgar sig að fara ytri leiðina.

En ég ætla ekki að spyrja um það í þessari fyrirspurn til hæstv. samgrh. heldur um hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að báðar þær leiðir sem verið hafa til athugunar og umræðu, hvað varðar legu Sundabrautar, fari í lögformlegt umhverfismat í ljósi þess að þær eiga báðar möguleika á að verða fyrir valinu og þess að lögformlegt umhverfismat þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast. Það mundi þannig ekki tefja málið ef ytri leiðin yrði farin og fyrir lægi lögformlegt umhverfismat.

[15:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvað sé því til fyrirstöðu að báðar leiðir sem verið hafa til athugunar varðandi legu Sundabrautar fari í lögformlegt umhverfismat.

Svar mitt er þetta: Vinnuhópur Vegagerðarinnar og borgarverkfræðings í Reykjavík er að ljúka gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrsta hluta Sundabrautar, þ.e. kaflans yfir Kleppsvík, sem er fyrsti áfangi af mjög stórri framkvæmd og braut sem í framtíðinni mun væntanlega liggja alla leið upp á Kjalarnes.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir tveimur meginleiðum yfir Kleppsvík, svokallaðri innri leið við Kleppsmýrarveg og ytri leið sem tengist Sæbraut við Holtaveg. Á innri leiðinni er gert ráð fyrir einni útfærslu, þ.e. að Sundabraut verði lögð á fyllingu stærstan hluta leiðarinnar en þó yrðu brýr næst landi bæði að norðan og sunnan. Á ytri leiðinni er gert ráð fyrir þremur mismunandi útfærslum, þ.e. brú í 50 metra hæð yfir sjávarmáli, botngöngum eða jarðgöngum. Vegagerðin hefur lýst sig fylgjandi innri leiðinni, fyrst og fremst vegna þess að hún er mun ódýrari en allar ytri útfærslurnar og skilar meiri arðsemi. Reykjavíkurborg hefur til þessa hins vegar ekki verið reiðubúin til að taka formlega afstöðu með tiltekinni leið.

Það hefur verið venja að leggja fyrir Skipulagsstofnun einn valkost sem vilja framkvæmdaraðila, jafnframt þótt gerð hafi verið grein fyrir öðrum kostum þegar matsskýrslur vegna ákveðinna framkvæmda hafa verið lagðar inn til stofnunarinnar til afgreiðslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Svo sem að framan getur hefur Reykjavíkurborg ekki mótað afstöðu sína varðandi legu Sundabrautar. Æskilegt væri að sú afstaða lægi fyrir áður en matsskýrslu er skilað. En þess ber að geta og nauðsynlegt að taka skýrt fram að hér er um að ræða feiknarlega stórt og mikið mannvirki sem hefur áhrif á skipulag og umhverfi allt. Út af fyrir sig er því ekki við öðru að búast en að það taki langan tíma að undirbúa þetta mál.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjárveitingum á fyrsta, öðru og raunar þriðja tímabili samgönguáætlunarinnar. Þetta verk er þar með komið inn í áætlanaferilinn. En hins vegar er ljóst að þarna er um þvílíkt risaverkefni að ræða, eins og kom fram í upplýsingum hv. fyrirspyrjanda er hún nefndi upphæðir sem skiptu milljörðum, að það verður vart farið í þessa framkvæmd nema sérstök fjáröflun komi til.

Lagning Sundabrautarinnar er með allra stærstu verkefnum í þjóðvegakerfinu. Því er nauðsynlegt að huga að sérstakri fjármögnun, eins og getið var um við afgreiðslu samgönguáætlunar á sínum tíma.

Mitt svar er sem sagt að í öllum aðalatriðum verður að leggja til eina leið, en að sjálfsögðu aðra til samanburðar, þannig að báðar hugsanlegar leiðir, ytri og innri, verði skoðaðar mjög vandlega þegar þar að kemur.

[15:35]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Sundabrautin er eitt brýnasta samgöngumannvirkið sem fyrirhugað er að byggja. Brautin mun auðvitað nýtast jafnt landsbyggð sem höfuðborg því hún snýst um að gera aðkomu landsmanna að höfuðborginni og leiðina úr borginni betri. Það er ekki vanþörf á að bæta þar úr.

Það er gríðarlega mikilvægt að fyrsti áfangi brautarinnar komist til framkvæmda og að þessi mikilvæga samgöngubót tefjist ekki árum saman vegna ósamkomulags og þrætu á milli ríkis og borgar um þetta mikilvæga mál.

Hæstv. samgrh. nefndi hér arðsemina, að hún væri meiri varðandi innri leiðina. Ég held að það muni ekki svo gríðarlega miklu. En það sem spurt er um hér er umhverfismatið. Hvers vegna í ósköpunum má ekki láta fara fram umhverfismat á báðum þessum leiðum? Þetta er stórt og mikið mannvirki. Þetta hefur mikið að segja fyrir þá sem búa í byggðum Grafarvogs, sérstaklega þá í Hamrahverfinu. Er ekki eðlilegt að fara fram á að farið verði í umhverfismat varðandi báðar leiðirnar? Umhverfið mun vissulega finna fyrir þessari framkvæmd.

[15:36]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er einkennilegt að heyra hæstv. samgrh. vitna til þess að ekki verði farið í þessa mikilvægu og brýnu framkvæmd hér innan Reykjavíkur öðruvísi en gripið verði til sérstakrar fjármögnunar á tengingunni yfir Kleppsvík. Ég hefði haldið að við Reykvíkingar hefðum í gjöldum okkar til hins opinbera og í gjöldum okkar í ríkissjóð skilað nægilegu fjármagni til að hér megi a.m.k. sjá til að lágmarksvegabætur séu framkvæmdar á kostnað ríkissjóðs en ekki sérstaklega fjármagnaðar með veggjöldum eða slíku.

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst og fremst ítreka að hæstv. ráðherra þarf að svara því sem spurt er um. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er venja hjá Umhverfisstofnun að einn kostur sé aðalvalkostur en aðrir séu aukavalkostir. En um það er ekki neinn áskilnaður. Ég hefði talið mikilvægt að þessar tvær leiðir færu í mat sem jafngildar á jafnræðisgrunni og menn tækju afstöðu til þess hvor leiðin yrði farin að matinu loknu. Spurt er hvort ráðherrann telji eitthvað í vegi fyrir því.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör en því miður svaraði hann ekki beint þeirri fsp. sem ég lagði fyrir hann. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er ekkert því til fyrirstöðu að Skipulagsstofnun taki tvær leiðir í umhverfismat. Það er ekkert því til fyrirstöðu lagalega. Ég hvet hæstv. ráðherra til að láta gera umhverfismatið á báðum leiðunum og spyr hann hvort hann hyggist gera það, sérstaklega í ljósi þess að þessar tvær leiðir eru mikið í umræðu. Menn gætu þá tekið afstöðu til þess hvor leiðin skuli farin eftir umhverfismatið.

Vissulega er það þannig að við ættum að taka lán til þessara framkvæmda eins og annarra framkvæmda. Ég er alveg sammála því sem hér kom fram áðan í stuttri athugasemd frá hv. þm. Helga Hjörvar, að það á ekki að rukka höfuðborgarbúa sérstaklega fyrir að aka þessa leið eða aðra sem velja þessa leið. Aftur á móti er hægt að taka lán og borga það síðan til baka miðað við notkun. Þá væri hægt að borga þetta fljótar niður og fara ytri leiðina sem hefur alltaf verið þyrnir í augum stjórnvalda vegna þess að hún er aðeins dýrari.

Ég vil minna á að það hefur oft orðið okkur dýrkeypt að fara ódýrari leiðir í vegaframkvæmdum. Það kemur niður á okkur síðar. Og ég gæti nefnt nokkur dæmi um það en ég hef ekki tíma til þess núna.

En mun hæstv. ráðherra, í ljósi umræðunnar hér, láta fara fram umhverfismat á báðum leiðunum? Það er ekkert því til fyrirstöðu að öðru leyti en að vilji ráðherrans til þess komi fram.

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er þannig í lífinu að menn verða nú að gera upp á milli barna sinna á stundum (**Gripið fram í:** Ekki áður en þau fæðast.) en það er skylda Vegagerðarinnar í þessu tilviki að leggja til þá leið, í þessu tilviki Sundabraut, sem Vegagerðin telur að falli best að verkefninu. Henni ber að velja þá leið sem Vegagerðin telur að sinni best því hlutverki að anna umferðinni á þessu svæði. Þannig þarf auðvitað ekki að vefjast fyrir hv. þingmönnum að hin eðlilega niðurstaða í þessu máli er að Vegagerðin leggi til þá leið sem hún telur helst koma til greina og hún sé borin saman við þann kost sem næstur stendur, þá að mati Vegagerðarinnar.

Stóra málið í þessu er að borgaryfirvöld, sem fara með skipulagsmálin, hafa ekki gert upp hug sinn. Þau hafa ekki komist að niðurstöðu. Þau hafa ekki tekið afgerandi afstöðu til einnar tillögu. Það er ekki hægt að gera þá kröfu til samgrh. að hann taki fram fyrir hendurnar á borgaryfirvöldum, hvað þá Vegagerðinni, í þessu efni. Aðalatriðið er að þessir aðilar ljúki sínu verki.

Það er hins vegar engin þræta í gangi eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir var að tala um að væri að tefja þetta mál. Í gangi er eðlilegt undirbúningsferli. Þetta er flókið viðfangsefni og engin deila í gangi sem tefur þetta mál. Ég vil bara undirstrika það en vonast til að sem allra fyrst fáist niðurstaða þannig að umhverfismatið geti farið fram á þeirri leið sem fyrir valinu verður af hinum lögformlega aðila og samanburðurinn gerður.

Framkvæmdir Landsvirkjunar í Vonarskarði.

Fsp. SJS, 63. mál. — Þskj. 63.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fsp. fyrir hæstv. umhvrh. varðandi gamalt mál að vísu, en það eru framkvæmdir sem Landsvirkjun réðst í fyrir alllöngu uppi í Vonarskarði. Lengi hefur leikið mikil dulúð í kringum þær og gengið erfiðlega að fá upplýsingar um hvað þarna fór fram og hver staða þeirra framkvæmda var gagnvart leyfisveitingum og öðru slíku.

Við hæstv. umhvrh. sáum með eigin augum í sumar ummerkin um að Landsvirkjun fór með jarðýtur inn á þetta svæði, inn í mitt Vonarskarð, og gerði þar tilraunir til að snúa við vatni úr upptakakvíslum Skjálfandafljóts og veita því suður yfir heiðar í gegnum Köldukvísl. Að vísu hafa náttúruöflin tekið til sinna ráða og að mestu leyti ónýtt þessar framkvæmdir þar sem um var að ræða sandgarða að hluta til á flötum söndum á vatnaskilum Skjálfandafljóts og Köldukvíslar. En eftir standa þó ákveðin ummerki og m.a. allmikill grjót- eða malargarður sem veitir vatni til suðurs umfram það sem væri ef náttúruleg skilyrði og halli á landi fengju að ráða.

Þetta er athyglisvert mál fyrir ýmsar sakir og mér finnst ástæða til að upplýst sé um það. Ég hef því lagt þessa fsp. fyrir hæstv. umhvrh. sem vonandi getur að einhverju leyti upplýst um málið vegna þeirra stofnana sem með slík mál fara og undir ráðuneytið heyra. Að öðru leyti væri kannski ástæða til að rekja garnirnar jafnframt úr hæstv. iðnrh. og má vera að það verði gert síðar.

Spurningar mínar til hæstv. ráðherra eru eftirfarandi:

„1. Hvaða upplýsingar hefur umhverfisráðuneytið um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar í Vonarskarði á árum áður þegar gerð var tilraun, að því er virðist, til að veita vatni úr upptakakvíslum Skjálfandafljóts suður yfir vatnaskil í Köldukvísl?

2. Hafði Landsvirkjun tilskilin leyfi til þessara framkvæmda?

3. Kemur til greina að umhverfisráðuneytið beiti sér fyrir því að verksummerki um þessar framkvæmdir verði afmáð?“

[15:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt í fyrsta lagi: Hvaða upplýsingar hefur umhverfisráðuneytið um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar í Vonarskarði á árum áður þegar gerð var tilraun, að því er virðist, til að veita vatni úr upptakakvíslum Skjálfandafljóts suður yfir vatnaskil í Köldukvísl?

Því er til að svara að þær framkvæmdir Landsvirkjunar í Vonarskarði sem óskað er upplýsinga um munu hafa átt sér stað árið 1980, eða tíu árum fyrir stofnun umhverfisráðuneytisins, og engar upplýsingar liggja í umhvrn. um framkvæmdina.

Í öðru lagi er spurt: Hafði Landsvirkjun tilskilin leyfi til þessara framkvæmda?

Því er til að svara að upplýsingar sem ráðuneytið hefur fengið um málið benda til þess að ekki hafi verið leitað eftir leyfi fyrir framkvæmdinni og opinberar stofnanir hafi aðeins frétt af framkvæmdinni eftir að henni var lokið. Hvorki var leitað til Náttúruverndarráðs né skipulagsstjóra ríkisins vegna þessarar framkvæmdar.

Í ársskýrslu Landsvirkjunar árið 1980 er fjallað um þessa framkvæmd sem ráðist var í vegna óhagstæðs vatnsbúskapar áranna á undan til þess að veita vatni í Þórisvatn. Í ársskýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Gerðir voru tveir garðar í Vonarskarði og náðist þar nokkurt jökulvatn sem að öðrum kosti hefði mest runnið til norðurs."

Það virðist vera að hluti garðanna hafi rofnað þegar fyrsta veturinn. Mótæli bárust frá veiðiréttareigendum norðan lands vegna framkvæmdarinnar strax um haustið. Auk þess mótmælti Búnaðarfélag Aðaldæla framkvæmdum í Vonarskarði sumrin 1980 og 1981 í bréfi til stjórnar Landsvirkjunar, dagsettu 4. maí 1982, og óskaði eftir því að Landsvirkjun fjarlægi mannvirkin eins fljótt og kostur sé svo vötnin geti runnið í sínum fyrri farvegi.

Í þriðja lagi er spurt: Kemur til greina að umhverfisráðuneytið beiti sér fyrir því að verksummerki um þessar framkvæmdir verði afmáð?

Því er til að svara að ekki hefur komið fram beiðni um að fjarlægja þessi verksummerki og ekki er ráðgert af okkar hálfu að fara í slíkt.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Þau voru mjög á þá leið sem ég átti von á. En það er ástæða til að fá þetta staðfest hér. Þetta má gjarnan færast inn í þingtíðindin þó ekki væri nema sem víti til varnaðar því þarna var auðvitað gengið fram með þeim hætti sem með öllu er ólíðandi og mundi nú sennilega tæpast gerast í dag. Auðvitað verður að leyfa mönnum að njóta þess að atburðirnir eru börn síns tíma og taka mið af þeim viðhorfum sem uppi eru á hverjum tíma. Þó er alveg ljóst að þarna styttu menn sér gróflega leið og hlutur af því tagi að fara með stórvirk tæki og reyna að breyta vatnafari og rennslisháttum fallvatna, meira að segja að flytja það gjörsamlega milli landshluta þannig að vatn sem frá fornu fari hefur runnið til sjávar í norður er tekið og því veitt suður yfir heiðar, er t.d. skýlaust lögbrot. Þarna átti sér stað lögbrot. Þetta er brot á vatnalögum frá 1926 fyrir það fyrsta. Í öðru lagi hafa sjálfsagt verið brotnar þarna reglur sem á þessum tíma hefði verið eðlilegt að fara eftir hvað varðar umsögn frá Náttúruverndarráði, ákvörðun skipulagsyfirvalda og annað í þeim dúr.

Varðandi það að afnema verksummerki þá má út af fyrir sig vissulega spyrja sig að því hvort tilefni sé til þess þar sem náttúran hefur sjálf að verulegu leyti lagfært eða fært þetta í fyrra horf. Þeir sandgarðar sem fyrstir gáfu sig og urðu þess valdandi að vatnið fór nú fljótlega, a.m.k. að hluta til að falla rétta leið, eru að miklu leyti horfnir. En eftir stendur allmikill malargarður sem veitir þó nokkurri ferskvatnskvísl, Rauðá minnir mig að hún heiti, lengra til suðurs og út á sandana en hún mundi fara annars. Mér fyndist koma vel til greina að láta líta á það hvort við hentugt tækifæri væri rétt að rjúfa þennan garð, jafna hann út og leyfa vatninu að falla í sinn upphaflega farveg.

[15:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og kom fram í fyrri ræðu fyrirspyrjanda þá skoðuðum við þetta í ferðalagi okkar í sumar þar sem við vorum að skoða svæði sem hugsanlega munu tengjast Vatnajökulsþjóðgarði eða einhvers konar verndarsvæðum norðan Vatnajökuls. Ég stórefa það að það borgi sig að reyna að afmá þessa garða. Þeir eru ekki mjög áberandi í landslagi. Þetta er nú orðið að vissu leyti gróið í dag. Það er mjög líklegt að ef þessi garðar yrðu fjarlægðir þá mundi það skilja eftir sig talsvert rask þarna á staðnum þannig að ég er alls ekki viss um að það mundi borga sig, enda tek ég því svo að fyrirspyrjandi sé ekki að leggja það beint til heldur svona meira að velta þessu fyrir sér.

En það er alveg rétt sem hér kom fram að þarna var ekki haft samband við þá sem eðlilega hefði átt að ræða við heldur farið í þetta verk. Auðvitað er mjög langt síðan og margt hefur breyst í umhverfismálum síðan. Ég tel að svona mundi ekki gerast í dag. Ég held að það sé algerlega útilokað. En á þessum tíma átti þetta sér stað og það er ekki til eftirbreytni. Það er alveg rétt. Þetta er því staða málsins.

[Fundarhlé. — 15:51]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Aðgengismál fatlaðra, 264. mál, fsp. MF, þskj. 297.

Endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúklinga, 262. mál, fsp. MF, þskj. 295.

Ferðamál fatlaðra, 265. mál, fsp. MF, þskj. 298.

Greiðsla bóta vegna örorku á grundvelli skaðabótalaga, 266. mál, fsp. PHB, þskj. 299.

Miskabætur til þolenda afbrota, 267. mál, fsp. MF og JóhS, þskj. 300.

Reiðhöllin á Blönduósi, 270. mál, fsp. AKG, þskj. 304.

Sala Kísilgúrverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar, 261. mál, fsp. DrH, þskj. 294.

Samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, tryggingar- og félagsmálum, 268. mál, þáltill. HjÁ og JBjart, þskj. 301.

Stuðningur við krabbameinssjúklinga, 263. mál, fsp. MF, þskj. 296.

Sýslur, 269. mál, þáltill. ÞBack og ÁSJ, þskj. 302.

Vistferilsgreining.

Fsp. KolH, 61. mál. — Þskj. 61.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég beini hér fsp. til hæstv. umhvrh. um vistferilsgreiningu og vottun íslenskrar matvælaframleiðslu. Í heimi þar sem svokölluð neytendavitund fer stöðugt vaxandi þurfa bæði stjórnvöld, opinberar stofnanir og ekki síður fyrirtæki á markaði að huga að umhverfisáhrifum allra okkar mannlegu gerða. Nú orðið vill fólk vita hvernig fæðan sem það innbyrðir verður til, hvaða efni eru í henni, hvort framleiðslan veldur mengun eða skaðar umhverfið á einhvern hátt. Já, neytendur krefjast þessa í auknum mæli og þeir krefjast þess líka að þeir geti þekkt vörurnar sem slíkar, með öðrum orðum að þær hafi vottun.

Kveikjan að þessari fsp. minni má segja að hafi komið í sumar þegar gerð var grein fyrir nýrri íslenskri rannsókn á umhverfisáhrifum þorskneyslu en þessi rannsókn er fyrsta rannsóknin sinnar tegundar sem farið hefur fram hér á Íslandi og það voru fjórir vísindamenn sem unnu við hana í rúm tvö ár, vísindamennirnir Eva Yngvadóttir hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Helga R. Eyjólfsdóttir hjá Umhverfisstofnun og Halla Jónsdóttir og Bryndís Skúladóttir sem starfa hjá Iðntæknistofnun.

Hvernig skyldi maður meta umhverfisáhrif þorskneyslu? Jú, þau eru metin á þann hátt að fiskurinn er veiddur, unninn, fluttur á milli landa, borðaður og úrangi er hent. Markmið vistferilsgreiningar er sem sagt að komast að því hvar mesta mengunin verður í þessu framleiðsluferli öllu saman.

Í þessari tilteknu rannsókn var níu kílóum af þorski fylgt eftir frá því að þau voru veidd — í þessu tilfelli með fullvinnsluskipi með botntrolli — og niðurstöðurnar varðandi mengunina af olíunotkuninni við veiðar og flutning leiddu það í ljós að langmest mengun verður til við veiðarnar sjálfar. 70% af olíunotkuninni sem fóru í þessi níu kíló af þorski urðu til við veiðarnar sjálfar enda fer gífurlega mikil orka í það að veiða fisk og eftir því sem veiðarfærin okkar verða stærri, þeim mun meiri orka fer í veiðarnar sjálfar.

Vottun sjávarfangs er kannski ekki langt undan og það er vel til fundið að fá að vita hvort vottunarstofurnar okkar séu farnar að undirbúa sig undir slíkt. Í ljósi þessa sem ég nú hef sagt hef ég lagt eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. umhvrh.:

Hefur ráðherra gaumgæft nýlegar niðurstöður íslenskra vísindamanna varðandi vistferilsgreiningu á þorskafurðum og eru líkur á að þessari aðferð verði beitt í auknum mæli hér á landi með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif matvælaframleiðslu?

Hversu mikið er um vottaða framleiðsluvöru á Íslandi, hver er staða vottunarstofa og hver er stefna stjórnvalda í þessum málum?

[18:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvort ráðherra hafi gaumgæft nýlegar niðurstöður íslenskra vísindamanna varðandi vistferilsgreiningu á þorskafurðum og hvort líkur séu á að þessari aðferð verði beitt í auknum mæli hér á landi með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif matvælaframleiðslu.

Því er til að svara að vistferilsgreining er verkfæri fyrirtækja til að ná markmiðum sínum í umhverfismálum samhliða því að svara kröfum neytenda um umhverfisvænar framleiðsluvörur. Vistferilsgreiningin er hugsuð út frá sjónarmiði fyrirtækjanna og hagsmunum þeirra, fremur en að hér sé um að ræða tæki stjórnvalda til að knýja á um sérstakt framleiðsluferli.

Aðgerðir stjórnvalda með setningu laga og reglugerða á sviði matvælaframleiðslu og opinbert eftirlit með því að þeim sé framfylgt stuðlar hins vegar að því að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum í matvælaframleiðslu þannig að vissulega er um tengingu að ræða.

Neytendur gera sífellt meiri kröfur um að fá upplýsingar um neysluvörur á markaði og þau áhrif sem framleiðsla þeirra kann að hafa á umhverfið og veita þar með fyrirtækjunum aðhald sem kemur fram í aukinni eftirspurn eftir vistvænum matvælum. Því er líklegt að fyrirtækin muni nýta sér vistferilsgreiningu framleiðslu sinnar í auknum mæli. Það er einmitt vegna þess, eins og fram kom hér í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að neytendavitund fer mjög vaxandi.

Í öðru lagi er spurt hversu mikið sé um vottaða framleiðsluvöru á Íslandi, hver staða vottunarstofa sé og hver sé stefna stjórnvalda í þessum málum.

Því er til að svara að á Íslandi eru framleiðsluvörur vottaðar í matvælaframleiðslu með lífrænni vottun, vistvænni vottun og gæðastýringu í sauðfjárrækt. Hér er um að ræða matvælaframleiðslu sem heyrir undir landbrn.

Eftirtaldar reglugerðir gilda hér um:

Reglugerð um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar, nr. 74/2002, reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, nr. 175/2003 og reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, nr. 504/1998. Það má einnig taka fram að hér eru ýmsar umhverfismerkingar eins og norræni svanurinn.

Hér á landi er starfrækt ein vottunarstofa, Vottunarstofan Tún ehf., sem hefur heimild til að fullgilda leyfi til bænda og vinnslufyrirtækja til vottunar á lífrænni framleiðslu. Íslensk stjórnvöld hafa því stefnt og stuðlað að gæðastýringu í matvælaframleiðslu eins og að ofan greinir.

[18:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég geri ráð fyrir því að stefna íslensku ríkisstjórnarinnar með tilliti til sjálfbærrar þróunar geri það að verkum að stjórnvöld séu í auknum mæli að fá mál af þessu tagi upp á sitt borð. Til vitnis um það er umhverfisstefna í ríkisrekstri sem mér finnst satt að segja að ætti að leggja meiri áherslu á að framfylgja. En eins og kunnugt er höfum við fengið úttekt Ríkisendurskoðunar á þeirri umhverfisstefnu sem í orði kveðnu á að vera við lýði og mér finnst rétt að ítreka það hér að umhverfisstefna í stóru sem smáu kemur stjórnvöldum við þannig að ég held að við séum að tala hér um hluti sem vaxa af sama meiði, þ.e. að sjálfbærni matvælaframleiðslu á Íslandi sé málefni sem stjórnvöld eigi að taka að hjarta sínu og leggja rækt við, hvetja til þess að fyrirtækin á markaði nýti sér umhverfisvæna tækni í auknum mæli. Ég minni í því sambandi á þál. sem var samþykkt hér á Alþingi í mars 1999 þar sem Alþingi ályktaði að stefna bæri að því að matvælaframleiðsla á Íslandi skyldi vera á forsendum sjálfbærrar þróunar. Þar voru meira að segja tímatakmörk á, þ.e. það var gert ráð fyrir að matvælaframleiðslan á Íslandi skyldi vera á forsendum sjálfbærrar þróunar og markmiðinu yrði náð fyrir árið 2003.

Ég tel að hér sé hreyft máli sem stjórnvöld þurfa að hafa vakandi auga með en ég ítreka þakkir mínar til hæstv. umhvrh. fyrir svörin.

[18:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég held að segja megi sem svo að á Íslandi almennt séð stundum við matvælaframleiðslu sem er mjög í takt við sjálfbæra þróun. Eftir því hefur verið tekið erlendis, m.a. út af því hvernig við höfum almennt séð stundað fiskveiðar.

En ég deili þeim skoðunum með hv. fyrirspyrjanda að vistferilsgreining er mjög spennandi fyrirbæri. Þessi rannsókn sem hún vitnaði í finnst mér mjög umhugsunarverð. Þar kom fram að mesta mengunin væri við veiðarnar sjálfar sem er eitthvað sem maður hafði ekkert endilega á tilfinningunni fyrir fram. Ég býst við því að fyrirtæki muni í auknum mæli nýta vistferilsgreiningu en almennt séð hafa stjórnvöld ekki tekið upp það verklag. Það er þó alls ekki útilokað að það verði í framtíðinni en lagaumhverfi okkar lýtur auðvitað allt að því að meira eða minna fari hér fram sjálfbær matvælaframleiðsla. Við höfum einnig tekið ákveðin skref varðandi hreinni framleiðslutækni yfirleitt.

Stofnun hönnunarmiðstöðvar.

Fsp. ÁRJ, 96. mál. — Þskj. 96.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Stofnun hönnunarmiðstöðvar á Íslandi hefur alloft verið til umræðu á Alþingi. Ekki ætla ég að rekja hana hér nema að litlu leyti en ég minnist þess að hæstv. iðnrh., þá sem almennur þingmaður, var eitt sinn einn af flm. þingmáls um stofnun hönnunarmiðstöðvar. Nú síðast átti að koma á hönnunarmiðstöð samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum frá 2002–2005. Í ráðuneyti hæstv. ráðherra á málið sér líka nokkra sögu. Árið 1991 skipaði þáv. iðnrh., Jón Sigurðsson, vinnuhóp til að finna leiðir til eflingar íslenskum húsgagna- og innréttingaiðnaði og lagði hann til að komið yrði á fót miðstöð íslenskrar hönnunar en slíkar hönnunarstöðvar, design centers, eru starfræktar í öllum vestrænum iðnríkjum. Slík starfsemi mundi ekki aðeins gagnast húsgagnaiðnaðinum heldur einnig allri annarri íslenskri framleiðslu.

Haustið 1993 skilaði starfshópurinn greinargerð til þáv. hæstv. iðnrh., Sighvats Björgvinssonar, og var í kjölfarið farið í tveggja ára tilraunarekstur hönnunarstöðvar með Samtökum iðnaðarins. Að þeirri tilraun lokinni var nýr iðnrh., Finnur Ingólfsson, kominn til sögunnar og var hann ekki tilbúinn til að leggja fé í hönnunarmiðstöð og stoppaði málið þar með.

Árið 2002 skilaði nýr vinnuhópur á vegum iðnrh. áliti um hönnunarstöð og er nú beðið eftir svari frá hæstv. iðnrh. um hvort starfrækt verði hönnunarmiðstöð á Íslandi eins og í nágrannalöndum okkar.

Hönnun, verð og gæði eru þau atriði sem liggja til grundvallar þegar vara er valin. Hönnun vörunnar, þ.e. útlit, eiginleikar og fjölbreytni, ræður oft úrslitum um hvort hægt sé að nota íslenska framleiðslu. Hönnun er hugvit sem við verðum að nýta. Hönnun er uppspretta framleiðsluvara og í raun ein af forsendum fyrir nýsköpun í atvinnumálum landsmanna. Tækifæri íslensks iðnaðar liggja í hönnun og vöruvöndun. Því ber stjórnvöldum skylda til að styðja duglega við bakið á þeirri hönnunarstarfsemi sem fyrir er í landinu.

Vestræn iðnríki hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir því að hönnun er sterkasta vopnið í síharðnandi samkeppni og styðja því vel við bakið á allri hönnunarstarfsemi. Það gera þau m.a. með því að reka hönnunarstöðvar og á Norðurlöndum og á Bretlandseyjum hafa þær allar það meginmarkmið að örva og styðja hönnunarstarfsemi hjá framleiðslufyrirtækjum. Starfsemi stöðvanna hefur verið að aukast á seinni árum í nágrannalöndum okkar sem er sönnun þess að stjórnvöld í þessum löndum skilja mikilvægi hönnunar til að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í kjölfar nefndar um eflingu heimilisiðnaðar hefur íslenskt handverksfólk fengið góðan vettvang sem er Handverk og hönnun og svo Heimilisiðnaðarfélagið en íslenskir hönnuðir eru algjörlega afskiptir. Við höfum hönnunarsafn en enga hönnunarmiðstöð.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður stofnun hönnunarmiðstöðvar hér á landi? Hvenær er ráðgert að koma henni á laggirnar og undir hvaða formerkjum?

[18:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að bera fram þessa fsp. Ég er sammála því sem kom fram í máli hennar og vil geta þess að á umliðnum missirum hefur verið unnið markvisst undirbúningsstarf sem varðar stofnun hönnunarmiðstöðva. Þann 6. desember 2002 var að frumkvæði iðnrn. skipuð nefnd til að meta ávinning af rekstri hönnunarstöðvar fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf og koma með tillögur í því sambandi. Nefndinni var falið að leggja mat á hugsanlegar áherslur í starfi hönnunarstöðvar, kostnað, fjármögnun og önnur atriði sem máli skipta. Í störfum sínum skyldi starfshópurinn m.a. hafa hliðsjón af þeirri tilraun sem gerð var fyrir nokkrum árum með starfsemi hönnunarstöðvar hér á landi og kanna rekstur hönnunarstöðva erlendis.

Nefndin stóð m.a. fyrir ráðstefnu um hönnun sl. vor í samráði við Form Ísland og Norræna húsið og sóttu um 200 manns ráðstefnuna. Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru bæði innlendir og erlendir og flestir með viðamikla reynslu á sviði hönnunar. Jafnframt kynnti starfshópurinn sér það starf sem fram hefur farið í nágranna- og samkeppnislöndum á sviði hönnunar. Nefndin skilaði síðan skýrslu í apríl 2003.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á umliðnum missirum og árum hefur sú ánægjulega þróun átt sér stað að mikil gróska hefur verið á sviði hönnunar hér á landi í einstaka atvinnugreinum. Þetta má sjá m.a. af því að ýmsir frumkvöðlar á sviði hönnunar hafa náð góðum árangri. Þennan árangur virðist ekki síst mega rekja til aukinnar og bættrar kennslu á sviði hönnunar og starfs hönnuða sjálfra í sínum félagasamtökum. Þrátt fyrir þennan árangur má sjá margar vísbendingar sem hníga í þá átt að almennt hafi gildi hönnunar hér á landi verið vanmetið á umliðnum árum. Þetta kemur m.a. fram í því að viðhorf til hönnunar innan atvinnulífsins virðist vera vanmetið og fái ekki þann sess sem æskilegur er þar sem hönnun er afar mikilvægt atriði í ferli vöruþróunar, markaðssetningar og sölu. Þetta er ekki síst mikilvægt þar sem hönnun varðar marga þætti í líftíma vöru, hvort sem um er að ræða vöruna sjálfa eða allt ferlið sem viðkomandi vara fer í gegnum.

Í þekkingarþjóðfélagi nútímans hefur hönnun sívaxandi gildi og á það ekki síst við um margvíslega atvinnustarfsemi á sviði þekkingar og þjónustu, s.s. ferðamennsku, grafíska hönnun á sviði hugbúnaðar, kvikmynda eða í atvinnustarfsemi á sviði þjónustu."

Í tillögum nefndarinnar segir einnig m.a., með leyfi forseta:

„Til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja á sviði hönnunar, ekki síst smærri fyrirtækja, leggur nefndin til að sett verði á stofn hönnunarstöð. Starfsemin taki mið af sambærilegri starfsemi í nágranna- og samkeppnislöndum en þó er mikilvægast að starfsemin falli að íslenskum aðstæðum."

Iðnrn. hefur áhuga á að koma á fót hönnunarstöð í samstarfi við aðra, ekki síst þá sem eiga að njóta þjónustu slíkrar stöðvar. Ráðuneytið hefur kannað nokkra kosti varðandi rekstur hönnunarstöðva og átt í viðræðum við hugsanlega samstarfsaðila. Það mun væntanlega skýrast á næstunni hvort hægt verði að ná samstöðu um fjármögnun og rekstur hönnunarstöðvar.

Að lokum vil ég einnig árétta þá skoðun mína að nú á tímum alþjóðavæðingar, sífellt harðnandi samkeppni og

styttri líftíma vöru og þjónustu, skiptir hönnun sífellt meira máli við framleiðslu og markaðssetningu. Á það jafnt við um frumhugmyndir til markaðsfærslu, auglýsingar, vöru og þjónustu. Góð hönnun eykur jafnframt verðmætasköpun og styrkir verulega samkeppnishæfni fyrirtækja. Stærri fyrirtæki eiga þó að öllu jöfnu auðveldara með að sinna hönnun en þau smærri. Þar sem íslensk fyrirtæki eru yfirleitt smá á erlendan mælikvarða er mikilvægt að þau hafi þekkingu sem og gott aðgengi að hönnun og ráðgjöf á því sviði.

Einnig vil ég benda á, eins og kom fram hjá hv. þingmanni, að við umfjöllun um þál. um byggðamál fyrir árin 2002–2005, í maí 2002, mælti meiri hluti iðnn. með því að hafinn yrði undirbúningur að því að koma á fót hönnunarmiðstöð hér á landi, eins og ráðuneytið hefur þegar gert með vinnslu áðurnefndrar skýrslu.

Í nál. segir einnig m.a., með leyfi forseta:

„Hönnun er eitt fyrsta skref framleiðslu. Íslendingar virðast hafa náð góðum árangri á því sviði. Flestir hönnuðir starfa hins vegar sem einyrkjar. Með samstilltu átaki á vegum hönnunarmiðstöðva mætti efla til muna árangur og verðmætasköpun, tengda hönnun, framleiðslu, kynningu og sölu margvíslegra þátta. Slík miðstöð yrði hvatning fyrir hönnuði og framleiðendur um land allt og gæti vakið alþjóðlega athygli á íslenskri hönnun og framleiðslu."

Ég tek undir þessi orð sem koma fram í nál. og ítreka að unnið er að þessu í ráðuneytinu. Ég geri mér vonir um að áður en langur tími líði verði tíðinda að vænta af þessu máli.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir þetta svar þó að hún hafi ekki alveg svarað þeim spurningum sem ég beindi til hennar. En ég heyri að við erum sammála um mikilvægi hönnunar og gildi fyrir íslenska framleiðslu og um það að hönnun sé vanmetin í atvinnulífinu.

Ég spurði hæstv. ráðherra um það hvenær hún hygðist koma hönnunarmiðstöð á laggirnar. Ég heyri að það er mikill vilji hjá henni, það er áhugi í iðnrn. og þau eru að kanna ýmsa kosti en hönnuðir eru náttúrlega mjög óþreyjufullir og hafa beðið lengi, eins ég rakti í fyrri ræðu minni. Þetta hefur verið lengi í vinnslu í iðnrn. og mig langar til að vitna í álit meiri hluta iðnn. þegar fjallað var um stefnu ríkisstjórnar í byggðamálum. Þar benda þeir á að Írar hafi komið slíkri hönnunarmiðstöð á stofn fyrir nokkrum árum og markaðsátak á hennar vegum er talið hafa skilað söluverðmæti er nemur tíu milljörðum kr. árlega. Það er því geysilega mikið hagsmunamál að koma á stofn hönnunarmiðstöð, og ég spyr hæstv. ráðherra: Getur hún ekki upplýst okkur nokkuð frekar um það hvenær megi gera ráð fyrir að hönnunarmiðstöð verði að veruleika og kannski upplýst okkur aðeins frekar um það undir hvaða formerkjum það verður? Hún talaði hér um að hún væri að kanna ýmsa kosti. Hvaða kostir eru í stöðunni varðandi hönnunarmiðstöð á Íslandi sem menn hafa lengi beðið?

[18:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það þarf í rauninni ekkert að hvetja mig í þessu máli. Það er alveg nægur áhugi til staðar og vinna í gangi. Ég vildi að ég gæti svarað hv. þingmanni nákvæmlega um það hvenær þetta muni gerast en það get ég því miður ekki.

Það sem við erum að hugsa er kannski ekki endilega það að þarna verði um einhverja óskaplega mikla miðstöð að ræða í byggingum talið, heldur frekar að það verði skapaður möguleiki til að hafa einhverja stöð, þó að það sé ekki nema tölva og starfsmaður til að byrja með, þar sem er sameiginlegur vettvangur. Eins er í sambandi við samstarf við útlönd. Við vitum að á norræna vísu er þessum málaflokki mikið sinnt og ég veit til þess að Svíar eru áhugasamir um jafnvel að útfæra það starf sem þar hefur verið í gangi og snýr að því að sinna ungum hönnuðum. Við eigum möguleika á að koma að því starfi en þá þurfum við líka að hafa einhvern samnefnara.

Það er svo margt sem bendir til þess að þetta sé mikilvægt og ég þakka þessa hvatningu sem ég fæ í raun hér með þessari umræðu. Ég fékk hana líka í Morgunblaðinu í morgun þegar ég las þar að íslenskur hönnuður hefði unnið til verðlauna. Ég get tekið mjög mikið undir það sem kom fram hjá honum og bara viðurkenni að við höfum ekki staðið okkur nægilega vel á þessu sviði. Við skulum bara segja sem svo að það líði ekkert svo langur tími þangað til tíðinda verði að vænta.

Einkavæðing orkuveitna og orsakir rafmagnsleysis.

Fsp. SJS, 122. mál. — Þskj. 122.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að það er umtalsverður hugmyndafræðilegur og pólitískur ágreiningur um ágæti þess að einkavæða eða færa yfir á markað, markaðsvæða, eins og stundum er kallað, ýmsa starfsemi eða þjónustu sem áður hefur verið á höndum opinberra aðila. Einkum og sér í lagi hefur þetta orðið umdeilt, og kannski í ljósi reynslunnar þar sem þetta hefur verið reynt, þegar í hlut á almannaþjónusta, grunnþjónusta, sem jafnvel ofan í kaupið lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar. Þetta á við um ýmiss konar veitustarfsemi. Við getum tekið rafveitur, vatnsveitur eða í okkar tilviki hitaveitur, fjarskiptaþjónustu, lestarsamgöngur eða annað því um líkt þar sem aðeins einn aðili á eða hefur yfir að ráða dreifikerfi fyrir þjónustuna eða vöruna eða hvað það nú er sem þar er afhent og meiri háttar umbyltingu þarf til að breyta þeim efnislegu staðreyndum. Þá hefur reynslan vægast sagt orðið blendin víða og um það geisa miklar umræður, bæði austan hafs og vestan. Ég ætla ekki að fara dýpra inn í þau mál af því að hér er sérstaklega verið að spyrja um raforkugeirann að gefnu tilefni en þar hafa menn verið í ýmsum æfingum, bæði í Ameríku, á meginlandi Evrópu, Bretlandi, Nýja-Sjálandi og víðar, við að einkavæða raforkugeirann, bæði framleiðslu og dreifingu.

Reynslan af þessu held ég að óhætt sé að segja, að ekki sé of djúpt í árinni tekið, er ákaflega blendin. Þetta hefur komist í kastljósið núna vegna bilana og rafmagnsleysis, vegna gríðarlegra verðhækkana, þegar raforkuskortur hefur skollið á, t.d. í Skandinavíu o.s.frv. Burt séð frá pólitískum hugmyndafræðilegum ágreiningi ætti að geta verið samstaða um að það væri fróðlegt í öllu falli fyrir menn að reyna að læra af reynslu annarra.

Af þessu tilefni og af því að ýmsar breytingar kunna að vera í vændum í þessum efnum hjá okkur sérstaklega hef ég spurt hæstv. iðn.- og viðskrh.:

1. Hefur ráðherra kynnt sér sérstaklega reynsluna af markaðs- og einkavæðingu orkuveitna erlendis, svo sem í Kaliforníu, á austurströnd Bandaríkjanna, í Bretlandi, á Nýja-Sjálandi og á hinum Norðurlöndunum, með tilliti til verðþróunar, afhendingaröryggis og annarra helstu þátta?

2. Hyggst ráðherra láta afla upplýsinga um orsakir rafmagnsleysis og tíðra og alvarlegra bilana sem orðið hafa að undanförnu á einkavæddum orkumörkuðum, bæði austan hafs og vestan, og síðan meta hvaða lærdóm megi draga af því sem þar hefur gerst?

[18:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í upphafi vil ég taka fram að samkvæmt nýrri skipan raforkumála sem var innleidd með nýjum raforkulögum á vorþingi var ekki verið að hrófla við eignarhaldi orkuveitna, en þær eru að öllu leyti í eigu ríkisins og sveitarfélaga í landinu. Samkvæmt hinum nýju lögum verða dreifing og flutningur raforku áfram háð sérleyfi og undir virku eftirliti Orkustofnunar. Hið aukna frjálsræði sem lögin hafa í för með sér snýr einvörðungu að framleiðslu og sölu raforku.

Rétt er að benda á að setning raforkulaga, nr. 65/2003, átti sér töluverðan aðdraganda en segja má að undirbúningur þeirrar lagasetningar hafi hafist á árinu 1996. Á vegum ráðuneytisins og nefnda sem starfað hafa á vegum þess hafa þessi mál verið könnuð eins og frekast er kostur. Frv. það sem varð að raforkulögum, nr. 65/2003, í vor hafði því hlotið vandaðan undirbúning.

Varðandi það hvort ráðuneytið hafi kannað reynslu af markaðs- og einkavæðingu erlendis nægir að benda á fylgigögn frv. sem síðan varð að lögum. Frv. fylgdu ýmsar skýrslur um reynslu annarra ríkja af auknu frjálsræði á raforkumörkuðum. Má þar m.a. nefna skýrslu þar sem fjallað var um reynslu Kaliforníubúa af markaðsvæðingu. Telja verður afar ólíklegt að hér gætu komið upp viðlíka vandræði og áttu sér stað í Kaliforníu enda aðstæður hér á landi allt aðrar.

Þá er rétt að geta þess að mikil vinna hefur verið lögð í það af hálfu starfsmanna iðnrn. og Orkustofnunar að kynna sér reynslu annarra þjóða af auknu frjálsræði á raforkumarkaði. Hefur einkum verið horft til annarra Norðurlanda en einnig til enn annarra landa, s.s. Bretlands og Írlands. Við þessa vinnu hefur m.a. verið horft til þeirra þátta sem fyrirspyrjandi nefnir, þ.e. verðþróunar, afhendingaröryggis og áhrifa á neytendur. Þá má nefna að íslensk orkufyrirtæki hafa um nokkurt skeið tekið þátt í alþjóðlegum samanburðarverkefnum þar sem m.a. er lagður mælikvarði á árangur þeirra með tilliti til afhendingaröryggis. Niðurstaða slíks samanburðar, til að mynda hvað flutningskerfi varðar, hefur verið mjög jákvæð fyrir Ísland, og ekki er líklegt að samkeppni í vinnslu og sölu breyti neinu þar um.

Hvað varðar síðari spurninguna er henni svarað með þessum hætti: Ekki eru uppi áform um sérstakar rannsóknir á vegum íslenskra stjórnvalda á orsökum rafmagnsleysisins í Evrópu og Bandaríkjunum sem fyrirspyrjandi vitnar til. Hins vegar vil ég benda á að á fundi norrænu orkumálaráðherranna í Gautaborg í lok september var ákveðið að hafa frumkvæði að því að kanna orsakir rafmagnsleysisins í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi nýlega. Í tengslum við þetta verður einnig litið til orsaka rafmagnsleysisins víða um heim. Stefnt er að því að fyrstu niðurstöður verði tilbúnar í byrjun desember og við munum að sjálfsögðu fylgjast með þessu starfi og taka þátt í því, a.m.k. fylgjast með og væntanlega geta niðurstöðurnar orðið gagnlegar fyrir okkur Íslendinga.

Af því að ég hef svolítið meiri tíma vildi ég gjarnan vitna til skýrslu sem unnin var af Evrópusambandinu og tengist þessu nýja fyrirkomulagi, þessu frjálsræði á markaðnum. Þar var farið mjög nákvæmlega yfir reynslu þeirra þjóða sem höfðu breytt fyrirkomulagi sínu og ef ég má, með leyfi forseta, lesa aðeins úr skýrslunni:

„Af þeim ríkjum sem eru komin með fulla opnun eru 72% þeirra með lækkandi raforkuverð en samsvarandi hlutfall er 42% fyrir þau ríki sem ekki hafa ákveðið hvenær full opnun næst. Ekkert landanna sem er með fulla opnun hefur verið með hækkandi verð á þessu tímabili en 25% þeirra ríkja sem ekki hafa ákveðið fulla opnun.

Þau ríki sem opnað hafa markaðinn að fullu koma því best út hvað varðar þróun raforkuverðs á undanförnum árum en þau ríki sem ákveðið hafa að stefna að fullri opnun koma einna verst út, eða 17% þeirra eru með lækkandi verð en 39% með hækkandi verð."

Ég held því fram að þetta fyrirkomulag sem við höfum tekið upp á Íslandi og er smátt og smátt að taka gildi hafi sýnt sig að vera frekar til þess að lækka raforkuverð og þó enn meira til fyrirtækja en til neytenda í mörgum löndum. Ég tel að það sé líka jákvætt ef fyrirtæki geta framvegis náð því að lækka þennan kostnað í rekstri sínum.

[18:32]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér voru að sjálfsögðu kunnug þau gögn sem fylgdu frv. á sínum tíma inn í þingið. En það ber að taka fram að þau eru náttúrlega farin að eldast og mjög margt hefur verið að gerast í þessum efnum á allra síðustu missirum eins og við höfum fengið fréttir af. Hingað hafa komið lærðir menn. Einn af yfirmönnum raforkumála í Kaliforníu var t.d. hér á ferð fyrir ekki löngu síðan og varaði Íslendinga alveg sérstaklega við því að falla ofan í sömu forarpyttina og þeir Kalíforníubúar höfðu gert í sínum raforkumálum.

Ég hef áður nefnt úr þessum ræðustól að ég held að reynsla Nýsjálendinga væri alveg sérstaklega áhugaverð fyrir Ísland því að þar er um einangraðan orkumarkað að ræða sem er um sumt keimlíkur okkar. Þar er vatnsorka mikið nýtt og nokkuð er nýtt af orku til stóriðju. Þessi einangraði orkumarkaður var „líberalíseraður" ef sletta má því og niðurstaðan er alkunn, þ.e. að það hefur orðið mjög á kostnað afhendingaröryggis og fjárfestinga í dreifikerfinu.

Það er akkúrat mergurinn málsins, herra forseti, að þó svo að raforkuverðið hækki ekki beinlínis við einkavæðinguna þá er ekki þar með sagt að allt sé í himnalagi. Það hefur komið á daginn að það sem iðulega gerist er að fyrirtækin vegna arðsemiskröfunnar frá nýjum eigendum sjúga út úr rekstrinum mikla fjármuni á kostnað þess að hætt er að fjárfesta í varanlegri uppbyggingu dreifikerfisins og svo hrynur allt þegar óveður skellur á. Þetta er niðurstaðan frá austurströnd Bandaríkjanna og að hluta til frá Bretlandi og Suður-Svíþjóð og Danmörku, þ.e. að menn fara að spara sér í verulegum fjárfestingum og viðhaldi hvort sem það eru járnbrautarteinar eða dreifikerfi raforku þegar hin þunga arðsemiskrafa er komin á og ef menn hafa ekki tækifæri til þess vegna fákeppni að skella því beint út í verðlagið þá gerist það að þetta hrynur innan frá.

[18:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hv. þingmaður sjái þetta dálítið svart en svo er því ekki farið með þá sem hér stendur. Ég get hins vegar ekki lofað því að alltaf verði allt í himnalagi. Það er mjög erfitt að taka ábyrgð á því því að vissulega getur alltaf eitthvað gerst sem kemur upp óvænt.

Hv. þm. notaði einmitt orðið einkavæðingu í þessu sambandi. Það hefur verið mjög mikið um að ruglað sé saman hugtökunum einkavæðing og markaðsvæðing. Það var einmitt það sem kom fyrir þegar við fengum hér gest frá Kaliforníu, mann sem hafði reynslu af raforkumálum. Á honum var tekið mikið mark hér, mörg viðtöl við hann tekin og hann hafði sögu að segja sem var ekkert sérstaklega falleg. En í ljós kom að margt af því sem kom fram var neikvætt vegna þess að ekki var þýtt rétt. Það var verið að blanda saman einkavæðingu og markaðsvæðingu endalaust. Við erum að markaðsvæða þetta kerfi hér. Það er ekki verið að einkavæða það.

Í sambandi við Kaliforníu þá freistast ég til þess að koma aðeins inn á það. Þar gerist það að verð á rafmagni fer upp hjá framleiðendum en það er fest í sambandi við smásöluna. Þetta gekk einfaldlega ekki upp. Þess vegna lenda þeir í þessum miklu vandræðum. Við munum ekki taka upp slíkt kerfi á Íslandi. Það er engin hætta á því. Og hvað Noreg varðar þá má segja að það hafi verið vegna þess að þeir eru búnir að gera samninga um svo mikla sölu á rafmagni úr landi að þeir eru uppiskroppa með rafmagn handa heimamarkaði. Það eru skýringar á þessum vandamálum sem hafa verið að koma upp, a.m.k. mörgum hverjum, ekki öllum.

Ég tel að við höfum búið við það á Íslandi að hafa einstakt afhendingaröryggi og fyrirmyndarfyrirkomulag... (**SJS:** Var þá ástæða til að breyta því?) Já, það var nefnilega ástæða til þess að breyta því engu að síður. Ástæðan var kannski ekki síst sú að við vorum tilneydd út af tilskipun Evrópusambandsins sem við urðum að innleiða. En ég tel líka að þetta sé gott fyrirkomulag sem við höfum tekið upp.

Vátryggingasamningar og Viðlagatrygging Íslands.

Fsp. MF, 117. mál. — Þskj. 117.

[18:36]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Öllum eru ofarlega í minni jarðskjálftarnir sem urðu á Suðurlandi 17. og 21. júní árið 2000 þegar fjöldi fólks varð fyrir verulegu eignatjóni. Fljótlega eftir að farið var að meta tjónið kom í ljós að verulegur munur er á brunabótamati sambærilegra eigna milli svæða eða sveitarfélaga og jafnvel sambærilegra eigna innan sama svæðis. Bætur vegna náttúruhamfara eins og jarðskjálfta eru greiddar af Viðlagatryggingu Íslands og við ákvörðun bóta vegna tjóna sem Viðlagatrygging bætir er farið eftir meginreglum vátryggingaréttar samanber 12. gr. reglugerðar nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands.

Gildandi brunabótamat eignar er lögákveðin vátryggingarfjárhæð við upphaf vátryggingarinnar en ekki ákvarðandi varðandi tjónabótafjárhæð. Þannig getur bótafjárhæð verið lægri en brunabótamat en það er þó alltaf hámark brunabótafjárhæðar. Tilkvaddir matsmenn eiga því samkvæmt reglugerð að ákveða verðmæti vátryggðra eigna með hliðsjón af því hvert var raunverulegt verðmæti hennar þegar tjón varð. Við þetta mat skal tekið tillit til verðrýrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkandi notagildis eða annarra ástæðna.

Öllum var ljóst áður en jarðskjálftarnir urðu að mikið ósamræmi ríkir á þessu svæði hvað varðar brunabótamat eigna. En fáir áttuðu sig á því að til væru sérstakar fyrningarreglur sem nýttar væru í tilvikum sem þessum. Þetta kom sér mjög illa fyrir þá sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum ásamt því að brunabótamatið reyndist í nokkrum tilvikum óraunhæft viðmið. Og í nokkrum tilvikum var um það að ræða að eftir að niðurstaða matsmanna lá fyrir gátu einstaklingar sem urðu fyrir altjóni ekki treyst matinu betur en svo, bæði niðurstöðunum og þeim reglum sem eftir var farið, að þeir urðu að fara í samningaviðræður um það hver greiðslan yrði. Þetta hlýtur að teljast óeðlilegt, þ.e. að þegar iðgjald er greitt af brunabótamati og þegar á reynir þá sé það í raun ekki marktæk viðmiðun þegar um náttúruhamfarir er að ræða, þ.e. ekki að sama skapi og þegar um brunatjón er að ræða.

Á síðasta ári og reyndar frá árinu 2000 höfum við nokkrir hv. þm. lagt fram frv. þess efnis að farið verði í endurskoðun á lögum um vátryggingarsamninga og Viðlagatryggingu Íslands. Það frv. fékk ekki afgreiðslu úr nefnd og því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur verið unnið að endurskoðun laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, með síðari breytingum, og laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar endurskoðunar? Ef ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir heildarendurskoðun þessara laga?

[18:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í byrjun vikunnar mælti ég fyrir frv. til nýrra heildarlaga um vátryggingarsamninga sem ætlað er að koma í stað laga nr. 20/1954, og er frv. nú til umfjöllunar hjá efh.- og viðskn. Frv. er mikið að vöxtum og er, eins og áður kom fram, heildarlöggjöf.

Hvað varðar breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands þá skipaði ég nefnd í ágúst 2001 til þess að fara yfir framkvæmd tjónauppgjöra vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi sumarið 2000 og þau verkferli sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu. Jafnframt var nefndinni falið að kanna tilhögun viðlagatrygginga, hamfaratrygginga, í helstu nágrannalöndum og meta hvort hamfaratryggingar eins og viðlagatrygging séu jafn vel eða betur komnar hjá hinum almennu vátryggingarfélögum. Nefndin skilaði skýrslu til mín í nóvember 2002 og var hún send Alþingi til kynningar með bréfi dagsettu 27. nóvember 2002.

Helstu niðurstöður voru þessar: Miðað við umfang þess tjóns sem varð í jarðskjálftunum á Suðurlandi í júní 2000 kom ekkert fram um það að verklagi Viðlagatryggingar Íslands við mat á tjónum og uppgjör bóta hafi verið verulega ábótavant. Ekki höfðu verið settar formlegar reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála eins og tilskilið er í lögum um Viðlagatryggingu Íslands og taldi nefndin brýnt að stjórn Viðlagatryggingar Íslands setti slíkar reglur til að auka gagnsæi í stjórnsýslu stofnunarinnar og gera tjónþolum auðveldara að glöggva sig á réttarstöðu sinni. Slíkar reglur voru settar af stjórn Viðlagatryggingar í kjölfar skýrslu nefndarinnar.

Mælt var með því að Viðlagatrygging Íslands fengi heimild í lögum til að halda eftir af altjónsbótum til að standa straum af kostnaði við förgun og rústahreinsun. Nefndin lagði til að sett verði í lög ákvæði sem heimili Viðlagatryggingu Íslands að tilskilja að bótum vegna hlutatjóns sé í raun varið til viðgerða á hinni vátryggðu eign og nefndin lagði til að útbúin verði ný aðgerðaáætlun þar sem skilgreind verði viðbrögð Viðlagatryggingar Íslands í tilviki meiri háttar hamfara. Það er verið að vinna að þessum málum á vegum Viðlagatryggingar Íslands. Sem sagt, eins og hér hefur komið fram, er heildarlöggjöf til umfjöllunar nú á hv. Alþingi og þess vegna tel ég ekki ástæðu til þess að fara í heildarendurskoðun á þessum lögum. Hins vegar vil ég ekki útiloka að ástæða sé til þess að skoða einstaka þætti í tengslum við meðferð þess frv. sem nú liggur fyrir þinginu og efh.- og viðskn. hefur til umfjöllunar.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að hér er til umfjöllunar heildarlöggjöf um vátryggingarsamninga. Ég fagna því og það reyndar kemur til eftir að fyrirspurnin er lögð fram. Ég er hins vegar algjörlega ósammála hæstv. ráðherra um að verklagsreglur Viðlagatryggingar varðandi mat á tjónum sem verða vegna náttúruhamfara séu í lagi. Við þurfum trausta löggjöf. Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði. Við þurfum trausta löggjöf. Við þurfum gegnsæi þannig að réttarstaða fólks sé algjörlega klár og að allur almenningur eða þeir sem verða fyrir tjóni hverju sinni af völdum náttúruhamfara viti nákvæmlega hver rétturinn er. En það var ekki þannig, hvorki þegar um er að ræða jarðskjálftana, þ.e. tjón af völdum tveggja síðustu jarðskjálfta né tjón sem hefur orðið vegna snjóflóða.

Það hafa komið upp umræður, og mjög erfiðar, eftir náttúruhamfarir vegna tjóns á eignum fólks og það hefur ekki verið staðið vel að upplýsingaskyldu gagnvart þeim einstaklingum sem urðu fyrir tjóninu. Ég er sammála því sem hefur komið fram í mati sveitarstjórnarmannat.d. á Suðurlandi sem sendu frá sér ályktanir vegna þessa máls eftir jarðskjálftana sem urðu árið 2000 um að fara yrði í endurskoðun á lögum um Viðlagatryggingu Íslands og það yrði líka að skoða við hvað ætti að miða þegar bótafjárhæð er ákveðin vegna þess að ekki gilda sömu reglur ef einstaklingur verður fyrir tjóni vegna náttúruhamfara og t.d. vegna bruna. Það var svo margt sem kom upp við umfjöllun og afgreiðslu þessara mála þó niðurstaða næðist að lokum. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að niðurstaða náðist að lokum og samningar náðust að lokum. En vinnureglurnar eiga að vera það skýrar að ekki sé þörf á neinum samningaviðræðum.

[18:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er alveg viss um að það er rétt hjá hv. þm. að það hafi ekki allt verið algjörlega eins og best verður á kosið í sambandi við þá vinnu sem fram fór af hálfu Viðlagatryggingar Íslands í tengslum við það mikla tjón sem varð á Suðurlandi. Það er nú sjaldan þannig að það megi ekki eitthvað finna að. Þegar um tjón sem þarna átti sér stað er að ræða þá eru þetta líka mikil tilfinningamál og að því leyti er það eflaust rétt að það hafi ekki verið staðið nægilega vel að upplýsingum.

En vegna þess að það komu fram kvartanir þá töldum við í ráðuneytinu rétt að skipa nefnd sem færi yfir málið, nefnd aðila sem eiga að þekkja til mála og bera skynbragð á hluti sem þessa. Niðurstaða nefndarinnar var einfaldlega sú að miðað við umfang tjónsins hafi ekkert komið fram sem segi að verklag Viðlagatryggingar Íslands við mat á tjónum og uppgjör bóta hafi verið verulega ábótavant. En það er ekki þar með sagt að það hafi ekki verið hægt að finna eitthvað að.

En eins og ég sagði er ég ekki að útiloka það að ekki sé ástæða til að fara eitthvað yfir lögin, en ég tel ekki ástæðu til að fara í heildarendurskoðun, vegna þess að við munum fyrst og fremst fjalla um stóra frumvarpið sem er til umfjöllunar hér í þinginu, um vátryggingarsamninga, en í tengslum við það geta vissulega komið upp atriði sem ástæða er til þess að skoða og þá mun ég gera það með jákvæðu hugarfari.

Notkun kannabisefna í lækningaskyni.

Fsp. MF, 131. mál. — Þskj. 131.

[18:48]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Frá og með mánaðamótunum ágúst/september máttu hollenskir læknar gefa út lyfseðla fyrir kannabisefnum. Þetta leyfi var veitt eftir að sérstök rannsóknarnefnd lyfjamála í Hollandi hafði rannsakað áhrif kannabisefna á sjúklinga og komist að þeirri niðurstöðu að efnið gagnist vel sem verkjalyf, m.a. fyrir krabbameinssjúklinga sem þjást af miklum verkjum, HIV-smitaða og MS-sjúklinga. Í Bretlandi og Kanada er einnig heimilt að nota kannabisefni eftir ávísun lækna. Læknar og vísindamenn í nokkrum löndum hafa stundað rannsóknir hliðstæðar þeim sem gerðar voru í Hollandi þótt notkun hafi ekki verið heimiluð.

Það kom fram í viðtali við Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni að heilbrigðisyfirvöld hér á landi fylgdust með þessum rannsóknum og vitað væri að kannabisefni væru notuð sem verkjalyf og við krampakenndum samdrætti sem fylgir sumum langvarandi sjúkdómum eins og MS. Það kom einnig fram að kannabisefni hafa í einstaka tilvikum verið notuð hér í heilbrigðisstofnunum þegar um er að ræða sjúklinga með erfiða langvinna sjúkdóma eins og krabbamein eða alnæmi á háu stigi. Það hlýtur þó að vera umdeilt hvort slíkt er löglegt þar sem notkun kannabisefna í líknandi tilgangi er ekki heimil án undanþágu.

Virðulegi forseti. Í júní árið 2000 féll dómur í máli 45 ára gamals manns sem tekinn hafði verið í tvígang fyrir að hafa hass í fórum sínum. Viðkomandi játaði brot sín en var dæmdur til að greiða 70 þús. kr. sekt eða í 16 daga fangelsi og til að greiða allan málskostnað upp á 50 þús. kr. Hér var þó um krabbameinssjúkling að ræða sem taldi sig þurfa efnið til að lina þrautir sínar. Að mati dómara breytti það engu um refsiverða háttsemi. Umræðan um það hvort leyfa eigi kannabisefni hér á landi hefur nær eingöngu snúist um misnotkun þessara efna, ekki um notagildi þeirra til að lina kvalir sjúklinga eða í líknandi meðferð.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hafa heilbrigðisyfirvöld tekið afstöðu til þess hvort leyfa eigi ávísun og notkun kannabisefna í lækningaskyni? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði skoðað sérstaklega?

[18:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fsp. um hvort heilbrigðisyfirvöld hafi tekið afstöðu til þess hvort leyfa eigi ávísun og notkun kannabisefna í lækningaskyni.

Lyf af flokki kannabisefna, þ.e. tetrahydrocannabiol, hafa verið á lyfjamarkaði yfir 20 ár. Engar formlegar hindranir eru í vegi fyrir því að slík efni séu notuð í lækningaskyni á Íslandi.

Ég get upplýst um að leyfi til notkunar lyfja eða annarra efna í lækningaskyni hér á landi eru veitt eftir tveimur leiðum. Sú sem algengust er er að lyfjafyrirtæki sæki um markaðsleyfi til Lyfjastofnunar. Að fengnu þessu leyfi geta læknar ávísað á lyfið á hefðbundinn hátt.

Hin leiðin á við ef læknir telur sjúkling þurfa lyf sem ekki er á skrá hér á landi. Þá sækir læknirinn til Lyfjastofnunar um undanþágu frá markaðsleyfi til að mega nota tiltekið lyf fyrir sjúkling.

Í báðum þessum tilvikum meta sérfræðingar Lyfjastofnunar umsóknir á grundvelli virkni, öryggis og gæða hvort veita eigi leyfi. Ekkert lyfjafyrirtæki hefur sótt um markaðsleyfi fyrir kannabislyf eða kannabisefni til Lyfjastofnunar en hins vegar var fyrir nokkrum árum sótt um undanþágu til notkunar á kannabislyfi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi til meðhöndlunar í sérstökum og erfiðum tilfellum og var hún veitt.

Þessi leið til notkunar lyfja af þessum flokki er opin líkt og áður en önnur betri lyf eru talin hafa komið við ógleði og er það væntanlega skýring þess að seinni ár hefur ekki verið sótt um innflutning á kannabistengdum lyfjum.

Ráðuneytið hefur fylgst vel með umræðu í nágrannalöndum okkar, bæði austan hafs og vestan, um gagnsemi og skaðsemi þessara lyfja sem hafa átt erfitt með að uppfylla kröfur sem teljast eðlilegar um gæði, hreinleika og virkni lyfja. Vímuvaldandi áhrif lyfsins eru vel þekkt en ég ætla ekki að fara nánar út í þá umræðu hér.

Hv. þm. spurði einnig hvort ég mundi beita mér sérstaklega fyrir að skoða hugsanlega leyfisveitingu. Ég vil eins og áður geta þess að það er hlutverk Lyfjastofnunar að meta lyf og veita leyfi til notkunar þeirra hér á landi. Við mat sitt á lyfjunum er Lyfjastofnun háð reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu þannig að ef slík lyf verða almennt viðurkennd og fá markaðsleyfi í öðrum aðildarlöndum EES eru allar líkur á að slíkt mundi einnig gerast hér yrði eftir því leitað.

Íslenskir sjúklingar þurfa iðulega á lyfjum að halda sem eru ekki á markaði hér á landi. Kannabislyf teljast í þeim flokki. Að mínu mati er ekki ástæða til að meðhöndla kannabislyf á annan hátt en nú er gert við önnur lyf án markaðsleyfis þegar sótt er um að flytja þau inn handa einstaka sjúklingum.

Herra forseti. Ég vona að með þessu hafi ég svarað hv. þm.

[18:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort ég hafi skilið rétt það sem hann sagði, að t.d. í dæminu sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi um krabbameinssjúklinginn sem var tekinn með kannabisefni í fórum sínum og lendir í að greiða 70 þús. kr. sekt eða í 16 daga fangelsi. Hefði hann t.d. getað sloppið við það ef læknirinn hans hefði sótt um leyfi til að fá kannabisefni fyrir hann til að lina þjáningar hans?

Hæstv. ráðherra nefndi dæmi um leyfi Landspítala – háskólasjúkrahúss til þess að nota kannabislyf í undantekningartilvikum. Hefði sem sagt verið hægt að koma í veg fyrir þennan dóm ef læknir viðkomandi sjúklings hefði beitt sér í málinu?

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það er helst á honum að skilja að það sé í raun og veru tiltölulega auðvelt fyrir lækni sem ákveður að sjúklingi hans henti betur að nota kannabisefni vegna verkjameðferðar, ógleði eða vöðvakrampa eða hvers kyns krankleika, að ef læknirinn metur það svo að kannabisefnin henti betur en þau sem eru á markaði hér þá sé það tiltölulega auðvelt.

Það er alveg nýtt fyrir mér að heyra þessar upplýsingar, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, vegna þess að hingað til hefur verið mjög mikil tregða við að nota kannabisefni í lækningaskyni og sem líknandi meðferð. Ég er þeirrar skoðunar að sjúklingur sem kominn er á það stig að hann þurfi líknandi meðferð — það sé það eina sem fram undan er — að þá eigi að beita öllum tiltækum ráðum til þess að finna þau lyf sem honum henta.

Auðvitað er það rétt að vímuvaldandi áhrif lyfs eins og kannabisefna eru þekkt. En líka morfíns. Og e.t.v. þurrka kannabisefni ekki á sama hátt upp líkama einstaklings eins og morfínið gerir. Ég er enginn lyfjasérfræðingur en ég held að það sé nú samt þannig.

Spurning mín er í raun og veru sú hvort heilbrigðisyfirvöld muni beita sér fyrir því, eins og Hollendingar hafa gert, Bretar og Kanadamenn, að það sé tiltölulega auðvelt fyrir lækna að ávísa á kannabisefni ef þeir telja að það sé sjúklingnum fyrir bestu, t.d. í líknandi meðferð. Ég er ekki að spyrja um neitt „hér um bil" og „kannski" í þessum efnum, heldur hvort heilbrigðisyfirvöld séu tilbúin til þess að skoða þennan möguleika á sama hátt og yfirvöld þessara landa hafa gert.

[18:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. spurði hvort, í ákveðnu tilviki sem fyrirspyrjandi nefndi, refsing hefði fallið niður ef læknir hefði sótt um undanþágu.

Ég reikna með að í þessu tilfelli, þó að ég þekki það ekki og hafi ekki kynnt mér það, hafi viðkomandi ekki haft slíka undanþágu og þess vegna hafi dómurinn fallið. Ef það hefði verið farið eftir því ferli sem ég hef rakið hérna þá mundi það hafa getað gengið ef læknirinn hefði talið hann þurfa á lyfinu að halda vegna erfiðs sjúkdóms.

Varðandi málið almennt þá hef ég rakið hér þann feril og þær reglur sem eru varðandi þetta mál hér á landi. Ég endurtek að ég tel ekki ástæðu til þess að meðhöndla kannabislyf á annan hátt en önnur lyf sem ekki er til markaðsleyfi fyrir hér. Ég tel að auðvitað verði að vera ákveðinn farvegur í þessu og ákveðnar reglur. En ég tel að það sé staðreynd að á þessum lyfjum þurfi að halda í erfiðum tilfellum og tel ekki ástæðu til þess að heilbrigðisyfirvöld setji fótinn fyrir þann feril og það sé farið eftir þeim reglum sem um það gilda og ég hef rakið. Það er svar mitt við þessu.

Öryggismál sjúklinga.

Fsp. MF, 161. mál. — Þskj. 161.

[18:59]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á aðalfundi Læknafélagsins, sem haldinn var í ágúst, kom fram að rekja mætti um 100 dauðsföll hér á landi á ári til mistaka í heilbrigðiskerfinu. Þessi tala byggðist þó ekki á rannsóknum eða eftirliti sem framkvæmt er hér heldur á tölum frá þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

Í þessum tölum er ekki einungis átt við læknamistök heldur hvers konar mistök sem verða innan heilbrigðiskerfisins. Tölurnar byggja á rannsóknum sem staðið hafa yfir í 10 ár í Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Danmörku. Í Danmörku er talið að mistök í heilbrigðiskerfinu kosti um 1 milljarð danskra króna árlega. Þá megi leiða líkur að því, í samræmi við niðurstöður þessarar rannsóknar, að um 100 manns látist hér á ári vegna afleiðinga mistaka innan heilbrigðiskerfisins þó ekkert sé hægt að fullyrða um slíkt því svo víðtæk rannsókn hefur ekki verið framkvæmd hér á landi. Umræðan hefur einskorðast við svokölluð læknamistök og nær eingöngu þegar grunur leikur á að um mjög alvarleg mistök hafi verið að ræða eins og við heyrum oft í fréttum, nú síðast í gærkvöldi.

Virðulegi forseti. Ég tel að við stöndum ekki nægjanlega vel að verki hvað varðar eftirlit og rannsókn á mistökum sem verða innan heilbrigðiskerfisins og að sjúklingar sem og aðstandendur fái ekki þá meðhöndlun sem þeir ættu að eiga rétt á þegar grunur leikur á að mistök hafi orðið við meðhöndlun sjúklings. Þessu þarf að breyta, koma á fót sérstakri rannsóknarnefnd sem ekki er eingöngu skipuð fólki úr heilbrigðisstéttum. Etirlitið verður að vera virkt en réttur sjúklings eða aðstandenda er þó ríkastur, hann ber að virða. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hafa öryggismál sjúklinga hér á landi verið rannsökuð sérstaklega?

2. Hefur verið ákveðið að setja á stofn rannsóknarnefnd slysa og/eða mistaka innan heilbrigðiskerfisins? Ef svo er, hvert er hlutverk hennar? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slík rannsóknarnefnd verði skipuð?

[19:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um öryggismál sjuklinga, hvort þau hafi verið rannsökuð sérstaklega, sem og hvort ákveðið hafi verið að setja á stofn rannsóknarnefnd slysa eða mistaka innan heilbrigðiskerfisins.

Að mínu mati hefur öryggi sjúklingsins verið efst á baugi hjá öllum heilbrigðisstarfsmönnum og stéttum. Það er nátengt þeirra faglega metnaði, sérhæfðu námi og starfi með sjúklinga, enda áhersluefni allt frá dögum Hippókratesar. Á seinni árum hefur ráðuneytið, stofnanir þess og einstaka fagfélög sett sér nánari gæðakröfur sem verða að teljast tengjast beint öryggismálum sjúklinga því að allar miðast þær meira og minna við það að sjúklingarnir njóti sem bestrar og öruggastrar þjónustu.

Landlæknisembættið hefur samkvæmt lögum mjög veigamiklu hlutverki að gegna í þessum málum. Þangað berast kvartanir frá sjúklingum. Þangað berast tilkynningar um atvik frá stofnunum og starfsmönnum, en einnig tekur landlæknisembættið sjálft að eigin frumkvæði upp öryggis- og gæðakröfur og framkvæmdir tilhlýðilegar athuganir á stofnunum. Öryggismál sjúklinga hafa því verið rannsökuð bæði á forsendum einstaklinga og stærri stofnana. Tel ég að þau mál hafi verið í farsælum farvegi sem hefur þróast í takt við kröfur tímans. Úr þessu má þó sífellt bæta og mikilvægt er að vera á öllum þessum stigum vel vakandi.

Nýleg umræða um að koma á laggirnar rannsóknarnefnd slysa eða óhappa innan heilbrigðiskerfisins tel ég jákvætt innlegg í þessa umræðu. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að landlæknisembættið komi sér upp slíkri nefnd til að vinna að frekari rannsóknum ákveðinna mála. Fagfélög heilbrigðisstétta hafa einnig sýnt öryggis- og gæðamálum vaxandi áhuga. Rannsóknaferli mistakamála innan heilbrigðisþjónustunnar er í ákveðnum lögbundnum farvegi bæði hjá landlæknisembættinu svo og í vissum tilfellum lögreglu og ég tel ekki forsendur eða þörf á því að leggja til breytingar á þeim vinnuferlum. Auknar kröfur fólks um að allar aðgerðir gangi fylgikvillalaust fyrir sig setja þær kröfur á heilbrigðisstarfsmenn að þeir upplýsi sjúklinga vel um hugsanlegar afleiðingar þess að undirgangast rannsóknir eða aðgerðir af ýmsum toga.

Ég tel að verulegar framfarir hafi átt sér stað á þessum vettvangi að hluta til með tilkomu laga um réttindi sjúklinga og einnig vegna almennra krafna um aukið upplýst samþykki sjúklinga áður en þeir gangast undir sumar aðgerðir.

Í þessu sambandi tel ég mikilvægt að lýsa þeirri skoðun minni að á Íslandi starfar fólk með góða menntun og mikinn metnað til að vinna vel með sína sjúklinga. Fylgikvillar eða óvæntar afleiðingar rannsókna eða meðferðar eru í mörgum tilfellum ófyrirsjáanlegar og óhjákvæmilegar og í mörgum tilfellum er ekki á nokkurn hátt hægt að tengja þær við mistök einstakra starfsmanna.

Tölur sýna að íslensk heilbrigðisþjónusta er örugg í alþjóðlegum samanburði. Þar eru mikil gæði og árangur af meðferð sjúklinga er með því besta sem sést í heiminum. Tel ég það m.a. stafa af því að heilbrigðisstéttir hafi borið öryggismál sjúklinga fyrir brjósti við störf sín.

Herra forseti. Ég hef áður lýst því að ég styð þá hugmynd landlæknis að efla rannsóknarmöguleika á atvikum sem gerast í heilbrigðisþjónustunni. Að sama skapi tel ég mikilvægt að allar stofnanir haldi vel vöku sinni og ég tel engan vafa á að margt megi bæta. En mér er það efst í huga upplýsingaflæðið milli einstakra starfsmanna, starfsstétta og stofnana, t.d. milli heilsugæslu, sérfræðistofu og sjúkrahúsa. Tel ég eitt mikilvægasta öryggismál sjúklinga að þetta sé einn af þeim þáttum sem okkur ber að beina sjónum að í nánustu framtíð.

Á tímum rafrænna samskipta bjóðast fjöldamargir möguleikar til að bæta þennan öryggisþátt og er því áhersla lögð á það í heilbrrn. að efla rafrænar færslur með þetta í huga.

Herra forseti. Ég vona að þetta hafi svarað fyrirspurn hv. þm.

[19:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér datt ekki í hug að koma með þessa fyrirspurn til hæstv. ráðherra vegna þess að í huga mínum væri eitthvert sérstakt vantraust á heilbrigðisstéttunum. Það er ekki þannig. Ég efast ekkert um að hér er fólk að vinna vel. Við eigum vel menntaðar heilbrigðisstéttir. Við eigum hér fólk sem er að vinna upp til hópa ákaflega vel. Það stakk mig hins vegar á þessum fundi í ágúst sem Læknafélagið var með þar sem niðurstöður þessara rannsókna voru kynntar. Þá

kom í ljós það mat að hugsanlega megi út frá niðurstöðum þessara rannsókna, séu þær heimfærðar á Ísland, reikna með því að hér megi rekja um 100 dauðsföll á ári til mistaka innan heilbrigðiskerfisins.

Varðandi þessa rannsókn sem hefur staðið í tíu ár í Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Danmörku efast ég ekkert um að þar sé líka um afar hæft starfsfólk að ræða. Ég efast ekkert um það. Hins vegar er alveg ljóst að hér hafa orðið mistök og grunur leikur á um mjög alvarleg mistök. Reyndar hafa um 30 heilbrigðisstarfsmenn á síðasta sjö ára tímabili fengið áminningu og níu hafa verið sviptir starfsleyfi, flestir læknar. Við erum því ekki alveg gallalaus í þessum efnum. En það er mjög nauðsynlegt að þessu sé komið í það form að sjúklingurinn eða aðstandandi geti leitað með rétt sinn til óháðrar nefndar. Landlæknisembættið sinnir ákaflega vel sínum skyldum. En ég hefði talið skynsamlegra að nefndin væri skipuð af heilbrrh., þ.e. óháð nefnd með fagfólki — reyndar blandaða nefnd og ekki eingöngu skipaða fagfólki — þar sem réttindi sjúklingsins færu framar öllu öðru. Landlæknir hefur sinnt þessu. Það hefur sýnt sig að fólk telur sig í dag eiga erfitt með að koma fram með umkvörtunarmál sín og ég held að því þurfi að breyta fyrst og fremst.

[19:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Mér kom ekki til hugar að ætla að fyrirspyrjandi bæri fram fyrirspurnina vegna einhvers sérstaks vantrausts á íslenskum heilbrigðisstarfsmönnum. Mér kom það ekki til hugar.

Því miður er það þannig að hryggileg mistök hafa orðið í heilbrigðisþjónustunni. Hv. fyrirspyrjandi rakti að það hefur leitt til þess m.a. að menn hafa verið sviptir lækningaleyfi og það eru þung spor að gera það. Ég hef gert það á mínum ferli sem heilbrrh. Það er allt til vinnandi að koma í veg fyrir slíka hryggilega atburði sem verða. Þó geld ég aðeins varhuga við þessari frétt. Við þurfum auðvitað að rannsaka aðstæður okkar hér á landi. Ég er ekki viss um að við getum *heimfært þessar tölur algerlega upp á okkur, vonandi ekki.* En við þurfum að kanna það betur.

Varðandi svo hlutverk landlæknisembættisins þá er ég þeirrar skoðunar að það eigi að fást við þessar rannsóknir. En þeir geta kallað til aðra aðila og þeir geta styrkt sína starfsemi með utanaðkomandi aðilum. Ég hef ekkert á móti því. En mér finnst dálítil tvöföldun vera í því að skipa lögskipaða nefnd við hliðina á landlæknisembættinu til að kanna það sem er hlutverk landlæknisembættisins samkvæmt lögum.

Kynfræðsla í framhaldsskólum.

Fsp. BrM, 188. mál. — Þskj. 190.

[19:11]

Fyrirspyrjandi (Brynja Magnúsdóttir):

Virðulegi forseti. Kynfræðsla er mikilvægur liður í baráttunni gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum en ein og sér dugar hún skammt. Langflest ungmenni byrja að stunda kynlíf í lokabekkjum grunnskóla eða fyrstu bekkjum framhaldsskóla og tölfræðin segir að einungis um 60% ungmenna noti getnaðarvarnir við fyrstu kynmök sem er engan veginn nógu gott. Fjöldi unglingaþungana er með því hæsta á Íslandi af öllum Norðurlöndunum og svo mætti lengi telja af hinni neikvæðu tölfræði. Í stað þess er betra að horfa á hvað hægt sé að gera til þess að snúa þessari þróun við.

Í framhaldsskólum er kjörið tækifæri til þess að ná til ungmennanna. Með því að hafa fagaðila innan veggja skólans er hægt að nálgast viðfangsefnið mun betur en gera út af örkinni einu sinni á ári vaska fræðslusveit kynheilbrigðis og kynímyndar.

Herra forseti. Með jafnri og stöðugri fræðslu um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir og með jöfnu aðgengi að ráðgjafa eða nokkurs konar skólahjúkrunarfræðingi er beinlínis hægt að spara í heilbrigðiskerfinu. Þumalputtareglan er víst að hver króna sem sett er í forvarnir og fræðslu spari 10 kr. Þessir fagaðilar sem væru staðsettir innan veggja framhaldsskólanna sæju um ráðgjöf og fræðslu til ungmennanna. Hægt væri að leita til þeirra með ýmsar spurningar. Hægt væri að bóka tíma hjá þeim til viðtals en líka hægt að labba beint inn og setjast í spjall. Þessir fagaðilar mundu einnig hafa leyfi til þess að dreifa smokkum og þá kemur að seinni spurningu minni.

Ég tel að smokkar á Íslandi kosti of mikið miðað við mikilvægi og einfaldleika. Þeir eru ein algengasta getnaðarvörnin á Íslandi. Í stuttri athugun minni í einu apóteki bæjarins reiknaðist mér til að einn smokkur kosti um 80 kr. og pakki af þeim rúmlega 1 þús. kr. Og til að nefna ójafnrétti þá kostar einn kvensmokkur rúmlega 200 kr. En það er nú ekki umræðuefnið hér.

Ungmenni 15–20 ára eru flest byrjuð að stunda kynlíf. Það verður að viðurkennast en ekki er forðast að nefna. Þau munu þurfa að nota getnaðarvarnir. Um 40% þeirra gera það þó ekki við fyrstu kynmök og má því spyrja sig, af hverju, virðulegi forseti. Er það feimni eða hræðsla við að nálgast getnaðarvarnir? Er það kostnaðurinn?

Þessi málefni hafa verið rædd á hinu háa Alþingi. Till. til þál. um unglingamóttöku og getnaðarvarnir var 18. apríl 2002 vísað til ríkisstjórnar til afgreiðslu. Og hver er staða hennar núna? Hv. þm. Ásta Möller er svo með fyrirspurn til *hæstv. heilbrrh. þar sem hún innir eftir gangi mála varðandi* heilsugæslu í framhaldsskólum. Svo virðist sem mikið sé spurt og eitthvað sé um svörin. En hvar er svo framkvæmdin, herra forseti?

Aðgengi ungmenna að fagaðila, fræðsla um getnaðarvarnir og niðurgreiðsla á smokkum og helst öllum getnaðarvörnum er mikilvægt úrlausnarefni. Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Kemur til álita að auka fræðslu um forvarnir og kynheilbrigði í framhaldsskólum þannig að nemendur hafi greiðan aðgang að fagaðila í skólanum?

2. Telur ráðherra koma til álita að hið opinbera greiði niður smokka handa fólki á framhaldsskólaaldri?

[19:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 7. þm. Suðurk., Brynja Magnúsdóttir, spyr hvort ég álíti koma til greina að auka fræðslu um forvarnir og kynheilbrigði í framhaldsskólum þannig að nemendur hafi greiðan aðgang að fagaðila í skólanum? Þessi mál eru sífellt í skoðun og ýmislegt hefur verið gert á liðnum árum til að auka fræðslu um forvarnir og kynheilbrigði. En alltaf má gera betur. Það sýnir t.d. há tíðni þungana ungra stúlkna, upplýsingar frá sóttvarnalækni um háa tíðni klamýdíusmits hér á landi og einnig sú dapurlega staðreynd að tíðni fóstureyðinga meðal kvenna á aldrinum 15–19 ára er hærri

hér en annars staðar á Norðurlöndum þó að fóstureyðingar séu færri en í Skandinavíu almennt. Um leið vil ég benda á að samkvæmt bráðabirgðatölum frá landlæknisembættinu fækkaði fóstureyðingum um 6% á árinu 2002 miðað við árið á undan. Sömuleiðis hefur heldur dregið úr klamýdíusmiti síðustu tvö ár.

Í október árið 2000 var í ríkisstjórn samþykkt áætlun um aðgerðir til að sporna við fóstureyðingum og ótímabærum þungunum ungra stúlkna. Byggt var á tillögum sem starfshópur á vegum heilbrrh. skilaði í árslok 1999. Tillögurnar lúta í grófum dráttum að aukinni fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og kennara til að sinna forvörnum og veita fræðslu og ráðgjöf um kynheilbrigði og getnaðarvarnir. Einnig snúa þær að aukinni ráðgjafarþjónustu um kynlíf, getnaðarvarnir, barneignir og kynsjúkdóma, fyrir ungt fólk innan framhaldsskólanna. Þar er lagt til að aðgengi að getnaðarvörnum verði bætt. Landlæknisembættinu var falið að vinna að útfærslu þessara tillagna og skilaði hugmyndum sínum til ráðuneytisins í júní 2001. Í framhaldi af þessu má nefna að landlæknisembættið hefur samið klínískar leiðbeiningar fyrir neyðargetnaðarvörn. Einnig endurskoðaði embættið bæklinga fyrir almenning þar sem fjallað er um allar tegundir getnaðarvarna.

Um þessar mundir er verið að leggja lokahönd á námsefni fyrir framhaldsskóla sem fjallar um ungt fólk og heilbrigt kynlíf og mun án efa verða kennurum og öðrum sem sinna þessari fræðslu í framhaldsskólum kærkomið efni.

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna kannaði í byrjun þessa árs hvernig hagað væri skólaheilsugæslu í framhaldsskólum. Haft var samband við 23 framhaldsskóla um allt land. Fram kom að einhver skólaheilsugæsla er í 14 þeirra en engin við níu þeirra. Af þessum níu eru fimm á höfuðborgarsvæðinu. En þess ber að geta að heilsugæslan á Stór-Reykjavíkursvæðinu býður ungmennum á aldrinum 13–20 ára upp á þjónustu fagaðila á móttöku fyrir ungt fólk.

Ég tel að miklu skipti fyrir fólk á framhaldsskólaaldri að fá góða fræðslu um allt sem lýtur að heilbrigðu kynlífi og ábyrgðinni sem því fylgir. Þá á ég ekki aðeins við líffræðilega uppfræðslu, fræðslu um getnaðarvarnir og varnir gegn kynsjúkdómum heldur einnig við siðferðileg viðhorf, virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér og mótaðilanum sem er forsenda heilbrigðs kynlífs. Útfærsluna á þessu vil ég skoða nánar.

Það þarf að skoða hvaða fræðsla á að vera hluti af námsefni skólanna í höndum kennara og hins vegar hverju fagfólkið á að sinna. Þá er ekki sjálfgefið að binda þjónustu fagfólks við skólana. Hugsanlega hentar betur að efla móttökustöðvar fyrir ungt fólk utan skóla og utan skólatíma og e.t.v. hentar ekki það sama í dreifbýli og þéttbýli. Það má ekki heldur gleyma þjónustu við fólk á þessum aldri sem ekki er í framhaldsskólum. Ég vil taka á þessu máli og hyggst beina því til verkefnisstjórnar um heilsufar kvenna að gera tillögur um hvernig best sé að auka og bæta þá þjónustu sem ungu fólki stendur til boða á þessu sviði.

Hv. þm. spyr einnig hvort ég telji koma til álita að hið opinbera greiði niður smokka handa fólki á framhaldsskólaaldri. Sóttvarnalæknir er nú með í skoðun hvernig auka megi notkun smokka meðal ungs fólks en smokkurinn er eina getnaðarvörnin sem komið getur í veg fyrir smit allflestra kynsjúkdóma. Ég vil skoða allar leiðir til að smokkurinn og aðrar getnaðarvarnir nýtist ungu fólki sem best og vil ekki útiloka neinar leiðir í því sambandi. Ég vænti þess að sóttvarnalæknir muni skila mér hugmyndum sínum í þessu sambandi innan tíðar, m.a. í ljósi reynslu annarra þjóða. Þangað til tel ég ekki tímabært að taka frekari afstöðu til málsins.

Herra forseti. Hv. þm. hefur vakið athygli á máli sem skiptir líf og heilsu ungs fólks miklu. Ég vona að svör mín hafi upplýst um stöðuna í þessum málaflokki og þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli.

[19:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Brynju Magnúsdóttur fyrir að vekja máls á þessu brýna máli um kynfræðslu í framhaldsskólunum. Þó að við ræðum þetta stundum hér á þinginu þá er það aldrei of oft. Af því að ég á sæti í verkefnisstjórn um heilsufar kvenna sem hæstv. ráðherra nefndi vil ég nefna að við í verkefnastjórninni fórum yfir stöðuna í þessum málum á höfuðborgarsvæðinu og erum auðvitað með ákveðnar hugmyndir um hvernig hægt sé að bæta þetta mál. Menn hafa m.a. farið með nemendur úr framhaldsskólunum í heimsóknir inn á heilsugæslustöðvarnar til að kynna þeim hvaða þjónustu er hægt að fá þar. Ágætt ástand virðist t.d. í þessum málum á Seltjarnarnesi, Hafnarfirði og Akureyri. En vissulega þarf að bæta ástandið. Ég geri ráð fyrir að það komi tillögur frá verkefnisstjórninni um þessi mál fyrr en varir.

[19:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Brynju Magnúsdóttur fyrir þessa fyrirspurn, ekki síst í ljósi þess, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að hér er tíðni kynsjúkdóma meðal ungs fólks mjög há. Hið sama gildir um fóstureyðingar. Þó að eitthvað hafi dregið úr þeim eru þær allt of margar á ári hverju.

Hæstv. ráðherra sagði að sóttvarnalæknir væri að skoða með hvaða hætti mætti auka notkun smokksins. Kannski er ekki úr vegi að leita til þeirra sem eru kannski rétt nýskriðnir úr framhaldsskólunum og vita af eigin reynslu hvernig best væri að haga þeim málum. Vafalaust er það svo að það gildir ekki sama um framhaldsskóla í dreifbýlinu og þéttbýlinu hvað varðar hjúkrunarþjónustu, fræðslu og annað. En eitt er þó alla vega víst, að smokkurinn virkar alveg eins í dreifbýlinu og þéttbýlinu.

[19:21]

Fyrirspyrjandi (Brynja Magnúsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. ágæt svör við spurningum mínum. Það er gott að vita fleiri staðreyndir um tölfræði, jákvæða og neikvæða, að hafin sé framleiðsla námsefnis og umræða um aðgengi ungmenna að getnaðarvörnum.

Ég vil minna á að í heilbrigðisáætlun til 2010 er markmiðið m.a. að fækka ótímabærum þungunum meðal stúlkna 19 ára og yngri um 50%. Miðað við sett markmið, hina neikvæðu tölfræði sem tæpt hefur verið á í umræðunni í dag og þær umræður sem hafa verið hér á hinu háa Alþingi þá tel ég víst að hæstv. heilbrrh. einbeiti sér að þessu málefni. En oft verður að margnefna góða hluti svo að þeir verði framkvæmdir.

[19:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég held að það beri ekki mikið á milli í umræðunni. Ég held að hv. þingmenn séu sammála um verkefnið

sem fyrir liggur, að berjast gegn ótímabærum þungunum, koma í veg fyrir fóstureyðingar af þeim sökum og berjast gegn kynsjúkdómum.

Ég minnist þess að fyrir nokkuð mörgum árum var sérstök áróðursherferð í gangi fyrir að nota smokkinn. Ég hygg að hún hafi borið nokkurn árangur þó að ég hafi ekki tölur þar um á hraðbergi. Ég endurtek að ég á von á tillögum sóttvarnalæknis um þetta mál. Við munum fara yfir þær þegar þar að kemur. Ég tel að menn greini ekkert á um takmarkið. Fyrst er að gera sér grein fyrir vandanum. Ég tel að menn hafi gert það, og síðan er að gera sér grein fyrir því hvernig verði best barist fyrir úrbótum. Það höfum við vilja til að gera.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Fsp. MF, 150. mál. — Þskj. 150.

[19:24]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í lögum er kveðið á um að sveitarfélög landsins skuli gera sér fjárhagsáætlanir sem liggi fyrir í upphafi hvers rekstrarárs. Þeim er einnig gert að vinna þriggja ára áætlanir í samræmi við reglur sem félmrn. setur.

Í félmrn. fer fram eftirlit með fjárhag sveitarfélaga þar sem kallað er eftir fjárhagsáætlun hvers árs sem og þriggja ára áætlunum. Allt þetta er gert í samráði við sveitarstjórnir sem gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að fjárhagsáætlanir séu trúverðugri til lengri tíma litið. Vinnureglurnar og eftirlitið eru í höndum félmrn. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er einnig vistaður í félmrn. og hann þjónar ekki litlu hlutverki í fjárhagsstöðu flestra sveitarfélaganna. Því er mikilvægt við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga að vitneskja liggi fyrir um þær úthlutunarreglur sem gilda hjá sjóðnum, þær séu á hreinu í aðdraganda þess að fjárhagsáætlun sveitarfélags er gerð. Þetta hefur yfirleitt gengið eftir.

Árið í ár virðist þó vera undantekning. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við þingmenn höfum fengið var úthlutunarreglum breytt þegar komið var fram á fjárlagaárið. Rangar forsendur voru gefnar í upphafi ársins, byggðar á eldri úthlutunarreglum, og mörg sveitarfélög standa frammi fyrir því að framlög jöfnunarsjóðs eru langt frá því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum ársins, áætlunum sem jafnvel höfðu hlotið blessun eftirlitsstofnunar ráðuneytisins. Svo virðist sem lítið samstarf sé á milli deilda ráðuneytisins og illa hafi verið staðið að því að kynna nýjar úthlutunarreglur.

Tekjutap margra sveitarfélaga er gífurlegt. Í sumum tilvikum er vandséð að þau geti staðið við lögbundinn rekstur. Þess eru einnig dæmi að greiðslur úr jöfnunarsjóði hafi borist í samræmi við eldri úthlutunarreglur þannig að búið er að ofgreiða sveitarfélögum sem nú eru jafnvel krafin um endurgreiðslu. Þessi stjórnsýsla er með öllu óverjandi.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hversu mörg sveitarfélög hafa fengið greitt á þessu ári í samræmi við fyrri reglur og birtar áætlanir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og í hve mörgum tilvikum er um ofgreiðslu að ræða miðað við nýja reglugerð og um hversu háar fjárhæðir er að ræða?

Hafa greiðslur verið stöðvaðar til einhverra sveitarfélaga og ef svo er, hve margra?

Hversu mörg þeirra verða krafin um endurgreiðslu?

Telur ráðherra að hér sé um að ræða eðlileg vinnubrögð af hálfu opinberra aðila?

[19:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka það skýrt fram að ekkert sveitarfélag hefur fengið greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á þessu ári á grundvelli eldri reglna sjóðsins.

Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykktar voru á haustþingi 2002 tóku gildi 1. janúar 2003 og hafa öll framlög á yfirstandandi ári verið greidd á grundvelli þeirra laga.

Varðandi fsp. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um ofgreiðslur úr jöfnunarsjóði ber að hafa eftirfarandi í huga: Ný reglugerð um jöfnunarsjóðinn tók ekki gildi fyrr en á þessu ári. Þrátt fyrir að reglugerðin hafi ekki verið sett fyrr en 12. febrúar var ákveðið að greiða sveitarfélögunum útgjaldajöfnunarframlög á grundvelli áætlunar í janúar og febrúar.

Þegar útreikningur útgjaldajöfnunarframlaga lá fyrir í mars, samkvæmt reiknilíkani er byggir á reglugerðinni, kom í ljós að nokkur sveitarfélög höfðu fengið greidd útgjaldajöfnunarframlög samkvæmt áætlun þrátt fyrir að vera svo tekjuhá að framlög til þeirra áttu að skerðast nánast að fullu samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

Herra forseti. Ég tel óljóst hvað hv. fyrirspyrjandi, Margrét Frímannsdóttir, á við með því að spyrja hvort greiðslur til einhverra sveitarfélaga hafi verið stöðvaðar. Í reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er ekki gert ráð fyrir slíkri stöðvun en skv. 3. mgr. 102. gr. sveitarstjórnarlaga er ráðuneytinu heimilt að stöðva greiðslur ef sveitarstjórn verður uppvís að því að vanrækja lögboðnar skyldur sínar. Þessu úrræði hefur eingöngu verið beitt þegar sveitarfélag skilar ekki ársreikningum innan eðlilegs frests, sbr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga.

Engar greiðslur hafa verið stöðvaðar á þessu ári til sveitarfélaga sem rétt eiga á greiðslum samkvæmt útreikningum útgjaldajöfnunarframlaga. Á hinn bóginn er ljóst að fimm sveitarfélög, sem fengu greitt samkvæmt áætlun fyrstu tvo mánuði ársins, reyndust ekki eiga rétt á framlagi vegna of hárra tekna og hafa þau af þeirri ástæðu ekki fengið greidd frekari útgjaldajöfnunarframlög. Jöfnunarsjóður átti inneign hjá þessum fimm sveitarfélögum þegar útreiknað jöfnunarframlag lá fyrir í mars á grundvelli reiknilíkans. Samtals nam þessi inneign rúmlega 6 millj. kr. og hafa leiðréttingar á ofgreiddu framlagi þegar átt sér stað í fullu samráði og í sátt við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Til samanburðar er rétt að hafa í huga að heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga í ár mun nema um 1,9 milljörðum kr. Skekkjan nemur því um 0,3%.

Herra forseti. Ég tel að ekkert sé athugavert við vinnubrögð jöfnunarsjóðs í þessu sambandi. Þegar gripið er til þess ráðs að greiða samkvæmt áætlunum eins og gert var í byrjun ársins þarf engan að undra að skekkja geti myndast milli áætlunar og útreiknings sem byggður er á reiknilíkani. Velta sjóðsins er tæpir 10 milljarðar á ári og hér er því ekki um hátt hlutfall að ræða.

Hæstv. forseti. Ég vil minna á í þessu sambandi að við utandagskrárumræðu á hinu háa Alþingi 8. október sl. var rætt um ástæður skerðinga á útgjaldajöfnunarframlögum til tekjuhárra sveitarfélaga. Mér virðist að sumt af því sem fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda Margréti Frímannsdóttur sé ekki annað en endurtekning á þeirri umræðu. Mikið og gott

samráð var haft við sveitarfélögin um endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs. Samband ísl. sveitarfélaga átti þrjá fulltrúa í nefnd sem endurskoðaði reglur sjóðsins og sérfræðingar sambandsins unnu náið að málinu með nefndinni og félmrn. Málið var síðan rækilega kynnt fyrir sveitarstjórnarmönnum auk þess sem samráð var haft við stjórn sambandsins og ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðs áður en breytingarnar tóku gildi.

Breytingar á framlögum jöfnunarsjóðs eru í fullu samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar. Í skýrslu nefndarinnar kemur t.d. fram að einn helsti ávinningur og fjárhagsleg áhrif breytinganna séu að framlög til meðalstórra sveitarfélaga eða sveitarfélaga með á bilinu 2.000–21.000 íbúa séu aukin og að dregið sé úr framlögum til mjög tekjuhárra sveitarfélaga.

Ég vil taka fram að tillögur endurskoðunarnefndarinnar fólu alls ekki í sér róttækar breytingar á uppbyggingu og gerð framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Varðandi einstök sveitarfélög geta margir þættir haft áhrif á samanburð. Nefna mætti að mannfjöldabreytingar geta haft áhrif á niðurstöður milli ára, t.d. lækka framlög til sveitarfélaga þar sem börnum á skólaskyldualdri hefur fækkað. Þetta hefur leitt til þess að samanburður við fyrri ár verði óhagstæður.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins minna á það sem ég hef þegar sagt á Alþingi, að þegar rætt er um skerðingu útgjaldajöfnunarframlaga á þessu ári verður að hafa í huga að þjónustuframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru óvenjuhá á síðasta ári. Safnast hafði fyrir eigið fé í sjóðnum og var tekin sú ákvörðun, að tillögu ráðgjafanefndar jöfnunarsjóðs, að auka úthlutun þjónustuframlaga á árinu 2002 um 500 millj. kr. Því verður að fara gætilega í öllum samanburði á framlögum milli ára.

Að auki hafði ríkissjóður lagt jöfnunarsjóði til sérstakt framlag þrjú næstu ár á undan, eða 700 millj. kr. ár hvert. Það fé sem sjóðurinn hefur úr að spila á þessu ári er þannig umtalsvert minna en heilt kjörtímabil sveitarstjórna þar á undan.

[19:32]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég eyddi drjúgum tíma í dag á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og heyrði þar svolitla aðra sögu en hæstv. ráðherra hafði hér að segja um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er staðreynd að sveitarfélögin í landinu gerðu áætlanir miðað við áætlanir sem lagðar voru af hálfu félmrn. Þau fá síðan flest hver mun lægri framlög en þau gerðu ráð fyrir og eru mörg hver í stórum vandræðum þess vegna. Ég tel því undarlegt þegar hæstv. félmrh. kemur hér upp og telur í raun að þessi vinnubrögð séu í góðu lagi.

Miðað við þann fjölda sveitarstjórnarmanna sem talaði á fjármálaráðstefnunni í dag, allir á sama veg varðandi jöfnunarsjóðinn, þá virðist vera eins og nú vanti um það bil 1.000 millj. í sjóðinn til að sveitarfélögin fái úthlutanir í samræmi við það sem þau héldu að þau fengju þegar fyrstu áætlanir félmrn. lágu fyrir.

[19:33]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Sá þingmaður sem hér stendur er ekki sérstakur talsmaður jöfnunarsjóðs og telur raunar að aldrei verði settar reglur fyrir jöfnunarsjóðum sem fullnægi réttlætinu. Að mörgu leyti væri heppilegra að sveitarfélögunum væri tryggt svigrúm til tekjustofna sjálfra en að vera með sjóð af þessu tagi. Hitt tel ég að sé augljóst eftir fundi okkar í fjárln. með sveitarstjórnum hringinn í kringum landið að þessar breytingar hafi borið of brátt að. Við höfum dæmi um sveitarfélög þar sem helmingur teknanna kemur úr jöfnunarsjóði og nærfellt helmingur þeirra tekna hefur glatast við þær breytingar. Það er auðvitað allt of mikið högg fyrir eitt sveitarfélag til að taka yfir ein áramót og allt of lítill aðdragandi að svo veigamiklum breytingum.

Ég fæ ekki betur séð af ræðum félmrh. og fjmrh., einkum þó á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í dag, en að til standi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að horfast í augu við þennan vanda og fjmrh. hafi verið að boða að spýta eigi 700 millj. kr. inn í jöfnunarsjóðinn og er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé réttur skilningur.

[19:35]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó mér fyndust þau heldur rýr. Allt er í himnalagi varðandi áætlanir, rekstur og útgreiðslur jöfnunarsjóðsins en svo er ekki. Þingmenn Suðurk. eru búnir að vera á ferðalagi og heimsækja hvert einasta sveitarfélag í Suðurk. fyrir utan Vestmannaeyjar. Og alls staðar hafa komið fram óánægjuraddir með það hvernig staðið var að því að breyta úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs og jafnvel að gripið hafi verið til þessara breytinga og menn hafi ekki vitað af þeim fyrr en um mitt ár. Hér er bréf frá Sandgerðisbæ þar sem segir, með leyfi forseta:

„Fram til þessa hefur verið gengið út frá þeirri forsendu að ráðuneytið hafi leikreglur ársins í heiðri er framlög varðar sem og eftirfylgni á síðari stigum. Bæjarfulltrúar reyna eftir mætti að tryggja að leikreglur sveitarfélagsins er varða framgang mála séu virtar.

Nú hefur hins vegar sá hlutur gerst sem er kjarni þessa máls að forsendum hefur verið breytt og engin viðvörun eða ábending gefin um annað en að sama framlag komi frá sjóðnum á árinu í takt við afgreiðslu sjóðsins árið á undan.“ Og síðar segir:

„Við greiðslur á framlögum ársins frá sjóðnum til bæjarfélagsins hefur verið stuðst við framlög ársins 2002 og því er nú svo komið að búið er að ofgreiða bæjarfélaginu um 18 millj. kr. þegar þetta er ritað, ...“

Annað bréf er frá Mýrdalshreppi þar sem segir, með leyfi forseta:

„Kjörna fulltrúa í sveitarstjórn Mýrdalshrepps rekur ekki minni til að ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003, hafi verið kynnt þannig að gera mætti ráð fyrir þeirri lækkun sem nú virðist vera staðreynd.“

Hún er upp á 34% skerðingu hjá því sveitarfélagi. Ég get, virðulegi forseti, farið yfir lista sem er frá jöfnunarsjóði sem sýnir þennan gífurlega mismun. Hefði ekki verið rétt úr því að þessar athugasemdir koma fram frá sveitarfélögunum að bíða eftir næsta fjárlagaári og vinna þá undirbúningsvinnu betur því það hefur ekki verð gert af hálfu ráðuneytis?

[19:37]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég er ósammála hv. þm. Helga Hjörvar um að jöfnunarsjóðurinn megi missa sín. Ég tel að hann sé afar mikilvægt tæki og mörg sveitarfélög í landinu ættu sér tæpast tilverugrundvöll án hans, enda er eins og ég kom inn á í svari mínu áðan úthlutun hans um 10 milljarðar á þessu ári.

Það er rétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar vitnaði til að fjmrh. og sá er hér stendur, félmrh., eiga í viðræðum við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um stöðu jöfnunarsjóðsins. Síðasti fundur okkar, og svo að ég vitni beint í orð fjmrh., lauk í vinsemd en ágreiningi og nýr fundur hefur ekki verið boðaður en hann verður haldinn.

Reglur jöfnunarsjóðs eru hins vegar ekki meitlaðar við stein og þeim var seinast breytt í náinni samvinnu og samráði við sveitarfélögin. Við getum tekið þær reglur upp aftur. Ég hef sagt að ég er tilbúinn til þeirrar vinnu í samráði við sveitarfélögin. Það er því ekkert til fyrirstöðu. Þessar breytingar voru hins vegar, og ég ítreka það, gerðar í samvinnu og samráði við sveitarfélögin, þær voru rækilega kynntar á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, á fjármálaráðstefnunni og víðar.

Án þess að ég ætli mér að gera mikinn ágreining við hv. fyrirspyrjanda, Margréti Frímannsdóttur, um stöðu mála í Sandgerði sérstaklega, þá vil ég upplýsa að þar kunna að blandast saman breytingar sem voru gerðar á álagningarstofni fasteigna varðandi Flugstöðina í Leifsstöð þar sem álagningarstofninn breyttist mjög rækilega, en ég sé að fyrirspyrjandi hristir höfuðið og kannski á þetta ekkert sameiginlegt en þetta er ein af þeim ástæðum að Sandgerðisbæ hefur verið ofgreitt og mun verða krafinn um endurgreiðslu í sátt og samlyndi við sveitarfélagið.

Forsjárlausir foreldrar.

Fsp. ÁSJ, 220. mál. — Þskj. 233.

[19:39]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um forsjárlausa foreldra. Ég tel mig knúinn til að setja fram þessa fyrirspurn vegna fjölda viðtala og ábendinga sem ég hef fengið um stöðu forsjárlausra foreldra og þá einkum feðra. Það gefur augaleið að meðlagsgreiðslur fyrir stóran hóp forsjárlausra feðra og mæðra eru mjög íþyngjandi fyrir efnahag og í nútímasamfélagi er að öllum líkindum stór hópur sem á mjög erfitt með að koma sér fyrir fjárhagslega og er fjárhagslega mjög illa staddur. Hér er ekki verið að tala um að meðlög séu rausnarleg heldur er sú staða þessa hóps þannig að sumir hverjir hírast í kjallaraherbergjum við ákaflega lélegar félagslegar aðstæður eftir þeim viðtölum og þeim úttektum sem ég hef gert á stöðu þess hóps. Kröfur á foreldra verða líka stöðugt meiri sem hafa leitt til þess að forsjárlausir foreldrar eru krafðir um aukaframlög, aukin meðlög bæði vegna menntunar og líka vegna íþróttaiðkunar og annars aukakostnaðar sem verður til vegna þátttöku barna þeirra. Þó svo við séum að tala um forsjárlausa foreldra sem hafa tiltölulega góð laun í samfélaginu með útborguð laun upp á kannski 120–140 þús. kr. þá er þeim hópi gersamlega meinað að taka upp á eigin forsendum eðlilegt líf hvað varðar híbýli o.s.frv.

Þess vegna vil ég koma þessu máli af stað, virðulegi forseti, með því að spyrja hæstv. félmrh. hversu margir forsjárlausir feður séu í landinu og hversu margar forsjárlausar mæður. Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra um hvort ráðherrann hafi látið gera úttekt á félagslegri stöðu þessara foreldra og ef ekki hvort slík úttekt sé áformuð. Ég tel að slík úttekt væri forsenda þess að við gætum á hinu háa Alþingi litið á það mál í alvöru að gera líf þessa fólks bærilegra og koma því á nýjan leik í þá stöðu að geta búið um sig eins og eðlilegum og öllum borgurum í samfélaginu sæmir og við erum að tala um stóran hluta ævi fólks. Við erum að tala um 10–18 ár að öllum líkindum í langflestum tilvikum og ég tel hér vera um stórmál að ræða.

[19:43]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, fyrir fyrirspurnina og fyrir að vekja umræðu um þetta mál á Alþingi. Fyrst er spurt um hversu margir forsjárlausir feður séu í landinu og hversu margar forsjárlausar mæður. Það verður að viðurkennast að ekki hefur tekist að finna út nákvæmlega hve margir forsjárlausir foreldrar eru í landinu. Opinberar stofnanir virðast ekki halda til haga slíkum tölum á einum stað en í ársyfirliti Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2002 má sjá að meðlagsgreiðendur skiptast með eftirfarandi hætti eftir kyni og fjölda barna.

Karlar sem greiddu meðlag með börnum voru alls 11.476 og greiddu þeir meðlag með alls 19.185 börnum. Konur voru 429 og greiddu meðlag með 596 börnum. Alls er hér um að ræða 12.072 foreldra og 20.377 börn. Þessi tala ætti að gefa nokkuð góða vísbendingu um fjölda forsjárlausra foreldra í landinu.

Þess ber þó að geta að inni í þessum tölum eru ekki þeir sem semja um að greiða beint til foreldris sem hefur forsjá. Svo og eru þarna innan borðs foreldrar sem hafa samið um sameiginlega forsjá en jafnframt samið um að annað foreldri greiði hinu meðlag með barni. Til fróðleiks má geta þess að á undanförnum áratug hefur foreldrum sem fá sameiginlega forsjá með börnum sínum við skilnað fjölgað verulega en þessi möguleiki var ekki fyrir hendi fyrr en á árinu 1991. Samkvæmt Landshögum sem gefnir eru út af Hagstofu Íslands fengu 339 mæður forsjá barna sinna við skilnað á árinu 2001, 24 feður og 338 foreldrar sömdu um sameiginlega forsjá. Ekki eru til upplýsingar um sambúðarslit eða þar sem hvorki var um að ræða sambúð eða hjúskap foreldra. En ég vek athygli á því að þarna eru nánast jafnmargar mæður sem fá forsjá barna sinna og þar sem samið er um sameiginlega forsjá.

Í öðru lagi er spurt hvort ráðherra hafi látið gera úttekt á félagslegri stöðu forsjárlausra foreldra og ef ekki hvort slík úttekt sé áformuð.

Ráðuneytið hefur ekki látið gera slíka úttekt á félagslegri stöðu forsjárlausra foreldra.

Á ári fjölskyldunnar, reyndar er langt um liðið síðan það var eða 1994, lét félmrn. gera rannsókn á högum barnafjölskyldna og í niðurstöðum þeirrar könnunar kom m.a. fram að foreldrar án forsjár væru mun ósáttari við sinn hlut í skilnaðaruppgjöri og við forsjárfyrirkomulagið heldur en þeir sem fengu forsjá barnanna. Ég get því tekið undir með hv. fyrirspyrjanda að ég tel að ástæða væri til að kanna hagi þessa fólks sérstaklega.

Í þessu samhengi má á hinn bóginn nefna að árið 1996 var gerð breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, í þeim tilgangi að koma til móts við þá sem áttu í alvarlegum erfiðleikum með meðlagsgreiðslur en þær eru eitt af því sem skapa félagslega stöðu hinna forsjárlausu foreldra. Var þá eftirfarandi ákvæði bætt inn í 5. gr. laganna sem felur í sér að stjórn stofnunarinnar er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um

greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti.

Þá er stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti, enda sé ljóst að hagsmunum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði betur borgið með slíkum nauðasamningi.

[19:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir að vekja máls á þessu máli öllu saman. Ég furða mig á því að ekki skuli hafa verið gerð nein úttekt á félagslegri stöðu forsjárlausra foreldra og að ekki séu til tölur yfir hversu margir þeir eru.

Þetta mál hefur margsinnis komið hér til umræðu, sérstaklega staða forsjárlausra feðra og hveru slæm hún er. Meðal annars hef ég margoft lagt til að þeir fái húsaleigubætur ef þeir eru með börn hjá sér því að lögin um húsaleigubætur eru þannig að þeir fá ekki barnahlutann þó að þeir séu jafnvel jafnmikið með börnin og mæðurnar. Félagsleg staða þessara feðra er mjög slæm. Þeir hafa margir komið til mín í viðtalstíma og þeir bera sig mjög illa þannig að það er verulega brýnt að gera úttekt á félagslegri stöðu þeirra og kippa í liðinn svona málum eins og með húsaleigubæturnar þannig að þeir forsjárlausu foreldrar sem leigja fái húsaleiguhluta barnsins líka.

[19:48]

Fyrirspyrjandi (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Það kom mér reyndar ekki á óvart að þessar upplýsingar væru ekki til. Ég gat ekki aflað þeirra þegar ég fór þessa leið. Ég tel að hæstv. félmrh. hafi tekið vel í það að gerð verði úttekt sem væri nauðsynlegur grunnur til þess að geta tekið á þessu máli. Ég held að hér séum við með miklu alvarlegra félagslegt vandamál í höndunum en nokkurn grunar eða menn gera sér grein fyrir. Það er aldeilis óviðunandi að við séum bara með í allra næsta nágrenni þinghússins fjölda manna sem búa við félagslegar aðstæður í húsnæði sem er ekki nokkrum manni boðlegt.

Þó svo að þessi hópur afli tekna, eins og ég sagði frá áðan, og dragi inn kannski 100 þús. kr. er þetta ekki hægt ef menn eru með greiðslubyrði upp á 45 þús. Þessi staða gengur ekki upp og hún leiðir til enn verri hluta vegna þess að í mörgum tilfellum sem ég hef fengið ábendingar um er þetta undirrót þess að menn bogni. Karlmenn bogna og gefast upp og það leiðir til óreglu, drykkjuskapar og enn þá meiri vandræða. (**ÁRJ:** Og bitnar á þeim sem ...)

Við erum hér að tala um stóran hluta íslenskra þegna þar sem ráðherra gefur það upp að um á tólfta þúsund karlmenn sé að ræða, að vísu miklu færri konur, það eru ekki nema 429 konur. En ég heyri að hæstv. félmrh. tekur vel í að fara ofan í saumana á þessum málum. Það eru margar leiðir til að leiðrétta kúrs þarna, við getum farið ofan í það á þeim grunni þegar hann er fyrir lagður, t.d. í gegnum skattkerfið og margar aðrar leiðir má skoða, alls konar framlög og bætur, t.d. hvað varðar húsnæðismál. En það er seinni tíma músík. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góðar undirtektir og ágæt svör.

[19:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég er hér með í fórum mínum aðeins meiri tölfræði sem ég gæti trúað að hv. fyrirspyrjandi hefði áhuga á að heyra um. Þar kemur fram að 55% þeirra karla sem greiða meðlög með börnum sínum greiða með einu barni, 28% með tveimur, 11% með þremur, 4% með fjórum börnum, 1% með fimm og 1% með sex börnum. Alls eru það um 200 karlmenn sem greiða með fimm og sex börnum. Það sér því hver maður í hendi sér að það er mikið fjárhagslegt spursmál þegar greitt er með svo mörgum börnum.

Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan, hæstv. forseti, að ég tel ástæðu til að kanna sérstaklega félagslega stöðu þessa hóps og vænti þess að við munum ná um það góðri samstöðu á hinu háa Alþingi.

Starfsmenntun leiðsögumanna.

Fsp. ÁRJ, 175. mál. — Þskj. 177.

[19:51]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Árið 2000 voru gerðar lagabreytingar á Alþingi sem færðu leiðsögunám eða Leiðsöguskóla Íslands frá samgrn. til menntmrn. Skólinn, sem var sérskóli, var til húsa í húsnæði Menntaskólans í Kópavogi og var sérnám eftir framhaldsskóla. Þessi lagabreyting var mjög umdeild meðal leiðsögumanna sem mótmæltu henni kröftuglega og tóku bæði allshn. og menntmn. Alþingis tillit til athugasemda þeirra og sögðu í nál. og umsögn að ekki væri með þessu verið að breyta inntaki námsins né inntökuskilyrðum, sem eru 21 árs aldur og stúdentspróf, og nefndirnar lögðu ríka áherslu á að það yrði tryggt.

Nú er svo komið að námskráin fyrir leiðsögunámið er komin í vinnslu í deild í menntmrn. sem vinnur námskrár fyrir framhaldsskóla. Ég nálgaðist drögin á slóð undir heitinu „leiðsögubraut" sem er nám á framhaldsskólastigi. Hér eru líka námskrárdrögin eins og ég prentaði þau út og á forsíðunni stendur: Aðalnámskrá framhaldsskóla.

Ég get ekki séð annað, herra forseti, en að ráðherra sé hér að fara þvert gegn vilja og tilmælum Alþingis þar sem hann er að færa námið niður á framhaldsskólastig samkvæmt þessum upplýsingum. Einnig er samkvæmt drögunum ekki lengur krafist stúdentsprófs en þetta eru hvort tveggja kröfur sem Alþingi gerði þegar málið var afgreitt. Virðist hæstv. ráðherra hundsa báðar kröfurnar ef upplýsingarnar af vef ráðuneytis hans eru réttar.

Hingað til hafa þeir sem starfa sem leiðsögumenn verið með stúdentspróf, þeir eru með háskólafagmenntun svo sem jarðfræðingar, sagnfræðingar, arkitektar, verkfræðingar, bókmenntafræðingar eða með háskólapróf í ýmsum tungumálum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Dettur honum í hug að háskólamenntað fólk fari niður í menntaskóla til að ná sér í leiðsögumannsréttindi? Og mig langar að bæta því við að ef sú verður raunin verður námið e.t.v. ekki lengur lánshæft. Ég velti fyrir mér, ef þetta er rétt, hvað hæstv. ráðherra gangi til.

Við fáum 9 milljarða kr. í skatttekjur af ferðaþjónustu á ári. Þetta er mjög mikilvæg atvinnugrein. 11% þjóðarinnar

starfa við ferðaþjónustuna og við eigum engan ferðaþjónustuskóla fyrir það fólk. Við erum hins vegar með tvo landbúnaðarháskóla en við landbúnað vinna aðeins 4% þjóðarinnar. Ég veit ekki hverjar skatttekjur þeirrar atvinnugreinar eru.

Með því að krefjast ekki stúdentsprófs heldur tveggja ára framhaldsskólamenntunar er líka hætt við að þetta nám miðist við þá sem detta út úr menntaskóla en ekki hámenntað fólk eins og nú er í þessum störfum. Það verður mikið áfall fyrir ferðaþjónustuna ef hæstv. ráðherra ætlar að fara þessa leið og minnka þær kröfur sem við höfum hingað til gert til þessa hluta ferðaþjónustunnar sem er leiðsögnin. Þetta er fólkið sem er í beinum tengslum við ferðamanninn og það verður að gefa rétta mynd af landi og þjóð og vera trúverðugt. Þetta er ekki leiðin til þess. (Forseti hringir.)

Ég hef, herra forseti, borið nokkrar spurningar undir hæstv. ráðherra sem eru á fyrirspurnablaðinu en ég hef ekki tíma til að lesa þær upp.

[19:55]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er spurt: Hvað líður undirbúningi að starfsnámi íslenskra leiðsögumanna sem fært var undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis árið 2000?

Starfsnám leiðsögumanna fer fram í Leiðsöguskóla Íslands sem er rekinn undir stjórn Menntaskólans í Kópavogi. Skólinn hefur verið starfræktur síðan um miðjan áttunda áratuginn og frá upphafi hefur skólinn útskrifað vel á sjöunda hundrað nemenda en nemendur þar eru nú um 50.

Á 125. löggjafarþingi 1999–2000 var lögum um skipulag ferðamála breytt á þann hátt að ábyrgð á námi leiðsögumanna var færð frá samgrn. til menntmrn. Í nál. frá allshn. og menntmn. kom fram sá skilningur nefndarmanna að með þessari breytingu væri ekki verið að breyta inntaki námsins né inntökuskilyrðum, sem eru þau að nemendur séu orðnir 21 árs og hafi m.a. lokið stúdentsprófi. Var í umsögn menntmn. lögð áhersla á að inntökuskilyrðin yrðu tryggð. Í umsögninni var einnig bent á að starfræktur væri samráðshópur þriggja aðila, Menntaskólans í Kópavogi, Félags leiðsögumanna og Samtaka ferðaþjónustunnar, sem ætlað væri að bæta menntun og þekkingu leiðsögumanna.

Spurt er: Stendur til að breyta á einhvern hátt kröfum sem áður voru gerðar til þeirra sem hyggjast stunda leiðsögumannsnám?

Í nýrri námskrá um leiðsögunám, sem nú er í vinnslu í menntmrn., er leitast við að raska sem minnstu í núverandi fyrirkomulagi námsins. Leiðsöguskóli Íslands verður áfram rekinn undir stjórn Menntaskólans í Kópavogi og lýtur þar með faglegri og fjárhagslegri stjórn hans. Við ákvörðun um inntökuskilyrði er höfð hliðsjón af lokamarkmiðum námsins sem eru m.a. að nemendur hafi almenna og sérhæfða þekkingu á ferðum sem í boði eru á Íslandi hverju sinni, að þeir þekki helstu ferðamannaleiðir og staðreyndir um hvert svæði, hafi aflað sér færni til þess að veita ferðamönnum leiðsögn á Íslandi og færni í samskiptum við ferðamenn, að þeir þekki íslenskt nútímasamfélag, jarðfræði, sögu, menningu, dýralíf og atvinnuvegi landsins. Þeir þurfa að hafa góða þekkingu á einu erlendu tungumáli og vera undir það búnir að bregðast við óvæntum aðstæðum sem upp geta komið á ferðum.

Leiðsögunámið hefur nokkra sérstöðu. Það gerir meiri kröfur um undirbúning en svo að það henti ungu fólki sem er að koma upp úr grunnskóla. Staða þess er einnig fólgin í því að námið getur hentað fólki sem býr að góðri þekkingu á erlendum tungumálum án þess að hafa endilega lagt stund á tungumálanám í skóla. Það hentar einnig fólki með brennandi áhuga á landi og þjóð, sögu þess og menningu og sem hefur víðtæka reynslu af innanlandsferðum. Hér er einkum vísað til einstaklinga sem eru komnir yfir miðjan aldur og hafa hugsanlega ekki lokið stúdentsprófi. Þessi atriði hafa verið höfð í huga þegar litið er til inntökuskilyrða í leiðsögunám. Af þeim sökum hefur sú tillaga komið fram að stúdentspróf verði ekki gert að ófrávíkjanlegu inntökuskilyrði því að það gæti útilokað einstaklinga sem eiga fullt erindi í námið. Á hinn bóginn verði stúdentspróf tilgreint sem góður undirbúningur til þess að hefja námið.

Það er spurt: Á hvaða skólastigi verður námið og hverjar eru helstu breytingar sem gerðar verða á uppbyggingu þess og eðli?

Sérskólastig er ekki til á Íslandi sem sérstakt skólastig, ólíkt því sem er annars staðar á Norðurlöndunum svo dæmi sé tekið. Leiðsögunám, sem er í eðli sínu stutt starfsnám, ætti að öllu jöfnu að tilheyra slíku sérskólastigi. Af hálfu menntmrn. hefur verið gengið út frá því við undirbúning að gerð hinnar nýju námskrár að leiðsögunám tilheyri fremur framhaldsskólastigi en háskólastigi. Ákvæði framhaldsskólalaga og aðalnámskrár framhaldsskóla mundu því framvegis eiga við um leiðsögunám eftir því sem við á. Mikilvægt er að hafa hugfast að framhaldsskólastig einskorðast ekki við ákveðinn aldurshóp manna.

Sem fyrr segir verður í hinni nýju námskrá leitast við að raska í sem minnstu núverandi fyrirkomulagi námsins enda virðist ánægja ríkja með uppbyggingu þess.

[19:59]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Hæstv. ráðherra staðfesti það sem ég sagði í ræðu minni áðan. Hann er að hundsa vilja þingsins sem krafðist þess að það yrði ekki slakað á með kröfur varðandi leiðsögunámið. Það á sem sagt að falla frá kröfunni um stúdentspróf, eins og ég sagði áðan, og það á að hafa þetta á framhaldsskólastigi. Auðvitað er til annað stig, það er til háskólastig, og ég nefndi það hér áðan. Við erum með tvo landbúnaðarháskóla þótt aðeins 4% þjóðarinnar starfi við landbúnað en við höfum engan ferðamálaháskóla. Auðvitað er þetta nám sem ætti að vera á háskólastigi og það heitir að snúa út úr að segja að skólinn heyri undir Menntaskólann í Kópavogi. Það atvikaðist bara þannig að hann var færður þangað þegar húsnæðisekla var við Háskóla Íslands. Þá var námið fært yfir í húsnæði Menntaskólans í Kópavogi en það var ekki hluti af þeim skóla.

Það er eitt annað sem ég vil gera athugasemdir við sem hæstv. ráðherra nefndi reyndar ekki en kemur fram í námskránni og það er að það verður ekki nein fagstjórn yfir náminu, eins og hann ætlar að haga því. Ég er alveg sammála ráðherra að fólk verður að vera þroskað og hafa ákveðna þekkingu til að bera til að geta starfað sem leiðsögumenn. Þess vegna er það ekki náminu eða starfinu til framdráttar að ætla að setja það á menntaskólastig og ætlast til þess að háskólamenntað fólk, eins og jarðfræðingar, bókmenntafræðingar og allir þeir hámenntuðu einstaklingar sem fara í að sinna þessu starfi, fari niður í menntaskóla til að læra leiðsögumennsku. Auðvitað eigum við að hafa þann metnað til að bera að setja þetta nám á háskólastig eins og það er víða í öðrum löndum. Þetta er áfall fyrir ferðaþjónustuna

ef það verður að raunveruleika að það eigi að setja leiðsögumannanámið svona niður. Ég er alveg sannfærð um að leiðsögumenn sem eru hámenntaðir og starfa við þetta í dag munu ekki sætta sig við þetta. Þeir munu alls ekki gera það. Og ég hvet hæstv. ráðherra til að fara að vilja þingsins og sjá til þess að við höfum metnað til að bera til að fá hér hámenntaða leiðsögumenn eins og er í dag.

[20:01]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er misskilningur hv. fyrirspyrjanda að hér sé verið að gengisfella námið. Það var tekið fram í svari mínu við fyrirspurninni að það er ekki verið að breyta inntaki námsins né inntökuskilyrðum að öðru leyti en því að verið er að víkka inntökuskilyrðin. Er það ekki fullkomlega í samræmi (**ÁRJ:** Ekki ...) við þær breytingar sem eru að verða núna á námi yfirleitt þegar menn eru farnir að gæta þess að víkka innganginn að náminu, taka tillit til reynslu fólks og óformlegs náms? Þetta er í fullkomnu samræmi við þær hræringar sem eru að verða í námi í Evrópu og hv. fyrirspyrjanda hlýtur að vera kunnugt um.

Það er einnig rangt hjá hv. fyrirspyrjanda að vilji Alþingis hafi verið hundsaður með þessu. Því fer víðs fjarri. Ef það hefði verið eindreginn vilji Alþingis að námið yrði flutt á háskólastig hefði það verið sagt skýrum orðum. Það kemur hvergi fyrir í þessu nál. þannig að hv. þm. getur ekki haldið því fram að þegar málið var hér til umfjöllunar hafi skilaboðin frá menntmn. Alþingis verið þau að það ætti að flytja þetta nám yfir á háskólastig. (**ÁRJ:** Ráðherrann ætti að lesa nál.)

Sjálfstæðar rannsóknir í Tækniháskóla Íslands.

Fsp. KJúl, 231. mál. — Þskj. 251.

[20:03]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir um ári síðan varð Tækniskólinn gamli að Tækniháskóla Íslands. Þetta var þörf og tímabær viðbót við háskólaflóruna hér á landi og henni ber að fagna. Skólastarfið þar er afar glæsilegt og námið þar mikilvægt til uppbyggingar tæknináms á Íslandi. Þörfin fyrir þennan skóla er mikil til að svara eftirspurn atvinnulífsins og nemenda framtíðarinnar. Það sýndi sig svo sannarlega að eftirspurn var eftir þessu námi í vor þegar um 200 einstaklingar sóttu um inngöngu í tækninám skólans og þurfti stór hluti þeirra frá að hverfa sökum plássleysis.

Einnig hafa Samtök iðnaðarins margoft bent á mikilvægi þess að fjölga hér í landi tæknimenntuðu starfsfólki á öllum sviðum íslensks iðnaðar. En það er ekki nóg að setja upp glæsilegan háskóla og byrja að kenna því að það þarf einnig að vera gróska og gerjun á sviði rannsókna svo að hann geti dafnað. Ekki er gert ráð fyrir einni einustu krónu í rannsóknir til Tækniháskóla Íslands í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir sem getur mjög svo hamlað uppbyggingu hans. Góður háskóli þarf að geta boðið kennurum sínum aðstöðu til rannsókna svo þeir geti hlotið framgang í starfi og aukið þekkingu sína. Annars er hætta á því að ekki fáist kennarar við skólann eða hinu að kennarar við skólann þurfi að hverfa annað til að geta sinnt rannsóknum.

Þá er erfitt fyrir Tækniháskólann að sækja um rannsóknarstyrki í t.d. erlenda sjóði því að þeir krefjast yfirleitt mótframlags frá umsækjendum. Þetta er því afar hamlandi þáttur fyrir starfsemi skóla á háskólastigi. Góður háskóli þarf einnig að geta boðið nemendum sínum upp á öflugt rannsóknarstarf sem styrkir innra starf skólans um leið og öflugt rannsóknarstarf er undirstaða nýsköpunar. Nýsköpunar á sviði tæknimála er þörf hér á landi. Sett er þó nokkurt fé til rannsókna á háskólastigi en þar fær tækniiðnaðurinn alls ekki það sem honum ber.

Þessu til rökstuðnings er rétt að benda á að í nýlegri skýrslu World Economic Forum um samkeppnishæfi Íslands á alþjóðavettvangi þar sem við erum í 8. sæti, sem er hækkun hvað varðar samkeppnishæfi, erum við einungis í 21. sæti þegar kemur að nýsköpun. Það er lækkun. Það er því ljóst að við þurfum að herða á í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Það er verkefni stjórnvalda að skapa íslenskum fyrirtækjum góð skilyrði til vaxtar og framþróunar og góð skilyrði þurfa að vera til staðar til nýsköpunar. Við þurfum að nýta þennan glæsilega nýja háskóla sem Tækniháskólinn er til fullnustu. Við erum með mjög gott tæki í höndunum til þess að örva nýsköpun í tækniiðnaði þar inni og því spyr ég hæstv. menntmrh.: Er til skoðunar í ráðuneytinu að veita sérstakt fé til sjálfstæðra rannsókna í Tækniháskóla Íslands líkt og á við um aðra skóla á háskólastigi?

[20:06]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Þegar spurt er hvort það sé til skoðunar í ráðuneytinu að veita sérstakt fé til sjálfstæðra rannsókna í Tækniháskóla Íslands er svarið við því já. Ný lög um Tækniháskóla Íslands voru sett 8. maí 2002 og í 1. gr. laganna, sem fjallar um hlutverk skólans, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tækniháskóli Íslands er menntastofnun á háskólastigi. Háskólinn veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu þar sem æðri menntunar er krafist. Tækniháskóli Íslands leggur áherslu á að veita menntun á tæknisviðum. Háskólanum er heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, auk þess að veita símenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans."

Eins og fram kemur í þessari tilvitnun er skólanum samkvæmt nýju lögunum heimilt að stunda hagnýtar rannsóknir og þróunarstörf. Nýju lögin höfðu í för með sér miklar skipulagsbreytingar á starfsemi skólans og hafa stjórnendur hans einbeitt sér að því að koma þeim í kring. Samkvæmt eldri lögum var ekki gert ráð fyrir því að í skólanum væru stundaðar rannsóknir og þarf því að byggja slíkt starf frá grunni. Það hefur verið í umræðu í ráðuneytinu að veita skólanum fé til að hefja rannsóknarstarfsemi árið 2004 þegar aðrar breytingar verða væntanlega um garð gengnar. Þegar niðurstaða fjárlaga liggur fyrir fyrir árið 2004 verður tekin afstaða til þess hvort um sérstakar fjárveitingar til rannsókna í Tækniháskólanum verður að ræða og þá í hvaða mæli.

Það er rétt að geta þess að við þessa hröðu uppbyggingu háskólastigsins sem við höfum horft á sl. 10–15 ár hafa skólarnir tekið til starfa og síðan fetað sig inn á rannsóknarsviðið og við höfum fylgt því eftir með fjárveitingum til skólanna eftir því sem ástæður og tilefni hafa gefist til. Að sjálfsögðu standa Íslendingar mjög sterkt að því er varðar rannsóknir. Staða þeirra í rannsóknum er í raun og veru sú að þeir eru með einna hæsta hlutfallið í heiminum af þjóðartekjum sem varið er til rannsókna þegar litið er á heildina, bæði atvinnulífið og hið opinbera. Það er aðeins ein, e.t.v. tvær þjóðir sem

standa aðeins framar í þeim efnum og þeir hafa náð þeim 3% af vergri þjóðarframleiðslu sem Evrópusambandið er langt frá að ná en hefur sett sér sem takmark.

Það er rétt að geta þess líka að þegar um opinber framlög til rannsókna er að ræða munu Íslendingar vera í broddi fylkingar. Þetta eru allt saman staðreyndir sem er rétt að taka til athugunar hér í þingsalnum þegar reynt er að meta stöðu Íslendinga í þessu sambandi.

Að því er varðar nýsköpunina höfum við þar verk að vinna. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, þar höfum við verk að vinna, en það er einmitt nú í fjárlögum þessa árs verið að ganga inn á nýjar brautir með hinu nýja vísinda- og tækniráði þar sem gert er ráð fyrir því að stofnaður verði tækniþróunarsjóður og ég geri fastlega ráð fyrir því að hann muni bæta stöðu okkar mjög verulega í þessum efnum. Heildarfjárframlög til vísinda og rannsókna og tækniþróunar munu aukast mjög verulega á næstu fjórum árum þannig að ég er hv. fyrirspyrjanda sammála um að þarna er um að ræða mikið mál sem þarf að fylgja fast eftir og ríkisstjórnin hefur einsett sér að gera það.

[20:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Bara stutt athugasemd. Rannsóknarþáttur við háskólann er mjög mikilvægur og það þarf auðvitað fjármagn til. Hann er ekki síst mikilvægur til þess að hæfustu kennarar komi til starfa við háskólann, þ.e. að fyrir hendi sé rannsóknarstarf. Án rannsóknaraðstöðu og fjármagns til rannsókna er hætta á því að skólinn verði ekki samkeppnisfær um bestu kennara og því tel ég að hinn ungi og nýi Tækniháskóli verði að fá fé til rannsókna til þess að hann verði samkeppnishæfur og standi undir nafni sem háskóli. Ég heyrði hæstv. ráðherra segja að komið yrði með fjármagn þarna inn og það er mjög brýnt til að Tækniháskólinn geti fengið að dafna sem skyldi.

[20:11]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör en ástæðan fyrir því að ég legg þessa spurningu fram nú er sú að við erum með þennan kornunga háskóla í höndunum þar sem búa fjölmörg tækifæri og hann er einmitt í mótun núna og uppbyggingu á sínu innra starfi. Því tel ég mjög mikilvægt, það er skoðun mín, að nákvæmlega á þessum tímapunkti eigi að setja rannsóknarfé inn til þess að örva kennarana, örva nemendurna og alla þá sem búa í þessu tækniháskólasamfélagi til dáða við þetta uppbyggingarstarf sem þarna á sér stað. Ég sakna þess í fjárlagafrv. að ekki sé ein einasta króna sett til þessara rannsókna.

Það er ekki spurning að við eigum að efla tæknimenntun á Íslandi. Það er búin að vera skoðun ýmissa aðila á vinnumarkaði lengi og við höfum heyrt það t.d. oft hjá Samtökum iðnaðarins að þennan þátt menntakerfisins beri að efla en þá eru líka rannsóknir snar þáttur. Ég tel að við getum ekki beðið með það að setja fjármagn inn til rannsókna á meðan þessi ungi háskóli er í uppbyggingu og mótun. Ég tel að það skipti miklu máli hvað framtíð hans varðar.

[20:12]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er alveg rétt að skólinn er í mótun og ég gat þess áðan að það væri mikils vert að stjórnendur skólans einbeittu sér að því að koma skólanum af stað fyrstu skrefin. Rannsóknir standa ekki og falla með því að það séu sérmerktir fjárliðir til rannsókna. Í raun og veru hafa háskólar eins og Háskólinn í Reykjavík og fleiri háskólar fengið framlög til rannsókna úr óskiptum liðum ráðuneytisins þannig að það er ekkert lokað á þann möguleika að Tækniháskóli Íslands geti fengið fjárframlög til rannsókna. Það kemur í ljós við niðurstöðu fjárlaga.

Ég vil hins vegar taka það fram að Tækniháskólinn hefur gert tvo samninga, annars vegar við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hins vegar við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, ef ég man það rétt, og þar er um það að ræða að skólinn er að feta sig inn á rannsóknarslóðir. Við megum ekki gleyma því að þegar við tölum um opinbert fjárframlag til rannsókna er þar annars vegar um að ræða bein fjárframlög til skólanna, í öðru lagi fjárframlög sem fara í gegnum óskipta liði og í þriðja lagi erum við að tala um samkeppnissjóði sem eru að sjálfsögðu opinbert fé og þegar þetta er talið saman kemur í ljós að það hlutfall sem háskólarnir eru með til rannsókna er miklu hærra en það er oft talið þegar það er talið sem hlutfall af kennslu. Það má segja að Háskóli Íslands verji t.d. í útgjöldum sínum nánast helmingi heildartekna sinna til kennslu og hinum helmingnum til rannsókna.

Nám í hjúkrunarfræði.

Fsp. ÁMöl, 236. mál. — Þskj. 256.

[20:14]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa hefur verið viðvarandi um árabil. Vorið 1999 birti Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga skýrslu sem ber heitið Mannekla í hjúkrun. Þar kom fram að alls væru um 300 stöðugildi hjúkrunarfræðinga hjá heilbrigðisstofnunum ómönnuð miðað við stöðuheimildir samkvæmt fjárhagsáætlunum. Jafnframt kom þar fram að það var áætlað af yfirmönnum á stofnununum að stöðuheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun væru um 425 of fáar miðað við þörf á heilbrigðisstofnunum á Íslandi. Samkvæmt þessu vantaði þá um 700 stöðugildi hjúkrunarfræðinga til starfa á árinu 1999 og ekki hefur verið bætt neitt síðan. Þess má geta að um 2.200 hjúkrunarfræðingar eru í starfi hér á landi og þessar tölur benda til þess að um mikinn vanda sé að ræða.

Því til staðfestingar að ekki er um ofmat að ræða vil ég benda á að samkvæmt samanburðartölfræði í norrænum skýrslum er fjöldi hjúkrunarfræðinga á hverja 100 þús. íbúa mun minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Hjúkrunarfræðingar í starfi á Íslandi eru um 65% af starfandi hjúkrunarfræðingum annars staðar á Norðurlöndunum með sömu viðmiðun. Og til að ná Norðurlöndunum í þessum efnum þyrfti um 800 fleiri hjúkrunarfræðinga til starfa í fullt starf hér á landi. Á hinn bóginn má náttúrlega segja það að íslenskir hjúkrunarfræðingar eru almennt með lengri menntun í sínu fagi að baki og hærra stig en hjúkrunarfræðingar á Norðurlöndum og rannsóknir hafa sýnt að það skilar sér í aukinni framleiðni og bættri heilbrigðisþjónustu.

Jafnframt langar mig að benda á að hjúkrunarfræðingar á Íslandi skila sér betur til starfa en kollegar þeirra á Norðurlöndum. Hér á landi eru um 85% menntaðra hjúkrunarfræðinga í starfi en sams konar tala er t.d. um 50% í Noregi þannig að þeir skila sér mikið til starfa hér og í mjög

háu starfshlutfalli, um það bil 75–80%. Við nýtum mjög vel þá hjúkrunarfræðinga sem hafa menntað sig.

Á árinu 2002 var gert átak á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um að kynna nám í hjúkrunarfræði fyrir ungu fólki og hvetja það til að íhuga hjúkrun sem framtíðarstarf. Þetta átak er í samvinnu heilbr.- og trmrn., landlæknis, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, Landspítala – háskólasjúkrahúss, FSA og heilsugæslunnar í Reykjavík. Árangurinn lét ekki á sér standa. Fjöldi innritaðra stúdenta í hjúkrunarfræðinám hefur aukist verulega. Í haust skráðu sig um 230 einstaklingar í nám á fyrsta ári við hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands og yfir 60 nemendur við Háskólann á Akureyri. Alls eru þá um 300 nemendur á fyrsta ári en vegna fjöldatakmarkana — það komast sem sagt 75 áfram hér fyrir sunnan og 36 fyrir norðan — eru þrír nemendur um hvert sæti og það er ekki nokkur vafi á því að íslenskt samfélag þarf að mennta mun fleiri hjúkrunarfræðinga til starfa en nú er og því legg ég fyrir hæstv. menntmrh. þær spurningar sem liggja hér frammi.

[20:18]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er spurt:

1. Hvaða ráðstafanir hyggst ráðherra gera til að auka námsframboð í hjúkrunarfræði í ljósi viðvarandi skorts á hjúkrunarfræðingum til starfa?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir afnámi fjöldatakmarkana í hjúkrunarfræðinámi með hliðsjón af góðum árangri herferðar stjórnvalda, heilbrigðisstofnana og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þar sem ungt fólk var hvatt til að stunda hjúkrunarfræðinám?

Það er ekki á valdsviði menntmrh. heldur háskólastofnana að taka ákvarðanir um takmarkanir á innritun stúdenta í deildir skólanna. Lög um stofnanirnar eru mjög skýr hvað þetta varðar og ekki hafa farið fram umræður um að breyta þeim. Ef tekin eru t.d. lög um Háskóla Íslands, nr. 41 frá 22. mars 1999, segir í 2. mgr. 13. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Háskólaráð setur, að fenginni tillögu deildar, nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsgreinar í grunn- og framhaldsnámi. Í reglum þessum skal m.a. heimilt að binda aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning en fram koma í 1. mgr."

Hliðstæð ákvæði eru í 4. gr. laga um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu stúdenta í einstakar deildir þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild."

Um takmörkun aðgangs að námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands gilda reglur nr. 322/2003, með breytingum nr. 494/2003. Reglurnar eru settar af háskólaráði en þar er ákveðið að tillögu hjúkrunarfræðideildar að fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði takmarkist við töluna 75 eins og kom fram hér áðan hjá hv. fyrirspyrjanda. Reglurnar voru settar nú í haust og samkvæmt þeim fjölgar nemendum sem teknir eru inn í hjúkrunarfræði um 10 frá sl. skólaári. Hliðstæðar reglur eru fyrir val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Samkvæmt þeim miðast fjöldi nemenda sem öðlast rétt til náms á vormissiri fyrsta námsárs við grunntöluna 36 en var áður miðað við 32.

Tilkoma kennslu í hjúkrunarfræði í Háskólanum á Akureyri hefur stuðlað að fjölgun hjúkrunarfræðinga og mætt brýnustu þörfinni, sérstaklega á landsbyggðinni. Einnig ber að geta sérstaklega nemenda sem stunda fjarnám í hjúkrunarfræði. Ástæða þess að deildir gera tillögur um fjöldatakmarkanir þegar um nám er að ræða sem byggir að hluta til á verklegri þjálfun er sú að aðstaða til slíks náms er ekki fyrir hendi nema fyrir takmarkaðan fjölda nemenda.

Herra forseti. Sem fyrr segir er það á valdi háskólanna að taka ákvarðanir um takmörkun á innritun stúdenta í hjúkrunarfræði eins og öðrum greinum og er það gert á grundvelli faglegs mats og kennsluaðstöðu. Þá er ljóst að framboð á þjálfunarrými, þ.e. á sjúkrahúsunum, er takmarkandi þáttur þegar kemur að því að taka við nemendum í hjúkrunarfræðinám.

[20:21]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við fyrirspurnum mínum en þar kom m.a. fram að hæstv. ráðherra taldi að það væri ekki á sínu valdsviði að taka slíkar ákvarðanir, að fjölga námsplássum í hjúkrunarfræði. Hins vegar er það mín skoðun að stjórnvöld hljóti að hafa ákveðna skoðun á því hvort þörf er á að fjölga menntuðum hjúkrunarfræðingum til starfa. Ég kom m.a. í fyrri ræðu minni með mjög sterk rök fyrir því að svo sé og stjórnvöld geti þá í framhaldi af því veitt ákveðið fjármagn til þess að fjölga námsplássum í viðkomandi námi. Það sem gera þarf og hæstv. ráðherra getur ráðið við er að endurskoða reiknilíkan sem notað er til grundvallar fjármögnunar hjúkrunarfræðináms. Það reiknilíkan sem nú er notað sækir fyrirmynd sína til Svíþjóðar og samkvæmt þeim heimildum sem ég hef, hafa menntamálayfirvöld reiknað hjúkrunarfræðinám hér á landi einum flokki neðar en reiknilíkan Svía tekur mið af, þrátt fyrir að hjúkrunarfræðimenntun hér á landi sé á hærra stigi en almennt í Svíþjóð. Það munar töluverðu í fjárhæðum og er þess valdandi að það er ekki hægt að taka við fleiri nemendum en nú er, þrátt fyrir brýna þörf í kjölfar átaksins, þegar í fyrsta sinn í mörg ár er mikil ásókn í þetta nám. Það væri mikil synd ef ekki væri hægt að nýta þann aukna áhuga sem er á hjúkrunarfræðinámi og bæta þann mikla skort sem er á hjúkrunarfræðingum til starfa.

Ég vil endurtaka það að hærri viðmiðun í reiknilíkani mundi opna fyrir ákveðna fjölgun. Það kom jafnframt fram í máli hæstv. ráðherra að aðstaða til starfsnáms væri takmarkandi þáttur. Stjórnir hjúkrunarfræðideilda hafa sagt mér að það væri hægt að leysa það með endurskipulagningu á náminu. Stjórnendur á spítölum hafa jafnframt sagt mér að það eigi ekki að vera vandamál þar sem þeir sjálfir gera sér ljósa grein fyrir því hve mikil þörf er á að auka fjölda nemenda í hjúkrunarfræðinámi.

[20:23]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef um þetta mál, þá er flöskuhálsinn í kennsluaðstöðu, þ.e. framboð og þjálfunarrými á sjúkrahúsunum. Það var einmitt á þeim grundvelli sem gripið var til sérstakra ráðstafana sl. vetur til þess að skapa svigrúm þar sem leiddi til þeirrar fjölgunar sem ég gat um í svari mínu. Ef það er hægt að taka á þeim málum með öðrum hætti, þá eru það upplýsingar sem eru gagnlegar og geta orðið til þess að þarna skapist meira svigrúm en nú blasir við. Það er fyrst og fremst þetta sem veldur því að þeir sem hafa innritast á fyrsta ár í Háskólann á Akureyri, sem ég hygg að séu um 60 nemendur, verður að fækka niður í 36 á næstu önn. Það er vegna aðstöðunnar í þjálfunarrýminu. Þannig að ef þetta eru ný viðhorf tel

ég að það sé ástæða til að skoða þau en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er flöskuhálsinn á þessu sviði.

Það er því ekki beinlínis skortur á námsframboði heldur á aðstöðu á sjúkrahúsunum til þess. Ef upplýsingar koma um það að þessum flöskuhálsi megi breyta með einhverjum hætti er sjálfsagt að skoða það.

Út af dagskrá voru tekin 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 20:26.

---

22. FUNDUR

fimmtudaginn 6. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning eins aðalmanns í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.
2. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 214. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Aflétting veiðibanns á rjúpu, þáltill., 154. mál, þskj. 154. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Lax- og silungsveiði o.fl., stjfrv., 111. mál, þskj. 111, nál. 290 og 307, brtt. 291. — 2. umr.
7. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 249. mál, þskj. 269. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason dómsmrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Bátar sem hafa landað leyfilegum meðafla botnfisks, 185. mál, svar sjútvrh., þskj. 240.

Búsetumál fatlaðra, 75. mál, svar félmrh., þskj. 281.

Lax- og silungsveiði o.fl., 111. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 307.

Kosning eins aðalmanns í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Gísli Gunnarsson sóknarprestur, Glaumbæ, Skagafirði.

Evrópufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (EES-reglur). — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og KolH, 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Aflétting veiðibanns á rjúpu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnB o.fl., 154. mál. — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 111. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 111, nál. 290 og 307, brtt. 291.

[10:35]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta landbn. á þskj. 290. Það er 111. mál, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið fjölda gesta á sinn fund á sinn, Guðmund B. Helgason, Sigríði Norðmann og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Gunnar Snorra Gunnarsson, Finn Þór Birgisson og Martin Eyjólfsson frá utanríkisráðuneyti, Ragnhildi Helgadóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Eirík Tómasson frá Háskóla Íslands, Halldór Runólfsson og Gísla Jónsson frá embætti yfirdýralæknis, Þórólf Antonsson frá Veiðimálastofnun, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Trausta Baldursson frá Umhverfisstofnun, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu, Vigfús

Jóhannsson frá Stofnfiski, Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Arnar Jónsson frá Fiskey, Fiskeldi Eyjafjarðar, Þorstein Þorsteinsson og Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Orra Vigfússon frá NASF, verndarsjóði villtra laxastofna, og Stefán Má Stefánsson frá Háskóla Íslands. Þá hafa nefndinni borist fjöldi umsagna og gagna.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að staðfesta bráðabirgðalög sem sett voru 1. júlí sl. og breyttu lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og til að innleiða tilskipun 91/67/EBE í íslenskan rétt en þeirri tilskipun hefur verið breytt með tilskipunum 93/54/EB, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB og eru allar þessar tilskipanir hluti af EES-samningnum skv. 1. viðauka við hann og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998.

Tilskipun 91/67/EBE tekur til inn- og útflutnings innan EES og innflutnings frá löndum utan EES á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum frá eldisstöð að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð. Tilskipunin kveður á um hvaða skilyrði skuli setja um heilbrigði dýra en þau hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða í viðskiptum milli landa og svæða og notkun flutningstækja vegna slíks flutnings. Tilgangurinn er að efla ræktun og markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða á innri markaði bandalagsins og að innleiða samræmdar reglur innan Evrópusambandsins um eftirlit með fisksjúkdómum og varnir gegn þeim og um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra, afurða þeirra og flutningstækja.

Herra forseti. Frumvarpið var fyrst lagt fram á síðustu dögum 128. löggjafarþings og taldi nefndin frumvarpið mjög umdeilt, viðamikið og þarfnast ítarlegrar skoðunar og vandaðrar þinglegrar meðferðar. Eftir að hafa átt fundi með nokkrum hagsmunaaðilum taldi nefndin ekki unnt að ljúka málinu á síðustu dögum þingsins án þess að veita hagsmunaaðilum færi á að vinna ítarlegar umsagnir um málið og senda nefndinni. Fyrir nefndinni liggur nú fjöldi umsagna og gagna frá hagsmunaaðilum og hefur landbn. farið afskaplega ítarlega yfir þetta mál.

Á þessu þingi hefur nefndin tekið til athugunar bæði formlegan þátt málsins, þ.e. setningu bráðabirgðalaganna sl. sumar og efnislega þáttinn sem er þríþættur og varðar sjúkdómavarnir, erfðafræðileg og vistfræðileg málefni.

Varðandi formhliðina telur nefndin að við samningu frumvarpsins hafi ekki verið nægilega gætt að ákvæði 1. mgr. 36. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, þar sem segir að hverju frumvarpi skuli fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum þess.

Þá óskaði nefndin eftir lögfræðilegri álitsgerð frá Ragnhildi Helgadóttur, lektor í Háskólanum í Reykjavík, varðandi það hvort brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalögin nr. 103/2003 og er niðurstaða hennar sú að með henni hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991 með hliðsjón af lögskýringargögnum með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991, sem breyttu 28. gr., og grundvallarreglum stjórnskipunarinnar. Hún telur hins vegar ólíklegt að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn teldist hafa farið út fyrir valdsvið sitt þó að sú niðurstaða sé ekki vafalaus. Þá fékk nefndin Eirík Tómasson prófessor á sinn fund og taldi hann setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik.

Nefndin fór mjög ítarlega yfir efnislega hlið málsins sem er þríþætt eins og áður sagði og óskaði eftir umsögn umhverfisnefndar Alþingis um umhverfisþátt málsins, sérstaklega til að leita leiða til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem komu fram í fjölda umsagna um málið, m.a. um hættu á óafturkræfum vistfræðilegum breytingum og hættu á að staðbundnir stofnar glati líffræðilegri fjölbreytni. Álit umhverfisnefndar er birt sem fylgiskjal I með nefndaráliti þessu og þar kemur fram að nefndin tekur undir það að nauðsynlegt sé að fara varlega í að heimila innflutninginn. Leggur hún einkum áherslu á að líffræðilegur fjölbreytileiki í íslenskum laxfiskum sé verndaður. Þá tekur nefndin einnig fram að í þeim gögnum sem borist hafa komi fram upplýsingar um að ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi einnig lagt á það ríka áherslu að líffræðileg fjölbreytni sé varðveitt. Því sé mikilvægt að fyllstu varúðar sé gætt þegar tegundir eru fluttar á milli svæða til að draga úr hættunni á að tegundir með mismunandi erfðaeiginleika blandist hver annarri.

Ég vil geta þess að ekki er getið um erindi frá Náttúruverndarsamtökum Íslands í texta nefndarálitsins, en það verður leiðrétt á milli umræðna.

Ef við lítum á erfðafræðina þá kemur fram í fskj. II frá Sigurði Guðjónssyni í Veiðimálastofnun, með leyfi forseta:

„Íslenskir ferskvatnsfiskar hafa þróast hér í einangrun frá síðustu ísöld. Í 10 árþúsundir hafa stofnar þessara tegunda aðlagast í sínu umhverfi. Rannsóknir hafa sýnt að stofnar laxfiska (lax, urriði, bleikja) hafa myndast og þróast í hverju vatnakerfi. Í stærri vatnakerfum geta verið margir slíkir stofnar. Þessi stofnar eru ólíkir að arfgerð öðrum slíkum stofnum og skyldleiki þeirra dvínar með vaxandi fjarlægð. Þannig eru erlendir laxastofnar ólíkir íslenskum laxastofnum að erfðum. Okkar fáu tegundir nýta búsvæði sem ella væru nýtt af öðrum tegundum og mynda enn fleiri stofna en þar sem margar tegundir eru. Þannig verða til margir stofnar í sama vatni og er þekktasta dæmið margar stofngerðir bleikju í Þingvallavatni. Fleiri dæmi eru til staðar en ekki öll jafnsýnileg. Þannig eru margir erfðafræðilega ólíkir laxastofnar í stærri vatnakerfum.

Rannsóknir sýna að erlendir stofnar fiska eru ólíkir íslenskum fiskstofnum í arfgerð. Innflutningur slíkra framandi stofna, sem síðan geta sloppið eða beinlínis verið sleppt á skilgreint eldissvæði, blandast þeim innlendu stofnum sem fyrir eru. Um þetta eru til mörg dæmi. Verður þar með erfðablöndun og geta erfðaeiginleikar innlendra stofna glatast og þar með stofnar, sem eru aðlagaðir aðstæðum í umhverfi sínu, í gegnum mörg þúsund ára náttúruval. Við þetta tapast líffræðilegur fjölbreytileiki og ef til vill mikilvægir nytjastofnar. Þarna eru gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi auk ómetanlegs skaða á íslenskri náttúru. Einnig eru í húfi erfðalindir framtíðarinnar fyrir fiskeldi ef fjölbreytileikanum er eytt. Nýlegar rannsóknir í Bretlandi (Oxford) sýna að eldislax á mun auðveldara með að hrygna í náttúrunni og blandast náttúrulegum laxi en haldið var áður. Þar með hefur hættan af eldislaxi sem sleppur úr eldi og leitar í ár verið stórlega vanmetin. Ný rannsókn háskólanema í Færeyjum sýnir einnig að mun meira sleppur af eldislaxi en áður hefur verið talið. Þá er nýbirt ritrýnd vísindagrein margra ára rannsókna á Írlandi sem sýna að erfðablöndun dregur úr hæfni lax til

að lifa í umhverfi sínu og getur leitt til útdauða stofnsins. Niðurstöður þessara nýju rannsókna benda til að hættur fyrir náttúrulega stofna samfara laxeldi (fiskeldi) sé mun meiri en áður var talið."

Eins kemur fram hjá Sigurði Guðjónssyni varðandi sjúkdómavarnirnar, með leyfi forseta:

„Sjúkdómar lagardýra eru sumir staðbundnir sem og sníkjudýr. Í náttúrunni hafa dýr aðlagast sýklum og sníkjudýrum svæðisins að einhverju leyti. Flutningur dýra býður þeirri hættu heim að framandi sýklar berist í nýtt umhverfi þar sem ekkert mótefni er til hjá dýrastofnum svæðisins. Þekking manna á sýklum og sníkjudýrum lagardýra sem og faraldsfræði þeirra eru takmörkuð. Þessir sýklar og sníkjudýr geta magnast í eldi þar sem mikill lífmassi er á litlu svæði. Meðhöndlun sjúkdóma og mótefnaframleiðslu gegn ákveðnum sjúkdómum hefur hins vegar tekið framförum. Sú þekking nægir hins vegar engan veginn til að tryggja að ekki verði stórslys við flutning lagardýra þannig að smitberar berist í eða á dýrum eða í eldisvökva þeirra. Umrædd tilskipun EB 91/67 leitast við að taka á þeirri hættu en benda verður á að sjúkdómaeftirlit er erfitt viðfangs og er bæði þekking og greiningaraðferðir dýrasjúkdóma ekki á því stigi að öruggt megi telja að ekki leynist sjúkdómar í eldisdýrum eða í eldisvökva. Sama gildir um sníkjudýr. Mörg dæmi væri hægt að nefna um sjúkdóma, t.d. með fiskum, sem borist hafa milli landa í dýrum sem höfðu vottorð um heilbrigði. Þarna er því einnig mikil áhætta tekin bæði fyrir íslenskt fiskeldi og náttúrulega stofna."

Eins og áður er getið varðar frv. sjúkdómavarnir á Evrópska efnahagssvæðinu en samningurinn sjálfur er viðskiptalegs eðlis og tekur ekki til auðlindastjórnunar og náttúruverndar. Umrædd tilskipun varðar frjálst flæði vöru milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu og er ætlað skv. 1. gr. að taka á heilbrigði eldisdýra í sambandi við markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða. Þó er tekið fram í 2. mgr. sömu greinar að tilskipunin gildi með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda. Hagsmunirnir sem í húfi eru og snúast um verndun tegunda, staðbundinna stofna og líffræðilegrar fjölbreytni eru sameiginlegir hagsmunir allra ríkja og eru alþjóðasamningar til marks um það, svo sem Ríó-samningurinn um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu.

Þá ber enn fremur að gæta að 13. gr. EES-samningsins sem tekur til viðskiptahindrana á sviði frjálsra vöruflutninga og heimilar að leggja megi bönn eða höft á innflutning, útflutning eða umflutning vara sem m.a. réttlætast af vernd lífs og heilsu manna eða dýra, gróðurvernd eða vernd þjóðarverðmæta. Enn fremur er tekið fram að slík bönn eða höft megi ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Á fundum nefndarinnar og í fjölmörgum umsögnum um frumvarpið hafa hagsmunaaðilar varað mjög eindregið við því að heimila innflutning á eldisdýrum, sérstaklega laxfiski, þar sem sjúkdómaeftirlit sé mjög erfitt viðfangs og þekking á sjúkdómum ekki slík að öruggt megi telja að ekki leynist sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisdýrum og vökva sem þau eru flutt í. Þá hefur verið bent á að eldisdýrin geta sloppið og blandast staðbundnum stofnum og að framandi lífverur geti einnig sett einangruð og staðbundin vistkerfi í uppnám. Þá verður erfðablöndun þannig að erfðaeiginleikar staðbundinna stofna geta glatast og við það glatast stofnar sem aðlagast hafa aðstæðum í umhverfi sínu við náttúruval í mörg hundruð ár. Þar með tapast líffræðilegur fjölbreytileiki og ef til vill mikilvæg þjóðarverðmæti.

Bent hefur verið á að hér á landi eru einungis sex tegundir ferskvatnsfiska en í Noregi eru þær t.d. 42 og enn fleiri á meginlandi Evrópu. Sama gildir um aðrar tegundir lagardýra, svo sem skordýr, krabbadýr og lindýr. Vegna þessa er lífríki Íslands viðkvæmt fyrir breytingum og getur innflutningur nýrra lífvera verið mjög varasamur. Þetta á við um fisktegundir, krabbadýr eða lindýr sem geta sloppið úr eldi eða verið sleppt út í íslenska náttúru og hugsanlega valdið ómetanlegum og óafturkræfum vistfræðilegum breytingum og skaða. Gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi og hætta á ómetanlegum skaða í íslenskri náttúru. Einnig geta verið í húfi erfðaauðlindir framtíðarinnar fyrir fiskeldi ef líffræðilegi fjölbreytileikinn glatast.

Í umsögn erfðanefndar kemur þetta mjög skýrt fram og hefur meiri hluti landbn. tekið tillit til þeirrar umsagnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Minnt er á nýlegar breytingar á 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, um erfðanefnd landbúnaðarins þar sem henni er ætlað að fjalla um hvernig tryggja megi varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í íslenskum landbúnaði. Íslenskur landbúnaður byggist að stórum hluta á innfluttu erfðaefni, sem hefur aðlagast hér á löngum tíma, og felast í því mikil verðmæti. Innflutningur á nýju erfðaefni getur því ekki einungis valdið tjóni fyrir hina villtu náttúru landsins heldur geta þau verðmæti, sem felast í erfðabreytileika lífvera sem hér eru fyrir og sú fjölbreytni í ásýnd og sérstökum eiginleikum sem erfðaeiginleikarnir skapa, verið í hættu.

Til þess að gæta hagsmuna landbúnaðarins í þessu sambandi leggur erfðanefnd landbúnaðarins áherslu á að sett sé inn ákvæði í lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, þar sem leita skuli umsagnar erfðanefndarinnar áður en leyfi sé veitt fyrir innflutningi nýrra dýrategunda eða stofna tegunda sem hér eru fyrir og falla undir starfssvið nefndarinnar. Þar sem ferskvatnsfiskar falla undir starfssvið erfðanefndar landbúnaðarins er mikilvægt að þessi breyting verði tekin upp í frumvarpið."

Þetta hefur meiri hluti landbn. gert og er ein af breytingartillögunum sem hér liggja fyrir.

Til grundvallar ákvörðun ráðherra þarf að liggja vísindalegt álit Veiðimálastofnunar um nauðsyn aðgerða til verndar lífi og heilsu manna eða dýra og rök fyrir því að markmiðinu verði einungis náð með takmörkun eða banni við innflutningi, þ.e. að ekki sé hægt að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu með vægari aðgerðum og að þær feli ekki í sér gerræðislega mismunun og dulin höft á viðskiptum milli aðildarríkja EES-samningsins. Fyrir takmörkun eða banni þurfa að liggja vísindaleg rök, eins og áður hefur verið getið.

Meiri hluti mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali og eru eftirfarandi. Allar þessar brtt. hafa verið gerðar í fullu samráði bæði við landbrn. og utanrrn. vegna þess að við erum hér með að innleiða tilskipun frá Evrópusambandinu þannig að þetta er EES-mál.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Meiri hlutinn leggur til að 62. gr. laga um lax- og silungsveiði verði breytt þannig að varðandi skilyrði til rekstrarleyfis fiskeldis og hafbeitar og umsagnarferil þurfi veiðimálastjóri ekki eingöngu að leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu

starfssvæði fiskeldis- og hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum heldur þurfi einnig að líta til þess hvort fyrirhugaðar eldistegundir eða eldisaðferðir gefi tilefni til þessarar hættu.

2. Meiri hlutinn telur þarflaust að nefna dæmi um einstök flutningstæki í frumvarpinu og leggur til að orðalagi 2. gr. verði breytt.

3. Meiri hlutinn leggur til að skilgreining frumvarpsins á eldisdýrum verði tekin upp í lög um innflutning dýra eins og í lögin um lax- og silungsveiði.

4. Meiri hlutinn telur það til einföldunar að sama regla gildi um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þar með talinna hrogna og svilja, og um innflutning annarra eldisdýra. Þá þykir meiri hlutanum rétt að taka fram til skýringar í greininni að um notkun slíkra innfluttra fiska til fiskeldis, fiskræktar eða hafbeitar gildi ákvæði IV. kafla laganna, um veiðistjórn lax- og göngusilungs og fiskrækt, og ákvæði IX. kafla um fiskeldi og hafbeit, þar sem m.a. er fjallað um skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis o.fl. en ákvæði annarra kafla laganna gilda engu að síður um innflutninginn.

5. Þá leggur meiri hlutinn til að sett verði sérstakt öryggisákvæði þar sem landbúnaðarráðherra er heimilað að takmarka eða banna innflutning á laxfiskum til að koma í veg fyrir blöndun á staðbundnum stofnum og vistfræðilega og erfðafræðilega hættu, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar.

6. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að leitað verði umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins áður en veitt er leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur það hlutverk, sbr. 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, með síðari breytingum, að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði á breiðum grunni og veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um nýtingu þeirra. Nefndin fjallar ekki einungis um búfjárstofna og ferskvatnsfiska heldur einnig um húsdýr, nytjajurtir og tré.

7. Loks leggur meiri hlutinn til að fyrirvari um reglugerðir í gildistökuákvæðinu verði felldur brott þar sem reglugerðirnar hafa þegar verið settar og þeim verður breytt til samræmis við frumvarpið verði það að lögum."

Undir þetta rita Drífa Hjartardóttir, formaður, Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson og Birkir J. Jónsson.

Herra forseti. Ég hef hér farið yfir þær brtt. og varnaraðgerðir sem við erum að byggja undir þetta frv. Hvað varðar hagsmuni fiskeldisfyrirtækja finnst mér rétt að það komi hérna fram líka og mun fara yfir minnisblað sem liggur hjá hv. landbn. og kemur frá landbrn. í umræðuna sem hefur farið fram í nefndinni.

Þar er getið um það að:

„Stofnfiskur hefur sérhæft sig í ráðgjöf og framleiðslu á hrognum og seiðum sem byggir á mjög fullkomnum kynbótaverkefnum fyrir fiskeldi. Fiskeldi Eyjafjarðar (Fiskey) hefur sérhæft sig í framleiðslu á lúðuseiðum fyrir áframeldi. Uppbygging þessara fyrirtækja hefur verið hröð, sem og þróun fiskeldis sem atvinnugreinar á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins er ráðgert að hluthafar ofangreindra fyrirtækja muni á þessu ári leggja a.m.k. 600 millj. kr. í frekari uppbyggingu þeirra. Starfsemin fer að mestu leyti fram á Íslandi og nánast eingöngu utan höfuðborgarsvæðisins. Bæði þessi fyrirtæki eru algjörlega háð erlendum mörkuðum fyrir vörur sínar, en sterk staða þeirra í þeim efnum hefur einnig skilað sér á heimamarkaði. Í raun má fullyrða að þessi tvö fyrirtæki myndi grundvöll fyrir þá miklu uppbyggingu á fiskeldi sem nú á sér stað á Íslandi. Fyrirtækin leggja m.a. til nánast allan efnivið (eldisdýr) í laxeldi, bleikjueldi, lúðueldi og þorskeldi á Íslandi. Saman reka Stofnfiskur og Fiskey fyrirtækið Icecod á Íslandi og gegna því lykilhlutverki í uppbyggingu þorskeldis. Sé rekstrarstoðum kippt undan fyrirtækjum á borð við Stofnfisk eða Fiskey hverfur rekstrargrundvöllur fyrir fiskeldi á Íslandi.

Fiskey hefur náð mjög sterkri stöðu á mörkuðum fyrir lúðuseiði og er í dag stærsti einstaki framleiðandi þeirra á heimsvísu. Áætlanir félagsins fyrir 2002–2004 gera ráð fyrir að sölutekjur verði á bilinu 400–500 millj. kr. Frekari útrás er að verulegu leyti háð aðgengi að mörkuðum í Evrópu, en þar sem Evrópureglur í heilbrigðismálum fiskeldis", sem við erum að ræða um hér núna, „eru notaðar til viðmiðunar um allan heim má fullyrða að sókn á aðra markaði torveldist mjög ef íslensk stjórnvöld uppfylli ekki nauðsynleg skilyrði með innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE.

Stofnfiskur hefur náð mjög sterkri stöðu á heimsvísu í framleiðslu á kynbættum laxahrognum fyrir áframeldi auk sölu á ráðgjafarþjónustu í tengslum við kynbótaverkefni félagsins. Í dag er Evrópa mikilvægasti markaður Stofnfisks. Samkvæmt áætlunum fyrirtækisins er gert ráð fyrir að rekstrartekjur fyrir 2003–2007 verði á bilinu 400–700 millj. kr. Um $^2/_3$ hluti tekna fyrirtækisins felast í útflutningi.

Samkæmt upplýsingum frá Hagstofu nam útflutningur seiða og hrogna 261 millj. kr. á árinu 2001 og 245 millj. kr. árið 2002. Fyrstu átta mánuði yfirstandandi árs nam þessi útflutningur um 160 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Stofnfiski nemur það tjón sem hlaust af markaðslokuninni í sumar a.m.k. 50 millj. kr. Í samhengi setningar bráðabirgðalaga verður einnig að horfa til þess að viðskiptasamningar og langtímaáætlanir á grundvelli þeirra lentu í uppnámi vegna lokunarinnar, sem til var komin sökum vanefnda íslenskra stjórnvalda á þjóðréttarlegri skuldbindingu. Áætluð velta Stofnfisks og Fiskeldis Eyjafjarðar á næstu þremur árum er um 700–1.000 millj. kr. á ári."

Hér mun ég líka fara yfir blað sem kom frá Landssambandi fiskeldisstöðva. Þar kemur fram að:

„Söluverðmæti afurða árið 2003 er áætlað 2,4 milljarðar. Á næsta ári er reiknað með að söluverðmæti fari yfir 3 milljarða. Árið 2006 er áætlað að söluverðmæti afurða fari yfir 6 milljarða. Til samanburðar var aflaverðmæti allra skipa og báta á Vestfjörðum rúmir 6,4 milljarðar árið 2002." Segir hér á þessu blaði.

„Ársverk í greininni eru nú um 280 og munu aukast mikið á næstu árum. Með rekstri Sæsilfurs í Mjóafirði hafa skapast 30 ný störf. Með aukinni vinnslu í Neskaupstað gætu 50 störf bæst við. Í Berufirði hefur Salar Islandia hafið starfsemi og mun veita 15–18 störf þegar eldið er hafið af krafti. Með slátrun og vinnslu aukast störfin hjá fyrirtækinu um 15–70. Áform Reyðarlax var frestað sl. vor. Áætla að hefja eldi næsta vor (2004).

Í fyrirtækjunum tveimur, Stofnfiski og Fiskeldi Eyjafjarðar, starfa um 60 háskólamenntaðir sérfræðingar og fiskeldismenn. Fyrirtækin tvö skila 700 millj. kr. Aðrir sem þjóna fiskeldi með einhverjum hætti eru: Fóðurfyrirtækin, netagerðir, þjónustubirgjar, t.d. Vaki-DNG, Póls o.fl., sölu-

og markaðsfyrirtæki, eftirlitsstofnanir, dýralæknir og aðrar stofnanir eins og t.d. Hólaskóli o.fl.

Áætluð slátrun á næstu árum í laxeldi er fyrir árið 2004 5.600 tonn, árið 2005 10.500 tonn og árið 2006 12.500–14.500 tonn. Þetta er miðað við hraða uppbyggingu hjá Salar Islandia.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti meiri hluta landbn.

[11:02]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir áliti minni hluta landbn. á frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir gerði grein fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar.

Umfjöllun um þetta mál hefur verið skipt í nokkra kafla. Í fyrsta lagi hefur verið farið vandlega yfir formið. Eins og hv. þingmenn þekkja voru sett bráðabirgðalög í sumar og nefndin fór yfir það hvort setning þeirra stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er niðurstaða minni hluta landbn. að setning bráðabirgðalaganna í sumar geri það ekki. Við rökstyðjum það í áliti okkar og mun ég fara yfir það á eftir.

Í öðru lagi vekur málið nokkra furðu, vegna þeirra hagsmuna sem allir helstu sérfræðingar landsins telja að sé ógnað í lífríki og náttúru með með því að heimila þann innflutning sem hér um ræðir, að samstarf umhvrn. og landbrn. virðist ekki hafa verið neitt í þessu máli. Það vekur furðu að þessi ráðuneyti skuli ekki hafa leitað allra leiða til þess að tryggja þessa hagsmuni þrátt fyrir nauðsyn þess að lögleiða þá viðskiptatilskipun sem hér hefur verið vitnað til.

Ég mun gera frekari grein fyrir því hér á eftir en niðurstaða okkar í minni hluta landbn. er í fyrsta lagi sú að við teljum að bráðabirgðalagasetningin í sumar standist ekki 28. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi er sú leið sem hæstv. landbrh. og meiri hluti landbn. hefur ákveðið að fara í þessum efnum ekki skynsamleg. Það hefði verið skynsamlegra að gæta umhverfissjónarmiða og hæstv. umhvrh. hefði sett reglugerð um innflutning á dýrum, sem hefði sennilega getað komið í veg fyrir þá ógn sem allir helstu sérfræðingar sem fyrir landbn. komu telja að lögfesting þessara reglna kunni að hafa í för með sér fyrir lífríki og náttúru. Þetta eru helstu niðurstöðurnar, virðulegi forseti.

Nú ætla ég að gera grein fyrir áliti minni hluta landbn. Því minnihlutaáliti fylgir í fskj. greinargerð Ragnhildar Helgadóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík, sem kom fyrir nefndina.

Einnig kom fyrir nefndina Eiríkur Tómasson lagaprófessor sem taldi líkt og Ragnhildur að setning bráðabirgðalaganna í sumar hefði teygt 28. gr. stjórnarskrárinnar lengra en áður þekktist í réttarsögunni. En vegna þeirrar einu niðurstöðu Hæstaréttar sem liggur fyrir um setningu bráðabirgðálaga eftir breytingu á stjórnarskránni árið 1991 þá treystu menn sér ekki til þess að fullyrða að þetta færi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þau færðu reyndar fram öll rök um að svo væri.

Virðulegi forseti. Frumvarpinu sem er til afgreiðslu er ætlað að staðfesta setningu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar frá því í sumar. Nefndaráliti þessu verður því skipt í þrennt. Í fyrsta kaflanum er fjallað um bráðabirgðalagasetninguna frá í sumar og lögmæti hennar. Í öðrum kafla er fjallað þá hagsmuni sem heimild til innflutnings á lifandi fiski, krabbadýrum, og lindýrum stofnar í hættu. Í þriðja kafla er stuttlega samandregin niðurstaða minni hluta landbn.

Í greinargerð Ragnhildar Helgadóttur lektors við Háskólann í Reykjavík er fjallað ítarlega um þau skilyrði sem verður að uppfylla, svo að heimilt sé að setja bráðabirgðalög. Greinargerð hennar er fylgiskjal með álitinu.

28. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um hvaða skilyrði verða að vera uppfyllt svo að heimilt sé að setja slík lög, en þar segir:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.

Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.“

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar var breytt í það horf sem það er nú árið 1991 með lögum nr. 56/1991. Breytingin var afrakstur nefndar sem í sátu allir þingflokksformenn þeirra stjórnmálaflokka sem þá sátu á þingi. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar eru sett þrjú skilyrði fyrir setningu bráðabirgðalaga, í fyrsta lagi er kveðið á um að brýna nauðsyn beri til setningar þeirra, í öðru lagi að Alþingi sé ekki að störfum og í þriðja lagi að bráðabirgðalögin fari ekki í bága við stjórnarskrá. Það má fullyrða að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, o.s.frv. fara hvorki gegn þeim skilyrðum að þing hafi ekki setið né að efni laganna fari gegn öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar svo séð verði. Vafi leikur því aðeins á hvort bráðabirgðalögin fari gegn kröfunni um að brýna nauðsyn hafi borið til setningar laganna.

Dómstólar hafa fyrir löngu talið sér heimilt að fjalla um það mat bráðabirgðalöggjafans hvort skilyrðið um brýna nauðsyn sé uppfyllt þótt þeir hafi ekki hingað til talið svo vera. Breytingin sem gerð var á stjórnarskránni árið 1991 gerði m.a. ráð fyrir að Alþingi sæti allt árið. Þingfundum þess væri aðeins frestað. Eins og fram kemur í ræðum nefndarmanna og formanns nefndarinnar, Ólafs G. Einarssonar, var sú breyting m.a. gerð í því skyni að takmarka eða koma í veg fyrir útgáfu bráðabirgðalaga nema í undantekningartilvikum. Í umræðum sem fram fór um breytingarnar sagði Ólafur G. Einarsson, þáverandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, meðal annars:

„Ég tel að það hafi verið farið of frjálslega með þessi réttindi sem ríkisstjórn hefur [beitingu heimilda til setningar bráðabirgðalaga] og tel að láta eigi af þeim ósið að gefa út bráðabirgðalög þegar þing er í hléi. Ef þessar breytingartillögur okkar verða samþykktar á að vera hægurinn að kalla þingið saman til þess að fjalla um löggjöf sem ríkisstjórnin telur sér á hverjum tíma nauðsyn á að fá samþykkta. Þetta tel ég að allt eigi að leiða til þess að menn hætti bráðabirgðalagaútgáfu, en ég gat fallist á það nú að rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga yrði ekki afnuminn nú.“

Í sama streng tóku aðrir ræðumenn sem fjölluðu um málið. Tilgangurinn með breytingunni um að þingið sæti allt árið var því sá að auðveldara yrði að ná þinginu saman ef ríkisstjórnin mæti það svo, meðan þing ekki situr, að nauðsyn bæri til að setja lög. Þessi skilningur nefndarmanna og annarra þingmanna sem tóku til máls við umfjöllun þingsins um breytingarnar kemur glögglega fram þegar skoðuð er þróun beitingar bráðabirgðalaga frá árinu 1991.

Til gamans lét ég kanna það við vinnslu á þessu áliti og í ljós kom að frá árinu 1874 hafa verið sett 447 bráðabirgðalög. Til þess að reyna að draga fram þær breytingar

sem átt hafa sér stað á setningu bráðabirgðalaga frá breytingu stjórnarskrárinnar 1991 skoðaði ég 10 ára tímabil. Á árunum 1971–1980 voru sett 65 bráðabirgðalög. Á árunum 1981–1990 voru sett 43 bráðabirgðalög. Á árunum 1991–2000, þ.e. á gildistíma nýrra ákvæða stjórnarskrárinnar, voru sett fimm bráðabirgðalög. Af þessu má glöggt ráða og greinilega sjá hver vilji löggjafans var þegar þessar breytingar á stjórnarskránni voru gerðar.

Augljóst er að breytingin á stjórnarskránni 1991 hefur haft veruleg áhrif á þróunina hvað varðar beitingu heimildar til setningar bráðabirgðalaga. Hingað til hafa bráðabirgðalög einkum verið sett vegna efnahags- og kjaramála, m.a. um inngrip í vinnudeilur vegna verkfalla, og náttúruhamfara, auk þess sem finna má tilvik vegna árásanna á New York 11. september 2001, en þá voru sett bráðabirgðalög um tímabundna ábyrgð ríkissjóðs vegna trygginga og endurtrygginga á bótaábyrgð flugfélaga. Þá hafa verið sett bráðabirgðalög vegna nauðsynlegra leiðréttinga vegna augljósra mistaka sem átt hafa sér stað hjá Alþingi við setningu laga.

Með öðrum orðum er það einkum þegar ríkisstjórnin metur það svo að efnahagsstefna hennar sé í uppnámi, að nauðsynlegt hafi verið að grípa inn í kjaradeilur eða vegna náttúruhamfara og hryðjuverka sem ríkisstjórnin hefur fundið sér tilefni til að beita bráðabirgðalagaheimildinni.

Í aðdragandanum að gerð þessa álits gátum við hvergi fundið hliðstæðu þess að gripið væri til setningar bráðabirgðalaga þegar slíkir hagsmunir voru í uppnámi sem hér um ræðir. Af þessum efnisflokkum má ráða að meginreglan hafi verið sú að brýna nauðsyn hafi borið til þegar bráðabirgðalög hafa verið sett. Við þessa skoðun kom fram að bráðabirgðalögin frá því í sumar virðast ekki eiga sér hliðstæðu í réttarsögunni. Varla er að finna nokkurt tilvik þar sem sérstök lög hafa verið sett vegna lítilla fjárhagslegra hagsmuna fárra fyrirtækja og aðrir hagsmunir, jafnvel mun stærri, settir í uppnám af þeim sökum.

Frá því að 28. gr. stjórnarskrárinnar var breytt hefur aðeins einn hæstaréttardómur gengið um gildi bráðabirgðalaga eftir að stjórnarskrárbreytingin frá 1991 tók gildi. Það er hæstaréttardómur nr. 1995:2417. Málið laut að breytingum á niðurstöðu Kjaradóms sem ríkisstjórnin taldi mundu hafa veruleg áhrif á stjórnmálaaðstæður og ástand í þjóðfélaginu þannig að ákvarðanir hans tækju nú mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins, svo og almennum launabreytingum í kjarasamningum almennra launþega. Meiri hluti Hæstaréttar, þrír dómarar, taldi mat bráðabirgðalöggjafans standast ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar, en minni hlutinn, tveir dómarar, taldi svo ekki vera.

Enn fremur er að finna í niðurstöðu minni hluta Hæstaréttar að hann metur það svo að við þær aðstæður að ríkisstjórnin telur að nauðsynlegt sé að beita bráðabirgðalagaheimildinni sé henni í raun skylt, eftir breytingarnar 1991, að kalla saman þing.

Þetta er í reynd eina fordæmi Hæstaréttar sem hægt er að horfa til við mat á því nú hvort skilyrði ákvæðis stjórnarskrárinnar sé uppfyllt. Þar féllu atkvæði þrjú gegn tveimur, en lagasetningin var rökstudd með því að stjórnmálaástandið, efnahagsástandið og afkomuhorfur þjóðarbúsins hefðu verið í uppnámi yrði ekki gripið til ráðstafana.

Ég held að það sé ekki djúpt í árinni tekið, virðulegur forseti, sé því haldið fram að ekki sé hægt að setja fram sambærileg rök í þessu tilviki.

Nú ætla ég að fjalla aðeins um setningu bráðabirgðalaganna sem tóku gildi 1. júlí 2003. Sams konar frv. og það sem síðar varð að lögum við setningu bráðabirgðalaganna í sumar var lagt fram á Alþingi í mars sl. Í því var gert ráð fyrir að lögin tækju gildi 1. ágúst 2003, þ.e. það frv. sem lagt var fram á Alþingi í mars sl., en þá taldi hæstv. landbrh. ekki brýnni nauðsyn en svo á gildistöku þeirra reglna að gildistakan átti að eiga sér stað 1. ágúst 2003 eða mánuði síðar en menn töldu nauðsynlegt í sumar að gildistaka bráðabirgðalaganna miðaðst við, þ.e. 1. júlí 2003. Það frv. náði ekki fram að ganga á því þingi. Þingsköp Alþingis gera ráð fyrir að frumvörpum sem ekki verða að lögum á því þingi þegar þau eru lögð fram sé í reynd hafnað og þau skuli leggja fyrir Alþingi á nýju þingi eigi þau að geta orðið að lögum. Frv. hæstv. landbrh. dagaði því uppi og varð ekki að lögum á því þingi.

Sú ályktun verður því vitaskuld dregin af þeirri niðurstöðu að þingið hafi í mars hafnað því frv. sem síðar var lögfest með bráðabirgðalögum í sumar. Nú veit ég ekki hliðstæðu þess að slík staða hafi verið uppi við setningu bráðabirgðalaga.

Alþingi kom aftur saman eftir kosningarnar 10. maí sl. Umrætt frv. var ekki lagt fram á því þingi. Í sumar sem leið setti svo ríkisstjórnin umrædd bráðabirgðalög sem tóku gildi 1. júlí 2003 vegna lögleiðingar tilskipunar 91/1967, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og afurða, ásamt síðari breytingum. Bráðabirgðalögin voru sett til að greiða fyrir markaðssetningu íslenskra fyrirtækja á eldisfiski og hrognum til Skotlands en innflutningsbann hafði verið sett á íslensku eldisdýrin þar sem íslensk stjórnvöld höfðu ekki uppfyllt skilyrði um lögleiðingu tilskipunarinnar.

Hinn 1. júlí 2003 setti forseti Íslands bráðabirgðalög, nr. 103/2003. Í inngangsorðum bráðabirgðalaganna sagði, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér [þ.e. forseta Íslands] að stjórnvöld í Skotlandi og á Írlandi hafi nýlega lagt bann við innflutningi eldisdýra og afurða þeirra héðan með skírskotun til þess að Ísland og fiskeldisstöðvar hér á landi hafi ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í þessum löndum. Komi það til af því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki talið sér heimilt að gefa út slíkar tryggingar fyrir Ísland fyrr en löggjöf hér á landi hefur verið aðlöguð ákvæðum tilskipunar nr. 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra, eins og henni hafi verið breytt ... Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert.

Brýna nauðsyn beri því til þess að breyta nú þegar lögum á þann veg að lögleiða megi ákvæði áðurnefndra tilskipana og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hnekkja þessum hindrunum."

Sams konar sjónarmið og þessi komu fram í ræðu þeirri sem hæstv. landbrh. flutti á Alþingi þegar hann mælti fyrir frv. í haust.

Forsaga þessa máls er nokkuð löng. Tilskipunin er hluti af EES-samningnum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 69/1998, þ.e. tilskipunin 91/1967. Ísland hafði lengi haft undanþágu frá tilskipuninni. Sú undanþága féll endanlega úr gildi 30. júní 2002. Eftirlitsstofnunin EFTA

sendi íslenskum stjórnvöldum fjögur formleg kvörtunarbréf, þrjú þeirra dagsett í júní, nóvember og desember 2002 eða áður en hæstv. landbrh. lagði frv. fyrir Alþingi í mars sl. Má líta svo á að framlagning frv. þá hafi verið viðbrögð við þeim athugasemdum.

Í apríl 2003 sendi Eftirlitsstofnun EFTA rökstutt álit sem er síðasta formlega viðvörunin í málsmeðferðinni þar sem Íslandi var gefinn tveggja mánaða lokafrestur til að innleiða tilskipunin. Bréfið kemur í apríl 2003. Eftir þann frest yrði tekin ákvörðun um hvort höfða skyldi mál gegn íslenska ríkinu. Ljóst er að Alþingi kom saman eftir kosningarnar og þá eftir að íslensk stjórnvöld fengu umrætt bréf án þess þó að frumvarp um lögleiðingu tilskipunarinnar yrði lagt fram á því löggjafarþingi sem starfaði í nokkra daga eftir kosningarnar. Af þeirri staðreynd verður ráðið að íslensk stjórnvöld hafa ekki talið brýna nauðsyn að lögfesta tilskipunina vegna aðildarinnar að EES-samningnum. Það þurfti aðra hagsmuni til að svo slík nauðsyn teldist vera til staðar. Þetta styður það sjónarmið sem lesa má úr framsöguræðu landbrh. við framlagningu frv. að bráðabirgðalögin hafi fyrst og fremst verið sett vegna fjárhagslegra hagsmuna tiltekinna fyrirtækja í fiskeldi.

Vissulega er ætíð erfitt að átta sig á því hverjar fjárhagslegar afleiðingar bann af því tagi sem hér um ræðir kann að hafa í för með sér sem Skotar hafa sett gagnvart innflutningi á íslenskum eldisafurðum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam útflutningur Íslands á lifandi seiðum, laxahrognum og lifandi eldislúðu til Bretlands og Írlands alls um 6 millj. 258 þús. kr. á tímabilinu frá því að bráðabirgðalögin tóku gildi til dagsins í dag. Það eru hinir einu áþreifanlegu útflutningshagsmunir sem hægt er að benda á að hafi verið í uppnámi ef bráðabirgðalögin hefðu ekki verið sett.

Vel má vera að þrátt fyrir þessar tölur megi sýna fram á með einhverjum rökum að aðrir hagsmunir hafi einnig verið í húfi en þetta eru þær upplýsingar sem fram koma frá Hagstofu Íslands að hafi verið flutt út til þessara landa frá því að bráðabirgðalögin voru sett. Það verður að teljast afar sérstætt í þessu ljósi þó að vitaskuld vilji ég taka skýrt fram að þegar lögin voru sett gátu menn ekki séð nákvæmlega fyrir hverjir þeir hagsmunir voru en heildarútflutningur á þeim afurðum til þessara landa fyrstu tíu mánuði ársins eru nálægt 28 millj. kr. Fyrstu tíu mánuði ársins er heildarútflutningur til umræddra landa nálægt 28 millj. kr. þannig að í sjálfu sér hefði það ekki þurft að koma nokkrum á óvart að þeir brýnu hagsmunir, þ.e. fjárhagslegu hagsmunir hafi í reynd ekki verið meiri en raun ber vitni.

Það var bann á þennan innflutning íslenskra fiskeldisfyrirtækja til Skotlands og Írlands sem ríkisstjórnin taldi réttlæta setningu bráðabirgðalaga. Þessu vil ég harðlega mótmæla og vil vísa til þess að ef þessir hagsmunir réttlæta setningu bráðabirgðalaga þá erum við í reynd að segja að ráðherrar ríkisstjórnarinnar geti meðan þing situr ekki sett hvaða lög sem eru, sett hvaða bráðabirgðalög sem eru. Við gætum allt eins átt von á því, af því að við ræðum ákvarðanir hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstjórnar, að bráðabirgðalög yrðu sett um umboðsmann íslenska hundsins. Og við getum átt von á hverju sem er ef þessir hagsmunir, sem í reynd kemur ekki á óvart að eru ekki meiri en raun ber vitni, yrðu viðurkenndir sem nægileg forsenda þess að gripið er til þeirrar heimildar sem veitt er ríkisstjórninni í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Við getum átt von á því að henni verði beitt á hvern þann hátt sem er. Það tel ég, virðulegi forseti, að hafi ekki verið hugsun Alþingis og stjórnarskrárgjafans þegar 28. gr. stjórnarskrárinnar var breytt árið 1991. Það er ekki nema von að þeir tveir sérfræðingar á þessu sviði sem fyrir hv. landbn. komu mátu það svo að aldrei fyrr í réttarsögunni hafi heimildir til setningar bráðabirgðalaga verið teygðar með jafnsvakalegum hætti og í þessu tilviki.

Ég vil taka skýrt fram að með þessu er ég ekki að gera lítið úr hagsmunum fiskeldisfyrirtækja og þeirrar atvinnustarfsemi sem þeim tengjast. En ég er hins vegar að vekja athygli á að ef þetta er viðurkennt, þá er í reynd eins og Alþingi starfar nú verið að viðurkenna að ríkisstjórnin færi með óheft lagasetningarvald ætíð þegar þingfrestun stendur yfir og við erum þá að tala um allt að 4–5 mánuði á ári. Ég met það þannig, virðulegi forseti, og minni hluti landbn. að slík niðurstaða sé með öllu ótæk og ekki líðandi.

Það er mat minni hlutans að nauðsynlegt sé fyrir ríkisstjórn áður en bráðabirgðalög eru sett að vanda mjög til verka og vega og meta alla þá hagsmuni sem kunna að vera í húfi við setningu laganna. Ekki verður séð að hagsmunir íslenskrar náttúru hafi að nokkru verið metnir áður en ákvörðun var tekin um að afnema innflutningsbann á lifandi fiskum, krabbadýrum og lindýrum. Í II. kafla þessa álits verður reynt að gera frekari grein fyrir þessum hagsmunum sem ekki virðist hafa verið gefinn mikill gaumur þegar ákvörðun um að setja bráðabirgðalögin frá því í sumar var tekin.

Þá vekur það sérstaka furðu minni hlutans sú staðreynd að landbrn. virðist ekkert hafa fjallað um þær leiðir sem Stefán Már Stefánsson lagaprófessor bendir á í álitsgerð sinni þar sem hann vekur athygli á heimild til að hafa innlendar reglur um verndun og viðhald tegunda sem falla utan gildissviðs tilskipunarinnar. Þennan sama skilning er að finna í bréfi Margot Wallström, ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, en um þetta verður fjallað frekar á eftir.

Í ljósi þessa möguleika vekur það undrun að hæstv. umhvrh. sem fer með náttúruverndarmál skuli ekki hafa verið hafður með í ráðum um hvernig rétt væri að bregðast við þeirri ógn sem steðjaði að íslenskri náttúru þegar umræddu innflutningsbanni yrði aflétt. Til að bæta gráu ofan á svart er rétt að nefna að hæstv. umhvrh. hefur ekki enn sett reglugerð sem honum ber að setja, sem honum bar lagaskylda til að setja og sú skylda hefur hvílt á hæstv. ráðherra síðan 1999 samkvæmt ákvæði 41. gr. náttúruverndarlaga, en þar segir að birta eigi skrá yfir þær tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins. Það er því mat minni hlutans að stjórnsýsla þeirra ráðuneyta sem fjalla áttu um þetta mál hafi ekki verið með þeim hætti sem gera verður kröfu til.

Að öllu þessu virtu og að teknu tilliti til þeirra röksemda sem fram koma í áliti þeirra sérfræðinga sem komu fyrir nefndina er það skoðun minni hlutans að skilyrðið um brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi ekki verið uppfyllt þegar umrædd bráðabirgðalög voru sett sl. sumar. Við teljum því, virðulegi forseti, að setning þessara bráðabirgðalaga fái ekki staðist þetta tiltekna ákvæði stjórnarskrárinnar. En hér verður þó að hafa í huga að setning þeirra laga var sérstök aðgerð og að sjálfsögðu drögum við ekki í efa að það frv. sem nú liggur fyrir þinginu standist stjórnarskrána, enda fyrir þingið komið á eðlilegan hátt eins og þingsköp kveða á um. Við erum fyrst og fremst að tala um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að

setja umrædd bráðabirgðalög sem byggðu á þeim forsendum sem fram koma í gögnum sem tengjast setningu þeirra laga. Við teljum að þeir fjárhagslegu hagsmunir réttlæti ekki að Alþingi sé á þann hátt að mínu viti svipt lagasetningarvaldi sínu eins og gert var og ef sú niðurstaða yrði viðurkennd, þá væri í reynd verið að viðurkenna að Alþingi hefði ekki þetta lagasetningarvald stóran hluta ársins.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að reyna að gera frekari grein fyrir þeim hagsmunum sem við í minni hluta landbn. teljum að hafi verið settir í uppnám við setningu þessara bráðabirgðalaga og ekki hafa verið gefinn nægur gaumur þegar sú ávörðun var tekin.

Tegundir í ám og vötnum á Íslandi eru fáar og vistkerfin ekki jafnflókin og þar sem tegundir eru margar. Því er lífríki í ám og vötnum hér mjög viðkvæmt fyrir röskun og skaðlegum áhrifum af innflutningi nýrra tegunda og stofna. Ein ágeng framandi krabbategund, eða lindýr, getur t.d. valdið verulegum skaða á vistkerfi í fersku vatni, m.a. á búsvæðum laxfiska.

Í umsögn Veiðimálastofnunar er bent á að í frumvarpinu sé fyrst og fremst tekið á sjúkdómahættu en ekki hættunni á erfðafræðilegum og vistfræðilegum áhrifum á lífríkið sem stafar af innflutningi lagardýra. Einnig að óhindraður innflutningur slíkra dýra geti valdið því að íslenskt vistkerfi bíði óbætanlegan skaða af og sérstöðu íslensks lífríkis í fersku vatni verði stofnað í stórkostlega hættu. Einnig er bent á þá hættu að eldisdýr geti sloppið eða verið sleppt og blandast innlendum stofnum sem fyrir eru.

Skemmst er að minnast þess að í kjölfar óhapps við slátrun úr sjókvíaeldi á Austfjörðum sóttu laxar úr sjókvíaeldi í íslenskar laxveiðiár og norskur eldishængur komst í eldisstöð til kreistingar fyrir íslenskt seiðaeldi.

Í umsögn Veiðimálastofnunar er minnt á hvernig innflutningur minksins hefur sett innlend vistkerfi í uppnám en sömu lögmál gilda um ferskvatnslífverur sem fluttar eru í vatni sem í geta borist lífverur sem ekki finnast í íslenskri náttúru. Í minnisblaði Náttúrufræðistofnunar segir að flest ríki taki þessa ógn mjög alvarlega og víðast sé ströng löggjöf til að stemma stigu við innflutningi framandi lífvera og dreifingu þeirra í samræmi við alþjóðlega samninga.

Á minnisblaði Náttúrufræðistofnunar segir að ekki aðeins sé íslenskur lax í hættu, heldur einnig búsvæði hans og annarra laxfiska, þ.e. urriða og bleikju, auk verðmæts lífríkis í íslenskum ám og vötnum. Lífríki Þingvallavatns og Mývatns séu t.d. einstök og þekkt á heimsvísu og þeim stafi hætta af þessari opnu heimild fyrir innflutningi á silungi, krabbadýrum og lindýrum. Mörg önnur íslensk vatnasvæði séu einstök og viðkvæm fyrir þessari ógn, t.d. Veiðivötn og Arnarvatnsheiði. Hvorki lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, né lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, taki á þeirri hættu sem steðjar að villtri náttúru vegna innflutnings á framandi tegundum eða stofnum heldur miði þau að því að koma í veg fyrir innflutning sjúkdóma.

Í greinargerð Veiðimálastofnunar segir að í náttúrunni hafi dýr aðlagast sýklum og sníkjudýrum viðkomandi svæðis að einhverju leyti. Flutningur dýra auki hættu á að framandi sýklar berist í nýtt umhverfi þar sem dýrastofna skorti mótefni við þeim. Þekking manna á sýklum og sníkjudýrum lagardýra sem og faraldsfræði þeirra sé takmörkuð og þótt meðhöndlun sjúkdóma og mótefnaframleiðsla gegn ákveðnum sjúkdómum hafi tekið framförum nægi sú þekking engan veginn til þess að tryggja að ekki verði stórslys við flutning lagardýra þannig að smitberar berist í eða á dýrunum eða í eldisvökva þeirra. Þar segir einnig að mörg dæmi væri hægt að nefna um sjúkdóma, t.d. í fiskum, sem borist hafa á milli landa með dýrum sem höfðu vottorð um heilbrigði. Þarna sé því tekin mikil áhætta, bæði fyrir íslenskt fiskeldi og náttúrulega stofna.

Í minnisblaði Náttúrufræðistofnunar til umhverfisnefndar Alþingis segir að með bráðabirgðalögunum hafi verið heimilaður innflutningur á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum, sem áður var bannaður, en landbúnaðarráðherra gat veitt undanþágur að fengnum umsögnum frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt meðmælum yfirdýralæknis. Þetta þýðir að á meðan umhverfisráðherra hefur ekki sett reglugerð um innflutning dýra er innflutningur á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum heimill án leyfa og ekki þarf neinar umsagnir eða meðmæli. Bráðabirgðalögin galopna þannig fyrir óheftan innflutning á lífverum sem geta skaðað lífríki í fersku vatni á Íslandi.

Í greinargerð erfðanefndar landbúnaðarins segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er ekki tekið á þeim áhrifum sem slíkur innflutningur geti haft á vistkerfi og erfðamengi innlendra stofna. Hins vegar segir í 1. kafla, 1. gr., 2. mgr. tilskipunarinnar: „Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda.“ Hér er væntanlega verið að vísa til alþjóðlegra skuldbindinga eins og samningsins um líffræðilega fjölbreytni og samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífssvæða Evrópu: Erfðanefnd landbúnaðarins telur mjög mikilvægt að þetta ákvæði verði einnig tekið inn í frumvarpið.“

Í bréfi Margot Wallström, umhverfisstjóra Evrópusambandsins, frá 26. september 2003 segir — í nefndaráliti minni hlutans er þetta raunar á ensku, en hljóðar í lauslegri þýðingu eitthvað á þá leið að hugsanleg útbreiðsla sjúkdóma verði að taka tillit til hins líffræðilega fjölbreytileika. Þess vegna verði við innlenda lagasetningu að huga mjög að vernd lífríkisins og náttúrunnar við flutning á lifandi dýrum milli svæða.

Þetta var í lauslegri þýðingu.

Kannski rétt að vísa til þess að hér er Margot Wallström í reynd að taka undir það að hér sé um svo sérstæða náttúru að ræða að það sé ekkert í Evrópusambandsreglunum sem mæli því í mót að innlend lagasetning byggi fyrst og fremst á verndun náttúrunnar og það séu sjónarmið sem séu viðurkennd og gangi jafnvel framar meginsjónarmiðunum um viðskiptafrelsi sem EES-samningurinn gengur út á.

Allar framangreindar tilvitnanir, ásamt fjölmörgum öðrum í gögnum landbúnaðarnefndar, ganga á einn veg: að hættan sem lífríki Íslands stafi af innflutningi á lifandi laxfiskum og öðrum dýrum til eldis sé mjög mikil og ekki séu nægilega öflug varnarákvæði í lögunum. Einnig er sterklega til þess vísað að ekki séu nýttir þeir möguleikar sem löggjafinn hefur til varnar lífríkinu, með tilvísan í alþjóðlegar skuldbindingar eins og samninginn um líffræðilega fjölbreytni og samning um verndun villtra plantna og dýra og lífssvæða Evrópu. Frumvarp landbúnaðarráðherra byggist algerlega á viðskiptalegum forsendum. Grunnstefið frumvarpi hæstv. ráðherra er viðskiptaleg rök þar sem reglum um sjúkdómavarnir er beitt sem tæknilegum viðskiptahindrunum. Minni hlutinn hafnar þessari leið. Minni hlutinn ítrekar þau sjónarmið sín að mun vænlegra sé að leggja megináherslu í innlendri löggjöf á vernd íslenskrar náttúru og

vistkerfis hennar, enda byggist slík löggjöf á viðurkenndum sjónarmiðum um náttúruvernd og heyrir því ekki undir tilskipun 91/67 og EES-samninginn. Í þessu samhengi má vísa til fordæmis í dómi Evrópudómstólsins í máli ECJ Case C-67/97 sem hefur fengið nafnið býflugnadómurinn, þar sem viðurkennt er að staðbundin verndarsjónarmið til verndar sérstöku lífríki og náttúru geti gengið framar almennum viðskiptafrelsissjónarmiðum ESB-sáttmálans. Því miður leggur landbúnaðarráðherra og meiri hluti landbúnaðarnefndar ekki til að sú leið verði farin nú til verndar íslensku lífríki og náttúru. Það er jafnframt mat hagsmunaaðila — er ég þá einkum að vísa til hagsmunaaðila á sviði stangaveiði og veiðiréttareigenda — og sérfræðinga að þær breytingar sem lagðar eru til af landbúnaðarráðherra og meiri hluta landbúnaðarnefndar, í kjölfar þess að lögleiða verður umrædda tilskipun, séu haldlausar með öllu.

Það er í raun mat minni hluta landbn. að hæstv. landbrh. hafi í reynd ekki leitað allra leiða til þess að tryggja vernd íslenskrar náttúru og við í minni hluta landbn. erum í reynd að taka undir og benda hæstv. landbrh. á að hægt sé að fara aðra leið en þá sem hæstv. ráðherra vill fara. En böggull fylgir hins vegar skammrifi því verði sú leið farin flyst þessi vernd frá hæstv. landbrh., þ.e. vald, til hæstv. umhvrh. Ég ætla að vona, virðulegi forseti, að þessi veruleiki, valdatogstreita milli ráðuneyta og hæstvirtra ráðherra valdi því ekki að íslensk náttúra og lífríki sé sett í uppnám. Ég ætla að vona að svo sé ekki. En við yfirferð á þessu máli og í ljósi þess hversu margir benda á að sú leið sem við höfum bent á sé mun vænlegri þá er afar sérstætt að í gögnum málsins liggur fyrir bréf frá ráðuneytisstjóra umhvrn. um að umhvrn. hafi hvergi komið nálægt þessu máli. Ég ítreka því það og vona að hér sé ekki verið að setja stórfellda hagsmuni í verulegt uppnám vegna þess að ekki er talsímasamband milli hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh. Kannski liggur skýringin í því að hæstv. umhvrh. hefur ekki enn sett umrædda reglugerð sem byggir á 41. gr. náttúruverndarlaga um bann við innflutningi á dýrum. Kannski liggur skýringin í því að þessi mál hafa verið til umræðu í talsverðan tíma og tekist hefur verið á um hvar vald á þessum málaflokki eigi að liggja.

Því segi ég, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að ég vona að valdatogstreita hæstvirtra ráðherra geri þetta ekki að verkum þá bendir mjög margt í gögnum málsins til þess að svo sé. Það tel ég vera afar alvarlegan hlut ef rétt er.

Hinn möguleikinn er vitaskuld sá sem við höfum reyndar bent á fyrr, þ.e. að stjórnsýslan og undirbúningur þessa máls hafi ekki verið sem skyldi. En a.m.k. komu aldrei fram nein rök í hv. landbn. fyrir því hvers vegna sú leið skyldi ekki farin sem við bendum á. Við í minni hluta landbn. sitjum því uppi með það að við teljum vænlegt að fara aðra leið eins og fleiri sérfræðingar, eins og lagaprófessor í Evrópurétti í háskólanum hefur bent á, en hún er ekki farin og engin rök eru fram sett hvers vegna sú leið er ekki farin.

Í öðru lagi í kafla 2 í álitinu, virðulegi forseti, fjöllum við um villtan lax og þá hagsmuni sem kunna að verða settir í uppnám hvað hann varðar vegna afnáms innflutningsbanns á lifandi fiskum, krabbadýrum og lindýrum.

Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf þar sem villtir stofnar Atlantshafslax hafa nokkurn veginn náð að halda velli á undanförnum áratugum. Í öllum öðrum löndum hafa laxastofnar mjög látið á sjá eða þeim hefur hreinlega verið útrýmt. Ástæður þessa má meðal annars rekja til mengunar, virkjana og sjúkdóma.

Sömu sjónarmið um hvers vegna þessir stofnar hafa látið verulega á sjá komu fram á fundi hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur sem ég sótti í gærkvöldi.

Margir stofnar hafa orðið fyrir þungum áföllum af völdum sjúkdóma eða sníkjudýra sem rekja má til laxeldis. Fjölmörg dæmi finnast um þetta, meðal annars í Skotlandi og Noregi. Nú eru veiðar á villtum laxi í nágrannalöndunum aðeins brot af því sem var um og upp úr miðri 20. öld, þ.e. rétt áður en hafið var sjókvíaeldi í stórum stíl í þessum löndum.

Ég vil þó taka skýrt fram, virðulegi forseti, að það frv. sem við ræðum hér lýtur ekki beint að sjókvíaeldi. Hins vegar er ég hér að draga fram þau sjónarmið sem eigendur laxveiðiréttinda og sjóstangaveiðimenn hafa sett fram um það hvaða ógn geti steðjað að íslenskri náttúru ef ekki verður gott skipulag á innflutningi á þessum lifandi dýrum.

Íslendingar hafa blessunarlega verið lausir við hrun eða útrýmingu laxastofna sinna. Hér á landi er löng hefð fyrir því að reyna eftir fremsta megni að vernda og hlúa að villtum laxastofnum. Það hefur tekist bærilega þótt vissulega hafi menn sökum vanþekkingar í einhverjum tilvikum gert mistök. Sjókvíaeldi á laxi hefur verið mjög takmarkað. Veiðitölur tala skýru máli. Á tímabilinu 1974–2003 var meðalheildarveiði á villtum löxum í íslenskum laxveiðiám nálægt 35.000 löxum árlega. Mest veiddist árið 1978, en þá voru um 55.000 laxar dregnir á land. Lægst fór veiðin árið 1984, en þá veiddust um 25.000 laxar. Veiðin í fyrra var 36.000 laxar. Enginn vafi leikur á því að sala á laxveiðileyfum er mikilvæg tekjulind í mörgum sveitahéruðum hér á landi. Nefna má sveitir Borgarfjarðar, Húnavatnssýslur, Múlasýslur, Árnes- og Rangárvallasýslur í þessu sambandi og án efa mun fleiri. Talið er að laxveiðin skili um þremur milljörðum króna í tekjur árlega, þar af a.m.k. einum milljarði sem kemur frá útlendingum sem kaupa laxveiðiréttindi í íslenskum ám. Það er ljóst að hér eru stórkostlegir hagsmunir í húfi.

Mikil fjármunavelta er í kringum veiðarnar, bæði með sölu veiðileyfa og einnig í tengslum við ýmsa verslun og þjónustu sem tengist veiðunum. Heildarverðmæti þeirrar auðlindar sem felst í íslensku laxveiðiánum er talið nema um 30 milljörðum króna. Hér skal vitaskuld skýrt tekið fram að allt slíkt mat er mjög erfitt en hér er væntanlega byggt á *hefðbundnum sjónarmiðum við fasteignamat*, þ.e. að árlegar tekjur séu margfaldaðar með 10. Til viðbótar þessu verðmæti í krónum og aurum má síðan bæta þeirri auðlegð sem felst í þeim náttúruperlum sem laxveiðiárnar eru og þeirri staðreynd að veiðar og dvöl við þessar ár veita þúsundum manna mikla ánægju og hvíld árlega.

Það er líka alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að vernda ímynd laxveiðinnar á Íslandi, og m.a. var á það bent af einstaklingum sem til þekkja og komu fyrir landbn. að mikið eldi við strendur Skotlands og Írlands hafi dregið mjög úr vægi og tekjumöguleikum áa á þeim svæðum.

Komið hefur fram í nýlegu svari landbúnaðarráðherra á hinu háa Alþingi að nú eru um 2,5 millj. laxa í sjókvíaeldi í Mjóafirði og Berufirði. Erfitt er að sjá fyrir að mikill hagnaður geti orðið af þessu eldi. Vitað er að laxeldi á mjög við ramman reip að draga í nágrannalöndunum þar sem laxeldi hefur þó verið stundað í áratugi. Sjúkdómar hafa t.d. valdið miklu tjóni. Meðal annars hefur veirusjúkdómurinn blóðþorri (ISA) valdið miklum búsifjum í Færeyjum. Þessi sjúkdómur hefur aldrei greinst í laxi hér á landi en þessir

laxar sluppu nýverið úr kvíum í Oyndarfirði í Færeyjum en þaðan eru aðeins rúmar 300 sjómílur til sjókvíaeldisstöðvanna á Austfjörðum. Ef ég man ummæli hæstv. landbrh. rétt þegar eldisfiskar sluppu úr kvíum á Norðfirði hafði hæstv. landbrh. orð á því að vonandi mundu þeir bara synda til Færeyja. En ef hinir færeysku laxar taka undir sjónarmið hæstv. landbrh. með öfugum formerkjum gætu þeir tekið upp á því að synda til Íslands. (Gripið fram í.) Þá sjá menn hvílík hætta stafar af þessu. Með þessu er ég aðeins að draga fram hvaða hagsmunir geta verið í húfi. Og ég er líka að draga það fram, virðulegi forseti, að það að ráðast í bráðabirgðalagasetningu á þann hátt sem gert var í sumar á jafnlítt ígrundaðan hátt þegar jafnlitlir hagsmunir og raun ber vitni voru í húfi er mjög alvarlegt í mínum huga og mjög alvarlegt í huga minni hluta landbn. Við teljum, virðulegi forseti, að hæstv. landbrh. og ríkisstjórninni í heild sinni hafi orðið verulega á í aðgerðum sínum og við skoðun hefur reynst mjög erfitt að finna viðunandi rök fyrir þessum aðgerðum, og eiginlega vonlaust.

Virðulegi forseti. Það er staðreynd að mikið af eldislaxi sleppur árlega úr sjókvíum. Ekkert hefur komið fram sem sannfærir minni hlutann um að það sé minni hætta á að lax sleppi úr sjókvíum við Ísland en sjókvíum við Færeyjar eða Noreg svo að dæmi sé tekið. Talið er að um 2 millj. laxfiska hafi sloppið úr sjókvíunum við Norður-Atlantshaf í fyrra. Þar af sluppu um 620 þús. laxar og urriðar úr norskum kvíum. Það sem af er þessu ári hafa Norðmenn misst 354 þús. laxfiska úr sínum kvíum en talið er að um 600 þús. laxar hafi sloppið úr sjókvíum við Færeyjar á síðasta ári.

Það er alþekkt staðreynd að eldislaxar leita upp í laxveiðiár þar sem þeir geta spillt fyrir hrygningu villtra laxa og jafnvel blandast þeim að erfðum sem aftur kann að veikja villta laxastofninn og gera hann síður hæfan til að komast af við náttúrulegar aðstæður. Veiðimálastofnun hefur m.a. bent á þetta í ágætri umsögn frá 22. október 2003.

Íslenskar laxveiðiár eru flestar litlar en mjög fjölbreytilegar að allri gerð. Tiltölulega fáir laxar ganga í þær árlega. Ekki síst er miðað við þann gríðarlega fjölda norskættaðra eldislaxa sem nú eru í sjókvíum á Austfjörðum. Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að ýtrustu varúðarráðstafana verði gætt við veitingu leyfa til sjókvíaeldis við strendur Íslands.

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en vakið sérstaka eftirtekt á þeim málflutningi sem meiri hluti landbn. og á köflum hæstv. landbrh. hafa haft uppi sem réttlætingu fyrir þeim bráðabirgðalögum sem sett voru í í sumar. Þau hafa sagt að allt fiskeldi í landinu hafi verið í uppnámi. Því vil ég mótmæla harðlega. Það minnisblað sem hv. formaður landbn., Drífa Hjartardóttir, las upp úr áðan er minnisblað sem minni hlutinn hefur ekki séð. Það minnisblað hefur sem sagt ekki verið kynnt minni hluta landbn. þannig að þær upplýsingar sem þar voru raktar hafa ekki verið kynntar okkur. En það breytir ekki hinu að þær röksemdir sem voru settar fram fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga voru fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis vegna þess að uppi var að ákvarðanir höfðu verið teknar um bann á innflutningi þeirra dýra sem hér um ræðir til Skotlands og hugsanlega Írlands. Innflutningur til þessara landa frá 1. júlí til dagsins í dag nemur rúmum 6 millj. kr. Það er í reynd sá hlutlægi mælikvarði sem við getum lagt á þá ákvörðun sem tekin var af ríkisstjórninni í sumar. Allt annað er útúrsnúningur af hálfu ríkisstjórnar og þeirra sem mæla fyrir þessu.

Því segi ég það, virðulegi forseti, að af öllu framansögðu er það mat minni hluta landbn. að setning bráðabirgðalaganna í sumar hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem 28. gr. stjórnarskrárinnar gerir um heimild til setningar þeirra. Það er einnig mat minni hlutans að setning laganna hafi sett mikla hagsmuni í náttúru Íslands í uppnám og að undanþáguheimildir samkvæmt tilskipun 91/1967 og 13. gr. EES-samningsins hafi ekki verið nýttar til fulls. Það gagnrýnum við harðlega og í því felst gagnrýni á þá leið sem hæstv. landbrh. ákvað að fara í stað þess að fela hæstv. umhvrh. að sjá um að setja þær reglur sem er nauðsynlegt að setja til að tryggja þessa hagsmuni.

Minni hlutinn telur enn fremur að vinnubrögð Stjórnarráðs í þessu mikilvæga máli geti ekki talist eðlileg. Það var í reynd ekkert samstarf eins og fram kemur í skriflegri yfirlýsingu ráðuneytisstjóra umhvrn. milli landbrn. og umhvrn. í þessu mikilvæga máli. Ég ítreka því þá afstöðu minni hluta landbn. að hann lítur þetta mjög alvarlegum augum.

Hv. alþm. Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur nál. þessu en ásamt þeim sem hér stendur stendur að áliti þessu allur minni hluti landbn., þ.e. hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Ásgeir Friðgeirsson. Eftir að hafa gert grein fyrir áliti minni hluta landbn., virðulegi forseti, vil ég segja að það er mjög mikilvægt að yfir þetta mál verði sest nú, yfir þetta mál verði sest enn frekar og leitað nýrra leiða til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt vegna þess að ég held að í raun og veru hafi minni hluti landbn., meiri hluti landbn. og hæstv. landbrh. sömu markmið í málinu. Hins vegar teljum við að vinnubrögðin og þær leiðir sem eru farnar til að ná þessum markmiðum muni ekki ganga upp og við teljum að sú mikla áhersla sem lögð er á sjúkdómavarnir í þessu kunni að verða túlkuð þannig í framtíðinni að um sé að ræða fyrst og fremst tæknilegar viðskiptahindranir sem er beitt í ljósi þeirra krafna sem koma frá tilskipuninni um frjáls viðskipti með þau dýr og markaðssetningu þeirra dýra sem tilskipunin fjallar um.

Ég vil nefna það hér og þakka formanni nefndarinnar fyrir að þrátt fyrir að við höfum haft skamman tíma var hægt að kalla til alla þá sérfræðinga sem við óskuðum eftir og þeir komu fyrir nefndina. Því er hægt að fullyrða að samstarfið í nefndinni hafi verið með ágætum og það þrátt fyrir að Norðurlandaráðsþing hafi komið þarna inn í vinnu nefndarinnar. Eins og hv. þm. þekkja þarf að afgreiða þetta frv. innan sex vikna frá því að þing kemur saman því ella falla lögin úr gildi og þá um leið væntanlega allar reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna.

Að þessum orðum sögðum, virðulegi forseti, hef ég lokið við að gera grein fyrir áliti minni hluta landbn.

[12:02]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gera hér tvær athugasemdir við málflutning hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Sú fyrri er varðandi minnisblaðið sem kom frá landbrn.

Það kemur mér mjög á óvart ef aðrir nefndarmenn hafa ekki séð það. Það var svar við spurningum sem við lögðum fyrir ráðuneytið. Svarið barst þaðan og er í möppunum okkar allra. Það kemur mér mjög á óvart ef hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur ekki séð þetta minnisblað.

Í öðru lagi mótmæli ég því þegar hv. þm. fullyrðir að frv. hafi verið hafnað í vor. Svo var ekki. Eins og hv. þm. veit kom málið mjög seint fram og við vitum öll að það

var mikill ágreiningur um það. Þess vegna var það sent til umsagnar. Við hefðum svo sannarlega viljað fá málið fyrr fram í fyrravetur til þess að fara ítarlega yfir það. Mörg frumvörp koma fram í þinginu sem fara ekki í gegn á fyrsta þingi heldur koma aftur fram á næsta þingi.

En þar sem engar brtt. eru í hv. minnihlutaáliti landbn. geri ég ráð fyrir að minni hlutinn styðji þær brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt hér fram. Þær hafa svo sannarlega bætt þetta mál allt og m.a. sett inn, einmitt eins og hv. þm. kom inn á, varðandi erfðanefndina sem er þá komin þarna inn sem umsagnaraðili.

[12:04]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þess sem hér kom fram í lokin í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég gat þess ekki í framsögu fyrir áliti minni hlutans en ætlan minni hluta landbn. er að leggja fram brtt. við 3. umr. þessa máls.

Á hinn bóginn vegna þess sem fram kom í máli hv. þingmanns um að í möppunni kunni að vera eitt minnisblað sem við höfum ekki séð finnst mér rétt að sýna þingheimi þá möppu sem við erum hér með. Ef umrætt minnisblað leynist í þessari möppu og hefur komið inn á einhverjum síðari stigum ber að sjálfsögðu að virða það.

Kannski var það eina sem skiptir máli í máli hv. þingmanns hvort frv. hafi verið hafnað eða ekki. Það er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni að einhver ályktun verði dregin af því hvert viðhorf tiltekinnar nefndar hafi verið til málsins. Það er einfaldlega þannig í þingsköpum að þau mál sem ekki eru afgreidd falla niður. Með öðrum orðum er það einfaldlega þannig að þeim málum er hafnað sem ekki eru afgreidd. Þau mál þarf að leggja fram á nýjan leik.

Þannig er það einfaldlega og það hefur ekkert með afstöðu tiltekinna hv. þm. að gera. Ég man reyndar ekki einu sinni alveg hvort allir þeir sem þá sátu í hv. landbn., þ.e. fyrir kosningarnar síðustu, séu enn á þingi og geti gert grein fyrir þeirri afstöðu sem þeir hafi til málsins á þeim tíma. Þó veit ég að ýmsir þingmenn Sjálfstfl. höfðu miklar athugasemdir við frv.

[12:06]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara endurtaka það að frv. var ekki hafnað heldur var það ekki afgreitt. Og þannig er það nú. Mér finnst ágætt af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að sýna öll þau skjöl sem liggja hér fyrir nefndinni, málið er búið að fá geysilega góða yfirferð, við höfum fengið feiknarlega miklar og fræðilegar álitsgerðir og ég held að við höfum unnið þetta mál mjög vel.

Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf í nefndinni.

[12:07]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemd við aðra af meginniðurstöðum minni hluta landbn. sem gengur út á það að við setningu bráðabirgðalaganna hafi skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar ekki verið uppfyllt. Ég tel að þessi niðurstaða sé ekki bara röng, heldur algjörlega lögfræðilega ótæk. Og af hverju segi ég það? Jú, ég segi það vegna þess að fyrst og fremst er vísað í tvö atriði þessari niðurstöðu til stuðnings, annars vegar hæstaréttardóm þar sem meiri hluti Hæstaréttar fellst á það að skilyrði stjórnarskrár um brýna nauðsyn hafi verið uppfyllt þegar þau lög voru sett. Samt sem áður kýs minni hlutinn í landbn. að vísa til þessa dómafordæmis máli sínu til stuðnings, í mál Hæstaréttar þar sem komist er að allt annarri niðurstöðu en niðurstaða nál. byggir á. Í öðru lagi er vísað til álits sérfræðinga sem komu fyrir nefndina og á grundvelli þeirra álitsgerða ályktað að setning bráðabirgðalaganna hljóti að brjóta í bága við skilyrði 28. gr.

Ef við skoðum þá álitsgerð sem lögð hefur verið fram með þessu máli, álitsgerð Ragnhildar Helgadóttur, segir þar, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeim dómum sem gengið hafa um þetta atriði á síðasta áratug tel ég ólíklegt að dómstólar mundu telja bráðabirgðalöggjafann hafa farið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar er lög nr. 103/2003 voru sett. Sú niðurstaða er þó ekki vafalaus."

Þetta hlýtur að þýða að álitsgerðin komist að þeirri niðurstöðu að það sé mjög ólíklegt að skilyrði um brýna nauðsyn hafi ekki verið uppfyllt. Það sætir því furðu að minni hluti landbn. komist að þveröfugri niðurstöðu.

[12:09]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf kannski ekki að koma á óvart þótt hv. þingmaður dragi í fljótu bragði þessar ályktanir af álitsgerð okkar enda kom hún seint fram, bara rétt fyrir fundinn. Ef hv. þm. hefði hins vegar haft ágætan tíma til að lesa það álit sem við hér leggjum fram drögum við það fram með mjög skýrum hætti að þeir hagsmunir sem voru í húfi, þ.e. þessir útflutningshagsmunir sem alfarið var byggt á, rúmar 6 millj., réttlæti ekki setningu bráðabirgðalaga.

Í öðru lagi vísum við til þess hvaða vilji kom fram í nál. og í umræðum við breytingu á stjórnarskránni árið 1991. Af þessum tveimur meginsjónarmiðum drögum við þá ályktun að þetta standist ekki. Við vitnum til annarra þátta en gerum þá ekki að meginsjónarmiðum í niðurstöðu okkar. Ég vænti þess að hv. þingmaður geti gefið sér betra tóm til að lesa það álit sem við hér leggjum fyrir og ég skil vel að hv. þingmanni hafi ekki gefist það þar sem því var ekki dreift fyrr en kl. hálfellefu.

[12:11]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill nú þannig til að ég hef lesið álitið í gegn og veit út á hvað það gengur. Það verður ekki fram hjá því litið að minni hlutinn byggir niðurstöðu sína um það að setning bráðabirgðalaganna hafi ekki staðist ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar á álitsgerð Ragnhildar Helgadóttur og niðurstöðu hennar. Sú álitsgerð gengur þvert gegn niðurstöðu nefndarinnar. Og ef við bara tölum á mannamáli og sleppum lögfræðimálinu varpa ég fram spurningu, og svara henni: Hvert er inntak og niðurstaða álitsgerðarinnar? Jú, niðurstaðan er sú að höfundur álitsgerðarinnar, hinnar lögfræðilegu álitsgerðar, segir að telji einhver að réttur hafi verið á sér brotinn við setningu bráðabirgðalaganna vegna þess að skilyrði stjórnarskrár um brýna nauðsyn hafi ekki verið uppfyllt er ólíklegt að dómstólar mundu fallast á kröfur viðkomandi á þeim grundvelli. Þetta er aðalatriðið. Ef menn færu í mál og flögguðu álitsgerð sem þessari bæri náttúrlega álitsgjafa, eins og t.d. flutningsmanni, hv. þm. sem hér stóð í pontunni, að vekja athygli á því að niðurstaða álitsgerðarinnar, hinnar lögfræðilegu álitsgerðar, er sú að að öllum líkindum mundi setning bráðabirgðalaganna standast ákvæði stjórnarskrárinnar.

Þess vegna sætir það furðu að minni hluti landbn. komist að þeirri niðurstöðu sem þar kemur fram og gengur þvert á það lögfræðiálit sem hún sjálf byggir á.

[12:13]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í reynd er engu við þetta að bæta og í þessu andsvari kom ekkert nýtt fram sem máli skiptir. Hins vegar vakti það sérstaka athygli mína að í niðurstöðu þessarar álitsgerðar sem vitnað er til, sem við gerum ekki að aðalatriði heldur drögum fram að þetta sjónarmið hafi verið sett fram, treystir hún sér ekki til að fullyrða nákvæmlega hvernig þetta er og segir að þetta sé ekki vafalaust. Þessi greinargerð er þess utan unnin með miklum hraði eins og flest í þessari nefnd og það var á engan hátt hægt að meta þá hagsmuni sem verið var að bjarga með setningu bráðabirgðalaganna, borið saman við þá hagsmuni sem settir voru í uppnám.

Að öðru leyti vísa ég þessum fullyrðingum á bug.

[12:14]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Við umfjöllun þessa máls óskaði landbn. eftir áliti umhvn. á þeim þáttum sem snúa sérstaklega að umhverfissjónarmiðum. Ég ætla að gera grein fyrir áliti umhvn. sem er fskj. með áliti meiri hluta landbn.

„Það mál sem við erum að ræða hér var einnig lagt fram á 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt þá. Með frumvarpinu voru lagðar til breytingar á lögum um að lögfesta ákvæði tilskipunar um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra og 1. júlí sl. voru samþykkt bráðabirgðalög þar sem ákvæði frumvarpsins voru lögtekin og frumvarpið nú lagt fram til að staðfesta bráðabirgðalögin. Það er um að ræða breytingar á lögum um innflutning dýra, um lax- og silungsveiði, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með bráðabirgðalögunum var gerð breyting á framangreindum lögum þannig að innflutningsbanni á eldisdýrum og lifandi laxfiski og öðrum fiski er lifir í fersku vatni var aflétt en innflutningur þeirra skyldi háður reglum sem landbúnaðarráðherra setur. Að auki var bætt við ákvæði sem heimilar takmarkanir á inn- og útflutningi ef sjúkdómahætta er fyrir hendi.

Frumvarp þetta er einkum samið með tilliti til viðskiptahagsmuna Íslands og þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem tengjast þeim sem og sjúkdómavörnum. Við umfjöllun málsins, bæði á 128. löggjafarþingi og yfirstandandi þingi, hafa hins vegar margir aðilar látið í ljósi áhyggjur af áhrifum þess að innflutningsbanni á fiski, einkum laxi, sé aflétt. Auk þess sem bent hefur verið á að sjúkdómar geti borist með viðkomandi innfluttri tegund og herjað í framhaldinu á innlendar tegundir hefur verið bent á fleiri áhættuþætti. Fagstofnanir hafa bent á hættuna á því að framandi eldisdýr geti sloppið inn á skilgreint eldissvæði og blandast þeim innlendu stofnum sem þar eru fyrir. Það hafi í för með sér erfðablöndun og erfðaeiginleikar innlendra stofna geti af þessum sökum glatast og þar með stofnar sem eru aðlagaðir aðstæðum í umhverfi sínu í gegnum náttúruval. Við þetta geti líffræðilegur fjölbreytileiki tapast og ef til vill mikilvægir nytjastofnar. Sömu aðilar hafa einnig bent á hættuna á því að framandi lífverur geti raskað því lífkerfi sem fyrir er. Nefndin tekur undir það að nauðsynlegt sé að fara varlega í að heimila innflutninginn. Leggur hún einkum áherslu á að líffræðilegur fjölbreytileiki í íslenskum laxfiskum sé verndaður. Þá vill nefndin taka fram að í þeim gögnum sem nefndunum hafa borist koma fram upplýsingar um að ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig lagt á það ríka áherslu að líffræðileg fjölbreytni sé varðveitt. Því sé mikilvægt að fyllstu varúðar sé gætt þegar tegundir eru fluttar á milli svæða til að draga úr hættunni á að tegundir með mismunandi erfðaeiginleika blandist hver annarri.

Í nefndarstarfinu í umhvn. var rætt um þýðingu ákvæðis 13. gr. EES-samningsins fyrir innflutningsbannið og hvort hægt væri að lögfesta ákvæði um vernd íslenskra laxfiska á grundvelli 2. mgr. 1. gr. umræddrar tilskipunar en þar segir að hún hafi ekki áhrif á reglur um verndun tegunda samkvæmt landslögum eða EB-rétti. Að mati nefndarinnar heimila framangreind ákvæði að sérstök verndarákvæði séu í löggjöf einstakra landa. Jafnframt má minna á að Ísland er aðili að Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og er skuldbundið til að hlíta ákvæðum þeirra. Ýmis ákvæði eru í gildandi lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og náttúruverndarlögum sem eru til þess fallin að vernda staðbundna laxfiska hér á landi. Telur nefndin ástæðu til að árétta þau enn frekar.

Fyrir liggur að Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða tilskipun 91/67/EBE í íslenska löggjöf. Var það gert með bráðabirgðalögunum sem frumvarpi þessu er ætlað að staðfesta. Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands lítur nefndin svo á að ekki verði komist hjá því að innleiða tilskipunina hér á landi. Vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi telur hún þó að þörf sé á skýrara ákvæði um verndun innlendra laxfiska. Nefndin leggur því til að landbúnaðarnefnd bæti við ákvæði í frumvarpið sem tryggi enn betur þá vernd."

Það var í raun og veru mjög góð samstaða í umhvn. við vinnu þessa álits og nefndin var einróma í áliti sínu. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að landbn., undir forustu hv. þm. Drífu Hjartardóttur, hefur farið mjög vandlega yfir alla þætti þessa máls og lagt í það mjög mikla vinnu þrátt fyrir það að tíminn sé naumur. Ég tel að brtt. þær sem meiri hlutinn leggur til að gerðar verði á frv. komi fyllilega til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið við umfjöllun málsins og þar hafi verið komið til móts við óskir um að tryggja enn betur innlenda laxastofna og vernd þeirra.

Að lokum vil ég þakka formanni landbn. og nefndinni allri fyrir mjög vönduð vinnubrögð í þessu vandasama máli.

[12:21]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég sit í landbn. og er á nál. minni hluta landbn. eins og fram hefur komið. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur farið yfir nál. minni hluta landbn. og sé ég ekki ástæðu til að eyða löngum tíma í að endurtaka það.

Ég vil almennt segja um þetta mál að brtt. meiri hluta landbn. eru allar til bóta að mínu mati og ég tel að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum styðja þær brtt. við frv. Hins vegar getum við ekki stutt frv. sem slíkt fyrir margra hluta sakir.

Í fyrsta lagi er aðdragandi málsins, að okkar mati, mínu mati, mjög gagnrýniverður. Það hefur margkomið fram að það að setja bráðabirgðalög fyrir svo litla hagsmuni sem raun ber vitni er ekki réttlætanlegt. Það hefur komið fram hér í umræðunni að samkvæmt hagskýrslum erum við að tala um útflutningshagsmuni sem eru að öllum líkindum rétt rúmlega 6 millj. kr. Að setja svo stórt mál í hendur embættismanna

í ráðuneytum að útbúa frumvarp til bráðabirgðalaga er allsendis óhæft. Þetta er það stórt mál að um það þarf miklu breiðari og víðari umfjöllun.

Við erum að tala um gríðarlega mikla hagsmuni í efnahagsmálum okkar, svo maður sleppi nú umræðunni um hin raunverulegu umhverfismál. Hagsmunaaðilar sem byggja lífsviðurværi sitt á laxfiskum telja að veltan í greininni í okkar landi sé um 3 milljarðar kr. á ári. Það er leiga á veiðirétti í laxveiðiám landsins og þjónusta við þá ferðamenn sem koma gagngert til þess að veiða hér lax. Hér er því ekki verið að ræða um neitt smámál í efnhagslegu tilliti, hvað þá út frá náttúruverndarsjónarmiðum, sem við getum öll verið sammála um.

Þetta er svo stórt mál að það má segja að stórir landshlutar og heilu sveitirnar byggi grundvöll sinn á því að laxastofnar séu hreinir og að þá megi veiða á þann hátt sem við höfum gert áratugum og öldum saman, þannig að við erum að tala um stórt og mikið mál. Þess vegna er að okkar mati, eða mínu mati, forkastanlegt að beita slíkum aðgerðum sem bráðabirgðalög af því tagi sem hér um ræðir eru.

Við höfum komið með þá hugmynd í umræðuna — og það kom fram í landbn. — að hægt væri setja það inn í lagaramma okkar að laxeldi yrði einvörðungu leyft á landi. Ég léði máls á því að það mætti fara þá leið og að það yrði sett inn í lagasetningu okkar að það yrði einvörðungu leyft að stunda laxeldi á landi. En meiri hlutinn vill ekki fara þá leið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta lagafrumvarp. Ég tel að aðdragandinn hafi allur verið hinn óheppilegasti. Ég bendi á nál. minni hluta landbn., sem ég er í einu og öllu sammála. Ég bendi á það sem fram kom í máli mínu hér áðan að þessi atriði, brtt. meiri hlutans eru allar til bóta og þess vegna munum við styðja þær. En ég hefði viljað sjá miklu strangari ákvæði inni í þessari umgjörð allri vegna hagsmuna okkar. Þá er ég aðallega að tala um hvað laxfiskana varðar, hinn efnahagslega þátt. Hina gríðarlegu hagsmuni frá sjónarhóli landeigenda, bændanna og sveitanna. Heilu héruðin grundvallast í raun á þessari auðlindanýtingu. Við getum tekið svæði eins og Vopnafjörð, Húnavatnssýslurnar og Borgarfjörð. Þar byggist undirstaða tekjuöflunar bænda í raun og veru á þessari auðlind, þannig að hér er verið að setja mikið á spil.

Orri Vigfússon hafði samband við mig í gær, staddur á fundi í Dublin, og greindi frá því að írska þingið hefði verið að samþykkja áætlun um að gera heildarúttekt á stöðu eldismála þar í landi vegna eyðileggingar á lífríkinu. Þjóðirnar í kringum okkur, að mér er sagt, eru að gera nákvæmlega það sama vegna þess að uppi eru gríðarlega miklar áhyggjur og menn standa frammi fyrir eyðileggingu sem þeir sáu ekki fyrir. Það er verið að nota hundruð millj. kr. og milljarða kr. í að kortleggja þessa eyðileggingu í löndunum í kringum okkur, um allt norðanvert Atlantshafið.

Það er svo merkilegt með okkur Íslendinga að það er eins og við þurfum ævinlega, ekki bara í þessu máli heldur í svo mörgum öðrum, að gera sömu mistök og aðrir hafa gert kannski fyrir 10, 15, 20 árum. Það er mjög algengt í þessu landi. Við vöðum áfram. Umsóknir um eldispláss, menn eru svo óþolinmóðir að það má ekki skoða neitt. Það má ekki velta fyrir sér neinni heildarmynd í þessu sambandi. Og að hlaupa upp til handa og fóta, eins og gert var í sumar, með rökstuðningi um gríðarlega þjóðhagslega hagsmuni upp á 6 millj. kr. Hver er tilbúinn að kaupa svona vinnubrögð? 6 millj. kr., sem verður að teljast mjög lítilvægt til bráðabirgðalagasetningar. (Gripið fram í.)

Hvers vegna er ekki dregin upp heildarmynd og menn setja niður fyrir sér, ef það er á hinn bóginn rétt að í efnahagslegu tilliti séum við árlega með umsetningu upp á kannski 3 milljarða kr.? Þannig standa þessi mál. Og fullyrðingar um að það sé hægt að halda þessum fiski inni í kvíunum eru rangar. Það koma tölur alls staðar að, bara núna á dögunum, ég held að það hafi verið í fyrradag sem tugþúsundir laxa sluppu í Færeyjum, þannig að þetta heldur hvergi. Þannig standa þessi mál. Síðan segja menn að þetta skipti engu máli. Þeir sem eru í greininni segja mér núna að hér á landi, bara eftir síðasta slys, sé lax að koma inn á hreiðrin, þ.e. eldislaxar, uppi í ánum, þó að þetta hafi e.t.v. verið tiltölulega lítið slys miðað við það sem gerist.

Að fara fram með þessum hætti og skoða ekki hlutina heildstætt og gefa sér tíma, það er ekki hægt að skrifa upp á það, alls ekki. Þessi flumbrugangur byggist á kröfunni um afmarkaðan þátt. Hv. landbn. og umhvn. hafa ekki tekið málið heildstætt fyrir, þ.e. lífríkið á breiðum grunni. Það er ekki gert. Þetta er gert út frá hagsmunum, út frá því að 6 millj. kr. útflutningur var að komast í strand. Það á ekki að vinna svona á hinu háa Alþingi og í nefndum þingsins. Við eigum ekki að vera á handahlaupum undan vandræðum einhvers afmarkaðs hóps, í þessu tilfelli 6 millj. kr. útflutnings. Það er algjörlega óásættanlegt og þarf að fara ofan í þetta með allt öðrum hætti.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði mjög vel grein fyrir áliti minni hluta nefndarinnar og ég ætla ekkert að fara ofan í það frekar en vil árétta að brtt. meiri hlutans eru til bóta en vinnubrögðin við málið allt eru forkastanleg. Við þurfum miklu meiri tíma, miklu meiri yfirferð og betri kortlagningu til að afgreiða mál af því tagi sem hér um ræðir.

[12:32]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki sanngjarnt að nefna 6 millj. í þessu sambandi, að lögin hafi snúist um það, vegna þess að markaðirnir lokuðust. Í minnisblaðinu sem ég vitnaði í áðan kemur það fram að hjá Stofnfiski varð það tjón sem varð vegna markaðslokunarinnar í sumar a.m.k. 50 millj. kr. (**LB:** Rökstyddu það, þú getur ekki bara slett einhverju fram.) — Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, ég er í andsvari við hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson en ekki við aðra. — Það kemur fram í minnisblaðinu að það er ekki sanngjarnt að leggja þetta út frá því að það séu aðeins 6 millj. vegna þess að allar útflutningsleiðir lokuðust.

Ég er alveg sammála hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni með að við verðum að halda laxastofnunum okkar hreinum og ég held að við séum að vinna að því í þessu frv. (**LB:** Ertu búin ...?) með því að koma með þessar brtt. Ég er því vel kunnug hversu miklir hagsmunir eru í húfi fyrir sveitir landsins að árnar okkar séu hreinar því að veiðihlunnindi skipta miklu máli, það eru miklar tekjur sem koma inn í sveitirnar af veiðihlunnindum. (**LB:** Af hverju ertu þá að setja ...?) — Hæstv. forseti, er ekki hægt að þagga niður í þessum ólátabelg hérna í salnum? — Ég held að það séu allir sammála um það og það kom fram í viðtölum hjá hv. landbn. að allir eru sammála því að við eigum að vernda laxastofnana okkar og þar voru fiskeldismennirnir líka hjart-

anlega sammála öðrum. Það fer ekkert á milli mála. Það eru allir sem vilja halda í hreinleika laxastofnsins.

[12:34]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er ekkert ósammála mér efnislega en ég vil benda hv. þingmanni, formanni landbn., á að það var óskað eftir því í nefndinni að fá tölur um útflutningsverðmæti og þær hafa ekki borist. Menn tala sitt á hvað um 6 eða 50 millj. En hvort sem er eru 6 millj. eða 50 millj. smáaurar miðað við það sem hér er í húfi. Ríkisstjórninni var í lófa lagið að afgreiða eða lina þau mál gagnvart þessum fyrirtækjum til að vinna tíma og vinna svo málið í rólegheitum og af kostgæfni. Það er meginmálið.

Menn hafa slegið úr og í. Við höfum engar tölur fengið um þennan útflutning en á pappír stendur rúmlega 6 millj. kr. útflutningur, það er ekki meira. Síðan geta menn sagt að þeir hafi tapað kannski 50 millj. En hér erum við að tala um mjög litlar tölur í þessu stóra samhengi og náttúrlega smáræði miðað við veltu greinarinnar þar sem menn tala um þrjá milljarða árlega. Um þetta var beðið en upplýsingarnar fengust ekki. Prentaðar tölur frá Hagstofu eru ekki nema liðlega 6 millj., virðulegi forseti.

[12:36]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði það áðan að það væru 6 millj. vegna þess að það lokaðist fyrir allan útflutning. En á minnisblaði sem við höfum frá Landssambandi fiskeldisstöðva kemur fram að söluverðmæti afurða frá fiskeldisstöðvum árið 2003 er áætlað 2,4 milljarðar, á næsta ári er reiknað með að söluverðmæti verði um 3 milljarðar og árið 2006 er áætlað að söluverðmæti afurða fari yfir 6 milljarða. Til samanburðar nefna þeir að aflaverðmæti allra skipa og báta á Vestfjörðum er rúmir 6,4 milljarðar. Það eru því sannarlega miklir hagsmunir í húfi á báða bóga.

[12:37]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi á báða bóga og þess vegna er málið svo vandmeðfarið. Þess vegna áttum við að leggja í það miklu meiri vinnu en var gert og taka hlutina í víðara samhengi.

Ég benti á lausnir sem ég hefði getað sætt mig við, eins og t.d. landeldi sem við gátum vel sett inn í lagatexta okkar hvað varðar laxfiskana o.s.frv. Það er enginn að tala um að girða fyrir möguleika á útflutningi á eldisfiski, alls ekki. Það er bara spurningin um hvernig að þessu öllu er staðið. Það er númer eitt, tvö og þrjú í þessu máli öllu. Það er það sem menn eru að fjalla um í nágrannalöndunum, hvers konar umgjörð eigi að vera um þennan atvinnurekstur. Það er ekki spurningin um að ætla ekki að nýta sér þá möguleika sem þar eru fyrir hendi. Það á heldur ekki að fara fram með þeim hætti að menn nýti sér möguleika sem gefa örfá missiri eða örfá ár en tapi síðan af langtímahagsmunum og gróða. Um þetta snýst umræðan, virðulegi forseti.

[12:38]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér að fjalla um mál sem er fyrst og fremst til komið vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum og til fullgildingar tilskipun Evrópusambandsins sem varðar m.a. viðskiptafrelsi. Það hefur komið fram, bæði í þessari umræðu hér og áður, að hér er um að ræða mjög flókið og snúið mál. Það er á margan hátt viðkvæmt og snertir stóra hagsmuni, ekki einungis hvað varðar fiskeldi eða laxveiðihlunnindi o.s.frv. heldur einnig hagsmuni Íslands almennt í samstarfi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í umfjöllun í landbn. um málið var leitað allra leiða til þess að ná þeim markmiðum sem ég hygg að allir hafi í huga, þ.e. að gæta hagsmuna íslenska villta laxastofnsins og lífríkisins í ám og vötnum. Nefndin átti samskipti við fjölmarga aðila, fékk, eins og fram hefur komið, álit frá ýmsum aðilum þannig að nefndin er vel nestuð í þessari umfjöllun og ég vil nota tækifærið og þakka samstarfið við alla þá aðila sem hafa komið að málinu.

Ég vil líka að það komi fram hér að í umfjöllun um málið var það vilji, hygg ég, flestra og þar á meðal okkar í meiri hlutanum að við gætum fundið leið til þess að lögbinda fortakslaust bann við innflutningi laxfiska. Um það mál var fjallað ítarlega og við leituðum álits ýmissa aðila, bæði hérlendis og erlendis. Niðurstaðan varð sú að það væri ekki fært að gera þetta með þeim hætti vegna þess að það samrýmdist ekki þeirri tilskipun sem um er að ræða og þar með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Niðurstaða okkar varð því sú, því miður, að þessi leið væri ófær.

Þær tillögur sem hér liggja fyrir frá meiri hluta nefndarinnar ganga eins langt og okkur þykir fært að ganga miðað við þær forsendur sem liggja fyrir, sérstaklega gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þær skuldbindingar sem þar liggja að baki. Niðurstaða okkar varð sú að leggja fram þessa tillögu. Ég tel að verði frv. samþykkt gefi það alla möguleika á því að ná þeim markmiðum sem við höfum í huga varðandi vernd íslenska laxastofnsins og lífríkisins. Þar eru veittar ýmsar heimildir sem landbrh. hefur þá, eftir að frv. verður lögfest, til þess að beita aðgerðum til að svo megi verða.

Ég vil líka í þessu sambandi benda á að í ýmsum öðrum lögum og reglugerðum eru ákvæði sem snerta málið. Ef til þess kæmi að einhver aðili vildi flytja hér inn laxfiska eða slíkt eru ýmis lög og reglugerðir sem næðu yfir málið. Ég bendi þar m.a. á ákvæði um starfsleyfi, mat á umhverfisáhrifum o.s.frv. þannig að það er víða eitthvað sem við getum kallað öryggisgirðingar í laga- og reglugerðaumhverfinu til að tryggja að þessum markmiðum verði náð, þ.e. að vernda lífríkið.

Hv. formaður landbn., Drífa Hjartardóttir, hefur gert hér ítarlega grein fyrir niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar og farið yfir nál. sem liggur fyrir og brtt. Ég vil sérstaklega draga fram tvennt í því sambandi, í fyrsta lagi það að meiri hlutinn leggur til að 62. gr. laga um lax- og silungsveiði verði breytt þannig að varðandi skilyrði til rekstrarleyfis, fiskeldis og hafbeitar annars vegar og hins vegar umsagnarferil þurfi veiðimálastjóri ekki eingöngu að leita umsagnar Veiðimálastofnunar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- og hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum, heldur þurfi einnig að líta til þess hvort fyrirhugaðar eldistegundir eða eldisaðferðir gefi tilefni til þessarar hættu. Í öðru lagi vil ég einnig vísa til brtt. þar sem lagt er til að sett verði sérstakt öryggisákvæði þar sem landbrh. er heimilt að takmarka eða banna innflutning á laxfiskum til að koma í veg fyrir blöndun á staðbundnum stofnum og vistfræðilega og erfðafræðilega hættu að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar.

Ég vil, herra forseti, undirstrika þessar tvær af þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur hér fram. Þær sýna fram á að við höfum lagt okkur fram um að tryggja þessa hagsmuni eins vel og okkur hefur þótt fært.

Ég vil einnig fá að vísa til nál. umhvn. sem hér var gerð grein fyrir áðan þar sem athyglisverðir hlutir koma fram. Ég er mjög ánægður með það nál. Það er vel unnið og gert í fullri samstöðu allrar nefndarinnar.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég tel að hér hafi komið fram öll meginatriði málsins ef ég vísa til framsögu formanns nefndarinnar. Ég vil að lokum segja það að ég er eftir ástæðum ánægður með þessa niðurstöðu meiri hlutans og tel að þar hafi verið unnið gott verk og ítarlegt, og ég tek undir það sem fram hefur komið hér að landbn. hefur lagt sig mjög fram í þessu máli þrátt fyrir að stuttur tími hafi verið til umfjöllunar og þar hafi verið unnið faglega og kallað eftir öllum upplýsingum og sjónarmiðum sem nefndarmenn töldu þörf á.

Ég geri mér grein fyrir því að ýmsir hagsmunaaðilar sem tengjast málinu hefðu viljað að lengra yrði gengið í að banna innflutning, sérstaklega ef við tölum um laxfiska. En ég trúi því að þegar frá líður verði menn sáttir við þá niðurstöðu sem meiri hluti landbn. leggur hér fram og að hún verði metin að verðleikum.

[12:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið farið yfir helstu atriði þessa máls, bæði í nefndarálitum landbn., meiri hluta og minni hluta, og sömuleiðis hefur hv. formaður umhvn. gert grein fyrir umsögn umhvn.

Það hefur komið fram í ræðum þeirra sem á undan hafa talað að hér er um gífurlega hættu að ræða, þ.e. samfara breytingunum sem hér er verið að gera. Bráðabirgðalögin galopna möguleika sem bjóða ákveðinni hættu heim. Hvaða hættu? Hættunni á erfðablöndun íslenskra laxastofna og þeirra fiska af erlendum stofni sem aldir eru í kvíum hér við land.

Þó að við eigum í lögunum um lax- og silungsveiði ákvæði sem eiga að vera varúðarákvæði og þó að hv. landbn. sé að setja enn frekari reglur eða lagagreinar inn í lögin um varúðarnálgun þessara hluta þá er það grundvallaratriði að landbn. ætlar ekki að banna innflutninginn. Meginreglan á eftir sem áður að vera sú sem hæstv. landbrh. leggur til, að innflutningurinn sé heimill. Í því er hættan fólgin.

Ég fullyrði, frú forseti, að það er engin leið að tryggja að lax af erlendum stofni sleppi ekki úr kvíum. Sleppi hann úr kvíum þá fer hann upp í laxveiðiárnar og fari hann í laxveiðiárnar þá ógnar hann íslensku, náttúrulegu vistkerfi. Ekki bara laxastofnunum sjálfum, heldur öllu lífkerfinu í ánum.

Það er alvarlegt til þess að vita, eins og sagt er í nál. sem liggur á borðum þingmanna, að jafnvel lífríki Þingvallavatns og Mývatns getur stafað alvarleg hætta af innflutningi þessara fiska.

Í mínum huga getur eingöngu tvennt komið í veg fyrir þessa gífurlegu hættu sem við erum að stofna lífríki okkar í með þessum bráðabirgðalögum. Í fyrsta lagi að heimila ekki eldi í sjó, í sjókvíum, nema þá að í þeim sé íslenskur stofn, stofn af sama meiði og þeir stofnar sem lifa í ánum okkar. Það er í raun og veru þetta. Á hinn bóginn, til þess að tryggja hagsmuni okkar og náttúru Íslands, þarf að setja eldið upp á land ef við erum með erlendan stofn í eldi. Ef eldið er úti í sjó þarf að hafa fisk af innlendum stofni.

Í mínum huga er kristaltært, eftir allar þær skýrslur sem við höfum lesið, öll þau álit sem farið hefur verið yfir og allar þær umsagnir sem nefndirnar hafa fengið, að þetta eru einu ráðin. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að þrátt fyrir góðan vilja meiri hluta landbn. og góðan vilja hæstv. landbrh. um að gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir þá eru þær ekki nægar.

Hvernig ætla þessir sömu þingmenn að koma í veg fyrir að 100 þús. sýktir laxfiskar sem sluppu úr eldi í Færeyjum í síðustu viku syndi upp að landinu hér fyrir austan og fari upp í árnar okkar? Hvernig ætla þeir að koma í veg fyrir að þessi færeyski sýkti lax valdi slysi í okkar ám? Það er ekki hægt. Það er alveg sama hvaða umferðarmerki þessir hv. þm. setja í hafið. Það er alveg sama hvaða reglugerðir hv. þm. setja eða hvaða varúðarreglur þeir þykjast reisa í lögum, það er ekkert sem getur orðið til bjargar íslenska stofninum eða íslensku ánum þegar slysin hafa átt sér stað. Þetta hefur verið sýnt fram á í Noregi, Skotlandi, Írlandi, Færeyjum og alls staðar þar sem eldi af því tagi sem við erum að heimila við Ísland hefur verið reynt.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að umsagnir og álit þeirra þingmanna sem hér hafa verið sett fram eru gerð af góðum hug. Menn eru meðvitaðir um hættuna en vopnin sem menn ætla að beita í þessari baráttu eru deig. Einu vopnin sem hægt er að hugsa sér að geti reist einhverjar girðingar eru fólgin í innflutningsbanni eða því sem ég var að tala um, að banna eldi á fiski af erlendum stofni í sjókvíum.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um umsögn umhvn. Alþingis. Hv. formaður umhvn., Sigríður Anna Þórðardóttir, fór yfir hana áðan og gerði grein fyrir þeim þáttum sem helstir eru í þessari umsögn. Segja má að nefndin taki undir með þeim umsagnaraðilum sem töldu nauðsynlegt að fara varlega í að heimila innflutninginn. Nefndin leggur einkum áherslu á að líffræðilegur fjölbreytileiki í íslensku laxastofnunum sé verndaður. Sé verndaður — hvað þýðir það? Hvernig ætlum við að vernda líffræðilegan fjölbreytileika íslenskra laxastofna?

Annað atriði sem umhvn. gerir að umtalsefni í umsögn sinni er að hún telur okkur heimilt samkvæmt 13. gr. EES-samningsins, að ákvæði þeirrar greinar geri mönnum kleift að setja sérstök verndarákvæði í löggjöf Íslands, í löggjöf einstakra landa. Ef þessi grein í EES-samningnum heimilar okkur úrræði í þessum efnum, þ.e. verndarákvæði, þá verðum við að skoða það af alvöru. Hvernig eru þau verndarákvæði?

Í þriðja lagi gerir nefndin talsvert úr því að þörf sé á að skýra ákvæðið um verndun innlendra laxfiska í lögunum og leggur til að landbn. bæti við ákvæði í frv. sem tryggi enn betur þá vernd sem umhvn. vill að sé viðhöfð gagnvart laxfiskunum.

Svo klykkti hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir út með því að segja að hún teldi breytingarnar sem meiri hluti landbn. hefur lagt til í sérstöku breytingatillöguskjali nægilegar og tryggja þá vernd sem umhvn. Alþingis var sammála um að tryggja yrði með lögum.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég er ósammála þessari niðurstöðu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns umhvn. Ég tel þau ákvæði sem hv. landbn. hefur sett í breytingartillögur sínar ekki nægja. Ég tel þetta, eins og ég sagði áðan, deig vopn, umferðarmerki sem við getum ekki fylgt eftir. Laxinn getur örugglega ekki fylgt þeim eftir.

Eina ráðið sem ég sé í þessari klemmu er að banna innflutninginn eða banna eldi erlendra laxfiska eða fiska af

erlendum stofni í sjókvíum við landið. Það kann að vera að komið sé að því að við þurfum að viðurkenna að kvíaeldi í sjó á fiski af erlendum stofni sé of áhættusamt fyrir íslenska hagsmuni, sameiginlega hagsmuni íslenskrar þjóðar sem eru fólgnir í þeirri dýrmætu perlu sem íslenskir villtir laxastofnar eru.

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:30]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu, þ.e. staðfesting á bráðabirgðalögunum um lax- og silungsveiði, hefur verið landbn. mjög erfitt. Rétt er að við þessar umræður komi fram að sjónarmið landbn. var að ég best veit alveg þverpólitískt og var það einlægur vilji okkar að ef þess væri nokkur kostur vildum við setja þau lög, fortakslaust bann á innflutningi annarra laxategunda. Við töldum fyrir því svo sterk rök að ekki væri hjá því komist. Það var ekki vegna sjúkdómahættu eins og sumir vilja vera láta, þetta mál snýst fyrst og fremst um hættuna í sambandi við erfðamengi, um erfðir. Það er sú hætta sem þetta snýst allt saman um. Landbn. reyndi það, en því miður fundum við ekki leið til að framkvæma þetta vegna EES-samningsins. Lögfræðingar ríkisstjórnarinnar, stjórnvalda, voru ekki tilbúnir til og treystu sér ekki til að verja það, töldu að allt dírektívið væri fallið úr gildi og það stafaði mjög mikil hætta af því, bæði fyrir landbúnaðinn og ekki síður fyrir sjávarútveginn. Þannig að við treystum okkur ekki til þess.

Einnig er rétt, herra forseti, að segja frá því að þegar okkur var ljóst að fortakslaust bann á innflutningi annarra laxategunda var útilokað þá reyndum við að leita annarra leiða. Við reyndum að finna á því flöt hvort ekki mætti banna sjóeldi annarra laxastofna en því miður tókst okkur það ekki heldur. Lögmenn stjórnvalda töldu að það stæðist ekki heldur EES-samninginn.

Í því ljósi verða menn að skoða þær tillögur sem landbn. leggur fram. Það er tilraun okkar til þess að gera þennan innflutning næstum ómögulegan. Við komumst ekki lengra, því miður. Við hefðum viljað komast lengra en við náðum því ekki.

Ég tel, herra forseti, mjög nauðsynlegt að þetta komi fram í umræðunni, þannig að stjórnsýslunni sé það mjög vel ljóst að það er einlægur vilji Alþingis að gera allt sem í valdi löggjafans er til að koma í veg fyrir að erlendir laxastofnar komi hingað og verði hér í sjóeldi. Það er mjög nauðsynlegt að stjórnsýslunni sé þetta ljóst, þannig að hún geti og átti sig á því að það er sannarlega til þess ætlast að þeim lögum og þeim reglugerðum sem sett verða sé fylgt út í ystu æsar. Ég vona sannarlega, herra forseti, að áður en umræðunum lýkur komi hæstv. landbrh. Ég þykist vita að meiningar hans og skoðanir séu nákvæmlega þær sömu og ég tel þær treysta þessa umræðu ef frá hans hendi koma einhverjar slíkar og sömu yfirlýsingar.

Ég tel að þetta mál hafi kennt okkur sem höfum farið í gegnum það í landbn. og öllum þeim vísindamönnum sem við höfum rætt við ber saman um það, að við þurfum alla tíð að vera gríðarlega mikið á varðbergi gagnvart innflutningi á dýrum og við þurfum á hverjum tíma að standa þann vörð og nýta hvert tækifæri til að treysta þær löggjafir sem við höfum til að koma í veg fyrir hann, vegna þess að íslensk náttúra er svo viðkvæm að við verðum að leita allra leiða til að varðveita hana í þeirri mynd sem hún er.

[13:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. hefur setið hér og hlýtt á umræðuna í morgun og ég er ekki undrandi á því og tel það raunar sjálfsagt miðað við stöðu málsins að hann sé hér og hlýði á umræðuna. En það sem kemur mér mjög á óvart er að hæstv. umhvrh. hafi ekki verið viðstödd umræðuna vegna þess að í ljós hefur komið að við erum með svo stórt mál í höndunum og svo þýðingarmikið að tekið sé á því eins og öll tæki og lög gera okkur heimilt og alþjóðasamningar, að ég hefði talið að við hefðum þurft að vera með umhvrh. hér til að fylgjast með, þannig að tryggt væri að því sem ekki næst í þessari atrennu verði fylgt eftir í umhvrn.

(**Forseti** (JóhS)**:** Óskar hv. þm. eftir því að umræddir ráðherrar verði kallaðir til fundarins?)

Ég ætla ekki að kalla þá til í minni ræðu, en ég ítreka undrun mína á þessu. Ég ætla ekki að bíða með ræðu mína þar til umhvrh. væri umhvrh. væri hugsanlega komin og hlýt að búast við að landbrh. sé í húsinu og hljóti að birtast hér innan tíðar.

Allir sem um málið hafa fjallað í nefndum Alþingis eru sammála um að ekki er hægt að staðfesta bráðabirgðalögin sem voru sett í sumar óbreytt. Allir sem hafa komið að málunum í umhvn. og í landbn. hafa gert sér grein fyrir því við umfjöllun að bráðabirgðalögin, fyrir utan setningu þeirra og það sem maður hefur að segja um hana, eru óásættanleg eins og þau birtust. Þessi staðreynd hlýtur að vera þvílíkur álitshnekkir fyrir ráðherra landbúnaðarmála, a.m.k. man ég vart annað eins. Ég man ekki eftir að ráðherra hafi lent í þeirri stöðu sem hæstv. landbrh. er í núna með þessi bráðabirgðalög — ég kem síðar að þeim atriðum, að þau skyldu yfirleitt hafa verið sett og síðan hinu að úr því hann fór út í þá vafasömu aðgerð að setja bráðabirgðalög í svona máli, að þingið skuli bregðast við með þeim hætti sem það gerir og draga fram hvernig unnið var að málinu í landbrn.

Fram kom hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að meiri hlutinn í landbn. hafi ekki treyst sér til að setja ákvæði sem treystu enn fremur vernd villtra laxa. En hann sagði skýrum orðum að það hefði meiri hlutinn kosið, hefði leitað allra leiða til þess að hafa verndina eins mikla og unnt væri. Ég er sammála og trúi því, af því það er mjög sérstakt og einstakt það meirihlutaálit sem hér hefur verið kynnt undir formennsku Drífu Hjartardóttur.

Það hlýtur líka að vera einlægur vilji Alþingis að ef ekki er unnt að vinna brtt. við það mál sem hér er til umfjöllunar, þá verði að flytja frumvarp um lagasetningu á umhverfissviði sem tryggir enn betur þetta mál. Það er skoðun mín.

Þess vegna nefni ég þetta í umræðunni að landbn. óskaði eftir því við umhvn. að hún mundi senda frá sér álit til landbn. á þeim þætti frv. sem snýr sérstaklega að umhverfissjónarmiðum. Þegar það rann upp fyrir okkur í umhvn. við þá yfirferð sem okkur var unnt að gera á tveimur fundum í nefndinni, sem var auðvitað allt of naumur tími ef við ætluðum að fara mjög djúpt ofan í málið, að undirstofnanir umhvrn. sem ættu að ráðleggja öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar þegar álitamál koma upp og varða umhverfissviðið og hefðu auðvitað átt að ráðleggja landbrn. hvaða leiðir væru færar með verndarákvæði undir þessum kringumstæðum og verndarákvæði sem er svo þýðingarmikið að finna og hrinda í framkvæmd, voru ekki spurð. Þau gáfu okkur upplýsingar um hvað þyrfti að koma í lögin til að hægt væri að vernda villta laxa hjá okkur. Þegar svo var komið kölluðum við

eftir því við umhvrn. hvort ráðuneytið sjálft hefði komið að undirbúningi frv. Að sjálfsögðu gat það vel verið að umhvrn. hefði með einhverjum hætti komið að undirbúningi frv. þó það væri ótrúlegt miðað við hvernig það leit út í höndunum á okkur sem vorum að vinna við það.

Þann 3. nóvember barst okkur í umhvn. svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið vísar til fyrirspurnar umhverfisnefndar Alþingis um það hvort ráðuneytið hefði komið að undirbúningi frumvarps til laga um breytingu á lögum, nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Ráðuneytið hafði ekki aðkomu að málinu, en tilskipun 91/67 EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra og afurða þeirra sem verið er að lögleiða með frumvarpinu, fellur ekki undir umhverfisráðuneytið."

Það fellur ekki undir umhvrn. Þá vitum við það að ef ráðherra í ríkisstjórn hyggst setja lög sem hugsanlega stangast á við stefnu Íslands í umhverfismálum, þá dugir að vísa til þess að eldisdýr og afurðir þeirra falla ekki undir umhvrn. Og þá spyr maður ekki umhvrn. Og þá leitar maður ekki til þeirra undirstofnana sem gerst þekkja alþjóðasamningana sem við erum aðilar að, Bernarsamningnum, og gerst þekkja lögin um villt dýr sem við höfum sett á Alþingi og tók ein sex ár að setja og minnist ég þess að það voru ráðherrar jafnaðarmanna sem unnu það þrekvirki annars vegar að vinna það að við yrðum aðilar að Bernarsamningnum og hins vegar að lög um villt dýr yrðu sett á Alþingi. Þeir aðilar sem þekktu best þau lagaákvæði og hver þeirra væri unnt að nýta eða samningana sem gæfu okkur heimildir til að vernda og með hvaða hætti væri hægt að setja lög, t.d. lög um villt dýr eða önnur lög, þeir sem helst hefðu getað ráðlagt í þessum málum voru ekki spurðir.

Við hljótum í framhaldi af þessu máli að velta fyrir okkur stöðu umhvrn. í stjórnsýslunni vegna þess að ég býst við að flest okkar sem núna fjöllum um þetta mál höfum reiknað með að með því að setja á laggirnar umhverfisráðuneyti sem er eitt yngsta ráðuneytið á Íslandi værum við að tryggja það að alltaf væri hægt að treysta því að til væru tæki í álitamálum til að kveða upp úr um hvað er hægt að gera vegna slíkra álitamála. En nú blasir við að það ráðuneyti sem mest veit um málið er ekki spurt. Og ráðuneytið sjálft tekur ekki upp málið af því það segir að tilskipunin sem fjallar um þetta, heilbrigði eldisdýra og afurða þeirra, falli ekki undir umhvrn. Þetta hlýtur að vera eitthvað sem við í framtíðinni munum verulega skoða og biðja um skýringar á hvers vegna það gerist að þarna myndist hyldýpisgjá í stjórnsýslunni, í ráðuneytinu, á milli tveggja ólíkra ráðuneyta sem ættu að vinna saman.

Umhvn. Alþingis sendi frá sér álit til landbn. Vissulega met ég það sem þar var tekið til greina, þótt við í Samfylkingunni lítum svo á að þarna hefði þurft að ganga lengra og viljum skoða það að ganga lengra. En ég ætla, með leyfi forseta, að lesa kafla úr áliti umhvn.

Hér stendur að það mál sem um ræðir og er núna bráðabirgðalög var einnig lagt fram á 128. löggjafarþingi, sem er þingið sl. vetur, en var ekki afgreitt þá. Það átti að lögfesta ákvæði tilskipunar þeirrar sem ég hef þegar getið um, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra. Þess vegna ákvað hæstv. landbrh. að setja bráðabirgðalög í sumar. Um er að ræða breytingar á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með bráðabirgðalögunum var gerð breyting á framangreindum lögum þannig að innflutningsbanni á eldisdýrum og lifandi laxfiski og öðrum fiski er lifir í fersku vatni var aflétt en innflutningur þeirra skyldi háður reglum sem landbúnaðarráðherra setur. Að auki var bætt við ákvæði sem heimilar takmarkanir á inn- og útflutningi ef sjúkdómahætta er fyrir hendi.

Hér var verið að taka á frelsinu og hér var verið að taka á sjúkdómunum. Hér var ekki verið að skoða erfðabreytingar og hættuna á þeim þætti.

Ég vil vekja sérstaklega athygli á því sem hér segir í áliti umhvn. til landbn:

„Frumvarp þetta er einkum samið með tilliti til viðskiptahagsmuna Íslands og þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem tengjast þeim sem og sjúkdómavörnum. Við umfjöllun málsins, bæði á 128. löggjafarþingi og yfirstandandi þingi, hafa hins vegar margir aðilar látið í ljósi áhyggjur af áhrifum þess að innflutningsbanni á fiski, einkum laxi, sé aflétt. Auk þess sem bent hefur verið á að sjúkdómar geti borist með viðkomandi innfluttri tegund og herjað í framhaldinu á innlendar tegundir hefur verið bent á fleiri áhættuþætti."

Hér er öll umhvn. Alþingis að benda á það að landbrn. hefur leyft sér að líta fyrst og fremst á þetta stóra mál sem viðskipti, viðskiptahagsmuni. Það er verið að bregðast við viðskiptahagsmunum og ég ætla ekki einu sinni að taka mér í munn fjárhæðirnar sem hafa verið settar fram. Fyrst og fremst viðskiptahagsmunir, segja allir flokkar á Alþingi í áliti sínu til landbn.

Enn fremur segir hér:

„Fagstofnanir hafa bent á hættuna á því að framandi eldisdýr geti sloppið inn á skilgreint eldissvæði og blandast þeim innlendu stofnum sem þar eru fyrir."

Þetta er stóra málið. Blöndunin sem getur orðið þegar við opnum upp á gátt okkar dyr í þessum efnum og sem ekkert var tekið á í bráðabirgðalögum hæstv. landbrh.

Það er bent á það að þetta geti haft í för með sér:

„Erfðablöndun og erfðaeiginleikar innlendra stofna geti af þessum sökum glatast og þar með stofnar sem eru aðlagaðir aðstæðum í umhverfi sínu í gegnum náttúruval. Við þetta geti líffræðilegur fjölbreytileiki tapast og ef til vill mikilvægir nytjastofnar."

Enn kem ég að því að við erum aðilar að samningi um líffræðilega fjölbreytni þannig að Ísland hefur sett slíka vernd algjörlega í öndvegi með því að gerast aðili að alþjóðasamningum sem um þetta fjalla.

Nefndin tekur undir að nauðsynlegt sé að fara varlega í að heimila innflutninginn. Leggur hún einkum áherslu á að líffræðilegur fjölbreytileiki í íslenskum laxfiskum sé verndaður. Þá vill nefndin taka fram að í þeim gögnum sem nefndunum hafa borist koma fram upplýsingar um að ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi einnig lagt á það ríka áherslu að líffræðileg fjölbreytni sé varðveitt. Þess vegna er litið til þess að ef líffræðilegri fjölbreytni í einu landi er ógnað gengur vernd í heimalandinu framar tilskipunum Evrópusambandsins.

Það er svo mikilvægt að við horfum á þetta, það segi ég sem stóð að því að EES-samningurinn yrði til hér og Ísland yrði aðili að EES-samningnum og hef oft nefnt það að ég sat yfir honum heilt sumar í hléi Alþingis og kafaði ofan í einstaka hluta hans. Hann er auðvitað fullur af fyrirvörum, fullur af bókunum einstakra landa um hagsmuni sem þau eru að varðveita og eru ekki tilbúin að gefa eftir þó að þau séu aðilar að meginatriðum EES-samningsins.

Svo er komið með bráðabirgðalög hingað og sagt: Skilja ekki þeir sem voru forsvarsmenn þess að ganga í EES og vera aðilar að samningnum að það þurfi að lögleiða tilskipanir? Þannig hefur umræðan í þingsalnum verið um þessi mál.

Nefndin segir líka að það sé mikilvægt að skoða ákvæði 13. gr. EES-samningsins fyrir innflutningsbannið og hvort hægt væri að lögfesta ákvæði um vernd íslenskra laxfiska á grundvelli 2. mgr. 1. gr. umræddrar tilskipunar en þar segir að hún hafi ekki áhrif á reglur um verndun tegunda samkvæmt landslögum eða EB-rétti.

Við erum með ákvæði í EES-samningnum sem segir tilskipunin hafi ekki áhrif á reglur um verndun tegunda samkvæmt landslögum eða EB-rétti og við höfum umsagnir ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem hefur lagt ríka áherslu á líffræðilega fjölbreytni. Svo kemur ráðherrann og segir: Það verður að sjálfsögðu að lögfesta tilskipanir Evrópusambandsins.

Nefndin segir að að mati hennar heimili framangreind ákvæði að sérstök verndarákvæði séu í löggjöf einstakra landa. Þess vegna erum við þeirrar skoðunar að við verðum að setja sterk verndarákvæði í löggjöf á umhverfissviði til að tryggja þessa miklu hagsmuni. Þess vegna segi ég, um leið og ég hrósa formanni landbn. fyrir þá vinnu sem hefur verið unnin og vek athygli á því að þetta álit sem ég er hér að lesa upp úr er þverpólitískt álit allra flokka á þinginu undir stjórn Sigríðar Önnu Þórðardóttur, að ég met það mjög mikils hvernig haldið var á málinu í landbn. þó að við viljum ganga lengra af því að meiri hlutinn taldi sig ekki geta gengið lengra en raun ber vitni.

Virðulegi forseti. Í umræðu um rjúpuna í fyrradag ræddum við um það að umhvrh. ætlaði að banna veiðar á rjúpu í þrjú ár og allmargir þingmenn voru að flytja tillögu um að gripið yrði til einhverra annarra ráða en að banna veiði á rjúpu. Þá spurði hæstv. landbrh. þingheim eitthvað á þá leið hvernig stór hluti þingsins ætlaðist til að umhvrh. verði ekki rjúpuna. Hann fór fögrum orðum um að rjúpan væri auðlind sem við vildum eiga og njóta, og ráðherrann lagði áherslu á að stundarhagsmunir mættu ekki ráða ferð varðandi rjúpuna.

Ég brást auðvitað við og fór hér í ræðustól og sagði að ég hefði setið úti í sal og prófað að setja orðið „lax" í staðinn fyrir „rjúpu". Þá hefði önnur ræða komið í ljós heldur en sú sem við höfum hlustað á hér þegar mælt var fyrir þessum lögum miðað við þau vinnubrögð sem við verðum vitni að og erum nú að reyna að lagfæra með einhverjum hætti til þess að reyna að sópa yfir skömm ráðherrans í málinu.

Ég verð að viðurkenna það að mér finnst að í málflutningnum um rjúpuna, verandi svo núna að fjalla um þetta frv. um laxinn, komi upp háðuleg staða fyrir landbrh., ég ætla ekki að taka dýpra í árinni. Orðin sem ég viðhafði eru nú staðfest í nál., m.a. áliti meiri hluta landbn., en vart hefur ráðherra í annan tíma, eins og hér hefur komið fram, verið sneyptur með viðlíka hætti fyrir verk sín, hvað þá þegar bráðabirgðalög — með því hvaða yfirbragð er á því að setja þau — eiga í hlut.

Virðulegi forseti. Það hefur sem betur fer dregið úr setningu bráðabirgðalaga og það er öllum til sóma. Þau lög sem átti að staðfesta en fá útreið hér í þingsal verða væntanlega endalok bráðabirgðalagasetningar. Nú eigum við að sameinast um að lengja starfstíma Alþingis þannig að pressu létti af lagasetningu á vorin svo að ekki verði oftar tilefni til eða hægt að finna sér tilefni til svona vinnubragða og setningar bráðabirgðalaga. Þessi lagasetning á að verða víti til varnaðar og endalok slíkra vinnubragða. Hér eftir ætlumst við til að ef það gerist þá sé það almannaheill eða -vá sem krefst skyndilagasetningar. En í raun og veru ætlumst við til þess að ef almannaheill eða vá krefjist aðgerða þá verði þingið kallað saman. Vegna þess að það er alltaf verið að tala um, og kom mjög vel fram í orðum Lúðvíks Bergvinssonar, talsmanns okkar í þessu máli, að það er fyrir löngu síðan búið að taka ákvörðun um að þingið starfi allt árið. En staðreyndin er sú að þingnefndir koma bara saman á sumrin ef stjórnarandstaðan óskar eftir því í tilefni af einhverjum málum sem koma upp. Stjórnarliðið, ríkisstjórnin, hefur aldrei nýtt sér það, sama á hverju gengur, að kveðja okkur til þings til þess að við komum hér og ræðum málin og setjum þau lög sem hugsanlega þarf að setja.

Virðulegi forseti. Í nál. minni hlutans er dregið mjög vel fram hve illa hefur verið haldið á því í landbrn. að lögleiða tilskipun Evrópusambandsins sem hér er gerð að umtalsefni. Fyrst og fremst hafa viðskiptahagsmunir verið hafðir að leiðarljósi og í engu haft áhrif á náttúrulega stofna hérlendis þrátt fyrir allar ábendingar og mikla fjölmiðlaumræðu um málið í sumar. Eingöngu hafi verið litið til fjárhagslegra hagsmuna eða einhverra annarra hagsmuna tiltekinna fyrirtækja í fiskeldi.

Ég ætla ekkert að fara ofan í það sem segir hér í nál. minni hlutans sem Lúðvík Bergvinsson fór svo vel yfir og kom fram þegar við vorum að gera þessar breytingar og kom á sínum tíma fram í máli Ólafs G. Einarssonar. En mér finnst að það sem stendur hér á bls. 3 — og ég ætla ekki að lesa — í nál. minni hlutans dragi mjög vel fram hve illa var haldið á þessum málum. Við hljótum að gera kröfu um það að menn læri af þessum vinnubrögðum og að það verði girt fyrir að svona verði á málum haldið í framtíðinni.

Aðeins í lokin — og birtist nú hæstv. landbrh. til að hlýða á orð okkar — á bls. 5 í minnihlutaálitinu:

„Í minnisblaði Náttúrufræðistofnunar til umhverfisnefndar Alþingis segir að með bráðabirgðalögunum hafi verið heimilaður innflutningur á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum, sem áður var bannaður, en landbúnaðarráðherra gat veitt undanþágur að fengnum umsögnum frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt meðmælum yfirdýralæknis. Þetta þýðir að á meðan umhverfisráðherra hefur ekki sett reglugerð um innflutning dýra, eins og honum ber að gera samkvæmt lögum, er innflutningur á „lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum" heimill án leyfa og ekki þarf neinar umsagnir eða meðmæli. Bráðabirgðalögin galopna þannig fyrir óheftan innflutning á lífverum sem geta skaðað lífríki í fersku vatni á Íslandi."

Þegar maður les þessar setningar, og þetta verða mín lokorð, virðulegi forseti, er það með öllu óskiljanlegt að þessir tveir þingmenn Framsfl. sem eiga sæti í ríkisstjórn Íslands í landbúnaðarráðuneytinu annars vegar og í umhverfisráðuneytinu hins vegar, hafi ekki sest niður til að ræða þetta stórmál sem kom upp í sumar, áður en bráðabirgðalög voru sett, og að þeir skuli ekki hafa leitað saman allra leiða til að forðast slys í náttúru Íslands. Ég harma það og verða það mín lokaorð, virðulegi forseti.

[14:00]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir það sem segir í nál. minni hluta landbn. Ég þakka góða framsögu talsmanns minni hlutans, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, sem fór mjög vel og ítarlega yfir hið góða nál. minni hlutans. Eins var ég

ánægð með þau atriði sem komu fram í ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar varðandi málið.

Ég vil einnig þakka landbn. og meiri hluta landbn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta mál og fyrir þær breytingar sem meiri hluti landbn. leggur fram í þeirri viðleitni að reyna að bjarga málum. Nefndin taldi í upphafi að í þessari stöðu væri hægt að lagfæra bráðabirgðalögin og breyta þeim þannig að þau mundu halda gagnvart erfðamengun erlendra laxastofna við strendur Íslands.

Málið hlýtur að hafa verið nefndinni mjög erfitt, eins og fram kom í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, hv. 9. þm. Norðvest., sem lýsti því yfir hvað þetta mál hafi verið landbn. erfitt og að í nefndinni hafi verið þverpólitísk samstaða um bann við innflutningi á erlendum laxategundum. Ég tel að þannig sé hugur okkar allra. Það er þverpólitísk samstaða um að vernda íslenska laxastofninn.

Þannig var staðið að málum af hálfu hv. landbrh. og *ráðuneytis að afgreiðsla málsins var trössuð og áminningarbréfum frá EES ekki sinnt.* Því var heldur ekki sinnt að setja í íslenska löggjöf ákvæði um verndun íslenskra laxastofnsins eða annarra tegunda eins og hér hefur verið bent á. Þetta hefði þurft að gera og í framhaldinu að ganga frá lagasetningu samkvæmt þessari tilskipun Evrópusambandsins án þess að stofna öllu íslenska lífríkinu í voða.

Þessi tilskipun er viðskiptalegs eðlis. Verndun lífríkisins *er ofar þessari tilskipun.* Þau sjónarmið eru sterkari og auðvitað átti að standa vörð um verndarsjónarmið sem eru okkur mikilvægari en þau viðskiptasjónarmið sem hér er verið að verja. Þá hefðum við getað innleitt tilskipunina án þess að lenda í þeim vandræðum sem við stöndum frammi fyrir í dag. Þrátt fyrir góðan vilja meiri hluta landbn., með þeim brtt. sem hún gerir, eru lögin ekki skotheld. Það er á valdi ráðherra að veita undanþágur. Honum er gert að standa vörð um íslenskar tegundir en svo lengi sem það er ekki bundið í lögum að vernda lífríkið, meðan verndun íslenska laxastofnsins og annarra tegunda er ekki tryggð með upptalningu í lögum eða reglugerð, þá halda þessi ákvæði ekki. Tilvísun til afgreiðslu hæstv. landbrh. getur aldrei verið skotheld.

Þessi trassaskapur við afgreiðslu málsins og það að hafa ekki notað sumarþingið til þess að afgreiða þetta mál finnst mér mjög ámælisvert. Ég tel einnig ámælisvert að beita bráðabirgðalögum vegna hagsmuna sem eru ekki meiri en þessir, þar sem við erum að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Ég vil ekki gera lítið úr mikilvægi þessa atvinnuvegar, þ.e. hrogna- og seiðaeldis, hér á landi. Hann þarf að styrkja enn frekar. Það er mikilvæg atvinnugrein. Ég trúi því að hún geti orðið enn sterkari í framtíðinni ef við stöndum vel að henni. Ég held því samt fram að með bráðabirgðalöggjöfinni höfum við fórnað meiri hagsmunum fyrir minni.

Ég vil í þessu sambandi, frú forseti, láta koma fram að ég tel að þessi tiltölulega unga atvinnugrein, þ.e. eldi á seiðum, gæti orðið miklu sterkari hér á landi ef hún fengi að búa við sömu rekstrarskilyrði og eru í samkeppnislöndunum. Ég legg til, frú forseti, að staða þessara greina verði skoðuð gaumgæfilega og leitað ráða til þess að styrkja þær. Eldið þarf að geta þróast í áframeldi hér við land. Það gengur ekki að byggja eingöngu á útflutningi seiða og hrogna heldur þarf að styrkja atvinnugreinina eða búa henni það umhverfi að hún sé samkeppnishæf, t.d. við sams konar starfsemi í Skotlandi. Vert væri að athuga hvort ekki sé hægt sé að stunda eldið hér áfram. Það hlýtur alltaf að vera meiri virðisauki af áframeldi en útflutningi á seiðum.

Margt væri hægt að segja um þessi bráðabirgðalög. Ég vil t.d. nefna þær breytingartillögur sem gerðar eru við frv. Ég vildi nefna brtt. við 2. gr. og með leyfi forseta ætla ég að lesa 2. gr. eins og hún er í frv.:

„Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun erlendra flutningstækja, svo sem brunnbáta, og búnaðar sem tengdur er þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur."

Í brtt. er lögð til svohljóðandi breyting:

„Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Notkun flutningstækja og búnaðar sem tengdur er þeim skal háð skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur."

Það er alveg ljóst að *vilji þingsins verður að koma fram í* þessu máli. Ég hef talað gegn því að leyfður verði innflutningur á flutningstækjum og brunnbátum, þar sem hægt er að framleiða þetta hér á landi. Ég tel að við ættum ekki að taka óþarfa áhættu með innflutningi á brunnbátum þar sem það mun auka hættu á sýkingum. Erfitt er að sótthreinsa þessi tæki og ganga svo frá að berist ekki smit á milli.

Eins vil ég benda á 5. brtt. á þskj. 291. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þar með töldum hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum dugi ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu."

Frú forseti. Ég vildi benda á að þessi ákvæði 4. gr. þyrftu ekki að vera hér til staðar ef við hefðum verið búin að vinna heimavinnuna og komið þessu í lög. Verndarákvæði um laxfiska ættu að vera það skýr að það þyrfti ekki að fara þessar leiðir sem hér er verið að leggja til. Ég virði hins vegar meiri hluta landbn. fyrir að reyna að sporna við erfðablöndun með þessum hætti.

Frú forseti. Ég veit ekki hvort ég ætti að hafa mál mitt mikið lengra. Við erum bundin af alþjóðlegum sáttmálum sem við höfum undirgengist, eins og Ríó-sáttmálanum. Við getum styrkt stöðu okkar með því að setja skýrari verndunarákvæði í lagagrunn okkar. Þessi tilskipun sem verið er að lögleiða er fyrst og fremst viðskiptalegs eðlis. Ég vænti þess að *fljótlega komi hér fram á þingi frv. sem styrkir okkur hvað* varðar verndun líffræðilegrar fjölbreytni, m.a. laxastofna. Ég vænti þess að slíkt frv. komi frá ríkisstjórn og ekki muni þurfa hjálp okkar í stjórnarandstöðunni við að koma með það lagafrumvarp.

En setning bráðabirgðalaganna hefur skapað mjög alvarlegt fordæmi, að það sé metið svo að bráðabirgðalög megi setja til að vernda hagsmuni einstakra fyrirtækja af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Þrátt fyrir að það séu góð fyrirtæki og við viljum að þau eflist þá vekur þetta hjá manni ugg um að þannig verði bráðabirgðalög nýtt, til að gæta hagsmuna einstakra fyrirtækja og kalla ekki saman þing þótt það sé starfandi. Tilefni til frekari bráðabirgðalaga gætu verið ærin ef menn vildu fara þessa leið. Fordæmið sem hér er gefið er því mjög alvarlegt að mínu mati.

Ég held að flest hafi komið fram af því sem ég vildi undirstrika í máli þingmanna sem hér hafa talað fyrir nefndarálitinu og eins og þeirra hv. þm. sem lýst hafa yfir ugg yfir hugsanlegri erfðablöndun með tilkomu þessa frv., erfðablöndun inn í íslenska náttúru.

Mér finnst skoðunarvert í þessu samhengi að allt sjókvíaeldi eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Áhættan er það mikil og skilyrðin það misjöfn. Eins ætti að skoða alvarlega hvort allt eldi með innfluttar og erlendar tegundir, hvort sem er fyrir saltvatn eða ferskvatn, eigi ekki skilyrðislaust að vera í landkvíum en ekki sjókvíum. Þetta eru ákvæði sem mundu styrkja mjög verndunarsjónarmið gagnvart íslenskum tegundum.

[14:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem við höfum verið að ræða er allsérstakt eins og reyndar hefur greinilega komið fram í máli manna í dag og hv. alþingismenn sem setu eiga í landbn. hafa réttilega gert grein fyrir.

Mér sýnist á tillögum meiri hluta nefndarinnar sem settar eru fram í brtt. og gerð er grein fyrir í meirihlutaálitinu, að meiri hlutinn sé með tiltölulega jákvæða viðleitni til að hjálpa hæstv. landbrh., manninum með gullhjartað, til að koma þessum hlutum þó til betri vegar en ella hefði verið. Og auðvitað getum við alþingismenn hvar í flokki sem við stöndum ekki annað en verið sammála því að það sé þó betra að lagfæra vond verk en láta þau standa eins og þau eru í pottinn búin.

Ég held ég nánast láti þetta nægja um meirihlutaálitið eins og það kemur frá nefndinni og tel reyndar eins og ég sagði áðan að meiri hluti nefndarinnar sé í raun og veru að lagfæra málið miðað við þá stöðu sem hæstv. landbrh. og ríkisstjórnin kom því í. Miðað við þær aðstæður sem málið er komið í verði að taka þann vilja fyrir verkið.

Hitt er alveg ljóst, virðulegi forseti, að verið er að ganga mjög nærri því ákvæði sem er til heimilda fyrir ríkisstjórn að móta sérbráðabirgðalagaákvæði og verið er að fara þar á ystu nöf eins og réttilega hefur verið dregið fram í ágætum ræðum 1. frsm. minni hlutans, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, og kemur fram í ábendingum hans í nefndaráliti. Það að ganga til bráðabirgðalagasetningar í sumar á þann hátt sem gert var af þessu tilefni verður náttúrlega að teljast fáheyrt og vafasamt að það hafi nokkurn lagalegan grundvöll til að standa á.

Hins vegar verð ég að segja, virðulegi forseti, að ég álít það nú samt sem áður mikla bjartsýni hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að þetta víti til varnaðar verði endalok bráðabirgðalagasetningar. Ég hef ekki þá trú, virðulegi forseti, að ekki verði oftar gripið til hennar þegar ríkisstjórninni sýnist svo bera við og kannski þá af meira lagalega réttu tilefni en hér er gert. Ég veit að hv. þm., formaður landbn., er að sumu leyti sammála okkur öllum um að hér er auðvitað verið að fara á ystu nöf þó að þau séu vissulega að skera hv. landbrh., manninn með gullhjartað, niður úr snörunni að þessu leyti til og vin íslenskra laxastofna umfram allt, eins og hæstv. ráðherra lýsti yfir á fundi sem ég var á með honum í gærkvöldi, þar sem honum tókst ágætlega upp á köflum í sínu gamla fari um að hann væri besti vinur íslenskrar náttúru og allt um það, virðulegi forseti.

Hins vegar er það staða íslensku laxveiðiánna og laxastofnanna í okkar náttúrulega umhverfi sem er auðvitað langmesta áhyggjuefnið í öllu þessu máli. Þar er annars vegar verið að tala um laxeldi í sjó þar sem verið er að nota aðfluttan stofn þó að hann hafi verið ræktaður hér á landi um árabil, þ.e. norskur laxastofn sem notaður er til eldis í sjó í kvíum á Austurlandi. Því miður er það svo að í laxeldi sleppur alltaf eitthvað af löxum, mismunandi mikið og hefur þá tilhneigingu eðlilega að leita í ferskvatn og blandast íslensku laxastofnunum okkar. Laxastofnar í íslenskum ám eru ekki mjög stórir. Ég held að stærstu árnar okkar gefi um þrjú þúsund laxa í veiði á ári og ætli við séum ekki að veiða, eins og fram hefur komið, um 35–36 þúsund laxa að meðaltali á ári í íslenskum ám, sem þýðir þá sennilega að í árnar sé að ganga á milli 100–150 þúsund laxar ef við veiðum um 25–30% af því sem í árnar gengur. Það er ekki ólíkleg stærð.

Til samanburðar erum við að ala 2,5 milljónir laxa núna austur í Mjóafirði og Berufirði. Við sjáum því að stærð íslensku laxastofnanna í fjölda er auðvitað bara örlítið brot af öllum þeim fjölda laxa sem við erum með í eldi og þar af leiðandi er áhættan auðvitað mikil ef menn verða fyrir þeim óhöppum sem því miður gerast annað slagið og dæmi eru um, að missa mikið af laxi úr kvíum. Þetta er það sem snýr almennt að laxeldinu.

Hins vegar varðandi það að við getum ekki stoppað innflutning á seiðum eða erfðaefni úr öðrum laxastofnum til landsins, þá finnst mér allt benda til þess og hafa verið færð fyrir því rök í dag og m.a. í nefndarálitum, að það getum við, einfaldlega út frá því sem við teljum að við séum að gera, þ.e. að vernda okkar hreinu laxveiðiár og hina hreinu náttúru að því leyti til sem íslenskir laxastofnar eru og við eigum að geta komið í veg fyrir það á þeim grunni að stöðva innflutning. (Gripið fram í.) Gamalt vín á nýjum belgjum, hæstv. landbrh.

Þannig er nú það. Menn hafa auðvitað horft til þess að við viljum viðhalda sérstöðu okkar í íslenskri náttúru og standa að því sem best. Þau bráðabirgðalög sem sett voru í sumar voru hálfgerð fljótaskrift á því að standa vörð um það eins og réttilega hefur komið fram í dag.

Það er, virðulegi forseti, að mjög mörgu að hyggja þegar við tölum um íslenska náttúru og íslensku árnar og hvað við viljum vernda í því sambandi. Stofnarnir eru mjög mismunandi stórir í ánum og í sumum ám er alls ekki hægt að halda því fram að um stóra og sterka stofna sé að ræða sem við höfum verið að rækta upp í ám á undanförnum árum að þessu leyti. Hinn villti lax er okkur því mikils virði og það uppbyggingarstarf er mikils virði sem unnið hefur verið á undanförnum árum. Menn geta því ekki leyft sér mikla áhættu, en vissulega fylgir mikil áhætta laxeldinu. Það kemur greinilega fram m.a. í nefndarálitinu ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að sýna ræðumanninum virðingu og hafa hljóð í salnum.)

Ef röddin í mér væri alveg eðlileg, virðulegi forseti, má mundi ég geta talað svo hátt að það skipti ekki máli þó aðrir væru að tala, en hún er ekki alveg í lagi. Ég sé að hæstv. landbrh. sest hérna nærri mér, þannig að ég þarf kannski ekki að hafa mjög hátt til að hann heyri orð mín. En það er kannski sérstaklega til hans sem ég vil beina tilmælum mínum á næstunni en þau eru í rauninni bara viðvörunarorð um það að hæstv. ráðherra gæti sem allra mestrar varúðar í því hvernig með þær heimildir er farið varðandi innflutning og annað erfðaefni sem hér hefur verið um að ræða um í þessu máli. Og að hæstv. ráðherra standi einnig verulega á bremsunum og leyfi ekki að svo komnu máli frekara laxeldi

en orðið er í íslenskum fjörðum. Ég held að við ættum að sjá til og öðlast reynslu af þeim skrefum sem við þegar erum *búin að stíga. Þau eru þegar umdeild, virðulegi forseti, og ég* held að best fari á því að við reynum að stöðva þar við eins og frekast er kostur.

Laxeldið er vissulega atvinnuvegur sem getur gefið af sér miklar tekjur en við erum bara að taka mjög mikla áhættu að þessu leyti. Og þess vegna er það sem við a.m.k. í Frjálsl. tókum þá afstöðu, þó að við séum mjög hlynnt því að stunda fiskeldi, laxeldi og eldi á sjávarfiskum hér við land, þá höfum við lagst gegn því að nota norskan stofn við laxeldi hér á landi. Við teljum einfaldlega að þar séum við að taka of mikla áhættu *miðað við reynsluna af því hversu mikið sleppur úr* laxeldi víðast hvar annars staðar og nefnd eru dæmi í áliti minni hlutans þar sem segir, með leyfi forseta:

„Talið er að um 600.000 laxar hafi sloppið úr sjókvíum við Færeyjar á síðasta ári."

Allt þetta mál er því mjög stórt og viðamikið.

Ég tek undir það sem segir í áliti minni hlutans að það hefði verið eðlilegt að þingið hefði verið kallað saman í sumar ef menn töldu sig þurfa að setja þessi lög, en ég tel hins vegar að bent hafi verið á að það hafi ekki verið *nauðsynlegt.*

[14:28]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem við fjöllum um í dag er mikið alvörumál. Við erum skuldbundin til þess að lögleiða tilskipun Evrópusambandsins um viðskiptafrelsi og í því efni fylgir ákveðinn böggull skammrifi, þ.e. við þurfum að gæta innlendra hagsmuna og í þessu tilfelli hagsmuna íslensks lífríkis og náttúru.

Það hefur ítrekað komið fram í umræðunni í dag að tíminn til undirbúnings þessa máls hafi verið skammur. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla þeim fullyrðingum og því til sönnunar ætla ég að leyfa mér, herra forseti, að lesa upp úr bréfi frá landbrn. til Eftirlitsstofnunar EFTA. Það bréf er dagsett 30. september árið 2002, en í bréfinu er eftirfarandi tilvísun í þýðingu:

„Eins og sagt er í bréfi ráðuneytisins frá 10. maí 2002 hefur lagafrumvarp og reglugerð nú þegar verið samin."

Herra forseti. Málið hefur verið í vinnslu í ráðuneytinu lengur en frá 10. maí, því samkvæmt bréfi ráðuneytisins er þá þegar tilbúið lagafrv. og reglugerðir. Tíminn hefur því verið nægur, enda lá það ljóst fyrir fyrir löngu að við þyrftum að staðfesta þessa tilskipun Evrópusambandsins. En tíminn hefur hins vegar verið afar illa nýttur, herra forseti. Og þess vegna erum við í þessum ég vil eiginlega segja ógöngum í dag og þó ekki eingöngu þess vegna því við höfum eins og fram hefur komið í máli ræðumanna hér í dag fengið endurteknar ábendingar og áminningar frá Eftirlitsstofnun EFTA. Við höfum ítrekað fengið frest til að skila þessu verki af okkur og við nýttum heldur ekki það ráðrúm sem okkur gafst *á þingi eftir síðustu kosningar til að ganga í þetta verk. Get ég* þó fullyrt að það var fullur vilji stjórnarandstöðuflokkanna að taka til starfa strax eftir kosningar. En þess var ekki óskað, herra forseti. Þess í stað eru það hagsmunir útflytjenda og ég vil leyfa mér að segja skammtímaviðskiptahagsmunir sem réðu því að þetta mál var tekið til umræðu í sumar og sett á bráðabirgðalög.

Ég segi skammtímaviðskiptahagsmunir því að á hinn bóginn erum við með miklu meiri langtímaviðskiptahagsmuni. Við erum með tölur upp á 6,5 milljónir í útflutning á laxaseiðum frá áramótum samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands og í morgun barst okkur í landbn. leiðrétting á fyrri upplýsingum um að þessi upphæð væri 27 milljónir, en það sem þarna fór á milli mála voru viðskipti við Chile, þannig að upplýsingar Hagstofunnar eru að sjálfsögðu réttar. Á hinn bóginn erum við að tala um 3 milljarða í árlegar tekjur af sölu laxveiðileyfa á Íslandi og margföldum þá upphæð í varanlegan skaða ef við skemmum íslenska laxastofninn.

Það er skoðun mín, herra forseti, að nál. meiri hlutans sé í raun áfellisdómur yfir vinnubrögðum landbrh. í þessu dæmi og ég ætla í því efni að vitna í álitið, með leyfi forseta. Á bls. 2 stendur:

„Meiri hlutinn telur að við samningu frumvarpsins hafi ekki verið nægilega gætt að ákvæði 1. mgr. 36. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, þar sem segir að hverju frumvarpi skuli fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum þess."

Það lá sem sagt ekki skýrt fyrir í sumar þegar þetta var tekið fyrir hjá landbn. hver raunverulegur tilgangur þess var og hverjar skýringar á höfuðákvæðum þess voru.

Einnig segir í sama áliti á bls. 3, með leyfi forseta:

„Að teknu tilliti til framangreindra umhverfis- og verndarsjónarmiða telur meiri hlutinn nauðsynlegt, með hliðsjón af umsögn umhverfisnefndar og þrátt fyrir fjölmörg ákvæði í gildandi lögum um verndun staðbundinna stofna, að leggja til að við frumvarpið verði bætt öryggisákvæði."

Í meðferð sinni hefur landbn. bætt inn þessum öryggisákvæðum og það er eftirtektarvert, herra forseti, að við frv. eru gerðar sex efnislegar brtt. Mér finnst það talsvert mikið, herra forseti, og segja mikið um hvernig hefur verið staðið að verki við samningu frv. í upphafi.

Eins og segir í áliti minni hluta landbn. er með þeim *bráðabirgðalögum búið að galopna fyrir innflutning á lifandi* fiskum til Íslands. Ég ætla að leyfa mér að vitna í umsögn okkar úr minni hluta landbn., herra forseti, en þar segir á bls. 5:

„Í minnisblaði Náttúrufræðistofnunar til umhverfisnefndar Alþingis segir að með bráðabirgðalögunum hafi verið heimilaður innflutningur á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum, sem áður var bannaður, en landbúnaðarráðherra gat veitt undanþágur að fengnum umsögnum frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt meðmælum yfirdýralæknis. Þetta þýðir að á meðan umhverfisráðherra hefur ekki sett reglugerð um innflutning dýra (eins og honum ber að gera samkvæmt lögum) er innflutningur á „lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum" heimill án leyfa og ekki þarf neinar umsagnir eða meðmæli. Bráðabirgðalögin galopna þannig fyrir óheftan innflutning á lífverum sem geta skaðað lífríki í fersku vatni á Íslandi."

Ég tel að hér sé mikil hætta á ferðum fyrir íslenskt lífríki. Ég ætla að leyfa mér að spyrja hæstv. umhvrh., sem því miður er hér ekki lengur, en ég ætla samt að vona að *hún heyri í mér og sjái ástæðu til að svara þingheimi þótt* síðar verði: Hvernig stendur á því að umhvrh. hefur ekki sett reglugerð um innflutning dýra eins og henni ber að gera lögum samkvæmt? Hvernig stendur á því, hæstv. umhvrh.? Og ég ætla að líka að leyfa mér að spyrja umhvrh. hvort hún ætli sér ekki að setja slíka reglugerð og hvort ekki hljóti að teljast rík ástæða til að staðið sé við það lagaákvæði sem hér er vitnað til?

Vitnað hefur verið í umræður um veiðar á rjúpu fyrir tveim dögum, rjúpnaveiðibannið svokallaða. Þar var lítils

háttar intermezzó um það lagafrv. sem hér er til umræðu og í því intermezzói sagði hæstv. landbrh. að hann hefði vandað sig mjög mikið við þá lagasetningu sem við fjöllum um í dag. Ég verð að segja, herra forseti, að ég tel að bæði nál. meiri hlutans og nál. minni hlutans séu í raun áfellisdómur um vinnubrögð landbrh. Ég get í meginatriðum verið sammála nál. meiri hluta landbn., enda voru vinnubrögðin og samvinnan í nefndinni ákaflega góð eins og margoft hefur komið fram. En við í minni hlutanum teljum hins vegar að ekki sé gengið nógu langt til verndar íslenskri náttúru og viljum fara allar þær leiðir sem við teljum færar til að koma í veg fyrir að hér verði stórslys. En við teljum vinnubrögðin vera losaraleg og í raun alls ekki sæmandi hinu háa Alþingi eins og þau birtast okkur og skýrt kemur fram í nál. bæði meiri hluta og minni hluta.

Í rauninni er mjög athyglisvert, herra forseti, og ég ætla að láta það vera mín síðustu orð í dag, að það hefur enginn ráðherra og í rauninni enginn þingmaður úr stjórnarliðinu heldur tekið að sér að verja þessa lagasetningu hér í dag. (**ÞBack:** Nákvæmlega.) Segir það ekki mikla sögu?

[14:41]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég hef ítrekað komið hér upp og varið það að það séu ekki aðeins 6 millj. kr. hagsmunir sem í húfi eru, þá vil ég taka fram aftur að samkvæmt upplýsingum frá Stofnfiski vilja þeir meina að vegna markaðslokunar í sumar hafi það kostað þá a.m.k. 50 millj. kr. Og meira en það því að í samhengi setningar bráðabirgðalaganna verður einnig að horfa til þess að viðskiptasamningar og langtímaáætlanir á grundvelli þeirra lentu í uppnámi vegna þeirrar lokunar sem varð til þess að við uppfylltum ekki þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar.

Áætluð velta Stofnfisks og Fiskeldis Eyjafjarðar á næstu þremur árum eru 700–1.000 millj. kr. Við fengum skeyti áðan frá Guðbergi Rúnarssyni í Landssamtökum fiskeldisstöðva. Þar kemur fram að flutt hafi verið út til Noregs fyrir 51,5 milljónir og 6,5 milljónir til Evrópu. Samkvæmt tollnúmerum eru þetta 58 milljónir Önnur sala er áframseld hrogn frá Írlandi um 7 milljónir og þjónustusamningurinn vegna hrognasölu í Bretlandi er metinn á 7–8 milljónir. Rétt er að benda á að aðeins ein sending náði inn til Bretlands sem opnaðist strax eftir að bráðabirgðalögin voru sett, síðan lokaðist markaðurinn aftur en opnaðist aftur núna fyrir þremur vikum og bráðabirgðalögin og þessi eina sending inn á Bretlandsmarkað kom þó í veg fyrir það að þjónustusamningarnir færu í uppnám.

[14:43]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eru allar tölur sem við tölum um í þessu sambandi „ef" og „kannski" tölur, nema þær tölur sem við höfum fengið upplýsingar um frá Hagstofu Íslands. Þær eru borðleggjandi. Við getum ekki neitt spáð fyrir um framtíðina.

Hins vegar efa ég ekki að hagsmunir eru í húfi varðandi verslun með íslensk hrogn eða seiði. Það undirstrikar hversu slæleg vinnubrögð og hagsmunagæsla, skulum við bara segja, landbrn. fyrir hönd þessarar atvinnugreinar hafa verið fram á þennan dag, að það skuli lenda í eindaga að tryggja að lagaumhverfið sé í lagi fyrir þessa atvinnugrein. Þetta er allt saman undirstrikun á því.

[14:44]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega alltaf hægt að togast á um tölur. Það verður líka að líta til þess að ekki er hægt að flytja út meðan markaður er lokaður. Og þetta er það mat sem þeir leggja á, að þeir hefðu getað flutt út ef ekki hefði komið til þessarar lokunar.

Ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður í umræðunni að mjög miklir hagsmunir eru á báða bóga. Það eru miklir hagsmunir fiskeldisins. Það eru miklir hagsmunir hjá veiðiréttarhöfum. Og það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir lífríki ánna okkar. Það eru allir sammála um það að við viljum vernda laxastofna okkar og fara að þeim leiðum sem til þess eru færar. Ég held að í tillögum okkar meiri hluta landbn. séum við að byggja undir verndina eins vel og hugsast getur.

[14:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að engu sé við þetta að bæta, við getum þrasað fram og aftur um tölur og hvort hagsmunir séu meiri eða minni. En ef við berum saman tölulega hagsmuni laxeldis annars vegar og laxveiðibænda hins vegar þá held ég að ekki þurfi að leika neinn vafi á hvar hagsmunirnir eru meiri. Hins vegar erum við alveg sammála um að tryggja þurfi lagaumhverfi laxeldis á Íslandi og eins og ég sagði áðan í fyrra andsvari mínu tel ég að landbrn. hafi brugðist þar og það illilega. Þess vegna erum við í þeim ógöngum sem við erum í dag. Ég er hins vegar ekki sammála hv. formanni landbn. að við séum að gera allt það sem mögulegt er til að tryggja hagsmuni íslenskrar náttúru.

[14:46]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Talsmenn okkar í Samf. í umhvn. og landbn., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hafa gert góða og skilmerkilega grein fyrir afstöðu okkar til ýmissa efnisatriða málsins. Ég hef út af fyrir sig ekki neinu við það að bæta, til þess eru þau mér fremri að bæði viti og þekkingu á málinu sem hér er fyrir. Ég vil þó fá að nota tækifærið og hrósa sérstaklega vinnubrögðum formanns landbn., hv. þ.m. Drífu Hjartardóttur og meiri hluta landbn., því að þótt meiri hlutinn hafi ekki viljað fara þær leiðir sem minni hlutinn lagði til, þá finnst mér að það beri að halda því til haga að meiri hluti landbn. hefur tekið á þessu máli af festu og sannarlega leiðbeint ráðherranum eins og löggjafans hlutverk er. Ég held að ekki væri ósanngjarnt að segja að formaður landbn., hv. þm. Drífa Hjartardóttir, hafi í þessu máli sett bæði kút og kork á hæstv. landbrh., Guðna Ágústsson, því ef ekki hefðu komið til þær sex efnisbreytingar á frv. hæstv. landbrh., þá hefði hann auðvitað sokkið á bólakaf í málinu.

Það er auðvitað hið vandræðalegasta að landbrh. komi hér að sumri loknu með frv. sem stjórnarmeirihlutinn í þinginu verður síðan að gefa út að sé varla þingtækt og að hér séu sett bráðabirgðalög sem í sex efnisatriðum þurfi að leiðrétta þegar á næsta þingi. Það eru vinnubrögð sem eru engum til sóma. Það sést náttúrlega best þegar litið er yfir ríkisstjórnarbekkinn hér í dag, að það er enginn í ríkisstjórninni sem vill verja þetta verklag. Það hefur enginn af helstu forustumönnum ríkisstjórnarinnar komið hér og varið þetta verklag við umræðuna. Ég ítreka, herra forseti, að þetta er augljóslega allt hið vandræðalegasta mál.

En mér finnst sómi að því að landbn. tekur málið föstum tökum, gerir þær efnisbreytingar sem hún telur nauðsynlegar, þótt okkar fólk hafi viljað ganga lengra í því efni og ég vil hrósa hv. þm. Drífu Hjartardóttur sérstaklega fyrir að hafa fyrir hönd þingsins staðið í lappirnar ef svo má segja í málinu.

En ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að ég kem hér upp er þó kannski fyrst og fremst önnur og hún er sú að ég átta mig ekki alveg á aðdraganda málsins, enda verður að virða mér það til vorkunnar að ég er nýliði í þinginu. Mér sýnist að það frv. sem hér er fyrir varði óverulega hagsmuni. Það má eflaust deila um hvort þeir hagsmunir nema 6 milljónum eða 50 milljónum, eða jafnvel eitthvað eilítið meira en 50 milljónum, en óverulegir hljóta þeir að teljast og ég held að sannfærandi rök hafi verið leidd að því að engin knýjandi nauðsyn hafi kallað á það að sett væru bráðabirgðalög.

En ef það var knýjandi nauðsyn að sett væru lög, þá skil ég ekki hvers vegna þingið var ekki kallað saman til að fjalla um það. Og í því efni, virðulegur forseti, velti ég fyrir mér hlutverki forseta Alþingis og því hvaða samskipti hafi farið fram milli Stjórnarráðsins og Alþingis í aðdraganda málsins. Ég veit ekki betur en ég sé á launum hjá hinu háa Alþingi í 12 mánuði á ári og kalla megi mig til starfa, sé til þess *knýjandi þörf, með tiltölulega skömmum fyrirvara*. Og hafi sú knýjandi þörf verið fyrir hendi, þá ítreka ég að ég skil ekki hvers vegna það ekki var gert.

Mér finnst mikilvægt að við þessa umræðu komi fram hvort forseta Alþingis hafi verið kunnugt um að í undirbúningi væri setning bráðabirgðalaga um þessi efni, laga sem eins og fram hefur komið ekki var talið unnt að setja á þinginu vegna tímaskorts og vegna þess að það þyrfti að taka tíma til að vanda vel til verka eins og raunin hefur nú orðið í landbn. Var forseta Alþingis kunnugt um þær fyrirætlanir? Var óformlegt eða formlegt samráð milli Stjórnarráðsins og Alþingis um með hvaða hætti skyldi staðið að þessu? Spurðist Stjórnarráðið fyrir um hvort forseti teldi efni til að kalla saman þingið vegna þeirrar knýjandi nauðsynjar sem Stjórnarráðið sá á því að setja þessi lög?

Mér finnst það mikilvægt vegna þess að við sem kusum hæstv. forseta Alþingis hér á vordögum gerðum það auðvitað *í trausti þess að hann gætti stjórnsýslunnar í þinginu og héldi* hlut þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég er þeirrar skoðunar að bráðabirgðalög eigi ekki að setja nema brýna nauðsyn beri til og þá á ég við hryðjuverk, náttúruhamfarir eða aðra slíka aðsteðjandi vá sem ekki þolir neina bið að bregðast við. Og síðan hins vegar þegar óumdeilt er að Alþingi hafi orðið á mistök, þá má leiða rök að því að óþarfi sé að kalla saman þingið vegna þess að enginn ágreiningur sé um að leiðrétta slík mistök með bráðabirgðalögum. En í öllum öðrum tilfellum þá tel ég að kalla eigi saman þing. Ég tel að meðferðin í landbn. og þær sex efnisbreytingar sem meiri hluti landbn. leggur til á frv. sýni það einfaldlega og sanni að það eru þau vinnubrögð sem vert er að hafa, að kalla þingið saman, fjalla efnislega á vandaðan hátt um málin til að tryggja að lagasetningin sé í lagi.

Þetta er afstaða mín og mér finnst mikilvægt að ljóst sé hver afstaða forseta Alþingis er í þessu efni. Telur forseti Alþingis að setning þessara bráðabirgðalaga hafi verið í lagi? Hvers vegna gekkst hann ekki fyrir því að þingið væri kallað saman? Og hvenær telur hann ástæðu til að þingið sé kallað saman?

[14:54]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir góð orð í minn garð og hv. landbn. Mér er bæði ljúft og skylt að setja kút og kork á hæstv. landbrh. ef með þarf, *við erum nefnilega í sama liðinu*. Allar brtt. sem eru við frv. eru gerðar í fullu samráði bæði við landbrn. og umhvrn. eins og ég hef getið hér um áður og frv. hefur aðeins batnað.

En hvað það varðar sem hv. þm. Helgi Hjörvar kom að í ræðu sinni þar sem hann sagði að meiri hlutinn hefði ekki hlustað á tillögur minni hlutans í landbn., þá komu einfaldlega engar tillögur þar fram, engar efnislegar tillögur, brtt., komu fram í nefndinni. Hv. frsm. minni hluta landbn. hefur greint frá því að þær muni koma á milli 2. og 3. umr. en við höfum ekki séð þær breytingar enn þá.

[14:55]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega athyglisvert að stjórnarliðar skuli eyða dýrmætum tíma sínum í að setja kút og kork hver á annan. Ég hélt að menn ættu að vera orðnir syndir þegar þeir væru komnir í ráðherrastól.

Atvinnusköpun á landsbyggðinni er eitt af mikilvægustu viðfangsefnum stjórnvalda í dag. Nýsköpun er vandasöm. Huga þarf vel að undirbúningi slíkra verkefna og sá undirbúningur er ákaflega mikilvægur. Skoða þarf alla þætti málsins, huga vel að orsökum og afleiðingum, ekki hvað síst þegar um er að ræða verkefni sem tengjast vistkerfi okkar og viðkvæmri náttúru. Vel skal vanda það sem lengi skal standa.

Í mínum huga eru brtt. meiri hluta landbn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, staðfesting þess að hæstv. landbrh. vandaði ekki vinnu sína þegar hann undirbjó bráðabirgðalögin í sumar og setti þau síðan. Það er mjög áberandi að allur þessi málatilbúnaður sýnir hvernig stjórnvöld fórna ítrekað almennum og almannahagsmunum fyrir sérhagsmuni.

Ég vil halda því sérstaklega til haga í þessu máli að tilefni bráðabirgðalaganna var í sjálfu sér ekki staða fyrirtækjanna út af fyrir sig eða þessarar greinar. Tilefnið er miklu frekar sinnuleysi stjórnvalda, að hafa ekki sinnt því að *skapa atvinnugreinum hér á landi eðlilegt umhverfi*. Bráðabirgðalagasetningin var í raun viðbrögð stjórnvalda við eigin skussahætti. Það að ríkisstjórnin skuli síðan hleypa þessum bráðabirgðalögum í gegn er kafli út af fyrir sig.

Við höfum nefnt að tilefnið er frekar lítið, 6 milljónir hafa verið nefndar. Það má segja að kominn sé verðmiði á bráðabirgðalög. Þetta er svona meðalyfirdráttur hjá meðalstóru fyrirtæki sem um ræðir. En þó svo að fjárhæðirnar séu hærri, þó svo að þessi verðmæti sem þarna um ræðir séu kannski fimm sinnum meiri eða tíu sinnum meiri, (**Landbrh.:** Hundrað sinnum.) þá er mjög erfitt í mínum huga (**Landbrh.:** Margt annað er í húfi.) að réttlæta slík bráðabirgðalög eins og fram hefur komið í ræðum í morgun.

Það sem líka blasir við er hversu óvönduð þessi lagasetning er. Þetta er óvönduð lagasetning sem stefnir umhverfinu í hættu. Ekki er hugað að öllu og ekki vandað til. Þetta er óvönduð lagasetning sem stefnir einum farsælasta sprota íslensks landbúnaðar í hættu, sem eru veiðar í ám, laxveiðar í ám, ein farsælasta og fegursta grein landbúnaðar okkar sem skapar verðmæti, aflar okkur tekna erlendis frá sem okkur er að sjálfsögðu mjög mikilvægt.

Þetta er óvönduð lagasetning þar sem ekki virðist vera gangvegur á milli tveggja ráðherra í sama flokki, ráðherra sem reyndar kepptu um sama embættið nýverið í þeim flokki. (**Landbrh.:** Nei, nei, það er ekki rétt — við stóðum saman ...) Miklu frekar spyr ég þá, fyrst vinskapur er svona mikill, því voru þessi mál ekki rædd og leyst með eðlilegum hætti? Hvers vegna var ekki farin sú leið sem flestir telja að sé heppilegust og eðlilegust í þessu, þ.e. að slá skjaldborg um einstaka náttúru, einstakt umhverfi hér á landi, vernda fjölbreytileika náttúrunnar og vernda þær einstöku perlur sem við búum við hér á landi?

Ég tel að forsvarsmenn fiskeldis hafi komið á fund hæstv. ráðherra í góðri trú. Ég held að þeir hafi átt við talsverðan vanda að stríða. Ég ætla alls ekki að gera lítið úr þeim vanda sem felst í sambýli ferskvatnsveiða í ám og fiskeldis í sjó. Ég held að stjórnvöld mættu gefa því enn meiri gaum og hefja þegar undirbúning að ítarlegum rannsóknum þar að lútandi þannig að ekki þurfi aftur haltur að leiða blindan.

En það er ekki vandi þessara fyrirtækja eða þessara greina sem er hér aðallega til umræðu. Það eru hin undarlegu úrræði stjórnvalda. Það eru fyrst og fremst vinnubrögð stjórnvalda, það eru viðbrögðin við þeim vanda sem við sem stöndum að áliti minni hlutans í landbn. gerum athugasemdir við. Það eru fyrst og fremst vinnubrögðin.

Virðulegi forseti. Ég tel að ef forsvarsmenn fiskeldis hér á landi telji ráðherra til vina sinna eftir að hafa hleypt hagsmunum þeirra í uppnám með óvönduðum vinnubrögðum, þá held ég að þeir ágætu menn þurfi ekki á óvinum að halda.

[15:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta við eða endurtaka öllu heldur þær fjölmörgu góðu ræður sem hér hafa verið haldnar af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Þá er ég fyrst og síðast að tala um efni frv. Komið hafa fram fjölmargar röksemdir fyrir því sem sýna fram á það að mínu mati að með þessari lagasetningu er verið að stofna íslenskri náttúru í verulega hættu. Ég undrast satt best að segja, herra forseti, eftir að hafa setið í hv. umhvn. og hlýtt þar á málflutning þeirra sem heyra undir umhvrh. eða stofnana sem heyra undir umhvrh., hversu í raun illa var staðið að undirbúningi þessarar löggjafar af hálfu hæstv. landbrn. hvað náttúruverndarþáttinn varðar og umhverfisþáttinn. Auðvitað er líka við hæstv. umhvrh. að sakast eins og hér hefur komið fram. Hvar er hæstv. umhvrh. meðan á þessari umræðu stendur þegar mörg rök benda til þess að verið sé að stofna íslenskri náttúru í hættu með þeirri galopnu heimild sem hér er verið að veita til innflutnings á lifandi dýrum?

Ég vil líka vekja athygli á því sem hér hefur verið bent á og kemur fram í nál. minni hluta, að hæstv. umhvrh. hefur ekki ekki enn sett reglugerð sem henni ber að setja skv. 41. gr. náttúruverndarlaga, en þar segir að birta eigi skrá yfir þær tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins. Það er mjög merkilegt að fylgjast með því hvernig stjórnsýsla, ekki bara hæstv. landbrn. heldur líka umhvrn., hefur algjörlega klikkað í þessu máli. Miðað við hvað málið kom vanbúið hingað til Alþingis mætti halda að það hafi borið mjög skjótt að. En svo var aldeilis ekki, herra forseti. Menn hafa haft gríðarlega langan tíma til undirbúnings. Þeir eru búnir að standa í bréfaskriftum mánuðum saman við Eftirlitsstofnun EFTA og það átti svo sem ekki að koma neinum á óvart, herra forseti, að að þessu mundi koma, að bregðast þyrfti við þessum tilmælum frá Eftirlitsstofnuninni. Og hvernig í ósköpunum stendur á því þá, herra forseti, að íslensk stjórnvöld virðast hafa sofið um leið og þau voru að standa í þeim bréfaskriftum í stað þess að undirbúa sig eins og menn undir það að setja þessi lög öðruvísi en svo að af þeim stafaði íslenskri náttúru veruleg ógn eins og nú virðist vera?

Ég vil því bara taka undir það sem kemur fram í nál. minni hluta landbn. og það sem fram hefur komið hér í fjölmörgum ræðum, þ.e. að hér hefur verið staðið mjög illa að verki.

Herra forseti. Mér finnst að einhver hljóti að þurfa að svara fyrir þessi vinnubrögð. En það merkilega við að sitja hér og fylgjast með þessum umræðum er að hér á sér ekki stað nein lýðræðisleg rökræða um málið. Hvar er þessi meiri hluti sem ætlar að setja landsmönnum þessi lög. Hvar er hann? Hér situr hæstv. landbrh. einn og yfirgefinn í þingsölum undir þessum umræðum. (**Gripið fram í:** Þögull sem gröfin.) þögull sem gröfin og aðrir stjórnarliðar hafa nánast ekki tekið þátt í umræðunni. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það er mjög undarlegt, herra forseti, að fylgjast með því að ekki skuli vera sterkari skoðanaskipti hér og að ekki komi fleiri með réttlætið að vopni í pontu til að verja þennan málstað. En það virðist vera skortur á slíkum ræðumönnum og það segir kannski sína sögu.

Ástæða þess að ég sé mig knúna til að taka örlítið þátt í þessari umræðu er kannski fyrst og fremst formið, setning bráðabirgðalaganna sem slíkra. Ég er þeirrar skoðunar að enga brýna nauðsyn hafi borið til, og tek því undir með minni hluta landbn., að enga brýna nauðsyn hafi borið til þess að setja bráðabirgðalög að þessu sinni. Vísa ég enn og aftur til margítrekaðra bréfaskrifta á milli ráðuneytisins og Eftirlitsstofnunar EFTA. Ég vísa til þess að málið kom fyrir Alþingi en dagaði síðan uppi. Ég vísa til þess líka sem hefur komið fram í umræðunum, herra forseti, að síðasta viðvörunin kemur til ráðuneytisins um það leyti sem þing er að koma saman í vor. Og fyrir það hlýtur hæstv. landbrh. að þurfa að svara, herra forseti, að úr því að ríkisstjórninni var kunnugt um að þetta vandamál væri til staðar og að afgreiða þyrfti þetta mál, af hverju í ósköpunum lá þá svona á að koma þingheimi heim í sumarfrí í vor eins og raunin var? Það mátti ekki sitja hér deginum lengur en þrjá daga ef ég man rétt. Það lá mikið á af hálfu ríkisstjórnarinnar að slíta þinginu. Og af hverju, herra forseti, fór hæstv. landbrh. ekki fram á það að þingið tæki þetta mál fyrir? Af hverju, herra forseti, var það ekki lagt fyrir á vorþinginu? Þá höfðu þingmenn allan þann tíma sem þeir gátu gefið sér í að ræða þetta mál. Þessu verður hæstv. landbrh. að svara.

Ég treysti því að hann geri það í ræðu sinni á eftir. Það hljóta að hafa verið einhverjar verulegar hindranir í vegi fyrir því að honum hafi verið kleift að legga þetta fyrir vorþingið. Það lítur þannig út í mínum augum, herra forseti, að þarna hafi verið um vanrækslu að ræða í besta falli og það þykir mér slæmt.

Það verður að segjast eins og er líka, herra forseti, að það lítur hreinlega þannig út að hæstv. ríkisstjórn hafi vísvitandi verið að reyna að koma sér hjá því að taka þessa umræðu í þinginu. Það lítur þannig út, því miður, því allar upplýsingar lágu fyrir. Þær voru allar til staðar. Eigi að síður ákvað hæstv. ríkisstjórn að leggja málið ekki fyrir á vorþinginu. Þingheimur var sendur grunlaus heim og taldi að engin sérstök brýn verkefni væru fram undan. Á þessu hefur hæstv. landbrh. ekki gefið neinar skýringar. En hann verður að svara því skýrt og skorinort hér hvers vegna þetta var ekki gert.

Síðan hefur líka verið dregið mjög skýrt fram í þessari umræðu að það bar enga brýna nauðsyn til að setja þessi lög. Auk þess var ekki neitt því til fyrirstöðu að kalla þingið saman í sumar hafi verið svona mikilvægt að gera þetta strax. Þess vegna, herra forseti, get ég á engan hátt fengið skilið út af hverju þessi leið var valin nema að e.t.v. hafi vísvitandi átt að reyna að koma í veg fyrir það að þurfa að taka þessa erfiðu umræðu í þinginu. Ég hef a.m.k. ekki fengið aðrar skýringar frá hæstv. landbrh., en eins og ég sagði áðan hefur hann svo sem ekki tekið mikinn þátt í þessari umræðu. (**Landbrh.:** Í 1. umr.) Við 1. umr. málsins komu ekki fram, herra forseti, skýringar á því út af hverju málið var ekki klárað í vor, á vorþinginu. Ekki hafa komið fram skýringar á því hvað því var til fyrirstöðu að leggja málið fyrir á vorþingi og að þingheimur sæti saman nokkra daga til að ræða þessa gríðarlegu hagsmuni sem nú hefur verið sýnt fram á að snúast um örfáar milljónir. En það er önnur saga. Við skulum segja sem svo að mjög hafi verið mikilvægt að klára málið. En af hverju í ósköpunum var það ekki gert á þeim dögum sem við höfðum í vor? Þessu hefur ekki verið svarað. En hafi hæstv. landbrh. þegar svarað því og gefið fullnægjandi skýringar, þá bið ég um að hann endurtaki þær hér þannig að maður fari að fá einhvern botn í þetta mál.

Við þessa umræðu hefur verið rakið mjög ítarlega hvernig farið hefur verið með bráðabirgðalagaúrræðið frá árinu 1991 og það sem dregið er fram í nál. minni hlutans segir sína sögu, þ.e. að árin 1971–1980 eru 65 bráðabirgðalög sett, á áratugnum 1981–1990 eru sett 43 en á árunum 1991–2000 eru sett fimm bráðabirgðalög, með öðrum orðum eftir að breytingin er gerð 1991. Þetta segir heilmikið hvað þingheimur var að gera með breytingunni 1991. Setning bráðabirgðalaga síðan þá sýnir líka að ætlast hefur verið til þess að annaðhvort sé málið mjög mikilvægt og brýnt eða að um sé að ræða sjálfsagðar leiðréttingar sem hæstv. ríkisstjórn veit að vilji er fyrir og sanngjarnt og eðlilegt er að séu leiðréttar. Það er kannski engin ástæða til að kalla þingheim saman til þess að gera slíkar breytingar.

Herra forseti. Við megum ekki fara fram hjá umræðunni í þinginu eins og hér hefur verið gert og fara fram hjá því að þingið sjálft, hið háa Alþingi, hefur löggjafarvaldið en ekki hæstv. ráðherrar, þó þeir hafi vissulega mikið vald. Þeir eiga í tilvikum sem þessum að leggja mál fyrir þingið nema það sé beinlínis enginn möguleiki að gera það.

Í ljósi aðdraganda alls þessa, þ.e. hvernig frv. kemur hér fyrir, burt séð frá efnisatriðum málsins sem eru alveg nægilega alvarleg í sjálfu sér, þá er það mjög alvarlegt hvernig látið var hjá liggja að draga Alþingi inn í þessa ákvörðun á sínum tíma þegar í raun ekkert var því til fyrirstöðu að kalla þingið saman eða leggja málið fram á vorþinginu.

Ég minnist þess að þegar hæstv. forsrh. hringdi í mig og tilkynnti mér það sem þingflokksformanni í mínum flokki að þessi lög yrðu sett þá var það í tilkynningarformi og sagt að þetta ætti að gera í ljósi mikilvægra viðskiptahagsmuna o.s.frv. Í sjálfu sér voru ekki gefin nein færi á því að málið yrði rætt neitt frekar og allt í lagi með það. En það hefur ekki verið dregið fram í þessari umræðu, herra forseti, að ekki hafi verið hægt að gera þetta öðruvísi. Hæstv. ríkisstjórn ber ábyrgðina á því.

Þeir sérfræðingar sem hafa fjallað um málið með tilliti til bráðabirgðalagaformsins sem hér er notað ganga a.m.k. mjög langt í því að segja að hér hafi verið um algjörlega takmarkað tilvik að ræða og að seilst hafi verið mjög langt með þessa heimild. Ég tel, herra forseti, að þessir sérfræðingar hafi verið mjög kurteisir í sínu orðalagi því að miðað við innihald greinargerðarinnar sem maður hefur séð um þetta má segja að allt eins megi komast að þeirri niðurstöðu, miðað við röksemdirnar, að þarna hafi ekki verið um brýna nauðsyn að ræða. Það er líka kannski eðlilegt að sérfræðingar eða prófessorar telji það svolítið mikið upp í sig tekið að segja beinlínis að þarna hafi ríkisstjórnin gengið of langt. En a.m.k. eru þeir sammála um að þarna hafi verið seilst eins langt og hægt er.

Því hlýtur maður að spyrja hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstjórn: Af hverju í ósköpunum er valið að ganga svona langt og ganga svona nærri stjórnarskránni og gert er í þessu tilviki?

Herra forseti. Ég vænti þess að fá svör við þessu. Ég ætla a.m.k. að leyfa mér að gera ráð fyrir því að hæstv. landbrh. komi til svara hér á eftir þó ekki hafi nú verið mikið um svör af hans hálfu. Ég vona að hann svari í fyrsta lagi eftirfarandi: Af hverju var málið ekki lagt fram á vorþinginu? Hvað gerði það að verkum að ekki var unnt að leggja málið fyrir vorþingið og ræða það til enda? Síðan í öðru lagi: Hvað veldur því að menn ákveða að seilast eins langt og þeir mögulega telja sig geta komist upp með hvað varðar 28. gr. stjórnarskrárinnar?

[15:18]

Sigurjón Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með langri ræðu. Við í Frjálsl. höfum skýra afstöðu í þessu máli. Á síðasta landsþingi samþykkti Frjálsl. að hafna eldi á erlendum laxastofnum við strendur Íslands. En við ætlum að gera meira með okkar samþykktir en Sjálfstfl. og Framsfl., en þeir viðast vilja gleyma þeim sem fyrst eftir kosningar.

Ég minnist samþykktar framsóknarmanna um að gera ætti betur við atvinnulaust fólk. Það varð fyrsta verk hæstv. félmrh. að ráðast á kjör þessa fólks. Maður efast í þessari umræðu í raun um orð hæstv. landbrh., þ.e. hvað hann meini með þessari elsku sinni á íslenskri náttúru.

Ég tek heils hugar undir álit minni hluta landbn. sem telur í fyrsta lagi að bráðabirgðalögin sem sett voru í sumar standi á mjög veikum grunni. Ég spyr því hæstv. landbrh. hvers vegna þingið var ekki kallað saman fyrst svona miklir hagsmunir voru í veði. Hvað var því til fyrirstöðu?

Það er merkilegt að enginn ráðherra skuli reyna að verja þessa lagasetningu. Það hefur þó hv. þm. Drífa Hjartardóttir gert með því að vitna í mögulegar sölutölur. En raunveruleikinn varðandi þessa hagsmuni sýnir að það voru ekki mjög háar upphæðir í veði. Ég skora á hæstv. landbrh. að koma hér og greina okkur frá því hvers vegna þingið var ekki kallað saman. Hvað stóð því til fyrirstöðu? Var það færð eða hvað var því til fyrirstöðu? (**Landbrh.:** Sumarsólin.) Það var sumarsólin.

Ég ætla heldur ekki að rekja í löngu máli þá hættu sem innflutningur á útlendum laxastofnum setur íslenska náttúru í og aðra hagsmuni og hagsmuni veiðiréttarhafa. Það hefur verið gert hér í löngu máli fyrr í dag. Hér hefur komið fram að hann stofnar lífríkinu í hættu og það hefur líka komið fram að allar vísindastofnanir sem hafa fjallað um þetta mál og eiga aðkomu að því hafa gagnrýnt þessa lagasetningu.

Í gær var ég staddur á fundi hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur. Þar flutti hæstv. landbrh. skemmtilega ræðu sem var nú kannski ekki innihaldsmikil. Þó kom fram að hann viðurkenndi ákveðna hætta bæði fyrir veiðiréttarhafa og einnig

íslenska náttúru. (**Landbrh.:** Og?) Jú, hann kallaði sig varðmann íslenska laxins. Mér finnst þá rétt að varðmaðurinn koma hérna upp og segi okkur frá því hvaða girðingar hann ætlar að setja laxinum til verndar og íslenskri náttúru. Ég hef ekki séð þessar girðingar. Mér væri akkur í því ef greint yrði frá því hér hvaða aðgerða eigi að grípa til.

Svo er oft vitnað til þess að strangar reglur gildi um starfsleyfi þessara fyrirtækja. Jú, en í framhaldi af því er rétt að spyrja: Hvað gerist ef þeir brjóta starfsleyfið? Hvaða ábyrgð eru þessi fyrirtæki látin sæta? Hvaða ákvæðum var beitt eða var einhver látin sæta ábyrgð þegar laxinn slapp út í Mjóafirði nú í sumar? Það væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. landbrh. hvaða sektum var beitt í því tilfelli.

Vegna þess að hæstv. landbrh. hefur viðurkennt að hagsmunir veiðiréttarhafa eru í hættu þá er rétt að spyrja: Hvernig á að bæta þeim ef illa fer? Mér finnst að það verði að koma fram hjá varðmanninum. Hann verður að segja okkur frá því.

Einnig tel ég rétt að taka betur á í umhverfislöggjöfinni þannig að menn geti ekki brotið starfsleyfisreglur og sæti engri ábyrgð. Þeir urða jafnvel lax í óleyfi svo tugum tonna skiptir. Síðan er urðunarstaðurinn bara gerður löglegur eftir á.

[15:24]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Í þessari ræðu ætla ég að fjalla örlítið nánar um álit minni hluta landbn. Ég gerði það reyndar í stuttu andsvari fyrr í dag. En ég vil gjarnan fara yfir þau atriði í nál. sem ég tel rétt að gera athugasemdir við og tel að standist í rauninni ekki. Ég vil að þessum atriðum sé haldið til haga í þessari umræðu vegna þess að ýmsu hefur verið haldið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar sem lítill fótur er fyrir.

Því miður eru nú reyndar þeir hv. þm. sem skrifa undir nál. ekki staddir í salnum þrátt fyrir að hafa farið mikinn í ræðustól. Vonandi heyra þeir til mín og geta komið til að svara þeim spurningum eða þeim álitaefnum og sjónarmiðum sem koma munu fram í þessari ræðu. (**Gripið fram í:** Það er verið að ná í þá.)

Varðandi niðurstöðu minni hluta landbn. þá er það um hana að segja að hún er í grundvallaratriðum í þremur liðum. Í fyrsta lagi er það niðurstaða minni hlutans að setning bráðabirgðalaganna uppfylli ekki ákvæði 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. Í öðru lagi er því haldið fram að hagsmunir náttúrunnar séu settir í uppnám og í þriðja lagi er því haldið fram að vinnubrögð Stjórnarráðsins séu óeðlileg. Ég ætla ekki að fjalla um alla þessa liði heldur ætla ég að fjalla um fyrsta atriðið sem ég tel að sé meginniðurstaðan hvað varðar álit minni hluta landbn., þ.e. hvort setning bráðabirgðalaganna uppfylli ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Ágreiningurinn snýst í rauninni ekkert um öll þau skilyrði sem fram koma í 28. gr. stjórnarskrárinnar heldur fyrst og fremst um það hvort það skilyrði um brýna nauðsyn til setningar laganna hafi verið uppfyllt. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur lýst því hér yfir að hún telji að svo sé ekki og tekur þar með undir nál. minni hlutans, en undir það skrifa hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Ásgeir Friðgeirsson.

Í sjálfu sér er ekkert nýtt að menn geri ágreining um það þegar sett eru bráðabirgðalög að brýna nauðsyn hafi borið til slíkrar lagasetningar. Í rauninni varða öll þau mál sem hafa komið fyrir dómstóla í réttarsögunni og lúta að þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, ágreining um hvort skilyrði laganna um brýna nauðsyn hafi verið uppfyllt. Minni hluti landbn. telur að svo hafi ekki verið og í rökstuðningi sínum fyrir þessu atriði er vísað til tveggja atriða niðurstöðunni til stuðnings.

Í fyrsta lagi er vísað til álits sérfræðinga, á bls. 4 í álitinu, og í öðru lagi til dóms Hæstaréttar í máli frá árinu 1995, á bls. 2417 í Dómasafni Hæstaréttar.

Hvað varðar álit sérfræðinga þá hljóta höfundar nefndarálitsins og fulltrúar í minni hluta nefndarinnar að vísa til álitsgerðar Ragnhildar Helgadóttur lektors við Háskólann í Reykjavík, enda leggja þeir álitsgerðina fram sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Þeir sem mynda minni hlutann telja sem sagt að þessi tvö atriði styðji þá niðurstöðu sem þeir komast að í sínu áliti.

Ef við víkjum að þessum dómi Hæstaréttar í máli frá 1995, á bls. 2417 í Dómasafni Hæstaréttar, þá er alveg ljóst af þeim dómi, þegar hann er lesinn, að í niðurstöðu hans er ekki fallist á það með þeim sem höfðar það mál að með þeirri bráðabirgðalagasetningu sem málið varðar hafi verið brotið gegn ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar. Ég hlýt náttúrlega að lýsa furðu minni á því að minni hluti landbn. skuli vísa til niðurstöðu Hæstaréttar í máli sem gengur þvert gegn niðurstöðu nefndarinnar í álitinu sem hún hefur sent frá sér. Það er algjörlega óskiljanlegt að menn skuli ætla að styrkja niðurstöðu sína með tilvitnun í dóm sem gengur þvert gegn þeirra eigin niðurstöðu.

Ef við víkjum að hinu atriðinu sem er lögfræðileg álitsgerð Ragnhildar Helgadóttur þá liggur hún frammi sem fylgiskjal með nefndarálitinu. Í niðurstöðukaflanum er fjallað um það, svo það sé tekið fram, hvort brýn nauðsyn hafi verið fyrir setningu bráðabirgðalaganna og hvort skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið fullnægt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeim dómum sem gengið hafa um þetta atriði á síðasta áratug tel ég ólíklegt að dómstólar myndu telja bráðabirgðalöggjafann hafa farið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar er lög nr. 103/2003 voru sett."

Ég leyfi mér að endurtaka: „... tel ég ólíklegt að dómstólar myndu telja bráðabirgðalöggjafann hafa farið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt 28. gr. ..."

Þýðing álitsgerðarinnar eins og annarra lögfræðilegra álitsgerða er náttúrlega fyrst og fremst sú að þegar menn senda slíkar álitsgerðir frá sér þá eru þeir að spá fyrir um það hver niðurstaða dómstóla yrði varðandi það álitaefni sem til umfjöllunar er ef gerður yrði réttarágreiningur um það og málið færi fyrir dómstól. Niðurstaðan er náttúrlega sú, eins og hér hefur komið fram og ég hef tekið upp úr álitsgerðinni, að álitsgerðarhöfundur telur mjög ólíklegt eða ólíklegt, svo að rétt sé með það farið, að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að skilyrði ákvæðis 28. gr. stjórnarskrárinnar yrði ekki uppfyllt. Höfundur álitsgerðarinnar kemst með öðrum orðum að annarri niðurstöðu, þveröfugri niðurstöðu en höfundar álits minni hluta nefndarinnar, þ.e. hún kemst að annarri niðurstöðu en minni hluti landbn. Maður hlýtur að lýsa furðu sinni á því og telja það furðulegt að minni hluti nefndarinnar vísi niðurstöðu sinni til stuðnings hvað þetta atriði varðar til álitsgerðar Ragnhildar Helgadóttur, lögfræðings og lektors við Háskólann í Reykjavík. Eins og ég hef farið hér yfir ganga því þær tvær meginröksemdir sem færðar eru fyrir niðurstöðu minni hluta landbn. þvert gegn þeirri niðurstöðu sem nefndin sjálf kemst að. Ég sagði í stuttu andsvari fyrr í dag í umræðunni að niðurstaða minni hluta landbn. væri

röng og hún væri lögfræðilega ótæk. Ég ætla að leyfa mér að bæta því við eftir að hafa fengið að fara í gegnum þetta atriði málsins nánar að ég held því fram að það standi hreinlega ekki steinn yfir steini hvað varðar minnihlutaálit landbn., ekki steinn yfir steini, þannig að ef það er rétt sem hér hefur verið haldið fram af einum þeirra sem skrifar undir þetta nefndarálit, hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni, að illa hafi verið staðið að lagasetningunni þá er mjög illa staðið að þessu nefndaráliti minni hluta landbn., mjög illa. Það er uppfullt af þversögnum og gengur hreinlega ekki upp.

Herra forseti. Af því að kallað hefur verið eftir sjónarmiðum frá okkur stjórnarliðum í þessari umræðu vildi ég að þessu atriði yrði haldið til haga varðandi fullyrðingar um að sú málsmeðferð sem hér er til umræðu brjóti í bága við eða standist ekki ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar. Ég tel að fullyrðingar um slíkt og öll slík sjónarmið séu ekki á rökum reist. Það væri ágætt að fá viðbrögð við því frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar hvort eitthvað af því sem ég hef hér fjallað um sé rangt, sérstaklega varðandi þær tvær meginröksemdir sem færðar eru fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

[15:34]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. ríkisstjórn til hamingju með þann knáa talsmann sem þeir hafa nú fengið í lið með sér því að hann er fyrsti almenni þingmaðurinn sem kemur úr stjórnarliðinu í þessa umræðu. Aðrir hafa verið tilneyddir sem framsögumenn nefnda til að standa fyrir álitum sínum hér ef ráðherra er undanskilinn.

Herra forseti. Ég held að niðurstaða minni hluta og meiri hluta landbn. hvað varðar stjórnarskrána snúist einmitt um mismunandi afstöðu manna til þess hvernig umgangast eigi stjórnarskrána. Þeir sem gáfu álit sögðu að þetta væri takmarkatilvik. Þótt ólíklegt væri að dómur mundi dæma að þetta hafi farið gegn stjórnarskrá þá segja þessir álitsgjafar eigi að síður að þarna sé um takmarkatilvik að ræða og eigi að síður ákveður meiri hlutinn að fara í þetta mál á þessum forsendum.

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja þann sem hér talaði burt séð frá deilunni um brýna nauðsyn. Við leysum það ekki hér. Það er dómstóla að leysa úr henni. Við getum verið ósammála en við leysum hana ekki hér. En hvað kom í veg fyrir að málið yrði lagt fyrir þingið og hefði það ekki verið betra, herra forseti, að það hefði verið gert á vorþinginu í vor? Hefðu það ekki verið betri vinnubrögð að mati hv. þm. sem hér talaði? Hvað kom í veg fyrir að kalla þingið saman ef ekki var hægt að taka þetta fyrir á þinginu í vor? Hefðu það ekki verið betri vinnubrögð að mati hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar? Og í lokin: Af hverju er þessi hæstv. ríkisstjórn sí og æ að láta reyna á þanþol stjórnarskrárinnar? Við erum farin að eyða ansi löngum tíma í þingsölum í að diskútera það fram og til baka, svo að ég sletti nú, herra forseti, hvort það standist stjórnarskrá sem við erum að gera og er það ekki umhugsunarefni?

[15:36]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir hlý orð í minn garð varðandi þá ræðu sem ég flutti er ég fór yfir atriði varðandi bráðabirgðalögin og setningu þeirra út frá stjórnarskránni. Þingmaðurinn skeiðaði fimlega fram hjá þeim álitaefnum sem máli skipta og kallaði eftir því hvort ekki hefði verið rétt að kalla þingið saman. Ég ber ekki ábyrgð á því. Það er ráðherranna að kalla þingið saman telji þeir ástæðu til þess. Hins vegar hefur ríkisstjórnin heimildir í stjórnarskránni til þess að setja bráðabirgðalög meðan þingið situr ekki og ég veit ekki betur en að farið hafi verið eftir þeim reglum við setningu þessara laga sem lög og stjórnarskrá kveða á um. Ég get ekki svarað því frekar en með þessum hætti.

[15:37]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn er veitt mikil ábyrgð með 28. gr. stjórnarskrárinnar þar sem henni er gefin heimild til þess að setja lög án atbeina Alþingis við mjög þröngar aðstæður. Hv. þm. og þingmönnum stjórnarliðsins er líka sýnd mikil ábyrgð með því að sýna sinni ríkisstjórn það aðhald sem þeir þurfa að gera til þess að hún fari rétt að í sínum verkum.

Herra forseti. Af því að hv. þm. sagði að ég hefði skeiðað fimlega fram hjá þeim spurningum sem hann lagði fyrir okkur áðan þá vil ég ekki meina að ég hafi gert það vegna þess að ég dró fram í máli mínu að við fáum það álit að þarna hafi verið um takmarkatilvik að ræða, þ.e. álitið sem gefið er um brýnu nauðsynina um að ólíklegt sé að o.s.frv. En það er þó þannig að álitsgjafar segja að þarna sé um takmarkatilvik að ræða. Tveir sérfræðingar í stjórnskipunarrétti gefa það álit. Við viljum einfaldlega umgangast stjórnarskrána með varúð og virðingu. Við viljum líka að þessari samkundu, hinu háa Alþingi, sé sýnd sú virðing sem henni ber. Þess vegna átti hæstv. ríkisstjórn að kalla þingið saman. Ef ekki var unnt að leggja þetta fyrir á vorþinginu þá átti hún að kalla þingið saman í sumar. Það er niðurstaða okkar og sannfæring burt séð frá því hver geti hugsanlega unnið slíkt mál fyrir Hæstarétti ef til þess kæmi að meta hvort um brýna nauðsyn hafi verið að ræða eða ekki. Við eigum einfaldlega ekki að vera alltaf úti á ystu nöf hvað varðar umgengni við stjórnarskrána.

[15:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að ríkisstjórninni er falin mikil ábyrgð með setningu bráðabirgðalaga. En það verður ekki séð af ummælum þeirra sérfræðinga sem minni hluti nefndarinnar vísar til að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki staðið undir þeirri ábyrgð. Það kemur einfaldlega fram í greinargerð eða lögfræðilegri álitsgerð Ragnhildar Helgadóttur lektors að hún telji ólíklegt að dómstólar mundu komast að þeirri niðurstöðu að setning bráðabirgðalaganna mundi ekki standast.

Það er rétt að vísað er til þess í greinargerðinni að Eiríkur Tómasson prófessor hafi talið að um takmarkatilvik hafi verið að ræða. Hins vegar kemur ekkert fram, hvorki í greinargerðinni né í öðrum gögnum málsins, að sá ágæti prófessor telji að með setningu bráðabirgðalaganna hafi ríkisstjórnin farið á svig við reglur stjórnarskrárinnar. Það geta verið mörg takmarkatilvik við setningu laga. En það er ekki hægt að fullyrða hér að eitthvað sé að lagasetningunni ef það liggur ekki neitt, ekki einn stafkrókur fyrir um það að skilyrði stjórnarskrárinnar hafi ekki verið uppfyllt. Á meðan svo er ekki þá getum við ekki talið að eitthvað sé athugavert við setningu laganna.

[15:41]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og hrósa hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að treysta sér til að koma í þessa umræðu. Það er miklu meira en hæstv. ráðherrar hafa gert hingað til og aðrir óbreyttir þingmenn ef undan er skilin hv. þm. Drífa Hjartardóttir sem hefur reynt að standa hér vaktina eins og kostur er.

Það er heldur ekki verra fyrir okkur á hinu háa Alþingi að fá í umræðuna mann sem er nýkominn úr baráttu í dómssölum með lagasverðið bjarta að vopni með það að markmiði að eyða allri réttaróvissu sem upp kann að koma. Ég veit ekki hvort hv. þm. er starfandi lögmaður. Hann var það a.m.k. þangað til nýverið. Ég þori ekki að fullyrða um það. Ekki er heldur langt síðan hv. þm. kom úr skóla þannig að minni hans ætti að vera ferskt í þessum efnum öllum saman. Ég hef því bara eina spurningu til hv. þm. og ætla að láta stóryrðin sem féllu sem vind um eyru þjóta. Hún er þessi: Er hliðstæða þess í réttarsögunni þegar sett hafa verið bráðabirgðalög að þeir hagsmunir sem hér eru í húfi hafi verið uppi á borðinu, þ.e. að vernda þá hagsmuni? Er til hliðstæða þessa? Er einhvers staðar hægt að finna sambærilegt tilvik þar sem hagsmunir sem með hlutlægu mati reynast vera 6 millj. hafa réttlætt það að gripið sé til bráðabirgðalaga. Ég held að hv. þm. sé kannski sá eini hér inni sem gæti gefið okkur fordæmi hvað þetta varðar. Það er ætíð þannig þegar vísað er til fordæma að aðeins er verið að fjalla um eitthvert fyrrverandi tilvik sem liðið er og erfitt er að bera þau saman. (Forseti hringir.) En það væri ósköp gaman fyrir okkur hin, virðulegi forseti, ef hv. þm. gæti nefnt okkur fordæmi þeirra laga sem hér um ræðir.

[15:43]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera það sama og ég gerði áðan, þ.e. þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni kærlega fyrir hrósið. Ég verð hins vegar að hryggja hann með því að þó svo að ég þekki dóma Hæstaréttar ágætlega þá þekki ég þá ekki svo vel að ég geti þulið upp þá hagsmuni sem uppi hafa verið í þeim málum þar sem tekist hefur verið á við lögmæti bráðabirgðalaga. Ég get ekki rutt út úr mér ræðu um sambærileg tilvik við það sem hér er til umfjöllunar. Ég verð því miður að vera sanngjarn og hryggja hv. þm. (Gripið fram í.) með því að segja að mér er ekki kunnugt um sambærileg tilvik. Hins vegar tel ég ekki loku fyrir það skotið að þau séu til.

[15:45]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Margt hefur verið sagt hér í dag um þau bráðabirgðalög sem við erum að fjalla um og ég tek undir það sem fulltrúar minni hluta landbn. hafa sagt hér um þau. Hér kom annar nýr hv. þm., Helgi Hjörvar, fyrr í dag í umræðuna og velti fyrir sér þessu formi og hvernig stæði á því að hlutir væru framkvæmdir með þeim hætti sem hér um ræðir og verð ég í sjálfu sér að taka undir með honum í eftirfarandi spurningu: Hvernig geta svona hlutir gerst?

Ef við skoðum nál. meiri hluta landbn. þá segir þar um það frv. sem síðan var gert að lögum með bráðabirgðalögum, með leyfi forseta:

„Frumvarpið var fyrst lagt fram á síðustu dögum 128. löggjafarþings og taldi nefndin frumvarpið mjög umdeilt, viðamikið og þarfnast ítarlegrar skoðunar og vandaðrar þinglegrar meðferðar. Eftir að hafa átt fundi með nokkrum hagsmunaaðilum taldi nefndin ekki unnt að ljúka málinu á síðustu dögum þingsins án þess að veita hagsmunaaðilum færi á að vinna ítarlegar umsagnir um málið og senda nefndinni."

Ég endurtek að hér er um nál. meiri hluta landbn. að ræða.

Hvernig má það vera að þingnefnd sem með málið fer segir: „Þetta frv. getur ekki orðið að lögum. Við þurfum að skoða þetta mál miklu betur."? Þetta segir þingnefndin sem fer með málið fyrir hönd löggjafans, fyrir hönd Alþingis og er síðan send heim vegna þess að þingi er frestað.

Hæstv. landbrh. situr uppi með það að þingnefndin treysti sér ekki til að mæla með því að frv. verði að lögum. En í fjarveru þingnefndar og í fjarveru þingsins gerir hann akkúrat það sama frv. og hér um ræðir og meiri hluti landbn. lýsir hér í sínu áliti, að lögum einn og sér. Er ekki í raun verið að segja, herra forseti, að engu máli skipti hvað þinginu finnst, að engu máli skipti hvað fagnefndinni finnst. „Ég er ráðherra. Ég þarf að setja þessi lög. Ég hef ekki gert það í tíma. Ég er kominn í vandræði og mér er slétt sama hvað þinginu finnst. Mér er slétt sama hvað fagnefndinni finnst. Þetta frv. sem ég lagði fyrir nefndina og nefndin segir að sé ekki tækt og geti ekki orðið að lögum, það skal verða að lögum, og hér með skrifa ég undir það og þetta eru lög."

Síðan komum við til þings og við stöndum frammi fyrir gerðum hlut og stjórnarliðarnir segja í raun það sama núna: „Þessi lög, eins og ráðherrann setti þau í sumar, eru ólög. Við getum ekki staðfest þessi lög." Enda sjáum við það í brtt. meiri hluta landbn. að þar eru sex breytingar við þau lög sem ráðherrann einn og sér setti í sumar.

Það hefur oft og tíðum verið hálfundarleg umræða um þessi lög og um þá hagsmuni sem hér eru í húfi. Ég hef oft og tíðum hlustað á hæstvirtan ráðherra lýsa því í umræðu í fjölmiðlum, blaðaviðtölum, sjónvarpi og á Alþingi að hættan sé nánast engin, að það sé nánast engin hætta á því að lax sleppi úr kvíum fyrir austan ... (**Landbrh.:** Ekki snúa út úr. Ekki ljúga.) að það væri ákaflega lítil hætta á því að lax (**Landbrh.:** Ekki ljúga.) mundi sleppa úr kvíum á Austfjörðum vegna þess að hæstv. ráðherra væri sá ráðherra sem sett hefði ströngustu reglur í heimi (**Landbrh.:** Rétt.) og það væri þannig gengið frá kvíunum á Austfjörðum (Gripið fram í.) að það væri nánast ... (Forseti hringir.) ja, hvað eigum við að segja, hæstv. ráðherra, nákvæmlega hvernig þú orðaðir þetta. Þú hefur orðað þetta með svo skemmtilegum hætti oft og tíðum að ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Ekki tveggja manna tal.)

Ég bið forseta velvirðingar á því að vera ekki vanari þingsköpum en raunin er.

Hæstv. landbrh. hefur orðað þetta þannig að ekki er hægt að skilja annað en að búið sé að hnýta flesta þá hnúta þannig að minni líkur séu á því að lax sleppi úr kvíum á Íslandi en annars staðar í heiminum því að oft þegar talað hefur verið um lax sem sloppið hefur úr kvíum í Noregi og Færeyjum þá hefur hæstv. ráðherra ekki talið jafnmikla hættu á að þetta gerðist á Íslandi.

Því brá mér í brún þegar ég las svar hæstv. landbrh. við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um laxeldi á Austfjörðum. Þetta svar var lagt fram á þinginu fyrir nokkrum dögum. Það er þingskjal 237 og 180. mál.

Spurningar hv. þm. voru eftirfarandi, með leyfi forseta:

1. Hversu mörg laxaseiði hafa verið sett út í sjókvíar í Mjóafirði og Berufirði frá því að eldi hófst á þessum stöðum?

2. Hversu mörgum löxum hefur verið slátrað og hve margir laxar eru nú taldir vera í kvíunum?

Svar hæstv. ráðherra er bæði vandað og yfirgripsmikið. Ég geri þó ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi farið ofan í kvíarnar og talið laxana sem eftir voru þar (**Gripið fram í:** Það er ekki útilokað.) en í svarinu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

Að Sæsilfur í Mjóafirði hafi sett út laxaseiði í staðsetningu A á árinu 2001 319 þús. fiska og að þeir hafi slátrað upp úr kvíunum rúmlega 214 þús. fiskum. Með því að nota bara gömlu barnaskólastærðfræðina, þ.e. hvað fór inn og hvað var tekið út, þá kemur í ljós að afföll af þessum fiskum hafa verið tæplega 105 þús. fiskar, eða 33% af því sem sett var ofan í kvína.

Ég man til þess, þegar ég hugsa til baka, að það varð eitthvert slys og það drapst talsvert mikið af fiski sem var síðan urðaður í Mjóafirði og það getur vel verið að það sé skýringin á þessum afföllum. En samkvæmt svari hæstv. ráðherra voru á sama stað á árinu 2002 sett út 1 millj. 313 þús. seiði. Það er búið að slátra tæplega 47 þús. seiðum og eftir í kvíunum, samkvæmt því svari sem hér liggur fyrir, eru 913 þús. fiskar. Það eru horfnir rúmlega 353 þús. fiskar úr þessum kvíum síðan á árinu 2002. Það er sáralítið búið að slátra. Það er búið að slátra innan við 50 þús. fiskum. En það eru 353 þús. fiskar horfnir.

Á árinu 2003 voru settir út, samkvæmt sama svari, — og það er á þessu ári, það var bara í sumar — þá eru settir út í þessar kvíar 1. millj. 421 þús. fiskar. Það er stutt síðan það var gert þannig að það getur nú ekki mikið hafa horfið af þeim fiski. En samkvæmt svari hæstv. ráðherra eru 1 millj. 155 þús. fiskar eftir. Það er ekki búið að slátra einum fiski upp úr þessum kvíum af því sem sett var út á árinu 2003 en 266 þús. fiskar hafa horfið.

Ef enginn fiskur sleppur úr þessum kvíum þá hefur allur þessi fiskur drepist í kvíunum. Ég er að tala um að á árunum 2001, 2002 og 2003, hafi 724 þús. fiskar drepist (**Gripið fram í:** Eða sloppið.) eða synt út úr kvíunum. Við vitum ekki hvort er. Þetta eru 724 þús. fiskar. Ef þessi fiskur er hálft kíló þá erum við að tala um yfir 300 tonn af laxi sem ekki er hægt að gera grein fyrir nema hann hafi drepist í kvíunum, verið tekinn þaðan, vigtaður upp úr þeim og urðaður í Mjóafirði. Er Mjóifjörður að verða laxagrafreitur eða hvað? (**Landbrh.:** Ekki gera lítið úr þessu.)

Þetta er alvarlegt mál, hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Maður skoðar þessar tölur, þetta svar, herra forseti, sem lagt er fram hér á þingskjali frá hæstv. ráðherra og þar kemur fram að afföllin af laxi sem settur var út í Mjóafjörð séu yfir 700 þús. fiskar. En í svari hæstv. ráðherra er ekki reynt að gera neina grein fyrir því hvað hefur orðið af þessum fiski. Ef það er raunin að þessi fiskur er að drepast í kvíunum þá hlýtur að þurfa að fjarlægja hann úr kvíunum. Ekki fellur hann í gegnum möskvann því að ef hann getur það þá hlýtur hann að synda út. Menn hljóta á hverjum degi í Mjóafirði að vera að bera tugi, hundruð kílóa af dauðum laxi upp úr firðinum til að urða einhvers staðar á landi. (Gripið fram í.)

Ef við berum þetta saman við þau svör sem bárust við spurningum hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um eldið í Berufirði þá kemur í ljós að þar voru sett út í kvíar á tveggja ára tímabili 384 þús. seiði, 19 þús. seiði virðast vera horfin, þ.e. 5% afföll.

Herra forseti. Ég neita að trúa því að það geti verið ásættanlegt fyrir okkur sem erum á hinu háa Alþingi að eiga von á því að hægt sé að flytja inn lax af erlendum uppruna og setja hann í kvíar, þar sem það er leyft hringinn í kringum landið, ef þessi er raunin af hinum ströngu reglum hæstv. landbrh., þ.e. ef raunin er sú að nánast þriðji hver fiskur hverfur. Annaðhvort drepst hann í kvíunum eða hann syndir út úr kvíunum.

Mér finnst full ástæða til að ræða þetta í þessari umræðu vegna þess að við höfum öll heyrt það sem hlustað höfum á þessa umræðu að í raun sé moldin að rjúka í logninu, það séu afskaplega litlar líkur á því að fiskur hverfi úr þessum kvíum hér á Íslandi, það séu bara ákaflega litlar líkur á því.

Ég held að full nauðsyn sé á því nú í ljósi þess svars sem ég hef vitnað í að það verði skoðað hvort þetta geti í raun verið. Ég trúi því varla að það geti verið að nánast þriðji hver fiskur hafi horfið úr þessum kvíum fyrir austan. Eldið getur ekki verið arðbært ef þessi fiskur hefur drepist og það getur ekki verið arðbært eldi ef þessi fiskur hefur synt í burtu með öllum þeim hættum sem því fylgja fyrir íslenska laxinn.

Niðurstaða allra þeirra sem skoðað hafa það hvort lax sleppi úr kvíum er sú að hann geri það alltaf, það hljóti alltaf að koma einhver tilvik þar sem lax sleppi úr kvíum. Að mínu viti, herra forseti, er það ekkert annað en forheimska að neita því. Þessi staðreynd liggur fyrir.

Það er lán okkar allra að enginn nýtti sér í raun lögin þegar þau voru sett í sumar til að flytja inn fisk með erlendu erfðaefni til að setja niður í íslenska firði. Það lán eigum við ekki hæstv. landbrh. að þakka.

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í hvaða hlutverki var sá hv. þm. sem hér talaði áðan? Ég hef fylgst með störfum oddvita Vatnsleysustrandarhrepps sem hefur verið ötulasti baráttumaður fiskeldis og hafbeitar á Íslandi. Í sveitarfélagi þessa hv. þm., sem er oddviti þess hrepps, er eitt öflugasta fiskeldi á Íslandi. Ég hygg að þessi hv. þm. eigi mikinn þátt í því hvernig fiskeldi hefur verið að þróast. (Gripið fram í.)

Hér birtist allt annar maður í allt öðru gervi sem talaði gegn fiskeldi. Hann hafði í frammi reikningskúnstir sem eiga engar sínar líka í þingsölum. Hver var þessi maður, hæstv. forseti? (**Gripið fram í:** Hver reiknaði dæmið?)

[16:00]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Reikningskúnstirnar, hæstv. ráðherra, sem ég beitti hér heita plús og mínus. Svo einfalt er það. Tölurnar sem ég setti inn í þá reikniformúlu sem hér var notuð komu frá hæstv. ráðherra. Ef það eru kúnstir að setja inn tölu og draga frá aðra tölu sem báðar eru hér staðfestar á þskj. 237 verð ég bara að viðurkenna á mig kúnstir. Svo einfalt er það.

Oddviti Vatnsleysustrandarhrepps er ekki á móti fiskeldi. Hann hefur aldrei verið á móti fiskeldi. Hann hefur reyndar aldrei talað fyrir hafbeit vegna þess að það var á bernskuárum hans sem hafbeitin var og hét, en það fiskeldi sem fram fer í Vatnsleysustrandarhreppi er allt á landi. Það er allt í tönkum á landi og reyndar allt sjávardýraeldi en þó ekki eldi á bleikju eða laxi.

Ég er ekki á móti fiskeldi. Ég vil alls ekki að orð mín séu þannig skilin. En ég vil að þeir aðilar sem stunda fiskeldi gæti þess að villtum stofnum fiska hér á Íslandi verði ekki hætta búin. Ef um það er að ræða að þessi miklu afföll sem fram koma í svari hæstv. landbrh. séu að einhverju leyti vegna þess að fiskur syndir út úr kvíunum vill sá sem hér stendur vita það og þá vill sá sem hér stendur að við öll sem

hér erum sameinumst um að setja lög og reglur sem passi upp á íslenska laxinn.

[16:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég fá fram til að þingið og þjóðin þekktu þennan þingmann. Hann segir já og nei í málinu. Hann vill vanda sig þannig að við erum að því leyti samherjar, hv. þingmaður og sá landbrh. sem sett hefur ströngustu reglur um víða veröld gagnvart fiskeldi. Þakka ég honum það að koma fram í hið rétta dagsljós.

[16:03]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er það nokkuð ljóst að ég hef farið í hinar fínu taugar hæstv. landbrh. (**Landbrh.:** Nei, nei.) með þeim tölum sem ég fór hér með. Ef við sem kjörin erum á þjóðþing Íslendinga getum ekki tekið tölur sem fram koma í þingskjölum og farið með þær úr ræðustóli Alþingis án þess að hæstv. ráðherrar sem telja að sér vegið með þeim tölum lýsi okkur já-menn og nei-menn, að við segjum bæði já og nei í sama málinu, er öðruvísi unnið á Alþingi en ég hélt þegar ég bauð mig fram til starfa hér.

Við eigum og hljótum að geta rætt staðreyndir. Staðreyndir þær sem ég fór hér með upp úr svari hæstv. landbrh. hljóta að vera réttar. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra hafi passað sig á því að vanda svar sitt við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og að mér sé óhætt að trúa þeim tölum sem þar koma fram og treysta. Ef þær eru ekki réttar er það ekki á ábyrgð þess sem hér stendur heldur á ábyrgð þess hæstv. ráðherra sem svarið veitti.

Við hljótum að geta rætt þetta mál í alvöru. Við hljótum að geta rætt þetta mál þannig að við skoðum staðreyndirnar sem fyrir liggja alveg án þess að við látum tilfinningarnar hlaupa með okkur í gönur. Þetta mál er ósköp einfalt. Ef einhver vafi leikur á því hvort innflutt erfðaefni eða innfluttur lax geti mengað á einhvern hátt eða stefnt í voða íslenska laxastofninum eigum við að stíga mjög létt til jarðar og gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að ganga á hlut íslenska laxins.

[16:05]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að fiskeldi í Mjóafirði bar hér á góma vil ég ekki að þeir sem á okkur hlýða haldi að þar sé allt í miklum ólestri. Það vill þannig til að hv. fjárln. Alþingis fór í Mjóafjörð á haustdögum og heimsótti einmitt fiskeldismenn þar. Við skoðuðum þar allt sem að því lýtur og hittum sveitarstjórnarmenn og það var ekki annað að sjá en að þar væri öll umhirða, eftirlit og aðbúnaður með miklum sóma. (**BH:** Hvar er hann ...?) Þar sáum við marga laxa spriklandi og stökkvandi í kvíunum og eins og við vitum hefur þetta skapað heilmörg störf í Mjóafirði og í fyrsta skipti í mörg ár er verið að byggja þar íbúðarhús. Það er mikið í húfi, bæði fyrir sveitarfélagið Mjóafjörð og þá sem að þessu fiskeldi standa, að vel takist til.

[16:06]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma en mig langar að spyrja hv. formann landbn.: Hvar eru 724.017 laxar miðað við svar hæstv. landbrh.?

[16:07]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi bara koma því að í andsvari mínu að fólkið í landinu fengi ekki þá mynd af fiskeldinu í Mjóafirði að þar væri allt í ólagi. Varðandi þær tölur sem komu frá landbrn. eru það þeir sem svarið hafa gefið sem bera ábyrgð á því. Það gerir ekki sú sem hér stendur.

[16:07]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona satt að segja að tölurnar sem fram koma í svari hæstv. landbrh. séu rangar, einfaldlega vegna þess að ég trúi því ekki eða á mjög erfitt með að trúa því að rúmlega 700 þús. fiskar sem settir hafa verið út í kví í firðinum fyrir austan séu annaðhvort dauðir eða hafi synt í burtu. Vonandi eru þessar tölur rangar og ég mundi fagna því ef hægt væri að koma inn í sali Alþingis og benda mér á að þær tölur sem lagðar voru fram á umræddu þskj. væru ekki réttar.

En meðan við höfum þessar tölur í höndunum og meðan það lítur út fyrir að þarna séu um 724 þús. fiskar sem ekki hefur verið slátrað en hafa verið settir ofan í kvíarnar og séu þar ekki lengur hljótum við að spyrja bæði hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh.: Hvað hefur orðið um þennan fisk?

[16:09]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég átti von á því í dag að þessi umræða sem hér færi fram mundi á einhvern hátt skýra það hvers vegna haldið var á málum eins og raun ber vitni. Ég átti von á því að hér kæmu fram skýringar á þeim vinnubrögðum sem áttu sér stað í sumar og að hér kæmu fram einhverjar röksemdir fyrir því að sú leið var farin sem farin var.

Hér hefur, virðulegi forseti, ekki nokkuð komið fram af því tagi sem gæti skýrt það hátterni sem hæstv. ríkisstjórn sýndi af sér þegar hún setti þau bráðabirgðalög sem sett voru í sumar. Það er loks nú, þegar klukkan er farin að ganga fimm, sem hæstv. landbrh. kemur inn í umræðuna og leggur þá fram nokkrar spurningar sem gengu mestan part út á það hver maðurinn væri. Hann hafði ekki annað innlegg í umræðuna. Svo mátti skilja hv. formann landbn. þannig að þessir 700 þús. týndu fiskar væru spriklandi og lifandi í kvíunum í Mjóafirði. Það var einasta svarið sem kom fram frá hv. formanni landbn.

Ég verð að segja það alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég átti von á miklu markvissari og rökfastari umræðu frá stjórnarliðum, en hér hefur nánast ekki neitt komið fram. Það er helst reyndar að þeir sendu hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson í þessa umræðu og það sem hv. þm. reyndi að draga fram var að þeir sérfræðingar sem komu til leiks hjá hv. landbn. hefðu lýst yfir einhverri skýrri niðurstöðu í viðhorfum sínum sem sett voru fram. Hvorugur þeirra sérfræðinga sem komu fyrir nefndina treysti sér til að fullyrða um það hvernig þetta mál færi. Annar laug því að þetta væri takmarkað tilvik hvað varðaði stjórnarskrána. Hinn sagði að það væri ekki hægt að fullyrða neitt svo að ekki mætti draga það í efa.

Við reyndum í andsvari áðan að draga fram hvort einhvers staðar einhvern tíma í réttarsögunni hefði komið upp tilvik þar sem bráðabirgðalög voru sett þar sem hagsmunir, sem voru í húfi eftir hlutlægt mat og lög sem hafa gilt í fjóra mánuði rúma, voru upp á 6 millj. kr. En þegar skoðaður er

útflutningur til Skotlands og Írlands — það átti að setja bann á innflutning þangað — er upphæðin um það bil 28 millj. á öllu þessu ári þannig að þessar tölur þurfa á engan hátt að koma á óvart. Þess vegna eru engin fordæmi fyrir því að bráðabirgðalög hafi verið sett af jafnlitlu tilefni. Og af þeim sökum að dómstólar hafa ekki hingað til fellt úr gildi mat bráðabirgðalöggjafans á því hvort það er brýn nauðsyn eða ekki treystu þessir sérfræðingar sér ekki til þess að fullyrða að svo yrði nú. Þeir sögðu einfaldlega að þetta væri afmarkað tilvik. Þegar svo farið er ofan í það — reyndar með góðri aðstoð bókasafnsins á virðulegu Alþingi, og ég þakka þeim sérstaklega fyrir þá vinnu sem þeir lögðu á sig — kemur á daginn að það er hvergi og enginn samjöfnuður úr sögunni sem hægt er að bera við það tilvik sem hér um ræðir. Þess vegna er ekki hægt að bera þetta saman við nein fordæmi. Það er sá veruleiki sem við blasir. Og ef við samþykkjum þetta mat bráðabirgðalöggjafans erum við í reynd að segja að ríkisstjórnin geti sett hvaða lög sem er á meðan þingið ekki situr. Það er algerlega óásættanlegt og það sættir minni hlutinn á Alþingi sig ekki við. Vel má vera að einstaka þingmenn meiri hlutans séu kátir með þetta og tilbúnir að bakka það upp hvar sem er og hvenær sem er að menn setji hvaða lög sem er en við erum ekki tilbúin til þess að standa að því.

Ég fór yfir það í ræðu minni í morgun þar sem ég gerði grein fyrir áliti minni hluta landbn. að við teldum að sú leið sem ríkisstjórnin ákvað að fara, þ.e. að heimila innflutning en beita síðan sjúkdómavörnum og reglum þar að lútandi sem tæknilegum viðskiptahindrunum fyrir innflutningi, væri ekki sú leið sem rétt væri að fara heldur væri miklum mun skynsamlegra að fara leið sem byggði á umhverfissjónarmiðum, sem hefðu að markmiði að vernda lífríki og íslenska náttúru. Það kom stuðningur við það sjónarmið frá ráðherra umhverfismála ESB og það hefur komið stuðningur við það sjónarmið frá Stefáni Má Stefánssyni prófessor í lagadeild Háskóla Íslands.

Þegar löggjöfin er skoðuð fær maður ekki betur séð en það séu í dag skýrar heimildir í náttúruverndarlögum til að setja reglugerð um innflutning dýra. Sú heimild hefur verið í lögum allt frá árinu 1999 og það er ekki aðeins að um heimild sé að ræða heldur segir í ákvæðinu að reglugerð skuli sett. Lögin eru orðin fjögurra ára gömul. Ég óskaði eftir því við hæstv. umhvrh. að hún sæti hér og hlýddi á þessa umræðu sem hún varð við og ber að þakka fyrir það en ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. hvernig á því standi að þessar reglur hafa ekki verið settar, ekki síst vegna alvarleika þessa máls og vegna þess að sú bráðabirgðalagasetning sem ráðist var í í sumar og það frv. sem hér liggur fyrir hefur að mati flestra sérfræðinga á þessu sviði verið talið ógn við lífríki og náttúru Íslands. Hvers vegna voru umhvrn. og hæstv. umhvrh. ekki með í ráðum við undirbúning þessa máls?

Við gagnrýndum málið harðlega í morgun og veltum fyrir okkur hvort ágreiningur væri innan stjórnsýslunnar um hvar ætti að vista þennan málaflokk. Hæstv. landbrh. hefur ekki komið í pontu til að tjá sig um þetta tiltekna mál en forvitnast aðeins um hverjir skipi þingsæti hverju sinni. Ég spyr hins vegar hæstv. umhvrh. hvernig á því stendur að hún var ekki höfð með í ráðum og hvort hún hafi beitt sér í því skyni að hafa áhrif á þá niðurstöðu sem við stöndum frammi fyrir í dag. Ég held að í þessu tilviki hafi það verið hennar hlutverk að standa vörð um náttúruna. Mér leikur því forvitni á að vita hvernig stóð á því að hæstv. ráðherra kom ekki að setningu þessara laga.

Reyndar hefur, virðulegi forseti, fátt nýtt komið fram í umræðunni, eins og ég sagði í upphafi máls míns, annað en það sem stjórnarandstæðingar hafa sett fram. Stjórnarandstaðan hefur talað einni röddu í þessu máli og hefur mjög skýra afstöðu. En áður en þessari umræðu lýkur verðum við að fá svör við þessu. Á sama hátt verður hæstv. landbrh., sem situr í hliðarherbergi, að svara því hvernig á því stóð að hann fór þess ekki á leit við forseta þingsins að þingið yrði kallað saman í sumar til að ræða þessi mál. Við stjórnarskrárbreytinguna 1991 gengu allir út frá því sem vísu að svo yrði gert.

Hæstv. ráðherra sem fylgist vandlega með öllum tæknibreytingum hefur orðið var við hinar miklu framfarir í samgöngumálum sem gera það að verkum að það tekur ekki langan tíma að kalla þingið saman. Í þessu tilviki hefði það verið hægur vandi. Ég held að hæstv. ráðherra verði að skýra þetta, ella sitjum við eftir þessa umræðu án þess að hafa fengið svör við okkar helstu spurningum.

Á sama hátt verður hæstv. ráðherra að gera grein fyrir því hvernig þetta mál, þ.e. lögleiðing þessarar tilskipunar, gat velkst um í ráðuneytinu í fimm ár, þ.e. frá því að ákvörðun er tekin í sameiginlegu EES-nefndinni um að þetta mál félli undir samningin 1998 til dagsins í dag og ekki síst frá því í maí 2002 þegar tilkynning kemur um að Ísland fái ekki frekari undanþágur. Í reynd hefur ráðuneytið verið með þetta mál á sínum herðum í eitt og hálft ár. Við hljótum að spyrja: Hvers vegna er valin sú leið að setja bráðabirgðalög á miðju sumri þegar verkefnið hefur legið fyrir allan þennan tíma, þegar fyrir liggur að Alþingi treysti sér ekki til þess að taka á málinu í marsmánuði og þegar fyrir liggur að hæstv. ráðherra lagði málið ekki fyrir á Alþingi eftir kosningar? Við köllum eftir svörum við þessum spurningum. Það er kannski þá fyrst að þau svör hafa fengist sem við getum farið að rökræða þessi mál.

Það hefur að mörgu leyti verið óþægilegt að hér hefur nánast farið fram eintal stjórnarandstöðunnar og ekki komið fram nein rök sem hægt er að taka mark á sem réttlætt geta þessa aðgerð. Reyndar hefur enginn úr hæstv. ríkisstjórn tekið til máls um þetta málefni í dag þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi sett það fram. Þrátt fyrir að hv. þm. Drífa Hjartardóttir, formaður landbn., hafi gert sitt í að setja kút og kork á hæstv. landbrh. svo að hann sykki ekki í málinu þá var það ekki hún sem setti þessi bráðabirgðalög. Það var að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem lögin voru sett og það er lágmarksvirðing við þingið að ríkisstjórnin og fulltrúar hennar útskýri hvers vegna þessi leið var valin. Þá á ég við að það verði rökstutt hvers vegna þessi leið var valin. Það er lykilatriði og reyndar ekki ósanngjörn krafa að ætlast til þess af ráðherrum að þeir skýri mál sitt. Mér sýnist á viðbrögðum bæði hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh. að við munum fá einhver svör við þessa umræðu.

[16:22]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er látið í það skína að þetta mál sé með óeðlilegum hætti til komið. Vegna þeirra spurninga sem hér hafa verið bornar upp vil ég taka fram að við erum að vinna í reglugerðinni sem hér er spurt um. Það er búið að vinna mest í gróðurhluta hennar, ekki dýrahlutanum. Það er svokölluð sérfræðinganefnd sem vinnur það en það er einmitt sama nefnd og gefur umsagnir til landbrh. þegar til innflutnings á dýrum kemur.

Ég beitti mér ekki fyrir þeirri niðurstöðu sem hér er orðin. Hún er unnin í landbn. Ég tel hins vegar að niðurstaðan sé mjög góð vegna þess að þrátt fyrir þau verndarákvæði sem við höfum í lögum er landbrh. veitt heimild til að banna innflutning á laxi telji hann vísindaleg rök fyrir því. Þau vísindalegu rök eiga að koma fram hjá Veiðimálastofnun, þeirri stofnun í stjórnkerfi okkar sem hefur mesta fagþekkingu á málinu. Ég tel að hér sé um nýja vernd að ræða miðað við þá vernd sem við höfum þegar í dag. Mér finnst þetta ágæt niðurstaða og tel að Veiðimálastofnun og landbrh., sem ber ábyrgð á lögunum um lax og silung, hafi öll tök á að banna innflutning á laxi ef það þarf. Hér er ekki um neitt óeðlilegt að ræða. Allar heimildir eru fyrir hendi til að banna innflutninginn.

[16:24]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að hæstv. umhvrh. vísar þessu máli alfarið á hæstv. landbrh. Ég vil vekja athygli hæstv. umhvrh. á því að sú tilskipun sem hér um ræðir fjallar um fleira en innflutning á lifandi laxfiskum. Ég vil líka vekja athygli hæstv. umhvrh. á því að sérfræðingar, hvort heldur í Veiðimálastofnun eða Náttúrufræðistofnun, hafa goldið varhug við innflutningi á fleiri dýrum en laxfiskum vegna sérstöðu íslenskrar náttúru, vegna íslensks vistkerfis. Ég met það því svo að hæstv. umhvrh. hljóti að láta málið til sín taka. Hér er ekki eingöngu um að ræða innflutning á lifandi laxfiskum. Það er margt fleira sem athuga þarf í þessum efnum. Þess vegna hefði ég talið að þetta mál ætti að vera meira á borði hæstv. umhvrh. en raun ber vitni.

Þó að ég fagni því að hér komi fram upplýsingar um að verið sé að vinna þessa reglugerð þá verð ég að segja að það hefur tekið talsverðan tíma. Það eru liðin fjögur ár frá gildistöku laganna og það bendir til þess að snigilinn sé víðar að finna en hjá hæstv. landbrh.

[16:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talar hv. þm. um umhverfisþáttinn sem er auðvitað fyrir hendi í þessu máli en ég vil benda honum á umfjöllun umhvn. Alþingis um málið. Nefndin fór yfir það, fékk til sín fulltrúa stofnana og sérfræðinga og allir í umhvn. sameinuðust í áliti sínu. Meiri hluti og minni hluti sameinuðust í álitinu. Í álitinu segir að þrátt fyrir þau verndarákvæði sem fyrir eru telji nefndin að landbn. Alþingis eigi að setja inn frekari verndarákvæði. Það gerir landbn. Hún klofnar reyndar í málinu en inn eru sett verndarákvæði sem heimila ráðherra að banna innflutning og það eigi að byggjast á vísindalegum grunni. Ég tel því eðlilega að málum staðið varðandi innleiðingu þessarar tilskipunar.

Varðandi reglugerðina er um nokkuð flókið og viðamikið mál að ræða. Við höfum rætt það við formann nefndarinnar að reyna að hasta þessu starfi en ég á ekki von á að það klárist á næstunni. Það er það mikið mál að klára reglugerð sem lýtur að svo fjölbreyttum þáttum sem þarna um ræðir. Ég á því ekki von á að það starf klárist alveg á næstunni, því miður.

[16:28]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek skýringar hæstv. ráðherra á reglugerðarsmíðinni góðar og gildar. Ég hef kannski litlu við það að bæta. En ég tel að hæstv. ráðherra geti ekki réttlætt eða útskýrt afskiptaleysi sitt af þessu máli sem lýtur að lífríkið og náttúru Íslands. Hún getur ekki skýlt sér á bak við sameiginlegt álit umhvn. Það er algerlega fráleitt. Það er fráleitt að hæstv. umhvrh. réttlæti aðgerðaleysi sitt í þessu máli á þeirri forsendu að umhvn. þingsins hafi skilað sameiginlegu áliti. Virðulegi forseti. Það eru engin rök í þessu máli.

Þessi tilskipun, lögleiðing hennar og viðbrögð þingsins við lögleiðingu hennar snúast í reynd að mestu um að reyna að vernda lífríkið og vistkerfið. Lái mér hver sem vill en ég skil hæstv. ráðherra þannig að henni komi þetta mál lítið sem ekkert við. Ég vil mótmæla því að þetta sé algerlega á borði hæstv. landbrh. Ég tel það algerlega óásættanlegt. Ég tel reyndar sjálfur að hæstv. umhvrh. hefði fyrir löngu átt að vera búin að taka þetta mál af hæstv. landbrh. Það er mín prívatskoðun. En ég mótmæli því harðlega að aðgerðaleysi umhvrh. verði réttlætt með því að fyrir nokkrum dögum hafi komið sameiginlegt álit umhvn. í þessu máli. Þau rök halda ekki.

[16:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þennan dag og þá fróðlegu umræðu sem hér hefur farið fram, ég tel hana mikilvæga. Það hefði átt að vera skylda hv. þingmanna að vera á miklum fundi sem haldinn var í gær á vegum Stangaveiðifélags Reykjavíkur þar sem dr. Össur Skarphéðinsson stýrði pallborði og fundi. Fræðingarnir tókust á og hagsmunaaðilarnir, formaður laxeldismanna og formaður hinna frjálsu veiðiáa eða veiðiréttareigenda, dýralæknir sjúkdóma og sérfræðingur frá Veiðimálastofnun. Fundurinn var um allt mjög fróðlegur og þar hefði verið gott fyrir þingmenn að vera og undirbúa sig undir rökræður þessa dags. Þá hefðu þær kannski verið með svolítið öðrum hætti.

Hæstv. forseti. Ég vil almennt segja um málið að ég tek undir það sem hér hefur komið fram og hefur verið vitnað til orða minna að Ísland býr við mikla sérstöðu hvað náttúruna varðar, hreinleika hennar og fegurð. Ísland býr einnig við mikla sérstöðu í heilbrigði dýra, hvort heldur eru húsdýr eða fiskar í ám, vötnum og sjó. Þennan líffræðilega fjölbreytileika þarf að sjálfsögðu að virða og varðveita eftir því sem kostur er, ekkert síður en heilbrigðisástandið. Ég hef þessa skýru skoðun og tek undir þessa skoðun sem hefur komið fram hjá hv. þingmönnum.

Það hefur komið fram í umræðunni að þingið er í rauninni sammála um — og það vitna nefndarálit bæði meiri hluta og minni hluta um — að fyrir lá að Ísland þurfti, samkvæmt þjóðréttarlegri skuldbindingu sem gengist var undir í EES-samningunum, að innleiða Evróputilskipun 91/67 í íslenska löggjöf. Tilskipunin tekur til skilyrða á sviði heilbrigðis tiltekinna eldisdýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og afurða þeirra á EES-svæðinu. Innleiðing þessi hefur óhjákvæmilega kallað eftir lagaabreytingum og aðlögun að samræmdum reglum á EES-svæðinu og hefur það verkefni ekki bara fallið í mitt skaut, heldur ríkisstjórnarinnar og síðustu vikur hefur Alþingi Íslendinga tekið við því verkefni sem löggjafarþing þjóðarinnar.

Hér hefur verið spurt: Hvers vegna var þetta ekki löngu búið? Mér finnst það mjög eðlileg spurning hjá hv. þingmönnum. Í fyrsta lagi höfðum við árum saman undanþágu frá þessu ákvæði og fengum hana alltaf upp tekna að nýju, undanþáguna. En undanþágur hafa þau örlög að þeim tíma hlýtur að ljúka. Sannarlega var það svo að sá landbrh. sem

hér stendur batt vonir við að þessi undanþága fengist áfram. Það er rétt að það sýndist undir lok síðasta þings, ekki vorþingsins eða aukaþingsins eftir kosningarnar heldur hins, að heldur dræg úr þeim líkum. Í samstarfi þjóðanna og í kringum Evrópusambandið og EES-samninginn hefur það oft skipt miklu máli þegar mál er komið fyrir þingið, þá hægir á þeim. Þá gera þeir sér grein fyrir því að það er vilji ríkisstjórnarinnar að klára málið og þingið er tekið við.

Ég taldi á þeim tíma að þó að þetta þing afgreiddi ekki málið og það lægi í nefnd, af því að það var umdeilt, að viðurkenning fengist á því að stjórnvöld ætluðu að uppfylla þessa tilskipun og viljinn væri sá, það þyrfti tíma til þess að vinna það áfram. En á það var ekki hlustað og í júní gerist það að markaðir lokast og okkur er stefnt fyrir dómstóla, þrátt fyrir að málið sé komið fyrir þingið, hafi legið þar og verði að taka það upp aftur. Þess vegna varð það niðurstaðan að bráðabirgðalögin voru sett um þessa tilskipun sem menn eru sammála um að þurfti að uppfylla.

Auðvitað geta menn spurt: Af hverju kom landbrh. ekki með málið á aukaþingið í vor? Ég svara því svo til að trú mín á að við fengjum undanþáguna áfram var eitt atriði sem ég hafði enn í huga, en ekki síður það að ég taldi að með því að málið væri komið fyrir þingið, búið að fara í gegnum ríkisstjórn sem sæti áfram, gæti málið beðið hausts. Niðurstaðan var önnur. Ég held að það sé enginn vafi, þó að hv. þm. geri heldur lítið úr hagsmununum, að hagsmunirnir voru margvíslegir, bæði skaði fyrirtækja og staða Íslands og kannski áhrif þess að koma fyrir dómstóla og fá á sig dóm, og hér væri heilbrigðisástand í perlunni sjálfri, eins og ég hef sagt, ekki metið með þeim hætti að það væri í lagi. Það væri mjög alvarlegur hlutur. Þetta varð því niðurstaða ríkisstjórnarinnar, að setja bráðabirgðalögin og kalla ekki saman þing í haust. Um það má eðlilega deila eins og kemur fram hjá þingmönnum og ýmsir prófessorar og lögfræðingar segja að þetta hafi verið á mörkunum. Takmarkað tilvik, segir prófessor Eiríkur Tómasson og lögfræðingur, Ragnhildur Helgadóttir, kemst að þeirri niðurstöðu að fyrir dómstólum mundi þessi gjörð ríkisstjórnarinnar standast þó að hún segi svo í hinu atriðinu að alltaf geti leikið vafi á því eins og við vitum. Dómstóll er dómstóll. En hverjir ætluðu að fara að kæra það? spyr ég. Þetta var niðurstaða ríkisstjórnarinnar og málið var lagt fram með sterkum rökum fyrir forsetann og hann skrifaði undir þessi bráðabirgðalög og þau blasa nú við. Ég vil svara þessari spurningu með þessum hætti.

Ég vil líka segja um þetta atriði að ég hef aldrei sagt og mun aldrei segja, frekar en starfsmenn mínir í landbrn. að hugsanlegur innflutningur á lifandi laxfiski sé hættulaus. Það segja ekki heldur fiskeldismennirnir. Það hefur enginn sagt. Slíkur innflutningur getur vitaskuld verið hættulegur ef ekki er farið að ströngustu skilyrðum. Það segir sig sjálft að íslenskar laxveiðiár væru í minni hættu, hæstv. forseti, ef ekkert fiskeldi hefði þróast hér, engin fiskeldisdýr væru til staðar í landinu, og bann ríkti á að erlendir veiðimenn kæmu til landsins með tæki sín og tól, sem að vísu er lagður mikill kostnaður í að sótthreinsa í Keflavík. Í veruleikanum verður áhættuþáttum aldrei eytt, en leitast verður við að stjórna þeim svo hugsanlegar áhættur í sambýli manns og náttúru geti talist ásættanlegar.

Þegar ég tók við starfi sem landbrh. árið 1999 var búið að flytja til landsins norskan eldislax. Það var gert 1984 af fyrirtækinu Ísnó hf. en fyrirtækið hóf laxeldi í sjókvíum í Lóni í Kelduhverfi árið 1987. (**Gripið fram í:** Hver var ráðherrann?) Sú ákvörðun markaði tímamót — það var hv. dr. Össur Skarphéðinsson, ungur maður sem hafði mikla atvinnu af fiskeldi (**Gripið fram í:** Og er enn ungur.) og er enn ungur. Þetta var nýr framandi stofn af erlendum uppruna sem var fluttur inn í íslenska náttúru sem grunnur að nýjum atvinnuvegi, einkum fyrir landsbyggðina. Fiskeldi með Kollafjarðarstofni eða blönduðum íslenskum stofnum var þá á útleið.

Sannleikurinn er sá að þessi norsk/íslenski stofn sem við nefnum svo í dag er talinn besti fiskeldisstofn í heimi og það er mikið hagsmunamál fiskeldismannanna, ekki síður hvað varðar hinar frjálsu veiðiár, að menn standi á bremsunni og séu ekki í óþarfa innflutningi. Þess vegna fagna þeir öllum þeim tækjum og tólum sem hægt er að hafa til þess að bremsa af ef það kæmi til. Þeirra hagsmunamál er að halda þessum hreina laxeldisstofni hér sem afurð til útflutnings á hrognum og sviljum og til notkunar í þeim fáu fjörðum sem landbrh. hefur gefið leyfi fyrir að þessi atvinna megi fara fram.

Það má segja að Alþingi hafi lagt heilmikið á sig til þess að rækta þennan stofn. Árið 1991, í tíð páv. landbrh., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, var gerður samningur um að 15 millj. kr. á ári í fimm ár skyldu lagðar í það að rækta þennan stofn upp, 75 millj. kr. Síðar varð þetta ríkisfyrirtæki og hlutur ríkisins seldur út til bisnessmanna til þess að efla fiskeldi sem atvinnugrein. Ég er ekkert viss um að menn hafi talið að einhvern tíma ætti fiskurinn að fara ofan í sjóinn. Menn héldu kannski að það væri hægt að reka fiskeldi sem strandeldi.

Ég stóð frammi fyrir þessu öllu þegar ég varð ráðherra og við blasti nýr sóknartími í fiskeldi, vilji athafnamanna til að fara í laxeldi í sjó og ekki síður góður árangur og væntingar í eldi bleikju sem og sjávarfiska. Það var uppi áhugi á Hvalfirði, Faxaflóa og fleiri stöðum. Þegar óskir komu fram um heimildir til að ala lax af norskum uppruna í sjókvíum við strendur landsins ákvað ég að skipa nefnd til að fara yfir sambýli villtrar náttúru og fiskeldis. Farið var yfir lagalega stöðu fiskeldis, sögu þess og hugsanlega framtíðarstaðsetningu þess. Í ljós kom m.a. að laxeldi í sjókvíum hafði ekki einungis verið stundað í Lóni í Kelduhverfi, heldur víða um landið, svo sem í Eyjafirði og á Austfjörðum. Þá kom einnig í ljós að löggjöfin hafði verið fátækleg og ekki gefið yfirvöldum svigrúm til að hafa afgerandi áhrif á mótun atvinnugreinarinnar. Í þessa vinnu var ráðist og lögunum breytt og Alþingi kom að þessum málum á öllum sviðum og tók þátt í þessari vinnu og þakka ég það.

Ekki er leyfilegt að hefja fiskeldi án starfsleyfis frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfis frá veiðimálastjóra. Því fer fjarri að allt hugsanlegt eldi geti hlotið starfsleyfi en í því ferli er m.a. hægt að horfa til erfða- og vistfræðilegra þátta. Öll fiskeldisstarfsemi krefst einnig rekstrarleyfis, en í því ferli er m.a. lagt mat á hættuna á sjúkdómum, erfðablöndun og neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Starfsleyfi er forsenda rekstrarleyfis og hægt er að svipta menn rekstrarleyfi, t.d. vegna ítrekaðra slysasleppinga.

Óheimilt er með öllu að flytja laxfiska úr eldisstöð í náttúrulegt veiðivatn. Það er bannað að nota kynbættan eldislax til annars en fiskeldis. Enn fremur hefur sá sem hér stendur víðtækar heimildir til að takmarka eða banna fiskeldi, hafbeit eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm fyrir slíkri starfsemi. Slíkar ákvarðanir taka mið af því markmiði að vernda og hlífa villtum laxfiskastofnum við erfðablönd-

un, fisksjúkdómum og neikvæðum vistfræðiáhrifum. Þessa heimild laganna hef ég nýtt mér í auglýsingu nr. 226/2001 og takmarkað eldi frjórra laxa í sjókvíum við fáa langa og djúpa firði fyrir austan og vestan, fjarri bestu laxveiðiánum. Ég vildi ekki að eldiskví væri til staðar í árósum bestu veiðiánna.

Þingmönnum til upplýsingar er hér teikning af því hvernig landinu er nánast lokað fyrir fiskeldi. Þetta eru örfáir firðir á Austfjörðum fjarri bestu laxveiðiánum og síðan á Vestfjörðum. Suðurströndin er að vísu auð en ég hygg að engum detti í hug, á hinni sendnu suðurströnd, að fara í kvíaeldi nema þá væri undir Heimakletti, sem menn fengu leyfi til á sínum tíma en hafa horfið frá. Sáttin snýr að því að menn hafa fengið örfáa djúpa firði til að nota undir fiskeldið. Það strangt hefur verið farið að þessu.

Hæstv. forseti. Að loka heilu landsvæðunum fyrir fiskeldi hefur vakið heimsathygli. Það hefur vakið heimsathygli hversu mikla varkárni við höfum sýnt þrátt fyrir að vísindamenn greini á um þá erfðablöndun sem rætt er um. Það kom glöggt fram í gær. Þar kom líka fram, t.d. með hinar frjálsu fiskveiðiár, að erfðablöndunin á fiski sem villist og fer upp í aðra á en sína eigin getur verið til gagns í ánni. Þar kemur nýr stofn, blandast og styrkir fiskinn. Þetta þekkjum við glöggt úr búfræðinni, t.d. þegar menn kaupa hrút úr næstu sveit í kynbótabúið sitt. En við viljum ekki að eldisfiskurinn sé á flandri í hafinu. Þess vegna var þetta takmarkað með þessum hætti.

Að gera kröfur um að eitt af hverjum 10 seiðum skuli merkt í fiskeldi þykir afar athyglisvert. Að slátra eldisfiski áður en hann verður kynþroska er mikilvægt, en nú mun aðeins 1% fisks í Mjóafirði frjór við slátrun og eru það nánast eingöngu hængar. Um allt sjókvíaeldi gilda gríðarlega strangar reglur um allt svið starfseminnar, í búnaði, frágangi, og umgengni allri.

Mitt hlutskipti hefur verið, að hafna í stórum stíl beiðnum um innflutning á dýrum, þar með talið fiskum. Þannig verður það ábyggilega hjá landbrh. um alla framtíð. Það er íslenskri náttúru mjög mikilvægt og þetta hef ég gert samkvæmt lögum frá Alþingi til að vernda íslenska náttúru og heilbrigði dýrastofna á láði og legi.

Herra forseti. Ég vil minnast á það sem fram kom í ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar. Ég hef ekki farið yfir þann útreikning sem hann var með en eitt er víst, að eini skaðinn sem orðið hefur á fiskeldi í Mjóafirði voru marglyttur sem komu þar upp og drápu fisk í stórum stíl í fyrra. Ég hygg að allir harmi það. Ég kom þar austur í sumar þegar þeir voru að búa sig undir að verjast marglyttunni, íslenskir vísindamenn og þessir athafnamenn. Auðvitað sá ég hve rammlega þeir höfðu byggt upp fiskeldi sitt. Það liggur fyrir og er ekki enn vefengt að enginn fiskur hefur enn sloppið út úr þessu kvíaeldi. Fiskeldismenn vilja fá að byggja það þannig upp að það standist og fiskar sleppi ekki út. Það er mjög mikilvægt.

Auðvitað geta slys átt sér stað. Ég hef aldrei útilokað það. Slysið sem varð í haust þegar þrjú þúsund fiskar sluppu út á Neskaupstað þegar þeir voru færðir til slátrunar í sjókví var hræðilegt slys og ég hef gagnrýnt það. Þannig verður það ekki áfram af hálfu fiskeldismannanna, þeir munu héðan í frá setja fiskinn beint á land.

Ég mun hins vegar fara yfir þær tölur sem hv. þm. nefndi og vitna til marglyttunnar sem kom upp.

Ágætu þingmenn. Ég vil að lokum þakka þessa umræðu. Ég tók þátt í þessari umræðu við 1. umr. þegar ég flutti málið. Þá flutti ég líka langa og ítarlega ræðu. Ég hef aldrei skorast undan því að taka þátt í rökræðum um þetta mál. Mér er það mikið mál, eins og ég hygg flestum þingmönnum, að reyna að búa til þannig aðstæður að áhættan gagnvart hinum frjálsu veiðiám, þeirri auðlind, sé lágmörkuð um leið og við gefum fiskeldi á Íslandi tækifæri til að þróast. Við erum á sumum sviðum mjög framarlega. Ég hygg að við séum fremstir í bleikjueldi í veröldinni. Við erum að ná miklum tökum á lúðueldi og allt það sem menn hafa verið að gera í Mjóafirði og Berufirði lofar góðu um framtíðina. Það er gott að eiga þingið að til að fara yfir þessi mál og áminna landbrh. um það.

Ég geri mér grein fyrir því að hér hefur margt verið sagt í dag, margt satt og rétt og einnig margt sem orkaði tvímælis. Margt sneri að þeirri pólitísku íþrótt að finna ríkisstjórn allt til foráttu. Það er hlutverkið. Margt sýndi að þingmenn skilja það sem þeir vilja og útbúa farvegi fyrir skilning sinn. Við því er ekkert að segja.

Ég vil að lokum þakka hv. alþingismönnum þessa umræðu og þakka landbn. sérstaklega hennar vinnu. Hún kemur fram með nokkrar brtt. Sex þeirra eru auðvitað fegrunaraðgerðir og til lagfæringa og tek ég undir það allt saman. Þingið hefur miklu hlutverki að gegna í mínum huga. Það er mikill öryggisventill og ég þakka það. Nefndin kemur og með mikið öryggisákvæði inn í málið. Ég fagna því. Ég fagna öllu sem er til bóta í þessu máli og þakka það. Eins þakka ég umhvn. hvernig hún hefur komið að þessu máli. Um það er ekkert nema gott að segja. Mér finnst þetta prýðilegt, hafi ég sjálfur sett á mig beltið, axlaböndin og snærisspottann, að vera nú kominn með kút og kork til viðbótar, eins og komið hefur fram í þessari umræðu. Þá sjá hv. þm. að málið er komið í nokkuð örugga höfn og íslenskum hagsmunum vel borgið.

Ég fullyrði að ég vil standa faglega að þessu máli og standa vörð um íslenska náttúru, íslenskt heilbrigði og íslenska stofna, hvort sem þeir eru á láði eða legi, að þeir megi verða komandi kynslóðum arður og atvinna í framtíðinni.

Fiskeldið hefur verið gagnrýnt og menn sett hornin í það en ég veit að þeim er við það vinna er það jafnmikið verkefni að halda því heilbrigðu, láta það heppnast og byggja það upp af rökvísi eins og fram kom á þeim góða fundi sem við áttum saman, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, með Stangaveiðifélagi Reykjavíkur í gær. Sá fundur verður mér eftirminnilegur fyrir margar sakir og saknaði ég þess að allur þingheimur skyldi ekki sækja þennan fund sem gott námskeið í þessu verkefni.

[16:53]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér sérstök ánægja að fá í annað sinn á tveimur dögum að hlýða á sömu ræðu hæstv. ráðherra. Ég sat þann fund sem hæstv. ráðherra vitnaði til í gær. Þar flutti hann nokkurn veginn sömu ræðu að undanskildu því — það ber að telja hæstv. ráðherra til tekna — sem hann viðurkenndi nú í ræðu sinni, að bráðabirgðalagasetningin hefði fyrst og fremst komið til af því að þrýstingur myndaðist frá fyrirtækjum í útflutningi á að gripið yrði til þessara aðgerða. Eina röksemdin fyrir setningu bráðabirgðalaganna var fjárhagslegs eðlis og hæstv. ráðherra stóð ekki í lappirnar þegar þrýstingur kom á hann á miðju sumri að setja þau lög sem við nú ræðum.

Virðulegi forseti. Bráðabirgðalögin sem sett voru í sumar eiga sér enga hliðstæðu í réttarsögunni og eiga sér enga hliðstæðu í þingsögunni. Menn hafa aldrei sett slík lög af jafnlitlu tilefni og raun ber vitni. Af þeim sökum er ekkert fordæmi fyrir lagasetningu af þessu tagi til að styðjast við. Það hefur verið leitt fram með mjög skýrum hætti að þessir fjárhagslegu hagsmunir reyndust mjög litlir og réttlættu á engan hátt að til þessarar bráðabirgðalagasetningar yrði gripið.

Ég vil því segja, virðulegi forseti, að það var ærlegt af hæstv. ráðherra að koma og gera skýrt og skilmerkilega grein fyrir því hvers vegna þessi bráðabirgðalög voru sett.

[16:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. taldi sig hafa hlustað á sömu ræðuna aftur og aftur. Ég minnist þess að þegar ég var að byrja í stjórnmálum fór ég fund af fundi. Þá kom mjög reyndur þingmaður og sagði: Þú ert allaf með nýja ræðu. Já, sagði ég. Ég hef komist að einni niðurstöðu, sagði hann. Stjórnmálamaður kemst ekki yfir að flytja nema eina ræðu í lífinu.

Sannarlega er það svo að ræður okkar hvers og eins eru líkar frá degi til dags og kannski sami undirtónninn í þeim öllum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að hér hefði bara ráðið þrýstingurinn frá fyrirtækjunum. Auðvitað lá ung atvinnugrein illa fyrir og hefði tapað miklum peningum á því, að hún segir, sem hefði getað gerst við þessar aðstæður. Ísland var í mikilli hættu á að missa álit, ekki bara vegna þess að það var verið að dæma það í Evrópusambandinu, að heilbrigðisástand væri hér ekki með þeim hætti sem það ætti að vera. Stóra málið var auðvitað að Íslendingar, sem undirrituðu EES-samninginn á sínum tíma og hljóta margir hv. þm. sem tilheyra Samfylkingunni að skilja það, höfðu undirgengist þjóðréttarlega skuldbindingu. Íslenskum hagsmunum var stefnt fyrir dómstóla í Evrópu sem hefði auðvitað getað haft skelfilegar afleiðingar. Þetta var ekki síst ástæðan, að við stefndum fyrir dómstóla, og málið gat færst í enn þá alvarlegri farveg.

Ég hef rakið skýringar mínar. Ég trúði á að málið hefði frið til hausts af því að málið var komið fyrir þingið en svo varð ekki. Svo geta menn deilt um bráðabirgðalögin, hvort það átti að setja þau eða kalla þingið saman. Niðurstaðan var þessi og að því stóð ríkisstjórnin öll.

[16:57]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hinar þjóðréttarlegu skuldbindingar sem hæstv. landbrh. vísar til höfðu legið fyrir í eitt og hálft ár. Þær komu ekki óvænt upp. Ekkert í þeim gerði það að verkum að grípa þyrfti til bráðabirgðalaga á þessum tímapunkti. Það eru allir meðvitaðir um. Við vitum einnig að þó að málið hefði dregist þar til þing kom saman 1. okóber þá hefði það ekki breytt neinu.

Hið eina óvænta sem kom upp og hið eina sem skýrir að gripið var til þess óyndisúrræðis í sumar af jafnlitlu tilefni og raun ber vitni var að hæstv. landbrh. lá undir þrýstingi frá tveimur fyrirtækjum sem leiddi til þess að gripið var til þessara aðgerða.

Hæstv. landbrh. og ríkisstjórnin í heild sinni skirrtist ekki við að ganga á ystu nöf, að mínu mati fram af bjargbrún, hvað varðaði umgengni við 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram, virðulegi forseti, að ég harma að hæstv. landbrh. hafi ekki vandað sig betur í verkum sínum í sumar.

[16:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í andsvar við hæstv. landbrh. vegna þess að hann fór í söguskýringar áðan varðandi innflutning á norska laxinum, aftur til ársins 1984. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort hann geri sér ekki grein fyrir því, eins og ég þykist muna, að þar hafi verið heiðursmannasamkomulag um að um landeldi væri að ræða. Menn ræddu a.m.k. um að þessi fiskur færi aldrei í sjó.

Hæstv. landbrh. dró Steingrím J. Sigfússon inn í þá umræðu sem þáverandi landbrh. Ég veit ekki betur en málin horfi þannig við að þessi norski lax hafi farið í sjó í tíð ráðherra Framsfl. í landbrn. Heiðursmannasamkomulagið um að þessi fiskur færi aldrei í sjó stóð í nokkur ár. Það er náttúrlega reginmunur á landeldi og því að fara með fiskinn út í sjó. Eitt af því sem fram kom í umræðunni, virðulegi forseti, varðandi mögulega tæknilega hindrun á innflutningi var að setja inn ákvæði um að einvörðungu mætti vera með landeldi á innfluttum fiski. Ég tel að það sé mikilvægt að fram komi í þessari umræðu að norski laxinn átti upprunalega aldrei að fara í sjókvíar. Menn voru alltaf með það í huga að þess fiskur yrði í sjávarlóninu.

[17:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað sem er meint og hvað sem menn sögðu þá fer norski laxinn ofan í Lón í Kelduhverfi 1984, ofan í Eyjafjörð 1991 eða 1992 og ofan í Austfirði þannig að t.d. á jafnræðisreglu hefðu menn sennilega getað kært sig ofan í Faxaflóa eða Hvalfjörð þegar sá sem hér stendur tók við. Þessu öllu til öryggis hef ég t.d. lokað flestum fjörðum landsins. Ég sýndi hér kortið af lokuðum fjörðum. Menn mega vera þar með ófrjóan lax en ég mun loka því með reglugerð á næstu dögum þannig að hvorki verði frjór né ófrjór lax á þessum stöðum.

Heiðursmannasamkomulag er gott. Eitthvert slíkt er talað um að hafi orðið til og ég hef séð ályktun. Það er eins og ályktun frá góðum fundi. Ég hef orðið að stjórna þessu með lögum frá Alþingi og reglugerðum. Ég var ekki að ásaka hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Ég var að segja frá því merkilega starfi sem hann vann við að fá peninga frá ríkinu til þess að efla og kynbæta norska eldislaxinn sem hér var fluttur inn með 15 millj. kr. sinnum fimm ár. Ég var ekkert að ásaka hann fyrir það. Frammi fyrir þessu öllu stóð ég og ég var árið 2000 með Alþingi á bak við mig í því sem ég hef gert í þessum efnum. En norski laxinn var kominn ofan í þessa firði. Því var mjög eðlilegt að styrkja þessa atvinnusköpun og nýta þennan stofn og hann færi þá ofan í örfáa langa, djúpa og fallega firði.

[17:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. skýrir hlutina á sannfærandi hátt. Ég er sammála honum um það hvernig þetta hefur þróast. En tíðarandinn var annar 1984 en bara tíu árum seinna og við erum auðvitað alltaf að læra af hlutunum.

En hér hafa komið fram í dag þeir stjórnarþingmenn sem hafa úttalað sig og sagt berum orðum: „Við viljum ekki innflutning á laxastofnum erlendis frá.“ Þá er spurningin,

eins og fram kom í umræðum í hv. landbn.: Hvers vegna ekki að gera hina þyngstu tæknilegu hindrun mögulega með því að setja inn ákvæði — og vil ég nú spyrja hæstv. landbrh. um það — að setja inn ákvæði um að óheimilt sé að vera með eldi á slíkum fiski í sjó en vera með tæknilega hindrun sem byggir á því að menn verði að gera það uppi á landi? Það er ekki talið arðvænlegt og ætti þess vegna að halda gjörsamlega.

[17:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er rétt hjá hv. þm. Hver samtíð á sinn tíðaranda. Ég hygg að það hafi verið viðhorf margra að strandeldi gæti gengið. Það fór hér kollhnís, því miður. Það heppnaðist ekki, gekk ekki. Það er ekki talið í fiskeldi samkeppnisfært í veröldinni þannig að þá fóru menn að horfa á nýjar leiðir og þess vegna fara menn með nýja tækni og nýja staðla til að byggja eftir ofan í þessa firði.

Við stöndum frammi fyrir því, eins og ég rakti í ræðu minni í dag, að við höfum flutt þennan norska stofn inn. Hann er erlendur stofn. Við erum í fiskeldi o.s.frv. En það er alveg ljóst að í því sem hér er verið að lögfesta er fólgin mikil varúðarregla og miklir möguleikar til þess að vernda Ísland fyrir sjúkdómum og svo skiptir máli öryggisákvæðið sem hér er sett inn um erfðablöndunina. Hv. þm. segir: „Við viljum ekki innflutning.“ Ég hygg að staðan sé sú hjá t.d. fiskeldismönnunum að þeir trúa á þennan norsk-íslenska stofn sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kynbætti. Hann er ræktunarmaður. Þeir trúa á þann stofn og þeir ætla svo sem ekkert að vera að flytja inn annan stofn. Ég er ekkert viss um að neinn annar ætli að flytja inn neinn annan stofn því að eins og ég rakti í ræðu minni þá er þetta einn heilbrigðasti laxeldisstofn í veröldinni og það eru þeirra hagsmunir að ekki komi sjúkdómar í hann.

Ég vil að lokum þakka hv. þingmönnum umræðuna og málefnalega niðurstöðu og ég vil segja á mörgum sviðum þá samstöðu sem hér er skapast um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:08]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið rætt í allan dag og afstaða stjórnarandstöðu er nokkuð skýr. Við teljum að bráðabirgðalagasetningin í sumar standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar er framlagning þess frv. sem við ræðum hér að sjálfsögðu í fullu samræmi við þingsköp.

Virðulegi forseti. Afstaða okkar til þessa máls er mjög skýr. Við munum sitja hjá við þær brtt. sem meiri hluti landbn. hefur sett fram enda eru þær í reynd allar til bóta þrátt fyrir að við höfum þá skýru afstöðu að við séum ósammála þessari leið. En við munum á hinn bóginn greiða atkvæði gegn frv. í heild þegar það kemur til afgreiðslu.

[17:09]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við í stjórnarandstöðunni höfum lýst skoðun okkar hér í dag á þessu frv. og bráðabirgðalögunum sem sett voru í sumar. Við höfum mótmælt harðlega setningu þeirra bráðabirgðalaga. Varðandi breytingartillögurnar sem hér liggja frammi þá eru þær til bóta. En við höfum lýst því yfir að hér hefði átt að viðhafa önnur vinnubrögð, hafa varúðarregluna að leiðarljósi, setja lög sem tryggja og vernda íslenska náttúru, íslensk lagardýr og íslenska laxastofna og í framhaldi af því að lögleiða þá tilskipun EES sem hér um ræðir. Þannig værum við að tryggja lífríkið hér eins og okkur er mögulegt. Við í stjórnarandstöðunni munum því öll standa saman og sitjum hjá við atkvæðagreiðsluna um breytingartillögurnar en greiða síðan atkvæði gegn málinu í heild.

[17:10]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við afgreiðslu þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram af meiri hluta hv. landbn. og greiðan síðan atkvæði á móti frv. þegar það gengur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

nei: EKH.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,2 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EKH, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,4 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,5 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, JBjart, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,6 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

5.–8. gr. (verða 8.–10. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 291,7 (ný 9. gr., verður 11. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, GMJ, GAK, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack, ÖS.

16 þm. (ÁMM, BjarnB, BBj, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KJúl, KolH, KLM, MS, RG, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

[17:15]

Útbýting þingskjala:

Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, 260. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 293.

Atvinnulýðræði, 271. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 306.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 281. mál, fsp. BrM, þskj. 317.

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál, frv. GÖg o.fl., þskj. 312.

Ofbeldi gegn börnum, 274. mál, fsp. MF, þskj. 310.

Sjálfboðastarf, 275. mál, þáltill. LMR o.fl., þskj. 311.

Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, 277. mál, þáltill. LMR og GunnB, þskj. 313.

Uppbygging atvinnulífs á Suðurnesjum, 280. mál, fsp. BrM, þskj. 316.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 273. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 309.

Vextir útlána banka og sparisjóða, 282. mál, fsp. KJúl, þskj. 318.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, fyrri umr.

Stjtill., 249. mál. — Þskj. 269.

[17:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu sem gerðir voru 26. mars 2003.

Samkvæmt I. gr. samninganna skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins bjóða ríkisstjórnum ríkjanna sjö að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þegar viðbótarsamningarnir hafa öðlast gildi. Kveðið er á um að ríkin verði aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þann dag sem þau afhenda ríkisstjórn Bandaríkjanna aðildarskjöl sín.

Í II. gr. viðbótarsamninganna er kveðið á um að þeir öðlist gildi þegar allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna um samþykki sitt á þeim.

Atlantshafsbandalagið hefur frá upphafi verið eina öryggisstofnun Evrópu sem hefur haft bolmagn til að tryggja öryggi í álfunni og takast á við þær ógnir og hættur sem steðjuðu að á hverjum tíma. Ásókn nýrra aðildarríkja í Atlantshafsbandalagið undirstrikar gildi þess og áframhaldandi mikilvægi. Stefnt er að því að aðildarríkjunum fjölgi nú í einu vetfangi úr 19 í 26.

Þau ríki sem nú ganga til liðs við bandalagið hafa unnið að því hörðum höndum að gerast aðilar og lagt á það mikla áherslu á umliðnum árum. Íslensk stjórnvöld hafa ætíð stutt stækkun bandalagsins og þann rétt fullvalda ríkja til að velja sjálf hvaða stofnanir þau kjósa aðild að til að tryggja hagsmuni sína. Við höfum lagt okkur fram við að styðja þann einarða ásetning Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litháens, að gerast aðilar að bandalaginu.

Stækkun Atlantshafsbandalagsins er fyrst og fremst ætlað að tryggja stöðugleika og öryggi í Evrópu. Jafnframt því að bjóða nýjum ríkjum aðild að bandalaginu hefur samstarf við ríki utan þess verið eflt jafnt og þétt með friðarsamstarfinu og Evró-Atlantshafssamstarfsráðinu. Þrátt fyrir að ekkert ríki utan bandalags geti haft áhrif á ákvarðanir um fjölgun aðildarríkja hélst vaxandi áhersla á samskiptin við Rússland í hendur við áform um frekari stækkun. Mörgum er kunnugt um að Rússar voru lengi andvígir stækkun bandalagsins og þó einkum og sér í lagi útvíkkun þess til Eystrasaltsríkjanna. Nú hafa efasemdarraddir þeirra þagnað og er víst að þar skiptir mestu stórbætt og nánara samstarf við Rússland innan NATO-Rússlandsráðsins sem grunnur var lagður að á fundi bandalagsins í Reykjavík vorið 2002. Það er einstaklega ánægjulegt að verða vitni að því hversu náið og gott samstarf er orðið milli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands sem menn hefðu ekki spáð fyrir aðeins nokkrum árum.

Þó að sú stækkun sem nú stendur fyrir dyrum sé sú umfangsmesta í sögu bandalagsins var leiðin vörðuð með aðild fyrstu fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins, þ.e. Póllands, Tékklands og Ungverjalands, árið 1999. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag haustið 2002 var enn á ný tekin ákvörðun um stækkun í samræmi við þá stefnu bandalagsins að það stæði opið öllum lýðræðisríkjum í Evrópu. Öll ríkin sjö hafa frá árinu 1999 tekið þátt í svonefndri aðgerðaáætlun bandalagsins til undirbúnings aðildar ásamt Makedóníu og Albaníu, og á fundinum í Reykjavík var Króatíu jafnframt boðið að slást í hóp umsóknarríkja.

Aðgerðaáætlunin er til þess gerð að aðstoða umsóknarríkin við undirbúning aðildar. Lögð er rík áhersla á að ríkin geti sýnt fram á að ýmsar pólitískar, efnahagslegar og hernaðarlegar umbætur hafi farið fram. Miklu varðar einnig að leyst hafi verið úr útistandandi ágreiningsmálum við nágrannaríki og ekki sé troðið á réttindum minnihlutahópa í ríkjunum. Atlantshafsbandalagið og aðildarríki þess hafa lagt sig fram við að aðstoða ríkin með ýmsum hætti í því umbótastarfi sem nú stendur yfir. Þó ber að undirstrika að þegar ákvörðun var tekin um stækkun bandalagsins var sú ákvörðun fyrst og fremst pólitísk og tekin í ljósi þess öryggisumhverfis sem við blasti.

Þrátt fyrir að Atlantshafsbandalagið hafi nú um sinn fyrst og fremst sinnt friðargæslu og átakavörnum utan aðildarríkja, m.a. á Balkanskaga og nú síðast í Afganistan, er bandalagið enn sem fyrr fyrst og fremst varnarbandalag þeirra ríkja sem að því eiga aðild. Sameiginlegar varnarskuldbindingar bandalagsins eru ein helsta ástæða þess að ríkin sjö sækjast eftir aðild.

Forsenda aðildarríkjanna sjö, eins og annarra aðildarríkja, er að sjálfsögðu sú að þau geti lagt af mörkum til verkefna bandalagsins. Meðfram stækkun hefur bandalagið unnið að því að verða betur í stakk búið til að mæta nýjum ógnum sem steðja að. Þannig mun stækkun verða til þess að bandalagið getur betur en áður beitt sér í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna. Með aðild ríkjanna sjö getum við þannig betur tryggt frið og öryggi á öllu Evrópu-Atlantshafssvæðinu og tekist betur á við utanaðkomandi ógnir.

Það má geta þess að lokum að ellefu aðildarríki hafa þegar staðfest viðbótarsamningana en áætlað er að ferlinu verði lokið fyrir leiðtogafund bandalagsins næsta sumar.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, frú forseti, leggja það til að þessari þáltill. verði vísað til hv. utanrmn.

[17:26]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil fyrir hönd Samf. lýsa fullu samþykki við þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Mér er það reyndar ljúft og skylt, frú forseti, að lýsa því sérstaklega að það er mér mikil ánægja að sjá það gerast loksins að ríkin þrjú, Eystrasaltsríkin Eistland, Lettland og Litháen, verða tekin inn í Atlantshafsbandalagið.

Ég minnist þess að mörgum sinnum á síðasta áratug kom ég í þennan ræðustól til þess að knýja á um það að íslensk stjórnvöld styddu viðleitni þessara ríkja — vilji þeirra var þá að fullu fram kominn — til þess að verða aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Reyndar kom margoft fram í máli mínu og félaga minna, jafnaðarmanna, að við töldum að íslensk stjórnvöld og reyndar önnur stjórnvöld í grannlöndunum ættu að styðja, ekki bara við þessa viðleitni þeirra heldur líka að ýta undir möguleikann á því að þessi ríki gætu orðið fullgildir aðilar að Evrópubandalaginu. Hvort tveggja var pólitísks eðlis miklu frekar en varnarlegs, ef svo má að orði kveða. Þessi ríki höfðu verið í skugga Sovétríkjanna sem hrundu nánast með Berlínarmúrnum 1989, hjörðu að vísu eitthvað fram eftir. Það var alveg ljóst að ríkin þrjú töldu að hag sínum og heill væri miklu betur borgið undir væng Atlantshafsbandalagsins og töldu mikla vörn fólgna í þeirri aðild til framtíðar horft. Þá, eins og nú, ber að undirstrika að það sem skiptir öllu máli er auðvitað sjálfsákvörðunarréttur þessara ríkja.

Ég rifja það upp að ekki tóku allir í stjórnarandstöðunni á þeim tíma undir þennan málflutning minn.

Frú forseti. Ég tel að með þeim breytingum sem nú eru að verða með stækkun Atlantshafsbandalagsins séum við kannski komin í það sem kalla má næstsíðasta fasa þess umbreytingaskeiðs sem hófst með falli Berlínarmúrsins og síðar niðurlagningu Sovétríkjanna. Það er auðvitað sögulega skondið að sjá að tólf af þeim ríkjum sem áður voru með einhverjum hætti í skugga Varsjárbandalagsins hafa lýst yfir vilja til að sækja um og eru að verða aðilar að Atlantshafsbandalaginu.

Sömuleiðis var fróðlegt að heyra hjá hæstv. utanrrh. af samþættingunni í kjölfar Reykjavíkurfundarins þegar samstarfsráð bandalagsins og Rússlands var formgert með þeim hætti sem nú er orðið. Það er dálítið gaman um þessar mundir að koma í höfuðstöðvarnar í Brussel og sjá að annar hver maður þar á göngunum er rússneskur generáll.

Svona hafa tímarnir breyst og þetta er ákaflega jákvætt, frú forseti. Íslendingar eiga með öllu afli að taka þátt í þessum breytingum og ýta undir þær. Ég tel sjálfur að eðli NATO, eðli Atlantshafsbandalagsins, sé allverulega breytt frá því sem áður var. Það er þannig í dag að þó að, eins og hæstv. ráðherra segir, það sé í eðli sínu varnarbandalag þeirra ríkja sem aðild eiga að því er það orðið annað og meira í dag. Það sinnir friðargæslu langt út fyrir landamæri þeirra ríkja sem standa að Atlantshafsbandalaginu. Sem ég stend hér, frú forseti, rifjast það upp fyrir mér að hér stóð einu sinni maður sem var formaður stjórnmálaflokks sem nú er aðili að þeim stjórnmálaflokki sem ég veiti forstöðu og lýsti því árið 1993 að hann sæi fyrir sér breytingar á hlutverki Atlantshafsbandalagsins. Það mundi verða friðargæslubandalag og hugsanlega í framtíðinni eins konar friðararmur Sameinuðu þjóðanna. Ekki hefur það nú alveg gerst, frú forseti, en hins vegar hefur mjög horft til friðvænlegrar áttar í heiminum. Í því hefur Atlantshafsbandalagið og sú friðargæsla sem það hefur tekið að sér átt mikinn þátt.

Frú forseti. Ég vil segja það að mér sýnist sem veröldin sé öll önnur en hún var þegar við ræddum þetta stækkunarferli fyrst hér í hinum virðulegu sölum hins háa Alþingis. Ég tel að þau ríki sem áður voru innan Varsjárbandalagsins eða lifðu í skugga þess séu sjálf í reynd að setja endapunktinn á bak við umbreytingaferlið með því að æskja aðildar að Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu. Gleymum því ekki, frú forseti, að Evrópusambandið, alveg eins og Atlantshafsbandalagið, var líka á sínum tíma fyrst og fremst sett upp til að stuðla að friði og öryggi í álfunni. Reyndin er sú að aldrei hefur verið friðsælla í okkar heimshluta en núna.

Það eru svo viðsjár uppi í okkar eigin öryggismálum. Hæstv. utanrrh. lýsti því sjálfur fyrr á þessu ári þegar Bandaríkjamenn komu fram með sínar óbilgjörnu óskir í aðdraganda kosninga. Hhæstv. ráðherra ræddi það reyndar síðar því að við fengum ekki að vita um það strax. Þá orðuðu forustumenn ríkisstjórnar það með þeim hætti að ekki væri hægt að gera ráð fyrir að hér yrði um aldur og ævi lið á vegum Atlantshafsbandalagsins eða í krafti hins tvíhliða varnarsamnings sem við höfum gert við Bandaríkin.

Ég er sammála forustumönnum ríkisstjórnar um það. Það er þess vegna sem við í Samf. höfum ítrekað bent á að það er með forsjá sem við horfum til breytinga sem eru að verða á Evrópusambandinu. Það er með tilliti til öryggishagsmuna Íslendinga sem við hljótum að skoða það nánar að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu. Í því eru líka fólgnir öryggishagsmunir, frú forseti.

Það er hins vegar þannig, virðulegi forseti, að allt of sjaldan eru til umræðu þeir þættir sem tengjast Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir að koma loksins með þessa till. til þál. fyrir þingið. Ég rifja það upp að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson innti eftir því nýlega hvenær menn ætluðu sér að leggja þetta fyrir, nú er það komið og Samf. styður málið algerlega.

[17:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki tekið þátt í þessum miklu heillaóskum og fagnaðarlátum samfylkingarmanna og Framsfl. út af NATO og stækkun þess. Menn eru hér að óska hver öðrum til hamingju með hversu vel vegni þar á bæ, að þetta sé allt að blómgast og stækka og fjölga í liðinu. Hæstv. utanrrh. sagði að NATO væri nú sem fyrr fyrst og fremst varnarbandalag þeirra ríkja sem aðild ættu að því. Ég held að þetta sé ekki rétt skilgreining. Ég held að NATO sé fyrst og fremst bandalag um hernaðarlega og efnahagslega hagsmuni þeirra ríkja sem eiga aðild að því bandalagi og þar ráði fyrst og fremst þau ríki sem eru sterkust innan bandalagsins og það eru náttúrlega fyrst og fremst Bandaríkin. Mér finnst það áhyggjuefni hve Íslendingar hafa gagnrýnislaust lotið forustu og stjórn Bandaríkjamanna í hernaðarmálum og áhyggjuefni að heyra á hve gagnrýnislausan hátt samfylkingarmenn sem kalla sig jafnaðarmenn taka undir þær áherslur sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., hefur fylgt. Mér finnst það áhyggjuefni. Mér hefði fundist það vera tilefni til að taka upp gagnrýna umræðu í stað þess að taka þátt í þessum miklu fagnaðarlátum og heillaóskum út af stækkun bandalagsins.

Það hefur nefnilega orðið eðlisbreyting á NATO á síðustu árum. Það sáu þeir sem fylgdust með yfirlýsingum sem komu frá fundi NATO á 50 ára afmælinu í Washington 1999 og síðan á Prag-fundinum þar sem sömu áherslur voru slegnar, þá var greinilegt að ákveðin breyting var að verða. Skilgreiningin á varnarhagsmunum var að breytast og það var ljóst að NATO vildi fara að vilja Bandaríkjamanna um svokallaðar fyrirbyggjandi aðgerðir, að NATO ætti að verja hernaðarlega og efnahagslega hagsmuni aðildarríkjanna og þá náttúrlega fyrst og fremst Bandaríkjanna og Breta og þeirra sem þar eru ráðandi með því að geta gripið til fyrirbyggjandi aðgerða. Þetta finnst mér vera áhyggjuefni hvert verið er að fara með bandalagið að þessu leyti.

Ég held að það sé alrangt að NATO sé fyrst og fremst varnarbandalag fyrir þessi ríki. Þetta er bandalag til að verja efnahagslega og hernaðarlega hagsmuni þeirra ríkja sem eiga aðild að bandalaginu. Og svo virðist sem eini stjórnmálaflokkurinn, eina stjórnmálaaflið á Íslandi sem hefur einhverjar efasemdir um þá þróun sé Vinstri hreyfingin – grænt framboð því að ekki kemur nokkur einasta gagnrýni í garð hernaðarbandalagsins frá neinum öðrum stjórnmálaflokki, alls ekki frá Framsfl. náttúrlega og ekki heldur frá samfylkingarmönnum á Alþingi.

Þetta voru sjónarmið sem ég vildi rétt impra á við umræðuna. Ég ætla ekki að efna til langrar umræðu um málið. Ég er tilbúinn að taka hana upp að sjálfsögðu og þá þróun sem er að verða í hernaðarsamvinnu vestrænna ríkja sem mér finnst vera mjög ógnvekjandi, ekki síst í ljósi þess hverjir ráða núna í Bandaríkjunum og eru ráðandi innan NATO, þeirra afla sem eru kennd við 21. aldar samtökin og eru í innsta hring Bush Bandaríkjaforseta og hafa sent frá sér yfirlýsingar sem eru að mínum dómi mjög ógnvænlegar. Fróðlegt væri að heyra hæstv. utanrrh. segja okkur frá yfirlýsingum og fyrirlestrum sem voru fluttir á NATO-fundinum í Prag þar sem ráðandi menn í liði Bush Bandaríkjaforseta voru að tala um fjórðu heimsstyrjöldina sem væri hafin. Hinar fyrstu tvær hefðu verið heitar, það var fyrsta og önnur heimsstyrjöldin. Síðan kom kalda stríðið og að lokum þessi sem nú væri hafin gegn hinum múslímska heimi og þar var talað um að nú þyrfti að taka Írak og síðan var það Sýrland, Íran o.s.frv. Þetta er bara veruleiki sem við erum að upplifa.

En íslenska ríkisstjórnin, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., fylgir náttúrlega í lotningu öllu því sem fyrirskipað er í Washington og það er ekki nýtt. Þess vegna er þetta bara formsatriði að verða við þessum óskum. Samf. kemur náttúrlega

og þakkar eins og fyrri daginn þegar Atlantshafsbandalagið og hernaðarhagsmunir þess eru á dagskrá.

[17:39]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv. n., Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samf., og fagna þessari tillögu. Þannig vill til að ég þekki ágætlega til bæði á Balkanskaga og í Eystrasaltslöndunum, hef kynnst þar fólki og ég veit hvaða hug það ber til þessa samstarfs. Á þeim svæðum búa þjóðir þar sem ekki ein einasta kynslóð hefur kynnst friði og í dag búa þarna einstaklingar, eldri kynslóðir sem í 50 ár kynntust kúgun og einræði. Þær þjóðir telja sér best borgið í þessum félagsskap, sem telja að öryggi sínu sé best borgið með aðild að NATO og ég fyrir mitt leyti er stoltur af því að tilheyra þeim félagsskap sem getur veitt borgurum þeirrar álfu öryggi.

Ég held að með þeirri þróun sem við horfum upp á núna innan NATO séu að verða ákveðin straumhvörf. NATO er orðið stærsti samstarfsvettvangur Evrópuríkja. NATO-vægi Evrópu vex sífellt meira í slíkum félagsskap og ég held að kannski kunni að koma að því að Íslendingar þurfi að gera jafnvel upp hug sinn þegar skilja í milli hagsmunir Evrópuríkja og annars okkar ágætu granna í vestri. En það er ekki umræðuefni dagsins í dag. Það gæti hins vegar orðið eitt af þeim viðfangsefnum sem bíður okkar á næstu árum, þ.e. að taka afstöðu til þess með hvaða hætti við Íslendingar teljum öryggishagsmunum okkar best borgið.

Virðulegi forseti. Ég styð eindregið tillöguna og ég fagna henni.

[17:42]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Staðfesting sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn er staðfesting á miklum pólitískum tíðindum sem hafa orðið í álfunni og eru mikið fagnaðarefni og til þess fallin að stuðla að friði og öryggi í heimshluta okkar. Ég stend hér upp aðallega til að vekja athygli á þeirri staðeynd að þessi sjö ríki sem nú verða tekin inn í Norður-Atlantshafssamninginn hafa öll talið sig þurfa tvöfalda aðlögun að Evrópusamrunanum, þ.e. bæði þátttöku í NATO og Evrópusambandinu. Ástæða er fyrir okkur að hugleiða hvers vegna þau ríki telja sig þurfa aðlögun og þátttöku í báðum þessum samtökum.

Í því sambandi var athyglisvert að hlusta á Alyson J.K. Bailes, forstöðumann SIPRI, alþjóðlegu friðarrannsóknarstofnunarinnar í Stokkhólmi, sem var hér á fundi 25. júní sl. Þar gerði hún að umræðuefni þær áherslubreytingar sem hefðu orðið innan NATO. Hún sagði að meiri háttar og líklega óafturkræf skref hefðu verið tekin burt frá gagnkvæmum varnarskuldbindingum innan NATO.

Á árinu 2002 hefðu verið teknar ákvarðanir og stefna mótuð þar sem aðaláherslan í vopnaviðbúnaði og öðrum athöfnum sambandsins væri nú af afskiptum af hættuástandi utan NATO-svæðisins og þetta er m.a. að kröfu Bandaríkjanna. Hún sagði svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Það lítur út fyrir að hlutverk NATO sé að breytast frá því að vera aflstöð pólitískrar samstöðu og sameiginlegrar stefnu í það að vera verkfærakassi sem hægt er að grípa til tóla úr þegar pólitísk skilyrði til þess að nota þau hafa verið sköpuð annars staðar.“

„Annars staðar“ er í þessu tilfelli innan Evrópusambandsins og stjórnar Bandaríkjanna, þ.e. að þar fari fram samráð í öryggismálum og stefnumótun sem síðan er framfylgt á vettvangi NATO. Þetta telur hún einmitt ástæðuna fyrir því að nýju ríkin svokölluðu telja sig þurfa tvöfalda aðlögun.

Á margan hátt er það umhugsunarefni fyrir okkur, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi áðan, hvort aðild að Evrópusambandinu mundi ekki einmitt tryggja okkur betur en nú er gert aðild að sameiginlegu borði þar sem til umræðu er samræming í utanríkisstefnu og öryggismálum í okkar álfu.

Kannski er mikilvægasta hlutverkið sem NATO gegnir um þessar mundir að halda góðu samstarfi við Rússland og Bandaríkin á vettvangi sínum. Það er e.t.v. besta öryggistryggingin sem okkur býðst um þessar mundir. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi einmitt sérstaklega rússnesku generálana sem ganga um sali í höfuðstöðvum NATO um þessar mundir. Það held ég að skipti ekki litlu máli.

Engu að síður er ástæða til að grennslast fyrir um það hjá hæstv. utanrrh. hvort hann kannist við þá lýsingu á áherslubreytingum innan NATO sem ég vitnaði til hér áðan, að meiri háttar og líklega óafturkræf skref hefðu verið tekin burt frá gagnkvæmum varnarskuldbindingum.

[17:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þá miklu samstöðu sem virðist ríkja um þetta mál. Ég vil sérstaklega óska Samfylkingunni til hamingju með að það er ljóst að sá flokkur er eindreginn stuðningsflokkur Atlantshafsbandalagsins. Um það virðist enginn vafi ríkja lengur, eins og virtist vera á fyrstu dögum þess stjórnmálaflokks (Gripið fram í.) sem kannski var eðlilegt. Ég er ekkert að gagnrýna það. Aðalatriðið er að flokkar komist að réttri niðurstöðu. Ég tel það mikilvægt í íslenskum stjórnmálum að ríkja skuli svo eindræg samstaða um Atlantshafsbandalagið og samstarfið við Bandaríkjamenn eins og ríkir með Sjálfstfl., Framsfl. og Samf., með sama hætti og með Alþýðuflokknum á árum áður. Ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á að ónefndur þingmaður hefði talað um að Atlantshafsbandalagið yrði ef til vill helsti friðararmur Sameinuðu þjóðanna. Ég tel að svo sé. Ég tel ljóst að engin önnur samtök ríkja geti komið inn í friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna með jafnöflugum hætti og ríkin sem standa að Atlantshafsbandalaginu. Það hafa þau gert. Þau hafa gert það á Balkanskaga. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa komið að friðargæslu í Afríku, í Kongó, og í Afganistan. Svo mætti lengi telja. Það er ljóst að þau ríki sem geta skipt sköpum í sambandi við uppbygginguna í Írak eru ekki síst ríki Atlantshafsbandalagsins. Engin önnur samtök ríkja geta komið að friðargæslu með jafnafgerandi hætti og Atlantshafsbandalagið.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur því miður ekki breytt um skoðun. Ég harma það. Mér finnst leitt að hann skuli ekki geta litið til þess jákvæða sem hefur gerst í sambandi við Atlantshafsbandalagið. Hann talar um Atlantshafsbandalagið með sama hætti og ég heyrði um það rætt fyrir 20–30 árum. Það er algjörlega röng mynd, hv. þm. Það hefur gífurlega mikið breyst.

Hv. þm. segir að Atlantshafsbandalagið sé ekki varnarbandalag heldur bandalag um efnahags- og hernaðarlega hagsmuni ákveðinna ríkja. Auðvitað er Atlantshafsbandalagið bandalag um efnahagslega hagsmuni aðildarríkjanna. Það að berjast fyrir friði er líka barátta fyrir því að verja efnahagslega stöðu. Efnahagsleg staða varðveitist ekki nema

með friði. Atlantshafsbandalagið hefur barist fyrir friði í Evrópu. Hvaða annað bandalag hefur varðveitt friðinn í Evrópu? Ég kannast ekki við það. Ég kannast ekki við að Atlantshafsbandalagið hafi einhvern tíma lýst yfir því að það væri markmið að ráðast á aðra. Aldrei. Hins vegar hefur Atlantshafsbandalagið farið í fyrirbyggjandi aðgerðir, það er rétt, eins og í Bosníu og Kosovo og gert það of seint vegna þess hve langan tíma tók að ná samstöðu. Það eru allir sammála um að það hafi verið mikilvægt til að varðveita friðinn í Evrópu. Það var mikilvægt til að tryggja efnahagslega hagsmuni í Evrópu allri, ekki síst þjóðanna á Balkanskaga.

Það að snúa sér frá aðalatriði málsins með þessari sífelldu tuggu, að menn lúti í einu og öllu forustu Bandaríkjanna, er að verða dálítið slitin plata. Það er eins og það sé af hinu vonda að vera sammála Bandaríkjamönnum í einu einasta máli. Ég skil hv. þm. þannig að Íslendingar eigi almennt að vera ósammála Bandaríkjunum í öllu og á móti öllu sem þeir gera.

Við að sjálfsögðu styðjum Bandaríkin í því sem við teljum rétt að gera. Það liggur ljóst fyrir að Bandaríkin eru mikilvæg forustuþjóð í heiminum, mjög mikilvæg vináttu- og samstarfsþjóð Íslendinga og hafa verið það lengi, enda voru Bandaríkin fyrsta þjóðin sem viðurkenndi sjálfstæði Íslendinga. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að við eigum gott samstarf við þessa þjóð. Ég tel að það eigi ekki að vera sérstakt markmið að troða illsakir við hana eins og mér heyrist stundum á hv. þm. Við viljum hafa vinsamleg samskipti við allar þjóðir.

Hv. þm. nefndi hér Íran sem þjóð sem einhverjir töluðu um að rétt væri að yfirtaka. Mér finnst það aldeilis fráleit umræða, hvort sem hún kemur frá Bandaríkjunum eða öðrum stöðum. Ég væri ekki að fara í opinbera heimsókn til Írans í lok þessa mánaðar ef ég væri þeirrar skoðunar. Ég tel mikilvægt að kynnast sjónarmiðum þeirrar þjóðar og að við eigum að sjálfsögðu að leggja okkur fram um að brúa ágreiningsmál milli þjóða, milli ólíkra þjóða, hvort sem þær eru ólíkar vegna trúarbragða eða annarra ástæðna.

Ég bið hv. þm. að fara betur yfir þessi mál eins og félagar hans í Samfylkingunni hafa gert. Ég óska honum góðs á þeim fundi sem hann er að fara á og vonast eftir því að þetta mál verði tekið til umræðu. Mér heyrist að það sé ekki vanþörf á því.

Aðeins að lokum, út af þeirri spurningu sem hv. þm. Einar Karl Haraldsson bar hér fram um hvort ég kannaðist við þær skilgreiningar sem hann fór yfir. Ég kannast ekki nákvæmlega við þær en ég kannast við að Atlantshafsbandalagið hefur gjörbreyst. Það er allt annað bandalag en ég kynntist fyrst eftir að ég varð utanríkisráðherra fyrir rúmum átta árum. Þar hefur átt sér stað gífurleg breyting enda ljóst þegar bandalagið verður bandalag 26 ríkja þá þýðir það miklar breytingar. Þegar ein nánasta samstarfsþjóð bandalagsins er orðin Rússland þá kallar það á miklar breytingar. Svo mætti lengi telja.

Ég er ekki í neinum vafa um það að Atlantshafsbandalagið er öflugustu friðarsamtök í heiminum. Ég get fært fyrir því mörg rök. Það er öflugasta friðarbandalag í heiminum vegna þess hve margar þjóðir standa að því, vegna þess hve margar þjóðir eru nánar samstarfsþjóðir Atlantshafsbandslagsins, þar á meðal Rússar, og af mörgum öðrum ástæðum. Ef við því viljum varðveita friðinn í heiminum og stuðla að meira öryggi þá er ég ekki í nokkrum vafa um að helsta leiðin til þess er að efla Atlantshafsbandalagið.

Auðvitað er líka mikilvægt að efla Evrópusambandið, ég tek undir það. Íslendingar hafa eindregið stutt stækkun Evrópusambandsins og núverandi ríkisstjórn hefur gert það í einu og öllu og hvatt þær þjóðir sem eru nú að ganga þar inn til að gera það, þar á meðal Eystrasaltsríkin. Þó að Atlantshafsbandalagið sé mikilvægt fyrir Eystrasaltsríkin er að mínu mati enn þá mikilvægara fyrir þau að ganga í Evrópusambandið. Að því höfum við viljað stuðla, að svo miklu leyti sem við höfum getað það. Auðvitað höfum við ekki haft þar mikil áhrif.

Það er mjög athyglisvert að allar þessar þjóðir sem áður voru í samstarfi innan Varsjárbandalagsins skuli leggja svo mikla áherslu á að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Er ekki vert að hlusta á raddir þess fólks sem þar hefur komið fram, raddir þeirra flokka sem áður kölluðu sig kommúnistaflokka? Ég held að það sé nánast enginn flokkur í Evrópu, nema þá kannski Vinstri grænir, sem eru jafnákveðnir gegn Atlantshafsbandalaginu. Ég þekki ekki þann flokk. Ég hef verið að spyrjast fyrir um það meðal þjóða sem standa að Atlantshafsbandalaginu hvort algengt sé að stjórnmálaflokkar séu algjörlega á móti aðildinni að Atlantshafsbandalaginu. Það er afskaplega lítið um það og þeim flokkum hefur farið fækkandi.

Það má vera að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé fróðari um það en ég. Ef það er svo að Vinstri grænir séu eini flokkurinn í aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins sem er eindregið á móti bandalaginu þá hafa þeir vissulega mikla sérstöðu. Ég veit hins vegar ekki hvort það er sérstaða til að vera sérstaklega stoltur af.

[18:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. hefur verið fjarri þinginu lengi og ferðast víða um heiminn og eflaust hitt marga mektarmenn, verið í miklum partíum og boðum og ekki hitt nokkurn einasta mann sem hefur efasemdir um NATO. Það er helst hér á þingi sem hann heyrir einhverjar efasemdarraddir þar að lútandi. En ég get fullvissað hann um að í Evrópu og heiminum öllum eru vaxandi efasemdir um þetta hernaðarbandalag og þær breytingar sem gerðar hafa verið á því á liðnum árum. Ég vil beina þeirri spurningu til hans hvort hann taki ekki undir að það hafi orðið ákveðnar breytingar frá 50 ára afmælinu. Þá var ákveðið að endurskilgreina varnarhlutverk NATO og hverfa frá þeirri hugsun að NATO beri að bregðast við árás á einstök aðildarríki og fara yfir í hina afstöðuna að NATO beri að bregðast við ógn sem kunni að steðja að aðildarríkjunum með fyrirbyggjandi aðgerðum og hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að ákvarðanir í þessa veru hafi verið teknar síðan á NATO-fundi í Prag. Hafa engar breytingar átt sér stað sem ástæða er til þess að ræða? Alla vega heyrir maður það í evrópskum fjölmiðlum að menn hafa af þessu áhyggjur vegna þess að ef þetta er rétt, að NATO eigi að beita á annan hátt en hefur verið gert, sem fyrirbyggjandi tæki, þá séum við háðari þeim sem þar eru ráðandi, sem eru náttúrlega Bandaríkin. Ef Bandaríkin telja hagsmunum sínum ógnað og telja mikilvægt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og beita þar NATO fyrir sig, (Forseti hringir.) þá kunni annars konar hætta að steðja að okkur af samstarfinu innan NATO.

[18:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að það hafa orðið breytingar á Atlantshafsbandalaginu, sérstaklega eftir 11. september

2001. Það urðu mikil kaflaskipti í heiminum við þá hræðilegu árás. Þá gerðu þjóðir heims sér grein fyrir því að þær yrðu að standa saman í baráttunni gegn hryðjuverkum í heiminum. Í framhaldi af því var samþykkt innan Atlantshafsbandalagsins, og mig minnir að það hafi sérstaklega komið fram á fundinum í Reykjavík, að NATO gæti og ætti að beita sér utan þeirra landa sem eru aðilar, jafnvel utan Evrópu. Það voru mikil tímamót, það er alveg rétt. En það er ekki bara Atlantshafsbandalagið sem telur að taka þurfi upp þessa stefnu, það eru fjölmargar aðrar þjóðir í heiminum sem sameinuðust um baráttuna gegn hryðjuverkum og Atlantshafsbandalagið hefur verið mjög leiðandi í þeirri umræðu allri.

Það eru fyrirbyggjandi aðgerðir að uppræta hryðjuverkastarfsemi, það er alveg rétt. En ríki Atlantshafsbandalagsins hafa ekki séð aðra leið til þess að berjast við ógnina sem stafar að allri heimsbyggðinni en með þessum hætti. Þá segir hv. þm.: Er ekki hættulegt fyrir okkur að taka þátt í því? Gæti það ekki skapað hryðjuverk á Íslandi að við tökum þátt í því? Auðvitað stafar okkur hætta af þessari ógn eins og öðrum þjóðum og okkur ber að taka þátt í þeirri sameiginlegu baráttu. Ef allir hugsuðu þannig: Gæti það ekki skapað hættu fyrir mig að taka þátt í baráttunni gegn sameiginlegri ógn, hvernig færi þá? Getum við Íslendingar undanskilið okkur slíkri ábyrgð?

[18:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta ekki vera spurning um að undanskilja sig ábyrgð heldur að sýna fulla ábyrgð, því að hæstv. utanrrh. talar um NATO sem tæki sem beitt er til að verja friðinn. Ég er að tala um að NATO sé tæki sem notað sé í auknum mæli til að verja hernaðarlega og efnahagslega hagsmuni, til að verja olíuna, olíuhagsmuni Bandaríkjanna t.d. Mér finnst hættulegt hve gagnrýnislaus íslensk stjórnvöld eru gagnvart herrunum í Washington. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. að því, af því að hann vildi alhæfa um afstöðu mína gagnvart Bandaríkjunum og gagnvart NATO, þá vil ég spyrja hann: Finnst honum engin áherslubreyting t.d. hafa orðið innan Bandaríkjanna og í stefnu Bandaríkjanna við stjórnarskiptin frá Clinton-stjórninni yfir í Bush-stjórnina? Finnst honum ekki áhyggjuefni hvernig haukarnir þar á bæ hafa talað og framkvæmt og er hann tilbúinn að fylgja Atlantshafsbandalaginu, NATO, í einu og öllu, alltaf, vegna þess að hann beinir svona alhæfingarspurningum að mér?

Ég hef miklar áhyggjur af því hvert stefnir í Bandaríkjunum og þar af leiðandi miklar áhyggjur af hvert stefnir með NATO þar sem Bandaríkjamenn eru ráðandi, og mestar áhyggjur hef ég af undirlægjuhætti íslensku ríkisstjórnarinnar og þar með hæstv. utanrrh.

[18:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talar um alhæfingar. Ég heyri hann ekki ræða um þessi mál öðruvísi en hann tali um undirlægjuhátt og að við fylgjum Bandaríkjamönnum í einu og öllu. Eru það ekki alhæfingar?

Það má vel vera að hv. þm. sé ekki á móti öllu sem kemur frá Bandaríkjunum. Ég býst við því að það sé rétt að hann sé sammála einhverju. Ég hef hins vegar aldrei heyrt það vegna þess að mér finnst hann alltaf nálgast mál með neikvæðum hætti eins og er í sjálfu sér andi þess stjórnmálaflokks sem hann starfar með. Hann nálgast alltaf hlutina með neikvæðum formerkjum og sér ógn og skelfingu alls staðar og þess vegna sé best að gera helst ekki neitt. Þetta er mín upplifun. En ég er viss um að hv. þm. upplifir það með öðrum hætti.

Ég er ekki sammála því sem margir af þessum haukum eru að segja, t.d. þegar verið er að tala um það að fara inn í Sýrland og fara inn í Írak. Ég tel það skelfilegan og óábyrgan málflutning. En ég er hins vegar sammála því að það var nauðsynlegt að koma Saddam Hussein frá og taldi að það væru ekki önnur ráð til þess en til var gripið. Ég hef ekki heyrt hvernig hv. þm. vildi koma þeim skelfilega manni frá, enda þegar verið er að tala um Írak, minnist hv. þm. aldrei á Saddam Hussein. Ég held að það sé ekki vegna þess að hv. þm. sé hrifinn af þeim manni, mér dettur það ekki í hug. En hann gagnrýnir ávallt það sem er gert en segir afskaplega lítið um hvað skuli gera.

[18:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri ekki betur en hæstv. utanrrh. sé að tala sig út úr klúbbi hinna 30 viljugu ríkja. Hæstv. utanrrh. var í töluðum orðum að hafna hinni merku Bush-kenningu alveg eins og við í Samfylkingunni höfum gert. Hæstv. ráðherra talaði á þann veg að það væri algerlega út í hött að fara í það sem sumir haukar í liði Bush Bandaríkjaforseta hafa kallað réttlætanleg forvarnastríð. En ég ætla ekki að nota þetta tækifæri til þess að fara út í umræðu um Írak við hæstv. utanrrh. Ég held að honum muni seint takast það að leiða hv. þm. Ögmund Jónasson til réttrar leiðar í þessum efnum og verður sennilega ekki að þeirri ósk sinni að hann, eins og Sál á leiðinni til Damaskus, sjái skyndilega ljósið.

Mig langar hins vegar til þess að varpa fram spurningu til hæstv. utanrrh. sem tengist Evrópusambandinu. Nú er það svo að hversu mikið sem við viljum efla og halda í okkar ágæta samband við Bandaríkin þá sjáum við auðvitað teiknin skrifuð á vegginn. Hæstv. utanrrh. og reyndar hæstv. forsrh. tóku báðir dálítið sterkt til orða í kjölfar þeirra atburða sem urðu í byrjun maí þegar Bandaríkjamenn komu hér og tilkynntu okkur fyrirvaralaust að þeir væru að gerbreyta eðli varnarsamstarfsins. Við vitum það og hæstv. utanrrh. veit það allra manna best í salnum, að Evrópusambandið ætlar sér miklu stærri hlut á sviði öryggis- og varnarmála álfunnar heldur en það hefur með höndum í dag. Það ætlar sér að koma upp viðbúnaði til þess að geta tekist á við ógnir sem steðja að ríkjum sambandsins bæði utan og innan frá, þær nýju ógnir sem starfsmenn hæstv. utanrrh. leiddu fram í skýrslu 1999. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig sér hann öryggismál Íslands samþættast þessu nýja öryggishlutverki sem Evrópusambandið er að taka sér á næstunni?

[18:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er um mjög yfirgripsmikla spurningu að ræða en það liggur fyrir að við höfum samstarf við Evrópusambandið á sviði öryggismála. Ég er sannfærður um það að til þess að halda styrkleika Atlantshafsbandalagsins er algerlega nauðsynlegt að halda tengslunum milli Evrópu og Ameríku á þessum vettvangi. Það er grundvallaratriði fyrir okkur Íslendinga.

Ég vil minna á það að í sambandi við samskipti okkar við Bandaríkin hafa samskiptin við Atlantshafsbandalagið skipt miklu máli. Sá aðili sem kom mjög að lausn þess máls, a.m.k. um stundarsakir, var Robertson lávarður sem brást vel við beiðni okkar um að finna með okkur lendingu í því máli.

Þannig að í samskiptunum við Bandaríkin hafa samskipti okkar við Atlantshafsbandalagið skipt miklu máli.

Ég geri mér grein fyrir áhuga Evrópusambandsins á að stofna svokallaða sjálfstæða varnar- og öryggisstoð í Evrópu. Við höfum stutt þá viðleitni. Við höfum hins vegar ekki stutt þá skoðun sumra að það beri að slíta þarna í milli. Það er hins vegar ljóst að innan Atlantshafsbandalagsins er í vaxandi mæli um að ræða annars vegar Evrópustoð og hins vegar Ameríkustoð. Það sem við Íslendingar höfum óttast er að þjóðirnar sem ekki eru innan Evrópusambandsins verði smátt og smátt áhrifaminni í þessu samstarfi og við því höfum við verið að reyna að bregðast.

[18:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nákvæmlega mergurinn málsins. Evrópustoðin, eins og hæstv. utanrrh. kallar hana, í Atlantshafsbandalaginu er stöðugt að eflast og við sjáum alveg til hvers vilji ráðamanna í Washington stendur. Hæstv. ráðherra segir réttilega að menn eigi að hugsa til þess að þau ríki sem standa utan Evrópusambandsins kunni að veikjast í varnarlegu tilliti. Þá hljóta menn að velta því fyrir sér hvort þetta séu ekki enn ein rökin fyrir því að við hugsum það til enda hvort okkur sé ekki betur borgið innan Evrópusambandsins. Ég spyr þá hæstv. utanrrh.: Telur hann ekki, eins og þróunin er að verða sem hann lýsir sjálfur, að það séu öryggishagsmunir sem kalla á það að við sækjum í fullri alvöru um aðild að Evrópusambandinu?

[18:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru vissulega mörg atriði sem spila inn í það hvort Ísland stendur betur innan eða utan Evrópusambandsins Það er umræða sem þarf að fara fram með opnum og hreinskiptum hætti. Öryggsimál eru þáttur í því máli. Þróunin er með þeim hætti að við þurfum að fylgjast mjög vel með. Hins vegar er aðalatriðið samt það að við séum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Ég tel að í staðinn fyrir varnarsamninginn við Bandaríkin geti ekkert komið. Ég tel að það sé algerlega óhugsandi að einhver sambærilegur varnarsamningur verði gerður við Evrópuríki. Svarið við þessari spurningu er því að við þurfum að horfa til beggja átta. Við megum ekki slíta þann mikilvæga streng sem hefur verið milli okkar og Bandaríkjanna, það er algert grundvallaratriði. Og við megum heldur ekki slíta þann streng sem felst í aðildinni að Atlantshafsbandalaginu.

Næst á eftir þessu kemur svo samstarf okkar í öryggis- og varnarmálum við Evrópu, þar með talið við Norðurlöndin, en við höfum aukið þátttöku okkar í samstarfi Norðurlandanna á sviði öryggis- og varnarmála sem kemur m.a. fram í því að fundur varnarmálaráðherra þessara landa hefur í fyrsta skipti verið haldinn á Íslandi og Íslandi voru gerð mjög góð skil í umræðu um öryggis- og varnarmál á þingi Norðurlandaráðs nú fyrir stuttu.

[18:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er ekki hingað kominn til að flytja langa ræðu, aðeins til að halda til haga sjónarmiðum okkar og áherslum gagnvart hernaðarbandalaginu NATO sem við teljum ekki gefa tilefni til mikilla og mærðarfullra yfirlýsinga eins og hér hafa heyrst í þingsalnum af hálfu Framsfl. og Samf. (Gripið fram í.)

Síðan vildi ég gjarnan leiðrétta ákveðnar missagnir sem komu fram hjá hæstv. utanrrh. sem segir mig og okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði aldrei hafa séð ljósan blett á Bandaríkjunum og teljum allt sem þaðan komi vera neikvætt og slæmt. Það er mikill misskilningur. Við erum hvorki fylgjandi né andvíg Bandaríkjunum. Þaðan kemur margt mjög gott. Þaðan kemur einnig margt sem er gagnrýnivert og ekki síst frá stjórnvöldum í seinni tíð. Það snýr náttúrlega að okkur, utanríkissamskiptum Íslendinga og Bandaríkjanna og þar með Atlantshafsbandalaginu.

Ég skal alveg játa að mér brá svolítið í brún fyrir nokkrum vikum þegar fulltrúar bandarískra sendiráðsins komu á okkar fund til að kynna okkur áherslur sínar. Við ræddum um hernað og fyrirbyggjandi aðgerðir og þá kom upp úr kafinu að það er enn þá stefna Bandaríkjastjórnar að réttlæta árásirnar á Nagasaki og Hiroshima. Kjarnorkuárásirnar á Japan eru enn þá réttlættar. Það er yfirlýst stefna Bandaríkjanna að réttlæta kjarnorkuárásirnar á Japan á stríðsárunum enn þann dag í dag.

Á sama hátt réttlæta menn enn þá árásina á Írak, jafnvel þótt það sé nú að verða upplýst að menn voru knúðir inn í árásarfarveginn með lygum. Hæstv. utanrrh. Íslands er hér enn þann dag í dag að berja þessar sömu áróðursbumbur á nákvæmlega sama hátt og haukarnir í Washington, engar efasemdir uppi.

Í öllum þjóðþingum í heiminum eru heitar umræður um þetta efni, um trúverðugleika Bandaríkjamanna og Breta, sem stýrðu förinni, og einnig hinna sem lutu stjórn þeirra gagnrýnislaust, og það gerði ríkisstjórn Íslands. Síðan kemur hæstv. utanrrh. í pontu og spyr með nokkrum þjósti hvað þingmenn VG vilji hér upp á dekk, hvað þeir hafi viljað gera til að koma einræðisherranum Saddam Hussein frá völdum.

Við vildum virða reglur alþjóðasamfélagsins. Það var ekki gert. Ríkisstjórn Íslands studdi alltaf þær tillögur sem komu frá Washington og sem voru kokkaðar þann eða hinn daginn. Menn settu bara fingurinn í loftið og fundu hvernig vindarnir blésu þann daginn, og því var hlýtt. Þannig hefur þetta verið.

Þegar við erum núna að ræða útvíkkun Atlantshafsbandalagsins, NATO, hefði ég haldið að það væru fleiri hér í þingsalnum en fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hefðu áhyggjur af því hvert stefnir í því bandalagi vegna þeirra grundvallarbreytinga sem þar hafa verið gerðar á síðustu fjórum árum (**Gripið fram í:** Út af hverju ...?) þar sem varnarhugsunin og -hugtakið hefur verið endurskilgreint, horfið frá því að skilgreina það þröngt sem viðbrögð við árás á aðildarríki yfir í það að veita heimild fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum sem eins og allir vita eru skilgreindar af stærsta hernaðarveldi heimsins, Bandaríkjunum. Af þessu stafar okkur og allri heimsbyggðinni ógn. Og það er misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að halda að ég sé að skoða þetta einvörðungu þröngt með hagsmuni Íslendinga í huga. Ég er að horfa til heimsins alls. Honum stafar ógn af þeim mönnum sem stýra för í Washington og honum stafar ekki síður ógn af því að þessum mönnum sé lotið gagnrýnislaust eins og ríkisstjórn Íslands gerir í einu og öllu.

Mér finnst það vera óhugnanlegt og mér finnst það vera áhyggjuefni, mikið áhyggjuefni, að á Alþingi Íslendinga sé það aðeins röddin frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem gagnrýnir þetta. Allir aðrir sem hingað koma upp, hvort sem þeir eru frá Samf., Sjálfstfl. eða Framsfl., taka þátt í þessum mærðarfulla kór til lotningar hernaðarbandalaginu

NATO. Þetta finnst mér vera áhyggjuefni og ætti að vera umhugsunarefni fyrir íslenska þjóð.

[18:22]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að heyra málflutning hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér. Í málflutningi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er nánast alltaf lögð áhersla á að það sem var gott í gær eigi að vera áfram. Það sem þeir voru á móti í gær, því eru þeir með í dag, þ.e. eins og kom hér fram áðan er hin gagnkvæma varnarskuldbinding NATO allt í einu orðin hlutur sem söknuður er að en var gagnrýndur af þeim í gær. Þannig er málflutningur þeirra alltaf með óbreyttu ástandi.

Hann heldur því fram að Bandaríkjamenn ráði öllu innan NATO en það er einu sinni þannig að hernaðarmáttur þeirra er slíkur að þegar þeir ákveða að nýta hann geta þeir það án þess að nokkur fái rönd við reist. Bandaríska hernaðarvélin er sú sterkasta í heimi og það er bara sú staðreynd sem við verðum að líta á.

Hins vegar eru innan NATO einmitt umræður í gangi og samstarf og eins og við höfum séð hefur oft tekist að breyta afstöðu Bandaríkjamanna með tímanum innan NATO og þróa nýjar hugmyndir, hafa temprandi áhrif á stefnu Bandaríkjastjórnar. Það er einmitt, eins og ég sagði áðan, kannski eitt mikilvægasta hlutverk NATO í dag að halda aftur af hernaðarstefnu Bandaríkjamanna, hafa áhrif á hana og hafa jákvæð áhrif á stefnu Rússlands og Bandaríkjanna á vettvangi NATO.

[18:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekkert nýtt að heyra þessa tóna: NATO hefur breytt um svip, þetta eru orðin umhverfisverndarsamtök, verndarsamtök sem eru að tína upp karamellubréf hér og þar um Evrópu, svona vinsamlegur snati.

Staðreyndin er sú að við erum ekki að tala fyrir óbreyttu ástandi. Við erum að tala fyrir breyttu ástandi. Það er hv. þm. Einar Karl Haraldsson sem talar fyrir óbreyttu ástandi, með fylgispekt okkar gagnvart þessu hernaðarbandalagi.

Ég bendi hins vegar á, og við höfum gert það, þær breytingar sem eru að verða innan NATO, hvernig bandalagið er að endurskilgreina hlutverk sitt. Í stað þess að bregðast við árás á einstök ríki er það að færa út kvíarnar í reynd og lýsa yfir vilja til að taka þátt í fyrirbyggjandi aðgerðum. Ég er að benda á — og mér finnst þetta bara vera málefnaleg umræða — hvað þurfi að gera til að koma í veg fyrir ógn í framtíðinni. Ef sá sem skilgreinir hættuna, þessa ógn, er stærsta hernaðarveldi heimsins, er þá ekki líklegt að við gerumst þessu hernaðarveldi einum of handgengin, ekki síst þegar hér situr ríkisstjórn sem sýnir ekki nokkra einustu tilburði til sjálfstæðrar hugsunar, til gagnrýninnar hugsunar, en fylgir stefnunni frá Washington í einu og öllu? Finnst hv. þm. Einari Karli Haraldssyni, þingmanni Samf., virkilega engin ástæða til að staldra hér við?

Ég fylgist með umræðunni á þjóðþingum í Evrópu (Forseti hringir.) og mér finnast margir samflokksmenn hans þar vera að taka undir þau sjónarmið sem ég held fram.

(**Forseti** (JBjart): Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gæta að tímamörkum í andsvari.)

[18:27]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi spurningu til mín og ég vil svara henni þannig að við verðum alltaf að tvískipta umræðu um öryggismál. Annars vegar er það spurningin um varanlega varnarhagsmuni Íslendinga, sem eru óháðir því sem upp á kemur á alheimsvettvanginum, og við verðum að skilgreina með grundvallarhagsmuni okkar í huga. Þeir hagsmunir eru áfram aðildin að NATO, varnarsamningurinn við Bandaríkin og einnig, að okkar mati í Samf., að við nálgumst Evrópusambandið og fulla aðild að því, ef um semst, út frá íslenskum grundvallarforsendum.

Á hinn bóginn eigum við á grundvelli þessara varanlegu öryggishagsmuna að skilgreina og að sjálfsögðu móta okkur sjálfstæða utanríkisstefnu og taka afstöðu til einstakra atburða og einstakra hluta. Þar erum við t.d. ósammála hæstv. ríkisstjórn um stefnuna gagnvart Írak og í öðrum málum, og auðvitað verða menn að taka sjálfstæða afstöðu til þess. Innan NATO eru 26 ríki og okkur er kunnugt um að þar eru oft mjög beinskeyttar og harðar umræður. Ég held að það sé ómögulega hægt að segja að land eins og t.d. Frakkland sé endilega alltaf á bandi Bandaríkjastjórnar og að Bandaríkin ráði lögum og lofum innan NATO, enda þótt það hljóti náttúrlega að verða að taka tillit til þess í sumum málum að þeir eru mesta hernaðarveldi heimsins.

[18:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg viss um að þetta sé rétt, að það sé hægt að sundurgreina annars vegar stundarhagsmuni og hins vegar varanlega hagsmuni. Ég held að staðreyndin sé sú að stundarhagsmunir geti verið undirseldir hinum varanlegu hagsmunum. Þetta er allt einn hnykill og þegar allt kemur til alls ber okkur að taka afstöðu á siðferðilegum grunni. Hvað teljum við vera rétt og hvað teljum við vera rangt?

Ég er þeirrar skoðunar að Atlantshafsbandalagið, NATO, sé orðið — jafnvel í ríkari mæli en það hefur verið til þessa — tæki í höndum Bandaríkjanna, þessa öflugasta hernaðarveldis heimsins, sem er farið að beita þessu tæki, ekki aðeins í þröngum varnarskilningi gagnvart aðildarríkjum bandalagsins heldur er verið að færa út kvíarnar. Það er verið að breyta eðli bandalagsins og færa það meira og í ríkari mæli út í árásarfarveginn. Mér finnst það vera áhyggjuefni og mér finnst það vera nokkuð sem eigi að ræða, ekki síst þegar fyrir liggur tillaga um að stækka þetta bandalag.

[18:31]

Útbýting þingskjals:

Úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, 272. mál, þáltill. ÖJ og ÞBack, þskj. 308.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:32.

23. FUNDUR

mánudaginn 10. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 249. mál, þskj. 269. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Lax- og silungsveiði o.fl., stjfrv., 111. mál, þskj. 320, brtt. 324 og 325. — 3. umr.

3. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 254. mál, þskj. 274. — 1. umr.

4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 255. mál, þskj. 275. — 1. umr.

5. Aðgerðir gegn fátækt, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Fyrri umr.

6. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.

7. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.

8. Almenn hegningarlög, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.

9. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.

10. Sjálfboðastarf, þáltill., 275. mál, þskj. 311. — Fyrri umr.

11. Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 277. mál, þskj. 313. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Afdrif laxa í sjó, 284. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 322.

Aflamark og veiðar smábáta, 178. mál, svar sjútvrh., þskj. 243.

Lax- og silungsveiði o.fl., 111. mál, þskj. 320; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 324; brtt. minni hluta landbn., þskj. 325.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, 283. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 321.

Veiðarfærarannsóknir, 181. mál, svar sjútvrh., þskj. 280.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 249. mál. — Þskj. 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 324 og 325. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 111. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 320, brtt. 324 og 325.

[15:04]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum frá meiri hluta landbn.

Breytingartillögurnar hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Við 4. gr. Í stað orðanna „gildir 2. mgr.“ í 1. mgr. komi: gilda 2. og 3. mgr.

2. Við 6. gr.

a. Á eftir orðunum „óháð þroskastigi“ í fyrri málslið 1. efnismgr. komi: þ.m.t. hrogn og svil.

b. Í stað orðanna „reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur“ í lok fyrri málsliðar 1. efnismgr. komi: reglugerða sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum umsögnum embættis yfirdýralæknis, fisksjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins.

Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera grein fyrir hlutverki erfðanefndar. Í 16. gr. búnaðarlaga segir um erfðanefnd landbúnaðarins, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra skipar sjö menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði,

b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðaauðlinda í landbúnaði,

c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,

d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði,

e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.“

Mikið var rætt hvort þarna ætti Umhverfisstofnun að koma inn. Að áliti meiri hluta landbn. er svo ekki. En 1. gr. laga um innflutning dýra hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.“

Við 2. umr. bættum við erfðanefndinni þarna við líka. Veiðimálastofnun fer með málefni sem heyra undir landbrh., Umhverfisstofnun þau málefni sem heyra undir umhvrh. og Hafrannsóknastofnun málefni á vegum sjútvrh. Svo bættum við líka fisksjúkdómanefndinni við.

Herra forseti. Ég tel því að nú verði þessi lög allvel úr garði gjörð.

[15:08]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Málið sem við ræðum hefur fengið nokkuð viðamikla meðferð í hv. landbn. og m.a. kom nefndin sérstaklega saman í morgun til þess að ræða enn einar brtt. við það staðfestingarfrv. sem lagt var fyrir þingið til þess að staðfesta bráðabirgðalög frá því í sumar. Ég vil segja það í upphafi að þær breytingar sem landbn. hefur gert á málinu hafa allar verið til bóta og kannski hefur það sem haft var á orði fyrr í umræðunni, þ.e. við 2. umr., að einhverju marki sett kút og kork á hæstv. landbrh. svo hann ekki sykki til botns. Það var haft á orði í morgun í landbn. að nú væri verið að setja sundgleraugu á hann líka til þess að tryggja enn frekar að ekki fari illa fyrir hæstv. landbrh.

Ég vil hins vegar ítreka þá afstöðu sem minni hlutinn hefur alla tíð haft í þessari umræðu, þ.e. að við höfum talið skynsamlegra að fara leið verndar gagnvart umhverfinu og náttúrunni í stað þess að reyna að koma í veg fyrir innflutning með tæknilegum viðskiptahindrunum sem byggja fyrst og fremst á því að vísa í fisksjúkdóma til þess að koma í veg fyrir innflutning, þ.e. að teygja ákvæði og möguleika sem þar kunna að búa að baki í allar þær áttir sem um ræðir.

Virðulegi forseti. Ég ætla einnig að mæla fyrir brtt. minni hlutans við þetta frv. sem fyrir liggur og er nú til afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Við teljum að breytingin sem við leggjum til mundi tryggja að lögin væru þannig úr garði gerð að við þyrftum ekki að fá athugasemdir við þá afgreiðslu sem þingið sendir frá sér. Allur minni hluti landbn. stendur að þessari brtt., þ.e. auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Þetta er brtt. við 6. gr. frv. sem upphaflega var lagt fram. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„a. Við fyrri málslið 1. efnismgr. bætist: nema önnur lög, svo sem náttúruverndarlög, og alþjóðasamningar sem Ísland er skuldbundið af banni slíkan innflutning vegna sjónarmiða um verndun tegunda, stofna, vistgerða eða vistkerfa.

b. 2. efnismgr. falli brott."

Virðulegur forseti. Við teljum að með því að fara þá leið sem hér er lögð til verði tryggt að þau markmið náist að tryggja vernd íslenskrar náttúru. Leiðin sem við leggjum til er í samræmi við EES-samninginn að okkar mati, þ.e. 13. gr. hans, og einnig í samræmi við 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar sem hér er ætlunin að lögleiða, þ.e. nr. 91/67/EBE.

Af því að hér hefur verið talað dálítið um útbúnað sem tengist sundi og því að bjarga sér þá teljum við að með því að samþykkja þá leið sem við leggjum til væri hæstv. landbrh. kominn í björgunarbát og þyrfti ekki að hafa frekari áhyggjur af öðrum búnaði í sundlauginni. Við gerum þetta fyrst og fremst til þess að tryggja að hið háa Alþingi standi frammi fyrir þeim möguleika að afgreiða þetta mál á þennan hátt og vonumst til þess að Alþingi samþykki þá leið sem við leggjum til.

Við gerum okkur hins vegar fulla grein fyrir því að ef þessi leið yrði farin þá yrði ábyrgð hæstv. umhvrh. mun meiri við afgreiðslu á þessum málum en nú er og hæstv. umhvrh. yrði væntanlega að hraða afgreiðslu eða frágangi á þeirri reglugerð sem hæstv. ráðherra sagði okkur hér á fimmtudaginn að væri í smíðum og byggði á ákvæðum náttúruverndarlaga. Ég vona svo sannarlega að sú vinna sé langt komin því að mjög mikilvægt er að hún gangi hratt fyrir sig þó að einnig verði að segja það eins og það er að ekki hefur verið mikill hraði á þessari vinnu frá því að náttúruverndarlögin voru samþykkt 1999.

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða og sú vinna sem fram hefur farið vegna þessa tiltekna máls hafi dregið mjög skýrt fram hve mikla hagsmuni þjóðin hefur af því að tryggja vernd og viðgang villtra laxastofna. Ég er ekki viss um að allir hafi gert sér grein fyrir því áður en þessi umræða fór fram hve mikilvægir þessir hagsmunir eru. Þó það sé kannski ekki stórt innlegg í málið þá eru t.d. 4.300 aðilar skráðir fyrir laxveiðiréttindum hringinn í kringum landið og þessi réttindi eru skráð á 1.860 lögbýli. Hér er því um mikla hagsmuni að ræða fyrir hinar dreifðu byggðir og miklu máli skiptir að við séum ekki að setja þessa hluti í uppnám að ástæðulausu.

Mig langar, virðulegi forseti, að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær þar sem vitnað er til rannsókna sem fram fóru í Noregi um sambúð og sambýli villtra laxa og eldislaxa. Þó að þetta mál sé miklu víðfeðmara en svo að það fjalli einungis um laxinn hefur sá hluti verið dreginn fram sem sá sem mestir hagsmunir lúta að. Þessi grein er eftir Yngva Óttarsson sem titlar sig verkfræðing og langar mig að lesa örlítið upp úr henni. Þar segir, með leyfi forseta, og er þá vitnað til niðurstaðna rannsóknarinnar:

„Bæði eldislaxinn og villti laxinn dreifðust á svipaðan hátt um ána fyrir hrygningu haustið 1993." — Þess skal getið að þar var blandað saman 22 norskum eldislöxum og 17 villtum löxum sem voru settir saman í á og fylgst vandlega með. — „Eldishrygnur reyndust byrja hrygningu að meðaltali hálfum mánuði fyrr en hrygnur af villta stofninum. Strax að lokinni hrygningu byrjuðu hængar að frjóvga hrognin og kom þá í ljós að eldishængarnir náðu aðeins að frjóvga fjórðung af því sem villtu hængarnir frjóvguðu. Hrogn villtu hrygnanna reyndust einnig mun lífvænlegri en eldishrygnanna. Þannig lifði aðeins þriðjungur hrogna eldishrygna í samanburði við hrogn af villta stofninum. Greinilegt var að hrygning og frjóvgun hjá eldislöxunum skilaði mun verri árangri en hjá villta laxastofninum. Jafnframt kom í ljós að kerfisbundin blöndun varð milli eldishrygna og villtra hænga þar sem eldishrygnurnar hrygndu snemma og eldishængarnir voru svo gott sem ófærir um að frjóvga hrognin.

Afleiðingin varð sú að af þeim seiðum sem klöktust út voru tveir þriðju af hreinum villtum uppruna og afgangurinn að mestu leyti blendingar eldishrygna og villtra hænga.

Eftir að seiðin komust á legg var ekki teljandi munur á lífslíkum, heimtum eða fæðu seiðanna hver sem uppruni þeirra var. En fyrst og fremst vegna vandamála við hrygningu og frjóvgun hrogna var viðgangur eldislaxanna aðeins 16% af því sem var hjá villta stofninum. Það þýðir að ef 100 laxar af villtum uppruna fæddu af sér 100 fullvaxin afkvæmi næðu 100 eldislaxar aðeins að fæða af sér 16 fullvaxin afkvæmi í villtri náttúru."

Svo segir áfram, með leyfi forseta:

„Af þessu leiðir að ef verulegt og viðvarandi innflæði eldislaxa er úr eldiskvíum inn í villta stofna munu villtu stofnarnir á nokkrum kynslóðum mengast erfðafræðilega þannig að blandaðir stofnar eldislaxa og villtra laxa í ánum verða ekki sjálfbærir. Ef innflæði eldislaxa síðan hættir eftir að veruleg erfðafræðileg blöndun hefur átt sér stað mun lax endanlega hverfa úr ánum.

Í Noregi hefur hlutfall eldislaxa á undanförnum árum verið allt að 90% í einstökum ám. Í þessari rannsókn sem hér er rakin" — og ég hef hér rakið niðurstöðuna — „var

hlutfallið 56% eldislax og 44% villtur lax. Rannsóknin sýnir að með árlegu innflæði eldislaxa verða fljótt verulegar breytingar á samsetningu erfðamengis villta stofnsins þannig að hann verður á nokkrum kynslóðum að meginuppistöðu af eldisuppruna. Þar með verður sá stofn ófær um að viðhalda sér til frambúðar í náttúrulegu umhverfi."

Ekki ætla ég að halda því fram að ég sé þess umkominn að fella dóma um það sem hefur verið vitað en hitt er alveg ljóst að hér eru dregin fram mjög sterk rök og sterkar vísbendingar um að með því sem við erum að gera hér setjum við mikla hagsmuni í uppnám ef ekki tekst að tryggja vernd villtra laxastofna. Ég held að mikilvægt sé að draga þetta inn í umræðuna, virðulegi forseti, til að vekja athygli á því hversu miklir hagsmunir eru í húfi.

Nú held ég því ekki fram að hæstv. ráðherra ætli að fara að leyfa hér endalausan innflutning til að setja þessa hagsmuni í uppnám. Við segjum hins vegar að sú leið sem hefur verið valin sé þannig úr garði gerð að við efumst mjög um að hún dugi til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Það er kjarninn í því sem við erum að setja hér fram og ég held, virðulegi forseti, að minni hlutinn í landbn. og hér á þinginu og hæstv. landbrh. séu sammála um þau markmið sem að er stefnt. Okkur greinir mjög á um leiðir og ég rakti það í fyrri ræðu minni að ég óttast að ástæðan ... Ánægjulegt að vita til þess að hæstv. landbrh. er enn þá á lífi. — En ég óttast, virðulegi forseti, að sú leið sem hér er verið að leggja til muni ekki duga. (**Landbrh.:** ... Jón Baldvin að koma heim til að kenna þeim á EES-samninginn.)

Það er mikið til í því, virðulegi forseti, það hefði ekki verið amalegt að fá núverandi sendiherra í Helsinki til að koma hingað og halda námskeið um EES-samninginn í landbrn. Það hefði án efa gert það að verkum að við hefðum fengið aðrar hugmyndir fram.

Það sem ég vildi þó segja, virðulegi forseti, er að ég óttast að ástæðan fyrir því að þessi leið er farin sé veruleg valdatogstreita milli ráðuneyta og lítið sem ekkert samstarf. Það liggur fyrir hér skrifleg yfirlýsing frá ráðuneytisstjóra umhvrn. um að umhvrn. hafi ekkert komið að þessu máli. Það finnst mér mjög alvarlegt ef niðurstaðan er sú að það er verið að setja í uppnám mikla hagsmuni, kannski fyrst og fremst sökum þess að þessi tvö ráðuneyti ná ekki að hafa með sér það samstarf sem nauðsynlegt er í því tilviki og vegna þess máls sem við höfum verið að ræða.

Það er vitaskuld afar sérstakt, virðulegi forseti, að við 3. umr. skuli sett fram enn ein brtt. frá meiri hlutanum sem breytir fyrri brtt. sem þegar hafa komið fram til breytingar á bráðabirgðalögum sem sett voru með hraði í sumar til þess að bjarga hagsmunum sem við frekari skoðun reyndust kannski ekki vera þeir hagsmunir sem gefið var í skyn í upphafi.

Virðulegi forseti. Ég hef mælt fyrir þessari brtt. sem við stöndum öll að. Við höfum dregið mjög skýrt fram í þessari umræðu hversu miklir hagsmunir eru í húfi og nauðsyn þess að tryggja að þeir séu ekki settir í óþarfauppnám. Við höfum reynt af fremsta megni, eins og hlutverk stjórnarandstöðunnar er, að leiðbeina hæstv. landbrh. í þessu máli. Það hefur náðst nokkur árangur í því eins og sjá má af öllum þeim brtt. sem fram hafa komið, þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi ekki viljað taka undir þau sjónarmið sem við settum fram og þá leið sem við leggjum til.

En við vonumst til þess, virðulegi forseti, að meiri hluti þingsins taki nú fram fyrir hendurnar á hæstv. landbrh. og samþykki þær hugmyndir sem við höfum lagt fram.

[15:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hvað þetta mál varðar sem hér er til umræðu er ég meðflm. að brtt. minni hlutans.

Undir ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar áðan kom hæstv. landbrh. með frammíkall eða hugmynd, og sú hugmynd byggðist á því að kalla Jón Baldvin Hannibalsson heim til að vera með námskeið um EES-samninginn. (**Landbrh.:** Fyrir Samf.) Ég veit ekki hvort það er nauðsynlegt (**Landbrh.:** Fyrir Samf.) að kalla Jón Baldvin heim en hins vegar er ég sammála hæstv. ráðherra. Ég held að vinnan hér á hinu háa Alþingi undanfarin ár og missiri sýni svo augljóslega að ráðuneytin, stjórnsýslan, það batterí sem vinnur undir hæstv. ríkisstjórn þurfi svo sannarlega á því að halda að kynna sér betur EES-samninginn og hvaða möguleika hann hefur.

(**Forseti** (HBl)**:** Má ég biðja hv. þingmenn að nefna menn fullu nafni.)

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrirgefðu, virðulegi forseti.

Ég held að það sé tími til kominn að við opnum augun fyrir því að við erum á handahlaupum undan tilskipunarvaldinu og erum að redda okkur fyrir horn í hverju málinu á fætur öðru. Það er ekki bara þetta mál sem hér er til umræðu sem tekur mjög miklum breytingum í meðferð nefndar. Við skulum taka tilskipunarmálið varðandi raforkulögin. Það var farið ofan í það á löngum og ströngum fundum og það varð gjörbreyting á því máli. Það má nefna fleiri mál.

Það er því augljóst að sú hugmynd sem hæstv. ráðherra kom hér með í frammíkalli á fullan rétt á sér og þetta er okkur sannarlega umhugsunarefni.

Hvað varðar þetta mál sem hér er til umræðu, um lax- og silungsveiðina, er það svo augljóst í mínum huga að hefðum við haft eðlilega aðkomu að þessu máli — það fjallar um svo marga aðra hluti en bara lax og silung — hefðum við unnið það allt öðruvísi. Nýlegur dómur í Danmörku, býflugnadómurinn, segir okkur t.d. að ef við hefðum sett landakort Íslands fyrir framan okkur í vinnunni hefðum við átt möguleika á því að taka út svæði, skilgreina verðmæti þeirra hvað varðar náttúruvernd, leggja niður fyrir okkur hvar við vildum friða, stór og smá landsvæði, vegna annarra hagsmuna sem við værum búin að setja niður fyrir okkur.

Svona er ekki unnið vegna þess, eins og ég sagði áðan, að við erum á handahlaupum undan tilskipunarvaldinu og erum of sein, höfum ekki nógu góða aðkomu að málum í tíma. Þetta er í hnotskurn það sem við erum að kljást við í máli eftir mál, í ráðuneyti eftir ráðuneyti.

Ef við tökum bara tilskipunina varðandi raforkulögin eru langflestir sammála um það t.d. að til lengri tíma litið leiði þau til hækkunar raforku og eru til tjóns fyrir Ísland, hentar þar af leiðandi ekki Íslandi. En við gerðum þetta á þessu undanhaldi vegna tilskipunar.

Við þurfum að spýta í og láta þessa hluti sem hér um ræðir og þetta mál einnig verða okkur víti til varnaðar og reyna að setja í herðarnar, skilgreina þau mál sem eru í farvatninu og vinna þau á eigin forsendum, út frá hagsmunum okkar eigin lands. Og þarna eru gríðarlegir möguleikar, eins og dæmin sanna. Það eru möguleikar á grundvelli tilskipananna ef við erum pólitískt sammála um að við viljum vernda hagsmuni innan landsins okkar á einhvern ákveðinn hátt. Það er hægt að beita alls konar hindrunum til að uppfylla þau pólitísku markmið sem við viljum ná.

Það hefur komið fram í umræðunni að ef við erum sammála um það öll hér að við viljum ekki fá erlenda stofna inn er tæknileg hindrun möguleg sem byggir á því að við leyfum bara strandeldi. Það er ekki talið arðvænlegt, það er talið öruggt þannig að það er tæknileg hindrun. Ég veit ekki betur en að allar aðrar þjóðir en við ... (**ÁRJ:** Þú meinar landeldi.) Ha? (**ÁRJ:** Þú sagðir strandeldi.) Landeldi, virðulegi forseti, ég leiðrétti það, ég er að tala um landeldi á fiski. Allar aðrar þjóðir sem ég þekki til eru mjög uppteknar af þessari forvinnu sem ég er að tala um, þ.e. að skilgreina hvernig þeir vilja sjá hlutina þróast pólitískt á þessum EES-grunni, gera lagabreytingar, lög og reglugerðir heima fyrir sem þjóna þeim markmiðum sem menn vilja hafa í þessu efni. Þannig er þetta unnið. Það er ekki unnið á handahlaupum í máli eftir mál eins og við ástundum hér á hinu háa Alþingi fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar.

Ég vil taka það fram að ég tel að allar þær brtt. sem hv. landbn. hefur gert við þetta mál séu til mikilla bóta. Sú brtt. sem hv. landbn. kemur með núna við 3. umr. er líka til bóta. Við í stjórnarandstöðunni höfum verið mjög sanngjörn hvað þetta varðar og lýst því yfir að þessar tillögur væru til bóta.

Við höfum engu að síður sett fram tillögu á okkar eigin forsendum sem við teljum að tryggi málið enn betur miðað við þá sýn sem við höfum á þessi mál. Þá brtt. hefur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lesið upp og ég tel ekki ástæðu til þess að eyða tíma hv. Alþingis í að fara frekar yfir hana.

Hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða. Fram hefur komið að í greininni er líklega í kringum 3 milljarða velta sem er ekki lítið. En það er enn mikilvægara fyrir Ísland að þetta er einn stoðstólpinn undir búsetumöguleika landsbyggðarinnar. Ég sagði það við fyrri umræðu að í heilu héröðunum er sala á veiðileyfum grunnur að því að menn geti haft lífsviðurværi af jörðum sínum enda hefur komið fram hér að um 1.860 lögbýli er að ræða. Tekjuöflun á grunni laxfiska og sölu veiðileyfa er í mörgum tilvikum verulegur hluti af tekjum bændanna á þeim svæðum sem um er rætt þannig að málið er stórt fyrir allra hluta sakir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að ég þurfi að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu en legg ríka áherslu á að við á hinu háa Alþingi reynum með öllum tiltækum ráðum að koma okkur í þær stellingar að geta unnið hlutina á réttu tímaróli miðað við þá samninga sem við höfum gert við Evrópu, þ.e. að við höfum heildarsýn, heildarmynd, og þurfum ekki að taka út úr einn þátt málsins eins og hér um ræðir, lax- og silungsveiði, vegna þess að eins og þingheimi er kunnugt þá fjallar frv. um margar aðrar dýrategundir, svo sem krabbadýr og lindýr.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Við eru í 3. umr. þessa máls sem brennur mjög á þingmönnum. Umræðan sem fór fram fyrir helgina var mjög fróðleg og eftirminnileg, þ.e. 2. umr., en við hana komu fram miklar efasemdir hjá þingmönnum og ekki bara þingmönnum stjórnarandstöðunnar um að hér væri staðið nægilega vel að málum.

Þannig má segja að í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar hafi komið fram kannski alvarlegustu efasemdirnar og athugasemdirnar við þetta mál því hv. þm. lýsti því yfir — ég hélt ég hefði verið með útskrift af ræðunni. Því miður hef ég gleymt henni einhvers staðar, í sæti mínu trúlega. En ég fer þá yfir það eftir minni. Hv. þm. sagði sem svo að það væri vilji landbn., og þá talaði hann fyrir hönd allrar nefndarinnar, að íslensku villtu laxastofnunum yrði þyrmt og að með brtt. landbn. væri verið að reyna að leita leiða til að tryggja að íslensku laxastofnarnir nytu verndar.

Fram hefur komið í máli þeirra vísindamanna sem hitt hafa nefndirnar að máli og í þeim umsögnum sem vísindamenn og opinberar vísindastofnanir hafa skilað í þessu máli að ekkert kemur, eðli málsins samkvæmt, í veg fyrir mögulega erfðablöndun eldislaxins við íslenska stofna annað en að setja eldið upp á land eða tryggja að það sé ekki starfrækt með fiskum af erlendum stofnum. Öll varúðarsjónarmið og allar varúðarráðstafanir sem hv. landbrh. telur sig vera að setja eru samkvæmt þeim yfirlýsingum harla lítils virði. Það er mergurinn málsins. Hér hefur verið litið á málið sem sjúkdómamál. Þannig hefur það verið meðhöndlað í landbrn. Þannig virðist vinna landbrn. á vettvangi tilskipunarinnar hafa haft sterkustu og jafnvel einu skírskotunina, þ.e. til sjúkdómavarna. Umhverfisþátturinn hefur verið hunsaður í málinu öllu og nú reynir landbn. eins og hún frekast getur að klóra í bakkann. En mér sýnist öll þau gögn sem við alþingismenn höfum benda til þess að þrátt fyrir góðan vilja þá séu tækin sem landbn. ætlar að reyna að beita ekki nægilega öflug til að tryggja vernd innlendra laxastofna.

Það eru ákveðnar spurningar í þessu sem hæstv. landbrh. verður að svara. Hér hafa komið upp svo miklar efasemdir. Í umræðunum hér á fimmtudaginn kom í raun margt fram sem er enn ósvarað. Hæstv. landbrh. þarf að gera grein fyrir því í þingsalnum núna við þessa síðustu umræðu málsins. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Við þurfum t.d. að fá að vita hvernig hæstv. ráðherra rökstyður það að meginreglan skuli nú vera í raun orðin þessi opnun. Hvernig getur hæstv. ráðherra rökstutt það að mögulegt eigi að verða að flytja eldisdýr, krabbadýr og lindýr, til landsins á meðan meginreglan varðandi skautfiska er bann við innflutningi? Við erum að opna heimild til innflutnings eldisdýra, krabbadýra og lindýra, sem ógna innlendu vistkerfi á sama tíma og í lögum er ákvæði um skrautfiska þar sem meginreglan er bann við innflutningi. Vitað er þó að skrautfiskar fara aldrei neitt nálægt villtri íslenskri náttúru. Þetta eru spurningar sem vakna, virðulegi forseti, í þessari umræðu allri og þessi sjónarmið verndarstofnananna okkar og þeirra sem hafa barist hvað mest fyrir vernd íslenskra laxastofna hafa ekki fengið nægilega umfjöllun í þessum sölum.

Mig langar til að geta þess að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hélt landsfund um helgina. Þar var ályktað um umhverfismálin. Sú ályktun kom inn á þau mál sem hér er fjallað um og tók mið af umræðunni sem hér hefur farið fram og á síðum fjölmiðla á síðustu vikum. Landsfundur Vinstri grænna áréttar mikilvægi verndunar líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa almennt og við leggjum áherslu á verndun fjölbreytileika innan og á milli stofna sömu tegunda.

Fundurinn lýsir því líka yfir að núverandi löggjöf um verndun villtra laxastofna sé ófullnægjandi og við óskum eftir því að tryggt verði að laxeldið leiði ekki til blöndunar framandi stofna við náttúrlega íslenska laxastofna vegna þess að slíkt geti valdið óbætanlegum tjóni. Og þegar við fjöllum um tjónið sem mögulega getur stafað af þessari erfðablöndun, eins og vel var rakið við 2. umr. málsins, þá stendur eftir spurningin um ábyrgðartryggingar eldisfyrirtækjanna varðandi mögulegt tjón sem þriðji aðili þyrfti að þola af hendi þessarar erfðablöndunar.

Því hefur heldur ekki verið svarað óyggjandi hér hvers vegna eldisfyrirtækin eru ekki krafin ábyrgðartryggingar. Er það vegna þess að vitað er að ekkert tryggingarfé eða iðgjald gæti staðið undir því tjóni sem erfðablöndunin getur mögulega valdið? Hvers vegna er þeirri spurningu ekki svarað hér? Hv. landbn. hefur fengið þessi mál inn á sín borð í fyrirspurnum, m.a. frá verndarsjóði villtra laxa, og mér finnst ekki hafa komið fram nægilega skýr svör við þessu. Mér finnst líka grátlegt að þurfa að rifja upp umræðuna sem varð hér þegar við vorum að breyta lögunum um mat á umhverfisáhrifum síðast. Þá komu alvarlegar ábendingar í þessum sal frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar um að verið væri að heimila eldisstöðvar eða undantekningu frá mati á umhverfisáhrifum fyrir stórar eldisstöðvar af þessu tagi og það var gagnrýnt mjög harðlega. Ef meiri hlutinn vill í alvöru vernda innlendu laxastofnana væri auðvitað eðlilegt að hér væru skorðurnar fyrir eldi þrengdar en ekki víkkaðar. Þá er ég t.d. að tala um mat á umhverfisáhrifum. Hvers vegna berjumst við ekki sameiginlega fyrir því að eldisstöðvarnar fari í mat á umhverfisáhrifum, að þær lúti vönduðu mati? Það er satt að segja hálferfitt að trúa á málflutning þeirra sem í orði kveðnu segjast vilja gera allt sem hægt er til að vernda laxastofnana en nota sér ekki þau tæki eða möguleika sem eru til staðar til þess að gera slíkt.

Af því að hér hafa verið nefnd ekki bara eldisdýr heldur líka lindýr og krabbadýr sem geta fylgt með í kaupunum þegar fluttur er inn eldisfiskur, hrogn eða svil, þá verður að hafa í huga, virðulegi forseti, að varúðarráðstafanir gagnvart slíku eru engar til og enginn getur sagt til um það í dag hvaða skaða lindýr af erlendum stofni og erlendum uppruna sem kæmu í íslenska náttúru gætu mögulega valdið í okkar náttúrulega umhverfi og á okkar náttúrulegu vistkerfum. Hér liggur það algerlega fyrir að vísindalegar upplýsingar eru ófullnægjandi til þess að taka þá ákvörðun sem hér er verið að taka. Það hafa öll gögn sýnt okkur. Það er satt að segja hálfkaldranalegt af hæstv. umhvrh. sem hér í umræðunni fyrir örfáum dögum lýsti því yfir að þær skorður sem landbn. væri að reyna að reisa væru henni að skapi og fullnægjandi að hennar mati, þegar vísindastofnanirnar sem heyra undir hæstv. umhvrh. og ráðuneyti hennar eru ósammála hæstv. ráðherra. Hér stangast hlutir svo alvarlega á, virðulegi forseti, að mér finnst þetta eignlega orðið þannig mál að við verðum að fá að taka þetta upp frá grunni. Ef við ætlum að staðfesta þessi bráðabirgðalög með brtt. landbn. þá er lágmarkskrafa að við setjum okkur niður við að skoða umhverfisþáttinn og setja löggjöf á umhverfissviðinu sem mundi tryggja að farið væri út í varnir sem dygðu því að varnirnar sem hér er verið að setja með brtt. eru ekki nægar.

Eitt langar mig til að nefna í umræðunni, virðulegi forseti, sem hefur ekki komið upp á borð okkar fyrr en gæti kannski opnað okkur nýjar dyr eða nýjan glugga, nýjar lausnir. Það er möguleiki okkar á að fá laxeldi við Ísland vottað, þ.e. að fá umhverfisvottun á eldið okkar. Nú vitum við að landbrh. hefur í orði kveðnu lýst sig mikinn verndarsinna. Hann vill vernda íslenskt búfjárkyn og hefur lýst því yfir að hann vilji vernda íslensku laxastofnana. Þá skulum við líka skoða það að ekki er eitt og hið sama þauleldi í kvíum af þeirri stærðargráðu sem nú er í Mjóafirði og verður væntanlega í Reyðarfirði og í Berufirði í fyllingu tímans og svo eldi af manneskjulegri stærðargráðu. Möguleiki er að opnast núna í laxeldisfyrirtækjum í nágrannalöndum fyrir því að minnka eldisfyrirtækin, minnka kvíarnar, fækka fiskum sem settir eru út í þær, votta fóðrið, votta lífsskilyrði fiskanna sem eru í kvíunum og sjá til þess að lyfjagjöfum sé hætt og að miklu náttúrulegri aðstæður séu notaðar við eldið en nú tíðkast í því eldi sem hér um ræðir. Mér finnst fullt tilefni til þess að þingheimur tæki upp umræður um hvaða möguleika við eigum í gegnum vottunarfyrirtæki, þ.e. til að fá þá matvælaframleiðslu sem færi fram í eldisstöðvum okkar vottaða. En þá værum við að tala um grundvallarbreytingu frá því sem tíðkað er hjá þessum fyrirtækjum núna. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það væri þó skapandi umræða, umræða sem mundi í alvöru vera trúverðug að því leyti að þá væri verið að reyna að finna lausnir til þess að forða laxastofnunum okkar frá hruni. Þá væri verið að finna leiðir til þess að atvinnuvegurinn fiskeldi eða laxeldi gæti farið fram á Íslandi í einhverri sátt við þá náttúru sem við þurfum að vernda og fyrir er. Ég sé ekki að við séum að fara nægilega varlega eins og staðið er að málum í dag. Ég sé ekki að þær skorður sem menn telja sig vera að reisa séu fullnægjandi. Ég sé ekki að þau vopn bíti nægilega eða að við séum að tryggja með þessum leiðum vernd laxastofnanna okkar til frambúðar. Þá höfum við fengið til varðveislu og okkur ber heilög skylda til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðgangur þeirra og vöxtur verði tryggður um ókomna framtíð.

[15:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. bar fram spurningar í ágætri ræðu. Sú skoðun kemur bæði fram hjá Vinstri grænum og Frjálsl. að fiskeldi eigi bara að vera strandeldi eða landeldi. Það er mjög heiðarleg skoðun. En ákvörðun um það er bara langt í fortíðinni tekin því fiskur af erlendum uppruna fór hér í sjókvíaeldi, bæði í Lón í Kelduhverfi, Eyjafjörð og Austfirði á níunda áratugnum og eftir 1990. Sú ákvörðun var tekin og eins og hér hefur verið rakið segja fiskeldismenn að ekki gangi annað upp en fara í sjókvíaeldi til þess að vera samkeppnisfærir.

Þetta er mjög heiðarleg afstaða hjá báðum þessum flokkum. Þeir eru ekkert að leika sér í málinu. Þeir eru ekkert að slá úr og í. Þeir hafa þessa pólitísku skoðun og hún hefði alveg getað komið til greina að mínu viti í upphafi fiskeldis. En niðurstaðan er bara allt önnur. Ég hef rakið það hvernig ég síðan í upphafi míns ferils sem landbrh. lokaði heilu fjörðunum fyrir fiskeldi þannig að nú eru bara opnir djúpir langir firðir á Austfjörðum og Vestfjörðum og strangar reglur settar.

Hv. þm. spyr um meginregluna. Ég stend í rauninni bara í þeim sporum, sem Samfylkingin hefur ekki áttað sig á af því að hún er búin að gleyma því að hún var í Alþfl., að ég er að uppfylla tilskipun sem gerð var í samningum um EES-samninginn, þjóðréttarlega tilskipun. Ég hef sett alla mína fyrirvara til að verjast því að hér komi inn hættulegir stofnar með öllum boðum og bönnum sem við eigum og tækjum og tólum og landbn. hefur með landbrn. unnið mjög heiðarlega að því og þakka ég fyrir það. En það er í rauninni staðan sem ég stend frammi fyrir.

[15:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met hæstv. landbrh. alveg fyrir það að hann skuli láta í ljós þær tilfinningar sínar vil ég segja að hann hefði mögulega viljað reisa einhverjar skorður hér á árum áður en það sé ekki í valdi hans núna. Ég held nefnilega

að hæstv. landbrh. sé miklu meiri verndarsinni en gerðir hans oft gefa til kynna.

Hæstv. forseti. Það eru engin mannanna verk svo merkileg að ekki megi endurskoða þau. Og engar þær ákvarðanir sem við tökum hér í þessum sölum svo merkilegar að ekki megi endurskoða þær.

Við værum hér menn að meiri ef við viðurkenndum að ákvarðanir sem teknar voru á árum áður þegar fiskeldið var upphaflega leyft hafi verið rangar og þær ógni stofninum okkar, því við vitum auðvitað meira um þessa hluti núna en við vissum fyrir tíu árum.

Varðandi undanþáguna frá tilskipuninni hefur komið í ljós í umfjöllun nefndanna að ekki var látið reyna á umhverfisþáttinn. Ekki var látið reyna á í viðræðunum úti í Brussel samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamninginn um vernd tegundanna. Við vitum núna að enn þá er sóknarfæri í málinu með því að sækja þetta á grundvelli umhverfissjónarmiða.

[15:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. verður að fara rétt með. Það er alveg klárt mál að allt það sem ég hef staðið í gagnvart fiskeldinu, ég hef verið að setja því skorður og aftur skorður, skýrari og strangari reglur hvernig eigi að byggja það upp og hvar við megum vera með það. Því verður mitt verk metið þannig einhvern tímann í framtíðinni að sem landbrh. setti ég fiskeldi mjög stífar og strangar skorður til að vinna eftir, setti reglugerðir sem bönnuðu hitt og þetta, lokaði heilu fjörðunum og flóunum. Auðvitað vildu menn fara með fiskeldi ofan í Faxaflóann á nýjan leik, Hvalfjörð og fleiri staði. Þeir þráðu að komast þar með sitt fiskeldi, en fengu ekki vegna þess að því voru reistar skorður.

Það hefur verið mitt verkefni að setja fiskeldinu skorður út af þeirri hugsun sem hér hefur margoft verið sett fram í mörgum ræðum.

Hvað varðar tegundir og það sem hv. þm. minntist á, þá höfum við, bæði landbrn., utanrrh. og allir mestu sérfræðingar farið yfir þær hugmyndir sem Stefán Már Stefánsson prófessor hefur lagt til mín og farið yfir á fundum. Hann sagði við mig þegar hann flutti þær: Þetta eru fyrst og fremst hugmyndir sem þú getur notað. Niðurstaðan varð sú að ekki var hægt að ná því í gegn á forsendum EES-tilskipunarinnar.

En við höfum verið að setja boð og bönn til þess að eiga öll þau tækifæri ef til innflutnings kemur. Ég hef margsagt að ég er ekkert viss um að til innflutnings komi því laxeldismennirnir eiga einn heilbrigðasta og sterkasta fiskeldisstofn í veröldinni. Þeir eru alveg eins staddir með þá og frjálsu árnar, þeir vilja ekki sjúkdóma eða hættur inn, vilja verjast erfðablönduninni.

Ég hef því reynt að leggja töluvert á mig til að þessar tvær atvinnugreinar, laxeldið og hinar frjálsu fiskveiðiár, geti lifað í töluverðri sátt.

[15:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allar þær skorður sem hæstv. landbrh. hefur sett og hv. landbn. hefur sett með brtt. sínum nægja ekki til þess að varna því að lax sleppi úr kvíum. Lax sem sleppur úr kvíum gengur upp í laxveiðiár. Við erum að berja höfðinu við steininn á meðan við viðurkennum ekki þá staðreynd. Laxinn les ekki lög. Laxinn fer bara þangað sem eðli hans býður honum. Lax gengur upp í laxveiðiár. Ef við viljum ekki lax af erlendum stofni í laxveiðiárnar okkar, þá látum við hann ekki í kvíar rétt undan ströndum landsins. Og það er alveg sama hvar. Það skiptir engu máli hversu mörgum fjörðum hæstv. landbrh. lokar. Laxinn les ekki lokunarskiltin.

Við erum þess vegna að fjalla um þá spurningu hvort varnirnar sem verið er að reisa séu nægar eða ekki. Og ég fullyrði að þær eru ekki nægar. Ég fullyrði líka að við höfum í alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að tæki til þess að reisa skorður sem duga, þ.e. skorður sem mundu banna eldi af erlendum stofnum í sjókvíum við landið.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við 1. umr. en átti þess ekki kost að vera viðstaddur eða taka þátt í 2. umr. Það eru því nokkur atriði sem mig langar til að færa hér til sögunnar, fyrst og fremst kannski þau sem ég tel vera hin almennu aðalatriði málsins. Aðrir ræðumenn á undan mér, félagar mínir í stjórnarandstöðunni hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Steinar Jóhannsson og Kolbrún Halldórsdóttir, hafa gert rækilega grein fyrir efnisatriðum frv. og viðhorfum okkar til þess. Ég vísa því til þess og fyrri ræðu minnar og ræði hér nokkur almenn atriði, grundvallaratriði, sem þessu tengjast að mínum dómi.

Það fyrsta er að engin leið er að horfa fram hjá því að vinnubrögð hæstv. landbrh. fá hér á sig mikinn áfellisdóm. Þetta mál er allt saman einn heljar áfellisdómur á vinnubrögð ráðherra, því ráðherrann ber ábyrgð á öllu sem ráðuneyti hans gerir og hefur nú aldrei þótt stórmannlegt að skjóta sér á bak við húskarla sína ef maður hefur búsforráð. (**Landbrh.:** Það er enginn að skjóta sér á bak við einn eða neinn.) Nei, það er gott, þá liggur það á hreinu, ráðherrann tekur þetta allt saman á sig. (**Landbrh.:** Það er enginn áfellisdómur.) Nei, það er nú aldeilis það — ekki áfellisdómur, segir hæstv. ráðherra.

Ég man nú ekki betur en ég hafi heyrt í útvarpinu ekki ómerkari mann en formann landbn. tala um björgunarleiðangurinn mikla sem landbn. hafi verið í til að reyna að bjarga hæstv. ráðherra frá drukknun. (Gripið fram í.) Einn samfelldur björgunarleiðangur og menn hafa iðulega líkt þessu við það að ráðherra væri að sökkva til botns í djúpu lauginni. Og talað hefur verið um korka og kúta og hvaðeina. Kannski er það ekki einu sinni nóg því auðvitað þarf fyrst að kenna mönnum að synda ef þeir eiga síðan að hafa gagn af einhverjum stoðtækjum þegar þeir eru komnir út á meira dýpi en þeir ættu að hætta sér á. Og það er auðvitað tilfellið með hæstv. landbrh., hann hefur lent út á miklu meira dýpi en hann ræður við að halda sig á.

Það er mikið umhugsunarefni og áhyggjuefni þegar maður fer yfir þá sögu frá því eldinu var leyft að fara af stað með mjög litlum undirbúningi, hvernig stjórnvöld í rauninni köstuðu þar til höndunum alveg hreint yfir línuna að segja má. Það er alveg ljóst að bæði landbrn. og umhvrn. brugðust þar algjörlega gæsluhlutverki sínu gagnvart íslenskri náttúru. Það segi ég a.m.k.

Ég tel að allt sem síðan hefur borið að í málinu sýni það að öll þessi álitamál sem hafa verið að koma upp og hafa kristallast m.a. í umræðunum hér og endurspeglast í vinnu landbn. segja eitt og aðeins eitt, þ.e. hversu illa þetta mál var allt saman undirbúið, hversu mikið menn styttu sér leið fram hjá öllum álitamálunum sem átti að taka upp og ræða, skoða og svara áður en lagt var af stað. Verið var að leggja út á nýja braut og leyfa starfsemi, atvinnustarfsemi í landinu af

alveg nýrri stærðargráðu, og það var ábyrgðarleysi að fara ekki rækilega í gegnum þetta áður en það skref var tekið. En ég kem kannski betur að því síðar.

Fyrst ætla ég að ræða um setningu bráðabirgðalaganna og hvernig þar var í raun farið með valdið. Það hefur sömuleiðis þróast þannig að setning bráðabirgðalaganna í sumar verður verra og verra mál eftir því sem það er skoðað betur, meira og meira hneyksli. Ekki þarf annað en fletta gögnum sem liggja fyrir í þingskjölum sem segja allt sem segja þarf um það. Það hefur algerlega verið afhjúpað hér í gegnum meðferð þessa máls hvílík óhæfa beiting bráðabirgðalagavaldsins var við þær aðstæður í sumar.

Við höfum máls á þessu við 1. umr., ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem gerði rækilega grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á stjórnarskránni 1991 og þeirri ætlan manna þá að afnema í aðalatriðum bráðabirgðalagasetningu, de facto afnema hana þó hún stæði þarna sem lagalega mögulegt neyðarúrræði við þær aðstæður að Alþingi yrði ekki kvatt saman til fundar og þvílík þjóðarvá steðjaði að, að grípa yrði til þessa neyðarréttar eða óyndisúrræðis, að fara fram hjá löggjafanum og setja bráðabirgðalög. Það er algerlega borðleggjandi þegar þetta er allt saman skoðað að engar slíkar aðstæður voru fyrir hendi, engar slíkar aðstæður.

Það sem mér hafði yfirsést, og ég játa upp á mig þá yfirsjón eða gleymsku, var auðvitað það að þing var kvatt hér saman eftir kosningar og þá voru flutt hér þingmál, tvö a.m.k. Hæstv. forsrh. flutti tillögu um frestun á fundum Alþingis, gagnmerka tillögu. Og flutt var önnur, auðvitað sýnu viðameiri sem var till. til þál. um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. landbrh. hafi tekið eftir ef hann hefur verið hér með meðvitund þá daga (**Landbrh.:** Ágætri meðvitund.) sem þingið starfaði í vor. Og þar með átti hæstv. landbrh. að átta sig á því að þing var komið saman og hann var þar meira að segja sjálfur og hann gat flutt þingmál ef þetta stóð þannig að brýnt væri að setja lög áður en þing kæmi þá aftur saman til reglulegra funda að hausti. Hvar var hæstv. landbrh.? Hvað var hann að hugsa síðustu daga maímánaðar? Hafði vörnin fyrir ráðherrastólinn tekið svona á hæstv. ráðherra að hann var ekki með hálfa meðvitund þá daga sem þingið var hér að störfum? Auðvitað átti hæstv. ráðherra þá að leggja frv. fram að nýju ef þetta var svona, þó ekki væri nema til að undirstrika það að á þessu máli yrði að taka. Það væri þá aftur komið í hendur Alþingis og staðan strax skárri en ella.

Það hefur líka rækilega sannast, kemur fram í öllum þeim brtt. sem hér hafa verið fluttar, að svo bætist það við að þetta mál er afar illa gert. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Bráðabirgðalögin eru þvílík hrákasmíð að ekki stendur steinn yfir steini. Landbn. er búin að umskrifa frv. algerlega til að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Og það er nú annar hlutur sem hlýtur að verða mönnum nokkurt umhugsunarefni að ekki bara grípi menn til beitingar bráðabirgðalagavaldsins, heldur sé málabúnaðurinn þannig að hann standist ekki, hann sé bara spilaborg, því þá eru menn að gera vondan hlut enn verri.

Þá eru menn að grípa til þessa valds með efnislega miklu vafasamari hætti en ella væri. Stundum hefur það gerst að það hafa orðið einhver tæknileg mistök við lagasetningu sem er augljóst að þarf að leiðrétta og ég held að ég muni eftir einum eða tvennum bráðabirgðalögum af því tagi á sl. 10–12 árum þar sem engin deila hefur verið um efnisþætti málsins. Það eina sem hefur verið umdeilt er þetta klúður og að það skuli þurfa að grípa til bráðabirgðalagasetningar til að lagfæra einhver tæknileg mistök, vitlaus dagsetning hafi slysast inn eða eitthvað í þeim dúr. Því var ekki aldeilis að heilsa hér. Í fyrsta lagi lá fyrir að málið væri mjög umdeilt og að Alþingi hafði hafnað því sem slíku — Alþingi hafnaði að afgreiða það — og í öðru lagi kemur málið engu að síður þannig frá ráðuneytinu að það er algerlega óbrúklegt. Það þarf að fara í það í þingnefnd að umskrifa það gjörsamlega þannig að í báðum þessum tilvikum hvað varðar hina formlegu ákvörðun um að beita bráðabirgðalagavaldinu og svo hvað varðar hinn efnislega undirbúning málsins fær landbrn. undir forustu hæstv. ráðherra Guðna Ágústssonar algera falleinkunn. Ég veit ekki hvar ætti að kvarða það á skalanum 1 – 10 eða mínus 5 – 15 en það er mjög neðarlega á þeim skölum báðum.

Síðast, herra forseti, er svo auðvitað hin almenna framganga ráðuneytisins og ráðuneytanna í þessum stóru málum sem ég vék aðeins að í byrjun máls míns og ætla að fara betur í. Ég endurtek að ég tel að ráðuneyti landbúnaðar- og umhverfismála og auðvitað ríkisstjórnin öll, sem ber á þessu sameiginlega ábyrgð og þingmeirihluti hennar, líka þeir sem hrósa sér af því að hafa bjargað einhverju og fundið upp kúta og korka, þeir hinir sömu ágætu hv. þm. og hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn verða auðvitað að hafa í huga að þeir bera ábyrgð á klúðrinu öllu saman af því að þeir eru stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar. Við skulum ekki láta það gleymast. Það er ekki svo einfalt að menn kaupi sér bara aflausn frá öllu klúðrinu með því að reyna að gera sitt besta til að bjarga í horn. Nei, ríkisstjórn Íslands og meiri hluti hennar á Alþingi ber ábyrgð á þessu klúðri öllu saman, hver einasti maður sem ekki hefur þá sagt skilið við ríkisstjórnina, þvegið hendur sínar af þessu með formlegum hætti. Þannig er það og það þýðir ekkert að koma hingað með hina dæmigerðu framsóknarmennsku að leiðarljósi og segja já, já og nei, nei í annarri hverri setningu eins og hæstv. ráðherra gerir hér. Hann gengur út frá þeirri forsendu, hæstv. ráðherrann, að þetta hljóti að geta farið saman. Hann nálgast málið þannig að það sé engin spurning um það að eldi á stofnum af erlendum uppruna í sjó í stórum stíl og vernd innlendra stofna geti farið saman, þetta sé bara spurning um reglur og svæði og eftirlit og einhverjar krúsidúllur. Auðvitað áttu menn fyrst að spyrja grundvallarspurningarinnar sjálfrar: Er það svo? Menn hefðu kannski komist að þeirri niðurstöðu að svarið væri nei. Það er bara ósamrýmanlegt aðstæðunum hér þar sem eru laxveiðiár, vötn með silungum, mismunandi stofnum allt í kringum landið. Það gengur ekki að taka áhættuna af eldi á stofnum af erlendum uppruna í stórum stíl í hafinu í kringum landið. Og það dugar ekki að horfa til þess að á einhverjum svæðum eru minni hagsmunir í húfi heldur en annars staðar, eins og kannski við suðaustanvert landið af ástæðum sem hér hafa verið rækilega nefndar. Laxinn hefur sporð og kann að nota hann og er furðufljótur að ferðast um.

Ég held að menn hefðu átt að hugsa mjög vel sinn gang áður en þeir hurfu frá þeirri skipan mála sem stundum er kölluð heiðursmannasamkomulagið, með ákveðnum greini, frá haustinu 1988 þegar gerð var tilraun til þess að miðla málum á þann hátt að haldið yrði utan um þennan erlenda stofn, norska laxinn sem var kominn í landið fyrir alllöngu, þannig að honum yrði ekki dreift frekar en orðið var nema í öruggum landstöðvum. Og ég vissi ekki annað en að ætlun manna væri að standa þannig að málum að þetta samkomulag

héldi næstu árin. Þá var þessi stofn kominn í Kelduhverfið og hafði verið fyrir nokkuð löngu síðan en það er ákveðið jaðartilvik. Lónin í Kelduhverfinu eru að vísu uppi í landi en þau hafa beina tengingu við haf þannig að segja má að þau séu markatilvik í þessu en hitt var tiltölulega klárt og kvitt, að um væri að ræða stöðvar uppi á landi þar sem fyllsta öryggis væri gætt gagnvart því að fiskar slyppu.

Síðan held ég að menn verði að átta sig á því, hafa þá hluti á hreinu og styðjast bara við viðurkennd fræði í þeim efnum, um hvað þetta mál snýst. Ég heyri að menn eru jafnvel að reyna að segja að norski laxinn hafi unnið sér einhvern þegnrétt á Íslandi og hann sé orðinn hálfíslenskur. Menn tala eins og þetta snúist um áunna hæfileika. (**LB:** Um atvinnuleyfi?) Já, eða hafi fengið eitthvert dvalarleyfi, græna kortið. Er hæstv. ráðherra virkilega þeirrar skoðunar? Hver er afstaða ráðherrans til þess? Áttar hæstv. ráðherra sig ekki á því að þetta snýst um erfðir? Þetta snýst um erfðaefni laxins en ekki áunna hæfileika. Það er ekki bara hægt að taka útlendan lax og venja hann svo við að hann verði íslenskur. Það eru nefnilega innan í honum hlutir sem ekki breytast. Sjálft erfðamengið er þarna, orðið til á þúsundum og aftur þúsundum ára, og því breyta menn ekki með reglusetningu eða einhverri aðlögun að íslenskum aðstæðum. Það er ekki þannig. Það er eins og hvert annað rugl og stenst ekki mál í fræðilegri eða faglegri umfjöllun um þessi mál þegar menn reyna að bera þetta á borð. Það sem er í húfi hinum megin er fyrst og fremst hinn erfðabundni hreinleiki íslenskra laxastofna og laxfiska.

Herra forseti. Það er gamalkunnugt að þegar menn vanda sig ekki, þegar menn flýta sér, þegar menn flaustra hlutunum áfram, verða mistök. Þetta mál núna er rætt út frá því reginklúðri sem varð við það að menn hleyptu hlutunum af stað áður en þeir svöruðu spurningunum. Menn skutu fyrst og spurðu svo. Þetta er einmitt hin ameríska aðferðafræði. Hún er ómöguleg. Hún leiðir menn út í ógöngur vítt og breitt um heimsbyggðina eins og kunnugt er. Hér gerðist það. Fyrst var skotið á hina íslensku náttúru og svo kom hugsunin: Það er kannski ekki mjög gott sem þarna hefur gerst. Nú sitja menn uppi með það að umfangsmikill atvinnurekstur er kominn af stað á grundvelli allra tilskilinna leyfa stjórnvalda. Það verður að horfast í augu við að það væri stórmál ef menn ætluðu að reyna að leita að leiðinni til lands og til baka, mundi sjálfsagt kosta umtalsverðar fébætur o.s.frv. Í þessa úlfakreppu hafa menn komið sér af því að menn unnu ekki heimavinnuna sína, menn voru hroðvirkir, óvandvirkir og höfðu, að því er virðist, því miður ekki á hreinu jafnvel undirstöðuatriði þessara mála sem hefðu átt að vera mönnum leiðsögn í því hvaða spurningum þurfti að svara áður en svona stór og afdrifarík ákvörðun var tekin sem er illafturkræf af þessum sökum. Auðvitað gerum við sem gagnrýnum allt þetta ferli okkur ljósa grein fyrir því að þar er ekki við stjórnendur eða rekstraraðila fyrirtækja að sakast sem hafa fengið öll tilskilin leyfi fyrir starfsemi sinni. Það liggur fyrir.

Herra forseti. Ég styð algerlega það viðhorf sem minni hlutinn hefur sett fram um að almenna reglan í þessum efnum eigi að vera bann. Ég tel að Ísland hafi einhverja sterkustu stöðu í heiminum. Fá lönd geta með jafnríkulegum og -sterkum hætti skírskotað til þess að þau verði að fá að hafa þá tilhögun mála að þau banni innflutning á lifandi tegundum, á erfðaefni, inn í lífríkið sem grundvallarreglu með vísan til mikilvægis þess að verjast erfðamengun, sjúkdómum og öðrum slíkum hlutum en uppfylli síðan sínar alþjóðlegu skuldbindingar að hinu leytinu með vel skilgreindum og útfærðum undanþágum á grundvelli mjög strangra reglna þar um. Látum frekar reyna á þá grundvallarreglu. Hún er að rofna, því miður, út af fyrir sig að vissu leyti á fleiri vígstöðvum en þessum. Það byrjuðu að borast göt í þá stöðu sem Ísland hafði alveg óskorað fyrir einum 15 árum þegar við gátum algerlega ákveðið sjálf hvað kæmi inn í landið að þessu leyti, og ekki bara lifandi tegundir heldur hrámeti og annað í þeim dúr. (**Landbrh.:** Fiskurinn gat nú synt upp.) Kemur nú það hjá hæstv. ráðherra. Það er auðvitað alveg hárrétt. Það er gott að hæstv. ráðherra er svona glöggskyggn maður að hann áttar sig á því að fiskar geta synt og fuglar geta flogið og þannig tala sumir í barnaskap sínum. Ég er ekki að segja að það eigi við um hæstv. ráðherra en það lætur nærri. Menn tala eins og það sé ástæðulaust að hafa hér reglur og varnir af því að fuglar geti flogið og fiskar geti synt. Það er fræðilega hugsanlegt jafnvel að sauðfé geti borist með straumum frá Skotlandi til Íslands, ég veit það ekki. Nautgripir eru miklir sundgripir og gætu hugsanlega lifað lengi eða borist með ísjökum eða ég veit ekki hvað. En hvers konar þvæla er það, eigum við þá bara að leggja niður allar varnir af því að fræðilega séð gæti orðið slys af náttúrulegum völdum? Það nær varla máli að fara út í þá rökræðu.

Nei, Ísland hefur eins og kannski nokkur önnur lönd í heiminum, Nýja-Sjáland, Galapagoseyjar og aðrir slíkir staðir, mikla sérstöðu vegna þess að hér hefur þróast sérhæfð náttúra í skjóli mikillar landfræðilegrar einangrunar og í henni eru fólgin gríðarleg verðmæti í erfðaefni hennar eins og alltaf er verið að minna menn á. Núna nýlega t.d. voru stofnuð samtök til varnar íslensku landnámshænunni, ákaflega ánægjulegt og þótt fyrr hefði verið. En um leið er það segin saga að þessi náttúra er mjög viðkvæm. Hún er ákaflega viðkvæm fyrir slysum eða íblöndun af þeirri einföldu ástæðu að hún er oft sérhæfð og jafnvægið í henni hefur þróast á talsvert öðrum forsendum en gerist kannski á meginlöndum eða öðrum svæðum. Þetta þekkja menn og er vitað hvað varðar Ísland, Nýja-Sjáland og Ástralíu þó að enginn tali um staði eins og Galapagoseyjar, Hawaii eða aðra slíka. Þeim mun ríkari er ástæðan til að menn vandi sig. Ég held að enginn vafi leiki á því að rétta víglínan sé á þeim forsendum að almenna reglan sé bann og að skilgreindar undanþágur séu veittar frá henni, og taka það þá frekar fyrir dómstóla og kikna ekki endalaust í hnjánum út af símskeytum frá Brussel, hvort sem það er Eftirlitsstofnun, dómstóll eða eitthvað annað. Af hverju má ekki reyna á grundvallarhluti af þessu tagi ef það er nauðsynlegt og óumflýjanlegt? Við ættum að hafa þetta svona í lögunum, vísa t.d. til alþjóðlegra samninga um fjölbreytni og verjast á þeirri víglínu, alveg til þrautar. Það má þá alltaf slaka á síðar ef það reynist óumflýjanlegt. Menn eiga ekki að gefa upp slíkar varnir fyrir fram.

Mig langar að minna á í þessu sambandi líka, herra forseti, spurninguna um nálgunina gagnvart náttúrunni. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi erum við að koma af landsfundi okkar og þar var líka rætt í hringborði um m.a. rétt náttúrunnar í þessu samhengi öllu þegar menn eru að tala um hnattvæðinguna, hvernig hlutirnir eru að opnast upp og hvernig menn umgangast náttúruna. Menn koma auðvitað alltaf að þessum álitamálum sem snúa að náttúrunni sem slíkri og rétti hennar eða stöðu. Þarna sagði einn frummælandi, Bjarni Jónsson, að í raun og veru þyrfti að líta á náttúruna í vissum skilningi sem hagsmunaaðila. Náttúran

er sjálfstæður hagsmunaaðili, en hver er til staðar til að gæta hagsmuna hennar? Hún getur ekki talað fyrir sig sjálf, ekki með beinum hætti, ekki í núinu. Hún hefur ekki mál, talar ekki ensku, ekki íslensku. Hún talar að vísu á ýmsan hátt fyrir sig og ver sig oft þótt síðar verði og það getur átt eftir að koma manninum í koll með hinum innbyggða mekanisma náttúrulögmálanna, ekki síst vegna þess að maðurinn er oft svo ótrúlega blindur á lögmálin og tregur til að skilja þau. Á þá fáu menn sem gera það er ekki hlustað, heldur vaða hinir kálfarnir áfram.

Ef litið er á náttúruna sem hagsmunaaðila og hennar hagsmuna gætt í þessu máli — þá á ég að sjálfsögðu ekki við atvinnustarfsemi sem gerir út á einhverja þætti í náttúrinni eins og það að taka eina tegund og kynbæta hana og ala hana — ég á við hina villtu náttúru eins og hún kemur fyrir — og það hefði verið öflugur gæslumaður til staðar í þessu máli, réttindagæslumaður náttúrunnar, einhvers konar umboðsmaður náttúrunnar sem hefði starfað í skjóli Alþingis þá hefðu menn a.m.k. farið í gegnum þessa hluti með öðrum hætti en raun bar vitni. Ég held að það geti oft verið þarflegt þegar menn standa frammi fyrir álitamálum af þessu tagi að menn stilli hlutunum upp og spyrji sjálfa sig: Hvað segir umboðsmaður náttúrunnar við þessu? Hvað mundi réttargæslumaður náttúrunnar segja þegar þrýstingur hagsmunaaðilanna, atvinnulífsins, fjármagnsins er hinum megin?

Að síðustu, herra forseti, þá er maður náttúrlega alltaf svo bjartsýnn að maður trúir því að menn vitkist og læri af mistökunum. Kannski verður það það eina sem hægt verður að hugsa til í sambandi við þetta mál. Ég hef enga trú á að það muni fegra hlut hæstv. landbrh., Guðna Ágústssonar, sérstaklega á spjöldum sögunnar, eins og mér fannst hann vera að láta liggja að hér áðan, að þó að samtíminn misskildi hann mundu menn í framtíðinni skilja hvílík hetja hann hefði verið að leyfa þetta, það fólst í orðum ráðherra hér áðan. (**Gripið fram í:**... loka fjörðum.) Loka fjörðum já, það er nefnilega það. Ég hef ekki trú á því. Ég óttast að þetta verði miklu verra og það ber þegar á því að menn velta fyrir sér í alvöru hvort hér sé að verða, eða hafi orðið, eitt af stóru slysunum í sambúð manns og náttúru. Þá verður nú ekki eins gaman fyrir hæstv. landbrh. að sitja uppi með það á spjöldum sögunnar.

Einn gamall nestor norður í landi sendi Morgunblaðinu bréf sem birt var fimmtudaginn 6. nóvember. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þetta bréf og lesa það allt því að það er engin ástæða til styttingar.

Það er eftir Vigfús B. Jónsson, bónda á Laxamýri. Hefst nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Ég er maður á áttræðisaldri og var bóndi í rúmlega hálfa öld. Mér lagðist það til að vera í stjórn Landssambands veiðifélaga um tuttugu ára skeið og auk þess var ég formaður veiðimálanefnda og stjórnar Fiskræktarsjóðs í átta ár.

Af þessum sökum er ég nokkuð kunnugur málefnum lax- og silungsveiðibænda og veit að lax- og silungsveiði er ein styrkasta stoðin undir hinum dreifðu byggðum landsins.

Mér virðist sem núverandi landbúnaðarráðherra geri sér þessa staðreynd tæpast ljósa og hafi sýnt málefnum lax- og silungsveiðibænda fullmikið tómlæti.“ — Þarna er hógværlega að orði komist, ekki eru nú stóryrðin. — „Til dæmis hefur hann ekki mætt mér vitandi á aðalfundi Landssambands veiðifélaga þótt hann hafi verið boðaður. Ljóst er að ráðherrann hefur hliðstæðum skyldum að gegn við lax- og silungsveiðibændur eins og hrossabændur ...“ — Ekki hefur hann þó stofnað embætti umboðsmanns villta íslenska laxins svo kunnugt sé og ráðið brjálaðan snilling til að gegna því. — „Ég vil því að gefnu tilefni vinsamlegast mælast til þess að landbúnaðarráðherra veiti málefnum lax- og silungsveiðibænda meiri athygli héðan í frá en hingað til.

Gróðahyggjumenn hafa reynt að sannfæra fólk um að enginn lax af hinum erlendu stofnum muni sleppa úr sjókvíum og hinum villtu laxastofnum stafi ekki af þeim nokkur hætta.“ — Þarna finnst mér fallega að orði komist, „gróðahyggjumenn“. (**Landbrh.:** Er hann þá sjálfstæðismaður?) Já, það geta nefnilega verið sjálfstæðismenn sem hafa á því skilning að það á ekki að láta fjármagnið eitt ráða öllu. Það þarf greinilega að fara að taka framsóknarmenn í námskeið í þeim efnum. Einu sinni var mikið í tísku í Framsfl. að segja: „Manngildi ofar auðgildi“. Ég heyri það aldrei núna. Stefán heitinn Valgeirsson, fyrrv. hv. þm., tók sér þetta oft í munn og fleiri menn sem voru honum samtíma í Framsfl., en nú heyrist það ekki lengur.

„Gróðahyggjumenn hafa reynt að sannfæra fólk um að enginn lax af hinum erlendu stofnum muni sleppa úr sjókvíum og hinum villtu laxastofnum stafi ekki af þeim nokkur hætta. Mér sýnist því svo að minkaævintýrið geti verið að endurtakast í annarri mynd. Minkarnir áttu bara að vera í sínum búrum, en staðreyndin er allt önnur. Þeir sluppu út í hina íslensku náttúru og hafa valdið henni svo voðalegu tjóni að aldrei verður bætt. Engar líkur eru til þess að minkum verði útrýmt hér á Íslandi þótt margir vildu svo kjósa.

Í þessu sambandi má gjarnan minnast þess að fjárkláði, bráðapest, riða, garnaveiki og mæðuveiki bárust hingað til lands með erlendum sauðkindum og ollu íslenskum bændum ómetanlegu tekjutjóni um áratugi og jafnvel aldir svo ekki sé talað um erfiðleikana í því sambandi. Ég hlýt því að spyrja hver gróðinn sé af því að flytja inn lífverur erlendis frá.

Ég efast ekki um að núverandi landbúnaðarráðherra vill styrkja hinar dreifðu byggðir landsins og því finnst mér að hann ætti að stíga mjög varlega niður í sambandi við sjókvíaeldi við Íslandsstrendur og hlusta vel á aðvörunarorð góðra manna þar að lútandi.

Vigfús B. Jónsson, Laxamýri.“

Ég hef í raun og veru engu við þetta að bæta hvað varðar þennan þátt málsins. Mér fer mjög svipað og Vigfúsi B. Jónssyni í þessu efni og erum við þó ekki alveg flokksbræður eins og kunnugt er. Ég verð líka að rifja það upp að mér fannst og finnst enn að það hafi verið veist með ákaflega ósanngjörnum og ómálefnalegum hætti, á köflum, að þeim sem höfðu uppi varnaðarorð. Við munum það mjög vel, flokkssystkinin í Vinstri grænum, hvernig við vorum trakteruð af framsóknarmönnum sem tóku það til marks um okkar miklu forpokun að við mæltum varnaðarorð gagnvart þessum ákvörðunum. Við báðum í raun og veru fyrst og fremst um það eitt að öllum lögformlegum, vönduðum, faglegum leikreglum og vinnubrögðum væri fylgt. Við settum okkur ekki fyrir fram upp á móti neinni tiltekinni niðurstöðu í málinu en sögðum: Þetta á að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. En það var ekki gert. Núna eru menn að reyna að bjarga sér í land, á Seyðisfirði á allt í einu að fara í nokkurn veginn þannig mat. Þá segja menn kannski: Vegna samlegðaráhrifanna við það eldi sem þegar er búið að leyfa. Þvílíkt regin-, reginklúður.

Auðvitað var það fyrsta stóra ákvörðunin sem átti að fara í gegnum alla skoðunina og þar átti að svara öllum

lykilspurningunum. Þá væri auðveldara að taka afstöðu til umsókna sem kynnu eða kynnu ekki að berast í framhaldinu. Það hefðu kannski aldrei orðið neinar. Af hverju? Af því að niðurstaðan hefði kannski orðið sú að gera þetta ekki. Þá væri engum fjármunum sem heitið getur kastað á glæ. Þá voru engar fjárfestingar orðnar, engin leyfi veitt, engin skaðabótaskylda hafði stofnast. Halda menn að það hefði orðið einhver héraðsbrestur? Getur einhver sagt að Ísland væri á einhverju allt öðru spori í efnahags- og atvinnumálum sínum þó menn hefðu ekki farið inn á þessa braut og nýtt krafta sína og fjármuni í einhverja aðra uppbyggingu, t.d. eldi á sjávarfiskum, sem stendur miklu nær okkur og hefur ekki í för með sér sömu erfðamengunarhættu o.s.frv.? Að taka þorskinn við Ísland og ala hann er auðvitað algjörlega ósambærilegur hlutur að öllu leyti hvað varðar líffræðilega áhættu.

Hér hafa því orðið mikil slys, herra forseti, ég skal ekkert hafa um það sterkari orð, og á þeim bera stjórnvöld, ríkisstjórn landsins og meiri hluti hennar á Alþingi alla ábyrgð. Undan því geta þessir aðilar ekki hlaupist.

[16:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er vopnfimur og vígreifur stjórnmálamaður, sennilega afkomandi Þorgeirs Hávarssonar, þess sem gekk fram hjá saklausum manni sem hafði hvílt höfuð sitt á trjábol og hjó það af. Þegar hann var spurður hvers vegna hann gerði það þá sagði hann: Hann lá svo vel við höggi.

Þingmaðurinn gætir sín ekki alltaf og kannski finnst honum að landbrh. liggi nú vel við höggi, en svo er ekki.

Ég fagna því að tillaga þessa færeyska þingmanns sem var gestur hans í Hveragerði á landsfundinum varð ekki að veruleika, að stoppa hv. þm. upp og setja hann í grafhýsi, eins og ég heyrði í fjölmiðlum að hann vildi gera, því að það hefði verið skaði yfir þingið. Stjórnarandstaðan hefði hvorki orðið heill né hálfur maður að mínu viti við að missa þennan glæsilega, snarpa ræðumann af þinginu. Hér vil ég hafa hann til rökræðna.

Ég vil samt segja við hv. þm. að ég hef ekki orðið fyrir neinum áfellisdómi. Landbrn. hefur unnið með landbn. og utanrrn. að þessu máli. Þetta var þjóðréttarleg tilskipun sem hv. þm. skilur. Hins vegar hef ég sent Vigfúsi mínum á Laxamýri bréf til baka þar sem ég upplýsi hann um það mikla samband sem ég hef átt við Landssamband veiðifélaga og svara því sem hann segir.

Nú langar mig að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon: Af hverju lagði hann 15 millj. kr. á ári í innfluttan erlendan stofn þegar hann var landbrh.? Þetta er maðurinn sem sýndi innfluttum erfðastofni, nýjum í landinu, þá virðingu að gera samning um 15 millj. kr. ári í fimm ár þegar hann var landbrh.

Mig langar líka að spyrja hv. þm.: Af hverju rak hann ekki fiskeldið í Lóni í Kelduhverfi upp úr hafinu, einnig á Seyðisfirði, sem fór síðar ofan í Eyjafjörð? Hvers vegna greip hv. þm. ekki til þessara örþrifaráða meðan hann var landbrh.? Af hverju horfði hann bara á þetta?

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú fyrst létta þeim áhyggjum af hæstv. landbrh. að það stóð ekki til að stoppa mig upp strax. Ég held að þetta hafi frekar verið svona umsókn um að fá kannski að gera það þegar fram liðu tímar og það hefði ekki í för með sér neina sérstaka röskun á mínum högum sem slíkum, þ.e. þegar ég væri af dögum.

Ég tel mig ekki hafa lamið á hæstv. landbrh. einum, eða meira en efni standa til. Var það ekki einmitt ég sem var hér áðan að nefna til sögunnar þá ábyrgð sem aðrir bera, umhvrn., ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn allur? Vegna þess að það er auðvitað þannig að menn bera ábyrgð á axarsköftum sinna samstarfsmanna ef þeir eru saman í ríkisstjórn eða standa að meirihlutastjórn, þannig er það.

Ég held að það þoli algerlega skoðun allt sem aðhafst var í þessum efnum í minni landbúnaðarráðherratíð. Ég tók við þeim arfi að hinn norski stofn var kominn inn í landið og kominn í eldi og ræktun á einum tveimur stöðum, ætli það hafi ekki verið bæði í Lóni í Kelduhverfi og á Stað í Grindavík? Það sem ávannst var að þessar reglur voru settar og eftir þeim var farið í minni tíð. Ég hef aldrei heyrt neitt annað en að norski laxinn hafi hvergi verið fluttur til staðar sem ekki samrýmdist því heiðursmannasamkomulagi sem var niðurstaða starfshóps á haustdögum 1988, þann tíma sem ég var í ráðuneytinu og ég held lengur. Þó að einhverjir styrkir hafi gengið til áframhaldandi ræktunar eða kynbóta á eldisstofnum, ég held bæði innlendum og erlendum, var auðvitað hluti af því að menn höfðu þá trú á því að fiskeldi í landstöðvum gæti átt möguleika. Það var að berjast fyrir lífi sínu þessi ár og eitt af því sem stóð mönnum fyrir þrifum í eldinu var ótímabær kynþroski hins íslenska eldisstofns. Ef menn hefðu gert eins og Norðmenn að taka sinn eigin stofn eða stofna og ala þá og kynbæta hefði nú strax verið betri staða í málunum í dag. Menn hefðu þá ekki þurft að vera með þennan áhættuþátt undir að vera með beinlínis erlent erfðaefni.

[16:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. skýr og ágæt svör og heiðarleg.

Hv. þm. spurði mig hvort ég liti á hinn norsk-íslenska stofn, sem svo er kallaður, sem íslenskan. Nei, hann er innfluttur, hann er erlendur stofn. Þess vegna hef ég sett allar þær varúðarreglur út frá þeirri hugsun sem kemur mjög fram hjá Vinstri grænum um erfðamengun og allt það.

Ég hef hins vegar heyrt suma vísindamenn tala um hann sem íslenskan stofn og hef þá sett ofan í við þá, þannig að ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég álít að hann sé það sem við verðum að passa, halda innan kvíanna og reyna að lágmarka alla þá áhættu sem við verðum fyrir.

Ég geri mér grein fyrir því að hv. þm. hefur breyst frá því að hann var í Alþýðubandalaginu í gamla daga. Þá var hann ekki orðinn grænn öðrum megin, þá var hann allur rauður. Nú er hann orðinn grænn öðrum megin og það er auðvitað ágætt og mikilvæg umræða sem hefur komið í framhaldi af því og mikil endurnýjun í þessum hv. þm., Steingrími J. Sigfússyni. (**Gripið fram í:** Var ekki ráðherrann einu sinni grænn báðum megin?) Ja, sá sem hér stendur er algrænn. Þykir að vísu svolítið vænt um Sjálfstfl. þessa stundina af því að ég er í samstarfi við hann og vinn með honum að mörgum ágætum málum í landinu í góðu samstarfi í ríkisstjórn, sem hefur verið að gera hér mjög stóra og góða hluti á síðustu árum. (Gripið fram í.)

En EES-samningurinn, þessi tilskipun sem gerð var í tíð Alþfl. og Sjálfstfl. snerist ekki um bann. Við gátum ekki látið reyna á það. Við stefndum beint fyrir dómstóla og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þekkir manna best hvað

það þýðir. Ég veit að hann þekkir það mjög vel. Hann er bæði reyndur erlendis og hér heima og víðförull maður og um margt glöggur. Ég dáist auðvitað mest að því að hann hafi notað kynbótafræðina, sem hann lærði ungur maður frá Gunnarsstöðum, til þess að kynbæta þennan norsk-íslenska stofn.

[16:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta með græna og rauða litinn þá finnst mér alltaf líking hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar skemmtilegust en hann talar um melónuflokk sem sé grænn að utan en rauður að innan. Það finnst mér skemmtilegt og í sjálfu sér ágætlega viðeigandi. Ég hef aldrei borið á móti því að það sé rautt innan í mér. Aldrei.

Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra átti við þegar hann lét að því liggja að ég þekkti það manna best að mál væru dregin fyrir dómstóla. Ég hef verið svo lánsamur í lífi mínu að ég hef ekki oft átt erindi þangað. Ég hef einu sinni verið beðinn að mæta sem vitni og þá vegna starfa minna sem landbrh. á sinni tíð. En að öðru leyti hef ég verið blessunarlega laus við að leggja mín mál undir dómstóla. (**Landbrh.:** Ég virði heiðarleika háttvirts þingmanns.)

[16:31]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að óska formanni Vinstri grænna, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, til hamingju með landsþingið um helgina.

Ég vil gera athugasemd við ræðu hans áðan. Hann talaði um að þingið hefði hafnað frumvarpinu. Það kom einfaldlega aldrei til afgreiðslu. Það fór til umsagnar en við álitum of stuttan tíma frá því að það kom fram þar til þurfti að afgreiða það. Það fór til umsagnaraðila og fyrir þinginu og í hv. landbn. liggur fyrir mikið af gögnum sem við höfum farið yfir. Við töldum tímann nægan en svo reyndist ekki vera. Allir markaðir lokuðust og það varð að innleiða tilskipun nr. 91/67/EBE.

En ég vil taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar sem hann talar um vernd erfðaefna sem eru okkar auðlind. Ég er sammála því og ég hugsa að við séum það flest. Sú sem hér stendur hefur barist fyrir því að verndа íslensku kúna og vill ekki blanda hana öðrum kúakynjum. Ég tel það okkar auðlind að eiga okkar náttúrulegu erfðaefni og þess vegna setti landbn. í brtt. sínum þá stoð að hafa erfðanefnd landbúnaðarins inni í lögunum til stuðnings fyrir landbrh. þegar hann þarf að taka ákvarðanir.

[16:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanni landbn. Það má ekki skilja mitt mál svo að ég virði ekki og meti viðleitni landbn. til að laga þetta mál, hún er mjög mikilvæg. Það er að sjálfsögðu allt til bóta hve lítið sem það er. En hvort það er hins vegar fullnægjandi og kemur ekki of seint, í ljósi vinnubragðanna og hvernig þetta hefur allt borið að, er svo annað mál. Áfram stendur ágreiningur um sjálfa grundvallarregluna eða grundvallarskipanina, hvort þetta eigi að vera bannað en síðan leyft með undanþágum eða öfugt.

Ég skildi það svo og það var mér sagt hér á þingi sl. vor — ég sit ekki í landbn. og er ekki sjálfur þar til staðar á fundum — að nefndin væri sammála um að málið væri ekki afgreiðslutækt á því formi sem það var og þess vegna hefði það strandað. Það kalla ég að Alþingi hafi hafnað málinu þótt það hafi ekki gert það formlega í atkvæðagreiðslu. Mér er það ljóst. En hefði málið verið talið í fullnægjandi og góðum búningi, vitandi af þessum þrýstingi, hefði það væntanlega fengið afgreiðslu. Svo fór ekki og mér var sagt að það teldist ekki afgreiðslutækt í þeim búningi sem það var. En það er auðvitað bara spurning um orðalag. Við skulum ekkert hengja okkur í það.

Ég met mikils vilja hv. þm. til að gæta að gersemum í okkar erfðamengi, hvað varðar hina villtu náttúru og stofna okkar. Hér var talað um kúakynið og áður bar á góma landnámshænsnin. Ekki skulum við gleyma íslenska hestinum. Það væri ekki viðeigandi í orðaskiptum þar sem hæstv. landbrh. er til staðar. Þar er eitt einstæðasta erfðamengi íslenskrar tegundar, í hestinum með sínar fjölbreyttu gangtegundir og allt það. Það er ágætt að við minnum okkur á það í umfjöllun um svona mál hvað við eigum, hvað er í húfi og hverju við mundum glata ef mistök yrðu.

[16:34]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fer ekkert á milli mála að þegar frv. var lagt fram á síðustu dögum 128. löggjafarþings taldi nefndin málið mjög umdeilt og viðamikið og þarfnast ítarlegrar skoðunar. Þess vegna var það sent til umsagnaraðila. Fjórir þingdagar voru of fáir til að afgreiða þetta viðamikla mál. Nú hefur nefndin farið mjög ítarlega yfir málið og fengið til sín gesti eins og rakið er í nál. landbn. Frv. hefur tekið breytingum. Þær hafa allar verið gerðar í samráði við hæstv. landbrh. og utanrmn. vegna þess að málið er utanríkismál að miklu leyti.

[16:36]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill tilkynna að stefnt er að því að atkvæðagreiðsla fari fram um þetta mál um klukkan sex í dag.

[16:36]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Enn er verið að bjarga hæstv. landbrh. með breytingartillögum á breytingartillögur ofan eftir að bráðabirgðalög voru sett í sumar með mjög umdeilanlegum hætti. Ég held að það sé dagljóst að verklagið við lagasetninguna í sumar var mjög ámælisvert. Um það vitna nefndarálitin, bæði meiri hluta og minni hluta landbn. Ef maður skoðar allan þann tíma sem hæstv. landbrh. hafði til að undirbúa lagasetninguna og koma í gegnum þingið, í réttan farveg með eðlilegum hætti, þá er ekki neinum vafa undirorpið að mínu mati að hér var ekki vel að verki staðið.

Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni er ljóst að landbrh. er að gæta hagsmuna fiskeldismanna í þessu tilviki. Sumir tala um mikla hagsmuni og aðrir um litla. Litlu verður Vöggur feginn, segir máltækið. Öllum sem til þekkja er ljóst að íslenskt atvinnulíf munar oft um litlar fjárhæðir enda er það í rauninni ekki höfuðatriðið í þessu máli. Höfuðatriðið er að landbrh. ber að gæta hagsmuna fleiri aðila, m.a. handhafa veiðiréttinda, þeirra sem stunda þá iðju að veiða sér til gamans og þeirra sem hafa af því atvinnu að veita þjónustu af því tagi.

Hins vegar er um enn aðra hagsmuni að ræða, þ.e. hagsmuni íslenskrar náttúru. Það er mér óskiljanlegt hvers vegna ekki eru farnar allar þær leiðir sem hugsanlegar eru til að gæta hagsmuna íslenskrar náttúru. Við höfum tækifæri til þess í skjóli alþjóðasamninga. Okkur hefur verið bent á fordæmi

og ég skil ekki af hverju ekki er vísað í náttúruverndarlög. Af hverju eru ekki nýttir allir þeir möguleikar sem við höfum til þess að gæta hagsmuna íslenskrar náttúru, hagsmuna laxveiðimanna og þeirra sem hafa á landsbyggðinni atvinnu af þessari iðju?

Getur verið að hér sé um að ræða, eins og talað hefur verið um, valdatogstreitu milli ráðuneyta? Það kann að vera. Ekki get ég dæmt um það. En ef svo er þá er það afar alvarlegt mál.

Þessi meðferð málsins á Alþingi, allar þær brtt. sem hér hafa komið fram við bráðabirgðalögin frá í sumar, sannar fyrir mér gildi umræðunnar á Alþingi. Umræðan er lóð á þá vogarskál sem við í stjórnarandstöðunni höfum reynt að leggja okkar á í vetur. Við höfum bent á hversu alvarlegt það er fyrir lýðræðið að í þingsölum skuli iðulega aðeins vera fulltrúar stjórnarandstöðunnar að tala um mjög mikilvæg mál sín á milli sem væri mikill fengur í að fá stjórnarmeirihlutann til þess að taka þátt í. Þetta er lifandi dæmi um það, öll meðferðin á þessu máli og allar þær brtt. sem hér hafa komið fram í tveimur hrinum, hversu umræðan er mikilvæg.

Ég vil í lok máls míns, herra forseti, ítreka að það eru þrenns konar hagsmunir sem ber að gæta. Það eru hagsmunir fiskræktenda, fiskeldismanna. Það eru hagsmunir laxveiðibænda og það eru hagsmunir íslenskrar náttúru ekki síst. Ég tel að það beri að leita allra hugsanlegra leiða til að gæta hagsmuna hinna síðarnefndu, sem fara saman. Hagsmunir laxveiðimanna og íslenskrar náttúru fara saman í þessu tilfelli. Ég tel að brtt. minni hlutans sé ráð sem dugi í því efni.

[16:42]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir afskaplega ómerkilegt þegar þingmenn niðurlægja aðra þingmenn með því að tala um það að þeir taki ekki þátt í umræðunni. Ég veit ekki betur en að við 2. umr. hafi allmargir stjórnarliðar tekið þátt í umræðunni. Það er því mjög ómaklegt að halda þessu fram.

Ég vil líka taka fram að 5. gr. laga um innflutning dýra, sem ég las upp fyrr í máli mínu í dag en ég ætla að endurtaka það, er svohljóðandi:

„Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd."

Við þessa umsagnaraðila hefur meiri hlutinn í landbn. bætt erfðanefnd landbúnaðarins.

[16:43]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur misskilið orð mín áðan þegar ég var að tala um þátttöku í umræðunni. Ég var ekki að vísa til umræðunnar um lax- og silungseldi heldur var ég að vísa til umræðunnar hér á Alþingi almennt. Hér brennur því miður mjög oft við að engir aðrir eru í þingsölum en þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna. Hér hafa nokkrir þingmenn stjórnarflokkanna verið viðstaddir umræður um lax- og silungsveiði, ekki alltaf margir en þó alltaf hv. formaður landbn., það má hún eiga.

Það var ekki þessi umræða sem ég var að vísa til heldur umræðan almennt. Ég ítreka að það er mikilvægt að sem flest sjónarmið komi fram í umræðum. Ég benti á að meðferð frv. sem við höfum hér í höndunum núna og þær fjölmörgu breytingartillögur sem við það hafa verið gerðar eru vottur um hversu mikilvæg umræðan er.

Mér er fullkunnugt um allar tillögur meiri hluta landbn. við frv. sem upphaflega lá fyrir og var samþykkt í vor. Þær eru vissulega allar til bóta en ekki nægilega, að mati okkar í minni hluta nefndarinnar.

[16:45]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er umræðan mjög mikilvæg. En ég vil bara taka það fram vegna þess að nafn mitt var nefnt hér að þannig vill nú til að tveir stjórnarliðar í hv. landbn. eru staddir erlendis í störfum fyrir þingið. Þess vegna eru þeir ekki við umræðuna í dag. Mér finnst bara ómerkilegt að segja að stjórnarliðar nenni ekki að taka þátt í umræðunni.

En varðandi það sem var rætt áðan um hagsmuni veiðiréttarhafa í þessari grein þá eru þeir æðimiklir og það miklir hagsmunir felast í því að rétt sé á málum haldið. Ég tel að með þessari efnismeðferð frv. hafi það verið tryggt.

[16:46]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að vera mat hvers og eins hvað er merkilegt og hvað er ómerkilegt. Ég ætla hins vegar að benda hv. þm. Drífu Hjartardóttur á að ég notaði aldrei þau orð að þingmenn stjórnarmeirihlutans nenntu ekki að sitja í þingsölum Alþingis við umræður. Ég kann enga skýringu á því. En staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli.

[16:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að ræða lítillega um stefnu okkar í Frjálsl. í fiskeldismálum. Hæstv. landbrh. fjallaði lítillega um það hér. En mér fannst nú kannski ekki það sem hann sagði um stefnu okkar gefa rétta mynd. Við höfum velt þessum atvinnuvegi talsvert fyrir okkur og leggjum áherslu á að menn stundi eldi á innlendum fiski. Við höfum hugsað okkur að bleikja gæti vel hentað í íslenskri náttúru.

Við erum alfarið á móti innflutningi og því að verið sé að ala erlendan lax við strendur landsins. Hvers vegna er það? Jú, við teljum að verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni, þ.e. að verið sé að stefna í hættu hagsmunum veiðiréttarhafa. Síðan eru umhverfisskilyrðin í öðru lagi hér við strendur landsins ekki jafngóð og í þeim löndum sem eru komin lengra á veg með eldi lax. Þau eru bæði komin lengra, standa framar tæknilega og auk þess eru umhverfisskilyrðin lakari hér. Hitastig hér í sjónum er lægra og þess vegna ætti vöxtur að vera minni og hægari en útlöndum. Einnig eru veður oft og tíðum vályndari hér en erlendis, í þeim löndum sem við ætlum að fara í samkeppni við.

Við erum að tala um 3–4 milljarða á ári í innkomu í þessum laxveiðiðám. Við teljum að menn eigi að fara varlega áður en farið er stofna þessum tekjum í hættu. Eins og ég rakti áðan, þá er hætt við að þessi atvinnuvegur sem er nú að fara af stað fyrir Austurlandi gangi illa þegar samkeppnisskilyrðin eru verri. Og hvað gerist í þessum atvinnurekstri þegar fer að ganga illa? Jú, þá er oft erfiðara að framfylgja því að lögum sé fylgt og reglum sé fylgt eftir og hætt er við því að fiskur sleppi frekar ef illa gengur. Nú ætla ég ekki að vera með neinar hrakspár fyrir þennan atvinnuveg. En vissulega eru umhverfisskilyrðin lakari en í Noregi.

Þær brtt. sem eru lagðar til á bráðabirgðalögunum sem eru hér til umræðu eru allar til bóta. Ég tel að við eigum ekki endilega að þakka okkur bara sem hér erum inni fyrir að hafa rætt þetta. Það hefur náttúrlega farið fram mikil vinna hjá hagsmunafélögum, veiðiréttarhöfum, sem hafa lagt mikla vinnu í að koma íslensku laxastofnunum til verndar, vekja menn og gera okkur kleift að girða fyrir svo að ekki fari illa.

Af þeim tveimur kostum sem liggja fyrir gengur tillaga minni hluta landbn. lengra til verndar íslensku laxastofnunum en tillaga meiri hlutans. Þess vegna styðjum við í Frjálsl. tillögu minni hlutans. Þá er valdið fært til umhvrn. Við teljum að það muni verða til þess að sjónarmið náttúrunnar og veiðiréttarhafa verði frekar í heiðri höfð en ef málið væri eingöngu hjá hæstv. landbrh.

Nú er svo komið að hæstv. landbrh. hefur viðurkennt að íslenskum ám stafi hætta af strandeldi. Það hefur komið fram. Það hefur líka komið fram að íslenskri náttúru stafar hætta af þessu. Þess vegna verður hæstv. landbrh. að svara spurningu sem brennur á þeim sem hafa hagsmuna að gæta, eru veiðréttarhafar: Hvað ef illa fer, ef lax sleppur og laxastofnar í ám eyðast? Hver ber ábyrgðina? Þessu verður hæstv. landbrh. að svara. Hvernig á að tryggja að menn fái einhverjar bætur?

Hæstv. landbrh. hefur boðað hér sí og æ strangar reglur, mjög strangar reglur. Ég hef ekki séð þær. Í framhaldi af því er rétt að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann muni taka pólitíska ábyrgð á því að farið verði eftir reglunum.

[16:52]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Ég hef sem nýliði á Alþingi og í umhvn. reynt að leggja mig eftir röksemdum sem hafa verið færðar fram fyrir setningu bráðabirgðalaganna og málflutningi bæði laxeldismanna og þeirra sem stunda sjókvíaeldi. Ýmislegt hefur komið mér mjög á óvart.

Mér hafa ekki komið á óvart þær deilur sem hafa risið um setningu bráðabirgðalaganna. Eins og fram hefur komið er setning þeirra næsta einstæð í þingsögunni og í besta falli takmarkatilvik. Jafnvel má leiða að því rök að setning þeirra fari í bága við anda stjórnarskrárinnar.

Það hefur hins vegar vakið mér undrun að við sjálfa lagasetninguna og við innleiðingu tilskipunar nr. 91/67/EBE skuli ekki vera farið eftir þeim ábendingum sem augljóslega eru gefnar í EES-samningingnum sjálfum og í tilskipuninni sjálfri og þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar heldur valin sú leið að hafa þetta allt á forræði landbrn. og reyna að reisa skorður út frá sjúkdómavörnum og þess háttar hlutum í staðinn fyrir að vísa til umhverfis- og náttúruverndarlaga og alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Þetta er annað atriðið. Hitt er það, þegar maður hlustar á rök stangveiðimanna og laxeldismanna, hve niðurstöður rannsókna sem þeir vísa til eru mismunandi. Þar mætast stálin stinn og menn skylmast með rannsóknarniðurstöðum, getur maður sagt. Mig langar til að fara aðeins yfir þessi tvö atriði.

Það er augljóst að í 13. gr. EES-samningsins, eins og margoft hefur komið fram, er hægt að réttlæta verndaraðgerðir á lífi og heilsu dýra og vistkerfum. Í tilskipuninni sjálfri sem hér er verið að innleiða í lög með bráðabirgðalögum og staðfestingu þeirra er í 2. mgr. 1. gr. I. kafla sagt að hún gildi með fyrirvara um ákvæði Evrópusambandsins sjálfs eða innlendra ákvæða um verndun tegundanna. Sjálfur umhverfiskommissar Evrópusambandsins, Margot Wallström, hefur lagt áherslu á það í opinberu bréfi að mikil nauðsyn sé að varðveita líffræðilega fjölbreytni og gæta fyllstu varúðar þegar tegundir eru fluttar milli svæða, eins og komið hefur fram í þessum umræðum á Alþingi, bæði vegna hættu á blöndun erfðaeiginleika og neikvæðum áhrifum þess og vegna þess að sumar tegundir sem fluttar eru milli landa geta gerst mjög ágengar í nýju vistkerfi, nýju lífríki, og útrýmt þeim tegundum sem þar eru fyrir.

Þarna er okkur bent á að við getum leitað út fyrir EES-samninginn og í þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum samkvæmt alþjóðasamningum. Við erum aðilar að Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og í samræmi við það hafa verið sett náttúruverndarlög, nr. 44/1999, sem fjalla m.a. um innflutning framandi lífvera. Þar segir í 41. gr. um innflutning og ræktun og dreifingu á lífverum að umhvrh. sé heimilt að setja í reglugerð skrá yfir plöntur sem ekki má flytja inn og líka skrá yfir dýr sem ekki má flytja inn. Það hefur komið fram í þessum umræðum að fyrrnefnda skráin er fyrirliggjandi en sú síðarnefnda mun vera skammt á veg komin, svo ekki sé meira sagt, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef.

Af þessum málsástæðum er algjörlega augljóst, eins og minni hluti landbn. kemst að, að frá lagatæknilegu sjónarmiði vegna uppbyggingar laganna er eðlilegast að ákvæðið eða fyrirvarinn um að heimildin til þess að flytja inn eldisdýr, krabbadýr og lindýr sé ekki alveg opin, komi strax inn í 1. efnismálsgrein laganna þar sem talað er um að opna fyrir innflutning vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga okkar, þ.e. að þá komi fyrirvarinn sem heimill er þar inn samkvæmt því sem gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Þess vegna hefði verið hægt að koma í veg fyrir allan þennan hrakning landbrh. í málinu ef strax í 1. mgr. hefði verið tekinn af allur efi um að heimildin væri í gildi nema önnur lög svo sem náttúruverndarlög og alþjóðasamningar sem Ísland er skulbundið af banni slíkan innflutning vegna sjónarmiða um verndun tegunda, stofna, vistgerða eða viskerfa. Vissulega snýst þetta ekki bara um sjúkdómavarnir eins og viðurkennt er í brtt. meiri hluta landbn. þar sem í rauninni er verið að reyna að þvæla inn í öryggisákvæði bráðabirgðalaganna tilvísun í 4. gr. umhverfislaga þar sem tekið er fram að landbúnaðinum sé heimilt að grípa til bannákvæða og um leið er verið að leggja honum það á herðar að hann eigi nú að spjalla við ýmsar umhverfisstofnanir áður en hann grípur til þess heimildarákvæðis.

Ég held að þetta sé mjög mikill galli á lögunum. Þó menn hafi talað um fegrunaraðgerðir af hálfu meiri hluta landbn. varðandi þessi bráðabirgðalög og talið þau heldur til bóta þá held ég að lagasetningin sjálf verði aldrei talin fagur smíðisgripur. Það er þó kannski alvarlegra að hætt er við því eins og lögin eru byggð upp, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði í ræðu sinni í dag, að innan Evrópusambandsins verði litið á þetta sem dæmigerðar tæknilegar viðskiptahindranir sem þar eru litnar hornauga og mjög líklegt er að skoðað verði af EES-dómstólnum hvort þær fái staðist í okkar löggjöf. Því er ekki víst, þó þessi bráðabirgðalög verði staðfest, að við höfum séð fyrir endann á málinu. Það gæti komið aftur til kasta hv. þingmanna eftir umfjöllun á vettvangi Evrópusambandsins.

Aftur að þeim deilum sem risið hafa milli stangveiðimanna og laxeldismanna. Þær eru að mörgu leyti eðlilegar. Stangveiðimenn óttast að strokulaxar úr sjókvíum gangi í ár, spilli hrygningu villtra stofna og leiði til óæskilegrar erfða-

blöndunar. Óttinn stafar náttúrlega af því að laxeldi virðist vera í mikilli sókn hér á landi. Aukninguna má alla rekja til fárra eða stórra aðila sem hafa komið inn í greinina og sameina aðgang að nýrri tækni, miklu fjármagni og öflugu markaðskerfi fyrir laxeldisafurðir. Til marks um sóknina í laxeldisleyfi er að nú þegar er búið að fá leyfi fyrir eldi á meira en 20 þús. tonnum. Stærsta eldisstöðin sem áformað er að setja á laggir mun samkvæmt áætlunum framleiða fast að 8 þús. tonnum af laxi fáist tilskilin leyfi. Það er athyglisvert að það er meira en nokkur einstök eldisstöð framleiðir í heiminum í dag. Því er skiljanlegt að stangveiðimenn hafi af þessu nokkrar áhyggjur. Þeir kvíða þó mestu meintum áhrifum kynbætta norska stofnsins sem alfarið er notaður í sjóeldi hér á landi. Stofninn vex mun hraðar en innlendir stofnar og hefur verið kynbættur sérstaklega til að ná fram síðbúnum kynþroska. Sá eiginleiki tryggir mikinn og langvarandi vöxt þar sem laxinn er löngu kominn í sláturstærð þegar hann verður kynþroska. Eldismenn benda hins vegar á að síðbúni kynþroskinn tryggi einmitt að strokulax muni engin áhrif hafa á villta stofna þar sem hann verði löngu horfinn úr vistkerfi sjávarins áður en hann verður kynþroska. Um þetta atriði er deilt.

Landbrh. hefur, eins og við höfum heyrt margoft í þessum umræðum, takmarkað laxeldi í sjókvíum við það sem hann kallar sjálfur langa, mjóa og djúpa firði á Austurlandi og staðhæfir að strokulax gangi þaðan til Færeyja. En þar er ekki að finna náttúrulegan laxastofn samkvæmt upplýsingum sem fram komu hjá Gísla Jónssyni, dýralækni fisksjúkdóma, á fundi Stangaveiðifélags Reykjavíkur á Grand Hótel í síðustu viku. Stangveiðimenn telja þetta hins vegar alrangt. Að þeirra mati getur kynbættur norskur lax dvalið og vaxið í hafinu úti fyrir Austurlandi og gengið sem stórlax í austfirsku árnar og spillt stórlega hrygningarsvæðum og erfðamengi náttúrulegs lax. Þetta er annað dæmi um ágreining.

Í svari landbrh. við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar á þingmáli nr. 180 kemur fram að 3 millj. 53 þús. laxar hafi verið settir í sjókvíar í Mjóafirði árið 2001, 2002 og nú nýverið 2003. Þar eru nú í sjókvíum 2 millj. 68 þús. laxar og 260 þús. 983 löxum hefur verið slátrað.

Hv. þm. Jón Gunnarsson vakti athygli á því í umræðum á Alþingi 7. nóvember að samkvæmt þessu hefðu 724 þús. laxar annaðhvort sloppið úr kvíunum eða drepist í þeim. Engin svör hafa enn fengist um afdrif þeirra. En hæstv. ráðherra landbúnaðarmála, Guðni Ágústsson, hefur jafnan fullyrt að enginn eldislax sleppi úr kvíunum.

Þannig stendur styr um fjölmargar aðrar staðhæfingar af hálfu hinna ýmsu aðila deilunnar. Þetta kom glöggt fram á þeim fundi í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur sem ég nefndi áðan.

Vigfús Jóhannsson, líffræðingur og formaður Landssambands fiskeldisstöðva, staðhæfði að engar vísindalegar rannsóknir lægju fyrir sem bentu til þess að eldisfiskur spillti villtum stofnum.

Guðni Guðbergsson, deildarstjóri og fiskifræðingur á Veiðimálastofnun, hélt hinu gagnstæða fram í erindi á fundinum og taldi margar nýlegar vísbendingar úr rannsóknum styðja fullyrðingar um spillingu stofna af völdum eldis.

Það vekur athygli að sérfræðingarnir virðast ekki einu sinni vera sammála um staðreyndir sem hægt er að sannreyna tölulega. Þannig hélt einn fiskifræðingur því fram á upplýsingafundi Stangaveiðifélags Reykjavíkur að tíðni strokulaxa úr eldi væri 2–3% meðan annar staðhæfði að meðaltal sl. þriggja ára væri 0,1% og töldu báðir sig byggja á alþjóðlegum reynslutölum.

Sömuleiðis virðast vera á kreiki misvísandi upplýsingar úr rannsóknum um æxlunarþrótt eldislaxa og blendinga þeirra og villtra laxa, hegðun þeirra í búsvæðum villtra stofna í ám og lífsþrótt seiða sem undan þeim koma.

Þá eru sérfræðingar heldur ekki á einu máli um hvaða afleiðingar strokulaxar hafi haft á náttúrulega laxastofna og er sláandi t.d. hversu mikill munur er á upplýsingum frá annars vegar Vesturheimi og hins vegar Norður-Evrópu.

Þegar svona er í pottinn búið og menn skylmast með rannsóknarniðurstöðum og ekki virðist vera hægt að fá neinn óyggjandi vísindalegan grunn eða sæmilega vísindalegan grunn til þessa að byggja umræðuna á þá er í fyrsta lagi afar nauðsynlegt að gæta varúðarreglu á öllum sviðum og að gulu og rauðu ljósin séu blikkandi í öllum okkar athöfnum varðandi laxeldismálin.

Því hef ég farið yfir þessar deilur að við erum nokkrir þingmenn sem munum flytja till. til þál. um sambúð laxeldis- og stangveiði þar sem lagt er til að nefnd sérfræðinga verði af hálfu ríkisstjórnar sett í að reyna að fá einhvers konar niðurstöðu í þessar deilur og einhvers konar sameiginlegan grunn þar sem t.d. alþingismenn og aðrir sem vildu taka þátt í ákvörðunum geta staðið á þegar ákvarðanir eru teknar í þessum málum. Ég held að það sé hið þarfasta verk. Það hlýtur að vera hægt að komast nær staðreyndum og nær sameiginlegum vísindalegum grunni til að standa á heldur en nú er í þessari umræðu. Að því viljum við stuðla því eins og sagt hefur verið í þessari umræðu þá eru þegar tveir atvinnuvegir í þessu landi, annar í mikilli sókn og þó hann sé einangraður við ákveðið landsvæði þá er um mjög stórar laxeldisstöðvar að ræða. Hins vegar eru svo 4.300 veiðiréttarhafar á 1.860 lögbýlum í landinu sem hvert um sig hefur um 1. millj. kr. í tekjur af sölu laxeldisleyfa. Laxveiði er atvinnugrein sem veltir í heild um a.m.k. 3 milljörðum á ári. Þarna er í húfi það sem menn kalla gjarnan erfðagóss sveitanna og hefur gríðarleg áhrif á afkomu og búsetu í landinu. Þess vegna vil ég endurtaka að mér þykja tillögurnar frá minni hluta landbn. vera það skynsamlegasta sem sagt hefur verið í málinu til þessa.

[17:09]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Umræðan hér í dag og eins sú fyrir helgi þegar málið var rætt við 2. umr. hefur dregið mjög skýrt fram að það flan hæstv. landbrh. og ríkisstjórnarinnar í heild sinni í sumar að setja umrædd bráðabirgðalög er eitt allsherjarklúður. Hlutverk þingsins hefur alfarið verið að reyna að bjarga þessu klúðri enda hefur í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram varla einn einasti stjórnarþingmaður komið upp til þess að ræða málið og verja þetta, ef undan er skilin hv. þm. Drífa Hjartardóttir sem vegna embættisskyldu sinnar hefur haft það hlutverk að reyna að verja þessar gjörðir. Er hv. þm. vorkunn að hafa þurft að gera það. Þó má segja henni til hróss, og henni hefur verið hælt fyrr í umræðunni, að hv. þm. hefur þó gert það sem í hennar valdi hefur staðið til þess að setja tiltekin stoðtæki á hæstv. landbrh. svo hann sökkvi ekki alveg til botns.

Það sem hefur algerlega vantað í þessa umræðu er svarið við spurningunni um hvernig stóð á því að þessi bráðabirgðalög voru sett. Hvernig stóð á því í upphafi að ráðist var í þessa aðgerð? Engin skýr svör hafa komið fram. Hæstv. ráðherra hefur verið á algerum flótta frá þessu tiltekna máli. Hann

hefur vísað til þess að lögleiða hafi þurft tiltekna tilskipun. Það hafði legið fyrir í eitt og hálft ár — eitt og hálft ár — í ráðuneytinu að lögleiða þurfti þessa tilskipun. Það lá einnig fyrir að þingmálið kom fyrir á Alþingi í mars sl. og þá hafnaði þingið málinu. Þingið hafnaði málinu vegna þess að þing hafnar þeim málum sem það afgreiðir ekki. Alþingi Íslendinga hafnaði málinu. Og þrátt fyrir að frekari bréf hafi komið frá Evrópusambandinu og ESA um að nauðsynlegt væri að lögleiða þá tilskipun sem er grunnurinn að þessu þá taldi hæstv. landbrh. enga ástæðu til að lögleiða þessa tilskipun á vorþinginu síðasta.

Það hafa því ekki komið fram nein sjónarmið sem réttlæta það að þeir miklu hagsmunir sem hér hafa verið kallaðir erfðagóss sveitanna séu settir í uppnám eins og hér hefur verið gert. Engin rök hafa komið fram.

Hæstv. landbrh. hefur verið spurður hvort veruleikinn sé sá að hann hafi ekki staðið í lappirnar þegar fulltrúar tveggja fyrirtækja komu og lýstu því yfir að það væri algerlega nauðsynlegt vegna hagsmuna sinna að grípa til þessara aðgerða. Hann hefur ekki svarað þeirri spurningu, hæstv. ráðherra. En það eru einu sjónarmiðin sem hægt er að tala um að hafi komið hér fram í umræðunni sem skýra af hverju þetta er gert.

Hæstv. landbrh. hefur einnig komið sér í sögubækur með þessari bráðabirgðalöggjöf. Ég held að þetta dæmi verði án efa notað í öllum lagadeildum landsins héðan í frá vegna þess að einnig hefur komið fram að hvergi í þingsögunni er að finna fordæmi þess að menn hafi gripið til bráðabirgðalagasetningar af jafnlitlu tilefni og raun ber vitni, hvergi. Þess vegna er ekki við nein fordæmi að styðjast þegar menn eru að reyna að bera þetta saman, ekki nokkur.

Ekki er nema von að hér í umræðunni hafi komið fram að menn óttast mjög að ef þetta verður viðurkennt sem löglegur gjörningur þá munum við sjá hin ólíkustu tilbrigði og stef koma frá hæstv. ráðherrum á þeim tíma sem þingið ekki situr. Vakin var athygli á því að við gætum átt von á lögum um umboðsmann hundsins og sjálfsagt gæti ýmislegt borist hingað í formi bráðabirgðalöggjafar ef þetta stenst.

Auðvitað hefur maður verulegar áhyggjur af ráðuneyti sem lætur sér til hugar koma að setja bráðabirðgalög. Á hinn bóginn má kannski líka segja það fullum fetum að þetta er náttúrlega á ábyrgð annarra í ríkisstjórninni. Vissulega hefðu aðrir ráðherrar átt að hafa vit fyrir hæstv. landbrh. Þetta átti aldrei að gerast.

Eftir stendur spurningin: Hvernig má það vera að svona klúður eigi sér stað, og hlutverk þingsins verði aðeins eitt, þ.e. að reyna að hysja buxurnar upp um hæstv. ráðherra? Á daginn kemur að vegna deilna um hvar völdin skulu liggja í málinu er ekki einu sinni haft samstarf við það fagráðuneyti sem ekki síður ætti að koma að málinu, sem er umhvrn. — Þar mætir nú hæstv. landbrh. í salinn og ber að fagna því. — Ekki nokkurt samstarf er haft við hæstv. umhvrh. vegna þessa tiltekna máls.

Ég veit ekki hvað veldur, virðulegi forseti. En eitt af því sem kemur upp í hugann er sú staðreynd að ljóst er að mikil keppni er í Framsfl. núna um það hverjir skuli halda sæti sínu, hverjir skuli halda ráðherrastól sínum og hverjir gera það ekki þegar líður á haustið. Vel má vera að þar liggi að einhverju leyti skýringin á því að þessir tveir hæstv. ráðherrar hafa ekki treyst sér í það samstarf sem þarf að vera og greinin hefur fyrir vikið þurft að líða fyrir þær deilur.

Ég vil ítreka af því hæstv. ráðherra er kominn í hús, að hæstv. ráðherra verður að skýra það fyrir þingheimi á skýran og einlægan hátt hvers vegna ráðist var í þessa bráðabirgðalöggjöf. Ekki hafa komið fram ein einustu rök frá hæstv. ráðherra, (**Landbrh.:** Jú, jú.) sem réttlæta það að setja þessa miklu hagsmuni sem hafa verið kallaðir erfðagóss sveitanna í uppnám af jafnlitlu tilefni og raun ber vitni. (Gripið fram í.) Ekki ein einustu rök hafa komið fram í málinu. Búið er að fara yfir það að þetta lá í eitt og hálft ár í ráðuneytinu. Búið er að fara yfir það að þingið kom saman eftir að síðasta varnaðarbréfið kom frá Brussel. Búið er að fara yfir alla þessa þætti. Það stendur ekki steinn yfir steini. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa eitthvað uppi í erminni á lokaspretti þessarar umræðu, þó ekki væri nema til að reyna að lagfæra það aðeins hvernig hann kemur út úr þessari umræðu. Því ef ekki koma fram frekari rök, þá hljóta efasemdir mjög að vaxa um að ráðuneytið og hæstv. ráðherra sé hæfur til að sinna því hlutverki sem hann hefur. Það hljóta að vakna upp verulegar efasemdir um það.

Þá verður einnig að fara yfir, virðulegur forseti, að nú liggja fyrir leyfi upp undir 30.000 tonn að því er varðar laxeldi. Ef sami fjöldi — og ætla ég þá ekki að vísa til svars sem hæstv. ráðherra veitti hv. þm. Jóni Gunnarssyni um hvað orðið hafi af fiski í sjókvíum landsins. Ef við tökum sömu prósentutölu og er hjá Norðmönnum, þá þýðir það að 60.000 fiskar muni sleppa úr kvíum, þ.e. 1%. Það þýðir að 60.000 fiskar ef við miðum við 1% sem er sama hlutfall og í Noregi muni sleppa úr kvíum. Og það er jafnvel stærri tala en allur villti laxastofninn. Bara svo menn geri sér í hugarlund hve miklir hagsmunir eru hér í húfi og hvaða hagsmunum er verið að tefla í tvísýnu.

Þegar þetta er allt saman haft í huga hljóta menn að spyrja og ítreka þá spurningu: Hvernig verður bráðabirgðalagasetningin frá því í sumar skýrð sem án efa á eftir, eins og ég sagði í ræðu minni áður en hæstv. landbrh. gekk í hús, að koma honum í sögubækur sem vísað og vitnað verður til í öllum lagadeildum landsins um hvernig á ekki að fara með bráðabirgðalagasetningarvaldið.

Þá vildi ég líka nefna að hæstv. ráðherra hefur verið ódeigur við að halda því fram að heimsathygli hafi vakið að hæstv. ráðherra hafi ákveðið að fiskeldi skuli ekki fara fram á tilteknum svæðum. Ég held að nauðsynlegt sé að upplýsa það að fyrir löngu og víða hafa verið teknar ákvarðanir um að friða tiltekin svæði. Þannig að það er ekkert nýtt í þessu þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðherra.

Ég vitnaði til greinar fyrr í dag sem rituð var í Morgunblaðið í gær. Þar er því haldið fram að þeir laxar sem hugsanlega kunna að sleppa úr fiskeldinu muni ekki fara til Færeyja heldur muni straumar bera þá réttsælis um landið. Nú ætla ég ekki að þykjast hafa vit á því hvernig þetta gerist, en hins vegar virðist mér að sú grein sem þar er rituð sé sett saman af verulegri þekkingu og ekki sé ástæða til að draga í efa það sem þar er fullyrt. En það þýðir þá að þeir laxar sem sleppa muni án efa berast í þær ár sem við nú viljum vernda.

Það er einnig annað sem ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á og sem er mjög miður, að vegna þessa klúðurs hæstv. ráðherra frá því í sumar sem þingið er núna að reyna að bjarga þá hefur umræðan eiginlega spunnist í þann farveg að hér sé um að ræða hagsmuni sem ekki geti farið saman. Í raun sé verið að taka afstöðu með einni greininni á móti annarri. Vissulega er það ekki hugmyndin með umræðunni en vegna þess hversu erfitt hefur verið að leysa úr því klúðri

sem hæstv. ráðherra stóð fyrir í sumar, og ríkisstjórnin öll ber ábyrgð á, þá hefur umræðan farið í þennan farveg og það er mjög slæmt. Við vitum öll sem hér erum inni hve mikilvægt það er að efla atvinnulíf á landsbyggðinni og fiskeldi er eitt tækifærið hvað það varðar.

Ég vil, virðulegi forseti, einnig gera frekari grein fyrir þeirri tillögu sem minni hluti landbn. hefur lagt fram, en vitaskuld felst efnislega í henni, úr því að stjórnmálasamband er svona lítið milli hæstv. landbrh. og hæstv. umhvrh., að verið er að tryggja að hæstv. umhvrh. komi að því að taka ákvörðun um innflutning dýra, verið er að tryggja það. Að sama skapi er verið að tryggja að þeir alþjóðasamningar sem varða vernd og viðgang náttúrunnar, að til þeirra sé hægt að vísa og lögfesta þær forsendur sem menn geta vitnað til þegar og ef nauðsynlegt reynist að vísa til þeirra.

Sú tillaga gengur miklum mun lengra og í reynd færir okkur í þann farveg sem við viljum hafa þessi mál og í samræmi við það sem umhverfisráðherra Evrópusambandsins, eins og nefnt hefur verið hér, hefur lagt til, þ.e. að fara umhverfisleið, náttúruverndarleið í stað þess að fara þá tæknilegu viðskiptahindrunarleið sem byggir alfarið eða svo til alfarið á þeim rökum að koma í veg fyrir að fisksjúkdómar berist til landsins.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að hæstv. landbrh. hefur varanlega tryggt sess sinn í sögubókum. Ég átti ekki von á að hæstv. ráðherra mundi tryggja sig svona tryggilega í sögubókum er lúta að lögfræði. Ég verð að játa að það kom mér verulega á óvart. Ég átti von á að hæstv. ráðherra mundi einhvers staðar vinna þau afrek að hans yrði minnst, en að hans yrði minnst sérstaklega fyrir klúður í bráðabirgðalöggjöf er reyndar hlutur sem ég átti ekki endilega von á.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að mikilvægt er áður en þessari umræðu lýkur að hæstv. ráðherra segi satt frá og í einlægni, (**Landbrh.:** Búinn að því.) — í einlægni (**Landbrh.:** Ég er búinn að því.) hvað gerði það að verkum að hæstv. ráðherra fór umrædda leið. Búið er að fara yfir öll sjónarmið sem hæstv. ráðherra hefur sett fram. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Það hljóta að liggja einhver sjónarmið sem hæstv. ráðherra situr á og hefur ekki viljað upplýsa okkur aðra hv. þm. um sem gera það að verkum að réttlæta megi þennan gjörning. Ef ekki, þá standa eftir, virðulegi forseti, og munu örugglega ört vaxa efasemdir um hæfi landbrn. til að sinna hlutverki sínu. Það verður einfaldlega þannig.

Ég trúi því og treysti að hæstv. ráðherra komi hér upp í umræðunni og upplýsi okkur um þau leyndu sjónarmið sem við höfum ekki komið auga á þrátt fyrir talsverða yfirlegu sem gerir það að verkum og skýrir út að hæstv. ráðherra er líklega búinn að festa sig varanlega í sessi í lagabókum landsmanna.

[17:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé alltaf betur og betur þegar ég hlusta á hv. þm. hvað lögfræðin er skemmtilegt svið sem spannar vítt yfir, hvað menn geta verið frjálslyndir í henni og lært margt, bæði svart og hvítt og hika ekki við að slá því fram. En það er auðvitað málflutningur sem ekki gengur upp. Auk þess að fara frjálslega með lögfræði sem hv. þm. veit að er með allt öðrum hætti en hann lýsir, þá ástundar hann dálítið að segja kjaftasögur, þær eru oft skemmtilegar en þær eiga heldur ekki við í þessu máli. Hann vill gera mikið úr því að umhvrh. og landbrh. séu ósáttir sem er bara hrein firra. Ég stend með umhvrh. í rjúpunni og barðist með henni hérna í þinginu á dögunum og geri það áfram.

Þannig er málum háttað að Hafrannsóknastofnun er líffræði- og vísindastofnun hafsins. Veiðimálastofnun er vísindastofnun ánna og vatnanna. Náttúrufræðistofnun er vísindastofnun á þurru landi. Samt sem áður kemur Náttúrufræðistofnun að t.d. erfðanefnd landbúnaðarins og kemur þess vegna inn í þeirri brtt. sem landbn. flytur. En það eru víða gagnvegir í þessu.

Ég hef farið ítarlega yfir hvers vegna bráðabirgðalögin voru sett og gerði það af einlægni, en þegar menn eru hér aðeins eða tala og hlusta ekki þegar maður svarar þá er erfitt að eiga við það að vera alltaf að tyggja sömu ræðuna. Hv. þm. skammaði mig nú sérstaklega á dögunum fyrir að flytja alltaf sömu ræðuna, hann vildi hafa þær fjölbreyttar og nýjar. Ég vísa til þinggagna, rök mín eru skráð þar. Ég hef farið vel yfir það hvers vegna bráðabirgðalögin voru sett og hv. þm. veit að það var þjóðréttarleg skuldbinding. Ísland stefndi fyrir dómstóla í Evrópu og var talið að íslenska perlan í norðri uppfyllti ekki heilbrigðiskröfur og heilbrigðisástand í dýrum að mati ESB. Það var mjög alvarlegt ástand fyrir Íslendinga.

[17:29]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. kom hér upp, hélt því fram að málflutningurinn væri svartur og hvítur og byggði á kjaftsögum. Ég verð að játa ég beið spenntur eftir framhaldinu. Ég beið spenntur eftir því að hæstv. ráðherra mundi útskýra kannski hvað í þeim fullyrðingum hans fælist. (**Gripið fram í:** Hann gerði það.) Það kom ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur. Ekki neitt.

Í hverju felst þessi svarti og hvíti málflutningur? Hvar hefur verið vitnað til kjaftasagna? Þetta verður hæstv. ráðherra að skýra miklu betur, annars verður hann ómerkur orða sinna.

Hvað varðar þjóðréttarlegu spurninguna, þá hafði hún legið fyrir í eitt og hálft ár. Hún lá einnig fyrir áður en þing kom saman í vor öðru sinni, eftir að þingið hafði hafnað frv. sem kom fram í mars. Þjóðréttarlegu skuldbindingarnar lágu fyrir fyrir löngu síðan. Þær réttlæta ekki þessa bráðabirgðalagasetningu. Það er langur vegur frá því. Ef svona mikið hefur legið við, þá gat hæstv. ráðherra verið búinn að leggja þetta fram fyrir löngu.

Eftir stendur, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hefur ekki enn komið fram með nokkur rök sem réttlæta það að gripið var til þessara aðgerða í sumar. Ekki ein einustu rök sem halda nokkru.

[17:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stundum held ég að þessi hv. þm. sé heyrnarlaus. Hann var sjálfur fyrir tveimur mínútum síðan með kjaftasögur, kjaftasögur um að það væri ágreiningur á milli landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra í þessu máli og illt á milli þeirra. Þetta voru kjaftasögurnar sem hann ástundaði hér áðan í langri ræðu og leiðinlegri. Þannig liggur það fyrir.

Ég segi það hér að við trúðum því að við fengjum þessa undanþágu áfram. Við trúðum því að þegar málið væri komið fyrir þingið eins og það var, þá gerist það oft í Evrópu að svona öldur lægir, þá sjá menn að vilji stjórnvalda er til að koma málinu áfram og að tilskipuninni yrði fullnægt í haust

með lagasetningu hér. Ég trúði því. Það gerðist bara allt annað í Evrópu. Þessa gagnvegi varð að opna með boðum og bönnum. Íslensk stjórnvöld lágu undir því að heilbrigðisástand á Íslandi, ekki bara í eldisdýrum og matvælum, væri óásættanlegt og viðskiptabann sett hingað. Það varð til þess að við urðum að grípa til þessara bráðabirgðalaga. Ég var ekkert einn á þeim báti. Ríkisstjórnin reri öll þeim báti og var sammála um það. Og forseti Íslands skrifaði undir og staðfesti þau lög. Það vita það allir og það veit hv. þm. langbest sem löglærður maður, ef hann hefur ekki gleymt þeim fræðum og þarf á endurmenntun að halda, að brjóta þjóðréttarlega tilskipun er alvarlegt mál í lögfræði. Ég er ekki frá því að nemendurnir í lögfræði verði áminntir um að viðhalda sér í greininni þó þeir sleppi nokkra stund inn á Alþingi Íslendinga.

[17:33]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun sjálfsagt vera þrautin þyngri fyrir marga sem hlýddu á þessa ræðu að reyna að átta sig á því á hvaða ferðalagi hæstv. landbrh. var. Það er hefðbundið haldreipi sem er gripið til þegar fátt er um rök, að þetta sé bara Alþýðuflokknum sáluga að kenna. Það er þá Alþýðuflokkurinn sálugi sem ber alla ábyrgð á klúðri hæstv. landbrh., (**Landbrh.**: Nei nei.) vegna þess að hann á að hafa opnað einhverja gagnvegi fyrir þetta mál.

Virðulegi forseti. Enn og aftur er þetta dregið fram með skýrum hætti. Það stendur ekki steinn yfir steini hjá hæstv. landbrh. Þetta er einhver átakanlegasti málflutningur sem um getur frá því ég kom hingað inn.

Ég vil ítreka það, virðulegi forseti, að þingið hefur gert sitt til þess að hysja buxurnar upp um hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar ekki tekið það í mál að fara þá leið sem honum hefur verið bent á að sé ólíkt skynsamlegri. Hæstv. ráðherra hefur ekki viljað taka það í mál.

Eftir stendur, virðulegi forseti, eftir alla umræðuna, að það eru engin rök fyrir því að þessi bráðabirgðalög voru sett í sumar. Það hefur heldur ekki komið fram hjá hæstv. ráðherra sem hefur þó haft ágætan tíma og tækifæri til að útskýra fyrir þingheimi, úr því þetta var svona stórkostlegt mál, úr því að það var svona mikil hætta á að við yrðum dregin fyrir dómstóla, en hæstv. ríkisstjórn sem nú situr er vön í þeim efnum. Hvers vegna var málið þá ekki lagt fyrir á vorþingi eftir kosningar? Það hefur ekkert komið fram um það, virðulegi forseti. Eftir stendur: Það stendur ekki steinn yfir steini í röksemdafærslu hæstv. ráðherra.

[17:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er með áríðandi spurningu til hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Þingmaðurinn hefur ítrekað nefnt vorþingið. Hann vísar þar til þess að nýkjörið þing kom saman 26. maí og þingmenn sátu hér í tvo daga. Það hefur komið fram í ræðu hans áður og nú upplýst að síðasta bréf frá Eftirlitsstofnun EFTA kom í ráðuneytið í apríl sl. Þingið sat í tvo daga og hefði að sjálfsögðu getað setið lengur. Bráðabirgðalög voru sett 1. júlí, mánuði síðar. Ég hlýt að spyrja: Kom þetta fram í landbn. þegar umfjöllun stóð yfir um bráðabirgðalögin, og hvaða skýring kom þar fram um að málið skyldi ekki berast inn í þingið, þegar það kom saman, í stað þessa neyðarbrauðs að setja bráðabirgðalög? Ég hlýt að bera fram þessa spurningu í lok umræðunnar, til hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, þar sem ég hef hlýtt hér á spurningar, svör og andsvör, og ekkert kemur fram um þetta í máli hv. landbrh.

[17:37]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni er ljóst að hv. landbn. vann mikla vinnu til þess að reyna að skýra það sem var á ferðinni í sumar. Eitt af því sem hún gerði var að reyna að fá útskýringar á því hvenær þessi bráðanauðsyn varð til. Þá kom á daginn að fjögur bréf höfðu borist ráðuneytinu frá ESA þess efnis að lögleiða skyldi tilskipunina. Síðasta bréfið barst í apríl sl., þ.e. fyrir kosningar og áður en þing kom saman í sumar. Af þessum sökum, virðulegi forseti, hefur vakið mikla furðu að málið skyldi ekki tekið fyrir á vorþinginu. Það hefur verið dregið fram með mjög skýrum hætti að engar skýringar hafa komið fram. Það komu engar skýringar fram í landbn., enda vart hægt að ætlast til þess þar sem hæstv. landbrh. situr ekki í landbn., en hefði kannski gott af því að sitja þá fundi annað slagið, það var því enginn til þess að skýra þetta út, en nefndin kallaði þessar upplýsingar fram og þar kom mjög skýrt fram að síðustu varnaðarorð ESA voru í apríl sl. Þrátt fyrir það kom frv. ekki fyrir þingið í vor og enginn hefur eiginlega fært rök að því eða útskýrt af hverju það var ekki gert.

Mér er bæði ljúft og skylt að reyna að svara þessari spurningu, en á hins vegar erfitt með það.

[17:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi svör. Það er mjög mikilvægt að þetta liggur fyrir. Það liggur þá líka ljóst fyrir að hæstv. landbrh. liggur flatur í málinu.

[17:39]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég bar upp tvær spurningar í fyrri ræðu minni. Þá var hæstv. landbrh. ekki við. Fyrst hann er kominn í salinn finnst mér rétt að bera upp spurningarnar á ný og á ekki von á öðru en hæstv. landbrh. geti veitt góð svör.

Fyrri spurningin er á þá leið: Hvernig mun það verða tryggt að veiðiréttareigendur fái bætur ef illa fer og innfluttur lax skaðar lífríki ánna og eyðir hugsanlega náttúrulegum stofnum í ánum? Það mun auðvitað koma sér mjög illa fyrir veiðiréttareigendur og þeir bera mikinn fjárhagslegan skaða af því. Hætta er á því að þeir sem stunda fiskeldi séu ekki borgunarmenn fyrir þeim skaða.

Hin spurningin er: Nú hefur hæstv. landbrh. boðað mjög strangar reglur í fiskeldi. Þá reynir á það hvort hæstv. landbrh. treystir sjálfur reglunum. Mun hann treysta reglunum? Er hann tilbúinn til þess að taka pólitíska ábyrgð á því að lax af erlendum stofnum sleppi ekki í stórum stíl úr laxakvíum?

Það hefur komið fram að hæstv. landbrh. stendur með hæstv. umhvrh. í rjúpnamálinu. Þar sem ég er að bera upp þessar spurningar vona ég að hæstv. landbrh. svari þeim. En hæstv. umhvrh. hefur ekki enn svarað spurningum sem voru bornar upp 31. júlí bréflega og er það með ólíkindum. Ég á von á því að hæstv. landbrh. standi sig betur og svari þessum spurningum greiðlega.

[17:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei sagt að sá norski lax sem settur var hér ofan í sjóinn 1984, og síðar, geti ekki sloppið. Ég hef talið það skyldu mína sem landbrh. að standa í þeirri girðingarvinnu í kringum kvíaeldið, bæði kröfugerð á því

hvernig það er byggt upp, að öll áhætta sé sem allra, allra minnst. Þau séu byggð upp eftir mjög ströngum og sterkum stöðlum og eftirlitið sé mikið og það hefur verið gert, eins og kvíaeldið í Mjóafirði, það hefur staðist og ekki sloppið út fiskur þar. Ég hef aldrei sagt að hann sleppi aldrei út. En okkur ber að lágmarka það eins og við getum og bregðast við á allan hátt, gerist það.

Þetta er skylda mín sem landbrh. og unnanda hinna frjálsu laxveiðiáa og íslensku stofna sem ég sannarlega er. Ég hef talið að mér sé það skylt, miðað við það hvernig staðan var þegar ég tók við sem landbrh., að þessar tvær auðlindir, annars vegar fiskeldið geti þróast hér undir ströngum skilyrðum og að sem mests öryggis sé gætt við laxveiðiárnar.

Ég ætla ekki að ræða hér þær bætur sem hv. þm. spyr um. Ég vona bara að hér muni enginn skaði eiga sér stað. Hér hefur verið umfangsmikið fiskeldi. Það er umfangsmikið fiskeldi sem hefur verið hér að hafa, í gangi fiskeldi líka á þurru landi og fiskeldi þar sem göngufiskar í margar laxveiðiár eru. Það er umfangsmikið fiskeldi. Það vita allir. Í mörgum og góðum ám er umtalsvert fiskeldi þar sem fiskinum er sleppt og hann gengur svo upp í árnar aftur og fer í aðrar. Þannig að það er fiskeldi hér í gangi í stórum stíl á mörgum sviðum.

[17:44]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta voru ekki mjög skýr svör. Það er greinilegt að hæstv. landbrh. treystir ekki sínum eigin reglum. Hann er ekki tilbúinn til að setja sitt pólitíska líf að veði fyrir þeim reglum sem hann hefur boðað að ættu að vera hinar ströngustu í heimi. Og við sitjum uppi með það hér.

[17:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við höfum lengi dags hlýtt á umræður um þetta mál og þær tillögur sem uppi eru í því. Ég hef skilið hæstv. landbrh. þannig að hans vilji í málinu væri að teygja sig eins langt og mögulegt er, ég veit að hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég hef misskilið hann, til að forða því að slys verði í íslensku lífríki og það megi koma í veg fyrir það með öllum tiltækum ráðum. Ég hef jafnvel leyft mér að skilja hæstv. ráðherra þannig að hann vilji hafa þær reglur og lög í hendi sem þarf til að geta stöðvað innflutning á, eins og segir í brtt., jafnvel hrognum og svilum. Hæstv. ráðherra og hv. landbn. virðast, til að koma í veg fyrir að hér verði flutt inn erfðaefni sem gæti borið með sér sjúkdóma, tilbúin að teygja sig ansi langt í að setja upp girðingar í þá veru. Ef ég skil þau orð sem hér hafa fallið í umræðunni í dag þá hlýt ég að skilja þau þannig að tilgangur ríkisstjórnarinnar, hæstv. landbn. og núna landbrh., eftir allar þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið, sé umfram allt að koma í veg fyrir að hér verði nokkurt slys í framtíðinni af þeim völdum sem menn hafa rætt.

Þá held ég að liggi beinast við, virðulegi forseti, að orða það hvort hæstv. landbrh., sem hér hefur lýst hinum mikla vilja sínum til að koma málinu í sem bestan farveg, geti ekki tekið undir það að þær tvær brtt. sem hér liggja fyrir, annars vegar frá meiri hlutanum og hins vegar frá minni hlutanum, verði báðar samþykktar í dag, hvor eftir efni sínu og felldar þannig hvor að annarri að úr megi gera málamiðlun sem kæmist næst því að hafa ekki bara tryggt hæstv. landbrh. kút og kork og gleraugu heldur jafnvel komið honum í flotgallann. Það er kannski akkúrat það sem blessaður ráðherrann hæstv. þarf á að halda í þessu máli, að koma honum í flotgalla.

Ég held að við stöndum í raun frammi fyrir því og ég ætla að spyrja ráðherrann beint að því: Hvað er því til fyrirstöðu, hæstv. ráðherra, að þær tillögur sem hér eru uppi, annars vegar meirihlutatillaga landbn. og hins vegar frá minni hlutanum, verði sameinaðar og felldar inn í málið með þeim hætti sem mér sýnist greiðlega hægt?

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, sýnist mér sem mjög auðvelt yrði að taka tillögu meiri hlutans og fella hana inn í fyrri málslið 1. efnismgr. 6. gr. þar sem inn kæmu orðin: „þ.m.t. hrogn og svil“ og síðan komi í lok fyrri málsliðar 1. efnismgr. setningin: „reglugerða sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum umsögnum embættis yfirdýralæknis, fisksjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins“. Þannig samþykkt mundi 1. mgr. tryggja, með sáttarvilja og skynsemi hæstv. landbrh., að ekki yrði gengið lengra í þá veru. Á móti kæmi að 2. efnismgr. 6. gr. félli brott samkvæmt tillögu minni hlutans, sem samkvæmt efni sínu á að taka þar nákvæmlega við, því hún bætist við 1. mgr. hvort sem hún verður samþykkt óbreytt eða ekki. Þá mundi 2. efnismgr., eins og lögin eru eftir 2. umr., falla niður en inn kæmi tillaga minni hlutans um að málið heyri ekki aðeins undir landbrh. heldur líka umhvrn. að því er varðar verndun tegunda, stofna, vistgerða eða vistkerfa.

Þar með teldi ég málinu borgið, virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. landbrh. sem hér hefur lýst eindregnum sáttarvilja sínum í málinu geti sagt sem svo að hann hafi ekki bara fengið þau sundtæki sem honum hafa verið fengin heldur einnig að lokum verið troðið í björgunarbúninginn, virðulegi ráðherra. Það dugir kannski mönnum til framdráttar í þessu máli ella sýnist mér það, ef málið verður eingöngu afgreitt eins og meiri hlutinn leggur til, ekki í nægilega góðum höndum.

[17:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á mörgum sviðum er skilningur hv. þm. í mjög góðu lagi. Ég fullvissa hann um það þó nú sé dálítið liðið á daginn að hann stendur föstum fótum.

Ég held að það sé alveg rétt sem hann sagði og best að hafa það þannig, að landbúnaðarráðherra er kominn í flotgalla í þessu máli. Hann hefur viljað fara í flotgallann sjálfur og honum hefur verið hjálpað enn frekar til þess af landbn. og þinginu. Þingið hefur stóru hlutverki að gegna í mínum huga. Ég fagna því að vera í flotgalla og ég álít að landbrh. á hverjum tíma þurfi, bæði í kringum þetta mál og allan innflutning, vegna hins hreina ástands sem hér ríkir og dýrmætu náttúru, að vera í flotgalla. Þannig að ég fagna því alfarið.

Ég vil segja við hv. þm. varðandi tillögurnar að ég tel að tillaga stjórnarandstöðunnar, minni hlutans í landbn., gangi ekki upp að því leyti að Veiðimálastofnun fer með lífríkið í vötnunum og ánum, eins og ég hef rakið, Hafrannsóknastofnun í hafinu og Náttúrufræðistofnun á þurru landi.

En sáttatillöguna sem Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, viðurkenndi að væri mjög til bóta styð ég. Ég og hv. formaður landbn., Drífa Hjartardóttir, ræddum uppi í landbrn. í morgun við hann og varaformann Landssambands veiðifélaga. Þeir voru á því að sú tillaga sem þar kom fram, með fisksjúkdómanefndinni, væri mjög til bóta. Erfðanefnd landbúnaðarins kemur inn í ferlið. Í henni á sæti

fulltrúi frá Náttúruverndarstofnun. Það er sú sáttatillaga sem hér liggur fyrir og ég styð þá brtt. heils hugar.

[17:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með að hæstv. ráðherrann skyldi ekki taka betur í það sem ég lagði upp með. Hæstv. ráðherra er ekki á þeim buxunum þó kominn sé í gallann að þetta gangi upp eins og ég lagði til að málið yrði afgreitt. Ég get ekki annað en lýst óánægju minni með að menn skuli ekki reyna að setja málið í þann besta búning sem hægt er miðað við aðstæður.

[17:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að setja þetta í skýran búning fyrir hv. þm. sem þekkir vel til sjávarins: Hvað mundi hann segja ef stórum hagsmunamálum sjávarútvegsins yrði vísað til landbn. og Bændasamtökin fengju umsagnarhlutverk í þeim o.s.frv.? Þetta er nokkuð skýrt í löggjöfinni frá Alþingi, hvaða stofnanir fara með hvaða hlutverk.

Auðvitað er Veiðimálastofnun fyrst og fremst vísindastofnun laxveiðiánna og vatnanna og fer með það hlutverk. Ég hef aldrei heyrt að Landssamband veiðifélaga, stangveiðimenn eða nokkrir aðrir efist um þá góðu þekkingu sem sú stofnun býr að. Það geri ég ekki heldur. Ég held þeir treysti henni fullkomlega og láti Veiðimálastofnun vinna mörg verk fyrir sig. Hún heyrir undir landbrn. og um það ríkir mikill friður og sátt.

Ég veit ekki hvernig hv. þm. vill hafa það en lögin eru oftast mjög skýr og segja til um hlutverk stofnana. En Náttúrufræðistofnun kemur að þessu máli gegnum erfðanefnd landbúnaðarins þar sem hún á sæti og fulltrúa, miðað við þá brtt. sem hér er.

Að lokum vil ég þakka hv. þm. og öðrum þingmönnum fyrir þessa umræðu sem hefur verið fróðleg. Margt hefur verið sagt satt og rétt. Margt hefur verið sagt á mörkum sannleikans og frjálslega farið með. En þetta hefur verið pólitísk umræða. Hana skil ég. Ég hef verið hér það lengi að ég skil pólitíska umræðu. Ég geri mér grein fyrir því að vegir stjórnmálamannsins eru ekki alltaf rannsakanlegir. En ég þakka.

[17:56]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég biðst velvirðingar á að hafa kvatt mér hljóðs of seint. Ég átti raunar von á að hv. þm. Halldór Blöndal kveddi sér hljóðs í umræðunni og vildi biðja hann um að hlýða á mál mitt sem forseta þingsins. Við 2. umr. flutti ég ræðu og þakkaði hv. þm. Drífu Hjartardóttur hennar framgöngu í málinu og hvernig hún hefði staðið vörð um sóma Alþingis í því og sett á hæstv. landbrh. kút og kork hér í umræðunni, sem síðan hefur verið á floti frá einum ræðumanni til annars.

Það stóð ekki á svörum frá hv. formanni landbn. við þeirri ræðu minni. Hún svaraði henni skjótt og vel. Fyrst og fremst kom ég þó upp við þá umræðu til að beina nokkrum spurningum til hæstv. forseta Alþingis, þá sem nýliði. Vegna þess að ég hef ekki fengið svör við þeim spurningum vildi ég við lok umræðunnar fá að árétta þær spurningar og óska eftir því að hv. þm. Halldór Blöndal veiti svör við þeim.

Ég sagði eitthvað á þá leið að sem nýliði skildi ég ekki með hvaða hætti lagasetningu bæri að í þinginu. Ég var kallaður til vorþings í tvo daga síðasta vor og lá nokkuð á að senda okkur heim í leyfi. Ég heyri síðan af því nokkrum vikum síðar að knýjandi nauðsyn beri til að setja lög um það efni sem hér hefur verið fjallað um. En þá er þingið ekki kallað saman heldur sett bráðabirgðalög. Ég vissi samt ekki betur, virðulegur forseti, en ég væri hér í þinginu í vinnu í 12 mánuði á ári og þægi laun fyrir að vera hér alþingismaður í 12 mánuði á ári. Ég stóð í þeirri trú að ef brýna nauðsyn bæri til að setja lög í landinu þá ætti að vera vandalaust að kalla þingið saman og fjalla um það. Ég taldi raunar mikilvægt fyrir vandaða málsmeðferð í jafnmikilvægu máli og þetta var talið vera að þing væri kallað saman og kallað yrði eftir sjónarmiðum, athugasemdum og ábendingum um hvernig best mætti standa að lagasetningunni.

Ég tel að þær breytingar sem hv. landbn. hefur orðið að gera á þessu frv. sýni vel að það er nauðsyn á slíkum vinnubrögðum við lagasetningu. Hér stendur til að taka til greina sjö brtt. við það frv. sem lagt var fram. Það segir ekki beinlínis góða sögu um það með hvaða hætti staðið hefur verið að bráðabirgðalagasetningunni. Það átti kannski ekki að þurfa að koma á óvart. Hér hefur jafnframt komið fram að á síðasta þingi, þ.e. þinginu fyrir kosningar og áður en ég tók hér sæti, töldu menn að það þyrfti meiri tíma til að fjalla um málið en svo að hægt væri að setja um það lög þá þegar. Það hefði átt að vera mönnum nokkur aðvörun í þessu efni.

Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta þá aftur að því hvort hann taki undir með meiri hluta hv. landbn. að það frv. sem hæstv. landbrh. lagði hér fram standist vart 36. gr. þingskaparlaga, sé einfaldlega ekki þinghæft. Það segir þá sína sögu um bráðabirgðalögin. Lítur forsetinn svo á að hér sé um að ræða takmarkað tilvik þegar stjórnarskráin er annars vegar? Nú hafa verið hér við umræðuna skiptar skoðanir á því hvort verið væri að brjóta gegn stjórnarskránni eða ekki. Á því hef ég ekki vit eða þekkingu næga, ég er ekki lögfræðingur að mennt, en vil spyrja hæstv. forseta þingsins hvort hann deili því sjónarmiði sem kemur fram í grg. meiri hluta landbn. frá háttvirtum lagaprófessor við Háskóla Íslands að hér sé um takmarkatilvik að ræða. Ég hlýt að spyrja bara af því að ég hef ekki unnið hérna áður: Var haft samráð um þetta við þingið af hálfu ríkisstjórnarinnar? Gaf forseti þingsins einhvers konar grænt ljós fyrir því að sett væru bráðabirgðalög í þessu efni, eða var þetta alfarið upp á einsdæmi ríkisstjórnarinnar? Telur forsetinn þá að þingið eigi að hafa á því einhverja skoðun?

Ástæðan fyrir því að ég spyr, virðulegur forseti, er sú að við förum núna í fyrri hluta desembermánaðar heim í jólafrí og ég sé á starfsáætlun þingsins að það er ekki ætlast til að við mætum í vinnuna aftur fyrr en 28. janúar. Það er einn og hálfur mánuður. Síðan eigum við eftir að fara í sumarfrí og maður hlýtur að velta fyrir sér hvort maður eigi þá von á því að þegar maður fari heim í frí geti framkvæmdarvaldið afgreitt þau lög sem það kom ekki í gegnum þingið — átölulaust? Eða hvað þarf til að nýta megi þessa heimild til setningar bráðabirgðalaga? Ég held að það sé mikilvægt að sjónarmið hæstv. forseta þingsins í þessu efni komi fram og ég inni þess vegna eftir þeim.

Það hefur komið fram að nokkuð skiptar skoðanir eru um það hvort hér hafi verið um 6 millj. eða 50 millj. kr. hagsmuni að ræða. Ég spyr hæstv. forseta sömuleiðis hvort hér sé kominn einhvers konar verðmiði á það hvenær framkvæmdarvaldið megi setja bráðabirgðalög og þarflaust sé að kalla þingið saman. Ef það eru hagsmunir sem hlaupa á nokkrum

tugum milljóna má framkvæmdarvaldið líta svo á að ef þingið er í leyfi sé því heimilt að setja bráðabirgðalög, eða hvaða sjónarmið hefur forseti þingsins um þetta? Ég ítreka að ég er hér nýliði, ófróður um starfshætti þingsins um margt og hlakka til að heyra svör hv. þm. Halldórs Blöndals, forseta Alþingis, við þessu enda býr hann að langri starfsreynslu hér og þekkingu á starfsháttum.

[18:03]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þm. Helgi Hjörvar setti hér fram áðan, að í öllu þessu sem við höfum nú farið yfir og í ljósi þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við setningu þessara bráðabirgðalaga er mjög mikilvægt að afstaða þingsins liggi fyrir, afstaða þingsins sem eins þriggja handhafa ríkisvaldsins um það hvort forusta þingsins sé sammála því að við þær aðstæður sem uppi voru skuli sett bráðabirgðalög eður ei. Er einhver lína frá forseta þingsins til ríkisstjórnarinnar um þetta mál eða er þingið ekki á nokkurn hátt haft með í ráðum þegar slík ákvörðun er tekin eins og sú að setja bráðabirgðalög? Þetta finnst mér mikilvægt, virðulegi forseti, að liggi fyrir og þessum spurningum getur enginn svarað nema hv. þm. Halldór Blöndal, forseti Alþingis. Ég hefði talið eðlilegt að hafi þinginu verið gert viðvart um fyrirhugaða bráðabirgðalagasetningu hefði hv. forsn. verið kölluð saman til að ræða hana.

Ég segi fyrir mig og ég held að ég tali fyrir munn margra þingmanna að það hefði verið afar lítið mál að kalla þingmenn til fundar til að ræða þessi mál. Það hefur heldur betur komið á daginn að það var mikilvægt að gera það. Það liggur nú fyrir að meiri hluti landbn. hefur lagt til sjö breytingar á þessu litla frv. sem lagt var fram, og minni hluti landbn. lagði fram eina brtt. við frv.

Ég sé að hv. þm. Halldór Blöndal, *forseti þingsins*, hefur farið úr þingsal rétt á meðan þessi umræða fer fram, en ég vil hvetja hv. þm. Halldór Blöndal til að koma hingað og gera þingheimi grein fyrir þeim sjónarmiðum sem forusta þingsins hefur uppi við þessar aðstæður.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að forseti þingsins komi í þingsal því að ég er hér sem þingmaður að taka undir þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram og bæta við. Ég óska eftir því að forseti þingsins, Halldór Blöndal, komi í þingsalinn.

(**Forseti** (BÁ): Forseti kannast ekki við að einstakir þingmenn hafi verið sóttir í þingsal samkvæmt óskum einstakra ræðumanna. En hitt er ljóst að hv. þm. Halldór Blöndal er í húsinu og tekur þátt í umræðum eftir því sem hann ákveður sjálfur. Forseti skikkar menn ekki í umræður.)

Virðulegi forseti. Ég get a.m.k. upplýst hæstv. forseta um það að það hefur oft og tíðum gerst að óskað hafi verið eftir því að tilteknir þingmenn séu viðstaddir umræðu, m.a. formenn nefnda. (**Gripið fram í:** Forseti.) En í þessu tilviki erum við að tala um það að forustumaður okkar á Alþingi, forseti þingsins, svari fyrirspurnum um það hver afstaða þingsins til þessarar bráðabirgðalagasetningar sé. Við erum raunverulega að kalla eftir þessum sjónarmiðum. Finnst hv. þingmönnum það mikið þó að eftir því sé leitað að forusta þingsins hafi einhverja afstöðu þegar bráðabirgðalög af þeim toga sem sett voru sl. sumar líta dagsins ljós?

Það er búið að fara mjög vandlega yfir málið. Hv. landbn. fór yfir allar þær hliðar málsins sem við töldum nauðsynlegt að fara yfir og dró það m.a. fram með skilmerkilegum hætti að ríkisstjórnin hafði a.m.k. fengið fjögur sendibréf frá Brussel þar sem hún var vöruð við því að ef ekki yrði ráðist í lögleiðingu á þessari tilskipun yrði gripið til aðgerða. Það hefur einnig komið fram að síðasta viðvörunarbréfið kom áður en vorþing kom saman. Eins þekkja allir þingmenn að málinu var hafnað af þinginu í mars sl. þegar það var ekki afgreitt.

Við þessar mjög svo sérstæðu aðstæður sem eiga sér ekki fordæmi í þingsögunni held ég að það sé alveg nauðsynlegt að forseti þingsins, forustumaður okkar hv. alþm., geri grein fyrir þeim sjónarmiðum sem hið háa Alþingi hefur við þessar aðstæður. Það er ekki mikill manndómsbragur að því, virðulegi forseti, að hv. þm. Halldór Blöndal, forseti þingsins, skuli hlaupast úr þingsal þegar þessi umræða fer fram.

Ég ítreka, virðulegi forseti, og mun sjálfsagt ekki standa hér út í eilífðina í þeirri von að hv. þm. Halldór Blöndal sjái sér fært að koma í salinn, að ég bíð, virðulegi forseti, samt sem áður spenntur eftir því að heyra sjónarmið forustu þingsins því að þetta er þannig mál að þingið hlýtur að hafa *á því einhverja skoðun. Þá hljótum við að leita til forustu* þingsins um að hún a.m.k. upplýsi okkur um það hvað gerðist í sumar þegar þessi ákvörðun var tekin.

Virðulegi forseti. Ég segi það og ítreka að ég hefði talið mikilvægt fyrir þessa umræðu að forustumaður þingsins kæmi hingað og tjáði sig um þessi mál. Mér virðist þó sem hæstv. forseti hafi kosið að gera svo ekki og er þá kannski ekki mikið við því að segja annað en að harma þá afstöðu forseta Alþingis.

[18:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þeim spurningum sem hér hefur verið beint til hæstv. forseta verði svarað. Þær eru fullkomlega eðlilegar, það er fullkomlega eðlilegt að hér séu spurnir uppi af hálfu hv. þingmanna um það hvernig bráðabirgðalagasetningu á borð við þessa beri að, og ekki síst í ljósi þess hversu umdeild þessi meðferð málsins var.

Nú kann vel að vera, herra forseti, að hæstv. forseti geti ekki kallað hingað einstaka þingmenn og krafið þá svara eða að einstakir þingmenn geti ekki orðið við slíkum beiðnum. En einhver hlýtur þó að hafa það hlutverk, herra forseti, að svara fyrir hönd yfirstjórnar þingsins. Nú er það þannig að hæstv. forseti, hv. þm. Halldór Blöndal, hefur sex menn til vara í forsn. sem fara þá með vald forseta hverju sinni. Í ljósi þess, herra forseti, og í ljósi þeirrar túlkunar sem hæstv. forseti hefur hér gefið um að hann geti ekki knúið einstaka þingmenn til að koma hingað og svara hlýt ég að beina þeim *spurningum sem hv. þm. Helgi Hjörvar beindi hér til forseta* þingsins, hv. þm. Halldórs Blöndals, til þess hæstv. forseta sem nú situr í forsetastóli. Það er algjörlega óviðunandi, herra forseti, að enginn svari fyrir hönd hv. Alþingis þegar spurningar á borð við þessar, sem eru eðlilegar, eru bornar fram.

Herra forseti. Hvað er það sem gerist hér í störfum þingsins þegar framkvæmdarvaldið *vill* setja bráðabirgðalög og Alþingi er í hléi? Ráðfæra þá hæstv. ráðherrar sig við hæstv. forseta Alþingis? Var það gert í þessu tilviki?

Ég held að það sé eðlilegt að fara fram á það, virðulegi forseti, að sá forseti sem nú situr í forsetastóli svari þeim spurningum sem til forseta hefur verið beint.

(**Forseti** (BÁ): Sá forseti sem hér situr ætlar ekki að svara fyrir atvik sem honum er ekki kunnugt um. Hins vegar, án þess að forseti vilji fara út í miklar stjórnskipulegar

vangaveltur, er ljóst að setning bráðabirgðalaga á sér stað án aðkomu Alþingis, eins og kunnugt er.)

[18:13]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það kynni að koma einhverjum á óvart að sá háttvísi þingmaður, hv. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, skuli ekki virða þingmann svars í svo mikilsverðu máli sem setning bráðabirgðalaga er. Það hefur sjaldan staðið í hv. þm. Halldóri Blöndal að taka til varna fyrir þá ríkisstjórn sem hér situr.

Ég get þess vegna ekki skilið þögn forseta Alþingis og fjarveru við þessa umræðu öðruvísi en sem yfirlýsingu hans og almenna andúð á því með hvaða hætti ríkisstjórnin stóð að setningu bráðabirgðalaganna og yfirlýsingu um það hvílík handvömm sú setning var af hálfu landbrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]

Brtt. 324,1 samþ. með 31:3 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS, ÞBack.

nei: GMJ, HHj, SJS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SigurlS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (DO, EOK, GÁS, HÁs, JóhS, KJúl, KolH, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 324,2.a samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, EMS, GMJ, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁS, HÁs, JóhS, KolH, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 324,2.b samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, EMS, GMJ, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁS, HÁs, JóhS, KolH, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 325,a felld með 29:25 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, EMS, GMJ, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

9 þm. (DO, EOK, GÁS, HÁs, JóhS, KolH, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:21]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Með þeirri tillögu sem við leggjum hér fram á þskj. 325 má segja að við séum að reyna að skjóta björgunarbáti undir hæstv. landbrh. og ríkisstjórnina þannig að málið verði afgreitt á þann hátt að hægt sé að vísa til tiltekinna sjónarmiða er lúta að umhverfismálum og náttúruvernd í stað þess að fara þá leið sem hæstv. landbrh. hefur ákveðið og ríkisstjórnin í heild sinni, þ.e. að heimila innflutning en beita svo tæknilegum viðskiptahindrunum á grundvelli fisksjúkdómavarna. Við teljum að sú leið sé afar hættuleg. Þrátt fyrir að landbn. hafi reynt að bjarga því sem hægt er að bjarga í þessu máli þá erum við hér að reyna að bjarga hæstv. landbrh. En mér sýnist á atkvæðatöflunni að hæstv. ráðherra vilji ekki einu sinni láta bjarga sér.

Brtt. 325,b felld með 29:26 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, EMS, GMJ, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

8 þm. (DO, EOK, GÁS, HÁs, JóhS, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30:25 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, TIO, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁSJ, ÁF, ÁRJ, BH, BrM, EKH, EMS, GMJ, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

8 þm. (DO, EOK, GÁS, HÁs, JóhS, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 331).

Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, fyrri umr.

Þáltill. LMR og GunnB, 277. mál. — Þskj. 313.

[18:25]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun sædýrasafns á höfuðborgarsvæðinu. Flutningsmenn eru Lára Margrét Ragnarsdóttir og Gunnar Birgisson.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp á höfuðborgarsvæðinu veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.

Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi og eignarhaldi fyrir 1. september 2004.“

Hafið umlykur Ísland og Íslendingar eiga allt sitt undir gæðum þess. Lífsafkoma okkar hefur grundvallast á sjósókn. Sambýlið við hafið hefur ætíð mótað líf okkar og athafnir. Við erum þar af leiðandi fiskiþjóð og leiðandi þótt smá séum. Við erum fyrirmynd að mörgu leyti og við höfum vakið athygli fyrir virðingu okkar fyrir hafsins gæðum sem og í veiðitækni og verndun fiskstofna.

Þrátt fyrir það er ekki að finna hér á landi, ef frá eru talin sædýrasöfnin í Vestmannaeyjum og í Sandgerði, safn sem gerir skil þessum meginþætti í tilveru þjóðarinnar og því ævintýri sem lífið í hafinu umhverfis Ísland er. Ég vil þó minnast á að gerð var heiðarleg tilraun til slíks safns í Hafnarfirði forðum daga, en meira af vilja en mætti.

Lifandi sædýrasöfn eru vinsæl um allan heim og höfða til breiðs hóps, ekki síst okkar landkrabbanna. Vegna fjarlægðar flestra barna í þéttbýli frá sjávarútvegi og lífsreynslu þeirra sem búa við hafið er brýn nauðsyn á að þeim sé gefinn kostur á að kynna sér hvað hafið gefur okkur og þekkja þann grundvöll sem Íslendingar byggja á. Því er löngu tímabært að koma á fót myndarlegu sædýrasafni í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu til gagns og gamans fyrir almenning, æskuna í skólum landsins og þá fjölmörgu ferðamenn sem hingað koma.

Lifandi sædýrasöfn eru vinsæl um allan heim eins og ég sagði áðan. Þau eru fyrst og fremst byggð sem minnisvarði til að votta virðingu þeirri veigamiklu atvinnugrein sem sjávarútvegur og tengdar greinar eru. Slíkt safn hér yrði í senn safn lifandi fiska og fróðleiksnáma fyrir unga og aldna um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna, mengun og umgengni um hafið. Þar mætti fræðast um ástand fiskstofna, umhverfismál og fleira sem snertir Ísland og hafið á lifandi og áhrifaríkan hátt, sögu fiskverndar, fiskifræði og hafrannsóknir. Sædýrasafn af þessum toga ætti að vera óður okkar Íslendinga til hafsins og lífríkis þess.

Við höfum lagt á það áherslu á undanförnum árum að bjóða vandaða afþreyingu fyrir ferðamenn og heimafólk. Það fer ævinlega best á því að byggja hana á raunverulegum gildum og traustum grunni svo að saman fari fróðleikur og skemmtun. Væri íslenskt sædýrasafn grundvallað á þennan hátt á fræðilegum grunni, og vandað til þess með einstöku staðarvali, byggingarlist á heimsmælikvarða og sýningum af bestu gerð, mætti vel gera ráð fyrir að þangað kæmu a.m.k. 250 þús. gestir á ári, eða svipaður fjöldi og nú sækir Bláa lónið ár hvert. Þá má benda á að gert er ráð fyrir allt að 10% fjölgun ferðamanna á ári næstu árin. Tekjur af aðgangseyri, minjagripum og veitingum gætu því numið 200–350 millj. kr. á ári.

Sædýrasöfn eru sérhæfð og dýr mannvirki, bæði í uppbyggingu og rekstri, þurfa flókinn búnað til að tryggja lífsskilyrði „íbúanna“ og mikla nákvæmni og alúð í daglegum rekstri. Því er rétt að gera ráð fyrir að uppbygging sædýrasafns gæti kostað 800–1.000 millj. kr. og rekstur á ári 80–100 millj. kr. Allt fer þetta þó eftir því hve hátt menn setja markið í mannvirkjum og annarri aðstöðu.

Sædýrasafn, eins og hér er fjallað um, þarf að vera við fjöruborð, með annan fótinn á landi og hinn í sjó, ef svo má að orði komast, svo að gestir geti virt fyrir sér lífið í sjónum, og helst með aðstöðu fyrir báta til að flytja gesti. Slíka staði er eflaust að finna t.d. í Laugarnesi, á Seltjarnarnesi, Álftanesi, Keilisnesi, við Hvassahraun og víðar. Eigi safn af þessari stærð að bera sig er nauðsynlegt að það verði á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan gerir því ráð fyrir að athugun beinist eingöngu að því svæði.

Fyrirmyndir mætti að einhverju marki sækja í áhugaverð sædýrasöfn í nágrannalöndunum, ekki síst í Danmörku. Má benda á þrjú, þar sem áhersla er lögð m.a. á skólastarf og virkt samband við áhugasama um netið, þ.e. Nordsømuseet á Skagen, Kattegatcentret í Grenaa og Øresundsakvariet á Helsingjaeyri. Einnig má benda á áhugaverð söfn í Boston og Baltimore á austurströnd Bandaríkjanna en þau söfn leggja einnig mikla áherslu á skólastarf.

Til gamans má geta að þessi söfn eru gölluð „garðar hafsins“ sem minnir á þá ágætu afþreyingu og fræðslu sem við búum við á höfuðborgarsvæðinu í Húsdýragarðinum og Grasagarðinum í Laugardal í Reykjavík. Ég efast um að sú barnafjölskylda finnist á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggur leið sína í þá garða nokkrum sinnum á góðviðrisdögum. Sædýrasafn yrði þó ekki að svo miklu leyti einskorðað við góðviðrisdaga. Slík söfn eru að megni til aðgengileg allt árið og án tillits til veðurs. Því má búast við jafnari og meiri aðsókn að slíku safni.

Þáltill. þessi gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin láti vinna kostnaðarútreikninga vegna safnsins, aðallega við undirbúning og ákvörðun um stofnsetningu, fræðslustefnu og rannsóknir í tengslum við safnið. Því er lagt til að metnar verði vandlega mögulegar leiðir varðandi fjármögnun, eignarhald og rekstrarform.

Stefnt skal að því að þáttur ríkisins í fjármögnun og rekstri safnsins verði í lágmarki, leitað eftir samvinnu við fyrirtæki sem til greina gætu komið við kostun og uppbyggingu á rekstri, svo sem fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum og ferðmennsku. Fjölmargir aðilar hefðu einnig beina hagsmuni af tilkomu sædýrasafns. Eins og ég hef þegar sagt skal áherslan fyrst lögð á að væntanlegt sædýrasafn sé óður til hafsins og lífríkis þess. Það yrði jafnframt og ekki síst þökk og virðing við þá sem hafa helgað hafsins ólgusjó störf sín á einn eða annan hátt.

Hafið og lífríki þess er sá grunnur sem íslensk menning, íslenskur efnahagur og íslensk afkoma hefur byggst á frá upphafi byggðar. Við erum stolt af fortíð okkar og er tími til kominn að henni sé reistur veglegur minnisvarði.

[18:34]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri till. til þál. sem hér er til umræðu en lýsi mig algjörlega andvígan því sem fram kom í máli hv. frsm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, að sædýrasafn á Íslandi geti ekki borið sig nema að það sé reist á höfuðborgarsvæðinu. Vísa ég þar til þeirra raka sem fram komu í framsöguræðu hennar en þar segir, með leyfi forseta:

„Væri íslenskt sædýrasafn grundvallað á þennan hátt á fræðilegum grunni, og vandað til þess með einstöku staðarvali, byggingarlist á heimsmælikvarða og sýningum af bestu gerð, mætti vel gera ráð fyrir að þangað kæmu a.m.k. 250 þús. gestir á ári, eða svipaður fjöldi og nú sækir Bláa lónið ár hvert.“

Mér finnst þessi rök segja að að sjálfsögðu eigi að vera möguleiki á að reisa svona safn annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Við erum að tala um að það komi 250 þús. gestir í Bláa lónið. Það er á Suðurnesjum, í Grindavík. Væru settar í svona safn 800–1.000 millj. kr., eins og flutningsmenn gera ráð fyrir, er ég ekki í vafa um að það mætti reisa sædýrasafn eða „aquarium“ af þeim gæðum og þeirri stærð

að ferðamenn hikuðu ekki við að fara af Reykjavíkursvæðinu til Suðurnesja til að komast í safn af því tagi.

Það vill stundum gleymast að á Suðurnesjum er í dag mjög veglegt fræðasetur í Sandgerði sem rekið er af miklum myndarskap. Ég held að ef svona safn yrði reist í Reykjavík þá mundi það ganga að starfsemi eins og Fræðasetrinu í Sandgerði dauðri. Nær væri að skoða möguleikann á að efla það safn með því að setja upp, í þeirri aðstöðu sem þar er og nýrri aðstöðu sem reist yrði, sædýrasafn á heimsmælikvarða. Ég tel að það væri okkur til sóma að velta fyrir okkur slíkum aðgerðum nú þegar við horfum upp á hvernig kvótinn hefur flust frá Sandgerði og að þar er full þörf á nýjum atvinnutækifærum.

Í raun er það okkur til skammar sem þjóð að hafa ekki almennilegt sædýrasafn á Íslandi. Erlendir ferðamenn sem hingað koma spyrja oft í forundran hvernig í ósköpunum standi á því að hér skuli ekki vera safn sem sýni þá nytjafiska sem við höfum byggt afkomu okkar á í gegnum tíðina. Þeir eiga í raun ekki orð yfir að þeir skuli hvergi geta farið og barið augum almennilegt sædýrasafn í landi sem hefur nánast eingöngu byggt afkomu sína á fiski.

Þær tilraunir sem gerðar hafa verið til að setja upp sædýrasafn hafa flestar siglt í strand á tiltölulega skömmum tíma, sama hvort við tölum um sædýrasafnið sem var í Höfnum eða sædýrasafnið í Hafnarfirði. Það er vegna þess að yfirleitt hafa þar verið einstaklingar sem reyndu af veikum mætti að reka svona safn. Það virðist einfaldlega ekki standa undir sér.

Flutningsmenn þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir gera ráð fyrir að í verkefnið fari verulegt opinbert fé, 800–1.000 millj. kr. til uppbyggingar, eins og hér er talað um. Þeir telja að reksturinn geti kostað 80–100 millj. kr. Ég held, herra forseti, að ef menn eru í alvöru að tala um að reisa hér sædýrasafn á heimsmælikvarða þá ættum við að finna því stað suður með sjó í tengslum við einhvern þeirra ferðamannastaða sem þar eru og draga til sín ferðamenn nú þegar. Okkur veitir ekkert af því að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf á Suðurnesjum en þar er núna. Í ljósi síðustu frétta um samdrátt sem virðist ætla að verða á Keflavíkurflugvelli held ég að einmitt eitthvað svona væri mjög sniðugt til að snúa við þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er á framboði á störfum á Suðurnesjum.

[18:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mér nokkuð á óvart að hv. þm. sem talaði hér síðast skyldi vera svo viðkvæmur í þessu máli og gerði þetta mál að engu máli. Þetta er ekkert smámál. Mér finnst að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fara að togast á um staðsetningu safnsins hér og nú. Það hefur komið berlega fram að a.m.k. Reykvíkingar líta svo á að höfuðborgarsvæðið nái alveg til Keflavíkur og suður með sjó. Þetta er orðið eitt atvinnusvæði.

Mér finnst tillagan sem hér er um að ræða góð. Hún er afar athyglisverð og þess vegna kemur það mér á óvart að menn skuli vera í einhverju togi um hvar þetta eigi að staðsetja. Ætli það sé ekki rétt að vinna verkið, eins og kemur fram í þessari þáltill., kanna kosti og galla safnsins, gera kostnaðarútreikninga o.s.frv.? Í þáltill. er ekkert talað um hvar eigi að staðsetja það. Það er auðvitað eitt af atriðunum sem þarf að taka út líka.

[18:40]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þáltill. er um að stofna sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu og (**GHall:** Finnst þér hægt að skilgreina það nákvæmlega?) og í framsöguræðu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur kom fram, fannst mér, með skýrum hætti að hún væri akkúrat að tala um Reykjavík og nágrenni, það næði ekki til Suðurnesja. Ef ég hef misskilið hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur í því efni þá væri ágætt að fá það fram hér. En mér fannst, og mun að sjálfsögðu fletta því upp í þingræðum, að fram kæmi hjá henni að eingöngu væri verið að tala um Reykjavík.

[18:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við þingmenn séum nú almennt inni á þessari þáltill. Eins og fram hefur komið hefur þetta merkilegt nokk mistekist í a.m.k. tvö eða þrjú skipti. Það er náttúrlega sjálfsagt og eðlilegt að til svona safns verði stofnað með það að leiðarljósi hver er undirstaða hins efnahagslega sjálfstæðis sem við búum við. Í sjálfu sér er verið að togast hér á um hluti sem óþarfi er að eyða tíma í. Við ættum heldur að láta hraða þessari rannsókn og koma þessu máli í verk. Það væri þá eðlilegt að á síðari stigum yrði tekist á um hver staðsetningin ætti að vera. Hins vegar finnst mér vera mjög eðlilegt að þetta sé kannað og farið yfir kostnaðarþætti og annað sem er kannski, því miður, ekki allt of oft lagt upp með. Menn vissu þá út í hvaða peningaleg dæmi væri verið að fara.

Varðandi höfuðborgarsvæðið og viðkvæmnina gagnvart því þá sé ég enga ástæðu til að menn geri það að bitbeini eins og hv. þm. gerði áðan.

[18:42]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson séum sammála um að svona skoðun þurfi og eigi að fara fram, þ.e. varðandi stofnun sædýrasafns. En ég tel að við eigum ekki að skilyrða það með þeim hætti sem gert er í þessari till. til þál. Hér er það skilyrt að þetta verði eingöngu skoðað á höfuðborgarsvæðinu.

Með leyfi forseta vitna ég í grg. en þar stendur:

„Eigi safn af þessari stærð að bera sig er nauðsynlegt að það verði á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan gerir því ráð fyrir að athugun beinist eingöngu að því svæði."

Ef þessi till. til þál. gerði ráð fyrir því að við veltum því fyrir okkur í alvöru hvort við vildum sjá sædýrasafn, íslenskt sædýrasafn, og skoðað yrði hvar borgaði sig að reisa það þá væri ég tilbúinn að styðja það mál. En að skilyrða það með þessum hætti, að við séum eingöngu að tala um Reykjavík og nágrenni og skilja aðra hluta landsins frá í því sambandi þegar verið er að leggja til að nota eigi opinbert fé til að kanna hvort það borgi sig að reisa þetta eða ekki, því get ég ekki verið sammála.

[18:44]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar athugasemdir. Hins vegar held ég að hann hafi misskilið mig talsvert. Höfuðborgarsvæðið er nefnt í nokkuð víðari skilningi en hv. þm. hefur greinilega skilið það. Enda nefndi ég í ræðu minni, eins og stendur í þáltill., staði sem eru innan hans kjördæmis, t.d. á Keilisnesi, við Hvassahraun og víðar. Enn fremur tók ég það skýrt fram að mögulegar leiðir yrðu vandlega athugaðar

og þáttur ríkisins yrði fyrst og fremst að kanna hver yrði kostnaðurinn við þetta, hver væri heppilegasta staðsetningin, hvers konar aðilar ættu að reka þetta o.s.frv.

Ég hef undirbúið þessa ályktun í samvinnu við menn sem hafa kannað þessi mál. Þeir telja útilokað að reka sædýrasafn af þessari stærðargráðu nema það sé á höfuðborgarsvæðinu og það í víðtækum skilningi.

[18:45]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sem þurfi til varðandi þessa till. til þál. sé að gera grein fyrir því í grg. með skýrum hætti hvað átt er við með „höfuðborgarsvæði". Ég get ekki lesið annað út úr meðfylgjandi grg., þar sem t.d. er minnst á Vestmannaeyjar og Sandgerði, en að Sandgerði sé utan höfuðborgarsvæðis. Ég tel að ef við á annað borð ætlum, eins og ég sagði hér áðan, að fara að skoða það í alvöru hvort grundvöllur sé fyrir því að setja á laggirnar sædýrasafn eigum við að skoða það á landinu öllu til að byrja með og vinna síðan framhaldið í ljósi þeirra tillagna sem þá koma fram.

[18:46]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir afar leitt að hv. þm. Jón Gunnarsson skuli tala um „ef" það eigi að reisa sædýrasafn. Ég hefði viljað heyra hann jákvæðari gagnvart hugmyndinni.

Þáltill. mín byggist fyrst og fremst á skoðunum og niðurstöðum manna sem eru sérhæfðir í ferðamálum og hafa kannað möguleika á staðsetningu fyrir rekstur svona safns til hins ýtrasta. Niðurstaða þeirra er sú að það skuli vera byggt á höfuðborgarsvæðinu. En ég vona að hv. þingmaður átti sig líka á því að í dag er t.d. Akranessvæðið talið til höfuðborgarsvæðisins og það er jafnvel styttra til Sandgerðis en til Akraness.

[18:47]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. flm., Láru Margréti Ragnarsdóttur, að höfuðborgarsvæðið, eins og menn eru farnir að tala um það í dag, nær kannski í hugum margra frá Akranesi og allt austur fyrir fjall, að Selfossi. Þess vegna finnst mér svo mikill óþarfi í sjálfu sér að orða grg. og tillöguna með þeim hætti sem hér er gert. Það hefði alveg verið hægt að láta við það sitja að hér kæmi fram till. til þál. um stofnun sædýrasafns sem ríkið samkvæmt þessari þáltill. mundi standa fyrir skoðun á hvar og hvernig ætti að vera og hvernig væri hægt að reka, en algjör óþarfi að bjóða upp á einmitt þá umræðu sem hér hefur verið með því að skilyrða staðsetninguna svo þröngt eins og fram kemur í tillögunni.

[18:48]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að fá að þakka þeim þingmönnum sem hafa verið hér í dag og undanfarið og stutt mig í þeirri viðleitni minni að koma þessari hugmynd um sædýrasafn á framfæri. Mér þykir leitt að hv. þm. Jón Gunnarsson skuli hafa misskilið það sem ég hef verið að segja og hafa verið svona hornóttur, ef segja má, út í skilgreiningu mína á höfuðborgarsvæðinu. Ég vinn þessa tillögu eftir vandlegar athuganir á því hvar möguleiki er á að reisa slíkt safn sem kostar þennan ekki litla pening og af þeim orsökum einum er vangaveltan um höfuðborgarsvæðið raunhæf. Ég hef ekki lagt í vana minn að koma í ræðustól með óraunhæfar röksemdir.

Að öðru leyti þakka ég þingmönnum og þingheimi fyrir þann stuðning sem ég hef fengið og ég vonast til þess að þetta verk verði unnið hratt og að niðurstöður um það sem ég nefndi í ræðu minni verði tilbúnar fyrir 1. september á næsta ári.

[18:50]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. flm., Láru Margréti Ragnarsdóttur, að þessu máli verði hraðað, það verði skoðað, en jafnframt hvika ég ekkert frá þeirri skoðun minni að það þarf að breyta tillögunni í þá veru að hér séum við að tala um Ísland allt en ekki höfuðborgarsvæðið eitt og sér.

[18:50]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvort sem það heitir höfuðborgarsvæði eða annað erum við sammála um að sædýrasafnið, sem yrði óður til hafsins, yrði Íslandi allt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfboðastarf, fyrri umr.

Þáltill. LMR o.fl., 275. mál. — Þskj. 311.

[18:51]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu sjálfboðastarfs.

Þáltill. er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem meti stöðu sjálfboðastarfs á Íslandi, hvernig megi efla virðingu fyrir því starfi og auka mikilvægi þess íslensku samfélagi til framdráttar. Nefndin athugi og hvort hægt er að bæta aðstæður frjálsra félagasamtaka hér á landi svo að starf þeirra megi eflast til samræmis við það sem best gerist í öðrum löndum.

Nefndarmenn verði þrír, skipaðir af ráðherra.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004.

Sjálfboðastarf þekkjum við öll og það hefur skipað ákveðinn sess í íslensku samfélagi um langan aldur. Ég held að við höfum séð best sl. laugardagskvöld í söfnun fyrir Sjónarhól hverju sjálfboðastarf getur áorkað. Hjálparsveitir hafa unnið þrekvirki og þakka verður ósérhlífnu starfi meðlima þeirra. Íþróttafélög og barna- og unglingastarf hefur oft og tíðum byggst á sjálfboðastarfi og svo mætti lengi telja. Íslendingar hafa einnig veitt fátækum þjóðum aðstoð með sjálfboðavinnu, ýmist í þeim ríkjum þar sem aðstoðar hefur verið þörf eða m.a. með peningasöfnun hér á landi. Fatasöfnun er heldur ekki óþekkt. Meðal stórra samtaka og félaga sem byggst hafa á framlagi sjálfboðaliða eru Íþróttasamband Íslands, Landsbjörg, Kvenfélagið Hringurinn, Rauði kross Íslands og svo mætti telja áfram.

Árið 2001 var ár sjálfboðastarfs hjá Sameinuðu þjóðunum. Það ár var haldin ráðstefna hér á landi þar sem íslenskir og erlendir fyrirlesarar skiptust á skoðunum. Margt var gert á þessu ári sjálfboðastarfs hér heima. Umræða var einnig á Alþingi um þessi mál og hún gæti nýst í starfi þeirrar nefndar sem ég legg til að ráðherra skipi.

Þrátt fyrir að flestir geri sér grein fyrir mikilvægi þess starfs sem sjálfboðaliðar vinna skortir nokkuð á fullan skilning í þeim efnum. Því hafa ýmsir aðilar, m.a. Evrópuráðsþingið, lagt til og beint þeim tilmælum til aðildarríkja Evrópuráðsins að störf sjálfboðaliða verði metin að verðleikum en rannsóknir hafa sýnt fram á að þau eru stór hluti af landsframleiðslu hvers ríkis, allt frá 10–20%. Þeir sem bjóða krafta sína til sjálfboðastarfa öðlast oft mikla reynslu sem ekki verður aflað annars staðar og þeir fá líka mikla lífsfyllingu út úr þessu starfi. Víða erlendis er slík starfsreynsla metin til fulls á við reynslu sem aflað er í launuðu starfi en svo er ekki hér nema að takmörkuðu leyti. Það er þó gleðiefni að það hefur verið gert á síðari árum í meira mæli en var. Það er álit mitt að þessu þurfi að breyta. Því er lagt til að nefndin meti hvernig efla megi virðingu fyrir starfi sjálfboðaliða og hvort breyta megi lögum á þann hátt að kveðið verði á um að við mat á hæfni þeirra sem sækja um opinber störf skuli tekið fullt tillit til reynslu sem aflað hefur verið í sjálfboðastarfi.

Ég get nefnt nokkra hópa. Ýmsir sem vinna heima vilja gjarnan vinna úti hluta dags en sækjast þá ekki alltaf eftir launuðu starfi heldur leita allt eins að vettvangi þar sem þeir geta látið gott af sér leiða og þegið ánægju og virðingu í stað launa. Það má einnig nefna t.d. eftirlaunaþega og námsmenn. Það er fjöldi fólks í þjóðfélaginu sem er tilbúið til þess að rétta hjálparhönd þegar á reynir. Vegna breyttra þjóðfélagsskilyrða og þess að fólk, báðir foreldrar t.d., hjón eða sambýlismenn, vinnur fullt launað starf í meiri hluta tilvika er því miður full ástæða til að hvetja fólk til þess að leggja sjálfboðastarfi lið. Slíka fórnfýsi þarf ekki bara að virkja heldur þarf að sýna henni fulla virðingu og sóma.

Störf sjálfboðaliða eru mikilvægur þáttur í hverju samfélagi. Þetta eru oft störf sem hvorki ríki né einkafyrirtæki hafa tök á að sinna. Þess vegna er rík ástæða til að athuga hvort bæta megi á einhvern hátt umhverfið sem frjáls félagasamtök búa við hér á landi og þá er ég að ræða um félagasamtökin sjálf. Sparnaður þjóðfélagsins af vinnu sjálfboðaliða er nefnilega ómældur, nefndin gæti aflað grunnupplýsinga um þann sparnað og þær gætu reynst mikilvægt tæki við hagstjórn.

[18:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég er ein af meðflm. þessarar þáltill. um eflingu sjálfboðastarfs. Við erum flm. úr öllum flokkum sem styðjum þetta ágæta mál og ég held að allir geti verið sammála um að störf sjálfboðaliða eru mikilvæg og oft vanmetin. Því er ástæða til þess að fara að ráðum Evrópuráðsþingsins og þeim tilmælum til aðildarríkjanna að meta starf sjálfboðaliða að verðleikum. Eins og kemur fram í grg. má ætla að störf sjálfboðaliða geti verið allt að 10–20% af landsframleiðslu hvers ríkis. Þetta er falið í hagskýrslum okkar og því er jafnsjálfsagt að gerð sé úttekt á þessu hér sem annars staðar.

Eins er áhugavert að skoða hvort starfsreynsla í sjálfboðastarfi sé ekki jafngild og í launuðu starfi þegar verið er að sækja um störf og þá eigi atvinnurekendur einnig að taka tillit til reynslu í sjálfboðaliðastarfi sem öðru. Þetta er að hluta til í sama anda og till. til þál. um eflingu félagslegs forvarnastarfs sem við, þrír þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum lagt fram en þar viljum við gera meira en þessa úttekt sem fram kemur í þáltill. og að efla virðingu fyrir sjálfboðaliðastarfi. Við viljum að unnin verði rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna og efla þroska, félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks. Við erum að taka þarna út ákveðna þætti því að eins og við vitum er sjálfboðavinnan ekki síður í íþróttafélögunum og í félagslegu forvarnastarfi barna og unglinga en hjá hinum fullorðnu og þá ekki síður hjá öldruðum. Við þekkjum öll framlög hjálparsveitanna sem eru ómetanleg og vekur aðdáun og umhugsun margra útlendinga. Það vekur virðingu margra hversu óhemjumikið vinnuframlag menn eru tilbúnir til að leggja á sig til að vinna að hjálparsveitarstarfi.

Ég tel að þessi þáltill. ætti eftir slíka kortlagningu að hjálpa okkur að nýta betur störf þeirra sem vinna sjálfboðastörf og meta framlag þeirra að verðleikum og þá á sama tíma að geta styrkt þau félagasamtök sem sjálfboðaliðarnir vinna í því að með meiri virðingu og skilningi fyrir þeirra störfum ætti samhliða að koma aukinn opinber stuðningur og bætt aðstaða til að efla hvers kyns félagsstarf þeirra sem vinna í sjálfboðavinnu.

[19:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af flm. þessarar tillögu um eflingu sjálfboðaliðastarfs. Íslenska þjóðin hefur sem betur fer um áratuga skeið, ef ekki alda, notið þess að hér á landi hefur verið öflugt sjálfboðaliðastarf með ýmsum formerkjum. Vissulega var það svo að menn söfnuðust saman til sjálfboðaliðastarfa löngu áður en slík félög urðu til, þó að þau hafi vissulega snemma orðið til hér á landi. Ber kannski sérstaklega að minnast þess að það voru ákveðnir frumkvöðlar sem stofnuðu til sjóbjörgunarsamstarfsins fyrir margt löngu sem var forveri Slysavarnafélags Íslands og annarra samtaka og deilda úti um land sem störfuðu að björgun mannslífa og efldu vitund fólks um að vítt og breitt um landsbyggðina væri hópur manna tilbúinn til að leggja á sig ómælda störf til þess að þjóna þjóð sinni þegar þannig bæri að.

Það hefur verið sammerkt íslensku þjóðinni í áratugi og aldir að takast á við verkefni og sameinast um að leysa ákveðna hluti sem þjóðinni hefur fundist að þyrfti að taka á á hverjum tíma. Þetta er lærdómur og kannski innbyggt í þjóðarsálina. Nærtækt er að minna á söfnun sem fór fram um síðustu helgi þar sem efnt var til samskota í sambandi við Sjónarhól og áberandi hve vel þjóðin brást við slíku samskoti og slíku samstarfi, þar sem þjóðin var sammála um að þurfti að taka á.

Öll þau störf sem unnin eru af sjálfboðaliðum, bæði í íslensku þjóðfélagi og reyndar líka af Íslendingum utan landsteinanna, eru hverri þjóð mjög verðmæt. Það er kannski erfitt að leggja nákvæmt mat á verðmætið í einhverjum skölum en það er sjálfsagt ekki ofmælt að það megi meta þetta til tuga prósenta þegar málið er skoðað í samhengi fyrir þjóð.

Nú er það auðvitað svo, virðulegi forseti, að það reynir misjafnlega mikið á sjálfboðaliðastarfið og það er misjafnlega krefjandi. Sá farvegur sem hefur orðið á björgunar- og aðstoðarstörfum hér á landi, að sameina mörg hjálparsamtök í ein samtök, Landsbjörg, er skref sem var stigið fyrir nokkrum árum og hefur verið mjög til góðs. Þar er verið að þjálfa og efla fólk til hópstarfa. Það er auðvitað þannig, og það vita menn eins og sá sem hér stendur og hefur verið skipstjóri áratugum saman, að skipshöfn er aðeins góð ef allir hlekkirnir í henni virka. Það er nákvæmlega eins með hjálparstarf. Hjálparstarf er aðeins í lagi ef allir hlekkirnir í

keðjunni sem ætlað er að taka þátt í viðkomandi hjálparstarfi virka og eru tilbúnir til þess að leysa þau störf af hendi með því hugarfari að menn séu að vinna verk sem komi bæði þeim sjálfum og öðrum vel í þjóðfélaginu og það sé ekki endilega verið að horfa til launa eða verðlauna í því sambandi. En að sjálfsögðu gera hjálparsamtök kröfu til þess að þeirra hlutur í þjóðfélaginu sé virtur og að ákveðin virðing sé borin fyrir þeim störfum sem unnin eru. Það er mjög eðlilegt.

Við getum kannski gert þessi störf verðmætari með því m.a. að vinna að því sem lagt er til í þáltill., að meta þessi störf, að efla þau, að verðlauna störfin sem unnin eru og okkur til góðs, og einnig að meta þá reynslu sem fylgir því að taka þátt í alls konar hjáparstarfsemi, hvort sem það eru líknarfélög, björgunarfélög eða önnur samtök sem stofnað er til í ákveðnum tilgangi til þess að takast á við ákveðin vandamál sem okkur finnast vera í íslensku þjóðfélagi.

Ég held að það væri vissulega þörf á því, virðulegi forseti, ef hægt væri, að búa til einhvern viðmiðunarskala um hvernig hægt væri að meta slík störf t.d. til launa, launareynslu eða starfsreynslu þegar menn eru að sækja um atvinnu eða vinna önnur störf.

Auðvitað er það svo, virðulegi forseti, og ber að þakka það, að atvinnurekendur á Íslandi hafa horft fram hjá því við margan starfsmanninn sem hefur verið fullstarfandi í hjálparsamtökum og þurft að hverfa úr vinnu tímabundið og mjög snögglega. Launagreiðendur og atvinnurekendur hafa virt það við sína starfsmenn og borið af því kostnað og ekki séð eftir því. Það ber að þakka. Hjálparstarf á Íslandi væri ekki jafnöflugt og það er, ef atvinnurekendur hefðu ekki almennt litið til hjálparstarfsins með svo jákvæðu hugarfari. En það er ekki þar með sagt að við getum ekki metið þessa reynslu betur, lagt meira mat á hana eða stýrt henni til betri niðurstöðu og betri afreka, ef hægt er að orða það svo, því vissulega eru unnin afrek oft og tíðum í sjálboðastarfi, hvort sem við erum að tala um hjálparsamtök eins og Kvenfélagið Hringinn, mæðrastyrksnefnd eða björgunarfélög.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti. Ég tel að hér sé verið að hreyfa mjög þörfu máli og vonast til þess að niðurstaðan af því starfi sem hér er lagt upp með að verði skoðað, verði mjög jákvæð og við séum þá að veita málum frekara brautargengi.

[19:09]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft merku máli. Eins og komið hefur fram í ræðum hv. þm. eru ýmsar leiðir til þess að efla sjálfboðastarf hér á landi sem er afskaplega mikilvægur þáttur í okkar menningar- og þjóðlífi. Ég held þó að áhrifaríkasta leiðin til þess að gera það sé ef til vill að veita skattaívilnanir til hjálpar- og mannúðarsamtaka sem að þessum málum starfa.

Ég vil minna á það að fyrir þinginu liggur þáltill. sem ég er 1. flm. að, þar sem gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi nefnd til þess að fara yfir þessi mál með það fyrir augum að veita auknar heimildir til þess að draga frá tekjum framlög til menningar- og mannúðarsamtaka.

Það er athyglisverð staðreynd að í öllum löndum sem ég þekki til erlendis er einstaklingum heimilt að draga frá tekjum ákveðna upphæð áður en hún kemur til skatts ef hún er lögð til mannúðarsamtaka, hjálpar- eða líknarstarfs. Nokkrir starfsmenn hjálparsamtaka hér á landi tóku sér fyrir hendur að skoða þessi mál núna á síðustu vikum. Þeir skoðuðu m.a. hvernig þessum málum væri háttað í sjö löndum sem Íslendingar hafa öll mikil samskipti við og alls staðar voru heimildir til skattfrádráttar vegna framlaga til mannúðar- og líknarmála. Það er umhugsunarefni hvers vegna svo er ekki hér. Við vitum að fyrirtæki hafa vissar heimildir til þess að leggja líknarsamtökum, listasamtökum og ýmsum öðrum samtökum lið og njóta skattfrádráttar, að 0,5% af veltu. Engu að síður held ég að ástandið sé þannig að það vanti mikið upp á að fyrirtæki sem hafa fengið aðstöðu til þess að starfa hér á landi greiði samfélaginu, sem þau standa í svo mikilli skuld við, til baka með slíkum framlögum. Einnig þar væri því ástæða til að rýmka heimildir og á Alþingi hafa verið fluttar tillögur um það að tvöföldun á framlagi til menningarmála gæti komið til frádráttar tekjum áður en fyrirtæki færu að greiða tekjuskatt. Það er gert ráð fyrir því í þessari tillögu sem ég nefndi áðan að slík tvöföldun gæti einnig komið til greina gagnvart einstaklingum.

Ég held að í stað þess að hjálparsamtök, líknarsamtök og önnur séu sífellt að betla af ríkisvaldinu um framlög til sinna þörfu mála og starfsemi, sé mjög athugandi að fólkið í landinu fái tækifæri til þess að ákveða sjálft hvaða samtökum, hvaða hjálparstarfi, hvaða björgunarstarfi það vill helst leggja lið. Ég er ekki viss um að ríkið sé alltaf besti aðilinn til þess að ákveða það og eins og kom fram hér áðan þá sparar sjálfboðaliðastarf gífurlega mikla fjármuni fyrir hið opinbera. Þess vegna ætti ríkið og hið opinbera að viðurkenna nauðsynlegt starf hjálparsamtakanna í landinu með því einmitt að veita einstaklingum heimild til frádráttar frá skatti vegna framlaga til menningar- og líknarstarfsemi, hjálparstarfsemi, og huga að rýmkuðum heimildum fyrir fyrirtæki.

[19:14]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fá að þakka meðflutningsmönnum mínum, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, hv. þm. Þuríði Backman og hv. þm. Einari Karli Haraldssyni, fyrir þeirra innlegg í þetta mál. Þær athugasemdir sem þau komu fram með voru afskaplega athyglisverðar og góðar.

Ég vil kannski fyrst byrja á því að nefna þá athugasemd sem hv. þm. Einar Karl Haraldsson gerði um þau félög sem væru að vinna og efla íslenska menningu eða stæðu í björgunarstarfi eða öðru sjálfboðastarfi. Ég held að við sem höfum talað í þessi máli höfum öll reynslu af því að vinna bæði að mannúðar- og líknarmálum og menningarmálum í sjálfboðastarfi og að sjálfsögðu gerir tillaga þessi ráð fyrir að það sé velt við hverjum steini í þessu efni.

Ég vil líka gjarnan nefna athugasemdir hv. þm. Þuríðar Backman um þann félagslega þroska sem margir hafa fengið út úr sjálfboðastarfi. Ekki síst það að fjölmargir, eins og hún nefndi, ávana- og fíkniefnasjúklingar og aðrir aðilar sem eiga við einhverja röskun eða andlegan leiða að stríða hafa fengið útrás í svona starfi. Í raun og veru ekki bara útrás heldur sjálfstraust við að vinna slík störf. Þeir hafa byrjað smátt en síðan vaxið og ég veit dæmi þess að margir hafa orðið leiðandi afl í okkar þjóðfélagi einmitt í gegnum slík störf.

Ég er líka afskaplega þakklát fyrir það að til viðbótar við þá þingmenn sem ég hef nefnt núna eru á þessu frv. hv. þm. Gunnar Birgisson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir svo að þessi tillaga er þverpólitísk. Það kemur heim og saman við það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi, að Íslendingar sameinast um að takast á um ýmsa hluti og oftast

erum við frekar sameinuð en sundruð. Það er eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi, innbyggt í okkur að þegar á þarf að halda þá stöndum við Íslendingar saman. Þess vegna er svo mikilvægt að þessi störf njóti þeirrar virðingar í nútímaþjóðfélagi sem nauðsyn er á í dag. Þau eru unnin mikið í hljóði og við vitum afskaplega lítið um það sem fólk er að gera í sínum viðbótartíma, ef það á einhvern, og leggur jafnvel á sig ofan á allt annað, til þess að koma málum í höfn. Því tel ég að full ástæða sé til þess að taka formlega á þessu máli eins og ég legg til í þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–9. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

24. FUNDUR

þriðjudaginn 11. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sjálfboðastarf, þáltill., 275. mál, þskj. 311. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 277. mál, þskj. 313. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 254. mál, þskj. 274. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 255. mál, þskj. 275. — 1. umr.
5. Aðgerðir gegn fátækt, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Fyrri umr.
6. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.
7. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
8. Almenn hegningarlög, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
9. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.
10. Skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands, þáltill., 86. mál, þskj. 86. — Fyrri umr.
11. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 114. mál, þskj. 114. — Fyrri umr.
12. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — 1. umr.
13. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
14. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Fyrri umr.
15. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna verkefna sem ég þarf að sinna óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykv. s., Álfheiður Ingadóttir líffræðingur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.“

Kjörbréf Álfheiðar Ingadóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Borgaraleg friðargæsla, 193. mál, svar utanrrh., þskj. 277.

Launaákvarðanir, 286. mál, fsp. JóhS, þskj. 330.

Sambúð laxeldis og stangveiði, 285. mál, þáltill. EKH o.fl., þskj. 326.

Sérfræðiþjónusta ráðuneyta og ríkisstofnana, 93. mál, svar fjmrh., þskj. 283.

Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, 278. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 314.

Athugasemdir um störf þingsins.

Starfslokasamningar við forstjóra Byggðastofnunar.

[13:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna svars sem mér barst á þskj. 221 við fsp. um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun. Frú forseti. Ég verð að segja að það kom mér verulega á óvart að fá þær upplýsingar sem þar koma fram um starfslokasamninga tveggja forstjóra Byggðastofnunar sem hættu störfum á tveggja ára tímabili og hafa kostað Byggðastofnun tæpar 70 millj. kr. Annar forstjórinn, sá sem hætti um aldamótin, hefur fengið rúmlega 92 millj. kr. lífeyrisréttindi vegna sérstakra samninga sem hann hefur náð. Eru lífeyrishlunnindi hans þannig að hann öðlast 20% af launum sínum eftir eins árs starf og eftir 15 ára starf er hann kominn með 90% af launum á meðan menn öðlast almennt aðeins 2% eftir eitt ár, þ.e. almenningur, og 30% eftir 15 ár.

Það sem ég ætlaði aðallega að gera að umræðuefni er að vekja athygli á þessum ótrúlegu starfslokasamningum en ég velti fyrir mér, frú forseti, hvort almennt séu starfslokasamningar hjá ríkinu í þessu veru. Tíðkast þeir eða eru þeir bara

hjá Byggðastofnun? Fá aðrir svona samninga og hvernig er með konur, fá þær svona samninga?

Ég óskaði eftir því, frú forseti, að jafnréttisráðherra yrði hér viðstaddur vegna þess að þessa dagana er verið að semja við framkvæmdastýru Jafnréttisstofu sem var búin að vera við störf í þrjú ár og það á að bjóða henni 6 mánaða laun. Við skulum bara bera það saman við síðari forstjóra hjá Byggðastofnun sem fær 20 millj. kr. í sinn starfslokasamning eftir eins og hálfs árs starf. Ég vil gjarnan fá viðbrögð ráðherra við þessum mismun.

(**Forseti** (JBjart): Forseti minnir hv. þingmenn á að halda sig innan tímaramma.)

[13:35]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það var nokkuð óljóst hvað hv. þm. var að fara í fyrirspurn sinni með athugasemdum sínum en ég vek athygli á því að tilefni umræðunnar eftir ræðunni að dæma var starfslokasamningar við forstjóra Byggðastofnunar. Ég vek athygli á því, frú forseti, að iðnrh. er ekki í salnum, er við skyldustörf sem ráðherra úti á landi og er því ekki hér til að bregðast við. Mér þykir sæta mikilli furðu að hv. þingmaður skuli koma hér upp af þessu tilefni að ráðherra fjarstaddri.

Þar að auki má bæta við þetta að ef hv. þingmaður hefði haft fyrir því að kynna sér málið ögn betur (**Gripið fram í:** Er iðnrh. ...?) liggur m.a. fyrir að stærstur hluti af þeirri upphæð sem hv. þm. nefndi byggir á samningum sem gerðir voru árið 1985 við fyrri forstjórann sem hér barst í tal og það eru samningar um lífeyrisskuldbindingar. Þá hlýtur hv. þm. sem hneykslast á þessu að þurfa að svara því hvort þá hefði átt að bregðast þeim samningum sem gerðir voru 1985.

Í síðara tilvikinu var um að ræða mun lægri upphæð en byggir á því að það er gerður samningur við starfslok og er farið þar eftir lögum og reglum og þá hlýtur hv. þm. að svara því hvort þá hafi átt að brjóta þau lög og þær reglur sem gilda í slíkum tilvikum að mati þeirra sem eru yfirstjórnendur viðkomandi stofnana.

Frú forseti. Ég árétta það að mér þykir það mjög ómaklegt að fara upp með mál af svona tilefni að ráðherra fjarstaddri. (Gripið fram í.)

[13:37]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Vissulega væri ágætt að fleiri ráðherrar væru viðstaddir þessa umræðu en raun ber vitni. Hins vegar liggja staðreyndirnar fyrir, 70 millj. hafa verið veittar til þess að kaupa óþægilega embættismenn, eða stirða, úr því samstarfi sem ráðherrar og stjórnarmenn Byggðastofnunar hafa þurft að eiga við þá. Maður spyr auðvitað hverju þetta sæti, í fyrsta lagi hvers vegna ekki helst á mönnum í starfi í þessum stöðum, í öðru lagi hvernig stendur á þeim mismun sem hv. þm., upphafsmaður þessarar umræðu, vakti athygli á milli þessara tveggja karla og þeirrar konu sem nú er á förum og á að greiða svolitla vasapeninga meðan hún leitar sér að nýju starfi.

Það vekur auðvitað líka spurningar hvort þetta fé muni vera flokkað sem styrkur til byggðastefnu og auðvitað hvaða heimildir menn hafa til þess, bæði lagalegar og siðferðilegar, að fara svona með fé skattborgaranna.

[13:39]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Hv. alþm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vekur máls á starfslokasamningum við fyrrum forstjóra Byggðastofnunar og óskar eftir því að jafnréttisráðherra sé viðstaddur þá umræðu. Ekki skildi ég það þegar sú ósk kom og enn síður skil ég það nú. Ég tek undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni: Hvers vegna í ósköpunum er vakið máls á þessari umræðu hér að iðnrh. fjarstaddri, þeim ráðherra sem ber ábyrgð á málaflokknum? Hvað lá á og hvaða tilgangi þjónar það að koma með inn í þingsal málefni einstaklings úti í bæ sem hefur látið af störfum fyrir ríkið í sátt og samlyndi við félmrn. og það hefur verið gert upp við þann einstakling? (Gripið fram í.) Hvaða tilgangi þjónar það? Nei, ég er að tala um framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu af því að hv. þm. sá ástæðu til að taka mál þess einstaklings upp á Alþingi. Ég furða mig á þessum vinnubrögðum.

[13:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað óþolandi að opinberar stofnanir taki sér vald til þess að gera sérsamninga um kjör og fríðindi við einstaka aðila sem er úr öllu samhengi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Það virðist vera töluvert um slíka samninga. Í svari sem ég fékk frá hæstv. forsrh. fyrir tveim árum kom fram að á 7 ára tímabili höfðu verið gerðir 285 starfslokasamningar, þar af 77 starfslokasamningar sem fólu í sér greiðslur umfram það sem þegar er áunnið í lögum um starfsmenn ríkisins og kjarasamninga. Átta ráðuneyti höfðu gert 23 starfslokasamninga við einstaklinga sem teljast gegna stöðu yfirmanna eða stjórnenda og dæmi voru um að gerðir voru þriggja ára starfslokasamningar. Það er því ljóst að starfslokasamningar eru í allt of miklum mæli byggðir á geðþóttaákvörðunum valdhafa hverju sinni og engar samræmdar reglur virðast gilda um þá í stjórnsýslunni. Þetta er auðvitað dæmi um losarahátt sem ríkir í stjórnsýslunni og segir okkur hversu brýnt er á þessu sviði sem öðrum að tryggja meiri stjórnfestu og aga í öllu stjórnkerfinu.

Ég hef kallað eftir því ítrekað hjá hæstv. fjmrh. að settar verði leiðbeinandi starfsreglur í fjmrn. sem gildi þá fyrir stofnanir þannig að farið sé eftir samræmdum reglum þegar verið er að gera starfslokasamninga. Það er útilokað að búa við það í stjórnsýslunni að það sé eftir ákvörðun einstakra forstjóra eða ráðherra hverju sinni hvernig starfslokasamningarnir eru úr garði gerðir og það verður að vera meira samræmi í þessu. Ég veit ekki til þess að slíkar leiðbeinandi reglur hafi verið settar en það er ástæða til þess að kalla enn og aftur eftir þeim. Mér finnst alveg óþarfi af hæstv. félmrh. að furða sig á því að það sé gerður samanburður á 90 millj. kr. starfslokasamningi og þeim 6 mánaða starfslokasamningi sem hann var að gera við jafnréttisstýru.

[13:42]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er vakin athygli á sem lýtur að starfslokasamningum við framkvæmdastjóra hinna ýmsu stofnana á vegum ríkisins hefur áður verið til umfjöllunar á Alþingi almennt. En það sem hér er sérstaklega verið að draga fram eftir því sem mér sýnist er — þess vegna er hæstv. félmrh. og yfirmaður jafnréttismála kallaður til — hvort hæstv. ráðherra jafnréttismála hafi kannað hvort einhver jafnréttissjónarmið gildi eða hvernig farið hafi verið með jafnréttissjónarmið við gerð slíkra starfslokasamninga. Hæstv. ráðherra ber að gera það lögum samkvæmt. Hann er yfirmaður jafnréttismála og þegar sá hópur sem fær starfslok af hálfu hins opinbera með gífurlegum fjárupphæðum er farinn að skipta tugum er eðlilegt að spurt sé hvað hafi verið gert og hvernig hafi verið staðið að málum hvað varðar

jafnréttissjónarmið. Er verið að mismuna mönnum í trúnaðarstöðum ríkisins eftir kyni? Það væri einmitt mjög æskilegt og nauðsynlegt að hæstv. félmrh., yfirmaður jafnréttismála, beitti sér fyrir slíkri könnun og skoðun. Það er til slík stofnun, Jafnréttisstofa, sem starfar á ábyrgð hæstv. félmrh. Jafnréttisstofu ber einmitt að rannsaka hvort jafnréttislögum sé framfylgt, og ekki síst í störfum hjá hinu opinbera. Ég skora bæði á hæstv. félmrh. og Jafnréttisstofu að beita sér fyrir könnun og rannsókn á því hvort mismunun sé beitt eftir kyni eða öðru við gerð starfslokasamninga. Það sem hér hefur verið nefnt, annars vegar starfslokasamningar hjá Byggðastofnun og hins vegar starfslokasamningar einmitt hjá Jafnréttisstofu, vekur mann til umhugsunar. Var þar ekki verið að beita kynbundnum mismun, eða hvað?

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það svar sem við ræðum hér og tilefni þess ásamt öðrum upplýsingum sem komið hafa fram hjá hv. Alþingi gefi fullt tilefni til að það verði skoðað gaumgæfilega hvort ekki þarf að setja reglur um starfslokasamninga og hvernig þeir eigi að vera úr garði gerðir.

Það virðist vera svo, virðulegi forseti, að á undanförnum árum hafi starfslokasamningar farið að teygjast inn í framtíðina svo að nemur jafnvel allt að þremur árum og ríkið sé að láta ótrúlegar upphæðir í ýmsa starfslokasamninga og er þá ekki gerð grein fyrir því hvort um karl eða konu er að ræða. Hins vegar er fullt tilefni til þess að spurt sé, í tilefni þeirra upphæða sem hér er verið að ræða um, hvort jafnræði sé með kynjum að þessu leyti. En aðalmálið finnst mér vera að það verði skoðað í hvaða farveg greiðslur í starfslokasamningum eru að fara.

[13:46]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í svarinu til hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur kom fram að miðað hefði verið við samninga bankaforstjóra í þessu tilliti og þetta væru gamlir samningar, 15 ára gamlir. Lífeyrisrétturinn sem um er að ræða er að verðmæti 90 milljónir. Það þýðir að réttindavinnslan var 6 milljónir á ári fyrir viðkomandi mann, það er það sem það kostaði ríkissjóð, á meðan venjulegt fólk í almennu lífeyrissjóðunum — það fær ekki 2% eins og opinberir starfsmenn, nei, það fær 1,4–1,6% á ári miðað við töku lífeyris um sjötugt. Það fær sem sagt 20–25% lífeyrisrétt fyrir sama tíma og sá lífeyrir er verðtryggður miðað við verðlag en ekki miðað við laun eins og þessar 90 milljónir, þær eru miðaðar við laun.

Á sama tíma og á að fara að skerða suma verkalýðssjóðina — þá á að fara að skerða, það stendur fyrir dyrum, það á að fara að skerða þessi 25% sem eru verðtryggð miðað við verðlag — er réttur opinberra starfsmanna gulltryggður. Þetta er það sem ég hef margoft bent á. Ef einhver er hissa þá skal hann bara lesa ræður mínar um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og annarra og það sem ég hef kallað fé án hirðis.

[13:47]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eftir stendur ein augljós spurning og hún er sú: Átti að efna 20 ára gamlan samning? Mér finnst að þeir sem hafa verið að gagnrýna þennan starfslokasamning hafi ekki svarað þessari einföldu spurningu. Þeir hafa reynt að koma sér hjá því og talað um alla skapaða hluti aðra.

Ég held að við verðum í umræðunni að fá það upplýst frá þeim sem eru núna að gagnrýna þennan samning hvort þeir telji að rifta hefði átt samningnum, hvort þeir telji að ekki hefði átt að borga eftir samningnum, hvort þeir séu þeirrar skoðunar að einfaldlega hefði átt að hætta á það að hér yrðu uppi málaferli ef um það væri að ræða að menn ætluðu sér ekki að efna þennan samning. Það er auðvitað stóra spurningin.

Hérna liggur fyrir að verið er að efna 20 ára gamlan samning með þessum starfslokasamningi, það er kjarni málsins. Hv. málshefjandi talaði um og fór að bera þetta saman við annan starfslokasamning sem væri í burðarliðnum eða búið að gera. Ég spyr hv. þm. vegna þess að hv. þm. bar þetta saman: Telur hv. þm. þá að sá samningur hefði átt að vera ríflegri en búið var að bjóða af hálfu ríkisins? Vill hv. þm. halda því fram að það tilboð hefði átt að vera hærra eða hvernig átti að skilja þennan samanburð af hálfu hv. þm.?

Síðan var spurt af hálfu hv. þm.: Eru kannski fleiri starfslokasamningar? Er eitthvað fleira til af þessu taginu? Þá gerðist það óvænta í umræðunni að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, flokkssystir hv. málshefjanda í tveimur flokkum, upplýsti að hún hefði þegar fengið þetta svar, að það væru um 270 slíkir samningar. Og þó beindi hv. þm. orðum sínum til hæstv. forseta og ráðherra og reiknaði með því að þeir hefðu á takteinum 270 gamla starfslokasamninga. Ég skil ekki svona vinnubrögð.

[13:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Það er ástæðulaust að fyrtast við þó að við ræðum svona athyglisvert svar eins og ég hef fengið frá hæstv. iðnrh., eins og hæstv. félmrh. gerði og svara með þjósti, það er alveg ástæðulaust. Það er full ástæða til að ræða þetta.

Hæstv. ráðherra sagði að ég væri að bera saman starfslok starfsmanns sem hefði hætt í sátt og samlyndi, og ég skal halda því áfram. Síðari forstjóri hjá Byggðastofnun hætti í sátt og samlyndi. Hann hætti af sjálfsdáðum eins og sagt er. Hann hafði starfað í eitt og hálft ár og fær tæpar 20 millj. kr. í greiðslur.

Forstjóri Jafnréttisstofu eða framkvæmdastýra Jafnréttisstofu var búin að starfa í þrjú ár. Hún hætti ekki í sátt og samlyndi, hún var látin hætta. Og hvað er henni boðið? Henni eru boðnir sex mánuðir í laun. Það er full ástæða til að ræða það hvernig starfslokum er háttað eftir því hvort það eru karlar eða konur og full ástæða til að skoða það. Og ég hef útbúið fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það.

Karlinn sem hættir 2002 fær tæpar 20 milljónir þegar hann hættir eftir eins og hálfs árs starf, en konunni sem er að hætta núna eftir þriggja ára starf eru boðin sex mánaða laun, (**Gripið fram í:** Átti að hækka ...?) sem eru kannski um 3 milljónir með öllum launatengdum gjöldum.

Það er fullkomlega óviðunandi. (Gripið fram í.) Auðvitað eigum við að skoða þessa starfslokasamninga, setja reglur og fara eftir þeim. Eigum við að láta bjóða okkur að körlum séu boðin svona kjör og konurnar sitji eftir? Nei takk.

[13:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs um störf þingsins þegar ég heyrði í hæstv. félmrh. Ég hef eiginlega sjaldan eða aldrei heyrt annað eins og þegar hv.

þingmenn koma hér upp og óska eftir skýringum og svörum að því er varðar útgjöld ríkissjóðs, útgjöld sem byggja á skattgreiðslum landsmanna. Það er hlutverk þingsins að fylgjast með því hvernig farið er með fé ríkissjóðs. Og það er verið að spyrjast fyrir um hverju þessi mismunun sæti. Þá kemur hæstv. ráðherra og er bara með þjóst og hávaða og lýsir vanþóknun sinni á því að verið sé að spyrja hæstv. ráðherra hvernig þeir ráðstafi fjármunum landsmanna. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ýmsu hefur maður kynnst hér í þinginu, og kannski rétt að fyrirgefa hæstv. ráðherra því að hann er nýr í starfi og vonandi að hann læri af þessu að svona hegða menn sér ekki í þinginu.

Hæstv. ráðherra ber skylda til að svara þeim fyrirspurnum sem fyrir hann eru lagðar og gera það þannig að einhver sómi sé að en á ekki að hegða sér á þann hátt sem hann gerði hér áðan.

Sjálfboðastarf, frh. fyrri umr.

Þáltill. LMR o.fl., 275. mál. — Þskj. 311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. LMR og GunnB, 277. mál. — Þskj. 313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (rannsóknir og nýsköpun). — Þskj. 274.

og

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (hafrannsóknaafli, þorskeldiskvóti). — Þskj. 275.

[13:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum. Jafnframt mæli ég fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Samkvæmt lögum nr. 37/1992 rennur andvirði ólögmæts sjávarafla í sérstakan sjóð sem ráðherra skal ráðstafa til hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIX við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er skipstjóra heimilt að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins og rennur andvirði þess afla til Hafrannsóknastofnunarinnar. Þessi afli er almennt kallaður Hafró-afli. Ráðstöfun fjár úr þessum sjóðum er lögum samkvæmt takmörkuð við tilgreind verkefni.

Í frumvörpunum er lagt til að andvirði Hafró-aflans og andvirði ólögmæts sjávarafla renni í einn og hinn sama sjóð og verði hann nefndur Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins verði víkkað og fé úr þeim sjóði verði varið til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs sem og til eftirlits með fiskveiðum. Með þessu móti yrði hlutverk þessa nýja sjóðs allmiklu víðtækara en þeirra tveggja sjóða sem nú eru fyrir. Með því að breyta hlutverki sjóðins eins og hér er lagt til skapast miklir möguleikar til að auka þau verkefni sem sjóðurinn gæti styrkt með markvissum hætti. Verði frv. að lögum verður unnt að styrkja rannsóknir á sviði sjávarútvegs almennt auk þess sem möguleikar opnast til þess að efla nýsköpun í sjávarútvegi. Í ljósi hins víðtæka hlutverks sjóðsins er lagt til að nafn hans verði Verkefnasjóður sjávarútvegsins eins og áður segir.

Andvirði Hafró-aflans hefur runnið til Hafrannsóknastofnunar eins og kveðið er á um í ákvæðinu sem öðlaðist gildi 1. febr. 2002. Námu tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar vegna þessa á árinu 2002 um 96 millj. kr. og um 125 millj. kr. fyrstu níu mánuði ársins 2003.

Heildargjaldtaka vegna ólögmæts sjávarafla hefur verið mjög mismikil á síðustu árum en á fimm síðustu árum, 1998–2002, innheimtust samtals tæplega 182 millj. kr. vegna ólögmæts sjávarafla. Í frv. um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla er lagt til að Fiskistofu verði heimilað að svipta skip veiðileyfi hafi skuld vegna upptöku ólögmæts sjávarafla ekki verið greidd 30 dögum eftir að til álagningar kom. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að nokkur dæmi eru um að útgerðaraðilar hafi haldið áfram útgerð skips, oft undir nýju nafni og kennitölu, eftir að reyndar hafa verið árangurslausar innheimtuaðgerðir hjá þeim. Er hér oft um að ræða eignalítil einkahlutafélög með óveruleg fjárráð sem tekið hafa á leigu eða keypt, oft eingöngu um yfirtöku veðskulda, kvótalítil eða kvótalaus skip sem þeir síðan gera út með kaupum á aflaheimildum. Fyrir liggur að mestan hluta afskrifta af gjaldtöku vegna ólögmæts sjávarafla má rekja til slíkra útgerða. Er talið nauðsynlegt að þessi breyting nái fram að ganga, bæði til að tryggja skilvísa greiðslu álagningar og eins til að koma í veg fyrir ólögmætar veiðar. Í þessu sambandi má benda á að vanskil bæði á veiðileyfisgjaldi og gjaldi til Þróunarsjóðs valda niðurfellingu veiðileyfis auk þess sem lögveð stofnast í skipum vegna þeirra gjalda.

Samkvæmt b-lið 16. gr. laga nr. 85/2002 hefur ráðherra til ráðstöfunar 500 lestir af þorski til tilrauna með áframeldi á þorski. Heimild þessi tók gildi á fiskveiðiárinu 2001/2002 og gildir næstu fimm fiskveiðiár þar á eftir. Á síðasta fiskveiðiári var úthlutun þessara heimilda falin Rannsóknasjóði til að auka verðmæti sjávarfangs, AVS-verkefninu, en vegna ýmissa orsaka nýttust þessar heimildir ekki að fullu. Er hér lagt til að ónýttar aflaheimildir, sem til ráðstöfunar voru í þessum tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003, flytjist til fiskveiðiársins 2003/2004.

Loks er í frv. um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla lagt til að leiðréttar verði tvær rangar lagatilvísanir.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frumvörpunum vísað til hv. sjútvn.

[14:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi tvö mál sem hér eru til umfjöllunar eru að mínu viti bara eðlileg, þ.e. að reynt verði að koma sameiginlegu skikki á meðferð þeirra fjármuna sem koma inn vegna þessara tveggja uppsprettna á fjármagni sem um er að ræða, annars vegar gjalda vegna ólögmæts sjávarafla og hins vegar fjármuna sem koma inn vegna svokallaðrar 5% reglu eða Hafró-afla eins og sumir kalla það.

En ég saknaði þess úr ræðu hæstv. ráðherra að hann gerði svolítið betur grein fyrir því hvaða hugmyndir hann hefur uppi um það hvernig eigi að nýta þessa fjármuni. Það er vitað að stór hluti þeirra hefur nýst t.d. sl. ár vegna sérvandamála sem hafa komið upp hjá Hafrannsóknastofnun og vegna þess að hún hefur ekki haft fjármuni til þess að láta framkvæma sumar af þeim rannsóknum og verkefnum sem hún hefur talið ástæðu til að gera. Það er t.d. held ég á hreinu að kostnaður Hafrannsóknastofnunar vegna hvalveiða sl. ár hafi verið greiddur af þeim peningum sem komu í gegnum þennan Hafró-afla. Nú hlýtur spurningin að vera sú hvað hæstv. ráðherra hyggist fyrir með þessa fjármuni því að þeir verða að öllum líkindum verulegir.

Mig langar að ræða aðeins um þessi lög um Hafró-aflann út frá því að í þeim er gert ráð fyrir því að 20% af aflaverðmætinu sem kemur á land vegna þessa afla sem skipstjórar ákveða að landa undir þessum lagabókstaf renni til viðkomandi útgerða. Þegar verið var að flytja frumvörp, og ég tók þátt í því, um sambærilegar reglur og þarna urðu að lögum gerðum við alltaf ráð fyrir því að Hafrannsóknastofnun fengi þessa fjármuni en að það væri á ábyrgð sjútvrn. á hverjum tíma að gefa út hvaða verð ætti að vera á þessum afla, þ.e. verðið til útgerðanna. Það ætti að ákveða það verð út frá þeim sjónarmiðum að menn gætu ekki gert út á hann en að menn töpuðu heldur ekki á því að koma með þennan afla að landi ef hann væri kominn inn fyrir borðstokkinn.

Nú ganga sögur af því að sumar útgerðir geri út á hann, veiði og landi undir þessum lið mjög dýrmætum afla, stórum fiski sem selst við háu verði á markaði. Þannig verði þessar veiðar sérstaklega arðbærar. Nú veit ég ekki hvað er til í þessu en það er a.m.k. ástæða til að gefa því gaum og þó að Hafrannsóknastofnun og hæstv. ráðherra hafi kannski velvilja gagnvart því að fá þessa fjármuni inn megum við ekki missa sjónar á því markmiði sem liggur að baki. Þetta ákvæði var tekið upp fyrst og fremst til að koma í veg fyrir brottkast og til að vinna gegn því að menn gengju illa um auðlindina. Ég tel það jákvæða ráðstöfun að gefa mönnum tækifæri til að koma með fiskinn að landi án þess að vera refsað fyrir að hafa veitt afla sem hefði annars dregist frá kvóta og orðið efnahagsleg refsing á viðkomandi útgerð.

Þetta tel ég að þurfi að fara yfir og skoða. Mér finnst að það sé að koma tími til þess núna því að þessar reglur hafa verið í gildi nógu lengi til að hægt sé að átta sig á því hvort þetta fyrirkomulag virkar eins og til er ætlast.

Það hafa ekki verið miklar umræður um sjávarútvegsmál á þessu hausti og nú er auðvitað tækifæri til þess að spyrja og velta fyrir sér ýmsu af því sem hefur komið hér upp. Það er kannski fyrst og fremst vegna eins máls sem mig langar að víkja að öðru. Ég tel að við höfum ráðherra til svara og mér finnst allt í lagi að nýta umræðuna til að spyrja hann nokkurs vegna svars sem hann gaf við fyrirspurn minni um vigtunarleyfi um daginn. Það tengist Fiskistofu beint enda hefur hún eftirlit með þessum vigtunaraðferðum, heimavigtunarleyfum, vigtun á hafnavog og endurvigtunarleyfum, og það sem ég ætla að gera að umtalsefni er svar við síðustu spurningunni af fjórum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra, en þar spurði ég, með leyfi forseta:

„Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild“ — þ.e. hjá þeim sem hafa endurvigtunarleyfi — „og hvað vó sá afli í heild samkvæmt vigtun á hafnarvog, sundurliðað eftir árum?“

Það gerist þannig með endurvigtunina að allur sá afli er vigtaður á hafnarvog og endurvigtaður hjá þeim sem hafa endurvigtunarleyfi. Nú hafði ég verið svo grænn og einfaldur að ég taldi mér trú um að aðaleftirlitstæki Fiskistofu væri þá í þessu tilfelli að bera saman hvað þessi afli hefði vegið á hafnarvog og hvað hann hefði síðan vegið endurvigtaður hjá viðkomandi aðilum. En svarið sem ég fékk við spurningunni var að Fiskistofa hefði ekki svar, eða eins og segir í svarinu, með leyfi hæstv. forseta, að ekki væru „tiltækar í gagnagrunni Fiskistofu upplýsingar um hvort þessi afli var veginn af viðkomandi leyfishafa samkvæmt endurvigtunarleyfi hans né hvað aflinn vó við frumvigtun á hafnarvog“.

Ég verð að segja eins og er að ég er gjörsamlega hneykslaður á þessu. Hvernig í ósköpunum stendur á því að Fiskistofa með allt sitt batterí og eftirlitskerfi, menn keyrandi um allar hafnir úti um allt land til að fylgjast með öllu, notar ekki þessi gögn sem verða til? Það er ekki eins og þeim sé fleygt því að með öllum fiski sem er vigtaður á hafnarvog er gefin út nóta til bílstjórans og til skipstjórans eða útgerðarmannsins. Öll þessi gögn eru sem sagt til staðar en Fiskistofa nýtir þau ekki til að fylgjast með því að eðlilega sé farið með þessa hluti. Ég vil bara spyrja hæstv. ráðherra hvort honum finnist þetta ganga. Það hafa gengið tröllasögur af endurvigtun á afla í þessu landi þar sem útgerðarmenn og skipverjar hafa kvartað hástöfum yfir því að gífurlegur munur hafi verið á afla sem var landað og hann vigtaður á hafnarvog og síðan þeim tölum sem hafa komið út vegna heimavigtunar. En svörin við þessum spurningum voru engin.

Úr því að ég er farinn að tala um þessi fyrirbrigði sem heimavigtunarleyfin eru og endurvigtunarleyfin hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann ætli ekki að taka neitt á þessum málum. Auðvitað er mjög óheppilegt að starfsmenn hafnanna sjái ekki um niðurstöðurnar, að það séu starfsmenn viðkomandi fyrirtækja sjálfra sem vigta og bera ábyrgð á endanlegri niðurstöðu um það hvað aflinn hefur vegið. Þetta er ávísun á verulega hættu á hagsmunaárekstrum. Hagsmunaárekstrinn er fyrir hendi og í því fólginn að starfsmaður fyrirtækisins á allt undir því að vigtin sé fyrirtækinu í vil og hag.

Það er að mínu viti full ástæða til að heyra í hæstv. ráðherra hvort hann ætli að taka á þessum málum og reyna að koma á einhverjum almennum, eðlilegum reglum sem gera mönnum kleift að gera þá kröfu að ótengdir og óvilhallir aðilar sjái um vigtun á afla. Auðvitað þarf það að vera þannig.

Ég ætla ekki að fara út í fleiri sálma í þessari ræðu, hæstv. forseti. Mér gefst tækifæri til þess að taka til máls aftur ef umræður hér sveigjast inn á einhverja aðra hluti en, eins og ég sagði áðan, ég tel frumvörp ráðherrans jákvæð. Ég vil helst fá að vita meira um hvaða stefna er uppi frá hans hendi, hvernig eigi t.d. að útdeila þessum fjármunum, og mig langar

til að fá svör við því hvort til standi að taka á því máli sem ég vakti hér líka máls á.

[14:11]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. þingforseti. Ég vil byrja á því að þakka sjútvrh. fyrir að taka upp þessa 5% reglu sem gerð var fyrir tæpum tveimur árum og segi ég að það hafi verið til bóta, einkum að viðurkenna loks brottkast. Forverar núv. sjútvrh. höfðu ekki viðurkennt brottkast þrátt fyrir að þeim hafi verið bent á það í ein 12–15 ár frá því að þetta kvótakerfi var tekið upp, fiskveiðistjórnarkerfi, og það er vel að taka upp þessa viðurkenningu. En þessi 5% regla er samt of lítil. Ég hefði viljað sjá hana vera 10% af afla sem mætti landa í einhvern sjóð. Fyrst það stendur ekki til að eyrnamerkja þessa peninga til Hafrannsóknastofnunar hefði ég talið að tekjurnar þyrftu að eyrnamerkjast einhverjum ákveðnum aðilum eins og t.d. Landhelgisgæslunni, Slysavarnaskóla sjómanna, slysavarnafélögunum, björgunarsveitum, jafnvel Lífeyrissjóði sjómanna, þannig að menn sæju hag af því að hirða fisk í þetta. Eins þyrfti að breyta hlutfallinu svo að það yrði meiri hvati fyrir sjómenn að hirða þennan fisk. Það er of lítið að fá bara 20% af þessum afla. Sjómenn þurfa að fá lágmark að mínu mati 50% af aflanum.

Kannski má segja í lokin að þetta sýni náttúrlega best hvað þetta fiskveiðistjórnarkerfi okkar er handónýtt til allra nota.

[14:13]

Jón Bjarnason:

Virðulegi frú forseti. Með þessum frv. um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla og um stjórn fiskveiða sem hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir er verið að breyta í nokkru farvegi og skerpa á heimildum á innheimtu á gjöldum sem koma inn annars vegar vegna ólögmæts sjávarafla sem gerður er upptækur og hins vegar vegna meðafla sem kemur í land og ekki getur flokkast sem hluti af aflaheimildum viðkomandi skips. Lagt er til að þetta fjármagn renni í sérstakan Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Samkvæmt þeim lögum sem gilt hafa um þetta frá því í fyrra á féð að renna til Hafrannsóknastofnunar. Ég tek undir orð hv. þm. Grétars Mars Jónssonar en vil árétta að fiskveiðistjórnarkerfið sem slíkt er svo fullkomlega gatslitið og götótt að það eitt sér er náttúrlega meginvandamálið. Við erum síðan með einum eða öðrum hætti að reyna að stoppa upp í gat hér og stoppa upp í götin og reyna að gera það besta úr vandanum hér og vandanum þar. Þetta er náttúrlega bara eins og að elta skottið á sjálfum sér.

En þar sem kerfið í heild sinni er ekki hér til umræðu heldur ákveðin atriði þess vil ég láta í ljós þá skoðun mína að ég lýsti miklum efasemdum um að Hafrannsóknastofnun fengi óskilgreint svo mikið fjármagn til ráðstöfunar og kveðið er á um í gildandi lögum, þ.e. að fé sem innheimtist með þessum hætti rynni óskilgreint til Hafrannsóknastofnunar. Þetta eru um nokkur hundruð millj. kr. á ári og er í raun orðinn eins konar skattstofn á sjávarútveginum, á atvinnuveginum. Upprunalega var þetta hugsað til að leiðrétta eða til að koma í veg fyrir brottkast eða minnka brottkast þannig að það þjónaði nokkrum tilgangi að koma með afla að landi án þess að vera settur í fangelsi fyrir það. En nú er farið að meðhöndla þetta meira eða minna sem skattstofn. Þá verður að fara að líta þetta svolítið öðrum augum.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvað er gert ráð fyrir því að þessi Verkefnasjóður sjávarútvegsins geti velt miklum upphæðum, þessi sjóður sem á að fara inn í sjútvrn. og vera til útdeilingar, jafnvel háður þess vegna geðþóttaákvörðunum eða ákvörðunum sem Alþingi hefur ekki lagt blessun sína yfir? Ég tel að þessi sjóður, Verkefnasjóður sjávarútvegsins, ætti að lúta ráðstöfun og ákvörðunum Alþingis. Um gríðarlega fjármuni er þarna að ræða sem Alþingi á að ráðstafa að mínu mati til verkefna sem tengjast atvinnuveginum sjávarútvegi. Hér er verið að opna á að ráðstafa megi þessu fé til ýmissa annarra verkefna en bara hafrannsókna, gott og vel. Ég tel að þessu fjármagni eigi að ráðstafa á vegum Alþingis.

Mér heyrist af umræðunum að þetta geti skipt nokkur hundruð millj. kr. Kannski er farið að styttast í að þarna geti verið til ráðstöfunar á ári hálfur til 1 milljarður kr. Því er algjörlega óeðlilegt og ólýðræðislegt að ráðherra hafi nánast einn vald til að úthluta þessu fé. Þó svo að hæstv. ráðherra skipi stjórn slíks sjóðs þá er hún bara nokkurs konar framlenging á hans sterka armi. Það er óeðlilegt að ráðstafa svo miklum fjármunum með þeim hætti.

Margar aðrar stofnanir gætu átt rétt á að fá einmitt hlutdeild í þessu, t.d. náttúrustofurnar sem geta stundað staðbundnar rannsóknir á lífríki meðfram ströndum landsins. Ég nefni háskólana, háskólasetrið á Ísafirði, háskóla í Skagafirði o.s.frv. sem gætu vel stundað ákveðnar staðbundnar rannsóknir út frá sínum svæðum.

Mér kom svolítið spánskt fyrir sjónir að heyra að Hafrannsóknastofnun væri að sækja um sérstakt fjármagn á fjárlögum til þess að geta haldið úti sinni litlu starfsemi á Ísafirði. Hún var þó að fá til starfsemi sinnar háar upphæðir, að mig minnir, svo skipti hundruðum millj. kr. í formi einmitt þessa meðaflafjár. En hún gat ekki varið 10–15 millj. kr. af þessu fjármagni til að standa undir rekstri starfsemi sinnar á Ísafirði sem er þó einn af stærri löndunarstöðum íslensks sjávarfangs. Það er eitthvað að í slíku kerfi.

Virðulegi forseti. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við meðhöndlun hv. sjútvn. á frv. verði litið til þess að gera þær breytingar að þetta fjármagn komi til ráðstöfunar á vegum Alþingis og úthlutist til verkefna vítt og breitt um landið sem tryggja, styðja að og efla störf í sjávarútvegi og verkefnum tengdum sjávarfangi og atvinnulífið meðfram ströndum landsins.

[14:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fagna því að sjá þetta frv. í þingsölum. Ég held að hér sé verið að koma mikilsverðu máli í góðan skikk og í raun er verið að halda áfram á braut sem þegar hefur verið fetuð.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að með þessu er verið að koma á betri reglu um meðferð fjár sem verður til, þ.e. bæði uppítökusjóðurinn og eins þessir peningar sem hafa orðið til með Hafró-aflanum sem svo er kallaður, þ.e. 5% reglunni. Það er enginn vafi á því að með því að setja þetta í einn og sama sjóðinn verður hægt að nýta þetta miklu betur með skilvirkari hætti og engin hætta verður á því að um verði að ræða tvíverknað á milli tveggja aðila.

Ég vil aðeins víkja athyglinni að forsögu málsins og sérstaklega því sem lýtur að 5% reglunni, Hafró-aflanum sem svo hefur verið kallaður. Þannig er mál með vexti að hæstv. ráðherra lagði það til á sínum tíma að það yrði gert með þeim hætti að 5% af afla gætu menn selt á fiskmarkaði og það yrði gert þannig að 80% af afrakstrinum færi til Hafrannsóknastofnunar en 20% til þess að standa undir fyrirhöfn og aðstöðu og færi þess vegna bæði til útgerðar og sjómanna.

Ég tel að þetta hafi verið í sjálfu sér mjög eðlileg aðferð. Til þess að koma í veg fyrir alla tortryggni varðandi verðmyndun á þessu sjávarfangi varð niðurstaðan sú að þetta yrði gert í gegnum fiskmarkaði. Við þekkjum það að mikil tortryggni er ríkjandi milli sjómanna og útvegsmanna varðandi verðmyndunarþáttinn og við höfum auðvitað ekki þægilegri tæki en einmitt fiskmarkaðina til þess að búa til þetta verð þannig að um þennan þátt málsins yrði a.m.k. enginn ágreiningur.

Sjálfur er ég ekki í nokkrum vafa um að þessi aðferð er miklu líklegri en flest annað til þess að draga úr tilhneigingu til brottkasts. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að brottkast er hrollkaldur veruleiki í íslenskum sjávarútvegi. Hæstv. sjútvrh. beitti sér fyrir því á sínum tíma að gerð var sérstök skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi. Hún leiddi í ljós á grundvelli svara frá sjómönnum um hversu mikið brottkast væri að ræða.

Það er líka athyglisvert að á sama tíma kynnti Hafrannsóknastofnun líka sínar athuganir sem leiddu í ljós mjög svipaða og áþekka niðurstöðu um umfang brottkastsins og Gallup hafði dregið fram. Raunar er Hafrannsóknastofnun á öllum tímum að vinna að slíkum athugunum.

Í þriðja lagi, ef við skoðum gömlu skoðanakönnunina hans Kristins Pétursson þá kemur líka fram mjög svipað mat á því hvert umfang brottkastsins er. Ég tel því, virðulegi forseti, að ef við skoðum þetta í þessu ljósi þá vitum við nokkurn veginn hvert brottkastið er og við eigum út af fyrir sig ekki að þurfa að rífast mjög mikið um umfangið. Þarna er um að ræða þrjár sjálfstæðar athuganir sem benda í mjög svipaða átt og ég held að langskynsamlegast sé fyrir umræðuna að við höldum okkur við það að þetta sé umfangið.

Þessi regla átti fyrst og fremst að fela í sér, og hún hefur gert það, möguleika á því að auðvelda mönnum þegar þeir standa frammi fyrir því að eiga litlar aflaheimildir og fá afla umfram aflaheimildir, að þurfa ekki að kasta, en stundum hefur verið talað um að sjómenn séu neyddir til og þeir standi raunverulega frammi fyrir því vali að þurfa að kasta. Ég tel einfaldlega að með því að búa til eins konar stuðpúða í kerfinu með þessari 5% afla reglu, Hafró-reglu, þá hafi í raun verið stigið mjög stórt skref í þá átt að draga úr tilhneigingu til brottkasts.

Sjálfur hef ég aldrei verið mjög trúaður á að hið virka eftirlit, eins og menn hafa talað mikið um, sé endilega árangursríkasta leiðin til þess að draga úr brottkasti. Ég held að það séu hins vegar hagrænar aðgerðir af þessu taginu sem séu líklegastar til árangurs. Til viðbótar get ég í því sambandi nefnt að líka er búið að festa það niður að menn geta tekið 10% af afla sínum og þurfa ekki að draga frá þeim hluta aflans nema helminginn til kvóta. Þetta gefur mönnum gríðarlega mikið svigrúm sem á að duga til þess að draga a.m.k. mjög verulega úr tilhneigingunni til brottkasts.

Um þetta voru menn í raun alveg sammála þegar við ræddum þessi mál á vordögum 2002. Þá kom fram sameiginlegt nefndarálit frá sjútvn. þar sem við studdum þá tillögu hæstv. sjútvrh. að setja á þessa 5% reglu og ráðstafa henni eins og gert hefur verið æ síðan, þ.e. í fyrsta lagi að láta peningana að langmestu leyti renna til Hafrannsóknastofnunar en að hluta til þeirra sjómanna og útvegsmanna sem hefðu landað aflanum og selt hann.

Menn voru hins vegar mjög að velta því fyrir sér hvort ekki væri skynsamlegt verja að þessum afla, þessum fjármunum, með nokkuð öðrum hætti, þ.e. að þeim yrði varið til hafrannsókna og rannsókna og nýsköpunar, en þeir rynnu ekki beint til Hafrannsóknastofnunar.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að í nefndaráliti sem sjútvn. Alþingis sendi frá sér á þessum vordögum þá fitjuðum við upp á því sem þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Þá var á það bent að stofnanir og sjálfstætt starfandi vísindamenn gætu sótt um styrki í þann sjóð er fæst fyrir umframaflann og rennur til Hafrannsóknastofnunarinnar."

Þarna var auðvitað verið að ýja að því sem hæstv. sjútvrh. er nú að leggja til að við leiðum í lög og ég tek mjög hraustlega undir, þ.e. að við búum til sjálfstæðan sjóð sem í geta sótt bæði opinberar vísindastofnanir eins og Hafrannsóknastofnun og sjálfstætt starfandi vísindamenn, hvort sem þeir eru í háskólunum um landið eða starfa með öðrum hætti að sínum rannsóknum, hvort sem um er að ræða heilar opinberar stofnanir eða fyrirtæki eða hvern þann sem getur lagt fram trúverðug plögg til grundvallar rannsóknarplönum sínum og nýsköpunaráætlunum. Það er mjög eðlileg málsmeðferð. Þá eru þeir að keppa innbyrðis.

Það sem sá sem hér stendur og mjög margir aðrir hafa einmitt gagnrýnt varðandi fiskveiðiráðgjöfina, svo að dæmi sé tekið, er að vantað hafi á þessa samkeppni hugmyndanna, það hafi verið þannig að þeir sem starfa innan Hafrannsóknastofnunar hafi haft algjöra yfirburðaaðstöðu í hinum vísindalega heimi fiskifræðinnar hér á landi vegna þess að þeir hafa haft fyrst og fremst langmestan aðgang að fjármagni. Þar hafa sem betur fer komið inn langflestir af okkar frábæru vísindamönnum. Síðan er annað, því fram til ársins 2002 var það þannig að Hafrannsóknastofnun ein mátti fara til vísindarannsókna og veiða í vísindaskyni án þess að það væri dregið frá kvóta. Þetta gerði það að verkum að sjálfstætt starfandi vísindamenn sem hefðu kosið t.d. að fara til veiða í vísindaskyni, hvort heldur á vegum háskóla eða fyrirtækja o.s.frv., áttu ekki þennan kost. Þeir stóðu því höllum fæti. Þess vegna var þessum lögum breytt vorið 2002 og sett inn ákvæði sem hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Afli sem veiddur er í rannsóknaskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla."

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi verið um að ræða skref fram á við sem vissulega er að skila okkur ákveðnum árangri. Ég tel að þarna sé verið að opna möguleika á frekari rannsóknum.

Virðulegi forseti. Ég vildi með þessum fáeinu orðum, og fer nú brátt að ljúka máli mínu, vekja athygli á því að með þessu frv. erum við að setja málið í tiltekið rökrétt samhengi við það sem við höfum verið að vinna að. Ég tel að þetta sé stórt og gott skref fram á við til að opna þessa vísindalegu kanala fyrir þá sem vilja starfa að vísindalegum rannsóknum innan stofnana og utan stofnana, frjálsa vísindamenn, vísindamenn sem starfa innan háskólasamfélagsins og aðra þá sem vilja láta til sín taka á þessum vettvangi.

Umræðu frestað.

Heimsókn forsætisráðherra Namibíu.

[14:31]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill vekja athygli hv. alþingismanna á því að forsætisráðherra Namibíu, herra Theo-Ben Gurirab, er staddur á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsætisráðherra Namibíu er hér í opinberri heimsókn í boði forsrh. Davíðs Oddssonar. Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forsætisráðherra Namibíu, Theo-Ben Gurirab, velkominn í Alþingishúsið og vænti þess að heimsókn hans til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli landa okkar.

Alþingi vottar forsætisráðherra Namibíu og namibísku þjóðinni virðingu og ég bið hv. alþingismenn um að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (rannsóknir og nýsköpun). — Þskj. 274.

og

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (hafrannsóknaafli, þorskeldiskvóti). — Þskj. 275.

[14:32]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Þau frumvörp sem hæstv. sjútvrh. hefur flutt eru ekki stór í sniðum og um þau þarf kannski ekki að hafa miklar deilur. Það sem þarna er verið að gera er annars vegar að samræma í einn sjóð sem heyrir ekki undir hæstv. landbrh., sem betur fer, þ.e. verið að taka hafrannsóknaaflann og færa hann í einn sjóð og eins það sem kemur inn fyrir ólögmætan afla. Út af fyrir sig er þetta, virðulegi forseti, mjög skynsöm leið og ég hef ekkert á móti því að þetta sé fært yfir í einn sjóð, Verkefnasjóð sjávarútvegs. Ég hef þó þann fyrirvara á þegar verið er að stofna slíka sjóði og setja þá í gang, að það sé ekki eingöngu á hendi ráðherra. Það fylgi með reglugerð hæstv. ráðherra um hvernig eigi að nota sjóðinn og jafnframt fari sjóðstjórn yfir þetta og vinni eftir ákveðnum reglum, því það verða miklir peningar í sjóðnum sem verður ráðstafað. Ég hef þann fyrirvara á þegar ég lýsi stuðningi við það sem hér er verið að gera að bæði reglugerð og hugmyndir að sjóðstjórn og helst hverjir í henni verði komi til sjútvn. áður en við tökum þetta mál úr nefnd og ræðum það við 2. umr.

Ég vil líka segja um frv. á þskj. 274 að ég er sammála því sem þar kemur fram í 4. gr. um að svipta megi hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef skuld þess er ekki greidd. Það er eðlilegt að þetta sé haft inni. Menn eiga ekki að komast upp með það að geta dregið það að greiða ríkissjóði það sem ríkissjóði sannarlega ber. Þess vegna tel ég að þarna sé farið rétt með.

Hins vegar, virðulegi forseti, þegar verið er að tala um þessa sjóði, annars vegar sjóð vegna ólögmæts sjávarafla og hins vegar hinn svokallaða Hafró-sjóð, blandast þetta inn í fjárlög og fjárveitingar til ýmissa fagstofnana sem vinna á vettvangi sjávarútvegsins eins og t.d. Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Fiskistofu. Það kom fram nýlega, á tveimur síðustu fundum hv. sjútvn., þar sem við höfum verið að kalla til okkar hina ýmsu aðila, forsvarsmenn stofnana ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja, til að ræða um það vegna gerðar fjárlaga, þá kom það fram í umræðum við forstjóra Hafrannsóknastofnunar að Hafró-aflinn væri stofnuninni mjög mikilvægur vegna þess að stofnunin hefði ekki nægilegt fé á fjárlögum. Þegar ég spurði hvort þetta háði stofnuninni og hvort það væru einhver verkefni sem sætu á hakanum vegna þess að stofnunin hefði ekki úr nógu miklu fé að spila var því svarað játandi. Þar eru t.d. verkefni eins og veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á nýjum stofnum, veðurfarsbreytingum og ýmsu fleiru. Það kom líka fram, sem mér þótti merkilegt, að það er stórt verkefni á sviði loðnurannsóknar í Norðurhöfum sem hefur setið á hakanum vegna skorts á fé.

Þetta nefni ég, virðulegi forseti, vegna þess að það kom fram að þessi Hafró-afli, þessi Hafró-sjóður, hefði verið hálfgerð guðsgjöf fyrir Hafrannsóknastofnun til þess að geta áfram sinnt þeim verkefnum sem þeir eiga að gera og vilja komast í.

Ég vil líka geta þess, virðulegur forseti, að á þessum fundi sjútvn. óskaði nefndin eftir því að fá afrit af þeim fjárlagabeiðnum sem Hafrannsóknastofnun hefði sent til sjútvrn. Þetta var fundur sem mig minnir að hafi verið haldinn 3. nóvember, og nú þegar þessi umræða er hafa þessi gögn því miður ekki enn borist. En ég vil geta þess, virðulegi forseti, að ég bað ritara nefndarinnar áðan að ýta á eftir því að við fáum þessi gögn, því ég tel það mjög mikilvægt og hefði viljað hafa þau núna við höndina í þessari umræðu. Ég mun, virðulegi forseti, koma aftur þegar þau gögn hafa borist til að ræða þetta mál vegna þess að þetta blandast inn í þær breytingar sem hér er verið að gera þó svo að auðvitað geti Hafrannsóknastofnun fengið úr þessum eina sjóði í framtíðinni. En ég spyr: Ef það verður minna, hvernig verður þá ástatt hjá Hafrannsóknastofnun?

Mig minnir að það hafi komið fram, ég verð þá leiðréttur ef svo er ekki, að ráðuneytið hafi skorið niður fjárlagabeiðnir um 350 millj. kr. eða svo. Ég hef ekki skrifað það nákvæmlega hjá mér en sé það betur á eftir þegar gögnin frá Hafrannsóknastofnun koma, þ.e. frumgögn til ráðuneytisins um fjárþörf Hafrannsóknastofnunar á næsta ári. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. sjútvrh. um það, hann mun þá geta svarað því á eftir, hvort það sé rétt að ráðuneytið hafi skorið svo mikið niður beiðnir Hafrannsóknastofnunar vegna fjárlaga að það sé um það bil þessi tala. Vonandi skýrist það áður en þessari umræðu lýkur og við fáum gögnin frá Hafrannsóknastofnun til að bera það saman við það sem er í fjárlagafrv.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, kom það fram hjá fulltrúum Hafrannsóknastofnunar að þeir vilja meira fé og telja sig þurfa meira fé til rannsókna. Í frv. til fjárlaga á næsta ári er t.d. ekki gert ráð fyrir peningum í hrefnuveiðar eða hvalveiðar en því verður sennilega breytt milli umræðna.

Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að þetta komi fram í þessari umræðu vegna þess að ég hef áður, sl. vor, átt orðastað við hæstv. sjútvrh. út af rannsóknum á loðnu sem margir sjómenn töldu að hefðu verið styttar, vegna þess að Hafrannsóknastofnun hefði ekki úr nógu miklu fé að spila. Það hefur líka komið fram að skipin eru stærsti útgjaldaliður Hafrannsóknastofnunar. Þar vinna 175 starfsmenn, 110 í

Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu, og 40 í áhöfn skipanna og það eru gerð út þrjú skip.

Það kom líka fram að úthaldsdögum skipanna til hafrannsókna er að fækka. Enn einu sinni minni ég á það, virðulegi forseti, að það er ákaflega mikilvægt að þingmenn hafi í huga þegar þessi Hafró-sjóður, ef svo má að orði komast, er tekinn inn í þennan allsherjarverkefnasjóð sjávarútvegsins sem á að vera í framtíðinni, sem ég hef engar athugasemdir við. En það er ákaflega mikilvægt að þetta sé nefnt og tekið inn í umræðuna vegna þess að Hafrannsóknastofnun virðist þurfa á þessum peningum að halda vegna þess að hún fær ekki næga peninga á fjárlögum hverju sinni.

Það kemur fram í frv. að árið 2002 hafi þetta gefið tæpar 100 millj. kr. og fyrstu níu mánuði þessa árs 125 millj. kr. Þetta virðist muna miklu fyrir Hafrannsóknastofnun svo hún geti sinnt sínu mikilvæga starfi og er nefnt hér vegna þess að hjá þjóð sem hefur svo mikinn hag af því að sjávarútvegur gangi vel mega rannsóknir Hafrannsóknastofnunar og annarra ekki líða fyrir fjárskort. Við getum ekki unað við það, eins og hér hefur komið fram, að þetta stóra og mikla loðnurannsóknaverkefni í Norðurhöfum sitji á hakanum vegna fjárskorts, ég tala ekki um þegar ástand sjávar er þannig að sjórinn hefur hlýnað mjög og margir óttast að loðnan fari mjög langt út frá landinu í leit að kaldari sjó. Þá getum við ekki fylgst með henni og séð hvað er að gerast. Vonandi verður það ekki þannig að væntanleg loðnuvertíð, vetrarvertíð, taki mið af hitastigi sjávar.

Líkt og fjárskortur Hafrannsóknastofnunar vegna niðurskurðar á fjárlögum, kom það líka, virðulegur forseti, fram á síðasta fundi hv. sjútvn. að Fiskistofa, sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með veiðunum, líður líka fyrir það að vera skorin niður í fjárlagabeiðnum. Þau gögn fengum við hins vegar á þessum fundi og ber að þakka það. Eins og fram kom ber forstöðumönnum stofnana að afhenda þingnefndum þau gögn sem þær þurfa á að halda við þau mál sem er verið að ræða, í þessu tilviki fjárlög fyrir árið 2004. Þar kom fram að Fiskistofa hafði óskað eftir 18 millj. kr. til þess að geta gert út hraðskreiðan bát við eftirlit á veiðum smábáta. Það verður ekki hægt vegna þess að stofnunin fékk ekki þá heimild og mun ekki fá þá heimild samkvæmt fjárlögum.

Jafnframt kom það fram, sem er kannski miklu alvarlegra mál, að Fiskistofa er að keyra sitt tölvuprógramm, upplýsingakerfi um afla, á mjög gömlu tölvukerfi, að mig minnir 13 ára gömlu tölvukerfi sem aðeins einn maður, þá mikið sérvitringur, sér um og kann á. Menn eru orðnir skíthræddir um bilanir í þessu kerfi og þeim mikla gagnagrunni sem þar er. En það vantar 75 millj. kr. til þess að hefja störf við að skrifa nýtt kerfi. Svo virðist sem það hafi heldur ekki náð í gegn vegna þess að í gögnum Fiskistofu, sem ég vitnaði til áðan, virðulegur forseti, kemur fram að fjárlagabeiðnir Fiskistofu hafa verið skornar mjög niður og ekki heldur fallist á hækkun á veiðieftirlitsgjaldi.

Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að þetta komi fram, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að þeir peningar sem Hafrannsóknastofnun hefur áskotnast á síðasta ári og það sem liðið er af þessu ári eru miklir peningar, tæpar 225 millj. kr., og hafa gert gæfumuninn við rekstur stofnunarinnar á þessu ári og mér skilst líka á síðasta ári. Ég mun kannski geta komið að því betur á eftir vegna þess að ég vil endilega, áður en þessari umræðu lýkur, fá þessi gögn í hendurnar þannig að ég sé ekki eingöngu að styðjast við mína minnispunkta.

Ég endurtek það í lokin, virðulegi forseti, að þau frumvörp sem hæstv. sjútvrh. hefur fylgt úr hlaði eru ekki frumvörp sem þarf að vera mikill ágreiningur um. Þessi frumvörp, sem væntanlega verða samþykkt, geta hins vegar haft mikil áhrif á rekstur Hafrannsóknastofnunar ef hún mun fá minna úr þessum sjóði, en fær allt í dag. Ég tek líka undir það að þessi sjóður verði notaður til annarra þátta en að styðja eingöngu við Hafrannsóknastofnun. Það má segja að það sé ekki eðlilegt að ein stofnun ríkisins skuli þurfa að sæta því að fá úthlutað úr svona sjóði í staðinn fyrir að fá á fjárlögum til þeirra mikilvægu verkefna sem hún þarf að sinna. Aðrir geti þá sótt í þennan sjóð til nýsköpunar í sjávarútvegi og öðru, ég ætla ekki að lengja umræðuna með umræðu um kræklingaeldi. Það hefur verið fjallað töluvert um litla styrki til þeirra frumkvöðlastarfsemi á nokkrum stöðum á landinu við kræklingaeldi. Ákaflega lítið hefur fengist úr sjóðum til þeirrar starfsemi og lítill stuðningur við það starf sem þar er unnið, sem mun ekki skila viðkomandi aðilum neinum arði eða almennilegum tekjum fyrr en eftir töluvert langan tíma. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að lengja umræðuna núna með því að ræða um gjöld sem lögð eru á þessa grein á hennar sokkabandsárum, ef svo má að orði komast, en það eru töluvert há gjöld. Það kom í ljós á fundi sjútvn. í gær að sennilega hefur á síðustu árum, bara síðustu missirum, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verið að stórhækka gjaldskrána sína til þess að fá meira fé inn, sem leggst á þessi sprotafyrirtæki í sjávarútvegi.

[14:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér samhliða tvö frv. um fyrirkomulag sjóða undir stjórn sjútvrn. Í fyrsta lagi frv. til laga um sérstakan sjóð vegna ólögmæts sjávarafla sem fyrirhugað er að nefna Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Sá þáttur málsins snýr að því að tekjuöflunin komi af ólöglegum afla, þ.e. afla sem er umfram aflamark eða er ekki landað sem Hafró-afla samkvæmt þeirri reglu sem sett var um það á hv. Alþingi fyrir nokkru síðan. Tekjurnar sem komið hafa af ólöglegum sjávarafla á árunum 1998–2002 hafa samkvæmt því sem stendur í frv., sem er á þskj. 274, verið um 182 millj. Það eru tæpar 40 millj. á ári.

Nú veit ég eigi vegna þess að það kemur ekki fram í frv. hvernig þessar tekjur hafa breyst eftir að við fjölguðum fisktegundum í kvótakerfinu eins og við höfum verið að gera á undanförnum árum, en það er líklegt að í einhverjum tilfellum hafi sektargreiðslur aukist hin seinni ár vegna þess að fisktegundirnar innan kerfisins eru orðnar mun fleiri en áður var og þar af leiðandi fleiri möguleikar á því að menn eigi ekki aflamark í viðkomandi tegundum, nái ekki að nýta sér tegundartilfærslu eða að prósentan í hinum löglega afla eða Hafró-aflanum sem við svo köllum, 5% reglan, dugi til að gera þann afla löglegan. En eins og ég sagði áður, virðulegi forseti, kemur það ekki fram í grg. með frv. hvernig þessi afli hefur að verðmæti til verið að breytast á undanförnum árum, heldur eingöngu að hann hafi verið 182 millj. frá árunum 1998–2002. Það væri nú fróðlegt, virðulegi forseti, ef hæstv. sjútvrh. gæti upplýst okkur um það í þessari umræðu hvernig þessi ólöglegi afli hefur skipst á árin, þ.e. að verðmæti til og hvaða breytingar hafa orðið á honum á því árabili sem hér er nefnt.

Svo hinn þáttur málsins sem við erum líka með til umræðu og er frv. á þskj. 275, um Hafró-aflann sem er jú eins og áður sagði löglegur afli, var gerður löglegur hér með sérstökum

lögum um svokallaða 5% reglu. Fyrir þann afla hafa komið þó nokkuð miklir fjármunir á undanförnum árum eða frá því að reglan var tekin upp. Hún var tekin upp 1. feb. árið 2002 og á því ári námu tekjur Hafrannsóknastofnunar vegna þessa 96 millj. kr. og 125 millj. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2003. Þarna er um að ræða það sem ég vil skilgreina sem löglegan afla. Þó kann það að vera að svar hæstv. sjútvrh. beri ekki fullkomlega í sér þá tölu vegna þess að í svari hans til hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar á þskj. 242 kemur fram á einum stað að þessi Hafró-afli og afli sem tilkynntur hefur verið umfram heimildir sem Hafró-afli hafi verið, með leyfi forseta: „Samkvæmt bráðabirgðatölum í dag var þessi umframafli nýliðins fiskveiðiárs 41.668 kg.“ Það kann því að vera að þessi 41 þús. kíló séu inni í þessari skilgreiningu um tekjurnar varðandi Hafró-aflann og væri fróðlegt að fá það upplýst við þessa umræðu m.a. hvort þessi tonn teljist innan 182 milljónanna eða teljist með Hafró-aflanum, hvort það hafi verið skilgreint, bara svo að við séum með það á hreinu hvað við erum að tala um hvorum megin.

Út af fyrir sig, virðulegi forseti, tel ég ekki ástæðu til þess að leggjast gegn því að verið sé að stofna sérstakan sjóð um þau verðmæti sem koma hér að landi. Það var jú rætt á sínum tíma, m.a. í sjútvn., að þegar við tókum upp regluna um Hafró-aflann upp á 5%, mig minnir að þar hafi verið sagt í greinargerð eins og ég held að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson hafi vitnað til áðan, að um slíkan afla skyldi um sinn vera sátt að rynni til Hafrannsóknastofnunar, en að ákveðnum reynslutíma loknum skyldu menn skoða hvort eigi væri rétt að aðrir sjálfstæðir vísindamenn eða sjálfstæðir rannsóknaraðilar gætu fengið aðgang í þetta fjármagn. Ekki fullyrði ég nú, virðulegi forseti, að þetta sé rétt orðað en ég held að meiningin sé nokkurn veginn rétt. (**Gripið fram í:** Næstum því orðrétt.) Og ég hygg, virðulegi forseti, að um það höfum við verið nokkuð sammála í sjútvn., að það væri meira en sjálfsagt að stuðla að því að fleiri gætu rannsakað lífríkið á hafsvæðum Íslands heldur en eingöngu Hafrannsóknastofnun. Ég minnist þess, virðulegi forseti, að ég gagnrýndi það sérstaklega að Hafrannsóknastofnun skyldi svo vera umsagnaraðili, ef aðrir ætluðu að sækja um, hvort þeir ættu að fá fjármuni eða ekki.

Við erum hér að færa tekjur af hinum svokallaða Hafró-afla í sérstakan sjóð en finnst mér þá þurfa að liggja fyrir, virðulegi forseti, hvernig starfemi slíks sjóðs á að vera. Það er jú sagt í greinargerðunum að þetta verði Verkefnasjóður sjávarútvegsins og hann geti tekið að sér að fjármagna ýmis ný verkefni o.s.frv. og geti þar af leiðandi m.a. komið inn á verkefni eins og vikið var að í hinni svokölluðu AVS-skýrslu eða skýrslunni um aukið verðmæti í sjávarútvegi í verkefni sem þar var bent á, og ég ætla ekkert að gera lítið úr því. Sú skýrsla var að mörgu leyti mjög merkileg og ég verð reyndar að segja það alveg eins og er að ég undrast þolinmæði hæstv. sjútvrh. að hafa ekki fyrir löngu tekið á þeirri skýrslu og þeim leiðbeiningum sem þar eru því að þar er jú verið að vísa veginn til þess að hægt sé að auka verðmæti sjávarútvegsafurða með ákveðnum aðgerðum um hundruð króna á hvert kíló. Það er því vissulega ástæða til að skoða það.

Það er í raun og veru mjög merkilegt sem fram kom í þeirri skýrslu hversu mikill verðmætisauki getur verið annars vegar milli frosins fisks, hvort sem hann er unninn í landi eða á sjó, og ferskfisks. Ég veit að sjútvrh. man þessar tölur, þær hlupu á eitthvað á annað hundrað krónur á milli kílóa í sumum fisktegundum. Þannig að þar er eftir miklu að slægjast, virðulegi forseti. Það er samt rétt að geta þess að íslenskir útgerðarmenn hafa nú á síðustu missirum verið að færa sig frá jafnvel frystingu úti á sjó til þess að koma með ferskan afla að landi og e.t.v. þá til þess m.a. að sækjast í þessi verðmæti.

En aftur að þessari sjóðsstofnun. Hér erum við að stofna til sjóðs og við höfum ekki séð drög að reglugerð fyrir þennan sjóð eða hvernig honum verður sett stjórn eða starfshættir. Ég vil beina þeirri tillögu til hæstv. sjútvrh. að sjóðurinn sem verið er að stofna, sem við getum kallað hér vinnuheitinu Verkefnasjóður sjávarútvegsins, verði a.m.k. deildaskiptur, þ.e. að tekjum sem í hann koma annars vegar af löglegum afla og hins vegar af ólöglegum afla verði haldið aðskildum innan sjóðsins þannig að það liggi ævinlega fyrir á hverjum tíma, virðulegi forseti, hvernig tekjustreymið til sjóðsins er, af hvaða aflaheimildum þær koma hvort sem þær teljast löglegar eða ólöglegar og sektarákvæði og upptaka, og þá líka hvernig þeim fjármunum er varið til einstakra verkefna. Þetta vildi ég nú leggja til í þessu máli og vona að það verði tekið til athugunar.

Ég hefði líka talið mjög eðlilegt, virðulegi forseti, að áður en þetta mál verður afgreitt frá sjútvn. sýni ráðherrann henni drög að reglugerð fyrir sjóðinn um hvernig hann hyggist láta hann starfa o.s.frv. Ég hefði talið eðlilegt að menn hefðu þær upplýsingar fyrir framan sig þannig að fyrirhuguð verkefni sjóðsins lægju nokkurn veginn fyrir og hvernig honum væri ætlað að starfa.

Því er ekki að leyna, virðulegi forseti, að Hafrannsóknastofnunin hefur haft mikil not af þeim fjármunum sem runnið hafa til hennar af þessum löglega afla, 5% aflanum, Hafró-aflanum, á undanförnum árum. Og það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að aukið úthald hafrannsóknaskipanna, m.a. hins nýja Árna Friðrikssonar, hefur verið fjármagnað að stórum hluta með þeim fjármunum sem komið hafa úr Hafró-aflanum. Þar erum við að nýta hlutina á réttan hátt vegna þess að við erum jú að efla þær rannsóknir sem nýju tækin um borð í því skipi gefa okkur færi á að afla. Þar er eftir mikilli þekkingu að slægjast að mínu viti og vissulega eðlilegt að við horfum til þess að nýta þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í til hafrannsókna hvort sem við gerum það með þessari tekjuhlið eða annarri. Ég vara hins vegar við því að þessar tekjur verði alfarið teknar af Hafrannsóknastofnum. Ég held að það þurfi að vera einhver vissa fyrir því að Hafrannsóknastofnun fái eitthvað af þessum tekjum. Með sama hætti vil ég einnig segja það, virðulegi forseti, að ég teldi að líka ætti að koma nokkuð skýrt fram að það ætti að ráðstafa tekjunum til einhverra annarra hluta. Ég get þá nefnt t.d. Landhelgisgæslu og Lífeyrissjóð sjómanna sem hefur farið mjög illa á undafórnum árum. Það eru mörg verkefni, virðulegi forseti, sem komu fram í umræðunni á sínum tíma þegar verið var að tala um þennan sjóð, þann afla utan kvótakerfisins sem var gerður löglegur og í hvaða þörf verkefni hann gæti runnið.

Það eru nokkur atriði, virðulegi forseti, sem mig langar til að vekja athygli á. Þau eru til hliðar við þetta mál en tengjast því þó mjög. Í svörum sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið við fyrirspurnum hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar á undanförnum vikum hefur ýmislegt komið í ljós. Í svari við spurningu um meðafla skipa sem stunda flottrollsveiðar á uppsjávarfiskum, kolmunna, síld og loðnu, er tekið fram hvað af meðafla hafi komið fram í síld innan lögsögunnar. Jafnframt kemur fram í svari, virðulegi forseti, á þskj. 241 að

enginn meðafli hafi verið vigtaður eða skráður á tímabilinu 1. sept. 2000 til 31. ágúst 2003 við kolmunnaveiðar innan landhelginnar. Hvernig má þetta vera, virðulegi forseti? Ég held bara að það geti ekki staðist. Það kemur fram að meðafli íslenskra skipa við veiðar á síld og kolmunna utan landhelgi er skráður og þar er skráð hvaða afli það er. Af hinum verðmætari tegundum reynist helst vera eftirsjá í þeim ufsaafla sem kemur með í þessi veiðarfæri en í svari á þskj. 280 segir m.a. að mest hafi fengist 52 tonn af ufsa í færeysku lögsögunni og 31 tonn af ufsa í þeirri íslensku. Samt segir ekkert um það í þessu svari hæstv. sjútvrh., virðulegi forseti, að þetta hafi verið með kolmunnaafla heldur verður maður að draga þá ályktun að aflinn innan íslensku lögsögunnar hafi verið með síldarafla því að í þessu svari kemur ekkert fram um að neinn meðafli hafi verið með kolmunna innan lögsögunnar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að annaðhvort er hér um mistök að ræða í þessum svörum eða þá að málið er dálítið undarlegt. Ég held að annað slagið hljóti að koma meðafli með á kolmunna- og síldveiðum innan lögsögunnar í þessi veiðarfæri og það er auðvitað sjálfsagt að slíkur afli komi fram. Menn eiga að sitja við sama borð að því leyti til. Það gengur ekki, virðulegi forseti, að við sumar veiðar sé aflinn ekki skráður og ekki dreginn frá aflamarki en við aðrar veiðar séu menn jafnvel sviptir veiðileyfi fyrir 12 kíló af karfa eins og gerðist með trilluna í Hafnarfirði fyrir nokkrum árum. Þetta fær ekki staðist, virðulegi forseti, og þarf að athugast.

Svo er líka mjög merkilegt svar á þskj. 240 sem er að vísu dálítið mikil bók að fara í gegnum. Við lauslega skoðun á því svari sýnist mér samt koma í ljós að Hafró-afla hefur ekki verið landað svo neinu nemi af flottrolls- og nótaskipum og heldur ekki af frystiskipum en af ýmsum öðrum skipum með ýmis veiðarfæri. Það er, virðulegur forseti, mjög merkilegt í þessu upplýsingasvari að skráður sé meðafli sem Hafró-afli við notkun á flestum veiðarfærum, m.a. trolli og dragnót, hjá minni skipum en ekki hinum stærri. Það held ég að fái heldur ekki staðist, virðulegi forseti. Af þeim 480 skipum sem hér hafa gefið upp Hafró-afla finn ég hvorki í fljótu bragði nótaskip og uppsjávarveiðiskip né frystitogara og það vekur auðvitað ákveðnar spurningar og furðu án þess að ég geti neitt dæmt um það. Ég hlýt samt að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til þess að á þetta mál sé litið. Þá kemur líka spurningin um hvort 5% séu nægjanleg í þessu sambandi. Þurfum við ekki bara að leyfa hærri tölu, t.d. 10%, ef hinum stærri og afkastameiri skipum finnst ekki taka því að nýta sér regluna? Er það það sem málið snýst um, virðulegi forseti? Spurningunni er beint til hæstv. sjútvrh. hvað hann þenki um það að mönnum finnist ekki taka því að nýta sér regluna. Ég þori ekkert að fullyrða um það en þetta vekur upp spurningar.

Ég hvet hv. þingmenn til að kynna sér þau svör hæstv. sjútvrh. sem hafa komið fram við þessum fyrirspurnum hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem birtast á einum þremur þingskjölum. Þar er ýmsar upplýsingar að finna sem rétt er að skoða og ættu eingöngu að vera okkur hjálplegar við það að starfa hér áfram málefnalega að þingstörfum og skoða hvað betur mætti fara.

Að lokum get ég sagt það, virðulegi forseti, að það er mjög margt í reynslu og forsögu og sennilega því miður líka í framtíð kvótakerfisins sem mun valda okkur erfiðleikum við að vinna í því svo vel sé á komandi árum. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan komist að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að þessu kerfi beri að breyta.

[15:08]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Á 122. löggjafarþingi flutti ég ásamt hv. þm. Árna R. Árnasyni till. til þál. um að hugað yrði að því hvort ekki væri rétt að skipstjóri gæti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að annar hluti aflans verði eign Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins. Þarna var lögð fram tillaga um mjög svipað efni og um er að ræða í dag nema hún gerði ráð fyrir því að gjaldið fyrir þennan kvóta yrði 5–15%, háð tegundum, en þar var ekki 5% magntakmörkun eins og er í dag. Sjútvrn. fór inn á þá braut að hafa magntakmörkun 5% en borgaði 20% fyrir afla sem ég tel of mikið. Ég hefði frekar viljað að menn beittu enn frekari aðferðum við að hafa breytilegt verð eftir fisktegundum, hærra verð fyrir loðnu sem meðafla og lægra verð fyrir þorsk því að hann er verðmætari, en magnið yrði ótakmarkað.

Frú forseti. Frá upphafi hafa komið um 3 þús. tonn á land með þessum hætti og það er náttúrlega ekki nema dropi í hafið miðað við það brottkast sem menn hafa verið að tala um að sé á Íslandsmiðum. Sumir hafa verið með dálítið glannalegar yfirlýsingar um 50–100 þús. tonn á ári. Ég hef ekki fulla trú á því. Einhvers staðar um 20 þús. tonn gæti ég alveg hugsað mér, 20–30 þús. tonn, og þá eru náttúrlega 3 þús. tonn á tæpum tveimur árum ekki nema lítið brot af því. Það er greinilegt að 5% mörkin takmarka töluvert það sem komið er með að landi.

Frú forseti. Áður en þessar reglur voru settar voru sjómenn settir í rökfræðilega klemmu vegna þess að menn geta ekki átt kvóta fyrir öllum tegundum sem þeir hugsanlega veiða. Ef menn sem voru að veiða þorsk veiddu t.d. síld í nót, eina síld, máttu þeir ekki henda henni en þeir máttu heldur ekki koma með hana að landi, frú forseti. Þeir urðu að éta hana. Það var eina leiðin til að vera ekki lögbrjótur. Það var þá eins gott að þeir veiddu ekki mikið af síld því að þá kæmust þeir ekki að landi því þeir væru í því að borða síld alla daga. Þetta kerfi gekk ekki upp og eiginlega þvingaði menn til lögbrota. Nú er búið að ráða bót á því með þessari 5% reglu og hún er að sanna sig. Það eru miklir peningar sem koma þarna í þágu rannsóknastofnananna og ég skora á hæstv. sjútvrh. að fylgjast vel með þessu og skoða hvort ekki megi afnema mörkin en hafa verðið breytilegt.

Ég er ekki sammála því sem kom fram hjá fyrri hv. ræðumanni um að það ætti að borga 50% af verðinu. Ég held nefnilega að 20% sé of hátt. Verðið þarf að vera nægilega hátt til þess að sjómenn nenni og vilji koma með aflann að landi en það þarf að vera það lágt að þeir geri ekki út á aflann og þarna þarf að finna mjög fína línu sem ég held að sé einhvers staðar á bilinu 5–15%, eftir tegundum.

Svo er mikilvægt í hvað þessir peningar fara. Það er mjög mikilvægt vegna þess að velvilji sjómannsins liggur að baki og ef peningarnir fara í eitthvað sem nýtur velvilja hans, t.d. hafrannsóknir, Lífeyrissjóð sjómanna eða kannanir og skoðanir á nýjum veiðarfærum og öðru slíku, er það eitthvað sem sjómanninum er vel við og þá kemur hann gjarnan með aflann að landi. Ef t.d. þessir fjármunir yrðu notaðir til að hafa eftirlit með sjómanninum er það síður líklegt til vinsælda þannig að það skiptir töluverðu máli í hvað peningunum verður varið og þess vegna hef ég efasemdir

um eftirlitsþáttinn sem gert er ráð fyrir að þessum peningum verði varið í.

Frú forseti. Ég hef haft töluverðar efasemdir um starf Hafrannsóknastofnunar síðustu árin vegna þess að í 20 ár eru þessir opinberu vísindamenn búnir að rannsaka og rannsaka og við veiðum alltaf minna og minna. Það segir mér að það er eitthvað að enda kann það aldrei góðri lukku að stýra, það þekkja vísindamenn, að vera með opinbera skoðun í vísindum. Þetta reyndist illa í Sovétríkjunum, frú forseti, og ég held að það reynist jafnilla hérna. Þegar einhver vísindamaður er búinn að halda því fram, segjum í 10 ár, að það megi ekki veiða svo og svo mikið og halda niðri lífskjörum heillar þjóðar, sinnar eigin þjóðar, getur hann ekki viðurkennt mistök. Hann má ekki hafa rangt fyrir sér. Hann má ekki hafa haft rangt fyrir sér á liðnum árum. Þetta er gallinn við núverandi kerfi.

Hafrannsóknastofnun gengur út frá þeirri kenningu að það eigi að geyma fiskinn í sjó, hann sé eins og bankabók, hann bara sé þarna, svo stækki hann og það sé betra að veiða hann ári seinna. En þeir athuga það ekki að með því að veiða stærsta fiskinn gera þeir einmitt öfugt við það sem bændur hafa gert í aldanna rás. Bændur hafa alltaf sett á vænstu gimbrarnar til að rækta upp stóran stofn. Hvað gerum við í sjávarútveginum? Við drepum allan fisk sem nær ákveðinni stærð þannig að þeir fiskar sem verða kynþroska eftir þá stærð verða aldrei til. Þeir fjölga sér ekki. Allir fiskar sem verða kynþroska undir þessari stærð fjölga sér og þróunarkenning Darwins, frú forseti, gildir á Íslandi líka. Þeir hæfustu lifa, þeir hæfustu miðað við þá stöðu að fiskar yfir ákveðinni stærð eru drepnir. Það þýðir að við erum að ala upp dverga, við erum að ala upp dverga við landið, dvergþorska sem verða kynþroska litlir, geta af sér lítil afkvæmi og eru hálfgerðar horrenglur. Þetta er mjög hættulegt. Þess vegna vil ég að menn skoði mjög alvarlega og séu gagnrýnir á störf Hafrannsóknastofnunar og velti fyrir sér hvort vísindamenn hennar séu raunverulega að gera rétt, hvort það sé ekki rétt að veiða smáfiskinn líka og þá jafnvel utan kvóta ef því er að skipta. Það er ekki ótakmarkað fæðuframboð í sjónum og það sem litli fiskurinn étur étur stóri fiskurinn ekki, nema hann étur náttúrlega litla þorskinn, það gerir hann stundum.

Ég er mjög hlynntur þessari tillögu. Þarna á að vera hægt að veita fjármuni til annarra vísindamanna en þessara sem starfa með opinbera skoðun, ríkisskoðun, og ég held að það sé hugsanleg leið út úr þeirri klemmu sem við erum í í dag. Þegar menn eru komnir með reynslu á þetta kerfi og skoða hversu mikið 5% mörkin takmarka þann afla sem kemur á land vildi ég gjarnan afnema mörkin en lækka verðið þannig að jafnvægi komist á og hægt verði að spila á það hve mikið kemur að landi með því að hafa breytilegt verð eftir aðstæðum, sókninni og tegundum.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert leyndarmál að hv. þm. Pétur Blöndal er mikill frjálshyggjumaður. En ég segi alveg eins og er að mér finnst fulllangt gengið þegar hv. þm. kemur hér og nánast segir að ástand fiskstofna við landið sé eins bágborið og raun ber vitni sökum þess að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar séu opinberir starfsmenn, með opinbera skoðun, og vitnar til Sovétríkjanna í þeim efnum. Mér finnst þetta ansi langt gengið verð ég að segja. Það hvarflar t.d. ekki að hv. þm. Pétri Blöndal að veiðiaðferðirnar, umgengnin á miðunum eða slíkir hlutir kunni að vera þarna að verki einnig. Mér finnst þetta ansi hvimleiður siður sem hér hefur færst í vöxt á undanförnum missirum og kemur sérstaklega úr herbúðum ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna að reyna að hengja vísindamenn í þjóðfélaginu upp hist og her eins og ekkert sé að því að fullyrða þar að þeir gangi fyrir annaðhvort persónulegum pólitískum skoðunum eða stjórnist algerlega af því hver er vinnuveitandi þeirra. Ég leyfi mér að kalla þetta róg um íslenska vísindamenn og ég mótmæli því.

[15:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert að þeim vísindamönnum sem vinna hjá Hafrannsóknastofnun. Alls ekkert. Og ég hnjóðaði ekkert í þeirra garð. (**SJS:** Nú?) Það sem er að er kerfið, þ.e. að vísindamaður er að gefa ráð til heillar þjóðar hvernig hún eigi að haga efnahagsástandi sínu. Það er slíkt kerfi sem gerir það að verkum. Það er afskaplega erfitt fyrir vísindamann að hafa haft rangt fyrir sér.

Öll vísindi ganga út á það, frú forseti, að menn hafi hugsanlega rangt fyrir sér. Það er hin svokallaða gagnrýna vísindalega hugsun. Menn eigi alltaf að reikna með því að það sem þeir eru að gera sé rangt. Öðruvísi geti þeir ekki stundað rannsóknir. En þegar menn, um leið og þeir stunda rannsóknir, gefa ráð til heillar þjóðar og eiga kannski þátt í því að hún hafi lifað við lakari lífskjör í áratugi, þá er ekki í rauninni hægt í þessu kerfi fyrir góðan og gegnan vísindamann að vera gagnrýninn á fyrri niðurstöðu. Ég er að gagnrýna kerfið. Ég er að gagnrýna hvernig kerfið er uppbyggt. Þessir vísindamenn eru örugglega mjög færir hver á sínu sviði og sinna starfi sínu af fullri einurð, þannig að ég set ekkert út á það. En það er umgjörðin sem þeir starfa í sem gerir vísindalega hugsun nánast útilokaða. Mér þætti gaman að sjá vísindamenn við Háskóla Íslands starfa undir þeim kringumstæðum að þeir mættu ekki hafa rangt fyrir sér, frú forseti, nema það hefði einhverjar geigvænlegar afleiðingar fyrir þjóðina.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ engan botn í málflutning hv. þm. Hvernig vill hann hafa þetta? Auðvitað er vísindamönnum og Hafrannsóknastofnun það vel ljóst að miklir efnahagslegir hagsmunir tengjast þeim störfum sem þeir vinna. En hefur hv. þm. Pétur Blöndal einhverjar forsendur til þess að fullyrða annað en að þessir menn starfi samkvæmt bestu samvisku og á grundvelli þess sem þeir vita best og réttast á hverjum tíma? Þeir hafa verið að endurmeta ráðgjöf sína og tillögur sínar, m.a. viðurkennt á milli ára að ofmat eða vanmat á tilteknum stofnum hafi átt sér stað og leiðrétt það og hafa fengið alls konar skammir fyrir. Auðvitað vitum við öll að þessi vísindi eru mjög umdeild. Ég kem ekki hér í ræðustólinn til þess að skrifa upp á og ábyrgjast að allt sem Hafrannsóknastofnun hafi gert sé rétt. Þetta snýst ekki um það. En ég held að menn verði að gæta aðeins að sér áður en þeir fara að gefa þessu fyrirkomulagi falleinkunn á forsendum jafnóljósum og þeim sem hv. þm. Pétur Blöndal kemur með.

Hvernig ætlar hv. þm. að hafa kerfið? Vill hann skipta stanslaust um vísindamenn þannig að alltaf komi nýir og nýir menn að því að meta hlutina? Hann talar um að menn geti ekki viðurkennt mistök af því svo miklir hagsmunir hafi tengst ákvörðunum þeirra. Þetta finnst mér ekki gáfuleg nálgun. Ég sé ekki hvernig við ætlum að leysa þetta í litlu

landi. Ætlum við að gera það með því að skipta stanslaust um vísindamenn þannig að það séu alltaf nýir og nýir menn að meta hlutina, óbundnir af öllu sem einhverjir aðrir hafa einhvern tímann gert? Við þyrftum að fjölga talsvert fiskifræðingum og líffræðingum sýnist mér til þess að manna það ef endurnýja ætti áhöfnina á Hafrannsóknastofnun einu sinni á ári. Og ætli það væri nú endilega mjög gáfulegt frá faglegum sjónarhóli séð, ætli sé ekki líka ákveðin reynsla og þekking sem byggist upp í starfsmönnum sem hafa starfað þar um árabil? Halda menn að það hefði verið gott fyrir síldarrannsóknir á Íslandi að skipta um Jakob Jakobsson einu sinni á ári? Þetta er bara þvæla sem ég held að nái ekki máli hjá hv. þm.

[15:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fellst eiginlega ekki á þessi síðustu rök, að þetta sé þvæla. Það eru ekki rök í málinu, frú forseti. (Gripið fram í.) Það eru ekki rök í málinu, menn ræða ekki málefnalega á þennan hátt.

Það sem ég sagði í inngangi máls míns var að í 20 ár höfum við haft takmörkun á veiðiheimildum á Íslandi. Í 20 ár höfum við meira og minna farið að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Það hefur ekki gefið góða raun. Og þá verða menn að vera gagnrýnir á þá stofnun sem er með veiðiráðgjöf og líta hugsanlega til annarra átta. Það eru fleiri vísindamenn til og nú er einmitt verið að opna möguleika á því að þeir fái að veiða líka, og þeir fái líka að rannsaka. Verið er að opna möguleika á það að aðrir vísindamenn komist að.

Ég er ekki að segja að þeir vísindamenn sem eru í Hafró séu á einhvern hátt slæmir vísindamenn. Það er umgjörðin, það er kerfið í kringum þá sem gerir það að verkum að þeir eiga mjög erfitt með að vera gagnrýnir á eigin niðurstöður eins og vísindamenn eiga alltaf að vera.

[15:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil eiginlega fagna því sem hv. þm. sagði, að hann vildi afnema mörkin á því sem menn gætu komið með að landi undir þessum reglum vegna þess að þá er niðurstaðan orðin nákvæmlega eins og tillagan sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fluttum hér 1992 eða 1993. (**Gripið fram í:** Saman í flokki.) Þá vorum við saman í flokki, já, og fluttum þá tillögu. Ég tel að þó svo að árangur hafi orðið af þeirri reglu sem er í gangi núna, þá segi niðurstöðurnar okkar samt það að það er einungis hluti af þeim afla sem kemur í land núna, af þeim afla sem hent er í sjóinn samkvæmt þeim könnunum sem hafa verið gerðar. Það vantar býsna mikið upp á að hann skili sér í land. Ég tel að það sé galli á fyrirkomulaginu og hef þá gagnrýni áfram uppi, að ekki skuli vera ákveðið verð á þeim afla sem landað er út frá nákvæmlega þeim markmiðum sem hv. þm. fór hér yfir, þ.e. að menn tapi ekki á því að koma með fiskinn í land ef hann er kominn inn fyrir borðstokkinn en geti ekki grætt á því að gera út á slíkar veiðar. Og það gerist ekki með því að hafa bara 20% af aflaverðmætinu til skipta. Þetta verður að gerast með því að ákveða fyrir hverja tegund fyrir sig og með því að skoða stöðuna á hverjum tíma. Og þetta á bara að gera með reglugerð í ráðuneytinu.

[15:24]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við saman tvö frv. til laga um breytingu á lögum. Annars vegar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 37 frá 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, á þskj. 274. Hins vegar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, á þskj. 275.

Ef ég fer fyrst í fyrra málið, þá má segja að meginbreytingin sem verið er að leggja til þar sé að gjald vegna ólögmæts sjávarafla skuli renna í sérstakan sjóð í vörslu sjútvrn. og skuli verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Lagt er til að nafn á þeim sjóð verði Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

Ef við skoðum, virðulegi forseti, athugasemdir við einstakar greinar frv., þá segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Hér er lagt til að ráðstöfun fjár úr sjóði vegna ólögmæts sjávarafla takmarkist ekki við hafrannsóknir og eftirlit með fiskveiðum heldur verði heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs auk eftirlits.“

Í framhaldi af því sem þarna kemur fram og kannski vegna ókunnugleika þess sem hér stendur langar mig að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort þetta gjald vegna ólögmæts sjávarafla hafi einungis runnið til hafrannsókna og til að hafa eftirlit með fiskveiðum á árunum 1998–2002.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að um væri að ræða 182 millj. kr. á þessu fimm ára tímabili og þar sem verið er að gera tillögu um breytingu á lögum sem heimilar ráðherra að ráðstafa þeim fjármunum einnig til nýsköpunar og rannsókna á sviði sjávarútvegs en ekki eingöngu til hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum langar mig endilega að biðja hæstv. sjútvrh. að svara þeirri spurningu minni sem ég bar fram áðan, hvort það gjald allt hafi frá upphafi eingöngu runnið til hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum.

Hins vegar erum við að ræða breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Fjallar það um hinn svokallaða Hafró-afla. Í greinargerð kemur fram að á fyrstu níu mánuðum ársins runnu til Hafrannsóknastofnunar vegna þessa gjalds 125 milljónir og má því ætla að á heilu ári gætu það orðið um 150–170 milljónir sem rynnu til Hafró vegna þessa gjalds.

Nú er lagt til og þess vegna ræðum við þessi tvö frv. saman að bæði fjármunir vegna ólögmæts sjávarafla og vegna svokallaðs Hafró-afla fari í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Í fjárlögum ársins 2004 er gert ráð fyrir að gjald vegna ólögmæts afla verði um 35 millj. kr. og því eru þetta u.þ.b. 200 millj. kr. til samans sem mundu renna í þennan nýja sjóð, Verkefnasjóð sjávarútvegsins, verði bæði þessi frv. að lögum.

Í fjárlögum næsta árs kemur einnig fram að gert er ráð fyrir að settur verði á laggirnar rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og að til þess verkefnis renni 100 millj. kr. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi það að þeir fjármunir sem við erum hér að tala um skyldu renna í sérstakan sjóð og í hann gætu sótt bæði opinberir vísindamenn og sjálfstætt starfandi vísindamenn. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort ástæða sé til að hafa tvo sjóði með mjög svipað hlutverk, annars vegar rannsóknasjóðinn til að auka verðmæti sjávarfangs og hins vegar Verkefnasjóð sjávarútvegsins sem á samkvæmt þeim athugasemdum sem koma fram með frv. að renna til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs, auk eftirlits.

Í sjálfu sér er hér að mínu viti um nokkuð gott mál að ræða að við látum fjármuni bæði vegna ólögmæta aflans og eins Hafró-aflans renna í einn sjóð en það verður þá að vera

algjörlega skýrt með hvaða hætti á að úthluta úr þeim sjóði. Regluverkið sem um hann á að gilda verður að vera bæði skýrt og gegnsætt þannig að ekki komi til þess að upp komi efasemdir um úthlutanir úr sjóðnum heldur geti allir í hann sótt og það séu mjög gegnsæjar og einfaldar reglur sem um það gilda hverjir eigi möguleika á að fá fjármuni úr hinum nýja sjóði.

Ég velti því talsvert fyrir mér, virðulegi forseti, þegar ég les það sem fylgir frumvörpunum, hvort þeir fjármunir sem hingað til hafa runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar eigi kannski í ríkari mæli að renna til rannsókna á sviði fiskeldis og þá kannski í nokkuð viðamiklar tilraunir sem fram undan eru á sviði þorskeldis. Þætti mér vænt um ef hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur um hvort í þennan sjóð sem þarna um ræðir verði hægt að sækja vegna fiskeldis eða þorskeldis sérstaklega.

Ég held að um leið og ég lýsi mig fylgjandi því að þessar breytingar nái fram að ganga þá þurfi jafnframt að gera einhverjar ráðstafanir til þess að Hafrannsóknastofnun verði bætt það fé sem hún hefur fengið fyrir þann 5% afla sem runnið hefur í þeirra sjóð, því að það er alveg ljóst að þeir hafa leyst verkefni sem eru ákaflega mikilvæg og hafa ekki þolað neina bið með þeim aukafjármunum sem ekki hefur í raun verið gert ráð fyrir að rynnu til þeirra eða réttara sagt sem enginn hefur vitað hve miklir væru og rynnu til þeirra. Það var alveg ljóst þegar Hafrannsóknastofnun eða forráðamenn Hafrannsóknastofnunar heimsóttu hv. fjárln. að þeir peningar hafa nýst þeim vel til rannsókna.

En ástæðan fyrir komu minni hér upp er ekki bara sú að velta fyrir mér þessum nýja sjóði heldur fór ég, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, að velta því fyrir mér þegar ég sá í athugasemdum við lagafrv. að þeir fjármunir sem hefðu runnið í ríkissjóð vegna ólögmæts sjávarafla hefðu einungis runnið til hafrannsókna og eftirlits, að þá fannst mér full ástæða til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort svo hefði verið.

[15:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrir mjög jákvæðar og uppbyggilegar umræður sem hér hafa farið fram um þessi tvö frumvörp. Jafnframt vil ég byrja á að óska hv. þm. Grétari Mar Jónssyni til hamingju með jómfrúrræðuna. Það var mjög ánægjulegt að minn gamli skólabróðir, sem ekki hefur alltaf verið sammála mér um hlutina, skyldi byrja á að hrósa mér í jómfrúrræðu sinni og þakka ég honum sérstaklega fyrir það.

Nokkuð var fjallað um nýtingu þeirra fjármuna sem bæði frumvörpin fjalla um og verður að segjast eins og er að þeir hafa komið í mjög góðar þarfir að undanförnu, sérstaklega Hafró-aflinn hjá Hafrannsóknastofnuninni og ekki síður sjóðurinn sem til varð vegna gjalds á ólögmætum sjávarafla mörg undanfarin ár. Að því er ég best veit, svo ég svari hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrst, hefur sá sjóður einungis verið notaður til hafrannsókna og eftirlits. Hafrannsóknir hafa í því tilliti verið skilgreindar nokkuð vítt og fiskeldi sjávarfiska hefur verið talið þar á meðal og rannsóknir því tengdar og fjármunir til hlutafjár til Fiskeldis Eyjafjarðar hefur komið úr þessum sjóði að miklu leyti til, þ.e. það sem frá opinberum aðilum hefur komið.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson fjallaði nokkuð um þetta í ræðu sinni líka, þ.e. hvernig fjármunum hefur verið ráðstafað. Þeir hafa komið í mjög góðar þarfir á síðustu missirum vegna þess að þurft hefur að leggja í auknar rannsóknir og aukið úthald hafrannsóknarskipa vegna bæði loðnu- og síldarrannsókna og eins vegna hvalveiðanna á þessu ári. Komið hefur fram hjá hv. ræðumönnum að þeir hafa haft áhyggjur af því að Hafrannsóknastofnun mundi tapa einhverjum fjármunum við þessa breytingu. Ég hef alls ekki hugsað þetta á þann veg að Hafrannsóknastofnunin væri að tapa einhverjum fjármunum við þetta. Ég geri ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun muni áfram fá bróðurpartinn af því sem þarna mun skila sér á næstu árum. Hins vegar eru þessir fjármunir að aukast og það stefnir í að þeir verði af þeirri stærðargráðu að ekki sé réttlætanlegt að þeir fari í þennan eina farveg og að rétt sé að aðrir sem að slíkum rannsóknum koma og aðrir sem koma að rannsóknum í sjávarútvegi njóti þess líka. Og þá geri ég ráð fyrir að reynt verði að koma til móts við aðra aðila sem stunda rannsóknir í fiskifræði og á hafinu, og að einmitt þeir aðilar sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi, eins og háskólastofnanir, janfnvel náttúrustofur, geti komið að þeim hluta.

Einnig held ég að það sé ekki alveg rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að eftirlit sé óvinsælt meðal sjómanna. Ég skynja það alls ekki að sjómenn séu á móti eftirliti. Ef einhverjir sjómenn fara ekki eftir lögum og reglum þá get ég kannski skynjað það að þeir séu ekki sáttir við eftirlitið, en ég vil leyfa mér að draga þá ályktun að flestir sjómanna okkar fari eftir lögum og reglum og þeir vilji að allir fari eftir lögum og reglum og skynji það aðhald sem felst í eftirlitinu. Ég vil því ekki draga þá ályktun að eftirlitsþátturinn sé óvinsæll þáttur sem ekki eigi að vera með í þessu.

Hins vegar hefur AVS-verkefnið og verðmætasköpunin komið líka til umræðu og að sjálfsögðu kæmi til greina að hluti af þessum fjármunum færi í einhver þau verkefni og þá kannski sérstaklega þann hlutann sem snýr að fiskeldinu.

En við verðum auðvitað líka að gera okkur grein fyrir því að þetta er ekki í hendi, þannig að það er kannski ótímabært að fara að setja upp eitthvert kerfi og mikið bákn og úthluta fjármunum fyrir fram. Við vitum ekki nákvæmlega hverjir þeir eru þó að einhver merki séu um það eins og ég sagði að þeir gætu orðið meiri en þeir hafa verið. Ég held að við ættum að fara varlega í það að búa til mikil kerfi í kringum þetta, en þetta er sú afstaða sem ég hef til þessa máls og hvernig eigi að ráðstafa þessu. Ef einhverjir hafa áhyggjur af því að það verði ekki gert á gegnsæjan hátt af hálfu ráðuneytisins þá vil ég biðja þá hina sömu að líta til þess hvernig staðið hefur verið að AVS-verkefninu þar sem það hefur verið gert á mjög faglegan og gegnsæjan hátt. Þegar er farið að úthluta verðmætum, svo ég orði það þannig, af þeim aðilum og m.a. hef ég fært úthlutunarverkefni til þess kerfis sem þar hefur verið komið upp sem áður voru í höndum sjútvrh. sjálfs og unnið er núna í gegnum faghópa og verkefnisstjórn með mikilli aðkomu atvinnulífsins. Ég held því að menn eigi ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að um geðþóttaákvarðanir sjútvrh. verði að ræða í þessu tilfelli og að ekki verði um þetta mörkuð markviss stefna og það gert á gegnsæjan og skýran hátt.

Ýmis önnur mál hafa komið hér til umræðu og ekki óeðlilegt og sjálfsagt að tæpa aðeins á þeim. Þá er það kannski það sem skyldast er því sem ég var núna rétt að fjalla um, þ.e. fjármál rannsóknastofnananna sem hv. þm. Kristján L. Möller kom inn á. Það er auðvitað alltaf svo með stofnanir og kannski sérstaklega rannsóknastofnanir að þær vildu jafnan gera meira en þær hafa ráðstöfunarfé til á hverjum tíma og það ber bara vott um metnað þeirra sem þar eru í forustu. En

ég vil ekki kannast við það að Hafrannsóknastofnunin eða aðrar stofnanir á vegum sjútvrn. hafi ekki fjármuni til þess að gera þá hluti sem nauðsynlegir eru á hverjum og einum tíma og jafnvel þó að það sé vilji til að gera meira þá verður það líka að skoðast í heildarsamhengi ríkisfjármálanna og ákvarðanir að takast í tengslum við þá stöðu og almenna stefnu.

Minnst var sérstaklega á úthaldsdaga rannsóknarskipanna, að þeim hefði fækkað. Það er ekkert skrýtið þótt þeim hafi fækkað á sl. árum þar sem annað stærsta skipið var í slipp mjög stóran hluta ársins. En svo verður líka að hafa í huga að nýja skipið er dýrara í rekstri en skipið sem það kom í staðinn fyrir, en það er hins vegar jafnframt afkastameira. Ég held því að sú ályktun sem hv. þm. dró af þessu, að minna væri um rannsóknir að ræða vegna þessa, sé ekki rétt.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi til umræðunnar vigtunarleyfin og þær upplýsingar sem hann hafði fengið í svari frá mér varðandi gögn Fiskistofu. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi líka til sögunnar upplýsingar sem ég hefði gefið í svörum í þinginu í vetur. Það verður að segjast eins og er að Fiskistofa býr yfir mjög miklu magni upplýsinga. Þær upplýsingar eru vissulega misjafnlega aðgengilegar og þær skipta misjafnlega miklu máli eftir því hvað er að gerast á hverjum tíma. En svo maður dragi almenna ályktun og almenna niðurstöðu af því sem hér hefur komið fram þá er ástæða til að glöggva sig betur á þeim tölfræðilegu gögnum sem til eru og ég hef einmitt verið að huga að því að undanförnu hvernig hægt væri að gera það.

Hins vegar vil ég líka segja varðandi vigtunarmálin sérstaklega og viðskiptaferlið með fisk hér innan lands sem tengist mjög vigtunarmálunum og fiskmörkuðunum, að það mál er í sérstakri athugun hjá okkur, hvaða breytingar er skynsamlegt að gera á því kerfi til að fá betri virkni markaðarins og minni bjögun vegna hinna ýmsu stuðla sem notaðir eru þegar verið er að færa stærðir á milli skilgreindra hugtaka, eins og við hv. þm. Jóhann Ársælsson höfum rætt hér nokkrum sinum vegna útreiknaðra stuðla sem notaðir eru. Ég á von á því að út úr þeirri vinnu fari að koma eitthvað á næstu vikum sem hægt er að ræða um við hagsmunaaðilana. Þarna eru auðvitað gríðarlega miklir hagsmunir og litlar breytingar á einstökum atriðum geta skipt einstök fyrirtæki, einstök byggðarlög og einstök svæði mjög miklu máli. Það er því nauðsynlegt að gera þetta mjög vel og glöggva sig vel á því sem þar kemur fram.

Ég held að ekki sé tímabært fyrir okkur að fara að gera breytingar á því hvernig Hafró-aflinn virkar varðandi magn og prósentur. Ég held við þurfum að hafa betri tíma til að sjá þetta þróast meira og við sjáum það bara á þeim tölum sem við höfum verið með að aukning er í þessu og við sjáum af þeim tölum sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vitnaði til að ákveðnir hlutar flotans eru seinni til að átta sig á því hvað felst í þessu. Þess vegna held ég að við ættum að láta þetta bráðabirgðatímabil — þetta er náttúrlega bráðabirgðaákvæði, eins og hv. þingmenn vita — líða vel að lokum áður en við förum ofan í það dæmi.

Að síðustu vil ég aðeins gera að umræðuefni orð hv. þm. Péturs Blöndals og umræðu hans og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Mér fannst þeir nú reyndar tala svolítið í austur og vestur sem kannski er ekkert skrýtið þegar þessir tveir menn eiga í hlut. (**Gripið fram í:** Hvor var í austur?) Þarf ég nokkuð að útskýra það? Báðir hafa nokkuð til síns máls. Ég held að það sé ákveðið vandamál í hafrannsóknum á Íslandi hvað það er tiltölulega lítill og afmarkaður hópur sem fjallar um þau mál og hann er nánast allur á launum hjá ríkinu. Það er held ég að mínu mati takmarkandi þáttur í þessu. Það eru hins vegar takmörk fyrir hversu breiðan vísindalegan grunn, hversu breiðan akademískan grunn fyrir svona umræðu er hægt að byggja í svona litlu samfélagi, hvor hægt sé að vera með fleiri en eina, fleiri en tvær og jafnvel þrjár miðstöðvar fyrir vísindalega umræðu um þennan þátt í okkar litla landi. Við þurfum hins vegar alltaf að reyna að halda slíkri umræðu gangandi og reyna að passa upp á það að öll sjónarmið komi fram í umræðunni.

En þetta á ekki bara við hér. Ég hef rekið mig á það, t.d. þegar við vorum að vinna í ofmatinu svokallaða, að til þess að fá utanaðkomandi aðila til að skoða þetta mál þá var ekki auðvelt að leita eftir vísindamönnum sem ekki hefðu verið í tengslum við þá menn sem hér voru. Að þessu leytinu til hefur hv. þm. Pétur Blöndal rétt fyrir sér.

Hins vegar vil ég fullyrða að vísindamenn Hafrannsóknastofnunar vinna af bestu samvisku á hverjum og einum tíma. Ég hef aldrei rekist á það að þar væri um neinar blekkingar eða undanbrögð að ræða. Og það er ómaklegt ef einhverjir halda því fram. Þeir hafa verið tilbúnir til að viðurkenna það heiðarlega þegar skekkjur hafa komið í útreikninga þeirra og tekist á við það að leiðrétta það á fullkomlega eðlilegan, opinn og heiðarlegan hátt. Ég held að við séum þess vegna með betri stöðu í þessum vísindum en við vorum með fyrir nokkrum árum.

Síðan er ekki rétt það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði, að búið væri að fara eftir því sem vísindamennirnir hafa sagt áratugum saman eða í tuttugu ár. Það er ekki rétt. Það hefur ekki alltaf verið farið eftir vísindamönnunum. Vísindamennirnir hafa gert sín mistök þegar komið hefur að því að ákveða aflann, en stjórnmálamennirnir hafa líka gert sín mistök. En við verðum að trúa því og ég held að það sé rétt, að hvorir tveggja reyna að gera þetta eins vel og þeir geta miðað við þær aðstæður sem þeir búa við á hverjum tíma.

[15:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að þessi umræða hefur verið ágæt og á jákvæðum nótum. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra svaraði ekki einni spurningu minni, þ.e. um það hvort ráðuneytið hafi skorið niður fjárlagabeiðnir Hafrannsóknastofnunar um rúmar 350 millj. kr. á beiðni Hafrannsóknastofnunar til sjútvrn. vegna fjárlaga 2004. Því vil ég ítreka þá spurningu mína og spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt.

Aðeins til þess að nefna það hvaða tölur verið er að ræða um í þessu þá er ráðuneytið allt með rúmar 3.000 millj. kr., þ.e. gjöld umfram tekjur. Það er svona eins og maður heyrði á sl. ári þegar verið var að kaupa til baka svona 48–49% af hlutafé í ákveðnu ekkert allt of stóru sjávarútvegsfyrirtæki.

Virðulegi forseti. Nefna má aðrar tölur. Í þessum tölum er talið að Hafrannsóknastofnun kosti 1.174 millj. Þá tölu getum við líka borið saman við ágætt byggðarlag úti á landi, Vopnafjarðarhrepp, sem hefur barist hetjulegri baráttu til að kaupa til baka til sín hlutabréfin í Tanga. Þeir voru þar með að verja fyrirtækið og verja störf fólksins og halda eignarhaldi yfir fyrirtækinu heima. Það kostaði um 1.000 millj. kr. Þetta eru tölur sem rétt er að bera saman.

Ég ítreka spurningu mína, virðulegi forseti, til hæstv. ráðherra: Voru tillögur Hafrannsóknastofnunar skornar niður um 354 millj. kr.?

[15:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta eiginlega hálffurðuleg umræða. Ég sat í fjárln. nærri tvö kjörtímabil, hef verið á þingi í rúmlega 12 ár og ráðherra í rúmlega fjögur ár. Það er talað um að skera niður tillögur stofnana, gert úr því eitthvert mál eins og ég sé ljóti karlinn og sagt að ég vilji ekki gera allt sem Hafrannsóknastofnun leggur til. Það er bara ekki þannig sem við vinnum að þessu. Við förum í gegnum ýmsar hugmyndir með okkar stofnunum og einnig ræðum við hugmyndir við fjmrn. Síðan kemur niðurstaða í fjárlagafrv. sem er frv. ríkisstjórnarinnar og við stöndum að því heils hugar. Það er ekkert um það að ræða að einn eða neinn hafi skorið niður einhverjar tillögur. Við vinnum bara ekki svona í þessu. Ég held þetta sé ekki mjög gagnlegt, hvorki fyrir umræðuna hér né úti í þjóðfélaginu, né þá hugsun sem við þurfum að hafa í fjárlagavinnunni þegar við erum að hugsa um ríkisfjármálin.

Ég tók eftir því að hv. þm. nefndi að sjútvrn. hefði til ráðstöfunar um það bil 3 milljarða. Það eru út af fyrir sig ekki miklir peningar. Hann nefndi 300 millj. hjá Hafrannsóknastofnuninni sem er nú ekki tala sem er mér föst í minni. Hann nefndi síðan að Fiskistofa hefði komið með einhverjar tillögur. Það voru eitthvað á annað hundrað milljónir sem hann nefndi. Hvernig halda menn að fjárlagafrv. væri ef allar svona tölur sem nefndar hafa verið væru í frv.? Hvernig halda menn að ríkisfjármálin stæðu þá?

[15:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umræðan er ekki furðuleg þegar rædd eru fjárframlög til jafnmikilvægrar stofnunar og Hafrannsóknastofnunar til þess að fylgjast með ástandi fiskstofna vegna þess — og það kom fram í fyrri ræðu minni — að fram kom hjá fulltrúum Hafrannsóknastofnunar á fundi sjútvn. að stórt verkefni, loðnurannsóknir í norðurhöfum, situr á hakanum vegna fjárskorts. Auðvitað tek ég undir það heils hugar að stofnanir eiga ekki alltaf að fá allt sem þær biðja um á fjárlögum. Það hefur aldrei gerst svoleiðis og mun aldrei gerast. En spurningin er: Er stofnuninni gert kleift að sinna starfi sínu með þeim fjárframlögum sem sett eru fram eða vantar meira?

Mér finnst mjög hættulegt ef stofnunin getur ekki sinnt þeim verkefnum sem ég hef nefnt og öðrum sem ég nefndi í fyrri ræðu minni. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Hefur hæstv. ráðherra ekki áhyggjur af því að Hafrannsóknastofnun geti ekki sinnt sínu stóra verkefni á sviði loðnurannsókna í norðurhöfum nú þegar ástand sjávar fyrir norðan er eins og við höfum rætt og vitum hvernig er? Hefur hæstv. ráðherra ekki áhyggjur af því?

[15:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef rannsóknir á loðnu í norðurhöfum er mjög mikilvægt verkefni, verkefni sem skiptir sköpum, þá held ég að stofnun sem hafði á síðasta ári og væntanlega á þessu og næsta ári vel á annan milljarð til ráðstöfunar hljóti að forgangsraða þannig að það verkefni fái forgang þannig að hún geti sinnt því verkefni. Það er hlutverk stofnananna að vinna með þá fjármuni sem þær fá til ráðstöfunar. Í ráðuneytinu förum við ekki ofan í einstök verkefni hjá þeim til þess að ákveða hvað eigi að gera fyrst og fremst. Það er þeirra hlutverk að gera það. Við förum yfir heildarrammana.

Ég held að ákveðinn stígandi þurfi að vera í fjárframlögum til hafrannsókna þegar við skoðum þetta í lengri tíma samhengi. Hins vegar er ekki hollt fyrir rannsóknastofnanir að of mikil og of hröð aukning verði á þeim fjármunum sem þær hafa til ráðstöfunar. Það hefur margsinnis sýnt sig að þá þynnast rannsóknirnar út, eins og menn orða það í vísindaheiminum. Það vil ég ekki sjá gerast hjá Hafrannsóknastofnuninni og ég held ekki að það sé að gerast þar. Ég held að þar noti menn fjármunina betur en svo. Ég held að stofnuninni sé gert kleift að sinna og framkvæma þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru fyrir okkur hér á landi.

[15:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ósammála hæstv. forseta um að enn sé bráðabirgðatímabil, þ.e. þetta bráðabirgðaákvæði sem er í gildi núna er búið að framlengja einu sinni. Ég tel að kominn sé tími til þess að fara yfir málið með það fyrir augum að athuga hvort rétt sé að málum staðið og skoða það t.d. hvort verðlagningin sé eðlileg og hvort ekki sé betra að hafa hana með öðrum hætti. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um það fyrr í dag.

Ég spurði líka hvernig ætti að nýta peningana. Ég spyr nú hæstv. sjútvrh. hvort hann sé tilbúinn með drög að skipulagsskrá til þess að leggja fyrir sjútvn. þannig að menn geti skoðað þetta líka þar. Mér finnst mjög eðlilegt að það verði gert þannig að menn geti áttað sig á því hvernig eigi að nota þessa fjármuni og hvernig eigi að stjórna notkuninni á þeim.

Ég vil líka vekja athygli á því, vegna orðræðu sem fór fram áðan milli hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Jóns Gunnarssonar, að fjármunirnir sem voru settir í hlutafé í Fiskeldi Eyjafjarðar úr þessum peningum vegna ólögmæts sjávarafla áttu allir að renna til rannsókna og eftirlits samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi um það efni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Á grundvelli hvers voru þessir peningar settir í þetta verkefni?

Að lokum spyr ég hæstv. sjútvrh. vegna fyrirspurnarinnar sem ég færði í tal áðan hvort hann sé sáttur við að það skuli liggja fyrir að Fiskistofa hafi ekki upplýsingar undir höndum til að bera saman (Forseti hringir.) þann afla sem landað er á hafnarvog og þann sem vigtaður er á heimavigt.

[15:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Það eru þrjú atriði, herra forseti. Þetta bráðabirgðaákvæði hefur verið framlengt einu sinni og þá var það framlengt aftur sem bráðabirgðaákvæði, einmitt vegna þess að menn töldu að ekki væri liðinn nægjanlegur tími til þess að vinna þá tillögu sem ætti að standa sem varanleg grein í lögunum.

Í öðru lagi varðandi upplýsingar frá Fiskistofu þá nefndi ég það sérstaklega áðan að upplýsingar væru misjafnlega aðgengilegar og skiptu misjafnlega miklu máli eftir því um hvað væri verið að fjalla og hvað væri vandamál hvers tíma, og að þetta væri nokkuð sem ég væri að undirbúa að skoða sérstaklega.

Í þriðja lagi varðandi ráðstöfun á sjóðnum vegna ólögmæts sjávarafla og Fiskeldi Eyjafjarðar þá held ég að þeim fjármunum hafi verið afskaplega vel varið og að vandfundnar séu jafnathyglisverðar og árangursríkar rannsóknir á grunnlíffræði einnar fisktegundar og þær sem þar fóru fram á lúðunni með gríðarlega miklum og góðum árangri, sérstaklega miðað við þá fjármuni sem til þess voru notaðir. Nágrannar okkar hafa eytt margföldum þeim upphæðum án þess að ná eins miklum árangri. Ég held að þetta séu rannsóknir sem við eigum að vera mjög hreykin af og ég held að þeim fjármunum hafi verið vel varið.

[15:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var undarlegt og skrýtið svar. Hæstv. ráðherra er spurður um stjórnsýslu. Ef menn í hans stöðu ætla að réttlæta stjórnsýslu sína með því að peningunum sé vel varið þá er mönnum illa komið á hv. Alþingi. Það er nefnilega ekki nóg að peningunum sé vel varið. Menn þurfa að fara eftir réttum reglum um stjórnsýslu. Hæstv. ráðherra hefði ósköp vel getað sótt eftir heimildum til þess með einhverjum hætti. Hann hefur örugglega haft ágætar hugmyndir til að gera það ef hann hefði viljað halda áfram þessum stuðningi eða hefja stuðning af þessu tagi. Þetta snýst því ekki um það hvort menn séu með eða á móti því að taka þátt í þessu heldur hvaða stjórnsýslu eigi að viðhafa.

En nú kemur hæstv. ráðherra með þessi frv. hingað og ég geri ráð fyrir því að hann telji að með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til sé hægt að gera hluti af þessu tagi, eða hvað? En hann svarar því auðvitað hér á eftir.

Ég ætla að hafa lokaorð mín um fyrirspurnina sem ég hef verið að vefja inn í umræðuna öðru hverju. Það eru mér mikil vonbrigði hvernig standa á að mjög mikilvægum eftirlitsþætti Fiskistofu þegar veita á aðilum í sjávarútvegi traust, þ.e. þannig að þeir sjái sjálfir um að vigta afla inn til sín, endurvigta hann eftir að hann hefur verið vigtaður á hafnarvog. Þá á að standa þannig að eftirlitinu að því sé í rauninni bara kastað á þá sem eiga að vera vigtarmenn á hafnarvogum. Það er auðvitað fráleitt. En svoleiðis er það.

[16:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. finnst svarið eitthvað skrýtið, er það bara vegna þess að ég er mjög sáttur og hreykinn af þeim rannsóknum sem þarna fóru fram og tel það í góðu lagi að stjórnsýslan hafi styrkt rannsóknirnar sem fóru fram á Fiskeldi Eyjafjarðar, og bæði ég og forverar mínir tveir sem hafa styrkt þetta verkefni mega vera mjög hreyknir af því.

[16:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Fyrst að því sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan í þessum ræðustól, að fjármunirnir væru að aukast, en væru ekki í hendi. Virðulegi forseti. Það benda allar líkur til þess að þeir fjármunir sem hér hafa sést á blöðum og hafa komist til skila á undanförnum árum, annars vegar í upptöku ólöglegs afla og hins vegar hinum löglega Hafró-afla, minnki ekki á komandi árum. Hæstv. ráðherra taldi að aðlögun sumra útgerðarhátta að því að nýta sér Hafró-regluna væri ekki komin til framkvæmda og menn þyrftu kannski að átta sig á því að þeir gætu nýtt sér regluna. Þar af leiðandi væru kannski líkur á því að það kæmu meiri fjármunir inn eftir þessari 5% reglu á komandi árum. Þessir fjármunir hafa svo sem ekkert verið neitt litlir hingað til. Það er verið að tala um upphæðir sem geta hlaupið á bilinu 200–300 millj. kr. á ári jafnvel. Það er ekkert ólíklegt að Hafró-aflinn fari að gefa innan skamms 200 millj. kr. á ári, jafnvel meira. Hæstv. ráðherra svaraði því miður ekki spurningunni varðandi upptökuaflann áðan, hvort hann væri breytilegur innan þessara 182 millj. kr. á milli ára og hefði farið vaxandi eða minnkandi. Ef við gefum okkur að hann sé 40 millj. kr. er ekkert ólíklegt að við séum að tala um fjármuni sem eru þá svona innan „í hendi", ef maður getur sagt sem svo, upp á kvart milljarð kr., 250 millj. kr., og e.t.v. munu verðmætin aukast á komandi árum.

Þetta eru vissulega miklir fjármunir og um þá þurfa að sjálfsögðu að vera skýrar reglur. Ég heyrði að hæstv. ráðherra tók undir það áðan að það væri sjálfgefið að hafa um þetta skýrar reglur og ljósar, þannig að menn sæju greinilega hvernig væri verið að fara með fjármunina, og ég fagna þeirri yfirlýsingu hans.

Það var líka vikið að því hér áðan, virðulegi forseti, þegar við vorum að tala um vísindarannsóknir og eina stofnun, að það væri eðlilegt að aðrir gætu stundað hér rannsóknir. Ég tek fyllilega undir það og hef verið mikill talsmaður þess á undanförnum árum að fleiri en vísindamenn á Hafrannsóknastofnun fengju að stunda rannsóknir á afmörkuðum verkefnum og gætu sótt m.a. um fjármuni í þennan sjóð sem hér er verið að stofna. Það getur auðveldað að fram fari rannsóknir, m.a. samanburðarrannsóknir, sem styrkja þekkingu okkar á því sem er að gerast í hafinu.

Það er líka ástæða til þess að leiða hugann að því að hafsvæðið kringum Ísland hefur verið að breytast mjög mikið síðustu árin. Það hefur verið mikil hlýnun í hafinu. Sjávarhiti hefur hækkað mjög og útbreiðslusvæði hlýsjávarins hefur aukist mikið. Það hefur í för með sér að fisktegundir sem áður voru lítt þekktar fyrir vestan og norðan land eru nú farnar að sjást þar, jafnvel veiðast þar í þó nokkrum mæli, og ég hugsa að það hafi kannski vakið einna mesta undrun manna þegar skötuselur fór að veiðast norður í Ísafjarðardjúpi og víðar, þar sem slík tegund hafði ekki sést svo menn ræki minni til.

Sama má segja um útbreiðslu ýsunnar sem er orðin útbreidd allt í kringum landið, einnig á Norður- og Norðausturlandi þar sem hefur jafnan verið kaldasti sjórinn hér við land. Þar eru uppvaxtarskilyrði fyrir ýsu nú mjög góð, enda bendir allt til þess að ýsan sé mjög dreifð við landið og mikið sé að vaxa upp af ýsu vegna þeirra skilyrða sem batnað hafa, m.a. ástand sjávar.

Í lífríki sjávar eru bæði kostir og gallar, hlýnandi sjór hefur í för með sér að loðnan fer lengra frá landinu. Það er mjög líklegt að þorskurinn leiti líka lengra frá landi og norðar. Þannig að það eru ekki bara plúsar í þessu dæmi, virðulegi forseti. Þetta getur vissulega haft áhrif á okkar verðmætustu tegund, þorskstofninn, og hvað um hann verður. Þannig að við kunnum að upplifa sveiflur í því hvaða þorskmagn er hér innan lögsögunnar á hverjum tíma. Ég er hræddur um að á komandi árum komist vísindamenn ekki upp með það að halda því fram að íslenska fiskveiðilögsagan sé fiskabúr fyrir þorsk sem haldi honum innan lögsögunnar. Það held ég að verði ekki staðreyndin ef sjór heldur áfram að vera hlýr við landið.

Þess vegna gæti vissulega komið upp sú staða aftur, virðulegi forseti, eins og árin 2001 og 2002, þegar týndust úr þorskstofninum 460 þús. tonn á tveimur árum. Þorskstofninn sem var metinn árið 2000, að mig minnir, upp á 1 millj. 35 þús. tonn reyndist í spá sömu stofnunar vera kominn niður í 575 þús. tonn tveimur árum síðar. Menn hafa ekki getað gefið viðunandi skýringar á orsökum þessa hruns, virðulegi forseti. Það hafa verið leiddar fram líkur sem geta að mínu viti ekki skýrt þessa geysilega miklu sveiflu, tæp 500 þús. tonn.

Það er vissulega svo að við getum setið uppi með miklar breytingar í lífríkinu og getum þurft að horfa á breytingar bæði til góðs og kannski ekki beinlínis til ills varðandi það

að þorskurinn leiti meira norður í höf, það kann að vera að vaxtarskilyrði hans verði ágæt þar, en það er ekki sjálfgefið, virðulegi forseti, að hann sé innan okkar lögsögu. Það er því að mörgu að hyggja varðandi þetta.

Virðulegur forseti, þskj. 242 er svar við fyrirspurn. Þar er m.a. spurt um flokkun aflans. Þar er í svari sagt, með leyfi forseta, að „ekki er lengur í opinberri söfnun upplýsinga um afla gert ráð fyrir söfnun og skráningu upplýsinga um stærðarflokkun afla." Nú vill svo til að Hafró-aflinn er allur seldur á fiskmarkaði og ætti þar að vera seldur eftir sölukerfi fiskmarkaðanna. Þar af leiðandi ætti að liggja fyrir ákveðin flokkun á þeim afla sem þar er seldur. Þess vegna finnst mér, miðað við spurninguna, að það hefði átt að vera hægt að gefa upplýsingar um þann afla sem hefur verið flokkaður sem Hafró-afli, enda er það skylda að selja hann á viðurkenndum uppboðsmörkuðum. Þar af leiðandi hefði átt að liggja fyrir einhver flokkun á stærð og gæðum viðkomandi tegundar. Alla vega ætti það að endurspeglast í verðinu og væri fróðlegt að skoða hvernig það kæmi út ef þær upplýsingar væru unnar.

Varðandi þskj. 241 um veiði uppsjávarveiðiskipanna, vekur það athygli, virðulegur forseti, að það er í raun og veru bara eitt uppsjávarveiðiskip sem er að landa hér einhverjum afla sem meðafla með síld innan lögsögu, það er Ingunn frá Akranesi sem er að landa í nokkur skipti þorski og ýsu sem meðafla með síld. Önnur skip virðast ekki vera að landa neinum meðafla sem slíkum. Það vekur þó nokkrar spurningar. Að vísu hefur Ásgrímur Halldórsson veitt þarna 234 tonn af spærling og hefur verið skráð sem spærlingsafli og ekki gert ráð fyrir honum, enda er hann ekki innan kvótakerfisins, þannig að hann er ekki dreginn frá sem slíkur.

Það er því mjög margt forvitnilegt í þessum svörum sem hægt er að velta fyrir sér, virðulegur forseti, og ég hvet þingmenn enn og aftur til þess að kíkja á þessar upplýsingar, þær geta gagnast okkur vel við að átta okkur á því hvert kvótakerfið er að fara með okkur. Það þekkja allir skoðanir mínar á því og míns flokks og ég þarf ekki að endurtaka þær hér.

[16:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleymdi að svara einu atriði í spurningu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar áðan og hann minnti mig á það núna í ræðu sinni, það er varðandi upptökuaflann úr sjóðnum vegna gjaldtöku á ólögmætum sjávarafla. Sú upphæð hefur minnkað hin síðari ár, þannig að á þessu fimm ára tímabili sem tilgreint er eru upphæðirnar hærri en á þessu ári og því síðasta. Ég er ekki með tölurnar fyrir hvert ár, en ég fer með þetta eftir minni á þennan hátt.

Það er rétt hjá hv. þm. að menn þekkja skoðanir hans og hans flokks á fiskveiðistjórnarkerfinu. Hann ætlaði ekki að fara lengra út í það í þessari umræðu. Menn þekkja líka mínar skoðanir á því kerfi, þar af leiðandi ætla ég heldur ekki að fara lengra út í þá umræðu hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK, 37. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 37. [16:13]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum. Ég hef áður mælt fyrir þessu frv. hér á hv. Alþingi sem er í raun aðeins ein lagagrein. Hún kveður á um að auka réttarstöðu launþega þegar lengi dregst að gera kjarasamninga og er í raun og veru ætlað að tryggja það að launþegar sem sitja undir því að kjarasamningur kemst ekki á við viðkomandi stéttarfélag eða stéttarsamband svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir, þurfi ekki að una við slíkan tíma óbættan. Þetta skýrist mjög í 1. gr., en hún hljóðar svona:

„Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun."

Síðan segir:

„Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu."

2. gr. hljóðar síðan upp á að lög þessi öðlist þegar gildi.

Þessu frv. fylgir svofelld greinargerð, virðulegi forseti:

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni.

Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Þarna er m.a. með þessari síðustu setningu verið að benda á það að séu slík ákvæði sett í lög er það auðvitað hagur, ekki bara launþeganna að ná kjarasamningi, það er líka hagur atvinnurekendanna og samtaka þeirra að kjarasamningurinn komist á áður en sex mánuðir eru liðnir því að ella byrjar ákvæðið um afturvirknina sem lagagreinin kveður á um að telja. Strax og komið er umfram sex mánuði mundi samningurinn virka aftur fyrir sig um einn mánuð. Þannig mundi það telja og það þýðir að ef kjarasamningurinn dregst í heilt ár skal upphafshækkun hans og þau ákvæði sem samið er um í samningnum gilda frá því að samningurinn féll úr gildi en ekki frá undirskriftardegi samningsins. Hér er auðvitað verið að setja ákveðna pressu á atvinnurekendurna einnig í þessari deilu. Launþeginn og launþegasamtökin hafa haft þá pressu á undanförnum árum að þurfa að ná inn í kjarasamningana einhverjum upphafshækkunum ef þeir hafa dregist á langinn. En hér er eftir sex mánuði pressunni svolítið snúið við og hún kemur á atvinnurekendur af þeim þunga að gangi þeir ekki til samninga og leysi samningamál sín er það réttur launþeganna og launþegasamtakanna að samningurinn verði afturvirkur allt að þeim degi sem hann féll úr gildi ef dregist hefur í tólf mánuði að gera kjarasamning.

Hér er þess vegna réttarbót launþega sem felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög.

Síðan eru í grg. nefnd ýmis dæmi um það að samningar hafi dregist á langinn, m.a. birt tafla um kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum en þeir hafa mjög oft orðið fyrir því að kjarasamningar þeirra hafa dregist á langinn eða þá að lög hafa verið sett á kjarasamninga þeirra. Þannig hagar einnig til nú, virðulegi forseti, að sjómenn starfa eftir samningum sem settir voru með lögum og sem mig minnir að falli úr gildi um áramótin. Í ákveðinni töflu þarna er sýnt fram á það hversu lengi sjómenn hafa verið samningslausir á þessu ákveðna tímabili, og það eru hvorki meira né minna en 2.403 dagar, virðulegi forseti. Það munar um minna.

Fiskimenn eru ekki þeir einu sem hafa lent í þessu dæmi sem hér er nefnt til. Það hefur vissulega náð til annarra stétta, t.d. lögreglumanna man ég eftir, gott ef ekki kennara líka. Þegar samningar dragast á langinn mánuðum saman þýðir það að ef ekki næst að semja um upphafshækkun sem gildir frá því að samningurinn féll úr gildi — sem oftast nær hefur ekki verið — hafa samtök atvinnurekendanna hagnast verulega á því að láta samningana dragast mánuðum og árum saman meðan launþegar hafa tapað verulegum upphæðum á því sama lagi.

Hér er með þessu frv. verið að leggja til réttarbót fyrir launþega inn í vinnulöggjöfina og tryggja að samið skuli við launþega með ákveðnum hætti, miðað við þennan lagabókstaf sem hér er, ef samningar dragast lengur en sex mánuði, og ef þeir dragast lengur en tólf mánuði skal, samkvæmt lagaákvæðinu, samningurinn vera algjörlega afturvirkur frá því að samningurinn féll úr gildi eða þá að það skal samið um eingreiðslu sem bætir með sama hætti og upphafshækkun hefði gert kaup og kjör launþeganna sem um er að ræða. Ákvæðið um að semja um eina eingreiðslu er einfaldlega til einföldunar þannig að það þurfi ekki að færa þetta sem eftirágreiðslu aftur í tímann heldur megi semja um þetta til hagræðis til eingreiðslu. Auðvitað er þá samninganefndum falið að meta það og átta sig á því um hvaða upphæðir væri að ræða ef þannig væri þá gengið frá samningi.

Allt að einu felur frv. í sér þá réttarbót að tryggja stöðu launþeganna og ég mæli eindregið með því að þetta frv. fái góða og efnislega skoðun.

[16:22]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þetta frv. en mig furðar dálítið hve fáir þingmenn eru hér í salnum. Ég get ekki að því gert að þegar maður er svona nýkominn til starfa finnst manni skjóta skökku við að það séu aðeins þrír þingmenn í salnum sem stendur (**HjÁ:** Fjórir, fimm með þér.) Já, fjórir. Fimm í það heila. Mér finnast dálítið sérkennileg vinnubrögð að menn skuli ekki mæta í vinnuna.

Ég þarf ekkert að orðlengja þetta en ég styð auðvitað frv. og þetta er hið besta mál fyrir stéttarfélög í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Styrktarsjóður námsmanna, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 133. mál. — Þskj. 133.

[16:23]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um styrktarsjóð námsmanna sem ég flyt hér ásamt hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur og Magnúsi Stefánssyni. Þetta er í þriðja sinn sem mælt er fyrir þessu frv. Í fyrri tvö skiptin hafa örlög þess orðið þau að daga uppi í nefnd og reyni ég nú í þriðja sinn, enda hef ég trú á að efnislega sé þetta hið mætasta frv.

Markmið frumvarpsins, frú forseti, er í rauninni mjög einfalt. Það er að reyna að ná meira fjármagni til menntunar í okkar landi frá ríki, sveitarfélögum, fyrirtækjum í landinu og einstaklingum, og er það hugsað með framlagi þessara aðila í svokallaðan styrktarsjóð námsmanna. Slíkir styrktarsjóðir eru þekktir víða í nágrannalöndum okkar, einmitt með því fyrirkomulagi sem ég kynnti hér þar sem opinberir aðilar og ekki síður einkaaðilar leggja fjármuni til þess að styrkja námsfólk með ýmsum hætti. Það getur verið óskilyrt framlag frá einkageiranum, það geta líka verið skilyrt framlög þar sem t.d. fyrirtæki vilja fjárfesta í efnilegum nemanda á einhverju tilteknu sviði. Þá er það þekkt að margir einstaklingar vilja leggja fé til þess að styrkja æsku landsins og leggja sitt af mörkum þá til þess að efla og hækka menntunarstig þjóðarinnar.

Eins og við vitum, frú forseti, hefur í sjálfu sér ekki mikið fjármagn runnið til menntamála frá einkageiranum og með frv. er í rauninni verið að skapa vettvang fyrir einkafjármagnið til þess að renna í menntunina í gegnum styrktarsjóðinn.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir sjö manna stjórn þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, eins og oft er kallað, eiga sæti ásamt fulltrúum hinna ýmsu námsmannahreyfinga eins og getið er um á þskj. 133. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn starfi alveg sjálfstætt og taki sínar sjálfstæðu ákvarðanir en rétt er að geta þess að samkvæmt 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að einstaklingar og fyrirtæki fái skattafslátt gegn því að leggja fram fjármuni í þennan styrktarsjóð, enda litið svo á

að þar sé um afskaplega góða og mikilvæga fjárfestingu að ræða.

Í þau fyrri skipti sem frv. var vísað til nefndar var það sent út til umsagnar og umsagnir bárust frá nokkuð mörgum aðilum. Með einni undantekningu, þ.e. frá Verslunarráði Íslands, var mjög eindregið mælt með samþykkt frv. Ef til vill voru skiptar skoðanir, sumum fannst að stjórnarmenn ættu að vera færri, öðrum fannst að þeir ættu að vera fleiri. Það er eins og gengur og má endalaust deila um það. Meginatriðið var samt að allir umsagnaraðilar hvöttu mjög til þess að þetta frv. yrði að lögum og ekki síst námsmenn sjá möguleika á því að aukið fjármagn verði lagt í pottinn til menntunar.

Þetta er sem sagt einfalt frv. Það er gert ráð fyrir því að ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar geti lagt fjármagn í styrktarsjóð námsmanna þar sem efnilegt námsfólk, eða námsfólk yfir höfuð, á þess kost að sækja um styrki en ekki lán til þess að stunda nám. Rétt er að vekja athygli á því að hér er ekki einungis verið að tala um styrki til háskólanáms heldur ekkert síður til náms á framhaldsskólastigi.

Um þetta þarf ekki að fjölyrða, frú forseti, og að svo mæltu leyfi ég mér að óska eftir því að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[16:28]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vildi bara fá að nota tækifærið og þakka hv. flm., hv. þm. Hjálmari Árnasyni, fyrir þetta ágæta frv. Það sýnist fremur fátítt að stjórnarliðar, óbreyttir þingmenn, sjái sig knúna til að flytja hér frumvörp um framfaramál og full ástæða til að þakka þegar það er gert.

Ég held að það sé alveg ótvírætt mikilvægt fyrir löggjafarsamkomuna að huga að auknu samstarfi hins opinbera við atvinnulífið og við einstaklingana við það að takast á við hin margvíslegu félagslegu verkefni, m.a. við það að hvetja fólk til frekara náms, styðja það og styrkja í námi. Ég er þeirrar skoðunar almennt að við höfum í allt of miklum mæli beitt lánakerfi í stuðningi við námsmenn en í of litlum mæli styrkjakerfi sem gerir það að verkum að við höfum hér alið upp hverja kynslóðina á fætur annarri sem byrjar lífið og búskap sinn með neikvæða eiginfjárstöðu og óhóflegar skuldir sem þó greiðast í sjálfu sér aldrei til baka. Að sínu leyti væri skynsamlegra að þetta væru einfaldlega beinir styrkir, og ég fagna því að hér sé verið að horfa til þess að nota styrki.

Ég vek líka athygli á því að hv. þm. Hjálmar Árnason lítur hér til þess að til þess að örva einkaframtakið og atvinnulífið til framlaga í þennan sjóð og þetta verðuga félagslega verkefni eigi að beita skattafslætti. Mér finnst það vera mjög í anda ýmissa mála sem stjórnarandstaðan hefur flutt hér á undanförnum vikum en munu nú væntanlega öll sofna í nefnd, og einkum vegna þess að þeim hefur verið mótmælt af þingmönnum stjórnarinnar ýmsum, t.d. hv. þm. Pétri Blöndal, með þeim rökum að algerlega sé útilokað að fjölga undanþágum í skattkerfinu, eins og það heitir.

Ég held hins vegar þvert á móti að það megi beita undanþágum í ríkari mæli í skattkerfinu til þess að laða einkaframtakið og atvinnulífið til þess að leggja fé í samfélags- og velferðarmál, einmitt til þess að létta á útgjöldum hins opinbera og þeim gríðarmiklu verkefnum sem á því hvíla fyrir. Við vitum jú að skattgreiðendur hafa ekki áhuga á að hækka skatta sína.

[16:31]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir efnislegar undirtektir við frv. en verð þó að leiðrétta eitt hjá honum því það er ekkert fátítt að stjórnarsinnar flytji þingmál. Ég hygg að sjálfur hafi ég flutt á þeim rúmum átta árum sem ég hef verið á þingi milli 40 og 50 þingmál sem ég hlýt sjálfur að trúa á að séu öll til framfara og gildir þannig um marga aðra stjórnarþingmenn. Hins vegar er það einkenni á þingmannamálum að fæst þeirra komast áfram þó að vissulega hafi sum af mínum málum til allrar hamingju komist áfram.

En það sem skiptir mestu máli hér er efni frv. og um það hygg ég að við séum ekki ósammála, ég og hv. þm. Þetta snýr að því að við höfum of mikið og eingöngu mænt á það að hið opinbera komi með fjármagn og við stöndum tiltölulega vel að því með því merka fyrirbrigði sem er Lánasjóður íslenskra námsmanna. Við höfum hins vegar ekki horft nægjanlega eða af nægjanlegri athygli á einkageirann sem hefur óþægilega mikið setið hjá, setið auðum höndum öfugt við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Ég hygg að ein ástæða þess sé sú að vettvangurinn fyrir fyrirtækin í landinu til þess að leggja fé til málefna eins og þessa hafi ekki verið til staðar og það er e.t.v. meginhugsunin á bak við þennan sjóð að búa til þann farveg og þess vegna er skattafslátturinn einnig spyrtur saman við þetta.

En að sjálfsögðu, eins og hv. þm. benti réttilega á, er það sameiginleg samfélagsleg ábyrgð okkar allra í samfélaginu, hins opinbera, atvinnulífsins, einkageirans, að sjá til þess að hér þrífist sem allra blómlegast og voldugast menntakerfi því að það er jú besta fjárfestingin. Þar greinir mig og hv. þm. ekki á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:33]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla sauðfjárafurða, 192. mál, svar landbrh., þskj. 287.

Fullgilding skírteina flugmanna, 293. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 338.

Greiðsla dráttarvaxta úr ríkissjóði, 290. mál, fsp. ÁF, þskj. 335.

Inn- og útflutningur eldisdýra, 179. mál, svar landbrh., þskj. 286.

Lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni, 289. mál, fsp. MF, þskj. 334.

Málefni geðsjúkra, 288. mál, fsp. ÞBack, þskj. 333.

Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, 294. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 339.

Stjórnarskipunarlög, 279. mál, frv. KHG, þskj. 315.

Umboðsmaður barna, 287. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 332.

Útflutningur lambakjöts, 158. mál, svar landbrh., þskj. 303.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 134. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 134.

[16:35]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Í rauninni ætti ég að byrja ræðu mína á orðunum dropinn holar steininn því að hér mæli ég í fimmta

sinn fyrir sama máli. Hefur það líklega þrisvar verið flutt sem þáltill. og er í nú annað sinn flutt sem frv. til laga um breytingu á umferðarlögum.

Þetta er í sjálfu sér mjög einfalt frv., verið er að mæla fyrir breytingu á 15. gr. laga um umferðarlög og gert ráð fyrir því að greinin orðist svo:

„Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang."

Þetta er með öðrum orðum hægri beygja á móti rauðu ljósi.

Eins og ég nefndi er þetta í fimmta sinn sem ég mæli fyrir þessu máli sem í mínum huga er afskaplega einfalt. Ég þekki það sjálfur af eigin raun eftir að hafa bæði búið í Kanada og ekið þar um og eins og í Bandaríkjunum þar sem umferð er mikil er þetta meginregla og vert að draga það fram að hér er um meginreglu að ræða að þegar bílstjóri kemur að rauðu ljósi þá er honum eða henni heimilt að beygja til hægri, nema annað sé tekið fram en þarf þó að virða aðalbrautarrétt og þar fram eftir götunum.

Í Bandaríkjunum og Kanada gengur þessi regla afskaplega vel. Hún léttir mikið á helstu umferðaræðum þar sem eru miklir umferðarhnútar og eiga það til að skapast, enda má segja afskaplega praktískt mál að létta á umferð. Þar að auki kann það að fela í sér og felur örugglega í sér sparnað því að með þessari einföldu breytingu á umferðarlögum verður óþarfi að leggja svokallaðar aðreinar.

Þetta frv. og þáltill. fóru á sínum tíma út til umsagnar og sýndist þar sitt hverjum af umsagnaraðilum og má eiginlega skipta þeim í tvennt. Annars vegar hina ýmsu miklu fræðinga sem hafa gjarnan atvinnu af því að fjalla um umferð teoretískt, þeir leggjast mjög gegn þessari reglu, og hins vegar þá sem eru að nota umferðina, atvinnubílstjóra ekki síst, þeir mæla eindregið með því að þessi háttur verði tekinn upp hér.

Ég á reyndar, frú forseti, afskaplega erfitt með að skilja andstöðu þeirra sem leggjast gegn þessu. Rökin sem gjarnan eru notuð eru að þetta muni auka slysahættu einfaldlega vegna þess að bílstjórum sé ekki treystandi. Það er rétt að árétta það sem fram kemur bæði í greinargerð og eins í frumvarpstextanum að bílstjóri sem hyggst beygja til hægri á móti rauðu ljósi verður að virða stöðvunarskyldu og þarf að meta það hvort óhætt sé að taka þessa litlu og gjarnan saklausu hægri beygju og metur það og ábyrgðin er með öðrum orðum bílstjórans.

Nú skulum við setja okkur í spor þessa sama bílstjóra sem fer eftir afrein, viðurkenndri afrein eins og við höfum ofurtrú á í dag. Hvað gerist þegar sá sami bílstjóri kemur eftir afreininni að aðalbrautinni? Hann þarf að nema staðar, hann þarf að meta hvort óhætt sé að aka út á aðalbrautina. Með öðrum orðum: Nettóniðurstaðan er nákvæmlega sú sama. Þetta snýst um það að treysta bílstjórum sem við hljótum að þurfa að gera, þeir verða alltaf að vega og meta með hvaða hætti þeir ætla að haga akstri sínum.

Þar að auki hygg ég að þetta muni létta geð margra bílstjóra. Eins og ég hygg að flestir þekki pirrar það marga og margir hafa tjáð sig um það að þegar þeir koma að rauðu ljósi og ætla að beygja til hægri og það er nákvæmlega engin umferð, ég tala nú ekki um ef að næturlagi er, þá finnst mönnum þeir sitja eins og illa gerðir hlutir af því að þeim er ekki treyst, þó að engin umferð sé, til þess að taka eina saklausa hægri beygju. Og við getum spurt: Ef það gengur vestan hafs og í sumum löndum Evrópu, m.a. er þetta leyft í fyrrum kommúnistaríkjum Austur-Evrópu, getum við hér á Íslandi þá ekki treyst okkar bílstjórum?

Í þeirri góðu trú að íslenskum ökumönnum verði treyst mæli ég fyrir þessu máli í fimmta sinn, og í þeirri góðu von að það fái nú farsæla afgreiðslu og frv. verði að lögum þannig að íslenskir ökumenn geti farið að beygja til hægri á móti rauðu ljósi en taki að sjálfsögðu mið af þeim aðstæðum sem eru hverju sinni, rétt eins og ávallt þarf að gera í umferðinni. Mæli ég með því, frú forseti, að málinu verði beint til hv. allshn.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta mál. Ég fór svona flausturslega yfir það hvort málið hefði fengið mikla umræðu í þau skipti sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur talað fyrir því áður. Ég sé ekki við fljótlega yfirferð hvernig umræðan hefur farið fram, en ég hef ekki átt þess kost að tjá mig um þetta mál úr þessum stóli áður.

En ég fylli hóp þeirra sem efast um að þetta sé vitræn eða gáfuleg ráðstöfun. Ástæðan er einföld. Hún er sú að hjólreiðamenn væru í hlutfallslega meiri hættu en nokkrir aðrir við það að heimila hægri beygju gegn rauðu ljósi. Ástæðan fyrir því að hjólreiðamenn væru í meiri hættu en aðrir er sú að þeir hjóla á talsvert miklum hraða, þeir koma hjólandi í sömu akturstefnu og þeir bílar sem fengju leyfi til að beygja til hægri, og þeir hafa greiða leið yfir viðkomandi götu sem bílstjórinn ætlaði að fara að beygja inn á. Þetta býður þess vegna upp á gífurlega slysahættu fyrir hjólreiðamenn því þeir hjóla á sínum hraða, sem er kannski 35 km hraði og jafnvel meira, og jafnvel þó að bílstjórar fari að öllu með gát og séu virkilega athugulir og geri sér grein fyrir að af þessu geti stafað hætta, þá sýnist mér að þarna sé verið að stefna hjólreiðafólki í hættu sem væri of mikil. Þarna sé verið að leggja út á braut sem gæti orðið erfitt að snúa af og mér sýnist að það væru helst hjólreiðamennirnir sem yrðu í mestri hættu.

Þess vegna segi ég að ég fylli hóp efasemdarmannanna því ég er ein þeirra þingmanna sem tala fyrir því að hlutur hjólreiða í umferðinni verði aukinn og ég tel það vera í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur gefið út samgönguáætlun þar sem talað er um að hlutur sjálfbærra samgangna skuli aukast, og hjólreiðarnar eru nú einna sjálfbærastar af öllum samgöngum þar sem ekki er um neina olíubrennslu eða bensíneyðslu að ræða og þar af leiðandi engin losun gróðurhúsalofttegunda.

Ég hefði því gaman af að vita það frá hv. þm., af því að hann þekkir að sjálfsögðu umsagnirnar sem komu, hvort þetta hafi ekki verið hætta sem bent hafi verið á í því ferli sem málið hefur farið í gegnum áður, og ítreka það að ég er efasemdarmanneskja í þessum efnum og það eru fyrst og fremst hjólreiðarnar sem ég er að reyna að bera fyrir brjósti.

[16:43]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að ég geti tekið undir orð hv. þm. um baráttuna fyrir aukinni notkun hjólreiða af ýmsum ástæðum, af mengunarástæðum og líka er það bara hollt og gott fyrir hvern og einn. Það styrkir að vera undir beru lofti — ég vil nú ekki segja alltaf góðu lofti því að ekki er nú alltaf gott loftið í borgunum.

Það er alveg rétt sem hv. þm. bendir á að hjólreiðamenn kunna að vera í hættu en ekkert meiri hættu af þessu ákvæði en bara almennt því að vera í umferðinni vegna þess að í hönnun okkar umferðarmannvirkja hefur svo lítið tillit verið tekið til þeirra.

Ég sé engan mun á þessari breytingu eða því sem við köllum í dag afreinar. Hjólreiðamaður sem er á leið úr Reykjavík til Kópavogs eftir því sem við köllum Hafnarfjarðarveg þarf að fara þar fram hjá afrein. Og þegar bílstjóri sem kemur af Bústaðaveginum, bara svo að ég nefni dæmi, ætlar að *fara inn á aðalbrautina þá þarf viðkomandi bílstjóri* að vega það og meta hvort hjólreiðamaður sé á ferð, hvort gangandi vegfarandi sé á ferð eða hvort bíll sé á ferð. Það er sú ábyrgð sem bílstjórar verða alltaf að axla og ég sé ekki að það sé nein breyting á því hvort við leyfum hægri beygju á móti rauðu ljósi, það er þessi ábyrgð.

Ég vil líka, frú forseti, vekja athygli á því að þegar Íslendingar sem hafa keyrt hér í nokkur ár koma til Kanada og þurfa að gangast undir kanadískt bílpróf, falla þeir yfirleitt flestir. Og hvers vegna? Það er vegna þess að þeir gleyma að taka tillit til hjólabrautanna sem þar eru. Þeir hafa alist upp við þetta í Kanada og eru mjög strangir á þessu, enda er ökumenning þar og í Bandaríkjunum margfalt betri en hér á landi, m.a. vegna þess að bílstjórum er þar betur treyst en við viljum gera hér.

[16:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, ég veit ekki hvort þetta sé svona mikið grundvallaratriði, þ.e. að treysta ökumönnum, að umferðarmenningin verði betri bara af því yfirvöld komi til með að treysta ökumönnunum. Það kann vel að vera, ég ætla ekki að leggja sérstakan dóm á það.

En í dæminu sem hv. þm. tók af mögulegum hjólreiðamanni sem hjólar á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að hann sé nú þegar í þeirri hættu sem ég talaði um í ræðu minni, þá er það ekki alls kostar rétt því í dæminu sem hv. þm. tekur gerir hann ráð fyrir að hjólreiðamaðurinn sé á akbrautinni og þar af leiðandi þurfi bílstjóri að taka tillit til þess ef hann ætlar að beygja inn á aðrein.

Í hinu tilfellinu eru hjólreiðamenn iðulega á göngustígum eða hjólreiðabrautum sem liggja meðfram akbrautum. Ég get nefnt t.d. Skógarhlíðina. Ef við erum á leiðinni upp Skógarhlíð segjum frá Sölufélagi garðyrkjumanna og erum á leiðinni upp Öskjuhlíðina upp að Perlu, þá eru hjólreiðamennirnir á hjólreiðabrautinni sem liggur meðfram akbrautinni. Þeir fara yfir gangbrautina á akbrautinni þar sem — ég man nú ekki hvað *gatan heitir sem liggur þarna yfir að Hótel Loftleiðum* — en þá er það þannig að hjólreiðamennirnir eru ekki á akbrautinni og telja sig þess vegna vera örugga um að bílarnir bíði eftir sínum ljósum og hjólreiðamennirnir fara þess vegna áfram beina leið yfir akbrautina. Það er í slíkum tilfellum sem hjólreiðamennirnir yrðu óhjákvæmilega í meiri hættu en þeir eru í dag.

Varðandi það að hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan að það mundi létta geð bílstjóranna að fá þetta tækifæri og þennan möguleika að beygja til hægri án þess að þurfa að bíða eftir græna ljósinu, þá vil ég nú segja að það léttir geðið enn þá meira að hjóla.

[16:47]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er örugglega hárrétt hjá hv. þm. að það léttir geðið enn meira að hjóla, enda vísindalega sannað að líkamleg áreynsla er mikil andleg upplyfting.

En ég vil árétta það og ég hef rætt þetta við fólk, sérfræðinga getum við sagt, bæði í Danmörku og Kanada, í Danmörku er mikil hjólamenning, og í báðum þessum löndum og fleiri þar sem hjólamenning er nokkuð ráðandi og hefur blómstrað taka menn mjög grimmt og strangt á því í kennslu til ökuréttinda að réttur hjólreiðamanna sé virtur. Það er það sem gerist einmitt, eins og dæmið sem ég tók frá Kanada sýnir, að sá sem gerir sig sekan um í lokaprófi, verklegu prófi til ökuréttinda, að virða ekki göngustíga, virða ekki hjólastíga og sýna kæruleysi hvað það varðar, er umsvifalaust felldur. Og þannig hafa einmitt margir Íslendingar fallið á slíku prófi í fyrsta sinn.

Með því móti er verið að varpa þessari ábyrgð og um leið tillitssemi til ökumanna, að gera þá enn ábyrgari og enn tillitssamari vitandi það að ekki eru bara bílar á ferð, heldur líka gangandi fólk og það er hjólandi fólk á ferð.

Reynslan í Bandaríkjunum, Kanada og þar sem þetta hefur verið reynt er samkvæmt mínum upplýsingum afskaplega jákvæð og mjög góð umferðarmenning. Og ég vil meina mun betri umferðarmenning en við eigum að venjast í þeim frumskógi sem umferðarmenning í þéttbýlinu okkar að mörgu leyti er.

[16:49]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að taka þarf til hendinni í umferðarmenningu Íslendinga, svo sannarlega. Ég er til í að standa með hv. þm. í einu og öllu að aðgerðum í þeim efnum. En ég spyr: Þurfum við kannski ekki að taka á því máli fyrst? Þurfum við ekki að vinna fyrst upp umferðarmenningu sem í raun og veru gæti þá tekið við þeirri *breytingu sem hv. þm. hefur talað fyrir*?

Ég held að við eigum talsvert langt í land í þeim efnum að íslensk umferðarmenning sé í stakk búin til að taka við því frjálsræði sem lítil saklaus hægri beygja væri.

[16:50]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þetta er athyglisvert hraðnámskeið í kanadískri umferðarmenningu sem við hv. þingmenn verðum aðnjótandi. Ég verð að byrja á að segja að sá hv. þm. sem hér stendur hefur inngrónar efasemdir í hjarta sínu um að hafa liðkað sérstaklega fyrir hægri beygjum í ýmissi merkingu þess.

Mér finnst hins vegar af máli frummælenda og tillöguflytjenda nokkuð óljóst hvert verið er að fara, því með einhverjum hætti er það á máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar að skilja að stundum eigi að leyfa mönnum að beygja til hægri á rauðu ljósi og stundum ekki. Ég hefði haldið að svo óljósar reglur væru nokkuð hættulegar í umferðinni. Ég hefði líka haldið að við hefðum það lengi búið við annað skipulag að ein og sér skiptin á skipulagi feli hættu í sér og þessi litla saklausa hægri beygja þegar lítil umferð er, t.d. að *næturlagi, reynist einfaldlega*, hv. þm. Hjálmar Árnason, ekki einföld og saklaus í sumum tilfellum.

(**Forseti** (JóhS): Beina orðum sínum til forseta en ekki til einstakra þingmanna.)

Þess vegna, virðulegur forseti, kjósa menn að hafa ljós á gatnamótum jafnvel þegar umferð er orðin minni en að deginum, vegna þess að við litla umferð og þegar hætta virðist vera lítil á stofnbrautunum þar sem umferðarhraði er

mikill, við þær aðstæður verða alvarlegustu slysin. Þar verða dauðaslysin og þar verða örkumlin.

Ég er þess vegna, virðulegur forseti, þeirrar almennu skoðunar að við eigum að eftirláta sérfræðingum í umferðaröryggismálum tillöguflutning um tæknileg atriði er varða umferðaröryggi eins og hér um ræðir, vegna þess að ekki er um nein léttúðarmál að ræða, um er að ræða mál sem geta varðað líf og heilsu fólks. Hér er verið að fjalla um það hvort út frá hagkvæmnissjónarmiðum og kannski fyrst og fremst arðsemissjónarmiðum eigi að fórna umferðaröryggi að ákveðnu marki og það mun, virðulegur forseti, fullyrði ég, óhjákvæmilega bitna á heilsu og jafnvel lífi fólks. Það er áhætta sem við í þingsalnum getum ekki verið að giska á og haldið að það megi nú kannski leyfa þetta eða hitt. Við hljótum í því efni að leita til sérfræðinga okkar í umferðaröryggismálum og spyrja þá hvert þeirra faglega álit sé og hver reynsla þeirra héðan og annars staðar af svipuðum eða sambærilegum aðgerðum sé og leita eftir ráðleggingum þeirra í því efni.

Ef ég hef skilið það mál sem hér er uppi rétt, þá hafa sérfræðingar í umferðaröryggismálum eindregið lagst gegn þeirri breytingu sem hér er lögð fram og ég vona þess vegna, virðulegur forseti, að hv. þm. Hjálmari Árnasyni takist ekki að láta dropa sinn hola þennan stein.

[16:54]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara svo það sé alveg skýrt, ég hélt ég hefði nú talað nokkuð skýrt, að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að heimilt sé að beygja til hægri á móti rauðu ljósi, virða stöðvunarskyldu o.s.frv., en í undantekningartilvikum sé það bannað en þá er þess getið sérstaklega með þar til gerðu skilti eins og tíðkast bæði í Kanada og Bandaríkjunum.

Ég hélt lengi vel af ræðu hv. þm. að ástæðan fyrir andstöðu hans væri bara af því orðið „hægri" kemur inn í á móti rauðu ljósi, en heyrði síðan að svo var ekki, það er meira sem býr þar á bak við. Og ég tók það mjög alvarlega og ég vona að hv. þm. hafi ekki verið að saka mig um að stofna vísvitandi lífi og limum fólks í hættu með þessu frv. Mér fannst hv. þm. tala þannig og ég tek það mjög alvarlega. Ég tel það alvarlega ásökun af hálfu hv. þm. hafi hann meint það þannig. Ég reyndi að færa þau rök fyrir því máli, þau bestu rök sem ég hef, reynslu vestan hafs og víða í Evrópu þar sem þetta er notað og hefur gefið góða raun og engin hætta á öðru en að menn væru búnir að breyta því ef reynslan hefði verið léleg, ég nefni þar sérstaklega Kanada og mætti reyndar nefna Bandaríkin líka.

Hins vegar tel ég að rök hv. þm. að svona hafi þetta verið, hefðin sé þessi og þar af leiðandi eigum við ekki að breyta því, ég hefði nú ekki, frú forseti, trúað því að heyra slíka íhaldssemi koma fram hjá hv. þm. Með nákvæmlega sömu rökum værum við líklega enn hér að keyra vinstra megin en ekki hægra megin á vegi eins og nágrannaþjóðir okkar gera, því við fórum jú úr vinstri umferð yfir í hægri umferð 1968 og þá með nákvæmlega sömu íhaldsrökum, hefðarökum, hefðum við ekki átt að fara í þá breytingu. Telur hv. þm. að það hafi verið mistök?

[16:56]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað gerir sá þingmaður sem hér stendur ráð fyrir því að það frv. sem hér er flutt eins og önnur þau frv. sem flutt eru á hinu háa Alþingi séu flutt af góðum hug og til að stuðla að framförum. Það sem ég vakti athygli á er sú hætta sem af breytingunni kann að stafa og spurði einfaldlega eftir umferðaröryggisþætti málsins. Og ég fékk ekki betur heyrt af frummælanda og tillöguflytjanda í upphafsorðum hans en að hann leitaðist við að gera lítið úr sjónarmiðum sérfræðinga í umferðaröryggismálum og hlýt einfaldlega að spyrja hvaða afstöðu aðilar eins og Umferðarstofa og aðrir sérfræðingar okkar í umferðaröryggismálum hafa haft til frv. þegar það hefur áður komið fram. Á því áliti hljóta menn að taka mark og slíkt álit hljóta menn að taka af fullri alvöru því eins og ég sagði fyrr er hér um líf og heilsu fólks að tefla.

[16:57]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram hjá mér að umsagnaraðilar hefðu eiginlega skipst í tvö horn. Þeir sem hafa störf af því og við getum kallað sérfræðinga í umferðarmálum lögðust gegn því en hins vegar eru atvinnubílstjórar og þeir sem nota umferðina mjög hlynntir þessu. Og auðvitað ber að hlusta á hvað það fólk segir sem hefur atvinnu af því að fjalla um umferð.

En við hljótum líka að horfa til reynslu annarra þjóða. Við getum ekki einungis horft á okkar heim hér eins og hann er, við hljótum að leita eftir upplýsingum og reynslu annarra þjóða.

Ég vil segja að lokum, frú forseti, til að bregðast við því sem hv. þm. segir, að umferðin er hættuleg. Og hún mun ávallt verða hættuleg. En það er mín trú að með því að treysta ökumönnum enn betur muni umferðarmenning og ábyrgð þeirra eflast. Það er reynsla Kanadamanna og það er til þeirra sem ég er ítrekað að vitna, en ekki að það séu einhverjir aðrir sem beri ábyrgðina af því við treystum ekki ökumönnum.

[16:59]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil vel að einstaka bílstjórar telji að það geti létt geð sitt að fá að beygja til hægri stundum á rauðu ljósi og stundum ekki. Ég get vel skilið að menn sjái líka notagildi í þeirri breytingu og ákveðin hagkvæmnirök. En ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að draga það hér fram og staðfesta að sérfræðingar okkar í umferðaröryggismálum vara eindregið við þeirri breytingu sem hér er lögð til. Og afstaða mín er einfaldlega sú að þegar vegast á hagkvæmnirök eins og þau sem hv. þm. hefur teflt fram og umferðaröryggisrök helstu sérfræðinga okkar, þá hallast ég að því að láta umferðaröryggið ráða því málið varðar jú líf og limi fólks eins og ég hef margítrekað bent hv. þm. á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðasjóður íþróttafélaga, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 135. mál. — Þskj. 135.

[17:00]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um ferðasjóð íþróttafélaga sem ég flyt ásamt hv. þm. Birki J. Jónssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Guðjóni Hjörleifssyni, Kristjáni L. Möller, Magnúsi Stefánssyni og Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

Þessi þáltill. er mjög einföld:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur."

Svo mörg voru þau orð. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að fátt er hverju byggðarlagi mikilvægara en öflug íþróttahreyfing. Við þekkjum það úti á landsbyggðinni að líklega eflir ekkert samkennd íbúanna jafnmikið og þegar keppnislið þeirra, hvort heldur er í körfuknattleik, handknattleik, knattspyrnu eða öðrum slíkum íþróttagreinum, heyja keppni við önnur félög. Þá stendur samfélagið allt saman á bak við sitt keppnisfólk. Þetta er með öðrum orðum afskaplega mikilvægur hluti af tilveru hvers og eins byggðarlags.

Fyrir þjóðina í heild er öflug íþróttastarfsemi einnig mikilvæg, vegna hollustunnar og forvarnagildisins en ekki síður vegna keppnisandans. Fátt sameinar þjóðina eins mikið og þegar strákarnir okkar eða stelpurnar okkar standa sig vel á alþjóðavettvangi í landsleikjum eða þegar spennandi leikir í úrslitakeppni eiga sér stað.

Við vildum ekki sjá af mörgum vöskum íþróttaliðum okkar af landsbyggðinni á Íslandsmótum eða í bikarkeppni. En því miður er staðan í fjármálum íþróttafélaganna þannig að sú umræða hefur komið upp í fúlustu alvöru hjá nokkrum öflugum íþróttaliðum. Íþróttalið frá Akureyri og Vestmannaeyjum hafa velt því fyrir sér hvort þau hafi ráð á að taka þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni með lið sín. Ástæðan er ferðakostnaðurinn, ferðakostnaðurinn við að taka þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni. Mér er kunnugt um að t.d. í Vestmannaeyjum mun kostnaðurinn, bara ferðakostnaðurinn, vera um 20 millj. kr. og þar á ofan bætist annar rekstrarkostnaður af íþróttadeildunum. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Nú hefur verið praktíserað á hinu háa Alþingi að veita byggðastyrki í gegnum Byggðastofnun og með ýmsum hætti til að jafna samkeppnisaðstöðu á milli landsbyggðar og dreifbýlis. Hugsunin á bak við þessa þáltill. er að marka þá stefnu að viðurkenna gildi íþrótta fyrir dreifbýlið en ekki síður fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni. Hverjir hefðu viljað missa af KA í úrslitum í handboltanum, Vestmannaeyingum í bikarúrslitum o.s.frv.? Þessi lið auka á fjölbreytileikann í íþróttahreyfingunni, auka spennuna og þar af leiðandi styrkjast landslið okkar. Við eigum þar með meiri möguleika á að koma upp frábæru íþróttafólki. Þetta hefur skírskotun til hlutverks íþróttafélaga í hverju byggðarlagi og skírskotun til þess að jafna aðstöðu þannig að íþróttafélög á landinu öllu geti með sóma tekið þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni. Þáltill. felur í raun, frú forseti, í sér stefnumörkun af hálfu Alþingis þannig að hægt sé að jafna þennan aðstöðumun.

Að lokinni umræðu, frú forseti, mælist ég til að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[17:04]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. flm. Hjálmari Árnasyni um till. til þál. um ferðasjóð íþróttafélaga og mikilvægi þess að reynt verði að draga úr þeim mikla ferðakostnaði sem mörg íþróttafélög á landsbyggðinni búa við í dag.

Öflugt íþróttastarf er einn af hornsteinum hvers samfélags og, frú forseti, það verður seint ofmetið í heilbrigðri uppbyggingu æsku þessa lands. Mikil sjálfboðavinna liggur að baki í starfi íþróttafélaga, bæði stjórnenda og foreldra, og er sá þáttur ómetanlegur bæði félagslega og fjárhagslega.

Ferðakostnaður allflestra íþróttafélaga á landsbyggðinni er mjög mikill og dæmi eru um að kostnaður íþróttafélags hafi numið allt að 25 millj. kr. á einu ári. Svo mikill er ferðakostnaður liða á landsbyggðinni að þau hafa jafnvel ekki séð sér fært að standa undir honum og orðið að draga lið sín úr keppni og greiða frekar sektir til að sleppa við kostnað vegna ferðalaga. Þegar svo er komið má öllum ljóst vera að félögin róa stöðugan lífróður og ekkert má út af bregða í fjáröflun félaga eigi þau að geta starfað áfram.

Frú forseti. Það er metnaður hvers íþróttafélags að geta átt lið í efstu deildum hverju sinni og mikil styrking fyrir hvert bæjarfélag að öflugt og fjölbreytt íþróttastarf sé til staðar enda hafa flest sveitarfélög byggt upp mjög myndarleg íþróttamannvirki svo að eftir er tekið. Á sama tíma og lagst er í þessar stóru framkvæmdir minnkar því miður oft fjölbreytni íþróttastarfseminnar þar sem margar íþróttagreinar leggjast af vegna mikils ferðakostnaðar félaganna. Þá skal einnig leggja ríka áherslu á, eins og fram kemur í grg. með þáltill., að íþróttastarf er einn af hornsteinum forvarnastarfs hvers byggðarlags.

Frú forseti. Við skulum gera okkur grein fyrir því að ekki einungis hefur ferðakostnaður með áætlunarflugi hækkað verulega heldur sýnir ferðaáætlun flugfélaga að ekki eru í boði áætlunarferðir á kvöldin eftir að leikjum lýkur. Það gefur augaleið að þetta hefur oft í för með sér gistikostnað og launatap fyrir íþróttafólk sem hefur þurft að vera frá vinnu, sem og fjarveru frá skóla daginn eftir leiki. Það er því mín skoðun að hér sé um mikið réttlætismál að ræða og mikilvægt að jafna þennan aðstöðumun eins mikið og hægt er. Frú forseti. Ég fullyrði að slíkt kemur til með að skila sér í enn öflugri og betri starfsemi íþróttafélaga á landsbyggðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag og framkvæmd löggæslu, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 136. mál. — Þskj. 136.

[17:07]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um úttekt á skipulagi og framkvæmd löggæslu, sem ég flyt ásamt hv. þm. Jónínu Bjartmarz, Þuríði Backman, Guðjóni A. Kristjánssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Hjálmari Árnasyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Þessi tillaga var flutt á 128. löggjafarþingi af sömu flutningsmönnum en komst þá ekki á dagskrá þannig að ekki liggja fyrir umsagnir um þetta mál sem nú er endurflutt.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp tillögugreinina, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslu í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, með það að markmiði að ná fram hagræðingu, aukinni skilvirkni og samhæfingu innan lögreglunnar svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Þá fari nefndin einnig yfir menntunarmál lögreglumanna og geri tillögur til úrbóta ef þörf er á.

Nefndin kanni sérstaklega:

a. Breytingar á skipulagi lögreglumála með hliðsjón af kröfum um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi. Nefndin meti einnig hvort hægt sé að auka hagkvæmni með því að greina lögregluumdæmi frá sýslumannsembættum, jafnframt því sem lögregluumdæmi verði stækkuð og rannsóknardeildir styrktar eða stofnaðar við hvert embætti.

b. Kosti þess og galla að flytja tiltekin verkefni lögreglu til sveitarfélaga.

c. Grunnmenntun og framhaldsmenntun lögreglumanna.

d. Önnur þau atriði sem nefndin telur að geti orðið lögreglu til framdráttar.

Dómsmálaráðherra skipi í þessu skyni nefnd með aðild dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins, Landssambands lögreglumanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2004."

Við höfum iðulega rætt, virðulegi forseti, málefni lögreglunnar og þá fjárþörf sem mörg okkar telja að lögreglan hafi verið í. Margir telja að þróun framlaga til lögreglunnar hafi ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu og tilflutningi íbúa. Þó er alls ekki við lögregluna að sakast — það er nauðsynlegt að taka það fram — sem oft hefur við erfið skilyrði tekist vel upp við löggæsluna þrátt fyrir aukin verkefni, minnkandi yfirvinnu og verulega fækkun óbreyttra lögreglumanna. Miklar umræður og deilur hafa verið um hvort almanna- og réttaröryggi sé tryggt með hliðsjón af núverandi fjölda lögreglumanna og skipulagi löggæslu í landinu.

Síðastliðinn áratug hefur orðið gífurleg þróun í íslensku samfélagi og umhverfið allt orðið flóknara og alþjóðlegra. Samfara þessum breytingum hefur afbrotum fjölgað, ekki síst auðgunar-, ofbeldis- og fíkniefnabrotum, sem oft tengjast innbyrðis. Einnig hefur kærum vegna kynferðisbrota fjölgað og nýir brotaflokkar orðið til, svo sem skipulögð glæpastarfsemi, efnahagsbrot, tölvubrot og brot gegn ýmsum sérrefsilögum. Fólksfjölgun hefur verið mikil og þróun byggðar þannig að fleiri og fleiri flytjast til höfuðborgarsvæðisins.

Þá hefur bifreiðaeign landsmanna stóraukist og hefur það leitt til mikillar útþenslu í umferðinni. Veitingastöðum, fyrirtækjum og verslunum hefur fjölgað ört á þessu tímabili.

Í skýrslu sem hæstv. fyrrv. dómsmrh. lagði að mig minnir fram á 128. löggjafarþingi kom fram að á árunum 1990–2001 hafi yfirmönnum og stjórnendum í lögreglu fjölgað mikið. Það sem er alvarlegast í þessu, virðulegi forseti, er að á sama tíma hefur óbreyttum lögreglumönnum á landinu öllu fækkað um tæp 30% þrátt fyrir að íbúum hafi fjölgað um rúmlega 30 þúsund. Við höfum orðið vör við, virðulegi forseti, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, verulega fækkun á óbreyttum, almennum lögreglumönnum. Við sjáum það í miðborginni að það er ekki oft sem lögreglumenn sjást þar á ferli eins og var fyrir nokkrum árum síðan. Ljóst er að fjárþörf og fjárvöntun lögreglunnar hefur átt verulegan þátt í því.

Ég vil rifja upp að fyrir nokkrum árum, sennilega fyrir þremur árum, óskaði ég eftir að fá í hendur fjárlagabeiðnir lögreglustjórans í Reykjavík. Þá kom fram að verulega vantaði upp á, einhverja tugi lögreglumanna, virðulegi forseti, að hægt væri að halda uppi lágmarksþjónustu við íbúana að mati lögreglustjórans í Reykjavík.

Óánægja ýmissa aðila í þjóðfélaginu með fjárveitingar til löggæslunnar er þó engan veginn bundin við höfuðborgina, og hafa sveitarfélög víða ályktað vegna ófullnægjandi löggæslu og öryggisleysis íbúanna að þeirra mati.

Helstu gallar á núverandi skipulagi eru að flest embættin eru of litlar löggæslueiningar, sem kemur meðal annars í veg fyrir aukna sérhæfingu, svo sem varðandi rannsóknir, en nauðsynlegt er að koma upp öflugum rannsóknardeildum um landið. Stærð lögregluliða þarf m.a. að taka mið af staðháttum, samgöngum, stærð landsvæðis, lengd vegakerfis, fjölda íbúa og samsetningu byggðar, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Hafa verður í huga tíðni afbrota og heppilegt skipulag og stærð lögregluliðs, með það að markmiði að hvert lögreglulið hafi sem mesta getu til að ráða við þau verkefni sem upp geta komið í umdæminu. Þjónusta við almenning hvað varðar löggæslu er í reynd mismunandi eftir búsetu. Hvað skipulag snertir er þó nægjanlegt að hafa margvíslega umsýslu verkefna á einum stað fyrir allt landið, svo sem varðandi starfsmannamál.

Núverandi skipting lögreglu í 26 embætti með 26 lögreglustjórum er mjög þunglamaleg og stendur þróun lögreglunnar fyrir þrifum. Í reynd má segja að núverandi kerfi sé þess eðlis að íbúar fái misjafna þjónustu lögreglu eftir búsetu.

Ég vil benda á hvernig þessu er háttað erlendis, þá á ég við Norðurlöndin. Í Noregi hafa orðið miklar breytingar á skipulagi lögregluembætta og um þessar mundir er verið að fækka embættum þar um nánast helming, þau voru áður 54. Í Svíþjóð og Finnlandi er unnið að fækkun embætta og í Danmörku eru þessi mál í mikilli skoðun. Samfara þeim breytingum hefur lögreglumönnum eða lögreglustöðvum ekki fækkað, heldur er einungis stefnt að nýrri uppbyggingu löggæslunnar í viðkomandi löndum. Í Svíþjóð hafa embætti ríkislögreglustjóra og landssamband sænskra lögreglumanna orðið ásátt um að fjölga þurfi lögreglumönnum um allt að 3.000, sem meðal annars lýtur að stækkun Evrópusambandsins til austurs og þeim vandamálum sem því fylgir, auk þess sem skipulögð glæpastarfsemi hefur aukist í Svíþjóð og eins glæpir almennt.

Ég held því, herra forseti, að það sé full ástæða til að kanna sérstaklega kosti þess og galla að færa líka yfir til sveitarfélaganna tiltekna þætti löggæslunnar í þeirri skipulagsbreytingu sem við viljum sjá. Ýmsir sveitarstjórnarmenn telja að með slíkum breytingum megi auka öryggi íbúa í nánari samvinnu við lögregluyfirvöld, félagasamtök og fagaðila á hverjum stað. Ég geri mér auðvitað fulla grein fyrir því að á þessu eru skiptar skoðanir en yfirvöld í Reykjavík hafa m.a. haft áhuga á að þetta verkefni flytjist yfir til Reykjavíkurborgar.

Ég held að það geti ekki einungis tryggt aukið öryggi og þjónustu, heldur einnig að hægt verði að skipuleggja markvisst átak gegn vímuefnavandanum með aðgerðaáætlun. Ekki síður gæti það tryggt nauðsynlegar aðgerðir til að koma umferðaröryggismálum í betra horf.

Ég vil, herra forseti, hér undir lokin nefna líka mikilvægan þátt í þeirri skoðun sem við viljum láta fara fram á breytingu á skipulagi lögreglumála, að það verði m.a. litið til menntunarmála lögreglumanna. Allar þær breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi lögreglunnar kalla óhjákvæmilega á menntun lögreglumanna, bæði grunnmenntun, framhaldsmenntun og aukna menntun stjórnenda í lögreglunni. Það er nauðsynlegt að allir þættir séu þar skoðaðir þegar gera á úttekt eins og hér

er lögð til sem hefur það markmið að auka hagkvæmni, jafnframt því að bæta þjónustuna við íbúa og eru menntunarmál lögreglumanna einn þáttur í því.

Virðulegi forseti. Til að ná sátt um uppbyggingu á stöðu lögreglunnar í landinu verður að fara af kostgæfni og vandvirkni yfir þau atriði sem þessi þáltill. kveður á um og til þess að tryggja sem best öryggi og þjónustu við borgarana. Í þá vinnu verður dómsmrn. að ráðast með fulltrúum sveitarfélaga, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Lögregluskóla ríkisins og Landssambandi lögreglumanna. Meginatriðið er að farið verði gaumgæfilega yfir hvaða leiðir séu skynsamlegastar til að auka hagkvæmni, skilvirkni þjónustu við íbúana og öryggi þeirra.

Sú mikla breyting, virðulegi forseti, sem ég lýsti í upphafi máls míns sem orðið hefur á þjóðfélaginu á umliðnum árum gefur tilefni til þess að lagt sé í þá vinnu sem þessi þáltill. kveður á um.

Það er ástæða til að vekja athygli á því að það er nokkuð breið samstaða um þessa tillögu á hv. Alþingi. Að henni standa fulltrúar allra þingflokka á Alþingi nema frá Sjálfstfl. Það er því ljóst, virðulegi forseti, að það má ætla að þessi tillaga hafi góðan meiri hluta á þingi. Ég vek líka athygli á því að nýr dómsmrh. hefur nýverið sagt opinberlega, ég held að það hafi verið á fundi sýslumanna á Selfossi í október, að hann telji að það þurfi að styrkja lögregluumdæmin. Hann viðraði þá hugmynd að hugsanlega bæri að stefna að stækkun lögregluumdæma og eflingu þeirra. Það er, herra forseti, meðal þess sem kveðið er á um í þessari tillögu.

Ég held að mjög gott væri fyrir hæstv. ráðherra að hafa stuðning þingsins með samþykkt þessarar tillögu við það verkefni sem hann ætlar vonandi að ráðast í. Maður verður að ætla, meðan annað kemur ekki upp, að ráðherrar hafi góðar meiningar í því að það þurfi að styrkja lögregluumdæmin og efla lögregluna. Að vísu sér maður það ekki mikið, virðulegur forseti, í fjárlagafrv. en það er orðið mjög brýnt að skilgreina þá lágmarksþjónustu og þann lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi sem við viljum sjá. Það er ekki lengur búandi við þessar eilífu deilur, nýjar á hverju ári nánast, um það fjársvelti sem lögregluembætti þurfa að búa við. Við verðum að skilgreina þá þjónustu sem við viljum sjá í löggæslu okkar og öryggi fyrir íbúana. Og að því miðar þessi tillaga, herra forseti.

Það er því von okkar flutningsmanna að um þessa tillögu geti náðst víðtæk sátt, hraðað verði þeirri úttekt sem hér er lögð til og niðurstaða um mat á kostum sem til greina koma verði síðan lögð fyrir haustþingið 2004.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessa tillögu neitt frekar en legg til að að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. og 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 17:20.

---

25. FUNDUR

miðvikudaginn 12. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 254. mál, þskj. 274. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 255. mál, þskj. 275. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 37. mál, þskj. 37. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 133. mál, þskj. 133. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umferðarlög, frv., 134. mál, þskj. 134. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Ferðasjóður íþróttafélaga, þáltill., 135. mál, þskj. 135. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Skipulag og framkvæmd löggæslu, þáltill., 136. mál, þskj. 136. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, 300. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 345.

Framlög til ferðaþjónustu, 291. mál, fsp. BrM, þskj. 336.

Mat á umhverfisáhrifum, 301. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 346.

Menningartengd ferðaþjónusta, 298. mál, fsp. BrM, þskj. 343.

Prestar þjóðkirkjunnar, 233. mál, svar dómsmrh., þskj. 328.

Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, 297. mál, fsp. ÁI, þskj. 342.

Skipulags- og byggingarlög, 302. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 347.

Starfslokasamningar sl. 10 ár, 299. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 344.

Stefnumótun í æskulýðs- og tómstundamálum, 296. mál, fsp. BrM, þskj. 341.

Uppbygging ferðaþjónustu, 292. mál, fsp. BrM, þskj. 337.

Æskulýðs- og tómstundamál, 295. mál, fsp. BrM, þskj. 340.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðstoð við sauðfjárbændur.

[13:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fréttirnar frá því í gær um aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna sauðfjárframleiðslunnar hafa vakið athygli. Offramboð hefur verið á kjöti á markaðnum í sumar og þetta offramboð hefur valdið mönnum í sauðfjárrækt vanda.

En það hefur líka valdið vanda í svínarækt, kjúklingaframleiðslu og nautgriparækt og sjálfsagt hefur þessi vandi víðar komið við.

Þetta er auðvitað vandi landbúnaðarins í heild. Það skilja allir nema ríkisstjórnin og Bændasamtökin. Það eru bara tvær búgreinar í orðasafni ríkisstjórnarinnar, það er sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Hæstv. landbrh. stakk þess vegna upp á því í sumar að einungis hluti vandans, þ.e. sauðfjárræktin yrði skoðuð og hefur sú framleiðsla reyndar haft meiri stuðning ríkisvaldsins en aðrar framleiðslugreinar í landinu fram til þessa.

Nefnd um vanda sauðfjárbænda var skipuð í sumar og þar sat valinkunnt sæmdarfólk og ekkert við því að segja. Það komu 13 tillögur frá nefndinni. Mér telst til að 12 af þeim hafi verið samþykktar, einni hafnað.

Ég hef skilning á því að ríkisvaldið geti ekki hlaupið frá stefnu fyrri ára á stundinni og skilið sauðfjárbændur eftir í þrotum og það þarf að styðja bændur út úr þeim ógöngum sem þeir eru í. En það er engin framtíðarlausn fólgin í þeim ráðstöfunum fyrir sauðfjárbændur sem hér hafa verið kynntar. Það er allt óbreytt í grunninum. Það skal áfram vera bundið við það að framleiði menn kindakjöt eða mjólk eigi þeir stuðning vísan frá ríkinu. Aðrir möguleikar eru ekki til staðar í landbúnaði á Íslandi. Önnur atvinnustarfsemi í dreifbýlinu er ekki viðurkennd. Ég segi að engin framtíðarhugsun sé hjá ríkisstjórninni í landbúnaðarmálum. Hún lætur bændaforustuna leiða sig áfram og þar leiðir sannarlega haltur blindan um ófæruna, en líklega ætti að snúa málshættinum við í þessu tilfelli.

[13:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Maður verður sífellt meira hissa þegar maður hlustar á Samfylkinguna, í hvers lags brotum hún er. Þetta er sundurlaus her sem er óvæginn og ómerkilegur í málflutningi. Hv. þm. kemur úr sauðfjárræktarhéraði. Þetta er undarlegur málflutningur.

Nú hafa margir fagnað því og hér hafa þingmenn Samfylkingarinnar í allt haust ráðist hvað eftir annað á mig til að biðja um tillögur um stuðning við sauðfjárræktina og sauðfjárbændur hver á fætur öðrum. Kemur ekki svarti herinn úr Samfylkingunni hér upp í dag og er á allt annarri skoðun. (**Gripið fram í:** Svarti herinn?) Ég er undrandi á þessum málflutningi og mér leiðist hann. Mér finnst hann ekki málefnalegur. Ég sé að formaður Samfylkingarinnar fær höfuðverk yfir þessu öllu saman.

Niðurstaðan er svo sem ekki stór í þessu verkefni. Ég vil inna Samfylkinguna eftir hvort það sé vilji þeirra að þeir sem stunda kjúklingarækt og svínarækt fái beinan stuðning. Það hefur ekki verið uppi á borðinu. Þeir njóta óbeins stuðnings í gegnum tolla og aðra vernd. En í gegnum langa sögu hefur það verið liður í 20–30 ár í kjarasamningum og öðrum að greiða niður mjólk og kjöt til neytenda fyrir utan hitt að menn viðurkenna að sauðfjárbúskapurinn er netið í byggð landsins. Við gerðum árið 2000 samning við sauðfjárbændur sem í þessu ástandi á kjötmarkaði hefur nú skekkst nokkuð. Þess vegna var farið í að skipa nefnd og þetta er niðurstaða ríkisstjórnarinnar, að koma nú með 140 milljónir. Áður hafði verið tekið á vanda sem sláturhúsin eiga við að etja og til að hagræða þar og tryggja bæði vinnslu vörunnar og að bændurnir fái afurðir sínar greiddar. Það er rangt sem hv. þm. segir að ríkisstjórnin hafi ekki verið að styrkja aðra starfsemi í dreifbýlinu. Ríkisstjórnin hefur á mörgum öðru sviðum verið að styrkja aðra starfsemi í byggðum landsins. Ég nefni skógræktarverkefnin, sem njóta hér velvilja þingsins, ferðaþjónustu, afþreyingu og mörg verkefni sem íslenskir bændur sem stunda sauðfjárbúskap og annan búskap eru að taka að sér. Vilji er auðvitað til þess að reyna að styrkja landsbyggðina og þessa atvinnugrein í landbúnaðinum um leið og horft er á í rauninni allar greinar landbúnaðarins. Það hef ég a.m.k. gert og þarf ekki að taka við svona sendingum hér í dag.

Ég finn að bændur fagna þessari niðurstöðu og forustumenn þeirra hafa þakkað fyrir hana opinberlega.

[13:39]

Drífa Hjartardóttir:

Frú forseti. Ég undra mig á þeirri orðræðu sem fór hér fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þar sem hann er í rauninni að fordæma þau verk sem ríkisstjórnin er að gera núna með því að leggja 140 millj. kr. til sauðfjárbænda og litið er á sem byggðastuðning í formi eingreiðslu til þeirra núna fyrir áramót. Offramleiðslan á svínakjötinu hefur komið svínabændum mjög illa. Í dag eru aðeins 14 framleiðendur sem framleiða svínakjöt. Og hvað hefur valdið því? Það er vegna þess að samkeppnislögin okkar eru svo meingölluð að þau taka ekki á svona málum. Hver bóndi sem framleiðir svínakjöt hefur verið að greiða með kjötinu á markað meira en helming þess sem það kostar að framleiða kjötið og þetta er vandinn. Við sem vorum í nefndinni leggjum því til að fela landbrh. og viðskrh. að skipa sameiginlega nefnd og ríkisstjórnin hefur tekið þetta upp til að skoða stöðu búvöruframleiðslu gagnvart samkeppnislögum. Þarna tel ég að Samkeppnisstofnun hafi algerlega — kannski vantar hana lagastoð en alla vega hefur hún ekki staðið sig í því. Mjög mikilvægur árangur náðist hjá nefndinni og ekki síst að ríkisstjórnin féllst á að endurskoða búvörusamninginn ef um það kæmi formleg ósk frá Bændasamtökum Íslands. Ég tel mjög mikilvægt að sú umræða fari fram þegar í stað á meðal sauðfjárbænda.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að þarft sé að fylgja því eftir í framhaldi af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar hvað gert verði að öðru leyti. Ég vil fyrst segja um það mál að rétt er að menn hafi í huga að ákveðið hefur verið að verja 140 milljónum upp í tekjufall hjá sauðfjárbændum, einni fátækustu stétt landsins upp á áætlaðar 250 millj. eða þar um bil. En það er til bóta svo langt sem það nær.

Ég er reyndar ósammála málshefjanda að það sé ekkert í tillögum nefndarinnar, sem ríkisstjórnin hefur að miklu leyti tekið undir, sem vísi til framtíðar og betri tíma í þessum efnum. Þar er þó ákvörðum um að ganga til viðræðna um endurskoðun á einstökum þáttum núgildandi samnings um sauðfjárframleiðsluna eða jafnvel gera nýjan samning í heild. Ég vísa til þess sem forustumenn Bændasamtakanna hafa sagt í þeim efnum að þeir gera sér vel grein fyrir því að mjög brýnt er að fara í að finna nýjan grundvöll fyrir þessari starfsemi.

Hitt er rétt að aðrar aðgerðir og ástandið ekki síst á kjötmarkaði, það hefur auðvitað dregist úr hömlu að taka á því og ég held að ekki þýði bara að kenna Samkeppnisstofnun og götóttri löggjöf um. Menn hafa látið það viðgangast að bankakerfið hefur fjármagnað bullandi offramleiðslu og undirboð, sérstaklega hjá stóru og skuldugu framleiðendunum sem eru að setja alla hina á hausinn innan eigin greinar.

Og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst koma úr hörðustu átt að heyra í formanni svínabænda, ef ég tók rétt eftir, væla undan þessari aðstoð sem nú á að veita sauðfjárbændum og tala um að hún væri ósanngjörn í þessari samkeppni þegar það er ljóst að ástandið hjá svínabændum hefur verið þannig að stórkostleg mismunun hefur í raun og veru átt sér stað þannig að litlu aðilarnir eru smátt og smátt að hengjast í þessu fyrirkomulagi á meðan bankarnir gera út stóru framleiðendurna. En ég tel að um þetta megi segja í heild, herra forseti, að þetta sé skref í rétta átt svo langt sem það nær en það er auðvitað augljóst mál að fylgja þarf fleiri tillögum þarna eftir. Ég bendi sérstaklega á birgðastöðuna í sauðfjárræktinni og ástandið á kjötmarkaðnum almennt.

[13:44]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Með þessum ráðstöfunum er augljóst að ríkisstjórnin er að gefa stefnu sinni í þessum málaflokki falleinkunn. Það liggur í augum uppi. Það er ekki að sjá ljós í myrkri í þessum tillögum. Þær aðgerðir eða þær aðferðir sem stjórnvöld hafa hvað varðar skipan mála á þessum markaði ná ekki jafnvægi á kjötmarkaði. Þau ná ekki að leysa vanda kjötframleiðenda til frambúðar og eins og fram hefur komið duga þær heldur ekki til að veita bændum lífsviðurværi. Um 70 ár eru frá því að landbúnaður varð sérstakt verkefni á borði ríkisstjórnar hér á landi. Í um 61 ár hafa helmingaskiptaflokkarnir tveir sem nú sitja að völdum farið með þetta ráðuneyti. Í dag hafa þeir í rauninni eina ferðina enn gefið stefnu sinni í málaflokknum falleinkunn.

Ég held að mikilvægt sé að fá fram í umræðunni hvernig umræddum fjármunum er ráðstafað og að fram komi hverjir það eru sem fá hæstu greiðslurnar og hvaða bændur fái lægstu greiðslurnar þegar ríkisstjórnin deilir úr þessum sjóði sínum.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Sauðfjárbændur eru ekki ofsælir af þeim 140 millj. kr. sem þeim var úthlutað með ákvörðun ríkisstjórnarinnar. En sauðfjárbændur eru heldur ekki ofsælir af hæstv. landbrh. sem hefur engin ráð til lausnar á þeim vanda sem við þeim blasir. Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma hingað og hella fúkyrðum yfir þá þingmenn sem benda á þá augljósu staðreynd að á meðan hæstv. ráðherra hefur setið á rassi sínum aðgerðalítill, að ég ekki segi aðgerðalaus, í landbrn. hefur fjarað undan sauðfjárbændum. Það þýðir ekki að ráðast með fúkyrðaflaumi að boðbera þeirra válegu tíðinda að hæstv. landbrh. hefur enga lausn til frambúðar.

Hvernig má það vera, frú forseti, að í landbúnaðarráðherratíð Framsfl. hafi komið upp sú staða að sauðfjárbændur hafa aldrei búið við verri skilyrði en undir hæstv. landbrh. Guðna Ágústssyni? Það þýðir ekki fyrir hann að hella köpuryrðum yfir og skattyrðast við hv. þingmenn sem vekja máls á þeirri einföldu staðreynd. En hvar eru lausnir hæstv. ráðherra? Þær skortir.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að sauðfjárbændur væru ekki ofsælir af því sem þeir fengu frá hæstv. ríkisstjórn. En það breytir ekki hinu að ekkert gerðist í gær og ekkert mun gerast á morgun af hálfu þessarar ríkisstjórnar, hvað þá hæstv. landbrh., sem skiptir sköpum um framtíð þeirra. Hæstv. ráðherra kom sjálfur hingað í ræðustól fyrr á þessu hausti og hrósaði sjálfum sér af því að hafa tekið svo í taumana varðandi aðrar greinar að bændur þar horfðu nú fram á bjarta framtíð. En hann sagði sjálfur að staða sauðfjárbænda á markaði væri erfið og það væri allt saman bönkunum að kenna.

Sjálfur hefur hann og flokkur hans gengið fram fyrir skjöldu til að veikja Samkeppnisstofnun. Svo kemur hann núna og talar um að styrkja þurfi hana til að hjálpa sauðfjárbændum. Ég spyr, frú forseti: Er ekki eina lausnin á vanda sauðfjárbænda í dag sú að skipta um landbúnaðarráðherra? (**SJS:** Hvaðan á sá nýi að koma?)

[13:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. brást heldur illa við því sem ég sagði hér áðan. Ég var einfaldlega að benda á að þessi ríkisstjórn, eins og aðrar af svipuðu tagi í gegnum tíðina, kann ekki neitt í landbúnaðarmálum nema þessa gömlu stefnu. Það er engin breyting á því núna.

Auðvitað þarf enginn að vera hissa á því þó að forráðamenn sauðfjárbænda lýsi yfir ánægju með niðurstöðuna eftir að hafa samið við ríkisstjórnina um þessa niðurstöðu. En hún er engin framtíð fyrir þá og það er vandinn, að ríkisstjórnin kemst ekki til ráðs við verkefnið. Það þarf að hafa framtíðarhugsun fyrir allan landbúnaðinn í huga en ekki horfa bara beint á einhverjar tvær búgreinar og komast aldrei út úr því.

Hvers eiga þeir að gjalda sem vilja stunda annan atvinnurekstur í dreifbýli landsins? Þeir fá enga athygli stjórnvalda. Halda menn að það sé eitthvert sældarlíf og jólin hjá þeim sem reka núna ferðaþjónustu á landsbyggðinni? Fyrirtæki í þeim bransa eru að fara á hausinn um allt land. Hvernig halda menn að ástandið sé hjá kjötframleiðendum sem framleiða nautakjöt?

Það er auðvitað ekki boðlegt að fara svona að, að taka eina búgrein út úr, setjast yfir það og finna niðurstöðu. Þó var ég ekkert að mótmæla niðurstöðunni, það var útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra. Ég var bara að benda á að vinnubrögðin eru óboðleg. Þessi ríkisstjórn ætti að fara að skammast til að setjast yfir það að breyta þessari fornu landbúnaðarstefnu.

[13:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég sá það langar leiðir úr ræðustólnum áðan að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er með höfuðverk í dag. Málflutningur hans er fyrir neðan allar hellur. Auðvitað hefur sýnt sig að Samfylkingin kann ekkert í landbúnaðarmálum og hefur aldrei kunnað. Hún getur þó sett sig í þau spor að ónotast hér í ræðustólnum og þykjast hafa vit á þeim. Ég bið hv. þm. Jóhann Ársælsson að halda áfram að tala um kvótakerfið í sjávarútveginum. Það hefur enginn skilið þær ræður heldur.

Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir ræðu hans. Hann vakti athygli á því að í þeim 13 tillögum sem fram hafa komið liggja heilmikil úrræði. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að sauðfjárbændur eru ekki þannig staddir að þeir séu 2.500 manna samfélag fátækra manna. Þeir búa margir einnig með kýr, eru í ferðaþjónustu, vinna önnur störf, eiga hlunnindajarðir og hafa sauðfé í mörgum tilfellum sem aukabúgrein. Margir lifa svo auðvitað eingöngu á sauðfé þannig að þetta er lagskiptur hópur. Ég er klár á því að þær tillögur sem nefndin lagði fram geta skilað okkur áleiðis. Ég tel að landbúnaðurinn sé í heild á margan hátt að þróast í réttar áttir.

Hér er náttúrlega einn besti landbúnaður heimsins þegar allt er skoðað. Landbúnaður á mörg tækifæri í þessu landi og

þótt víðar væri leitað. Það þarf því ekki að níða landbúnaðinn niður og er leitt til þess að vita að það eru til þingmenn sem ekki þekkja hann. Þess vegna þakka ég þessa vitibornu ræðu Steingríms J. Sigfússonar en harma hinar.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (rannsóknir og nýsköpun). — Þskj. 274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (hafrannsóknaafli, þorskeldiskvóti). — Þskj. 275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 37. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Styrktarsjóður námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 133. mál. — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 134. mál (hægri beygja á móti rauðu ljósi). — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ferðasjóður íþróttafélaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 135. mál. — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skipulag og framkvæmd löggæslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 136. mál. — Þskj. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:58.

---

26. FUNDUR

miðvikudaginn 12. nóv.,
að loknum 25. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Hús skáldsins á Gljúfrasteini, fsp. MÁ, 71. mál, þskj. 71.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Samkomulag við heimilislækna, fsp. MF, 118. mál, þskj. 118.
3. Lokuð öryggisdeild, fsp. MF, 119. mál, þskj. 119.
4. Sýkingarhætta á sjúkrahúsum, fsp. JóhS, 159. mál, þskj. 159.
5. Réttindi barna með Goldenhar-heilkenni, fsp. MF, 211. mál, þskj. 224.
6. Heilsugæslumál, fsp. SÞorg, 227. mál, þskj. 247.
7. Heilsugæsla á Suðurlandi, fsp. MF, 232. mál, þskj. 252.

Til dómsmálaráðherra:

8. Ofbeldi gegn börnum, fsp. MF, 274. mál, þskj. 310.

Til sjávarútvegsráðherra:

9. Mælingar á þrávirkum efnum í hvölum, fsp. MÁ, 160. mál, þskj. 160.

Til samgönguráðherra:

10. Fjarskiptasamband, fsp. JBjarn, 196. mál, þskj. 198.
11. Farþegaskattur, fsp. ÁRJ, 217. mál, þskj. 230.
12. Úthlutun fjár til kynningar- og markaðsmála í ferðaþjónustu, fsp. ÁRJ, 219. mál, þskj. 232.

Til umhverfisráðherra:

13. Lýsing við Gullfoss, fsp. MF, 224. mál, þskj. 239.

Hús skáldsins á Gljúfrasteini.

Fsp. MÁ, 71. mál. — Þskj. 71.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Þegar hæstv. forsrh. sagði frá því í árslok 2001 að erfingjar Halldórs Laxness hefðu léð máls á því að íslenska ríkið eignaðist hús skáldsins á Gljúfrasteini bætti hann því við að þar með gæfist okkur tækifæri til, með leyfi forseta, „að sýna minningu skáldsins nokkurn sóma". Þetta var hógværlega orðað og í stíl Halldórs sjálfs og má segja með sanni að hér hafi forsrh. talað fyrir munn þjóðarinnar allrar sem raunar er ekki alsiða. Þess vegna vakti það sérstaka athygli þegar bæði Gljúfrasteinn og ýmis gögn þaðan komust í hámæli á haustmánuðum. Einum aðstandenda, dóttur skáldsins, hafði verið falin umsjón hússins með samningi en ekki reyndist áhugi á því að halda þeirri skipan mála áfram þegar samningurinn rann út. Húsið var þó ekki komið í hendur undirbúningsnefndar að þeirri stofnun sem þar á að lokum að standa og ekki fenginn annar umsjónarmaður. Þá er óljóst hvernig farið hafði verið og fara skyldi með gögn skáldsins ýmis og bækur, bæði þau sem áður höfðu verið falin Landsbókasafninu til varðveislu og þau sem Auður Laxness, ekkja Halldórs, gaf þjóðinni sérstaklega með gjafabréfi 21. apríl 2002. Hæstv. forsrh. hafði ekki séð sér fært að tjá sig um þessi efni í fjölmiðlum þegar komið var fram í byrjun október og mér þótti því rétt að gefa honum tækifæri til að skýra þessi mál hér á þinginu.

Eftir að fyrirspurnin kom fram á öðrum degi þingsins kviknuðu líka margs konar fréttir, flestar reyndar tengdar fræðimanni nokkrum hér í bæ sem hyggst skrifa bækur um skáldið. Um þann fræðimann fjallar þessi fyrirspurn ekki sérstaklega. En meðfram þessu kom í ljós að eftir að upphaflegur umsjónarmaður lét af störfum virðist skrifstofumaður á vegum forsrh. hafa tekið að sér einhvers konar umsjónarstörf með húseign, innbúi og gögnum á Gljúfrasteini og er kunnugt um a.m.k. tvær ferðir þessa starfsmanns í ráðuneyti hæstv. forsrh. þangað upp eftir. Önnur var farin ásamt landsbókaverði til að hirða þar gögn sem hann taldi tilheyra sér. Síðar kom í ljós að þar var um að ræða einkaeign erfingja skáldsins og urðu Gljúfrasteinsfarar að skila aftur þeim feng.

Hina ferðina fór skrifstofumaðurinn til að sýna húsið áðurnefndum fræðimanni, að því er virðist með sérstöku leyfi hæstv. forsrh. en ekki er kunnugt um að slíkar skoðunarferðir hafi verið sérstaklega auglýstar eða kynntar áhugamönnum eða almenningi. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. fagni tækifærinu til að skýra þessi mál og tengsl þeirra við þann ásetning að leitast við að sýna minningu skáldsins nokkurn sóma.

Þegar íslenska ríkið keypti hús og lóð af erfingjum skáldsins og tók við rausnarlegri gjöf var það ekki gert til þess að hæstv. forsrh., húskarlar hans eða vildarvinir hefðu þar frjálsa ráðstöfun heldur var þetta verk unnið fyrir hönd þjóðarinnar og í þágu hennar sem með því heiðrar sitt skáld, fremsta Íslending aldarinnar sem leið, og þetta vænti ég að hæstv. forsrh. staðfesti í svari sínu hér á eftir.

[14:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mun svara þeim fyrirspurnum sem hv. þm. hefur borið fram en leiði hjá mér annað sem er fyrirspurninni óviðkomandi.

Hv. þm. hefur spurt: 1. Hvað líður stofnun safns um Halldór Laxness á Gljúfrasteini? Hvernig verður háttað samstarfi þess og væntanlegs fræðaseturs á vegum Mosfellsbæjar?

Í 4. gr. samnings um safn Halldórs Laxness á Gljúfrasteini í Mosfellsdal segir m.a., með leyfi forseta: „Íslenska ríkið mun opna safn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Forsætisráðherra skipar þriggja manna ráðgefandi stjórn fyrir safnið og ræður til þess safnstjóra sem stýrir daglegri starfsemi þess undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins."

Forsrh. skipaði hinn 24. mars sl. ráðgefandi stjórn fyrir safnið og nú hefur verið auglýst eftir starfsmanni sem gegna skal starfi safnstjóra. Hafa allmargar umsóknir borist. Unnið er að viðgerðum og endurbótum á húsinu á Gljúfrasteini og undirbúningi að skipulagi á safninu. Stefnt er að því að safnið verði opnað almenningi í ágúst 2004. Hafnar eru viðræður við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ um málefni fræðaseturs Halldórs Laxness í Mosfellsbæ. Meðal þess sem rætt hefur verið er að kanna möguleika þess að fræðasetur verði staðsett í næsta nágrenni við Gljúfrastein. Með þeim hætti mætti samræma og samhæfa betur þá starfsemi sem lýtur að varðveislu og miðlun upplýsinga um ævi og störf Halldórs Laxness.

2. Hvernig hefur umsjón með eigninni á Gljúfrasteini verið háttað frá afhendingunni 21. apríl 2002?

Byggingardeild forsrn. hefur haft yfirumsjón með eigninni á Gljúfrasteini frá 21. apríl 2002. Forsrn. gerði samning til eins árs við Guðnýju Halldórsdóttur um að hún mundi hafa tilsjón með húsinu og vera ráðuneytinu innan handar við hvaðeina sem það snertir, þar á meðal skráningu húsmuna. Sá samningur rann út 31. ágúst 2003 og var aldrei gert ráð fyrir framlengingu hans.

3. Hefur húseignin verið nýtt með einhverjum hætti á vegum forsætisráðuneytisins frá apríl 2002 eða öðrum verið heimiluð afnot af henni?

Frú Auði Laxness, ekkju Halldórs Laxness, voru heimiluð afnot af húseigninni þar til hún flutti að Dvalarheimili aldraða í Mosfellsbæ þann 12. ágúst 2002. Að öðru leyti hefur húseignin ekki verið nýtt á vegum forsrn.

4. Hver varðveitir bókasafn Halldórs Laxness, handrit hans og minnisbækur sem Auður Laxness gaf íslenska ríkinu? Hvernig er háttað umsjón þeirra, flokkun og skráningu?

Bókasafn Halldórs Laxness er og verður varðveitt á Gljúfrasteini. Yfirumsjón með skráningu safnsins er í höndum bókasafnsfræðings í forsrn. en nú stendur yfir tenging þeirra eintaka sem þegar eru skráð og flokkuð í landskerfi bókasafna, Gegni. Handrit Halldórs Laxness og minnisbækur hafa verið afhentar Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni til varðveislu og mun safnið annast flokkun og skráningu þeirra. Skjöl þau sem frú Auður Laxness gaf þjóðinni og afhenti Þjóðarbókhlöðu eru Gljúfrasteini og þeirri starfsemi algjörlega óviðkomandi.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka svörin sem raunar voru ákaflega stutt og kannski gefur fyrirspurnaformið hér á þinginu ekki tækifæri til annars en að draga upp þá formlegu beinagrind sem er utan um þetta mál. Ég vona að það safn sem menn eru að reyna að stofna um Halldór Laxness á Gljúfrasteini og það setur sem þar á einnig að vera eða a.m.k. tengjast gangi vel. Ég tek eftir að hæstv. forsrh. hliðrar sér hjá því að skýra þær fréttir sem voru af gangi þessa máls alls og af umsjón og vörslu hússins, lóðarinnar og gagnanna á Gljúfrasteini

af hálfu ráðuneytisins. Ég kýs að taka því þannig að þeim draugagangi sem um þetta mál hefur verið og minnir að nokkru leyti á svipaða viðburði í sögum skáldsins, t.d. í Atómstöðinni eða Kristnihaldi undir Jökli, hafi nú linnt og að forsrh. sé ákveðinn í því að hafa um það samstarf við okkur önnur hér á þinginu, og við þjóðina alla, að reyna að sameinast um að gera þetta vel.

[14:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa svarað fyrirspurn hv. þingmanns með tæmandi hætti. Ólíkt hv. þingmanni hef ég aldrei verið og verð ekki fréttaskýrandi.

Réttindi barna með Goldenhar-heilkenni.

Fsp. MF, 211. mál. — Þskj. 224.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Undanfarið hefur töluverð umræða átt sér stað um réttindi barna með Goldenhar-heilkenni. Foreldrar þessara barna sem eru ekki mörg hafa gagnrýnt hve réttlítil umrædd börn og foreldrar þeirra eru innan almannatryggingakerfisins. Sum þeirra barna sem þjást af þessum sjúkdómi eiga verulega möguleika á því að lifa síðar meir á ævinni tiltölulega eðlilegu lífi þótt uppvöxturinn geti verið býsna erfiður. Þau þurfa mikla umönnun og nokkuð stöðuga gæslu allan sólarhringinn. Þau þjást oft af öðrum sjúkdómum sem eru fylgikvillar eða bein afleiðing Goldenhar-heilkenna.

Það sama gildir reyndar um fleiri börn, t.d. þau sem hafa svokölluð Russell-Silver heilkenni. Erfitt er að fella þessi börn inn í almannatryggingakerfið og þau njóta ekki að öllu leyti sama réttar og t.d. fötluð börn eða foreldrar þeirra. Starfsmenn Tryggingastofnunar hafa teygt sig eins langt og reglur leyfa til að koma til móts við þarfir þessara barna og foreldra þeirra, jafnvel lengra en ströngustu reglur leyfa. Það er samt ljóst að vandamál þessara fjölskyldna eru veruleg. Oftar en ekki verður annað foreldrið að vera heima. Lyfjakostnaður er mjög mikill ásamt kostnaði við næringardrykki, lækniskostnaður vegna barnanna mikill og getur orðið meiri þar sem foreldrarnir sjálfir þurfa aðstoð vegna álags og fjárhagserfiðleika sem því miður fylgja því oft að eiga langveikt eða fatlað barn.

Þegar fulltrúi Tryggingastofnunar, Ingibjörg Georgsdóttir, kom á fund heilbr.- og trn. og ræddi m.a. um réttindi þessara barna og foreldra þeirra og önnur sambærileg tilvik innan tryggingakerfisins benti hún okkar á þá staðreynd að við erum langt á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum hvað varðar réttindi fatlaðra og veikra barna og aðstandenda þeirra. Kerfið er flókið og mætti einfalda verulega, t.d. hvað varðar rétt foreldra til sjúkradagpeninga, að jafnhliða læknisfræðilegri greiningu verði tekið tillit til fjárhagsaðstæðna foreldra við ákvörðun um aðstoð og að jafnan verði greitt lægsta verð fyrir læknishjálp, lyf, þjálfun o.fl. og það verði sett á allar þessar greiðslur. Þótt ýmislegt hafi á undanförnum árum áunnist í réttarbótum fyrir fötluð og veik börn og aðstandendur þeirra er mikið verk óunnið og staðan okkur til vansa. Það er á okkar ábyrgð, stjórnmálamanna, en ekki starfsfólks Tryggingastofnunar ríkisins að ekki er staðið betur að verki. Því spyr ég: Hvað hefur verið gert til þess að bæta réttindi barna með Goldenhar-heilkenni og mæta sérstökum þörfum þeirra og foreldra þeirra? Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum og/eða reglugerðum þannig að tekið verði meira tillit til barna með langvarandi erfiða sjúkdóma eins og þennan og ef svo er, hvenær má vænta þeirra breytinga og hverjar eru þær?

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttur hefur beint til mín tveim fyrirspurnum:

1. Hvað hefur verið gert til þess að bæta réttindi barna með Goldenhar-heilkenni og mæta sérstökum þörfum þeirra og foreldra þeirra?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum og/eða reglugerðum þannig að tekið verði meira tillit til barna með langvarandi erfiða sjúkdóma eins og þennan og ef svo er, hvenær má vænta þeirra breytinga og hverjar eru þær?

Börn með Goldenhar-heilkenni eru langveik börn. Um þessar mundir eru fimm tilfelli þekkt hér á landi. Tæplega 1.300 börn teljast langveik, tæplega 900 teljast fötluð, um það bil 1.700 börn eru með þroska- eða hegðunarraskanir. Þetta eru samtals um það bil 4.000 svokölluð umönnunarbörn þegar gengið er út frá þeim úrræðum sem lög og reglur almannatrygginga heimila okkur til að takast á við vanda þessara barna.

Umönnunarbótaflokkur almannatrygginga flokkast í fimm stig, allt eftir fötlun eða sjúkdómsþunga hvers barns. Innan Tryggingastofnunar ríkisins fer fram vandað mat í samvinnu við meðhöndlandi lækni eða lækna barnanna þar sem fötlunar- eða sjúkdómsþungi hvers barns er metinn á eins faglegan hátt og unnt er samkvæmt þessum fimm flokkum.

Langveik börn eiga við margs konar flókna og erfiða sjúkdóma að etja. Þar eru m.a. sjúkdómar við taugakerfi, flóknir efnaskiptasjúkdómar, erfiðar geðraskanir, sykursýki, hjartasjúkdómar, fjöldi tegunda krabbameins o.s.frv. Öll þessi börn eru metin af sömu aðilum innan Tryggingastofnunar þannig að samanburður á erfiðleikum hvers tilfellis fyrir sig er fyrir hendi. Allt er gert til að þetta mat sé eins hlutlægt og hugsast getur. Sé óánægja með niðurstöðu matsins geta foreldrar barna vísað málinu til úrskurðarnefndar almannatrygginga sem fer vandlega yfir mál áður en mati er breytt.

Einkenni Goldenhar-barna geta verið af mismunandi toga. Sjúkdómur þeirra getur verið allt frá tiltölulega vægum einkennum til mjög alvarlegs áfalls. Það er því engan veginn svo að mat á sjúkdómsþunga leiði til sömu niðurstöðu í hverju tilfelli. Fjögur þessara barna hafa verið metin í flokk fjögur en eitt þeirra hefur verið metið í flokk eitt sem er sá flokkur sem ætlaður er fyrir alvarlegustu tilfellin. Öll þessi meðferð er gerð með tilliti til vanda annarra barna.

Annað mál er það að málefni langveikra barna í heild hafa verið til umfjöllunar í ráðuneytinu til langs tíma sem leitt hefur til betri aðstöðu langveikra barna. Þann 9. febrúar sl. var skrifað undir samkomulag milli heilbr.- og trmrn., Velferðarsjóðs barna og Landspítala – háskólasjúkrahúss um að standa að uppbyggingu hvíldar- og endurhæfingarheimilis fyrir langveik og fötluð börn. Þetta er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna en þar segir að stefna skuli að fjölgun úrræða fyrir hjúkrunar- og langtímameðferð langveikra barna og unglinga og er sérstaklega kveðið á um að leggja skuli áherslu á stofnun hjúkrunarheimilis fyrir langveik og langveik fötluð börn að lokinni byggingu Barnaspítala Hringsins.

Þá ber að nefna ýmsar laga- og reglugerðarbreytingar sem hafa verið gerðar til að tryggja betur rétt langveikra barna og foreldra þeirra á sviði almannatrygginga og varða fjárhagslega aðstoð. Má þar nefna breytingu á lögum um almannatryggingar um þátttöku í greiðslum vegna dvalarkostnaðar innan lands, þegar barn þarf að leggjast inn á sjúkrahús fjarri heimili sínu, og breytingu á reglugerðum um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna þar sem aldursmörk vegna umönnunargreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins voru færð úr 16 og 18 ára í 18 og 20 ára. Jafnframt er með breytingu á sömu reglugerð heimilað að framlengja umönnunargreiðslur í allt að sex mánuði eftir andlát langveiks eða fatlaðs barns sem notið hefði umönnunargreiðslna.

Nokkru síðar var gerð breyting á sömu reglugerð þar sem skilgreining á fjárhagslegri aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna var rýmkuð og gengið út frá hugtökunum „alvarleg og langvarandi fötlun eða sjúkdómur“ í stað hugtaksins „lífshættuleg“.

Þá var einnig gerð breyting sem felur í sér að heimilt er að meta til hækkunar greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins þegar um er að ræða þunga umönnun framfærenda vegna fatlaðra og langveikra barna.

Ég hef beðið starfsfólk mitt um að kanna sérstaklega hvort börnin sem hér er um spurt njóti ekki örugglega þess réttar sem þau þegar eiga í kerfinu. Ég hef jafnframt beðið mitt fólk að athuga hvort um sé að ræða göt í kerfi okkar sem sérstaklega þurfi að lagfæra. Í þessu sambandi vil ég að það verði kannað hvort afsláttarsvið umönnunarkorta sé nægilega víðtækt. Við verðum ávallt að tryggja að börnin njóti bestu kjara í heilbrigðisþjónustunni og ég vil beita mér fyrir því að svo verði.

Það er einnig verðugt verkefni að tryggja foreldrum langveikra barna meiri réttindi til launa og frekari réttindi til að geta tekið leyfi frá störfum, en að því verkefni þurfa að koma fleiri en heilbrrn. Það er sameiginlegt verkefni ríkisvaldsins og vinnumarkaðarins. Jafnframt þarf að huga að grunni félagslegrar aðstoðar vegna langveikra og fatlaðra barna sem jafna rétt langveikra og fatlaðra. Að þessu vil ég vinna og ég vona að niðurstaða af þessum málum liggi fyrir sem allra fyrst.

[14:17]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka upp málefni Goldenhar-barna, barna sem greinst hafa með þetta heilkenni, og vekja okkur til umhugsunar um stöðu langveikra barna í þjóðfélaginu. Ég tala nú ekki um þegar heilkenni þeirra er bæði skilgreind sem sjúkdómur og fötlun og því bæði á sviði heilbrigðisþjónustunnar og félagsþjónustunnar að sinna þessum fjölskyldum. Þarna vantar þá tengingu á milli sem nauðsynleg er og margoft hefur verið bent á þannig að fjölskyldur, foreldrar þessara barna lenda í sífelldum erfiðleikum við að finna hvar þjónustu er að fá og hver réttindi þeirra eru. Það væri langur listi sem hægt væri að telja hér upp þar sem mætti, ekki með miklum fjárútlátum heldur samræmingu og samráði, bæta þjónustuna. En ég vil einnig nefna að það er ekki nóg því það vantar líka meiri fjármuni í þennan málaflokk til þess að fjölskyldurnar geti staðið fjárhagslega undir umönnun við börnin.

[14:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er mjög hugsi yfir svari hæstv. ráðherra. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sem tók þetta mikilvæga mál upp nefndi að starfsfólk Tryggingastofnunar hefði gengið lengra en lög og reglugerðir í raun og veru heimiluðu og það er alveg ljóst öllum þeim sem kynnst hafa þessu máli, og sennilega höfum við þingmenn ekki kynnst neinu máli jafn vel sem snýr að einstökum sjúkdómum langveikra barna og þessu. Þetta var mikil þrautaganga og er enn. Við erum að tala um, eins og ráðherrann sagði, fimm tilfelli og það er ótrúlegt að verða vitni að því hversu erfiðlega gengur að leysa úr málum fjölskyldna þessara fimm barna. Ég get ekki séð að þær breytingar sem hæstv. ráðherra boðaði, sem eru allar góðar, komi beinlínis til hjálpar þessu fólki og þessum fjölskyldum hér og nú, nema e.t.v. breyting á reglugerð varðandi þá sem eru með þunga umönnun.

[14:20]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál upp í þingsölum. Ég verð að viðurkenna að mér var verulega brugðið í sumar þegar ég fékk bréf frá aðstandendum þessara barna. Ég hef fylgst með umfjölluninni í Dagblaðinu núna á haustdögum og það hefur gert mér ljóst hvað það er mikilvægt að koma fólki til hjálpar þegar svona mál koma upp. Það er rétt hjá hæstv. heilbrrh. að börn eiga að njóta bestu kjara í heilbrigðiskerfinu og það er þetta öryggisnet okkar sem við verðum að stoppa í ef leynast göt í því. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt og brýnt mál að reynt sé að leysa úr þessum vanda.

Ég vil bara bæta hér við hve ánægjulegt það var að fylgjast með því um helgina hve vel gekk til hjá þjóðinni og framlag ríkisstjórnarinnar að safna fyrir Sjónarhóli sem er mjög mikilvæg miðstöð sem verið er að koma á fót fyrir fólk til að leiða það í gegnum kerfið.

[14:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég tek undir þakkir sem hér hafa komið til málshefjanda. Sömuleiðis vil ég þakka aðstandendum þeirra barna sem hér um ræðir fyrir að hafa gert okkur alþingismönnum viðvart um þann vanda sem hér blasir við.

Ég tek undir orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að ábyrgðin er okkar stjórnmálamannanna á því að kerfið okkar virki smurt og vel fyrir það fólk sem þarf að nýta kerfið. Það er ekki boðlegt að fólk þurfi að ganga milli Heródesar og Pílatusar í þrautagöngu til þess að fá kerfi sem við öll erum sammála um hvernig á að virka, til þess að virka fyrir sig. Það er nánast eins og fólk þurfi á stundum að snúa kerfið í gang. Þetta er forpokað, þetta er ekki eins og við mundum vilja hafa það þannig að ég brýni hæstv. heilbrrh. til að bregðast nú fljótt við. Það er ekki nægjanlegt að hæstv. ráðherra segi: Ég hef beðið um að málið verði kannað. Hæstv. ráðherra á að láta þjóðina finna að hann noti nótt sem nýtan dag með öllu sínu starfsliði í það að kippa þessum málum í liðinn.

[14:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál upp og minna okkur á að það er nógu erfitt að vera með langveikt barn eða fatlað þó að fólk þurfi ekki að standa í eilífri baráttu við kerfið. Börn

með Goldenhar-heilkenni eru vissulega fötluð því ekki þarf annað en að skoða afleiðingar þessa sjúkdóms til þess að sjá það að þau eru bæði langveik og fötluð. En það eiga ekki að vera mismunandi réttindi og þjónusta eftir því hvort barnið er langveikt eða fatlað. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að skoða þetta enn betur og tryggja það að þessi börn eigi sama rétt og önnur fötluð börn. Og vissulega á Tryggingastofnun ríkisins að taka þátt í kostnaði við þjónustu og annað hvað varðar þessi börn eins og önnur fötluð börn, næringardrykki og annað, eins og reglur kveða á um.

[14:24]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir nefndarmenn í heilbrn. og einhverjir fleiri til taka undir þessa ábendingu frá hv. fyrirspyrjanda, Margréti Frímannsdóttur. Eins og þeir vita sem hér hafa komið í ræðustól þá var alla vega ég meðal þeirra þingmanna sem þessir ágætu foreldrar eða fulltrúar þeirra hittu núna í sumar og í framhaldi af því átti ég þá frumkvæði að því að fá sérfræðinga frá Tryggingastofnun, bæði barnalækna og tryggingayfirlækni, á fund heilbrn. til að útskýra fyrir okkur í hverju vandamál foreldra með þessi langveiku börn felast.

Það sem í rauninni kemur í ljós er að hjá Tryggingastofnun byggir matið á umönnunarbótunum fyrst og fremst á læknisfræðilegri örorku. Það sem vantar er að setja sig heildstætt í spor þessara foreldra sem foreldra og sem aðila á vinnumarkaði sem þurfa að sjá sér og sínum fyrir framfærslu og skoða í heildina hvernig afkomumöguleikar þeirra eru.

Á þessum fundi var m.a. kynntur sá möguleiki að foreldrarnir ættu rétt á sjúkradagpeningum vegna veikinda barna alveg eins og við sem erum á vinnumarkaði eigum það vegna okkar veikinda. Annað sem líka var bent á var að það væru rök fyrir því að lyf sem börn nota væru á svipuðu verði og til aldraðra.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og jafnframt þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls.

Það skiptir afar miklu, og það sýnir sig sá áhugi á því máli sem við erum hér að ræða, að það er vilji og ég tel að það sé þverpólitískur vilji á Alþingi til að bæta þessi kjör. Þau skref sem hæstv. ráðherra kynnti að ráðuneytið ætlaði að stíga á næstunni eru auðvitað til bóta en allt of fá og smá. Foreldrar þessara barna sem og ýmissa annarra sem búa við svipaðar aðstæður hafa lagt fram tillögur og ábendingar í mörgum liðum um það sem betur má fara.

Þegar settar eru á laggirnar nefndir til þess að skoða hvar eigi að taka til hendinni þá held ég að það sé alveg kominn tími til að þeir sem eiga við vandamálin frá degi til dags, eins og foreldrar þessara barna og margra annarra sjúklinga sem er svipað ástatt fyrir, fái að koma inn í það starf og það sé hrein, skýr verkaskipting á milli félmrn. og heilbrn.

Ég veit að þessir foreldrar höfðu pantað tíma hjá hæstv. félmrh. en mér er ekki kunnugt um að sá fundur hafi verið haldinn. Og þegar fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins kom á fund heilbr.- og trn. fór hún yfir mjög langan lista yfir þau atriði þar sem við gætum með ekki miklum tilkostnaði bætt úr nú þegar. Það var aðeins lítið brot af þeirri upptalningu sem heyra mátti í svari hæstv. ráðherra. Það finnst mér slæmt vegna þess að ef nokkur þekkir vandamálin sem við er að etja þá er það Ingibjörg Georgsdóttir, fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins. Hún fór mjög ítarlega yfir þetta og sendi okkur síðan póst um það.

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að spýta nú í lófana og klára þetta fyrir áramót.

[14:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Frú forseti. Eins og aðrir þakka ég fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér til umræðu og þakka þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Ég vil undirstrika það sem kom fram í svari mínu að það er fullur vilji hjá okkur í heilbrrn. að vinna í þessu máli. Við gerum okkur alveg grein fyrir hve það er mikilvægt. Ég hef undir höndum þann lista sem fyrirspyrjandi nefndi hér. Ég hef rætt við foreldra barnanna, ég hef rætt við embættismenn Tryggingastofnunar og ég hef rætt við mína embættismenn varðandi þetta mál þannig að við höfum allar upplýsingar um það.

Hins vegar kann það að vera að fleiri þurfi að koma þarna að vegna þess að hluti þessa máls er sá að fjölskyldur langveikra barna eiga auðvitað rétt á þjónustu hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Mig undrar það náttúrlega mjög að félagsþjónusta sveitarfélaga skuli hafna stuðningi við fjölskyldur sem eiga við þessi veikindi að stríða. Ég er því mjög undrandi á fréttum þar um án þess að ég sé að nokkru leyti og síður en svo að vísa ábyrgð frá heilbrrn. að þessu leyti, en það er einn þáttur þessa máls. Það er alveg fullur vilji til þess hjá heilbrrn. að fara yfir alla þætti málsins en það kann að vera að eitthvað af þeim skarist yfir í önnur ráðuneyti eins og fyrirspyrjandi benti réttilega á. En þá er það okkar að reyna að samræma kraftana í þessu og draga þá aðila að sem þarna eiga um að fjalla.

Sýkingarhætta á sjúkrahúsum.

Fsp. JóhS, 159. mál. — Þskj. 159.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til heilbrrh. um sýkingarhættu á sjúkrahúsum.

Tilefni þess er að bæði Haraldur Briem sóttvarnalæknir og Már Kristjánsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans vöktu athygli á því í nýjasta hefti Læknablaðsins hve spítalasýkingum hefur fjölgað mikið á síðustu missirum og komu fram verulegar áhyggjur þeirra lækna á því slæma ástandi. Fram kom að þessi umtalsverða fjölgun á spítalasýkingum hefði leitt til þess að ítrekað hafi þurft að loka deildum vegna faraldra innan spítalans. Slíkar skyndilokanir hafi valdið mikilli röskun á starfsemi Landspítalans. Fram kom hjá sóttvarnalækni að ekki fari á milli mála að bágborin hreinlætisaðstaða sjúklinga og starfsfólks, mikil nálægð sjúklinga og síendurtekin tilfærsla þeirra grafi undan sýkingavarnastarfi, hversu vel sem reynt er að standa að því.

Yfirlæknir smitsjúkdómadeildar telur að rekja megi fjölgun spítalasýkinga til aukinnar umsetningar sjúklinga, aukna bráðleika veikinda hjá þeim sem leggjast inn á sjúkrahús og ófullnægjandi salernis- og hreinlætisaðstöðu og benti m.a. á að á einni deild þurfi 13 sjúklingar að deila með sér einu salerni. Til þess er vísað að einbýlum fyrir sjúklinga hafi verið fækkað og salernum, og um 87% sjúklinga sem dvelji á

sjúkrahúsum á deildum sem sérstaklega voru kannaðar dvelji á tvíbýli eða fjórbýli.

Yfirlæknir smitsjúkdómadeildar vekur athygli á að faröldrum fjölgi á sama tíma og umsetning sjúklinga eykst og freistandi sé að tengja þessa atburði saman. Aðra áhættuþætti nefnir hann líka eins og helgarlokanir deilda sem leiða til flutnings sjúklinga á milli sjúkrastofa, og starfsmannaeklu. Skortur á starfsfólki hafi í för með sér að starfsfólk fer í ríkari mæli á milli sjúkradeilda vegna aukavakta. Slíkt geti haft í för með sér aukna hættu á útbreiðslu spítalasýkinga.

Skýringar sem þessir læknar gefa líka eru hönnunargallar og að ekki sé að finna neina staðla hér á landi um hönnun sjúkrahúsa með tilliti til sýkingavarna. Sóttvarnalæknir segir að á undanförnum árum hafi verið leitast við að bæta aðstöðu sjúklinga og sýkingavarnir við báða stóru spítalana en erfitt er um vik vegna upphaflegra hönnunargalla.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að spítalasýkingar séu samfélaginu afar dýrar. Fjárhagslegt tjón vegna spítalasýkinga hafi ekki verið metið en ætla megi að það hlaupi á hundruðum millj. kr. árlega.

Því hef ég leyft mér að leggja til hæstv. heilbrrh. eftirfarandi fsp:

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri skoðun sóttvarnalæknis að strax verði að ráðast í byggingu nýs Landspítala vegna smithættu í núverandi byggingum?

2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum úr könnun yfirlæknis smitsjúkdómadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss sem sýna að auknar sýkingar megi rekja til þess að salernis- og hreinlætisaðstaða sé ófullnægjandi á spítalanum?

3. Verður það kannað nánar sem fram kemur hjá sóttvarnalækni að ætla megi að spítalasýkingar kosti Íslendinga hundruð milljóna króna á ári hverju?

4. Hve mörg sýkingartilvik sem landlæknir metur að hafi verið alvarleg hafa komið upp á sjúkrahúsum sl. fimm ár?

[14:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Sem kunnugt er vakti sóttvarnalæknir nýlega athygli á því í grein að sýkingar á sjúkrahúsum séu vandamál sem taka þurfi mikið tillit til og athygli manna víða um heim hafi beinst að mikilvægi þess að hönnun sjúkrastofnana taki tillit til sýkinganna.

Sem kunnugt er hefur um tíma verið unnið að undirbúningi byggingar fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús allt frá því að fyrrv. heilbrrh. tók ákvörðun um hvar uppbygging þeirrar stofnunar skyldi fara fram á komandi árum. Síðan hefur verið unnið að því máli, bæði frumskipulagningu og viðræðum við Reykjavíkurborg og ég vona að niðurstaða liggi fyrir innan tíðar.

Ráðuneytinu er ljóst að þegar til hönnunar nýrra bygginga Landspítalans kemur þarf að taka fullt tillit til sýkingavarna og ráðuneytinu er vel kunnugt um þá erfiðleika sem geta skapast hérlendis eða erlendis þegar sýkingar herja á sjúkrastofnanir. Að frumkvæði stjórnvalda hefur verið gert átak til að bæta aðstöðu til sýkingavarna innan Landspítalans vegna alvarlegra atburða af völdum sýkla, svo sem bráðalungnabólgu og annarra þvílíkra ógna. Einangrunaraðstaða hefur verið bætt og Landspítalinn hefur gert ítarlega áætlun um með hvaða hætti verður hægt að bæta sýkingavarnir enn frekar ef alvarleg farsótt gengur yfir.

Ljóst er að margt þarf að gera til að draga úr smithættu í núverandi húsnæði því að nýbygging Landspítalans er langtímaverkefni. Þegar nefndin sem nú starfar skilar áliti þá liggur fyrir ákvörðun um hvort eða hvenær ráðist verður í byggingu nýs spítala. Ákvarðanir um það hafa ekki verið teknar enn en frumundirbúningur verið í gangi, eins og ég gat um.

Hv. þm. hefur einnig spurt hvernig ég hyggist bregðast við ábendingum um að auknar sýkingar megi rekja til aðstöðu á spítalanum.

Í grein yfirlæknisins sem vísað er til í tímariti lækna er tekið fram að það hafi ekki verið kannað, og segir svo, með leyfi forseta:

„Hvort samhengi er á milli þess að faröldrum á stofnuninni fjölgar á sama tíma og umsetning sjúklinga eykst skal ósagt látið þó vissulega sé freistandi að tengja þessa atburði saman.“

Í tímaritsgreininni segir líka, með leyfi forseta:

„Í framangreindri könnun var ekki sérstaklega kannaður fjöldi handlauga fyrir sjúklinga, starfsfólk eða gesti sjúkrahússins.“

Það er því misskilningur að hér hafi verið kannað sérstaklega smit og smitsjúkdómar. Könnun var gerð meðal sviðsstjóra á lokun deilda og hvernig sjúklingunum var fyrir komið. Könnunin var óformleg, eins og höfundur segir, en brýnt í ljósi þeirra spítalasýkinga sem upp hafa komið að kanna sérstaklega sýkingar og kortleggja ástæður þeirra til að geta gripið til aðgerða.

Ég hef fengið álit sóttvarnaráðs á viðkomandi blaðagrein yfirlæknis smitsjúkdómadeildar og hefur það bent á þætti sem bæta má. Sóttvarnaráð hvetur til að skráning spítalasýkinga verði stórbætt og slík skráning sé nauðsynleg á öllum sjúkrastofnunum til að unnt sé að fylgjast með tíðni spítalasýkinga og árangri sýkingavarna. Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er starfandi sýkingavarnadeild og sýkingavarnanefnd og þarf að efla starfsemi þeirra.

Síðan endurtek ég það sem áður er sagt að þegar til framtíðar er horft þarf að taka sterklega mið af sýkingavarnasjónarmiðum við hönnun og byggingu spítala, jafnt Landspítala sem annarra stofnana.

Hv. þm. spyr einnig hvort nánar verði kannaður kostnaður við spítalasýkingar.

Viðamiklar rannsóknir hafa farið fram erlendis sem gefa ákveðnar vísbendingar um kostnað sem hlýst af þessu. Þannig er talið að umframkostnaður við hvert tilfelli af spítalasýkingu geti numið að meðaltali um 1 millj. kr. en allt að þrefaldri þeirri upphæð við blóðsýkingar og við sýkingar af völdum fjölónæmra klasakokka. Til að unnt sé að kanna þetta mál nánar þarf að bæta skráningu spítalasýkinga. Að tillögu sóttvarnalæknis hefur sóttvarnaráð mælt með því að spítalasýkingar og sýkingar af völdum fjölónæmra sýkla verði gerðar skráningarskyldar og eru tillögur um slíkt væntanlegar frá sóttvarnalækni til ráðuneytisins innan skamms tíma. Á slíkum upplýsingum verður að byggja mat á kostnaði við afleiðingar sýkinganna og kostnað við varnirnar.

Eins og hefur komið fram á undanförnum árum hefur stöku sinnum þurft að bregðast við sýkingum á sjúkrastofnunum. Er þetta yfirleitt vegna iðrasýkinga eða fjölónæmra sýkla. Ef iðrasýking kemur upp á sjúkrahúsi getur þurft að loka í u.þ.b. vikutíma á meðan sótthreinsun stendur yfir. Hefur þurft að loka tímabundið nokkrum deildum á Landspítala og fleiri sjúkrahúsum á undanförnum missirum vegna þessa.

Að lokum spyr hv. þm. hve mörg sýkingartilvik landlæknir hafi metið sem alvarleg á sjúkrahúsum síðustu árin. Ég get upplýst að landlækni hafa ekki borist tilkynningar um spítalasýkingar (Forseti hringir.) með kerfisbundnum hætti undanfarin ár, en ef litið er til þeirra tilkynninga sem berast í gegnum kvartanaskrár og kæruskrár embættisins (Forseti hringir.) á árunum 1997–2002 þá hafa borist 17 slík erindi og að mati landlæknis voru 11 þeirra alvarlegs eðlis.

Ég lýk máli mínu að sinni en mun koma nánar að þessu í síðari ræðu minni.

[14:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fsp. Ljóst er að sterkari sýklar grassera nú hjá okkur, m.a. vegna ofnotkunar sýklalyfja. Það eru mikil þrengsli, mörg fjölbýli eru á háskólasjúkrahúsinu og umsetningin er mikil. Það eru styttri innlagnir og veikari einstaklingar sem liggja inni. Við höfum farið yfir þetta í þessum sal og ég trúi því að okkur sé þetta kunnugt. Það þarf auðvitað að hanna ný sjúkrahús með tilliti til þessara þátta.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Erum við ekki að fara yfir lækinn til að sækja vatn? Á ekki að kanna það alveg sérstaklega hvort almenn þrif séu nægjanleg. Ég dreg það stórlega í efa.

[14:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er vakið máls á stórum vanda sem sjúkrahús eiga við að etja víða og sérstaklega sjúkrahús sem eru rekin í gömlum byggingum. Þess vegna er hér varpað fram þeirri spurningu hvort ráðherra taki undir skoðun sóttvarnalæknis um að byggja þurfi nýjan Landspítala. Ég er ekki frá því að þess þurfi. Við erum með mjög gamlar byggingar og erlendis hefur það verið viðtekið að þegar spítalabyggingar eru orðnar eins gamlar og margar byggingar Landspítalans eru sé varla hægt að komast hjá sýkingum. Ekki er hægt að drepa allar þær bakteríur niður sem grassera á slíkum stofnunum og sérstaklega jafnvel á skurðstofum.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er hann ekki á þeirri skoðun að það þurfi að fara að setja allan Landspítalann undir eitt þak? Því að eins og hann er orðinn í dag er hann sannkallað völundarhús og varla mun hann lagast við það að viðbótarbyggingar komi fyrir sunnan Hringbrautina.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Það er alveg ljóst af því sem ráðherra bar fram hér áðan að þegar á tiltölulega fáum árum hafa borist 17 tilvik skráð um spítalasýkingar, þar af 11 alvarlegar, þá gerir það ekkert annað en að staðfesta það sem umræddir læknar í Læknablaðinu halda fram, að málið sé mjög alvarlegt og þeir hafi verulegar áhyggjur af því hvað spítalasýkingum hafi fjölgað á síðustu missirum. Vitnað er til þess að hreinlætisaðstaða sé bágborin og mikil nálægð sjúklinga og síendurtekin tilfærsla þeirra grafi undan sýkingavarnastarfi.

Þess vegna verð ég að segja, herra forseti, að mér kom það á óvart að hæstv. ráðherra var að draga úr því sem þessir læknar, sóttvarnalæknir annars vegar og yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans, halda fram og gera minna úr því en efni standa til. Það finnst mér mjög alvarlegt. Ég gat ekki skilið annað á orðum hæstv. ráðherra.

Það verður auðvitað að gera áætlanir um hvernig á að standa að vörnum gegn slíkum sýkingum, hvort sem ráðist verður í byggingu nýs spítala eða ekki sem kemur fram í máli hæstv. ráðherra að er óvíst, þá tekur það mörg ár þar til fullkominn spítali sem tekur tillit til sýkingavarna verður reistur. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra að gera nú áætlanir um hvernig megi taka með markvissum og fyrirbyggjandi hætti á þessu máli vegna þess að við verðum greinilega að búa við þennan spítala í einhver ár í viðbót. Það er alveg ljóst að það margborgar sig þegar sóttvarnalæknir heldur því fram að slíkar spítalasýkingar geti kostað hundruð milljóna á hverju ári.

Þess vegna, herra forseti, vænti ég þess að hæstv. ráðherra taki alvarlegar á þessu máli heldur en mér fannst koma fram í máli hans hér áðan. Mér finnst þetta mál grafalvarlegt, herra forseti.

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég er hræddur um að fyrirspyrjandi hafi misskilið mig eitthvað ef hann telur að ég telji þetta mál ekki alvarlegt. Auðvitað er þetta mál alvarlegt og ég vitnaði einungis í greinar um málið. Auðvitað ber okkur skylda til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir þessar sýkingar.

Það er engan veginn ljóst að kærumál til landlæknis endurspegli þennan vanda til fulls. Við þurfum að skoða það. Hins vegar tek ég undir það, og við fyrirspyrjandi erum sammála um það, að við verðum að búa við Landspítalann um árabil í viðbót. Það er ekkert áhlaupaverk að byggja nýjan spítala. Vissulega hefur verið í gangi undirbúningur að slíku verki en hann þarf að fara fram í mörgum þrepum. Það er verið að ljúka við annað þrepið. Í fyrsta lagi er ákveðið að Landspítalinn verði við Hringbraut. Í öðru lagi er verið að semja við Reykjavíkurborg um byggingamagn og skipulag á lóðunum þar. Þá er komið að næsta þætti. Þá fer að nálgast þá miklu ákvörðun hvernig að þessu verði staðið.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að spítalinn eigi að vera á einum stað. Það er í rauninni stefnumörkun hjá okkur. Ég vona það svo sannarlega að hægt sé að berjast við sýkingarnar án þess að byggja þurfi nýjan spítala vegna þeirra sérstaklega. Ég vil vara við því.

Ég vil taka undir með hv. þm. Þuríði Backman að við þurfum að fara yfir alla ferlana í svo einföldum málum eins og (Forseti hringir.) þrifum og umgengni. Ég veit að hjúkrunarfræðingurinn, hv. þm., talar þar af reynslu.

Samkomulag við heimilislækna.

Fsp. MF, 118. mál. — Þskj. 118.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil ári var á Alþingi umræða utan dagskrár um stöðu heilsugæslunnar. Tilefnið var að stór hópur heilsugæslulækna hafði sagt upp störfum vegna réttindabaráttu sinnar sem fyrst og fremst snerist um að þessi stétt sérfræðinga innan læknastéttarinnar fengi viðurkenningu og réttindi til jafns á við aðra sérfræðilækna og hefði heimild til að starfa sjálfstætt og gera svokallaða gjaldskrársamninga. Deilan við ráðuneytið var hörð og þung

orð hafa fallið af hálfu fulltrúa lækna en einnig af hálfu fulltrúa heilbrrn.

Þessi deila stóð lengi og er alls ekki að fullu búið að leysa öll þau ágreiningsefni sem uppi voru. Sumir læknanna sem sögðu upp störfum sneru aftur til vinnu sinnar en aðrir til starfa annars staðar. Það er langt í frá að hér á landi sé starfandi sá fjöldi heilsugæslulækna sem við þurfum til þess að hér sé hægt að reka þessa mikilvægu grunnþjónustu heilsugæslunnar eins og lög gera ráð fyrir. Ég tel að þær langvarandi deilur sem staðið hafa yfir um réttindi heimiliseða heilsugæslulækna eigi stóran þátt í því hversu illa hefur gengið að manna stöður í heilsugæslunni og byggja hana upp þannig að hún standi undir nafni, veiti þá þjónustu sem hver einstaklingur á rétt á. Það er mín skoðun að þar sé ekki við þessa starfsstétt að sakast heldur langtímastefnuleysi í málefnum heilsugæslunnar.

Allt of fáir hafa sótt í sérfræðinám heimilislækna þó að nú sé sem betur fer eitthvað að rofa til í þeim efnum. Áreiðalega á sú viljayfirlýsing sem undirrituð var í kjölfar réttindabaráttu lækna af Félagi íslenskra heimilislækna og hæstv. heilbrrh. einhvern þátt í þeirri breytingu. Viljayfirlýsingin fól m.a. í sér auknar heimildir til þessara sérfræðilækna um sjálfstæðan rekstur og samninganefnd var skipuð til að útfæra þetta samkomulag. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur verið gengið frá samkomulagi við heimilislækna um sjálfstæðan rekstur heilsugæslustöðva í samræmi við viljayfirlýsingu sem undirrituð var af Félagi íslenskra heimilislækna og ráðherra? Ef svo er, hvað felst í því samkomulagi? Ef ekki, hvenær má vænta niðurstöðu?

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spyr hvort gengið hafi verið frá samkomulagi við heimilislækna um sjálfstæðan rekstur heilsugæslustöðva í samræmi við viljayfirlýsingu sem undirrituð var af Félagi íslenskra heimilislækna og ráðherra. Ef svo er, hvað felst í því samkomulagi? Ef ekki, hvenær má vænta niðurstöðu?

Í kjölfar mikillar óánægju heilsugæslulækna um starfsfyrirkomulag stéttarinnar sem leiddi til uppsagna heilsugæslulækna á tveimur heilsugæslustöðvum var gefin út viljayfirlýsing þann 27. nóvember 2002 um eftirfarandi:

a. Að beina því til fjmrh. að vinna að því að launamál heilsugæslulækna færu úr kjaranefnd þannig að samið verði um launakjör þeirra í samningum milli ríkisins og lækna, enda komi fram beiðni frá Félagi ísl. heimilislækna um slíkt.

b. Í framhaldi af breytingu á samningsrétti heilsugæslulækna mun heilbr.- og trmrh. beina því til fjármálaráðherra að í viðræðum um gerð kjarasamnings verði lögð áhersla á þróun afkastahvetjandi launakerfis innan heilsugæslunnar, sbr. úrskurð kjaranefndar 15. október 2002.

c. Að beita sér fyrir því að sérfræðingar í heimilislækningum geti annaðhvort starfað á heilsugæslustöðvum eða á læknastofum utan heilsugæslustöðva. Gerður verði nýr samningur um störf á læknastofum sem byggir á samningum sjálfstætt starfandi heimilislækna með áherslu á launahvetjandi kerfi. Sérfræðingar í heimilislækningum fái aðgang að umræddum samningi í samræmi við fjárlög meðan skortur er á heimilislæknum að undangengnu mati eða þörf fyrir heilsugæslulækna á viðkomandi svæði.

Það sem hefur verið gert er eftirfarandi:

Liður a. Félag ísl. heimilislækna óskaði eftir með bréfi, dagsettu 13. febrúar 2003, að ákvörðun um kjör þeirra væri færð frá kjaranefnd. Með bréfi, dagsettu 17. febrúar 2003, beindi heilbr.- og trmrh. því til fjmrh. að hann flytti frv. þessa efnis og var frv. lagt fram á Alþingi þann 6. mars sl. og var samþykkt þann 14. mars 2003.

Liður b. Samninganefnd ríkisins hefur verið falið að semja við heilsugæslulækna um afkastatengd laun og hófust samningaviðræður í október. Haldnir hafa verið tveir samningafundir, þann 3. október og 22. október sl. Samkomulag hefur ekki náðst en næsti fundur hefur verið boðaður þann 19. nóvember nk.

Liður c. Heilbr.- og trmrh. fól samninganefnd ráðuneytisins að ræða við samninganefnd heimilislækna um gerð samnings við heilsugæslulækna sem starfa utan heilsugæslu, en starfsemi þeirra yrði undir yfirstjórn heilsugæslunnar á viðkomandi stað til að tryggja samræmingu í þjónustu heilsugæslunnar við almenning. Haldnir hafa verið tveir fundir, þann 8. apríl og 13. maí sl. Síðan var óskað eftir áliti heilsugæslunnar á þörf fyrir heimilislækningar á starfssvæði hennar með bréfi, dagsettu 10. júlí 2003. Svar barst 9. september sl. þar sem talið var að þörf fyrir heimilislækna á umræddu svæði væri 20–21 læknir. Fyrirhuguð viðbót á næstu árum innan heilsugæslunnar er 16 læknar; í Kópavogi sex læknar, í nýrri heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi fimm læknar. Fjölga þarf í Árbæjarhverfi um þrjá lækna og tvo í Grafarvogi. Þessi aukning er möguleg í þeirri aðstöðu sem til er í dag eða þegar hefur verið ákveðin og krefst því ekki verulegrar fjárfestingar. Er það því mat heilsugæslunnar að þörf sé á um fimm heimilislæknum utan heilsugæslustöðva.

Í framhaldi af þessu hefur verið ákveðið að funda með heimilislæknum og á ég fund með þeim núna í vikunni til þess að ræða framhald málsins.

[14:53]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég vil taka undir þá skoðun hv. fyrirspyrjanda að langvarandi deilur og erfiðleikar við ráðningu heilsugæslulækna hafi haft áhrif á nýliðun og áhuga ungra lækna til þess að fara í sérnám í heimilislækningum. Vonandi sér fyrir endann á þessu eins og má ætla miðað við þær upplýsingar að nú séu nokkrir ungir læknar að fara í framhaldsnám á þessu sviði.

Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort viðurkenning á sérfræðiréttindum heilsugæslulækna, þ.e. að þeir geti starfað sjálfstætt utan heilsugæslustöðvanna og viðurkenning á því að fleiri stöðugildi vantar en rúmast núna innan heilsugæslustöðvanna á höfuðborgarsvæðinu muni leiða til þess að framtíðinni verði tvö kerfi í gangi, þ.e. heilsugæslustöðvar úti á landi og tvöfalt kerfi í Reykjavík þar sem það er alveg ljóst að sjálfsætt starfandi heimilislæknar verða ekki starfandi utan höfuðborgarsvæðisins.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann kom með. Mér sýnist samt sem áður að lítið hafi breyst frá því í ágúst. Ég hef undir höndum viðtal við hæstv. ráðherra sem tekið var af einum fjölmiðli. Þar er því lýst að Félag ísl. heimilislækna sé orðið heldur langeygt eftir því að gengið sé frá því samkomulagi sem fyrirheit voru gefin um. Hæstv. ráðherra segir að í ágúst eftir þessa tvo fundi í apríl og 13. maí geri hann sér vonir um að að sumarfríum loknum verði hægt að fara í að vinna að þessum samningum eins og

í viljayfirlýsingunni standi. Það hefur heldur lítið gerst síðan þá.

Þetta er kannski það sem að er í heilbrigðiskerfinu, þ.e. þessi seinagangur á öllu. Það er gefin ákveðin viljayfirlýsing í nóvember 2002. Nú er nóvember 2003 og það er búið að vinna nokkurn vegin a- og b-lið samkomulagsins en c-liðurinn er eftir. Það hafa verið haldnir tveir fundir á heilu ári. Það er oft nefnt hér, virðulegi forseti, að það þurfi að styrkja heilbrrn., það vanti kannski fleira starfsfólk þarna inn svo að hægt sé að sinna öllum þeim mikilvægu verkefnum sem þar eru og e.t.v. er það ástæðan fyrir því að ekki gengur betur en raun ber vitni í stefnumörkun, í vinnu og því t.d. að ganga frá því samkomulagi sem hér um ræðir. Vera má að það sé vegna þess að það vantar mannskap. Þó getur verið að ástæðan sé sú að ekki sé mikill áhugi á þessum þætti heilbrigðismála, þ.e. heilsugæslunni. Getur það verið?

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vísa því algerlega á bug að það sé áhugaleysi fyrir þessum málum í heilbrrn. Starfsmenn ráðuneytisins hafa lagt í þetta mál mjög mikla vinnu og eiga eftir að gera það. Ég vísa því á bug að áhugaleysi ríki um þessi mál innan ráðuneytisins. Hins vegar þakka ég hv. fyrirspyrjanda fyrir að styðja mig í því að reyna að efla ráðuneytið. Það er að mínu mati undirmannað. Þar þyrfti að vera fleira starfsfólk. Ég er gamalreyndur í fjárlagagerð og man eftir því við 1. og 2. umr. fjárlaga á þessum stað að endalaust er talað um — vel getur verið að það sé breytt núna — að ráðuneytin þenjist út og þar fram eftir götunum. Það er önnur saga. En ég þakka fyrirspyrjanda stuðninginn.

Ég fullyrði að fullur áhugi er fyrir þessu máli og fullur áhugi fyrir málefnum heilsugæslunnar. Við viljum efla hana og komast að niðurstöðu um samkomulag í þessum efnum.

En það er alveg ljóst varðandi það sem hv. þm. Þuríður Backman sagði að áhuginn fyrir fleiri rekstrarformum er minni á landsbyggðinni vegna aðstæðna þar heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Ég hygg að það verði fleiri rekstrarform hér og ég held að við því sé ekkert að segja. Ég ætla að láta það verða mín lokaorð að ég vona að við vinnum okkur til (Forseti hringir.) niðurstöðu í þessu máli á næstunni.

Lokuð öryggisdeild.

Fsp. MF, 119. mál. — Þskj. 119.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir meira en ári, í kjölfar þess að mjög veikur einstaklingur var talinn hafa orðið manni að bana, varð mikil umræða í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að komið yrði á fót lokaðri öryggisdeild fyrir geðfatlaða einstaklinga sem talin var hætta á að sköðuðu sjálfa sig eða aðra. Þá hefur á undanförnum árum oftar en ekki í kjölfar einhverra alvarlegra atburða, eins og sjálfsvíga innan fangelsa, verið rædd nauðsyn þess að koma á lokaðri öryggisdeild fyrir sakhæfa afbrotamenn.

Fyrir ári lágu fyrir yfirlýsingar þess efnis að lokuð öryggisdeild yrði sett á laggirnar og loforð ráðherra um úrbætur í málum þessa alvarlega veika fólks, og nú ári seinna mátti sjá byrjunarfjárveitingu til verkefnisins.

Það er eins og allir vita rekin réttargeðdeild með góðum árangri á Sogni í Ölfusi. Starfsmenn á Sogni hafa margsinnis lýst vilja sínum til þess að taka aukin verkefni og fyrir löngu síðan voru lagðar fram teikningar að tiltölulega auðveldri og ódýrri lausn, viðbyggingu við Sogn þar sem leysa mætti brýnasta vandann hvað varðar þá einstaklinga sem þarf að vista á lokaðri öryggisdeild. Á Sogni er þrautþjálfað starfsfólk jafnt fagfólk sem ófaglært. Þar er þekking og reynsla ásamt góðum árangri í starfi. Það hefði því varla átt að vefjast fyrir hæstv. ráðherra að leysa málið í samstarfi við þetta fólk og Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, sem hefur yfirumsjón með rekstri Sogns og hefur vel að merkja lýst eindregnum vilja til þess að taka að sér þetta verkefni. Auk þess hefur starfsfólk á Sogni og framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi lýst vilja sínum til þess að taka yfir rekstur Gunnarsholts sem nú hefur verið lokað og eru tillögur þeirra í þá veru að tengja saman rekstur þessara stofnana, þ.e. Gunnarsholt, Sogn og Sjúkrahúsið á Selfossi á sviði geðlækninga, og einnig þjónustuna við Litla-Hraun.

Þessi vinna og hugmyndir þeirra um þróun réttargeðlækninga fyrir sakhæfa og ósakhæfa geðsjúklinga hafa varla verið virtar svars og nú liggja fyrir upplýsingar þess efnis að í gær hafi fulltrúar ráðuneytis mætt á fund fjárln. og tilkynnt að þær 25 millj. sem ætlaðar eru á fjárlögum til að byggja upp lokaða öryggisdeild fyrir geðsjúka eigi að fara til Arnarholts. Það eigi sem sé ekki að nýta þá sérþekkingu sem nú þegar er til staðar hjá starfsfólkinu á Sogni heldur byggja upp annars staðar. Hvað er hæft í þessu og hver eru rökin fyrir því? Því spyr ég:

Hefur staðsetning lokaðrar öryggisdeildar fyrir geðfatlaða verið ákveðin? Ef svo er, hvar verður hún og hvenær má vænta þess að hún taki til starfa?

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði um starfsemi lokaðrar öryggisdeildar fyrir geðfatlaða. Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda var skipuð þriggja manna nefnd þriggja ráðuneyta fyrir um ári síðan til að fara yfir möguleg úrræði fyrir alvarlega geðveika einstaklinga eða geðsjúka og skyldi nefndin koma með tillögur til úrbóta í þágu þessa hóps. Lagt var fyrir nefndina að skila ríkisstjórn skýrslu um störf sín og eftir sex mánaða starf skilaði nefndin niðurstöðum sínum innan þess tíma sem henni var settur.

Ein þungamiðjan í tillögum nefndarinnar var að koma á laggirnar geðdeild sem teldist millistig milli hefðbundinnar geðdeildar og réttargeðdeildarinnar á Sogni. Deild þessi verði lokuð og mönnuð sérhæfðu fólki, svokölluð öryggisdeild. Nefndin og þeir sérfræðingar sem unnu fyrir hana létu í ljós þá skoðun að rekstur deildarinnar væri best kominn í höndum geðdeildar Landspítalans – háskólasjúkrahúss sem ein af deildum geðsviðs spítalans, sem er stærsta geðdeild sem rekin er hér á landi.

Ég hef í framhaldi af þessu falið Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi að gera tillögur um framkvæmd þessa verks. Í þeim tillögum er gert ráð fyrir að deildinni verði fundinn staður í tengslum við núverandi starfsemi geðsviðs sjúkrahússins, t.d. í Arnarholti, en ekki liggja fyrir tillögur um það frá spítalanum enn. Eins og fram kom hefur ráðuneytið leitað eftir fé til að koma deildinni á laggirnar og það eru byrjunarfjárveitingar í þessu skyni á fjárlögum og í fjárlagafrv.

næsta árs og ég vona að hægt verði að koma þessari deild á laggirnar á næsta ári.

[15:05]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, fyrir að hefja máls á þessu efni. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að réttargeðdeildin á Sogni hefur unnið nánast kraftaverk hvað varðar þær lækningar sem þar hafa verið stundaðar.

Þegar réttargeðdeildinni var valinn staður á Sogni í Ölfusi vildu fáir fá þessa starfsemi inn í sín sveitarfélög. Það voru miklar deilur um hvar þessi stofnun skyldi vistuð á sínum tíma. Það var sveitarstjórn Ölfuss sem réð úrslitum um það er hún tók að sér að vista þessa starfsemi í Ölfusinu. Sjúklingarnir komu þá frá Sviþjóð, þeir höfðu verið vistaðir þar. Nú þegar hefja á þessa starfsemi upp og bæta við hana er rétt að líta til þessarar forsögu í málinu. Ég fagna því að ráðherra kynnti það hér úr ræðustól áðan að Arnarholt kæmi til greina varðandi þessa starfsemi. Ég vona að litið verði til þess starfs sem nú þegar er unnið við heilsugæslustöð Selfoss (Forseti hringir.) og á Litla-Hrauni vegna þess að starfsemin á Litla-Hrauni er og verður og það er þörf fyrir slíka aðstoð eins og þar er og hefur verið.

[15:07]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að á fundi fjárln. kom fram hjá fulltrúa ráðuneytisins að ekki væri búið að taka ákvörðun um hvar þessi stofnun ætti að vera. Þegar Landspítalinn ákvað að leggja niður vistheimilið í Gunnarsholti voru lögð þar niður 25 pláss. Komið hefur fram að innskráðir þangað á þessu ári hafi aðeins verið níu þannig að ég tel að það hafi verið farið afar illa með fjármuni Landspítalans varðandi Gunnarsholtshælið á þessum tíma.

Ég vil líka minna á þáltill. sem hv. fyrrv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason var með á síðasta þingi um meðferðardeild fyrir sakhæfa geðsjúka afbrotamenn sem ætti að fara mjög vel saman við starfsemina sem er á Sogni. Starfsfólkið þar kann mjög til verka, þar er gott umhverfi og ég er alveg sannfærð um að það er ódýrari lausn að byggja upp stofnun á einum stað frekar en koma upp dýrum stofnunum á tveimur stöðum.

[15:08]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Margréti Frímannsdóttur, fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Ég verð að segja að ég varð fyrir svolitlum vonbrigðum með svör hæstv. heilbrrh. Ég gat skilið af þeim að það væri nú í höndum Landspítalans að gera tillögu um það hvort þessi lokaða öryggisdeild fyrir geðfatlaða yrði á Landspítalanum eða annars staðar. Auðvitað koma ekki tillögur frá Landspítalanum um neitt annað en að þessi deild verði á Landspítalanum. Ég vil taka undir mál þeirra sem hér hafa talað og hvetja hæstv. ráðherra til þess að skoða í alvöru hvort ekki sé rétt að koma þessari starfsemi fyrir á Sogni í Ölfusi.

Mér þykir það reyndar svolítið undarlegt, virðulegi forseti, ef óskað er eftir fjárveitingum til að opna öryggisgeðdeild í Arnarholti á Kjalarnesi ef ekki er búið að taka ákvörðun um að þar eigi að opna öryggisgeðdeild. En enn og aftur, hæstv. ráðherra, ég hvet þig til að skoða mjög vel þær tillögur sem fram koma og velta því fyrir þér í alvöru hvar þessari starfsemi er best fyrir komið.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að beina orðum sínum til forseta en ekki til ráðherra eða einstakra þingmanna.)

[15:10]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ekki er nokkrum vafa undirorpið að það er mikil þörf fyrir lokaða öryggisdeild fyrir fullorðna geðsjúka og í dag er tilhneiging til þess að dæma geðsjúka eða geðfatlaða einstaklinga ósakhæfa eingöngu til þess að fá afplánun á öruggum stað og í faglegri meðferð og úr þessu þarf auðvitað að bæta. Ég tel að eins og verið er að styrkja Landspítala – háskólasjúkrahús og þá sérhæfingu sem þar er, þá megi einnig tala um sérhæfingu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands hvað varðar geðheilbrigðisþjónustu við sakhæfa og ósakhæfa geðsjúka einstaklinga og þar eigum við því að halda áfram að styrkja það svið geðheilbrigðisþjónustunnar, á Sogni, í Gunnarsholti, við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi og á Litla-Hrauni. Þetta er sérhæfing og við eigum ekki í þessu tilfelli að vera að dreifa henni og setja hana í Arnarholt undir geðsvið LSH. Þar er ástæða til að koma annarri þjónustu fyrir.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að ráðherra segir að hér hafi ekki verið tekin endanleg ákvörðun en vil samt benda á að í tillögum ráðuneytisins, tillögu að skiptingu fjár á fjárlagalið 08-381 6.90 fyrir árið 2004, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, kemur mjög skýrt fram: Arnarholt 25,8 millj. sem þar eiga að fara í uppbyggingu vegna þessara mála. Og hæstv. ráðherra segir: Ég hef ekki tekið endanlega ákvörðun en engu að síður hefur hæstv. ráðherra, eftir því sem ég skil hann, falið Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, geðsviðinu, að vinna frekar að málinu.

Sú sérþekking sem við höfum á þessu sviði er á Sogni. Hún er hjá því starfsfólki sem þar vinnur hvort sem það er faglært eða ófaglært. Og ég hefði talið eðlilegra þegar verið væri að leita eftir tillögum til úrbóta til þess að koma þessu fjármagni á réttan stað og það nýttist sem allra best, að þeir sem búa yfir þessari sérþekkingu væru ráðgjafarnir. Ég man ekki til þess að Landspítalinn – háskólasjúkrahús, sem ég dreg alls ekki í efa að sé með mjög hæft starfsfólk á sínu sviði, hafi sóst eitthvað sérstaklega eftir því að sinna ósakhæfum eða sakhæfum afbrotamönnum geðveikum. Ég veit ekki til þess að það hafi verið sóst neitt sérstaklega eftir því. Heilbrigðisstofnun Suðurlands tók að sér þetta verkefni og hefur sinnt því mjög vel og við munum einfaldlega aldrei taka því þegjandi að þessi starfsemi sé klofin svona sundur því að það er að mínu viti fyrsti vísirinn að því að leggja niður réttargeðdeildina þar sem hún er á Sogni. Við munum ekki í framtíðinni reka tvær öryggisgeðdeildir í landinu.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég er hræddur um að hér sé einhver misskilningur á ferðinni. Ég hef beðið Landspítala – háskólasjúkrahús um tillögur um hvernig þeir geti rekið þessa deild innan sinna vébanda. Mér dettur ekki í hug að þeir taki ákvörðun um staðsetningu þessarar deildar. Ef þeir treysta sér til að reka þessa deild gera þeir það, í Arnarholti eða í einhverju öðru húsnæði sem þeir telja henta undir það. En ég vil undirstrika það að þetta felur ekki í sér neina ákvörðun um að leggja niður réttargeðdeildina á Sogni. Þetta er ekki

réttargeðgeild sem við erum að koma upp þarna. Þetta er lokuð öryggisgeðdeild fyrir þá aðila í samfélaginu sem hafa ekki brotið af sér en eru hættulegir sjálfum sér og öðrum og það þarf ekki að rekja þá umræðu sem farið hefur fram í samfélaginu um það.

Réttargeðdeildin á Sogni hefur mikilvægt hlutverk í samfélaginu og það eru engin áform um að leggja hana niður. Við þurfum að leita að nýju hlutverki fyrir Gunnarsholt og það starf stendur yfir í ráðuneytinu. Ýmsir aðilar hafa sýnt áhuga á að reka þar starfsemi á meðferðar- eða umönnunarsviði og það þarf að komast að niðurstöðu í því máli.

En það að við tókum ákvörðun um að fá tillögur frá Landspítalnum um þetta mál byggðist á ráðgjöf fagmanna til mín og ég tel að málið sé það alvarlegt að ég verði að taka mark á þeirri ráðgjöf. En ég tek það fram að hér er ekki verið að kljúfa réttargeðdeildina á Sogni. Þetta er önnur stofnun sem þarna er um að ræða.

Heilsugæslumál.

Fsp. SÞorg, 227. mál. — Þskj. 247.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Virðulegi forseti. Ein mikilvægasta grunnþjónusta hvers sveitarfélags er heilsugæsla fyrir íbúana. Íbúum Kópavogs hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár og eru nú um 26.000, þar af búa um 5.000 íbúar í Linda- og Salahverfi og á Vatnsenda. En þessi hverfi liggja fyrir austan Reykjanesbraut. Aukin uppbygging er nú á Vatnsenda og einnig hefur verið úthlutað lóðum á Hörðuvöllum, svo íbúum austan Reykjanesbrautar mun fjölga ört á næstu árum. Er gert ráð fyrir að íbúar á þessu svæði verði um 11.000 innan tíu ára.

Hluti íbúa í þessum hverfum er án læknis eða sækir læknisþjónustu á þær heilsugæslustöðvar sem fyrir eru í Kópavogi og nálægum hverfum. Biðtími eftir viðtali hjá heimilislækni hefur lengst verulega að undanförnu. Vegna erfiðleika við að ná sambandi við heimilislækni hefur aðsókn til annarra læknisfræðilegra sérfræðinga og vaktþjónustu aukist verulega. Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður fólks sem þarf að leita til læknis og fá lausn sinna vanda og hún á að leiðbeina fólki um heilbrigðiskerfið. Viðurkennt er að góð og virk frumheilsugæsla getur leitt til verulegs sparnaðar í heilbrigðisþjónustunni.

Á síðasta ári ákvað hæstv. heilbr.- og trmrh. að bjóða út rekstur nýrrar heilsugæslustöðvar í Salahverfi. Í maí sl. var síðan undirritaður samningur við fyrirtækið Salus ehf. um rekstur nýrrar heilsugæslustöðvar í Salahverfi. Samningur af þessu tagi hefur ekki verið gerður áður á Íslandi og ég fagna honum, hann opnar fyrir fleiri kosti í heilsugæslu en verið hefur.

Þjónustusvæði heilsugæslustöðvarinnar í Linda- og Salahverfi ásamt Vatnsendahverfi, en þar búa fjölmörg börn og meðalaldur lágur og því enn brýnna að stöðin verði opnuð sem allra fyrst, en stöðin á m.a. að sinna ungbarnavernd, unglingaráðgjöf og heilsugæslu í skólum. Gert var ráð fyrir að heilsugæslustöðin í Salahverfi yrði tekin formlega í notkun í haust, en hún hefur ekki enn tekið til starfa. Því spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hvenær er fyrirhugað að heilsugæslan í Salahverfi í Kópavogi taki til starfa og hvað munu margir heilsugæslulæknar starfa þar?

Að lokum, virðulegi forseti, legg ég fram spurningu vegna heilsugæslustöðvarinnar í Fannborg. Vegna mikillar fólksfjölgunar og skorts á heilsugæslulæknum í bænum hefur verið gífurlegt álag á þær heilsugæslustöðvar sem þar eru starfræktar. Heilsugæslustöðin í Fannborg hefur búið við illan kost, en hún er elsta stöðin í Kópavogi. Ljóst er að húsnæðið er orðið afar lélegt og mjög brýnt að stöðin flytji í nýtt húsnæði. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er fyrirhugað að heilsugæslustöðin í Fannborg flytji í nýtt húsnæði?

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurrós Þorgrímsdóttir hefur beint til mín spurningum varðandi heilsugæslu í Kópavogi, einkum um heilsugæslusutöðina í Salahverfi og hvenær fyrirhugað sé að hún taki til starfa, hve margir læknar muni starfa þar og hvort fyrirhugað sé að flytja heilsugæslustöðina í Fannborg í nýtt húsnæði.

Húsnæði var tekið á leigu við Salaveg 2 fyrir heilsugæslustöð í Salahverfi. Ákveðið var að bjóða rekstur þeirrar stöðvar út og var þar um frumkvæði af minni hálfu að ræða. Í ráðuneytinu var lögð mikil vinna við gerð útboðsgagna þar sem kröfulýsingar til ýmissa þátta starfseminnar voru ítarlega unnar og þeim lýst. Í lok síðasta árs var útboðið auglýst á vegum Ríkiskaupa og skilafrestur tilboða rann út um miðjan febrúar 2003. Mjög vönduð tilboð bárust og verðtilboð voru opnuð um miðjan mars 2003.

Að loknu mati á tilboði var undirritaður samningur við hóp sem kallar sig Salus og var samningurinn undirritaður 6. maí 2003. Það var ákvörðun ráðuneytisins frá upphafi að tilboðsgjafar gætu haft bein áhrif á fyrirkomulag innréttinga stöðvarinnar, ef ekki yrði um kostnaðarauka fyrir ráðuneytið að ræða, og reyndist það mjög jákvætt. Innréttingu stöðvarinnar, sem er á vegum leigusala hússins, lýkur í nóvember og húsnæðið verður afhent Salus til endanlegrar innréttingar og undirbúnings starfseminnar.

Samkvæmt samningi hefur Salus allt að þrjá mánuði til að hefja fulla starfsemi í stöðinni, en samkvæmt nýjustu upplýsingum þaðan er gert ráð fyrir að starfsemin hefjist fljótlega eftir áramótin, um miðjan janúar. Það er gert ráð fyrir að tveir læknar starfi við stöðina í upphafi, en eftir því sem skráðum einstaklingum fjölgar við Salastöðina er gert ráð fyrir að læknum fjölgi að sama skapi, þannig að fullnýtt stöð gæti verið starfsvettvangur fyrir sex heimilislækna.

Við opnun þessarar stöðvar gjörbreytast mál heilsugæslu Kópavogs til hins betra. Þá eru komnar þrjár heilsugæslustöðvar í bæjarfélagið og þar af tvær með þeim nýjustu á landinu.

Ljóst er að heilsugæslustöðin í Fannborg er staðsett í húsnæði sem í upphafi var ekki ætlað til slíkrar starfsemi. Verulega hefur þó létt á þeirri stöð og mun létta við það að tvær nýjar koma í bæjarfélagið. Möguleikar á flutningi stöðvarinnar hafa verið skoðaðir, en það liggja ekki fyrir ákvarðanir í því máli.

Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningum hv. þm. um heilsugæslumál í Kópavogi.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna umræðunnar um heilsugæsluna vil ég minna á það, að það er víðar sem vantar heilsugæslu fyrir íbúa, fjöldi Reykvíkinga er án heilsugæslustöðva, þó

svo það séu ýmsar úrbætur fram undan í þeim efnum, þá hafa í mörg, mörg ár, heilu hverfin verið án heilsugæslu.

Mig langaði, vegna þessarar umræðu, að spyrja hæstv. ráðherra hvort stöður heilsugæslulækna á heilsugæslustöðvunum í Reykjavík verði auglýstar, því nú fer ráðningartími heilsugæslulækna að renna út á næstunni og vil því gjarnan vita hvort þær verði auglýstar opinberlega.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigurrós Þorgrímsdóttur fyrir að vekja máls á þessu. Kópavogur er ört stækkandi bæjarfélag og glímir við sama vanda og mörg önnur bæjar- og sveitarfélög í landinu sem er skortur á frumheilsugæslu.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir vakti athygli á því að hér í kjördæmum í Reykjav. s. og Reykv. n. hefur verið viðvarandi vandi af þessu tagi. Sú tilraun sem menn eru að ráðast í í Salahverfinu er ákaflega merkileg. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að taka upp nýjar leiðir og nýjar áherslur, ekki síst á sviði heilsugæslunnar, til þess að ráða bót á þeim vanda sem þar er við að glíma, ekki bara á hinum þéttbýlli svæðum landsins, heldur um allt land. Við vitum að skortur á heilsugæslu og skortur á læknum úti um landið hefur verið einn af þeim þáttum sem hafa dregið úr vilja manna til þess að byggja hinar dreifðu byggðir. Ég held að menn þurfi að ráðast gegn því vandamáli með nýjum aðferðum og þess vegna er brýnt að við sjáum afleiðingarnar af þessari tilraun sem hæstv. heilbrrh. hefur ráðist í í Kópavogi.

[15:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þörfum Kópavogsbúa fyrir öfluga heilsugæslu. En mig langar til að bæta einni spurningu í púkkið, tiltölulega einfaldri, til hæstv. ráðherra hvort heildstæð þarfagreining hafi farið fram á öllu landinu hvað varðar heilsugæsluna og hvernig hún líti út á hverju heilsugæslusvæði fyrir sig, hvort þarfir íbúa fyrir heilsugæslu séu uppfylltar, að mati ráðherra, hvort það hafi farið fram einhver heildstæð úttekt á heilsugæslunni.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör. Ég er mjög ánægð að heyra það að Salastöðin eigi að opna í janúar, því eins og flestir vita hafa heilsugæslumálin legið nokkuð þungt á Kópavogsbúum, kannski sérstaklega þeim sem hafa verið án læknis. Ég þakka fyrir góð og skýr svör.

[15:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hefja máls á þessari umræðu því heilsugæslumálin eru mjög mikilvægur þáttur heilbrigðisþjónustunnar.

Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá þeim sem hér hafa tekið til máls, að úrbóta er þörf í Reykjavík. Við höfum auglýst eftir húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi sem við vonumst til að geta komið í gagnið í framhaldi af því, en þar hefur ekki verið heilsugæslustöð í langan tíma eins og menn þekkja. Það hafa komið áhugaverð tilboð um húsnæði fyrir þá stöð sem verið er að fara yfir.

Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. n. fyrir jákvæð orð í minn garð og hygg að við séum sammála um það að það ber að skoða reynsluna af útboðinu í Salahverfi. Það tókst ágætlega það sem af er og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að nota þær aðferðir áfram ef upp kemur sú staða. Ég tel að það sé af hinu góða að það séu blandaðar aðferðir í rekstrarformum heilsugæslunnar, eins og er í heilbrigðisþjónustunni almennt. Við erum með einkarekstur í mörgum greinum þar og hefur lengi viðgengist, en ég ætla að láta liggja á milli hluta U-beygjuna sem hefur verið tekin síðan ég var skammaður fyrir þetta útboð í fyrra í umræðum á Alþingi, það er liðin tíð.

En varðandi allt landið eða heildstæða úttekt á heilsugæslunni. Við höfum góða mynd af því hvað þarf af læknum á landsbyggðinni. (Forseti hringir.) Sums staðar er vissulega við erfiðleika að etja, annars staðar eru þessi mál í góðu lagi á landsbyggðinni og við gerum okkur grein fyrir því hver þörfin er.

Heilsugæsla á Suðurlandi.

Fsp. MF, 232. mál. — Þskj. 252.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu síðan barst sveitarstjórnum á Suðurlandi bréf þar sem þeim var tilkynnt sú ákvörðun ráðuneytisins að stjórn allra heilsugæslustöðva á Suðurlandi yrðu um næstu áramót færð á einn stað undir stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi. Í sjálfu sér höfðu sveitarstjórnirnar ekkert með þetta að gera, þar sem yfirstjórn heilsugæslunnar er hjá ríkinu. Þó hefði mátt ætla, þar sem áður hafði heyrst sú yfirlýsing hæstv. ráðherra að hann teldi ekki fráleitt að skoða þann möguleika að sveitarfélögin tækju yfir rekstur heilsugæslunnar sem hefur gefist nokkuð vel hjá svokölluðum tilraunasveitarfélögum og vegna þess að nú er að störfum nefnd sem á að skoða breytt verkaskipti ríkis og sveitarfélaga, að þetta verkefni hlyti að vera ofarlega á blaði hvað varðar aukin verkefni sveitarfélaganna. Vegna þessa hefði mátt ætla að beðið yrði með ákvarðanatöku þar til nefndin lyki störfum. En það er einkennilegt, þó ekki sé meira sagt, að ráðast í breytingar á þessum tímapunkti.

Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort hægt er að ná fram betri og hagkvæmari rekstri með því að stjórn heilsugæslunnar t.d. á Klaustri, Vík, Hverageröi, Ölfusi, Laugarási, Hvolsvelli og Hellu, verði á Selfossi, en það liggja fyrir formleg mótmæli a.m.k. frá einu þessara sveitarfélaga, Ölfusi. Í bréfi frá þeim segir, með leyfi forseta:

„Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss þann 29. október sl. var eftirfarandi samþykkt gerð:

Bæjarstjórn Ölfuss ítrekar andmæli sín við fyrirhuguð áform heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um sameiningu heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva á Suðurlandi. Bæjarstjórn Ölfuss óskar eindregið eftir viðræðum við ráðuneytið um mögulega yfirtöku sveitarfélagsins á rekstri heilsugæslustöðvarinnar í Þorlákshöfn.

Bæjarstjórn Ölfuss átelur ef ráðist yrði í þessar breytingar gegn vilja bæjarstjórnar. Bæjarstjórn mun ekki undir nokkrum kringumstæðum sætta sig við skerta eða breytta þjónustu heilsugæslunnar."

Bréf þetta sýnir að það átti sér ekki stað eðlilegt samráð við sveitarstjórnirnar. Það átel ég, sérstaklega í ljósi þess að vilji bæjarstjórnar Ölfuss er að taka við rekstri heilsugæslunnar og hún hefur mótmælt þessari ákvörðun harðlega í tvígang.

Ég ber fram spurningar í ljósi þess að verið er að skoða breytt verkaskipti ríkis og sveitarfélaga þar sem hæstv. ráðherra hefur sjálfur ekki útilokað breytingu á rekstri heilsugæslunnar og síðast en ekki síst í ljósi þess að sveitarstjórnum og stjórnum heilsugæslustöðva á hverjum stað var ekki gefið svigrúm til að ræða aðra möguleika. Svokallaðir samráðsfundir voru í raun aðeins kynningarfundir á tekinni ákvörðun.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvernig var staðið að undirbúningi þeirrar ákvörðunar að hafa stjórn allra heilsugæslustöðva á Suðurlandi undir einum hatti og hverjir sáu um undirbúninginn?

2. Var haft samráð við núverandi starfsfólk heilsugæslustöðva á Suðurlandi?

3. Var haft samráð við sveitarstjórnir á Suðurlandi?

4. Hver er afstaða ráðherra til þess að flytja umsjón heilsugæslunnar yfir til sveitarfélaga?

Að lokum: Hefur ráðherra tekið ákvörðun varðandi erindi bæjarstjórnar Ölfuss þess efnis að sveitarfélagið taki sjálft við rekstri heilsugæslustöðvarinnar?

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Allt frá setningu laga um heilbrigðisþjónustu sem tóku gildi árið 1974 hefur ráðherra haft heimild til að framkvæma ákveðnar skipulagsbreytingar sem tengjast heilbrigðisstofnunum. Þar má nefna skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi, einnig sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu. Fyrsta breytingin sem varð í þessa veru var sameining heilsugæslustöðva í Reykjavík en þær voru felldar undir eina stjórn fyrir alllöngu síðan.

Annar stór áfangi í sameiningarmálum var þegar samreknar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús víða um land voru sameinuð í svokallaðar heilbrigðisstofnanir fyrir tæpum áratug, þ.e. felldar undir eina stjórn. Og áframhaldandi sameining heilbrigðisstofnana hefur síðan átt sér stað. Sameining heilbrigðisstofnana Austurlands sameinaði sjö stofnanir sem reyndar höfðu skömmu áður verið tíu stofnanir með níu stjórnum. Sameining heilsugæslu í Rangárþingi sameinaði tvær heilsugæslustöðvar og það var gert með reglugerð árið 1998 af forvera mínum í embætti. Heilsugæsla Seltjarnarness, í Reykjavík, Kópavogi og Mosfellsbæ hefur verið rekin af einni framkvæmdastjórn um nokkurt skeið.

Það má fullyrða að reynsla af þessari sameiningu hefur verið mjög jákvæð. Hún hefur leitt til styrkingar á heilbrigðisþjónustu heima í héraði, hefur samþætt mönnun og samvinnu milli stofnana og staða og víða aukið á stoðþjónustu. Sameining rekstrarþátta hefur einnig orðið möguleg og ýmsir rekstrarþættir hafa færst héðan frá Reykjavík og heim í hérað sem ég tel ótvírætt mikinn kost. Við þessar sameiningar hafa skapast öflugri rekstrareiningar og stofnanir sem sjálfar ráða yfir stærri og þyngri málum en áður var þegar tiltölulega lítil vandamál leiddu af sér að sífellt var sótt til ráðuneytisins um úrlausn þeirra mála.

Í ljósi þessarar jákvæðu reynslu hef ég unnið á þessum nótum. Almennur upplýsingafundur var haldinn haustið 1999 á Selfossi þar sem þessi mál voru rædd og reynsla af öðrum landsvæðum kynnt. Þó varð ekki frekar úr þessum áformum á þeim tíma.

Í ljósi þessa sem ég hef nú sagt ákvað ég að fela starfsfólki ráðuneytisins að vinna að frekari sameiningu á Suðurlandi þar sem eru nú sjö heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar, sem sumar hverjar eru með minnstu rekstrareiningum í heilbrigðisþjónustunni hér á landi. Voru áform þessi kynnt öllum viðkomandi stofnunum bréflega um mitt sl. sumar, einnig öllum viðkomandi sveitarfélögum og samtökum sveitarfélaga, þó að nýlegar lagabreytingar hafi numið á brott kvaðir um slíkt samráð. Svör bárust frá flestum umsagnaraðilum sem lögðu ríka áherslu á að halda þeirri þjónustu sem íbúunum býðst og lýstu sumir þeirra ótta sínum yfir að sameining af þessu tagi gæti leitt til versnandi þjónustu. Slíkt hefur þó engan veginn orðið reynslan frá þeim landsvæðum þar sem sameining af þessu tagi hefur átt sér stað.

Í framhaldinu boðaði ráðuneytið til funda á Suðurlandi í september sl. og var fundað á öllum þessum heilbrigðisstofnunum. Til fundanna voru boðnir bæði fulltrúar sveitarstjórna og þeir starfsmenn hverrar stöðvar sem mynda svokallað framkvæmdaráð stofnunarinnar, þ.e. framkvæmdastjóri, yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri. Var fundað á öllum stöðum og var mæting mjög góð. Samtals komu um 45 manns á fundina auk fulltrúa frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga. Á fundunum var rakinn aðdragandi að þessum áætlunum, reynsla af öðrum svæðum, greint frá lagaumhverfi og þeim breytingum sem nýlega höfðu orðið að lögum. Tóku margir sveitarstjórnarmenn það upp að fyrra bragði að nýlega hefði áðurnefnd lagabreyting skerpt á mörkum ríkis og sveitarfélaga og því ekki óeðlilegt að taka fullt tillit til þessara breytinga.

Þá má þess geta að við sameiningu þessara sjö heilbrigðisstofnana á Suðurlandi yrði til öflug stofnun sem miðað við núverandi fjárlög hefðu á tólfta hundrað millj. kr. til ráðstöfunar og hefði að mínu mati gjörbreyttar og bættar forsendur til að takast á við þau verkefni sem þessum stofnunum eru í dag falið. Slíkt hefur tvímælalaust orðið reynsla af öðrum landsvæðum.

Hv. þm. spyr að lokum um afstöðu mína gagnvart því að flytja umsjón heilsugæslunnar yfir til sveitarfélaga. Ég hef áður lýst því yfir í ræðu og riti að ég telji rétt að skoða flutning heilsugæslu öldrunarmála til sveitarfélaga. Ég veit jafnframt að slíkar hugmyndir eru ekki nýjar af nálinni en ég tel að efling sveitarstjórnarstigsins með færri, stærri og öflugri sveitarfélögum geti skapað forsendur sem gefa tilefni til að kanna þetta mál af fullri alvöru. Mér er ljóst að slíkt tekur alllangan tíma, tengist flókinni og tímafrekri vinnu á vegum annarra ráðuneyta en ég tel ekki ástæðu til að það standi í vegi fyrir stjórnsýsluaðgerðum ráðuneytisins á meðan málaflokkurinn er á þess hendi.

[15:37]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er gott og blessað að huga að bættri nýtingu og eflingu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum úti um land en ég held að það hafi verið alvarlegt spor aftur á bak þegar hér var samþykkt fyrir rúmu ári að fella niður tenginguna og lögboðið samráð um skipan heilsugæslumála í héraði við heimaaðila. Í lögunum var áður skylt að hafa samráð við kjörna fulltrúa, við sveitarstjórnir, um skipan heilsugæslumála en það var fellt niður og fellt algjörlega undir miðstýrt ákvörðunarvald ráðuneytisins í Reykjavík. Það tel ég mjög miður. Það á að vinna skipan þessara mála í nánu samráði við heimamenn því það eru þeir sem eiga jú að njóta þjónustunnar fyrst og fremst. Fyrir heimafólk er verið að setja upp þessa þjónustu og þess vegna tel ég þetta miðstýrða ákvörðunarvald sem nú ræður ríkjum í skipan heilsugæslumála í landinu mjög varasamt og skaðlegt.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er ætlunin að beita slíkum aðgerðum víða um land, t.d. á Norðurlandi eða Vesturlandi, á viðlíka vegu og verið er að gera á Suðurlandi?

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég dreg alls ekki í efa að ráðherra hafi haft allar heimildir til þess að standa að málum eins og gert var á Suðurlandi, að breyta rekstrarfyrirkomulaginu og færa stjórn heilsugæslustöðva undir einn hatt, sem sagt hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Og eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að leggja mat á það, hef ekki til þess forsendur, hvort mikil hagkvæmni næst fram og betri rekstur með því rekstrarfyrirkomulagi. Ég veit líka að ráðherra þarf ekki, lögum samkvæmt, að hafa samráð við sveitarstjórnir eða starfsfólk á þessum stöðvum. Hins vegar er það jafnljóst að á fundum þingmanna í Suðurk. þar sem við heimsóttum öll sveitarfélögin á Suðurlandi kom í ljós að bréf hafði borist og þessi ákvörðun ráðherra kom þeim algjörlega í opna skjöldu. Þeir höfðu reiknað með því að kynningarfundurinn sem var í haust væri aðeins byrjunin og það yrði farið í viðræður við sveitarfélögin, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur lýst, eins og hann gerði hér áðan, þeirri skoðun sinni að það beri að athuga hvort sveitarfélögin taki ekki að sér rekstur heilsugæslustöðvanna.

Ef sameining verður nú ekki á öllu Suðurlandi og verði skipt svæði þar, kannski tvö til þrjú sveitarfélög þegar búið er að ganga aðeins lengra í sameiningu en nú er, má jafnframt reikna með því að heilsugæslusvæðin yrðu af sömu stærðargráðu. Ætlar þá hæstv. ráðherra að stíga skrefið til baka og skipta aftur upp í ný sveitarfélög? Það er stundum í þessu ráðuneyti eins og vinstri höndin viti ekki hvað sú hægri er að gera.

[15:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það var unnið þannig að þessu máli að ég fól starfsmönnum mínum í ráðuneytinu að fara um Suðurland, kynna þessi mál fyrir sveitarstjórnarmönnum og heilbrigðisstarfsmönnum og það var gert. Það bréf sem fyrirspyrjandi vitnar til var til þess að hefja þetta mál. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að slíkar ákvarðanir ætti ekki að taka nema að undangenginni kynningu og umræðum og það er þá alveg á skjön við þær upplýsingar sem ég hef fengið ef undirtektir hafa verið slæmar. Ég fékk ekki þau skilaboð. Mér er fullkunnugt um að í Þorlákshöfn og Hveragerði höfðu menn efasemdir af eðlilegum ástæðum, voru að velta fyrir sér hvort þjónustan yrði óskert. Ég fullyrði að hún verður óskert. Ég er alveg tilbúinn til að ræða við sveitarstjórnina í Þorlákshöfn um þetta mál og gera ráðstafanir til þess að svo verði.

Varðandi hins vegar flutninginn yfir til sveitarfélaganna — það er, eins og ég segi, mál sem er unnið í tengslum við áform félmrn. um stækkun sveitarfélaga. Ég er sannfærður um að þótt málið yrði flutt til sveitarfélaganna yrðu þau að vinna saman að þessum miklu verkefnum sem eru öldrunarmálin og heilsugæslan, þ.e. ef niðurstaðan yrði að þau færu þangað yfir sem ég tel rétt. Þetta er nærþjónusta við fólkið.

Ofbeldi gegn börnum.

Fsp. MF, 274. mál. — Þskj. 310.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í nýrri skýrslu umboðsmanns barna kemur fram að hún telur nauðsynlegt að hér verði gerð ítarleg könnun á umfangi heimilisofbeldis gagnvart börnum og að gerð verði breyting á barnalögum þar sem fjallað er fyrst og fremst um samskipti barns og foreldris þess efnis að inn komi ákvæði sem banni foreldrum að beita barn sitt líkamlegu ofbeldi og hvers konar vanvirðandi framkomu. Slík ákvæði eru í sambærilegri löggjöf á Norðurlöndunum þar sem reynt er að fylgjast náið með umfangi þessa alvarlega ofbeldis.

Á þessi tilmæli umboðsmanns barna hefur ekki verið fallist þrátt fyrir að skoðun hennar sé sú að til að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar verði að koma fram í barnalögum afdráttarlaust bann við líkamlegu ofbeldi foreldra gagnvart börnum. Er þar vísað í 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. En til þess að taka megi á raunhæfan hátt á þessu alvarlega máli, heimilisofbeldi gegn börnum, telur umboðsmaður barna að gera þurfi könnun á hversu víðtækt það er og hver staðan sé hér á landi.

Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Með vísan til 19. gr. barnasáttmálans hef ég ítrekað skrifað dómsmálaráðuneytinu bréf og bent m.a. á nauðsyn þess að framkvæmd yrði rannsókn hér á landi á heimilisofbeldi gegn börnum. Rannsóknin ætti fyrst og fremst að beinast að umfangi heimilisofbeldis gagnvart börnum og hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem búa við slíkar aðstæður. Viðbrögð dómsmálaráðuneytis við margítrekuðu erindi mínu voru hins vegar þau að benda á að dómsmálaráðherra hefði skipað nefnd árið 2001 er hefði það hlutverk að kanna lagalegt og félagslegt umhverfi vændis hér á landi, en nefndin hefði víðtækara verksvið, þar með talið málefni sem lúta að kynferðisofbeldi gegn börnum."

Virðulegi forseti. Vinnu við þessa tilteknu skýrslu er lokið og þar var um þarft verk að ræða. En svo virðist sem umboðsmaður barna telji að ekki sé til staðar í dómsmrn. vilji til þess að þessi nauðsynlega rannsókn á heimilisofbeldi gegn börnum verði framkvæmd.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur ráðherra orðið við ítrekuðum óskum umboðsmanns barna um að gerð verði ítarleg rannsókn á heimilisofbeldi gegn börnum? Ef svo er, hvenær hófst hún og hverjir sjá um framkvæmdina? Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að ekki er farið að ábendingum umboðsmanns barna?

[15:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er: Hefur dómsmrh. orðið við ítrekuðum óskum umboðsmanns barna um að gerð verði ítarleg rannsókn á heimilisofbeldi gegn börnum?

Svarið við þessari spurningu er já. Hinn 25. apríl sl. var umboðsmanni barna veittur 500 þús. kr. fjárstyrkur til að standa að því verkefni. Verkefnið er unnið af vísindamönnum, þeim Geir Gunnlaugssyni, yfirlækni á Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík, og Jónínu Einarsdóttur mannfræðingi sem standa að verkefninu en ætla að hefja það á þann veg að fá sérfræðing til að vinna sérstaka skýrslu, skriflega samantekt af rannsóknum og skrifuðum heimildum, þar með töldum sögulegum, um ofbeldi gegn börnum

á Íslandi. Markmiðið er að niðurstaða þeirrar vinnu muni leggja grunn að umfangsmeiri rannsóknum um heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi og munu þau sækja eftir styrk frá Rannsóknaráði ríkisins á komandi hausti, þ.e. nú á þessu hausti, til frekari vinnu um málaflokkinn. Óskað var eftir því að veittur yrði 500 þús. kr. styrkur til að vinna þessa forvinnu og tilkynnt að áformað væri að ráða Sesselju Ólafsdóttur til verksins en hún hefur meistaraprófsgráðu í mannfræði frá Kaupmannahafnarháskóla.

Eins og sagði var þessi styrkur veittur hinn 25. apríl sl. og kemur fram í þeim gögnum sem ég hef undir höndum um þetta mál að búist hafði verið við því að forrannsókn lyki hinn 30. júní sl. Ég hef ekki séð niðurstöður rannsóknarinnar. En svarið við þessum spurningum er sem sagt á þann veg að veitt hefur verið fé til rannsóknarinnar og hafist hefur verið handa við hana og áform eru uppi um að halda henni áfram.

Þegar ég lít á þetta mál sé ég að það sem hefur að sjálfsögðu skort til að unnt væri að hrinda þessu í framkvæmd er að vísindamenn sýndu málinu áhuga, því ekki rannsakar dóms- og kirkjumrn. mál af þessum toga. En þarna hefur tekist samstarf af hálfu umboðsmanns barna við þessa vísindamenn um að vinna verkið og ráðuneytið hefur veitt til þess styrk svo það gæti hafist, og síðan er ætlunin að fá styrki úr rannsóknarsjóðum til þess að vinna verkið. Ég sé því ekki betur en þetta verk sé komið á rekspöl.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og fagna því sérstaklega að þessi rannsókn sé komin í gang, að hún sé þegar hafin. Hins vegar er ég ekki sammála hæstv. ráðherra um að skort hafi vilja vísindamanna til þess að rannsaka sérstaklega þetta verkefni.

Auðvitað er rétt að dómsmrn. stendur ekki í rannsóknarvinnu. En hingað til, eins og fram kemur mjög skýrt í skýrslu umboðsmanns barna, hefur ítrekað verið farið fram á það að ráðuneytið beiti sér fyrir því, sem þýðir þá eins og í þessu tilviki, að sett verði fjármagn í þessar mikilvægu rannsóknir. Ég mun, virðulegi forseti, að sjálfsögðu óska eftir því að þegar frumskýrslan liggur fyrir að henni verði dreift þannig að við fáum að fylgjast með, vegna þess að umboðsmaður barna gefur þessum þætti töluvert vægi í skýrslu sinni fyrir árið 2002. Við viljum að sjálfsögðu fylgja eftir þeim ábendingum sem fram koma í skýrslunni og þess vegna, virðulegi forseti, hljótum við að fara fram á það að hæstv. ráðherra skili okkur áfangaskýrslu þegar hún liggur fyrir.

[15:49]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég taldi nú ekki að það hefði skort neinn vilja hjá vísindamönnum til að sinna þessu verkefni. En nú liggur fyrir að vísindamenn eru að sinna verkefninu í samvinnu við umboðsmann barna og dómsmrn. hefur veitt fé til að sú rannsókn geti farið fram og ég sé ekki betur en að málið sé í góðum farvegi.

Hins vegar varðandi birtingu á niðurstöðum rannsóknarinnar lít ég þannig á að þótt ráðuneytið hafi styrkt rannsóknirnar sé það ekki endilega þess að birta þær niðurstöður. Það er að sjálfsögðu vísindmannanna sem vinna að verkefninu með umboðsmanni barna að birta rannsóknarniðurstöðurnar. Það kann hins vegar að koma síðan til kasta ráðuneytisins að bregðast við eins og þingmanna allra ef nauðsynlegt reynist að breyta lögum í ljósi þeirrar niðurstöðu sem kann að koma út úr rannsóknunum.

En málið er komið af stað, rannsóknirnar eru hafnar og þær eru stundaðar á þann vísindalega hátt sem nauðsynlegt er sem ráðuneyti geta aldrei stundað. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að auðvitað hafi þurft að fá vísindamenn til samstarfs um málið og það hefur tekist af hálfu umboðsmanns, og síðan hefur fengist fé frá ráðuneytinu til að rannsóknin fari fram. Ég sé því ekki hvað hv. þm. er að gagnrýna þau orð sem ég fór hér með. En birting á niðurstöðunum er náttúrlega háð því sem vísindamennirnir sjálfir ákveða. Þetta er þeirra rannsókn í samvinnu við umboðsmann barna og það er þeirra aðila að taka ákvörðun um birtingu en ekki dómsmrh. að birta áfangaskýrslu um niðurstöður slíkra rannsókna.

Mælingar á þrávirkum efnum í hvölum.

Fsp. MÁ, 160. mál. — Þskj. 160.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Hæstv. forseti. Tilefni fsp. minnar er að undanfarið, raunar nokkur ár en einnig undanfarnar vikur og mánuði, hafa borist fregnir af mælingum á þrávirkum efnum í hvölum og öðrum sjávardýrum á norðurslóðum. Því er sjálfsagt að spyrjast fyrir um mælingar á þrávirkum efnum í hvölum sem hér hafa verið veiddir eða hér hefur rekið. Að mínum skilningi og upplýsingum eru þetta efni af því tagi að dýrið þarf ekki að vera nýskotið til að hægt sé að mæla efnin á skilvirkan hátt í vefjum þess.

Því er spurt m.a. vegna þess að þrávirk lífræn efni eru auðvitað eins og við vitum stórhættuleg og á upplýsingasíðum umhvrn. og Umhverfisstofnunar er sérstaklega varað við ákveðnum matvælum. Þungaðar konur eru t.d. varaðar við að borða oftar en hóf er að ýmislegt sjávarfang og þar á meðal hrefnu oftar en tvisvar í viku, að ég hygg. Þó kemur fram að ekki hafa farið fram mælingar á hrefnunni né öðru hvalmeti á Íslandi sem gefur réttan grunn undir slíkar leiðbeiningar eða höfðu ekki farið fram og voru ekki grunnur þeirra leiðbeiningaa sem þarna komu fram.

Því er spurt:

Hafa verið mæld þrávirk efni í hvölum á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður mælinganna?

[15:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Meðal markmiða yfirstandandi rannsókna á hrefnu er að kanna magn ýmissa mengunarefna með ítarlegum efnagreiningum á ýmsum vefjum og líffærum. Fyrirliggjandi þekking á þessu sviði hér við land er afar takmörkuð og því um frumrannsóknir að ræða. Meginmarkmið rannsóknanna lýtur að heilsufræði hvalanna en upplýsingarnar munu einnig gagnast við mat á hollustu mismunandi hvalaafurða. Fyrirhugaðar mengunarmælingar ná bæði til lífrænna þrávirkra efna svo sem díoxíðna, PCB-efna, DDT-efna, eldhemjandi efna og margra annarra þrávirkra aðskotaefna auk ólífrænna snefilefna t.d. kvikasilfurs, kadmíums, blýs, arsens, nikkels og kopars.

Fyrir liggja niðurstöður af mælingum á kvikasilfri úr átta sýnum sem tekin voru í sumar en niðurstöður varðandi önnur ólífræn snefilefni liggja væntanlega fyrir snemma á næsta ári. Þá er stefnt að því að niðurstöður varðandi mælingar á

lífrænum efnum, díoxín, díoxín-líkum PCB og marker PCB-efnum í rengi liggi fyrir í desember nk. en upplýsingum um lífræn aðskotaefni í öðrum vefjum hrefnunnar verði safnað á næsta ári.

Fyrir skömmu voru gefnar út leiðbeiningar til barnshafandi kvenna og kvenna með börn á brjósti um neyslu sjávarfangs á íslenskum markaði með tilliti til kvikasilfurs. Í leiðbeiningunum er barnhafandi konum sem og öðrum landsmönnum ráðlagt að borða fisk sem oftast eða a.m.k. tvisvar í viku sem aðalmáltíð. Nokkrar undantekningar eru þar á, eins og hrefnukjöt, sem verið hefur á markaði hér á landi, hrefnukjöt frá Noregi aðallega. Þar er mælt með að hrefnukjöts sé neytt tvisvar í viku eða sjaldnar, sem einnig á við um túnfisk í dós og svartfuglsegg. Þessi flokkun hrefnukjöts byggir á upplýsingum um innihald kvikasilfurs í hrefnu sem veidd er við Noreg og hefur verið hér á markaði.

Vegna þessara viðmiðunarreglna, fyrirspurna neytenda og eftirlitsaðila innan lands var mælingum á kvikasilfri hraðað og eins og áður segir liggja nú fyrir fyrstu niðurstöður mælinga á styrk kvikasilfurs í hrefnukjöti hér við land. Meðaltal þeirra mælinga er um 90 míkrógrömm á kílógramm en meðaltal mælinga Norðmanna á kvikasilfri í hrefnu í veiðum þeirra voru 230 míkrógrömm per kílógramm. Þessar niðurstöður lágu því miður ekki fyrir áður en umræddar leiðbeiningar voru gefnar út en samkvæmt þeim er verulegur munur á innihaldi kvikasilfurs í hrefnu sem veidd er við Ísland og við Noreg og leiðbeiningarnar eiga því ekki að öllu leyti við um þá hrefnu sem veidd er við Ísland.

[15:58]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þetta voru ákaflega fróðlegar upplýsingar sem hæstv. sjútvrh. veitti við fsp. hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég hef oft undrast í umræðum í þinginu þegar borið hefur niður nálægt hvölum og öðrum sjávarspendýrum að ekki skuli hafa verið ráðist í mælingar á þrávirkum lífrænum efnum.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum þegar ég gegndi embætti umhvrh. var drepinn ísbjörn miðja vegu milli Vestfjarða og Grænlands og ýmsar mælingar voru gerðar á honum. Í ljós kom ákaflega hátt hlutfall lífrænna þrávirkra efna. Hinn kaldi sjór og hið kalda umhverfi norðurslóða virkar sem eins konar segull á þessi efni sem berst um loftvegu langt að, safnast fyrir í fæðukeðjunni, flytjast á milli þrepa í fæðukeðjunni og enda í þeim spendýrum sem eru efst í keðjunni. Og þau sem hafa þykkt fitulag eins og bjarndýr og hvalir eru líkleg til að hafa þar ákaflega hátt hlutfall. Kannski ekki hrefnan af því að hún er neðar en ýmsir tannhvalir.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa engar slíkar mælingar verið gerðar á tannhvölum sem eru efst í fæðukeðjunni? Er það fyrirhugað?

[15:59]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans og fagna því að þetta skuli vera á dagskránni. Raunar er furðulegt að þetta skuli ekki koma fyrr en hér er lýst, að miðað sé við að þetta verði á næsta ári. En um rengið, sem er nú varasamt, menn meta og harma það ýmsir minna en sjálft kjötið, það mun þó liggja fyrir í desember og væntanlega þá frá Hafrannsóknastofnun eða hvað? En ég hygg að sú ákvörðun hafi nýlega verið tekin.

Það skiptir auðvitað miklu máli fyrir okkur, um leið og við fögnum þeim samanburði sem fengist hefur á sjávarfangi okkar og Norðmanna, að við höfum þessar upplýsingar ævinlega tiltækar í bæði baráttu okkar fyrir að standa á rétti okkar og í því að selja vöru okkar, og líka í þeirri sölu sem innan lands er viðhöfð. En núverandi opinberar leiðbeiningar til vanfærra kvenna eru þær að borða ekki hrefnukjöt oftar en tvisvar í viku, og er hrefnan þó, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á, tiltölulega neðarlega eða neytir fæðu tiltölulega neðarlega í fæðukeðjunni og er því ekki vettvangur þeirrar samsöfnunar sem ofar gerist í henni, svo sem væntanlega er í öðrum þeim hvalategundum sem menn hafa undir forustu m.a. hæstv. sjútvrh. í hyggju að veiða hér á næstu áratugum, hvað sem um það svo má segja.

[16:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég gleymdi í upphafi svars míns að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina.

En vegna fsp. hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um víðtækari mælingar þá eru fyrirhugaðar mælingar samkvæmt áætlunum okkar á þremur hvalategundum, þ.e. hrefnunni, sandreyði og langreyði. Enn sem komið er hafa hins vegar ekki verið teknar ákvarðanir um vísindaveiðar nema á hrefnunni, og vísindaveiðarnar á hrefnunni ganga að miklu leyti út á það einmitt að staðsetja hrefnuna í fæðukeðjunni. Að hve miklu leyti hrefnan nærist á fiski, á þorski, bolfiski, síld eða loðnu og þar fram eftir götunum, og að hve miklu leyti nærist hún á svifi og því sem er þá neðar í fæðukeðjunni. Þær upplýsingar sem við höfum í dag um hinar tegundirnar, þ.e. langreyði og sandreyði, eru að þær nærist tiltölulega neðarlega í fæðukeðjunni, aðallega á svifi og tiltölulega lítið á fiskmeti. Þetta eru hins vegar tegundir sem staðsetja sig í fæðukeðjunni á breytilegan hátt eftir því hvar þær eru staddar landfræðilega, þannig að breytingar í umhverfi í hafinu gætu leitt til breytinga á staðsetningu þeirra í fæðukeðjunni.

Það er hins vegar hárrétt hjá hv. þm. að tannhvalir eru að öllu jöfnu staðsettir ofar í fæðukeðjunni. Hins vegar eru ekki fyrirhugaðar rannsóknir á tannhvölum. Það væri þá aðallega um að ræða búrhvali, sem er þeirra stærstur á þessu hafsvæði og ekki hafa verið fyrirhugaðar rannsóknir á tannhvölum neðar í fæðukeðjunni, svokölluðum smáhvölum hér í kringum landið. En það væri vissulega verðugt rannsóknarefni.

[16:04]

Útbýting þingskjala:

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 351.

Einkaleyfi, 303. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 348.

Félagsgjöld fyrirtækja og launþega, 112. mál, svar fjmrh., þskj. 323.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 349.

Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar, 305. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 350.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 352.

Stjórnendur lífeyrissjóða, 177. mál, svar fjmrh., þskj. 319.

[Fundarhlé. — 16:05]

[18:00]

Útbýting þingskjals:

Greiðsla örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum, 245. mál, svar fjmrh., þskj. 327.

Farþegaskattur.

Fsp. ÁRJ, 217. mál. — Þskj. 230.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um farþegaskatta. Eins og staðan er í dag erum við með farþegaskatta sem felast í m.a. innritunargjöldum, það eru flugvallarskattar og svo vopnaleitargjald sem leggjast ofan á verð farseðils í flugi.

Þessir farþegaskattar hafa verið nokkuð í umræðunni, sérstaklega núna í ljósi harðnandi samkeppni í fluginu. Einnig hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemdir við þessa skatta sem hún telur ekki samræmast EES-samningnum, þ.e. í því ljósi að það samræmist honum ekki að vera með mismunandi skatt í millilandaflugi og innanlandsflugi.

Fram hafa komið vísbendingar um að þessi skattlagning hafi haft áhrif á flugið og ferðaþjónustuna. Það upplýsti hæstv. ráðherra á ferðaráðstefnu Ferðamálaráðs nú fyrir skömmu. Eins og menn vita skiptir verð í ferðaþjónustunni mjög miklu máli í mikilli samkeppni eins og ríkir nú, sérstaklega verð á flugferðum.

Vegna þess að hæstv. ráðherra ýjaði að því á ferðamálaráðstefnunni sem ég vitnaði til að hann hygðist breyta þessum farþegasköttum spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni breyta álagningu farþegaskatta í ljósi áhrifa þeirra á ferðaþjónustuna og ef svo er, í hverju þær breytingar muni felast. Ætlar hann að leggja þá alfarið af?

[18:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir ber hér upp fyrirspurn um farþegaskatta sem hún hefur gert grein fyrir.

Mitt svar er svohljóðandi: Farþegaskattur er tekjustofn vegna flugmálahluta samgönguáætlunar. Farþegagjald hefur verið mikið til umræðu að undanförnu í tengslum við harðnandi samkeppni á flugleiðum og vegna athugasemda ESA sem telur að það samræmist ekki EES-reglum að hafa mismunandi skatta í millilandaflugi og innanlandsflugi. ESA hefur sótt þetta mál svo langt að þann 17. okt. sl. voru réttarhöld í dómstóli EFTA í Lúxemborg um kæru stofnunarinnar á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna farþegagjaldsins. Ég ætla ekki að spá fyrir um niðurstöðu dómstólsins en búast má við að dómurinn verði kveðinn upp í fyrri hluta desembermánaðar. Auðvitað mun niðurstaðan skipta okkur máli og hafa áhrif á framvinduna hér á landi svo framarlega sem dómstólinn kemst að þeirri niðurstöðu að gera þurfi breytingar.

Ráðuneytið hefur í samráði við fjmrn. og utanrrn. kannað nýjar leiðir við innheimtu gjaldsins og er það ekki eingöngu vegna athugasemda frá ESA sem það hefur verið til skoðunar. Með hliðsjón af því að farþegagjaldið er umdeilanlegt fól ég Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að meta áhrif gjaldtöku, þar með talið farþegagjalds, á íslenska ferðaþjónustu og jafnframt að rannsaka framlag hennar, sem er nú raunar allt annað mál, til þjóðarframleiðslu með nýjum hætti. Mér finnst mjög mikilvægt að líta á heildarmyndina í þessu sambandi. Það er tilgangslaust að taka eina tegund gjaldtöku út úr en setja síðan aðra í staðinn undir öðru nafni.

Skýslugerð Hagfræðistofnunar er ekki lokið en í vinnslu þessa máls hefur komið fram vísbending um að sérstök gjöld á ferðaþjónustuna hafi meiri áhrif, og þá sérstaklega á flugið, en áður hefur verið talið. Byggir þetta á þeirri staðreynd að eftirspurn eftir flugi virðist mun teygnari eftir því sem framboð lágfargjalda eykst, skattar verða hærra hlutfall fargjalda.

Til einföldunar get ég nefnt sem dæmi að búast má við mun meiri fjölgun farþega þegar verðið lækkar úr 20 þús. kr. niður í 15 þús. kr. en þegar það lækkar úr 40 þús. kr. niður í 35 þús. kr. á farmiða, þó að um sömu upphæð í lækkun sé að ræða.

Verðlagning ferðaþjónustu skiptir miklu máli í því samkeppnisumhverfi sem við hrærumst í. Ég tel, eins og áður sagði, óhjákvæmilegt að taka þessa gjaldtöku alla til endurskoðunar með það að markmiði að kappkosta að gæta allrar þeirrar hagkvæmni sem hægt er til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna í landinu. Nauðsynlegt er, áður en það er gert, að fyrir liggi niðurstaða dómstólsins og búið verði að vinna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Breytingar á farþegasköttum verða ekki gerðar nema með breytingum á lögum eins og hv. þingmenn vita. Ég tel koma til greina að gera breytingar á farþegasköttum, ekki síst ef lækkun skatta gæti leitt til meiri flutninga og þar með aukinna tekna eða jafnmikilla tekna eftir sem áður. En það verður að leggja ríka áherslu á það að við verðum að tryggja að við höfum fjármuni til þess að standa undir kostnaði við flugmálaáætlunina og þá mikilvægu og vaxandi þjónustu sem þarf að láta flugrekstrinum í té á flugvöllum landsins.

[18:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni, og reyndar ábyggilega allir þingmenn, viljum gera það sem hægt er til þess að auka fjölda þeirra sem sækja landið heim. Ég fagna því að hæstv. samgrh. lýsir því hér yfir að það komi sterklega til greina að endurskoða farþegaskatta. Hann vísar til þess að það sé nauðsynlegt að breyta lögum. Sannarlega munum við hjálpa honum til þess.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að ef verð á farmiðum mundi lækka þá mundi það að öllum líkindum leiða til þess að fleiri kæmu til landsins. Er þá ekki sjálfgefið að ef farþegaskattarnir eru lækkaðir og þar með verð á farmiðum lækkað þá munu fleiri koma til landsins? Það er yfirlýst markmið hæstv. ráðherra og getur hann þá ekki lýst því yfir hér og nú að hann muni gera það?

Í annan stað langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki koma til greina að lækka eða fella niður lendingargjöld að vetrarlagi í því skyni að auka fjölda ferðamanna hingað á þeim tíma ársins með svokölluðum lággjaldaflugfélögum.

[18:08]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Vissulega er það ánægjuefni ef hann áformar að lækka þessa skatta og jafnvel vonandi afnema þá.

Það er rétt að fram hefur komið, eins og hæstv. ráðherra sagði, að ef flugfarseðlar kosta minna þá fjölgar farþegum og þá fáum við meiri tekjur inn í landið í gegnum ferðaþjónustuna, en í dag er skatttekjur af ferðamönnum á ári 9 milljarðar samkvæmt nýlegum útreikningum þannig að þetta eru verulegir peningar sem koma í ríkissjóð.

Hæstv. ráðherra segir hér að hann ætli að bíða eftir dómnum í desember með það hvað hann geri. Hann hefur verið að kanna nýjar leiðir. Það væri fróðlegt að heyra hjá

hæstv. ráðherra hvaða nýjum leiðum hann hefur hugað að og síðan hvernig hann hyggst kosta flughluta flugmálaáætlunar og hvort í það geti þá ekki farið beint eitthvað af þeim skattpeningum sem við fáum inn af ferðaþjónustunni.

Það væri líka fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra segja frá afstöðu sinni til lækkunar lendingargjalda sem eru vissulega hluti af farmiðagjaldinu í fluginu. Það væri því rík ástæða til þess að skoða það, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur lagt áherslu á að auka ferðaþjónustuna eða komu ferðamanna hingað allt árið og sérstaklega á þessum dauðu tímum sem eru yfir veturinn. Það er ástæða til að skoða einmitt þann þátt.

[18:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson velti fyrir sér þeim möguleika hvort e.t.v. væri skynsamlegt að lækka — ég skildi það svo — farþegaskatta og þá eftir atvikum lendingargjöld að vetrarlagi til þess að reyna að draga hingað fleiri til landsins. Það hefur ekki út af fyrir sig verið til sérstakrar skoðunar hjá okkur að hafa þessa skattlagningu mismunandi eftir árstíðum. Ég sé ekki alveg á hvaða forsendum ætti að gera það vegna þess að við erum jú auðvitað að innheimta skatta til þess að fá tilteknar tekjur. Það gerum við með farþegasköttunum. Hins vegar eru það lendingargjöldin sem eiga að standa undir kostnaði við þjónustuna á flugvöllunum.

Ég veit að stjórnendur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hafa lagt í mjög mikla vinnu við að skoða alla kosti þess að reyna að draga sem flesta að þjónustu á flugvellinum og fá fleiri farþega um völlinn. Það er af hinu góða. En ég tel á þessu stigi ekki skynsamlegt að gefa neinar yfirlýsingar um það hvernig við ættum e.t.v. að breyta skattlagningarkerfi okkar. Ég vil bíða, eins og ég sagði áðan, til þess tíma að niðurstaða liggur frá frá dómstólnum í Lúxemborg.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi lækkun lendingargjalda. Ég tel að e.t.v. séu ekki forsendur fyrir því, þó að ég hafi ekki glöggar upplýsingar um það í dag, vegna afkomu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og er og rekstrar á Keflavíkurflugvelli. En ég tel nauðsynlegt að taka þetta allt saman til (Forseti hringir.) gagngerrar endurskoðunar með það sérstaklega í huga að fara þær leiðir við þessa skattlagningu sem tryggja annars vegar tekjurnar og svo hins vegar að það gæti orðið (Forseti hringir.) hvatning til þess að fleiri komi til landsins með flugi.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill biðja hæstv. ráðherra að virða ræðutíma.)

Úthlutun fjár til kynningar- og markaðsmála í ferðaþjónustu.

Fsp. ÁRJ, 219. mál. — Þskj. 232.

[18:13]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Undanfarin þrjú ár hafa stjórnvöld veitt ákveðnum fjárhæðum til markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu, sem er ánægjuefni. Alls eru þetta 770 millj. ef litið er til þriggja ára, þ.e. 2002, 2003 og 2004. Ekki er búið að úthluta til 2004 enda snýst fyrirspurn mín um það.

Eins og ég benti á áðan í umræðunni um fyrirspurn mína hér á undan þá má ætla að við fáum um 9 milljarða á ári í skatttekjur af ferðaþjónustunni. Því er mikilvægt að styðja hana eins og verið er að gera með þessum fjárveitingum. Upphæðin sem kom árið 2002 var 150 millj. og 2003 var hún 300 millj. Þar af fóru 185 millj. til úthlutana erlendis.

En ég er að spyrja hér um úthlutunina fyrir árið 2004, þ.e. um það sem á eftir að úthluta, en það eru 320 millj.

Úr þessum potti sem ég nefndi áðan hafa Flugleiðir fengið mest fé. Þeir fengu alla peningana 2002 og 86% af þeirri fjárveitingu sem veitt var í ár. En nú á sem sagt eftir að útdeila 320 millj.

Það er svo sem ekkert óeðlilegt að Flugleiðir hafi fengið alla fjárhæðina árið 2002 í ljósi þess að þá var ástandið mjög slæmt í flugmálum eftir 11. september. En úthlutun þessara markaðspeninga í fyrra fyrir árið í ár hefur verið harðlega gagnrýnd vegna þess að reglurnar voru mjög þröngar og vegna þess hversu þröngar þær voru þá mismunuðu þær fyrirtækjum í greininni. Ýmis fyrirtæki telja sig hafa verið afskipt. Ég er að spyrjast fyrir um þessar reglur vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að þeim verði breytt þannig að ferðaþjónustufyrirtæki sem starfa t.d. á fyrirtækjamarkaði geti fengið úthlutanir af þessum peningum, þau hafa þá t.d. erlend ferðaþjónustufyrirtæki sem viðskiptavini. En reglurnar fyrir árið í ár miðuðu aðeins við kynningu og markaðsátak gagnvart neytendum beint. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að breyta því.

Ég minni á að markaðsstarf í ferðaþjónustu snýst ekki eingöngu um auglýsingar. Oft hafa t.d. boð fyrir blaðamenn sem skrifa greinar í blöð með myndum haft mun meiri áhrif en auglýsingar. Menn voru líka að takmarka sig við heilsársþjónustu, en stór hluti af ferðaþjónustufyrirtækjum vinnur á markaðnum yfir háannatímann og voru þau t.d. útilokuð líka. (Forseti hringir.) Útbreiðsla fjölmiðla var einnig eitt af atriðunum.

Herra forseti. Ég hef (Forseti hringir.) nú spurt hæstv. ráðherra ákveðinna spurninga sem hann hefur á spurningablaðinu, (Forseti hringir.) þ.e. þingskjalinu, fyrir framan sig.

[18:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spyr: Hvernig hyggst ráðherra úthluta þeim 320 millj. kr. sem ætlaðar eru til markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu í fjárlögum fyrir árið 2004? Verða gerðar breytingar frá úthlutunarreglum fyrra árs og ef svo er, þá hverjar?

Í ljósi góðrar reynslu munu þessir fjármunir fara í sérstakt markaðsátak undir stjórn ferðamálastjóra og hans fólks. Reikna ég með að umfangsmikilli auglýsinga- og kynningarherferð verði hrundið af stað á hefðbundnum markaðssvæðum, en einnig verði stutt við markaðsstarf í Japan sem gefur góðar vonir og er farið að skila sér. Eins geri ég ráð fyrir að skrifstofa Ferðamálaráðs muni í byrjun næsta árs bjóða út fjármuni til samstarfsverkefna og leitast þannig við að tvöfalda það fjármagn sem kemur frá hinu opinbera. Þetta hefur verið gert tvisvar sinnum og gafst mjög vel.

Í fyrirspurninni er spurt um úthlutun 320 millj. kr. á árinu 2004 og hvort gerðar verði breytingar á úthlutunarreglum fyrra árs. Hér er líklega átt við þann hluta umræddrar fjárveitingar á árinu 2003 sem nýttur var til samstarfsverkefna á þann hátt að auglýst var eftir samstarfsaðilum sem væru reiðubúnir til að leggja a.m.k. sömu upphæð og hið opinbera til almennra kynningarverkefna á innlendum og erlendum mörkuðum. Engum fjármunum var úthlutað, heldur ákveðið

á grundvelli umsókna til hvaða samstarfs yrði gengið, það er nauðsynlegt að undirstrika það.

Á árinu 2003 voru alls 217 millj. kr. boðnar út, ef þannig má að orði komast, í þeim tilgangi. Á þessu ári er unnið að almennum markaðsverkefnum fyrir um 440 millj. kr., þar sem meira en helmingurinn kemur frá þessum samstarfsaðilum. Með þessu fyrirkomulagi hefur því tekist að meira en tvöfalda þá fjármuni sem nýttir eru til þessara almennu kynningarverkefna.

Samkvæmt upplýsingum ferðamálastjóra eru ekki fyrirhugaðar meginbreytingar á þessu fyrirkomulagi vegna ársins 2004. Svipað hlutfall fjárveitingar og í ár verður nýtt til samstarfsverkefna, auk þess eins og áður sagði, verður hluta hennar varið til kynningarmála í Japan. Rúmlega 20% fjárveitingarinnar fer til kynningarverkefna Ferðamálaráðs á innlendum markaði og á heimsbundnum markaðssvæðum okkar erlendis.

Nokkurs misskilnings gætti um þetta fyrirkomulag á yfirstandandi ári, en ég vil hins vegar ekki taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði að það hafi verið harðlega gagnrýnt. Þegar verið er að skipta fjármunum upp á milli aðila eru alltaf margir sem vilja komast í það, en þessi misskilningur var nokkur á síðasta ári, þar sem m.a. kom fram að verið væri að auglýsa styrki en ekki verið að leita eftir samstarfsaðilum. Vegna þessa verður nú lögð mikil áhersla á að kynna fyrirkomulagið enn frekar til að sem flestum áhugasömum um samstarf sé ljóst hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta gengið til slíks samstarfs. Þetta verður m.a. gert með upplýsingafundum, auk heimsbundinna auglýsinga.

Það er von mín að þetta ágæta fyrirkomulag og það mikilvæga samstarf sem náðist við ferðaþjónustuaðila, sem voru tilbúnir til að ganga til þessa mikilvæga verkefnis að kynna landið okkar og kosta miklu til, megi takast vel. Miðað við þau viðbrögð og þann áhuga sem þessu er sýnt, á ég ekki von á öðru en þetta muni ganga vel og muni sýna sig í fjölgun erlendra ferðamanna sem koma til landsins, þá er tilganginum náð.

[18:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hann segir að hann muni ekki gera meginbreytingar á reglunum sem voru í fyrra. Það er bara orðalag hvort maður talar um samstarf eða útboð. Það er auðvitað verið að bjóða út fé. Það er nánast verið að veita styrki, krónu á móti krónu, eins og gert var í fyrra, og verið að bjóða ákveðnum fyrirtækjum að koma inn í það starf. Ég tel það mjög mikilvægt að reglurnar verði þannig að við opnum fyrir fleirum, það verði fleiri sem geta komið inn í þetta.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann skoðað það hvort þessi aðferðafræði, króna á móti krónu, hafi í raun og veru skilað meiri peningum til markaðsstarfsins? Við vitum að mörg fyrirtæki eyða miklum fjármunum af veltu sinni, stórum hluta, í markaðsstarf og kynningarstarf, jafnvel meiri hluta en t.d. Flugleiðir. Eru þessi fyrirtæki að spara eitthvað af peningunum sínum með því að fá krónu á móti krónu frá hinu opinbera? Hefur það verið skoðað? Ég tel að það þyrfti að skoða það og tel að reglurnar þurfi að vera þannig að þær taki til fjárveitinga sem fara til almennra kynninga og markaðsverkefna sem hvetji til Íslandsferða.

Ég vil í lokin fagna því að það á að fara í markaðsstarf í Japan og Austurlöndum, því þar tel ég að við eigum mjög mikið óunnið af markaði sem við getum fengið til okkar, því við vitum að bæði Kínverjar og Japanar eru mjög ferðaglaðir og alltaf að kanna nýja staði, ég tel það því mikilvægt að fá þá hingað sem ferðamenn. En vil hvetja hæstv. ráðherra til að opna þessar reglur fyrir fleiri fyrirtækjum eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni.

[18:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það að þetta er mjög opið, við erum ekki út af fyrir sig að opna fyrir fleiri fyrirtækjum, við erum að opna þetta á þann hátt að þetta er auglýst og fyrirtækjum er gefinn kostur á því að leggja fram ákveðna fjármuni gegn sömu upphæð frá ríkinu. Ég tel að þessi leið sé mjög gegnsæ og eigi að geta skapað traust á milli aðila.

En aðalatriðið er, eins og ég gat um fyrr, að það náist árangur. Ég held að þetta hafi skilað mjög miklu og það sé fjarri því að fyrirtækin hafi dregið úr auglýsingafjármunum sínum eða kynningarfjármunum, heldur sé þetta hrein viðbót. Það er a.m.k. mat þeirra sem næst þessu standa, sem er afar mikilvægt.

Við getum ekki farið í bókhald fyrirtækjanna í ferðaþjónustunni og kannað það, en markaðssérfræðingarnir vita nokk hvað verið er að nota í kynningu og þeirra mat er að þetta sé nánast hrein viðbót.

Ég vil nota þetta tækifæri og segja það að fyrir íslenska ferðaþjónustu er náttúrlega algerlega ómetanlegt á kynningarmarkaði erlendis hversu öflugt, bæði í Norður-Ameríku og Evrópu, hið íslenska flugfélag, Flugleiðir, er. Þeir leggja þvílíka fjármuni sem nýtist hverjum einasta ferðaþjónustuaðila í landinu, beint og óbeint. Það er auðvitað hinn stóri styrkur okkar að við skulum hafa svo feiknarlega öflugt fyrirtæki eins og Flugleiðir eru á þessum markaði og hafa ár frá ári aukið sína starfsemi. (**ÁRJ:** Sammála ráðherra.)

Fjarskiptasamband.

Fsp. JBjarn, 196. mál. — Þskj. 198.

[18:25]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég legg fsp. fyrir hæstv. samgrh. um fjarskiptasamband. Í fyrsta lagi: Hvenær má ætla að komið verði gott GSM-fjarskiptasamband á leiðinni um Norðurárdal úr Skagafirði yfir Öxnadalsheiði til Akureyrar? Í öðru lagi: Hvenær verður komið á góðu fjarskiptasambandi á veginum yfir Þverárfjall, þ.e. frá Húnavatnssýslu og yfir Þverárfjall til Sauðárkróks?

Það er nú svo að mikil umferð er á báðum þessum fjallvegum. Á veginum yfir Þverárfjall, sem er þegar kominn í notkun og mikil umferð um, er staðan sú að á meginhluta leiðarinnar er ekkert fjarskiptasamband, hvorki GSM-fjarskiptasamband né NMT-fjarskiptasamband. Staðan er meira að segja sú að lögreglan getur ekkert frekar náð sambandi ef eitthvað skyldi þar út af bera. Þetta er algerlega óviðunandi öryggisleysi og stórhættulegt. Það má einnig benda á skíðasvæði Skagfirðinga sem er rétt fyrir ofan Sauðárkrók, þar er heldur ekkert fjarskiptasamband.

Yfir Öxnadalsheiðina, alveg frá því komið er fram í Skagafjörð, er ekkert GSM-fjarskiptasamband þar til komið er langt niður í Öxnadalinn.

Ég er hér með bréf sem yfirlögregluþjónninn á Sauðárkróki sendi Landssíma Íslands hf. 25. febrúar 2002. Þar er rakið mjög alvarlegt dæmi sem kom upp á Öxnadalsheiði einmitt vegna þess að þar er ekkert fjarskiptasamband og lá þar við stórslysi sem og oft áður.

Það er alveg ljóst að fjarskiptasamband á vegum, sérstaklega á fjölförnum fjallvegum, er eitt mikilvægasta öryggistæki til að þessar samgöngur séu virkar. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. samgrh.: Hvenær verður komið á gott og öruggt fjarskiptakerfi, annars vegar á Öxnadalsheiði og hins vegar á veginum yfir Þverárfjall?

[18:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er kannski nauðsynlegt áður en ég tek til við að svara fyrirspurn hv. þm. sem fjallar annars vegar um, fjarskipta GSM-sambönd í Norðurárdal í Skagafirði og Öxnadalsheiði og svo á Þverárfjallsveginum, er kannski rétt að vekja athygli á því að auðvitað er mikilvægasta öryggisaðgerðin fyrir hvern ferðalang fyrirhyggja og góður útbúnaður á ökutækjum. Það er því ekki hægt að treysta algerlega á símasamband til þess að sleppa við óhöppin. Þetta vil ég segja í upphafi.

Annars liggur ekki fyrir á þessari stundu að símafyrirtækin hafi undirbúið eða geri ráð fyrir framkvæmdum við uppsetningu á fjarskiptabúnaði, GSM-sendum, á þessum tilteknu fjallvegum. GSM-væðing þess hluta stofnvegakerfisins sem hefur ekki slík sambönd um þessar mundir er dýrt verkefni og nauðsynlegt að leita leiða til að lækka stofn- og rekstrarkostnað GSM-sambandanna, það er alveg ljóst. Lauslegt mat Vegagerðarinnar gefur til kynna að stofnkostnaður á stofnvegakerfi landsins við uppbyggingu GSM-kerfanna sé nærri 2 milljarðar kr. Þarna er því um feiknarlega mikla fjárfestingu að ræða, sem verður vonandi hægt að ráðast í áður en langt um líður og eftir því sem vegakerfið byggist upp.

Hvorki Landssími Íslands né Vodafone hafa uppi frekari áform, eftir upplýsingum ráðuneytisins, um uppbyggingu GSM-dreifikerfisins. Stefna fyrirtækjanna miðast eins og er við styrkingu svæða sem þau þjóna í dag. Það hefur áður komið fram í umræðum í þinginu.

Póst- og fjarskiptastofnun kannaði, að beiðni samgrn., afstöðu fyrirtækjanna til frekari uppbyggingar, þ.e. útbreiðslu á netum í ársbyrjun 2003. Þar kom fram afstaða fyrirtækjanna, sem lýst var hér á undan, og ekki verður ráðið að þessi afstaða þeirra hafi breyst.

Því beitti ráðuneytið sér fyrir því í samvinnu við Vegagerðina að leita annarra kosta í þessum málum til þess að bæta þjónustu og auka, eins og hægt er, öryggi á vegum. Í framhaldinu hefur Vegagerðin ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni sem miðar að því að kanna hagkvæmari leiðir sem styðja mætti með útboði á verkinu í náinni framtíð og byggja þannig upp fjarskiptaþjónustu á fjallvegunum. Verkefnið felst í tilraunum með nýja tækni sem kallar á færri senda og þar af leiðandi minni stofnkostnað og lægri rekstrarkostnað, sem skiptir miklu máli. Fyrirhugað er að tilraunaverkefnið verði framkvæmt á Öxnadalsheiðinni og á svæðum þar í nágrenninu. Verkfræðistofnun Háskólans mun sinna þessu verkefni fyrir Vegagerðina. Undirbúningur þessarar vinnu er vel á veg kominn en ekki hægt að nefna tímasetningar á þessu stigi. Frekari ákvarðanir um uppbyggingu þessara kerfa af hálfu Vegagerðarinnar bíða því niðurstöðu þessa verkefnis, sem ég vona svo sannarlega að liggi fyrir sem allra fyrst.

Það er eins með uppbyggingu fjarskiptakerfisins í landinu og uppbyggingu vegakerfisins að allt tekur þetta tíma. Við gerum miklar kröfur, við ferðumst mikið, við viljum góða vegi og við viljum öryggi á vegunum. Hluti af öryggiskerfinu er annars vegar góð þjónusta á vegunum og þar með góð fjarskiptaþjónusta. Við vitum öll að það er krafa dagsins að fólk geti verið í góðu fjarskiptasambandi.

Ég bind því miklar vonir við að athuganir Vegagerðarinnar og síðan í framhaldinu samstarf við fjarskiptafyrirtækin geti leitt okkur fram á veginn í þessum efnum og tryggt góð fjarskiptasambönd á stofnvegakerfi landsins, ekki síst á fjallvegunum þar sem allra veðra er von.

[18:33]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég verð fyrst að segja að það er mjög dapurt að þetta símafyrirtæki, Landssíminn, sem er að langmestum hluta í eigu þjóðarinnar, og ráðherra hefur visst þjónustulegt boðvald yfir, skuli ekki efla þessa þjónustu úti um land. Það var dapurlegt að heyra í fréttum í dag að hann leggur meiri áherslu nú á að fara til Búlgaríu og styrkja fjarskiptaþjónustu þar heldur en að taka á fjarskiptamálum hér innan lands. Mér finnst það bara lýsandi fyrir þá forgangsröðun sem þar er í gangi og dapurlegt að svo skuli vera.

Ég fagna í sjálfu sér því sem ráðherra lýsti yfir, að það ætti að gera tilraun á Öxnadalsheiði með einhverja aðra tegund fjarskiptabúnaðar til þess að koma á fjarskiptasambandi þar. Hins vegar verð ég að segja það hér, virðulegi forseti, að ég er algerlega andvígur því að við ætlum að taka einn rekstrararðilann enn inn í fjarskiptakerfi landsins hvað þetta varðar. Vegagerðin hefur skyldum að gegna við þjónustu vegakerfisins en við höfum Landssímann sem ber meginskyldur varðandi fjarskiptaþjónustuna og það er ekkert of mikið þó að einmitt séu lagðar kvaðir á hann við að byggja upp þessa fjarskiptaþjónustu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að GSM-fjarskiptaþjónustan eigi að vera lögboðinn hluti af öryggisneti landsins og eigi að vinna þannig að henni. Auðvitað kostar það peninga en það er líka mikilvægt að þetta komist upp til þess að tryggja sem best öryggi.

Ég vil aftur draga fram stöðuna á Þverárfjalli sem nú verður mikil umferð yfir. Þar er bara hreint ekkert fjarskiptasamband, hvorki með NMT- né GSM-síma, og það er alveg óviðunandi, virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér til úrbóta hvað það varðar.

[18:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það er nokkuð sérkennileg forgangsröðun, þó að ég hafi miklar taugar til Þverárfjallsvegar, ef hv. þm. Jón Bjarnason telur að þar eigi að byrja uppbyggingu á fjarskiptanetinu í stofnvegakerfi landsins. (**JBjarn:** Það ...) Ég verð að viðurkenna að það er ekki sú forgangsröðun sem ég tel skynsamlega. Ég tel að margir fjallvegir séu miklu fjölfarnari (**JBjarn:** Já, já.) þar sem eru miklu meiri hættur á ferðinni fyrir fjölmarga vegfarendur. (**JBjarn:** Ertu að tala um Vesturland?) Þetta vildi ég segja í fyrsta lagi.

En koma tímar og koma ráð, og Þverárfjallsvegurinn verður að sjálfsögðu byggður upp þegar tímar líða fram, og fyrr en seinna. Ég hef staðið fyrir þeirri framkvæmd sem samgrh.

og vonandi verður hægt að koma þar á fjarskiptasambandi eins og á öðrum fjallvegum.

Það er ekki svo, eins og mátti lesa út úr orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að við gerðum ráð fyrir því að Vegagerðin færi að reka fjarskiptastarfsemi. Ég hef margsinnis sagt það hér í þinginu í umræðum um uppbyggingu GSM-sambandanna að ég tel að það eigi ekki að gerast. Hins vegar tel ég eðlilegt að Vegagerðin komi nokkuð að þessu hvað varðar uppbyggingu á búnaði á fjallvegum þar sem er alveg augljóst að sala á þjónustu stendur ekki undir kostnaði við uppbyggingu fjarskiptakerfisins á þessum fjallvegum. Þar tel ég eðlilegt að Vegagerðin komi að og bjóði út þjónustuna, og símafyrirtækin sjái síðan um rekstur.

Hvað varðar Búlgaríu er það fjarri öllu lagi að Síminn sé að leggja á fjöll þar (Gripið fram í.) við að byggja upp farsímakerfi. Þar er ekkert slíkt á ferðinni og allsendis ótímabært að ræða það undir þessum dagskrárlið hér.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 18:38.

---

27. FUNDUR

fimmtudaginn 13. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
2. Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, stjtill., 294. mál, þskj. 339. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Árni Magnússon félmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Skuldajöfnun skattskulda, 308. mál, fsp. RG, þskj. 353.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fyrr í haust var framboð Íslands til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna formlega tilkynnt aðildarríkjum samtakanna í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Af þessu tilefni er tímabært að fara nokkuð ítarlega yfir það hvað í framboðinu felst og hverjar áherslur Íslands verða í baráttu um kjör í öryggisráðið og síðar í starfi öryggisráðsins.

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna sammæltust aðildarríkin um að sameina mátt sinn til að varðveita heimsfrið og öryggi. Öryggisráðinu er falin aðalábyrgð í þeim efnum. Íslendingar gengust undir þessa skuldbindingu með aðild að Sameinuðu þjóðunum árið 1946 en hafa aldrei tekið sæti í öryggisráðinu.

Því hefur verið haldið fram að sú fjarlægðarvernd sem Íslendingar nutu um aldir hafi leitt til einangrunarhyggju. Þessi tíðarandi endurspeglast í hárbeittri ádeilu Halldórs Laxness í „Sjálfstæðu fólki“ þar sem söguhetjan Bjartur í Sumarhúsum segir m.a. um afleiðingar fyrri heimsstyrjaldar, með leyfi hæstv. forseta: „Úr því að mannahelvítin nenna að vera að murka hverjir úr öðrum lífið á annað borð, — af fábjánaskap eða hugsjón, mér er sama hvort er, ja þá skal ég verða manna síðastur til að sjá eftir þeim. Fari þeir til andskotans. Ég segi ekki annað en það: Bara að þeir héldu áfram sem leingst, svo að kjötið og ullin haldi áfram að stíga“.

Við þekkjum þessa heimssýn sem Bjarti var ætluð og hún einkenndi á margan hátt viðhorf íslensku þjóðarinnar til umheimsins um aldir. Við bjuggum fjarri heimsins vígaslóð og ógnir og atburðir hvers tíma snertu okkur með takmarkaðri hætti en aðrar Evrópuþjóðir. Þetta breyttist á síðustu öld. Í upphafi tuttugustu aldarinnar voru Íslendingar fátækasta þjóð Evrópu en í lok hennar á meðal efnuðustu þjóða heims. Það gerðist vegna aukinna viðskipta og margþættari samskipta við önnur ríki. Hamfarir tuttugustu aldarinnar höfðu bein áhrif á Íslandi. Það vill stundum gleymast að hlutfallslegt manntjón á Íslandi vegna síðari heimsstyrjaldar var meira en í mörgum nágrannaríkjunum. Um leið beið hlutleysisstefnan skipbrot og ljóst varð að afskiptaleysi var ekki lengur valkostur. Íslendingar voru tilneyddir að verja hagsmuni sína og tókst vel til.

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er ekki markmið í sjálfu sér heldur rökrétt framhald á þessari þróun. Sagan gerir Íslendingum kleift að skilja vel þann vanda sem steðjar að fátækum ríkjum og auðveldar okkur að miðla af reynslu okkar. Sú skylda hlýtur að hvíla á okkur að nota nýfengna velsæld til að stuðla að friðvænlegri, öruggari og auðugari heimi. Meiri hluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna er fyrrum nýlendur. Við Íslendingar þekkjum af eigin raun eðli og afleiðingar nýlendustefnunnar og þau straumhvörf sem urðu þegar þjóðin öðlaðist frelsi til að ráða eigin málum. Framboðið til öryggisráðsins er því staðfesting á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og þeirri ábyrgð sem Íslendingar hafa axlað. Við höfum lagt áherslu á framlag til friðargæslu og uppbyggingar á stríðshrjáðum svæðum, eflt þróunarsamvinnu og stuðlað að auknu jafnræði í viðskiptakjörum milli hinna efnaðri ríkja og þeirra fátækari með beitingu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Við höfum tekið virkan þátt í eflingu mannréttinda og lýðræðis innan Sameinuðu þjóðanna og svæðisbundinna samtaka.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna byggir á þeirri sýn að Ísland geti með sérstökum hætti miðlað af eigin reynslu og aðstöðu í þágu aðildarríkjanna allra. Ísland hefur sérstaka aðstöðu sem efnað smærra ríki með góð tengsl við helstu áhrifavalda í heiminum. Draga má hagnýtar ályktanir af hraðri vegferð frá örbirgð til auðlegðar og síðar aðstoð við efnahagsþróun fátækari ríkja. Ef til vill mætir frumkvæði af Íslands hálfu minni tortryggni en frumkvæði margra annarra ríkja því Ísland hefur enga stórveldishagsmuni sem litað geta afskipti af einstökum málum. Þá er hlutfallsleg smæð íslensks efnahagslífs kostur þar sem síður er hætta á að tortryggni vakni um að íslensk stjórnvöld gangi erinda íslenskra fyrirtækja og setji hagsmuni þeirra framar óeigingjarnri aðstoð við viðkomandi ríki. Í þessu sambandi er hollt að líta til frænda

okkar Norðmanna sem hafa getið sér gott orð fyrir jákvæða og uppbyggilega framgöngu á alþjóðavettvangi. Stærri ríki hafa meiri völd og áhrif en engu að síður hefur milliganga norskra stjórnvalda í erfiðum deilumálum fjarlægra aðila oft orðið til að draga úr spennu og auðvelda samninga.

Fyrst og síðast er framboðið spurning um áræði og metnað fyrir hönd Íslands á alþjóðavettvangi. Það er engum vafa undirorpið að óneitanlega væri ódýrara og mun þægilegra að sitja heima með hendur í skauti og láta öðrum þjóðum það eftir að takast á við heimsmálin og bera kostnað af því. Stundum gætir einangrunarhyggju sem oft hefur verið sett fram undir merkjum hagræðingar eða sparnaðar eða því er haldið fram að Ísland sé svo lítið að framlag þess skipti hvort eð er engu máli. Hér er um að ræða grundvallaratriði í sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar. Það er engin dyggð fólgin í því að hlaupast frá því að greiða sanngjarnan hlut af sameiginlegum reikningi. Ef vilji er til að Ísland sé metið á jafnræðisgrundvelli í samfélagi þjóðanna verða Íslendingar að leggja af mörkum í samræmi við getu. Þrátt fyrir að við höfum gert mikla bragarbót á framlögum okkar á undanförnum árum eigum við þó enn nokkuð í land.

Á undanförnum árum höfum við stigið stór skref í átt til virkari þátttöku í samstarfi á alþjóðavettvangi. Ríkisstjórnin hefur aukið framlög Íslands til þróunarsamvinnu og stefnir að því að gera enn betur á því sviði á næstu árum.

Íslendingar hafa tekið þátt í margvíslegum verkefnum á sviði friðargæslu og friðarframkvæmdar þar sem við höfum komið til aðstoðar stríðshrjáðu fólki á átakasvæðum. Íslenska friðargæslan hefur frá upphafi unnið náið með Sameinuðu þjóðunum, fyrst í Bosníu-Hersegóvínu og síðan einnig í Kosovo og lagt til hjúkrunarfólk og lögreglumenn í friðargæsluaðgerðir þar. Friðargæslan hefur tekist á hendur viðamikil verkefni eins og stjórnun flugvallarins í Pristina í Kosovo og hefur nú boðið Atlantshafsbandalaginu að sinna áþekku samræmingarhlutverki í Kabúl í Afganistan. Samstarf við Sameinuðu þjóðirnar hefur verið aukið og er gert ráð fyrir að þær sendi fólk til neyðarhjálpar á vegum Matvælaáætlunarstofnunarinnar og að aukinn fjöldi friðargæsluliða fari til starfa undir merkjum Sameinuðu þjóðanna.

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Allir þeir sem notið hafa framlaga Íslands hafa metið þau mikils og samstarfsríki okkar hafa kallað eftir atbeina okkar í fleiri verkefnum.

Herra forseti. Nauðsynlegt er að hefja undirbúning framboðsins í tíma. Þegar hefur talsvert starf verið unnið, bæði við að greina tilhögun framboðs annarra ríkja og með því að leitast við að verða enn þá sýnilegri á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra. Þegar kemur að framboðinu og setunni munu íslensk stjórnvöld m.a. byggja á þeirri reynslu sem fengist hefur í alþjóðlegu og fjölþjóðlegu samstarfi, nú síðast í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Störf Norðurskautsráðsins tengjast Sameinuðu þjóðunum með margvíslegum hætti. Þannig er t.d. ljóst að ráðið getur sem svæðasamtök lagt mikið af mörkum við framkvæmd skuldbindinga aðildarríkjanna frá Jóhannesarborg, ekki síst í umhverfismálum, þótt Ísland hafi á formennskutímanum jafnframt beint sjónum í auknum mæli að lífskjörum fólks á norðurslóðum. Tengslin við Evrópusambandið hafa einnig verið efld á grundvelli Norðlægu víddarinnar. Þannig er formennskan í Norðurskautsráðinu gott dæmi um hvernig auka má ábyrgð og sýnileika Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Einnig má nefna að við tökum að okkur formennsku í Eystrasaltsráðinu 2005–2006 og sækjumst eftir sæti í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) 2005–2008, að ógleymdri reglulegri formennsku í norrænu ráðherranefndinni sem hefst um næstu áramót.

Fulltrúar Íslands eiga nú sæti í framkvæmdastjórn UNESCO og í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Þá var Ísland kosið til setu í nefnd um sjálfbæra þróun sem sett var á fót til að fylgja eftir ákvörðunum Ríó- og Jóhannesborgarráðstefnanna og Ísland var kosið í nefnd um stöðu kvenna og tekur sæti í henni á næsta ári.

Í þeirri vinnu sem er fram undan verður haft náið og vaxandi samráð við utanríkismálanefnd Alþingis og þau frjálsu félagasamtök sem málið varðar. Löng hefð er fyrir þátttöku þingmanna í störfum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og það er vilji utanríkisráðuneytisins að auka enn frekar þessa þátttöku í samvinnu við Alþingi. Þannig geta þeir fylgst grannt með undirbúningi framboðsins og síðar málefnavinnu og málflutningi innan ráðsins. Þá hefur áður verið vikið að nánu samráði Norðurlandanna en aðstoð þeirra, bæði í framboðinu og við upplýsingaöflun um þau mál sem tekin verða fyrir í öryggisráðinu, mun skipta miklu.

Þótt fimm ár séu til kjörs til öryggisráðsins á því tímabili sem Ísland sækist eftir eru íslensk stjórnvöld meðvituð um að ákveðnir málaflokkar hafa skiljanlega verið fyrirferðarmiklir í störfum ráðsins á undanförnum árum, einkum margþættur vandi í Afríkuríkjum, ástandið í Miðausturlöndum og í Írak, og því miður má gera ráð fyrir að svo verði áfram um sinn. Reynslan sýnir að smærri sem stærri ríki geta haft mikilvægu hlutverki að gegna við úrlausn flókinna vandamála sem hafa hnattrænar afleiðingar. Þess vegna verður leitast við að efla núverandi sérþekkingu á þessum málaflokkum eins og kostur er.

Í kynningu á framboði Íslands og síðar í störfum innan öryggisráðsins verður stuðst við eftirfarandi megináherslur:

Framlag til friðar og stöðugleika í heiminum. Ísland leggur áherslu á að það verði gert með ófrávíkjanlegri virðingu fyrir grundvallarmannréttindum, eflingu lýðræðis, baráttu gegn fátækt, virðingu fyrir grundvallarreglum þjóðaréttar og þar með viðurlögum við þjóðarmorði og grófum mannréttindabrotum.

Stuðla að umbótum með tillögugerð og þátttöku í starfi öryggisráðsins í því skyni að auka skilvirkni. Ísland hefur á undanförnum árum lagt áherslu á umbætur í starfi og uppbyggingu Sameinuðu þjóðanna og veitt stuðning umbótaviðleitni Kofi Annans, aðalframkvæmdastjóra samtakanna. Með því hefur Ísland áunnið sér virðingu og tiltrú samstarfsríkja. Íraksmálið hefur á margan hátt afhjúpað veikleika Sameinuðu þjóðanna og sýnt fram á nauðsyn aukinnar skilvirkni. Ísland styður fjölgun jafnt kjörinna og fastra sæta í öryggisráðinu og að neitunarvald verði skilyrt. Við vonumst til að þessar breytingar verði til að tryggja það að öryggisráðið geti betur sinnt þeim skyldum sem því var í upphafi ætlað að sinna.

Afvopnunarmál með sérstakri áherslu á vinnu gegn útbreiðslu gereyðingarvopna. Engin ein stofnun hefur fjallað meira um afvopnunarmál en Sameinuðu þjóðirnar. Eftir lok kalda stríðsins er hættan sem stafar af útbreiðslu gereyðingarvopna, einkum til hryðjuverkamanna, eitt brýnasta verkefnið á sviði afvopnunar í heiminum. Mikilvægt er að Sameinuðu þjóðirnar setji viðmið og standi vörð um alþjóðlegar skuldbindingar á sviði útbreiðslu gereyðingarvopna og séu áfram vettvangur skoðanaskipta sem hafi að markmiði að draga úr

spennu milli aðildarríkja. Útbreiðsla gereyðingarvopna getur leitt til hættulegs vígbúnaðarkapphlaups, jafnt staðbundins sem á heimsvísu. Beiting gereyðingarvopna hefði í för með sér ófyrirsjáanlegar hnattrænar afleiðingar sem eðli málsins samkvæmt næðu hingað til lands. Þar af leiðandi er ljóst að aðgerðir til að hefta útbreiðslu gereyðingarvopna eru mikilvægt hagsmunamál okkar Íslendindinga sem annarra. Það vekur varfærna bjartsýni að stjórnvöld Norður-Kóreu hafa sagt sig reiðubúin til viðræðna um að hætta frekari tilraunum til framleiðslu kjarnavopna. Vonandi leiða þær viðræður til þess að Norður-Kórea gerist aftur aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um bann við framleiðslu og dreifingu kjarnavopna. Ísland hefur stutt alla alþjóðlega viðleitni til að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna og nú síðast með því að styðja sérstakt átak Bandaríkjamanna, Breta og Japana, auk fleiri þjóða, til að koma í veg fyrir slíka útbreiðslu. Nýr sendiherra Íslands gagnvart Norður-Kóreu afhenti nýlega trúnaðarbréf í höfuðborginni og í fyrsta sinn í rúm 20 ár. Í framhaldinu verður komið á framfæri sjónarmiðum Íslands varðandi útbreiðslu gereyðingarvopna. Þá er það fagnaðarefni að írönsk stjórnvöld hafa sýnt sveigjanleika gagnvart kröfum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vín um óhindraðan aðgang að kjarnorkuáætlun þeirra til að ganga úr skugga um að hún verði ekki notuð sem grundvöllur fyrir framleiðslu kjarnavopna. Ég hygg á ferð til Írans í næsta mánuði í samvinnu við íslensk fyrirtæki og mun nota tækifærið til að taka málið upp við viðmælendur mína þar, auk þess sem ég hyggst ræða mannréttindamál við írönsk stjórnvöld.

Til viðbótar þessum helstu áhersluatriðum munu íslensk stjórnvöld einnig horfa til þess að nýta setu í öryggisráðinu til að koma áfram þeim mikilvægu hagsmunamálum sem Ísland hefur stutt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum. Ísland hefur þegar látið mikið að sér kveða á sviði hafréttar- og umhverfismála og að sjálfsögðu verður því haldið áfram. Á núverandi allsherjarþingi hefur Ísland fengið það hlutverk fyrir hönd hinna Norðurlandanna að leggja fram ályktun tengda samningnum um afnám hvers konar mismununar gegn konum. Ísland vinnur ötullega að því, í samvinnu við önnur Norðurlönd, að tryggja framkvæmd fyrirheita um vernd kvenna í átökum og að tryggja þátttöku þeirra í friðarferli að átökum loknum. Í þessu samhengi má nefna að Ísland hefur beitt sér fyrir aðgerðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til að hefta og uppræta mansal með sama hætti og gert hefur verið innan ÖSE og Eystrasaltsráðsins. Nýverið var ákveðið að styrkja baráttu gegn mansali á Balkanskaga með því að greiða kostnað vegna sérstaks starfsmanns í sendinefnd ÖSE í Bosníu-Hersegóvínu. Þess má geta að utanríkisráðuneytið áformar að efna til málstofu um baráttuna gegn mansali snemma á næsta ári. Ísland var meðal fyrstu ríkja til að fullgilda stofnsáttmálann um Alþjóðasakamáladómstólinn og er undirbúningsvinna fyrir starf dómstólsins vel á veg komin. Samfélag þjóðanna verður að hafa refsiúrræði vegna þeirra hroðalegu mannréttindabrota sem hafa átt sér stað á undanförnum árum og hafa fyrst og fremst bitnað á óbreyttum borgurum, konum og börnum, ekki bara til að refsa fyrir þau brot sem drýgð hafa verið heldur einnig til að hafa varnaðaráhrif og koma þeim skilaboðum skýrt á framfæri að refsileysi slíkra brota heyri sögunni til.

Herra forseti. Markmiðið með framboði í öryggisráðið er að leggja af mörkum til varðveislu friðar og öryggis og framkvæmdar annarra stefnumiða Sameinuðu þjóðanna. Beinn ávinningur af slíkri þátttöku er ekki meginmarkmið en Ísland mun vissulega njóta góðs af með beinum eða óbeinum hætti.

Fyrst ber að nefna að framboðið sjálft og seta í öryggisráðinu styrkir mjög stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Þannig auðveldar framboðið gæslu á grundvallarhagsmunum Íslands og styrkir samningsstöðu íslenskra stjórnvalda í þeim mörgu erfiðu málum sem leysa þarf á alþjóðavettvangi.

Enn fremur gefst með framboðinu einstakt tækifæri til að halda fram megináherslum utanríkisstefnu Íslands og annarra Norðurlanda og smærri ríkja almennt á alþjóðavettvangi. Takist vel til öðlast Ísland virðingu og traust annarra ríkja sem aftur eykur bolmagn Íslendinga til að koma málum á framfæri á alþjóðavettvangi.

Einn liður í undirbúningi framboðs er að stofna til stjórnmálasambands við þau ríki sem hingað til hefur ekki verið komið á sambandi við. Með stofnun stjórnmálasambands við fleiri ríki er Ísland betur í stakk búið til hagsmunagæslu til frambúðar. Þannig er einnig lagður grunnur að frekari samskiptum og viðskiptum við þessi ríki. Samtímis verður kosningabaráttan til þess að styrkja tengsl við önnur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna.

Framboð og seta í öryggisráðinu krefst þess að Íslendingar leitist við að verða öðrum ríkjum fyrirmynd, einkum á eigin áherslusviðum. Þannig er líklegt að sömu málaflokkum verði gefinn meiri gaumur innan lands, til að mynda með aukinni umræðu og jafnvel aðgerðum. Líklegt er að aukin umræða um málefni Sameinuðu þjóðanna innan lands gæti þannig hvatt til vissrar sjálfsgagnrýni og jafnvel athafna þar sem Íslendingar vilja ekki vera eftirbátar annarra ríkja í málum sem teljast mikilvæg.

Áherslur Íslands og sú vinna sem fram fer í undirbúningi málefna nýtist víðar en innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Þannig er víst að framboðið verður til þess að styrkja stöðu EFTA/EES-ríkjanna í því utanríkispólitíska samráði sem þau eiga við Evrópusambandið. Verði vel að verki staðið er mögulegt að nýta þetta einstaka tækifæri í utanríkispólitískum samskiptum Íslands við önnur ríki, jafnt tvíhliða sem marghliða.

Herra forseti. Ófriður kemur oft í veg fyrir neyðaraðstoð og þróunarsamvinnu og um leið getur skapast að því er virðist órjúfanlegur vítahringur. Þegar friður kemst á skapast fyrst möguleikar til raunverulegrar þróunarsamvinnu á borð við þá sem við höfum leitast við að veita á undanförnum árum. Markvisst hefur verið unnið að því að auka verkefni á sviði þróunarsamvinnu í Afríku.

Á undanförnum árum hefur Ísland aukið framlög til þróunarmála. Árið 1997 setti ríkisstjórnin sér það markmið að verja 0,15% af landsframleiðslu til þróunarsamvinnu á árinu 2003. Við það hefur verið staðið og opinber framlög íslenska ríkisins til þróunarsamvinnu hafa rúmlega tvöfaldast á þessum tíma og nema nú tæplega 1,4 milljörðum króna, eða 0,17% af landsframleiðslu. Stefnt er að því að auka það framlag verulega á næstu árum.

Nýstofnað sendiráð Íslands í Mósambík var sett á fót til að auðvelda þróunarsamvinnu okkar í sunnanverðri Afríku. Það hefur þegar orðið til að efla pólitísk tengsl og samskipti við ríki í þessum hluta álfunnar. Nú eru átta ríki í umdæmi sendiráðsins en fyrirhugað er að það taki upp nánari samskipti við fleiri ríki álfunnar.

Það er ekki aðeins í ljósi aukinnar áherslu Íslands á þátttöku í störfum Sameinuðu þjóðanna sem það er mikilvægt að

efla samskiptin við ríki Afríku. Afríkusambandið gegnir mikilvægu hlutverki í hópi þróunarríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í samningum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þá er íslensk þekking á málefnum Afríku nauðsynleg þegar kemur að þátttöku í öryggisráðinu. Þó svo að Miðausturlönd, Írak og Afganistan séu í brennidepli í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um þessar mundir snýr meiri hluti ákvarðana og umræðna í öryggisráðinu að Afríku.

Stríðsátök og fátækt einkenna því miður þann daglega veruleika sem stór hluti íbúa Afríku þarf að búa við. Í síðasta mánuði gafst mér tækifæri til að sjá með eigin augum aðstæður í tveimur af fjórum samstarfslöndum Íslands, þ.e. Mósambík og Úganda. Ég sá þá miklu fátækt og þann félagslega vanda sem alþýða manna þarf að kljást við en jafnframt árangurinn af því mikla starfi sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands vinnur í þessum löndum, t.d. í sjávarútvegi og ýmsum félagslegum verkefnum.

Ég nefndi fyrr að friður er forsenda þróunarsamvinnu en sjúkdómar og örbirgð geta dregið verulega úr árangri af slíku starfi. Í mörgum ríkjum sunnanverðrar Afríku vofa afleiðingar eyðnifaraldurs yfir öllu lífi. Í þorpi eftir þorpi eru einungis börn og gamalmenni. Heilu kynslóðirnar hafa orðið eyðni að bráð. Það er slæm tilhugsun, þetta þarf ekki að vera svona. Með bættu aðgengi að lyfjum og forvörnum gætu sjúkir alið önn fyrir börnum sínum og færri sýkst. Eðlilegt er að Ísland verji meira fé til þessa málaflokks.

Í Afríku kynntist ég árangri af starfi Íslendinga og fann fyrir miklu þakklæti heimamanna fyrir þá aðstoð sem veitt hefur verið. Starf ÞSSÍ við þessar erfiðu aðstæður staðfestir þá skoðun mína að þróunarsamvinna ber árangur og getur hreinlega skipt sköpum fyrir fátækustu íbúa þróunarlandanna.

Fyrir stuttu lét utanríkisráðuneytið vinna álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands þar sem farið er yfir reynslu undanfarinna ára og reynt að draga lærdóm af því sem best hefur tekist í öðrum löndum. Í álitinu koma fram tillögur um framtíð þróunarsamvinnu og um aukin framlög. Unnið er að heildarstefnumótun í þróunarsamvinnu á grundvelli álitsgerðarinnar.

Friður og öflug þróunarsamvinna er undirstaða frekari efnahagsuppbyggingar þróunarríkja. Reynslan hefur einnig sýnt að þeim þróunarríkjum sem opnað hafa markaði sína hefur gengið mun betur og þróun hefur orðið mun hraðari þar en í þeim ríkjum sem kosið hafa að vernda markaði sína með tollamúrum. Besta leiðin til að bæta hag þróunarríkja, sem og annarra ríkja, er að tryggja frelsi í alþjóðlegum viðskiptum og stuðla að aukinni þátttöku þeirra. Alþjóðabankinn hefur sett fram það mat að ef allar viðskiptahindranir yrðu aflagðar mundi það auka alþjóðaviðskipti um jafnvirði 2.180 milljarða Bandaríkjadala og koma 320 milljónum manna yfir fátæktarmörk. Auðvitað má hafa efasemdir um hversu raunhæfir slíkir útreikningar eru en þetta mat endurspeglar engu að síður að miklir hagsmunir eru í húfi að vel takist til á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sérstaklega að því er varðar stöðu þróunarríkja.

Á fundi aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem haldinn var í Cancún í september síðastliðnum má segja að samningalotan hafi steytt á skeri þótt ekki hafi orðið skipbrot. Þetta voru mikil vonbrigði en ekki er öll nótt úti enn. Rétt er að geta þess sérstaklega að áhersla á hagsmuni þróunarríkjanna einkenndi allar viðræðurnar. Almennt ríkir sátt um að iðnríkin leggi meira á sig en þróunarríkin og að tekið sé tillit til sérstöðu þróunarríkja.

Stuttu fyrir fundinn í Cancún náðist sögulegt samkomulag um sölu ódýrra lyfja til fátækra ríkja, þar á meðal alnæmislyfja til Afríku, en eins og áður var getið fór ekki á milli mála þegar ég var staddur í Afríku að alnæmi er stærsta heilbrigðis- og þjóðfélagsvandamál álfunnar.

Þá var og verður í viðræðunum lögð mest áhersla á viðskipti með vörur og þjónustu þar sem þróunarríkin eru í stakk búin til að taka virkan þátt í alþjóðlegri samkeppni.

Í landbúnaði er lögð áhersla á að iðnríki veiti markaðsaðgang fyrir vörur þróunarríkja og dragi úr þeim ríkisstyrkjum sem trufla alþjóðleg viðskipti og þar eru útflutningsbæturnar verstar. Markaður á Íslandi er opinn fyrir flestar þær landbúnaðarvörur sem eru mikilvægar fyrir þróunarríkin og er Ísland mun betur sett hvað það varðar en mörg önnur ríki. Einnig höfum við stutt afnám útflutningsstyrkja eða að þeim séu sett ákveðin tímamörk, þar sem í raun er verið að flytja út heimatilbúinn vanda sem skekkir samkeppnisstöðuna.

Þrátt fyrir bakslagið í Cancún hefur ýmislegt áunnist í viðræðunum. Ólíklegt er að takist að ljúka þeim eftir rúmt ár eins og gert var ráð fyrir í upphafi en aðildarríkin vilja ná niðurstöðu sem fyrst. Ísland er í hópi þeirra ríkja sem leggja áherslu á að ná heildstæðu samkomulagi, enda eru hagsmunir jafnt smærri ríkja og þróunarríkja best tryggðir með þeim hætti. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og nokkurra Afríkuríkja í Pemba í Mósambík fyrir skömmu lagði ég til að fastafulltrúar Norðurlandanna hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni ættu fundi með fulltrúum þessara Afríkuríkja og leituðust við að miðla málum í þessu erfiða máli. Þannig gætu Norðurlöndin aðstoðað við að brúa hina miklu gjá sem myndast hefur milli norðurs og suðurs. Þessa tillögu áréttaði ég á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Ósló fyrir skömmu.

Herra forseti. Það má staðhæfa að aukin þátttaka Íslendinga í viðskiptum og alþjóðasamskiptum á undanförnum árum hafi tryggt hér hagvöxt og skapað okkur aukið sjálfstraust í alþjóðlegu samstarfi. Í nýlegri skýrslu Sameinuðu þjóðanna um þróun mannauðs lenti Ísland í öðru sæti yfir þau ríki sem náð hefðu lengst á þessu sviði. Þá var Ísland í áttunda sæti yfir þau ríki sem bjóða upp á bestu samkeppnishæfni í heiminum samkvæmt hinum svokallaða Alþjóðlega efnahagsvettvangi. Síðarnefnda könnunin var gerð á meðal leiðandi aðila í viðskiptalífi í heiminum.

EES-samningurinn hefur haft gífurleg áhrif á efnahagslega uppbyggingu á Íslandi og er einn af hornsteinum íslenska velferðarríkisins. Nýleg undirritun samnings um stækkun EES var því afar mikilvægur áfangi þar sem Íslandi er áfram tryggður frjáls aðgangur að öflugasta viðskiptakerfi veraldar.

Íslensk útrás er grundvallaratriði fyrir áframhaldandi hagvöxt í landinu. Við setningu nýlegra laga um aðstoð við útflutning sem sett voru í lok árs 2002 var þetta markmið haft að leiðarljósi. Samkvæmt lögunum var komið á fót nýrri samráðsnefnd um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð sem ætlað er að leiða saman annars vegar alla þá opinberu aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að útflutningsaðstoð og hins vegar hagsmunasamtök þeirra sem framleiða afurðir til útflutnings. Gert er ráð fyrir að opinberir aðilar og hagsmunasamtök deili hugmyndum um verkefni og áherslur innan samráðsnefndarinnar, svo færi gefist á því að samræma og nýta betur en áður það fjármagn sem fer til kynningar og markaðssetningar á Íslandi og íslenskum

afurðum á erlendri grundu. Aðild að nefndinni endurspeglar nýja sýn á útflutning, þar sem framleiðendur þjónustu, menningarafurða og búvara taka sæti með framleiðendum hefðbundinna útflutningsvara eins og sjávarafurða og iðnvöru.

Samhliða þessum breytingum ákvað utanríkisráðuneytið skipulagsbreytingar til að efla þá þjónustu sem utanríkisþjónustan mun veita íslenskum fyrirtækjum og innlendum stoðstofnunum atvinnulífsins á erlendri grundu. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við Útflutningsráð Íslands sem miða að samstilltu átaki og skýrari verkaskiptingu á sviði útrásar. Þá hefur öllum sendiráðum verið gert skylt að sinna tilteknum skilgreindum verkefnum í þágu útflutningsaðstoðar og hefur viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins gert samninga þar um við allar sendiskrifstofurnar. Samkvæmt þeim er öllum sendiskrifstofum skylt að skilgreina markmið í þessu efni og allir útsendir starfsmenn vinna nú að verkefnum í þágu útflutningsaðstoðar.

Helstu vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs felast í útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði, þar sem byggt er á hugviti og þekkingu í framleiðslu eða þjónustu. Að mínu mati felast í þessari uppbyggingu vaxandi viðfangsefni íslenskrar utanríkisþjónustu þegar til lengri tíma er litið. Allt atvinnulífið þarf því á öflugri utanríkisþjónustu með mörgum útstöðvum að halda, þar sem veitt er eins mikil þjónusta og kostur er.

Herra forseti. Ég hef rætt nokkuð um þróunarsamvinnu en mikill áhugi er á því að kanna með hvaða hætti samtvinna megi þróunarsamvinnu og íslenskan útflutning. Það yrði ekki gert í þeim tilgangi að skilyrða þróunarsamvinnu heldur til að kanna ávallt hvar hagsmunir veitenda og þiggjenda aðstoðar geti farið saman. Í þessu samhengi má t.d. nefna mjög athyglisvert samstarf í nýbyggðu frystihúsi við upptök árinnar Nílar í Úganda. Frystihúsið er búið tækjum sem keypt voru af íslenskum fyrirtækjum en Þróunarsamvinnustofnun Íslands leggur til íslenskan sérfræðing til að aðstoða við uppsetningu og notkun tækjanna. Þetta samstarf er til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna markar tímamót í íslenskri utanríkisstefnu. Hvort tveggja baráttan fyrir kjöri í ráðið og þátttaka í störfum þess gerbreytir ásýnd og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Með þessari ákvörðun eru send þau ótvíræðu skilaboð til umheimsins að Ísland sé sjálfstætt og fullvalda ríki sem sé reiðubúið að leggja sitt af mörkum til varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Utanríkisþjónustan hefur verið efld á undanförnum árum og er nú betur í stakk búin til að takast á við svo umfangsmikið verkefni sem aðild að öryggisráðinu er. Ísland hefur nú sendiráð í höfuðborgum sjö helstu iðnríkja heims. Sendiráðin utan Vesturlanda eru mikilvæg vegna viðskiptahagsmuna og út frá forsendum þróunaraðstoðar en þau gegna einnig mikilvægu pólitísku hlutverki. Þetta hlutverk fer vaxandi þegar af aðild að öryggisráðinu verður og sendiráðin eru í raun alger forsenda þess að framboð okkar til öryggisráðsins sé mögulegt.

Landfræðileg eða menningarleg einangrun skapar einungis falskt öryggi og er ekki raunhæfur valkostur í breytilegum heimi hnattvæðingar. Afskiptaleysi gagnvart fjarlægum hættum eða hörmungum er hvorki siðferðilega verjandi né samrýmanlegt íslenskum hagsmunum. Þessar staðreyndir hafa mótað utanríkisstefnuna á undanförnum árum og framboðið til öryggisráðsins er rökrétt framhald. Íslendingar geta miðlað af reynslu þjóðar sem hefur lifað hraðari pólitískar og efnahagslegar breytingar á skemmri tíma heldur en mörg dæmi eru um. Íslenskur reynsluheimur gerir Íslendingum kleift að eiga samstarf við meginhluta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna á grundvelli samkenndar. Það er ekkert í íslenskri fortíð eða hagsmunagæslu sem ógnar öðrum ríkjum. Þess vegna getur Ísland brúað bil á milli ólíkra ríkjahópa. Að auki er sjónarhorn smærra aðildarríkis nauðsynlegt jafnræði innan öryggisráðsins.

Herra forseti. Framboðið er metnaðarfullt verkefni og á næstu árum skiptir miklu að íslenskar stjórnarstofnanir leggi hönd á plóginn. Alþingi sem löggjafarþing, þingflokkar og einstakir þingmenn hafa þar miklu hlutverki að gegna. Með samstilltu átaki þjóðarinnar allrar verður markmiðinu náð.

[11:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. er nýlega kominn frá Afríku og ég býð hann velkominn úr þeirri miklu för. Ef hæstv. utanrrh. hefur farið nógu norðarlega kann að vera að hann hafi séð þar á ferðalögum sínum sérkennilega fuglategund sem lifir á jaðri eyðimarka. Hún er þekkt um víða veröld fyrir þá sérkennilegu háttsemi sína að ef hún sér eitthvað sem er óþægilegt eða hún hræðist, þá stingur hún höfðinu í sandinn. Þá líður strútnum miklu betur því að heimurinn lítur svo miklu betur út fyrir honum ofan í sandgryfjunni heldur en uppi, í raunveruleikanum sem við hin lifum og hrærumst í.

Herra forseti. Þessi nálgun og þessi aðferð strútsins finnst mér lýsa best nálgun hæstv. utanrrh. gagnvart þeim vandamálum sem blasa við í utanríkismálum líðandi dags. Hæstv. ráðherra hefur valið þann kost að stinga höfðinu í sandinn og lætur eins og það séu engin vandamál. Það er auðvitað þess vegna sem hann þarf ekkert að minnast á í ræðu sinni að það eru vandamál á sviði utanríkismála sem við hin sjáum og verðum að glíma við í þeim veruleika sem bersýnilega er ekki uppi í utanrrn. Hæstv. utanrrh. sér ekki Írak, hann sér ekki Evrópu og fyrir honum eru engin vandamál sem blasa við á sviði öryggis- og varnarmála. Um þessi mikilvægu mál er ekki að finna eitt einasta orð í ræðu hæstv. ráðherra sem tók þó hartnær 35 mínútur í flutningi. Hæstv. utanrrh. hefur ekkert að segja þeim hundruðum manna sem standa frammi fyrir mikilli óvissu um starf sitt og afkomu í tengslum við varnarliðið. Það eru heldur engin merki þess að það séu einungis örfáir dagar síðan Íslendingar stóðu frammi fyrir miklum vanda varðandi staðfestingu EES-samningsins sem afhjúpaði alvarlega veikleika á þeim samningi. Um það var ekki að finna orð í ræðu hæstv. ráðherra og heldur engir lærdómar dregnir af því máli fyrir framtíðina, enda Evrópumálin að sjálfsögðu allt of viðkvæm til þess að á það sé hættandi að ræða þau þegar einhver úr ríkisstjórninni er nálægt.

Hæstv. utanrrh. hefur greinilega enga sýn á hvað Íslendingum er fyrir bestu varðandi Evrópusambandið. Ég held að þessi ræða hljóti að vera hámarkið á þeim hringlandahætti sem hefur einkennt stefnu Framsóknarflokksins varðandi Evrópu síðustu missiri. Ræða hæstv. ráðherra virðist nefnilega vera skrifuð á sama stað og þar sem strútnum líður best, í umróti daganna, ofan í sandgryfjunni í eyðimörkinni

Herra forseti. Ég hef ekki legið á því, í umræðum síðustu ára um utanríkismál, að hrósa hæstv. ráðherra þegar hann hefur flutt hér ræður sem stundum hafa tekið með sköruleg-

um hætti á vandamálum líðandi dags. En ég verð að segja að þó að oft hafi lapið verið þunnt þá hefur vatnsgrauturinn aldrei verið jafnþunnur og er borinn fyrir okkur í þessari skýrslu.

Í skýrslunni er fyrst og fremst rætt um eitt mál, framboð Íslendinga til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það er greinilegt að það framboð á að vera sá bautasteinn sem á að lifa eftir þegar tönn tímans tekur að naga í kringum feril hæstv. utanrrh. og hann er fluttur í annað ból. Þannig ætlar hæstv. utanrrh. að freista þess að menn gleymi þeim miklu og afdrifaríku mistökum sem honum hafa orðið á, varðandi mál eins og Írak, sem mun hvað sem hann segir og hvað sem hann gerir, vera það sem lifir eftir ráðherratíð hans í utanrrn. Svo alvarleg voru þau mistök.

Herra forseti. Það er hins vegar sjálfsagt að ræða vandlega málflutning hæstv. ráðherra um framboð Íslendinga til öryggisráðsins. Hann stenst nefnilega ekki að öllu leyti. Inn í málflutninginn vantar að varpa ljósi á það samhengi sem umsóknin óhjákvæmilega er í varðandi önnur atriði utanríkismálastefnu ríkisstjórnarinnar, ekki síst afstöðu hennar til öryggisráðsins og virðingarleysisins sem hæstv. ríkisstjórn, sér í lagi hæstv. utanrrh., sýndi ráðinu þegar Íraksdeilan stóð sem hæst. Ég ætla að geyma mér, herra forseti, að fjalla um það þangað til ég kem að þætti Íraks síðar í minni ræðu. Ég ætla að leyfa mér þann munað, af því að ég hef ekki oft tekið til máls um það atriði, að ræða það til nokkurrar hlítar.

Fyrst er hins vegar nauðsynlegt að kafa aðeins ofan í, það sem ég hef kallað, ósamkvæmni milli ræðu hæstv. utanrrh. og ýmissa annarra yfirlýsinga hans, sér í lagi varðandi tengsl framboðsins við framlög okkar til þróunarhjálpar.

Hv. þingmenn sem sitja í þessum sal muna efalaust allir eftir ákaflega athyglisverðri ræðu sem forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hélt við þingsetninguna fyrr í haust. Forseti vor reifaði þar framboð Íslands til öryggisráðsins og leyfði sér að vísa til fræðimanns sem starfað hafði við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og hafði skoðað framlög okkar til þróunarhjálpar. Niðurstaða fræðimannsins var sú að ef kæmi til atkvæðagreiðslu um framboð okkar til öryggisráðsins væri líklegt að heldur smásálarleg framlög okkar til þróunarhjálpar gætu veikt stöðu okkar. Í kjölfarið sagði forseti Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig sem það veltur er ljóst að með auknum ábyrgðarstörfum á alþjóðavelli, innan Alþjóðabankans, Sameinuðu þjóðanna og víðar mun þessi sérstaða Íslands meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum og ríkjanna í Evrópu vestanverðri verða í æ ríkari mæli talin okkur til álitshnekkis."

Þarna talaði forseti Íslands, fyrrv. prófessor í stjórnmálafræði og einn af þeim Íslendingum sem gerst þekkir til á alþjóðavettvangi. Hann var augljóslega þeirrar skoðunar að nánasarháttur Íslendinga varðandi þróunarhjálp gæti skaðað framboð okkar til öryggisráðsins og taldi það okkur til álitshnekkis. Samfylkingin var og er algerlega sammála orðum forseta Íslands og hver einasti sendiherra sem þorir að tala um þetta mál er það líka.

En hvernig brást hæstv. ráðherra við þessum augljósu sannindum? Hann fór í ákaflega sérkennilegan leiðangur gegn forseta Íslands í öllum helstu fjölmiðlum landsins daginn eftir. Með leyfi forseta, sagði hæstv. ráðherra í RÚV: „Við þurfum ekki að styðja þróunarlöndin til þess að komast í öryggisráðið." Í ríkissjónvarpinu sagði hæstv. ráðherra: „Þetta eru algerlega aðskilin mál að mínu mati og mér finnst ekki vera rétt að blanda þeim saman." Á Stöð 2 sagði hæstv. ráðherra: „Við blöndum þessum málum ekki saman. Ég er andvígur því að vera að blanda þessum málum saman."

Herra forseti. Ég man ekki eftir nokkrum stjórnmálamanni sem fór með þessum hætti í alla fjölmiðla landsins til þess að atast í því sem herra forseti Íslands hafði sagt. Það hefur enginn gert áður, ekki einu sinni hæstv. forsrh. sem kallar þó ekki allt ömmu sína þegar kemur að því að tjá sig með litríkum hætti.

En, herra forseti, batnandi manni er best að lifa. Það sem hæstv. utanrrh. sagði í fýlukasti sínu þann dag er löngu horfið, það er gleymt. Þeir sem hafa ráðlagt hæstv. ráðherra hafa bent honum á að það sem forseti Íslands sagði á þeim degi var hárrétt. Í ræðunni sem við vorum að hlusta á hérna rétt áðan var hæstv. utanrrh. algjörlega búinn að skipta um skoðun. Ræðu hæstv. ráðherra var ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að nú sé það skoðun utanrrn. að ein helsta von Íslendinga til þess að ná árangri með framboði sínu sé að breyta um kúrs varðandi þróunarhjálp og stórauka hana. Og það er auðvitað hárrétt alveg eins og forseti Íslands sagði á sínum tíma.

Það má svo sem spyrja: Hvað er það sem olli því að hæstv. ráðherra hefur séð ljósið í þessum málum? Samfylkingin hefði gaman af því að heyra hvað það var sem olli því að hann skipti um skoðun í þessu. Auðvitað er það þannig að þetta tvennt er nátengt. Það er einfaldlega þannig að varðandi framboð okkar til öryggisráðsins verður það ekki bara orðstír Íslendinga meðal vina og frændþjóða á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu sem mun skipta sköpum um framboð okkar. Við eigum nú þegar hauka í þeim hornum. Það sem mun skipta máli er auðvitað atkvæði þeirra þjóða sem er að finna í Afríku og í Asíu og þar verðum við vegin fyrst og fremst eftir tvennu. Í fyrsta lagi hversu vel við höfum staðið okkur í því að deila auðlegð okkar með þeim sem eru skemmra komin á brautinni til bjargálna og svo hins vegar eftir sjálfstæðri utanríkisstefnu. Það eru 30 ár síðan þetta þing batt í lög þá stefnumótun að framlög okkar til þróunarhjálpar skyldu vera 0,7% af landsframleiðslu. Það var í samræmi við samþykktir allsherjarþingsins. Í dag er þjóðin, sem hæstv. ráðherra lýsti réttilega í sinni ræðu sem auðugri smáþjóð og taldi það eina af röksemdunum fyrir því að við ættum að sitja í öryggisráðinu, einungis að verja u.þ.b. fjórðungi af þessu hlutfalli til þróunarmála.

Hæstv. ráðherra sagði margt ágætt í ræðu sinni og m.a. sagði hann orðrétt: „Það er engin dyggð fólgin í því að hlaupast frá því að greiða sanngjarnan hlut af sameiginlegum reikningi." En það er nákvæmlega það sem Íslendingar hafa gert, ekki síst undir forustu núv. ríkisstjórnar. Þó vil ég taka það fram að heldur hefur nú lagast staðan í þessum málum á síðustu árum.

Ég sakna þess svo, herra forseti, að í ræðu sinni minntist ráðherrann ekki á það hvað framboð okkar til öryggisráðsins mundi kosta. Hann sagði hins vegar að við þingmenn, þingflokkar, stjórnin og jafnvel stjórnarandstaðan ætti að gegna ríku hlutverki, stóru hlutverki við að undirbúa þetta. En ég spyr, herra forseti: Hvað á þetta að kosta? Hafa menn ekki haft fyrir því að leggja mat á það? Samfylkingin óskar eftir því, ef kostur er, að hæstv. ráðherra svari því í dag.

Herra forseti. Svartasti bletturinn á ferli þessarar ríkisstjórnar er Íraksmálið og ég sakna þess að hæstv. ráðherra skuli ekki reifa hvaða áhrif hann telur að afstaða ríkisstjórnarinnar í því máli kunni að hafa á framboð okkar til öryggisráðsins. Telur hæstv. utanrrh. virkilega að sú af-

staða skipti engu máli? Auðvitað skiptir hún máli. Ég tel að hæstv. utanrrh. muni aldrei geta með sæmilegu móti varið þá ákvörðun að teyma okkur Íslendinga nauðuga til fylgilags við Bandaríkjamenn í Írak. Það var niðurlæging fyrir Íslendinga þegar hann, án lögboðins samráðs við Alþingi og án nokkurs samráðs við þingheim, batt þjóðina eins og afsláttarhross aftan í lest hinna 30 svokölluðu viljugu þjóða. Þeirra þjóða sem tóku siðferðilegan þátt í því að ráðast inn í Írak án þess að þora að bera það mál undir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sem hæstv. utanrrh. talar svo fjálglega um í dag. Herra forseti. Þetta er ekkert annað en hræsni sem felst í þessari afstöðu.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst það söguleg kaldhæðni að við skulum núna vera að ræða utanríkismál á grundvelli skýrslu sem fjallar bara um það eitt að komast í þetta sama ráð og hæstv. ráðherra taldi fullkomlega eðlilegt að hunsa þegar kom að einni mikilvægustu ákvörðun sem alþjóðasamfélagið hefur komið að á síðustu áratugum, því það var satt að segja, eins og hér hefur komið fram í ræðu minni, varla orð um annað en öryggisráðið í skýrslu hæstv. ráðherra. Ég spyr auðvitað þegar maður horfir á þennan tvískinnung, ja, þá kemur upp spurningin: Hvers konar pólitík er þetta? Hvers konar pólitík er það að byrja á því að gefa fullkomið frat í öryggisráðið, koma fram gagnvart því af fullkomnu virðingarleysi og lýsa í reynd yfir með afstöðu Íslendinga að öryggisráðið skipti ekki máli þegar kemur að stærstu og erfiðustu ákvörðun á alþjóðavettvangi? Svo komum við Íslendingar núna og viljum leggja allt í sölurnar til þess að komast að þessu innsta borði vegna þess, eins og hæstv. ráðherra var að enda við að segja: Þar á að taka hinar mikilvægu ákvarðanir. En ekki þegar Bandaríkjamönnum líkar það illa eða þeim þjóðum sem fylgispakastar eru þeim í utanríkismálum.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þetta er einhver sérkennilegasta aðferð til þess að lýsa og kynna sjálfstæða utanríkisstefnu gagnvart umheiminum því það sem fyrst og síðast mun ráða afdrifum okkar þegar kemur til kosninga um framboð okkar er mat annarra þjóða á því hversu sjálfstæð utanríkisstefna Íslendinga er. Og í Íraksmálinu birtist það öllum heiminum.

Það gleður mig hins vegar, herra forseti, að hæstv. ráðherra er orðinn bókmenntalega sinnaður og hann er farinn að vitna í nóbelsskáldið til þess að styðja umsókn okkar í öryggisráðið. Mér fannst þó kannski svolítið óheppilegt af hæstv. ráðherra að vísa til orða gamla Bjarts í Sumarhúsum um gagnsemina af fyrri heimsstyrjöldinni í því sambandi. Hæstv. ráðherra las kannski ekki alveg nógu langt í þeim texta, hefði hann gert það hefði hann komist að því að það var nú einmitt sú styrjöld sem eyðilagði beitarhúsamýrina fyrir Bjarti. Og það skyldi þó ekki vera að styrjöldin sem hæstv. ráðherra lét okkur styðja í Írak verði til þess að eyðileggja fyrir okkur þegar kemur að kosningu í öryggisráðið og Írak verði þá kannski mýrin sem þessi bautasteinn hæstv. ráðherra sekkur á bólakaf ofan í?

Nei, herra forseti, fyrst hæstv. ráðherra var á annað borð að vitna í Laxness þá hefði hann kannski átt að lesa Gerplu og vísa í þau orð búandkarls eftir veislu í hvalþvesti þegar hann var að velta fyrir sér áhrifum átaka og styrjalda og komst að þeirri niðurstöðu að í stríði mundu þeir einir niður fara sem trúa á stálið. Og það getur hæstv. utanrrh. séð best á atburðarásinni sem síðan hefur orðið í Írak.

Ég verð að segja það líka, herra forseti, að á dauða mínum átti ég von frekar en því að ríkisstjórnin og hæstv. utanrrh. gengju á bak allra þeirra orða sem hæstv. ráðherra hafði í aðdraganda ákvörðunar sinnar um hinn siðferðilega stuðning sem hann veitti fyrir hönd vopnlausrar þjóðar við innrásina í Írak. Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp að hæstv. ráðherra hafði ekki einu sinni heldur mörgum sinnum sagt að hann teldi rétt að veita vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að grennslast fyrir um tilvist gereyðingarvopna áður en gripið yrði til hervalds gegn Írak. Hann sagði þetta ekki einu sinni, hann sagði það mörgum sinnum. En hæstv. ráðherra stóð ekki við þau orð, hann gekk á bak þeirra.

Hæstv. ráðherra hefur aldrei skýrt hvað olli sinnaskiptum sínum og mér finnst kominn tími til að hann geri það. Var málið kannski það að hæstv. utanrrh. kiknaði í hnjánum þegar formaður Sjálfstfl. tók af honum völdin varðandi stuðninginn við Írak? Því það er nefnilega þannig sem það hefur svo oft verið í tíð þessarar ríkisstjórnar að þegar kemur að stóru málunum í utanríkispólitík Íslendinga þá hefur Sjálfstfl. farið sínu fram. Við sáum það í Írak og við höfum líka séð það mörgum sinnum varðandi Evrópumálin. Og það get ég sagt herra forseta að ákvörðunin um Írak er sú ákvörðun sem allir sem sátu þá á þingi munu beisklegast gráta og aldrei gleyma. Það fennir í öll spor og tíminn græðir öll sár og sagan birtir oft réttlætingu á ákvörðunum sem er erfitt að réttlæta í samtímanum. Það er hins vegar skoðun mín og Samfylkingarinnar að í tilviki Íraksstríðsins séu bæði sagan og tíminn að sýna það sífellt betur og betur að ákvörðun ríkisstjórnarinnar átti sér enga réttlætingu, og það sýnir vaxandi óöld, óöryggi og réttleysi almennra borgara í Írak í dag. Við sjáum auðvitað ekki nema bara hluta af þeirri dökku mynd sem blasir við þegar bakhliðin á stöðu almennra borgara í Írak er skoðuð. Við lesum fréttir af sorglegu mannfalli hermanna þeirra erlendu liða sem sitja í Írak og vissulega er samúð okkar með fjölskyldum þeirra sem munu aldrei jafna sig á því áfalli sem felst í því að missa föður, móður, son eða dóttur. En við sjáum bara það sem erlendum miðlum finnst fréttnæmt. Það er ekki nema örsjaldan í fréttatímum þeirra og þar með okkar sem glyttir t.d. í þá skelfilegu þróun sem hefur orðið á hlutskipti kvenna í Írak. Hvers kyns ofbeldi í þeirra garð, misþyrmingar og nauðganir eru svo algengar í því skelfilega stjórnleysi sem ríkir í Írak í kjölfar innrásarinnar að líf þeirra er martröð. En við sem búum á Vesturlöndum fáum aldrei að heyra af þessu. Þetta þykir varla fréttnæmt. En þetta er hluti af því sem ég ber ábyrgð á, siðferðilega, óbeina ábyrgð á sem Íslendingur vegna þess að mín þjóð veitti siðferðilega blessun yfir þessa innrás. Mér þykir það sárt.

Hver var réttlætingin sem færð var fyrir þessu? Það voru gereyðingarvopnin. En þau finnast hvergi í dag. Það er komið í ljós að stoðirnar undir staðhæfingunum um tilvist þeirra voru að stórum hluta ýkjur, staðlausir stafir. Í dag, hálfu ári eftir að stríðinu lauk og eftir saumnálarleit um allt Írak, finnst hvorki af þeim tangur né tetur. Robin Cook, sem sagði af sér úr bresku ríkisstjórninni vegna þessa máls, hafði aðgang að þeim sömu leyndarskjölum sem Bush og Blair höfðu aðgang að og hann hefur sagt að það hafi ekki verið vottur af vísbendingu um að það væru einhver gereyðingarvopn í Írak önnur en þau sem framleidd voru af verksmiðjum sem Bretar settu upp fyrir 20 árum.

Hver er þá réttlætingin í dag? Hún er helst sú, heyrir maður hjá forustumönnum ríkisstjórnarinnar, að það hefðu getað verið gereyðingarvopn og það var þess vegna í lagi, herra

forseti, að Íslendingar studdu árásarstríð á Írak. „Guði sé lof það var bara arsenik." Þannig hljóðaði frægt skeyti í einni af bókum skáldsins sem hæstv. ráðherra vitnaði til í ræðu sinni, ég held að það hafi verið Guðsgjafarþula. Og það var stjórn kvenfélagasambands bjórbindindiskvenna vestan Helkunduheiðar sem sendi það merka skeyti til ritstjóra Norðurhjarans á Djúpvík. Herra forseti. Þeir hafa ekki einu sinni fundið arsenik í Írak.

[11:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill tala um önnur mál en ég talaði um í minni ræðu. Ég átti von á því. Þetta umræðuform leyfir það hins vegar ekki að tekið sé upp hér hvert einasta mál. Það hlýtur hv. þm. að sjá ef hann vill hafa einhverja sanngirni en ekki nota megnið af sínum ræðutíma til þess að tala um það sem ekki var talað um.

Það er hins vegar sjálfsagt að tala um Írak og við höfum oft talað um Írak. En væri þá ekki ágætt að hv. þm. talaði líka um ástandið í Írak eins og það var áður? Að hann talaði eitthvað um allar fjöldagrafirnar þar sem hundruð þúsunda manna eru grafnar? Um það hvernig þessu landi var stjórnað með pyndingum og drápum af Saddam Hussein? Telur hv. þm. að alþjóðasamfélagið beri enga ábyrgð gagnvart því, alþjóðasamfélaginu komi það einfaldlega ekki við?

En það ber nú samt þannig við, hv. þm., að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur komist að niðurstöðu um það hvernig skuli staðið að enduruppbyggingu í Írak og alþjóðasamfélagið hefur tekið saman höndum um það mál, eins og t.d. framlagaráðstefnan ber vitni um. Öllu þessu vill hv. þm. gleyma. Hann horfir á gereyðingarvopnin eins og það skipti öllu máli hvort þau finnist eða ekki. Ég hef nú trú á að þau finnist einhvern tíma vegna þess að við vissum að þau voru til. Og í tólf ár var búið að senda ályktun eftir ályktun frá öryggisráðinu um að Saddam Hussein gerði grein fyrir þessum gereyðingarvopnum. Hann gerði það aldrei. Af hverju gerði hann það ekki? Þetta eru líka mikilvæg atriði í þessu annars svo mjög umdeilda og viðkvæma máli.

[11:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. lýsti því margoft yfir að gefa ætti vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að leita af sér allan grun. Hann gekk á bak þeirra orða sinna. Hann hefur aldrei upplýst af hverju það gerðist. Var það vegna þess að Sjálfstfl. kúgaði hann? Var það vegna þess að hæstv. forsrh., sem hafði alveg skelegga og þekkta skoðun á málinu, skrúfaði niður í því? Ég veit það ekki, herra forseti. En eitt veit ég að hæstv. utanrrh. átti þátt í því að taka af mér minn lögboðna rétt sem alþingismaður til að fá að fjalla um málið. Þetta er mesta og erfiðasta utanríkismálið sem nokkru sinni hefur skolað á fjörur þingsins og hæstv. utanrrh. hafði ekki samráð við þingið. Hann hafði ekki samráð við utanrmn. þingsins um þetta mál. Við getum síðan deilt um hvernig staðan er núna. Við getum deilt um hvernig á að taka á málinu.

Ég er þeirrar skoðunar að ábyrgð okkar sé svo mikil á því sem hefur gerst í Írak að við eigum að verja miklu meira fé til uppbyggingar þar en við höfum gert nú þegar. Ég er líka þeirrar skoðunar að staðan eins og hún er komin upp í Írak sé svo alvarleg að það sé ákaflega erfitt fyrir okkur sem stjórnmálamenn og þá stjórnmálamenn sem báru ábyrgð á þessari ákvörðun að horfast í augu við það.

Ég fór aðeins með lítinn passus af því sem hægt er að lesa á jöðrum miðlanna, hinna erlendu miðla um stöðu kvenna í Írak. Staða kvenna í Írak er einfaldlega þannig að þær þora tæpast út af því að engin löggæsla er á strætum úti og það er ég, Íslendingurinn, sem með óbeinum hætti ber ábyrgð á því. Auðvitað svíður mann undan slíku. En það er einfaldlega þannig. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að sjá sóma sinn í því að taka þetta mál að eigin frumkvæði til umræðu á þinginu því að með einhverjum hætti þurfa menn að gera þetta upp.

[11:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega sérkennilegt hvernig hv. þm. Össur Skarphéðinsson nálgast mál. Hann nálgast skoðanamyndun með þeim hætti að hún eigi sér helst stað með því að menn séu píndir og plagaðir. Er hv. þm. að vitna eitthvað til eigin reynslu í þessu sambandi? Hann kemur vart í ræðustól án þess að tala um að skoðanamyndun utanrrh. fari þannig fram að einhver sé að pína hann og plaga. Ég get fullvissað hv. þm. um það að svo er alls ekki. Ég er alveg fullfær um að mynda mínar eigin skoðanir á málum og fylgja þeim eftir og hef gert það.

Ég hef þá skoðun að nauðsynlegt hafi verið að koma Saddam Hussein frá. Ég er þeirrar skoðunar að ekki hafi verið hægt að bíða lengur. Það hefði verið æskilegt að gefa vopnaeftirlitsmönnum lengri tíma. Ég hef ekkert breytt um skoðun í því sambandi en ekki reyndist unnt að gera það. En ég er eindregið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt hafi verið að koma Saddam Hussein frá.

Mér finnst það afskaplega merkilegt að formaður Samf. nefnir aldrei einu orði öll þau grimmdarverk sem þar voru unnin. Og það sem nú er að gerast í Írak er afskaplega sorglegt, öll þau hermdarverk sem þar eiga sér stað. En við verðum að vinna að friði í því landi. Við verðum að koma þar á friði og við verðum að koma því til leiðar að sú þjóð geti tekið sín mál í eigin hendur og ég trúi því að það muni takast. En það er alveg ljóst að það hefði aldrei tekist *nema einræðisherranum, glæpamanninum Saddam Hussein* væri komið frá. Og hv. þm. mætti í gagnrýni sinni bera líka umhyggju fyrir öllu því fólki sem féll fyrir grimmdarhendi hans.

[11:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri það. Ég ber umhyggju fyrir því fólki. En ég ber líka umhyggju fyrir því fólki sem líður kvöl og pínu í Írak núna og sem ég með óbeinum hætti sem Íslendingur ber vissa ábyrgð á.

Hæstv. utanrrh. byrjaði á því að vitna í Halldór Laxness. Hann hefði átt að lesa Vefarann frá Kasmír þegar hann var ungur maður. Þar segir einhvers staðar að sigrar í styrjöldum séu dýrkeyptir. Sá sigur sem hæstv. utanrrh. lýsti hér yfir dögum eftir svokölluð lok styrjaldarinnar í Írak hefur reynst dýrkeyptur. Hann hefur reynst öllum sem að því máli koma ákaflega dýrkeyptur.

Hæstv. utanrrh. stendur frammi fyrir því að hann hafði skoðun sem hann lét uppi mörgum sinnum. Hann sagði að það ætti að bíða, það ætti að gefa vopnaeftirlitsmönnum meiri tíma til að leita af sér grun um hvort gereyðingarvopnin væru fyrir hendi í Írak. Tilvist þeirra var eina röksemdin sem hæstv. utanrrh. gaf upp á þeim tíma. (**Utanrrh.:** Þetta er rangt.) Og nú er það þannig að það finnst hvorki tangur né tetur af gereyðingarvopnum, ekki einu sinni arsenik, og herra

forseti, þá kemur hæstv. utanrrh. og hver er röksemd hans núna? Hann hefur trú á því að gereyðingarvopn muni samt finnast og þar með sé hægt að réttlæta ákvörðun hans sem er versta ákvörðun sem hefur verið tekin í utanríkismálapólitík Íslendinga á síðustu áratugum.

[11:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég var ansi hissa að heyra ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan. Hæstv. utanrrh. var svo sem ekki mikill vandi á höndum að svara þeim sérkennilega málflutningi en ég vil samt sem áður blanda mér í það.

Átta menn sig á því hvað var að gerast í Írak? Komið hefur í ljós að um 300 þús. manns, við erum að tala um rúmlega íslensku þjóðina, féll fyrir hendi Saddams Husseins, hans eigið fólk. Það eru 200 fjöldagrafir (**SJS:** 1,5 milljónir í viðskiptabanninu.) nú þegar fundnar og hér koma menn upp og segja að við berum ákveðna ábyrgð á þeim hörmungum sem nú eru til staðar. Ég spyr þá aðila, virðulegi forseti, sem komu hér og studdu aðgerðirnar í Kosovo í nafni þjóðarmorðs. Ég spyr þá aðila vegna þess að ég var að koma frá þingi Sameinuðu þjóðanna þar sem einmitt í öryggisráðinu var verið að fara yfir stöðuna í því landi því það er nú þannig að öll mál leysast ekki þótt grimmum einræðisherrum sé komið frá. Þar er ástandið ekki gott, virðulegi forseti.

En hv. þm. Össur Skarphéðinsson ásamt Samf. studdi það þegar vestrænar þjóðir komu þeim einræðisherra frá og stöðvuðu þjóðarmorð þar nákvæmlega eins og menn gerðu nú. Sama ástand er í Kosovo alveg eins og er í Írak, þar er alvarlegt ástand. Ég spyr: Hver er munurinn? Hver eru sinnaskiptin hjá forustumönnum Samf. þegar annars vegar var um að ræða Kosovo og hins vegar Írak? Ef menn skoða ályktanir Sameinuðu þjóðanna, þá liggur það alveg fyrir að þær eru mun skýrari hvað varðar Írak en Kosovo. Það liggur alveg fyrir.

[11:39]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. greinargóða skýrslu um utanríkismál en í máli hans birtist á mjög skýran hátt hvernig Ísland stendur frammi fyrir mörgum áskorunum og tækifærum í samfélagi þjóðanna. Öllum ætti að vera ljóst að við þurfum að leggja mjög mikið upp úr þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi og síðast en ekki síst þurfum við að gera okkur sýnileg á alþjóðavettvangi.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég er mjög undrandi á ræðu hv. formanns Samf. Hingað til hefur Samf. viljað vera ábyrg í umræðum um utanríkismál þótt að vísu séu til undantekningar en þessi ræða formannsins var ein samfelld gagnrýni á stefnu ríkisstjórnarinnar og hæstv. utanrrh. og ekki uppbyggileg á nokkurn hátt. Það er t.d. furðulegt að tengja saman framlög til þróunaraðstoðar og framboð Íslendinga til öryggisráðsins. Allir vita hins vegar hug Samf. til Evrópusambandsins og þess vegna er e.t.v. skiljanlegt að formaðurinn sé sár yfir því að hæstv. utanrrh. skuli ekki fjalla sérstaklega um það mál.

Hæstv. utanrrh. hefur margoft rætt stöðuna í Írak á hinu háa Alþingi og skýrt þau mál öll og það hefur ekki verið neinn ágreiningur milli stjórnarflokkanna í því máli. Vissulega er erfitt ástand í Írak og sorglegt. Um það eru allir sammála. En hv. formaður Samf. minntist sérstaklega á gereyðingarvopnin og þá finnst mér rétt að rifja það upp að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði gefið Írak tækifæri til að að sýna fram á að öllum gereyðingarvopnum hefði verið eytt. Þetta var virt að vettugi. Hvers vegna? Er engin vopn að finna eða hefur þeim virkilega verið eytt eða hafa þau verið falin vel og vandlega? Það veit enginn. Kannski líta þeir of stórt á sig til að viðurkenna að þeir hafi farið að ályktunum öryggisráðsins raunverulega. Ef Írak hefði unnið með Sameinuðu þjóðunum og alþjóðasamfélaginu í stað þess að vinna gegn þessu þá væru málin í allt öðrum farvegi.

Við skulum líka rifja það upp, hv. þm., að íröksk stjórnvöld voru um árabil ógnun við stöðugleika í heiminum. Þau hafa með Saddam Hussein í fararbroddi farið með ófriði á hendur nágrönnum sínum og eigin þegnum í fjölmörg ár. Jafnvel beitt gereyðingarvopnum gegn eigin borgurum og nágrönnum. Og alþjóðasamfélagið vinnur að uppbyggingu þar og það verður ekki komið á friði og stöðugleika nema með utanaðkomandi afskiptum. Enduruppbyggingarstarfið byggir á ályktunum öryggisráðsins og alþjóðasamfélagið ber ábyrgð á því og þarf að grípa inn í ef mannréttindabrot eru framin. Við getum ekki látið slíkt átölulaust.

Herra forseti. Það er staðreynd að margir hafa undrast og jafnvel horft aðdáunaraugum til okkar Íslendinga hvernig við getum tekið svo virkan þátt í alþjóðamálum og alþjóðastjórnmálum, svo fámenn þjóð. Ég held að svarið við því sé einfalt. Við höfum fyrir löngu síðan áttað okkur á mikilvægi þess að eiga góð samskipti við grannríki okkar og raunar flest önnur ríki veraldar með einum eða öðrum hætti, m.a. til að ná markmiðum okkar í efnahagsmálum og treysta lífskjör þjóðarinnar til framtíðar. Afskiptaleysi í alþjóðamálum getur ekki leitt til annars en hnignunar. Við höfum því kosið að kosta til töluverðu fé og mannafla til að sinna utanríkismálum þjóðarinnar, opnað ný sendiráð og látið til okkar taka á alþjóðavettvangi. Við höfum líka uppskorið ríkulega.

Í vaxandi alþjóðavæðingu þarf Alþingi líka að huga grannt að alþjóðlegum samskiptum sínum. Í ágúst sl. var formlega hafið samstarf formanna utanríkismálanefnda norrænu þjóðþinganna og þinga Eystrasaltsríkjanna. Fyrsti fundurinn var haldinn í Klaipêta í Litháen og tókst hann vel. Ákveðið var að halda þessu samstarfi áfram og halda árlega fundi. Skugga bar þó á þennan fund þar sem rússneskur þingmaður frá Kaliningrad ætlaði einmitt að hitta okkur ásamt forsetum þjóðþinganna á fundinum til að ræða sameiginleg hagsmunamál, m.a. landamæravörslu og baráttu gegn alþjóðlegum afbrotum, en hann fékk ekki fararleyfi þannig að ég held að þetta atvik sýni að lýðræðisþróun er komin misjafnlega langt í þessum heimi okkar.

Eystrasaltsríkin eru á leið inn í Evrópusambandið næsta haust og þau verða jafnframt aðilar að NATO innan skamms. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin eiga því um margt sameiginlegra hagsmuna að gæta og hafa Norðurlöndin stutt Eystrasaltsríkin dyggilega í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Ég tel því mikilvægt að við hugum vel að þessu samstarfi.

Á þessum fundi í Klaipêta var einkum rætt um öryggis- og varnarmál og stækkun Evrópusambandsins og EES-svæðisins. Formenn utanríkismálanefndanna voru allir sammála um nauðsyn þess að ríkin störfuðu náið saman til að auka áhrif sín á ákvarðanatöku innan sambandsins og tryggja þannig hagsmuni sína.

Hæstv. utanrrh. fjallaði jafnframt ítarlega um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Við þurfum að nota tímann vel til að kynna framboð okkar og Íslands út á við og hvað við höfum fram að færa í þessu sambandi. Ég tel rétt að utanrmn. fari vel yfir það með hvaða hætti

nefndin og Alþingi geti komið að málinu til að veita Íslandi brautargengi.

EES-samningurinn er einn mikilvægasti samningur Íslands á viðskiptasviðinu og við höfum þurft að hafa töluvert fyrir því að koma samningnum á og viðhalda honum. Nú hafa EES- og EFTA-ríkin undirritað samningana um stækkun EES-svæðisins og er það sérstakt fagnaðarefni. Vafalaust bíða okkar ný tækifæri á enn stærri markaði. Hæstv. utanrrh. hefur látið í ljós efasemdir um að Evrópusambandið fáist til að endurskoða samninginn þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt til kynna í upphafi stækkunarferlisins. Það er auðvitað visst áhyggjuefni að ekki skuli vera hægt að treysta því betur sem kemur frá Evrópusambandinu. Þetta er atriði sem ég tel rétt að utanrmn. skoði vel á næstu mánuðum.

Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu fyrir meira en hálfri öld síðan. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og Atlantshafsbandalagið tekið mikum stakkaskiptum. Heimsmyndin hefur líka breyst gríðarlega á þeim tíma. Nýjar ógnir hafa steðjað að þjóðum heimsins, gereyðingarvopn, efnavopn og nú síðast þaulskipulagðar hryðjuverkaárásir sem ógna öryggi alls mannkyns. Atlantshafsbandalagið hefur sýnt hversu megnugt það er að takast á við ný verkefni og má segja að 11. september 2001 hafi ekki aðeins breytt heimsmyndinni heldur einnig hlutverki alþjóðastofnana.

Í gær fjallaði utanrmn. um og samþykkti fyrir sitt leyti staðfestingu á viðbótarsamningnum við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild sjö nýrra ríkja að NATO. Aðildarríkjunum fjölgar því í einu vetfangi úr 19 í 26 en aðeins fjögur ár eru liðin síðan þrjú ný aðildarríki bættust við hópinn, þ.e. Tékkland, Ungverjaland og Pólland. Það er því ljóst að flest Evrópuríki sjá hag sínum best borgið innan NATO en utan þess og ekki leikur nokkur vafi á því að NATO hefur ýtt undir lýðræðisþróun í umsóknarríkjunum, enda þurfa þau að uppfylla strangar kröfur til að geta orðið aðilar. Þessi ríki hafa séð aðild að NATO sem ákveðinn mikilvægan áfanga í lýðræðisþróun, eflingu efnahagslegs stöðugleika og viðurkenningu á alþjóðavettvangi. Auk þess taka þau þátt í sameiginlegum vörnum og eiga sér trygga bandamenn ef á þau er ráðist. Ekki leikur nokkur vafi á því að eftir stækkun bandalagsins er það betur í stakk búið til að tryggja aukinn stöðugleika og öryggi í Evrópu.

Staða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu. Skemmst er að minnast þess að bandarísk stjórnvöld tilkynntu íslenskum stjórnvöldum fyrirvaralaust sl. vor að þau hygðust flytja herafla sinn á brott frá Íslandi innan mánaðar frá tilkynningunni. Ég held að ég geti fullyrt að þetta kom eins og köld vatnsgusa framan í íslensku þjóðina, ríkisstjórn Íslands og Alþingi enda stendur samstarf Íslands og Bandaríkjanna á gömlum merg og við höfum ávallt litið á Bandaríkin sem vinaþjóð og bandamann okkar. Utanrmn. fylgdist náið með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í málinu og studdi aðgerðir hennar. Málið fékk farsælan endi. Hagsmunum Íslands var borgið og ber að þakka hæstv. forsrh. fyrir hversu vel var haldið á málinu.

Ég held að ég geti fullyrt að utanríkisstefna Íslands og áherslur okkar á alþjóðamál almennt hefur gert það að verkum að Ísland hefur öðlast þann sess og virðingu á alþjóðavettvangi að það þurfi ekki að sæta því að samningar séu rofnir einhliða.

Hæstv. utanrrh. fjallaði hér á undan um fund aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunar sem haldinn var í Cancún í september. Það verður að viðurkennast að það voru vonbrigði að markmiðin skyldu ekki nást á þeim fundi. Fyrir því eru fjölmargar ástæður. Í þessu sambandi og í umræðu um þróunarsamvinnu vil ég minna á að þróunarlöndin þurfa líka að vera reiðubúin að axla ábyrgð en andstaða þeirra við opnun markaða og alþjóðaviðskipta átti stóran hlut að máli hvernig fór í Cancún, því miður. Einkum var afstaða þeirra til viðskipta þeirra á milli sem olli vandkvæðum. Aukin viðskiptatækifæri eru einmitt lykill að aukinni hagsæld fyrir þessi ríki í framtíðinni.

Ísland hefur, gagnstætt fjölmörgum ríkjum í heiminum, opnað markaði sína fyrir vörum frá þessum ríkjum t.d. fyrir kaffi, kornvörur, sykur, ávexti, fatnað og margt fleira. Í því felst verulegur stuðningur í sjálfu sér sem aðrir mættu taka sér til fyrirmyndar. Að vísu verður að viðurkennast að útflutningsbætur annarra ríkja eru vandamál sem verður að taka á enda raska þær alþjóðlegri samkeppni og koma þróunarlöndunum séstaklega illa.

Hæstv. utanrrh. gerði í ræðu sinni ítarlega grein fyrir framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Einhverjir hafa spurt hvers vegna við séum yfir höfuð að sækjast eftir setu í öryggisráðinu. Eins og ég gat um hér á undan hefur Ísland látið alþjóðamál til sín taka í stöðugt meira mæli en áður og má sem dæmi nefna auknar áherslur Íslands í friðargæslumálum. Virkari þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi endurspeglast einnig í aukinni áherslu á störf Sameinuðu þjóðanna í íslenskum utanríkismálum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna er orðið mun virkara en áður var og pólitískt vægi þess meira þannig að segja má að eðlilegt sé að Ísland sækist eftir sæti í ráðinu og axli þar ábyrgð eins og hin Norðurlöndin hafa gert. Almennt má því segja að þekking á störfum öryggisráðsins sé mikilvæg fyrir Ísland og jafnframt fyrir aukið vægi og áherslur Íslands á vettvangi alþjóðastjórnmálanna.

Ekki leikur nokkur vafi á því að Ísland getur heilmikið lagt af mörkum sem herlaus og friðelskandi þjóð sem nýtur virðingar á alþjóðavettvangi, m.a. vegna stefnu í umhverfismálum, auðlindamálum, hafréttarmálum, velferðar- og mannréttindamálum. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þessi markmið okkar munu kosta okkur nokkurt fé. Utanrmn. hefur ávallt lagt á það áherslu að fjármunir til utanríkismála séu nýttir á sem hagkvæmastan hátt og mun fylgjast nánar með framvindu þessa máls. Síðustu missirin hefur íslenska friðargæslan sýnt í verki hvers hún er megnug og íslenskir friðargæsluliðar eru eftirsóttir af alþjóðastofnunum. Ísland nýtur þess að vera land sem hefur ekki átt í útistöðum við hinar stríðshrjáðu þjóðir með einum eða öðrum hætti og á ekki hagsmuna að gæta tengdum friðargæslunni. Með tilliti til þeirra fjármuna og mannafla sem við getum varið til friðargæslu er líklega rétt að við einbeitum okkur að vel skilgreindum og afmörkuðum verkefnum. Hafa þarf í huga að það er ekki upphæðin sem slík sem varið er til málaflokksins heldur hvernig hún nýtist. Verkefnið í Pristina er dæmi um sérlega vel heppnað verkefni sem er Íslandi til sóma.

Áætlunum ríkisstjórnarinnar um aukið framlag til þróunaraðstoðar á næstu árum ber að fagna.

Á undanförnum árum hefur komið í ljós að mansal og þvingað vændi eru þau vandamál sem hvað örast breiðast út í Evrópu og jafnvel um allan heim. Ég tel að í þeim glæpum sem tengjast þessari þróun séu fólgin grófustu brotin á mannréttindum sem við er að glíma nú á dögum og ein ljótasta vísbendingin um misrétti kvenna og karla. Þetta er vandamál

sem alla varðar, konur og karla, og felur í sér algert virðingarleysi við grundvallarmannréttindi. Hryðjuverkastarfsemi, mansal og nauðungarvinna eru vandamál sem ríkisstjórnir og þingmenn verða að berjast gegn.

Ástæður starfsemi af þessu tagi eru fjölmargar en helst er að nefna fátækt, styrjaldir og hrun samfélaga í kjölfar langvarandi átaka. Við höfum stutt við alþjóðavæðingu og aukið ferðafrelsi manna öllum til hagsbóta. Við þurfum þrátt fyrir það að vera á varðbergi. Glæpastarfsemi af þessu tagi, ekki síst verslun með fólk, færir sér þetta í nyt og við verðum að vera í stakk búin að takast á við fleiri tilfelli af þessu tagi. Lega landsins hefur hins vegar hjálpað okkur hingað til og virk alþjóðleg samvinna skiptir meginmáli í þessu sambandi.

Schengen-samstarfið og samstarf Norðurlandanna skiptir sköpum í að glíma við þennan vágest. Vandamálið er fyrst og fremst alþjóðlegt fyrirbrigði sem þjóðir heims verða að taka höndum saman um að berjast gegn.

Ef við lítum nánar á Evrópu er rétt að geta um athyglisvert frumkvæði þingmannasambands Evrópuráðsins á þessu sviði. Í tillögu sem var nýlega samþykkt í Strassborg studdi sambandið hugmyndina um Evrópusamþykkt um verslun með fólk. Sú aðgerð mun auka gildi núgildandi alþjóðlegra samþykkta þar eð augljóslega er hér fjallað um mannréttindi og vernd fórnarlamba ásamt áherslu á kynferði. Sambandið mæltist einnig til þess að aðildarríkin mundu skipa sérsakan saksóknara sem fengi sérstaka þjálfun í að fjalla um verslun með fólk og að gera verslun með fólk refsiverða ef það hefur ekki þá þegar verið gert. Ég tel að þetta frumkvæði eigi skilið frekari rannsóknir með tilliti til þess að hér erum við svo sannarlega að fjalla um evrópskt vandamál.

Sem dæmi má nefna að hin nýju aðildarríki Evrópusambandsins, t.d. Eystrasaltsríkin og Pólland, hafa haft töluverðar áhyggjur af aukningu tilrauna til smygls á fólki yfir landamæri þeirra inn í Evrópusambandið. Ég minni á að þetta vandamál verður einnig okkar vandamál vegna stækkunar EES.

Rétt er að taka fram að í sameiginlegri yfirlýsingu forseta þingmannasambands Evrópuráðsins og Evrópuþingsins kom fram sterk pólitísk samstaða um þetta frumkvæði. Fagnað var vinnu við samþykkt Evrópuráðsins um verslun með fólk þar sem m.a. er áformað sameiginlegri evrópskri eftirlitsstofnun gegn verslun með fólk. Evrópusambandið og aðildarríki þess voru hvött til að veita þessu mikilvæga frumkvæði fullan stuðning.

Við Íslendingar höfum ekki látið okkar eftir liggja í þessari baráttu. Ég minni á samstarf dómsmála- og félagsmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og á síðasta ári samþykkti Alþingi að mansal yrði sérstakur refsiverður verknaður samkvæmt íslenskum hegningarlögum.

Hæstv. forseti. Ljóst er að margt er fram undan á vettvangi alþjóðamála og margt annað vildum við gjarnan ræða hér. En tíminn setur okkur ákveðin mörk. Það er þó grundvallaratriði fyrir okkur Íslendinga að við höldum vöku okkar og tryggjum hagsmuni Íslands í samfélagi þjóðanna. Við þurfum jafnframt að leggja okkar af mörkum til lýðræðisþróunar og friðar í heiminum og aðstoða önnur ríki við að brjótast úr viðjum fátæktar og vonleysis. Það gerum við best með því að láta til okkar taka og axla ábyrgð á þróun heimsmálanna. Aðkoma Alþingis og utanrmn. skiptir síðan meginmáli varðandi mótun og framkvæmd utanríkisstefnu Íslands.

[11:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. ver nánast allri ræðu sinni í framboð Íslands til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og ég geri í sjálfu sér ekki athugasemdir við það þótt maður sakni vissulega ýmiss sem hefði verið áhugavert að ræða, það er annað mál. Út af fyrir sig er aldrei hægt að koma öllu fyrir í einni ræðu og það má ekki vera svo að einhverjir tilteknir málaflokkar séu hér endalaust skylduumræðuefni án tillits til þess hvort þannig standi sérstaklega á að þar sé eitthvað uppi við. Vissulega er þetta stór atburður sem fram undan er þannig að í sjálfu sér geri ég ekki athugasemdir við það að ræðan sé byggð upp með þessum hætti, enda hefði það lítið upp á sig, hæstv. utanrrh. ræður sinni ræðu. Hitt er annað mál sem mér er miklu meira umhugsunarefni ef verið er að gefa þann tón að í raun og veru muni meira og minna öll utanríkismál á Íslandi og uppbygging utanríkisþjónustunnar og áherslur snúast um þetta eina mál næstu fimm árin eða sjö því að það er nú ekki nema árið 2003 og það er nokkur tími til stefnu. Ég vona því að við komum öðru að og að hægt sé að sinna öðrum málum þessi fimm ár sem fram undan eru fram til 2008 þangað til á það reynir í lokin með kosningu að hausti 2008 hvort við fáum þarna sæti.

Fyrst held ég að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, að fara í ákveðna málsvörn fyrir hann Bjart í Sumarhúsum. Hæstv. ráðherra vitnar í Bjart og, ef ég skil rétt, er Bjartur þar fram dreginn til vitnis um einangrunarhyggju Íslendinga. Fyrir mér endurspeglar þetta algeran misskilning utanrrh. eða ræðuritara hans á eðli Bjarts og því sem skáldið er að láta þessa ágætu sögupersónu segja. Fyrir mér er Bjartur fyrst og fremst dæmi um þann sem er tilbúinn til að fórna nánast öllu fyrir sjálfstæði sitt, fyrir það að vera sjálfs síns herra, og kannski í öðru lagi er Bjartur dæmigerður fyrir þrjóskuna, fyrir seigluna sem er þess auðvitað valdandi að þjóðin lifir af í þessu landi. Kannski er besta sagan í Sjálfstæðu fólki, sem vitnar um þrjósku Bjarts, sú þegar hann ríður hreindýrinu og lætur nú ekki laust fyrr en í fulla hnefana, eins og þeir muna sem kunna þá sögu.

Mér finnst sú tilvitnun sem hæstv. ráðherra tekur í Bjart um mannhelvítin sem eru að murka lífið hver úr öðrum úti í löndum af fábjánaskap eða þó að það sé af hugsjón, fyrst og fremst vera til marks um að þar er heimskan skoruð á hólm, fánýtið og tilgangsleysið í því að vera að murka lífið hver úr öðrum.

Eigi þetta að sýna, sem oft er haldið fram, að Íslendingar hafi verið og séu jafnvel enn einhverjir sérstakir einangrunarhyggjusinnar þá mótmæli ég því. Það er söguleg fölsun að mínu mati að halda því fram. Íslendingar hafa aldrei frá sögu öld verið sérstakir einangrunarsinnar. Það er rangt. Íslendingar voru sérstaklega mikil siglingaþjóð meðan þeir höfðu efni til þess, það var metnaðarmál manna að mennta sig með því að sigla og Íslendingar voru frægir í nágrannalöndunum sem miklir ferðalangar. Merkasti ferðalangur sögualdar er Íslendingur, Guðríður Þorbjarnardóttir. Það eru engin dæmi úr sögum frá þeim tímum um manneskju sem ferðast annað eins.

Hvað gerðu Íslendingar þegar þeir gerðu Gamla sáttmála? Þeir lögðu sérstaka áherslu á að halda uppi samgöngum til landsins því þeir vissu hvers virði það var að hafa samgöngur og viðskipti við aðrar þjóðir. Jafnvel á hinum dimmustu dögum síðmiðalda vakti þrátt fyrir allt víðsýni og lærdómur Íslendinga athygli þeirra sem hingað komu. Menn gengu inn í

moldarkofana og ræddu þar heimsbókmenntirnar á latínu við menn sem bjuggu við þvílíkar aðstæður. Margir ferðalangar sem sóttu Ísland heim undruðust þrátt fyrir allt, þrátt fyrir fátækt og landfræðilega einangrun þjóðarinnar, þann víða sjóndeildarhring sem hér var oft að finna í þessum efnum.

Ég held að íslenskir bændur og fólk í sveitunum séu alveg sérstakir heimsborgarar með sterkar rætur að vísu í sínu samfélagi og sínum heimabyggðum. Ég verð að segja alveg eins og er að eina einangrunarhyggjan eða eini komplexinn sem ég verð var við af þessum toga er svona þessi smábæjar- eða smáborgarkomplex, að stærri þéttbýlisstaðir skammist sín eitthvað fyrir það að vera ekki nógu stórir, vera ekki milljónaborgir. En ég verð ekki var við það hjá íslensku sveitafólki þannig að fyrir hönd þess frá upphafi til enda, að Bjarti í Sumarhúsum meðtöldum, þá mótmæli ég þessu. Það er alveg út úr kú að draga hann til vitnis um einhverja skaðlega einangrunarhyggju. Hann var sjálfstæðissinni og hann skoraði heimskuna á hólm þar sem hann taldi sig mæta henni. Það er ekkert sem menn eiga að skammast sín fyrir.

Varðandi framboðið til öryggisráðsins aftur, sem hæstv. ráðherra eyðir miklum tíma í, þá er það að sjálfsögðu þannig að þar eru mörg göfug markmið sett á blað í kaflanum um undirbúning framboðsins og markmið og áherslur Íslendinga. En þá er spurning, eins og t.d. þegar talað er um að framboð Íslands eigi að vera sérstakt framlag til friðar og stöðugleika í heiminum, að Ísland muni leggja áherslu að það verði gert með ófrávíkjanlegri virðingu fyrir grundvallarmannréttindum, eflingu lýðræðis, baráttu gegn fátækt, virðingu fyrir grundvallarreglum þjóðaréttar. Allt hljómar þetta ákaflega fallega, en rísum við þá undir því, Íslendingar, í okkar áherslum? Hvernig var með afstöðu Íslands til innrásarinnar í Írak? Var hún virðing fyrir grundvallarreglum þjóðaréttar? Nei. Grundvallarreglur þjóðaréttarins voru brotnar vegna þess að það var ekki fyrir hendi skýr heimild öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til valdbeitingar á grundvelli þeirra ákvæða stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem krefjast slíks. Hún var bara ekki fyrir hendi. Ég tek undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér áðan, og ber þá nýrra við að ég get gert mörg af orðum hans að mínum, um hin undarlegu sinnaskipti utanrrh. sem fram til 17. mars hélt tvennu fram: að það ætti að gefa vopnaeftirlitinu meiri tíma og það þyrfti nýja og sjálfstæða ályktun í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Svo var blaðinu snúið við á tveimur sólarhringum og 19. mars var komið allt annað hljóð í strokkinn.

Ég nefni í öðru lagi það sem utanrrh. segir varðandi markmið og áherslur Íslands, sem út af fyrir sig hljómar líka fallega, að það eigi að leggja sérstaka áherslu á afvopnunarmál með sérstakri áherslu á að vinna gegn útbreiðslu gereyðingarvopna. Þetta er gott og hljómar vel. Ég tel reyndar að það sé ekki síður nauðsynlegt að takast almennt á við vopnaviðskipti og vopnamarkaðinn í heiminum. Ég er eindreginn stuðningsmaður þeirrar hreyfingar sem komin er á að næsti stóri alþjóðasamningur af því tagi sem gerður var t.d. um jarðsprengjur eigi að vera um vopnaviðskipti, hann eigi að vera um upplýsingagjöf og gagnsæi og reglur og takmarkanir á vopnaviðskiptum inn á ófriðarsvæði o.s.frv. Og þá eru menn fyrst og fremst að tala um hin léttu vopn sem eru náttúrlega að uppistöðu til þau sem því miður eru notuð og beitt er á lifandi fólk úti um allan heim í öllum borgarastyrjöldunum og skærunum sem fram fara. En gereyðingarvopnin eru vissulega líka mikilvæg, en erum við þá sjálfum okkur samkvæm í þeim efnum?

Hver var það sem hafði þau áhrif á stefnu síns flokks að framsóknarmenn hurfu frá stuðningi við frv. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, fyrir gereyðingarvopnum? Ég veit ekki betur en það sé hæstv. núv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. En flokksbræður hans, þar á meðal formaður Framsfl. og formaður þingflokks Framsfl. á sinni tíð, Steingrímur Hermannsson og Páll Pétursson, fluttu það frv. ásamt með þeim sem hér talar. Það var svo hæstv. utanrrh., nýkominn í það embætti, sem lagðist gegn því og fór að tala gegn frv. en segir svo hér að ein aðalherslan í okkar starfi og framboði til öryggisráðsins eigi að vera áhersla á að vinna gegn útbreiðslu gereyðingarvopna. Eigum við þá ekki að taka til heima hjá okkur og byrja á því að friðlýsa Ísland?

Í þriðja lagi nefnir hæstv. ráðherra Alþjóðasakadómstólinn, og það er vel og það er mikilvægt mál, í beinu framhaldi af umfjöllun sinni um markmið og áherslur er komið inn á Alþjóðasakadómstólinn. En þá spyr ég aftur: Erum við líka sjálfum okkur samkvæm þar? Hefur Ísland svarað málaleitan Bandaríkjanna um að Bandaríkin komist upp með að vera undanþegin lögsögu Alþjóðastríðsglæpadómstólsins? Hefur Ísland gert það? Ég vildi gjarnan fá það upplýst hér við umræðuna. Er Ísland alfarið andvígt því að Bandaríkjamenn verði undanþegnir lögsögu Alþjóðastríðsglæpadómstólsins? Verður framboðið til öryggisráðsins m.a. rekið á þeim grunni? Þetta er spurning um afstöðu sem mun koma upp og það verður spurt: Er Ísland sjálfu sér samkvæmt í atriðum af þessu tagi? Og haldandi áfram með þá hluti, hver er afstaða Íslands til mannréttindabrotanna sem fram fara af hálfu Bandaríkjamanna í Guantanamo á Kúbu? Hefur Ísland mótmælt því að um 500 manns er haldið þar án dóms og laga, utan alls réttar, eins og skepnum í einangrunarbúrum, njóta hvorki verndar sem stríðsfangar né sem almennir borgarar? Bandaríkjamenn búa til nýtt réttarhugtak, að þeir séu hryðjuverkamenn og þar með séu þeir utan við allan hinn skipulagða alþjóðlega rétt og það sé hægt að halda þeim þarna eins og skepnum mánuðum og missirum og árum saman. Hefur Ísland mótmælt þessu við bandarísk stjórnvöld? Það eru hlutir af þessu tagi, herra forseti, sem ég held að muni koma í sviðsljósið í ríkari mæli í tengslum við framboð Íslands til öryggisráðsins og það er út af fyrir sig ágætt.

Varðandi í fjórða lagi það sem sagt er um endurskipulagningu öryggisráðsins, þá fagna ég því út af fyrir sig að opinberlega er afstaða Íslands sú að við styðjum viðleitni Kofi Annans til endurskipulagningar á starfsemi öryggisráðsins. Nú veit ugglaust hæstv. utanrrh. að það eru miklar efasemdir um að það mál náist nokkurn tíma fram bara í formi einhverra umbóta á núverandi skipulagi, í formi þess að fjölga ríkjum, jafnvel bæta við einhverjum ríkjum með fast sæti og takmarka neitunarvaldið. Þeirri skoðun vex fylgi, a.m.k. meðal fræðimanna á þessum sviðum, að kannski verði að endingu eina leiðin að leggja öryggisráðið niður og stofna á grunni þess nýja stofnun, einhvers konar framkvæmdastofnun öryggismála þar sem gamla neitunarvaldið verður alls ekkert til staðar. Er líklegt t.d. að Frakkar sleppi nokkurn tíma sínu neitunarvaldi og þær þjóðir sem í ljósi aðstæðna í lok seinni heimsstyrjaldar fengu sérstaka stöðu innan öryggisráðsins, sem er algjör og augljós tímaskekkja í ljósi aðstæðna í dag, en er þarna? Og ég spyr hæstv. utanrrh.: Væri Ísland tilbúið til að tala fyrir svo róttækum aðgerðum eins og þeim að öryggisráðið verði lagt niður og stofnuð

verði það sem menn hafa þá gjarnan kallað einhvers konar framkvæmdastofnun öryggismála í heiminum þar sem þessu neitunarvaldi gömlu stórþjóðanna verði ekki fyrir að fara?

Ég tel að Ísland sem smáríki ætti að taka það alvarlega til athugunar að skipa sér í hóp þeirra ríkja sem fremst eru og lengst vilja ganga í því að endurskipuleggja þetta kerfi, m.a. og ekki síst til þess að gera það lýðræðislegra, gera möguleika smáríkja með samtökum sínum til þess að hafa áhrif meiri o.s.frv.

Auðvitað munu síðan hlutir eins og framlög til þróunaraðstoðar koma þarna við sögu og það er fullkomlega réttmætt að hafa það uppi á borðinu í þessum umræðum, þó ekki væri nema í sjálfs síns rétti þá eigum við að ræða það. Þar er staðan sú, því miður, að þó að menn flaggi því að með heildarútgjöldum og þar með talið og ekki síst til íslensku friðargæslunnar hafi þetta hækkað, þá eru framlög til hinnar eiginlegu uppbyggilegu þróunarsamvinnu, þ.e. til framkvæmda í þróunarríkjunum, áfram jafnsorglega lág vegna þess að aukningin er að minnstu leyti þar. Hún er til friðargæslunnar, og ef það er dregið frá standa áfram eftir þessi 0,11–0,12% af þjóðartekjum. Ef það er svo haft í huga að inn í það flokkast t.d. framlög til ýmissa alþjóðastofnana, reksturs Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér og annað í þeim dúr, þá stendur eftir til eiginlegrar uppbyggingarstarfsemi í þróunarríkjunum langt innan við 0,1 af hundraði af þjóðartekjum. Það er hin dapurlega staðreynd þessara mála.

Ég vil líka taka undir það og hafði hugsað mér að spyrja sérstaklega um kostnaðaráætlun í sambandi við framboð til öryggisráðsins. Er búið að vinna kostnaðar- og aðgerðaáætlun sem taki til þeirra ára sem fram undan eru fram til 2008 og síðan auðvitað rekstursins á þeim tveimur árum sem Ísland verður þarna inni ef svo fer?

Kjarnaatriði í þessu finnst mér þó vera, herra forseti, að það veltur allt á því í mínum huga, og ég held að ég tali þar fyrir munn margra, margra fleiri, hvort Ísland á uppbyggilegt málefnalegt erindi inn í öryggisráðið. Þetta er ekki eitthvert formsatriði, þetta er ekki skrautfjöður, þetta er ekki titill sem er kaupandi fyrir marga milljarða króna. Ef reisn verður hins vegar að framgöngu Íslands inni í öryggisráðinu, ef til kemur, vegna þeirrar pólitíkur sem þar verður fram flutt, þá getur það verið mikils virði fyrir okkur. En þá þarf líka, herra forseti, að reka sjálfstæða utanríkisstefnu á Íslandi. Þá verðum við að þvo það af okkur að vera eitthvert leppríki Bandaríkjamanna þarna inni og hengja okkur aftan í þá með niðurlægjandi hætti eins og gert hefur verið í sambandi við Írak, Afganistan og fleiri slík tilvik. Og væri nú fróðlegt að ræða það hressilega við hæstv. utanrrh. við betra tækifæri, t.d. þegar nú er notuð sem höfuðröksemd að Saddam Hussein hafi verið vondur maður.

Auðvitað var Saddam Hussein vondur maður. Auðvitað var þetta skelfileg harðstjórn og ástandið í Írak ömurlegt í mannréttindamálum og öðru slíku. En ástandið í Írak var líka skelfilegt vegna viðskiptabanns í á annan áratug sem Bandaríkjamenn höfðu forustu um að halda þjóðinni í og kostaði um eina og hálfa milljón manna lífið, og því hefur ekki verið mótmælt. Og Saddam Hussein var jafnmikill mannhundur á 9. áratugnum þegar Bandaríkjamenn og Bretar studdu hann og mokuðu í hann peningum og vopnum. Það er ástæðan fyrir því t.d. að ekki heyrðist múkk á Vesturlöndum þegar efnavopnaárásirnar voru á Kúrda í norðausturhéruðum Íraks. Þá var nefnilega Saddam Hussein bandamaður Vesturlanda. Ef hann hefur notað vopnin, sem er nú reyndar deilt um, hafa það verið efnavopn úr breskri verksmiðju framleidd m.a. með bandarískri tækniþekkingu. Það er staðreynd mála. Og reyndar er ósannað, svo að sagan fái að njóta sannmælis, að um íröksk efnavopn hafi verið að ræða. Bandarískar skýrslur liggja fyrir sem leiða að því líkur að efnavopnin hafi verið frá Íran, enda notuðu þessar þjóðir, sem áttu í stríði á þessu landamærasvæði, efnavopn á víxl hvor gegn annarri. Það er vitað. Þessi mikli glæpur, sem nú er alltaf dreginn fram til réttlætingar því að fara með her inn í Írak, er í því sögulega samhengi að það var páverandi bandamaður Vesturlanda sem átti í stríði. Hafi hann notað þarna efnavopn á þegna sína voru þau framleidd með vestrænni aðstoð, aðstoð Breta og Bandaríkjamanna. Þannig er hræsnin og tvískinnungurinn í þessu öllu ef farið er ofan í saumana á því.

Sendiráð Íslands hefur borið nokkuð á góma undanfarna daga og hafa ýmsir spekingar verið leiddir þar fram á völlinn til að vitna um þau. Hafa sumir kannski ekki mjög þurrir á bak við eyrun úttalað sig um það mál og talið að þau væru ýmist allt of mörg eða þá á vitlausum stöðum. Ég ætla að segja það um sendiráð Íslands að ég mótmæli því hve lítið er gert úr hlutverki sendiráða Íslands annars staðar á Norðurlöndunum. Mér finnst það furðulegur málflutningur að tala af lítilsvirðingu, næstum að segja niðurlægingu, um hlutverk sendiráða Íslands í Finnlandi og Svíþjóð. Við hverja viljum við helst eiga samstarf? Hvar eru Íslendingar á ferð? Hvar er atriði í sjálfu sér að sinna þeim ef ekki á Norðurlöndunum? Ég hef stutt það sem ég hef talið vera skynsamlega og nauðsynlega uppbyggingu íslensku utanríkisþjónustunnar og geri það hér eftir sem hingað til. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til að gagnrýna þar einstaka hluti. Ég hef t.d. haft vaxandi efasemdir um að það væri þarft að reka tvö mjög dýr sendiráð í Austurlöndum fjær. Kannski hefði okkur átt að duga annað hvort, sendiráð í Kína eða Japan eða einhvers staðar á því svæði en fyrir því eru auðvitað líka rök.

Herra forseti. Ég hefði ef tíminn hefði leyft gjarnan viljað ræða sérstaklega ástandið í Austurlöndum nær, eins og það er kallað, í deilum Ísraelsmanna og Palestínumanna, og þó sérstaklega þann atburð sem þar er uppi núna og er alvarlegastur af öllu sem gerst hefur síðustu missirin, uppbygging aðskilnaðarmúrsins, apartheid-múrsins. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Hver er afstaða utanrrh. til þess máls? Við höfum lagt fram þáltill. sem gerir ráð fyrir því að Alþingi feli ríkisstjórninni að mótmæla alveg sérstaklega við ísraelsk stjórnvöld byggingu þessa hroðalega aðskilnaðarmúrs. Hann er eitt af því hættulegasta sem nú er að gerast hvað varðar möguleikana á framtíðarlausn deilunnar. Komist Ísraelar upp með að byggja þennan 700 km langa múr, að mestu leyti inni á palestínsku landi, herteknu landi, króa af margar byggðir Palestínumanna, verður lausn deilunnar enn illviðráðanlegri en ella. Það er alveg ljóst þannig að ég tel sérstaka þörf á því að horfa til þessarar aðgerðar þarna, mótmæla henni og gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að þessi áform nái þarna fram að ganga. Ég kem kannski, frú forseti, aðeins nánar inn á þetta mál síðar í umræðunni.

[12:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið í ljós í þessari umræðu að hún er mjög mikilvæg. Hér er komið inn á mörg mál og margar spurningar koma til mín sem ég mun leitast við að svara eftir því sem ég get. Hins vegar býður þetta form e.t.v.

ekki upp á þau skoðanaskipti sem væru nauðsynleg því það er eðlilegt að utanrrh. sé spurður um ýmis atriði.

Mér heyrist sem hv. þm. sé í sjálfu sér sammála flestu af því sem er í ræðu minni fyrir utan þetta með Bjart í Sumarhúsum sem ég held að skipti ekki sköpum. Ég vonast til þess að við berum báðir mikla virðingu fyrir íslenskum sveitum, íslenskum bændum og sjálfstæði þeirra. Hitt er svo annað mál að auðvitað varð fjarlægð Íslands frá vígaslóð til þess að menn höfðu ekki jafnmiklar áhyggjur af heimsmálum og almennt gerðist og töldu ekki að Ísland ætti að hafa jafnmikil afskipti af þeim eins og víða gerðist í Evrópu. Það er svo annað mál. Hvort Bjartur er besta dæmið um það skal ég ekki gera að einhverju deilumáli hér.

Ég vildi aðeins segja um það sem hv. þm. sagði um að skýr heimild hefði ekki legið fyrir. Það var alveg ljóst af málflutningi mínum, ég teldi að það hefði verið mikilvægt að öryggisráðið hefði ályktað einu sinni enn. Hins vegar var öryggisráðið búið að ályktа mjög oft um þetta mál og í lokin lá það fyrir, eins og staðan var í öryggisráðinu, að það voru ekki neinar forsendur til þess að vopnaeftirlitsmennirnir héldu áfram starfi sínu. Ég sagði hins vegar að það væri æskilegt að vopnaeftirlitsmenn gætu starfað áfram. Það breytti samt ekki þeirri skoðun minni að það bæri að koma Saddam Hussein frá. Það er mikilvægt að þetta sé haft rétt eftir.

[12:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um landfræðilega einangrun og tengsl Íslands við einhvers konar einangrunarhyggju. Mér finnst að vísu mjög sérkennilega að orði komist í lok ræðu hæstv. ráðherra þar sem segir að landfræðileg eða menningarleg einangrun skapi einungis falskt öryggi og sé ekki raunhæfur valkostur í breytilegum heimi hnattvæðingar. Ég er algerlega sammála hinu síðarnefnda. Menningarleg einangrun er argasta tímaskekkja á öllum tímum, enda hefur að mínu mati Ísland aldrei haft tilhneigingar til menningarlegrar einangrunarhyggju.

Landfræðileg lega lands er hins vegar efnisleg staðreynd. Það er ekki einhver valkostur. Við erum hér úti í miðju Atlantshafinu, hæstv. utanrrh., sem ég þykist vita að ráðherra viti manna best því að hann flýgur oft yfir álana og veit hvað þeir eru langir. Þessu tvennu verða menn að halda aðgreindu. Landfræðileg lega lands getur áfram verið breyta sem menn taka tillit til og er staðreynd í sjálfu sér. Auðvitað breytast kringumstæðurnar eitthvað, samgöngurnar og vopnin þróast eða hvað það nú er sem við erum að hugsa um í því og því samhengi en áfram markar hin landfræðilega lega Íslands með ýmsum hætti aðstæður okkar. Tökum t.d. málefni flóttamanna, hælisumsóknir, landamæravandamál og annað í þeim dúr sem er í allt öðru samhengi á Íslandi en þegar maður kemur til meginlands Evrópu.

Varðandi þetta með heimildir öryggisráðsins skil ég út af fyrir sig hvernig hæstv. utanrrh. reynir að bjarga sér í land með þessum efnum. Hann segist enn vera þeirrar skoðunar að æskilegt hefði verið að vopnaeftirlitið hefði fengið meiri tíma og að æskilegt hefði verið að öryggisráðið hefði samþykkt sérstaka ályktun. En það bara var ekki þannig og það er eins og hæstv. utanrrh. hafi ákveðið að hverfa til stuðnings við það að hvorugt af þessu gengi eftir. Hvorugt varð í marsmánuði, hvorki að vopnaeftirlitsmenn fengju meiri tíma né að öryggisráðið samþykkti nýja ályktun. Og það eru þau sinnaskipti utanrrh. sem við höfum aldrei fengið neinar skýringar á.

[12:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki, hv. þingmaður, hvað við eigum að dvelja lengi við þessa fortíð. Hann getur kallað það sinnaskipti. Það voru ekki sinnaskipti að mínu áliti, alls ekki. Við verðum hins vegar að meta stöðuna út frá þeim aðstæðum sem eru uppi á hverjum tíma og það gerði ég í þessu máli.

Landfræðileg lega eins og hv. þm. sagði skiptir enn þá minna máli í dag en fyrir nokkrum áratugum. Ég tel að Ísland sé ekki einangrað land í dag. Ég tel hins vegar að Ísland hafi verið afskaplega einangrað land fyrir svo sem eins og einni öld. Við höfðum litlar samgöngur og vorum í litlu sambandi við umheiminn. En við erum ekki einangrað land í dag, þökk sé nýrri tækni og breyttum aðstæðum í heiminum. Það er það sem við eigum að nýta okkur. Ég hef enga ástæðu til þess að deila neitt við hv. þingmann um það. Ég held að við getum verið sammála um það.

Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir að tala hér um sendiráð Norðurlanda. Mér finnst það aldeilis fráleitt að ýmsir haldi því fram að við eigum að leggja niður sendiráð okkar annars staðar á Norðurlöndunum, hafa kannski eitt eftir. Hvaða skilaboð væru það til nánustu samstarfsþjóða okkar? Reikna menn þá með því að þær muni halda áfram að hafa sendiráð á Íslandi? Ég tel ástæðu til þess að mótmæla þessum málflutningi sérstaklega og ég trúi því ekki að á Alþingi Íslendinga séu aðilar sem vilja að sendiráð okkar á Norðurlöndunum verði lögð niður. Það kæmi mér a.m.k. afskaplega mikið á óvart og ég tel að þau skipti okkur miklu máli í samstarfi við alþjóðasamfélagið, enda byggjum við mjög á samstarfi við hinar Norðurlandaþjóðirnar í okkar alþjóðlega samstarfi.

[12:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta erum við hæstv. utanrrh. mjög sammála. Hitt var kannski frjálsleg túlkun, að ég væri sammála öllu í ræðu hans að öðru leyti en þessu með Bjart í Sumarhúsum eða túlkun á þeim textum. Það var fulllangt gengið. Ég tel t.d. að ég hafi reifað ýmsar efasemdir eða ýmislegt í sambandi við framboð okkar til öryggisráðsins sem vísi í það að ekki sé víst að við séum sammála þar að öllu leyti, ég og hæstv. ráðherra.

En um fáránleika þess að fara að tala um að leggja niður sendiráð okkar á Norðurlöndunum erum við hjartanlega sammála. Það er ótrúlegur málflutningur.

Í öðru lagi tel ég, herra forseti, einu hættulegu einangrunarhyggjuna vera þá sem er inni í höfðum manna. Landfræðileg einangrun er engin hindrun á tækniöld með öllum þeim samskiptamöguleikum sem okkur bjóðast. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ákveðið að skilgreina okkar flokk sem alþjóðahyggjuflokk og þá erum við að horfa vítt til vega, ekki bara þrengja það niður í einhverja hernaðarhyggju eða Evrópuhyggju, heldur alþjóðasinnar í víðtækustu og bestu merkingu þess orðs, samanber samábyrgð manns á manni og okkar allra hér á jörðu á umhverfinu og öðru slíku.

Í þriðja lagi verð ég bara að vísa til þess sem hæstv. utanrrh. margsagði á Alþingi, í viðtölum við fjölmiðla og víðar á vikunum og mánuðunum áður en ákvörðunin var tekin um innrásina í Írak, t.d. í viðtölum 27. janúar, að þetta snerist allt um gereyðingarvopnin. Ef þarna væru gereyðing-

arvopn væri nauðsynlegt að knýja manninn til að afvopnast. Ef þarna væru ekki gereyðingarvopn væri málið leyst. En það er bara of seint að komast að því núna, þegar búið er að sprengja þarna allt í tætlur og landið er ein logandi rúst, ófriðarbálið geisar, að kannski hafi aldrei verið þarna nein gereyðingarvopn og engar vísbendingar um þau aðrar en þær sem menn bjuggu sér til sjálfir. Það er það alvarlega í málinu, frú forseti, en þeirri skoðun vex fylgi dag frá degi að einmitt þannig hafi verið í pottinn búið.

[12:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum utanríkismál verður eigi um málið fjallað án þess að lagt sé út af fréttum, erlendum sem innlendum, ásamt stefnu stjórnvalda eins og hún kemur okkur fyrir sjónir sem erum í stjórnarandstöðu og síðan auðvitað skýrslu utanrrh. sem hér var flutt í ræðu í morgun.

Í Morgunblaðinu í gær í leiðara sem bar heitið Fáránleiki verndartolla var fjallað um Heimsviðskiptastofnunina, WTO, sem ætlað er það hlutverk að styrkja fríverslun milli ríkja og tryggja að ríki smá en þó einkum stór misnoti ekki sterka stöðu sína í viðskiptum gegn þeim smærri eða þá lágverðsvörur frá þróunarlöndum eða markaðssvæðum eins og t.d. Kína þar sem kaupið er lágt. Í niðurlagi leiðara segir svo, með leyfi forseta:

„Við stöndum á mikilvægum tímamótum í milliríkjaviðskiptum. Á næstu missirum mun ráðast hvort hægt verði að viðhalda því aukna frelsi sem hefur verið að þróast, neytendum um allan heim til hagsbóta. Reglur WTO eru ekki síst öryggisnet fyrir smærri ríki er hafa ekki burði til að efna til viðskiptastríðs við risana í alþjóðaviðskiptum á borð við Evrópusambandið, Bandaríkin og Japan ef brotið er á þeim. Allir eru jafnir gagnvart reglum WTO.

Það er hins vegar margt sem bendir til að þetta kerfi kunni að vera í hættu. Í fyrsta lagi er það forsenda þessa skipulags að forysturíki á borð við Bandaríkin virði þá samninga sem gerðir hafa verið og hlíti úrskurðum WTO. Í öðru lagi er hætta á að sérhagsmunir kunni að koma í veg fyrir frekari samninga. Doha-viðræðunum hefur nánast verið siglt í strand þar sem hin auðugu ríki Vesturlanda hafa ekki treyst sér til að koma til móts við sjálfsagðar kröfur þróunarríkja, t.d. í landbúnaðarmálum. Þá er hætta á stórfelldu viðskiptastríði milli ESB og Bandaríkjanna ef raunin verður sú að grípa verður til verndartolla. Vonandi verða það verndartollarnir er að lokum bíða skipbrot en ekki alþjóðleg milliríkjaviðskipti."

Hæstv. utanrrh. segir í ræðu sinni, með leyfi forseta, á bls. 15:

„Besta leiðin til að bæta hag þróunarríkja, sem og annarra ríkja, er að tryggja frelsi í alþjóðlegum viðskiptum ..."

Á öðrum stað segir, með leyfi forseta:

„Ísland er í hópi þeirra ríkja sem leggja áherslu á að ná heildstæðu samkomulagi, enda eru hagsmunir jafnt smærri ríkja og þróunarríkja best tryggðir með þeim hætti."

Virðulegi forseti. Í ljósi þess sem áður er vitnað til í niðurlagi leiðara Morgunblaðsins frá því í gær og í ljósi þeirra áherslna sem hæstv. ráðherra lýsir í ræðu sinni þá er spurt hvert mat hæstv. utanrrh. leggi á þá stöðu sem uppi er þegar forusturíki eins og Bandaríkin virða ekki samninga og beita ólöglegum tollverndarmúrum. Hvert er álit hæstv. utanrrh. á því að í uppsiglingu sé viðskiptastríð milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins? Hvernig mun Ísland tengjast inn í slíkt viðskiptaástand og deilur vegna EES-samningsins ef ESB beitir heimild til refsitolla? Þetta eru áleitnar spurningar.

Má líta svo á, eins og vikið er að í ræðunni, að nú sé ekki bara steytt á skeri um hagsmuni þróunarríkja og smærri ríkja, heldur sé fram undan varanlegt strand og skipbrot til lengri tíma, hæstv. utanrrh.?

Í Morgunblaðsleiðaranum frá í gær er einnig sagt, með leyfi forseta:

„Þær raddir gerast nú æ háværari í Bandaríkjunum að grípa verði til aðgerða vegna hins mikla viðskiptahalla gagnvart Kína. Því er haldið fram að störf séu í miklum mæli að færast úr bandarískum iðnaði til Kína. Það gleymist hins vegar að bandarískir neytendur eru orðnir háðir ódýrum, kínverskum varningi. Hvernig myndu þeir bregðast við ef verð á fjölmörgum sjálfsögðum neysluvörum myndi hækka stórlega vegna tolla er hefðu það eitt að markmiði að vernda þrönga sérhagsmuni?"

Í ljósi þessara orða er spurt: Er það svo að þegar Kína vaknar til viðskipta og samkeppni þá fari Vesturlönd að skjálfa? Var ekki einhvern tíma sagt af vísum manni: „Látið Kína sofa því að þegar Kína vaknar mun heimurinn nötra"?

Eru þeir tímar núna, virðulegi forseti? Það er fróðlegt að koma til Kína og sjá þá þróun, þá hröðu þróun sem þar er í þjóðfélaginu hjá fjölmennasta ríki veraldar.

Þessi umfjöllun vekur upp þær spurningar sem ég hef hér spurt og ég vona að hæstv. utanrrh. svari í einhverju í máli sínu þegar honum gefst tækifæri til.

Miðvikudaginn 5. nóvember sl. bar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fram fyrirspurn í Alþingi til utanrrh. um hernað Bandaríkjamanna, Breta, Íslendinga og fleiri þjóða á hendur Írökum.

Þá sagði utanrrh., með leyfi forseta, orðrétt:

„Að vandlega íhuguðu máli tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak."

Nauðsynlegt er að minna hæstv. utanrrh. á þá staðreynd að þegar formenn stjórnarflokkanna voru að íhuga málið vandlega sáu þeir ekki einu sinni ástæðu til að bera málið undir utanrmn.

Í því sambandi vil ég vísa til 24. gr. þingskapa Alþingis þar sem segir, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Ákvörðun um hernaðarþátttöku Íslands hlýtur að falla undir þessa grein þingskapa enda meiri háttar breyting á utanríkispólitík og ein stærsta ákvörðun sem tekin hefur verið í utanríkismálum í sögu íslenska lýðveldisins. Áratugum saman hafði sú ákvörðun Íslands staðið óhögguð að fara aldrei með hernað á hendur öðrum þjóðum. Að ganga fram hjá utanrmn. í þessu máli er brot á þingsköpum Alþingis, hvernig sem á málið er litið.

Hæstv. utanrrh. talar síðan um í ræðu sinni að við höfum lagt áherslu á framlag til friðargæslu og uppbyggingar á stríðshrjáðum svæðum.

Með stuðningi við stríðið í Írak tókum við nú þátt í að koma upp slíkum svæðum. Þetta er því orðið sannkallað öfugmæli. Hins vegar er það rétt sem hæstv. utanrrh. nefndi, þegar hann talaði um að Ísland hefði sérstaka stöðu sem smærra ríki með góð tengsl við helstu áhrifavalda í heiminum. Því miður er það m.a. með því að Ísland var sett á

listann yfir hina staðföstu sem studdu innrásina í Írak. Svo er talað um þau góðu tengsl sem ríkisstjórnin náði. Þau voru sannarlega dýru verði keypt.

Hæstv. utanrrh. segir að í þeirri vinnu sem fram undan er vegna framboðsins verði haft náið og vaxandi samráð við utanrmn. Alþingis. Guð láti gott á vita, en betur að það hefði verið gert fyrr þegar ákveðið var að styðja stríðsátökin í Írak.

Þann 6. nóvember. sl. afhenti Eiður Guðnason, sendiherra Íslands í Kína, Kim Yong Nam, forseta forsætisnefndar norður-kóreska þjóðþingsins, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Norður-Kóreu með aðsetur í Peking.

Í skýrslu utanrrh. vantar svarið við eftirfarandi spurningu: Hvaða hugsanlegu hagsmunir kunna að liggja í því að opna stjórnmálatengsl við ríki sem þessa dagana notar kjarnorkuvopnaþróun til að knýja á um efnahagsaðstoð? Er það gert til þess að sendiherra Íslands geti, eins og hæstv. utanrrh. gat um í ræðu sinni, komið á framfæri sjónarmiðum Íslands varðandi gereyðingarvopn? Það er vandséð hvernig hægt er að réttlæta aukin stjórnmálatengsl við þetta ríki sem hótar að beita kjarnorkuvopnum meðan ráðist er inn í annað einmitt þess vegna, þó að þau vopn hafi ekki fundist. Og hvernig má það vera að þetta nýja samstarf okkar við Norður-Kóreu samræmist stefnu Sameinuðu þjóðanna varðandi afvopnunarmál og þá staðreynd, sem hæstv. utanrrh. benti sjálfur á í ræðu sinni á bls. 9, að hættan á útbreiðslu gereyðingarvopna sé eitt brýnasta verkefnið á sviði afvopnunar í heiminum?

Virðulegi forseti. Almenn útþensla utanríkisþjónustunnar hefur verið mjög mikil á undanförnum árum. Árið 1996 voru útgjöld utanrrn. 2 milljarðar kr. samkvæmt ríkisreikningi en voru orðin 5,5 milljarðar á síðasta ári. Aukningin á þessum sex árum er um 170% en vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 26%. Sendiráðum Íslands fjölgaði úr átta í fjórtán, stofnkostnaður við sendiráð Íslands í Japan var 700 milljónir. Árlegur rekstrarkostnaður er þar 100 milljónir.

Útgjöld til utanríkismála hafa hækkað verulega á undanförnum árum og sendiráðum hefur fjölgað. Samkvæmt nýjustu fréttum hafa viðskipti við Japan minnkað á þeim tíma sem liðinn er frá því að 700 millj. kr. var varið til að opna sendiráð sem þar að auki er með árlegan rekstrarkostnað upp á 100 millj. kr.

Menn halda því gjarnan fram að sendiráðin skipti sköpum varðandi útflutning okkar. Þessar tölur virðast hins vegar benda til annars. Það var rík ástæða til að gagnrýna stofnkostnaðinn við sendiráðið í Japan. Þá sögðu stjórnarliðar m.a. að það hefði borgað sig til lengri tíma að kaupa húsnæði frekar en leigja.

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. utanrrh. talaði um áherslur Íslands og segir að samfélag þjóðanna verði að hafa refsiákvæði vegna þeirra hroðalegu mannréttindabrota sem hafa átt sér stað á undanförnum árum og hafa fyrst og fremst bitnað á óbreyttum borgurum, konum og börnum, ekki bara til að refsa fyrir þau brot sem drýgð hafa verið heldur einnig til að hafa varnaðaráhrif og koma þeim skilaboðum skýrt á framfæri að refsileysi slíkra brota heyri sögunni til, þá segjum við í Frjálsl. fl.: Við lýsum yfir stuðningi við þessi viðhorf og stefnu stjórnvalda hvað það varðar. Við viljum árétta að við teljum að þátttaka Íslands í hernaðinum gegn Írak hafi verið algjört stílbrot á þessari stefnu.

Virðulegi forseti. Í Morgunblaðinu í gær er haft eftir hæstv. utanrrh. um framtíð EES-samningsins að sambandið, þ.e. Evrópusambandið, hafi lofað því að endurnýja EES-samninginn, að því verki loknu sem nú virðist hafa náðst, en að nú sé hljóðið í þeim, þ.e. ESB, farið að breytast og hann hafi nú minnkandi trú á að endurnýjunin verði að veruleika, og þannig verðum við að búa við samninginn eins og hann er.

Nú spyr sá sem ekki veit: Er það virkilega svo, virðulegi forseti Alþingis, að svona loforð séu hvergi skjalfest eða er þetta bara rætt svona manna á milli yfir kaffibolla og koníaki og gefin loforð út og suður sem sagt er frá hér uppi á Íslandi en eru í raun allt í plati og ekki mark á takandi? Hvernig eru þessi samskipti, hæstv. utanrrh.? Á að taka þetta alvarlega eða er þetta loforðasnakk markleysa ein og gapað upp í goluna engum til gagns?

Að lokum: Eru stórveldin ESB og Bandaríkin viðsjárverðir rauparar sem loforðum gleyma og skeyta engu um lög og heiður? Er það svo, virðulegi forseti? Svo má ráða af því sem haft er eftir utanrrh. í gær að þau loforð sem ESB hafi gefið séu einskis virði og á þeim sé ekki byggjandi.

Í lokaorðum í ræðu hæstv. utanrrh. segir m.a., með leyfi forseta:

„Utanríkisþjónustan hefur verið efld á undanförnum árum og er nú betur í stakk búin til að takast á við svo umfangsmikið verkefni sem aðild að öryggisráðinu er."

Síðan segir:

„ ...sendiráðin eru í raun alger forsenda þess að framboð okkar til öryggisráðsins sé mögulegt."

Virðulegi forseti. Sú spurning vaknaði í huga þess sem hér stendur hvort það sé svo að útþenslan í utanríkisþjónustunni á undanförnum árum hafi markvisst verið til þess að byggja upp framboð okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Er það svo, virðulegur forseti, að sá mikli kostnaður sem farið hefur í utanríkisþjónustuna á undanförnum árum — og þá spyr maður einnig hver kostnaðurinn verði til framtíðar ef að þessu er stefnt — að hér sé eingöngu verið að sækjast eftir þeim metnaði að komast inn í öryggisráðið og til þess séum við að fórna mörgum milljörðum króna? Er nema von að spurt sé miðað við það sem kom fram í lokaorðum ræðu hæstv. utanrrh.?

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst miklu til kostað að staðfestan í hernaði eigi ekki að verða að auðvaldsdraumi þjóðar okkar. Þá er ég ekki að leggjast gegn því að við tökum þátt í alþjóðlegu starfi, en hér finnst mér í gegnum ræðuna mega lesa þau skilaboð að miklu hafi verið til fórnað í langan tíma til að stefna til þess metnaðar sem við sækjumst eftir í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

[12:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkuð hefur borið á því í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar að á skorti samráð við Alþingi um ýmis mál. Sjálfsagt er ýmislegt til í því og segja má að samráð sé aldrei nægilegt.

Í sambandi við sendiráð Íslands þá var þar farið út í starf þar sem allir þingflokkar tóku þátt í um framtíðaráherslur að því er varðar utanríkisþjónustu Íslands og á því hefur verið byggt. Samþykkt var þáltill. um stofnun sendiráðs í Japan. Mig minnir að hún hafi fengið hvert einasta atkvæði á Alþingi Íslendinga.

Mér finnst mjög sérkennilegt þegar síðan kemur upp gífurleg gagnrýni á að það skuli hafa verið farið að vilja Alþingis í því máli. Menn geta deilt um hvort átti að kaupa eða leigja. Úttekt sýndi að ódýrara var að kaupa en leigja. Haft var samráð um það í utanrmn. þingsins. Á utanrrn. þá að gera

það sem er dýrara til lengri tíma litið? Er hv. þm. að segja það ef ungur maður stendur frammi fyrir því annaðhvort að kaupa sér íbúð eða leigja, þá eigi hann að leigja jafnvel þótt það sé dýrara? Eða hvers konar málflutningur er þetta?

Ég biðst ekki undan gagnrýni á þann kostnað sem er í utanríkisþjónustunni, en ég frábið mér því að gera það sem dýrara er í þeim efnum. Við höfum aldrei tapað á því að kaupa eignir fyrir sendiráð okkar. Hins vegar hafa stundum verið gerð mistök í að selja eignir eins og í Bretlandi í kringum 1960.

[12:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvort eignasala vítt og breitt um heiminn er betri eða verri eftir því hvort við Íslendingar tökum þátt í henni eða ekki. Ég dró fram þann heildarkostnað sem orðið hefur af störfum utanríkisþjónustunnar á undanförnum árum. Það hlýtur að vekja spurningar, og því hefur utanrrh. hæstv. ekki svarað, um hversu mikið við höfum þanið út utanríkisstarfssemina á undanförnum árum. Ég tel að við eigum fara okkur hægt í því. Ég er ekki sammála því að það hafi verið mikil þörf á að stofna sendiráð í Japan. Við höfum átt viðskipti við Japan áratugum saman í gegnum samtök í sjávarútvegi og önnur samtök og sölufyrirtæki. Ég hef ekki orðið var við annað, virðulegi forseti, en að það hafi gengið mjög vel. Það er ekki að sjá að þau batni neitt við stofnun þessa sendiráðs.

[12:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil benda á að rúmlega 60% mannkyns búa í Asíu. Þar eru vaxandi samskipti og stækkandi markaðir. Það er svo með skrifstofur ágætra fyrirtækja í Japan að stjórnendur þeirra fyrirtækja ráða þeim og hluthafarnir í þeim fyrirtækjum. Ég tel ekki rétt að slík fyrirtæki gæti hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Það er fleira sem þarf að sinna í því sambandi. Japanskir ferðamenn koma hingað í vaxandi mæli og þeir eru aufúsugestir og mjög mikilvægir. Við verðum að líta á þessi mál í víðara samhengi.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það var rétt af Alþingi að álykta um að stofna bæri sendiráð í Japan. Ástæðan fyrir því að við byrjuðum á Kína var m.a. sú að hér hafði verið stofnað kínverskt sendiráð. Það var ódýrara að byrja í Kína. Í öllum umræðum um þetta mál á Alþingi síðasta áratuginn hafa menn verið sammála um að nauðsynlegt væri að setja á stofn sendiráð í Japan og það væri mjög mikilvægt að Japanir stofnuðu sendiráð hér, enda er Japan eitt af efnahagsveldum heimsins. Þar eru miklir möguleikar.

En svo er nauðsynlegt, hv. þm., að það komi fram að kostnaður við utanríkisþjónustuna, sem var rúmur milljarður árið 1996, þ.e. við þjónustuna sjálfa, var rúmir tveir milljarðar árið 2003. Kostnaður upp á þrjá milljarða er vegna friðargæslu, þróunarsamvinnu og lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli. Við höfum fjölgað sendiráðum á þessum tíma, það er rétt, en ekki er rétt að segja að kostnaðurinn við utanríkisþjónustuna sjálfa hafi hækkað um 170%. Ég bið hv. þm. að skoða stundum tölur áður en hann fer með þær.

[12:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kom að því í ræðu minni hver kostnaðurinn mundi verða við að sækja um aðild að öryggisráðinu. Ég vonast til að síðar í dag geti utanrrh. gert okkur grein fyrir því á hv. Alþingi hvaða kostnaður hann telur að muni fylgja þeirri upphefð sem verið er að sækjast eftir. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það upplýst.

Mér sýnist margt í ræðu utanrrh. benda til að til ákveðinna verka hafi verið stofnað beinlínis í þeim tilgangi að efla stöðu okkar til að ná sæti í öryggisráðinu. Mér finnst nauðsynlegt að það sé upplýst af hæstv. ráðherra til hvaða kostnaðar er stofnað beinlínis í þeim tilgangi.

[Fundarhlé. — 12:50]

[13:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var svo sem auðvitað að strákarnir í þessari umræðu færu að kryfja Bjart í Sumarhúsum en ég legg það til að við séum ekki að bera saman Bjart í Sumarhúsum og Guðríði Þorbjarnardóttur. Það er eins og að bera saman hvítt og svart án þess að þar sé gert upp á milli beinlínis.

Svo ætla ég í upphafi máls míns, virðulegi forseti, að tjá hæstv. utanrrh. að Samf. styður sendiráðastarfsemi á Norðurlöndum hjá okkar nánustu nágrönnum, samstarfsaðilum og vinum svo það sé bara skýrt hér.

Svo að ég víki að ræðu utanrrh. er athyglisvert að sjá hvað hæstv. utanrrh. tekur stórt upp í sig með EES-samninginn, en í skýrslunni segir og í ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„EES-samningurinn hefur haft gífurleg áhrif á efnahagslega uppbyggingu á Íslandi og er einn af hornsteinum íslenska velferðarríkisins."

Þá höfum við það. Og auðvitað velti ég fyrir mér hvort varaformaður Framsfl. viti þetta. Auðvitað er ég sammála þessari yfirlýsingu en öðruvísi mér áður brá. Það er mjög mikilvægt að Framsfl. sé svona meðvitaður um hvað gaf ríkisstjórninni sem hann settist í fyrir átta árum svo giftusamleg tækifæri því að oftast tala þingmenn flokksins eins og það hafi verið nóg að Framsfl. settist í ríkisstjórn, þá hafi eins og hendi hefði verið veifað opnast hin gullnu tækifæri, sjávarafli aukist, markaðir opnast, möguleikar nýrra tækifæra, fyrirtæki í hátækni og útflutningsframleiðslu orðið til o.s.frv. Það var EES-samningurinn sem skapaði ný tækifæri á nær öllum sviðum atvinnulífsins og það er gott.

Eitt annað, mjög mikilvægt samstarf sem menn tala lítið um og hefur kannski verið í uppsiglingu er norðurskautssamstarfið. Þar eru miklar áhyggjur af loftslags- og umhverfisbreytingum sem munu hafa mikil áhrif á lífið á norðurslóð, líf manna og dýra, og það eru vísbendingar um að breytingar sem eiga sér stað á norðurslóð á 10 ára tímabili taki 25 ár á öðrum stöðum á jörðinni. Þess vegna er hvort tveggja mikilvægt, rannsóknir á norðurslóð til að vita hvaða þróun verður á næstu 25 árum og líka að vita að það er svo ógnvænlega mikill hraði á breytingunum hjá okkur. En það eru fleiri ógnir sem steðja að, m.a. að örygginu á svæðinu.

Ég átti þess kost að hlusta á Karen Ericson, háskólaprófessor frá Alaska, á fundi í þessum samtökum nýverið en þar sagði hún að öryggi og öryggispólitík byggði fyrst og fremst á átaka- og ógnunarviðburðum og sú staða gerir það nær ókleift að gefa leiðsögn um raunverulegar ógnir nútímans í öryggismálum. Þetta er rétt. Þetta hefur verið staðfest af umræðunni hér á þessum morgni um utanríkismál. Hún segir að eftir lok kalda stríðsins snúist öryggi æ meira um umhverfismál. Hún segir að arfur kalda stríðsins sé geislavirkur úrgangur og leifar gereyðingarvopna í Norður-Rússlandi og

þetta eigi eftir að valda okkur meiri ógn og skapa meiri hættu fyrir okkur en nokkur hugsanlegur stríðsrekstur. Því tek ég þetta inn í ræðu mína, hæstv. utanrrh., að við minnumst þess að ógnin er annað og meira en stríðsleikurinn sem við verðum vitni að úti í heimi.

Í umræðu sinni um öryggisráðið talar hæstv. utanrrh. um nauðsyn þess að vera þátttakandi í ákvarðanatöku. Þetta er grundvallaratriði í samstarfi, ekki bara taka við heldur hafa áhrif þar sem landið er í samstarfi. Sömuleiðis varðandi jafnræðið, að vera jafngildur. En þetta gildir ekki bara um öryggisráðið, þetta gildir um allt. Þess vegna eru löndin í Austur-Evrópu að sækja um aðild að Evrópusambandinu og þau eru að sækja um aðild að NATO til að vera með og vera jafngild. EES-samningurinn var mjög mikilvægur eins og ég hef hér nefnt. Þar erum við þó ekki með í ákvarðanatökunni. Hún fer fram í Evrópusambandinu og það er þess vegna, af því að við erum meðvituð um að við verðum að vera alls staðar með í ákvarðanatökunni til að hafa áhrif, sem Samf. vill ræða kosti og galla Evrópusambandsaðilar. Það er af því að við teljum brýnt að taka þátt í ákvörðunum sem varða hagi okkar. Ríkisstjórnin notar þetta, að taka þátt í ákvörðunum á alþjóðavettvangi, bara þar sem það passar henni, bara þar sem ríkisstjórnin vill vera með. Annað, það sem ekki næst samstaða um í ríkisstjórninni, að skoða þáttinn í alþjóðasamstarfinu, er sett til hliðar.

Virðulegi forseti. Á þessum morgni hefur verið mest rætt um öryggisráð og ég vil taka það sérstaklega fram að Samf. ætlast til mikils af setu Íslands í öryggisráðinu, verði sú raunin. Ísland á að sýna sjálfstæði í utanríkismálapólitík sinni, sýna engu landi þjónkun, ekki gera eins og Bandaríkin í stórmálum. Ég hlýt að vænta þess, og vísa þar til afstöðu minnar í upphafi míns máls um Norðurlöndin, okkar helstu nágranna- og vinaþjóða og helstu samstarfsaðila, að Ísland verði í ríkum mæli rödd Norðurlandanna þarna inni, fari í öryggisráðið með friðarstefnu. Ég trúi því nefnilega að það skipti máli að land eins og Ísland sé með þar sem fjallað er um átakamál og ég trúi því að það verði hlustað og ég trúi því að Ísland geti verið sáttasemjari og ég minni á að Norðurlöndin njóta virðingar hjá fjarlægum þjóðum. Þess vegna hafa menn eins og Ahtisaari, Stoltenberg, Bildt og Hans Blix verið sóttir til vandasamra verka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er engin tilviljun. Það er vegna þess að í fjarlægum löndum þar sem menn eru fullir af tortryggni og vilja jafnvel takmarka aðkomu annarra að sínum málum bera þeir traust til Norðurlandanna og menn opna jafnvel landamæri sín og huga fyrir samvinnu við þau þó að þeir vilji ekki einhverja aðra. Við frá Norðurlöndunum erum fulltrúar landa þar sem ríkir lýðræði og virðing er borin fyrir minnihlutahópum.

Ég er líka mjög fylgjandi auknu samstarfi Norðurlandanna um friðargæslu eins og hæstv. ráðherra er kunnugt um. Ég er sannfærð um að norrænar liðssveitir geti náð öðruvísi árangri á viðkvæmum svæðum og á liðnum árum hefur verið mjög rætt um það í Norðurlandaráði að efla samvinnu í friðargæslu, byggja upp jafnvel sameiginlegar sveitir og auka sameiginlegar aðgerðir. Nordkapp hefur oft verið nefnt sem fyrirmynd í slíku samstarfi og aðild okkar að Nordkapp er núna orðið formleg sem hún var ekki áður. Við höfum talað um frekara formlegt samstarf, jafnvel að koma á hraðliði, og fleira hefur verið nefnt þarna. En þrátt fyrir að formlegra samstarf hafi enn ekki fengið hljómgrunn hjá ríkisstjórnum landanna hafa skoðanaskipti verið góð milli þingmanna á Norðurlöndum og ríkisstjórnanna og Norðurlandaráð ætlar að fylgja þróun mála á komandi missirum.

Það kom mér á óvart, virðulegi forseti, að sjá það í svari til hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur að friðargæslan er í svo ríkum mæli metin sem þróunaraðstoð samkvæmt þróunarnefnd OECD. Ég velti þá fyrir mér hvar mörkin liggi milli friðargæslu og átakastjórnunar. Ég ætla hins vegar ekki að biðja ráðherrann að svara því í stuttu andsvari af því að ég er með mjög mikilvæga spurningu til ráðherrans í lok ræðu minnar. En þetta er eitthvað sem við hljótum líka að kalla eftir. Hvar liggja mörkin milli hefðbundinnar borgaralegrar friðargæslu og átakastjórnunar sem flest löndin taka þátt í?

Við í Samf. leggjum mikla áherslu á þróunaraðstoð og að hún verði aukin. Það á að vera sjálfstæð ákvörðun. Slík ákvörðun á ekki að hanga á framboði okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, að stórauka þróunaraðstoð. Ég tók eftir því að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir nefndi að í umræðunni ætti ekki að tengja þróunaraðstoð við umsókn okkar til öryggisráðsins en það var beinlínis gert í ræðu hæstv. utanrrh. Ég ætlaði að vekja athygli hennar á því en hún er ekki hér.

Ég vil líka að við beinum sérstaklega sjónum að aðstoð við konur, styðjum þær í fjarlægum heimshlutum til náms og starfa því það hvílir í miklum mæli á þeim að endurbyggja skaddað samfélag. Það var áhrifamikið að hlusta á Elisabeth Rehn þegar hún kom hingað í heimsókn og sagði okkur frá starfi sínu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hún leggur mikla áherslu á stuðning við konur á átakasvæðum. Ofbeldi gegn konum og nauðganir eru núna skipulagðar stríðsaðgerðir, því miður. Ég minnist þess líka að Madeleine Albright beitti sér fyrir því eftir heimsókn í flóttamannabúðir í Miðausturlöndum að útvega fjármagn til þess að fjölga salernum í flóttamannabúðum, og vakti mikla athygli, en það er vegna þess að þau voru fá og langt í burtu og stúlkum var nauðgað á leiðinni þangað.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tölu á því hve oft ég hef tekið upp málefni flóttamanna hér á Alþingi, bæði í utanríkisumræðu og í fyrirspurnatíma við viðkomandi dómsmrh. Síðustu daga hafa mál ungs karls og ófrískrar sambýliskonu hans verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Ég þekki ekki þetta tiltekna mál og ætla ekki að fjalla um það. En af fréttum má ráða að verið sé að kanna hvort þeim verði veitt pólitískt hæli hér á landi. Það væri alveg ný afgreiðsla hjá íslenskum stjórnvöldum og satt að segja stórtíðindi ef svo verður þar sem hingað til hefur nær eingöngu verið veitt hér dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum. Við höfum notað þau tæki sem við höfum haft til að snúa flóttamönnum til baka héðan frá Íslandi.

Þegar við ræðum um flóttamenn er um að ræða tvenns konar hópa, flóttamenn sem við veljum í flóttamannabúðum erlendis og ákveðum að megi koma hingað heim til okkar, kannski allt að 30 stykki á ári, og svo hælisleitendur sem koma hingað óvænt og leita hér hælis af því að við erum aðilar að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. En þar er saga okkar ófögur. Gömlu lögin voru handónýt og erfitt að vinna eftir þeim. Þau tóku ekki mið af raunveruleikanum í alþjóðasamstarfi dagsins í dag. Það var mjög gengið eftir breytingu á þeim og tók mörg ár.

Ný lög skapa loksins forsendur til að taka á móti flóttamönnum þótt þeim sé um margt annað ábótavant. Við eigum að axla þá ábyrgð að veita fólki skjól sem á því þarf að halda. Það eru trúlega nokkuð innan við 100 manns sem hingað

leita árlega og fæstir uppfylla skilyrði flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna.

Dyflinnarsamningurinn kveður á um að það megi senda hælisleitanda til næsta stoppistaðar á undan og við erum aldrei fyrsta land. Þeir sem hingað koma hafa alltaf þurft að millilenda einhvers staðar á leiðinni til okkar, fyrirheitna landsins. Flóttamenn eru því sendir til baka og það land látið sjá um að kafa ofan í mál þeirra. Það er því athyglisvert og einstakt ef Ísland skoðar nú sjálft erindi fólks sem hér sækir um hæli sem pólitískir flóttamenn og það er ástæða þess, virðulegi forseti, að ég tek þetta mál upp í utanríkisumræðunni þar sem það vissulega á heima. Að breyttum lögum og af því tilefni sem ég hef hér vakið athygli á, hversu takmörkuð lögin okkar voru sem við fórum eftir í nokkra áratugi, og vegna væntinganna til breytinga við það að búa til ný lög um flóttamenn og útlendinga, hef ég bundið miklar vonir við að við hér á Íslandi mundum bregðast við fólki sem hingað kemur með virðingu, þeirri virðingu sem ég var að vísa til að við norrænar þjóðir hefðum gagnvart minnihlutahópum og því fólki sem á um sárt að binda og flýr land sitt vegna þess að þar eru mannréttindabrot og aðrar ógnir. Þess vegna finnst mér mikilvægt að það geti einhvern tíma legið fyrir hvað þurfi til til að við veitum slíku fólki sem uppfyllir flóttamannasamninginn hæli hér. Það er spurning mín til hæstv. utanrrh. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi flóttamenn sem leita hælis hér og undir hvaða kringumstæðum kemur til greina að veita pólitískum flóttamönnum hæli á Íslandi? Og gleymum því ekki, og það eru lokaorð mín, að flóttamenn sækja minnst til Evrópu en mest til nágranna sinna.

[13:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að koma inn á ýmislegt sem kom fram í ræðu hv. þm. Fyrst vil ég nefna EES-samninginn. Það liggur fyrir að EES-samningurinn var undirbúinn í ríkisstjórn sem Framsfl. og Alþýðuflokkurinn áttu saman sæti í 1989. Það má segja að öll meginatriði þess samnings hafi legið fyrir þegar við fórum úr ríkisstjórn 1991, a.m.k. taldi formaður Alþýðuflokksins á þeim tíma að sjávarútvegssamningurinn hafi algerlega legið fyrir og fann pappíra uppi í sjútvrn. því til stuðnings þegar hann þurfti að verja sig í því máli, m.a. fyrir gagnrýni minni í sambandi við sjávarútvegssamninginn. Það var nú ekki alveg rétt að hann hefði legið fyrir. Hins vegar lá fyrir gífurleg vinna í þessu máli á árunum 1989–1991 þannig að allar meginlínur þessa máls lágu fyrir. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að Framsfl. ber mjög mikla ábyrgð á þessum samningi eins og aðrir stjórnmálaflokkar á Alþingi. Hins vegar er ýmislegt í þessum samningi eins og öllum öðrum samningum sem mönnum líkaði ekki og vildu ekki endilega taka ábyrgð á. En það er nú nauðsynlegt að halda þessu til haga sögunnar vegna.

Vegna þess að því er aftur og aftur haldið fram að Ísland elti Bandaríkin í öllum málum þá vil ég segja að ef litið er til atkvæðagreiðslna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þá greiðum við miklu oftar atkvæði eins og Evrópusambandsríkin en Bandaríkin. Ætli við styðjum ekki Bandaríkin svona álíka oft og Frakkland og Finnland. Við styðjum Bandaríkin í góðum málum þar sem við erum þeim sammála. Eigum við ekki að gera það? Er það stefna Samfylkingarinnar að vera alltaf á móti Bandaríkjunum?

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit allt um aðkomu Framsfl. að EES-samningnum. Ég man eftir atkvæðagreiðslunni og því að hæstv. utanrrh. leiddi þá helming þingflokks Framsfl. gegn vilja forustunnar í að a.m.k. sitja hjá við samninginn eða ekki greiða atkvæði gegn honum. Mín orð beindust til og voru um aðra þingmenn Framsfl.

En er ekki dæmalaust að hér hef ég staðið og beint fyrst og fremst spurningu til hæstv. utanrrh. um flóttamenn, mál sem er eins og engin leið sé að fá niðurstöðu í hjá hæstv. ríkisstjórn. Um hvað snýst málið? Af hverju eru lögin eins og þau eru eftir alla þessa áratugi? Og af hverju er aldrei hægt að vita hvað þarf að gerast svo fólk fái hugsanlega hér hæli?

Þegar ég hef fært fyrir spurningu minni þau rök sem ég tilgreindi og sagt í ræðu minni að ekkert af því ætlist ég til að hæstv. utanrrh. svari þá leggst hann í að byrja að tuða um nákvæmlega sömu málin og hann er búinn að fara yfir í öllum andsvörum. Og svarið er nei. Ég er ekki að leggja til að við séum alltaf á móti Bandaríkjamönnum. En hæstv. ráðherra veit nákvæmlega að hverju ég er að ýja. Ég óska eftir svari varðandi flóttamennina. Það er stóra málið í ræðu minni í dag.

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég bendi hv. þm. (Gripið fram í.) — já fyrrverandi ráðherra — að þingmaðurinn er að spyrja mig um mál sem heyrir undir dómsmrh. Að sjálfsögðu verður farið að lögum í þessu sambandi. Ég get því miður ekki svarað hv. þm. nákvæmlega hvernig þetta verður. Ekki hafði hv. þm. fyrir því að gera mér viðvart. Hún ætlast til þess að ég geti svarað því án nokkurrar umhugsunar hvernig verði nákvæmlega unnið úr þeim lögum sem hér eru. Ég hef bara ekki aðstæður til þess. Ég er alveg viss um að hv. þm. veit það sem fyrrverandi ráðherra að í svo viðkvæmu og flóknu máli þá væri það rangt af ráðherra að svara til um það án þess að fara yfir málið fyrir fram.

Ég vildi aðeins segja eitt vegna orða hv. þm. um þróunaraðstoð og öryggisráðið. Ég vil taka það skýrt fram að það er stefna ríkisstjórnarinnar að auka þróunaraðstoð, ekki til þess að komast inn í öryggisráðið. Er það stefna Samfylkingarinnar að auka þróunaraðstoð til þess að komast inn í öryggisráðið? (**ÖS:** Það stendur í ræðunni þinni.) Það stendur ekkert í minni ræðu. Hv. þm. ætti að lesa ræðuna áður en hann segir svona hluti. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er stefna ríkisstjórnarinnar að auka þróunaraðstoð, en ekki til að komast inn í öryggisráðið. Það er algjörlega sjálfstætt mál. Það getur vel farið svo að við komumst ekkert inn í þetta öryggisráð. Eigum við þá að hætta við þróunaraðstoð? Þetta er náttúrlega málflutningur sem gengur ekkert upp.

[13:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annaðhvort misskiljum við hæstv. ráðherra hvort annað allrækilega eða hann velur það viljandi að snúa út úr. Allflestir skilja ræðuna þannig að það eigi að auka þróunaraðstoðina til þess að komast nær þeim þjóðum sem skiptir gífurlegu máli að styðji umsókn okkar til að komast í öryggisráðið. Við í Samfylkingunni styðjum í raun ráðherrann og ríkisstjórnina í því að vera með í öryggisráðinu af því við viljum að Ísland sé með á þessum vettvangi og

spili þar stórt hlutverk, eins og ég hef gert grein fyrir í ræðu minni. En við viljum ekki að þróunaraðstoðin hangi á því. Við viljum auka hana alveg óháð þessu. (Gripið fram í.) Ef þetta er svona þá erum við sammála. Loksins eftir sex ræður í morgun er það ljóst.

Í öðru lagi: Ég ætlast ekki til að ráðherra svari mér um það fólk sem sækist eftir hæli. Ég veit að ráðherrann þekkir flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna mjög vel. Það voru svo mikil átök um lögin um útlendinga loksins þegar frv. kom inn í þingið að það hvarflaði ekki annað að mér en að sú umræða hefði verið tekin í ríkisstjórn hver mörkin ættu að vera. Ég veit allt um það hvað stendur í samningnum og hvað stendur í lögunum. Útfærslu og einhver mörk sem ríkisstjórnin setur sér þarf til til að hægt sé að skoða málið, þ.e. hælisumsóknir. Ég vonaðist eftir að fá slíkt svar en skil nú að ég fæ það ekki.

[13:54]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Hæstv. forseti. Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er helsta umfjöllunarefnið í skýrslu hæstv. utanrrh. Ég tek heils hugar undir þá stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands sem sýnir kannski í hnotskurn að Íslendingar axla sína ábyrgð og leggja sitt af mörkum í alþjóðlegu samstarfi. Áherslan á þátttöku í alþjóðlegri friðargæslu og þau mikilvægu verkefni sem við höfum tekið að okkur á þeim vettvangi sýnir líka viljann í verki, ásamt því að þróunaraðstoðin hefur verið aukin og áhersla verður áfram lögð á að efla hana.

Það er gríðarlega stórt verkefni fyrir okkur Íslendinga á næstu fimm árum að vinna framboðinu fylgi og ég treysti íslensku utanríkisþjónustunni undir forustu hæstv. utanrrh. til að leysa það verk vel af hendi. Þar er ekkert gefið fyrir fram og ljóst er að Norðmenn vörðu miklum kröftum í baráttu sína fyrir sæti í öryggisráðinu. Það er auðvitað sjálfsagt að nýta sér reynslu þeirra í þessu sambandi.

Á næsta ári verður Ísland með formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Formennskuáætlunin var kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í október sl. Yfirskriftin er: Auðlindir Norðurlanda. Og þar er megináhersla lögð á lýðræði, menningu og náttúru. Áætlunin er mjög metnaðarfull og það verður ánægjulegt að fylgja henni eftir á vettvangi Norðurlandaráðs, þ.e. þingmannamegin.

Hæstv. forseti. Utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni hvernig formennska Íslands í Norðurskautsráðinu væri eftirtektarvert dæmi um ábyrgð og sýnileika Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Ég tek undir þessi orð hæstv. ráðherra. Við sem tökum þátt í þingmannasamstarfi norðurskautslandanna höfum átt mjög náið samstarf við Norðurskautsráðið og höfum haft tækifæri til þess að hafa frumkvæði að málum sem Norðurskautsráðið hefur síðan fylgt sem framkvæmdaráðili. Dæmi um þetta er t.d. þróunarskýrslan sem verið er að vinna að.

Ég tel að við Íslendingar getum verið mjög stoltir af þeirri forustu sem við höfum tekið í norðurskautsmálum og þeim skýru áherslum sem formennska Íslands hefur mótað á liðnu ári fyrir þá þau ár og þann tíma sem við verðum í formennsku. Ég hef fundið það á þeim ráðstefnum og fundum sem ég hef setið að framvarðasveit Íslands nýtur mikils trausts innan norðurskautssamstarfsins.

Það er mikilvægt að fylgjast náið með þróun mála á norðurslóðum því ýmis þeirra verkefna sem þar er unnið að munu hafa bein pólitísk áhrif heima og erlendis. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfinu lúti að sjálfbærri þróun og sérstök áhersla hefur verið frá upphafi lögð á umhverfismál, en efnahagsleg-, félagsleg- og menningarleg velferð íbúa norðursins skipar æ veglegri sess í starfi ráðsins og er sérlega áberandi undir forustu Íslands.

Eitt stærsta málið sem formennska Íslands hefur lagt áherslu á er skýrslan um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum sem ég nefndi áðan, sem ætlað er að líti dagsins ljós haustið 2004. Hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir sem beinast eingöngu að íbúum norðurskautssvæða. Er fyrirhuguð skýrsla því sérstakt fagnaðarefni. Fyrstu hugmyndir og drög að slíkri skýrslu fæddust, eins og ég nefndi, innan þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál. Þingmenn fylgjast því náið með skýrslugerðinni og hafa tækifæri til þess að hafa þar áhrif. Skýrslunni er ætlað að beina sjónum að hinum margvíslegu þáttum sjálfbærrar þróunar og velferðarmála í norðri. Velferð íbúa norðursins og tengsl þeirra við sjálfbæra þróun og auðlindanýtingu verða m.a. í brennidepli. Rannsóknina verður í framhaldinu vonandi hægt að nota sem ákveðið tæki til stefnumótunar á svæðinu. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar hefur aðalumsjón með skýrslugerðinni, en að henni koma fjölmargir vísindamenn frá öllum norðurskautsríkjunum.

Samstarf menntastofnana, upplýsingatækni og fjarkennsla eru gríðarlega mikilvæg mál á hinum dreifbýlu og viðfeðmu norðurskautssvæðum. Ísland hefur lagt sérstaka áherslu á upplýsingatækni í norðurskautssamstarfinu. Við höfum mikla reynslu t.d. af fjarkennslu og getum miðlað öðrum af henni. Töluvert hefur líka verið fjallað um fjarlækningar, svona svo ég nefni eitthvað af þessu.

Í október var haldin fjölsótt ráðstefna um upplýsingatækni á Akureyri og meira starf er fram undan í þessum málaflokki. Ég vona að í því starfi verði þingmannaráðstefna um norðurskautsmál, sem hefur lagt mikla áherslu á þessi mál í störfum sínum undanfarin ár, virkjuð til áframhaldandi góðra verka. Innsýn og reynslu þingmanna í þessum málaflokki verður að nýta.

Eitt metnaðarfyllsta og stærsta verkefni á vettvangi norðurskautssamstarfsins er væntanleg skýrsla um loftslagsbreytingar sem lögð verður fram á fundi Norðurskautsráðsins haustið 2004. Þingmannanefndin hefur fylgst grannt með þessum málaflokki og fengið til fundar við sig yfirumsjónarmann verkefnisins, bandaríska vísindamanninn Robert Corell.

Skemst er frá því að segja að hinar vísindalegu niðurstöður benda til stórkostlegrar hröðunar á loftslagsbreytingum norðurskautssvæðanna næstu áratugi, sem ekki sér fyrir endann á. Jafnvel íhaldssömustu niðurstöður benda til mikillar bráðnunar íss og jökla og stórfelldra breytinga á hitastigi sjávar sem augljóslega hefðu mikil áhrif á landið okkar. Svo mætti lengi telja.

Vísindamenn hafa fundið leiðir til að skilja að áhrif á loftslagsbreytingar af manna völdum og eðlilegar sveiflur náttúrunnar. Það er álit vísindamanna að jafnvel þótt allri framleiðslu á koltvísýringi væri hætt nú þegar þá mundi það taka náttúruna, loftslag og sjávarföll, langan tíma að komast í jafnvægi. Þetta verkefni um loftslagsbreytingarnar mun eflaust vekja heimsathygli þegar niðurstöðurnar liggja fyrir.

Herra forseti. Það er sérstakt ánægjuefni að sjá hversu mjög samvinna norðurskautsríkjanna hefur styrkst á næstliðnum árum og hve trausta forustu Ísland hefur skapað sér

innan starfsins. Það er líka ánægjuefni í raun að finna hvernig vinna þingmannasamstarfsins við Norðurskautsráðið og samstarf milli þeirra hefur orðið til þess að þar hafa verið lagðar áherslur sem varða hag Íslands og norðurskautsríkjanna allra.

Ég vil geta þess sérstaklega að á þessu ári var Alþingi falin sú ábyrgð að taka að sér allan skrifstofurekstur og framkvæmdastjórn þingmannanefndar um norðurskautsmál, en Finnar höfðu haft hana með höndum í nokkur ár. Það er ánægjulegt fyrir Alþingi að takast á við það verkefni og alþjóðadeild þingsins hefur sinnt því af miklum metnaði.

[14:02]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þá hefur hæstv. utanrrh. flutt þingheimi skýrslu sína um utanríkismál sem send var okkur þingmönnum til aflestrar fyrir nokkrum dögum síðan. Þegar ég frétti að skýrsla hæstv. utanrrh. væri komin í pósthólf okkar þingmanna fylltist ég tilhlökkun að lesa hana og leita þar svara við nokkuð mörgum spurningum sem leitað höfðu á hug minn frá því nokkru fyrir síðustu mánaðamót. Ég þóttist vita að ítarlega yrði fjallað um framtíð varnarliðsins á Íslandi og nú fengjust loks einhver svör um framtíð þeirra fjölmörgu starfsmanna sem starfa hjá varnarliðinu í kjölfar þeirra 90 uppsagna sem kynntar voru í október. Mikil urðu vonbrigði mín við lestur skýrslunnar, ekki vegna þess sem í henni stóð, heldur vegna þess sem í hana vantaði og ætlaði ég ekki að trúa mínum eigin augum þegar leið að lokum lestursins að ekki væri einu orði vikið að þessu stórmáli sem umsvifin á Keflavíkurflugvelli og samskiptin við Bandaríkin eru samfélaginu á Suðurnesjum. Hið sama átti reyndar við um stríðið í Írak og aðkomu okkar að því, ekki eitt orð.

Ég vonaði, satt að segja, að hæstv. ráðherra mundi að einhverju leyti víkja frá skrifuðum texta í skýrslunni við munnlegan flutning hennar og drepa þar á þessi brýnu mál. Það hefur hann því miður ekki gert og harma ég það virðingarleysi sem mér finnst í því felast gagnvart íbúum á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem horfa framan í atvinnuleysisdrauginn í næstu framtíð.

Þar sem tími minn er takmarkaður, hæstv. forseti, og aðrir hv. ræðumenn hér á undan mér hafa fjallað um málefni Íraks með nokkuð ítarlegum hætti, mun ég einbeita mér að þeim hræringum sem nú eiga sér stað á Keflavíkurflugvelli.

Í kosningabaráttunni í sumar sem leið var mikið rætt um framtíð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og ófáir fundir snerust nánast eingöngu um það málefni þar sem fyrir hafði flogið að fram undan væri talsverður niðurskurður á umsvifum Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt vissu menn að núverandi hæstv. utanrrh. hafði ekki tekist að ná samkomulagi um eða ganga frá nýrri bókun með varnarsamningnum og framkvæmd hans væri því að einhverju leyti í lausu lofti og nánast einhliða í höndum Bandaríkjamanna. Starfsmenn varnarliðsins voru í óvissu um framtíð starfa sinna og knúðu á um hvort einhver svör lægju á lausu í aðdraganda kosninga, því það vita jú flestir að helst er svara að vænta um mikilsverð mál þegar nær dregur kosningum.

Ekki stóð á svörum. Starfsmenn þyrftu ekki að óttast ef ekki yrði skipt um stjórnarherra. Ef Samf. fengi eitthvert umtalsvert fylgi þyrftu starfsmenn ekki að kemba hærurnar og mundu flestir missa störf sín hið snarasta ef sú ógæfa henti að Samf. tæki hér við stjórnartaumunum.

Virðulegi forseti. Suðurnesjamenn vissu ekki að skömmu fyrir kosningar hafði stjórnarherrunum verið tilkynnt að tekin hefði verið einhliða ákvörðun af hálfu stjórnvalda í Bandaríkjunum um brottför meginhluta hersins frá Keflavíkurflugvelli. Kjósendur vissu ekki um þessa tilkynningu fyrir kosningar og var henni haldið leyndri af þeim er vissu til þess að hún hefði ekki áhrif á úrslit kosninga.

Þegar frá þessari einhliða ákvörðun var skýrt eftir kosningar var jafnframt fullyrt að menn skyldu aldeilis ekki hafa miklar áhyggjur af þessu því hæstv. forsrh. sjálfur væri kominn í málið og mundi tala beint við forseta Bandaríkjanna og kippa þessu í liðinn. Nokkrar áhyggjur gerðu þó vart við sig á Suðurnesjum og m.a. vildu sveitarstjórnarmenn fá að hitta hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. til að fá frá fyrstu hendi upplýsingar um hver staðan væri og hvers væri að vænta í framhaldinu. Ekki töldu hæstv. ráðherrar þörf á eða tilefni til þess að eyða tíma á sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, en þau svör bárust úr forsrn. að samband yrði haft ef eitthvað breyttist í málinu.

Landsmenn fengu síðan að heyra það ítrekað að tekist hefði með miklu harðfylgi að semja við Bandaríkjamenn um að ekki yrði fækkað í liði þeirra á Keflavíkurflugvelli. Og engar breytingar gerðar á umsvifum þar, nema að undangengnum viðræðum milli þjóðanna og ekki yrði um neinar einhliða ákvarðanir að ræða af hálfu Bandaríkjamanna í málefnum varnarliðsins á flugvellinum. Önduðu nú Suðurnesjamenn léttar í bili, bæði þeir sem stýra sveitarfélögunum og þeir sem störfuðu hjá varnarliðinu. Tekist hefði að semja um frið og öryggi í einhvern tíma og nú gæfist öllum aðilum tímakorn til að skoða með hvaða hætti hægt væri að bregðast við breytingum þannig að minnkun umsvifa á Keflavíkurflugvelli yrði mætt með einhverjum hætti, væntanlega í samstarfi ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna.

Það var því verulegt reiðarslag, hæstv. forseti, þegar tilkynnt var skömmu fyrir síðustu mánaðamót að nú mundi varnarliðið á Keflavíkurflugvelli segja upp 90 starfsmönnum og einnig yrðu kjör þeirra sem vinnunni héldu skert talsvert og ef þeir sættu sig ekki við þá ákvörðun starfsmannahalds varnarliðsins yrði litið á það sem uppsögn af hálfu viðkomandi.

Gleymum því ekki og höldum því til haga að þetta gerist í framhaldi af þeim fullyrðingum ráðamanna hér að ekki yrðu neinar breytingar á umsvifum á Miðnesheiðinni nema að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld.

Verkalýðsfélög á Suðurnesjum töldu strax að ekki hefði verið farið að íslenskum lögum um hópuppsagnir við þessa hópuppsögn varnarliðsins. Það var vegna þess að verulega skorti á um lögboðið samráð við þau áður en til uppsagna kom. Þau hafa einnig dregið í efa þá aðgerð varnarliðsins að segja einhliða upp greiðslum vegna aksturs.

Ekki var nú furða manna minni þegar það upplýstist að utanrrn. hafði verið tilkynnt um fyrirhugaðar uppsagnir nokkru áður en verkalýðsfélögunum var tilkynnt um þær og það fór eins og í sumar, upplýsingunum var haldið og ekki skýrt frá þeim veigamiklu breytingum sem fyrirséðar voru um leið og upplýsingarnar lágu fyrir. Er það furða, virðulegi forseti, þó að starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli þyki lítið til svona vinnubragða koma?

Öll svör yfirmanna varnarliðsins hafa verið ákaflega loðin og óskýr þegar eftir hefur verið leitað. Fréttamenn Víkurfrétta í Reykjanesbæ hafa verið óþreytandi í þeirri viðleitni

sinni að leita einhverra skýrra svara um hvað fram undan sé í starfsemi varnarliðsins á Miðnesheiði en lítið hefur verið um skýr svör eins og áður sagði.

Ekki finna þeir frekar en aðrir einhver skýr svör í þeirri skýrslu sem hæstv. utanrrh. kynnti okkur hér áðan. En mér finnst kominn tími til að svara sé krafist og hugað verði að aðgerðum til mótvægis við þá minnkun á atvinnu sem þegar er fyrirsjáanleg og ráðamenn hætti að stinga höfðinu í sandinn og vona að vandinn hverfi hægt og hljótt á braut. Það gerir hann ekki og því fyrr sem sú staðreynd er viðurkennd, þeim mun fyrr er hægt að bregðast við.

Það er von mín, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. upplýsi okkur nú um stöðu mála eins og hún er. Hefur hann einhverjar upplýsingar um að fyrir liggi að draga verulega úr starfsemi varnarliðsins á komandi mánuðum? Hefur hann kannað hvað hæft er í fréttum um að komandi uppsagnir séu einungis byrjun þess sem koma skal og enn skuli skorið niður um 30% til viðbótar frá því sem nú er gert? Var ekkert samráð haft við íslensk stjórnvöld um þær uppsagnir sem fyrir liggja? Hafa Bandaríkjamenn staðið við þau loforð sem gefin voru um samráð eða hafa þeir gengið á bak orða sinna gagnvart íslenskum stjórnvöldum?

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í málinu hér að framan líta flestir Suðurnesjamenn á starfsemi varnarliðsins sem atvinnumál ekki síður en öryggis- og varnarmál. Það sjónarmið er skiljanlegt í ljósi sögunnar og einnig í því ljósi að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur fram til þessa dags verið einn stærsti og öruggasti vinnuveitandinn á svæðinu. Oft og iðulega hafa Suðurnesjamenn mátt heyra að ekki þurfi sérstakan stuðning við atvinnuuppbyggingu eða atvinnulíf á Suðurnesjum þar sem við sem þar búum höfum herinn og þyrftum því ekkert frekar. Því er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort hæstv. utanrrh. muni beita sér fyrir einhverjum mótvægisaðgerðum til að mæta þeim niðurskurði sem þegar hefur verið tilkynntur og einnig hvort hv. ríkisstjórn muni hefja samvinnu við heimamenn um hvernig mæta skuli þeim samdrætti sem blasir nú við.

Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum eru tilbúnir til samstarfs og hafa leitað eftir því við ríkisvaldið, bæði einstakar sveitarstjórnir og einnig Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Bæði meiri og minni hluti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar urðu sammála um bókun um þetta mikilvæga mál á bæjarstjórnarfundi fyrir skömmu og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Reykjanesbæjar lýsir áhyggjum af fjöldauppsögnum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli enda er hér gengið mun lengra en í eðlilegum hagræðingaraðgerðum. Þá virðist vinnubrögðum við uppsagnir vera verulega ábótavant og óviðunandi sú óvissa sem áfram er sköpuð þrátt fyrir fyrirliggjandi uppsagnir. Mikilvægt er að leita allra leiða til að draga úr þeim tilfinningalegu og félagslegu erfiðleikum sem atvinnuuppsögn við þessar aðstæður veldur. Bæjarstjórn telur brýnt að flýta niðurstöðu í viðræðum við íslensk stjórnvöld um atvinnumál á svæðinu. Jafnframt er nauðsynlegt að formlegar viðræður verði teknar upp við ríkisstjórn Íslands um viðbrögð við þeim uppsögnum sem nú þegar hafa komið fram."

Við sem höfum fylgst með þeirri þróun sem á sér stað í starfsemi varnarliðsins sjáum svo ekki verður um villst að stefnt er að frekari niðurskurði en orðinn er. Fleiri uppsagnir eru í farvatninu og íslenskir yfirmenn sem starfa hjá varnarliðinu hafa verulegar áhyggjur af þeirri niðurskurðarstefnu sem þeir verða vitni að og þeir eru krafðir um.

Í Fréttablaðinu í dag kemur fram á forsíðu að fleiri uppsagnir blasi við. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forsvarsmenn Íslenskra aðalverktaka fara ekki dult með áhyggjur sínar af verkefnastöðu á Suðurnesjum og blasa uppsagnir við á næstu mánuðum og missirum að óbreyttu. Samdráttur í starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli bitnar hart á Aðalverktökum líkt og öðrum, en rúmlega 200 manns vinna hjá fyrirtækinu á Suðurnesjum. Óttast er að segja þurfi upp a.m.k. fjórðungi starfsmanna á næsta ári, eða rúmlega 50 manns."

Það er ekki bara samdráttur í störfum sem unnin eru beint fyrir varnarliðið, heldur verða verktakar sem veitt hafa varnarliðinu ýmsa þjónustu líka fyrir barðinu á niðurskurði og samdrætti, sem enginn átti von á nú í ljósi þeirra yfirlýsinga sem heyrst höfðu frá hæstv. ráðherrum í ríkisstjórn Íslands.

Rétt er að halda til haga að Keflavíkurverktakar sögðu einnig upp u.þ.b. 70 starfsmönnum á síðasta ári. Smærri verktakar munu einnig þurfa að rifa seglin og segja upp fólki á næstunni. Við erum að ræða hér um fleiri hundruð störf til samans sem vitað er um að þegar eru horfin eða munu hverfa á næstu mánuðum eða missirum. Þetta er sá raunveruleiki sem blasir við Suðurnesjamönnum. Þetta er sá raunveruleiki sem við viljum að brugðist verði við af krafti.

Virðulegi forseti. Ég brá mér inn á vef Víkurfrétta fyrr í dag og sá að varnarliðið vildi bjóða þeim starfsmönnum sem nú á að segja upp að hætta strax og fá uppsagnarfrestinn greiddan. Þetta boð hafði komið frá æðstu mönnum varnarliðsins en starfsmannastjórinn á Keflavíkurflugvelli hafði ráðið þeim frá því að gera slíkt þar sem það tíðkaðist ekki á Íslandi og þetta væri ekki samkvæmt íslenskum venjum. Ákveðið var að fara að ráðleggingum hans og munu þeir starfsmenn sem uppsögn fá þurfa að vinna sinn uppsagnarfrest. Ég bara spyr: Hvað vorum við hv. þm. að ræða hér fyrir stuttu? Voru það ekki starfslokasamningar? Tíðkast þeir ekki á Íslandi? Ja, hræsnin ríður ekki við einteyming.

Virðulegi forseti. Ég lýsi enn og aftur undrun minni á því að ekki skyldi fjallað um stöðu varnarsamningsins í skýrslu hæstv. utanrrh. Þrátt fyrir það form sem á umræðunni er hefði ég talið að færi hefði átt að gefast til að fjalla að einhverju leyti um stöðu málsins. Ég geri þá sjálfsögðu kröfu að þegar hefjist vinna í samráði við heimamenn á Suðurnesjum um mótvægisaðgerðir við þann mikla samdrátt sem blasir við öllum þeim sem vilja sjá. Ég geri þá kröfu að stjórnvöld hætti að hegða sér eins og strútar í þessu máli og horfist í augu við þann samdrátt sem blasir við og sýni einhvern vilja til að bregðast við honum. Ærandi þögn stjórnvalda um málið er þegar orðin allt of löng og tími til kominn að viðurkenna staðreyndir, bretta upp ermar og bregðast við.

[14:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka skýrt fram að mér er ekkert að vanbúnaði að ræða stöðu mála á Keflavíkurflugvelli. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi farið þess á leit að ég ræddi við hann í umræðu utan dagskrár um þessi mál. Mér barst síðan sú ósk að hætt yrði við þá umræðu þegar uppsagnir voru afturkallaðar. En að hann krefjist þess að ég eyði þeim stutta tíma sem ég hef á Alþingi, til að ræða atvinnumál á Suðurnesjum, jafnalvarleg og þau eru, finnst mér ekki sanngjarnt. Ég vil upplýsa hann um að þótt ég líti atvinnumál á Suðurnesjum alvarlegum augum þá er ég algjörlega ósammála

því að blanda eigi saman öryggis- og varnarmálum Íslands og atvinnumálum á Suðurnesjum. Ég felst ekki á þá skoðun hans að Bandaríkjamenn séu hér á landi vegna atvinnumála. Við verðum að taka sjálfstætt á þeim málum.

Varðandi þá fullyrðingu hans að ýmsu sé haldið leyndu þá gerði ég utanrmn. mjög góða grein fyrir atburðunum fyrir kosningar. Það er rétt að við fengum þessar upplýsingar fyrir kosningar en það er jafnframt rétt að halda því til haga að stuttu síðar átti ég samtal við Colin Powell og jafnframt við Robertson lávarð og því var frestað fram yfir kosningar. En að því hafi verið haldið leyndu vegna kosninganna er algjörlega út í hött. Við fengum niðurstöðu í þetta mál þannig að ný ríkisstjórn gæti tekið á málinu með eðlilegum hætti. Það liggur ljóst fyrir og hefur verið ítarlega farið yfir það í utanrmn.

[14:18]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn er engu svarað. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. utanrrh. Ég hafði farið fram á utandagskrárumræðu um uppsagnir á Keflavíkurflugvelli en við það að varnarliðið dró þær til baka ákvað ég að draga umræðuna til baka og sjá hvernig samráð verkalýðsfélaganna og varnarliðsins færi. En nú liggur ljóst fyrir að varnarliðið ætlar sér og mun um næstu mánaðamót segja upp um 105 starfsmönnum, fleiri starfsmönnum en áður hafði verið sagt upp. Mánuðurinn sem er að líða, og keyptur var fyrir það starfsfólk sem sagt verður upp með því að vísa í lög, er lítið annað en gálgafrestur.

Atvinnumál á Suðurnesjum blandast beint inn í það hvernig varnarsamningurinn er uppfylltur. Við sem á Suðurnesjum búum og staðið höfum í sveitarstjórnarmálum í einhvern tíma þekkjum það öll að sífellt hefur verið blandað saman þeirri atvinnu sem varnarliðið veitir Suðurnesjamönnum og aðstoð sem aðrir landshlutar hafa fengið til uppbyggingu atvinnuvega. Ef samdrátturinn á Keflavíkurflugvelli, jafnskarpur og hann virðist ætla að verða, þýðir að hundruð Suðurnesjamanna missi atvinnuna þá tel ég þetta hanga beint saman, varnarsamninginn og framkvæmd hans og atvinnumál á Suðurnesjum. Það er ekki hægt að slíta þetta í sundur, hæstv. forseti, ef þetta hefur bein áhrif hvort á annað.

[14:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst nokkuð sérkennilegt að hlusta á málflutning Samf. í þessu máli við umræðuna í dag. Ríkisstjórnin, þá ekki síst ég, hefur verið garnrýnd harðlega fyrir að eiga vinsamleg samskipti við Bandaríkin. Það hefur þótt hið versta mál að við skyldum sýna samstöðu með helstu bandalagsþjóðum Íslands í gegnum áratugina, Bretum og Bandaríkjunum. Menn hafa sagt að það gangi ekki að sýna samstöðu með þessum þjóðum. Svo kemur næsti þingmaður og gagnrýnir okkur harðlega fyrir að við skulum ekki ná betur saman við Bandaríkin í erfiðum og viðkvæmum málum.

Það rétt hjá hv. þm. að þessi mál eru mjög erfið og þau eru ekki í höfn. Við höfum reynt að eyða óvissu í þeim eftir því sem við höfum getað. En sú óvissa er því miður ekki að baki. Það er verið að vinna að þessu máli og við í utanrrn. höfum upplýst fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar á Suðurnesjum fullkomlega um þessi mál. Mér finnst óþarfi af hv. þm. að gera starf okkar tortryggilegt í þessum efnum, eins og mér hefur fundist hann gera við þessa umræðu.

Ég er tilbúinn til þess, hv. þm., að koma í sérstaka umræðu um þetta mál hvenær sem er. Mér er ekkert að vanbúnaði. Ég bað ekki um að hætta við utandagskrárumræðuna. Ég vissi vel að málinu var ekki lokið en einhverra hluta vegna vildi hv. þm. hætta við það. Ég skil ekki af hverju hann kemur upp með slíkum æsingi út af þessu máli þegar hann sjálfur hefur beðið um að fresta umræðu um það.

[14:22]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. skilur ekki að ég skuli taka þetta upp undir umræðum um utanríkismál. Undarlegur málflutningur Samf. hér í dag, segir hann. Ég átta mig engan veginn á því hvert hæstv. utanrrh. er að fara en ég átta mig á að ég hef í raun ekki fengið nein svör. Mér sýnist, hæstv. forseti, að venjan hafi verið sú í dag að eftir ræður hv. þingmanna komi hæstv. utanrrh. upp, reiður, leiður og með nánast allt á hornum sér. En hann svarar ósköp litlu af því sem spurt er um.

Það er sama hvernig við lítum á málin. Það er mikill samdráttur uppi á Keflavíkurflugvelli þessa dagana en hæstv. ríkisstjórn hefur sagt að ekki verði dregið saman á Keflavíkurflugvelli nema í fullu samráði við íslensk stjórnvöld. Eftir hlýtur spurningin að standa sem ég kom með hér í máli mínu áðan, spurningin um hvort bandarísk stjórnvöld séu að ganga á bak orða sinna við íslensk stjórnvöld eða hvort íslensk stjórnvöld hafi vitað að þessi mikli samdráttur væri yfirvofandi og gengi svo snögglega yfir.

[14:23]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Ég játa að í upphafi fannst mér hún nokkuð þröng en hún fjallar, eins og fram hefur komið, nær eingöngu um framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. En það er vissulega mjög þarft að taka það mál til umræðu á hinu háa Alþingi.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni og á undirbúningstímanum ríkti yfirleitt góð samstaða og jákvætt andrúmsloft þegar rætt var um mögulegt framboð Íslands. En þegar ríkisstjórnin skipaði sér í hóp hinna staðföstu ríkja og studdi innrásina í Írak þá tók það að breytast. Það er skiljanlegt. Auðvitað skýtur það skökku við að ríkisstjórn sem tekur þátt í því að brjóta niður vald hinna sameinuðu þjóða með því að styðja árásarstríð á fullvalda þjóð án þess að fyrir liggi samþykki öryggisráðsins skuli hafa áhuga á því að skipa sér á þann bekk.

Það hefur oft verið gagnrýnt að við Íslendingar beitum okkur þá helst á alþjóðavettvangi þegar um er að ræða mál sem snerta sérhagsmuni okkar þó við höfum að sjálfsögðu einnig tekið þátt í óumdeildum hagsmunamálum alls mannkyns á sviðum umhverfismála og mannréttindamála og reyndar á fleiri sviðum og samkvæmt skýrslu hæstv. utanrrh. er nú víðar tekið til hendi og er það vel.

Þegar ég lít yfir ræðu ráðherrans og starfsemi utanríkisþjónustunnar í ljósi framboðsins til öryggisráðsins þá finnst mér reyndar eins og að fyrir nokkrum árum hafi verið tekin í ráðuneytinu handfylli af fræjum, þeim varpað út á völlinn, þar sem þau eru nú víða að byrja að spíra og ætlunin er síðan að uppskera þegar kemur að kosningum til öryggisráðsins árið 2008. Margt af því sem ráðherrann nefndi og Ísland er farið að vinna að á alþjóðavettvangi horfir vissulega til mikilla framfara fyrir frið og öryggi í heiminum — er ég þá ekki að tala um svonefnda friðargæslu og friðarframkvæmdir

sem ég tel reyndar að stappi oft nær þátttöku í stríðsátökum. Ég tel reyndar að ekki eigi að telja framlög til þeirra þátta sem framlag til þróunarsamvinnu.

Ég get tekið undir það sem segir í skýrslu ráðherra, að formennska í Norðurskautsráðinu, í Eystrasaltsráðinu, seta í framkvæmdastjórn UNESCO og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, í nefnd um sjálfbæra þróun og í annarri um stöðu kvenna, séu allt mjög verðug verkefni og svið sem Ísland getur látið til sín taka á og á að gera. Ráðherra orðaði það svo að framboðið væri spurning um áræði og metnað fyrir hönd Íslands á alþjóðavettvangi. Ég treysti því að störfin sem Ísland hefur tekið að sér á alþjóðavettvangi muni einkennast af áræði og metnaði og að hvernig svo sem kosningarnar til öryggisráðsins fara árið 2008 muni nýkveiktur áhugi, m.a. á málefnum kvenna, áræði og metnaður í þeim efnum, ekki slokkna.

Ég ætla að staldra aðeins við þann kafla í skýrslu hæstv. ráðherra sem fjallar um konur. Þar kemur m.a. fram að Ísland vinni nú ötullega að því að tryggja framkvæmd fyrirheita um vernd kvenna í átökum og tryggja þátttöku þeirra í friðarferli að átökum loknum. Hér er verið að vísa til ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000, um konur, frið og öryggi. Þetta er grundvallarályktun sem hefur þegar haft mikil áhrif á stefnumótun Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. Í henni er staðfest að konur hafa hlutverki að gegna hvort heldur er við að fyrirbyggja átök og stríð, í friðarumleitunum, í friðargæslu og ekki síst í uppbyggingu að átökum loknum.

Á ráðstefnu sem hér hefur borið á góma í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, um konur, stríð og öryggi, sem Rannsóknarstofa í kynjafræðum, UNIFEM á Íslandi og Mannréttindaskrifstofa Íslands héldu í sameiningu 11. október sl., var fjallað sérstaklega um þessa samþykkt og reyndar einnig um málefni stríðshrjáðra kvenna í Kosovo og í Írak.

Það er vert að geta þess sem vel er gert. Utanrrn. hefur nú á fjórða ár kostað einn starfsmann UNIFEM í Kosovo. Það hefur verið starfi samtakanna ómetanlegt, vakið mikla athygli og verið góð fyrirmynd fyrir önnur ríki. Í ljósi stuðnings íslensku ríkisstjórnarinnar við innrásina í Írak er hins vegar nauðsynlegt og nærtækt að líta einnig þangað. Þá blasir við hvernig þetta árásarstríð, sem ríkisstjórnin illu heillu gerði okkur aðila að, hefur haft hörmuleg áhrif á líf margra Íraka en einkum þó á líf kvenna. Alger eyðilegging á innviðum samfélagsins, t.d. vatnsveitum, rafveitum, vegasambandi og skólpi, bitnar auðvitað fyrst og fremst á konum og börnum.

Óöldin og öryggisleysið eftir hina svokölluðu frelsun er slíkt að konur þora ekki út fyrir hússins dyr, stúlkur sækja ekki skóla og konur ekki vinnu. Svo mikið er víst að stríðið hefur ekki frelsað konur í Írak. Þarna þurfum við Íslendingar að bæta fyrir gerðir ríkisstjórnarinnar og taka myndarlega til hendi. Ég skora á ráðherrann að beita sér fyrir því.

Virðulegi forseti. Í ársbyrjun 2003 voru 20 milljónir manna á skrá Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem er reyndar svipaður fjöldi og árinu áður. Þetta er einn af hverjum 300 jarðarbúum. En inni í þessari tölu eru þó ekki þær 4 milljónir Palestínumanna sem búa í flóttamannabúðum í eigin landi. Flóttamenn sem eru í öðrum ríkjum en heimalandinu eru um helmingur af þessari tölu, um 10,4 milljónir, um 6 milljónir er fólk sem hefur orðið að yfirgefa heimkynni sín en er enn í heimalandinu á flótta og það er vaxandi fjöldi, 2,5 milljónir hafa snúið aftur heim en þarfnast enn stuðnings Flóttamannastofnunarinnar, ein milljón manna er án ríkisfangs og ein milljón manna eru hælisleitendur.

Því nefni ég þetta, virðulegi forseti, að á þennan hóp, þennan stóra hóp jarðarbúa í mikilli neyð, er ekki minnst einu orði í skýrslu hæstv. ráðherra og sakna ég þess. En hver skyldi skýringin vera á því? Getur skýringin verið sú að Ísland getur því miður ekki talist góð fyrirmynd annarra ríkja þegar fjallað er um þennan málaflokk? Og þá er ég að vísa til orða hæstv. ráðherra í skýrslunni um að framboð og hugsanleg seta í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna krefjist þess að Íslendingar leitist við að verða öðrum fyrirmynd.

Íslendingar hafa vissulega af og til á undanförnum árum tekið við nokkrum tugum sérvalinna flóttamanna í senn. Fram til ársins 1996 komu hingað um 204 flóttamenn en eftir skipulagsbreytinguna, þ.e. samkomulag milli félmrn. og Rauða kross Íslands 1996, hafa komið hingað samtals 218 manns. Þetta þýðir að frá því við tókum fyrst við flóttamönnum 1956 — við skulum ekki gleyma að það eru 20 milljónir manna í þeirri stöðu í heiminum í dag — höfum við tekið við 422 einstaklingum. Hér verðum við að taka betur á. Við verðum að opna landamæri okkar fyrir þeim sem eru órétti beittir annars staðar í heiminum og eru í neyð og leitast þannig við að tryggja réttlæti án landamæra.

En hitt, virðulegi forseti, er þó sýnu verra hvernig svo virðist sem hælisleitendur séu hundeltir hér á landi að því er virðist í þeim tilgangi einum að koma þeim úr landi sem fyrst og helst áður en fjölmiðlar og mannréttindasamtök komast í málið. Því miður eru mörg dæmi um dapurlega framgöngu yfirvalda og stjórnvalda í þessum efnum. Eins og t.d. þegar svokallaðri rúmenskri fjölskyldu var vísað hér úr landi í sumar, fjölskyldu sem í raun tilheyrði ungverska minni hlutanum í Rúmeníu.

Þessa dagana eins og á hefur verið bent í þessum ræðustól í dag reynir reyndar á hvort brottvísun af því tagi er að verða algild regla hjá núverandi ríkisstjórn. En sem kunnugt er hefur ungt par frá Afganistan og Úsbekistan nýlega lagt inn beiðni um pólitískt hæli hér á landi. Það er eftirtektarvert að þetta mun vera eina málið á árinu og það er komið fram undir miðjan nóvembermánuð, þar sem það hefur yfir höfuð komið til skoðunar hjá yfirvöldum hvort eigi að veita pólitískt hæli. Það mun verða fylgst með niðurstöðu þessa máls.

Því nefni ég þetta, virðulegi forseti, að vandi flóttamanna er vandi kvenna. 80% af öllum flóttamönnum í heiminum í dag eru konur og börn. Ef Íslendingar ætla sér það verk að tryggja framkvæmd samþykktar öryggisráðsins nr. 1325/2000 eins og ráðherrann sagði áðan, um konur frið og öryggi, þá er einfaldlega ekki hægt að láta eins og flóttamannavandinn sé ekki til. Og þá þurfa menn að lesa þessa ályktun aftur, sérstaklega 4. mgr. samþykktarinnar og reyndar líka 7., 9. og 12. tölul. í henni.

Ég nefndi í upphafi að framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafi þegar haft áhrif og jafnvel jákvæð áhrif á tiltekna þætti í utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar. En það er augljóst að ríkisstjórnin verður þó að gera betur ef Ísland á að geta talist góð fyrirmynd í stríðshrjáðum heimi. Ríkisstjórnin verður að breyta áherslum sínum, bæði hvað varðar þróunaraðstoð og flóttamannavandann í heiminum. Það mun verða spurt um afstöðu Íslands í stóru og smáu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun auðvitað leggja sitt af mörkum til að halda ríkisstjórninni við efnið og tryggja að með þeim nýju áherslum og þeim nýju verkefnum sem nú hafa verið lagðar á herðar Íslands á alþjóðavettvangi, að

þeim verði ekki kastað fyrir róða, enda þótt framboðið til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna leiði ekki til þeirrar niðurstöðu að við fáum sæti þar.

Við skulum ekki gleyma því að á árinu 2008 verður núv. ríkisstjórn vonandi löngu farin frá og önnur og betri tekin við.

[14:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir málefnalega ræðu og það er alveg rétt hjá þingmanninum að sú ríkisstjórn sem nú situr verður farin frá því næst verður kosið á Íslandi árið 2007.

Það er á margan hátt sérkennilegt a.m.k. fyrir mig að vera farinn að huga að kosningum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem eiga að fara fram 2008 og enginn veit hvar ég verð eða önnur þau sem hér eru inni. En við erum fyrst og fremst með þessu starfi að undirbúa framtíðina, undirbúa það sem okkur finnst að sé skylt. Það er nú kannski aðalástæðan fyrir því að ég kaus, og ráðuneyti mitt með mér, að undirbúa þessa ræðu í dag með þeim hætti að ræða um framtíðina, ræða um viðfangsefni framtíðarinnar, en leggja minni áherslu að ræða ýmis vandamál sem tilheyra að einhverju leyti fortíðinni en eru vissulega samt vandamál inn í framtíðina.

Að því er varðar flóttamenn þá dettur mér ekki í hug að dylja þann vanda á nokkurn hátt. En ég vil jafnframt benda á að það er mikilvægt verkefni að leysa málefni minni hluta víðs vegar í heiminum. Og sérstök áhersla hefur verið lögð á það við stækkun Evrópusambandsins og ekkert síður við stækkun Atlantshafsbandalagsins að leysa málefni minni hluta víðs vegar í Evrópu. Ég vil jafnframt minna á, vegna þess að hv. þm. nefndi starfsemi friðargæslunnar og fór sérstaklega fögrum orðum um UNIFEM í Kosovo sem ég tek undir, að það er dæmi um starf friðargæslu utanrrn. Ég bið því hv. þingmenn að hafa það jafnframt í huga þegar þau störf eru dæmd að hér er um að ræða eitt dæmi um það.

[14:38]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra á ný. Það er vel að hugað sé að framtíðinni eins og hann lýsti. Ég vænti þess þá og vona að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans muni taka tillit til þeirra ábendinga og ekki síður þeirra varnaðarorða sem hafa komið fram í umræðunni í dag um það sem betur má fara í þeirri viðleitni að styrkja stöðu og verk Íslendinga á alþjóðavettvangi.

[14:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um að framboðið til öryggisráðsins hefur þegar haft jákvæð áhrif á umræðu um utanríkismál á Íslandi og ég tel að framboðið í sjálfu sér hafi beint kastljósi í meira mæli að utanríkismálum. Það tel ég afskaplega jákvætt og nauðsynlegt. Ekki er þar með sagt að okkur takist þetta ætlunarverk, við gerum okkur alveg grein fyrir því. En það bar nú svo við að komið var að okkur í hópi Norðurlandanna í þessu sambandi. Við höfum alltaf kosið að sitja hjá að því er varðar framboð til öryggisráðsins. Nú var komið að okkur og það var mitt mat og ríkisstjórnarinnar að kominn væri tími til að við hættum að sitja hjá í því sambandi og einbeittum okkur að því að komast þarna að eins og önnur Norðurlönd höfðu gert í áratugi. Næst eru það Danir sem gangast undir kosningu 2005 vegna áranna 2006 og 2007, síðan eru það Íslendingar 2008 fyrir árin 2009–2010 og þar á eftir koma Finnar.

Hins vegar má vel vera að búið verði að breyta öryggisráðinu þegar þar að kemur og þess vegna getur þetta breyst. En eitt er þó alveg víst eins og mál liggja fyrir núna að við verðum að fara í kosningar vegna þess að fleiri ríki hafa óskað eftir setu í ráðinu en komast að af hálfu Vesturlandaþjóðanna. Og það getur vel verið að fleiri bætist þar í hópinn. En það er mat mitt að við höfum fulla burði til að gegna þessu viðfangsefni og ég hef þá trú hvaða ríkisstjórn sem situr 2009 og 2010 að þar verði fólk sem standi fyllilega undir því.

[14:41]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir góða ræðu hv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar. Einkum gleðst ég yfir þeim mikla metnaði fyrir Íslands hönd sem þar kemur fram. Aðild Íslands að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er háleitt markmið og verði það að veruleika mun það án efa auka hróður Íslendinga um allan heim.

Ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að ætla okkur verðug hlutverk á alþjóðavettvangi og stefna þar hátt. Á hinn bóginn eigum við að velja áfangastaði á þeirri vegferð af kostgæfni. Ég er ekki tilbúinn að styðja umsókn Íslands að öryggisráðinu skilyrðislaust. Umsóknin má ekki koma niður á annarri starfsemi utanríkisþjónustunnar. Mikilvæg þjónusta á sviði viðskipta, menntunar og menningar má ekki falla í skuggann fyrir hávaðasamri kosningabaráttu.

Nauðsynlegt er að mínum dómi að ítarleg áætlun fyrir framboð Íslands verði opinber þar sem markmið, leiðir og áætlaður kostnaður verði á dagskrá í hinni almennu þjóðmálaumræðu, sem og hér á Alþingi. Fyrr en ég sé slíka áætlun get ég ekki stutt umsókn sem þessa.

Virðulegi forseti. Vandi fylgir vegsemd hverri. Ef Íslendingar ætla að axla þá ábyrgð að sitja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þurfa orð okkar og æði á alþjóðavettvangi að standast skoðun. Við verðum í senn að vera staðföst og sjálfum okkur samkvæm og umfram allt þurfum við að sýna sjálfstæði í afstöðu okkar. Fram til þessa hefur okkur ekki tekist þetta. Rökstuðningur fyrir ákvörðunum okkar á alþjóðavettvangi er fjarri því í mörgum tilfellum að vera skýr.

Samkvæmt sögulegum rannsóknum hafa atkvæði Íslendinga í atkvæðagreiðslum í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna oftar fallið í sama far og atkvæði Bandaríkjanna í samanburði við t.d. Norðurlandaþjóðir. Er það veganesti okkar í þetta framboð, virðulegi forseti? Hvernig rökstyðjum við þá sögulegu staðreynd? Hvernig rökstyðjum við að yfirgefa nágranna okkar á Norðurlöndum, Þýskalandi, Frakklandi og víðar og ganga til liðs við Bandaríkjamenn og Breta í innrás á Írak? Mér er til efs að rökstuðningur íslenskra stjórnvalda fyrir þeirri umdeildu ákvörðun sem þó fékkst ekki rædd á Alþingi standist skoðun í Mið-Evrópu, Miðausturlöndum, Afríku eða Austurlöndum fjær.

Frú forseti. Ef marka má ræðu utanrrh. ætla íslensk stjórnvöld að byggja framboð sitt m.a. á auknum stuðningi við þróunarríkin. Fullyrt hefur verið að án aukningar sé öll von úti um að hin fjölmörgu þróunarríki styðji framboð okkar. Án stuðnings þeirra er engin von til þess að Íslendingar setjist í stól við borð öryggisráðsins.

Í þessum málaflokki verðum við einnig að vera sjálfum

okkur samkvæm. Í ræðu sinni áðan sagði hæstv. utanrrh., með leyfi virðulegs forseta:

„Besta leiðin til að bæta hag þróunarríkja, sem og annarra ríkja, er að tryggja frelsi í alþjóðlegum viðskiptum og stuðla að aukinni þátttöku þeirra. Alþjóðabankinn hefur sett fram það mat að ef allar viðskiptahindranir yrðu aflagðar myndi það auka alþjóðaviðskipti um jafnvirði 2.180 milljarða Bandaríkjadala og koma 320 milljónum manna yfir fátæktarmörk."

Gott og vel. Það hefur lengi verið vitað að með frjálsum viðskiptum, einkum með landbúnaðarafurðir, er helst von til þess að þróunarríki geti komist til bjargálna. Það hefur verið baráttumál fátækra þjóða um árabil að geta selt landbúnaðarafurðir hindrunarlaust á Vesturlöndum. Hvernig höfum við Íslendingar brugðist í verki?

Íslendingar eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni þar sem unnið er að auknu frelsi í alþjóðlegum viðskiptum. Í nýlegri reglugerð fjmrn. sem samin hefur verið vegna aðildar okkar að stofnuninni er kveðið á um tollfrjálsan innflutning á vörum sem upprunnar eru í fátækustu ríkjum heims. Ekki er annað að skilja en að markmið reglugerðarinnar sé að tryggja tollfríðindi og frjáls viðskipti við þessi sárafátæku ríki. En viti menn. Með reglugerð þessari fylgir viðauki þar sem listaðir eru þeir vöruflokkar sem ekki skulu njóta tollfríðinda. Samkvæmt samantekt Eiríks Bergmanns Einarssonar stjórnmálafræðings sem hann birti í dagblaðsgrein í sumar eru hvorki fleiri né færri en 113 vöruflokkar listaðir upp og allt eru þetta landbúnaðarvörur. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, geta fátækustu þjóðir þessa heims flutt til Íslands tollfrjálst alls konar vörur en bara ekki þær sem þjóðirnar framleiða. Tsjad, Gvæjana og Ekvador geta flutt fótanuddtæki, tölvur og frystikistur til Íslands en ekki það sem vex á ökrum íbúanna eða í trjánum. Smáríki sem ætla sér frama á alþjóðavettvangi í krafti orðspors en ekki auðs og valds getur ekki leyft sér tvöfeldni af þessu tagi. Það skiptir engu máli hversu mörg hundruð milljónum króna Íslendingar verja í framboð til öryggisráðsins, á meðan við sýnum ósamkvæmni af þessu tagi getum við gleymt draumnum um stólinn eftirsótta.

Það fyrsta sem Íslendingar ættu að gera er að taka upp samning Evrópusambandsríkja við 49 fátækustu ríki heims. Sá samningur heimilar frjálsan innflutning á öllum vörum nema stríðsvopnum frá þessum tilteknu ríkjum. Öfugt við fjölmarga varanlega fyrirvara í áðurnefndri reglugerð fjmrn. eru undanþágur þessa samnings fáar og tímabundnar. Forvitnilegt væri að heyra, virðulegi forseti, hvort hæstv. utanrrh. hafi uppi áform um að fækka hindrunum í vegi innflutnings á landbúnaðarvörum frá fátækustu ríkjum veraldar til Íslands.

Sýni Íslendingar vilja í verki og geri sambærilega samninga við hinar sárafátæku þjóðir þessa heims mun ég öðlast mun meiri trú á framboð okkar til öryggisráðsins, ekki vegna þess að okkur hafi tekist að kaupa fáein atkvæði heldur vegna þess að þannig sýnum við að við erum reiðubúin að aðlaga og breyta samfélagi okkar svo að okkar minnstu bræður komist til sjálfsbjargar.

Virðulegi forseti. Ég hef kosið hér að ræða það mál sem hæstv. utanrrh. fjallar hvað ítarlegast um í ræðu sinni. Það geri ég vegna þess að málið er mikilvægt og verður enn mikilvægara eftir því sem kraftar utanríkisþjónustunnar beinast frekar í þessa átt. Meginatriðið er ekki seta í einu ráði frekar en öðru. Mestu skiptir fyrir smáríki á borð við Ísland að sýna í verki virðingu fyrir mannréttindum, frjálsum samskiptum og viðskiptum, stuðning við frið og friðarstörf og umfram allt sjálfstæði gagnvart stórveldum sem vilja í krafti vopna og auðs stýra og stjórna því sem í heiminum hreyfist. Frú forseti. Geri íslensk stjórnvöld það eru okkar vegir færir.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni vinsamleg orð í garð utanríkisþjónustunnar. Ég er honum sammála — auðvitað eigum við ekki að sækjast eftir setu í öryggisráðinu skilyrðislaust eða bara til þess að fara þarna inn heldur til þess að láta gott af okkur leiða. En vegna þess að hér hefur ítrekað verið talað um að við förum þarna inn á einhverjum forsendum Bandaríkjanna vil ég aðeins upplýsa hann um skýrslu á Bandaríkjaþingi þar sem gerð var úttekt á stuðningi Íslands í ýmsum málum sem varða Bandaríkin á undanförnum árum. Það vill svo til að þar kemur fram að við liggjum miklu nær Evrópusambandinu en Bandaríkjunum. Nú ætla ég ekki að fullyrða um hvernig það hefur verið á árum áður en það liggur hins vegar fyrir að Bandaríkin hafa verið mikilvæg samvinnu- og viðskiptaþjóð Íslendinga um áratuga skeið, sú þjóð sem fyrst viðurkenndi sjálfstæði landsins. Mér finnst það svona allt að því skína hér í gegn í umræðunni að við eigum að reyna að komast hjá því að standa með Bandaríkjunum, jafnvel þótt það sé í góðum málum. Ég vona að hv. þingmaður eigi ekki við það. (Gripið fram í.) En það er alveg fráleitt, hv. formaður Samf. og vonandi talsmaður, að halda því fram, eins og formaður Samf. gerir hér skipti eftir skipti, að við eigum að leggja sérstaka áherslu á það að vera í einhverjum slag við Bandaríkin. (**RG:** Það hefur enginn ...) Það hefur komið skýrt fram hér í dag af hálfu Samf. (**RG:** Þetta er ekki rétt.) (**Gripið fram í:** ... sérstakur ...bálkur.)

[14:51]

Ásgeir Friðgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel Bandaríkjamenn að sjálfsögðu til vina okkar en undirstrika þó að í utanríkismálum eigum við fyrst og fremst að sýna sjálfstæði. Ég vil hins vegar árétta meginatriði ræðu minnar, þ.e. hvort vænta megi breytinga í þá veru að fækka hindrunum í vegi innflutnings á landbúnaðarvörum frá fátækustu ríkjum veraldar hingað til Íslands.

[14:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svarið við þessari spurningu er já. Ég vil taka það fram, vegna þess að hv. þm. hvatti okkur til þess að sýna meiri samstöðu með Evrópusambandinu, að við höfum gengið mun lengra í samstarfi og vilja okkar gagnvart þróunarríkjum en Evrópusambandið. Ég sé enga ástæðu til að vinna sérstaklega með þeim að þessu máli. Ég minni á að ég gerði það að tillögu minni á fundi í Mósambík að fulltrúar Norðurlandanna ættu sérstakt samstarf við fulltrúa Afríkuríkja til að reyna að leggja sitt af mörkum til að brúa þetta bil. Það er alveg ljóst að það eru ýmsar landbúnaðarvörur sem ekki er hægt að flytja inn hér. Það eru hins vegar fyrst og fremst mjólkurvörur og kjötvörur, ekki þær vörur sem þessi ríki framleiða. Þar ber hæst kaffi, te, hveiti, baðmull og margt fleira sem við lítum almennt ekki á, Íslendingar, sem landbúnaðarvörur. Þegar við erum að tala um landbúnaðarvörur er það ansi ríkt í okkur að tala um kjöt, ost og mjólkurvörur. Mér heyrist a.m.k. umræðan á Alþingi vera þannig og umræðan í þjóðfélaginu. Á heimsvísu er svo

margt annað landbúnaðarvörur. Það eru vín, allar kornteg-undir og guð má vita hvað flokkast undir landbúnaðarvörur. Það er meira og minna frjálst að flytja þessar vörur hingað til lands og við flytjum inn miklu meira af landbúnaðarvörum í skilningi alþjóðaviðskipta en við framleiðum sjálf. Við framleiðum í reynd lítið brot af þeim landbúnaðarvörum sem við neytum. Og það er ekki síst með þetta að bakgrunni sem við eigum tiltölulega auðvelt með, án þess að það kosti okkur mikið, að ganga mjög langt til móts við þróunarlöndin í þessu sambandi.

[14:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er margt undir þegar utanríkismálin eru rædd hér á Alþingi. Fyrst af öllu langar mig til að þakka hæstv. ráðherra fyrir þá ræðu sem hér var flutt og bjóða hann velkominn heim frá Afríku. Ég fagna þeirri umræðu sem farið hefur af stað hér í fjölmiðlum í kjölfar þeirrar ferðar. Ég held að það sé okkur afar hollt að fá að opna glugga til þessarar fjarlægu heimsálfu sem er svo stór og þar sem fjarlægðirnar eru svo miklar að við áttum okkur ekki á því, og bilið á milli ríkra og fátækra í þeirri álfu einni gífurlegt. Ég tel að ferð hæstv. utanrrh. til Afríku hafi auðgað umræðuna um málefni þeirrar álfu sem ég tel afar mikilvægt og ég vil hæla hæstv. utanrrh. sérstaklega fyrir það hvernig hann hefur fært þau málefni hingað inn á okkar borð.

Varðandi síðan einstaka þætti þeirrar umræðu sem hér fer fram langar mig kannski til að einbeita mér að tvennu, annars vegar vil ég skoða aðeins stöðu kvenna, og þá ekki hvað síst kvenna í stríði, og síðan langar mig til að fara örfáum orðum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og þá samninga sem fóru út um þúfur í Cancún fyrir örfáum vikum.

Mín skoðun er sú að Ísland geti haft mikið fram að færa á vettvangi alþjóðamála, ekki síst í friðarmálum. Mér þykir hins vegar ekki nægja að við getum gefið yfirlýsingu jafnalmenna og þessa til þess að segja að það sé sjálfsagt að við sækjumst eftir sæti í öryggisráðinu. Mér finnst þeirri vegsemd fylgja gífurlega mikil ábyrgð og kannski fyrst og síðast sú að utanríkisstefna okkar sé sjálfstæð og gangi út frá þeim forsendum sem íslensk þjóð hefur búið við og búið til í menningu sinni og lífi í gegnum árin og aldirnar. Mér finnst mjög mikilvægt að Íslendingar skerpi stefnu sína og sýni það í orði og á borði að þeir séu ekki bara fylgjendur utanríkisstefnu Bandaríkjanna eins og mér finnst oft vilja brenna við og hefur auðvitað komið fram hér í þessari umræðu. Nærtækasta dæmið er stríðið í Írak þar sem íslensk stjórnvöld settu okkur á lista hinna staðföstu ríkja og voru algjörlega ófáanleg einu sinni til að ræða þann möguleika að fara út af þeim lista, algjörlega án samráðs við utanrmn. þingsins, án samráðs og umræðu hér á landi. Ég tel afar hættulegt að móta utanríkisstefnu á jafneinangraðan hátt og mér finnst íslensk stjórnvöld hafa gert upp á síðkastið. Þar hafa ákvarðanir verið teknar á fámennum fundum ráðherra, jafnvel bara tveggja manna fundum — hvað vitum við? — og íslenskri þjóð skipað í einhverjar raðir sem hún er alls ekki sátt við að fylla.

Mér finnst grundvallaratriði varðandi þessa umsókn okkar um að taka sæti í öryggisráðinu að við höfum sjálfstæða utanríkisstefnu, utanríkisstefnu sem gengur út frá íslenskum veruleika.

Mér finnst sjálfgert að við leggjum áherslu á friðarmálin í allri okkar utanríkisstefnu og í öllum okkar samskiptum við erlendar þjóðir, sérstaklega auðvitað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Staðan í ófriðarmálum veraldarinnar er hrikaleg, vægast sagt. Við erum að verða vitni að því nú á tímum að styrjaldir í heiminum eru að breytast. Þær eru allt öðruvísi í dag en þær voru fyrir 50 árum. Hvað er öðruvísi? Fyrst og fremst það að miklu fleiri óbreyttir borgarar, konur og börn, falla í valinn í þeim styrjöldum sem eru háðar í dag. Styrjaldirnar eru orðnar svo alvarlegar að þær ráðast beinlínis gegn stoðkerfi samfélagsins, gegn grundvelli samfélagsins, þar sem t.d. nauðgun er beitt markvisst sem vopni í stríði. Þessi atriði, virðulegi forseti, eru svo alvarleg að þjóðir hins vestræna heims eiga auðvitað að láta einskis ófreistað til að koma í veg fyrir þann ósóma og þá ómenningu sem viðgengst í styrjöldum veraldarinnar í dag. Og vestrænar þjóðir eiga auðvitað ekki að taka þátt í styrjöldum af þessu tagi.

Vestrænar þjóðir, og þá sérstaklega þjóð á borð við Ísland sem aldrei hefur haft her, eiga að leggja sín lóð á vogarskálar friðar, ekki ófriðar. Þær eiga að leggja sín lóð á vogarskálar þess að styrjaldir eins og þær eru reknar í dag verði upprættar, öllum ráðum verði beitt til að koma í veg fyrir þær. Því miður erum við ekki að gera það með þeirri framgöngu sem íslensk stjórnvöld hafa sýnt í þessum efnum.

Þess er skemmst að minnast að hingað til lands kom í heimsókn Elisabeth Rehn, önnur af tveimur skýrsluhöfundum skýrslu Sameinuðu þjóðanna um konur, stríð og frið. Það var afar athyglisvert að hlýða á fyrirlestra Elisabethar og hún lagði sitt þunga lóð á vogarskálar friðar ásamt Ellen Johnson Sirleaf sem er meðhöfundur hennar að skýrslunni. Þessar konur hafa farið um heimsbyggðinna, heimsótt sérstaklega meira eða minna öll stríðshrjáð svæði og þær hafa miðlað af þeirri þekkingu og þeirri reynslu sem þær hafa öðlast.

Það er afskaplega dýrmætt að geta átt skoðanaskipti við konu á borð við Elisabeth Rehn og fá tækifæri til að kynna sér efni skýrslunnar. Það er auðvitað erfitt, en lífsnauðsynlegt fyrir okkur til þess að við getum myndað okkur stefnu í friðarmálum.

Í þeirra boðskap má segja að megininntakið, meginstefið, sé að fjölga þurfi konum í ákvarðanatöku hvað varðar alla þessa þætti og þá ekki hvað síst þá þætti sem lúta beinlínis að styrjöldum eða valdi eða valdboði eða valdbeitingu. Kannski þurfum við að hugleiða það, og þegar ég segi við núna þá á ég við vestræn ríki, að hefja til vegs umræðuna um þátt kvenna í t.d. friðargæslunni og jafnvel í herjum veraldarinnar. Kannski breytast þessir hlutir ekki fyrr en konur verða orðnar 50% af hermönnum. Ég er ekki að óska neinni konu frekar en nokkrum manni þess að þurfa að ganga undir vopnum eða fara í stríð gegn öðrum þjóðum. En það eru samt sem áður í grundvallaratriðum munur á sjónarmiðum karla og kvenna í þessum efnum.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að Íslendingar beiti sér fyrir því að friðargæsluliðar sem færu á vegum Íslendinga til stríðshrjáðra svæða væru í meira mæli konur. Kannski ættum við að reyna að setja okkur það markmið að konur verði helmingur þeirra sem færu til friðargæslustarfa á vegum íslenskra stjórnvalda. Í því sambandi langar mig til að segja eitt varðandi friðargæsluliðana af því það hefur verið hér í umræðunni. Mér þykir mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld efli þátttöku sína innan starfs Sameinuðu þjóðanna og ég legg meira upp úr því að íslensk stjórnvöld sendi friðargæsluliða í liði Sameinuðu þjóðanna til stríðshrjáðra svæða heldur en að íslensk stjórnvöld séu að senda friðargæsluliða í nafni NATO inn á átakasvæði. Ég vil gera talsverðan greinarmun þar á. En hvort sem við sendum friðargæsluliða í nafni NATO

eða Sameinuðu þjóðanna þá bið ég hæstv. utanrrh. að skoða þar hlut kvenna. Ótal rök eru talin fyrir því í skýrslu þeirra Ellenar Johnson Sirleaf og Elisabethar Rehn hvers vegna nauðsynleg sé að fjölga konum í því starfi á áktakasvæðum.

Af því það líður á tímann, frú forseti, og það er margt sem mann langar til að komast yfir en ekki hægt að fara yfir allt þá langar mig til að nefna lítillega deilurnar sem hæstv. utanrrh. kemur inn á varðandi veslun og viðskipti í heiminum. Hann gerir að umtalsefni í skýrslu sinni hvernig fundurinn í Cancún beið hálfgert skipbrot. Ég vil segja að þar er á ferðinni umræða sem er afar flókin og ekki er einfalt fyrir okkur Íslendinga að skilja þá hagsmuni sem þar eru í húfi. Þó er eitt sem ég held að allir séu búnir að átta sig á sem reynt hafa að fylgjast með þeirri umræðu. Hún er ekki einföld og hún byggir ekki bara á því að felldir séu niður tollamúrar til þess að viðskipti milli þjóða geti átt greiða leið frá einu landi til annars.

Þessi umræða gengur líka út á vald stórfyrirtækja veraldarinnar og möguleika þeirra á að stýra viðskiptum og jafnvel nánast eignast rétt til viðskipta við fjölmennar þjóðir. Nægir þar að nefna Indland og Kína sem nú þegar hafa orðið illa út úr viðskiptum sínum við vestræn stórfyrirtæki. Það er auðvitað svo margt sem þarf að gá að t.d. varðandi matvælaframleiðsluna sem hæstv. ráðherra er búinn að koma hér inn á, framleiðslu landbúnaðarafurða. Það tíðkast orðið í veröldinni að vestræn stórfyrirtæki, oftar en ekki bandarísk, kaupa sig inn á markaði á afskaplega hæpnum forsendum. Það hafa nú verið skrifaðar um það merkar bækur hvernig brögðum stórfyrirtækin beita. Mig langar til að nefna eina bók sem er merkileg og fjallar um þessa hluti. Hún heitir Alternatives to Economic Globalization eða Hugmyndir um aðra efnahagsskipan í veröldinni, þ.e. annars konar efnahagsskipan. Það er nefnilega þannig að hægt er að hugsa sér að veröldin verði færð til betri vegar í gegnum m.a. breytta viðskiptahætti. En það er ekki þar með sagt að þeir viðskiptahættir sem Alþjóðaviðskiptastofnunin talar fyrir séu hinir einu réttu.

Mér finnst afskaplega mikilvægt að við horfum á það inntak sem ég tel að þurfi að vera til staðar ef breyttir viðskiptahættir eiga að skila þjóðum veraldarinnar í alvöru bættu lífi fyrir þjóðirnar. Þá er ég að tala um jöfn kjör, jöfnun kjara, bætt lífskjör fyrir þá sem eru verst settir og þær þjóðir sem eru verst settar. Ég tel nauðsynlegt að við á Vesturlöndum finnum raunhæfar leiðir til þess að valdið sé aftur fært til fólksins, til þjóðanna, og verði þá tekið úr höndum einræðisherra og að stutt verði við bakið á lýðræðislegri skipan eða aðstoð við þjóðir að koma á lýðræðislegri skipan. En ég mun aldrei skrifa undir það að hægt sé að gera það með hervaldi. Ég verð að viðurkenna að mér finnst ansi mikið skorta hjá mörgum þjóðum veraldarinnar að þær hafi þann menningarlega bakgrunn sem þarf til þess að hægt sé að innleiða lýðræðislega stjórnarhætti Vesturlanda án þess að farið sé öðruvísi að en vestrænir stjórnarherrar hafa verið að reyna hingað til.

Það skiptir verulegu máli að við tryggjum mannréttindi og að mannréttindamálin verði sett í forgrunn í allri þessari vinnu. Þau skipta líka máli í viðskiptalegu tilliti, þegar við erum að skoða viðskipti þjóða í milli. Síðast en ekki síst vil ég nefna umhverfismálin sem eru stór þáttur í þessu og tengjast umræðunni um sjálfbæra þróun.

Varðandi alla matvælaframleiðslu og frjáls viðskipti tengd henni þá hafa frjáls félagasamtök verið að reyna að koma hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þarna að. Sú hugmyndafræði byggir á því að þjóðir, byggðarlög, landsvæði hafi það nokkuð tryggt að matvælaframleiðslan sé þeirra sem þar búa, þ.e. við megum ekki láta hin erlendu stórfyrirtæki verða svo dugleg við að flytja inn matvæli til fátækari þjóða að möguleikum þjóðanna á því að framleiða sjálfar verði kippt undan þeim. En það hefur viljað brenna við að stórfyrirtæki komi til fátækra landa og kippi beinlínis fótunum undan framleiðslu þjóðanna sjálfra.

Þannig er hægt að nefna sókn bandarískra stórfyrirtækja inn í kornframleiðslu í Indlandi þar sem hefur verið sett á markaðinn vara, t.d. kornvara sem er þeirrar náttúru að hún er erfðabreytt og ber ekki frjótt korn. Það þýðir að bændur í Indlandi, fátækir bændur, geta ekki tekið hluta uppskerunnar frá og notað sem útsæði í næstu uppskeru. Þeir þurfa aftur að koma til stórfyrirtækisins og kaupa meira erfðabreytt korn. Þetta eru lúaleg brögð stórfyrirtækja sem er verið að beita víða um heim. Íslensk stjórnvöld eiga að vera vakandi á verðinum gagnvart svona hlutum. Þau eiga að tala gegn þessum aðferðum stórfyrirtækjanna á fundum eins og í Cancún, á öllum þeim fundum sem fjallað er um alþjóðleg viðskipti og íslensk stjórnvöld eiga í alvöru að reisa merki sjálfbærrar þróunar, hafandi sett slík merki inn í sínar eigin stefnuskrár. Og íslensk stjórnvöld eiga að geta verið málsvarar hennar á alþjóðavettvangi til að tryggja að matvælaframleiðslan í veröldinni lúti þeim lögmálum og auki þar með möguleika fátækra þjóða á að framleiða matvæli og þá sömuleiðis að selja þau.

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi aðeins bregðast við því sem hv. þm. sagði um konur og friðargæslu. Ég tek undir það. Í fyrsta skipti sem ég kom til Bosníu og heimsótti friðargæsluliða þar þá heimsótti ég m.a. breska herdeild þar sem fjórar íslenskar konur voru við störf, tveir íslenskir læknar og tveir íslenskir hjúkrunarfræðingar. Það kom Bretunum mjög á óvart hvað þetta samstarf gekk vel. Hermennirnir voru undir heraga en þessar íslensku konur stóðu sig frábærlega vel. Það er alveg ljóst að mikil þörf er fyrir það að konur komi til þessara starfa, t.d. lögreglustarfa. Það er mikill áhugi fyrir því að fá íslenskar konur, lögreglumenn, til starfa bæði Kosovo og í Bosníu vegna þess að lögreglumenn lenda oft í margvíslegum málum sem snerta konur. Þar má nefna glæpastarfsemi, nauðganir og fleira sem tengist glæpamönnum sem konur geta betur átt við en karlar. Þetta liggur fyrir og það er okkar stefna að fá sem mest af konum til þessara starfa eftir því sem það á við. Sem betur fer hafa mjög margar konur komið til starfa á vegum íslensku friðargæslunnar. Ég vona að svo verði áfram.

Að því er varðar WTO þá eru að sjálfsögðu tvær hliðar á því máli, þ.e. að því er varðar fyrirtækin. Eitt er víst að í Afríku skortir það að erlend fyrirtæki komi þar inn og fjárfesti. Það vantar fjárfestingu. Það vantar atvinnusköpun. En auðvitað er mikilvægt að þessi fyrirtæki taki fullt tillit til aðstæðna í þjóðfélaginu. Eins og ég sé hlutina í Afríku — ég þekki það ekki nægilega vel í Asíu — þá stórvantar þar fjárfestingu erlendra fyrirtækja.

[15:12]

Grétar Mar Jónsson:

Hv. þingforseti. Ég vil byrja á því að þakka utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Ég tók eftir því að í skýrslunni var hratt farið yfir það sem snýr að hafrétti og hafréttarmálum. Ég hefði viljað að það yrði útskýrt betur hvaða vinna er í gangi

varðandi Rockall-svæðið í fyrsta lagi og í öðru lagi varðandi Svalbarðasvæðið og Jan Mayen-svæðið. Ég tel að við eigum skýlausan rétt á þessum hafsvæðum. Þetta snýst ekki bara um fisk. Þetta snýst um botninn og hugsanlega nýtingarmöguleika á efni úr botni þarna í framtíðinni. Ég hefði talið að vinna þyrfti í þessum málum meira en gert hefur verið. Ég veit reyndar ekki nákvæmlega hver staða mála er, en ég óska eiginlega eftir því að fá skýringu á því hvar við erum staddir í þessu.

Varðandi Suðurnes og atvinnumál á Suðurnesjum þá held ég að stjórnvöldum hljóti að vera það ljóst núna að það þarf nánast sérstakar aðgerðir á Suðurnesjum í atvinnumálum. Það er atvinnuleysi á Suðurnesjum núna. Á milli 300 og 400 manns eru á atvinnuleysisskrá. Það kallar beinlínis á það þegar fleiri atvinnulausir koma á svæðið að gripið verði til sérstakra aðgerða. Ekki er óeðlilegt að fjallað sé um þau mál í utanrmn. þar sem utanrrn. er yfir sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli og öllu sem snýr að varnarsvæðinu. Það er sérstakt sýslumannsembætti og tilheyrir utanrrn. hjá okkur. Því er ekkert óeðlilegt að fjallað sé um það hér þegar utanrrh. flytur sitt mál um utanríkismál.

[15:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Full ástæða hefði verið til að gera hafréttarmálum hér sérstök skil. Að því er varðar Jan Mayen-svæðið þá var því nú lokið með samningi á sínum tíma, hvort það var rétt í kringum 1980. Að því er varðar Svalbarða þá höfum við aldrei viðurkennt eignarrétt Norðmanna á því svæði frekar en aðrar þjóðir.

En að því er varðar hafsvæðið í kringum Ísland almennt þá fara núna fram mjög umfangsmiklar rannsóknir á hafsvæðinu, m.a. á Rockall-svæðinu og líka á svæðinu austur af Íslandi. Þessar rannsóknir kosta mörg hundruð millj. kr. Mig minnir það vera einhvers staðar á bilinu 600–800 millj. Þær fara fram til þess að undirbúa kröfugerð okkar á hafsbotninum og auðlindum þar, en munu jafnframt gagnast okkur mikið í sambandi við Rockall-málið. Það sem hefur áunnist í því er að Bretar hafa fallist á að ræða það mál við okkur. Það var ákveðið á fundi sem ég átti á sínum tíma með utanríkisráðherra Bretlands, Robin Cook, og þá komst nokkur skriður á málið.

Við erum sem sagt fyrst og fremst að undirbúa þetta mál með rannsóknum. Fyrir því hefur verið gerð grein í utanrmn. Þessar rannsóknir áttu sér m.a. stað í sumar og síðan aftur næsta sumar og eitt af hafrannsóknaskipunum var upptekið við það á tímabili. Ég tel því að verið sé að vinna ágætlega að þeim málum hvernig sem svo það endar nú.

[15:16]

Útbýting þingskjala:

Lyfjakostnaður, 310. mál, fsp. JóhS, þskj. 355.

Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, 309. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 354.

[15:17]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þessi ákvörðun er að mínu mati rökrétt framhald á þróun síðustu áratuga þar sem við Íslendingar höfum með auknum hætti beitt okkur og axlað ábyrgð í samfélagi þjóðanna. Það hefur sýnt sig að friðsöm smáríki hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessari æðstu stofnun alþjóðasamfélagsis. Enn þá geta smáríki komið að átökum og smáríki geta miðlað málum án þess að vera tortryggð fyrir að vera að þjóna eigin hagsmunum eða þjóna eigin stórveldishagsmunum. Framboðið er því fullkomlega tímabært og það ber að reka af fullum þunga en auðvitað samhliða því að við vinnum að öðrum mikilvægum verkefnum á sviði utanríkismála.

Það má í raun segja að þau skref sem hafa verið stigin undanfarin ár til þess að byggja upp utanríkisþjónustuna hafi þegar skilað þeim árangri að rödd Íslands heyrist nú betur í alþjóðasamfélaginu en fyrr. Ánægjuleg staðfesting á þeim árangri, sem íslenska utanríkisþjónustan hefur náð undir forustu hæstv. utanrrh., fékkst í vor þegar það alþjóðlega tengslanet sem byggst hefur upp í ráðherratíð hæstv. utanrrh. varð til þess að það tókst að beina viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna um framtíð varnarsamningsins í þann eðlilega farveg sem sá samningur er nú kominn í.

Herra forseti. Eitt mikilvægra verkefna okkar í utanríkismálum er samvinna við Norðurlöndin og Evrópusamvinnan. Við eigum mikla samleið í Evrópumálum með hinum Norðurlöndunum en þessar frændþjóðir eru jafnframt okkar helsti stuðningur varðandi framboðið til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. En nú þegar samningur um stækkun hins Evrópska efnahagssvæðis hefur verið undirritaður í óbreyttri mynd og mun minnkandi líkur eru á uppfærslu samningsins vil ég koma aðeins inn á það hvernig stækkun ESB horfir við Norðurlöndunum sem heild en þessi mál hafa mikið verið rædd á vettvangi Norðurlandaráðs og nú síðast á Norðurlandaráðsþingi sem haldið var í Ósló á dögunum.

Stækkun Evrópusambandsins eykur þörfina á því að Norðurlönd hafi samráð um hagsmunamál sín í Evrópusamstarfinu og það á jafnt við norrænu ESB-löndin og Ísland og Noreg sem hafa valið að tengjast Evrópu með EES-samningnum. Samstarf Evrópuríkjanna bæði breikkar og dýpkar þegar tíu ný aðildarríki bíða inngöngu í ESB og metnaðarfull stjórnarskrá með umfangsmikum stjórnsýsluumbótum er í bígerð. Stækkun sambandsins felur í sér ný tækifæri fyrir Norðurlönd því flest bendir til þess að samstarf ríkjahópa með sameiginleg gildi og hagsmuni muni aukast til mikilla muna innan ESB.

Herra forseti. Norðurlöndin hafa valið ólíkar leiðir til þátttöku í yfirstandandi samrunaþróun Evrópu og raunar ólíkar leiðir til þátttöku innan ESB, t.d. hvað varðar evruna. Hvað sem því líður þá er Evrópuréttur fyrirferðarmikill í löggjöf allra Norðurlandanna, jafnt þeirra ríkja sem taka þátt í mótun hans og hinna sem standa fyrir utan ákvarðanatökuna um löggjöfina. Og þrátt fyrir að Norðurlöndin hafi valið ólíkar leiðir á ýmsum sviðum þá breytir það ekki því að löndin hafa svipaða hagsmuni og lífsgildi sem þessi lönd standa best vörð um í sameiningu. Norðurlöndin eru öflug heild sem oft og tíðum hefur haft forustu um breytingar og þau hafa líka orðið öðrum fyrirmynd að svæðisbundnu samstarfi. Skýr dæmi um þetta er sameiginlegur vinnumarkaður og vegabréfasamstarf Norðurlanda sem komið var á fót áratugum áður en slíkt varð nokkur raun innan ESB.

Annað dæmi eru jafnréttismálin. En þó að ýmislegt skorti á að fullu jafnrétti sé náð, t.d. í launamálum á Norðurlöndunum, þá er hlutur kvenna samkvæmt flestum mælistikum betri á Norðurlöndum en annars staðar í Evrópu og í rauninni í öllum heiminum. Með því að vera fyrirmynd hvað varðar þjóðfélagsuppbyggingu og samstarf á milli þjóða hafa Norðurlönd sem ríkjahópur styrkari stöðu til að hafa sterk áhrif á alþjóðavettvangi ein sér eða í samstarfi sín á milli.

Og eins og við þekkjum hefur norræna samstarfið verið Íslendingum einkar happadrjúgt á liðnum árum og áratugum og það hefur spannað mjög vítt svið atvinnu, menntunar og menningar þótt hér sé hvorki staður né stund til að tíunda margvíslegan ávinning okkar af því. En það gleymist líka oft í þessari umræðu hve samstarfið hefur geysilega mikil áhrif fyrir alþjóðasamskipti okkar af því að Norðurlöndin eru okkar nánustu bandamenn í alþjóðamálum og við leitum fyrst og síðast eftir stuðningi bræðraþjóða okkar þegar mikilvæg hagsmunamál Íslendinga eru uppi á vettvangi alþjóðasamfélagsins.

Það er ljóst að Ísland nýtur góðs af norrænu samstarfi í Evrópumálum enda er þar vettvangur til viðræðna við þau ríki ESB sem tengjast okkur nánustum böndum. Þar mætum við velvilja og getum mælt fyrir áherslumálum okkar í Evrópusamstarfinu með fullum skilningi og betri skilningi en víðast hvar annars staðar á sérstöðu Íslendinga og sérístenskum aðstæðum.

Herra forseti. Hvort sem við Íslendingar ákveðum að halda tengslum okkar við ESB í gegnum EES-samninginn, eins og við höfum gert, eða sækjum um aðild að ESB einhvern tíma í framtíðinni þá er það stuðningur þessara frændþjóða sem við reiðum okkur fyrst og fremst á. Og í ljósi þeirrar óvissu sem nú ríkir um framtíð EES-samningsins er það afar jákvætt fyrir okkur að staða og hlutverk Norðurlandanna í Evrópu sé í brennidepli í norrænu samstarfi.

Það er mín skoðun að Norðurlandasamstarfið muni eftir sem áður vera okkar mikilvægasti pólitíski samráðsvettvangur í Evrópumálunum og annars staðar og jafnframt brú okkar til Evrópu, til álfunnar hvernig sem við kjósum að haga tengslum okkar að öðru leyti.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni aukin umsvif okkar Íslendinga í friðargæslu og aukin umsvif okkar í friðarframkvæmd. En framboð til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna endurspeglar klárlega bæði dug okkar og metnað á þessu sviði. Í því tilefni vil ég nefna að á norrænum vettvangi hefur verið töluverð umræða um friðargæsluna og hvernig Norðurlöndin og þá í sameiningu geti verið í fararbroddi á því sviði, og svo ég víki nú að því sem gjarnan hefur verið nefnt af öðrum ræðumönnum í dag, hefur sérstök áhersla verið lögð á það hvernig hægt sé á þessum vettvangi að bæta stöðu kvenna á átakasvæðum. En hlutur og hlutverk kvenna í nútímahernaði, í nútímastríðsátökum, hefur á undanförnum árum og undanförnum missirum verið æ ofar á baugi á alþjóðavettvangi og er það vel og tímabært.

Flest stríðsátök samtímans eiga sér stað innan ríkja milli ólíkra kynþátta og milli fólks sem aðhyllist ólík trúarbrögð. Þessi innbyrðis átök hafa gríðarleg samfélagsleg áhrif á konur og þau hafa mun meiri áhrif á konur en hefðbundnar styrjaldir á milli ríkja eins og heyra núna sögunni til, alla vega í bili.

Við höfum öll kynnst umræðunni sem varð vegna voðaverkanna sem voru framin á Balkanskaga í nafni þjóðernishreinsana. Þau voðaverk leiddu til alþjóðlegrar vitundarvakningar um stöðu kvenna á átakasvæðum sem hefur m.a. birst í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325/2001 sem hefur einu sinni eða tvisvar þegar í þessari umræðu í dag verið nefnd. Mig langar, herra forseti, eins og aðrir ræðumenn fyrr í dag að nefna skýrslu Elisabethar Rehn og Ellenar Johnson, skýrsluna Konur, stríð og friður sem rituð var fyrir UNIFEM. En eins og líka hefur komið fram kynnti Elisabeth Rehn skýrsluna hér á landi fyrir skemmstu, bæði á ráðstefnu sem haldin var í háskólanum á vegum stofnunar í kynjafræðum og eins á fundi sem hún átti með fulltrúum í utanrmn. Þessi skýrsla er ógnvekjandi lesning um þann hrylling skipulegs ofbeldis og sérstaklega skipulegs kynferðislegs ofbeldis sem konur og börn í nútímanum verða fyrir í stríðsátökum. Í þessari skýrslu segir frá því hvernig kvenlíkaminn hefur orðið hluti af vígvellinum og hvernig skipulegum nauðgunum er víða vísvitandi beitt sem vopni gegn óvininum og jafnframt vopni gegn samfélagi óvinarins. Með því er ráðist að hornsteini samfélagsins, fjölskyldustoðinni og afleiðingin hvarvetna er heildræn félagsleg upplausn.

Það er ákveðin kaldhæðnisleg staðreynd að konur eru mun líklegri til að halda kyrru fyrir þegar átök brjótast út heldur en karlmenn og lenda því oftar í átökunum miðjum og í vítahringnum miðjum. Að stríðinu loknu eru það einnig konur sem bera skarðan hlut frá borði. Það eru konur sem halda fjölskyldunum saman eftir stríðsátök. Það eru konur og mæður sem leita týndra ástvina og það eru konur og mæður sem þurfa að axla ábyrgðina á því að brauðfæða börn sín. En það eru líka konur sem þurfa að bera skömmina eftir skipulegar kynferðislegar ofbeldisaðgerðir og þessar sömu konur eru jafnvel útskúfaðar úr sínu eigin samfélagi. Þetta þrotlausa stríð þessara kvenna, sem svo vel er gerð grein fyrir í bók Elisabethar Rehn og Ellenar Johnson, er fyrst og fremst háð í einsemd og það er háð fjarri augum alþjóðasamfélagsins en það er engu minna og hefur ekki minni áhrif en tímabundið vopnaskakið sem aftur og aftur og ávallt fyrst og fremst kallar á kastljós fjölmiðlanna.

Þessi orð mín, herra forseti, eru ekki sögð í pólitísku eða sögulegu tómarúmi. Það eru karlagildi sem hafa stýrt stríðsrekstri og þeim aðferðum sem hafa einkennt stríð og það sem meira er og það sem er verra og bent er líka á í skýrslunni Konur, stríð og friður er að það eru líka karlagildi og viðhorf sem stýra viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við þeim hörmungum sem dunið hafa yfir. Við Íslendingar erum eins og aðrir Norðurlandabúar fjarri átökum bæði í tíma og rúmi, en á sama tíma erum við afar virkir þátttakendur í friðargæslu og jafnréttishefðin er hvergi jafnsterk og hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. En þetta er einmitt það tvennt sem gerir það að verkum að við og aðrar Norðurlandaþjóðir erum mun betur í stakk búin en nokkur önnur ríki til að setja málefni kvenna í forgang í friðargæslunni í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1325. Ég tel að Norðurlöndunum beri í sameiningu að taka frumkvæði í að taka mun ríkara tillit til aðstæðna kvenna á átakasvæðum og vinna að því að framfylgja þeirri alþjóðlegu vernd sem konum og börnum ber samkvæmt alþjóðasáttmálum, og það hefur verið tilfinnanlegur skortur á alþjóðavettvangi á því að hugað sé sérstaklega að hlutskipti kvenna, barna og fjölskyldna eftir að stríðsátökum lýkur. Allt eru þetta málefni sem við Íslendingar getum og eigum að láta okkur varða, fyrst og fremst í samvinnu við frændþjóðir okkar, því að á þessu sviði getum við gert meira gagn en á mörgum öðrum sviðum þar sem við erum að stafa á vettvangi utanríkismála.

Ein leiðin sem m.a. Elisabeth Rehn leggur áherslu á er að sýna konur sem fyrirmyndir fyrir þær konur í stríðshrjáðum löndum sem standa frammi fyrir því verkefni að byggja upp samfélag sem stríðsátök hafa lagt í rúst. Við þurfum að horfast í augu við það að konur hafa gjarnan annað sjónarhorn á viðfangsefni á þessu sviði og forgangsröðun verkefna og þær sjá aðrar þarfir og aðrar lausnir á hvernig eigi að forgangsraða og þær gera það á töluvert annan hátt en karlar.

Um það höfum við fjölmörg dæmi í þessari títtnefndu skýrslu og í annarri lesningu um þessar aðstæður.

Ég lít þannig á að markmið okkar hljóti að vera að tryggja sem jafnastan hlut kvenna og karla í friðargæslustörfum okkar og í alþjóðastarfi á þessu sviði, eins og í öllum öðrum störfum, bæði innan lands og á sviði utanríkisþjónustu. Þess vegna langar mig að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. utanrrh. sérstaklega um hlut kvenna í íslensku friðargæslunni og jafnframt um þær hugmyndir sem eru um að efla friðargæsluna og að auka fræðslu og almennan undirbúning fyrir friðargæslustörf.

Á þskj. 276 er svar frá hæstv. utanrrh. við fyrirspurn um íslensku friðargæsluna. Þar kemur fram að á viðbragðslista er 151 einstaklingur og þar af er 21 einstaklingur að störfum. Það kemur líka fram að 41 einstaklingur hefur verið sendur á vettvang.

[15:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins endurtaka það sem ég hef áður sagt, að íslenska friðargæslan sækist sérstaklega eftir því að fá konur á viðbragðslista sinn. Þær hafa reynst afar vel í þeim störfum sem þær hafa tekið að sér, hvort sem það hefur verið í Bosníu, Kosovo eða Sri Lanka. Ég vil líka bæta við störfum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Margar konur hafa unnið á vettvangi í Afríku og í þeim samfélögum sem þar eru hafa störf þeirra reynst afskaplega vel. Hér er um að ræða störf sem snúa að félagslegum vanda margvíslegum, ólæsi og fullorðinsfræðslu. Ég held að það sé rétt sem forseti Alþjóðabankans sagði einu sinni: Ef þú menntar konu þá menntarðu fjölskyldu, ef þú menntar karlmann þá menntarðu bara karlmann.

Ég tel ljóst að konur leggja sig miklu meira fram um að færa þekkinguna yfir til barna og annarra í fjölskyldunni. Þess vegna er fullorðinsfræðsla kvenna mjög mikilvæg. Ég vil ekki aðeins beina kastljósi að friðargæslunni heldur líka að þróunarsamvinnunni. Það er hægt að nefna fjölmörg dæmi þess, hvort sem það er í Mósambík, Úganda, Malaví eða Namibíu, þar sem við höfum unnið, að störf kvenna að félagsmálum, menntamálum og heilbrigðismálum hafi reynst afskaplega vel.

[15:34]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efa ekki að íslenskar konur í friðargæslunni standi sig með afburðum vel og ekki síður en karlmennirnir. Við vitum öll hversu geysilega gott orð fer af íslenskum friðargæsluliðum. Ég geri ráð fyrir því að það séu friðargæsluliðar af báðum kynjum. Mér finnst gott að heyra utanrrh. leggja áherslu á þörfina fyrir konur á þessu sviði, hvort sem er í þróunaraðstoðinni eða í friðargæsluliðinu.

En mér lék svolítil forvitni á að vita, af þessum tölum sem ég nefndi, hversu margar konurnar væru. Við vitum líka að vandamálin sem hrjá þessar stríðshrjáðu þjóðir, t.d. á Balkanskaganum, virka stundum óyfirstíganleg. Eitt stóra vandamálið er mansalið, þ.e. konur og börn sem eru seld til kynlífsþrælkunar, ekki bara frá þessum löndum til ríkja í Norður-Evrópu heldur líka til þessara landa til að svara eftirspurn sem starfsmenn alþjóðasamfélagsins skapa, og þar með talið friðargæsluliðar. Það er einmitt vegna þessa, herra forseti, sem það skiptir máli að konur jafnt og karlar starfi í friðargæslunni á þessu landsvæði eins og annars staðar.

[15:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki þessar tölur með mér en ég mun að sjálfsögðu afla þeirra og koma þeim til hv. þm. Það liggja að sjálfsögðu fyrir upplýsingar um hvernig þetta skiptist. En ég vil samt geta þess að það hefur stundum reynst erfiðara að fá konur en karla til ákveðinna starfa í friðargæslunni, þá kannski sérstaklega lögreglustarfa. Það er m.a. vegna þess að það eru mun færri konur í íslensku lögreglunni en karlar. Ég er alveg viss um að ef fleiri konur væru í íslensku lögreglunni þá hefðu fleiri konur farið til löggæslustarfa hjá íslensku friðargæslunni.

Við verðum því líka að líta inn á við en ekki bara út á við. Þetta ræðst af þeim aðstæðum sem hér eru. Það er mikil þörf fyrir stéttir eins og verkfræðinga og lækna. Eins er mikil þörf fyrir hjúkrunarfræðinga, þar vitum við að er ekki skortur á konum á Íslandi. Hins vegar hafa verið miklu færri konur í stétt verkfræðinga en karlar. Þetta ræðst töluvert af þeim aðstæðum sem við sjálf búum við. Okkur gefst þannig tækifæri til að líta líka inn á við í þessu samhengi.

[15:37]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var alls ekki ætlun mín að reka hæstv. utanrrh. á gat með þessar tölulegu upplýsingar sem ég óskaði eftir. En í svari við fyrirspurn sem ég nefndi í ræðu minni komu ýmsar góðar upplýsingar fram, m.a. um fjöldann, án þess að kyngreint væri, þ.e. hversu margir karlar og konur hefðu verið send á vettvang og hversu margir væru tilbúnir í viðbragðsstöðu.

Í því ágæta svari kom fram hvernig undirbúningi væri háttað núna og lögð áhersla á að það stæði jafnvel til að huga að breytingum á undirbúningi samtímis því að efla friðargæsluna. Mér leikur líka forvitni á að vita — þó að hæstv. utanrrh. geti því miður ekki svarað nú þegar — hvernig breyta eigi undirbúningnum. Ef við ætlum að ráða konur til starfa er ljóst að sá undirbúningur sem lýtur að öryggismálum, að læra á áttavita og beita staðsetningartæki, miðast ekki við þau störf sem falla kannski helst að því sem konur geta sinnt innan friðargæslunnar.

Það væri gott, einhvern tíma seinna í þessari umræðu, að fá upplýst hvernig áherslubreytingin á að verða í undirbúningi og þjálfun fyrir friðargæsluliða á næsta ári.

[15:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur borið meira á því og oftar verið nefnt í þessari umræðu en áður að þáttur kvenna þurfi að vera meiri. Það hefur verið talað um að stuðningur við konur í þróunarlöndunum sé mikilvægur og hæstv. utanrrh. hefur tekið undir það. Það er talað um að fjölga konum í friðargæslunni vegna þess að á viðkvæmum svæðum og hjá sumum þjóðum geta t.d. trúmál haft það í för með sér að aðeins konur komist að viðkomandi konum, alls ekki karlar. Rætt hefur verið um konur sem fyrirmyndir í stríðshrjáðum löndum og ég get tekið undir það allt. En þá kemur að spurningu minni eða athugasemd.

Gréta Gunnarsdóttir, varafastafulltrúi hjá sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, hefur víða flutt mjög fróðleg erindi, m.a. hjá UNIFEM á Íslandi. Hún hefur sagt að mjög fáar konur taki þátt í alþjóðlegri öryggisumræðu. Hún hefur leyft sér að áætla að þær séu um 6% þeirra sem hafa tekið

þátt í öllum þeim alþjóðlegu ráðstefnum af því tagi sem hún hefur sótt eða vitað um, að konur séu 6% þeirra sem sækja þessar stóru ráðstefnur um öryggismál hér og þar um heiminn, hámark 10% í einstökum tilfellum.

Þá er ég komin að kjarna minnar spurningar: Er ekki meinið að allt of fáar konur eru þátttakendur í alþjóðasamstarfi um öryggismál? Þær eru ekki þar sem sverfur til stáls og eru ekki þar sem stefnan er mörkuð. Allsráðandi á þeim vettvangi eru karlar sem taka ákvarðanir fyrir konur.

[15:41]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Raunin mun eftir sem áður vera sú að í íslensku utanríkisþjónustunni hefur konum stórfjölgað. Ég hef einnig hlustað á Grétu Gunnarsdóttur fjalla um þessi mál. Hún bendir á að það vantar sýnileika kvenna, konur sem fyrirmyndir og sjónarhorn kvenna í þessa umræðu. Ég tek undir með hv. þm. um það. Þetta er nákvæmlega það sama og Elisabeth Rehn segir í skýrslu sinni.

Konur á þessum stríðshrjáðu svæðum eru að berjast, með öll sín vandamál og sorgir á bakinu, að því að byggja upp samfélagið. Þær eru ekki uppteknar af hefnd. Þær eru uppteknar af verkefnunum fram undan. Til þess að styrkja þær þá þurfa þær að sjá konur, konur í friðargæslu og konurnar sem starfa í þessu alþjóðlega samfélagi. Þær skynja skilning þar á milli sem þær skynja síður frá körlunum.

Hæstv. utanrrh. gat sérstaklega um það í ræðu sinni fyrr í dag að í þeirri vinnu sem fram undan væri í undirbúningi að framboði okkar til öryggisráðsins þyrftu þingmenn, þingflokkar og þingnefndir að koma að starfinu. Ég vænti þess að í því starfi, eins og í ýmsu öðru, verði hugað að því að kynjahlutfallsins sé gætt og konur verði ekki minna áberandi í því en karlar.

[15:42]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ganga frekar eftir viðbrögðum. Þetta voru ágæt viðbrögð við spurningu minni.

Út af síðustu orðum þingmannsins þá vil ég að fram komi að mér finnst þetta mjög jákvætt eins og það kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh. En hingað til hefur ekki farið mikið fyrir þátttöku þingmanna í verkefnum sem hafa verið í höndum ríkisstjórnarinnar eða ráðherranna. Þá ber nýrra við og verður mjög ánægjulegt ef þingmenn fá aðkomu að hinum þýðingarmikla undirbúningi að umsókn um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ræða hæstv. utanrrh. um utanríkismál markar viss tímamót í umræðu og stefnu í utanríkismálum, finnst mér, og kem ég að því aðeins nánar í ræðu minni. Meginhluti ræðu hæstv. ráðherra fjallar um umsókn Íslands í öryggisráðið og í rauninni um þá auknu ábyrgð sem Ísland mun þá verða að axla, ef af verður, og einnig í aðdraganda þeirrar umsóknar.

Hæstv. utanrrh. fjallaði meira um framtíðina og hvernig hann sæi utanríkisstefnuna þróast og vildi gjarnan gleyma einhverju af því sem að baki væri eða það lá í orðunum. Ég get verið sammála hæstv. utanrrh. í þeim efnum.

Ég átti því láni að fagna að fá tækifæri til að heimsækja Sameinuðu þjóðirnar fyrir rúmri viku og dvelja þar um tíma og kynnast störfum þeirra og einnig störfum sendiherra okkar og sendinefndar hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta var afar lærdómsríkt og opnaði augu og víddir fyrir verkefnum sem þar eru unnin.

Ég vil taka fram að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum leggur fram gríðarlega mikið starf og leggur sig mjög fram í störfum sínum. Þrátt fyrir tiltölulega fámennan hóp er lögð áhersla á að taka þátt í sem allra flestum verkefnum og vera sem allra víðast í umræðum innan Sameinuðu þjóðanna og var aðdáunarvert hvernig þeim tókst að fylgja þar eftir hlut Íslands í þeirri umræðu. Þetta vil ég að komi strax fram og við getum í sjálfu sér verið stolt af verkum þessa ágæta fólks sem er á þeim vettvangi.

Eitt af þeim umræðuefnum sem komu á dagskrá á allsherjarþinginu var samskipti þjóða sem m.a. laut að endurheimt menningarverðmæta sem hefðu verið fjarlægð með einum eða öðrum hætti úr heimalandi sínu. Við þekkjum þá umræðu á Íslandi að menningarverðmæti okkar, handrit og jafnvel fleiri verðmæti voru flutt úr landi til Danmerkur á sínum tíma. Að vísu vorum við þá hluti af Danaveldi þegar þetta fór fram en engu að síður sóttum við bæði sjálfstæðisbaráttu okkar og rök fyrir sjálfstæðinu í þau menningarverðmæti, í söguna okkar og í menningarverðmætin sóttum við rökin fyrir sjálfstæðisbaráttunni. Við fórum ekki með vopnum, sóttum ekki sjálfstæði okkar með vopnum eða samsærum heldur með rökum og á grunni eigin forsendna.

Í ágætri ræðu sem sendiherra okkar, Hjálmar Hannesson, flutti einmitt um þetta mál á allsherjarþinginu rakti hann sjálfstæðisbaráttuna, hvernig við hefðum stuðst við menningarverðmætin og hvernig við hefðum síðan sótt menningarverðmætin áfram með samningum við Dani og fengið þau heim, eins og handritin. Þetta erindi sendiherra okkar vakti gríðarlega mikla athygli því að ræður annarra, Egypta, Indverja, Grikkja og annarra landa voru afar bitrar yfir því hvernig heimsvaldaþjóðir, Bretar, Bandaríkjamenn, Þjóðverjar — sem voru nú sérstaklega nefndir til — höfðu að þeirra mati rænt og ruplað menningarverðmætum úr landinu, verðmætum sem voru eiginlega hornsteinar þeirra sem þjóða. Þeir fóru fram á það að sett yrðu alþjóðleg lög sem skikkuðu þessar þjóðir til að skila slíkum menningarverðmætum til baka.

En sendiherra okkar rakti þau samskipti og hvernig við hefðum unnið hér bæði til þess að ná sjálfstæðinu og menningarverðmætum til baka og hvatti til þess að sú leið sem við hefðum farið yrði höfð að leiðarljósi í samskiptum þjóða með gagnkvæmri virðingu fyrir þessum þáttum. Sú ræða og undirtektir sem hún fékk á allsherjarþinginu staðfesti í rauninni þá skoðun sem ég hafði svo sem fyrir, að litlar þjóðir með öflugan menningarlegan bakgrunn og reynslu ættu erindi inn á vettvang hinna Sameinuðu þjóða, bæði til að taka þátt í að leysa flókin viðfangsefni og geta þar átt þátt í forgöngu um að vinna að friði og bættum samskiptum þjóðanna.

Ég vil nefna þetta hér, virðulegi forseti, í upphafi vegna þess að þetta innlegg snart náttúrlega Íslendinginn í manni og það snart líka þær hugsjónir sem við berum um að með samningum og virðingu sé hægt að sækja það sem okkur finnst sjálfsagður réttur en ekki með vopnum og yfirgangi.

Umræðan um hugsanlega inngöngu okkar eða umsókn í öryggisráðið var í sjálfu sér mikið rædd bæði við íslensku sendinefndina og eins við þá erlendu fulltrúa sem þar voru og maður komst í tæri við til þess að skiptast á skoðunum. Það er alveg rétt að láta þess getið að maður fann að Ísland naut almennt virðingar innan Sameinuðu þjóðanna og staða

þess hvað það varðar er býsna sterk og var ánægjulegt að upplifa það. Hins vegar var engin launung á því í umræðu víðast hvar að Íslendingar yrðu að átta sig á að með þátttöku í öryggisráðinu eða með aukinni þátttöku á alþjóðavettvangi á eigin forsendum þýddi það að Íslendingar yrðu líka að gæta sín í því hvar þeir skipuðu sér í sveit og fylgja þar einmitt pólitískri sannfæringu sem verður að liggja að baki umsókn í öryggisráðið.

Það er í sjálfu sér ánægjulegt að sjá og heyra í ræðu hæstv. utanrrh. þar sem hann leggur einmitt áherslu á þau atriði. Með leyfi forseta, vitna ég í ræðu hæstv. ráðherra, þar sem segir:

„Í kynningu á framboði Íslands og síðar í störfum innan öryggisráðsins verður stuðst við eftirfarandi megináherslur:

Framlag til friðar og stöðugleika í heiminum. Ísland leggur áherslu á að það verði gert með ófrávíkjanlegri virðingu fyrir grundvallarmannréttindum, eflingu lýðræðis, baráttu gegn fátækt, virðingu fyrir grundvallarreglum þjóðaréttar og þar með viðurlögum við þjóðarmorði og grófum mannréttindabrotum."

Ég held að við getum öll tekið undir þessar yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að hæstv. ráðherra og íslenska ríkisstjórnin eigi að fara eftir þeim. Það var kannski það sem hæstv. ráðherra átti við þegar hann sagði í ræðu sinni að hér væri verið að leggja fram stefnumið til framtíðar en ekki verið að horfa svo mikið á fortíðina, því að alveg grímulaust held ég að verði að segja að þátttaka Íslands í innrásinni í Írak var meiri háttar glappaskot og alvarlegur blettur á stefnu Íslands og þátttöku í utanríkismálum. Það mun standa eftir sem svo. Ég held að eitt veigamesta málið fyrir íslenska utanríkisþjónustu nú til að taka á sé hvernig megi rétta þann kúrs og færa hann til baka. Innrásin í Írak braut flestar þær reglur og flest þau markmið sem hæstv. utanrrh. getur um hér í ræðu sinni, braut grundvallarmannréttindi og gekk gegn virðingu fyrir grundvallarreglum þjóðaréttar.

Ég verð að vona, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. sjái það og geri sér grein fyrir því hversu gríðarlegt og alvarlegt glappaskot það var að taka þátt í innrásinni í Írak með þeim hörmungum sem það hefur haft og mun leiða af sér og ekki verður séð fyrir endann á, og fylgi heldur eftir þeim markmiðum sem hæstv. ráðherra setur fram í ræðu sinni.

Það var að sjálfsögðu rætt mikið um jafnréttismál á allsherjarþinginu og einmitt sú umræða stóð yfir þegar við vorum þar. Mér þótti athyglisvert að heyra að Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér mjög ákveðnar samþykktir um að auka jafnrétti innan Sameinuðu þjóðanna. Meðal fulltrúa og fólks í ábyrgðarstöðum o.s.frv. er í gildi jafnréttisáætlun sem meira að segja var gert ráð fyrir að yrði fylgt. En staðreyndin er sú að af 14 eða 15 sérstökum sendifulltrúum eða fulltrúm framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna var aðeins ein kona, hitt voru allt karlar. Á þetta var bent mjög rækilega að Sameinuðu þjóðirnar gerðu lítið í því sjálfar að fylgja eftir þeim samþykktum sem þær hefðu þó gert, og þannig var það í fleiri efnum. Það vill nú oft svo vera að langt er á milli orða og gjörða.

Ég tek líka undir það, virðulegi forseti, sem stendur í ræðu hæstv. utanrrh. varðandi þátttöku þingmanna í störfum allsherjarþingsins að það verði eflt. Ég tel að rýmka eigi þá möguleika sem þingmenn hafa til þess að sækja heim Sameinuðu þjóðirnar og fylgjast með störfum þeirra þannig að sem flestir þingflokkar eigi þar möguleika á að senda þangað fulltrúa reglulega. Sú umsókn sem verið er að leggja inn til öryggisráðsins um þátttöku kemur ekki til framkvæmda fyrr en — það verða vonandi orðin rækileg stjórnarskipti þá og þeir sem nú fara með stjórn verða vonandi allir horfnir frá stjórnvölnum og þá verða komnir nýir inn og gott að allir fylgist með og þar með þeir flokkar sem eiga sæti á Alþingi. Ég tel því að styrkja eigi aðkomu þingflokkanna á Alþingi að störfum Sameinuðu þjóðanna.

Eitt í lokin, virðulegi forseti. Umsókn að öryggisráðinu er það mikið stórmál að það ætti að vera skilyrðislaus krafa að hæstv. utanrrh. legði fram ítarlega kostnaðaráætlun, bæði hvað varðar kostnað við aðildarumsóknina og einnig hver yrði hugsanlegur fjárhagslegur kostnaður við störf í öryggisráðinu, ef af verður.

Virðulegi forseti. Ég vildi fyrst og fremst gera hér að umtalsefni aðild okkar að öryggisráðinu og hversu þá er brýnt að við hverfum frá braut þess að styðja við hernað og yfirgang í heiminum og snúa að braut friðar og sátta meðal þjóða.

[15:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil gleðja hv. þm. með því að ég geri mér engar hugmyndir um að sitja í stóli utanríkisráðherra 2009 og 2010. (Gripið fram í.) Já, já, ég veit að það kemur maður í manns stað. En ég tel að það sé aðalatriðið, ekki aðeins af minni hálfu heldur líka Alþingis og annarra stofnana íslenska ríkisins að leggja grunn að því sem koma skal. Hv. þm. telur að við höfum gert mikið glappaskot. Ég tel svo ekki vera, en ég ætla ekkert að standa í neinum deilum við hann af því tilefni, við höfum nóg tækifæri til þess.

En það er nú svo að dómur sögunnar breytist stundum. Ég man vel eftir dómnum að því er varðaði Bosníu, ég man eftir dómnum að því er varðaði Kosovo, en hann breyttist þegar lengra leið frá. Ég held að það hljóti að vera aðalatriðið hvernig tekst til í Írak í framtíðinni, hvernig takast mun að byggja það samfélag upp með lýðræðislegum hætti.

Ég þakka hv. þm. fyrir vinsamleg orð í garð sendiráðsins í New York. Þar er unnið afskaplega gott starf og ég tel mikilvægt að þingmenn kynnist starfi Sameinuðu þjóðanna, ekki bara sérhver þingflokkur heldur hver og einn einasti þingmaður. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur öll. Það var mikilvægt fyrir mig á sínum tíma og ég kynntist því allt of seint á þingmannsferli mínum. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þingmenn eigi að hafa tækifæri til að koma þar og ég hef tekið eftir því að þingmenn annarra Norðurlandaþjóða dvelja þar lengur en okkar þingmenn án þess að ég ætli að leggja mat á það hversu lengi menn eiga að vera þar. En auðvitað kostar þetta allt nokkurt fé, mér er það ljóst, en við verðum að kosta þessu til bæði af hálfu þingsins og utanrrn.

[16:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þeim fjármunum sem varið er til þess að kosta þingmenn til þessara ferða sé ágætlega varið. Hins vegar verð ég að leggja áherslu á að þessi vinna öll, aðildarumsókn okkar að öryggisráðinu og kostnaður við þátttöku í því, verði slík að við fáum þar sæti. Við eigum að gera um þetta bæði kostnaðar- og aðgerðaáætlun. Það má líta á þetta sem nokkurs konar fjárfestingu Íslendinga í utanríkismálum til lengri tíma. Alla vega mundi ég líta svo á að þarna væri um langtímafjárfestingu að ræða. Það er ekki markmið að eiga sæti í öryggisráðinu í tvö ár og síðan er allt

dottið aftur til baka í sama farveginn heldur er þetta liður í að við ætlum að fylgja eftir störfum á alþjóðavettvangi sem ég tel að Ísland eigi fullt erindi í ef fylgt er þeirri stefnu að vera boðberi friðar og sátta meðal þjóða. Þá eigum við erindi og þess vegna benti ég á, virðulegi forseti, að erfitt er að afmá svarta bletti eins og stuðning við innrásina í Írak. En reyna má að bæta úr og gæta sín á því að falla ekki aftur í slíkar svartar gryfjur.

Ég legg áherslu á að umsókn um sæti í öryggisráðinu sé vandlega undirbúin og þess gætt að allir þingflokkar, allir flokkar á þingi, fái tækifæri til þess að vinna saman að þeim undirbúningi.

[16:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að undirbúa áætlun um kostnaðinn sem hlýst að því að taka sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna en ég get ekki fullyrt á þessu stigi hver hann verður nákvæmlega. Okkur er nokkur vandi á höndum. Ég vil taka eitt dæmi.

Við höfum verið að efla fastanefnd okkar í New York. Ég tel að nauðsynlegt sé að gera það alveg án tillits til þess hvort við tökum sæti í öryggisráðinu eða ekki þannig að ég tel það ekki kostnað vegna þess að við erum að sækjast eftir setu í öryggisráðinu. Við teljum algjörlega nauðsynlegt að auka þróunaraðstoð okkar alveg án tillits til þess hvort við tökum sæti í öryggisráðinu eða ekki. Við teljum nauðsynlegt að auka okkar friðargæslu alveg án tillits til þess. Hins vegar mun ákveðinn kostnaður fylgja þessu. Við þurfum að fjölga um nokkra starfsmenn þegar að því kemur eins og við þurftum að fjölga um nokkra starfsmenn þegar við tókum að okkur formennsku í Alþjóðabankanum á vegum allra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Þar er núna rekin sérstök skrifstofa sem vinnur fyrir öll Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin. Svipað þurfum við að gera þegar að þessu kemur.

Þessu mun líka fylgja einhver kynningarkostnaður og raunverulega kostnaður við kosningabaráttu. Það er hins vegar undir okkur komið hvað við setjum mikið í slíka baráttu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að gæta mjög hófs í því. Við erum sem sagt að vinna að slíkri áætlun en ég get ekki upplýst um kostnað í þessari umræðu þó að ég geri mér svona nokkurn veginn grein fyrir hvernig hún verður. Ég tel rétt að fullvinna hana áður en ég kem henni á framfæri við Alþingi.

[16:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að hófs beri að gæta í kostnaði við þetta framboð. Í fyrsta lagi eru fleiri þjóðir um hituna og engan veginn séð hvernig þetta fer, enda er ekki markmiðið að kaupa sig inn í öryggisráðið, alls ekki, heldur fara þangað á grunni málefna. Ég styð því að hófs sé gætt. Engu að síður er mikilvægt að um þetta sé gerð áætlun einmitt kannski til að gæta hófs innan utanríkisþjónustunnar. Okkur finnst hún vaxa býsna mikið. Það hefur verið gagnrýnt að kostnaður utanrrn. þenst út. Sumt er kannski réttmætt en sumt ekki. Þegar nýir þættir eins og þessi koma inn í starfsemi utanríkisþjónustunnar er því mjög mikilvægt að menn skoði mjög ítarlega hvað verið sé að gera til að halda því innan marka, til að halda utan um það þannig að það sleppi ekki úr böndunum.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að aðildarumsókn okkar að öryggisráðinu og sjálfstæð friðarstefna í utanríkismálum verða að fara saman.

[16:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir hv. þingmenn þakka fyrir þessa hefðbundnu skýrslugerð utanrrh. sem í þetta sinn var þó býsna óhefðbundin því segja má að þessi ræða hans frá því í morgun hafi verið einkar löng framboðsræða og þau álitamál af erlendum toga sem hann kom að voru í raun öll sett inn í búnað kosningabaráttu Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna árið 2008. Um þetta er svo sem ekkert sérstakt að segja.

Hitt hefur vakið athygli mína í dag að hæstv. utanrrh. hefur tekið það býsna óstinnt upp og verið eilítið kvartsár, nánast hvumpinn þegar honum hefur verið bent á það með rökum að í þessari ræðu sé ekki að finna mjög mikilvæg atriði í núinu og alveg í næstu framtíð. Ég hef hlýtt á svör hans og viðbrögð við athugasemdum flokksfélaga minna, okkar jafnaðarmanna, um að Írak sé nefnt í framhjáhlaupi, um að fylgispekt Íslands við Bandaríkjastjórn sé gagnrýni verð og um að ekki sé farið yfir alvarlega stöðu mála á Suðurnesjum. Þá hefur hæstv. ráðherra gagnályktað og sagt sem svo að við jafnaðarmenn getum ekki á sama tíma lýst yfir andúð okkar á framferði Bandaríkjamanna í Írak en samt óskað eftir viðræðum á jafnréttisgrundvelli um stöðu varnarmála í Keflavík. Mér finnst einmitt að þetta geti gengið saman. Það er einmitt þetta sem gengur saman og það er einmitt þetta sem er hinn rauði þráður ræðu hæstv. ráðherra sem ég tek hjartanlega undir, þ.e. að við erum hvorki að selja sálu okkar eða sjónarmið á hinum alþjóðlega vettvangi fyrir sæti í öryggisráðinu né fyrir óbreytanleika í varnarviðbúnaði á Keflavíkurflugvelli.

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það skýrt sem flokksfélagar mínir hafa hér einnig lagt höfuðáherslu á, þ.e. að málið er tvíþætt og af tvennum toga. Annars vegar erum við að horfa framan í að því er virðist ófremdarástand sem nú þegar er brostið á hvað varðar atvinnumál á svæðinu. En kannski er ekki sanngjarnt að inna hæstv. utanrrh. eftir viðbrögðum hans í því efni, enda ekki á hans vettvangi. Ég tel þó eðlilegt að hann sé inntur eftir því sem annar oddviti ríkisstjórnarflokkanna hvernig ríkisstjórnin ætli að bregðast við því nú þegar og hvort í undirbúningi séu aðgerðir til þess að takast á við þennan vanda sem þegar er á brostinn og felst í hundruðum atvinnulausra þar syðra. Það hlýtur að vera sanngjarnt og eðlilegt að við fáum málefnaleg svör við því en ekki, að því er mér finnst, nánast útúrsnúning eins og fram kom í andsvörum hæstv. ráðherra við ágætri ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar sem hefur eðlilega áhyggjur af því sem þingmaður þessa svæðis hvernig staða mála er orðin og hvort hún fari síversnandi. Ég hlýt með yfirveguðum hætti að kalla eftir því hvort ríkisstjórnin sé með á borðum sínum einhverjar þær aðgerðir brýnar og bráðar í tíma sem geta stemmt stigu við þeirri óheillaþróun sem á sér stað þarna syðra. Við skulum ekki gleyma því að í gegnum árin hafa menn gripið til sértækra aðgerða af minna tilefni.

Svo er það hinn þáttur málsins sem er á vettvangi utanrrh. sjálfs og lýtur að umfangi og öryggi Íslands. Þar eru mál með þeim hætti eins og við vitum öll og upplýst hefur verið að lyktum að Bandaríkjastjórn hafði uppi áform um að draga verulega úr varnarviðbúnaði og jafnvel flytja varnarliðið að mestu úr landi. Hæstv. utanrrh. og raunar hæstv. forsrh. hafa að lyktum eftir langt þagnarferli upplýst að þeir hafi náð

sambandi við lykilmenn bæði vestra og raunar í Evrópu líka, Robertson lávarð, um að þetta yrði allt sett á „hold" eins og sagt er á vondu máli, að þessu yrði öllu frestað og þetta yrði tekið inn í hina stóru endurskoðun. Hvað úr því verður og hvort hér sé um gálgafrest að ræða get ég ekkert fullyrt frekar en hæstv. ráðherra. En ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á málatilbúnaði okkar jafnaðarmanna í þinginu sem birtist m.a. í þáltill. þar sem 1. flm. er formaður Samfylkingarinnar. Þar vilja menn reyna að kortleggja skipulega og bregðast við öllum þeim möguleikum sem upp gætu komið. Ég er að vísa til þáltill. um að sett yrði á fót sérstök nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka sem færi í þessa vinnu þegar í stað. Sumir hafa lagt hana að jöfnu við öryggismálanefndina sem var hér til staðar forðum daga. Það er svo sem allt í lagi mín vegna. En þó að þessi þáltill. hafi ekki komið hér til 1. umr. þá þætti mér fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þessarar hugmyndar og til þessarar nálgunar að þessu mikilvæga viðfangsefni. Það er óhjákvæmilegt að rifja það upp enn og aftur að sú ákvörðun oddvita ríkisstjórnarinnar örfáum dögum fyrir kosningar að halda leyndu því alvarlega ástandi sem þá var fyrir dyrum, upplýsa það síðan, eins og hér hefur komið líka fram, í utanrmn. mörgum vikum síðar þegar málin voru með öðrum hætti komin á dagskrá, er auðvitað gagnrýni verð.

Ég vil líka rifja það upp að hæstv. ráðherra kom inn á það að hann hefur skipulega og ærlega gert utanrmn. grein fyrir stöðu mála eftir á, (**RG:** Eftir á.) nota bene, eftir á. Þá var því lýst yfir af hálfu fulltrúa Samfylkingarinnar að þrátt fyrir að upplýsingum hafi verið haldið leyndum þar til eftir á væri Samfylkingin tilbúin til þess að koma að þessu mikilvæga verkefni með ríkisstjórnarflokknunum með opnum hætti og án allra skuldbindinga. Þessu tilboði okkar var tekið býsna vel í upphafi en satt að segja hefur ekkert orðið þar úr efndum. Ég lít þannig til að þó að menn hafi deilt í þessum sal árum og áratugum saman um veru bandarískra varnarliðsins þarna syðra þá hafi með breyttum heimi hlutir æxlast á þann veg að við gætum, ef lögð væri í það vinna þvert á hina pólitísku flokka, þvert á stjórn og stjórnarandstöðu, náð um það sæmilega viðunandi samstöðu hvernig við vildum skilgreina varnir okkar og hvernig við vildum framkvæma þær. Ég held að það sé ríkisstjórninni hollt og gott veganesti að taka í þessa útréttu sáttarhönd.

Ég nefndi hér Robertson lávarð á nafn. Ég var að koma í morgun af fundi þar sem hann hélt kveðjuræðu sína fyrir hóp NATO-þingmanna í Bandaríkjunum. Ég rifja það upp hér að hæstv. utanrrh. þakkaði honum ítrekað stuðning sinn við stöðu varnarmála á Íslandi. Hann hins vegar og félagar mínir af vettvangi þingheims, m.a. flokksbróðir hæstv. ráðherra, Magnús Stefánsson, og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, við vorum þar kíktum á og tókum þátt í umræðum þar sem menn ræddu um stöðu NATO í þessum málum öllum sem hér hefur verið drepið á. Ég sakna þess líka á sama hátt að hæstv. ráðherra skautaði ansi hratt fram hjá NATO í stöðu hins alþjóðlega samfélags.

Ég kvartaði raunar yfir því hér á þingi fyrir örfáum dögum, í fjarveru hæstv. ráðherra, og innti hæstv. forsrh. eftir því af hverju dregist hefði úr hömlu að leggja fram staðfestingartillögu til þess að tryggja hinum nýju NATO-ríkjum, 7 talsins, fullgildingu og stuðning okkar Íslands. Mér fannst við með seinni skipunum í þeim efnum, ekki síst í ljósi þess að við höfðum uppi baráttu og stuðning við vinaríki okkar í Eystrasaltslöndunum. Það er hins vegar önnur saga og kannski ekki meginmálið en mér þætti fróðlegt af hæstv. ráðherra gæti hér í andsvari eða lokaræðu sinni farið aðeins yfir málefni NATO í þessu samhengi. Menn hafa rétt til að rifja upp eftir því sem ríkjum hefur fjölgað í NATO, raunar álfan öll komin þar mestan part innan dyra og ekki öll sagan sögð, hvernig hæstv. ráðherra sæi hlutverk NATO, til að mynda í Írak, í Miðausturlöndum. Það hefur réttilega verið rifjað hér upp að NATO kom mikið að friðarferlinu á Balkanskaga, einnig í Afganistan. Nú hins vegar stefnir í að Evrópuhraðliðið verði að veruleika, menn ræða það mjög mikið og eru ekki vissir um hvernig sú þróun muni verða. Á hvaða tímapunkti verður NATO gerandinn þegar upp koma vandamál sem þarf að taka á á alþjóðlegum vettvangi og í hvaða tilvikum er það Evrópusambandsherliðið? Er hægt að komast hjá „dúplíkasjón" í þessu samhengi? Hver verður staða Íslands utan Evrópusambandsins þegar þetta verður allt orðið að veruleika? Hver verður staðan milli Evrópu og Bandaríkjanna? Þetta er allt mjög mikið áhyggjuefni og þetta gerði m.a. Íslandsvinurinn Robertson lávarður mjög að umtalsefni. Mér til fróðleiks, áður en þessi dagur er úti, óska ég eftir að hæstv. ráðherra fari aðeins yfir þessi mál, nokkur álitaefni. Mér þætti m.a. fróðlegt að hann lýsti viðhorfum sínum til þeirra kenninga sem mikið hefur verið haldið á lofti, að allt friðarferlið og allir möguleikar til friðar í Miðausturlöndum séu nánast í stóra stoppi, ekki vegna einlægs vilja alþjóðasamfélagsins til að leysa úr þeim málum, ekki eingöngu vegna þess að forustumenn Palestínuaraba annars vegar og Ísraela hins vegar ná greinilega ekki saman, heldur eingöngu vegna þess að Bandaríkjastjórn heldur að sér höndum og mun gera það fram yfir kosningarnar í Bandaríkjunum að ári. Það er auðvitað mjög alvarlegt að eitt heimsveldi geti nánast sett stóra stopp á allt friðarferlið. Evrópuvinkill NATO-ríkja hefur svo sem látið þetta yfir sig ganga, kannski ekki þegjandi alltaf en í raun. Það eru ýmis mál af þessum toga þar sem hagsmunir okkar, bæði þröngir og víðir, skipta mjög miklu máli og það skiptir máli hvernig við ætlum að nálgast þessi stóru viðfangsefni.

Ég vil, virðulegi forseti, að lyktum aðeins segja þetta: Ég get fyrir margra hluta sakir hælt hæstv. utanrrh. fyrir stóraukna viðsýni og Framsfl. hefur að minni hyggju á síðari árum undir hans stjórn gerst sá flokkur sem vill láta utanríkismál til sín taka og alþjóðasamfélagið. Hann gerði það ekki forðum daga og það þurfti að draga hann inn í 20. öldina upp úr 1990. Jafnaðarmenn komu að því verki og eru stoltir af að hafa hjálpað þeim yfir þá hindrun og til að átta sig á því að það væri eitthvað að gerast utan landhelginnar. Það gengur hægar með Sjálfstfl. en það kemur væntanlega.

Ég vil hins vegar undirstrika eitt algerlega hér að lokum. Þegar við ræðum um sjálfstæða utanríkisstefnu ræðum við það, jafnaðarmenn, að litlar þjóðir þurfa ekki að gera sig gildandi á hinum alþjóðlega vettvangi með því að vera í bissnessnum kaup/kaups heldur hafa þjóðir á borð við Norðmenn komið mjög sterkt inn í friðarferlið, m.a. í Miðausturlöndum á árum áður, og nú er það Sri Lanka vegna þess að þeir hafa staðið fast í báða fætur. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga og einnig hinu, svo að ég ítreki það, að þegar við samfylkingarmenn höfum uppi gagnrýni á einstakar ákvarðanir Bandaríkjanna erum við að tala um einstakar ákvarðanir Bandaríkjastjórnar. Gleymum því ekki að umræðan í Bandaríkjunum, t.d. varðandi stöðu mála í endurreisninni í Írak og hvað þá innrásirnar sjálfar, er ekki beinlínis eintóna í afstöðu sinni. Flest forsetaefni Bandaríkjanna hafa uppi mjög harða

gagnrýni svipaða þeirri sem við höfum lýst í þeim efnum. Við lýsum andúð við þessa afstöðu Bush-stjórnarinnar og það væri þess vegna líka fróðlegt að hæstv. ráðherra lýsti afstöðu sinni og íslenskra yfirvalda til hinnar yfirlýstu stefnu Bush-stjórnarinnar, Bandaríkjastjórnar, þar sem þeir telja hægt að réttmæta árásarstríð, pre-emptive war eins og það er kallað á enskri tungu ef stjórnvöld telja hagsmunum sínum ógnað, með öðrum orðum ætla þeir að gefa út opinn tékka. Er þetta eitthvað sem íslensk stjórnvöld skrifa upp á, eins og Íraksstríðið forðum?

[16:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki hef ég langan tíma til að svara öllu því sem hv. þm. spurði um en hefði verið mjög áhugavert að hafa tíma til. En ég vildi aðeins segja um þetta mál sem hér hefur komið upp, þ.e. að málum hafi verið leynt. Viku fyrir kosningar, á föstudegi, gekk sendiherra Bandaríkjanna á fund forsrh. Davíðs Oddssonar og tilkynnti honum um ákveðna hluti. Á mánudegi, ef ég man rétt, náði ég sambandi við aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins út af þessu máli og á þriðjudagskvöldi hringdi Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í mig og þá lá ljóst fyrir að þessi ákvörðun sem okkur var tilkynnt á föstudegi hafði verið dregin til baka.

Hvað var mikilvægast í þessum málum? Var mikilvægast að gera þetta mál opinbert eða var mikilvægast að fá þessa ákvörðun dregna til baka eða frestað þannig að ríkisstjórn, hver sem hún yrði að loknum kosningum, gæti tekið á málunum með eðlilegum hætti? Það var það sem var mikilvægast í mínum huga. Þess vegna unnum við svona að málinu og ég tel að það hafi þjónað hagsmunum Íslands. Ég tel að það hafi m.a. þjónað hagsmunum Suðurnesja, ekki síst út frá þeim málflutningi sem ég hef hlustað á í dag, þótt ég vilji ekki tengja saman atvinnumál og öryggis- og varnarmál. Það hef ég aldrei gert og mun ekki gera.

Ég er alveg sannfærður um að við gerðum rétt í þessu máli. Ég spyr hv. þingmann: Hvernig hefði hann haldið á málinu?

[16:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gagnspyr hvað ég hefði gert í hans sporum. Það er ósköp einfalt. Ég hefði kallað til formenn stjórnmálaflokkanna, hugsanlega einnig utanrmn. og í trúnaði gert þeim grein fyrir hinum alvarlegu tíðindum. Það er það sem ég hefði gert. Ég var ekki að kalla eftir því endilega að það hefði verið sjálfgefið að setja málin í opinbera umræðu strax á fyrsta degi, en strax á fyrsta degi hefði ég talið eðlilegt og sjálfsagt, þegar jafnmiklir hagsmunir voru í húfi, að gera forustu stjórnmálaflokkanna grein fyrir stöðu málsins í trúnaði, leggja þá upp aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar, hvernig hún hygðist bregðast við eins og hún gerði. Ég hlýt að fagna því af einlægni að þeim tókst þó að fresta þessu eins og hæstv. ráðharra lýsti.

Það má líka gagnspyrja og velta fyrir sér: Hvað hefði gerst hefði þeim ekki tekist að fá þessari ákvörðun frestað? Hver hefði staða þeirra verið þá gagnvart landi og þjóð?

[16:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef þessi niðurstaða hefði ekki verið komin á þriðjudagskvöldi hefði ég byrjað á því á miðvikudagsmorgni að kalla saman utanrmn. þingsins. Ég hefði skyldur til þess og mér hefði borið að gera það. Ég taldi að ég hefði ekki skyldur til þess miðað við þá niðurstöðu sem þá var komin og taldi rétt að fresta því fram yfir kosningar.

Það sem mér finnst vera alvarlegast í þessari umræðu er að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði fyrr í umræðunni, formaður Samf., að þessu hefði verið haldið leyndu vegna kosninganna. Það er algerlega rangt og það er mjög alvarleg ásökun, að mínu mati. En það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef niðurstaðan hefði verið sú að þessi ákvörðun hefði staðið hefði það verið skylda okkar að kalla þegar saman utanrmn. þingsins.

[16:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við breytum auðvitað ekki þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin tók á sínum tíma um þessi efni. Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að láta þykkna í sér vegna þessa. Við höfum þau sjónarmið uppi sem ég lýsti með einlægum hætti að við hefðum talið það eðlilegt strax á fyrsta degi að gera trúnaðarmönnum stjórnmálaflokkanna á Alþingi, eftir efnum og ástæðum hugsanlega líka utanrmn., grein fyrir stöðu málsins. Það gæti hafa verið þannig, frú forseti, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu getað lagt í þetta púkk. Það eru fleiri sem eru í samböndum erlendis en hæstv. ráðherra, með fullri virðingu fyrir honum, þannig að við erum að ræða um gífurlega hagsmuni. Ég vil ekki halda því fram að þarna hafi verið um þrönga kosningahagsmuni að ræða. Það má velta því á marga vegu hvernig slík umræða hefði velkst og þróast. Ég get ekki fullyrt um það frekar en hæstv. ráðherra. En ég tel bara mikilvægt að trúnaður ríki milli stjórnar og stjórnarandstöðu þegar alvarleg mál af þessum toga koma upp.

[16:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem af nógu að taka þegar ræða hv. þingmanns er annars vegar en ég ásamt viðkomandi þingmanni tók þátt í störfum utanrmn. í sumar þegar þessi mál bar á góma.

Eitt vakti athygli mína þá sem ég spurði viðkomandi þingmann um og vil spyrja hann aftur vegna þess að engin voru svörin þá. Eins og menn þekkja eru málefni utanrmn. og það sem fer fram í henni, og svo sannarlega á það við um þetta mál, í trúnaði. Það er augljós ástæða af hverju slíkt er; hagsmunir þjóðarinnar eru í veði.

Ég tók eftir því að hér talaði hv. þm. mikið um að utanrrh. hefði átt að upplýsa, ef ég heyrði rétt, formenn flokkanna í trúnaði um málið. Gott og vel. Hvert var útspil Samf. í sumar í þessu máli, Samf. sem samkvæmt hv. þingmanni lagði mikið upp úr því að vinna með ríkisstjórn að þessu máli, í þessu mikla hagsmunamáli? Jú, útspilið var það að aflétta trúnaði af þessum málum. Það var stóra málið sem áhersla var lögð á og ég vil spyrja hv. þingmann: Hvernig samræmist það hagsmunum Íslands í þessu máli — af því að hér eru menn að velta upp fortíðinni og þetta er bara nokkurra vikna gamalt mál — á þeim tímapunkti að aflétta trúnaði af þessu viðkvæma deilumáli þegar það stóð sem hæst? Ég fékk ekki svar á þeim tíma þegar ég spurði og vildi gjarnan fá svar við því núna.

[16:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. reynir að snúa málum á hvolf. Annars vegar er verið að ræða um það hvort forsvarsmenn

ríkisstjórnarinnar, oddvitar hennar, hefðu átt að koma skilaboðum í hendur formanna stjórnmálaflokkanna, hugsanlega utanrmn., nokkrum dögum fyrir mjög afdrifaríkar kosningar. Hins vegar erum við að ræða það sem gerðist á sumardögum þegar bréf fóru að ganga á milli aðila. Þrátt fyrir loforð og vilyrði áhrifamanna á borð við Powell og Robertson var samt sem áður nauðsyn til þess að menn skrifuðust á og þyrftu að senda eitt lettersbréf í Hvíta húsið, reyna að koma því þannig fyrir að viðskipti væru milli Hvíta hússins og forsrn., ekki við varnarmálaráðuneytið, ekki við þjóðaröryggisráðið o.s.frv. Á þeim punkti þótti okkur það algerlega eins og opin bók að menn ræddu á breiðum grundvelli hvernig íslensk þjóð vildi haga áframhaldandi vörnum ef svo færi að allt gengi á afturfótunum og hér yrðu verulegar breytingar á. Gleymum því ekki, frú forseti. Það er ekki eins og ekkert hafi breyst frá þessum tíma. Þeir eru að fara einn af öðrum og þess vegna segi ég: Er það skoðun hv. þingmanns að öryggisumræðan íslenska eigi að vera öll á trúnaðarstiginu? Það sem ég sagði eingöngu var að á hinum viðburðaríku dögum í aðdraganda kosninga hefði verið vel verjanlegt að ræða þessi mál á trúnaðarstiginu milli stjórnmálaflokkanna og gera þeim grein fyrir málinu.

Það sem síðar gerðist er ekkert leyndarmál og þau mál verðum við að ræða fyrir opnum tjöldum hvort sem hv. þingmanni líkar það betur eða verr. Hvort sú umræða er honum erfið og hans flokki er vandamál hans og hans flokks.

[16:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór ekki fram hjá neinum að hv. þm. var í nauðvörn í þessu máli, enda eru nákvæmlega engin rök fyrir því að aflétta leyndinni á þessum viðkvæma tíma. Við höfum nógan tíma til þess að ræða öryggis- og varnarmál Íslands hvenær sem er en á þessum tímapunkti, nákvæmlega á þessum tímapunkti, skipti máli að hér væru ábyrgir aðilar við stjórnvölinn hjá íslensku þjóðinni. Það var skelfilegt að sjá þennan stjórnmálaflokk sem telur sig, eins og alla jafna, vera ábyrgan koma fram með það eitt á þessum viðkvæma tímapunkti að aflétta leynd og reyna að gera þetta mál að einhverju allt öðru en máli sem snýr að hagsmunum íslensku þjóðarinnar. Það er ástæða fyrir því að menn hafa leynd, ekki bara í utanrmn. Íslendinga heldur almennt. Það er vegna þess að menn eru í ákveðnum málum á viðkvæmum tíma að gæta hagsmuna þjóðar sinnar. Útspil hv. þingmanns var einfaldlega það að henda hagsmunum þjóðarinnar og fara í pólitískan hráskinnaleik.

[16:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Óttalegt bull er þetta. Það er tæpast, frú forseti, hægt að ræða utanríkismál á þessum grundvelli við hv. þingmann. Ég sagði áðan og skil ósköp vel að honum þyki óþægileg sú staða að Bandaríkjastjórn hafi haft uppi áform og sé enn þá með þau um gjörbreytingar á varnarviðbúnaði á Íslandi. Flokkur hans hefur nánast trúarfestu á að hér væri um varanlega lausn að ræða og að vinir þeirra, repúblikanar í Bandaríkjunum, mundu engu hrófla þar. Það er bara ekki veruleikinn og við verðum, hvort sem okkur líkar það betur eða verr og hvort sem hv. þingmaður Sjálfstfl. fær innantökur af því eður ei, að ræða þau mál. Þess vegna höfum við sett þau á dagskrá á þinginu, ekki eingöngu í þessum umræðum heldur líka með vandaðri og nákvæmri tillögu um það hvernig við gerum það.

Virðulegi forseti. Hv. þm. verður að gangast inn á það að hér er um að ræða utanríkismál. Varnar- og öryggismál á Íslandi eru hluti af þeim pakka.

[16:34]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla öfugt við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson ekki að huga að fortíðinni og helst ekki að atburðum sl. sumars, heldur horfa aðeins fram á við í utanríkismálum. Hv. þm. upplýsti það að hann hefði verið að koma af fundi með Robertson lávarði og fleiri þingmönnum á vettvangi Íslandsdeildar NATO og hann talaði um það að í viðræðum þarna úti hefði verið rætt um framtíð NATO og hvernig verkefni NATO-liðsins annars vegar og Evrópuhraðliðsins hins vegar sköruðust.

Það sem mér leikur forvitni á að vita er hvernig NATO ætlar að bregðast við þessari nýju ógn, þessum aðsteðjandi ógnum sem á okkar tímum eru hin alþjóðlegu hryðjuverk. Af því sem ég hef kynnst af þessum störfum NATO get ég ekki séð að sú þjálfun sem hermenn og aðrir hafa á þessu sviði sé til þess fallin að bregðast við breyttum tímum eða hinni nýju aðsteðjandi ógn. En af því að þingmaðurinn kemur svona sprenglærður og vígreifur af þessum fundi vildi ég aðeins snúa umræðunni annað en að liðnum tíma og atburðarás sumarsins og heyra hugmyndir sem voru reifaðar þarna um hvernig eigi að bregaðst við framtíðinni.

[16:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hefði hv. þm. lagt við hlustir þegar ég var að fara yfir þessi verkefni næstu framtíðar hefði hún fengið svar við athugasemd sinni. Ég var einmitt að vekja athygli á því hvernig NATO sem varnarbandalag ætti og gæti komið að friðargæslu eins og þeir hafa gert á Balkanskaga árum saman, eins og þeir eru að gera í Afganistan, hvort þeir hefðu til að mynda hlutverk á þessu meinta yfirráðasvæði Bandaríkjanna í Miðausturlöndum, hvort og hvernig við ætlum að koma í auknum mæli inn í endurreisnarstarfið í Írak. Ekki veitir af að Bandaríkjastjórn og félag hinna viljugu fái þar aðstoð. Það voru einmitt þessi framtíðarverkefni í núi og næstu framtíð sem ég vakti máls á. Ég reifaði hér m.a. hvernig umræðan fór fram á vettvangi NATO-þingmanna og einnig hvernig ég sé þá hluti gerast.

Ég hef út af fyrir sig ekki nein algild svör við því, ekki frekar en NATO sjálft, en þetta eru þau verkefni sem menn eru að ræða á alþjóðavettvangi og þess vegna kallaði ég eftir því að þau yrðu tekin á dagskrá líka á þessum fundi. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri það með skeleggum og ítarlegum hætti í lok umræðunnar.

[16:37]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lagði vel við hlustir þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flutti ræðu sína og gerði grein fyrir því hvar NATO þyrfti að beina kröftum sínum til framtíðar. En spurning mín lýtur hins vegar að því hvort umræðan snúist eitthvað um þann breytta veruleika að NATO þarf á næstunni að sinna miklu meira lögreglustörfum, hálfgerðum leynilögreglustörfum, og miðlun upplýsinga heldur en nokkurn tíma að senda á vettvang þann herafla sem NATO hefur ráðið yfir á liðnum árum vegna þess að ógnin er önnur. Öll þekkjum við líka umræðu um að þoturnar sem eru hér séu kannski ekki sá vígbúnaður sem mest er þörf á gagnvart þessari nýju aðsteðjandi ógn sem er alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi.

En mér fannst rétt að beina þessari spurningu til hv. þingmanns sem er bæði talsmaður Samf. í utanrmn. og helsti sérfræðingur hennar í bæði utanríkis- og varnarmálum.

[16:38]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hv. þingmanni ætti að vera kunnugt, eftir að hafa verið um fjögurra ára skeið í þingmannasamtökum NATO, hefur NATO einmitt verið að reyna að aðlaga störf sín þeirri staðreynd að váin er að breytast. Þess vegna er komin á dagskrá í stórauknum mæli umræða um mansal, um vændi, um fíkniefnaviðskipti landa á milli, um mannréttindi í nýjum ríkjum NATO og á fleiri svæðum í heiminum. Þetta er einmitt það sem NATO hefur verið að vinna að árum saman og heldur því væntanlega áfram, enda lifum við í síbreytilegum heimi. Það breytir því ekki að ég, eins og ég sagði áðan, hef allnokkrar áhyggjur af því og er ekki einn um það. Menn hafa áhyggjur bæði vestan hafs og austan af því hvernig Atlantshafsbandalagið muni þróast á næstu mánuðum, missirum og árum í ljósi Evrópuhraðliðsins, í ljósi nýrrar einangrunarstefnu Bandaríkjastjórnar sem vonandi tekur enda að ári liðnu þegar þar verður kosið þannig að allt eru þetta viðfangsefni sem þarf að taka á og þess vegna tók ég þau á dagskrá.

[16:39]

Útbýting þingskjals:

Meðlagsgreiðslur, 311. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 356.

[16:39]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. fór hér áðan með prýðilega ræðu um utanríkismál eins og við öll vitum. Mér fannst vel við hæfi að þar væri fyrst og fremst og að stærstum hluta farið yfir framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þetta er auðvitað mjög merkilegur viðburður sem sjálfsagt er að ræða og ég held að hafi afskaplega góð áhrif, þótt ekki væri á annað en pólitíska utanríkismálaumræðu hér innan lands. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt kemur upp því að í tíð Geirs Hallgrímssonar utanrrh. á árunum 1983–1985 var hreyft við þessu máli en það er hins vegar í fyrsta skipti núna sem við lýsum yfir framboði í öryggisráðið.

Eins og sumir aðrir sem hér hafa tekið til máls er ég nýkominn frá allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Það var ákaflega lærdómsríkt að vera þar. Það verður að segjast eins og er að margt þar kom mjög á óvart. Líka var mjög fróðlegt að kynnast starfi sendinefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og það er augljóst að þar er öflugt fólk sem vinnur gott starf. Mig langaði líka að kynnast störfum eins heldri manns sem starfar fyrst og fremst fyrir Ísland ánægjunnar vegna en vinnur þar afskaplega gott starf og er með fastanefndinni í mikilvægum störfum. Hann heitir Thor Thors og vinnur eins og ég segi fyrst og fremst fyrir hönd þjóðar sinnar vegna þess að hann vill veg hennar sem mestan. Það er gríðarlegur styrkur fyrir okkur að hafa bæði sendinefndina sem og einstaklinga eins og hann sem er að vinna þarna á okkar vegum.

Einnig þótti mér athyglisvert að kynnast starfi Ferðamálaráðs Íslands í Bandaríkjunum og sömuleiðis fórum við í heimsókn í íslensk fyrirtæki sem nýttist okkur vel. Ástæðan fyrir að ég nefni þetta, virðulegi forseti, er einfaldlega sú að ég hef það oft á tilfinningunni að við gleymum nokkuð samskiptunum við Bandaríkin, þessa fornu vinaþjóð okkar.

Oscar Wilde sagði einhvern tíma að Íslendingar væru afskaplega vel gefið fólk, það vel gefið að við hefðum verið þau fyrstu sem fundum Ameríku og það skynsöm að vera fljót að týna henni aftur. Það var sagt við ákveðnar aðstæður en mér hefur fundist nokkuð vanta á í umræðuna um utanríkismál hér að menn ræddu fleira en þessi hefðbundnu Evrópumál. Evrópuumræðan hefur verið afskaplega fyrirferðarmikil og þótt hún sé mikilvæg verðum við að horfa í fleiri áttir. Ég lít svo á að þegar við bjóðum okkur fram og gerum okkur meira gildandi á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða séum við að líta til fleiri átta.

Það hefur komið nokkuð á óvart þegar maður hlustar á þessa umræðu hér að menn telja, sérstaklega fulltrúar Samf. og Vinstri grænna, að það sé eitthvert sérstakt markmið í sjálfu sér að vera andsnúnir Bandaríkjamönnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem annars staðar. Mér þykir það svolítið sérkennilegt upplegg í utanríkispólitík og það er eiginlega ekki uppleggið sem menn ættu að hafa ef þeir meina það að þeir vilji vera sjálfstæðir í utanríkispólitík sinni. Ég tel að við ættum að styrkja tengslin við þessa vinaþjóð okkar sem mest við getum. Þetta er, eins og utanrrh. nefndi hér, fyrsta þjóðin sem viðurkenndi sjálfstæði okkar, hvorki meira né minna. Og það munar um minna, að eiga sterka þjóð sem hefur stutt við bakið á okkur á viðkvæmum tíma eins og Bandaríkin gerðu. Þarna er stór markaður sem er skammt undan og þegar við setjum áhersluna á ferðamál eru þetta t.d. nákvæmlega ferðamennirnir sem henta okkur. Þeir staldra hér við kannski ekki mjög lengi, hafa mikinn áhuga á náttúru og öðru slíku og ekki skemmir að þeir eru ósparir á fjármuni þegar þeir eru í fríum.

Það er náttúrlega mikið samstarf, eins og við höfum rætt, við Bandaríkjamenn í öryggis- og varnarmálum. Öðru gleyma menn kannski og það er að rækta tengslin við Vestur-Íslendinga. Að vísu hefur það sem betur fer á síðustu missirum farið vaxandi og svo sem í gegnum tíðina. Menn líta oft svo á að Vestur-Íslendingar séu fyrst og fremst í Kanada og svo sannarlega eru þeir þar en það eru mun fleiri Vestur-Íslendingar í Bandaríkjunum. Einar Benediktsson sendiherra, sem var áður sendiherra í Washington, hóf það starf að skrásetja Vestur-Íslendinga og ég veit ekki hvar það verkefni stendur enda er það eilífðarverkefni. Þetta er eitthvað sem við eigum að rækta og mun nýtast okkur á margvíslegan hátt.

Menn hafa kvartað undan því hér sem ég að vísu átta mig ekki alveg á því svo sannarlega finnst mér við taka Evrópumálin nógu oft upp, en mér finnst menn hafa kvartað undan því að þeim séu ekki gerð skil í þessari skýrslu sem eðli málsins samkvæmt, að mínu áliti, fjallar um framboð okkar til öryggisráðsins. En staðreyndin í því máli er auðvitað sú að þar erum við í góðum málum svo maður bara einfaldi það mál. EES-samningurinn hefur gengið vel og það er ekkert sem bendir til annars. Og ég vil vekja athygli á því að hér í þingsalnum og í þjóðmálaumræðunni hafa verið aðilar sem oft og tíðum hafa sagt okkur að við værum að missa af lestinni. Eftir að við gengum í EES var talað um að við mundum missa af einhverri lest ef við gengjum ekki í ESB. Og sömuleiðis þegar þær tíu þjóðir sem nú eru að ganga þar inn voru margir sem töldu alveg lykilatriði að við værum í þeirra hópi, við værum að missa af einhverri lest.

Ég held að enginn tali þannig nú í fullri alvöru. Við misstum ekki af neinni lest. Ef við skoðum stöðuna í Evrópumálunum nákvæmlega eins og hún er núna þá horfum við

á það að Evrópusambandið er að fara í gríðarlega stækkun, hvorki meira né minna en tíu þjóðir eru að ganga þar inn. Og menn þekkja það að nú þegar eru ákveðin vandræði í gangi hjá Evrópusambandinu, m.a. hjá innri markaðnum. Menn þekkja það að þjónustuviðskipti hafa minnkað þar og eru minni nú en þau voru fyrir tíu árum, viðskipti við þriðja aðila hafa aukist meira en gengur og gerist innan markaðarins og nú tekur helmingi lengri tíma en fyrir nokkrum árum að koma reglum markaðarins í gegn hjá þjóðlöndunum. Við horfum á það að menn eru að takast á um stjórnarskrá Evrópusambandsins og ég held að það sé mjög skynsamlegt hjá okkur að fylgjast mjög vel með því máli og sjá hvað felst í henni því að það skiptir máli.

Sama er með evruna. Við erum að horfa á það að stórveldin í sambandinu, ekki smáu ríkin, Frakkland og Þýskaland eiga erfitt með að standa við þá samninga sem evruaðildin er byggð á. Það er því ekki nokkur einasta leið önnur en að komast að þeirri niðurstöðu, ef menn skoða það, að þar er ekkert sem liggur á af hálfu okkar Íslendinga.

Hér hafa verið rædd málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á þeim forsendum, eins og kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh., að það séu mestu einstöku hagsmunir þróunarlandanna að fá aðgang að mörkuðum hinna ríku þjóða og hjá þeim séu frjáls viðskipti sem mest milli þjóða. Mér þótti þess vegna nokkuð athyglisvert þegar hv. þm. Samfylkingarinnar, Ásgeir Friðgeirsson, kom hér upp og sagði að við ættum að fara að fordæmi Evrópusambandsins, ef ég skildi hann rétt, þegar kemur að þeim málum.

Það er skemmst frá því að segja að Alþjóðaviðskiptastofnunin og fyrirrennari hennar, GATT-samningarnir, hafa verið til staðar í nokkra áratugi og það gekk á ýmsu þegar þeir samningar voru keyrðir í gegn. Og aldrei hefur Evrópusambandið eða fyrirrennari þess haft frumkvæði að slíkum samningum. Almenna reglan er sú að í málum bæði sem viðkemur verslun við þróunarlönd sem og flestum öðrum viðskiptamálum hefur Evrópusambandið verið á bremsunni. Og af því að hér hefur verið rætt að við stöndum betur en margar þjóðir af því að við erum ekki með útflutningsbætur á okkar landbúnaðarafurðum, sem komi þróunarríkjunum gríðarlega illa, þá það er alveg hárrétt. En þar hefur Evrópusambandið verið í fararbroddi ef þannig má að orði komast og í rauninni hefur stefna þeirra hvað það varðar verið notuð sem skjól fyrir aðrar þjóðir þegar þær hafa farið út í slíkt.

Menn geta því örugglega og sjálfsagt fundið einhver rök fyrir því að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið en menn skyldu tæplega nota það að það væri eitthvað sérstaklega gott fyrir þróunarríkin að þar væri við lýði sem og annars staðar hjá öðrum vestrænum ríkjum sem ekki eru í Evrópusambandinu, stefna sambandsins í viðskiptamálum því það liggur alveg fyrir að hún hefur ekki verið hagstæð þróunarríkjunum. Það er alveg kristaltært.

En varðandi framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þá er ég afskaplega sáttur við þá stefnupunkta og það sem við byggjum stefnu okkar á í því framboði, þær megináherslur. Og eitt af því sem ég er mjög ánægður að sjá í ræðu hæstv. utanrrh. vil ég lesa hér upp, með leyfi forseta, annað meginatriðið:

„Stuðla að umbótum með tillögugerð og þátttöku í starfi öryggisráðsins í því skyni að auka skilvirkni.“

Því ég held að það sé kannski það fyrsta sem allir sem koma að starfi og ná að fylgjast með starfi Sameinuðu þjóðanna, taki eftir og kynnist þegar þeir ræða við fólk þar, að eitt af því sem væri afskaplega skynsamlegt og í rauninni nauðsynlegt að gera sé að auka skilvirkni á þeim vettvangi. Það væri auðvitað ágætt að taka hér umræðu um það hvernig menn vildu sjá það kerfi virka því að það liggur alla vega fyrir að skipulag Sameinuðu þjóðanna er ekki hafið yfir gagnrýni, enda er það eðlilegt, þegar það var sett á sínum tíma var það við allt aðrar aðstæður. Og þó svo að færa megi fram full rök fyrir því að þrátt fyrir allt hafi það staðist þokkalega tímans tönn þá held ég að allir séu sammála um að það megi auka skilvirkni þar.

Við höfum að sjálfsögðu ekki hugmynd um það á þessu stigi hvernig þessi kosning fer eða hvort kosning verður o.s.frv., því eins og staðan er í dag þá virðist sem þrjár þjóðir séu að sækja um tvö sæti. En mín tilfinning er sú eftir að hafa fylgst með þessum störfum að það sé unnið skipulega að þessu og fram til þessa hafa verið, eftir því sem maður kemst næst, góð viðbrögð og ég var afskaplega ánægður með þau störf sem þarna voru innt af hendi utanríkisþjónustunnar og hinnar svokölluðu fastanefndar og ég held að þetta hafi mjög góð áhrif á umræðuna.

Sömuleiðis tek ég undir að það er ánægjulegt að við séum jafnt og þétt og með öruggum hætti að verða virkari í þróunaraðstoð og ég held að það sé góð sátt um það í samfélaginu að við séum það. Ég held hins vegar að það skipti afskaplega miklu máli að við höfum það í huga með þessi mál eins og öll önnur þegar kemur að okkar fjármunum að þetta eru fjármunir fólksins í landinu og það skiptir máli að við höldum því upplýstu hvernig við verjum þessum fjármunum. Því það er auðvitað, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, margt gott gert og það skiptir máli að fólk viti af því.

En svona aðeins að lokum þá hefur mér komið nokkuð á óvart hér í umræðunni hve mikil áherslan hjá forustumönnum Samfylkingar og Vinstri grænna hefur verið á það að okkar stefna eigi að vera í helst eins mikilli andstöðu við Bandaríkin og mögulegt er, ef ég skil þessa umræðu rétt. Nú er það þannig að við sátum þarna t.d. þegar umræðan um viðskiptabann á Kúbu var tekið fyrir og bara til að upplýsa þingheim um það, ef menn vissu það ekki, þá var stefna Íslands á því sviði að aflétta viðskiptabanninu sem var þvert á áherslur Bandaríkjanna. Og ég veit ekki til þess að menn spyrji þá ágætu þjóð eitthvað sérstaklega um það hvernig menn eigi að greiða atkvæði og ég held að menn hafi aldrei nokkurn tímann gert það og það standi ekki til. En ég er ekkert viss um að þetta upplegg í umræðunni sé mjög gott.

Síðan verð ég að furða mig á umræðunni um Írak. Hér sagði formaður Samf. að innrás í Írak ætti enga réttlætingu, ég vek athygli á því, enga réttlætingu. Ég vil bara minna menn á það að Saddam Hussein mun fá sama dóm í sögunni og helstu harðstjórarnir, hvort sem það er Adolf Hitler, Maó eða Stalín. Það er hins vegar ekki létt verk að byggja upp land eftir atburði eins og þessa. Menn studdu hér, þ.e. forustumenn Samf., aðgerðirnar í Kosovo sem ég vitnaði til í andsvari í dag. Þar var nákvæmlega sama upp á teningnum þó að það sé ekki jafnmikið í fjölmiðlunum, m.a. var tekist á um það hjá Sameinuðu þjóðunum, farið yfir skýrslu um hvernig ástandið var þar. (Forseti hringir.) Það tekur auðvitað á að byggja upp þjóðfélag eftir slík átök.

[16:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bandaríkin eru um margt mjög merkileg þjóð en hjá henni er ýmislegt sem ekki er að mínu skapi. Ég

hef nokkuð dáðst að þessari þjóð en ég mundi aldrei nokkurn tíma fylgja henni í villu og um það hafa umræðurnar í dag snúist, að við erum ósammála mati ríkisstjórnarinnar á því að það hafi verið rétt að fylgja þessum 30 viljugu þjóðum.

Af því að þingmaðurinn talaði um 50 ára vináttusamband þá ætla ég að segja við þingmanninn að vinátta er gagnkvæmt fyrirbæri. Og það sem ég hef gagnrýnt mest í allri þessari umræðu er að þessi vinaþjóð, eftir 50 ára samvinnu, eftir 50 ára dvöl í landinu, skuli koma á mjög viðkvæmum tíma með tilkynningu til íslenskra stjórnvalda og kynna aðgerðir sem er algjörlega ómögulegt að bregðast hratt við. Það er svo alveg annað mál að ríkisstjórnin, blessuð, skuli hafa látið reka á reiðanum í að skapa ný atvinnutækifæri á Suðurnesjum þar sem mátti kannski lesa í ýmislegt sem gerst hefur á liðnum árum að einn góðan veðurdag gæti einmitt þetta gerst af hálfu vinaþjóðarinnar. Ef það er eitthvað sem farið hefur í taugarnar á mér í sambandi við þetta bréf í vor og allan eftirmála þess, þá er það það að við skulum láta það yfir okkur ganga að þjóð sem við höfum öll litið á sem vinaþjóð, vinaþjóð þó að við gagnrýnum að hún færi inn í Írak, skuli bara hafa sent bréf og sagt: Við erum að fara, við ætlum að gera þetta eftir mánuð.

Svona hegðar maður sér ekki ef maður er kurteis og svona hegðar maður sér alls ekki ef maður er í vináttusamstarfi.

[16:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara segja það að þó svo að ég sé ekki sammála hv. þm. í einu og öllu þá fannst mér hins vegar tónninn í þessari ræðu vera mun betri en sá tónn sem verið hefur í þingsalnum fyrr í dag og ég held að það væri betra ef menn ræddu þetta akkúrat á þessum forsendum.

Það er auðvitað þannig með vinaþjóðir og vini að menn eru ekkert alltaf sammála og menn geta verið mjög ósáttir og svo sannarlega er það svo að ég er ekki sáttur við allt í bandarísku þjóðlífi frekar en í þjóðlífi annarra landa. Hins vegar verð ég bara að segja eins og er að mér fannst tónninn í ræðu hv. þm. vera mun betri en sá tónn sem maður hefur heyrt í dag hjá félögum hennar í Samf.

[16:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er stundum talað um að fólk horfi á hlutina í gegnum einhver gleraugu. Það þýðir einfaldlega að fólk sér ekki hlutina eins og þeir eru heldur eins og það vill sjá þá. Þannig hefur það verið í þessari umræðu í dag. Hér hafa stjórnarliðar verið að ræða við okkur og þeir hafa hlustað á umræðuna með sérstökum heyrnartækjum. Þeir leggja út af öllu sem við segjum út frá því hvernig þeim líður og út frá því hvernig þeir vilja bregðast við ræðum okkar.

Það er nákvæmlega sama afstaða hjá mér og Samf., bara svo að það sé alveg ljóst. Okkur finnst að illa hafi verið haldið á þessum málum. Við erum ósátt við að Ísland hafi farið með 30 viljugum þjóðum. Við erum sífellt að minna á að réttlætingin var sú að það yrði að flýta sér þarna inn út af gereyðingarvopnum og það mátti ekki gefa Hans Blix aðeins meiri tíma til að finna þau. Þau hafa ekki fundist og nú er búið að endurskoða söguna og segja: Við urðum að fara þarna inn út af Saddam Hussein.

Það er algjör samhljómur í afstöðu okkar í Samf. hvað þetta varðar en það var þingmaðurinn sem hóf máls á þessari 50 ára vináttusögu, og ég er sammála henni og ég hef lent á nokkrum fundum þar sem ég hef beinlínis lagt út af þessu: Hvernig kemur maður fram við vinaþjóð og hvernig kemur risaríki á alþjóðamælikvarða fram við smáþjóð sem er með ríka réttlætiskennd? Svarið er: Ekki svona.

[17:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef menn fara út í þessi mál varðandi Írak og afstöðu okkar, stendur alltaf eftir, þegar menn hlusta á talsmenn Samfylkingarinnar, að það er ekkert samræmi í viðbrögðum þeirra annars vegar þegar hlutirnir komu upp í Kosovo og hins vegar í Írak. Það var nákvæmlega sama dæmið. Ef eitthvað voru ályktanir Sameinuðu þjóðanna mun ákveðnari í tilfelli Íraks, enda liggur fyrir að eftir Kúveit-stríðið undirgekkst Írak ákveðna skilmála sem Saddam Hussein fór aldrei eftir. Það er bara svo einfalt.

Það hefði getað gerst við einhverjar aðrar aðstæður, það hefði getað gerst í seinni heimsstyrjöldinni að menn hefðu ákveðið að þær þjóðir sem væru sigraðar þar þyrftu að gangast undir ákveðna skilmála og því væri fylgt fast eftir. Svo einfalt er það mál.

Menn geta síðan rætt gjöreyðingarvopnin. Það liggur fyrir, eins og kom fram hjá utanrrh., að þau voru til staðar en enginn veit hvar þau eru. Það er staðreynd málsins. Saddam Hussein gerði aldrei grein fyrir því.

Hins vegar er auðvitað stóra málið það að einn versti einræðisherra sögunnar, sem ég vek athygli á að er búinn að drepa eins og eitt stykki íslenska þjóð af sínu eigin fólki. Það hlýtur að vera afskaplega mikið fagnaðarefni að hann skuli vera farinn frá og ég vona að uppbyggingin í þessu landi, sem er gríðarlega stórt verkefni, muni ganga vel og muni einnig ganga vel í Kosovo. En ég vek athygli á því, þó að það sé ekki í heimsfréttunum og forustumenn Samfylkingarinnar studdu það á sínum tíma, að þar eru gríðarleg vandræði, eins og alltaf þegar menn eru að byggja upp eftir slík átök.

[17:02]

Ásgeir Friðgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það sem hér hefur komið fram, að Samfylkingin leggur fyrst og fremst áherslu á sjálfstæði í utanríkisstefnu. Sjálfur tel ég mig til vina Bandaríkjanna en það þýðir ekki að ég fylgi í blindni öfgum Bush-stjórnar, Rumsfelds og haukanna í Hvíta húsinu. Ég fylgi ekki þeim öfgum fremur en meiri hluti bandarísku þjóðarinnar.

Aðalástæða þess að ég kem hingað upp er vegna athugasemda sem komu fram þar sem orð mín voru túlkuð á þann veg að ég teldi að við ættum að ganga í Evrópusambandið til þess að auðga viðskipti við fátækar þjóðir. Þar held ég að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hafi einmitt verið með þessi heyrnartæki á sér sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um. Ég var ekki að tala um aðild okkar að Evrópusambandinu. Ég var að vísa í samning sem Evrópusambandið hefur við 49 fátækustu ríki heims. Sá samningur heimilar frjálsan innflutning á öllum vörum nema stríðsvopnum frá þessum tilteknu ríkjum. Þeir fyrirvarar sem þar eru eru fáir og tímabundnir.

Hvernig hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson komst að þeirri niðurstöðu að ég væri með þessu að mæla með aðild að Evrópusambandinu er mér ráðgáta.

[17:04]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá vitum við það. Samfylkingin styður ekki Bush og öfgar Bush-stjórnarinnar en studdi væntanlega

öfgar Clinton-stjórnarinnar í Kosovo. Þá er það kristaltært og við förum ekkert í grafgötur með það. (Gripið fram í.) Bara svona til að útskýra það fyrir hv. þm. þá var Clinton-stjórnin við völd þegar ákveðið var að fara í hernaðaraðgerðir í Kosovo sem Samfylkingin studdi einarðlega. Ekki er með nokkrum rökum hægt að halda því fram að það sé eðlismunur á þeim hlutum, annars vegar Írak og Kosovo, sama hvernig menn reyna að snúa sig út úr því.

En það er ágætt að menn komi hér í löngum röðum í Samfylkingunni og segist vera vinir Bandaríkjanna og að þeir líti á Bandaríkjamenn sem sína vinaþjóð og er það í sjálfu sér vel.

Ég verð að biðja hv. þm. afsökunar á því að ég hafi haldið að það væri stefna Samfylkingarinnar að við ættum að ganga inn í Evrópusambandið. Það er alltaf verið að tala um það hér í ræðum forustumanna Samfylkingarinnar að hér séu einhver tímamót og ræðurnar þess eðlis að við séum að leggja grunninn að því að ganga inn í Evrópusambandið. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og formaður Alþýðuflokksins talaði um það eða lét að því liggja að hann væri að toga aðra stjórnmálaflokka inn í nútímann með því að opna fyrir þeim Evrópudrauminn.

Það er ágætt að það komi fram ef hv. þm. hefur ekki áhuga á að ganga í Evrópusambandið. Ef það er hins vegar stefna Samfylkingarinnar að ganga í Evrópusambandið þá er það tollabandalag og þá göngumst við inn á allar þeirra viðskiptastefnur. Þá sér Evrópusambandið um okkar áherslur hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Ef hv. þm. hefur hins vegar ekki áhuga á því að ganga í Evrópusambandið vil ég gjarnan að hann komi hér upp og tilkynni það. Það eru kannski enn ein tímamótin í þessari umræðu.

[17:06]

Ásgeir Friðgeirsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisverð söguskýring hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að setja að jöfnu árásina í Kosovo og árásina á Írak. Segðu það Þjóðverjum, segðu það Frökkum, segðu það frændum okkar á Norðurlöndum að þetta hafi verið eitt og sama stríðið.

Það var eining Evrópuríkja um að taka höndum saman og íhlutast í málefni Kosovos. Sú eining var ekki til staðar þegar kom að árás Bandaríkjamanna og Breta í Írak.

Enn undrar mig á hvaða heyrnartæki hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er með. Það er ekki stefna Samfylkingarinnar að ganga inn í Evrópusambandið. Stefnan er að hefja viðræður og athuga með þeim hætti hvort hagsmunum þjóðarinnar til langframa sé borgið í þeim samtökum. Það er talsverður munur þar á.

[17:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins vegna Kosovos og Íraks, ég sagði aldrei að þetta væri eitt og sama stríðið. En aðstæður voru þær sömu og ef menn halda því fram að það hafi verið eining í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þegar menn fóru inn í Kosovo er það alrangt. Það var engin eining þar. Það er nú sjaldnast þannig í alþjóðasamfélagi að það sé samstaða um alla hluti.

En aðeins út af Evrópusambandinu, þá get ég bara ekki tekið þátt í þessum leik — og hv. þm. verður að afsaka það — að taka það trúanlegt að það sé sérstök stefna að hefja aðildarviðræður og sjá hvað er í pakkanum. Það vita allir sem skoða þessi mál og kynna sér þau hvað það þýðir fyrir íslenska þjóð að ganga inn í Evrópusambandið. Svo geta menn verið því sammála eða ósammála.

Það eru engin dæmi þess, virðulegi forseti, að þjóð hafi farið í aðildarviðræður til að kanna hvað kæmi út úr þeim. (**Gripið fram í:** Norðmenn.) Það sem gerðist hjá Norðmönnum var að þeir felldu þetta tvisvar í þjóðaratkvæðagreiðslu, það er allt annað mál. En það var stefna ríkisstjórnar Noregs að ganga í Evrópusambandið, þess vegna var farið í aðildarviðræður.

Sá stjórnmálaflokkur sem ætlar að láta taka sig alvarlega segir ekki: Við ætlum að fara í aðildarviðræður og sjá hvað gerist. Það er ekki þannig. Þess vegna verður hv. þm., virðulegi forseti, að fyrirgefa mér það að nenna ekki að taka þátt í þessum leik Samfylkingarinnar. Þetta er mjög einfalt. Menn vita það sem vilja vita og vilja skoða það hvað felst í því fyrir íslenska þjóð að ganga inn í Evrópusambandið. Ef þeir eru fylgjandi því þá hefja þeir aðildarviðræður og reyna eðli máls samkvæmt að ná eins góðum samningum og mögulegt er. En sveigjanleikinn er ekki mikill eins og allir vita.

Þess vegna er ég ekki til í að taka þátt í þessum leik Samfylkingarinnar. En ef hv. þm. er ekki fylgjandi því að ganga í Evrópusambandið er það í sjálfu sér hið besta mál.

[17:10]

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 314. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 360.

Sala á hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka, 315. mál, fsp. JBjarn, þskj. 361.

Uppfinningar starfsmanna, 313. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 359.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en það voru nokkur atriði sem mér vannst ekki tími til að gera þau skil sem ég gjarnan vildi í minni fyrri ræðu.

Ég vil fyrst segja um þessa umræðu að hún hefur um margt verið áhugaverð og farið víða, sem er gott. Hún hefur ekki lent ofan í þeim farvegi, sem stundum hefur brunnið við, að menn hafi setið fastir í einu málefni, t.d. í skyldu-umræðunni um Evrópumálin, sem stundum hefur lagt undir sig hér hálfa og heila daga. Það vottaði helst fyrir því undir lokin í orðaskiptum manna að komin væri upp þessi hefðbundna staglkennda umræða sem oft hefur fátt nýtt verið í um Evrópumálin. Auðvitað væri tilefni til þess að fara yfir það í sjálfu sér sem þar hefur borið til á síðustu mánuðum og er að gerast þessa mánuðina og þessi missiri, eins og stækkunin og þróun mála hvað varðar Myntbandalagið og evruna. Þar ber auðvitað hæst þau tíðindi að Svíar kolfelldu það í atkvæðagreiðslu að taka þátt í evrunni. Þar endurtók leikurinn sig frá Danmörku. Það er umhugsunarefni fyrir þá sem eru að velta fyrir sér lýðræðinu að þessar tvær þjóðir sem hafa fengið að kjósa um evruna og Myntbandalagið, hafa báðar fellt það, (Gripið fram í.) en í öðrum ríkjum hefur ekki verið kosið eins og kunnugt er, herra forseti. Efast þó enginn um að Þjóðverjar t.d. hefðu kolfellt það að taka upp evruna á sínum tíma ef þeir hefðu fengið að kjósa um það, og ekki mundu þeir nú frekar samþykkja það í dag miðað við þær hörmulegu afleiðingar fyrir þýskan efnahag sem flestir eru sammála um að þetta hefur haft.

Stjórnarskrárdrögin hjá Evrópusambandinu eru auðvitað stórt mál og tilefni til að ræða hér við vel valið tækifæri.

Talandi um þá sem hafa trú á því að það verði aðgengilegt fyrir Ísland að ganga í þetta bandalag á næstunni þá hvet ég menn til þess að kynna sér það sem þar er í drögum um stjórnarskrá Evrópusambandsins um sameiginlegt forræði yfir auðlindum. Þar á að geirnegla inn í sjálfa stjórnarskrá Evrópusambandsins ákvæði sem menn hafa talið að í framkvæmdinni stæði mönnum mest fyrir þrifum varðandi íslenskan sjávarútveg, þ.e. sameiginlegt forræði lögsögunnar utan tólf mílna. Ef fram heldur sem horfir er það á leiðinni inn í sjálfa stjórnarskrá Evrópusambandsins og verður varla auðveldara viðfangs að semja Ísland undan því eftir það.

Um stækkun Evrópusambandsins hef ég lengi lýst eftir umræðum um það, bæði hér á Alþingi, á heimavelli og eins á norrænum vettvangi, hvernig Norðurlandaþjóðirnar hugsa sér að mæta þeim breytingum sem þetta hefur á norræna vinnumarkaðinn. Frá og með 1. maí 2004 stækkar íslenski vinnumarkaðurinn um 80 millj. eða svo, það munar um minna. Vegna aðildar okkar að EES gerist það. Þar eiga í hlut lönd sem horfa sérstaklega norður á bóginn til Norðurlandanna og jafnvel sérstaklega til Íslands. Í Póllandi og Eystrasaltríkjunum upplifa menn það þannig að þar séu jafnvel mestu fyrirmyndarríki á byggðu bóli. Það liggur fyrir að býsna hátt hlutfall ungs fólks í þessum löndum hugsar sér að freista gæfunnar í löndum þar sem lífskjör eru til muna betri en það býr við heima fyrir, sem er skiljanlegt. Ég hef ekki heyrt af því enn þá að íslensk stjórnvöld hugsi sér að taka neinn aðlögunartíma að þessum breytingum og það er furðulega lítil umræða sem farið hefur fram um þetta hér, hvaða áhrif þetta hefur á hinn norræna vinnumarkað. Þá er ég ekki bara að tala um að einhverjar holskeflur fólks komi hér til að leita að vinnu, eins og menn hafa rétt til samkvæmt þjóðfrelsinu og staðfesturéttarákvæðunum þar. Ég er að hugsa um hvaða áhrif það hefur á vinnumarkaðinn þegar fólk kemur frá löndum þar sem kaupgjaldið er allt annað og miklu lægra, þar sem engin skipulögð verkalýðshreyfing er til staðar, þar sem nánast enginn vinnumarkaðsstrúktúr, eins og við þekkjum hann, fyrirfinnst, og menn eru algjörlega óvanir og ókunnugir félagslegum kjarasamningum og öðrum slíkum hlutum. Þetta getur haft mikil áhrif í báðar áttir, bæði á hinn norræna vinnumarkað, vegna þeirra áhrifa sem hann verður fyrir gegnum innkomu fólks og fyrirtækja og starfsmannaleigu og annað í þeim dúr en líka í hina áttina, að norræn fyrirtæki fari í vaxandi mæli til þessara landa til að reyna að gera þar út á lægra kaupgjald.

Langvænlegustu viðbrögðin eru að styrkja uppbyggingu vinnumakaðsskipulags í þessum löndum. Þar hefðu Norðurlönd mátt taka miklu fyrr og rösklegar við sér. Verkalýðshreyfingin norræna, sérstaklega danska og sænska, hefur talsvert gert af því að bjóða upp á stuðning við að þróa og skipuleggja vinnumarkaðinn í Eystrasaltsríkjunum en hins vegar hefur gætt furðulegrar tregðu hjá stjórnmálamönnum við að leggja þessu lið. Til dæmis hefur ekki byrjað vel fyrir tillögur á vettvangi Norðurlandaráðs um að Norðurlöndin beiti sér sameiginlega í þessum efnum. Þar hafa hægri menn, fulltrúar hægri flokkanna verið þversum gegn öllum tillögum um að Norðurlöndin leggi eitthvað af mörkum á þeim forsendum, að sjálfsögðu, sem Eystrasaltsríkin eða Pólland telja henta.

Í öðru lagi, herra forseti, ætla ég að nefna aðskilnaðarmúrinn sem rís nú í Palestínu. Mér finnst með endemum að sagan endurtaki sig eins og þar má segja að sé að hluta til að gerast með þeim hörmungum sem sá múr vitnar um á allan hátt, að reisa víggirðingu milli fólks með þeim hætti og gegnum samfélög, byggja múr sem skilur jafnvel að heimili og vinnustaði fólks. Það verður hlutskipti mörg hundruð þúsunda Palestínumanna ef múrinn rís að búa öðrum megin við hann en eiga akurlönd sín eða vinnustaði hinum megin. Þessi múr rís að langmestu leyti á herteknu palentínsku landi. Aðeins 11% hans eru í reynd á græna svæðinu sjálfu. Þarna er enn eitt ólögmætt landnám og hertaka Ísraelsmanna á ferðinni. Þeir hafa reist ólöglegar landnemabyggðir og komist upp með það í skjóli stuðnings Bandaríkjanna, og auðvitað fleiri ríkja stundum, að þverbrjóta ályktanir og samþykktir Sameinuðu þjóðanna um þessa hluti, sem eru mönnum hins vegar mjög heilagar þegar mörg önnur ríki eiga í hlut eins og kunnugt er. Það virðist ekki gilda um Ísrael og út af fyrir sig ekki heldur um Tyrki, Líbíumenn, Indónesa og marga fleiri sem hafa á ýmsum tímum verið í náðinni hjá Vesturlöndum og komist upp með að þverbrjóta samþykktir sem öðrum er refsað grimmilega fyrir.

Ég held, herra forseti, að mikilvægt sé að allir þeir sem einhverja aðstöðu hafa til beiti sér af hörku við ísraelsk stjórnvöld og reyni að stöðva uppbyggingu þessa múrs. Hann gerir ekkert annað en gera deiluna óleysanlegri en ella, eins og hver aðgerðin á fætur annarri af hálfu Ísraela síðustu áratugina hefur miðað að. Aðgerðir þeirra hafa miðað að því að festa í sessi hernámið, landtökuna og landnemabyggðirnar sem þarna hefur verið í gangi. Útþenslustefna síonismans í Ísrael hefur fengið að hafa sinn gang meira og minna óáreitt.

Ég vil í þriðja lagi að minnast á Írak sem hefur borið mikið á góma. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um pólitíska ákvörðun um að Ísland væri á listanum yfir 30 ríkin og allt það. Menn þekkja mína afstöðu til þess. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þegar öll sú saga verður skrifuð allt aftur til endaloka Flóabardaga — reyndar dagana fyrir árás Bandaríkjamanna á Írak í hinum fyrri Flóabardaga þegar augljóst var að enginn vilji var til að leysa þau deilumál með friðsamlegum hætti en þar var búið að undirbúa stríð mánuðum saman — muni það þykja, ekki síst að viðskiptabanninu meðtöldu, einhver allra ljótasti áratugur, eða einn og hálfur, í sögu af þessu tagi.

Eigum við ekki að horfast í augu við það, af því að hæstv. utanrrh. nefndi að sagan hefði tilhneigingu til að leggjast í farveg eftir á og skrifast í ljósi þess sem síðar gerist eða kemur fram — þá verður að vísu að hafa í huga að það þýðir voðalega lítið að ræða söguna í páskildagatíð — að við vitum ekkert hvernig ástandið hefði þróast ef ekki hefði verið farið út í tiltekna hluti. Það er ekki þar með sagt að það sannist að menn hafi rétt fyrir sér þó að heimurinn farist ekki í framhaldi af aðgerðum eins og þeim að ráðast á Afganistan og Írak. En hvernig er ástandið þar í dag? Hvernig er ástandið í þessum tveimur löndum þar sem Bandaríkjamenn hafa tekið til hendinni í anda hinnar nýju stefnu Bush um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hryðjuverkum? Hvernig er ástandið í Afganistan? Hefur tekist vel til þar? Er það ekki sönnun þess að Bandaríkjamenn geta með hátæknivopnum sínum unnið stríð, sérstaklega að ráðast á vanþróuðustu og fátækustu ríki heims eins og Afganistan? En þeir eru ekki mjög góðir að koma hlutunum í lag á eftir.

Í Afganistan er ástandið þannig að Bandaríkjamenn ráða Kabúl og nokkrum herstöðvum. Að öðru leyti ríkir algert stjórnleysi og vargöld í landinu. Staða kvenna í Afganistan er ekki hótinu betri en hún var og reyndar verri. Ópíumframleiðslan er komin í fyrri hæðir. Lögleysa og vargöld, þar

sem héraðshöfðingjar og ættbálkahöfðingjar ráða tilteknum svæðum úr lögum við landið í heild, er verri en var á verstu tímum, jafnvel á dögum innrásar Sovétmanna. Það er eins og menn geti aldrei lært neitt. Hvernig gafst það hjá Rússum að fara þarna inn? Þeir gerðu ekki mikla lukku með því. Ætli það hafi ekki verið ein stærsta orsök þess að Sovétríkin sálugu liðuðust í sundur, hinar hrikalegu ófarir Sovétmanna í Afganistan? Bandaríkjamenn og þeirra fylgjendur virðast ekki hafa lært mikið af því. Ég sé ekki að það sé því landi nein sérstök blessun sem þar var gert.

Hvernig er með al Qaeda? Tókst að útrýma þeim? Hvar eru Osama bin Laden og Mullah Omar? Hefur þetta gengið mjög vel? Menn tala eins og þetta hafi allt verið ein heljarsigurför en það er öðru nær. Ástandið er skelfilegt þarna. Ég veit ekki til þess að konur í Kúveit séu komnar með kosningarrétt, en það var eitt sem átti að kippa í liðinn með því að ráðast á Írak á sínum tíma í hinum fyrri Flóabardaga.

Um ástandið í Írak þarf ekki að fara mörgum orðum. Þar er ástandið hörmulegt og var þó ekki á bætandi þær þjáningar og þau ósköp sem þetta ríki, fyrrum þróaðsta ríki í Arabaheiminum, var búið að ganga í gegnum. Landið var komið aftur á steinaldarstig enda búið að eyðileggja innviði samfélagsins og halda landinu í greipum algers viðskiptabanns í á annan áratug. Þó að Saddam Hussein hafi verið og sé hinn mesti mannhundur og við vildum gjarnan losna við hann og aðra slíka þá þýðir það ekki að hvað sem er sé réttlætanlegt, að hægt sé að fara á svig við alþjóðalög og gera eiginlega hvað sem er. Það er bara ekki þannig.

Varðandi Keflavík og ástand mála þar þá væri líka ástæða til að ræða það. Ég tel að íslensk stjórnvöld séu þar á miklum villigötum, að berja höfðinu við steininn og neita að horfast í augu við veruleikann, gerbreytta stöðu af hálfu gagnaðilans. Bandaríkjamenn hafa engan áhuga á að halda lengur úti hernaðarumsvifum í Keflavík og vilja fara þaðan að mestu leyti með vígtól sín og hafurtask. Það verður að gera það hægt og hljótt án þess að mikið beri á. Hvað eru margar Orion-flugvélar eftir núna að staðaldri í Keflavík? Hvað eru margir hermenn í landhernum? Er ekki störfum þar að fækka um mörg hundruð á nokkrum mánuðum þrátt fyrir sigrana miklu í sumar er menn sneru Bush niður með einu snöfurmannlegu bréfi? Eins og kunnugt er var það stríðsfyrirsögn á forsíðu Morgunblaðsins að mikill sigur hefði unnist og Bush verið snúinn niður. Menn sendu honum harðort bréf. Ég er ekki viss um að þetta sé svona.

Gæti ekki verið skynsamlegra af íslenskum stjórnvöldum að ganga til viðræðna með því hugarfari að hætta að lemja höfðinu við steininn og segja: Auðvitað hafa orðið breytingar sem menn þurfa að takast á við en menn þurfa að ræða hvernig þær eiga að gerast og í hvaða farveg þau mál fara. Mér er sérstaklega annt um að séð verði til þess í slíkum samningum að herinn verði látinn taka til eftir sig, hreinsa upp menguð svæði og látinn skilja sómasamlega við. Eitt mesta hneyksli í samskiptum íslenskra stjórnvalda og Bandaríkjahers í landinu þessi 50 ár er að íslensk stjórnvöld hafa ævinlega gert samninga sem hvítþvo herinn af því að bera ábyrgð á dvöl sinni hér og afleiðingum veru sinnar í tilteknum landsvæðum. Þannig á það að heita á pappírunum, samanber erfiðleika landeigenda t.d. á Heiðarfjalli við að knýja herinn til að taka til eftir sig. Þá skrifa íslensk stjórnvöld undir eitthvert blað um að herinn sé laus allra mála um leið og hann er farinn. Þetta er einsdæmi á byggðu bóli. Alls staðar þar sem Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir hafa verið með herstöðvar erlendis hafa þeir verið látnir borga bætur fyrir umhverfisspjöll eða annað slíkt sem af dvöl þeirra hefur hlotist.

Verkefnið felst í að horfa til þess hvernig megi nýta þá aðstöðu sem þarna losnar þegar dregur úr umsvifum hersins og hann endanlega fer. Hvaða aðrir kostir í atvinnulífi eru nærtækir til að blása lífi í byggðarlagið? Hér er ein hugmynd á borðum, ekki verri en hver önnur, þ.e. að skoða möguleika þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar á Suðurnes. Margar fleiri slíkar mætti taka upp á borðið ef einhver vilji væri til að nálgast málin þannig. Hverjir eiga að lokum eftir að reynast Suðurnesjamönnum verstir í þessum efnum? Það eru þeir sem lemja höfðinu við steininn og gera ekkert meðan þeir rembast við að verja óbreytt ástand sem augljóslega verður ekki varið til frambúðar.

[17:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af síðasta hluta ræðu þingmannsins þá hlýt ég að spyrja: Er þingmanninum ekki ljóst að Bandaríkin fluttu varnarlínuna heim að ströndum Bandaríkjanna og Kanada fyrir tveimur árum? Er þingmanninum ekki ljóst að þoturnar voru færðar undir stöðina á Suður-Englandi fyrir tæpu ári eða svo? Ég man ekki alveg tímasetningarnar. Á það ekki að hafa verið flestum ljóst sem fylgjast með utanríkismálum og lesa í bandaríska utanríkispólitík að þessar aðgerðir voru af því að menn ákváðu að hugsa meira um sjálfa sig og minna um hina? Mátti ekki ganga út frá því að á einhverjum tíma, fyrr en seinna, yrðu þoturnar hér fluttar til Suður-Englands?

Erum við ekki alltaf að tala um varnarliðið í eintölu á meðan við vitum að það er flotinn sem hér er fastur en flugherinn hins vegar með nokkrar þotur, og færri en fleiri? Ætli það séu fleiri en fjórar? Það skiptir okkur máli. Í því dæmi skiptir að sjálfsögðu mestu að með þotunum fylgja þyrlurnar, björgunarþyrlur sem hafa verið liður í björgunarkerfi okkar, mikilvægur þáttur. Það veit hvert mannsbarn og hefur verið ljóst í áratug, frá því að Bandaríkjamenn ætluðu síðast að hverfa á brott og hættu við, að við mundum þurfa að bæta við þyrluflota okkar. Veit ekki þingmaðurinn, þó við viljum ekki blanda saman atvinnumálum og varnarmálum, að það mun kosta okkur mikla fjármuni um leið og bara þyrlurnar fara.

En það er ákveðinn vandi í þessari umræðu. Sumt á helst ekki að segja og öðru á alltaf að halda fram, a.m.k. ef maður er stjórnarliði. Ég hlýt að spyrja þingmanninn að þessu vegna þess að hann ýjaði að þessum hlutum en sagði ekki hreint út.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefnir, að auðvitað hafa ýmsar breytingar gengið yfir hvað varðar áherslur Bandaríkjamanna sjálfra í utanríkisstefnu þeirra. Það hafa orðið breytingar á herstjórninni sem varða þetta mál, meira að segja mál eins og stjörnustríðsáformin og ýmislegt með skírskotun til þeirra skiptir máli. Síðast en ekki síst hafa áherslur Bandaríkjamanna breyst í tengslum við endurskoðun á allri þeirra framgöngu að þessu leyti vegna áherslunnar á baráttuna gegn hryðjuverkum. Það er t.d. vitað að Rumsfeld og hans menn eru komnir á þá skoðun að það sé alger vitleysa að halda úti herstöðvum af því tagi sem Keflavíkurstöðin er. Það minnir kannski á Atlantshafstengslin, ef svo má að orði komast, og fleira í

þeim dúr sem vissulega væri hægt að ræða ef tímin leyfði. En maður hefur takmarkaðan tíma.

Mér finnast lýsandi fyrir ástandið þessar fréttir, sem voru mér ekki miklar fréttir en þóttu stórfréttir á einhverjum fjölmiðli, að þoturnar væru óvopnaðar og hefðu að mestu verið undanfarin ár. Er það ekki nokkuð lýsandi fyrir ástandið, hvernig Bandaríkjamenn meta stöðuna? Það er bara járnið uppi í loftinu. Það er bara stálið, svolítið af bensíni en engin vopn. Hættan er ekki meiri en svo að mati Bandaríkjamanna. Þeir halda flugmönnum í þjálfun og eru aðallega að ónáða Akureyringa. Það er allur tilgangurinn með þessu.

Að lokum finnst mér þetta eiga að koma niður á grundvallaratriðin. Viljum við eða viljum við ekki reyna að halda í erlendan her í landinu þegar svo er komið að hann vill sjálfur fara? Í okkar tilviki, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er svarið alveg skýrt. Við tökum því fagnandi að þessi her er tilbúinn til að fara. Við viljum fara í viðræður um hvernig það gerist.

[17:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið við þessu er að við verðum að skilgreina varnarþarfir okkar. Við verðum að fara að skilgreina öryggis- og utanríkispólitík okkar betur. Einungis með því að fara í slíka skilgreiningu — Samfylkingin hefur reyndar lagt það til og komið hefur fram hér í dag að hún á þingmál um að fara í þessa vinnu — bara þannig getum við vitað hvernig við viljum tryggja öryggishagsmuni okkar.

Hæstv. utanrrh. hefur beinlínis sagt í ræðu á þinginu að ekki stafi lengur ógn af hálfu annarra ríkja eða árása annarra ríkja því ógnin sé hryðjuverk. Auðvitað vitum við öll að núverandi varnir eru kannski ekki akkúrat varnir gegn hryðjuverkum. Hins vegar verðum við að byrja á því að skilgreina varnarþarfir okkar og öryggismálapólitík til að vita hvers konar samband við viljum hafa við aðrar vinaþjóðir, því að þær eru líka fleiri en sú stóra sem mér hefur nú alltaf verið hlýtt til, þó ég gagnrýni hana líka þegar hún á það skilið.

Svo að lokum, virðulegi forseti, af því að ég kom í andsvar við hv. þm. um þessi mál af því að mér varð nokkuð heitt í hamsi: Það er alveg óþolandi í þessari umræðu að hæstv. utanrrh. verði að koma hér í andsvör, stutt andarteppuandsvör við þingmenn, og að ekki sé hægt að brjótast inn í þá umræðu og að maður þurfi kannski að vera að tala svona í kross til þess e.t.v. að kalla fram viðbrögð af hálfu hæstv. utanrrh. í lokaræðu hans því það sem við hv. þingmenn erum hér að ræða er vissulega grundvallaratriði í því hvernig varnir Íslands eiga að vera, við hverja á að vera í vináttusamstarfi o.s.frv.

[17:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er út af fyrir sig sammála því að á hverjum tíma er æskilegt að menn fari yfir það hvernig þeir sjá fyrir sér, hvort sem við köllum það öryggisgæslu, varnarþarfir, eftirlit eða löggæslu, landhelgisgæslu eða hvað það nú er. Og æskilegt er auðvitað að menn reyni að gera það á forsendum sem eru eins faglegar og þverpólitískar og unnt er þannig að ekki sé a.m.k. deilt um faglegu atriðin í þessu. Þessi mál hafa verið í þeim farvegi að undanförnu að það hefur fyrst og fremst verið utanrrn. sjálft sem hefur verið að gera skýrslur um slíka hluti. Hér hefur ekki starfað þverpólitísk öryggismálanefnd eða eitthvað því um líkt eins og var á níunda áratug síðustu aldar og Alþingi hefur ekki mikið að þessu nema í því formi að fá þau gögn sem aðrir hafa unnið upp í hendurnar á því. Að þessu mætti því vel standa öðruvísi.

Ég fæ engan veginn séð að nokkur rök liggi fyrir því að vörnum landsins sé alveg lífsnauðsynlegt að hér séu nákvæmlega fjórar vopnlausar F-15 þotur. Mér finnst það í raun undirstrika fáránleikann þegar reynt er að halda slíku fram við mann.

En ef við tölum um heiminn eins og hann lítur út í dag og hvað við teljum mikilvægt til þess að hér getum við búið við það dagsdaglega öryggi sem við teljum okkur þurfa þá held ég að nefna megi hluti eins og fullnægjandi öryggisgæslu á flugvöllum og við hafnir landsins, þar sem millilandaumferð er, landhelgisgæslu og efla björgunarstarfsemi. Þetta eru hlutir sem mér finnast eðlilega koma upp á borðið um leið og talið berst að því að bandarískt herinn sé að draga saman eða hverfa í burtu og svo auðvitað síðast en ekki síst að snúa sér að því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum og standa við bakið á því svæði þegar það verður augljóslega fyrir miklum áhrifum af þessum breytingum. En í mínum huga er allt tal um eiginlegar hervarnir á Íslandi út í loftið. Það er engin þörf fyrir þær og þær eiga engar að vera. Það á að vera öryggisgæsla þannig að ekki geti einstakir ribbaldar komið og tekið landið í stíl Jörundar hundadagakonungs, en ekkert umfram það. (Forseti hringir.) Enda er herstyrkur af þeirri stærðargráðu að við gætum varist alvöruárás herveldis bara hvort sem (Forseti hringir.) er ekkert inni í myndinni.

[17:34]

Útbýting þingskjala:

Afdrif hælisleitenda, 316. mál, fsp. ÁI, þskj. 362.

Lækkun tekjuskattsstofns, 77. mál, svar fjmrh., þskj. 329.

[17:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Hún sýnir mjög ljóslega að mikilvægt er að utanríkismál séu rædd á Alþingi með jöfnu millibili. Ég tel að í dag hafi komið ljóslega fram að mikil þörf er fyrir slíka umræðu og ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í henni.

Alltaf má deila um hvað skal ræða af hálfu utanrrh. í slíkri umræðu. Við höfum kosið á undanförnum árum að velja fyrst og fremst ákveðin mál í stað þess að ætla okkur að fara yfir allt sviðið, enda tel ég að það form sem hér er á þessari umræðu leyfi slíkt vart. Í þetta sinn valdi ég að ræða um öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, framboð okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þá framtíðarsýn sem við hefðum í því máli fram til 2008, 2009 og 2010. Við erum þar að bregðast við ítrekuðum óskum um kynningu á þessu máli og mér þótti rétt að það kæmi fyrst og fremst fram á Alþingi að við kæmum með einhverja heildarsýn um málið þannig að hér á fyrstu stigum málsins væri eðlileg umræða.

Síðan má alltaf segja sem svo að það sé algjörlega ófullnægjandi að ekki sé minnst á ýmis önnur mál og þessi vettvangur sé ekki notaður til skoðanaskipta um einhver allt önnur mál, hvort sem það er Írak, atvinnumál á Suðurnesjum, öryggismál þjóðarinnar. Mörg önnur mál snerta utanrrn. eins og staðan í Miðausturlöndum, staðan í Írak, Afganistan, Evrópumál, viðskiptamál og öll þau mál sem verið er að fjalla um á vettvangi utanríkismála. Sannleikurinn er sá að þessi málaflokkur snertir með einum eða öðrum hætti sérhvern þátt okkar innanlandsmála. Utanríkismál eru því ekki lengur

utanríkismál. Þau eru jafnframt innanlandsmál og engin leið er að skilja þar í milli. Ég tel í reynd að framboðið til öryggisráðsins snerti innanlandsmál okkar, sýn okkar á það fyrir hvað við viljum að Ísland standi og hvað Ísland eigi að gera í framtíðinni.

Umræðunni er að sjálfsögðu ekkert lokið. Hún er rétt að hefjast. Það mun verða vaxandi samráð við ýmsa aðila um þetta mál á næstu árum. Þetta er stórt og metnaðarfullt verkefni sem krefst atbeina allra stjórnarstofnana og þar á meðal Alþingis. Þess vegna fannst mér eðlilegt að við kynntum þetta mál með þessum hætti hér við þetta tækifæri. Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál snerti í reynd þróun þjóðfélags okkar, endurspegli þroskaferli þjóðarinnar. Ég held að öll rök séu fyrir því að við höfum náð því stigi á þeim stutta tíma síðan við urðum sjálfstæð þjóð að geta axlað slíka ábyrgð og tekist á hendur slík verkefni. Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því sem þjóð hvað við ætlum okkur að gera og hvaða ábyrgð fylgir því. Það er framlag okkar til alþjóðamála en það er jafnframt tæki til þess að þróa og þroska íslenska utanríkisþjónustu. Þess vegna er mjög erfitt að leggja beint mat á hvað þetta muni nákvæmlega kosta. Við munum hins vegar taka það eins ítarlega saman og við getum. Við erum að leggja lokahönd á það. Hins vegar má vel vera að það breytist í tímans rás. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt fyrir um hvernig það muni líta nákvæmlega út árið 2008 því að þeir sem standa fyrir málum á þeim tíma þurfa að bregðast við því sem þar kemur fram því að aðalbaráttan í þessu máli verður einmitt á árunum 2007 og 2008 eða eftir næstu alþingiskosningar. Það er þá stjórnvalda á þeim tíma að ákveða hvað verður endanlega gert. Svo má vel vera að þá hafi orðið breytingar á öryggisráðinu. Við erum að berjast fyrir því að breyta öryggisráðinu þannig að fleiri komi þar að. Það getur haft þau áhrif að við fáum jafnvel tækifæri til þess að koma þarna inn eitthvað fyrr eða jafnvel eitthvað síðar. Um það getum við ekkert sagt á þessu stigi.

Sá kostnaður sem þarna verður fyrst og fremst og hægt er að færa beint undir þetta mál er fjölgun starfsmanna í New York, við fastanefndina þar, og jafnframt fjölgun starfsmanna sem þurfa að sinna þessum málum heima á Íslandi og vera þar nánast á sólarhringsvakt vegna þess að það verður að vera stöðugt samband milli okkar fólks í New York og fólks í ráðuneytinu sem síðan verður líka að geta haft samráð við ýmsa aðra aðila, t.d. hin Norðurlöndin. Það liggur ljóst fyrir að hin Norðurlöndin styðja okkur til þessa framboðs á sama hátt og við styðjum t.d. Danmörku í viðleitni þeirra að gerast aðilar að öryggisráðinu 2006 og 2007, og þar á undan voru það Norðmenn.

Ég tel að full ástæða sé til bjartsýni í þessu máli. Ég tel engan vafa leika á því að það er okkur mjög nauðsynlegt sem þjóð að takast á hendur þetta starf og fara í þessa baráttu. En við verðum að sjálfsögðu að gera það með þá trú að við getum það.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að hann hefði nú ekki mikla trú á því að það tækist og vildi þá kenna um á þessu stigi málefnum Íraks. Ég tel út í hött að vera með slíkar ágiskanir og vil minna hv. þm. á það þegar við fórum í starfið að því er varðaði Kyoto. Þá sagði hann á Alþingi að það væri nú alveg ljóst hvernig það endaði, þetta væri nú mál sem Íslendingar gætu aldrei landað. Það varð nú samt raunin að við gerðum það og lukum því máli með fullum sóma þannig að mér finnst engin ástæða til að leggja út í þetta mál með einhverja svartsýni í huga, eins og mér fannst koma fram í máli hans.

Að því er varðar öryggisráðið sjálft, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á, og endurskipulagningu þess þá sagði ég í ræðu minni að ég teldi t.d. Íraksmálið vera dæmi um vissan vanmátt öryggisráðsins. Ég ætla ekkert að útskýra það nánar. Ég tel að það hafi farið eins og fór m.a. vegna þess að þarna er mjög ríkt neitunarvald. Ég er ekki trúaður á að samkomulag takist um það — og allt byggir þetta nú á því að samkomulag náist á þessu sviði sem öðrum — að stórveldin sleppi algjörlega neitunarvaldi sínu þó að ég vilji ekki útiloka það. Ég tel það mjög vel koma til greina. Að minnsta kosti tel ég fulla ástæðu til að fara þess á leit mjög ákveðið í þeirri endurskipulagningu að þetta neitunarvald verði verulega takmarkað, að ekki sé hægt að beita því hvenær sem er. En þá er að sjálfsögðu vandinn hvenær á að vera hægt að beita því. Ég býst við því að við gætum verið sammála um að það væri í málum sem skiptu sköpum. Ja, fyrir hverja? Þá vandast nú málið. Ef það skiptir sköpum fyrir mannkyn á þá einhver að geta beitt neitunarvaldi? Það er því mjög vandasamt verk að skilgreina hvenær það væri hægt. En ég tel algjörlega óeðlilegt að stórveldin geti beitt neitunarvaldi í tíma og ótíma.

Hv. þm. hafa lagt hér fram fjölmargar fyrirspurnir sem ég vildi gjarnan hafa tíma til að svara. Ég vil þó koma inn á eitt mál sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í lokin ásamt mörgum öðrum, þ.e. ástandið í Miðausturlöndum. Ísland hefur mjög ákveðna skoðun á múrnum sem verið er að reisa. Við höfum fordæmt það mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og greitt atkvæði með ályktun þar um þannig að afstaða okkar alveg skýr. Ég tel alveg ljóst að bygging á þessum múr sé eitt af því sem hefur sett friðarferlið í uppnám og sé ekki réttlætanleg aðgerð af hálfu Ísraelsmanna.

Hv. þm. nefndi að fjölmargar ályktanir er vörðuðu Ísrael og Palestínu væru ekki teknar jafnhátíðlega og ályktanir sem Sameinuðu þjóðirnar hefðu samþykkt, t.d. að því er varðar Írak. Við verðum samt að hafa í huga að allar ályktanirnar í sambandi við Írak frá því að byrjað var að ræða um efnavopnaeign þeirra voru á grundvelli VII. kafla stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna þar sem gert er ráð fyrir beitingu valds. En ályktanir sem varða Ísrael eru á grundvelli VI. kafla þar sem ályktununum er beint til aðila, en þar er ekki talað um valdbeitingu. Á þessu er grundvallarmunur þó að ég sé á engan hátt að bera í bætifláka fyrir það að þjóðir heims, og þá sérstaklega Ísrael, fari ekki að ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Þarna er ástandið mjög alvarlegt og að mínu mati er báðum aðilum um að kenna, bæði Ísraelsmönnum og Palestínumönnum. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að Palestínumenn eru veikari aðilinn í þessu máli og ástandið þar er skelfilegt. En ástandið í Ísrael er líka vont og það er alveg ljóst að friður á þessu svæði skiptir alla máli, bæði Palestínumenn og Ísraelsmenn og allar þjóðirnar í kring. Það sama á einnig við um Afríku og alls staðar þar sem ófriður ríkir að friður er forsenda framfara. Það á líka við um Afganistan og Írak. En því miður hefur sagan kennt okkur að stundum þarf að berjast fyrir friði. Það er vondur kostur en það er hins vegar staðreynd.

[17:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg rétt að utanríkismál og innanríkismál, í hinum gamla hefðbundna skilningi, séu að renna æ meira saman. Það er enginn vafi á því og við eigum ekkert val í þeim efnum að utanríkismál eða alþjóða-

mál taka meira af tíma stjórnmálamanna í nútímanum og stofnana eins og Alþingis og ríkisstjórna og opinberra stofnana en nokkru sinni fyrr, það er í samræmi við þróun mála. Alþingi þarf auðvitað að vera hluti af þessari þróun og hefur að nokkru leyti legið eftir, að ég tel. Ég hef verið að tala fyrir því undanfarin ár, mig minnir reyndar að hæstv. ráðherra hafi tekið undir það og nefnt það sjálfur að Alþingi ætti að hafa sjálfstæða viðveru í Brussel svo að við hefðum þar á að skipa eigin fulltrúum eða manni sem gæti verið tengiliður við starfið hér heima, gert aðvart um það sem væri á leiðinni o.s.frv.

Að sama skapi tek ég undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi að í tengslum við m.a. framboð til öryggisráðsins væri full ástæða til að endurskoða með hvaða hætti þingmenn kynnast störfum Sameinuðu þjóðanna og að það yrði eflt á komandi árum þannig að stærri hluti þingmanna þekkti af eigin raun hvað fer þarna fram, m.a. í aðdraganda þessa framboðs.

Það er út af fyrir sig skiljanlegt að það sé erfitt að meta kostnaðinn af þessu. En það er líka spurning um hvað hæfilegar kröfur eru í þeim efnum. Eitt er auðvitað að efla sendiráð í New York og manna það og sömuleiðis hér heima, hitt er dýr kosningabarátta og áróður um allan heim til að vinna sætið. Það er hlutur sem margir hafa kannski meiri efasemdir um að eyða miklu fé í. Spurningin er hvort smáríki geti ekki með einhverjum hætti fengið það viðurkennt að þau gangi ekki í gegnum alveg sama ferli í þessu öllu saman og miklu stærri og ríkari þjóðir. Við getum tæpast apað eftir Norðmönnum hvað t.d. útgjöld snertir í þessum efnum.

[17:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þessi barátta er miskunnarlaus milli þeirra ríkja sem þarna vilja komast að. Þetta er mikið metnaðarmál margra þjóða. En ég tek undir það með hv. þm. að við getum ekki verið að elta ólar við hvað aðrir eru nákvæmlega að gera, það er ekki rétt af okkur. Við erum fámenn þjóð, að mínu mati ekki lítil þjóð, en við erum fámenn þjóð og þurfum að taka mið af því í máli sem þessu.

Það mun fylgja í þessu sambandi ferðakostnaður og spurning um hvernig á að skilgreina það. Það er t.d. ljóst að utanrrh. á hverjum tíma verður að sinna þessu máli og ég nota tækifærið, eins og í ferð minni til Afríku, í samtölum við utanríkisráðherra níu Afríkuþjóða að tala um þetta mál og koma á samböndum við þessa aðila. Sama mun ég að sjálfsögðu gera að því er varðar ferð í næsta mánuði til Írans. Það er mjög mikilvægt að við kynnumst betur aðstæðum í Afríku, aðstæðum í löndum múslima og að við setjum okkur inn í mál þessara landa til þess að öðlast meiri skilning á aðstæðum og til þess að ávinna okkur meira traust til að tala um málefni þeirra í framtíðinni og vera með í því að kveða upp dóma sem geta skipt þessa aðila miklu máli.

Ég tel að við höfum alla burði til þess í Afríku, t.d. í Alþjóðabankanum, öll mál þar snerta mjög Afríkuríkin.

[17:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir mitt leyti legg ég fyrst og fremst áherslu á það að þunginn eigi að vera eins mikið og kostur er á hinn efnislega og pólitíska undirbúning, að Ísland komi vel undirbúið undir það að hafa skoðanir á hlutunum og sjálfstæðar meiningar byggðar á þekkingu og skilningi á högum manna vítt og breitt um heimsbyggðina, en miklu síður að menn séu að leggja peninga í hreina auglýsingamennsku eða hreinan lobbíisma fyrir sætinu. Það verður þá frekar að taka því að það tapist þrátt fyrir heiðarlega baráttu og málefnabaráttu heldur en hitt að ætla að kaupa þetta með áróðri.

Ég vil svo segja það um endurskipulagningu öryggisráðsins að það er náttúrlega gríðarlega stórt og mikilvægt viðfangsefni. Það kann vel að vera að eina leiðin sé að viðhalda neitunarvaldi þarna inni að einhverju leyti, kannski taka fleiri þjóðir þar inn sem fái hlutdeild í takmörkuðu neitunarvaldi. Í mínum huga væri best að koma því alveg út en hafa í staðinn áskilnað um aukinn meiri hluta þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar að það þyrfti að vera lágmarkssamstaða upp á $^{4}/_{5}$ eða eitthvað því um líkt þegar hinar afdrifaríkustu ákvarðanir eru teknar, t.d. um valdbeitingu eða annað því um líkt.

Hin leiðin væri sú að takmarka neitunarvaldið við hluti sem vörðuðu beinlínis þjóðarhagsmuni fjölmennustu þjóðanna og það yrði þá notuð einhver slík skilgreining. Auðvitað er fáránlegt að Indland sé með allt aðra og miklu veikari stöðu en tvær eða þrjár 50 millj. Evrópuþjóðir, svo dæmi séu tekin. Ef þetta væri nálgast á einhverjum slíkum forsendum væri kannski hægt að sætta sig við að nokkur fjölmennustu ríki heims hefðu bremsuvald gagnvart sínum þjóðarhagsmunum sem tala fyrir hönd kannski fjórðungs eða fimmtungs mannkyns, en ekki núverandi ástand.

[17:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við Íslendingar vorum fyrstir Norðurlandaþjóða til að lýsa því yfir að okkur þætti eðlilegt að Indland ætti fasta setu í öryggisráðinu, af því að það er nú oft verið að tala um að við sýnum lítið sjálfstæði. Það var afstaða sem við tókum að vel yfirlögðu máli og töldum að væri rétt ákvörðun. Síðan hafa aðrar þjóðir tekið sömu afstöðu. En við erum vön að ræða mikið við Norðurlandaþjóðirnar um ýmis mál og sækjum að sjálfsögðu í smiðju þeirra og margra annarra þjóða að því er varðar öryggisráðið. Við erum að kynna okkur hvað ýmsar þjóðir hafa gert í sambandi við þessi mál og reyna að meta það hvað er lágmark af okkar hálfu.

Það er alltaf skammt á milli þess sem menn kalla áróður og að koma naðsynlegum upplýsingum á framfæri. Það er mikilvægt að menn þekki til okkar mála, menn þekki til þess hver við erum, fyrir hvað við stöndum og hvaða afstöðu við höfum til margvíslegra mála. Þessu verðum við að koma á framfæri, við verðum að koma því á framfæri í rituðu máli að einhverju leyti, með samtölum og það verður að hamra á því ávallt í öllum samskiptum sem við eigum við þessar þjóðir. Það er það sem við erum að undirbúa og teljum að það sé mjög mikilvægt að koma því á framfæri, jafnvel þó að það leiði til þess að við verðum ekki aðilar að öryggisráðinu. En auðvitað gerum við það með það í huga að við vinnum þá baráttu.

[17:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið nefnt mörgum sinnum í ræðum manna hér í dag að stærsti hluti af ræðu hæstv. utanrrh. hafi verið um öryggisráðið, mér finnst fara ágætlega á því að við endum þessa umræðu einmitt á öryggisráðinu og engu öðru.

Af því tilefni vil ég segja að Samfylkingin leggur mikla áherslu á þátttöku í alþjóðasamstarfi og að vera fullgildur aðili á slíkum vettvangi og að fullt jafnræði ríki milli aðildarþjóða. Sameinuðu þjóðirnar eru efstar á blaði yfir mikilvægi alþjóðasamstarfs Íslands og það held ég að við séum öll sammála um.

Ísland og Norðurlöndin eru þekkt sem lönd friðar og jafnréttis. Það er aldagömul hefð á Íslandi fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum, mannréttindum og virðingu fyrir öðrum og þar sem Ísland er þátttakandi á friðarstarf að vera í öndvegi. Þetta hef ég sagt fyrr í dag og vil árétta þetta.

Ísland er á jafnréttisgrundvelli þátttakandi í samstarfi Norðurlanda og Evrópu og ég hef gert ráð fyrir því að í öryggisráðinu muni Ísland tala jafnframt í þeirra nafni. Ísland getur axlað þessa ábyrgð og það er enginn efi hjá mér að við eigum að sækjast eftir þessu. Samfylkingin hefur stutt utanrrh. í umræðunum í dag hvað þetta varðar, en hann hefur líka fengið að heyra á hvaða forsendum við teljum að sú aðild sem hér er talað um eigi að vera.

Ég legg mikla áherslu á það og það eru mín lokaorð, virðulegi forseti, að yfirlýsing ráðherra um að tryggja aðkomu þingsins að undirbúningnum gangi eftir. Það væru ný og betri vinnubrögð sem ég styð.

[18:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir það sem hún sagði um þessi mál og fyrir þann stuðning sem hún hefur sett fram. Ég tel að það sé allt önnur tóntegund en formaður Samf. byrjaði hér með í umræðunni í dag þegar hann líkti vitsmunastigi utanrrh. við vitsmunastig strútsins, taldi að ræðan bæri vott um það og að hún hefði átt að fjalla um eitthvað allt annað. Ég tók það ekki sem mikinn stuðning. Og mér fannst alveg út í hött að ræða þessi mikilvægu framtíðarmál á því plani.

En ég heyri að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir telur þetta mjög mikilvægt mál og ég veit að hún meinar það sem hún segir. (**RG:** Formaður Samf. líka.) Og formaður Samf. líka? Ja, hann hefur þá afskaplega undarlegar aðferðir til að tjá sig, sá formaður. Ég a.m.k. skil það ekki og finnst það með ólíkindum. Það má vel vera að ég hafi algjörlega misskilið ræðu formannsins; það væri þá ekki alveg í fyrsta skipti sem ég hef misskilið hann. Hann kom í ræðustól og honum var mikið niðri fyrir en ef það hefur verið tómur misskilningur finnst mér það mjög gott og skal þá biðjast afsökunar á því að hafa misskilið manninn. En mér fannst ekkert fara á milli mála hvað þessi ágæti formaður var að fara.

[18:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði svo sem ekki að koma aftur hér í pontu en ég ver minn formann. Bara svo að við höfum það á hreinu. Hann gagnrýndi það sem ekki var í ræðunni. Honum fannst óþarfi að nota svona mikinn part af ræðunni í umræðuna um öryggisráðið og það má vera skoðun hans. Það er alveg ljóst sem ég hef hér sagt að um leið og Samf. hefur sett fram sín varnaðarorð um ýmislegt sem snýr að þessu máli styður hún að Ísland sækist eftir setu í öryggisráðinu. Og þetta er mikilvægt. Mín orð lutu að því að þar sem ráðherranum hefði verið í mun að nota svona mikinn part af ræðu sinni í að ræða öryggisráðið færi vel á því að enda á því. Og það er bara endurtekið hér.

Það er samt frekar óþægilegt að enda svona langa umræðu — hún hófst hér klukkan hálfellefu í morgun og við hæstv. utanrrh. höfum setið við nær sleitulaust síðan — á svo vinsamlegum orðum og að ráðherrann kunni ekki að meta þau. Það finnst mér miður.

En ég endurtek bara stuðning minn og forsendur hans.

[18:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. þingmanni fyrir það sem hún hefur sagt og ég geng út frá því að hún sé talsmaður Samf. í þessu máli, (**RG:** Hún er það.) en ekki formaðurinn. Og ég fagna því. Ég tók orð formannsins svona og það er gott ef það á ekki að taka þau mjög alvarlega, ég fagna því. Hann taldi að ég hefði verið eitthvað sérstaklega skapvondur og úrillur í þessari umræðu. Hann er vanur að taka það fram í öllum umræðum sem hann á í við mig, einhverra hluta vegna. En mér fannst ekki liggja neitt sérstaklega vel á formanninum þegar hann kom hingað í ræðustól.

Ég er ánægður með það að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem er í utanrmn., tekur af skarið um þessi mál. Ég vænti þess að við getum náð sem bestri samvinnu um að Ísland verði aðili að öryggisráðinu 2009 og 2010. Það er mikilvægt að við séum sammála um það. Við vitum ekkert hvaða flokkur fer með utanríkismál á þeim tíma og ég held að *við ættum að hafa metnað til þess að reyna að undirbúa* það sem best þannig að sá utanrrh. sem tekur við því vandasama verkefni sé vel undir það búinn og hafi sem mestan stuðning þings og þjóðar til þess. Á það legg ég áherslu. Ég er alveg viss um að það verður ekki sá sem hér stendur sem verður í þeirri aðstöðu.

Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, fyrri umr.

Stjtill., 294. mál. — Þskj. 339.

[18:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999 og er mjög mikilvægur samningur.

Með samningnum er stefnt að því að samræma ýmsar efnis- og formreglur aðildarríkjanna er tengjast tilteknum tegundum spillingarbrota og bæta alþjóðlegt samstarf í því skyni að auðvelda saksókn vegna þessara brota. Við gerð samningsins var gengið út frá því að spilling samanstæði af mútum eða annarri háttsemi sem brýtur gegn skyldu manna *sem falin hefur verið ábyrgð af opinberum* eða viðskiptalegum toga og sem ætlað er að ná fram ávinningi af einhverju tagi fyrir þá sjálfa eða aðra sem þeir eiga ekki tilkall til. Út frá þessum víðtæka skilningi voru tilteknar tegundir spillingar skilgreindar og hefur samningurinn að geyma verknaðarlýsingar þeirra spillingarbrota sem aðildarríkjunum ber að lýsa refsiverð í lögum sínum. Þær tegundir spillingar sem hér um ræðir eru mútuboð og mútuþágur til ýmissa opinberra aðila, innlendra sem erlendra, mútuboð og mútuþágur til aðila í einkageiranum og áhrifakaup.

Í samningnum er einnig kveðið á um ýmsar formreglur sem stefna að því að auka skilvirkni baráttunnar gegn spillingu. Samningurinn hefur því víðtækara gildissvið en

fyrirliggjandi alþjóðasamningur á þessu sviði sem flestir hafa eingöngu snúið að afmörkuðum hópi manna eða takmarkaðri tegund spillingar.

Í formála samningsins sem gerður er á vegum Evrópuráðsins er lögð áhersla á að spilling ógni réttarreglu, lýðræði og mannréttindum, grafi undan góðum stjórnarháttum, sanngirni og félagslegu réttlæti, raski samkeppni, hindri efnahagsþróun og ógni stöðugleika stofnana lýðræðisins. Samningurinn er afrakstur áralangs starfs við að þróa alþjóðlegt kerfi til að berjast gegn spillingu. Alþjóðlegt átak þarf til þess að ná árangri í baráttunni gegn spillingu og er samningurinn því opinn fyrir aðild ríkja, jafnt innan sem utan Evrópuráðsins.

Til þess að tryggja frekari árangur baráttunnar gegn spillingu var svonefndum ríkjahópi gegn spillingu komið á fót. Ríkjahópurinn hefur það markmið að auka getu þátttökuríkja hópsins til þess að berjast gegn spillingu með því að grípa til aðgerða sem gera þeim kleift að standa við skuldbindingar sínar á þessu sviði. Eftirlit með framkvæmd samningsins er falið starfshópnum gegn spillingu og þau ríki sem ekki eru aðilar að hópnum verða sjálfkrafa aðilar að honum þegar samningurinn öðlast gildi að því er þau varðar.

Spillingarsamningurinn öðlaðist gildi 1. júlí 2002. Nú hafa 42 aðildarríki Evrópuráðsins undirritað samninginn auk Mexíkós, Bandaríkjanna og Hvíta-Rússlands og 21 ríki fullgilt hann. Þessi samningur var undirritaður 27. janúar 1999 og þess vegna er mikilvægt að við fullgildum hann sem fyrst.

Það þarf að gera breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, og á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144/1998, sbr. lög nr. 99/2002, til að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem spillingarsamningurinn leggur aðildarríkjum á herðar. Dóms- og kirkjumrh. hefur þegar lagt fram lagafrv. þar að lútandi hér á Alþingi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[18:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst sjálfsagt að við fullgildum þennan samning sem fjallar um mútuboð og mútuþágu og áhrifakaup. Þetta eru þekkt fyrirbæri í mörgum vanþróuðum ríkjum og því miður eru dæmi um slíkt á Vesturlöndum líka. Það er mikilvægt að vinna gegn þessu og sjálfsagt að fullgilda samninginn. Ég mun taka þátt í því að yfirfara hann í utanrmn. og vona að það komi aldrei til að það reyni á þessi lög sem við munum að sjálfsögðu setja hér í tengslum við samninginn.

[18:11]

Útbýting þingskjals:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 312. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 358.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:12.

28. FUNDUR

mánudaginn 17. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, stjtill., 294. mál, þskj. 339. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Einkaleyfi, stjfrv., 303. mál, þskj. 348. — 1. umr.
4. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 304. mál, þskj. 349. — 1. umr.
5. Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350. — 1. umr.
6. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 306. mál, þskj. 351. — 1. umr.
7. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 312. mál, þskj. 358. — 1. umr.
8. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 359. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 3.30, að loknum óundirbúnum fyrirspurnum og atkvæðagreiðslum, fer fram utandagskrárumræða um stöðu nýsköpunar á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson. Hæstv. viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, 235. mál, svar viðskrh., þskj. 357.

Myndasafn lögreglu, 171. mál, svar dómsmrh., þskj. 278.

Athugasemdir um störf þingsins.

Bréf forsætisráðuneytis til Alþingis.

[15:03]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það voru sagðar fréttir af því í síðustu viku að ríkisstjórnin og fjmrn. hefðu sent út tilskipanir til stofnana ríkisins um að þær skyldu ekki snúa sér að eigin frumkvæði til fjárln. Alþingis. Er það mál út af fyrir sig sérmál sem ég vona að verði tekið til sérstakrar umræðu þó að síðar verði. Ég kaus hins vegar að kanna hversu langt framkvæmdarvaldið hefði í þessu gengið og gerði fyrirspurn til þingsins á föstudag um hvort því hefðu borist slík tilmæli

frá framkvæmdarvaldinu. Það er skemmst frá því að segja, virðulegur forseti, að ég hef hér í höndunum bréf forsrn. ásamt með bréfi fjmrn. til skrifstofu Alþingis þar sem þeim tilmælum er beint til Alþingis að það komi áfram tilmælum til stofnana Alþingis um það að Alþingi Íslendinga og stofnanir þess leiti ekki að eigin frumkvæði til fjárln. Alþingis vegna fjárlagagerðar.

Virðulegur forseti. Mér er kunnugt um að hæstv. forsrh. vill gjarnan vera talinn fyndinn en ég veit ekki hvers konar grín þetta er eiginlega. Hvað á framkvæmdarvaldið með það að beina þeim tilmælum til löggjafarvaldsins að það ræði ekki við sína eigin fjárln.? Ég trúi því og treysti að þetta bréf hafi verið sent út fyrir misgáning af hálfu forsrn. því að hversu mjög sem menn langar til að vera kóngar á Íslandi er á um það kveðið í stjórnarskránni að hér sé valdinu skipt milli framkvæmdarvalds, dómsvalds og löggjafarvalds og ég get ekki skilið í því að framkvæmdarvaldið sendi löggjafanum erindi eins og Alþingi Íslendinga sé eins og hver önnur undirstofnun forsrn. Það er algerlega skýrt samkvæmt 10. gr. þingskapa og samkvæmt 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins með hvaða hætti fjárlagatillögur eru gerðar af hálfu Alþingis. Ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh.: Hvaðan koma honum valdheimildir til þess að senda Alþingi tilmæli af þessu tagi?

[15:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að fyrsti dagskrárliður er Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa og hefði verið eðlilegt ef vakti fyrir hv. þingmanni að gera hér fyrirspurn til hæstv. forsrh. að gera það undir þeim lið því að við höfum lagt upp úr því að reyna að halda þessum lið til haga og hefja ekki almennar umræður að öðrum kosti.

[15:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér undir störfum þingsins vekja þessar upplýsingar hv. þingmanns alveg sérstaka athygli og ég sem *á sæti í forsn. þingsins hafði ekki heyrt af þeim fyrr en í* dag. Mér þykir þetta einmitt málefni sem þarf að ræða undir störfum þingsins enda lýtur það að starfsháttum á Alþingi Íslendinga. Ég hygg að við hljótum að ræða í forsn. á morgun hvernig það geti gerst þegar lög standa til alls annars að framkvæmdarvaldið sé með tilskipanir af þessum toga gagnvart æðstu stjórn þingsins.

[15:07]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég skil ábendingu yðar um að fyrirspurnir *eru hér á dagskrá í næsta lið. Þeim óskum var hins* vegar komið á framfæri við mig vegna þess að kunnugt var um fyrirspurn þá sem ég vildi gera að ég kæmi fram með málið undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins. Mörgum öðrum þingmönnum þótti málið svo brýnt að þeir vildu geta tekið þátt í umræðu um það við forsrh. og ég treysti því að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því hvað leiddi til bréfasendinga hans hingað til þingsins.

[15:08]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Það er auðvitað þannig að þegar menn taka hér til máls um störf þingsins gera þeir það í fullum rétti. Ég hef ekki í annan tíma heyrt umræðu um störf þingsins sem er einmitt um störf þingsins og það sem mér finnst að forseti eigi að gera í staðinn fyrir að tefja menn í alvarlegri og einbeittri umræðu er að taka þátt í henni sjálfur og skýra að sínu leyti hvað honum finnst um svona vinnubrögð Alþingis sem hann stjórnar.

[15:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir að taka þetta mál upp í þinginu því að þetta er virkilega umræða sem heyrir undir störf þingsins. Við hljótum að kalla eftir því hvað virðulegum forseta Alþingis finnst um það þegar framkvæmdarvaldið sendir erindi um að tilteknar stofnanir sem undir þingið heyra skuli ekki bera sig upp við fjárln. Alþingis. Við hljótum að kalla eftir því, virðulegi forseti, af því að fjárveitingavaldið er enn hjá Alþingi, a.m.k. að forminu til, hver afstaða virðulegs forseta sé til svona skeyta. Í mínum huga er alveg deginum ljósara að það er verið að senda tilmæli um að þessar stofnanir tjái sig ekki við fjárln. Og ég trúi því ekki öðru, virðulegur forseti, sem ég veit að hefur setið lengi á þingi og þekkir vel til starfa þess en að hæstv. forseti vilji veg þingsins sem mestan og tryggja að það vald sem heyrir til þingsins verði ekki af því tekið á þennan hátt.

Því kalla ég eftir því, virðulegi forseti, að forseti gefi okkur, þingheimi, skýringar eða greini frá afstöðu sinni til þessa bréfs því að mér fyndist það vera merkilegt innlegg í þessa umræðu.

[15:10]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég taka fram að ef ég sé ástæðu til að skrifa fjárln. bréf geri ég það.

[15:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram um að það sé nauðsynlegt að forseti og forsn. þingsins taki fyrir þau tilmæli sem komið hafa frá ráðherrum, frá handhöfum framkvæmdarvaldsins, um starfshætti fjárln. og Alþingis við fjárlagagerð.

Hér hefur verið greint frá því að einstök ráðuneyti hafi sent bréf til stofnana sinna — ég veit ekki hversu margra aðila í samfélaginu — um að ganga ekki með erindi sín á fund fjárln. Í fjárln. hefur reyndar verið óskað eftir því að fá afrit af þessu bréfi og þessum bréfaskiptum öllum til þess að sjá hvernig þar er um orð búið.

Þess er vænst að bréfin verði kunngerð og rædd í fjárln. við fyrsta tækifæri, enda var einmitt ákveðið á fundi nefndarinnar núna fyrir helgina að þetta mál yrði þar tekið alveg sérstaklega upp og rætt. Engu að síður er þetta svo alvarlegt mál, virðulegi forseti, varðandi sjálfstæði þingsins og eðlileg og nauðsynleg vinnubrögð fjárln. sem starfar í umboði þingsins að svona tilskrif eru algjörlega forkastanleg. Þess vegna er mjög mikilvægt að hæstv. forseta sé gert kunnugt um hvað í gangi er, hvers konar valdbeiting og hroki er á ferðinni gagnvart þinginu og nefndum þess til þess að forseti geti látið málið til sín taka.

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er kannski á mörkunum að þetta mál *fái þá yfirveguðu umfjöllun og athygli sem því ber og það* á skilið. Þetta er angi af mjög stóru máli sem hér hefur oft borið á góma undanfarin ár þar sem tilhneigingar framkvæmdarvaldsins eru allar í eina átt, og þær hinar sömu, þ.e. að halda upplýsingum frá Alþingi. Þetta hefur ítrekað og

með ýmsum hætti birst hér og orðið tilefni deilna á undanförnum árum, m.a. og ekki síst í tengslum við fjárlagagerð. Þess eru dæmi, og það muna menn, að fjárln. hefur þurft að fara í harðar aðgerðir til þess að draga upp úr ráðuneytum upplýsingar, t.d. sundurliðun á ákveðnum þáttum. Ég nefni þar sem dæmi sundurliðun á kostnaði við einkavæðingu, hverjir voru ráðgjafar ríkisstjórnar í slíkum tilvikum og hve mikla peninga þeir fengu. Þar hlupu upphæðir á tugum eða hundruðum milljóna kr. Engu að síður var einbeitt ætlun framkvæmdarvaldsins að halda slíkum upplýsingum leyndum fyrir Alþingi, fyrir fjárveitingavaldinu.

Það hefur borið í vaxandi mæli á því á undanförnum árum að fyrirspurnum er svarað seint, illa eða jafnvel alls ekki.

Í þriðja lagi er það vel þekkt, og ekki síst var það upp tekið í menntamálaráðherratíð fyrrv. menntmrh. Björns Bjarnasonar, að banna forustumönnum undirstofnana undir ráðuneytinu að koma og kynna málefni sín með sjálfstæðum hætti fyrir fjárln. Þannig er í raun og veru verið að reyna að gera hið formlega fjárveitingavald Alþingis að forminu einu. Það er verið að gera fjárlögin að einhvers konar stimpli en í reynd sé það tilskipunarvald ráðuneyta sem ákveði fjárreiður ríkisins á hverju ári. Það þarf náttúrlega ekki að fara um það mörgum orðum hversu stórhættulegt það er ef framkvæmdarvaldið kemst upp með slík vinnubrögð. Hér er svo sannarlega, herra forseti, ástæða til að taka málin upp til ítarlegrar og rækilegrar umræðu. Vilja menn halda áfram að leyfa hlutunum að þróast inn á þetta óheillaspor?

[15:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég sé mig knúna til að benda hæstv. forseta á að það sem hér er farið fram á og það sem hv. þm. hafa bent á er að þörf er á því að virðulegur forseti okkar hér á hinu háa Alþingi skrifi hæstv. forsrh. bréf, minni hann á valdmörk löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins, minni hann á það hvar fjárveitingavaldið liggur formlega séð samkvæmt stjórnarskránni o.s.frv.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst með ólíkindum að sitja undir þessari umræðu hér. Hvorki hefur virðulegur forseti þingsins séð ástæðu til að lýsa yfir áhyggjum sínum af þeim bréfum sem hér er vitnað í né heldur sjá hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar svo mikið sem ástæðu til að reyna að svara. Ónei, herra forseti, hér sitja þeir landsfeður þessarar ríkisstjórnar, oddvitar ríkisstjórnarinnar, brosandi undir umræðunum rétt eins og tveir feður sem horfa á óknyttin börn sín og bíða þess að ólátunum linni.

En, herra forseti, málið er alvarlegra en svo. Það hlýtur að vera krafan, herra forseti, að virðulegur forseti taki þetta mál til alvarlegrar skoðunar með sjálfstæði þingsins í huga, ekki síst þar sem við höldum bráðlega upp á 100 ára afmæli heimastjórnar.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Forseti lýsti því yfir í upphafi þessa máls að það ætti undir 1. dagskrárliðinn og ég tek auðvitað tillit til óska þingsins þó að ég sé forsvarsmaður framkvæmdarvaldsins.

[15:17]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að þetta er aðeins angi af miklum mun stærra máli, máli sem við erum búin að vera að kljást við árum saman, sem er þessi sífellda togstreita milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins.

Það er með ólíkindum að forsrn. skuli senda slíka tilskipun til Alþingis en það er ekki síður merkilegt, herra forseti, að forseti sjái ekki ástæðu til að bregðast við og segja þingheimi hvernig Alþingi hafi brugðist við þessu tilskipunarbréfi forsrn. Hafa einhver viðbrögð orðið af hálfu Alþingis vegna þeirrar tilskipunar að Alþingi og undirstofnanir þess skuli ekki ræða við fjárln.?

Við höfum tekið þetta fyrir í fjárln. og lítum það mjög alvarlegum augum. Þar hefur verið samþykkt að óska eftir því að bréf fjmrn. berist nefndinni og einnig skýrsla um það hvernig önnur ráðuneyti brugðust við bréfi fjmrn. Það er augljóst mál að það þarf líklega einnig að óska eftir upplýsingum um það hvernig Alþingi brást við bréfaskriftum fjmrn.

Við höfum enn fremur samþykkt það í fjárln., og þar stendur nefndin öll einhuga að baki, að óska eftir því að tekið verði saman minnisblað af hálfu nefndasviðs vegna þessara bréfaskrifta. Það er þess vegna ljóst, herra forseti, að þetta mál mun verða áfram til umfjöllunar, bæði í fjárln. og ég vænti í forsn. og einnig hér í þingsölum. Því er með ólíkindum að hæstv. forseti og hæstv. forsrh. setji hér á örstutta leiksýningu um það hvernig megi komast hjá því að ræða málin.

[15:19]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að það sé a.m.k. mjög orðum aukið, það vandamál sem hér hefur skapast. Þessi beiðni ríkisstjórnarinnar er ekkert ný af nálinni. Fyrir um fjórum árum kom svona beiðni líka. Þá svöruðu bæði formaður og varaformaður því mjög skýrt að þeir hefðu ekkert út á það að setja, hins vegar mundi nefndin alltaf, undir öllum kringumstæðum, kalla á þá sem óskað væri eftir að kæmu fyrir nefndina. Það var gefið út plagg um það.

Í haust gerðist nákvæmlega það sama. Okkur var gerð grein fyrir þessu, mér og formanni nefndarinnar. Við svöruðum nákvæmlega eins, að við hefðum ekkert út á þetta að setja. Hins vegar höfum við báðir gefið út yfirlýsingar um það að að sjálfsögðu mundi nefndin kalla hverja þá fyrir sem væri beðið um að kæmu til hennar. Ef stjórnarandstaðan er svona áfram um það get ég ekki séð annað en að við munum gera það, það er nógur tími til þess. Menn geta þá setið á kvöldfundum eða helgarfundum. Menn geta yfirheyrt og fengið alla menn til viðræðu við nefndina sem þeir vilja fá.

Það er því ekkert vandamál á ferðinni, þetta mun allt ganga ljúflega fyrir sig eins og fyrri daginn. Það er eindrægni í nefndinni, hún stendur alveg saman um að gera þetta svona þannig að hér hefur ekkert slys átt sér stað. Það er ekkert til að hneykslast á. Þetta er í mjög góðum farvegi. (Gripið fram í.)

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Flutningskostnaður.

[15:22]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Um haustið 2001 var rætt í ríkisstjórn um þann mikla flutningskostnað sem er að sliga atvinnurekstur,

skekkja samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu og stórhækka vöruverð til almennings.

Ríkisstjórnin ákvað að skipa nefnd sem skyldi búa til skýrslu — sem tók 15 mánuði og ekkert nýtt kom fram í — og skila tillögum til ríkisstjórnar. Þessari skýrslu var vísað til Byggðastofnunar til frekari úrvinnslu og aðgerða og síðan átti Byggðastofnun að skila til ríkisstjórnar. Þetta er sem sagt orðið tveggja ára ferli og það er ljóst að ríkisstjórnin er nú að hækka þungaskatt um 8% sem mun fara beint út í verðlagið og hækka flutningskostnað strax í janúar.

Út af þessu sem ég hef hér rakið og út af svörum hæstv. ráðherra byggðamála, Valgerðar Sverrisdóttur, bæði hér í þinginu í fyrirspurnum um þessa skýrslu og um hvað liði aðgerðum til að lækka flutningskostnað og efla samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, vil ég spyrja hæstv. ráðherra byggðamála:

1. Hvað líður aðgerðum og hvenær má vænta tillagna um aðgerðir í þá átt að lækka flutningskostnað?

2. Er gert ráð fyrir einhverjum upphæðum í fjárlögum til að taka þátt í þessari aðgerð?

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hygg að það hafi verið fyrr en árið 2001 sem umræður hófust um að það væri mikill kostnaður fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni, t.d. iðnfyrirtæki sem eru í samkeppni við önnur sem eru nær markaðnum, í sambandi við flutningskostnað þannig að það má ábyggilega rekja þá umræðu lengra aftur í tímann.

Það var hins vegar haustið 2002 sem Byggðastofnun fékk þetta mál til umfjöllunar — Byggðastofnun heyrir undir iðnrn. — en áður hafði verið nefnd að störfum um flutningskostnað sem hæstv. samgrh. skipaði. Byggðastofnun fékk ákveðið hlutverk sem var það að útfæra hugmyndir sem gætu verið nýtilegar í þessu sambandi og gerði stofnunin það.

Þessar tillögur hafa birst ríkisstjórn og við höfum rætt þær þar. Hins vegar hefur ekki verið tekin sú pólitíska ákvörðun að fara út í styrki vegna flutningskostnaðar — sú leið er líklegust til árangurs — þar sem styrkir eru almennt ekki heimilaðir samkvæmt EES-samningnum. Styrkir sem snúa að því að greiða þeim fyrirtækjum sem sýnilega verða fyrir kostnaði af þessum sökum ættu samt að ganga. Hins vegar þurfum við að fá svör frá Eftirlitsstofnun EFTA um það hvort hún heimilar þessar útfærslur. Það er þar sem við erum stödd í dag, ESA er að fjalla um þessar tillögur og þegar svar berst er kominn grundvöllur til þess að ræða málið frekar.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu máli því að við erum sammála um að það sé mikilvægt fyrir landsbyggðina.

[15:26]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar þó að ég verði að segja að það valdi mér vonbrigðum hvað þetta tekur langan tíma.

Ég vil svo geta þess hér að ríkisstjórnin hefur ákveðið að bæta gráu ofan á svart, ef svo má að orði komast, í sambandi við flutningskostnað vegna þess að ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram frv. um olíugjald sem á að vera þannig útfært að olíuverð mun hækka upp í 90–95 kr. þar að auki, virðulegi forseti, eiga allir flutningabílar að keyra eftir mæli og borga sérstakan skatt eftir eknum kílómetrum. Þetta mun líka fara þráðbeint út í verðlagið, virðulegi forseti, og að mati þeirra sem hafa fjallað um málið, sérfræðinga á þessu sviði, mun það þýða 15–20% hækkun flutningsgjalda, þ.e. skattahækkunin sem er í meðförum hjá efh.- og viðskn. núna og þetta olíugjald.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það liður í jöfnun flutningsgjalda að hækka þessa landsbyggðarskatta? Vinna saman hugur og hönd í hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum?

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í rauninni er það ekki mitt að svara fyrir þetta vegna þess að hæstv. fjmrh. fer með mál er varða þungaskatt og hugsanlegt olíugjald sem er á frv. sem er til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum. Hins vegar hefur ríkisstjórnin heimilað að senda málið til þingflokkanna til umfjöllunar. Þetta mál er óútrætt og það er rétt að allar líkur eru á því, miðað við útreikninga sem ég hef séð, að þetta geti hækkað rekstrarkostnað þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni. Ég hef í sjálfu sér ekki meira um það að segja. Þetta mál er til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum.

[15:28]

Kristján L. Möller:

Virðulegur forseti. Það kemur hér skýrt fram að ríkisstjórnin hafi samþykkt að senda ríkisstjórnarflokkunum frv. um olíugjald. Ef það er eins og það hefur hingað til birst okkur í þinginu mun það hafa hækkun í för með sér.

Ráðherra byggðamála vísar þessu til fjmrh. Það er alveg rétt og þess vegna spyr ég hvort hugur og hönd vinni ekki saman í þessari ríkisstjórn ef hæstv. fjmrh. kemur með þriðja mál á dagskrá og hækkar þungaskatt um 8% og á svo að koma með olíugjaldsfrumvarp sem mun hafa enn meiri hækkun í för með sér og svo ætlar ráðherra byggðamála innan sömu ríkisstjórnar að koma með einhverjar tillögur einhvern tíma seinna um að jafna flutningskostnað.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé hægt að lækka flutningskostnað mjög fljótt. Það þarf ekki að spyrja Eftirlitsstofnun Evrópusambandsins um það ef við tökum þá ákvörðun að lækka skattheimtu af flutningastarfsemi. Þá munu flutningsgjöldin lækka og við þurfum ekki að spyrja einn eða neinn. Það eina sem þarf að gera er að ríkisstjórnin spyrji sjálfa sig hvað hún vilji gera í þessum málum og fari að vinna að því sem ein heild en ekki að fjmrh. gangi fram með skattahækkanir og svo ætli einhverjir aðrir að nota peningana til að deila einhverju örlitlu út, herra forseti.

[15:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hugur og hönd vinna saman í þessari ríkisstjórn og það er þess vegna sem við höfum náð gríðarlegum árangri. (**KLM:** Í þessum efnum?)

Svo vil ég segja við hv. þingmann að þegar hann segir að við þurfum ekkert að spyrja ESA, væntanlega vegna þess að við getum bara lækkað þungaskattinn, er það nú einmitt þannig að við þurftum að breyta þungaskattinum vegna þess að samkeppnisyfirvöld heimiluðu ekki þann afslátt sem var á flutningi til landsbyggðarinnar. Þessu þurfti að breyta vegna aðfinnslu sem kom fram í framhaldi af því að við höfum undirgengist ákveðna tilskipun. Og þegar hv. þm., fulltrúi Samf. sem vill ganga í Evrópusambandið bara strax, kemur

hér og segir að við þurfum ekkert að spyrja ESA (**KLM:** Sagði ég það?) er mér algerlega nóg boðið.

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

[15:30]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lagt fram á Alþingi frv. um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og gert grein fyrir ástæðu þess að hann leggur þetta fram. Hæstv. ráðherra telur m.a. að með þessari breytingu sé verið að færa réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að hinum almenna vinnumarkaði.

Hæstv. forseti. Um nokkurt árabil hefur verið hið ágætasta samstarf á milli opinberra starfsmanna, BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands um réttindi og launakjör. Því þykir mér og mörgum fleirum það skjóta skökku við að leggja þetta frv. fram án samráðs við opinbera starfsmenn, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að það er verið í fullu samráði að vinna að endurskoðun á lögum um kjarasamninga milli þessara sömu aðila. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því hvers vegna hann tekur þessi atriði út, án samráðs við opinbera starfsmenn og leggur hér fram frv. sem skerðir réttindi opinberra starfsmanna. Því sannarlega er verið að skerða atvinnuöryggi opinberra starfsmanna. Ef verið er að vísa til þess að opinberir starfsmenn hafi náð svipuðum launakjörum og á hinum almenna vinnumarkaði og því sé hægt að samræma þeirra réttindi, þá er það ekki rétt, hæstv. forseti. Það er enn þá mikill launamunur á milli opinberra starfsmanna og á hinum frjálsa vinnumarkaði þegar tekið er tillit til menntunar og ábyrgðar í starfi.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er yfirleitt venjan að ræða þingmál sem fram eru komin þegar þau eru tekin á dagskrá. En hvað sem því líður vil ég gjarnan að það komi fram að það frv. sem hv. þm. gerði að umtalsefni, um breyting á lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er flutt til þess að auka á sveigjanleika í starfsemi ríkisstofnana, gera þær hagkvæmari í rekstri og auðvelda forstöðumönnum að vinna sín störf.

Síðan er spurt: Af hverju var ekki samráð? Ég kallaði forustumenn þessara samtaka, opinberra starfsmanna, á minn fund til þess að gera þeim grein fyrir efni þessa frv. En það er alveg rétt, ég bað ekki um leyfi hjá þeim til þess að fá að flytja það. Það var ríkisstjórnin sem ákvað að þetta mál yrði flutt. Það breytir hins vegar ekki því að við erum í ágætu samstarfi við samtök opinberra starfsmanna um önnur lög, lögin um samningsrétt opinberra starfsmanna, samningsréttarlögin, sem hafa verið til endurskoðunar um nokkra hríð og eðlilegt að talað sé vel saman um þau áður en þau koma fyrir Alþingi þó að auðvitað geti menn ekki afsalað sér þeim rétti sem ríkisstjórn og eftir atvikum þingmenn hafa til að flytja þingmál.

En frv. sem spurt er um liggur frammi sem þingskjal. Það mun koma til umræðu á næstu dögum, vona ég, og þá getum við rætt það betur og ítarlegar hvað efni þess varðar.

[15:34]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við munum auðvitað ræða þetta frekar þegar málið kemur á dagskrá en ástæðan fyrir því að ég set þetta upp hérna er eingöngu í sambandi við samráð hæstv. fjmrh. við aðildarfélögin. Það er vísað til þess að það þurfi meiri sveigjanleika. Ég vil benda hæstv. fjmrh. og hv. þm. á að eins og nú háttar til í opinberri stjórnsýslu er vald forstöðumanna orðið ærið mikið. Miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um að halda sig innan ramma fjárlaga og miðað við það að 70–80% af rekstrarkostnaði margra stofnana eru launagreiðslur, mun þetta auka óöryggi starfsmanna og hugsanlegt að uppsagnir verði notaðar eingöngu í því skyni að halda sig innan ramma fjárlaga.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég geri fastlega ráð fyrir því að allir þingmenn þekki þá gagnrýni sem annað slagið skýtur upp kollinum, bæði í þingsal og utan þings, um það að forstöðumönnum gangi illa að halda sig við fjárlög og að fjmrh. gangi illa að fá samráðherra sína til þess að tryggja það að forstöðumenn standi sig hvað varðar framkvæmd fjárlaga. Öll höfum við gagnrýnt þetta og þekkjum þetta mætavel úr fjárlagaumræðunni í þingsalnum.

En svo þegar kemur frv. sem gengur út á það að gera forstöðumönnum auðveldara að standast fjárhagsáætlanir sínar, þá má það náttúrlega ekki. Þá kemur gagnrýni úr annarri átt frá þeim aðilum í þinginu sem oft gagnrýna framúrkeyrslu einstakra stofnana.

Þetta er nú bara svona, herra forseti.

[15:36]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það má alveg skilja orð hæstv. fjmrh. á þann veg að uppsagnir verði einmitt sú leið sem forstöðumenn stofnana munu hafa heimild til og munu grípa til. Þetta sé þeirra eini möguleiki til þess að lækka rekstrarkostnað, miðað við þann fjárlagaramma sem þeir hafa, þar sem laun starfsmanna eru það hátt hlutfall af rekstri.

Ég vil mótmæla því, herra forseti, að það sé svo erfitt að losa sig við óhæfa starfsmenn. Það er eingöngu þetta formsatriði um áminningu og formfestan varðandi ráðningu og uppsagnir sem eru hjá opinberum starfsmönnum. Enda hafa þeir meiri og ríkari skyldur en starfsmenn úti á hinum almenna vinnumarkaði. Það þarf því að hafa meiri formfestu. Vilji forstöðumenn breyta starfseminni þarf að hafa meiri fyrirvara. En að fara þessa leið til þess að auðvelda forstöðumönnum að segja upp starfsmönnum til þess að vera innan fjárlaga finnst mér ekki hæfa.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hygg að kannski sé kjarni þessa máls, sem verður náttúrlega rætt hér á eðlilegum forsendum þegar þar að kemur, sá að uppsögn starfsmanns á ekki að vera stjórnvaldsákvörðun, eðli málsins samkvæmt, en þannig er það núna samkvæmt lögunum. Uppsögn starfsmanns er vinnuréttarlegs eðlis og á að lúta sömu lögmálum hjá ríkinu og úti á hinum almenna markaði. Ríkisvaldið ætti síðan að fylgja þeirri þróun sem þar kann að verða varðandi þau mál, almennt séð. En það er allt of þungt í vöfum í núverandi kerfi fyrir forstöðumenn að segja upp starfsmönnum, jafnvel þó að það sé af ástæðum sem báðir aðilar kunna að vera sammála um að eigi að leiða til uppsagnar eða brotthvarfs úr starfi. Þetta snýst því um það að hverfa frá þessum þunglamalega kerfi eins og kemur fram í frv.

Landhelgisgæslan.

[15:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmrh. sem lýtur að lögum Landhelgisgæslu sem eru frá apríl 1967. Margt hefur breyst síðan þessi lög voru sett og því ekki óeðlilegt þótt spurt sé hvort hugað sé að endurskoðun þeirra í bráð, jafnframt líka um smíði nýs varðskips í ljósi þess að þau þrjú skip sem nú eru í notkun hjá Landhelgisgæslunni eru allverulega komin til ára sinna. Óðinn er 43 ára, varðskipið Ægir 35 ára og Týr 28 ára. Þegar varðskipið Týr kom til landsins var það alveg ljóst að miðað við stærð flotans var það skip of lítið. Það er því mjög nauðsynlegt að þessir þættir séu skoðaðir, jafnframt flugmál Landhelgisgæslunnar og önnur starfsemi í breyttu umhverfi frá lagasetningu Gæslunnar fyrir 36 árum. Einnig aðrir öryggisþættir sem Gæslan hefur þurft að sinna, bæði með ströndum fram og þegar þurft hefur að kalla til hennar til starfa þá vá hefur borið að dyrum í hinni dreifðu byggð. Og ekki hvað síst í ljósi þeirra atburða sem gerðust 11. september 2001 í auknum kröfum um öryggi og eftirlit með ströndum fram.

[15:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessi mál eru til skoðunar og málefni Landhelgisgæslunnar eru til athugunar. Það hefur verið sérstakur starfshópur starfandi varðandi fjármál Gæslunnar á þessum vetri og hefur hann farið yfir starfsemi Gæslunnar með hliðsjón af fjárveitingum og öðrum slíkum þáttum. En það er ljóst sem fram kom í fyrirspurninni að löggjöfin er síðan á 7. áratugnum og starfsemi Gæslunnar hefur breyst frá því að þau lög voru sett og nauðsynlegt að huga að nýjum markmiðum og nýrri lagasetningu fyrir Landhelgisgæsluna.

Það hefur komið fram í fréttum að af hálfu Landhelgisgæslunnar eru uppi áform um að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og sérfræðingar á vegum Gæslunnar kunna að verða kallaðir til alþjóðlegs samstarfs. Verksvið Gæslunnar er því einnig að taka breytingum að þessu leyti og nauðsynlegt að huga að lagaheimildum þegar rætt er um slíkt alþjóðlegt samstarf sem Gæslan hefur ekki tekið þátt í.

Varðandi smíði nýs varðskips þá vísa ég til þess sem kom fram í stefnuræðu forsrh. þegar hann kynnti stefnu ríkisstjórnarinnar í haust og lét þess getið að það yrði ráðist í smíði nýs varðskips og einnig hugað að endurskoðun á uppbyggingu á flugflota Gæslunnar. Þessi mál eru því öll í skoðun og verður vonandi tækifæri til þess síðar á þinginu í vetur að ræða málefni Gæslunnar frekar.

[15:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Það er gott að vita til þess að öll starfsemi Landhelgisgæslunnar er í endurskoðun. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að slík starfsemi og það eftirlit sem Landhelgisgæslan þarf að sinna á haffleti sem er 758 þúsund ferkílómetrar, og í samstarfi við aðra aðila um björgun á hafinu þarf að gæta 1,8 milljón ferkílómetra, þá er það allumsvifamikið starf sem Gæslan sinnir og ekki vanþörf á að henni sé vel skipað í sess hvað áhrærir tæki og búnað.

Nám í hagnýtri fjölmiðlun.

[15:43]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Fjölmiðlun er mikilvæg í okkar samfélagi sem ég geri ráð fyrir að margir hér inni geri sér grein fyrir. Í þeirri grein eins og öðrum er mjög mikilvægt að sinna undirbúningi, faglegum kröfum og ekki síst menntun. Lengi vel var það þannig að formleg menntun í fjölmiðlun var ekki til staðar á Íslandi en að undanförnu hefur verið unnið mikið og gott starf í þeim efnum þannig að fjölmiðlun er komin á háskólastig. Fyrir um það bil þremur árum mun hafa verið opnað fyrir starfsbrautir á framhaldsskólastigi í hagnýtri fjölmiðlun. Töluvert af nemendum sótti í það og var mjög ánægjulegt að sjá framhaldsskólana bregðast við kalli tímans.

Útfærsla á hagnýtri fjölmiðlun í framhaldsskólum mun hafa verið unnin af starfsgreinaráði eins og lög gera ráð fyrir og nú mun vera um það bil hálft ár síðan fyrsti nemandinn lauk hinu eiginlega skólanámi í hagnýtri fjölmiðlun.

Það mun þó enn vera ýmislegt óljóst með lok á þessari námsbraut og lýtur að starfsnámi, að ljúka hinu formlega námi með starfsnámi, verkþjálfun á vinnustöðum, þar sem hefur gengið treglega að fá verknámsþjálfun og verknámspláss fyrir nemendur. Þetta hefur m.a. leitt til þess að það er ákveðin óvissa uppi um stöðu þeirra nemenda sem hafa lokið námi sínu. Ég leyfi mér því að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hver staða þessa máls sé núna.

[15:45]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Um löggiltar iðngreinar er áratugahefð fyrir því að nemendur fari í þjálfun og taki laun samkvæmt kjarasamningum. Eðli málsins samkvæmt kemur menntmrn. ekki að slíkum samningum enda eru þeir alfarið mál vinnumarkaðarins.

Að því er varðar það nám sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, þessar nýju fjölmiðlagreinar, er ekki til hefð um þetta nám á vinnustað sem er hins vegar á ábyrgð atvinnulífsins. Starfsgreinaráðin sem hv. þm. nefndi vinna nú að því að lýsa námi á vinnustað og þar er að finna leiðbeiningar til atvinnulífsins um hvaða kröfur það þarf að uppfylla til að gegna þessu hlutverki á vinnumarkaði.

Það er rétt að atvinnulífið hefur átt í erfiðleikum með að útvega nemendum sem lokið hafa upplýsinga- og fjölmiðlagreinum stöðu til starfsþjálfunar og ráðuneytið hefur gripið til þess úrræðis að kanna stöðuna og eftirspurnina eftir starfsfólki með sérstökum samningi við Prenttæknistofnun um að kanna meðal fyrirtækja möguleika þeirra á að taka nemendur til starfsþjálfunar.

Fyrir utan þetta er rétt að geta þess að nú stendur yfir tilraun á vegum menntmrn. um samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um breytta skipan vinnustaðanámsins sem hv. fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni. Þar verður tekið sérstaklega á samskiptum atvinnulífsins og skólanna og á því hlutverki sem vinnustöðunum er ætlað að sinna gagnvart nemendum. Það er því verið að skoða þessi mál sem hann nefndi sérstaklega og um þau gilda nokkuð aðrar reglur en hið löggilta starfsnám.

[15:47]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. þessi svör og fagna því að samningur skuli hafa verið gerður við Prent-

tæknistofnun um að líta eftir starfsþjálfunarplássum fyrir þá nemendur sem bíða og hafa beðið um hríð eftir starfsþjálfun í hagnýtri fjölmiðlun.

Ég fagna því sömuleiðis að vinnustaðabækur verði teknar til endurskoðunar. Það var full þörf á því.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að hér er ekki um löggilta iðngrein að ræða og gildir að sjálfsögðu annað um slíka námsgrein en hinar löggiltu. Það breytir samt engu gagnvart þeim nemendum sem skráðu sig í námið og geta í rauninni ekki formlega lokið því vegna þess að starfsþjálfun vantar og það hlýtur að vekja miklar spurningar að atvinnulífið sjálft skuli ekki sýna meiri metnað en svo að vilja beinlínis taka nemendur í starfsþjálfun. Hver er það sem nýtur góðs af því ef ekki atvinnulífið sjálft? Það er mikilvægt að eyða óvissu nemenda sem ekki geta formlega lokið námi sínu.

[15:48]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það hefur verið farið talsvert inn á þær brautir að láta eftirspurn eftir námi ráða námsframboðinu og það er kunnara en frá þurfi að segja að miklar vonir voru bundnar við nám á sviði upplýsingatækni og fjölmiðlunar fyrir nokkrum árum. Það er ekki ólíklegt að þróun atvinnulífsins hafi ekki verið í fullu samræmi við þessar væntingar og ef menn á annað borð eru því fylgjandi, eins og sá sem hér stendur er, að námsframboð sé í tengslum við eftirspurn eftir náminu verða menn jafnframt að hlíta því að þegar atvinnumarkaðurinn þróast með ákveðnum hætti geta nemendur orðið fyrir skakkaföllum þegar atvinnulífið býður ekki fram eins góða aðstöðu til starfsnáms og menn höfðu væntingar til. En þá á líka að bregðast við því með þeim hætti sem áður hefur verið skýrt.

[15:49]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar að íhuga þurfi mjög vandlega hvort eftirspurn ein geti ráðið því hvort nemendur geti formlega lokið námi sínu eins og dæmin sanna með þessu og þess vegna má segja að það sé eðlilegt að leita, þegar samdráttur verður í tilteknum atvinnugreinum, annarra leiða eins og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan, svo sem með samningi við Prenttæknistofnun. Sú leið er líka fær sem er farin í sumum iðngreinum, að skólarnir sjálfir annist stóran hluta af þessari verkþjálfun.

Meginatriðið er auðvitað að þegar nemandi hefur nám á tiltekinni braut þarf hann að vita nákvæmlega að hann geti lokið formlegu námi á þeirri braut. Það er mikil ábyrgð að skilja nemendur eina eftir. En ég ítreka að ég fagna því að nú séu hafnar viðræður við Prenttæknistofnun því að leysa verður vanda þessara nemenda sem eru svífandi í lausu lofti og hafa verið núna í um það bil hálft ár.

Starfslokasamningar.

[15:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félmrh. vegna rangra eða misvísandi ummæla sem hann viðhafði á Alþingi þegar við ræddum starfslokasamninga tveggja ríkisstofnana. Hæstv. ráðherra furðaði sig á því að hann skyldi kallaður til og spurði eitthvað í þá veru hvaða tilgangi það þjónaði að koma með inn í þingsal málefni einstaklings úti í bæ sem hefði látið af störfum fyrir ríkið í sátt og samlyndi við félmrn. og það hefði verið gert upp við þann einstakling.

Nú hefur það komið fram ítrekað í fjölmiðlum að það var ekki í sátt og samlyndi sem þessi einstaklingur lét af störfum fyrir ríkið og það var ekki búið að gera upp við þennan einstakling eins og hæstv. ráðherra kallaði hana hér í umræðunni. Ég spyr: Var um einhvern misskilning að ræða þegar ráðherrann gaf þessar röngu upplýsingar í þinginu? Ráðherranum hlýtur að vera ljóst að það er mjög alvarlegt ef ráðherra gefur þinginu rangar upplýsingar vísvitandi, og því spyr ég: Vissi hæstv. ráðherra ekki betur?

[15:52]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spyr um starfslok fyrrv. framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu sem, eins og ég hef áður gert grein fyrir á Alþingi, hefur verið gert upp við og, með leyfi forseta, langar mig að vitna til orða fyrrv. framkvæmdastjóra sem hún viðhafði í Ríkisútvarpinu 21. júlí í sumar þar sem hún segir við fréttamann um starfslok sín:

„Já, það má segja það að þetta hafi verið sameiginleg ákvörðun," og svo að ég vitni áfram í þetta umrædda viðtal spyr fréttamaður: „Þannig að þú ert sátt við að fara frá?" Framkvæmdastjóri svarar: „Við þessar aðstæður er ég sátt við það en ég er auðvitað ekki sátt við aðstæðurnar."

Í sjónvarpinu sama dag segir framkvæmdastjórinn fyrrverandi ... (**GÁS:** Þetta er undirbúið svar. Var þetta ekki óundirbúin fyrirspurn?)

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil taka fram að eigi má, nema með leyfi forseta, lesa prentað mál.)

Má ég fá að svara fyrirspyrjanda sem spyr hér í óundirbúinni fyrirspurn? Ég vitna áfram í fréttir þennan dag og fréttamaður sjónvarps spyr hana hvort starfslok hennar hafi verið að hennar frumkvæði. Þá segir hún: „Nei það var það nú ekki. Þetta var, við vorum nú nokkuð samstiga í þessu. Ég var ákveðin í því fyrir fram að ég væri tilbúin til að halda þarna áfram störfum, ég ætlaði ekki að segja af mér, en ef ráðherra teldi þetta vera stofunni fyrir bestu þá er ég tilbúin að hætta."

Eins og ég hef áður sagt var það sameiginleg niðurstaða okkar á þessum fundi að það væri heppilegast fyrir framhald starfsemi Jafnréttisstofu að hún hætti. Við gerðum með okkur munnlegan samning á þessum fundi um starfslok hennar, hvernig þeim skyldi háttað, í vitna viðurvist og það hefur verið gert upp samkvæmt þeim samningi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hæstv. ráðherra á að samkvæmt 58. gr. þingskapa má eigi, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.)

[15:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er mjög sérkennilegt. Ég kem með óundirbúna fyrirspurn og hæstv. ráðherra er með útskriftir á takteinum. (Gripið fram í.) Greinilega. En ég er að spyrja hæstv. ráðherra út í ummæli á Alþingi og ég er með yfirlýsingu viðkomandi starfsmanns um að hún telji ekki búið að ganga frá starfslokum við sig. Hún hefur lýst því yfir í Morgunblaðinu, sjónvarpi og útvarpi að hún ætli að kalla eftir starfslokasamningnum áður en gengið verði frá starfslokum við hana og því spyr ég, hæstv. forseti: Hver segir satt? Var hæstv. ráðherra að tala gegn betri vitund hér áðan þegar hann sagði að það væri búið að gera upp við viðkomandi

starfsmann og þetta hefði verið í sátt og samlyndi, eða hvar er sannleikurinn í málinu?

[15:55]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég get alveg svarað því einu sinni enn. Það hefur verið gert upp við þennan fyrrv. framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu og úr því að það fer svona í taugarnar á hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að ég komi hér tiltölulega vel undirbúinn til starfa á Alþingi ætla ég ekki að biðjast afsökunar á því.

[15:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að vera með skæting hér þótt hann sé spurður út í og menn furði sig á því hvað hann kemur undirbúinn í óundirbúinn fyrirspurnatíma. Ég verð að segja að mér finnst eins og hæstv. ráðherra sé í einhverri vörn í þessu máli með því að svara með skætingi og útúrsnúningum fyrst þegar þetta mál kom til umræðu fyrir viku og aftur núna. Ég hafði satt best að segja, herra forseti, kennt um reynsluleysi ráðherrans þegar hann svaraði mér eins og hann gerði í umræðunum í síðustu viku. En það á auðvitað eftir að koma í ljós hvort segir satt í þessu máli því að þarna stangast á ummæli starfsmannsins og ummæli hæstv. ráðherra í sölum Alþingis.

Um fundarstjórn.

Umræða um bréf forsætisráðuneytis til Alþingis.

[15:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemdir við fundarstjórn forseta eins og henni vatt fram við upphaf þingfundar í dag. Hv. þm. Samf., Helgi Hjörvar, kvaddi sér hljóðs um störf þingsins vegna þess að hann vildi ræða umdeilanlegt bréf hæstv. forsrh. til þingsins og hv. þm. gaf þær skýringar á því að hann kysi þetta form af því að hann vildi gefa öðrum þingmönnum í fjárln. og í þinginu færi á því að ræða málið líka.

Hæstv. forseti sagði þá af stóli að hann teldi að þessi umræða ætti fremur heima undir 1. lið dagskrárinnar, þ.e. óundirbúnum fyrirspurnum, og það kom fram síðar í umræðunni að hæstv. forsrh. sagði að hann mundi geyma sér að svara hv. þingmanni þangað til að þeim lið kæmi. Herra forseti. Ég lít svo á að með þessum ummælum sínum hafi hæstv. forseti verið að kalla eftir því að umræðan yrði flutt inn í þann lið. Og hv. þm. Helgi Hjörvar varð við því og bar fram fyrirspurn nákvæmlega um þetta undir liðnum. Þegar kom síðan að þessum lið gerðist það að hæstv. forseti veitti hv. þm. Helga Hjörvar ekki færi á að taka til máls og mæla fyrir þeirri fyrirspurn sinni.

Herra forseti. Ég er ákaflega ósáttur við þetta og ég mótmæli harðlega fyrir hönd Samf. Ég verð að segja að það er í hæsta máta óþægilegt að sjá samspil framkvæmdarvaldsins og hæstv. forseta við að skjóta út af borðinu óþægilegri spurningu eins og þeirri sem hv. þm. bar fram. Þessu vil ég mótmæla og ég vona að þetta endurtaki sig ekki. Þetta voru bolabrögð að mínu viti.

[15:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi fundar í dag komu til umræðu bréf sem hafa verið gerð að umræðuefni. Nú vill svo til, virðulegi forseti, að þingflokkur Frjálsl. á ekki sæti í forsn. og hefur þar af leiðandi ekki séð þau bréf sem hér voru rædd. Ég vil spyrja virðulegan forseta með hvaða hætti hann hyggist upplýsa þingflokk okkar um þau málefni sem hér voru rædd.

(**Forseti** (HBl)**:** Þessi athugasemd laut ekki að fundarstjórn forseta.)

[16:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram vegna þess sem hv. 1. þm. Reykv. n. sagði hér áður að það er rétt að ég tel að við eigum að halda vörð um þá venju sem skapast hefur samkvæmt þingsköpum að annan hvern mánudag hefst þingfundur með því að það eru óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra. Ég tel að það sé ekki viðeigandi að þingmenn kveðji sér hljóðs um störf þingsins áður en til þeirra spurninga kemur til þess að taka upp einstakar fyrirspurnir til ráðherra. Mér finnst sjálfsagt að þetta mál sé rætt við formenn þingflokka. Við höfum einnig reynt undir vissum kringumstæðum að haga svo til að ekki séu utandagskrárumræður heldur. Nú er senn liðin klukkustund og ekki enn lokið umræðum um fyrsta dagskrárliðinn í raun og veru.

Ég vil að þetta sé alveg skýrt. Ég lít svo á að ef menn, á þeim dögum sem óundirbúnar fyrirspurnir eru á dagskrá, sjá ástæðu til þess að beina fyrirspurnum til ráðherra þá geri þeir það með þeim hætti.

[16:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það sjónarmið sem forseti ber fram á rétt á sér. Mér finnst það alveg vera meira en einnar messu virði að ræða það. En það er hins vegar ekki hægt fyrir hæstv. forseta að færa þau rök ein fyrir þessari túlkun sinni á lögunum að honum finnist hitt og þetta viðeigandi. Hann verður að fá samþykki fyrir vinnubrögðum af þessu tagi, ef hann ætlar að halda þeim áfram í framtíðinni, með samræðum við þingflokka, ekki bara stjórnarliðsins heldur stjórnarandstöðunnar. Það er ákaflega mikilvægt að það sé sátt um svona túlkun.

Hæstv. forseti getur ekki bara staðið upp og sagt að hitt og þetta vilji hann ekki að sé gert vegna þess að það sé ekki viðeigandi. Spurningin snýst bara um eitt: Hver er réttur þingsins, hver er réttur þingmannsins?

Herra forseti. Ég tel að þó að við getum hugsanlega komið okkur saman um ákveðnar hefðir hér bæði með samræðum og með því hvernig vinnulag þróast þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að hv. þm. Helgi Hjörvar var í fullum rétti samkvæmt þingsköpum til þess að ræða hér fyrr í dag ákveðið mál undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins.

Nú vil ég rifja það upp, af því að hæstv. forseti hefur margt gott lagt til vinnubragða í þessu þingi, að það var einmitt herra forseti sem nú situr í stól sem örvaði og ýtti undir að sá liður væri notaður hér til þess að koma af stað skoðanaskiptum um einstök mál milli þingmanna og hæstv. ráðherra, mál sem hugsanlega eru ekki það stór að þau ætti að taka til almennrar umræðu í utandagskrárumræðum.

Hv. þm. Helgi Hjörvar gerði hins vegar ákaflega skilmerkilega grein fyrir því af hverju hann kaus að fara þessa leið. Hv. þm. á sæti í fjárln. Þar hefur málið ítrekað komið til umræðu. Hv. þm. upplýsti að það ætti að taka það mál til umræðu í nefndinni innan einhverra daga. Það var ljóst að hér í salnum eru menn og konur sem sitja í hv. fjárln. og vildu koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þess vegna var

lýðræðislegt af hv. þm., fullkomlega eðlilegt frá sjónarhóli þingskapa og réttlátt að hann gerði nákvæmlega þetta.

Ég vil segja, herra forseti, að ég get fallist á að það sjónarmið sem hér er flutt af hæstv. forseta eigi rétt á sér. En hins vegar er ekki hægt að standa hér upp og kveða upp slíkan úrskurð um vinnubrögð, eins og hæstv. forseti gerði, án þess að ræða það töluvert vel við þingflokkana sem mynda saman þetta þing.

[16:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil segja af þessu tilefni að ég gerði enga tilraun til þess að stöðva þær umræður sem hér voru um störf þingsins. Fjöldi þingmanna tók til máls. Sú umræða stóð í 20 mín. eins og þingsköp gera ráð fyrir. Í lok þeirrar umræðu bauð ég hv. 9. þm. Reykv. n., Helga Hjörvar, að taka til máls, svo það er ekki hægt að segja að ég hafi stöðvað umræður um þetta mál.

Ég vil vekja athygli þingmanna á að tíminn líður.

[16:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem hér fór fram áðan kom fram í svari hæstv. forsrh. að reikna mátti með því að fyrirspurn hv. þm. Helga Hjörvar kæmi á dagskrá. Það var ofur eðlilegt að hv. þm. mundi hefja þessa umræðu hér á þann hátt sem hann gerði vegna þess að þetta mál lýtur hvort tveggja að þinginu og forustu þess og framkvæmdarvaldinu. Það bréf sem þinginu var sent var niðurlæging fyrir þingið og þau viðbrögð sem forusta þingsins sýnir (Forseti hringir.) á hinu háa Alþingi, virðulegi forseti ...

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. hefur orðið um fundarstjórn forseta en ekki til að fara í efnislegar umræður um þetta mál. Ég vil biðja hv. þm. sem er vel að sér í lögum að fylgja þingsköpum í þessu efni svo að ekki þurfi að koma til óþægilegra orðaskipta okkar á milli.)

Virðulegi forseti. Ég nefndi það í ræðu minni — af því að hæstv. forseti hefur gaman af því að trufla þingmenn — ég nefndi það í ræðu minni að þingheimur skildi það þannig að fyrirspurn hv. þm. kæmi hér á dagskrá eftir viðbrögð hæstv. forsrh. Þess vegna erum við hér að ræða fundarstjórn forseta alveg eins og hér hefur verið gert. En niðurstaðan er sú að bréfið er niðurlæging fyrir þingið og viðbrögð forustu þingsins er niðurlæging fyrir þingið.

[16:06]

Mörður Árnason:

Forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur vakið athygli á því að ekki einungis varð fundarstjórn forseta hér áðan til þess að koma í veg fyrir að eðlileg umræða af hálfu hv. þm. Helga Hjörvars næði fram að ganga heldur gerðist forseti slíkur að hann í raun og veru blekkti forsrh. til þess að halda aftur af málflutningi sínum vegna þess að hæstv. forsrh. taldi að fyrirspurnin mundi koma til umræðu.

Ég verð nú að segja að þó að ég virði það vissulega og telji að forseti eigi að standa betur í lappirnar með löggjafarvaldinu gagnvart framkvæmdarvaldinu þá er kannski óþarfi að blekkja beinlínis forustumann framkvæmdarvaldsins með lævíslegri fundarstjórn.

[16:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. forseti skulda þinginu skýringu, því að eftir að hann hafði óskað eftir því við hv. þm. Helga Hjörvar að hann beindi fyrirspurn sinni inn í óundirbúnar fyrirspurnir til hæstv. forsrh. kom hæstv. forsrh. hér upp, tók undir það og sagði að hann mundi ekki svara hv. þm. nema sú fyrirspurn kæmi fram í óundirbúnum fyrirspurnum. Hv. þm. Helgi Hjörvar fór að þessum tilmælum og kom með beiðni sína um óundirbúna fyrirspurn til forsrh. um þetta efni áður en óundirbúnar fyrirspurnir hófust. Þess vegna spyr ég hvers vegna hæstv. forseti fór ekki að því sem hann sjálfur benti hv. þm. á að gera.

[16:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil leiðrétta hv. þm. Ég beindi ekki til hans neinu af því tagi sem hv. þm. sagði. Ég sagði á hinn bóginn að fyrsta dagskrármálið væri Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa, eins og hv. þm. er kunnugt. Mér finnst eðlilegt þegar það er fyrsta mál á dagskrá, ég tala ekki um þegar forsrh. á í hlut, að þingmenn sýni þinginu þá virðingu að ganga til dagskrár samkvæmt þeim dagskrárlið.

Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 294. mál. — Þskj. 339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða nýsköpunar á Íslandi.

[16:11]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Þekking er sú auðlind okkar Íslendinga sem framtíð og velferð þjóðarinnar byggir á. Í vel rúman áratug hafa forsvarsmenn atvinnulífs, fræðimenn og stjórnmálamenn hér á landi sem annars staðar lagt þunga áherslu á uppbyggingu þekkingargreina því að þar væru tækifæri á vel launuðum störfum fyrir æ betur menntaðar kynslóðir og þar gengi vöxtur og auðsköpun ekki á takmarkaðar auðlindir jarðar.

Í þennan áratug höfum við Íslendingar búið við meiri stöðugleika en áður og góðan hagvöxt. Því hefði mátt ætla að við hefðum borið gæfu til að byggja upp öflugar tækni- og nýsköpunargreinar líkt og frændur okkar á Norðurlöndum. Það verður því að segjast eins og er að það olli vonbrigðum að lesa nýlega skýrslu um samanburðarhæfni Íslands frá hinni virtu stofnun World Economic Forum. Þrátt fyrir að Ísland lyftist hvað samkeppnishæfni varðar úr tólfta sæti í það áttunda, einkum vegna áhrifa ál- og virkjunarframkvæmda, þá virðist það nokkuð skammgóður vermir.

Þegar hins vegar er litið til stöðu tækni og nýsköpunar sést að þar drögumst við aftur úr. Við höfum fallið í 15. sæti á þessu ári úr því 13. Sá kraftur sem býr í þekkingu okkar þjóðar rennur illa nýttur til sjávar.

En því miður er myndin enn svartari. Þegar horft er fram hjá hinni miklu tæknivæðingu íslenska samfélagsins — en þar erum við fremstir allra þjóða í heimi, m.a. vegna mikillar netnotkunar — og aðeins hlutur nýsköpunar skoðaður kemur

alvarleg staðreynd í ljós. Við hröpum enn neðar og lendum í 21. sæti, langt fyrir neðan okkar næstu granna. Í nýsköpun erum við skussarnir í hópi þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við. Við erum tossarnir á bekk Norðurlanda og við erum aftarlega á meri Vesturlanda.

Eðlilegt er að spyrja, virðulegi forseti: Hvernig getur þetta gerst hjá einni ríkustu þjóð veraldar? Hvernig getur þetta gerst hjá tæknivæddustu þjóð heims? Hvernig getur þetta gerst hjá þjóð sem að öðru leyti stendur sig vel í alþjóðlegum efnahagslegum samanburði og hefur allar forsendur til að vera í fremstu röð? Hvernig getur þetta gerst, herra forseti?

Þó svo að maður undrist þá er ekki svo að þetta komi á óvart. Einstaklingar og félagasamtök þeirra sem starfa við þekkingarsköpun hafa horft upp á þessa þróun og margoft varað við. Á málþingi um sprotafyrirtæki sem haldið var á vegum Samtaka iðnaðarins 1. okt. sl. var samþykkt ályktun. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Alvarlegt ástand ríkir um þessar mundir á Íslandi í fjármögnun sprotafyrirtækja. Á stuttum tíma hafa einkaaðilar, lífeyrissjóðir og fjárfestingafélög stærri fyrirtækja dregið sig út úr fjárfestingu í sprotafyrirtækjum."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Það má því segja að farvegur áhættufjármögnunar á Íslandi hafi þornað upp."

Þessu til viðbótar má minna á forsíðufrétt í Viðskiptablaðinu frá því 29. okt. sl. Þar er óstand Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins áréttað og bent á að sjóðurinn geti ekki sinnt skyldum sínum að óbreyttu og svo verði um árabil nema til komi verulegir fjármunir úr ríkissjóði, a.m.k. 1 milljarður.

Hæstv. viðskrh. virðist hafa haft eitthvert veður af þessu óstandi því að í nýlegu blaðaviðtali viðurkenndi hún að hér á landi væri nýsköpunargjá sem ekki væri búið að brúa. Henni virðist því vera ljóst að keðja fjármögnunar nýsköpunarfyrirtæka er rofin. Þetta eru athyglisverð ummæli ráðherra Framsfl. sem hefur haft með þennan málaflokk að gera á níunda ár.

Þegar litið er til nágrannalanda kemur í ljós að opinberir aðilar hafa haft mun meira frumkvæði og kraft í uppbyggingu þekkingar og sprotafyrirtækja en við höfum kynnst hjá stjórnvöldum hér. Aðstæður hér á landi eru alls ekki síðri en í nágrannalöndum okkar. Það hvarflar að manni hvort ástæða þess hvernig komið er sé einfaldlega sú að stjórnvöld skilji ekki þarfir þekkingargreina og nýsköpunar, skilji ekki að stuðningur við vöruþróun og þekkingarsköpun í fyrirtækjum er samfélagsleg fjárfesting líkt og menntun.

Forvitnilegt væri að heyra í hæstv. viðskrh. hver ástæða þess sé að hennar mati að við erum að dragast aftur úr og erum í hópi skussa á sviði nýsköpunar. Hver eru áform ráðuneytis hæstv. ráðherra um að snúa þessari óheillaþróun við? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að brúa nýsköpunargjá þá sem hún hefur sjálf talað um?

Að síðustu: Nýsköpun á Íslandi við upphaf 21. aldar þarf stöðugt efnahagsumhverfi og kraftmikið vísinda- og listasamfélag þar sem saman fer þekking og óbeislaður sköpunarkraftur. Stjórnvöld geta átt ríkan þátt í að skapa slíkt umhverfi. Til þess þarf framtíðarsýn, langtímaskuldbindingar og staðfestu. Sprota- og nýsköpunarfyrirtæki þurfa ekki skyndikynni við stjórnmálamenn þar sem ráðherrar opna hverja vefsíðuna á fætur annarri, afhenda léttvægar viðurkenningar eða beita sér fyrir átaksverkefnum. Þau þurfa heldur ekki undurblíð atlotsorð í eyru kvöldið fyrir kosningar. Þau þurfa þolinmæði, staðfestu og stuðning í verki. Virðulegur forseti. Hann hefur vantað.

[16:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt að halda því til haga að Ísland er meðal efstu þjóða í árlegu mati World Economic Forum í samkeppnishæfni þjóða. Ísland hafnar í 8. sæti af 102 þjóðum á lista yfir samkeppnisvísitölu hagvaxtar í ár og hefur hækkað um fjögur sæti frá því í fyrra. Skýringin á hækkuninni liggur fyrst og fremst í bættum efnahagsskilyrðum sem skila Íslandi 16. sæti samanborið við 24. sæti árið 2002.

Því er ekki að leyna að niðurstöður World Economic Forum benda til þess að nýsköpun sé veikasti þátturinn í samkeppnishæfni Íslands. Þar lendum við í 21. sæti sem er svipað og síðustu tvö ár. Þessi veika staða Íslands í nýsköpun verður e.t.v. enn ljósari þegar hún er borin saman við allgóða stöðu okkar í vísindarannsóknum. Þrátt fyrir að þessi niðurstaða veki viss vonbrigði kemur hún ekki sérstaklega á óvart. Hún endurspeglar ákveðinn veikleika í grunngerð atvinnulífsins sem mér er fulljós enda hefur iðnrn. um skeið unnið kerfisbundið að því að bæta þessa stöðu. Iðnrn. hefur lagt sig eftir því að skapa frjóan jarðveg fyrir nýsköpun með því að byggja upp öflugt stuðningsumhverfi og renna traustum stoðum undir fjármögnun. Þetta kemur skýrt fram í nýskipan opinberrar aðkomu að stuðningi við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun.

Með stofnun vísinda- og tækniráðs fyrr á þessu ári var stigið stórt skref í þá átt að samhæfa stefnu hins opinbera á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar og tengja hana betur þeirri rannsókna- og þróunarstarfsemi sem fram fer í atvinnulífinu. Hluti af þessari mynd eru annars vegar lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sem heyra undir menntmrh. og hins vegar lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sem heyrir undir iðnrh. Markmiðið með síðarnefndu lögunum snýr beint að því sem er umræðuefni okkar hér, að efla nýsköpun og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp innviði og tæknilega getu fyrirtækja og frumkvöðla, m.a. til að takast á við framsæknar rannsóknir og tækniþróun.

Til þess að markmiðið náist hefur verið stofnuð nýsköpunarmiðstöð og svokölluðum Tækniþróunarsjóði verið komið á fót. Sjóðurinn tekur til starfa um næstu áramót og gert er ráð fyrir 200 millj. kr. fjárveitingu til hans í fjárlagafrv. 2004. Áætlað er að framlög til sjóðsins muni aukast á næstu fjórum árum og verði orðin 500 millj. kr. árið 2007. Impra nýsköpunarmiðstöð er rekin á vegum Iðntæknistofnunar. Henni er fyrst og fremst ætlað að sinna litlum og meðalstórum fyrirtækjum og mun þjóna öllum atvinnugreinum, ekki bara hefðbundnum iðnaði.

Hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að vinna að nýsköpun og tækniþróun í samræmi við lögin um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun og áherslu vísinda- og tækniráðs á hverjum tíma. Impra rekur m.a. frumkvöðlasetur til stuðnings frumkvöðlum og framgangi nýrra hugmynda og er miðstöð upplýsinga og leiðsagna fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi.

Tilkoma Tækniþróunarsjóðs er veigamesta umbótin sem hrint hefur verið í framkvæmd til að treysta undirstöður nýsköpunar hér á landi. Sjóðnum er ætlað að gegna mikilvægu hlutverki við að brúa nýsköpunargjána svonefndu. En eins og flestum er sjálfsagt kunnugt hefur mjög lítið fé verið tiltækt til tækniþróunar og nýsköpunar. Að lokinni

rannsóknarvinnu hefur enga sérstaka fyrirgreiðslu verið að fá til að fullþróa rannsóknaniðurstöður og gera þær aðgengilegar fyrir framtaksfjárfesta. Efnahagslegur ávinningur af rannsóknastarfsemi hefur því orðið minni en efni hafa staðið til og margar góðar viðskiptahugmyndir hefur dagað uppi í nýsköpunargjánni svokölluðu. Þetta er alþjóðlegt vandamál og ekki einskorðað við Ísland.

Við sjáum fram á góða samfellu í stuðningsumhverfi hins opinbera á grunni laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Rannsóknasjóður mun annast fjármögnun vísindarannsókna, bæði grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Tækniþróunarsjóðnum er svo ætlað að stuðla að fullþróun viðskiptahugmynda og umbreytingu vísindalegra niðurstaðna í arðbærar vörur og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er þriðji hlekkurinn í þessari keðju, framtaksfjárfestir sem opnar nýsköpuninni leið inn á almennan markað.

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er þarft að taka upp málefni nýsköpunar í atvinnulífinu. Það mætti gera oftar og í ítarlegra umræðuformi. Það eru til ýmsar mælingar á því hvernig þjóðir standa að vígi gagnvart nýsköpun. Má vitna, til viðbótar þeirri sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, sérstaklega til þess frumkvæðis sem Háskólinn í Reykjavík hefur haft að því að kanna stöðu Íslands í samstarfi við aðra erlenda aðila þar sem reynt hefur verið að kortleggja hugmyndaauðgi og frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja. Þar kemur í ljós að Ísland stendur nokkuð vel að vígi hvað það snertir að hér eru margar viðskiptahugmyndir í gangi. Hins vegar er veiki hlekkurinn í flestum þeim tilvikum sá að fjármögnun og eftirfylgni er mjög erfið.

Ég minni líka á till. til þál. sem rædd var á Alþingi á dögunum og er flutt af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Um þá tillögu varð ágæt umræða á dögunum. Þar ræður ekki síst sú staðreynd að fé til nýsköpunar er af afar skornum skammti og er minna nú en verið hefur um árabil af þeirri einföldu ástæðu að fé Nýsköpunarsjóðs er allt orðið bundið og eignarhaldsfélög eða fjárfestingarfélög landshlutanna eru sömuleiðis hætt að fá þau tímabundnu framlög sem til þeirra runnu. Ástandið er einfaldlega þannig í dag að það er afar lítið fé á lausu til nýrra nýsköpunarverkefna. Það hlýtur að teljast mjög bagalegt. Það skortir sem sagt ekki hugmyndir en aðgangur að fjármagni og stuðningur af því tagi er af afar skornum skammti.

Það er mikið rætt um útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði um þessar mundir. Það er gott ef þar verða á ferðinni arðbær verkefni sem skila fjármunum hingað heim þótt síðar verði. Hitt er annað og öllu verra ef á sama tíma er meira og minna lok, lok og læs og allt í stáli þegar kemur að því að gera hugmyndir að veruleika í nýsköpun og þróun atvinnulífs innan lands. Það eru auðvitað ekki aðstæður sem kunna góðri lukku að stýra, herra forseti.

[16:24]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Staða nýsköpunar á Íslandi er mjög góð. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum ríkum og stöðu nýsköpunar hér á landi sýna að Ísland er í fremstu röð meðal þjóða heims. Ástæðurnar má rekja til þeirrar stefnu sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa fylgt þegar kemur að nýsköpun. Sú stefna hefur miðað að því að lækka skatta á fyrirtæki, styrkja menntakerfið og auka fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs. Með stefnu sinni hafa stjórnvöld lagt grundvöllinn að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Árið 1990 þegar vinstri menn voru síðast við völd vörðu Íslendingar einungis 1,1% af vergri þjóðarframleiðslu til rannsókna og þróunarstarfs. Árið 2001 og námu framlög til þessa málaflokks 3% af þjóðarframleiðslunni en það er markmið sem Evrópusambandið ætlar sér að ná árið 2010. Á sama tíma hafa framlög til menntamála verið aukin mjög myndarlega. Árið 1995 vörðu Íslendingar 5,2% af vergri þjóðarframleiðslu til menntamála. Árið 2002 námu framlögin 6,2%. Hagvöxtur var á þessum tíma 4% að meðaltali. Örfá ríki OECD geta státað af slíkum árangri.

Að sama skapi hafa fjárlög til menntamála sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs aukist verulega. Árið 1990 voru framlög til menntamála innan við 12% af heildarútgjöldum ríkissjóðs en eru nú í kringum 15%.

Þá er rétt að benda á að árið 1995 voru framlög til menntamála 26,7 milljarðar á verðlagi ársins 2000. Árið 2000 námu þessi framlög alls 41,5 milljörðum. Það verður ekki fram hjá því litið að stjórnvöld hafa lagt gríðarlega mikið af mörkum til að örva nýsköpun og fjárfest í menntun og rannsókna- og þróunarstarfi. Þar við bætist að stjórnvöld hafa lækkað tekjuskatt fyrirtækja úr 50% niður í 18% en hagstætt skattumhverfi fyrirtækja er ein árangursríkasta leiðin til að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Virðulegi forseti. Í ljósi þessara lykilatriða sem ég hef rakið verður ekki annað sagt en staða nýsköpunar á Íslandi sé góð, enda hafa stjórnvöld á síðasta áratug lyft grettistaki með því að örva hana með þeim aðgerðum sem ég hef hér lýst.

[16:27]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2003, 87. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 364; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 365.

Háskóli á Vestfjörðum, 317. mál, þáltill. KHG o.fl., þskj. 363.

[16:27]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu um það mikilvæga málefni sem hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson hóf máls á. Ég ætla að taka fram í upphafi að ég er ekki sammála hv. þm. Sigurði Kára um að allt sé í besta lagi. Við eigum ekki að sætta okkur við 21. sætið. Við eigum að stefna ofar á þessum lista. Samt sem áður tel ég að við eigum ekki að taka útlenda skýrslu sem einhvern stóradóm um hver staðan er, hvort sem við skorum hátt eða lágt. Oft getur verið erfitt að bera saman ólík þjóðfélög og þess vegna verðum við að túlka niðurstöðurnar með varúð. Oft eru teknir inn þættir sem auðvelt er að mæla en skipta kannski ekki öllu máli þegar á botninn er hvolft.

Þessi samanburður er engu að síður gagnlegur. Hann gefur til kynna hvaða þætti eigi að fara betur yfir. Ég tel að fara þurfi betur yfir málin varðandi nýsköpun. Ýmislegt jákvætt hefur gerst á síðustu árum í nýsköpun í atvinnurekstri. Í fyrsta lagi hefur almennt skapast meiri skilningur á að sinna þurfi nýsköpun og þróun og leggja peninga í rannsóknir.

Annað mikilvægt hefur gerst með stofnun á Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Þegar meta á afrakstur nýsköpunarverkefna á að gefa þeim tíma og sjá hvort verkefnin skili

í raun árangri. En það sem veldur okkur áhyggjum nú er að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er tómur. Það er orðin æ meiri tilhneiging hjá hæstv. ráðherrum að hafa sína eigin sjóði og jafnvel eigin nýsköpunarverkefni í rassvasanum.

Nýlega var stofnaður sjóður sem hefur að markmiði að auka virði sjávarafurða, AVS-sjóður. Það væri miklu nær að veita fjármuni í þá sjóði sem eru fyrir í stað þess að stofna nýja sjóði eins og ég heyrði hæstv. iðnrh. minnast á áðan. Hæstv. landbrh. er alveg sér á kvisti varðandi rassvasasjóði til hagræðingar og nýsköpunar. Hæst ber þó ótrúleg útgjöld til svokallaðrar nýsköpunar og hagræðingar við sláturhús landsmanna. Ég tel að fjármunir sem varið er til nýsköpunar og rannsókna nýtist betur með því að renna í þá sjóði sem fyrir eru í staðinn fyrir að stofnað sé til nýrra sjóða.

[16:29]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni fyrir að vekja athygli á stöðu nýsköpunar á Íslandi. Það er öllum ljóst sem starfað hafa í frumkvöðlaumhverfi og tekið þátt í nýsköpun og áhættufjárfestingu að áhættufé er af ákaflega skornum skammti eins og staðan er. Auðvitað þarf alltaf að velta fyrir sér hvernig beri að styðja við bakið á frumkvöðlum og með hvaða hætti opinber stuðningur eigi að koma að viðskiptahugmyndum. Að mínu viti er affarasælast ef okkur tekst að styrkja frumkvöðla í gerð viðskiptaáætlana með því að veita aukið fé til atvinnuþróunar- og eignarhaldsfélaga í landshlutunum þannig að þau geti aðstoðað frumkvöðla fyrstu skrefin.

Í umræðunni í dag hafa menn minnst á nýsköpunargjána. Það er að mörgu leyti skemmtilegt myndmál vegna þess að við sem höfum starfað í þessu umhverfi vitum að allt of oft er opinber stuðningur til að byggja brú yfir þessa miklu gjá of lítill og stendur í of skamman tíma. Ef við höldum áfram þessu myndmáli þá stendur frumkvöðullinn í raun á brúarsporðinum þegar búið er að byggja brúna yfir hálfa gjána, kraftur hans er þrotinn, fé hans þrotið og hann fær ekki opinberan stuðning lengur. Þar hefur opinberu fé í raun verið sóað í að byggja hálfa brú. Við þurfum og hljótum að velta fyrir okkur með hvaða hætti ríkisvaldið og aðilar fjármálamarkaðarins koma að því að styðja við frumkvöðla. Ríkisvaldið hlýtur og á að mínu viti að hafa forgöngu í því máli.

[16:31]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég hygg að ekki sé mikill ágreiningur um það í þingsalnum að nýsköpun er eitt það mikilvægasta sem við sinnum hér í okkar störfum, mikilvæg fyrir þjóðfélag okkar og framtíðarþróun. Mér finnst hins vegar ýmsir hv. þm. hafa dregið fulldökka mynd af því ástandi sem hér er, ekki síst ef haft er í huga að það eru ekki mörg ár síðan frumframleiðsla var meginkjarninn í atvinnulífi okkar. Á síðustu 10–20 árum hafa orðið hér stórkostlegar framfarir og nægir að benda á lyfjaiðnaðinn, á það sem gerst hefur í kvikmyndum, í tölvubransanum og ýmsum tæknigreinum og svo má halda áfram. Það hefur með öðrum orðum afskaplega mikið gerst á tiltölulega skömmum tíma. En betur má ef duga skal og ég hygg að flestir séu sammála um það, eins og fram hefur komið í umræðunni, að það er kannski fyrst og fremst skortur á aðgengi að þolinmóðu fjármagni og úr því þarf að bæta. En það má líka draga það fram, hæstv. forseti, að skattumhverfi nýsprotafyrirtækja er e.t.v. ekki nógu hagstætt. Það kostar tugi þúsunda ef ekki hundruð þúsunda að stofna nýsprotafyrirtæki með ýmsum gjöldum og álögum. Að þessu þarf að hyggja.

Mér finnst hins vegar líka of mikið einblínt á það að ríkið eitt og sér eigi að koma fram með hið þolinmóða fjármagn. Minnstur hluti af efnahagsstærðum okkar fer í gegnum ríkissjóð. Hér eru stór og öflug fyrirtæki. Hér eru að verða til efnaðir einstaklingar. Af hverju ekki að leita á náðir þeirra, að ég tali nú ekki um lífeyrissjóðina sem ráða yfir mestu fjármagni í efnahagslífi okkar? Það er þjóðfélagið allt sem þarf að taka höndum saman um þetta. Og ef skattbreytingar þarf til, eigum við auðvitað að ganga í það verk.

En ég legg áherslu á það að á síðustu 20 árum hefur óskaplega mikið gerst hér á sviði nýsköpunar. Það má tala um byltingu á því sviði og vonandi að það haldi áfram.

[16:34]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Þegar lagt er mat á stöðu nýsköpunar á Íslandi er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra þátta. Veigamestu atriðin eru framlög til þróunar- og rannsóknamála, menntastig og almennt nýsköpunarstarf. Heildarútgjöld til rannsókna og þróunar á Íslandi eru nú rúmlega 3% af vergri landsframleiðslu, en þetta er sú vísbending sem hvað algengast er að nota þegar borin er saman fjárfesting landa í rannsóknum og þróun. Aðeins Svíþjóð og Finnland hafa verið fyrir ofan okkur hvað þetta snertir og Ísland var þriðja ríkið á EES-svæðinu sem náði þessu hlutfalli. Þriðja ríkið.

Í nýlegri skýrslu World Economic Forum kemur fram að Ísland er í 8. sæti þegar metin er samkeppnishæfni ríkja, þetta hefur komið fram hér í umræðunni, en þetta er ótrúlega hagstæð niðurstaða. Ótrúlega hagstæð fyrir okkar litla ríki sem keppir á listanum við ríki á borð við Noreg, Japan, Bretland og Þýskaland og skýtur öllum þessum ríkjum ref fyrir rass. Í sérstakri upplýsinga- og tæknivísitölu World Economic Forum er Ísland í fyrsta sæti þeirra 102 ríkja sem skipa lista stofnunarinnar. Þegar kemur að nýsköpun er Ísland hins vegar í 21. sæti. Iðntæknistofnun tók á sínum tíma skýrslu World Economic Forum frá því í fyrra til skoðunar og þar kom fram að ein helsta ástæða þess að Ísland er ekki ofar en raun ber vitni á lista stofnunarinnar yfir nýsköpun er það mat þeirra að nokkuð hafi skort á að fjöldi þeirra sem ganga í háskóla og framhaldsskóla sé sambærilegur við það sem gerist annars staðar í samanburðarríkjunum.

Af þessari ástæðu þykir mér rétt að koma því á framfæri að samkvæmt nýjum upplýsingum sem ég hef af heimasíðu menntmrn. sýna tölur frá Hagstofu Íslands að mikil aukning hefur orðið í fjölda háskólastúdenta á undanförnum árum. Árið 1990 var fjöldi stúdenta við nám á Íslandi 5.296, árið 2001 var fjöldinn 11.883 og 13.884 árið 2002.

Að lokum þykir mér ástæða til að geta þess að sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað að atvinnufyrirtæki leggja nú í æ ríkari mæli fram fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfs og hlutur þeirra fer því vaxandi, jafnframt sem heildarfjármagnið er að aukast, en það hefur þrefaldast til rannsókna- og þróunarstarfs frá 1997.

Virðulegi forseti. Staða nýsköpunar á Íslandi er góð og við erum til fyrirmyndar í alþjóðasamfélaginu.

[16:36]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um ákaflega mikilvægt mál að ræða, mál sem snertir atvinnuhætti framtíðarinnar og mögu-

leika komandi kynslóða til að lifa góðu og eftirsóknarverðu lífi á Íslandi. Ég tel afar mikilvægt að hlúð verði sérstaklega að nýsköpun í tækniiðnaði á Íslandi af mörgum ástæðum. Þar liggja mörg af stærstu tækifærum atvinnuuppbyggingar á næstu missirum. Því fer fjarri að stjórnvöld hafi sinnt þessum lífvænlega vaxtarsprota og má fullyrða að þau hafi þar með brugðist hlutverki sínu hrapallega, enda tala tölurnar sínu máli líkt og fram kom í máli hv. málshefjanda.

Stefna stjórnvalda í nýsköpun í atvinnulífinu er ómarkviss, handahófskennd og til hennar skortir fjármagn. Til að mynda er ekki nægur aðgangur að þolinmóðu fjármagni og styrkjum til nýsköpunarfyrirtækja og því fer fjarri að lagt sé nægjanlegt fjármagn til rannsókna innan menntakerfisins á þessu sviði.

Á Íslandi höfum við kjöraðstæður til að vera leiðandi í nýsköpun á sviði tækniiðnaðar. Við erum tæknivædd þjóð og vel tæknilæs og því allur aðbúnaður fyrir hendi til þess að Íslendingar geti orðið leiðandi á þessu sviði á alþjóðavettvangi. En til þess þurfa íslensk stjórnvöld að vilja það og sýna þann vilja í verki.

Íslensk stjórnvöld hafa allt of lengi verið í sama farinu þegar að atvinnumálum kemur og er framtíðarstefnumótun í atvinnumálum eitt stærsta verkefni stjórnmálanna á næstunni. Það verður að eiga sér stað heildarstefnumótun í atvinnumálum þar sem við horfum gagnrýnin á samfélagið, metum hvar við stöndum og í framhaldi af því hvert við viljum fara með okkar fámenna samfélag, finna tækifærin, setja okkur markmið, hlúa að þeim og fylgja þeim eftir.

Stuðningur við nýsköpun á öllum sviðum á að vera til staðar á langtímagrundvelli, ekki sem stök átaksverkefni. Góður vilji er ekki nóg, heldur þarf að fylgja honum fast á eftir því annað er sóun á dýrmætu fjármagni.

[16:39]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún undirstrikar að það þarf að takast á við vanda þessarar greinar. Reyndar vakti það athygli mína að hv. þm. Sjálfstfl. una því vel að vera í 21. sæti og að það séu 20 önnur ríki þar sem ungt og efnilegt fólk sem fætt er hér og menntað væri kannski betur komið en hér. En Samf. unir því ekki.

Mér þóttu svör hæstv. viðskrh. einneigin vera dulítið rýr í roðinu. Vissulega eru áform um Tæknisjóð í rétta átt, en það fjárframlag sem til þessa sjóðs er ætlað finnst mér engan veginn viðunandi. Hvað eru 200 milljónir? Það er samanlagður aksturs- og risnu- og ferðakostnaður þeirra tveggja ráðuneyta sem hæstv. ráðherra fer fyrir. Til samanburðar við þann stuðning sem keppinautar íslenskra fyrirtækja í nágrannalöndunum okkar fá er rétt að benda á að í Finnlandi eru 32 fyrirtæki í líftæknigreininni einni sem hvert fær 133 milljónir á ári hverju til rannsókna. Líf- og upplýsingatækniáætlun frænda okkar á Írlandi þýddi, að teknu tilliti til stærða þjóðanna, að árleg fjárhæð hér á landi til ráðstöfunar væru 5 milljarðar íslenskra króna. Og í Frakklandi eru styrkir mjög rausnarlegir auk þess sem öll opinber gjöld, m.a. launatengd gjöld og skattar, eru afnumin 8–15 fyrstu árin hjá nýgræðingum í atvinnulífinu.

Ég heyrði engar tillögur af þessu tagi hjá hv. viðskrh. Það kom heldur ekkert fram varðandi stöðu Nýsköpunarsjóðs. Ég óttast því að á meðan hæstv. viðskrh. fer fyrir þessum málaflokki, virðulegi forseti, eigi Ísland eftir að hrapa enn neðar á lista þjóða yfir samkeppnishæfni á sviði nýtækni og nýsköpunar. Við erum ein ríkasta þjóð veraldar. Við eigum að vera í fremstu röð nýsköpunar.

[16:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. vera nokkuð fljótur á sér að afskrifa mig sem ráðherra sem fer með þennan málaflokk. Raunin er sú að ég er nokkuð stolt yfir því sem ég hef náð fram í minni tíð sem iðn.- og viðskh. og þá er ég sérstaklega að tala um þá stoð sem iðnrn. fékk með lögunum um vísinda- og tækniráð þar sem í fyrsta skipti er tekið tillit til atvinnulífsins í tengslum við vísindarannsóknir á Íslandi, að þær þurfi að leiða af sér störf og arðbær fyrirtæki. Þetta er mikils virði, það vil ég leyfa mér að fullyrða. Og Tækniþróunarsjóður er engin skyndilausn, þetta er framtíðarlausn. Hann fær 200 milljónir miðað við fjárlagafrv. á næsta ári og sú fjárhæð fer hækkandi eins og ég kom að áðan.

Það má tala um Nýsköpunarmiðstöðina, hún er líka framtíðarlausn. Og hún hefur með að gera margt sem skiptir máli, eins og frumkvöðlafræðslu, gerð viðskiptaáætlana og fleira. Það er líka nýjung. Það því er ýmislegt sem hefur verið gert sem horfir til bóta vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að það þurfti að taka á málum.

Spurt er um Nýsköpunarsjóð og það er eðlilegt að það sé gert. Ég hef áhyggjur af honum og hann hefur ekki getað stundað þá starfsemi sem honum ber í raun lögum samkvæmt vegna þess að hann hefur verið að tapa fjármunum. Við höfum fundað um það málefni með fulltrúum sjóðsins og með fulltrúum vörsluaðila framtakssjóðanna, sem skiptir líka máli, og það er unnið að framtíðarlausn í þeim efnum.

Ég vil líka leyfa mér að nefna þá fjármuni sem ákveðið var að veita til atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, til sprotafyrirtækja, 800 millj. sem Byggðastofnun hefur verið að vinna úr og er nú þegar búið að úthluta fjármagni einmitt til fyrirtækja sem eru í þessum nýju greinum. Nefna má líftækni sem á geysilega framtíð fyrir sér. Og vetnið, er það ekki nýsköpun? Við Íslendingar erum fremstir á sviði vetnis. Og lögin sem sett voru um tímabundinn stuðning vegna kvikmyndagerðar. Og fleira mætti nefna. Það er hægt að nefna margt en það er um að gera að halda áfram að standa sig og ég mun leggja mig fram um það.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 303. mál (EES-reglur, líftækni). — Þskj. 348.

[16:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta felur í sér nokkrar breytingar á lögum um einkaleyfi. Aðallega eru breytingarnar til komnar vegna innleiðingar líftæknitilskipunar EB í íslenskan rétt, nánar tiltekið tilskipun 98/44/EB, um lögverndun uppfinninga í líftækni. Sumar breytingar í frv. eru byggðar á ákvæðum samningsins um hugverk í viðskiptum (TRIPS-samningsins) sem tengist Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO og ákvæðum samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT-samningsins) en Ísland er aðili að báðum samningunum.

Tillaga til þál. um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar varðandi breytingu á EES-samningnum með innleiðingu líftæknitilskipunarinnar var samþykkt á

Alþingi á síðasta löggjafarþingi. Við gerð frumvarpa um innleiðingu líftæknitilskipunarinnar sem annarra frumvarpa stefna Norðurlöndin að því að hafa sem mest samræmi í norrænni einkaleyfalöggjöf. Var til grundvallar frv. þessu lögð vinna norræns vinnuhóps sem starfaði á vegum norrænu einkaleyfaskrifstofanna.

Markmið líftæknitilskipunarinnar er að samræma ákvæði aðildarríkja Evrópusambandsins, og nú aðildarríkja EES-samningsins, varðandi einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni. Þróun í líftækni hefur verið hröð hin síðari ár. Er talið mikilvægt að koma í veg fyrir að ólíkar reglur ríkja skerði möguleika á hagnýtingu uppfinninga á þessu sviði, en greinin gefur mikla möguleika, m.a. í læknisfræðilegum tilgangi og á sviði umhverfisverndar, sérstaklega varðandi þróun umhverfisvænna aðferða í landbúnaði og hvers kyns iðnaði.

Í stuttu máli má segja að líftækni sé starfsemi þar sem notaðar eru örverur, dýra- eða plöntufrumur eða frumuhlutar til að framleiða afurðir eða umbreyta þeim, kynbæta plöntur eða dýr eða breyta örverum á markvissan hátt í hagnýtum tilgangi. Aðferðir líftækninnar geta t.d. verið ensímtækni, frumu- og vefjatækni, erfðatækni og hefðbundnar og nýjar gerjunaraðferðir. Erfðatæknin er það svið sem er hvað mest í umræðunni og menn greinir e.t.v. mest á um þar eð fengist er með henni við að breyta erfðaefni lífvera. Með aðferðum erfðatækninnar er t.d. unnt að einangra gen, erfðavísa, ákvarða röð kirna í þeim og flytja gen á milli frumna eða lífverutegunda.

Í gildandi lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, er ekki að finna sérákvæði er varða uppfinningar á sviði líftækni. Almennt gilda því sömu reglur um þær uppfinningar og uppfinningar á öðrum sviðum. Segja má því að meginreglan samkvæmt núgildandi lögum sé sú að unnt sé að öðlast einkaleyfi á uppfinningum á sviði líftækni ef uppfinningin uppfyllir skilyrði um nýnæmi, er frábrugðin þekktri tækni, með öðrum orðum frumleg, og telst hagnýtanleg í iðnaði. Á þessari meginreglu eru tvær takmarkanir. Í fyrsta lagi er, skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. einkaleyfalaga, ekki unnt að öðlast einkaleyfi fyrir plöntu- og dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Í öðru lagi er sú almenna takmörkun, skv. 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. einkaleyfalaga, að ekki er unnt að öðlast einkaleyfi á uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.

Líftæknitilskipunin fjallar um einkaleyfishæfi, umfang verndar á þessu sviði og nauðungarleyfi, sem og varðveislu líffræðilegs efnis. Ákvæði tilskipunarinnar hafa í för með sér að kveðið verður mun skýrar á um hvað sé einkaleyfishæft á sviði líftækni og hvað sé beinlínis undanskilið einkaleyfisvernd. Frumvarpið hefur því að geyma ákvæði sem munu gera fyrstu greinar laganna um einkaleyfi mun nákvæmari hvað varðar uppfinningar á sviði líftækni. Vakin skal athygli á því að tilskipunin kveður ekki á um samræmingu á almennum skilyrðum við mat á einkaleyfishæfi, svo sem nýnæmi, frumleika og hagnýtingu í atvinnulífi.

Frumvarpið breytir í raun ekki framkvæmd við veitingu einkaleyfa hér á landi en líftækni er tiltölulega nýtt svið sem ekki er farið að reyna verulega á. Hins vegar fer umsóknum sem taka til líftækni stöðugt fjölgandi þannig að ljóst er að skýr ákvæði þurfa að gilda um þessi mál. Stærsta breytingin er líklega sú að með frv. verður heimilt að veita einkaleyfi fyrir erfðabreyttum dýrum að tilteknum skilyrðum uppfylltum en nokkur óvissa hefur ríkt um túlkun einkaleyfalöggjafar varðandi þetta atriði, bæði hér á landi og erlendis.

Að því er varðar A-lið 1. gr. frv. er sagt að uppfinningar á öllum tæknisviðum séu einkaleyfishæfar. Þetta leiðir af samningnum um hugverkarétt í viðskiptum og er í samræmi við evrópska einkaleyfasáttmálann sem ætlunin er að Ísland gerist aðili að áður en langt um líður.

Í B-lið 1. gr. frv. er m.a. sagt að aðferðir við handlækningar teljist til uppfinninga, gagnstætt því sem nú er í lögum, en hins vegar megi ekki veita einkaleyfi fyrir slíkum uppfinningum. Þetta er gert til samræmis við sömu samninga og ég hef greint frá.

Í B-lið er tekið á fleiri atriðum. Nefna má í þessu sambandi að ekki er fremur en í gildandi lögum unnt að fá einkaleyfi á dýra- og plöntuafbrigðum og takmarkanir eru á einkaleyfum á dýrum.

Í A-lið 2. gr. frv. kemur fram sú meginregla að hvorki sé unnt að fá einkaleyfi fyrir mannslíkamanum né hluta hans. Sama gildir um mannagen í sínu náttúrulega umhverfi. Rétt þykir að skýrt komi fram í lögunum að hér sé ekki um einkaleyfishæfar uppfinningar að ræða. Undantekningar geta þó verið fyrir hendi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er þannig möguleiki á að öðlast einkaleyfi á geni þó að bygging þess sé sams konar og mannagena.

Í B-lið 2. gr. frv. kemur fram að einkaleyfi sé ekki veitt fyrir uppfinningu ef hagnýting hennar í atvinnuskyni stríði gegn allsherjarreglu eða siðgæði. Slíkt ákvæði er nú í lögum um einkaleyfi. Hins vegar er aukið við ákvæðið og er nú kveðið nánar á um það hvernig túlka beri að hagnýting uppfinningar stríði gegn allsherjarreglu og siðgæði.

Í B-lið 2. gr. frv. eru taldar upp uppfinningar sem ekki er unnt að fá einkaleyfi fyrir. Þannig má ekki veita einkaleyfi fyrir aðferðum til að einrækta menn, samkvæmt skýru ákvæði. Ekki er hins vegar kveðið á um að óheimilt sé að veita einkaleyfi fyrir einræktun dýra. Það hvort einræktun sé heimil eða ekki fellur hins vegar utan ramma laganna um einkaleyfi og þá einnig þessa frumvarps.

Í A-lið 3. gr. frv., sem verður 3. gr. A í lögunum, er gert ráð fyrir að tekið sé sérstaklega á umfangi einkaleyfisverndar þegar um líftæknilegt efni er að ræða. Er talin þörf á að hafa reglur þar að lútandi mjög skýrar þar eð slíkt efni getur fjölgað sér.

Í B-lið 3. gr. frv., sem verður 3. gr. B í lögunum, er kveðið á um skýrar undantekningar frá rétti einkaleyfishafa að því er snertir rétt bænda til að nýta einkaleyfisverndað líffræðilegt efni. Með því er ætlunin að tryggja að bændur geti nýtt uppskeru til frekari fjölgunar eða fjölföldunar líffræðilegs efnis á eigin landi. Þá er kveðið á um sams konar vernd fyrir bændur varðandi dýr og setningu reglugerðar iðnrh. varðandi umfang þessara réttinda og skilyrða. Ákvæðin verða svipuð og í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Í 4. gr. frv. er breyting þannig að hugtakið líffræðilegt efni verður notað í stað örveruræktar í gildandi lögum. Verður 8. gr. einkaleyfalaga þannig breytt. Þá er einnig gert ráð fyrir breytingu á 8. gr. laganna með því að einfalda kröfur um einkaleyfisumsóknir. Nægir að umsækjandi tilgreini í framtíðinni á umsóknareyðublaði með hvaða hætti hann hefur öðlast rétt til uppfinningar en þarf ekki að leggja fram skriflega framsalsyfirlýsingu því til sönnunar þó að hann sé annar en uppfinningamaður. Þessa breytingu má rekja til þess að á alþjóðlegum vettvangi er unnið að því að einfalda kröfur um umsóknir og samræma þær. Meðal annars hefur svipuð

breyting verið gerð á samstarfssáttmálanum um einkaleyfin, PCT, sem Ísland er aðili að.

Í 6. gr. frv. er fjallað um svokölluð nauðungarleyfi. Er lagt til að ákvæði um nauðungarleyfi yrkishafa, samkvæmt lögum um yrkisrétt, séu tekin inn í lög um einkaleyfi. Gert er ráð fyrir að samsvarandi breytingar verði gerðar á lögum um yrkisrétt. Í lögunum um einkaleyfi er kveðið á um nauðungarleyfi almennt sbr. 46. gr. laganna. Með ákvæði frv. er verið að tryggja að yrkishafi geti hagnýtt yrki sem er háð veittu einkaleyfi. Samkvæmt 50. gr. laganna ákveður Héraðsdómur Reykjavíkur hvort veita eigi nauðungarleyfi, með hvaða skilyrðum og hve hátt gjald skuli greiða fyrir leyfið. Fjmrn. telur að frv. hafi ekki kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Frumvarp þetta er EES-frumvarp sem afgreiða þyrfti fyrir áramót. Það snýr aðeins að líftækni með tilliti til einkaleyfa, fyrst og fremst vegna innleiðingar líftæknitilskipunar EB og er samið í samvinnu við fulltrúa annarra Norðurlandaþjóða á sviði einkaleyfa.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[16:55]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. iðnrh. hefur flutt er um breytingu á lögum um einkaleyfi þar sem ekki er að finna sérákvæði er varðar uppfinningar á sviði líftækni. Eins og kemur fram í athugasemdum með frv. er fjallað um það að ekki er unnt að öðlast einkaleyfi fyrir plöntu- og dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er þetta tilskipun nr. 98/44 frá Evrópusambandinu, um lögvernd uppfinninga í líftækni, sem fjallar um einkaleyfishæfi, umfang verndar á þessu sviði og nauðungarleyfi sem varðar varðveislu líffræðilegs efnis, eins og fram kemur í frv.

Út af fyrir sig er þetta mál vafalaust hið merkasta mál og þarft að setja í löggjöf. Það er dálítið táknrænt að hæstv. iðnrh. skuli nú vera að fylgja hér eftir einni ákveðinni tilskipun Evrópusambandsins í framhaldi af umræðu sem átti sér stað fyrr í dag. Það er nú svo að hæstv. iðnrh. hefur tekið að sér að fylgja hér eftir ýmsum tilskipunum Evrópusambandsins og færa þær inn í íslensk lög og ekkert nema gott eitt um það að segja, en hafa ætti hæstv. ráðherra í huga að fótgönguliðar Evrópusambandsins sitja nú margir hverjir á ráðherrabekk í dag.

Eins og hér kemur fram líka hefur við gerð frv. verið lögð áhersla á grundvallarvinnu norræna vinnuhópsins sem starfaði 1998–1999 og markmið þessarar tilskipunar, eins og hér kemur fram, er að samræma ákvæði aðildarríkja Evrópusambandsins og nú aðildarríkja EES-samningsins varðandi þetta einkaleyfishæfi.

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í hv. iðnn. sem ráðherra hefur vísað þessu máli til, þá finnst mér ekki ástæða til að orðlengja þetta frekar. Þetta kemur til vinnu í iðnn. og verður sent út til umsagnar væntanlega eins og lög gera ráð fyrir. En ég tók eftir því í lokin að þar sem þetta væri EES-tilskipun þá þyrfti að klára þetta mál fyrir jól. Þess vegna verð ég að geta þess, virðulegi forseti, að það hefði nú verið betra að málið hefði komið fyrr því þess má vænta að mörg frumvörp frá ráðherrum í hæstv. ríkisstjórn muni birtast og verði vísað til nefndar í aðdraganda nefndadaga, en óneitanlega verð ég að segja fyrir mitt leyti að ég hefði viljað að þetta mál, sem er dálítið yfirgripsmikið og þarf vafalaust að skoða mjög vel, hefði mátt koma fyrr inn.

[16:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, með síðari breytingum. Eins og hefur komið fram í umræðunni erum við að innleiða tilskipun frá Evrópusambandinu um lögvernd uppfinninga í líftækni, og leyfi ég mér að halda því fram að ef við værum ekki í því Evrópusamstarfi sem við erum í í dag þá væru þessi mál ekki komin á dagskrá hér á Alþingi. En vissulega er þetta mjög mikilvæg lagasetning og við munum auðvitað taka okkur þann tíma í iðnn. sem við þurfum til að skoða þetta en ég efast ekki um að þetta gangi greiðlega í gegnum nefndina, enda greinilega mikilvægt.

En mig langar aðeins að nefna, af því að seinna í dag munum við ræða um uppfinningar starfsmanna, að það er vissulega svo að víða, t.d. í Evrópu eru starfsmenn ekki nógu vel verndaðir hvað varðar réttindi á sínum eigin uppfinningum þegar þeir eru í vinnu hjá öðrum. Þar er aðallega um að ræða margmiðlunartæknina þar sem starfsmenn sem starfa við margmiðlunarfyrirtæki og gera þar ákveðnar uppfinningar og eiga þar ákveðin hugverk fá ekki að njóta afraksturs uppfinninga sinna þegar um er að ræða hluti sem síðan eru mikils virði. En það er nú aukaatriði í þessu.

Ég ætla bara að taka undir að við munum skoða þetta vel og ég efast um að þetta taki mjög langan tíma í nefndinni, þannig að ráðherra þarf ekki að hafa áhyggjur af því að þetta mál klárist ekki fyrir tiltekinn tíma.

[17:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar undirtektir við frv. Ég tek undir að það kemur óþarflega seint fram, það er alveg hárrétt. Ég hefði gjarnan viljað mæla fyrir því fyrir svona hálfum mánuði, þremur vikum, en þetta er nú einu sinni svona, það tekur víst dálítinn tíma að koma þessum frv. fram og ná þeim inn í þingið til umfjöllunar. Ég vonast samt til þess að málið geti fengið góða og málefnalega, og helst skjóta, umræðu og afgreiðslu í nefnd ef mögulegt er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 304. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 349.

[17:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem er 304. mál þingsins á þskj. 349.

Á árinu 1999 voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í lögunum var gjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins breytt á þann veg að tryggt væri að gjaldið uppfyllti skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þyrfti álagningarhlutföll í lögum í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Þessum álagningarhlutföllum þarf að

breyta á hverju haustþingi enda ógerlegt að ákveða nákvæm hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn.

Frv. þetta er flutt í því skyni að breyta álagningarhlutföllum 5. gr. laganna. Í frv. er miðað við að kostnaður af starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði 288,7 millj. kr. á árinu 2004 sem er 8,5% hækkun frá þessu ári. Nýlegar lagabreytingar hafa haft í för með sér aukið umfang í starfsemi eftirlitsins. Væntanlegar breytingar á eiginfjárreglum, Basel-reglur, og nýjar tilskipanir og tilmæli evrópskra fjármálaeftirlita um verðbréfaviðskipti hafa einnig kallað á mikinn undirbúning. Væntingar standa til þess að þetta aukna umfang sé tímabundið. Gert er ráð fyrir að ársverkum fjölgi um 1,5 á næsta ári en stefnt er að því að fjölga ekki fastráðnum starfsmönnum.

Eftirlitsskyldir aðilar hafa farið fram á að ríkið greiði hluta kostnaðarins við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Rökin eru þau að Fjármálaeftirlitið taki þátt í mótun reglna sem eðlilegt sé að ríkið greiði. Viðskrn. hefur hafnað þessari kröfu. Í athugasemdum með frv. eru upplýsingar um fjármögnun fjármálaeftirlita innan EES. Þar kemur fram að það fyrirkomulag sem hér tíðkast er hið langalgengasta innan EES enda er mótun og samræming reglna eðlilegur þáttur í opinberu fjármálaeftirliti samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum.

Hæstv. forseti. Í fskj. III með þessu frv. er að finna skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskrh. um starfsemi eftirlitsins. Í 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um að ráðherra skuli leggja slíka skýrslu fyrir Alþingi. Í skýrslunni er fjallað um eftirlit með einstökum sviðum fjármálamarkaðar, þ.e. lánamarkaðar, verðbréfamarkaðar, vátryggingamarkaðar og lífeyrismarkaðar. Þá er greint frá þróun og horfum á íslenskum fjármálamarkaði og áherslum í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri.

Í skýrslunni er einnig umfjöllun um nýjustu athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslenska fjármálakerfinu. Niðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gefa til kynna að Fjármálaeftirlitið og sú umgjörð sem fjármálafyrirtækjum er nú búin standist í heild samanburð við það besta sem gerist. Sú niðurstaða er mikilvæg fyrir samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég verð alltaf jafnhissa þegar hæstv. viðskrh. mælir fyrir þessu frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem hefur verið árviss atburður undanfarin ár. Hæstv. ráðherra tekur hér fjórar mínútur, ef ég hef skilið þetta rétt, til þess að mæla fyrir frv., en frv. fylgir ítarleg greinargerð og er alls um 74 síður. Hér er ekki einungis verið að gera grein fyrir fjármálaumsvifum Fjármálaeftirlits á næsta ári og nauðsynlegum breytingum til þess að Fjármálaeftirlitið hafi tekjur til að standa undir starfsemi sinni heldur er, eins og ráðherrann hæstv. sagði hér í stikkorðum, Fjármálaeftirlitið að gera grein fyrir skýrslu til viðskrh. um umfangsmikla starfsemi sína, auk þess sem eftirlitsskyldir aðilar gera ýmsar athugasemdir varðandi umfang Fjármálaeftirlitsins því það eru þeir sem þurfa að standa undir kostnaði við eftirlitið. Mér finnst hæstv. ráðherra sýna bæði þinginu mikla vanvirðingu og Fjármálaeftirlitinu með því að fara ekki yfir helstu efnisatriði sem fram koma í greinargerð, ítarlegri greinargerð frá Fjármálaeftirlitinu sérstaklega, vegna þess að hlutverk Fjármálaeftirlitsins er ákaflega þýðingarmikið og brýnt í allri okkar fjármálastarfsemi. Hlutverk þess er að takmarka hættuna á áföllum á fjármálamarkaðnum, eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar fylgi lögum og reglum á fjármálamarkaði og koma í veg fyrir innherjasvik og markaðsmisnotkun. Og það eru ýmsar alvarlegar athugasemdir, að mínu mati, hæstv. forseti, gerðar í þessari skýrslu Fjármálaeftirlitsins sem full ástæða hefði verið til af hálfu hæstv. ráðherra að ræða hér ítarlega og kynna sjónarmið sín á.

Þess vegna gagnrýni ég það enn og aftur að ráðherrann skuli ekki sjá ástæðu til þess að gera frv. og greinargerð sem við hér ræðum hærra undir höfði en hún sýndi hér áðan, hæstv. ráðherra, með málflutningi sínum.

Ég hef nokkar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra. Ég tel ekki ástæðu til að dvelja lengi við þær athugasemdir sem hafa komið fram frá eftirlitsskyldum aðilum en þar kemur fram hefðbundin gagnrýni þeirra á umfang Fjármálaeftirlitsins og kostnaðinn sem því fylgir. Ég hef ekki talið ástæðu til að taka undir þá gagnrýni sem eftirlitsskyldu aðilarnir setja fram á kostnað við eftirlitið. Þau verkefni sem Fjármálaeftirlitið hefur fengið ár frá ári eru sífellt að vaxa í takt við flóknari umsýslu á fjármálamarkaði, fjölgun verkefna og lög frá Alþingi sem setja fleiri og fleiri skyldur á eftirlitið. Ég hef ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir sérstaklega við þennan þátt í frv.

Ég vil bæta því við, virðulegi forseti, að í þessari skýrslu fylgir það sem t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sagði á árinu 2001 varðandi athugun sína á fjármálastöðugleika á Íslandi og síðan á árinu 2003. Þar kom fram að á árinu 2001 lagði sjóðurinn til ýmsar breytingar á löggjöf og eftirliti til að bregðast við veikleikum á fjármálamarkaði og í eftirliti með honum, m.a. lagði sjóðurinn til verulega stækkun á Fjármálaeftirlitinu. Þetta hefur auðvitað verið í takt við þá þróun sem hefur verið frá systurstofnunum Fjármálaeftirlitsins víða í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þetta var á árinu 2001. Síðan kemur hér fram að sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sótti Ísland heim í apríl 2003 til að fylgja eftir athugun á fjármálastöðugleika sem gerð var á árinu 2001. Niðurstöður staðfestu að ójafnvægi sem greindist í skýrslunni frá 2001 væri horfið og að meira jafnvægis gætti nú í áhættufjármálageira, m.a. fyrir tilstuðlan fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerða.

Hjá Fjármálaeftirlitinu kemur líka fram að þeir telja upp ýmsa þætti sem hafa bæst við í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og telja nauðsynlegt. Orðrétt segir hér í þessari skýrslu, með leyfi forseta, að:

„Stjórnvöld þurfi að vera reiðubúin að endurskoða stærð Fjármálaeftirlitsins þar sem starf þess við að koma nýjum lögum í framkvæmd megi ekki koma niður á kjarnaeftirliti."

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem fer varlega oft þegar um er að ræða aukin útgjöld og umsvif tekur þá undir það að vel eigi að búa að Fjármálaeftirliti í samræmi við þau verkefni sem það hefur haft með höndum. Auðvitað tek ég undir það að auðvitað eigi að gæta aðhalds og hagkvæmni í öllu því sem snýr að opinberum stofnunum, ekki síður Fjármálaeftirlitinu en öðru, en maður verður að horfa til þeirra verkefna sem Fjármálaeftirlitið hefur með höndum þegar verið er að líta til rekstrarumfangs stofnunarinnar.

Ég vil þá víkja að því, virðulegi forseti, að Fjármálaeftirlitið hefur nýlega sett fram hugleiðingar um gegnsæi starfsemi Fjármálaeftirlitsins og spyr hvort ástæða sé til að

rýmka heimildir þess til að greina frá framkvæmd eftirlits og niðurstöðum í einstaka málum. Í umræðuskjali sem Fjármálaeftirlitið hefur gefið út um þetta mál segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið fjallar hins vegar ekki opinberlega um einstök mál eða málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila, nema mælt sé fyrir um upplýsingaveitingu í lögum. Eftirlitsskyldir aðilar eða almenningur eiga því ekki aðgang að niðurstöðum í einstökum málum nema þær séu birtar af öðrum aðilum en Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið sætir oft gagnrýni vegna þessa síðastnefnda. Nefnt hefur verið að varnaðaráhrif af aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og niðurstöðum séu lítil og aðgerðir þess í einstökum málum stuðli ekki nægilega að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild. Sérstaklega hefur verið bent á að mikilvægt sé fyrir hagsmuni verðbréfamarkaðar að gegnsæi ríki í afdrifum mála sem upp komi."

Herra forseti. Ég tek svo sannarlega undir þetta og mér finnst mjög gott að Fjármálaeftirlitið skuli setja fram hugleiðingar um að það þurfi að auka gegnsæi í starfsemi þess og greina frá framkvæmd eftirlits og niðurstöðum í einstaka málum sem þeir hafa ekki gert hingað til af því að þeir eru bundnir ákveðinni þagnarskyldu með lögum. Þeir leggja raunverulega til að þetta mál verði skoðað af fullri alvöru en segja hér, með leyfi forseta:

„Taka ber fram að breytingar á núgildandi fyrirkomulagi eru ekki á forræði Fjármálaeftirlitsins, þar sem aukin upplýsingamiðlun um niðurstöður þess í einstökum málum er háð breytingum á lögum."

Þess vegna beini ég orðum mínum til hæstv. viðskrh. og spyr um álit hennar á þessari breytingu á upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins sem það sjálft setur hér fram til þess að auka gegnsæi og tryggja meira aðhald og eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum eins og hægt er með því að hafa meira gegnsæi ríkjandi og þær skyldur á Fjármálaeftirlitinu að greina frá og birta niðurstöður í einstökum málum. Þar sem hér er um löggjafaratriði að ræða hlýtur hæstv. viðskrh. að hafa skoðun á því hvort hér beri að auka gegnsæið. Og ég vísa til þess þegar ég beini spurningu minni til hæstv. viðskrh. að hér stendur í því skjali sem Fjármálaeftirlitið hefur sent fram um þetta mál, með leyfi forseta:

„Jafnframt er kveðið sérstaklega á um að tryggja þurfi eftirlitsaðilum heimild til að greina opinberlega frá beitingu stjórnsýsluviðurlaga."

Þetta er sem sagt í nýlegri tilskipun Evrópusambandsins. Þar er kveðið sérstaklega á um að tryggja þurfi eftirlitsaðilum heimild til þess að greina opinberlega frá beitingu stjórnsýsluviðurlaga.

Ég tel því ástæðu til þess þegar við ræðum um starfsemi Fjármálaeftirlitsins að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hún telji að það sé rétt að rýmka heimildir Fjármálaeftirlitsins til að greina frá niðurstöðum í einstaka málum.

Virðulegi forseti. Með reglubundnum hætti kemur upp umræða um tryggingafélögin og þau háu iðgjöld bifreiðatrygginga sem bifreiðaeigendur hafa þurft að búa við á umliðnum árum. Það er ekki langt síðan við vorum hér í þinginu í umræðu einmitt um há iðgjöld bifreiðatrygginga sem hafa hækkað mjög mikið á umliðnum árum og um 80–90% á stuttum tíma. Ég hef sett fram gagnrýni á Fjármálaeftirlitið vegna þessa og talið að Fjármálaeftirlitið hafi ekki fært nægjanleg rök fyrir því af hverju það telji ekki ástæðu til þess að grípa til neinna aðgerða gegn tryggingafélögunum. Við höfum séð bótasjóði tryggingafélaganna blása út á sama tíma og iðgjöldin hafa hækkað. Það er auðvitað ástæða til þess að skoða það sérstaklega varðandi bótasjóðina. Við hljótum að skoða það m.a. í ljósi þeirra reglna sem gilda um skattlagningu bótasjóðanna. Ég tel að þeim verði að breyta þannig að óuppgerð tjón liggi ekki árum saman í sjóðunum og þannig geti tryggingafélögin legið með gífurlega mikið af óskattlögðum fjármunum í sinni vörslu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það þurfi ekki að taka bótasjóðina til sérstakrar skoðunar, fyrirkomulag þeirra, og hvernig þeir hafa blásið út á sama tíma og iðgjöldin hafa verið að hækka.

Ég spyr ráðherrann sérstaklega um það hvort það sé eðlilegt, þetta tvíþætta hlutverk sem Fjármálaeftirlitið hefur með höndum, þ.e. annars vegar að hafa eftirlit með að iðgjöld standi undir skuldbindingum sínum sem snýr að tryggingafélögunum, og hin hliðin sem snýr að neytendum, að hafa eftirlit með að iðgjöld séu hófleg gagnvart neytendum.

Það getur verið að verksvið Fjármálaeftirlitsins stangist þarna á og það er spurning hvort það þurfi að kljúfa þetta upp með einhverjum hætti, að þetta sé ekki hvort tveggja á höndum Fjármálaeftirlitsins, a.m.k. miðað við þá reynslu sem við höfum, þá umræðu sem við höfum gengið í gegnum hér í þessum þingsal, án þess að Fjármálaeftirlitið beiti sér með einum eða öðrum hætti gagnvart neytendum að mér finnst, virðulegi forseti. Mér finnst þetta vera skoðunarinnar virði hvort kljúfa eigi upp þessa tvo verkþætti sem Fjármálaeftirlitið hefur annars vegar gagnvart tryggingafélögunum og hins vegar gagnvart neytendunum. Ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Undir þessu umræðuefni, þar sem við ræðum hér um Fjármálaeftirlitið, hefði verið fengur í því ef hæstv. ráðherra hefði séð ástæðu til þess að ræða eitthvað um þá þróun sem hefur verið á bankamarkaðnum, þegar bankastofnanir fara í æ ríkara mæli út í fjárfestingar í atvinnulífinu og eigendur bankastofnana orðnir umsvifamiklir í rekstri á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Menn hafa áhyggjur af því að þetta valdi hagsmunaárekstrum og hefði verið eðlilegt að kalla eftir því við þessa umræðu að fá álit hæstv. viðskrh. á þessari þróun.

Virðulegi forseti. Ég hef eina fyrirspurn til viðbótar til hæstv. ráðherra, sem við ræddum reyndar aðeins á síðasta þingi, það snertir upplýsingaskyldu um starfskjör stjórnenda. En Kauphöllin hefur sett slíkar reglur fyrir fyrirtæki sem eru skráð hjá Kauphöllinni. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur um upplýsingaskyldu lífeyrissjóða, um starfskjör stjórnenda sambærileg þeim sem Kauphöll Íslands hefur sett um skráð félög Kauphallar? Ég minnist þess að þetta hafi komið til tals í umræðu á síðasta þingi og ég innti hæstv. ráðherra eftir þessu þá. Hæstv. ráðherra tók vel undir það, ef ég man rétt, að eðlilegt væri að slíkar reglur yrðu settar. Ég hef ekki orðið þess vör að þær hafi séð dagsins ljós. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Eru einhverjar slíkar reglur í undirbúningi? Hefur hæstv. ráðherra vitneskju um það? Er hæstv. ráðherra tilbúinn til þess, ef slíkar reglur eru ekki í undirbúningi, að beina tilmælum, og ég undirstrika tilmælum, til Fjármálaeftirlitsins um að slíkar reglur verði settar?

Í skýrslunni sem við ræðum er töluvert fjallað um lífeyrissjóðina og það koma ýmsar athugasemdir fram hjá Fjármálaeftirlitinu varðandi starfsemi lífeyrissjóðanna. Ég viðurkenni það, virðulegi forseti, að ég hef haft af því töluverðar áhyggjur að ekki sé nægjanlegt eftirlit með starfsemi

lífeyrissjóðanna, m.a. hugsanlegum hagsmunaárekstrum hjá stjórnendum lífeyrissjóðanna. Maður veltir fyrir sér hvaða reglur gilda um setu stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða í stjórnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í, ef stjórnarmenn eða stjórnendur eiga sæti í stjórn þess fyrirtækis og eiga sjálfir hlut í því eða eiga annarra hagsmuna að gæta í viðkomandi fyrirtæki. Ég er alls ekki klár á því hvernig á þessum málum er tekið t.d. af hálfu Fjármálaeftirlitsins, hvort gagnsæi og eftirlit sé þar nægilega mikið til þess að maður hafi svona sæmilega tilfinningu fyrir því að ekki sé um að ræða hagsmunaárekstra varðandi starf stjórnenda og starfsmanna lífeyrissjóðanna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það.

Lífeyrismarkaðurinn fær töluvert rúm í skýrslu Fjármálaeftirlitsins til hæstv. viðskrh. Hér segir, með leyfi forseta:

„Nokkur brögð hafa verið að því að ársreikningar og fjárfestingarstefnur lífeyrissjóðanna hafi ekki verið í samræmi við reglur sem um þau gilda og hafa margvíslegar athugasemdir verið gerðar við sjóðina í þessu sambandi og úrbóta krafist.

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu hafið viðamiklar athuganir á starfsemi þriggja lífeyrissjóða. Tveimur þeirra lauk með athugasemdum og kröfum um úrbætur en einni er ólokið. Í einu tilviki afhenti Fjármálaeftirlitið efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra niðurstöður og gögn vegna athugunar."

Síðan segir varðandi lífeyrissjóðina:

„Talsvert hefur verið um réttindaskerðingar, ýmist í formi lækkunar margföldunarstuðla eða breytingar á greiðslutímabilum lífeyris."

Það er ýmislegt annað sem kemur fram í þessari skýrslu sem ég sé að ég hef ekki tíma til þess að ræða. Hér er farið yfir hvernig tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna er í árslok 2002. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að sú mynd sem þar er dregin upp veldur nokkrum áhyggjum. Þar kemur fram að tryggingafræðileg staða hjá lífeyrissjóðunum í árslok 2002 hafi verið jákvæð hjá 11 lífeyrissjóðum, halli á bilinu 0,1–5% hjá níu lífeyrissjóðum, hjá 18 lífeyrissjóðum var halli á bilinu 5,1–10% og hjá fjórum var halli meira en 10%.

Þessar tölur segja okkur að það er ástæða til þess að hafa þarna áhyggjur og maður verður auðvitað að treysta því að Fjármálaeftirlitið standi vel gæsluna og vörðinn um það að lífeyrissjóðirnir eigi fyrir sínum skuldbindingum. Það er hart til þess að vita að halli á lífeyrissjóðunum, hverjum sem þar er um að kenna, óvarleg fjárfesting lífeyrissjóðanna eða hvað það er, þurfi að bitna með harkalegum hætti á réttindum fólksins. Af því er ástæða til þess að hafa áhyggjur og er bent á ýmislegt fleira varðandi lífeyrissjóðina sem ég hef ekki tíma til að ræða hér þar sem tíma mínum er lokið. En ég ítreka þær fyrirspurnir sem ég hef lagt til hæstv. viðskrh. og vænti þess að hún svari þeim í síðari ræðu sinni.

[17:26]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér skýrslu og frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þ.e. Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið gegnir afskaplega mikilvægu hlutverki í síbreytilegum og hratt breytilegum markaði, sérstaklega verðbréfafyrirtækja og fjármálastofnana. Þetta hlutverk er eitthvað minna hjá lífeyrissjóðum eða tryggingafélögum, en engu að síður mjög mikilvægt. Fjármálamarkaðurinn hefur vaxið og breyst mjög hratt bara á síðustu mánuðum og það er mjög mikilvægt, frú forseti, að gott eftirlit sé með þeirri starfsemi sem þar á sér stað vegna þess hve mikið er að breytast og hve mikið er í húfi. Ég held að Fjármálaeftirlitið hafi staðið sig nokkuð vel miðað við hvað umfang starfsins er orðið mikið og breytingarnar miklar. Hins vegar má lengi betur gera.

Oft gera menn sér ekki grein fyrir því að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þremur megingreinum; það eru bankar og sparisjóðirnir, það eru fjármálafyrirtæki ýmiss konar í einum hóp, síðan eru það vátryggingafélög og svo eru það lífeyrissjóðirnir. Hvert þessara sviða hefur ákveðin vandamál. Hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum eru það innherjavandamál og vandamál varðandi yfirtökur og annað slíkt sem hafa verið mjög tíð undanfarið. Hjá tryggingafélögunum eru það bótasjóðirnir og mat á þeim, gæta þess að þeir séu nægilega miklir til þess að ekki skorti fé þegar þarf að greiða út. Enn fremur þarf að gæta þess, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að iðgjaldið sé ekki of hátt. Þessi markmið rekast auðveldlega á. Hjá lífeyrissjóðunum þarf að gæta þess hvernig háttað er útlánum eða fjárfestingum lífeyrissjóðanna og alveg sérstaklega að gæta þess að þeir eigi ætíð fyrir skuldbindingum, þ.e. að gripið verði til harkalegra aðgerða ef nauðsyn krefur. Það liggur nú þegar fyrir.

Hins vegar er það ekki hlutverk Fjármálaeftirlitsins að meta t.d. hvort um sé að ræða oftryggingu vegna skaðabótalaganna hjá bílatryggingunum eða hvort það sé innbyggður galli í lífeyriskerfinu sem stafar af því að iðgjaldið er ekki rétt hjá lífeyrissjóðunum. Það er ekki tryggingafræðilega rétt. Það er ákveðinn flutningur á réttindum frá ungu fólki til eldri sjóðfélaga sem gerir það að verkum að sjóðir sem eru með mikið af eldri sjóðfélögum standa illa bara þess vegna, burt séð frá ávöxtun. Það getur þurft að skerða réttindi hjá fólki sem er skikkað með lögum til að greiða í lífeyrissjóð með mikið af eldri sjóðfélögum, bara af því að það lendir í þeim hópi. Það er spurning hvort það samræmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að fólk sé skikkað að borga í ákveðinn lífeyrissjóð og vegna þess hvernig aldursdreifingin er í þeim sóði, verði þau réttindi skert. En þetta er innbyggður galli sem í rauninni aðrir en Fjármálaeftirlitið taka afstöðu til.

Í skjalinu sem liggur fyrir framan okkur er á fskj. II, álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins. Nefndarmenn koma fram með óvenjuharða gagnrýni því þeir telja, með réttu, að þeir séu einu aðilarnir sem eigi að gæta nauðsynlegs kostnaðaraðhalds vegna þess að þeir, eftirlitsskyldu aðilarnir, greiða sjálfir reksturinn.

Þeir segjast hafa bent á ýmis atriði, en Fjármálaeftirlitið hafi ekkert tillit tekið til þeirra, eins og stendur hér, með leyfi frú forseta:

„FME hefur ekkert tillit tekið til þeirra málefnalegu ábendinga samráðsnefndar, sem fram komu í minnisblaði hennar, dags. 29. ágúst, við drög að rekstraráætluninni."

Þar er bent á að það sé í sjálfu sér mæli verið að veita Fjármálaeftirlitinu stjórnsýsluhlutverk, þ.e. að það sé að taka yfir stjórnsýsluhlutverk sem sé eðlilegt að ríkisvaldið greiði, en ekki þeir aðilar sem eiga að standa undir kostnaði við eftirlitið, sem er annar þáttur starfseminnar.

Síðan koma þeir með athugasemdir. Þeir benda á það, með leyfi frú forseta:

„Samkvæmt drögunum er kostnaður vegna erlends samstarfs og funda erlendis áætlaður verulega hærri en fyrir líðandi ár og það þrátt fyrir að ljóst sé að þessi liður var stórlega ofáætlaður vegna ársins 2003. Samráðsnefnd ítrekar sín

fyrri sjónarmið um að FME haldi kostnaði af slíku samstarfi innan eðlilegra marka, enda hljóta mjög tíðar utanferðir að bitna á vinnu að lögbundnu eftirlitshlutverki hér heima."

Í lið 5 stendur enn fremur, með leyfi frú forseta:

„Samráðsnefnd hefur undanfarin ár gagnrýnt harðlega há stjórnarlaun sem greidd eru til stjórnar FME. Þá er jafnljóst að sú viðtekna venja að boða varamenn til allra stjórnarfunda gengur gegn lýðræðislegum stjórnarháttum og ótækt að halda slíkri stefnu áfram."

Þeir gagnrýna sem sagt mjög há stjórnarlaun hjá FME.

Svo benda þeir á að það þurfi að gæta þess að lágmarksgjald vegna eftirlits verði aldrei svo hátt að það komi í veg fyrir rekstur smæstu fyrirtækjanna. Það er náttúrlega ótækt ef eftirlitsgjaldið er orðið svo hátt að ekki sé hægt að reka fyrirtæki.

Að lokum benda þeir á að ekki verði hjá því komist að vekja athygli á því hversu lítinn hluta af heildarkostnaðinum stærsti aðilinn á lánamarkaðnum, þ.e. húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, greiði. En Íbúðalánasjóður er, sem kunnugt er, stærsti aðilinn á lánamarkaði á Íslandi.

Þetta voru athugasemdir sem samráðsnefnd gerir við frumvarpið og ég held að það sé rétt að þær verði skoðaðar í hv. nefnd sem færi málið til umfjöllunar.

Ég vil undirstrika það að Fjármálaeftirlitið gegnir mjög mikilvægu hlutverki, sérstaklega eftir að það var sameinað úr bankaeftirliti og tryggingaeftirliti og styrkt á margan hátt, þá gegnir það sífellt veigameira hlutverki í því að halda uppi góðum siðum og góðri reglu á síbreytilegum og hratt breytilegum verðbréfamarkaði.

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru í sjálfu sér ekki mörg atriði sem ég sé ástæðu til að staldra við hér við 1. umr. þessa máls. Þetta er tæknilegt mál og það er kannski eðlilegt að meginskoðun þess fari fram í þingnefnd. Ég tel hins vegar að það sé mjög mikilvægt að viðkomandi nefnd gefi sér góðan tíma til að fara rækilega ofan í saumana á frv. og nota þá í raun og veru tækifærið og tilefnið og fara yfir stöðu Fjármálaeftirlitsins og hversu vel menn telja að til sé að takast, því sú starfsemi sem hér á í hlut er gríðarlega mikilvæg og ekki síst vegna þess að hér hefur verið valin sú leið, sem margt mælir reyndar með, að sameina þetta eftirlit allt saman á einni hendi þar sem áður var um að ræða kannski í aðalatriðum tvær eftirlitsstofnanir þar sem voru bankaeftirlitið og Vátryggingaeftirlitið. En hér má segja að fjármálaeftirlit hafi allt verið sameinað á eina hendi og því falið til viðbótar þó nokkurt stjórnsýsluhlutverk þannig að það er mjög mikið orðið undir í þessari einu stofnun.

Frumvarpið er í grunninn fyrst og fremst gjaldskrárbreyting, ef ég hef lesið þetta rétt, verið er að hækka nokkuð álagningarhlutföll á eftirlitsskylda aðila en lágmarksgjöldum er haldið óbreyttum. Þannig að eitt af því sem þarf auðvitað að fara ofan í saumana á er fjármögnunarþátturinn. Síðan er náttúrlega eðlilegt að til skoðunar komi þessir stóru aðilar sem Fjármálaeftirlitið hefur yfirumsjón og eftirlit með, þ.e. Kauphöllin, bankarnir eða fjármálastofnanirnar, lífeyrissjóðirnir og vátryggingastarfsemin. Allt skiptir þetta auðvitað mjög miklu máli og væri hver og einn þessara þátta alveg tilefni til umræðna hér. Reyndar hafa a.m.k. tveir þeirra verið alveg sérstaklega til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu vegna stöðu mála þar, þ.e. vátryggingasviðið og bankarnir.

Ég hef að vísu vakið athygli á því, bæði í umræðum á Alþingi og í blaðagreinum, hver þróun mála sé hjá Kauphöll Íslands og er furðuhljótt um það að skráðum fyrirtækjum hríðfækkar nú í Kauphöllinni. Það hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni a.m.k. þeim sem hæst töluðu um mikilvægi þess að þróa hér virkan hlutabréfamarkað með þátttöku almennings og hvöttu mjög til þess að fyrirtæki skráðu sig. En nú er sem sagt staðan sú að þau hverfa þaðan umvörpum af markaði og það hlýtur að vera umhugsunarefni í sjálfu sér að t.d. öll olíufélögin hafa nú verið afskráð, að langstærsta fyrirtækið á sviði smásöluverslunar hefur verið afskráð og þannig mætti áfram telja. Fram undan eru nokkrar afskráningar nú á síðasta hluta ársins og í upphafi árs 2004, en ef ég veit rétt og hef fylgst rétt með hefur aðeins ein nýskráning á fyrirtæki litið dagsins ljós á öllu þessu ári. Og fyrirtækjum hefur fækkað þarna úr upp undir 80 og niður í um 50 eins og málin standa í augnablikinu.

Það sem ég held að þurfi að skoða alveg sérstaklega í þessu er ósköp einfaldlega hversu virkt er Fjármálaeftirlitið gagnvart þeim þáttum sem skiptir kannski mestu máli að það geti beitt sér í? (**Gripið fram í:** ... vátryggingafélögunum?) Það er eins og gagnvart vátryggingafélögunum og kannski bönkunum og hvernig þeir eru að hegða sér og nýir eigendur þeirra og hvernig þeir eru notaðir sem tæki í valdabröltinu í viðskiptaheiminum.

Það vekur líka spurningu um það hvort núverandi staða Fjármálaeftirlitsins og stjórnskipuleg staða þess sé nógu heppileg, sé nógu sterk. Hefur Fjármálaeftirlitið það sjálfstæði og þá styrku stöðu gagnvart annars vegar ráðuneytinu og hins vegar stærstu þátttakendunum á markaði sem það á að hafa eftirlit með, sem nauðsynlegt er til þess að það geti beitt sér sem skyldi? Og þegar maður sér hvers konar samkrull er orðið þarna á ferðinni, óhuggulegt samkrull í þessum litla fámennisheimi, sem ekki síst er nú að kristallast í fjármálaheiminum og viðskiptaheiminum íslenska núna, þá getur maður auðvitað velt þessu fyrir sér.

Mér finnst alveg koma til greina að það verði athugað hvort Fjármálaeftirlitinu væri betur búinn staður t.d. í skjóli Alþingis, eða að því yrði með einhverjum enn öðrum hætti tryggð enn þá sterkari og sjálfstæðari staða. Og hvort sem fyrirmyndir að því væri að hafa annars staðar, þá yrðum við kannski að smíða okkur hér okkar eigið fyrirkomulag, bara ósköp einfaldlega í ljósi þess hversu lítill íslenskur markaður er, hversu algengt er að sömu einstaklingarnir sitji öllum megin við borðið, undir og yfir og allt um kring. Og þegar maður veltir því fyrir sér hvers konar tengsl Fjármálaeftirlitið hefur við nokkra lykilaðila í íslenska fjármálaheiminum og rekst aftur og aftur á sömu nöfnin, eða sér að sömu áhrifavaldarnir koma við sögu, þá bregður manni óneitanlega í brún. Þegar maður sér sömu einstaklingana vera framkvæmdastjóra stærstu fyrirtækjanna kannski á sviði fjármálastofnana sem eftirlitið á að hafa eftirlit með, sér þá sitja í stjórn annars fyrirtækis, t.d. Kauphallar Íslands eða Verðbréfaskráningar, sér þá vera í raun og veru ráðandi aðila í vátryggingastarfsemi í gegnum eignaraðild fjármálastofnana þannig að þeir eru kannski á þremur af fjórum vígstöðvum þar sem Fjármálaeftirlitið á sérstaklega að bera niður.

Sem betur er komin upp þó nokkur umræða t.d. í fagtímaritum og víðar um það hvort heppilegt sé að þessi hlutverk skarist jafnhressilega og raun ber vitni. En það hlýtur að þurfa að ræðast og skoðast einnig í samræmi við hlutverk þessa stóra opinbera eftirlitsaðila sem Fjármálaeftirlitið er,

vegna þess auðvitað hversu ískyggilegt vandamál þessi fákeppniseinkenni og hringamyndunareinkenni öll eru hér á landi.

Ég vil nú leyfa mér að nefna það hér að ég held að það sé fullkomlega kominn tími á það að unnin verði á nýjan leik skýrsla, sem Samkeppnisstofnun hefur að vísu haft forustu um hingað til og gert í tvígang, þar sem kortlögð verða einfaldlega hringamyndunareinkenni í íslensku viðskiptalífi. Þessar skýrslur hafa borið heitið Stjórnunar- og eignatengsl í íslensku viðskiptalífi, ef ég man rétt, og mér sýnist að sviptingar í viðskiptalífinu að undanförnu og vaxandi samþjöppun kalli nú á það að farið verði yfir þetta og það skoðað rækilega og þar á meðal og ekki síst hvort hagsmunatengsl á sviði fjármálaþjónustu og viðskipta, vátryggingastarfsemi og kauphallarviðskipta og slíkra hluta séu ekki ærið ískyggileg. Það kynni líka að koma til greina t.d. að einhvers konar óháð úttekt yrði gerð á þessu af aðila sem hefði nægjanlega fjarlægð frá íslenska viðskiptalífinu til þess að geta með hlutlægum hætti fjallað um þetta.

Lífeyrissjóðirnir eru auðvitað gríðarlega stórir og mikilvægir aðilar í þessu. Maður hefur þó þá tilfinningu að þar séu hlutirnir kannski í fastari skorðum og í sjálfu sér gilda þar trúlega skýrustu lagaákvæðin sem auðvelda auðvitað eftirlitið. Það er tiltölulega auðvelt að fara yfir það að lífeyrissjóðirnir dreifi áhættu með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir o.s.frv. Ávöxtunin, sem eðlilega er mönnum ofarlega í huga, hlýtur náttúrlega alltaf að ráðast af ýmsum aðstæðum á markaði og vera eitthvað upp og ofan. En óneitanlega er það alvörumál að þrjú ár í röð hefur ávöxtun lífeyrissjóðakerfisins í heild sinni verið neikvæð og það er vissulega áhyggjuefni, enda muna menn það að núverandi kerfi er byggt á þeim grunni að það má ekki fara niður fyrir 3% raunávöxtun, alla vega ekki langtímum saman öðruvísi en illa fari. En það er auðvitað hlutur sem ekki heyrir kannski með beinum hætti undir Fjármálaeftirlitið sem slíkt svo fremi sem öllum settum leikreglum og ákvæðum laga sé fylgt.

Ég hef þá tilfinningu, herra forseti, að það séu sérstaklega tengsl fjármálastofnananna innbyrðis, samspil þeirra við bæði viðskiptabanka, fjárfestingarbankastarfsemi, vátryggingastarfsemi og svo tengslin yfir í Kauphöllina, sem kannski sé ástæða til að skoða þarna alveg sérstaklega.

Svo mætti náttúrlega velta fyrir sér samspili Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisstofnunar og hvort þar séu að einhverju leyti einhver grá svæði. Það er t.d. spurning um það með hvaða hætti hlutverk Fjármálaeftirlitsins þegar kemur að virkum eignarhlutum og öðrum slíkum þáttum skarast við hlutverk Samkeppnisstofnunar þegar kemur að skyldum þáttum á verksviði þeirrar stofnunar, sem lýtur almennt að því að forsendur heilbrigðrar samkeppni í viðskiptalífinu séu til staðar.

Allt ber það að sama brunni, virðulegur forseti. Ég held sem sagt að það sé ástæða til þess að af þessu tilefni sé tekinn tími í að fara dálítið rækilega yfir stöðuna í þessum efnum og hvort þetta eftirlitskerfi virkar eins og skyldi, alla vega hringja ýmsar viðvörunarbjöllur úr ýmsum áttum. Sum þessi fyrirtæki eru gera upp eða taka sér gríðarlegan hagnað um þessar mundir, eins og bankakerfið sem vekur auðvitað spurningar um það hvort samkeppni sé virk og með eðlilegum hætti þegar maður sér slíkar tölur birtast án þess, að því er virðist, að það hafi nein minnstu áhrif á að þessir aðilar geri það sýnilegt í innbyrðis samkeppni og tilboðum til viðskiptavinanna að þeir séu að reyna að nota sína góðu afkomu til þess þá að heyja harða samkeppni um viðskiptin.

Og minnir það ekki á ýmis önnur sambærileg svið þar sem menn hafa nú sterka tilfinningu fyrir því að um sé að ræða nokkurs konar vopnaðan frið eða vopnahlé þar sem menn séu tiltölulega sáttir við sína hlutdeild í markaðnum og hafi meiri áhuga á því að nýta sér hana til þess að taka sér góðan hagnað heldur en endilega að heyja samkeppni um að stækka sinn hlut af kökunni?

Ég vildi gera þessar almennu athugasemdir hér, frú forseti, og vonast til þess að efh.- og viðskn. gefi sér góðan tíma til að fara ofan í saumana á málinu. Og ég leyfi mér að spyrja hvort það sé eitthvað sem sérstaklega knýi á að þetta frv. hljóti afgreiðslu fyrir áramót. Hér er að vísu um gjaldskrárbreytingar að ræða, en væntanlega er það ekki stórmál þó að gildistaka þeirra falli ekki endilega að áramótum því ég hef þá tilfinningu að þetta mál hefði gott af því að fá rækilega umfjöllun í virðulegri nefnd og fá þá frekar afgreiðslu hér einhvern tímann á vetrarmánuðum heldur en endilega núna að einungis gefist nokkrar vikur til þess að athuga það.

[17:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Það kom mér svo sem ekki á óvart að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fyndi að því við mig að ég skyldi ekki halda lengri ræðu af þessu tilefni. Það hefur hún gert áður. Það má alveg velta því fyrir sér hvort hún hafi á réttu að standa hvað það varðar. Frv. er með fylgiskjölum mikið að vöxtum og gefur tilefni til mikillar umræðu. En það liggur fyrir og hv. þingmenn geta nýtt sér þau gögn eins og þeim þykir eðlilegt og brugðist við því sem þar kemur fram.

Mig langar til að koma inn á nokkur atriði í þessari umræðu. Ég tek undir það með hv. þingmönnum að hlutverk Fjármálaeftirlitsins er mjög mikilvægt. Þar hefur verið brugðist við ábendingum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Síðasta einkunn sem fékkst var mjög jákvæð fyrir eftirlitið. En upp hefur komið umræða sem var vakin á ársfundinum um hvort ástæða sé til að breyta lögum, gera starfsemina gagnsærri en hún hefur verið með lagabreytingu. Það sem um er að ræða er að til umfjöllunar er umræðuskjal um þetta efni. Mér finnst málið nokkuð vandmeðfarið vegna þess að það að breyta lögunum, breyta þessum vinnubrögðum, hefur bæði kosti og galla. Ég get þó sagt að mér þætti koma til greina og jafnvel æskilegt að hafa meira gagnsæi varðandi verðbréfamarkaðinn. Það tel ég a.m.k. vel þess virði að skoða nánar og við munum gera það í ráðuneytinu. Ég ítreka að það þarf lagabreytingu til að svo geti orðið.

Það eru heimildir í lögum til að leggja á stjórnvaldssektir. En varðandi það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi í tengslum við tilskipun frá Evrópusambandinu þá er í þeirri tilskipun verið að tryggja enn frekar slíkar heimildir, gera þær ríkari en þær eru í dag. Að sjálfsögðu munum við fylgjast með því sem þaðan kemur.

Bótasjóðir voru nefndir til sögunnar. Við höfum nýlega farið í gegnum þá umræðu á hv. Alþingi í utandagskrárumræðu. Mér er kunnugt um að væntanleg er skýrsla frá eftirlitinu um vátryggingaskuldir eða það sem kallað hefur verið bótasjóðir. Ég hef svo sem ekkert meira um það að segja. Þetta tvíþætta hlutverk sem hv. þm. nefndi er ekki á sama hátt á Íslandi, það hlutverk sem við felum Fjármálaeftirlitinu í þessu sambandi, og almennt gerist. Það á bæði að fylgjast

með því að iðgjöld séu hófleg og hins vegar rekstrargrundvelli fyrirtækjanna. Segja má að í því fyrirkomulagi sem hér ríkir sé ríkari áhersla lögð á neytendavernd en almennt er. Það hlýtur að teljast af hinu góða.

Varðandi það að bankarnir fjárfesti í atvinnulífinu, sem hefur einnig komið til umræðu utan dagskrár, má segja að samkvæmt lögum geta fjármálafyrirtæki ekki verið kjölfestufjárfestar í öðrum atvinnufyrirtækjum en fjármálafyrirtækjum. Þetta er alveg skýrt. Þegar fjármálafyrirtæki fjárfestir í annars konar fyrirtæki þá getur það ekki verið annað en tímabundið. Það þarf að vera rík ástæða til þess, annaðhvort vegna umbreytingastarfs í viðkomandi fyrirtæki eða þess að fjármálafyrirtæki eignast hlut í atvinnufyrirtæki á þeim forsendum að það ætli sér í fjárhagslega endurskipulagningu. Þessi löggjöf er í samræmi við það sem tíðkast hjá Evrópuþjóðum og almennt í heiminum, í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ég er ekki tilbúin að fallast á að æskilegt sé að við breytum þeim lögum sem hér gilda í þá átt að gera ómögulegt fyrir fjármálafyrirtæki að vera bæði viðskiptabankar og fjárfestingarbankar.

Hv. þm. kom síðan inn á starfskjör stjórnenda lífeyrissjóða, upplýsingagjöf í því sambandi og hvort rétt væri að setja um það reglur. Ég hef ekki upplýsingar um hvort Fjármálaeftirlitið er að vinna að slíkri reglugerð. Það er kannski til staðfestingar á því hversu sjálfstætt Fjármálaeftirlitið er, hversu sjálfstætt það starfar. Ég hef ekki upplýsingar um það sem þar er unnið og á ekki að hafa þær. Þrátt fyrir að eftirlitið heyri undir viðskrn. þá starfar það algjörlega sjálfstætt.

Þar kem ég að því sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem að einhverju leyti efaðist um að Fjármálaeftirlitið hefði fullt sjálfstæði gagnvart ráðuneytinu og eftirlitsskyldum aðilum. Ég vil halda því fram að svo sé og að það stjórnskipulag sem þar ríkir sé sterkt. Í raun má segja að umræðan sem fer fram núna færi ekki fram ef Fjármálaeftirlitið væri rétt eins og hver önnur stofnun á fjárlögum ríkisins. Umræðan fer fram vegna þess að svo er ekki. Það þarf lög til að hægt sé að leggja á þá skatta sem eftirlitsskyldir aðilar þurfa að bera til að reka stofnunina.

Ég vil nefna fleira sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, m.a. varðandi fækkun í Kauphöll. Hann taldi það áhyggjuefni en þetta er í samræmi við alþjóðlega þróun. Þar eru þó 55 fyrirtæki skráð núna, ef ég man rétt, og voru yfir 70 þegar flest voru. Þetta er í raun þróun sem átt hefur sér stað víðar en ég held að henni sé hrundið hvað varðar Ísland og frekar megi búast við fjölgun á næstunni. Ég vil einnig geta þess að Færeyingar hafa áhuga á að skrá fyrirtæki í Kauphöll Íslands og mér finnst mjög skemmtilegt að svo skuli vera. Það verður sérstaklega skemmtilegt fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Hann hefur verið svo vinsæll í Færeyjum að það er verið að tala um að stoppa hann upp þar. Hann er því miður ekki í salnum til þess að bregðast við því. En það væri vissulega athyglisvert ef því yrði.

Síðan gætum við farið út í fákeppniseinkenni og talað um þau mál. Þau eru til staðar á markaðnum. En það er vandlifað, ef svo má að orði komast, á frjálsum markaði án þess að þar eigi sér stað hlutir sem einhverjir kunna að vera ósáttir við. Ég er hins vegar ekki tilbúin að samþykkja hér og nú að vinna skuli aðra skýrslu af hálfu Samkeppnisstofnunar um þetta efni strax. Það kom frá þeim vönduð skýrsla fyrir tveimur árum og kostaði mikla peninga að vinna hana. Ég held að það sé ástæða til að gefa henni svolítið meiri tíma þó auðvitað hafi orðið ákveðin þróun og breyting á markaðnum síðan hún kom út.

Þetta er það sem ég vildi segja í sambandi við það sem fram hefur komið. Ég ítreka að verkefni og hlutverk Fjármálaeftirlitsins er mjög mikilvægt. Ég tel að þar hafi verið unnið vel og alþjóðlegar skýrslur og úttektir sýna það. Við þurfum að velta fyrir okkur hvort ástæða er til þess að þetta starf sé gagnsærra en það er í dag, ekki síst vegna eftirlitsins sjálfs, að fólk viti meira um hvað er gert. Ég held að það sé ástæða til að gefa þeirri umræðu svolítinn tíma og kveð ekki skýrt upp úr með það á þessari stundu hvað rétt sé. Ég tel mikilvægt að umræða um það fari fram.

[17:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó hún hafi ekki svarað öllum þeim fyrirspurnum sem ég beindi til hennar.

Ég fagna því, þótt ráðherra hafi ekki tekið sterkt til orða, að fram kom í máli hennar að hún teldi æskilegt að meira gagnsæi yrði í Fjármálaeftirlitinu, sérstaklega varðandi verðbréfamarkaðinn eins og hæstv. ráðherra tiltók. Þar erum við að ræða um að rýmka heimildir Fjármálaeftirlitsins til að greina frá niðurstöðum í einstaka málum. Mér finnst hæstv. ráðherra fara nokkuð þröngt í málið vegna þess að mér finnst þetta einnig eiga við um lífeyrissjóðina og tryggingafélögin. Vera má að önnur sjónarmið gildi um bankana þar sem það gæti valdið, eins og menn segja reyndar hjá Fjármálaeftirlitinu sjálfu í skýrslu, vandræðum ef gefið væri til kynna að erfiðleikar væru hjá bönkum. Slíkar niðurstöður gætu, ef þær yrðu gerðar opinberar, leitt til að stór hópur innstæðueigenda krefðist tafarlaust úttektar á innstæðum sínum. Ég skil auðvitað þessi sjónarmið en tel þó að þetta eigi að gilda, gegnsæi og rýmkun á þessum heimildum, a.m.k. varðandi verðbréfamarkaðinn, lífeyrissjóðina og tryggingafélögin.

Ég spyr hæstv. ráðherra, af því lagabreytingu þarf til, hvort ekki megi þá treysta því að hún fylgi þessu máli eftir.

Varðandi lífeyrissjóðina og tryggingafélögin vil ég segja, herra forseti, að mér fundust svör hæstv. ráðherra rýr. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, af því nú er von á skýrslu, hvort ekki megi treysta því að ráðherra haldi þannig á málum að þessi skýrsla verði tekin til umræðu um leið og hún kemur fyrir þingið.

Varðandi reglur um starfskjör stjórnenda lífeyrissjóðanna þá veit ég auðvitað um sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins en ráðherrann hlýtur að hafa á því skoðun hvort beina eigi tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að þeir setji sér slíkar reglur.

[17:59]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hv. þm. kom inn á, gagnsæið sem við erum að velta fyrir okkur og reglur sem hugsanlega yrðu settar af hálfu Fjármálaeftirlitsins í því skyni, þá ítreka ég það sem ég sagði áðan. Ég tel sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins mikilvægt og er ekki tilbúin til að beina til Fjármálaeftirlitsins tilmælum af einu eða öðru tagi. Ég tel það í rauninni ekki vera mitt hlutverk. Við hljótum að geta verið sammála um, ég og hv. þm., að tryggja þetta sjálfstæði og að viðkomandi ráðherra sé ekki með puttana í því sem þar er unnið.

Í sambandi við þá skýrslu sem ég nefndi að væri væntanleg frá Fjármálaeftirlitinu um bótasjóðina vil ég segja að

hún snýr að vátryggingafélögunum og er gagn sem þau fá í hendur. Ef ég skildi hv. þm. rétt, að hún væri að tala um að sú skýrsla eða þær skýrslur yrðu ræddar hér á Alþingi, þá er Alþingi í sjálfu sér ekkert óviðkomandi og alltaf hægt að taka upp slík mál. En það yrði ekki með þeim hætti að skýrslurnar bærust þinginu beint heldur í tengslum við umræðu sem á sér stað í þjóðfélaginu.

[18:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef af því nokkrar áhyggjur að þegar hæstv. ráðherra er spurð um einstaka þætti sem lúta að Fjármálaeftirlitinu sem hún ætti að hafa skoðun á og geta svarað þá hleypur hún alltaf í það skjól að vísa til sjálfstæðis Fjármálaeftirlitsins. Við gerum okkur öll grein fyrir sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins en við leggjum auðvitað áherslu á það að fá fram skoðanir hæstv. ráðherra á einstökum málum.

Telur hæstv. ráðherra að setja eigi reglur um starfskjör stjórnenda lífeyrissjóða með líkum hætti og hefur verið gert við kauphallarskráð félög? Ráðherrann hlýtur að geta haft skoðun á því þó að hún skipi ekki Fjármálaeftirlitinu fyrir í því máli og hún getur beint tilmælum til Fjármálaeftirlitsins þó að hún skipi því ekki fyrir. Það er þetta sem ég hef áhyggjur af. Og varðandi gegnsæið og að settar séu reglur sem rýmka heimildir til að greina frá niðurstöðum í einstaka málum þá er það ekki Fjármálaeftirlitið sem setur slíkar reglur heldur er það ráðherrann sem kemur með málið inn á þingið eða einstakir þingmenn flytja um það frv. Þarna er frumkvæðisskyldan á hendi hæstv. ráðherra, að fengnu auðvitað áliti Fjármálaeftirlitsins á þessu máli.

Ég spyr: Mun hæstv. ráðherra fylgja því eftir hér á þingi sem Fjármálaeftirlitið leggur til varðandi rýmkun á þessum heimildum?

Hæstv. forseti. Það er óþolandi að eiga í rökræðum við hæstv. ráðherra þegar maður fær aldrei nein svör frá hæstv. ráðherra í þessu efni sem ég hef verið að kalla eftir.

Varðandi tryggingafélögin og þá skýrslu sem þar kemur fram þá hljótum við að eiga heimtingu á því að geta rætt það mál hér. Þar mun örugglega koma fram ýmislegt um bótasjóðina sem við viljum ræða. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að við getum rætt þessa skýrslu á þingi eða a.m.k. að hún geri það sem í hennar valdi stendur til þess að hægt sé að gera það. Annað er ekki hægt að búa við, virðulegi forseti.

[18:03]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil líka bæta því við að lífeyrissjóðirnir heyra undir hæstv. fjmrh. svo að ég haldi áfram að koma mér undan, eins og hv. þm. vill örugglega kalla það. En það er þannig og þetta veit hv. þm. mjög vel.

Ég lét þau orð falla hér í fyrra að ég teldi rétt að af hálfu Fjármálaeftirlitsins yrðu settar reglur þannig að sú skoðun liggur fyrir. En það er þetta með afskipti af Fjármálaeftirlitinu sem við erum kannski ekki alveg sammála um, ég og hv. þm. Þó hélt ég að svo væri. Ég legg mikla áherslu á þetta sjálfstæði og auðvitað fylgist Fjármálaeftirlitið með allri umræðu sem fer fram um Fjármálaeftirlitið. Það þurfa því ekkert að vera nein formleg tilmæli. En þegar ég hef talið og sagt opinberlega að ég telji að áhugavert sé og rétt að setja slíkar reglur þá er það sagt þannig að mér finnst að við hljótum að eiga að geta verið sammála um að Fjármálaeftirlitið taki það alvarlega sem sagt er á hv. Alþingi, ekki bara það sem ég segi heldur örugglega líka það sem hv. þm. segir, sem hefur sýnt mikinn áhuga á Fjármálaeftirlitinu alveg frá upphafi. Ég vil þakka henni fyrir þann stuðning sem mér finnst að hún hafi sýnt í sambandi við þá starfsemi sem þar fer fram.

[18:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur fram í fylgiskjölum að fyrirtækjum í Kauphöllinni hafi fækkað um u.þ.b. 30% á þremur árum, sýnist mér. Síðan sagði hæstv. ráðherra áðan að svona ákveðin fákeppniseinkenni væru á markaðnum. Ég held að öll íslenska þjóðin hafi nú fylgst með samruna fyrirtækja hér á landi á undanförnum árum og missirum og uppkaupum félaga hverju í öðru. Bankarnir hafa reyndar komið þar hressilega að á undanförnum vikum og mánuðum.

Ég vil þess vegna af þessu tilefni beina þeirri fyrirspurn til hæstv. iðn.- og viðskrh. hvort ráðherrann hafi hugleitt það að e.t.v. sé kominn tími til að fara að huga hér að löggjöf um hringamyndanir, að það verði skoðað og hvort ráðherrann hyggist taka það mál fyrir með einhverju lagi. Ég spyr af því tilefni m.a. að þau skynsamlegu frv. sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram í þingi hafa ekki fengið mikið brautargengi undir þessari ríkisstjórn frekar en hinni fyrri þannig að kannski er vísast að ráðherrann sjálfur hugi að því að koma með slík mál ef hún telur tilefni til.

[18:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurt er um löggjöf um hringamyndanir. Í því sambandi vil ég segja að ekki er langt síðan við settum samkeppnislög í landinu, tíu ár, þannig að óhætt er að segja að þau séu ný af nálinni og eigi eftir að sanna sig enn frekar, auk þess sem við erum á hinu Evrópska efnahagssvæði og tökum fullan þátt í innri markaði Evrópusambandsins og erum í öllum aðalatriðum með löggjöf sem er mjög sambærileg við þá sem tíðkast hjá þessum þjóðum. Okkur ber í raun skylda til þess á langflestum sviðum hvað varðar alla vega innri markaðinn að hafa okkar lög mjög í samræmi við það sem þar gerist.

Ég tel því að það yrði ekki í samræmi við það sem almennt er að gerast á því svæði ef við færum að setja slíka löggjöf og hef það ekki í huga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:08]

Útbýting þingskjala:

Löggæslukostnaður, 197. mál, svar dómsmrh., þskj. 279.

Starfsemi héraðsdómstóla, 170. mál, svar dómsmrh., þskj. 305.

Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 305. mál (stofnstyrkir, jarðhitaleit). — Þskj. 350.

[18:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Eins og kunnugt er voru framangreind lög samþykkt á Alþingi, á 128. löggjafarþingi, hinn 8. maí 2002. Lög þessi eru

að meginstofni til lögfesting á framkvæmd niðurgreiðslna til rafhitunar íbúðarhúsnæðis sem gilt hafði um langa hríð og um reglur sem í gildi voru varðandi styrkveitingar ríkisins til nýrra hitaveitna.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna er varða stofnstyrki til nýrra hitaveitna. Jafnframt er lagt til að lögin nái einnig til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Rétt er að leggja áherslu á að ekki er verið að hrófla við því fyrirkomulagi sem nú er, að heildarfjárhæð sem varið er til þessa málaflokks verði ákveðin í fjárlögum á hverju ári.

Í 1. gr. er fjallað um breytingar á 12. gr. laga nr. 78/2002. Í greininni er mælt fyrir um hækkun á hámarki stofnstyrkja til hitaveitna þannig að í stað þess að miða hámark stofnstyrks við fimm ára upphæð niðurgreiðslna er lagt til að miðað verði við átta ára niðurgreiðsluupphæð að hámarki. Skal þá miðað við meðalnotkun rafhitunar undanfarin fimm ár þar á undan. Þessi breyting er lögð til vegna þess að æskilegt er talið að stuðla að aukinni nýtingu jarðvarma til húshitunar eins víða um land og hagkvæmt þykir. Stefna stjórnvalda hefur verið að stuðla að aukinni útbreiðslu hitaveitna um landið og er frv. þetta frekari útfærsla á þeirri stefnu.

Frá árinu 1998 hefur verið veittur stofnstyrkur til nýrra hitaveitna er hafa komið í stað rafhitunar íbúðarhúsnæðis sem miðast hefur við fimm ára niðurgreiðslur ríkisins til rafhitunar, eins og fyrr segir. Komið hefur í ljós að á ákveðnum stöðum þar sem könnuð hefur verið hagkvæmni þess að koma á laggirnar hitaveitu hefur hin fyrirhugaða veita ekki verið samkeppnisfær við niðurgreidda rafhitun. Hins vegar er líklegt að allmörg byggðarlög er nú njóta rafhitunar telji sér hagkvæmt að ráðast í gerð hitaveitu ef stofnstyrkur muni hækka frá því sem nú er. Því er hér lagt til að stofnstyrkur til nýrra hitaveitna eða stækkunar núverandi veitna verði miðaður við átta ára tímabil á niðurgreiðslu ríkisins á rafhitun.

Menn eru sammála um að niðurgreiða þurfi rafhitun á þeim stöðum sem ekki eiga kost á jarðvarma til húshitunar en einnig er ljóst að niðurgreiðslur til húshitunar mega ekki standa í vegi fyrir þróun og uppbyggingu nýrra hitaveitna. Þó að þessi hækkaða styrkupphæð til nýrra hitaveitna leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs í upphafi leiðir þessi breyting til þess að draga mun úr heildarkostnaði ríkisins við niðurgreiðslur til húshitunar þegar til lengri tíma er litið. Í greininni felst að hin hækkaða viðmiðun frá fimm árum upp í átta ár tekur einungis til hitaveitna sem taka til starfa eftir að lög þessi taka gildi. Um það hvenær hitaveita telst hafa tekið til starfa eða stækkun hennar verið tekin í gagnið ræður úrslitum hvenær notendur hennar eru tengdir og byrja að njóta þjónustu hitaveitunnar.

Greininni er einnig breytt á þann veg að heimilt er að greiða stofnstyrki til nýrra hitaveitna hjá aðilum er búa við olíuhitað húsnæði. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að gæta jafnræðis milli þeirra aðila er hita með rafmagni og þeirra sem hita með olíu.

Hæstv. forseti. Í 2. gr. er fjallað um nýja 16. gr. laganna, um jarðhitaleit á köldum svæðum. Á árinu 1998 var komið á laggirnar á vegum iðnrn. sérstöku átaki til jarðhitaleitar á svokölluðum köldum svæðum þar sem rafmagn eða olía hafði verið notuð til húshitunar. Aðilar að jarðhitaleitarátakinu hafa verið iðnrn., Byggðastofnun og Orkusjóður. Hins vegar hefur engin sérstök fjárveiting verið á fjárlögum til þessa verkefnis og því er talið eðlilegt að marka þessu verkefni sérstakan tekjustofn.

Með markvissu átaki við jarðhitaleit á síðustu 20 árum hefur tekist að finna jarðhitakerfi á um 30 stöðum víða um land þar sem enginn jarðhiti var á yfirborði. Þetta hafa verið tiltölulega ódýrar rannsóknir sem hafa byggst á því að á undanförnum árum hefur tækni til borana og jarðhitaleitar fleygt mjög fram og kostnaður farið hlutfallslega lækkandi. Hins vegar er kostnaður við borun á rannsóknarholum á köldum svæðum mjög hár þar eð mun dýpra þarf að bora á slíkum svæðum. Með jarðhitaleitarátakinu hefur enn tekist að auka hlutdeild hitaveitna í húshitun á landsbyggðinni, en talið er að víða sé unnt að afla jarðhita fyrir þéttbýli sem ekki býr við hitaveitu í dag. Til þess þarf hins vegar dýpri boranir og frekari og kostnaðarsamari rannsóknir umfram það sem almennt hefur verið reynslan hingað til.

Jarðhitaleitarátakinu er ætlað að verða hvati og upphaf að nýtingu jarðhitans ef leit leiðir í ljós að hagkvæmt þykir að nýta hitann. Það beinist einkum að frumstigum leitar, en sveitarfélögum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við verkefnunum finnist jarðhiti sem hagkvæmt er að nýta. Vinna á vegum jarðhitaleitarátaks hefur einkum beinst að þéttbýlisstöðum og þeim svæðum þar sem veikleikar kunna að vera nú eða í framtíðinni í dreifingu á raforku til hitunar húsa.

Þá er rétt að benda á að komi til þess að af hitaveituframkvæmd verður er heimilt skv. 12. gr. laga nr. 78/2002 að draga frá stofnstyrk vegna rafhitunargreiðslu ríkisins til hinnar nýju hitaveitu þannig að í þeim tilvikum endurgreiðist sú fjárhæð sem veitt hefur verið til jarðhitaleitarinnar.

Hæstv. forseti. Með frv. er í raun lagt til að lögum nr. 78/2002 er Alþingi setti á síðasta ári verði breytt í þeim tilgangi að efla og auka jarðhitaleit og nýtingu jarðhitans hér á landi til húshitunar. Þær breytingar er felast í frv. eru í sjálfu sér eðlilegar í ljósi þeirrar reynslu og þróunar er orðið hefur í uppbyggingu hitaveitna og jarðhitaleitar hér á landi á undanförnum áratugum.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[18:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í Sovétríkjunum hinum látnu tíðkaðist að styrkja alls konar starfsemi fram og til baka sem varð til þess að allt atvinnulíf var gjörsamlega óarðbært. Hér erum við að horfa á eina slíka styrkveitingu sem gerir það að verkum að það sem er skynsamlegt í eðli sínu er ekki lengur skynsamlegt, t.d. að virkja jarðhita, einangra hús, nota aðra orkugjafa o.s.frv. Þetta er einmitt dæmi um það að styrkir geta leitt til óarðbærra ráðstafana einstaklinga og svo er hér verið að gera ráðstafanir á móti, frú forseti, þ.e. komið er með styrki á móti styrkjunum til að gera aftur skynsamlegt það sem styrkirnir voru búnir að gera óskynsamlegt en er í eðli sínu þjóðhagslega hagkvæmt og skynsamlegt. Hringavitleysan bítur því í skottið á sjálfri sér. (Gripið fram í.)

Ég legg til og spyr hæstv. ráðherra: Er ekki hægt að hugsa sér aðra útfærslu á þessum styrkjum? Til dæmis að borga fólki hreinlega fyrir að búa á stöðunum, borga bara hverjum einstaklingi ákveðna upphæð og síðan geti hann einangrað húsið sitt ef hann kærir sig um, borgað dýra olíu ef hann kærir sig um, (Gripið fram í.) borgað dýrt rafmagn ef hann kærir sig um. Að hann sé ekki neyddur til að ná í styrkinn með því að kaupa raforkuhitun, en þannig er það í dag. Og þá þurfum við ekki að vera að styrkja skynsamlegar ráðstafanir vegna þess að búið er að gera þær óskynsamlegar.

[18:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er undrandi — og þó ekki að heyra þessa ræðu, ég hef svo sem heyrt hv. þm. tala áður í þessum dúr um byggðamál og vænti þess að hann sé ekki talsmaður samstarfsflokksins í þessum málaflokki. (Gripið fram í.)

En það sem er fyrst og fremst skynsamlegt er að nýta jarðhitann. Þetta mál gengur út á að gera það mögulegra heldur en áður hefur verið að nýta jarðhita til upphitunar á húsum. Við höfum komist mjög langt í þeim efnum, Íslendingar, og vekjum athygli um allan heim fyrir það að við erum að hita hér upp meiri hluta húsa með jarðhita. En hins vegar höfum við talið mikilvægt sem byggðamál að greiða niður rafmagn til upphitunar á ákveðnum svæðum þar sem er ekki um jarðhita að ræða og það er málið. Um það hefur verið nokkuð góð samstaða hér á hv. Alþingi. Undantekningin er sennilega eingöngu hv. þm., sá sem talaði á undan mér.

[18:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur margoft komið fram í máli mínu að ég er hlynntur jafnvægi í byggð landsins (**Gripið fram í:** Nú?) og ég er á móti þeirri þróun sem hefur verið í gangi undanfarið, að fólk flytur sífellt hraðar og hraðar til Reykjavíkur eftir því sem það er styrkt meira. Það skyldi nú ekki vera að samhengi sé á milli þeirra byggðastyrkja sem menn eru að veita og þess að fólkið flytur burt? Að minnsta kosti hafa styrkirnir ekki gefið þá niðurstöðu sem maður skyldi ætla. Ég held að menn þurfi að endurskoða allt þetta kerfi.

Það sem hæstv. ráðherra sagði um hagkvæmni virkjana og borun eftir heitu vatni, það er alveg hárrétt. En það er búið að gera það óhagkvæmt með styrkjunum. Þessar framkvæmdir geta ekki keppt við niðurgreidda raforku, þannig að það sem er skynsamlegt þjóðhagslega, skynsamlegt fyrir skynsamt fólk er búið að gera óskynsamlegt með styrkjum.

Þess vegna held ég að menn þurfi virkilega að fara að skoða í grunninn hvort öll þessi styrkjapólitík, öll þessi viðleitni að viðhalda byggð í landinu, hvort hún sé ekki á röngum forsendum, hvort menn hafi ekki tekið rangar ákvarðanir, hvort það geti ekki verið að til séu aðrar lausnir á þessu en endalausir styrkir.

[18:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur á réttu að standa hvað það varðar að við erum að bregðast við því að uppbygging hitaveitna er í raun ekki orðin samkeppnishæf við niðurgreitt rafmagn, það er rétt hjá hv. þm. Hins vegar er ég ósammála honum með það að við eigum að minnka niðurgreiðslur vegna upphitunar með rafmagni. Þess vegna er þetta sú leið sem ég legg til að verði farin og veit ekki betur en að þingflokkur sjálfstæðismanna hafi samþykkt framlagningu þessa frv. En hugsanlega er hv. þm. undantekning og muni ekki styðja málið en þá verður það bara að vera þannig.

En ég held að hv. þm. skorti mjög þekkingu á aðstæðum á landsbyggðinni og ég held að það hefði verið mikilvægt fyrir hv. þm. að kynna sér landsbyggðarmál meira vegna þess að ég efast ekkert um að hann vilji hafa þekkingu á þeim málum sem hann tekur þátt í að ræða hér á hv. Alþingi.

[18:22]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég las fyrst það frv. sem hæstv. iðnrh. hefur flutt varð ég mjög kátur vegna þess að loksins gæti ég komið upp og tekið heils hugar undir það sem hæstv. ráðherra byggðamála, iðnrh., er hér að flytja um breytingar sem gera það að verkum að styrkja á hitaveituframkvæmdir.

En þegar ég las áfram á samkvæmt 2. gr. að stofna sjóð til að veita fé til jarðhitaátaks á köldum svæðum, sem er gott og góðra gjalda vert. En sá böggull fylgir skammrifi að 5% af niðurgreiðslupeningunum, 868 milljónum, eða rétt tæpar 45 millj. kr. á að taka í þennan sjóð, ef ég skil frv. rétt. Að niðurgreiðslur til rafhitunarhúsnæðis vítt og breitt um landið, hjá bændum og öðrum, muni lækka um 5% verði þetta samþykkt svona.

Því vil ég, virðulegi forseti, spyrja hæstv. iðnrh.: Er þetta réttur skilningur minn að þetta eigi að fjármagna með því að lækka niðurgreiðslurnar um 5%? Í öðru lagi, ef það er rétt, hefði ekki verið hægt að koma með nýtt fjármagn í það átak sem þarna átti að gefa til jarðhitaleitar á köldum svæðum, sem ég ítreka að ég er hjartanlega sammála? Spurningin er um fjármögnunina, á að taka það af niðurgreiðslupeningunum?

[18:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er það fyrst og fremst spurning um pólitík og áherslur hversu mikið fjármagn er veitt til þessara niðurgreiðslna. Ég veit að hv. þm. og Samf. hefur lagt mikla áherslu á ábyrga efnahagsstjórnun þannig að ég veit að hv. þingmenn vilja ástunda aðhald í ríkisbúskapnum og þar erum við áreiðanlega alveg sammála.

En hvað varðar þá fjárhæð sem fer til niðurgreiðslu á rafupphitun þá er það fyrst og fremst ákvörðun sem tekin er með fjárlögum hverju sinni eins og kom fram í máli mínu áðan.

Ég vil taka fram út af þessum 5% að það er ákveðið svigrúm vegna þess að með setningu laganna um niðurgreiðslur kom í ljós að einhver lausung hafði verið og eitthvað ekki nægilega nákvæmt í þeim efnum, eins og oft vill nú vera. Við höfum náð að taka á því máli með lagasetningu frá því fyrr á þessu ári og teljum að við höfum eitthvert svigrúm innan þessarar fjárupphæðar án þess að við séum í raun að lækka og það er alls ekki meiningin að lækka framlög til hvers og eins.

Auðvitað verður þetta skoðað betur í hv. nefnd en okkur sýnist að þetta geti orðið og verði vandræðalaust með þeim hætti sem það er sett fram í frv.

[18:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo samkvæmt þessu svari að sérstakt átak til jarðhitaleitar á köldum svæðum verður fjármagnað með því að lækka niðurgreiðslur um 5%, að bændur og búalið sem hafa fengið langmest af slíkri niðurgreiðslu ásamt þeim örfáu sveitarfélögum þar sem rafhitun er, munu borga þennan brúsa. Eins og hæstv. iðnrh. sagði, er þetta spurning um pólitík og áherslur, það er rétt, það er staðfest, og þetta er spurning um ábyrga efnahagsstjórn, það er rétt og það er staðfest. Það er þess vegna sem hæstv. iðnrh. getur greinilega ekki sótt þennan pening í ríkissjóð í þetta nýja verkefni heldur þarf að klípa það af niðurgreiðslunum sem hefur verið áralöng barátta fyrir að ná upp í þá upphæð sem hún er komin í. Minni ég á tillögur byggðanefndar forsrh., sem var þverpólitísk nefnd, í aðdraganda kjördæmabreytingar þar sem var verið að leggja það til og var þverpólitísk samstaða um það að hækka þessa niðurgreiðsluupphæð.

En það á sem sagt að fara að klípa af þeim í nafni þess að spurning er um pólitík, áherslur og ábyrga efnahagsstjórn, að þá munu þeir sem hafa fengið niðurgreiðslur vegna allt of hárra orkugjalda og hás kostnaðar við hitun húsnæðis síns borga brúsann. Þessu er ég andvígur.

Hitt atriðið sem ég vildi spyrja um, virðulegur forseti, vegna þess að hér er verið að ræða um niðurgreiðslu á rafhitun: Í nál. iðnn. fyrir einu eða tveimur árum við fjárlagagerð lagði iðnn. til að þessu yrði breytt þannig að það væri ekki eingögnu rafhitun sem væri niðurgreiðsluhæf heldur líka húshitun með hitaveitum þar sem þær eru mjög dýrar. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. út í það hvort hún vilji beita sér fyrir því að þetta verði gert og hvort hún sé sammála þeirri hugmynd að fólk á rándýrum hitaveitusvæðum, sem eru nokkur, eigi líka rétt á niðurgreiðslu.

[18:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vandlifað. Fundið var að því við mig af hálfu þess sem kom hér í andsvar á undan hv. þm. að þetta væri allt of hátt og að áliti hv. þm. Kristjáns L. Möllers er þetta allt of lágt. En ég vil ítreka það að ekki er verið að tala um að lækka niðurgreiðslurnar til hvers og eins. Verið er að tala um að ákveðið svigrúm sé innan þeirrar fjárupphæðar sem er í frv. til að mæta þessu mikilvæga hlutverki.

Hvað varðar það að fara að greiða niður húshitun þar sem hitað er upp með hitaveitum, dýrum hitaveitum, þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um að gera það. Og ég óttast að við gætum lent úti í feni ef við byrjuðum á því. Ég tel því að sú upphæð, eins og hún hefur verið núna á síðasta ári til niðurgreiðslu á rafupphitun, sé mjög vel viðunandi og miðað við það að ég er nú að flytja þetta frv. þá er það vegna þess að hitaveitur, þar sem er hagkvæmt að fara út í slíkar framkvæmdir, eru ekki samkeppnishæfar við niðurgreidda rafmagnið, það er bara þannig. Þetta eru því í raun viðbrögð við því.

[18:29]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni með það frv. til laga sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir áðan. Vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals áðan vil ég minna á að áður en farið var að greiða niður húshitunarkostnað á landsbyggðinni átti fólk það til jafnvel að borga háa reikninga og þegar til átti að taka var það fyrir heilu stigagangana. Þetta var fólk sem flutti utan af landi og fór að borga rafmagnsreikninga í Reykjavík sem voru miklu lægri þar. En ég tel þetta mikið byggðamál og ég vil lýsa ánægju minni með það.

Núna er verið að veita hækkun á hámarki stofnstyrkja til hitaveitna og árlega getur hver einstök hitaveita að hámarki fengið styrk er nemur 15% árlegrar heildarfjárveitingar til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna. Þarna er, eins og hæstv. iðnrh. sagði, verið að veita svigrúm. Ég vil ítreka að þetta er mikið byggðamál.

Fyrir fimm árum hófst átak til jarðhitaleitar á köldum svæðum á landinu þar sem rafmagn er notað til húshitunar. Að þessu verkefni hafa komið ásamt iðnrn., Byggðastofnun og Orkusjóður og með þessu frv. er verið að marka því átaki sérstakan tekjustofn. Frumvarpið markar því fastari stefnu og markvissari vinnubrögð að mínu mati.

Lögð er til hækkun á hámarki stofnstyrkja til hitaveitna en að meðaltali hafa verið veittar 40 millj. kr. á ári í stofnstyrki til hitaveitna sl. fimm ár.

Virðulegi forseti. Heitt vatn er mikil auðlind og mjög mikils virði að geta nýtt slíka auðlind. Eins og fram kemur í grg. með frv. hefur tækni til borana og jarðhitaleitar fleygt mjög fram og kostnaður hefur farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári en það er miklu meiri kostnaður við að bora á köldum svæðum og þarf að bora miklu dýpra en annars staðar þar sem heita vatnið rennur eða streymir sjálfkrafa upp. Ég tel að þetta sé mikill hvati til að leggja af rafhitun og niðurgreiðslur, ætti þá að sparast til lengri tíma litið. Það ætti með öðrum orðum að lækka en ekki að hækka.

Undanfarin ár hefur heitt vatn verið að finnast þar sem ekki var von á slíku áður. Það hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með því. Einstaklingar hafa tekið sig fram við að bora eftir heitu vatni og náð ágætisvatni og þeir hafa fengið styrk einmitt frá Orkusjóði til þess að vinna að því og eins hjá Byggðastofnun. Ég tel að jarðhitaleitarátakið verði og hafi verið mikill hvati og upphaf að frekari aðgerðum.

Þess má geta að í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á rafhitun nemi 868 millj. kr. en með þessum aðgerðum ættu niðurgreiðslur að lækka til lengri tíma litið.

[18:33]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan í stuttu andsvari mínu lýsi ég yfir stuðningi við 1. gr. þessa frv. og tel hana vera til bóta, þ.e. að styrkur til hverrar hitaveitu geti numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan. Þetta er auðvitað mjög gott mál og mjög eðlilegt vegna þess að það er búið að virkja heitt vatn sem finnst í jörðu á sennilega öllum þeim stöðum þar sem tiltölulega auðvelt er að ná í það. Svo sjáum við hvernig tækninni hefur fleygt fram og nú er verið að bora eftir heitu vatni og fá góðan hitastigul í holum á svæðum sem hingað til hafa verið talin köld og ekki er hægt að finna heitt vatn. Þetta er hið besta mál og ég lýsi yfir fullum stuðningi mínum við það.

Ég ætla að ítreka það sem ég sagði áðan í stuttu andsvari við hæstv. ráðherra um 2. gr. Ég er sammála því að búa til slíkan sjóð sem getur veitt fé vegna þess að þetta eru oft og tíðum mjög dýrar rannsóknir og dýrar boranir, kannski miklu dýrari en var hér áður fyrr þar sem verið var að bora þar sem tiltölulega öruggt var að finna heitt vatn. Ég er sammála hugmyndinni sem þarna er. En ég er ekki sammála því að hæstv. iðnrh. taki peninga sem búið er að eyrnamerkja niðurgreiðslu á rafhitun eða til húsahitunar, taki 5% af því á ári, eða u.þ.b. 45 millj., og leggi í þennan sjóð. Ég tel að á þessu hefði verið meiri myndarbragur ef iðnrh. hefði sótt þetta fé til fjmrh. og fengið sérstaka fjárveitingu fyrir þessu átaki vegna þess að þetta er þjóðhagslega mjög hagkvæmt. Það er það. En það að þeir sem hafa fengið niðurgreiðslu eigi að fjármagna þetta eftir áralanga baráttu hér á Alþingi sem lyktaði með því að þetta er þó komið upp í 868 millj. kr. er mjög slæmt mál.

Það sem hæstv. ráðherra vitnar til er að eftir að Orkustofnun var falin umsjón með þessu hefur komið í ljós að einhverjir fengu niðurgreiðslu á húshitun sem sannarlega áttu ekki að fá hana að mati stofnunarinnar. Þeim hefur fækkað. Þetta er kannski í frístundahúsnæði og ég man ekki hvað fleira var nefnt í þessu efni en þessar greiðslur hafa lækkað. Það má samt spyrja sig á móti: Hefði þá ekki verið eðlilegt að hækka niðurgreiðslurnar? Sjóðurinn upp á 868 millj. er

hugsaður til niðurgreiðslna og ef 50, 60, 70 millj. eru eftir í honum eftir að búið er að fara í gegnum þetta, og allir voru látnir sækja um til Orkustofnunar og rökstyðja mál sitt, hefði niðurgreiðslan átt að hækka til þeirra allra sem fengu úr sjóðnum. Alþingi hefur ákveðið með samþykkt sinni og með samþykkt á fjárlögum að þessar 868 millj. kr. fari til niðurgreiðslu á húshitun á svæðum sem nota rafmagn. Þetta er grundvallaratriði, virðulegi forseti, og þetta vildi ég segja um málið. Mér finnst lítill bragur á að hæstv. iðnrh. hafi ekki tekist að ná í þessa peninga.

Það kemur upp í huga minn, virðulegi forseti, að þegar við fórum yfir fjárlagafrv. í iðnn. sem ég á sæti í og fengum heimsókn frá iðnrn. kom fram að til er sjóður í iðnrn. sem heitir Átak til atvinnusköpunar. Það er mjög virðingarvert og gott framtak. En viti menn, þessi sjóður verður í fjárlögum 2004 skertur vegna átaks til atvinnusköpunar í iðnrn. sjálfu. Með öðrum orðum, það er verið að bæta við starfi í iðnrn. og það verður fjármagnað með því að lækka í sjóðnum Átak til atvinnusköpunar. Átak til atvinnusköpunar er sem sagt til að fjölga störfum í iðnrn., í stjórnsýslunni í Reykjavík. Og það er nákvæmlega sama hugsun þarna á bak við hjá hæstv. ráðherra, það er eins og hún sagði: Þetta snýst allt um pólitík og áherslur. Og þetta snýst um ábyrga efnahagsstjórn. Hin ábyrga efnahagsstjórn er skylda sem allir eiga auðvitað að inna af hendi og sinna en þá er spurning hvort efnahagsstjórnin verði miklu betri við það að peningar séu teknir úr sjóðnum Átak til atvinnusköpunar til að búa til starf í Reykjavík í iðnrn., vafalaust mjög þarft starf get ég ímyndað mér — því miður tókst mér ekki að ná í þau gögn sem ég hafði skrifað hjá mér um þetta þannig að ég man ekki nákvæmlega hvað það átti að vera — og svo að búa til þennan sjóð til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Þetta er gert með því að klípa af þeim peningum sem notaðir eru til niðurgreiðslu á rafhitun. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst ekki mikill myndarbragur á þessu frá hendi hæstv. iðnrh. þó að hugmyndirnar þarna séu góðar. Ég ætla þó ekki að taka undir hugmyndina um átak til atvinnusköpunar í Reykjavík. Ég hélt að þessi sjóður hefði verið meira notaður til átaks til atvinnusköpunar á landsbyggðinni þar sem störfum hefur verið að fækka og við höfum verið í vandræðum með að byggja upp ný störf og blása lífi í nýja atvinnustarfsemi og nýja atvinnusköpun. Ég ætla ekki að gagnrýna það að þessi sjóður sé til og vafalaust hefur verið veitt vel úr honum til ýmissa átaksverkefna á landsbyggðinni undanfarin ár. En þetta nefni ég hér aðeins.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna í sambandi við þetta, sem var líka í spurningu minni hér áðan, er hvers vegna niðurgreiðsla til húshitunar sé skilgreind svo að hún sé bara vegna rafhitunar. Reyndar var það á síðasta þingi, að mig minnir, sem því var breytt þannig að olíukynding kemur þar inn í. Ég held að ég muni það alveg rétt (**Iðnrh.:** Já, það er rétt.) þannig að hér er um að ræða rafhitun og olíukyndingu sem er hið besta mál en, virðulegi forseti, það eru til hitaveitur sem hafa lent í rekstrarvanda, voru kannski byggðar upp í tíð óðaverðbólgu í Íslandssögunni þar sem verðbólgutölur voru jafnvel þriggja stafa tölur, og hafa lent í hremmingum vegna þess að vatn hefur kannski ekki verið nægjanlegt, borholur hafa fallið saman, dælur hafa hrunið æ ofan í æ af ýmsum ástæðum o.s.frv. Þessar hitaveitur, margar hverjar, voru byggðar upp eftir að full verðtrygging var líka komin á í landinu, voru með öðrum orðum ekki byggðar upp á tímum niðurgreiddra vaxta og fjármagns sem brann upp á verðbólgubálinu eins og hér á höfuðborgarsvæðinu eða jafnvel fyrir peninga sem voru merktir Marshall-aðstoð, eins og mér skilst að hafi m.a. verið gert hjá Hitaveitu Reykjavíkur ef við förum svo langt aftur í tímann. Ég ætla samt ekki að fara það langt heldur í þennan tíma óðaverðbólgu og þess alls saman og þá erum við að tala um hitaveitur sem hafa átt í rekstrarlegum vanda og hafa þurft að selja notendum sínum heita vatnið mjög dýrt. Þetta var nýlega staðfest frá Orkustofnun í gögnum sem þó er eitthvað búið að leiðrétta síðan. Á nokkrum stöðum á landinu eru hitaveitur mjög dýrar af þessum ástæðum sem ég nefndi. Þess vegna finnst mér ekki sanngjarnt að niðurgreiðsla á húshitun sé eingöngu hjá þeim sem nota orkugjafann rafmagn eða olíu en ekki heitt vatn.

Ég er ekki sammála hæstv. iðnrh. um það, virðulegi forseti, að ef farið yrði að skoða húshitunarkostnaðinn með heitu vatni, dýru heitu vatni eða þessum dýru hitaveitum, lentum við úti í einhverju feni, eins og hæstv. ráðherra sagði. Ég held að stjórnsýslan utan um þetta, m.a. hjá Orkustofnun, sé það góð að við munum ekki lenda í neinum vandræðum með það. Auðvitað mundi það deyfa niður og lækka niðurgreiðslur til þeirra sem fá í dag, nema stjórnsýslan viðurkenni þá í leiðinni að það þurfi meira fé inn vegna þess að sannarlega er að koma inn notendahópur sem greiðir mjög hátt verð, jafnvel svipað verð og óniðurgreitt rafmagn, fyrir hitaveituna sína. Ég er frekar svekktur á því að hæstv. iðnrh. skuli ekki taka sig til og beita sér fyrir þessari sjálfsögðu leiðréttingu. Ég hef reyndar oft spurt sjálfan mig hvort það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að mismuna svo þegnum að ef þeir borga sannarlega svipað verð fyrir húshitun, sama hvort það er dýr hitaveita, dýrt rafmagn eða dýr olía, að tveir þættir af þremur séu niðurgreiddir en ekki allir. Ég leyfi mér að efast um að þetta standist þá grein.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan, þrátt fyrir gagnrýni mína á þessi 5% sem eru tekin úr sjóðnum, að ég lýsi fullum stuðningi við þetta frv. hæstv. ráðherra og skal gera það sem ég get í iðnn. til þess að þetta gangi fljótt í gegn. Ég held, og er sannfærður um það, að þetta sé hið besta mál. (Gripið fram í.) Já, eins og ég hef lýst hér með þessum eina annmarka sem þarna er á. Það liggur ljóst fyrir. Og ég held að hæstv. iðnrh. ætti ekki að koma það á óvart ef hún hefur hlustað á ræðu mína.

Kem ég þá að ummælum og umræðu Péturs Blöndals, annars fulltrúa Sjálfstfl. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, sem kallar þetta allt saman hringavitleysu, það að jafna lífsskilyrði fólks sem býr við háan upphitunarkostnað vegna þess að þar er ekki heitt vatn sem hefur verið byggt upp, e.t.v. fyrir Marshall-aðstoðina eins og hv. þm. Pétur Blöndal, íbúi í Reykjavík, býr við, hitaveitu sem var byggð upp á tímum þegar sparifé landsmanna brann upp á óðaverðbólgubáli. Hv. þm. borgar orkureikninga sína vafalaust með glöðu geði, lága reikninga fyrir það að búa á þessu svæði. (**EKG:** Þeir hækkuðu með góða veðrinu.) Þeir hækkuðu að vísu með góða veðrinu. Hv. þm. borgar þessa reikninga vafalaust með glöðu geði. En hefur hv. þm. — ég tek nú undir það sem hefur komið fram hjá hæstv. iðnrh. sem hér gengur fram hjá sem ég er mjög ánægður með að geta sagst stundum vera sammála. Hún taldi að hv. þm. Pétur H. Blöndal þekkti ekki lífið á landsbyggðinni og vissi þess vegna ekkert hvað hann væri að tala um og er ég hæstv. iðnrh. hjartanlega sammála hvað þetta varðar — hv. þm. Pétur Blöndal ætti að taka sér tak næsta sumar eða kannski bara í fríinu í janúar og fara

með frænda sínum Halldóri Blöndal um hinar dreifðu byggðir Norðaust. (**Gripið fram í:** Hann hefði þá a.m.k. öruggan bílstjóra.) Já, hann hefði þá a.m.k. öruggan bílstjóra sem veit um alla bæi hvar sem ekið er, hverjir þar búa, vafalaust hvers konar orkugjafa þeir nota til að hita húsin sín og hvort þeir eru niðurgreiddir eða ekki (**Gripið fram í:** Og hvað þeir kjósa.) (Gripið fram í.) og hvað þeir kusu síðast. Þó að ég hafi átt þess kost að aka með hv. þingmanni ekki alls fyrir löngu voru nokkrir bæir sem greinilega höfðu dottið út úr þessu kosningaplani öllu. Það er annar handleggur enda var árangur Sjálfstfl. í Norðaust. eftir því, einhverjir bæir höfðu þurrkast út eða farið frá.

En ég ætla að snúa mér aftur að hv. þm. Pétri Blöndal sem telur það hringavitleysu að nota þetta fé sem Alþingi ætlar inn í niðurgreiðslu á húshitun til að gera það sem þarna er gert og jafna lífskjör fólks eins og þetta sannarlega gerir. Ég er hneykslaður á því í hvert skipti sem hv. þm. Pétur Blöndal ræðir um þessi mál af jafnmikilli vankunnáttu og hér kom fram. Hann talar um að menn muni ekki nota tækifærið eða það sem þeir þurfi að gera og einangra hús sín. Mér datt helst í hug eitt augnablik að hv. þm. héldi að híbýli manna til sveita eða úti á landi væru óeinangruð. Ég fullyrði að fólk leggur sitt í það að hafa híbýli sín vel einangruð og annað slíkt og spara orku. Það er sannarlega rétt gert. En þetta er ótrúleg skammsýni sem og að líkja þessu kerfi aftur við Sovétríkin hin fornu og stórstyrki sem voru þar. Ég bið bara guð að hjálpa okkur og guð hjálpi Sjálfstfl. að hafa svona mann innan borðs sem talar af jafnmikilli vanþekkingu og fyrirlitningu til landsbyggðarfólks eins og hann hefur oft gert. Nú kemur upp í hugann umræða um flutningsjöfnunarsjóð á olíu og sementi og annað slíkt. Það eru kaldar kveðjur sem menn fá frá þingmanni Sjálfstfl., Pétri Blöndal, og vona ég að sá þingmaður úr þingliði Sjálfstfl. sem heitir Halldór Blöndal komi upp og láti okkur e.t.v. vita hvort hann sé sammála þeirri skoðun sem hér kom fram um að niðurgreiðsla á húshitun væri í anda Sovétríkjanna með styrkjakerfi og alls konar vafasömum atriðum sem fylgja því. Ég hygg að svo sé ekki en ég tel nauðsynlegt að kveða í kútinn svona umræðu sem hér átti sér stað frá hv. þm. í stuttu andsvari, hv. þm. Pétri Blöndal, og afgreiða í eitt skipti fyrir öll að það sé eitthvert einangrað fyrirbrigði að menn hafi þessar skoðanir.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég styð meginþætti alls þessa frv., hefði talið meiri myndarbrag á því hjá hæstv. iðnrh. að koma með nýtt fé inn í jarðhitaleitarátakssjóðinn, ef svo má að orði komast, á köldum svæðum. Það hefði verið meiri myndarbragur á því en að klípa það af þeim sem njóta niðurgreiðslna í dag. Hæstv. ráðherra hengir sig á það atriði að peningar hafi sparast í niðurgreiðslu á þessu ári vegna þess að það sé betri stjórnsýsla í kringum þetta og þess vegna ítreka ég það sem ég sagði áðan, að ég er ósammála því og tel að Alþingi hafi ákveðið að allir þessir peningar, 868 millj. kr., eigi að renna til niðurgreiðslu á húshitun en ekki í eitthvað annað.

[18:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef tekið eftir því að þegar hv. þm. heldur sínar miklu ræður, kemur fram með yfirboð sín, talar fjálglega um byggðamál og þykist allt geta leyst í þeim efnum þá er það yfirleitt þannig að flokkssystkini hans úr Samfylkingunni hverfa úr salnum. Á meðan hann hefur haldið þessa miklu ræðu hefur ekki verið mikið um hv. þm. Samfylkingar í þessum þingsal. Reyndar situr einn eins og er og þeir hafa komið svona í gættina. Ég held að málið sé að hv. þm. hefur engan stuðning í þingflokki sínum fyrir því sem hann er að segja. Ég hef bent á það áður að hann ætti að taka mál upp í þingflokknum og fá fyrir þeim samþykki þar áður en hann fer mikinn í ræðustól. Formaður hans flokks, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur meira að segja gengið svo langt að telja að það þurfi að breyta stjórnarskránni vegna þess að honum leiðist svo þetta kjördæmapot sem fylgir því að vera með landið skipt upp í kjördæmi. Mér finnst hv. þm. því oft fara hér mikinn án þess að hafa efni á því.

Svo vil ég segja að fjárhæð sú á fjárlögum til niðurgreiðslu á rafhúshitun er ákveðin á fjárlögum hverju sinni þannig að það er ákveðið fyrir eitt ár í senn hversu há þessi upphæð er. Hv. telur að ganga eigi lengra í því en að niðurgreiða rafupphitun. En svo vill til að þetta frv. sem ég hef mælt fyrir er flutt vegna þess að við höfum gengið það langt í rafupphitun að hitaveitur á hagkvæmum stöðum eru ekki lengur arðbærar og það er ekki lengur áhugavert að fara út í slíkar framkvæmdir (Gripið fram í.) þannig að hv. þm. er náttúrlega að vaða hér reyk og er með yfirboð eins og stundum áður.

[18:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Stór hluti andsvars hæstv. iðnrh. er ekki svaraverður (**Iðnrh.:** Nei.) um yfirboð og þykjast allt geta. Maður hefur áður heyrt þennan tón í framsóknarmönnum. Svo er talað um að flokkssystkini mín hverfi úr salnum. Hér tel ég einn, tvo, þrjá þingmenn Samfylkingarinnar sitja í salnum (Gripið fram í.) þegar ég lít yfir salinn. Ég tel þrjá. Við erum fjögur. (**Gripið fram í:** Og hvað eru margir framsóknarmenn?) Þá hef ég talninguna á framsóknarmönnum. (**HBl:** Það eru fimm sjálfstæðismenn í ...) Hvar eru framsóknarmenn? Hvar eru framsóknarmenn í þessari umræðu? (Gripið fram í.) Einn framsóknarmaður, ráðherra sem fyrtist við ef við hana er talað og benti á atriði sem betur mættu fara í þessu. Framsóknarmenn hafa yfirleitt farið á handahlaupum út úr þessum sal þegar verið er að ræða byggðamál vegna þess að þeir margir hverjir skammast sín fyrir byggðamálastefnu núv. ríkisstjórnar með iðnrh. í broddi fylkingar, hundskammast sín fyrir hana.

Ég bendi hæstv. iðnrh. á að lesa álitsgerðir frá Samfylkingunni, landsfundasamþykktir og annað, um að jafna skuli flutningskostnað, um niðurgreiðslu á rafhitun, húshitun, um jöfnun námskostnaðar og annað. Það er því rangt sem ráðherrann heldur hér fram en þjónar kannski þeim tilgangi að reyna að draga athygli frá þeim vesaldómi að reyna ekki að ná nýjum peningum inn í þennan sjóð sem ég gerði umtalsefni og hárrétt er að stofna. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra var í hliðarsal áðan í símanum. Þetta er nákvæmlega sama og með markaðsátak til atvinnumála. Í hvað er það notað núna? Sú upphæð sem varið er í markaðsátak til atvinnumála á þessu ári verður lækkuð á næsta ári um ákveðna upphæð, 6–7 millj. Vegna hvers? Vegna þess að verið er að stofna nýtt embætti, nýtt starf í iðnrn., þ.e. markaðsátak í atvinnumálum á höfuðborgarsvæðinu. Er nú (Forseti hringir.) mikil reisn yfir þessu, hæstv. iðnrh.? Ég segi nei.

[18:53]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að það hefur eitthvað verið komið við kaunin á hv. þm. fyrst hann fór svona algerlega á taugum við þessa athugasemd mína sem var sett fram af mikilli hógværð af mínu mati. Hann brást hins vegar ekkert

við því sem var aðalábending mín, þ.e. að hann ætti að bera upp sín stóru mál í þingflokknum áður en hann fer mikinn í þingsalnum af því að mér er fullkunnugt um það að hann hefur lítinn stuðning fyrir því sem hann er að segja hérna í þingflokknum. Ég fylgdist alveg með hvaða hv. þm. Samfylkingarinnar voru í salnum meðan hann talaði. Þeir voru bara ekki til staðar fyrr við lokaorðin. Þá birtist einn. Þeir kíktu svona í gættina. (**KLM:** Þetta er ekki rétt hjá þér.) Þetta er bara svona, hv. þm. Það getur verið að það sé erfitt að hafa verið minntur á þetta. Engu að síður er þetta staðreynd.

[18:54]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eftir því að hæstv. iðnrh. fjallar ekkert um það atriði sem ég hef hér m.a. gert að umtalsefni, þ.e. markaðsátak í atvinnumálum í Reykjavík í iðnrn. Ef hæstv. iðnrh. má vera að því að hlusta þá spyr ég hvort mikil reisn sé yfir því og hvort það hafi verið nauðsynleg aðgerð að minnka fé iðnrn. í markaðsátak í atvinnumálum til þess að stofna eitt starf og embætti í iðnrn. Er þetta rétt og er mikill bragur yfir þessu, markaðsátaki í atvinnumálum í Reykjavík? (**Gripið fram í:** Ekki veitir af.)

Hitt atriðið sem ég vildi nefna er að e.t.v. kann — ég held nú samt að hæstv. iðnrh. kunni að telja. Hér sé ég hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhann Ársælsson, einn og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttir, tveir. Svo er það sá sem stendur hér í ræðustól, þrír og hv. þm. Helgi Hjörvar. Eru þetta ekki fjórir samfylkingarmenn? Framsóknarmenn sjást ekki fyrir utan ráðherrann sem er skyldugur að vera hér í salnum vegna þess að hún er að flytja þetta frv.

Virðulegi forseti. Ég vil endilega spyrja hæstv. iðnrh. út í markaðsátak í atvinnumálum í Reykjavík, þessa nýju stefnu iðnrh., þ.e. að nota þessa peninga til þess að stofna starf og embætti í iðnrn.

[18:56]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristján Möller er búinn að tala í sig mikinn hita og hefur hafið miklar talningar á þingmönnum í salnum. Það er eins og maður sé kominn í réttir. (**Gripið fram í:** Já, það er rétt.) En mig langar til þess að spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að niðurgreiðslukerfið eins og það er núna sé réttara. Það er miklu gegnsærra með því að nú er sótt um niðurgreiðslurnar. Svo var ekki áður. Mig langar líka að spyrja hann hvort hann geti komið með dæmi um húshitunarkostnað hjá dýru hitaveitunum. Eins langar mig til að spyrja hann hvað hann telji að niðurgreiðslurnar þurfi að vera háar. Núna eru þær 868 millj. á fjárlögum. Það tel ég vera vel í lagt. Það er ósköp auðvelt að vera í minni hluta á Alþingi og vísa endalaust á ríkissjóð. Ég tel að verið sé að fara miklu betur með þessa fjármuni núna, með niðurgreiðslu á rafhitun og olíukostnaði til húshitunar, með því að gera kerfið mun gegnsærra en það var.

Ég veit ekki annað en að hitaveitur sem hafa átt í vanda hafi fengið stuðning frá ríkissjóði með sérstökum framlögum.

[18:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jú, ég tel að niðurgreiðslukerfið sé betra eins og það er í dag. Það er engin spurning. Það skal enginn fá mig til að andmæla því þegar betri stjórnsýsla er viðhöfð. Það er auðvitað þannig sem það á að vera. Ég tók það fram í ræðu minni að ég held að þetta hafi skánað mikið eftir að Orkustofnun var falin umsjón með þessu og allir þurftu að sækja um, með öðrum orðum að kerfið sé orðið gegnsærra. Jú, ég er innilega sammála því og þetta er til mikils batnaðar.

Ég sat í byggðanefnd forsrh. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson stýrði á sínum tíma í aðdraganda kjördæmabreytingarinnar. Sú nefnd var þverpólitísk og skilaði frá sér þverpólitískum tillögum sem kallaðar voru bráðaaðgerðir. Ein megintillaga þessarar nefndar var um hækkun á þessum niðurgreiðslupotti til húshitunar og ég held að staðið hafi verið svo gott sem fullkomlega við þær tillögur sem við lögðum fram, svo gott sem fullkomlega. Það hefur tekist með, við skulum segja, samræmdu átaki. Ríkisstjórn var haldið við efnið og forsrh. og aðrir voru spurðir hvort ekki ætti að efna loforðið sem gefið var. Þó ég hafi ekki reiknað það nákvæmlega út nýlega þá hygg ég og vona að þetta sé komið í það horf sem nefndin lagði til. Þetta var þverpólitísk nefnd. Þetta var gott byggðamál og sem betur fer er það komið í höfn. Þó að um litla upphæð sé að ræða — 45 millj. eru teknar í þetta — þá er ég ekki sammála því að taka 5% úr þessum potti til að búa til þennan sjóð. Ég er ekki sammála því.

[19:00]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gott að heyra það, og aldrei heyrir maður það nógu oft hvað þetta hafi verið góð byggðaaðgerð að lækka húshitunarkostnað á landsbyggðinni. Þetta er mjög mikil og góð byggðaaðgerð og eitt af mörgu góðu sem þessi ríkisstjórn hefur gert. Ég vil líka nefna stuðning við námskostnað og annað þess háttar.

[19:00]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn einelti, 320. mál, fsp. MF, þskj. 369.

Greiðsla fæðingarstyrks, 321. mál, fsp. MF, þskj. 370.

Meðlagsgreiðslur vegna barna erlendis, 318. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 367.

Tekjutap sveitarfélaga, 322. mál, fsp. MF, þskj. 371.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, 249. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 366.

Örorkubætur og fæðingarstyrkur, 319. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 368.

[19:01]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki í fyrsta skipti sem ég er viðstaddur umræður sem lúta að húshitunarkostnaðinum í landinu og ég geri ráð fyrir því að þetta sé í síðasta skipti sem ég verð vitni að slíkum umræðum eða taki þátt í þeim. Fyrir því eru ósköp eðlilegar ástæður, þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál fjölda fólks, sérstaklega fólks á landsbyggðinni.

Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Suðurk. er nú þegar verið að verja mjög miklum fjármunum til þess að lækka húshitunarkostnaðinn þar sem hann er hæstur fyrir. 860 eða 870 millj. kr. til þess arna er auðvitað heilmikið framlag til að bæta lífskjörin á landsbyggðinni. Ef við setjum það í það samhengi að fólk þyrfti að þéna til þess að standa undir 860–870 millj. kr. hærri útgjöldum þá erum við væntanlega að tala um að tekjur fólks á landsbyggðinni þyrftu að vera svona 1,5 milljörðum hærri en þær eru til þess að halda uppi sambærilegum lífskjörum. Þannig sjáum við að þetta skiptir auðvitað gífurlega miklu máli fyrir fólkið á landsbyggðinni, fyrir lífskjörin. Þess vegna er ekkert að undra þó að mjög

margir hafi verið að leggja mikla áherslu á það í gegnum tíðina að það þurfi að standa mjög vel að þessum málum, það þurfi að tryggja til þessa verkefnis mikla fjármuni og það þurfi að gera það með þeim hætti að það skili sér sem best til þeirra sem hafa verið að búa við hvað hæstan húshitunarkostnað.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað í dag að þetta hefur sem betur fer verið að færast mjög í rétta átt. Við þurfum ekki annað en að horfa nokkur ár aftur í tímann, 10–12 ár, þegar ég var t.d. að hefja störf mín hér í þinginu, þá er það alveg ljóst mál að við höfum verið að ná heilmiklum árangri og umræðurnar um húshitunarkostnaðinn eru ekki eins sárar og þær voru hér áður fyrr vegna þess einfaldlega að við höfum verið að færa þessa hluti í skárra horf.

Það er þó engan veginn þannig, eins og mér fannst kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv. s. hér áðan, að þetta væri farið að koma í veg fyrir það að fólk stæði eðlilega að því að einangra húsin sín. Það er auðvitað fjarri því. Við vitum að þrátt fyrir það að við höfum verið að ná árangri er staðan engu að síður sú að það er mismunur á húshitunarkostnaði, t.d. á Rarik-svæðunum og á höfuðborgarsvæðinu, á Rarik-svæðunum eða orkubússvæðunum og hjá ýmsum hitaveitum þar sem kostnaðurinn er lægstur. Engu að síður er það ómótmælanlegt að þetta hefur verið að færast í rétta átt.

Ástæðan fyrir því að við höfum verið að gera þetta er auðvitað sú sem ég nefndi áðan, að reyna að bæta lífskjörin í landinu. Ég ætlaði hins vegar, virðulegi forseti, að koma að öðru máli og vildi gjarnan að hæstv. iðnrh. yrði ekki fjarri þegar ég kem að því og vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Ég vil líka segja það og vil árétta það að ég tel að þetta frv. sem hér liggur fyrir sé afar skynsamlegt og þingflokkur Sjálfstfl. styður það vitaskuld heils hugar. Þetta frv. felur það fyrst og fremst í sér að bæta stöðu þeirra sem vilja eða hafa möguleika á því að fara út í hitaveituframkvæmdir. Við vitum það að sú breyting sem var gerð fyrir nokkrum árum og leiddi til þess að hluti af niðurgreiðslufjáramagninu er varið til þess að greiða niður stofnkostnað við hitaveitur réð hreinlega úrslitum um það að hægt var að fara í þessar hitaveituframkvæmdir. Það er alveg ljóst að fyrir ríkissjóð er þetta sparnaður til lengri tíma litið og ekki einu sinni til langs tíma litið, vegna þess að þetta hafa verið styrkir til fimm ára og að þeim loknum er ríkið hreinlega farið að hagnast á þessum skipulagsbreytingum, sem er auðvitað vel. Það sem hér er verið að gera er einfaldlega viðleitni í sömu átt. Það er verið að koma til móts við fleiri aðila sem þurfa á því að halda eða vilja og telja skynsamlegt að fara út í þessar hitaveituframkvæmdir. Ég tel að þetta sé þess vegna mjög gott skref í rétta átt og er auðvitað fínn bisness frá sjónarhóli ríkissjóðs. Ríkissjóður er til lengri tíma litið tvímælalaust að hagnast á þessu þegar grannt er skoðað.

Virðulegi forseti. Það er líka alveg rétt sem sagt var að með lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, sem samþykkt voru og tóku gildi 17. maí 2002, var stigið mjög skynsamlegt skref vegna þess einfaldlega að þarna var sett klár stjórnsýsla, klár lög utan um gríðarlega mikla peninga. Þarna voru peningar upp á 800–900 millj. kr., eins og hér hefur komið fram, sem verið er að setja lagalegan ramma um og verið að skilgreina hverjir eigi rétt á þessum peningum. Ég held að þetta hafi almennt talað tekist vel. Auðvitað heyrði maður á þeim tíma sem þetta var að ganga yfir ýmsar raddir um að þetta væri nú óþarfaumstang. En ég held að þær raddir hafi hljóðnað og menn sjái að það var auðvitað fullt tilefni til þess að fara rækilega ofan í þetta mál og vinna þau mál skynsamlega svo að við nýttum þessa peninga sem best til þeirra sem raunverulega þurfa á að halda.

Það er hins vegar eitt atriði sem gerðist í þeirri lagasetningu sem ég vildi aðeins fá að vekja máls á vegna þess að ég hygg að þarna sé um að ræða atriði sem mönnum hafi ekki verið ljóst á þeim tíma sem þessi lög voru samþykkt, a.m.k. gildir það um þann sem hér stendur og mig grunar og ætla a.m.k. að það hafi ekki verið ætlunin þegar við settum þessi lög að þau hefðu þær afleiðingar sem ég ætla aðeins að vekja máls á.

Í 4. tölulið 4. gr. laganna um húshitunarkostnað, segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ef föst búseta fellur niður í húsnæði er heimilt að greiða niður kostnað við hitun þess enda sé húsnæðið ekki notað til annarra hluta, svo sem til orlofsdvalar.“

Ekki geri ég athugasemdir við þetta. En síðan segir:

„Ef eigendaskipti verða á slíku húsnæði fellur niðurgreiðslan niður.“

Þetta hefur orðið til þess, virðulegi forseti, að upp hefur komið staða sem ég tel að sé ekki viðunandi fyrir þá sem við þetta þurfa að búa. Ég hygg að hér sé ekki um að ræða mjög stóran hóp, þvert á móti geri ég ráð fyrir að hér sé um að ræða fremur fámennan hóp, hins vegar er þetta jafnvont fyrir þá sem verða fyrir. Hér vil ég aðeins í þessu sambandi nefna dæmi um hóp sem verður fyrir barðinu á þessu lagaákvæði.

Hér er ég að vísa til sveitarfélaga þar sem fólki hefur fækkað, fólk hefur flutt úr félagslegu íbúðarhúsnæði, íbúðarhúsnæði hefur verið leigt til sveitarfélaganna, eins og kveðið er á um í lögum um félagslegt íbúðarhúsnæði í landinu, og þá verða eigendaskipti. Fólk býr í þessum húsum og leigir þau kannski eða býr í þeim, á þau, og þegar það kýs að láta innleysa eignir sínar og sveitarfélögin verða eigendur að húsnæðinu, verða samkvæmt þessum lögum eigendaskipti á húsnæðinu, eðlilega, og við það fellur niðurgreiðslan niður.

Ég er nokkuð viss um, virðulegi forseti, að þetta var ekki ætlunin þegar lögin voru sett, að gera það með þeim hætti að skyndilega við þessi eigendaskipti ein og sér — það verður í raun og veru engin eðlisbreyting á húsnæðinu að öðru leyti — en við eigendaskipti þá gerist það að húshitunarkostnaður í þessum eignum hækkar. Þetta eru, eins og ég segi, virðulegi forseti, örugglega ekki mjög mörg dæmi en þau eru þeim mun sárari. Ekki síst í ljósi þess að þetta bitnar auðvitað hvað mest á þeim sveitarfélögum sem verða fyrir tekjufalli vegna þess að íbúunum er að fækka. Við vitum að það er ekki á það bætandi í þeim sveitarfélögum þar sem vandinn er fyrir hendi vegna íbúafækkunar og vegna þess að hið félagslega húsnæði er sem myllusteinn um háls þessara sveitarfélaga, er mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. Virðulegi forseti, vegna þess að við erum að fara yfir lögin um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar með skynsamlegum hætti og ég lýsi fullum stuðningi við, þá vildi ég, virðulegi forseti, vekja máls á þessu ef hægt væri að skoða þessi mál í því samhengi sem ég hef verið að ræða. Ég held að hér sé um að ræða mikið réttlætismál, mál sem ekki mundi hafa áhrif á heildarramma þeirra fjárveitinga sem eru til staðar til þess að lækka húshitunarkostnaðinn í landinu, sem er mikið framfaramál, heldur mál sem ég hygg að gæti tekist samkomulag um og væri samstaða um að reyna að einhenda sér í til þess að létta

á sveitarfélögum sem ella verða fyrir heilmiklum búsifjum vegna þessa.

Virðulegi forseti. Ég ítreka svo stuðning minn við þetta mál, ég tel að þetta sé vel unnið frv., stefni í rétta átt, það sé skynsamlegt frá sjónarhóli ríkissjóðs, það sé skynsamlegt frá sjónarhóli þeirra sem vilja nýta íslenska orkugjafa. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu sem hefur komið fram hjá stjórn og stjórnarandstöðu um að þessu máli beri að hraða í gegnum þingið.

[19:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það mál sem við erum að ræða hér sé að mörgu leyti gott, en vara hins vegar við því, ef afleiðingarnar gætu orðið þær, að það fjármagn sem notað er til þess að greiða niður húshitunarkostnað úti um landið minnki, en það gæti leitt af efni 2. gr. frv. Ég er ekki viss um að þannig sé í pottinn búið vegna þess að það átak sem við höfum verið að gera á undanförnum árum með því að taka í notkun hitaveitur á svæðum sem áður voru talin köld hefur smátt og smátt orðið til þess að niðurgreiðslur á fjölda húsnæða úti um landið hafa minnkað. Ég er því ekki alveg viss um það, virðulegi forseti, að þó að þessi 5% séu þarna inni að það þýði í reynd að niðurgreiðslan lækki, ég ætla alla vega að vona að svo sé ekki.

Hins vegar verð ég að segja það, virðulegi forseti, að ég dáðist svolítið að þeim flokkssystrum hér áðan, hvað annarri tókst sérstaklega vel að ná hv. þm. Kristjáni L. Möller upp og hinni, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, að ná honum fljótt niður. Það var dálítið aðdáunarvert og sýnir kannski hversu mikil hæfni býr í þessum ríkisstjórnarflokki, að geta bæði náð mönnum upp með tiltölulega stuttum fyrirvara og líka niður ef á þarf að halda. Mönnum er ýmislegt til lista lagt, virðulegi forseti.

Þetta mál sem við erum hér að ræða tel ég að sé, eins og ég sagði áður, gott mál, og ég vona svo sannarlega að sú útfærsla sem hér er verið að leggja til geti orðið til þess og stuðlað enn frekar að því að við nýtum orkugjafa eins og heitt vatn í iðrum jarðar og það takist að nýta þann orkugjafa á fleiri svæðum en hingað til.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, segja það, og ætla ekkert að hafa langt mál um þetta, að það skiptir ofboðslega miklu máli fyrir íbúa á landsbyggðinni að sú niðurgreiðsla á húshitunarkostnaði sem verið hefur, haldist að raungildi og alla vega lækki ekki. Ég vonast því sannarlega til þess að heimildarákvæðið sem er í 2. gr. og fjallar um að ráðherra sé heimilt að ákveða að það verði notað með þeim hófleika að það geti ekki orðið til þess að lækka niðurgreiðslur til húshitunar þar sem ekki er um aðra orkugjafa að ræða en rafmagn eða olíu, verði samþykkt.

Ég fagna því einnig að hér skuli standa í niðurlagi 1. gr. að niðurgreiðslan nái einnig til húshitunarkostnaðar og nýrra hitaveitna.

Ég held að að meginefni stefni frv. í rétta átt með þeim eina fyrirvara að sú sjóðsmyndun sem hér er lögð til leiði ekki til lækkunar. Ég hef þann fyrirvara á stuðningi við þetta mál en vona vissulega að útfærslan sé ekki þannig að það sé verið að stefna að lækkun með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði á köldum svæðum landsins. Að þessu sögðu, virðulegi forseti, hef ég í hyggju að ljúka máli mínu og vonast til þess að þetta frv., sem hér er lagt til, samræmist því sem menn hafa verið að tala um, að reyna að efla byggð í landinu. Það væri afar illa farið ef frv. færi í aðra átt.

[19:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt á það mikla áherslu í tillöguflutningi og umræðum á Alþingi á undanförnum missirum að auka fjármagn til að rannsaka möguleika á að stofna til nýrra hitaveitna, stækka og auka umsvif þeirra sem fyrir eru og einnig að gera fjárhagslega kleift að hitaveitur geti líka orðið til styrkingar atvinnusköpun víða um land. Það eru gríðarlegir möguleikar fólgnir í heitu vatni og notkun þess, ekki aðeins til þess að hita upp íbúðarhús heldur einnig til margháttaðrar atvinnustarfsemi. Það er í sjálfu sér mjög erfitt að gera mun á þessu tvennu því þetta hangir svo saman þannig að þær tvær tillögur sem við höfum flutt hér og fulltrúi okkar, Árni Steinar Jóhannsson, eru einmitt í þessa veruna. Við fluttum tillögu árið 2000 en þá flutti Árni Steinar Jóhannsson einmitt tillögu um að Orkusjóður yrði efldur og úthlutað fé til þess að standa undir stofnun hitaveitna á köldum svæðum þar sem ljóst væri að neytendur gætu ekki greitt viðkomandi stofnkostnað á nauðsynlegum tíma og að aukinn fjárstuðningur kæmi til þess því að þetta væru ríkulegir hagsmunir þegar til lengri tíma væri litið. Og jafnframt líka að lagt væri fram fjármagn til þess að veita fyrirtækjum og einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla mætti að leiði til þess að dregið verði úr notkun á jarðefnaeldsneyti. Það væri horft á þetta allt saman þannig að innlendir orkugjafar gætu orðið í sem ríkustum mæli hluti af orkunotkun okkar, bæði í húshitun og í atvinnustarfsemi.

Það sem hér er lagt til er nokkuð í þessa veruna, þ.e. að styrkur til hverrar hitaveitu geti numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu. Þetta er í sjálfu sér spor í rétta átt því að þetta voru fimm ár en í tillögum okkar var lagt til að lagt yrði upp með a.m.k. tíu ár. Það væri alveg sanngjarnt að miða við tíu ár í þessu tilviki.

En sú staða er einnig uppi að þó að það geti verið hagkvæmt til lengri tíma litið, bæði hvað varðar möguleika til atvinnusköpunar og til þess að lækka hitunarkostnað, þá getur verið að íbúar séu samt of fáir eða raforkunotkun sé svo lítil á viðkomandi svæði við þær aðstæður sem þá eru akkúrat uppi að þessi niðurgreiðsla, bein millifærsla hennar, sé ekki næg til þess að veita stofnun nýrrar hitaveitu nægilegan stuðning. Þess vegna tel ég að þetta eigi að vera tvíþætt. Annars vegar er hægt að horfa á þá fjármögnun að nota niðurgreiðslu til rafhitunar sem fjármagn til þess að styrkja og efla nýjar hitaveitur eða stækkun á hitaveitum en það eigi líka að horfa til þess að við sumar aðstæður geti bara hreinlega þurft að koma til nýtt fjármagn sem standi á bak við slíkar hitaveitur og vera þá ekki eingöngu að horfa, eins og hér, alfarið á húshitun en möguleikarnir til þess að nýta einmitt heita vatnið til atvinnusköpunar samtímis eru kannski ekki síður mikilvægir vítt og breitt um landið. Ég held að horfa eigi á þessa hluti saman, bæði til húshitunar og líka til atvinnusköpunar.

Tökum t.d. ferðaþjónustuna. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom hér að máli um niðurgreiðslu á rafhitun vegna íbúðarhúsnæðis sem er í eigu sveitarfélaga og ef enginn er skráður með lögheimili í viðkomandi íbúðarhúsi þá fellur endurgreiðslan niður sem er afar ósanngjarnt, og hefur verið

bent á ítrekað einmitt hér á Alþingi að þetta væri ósanngjarnt. En það er líka þannig að mörg íbúðarhús hafa einmitt verið tekin undir ferðaþjónustu eða ýmsa slíka starfsemi þar sem ekki er neinn með beint lögheimili og þá fá þessi hús ekki niðurgreiðsluna vegna þess að þar er enginn með skráð lögheimili. Það er því margháttað óréttlæti í gangi sem er afar mikilvægt að ... (Gripið fram í.) Jú, en betur má. Við erum líka að keppast við að halda við íbúðarhúsum sem eru í einkaeign úti um byggðir landsins, halda þeim í notkunarhæfu ástandi en þau fá ekki aðgang að þessum niðurgreiðslum.

Mér finnst að horfa eigi á þetta sem heild. Við viljum efla notkun á heitu vatni til húshitunar, til atvinnusköpunar og á það á að líta. Og þó að þetta sé spor í rétta átt sem hér er þá er það bara allt of smátt í sniðum miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru, bæði fyrir framtíðaratvinnulíf og framtíðarbúsetu í landinu. Að þessu marki hafa einmitt tillögur okkar vinstri grænna lotið, að stjórnvöld komi að með stofnstyrkjum, með áhættufé á lágum vöxtum til þess að gefa bæði atvinnulífinu og búsetunni möguleika á að byggja upp hitaveitur og nýta heita vatnið til eflingar atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Það er sem sagt hægt að fallast á að hér sé lítið hænufet stigið til úrbóta í þessum málum en þetta er svo veigamikið atriði í atvinnulífi landsmanna vítt og breitt um landið að það er fyllilega ástæða til þess að stíga virkilega markvissari skref og stærri því þarna eigum við raunverulega möguleika og við eigum að nýta þá. Og ég vildi gjarnan að hæstv. byggðamálaráðherra, iðn.- og viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir, beitti sér af meira afli til þess að nýta möguleika heita vatnsins til eflingar atvinnulífi úti um byggðir landsins.

[19:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi mál hafa oft verið til umræðu hér og það verður að segjast eins og er að það hefur orðið mikill ávinningur af stuðningi ríkisins við orkuöflun og hitaveitur á undanförnum árum. Ég man eftir umræðu sem fór hér fram fyrir þremur árum eða svo og þá var einmitt tekist töluvert á um þessi fimm ár sem þá voru sett. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega með hvenær það var en það voru þá ýmsir í þingsölum sem töldu að tímabilið ætti að vera lengra. Hæstv. ráðherra treysti sér ekki til þess þá en hefur núna komið með þessa tillögu um átta ár og ég vil ekki láta hjá líða að fagna því vegna þess að það er full ástæða til þess. Mér finnst þetta ekki vera hænufet. Mér finnst þetta vera ágætt skref þó að ég hafi haft þá skoðun að tíu ár væri skynsamlegt af hálfu ríkisins því að þetta eru miklir peningar sem ríkið er að greiða til niðurgreiðslnanna og ég held að það sé bara fjárhagslega skynsamlegt að styrkja hitaveitur þó að það kosti niðurgreiðslur til þetta langs tíma.

Við höfum líka séð á þessum tíma, bara á síðustu árum, að ýmsar hitaveitur sem farið hafa af stað á síðustu árum hafa lent í vanda og ríkið hefur verið að rétta þeim hjálparhönd með ýmsum hætti. Hæstv. ráðherra hefur þurft að leggja þar hönd á plóg og kannski hefði þessi vandi ekki verið eins mikill ef menn hefðu komið fyrr með þennan stuðning eins og hann lítur hér út og helst hærri. Helst hefði ég viljað sjá eins og ég sagði áðan tíu ár.

Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í dag að ríkið er auðvitað að skekkja grundvöllinn fyrir því að setja upp hitaveitur með því að greiða niður húshitunarkostnað. Ég hef stutt þá stefnu og ég tel að hún sé skynsamleg en það þýðir þá aftur á móti að ríkið verður líka að reyna að rétta þetta af eins og verið er að gera hér. Og það er þess vegna sem ég kem hér upp en það er líka önnur ástæða. Hún er sú að í frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiðsla stofnstyrks til nýrrar hitaveitu eða vegna stækkunar hitaveitu skal miðuð við tímamarkið þegar hitaveitan tekur til starfa eða stækkun er tekin í notkun."

Ég veit að það eru til hitaveitur núna sem eru á þeim tímapunkti í sinni tilveru að þær hafa varla verið teknar í notkun. Það eru fáeinir notendur búnir að tengja sig við veiturnar, jafnvel á eigin kostnað, og ég spyr og ég beini því til hv. nefndar sem fer yfir þetta mál að menn fari svolítið yfir það með hvaða hætti tekin er ákvörðun um að viðkomandi veita hafi hafið starfsemi því að það væri ekki heppilegt, finnst mér, að hitaveitur sem eru akkúrat á þeim punkti að þær eru varla komnar í gang, búið að tengja einhver örfá hús, eitt eða tvö jafnvel, yrðu skildar eftir en aðrar sem kæmu í framhaldinu fengju þá þennan átta ára styrk.

Ég beini því til manna í hv. nefnd að skoða þetta, ég tel að það sé ástæða til þess að gefa þessu gaum af því að ég þekki dæmi um svona lagað.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég vildi bara, vegna þess að ég tók þátt í þessum umræðum þegar þær reglur voru settar á sem nú eru í gildi, ekki láta hjá líða að lýsa því yfir að ég er mjög ánægður með það að gerð skuli hafa verið tillaga um þessa breytingu og þó að ég hafi viljað ganga svolítið lengra þá er ástæða til þess að það komi hér fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:29]

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 1. umr.

Stjfrv., 306. mál. — Þskj. 351.

[20:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, sem er 306. mál þingsins á þskj. 351.

Í frv. þessu er lagt til að samræmd verði sérákvæði ýmissa laga á orkusviði hvað varðar skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta. Til þessa hafa gilt mismunandi reglur um skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta af húseignum. Þetta hefur leitt til þess að sambærilegar eignir innan sama sveitarfélags hafa hlotið mismunandi meðhöndlun eftir því hvaða orkufyrirtæki er eigandi eignanna.

Í kjölfar þess að á 126. löggjafarþingi var samþykkt frv. til laga um breytingu á orkulögum varð óvissa um skyldu m.a. Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu fasteignaskatta. Frumvarpið, sem varð að lögum nr. 78/2001 og breytti orkulögum í þessa veru, var á sínum tíma lagt fram til að gera starfandi raf- og hitaveitum mögulegt að breyta um rekstrarform án þess að slíkt hefði áhrif á skattalega stöðu þeirra. Einnig laut lagabreytingin að því að setja skýrar almennar reglur um heimildir þeirra til að áskilja sér arð eins og gert er ráð fyrir í sveitarstjórnarlögum. Þær breytingar sem frv. hafði í för með sér voru víðtækari en að var stefnt og leiddi breytingin til þess að raf- og hitaveitur voru eftir gildistöku laga nr. 78/2001 undanþegnar skyldu til greiðslu fasteignaskatta. Markmiðið

með samþykkt laga nr. 78/2001 sem breytti orkulögum, eins og áður sagði, var hins vegar að gera raf- og hitaveitum kleift að breyta um rekstrarform án þess að það hefði áhrif á skattalega stöðu fyrirtækja.

Fyrri réttarstaða var sú að flest orkufyrirtæki þurftu að greiða fasteignaskatta með undantekningu hvað varðar Rafmagnsveitur ríkisins. Þarna hafði því gætt misræmis. Ýmsir hafa bent á að óeðlilegt sé að Rafmagnsveitur ríkisins séu undanþegnar greiðslu fasteignaskatta og búi þannig við aðrar skattareglur en önnur orkufyrirtæki. Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að samræma reglur um skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta. Verður staðan sú, ef frv. þetta verður að lögum, að lagfærð verða mistök þau er urðu við setningu laga nr. 78/2001. Raf- og hitaveitum verður aftur gert að greiða fasteignaskatta. Að auki verður réttarstaðan samræmd og Rafmagnsveitur ríkisins verða einnig að greiða fasteignaskatta til jafns við önnur orkufyrirtæki.

Sú breyting að Rafmagnsveitum ríkisins verður gert að greiða fasteignaskatta til jafns við önnur orkufyrirtæki er sjálfsögð og eðlileg og er í beinu samhengi við ný raforkulög, nr. 65/2003, sem tóku gildi 1. júlí sl.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað að lokinni umræðu til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (brottfall laga o.fl.). — Þskj. 358.

[20:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999, sem er 312. mál þingsins á þskj. 358.

Lög um alþjóðleg viðskiptafélög voru samþykkt á Alþingi 19. mars 1999. Forsaga laganna er sú að á árinu 1996 hóf Verslunarráð Íslands forathugun á möguleikum Íslands sem vettvangs fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi. Var niðurstaða þeirrar forathugunar sú að möguleikar Íslands fælust helst í að einbeita sér að uppbyggingu alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi á þeim sviðum sem landið hefði eitthvað fram að færa sem skapaði sérstöðu, t.d. í viðskiptum með sjávarfang.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu skipaði forsrh. verkefnisstjórn í mars 1997 til að vinna að athugun á möguleikum þess að efna til sérhæfðrar alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi utan lögsögu á Íslandi. Byggðist frv. það sem síðan varð að lögum um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999, að meginstefnu til á starfi og tillögu verkefnisstjórnarinnar. Má segja að í þessu hafi falist tilraun til að laða að erlenda fjárfestingu til landsins með nýjum hætti og feta þannig í fótspor fjölmargra erlendra ríkja sem bjóða fyirtækjum ýmiss konar úrræði á sviði skatta til að laða að atvinnustarfsemi.

Á þessum tíma þurftu stjórnvöld enn fremur að horfa upp á að íslenska skattkerfið stóð halloka í samkeppni við erlend skattkerfi og starfsemi fyrirtækja var að flytjast úr landi og byggjast upp annars staðar. Í lögum um alþjóðleg viðskiptafélög er heimiluð starfsemi á afmörkuðum sviðum en mest áhersla er lögð á viðskipti með sjávarafurðir utan Íslands og hafa þau alþjóðlegu viðskiptafélög sem stundað hafa slík viðskipti haft mesta veltu þeirra félaga sem hlotið hafa starfsleyfi. Jafnframt var í upphafi horft til þess að í kringum starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga ættu að skapast mikil tækifæri fyrir ýmiss konar þjónustu, t.d. sölu á hugbúnaði, flutningum, vátryggingum og fjármálaþjónustu af ýmsum toga. Verkefnisstjórnin lagði mat á það hvaða áhrif löggjöf um alþjóðleg viðskiptafélög kynni að geta haft á tekjur ríkissjóðs. Taldi verkefnisstjórnin ekki óvarlegt að ætla að innan þriggja ára yrðu tugir fyrirtækja komnir á laggirnar.

Í athugasemdum með frv. því er varð að lögum um alþjóðleg viðskiptafélög var rakið að uppbygging slíkrar starfsemi mundi kalla á umfangsmikla markaðs- og kynningarstarfsemi sem væri lykilatriði þess að árangur yrði góður. Með það í huga var gerður samningur á milli viðskrn., Verslunarráðs Íslands og Fjárfestingarstofunnar um kynningu laganna. Til þeirrar kynningar var varið 44 millj. kr. á fjögurra ára tímabili. Ljóst er að sá kostnaður er nokkur miðað við takmarkaðan árangur en ekki má þó líta fram hjá því að kynningarstarfsemi þessara aðila laut ekki síður að kynningu á Íslandi sem góðum fjárfestingarkosti. Er því ekki hægt að líta svo á að fjármunir þessir hafi farið til spillis.

Eins og vikið hefur verið að var yfirlýstur tilgangur laganna sá að efla erlenda fjárfestingu hér á landi. Raunveruleikinn nú, rúmlega fjórum árum eftir samþykkt laganna, sýnir þó að það hefur ekki tekist sem skyldi. Alls hafa 14 fyrirtæki hlotið starfsleyfi frá því að lögin tóku gildi, eitt hefur skilað inn starfsleyfi og þrjú verið svipt starfsleyfi. Miðað við fyrirliggjandi skýrslur félaganna vegna ársins 2002 virðast eingöngu fimm félög af þeim tíu sem nú hafa útgefið starfsleyfi stunda starfsemi og er heildarvelta þeirra um 1,2 milljarðar kr. Heildarvelta á árinu 2001 var um 2 milljarðar en um 1,2 milljarðar á árinu 2000.

Vorið 1998 samþykkti ráðherraráð OECD skýrslu um aðgerðir til að stemma stigu við setningu nýrra skattalaga eða reglna sem haft gætu skaðleg áhrif á samkeppni ríkja. Öll aðildarríki OECD nema Lúxemborg og Sviss samþykktu skýrsluna. Sérstakri nefnd var falið að annast framkvæmd og eftirfylgni með tilmælum skýrslunnar. Allt frá árinu 2000 hafa lögin um alþjóðleg viðskiptafélög verið til skoðunar hjá nefndinni ásamt tæplega 60 mismunandi skattareglum í öðrum aðildarríkjum OECD.

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur enn fremur haft lögin til skoðunar um nokkurt skeið á þeim grundvelli að lögin feli hugsanlega í sér óheimilan ríkisstyrk. Því hafa íslensk stjórnvöld harðlega mótmælt og liggur enn ekki fyrir niðurstaða þeirrar athugunar.

Vík ég nú að frv. því sem hér er til umræðu. Í frv. er lagt til að lög um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld úr gildi 1. janúar 2008 og að ný starfsleyfi verði ekki gefin út frá og með 1. janúar 2004. Þykir rétt að gefa þeim aðilum sem þegar hafa fjárfest í atvinnustarfsemi á grundvelli laganna tækifæri til að aðlaga sig að þeirri ákvörðun að lögin verði afnumin. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir að þau fyrirtæki sem afsala sér starfsleyfi geti starfað áfram sem hlutafélag eða einkahlutafélag en að þeim verði ekki gert að slíta félaginu eins og nú er gert ráð fyrir í lögunum. Lagt er til að það sama muni gilda ef starfsleyfi fellur niður við afnám laganna. Þykir þetta eðlilegt m.a. í ljósi þess að félögin hafa lagt í nokkurn kostnað við stofnun rekstrarins, enda er ekki gert ráð fyrir að við afsal eða brottfall starfsleyfis alþjóðlegs viðskiptafélags verði önnur breyting á rekstri þess en að það verði skattlagt með sama hætti og önnur hlutafélög.

Af framansögðu er ljóst að áhugi á þessu félagaformi er nokkuð langt frá því sem vonir stóðu til og áhrif á íslenskt atvinnulíf hafa ekki verið sem skyldi. Hverjar ástæður þess eru er erfitt að segja til um. Eins og þegar hefur komið fram var vandað mjög til undirbúnings við lagasetninguna og veglega staðið að kynningu á lögunum en áhuginn virðist samt hafa látið á sér standa. Ein meginástæða þess er sú að frá árinu 1999 hefur skattalegu umhverfi íslenskra fyrirtækja verið gjörbylt. Með lækkun á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja sem samþykkt var árið 2001 var í raun stigið stórt skref í þá átt að gera lögin um alþjóðleg viðskiptafélög óþörf.

Hæstv. forseti. Þetta voru meginatriði frv. og legg ég til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[20:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að hæstv. ráðherra komi hér og leiði þessa löggjöf um hin alþjóðlegu viðskiptafélög til endanlegrar greftrunar. Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð en minni á það sem ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson sögðum í umræðum fyrir nokkrum missirum.

Það er tvennt sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra. Það kemur fram að 14 fyrirtækjum, einungis 14 fyrirtækjum var veitt starfsleyfi. Þar af voru þrjú svipt starfsleyfum. Þetta er giska hátt hlutfall og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað var þess valdandi að þessi þrjú voru svipt starfsleyfi?

Í annan stað kom fram að 44 millj. kr. hefði verið varið til þess að kynna hin alþjóðlegu viðskiptafélög. Hversu mikið af þeirri upphæð fór til Verslunarráðsins? Er það rangt munað hjá mér að um skeið hafi Verslunarráðið haft sérstakan starfsmann á launum við þetta sem var borgaður af ráðuneytinu eða var sá starfsmaður innan ráðuneytisins?

[20:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst í sambandi við þau félög sem svipt voru leyfi. Það var vegna þess að þau skiluðu ekki inn tilskildum gögnum svo sem ársskýrslum og því var ekki um annað að ræða en að svipta þau leyfi.

Hvað varðar fjármunina þá var þetta samstarfsverkefni, eins og kom fram í máli mínu, að kynna starfsemina hér á landi. Ég þori ekki að fara með þá tölu hvernig skiptingin var á milli aðila sem komu að máli, en hægt er að fá upplýsingar og veita allar upplýsingar um það í hv. nefnd.

Þannig var, já, að starfsmaður var í hlutastarfi við að kynna þessa starfsemi og eins og kom fram í máli mínu áðan tel ég að sú kynning hafi engan veginn orðið til einskis vegna þess að Ísland var kynnt sem fjárfestingarkostur og hugsanlega er það að koma okkur að gagni núna í sambandi við aukinn áhuga erlendra aðila á fjárfestingu á Íslandi.

Svo get ég greint frá því að samkvæmt könnun sem við létum gera í ráðuneytinu nýlega og Gallup vann fyrir okkur er mikill stuðningur við það á Íslandi að erlendir aðilar fjárfesti hér á landi. Um 60% Íslendinga telja það jákvætt að erlendir aðilar fjárfesti á Íslandi og það kom mér reyndar á óvart en ég gleðst yfir því.

[20:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðuelgi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Vafalaust verður það ekki erfitt fyrir okkur í efh.- og viðskn. að fá þangað þær upplýsingar um skiptingu þeirra 44 milljóna sem varið var til kynningar á þessu magnaða feilskoti viðskrn. En sökum þess að hæstv. ráðherra getur ekki sagt mér hversu mikið fór til Verslunarráðsins þá er hugsanlegt að þeir sem tala hér á eftir geti gert það. Ég vísa nú til hv. þm. Birgis Ármannssonar.

En þegar maður horfir á þá lýsingu sem hæstv. ráðherra fer með, að 44 millj. kr. er varið til málsins og það eru 14 fyrirtæki sem notfæra sér þessi lög og ekki nema fimm í starfsemi núna, þá er auðvitað hægt að draga þá ályktun að það hafi verið algerlega út í bláinn að eyða þeim peningum. En mér þætti vænt um að heyra svar ráðherrans — af því að hæstv. ráðherra hefur löngum vélað um margt sem tengist ríkisstyrkjum — væri það algerlega út í hött af formanni Samf. að draga þá ályktun miðað við það hversu lítið hefur skilast af þessu að þeir peningar sem Verslunarráðið fékk mætti eiginlega skilgreina sem óbeinan ríkisstuðning við Verslunarráðið?

[20:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög langsótt að tala um ríkisstyrk í þessu sambandi. Þarna var um samkomulag um samstarf að ræða. Eins og ég sagði áðan var starfsmaður í hlutastarfi sem sinnti þessu. Það vildi svo til að hann var staðsettur í Verslunarráðinu. Það var samkomulag um það. Ég tel að hv. þm. sé kominn í einhverja leikfimi með því að hugsa þetta svona.

Ég get alveg skilið það að menn geti haft svolítið gaman að þessu. (Gripið fram í.) Mér finnst skiljanlegt að hv. þingmenn geti skemmt sér svolítið yfir þessu máli. Ég hvet þá endilega til þess.

[20:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hverju orði sannara að það er ekki nokkur leið að neita sér um að fara nokkrum orðum um þetta frv. og mikill skaði að ekki skuli vera til staðar ýmsir þeir sem hástemmdastar héldu ræðurnar um hve stórkostlegir tímar væru í vændum á Íslandi þegar hingað færu að streyma fyrirtæki til að skrá hér stöðvar sínar og af þessu yrði hinn mesti atvinnuvegur.

Ég hygg að að öðrum ólöstuðum hafi hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og maður honum nákunnugur, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, verið í fararbroddi þeirra sem töldu að hið nýja Ísland mundi beinlínis rísa með því að gera út á þetta fyrirbæri, að lokka hingað fyrirtæki sem væru á höttunum eftir því að skrá höfuðstöðvar sínar eða tiltekna þætti starfsemi sinnar í skattasmugum af því tagi sem auðvitað var verið að opna. Síðan mætti nefna til sögunnar nýskipaðan ráðuneytisstjóra í sjútvrn., Vilhjálm Egilsson sem gegndi þá mörgum störfum eins og stundum endranær, var bæði á þingi, formaður efh.- og viðskn. og líka framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Ég hygg að ég sé ekki að gera þessum ágætu mönnum rangt til þó að ég nefni þá til sögunnar sem mikla áhugamenn um þetta.

Ég man eftir ræðum þar sem þetta var megininntakið, stefnuræðum eða eldhúsdagsræðum, ef ekki landsfundarræðum formanns Sjálfstfl. Einhvern tíma kom út bók með leiðbeiningum um það, ritgerð eða hvað það nú var, hvernig Ísland gæti orðið ríkasta land í heimi. Ég held að þetta hafi m.a. verið eitt af því sem átti sérstaklega að smyrja hjólin og gera þann draum að veruleika.

Haldnar voru hástemmdar ræður, þetta frv. flutt og ekki hlustað á eina einustu gagnrýnsrödd, hvorki efasemdir um að úr þessu yrði mikið né var hlustað, frekar en venjulega, á varnaðarorð um að með þessu væri Ísland að keyra út af sporinu og ganga þvert á þá viðleitni sem komin væri í gang á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, hjá Evrópusambandinu, Alþjóðaviðskiptastofnuninni og víðar. Bent var á að menn væru ekki að búa til nýjar skattasmugur heldur loka þeim sem fyrir væru. Að því miðaði viðamikið starf, t.d. innan OECD, eins og kemur fram í fylgiskjölum hér.

Ári áður en lögin voru sett á Íslandi kom út viðamikil skýrsla hjá Efnahags- og framfarastofnuninni í París þar sem sérstaklega var reynt að kortleggja þetta og koma í veg fyrir að opnaðar yrðu frekari glufur. Þvert á móti átti að reyna að loka þeim sem fyrir væru, t.d. starfseminni á Ermasundseyjunum í Evrópu og reyna að fá lönd eins og Sviss og Lúxemborg til samstarfs um að setja sér a.m.k. einhver lágmarksviðmið í þessum efnum.

Ekkert af þessu var hlustað á af því að allt í einu voru komin upp trúarbrögð og kennisetningar um að þetta væri stórkostlegt og Íslandi ætti gríðarlega möguleika með því að *gerast hánorræn heimskautakaríbahafseyja í þessum skilningi*. Svo voru keyrð í gegn lög. Það var ekki eins og það væri nóg heldur voru allt í einu til nógir peningar til að fara í lobbíisma fyrir þessu fyrirbæri, eins og hér var tilefni orðaskipta áðan milli hæstv. ráðherra og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Nú hefur verið upplýst að um 44 millj. kr. hafi verið varið í áróður fyrir þessu sem nú á að loka um áramótin en tekjurnar í heild, á öllu tímabilinu, ná ekki 11 millj. Það er hin glæsilega útkoma af þessu. Það er búið að eyða fjórföldum tekjunum í áróður og um áramótin verður sjoppunni lokað, ekki tekið við frekari skráningum. Það er öll útkoman.

Að vísu er farið um það hógværlegum orðum í greinargerðinni en það er staðreynd engu að síður sem lesa má milli línanna að Ísland hefur legið undir ámælum úr a.m.k. tveimur áttum fyrir þessi lög. Það upphófst í beinu framhaldi af setningu þeirra að Ísland komst fyrir vikið undir smásjá, bæði hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins sem hefur verið að klagast út í þessi lög út frá tveimur forsendum. Annars vegar var talið að með lögunum væru boruð göt í þá samstöðu sem var verið að reyna að búa til meðal aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar, að taka á skaðlegum skattundirboðum. ESA hefur svo skoðað málið út frá því hvort í þessu fælist jafnvel óheimill ríkisstyrkur.

Ég get bætt því við að á norrænum vettvangi hefur líka verið um þetta fjallað og norrænu skattamálaráðherrarnir, fjmrh. fyrir Íslands hönd, haft þetta á sínum fundum. Mér vel kunnugt um það. Á vettvangi Norðurlandaráðs hafa verið fluttar tillögur og eindregnum tilmælum beint til ríkisstjórna Norðurlandana í tvö ár um að Norðurlöndin fyrir sitt leyti geri það sem þau geti til að hindra skaðleg skattundirboð, „skadelig skattekonkurrence" heitir það á skandinavísku. Það er alveg sama hvar borið er niður og hvar komið er að þessu máli. Á allan hátt var þetta eins og út úr kú, að Ísland svo seint sem á árinu 1999, aðfaraári aldamótanna, færi að taka 180 gráðu beygju borið saman við það sem lönd í kringum okkur, sem við viljum helst vera í hópi með eða bera okkur saman við, voru að gera eins og ég þykist hafa farið yfir.

Auðvitað er þetta hin mesta sneypuför, herra forseti, sem aðstandendur þessara laga hafa hér farið. Hún er háðuleg. Það er eiginlega ekki hægt að hafa um það annað orð. Ég segi það af innstu sannfæringu að ég græt það þurrum tárum að þetta fyrirbæri lognist út af. Mér fannst þetta skammarlegt frá byrjun, að Ísland ætlaði að gera sér mat úr því að búa til skattasmugu hér, norrænt velferðarríki sem á mikið undir því að geta haldið uppi eðlilegri tekjuöflun í þágu velferðarkerfisins og samneyslunnar. Einhverjir verða að borga og það er ekki gert með því að fara út á þessa braut.

Mér finnst hið besta mál að þetta skuli vera að deyja drottni sínum og gufa upp og óska okkur öllum til hamingju með að þessi löggjöf um alþjóðleg viðskiptafélög verði gerð óvirk frá og með áramótum og hverfi endanlega úr sögunni 1. janúar 2008, ef samþykkt verður, sem ég geri ráð fyrir að verði. A.m.k. kemur andstaðan við það ekki úr röðum okkar stjórnarandstæðinga. Flestir sem þann hóp skipuðu á síðasta kjörtímabili þegar þetta var til umfjöllunar vöruðu mjög við þessu og spáðu málinu nokkurn veginn þeim endalokum sem það fær. Reyndar óraði mann ekki fyrir því að þegar til kæmi yrði áhuginn jafnhverfandi og raun ber vitni. Maður hélt kannski að það tækist að lokka einhverja hingað út á þá peninga sem verið var að veifa framan í menn og nánast algert skattfrelsi sem þarna átti að búa til. Fyrirtækin áttu að vera undanþegin flestum venjulegum gjöldum og sköttum sem íslensk fyrirtæki greiða, t.d. eignarsköttum og stimpilgjöldum, og borguðu aðeins 5% tekjuskatt sem má heita algert skattleysi.

Hæstv. viðskrh. nefndi til sögunnar nokkuð sem út af fyrir sig á alveg erindi inn í þessa umræðu, að gerð hefði verið skoðanakönnun á vegum ráðuneytisins sem Gallup hefði annast. Hún nefndi að komið hefði í ljós að 60% Íslendinga teldu það jákvætt að erlendir aðilar fjárfestu í landinu. Ég segi bara að það er eins gott að einhverjir geri það ef íslenskir aðilar eru að mestu leyti hættir að fjárfesta á Íslandi. Það heitir útrás, að þeir flytji fé úr landi og kaupi erlend fyrirtæki. Sumir eru alfarnir eins og kunnugt er. Það er kannski hluti af útrásinni, að menn sem hafa hagnast um milljarða á milljarða ofan í viðskiptum innan lands hverfi úr landi með allt sitt hafurtask, hvernig sem þeir ferðast, hvort sem þeir fara á almennu farrými eða í einkaþotum. Ég held að menn ættu að velta því fyrir sér hvort allt sé gull sem glóir í þeim efnum. Ég segi alveg eins og er, að ég fagna ekki þeirri útrás ef Landssíminn ætlar að fara með 200 millj. til Búlgaríu svo að dæmi sé tekið. Þeim þykir sjálfsagt ágætt þar að þar sé fjárfest. En að fyrirtæki sem hefur ekki efni á að laga til í fjarskiptamálum Norður-Þingeyjarsýslu hafi 200 millj. kr. á lausu til að leika sér að í Búlgaríu, skrifa ég bara ekki upp á. Ég held að það sé ekki hlutverk þessa fyrirtækis, sem hefur alla sína peninga frá almenningi í landinu og ríkið á, að fara út í svoleiðis æfingar.

Menn skulu minnast þess að það eru tvær hliðar á því sem menn kalla útrás íslenskra fyrirtækja, þegar þau ráðast í stórar fjárfestingar og setja sjálf sig að veði, færa jafnvel meiri hluta starfsemi sinnar beint eða óbeint úr landi, jafnvel þó að heildarveltan stækki hjá þeim í leiðinni. Ef það gerist, sem við vitum ekki hvenær kann að koma upp á, að menn fari með allt saman, flytji höfuðstöðvarnar og hagnaðarmiðstöðina, sem hv. þm. Pétur Blöndal kallar „profit center", úr landi líka, þá verður útrásin ekki eins skemmtileg. Auðvitað veitir ekki af að einhverjir fjárfesti í landinu á móti. Ef íslenskir

aðilar eru of fínir til þess þá verður að vonast til að einhverjir útlendingar geri það.

Ég er viss um, þegar fólk svarar með þessum hætti, að þar ræður sú vitund manna að af fjárfestingu af því tagi hljótist einhver uppbygging, meiri þekking inn í landið og annað í þeim dúr. Menn verða náttúrlega að gera greinarmun á því hvort fjárfesting kemur inn í landið í formi uppbyggingar í einhverju nýju eða hvort erlendir aðilar kaupa einfaldlega rótgróna íslenska atvinnustarfsemi, leggja hana undir sig og taka að flytja arðinn sem hún skilar úr landi. Er það jákvætt til lengri tíma litið fyrir íslenskt efnahagslíf ef ameríska stórfyrirtæki á fjarskiptasviðinu kaupir Landssímann og tekur eftir það að trukka hagnaðinum upp á 2–4 milljarða á ári, skulum við segja, lóðbeint til Ameríku? Það fer að muna um það smátt og smátt ef það gerist ekki bara eitt ár eða tvö heldur ár eftir ár.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að yfirleitt eru þeir aðilar sem eru að skoða álitlega fjárfestingarkosti milli landa ekki í góðgerðarstarfsemi. Mér finnast menn stundum ræða um þetta af ótrúlegri mærð og gagnrýnisleysi. Auðvitað eru líka hliðar á málinu sem ber að hugleiða og varast. Í þessum efnum er ekki allt gull sem glóir. Mörg fjárhagslega veikburða ríki hafa farið ákaflega illa út úr því að trúa því að allur þeirra vandi leystist með því að hlíta leiðsögn Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, galopna allar dyr og falbjóða verðmætustu eigur sínar útlendingum, erlendum auðfélögum sem oft taka að flytja þann arð úr landi.

Veislan stendur miklu skemur en menn halda. Vissulega kemur eitthvert söluandvirði inn í landið meðan verið er að selja, þegar starfandi fyrirtæki fer í umferð, hvort sem einkaaðilar eða ríkið selur. Mönnum líður kannski voðalega vel fyrstu árin á meðan verið er að eyða söluandvirðinu. En svo tekur hversdagurinn við. Hann er ekki alltaf jafnglæsilegur.

Hvernig er það með atvinnulíf af þessu tagi? Við hvers konar kringumstæður og skilyrði er því hollast að vaxa og dafna, herra forseti? Ég tel að mesta feilhugsunin af öllu í þessu frv. um alþjóðleg viðskiptafélög, mesta heimskan, sé ekki það vanmat á möguleikunum sem í því birtist og ekki þekkingarleysið á alþjóðlegri viðleitni til að koma í veg fyrir skattasmugur. Það var auðvitað sorglegt en staðreynd. Ég tel að mesta heimskan hafi verið að trúa því að það væri hagstætt og æskilegt fyrir Ísland að reyna að laða að sér starfsemi af þessum toga. Hvers eðlis er hún? Hún er þess eðlis að hún leitar leiða til að komast fram hjá því að borga eðlilega skatta. Hún reynir að komast undan því.

Þar af leiðandi er að mínu mati, herra forseti, í fyrsta lagi siðferðilega rangt að stunda stórfelld skattaleg undirboð af þessu tagi. Þau eru siðferðilega röng.

Í öðru lagi er þetta ekki sú tegund atvinnurekstrar sem við eigum að vera á höttunum eftir, bara alls ekki. Þetta er ekki sú tegund sem menn eiga að taka fagnandi að fá inn í land sitt. Komi hingað fyrirtæki sem færa með sér þekkingu og fjármagn og fjármagn inn í uppbyggingu á nýjum sviðum í atvinnulífinu þá er það æskilegt. En það held ég að hafi aldrei staðið til með þessu.

Í þriðja lagi er þetta ekki hollt til lengdar. Það er ekki hollt til lengdar að laða til landsins atvinnulíf sem nærist á því að búa við stórfelldar ívilnanir í skattalegu tilliti. Það er bara ekki þannig atvinnulíf sem við viljum. Við viljum atvinnulíf sem stenst eðlilegar kröfur um skattgreiðslur í sambærilegu starfsumhverfi og okkar eigið atvinnulíf býr við. Við höfum ekkert með hitt að gera. Það eru hin grátlegu örlög þróunarríkjanna, að þau hafa einmitt leiðst út í tilboð af þessu tagi til að reyna að laða til sín fjármagn og erlenda fjárfestingu. Þau fá þá ekki beinlínis rjómann af því sem í boði er eða hvað? Nei. Það er nefnilega ekki rjómi atvinnulífsins sem sækist eftir stórfelldum skattalegum undirboðum af þessu tagi.

Herra forseti. Að mínu mati er alveg sama hvar að þessu máli er komið. Þetta var misráðið. Menn lentu þarna í mestu ógöngum, á refilstigum. Allt sem menn vöruðu við á sínum tíma hefur gengið eftir og nægir að vísa til þess. Þeir sem vilja geta farið yfir umræðurnar um þetta mál á Alþingi á sínum tíma, veturinn 1998–1999, ef ég man rétt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Eins og vonandi hefur komið rækilega fram í máli mínu þá fagna ég því að þessu máli sé að ljúka á þann hátt sem frv. þetta ber með sér. Ég legg til að menn drífi í að afgreiða það.

[20:33]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég tel rétt að komi fram við þessa umræðu. Fyrst út af síðustu orðum hv. 5. þm. Norðaust. sem lagði út af því að peningar sem kæmu inn til landsins með þeim hætti sem áformað var, með alþjóðlegum viðskiptafélögum, væru ekki þeir peningar sem við vildum að kæmu til landsins. Um það atriði vil ég segja það helst að þegar til þessa félagaforms var stofnað var ekki um það að ræða að verið væri að velja kost og hafna öðrum heldur var þetta af hálfu allra sem að þessu máli komu hugsað sem viðbót.

Í annan stað er það misskilningur hjá hv. 5. þm. Norðaust. að hér hafi verið ætlunin að stofna til einhverrar heimskautaskattaparadísar í líkingu við það sem gerist í Karíbahafinu. Það stóð aldrei til og þær tillögur sem voru formaðar á sínum tíma gengu auðvitað ekki í þá veru. Þær fyrirmyndir sem var fyrst og fremst horft til þegar hugmyndir um þessa löggjöf voru smíðaðar í samstarfi margra aðila fyrir 5–7 árum voru á þá leið að líta til landa í okkar næsta nágrenni sem höfðu með ákveðnum sérstökum skattareglum komið málum þannig fyrir að það var hagstætt að fjárfesta í tilteknum félagaformum í þeim löndum. Þar horfðu menn til Írlands sem bauð upp á ákveðið skattalegt umhverfi fyrir margar mismunandi tegundir félaga. Írar höfðu á þessum tíma náð alveg gríðarlegum árangri í að laða fjárfestingu til landsins með einmitt reglum af þessu tagi. Í annan stað horfðu menn til landa eins og Hollands og Danmerkur þar sem verið var að skapa félagaform, form eignarhaldsfélaga með lágri eða engri skattprósentu sem gerði mönnum kleift að stofna þar eignarhaldsfélög með mjög hagstæðum hætti. Það var frekar horft til landa af þessu tagi heldur en til Karíbahafsins enda sjá menn að þær athugasemdir sem komið hafa utan frá við þessa íslensku löggjöf hafa á engan hátt verið sambærilegar við athugasemdir sem gerðar hafa verið við starfsemi í þessum svokölluðu skattaparadísum.

Við undirbúning málsins var líka horft til þess að með þessari löggjöf væri ekki verið að ganga gegn þeim skuldbindingum sem við höfum gengist undir með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu. Satt að segja fannst okkur ýmsum sem komum að þessu máli á sínum tíma fyrir hönd Verslunarráðsins að verið væri að sníða málinu ansi þröngan stakk af því að stjórnvöld vildu gæta fyllstu varkárni í þeim efnum enda, eins og kom fram í framsöguræðu viðskrh., hafa íslensk stjórnvöld mótmælt þeim athugasemdum sem hafa komið fram af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og það

mál er algjörlega óútkljáð, hefur ekki náð lengra. Þó að Eftirlitsstofnun EFTA hafi tekið málið til athugunar er það ekki í þeim farvegi að neitt álit hafi komið fram af hálfu stofnunarinnar sem felur í sér fordæmingu á þessari löggjöf.

Varðandi tilurð þessa máls er kannski rétt að horfa á það að þegar þessar hugmyndir fæddust var almennur tekjuskattur íslenskra fyrirtækja 33%, hærri en víða í löndum sem við berum okkur saman við. Á sama hátt var hér hærri eignarskattur á lögaðila en í flestum löndum sem við bárum okkur saman við og það varð auðvitað hvati til þess að menn veltu fyrir sér hvort unnt væri að skapa hér á landi aðstæður sem væru fýsilegar fyrir erlenda aðila til þess að koma inn með fjármagn.

Það er líka rétt að hafa í huga að þá, eins og nú raunar líka, átti sér stað hörð skattaleg samkeppni milli ríkja, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Sú skattalega samkeppni er staðreynd. Á sama tíma á sér líka stað samkeppni að öðru leyti, um starfsaðstæður fyrirtækja að öðru leyti, og menn þekkja að víða í löndum í kringum okkur er verið að sníða sérstakt starfsumhverfi fyrir tilteknar tegundir fyrirtækja. Dæmi um það er að finna hvarvetna í nágrannalöndunum. Ég nefni aftur Írland, og ég nefni Bretland þar sem núverandi ríkisstjórn Breta hefur farið fyrir í ákveðinni viðleitni í þessa átt. Sama má segja um ýmis fylki í Bandaríkjunum, svæði í Þýskalandi og víðar. Þessi samkeppni um fyrirtæki er staðreynd hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Á þessum tímapunkti sáu menn tvennt sem gat horft til framfara með því að koma á löggjöf af þessu tagi. Annars vegar horfðu menn á það að ýmis íslensk fyrirtæki hugleiddu mjög alvarlega á þessum tíma að flytja hluta starfsemi sinnar úr landi. Menn veltu fyrir sér hvernig við gætum breytt reglum hér til að draga úr hættunni á því að það gerðist. Hins vegar veltu menn líka fyrir sér möguleikanum á því að laða hingað fjármagn sem ekki kæmi að öðrum kosti.

Niðurstaðan úr þessari vinnu varð, eins og hæstv. viðskrh. greindi frá hér áðan, að lög um alþjóðleg viðskiptafélög voru samþykkt árið 1999 og það er eiginlega skemmst frá því að segja að það olli vonbrigðum hversu fá fyrirtæki sýndu því raunverulegan áhuga að koma hér inn. Ástæðurnar fyrir því eru ýmsar. Ég vil nefna eina sem ekki hefur komið fram í þessum umræðum og hún er sú að að ýmsu leyti voru skilyrði fyrir starfsemi þessara fyrirtækja afar þröng. Á þetta var bent í ýmsum erindum af hálfu Verslunarráðsins til stjórnvalda á þeim tíma, strax árin 1999 og 2000. Þá komu fram athugasemdir um það að að sumu leyti væru starfsskilyrðin of þröng þannig að lögin næðu ekki tilgangi sínum. Ég verð að segja að það hefur valdið mér og fleirum nokkrum vonbrigðum að viðskrn. skyldi ekki leita fremur leiða til þess að víkka út þessi starfsskilyrði til þess að gera þetta félagaform virkara í stað þess að leggja til að lögin og félagaformið yrðu afnumin.

Þrátt fyrir að ekki fleiri félög hefðu verið skráð sem alþjóðleg viðskiptafélög hér á landi er, eins og hæstv. viðskrh. sagði hér áðan, alls ekki þar með sagt að sú kynningarstarfsemi sem átti sér stað í kringum alþjóðlegu viðskiptafélögin hafi ekki skilað árangri. Það fór í gang verulegt kynningarátak á Íslandi sem fjárfestingarkosti. Það fór í gang átak sem vakti athygli erlendra fjárfesta á því að hér væru að mörgu leyti mjög hagstæð skilyrði. Menn bentu auðvitað á formið alþjóðleg viðskiptafélög en menn bentu líka á starfsumhverfið að öðru leyti. Það má segja að þetta starf hafi skilað verulegum árangri vegna aukins áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hér sem m.a. birtist í því að hér hafa verið skráð allnokkur eignarhaldsfélög sem reyndar eru ekki í dag í formi alþjóðlegra viðskiptafélaga heldur eru hér í hlutafélagaformi sem, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, skiluðu á árinu 2002 um 400 millj. í skatttekjur. Þarna er um að ræða bandarísk, kanadísk og bresk fyrirtæki sem hafa stofnað eignarhaldsfélög hér sem eru í hinu íslenska skattumhverfi, borga 18% tekjuskatt og skila verulegum tekjum inn í ríkissjóð án þess að það hafi valdið ríkissjóði sérstökum útgjöldum eða komið illa við hann að öðru leyti. Þetta eru peningar sem hafa komið til viðbótar en ekki í staðinn fyrir aðra starfsemi sem á sér stað hér á landi.

Þetta finnst mér rétt að komi fram við þessa umræðu. Varðandi þær upphæðir sem varið var til kynningar á þessu félagaformi get ég upplýst að þetta voru 44 millj. kr. í heild eins og viðskrh. greindi frá hér áðan. Þeir peningar skiptust milli Verslunarráðs og Fjárfestingarstofu. Verslunarráð var reyndar eitt um þessa kynningarstarfsemi fyrstu tvö árin en samkvæmt sérstöku samkomulagi kom Fjárfestingarstofa einnig inn í hana á síðari stigum og staðan er nú sú að í þessu umhverfi sem við erum að tala um eru þetta ekki verulega háar upphæðir, og tiltölulega litlar upphæðir í samanburði við ýmislegt annað sem gert er til þess að vekja athygli á Íslandi og kynna það á erlendri grund. Ég vildi að það kæmi fram vegna orða hv. 1. þm. Reykv. n. sem hér talaði áðan að þarna væri um að ræða samstarfsverkefni sem fleiri aðilar komu að og telja verður að hafi alls ekki verið of mikið í lagt miðað við það umfang sem fylgir starfsemi af þessu tagi. Ég get upplýst, eins og hefur reyndar komið fram, að af hálfu Verslunarráðsins var sérstakur starfsmaður í þessu, verkefnisstjóri sem sinnti þessu verkefni lengst af í hlutastarfi. Í kostnaðinum fólst líka þátttaka í ýmsum ráðstefnum, kynningarefni og samskipti að öðru leyti. Það varð hins vegar niðurstaðan að upphæðin sem fór í þetta kynningarátak lækkaði á árinu 2001 og rann út á árinu 2002 og þá var það sameiginlegur skilningur aðila að það væri markaðarins að fylgja málinu eftir. Þá var því vísað til lögmannsstofa, endurskoðunarskrifstofa, banka og annarra slíkra sem beina hagsmuni höfðu af því að veita þjónustu til aðila sem höfðu áhuga á að koma inn að þessu leyti.

Varðandi það hvort átti að fara út í þetta á sínum tíma vil ég segja að ég er sannfærður um að þetta var rétt skref á sínum tíma, hárrétt skref, átti mikinn þátt í því að auka meðvitund sérfræðinga og fagaðila hér á landi til þess að leita út. Þetta bjó til ákveðinn farveg í sambandi við þá vinnu. Ákveðnum samböndum var komið á sem síðan hafa skilað sér með ýmsum hætti, bæði beint og óbeint. Að lokum er auðvitað rétt að rifja upp eins og hæstv. viðskrh. gerði í framsöguræðu sinni að skattalegt umhverfi hér á landi hefur breyst frá því að þessum lögum var komið á. Tekjuskattur fyrirtækja er nú umtalsvert lægri en þá var. Eignarskattar fyrirtækja hafa verið lækkaðir verulega og áform eru uppi um að afnema þá þannig að þörfin fyrir sérstakt skattalegt form að þessu leyti er kannski minni en áður var. Ég vil þó hér við 1. umr. segja að ég hef ekki enn þá sannfæringu fyrir því að það sé rétt að stíga það skref sem boðað er með frv., að afnema þetta félagaform, en um það munum við væntanlega eiga töluverðar umræður í efh.- og viðskn. þegar málið kemur þangað.

[20:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru í sjálfu sér athyglisverðar upplýsingar ef það er skoðanamunur í stjórnarliðinu um þetta frv. og það er ekki stutt af öllum stjórnarliðum. Það er ákaflega gott að hafa hv. 11. þm. Reykv. s., Birgi Ármannsson, hér vegna mikillar þekkingar hans á málinu sökum fyrri starfa. Það er upplýsandi og fróðlegt.

Í sjálfu sér er ágætt að kynna Ísland. Ég ætla ekkert að segja að þessi kynning hafi öll verið til einskis. En það skiptir náttúrlega miklu máli hvernig landið er kynnt. Menn geta misstigið sig herfilega í þeim efnum. Sum landkynning er miklu verri en engin. Það var ekkert sérstaklega góð landkynning þegar Landsvirkjun og iðnrn. sameiginlega gáfu út bæklinginn um lægsta raforkuverð í Evrópu og fóru að dreifa honum til undirbúnings samningaviðræðunum alþjóðleg fyrirtæki. „Lowest energy prices in Europe", stóð á forsíðu bæklingsins. Svo var hann að vísu innkallaður en einstöku menn eiga eintak af honum. (**Viðskrh.:** Hann gæti nú hafa leitt eitthvað gott af sér.) Ætli menn vildu ekki helst að sá bæklingur hefði aldrei komið út. Það var víst sendiráðið í Washington sem dreifði honum einna lengst.

Varðandi samkeppnisskilyrði atvinnulífs á Íslandi þá þarf Ísland að sjálfsögðu að bjóða fyrirtækjum vel samkeppnisfær starfsskilyrði, ekki endilega erlendum aðilum sem við erum að reyna að lokka hingað heldur okkar eigin atvinnulífi. Það er alveg ljóst. Við höfum aldrei talað gegn því, alla vega ekki ég þó að ég sé þeirrar skoðunar að við þurfum að hafa skatttekjur ríkissjóðs til að reka samneysluna.

En fyrirtæki horfa til mjög margs fleira en skattumhverfis þegar þau velta fyrir sér hvar þau eigi að staðsetja sig. Mér hugnast miklu betur að reyna að hvetja fyrirtæki til þess að koma og setja hér starfsemi á fót vegna þess að hér sé hagstætt umhverfi að öllu leyti, hér sé vel menntað vinnuafl, hér sé stöðugleiki, hér sé stoðkerfi samfélagsins, hér sé búið vel að fjölskyldum. Kannanir sýna að skynsamir forsvarsmenn í atvinnulífinu líta miklu frekar til þessara þátta en hinna hráu fjármálalegu atriða einna eins og skattareglna.

[20:49]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það skiptir máli hvernig málið er kynnt. Ég get uppfrætt hv. 5. þm. Norðaust. um að það var einmitt á þessum nótum sem kynningarstarfsemin fór fram. Menn bentu að sjálfsögðu á að hér væri vel menntað vinnuafl, sérfræðingar á heimsmælikvarða á ýmsum sviðum, góð lífskjör að ýmsu öðru leyti og góð lífsskilyrði að flestu leyti. Þetta voru mikilvæg atriði í sambandi við kynningarstarfsemina.

Síðan þurfa menn líka að hafa eitthvað að bjóða í skattalegu samhengi og það var rétt ákvörðun á sínum tíma að gera það með þessum hætti. Núna kann málið að horfa að einhverju leyti öðruvísi við vegna þess að tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður jafnmyndarlega og raun ber vitni. Eignarskatturinn er á útleið og vonandi verða fleiri jákvæðar breytingar á skattaumhverfi atvinnulífsins hér á landi á næstu árum sem gera það að verkum að við höfum möguleika á því að vera samkeppnishæf í öllum skilningi. Ég held að við verðum að hafa í huga að þessi kynningarstarfsemi var alhliða vegna þess að eins og hv. þm. benti á horfa skynsamir forsvarsmenn fyrirtækja ekki bara á skattalega þáttinn heldur fjölmarga aðra þætti líka.

[20:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum tiltölulega sammála um þetta svona í aðalatriðum nema kannski áhersluna á hinn fjármálalega þátt einan og sér. Það er nefnilega oft talað þannig af hálfu mikilla hægri manna að það eina sem skipti máli séu skattar og að dúndra þeim bara nóg niður. Það er jafnvel gefið lítið fyrir aðra þætti sem hafa áhrif eins og stoðkerfi samfélagsins. En það kemur bara í ljós þegar þetta er allt skoðað saman að ekki eru síður mikilvægir og jafnvel miklu frekar þeir þættir sem snúa að, við skulum segja, almennt hinni hliðinni, þ.e. því sem skatttekjurnar eru notaðar til. Það hefur áhrif á það hvar menn vilja setja niður atvinnulíf og hvar ekki, eins og þetta, að það sé hagstætt umhverfi fyrir starfsmennina að búa þá þar sem fyrirtækin staðsetja sig. Af hverju skyldi þetta vera? Ætli það sé ekki vegna þess að skynsamir stjórnendur vita að mestu verðmætin í fyrirtækjum eru yfirleitt þekkingin í höfðum starfsmannanna. Það er mikilvægt að starfsmennirnir séu ánægðir. Það er mikilvægt að það sé starfsmannafesta, að fólk sé ánægt og haldist í störfum hjá fyrirtækinu o.s.frv. Það gerist ekki nema allt umhverfið sé gott. Ég held því alveg hiklaust fram að menn hafi iðulega algerlega ofmetið skattaþáttinn eða aðra slíka en vanmetið annað.

Að vísu er það svo með öll Norðurlöndin að skattbyrði fyrirtækja er lág á Norðurlöndum í heild, meira að segja í Svíþjóð sem oft er talin mikið háskattaland. Það eru fyrst og fremst persónuskattar og veltuskattar sem þar eru háir. Svíum hefur tekist bærilega þrátt fyrir að vera með talsvert hærri skatta á fyrirtæki en Íslendingar að laða að sér alþjóðlega fjárfestingu t.d. í rafeindaiðnaði, tölvuiðnaði. Þeir hafa byggt lítinn sílikondal norðan við Stokkhólm, Kistu, og þar eru umsvifamikil fjölþjóðafyrirtæki. Það hefur svo sem gengið á ýmsu í þeim geira eins og við vitum. En þar segja menn ósköp einfaldlega: Það er ekki skattaþátturinn sem mestu máli skiptir þegar upp er staðið heldur hin almennu starfsskilyrði, hvernig búið er að starfsmönnunum o.s.frv.

[20:53]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki að það hljómi eins og við hv. 5. þm. Norðaust. séum sammála um alla hluti. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Af því að hann nefndi dæmi frá Svíþjóð er kannski rétt að vekja athygli hv. þm. á því að auðugustu Svíarnir búa ekki í Svíþjóð. Þeir búa annars staðar. (**SJS:** Einstaklingarnir.) Þeir hafa talið ástæðu til að fara annað.

Varðandi skattlagningu fyrirtækja þá er hún mikilvægur kostur í sambandi við það hvar fyrirtæki er staðsett. Ég vil ekki draga úr þeim þætti. Hins vegar tók ég undir orð þingmannsins þegar kom að því að auðvitað skipta aðrir þættir máli.

Þegar við Íslendingar reynum að kynna okkur á erlendum vettvangi er stundum erfitt fyrir okkur að ná athygli. Við erum afskaplega lítið land í þessu samhengi. Hér er lítið hagkerfi. Við erum til þess að gera langt frá helstu mörkuðum okkar. Landafræðin, ferðakostnaður og annað, er ákveðin hindrun. Reynsla þeirra sem hafa verið að kynna Ísland sem fjárfestingarkost erlendis er því sú að það getur verið erfiðara fyrir okkur að ná athygli fjárfestanna heldur en fyrir ýmsa aðra.

Í því samhengi getur skipt verulegu máli að hafa eitthvað sérstakt fram að færa, eitthvað sérstakt, eitthvað sem vekur

athygli fjárfestanna, eitthvað sem gerir það að verkum að þeir kjósa frekar að koma hingað en fara eitthvert annað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppfinningar starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 359.

[20:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um uppfinningar starfsmanna. Á undanförnum áratugum hefur öðru hverju verið spurt hvort ekki væri æskilegt að setja hér á landi löggjöf um uppfinningar starfsmanna eins og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Slíkt getur eytt nokkurri réttaróvissu um túlkun á 1. gr. laga um einkaleyfi og kann hugsanlega að leiða til fjölgunar einkaleyfa hér á landi. Þá er talið sanngjarnt að opinber framlög til vísinda og rannsókna skili sér að einhverju leyti til baka.

Lagafrv. þetta sem samið er með hliðsjón af framansögðu er byggt á starfi nefndar undir forustu Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns með fulltrúum iðnrn., menntmrn. og hagsmunaaðilum, þ.e. Samtaka um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, Háskóla Íslands, Samtaka iðnaðarins og Bandalags háskólamanna. Leitað hefur verið eftir umsögnum ýmissa aðila um frv. og hafa vissar breytingar verið gerðar í kjölfarið.

Ég vil vekja athygli á því að í frv. er ítarlega lýst danskri löggjöf um uppfinningar starfsmanna. Þar er einnig að finna lýsingu á löggjöf annarra Norðurlandaþjóða svo og ýmissa annarra landa. Kennir þar margra grasa þótt hallast hafi verið að því að leita fyrirmynda í löggjöf þeirra þjóða sem standa okkur næst.

Í stuttu máli er markmiðið með frv. sem svipar efnislega mjög til löggjafar í Danmörku en einnig löggjafar annars staðar á Norðurlöndunum að setja réttarreglur um uppfinningar starfsmanna sem taki bæði tillit til hagsmuna atvinnurekanda og starfsmanns. Þeir þurfa þá ekki að semja sín á milli um öll atriði, t.d. um rétt starfsmanns til uppfinninga sem hann kemur fram með og framsalsrétt atvinnurekandans til uppfinningarinnar gegn sanngjörnu endurgjaldi, en slíkt endurgjald er talið geta örvað starfsmenn til að koma fram með einkaleyfishæfar uppfinningar. Eru settar almennar viðmiðanir um ákvörðun á sanngjörnu endurgjaldi sem er ófrávíkjanleg regla. En almennt eru lögin frávíkjanleg með samningum við einstaka starfsmenn eða jafnvel kjarasamningum.

Að því er varðar athugasemdir við einstakar greinar frv. vil ég taka fram að í 1. gr. er fjallað um skilgreiningar. Þar segir m.a. að uppfinningar merki aðeins þær uppfinningar sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi. Um skilgreiningu á hugtakinu „uppfinning" er vísað í einkaleyfarétt en utan þess hugtaks falla m.a. uppgötvanir, með öðrum orðum öflun þekkingar á því sem alltaf hefur verið til staðar í náttúrunni. Þar eð krafa er gerð um einkaleyfishæfi uppfinningar fellur t.d. hönnun ekki undir frv. og heldur ekki réttur varðandi plöntuafbrigðin, svonefndur yrkisréttur. Tölvuforrit og viðskiptaaðferðir sem slíkar eru ekki uppfinningar í skilningi einkaleyfalaga en kunna hins vegar að öðlast einkaleyfishæfi ef uppfinning hefur tæknilega eiginleika og beita má henni sem tæki til lausnar á tæknilegu vandamáli þar sem áþreifanleg breyting kemur fram.

Nánar er greint frá því í athugasemdum við 1. gr. hvað átt sé við með orðinu „starfsmaður". Þar segir að orðið „starfsmaður" merki hvern þann sem ráðinn er til starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila. Átt er við almenna launþega, m.a. þá sem ráðnir eru með stuttum uppsagnarfresti, t.d. nema á meistara- eða doktorsstigi. Hins vegar taka lögin ekki sem slík til verktaka, t.d. ráðgjafa. Dómstólar hafa síðasta orðið um það hvernig túlka beri hugtakið „starfsmaður". Það hvort uppfinningamaður teljist starfsmaður eða verktaki ræðst af almennum reglum vinnuréttar og skaðabótaréttar.

Að svo miklu leyti sem lögin snerta opinbera aðila er ekki gert ráð fyrir kæruleið til æðra stjórnvalds, m.a. um sanngjarnt endurgjald, heldur geta aðilar leitað til dómstóla um einkaréttarlega hagsmuni sína, svo og gerðardóms ef þeir semja um slíkt. Einnig er unnt að bera mál upp við umboðsmann Alþingis.

Aðalregla 2. gr. er sú að ákvæði laganna séu frávíkjanleg nema ótvírætt sé kveðið á um annað.

Ófrávíkjanleg eru ákvæði 3. mgr. 6. gr. um að starfsmaðurinn geti ekki fyrir fram afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningu á biðtíma, ákvæði 7. gr. um rétt starfsmanns á sanngjörnu endurgjaldi vegna framsals til atvinnurekanda á uppfinningu hans og loks ákvæði 2. mgr. 8. gr. um rétt starfsmanns til að ráðstafa uppfinningu sem verður til meira en ári eftir starfslok.

Þótt atvinnurekandi og starfsmaður hafi samið með tilteknum hætti hafa dómstólar heimild til þess að víkja til hliðar einstökum samningsákvæðum eða jafnvel samningum í heild á grundvelli ákvæða samningalaga um ósanngjarna samningsskilmála.

Í 3. gr. kemur fram sú meginregla að starfsmaður eigi rétt til uppfinninga sem hann kemur fram með að svo miklu leyti sem annað leiði eigi af fyrirhuguðum lögum um uppfinningar starfsmanna eða öðrum lögum. Meðal takmarkana geta verið ákvæði 4. gr. um framsal réttar til atvinnurekanda en einnig geta takmarkanir falist í samningum enda yrðu lögin almennt frávíkjanleg. Aðeins einstaklingar geta talist uppfinningamenn, ekki lögaðilar.

Í 4. gr. er fjallað um framsal réttar yfir uppfinningu til atvinnurekanda. Segir í 1. mgr. að atvinnurekandinn geti krafist framsals á rétti starfsmanns yfir uppfinningu sem er þáttur í starfi hans enda sé hagnýting hennar á starfssviði atvinnurekandans. Þótt hagnýting uppfinningarinnar sé ekki á starfssviði atvinnurekandans hefur hann þó einnig framsalsrétt ef uppfinningin tengist einhverju tilteknu verkefni sem atvinnurekandinn hefur falið starfsmanni. Uppfinningin er með öðrum orðum starfsuppfinning, ef svo má að orði komast. Einkauppfinningar sem nánar er fjallað um í athugasemdunum falla hins vegar ekki undir lögin. Greinin er frávíkjanleg, þ.e. atvinnurekandinn getur fallið frá framsalsrétti sínum. Er jafnvel unnt að semja um slíkt í kjarasamningi.

Vakin er athygli á því í athugasemdum við 4. gr. að í lögum um einkaleyfi segir í 1. gr. að nafn uppfinningamanns skuli tilgreint í umsókn.

Samkvæmt 5. gr. skal starfsmaður sem kemur fram með uppfinningu tilkynna atvinnurekanda um uppfinningu sína án ástæðulauss dráttar og gefa þannig upplýsingar um hana að atvinnurekandinn geti metið mikilvægi hennar. Tilkynningin þarf að vera sannanleg enda miðast frestir við hana.

Vilji starfsmaður sjálfur hagnýta uppfinningu sína í atvinnuskyni eða hafi fram að færa tillögu um annars konar hagnýtingu hennar en í höndum atvinnurekandans getur hann komið slíkri ósk að í tilkynningu til atvinnurekandans.

Í 6. gr. er fjallað um biðtíma atvinnurekanda, þagnarskyldu starfsmanns og einkaleyfisumsókn starfsmanns á biðtíma.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. hefur atvinnurekandinn þrjá mánuði frá móttöku tilkynningar starfsmanns um uppfinningu til að taka ákvörðun um það hvort hann vilji fá uppfinninguna framselda til sín. Frestinn mundi atvinnurekandinn nota til að meta uppfinninguna. Um matið færi eftir atvikum fram tæknileg, lögfræðileg og markaðsleg athugun á möguleikunum á því að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni. Þegar atvinnurekandi hefur lýst því yfir að hann vilji fá uppfinninguna til sín öðlast starfsmaðurinn rétt til sanngjarns endurgjalds fyrir uppfinninguna og þarf að undirrita nauðsynleg framsalsskjöl.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eru starfsmanni settar hömlur um meðferð uppfinningar sinnar meðan á biðtíma stendur. Hann má ekki upplýsa aðra um uppfinninguna eða ráðstafa henni þannig að unnt sé að birta upplýsingar um hana eða nota hana í þágu annarra nema atvinnurekandinn hafi lýst því yfir að hann hafi ekki áhuga á uppfinningunni. Ástæðan er sú að upplýsingar um uppfinninguna eða ráðstöfun hennar geta leitt til þess að möguleiki á öflun einkaleyfis sé fyrir bí en af því getur hlotist fjárhagstjón, jafnvel verulegt fjárhagstjón, sem tjónvaldur ber ábyrgð á ef um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða.

Kjósi uppfinningamaður á þriggja mánaða biðtímanum að upplýsa um uppfinninguna, t.d. í rituðu máli, getur hann tekið það mál upp við atvinnurekandann. Hér má hafa í huga það sjónarmið að eðlilegt er talið að styrkir og önnur framlög hins opinbera skili sér að einhverju leyti til baka.

Ekki þótti nægileg ástæða til að setja refsiákvæði í lög þessi. Í þessu sambandi skal tekið fram að í dönsku lögunum um opinberar rannsóknastofnanir, sem gilda m.a. um háskóla, eru engin refsiákvæði, aðeins í almennu dönsku lögunum. Hér á landi þykir aðhald á grundvelli skaðabótasjónarmiða geta verið nægilegt.

Í 3. mgr. 6. gr. er það ófrávíkjanlega ákvæði að starfsmaður eigi rétt á að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni á biðtíma en hann skal þó tilkynna atvinnurekandanum það áður. Sæki starfsmaður um einkaleyfi á biðtímanum gerir hann það á eigin ábyrgð enda ekki víst á þeirri stundu að atvinnurekandinn taki ákvörðun um að krefjast framsalsréttar yfir uppfinningunni.

Í 7. gr. er fjallað um sanngjarnt endurgjald til handa starfsmanni vegna framsals hans á uppfinningu til atvinnurekanda. Þessi grein geymir einhver mikilvægustu ákvæði fyrirhugaðra laga. Skv. 1. mgr. 7. gr. á starfsmaðurinn rétt á sanngjörnu endurgjaldi, jafnvel þótt um annað hafi verið samið, nema verðmæti uppfinningarinnar fari ekki fram úr því sem ætla má með sanngirni að starfsmanninum beri að inna af hendi með tilliti til heildarkjara hans. Reglan um sanngjarnt endurgjald skv. 7. gr. er ófrávíkjanleg. Atvinnurekandinn hefur sönnunarbyrði fyrir því að starfsmaður eigi ekki að fá greitt sérstaklega vegna uppfinningarinnar, þ.e. umfram heildarkjör.

Í 2. mgr. 7. gr. eru talin upp nokkur atriði sem taka skal sérstaklega tillit til við ákvörðun endurgjaldsins. Um er að ræða verðmæti uppfinningarinnar, mikilvægi hennar fyrir starfsemi atvinnurekandans, ráðningarkjör starfsmanns og hlutdeild starfsmannsins í uppfinningunni.

Ekki er kveðið á um það í 2. mgr. 7. gr. í hvaða formi endurgjald skuli vera, t.d. eingreiðsla þannig að atvinnurekandinn beri áhættuna eða gjald á hverja framleidda einingu. Ef atvinnurekandi stöðvar framleiðslu eða lætur hjá líða að endurnýja einkaleyfi þannig að það falli niður og hver sem er geti hafið framleiðslu getur slíkt aðgerðaleysi leitt til þess að atvinnurekandi verði skaðabótaskyldur. Í einhverjum tilvikum er þó hugsanlegt að uppfinning sé varðveitt sem viðskiptaleyndarmál en starfsmaður á þó rétt til sanngjarns endurgjalds.

Ekki þykir ástæða til að kveða frekar á um það í lögum en fram kemur í 7. gr. hvernig ákvarða skuli sanngjarnt endurgjald. Þannig er ekki kveðið á um ákveðna hlutaskiptingu en nefnd dæmi um slíkt í athugasemdum. Þykir vera of ósveigjanlegt með tilliti til margbreytilegra aðstæðna að kveða á um ákveðna hlutaskiptingu. Taka má fram að slíkt er ekki gert í dönsku löggjöfinni.

Gert er ráð fyrir því í 3. mgr. 7. gr. að krafa um ákvörðun endurgjalds fyrnist á tíu árum sem er hin almenna fyrningarregla laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Ekki er talið rétt að miða við fjögur ár eins og um launakröfur o.fl. Er þá haft í huga að fyrningarfrestur launakrafna hefst um svipað leyti og vinna er innt af hendi en langur tími getur hins vegar liðið þar til verðmæti uppfinningar og þar með grundvöllur sanngjarns endurgjalds kemur í ljós. Telst tíu ára fresturinn frá þeim tíma er atvinnurekandinn hefur gefið til kynna að hann vilji öðlast uppfinninguna.

Í 4. mgr. 7. gr. er kveðið á um möguleika á endurskoðun endurgjalds ef aðstæður hafa breyst verulega eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Aldrei skal þó endurgreiða fé sem starfsmaður hefur tekið við samkvæmt fyrri ákvörðun um endurgjald.

Gert er ráð fyrir að atvinnurekandi og starfsmaður, jafnvel stéttarfélag starfsmanna í kjarasamningum, reyni að ná samkomulagi um sanngjarnt endurgjald. Náist ekki samkomulag er leitað til dómstóla. Gæti þar reynt á ákvæði samningalaga um ósanngjarna samningsskilmála. Einnig geta aðilar samið um að gerðardómur útkljái málið.

Ekki þótti rétt að kveða á um úrskurðarnefnd eins og í Noregi og Svíþjóð varðandi það hvað teldist sanngjarnt endurgjald enda er það einkaréttarmál. Nefna má að mjög lítið hefur reynt á nefndina í Noregi. Var talið eðlilegra að aðilar reyndu að semja sín á milli en leituðu ella beint til dómstóla. Hér má nefna til samanburðar að í lögum um einkaleyfi er gert ráð fyrir því að Héraðsdómur Reykjavíkur fjalli um nauðungarleyfi vegna einkaleyfa og endurgjald í því sambandi.

Ákvæði í lögum um rétt starfsmanna til sanngjarns endurgjalds vegna uppfinninga þeirra í starfi eru talin geta örvað þá til að koma fram með uppfinningar en á því er ekki talin vanþörf hér á landi fremur en annars staðar.

Í 8. gr. er að finna ákvæði sem tengjast réttarstöðu atvinnurekanda og starfsmanns með tilliti til starfsloka. Vil ég vísa til athugasemda um það efni.

Í 9. gr. er gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma þannig að aðilar geti kynnt sér ný lög og jafnvel tekið tillit til þeirra við kjarasamningagerð á næstunni.

Fjárlagaskrifstofa fjmrn. telur að frv. hafi ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[21:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til langra ræðuhalda um þetta mál en ætla að nýta mér þann möguleika í andsvari að koma afstöðu minni á framfæri og gera athugasemdir eða spyrja hæstv. ráðherra. Ég held að hér sé hið þarfasta frv. á ferð og í raun og veru löngu tímabært að taka á þessum málum. Mér er kunnugt um að upp hafa komið tilvik þar sem þetta hefur orðið tilefni mikilla umræðna á vinnustöðum þar sem vísindamenn hafa starfað og óljóst hefur verið hver átti hvað, þeir eða viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Í öllum aðalatriðum er sú skynsamlega leið farin að hafa hér tiltölulega einfaldan lagaramma og styðjast þar við það sem sambærilegt er í nágrannalöndum okkar.

Það sem vekur athygli mína er að það er nokkuð langur aðdragandi að gildistöku laganna, þ.e. að þau taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2005. Ég vil spyrja hvort það sé vegna þess að menn telji að það þurfi svo langs undirbúnings við eða hvort þetta sé hugsað sem einhvers konar aðlögun eða frestur fyrir þá aðila sem koma til með að verða fyrir áhrifum af lögunum. Þá vakna upp álitamál um það hvernig ganga eigi frá lagaskilunum við svona aðstæður, hvort þá beri að skilja þetta svo að menn hafi þarna um árs aðlögunartíma en síðan taki lögin gildi og gildi þá frá og með fyrsta degi, verði bindandi gagnvart þeim aðstæðum sem þá eru uppi í samskiptum starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Það er einföld og hrein nálgun en auðvitað hefði hugsanlega komið til greina að láta lögin taka gildi strax en frá og með einhverjum tíma gagnvart verkefnum sem þegar væru í gangi. Það er ekki hægt að útiloka að í einhverjum mæli séu í gangi kannski samningar og vinnustaðafyrirkomulag, hefðir eða slíkt sem er með nokkuð öðrum hætti en síðan verður reglan á grundvelli laganna. Það er svona spurning um þessi lagaskil sem væri fróðlegt að heyra aðeins meira um frá ráðherranum.

[21:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góðar undirtektir við frv.

Varðandi þessi skil og það að lögin skuli ekki taka gildi fyrr en þetta seint miðað við frv. er það í sjálfu sér atriði sem hægt er að fara yfir frekar í hv. nefnd. Það er hins vegar alveg ljóst að lögin taka einungis til þeirra uppfinninga sem eiga sér stað eftir gildistöku. Aðdragandinn er hugsaður til samningsgerðar við starfsmenn vegna þess að það þarf að liggja fyrir fyrir fram, áður en til þess hugsanlega kemur að uppfinning eigi sér stað og aðstæður skapist sem frv. kveður á um að á þau reyni, ef þannig má að orði komast.

Það er eftir vel athugað mál sem það er lagt til að hafa þetta með þessu formi. Eins og ávallt er allt til umfjöllunar í hv. nefnd og ég veit ekki betur en hv. þingmaður sitji í nefndinni. Ég skal segja það hér að ég er dálítið stolt yfir því að vera komin fram með þetta frv. og held að það hafi löngu verið orðin þörf á því. Hins vegar má alltaf deila um það hvernig nákvæmlega eigi að fara í málið. Við förum svo sem heldur ekki nákvæmlega eins í það og aðrar þjóðir sem við þó höfum stuðst mjög við við frumvarpsgerðina.

[21:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekkert um að það er mikil hugsun á bak við þessa útfærslu, enda þegar maður sér hverjir hafa þarna um vélað þá þarf nú ekki að hafa efasemdir um það að nefndin undir forustu Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns og skipuð valinkunnum snillingum honum til viðbótar, að vísu allt karlmönnum, hefur ugglaust hugsað þetta allt mjög vel. En það eru augljóslega ýmis álitamál sem gætu komið upp í sambandi við það hvernig frá þessu er gengið gagnvart þegar gildandi samningum sem kunna að vera til staðar og spurningunni um aðlögunartíma, eða hvort lögin sem slík tækju gildi strax en einhvers konar undanþáguákvæði væru viðhöfð ef í gildi væru samningar sem stönguðust eitthvað á við þau.

Frumvarpið er þó auðvitað fyrst og fremst í eðli sínu réttarbót og styrkir stöðu uppfinningamannanna þannig að auðvitað vill maður ekki að einhver undanþáguákvæði yrðu til þess að rýra rétt þeirra umfram það sem lögin gefa tilefni til og verða í framtíðinni.

Ég held að þetta sé tvímælalaust gott skref hvað varðar uppfinningar starfsmanna hjá fyrirtækjum eða hinu opinbera, þ.e. uppfinningamanna sem eru í vinnu hjá öðrum. En þá er auðvitað eftir stór hópur uppfinningamanna sem er í vinnu hjá sjálfum sér. Og þó að mér sé alveg ljóst að þetta frv. og þessi lög sem slík komi á engan hátt inn á þeirra aðstæður þá vil ég samt nefna þann hóp og hvetja eindregið til þess að staða slíkra manna verði líka skoðuð og hvernig hægt væri að bæta aðstæður þeirra, t.d. auðvelda þeim að gæta réttar síns, því mér sýnist nokkuð ljóst að staða þeirra verði á margan hátt enn þá erfiðari borið saman við þá uppfinningamenn sem eru vinnandi hjá öðrum því þeir hafa þó ákveðna vernd, ákveðna tryggingu fólgna í þessari löggjöf sem hinir hafa ekki og hafa oft engar aðstæður til að gæta réttar síns sjálfir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:18.

---

29. FUNDUR

þriðjudaginn 18. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Einkaleyfi, stjfrv., 303. mál, þskj. 348. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 304. mál, þskj. 349. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 306. mál, þskj. 351. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 312. mál, þskj. 358. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 359. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 87. mál, þskj. 87, nál. 364, 372 og 373, brtt. 365. — 2. umr.
8. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 301. mál, þskj. 346. — 1. umr.
9. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 302. mál, þskj. 347. — 1. umr.
10. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Magnússon félmrh.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):
Að lokinni atkvæðagreiðslu um sex fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um afkomu bankanna. Málshefjandi er hv. þm. Álfheiður Ingadóttir. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:
Fjáraukalög 2003, 87. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 372; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 373.

Einkaleyfi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 303. mál (EES-reglur, líftækni). — Þskj. 348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 304. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 305. mál (stofnstyrkir, jarðhitaleit). — Þskj. 350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 306. mál. — Þskj. 351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 312. mál (brottfall laga o.fl.). — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Uppfinningar starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Afkoma bankanna.

[13:36]

Álfheiður Ingadóttir:
Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum hafa orðið miklar sviptingar á fjármálamarkaði og í efnahagslífi landsins. Eignarhald á öllum stærstu fyrirtækjum í landinu er á floti og menn vita ekki að morgni hjá hverjum þeir munu vinna að kvöldi. Eignarhaldið hefur færst á sífellt færri hendur og það er alveg sama hvar borið er niður, þróunin er alls staðar hin sama. Hér er vaxandi fákeppni, samþjöppun og hagnaðarsprenging, eins og berlega kom fram í umræðum um tryggingafélögin sem þingmenn Vinstri grænna stóðu fyrir á þinginu fyrir nokkru.

Þegar uppgjör viðskiptabankanna þriggja fyrir fyrstu níu mánuði ársins lágu fyrir tók steininn úr. Hagnaður bankanna þriggja þessa níu mánuði nam eftir skatta 11,7 milljörðum kr., 5 milljörðum kr. hjá Kaupþingi Búnaðarbanka, 4,1 milljarði kr. hjá Íslandsbanka og 2,6 milljörðum kr. hjá Landsbanka. Þessu til viðbótar voru hátt í 8 milljarðar kr. gjaldfærðir á afskriftareikning útlána hjá bönkunum sem þýðir að hagnaðurinn fyrir framlag á afskriftareikning var um 20 milljarðar kr. Ef svo heldur fram sem horfir þá verður hagnaðurinn á þessu ári 25 milljarðar kr.

Yfirlýst markmið stjórnvalda með sameiningu og einkavæðingu bankanna var að ná fram aukinni hagræðingu sem átti að skila sér í vasa neytenda. Samkeppni á markaði átti hér eins og víðar, í munni þeirra sem eru heittrúaðir á frjálsa samkeppni, að lækka vexti og stuðla að heilbrigðara fjármálalífi. En skyldi það vera raunin? Nei, á meðan hagnaður bankanna hefur stóraukist hafa þjónustugjöld ekki

lækkað heldur hækkað, eins og Neytendasamtökin hafa sýnt fram á. Neytendasamtökin fullyrða reyndar að þjónustugjöld íslenskra banka séu þau langhæstu á Norðurlöndum.

Vilhjálmur Bjarnason, formaður Samtaka fjárfesta, hefur einnig gagnrýnt há þjónustugjöld og fákeppni í bönkunum. Í Morgunblaðinu 30. október sl. segir hann, með leyfi forseta:

„Ég fæ ekki betur séð en þetta sé nánast einn banki."

Virðulegi forseti. Þetta eru einkunnirnar sem fulltrúar neytenda og fjárfesta gefa einkavæðingu bankanna. Það er enginn munur á þjónustugjöldum, útlánastefnu eða vöxtum þessara svokölluðu samkeppnisaðila á markaði. Einkavæðingin og gríðarlegur hagnaður bankanna hefur þannig hvorki skilað neytendum lægri vöxtum né lægri þjónustugjöldum. Kannski er það vegna þess að venjuleg bankastarfsemi, þ.e. að stunda innlán og útlán og lifa af vaxtamuninum, er að verða algert aukaatriði í rekstri þessara svokölluðu viðskiptabanka. Þeir hafa í vaxandi mæli snúið sér að fjárfestingum á fjármála- og hlutafjármarkaði og eru komnir á kaf í atvinnureksturinn í landinu, jafnvel í áhættusaman og beinan samkeppnisrekstur við eigin viðskiptamenn. Viðskiptavinir bankanna spyrja sig auðvitað: Er þorandi undir þessum kringumstæðum að fara með áætlanir fyrirtækis míns og leggja fyrir samkeppnisaðilann, þ.e. bankann?

Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP-fjárfestingarbanka, segir í Morgunblaðinu sl. sunnudag, með leyfi forseta:

„Það getur vissulega orkað nokkuð tvímælis þegar bankar eru að fjárfesta í áhættusömum hlutabréfum á verðbréfamarkaði fyrir innlánspeninga. Held ég að þetta geti verið verst fyrir þá sjálfa, því þeir geta misst hlutleysið sem er svo mikilvægt í viðskiptabankastarfseminni."

Undir þetta tekur Morgunblaðið í leiðara í gær og telur líklegt að þessi skipan verði endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu. Það er einmitt það sem Vinstri grænir hafa lagt til í frv. um fjármálafyrirtæki, þ.e. aðskilnað fjárfestingarlánastarfsemi og almennrar viðskiptalánastarfsemi.

Virðulegi forseti. Eftir stendur að það stefnir í 25 milljarða kr. gróða hjá bönkunum og almenningi ofbýður. Það er því ærið tilefni til að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurninga:

Telur ráðherra tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytis eða eftirlitsaðila í ljósi þessa gríðarlega hagnaðar?

Telur ráðherra að eðlileg samkeppni ríki milli viðskiptabankanna í ljósi þess að ekki bólar á viðleitni af þeirra hálfu til að keppa um viðskiptavini?

Telur ráðherra að einkavæðing bankanna hafi mistekist í ljósi þess að þjónustugjöld hafa heldur farið hækkandi, vaxtamunur breyst óverulega og þess að ekki verður séð að staða neytenda hafi batnað?

Telur ráðherra ástæðu til að huga að skýrari aðgreiningu á viðskiptabankastarfsemi annars vegar og fjárfestingarbankastarfsemi hins vegar í ljósi þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram á afskipti bankanna af atvinnulífinu?

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á árum áður var oft rætt um bága stöðu sjávarútvegs á Alþingi. Sá vandi var yfirleitt leystur með gengisfellingu. Einnig var þingmönnum tíðrætt um lélegan rekstur bankakerfisins, útlánatöp og pólitískar lánveitingar. Þetta er liðin tíð. Nú er umræðan um góða afkomu fyrirtækja á markaði.

Út af fyrir sig er ekki að undra að almenningur súpi hveljur yfir 11,7 milljarða kr. hagnaði bankanna þriggja á fyrstu níu mánuðum ársins. Þetta eru rosalegar tölur. Ég ætla mér ekki að standa hér, sem ráðherra bankamála, og segja að ekki sé svigrúm til lækkunar vaxta og þjónustugjalda. Hins vegar verða bankarnir að njóta sannmælis. Ef ekki hefði komið til 6,4 milljarða kr. gengishagnaður af hlutabréfum á fyrstu níu mánuðum ársins væri hagnaður bankanna mun minni. Gengishagnaður af skuldabréfum og gjaldeyrisviðskiptum er einnig umtalsverður.

Það verður að setja hagnað bankanna í samhengi við stærð þeirra. Heildareignir bankanna eru hvorki meira né minna en 1.300 milljarðar kr. og í sívaxandi mæli í útlöndum. Í árslok 1995 voru eignir bankakerfisins aðeins um 200 milljarðar kr. Eignir bankanna hafa því meira en sexfaldast á átta árum. Ef eigendur legðu allt eigið fé bankanna í ríkistryggð bréf í stað þess að stunda áhættusaman atvinnurekstur fengju þeir meira en 5 milljarða kr. í sinn hlut árlega miðað við ávöxtunarkröfu á markaði í dag.

Hvernig skyldi svo standa á þessum mikla gengishagnaði? Jú, fjárfestar hafa trú á íslenskum hlutabréfamarkaði. Þeir telja að það sé bjart fram undan í íslensku þjóðlífi og eru tilbúnir að leggja fé sitt í íslenskan atvinnurekstur í stað þess að fjárfesta erlendis. Þannig hefur úrvalsvísitalan hækkað um 50% á þessu ári, mest vegna hækkunar útflutningsfyrirtækja sem hafa bankana sem bakhjarla í útrás sinni.

Ég tel óhætt að fullyrða að hlutafélagavæðing bankanna og síðar einkavæðing þeirra ásamt breytingum á lagaumhverfi fjármálamarkaðar sé einhver best heppnaða aðgerð stjórnvalda í langan tíma. Skilvirkur fjármálamarkaður skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Bankarnir eru betur reknir en áður og vaxtamunur hefur minnkað á undanförnum árum.

Tæknilega er bankakerfið gott og veitir góða þjónustu. Bankarnir eru að opna útibú á landsbyggðinni. Síðast en ekki síst hafa bankarnir þrír allir burði til að styðja við bakið á íslenskum fyrirtækjum í útrás.

Hæstv. forseti. En er þá allt í sómanum í íslensku bankakerfi? Nei, það finnst mér ekki og svo verður sjálfsagt aldrei.

Í fyrsta lagi eru vextir hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Það getur ekki gengið til lengdar fyrir heimili og fyrirtæki í ríki sem stefnir að því að komast enn hærra á lista yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims.

Í öðru lagi er samkeppni á bankamarkaði, líkt og í svo mörgum öðrum atvinnugreinum, minni en æskilegt væri.

Í þriðja lagi verða bankarnir að standa sig betur við að greiðslumeta lántakendur og takmarka ábyrgð þriðja aðila.

Í fjórða lagi verða bankarnir að fara gætilegar í fjárfestingarbankastarfsemi sinni svo að þeir glati ekki trausti og trúverðugleika viðskiptavina og fjárfesta.

Í fimmta og síðasta lagi eru ýmis teikn á lofti um að útlánaskriða sé að hefjast hjá bönkunum. Minnugir útlánaaukningarinnar um aldamótin verða bankarnir að fara að öllu með gát á því hagvaxtarskeiði sem fram undan er.

Hæstv. forseti. Hlutverk okkar alþingismanna er að sjá til þess að leikreglur á fjármálamarkaði séu skýrar og að eftirlit sé til staðar til að fylgja þessum reglum. Alþingi hefur staðið sig vel í því hlutverki sínu á síðustu árum.

[13:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ánægjulegt að bankarnir sýni hagnað og geta eigendur bankanna vissulega glaðst

yfir því að afkoma þeirra er með þeim ágætum sem raunin er. Þeir geta hins vegar haft áhyggjur af því að hagnaðurinn undanfarin ár stafar ekki af hagræðingu og sparnaði í rekstri. Þvert á móti er íslenska bankakerfið dýrt, dýrara en gengur og gerist í nágrannalöndunum og því vekur það vissulega athygli að hagnaður þess skuli vera meiri en gengur og gerist í kringum okkur.

Bankarnir hafa hagnast verulega það sem af er þessu ári á hlutabréfaeign sinni en það má líka reka stóran hluta hagnaðar þeirra til óeðlilegs vaxtamunar og tekna af þjónustugjöldum sem viðskiptavinunum er gert að greiða. Þess vegna geta viðskiptavinir bankanna ekki glaðst á sama hátt og eigendurnir yfir góðri afkomu bankanna. Þeir blæða enn fyrir há þjónustugjöld, hátt vaxtastig og mikinn vaxtamun.

Íslenska bankakerfið hefur verið gagnrýnt harðlega í nýlegri skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar m.a. á þeim grundvelli að viðskiptamenn hafi enga eða litla möguleika til að hafa áhrif á samningsskilmála útlána á meðan annars staðar á Norðurlöndunum sé einhliða réttur banka til að breyta vöxtum, kostnaði og öðrum þjónustugjöldum mjög takmarkaður. Á Íslandi taki bankar sér þennan rétt án þess að viðskiptamenn eigi nokkurn möguleika á að bregðast við. Til viðbótar tryggja svo stóru viðskiptabankarnir sterk ítök sín í skjóli samhliða lánaskilmála og ápekks vaxtastigs innog útlána þannig að samkeppni skerðir ekki tekjur þeirra. Það er þarna sem hæstv. ráðherra getur gripið inn í og við hljótum því að spyrja hann hér: Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera í þessum efnum til þess að sjá til þess að þetta virki? Samkeppni og möguleikar viðskiptavinanna til þess að hafa áhrif á samningsskilmálana eru það mikilvægasta í þessari umræðu og á meðan slík úrræði eru ekki til staðar getur almenningur og fyrirtækin í landinu ekki glaðst sérstaklega yfir góðri afkomu bankanna.

[13:48]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Góður hagnaður bankanna það sem af er þessu ári eru góðar fréttir. Góð ávöxtun eigin fjár gerir bankastofnanir að sterkari fyrirtækjum sem eru hæfari til að standa sig í samkeppni og veita betri þjónustu í framtíðinni.

Hagnaður fyrirtækja er af hinu góða, ekki af hinu slæma eins og hv. málshefjandi er að gefa hér í skyn. Nú eru sem betur fer aðrir tímar en voru fyrir tíu árum þegar bankarnir, sérstaklega þó ríkisbankarnir, töpuðu stórfé ár eftir ár og ríkissjóður þurfti þá að setja 4 milljarða í Landsbankann til að eiginfjárstaðan yrði viðunandi. Þessir tímar eru liðnir sem betur fer.

Nú hafa ríkisbankarnir verið seldir og virk samkeppni er í bankaviðskiptum og árangur fyrir neytendur hefur orðið mikill. Vaxtamunur sem var fyrir örfáum árum 6–7% hefur lækkað niður í 3–4% og nálgast það að vera sambærilegur við það sem er hjá nágrannaþjóðum okkar. Mikið af tekjum bankanna á þessu ári er vegna sölu hlutabréfa og gengishagnaðar verðbréfa ásamt miklum tekjum af stórviðskiptum sem hafa verið óvenju lífleg á þessu ári. Þjónustugjöld hafa lítið breyst.

Oft hefur verið látið í það skína í þessari umræðu að bankaþjónusta í hinum dreifðu byggðum landsins sé ekki nógu góð, en með tilkomu netbankans sem er opinn allan sólarhringinn hefur orðið bylting fyrir dreifbýlið í bankaviðskiptum. Við eigum að fagna góðum árangri en ekki að rakka hann niður.

[13:50]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Almennt má segja að það sé mjög æskilegt að fyrirtæki hagnist og alger nauðsyn fyrir efnahagslífið að bankar séu reknir með hagnaði. Virkasta leiðin til þess að hagnaði banka sé stillt í hóf og bitni ekki á viðskiptavinunum, þ.e. heimilum og fyrirtækjum, er að virk samkeppni ráði á bankamarkaði. Til að komast hjá samkeppni er alþekkt leið að flækja og gera allan verðsamanburð erfiðan. Ríkisvaldið og hæstv. viðskrh. hér hefur hlutverki að gegna að setja skýrari leikreglur á þann hátt að allur samanburður verði einfaldari og samkeppnin virkari.

Í umræðu um ofsahagnað banka verður að gæta ákveðinnar sanngirni í garð bankanna. Það er rétt að hagnaður bankanna hefur vaxið en það er einnig rétt að bankarnir hafa stækkað mikið á síðustu árum. Það er rétt að vaxtamunur er e.t.v. að minnka lítillega nú, en hverjir hafa fengið lægri vexti? Það eru ekki heimilin og einstaklingar í landinu. Nei, það eru einkum stærri fyrirtæki sem eiga kost á því að taka lán í útlöndum. Vel að merkja, vegna samkeppni við útlent lánsfé hafa bankarnir lækkað vexti til stærri fyrirtækja en heimilin hafa setið eftir.

Mikil umræða var um tekjur vegna þjónustugjalda fyrir nokkru og getum við þakkað þá umræðu m.a. Neytendasamtökunum. Í þeirri umræðu reyndu bankarnir sífellt að flækja umræðuna og gera hana ómarkvissa. Bankarnir héldu því fram að stórir liðir í þjónustutekjum bankanna væru vegna sérfræðiaðstoðar og ekki einungis vegna hækkunar í frumskógi þjónustugjalda bankanna. Auðvitað á hæstv. viðskrh. að vera löngu búinn að setja skýrari reglur sem skylda bankana til að aðgreina tekjur af þjónustugjöldum annars vegar og sérfræðiaðstoð hins vegar. Hæstv. viðskrh. hafði hér á orði að hann vildi setja skýrari reglur og vonandi stendur hún við orð sín.

[13:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Líklega er bankastarfsemin sú einkavædda þjónusta sem býr við hvað mesta fákeppni hér á landi. Við þurfum ekki annað en að líta á einsleit þjónustugjöldin, orðalag innheimtuseðla, bréfa og annarra tilkynninga sem berast viðskiptavinum frá bönkunum. Þar hefur annar allan rétt og boðvald en neytandinn er réttlítill eða réttlaus. Bankarnir hafa aðgang að öllum upplýsingum um fyrirtækin sem eru í viðskiptum hjá þeim og líka allar upplýsingar um samkeppnisaðilann sem jafnvel líka er í viðskiptum hjá sama banka. Bankinn hefur í hendi sér að skerða lánskjör eins og efla annan. Hann hefur oft í hendi sér að kaupa upp fyrirtæki á verðum sem hann sjálfur ákveður og selja þau síðan aftur á þeim kjörum sem hann einnig ákveður og hefur síðan sama fyrirtæki áfram í viðskiptum. Bankarnir eru komnir í þá aðstöðu að geta tekið sér gróðann úr atvinnulífinu og frá neytendum.

Bankarnir hafa þá einu skyldu að hámarka arð eigenda sinna eins og við þekkjum úr umræðunni. Vinstri grænir hafa lagt áherslu á að einn sterkur þjóðbanki starfi við hlið einkavæddu fjármálastofnananna, banki sem bæri þjónustuskyldur við alla landsmenn, banki sem starfaði fyrir og á ábyrgð þjóðarinnar og fyrir þjóðina og lyti stjórn Alþingis og stillti arðsemiskröfu í hóf.

Við erum þegar farin að byggja upp slíka sjóði. Bankahlutverk Byggðastofnunar verður æ mikilvægara. Nýsköpunarsjóður, nýstofnaður þróunarsjóður sjávarútvegsins, allt

eru þetta dæmi um hvernig einmitt kerfið vantreystir bönkunum og er að byggja upp sjóði til hliðar við þá. Við erum á vissan hátt á leið til þess að byggja upp þjóðbanka.

Virðulegi forseti. Það verður að grípa í taumana á fjármálamarkaðnum, setja bönkunum þjónustuskyldur og strangar samskiptareglur við neytendur og atvinnulífið og stofna þjóðbanka við hlið þeirra.

[13:55]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir u.þ.b. áratug gekk rekstur banka og fjármálastofnana á Íslandi mjög illa og þeir töpuðu verulegum fjárhæðum. Nú er vandamálið það að hagnaðurinn er of mikill. Það er út af fyrir sig gleðileg þróun og staðfestir þann mikla árangur sem ríkisstjórnin hefur náð með þeim umbótum sem hún hefur beitt sér fyrir í efnahagslífinu og á fjármálamarkaði.

Í þessu sambandi megum við hins vegar ekki gleyma því að þær umbætur sem gerðar hafa verið á fjármagnsmarkaðnum hér á landi eru eitt best heppnaða dæmið um nýsköpun í atvinnulífi Íslendinga undanfarinn áratug. Sú nýsköpun sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á fjármagnsmarkaði hefur orðið til þess að skapa störf fyrir hundruð eða þúsundir ungs vel menntaðs fólks auk þess að eiga mikinn þátt í þeirri uppbyggingu sem hér hefur orðið á öllum sviðum efnahagslífsins. Við skulum ekki fara í grafgötur með það að þessi þróun á fjármagnsmarkaði á ríkan þátt í því að tekist hefur að skapa hér fjölmörg störf sem annars væru ekki til og þannig hefur hún leitt til þess að þúsundir Íslendinga búa við velmegun sem þeir annars nytu ekki.

Virðulegi forseti. Við hljótum hins vegar að gera þá kröfu að viðskiptavinir bankanna, fyrirtæki og einstaklingar fái að njóta góðs af gróðanum með því að vaxtamunur verði minnkaður. Ég vil hér hvetja neytendur til að fylgjast með viðbrögðum bankanna og beina viðskiptum til þeirra banka sem sýna vaxtalækkanir í verki.

[13:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði að almenningur sypi kveljur vegna góðrar afkomu bankanna. Um það skal ég ekkert segja. Hitt veit ég að fólk og heimilin í landinu undrast það að þau skuli ekki njóta betri kjara í bankakerfinu en raun ber vitni í ljósi hinnar góðu afkomu og spyr: Hvers vegna eru þjónustugjöld hærri hér en annars staðar? Spyr enn fremur: Hvers vegna er vaxtamunur meiri hér en í nágrannalöndum? Í þriðja lagi: Hvernig stendur á því að við búum við hið séríslenska ábyrgðarmannakerfi í bankakerfinu, sem er auðvitað ábyrgð stjórnvalda þar sem amma, afi, pabbi, mamma, öll fjölskyldan er dregin inn í fjárskuldbindingar einstaklinga? Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og við samfylkingarmenn höfum flutt tillögu ár eftir ár þar sem við gerum bragarbót þar á en stjórnarmeirihlutinn hefur brugðist.

Í fjórða lagi spyr fólk hvernig á því standi að verðtrygging lána sé bundin við Ísland eitt þegar um lán til einstaklinga er að ræða til lengri tíma. Nú liggur það ljóst fyrir að íslenska bankakerfið er í höndum einkaaðila, og ekkert um það að segja, og vonir voru bundnar við það að með því ykist bein og virk samkeppni. Eftir henni er kallað svo flóknara er það mál ekki.

Við ræðum það líka hér og í hinum íslenska fjármálaheimi að við lifum nú í alþjóðlegu umhverfi og það er að sönnu alveg hárrétt og við viljum skapa okkar fjármálastofnunum tækifæri til útrásar sem margar fjármálastofnanr hafa einmitt nýtt. Því hlýtur almenningur að spyrja og ég sömuleiðis hvernig á því standi að þeir geta boðið betri kjör annars staðar en á Íslandi. Eftir því er kallað og eftir svörum í þeim efnum sömuleiðis.

Ég vil að lyktum spyrja hæstv. ráðherra um það sem til hennar friðar heyrir, hvenær hún ætli að gera hið lagalega umhverfi bankanna með svipuðum hætti hér á landi og annars staðar og þá vísa ég sérstaklega til ábyrgðarmannakerfismálsins og sömuleiðis til verðtryggingarþáttarins.

[13:59]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að góður hagur viðskiptabankanna er vitaskuld fagnaðarefni og það er til marks um að það er þróttur í atvinnulífinu og það er trú á hlutabréf í íslensku atvinnulífi vegna þess að þegar við skoðum þær tölur sem liggja að baki hagnaði viðskiptabankanna þá blasir það við að langstærsti hluti hagnaðarins kemur til vegna gengishagnaðar á skuldabréfum og einkanlega innlendum hlutabréfum sem endurspegla trú fjárfestanna á stöðu íslensks atvinnulífs.

Hér var sagt áðan að hagnaður þriggja viðskiptabankanna væri 11–12 milljarðar kr. Þegar við skoðum gengishagnaðinn sérstaklega í þessum árshlutauppgjörum kemur fram að gengishagnaðurinn einn er um 7 milljarðar kr. Það er þess vegna alveg ljóst mál að það er einmitt af þessum ástæðum sem við sjáum meiri og betri hag bankanna.

Það er alveg rétt að nú mun auðvitað reyna á samkeppni milli þessara banka og það er ekki rétt að það séu ekki öll skilyrði til mikillar samkeppni hér. Hér er í fyrsta lagi um að ræða þrjá mjög öfluga viðskiptabanka sem m.a. hafa haft til þess afl og styrk að hasla sér völl erlendis. Við erum líka með sparisjóðakerfið og við sjáum það einmitt núna á síðustu vikum og mánuðum að fyrirtækin í landinu og einstaklingarnir eru að velja sér viðskiptabanka í samræmi við þau viðskiptakjör sem þeim bjóðast. Mér er kunnugt um það að bæði stór og smá fyrirtæki eru að skipta um viðskiptabanka vegna þess að þau hafa möguleika til þess. Það er þessi samkeppni og það eru þessir möguleikar. Og ástæðan fyrir því að við erum að gera kröfu á viðskiptabankana um það að þeir lækki þjónustugjöld sín og minnki vaxtamuninn, sem er eðlileg krafa og ég tek undir hana, ástæðan er sú að við sjáum að viðskiptabankarnir hafa efni á því vegna þess að þeir eru að græða. Og þeir eru að græða vegna þess að íslenskt atvinnulíf hefur verið að styrkjast og trú manna á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur verið að eflast.

[14:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Flest útlán bankastofnana til almennings bera 8,5–9% vexti og yfirdráttarlán 11,5–12% vexti. Þar til viðbótar eru svo þjónustutekjurnar. Vextir eru hér miklu hærri en í nálægum löndum í Evrópu. Evrópureglur og lög eru í gildi hérlendis eins og við flest vitum. Það virðist samt sem áður svo að bankastarfsemi og tryggingastarfsemi hérlendis sé í allt öðru umhverfi. Bankarnir hagnast nú sem aldrei fyrr og vaxtamunur hefur ekki lækkað og er enn þá um 3%. Úttekt Neytendasamtakanna bendir einnig ótvírætt til þess að þjónustutekjur bankanna fari hækkandi. Nú virðist stefna í að Kaupþing Búnaðarbanki hagnist yfir hálfan milljarð á mánuði eftir skatta á þessu ári og arðsemi eigin fjár verði um 25% annað árið í röð. Það er því langur vegur

frá því að bankarnir þurfi þá okurvexti sem þeir taka nú af almennum viðskiptamönnum sínum.

Bankarnir hafa yfirburðastöðu vegna viðskiptaupplýsinga sinna til þess að kaupa sig inn í fyrirtæki á réttum tíma eða til þess að flytja hagnað sinn úr landi.

Virðulegi forseti. Fyrr má nú njóta ávaxtanna án þess að gleypa allt sem að kjafti kemur.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu gott að bankar og aðrar fjármálastofnanir gangi vel. En það er ekki af hinu góða að þessar stofnanir sópi til sín ofsagróða. Það er ekki af hinu góða að þær geri það í skjóli fákeppni og það er ekki af hinu góða að þær hagnist á grundvelli þess að telja sér nánast allt leyfilegt í braski með fyrirtæki og samskiptum við viðskiptavini sína.

Ég verð líka að mótmæla því þegar hér kemur hver ræðumaður á fætur öðrum og talar eins og erfiðleikar bankakerfisins fyrir meira en áratug síðan hafi allir verið vondum rekstri þar að kenna. (Gripið fram í.) Þar kom að sjálfsögðu margt fleira til, hv. þm. Pétur Blöndal. Þar kom það til að bankarnir deildu kjörum með hinu almenna atvinnulífi í gegnum mikið erfiðleikatímabil og íslenska bankakerfið slapp reyndar betur í gegnum þá hluti heldur en bankakerfi allra nálægra landa þar sem þurfti að setja miklu meira fé inn í að halda því á floti heldur en þó hér, svo skotið sé skildi fyrir bankana á þeim tíma að þessu leyti. Menn tala annaðhvort af ósanngirni eða hreinni vanþekkingu þegar þeir tala eins og hér var gert áðan.

Það er óhjákvæmilegt að fara ofan í saumana á því sem hefur verið að gerast í íslenska bankakerfinu undanfarin missiri vegna hins gríðarlega hagnaðar, vegna framgöngu bankanna í atvinnulífinu, vegna þátttöku þeirra í atvinnurekstri sem truflar eðlilega samkeppni, vegna hins klassíska fákeppnisumhverfis sem hér hefur verið að myndast og í ljósi alls konar stjórnunar- og eignatengsla sem bankarnir og ekki síst bankastjórarnir sjálfir eru margkrossaðir í, sitjandi í stjórnum dótturfyrirtækja, þjónustufyrirtækja, eigandi innheimtufyrirtæki o.s.frv. Það sem hefur gerst er að ríkisstjórnin með einkavæðingu sinni hefur afhent tvo af þremur stærstu bönkum þjóðarinnar í hendur einum eða fáeinum nátengdum aðilum sem beita þeim nú sem tækjum í valda- og hagsmunaslagsmálum sínum í íslensku viðskiptalífi. Þetta fákeppnissamþjöppunarumhverfi hefur ríkisstjórnin með mislukkaðri einkavæðingarstefnu sinni hjálpað til að búa til á þessu sviði í viðbót við öll önnur sem fyrir voru.

[14:05]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu utan dagskrár afkoma bankanna. Hér er ekki til umræðu slæmt efnahagsástand hér á landi eða erfiðleikar í bankarekstri líkt og þekktist á níunda áratug síðustu aldar.

Ef við horfum til hagnaðar bankanna á þessu ári þá stafar hann að langmestu leyti annars vegar af gengishagnaði af verðbréfaeign í þeirra eigu. Sá hagnaður stafar m.a. af þeirri gleðilegu þróun að úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur hækkað um 40% á árinu sem sýnir það góða efnahagsástand sem nú ríkir hér á landi. Hins vegar er um að ræða stóraukin umsvif í útlánastarfsemi bankanna, þá fyrst og fremst til fyrirtækja vegna þess að íslensku atvinnulífi vegnar mjög vel og við eigum framsækin fyrirtæki. Ég tel því nauðsynlegt, hæstv. forseti, að umræðan sem hér fer fram sé ekki einfölduð með þeim hætti sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur sett fram.

Á hinn bóginn má segja að hagnaðartölurnar segi að sjálfsögðu líka sína sögu, segi þá sögu að það hefur lengi legið fyrir að vaxtamunur innlána og útlána er talsvert meiri hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar. Þessar hagnaðartölur eru svo háar að þær eru illskiljanlegar venjulegu fólki, viðskiptavinum bankanna. (**SJS:** En góðar samt.) Og það má spyrja hvort ekki sé nú komið að því að bankarnir fari að minnka þann mikla vaxtamun sem hér ríkir til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

[14:07]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka ráðherra svörin. En það er dapurlegt að í máli hæstv. ráðherra kom fram að það er greinilegt að í viðskrn. deila menn a.m.k. ekki áhyggjum Morgunblaðsins og Margeirs Péturssonar um ítök og afskipti bankanna í atvinnulífinu. Á þeim bæ deila menn heldur ekki áhyggjum Neytendasamtakanna eða Samtaka fjárfesta um há þjónustugjöld, óeðlilegan vaxtamun, vaxandi fákeppni og skort á samkeppni í almennri bankastarfsemi hér á landi. Og í viðskrn. finnst fólki engin ástæða til að snúa af braut einkavæðingar vegna þess áfellisdóms sem einkavæðing bankanna er orðin yfir þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar. Loks var ekki neina eftirsjá að heyra í máli hæstv. ráðherra eftir þeim peningum sem ríkisstjórnin afsalaði sér endanlega með sölu bankanna.

Ekki var að heyra á máli hæstv. ráðherra að 25 milljarða gróði bankanna á þessu ári gefi tilefni til þess að breyta lögum eða að Fjármálaeftirlit og Samkeppnisstofnun sem heyra undir ráðuneyti hæstv. ráðherra athugi málið nánar. Í þessu sambandi talaði ráðherrann eins og oftar bara um útrás og maður hlýtur að spyrja: Er verið að hvetja bankana til þess að elta Landssímann til Búlgaríu eða hvað?

Virðulegur forseti. Það er ljóst að einkavæðing bankanna hefur leitt til fákeppni og enn frekari samþjöppunar auðs og valda í viðskiptalífinu. Ofsagróðinn á þessu ári hefur í engu skilað sér til almennra viðskiptamanna. Venjulegt fólk sem hefur lagt fyrir fyrir útförinni sinni eða safnað saman einhverjum smávarasjóði á sparisjóðsbók fær 0,15% í ávöxtun í öllum þessum þremur bönkum nota bene. En bankinn sjálfur krefst a.m.k. hundraðfalt meira fyrir sig eða 15% arðsemi. Það er sannarlega kominn tími til að skilja á milli fjárfestingarbankastarfs annars vegar og viðskiptabankastarfs hins vegar og við skulum bara vona, að hæstv. viðskrh. fari að sjá ljósið í þeim efnum.

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem átti fullan rétt á sér að mínu mati. Í sambandi við það sem kom fram hjá málshefjanda í lokin þegar hún segir að ekkert hafi komið fram í mínu máli þess efnis að Fjármálaeftirlit og Samkeppnisstofnun ættu að athuga frekar það sem væri að gerast á markaðnum þá er það þannig að þessar stofnanir starfa algjörlega sjálfstætt. Það er ekki mitt hlutverk að segja þeim fyrir verkum. Ég er ýmist minnt á það af hv. þingmönnum að stofnanirnar eigi að starfa sjálfstætt eða hitt að ég eigi að hafa afskipti af þeim. Það er því ekki mikið samræmi í hlutunum.

Hæstv. forseti. Það er talað um það sérstaklega af hálfu þingmanna Vinstri grænna að skilja þurfi á milli fjárfestingar-

starfsemi og viðskiptabankastarfsemi og hafa hv. þingmenn flutt þingmál þess efnis. Ég hef oft látið það koma fram í þinginu að þar sem við erum á hinu Evrópska efnahagssvæði á innri markaði Evrópu þá er okkur mikilvægt að hafa svipað lagaumhverfi hér og þar tíðkast vegna þess að þau íslensku fyrirtæki sem hér starfa gætu hugsanlega ekki orðið lengur íslensk ef við værum með allt annað fyrirkomulag. Þetta er það fyrirkomulag sem tíðkast og við munum að sjálfsögðu viðhafa það einnig. Hins vegar legg ég áherslu á að fjármálafyrirtækjum er ekki heimilt að vera kjölfestufjárfestar í atvinnufyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum. Þess vegna er það þannig að þegar um slíka fjárfestingu er að ræða þá er hún tímabundin og það er mjög nákvæmlega kveðið á um það í lögum.

Ég vil að síðustu segja að ég er að láta skoða samningsskilmála banka og sparisjóða við neytendur í hefðbundnum bankaviðskiptum. Það er nefnd í gangi sem er að fara ofan í saumana á því máli. Mér finnst mjög mikilvægt að það verði gert. Þetta starf hefur verið í gangi og fljótlega er að vænta einhverrar niðurstöðu. Svo þakka ég fyrir.

Fjáraukalög 2003, 2. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 87, nál. 364, 372 og 373, brtt. 365.

[14:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Auk þess hefur nefndin átt samskipti við ýmsa aðra aðila við umfjöllun málsins.

Meiri hluti fjárln. gerir 42 breytingartillögur við frv. sem samtals nema 4.097,7 millj. kr. til aukinna útgjalda. Einstakar tillögur koma fram á sérstöku þingskjali og eru skýrðar nánar í nefndaráliti meiri hlutans. Nokkur atriði standa út af og mun fjárln. fjalla um þau mál að lokinni 2. umr. og væntanlega leggja fram frekari brtt. við frv. fyrir 3. umr.

Varðandi útgjaldahluta frv. er fyrst og fremst um að ræða heilbrigðisstofnanir og mun ég gera nánar grein fyrir því síðar. Að öðru leyti er um að ræða tekjuhluta frv. og heimildargreinar.

Þetta frv. og breytingartillögur meiri hlutans fela í sér nokkrar stórar ákvarðanir um útgjöld auk þess sem fyrir liggur breytingartillaga til að mæta útgjöldum lífeyristryggginga vegna kostnaðar við endurákvörðun tekjutryggingarauk dráttarvaxta í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 16. október sl. Þar að auki er um að ræða leiðréttingar á framreikningi. Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingartillögum meiri hluta fjárln. en vísa að öðru leyti í þingskjöl sem innihalda nefndarálit meiri hlutans og breytingartillögur.

Lagt er til að fjárheimild liðarins Æðsta stjórn ríkisins verði aukin um 14,5 millj. og snýr það eingöngu að Alþingi. Um er að ræða kostnað varðandi aðstöðu þingmanna og annarrar starfsemi sem tengist störfum Alþingis.

Varðandi menntmrn. er tillaga um auknar fjárheimildir upp á 60 millj. Þar er um að ræða húsnæðiskostnað Tækniháskóla Íslands, uppgjör og rekstrarhalla Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og komið er til móts við kostnaðarauka Þjóðleikhússins árin 2001 og 2002 vegna útfærslu kjarasamninga.

Gerðar eru tillögur um auknar fjárheimildir til landbrn. að fjárhæð 226,5 millj. Lagt er til að fjárheimild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins aukist um 15 millj. vegna þróunarátaks í líftækni, en gert er ráð fyrir að þessir fjármunir verði endurgreiddir við sölu á hlut stofnunarinnar í Orf-Líftækni hf.

Tillögur eru um auknar fjárheimildir til Veiðimálastofnunar og yfirdýralæknisembættisins vegna starfsemi á landsbyggðinni og til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Hólaskóla vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Varðandi þessar tvær mikilvægu háskólastofnanir tel ég brýnt að farið verði yfir starfsemi þeirra, rerkstrargrunnur þeirra verði endurmetinn út frá breyttri starfsemi og auknu umfangi með það að markmiði að fjárheimildir og rekstrarumfang fari saman. Þá er lagt til að Landgræðsla ríkisins fái auknar fjárheimildir til fyrirhleðslna en grípa þarf til brýnna aðgerða til að verjast ágangi Jökulsár í Lóni annars vegar og Jökulsár á Fjöllum hins vegar þannig að ekki hljótist mikið tjón af.

Gerð er tillaga um 140 millj. kr. framlag sem varið verði til að bæta erfiða afkomu í sauðfjárbúskap og styðja við sauðfjárbændur sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna versnandi stöðu búgreinarinnar í kjölfar verðlækkana á kjötmarkaði.

Loks er lagt til að framlag til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri hækki um 15 millj. kr. en í fjárlögum ársins 2003 er fjárheimild vegna þessara 15 millj. kr. Loðdýrarækt starfar í harðri samkeppni við erlenda framleiðslu sem býr við mun hagstæðara fóðurverð og hefur mikill og aukinn kostnaður vegna þessa valdið rekstrarvanda í greininni.

Lagt er til að fjárheimild sjútvrn. verði aukin um 31,4 millj. kr. vegna uppsafnaðs halla á rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins en tekið skal fram að til stendur að gera breytingar á starfsemi stofnunarinnar sem miði að því að tekjur hennar standi undir rekstrarkostnaði.

Varðandi dóms- og kirkjumrn. er lagt til að fjárheimildir verði auknar um 25,6 millj. kr. Lagt er til að 55 millj. kr. af uppsöfnuðum fjárheimildum vegna stofnkostnaðar verði millifærðar yfir á rekstur héraðsdómstóla til að mæta að mestu uppsöfnuðum rekstrarhalla þeirra.

Tillaga er um auknar fjárheimildir til ríkislögreglustjóra, annars vegar vegna aukinna umsvifa efnahagsbrotadeildar og hins vegar vegna uppsafnaðs fjárhagsvanda við innheimtu sekta.

Loks er tillaga um framlag til byggingar aðstöðu við Þingeyrarklausturskirkju.

Lagt er til að fjárheimild félmrn. verði aukin um 411 millj. kr. Tillaga er um viðbótarfjárheimild til Jafnréttisstofu vegna ófyrirséðra útgjalda varðandi starfslok framkvæmdastjóra og vegna kostnaðar af dómsmálum.

Varðandi Barnaverndarstofu er lagt til að fjárheimild í fjárlögum vegna stofnkostnaðar verði millifærð milli viðfangsefna.

Lögð er til aukin fjárheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs, annars vegar vegna endurmats á útgjöldum vegna atvinnuleysis og hins vegar vegna átaksverkefna fyrir ungt fólk á atvinnuleysisskrá þar sem atvinnuleysi reynist meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins.

Varðandi liðinn Fæðingarorlof er lögð til aukin fjárheimild til Fæðingarorlofssjóðs þar sem endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur þeirra sem fá greitt

úr sjóðnum eru meiri en áætlað var en hins vegar er lögð til lækkun framlaga vegna foreldra utan vinnumarkaðar þar sem greiðslur vegna þeirra verða minni en áætlað var.

Loks er lögð til fjárveiting vegnar rekstrar sumardvalar fyrir fötluð börn á vegum Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla.

Lagt er til að fjárheimild heilbr.- og trmrn. verði aukin um 2.620,8 millj. kr. Lagt er til að fjárheimild Tryggingastofnunar ríkisins verði aukin til að mæta kostnaði við að endurreikna bætur í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 16. okt. sl. Af sama tilefni er tillaga um 1.500 millj. kr. fjárveitingu til að mæta útgjöldum lífeyristrygginga. Tryggingastofnun vinnur að útreikningi á útgjaldaáhrifum dómsins og er því um áætluð útgjöld að ræða.

Lagt er til að veitt verði framlag til að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja en fram hefur komið að lyfjanotkun er að aukast og færast úr ódýrari lyfjum yfir í dýrari lyf en gert hafði verið ráð fyrir.

Lögð er til lækkun á útgjöldum til hjálpartækja, einkum vegna lægri útgjalda vegna bifreiðakaupastyrkja en gert var ráð fyrir. Þá er lögð til lækkun á framlagi til sjúkradagpeninga í samræmi við þróun útgjalda á árinu.

Gerð er tillaga um leiðréttingu á framlagi til tóbaksvarna sem verði í samræmi við gildandi lög og falli til Lýðheilsustöðvar.

Alls eru fimm tillögur varðandi heilbrigðisstofnanir. Lögð er til 40 millj. kr. aukafjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til viðbótar við 100 millj. kr. fjárheimild sem gerð er tillaga um í frv. til fjáraukalaga.

Tillaga er um 735 millj. kr. fjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss til viðbótar 977 millj. kr. fjárheimild sem lögð er til í frv.

Þá er tillaga um 45 millj. kr. fjárheimild til að gera upp rekstrarhalla Sjálfsbjargar, hjúkrunar- og endurhæfingarstöðvar, og er gert ráð fyrir að það auðveldi gerð þjónustusamnings.

Lögð er til 150 millj. kr. fjárveiting vegna rekstrarvanda heilbrigðisstofnana sem er til viðbótar 45 millj. kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frv.

Loks er tillaga um 30 millj. kr. aukafjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Eins og fram hefur komið mun fjárln. fjalla sérstaklega um stöðu heilbrigðisstofnana að lokinni 2. umr. og mun nefndin leggja fram brtt. til 3. umr. þar sem fram munu koma tillögur um ráðstöfun þeirra fjármuna sem hér greinir og tengjast starfsemi heilbrigðisstofnana.

Lagt er til að fjárheimild fjmrn. verði aukin um 770 millj. kr. Gerð er tillaga um að fjárveiting vegna heimildarákvæða fjárlagaársins verði aukin um 450 millj. kr. Í fjárlögum er fjárheimild liðarins 190 millj. kr. og verða 147 millj. kr. af henni nýttar til kaupa á húsnæði á Efri-Brú fyrir starfsemi Byrgisins en afgangurinn varðar aðrar heimildir. Til viðbótar því þarf að standa straum af útgjöldum vegna kaupa á fasteign, lóð og hlutabréfum í tengslum við sölu á Sementsverksmiðjunni sem samtals nema um 450 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þessar eignir verði seldar síðar og er reiknað með að sölutekjur ríkisins verði álíka miklar þegar þeim hefur verið komið í verð.

Tillaga er um 310 millj. kr. viðbótarfjárheimild á liðnum Launa- og verðlagsmál sem skýrist að mestu af kostnaði vegna úrskurða kjaranefndar árið 2002 um vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003 lágu ekki fyrir nægilegar upplýsingar um málið til að unnt væri að leggja mat á þessa þætti í úrskurðunum. Gert er ráð fyrir að vegna þessa aukist launagreiðslur heilsugæslustöðva um rúmlega 230 millj. kr. á ári.

Loks er gerð tillaga um 10 millj. kr. aukafjárveitingu sem miðar að aukinni hagræðingu í innkaupum ríkisins en í tengslum við samning ríkisins við Skýrr hf. um innleiðingu á nýju Oracle-fjárhagskerfi ríkisins og samning við ANZA hf. um rekstur og þróun rafræns markaðstorgs fyrir stofnanir ríkisins er unnið að því að innkaup ríkisins geti farið fram í gegnum fjárhagskerfið.

Hvað varðar samgrn. er lagt að fjárheimild ráðuneytisins verði aukin um 23,3 millj. kr.

Í fyrsta lagi er lögð til millifærsla fjárheimilda þannig að til komi styrkur til lendingabóta í Drangey.

Þá er tillaga um 17,5 millj. kr. hækkun á framlagi til reksturs Siglingastofnunar. Áformað var að í frv. til fjáraukalaga kæmi fram tillaga um millifærslu þessarar fjárheimildar frá stofnkostnaði til rekstrar en vegna mistaka er í frv. aðeins gerð tillaga um lækkun stofnkostnaðar sem nemur þessari fjárhæð. Hér er því um leiðréttingu að ræða.

Varðandi liðina Flugmálastjórn og Flugvellir, viðhald er gerð tillaga um millifærslu fjárheimildar af rekstrarviðfangsefnum stofnunarinnar á viðhald og er það til viðbótar sams konar tillögu í frv. Tilgangur þess er sá að fjárheimildir frá Alþingi verði samræmdar í einu lagi við heildarframkvæmdakostnað vegna endurnýjunar húsnæðis í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli.

Loks er tillaga um framlag til Rannsóknanefndar flugslysa vegna ófyrirséðs kostnaðar og uppsafnaðs rekstrarhalla.

Lögð er til aukin fjárheimild til Hagstofu Íslands sem nemur 7,5 millj. kr. Um er að ræða aðgerð til að mæta tekjutapi við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra.

Lagt er til að fjárheimild umhvrn. verði lækkuð um 92,9 millj. kr.

Tillögur eru um fjárveitingar sem tengjast þátttöku í alþjóðlegu starfi til að mæta auknum kostnaði og hækkunum á framlögum til alþjóðastofnana.

Lögð er til aukafjárveiting vegna kostnaðar við undirbúning og stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls.

Varðandi Úrvinnslusjóð er lögð til lækkun á fjárveitingu til reksturs sjóðsins og einnig er lögð til lækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs. Hvort tveggja er lagt til í kjölfar nýrra áætlana um umsvif og starfsemi.

Tillaga er um framlag til Náttúrustofunnar á Sauðárkróki og er hún komin til leiðréttingar.

Loks er tillaga um 34,4 millj. kr. fjárveitingu til að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla Veðurstofunnar en stofnunin hefur gripið til ráðstafana til að styrkja fjármálastjórn sína. Er varðar sömu stofnun er lagt til að veittar verði 7,5 millj. kr. til biðlaunagreiðslna og orlofsuppgjörs í tengslum við skipulagsbreytingarnar í framhaldi af stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á Veðurstofunni.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hluta fjárln. við frv. til fjáraukalaga ársins 2003. Jafnframt hef ég gert grein fyrir málum sem út af standa og verða tekin til umfjöllunar í fjárln. að lokinni 2. umr.

Meiri hluti fjárln. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir meirihlutaálit fjárln. rita Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson og Birgir Ármannsson.

[14:25]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln.

Það frv. til fjáraukalaga sem hér er til umræðu er hið annað á árinu. Á vorþingi voru samþykkt fjáraukalög sem fólu í sér 4,7 milljarða kr. útgjaldaaukningu. Í öðru frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sem hér liggur fyrir, er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 8 milljarða kr. Nú við 2. umr. koma enn fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um að auka útgjöldin um 4,1 milljarð kr. Með samþykkt fyrirliggjandi frv. og brtt. við það hafa fjárheimildir ársins því verið auknar um 16,8 milljarða kr., eða 6,5% af fjárlögum ársins.

Herra forseti. Það er ekki víst að allir átti sig á því hvaða tala þetta er, 16,8 milljarðar kr., sem hér er verið að gera tillögu um að aukin verði frá samþykktum fjárlögum ársins. Við getum sett hana í annað samhengi til að átta okkur betur á því hvaða tölur þetta eru. Þetta segir okkur að verið sé að gera tillögu um að útgjöld ríkisins aukist frá fjárlögum um 1,4 milljarða kr. á mánuði, um 323 millj. kr. á viku, um 46 millj. kr. á hverjum einasta degi ársins, um 2 millj. kr. á hverri klukkustund ársins. Það þýðir að á meðan við erum hér að ræða þetta fjáraukalagafrv. munu útgjöld ríkisins væntanlega aukast um 4–6 millj. kr.

Herra forseti. Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga og því miður gefur það frv. sem hér liggur fyrir enn einn ganginn tilefni til sams konar athugasemda.

Frv. ásamt brtt. sýnir enn og aftur hve lítið aðhald er í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að unnið sé með rammafjárlög halda rammarnir ekki nema fram að framlagningu fjárlagafrv. hvers árs. Þegar kemur að fjáraukalögum eru allir rammar horfnir. Þá virðast allir ráðherrar hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að hæstv. fjmrh. stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítt rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Það virðist ríkja aðhaldsleysi í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í þessu samhengi er áhugavert að rifja upp ummæli hæstv. fjmrh. og formanns fjárln. við 1. umr. um frv. til fjáraukalaga þessa árs. Þar hélt hæstv. fjmrh. því fram að ríkisstjórnin gæti tekið ákvarðanir um að greiða kostnað sem til félli vegna þeirrar staðreyndar að hún hefur þingmeirihluta á Alþingi og treystir á að hún fái greiðsluheimildir eftir á. Þessi ummæli endurspegla það viðhorf framkvæmdarvaldsins að hér sé ekki í raun þingbundin ríkisstjórn heldur stjórnbundið þing. Þá kom fram hjá hæstv. fjmrh. í sömu umræðu að í þessu fjáraukalagafrv. væri verið að sækja um fjárheimildir þrátt fyrir að þær greiðslur komi ekki endilega til útborgunar á yfirstandandi ári. Þetta er sérkennilegt viðhorf til fjáraukalaga.

Herra forseti. Það er fróðlegt að skoða þessi ummæli hæstv. fjmrh. í ljósi þess sem hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárln., sagði í sömu umræðu. Þar lýsti hv. þm. þeirri skoðun sinni að innihald fjáraukalaga ætti að vera hóflegt og ekki um að ræða aðrar fjárheimildir en þær „sem vart þola bið“. Taldi hv. þm. mikilvægt að framkvæmdarvaldið á hverjum tíma umgengist heimildir til fjáraukalaga í lögum um fjárreiður ríkisins með hófsemd. Þeir hafa því mismunandi sýn á tilgang fjáraukalaga, hæstv. fjmrh. og formaður fjárln., hv. þm. Magnús Stefánsson. Í þessum ummælum endurspeglast í raun sú togstreita sem er á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins varðandi fjárlaga- og fjáraukalagagerð. Þessi togstreita hefur nú tekið á sig nýja mynd með bréfasendingu fjmrn. til annarra ráðuneyta með tilskipun um að banna einstökum stofnunum ríkisins að hafa frumkvæði að því að funda með fjárln. um fjárhagsstöðu sína.

Herra forseti. Þetta kom örlítið til umræðu á þingfundi í gær. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson taldi þessar bréfaskriftir ekki vera nýjar af nálinni og hér væri enginn vandi á ferðinni. Hann fullyrti að sama samþykkt og ríkisstjórnin gerði á haustdögum hefði verið gerð fyrir fjórum árum. Herra forseti. Má vera að rétt sé að ríkisstjórnarsamþykktin sé ekki ný. Hins vegar höfum við í fjárln. aldrei áður heyrt af slíkum bréfaskriftum þannig að hafi bréfaskriftir sem þessar farið fram áður hefur það farið fram hjá okkur sem í nefndinni höfum setið undanfarin ár. Þess vegna, herra forseti, hefur þetta mál allt aðra mynd en áður þegar slíkar formlegar bréfaskriftir hafa átt sér stað og miðað við fréttir sem berast utan úr samfélaginu virðast önnur ráðuneyti hafa brugðist við þessum bréfum fjmrn. með því að senda svipaðar tilskipanir til undirstofnana sinna.

Herra forseti. Það kom fram í umræðunni í gær að svo langt hefur verið gengið að forsrn. hefur látið sér sæma að senda Alþingi svipaða tilskipun. Því miður, herra forseti, hefur ekki borist svar við því frá hæstv. forseta þingsins hvort Alþingi hafi brugðist við bréfaskriftum forsrn. og þá á hvern hátt, hvort Alþingi hafi jafnvel gengið í lið með framkvæmdarvaldinu og sent bréfið áfram til undirstofnana sinna. Við skulum vona að svo hafi ekki verið.

Herra forseti. Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl árið 2001 um fjárlagaferlið kemur m.a. fram sú skoðun að fjárheimild veitt eftir á, eins og mörg dæmi eru um í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, feli í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar enda þótt formlega sé fjárveitingavaldið áfram hjá Alþingi. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjmrn. gaf út í byrjun árs 2001. Þar er rætt um ábyrgð fjmrn. og annarra ráðuneyta um framkvæmd fjárlaga, og segir m.a. að fjmrn. skuli hafa eftirlit með því hvernig önnur ráðuneyti hagi eftirliti með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneyti hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum.“

Herra forseti. Að kröfu 1. minni hluta fjárln. voru öll ráðuneyti beðin um upplýsingar um raunstöðu stofnana þann 31. ágúst árið 2003 og áætlaða stöðu í árslok 2003. Fjmrn. sendi yfirlit yfir stöðu allra fjárlagaliða miðað við lok ágúst 2003 og kom þar fram að rekstrargjöld stofnana voru 2,8 milljörðum kr. umfram fjárheimildir. Engar upplýsingar voru veittar um áætlaða stöðu í árslok 2003 eins og óskað var

eftir og hefur nú verið ítrekað. Verði ekki orðið við þessari sjálfsögðu beiðni er það yfirlit sem borist hefur í raun ónothæft sem nauðsynlegur upplýsingagrunnur fyrir fjárln. Þessi tregða við upplýsingagjöf virðist því miður fara vaxandi ár frá ári og því eðlilegt að hún sé skoðuð í samhengi við þá togstreitu sem á sér stað milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Í svari fjmrn. kemur einnig fram að ráðuneytið hafi nú þegar ítrekað með sérstöku bréfi við önnur ráðuneyti að þau kalli eftir skýringum og aðgerðum hjá stofnunum í þeim tilfellum sem þörf er á. Fyrsti minni hluti fjárln. leggur mikla áherslu á að þessi svör verði kynnt fjárln. fyrir 2. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Fjárln. hefur því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er. Má í því sambandi minna á að í nál. meiri hluta fjárl. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 kom fram að gerð yrði krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir lægju fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi bærist reglulega.

Nú er komið undir lok ársins 2003 og ekki hefur þessari gömlu kröfu enn verið fylgt eftir. Herra forseti. Það segir meira en margt annað um hver þróunin hefur verið í samskiptum fjárln. og framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Það er rétt að vekja athygli á því að þetta gerist þrátt fyrir að enn sitji hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í sæti varaformanns fjárln. sem var einnig árið 1999 og fór sá hv. þm. mikinn í ræðustól hér á Alþingi um nauðsyn þessarar óskar og að henni yrði fylgt eftir. Herra forseti. Það er því nauðsynlegt að spyrja: Hefur hv. þm. verið taminn á þessum tíma? Öðruvísi, herra forseti, mér a.m.k. áður brá.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2001 um fjárlagaferlið er því haldið fram að skipulag fjárlagagerðar, þ.e. rammafjárlagagerð, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er bent á að þetta skipulag nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn."

Þetta agaleysi heldur síðan áfram eftir samþykkt fjárlaga. Þrátt fyrir að kerfið sé vel skipulagt og agað til að halda utan um útgjöld ríkisins nær það ekki til ákvarðana sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar taka. Það frv. sem hér er til umfjöllunar sannar að ekkert hefur breyst frá því að Ríkisendurskoðun gerði skýrsluna. Ríkisstjórnin sjálf hefur ekki þann aga sem skipulagið krefst og eftir höfðinu dansa limirnir.

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram telur 1. minni hluti fjárln. verulega bresti vera í fjármálastjórn ríkisins. Þetta má einnig lesa út úr áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið. Margar stofnanir eyða umfram heimildir ár eftir ár án þess að gripið sé til aðgerða. Þegar skoðuð eru fjáraukalög síðustu þriggja ára verður ekki betur séð en að sumar stofnanir séu áskrifendur að fjáraukalögum, þ.e. þær hafa fengið aukafjárveitingar á hverju ári frá árinu 2001 og enn eru gerðar tillögur um fjárveitingar þetta árið. Má þar sem dæmi nefna embætti forseta Íslands, aðalskrifstofu forsrn., viðhald menningarstofnana, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Landspítala – háskólasjúkrahús og Veðurstofu Íslands. Þá hafa safnliðir hjá menntmrn. vegna háskóla og framhaldsskóla verið árlega í fjáraukalögum.

Herra forseti. Það væri auðvitað hægt að nefna mun fleiri dæmi um það að stofnanir virðist vera áskrifendur að fjáraukalögum. Við skulum nefna nokkur dæmi úr þeim ráðuneytum sem þær stofnanir sem ég nefndi áðan heyra ekki undir. Í landbrn. hefur öll þessi ár Landgræðsla ríkisins komið við sögu. Í sjútvrn. hefur liðurinn Ýmis verkefni alltaf komið við sögu. Í dóms- og kirkjumrn. hefur þjóðkirkjan alltaf komið við sögu og það er eðlilegt þegar slíkur liður er nefndur að velta fyrir sér skýringum. Auðvitað er hluti af þessu eðlilegur, þ.e. ef verið er að dæma um laun o.s.frv. að það komi í fjáraukalögum, en að stofnanir skuli ár eftir ár vera þarna nefndar er ekki hægt að skýra með þeirri skýringu einni saman.

Í félmrn. svo dæmi sé tekið af handahófi er Ábyrgðarsjóður launa á hverju einasta ári með mismunandi háar upphæðir, en ætíð háar. Í samgrn. er aðalskrifstofa ráðuneytisins einnig öll þessi þrjú ár, í iðnrn. iðnaðarrannsóknir og stóriðja, í viðskrn. Löggildingarstofa og þannig mætti áfram halda því dæmin eru því miður allt of mörg.

Herra forseti. Það er eðlilegt að velta því fyrir sér hvað veldur þegar slíkur fjöldi stofnana virðist vera áskrifandi að fjáraukalögum. Skyldu þó ekki aðrar stofnanir ýmsar búa við svipuð skilyrði? Og hvaða reglur gilda þá um það hvaða stofnanir koma inn á fjáraukalög og hverjar ekki? Við hvað er miðað? Er hugsanlega gert upp á milli stofnana? Hvernig er það þá gert? Gildir jafnræði á milli stofnana ríkisins þegar horft er til fjáraukalaga? Því miður, herra forseti, er ýmislegt sem bendir til að svo sé ekki.

Herra forseti. Fyrsti minni hluti fjárln. hefur ítrekað bent á þennan vanda sem hér hefur verið um fjallað. Í nýlegu viðtali við framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins kemur fram að mikil frávik ár eftir ár á milli fjárlaga og ríkisreiknings veki upp spurningar um stjórn ríkisfjármála. Í viðtalinu segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það getur ekki staðist að það sé allt með felldu þegar viðbótarfjárheimildir eru viðvarandi sem svo stór hluti heildarfjárveitinga. Þá reynast fjárlögin ansi marklítil."

Herra forseti. Þetta eru auðvitað mjög alvarleg orð og þegar þau eru mælt af framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins ber auðvitað að hlusta af þeirri einföldu ástæðu að þau samtök hafa eðlilega áhyggjur af framvindu efnahagsmála og það er ekki síst nú í árslok 2003 sem eðlilegt er að menn velti fyrir sér þróun efnahagsmála. Við erum að sigla inn í skeið þar sem mikilvægt er að allt sé notað sem tiltækt er til þess að verjast afleiðingum yfirvofandi þenslu og það er eðlilegt að samtök eins og Samtök atvinnulífsins hafi áhyggjur af því ef fjárlög ár eftir ár eru marklaust plagg af þeirri einföldu ástæðu að þau eru notuð við spádóma um framvindu efnahagsmála. Því miður, herra forseti, held ég að framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hafi of mikið til síns máls.

Til að fjárln. hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok þess árs sem til umfjöllunar er í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingar til rekstrar stofnana á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu þeirra um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því tilgangslaust er að flytja skuldir yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið

að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Í áðurnefndri reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta kemur fram að markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a.: „Falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997.“ Í 33. gr. laganna, þ.e. fjárreiðulaganna, er kveðið á um að fjmrh. sé skylt að gera fjárln. grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frv. til fjáraukalaga. Herra forseti. Ljóst er að eftir þessum lagaákvæðum hefur ekki verið farið því fjárln. hefur yfirleitt ekki verið gerð grein fyrir ófyrirséðum greiðslum.

Herra forseti. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 er sérstaklega fjallað um þessi vandamál. Þar kemur fram að 109 af 510 fjárlagaliðum, eða um 20%, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerðinni um framkvæmd fjárlaga. Þetta eru svipaðar tölur og á árinu 2001 en þá fóru 105 af 511 fjárlagaliðum fram yfir 4% mörkin. Ástandið hefur því ekki batnað að þessu leyti milli ára. Þessum stofnunum hefur hvorki verið gert að draga úr kostnaði né þeim tryggðar auknar fjárheimildir og hefur ákvæðum reglugerðar um framkvæmd fjárlaga því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Í raun má segja að þrenn fjárlög ákvarði heimildir á næsta ári. Í fyrsta lagi fjárlög fyrir árið 2004, fjáraukalög fyrir árið 2003 og síðan lokafjárlög fyrir árið 2003 þar sem m.a. eru tíundaðar færslur á fjárheimildum á milli ára. Millifærslur fjárheimilda á milli ára eru komnar langt út fyrir það sem eðlilegt má teljast. Vissulega er eðlilegt að stofnanir geti flýtt eða frestað verkefnum og flutt fjárheimildir á milli ára með tilliti til þess, en þegar farið er að nota þessar millifærslur til að fresta því að takast á við vanda einstakra stofnana svo árum skiptir er nauðsynlegt að takmarka þessa heimild framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Ýmis dæmi virðast sérkennileg og er eðlilegt að óska eftir skýringum á þeim. Ég tek eitt lítið dæmi af handahófi sem ekki snertir á nokkurn hátt verkefni þess fjárlagaliðar. Hér er um að ræða ofanflóðasjóð. Staða ofanflóðasjóðs í árslok 2002 var þannig að hann átti eigið fé upp á einn milljarð króna. Í fjárlögum fyrir árið 2003 voru útgjöld áætluð 198 millj. kr. Fram kemur í fjáraukalagafrv. að samningsbundnar framkvæmdir á árinu 2003 hafi verði upp á 752 millj. kr. Nú er gerð tillaga um 555 millj. kr. fjárveitingu.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að þessar tölur verði útskýrðar við þessa umræðu. Og ef ekki, a.m.k. síðar í fjárln.

Herra forseti. Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvað fór úrskeiðis, hvorki af hálfu fjármálaráðherra né heilbrigðisráðherra. Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn seig á ógæfuhliðina á árinu 2002. Sambærilegar tölur fyrir árið 2002 sýna 20 stofnanir með halla upp á 1,8 milljarða kr. Rekstrarvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss nam 798 millj. kr. í árslok 2002 og á þessu ári þarf að bæta við tæpum 2 milljörðum kr., þar af eru 1,6 milljarðar kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Frá árinu 2001 hefur þessi stofnun fengið 4,5 milljarða kr. á fjáraukalögum. Þá má benda á að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur fengið rúmar 364 milljónir kr. á fjáraukalögum á sama tíma.

Herra forseti. Ekki er langt um liðið síðan Samtök atvinnulífsins tóku saman tölur um heilbrigðiskerfið. Það væri fróðlegt að heyra frá fulltrúum meiri hluta fjárln. hvort meiri hlutinn vefengi þær tölur sem fram hafa verið lagðar. Þær eru auðvitað stóralvarlegar ef réttar eru. Ég vil minnast örlítið á umfjöllun Samtaka atvinnulífsins um heilbrigðiskerfið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er gagnrýnt að ár eftir ár skuli niðurstaða ríkisreikningsins vera víðs fjarri þeim ramma sem fjárlög ákveða einungis 1–13 mánuðum áður.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Um helmingur heilbrigðisstofnana fór á fimm ára tímabili að meðaltali 21,2% fram úr fjárlögum.“

Og að lokum segir, með leyfi forseta:

„Að mati SA eiga raunhæfar áætlanir og ákvarðanir um verkefni og forgang að liggja til grundvallar fjárlögum. Heilbrigðismálin eru veikasti hlekkurinn í fjármálastjórn ríkisins og þar verður að finna betri leiðir en nú tíðkast til að treysta framkvæmd fjárlaga í sessi.“

Herra forseti. Þetta er auðvitað athyglisverð orð en fleiri hafa bent á að eitthvað þurfi að gera í heilbrigðiskerfinu. Það er ekki langt síðan að Ríkisendurskoðun skilaði ársskýrslu fyrir árið 2002, skýrslu sem var til umræðu í þessum sölum fyrir stuttu. Í þeirri skýrslu kemur fram sú skoðun Ríkisendurskoðunar að meginvandi heilbrigðiskerfisins á Íslandi sé sá að stjórnvöld skorti stefnu í heilbrigðismálum.

Það er afar athyglisvert, herra forseti, þegar ýmsir ágætir hv. þm. koma upp í þennan stól eða tala í fjölmiðlum um að Samf. hafi á landsfundi sínum nálgast stefnu þeirra. Það hefur verið stimplað af Ríkisendurskoðun að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki stefnu í heilbrigðismálum. Þess vegna er þetta að hluta til rétt hjá hv. þingmönnum. Á landsfundi Samf. var ákveðið að fara yfir málaflokkinn og móta stefnu. Það er því ekkert óeðlilegt að hv. þingmenn telji að Samf. hafi verið að nálgast stefnu þeirra með því að ákveða að fara að skoða kerfið og móta stefnu. Það er málið, að við teljum nauðsynlegt að endurskoða stefnu okkar. Ég held að það væri nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnarflokka sem setið hafa við völd allt of lengi að átta sig á því að líklega fer þar hver að verða seinastur að móta stefnu (**LB:** Að kanínan dugi ekki.) áður en valdatíma þeirra lýkur.

Herra forseti. Það er ljóst að kanínan mun ekki duga ríkisstjórninni nema hugsanlega til áramóta. (Gripið fram í.) Hæstv. heilbrrh. er reyndar horfinn úr salnum. Hann var hér en er hugsanlega að leita að hatti sínum og vona ég að hann finni eitthvað í þeim ágæta hatti.

Herra forseti. Fleiri málaflokkar en heilbrigðismál hafa verið í miklum vanda. Mörgum menntastofnunum hefur nánast verið haldið í herkví undanfarin ár af menntamálaráðuneytinu og lítið verið gert til að leysa þeirra vanda. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 kemur fram að 13 framhaldsskólar fóru meira en 4% fram úr fjárheimildum á því ári en

þeir voru 11 árið á undan. Útgjöld þessara skóla umfram fjárheimildir voru samtals 661 millj. kr. á árinu 2002. Á móti vegur að safnliðurinn Framhaldsskólar, almennt var með jákvæða stöðu að fjárhæð 206 millj. kr. Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er gert ráð fyrir 180 millj. kr. til að mæta rekstrarhalla framhaldsskólanna. Ljóst er að þessar ráðstafanir duga engan veginn til að vinna á rekstrarvanda skólanna. Fyrsti minni hluti hefur óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að það upplýsi um skiptingu þessa fjár á milli einstakra skóla en þær upplýsingar hafa enn ekki borist.

Herra forseti. Um þetta gildir hið sama og ég hef áður minnst á í ræðu minni. Sífellt virðist erfiðara að fá upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu um það sem óskað er eftir í fjárln.

Að mati 1. minni hluta sýna ýmsar tillögur þessa frumvarps að rekstrargrundvöllur margra stofnana, eins og hann birtist í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004, er brostinn og ljóst að verulegar breytingar þarf að gera á því frumvarpi. Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að fyrir 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 verði lagðar fram upplýsingar sem sýna ótvírætt að rekstur stofnana á árinu 2004 sé tryggður. Annað er blekkingarleikur sem leikinn hefur verið of lengi og getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir rekstur einstakra stofnana sem og efnahagslífið í heild. Marklítil fjárlög í fallegum umbúðum hafa einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr. Til að þeim leik linni þarf að stórefla eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Herra forseti. Ég hef farið yfir nál. 1. minni hluta fjárln. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í fjárln., er samþykkur þessu nál. en auk mín undirrita nál. hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson.

[14:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir ræðu hans og greiningu á fjáraukalagafrv. því sem hér liggur fyrir. Í ræðu hv. þm. kom skýrt fram að hann telur að togstreita hafi verið milli Alþingis annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar. En þegar á ræðuna leið þá hafði það nú verið í reynd þannig að þingmennirnir hafi flestir verið tamdir, jafnvel hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

Mig langar að heyra betur frá hv. þm. hvað hann á við. Er hann í reynd að segja, er það greining hans á þessari stöðu, að það sé hlutverk fjárln. að stimpla tillögur ríkisstjórnarinnar og ekkert annað? Er hann í raun að segja að þær hugmyndir sem frá ríkisstjórninni koma séu einfaldlega afgreiddar? Er þar með hægt að staðfesta yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að ríkisstjórnin geti gefið hvaða vilyrði sem er varðandi útgjöld því þeir muni ætíð fá stimpilinn hjá meiri hluta þingsins? Það væri, virðulegi forseti, afar alvarlegt mál.

Hv. þm. virtist tala af mikilli þekkingu þegar hann ræddi um agaleysi hjá ríkisvaldinu hvað varðar meðferð fjármuna. Ef veruleikinn er sá að þingið veiti heldur ekki það aðhald sem það á að veita þá tel ég að við séum í mjög alvarlegri stöðu sem nauðsynlegt er að skoða betur.

[14:56]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir þær spurningar sem hann kom fram með. Í nál. er ekki hægt að tína allt til og eðlilegt, ef eitthvað hefur ekki verið fyllilega ljóst, að út í það sé spurt.

Hv. þm. dregur að ég held réttar ályktanir af orðum mínum. Ég tel það alvarlegasta ástandið í stjórnafarinu að aðhald Alþingis skortir gagnvart framkvæmdarvaldinu, sérstaklega hvað varðar fjármál ríkisins. Orðaval hv. þm., þegar hann segir að í raun sé verið að stimpla tillögur ríkisstjórnarinnar, er því miður allt of nærri sannleikanum.

Þetta minnir, herra forseti, oft á tíðum á vinsæla breska þætti sem hétu „Já, ráðherra". Einhvern veginn er það þannig að megnið fer sjálfvirkt í gegn. Ég verð að segja, herra forseti, að það var ekki tilviljun að ég nefndi dæmið um hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Hv. þm. var manna vaskastur, m.a. á árunum 1999. Það var einmitt dæmið sem ég tók í ræðu minni um aðhald sem farið var af stað með og ég hafði fulla trú á að mundi fara vaxandi. En því miður, herra forseti, eins og ég sagði í ræðu minni, er engu líkara en að sumir hv. þm. hafi verið tamdir. Það hefur mikið breyst frá árinu 1999 varðandi aðhaldið.

Dæmið sem ég tók held ég að hafi sýnt og sannað að það er allt annar tónn hjá stjórnarmeirihlutanum í fjárln. en var árið 1999. Hvort þar er um tamningu að ræða eða eitthvað annað ætla ég ekki að fullyrða. Það var aðeins nokkuð sem ég hugsaði upphátt.

[14:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að álit 1. minni hluta er áfellisdómur yfir ríkisstjórninni og yfir störfum meiri hluta Alþingis. Ég vil einnig beina til hv. þm. spurningunni um hvernig hann í raun meti það og hver eigi að bera hina pólitísku ábyrgð þegar ríkissjóður verður líklega gerður upp með 6,5% framúrkeyrslu. Telur hann að það sé ásættanlegt?

Telur hv. þm., í ljósi þess sem hann hefur sagt, að agaleysi í ríkisfjármálunum sé mjög mikið og þingið beiti ekki þeim aga sem nauðsynlegt er? Maður hlýtur að spyrja: Hver ber ábyrgð á þessu öllu saman? Hver ber ábyrgð á þessari framúrkeyrslu og hver ber ábyrgð á þessu ráða- og agaleysi í ríkisfjármálum? Fróðlegt væri að heyra sjónarmið hv. þm. í þeim málum.

[15:00]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að hin pólitíska ábyrgð er að sjálfsögðu hjá Alþingi. Hið sorglega er í þessu ferli öllu saman að þannig skuli vera búið að temja ríkisstjórnarmeirihlutann á þinginu að hann reyni ekki einu sinni að lyfta litla fingri til að koma aga á þessi mál.

Herra forseti. Leiðrétta verður hv. þm. þegar hann talaði um að það hefði komið fram í máli mínu að hugsanlega yrði um 6,5% framúrkeyrslu að ræða. Það fer auðvitað eftir því hvernig við horfum á þá tölu. En það er ekki það sem blasir við, enda er umræðu um fjáraukalögin ekki einu sinni lokið. Hins vegar benti ég á að það er 6,5% aukning frá samþykkt fjárlaga og það er auðvitað svolítið önnur tala.

Herra forseti. Vegna þessa andsvars hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar er rétt að benda á að ákvörðun hefur verið tekin um það og að minni hyggju er full ástæða til þess að breyta vinnubrögðum í fjárln. Verið er að vinna þar vinnu sem ég vona að verði komin í gagnið næsta haust. Það er auðvitað ekki bara vegna þess að ég tala hér sem fulltrúi stjórnarandstöðu og sé að gagnrýna ríkisstjórnarmeirihlutann, þetta er miklu alvarlegra mál en það. Og þetta er

sérstaklega alvarlegt eins og ég nefndi í ræðu minni vegna þeirrar einföldu ástæðu að við erum að sigla inn í ástand í efnahagsmálum þar sem agi í ríkisfjármálum skiptir gífurlegu máli, þar sem áætlunargerð í ríkisfjármálum skiptir gífurlegu máli, þar sem menn eiga að geta treyst því að fjárlagafrv. og fjárlög séu ekki bara glanspappír, heldur eitthvað sem taka má mark á.

[15:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson dró fram í máli sínu og vitnaði í tölur sem komu frá Samtökum atvinnulífsins og taldi það til marks um rekstrarafkomu heilbrigðisstofnana og vildi fá álit meiri hluta fjárln. á því máli. Ég ætla að tala fyrir mína hönd og lýsa því yfir að ég hef ekki mikið álit á þessu yfirliti vegna þess að mjög alvarlegar athugasemdir hafa komið fram við þetta plagg sem kom frá Samtökum atvinnulífsins, þar sem svo virðist sem ekki sé tekið tillit til ýmissa hluta sem þar bæri að taka tillit til. Og ég veit að hv. þm. veit hvað ég á við. Ég vil þess vegna snúa spurningunni við og spyrja hv. þm. hvert álit hans sé á framsetningu Samtaka atvinnulífsins varðandi afkomu heilbrigðisstofnana.

[15:03]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það verður að þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir hreinskilnina. Hv. þm. hefur ekki mikið álit á þessari umsögn Samtaka atvinnulífsins og bendir á að það hafi vissulega ýmislegt misfarist hjá þeim í byrjun. En, herra forseti, tilvitnanir mínar voru hins vegar í endurgerðan pappír, getum við sagt, þar sem verið er að svara raunverulega þeim athugasemdum sem gerðar voru. Ljóst er að Samtök atvinnulífsins bera saman það sem samþykkt er í fjárlögum og síðan það sem kemur út úr ríkisreikningi. Og það er rétt að Samtök atvinnulífsins taka ekki inn í það sem verið er að samþykkja í fjáraukalögum o.s.frv. Það er því ekki verið að bera saman það sem menn hafa heimildir fyrir við það sem síðan er útkoman, heldur það sem lagt er fyrir í fjárlögunum.

Ég held, hv. þm., að þetta séu mjög alvarlegar athugasemdir frá Samtökum atvinnulífsins sem okkur beri að taka alvarlega vegna þess eins og ég sagði í ræðu minni að Samtök atvinnulífsins eru auðvitað samtök sem eru að velta fyrir sér þróun efnahagsmála. Það er vissulega mjög alvarlegt þegar svona mikill munur er á samþykktum fjárlögum og síðan ríkisreikningi og það sýnir að hluta til agaleysi. Það sýnir að hluta til skort á áætlunargerð. Það eru alvarlegir hlutir.

Ég held að við eigum að taka þetta mjög alvarlega. Og það er einmitt niðurstaðan hjá Samtökum atvinnulífsins þegar þeir eru búnir að fara yfir og rétta þetta af, að veikasti hlekkurinn í fjármálakerfi ríkisins séu umframkeyrslur í heilbrigðismálum.

Herra forseti. Það má ekki misskilja þetta á þann hátt að það sé vegna þess að verið sé að fara illa með fjármuni í heilbrigðismálum. Það er allt annar handleggur. Þetta er vegna þess eins og fram kom í ræðu minni að áætlanir standast ekki og verið að fela eða blekkja, ég veit ekki hvort skárra er, það er a.m.k. ekki verið að fjalla um raunveruleikann í fjárlögum undanfarin ár, því miður.

[15:05]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að reyna að útskýra málstað Samtaka atvinnulífsins. En þegar menn fjalla um afkomu heilbrigðisstofnana eða einhverra annarra stofnana verða menn auðvitað að taka tillit til ýmissa þátta sem koma til á rekstrarárinu. Ekki er nóg að líta til samþykktra fjárlaga og ríkisreiknings varðandi viðkomandi stofnanir. Ég veit að hv. þm. þekkir það að á hverju ári verða t.d. breytingar á launum starfsmanna og fjmrn. hefur tilteknar heimildir í fjárlögum til að bæta viðkomandi stofnunum upp launabreytingar. Þeir liðir koma ekki fram í fjárlagalið viðkomandi stofnunar þegar fjárlög eru samþykkt, heldur er þetta hlutur sem kemur til á rekstrarárinu. Ég nefni þetta sem dæmi til að skýra það að ég tel að óraunhæft sé að reyna að meta afkomu stofnana með þeim hætti sem þarna er gert. Það er það sem ég er að benda á.

Ég geri mér grein fyrir því sem hv. þm. nefndi að þarna er um að ræða samanburð á samþykktum fjárlögum annars vegar og hins vegar ríkisreikningi. En ég verð að segja að mér finnst það mjög einkennileg aðferð til að reyna að draga fram raunverulega rekstrarafkomu stofnana út frá fjárlögum vegna þess að menn verða auðvitað að taka tillit til hinna ýmsu þátta sem koma til í ríkisrekstrinum og ég veit að hv. þm. þekkir það.

[15:07]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að við metum ekki afkomu heilbrigðisstofnana út frá slíkum samanburði. Ég benti hins vegar á hinn þáttinn, þ.e. skortinn á því að fjalla um raunveruleikann í fjárlögum. Ég er sammála því mati Samtaka atvinnulífsins að ekki er eðlilegt að ár eftir ár eftir ár séu sömu stofnanir á fjáraukalögum. Það eru vissulega skýringar á því á einstökum árum og dæmi sem hv. þm. nefndi t.d. launamál. Auðvitað eru þær skýringar einstaka sinnum. En það getur ekki staðist að sömu stofnanir, sami hópur stofnana, eigi að vera á fjáraukalögum ár eftir ár. Þá er eitthvað að. Og því miður, frú forseti, held ég að það sé í áætlunargerðinni eða einbeittum vilja til þess að horfa ekki á raunveruleikann. Það er auðvitað mjög alvarlegt.

Þess vegna held ég, frú forseti, að við eigum að taka ábendingar Samtaka atvinnulífsins alvarlega vegna þess að þetta er alvarleg umræða af þeirri einföldu ástæðu eins og ég nefndi í ræðu minni að það eru ýmsir sem taka mið bæði af fjáraukalagafrv. og fjárlögum þegar þeir eru að meta ýmsar hagstærðir og þróun þeirra inn í framtíðina. Þetta er ekki síður mikilvægt nú þegar við erum að sigla inn í þróunarskeið í efnahagsmálum. Það er því ljóst, frú forseti, og ég trúi ekki öðru en að ýmsir hv. þm. séu sammála því sem ég er að segja og ég trúi því að við munum ræða þetta alvarlega áfram í fjárln. og að sú vinna sem þar er hafin um breytt vinnubrögð muni m.a. taka mið af þessari niðurstöðu Samtaka atvinnulífsins.

[15:09]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Fjáraukalagafrv. hið síðara kemur nú til 2. umr. Í frumvarpi til seinni fjáraukalaga fyrir árið 2003 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúma 8 milljarða kr. Enn fremur liggja fyrir tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um aukin útgjöld sem nema rúmum 4,1

milljarði kr. Samtals liggja því fyrir tillögur um 12,1 milljarðs kr. aukningu á fjárlögum ársins 2003 í því frumvarpi til fjáraukalaga sem hér er borið fram. Áður hefur Alþingi samþykkt að auka útgjöld ríkissjóðs um samtals 4,7 milljarða kr. frá því sem ákveðið var í fjárlögum. Það stefnir því í aukningu útgjalda um 16,8 milljarða kr. frá því að fjárlög voru samþykkt fyrir um ári síðan.

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir þörfinni hverju sinni. Í reyndinni er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. En í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.

Þau fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarpið kveður á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, voru að stórum hluta fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga fyrir ári. Svo virðist sem meiri hluti Alþingis hafi kosið að horfast ekki í augu við þann vanda og þá fjárþörf sem raunverulega var fyrir hendi, bæði innan menntakerfisins og heilbrigðiskerfisins, e.t.v. til þess að láta fjárlögin líta betur út og skila afgangi á kosningaári. Slík vinnubrögð, virðulegi forseti, eru afar ótrúverðug og eiga ekki að líðast ef það er ástæðan.

Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hef ég tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs en þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd tæki þau mál til meðferðar og legði fram fjáraukalagafrumvarp sem yrði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum, eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Virðulegi forseti. Enn fremur hefur flutningsmaður lagt til að vinnunni við fjárlagagerðina verði breytt. Nú hefst undirbúningur að fjárlagavinnu hvers árs á fyrri hluta ársins á undan, þ.e. í apríl. Vegna þessa væri rétt að ríkisstjórnin legði fram frumvarp eða ramma að fjárlögum næsta árs fyrir þinglok og það yrði rætt áður en vorþingi lyki. Í raun yrði þar samþykktur ramminn sem unnið yrði eftir við undirbúning fjárlaga næsta árs. Eftir slíka meðferð þingsins gæti framkvæmdarvaldið síðan haldið áfram að undirbúa fjárlagafrumvarpið sem fjármálaráðherra legði síðan fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í upphafi haustþings. Með þessu móti væri fjárlagafrumvarpið unnið í meiri samvinnu við Alþingi en nú er og á eðlilegri ábyrgð þess.

Þegar fjáraukalög undanfarinna ára eru skoðuð sést að oft fá sömu stofnanir eða fjárlaganúmer aukafjárveitingu. Þetta vekur upp spurningar um vinnubrögð við fjárlagafrumvarpið. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að fjárlaganefndin fái fullan aðgang að fjárlagatillögum einstakra stofnana og að þær hafi fullt frelsi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fjárlaganefnd. Flestar stjórnsýslustofnanir gegna víðtæku hlutverki í að framfylgja ákvæðum laga og veita skilgreinda þjónustu á grundvelli þess lagaramma sem stofnunum og forstöðumönnum þeirra ber að fara eftir. Gerist það æ ofan í æ að sömu stofnanir eða ráðuneyti þurfi aukin framlög án þess að skilgreindum verkefnum þeirra fjölgi er brýnt að fjárlaganefnd hafi ótakmarkaðan aðgang að öllum gögnum sem snerta fjárlagagerðina.

Ef stofnanir fá síðan minna en þær telja sig þurfa til að sinna lögboðnum verkefnum er nauðsynlegt að svara því strax hvernig þær eigi að bregðast við, hvort t.d. eigi að draga úr þjónustu.

Það að ráðuneyti mæli gegn því að forstöðumenn einstakra stofnana komi að eigin frumkvæði á fund fjárlaganefndar er bein valdníðsla sem hæpið er að standist lög sem lúta að réttindum og skyldum forstöðumanna. Félag forstöðumanna og stéttarfélög þeirra ættu að taka á þessu máli með beinum hætti. Mikilvægt er að fjárlaganefnd og Alþingi beiti fullri hörku í að kveða þessa valdníðslu niður sem hefur verið til umræðu í þinginu, bæði í dag og í gær, þ.e. að einstök ráðuneyti skrifi stofnunum sínum og meini þeim eða leggjast gegn því að þær komi fyrir fjárlaganefnd til þess að greina frá stöðu sinni og þörfum. Að öðrum kosti, takist ekki að kveða þessa valdníðslu framkvæmdarvaldsins niður, stefnir í fullkomna ráðstjórn framkvæmdarvaldsins en Alþingi situr eftir sem hrein afgreiðslustofnun. Er það það sem við viljum? Nei, virðulegi forseti, alls ekki.

Ein ástæða þessa er að staða Alþingis, einstakra þingnefnda og þingmanna er afar veik hvað varðar möguleika til sjálfstæðrar vinnu við mat á efnahagsforsendum og fjárlagagerð. Eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður verður þingið í veigamiklum atriðum að treysta á tölur og mat framkvæmdarvaldsins sjálfs á þróun efnahagsmála og grunnforsendum fjárlagagerðarinnar. Þessi staða, virðulegi forseti, er gjörsamlega óviðunandi og veikir stöðu þingsins í vinnu sinni. Það er því brýnt að úr því verði bætt.

Virðulegi forseti. Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af fjársýslu menntamálaráðuneytisins, einkum gagnvart framhaldsskólunum. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt að framhaldsskólar eru ár eftir ár látnir bera halla, þ.e. skuld milli ára. Þverskallast hefur verið við að viðurkenna óumflýjanlegan rekstrarkostnað þeirra. Á þetta einkum við framhaldsskóla í dreifbýli sem reka heimavistir og eru með umtalsvert verknám en mismarga nemendur í árgangi eftir greinum. Einnig á þetta við um stóru framhaldsskólana eins og Menntaskólann í Kópavogi og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á reiknilíkani og staða verknámsskólanna þannig að hluta leiðrétt, voru breytingarnar ófullnægjandi og í stað þess að aukið fjármagn kæmi inn í framhaldsskólann var fé einungis fært á milli námsbrauta.

Framhaldsskólinn er einn veikasti hlekkur skólakerfisins og því er fullkomið ábyrgðarleysi að taka ekki á fjárhagsvanda hans.

Það verður áfram unnið að tillögum fyrir 3. umr. til að bæta hlut framhaldsskólanna og ég hef krafist þess að þá

verði ljóst hvernig því fjármagni, sem ætlað er að rétta fjárhag framhaldsskólanna, verði skipt á einstaka framhaldsskóla og vona ég að það liggi ljóst fyrir við 3. umr.

Í frumvarpi til fjáraukalaga er lagt til að 170 millj. kr. verði veittar til úreldingar sauðfjársláturhúsa, sérstaklega þeirra sem ekki uppfylla skilyrði til útflutnings. Að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs getur það verið skynsamlegt að ríkisvaldið komi einstaka sinnum til hjálpar til þess að styrkja ákveðnar byggðaaðgerðir eða auka hagkvæmni í ákveðnum atvinnugreinum, en það ber að fara mjög varlega í þeim efnum. Tillagan um úreldingu sláturhúsa er að mínu mati mjög illa undirbúin. Það er alltaf vandi ef fara á að ganga með ríkisfjármagnið til þess að úrelda burt atvinnutækifæri í byggðum landsins án þess að nokkuð komi í staðinn.

Ekki liggur fyrir nein sérstök stefnumörkun um fyrirkomulag slátrunar og kjötiðnaðar í landinu. Hér vantar alla framtíðarsýn af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það getur ekki verið skynsamlegt að heilu landshlutarnir, eins og allt Vesturland og Vestfirðir, séu án sláturhúss. Það er nú því miður svo að í hagræðingarfárinu sjást menn ekki fyrir. Lítil sláturhús sem mönnuð eru starfsfólki úr nágrannabyggðum skipta miklu máli fyrir tekjuöflun íbúa viðkomandi héraðs. Þau hafa jafnframt oft reynst hagkvæmustu einingarnar í rekstri. Við lokun þeirra færast verkefnin í örfá stór sláturhús þar sem manna verður störfin tímabundið með erlendu vinnuafli. Tekjurnar sem urðu til við þessi störf, hverfa þá úr landi. Flutningskostnaður verður óhóflegur, hætta er á dreifingu smits þegar fé er flutt yfir varnarlínur og flutningur sláturfjár um langan veg jaðrar við brot á lögum um meðferð á dýrum.

Þó að Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagni sérstöku framlagi upp á 140 millj. kr. til að bæta erfiða afkomu í sauðfjárbúskap og styðja við sauðfjárbændur sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna versnandi stöðu búgreinarinnar í kjölfar verðlækkana á kjötmarkaði, þá óskar hún eftir raunverulegri framtíðarsýn og framtíðarlausnum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Í henni er lagt til að Alþingi kjósi nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við að móta nýjan grundvöll fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.

Það er einlæg von mín að þessi þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs nái fram að ganga, því þetta verkefni er afar brýnt og mikilvægt að þingið eigi aðild að svo alvarlegu og mikilvægu máli sem hér um ræðir.

Fjárhagsvandi heilbrigðisstofnana fer ekki minnkandi. Í lok ársins 2001 voru útgjöld þeirra umfram fjárheimildir rúmar 1.151 millj. kr. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002“ eru útgjöld heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir rúmar 1.366 millj. kr. Fjárhagsvandi þeirra hefur því aukist um 215 millj. kr. á milli áranna. Ljóst er að taka þarf á þessum vanda. Ár eftir ár eru samþykktar aukafjárveitingar til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Við fjárlagagerðina í fyrra benti Vinstri hreyfingin – grænt framboð á að ekki hefði komið nægjanlega skýrt fram hvað olli framúrkeyrslu á spítalanum. Aftur er lagt til að auka fjárveitingu til spítalans upp á tæpa 2 milljarða kr. án þess að skýringar á endurtekinni framúrkeyrslu fáist. Nokkuð ljóst virðist þó vera að um er að ræða sambland af skipulagsleysi af hálfu stjórnvalda á undanförnum árum og óraunhæfum fjárveitingum. Þvert á opinbera stefnu í heilbrigðismálum hefur heilbrigðisþjónustan markvisst þróast í tvöfalt kerfi, kerfi einkavæddrar sérfræðiþjónustu annars vegar og opinberrar heilsugæslu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hins vegar. Opinberar stofnanir verða eðlilega að halda kostnaði sínum innan fjárlagaramma. Þegar rekstrarkostnaður eykst hafa þær aðeins það ráð að vísa verkefnum út af sjúkrahúsunum. Þar taka við sérfræðingar á einkareknum stofum, sem geta sent reikninga sína nánast sjálfvirkt til Tryggingastofnunar. Þannig byggist upp tvöfalt heilbrigðiskerfi um sömu grunnþættina sem gerir þróun heilbrigðiskerfisins handahófskennda og ómarkvissa og veldur því að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hækkar. Mikilvægt er að snúa af braut einkavæðingar í heilbrigðismálum sem núverandi ríkisstjórn hleypti af stað og hefur stóraukist undanfarin ár. Að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er mikilvægt að byggja upp heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni svo að þær geti veitt sem besta staðbundna þjónustu og eftirmeðferð. Landspítali – háskólasjúkrahús á fyrst og fremst að byggjast upp sem hátæknispítali og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á að sérhæfa sig sem hátæknispítali á sérstökum sviðum. Heilbrigðiskerfið þarf að starfa sem ein heild. Það gengur ekki að fjöldi fólks sé án heilsugæslulæknis og leiti því á náðir sérfræðinga. Það gengur ekki lengur að ýta vandanum á undan sér.

Það má ekki gerast að rekið verði tvöfalt heilbrigðiskerfi, annars vegar fyrir ríka og hins vegar fyrir fátæka. Hér þarf markvissa stefnu og aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

Fjáraukalagafrumvarpið er nú afgreitt til 2. umr. en eftir er að ganga frá endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 2003 sem verður gert við 3. umr.

Þá er eftir að ljúka athugun á stöðu framhaldsskólanna og skiptingu fjár til einstakra skóla, svo og að athuga þörf á auknum framlögum til heilbrigðisstofnana, öldrunar- og daggjaldastofnana, og skiptingu fjár. Ég vil enn fremur benda á að fjárhagsstaða sumra sveitarfélaga er mjög slæm og breyttar reglur um úthlutun fjár úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auka þann vanda. Á undanförnum árum hefur bráðavandi sveitarfélaga sem verst hafa verið sett verið leystur með sérstökum framlögum til jöfnunarsjóðs á fjáraukalögum, t.d. fólksfækkunarframlögum. Ljóst er að grípa þarf til hliðstæðra ráðstafana nú til að styrkja og koma til móts við erfiðan fjárhag margra sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 getur tekið umtalsverðum breytingum fyrir 3. umr., þetta er aðeins einn áfangi. Þá verður tekið á fjáraukamálunum, bæði breytingum á teknahlið fjáraukalagafrumvarpsins og heildarbreytingum á gjaldahlið þess þegar þessar tölur liggja endanlega fyrir við 3. umr.

[15:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að mörgu að hyggja þegar rætt er um ríkisfjármál Íslands. Það vill nú þannig til að engin þjóð í heiminum ver hærra hlutfalli þjóðartekna sinna til

heilbrigðismála en Íslendingar. Allir flokkar hafa allan tímann, í áratugi, og margar kynslóðir staðið saman um þessa samhjálp. Aldrei verið um það pólitísk deila. Ísland sker sig úr öðrum þjóðum Evrópu að því leyti að hlutur einstaklinga í heilbrigðisþjónustunni er lægri hér en í öllum öðrum Evrópuríkjum.

Hér er hlutur einstaklinga um 1,4%, á sama tíma og í öllum Evrópuríkjum eru einstaklingar að borga yfir 2% af landsframleiðslu. Þetta er staðreynd sem menn eiga að kunna.

Þó að það megi margt um ríkisfjármál Íslands segja, hljóta að vera einhver takmörk fyrir því hvers konar fjarstæðu menn láta út úr sér. Svo kemur hér einn hv. þm., herra forseti, og segir að á Íslandi sé tvöfalt heilbrigðiskerfi, annað fyrir hina ríku, hitt fyrir hina fátæku. Hvernig í veröldinni má það vera — hvaða nauð er það sem rekur hv. þm. til að segja aðra eins fjarstæðu?

[15:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir það sjónarmið hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að það eigi að vera markmið okkar Íslendinga að standa vörð um félagslegt heilbrigðiskerfi, það eigi að vera grundvallarmarkmið og ekki eigi að taka neina áhættu í því. Hins vegar verð ég að leiðrétta hv. þm. að Íslendingar verja ekki hæsta hlutfalli þjóðartekna sinna til heilbrigðisþjónustu af löndum í heiminum. Ég held, eftir því sem mig minnir, að meira að segja Bandaríkin séu með hærra hlutfall en jafnframt er heilbrigðisþjónustan þar orðin tvískipt þannig að stór hluti þjóðarinnar hefur í rauninni ekki neinn aðgang að heilbrigðiskerfi.

Því eru þessi varnaðarorð höfð uppi hér að við þróumst ekki inn í sama kerfi og (**Gripið fram í:** Ertu að draga í land?) þar er. Nei, alls ekki og veit ekki annað heldur en að herða í. En í ræðu minni sagði ég, með leyfi forseta, að það megi ekki gerast að hér verði rekið tvöfalt heilbrigðiskerfi, að það þróist í þá veruna. Það er að þróast í þá veru og það er hættuleg þróun.

Ég get farið hér út í að ræða við hv. þm. um hvernig tannlæknaþjónustan hefur þróast hér á síðustu árum. Tannlæknaþjónusta og tannréttingar eru að verða munaðarvara fyrir ríkt fólk. Veit hv. þm. það? Þvert á þá stefnu sem ég hélt að við mundum fylgja í samhjálp í heilbrigðisþjónustunni. Við erum að mola hana niður og ef við stöndum ekki vörð um heilbrigðisþjónustuna þá er svo auðvelt að mola hana niður, eins og heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, sem kom hér í heimsókn fyrir tveimur árum, benti á: Standið vörð um heilbrigðisþjónustuna ykkar og takið enga áhættu þar í.

[15:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Engin þjóð eyðir hærri hluta þjóðartekna sinna í heilbrigðismál en Íslendingar. Bandaríki Norður-Ameríku eyða 7% af landsframleiðslu frá hinu opinbera. Einstaklingar og tryggingafélög borga önnur 7%. Það eru samtals um 14%. Þannig að heildin í Bandaríkjunum er hærri en á Íslandi. Reyndar hafa Bandaríkjamenn í áratugi verið með mun hærri framlög til heilbrigðismála en þjóðir í Evrópu. Það stendur hins vegar að Íslendingar greiða hærra og meira í samhjálpina en nokkrir aðrir. Ég tala nú ekki um þegar við tökum tillit þess að við erum með allra tekjuhæstu þjóðum í heimi.

Það eru engin teikn á lofti og það er enginn einasti stafur fyrir því að þetta sé að breytast. Það eru ekki nokkur teikn á lofti um það. Það hafa allir staðið saman að þessu og aldrei verið deilur um það. Það er staðreynd að íslenska heilbrigðiskerfið er mjög gott. Það er hins vegar líka mjög dýrt, herra forseti. Við eigum ekki og megum ekki láta einhverja hv. þm. sem skortir pólitísk áhugamál eða eitthvað til að rífast yfir, búa til, hreinlega búa til hluti eins og þá að hér sé að þróast tvöfalt heilbrigðiskerfi, annað fyrir ríka og hitt fyrir fátæka. Þetta eru bara hugarórar sem hann getur hvergi nokkurs staðar fundið stað á Íslandi.

[15:35]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, betra að satt væri að þetta séu hugarórar. Það væri betra. Og það veit enginn hvað átt hefur fyrr en misst hefur í þessum efnum. En mér finnst hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kannski hrærast í vissum óraunveruleika. Veit hann ekki hvernig ástandið er t.d. í heilsugæslumálum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu? Hér á fólk ekki möguleika á, hundruðum eða þúsundum saman, að fá sér heimilislækni, sem er jú grunnforsenda heilbrigðisþjónustunnar. Og af hverju er það? Það er vegna þess að við erum smám saman að mola undirstöður undir samhjálp og félagslegt heilbrigðiskerfi þjóðarinnar. Grunnurinn er heilsugæslan. Grunnurinn er heimilislæknarnir. Það er það sem við erum að mola niður. Það er eins gott að við tökum þegar á og forðumst það að ganga lengra á þeirri braut.

Það er jú gott að horfa til Bandaríkjanna. Ég var þar einmitt fyrir tveim vikum. Fjórðungur Bandaríkjamanna hefur ekki aðgang að neinni heilbrigðisþjónustu og þar er verið að skera niður á allan hátt möguleika einstaklinga til þess að eiga aðgang að félagslegri heilbrigðisþjónustu. Er það þetta sem við viljum? Nei. Og einkavæðingaræði Sjálfstfl. má ekki verða til þess að hola innan heilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

[15:36]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera heilbrigðis- og tryggingamál að umræðuefni hér í fjáraukalögum fyrir árið 2003. Ég ætla ekki að fara í önnur mál varðandi fjáraukalögin. Það er nú svo að menn eru ekki öfundsverðir af að stjórna fjármálum ríkisins, það eru margir goggar sem þarf að metta og verða sjálfsagt aldrei mettir sumir hverjir. En ég ætla að fara yfir nokkur mál sem ég held að þurfi að ræða hér á Alþingi og víðar, hvert stefnir í heilbrigðismálum þjóðarinnar varðandi útgjöld.

Áður en ég tók sæti á Alþingi fyrir einum fjórum árum voru menn sýknt og heilagt að keyra fram úr í heilbrigðismálum, fyrir sex og sjö árum, og síðan hefur þetta haldið áfram. Það er alltaf verið að leiðrétta grunninn í fjáraukalögum hvers árs og menn mjög ánægðir þegar kemur önnur holskefla af framúrkeyrslum. Og þetta eru áætlanir sem fólkið í þessum stofnunum gerir. Og það er mjög alvarlegt ef þetta heldur áfram ár eftir ár eftir ár og er ekki stoppað.

Ég ætla að byrja að fara, með leyfi forseta, í lyfjakostnað og vitna hér í nál. meiri hlutans. Þar stendur:

„Lagt er til 177 millj. kr. framlag til að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja. Í samræmi við endurskoðaða áætlun á lyfjaútgjöldum á árinu 2003 í lok október stefna þau í rúmlega 5,9 milljarða króna“ — það eru 6 milljarðar í lyf — „á árinu eða tæpar 340 millj. kr. umfram fjárheimildir fjárlaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 160 millj. kr. viðbótarframlagi en í ljósi mjög aukinna útgjalda í september og október í ár, sem hafa hækkað um rúmlega 22% frá sömu mánuðum í fyrra, er óskað eftir 177 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að fyrstu átta mánuði þessa árs hækkuðu útgjöldin einungis um 5% miðað við sama tímabil í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun er skýring þessarar aukningar einkum aukin neysla, þ.e. aukið magn, og tilfærsla frá ódýrari lyfjum yfir í dýrari umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir."

Ef maður kíkir nokkur ár aftur í tímann þá hefur þessi aukning á lyfjum verið einhvers staðar á bilinu 12–15% á ári hverju. Og ef maður dundar sér við að reikna það stærðfræðilega hvernig þetta muni verða eftir 30 ár, 20 ár eða jafnvel 10 ár, hvar þessi lyfjakostnaður muni enda, og síðan aukninguna í öðrum heilbrigðisútgjöldunum á sama tíma, ef við reiknum þetta nú saman, þá munum við ekki eiga margar krónur til annarra hluta eftir 10–20 ár, virðulegi forseti.

Þarna er um mjög alvarlegan hlut að ræða, menn verða að gjöra svo vel að setjast niður og horfa á þetta og taka á þessu. Það er alveg ljóst að það getur verið aukinn kostnað vegna dýrari lyfja, það eru að koma ný krabbameinslyf og þess háttar. En þær sögur ganga líka um þjóðfélagið að verið sé að moka út lyfjum í sjúklinga sem þurfi ekki á þeim að halda. Ég þekki dæmi til þess arna.

Ef þetta heldur áfram svona í lyfjakostnaðinum, 6 milljarðar og tæp 15% á ári, þá þarf ekki mikla stærðfræðinga til að sjá að á næsta ári á sama verðlagi verður þetta komið yfir 7 milljarða og svo heldur þetta áfram. Ég spyr: Hvað ætla menn að gera til að stoppa þetta?

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að við eyddum þjóða mest í heilbrigðismálin og það er rétt. Við gerum það miðað við landsframleiðslu. Þrátt fyrir það að við séum yngsta þjóðin í Evrópu. Eyðum svipuðu af landsframleiðslu og Þjóðverjar sem eru með elstu þjóðum. Og hvernig verður það þegar þjóðin okkar fer að eldast, hvað gerist þá, þegar þetta er svona núna? Er heilsa okkar Íslendinga svona miklu lakari en annarra? Höfum við kannski borðað of mikinn súrmat í gegnum tíðina eða eitthvað slíkt?

Hitt málið sem ég vildi fara aðeins hér yfir, sem eru þessir gífurlegu fjármunir til aukningar til Landspítala – háskólasjúkrahúss, sem eru hvorki meira né minna en 1,7 milljarðar. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þetta hér upp:

„Lögð er til 735 millj. kr. fjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss sem kemur til viðbótar 930 millj. kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu."

Gerð var áætlun væntanlega af stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss fyrir árið 2003 og nú kostar þetta 1,7 milljörðum meira. Maður spyr sjálfan sig: Hvað mundi fólk gera ef þessir peningar væru ekki til? Eða taka menn bara sénsinn, virðulegi forseti, og keyra bara fram úr og koma til þingsins og biðja um meiri peninga? Þetta er nákvæmlega eins og með lyfin. Þessu verður að linna. Og maður spyr líka sjálfan sig að því: Eru þeir sem slakastir eru í rekstrinum verðlaunaðir?

Nú veit maður um sjúkrahús úti á landsbyggðinni sem halda við sínar áætlanir og standa við þær en þeir sem fara fram úr koma bara og sækja peningana í vasann á framkvæmdarvaldinu og okkur hér. Er verið að verðlauna þá sem reka sínar stofnanir illa, eða hvað?

Ef þetta heldur áfram sem horfir, 1,7 milljarðar, í hverju er þetta fólgið? Er það í launum? Í launum hverra? Launum fólksins sem er að þrífa, þvo eða elda, eða hverra? Læknanna eða hjúkrunarliðsins? Hvað er svona mikið að fara fram úr? Hafa menn ekki áhyggjur af þessu? Þetta er ár eftir ár eftir ár. Nú er verið að leiðrétta þetta enn og aftur. Þetta kemur á þessum tíma, að haustinu, að stofnanirnar vilja fá meira fjármagn og þá er venjulega tekið eitthvað fyrir, annaðhvort eru það heilabilaðir eða geðfatlaðir, og sagt að það vanti meira í þennan málaflokk og annað slíkt til þess svona að leggja áherslu á kröfu sína.

Hér er líka annað, ég sé að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fær 140 millj. kr. viðbót á sama tíma og lítið fer fyrir aukningu í heilsugæslunni. Það virðist vera eins og fjármagn til heilbrigðismála renni að miklu leyti eða að stórum hluta til stóru sjúkrahúsanna og heilsugæslan líði í þeim samanburði. Á þetta verða menn að horfa og leiðrétta. Þetta getur ekki gengið svona endalaust áfram.

Það er líka annað sem ber að hugsa í þessu að á fjárlögum næsta árs, eins og þekkt er, eru áætlaðir 110 milljarðar til heilbrigðismála og samkvæmt þessu mun sú tala hækka verulega, ef heldur fram sem horfir. Ég vil nú hvetja bæði fjmrh. og heilbrrh. að ganga fram í þessum málum. Það er alveg sama þótt það séu góðir tímar fram undan fyrir ríkissjóð Íslands, það er ljóst. Það munu verða mjög góð ár hér, þrjú eða fjögur, og það þarf oft sterk bein til að þola góðæri og kostnaður í svona málaflokkum fer auðveldlega langt, langt umfram það sem áætlað var. En hvað gerist þegar tekjur ríkisins dragast saman, ætla menn að skera niður, eða hvað ætla menn að gera?

Annað sem vekur athygli mína er stofnun sem er Reykjalundur, sem sér um endurhæfingu, ég þekki það af eigin raun að þar er fjárvöntun, ég sé hvergi neitt um þá stofnun hér í fjáraukalögunum. Það var ákveðinn samningur sem gerður var við þá og þeir hafa kvartað yfir því að ekki hafi verið staðið við hann. Og ég vildi spyrja hæstv. heilbrrh. hvað sé með það mál, ef hann er hér staddur.

En að lokum þetta án þess að fjölyrða mikið um það, ef ekki verður tekið á þessum málum, eilífri útgjaldaaukningu í þessum málaflokki, þá lenda menn uppi á skeri. Þetta er búið að ganga svona látlaust í sex, sjö ár og virðist ekkert lát á því og ég hvet bæði hæstv. fagráðherra og hæstv. fjmrh. að bregðast við á næstunni og láta menn standa við og halda sínar fjárhagsáætlanir. Auðvitað geta komið einhverjar breytingar á slíku en það er lágmark að þetta gangi ekki svona hér að við séum bara eins konar afgreiðslustofnun fyrir aukin fjárútlát og þinginu sé varla sagt hvers vegna.

[15:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir hreinskilni hans í þessum ræðustóli. Það er ekki oft sem maður heyrir hér stjórnarþingmenn koma og mæla fram jafnbeinskeytt og hann gerði. Margt af því sem hann vakti athygli á er fyllilega athygli vert og rúmlega það og ýmislegt í hans málflutningi fer mjög vel saman við það sem við jafnaðarmenn höfum verið að segja á síðustu vikum, mánuðum, missirum og árum.

Ég hlýt hins vegar að gagnspyrja og leita eftir svörum hjá hv. þm. við eftirfarandi spurningum. Í fyrsta lagi spyr ég: Er þetta áfellisdómur á núverandi stjórnarflokka sem hafa farið hér með stjórn mála umliðin átta ár? Síðustu fjögur ár hefur hv. þm. sjálfur verið með í liði. Beinir hann sérstaklega

spjótum sínum að hæstv. fjmrh. af því að hann gat þess alveg sérstaklega að það væri umhugsunarefni hvort launamál æðstu stjórnenda og þeirra sem mest hafa launin í heilbrigðiskerfinu hefðu vaxið úr hófi fram? Hefur hann tekið þessi mál upp við hann áður og krafið hann svara eða er hann að vakna upp við vondan draum núna fyrst? Eða er hann að ráðast að hæstv. heilbrrh. og gefa í skyn að hann ráði ekkert við verkefni sitt, hvorki hann né forveri hans á þeim stóli? Eins og kunnugt er hafa þeir framsóknarmenn farið með þau mál á umliðnum átta árum. Eða er hann kannski að hjóla í samherja sína í þinginu, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og hv. þm. Magnús Stefánsson, sem fari hér fram eins og viljalaus verkfæri gagnvart framkvæmdarvaldinu og standi ekki fast í báðar fætur og segi: „Hingað og ekki lengra"? Mér þætti vænt um að fá svör við þessum fyrirspurnum.

[15:50]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að svara svona samsæriskenningum hv. þingmanns. Hv. þm. sem gamall ráðherra í þessu fagi þekkir þetta vel.

Ég er ekki að tala um áfellisdóm. Það þarf að taka til hendinni og stöðva þetta. Þetta er búið að vera hér ár eftir ár, ekki endilega þegar þessir stjórnarflokkar hafa verið heldur þegar aðrir stjórnarflokkar voru. Það var alltaf sama sagan. Þetta gengur áfram.

Ég er ekki að ráðast á einn eða neinn, hvorki á hæstv. heilbrrh. né hæstv. fjmrh. Ég tel að málið geti ekki gengið endalaust svona fram. Ef menn taka ekki á þessu máli og stöðva þetta og láta fólk halda sínar fjárhagsáætlanir þá fer illa. Það er megininntakið í mínum boðskap hér, hæstv. forseti.

[15:51]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig fyllilega á inntaki ræðu hv. þm. og ég tók undir ýmislegt sem hann sagði þar. Ég þekki þennan málaflokk býsna vel og veit að menn þurfa að halda vöku sinni til þess að ekki fari illa og allt fari úr böndunum hömlulítið eða hömlulaust. En það breytir því ekki að hv. þm. hefur verið í stjórnarliðinu umliðin fjögur ár. Þessir sömu stjórnarflokkar hafa stjórnað landinu á góðæristímum umliðin átta ár. Ef ræða hans hér og einkunnagjöf er ekki áfellisdómur þá veit ég ekki lengur hvað áfellisdómur er.

[15:52]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það enn og aftur sem ég sagði í ræðu minni, að ef framúrkeyrslur í þessum málaflokki sem og öðrum, sérstaklega þessum málaflokki, halda áfram þá fer illa.

Eins og ég sagði um lyfin og þann vöxt allan, að við getum reiknað það fram með 12–15% vöxtum á ári, þá erum við náttúrlega komin út úr öllu korti eftir 20 ár. (**GÁS:** Hverju er um að kenna?) Ég hef beint orðum mínum til hæstv. fjmrh. og heilbrrh. og vil að þeir taki eitthvert tillit til þess sem ég var að segja hér í dag.

[15:53]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var á margan hátt ánægjulegt að hlusta á hv. þm. Gunnar Birgisson. Ég þakka sérstaklega fyrir undirtektir hans við ræðu mína áðan vegna þess að hann talar alveg á sömu nótum. Það sem vantar hins vegar hjá hv. þm. er að draga réttar ályktanir í málinu. Ábendingar hans eru allar hárréttar. Það er nákvæmlega þetta sem hefur verið að gerast og hv. þm. veltir upp ýmsum spurningum. Það er út af fyrir sig ekkert flókið að svara þeim, hv. þm.

Ég sagði áðan í ræðu minni að fjármálastjórn ríkisins skorti aga og það er nákvæmlega það sem er að gerast. En til þess að geta veitt þennan aga þá verða menn að byrja á því að horfa á raunveruleikann. Það þýðir ekki ár eftir ár að koma með fjárlög sem taka ekki mið af raunveruleikanum. Þá gerist þetta sem við höfum verið að horfa á og erum að norfa á núna ár eftir ár, að í fjáraukalögum koma sömu stofnanir við sögu.

Ég rifjaði það upp í ræðu minni áðan að árið 1999 var heilbrigðiskerfið núllstillt eins og það er kallað. Þá var ákveðið og sagt í umræðum í þinginu að fjárlaganefndin mundi kalla eftir ákveðnum upplýsingum mánaðarlega. Slíkt hefur ekki verið gert. Það hefur ekkert verið gert til þess að reyna að ná utan um þennan vanda. Það er vandamálið.

Ég get rifjað þetta upp enn einu sinni fyrir hv. þm. til að hann átti sig á hvar vandinn liggur. Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að meginvandamálið í heilbrigðiskerfi Íslendinga og rekstri þess sé að stjórnvöld skorti stefnu. Og á meðan stjórnvöld hafa ekki stefnu þá er ekki von á öðru en að við lifum áfram við það að ár eftir ár munu sömu stofnanir vera hér á fjáraukalögum og slíkt er auðvitað til skammar.

[15:55]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir áhuga hans á rekstri ríkissjóðs og sérstaklega heilbrigðiskerfinu. Það er sjaldgæft að minnihlutamenn séu jafnmiklir áhugamenn um sparnað í ríkisrekstri og hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Vonandi eru tillögur hans þar að lútandi á þeim nótum.

Varðandi heilbrigðiskerfið almennt þá er stefnan einföld. Stefnan er einföld, hv. þm. Við ætlum að hafa hér besta heilbrigðiskerfi í heimi og við höfum það. Það er stefnan. Spurningin er svo hvað það kostar og hvað við ætlum að eyða miklum fjármunum til að svo sé?

Árið 2000 voru útgjöld til heilbrigðismála á sama verðlagi einhvers staðar nálægt 80 milljörðum kr. Á næsta ári eru þeir áætlaðir 110 milljarðar á verðlagi þessa árs. Það er því alveg ljóst hvert stefnir. Við erum með besta kerfið í heiminum og eigum að vera mjög stoltir af því. En við eigum líka að gæta þess að kostnaðurinn haldi ekki endalaust áfram að vaxa því ekki eru alltaf endalausir fjármunir til í ríkiskassanum eða í þjóðfélaginu til þess arna. Spurning er hvert það leiðir okkur síðan.

[15:57]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. „Við höfum besta heilbrigðiskerfi í heimi", sagði hv. þm. Ég vona að rétt sé. Ég hef hins vegar því miður ekki í höndunum þær mælistikur að ég geti fullyrt svo. Ég veit hins vegar að heilbrigðiskerfið okkar er gott. En örugglega er hægt að bæta það. Ég deili hins vegar áhyggjum með hv. þm. af því að fjárstreymið er ekki eins og við viljum. Það getur vel verið að hv. þm. eigi því ekki að venjast að menn í minni hluta hafi áhyggjur af slíku. Ég get huggað hv. þm. með því að ég hef meiri reynslu af því að starfa í meiri hluta en minni hluta. Ég lít á starf mitt, hvort sem ég er í meiri hluta eða minni hluta, sömu augum. Við berum ábyrgð

á því hvernig við förum með fjármuni almennings og við eigum að vanda okkur við það. En til þess að þetta sé hægt þá verðum við að hafa stefnu. Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Meðan stjórnvöld hafa ekki stefnu þá mun þetta ekki breytast.

[15:58]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Víst höfum við stefnu. Ég fór yfir það áðan hvernig hún er. Það eru alveg hreinar línur hvernig hún er. Það er spurning hvernig við notum fjármunina okkar til þessa málaflokks þannig að vöxturinn verði ekki umfram tekjuöflun ríkisins. Ef það verður þá náttúrlega endar þetta í strandi. Á það er ég að benda hér að slíkt getur ekki gengið endalaust. Spurningin er líka: Eiga sérstakir málaflokkar innan heilbrigðiskerfisins að fá meira en aðrir og eiga skussarnir í rekstrinum að fá meira en þeir sem reka stofnanir sínar vel? (**GÁS:** Það er hægt að skipta um ríkis...)

[15:59]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get á ýmsan hátt tekið undir viðvörunarorð hv. þm. hvað varðar stefnuna í heilbrigðismálum. Ég hef einmitt gagnrýnt stefnuleysið sem hefur ríkt. Það er verið að byggja upp tvöfalda heilbrigðisþjónustu. Grunnheilsugæslan hefur liðið en einkavædd sérfræðiþjónusta fengið að blómstra. Litlu sjúkrahúsunum úti á landi sem geta vel veitt öfluga og góða staðbundna þjónustu og einnig létt á stóru hátæknisjúkrahúsunum með eftirmeðferð er haldið í heljargreipum. Það eru þau sem oft berjast við að halda sig innan fjárlaga. En þau fá litla umbun fyrir. Ég er alveg sammála hv. þm. um að þarna þarf heildstæða stefnu sem mér finnst hafa skort og það sem hefur verið gert er rangt.

Hv. þm. kom líka inn á lyfjamálin og hvað lyfjakostnaðurinn hefur hækkað. Um það vil ég varpa spurningu til hv. þm. Nú hefur myndast veruleg einokun eða fákeppnisstaða á lyfjamarkaði. Komnir er til sögu tveir lyfjarisar sem hafa keypt upp eða þröngvað hverju sjálfstætt starfandi apótekinu á fætur öðru út af markaðnum. Þeir sitja síðan tveir einir að kökunni. Ég hef upplýsingar um hvernig lyfjaverð hefur stórhækkað á síðustu árum, margfaldast. Verðið hefur margfaldast. Menn héldu að þeir væru að sækja hagræðingu í að þessir tveir lyfjarisar fengju að leggja undir sig markaðinn. En það hefur nú heldur betur reynst á hinn veginn. Er ekki hv. þm. sammála mér í því að taka þurfi virkilega á þeirri fákeppni eða einokunarstöðu sem þessir tveir lyfjarisar hafa á lyfjamarkað á Íslandi? Þeir eru nánast með einokun á því sviði og geta skammtað sér álagningu nánast að vild.

[16:01]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir hans innlegg sem er nákvæmlega rétt, bæði með verð á lyfjum og náttúrlega hefur magnið svo stóraukist á sl. árum. Auðvitað ber að hafa áhyggjur af því að einungis tveir aðilar skipta 90% af markaðnum á milli sín. Ég er alveg sammála því að auðvitað þurfi að horfa á það. Það er orðið alvarlegt ef svo er og þá náttúrlega spyr maður sjálfan sig: Hvar eru samkeppnislögin? Gilda þau þegar svona er, eða hvað?

Með þessu áframhaldi er alveg ljóst að lyfjaverð mun ekki lækka í framtíðinni með þessu fyrirkomulagi í lyfjasölu á Íslandi.

[16:02]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. er sömu skoðunar. Við erum þarna á afar hættulegri braut. Ég þekki þess dæmi hvernig þessir lyfjarisar hafa hegðað sér. Þeir sækja apótekin heim og segja við þau: Ef þú ekki kaupir af mér á því verði sem ég býð þér set ég bara upp útibú við hliðina á þér og svo kemur í ljós hvað þú getur lifað lengi áður en þú ert búinn að tapa öllu þínu. Þetta er þokkalegt, eða hitt þó heldur.

Við heyrum líka sagt að sjúkrahúsin hafi verið að tala um að þau þyrftu að fara að koma sér upp eigin lyfjainnkaupadeild aftur til þess að losna úr þessum greipum.

Ég fagna því þeirri áherslu sem hv. þm. leggur hér til varðandi þetta mál.

[16:03]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. 16,8 milljarða kr. aukafjárlög á einu ári, 6,5% af fjárlögum yfirstandandi árs. Við erum hér að tala um 16,8 milljarða kr. sem ýmist er búið að ráðstafa eða taka ákvörðun um að ráðstafa án heimildar Alþingis. Hér er á ferðinni einhvers konar vitnisburður, en um hvað? Hefur eitthvað komið upp á í ríkisbúskapnum?

Vissulega hafa komið til ófyrirséð atvik og lagabreytingar þannig að grípa þurfi til sérstakra fjárhagsráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins, eins og það er orðað í lögunum um fjárreiður ríkisins frá 1997. Það skýrir hins vegar aðeins hluta af þeim aukafjárveitingabeiðnum sem nú liggja fyrir. Margar stofnanir fara árlega fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til viðeigandi ráðstafana. Eru stjórnendur ríkisstofnana ekki starfi sínu vaxnir? Eða kann ríkisstjórnin ekki að gera fjárlög sem eru nær raunveruleikanum en fjáraukalög undanfarinna ára bera vott um?

Ég held reyndar að hvorugt þessara atriða sé hin rétta skýring á þeim svimandi upphæðum sem hér birtast okkur. Ég held að skýringin sé sú að ríkisstjórnin leiti á hverju ári eftir hagstæðri niðurstöðu fjárlaga og hliðri til fjárhæðum, bæði tekju- og gjaldamegin, til að ákveðin falleg niðurstaða fáist. Þar með er hún vísvitandi að setja fram óraunhæf fjárlög sem hún veit að munu ekki standast. Þessu er síðan veifað framan í þjóðina, kallaðir til blaðamenn og básúnaður góður árangur í ríkisbúskapnum — aðhald, hagræðing, sparnaður — og því treyst sem því miður er oft raunin að kastljósið beinist ekki að hinni endanlegu rekstrarniðurstöðu sem birtist í ríkisreikningi, að ekki sé nú talað um lokafjárlög sem ekki er farið að birta enn fyrir síðustu þrjú árin.

Þannig má segja að síðustu formlegu upplýsingarnar um fjárhagsstöðu stofnana hafi verið lagðar fyrir Alþingi með lokafjárlögum árið 1999. Ríkisstjórnin treystir því að skuldinni sé skellt á stjórnendur stofnana ríkisins hverju sinni, jafnvel þótt vitað sé að forsendur fjárveitinga til þeirra séu í besta falli hæpnar, ef ekki augljóslega rangar. Og í ýmsum tilfellum fá stjórnendur stofnana ekkert að vita eftir hvaða forsendum er farið þegar fjárveitingar til þeirra eru ákveðnar.

Og nú virðist sem reynt sé markvisst að halda upplýsingum um forsendur fjárlagagerðarinnar frá fjárln. Alþingis, samanber frægar bréfasendingar fjmrn. til annarra ráðuneyta þar sem til þess er mælst að þau fari fram á það við undirstofnanir sínar að þær panti ekki áheyrn hjá fjárln. til að fylgja fjárhagsbeiðnum sínum úr hlaði. Til að fullkomna tök

framkvæmdarvaldsins á fjárveitingum eru hinir svokölluðu safnliðir stöðugt að hækka.

Þetta veldur tvenns konar vanda. Annars vegar er ekki hægt að gera sér grein fyrir stöðu einstakra stofnana því ekki fylgir með sundurliðun á því hvað hverri stofnun er ætlað af viðkomandi safnlið. Hins vegar gefur þetta ráðuneytunum möguleika á því að deila og drottna eftir geðþótta hverju sinni.

Sem dæmi má nefna fjárveitingu sem ætluð var til þess að bæta úr rekstrarvanda framhaldsskólanna. Gátu skólamennirnir sem vörpuðu andanum léttar, þegar loksins hillti undir að bót yrði ráðin á vanda þeirra, gengið að reglum vísum, samþykktum af Alþingi um hvernig fjármunum yrði útdeilt? Nei, ekki aldeilis. Þessi fjárveiting upp á rúman hálfan milljarð kr. fór á safnlið og engar upplýsingar gefnar um hvernig ráðuneytið hygðist skipta þessu á milli skóla. Hvar liggur fjárveitingavaldið í slíkum tilfellum?

Virðulegi forseti. Þetta ráðslag er grafalvarlegt þar sem er ekki aðeins verið að fara frjálslega með lagabókstafinn um gerð fjárlaga og fjáraukalaga heldur hefur þessi aðferðafræði víðtækari áhrif. Á undanförnum árum hafa fjárlög verið sett fram með rúman tekjuafgang. Mikilvægt er að fjárlagafrv. sé trúverðugt þar sem það er eitt af hagstjórnartækjum þjóðfélagsins og felur í sér upplýsingar um hvaða áhrif ríkisstjórnin ætlar sér að hafa á efnahagslífið, t.d. með framkvæmdum. Fjárlög hvers árs hafa því áhrif á ákvarðanir margra í þjóðfélaginu, vaxtastefnu og peningamálastefnu.

Því miður hafa fjárlög undanfarinna ára verið hluti af blekkingarleik sem afhjúpaður er með fjáraukalögum og ekki síst lokafjárlögum. En þá er svo langt um liðið að áhrif þeirra eru óveruleg. Eina raunhæfa leiðin til að meta trúverðugleika fjárlagafrv. er að samtímis framlagningu frv. til fjárlaga hvers árs verði lagt fram fjáraukalagafrv. og frv. til lokafjárlaga ársins á undan. Þannig fengist heildstæð mynd af stöðu ríkissjóðs og einstakra stofnana.

Virðulegi forseti. Í fjárlögum er verið að fara með fjármuni almennings og þau eiga að gefa ljósa mynd af því hvernig með þá er farið. Þeim mun hærri sem aukafjárlög eru, þeim mun lélegri hefur undanfarin fjárlagagerð verið. Þegar rýnt er í aukafjárlögin kemur berlega í ljós að umtalsverður hluti af því sem þar er fellur ekki undir skilgreiningu laga á aukafjárlögum en er ýmist fyrirsjáanlegt, og hefði átt að vera á fjárlögum þessa árs, eða hins vegar þess eðlis að það ætti að bíða fjárlaga næsta árs. Þessi aukafjárlög eru því vitnisburður um illa unnin fjárlög á ábyrgð stjórnarflokkanna sem stjórna leiktjaldasmíðinni og halda í því skyni upplýsingum frá fjárlaganefndarmönnum og Alþingi.

[16:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum til fjáraukalaga nú við 2. umr. er nánast eins og þau hafa flest verið sem fyrir mín augu hafa borið. Margar sömu stofnanir eru í áskrift að því er virðist og fara fram úr fjárlögum ár eftir ár. Eins og oft áður er fjárvöntun langmest á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem í frv. til fjáraukalaga er gerð tillaga um 977 millj. kr. og meiri hlutinn bætir við í tillögu sinni 735 millj. kr., alls fjárvöntun upp á 1.712 millj.

Árlegur fjárvöntunarvandi upp á mörg hundruð milljónir kr. mörg ár í röð hlýtur að stafa af því að fjárþörfin er illa þekkt við samningu fjárlagafrv. hvers árs. Um þetta segir í áliti 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Í raun má segja að þrenn fjárlög ákvarði heimildir á næsta ári. Í fyrsta lagi fjárlög fyrir árið 2004, fjáraukalög fyrir árið 2003 og síðan lokafjárlög fyrir árið 2003 þar sem m.a. eru tíundaðar færslur á fjárheimildum á milli ára. Millifærslur fjárheimilda á milli ára eru komnar langt út fyrir það sem eðlilegt má teljast. Vissulega er eðlilegt að stofnanir geti flýtt eða frestað verkefnum og flutt fjárheimildir á milli ára með tilliti til þess, en þegar farið er að nota þessar millifærslur til að fresta því að takast á við vanda einstakra stofnana svo árum skiptir er nauðsynlegt að takmarka þessa heimild framkvæmdarvaldsins.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvað fór úrskeiðis, hvorki af hálfu fjármálaráðherra né heilbrigðisráðherra. Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn seig á ógæfuhliðina á árinu 2002. Sambærilegar tölur fyrir árið 2002 sýna 20 stofnanir með halla upp á 1,8 milljarða kr. Rekstrarvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss nam 798 millj. kr. í árslok 2002 og á þessu ári þarf að bæta við tæpum 2 milljörðum kr., þar af eru 1,6 milljarðar kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Frá árinu 2001 hefur þessi stofnun fengið 4,5 milljarða kr. á fjáraukalögum. Þá má benda á að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur fengið rúmar 364 milljónir kr. á fjáraukalögum á sama tíma."

Sá sem hér talar hefur ekki langa reynslu af fjárlagavinnu. Mér virðist samt sem fjárlaganefndin eigi fárra kosta völ í fjárlagavinnunni annan en að lagfæra framúrkeyrsluna með viðbótarfé á jafnmikilvægum þjónustustofnunum og heilbrigðisstofnanir eru fyrir almenning. Varla förum við að draga úr þjónustu við sjúka. Þjóðin eldist, laun hækka, kostnaður við aðföng eykst og einnig vegna þess að tækninni fleygir fram og kostar meira. Þessu ætti að vera hægt að gera ráð fyrir og gera raunhæfar áætlanir í fjárlögum í stað þess að fá uppsafnaðan vanda enn og aftur í fjáraukalögum líkt og um óvænta framúrkeyrslu sé að ræða.

Við erum nú að ræða annað fjáraukalagafrv. ársins en eins og menn muna var í vor lagt fram sérstakt frumvarp upp á 4,7 milljarða kr. sem fór að mestu til átaks í vegagerð. Nú stefnir í að þetta fjáraukalagafrv. verði upp á 12,2 milljarða kr. með brtt. eða alls tæpir 17 milljarðar á þessu ári.

Í áliti 1. minni hluta segir svo um fjárlagarammann og framlagningu fjárlagafrv. hvors árs, með leyfi forseta:

„Frumvarpið ásamt breytingartillögum sýnir enn og aftur hve lítið aðhald er í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að unnið sé með rammafjárlög halda rammarnir ekki nema fram að framlagningu fjárlagafrumvarps hvers árs. Þegar kemur að fjáraukalögum eru allir rammar horfnir. Þá virðast allir ráðherrar hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að fjármálaráðherra stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítið rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Aðhaldsleysi virðist ríkja í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í þessu samhengi er áhugavert að rifja upp ummæli fjármálaráðherra og formanns fjárlaganefndar við 1. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga þessa árs. Þar hélt fjármálaráðherra því fram að ríkisstjórnin gæti tekið ákvarðanir um að greiða kostnað sem til félli vegna þeirrar staðreyndar að hún hefur þingmeirihluta á Alþingi og treystir á að fá greiðsluheimildir

eftir á. Þessi ummæli endurspegla það viðhorf framkvæmdarvaldsins að hér sé ekki í raun þingbundin ríkisstjórn heldur stjórnbundið þing."

Á bls. 5 í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sem við nú ræðum, kemur fram í 1. gr. framúrkeyrslan, flokkuð eftir ráðuneytum. Þar renna 2.306 millj. kr. til heilbr.- og trmrn. og þar til viðbótar koma tillögur meiri hluta fjárln. sem mér virðast að hækka þann lið fjárlagalið um 2,6 milljarða kr. Þar munar að sjálfsögðu mest um hinn nýja hæstaréttardóm varðandi tekjutryggingu örorkulífeyrisþega sem talinn er kosta 1,5 milljarða kr. Fjáraukinn felur í sér tæplega 5 milljarða kr. hækkun á þessum lið sem fellur undir heilbr.- og trmrn.

Síðan er félmrn. með 1.454 millj. kr. í fjáraukalagafrv. og um 411 millj. kr. til viðbótar í brtt. meiri hlutans, eða alls um 1,9 milljarða kr. Með brtt. meiri hlutans virðist fjmrn. einnig stefna í að hækka fjárútlát sín upp í 2 milljarða kr.

Menntmrn. stefnir í 1,1 milljarð og umhvrn. í tæpan milljarð. Fjögur ráðuneyti eru því samtals með 10 milljarða af þeim rúmlega 12 milljörðum sem talið er að fjáraukinn muni nema við þessi önnur fjáraukalög ársins.

Virðulegi forseti. Við eigum eftir 3. umr. áður en yfir lýkur. Það er vandi að stjórna eyðslunni, virðulegi forseti.

[16:20]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. fjáraukalaga hefur umræðan náttúrlega fyrst og fremst snúist um hækkanir til heilbrigðismála. Það kemur ekki á óvart og er eðlilegt. Þær hækkanir eru um þúsund milljónir og reyndar nokkuð meira vegna þess að í verðlagslið fyrir fjmrn., lið 09-989, eru 280 millj. kr. ætlaðar til heilbrigðismála vegna þess að heilsugæslulæknar landsins fá laun samkvæmt kjaranefnd. Þar er að koma inn hækkun sem því er samfara, 280 millj. kr. Það fer allt til heilsugæslunnar. Ég heyrði að einhver spurði áðan hvort það væru engar viðbótargreiðslur til heilsugæslunnar en þær liggja þarna, í verðlagsliðnum hjá fjmrn.

Það hefur borið töluvert á því hjá hv. þingmönnum, mér hefur fundist nokkur samhljómur hjá þeim um það, að hækkanirnar til heilbrigðismála gangi ekki lengur. Menn telja að standa þurfi betur í ístaðinu og sumir hafa látið sem svo að fjárln. hafi ekki staðið í fæturna. Það er sjálfsagt að taka það til sín og viðurkenna hreinskilnislega. Það er enginn að þræta fyrir þetta. Það liggur fyrir að hækkanir til heilbrigðismála á undanförnum árum hafa verið mun meiri en við ætluðum og meiri en við vildum. Staðreyndin er sú að þingið hefur ekki getað stöðvað þessa þróun. Við höfum haft til þess töluverðan vilja og verið með miklar fullyrðingar um að við skyldum leggja okkur öll fram. Það hefur ekki gengið eftir.

Það er hins vegar rangt þegar hv. þm. Einar Már Sigurðarson kemur og segir að það kveði við annan tón nú í ríkisfjármálum en fyrir fjórum árum. Menn mega ekki vera með svona dylgjur. Ég skora á hv. þm. að finna orðum sínum stað. Ég hef reyndar talað um ríkisfjármálin lengur en fjögur ár. Ég hef mikið talað um þau síðustu 15 árin og hann getur fundið ýmis gögn þar um. Við ljúkum ekki þessari törn um ríkisfjármálin fyrr en 6. des. og ég skora á hann að nota tímann fram að því til að finna þessum orðum sínum stað. Ég er alveg viss um að ég hef ekki breytt um tón. Það er lífsnauðsynlegt hverri þjóð og efnahagslífi hennar að agi sé í ríkisfjármálunum. Það er lífsnauðsynlegt.

Menn hafa líka sagt: Þetta gengur ekki lengur. Við verðum að finna stefnu, hafa aðra stefnu, við verðum að staldra við o.s.frv. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði að aðalástæðan fyrir þessu væri agaleysi í ríkisfjármálum. Menn geta kallað það agaleysi en það er ekki stefnuleysi í sjálfu sér.

Við skulum gera okkur grein fyrir því hver stefnan er. Hv. þm. Gunnar Birgisson kom réttilega inn á það áðan að stefna allra stjórnmálaflokka á Íslandi hafi verið og sé að bjóða bestu heilbrigðisþjónustu í heimi. Við höfum ekki deilt um það, ekki á nokkurn hátt. Reyndar vil ég orða það þannig að stefna okkar hafi verið sú að við vildum gera allt fyrir alla, alls staðar og alltaf. Þetta vildu eflaust aðrar þjóðir gera líka. En engin þjóð hefur á því efni, því miður. Íslenska þjóðin hefur ekki og mun ekki hafa efni á því heldur.

Gagnvart háskólasjúkrahúsinu, Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, sem fær með þessum fjárauka um 1.730 milljónir, er rétt að koma með nokkrar skýringar. Vert er að gefa gaum nokkrum atriðum sem fram koma hjá spítalanum.

Í fyrsta lagi, sem er stærsti hlutinn, hafa laun lækna hækkað mun meira en gert var ráð fyrir þegar skrifað var undir samninga við þá en þeir samningar tóku gildi í lok síðasta árs, þ.e. mjög seint á því ári. Ég man ekki nákvæmlega, virðulegi forseti, hvort það var í nóvember eða desember. Þar er verulegur munur á og það er mjög alvarlegt. Ég hef reyndar þó nokkuð oft haft orð á því í fjárlagaumræðum undanfarinna ára að sú hugmyndafræði sem liggur á bak við kjarasamninga ríkisins fái ekki staðist. Því miður hafa mjög fáir tekið undir það með mér, ef þá nokkur. Ég minnist þess ekki að nokkur hafi tekið undir það. Hef ég þó haldið um það allmargar ræður. Það verður að breyta þessu. Hugmyndafræðin, þó að hún líti fallega út, fær ekki staðist vegna þess að menn geta aldrei gengið til kjarasamninga öðruvísi en að víst sé um hvað þeir eru að semja.

Ég hef einhvern tíma haft orð á því í þinginu, virðulegi forseti, að menn verði við samninga að hnýta hnútana fyrst og semja svo, ekki öfugt. Ekki semja fyrst og henda svo þræðinum til ríkisforstjóranna og segja þeim að binda. Þeir geta það aldrei, ríkisforstjórarnir eru aldrei í stöðu til þess. Þetta er hluti af því að launaþróunin hefur verið mjög óæskileg hjá hinu opinbera.

Í annan stað er það staðreynd að lyfjanotkun okkar er mjög dýr. Við notum í skömmtum ekkert meira af lyfjum heldur en sambærilegar þjóðir í Norður-Evrópu en við notum dýr lyf. Í fyrsta lagi eru keypt til landsins mjög dýr lyf. Það er líka alvarlegt mál. Íslensk innkaup fara nærri því eingöngu fram í gegnum umboðsmenn, einkaumboðsmenn, og þeir eru að stærstum hluta til umboðsmenn umboðsmanna í Danmörku. Þannig er lyfjaverslunin. Því miður er ekki frjáls verslun á Íslandi á þeim innflutningi. Þar er ekki ríkjandi samkeppni og það er alvarlegur hlutur. Við verðum að skoða okkar eigin löggjöf, skoða hvort eitthvað í okkar eigin löggjöf hamlar því að samkeppni geti átt sér stað. Það er mjög brýnt. Í þriðja lagi er það staðreynd og stjórnendur Landspítalans hafa lagt á það áherslu að verðþróun á hjúkrunar- og lækningavörum hefur verið töluvert umfram almenna verðþróun í landinu. Þetta eru staðreyndir sem vert er að gefa gaum og sannarlega rétt að leiðrétta rekstrargrunninn út frá því.

Virðulegi forseti. þær 1.735 millj. kr. sem nú er gert ráð fyrir í fjáraukalögum að fari til háskólasjúkrahússins er verulega hærri upphæð en nemur öllu þessu samanlögðu, verulega hærri upphæð svo nemur hundruðum milljóna.

Sannarlega er fjárveitingavaldið að koma mjög til móts við þessa stofnun þó að ég viti að þeir muni segja að þetta dugi ekki, það þurfi meira, miklu meira.

Við skulum fara aðeins yfir þennan rekstur og tala um hvað við erum að fást við. Ég fullyrði og þykist hafa komist að raun um að heilmikil framför hefur orðið við stjórn spítalanna. Á undanförnum árum hefur heilmargt gerst sem leiðir til þess að við munum ná meiri árangri við stjórn þeirra. Við höfum nokkurn veginn lokið mati á hjúkrunarþyngdinni og það liggur núna fyrir. Ég ætla að við getum fljótlega ef ekki strax farið að nota það sem stjórntæki.

Einnig er mjög langt komið með kostnaðargreiningarþáttinn. Ég veit að sumir gera ráð fyrir því að hann geti komist að fullu í gagnið um mitt næsta ár. Ég er sjálfur ekki svo bjartsýnn. Ég held að það sé nær að halda því fram að það gæti orðið um mitt ár 2005 sem því verki mundi ljúka. En þá hefur heilmikil grunnvinna verið unnin til að ná stjórn á svo flóknum hlutum sem hátæknisjúkrahús eru.

Virðulegi forseti. Ég er alveg viss um að þetta mun samt ekki duga til. Ég er alveg viss um það. Þá skulum við koma að þessu viðfangsefni sem er rekstur heilbrigðisþjónustunnar. Til er mjög umfangsmikil fræðigrein á vegum félagsvísinda þar sem menn hafa verið að leggja sig mjög fram lengi í Evrópu og Bandaríkjunum. Hún heitir heilsuhagfræði. Menn verða að hafa í huga ýmsar grundvallarspurningar og grundvallaratriði í heilsuhagfræðinni ef þeir ætla að nýta sér hana til að ná árangri. Á Íslandi er grundvallarspurningarinnar aldrei spurt, en það er spurningin: Hver er þörfin? Við viljum lifa í lúxussamfélagi þar sem ekki er þörf á að spyrja þessarar spurningar. Við viljum ekki spyrja: Hver er þörfin? Þess vegna höfum við ekki gert það. En við munum ekki komast hjá því að gera það. Ef við spyrjum þeirrar spurningar þá liggur fyrir að við ætlum líka að vinna eftir svarinu. Þá kemur næsta spurning. Hver á að forgangsraða? Svarið hlýtur að vera að íslenskir læknar verði að forgangsraða. Það getur enginn annar forgangsraðað en þeir. En þeir munu segja: Við getum ekki forgangsraðað nema við höfum fyrir því tryggingu að stjórnmálamenn standi á bak við okkur. Það þýðir ekki fyrir okkur að ætla að forgangsraða og svo koma stjórnmálamenn daginn eftir og segja: „Nei, nei. Þetta má ekki. Við viljum ekki hafa þetta svona. Nei, nei. Við björgum þessu. Við lögum þetta nú og aukum þetta og eflum hitt og betrumbætum og stækkum.“ — Hvar standa þá aumingja læknarnir? Þeir standa hvergi. Ef við ætlum að forgangsraða þá verðum við að standa að baki íslenskum læknum því þeir munu ekki geta gert þetta nema eiga þetta tryggt.

Nágrannaþjóðir okkar forgangsraða. Danir forgangsraða. Norðmenn gera það, Svíar, Finnar, Englendingar, Þjóðverjar, Frakkar, allir. Allir gera það. Stjórnmálamönnum leyfist þá ekki að hrópa og kalla hvenær sem einhver segir: „Þetta er ekki nógu gott. Þetta verður að vera betra. Það verður að auka þetta og efla.“ Við munum aldrei ná árangri nema gera okkur grein fyrir því að okkar er líka ábyrgðin. Við berum þessa ábyrgð og við verðum að hafa þrek til þess að standa þar við. Það mun taka á marga. Plagsiður hefur verið á Íslandi að hlaupa upp til handa og fóta hvenær sem einhver segir: „Þarna er einhverju ábótavant. Nei, nú verðum við að koma og gera betur.“ Menn verða að aga sig til þess að standa við þær ákvarðanir sem teknar eru ef þeir ætlast til þess að aðrir agi sig, stjórnendur spítalanna og læknarnir. Það fer saman.

Annað atriði en það að spyrja hver þörfin sé og sem við Íslendingar svörum ekki er það skrýtna fyrirkomulag á Íslandi að við erum alveg hætt að gefa út heilbrigðisskýrslur. Þær hafa ekki sést hér árum saman. Vitum við þó að við eigum mjög góða faraldsfræði, mjög góða og mjög mikið upplýsingasafn. En það er ekki notað. Það er ekki gefið út. Ég held að síðustu heilbrigðisskýrslur hafi komið út — ég þori ekki alveg að fullyrða það, virðulegur forseti, — ég held að það hafi verið 1995. En til hvers erum við að safna upplýsingum, til hvers ætlum við allar þær upplýsingar sem til eru um heilbrigðismálin ef við ætlum ekki að nýta þær til þess að stjórna, til þess að átta okkur á því og meta hver þörfin er? Það virðist ekki vera. Því miður virðist þess ekki þörf. Ástæða er til að spyrja landlæknisembættið hvað dvelji, hvernig þetta megi vera. Þetta er meira að segja áberandi í erlendum skýrslum, í skýrslum OECD. Það er mjög áberandi. Lengi vel var það Ísland og svo Tyrkland sem var með elstu upplýsingarnar. Nú er þetta orðið alveg breytt. Tyrkir eru búnir að taka sig taki þannig að þeir eru farnir að koma með tölurnar nokkurn veginn eins og aðrar þjóðir. Við sitjum einir eftir í mörgum tilfellum. Þetta er alveg hörmulegt. Þetta má ekki vera svona áfram.

En ef við ætlum að taka okkur taki og tala um heilbrigðismál af hreinskilni eins og mér sýnist að menn hafi mikinn vilja til að gera — og það er ágætt — þá spyr ég, virðulegur forseti: Hvaða lærdóm getum við dregið af því að okkur hefur síðustu 10–20 árin ekki tekist að hemja útgjöld ríkisins í heilbrigðismálum? Hvaða lærdóm getum við dregið af því? Jú, virðulegi forseti, einn lærdóm er hægt að draga af því sem liggur alveg fyrir. Ríkið er lélegur kaupandi. Það lætur vaða yfir sig. Ríkið svarar ekki fyrir sig. Ríkið er ekki með dónaskap. Nei, ríkið er bara pent og kurteist og borgar. Þá er spurningin: Erum við með þetta í réttu fari? Ef við vitum og erum öll sammála um að þetta hafi gengið illa — ég fullyrði að enginn sé neitt að þræta fyrir það. Þetta hefur bara ekki gengið hjá okkur — eigum við þá t.d. að reyna að hugsa nýja hugsun og spyrja sjálfa okkur: Gætu verið til einhverjir betri kaupendur? Pólitískt erum við alveg sammála um eitt. Við erum alveg sammála um að við ætlum að viðhalda hér samhjálp. Enginn ágreiningur er um það og hefur aldrei verið. Við ætlum að viðhalda samhjálp, samhjálp í heilbrigðismálum sem er meiri á Íslandi en í nokkru öðru landi og við viljum viðhalda henni.

Eigum við að spyrja okkur spurninga? Eigum við að velta því fyrir okkur hvort til gæti verið annar kaupandi? Ég svara: Já, það er a.m.k. ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort við ættum ekki að búa til nýjan kaupanda.

Hvernig væri nú að hugsa dálítið róttækt og segja sem svo: Hvernig væri að endurreisa sjúkrasamlög, ekki í þeirri gömlu mynd sem þau voru með ofboð lítilli fúnksjón og einhverjum góðum gjaldkera heldur endurreisa þau í þeirri mynd að biðja lífeyrissjóðina að taka þetta hlutverk að sér, gefa eftir einhverja tugi milljarða, 60–70 þús. millj. í sköttum, færa þetta til lífeyrissjóðanna? Þeir mundu sameinast í svona tvö, þrjú, kannski fjögur sjúkrasamlög og segja: „Gerið svo vel. Gerist þið kaupendur. Þetta er fyrir ykkar fólk. Þið skuluð gerast kaupendur. Kaupið þið.“ Og þeir munu semja og ég er alveg viss um að þeir eru betri kaupendur en fjárln. Alþingis sem ekki getur staðið í fæturna eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson orðaði það áðan. Ég er alveg viss um að þeir yrðu betri kaupendur. Þeir mundu gera kröfur. En það þarf að gera kröfur. Ríkið héldi svo áfram og ætti eitt sjúkrasamlag. Við getum breytt Tryggingastofnun ríkisins í sjúkrasamlag. Það

væri fyrir þá sem eru á okkar vegum, okkar minnstu bræður. Það væri bara sjúkrasamlag þeirra sem væru á framfærslu ríkisins. Mönnum finnst kannski fjarstæðukennt að tala um að afhenda 60–80 þús. millj. og hætta þessu. En ég varpa þessu fram vegna þess að menn hafa verið að segja að við þurfum nýja stefnu. En það kemur enginn með nýja stefnu. Við þurfum að setjast niður og átta okkur á þessu. Ég vil heldur standa hérna upp og koma með hugmynd. Menn velta henni þá fyrir sér og átta sig á þessu. Eru til betri kaupendur en við?

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að ræða heilmikið um heilbrigðismálin og við skulum gera það. Við munum gera það áfram í vetur. Hins vegar eru ýmis önnur mál hér á dagskrá og ég get alveg tekið undir það með stjórnarandstöðunni að það er ákaflega hvimleitt hversu há fjáraukalögin eru oft hjá okkur. Þó vil ég, virðulegi forseti, vara við samanburði eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson var með áðan, þ.e. að telja upp fyrirtæki og segja að þau séu einhverjir áskrifendur að fjáraukalögum o.s.frv. Menn verða að fara mjög varlega þegar þeir segja svona. Ástæður hinna ýmsu stofnana geta verið mjög breytilegar. Það er ekki þar með sagt að menn séu að keyra út af í rekstri.

Tökum Landgræðslu ríkisins sem dæmi. Jökulfljótin hafa nú verið okkur skeinuhætt síðustu missirin og árin. Þegar við erum að setja fyrirhleðslur í fjáraukalög þá erum við kannski að bjarga þjóðfélaginu frá fleiri hundruð milljóna tjóni. Það er mjög skynsamlegt að grípa til aðgerða og borga í staðinn fyrir að bíða eftir að tjónið verði. Menn verða að skoða þannig aðstöðu hinna ýmsu stofnana ríkisins og mega ekki leggja þetta allt að jöfnu vegna þess að það getur verið mjög eðlilegt í sumum tilfellum að setja á fjáraukalög greiðslur til ýmissa stofnana. Það getur verið mjög þarft og nauðsynlegt og vítavert að gera það ekki. Við skulum því ekki leggja alla að jöfnu í þessu heldur reyna að meta hvert tilfelli fyrir sig. Þannig er það með þessi fjáraukalög að ég held að menn hafi verið að vanda sig, virðulegi forseti, við að gera þetta af nákvæmni. Ég minni á að í fyrra hreinsuðum við þetta nokkurn veginn upp gagnvart heilbrigðisstofnunum. Við skildum bara eftir það sem eðlilegt var í daglegri veltu. Við gerðum það og reyndum að gera okkar allra besta. Ég ætla að sama viðleitni sé núna. Þessi fjáraukalög eru því að sýna raunverulegan kostnað. Hann er að vísu meiri en við ætluðum. En þó minni ég á að við göngum samt fram með þá vissu að við skilum fjárlögum fyrir árið 2003 með verulegum afgangi. Það er verulegur afgangur og við skulum fagna því vegna þess að mjög fá ríki í Evrópu búa við þá stöðu að geta ár eftir ár sýnt fjárlög í reynd sem eru með miklum afgangi.

[16:42]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti Það er augljóst að ég hef ekki orðað nákvæmlega þær breytingar sem orðið hafa á hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Ég spurði í ræðu minni áðan hvort búið væri að temja hv. þm. En það gleður mig mjög að ótemjan er mætt enn á ný því stór hluti ræðunnar var auðvitað í takt við það sem við höfum áður heyrt. En það sem ég átti við með þessari spurningu var það sem ég heyrði í hv. þm. í gær þegar við ræddum örlítið bréfaskriftir í þingsölum. Þá þótti mér hv. þm. vera heldur hallur undir framkvæmdarvaldið og, frú forseti, af því hafði ég áhyggjur. En ég heyri að ótemjan lifir enn í hv. þm. og ég vona að svo verði áfram.

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað eru mjög misjafnar ástæður fyrir því að stofnanir eru á fjáraukalögum. Ég tók það fram í ræðu minni að svo væri og að tekin væru dæmi af einstökum stofnunum án þess að fullyrða að þetta væri allt óeðlilegt. Hins vegar hlýtur maður að velta því fyrir sér — og það var meginlína mín — hvort eðlilegt sé að sömu stofnanir séu ár eftir ár á fjáraukalögum. Það er ekki vegna þess, hv. þm., að ég hafi svo miklar áhyggjur af því að allar stofnanir eða öll verkefnin fái of mikið af fjármunum heldur fyrst og fremst vegna þess að verið væri að blekkja með fjárlögum, þar væru vinnubrögðin ekki nægilega góð, áætlunargerðinni væri ekki sinnt nægilega og, hv. þm., ekki síður það að upplýsingastreymið til fjárln., a.m.k. minni hluta fjárln., væri ekki nægilega gott. Það vildi ég kalla agaleysi.

Frú forseti. Ég sé að tími minn er liðinn í þessu andsvari þannig að ég verð að geyma hinn stóra málaflokk, heilbrigðismálin, til seinna andsvars.

[16:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hérna í gær var dálítill stormur í vatnsglasi út af nánast engu. Úr því að það var það sem lá fyrir hv. þm. að tala um þá skal ég tala um það aftur.

Ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið, getur að sjálfsögðu sent hvaða bréf sem er, að sjálfsögðu. Við í fjárln. höfum alltaf haft mjög skýra stefnu sem er náttúrlega beint í samræmi við það sem allir þekkja og allir vita varðandi stjórnarskrá landsins, þ.e. að vilji einhver í fjárln. hafa tal af einhverjum opinberum starfsmanni, stofnun eða fyrirtæki á vegum hins opinbera þá er sjálfsagt að verða við því. Aldrei hefur farið neitt á milli mála um það þannig að stormurinn sem stjórnarandstaðan stóð fyrir hér í gær var ósköp dapurlegur og sýnir mér kannski að þeim leiðist, vinum mínum. Það hlýtur að vera.

Við höfum hins vegar staðið fyrir því og munum standa fyrir því og hv. þm. má treysta því að þær upplýsingar sem stjórnarandstöðunni ber í fjárlagagerðinni mun hún fá. Aldrei hefur staðið neitt annað til. Staða fyrirtækja ríkisins mun verða kynnt fyrir þeim. Það hefur aldrei staðið neitt annað til. Þetta eru því algjörlega óþarfar áhyggjur. Ekkert slíkt tefur okkar vinnu og ekkert slíkt skyggir á okkar störf.

[16:46]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins vegna þess síðasta sem hv. þm. sagði, þá er það rangt hjá hv. þm. að þetta hafi aðeins verið stormur í vatnsglasi. Hér er um miklu stærra mál að ræða en að hægt sé að lýsa því á þann hátt.

Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað getur ríkisstjórn sent bréf hvert sem er. En það hlýtur a.m.k. að valda hv. þm. áhyggjum þegar ríkisstjórnin er farin að senda Alþingi sjálfu bréf um að menn megi ekki ræða við nefnd sem starfar á vegum þingsins.

Það er rétt hjá hv. þm. að við getum óskað eftir því að fá hverja sem er í viðtal í fjárln. Við höfum hins vegar getað treyst því nokkurn veginn undanfarin ár að við þyrftum ekki að fara nákvæmlega yfir hverja einustu stofnun og velta því fyrir okkur hvort við þyrftum að fá hana í heimsókn, því það hefur venjulega verið þannig að þær stofnanir sem telja að hvað verst hafi verið farið með þær hafa komið sjálfviljugar.

Nú er það svo, hv. þm., að við þurfum að fara nákvæmlega í það í næstu viku að útbúa þennan lista. Ég vona að það

verði rétt hjá hv. þm. að það muni ekki tefja störf okkar. En við verðum að gefa okkur tíma til þess að fara yfir stofnanir ríkisins og velta því fyrir okkur hvaða stofnanir við þurfum að fá í heimsókn. Það verður vonandi engin tregða á því, sem hv. þm. sagði að yrði ekki, að við fáum upplýsingarnar sem við höfum beðið um. En ég spyr, frú forseti: Hvað hefur valdið því að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir? Það var beðið um þær fyrir mörgum vikum og það getur ekki verið að þær séu ekki til. Því trúi ég ekki.

Frú forseti. Hv. þm. kom inn á mjög stóran málaflokk, heilbrigðismálin, og velti þar upp ýmsum hugmyndum. Hann nefndi ýmislegt sem hægt væri að ræða mun nánar. Fyrst og fremst það sem hv. þm. var að velta fyrir sér, sem ég hafði nefnt að væri stefnuleysi eða agaleysi, eins og hann vildi orða það, það fer nefnilega saman. Hv. þm. lýsti vandanum mjög vel vegna þess að hann er fjölbreytilegur. En meðan við höfum ekki stefnu í málunum, meðan við vitum ekki hvað við viljum kaupa eins og hv. þm. nefndi, er ekki von á öðru en að við verðum árlega í vanda. Vandinn þarf ekki endilega að vera vegna þess að sumar stofnanir þurfi meira fé eða vegna þess að sumar stofnanir fái of mikið fé. Það er allt önnur umræða. En við þurfum greinilega að fara að móta stefnu í málaflokknum eins og minn flokkur hefur ákveðið að gera og það væri ráð að ríkisstjórnarflokkarnir mundu ákveða slíkt hið sama.

[16:49]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi misskilið mig aðeins áðan. Ég var að ræða um að grundvöllurinn í heilsuhagfræðinni sé að spyrja hver þörfin sé, vegna þess að ef eftirspurnin er þörfin eins og svo oft hefur viljað brenna við, þá stefnir þörfin í óendanlegt. Þörfin eða eftirspurnin getur verið endalaus. Það getur allt verið að. Á lengstu biðlistum Landspítala – háskólasjúkrahúss í dag eru 225 einstaklingar sem bíða eftir fituaðgerðum sem er kannski alvarlegt mál o.s.frv. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við verðum að meta stöðuna, því engin þjóð getur lifað í þeim lúxus að ætla sér alltaf að gera allt fyrir alla, alls staðar og alltaf. Þetta verða menn að horfast í augu við. Við getum ekki ætlast til þess af yfirmönnum heilbrigðisstofnana. Við getum ekki ætlast til þess af læknum og þeim sem vinna þessi erfiðu störf. Við getum ekki ætlast til þess að þeir forgangsraði öðruvísi í heilbrigðisþjónustunni en treysta því að íslenskir stjórnmálamenn hafi þrek til að standa á bak við það. Þetta er aðalatriðið sem ég bið hv. þm. að íhuga og þingheim allan vegna þess að ég er sannfærður um að við komumst ekkert áfram í þessu erfiða verkefni nema með því að standa saman að því og gera okkur grein fyrir þessum vanda.

[16:51]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðunni um heilbrigðismálin er rétt að halda því til haga sem þar er á ferðinni og láta menn ekki hlaupa út um víðan völl og hlaupa frá raunveruleikanum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um heilbrigðisþjónustuna og stöðu sérfræðilækna fyrir 1998–2001 segir, um skipulag heilbrigðisþjónustunnar, með leyfi forseta:

„Í lögum um heilbrigðisþjónustu er mælt svo fyrir að öll heilbrigðisþjónusta skuli vera undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra og veitt af heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Á stofnunum þessum skulu auk almennra lækna starfa sérfræðingar sem veiti sérfræðilæknisþjónustu. Alkunna er að þjónusta sérfræðilækna er almennt ekki í boði á heilsugæslustöðvum heldur er þjónusta þeirra utan sjúkrahúsa að mestu veitt á stofum þeirra sjálfra. Meginstoðir heilbrigðisþjónustunnar í dag eru því í rauninni þrjár, heilsugæsla, sjúkrastofnanir og starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Á árinu 2001 komu t.d. 291 þúsund sjúklingar til 342 sérfræðilækna í tæplega 460 þúsund skipti. Þessa umfangsmiklu starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna endurspegla lög um heilbrigðisþjónustu ekki. Þess má jafnframt geta að í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var með þál. frá Alþingi í maí 2001, er ekki fjallað um starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Samkvæmt ofansögðu er umtalsverður hluti af heilbrigðisþjónustunni nú veittur utan heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa án þess að til staðar sé lagarammi um hana sem er í takt við raunveruleikann."

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun fer yfirleitt hógværum orðum um hlutina. En hún segir hreint og beint þarna að stjórnvöld, ríkisvaldið, láti heilbrigðisþjónustuna þróast þvert á ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Þá lenda menn í þem pyttum sem þeir eru núna að lenda í.

[16:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvaða andsvar var þetta? Andsvör við hverju? Var þetta andsvar við ræðu minni eða var þetta bara einhver sjálfstæð ræða sem hv. þm. hélt í tilefni þess að ræðustóllinn var auður eða eitthvað svoleiðis? Ég held að virðulegur forseti ætti að átta sig á því að það er ekki til þess ætlast að andsvör séu notuð til þess að halda sjálfstæðar ræður um hitt og þetta, að jólin séu að koma eða hvað menn vilja gera. Þetta varðaði ekkert það sem ég var að tala á neinn hátt og ég veit ekki hvernig í ósköpunum ég á að svara þessu. Hann getur lesið eins og hann vill upp úr skýrslu landlæknis eða Ríkisendurskoðunar eða hverju sem er eða jólabókunum hérna. Það varðar ekkert mína ræðu. Ég get ekki farið að hnýta í það eða tala um það.

(**Forseti** (JBjart): Hv. þm. er það í lófa lagið hvort hann svarar andsvari og líka því sem ekki er andsvar.)

[16:54]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar hv. þm. bar mér heim sanninn um það að hann hefur ekki haft hugmynd um hvað hann var að tala um í ræðu sinni enda fór hann svoleiðis út og suður að hann lenti hvað eftir annað í þversögn við sjálfan sig, og þarf engum að koma á óvart. Þess vegna var minn eindregni vilji að reyna að draga hann að landi og benda honum á hvaða lög giltu um heilbrigðisþjónustu í landinu og eftir hverju ætti að fara svo að hv. þm. og varaformaður fjárln., væri ekki að spyrja og leita út og suður án þess að finna nokkuð hvar hann væri staddur.

Lögin um heilbrigðisþjónustu eru skýr og eftir þeim á að fara en ekki einhverjum geðþóttaákvörðunum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og varaformaður fjárln. ætlar kannski að fara að leita með öðrum flokki að einhverjum svona ímynduðum markaðslausnum í heilbrigðisþjónustunni. Það er kannski það sem er á ferðinni og þess vegna eru menn villuráfandi hér um stefnu í heilbrigðismálum.

Stefnan í heilbrigðismálum á að vera skýr og ákveðin og lúta að grunnþáttum heilbrigðiskerfisins eins og lög kveða á um. Hv. þingmenn hafa ekkert leyfi til þess að vera að hlaupa út um víðan völl frá þessum raunveruleika, ekki síst

þegar hv. þm. eru í þeirri ábyrgðarstöðu að vera varaformenn fjárln. og bera ábyrgð á fjárlagagerðinni.

Þegar verið er að ræða um stöðu og rekstur heilbrigðisþjónustunnar er eins gott að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því á hvaða villuráfi þeir eru og að þeir átti sig á því hvaða lög gilda um heilbrigðisþjónustuna en elti ekki bara skottið á sjálfum sér án þess að vita hver vegferðin er. (**Gripið fram í:** Og stingi hausnum í steininn.) Og stingi hausnum í steininn.

[16:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að ég viti nokkurn veginn út á hvað lögin um heilbrigðisþjónustu ganga. Ég þarf enga leiðsögn frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni um það. Ég ætla líka að það sé farið að þeim lögum mjög gaumgæfilega á Íslandi og ég ætla það líka að íslensk heilbrigðisþjónusta sé mjög góð og við höfum ástæðu til að vera stolt af henni.

Hins vegar eru alltaf einhverjir sem reyna alltaf og nota hvert einasta tækifæri sem þeir hafa til þess að halda því fram að menn séu að reyna að breyta einhverri stefnu, að menn séu að yfirgefa eitthvert kerfi, menn séu að yfirgefa samhjálp í landinu, þó að eðlilega komi fram kröfur á Íslandi, eins og í öllum öðrum ríkjum, um að við leitum hagkvæmni í rekstri eins og allar aðrar þjóðir gera. Eru það einhver frávik frá því að standa vörð um velferðarkerfið og samhjálpina? Það er afleitt og fráleitt að halda slíku fram.

Það er nú svo, virðulegi forseti, að hv. þm. Jón Bjarnason er þeirrar náttúru að hann telur að allar breytingar séu af hinu vonda. (**JBjarn:** Það er rangt.) Og ef menn ætla að leita nýrra lausna í rekstri, leita hagkvæmni eins og allir aðrir eru að gera, er hann alveg viss um að það hljóti að vera af hinu vonda og fordæmir það og telur það svik við velferðina og ég veit ekki hvað og hvað. Hann ætlar mér það að ég viti ekkert um hvað heilbrigðismálin eru, en það er hans vandamál ef hann ætlar mér það. Ég ætla ekki að fara að rífast neitt um það við hann eða þræta. Hins vegar erum við að fást við þessa hluti, okkur ber að fjalla um þá. Við erum að reyna að gera það á hlutlægan hátt. Ég ætla að ræða mín áðan hafi verið þess eðlis að reyna að gera mönnum grein fyrir því hvað við værum að fást við, hvert væri vandamálið og hvers væri að vænta. Ég geri mér vonir um að flestir hafi skilið það.

[16:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Örstutt innlegg í þessa umræðu. Ég ætlaði mér ekki að halda langa ræðu en hins vegar sé ég mig knúinn til þess að taka til máls eftir ræðu hv. 8. þm. Norðvest., Jóns Bjarnasonar, eða andsvar, eða hvað það nú var, því að mér er útilokað að fá botn í það sem hv. þm. var að tala um. Ég gat ekki betur heyrt en hann væri að bera það upp á forustu heilbrigðismála að hún færi ekki eftir lögum. Það er alvarlegur áburður og ég verð að spyrja hv. þm. um hvað hann á við. Á hann við að það eigi að banna starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðinga í landinu? Er það það sem hv. þm. á við?

Það er nýbúið að samþykkja lög frá Alþingi um samninganefnd heilbrigðisráðuneytis og Tryggingastofnunar sem fer með samninga við sjálfstætt starfandi sérfræðinga og setur markmið með þeim samningum um hve margar einingar er samið við sérfræðingana. Þetta er nákvæmlega eftir lögum sem er nýbúið að samþykkja frá Alþingi, ef hv. þm. veit það ekki þá ætla ég að rifja það upp fyrir honum. Ég vísa því gersamlega á bug að forusta heilbrigðismála fari ekki eftir lögum um heilbrigðismál. Það er alvarlegur áburður að koma með slíkar staðhæfingar í ræðustól á hv. Alþingi.

[17:00]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að hæstv. heilbrrh. skuli vera hér og fylgjast með umræðum, enda snúast fjárlögin og fjáraukalögin ekki síst um framlög til heilbrigðisþjónustunnar.

Fyrr í dag gerði ég í nefndaráliti mínu og ræðu grein fyrir ýmsum þáttum í fjáraukalögunum og fjáraukalagafrv., vinnu og forsendum í kringum það. Það sem hæstv. heilbrrh. er hér að vitna til er það sem ég las upp og fékk heimild til hjá hæstv. forseta til að vitna beint í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðu heilbrigðisþjónustunnar þannig að þetta voru ekki mín orð heldur orð í skýrslu Ríkisendurskoðunar, samningur Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna árin 1998–2001 þar sem segir til um skipulag heilbrigðisþjónustunnar.

Ég vitnaði, virðulegi forseti, orðrétt til þeirra umsagna sem Ríkisendurskoðun hafði þar um skipulag heilbrigðisþjónustunnar þar sem vikið er að því einmitt að hún hafi þróast í þá átt að hlutur sérfræðilækna hafi orðið stór og allverulegur og án þess að um hana væri lagalegur rammi. Það er fjarri því að ég hafi þarna verið að leggja út af þeim texta með öðrum hætti, heldur vakti ég bara athygli á þeim ábendingum Ríkisendurskoðunar að heilbrigðisþjónustan hefði þróast með þessum hætti án þess að lög geri raunar ráð fyrir öðru.

Ég held að einmitt í ljósi þeirrar umsagnar og annarra þátta í þróun heilbrigðiskerfisins hafi einmitt sú nefnd verið skipuð sem hæstv. heilbrrh. skipaði til þess að gera heildarendurskoðun á skipan heilbrigðismála í landinu og ég vona að sú nefnd skili sem fyrst áliti.

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. leggur frjálslega út af skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna þess að sú skýrsla er frá 2001 eins og hann sagði réttilega. Síðan hefur verið samþykkt löggjöf á Alþingi um það mál sem þessi skýrsla fjallar um en það kom ekkert fram í máli hv. þm. og það er nauðsynlegt að leiðrétta því að það er mergurinn málsins. Við erum nýbúin að samþykkja löggjöf sem skerpir á öllum þáttum í samningum við sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Nauðsynlegt er að það komi fram. Starfsemi sjálfstætt starfandi sérfræðinga er hluti af heilbrigðiskerfinu. Ég vona að menn velkist ekkert í vafa um það. Það er heilsugæslan, það eru sjúkrahúsin og það eru sjálfstætt starfandi sérfræðingar.

Ég hef nýlega skipað nefnd til að fara yfir hvar einstaklingsframtakið og ríkisreksturinn mætist á hinum stóru spítölum og nauðsynlegt er að gera það. Það er einn þáttur þessa máls.

[17:04]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. heilbrrh. að samþykkt hafa verið lög sem taka á einstökum og afmörkuðum þáttum í lögum um heilbrigðisþjónustu en grunnurinn stendur samt óbreyttur og þar af leiðandi sú stefnumörkun sem færð er til grundvallar þó svo að gerðar séu lagabreytingar til þess að reyna að leysa þar úr ákveðnum þáttum eins og þeir hafa þróast. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra en grunnurinn er samt sá sami.

Það hefði kannski verið ágætt úr því að hæstv. heilbrrh. er hér að hann hefði þá líka gert grein fyrir hvernig á að leysa úr stöðu heilsugæslunnar sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og þeim vanda að fjöldi manns er án aðgengis að heilsugæslu, reglulegri heilsugæslu og að heimilislæknum sem er gríðarlegt vandamál. Samkvæmt lögum er grunnheilsugæslan grunnstoð heilbrigðiskerfisins í landinu en er í verulegum molum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það væri ágætt að heyra hæstv. heilbrrh. koma inn á það og hvernig á að taka á þeim málum við fjárlagagerðina því að þetta er alvarlegt mál og ég býst við að hæstv. heilbrrh. deili með mér þeim áhyggjum sem þar eru á ferðinni.

Hitt er alveg hárrétt að fella þarf störf sérfræðilækna með eðlilegum hætti inn í heilbrigðisþjónustuna þannig að hver þáttur heilbrigðisþjónustunnar styðji þar annan og verði ein samfella af félagslega uppbyggðri heilbrigðisþjónustu í landinu og það vona ég að við hæstv. heilbrrh. verðum sammála um.

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði heilsugæsluna að umræðuefni og það vill nú svo til að aðgerðir eru í gangi til að efla heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Við tökum í notkun nýja heilsugæslustöð í Kópavogi núna um eða eftir áramótin. Ljóst er, og hefur verið auglýst eftir húsnæði, að ný heilsugæslustöð mun fara af stað á næsta ári í Voga- og Heimahverfi sem árum saman hefur verið beðið eftir. Það er því unnið markvisst á þessu sviði. Við höfum tekið upp samninga við heimilislækna og tekið upp fleiri rekstrarform í heilsugæslunni og kjör heilsugæslulækna hafa verið stórbætt og meiri ásókn er í námsstöður í heilsugæslu en nokkru sinni fyrr, þannig að það er ekki svo eins og vill oft verða í lýsingum af ástandinu að ekkert sé verið að gera og þessi mál reki öll saman á reiðanum, það er alls ekki svo. Miklar breytingar og framfarir eru fram undan í heilsugæslunni og betri mönnun er í heilsugæslunni í Reykjavík en verið hefur um árabil. Það eru vandamál uppi á einstökum stöðum úti á landi núna og þarf að vinna í því að laða þangað lækna en það er langt frá því að allt sé í kaldakoli hér og við höfum færi á því að bæta ástandið mjög á næstu missirum.

[17:08]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. 20 þús. millj. kr. skekkjumörk, 20 milljarðar frá upphaflegri áætlun til niðurstöðu. Er nema von að þingskörungar Sjálfstfl. þeir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Gunnar Birgisson komi hér upp og lýsi áfellisdómum sínum yfir stjórn ríkisfjármálanna og þó einkum um heilbrigðismálin.

Hæstv. heilbrrh. hefur líkt stefnu Samf. á því sviði við kanínu í hatti en ekki er hægt að skilja þingmenn Sjálfstfl. öðruvísi en svo að stjórn heilbrigðismála líkist því helst að þar fari hérar sem hlaupist á brott frá verkefnum dagsins. En það stoðar lítt fyrir þingmenn Sjálfstfl., þá hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og Gunnar Birgisson, að reyna að beina allri gagnrýninni og kastljósinu við þessa umræðu að ráðherra Framsfl., hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni, sem þó er hér sem er meira en sagt verður um ýmsa ráðherra Sjálfstfl. sem keyra fram úr í fjárlögum ársins og láta ekki svo lítið að mæta við umræðuna. Nei, það þýðir ekki að beina ljósinu að hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni því að auðvitað eru ríkisfjármálin á ábyrgð Geirs Haarde, fjmrh. Sjálfstfl., og auðvitað var það hann sem lagði fram þetta kolranga fjárlagafrv. sem hér þarf að hafa margra klukkutíma umræður um fjáraukalagafrv. við. Auðvitað eiga hv. þm. Sjálfstfl. að beina orðum sínum til hæstv. fjmrh. og spyrja hvers vegna í ósköpunum hann hafi ekki haft betri stjórn á málum en svo að þeir þurfi að koma í ræðustól á Alþingi við umræðu um fjáraukalög og lesa ríkisstjórninni pistilinn um hvernig hún fer fram í ríkisfjármálunum.

En það er virðingarvert að hæstv. fjmrh. er viðstaddur umræðuna og ég hef tekið eftir því sem nýliði í þinginu að hann er það jafnan þegar til umfjöllunar eru mál sem undir hann heyra og er full ástæða til að þakka fyrir það og ég vænti þess að ráðherrann komi hér síðar í umræðunni og gefi nokkrar skýringar á því sem hér er á ferðinni.

Sú umræða sem nú fer fram er 2. umr. um fjáraukalög og hún ætti í raun og veru ekki að þurfa að taka langan tíma. Henni hefði í rauninni átt að ljúka á svo sem eins og 15 mínútum. (Gripið fram í.) Þar ætti að fara fram 2. umr., ekki 1. heldur 2. umr. um óhjákvæmileg og ófyrirsjáanleg útgjöld á yfirstandandi ári og um það ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að vera neinn pólitískur ágreiningur. Ákaflega lítil umræða ætti að þurfa að fara fram um það og ég held að það segi alveg nægilega sögu hvernig haldið er á ríkisfjármálum af hæstv. fjmrh. að hér hefur staðið umræða í á fjórða tíma. Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að þeirri umræðu hefur ekki aðeins verið haldið uppi af stjórnarandstöðunni. Nei, heldur hafa þingmenn stjórnarliðsins og sjálfur varaformaður fjárln. séð ástæðu til að setja á langar ræður til að benda á það sem aflaga hefur farið og þau mörgu verkefni sem menn hafa ekki unnið að. Og er það nema von.

Við vorum með breytingar á útgjöldum í ríkisreikningi í fyrra, hygg ég frá því sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir. Upp á hvað? Voru það ekki 28 milljarðar? Við erum nú við 2. umr. um fjáraukalög — og ég held að það væri nær að kalla þessi fjáraukalög aukafjárlög eða fjárlög ársins 2003, 3. hluta vegna þess að þau hljóða ekki upp á neitt smáræði. Fjáraukalögin sem verða afgreidd í ár, ef ekkert bætist við fram að 3. umr., eru upp á nærri 17 milljarða kr. Svo koma menn í ræðustól Alþingis og tala um allar hinar miklu framfarir í ríkisfjármálunum, já, já, bara 20 þús. millj. kr. skekkja, bara 20 milljarða skekkja, ekki einu sinni heldur aftur. Þetta er hvorki meira né minna en langt á 2. hundrað þús. kr. fyrir hvert einasta heimili í landinu, hátt í 200 þús. kr. sem koma hér inn sem einhvers konar aukalög. Auðvitað er eðlilegt að það sé rætt og það sé rætt fram og aftur vegna þess að ef hver og ein af þessum fjölskyldum hefði orðið á að misreikna sig um hátt í 200 þús. kr. í heimilisbókhaldinu sínu, þá hefði sú fjölskylda væntanlega þurft að ræða það og hafa af því áhyggjur. En hér eru menn bara að koma inn með í aukafjárlögum hátt í 200 þús. kr. reikning á hvert heimili í landinu. Og það er ekkert skrýtið að þingmönnum Sjálfstfl. blöskri þetta. Það er ekkert skrýtið við það, virðulegi forseti.

Þekkja menn þess einhver dæmi að það sé hægt að komast upp með þvílík og önnur eins frávik einhvers staðar í rekstri? Ég er hræddur um að það þætti a.m.k. hvergi boðlegt í atvinnulífinu að hafa 20 þús. millj. kr. skekkju og ég held ekki að börnunum sem fengu einkunnirnar sínar úr samræmdu prófunum í 7. bekk í dag hefði gengið mjög vel á prófinu ef reikningsskekkjan þeirra hefði verið upp á 20 þús. millj.

Fjáraukalög ársins í ár verða hærri en fjáraukalögin í fyrra og fjáraukalögin í fyrra voru hærri en fjáraukalögin þar áður. Vegna hvers? Vegna þess að hér er í engu verið að

takast á við vandann. Vegna þess að hér liggur það fyrir að gríðarlegur tekjuauki ríkisins á síðustu árum hefur leitt til þess að útgjöldin bólgna út ár frá ári, vaxa og vaxa hröðum skrefum, og það er hvergi að sjá að það sé tekið á þeim vanda. Þvert á móti koma menn síðan inn með fjáraukalög upp á þúsundir, já og á annan tug þúsunda, milljóna króna á hverju einasta ári og telja ekki nema sjálfsagt mál að fá aukafjárveitingu upp á 16.800 millj.

Og hvað er á listanum? Á listanum í fjáraukalagafrv. eru sömu aðilarnir og öll undangengin ár í aðalatriðum — nema kannski að öryrkjadómnum undanskildum. Aftur og aftur sömu aðilarnir vegna þess að ár eftir ár er ekki tekist á við verkefnin, er ekki tekist á við vandamálin, heldur treysta menn því bara að hljóðlega muni renna í gegn fjáraukalagafrv. og síðar verði einhvern tíma afgreiddur ríkisreikningur við litla athygli, og að ef menn fresti því að takast á við vandamálin geti menn haldið stóra og glæsilega blaðamannafundi um hið fína fjárlagafrv. þegar það er lagt fram.

Það er ástæða til að vekja athygli á þeim stærðum sem við erum hér að fjalla um. Hæstv. fjmrh. Geir Haarde gerði grein fyrir því við framlagningu fjárlagafrv. fyrir árið 2004 — sem ég hygg að sé rétt að verði héðan af fjallað um sem fjárlög fyrir árið 2004, 1. hluta, því að það er alveg augljóst að við munum fá 2. hluta þessara fjárlaga hingað inn á næsta ári, algerlega fyrirsjáanlegt. Í því frv. eru sömu aðilar og við finnum í fjáraukalagafrv. fyrir þetta ár. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því að í sínum miklu áætlunum, þá vegna 300 þús. millj. kr. fjárfestinga í ál- og orkuiðnaði, ætlaði ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að mæta hinni miklu þenslu með því að draga úr framkvæmdum eitt árið um 2 þús. millj., 2 milljarða, og annað árið um 3 þús. millj, þ.e. 3 milljarða.

Virðulegur forseti. Hinar miklu sveiflujöfnunaraðgerðir sem hæstv. fjmrh. hefur verið að boða eru ekki nema brot af aukafjárveitingunum sem hann telur sjálfsagt að sækja hingað í þingið.

Virðulegur forseti. Ég hygg að þessi umræða hafi staðið nógu lengi, raunar allt of lengi, og við hana margt verið dregið fram. Ég vil bara leyfa mér að lýsa þeirri skoðun minni að hið háa Alþingi eigi ekki að verða við þeim beiðnum sem hér liggja fyrir í fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár. Ég tel að fjöldinn allur af þeim erindum sem hér liggja fyrir eigi heima í fjárlagafrv. fyrir næsta ár og það skipti ekki meginmáli hvort aukafjárveiting verði samþykkt í desember eða hvort svipaðar heimildir verði veittar í fjárlögum fyrir næsta ár. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þá gæfu fjárlögin fyrir næsta ár betri og sannari mynd af ríkisrekstrinum og væru traustara og áreiðanlegra gagn, ekki bara fyrir ríkisvaldið heldur og fyrir atvinnulífið og samfélagið allt til að treysta á í áætlanagerð sinni. Í þeirri áætlanagerð, heimilanna og fyrirtækjanna í landinu, komast menn ekki upp með 20 milljarða reikningsskekkjur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Stjfrv., 301. mál (matsferli, málskotsréttur o.fl.). — Þskj. 346.

og

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 302. mál (úrskurðarnefnd, framkvæmdaleyfi). — Þskj. 347.

[17:20]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tveimur frv., frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Vinna við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum kallaði á breytingar á skipulags- og byggingarlögum og var því þeirri nefnd sem skipuð var til að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum jafnframt falið að vinna síðargreint frv. Þá nefnd skipaði ég 24. október 2001 en henni var upphaflega falið það hlutverk að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í nefndinni áttu sæti, auk þeirra fulltrúa sem skipaðir voru án tilnefningar, fulltrúar frá Skipulagsstofnun, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtökum.

Í ákvæði III til bráðabirgða í gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um endurskoðun þeirra laga en þar segir orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.“

Jafnframt var nefndinni falið að meta hvort taka þurfi til endurskoðunar önnur ákvæði laganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra.

Eins og ég sagði leiddi vinna við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum til þess að gera þurfti breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, einkum vegna tengingar mats á umhverfisáhrifum við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir og var því nefndinni jafnframt falið að vinna frv. þar að lútandi.

Það var mat nefndarinnar sem vann frumvörpin að það væru einkum ákvæði 11.–13. gr. og 16.–17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem taka bæri til sérstakrar skoðunar, en í þessum ákvæðum er fjallað um úrskurð Skipulagsstofnunar og umhvrh. um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, málskotsrétt vegna ákvörðunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, leyfi til framkvæmda og eftirlit með þeim.

Lög um mat á umhverfisáhrifum byggjast í grundvallaratriðum á tilskipunum Evrópusambandsins nr. 85/337/EBE, samanber breytingu á tilskipun nr. 97/11/EB, sem er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber því íslenskum stjórnvöldum að sjá til þess að ákvæðum tilskipunarinnar sé framfylgt hér á landi. Af sömu ástæðum hafa

m.a. öll önnur ríki Norðurlanda fært í lög sín ákvæði tilskipunarinnar og öll önnur ríki Evrópusambandsins. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er ákvörðunarferli stjórnvalda hér á landi vegna mats á umhverfisáhrifum með öðrum hætti en tíðkast annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig er hér á landi gert ráð fyrir að það sé hluti af matsferli að fallast á eða leggjast gegn framkvæmd en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu er sú ákvörðun í höndum lögskipaðra leyfisveitenda. Þetta atriði var ítarlega rætt í umhvn. Alþingis þegar lögin voru til afgreiðslu hjá Alþingi árið 2000 og varð niðurstaða þeirrar umræðu að bæta við fyrrnefndu ákvæði III til bráðabirgða í lögunum.

Við samningu frv. kynnti nefndin sér löggjöf um mat á umhverfisáhrifum á Norðurlöndum, þó einkum danska löggjöf, en í Danmörku er reglur um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að finna í skipulagslögunum. Þá voru við samningu frv. teknar til sérstakrar skoðunar þær efnis- og formkröfur um mat á umhverfisáhrifum sem leiða má af skuldbindingum Íslands að Evrópurétti samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og með hvaða hætti mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Reglur um mat á umhverfisáhrifum byggjast á framangreindum tilskipunum Evrópusambandsins frá 1985 og 1987.

Af aðfaraorðum og ákvæðum tilskipunarinnar má ráða að matsferli því sem tilskipanirnar kveða á um sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og nánar er lýst í tilskipuninni og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett hvort matsferlið sé fellt inn í gildandi ferli vegna veitingar framkvæmdaleyfis í aðildarríkjunum eða sérstakt ferli sett á fót vegna mats á umhverfisáhrifum. Þannig gerir tilskipunin ekki kröfu um að sett sé á fót sérstakt matsferli óháð leyfisveitingarferli vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi, heldur eingöngu að þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu undanfari ákvörðunar um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um. Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera meðvitaður um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um aðferð fremur en efnisviðmið. Af þeim má ráða að áherslan er lögð á þær upplýsingar og gögn sem fram koma í matsferlinu og að þær séu lagðar til grundvallar ákvörðun um framkvæmdaleyfi. Í því felst ekki að ákvörðun um framkvæmdaleyfi sé í samræmi við niðurstöðu matsins en hins vegar að efnislegu upplýsingarnar sem fram koma í matsferlinu séu grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaleyfi.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í þeim frv. sem ég mæli fyrir eru eftirfarandi:

1. Í matsferlinu verður ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila.

2. Matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina, þannig að leyfisveitanda séu ljós öll efnisatriði málsins þegar fjallað er um leyfi til framkvæmda.

3. Álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu.

4. Enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi í samræmi við viðeigandi lög taki ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.

5. Málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfis, og takmarkast við þá aðila sem eiga sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og önnur hagsmunasamtök eftir nánari reglum.

Ég mun nú, virðulegur forseti, gera grein fyrir helstu breytingum og nýmælum sem fram koma í frumvörpunum.

Samanber 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum eru gerðar nokkrar breytingar á markmiðsákvæðinu.

Lagt er til að eitt af markmiðunum sé að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar en rétt þykir að þetta komi efnislega fram í markmiðsgreininni.

Þá er lagt til að skilgreiningin á „umtalsverðum umhverfisáhrifum“ verði felld brott en til að slík skilgreining hafi einhverja þýðingu verður hún að vera upplýsandi og veita leiðbeiningu. Þar sem hugtakið er í sjálfu sér afar matskennt er ekki unnt að færa það í form skilgreiningar.

Þá er lögð til skilgreining á umhverfisverndarsamtökum en lagt er til að þeim sé veittur málskotsréttur til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og til ráðherra, eins og ég mun síðar gera grein fyrir.

Um matsskýrslu og kynningu á henni er mælt fyrir um í 8. og 9. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum en þar eru lagðar til nokkrar breytingar er varða vinnslu og efni matsskýrslu. Er lögð áhersla á aukið samráð milli Skipulagsstofnunar og framkvæmdaraðila um gerð matsskýrslu. Í matsskýrslu skuli m.a. koma fram tillögur framkvæmdaraðila um mótvægisaðgerðir og umhverfisvöktun þar sem það á við, og er það liður í að bæta matsskýrsluna og auka ábyrgð framkvæmdaraðila á matinu. Í þeim tilgangi að tryggja samræmi og gæði matsskýrslu framkvæmdaraðila er lagt til að í niðurstöðu matsskýrslu skuli geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdarinnar en að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar um þau. Framkvæmdaraðila ber við gerð matsskýrslu að hafa slíkar leiðbeiningar til viðmiðunar þegar vægi umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar í matsskýrslu er metið. Leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er ætlað að auka skilvirkni og samræma vinnubrögð í matsferlinu og auðvelda Skipulagsstofnun og öðrum þeim sem eiga að fjalla um matsskýrsluna að gefa álit sitt á henni.

Þá er lagt til að framkvæmdaraðili sendi Skipulagsstofnun drög að matsskýrslu til athugunar og kynningar, enda fullnægi drögin samþykktri matsáætlun. Er það breyting frá því

sem nú gildir þar sem framkvæmdaraðili sendir endanlega matsskýrslu til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun skal kynna drög að matsskýrslu með auglýsingu í Lögbirtingablaði, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði. Kynningin á drögunum og réttur til athugasemda vegna þeirra fer fram með sama hætti og er samkvæmt gildandi lögum. Sú breyting er hins vegar lögð til að Skipulagsstofnun beri að senda framkvæmdaraðila að lokum þær athugasemdir og umsagnir sem stofnuninni hafa borist og vinnur hann, þ.e. framkvæmdaraðilinn, úr þeim göngum við gerð matsskýrslu. Framkvæmdaraðili tekur síðan afstöðu til þeirra í endanlegri matsskýrslu sinni til Skipulagsstofnunar.

Með þessu fær framkvæmdaraðili rétt til þess að ljúka matsskýrslu sinni á grundvelli þeirra athugasemda sem berast kunna frá almenningi og umsagnaraðilum í kynningarferlinu þannig að matsskýrslan verði eins vel útbúin og unnt er frá hendi framkvæmdaraðila áður en Skipulagsstofnun gefur álit sitt á henni.

Í 10. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum er fjallað um álit Skipulagsstofnunar. Eins og ég hef gert grein fyrir ákvörðunarferli stjórnvalda um mat á umhverfisáhrifum er það ákveðna ferli með öðum hætti hér en annars staðar. Sérstaða Íslands borið saman við önnur lönd er því mikil hvað varðar það úrskurðarvald sem Skipulagsstofnun hefur. Telja verður eðlilegra að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að samræma gerð matsáætlana og matsskýrslna og treysta gæði þeirra. Þannig verði Skipulagsstofnun falið að fara yfir matsskýrsluna til að kanna hvort hún sé í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið um gerð, kynningu og efni matsskýrslu en að það sé ekki hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvort hafna eða leyfa skuli framkvæmd, heldur sé slík ákvörðun í höndum viðkomandi leyfisveitenda.

Því er lagt til að í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar gefi stofnunin álit sitt á endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í áliti Skipulagsstofnunar komi fram hvort skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum uppfylli skilyrði laganna og þeirra reglugerða og leiðbeininga sem settar eru á grundvelli þeirra og jafnframt hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Sé það mat Skipulagsstofnunar að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða að gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir sem skilyrði en lagt er til í skýrslunni ber stofnuninni að tilgreina þessi skilyrði í áliti sínu og færa rök fyrir þeim. Þannig er gert ráð fyrir að stofnunin geti sett fram skilyrði í áliti sínu um mótvægisaðgerðir eða önnur skilyrði enda telji hún að með því megi draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Ákvæði um leyfisveitingar vegna laga um mat á umhverfisáhrifum eru í 3. og 13. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og 3. gr. frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Lagt er til að leyfi til framkvæmda teljist framkvæmd á byggingarleyfi sveitarstjórna samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, svo og leyfi til starfsemi sem framkvæmdunum fylgir og önnur leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum. Hér er um að ræða upptalningu á þeim leyfum sem framkvæmdaraðili kann að þurfa að afla vegna matsskyldrar framkvæmdar sinnar en leyfi til matsskyldrar framkvæmdar er í höndum margra stjórnvalda. Sem dæmi má nefna að leyfi þarf iðnrh. fyrir raforkuverum sem eru 1.000 kW og stærri samanber 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, og til nýtingar auðlinda á jörðu, samanber 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og starfsleyfi Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar þarf fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun samanber 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allir leyfisveitendur vegna matsskyldra framkvæmda skulu kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um hana. Leyfisveitendum ber þannig að fjalla um álit Skipulagsstofnunar og taka afstöðu til þess og kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila sem því liggur til grundvallar, þar með að ganga úr skugga um að framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu.

Sé leyfi veitt þar sem tekið er á einhverjum eða öllum þáttum með öðrum hætti en fram kemur í álitinu þarf leyfisveitandi að geta fært rök fyrir niðurstöðu sinni. Um heimild viðkomandi stjórnvalda við útgáfu leyfis, m.a. til að taka upp í leyfi þau skilyrði sem fram koma í áliti Skipulagsstofnunar fer samkvæmt þeim sérlögum sem um þær leyfisveitingar gilda. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfuleyfi til framkvæmda. Lagt er til að við útgáfu framkvæmdaleyfis sveitarstjórna beri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við þær skipulagsáætlanir sem sveitarfélagið hefur tekið ákvörðun um. Þá ber sveitarstjórn eins og á við um aðra leyfisveitendur að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar og jafnframt að kanna hvort um sé að ræða sömu framkvæmd og lýst er í matsskýrslu.

Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila eins og áður segir er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmiðið er að sveitarstjórn taki upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og ef hún gerir það getur hún tekið skilyrðin upp í framkvæmdaleyfi að hluta eða að öllu leyti. Í slíkum skilyrðum getur m.a. verið kveðið á um mótvægisaðgerðir og samráð við tiltekna aðila en mótvægisaðgerðir eru skilgreindar sem aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem kunna að vera sett í áliti Skipulagsstofnunar að því marki að aðrir leyfisveitendur til framkvæmda samkvæmt fjárlögum hafi ekki gert það. Hafi slíkur leyfisveitandi, t.d. iðnrh. við útgáfu leyfis fyrir raforkuveri bundið framkvæmdina einu eða fleiri skilyrðum sem fram hafa komið í áliti Skipulagsstofnunar ber sveitarstjórn ekki að taka þau skilyrði upp í framkvæmdaleyfi sitt þar sem annar leyfisveitandi hefur þegar tekið afstöðu til þeirra í sínu leyfi. Sveitarstjórn er þá bundin af því við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Þar sem Skipulagsstofnun veitir álit um matsskýrsluna er ekki þörf á að niðurstaða stofnunarinnar sé kynnt fyrr en við útgáfu framkvæmdaleyfis en það er ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis sem er kæranleg til úrskurð-

arnefndar skipulags- og byggingarmála eins og ég mun gera grein fyrir á eftir.

Um málskot til ráðherra og úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála fer samkvæmt a- og b-lið 12. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og 2. gr. frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Lagðar eru til breytingar á kæruheimild vegna mats á umhverfisáhrifum sem tilkomnar eru vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í ferli matsskyldra framkvæmda. Eins og gerð hefur verið grein fyrir er lagt til að matsferlið verði nátengdara en áður leyfisveitingu viðkomandi framkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum úrskurði Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum sem kæranlegur er til ráðherra heldur er þess í stað lagt til að stofnunin gefi álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Eftir þá breytingu væri óeðlilegt að það álit væri kært til umhvrh. eitt og sér heldur er lagt til í þess stað að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórna um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis. Hér er því um nýtt hlutverk úrskurðarnefndar að ræða en hún mun áfram kveða upp úrskurð í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál eins og hún hefur gert hingað til.

Heimilt er að skjóta til umhvrh. ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka samanber 6. gr. sé matsskyld og er það ekki breyting frá því sem nú gildir. Þá er hægt að kæra aðrar ákvarðanir Skipulagsstofnunar til ráðherra svo sem um endurskoðun matsskýrslu.

Lagt er til að réttur til að skjóta framangreindum ákvörðunum til úrskurðarnefndar verði einungis bundinn við þá sem hafa sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Sömuleiðis ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem eiga varnarþing á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna a.m.k. 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum eða samþykktum þeirra.

Lagt er til að sömu reglur eigi hér við um kæruheimild og kveðið er á um í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að öðru leyti en því að umhverfisverndarsamtök öðlast hér málsrétt. Umhverfisverndarsamtök eru skilgreind sem samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til um kæruheimild eru til samræmis við það sem gildir á Norðurlöndunum. Réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndunm verið eins víðtækur og hér á landi. Þá er tekið af skarið um það, eins og í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, að ákvarðanir Skipulagsstofnunar verði aðeins kærðar til ógildingar eða breytinga. Það þýðir að ekki yrði heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar til staðfestingar einvörðungu.

Þá er lagt til að framkvæmdaraðila sé heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar um synjun eða breytingar á matsáætlun og um að drög að matsskýrslu uppfylli ekki kröfur laganna. Lagt er til að frestur ráðherra til að úrskurða verði lengdur í tvo mánuði frá því að kærufrestur rann út en hann er nú fjórar vikur vegna ákvörðunar um matsskyldu. Jafnframt er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hafi allt að þrjá mánuði til að úrskurða frá því að henni berst mál í hendur og er því um að ræða lengingu á núgildandi fresti um einn mánuð.

Að lokum fer um skipun og samsetningu úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála samkvæmt 2. gr. frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Gert er ráð fyrir að í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála eigi sæti fimm menn í stað þriggja nú en við úrlausn einstakra mála skuli nefndin að jafnaði vera skipuð þremur mönnum. Í viðamiklum málum skal nefndin hins vegar vera fullskipuð. Yfir nefndina skal skipaður forstöðumaður sem jafnframt er formaður nefndarinnar og hefur starfið að aðalstarfi og er það breyting frá því sem nú gildir en starf formanns er hlutastarf. Með þessu er ætlað að auka skilvirkni í starfi nefndarinnar. Hæstiréttur skal tilnefna þrjá nefndarmenn af fimm en tveir eru skipaðir af umhvrh. án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið efni þessara frumvarpa í megindráttum. Ég legg til að frumvörpunum verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[17:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að ef ekki eru gerðar athugasemdir við það, þá eru 8. og 9. dagskrármál rædd undir þessum dagskrárlið, mat á umhverfisáhrifum, stjfrv. 301. mál, er 8. dagskrármál og 9. dagskrármálið, skipulags- og byggingarlög, stjfrv. 302. mál, þskj. 347. Ef ekki eru gerðar athugasemdir lít ég svo á að þessi ... (**KolH:** Afsakið, forseti. Ætlar hæstv. ráðherra ekki mæla fyrir máli nr. ...?) Ég tók það svo að hæstv. ráðherra hefði mælt fyrir báðum málum.

[17:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir að í máli sínu kynnti ráðherra það að hún talaði fyrir báðum málunum í einu og ég geri ekki athugasemdir við það.

Ég vil í upphafi máls míns taka fram að Samf. vill eiga góða samvinnu við að ná fram bestu mögulegu lagasetningu um mat á umhverfisáhrifum og við vonum, af því að hér er margt sem þyrfti að vera öðruvísi að okkar mati, að um slíkt náist mjög góð samvinna í nefndinni.

Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum á að vera að vernda umhverfið þannig að ekki verði veruleg óafturkræf umhverfisspjöll. Því miður er þessu ábótavant í frv. Með leyfi forseta, bendi ég á b-lið 1. gr. þar sem segir: „að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar“. Það er nýmæli að þetta sé markmiðsgrein en það er einnig búið að fella burtu aðrar mjög mikilvægar skilgreiningar sem er missir að. Svona lög eiga að vera mælistika um áhrifin á umhverfið en skilgreiningu til að draga úr umtalsverðum umhverfisáhrifum vantar eins og ég hef sagt. Sú skilgreining var í 11. gr. laganna en hefur verið felld út.

Mig langar að vísa til b-liðar 8. gr. sem fjallar um 9. gr. laganna og í b-lið segir:

„Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við.“

Á móti þessu hefur 11. gr. verið felld niður sem eins og ég segi var mun skýrari og meiri að umfangi og skilgreiningum. Leiðbeiningar vantar alveg í frv. um hvernig komast á að

niðurstöðu um umhverfisáhrifin. Hvergi er að finna leiðsögn um hvenær um er að ræða óafturkræf áhrif á umhverfið og í greinargerð segir að ekki sé unnt að færa matið á umtalsverðum umhverfisáhrifum í form skilgreiningar og þetta kemur mjög á óvart. Þess vegna sé það samkvæmt frv. fellt brott úr lögunum.

Þegar farið er yfir helstu breytingar á frv. samkvæmt yfirliti á bls. 11 þá er þar sagt í fimm liðum hvað sé að breytast. Ekki er fjallað um hvað vantar í lögin, t.d. að umtalsverð umhverfisáhrif eru felld út. Það er mjög flókið að vinna með þetta efni þannig að það er auðvitað krafa okkar þegar verið er að koma inn með svona miklar breytingar að bæði sé tilgreint í svona yfirliti hvað fer út og hvað er nýtt.

Bandarísk löggjöf um umhverfismat er eins konar vagga umhverfislöggjafar í heiminum og þar er kveðið á um að koma eigi í veg fyrir fyrir umtalsverð umhverfisáhrif eða mikil neikvæð áhrif á umhverfið. Svo ég, með leyfi forseta, vísi í enska textann þá eru þar notuð orð eins og „significant impact or effect" og „significant adverse impact". Þetta eru mjög sterkar yfirlýsingar þannig að þegar verið er að vísa til þess að þetta sé ekki að finna í öðrum löndum þá er það rangt því að þar sem þetta var sett í öndvegi þar eru þessi sterku orð.

En þegar slíkt er forsendan, eins og hér er talað um að sett sé í lög, þá myndast smátt og smátt viðmiðun með úrskurðum stjórnvaldsdómstóla og við eigum líka að hafa það að leiðarljósi í svona vinnu að tíminn breytir afstöðu og mati fólks. Það má nefna að ekki dytti okkur í hug í dag að stífla t.d. fyrir Þórsmörkina, það yrði nú þokkaleg veita þar, en fyrir einhverjum tíma áður fyrr hefði það kannski ekki þótt frágangssök þannig að við verðum alltaf að vera meðvituð um hvernig tíminn skýrir hlutina.

Það má spyrja hvort réttara sé að dómstóll skeri úr um hvort of mikil umhverfisáhrif fylgja framkvæmd og lögin eiga að gefa dómstólnum leiðsögn. Það á skerpa á 9. gr. laganna í stað þess að veikja hana þannig að hún kveði á um áhrif á umhverfið, bein og óbein, valkvæð og neikvæð, skammtíma- og langtímaáhrif, sammögnuð áhrif, varanleg og tímabundin áhrif, afturkræf og óafturkræf áhrif. Þannig ætti það að vera sett inn í lögin.

Sveitarstjórn er leyfisveitandi í þessum lögum. Pólitíska valdið verður hjá leyfisveitandanum og við í Samf. erum sammála því að ákvörðunarvald og ábyrgð sé flutt frá embættismönnum til stjórnmálamanna. Ákvörðun verði byggð á áliti Skipulagsstofnunar, álitið er þó ekki bindandi fyrir leyfisveitandann, sem getur í raun farið sínu fram þegar hann hefur kynnt sér álit og umfjöllun. Hann er ekki skyldugur að fara eftir neinu. Að kynna sér, taka afstöðu til, þetta eru allt of linar leiðbeiningar. Hins vegar er tekið fram hér að hvorki arðsemi né þjóðhagsleg áhrif framkvæmda séu talin eiga að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum og þetta er góð og hárrétt breyting.

En í úrskurði ráðherra vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var sérstaklega fjallað um arðsemi framkvæmda og þjóðhagsleg áhrif þeirrar framkvæmdar, og það verður að vera ljóst hvernig með skal fara ef leyfisveitandi setur slíkan ávinning framar áliti.

Hvað gerist í ferlinu þegar ráðherra en ekki sveitarstjórn er með leyfisveitinguna fyrir framkvæmd, samanber t.d. að það er kveðið á um það í orkulögum? Hvernig er þá ferli ákvörðunar og hvert má kæra það ferli? Þetta höfum við ekki getað. Auðvitað er mjög flókið að fara í gegnum þetta frv. og átta sig á hvernig lögin voru og hvaða breytingar verða en það er ekki auðvelt að sjá hvers slags ferli fer í gang ef ráðherrann á að veita leyfið. Ég bið ráðherra að fara yfir það vegna þess að það er mjög áríðandi að þarna sé líka óumdeilt ferli í gangi.

Áður tók Skipulagsstofnun ákvörðun en nú mun stjórnvaldið ákveða. Í heild eru þetta eðlilegri vinnubrögð. Stofnunin metur áhrifin en stjórnvöld bera ábyrgð á ákvarðanatöku. Ferlið verður að vera traustvekjandi. Það er stjórnvaldið sjálft sem ákveður hvort það geti réttlætt framkvæmd sem mikil umhverfisáhrif verða af, og þarna þarf að koma inn krafa um rökstuðning. Ef t.d. stjórnvald tekur ákvörðun í lokin á forsendum efnahagsáhrifa þarf að rökstyðja þá ákvörðun þannig að hægt sé að fara í og meta þann rökstuðning síðar.

Förum yfir ferlið. Drög að matsskýrslu eru send frá framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar og skal fullnægja matsáætlun. Drögin eru kynnt, athugasemdir berast, Skipulagsstofnun sendir framkvæmdaraðila athugasemdir og umsagnir. Framkvæmdaraðili lýkur sinni endanlegu matsskýrslu og sendir hana til Skipulagsstofnunar aftur, sem getur þá lagt mat á hvernig tekið var á athugasemdum og upplýsingum sem fram hafa komið. Ef veruleg frávik eru frá drögunum skal Skipulagsstofnun auglýsa og kynna matsskýrsluna svo öllum gefist kostur á að gera athugasemdir við hin nýju drög og stofnunin leitar að nýju umsagnar leyfisveitanda og annarra.

Þetta hljómar vel og rökrétt. En lítum aðeins á matsáætlunina. Hér vantar hins vegar allt bit. Leiðsögn og vald Skipulagsstofnunar á upphafsstigi varðandi matsáætlunina skortir, leiðbeininguna vantar. Og þetta er grundvallaratriði vegna þess að matsskýrslan á síðar að fullnægja matsáætluninni og þess vegna verður matsáætlunin mjög mikilvægt gagn í upphafsvinnslunni.

Skipulagsstofnun kveður ekki upp úrskurð en gefur álit. Það álit er ekki kæranlegt til umhvrh. eitt og sér heldur er leyfið borið undir úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarlög. Hér er búið að taka út úr þessum kafla að kveðið sé upp úr um hvort um umtalsverð umhverfisáhrif sé að ræða og enn vaknar spurningin: Hvað þegar ráðherra tekur ákvörðun um að leyfa framkvæmd?

Og aðeins af því að við erum líka að fara í gegnum skipulagslögin í þessari umræðu þá hlýt ég að benda á það að úrskurðarnefndin, sem skipar mjög stórt hlutverk í þessum lögum, á að vera fimm manna. Ráðherra skipar tvo, Hæstiréttur tilnefnir þrjá. Þessir tveir sem ráðherra skipar, þ.e. annar þeirra á að vera formaður nefndarinnar og jafnframt forstöðumaður nefndarinnar. Jafnframt á þessi eini, sem er bæði formaður og forstöðumaður, að ákveða hvenær málið er af þeirri stærðargráðu að það sé nóg að vera með þriggja manna úrskurðarnefnd. Og við verðum bara að horfa beint á það vegna þess hvernig þessi mál eru vaxin að með þessu er í raun og veru opnað fyrir það að þessi formaður/forstöðumaður geti ákveðið að hafa alltaf með sér hinn manninn sem umhvrh. skipar og einn skipaðan af Hæstarétti eða samkvæmt tilnefningu hans. Hann getur búið til þann meiri hluta sem honum hentar í máli ef hann er þannig innréttaður og ef það hentar.

Við skulum horfa á það við við erum að búa hér til lög sem eiga að standa í einhvern tíma. Þetta er mjög alvarlegt. Það hefði verið miklu eðlilegra að vera með einn af þeim sem tilnefndir eru af Hæstarétti sem formann. Ég kem örlítið nánar að skipulagslögum í lokin en þetta er mjög stórt mál.

Leyfisveitendur eiga að fjalla um og taka afstöðu til skýrslu framkvæmdaraðila og álits Skipulagsstofnunar. Leyfisveitendur eru ekki bundnir af áliti Skipulagsstofnunar en ber, eins og áður segir, að fjalla um það og taka afstöðu til álitsins og matsskýrslunnar. Þetta er eins og annars staðar í frv. þar sem fjallað er um þetta efni mjög vægt og óljóst orðalag. Álit eða niðurstaða matsskýrslu bindur ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu framkvæmdaleyfisins samkvæmt þessu frv. og þar sem ákvörðun er tekin, jafnvel án tillits til álitsins, verður stjórnvaldið að rökstyðja ákvörðun sína og þess er ekki krafist í þessu frv.

Við í Samf. gerum kröfu um að ákvörðun sé ávallt gegnsæ og forsendur skýrar því það á að vera hægt að rökstyðja kæru. Þetta er grundvallaratriði því að dómstóll, ef mál færi fyrir dómstóla, mundi eingöngu fjalla um það hvort lagaákvæðum væri fullnægt. Þetta er eitt mjög stórt og mikið grundvallaratriði.

Leyfisveiting sveitarstjórna byggir á mati sem samkvæmt þessu frv. er óljósara en áður. Svona lög eiga að vera brjóstvörn fyrir allan almenning ef stjórnvöld og framkvæmdaraðilar ætla að vaða yfir hvað sem er með ávinning einan að leiðarljósi. Þess vegna er það svo mikilvægt að draga ekki vígtennurnar úr svona lögum, frekar að skerpa þau.

Málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verður bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfis, og takmarkast við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum. En það eru ákvæði í viðaukum sem við ætlum að skoða betur í umhvn. og var erfitt að átta sig á hvernig gætu komið inn í þetta.

Til að ljóst sé hvernig leyfisveitandi á að haga sér þarf gegnsæi til þess að almenningur geti gert sér grein fyrir forsendum ákvörðunar, og til að gæta réttar almennings gagnvart leyfisveitanda þarf að tryggja að öllum röksemdum og forsendum hafi verið svarað.

Aðgengi almennings samkvæmt þessu frv. er skert frá því sem verið hefur. Bara þeir sem eiga lögvarinn rétt um matsskyldu og kærurétt eða náttúruverndarsamtök sem eru með yfir 50 manns geta kært. Þetta er verulegur réttur sem við gerum ekki lítið úr þegar við skoðum þetta frv. og það er mjög mikilvægt að þessir aðilar eigi aðkomu. En við verðum að spyrja: Er þetta nóg? Þetta virðist fremur þröngt.

Alls staðar annars staðar er verið að auka aðkomu almennings og ég spyr: Þarf almenningur ekki að eiga aðkomu t.d. ef stofnanir og stjórnvöld hafa lagt blessun yfir vafasama matsáætlun?

Búið er að samþykkja nýja tilskipun frá Evrópusambandinu, það var í maí í vor, og voru tilmæli sett fram um að hún verði samþykkt á árinu 2005. Hún byggir á Árósasamningnum sem við höfum ekki fullgilt þó að við séum aðilar að honum, samningi um að tryggja almenningi aðgengi að dómstólum í umhverfismálum. Það er mjög skrýtið, virðulegi forseti, að ekkert er minnst á þessa tilskipun í frv. og ekkert tillit tekið til hennar, og ég spyr af hverju? Af hverju er ekki litið á það sem er að verða samþykkt alls staðar í Evrópu og mun verða mótandi í lagasetningu af þessu tagi?

Ákvörðun sveitarstjórnar verður að vera vel undirbyggð. Og það vekur til umhugsunar, af því að sveitarfélögin hjá okkur eru svo smá og mörg þeirra eru mjög veik, og þá vaknar spurningin um hvort lítið sveitarfélag hafi bolmagn til að taka viðkvæmar ákvarðanir vegna leyfisveitinga. Hefur slíkt lítið sveitarfélag tök á að afla sér sérfræðiþjónustu sem til þarf til að vinna það sem sveitarfélaginu er ætlað að gera? Getur skipulagsnefnd þeirra metið það sem þarf að meta án aðkeyptrar aðstoðar? Ég óttast að svo sé ekki. Samfylkingin vill þess vegna skoða hvort setja eigi á laggir sjóð í þessu skyni sem smærri sveitarfélög geta sótt í og fengið framlag til sérfræðiþjónustu vegna svona sérfræðivinnu.

En það eru fleiri spurningar sem vakna, virðulegi forseti. Hver gætir þess að framkvæmd sé ekki í andstöðu við skuldbindingar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða stefnu stjórnvalda í umhverfismálum? Í upphaflegu nefndartillögunum var umhvrh. falið það hlutverk og sveitarstjórn gert óheimilt að gefa út byggingar- eða framkvæmdarleyfi nema brugðist hafi verið við athugasemdum ráðherra á fullnægjandi hátt.

Ég vil líka taka fram að þegar skoðaðar eru breytingar sem fjallað er um hérna, þegar ég var að kvarta undan því áðan að ekki væri talað um það sem hefði verið breytt, þá vantar í frv. skilgreiningu á „verulegum umhverfisáhrifum". Framkvæmd hlýtur að eiga að koma til kasta Alþingis ef matið segir að um veruleg umhverfisáhrif sé að ræða.

Ef við erum með smávangaveltur, ef sveitarfélag tekur ákvörðun um það að veita Skaftá í Langasjó, ef sveitarfélag ákveður að það verði í lagi að fara í virkjunarframkvæmdir við Torfajökul, ef sveitarfélag ákveður að það sé í lagi að virkja Jökulsá á Fjöllum og við værum ekki búin að bregðast við með því t.d. að grípa til verndunaraðgerða, er það þá þannig samkvæmt þessu ferli að sveitarfélagið beri allan þungann til enda? Er hvergi gert ráð fyrir að ákvörðun eða hugsanleg ákvörðun komi til Alþingis?

Bæði í rammaáætluninni um virkjanir, sem kynnt var á umhverfisþinginu og mjög athyglisvert var að skoða, og í náttúruverndaráætlun sem nýbúið er að vinna eru mælingar sem gefa til kynna styrk framkvæmda. Í rammaáætluninni er bæði flokkun og mæling. Í náttúruverndaráætluninni er byggt á tölulegu mati og eins konar rauðum flöggum eða fánum. Við hljótum að þurfa mælingar. Það er alveg útilokað annað en við þurfum með einhverjum hætti að fara í flokkun á hvað eru umtalsverð umhverfisáhrif. Við eigum líka að skoða hvort mat þeirra embættismanna sem um fjalla eigi að falla undir einhvers konar mælingu. Mæling sem segir að nú séu veruleg eða umtalsverð umhverfisáhrif og sem mundi þá kveða á um að málið eigi að koma til kasta Alþingis.

Bara til að draga fram þunga þessa máls þá spyr ég: Gæti leyfisveitandi ákveðið að virkja Gullfoss, ef honum sýndist svo, samkvæmt svona lögum? Við verðum að horfa á þetta skörpum augum til að vita hvaða slys geta verið í lagasetningunni. Það er mjög mikilvægt að benda á að verndar- og friðunarsvæði verða mjög mikilvæg samkvæmt þessu frv.

Að lokum: Ég hef dregið það fram að í þessu frv. eru jákvæðar breytingar, helst þó þær að stjórnmálamenn bera ábyrgð og embættismenn vinna sín verk en er ekki gert að taka ákvarðanirnar. En margar aðrar breytingar, eins og ég hef rakið hér, vekja efasemdir okkar og jafnvel andstöðu og við munum fara mjög vel yfir þetta í nefnd og freista þess að ná samstöðu um úrbætur og breytingar á frv.

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Mörður Árnason muni fara vel í skipulagslögin. Ég hef nefnt hér úrskurðarnefndina, en stóru málin í skipulagslögunum eru annars vegar úrskurðarnefndin og svo framkvæmdaleyfið, að þegar farið er fram hjá eða gegn áliti verði að tryggja

rökstuðning og skilgreiningu á verulegum umhverfisáhrifum svo unnt sé að meta þessi mál fyrir dómstólum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[18:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur er margt gott og þarft í þessum lögum, bæði stórt og smátt. Þar ber auðvitað hæst þá jákvæðu meginbreytingu sem kemur til greina að gera og frv. leggur til að gerð verði frá núgildandi lögum. Hún er sú að embættismönnum sé sitt og stjórnmálamönnum sitt, að embættismenn undirbúi mál og dragi það saman en kjörnir fulltrúar taki ákvörðun samkvæmt þeim meginreglum sem stjórnkerfi okkar byggist á. Við í Samf. styðjum þá breytingu. Við teljum að reynslan af gildandi lögum, hvað þetta varðar, sé ekki góð og það eigi að breyta þessu.

Þá vantar þriðja aðilann í þetta mál, fyrir utan embættismenn og kjörna fulltrúa, og þann fjórða auðvitað því svo koma framkvæmdaraðilar inn í, það er auðvitað almenningur. Við verðum að búa svo um hnútana að réttur hans minnki ekki, möguleikar hans skerðist ekki, en því miður hefur ekki betur tekist til með frumvarpsgerðina en svo að réttur almennings minnkar og möguleikar hans skerðast á að hafa áhrif á það mat á framkvæmdum sem um er að ræða.

Mig langar að gera að umræðuefni þrjá höfuðgalla á frv. um breytingar á lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Í fyrsta lagi er bætt við, og það er til bóta, því markmiði að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar. Ég vil gera strax þá athugasemd þótt lítilvæg sé að það sé kannski rétt að umorða þessa setningu því hugsanlega hefur framkvæmd jákvæð umhverfisáhrif og ekki viljum við draga úr þeim. En ég er aðallega að tala um þetta vegna þess að þó að þetta sé sett inn, þá dregur í raun og veru úr heildarmarkmiðum frv. með því að taka út skilgreininguna sem áður var inni og er eins og rauður þráður í gildandi lögum á umtalsverðum umhverfisáhrifum. Sú skilgreining var svona í 3. gr. l-lið, með leyfi forseta:

„Umtalsverð umhverfisáhrif: Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum."

Því má svo bæta við að íslenska orðið „umtalsverður" er ágæt hliðstæða enska orðsins „significant" sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnaði til í ræðu sinni áðan úr bandarískum lögum um umhverfisáhrif en Bandaríkjamenn standa, eins og þingheimur veit, mjög framarlega á þessu sviði.

Skýringin í greinargerðinni getur ekki talist merkileg á því að fella þetta brott. Skýringin er svona, með leyfi forseta:

„Í e-lið er lagt til að skilgreining á hugtakinu „umtalsverð umhverfisáhrif" verði felld brott. Til að skilgreiningin hafi einhverja þýðingu verður hún að vera upplýsandi og veita leiðbeiningu. Þar sem hugtakið er í sjálfu sér afar matskennt er ekki unnt að færa það í form skilgreiningar. Ekki er vitað til þess að hliðstæða skilgreiningu sé að finna í sambærilegri löggjöf annarra landa. Í 10. gr. frumvarpsins er til samræmis við þá breytingu sem hér er lögð til gert ráð fyrir að tilvísun til þessarar skilgreiningar verði felld brott og vísast til athugasemda við þá grein."

Þegar greinin er skoðuð er þar meginatriðið, sem skiptir miklu máli í núverandi lögum, að Skipulagsstofnun á að segja til um það í sínu plaggi, sem áður var úrskurður og nú er álit, hvort umhverfisáhrifin eru umtalsverð eða ekki. Í þeirri merkingu sem í þessi orð eru lögð í 3. gr. l-lið. Þetta á að taka út og þegar maður sér þann vilja flytjenda frv. að þetta eigi að taka út og gera að lögum, jafngildir sú brotthending því, í raun, að stofnunin er lött til þess að tala um framkvæmdina í heild með því að segja hvort hún telur hana vera jákvæða eða neikvæða hvað varðar umhverfisáhrif, hvort um umtalsverð umhverfisáhrif sé að ræða eða ekki.

Hæstv. umhvrh. vill losna við þessa skilgreiningu og hún hlýtur að verða að svara því í þessari umræðu hvers vegna svo er, því að það er ekki hægt að færa það til að hugtakið sé matskennt. Það eru öll hugtök matskennd, nema í stærðfræði og fræðum sem tengjast henni, sérstaklega eðlisfræði. Þar eru hugtök sem ekki eru matskennd en þau eru þó þannig að menn hafa komið sér saman um þau. Vísindin og fræðin beinast að því að búa til skilgreiningar úr matskenndum hugtökum, úr því sem er matskennt. Þ.e. að reyna að draga fram úr veruleikanum einhverja skilgreiningu á hugtaki sem hægt sé að notast við og það gera auðvitað lög líka. Það þýðir ekki að víkja sér undan því á þeim forsendum að þetta sé matskennt og ekki sé unnt að færa það í form skilgreiningar. Til hvers er umhvrn., hæstv. forseti? Nema til að búa til skilgreiningar og færa þær inn í þingið fyrst það er á annað borð að ómaka sig að búa til frumvörp fyrir hv. þingmenn. Þetta stenst ekki. Það hlýtur að vera einhver önnur ástæða fyrir því að þetta er tekið brott og þar með numinn á brottu sá rauði þráður sem einnkennir núgildandi lög og er að mínu viti eitt af því jákvæða við þau.

Þetta mál varð tilefni fyrirvara og athugasemda tveggja nefndarmanna sem stóðu að nefndaráliti sem þetta frv. byggist á. Ég tel við hæfi, hæstv. forseti, að fara með þá álitskafla, með leyfi forseta. Annars vegar er það Elín Smáradóttir sem var tilnefnd af Skipulagsstofnun í þessa nefnd. Hún segir þetta:

„Ég undirrituð tel að vafi geti leikið á um að það samræmist markmiðum tilskipunar um mat á umhverfisáhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera og einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, þ.e. 85/337/EBE eins og henni var breytt með tilvísun 97/11/EB, að breyta lögum um mat á umhverfisáhrifum þannig að ekki sé lengur vísað til umfjöllunar um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Viðfangsefni málsmeðferðar samkvæmt tilskipunum og gildandi lögum sé að fjalla um umhverfisáhrif framkvæmda og því hljóti mat á þeim og ályktanir um umfang umhverfisáhrifa að vera meginatriði hvort sem er í markmiði laganna, gildissviði, mati framkvæmdaraðila, umsögnum, athugasemdum eða annarri umfjöllun."

Þetta segir Elín Smáradóttir, virðulegi forseti, og Hilmar Malmquist sem tilnefndur var af umhverfisverndarsamtökunum í þessa frumvarpsnefnd segir þetta og er það einn af helstu fyrirvörum hans við frágang nefndarálitsins. Hann gerir þann fyrirvara að þar sem megintilgangur laga nr. 106/2000, þ.e. gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum, er að „meta framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif sé bagalegt og leiði til óljósari lagasetningar en ella að fella úr lögum um skilgreiningu á hugtakinu „umtalsverð umhverfisáhrif". Nær hefði verið að betrumbæta skilgreininguna", og ég tek undir það, fyrst hún var svona matskennd og óljós. Ég lýsi enn eftir því að hæstv. umhvrh. geri grein fyrir því hvers vegna hún vill nema þessa skilgreiningu á brott. Það er eitt af meginatriðunum, eitt af stærstu atriðunum í frv. að taka þessa skilgreiningu burt. Þetta verður auðvitað að skoða mjög vel í nefndinni því að

þarna er ákveðinn mælikvarði sem menn hljóta að geta haft til leiðbeiningar og tekið mark á í öllu ferlinu. Er um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða eða er ekki um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða?

Það kemur ekkert í staðinn fyrir þessa skilgreiningu. Það hefði mátt ímynda sér að það kæmi eitthvað í staðinn fyrir hana eða hún væri útfyllt á annan veg, t.d. með einhverjum þeim hætti sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist á og sjá má í afar athyglisverðu formi, bæði í rammaáætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og ekki síður í náttúruverndaráætlun sem hæstv. umhvrh. stendur að og ætlar að leggja hér fram á þinginu þó síðar verði. En um það er ekki að ræða í þessu plaggi.

Ég vil í öðru lagi víkja að breytingum á leiðbeiningum um gerð matsskýrslunnar í 8. gr. frv. sem fjallar um 9. gr. laganna. Í frv. á að orða 3. málsl. 2. mgr. svo, með leyfi forseta:

„Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við."

Við 2. mgr. á að bætast við nýr málsliður sem orðast svo:

„Í niðurstöðu matsskýrslu skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 19. gr."

Þessi óljósi og dauflegi texti kemur í staðinn fyrir það sem er í gildandi lögum, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um matsskýrsluna og niðurstöðu hennar."

Í stað þessarar lagaskyldu um matsskýrsluna, að þetta eigi að koma fram í henni, á að láta sér nægja að biðja Skipulagsstofnun að búa til leiðbeiningar sem ekki er fjallað um í frv. nema afar almennum orðum enda hefur þetta leiðbeiningarplagg, að því er virðist, enga stöðu aðra en þá sem nákvæmlega þar er til tekin og kemur fram í orðinu „leiðbeining". Þar við bætist að Skipulagsstofnun getur ekki lengur beðið um að matsskýrslan sé leiðrétt eða endursamin heldur verður að láta sér nægja að setja inn í hana athugasemdir. Breyting sem út af fyrir sig er ekki endilega vond — það er alveg skýrt hvað matsskýrslan segir og hvað Skipulagsstofnun segir — en þegar þetta er tiltekið er hætt við að framkvæmdaraðilinn útbúi matsskýrslu sína sem honum sýnist helst sjálfum og taki það mark á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar sem honum þykir best við eiga en taki þá ekki mark á þeim lagatexta sem nú segir honum nokkuð nákvæmlega og nokkuð skýrt hvernig matsskýrslan á að vera. Þarna er verið að draga úr kröfum til framkvæmdaraðilans, þarna er verið að veikja lögin, draga úr þeim í raun og veru vígtennurnar, minnka gildi þeirra. Og ég spyr enn: Af hverju?

Maður les grg. og þar er engin skýring á þessu, ekki nein. Það er eins og það sé bara hver annar sjálfsagður hlutur að taka þetta út og setja eitthvað annað í staðinn, eins og það sé einhver ný tíska sem fer eins og eldur í sinu um umhverfisráðuneyti veraldar, og ætti þá sérstaklega að skýra út fyrir þeim þingmönnum sem eiga að samþykkja frumvörpin, hvað þá blessuðum almenningnum sem á að lifa við þau, lögþeganum í landinu.

Tennurnar eru úr og gómurinn er einn eftir á mörgum stöðum í þeim lögum sem að óbreyttu kynnu að verða úr þessu frumvarpi.

Í þriðja lagi, forseti, eru áhrif almennings þrengd, þátttaka hans í ferlinu takmörkuð. Auk þess sem áður segir kemur það m.a. fram, og einkum, í 12. gr. frv. um ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og ákvörðun ráðherra um sameiginlegt mat. Áður höfðu allir kærurétt til umhvrh. Nú er það annars vegar persóna með sérstaka og lögvarða hagsmuni og hins vegar umhverfis- og náttúruverndarsamtök með ákveðnum skilyrðum, að þar séu yfir 50 manns o.s.frv., og það er auðvitað í sjálfu sér góð breyting og sjálfsögð og má þakka hæstv. umhvrh. sérstaklega fyrir að færa hana inn. Svona akademískt er kannski álitamál hvort eitthvað mætti ekki þrengja rétt almennings, þessi skilyrði hans, til þæginda til að ekki verði úr langlokur. Þó verður ekki séð, þegar litið er yfir sögu þessara laga og það ferli sem mál samkvæmt þeim hafa farið í, að þessi rúmi réttur hafi orðið til óþæginda. Það kann að vera að hæstv. umhvrh. sé þreytt á einhverjum mönnum en það er ekki skýrt í grg. og ég bið hana þá að segja okkur frá því hér, þingmönnum og þjóðinni allri, hvaða svakalegu menn þetta eru sem þarf að útiloka og hvernig stendur á því að þetta þarf að þrengja.

Viðurkennt skal að þetta er opnara hér en í grannlöndunum. Hins vegar er það þannig að úti um heiminn er verið að víkka einmitt þessi ákvæði, það er verið að taka þau burt, ef við tölum nú um grannlöndin, úr þessari klassísku evrópsku skriffinnsku þar sem miðað er bara við ákveðna hagsmunaaðila og að færa þennan rétt almenningi. Við erum að fara öfuga leið.

Hér er í raun og veru gert ráð fyrir þeim málsmetandi og viðurkenndu einstaklingum sem í samfélagi okkar kveða oft upp úr og hafa áhrif á almenningsálit og standa sjálfir með storminn í fangið með ákveðnum straumum. Mætti nú minnast nokkurra þeirra. Einn þeirra lést um daginn, Þorgeir Þorgeirson rithöfundur, sem ég er ekki viss um að hefði kært sig um að stofna 50 manna samtök og leita til hæstvirtra ráðherra um skilyrði fyrir því hvað hann ætti að gera hverju sinni. Og hvað er á móti því? Af hverju þarf að útiloka slíka menn? Af hverju þarf að búa til sérstök lagaákvæði til að koma í veg fyrir að slíkir menn njóti réttinda?

Við þekkjum fleiri slíka menn og það mætti fara um landið og nefna menn í hverju sveitarfélagi sem allir virða og alls staðar ná máli án þess að þeir hafi endilega stofnað um sig félög og án þess að við getum gert neina kröfu til þess að þeir geri það.

Tilhneigingin í grannlöndunum er að opna og víkka. Ég lýsi eftir þeim ástæðum sem eru til þess að hér sé lokað og þrengt.

Við erum fámennari þjóð en aðrar þjóðir annars staðar á Norðurlöndum sem er eina röksemdin fyrir þessu í grg. Því fylgja kostir að vera fámennur. Einn þeirra er kannski sá að við tökum stundum meira mark á hverjum og einum en tíðkast meðal fjölmennari þjóða. „Vort land er í dögun af

annarri öld," sagði Einar Benediktsson fyrir 80 árum, með leyfi forseta. „Nú rís elding þess tíma, sem fáliðann virðir." Þetta hefur hingað til þótt fallegt.

En um þetta er enginn rökstuðningur frá ráðherranum eða ríkisstjórninni. Það er tvennt í þessu. Annars vegar er þessi innlenda umræða, hvernig við viljum hafa þetta. Hins vegar er það að meðan þetta frv. var í samningu kom ný tilskipun, það er ekki lengur um að ræða þessar tvær sem áður voru eða tilskipunina frá 1987, með síðari breytingum, heldur er komin ný tilskipun frá því í maí 2003, frá því í vor, frá því rétt um það leyti sem kosningar fóru hér fram. En annaðhvort veit umhvrn. ekki af henni eða hefur ákveðið að taka ekkert mark á þeirri tilskipun. Hæstv. umhvrh. ber hér fram frv. þar sem ekkert tillit er tekið til þessarar tilskipunar. Þó er í henni mælt fyrir um að hún skuli lögtekin í aðildarríkjunum fyrir 25. júní 2005. Þar er einmitt fjallað um almenning en skilgreind hugtök á ensku — það er svo lítill tími eftir, virðulegi forseti — „public" og „public concerned", vantar hér algjörlega. Manni dettur helst í hug að hér hafi legið svo mikið á að koma þessu frv. áfram að hæstv. ráðherra hafi líkað það best að sleppa þessari tilskipun og láta ekki fara fram þá vinnu sem hefði þurft að fara fram til að samræma þessa tilskipun, sem við þurfum að lögtaka hér á næsta eða þarnæsta þingi, því frv. sem hér er komið fram.

Ég kann ekki skýringu á því en heyrst hefur það hvísl í litlum fugli að það sé vegna þess að metnaður ráðherra standi til þess að skilja þessi lög eftir sig og sé þá nokkuð sama þó að það þurfi að rífa þau upp á næsta eða þarnæsta þingi vegna nýrrar tilskipunar, meira að segja þannig að hún tekur ekki fram í grg., hæstv. umhvrh., að þessi tilskipun sé til.

[18:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er fjallað um nýtt frv. hæstv. umhvrh. um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og reyndar breytingu á skipulags- og byggingarlögum einnig sem er afleidd breyting af því sem breytingarnar á lögunum um mat á umhverfisáhrifum leiða af sér.

Það hefur verið farið yfir það af tveimur félögum mínum úr umhvn. í allítarlegu máli hvað hér er á ferðinni og mun ég nú reyna að endurtaka ekki mikið af því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Mörður Árnason hafa þegar sagt en tek undir það sem kom fram í máli þeirra. Það er mjög alvarlegt þegar horft er til þeirrar sögu sem við eigum að baki og þeirra deilna sem hafa staðið um framkvæmdir á hálendi Íslands á síðustu missirum og árum og það er skelfilegt að maður skuli upplifa það að hæstv. umhvrh. komi hér fram með breytingar sem eiga að forða stjórnvöldum frá átökum af því tagi sem hafa verið hér uppi. Þau hafa verið ansi hatrömm og mér sýnist sem margar þær breytingar sem hér eru lagðar til séu beinar afleiðingar af þeim átökum sem fram hafa farið.

Þess vegna má til sanns vegar færa að hér sé verið að gera tilraun til að draga tennurnar úr þeim einstaklingum, félögum og samtökum sem hafa barist fyrir náttúruvernd á Íslandi á síðustu árum. Ef markmið stjórnvalda eru að reyna að lama og slæva vald náttúruverndarsamtaka og einstaklinga sem berjast fyrir náttúruvernd er það í sjálfu sér afar alvarlegt og það verður auðvitað skoðað mjög grannt í hv. umhvn. hvort slíkt geti verið upp á teningnum. Eins og ég segi, virðulegi forseti, eru ótrúlega margar vísbendingar um að slíkt geti verið hér á ferð.

Það kemur fram í grg. með frv. að það sé samið í nefnd sem hæstv. umhvrh. skipaði. Það kemur jafnframt fram í grg. að eftir að nefndin lauk störfum hafi verið gerðar breytingar á frv. Hins vegar kemur ekki fram hvaða breytingar það voru þannig að það er atriði sem verður að leita eftir upplýsingum um í umhvn. Hverjar voru hinar eiginlegu tillögur nefndarinnar og að hvaða leyti hefur verið vikið frá þeim við endanlega gerð þessa frv.? Það hefur komið hér fram að a.m.k. tveir nefndarmenn skiluðu séráliti eða áliti með fyrirvara út úr þessu nefndarstarfi. Það voru Elín Smáradóttir og Hilmar Malmquist og verða þeir fyrirvarar skoðaðir afar grannt í starfi umhvn.

Það hefur sýnt sig á síðustu árum, í þeim framkvæmdum sem deilt hefur verið um, að náttúruverndarlögin hafa ekki nægt okkur sem vörn fyrir náttúru Íslands. Yfir þau hefur verið keyrt aftur og aftur af stjórnvöldum og hunsuð þau ákvæði sem þar ættu að geta tryggt að ekki sé farið út í framkvæmdir sem spilla landi.

Ég minni hér á 1. gr. náttúruverndarlaganna sem maður hefði haldið að ætti að tryggja okkur nokkrar varnir í þeim efnum en í þeirri grein segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar."

Þetta er fyrsta greinin í náttúruverndarlögunum. Þessi grein hefur ekki haldið í fyrirhyggjulausri framkvæmdagleði þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það er alveg ljóst að með þeim breytingum sem hér er verið að gera á lögum um mat á umhverfisáhrifum er verið að veikja enn frekar möguleika okkar á að standa vörð um náttúru Íslands, standa vörð um þau markmið sem sett eru í 1. gr. náttúruverndarlaga. Til marks um þetta sem ég nú segi er breytingin á 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem liggur fyrir hér í þessari tillögu en þar er greinilega verið að veikja möguleika okkar á að hafa áhrif til þess að framkvæmdir spilli ekki landi.

Mig langar til að fara yfir markmiðssetningu laganna eins og hún er í dag. Hún er í a-lið 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar."

Eins og hv. þm. Mörður Árnason sagði eru þessi umtalsverðu umhverfisáhrif sem hér er um getið rauður þráður í gegnum lögin um mat á umhverfisáhrifum. Þetta orðalag og þessi skilgreining er tekin út í frv. sem mér finnst vera til marks um það að hér eigi að slæva og deyfa möguleika okkar á að hafa áhrif á náttúru landsins að því leytinu til að hún fái notið verndar. Ég sé því ekki annað en að hér sé á ferðinni tilraun til einhvers konar aðfarar að þeirri vernd sem þó hefur verið hægt að stunda á grundvelli þeirra laga sem við hingað til höfum starfað við.

Ég skil það auðvitað vel, virðulegi forseti, að hæstv. umhvrh. finnist erfitt að hafa á baki sér þá reynslu sem

hún hefur eftir Kárahnjúka þar sem hún sneri við úrskurði Skipulagsstofnunar sem gekk út á það að vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa væri ekki hyggilegt að fara í þá framkvæmd en af pólitískum ástæðum varð þeim úrskurði snúið við af hæstv. umhvrh. Auðvitað er hæstv. umhvrh. sár og eflaust reið yfir því að þurfa að sitja með þá reynslu á bakinu.

Mér sýnist að hér séu einhvers konar tilraunir til þess að forða komandi umhverfisráðherrum frá slíku því nú á umhvrh. að vera einráður í þessum efnum og geta kveðið upp úrskurði sína án þess að þurfa að lúta einhverjum kvörðum eða viðmiðunum sem hefur þó verið reynt að setja í lög, því við reyndum mjög meðvitað að vinna að því við síðustu breytingu á þessum lögum að það væri að hluta til vörn í baráttunni fyrir náttúru landsins. Og það var sameiginlegur skilningur umhvn., fannst mér, þegar verið var að vinna þessi lög að slíkar mælistikur yrðu að vera til staðar þó að það væru matskennd hugtök eins og „umtalsverð umhverfisáhrif" vegna þess að við værum að reyna að stemma stigu við framkvæmdum sem eyðilegðu umhverfi okkar. Ég sé ekki að nokkur stoð verði lengur að þessu leyti til eins og ég les þær breytingar sem hér liggja nú fyrir.

Ég spyr t.d.: Hvernig eigum við að geta treyst þessari ríkisstjórn sem nú situr, sem hefur sýnt það að hún virðir að vettugi og fer ansi frjálslega með ákvæði í alþjóðlegum samningum sem við höfum þó undirgengist. Ég nefni til sögunnar samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika og Bernarsamninginn, hvorir tveggja eru samningar sem komu hér til umfjöllunar í umdeildum bráðabirgðalögum sem sett voru í sumar vegna laxeldis. Þar var ekki verið að horfa til slíkra samninga sem þó eiga að skuldbinda okkur að lögum um það að standa vörð um náttúru Íslands. Ég sé ekki annað en að hér sé verið að fara inn á sömu braut, þ.e. að heimila eða leyfa í lagatexta stjórnvöldum að hunsa þau ákvæði sem hafa þó verið sett og við höfum undirgengist er varða skuldbindingar okkar í náttúruverndarmálum, eða eins og hv. þm. Mörður Árnason orðaði það, hér er verið að loka og þrengja á meðan verið er að opna og víkka möguleika t.d. einstaklinga á því að koma að þessum málum í nágrannalöndum okkar.

Í því sambandi langar mig til að gera að sérstöku umtalsefni þessar breytingar á matsskýrslunni og drögum að matsáætlun eða matsskýrslum. Ég sé ekki betur en að skv. 9. gr. frv. eigi allir að láta sér nægja að gefa umsagnir um drög að matsáætlun, því það virðist eingöngu vera Skipulagsstofnun sem á að fá heimild til þess að skoða matsskýrsluna þegar hún er komin í endanlegt form. Ég spyr: Getur verið að það sé ætlun hæstv. umhvrh. að láta öllum það að vinna bara með drög að matsáætluninni og það verði þá þannig að endanleg matsáætlun verði aldrei auglýst til umsagnar fyrir nokkurn mann? Ég verð að lýsa því yfir hér, virðulegi forseti, að mér finnst þetta fáránlegt. Mér finnst það algerlega fáránlegt og vil fá að vita hvernig stendur á því að öllum á að vera gert það nægjanlegt að skoða drög framkvæmdaraðila að matsáætlun.

Ég lýsi því yfir að það hlýtur að verða að leyfa og heimila öllum skoðun á hinni endanlegu matsskýrslu en ekki að það verði eingöngu Skipulagsstofnun sem skuli fjalla um hana. En í f-lið 9. gr. frv. segir að Skipulagsstofnun skuli senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast, þ.e. þá varðandi drögin að matsskýrslunni, og þegar umsagnir og athugasemdir hafi borist frá framkvæmdaraðila skuli hann vinna endanlega skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaraðili skuli gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Þannig að ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo að það verði bara Skipulagsstofnun sem fær hina endanlegu matsskýrslu til umsagnar. Hún verði aldrei auglýst öðruvísi en í áliti stofnunarinnar. Ég verð því að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þetta til mikils vansa ef þetta er rétt skilið hjá mér.

Varðandi breytingartillögurnar á málsskotsréttinum þá verður að fá skýringar hæstv. ráðherra á því hvað er að gerast hér. Hvernig stendur á því að hæstv. umhvrh., sem á sínum tíma ritaði eigin hendi undir Árósasamninginn og veit nákvæmlega hvað í honum stendur, lætur sér detta það í hug að hún geti farið fram á það að ... (Gripið fram í.) Afsakið, virðulegi forseti, það var víst ekki hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir sem skrifaði undir Árósasamninginn, en það sem hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir hefur þó gert er að hún hefur tekið Árósasamninginn þannig í fóstur að hún gengur út frá honum þegar hún gerir samstarfsyfirlýsingu við náttúruverndarsamtök á Íslandi. Og í Árósasamningnum er gert ráð fyrir því að fólk fái að gefa umsagnir og jafnvel að lögsækja eða senda inn formlegar kvartanir til stjórnvalda, jafnvel þótt ekki séu hefðbundnir lögvarðir hagsmunir til staðar. Hvers vegna er hæstv. umhvrh. að þrengja hér möguleika íslensks almennings og fara þar með á svig við ákvæðin í Árósasamningnum?

Hæstv. utanrrh. lýsti því reyndar yfir fyrir nokkrum dögum í þessum sal að það hafi verið mistök að íslensk stjórnvöld skyldu skrifa undir Árósasamninginn og þau hafa látið þetta þvælast fyrir sér núna í nokkur ár á lagatæknilegum forsendum að fullgilda samninginn, jafnvel þó að hæstv. utanrrh. hafi komið með þáltill. inn í þingið sem hann, eins og ég sagði, hefur lýst hér yfir að hafi verið mistök af sinni hálfu að setja hér fram. Mér finnst þetta mjög alvarlegt, virðulegi forseti, og ég treysti því að hæstv. umhvrh. hafi hér einhverjar skýringar fyrir okkur í þessum efnum, hvers vegna verið er að þrengja möguleika almennings og einstaklinga á því að koma að þessum málum með kvartanir og ég tala nú ekki um möguleika á að kæra stjórnvöld, sem oft er þörf á að gera.

Ég spyr: Hver er ástæðan fyrir þessari tölu, 50? Hvers vegna mega bara umhverfisverndarsamtök sem hafa 50 félaga eða fleiri fá þennan málskotsrétt? Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að við höfum á Íslandi náttúruverndarsamtök sem eru landshlutasamtök í sínum fjórðungum, sem eru oft fámenn, eðli málsins samkvæmt, í fámennum byggðarlögum. En þau eiga að geta haft, að mínu mati, alveg sama rétt og fjölmennari félög í fjölmennari byggðarlögum. Ég spyr því: Hvernig rökstyður hæstv. umhvrh. þessa tölu, 50 félagar eða fleiri? Ég geri alvarlega athugasemd við þetta.

Ég verð að segja að ég tel fulla ástæðu til þess að útfæra nánar í þessu frv. allar leiðbeiningar um alla náttúrufræðilega þætti. Ég sé ekki annað en að framkvæmdaraðili verði að fá öruggari eða nánari og efnismeiri leiðbeiningar í matsvinnunni um það hvernig vinna á með hina náttúrufarslegu þætti. Mér finnst að hér séu möguleikar á að sniðganga þann faglega grunn sem gengið hefur verið út frá í matsskýrslum hingað til, þ.e. náttúruverndargrunninn, hinn faglega matsgrunn þar. Ég verð því að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst að sú vitneskja sem við þó höfum nú í náttúruvísindum ekki skila sér inn í þá hugmyndafræði sem hér liggur að baki.

Sama má segja um hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin samið sér ákveðna framtíðarstefnu sem byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Hún hefur ekki sýnt sig eða komið fram í þeirri

framkvæmdagleði sem þessi ríkisstjórn hefur sýnt á síðustu árum og ég sé ekki að hér eigi varúðarsjónarmið sjálfbærrar þróunar heldur að komast að málum, heldur er þvert á móti verið að veikja möguleika okkar á því að koma náttúruverndarsjónarmiðum og sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar að í mati á umhverfisáhrifum, ef þessar breytingar ná fram að ganga eins og hér er gert ráð fyrir.

Ekki á lengur að vera hægt að kæra til staðfestingar. Okkur er það í fersku minni sem fylgdumst með baráttunni um Kárahnjúkavirkjun að þar var úrskurður Skipulagsstofnunar kærður til staðfestingar. Er umhvrh. þar með, eins og ég sagði áðan, að reyna að forða eftirkomendum sínum frá slíkri skömm sem hún sjálf lenti í með að þurfa að snúa við úrskurði Skipulagsstofnunar, sem var neikvæður gagnvart virkjuninni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa, og á núna að forða komandi umhverfisráðherrum frá því að lenda í því að fá á sig kæru sem er til þess að staðfesta sjónarmið náttúruverndar?

Ég verð að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að ef þessi lög eiga að fara í gegn svona óbreytt þá sýnist mér ekki vanþörf á að búa til nýjan lagabálk, lagabálk um umhverfisvernd. Mér sýnist að það sé full ástæða til þess að fara að huga að því að umhverfisvernd sé lögfest á Íslandi. Ef náttúruverndarlögin okkar nægja ekki og lög um mat á umhverfisáhrifum eiga að keyra yfir þau eins og þau séu ekki til þá þurfum við að fara að endurskoða afstöðu okkar í þessum málum, kannski með því að semja nýja lagabálka sem tryggja það hvaða skilyrði eigi að vera til staðar varðandi umhverfisvernd og náttúruvernd á Íslandi. Því mér finnst það ankannalegt, og ég á auðvitað eftir að fá tækifæri til þess að gagnrýna hæstv. umhvrh. frekar fyrir það þegar náttúruverndaráætlun hennar fær að líta dagsins ljós og kemur fyrir þingið, að þar virðist hæstv. umhvrh. sniðganga öll þau svæði sem virkjunaraðilar og orkufyrirtæki gætu mögulega sótt í á hálendi Íslands, þannig að mér sýnist hæstv. umhvrh. hafa sýnt það með þessu lagafrv. ásamt með öðrum verkum sínum að hún sé ekki málsvari náttúruverndar, hún sé mun frekar málsvari framkvæmdaraðila og ég verð að lýsa því hér yfir að mér sýnist frv. sem hér liggur fyrir staðfesta þá tilfinningu mína, sem ég reyndar hef oft orðað úr þessum stóli.

Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort leyfisveitendurnir, sem um þessi mál ættu að fjalla samkvæmt því sem hér kemur fram, hafi nægileg tæki í höndunum í formi laga og reglugerða sem tryggir að þeir fari ekki að gefa jákvæðar umsagnir með framkvæmdum sem stríði gegn náttúruvernd, sem stríði gegn náttúruverndarlögum eða sjálfsögðum ákvæðum eða hugmyndum okkar um það hvað beri að vernda í náttúrunni.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki haft nægilega góðan tíma til þess að kynna mér frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögunum en mér sýnist þó af stuttri yfirferð yfir það frv. að breyta eigi þar einu veigamiklu atriði, þ.e. því að úrskurðarnefndin hefur hingað til þurft að styðjast við niðurstöðu Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum, en það virðist ekki vera neitt slíkt skilyrði eftir í því frv. sem hér er lagt fram. Ég spyr því hæstv. umhvrh.: Er það virkilega ætlun hæstv. ráðherra að heimila úrskurðarnefndinni að taka afstöðu án þess að líta á nokkurn hátt til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum? Er ekki gert ráð fyrir því að neikvæð umsögn eða umsögn sem sýnir umtalsverð áhrif geti í raun og veru orsakað það að úrskurðarnefndin mundi vilja sniðganga viðkomandi framkvæmd og heimila hana ekki? Mér sýnist eins og að jafnvel þó að framkvæmd fengi falleinkunn í kerfinu, þá sé úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála alls ekki bundin af slíkri falleinkunn þannig að það væri ágætt og gott veganesti að fá slíka yfirlýsingu eða svar við þeirri spurningu frá hæstv. ráðherra.

[18:43]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þessi tvö frv. sem liggja til grundvallar umræðunum.

Í fyrsta lagi vil ég segja að ég tel að við höfum verið á nokkrum villigötum í löggjöf okkar varðandi mat á umhverfisáhrifum og í þeim lagafrumvörpum sem við ræðum hér er verið að reyna að vinda ofan af því. Mér hefur verið sagt að á sínum tíma hafi frumvarpið ekki verið flutt frá ráðuneytinu í því formi að þar ætti að vera um úrskurð að ræða frá Skipulagsstofnun og kæruheimild ráðherra á úrskurð, en það hafi verið sett inn hér í ferlinu í umhvn. á sínum tíma, þannig að við höfum búið við það umhverfi hingað til að Skipulagsstofnun hefur úrskurðað og þeir úrskurðir hafa verið kæranlegir til ráðherra, sem er allt annað umhverfi en önnur lönd hafa búið við og þekkist hvergi annars staðar.

Ég fagna því sem hér hefur komið fram, sérstaklega í máli tveggja þingmana sem hafa tekið til máls fyrir hönd Samf., Rannveigar Guðmundsdóttur og Marðar Árnasonar. Báðir þessir hv. þm. hafa fært rök fyrir því og sagst vera sammála því að rétt sé að færa þetta vald og ábyrgð sem felst í úrskurðum frá embættismönnum til pólitísks kjörins stjórnvalds, en segja má að það sé einmitt verið er að gera í frumvörpunum.

Í þessu nýja kerfi verður matsskýrslan miklu ítarlegri, má segja, heldur en núna frá hendi framkvæmdaraðila af því að framkvæmdaraðilinn mun fá umsagnir bæði stofnana og athugasemdir sem berast frá almenningi og samtökum. Hann mun fá þessar umsagnir til sín eftir að þær hafa farið í gegnum hendurnar á Skipulagsstofnun. Framkvæmdaraðilinn á sem sagt að klára matsskýrslu endanlega eftir að hann er búinn að fá þessar umsagnir frá stofnunum og almenningi og samtökum þannig að matsskýrslan verður að lokum miklu fyllri og ítarlegri frá hendi framkvæmdaraðila en hún er í dag. Því má segja að framkvæmdaraðilinn sjálfur er að gera mikið af því sem í dag er á höndum og herðum Skipulagsstofnunar.

Í frv. erum við sem sagt að feta þá leið sem við vorum beðin um að skoða sérstaklega frá hendi þingsins, eins og fram kom í bráðabirgðaákvæði III, þ.e. hvort ekki væri hægt að færa matsferlið meira á hendur framkvæmdaraðila, og við erum að gera það.

Eftir umfjöllun í umhvn. á síðustu breytingum á þessum lögum vorum við líka beðin um að athuga hvort ekki mætti fella matsferlið betur inn í leyfisveitingarnar og það er einmitt það sem verið er að gera. Það er verið að fella matsferlið að leyfisveitingunum. Þar liggur hið pólitíska vald, má segja, þá í framhaldinu þegar þessi lög hafa verið samþykkt. Ef þau verða samþykkt eins og frv. lítur út í dag þá er aðalábyrgðin á höndum leyfisveitanda sem eru sveitarfélögin sem gefa út framkvæmdarleyfi, eins og reyndar í dag, og til þeirra sem gefa út sérleyfi. Ég held að þetta sé miklu eðlilegra en að embættismenn séu að úrskurða eins og þeir gera í dag á Skipulagsstofnun. Þessar breytingar eru unnar í samráði við Skipulagsstofnun, þ.e. Skipulagsstofnun átti fulltrúa í nefndinni sem lagði til þessar breytingar og gerði þá athugasemd sem hér hefur verið fjallað um af hv. þingmönnum, þessa einu athugasemd við skilgreininguna

„umtalsverð umhverfisáhrif", þ.e. hvort það eigi að vera inni í lögunum áfram eða ekki.

Hv. þingmenn hafa allir gert athugasemdir við orðalagið „umtalsverð umhverfisáhrif" og það að þetta orðalag skuli falla út. En eins og kemur fram í frv. þá er það að okkar mati orðalag sem ekki er hægt að styðjast við í þessum lögum. Hins vegar er það ekki svo að öll viðmið hverfi þar með. Mér finnst hafa gætt svolítils misskilnings í umræðum að því leyti. Ég bið hv. þingmenn að skoða í frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum c-lið 8. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í niðurstöðu matsskýrslu skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 19. gr."

Virðulegur forseti. Þetta er bein tilvitnun þannig að það er ekki þannig að engin viðmið verði í þessu nýja matsferli.

Það kemur líka fram í d-lið 15. gr. frv. að það eigi að tilgreina sérstaklega flokkun og viðmið umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun mun vinna slíkar viðmiðanir og þær verða settar í reglugerð. Þessar viðmiðanir eru nákvæmlega það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var hér að segja okkur frá á ensku. Þar verða umhverfisáhrif sett í kategóríur eða í flokka, þ.e. hvort umhverfisáhrifin séu langvarandi eða hafa áhrif í stuttan tíma, eru mikil, lítil, væg o.s.frv. Þar verða því viðmiðanirnar og þessar viðmiðanir verða notaðar á einstaka umhverfisþætti. Ég átta mig því ekki alveg á þessari umræðu sem hér hefur orðið um að allar viðmiðanir gufi bara upp, allt mat á því hvort umfang eða áhrif framkvæmda séu mikil eða lítil.

Hins vegar ber líka að líta til þess að af því að við erum að fara úr úrskurðarferlinu — það kemur ekki úrskurður frá Skipulagsstofnun — þá kemur ekki einhver ein niðurstaða, þ.e. framkvæmdin öll hefur umtalsverð umhverfisáhrif. Í niðurstöðu eða í áliti Skipulagsstofnunar mun í framtíðinni, verði frv. að lögum, verða litið á einstaka þætti framkvæmdarinnar og hvaða áhrif þættirnir hafa á mismunandi hluta umhverfisins, þ.e. hvaða áhrif framkvæmdin hefur á gæsir, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á vatnafar, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á gróður o.s.frv. (**Gripið fram í:** Og rjúpu.) (**RG:** Og silung.) Ef eitthvað er tel ég því að við séum að fara út í miklu skilgreindara mat en tíðkast í dag. Mér finnst því þessi umræða að nokkru leyti hafa verið á villigötum. Þessar leiðbeiningar og þessi viðmið verða unnin og þau verða gefin út í reglugerð. Við munum setja þá vinnu í gang þannig að þau verði tilbúin í júlí þegar þessi lög eiga að taka gildi, ef þau verða samþykkt með þeim hætti sem við höfum gert ráð fyrir í þessu frv.

Nokkuð hefur verið rætt hér um það hvort vald Skipulagsstofnunar á upphafsstigi matsáætlunar vanti. Það tel ég ekki vera. Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila um hvernig matsáætlun á að líta út og fær drögin að matsáætlun til auglýsingar, fær svo að lokum endanlega matsskýrslu inn. Samráðið færist hins vegar allt út til markaðarins, ef svo má segja, þ.e. til stofnana og almennings og samtaka. Ég get því alls ekki sagt að ég fallist á þá skoðun þingmanna að þáttur Skipulagsstofnunar veikist. Það get ég alls ekki samþykkt. Hins vegar fer vinnan við matsáætlunina og við það að útbúa matsskýrsluna miklu meira fram hjá framkvæmdaraðilanum en er í dag því að nú fer þessi vinna meira og minna fram á Skipulagsstofnun af því að matsskýrslan fer inn þangað og svo fær Skipulagstofnun umsagnir. Þetta verður allt fært til framkvæmdaraðilans í hinu nýja kerfi.

Varðandi það sem kom fram um hvort þessar ákvarðanir ættu almennt ekki að vera skýrar og gegnsæjar þá er ég algjörlega sammála því. Eins og þetta frv. er útbúið þá á ferlið að vera mjög gagnsætt. Framkvæmdaraðilinn sem útbýr matsskýrslu á að færa rök fyrir því þegar hann útbýr sína matsskýrslu af hverju hann tekur tillit til einhvers í umsögnum og af hverju ekki þannig að það á að vera alveg gagnsætt. Síðan þegar Skipulagsstofnun gefur álit sitt þá færir hún auðvitað rök fyrir því. Þegar leyfisveitandinn gefur út leyfi þá þarf hann að kynna sér bæði matsskýrsluna og álit Skipulagsstofnunar og leyfisveitandinn þarf að færa rök fyrir því af hverju hann tekur upp einhver skilyrði í sínu leyfi og af hverju ekki önnur. Menn eiga að því að geta fært rök fyrir ákvörðum sínum. Ég tel að hér sé um gagnsætt ferli að ræða.

Hér hefur líka verið rætt nokkuð um málskotsréttinn og að verið sé að þrengja hann. Málskotsrétturinn hefur verið og er mjög víður í núverandi lögum. Í frv. er gert ráð fyrir því að almenningur hafi alla möguleika á að koma með athugasemdir í öllu ferlinu eins og hingað til hefur verið. Hins vegar varðandi kæruferlið þá er gert ráð fyrir því að umhverfisverndarsamtök eða önnur hagsmunasamtök eftir ákveðnum reglum séu kæruaðilarnar — framkvæmdaraðilinn getur líka verið kæruaðili — en það sé sem sagt ekki eins og nú er almenningur. Að þessu leyti erum við að færa okkur nær því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum. Við erum sem sagt að færa málskotsréttinn að því sem þar gildir. (**MÁ:** Eru það rök í málinu?) Ég tel að almenningur hafi ágætistök á því að beita sér í þessum málum, m.a. á grundvelli umhverfisverndarsamtaka. Ég tel því að þessum málum sé ágætlega fyrir komið eins og þetta er sett upp í frv. og að aðilar geti haft sitt að segja í þessu ferli eins og eðlilegt er.

Hér er búið að ræða um nýjustu tilskipunina sem kom fram núna fyrir mjög stuttu síðan, í maí, þannig að við erum spurð: Af hverju er hún ekki í frv.? Það eru ýmis atriði sem við þurfum að skoða gagnvart þeirri tilskipun. Við erum ekki tilbúin með þau. En við létum skoða sérstaklega þetta með málskotsréttinn. Við teljum að eins og frv. er útbúið þá sé það alveg í samræmi við þessa nýjustu tilskipun þannig að við höfum ekki áhyggjur af því.

Hér hefur líka verið sagt að við séum að draga tennurnar úr stofnunum og almenningi og umhverfisverndarsamtökum með þessu frv. (Gripið fram í.) Ég get alls ekki fallist á það. Við erum að færa þetta ferli að eðlilegra umhverfi, vil ég meina. Fyrir mig sem umhverfisráðherra hefur verið mjög ankannalegt að vinna í núverandi umhverfi. Ég get nefnt sem dæmi þegar ég gerði sjálfa mig vanhæfa að úrskurða um Þjórsárver. Mér þótti það mjög vont að geta ekki úrskurðað um Norðlingaölduveitu. Það er mjög ankannalegt fyrir umhverfisráðherra hvers tíma að hafa þetta úrskurðarvald og geta átt von á hvaða framkvæmd sem er inn í kæru en geta ekkert rætt þær framkvæmdir opinberlega þar með meira og minna. Það er ekki eðlileg staða. Þetta verður mun eðlilegra í hinu nýja kerfi. Það er alls ekki þannig að frv. sé sett fram hér til þess að veikja verðandi umhverfisráðherra gagnvart því að geta úrskurðað í svona umhverfismati.

Ég sé að tími minn er búinn, virðulegur forseti, en væntanlega fæ ég tækifæri til þess að koma einhverju að í andsvörum.

[18:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er verið að veikja málskotsréttinn gagnvart almenningi. Það er alveg ljóst. Það er svo sérmál hvort hæstv. umhvrh. finnst aðkoma félagssamtaka eingöngu nægileg.

Ég kom bara til að tala um eitt atriði og það er þetta grundvallaratriði að til sé skilgreining í lögum á hugtakinu „umtalsverð umhverfisáhrif". Eins og við höfum vísað til þá er samkvæmt e-lið 3. gr. frv. verið að fella brott þessa skilgreiningu. Nú hef ég, virðulegi forseti, skoðað 19. gr. sem er um breytingarnar á 2. viðauka laganna og ég er búin að fara yfir viðaukann og sjá hverjar breytingarnar eru. Þá rek ég augun í að fremst í viðaukanum segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka" — sem ekki hefur áhrif á þetta.

Þegar búið er að fella út úr lögunum, eins og hér er tillaga um, skilgreiningu á „umtalsverðum umhverfisáhrifum" þá hlýtur inngangurinn í 2. viðauka að vera tilgangslaus af því skilgreininguna vantar. Og bara vegna þess að ráðherrann vísaði til 8. gr. og 15. gr. þá er 8. gr. of veik og 15. gr. fjallar um leiðbeiningar og vinnubrögð en ekki skilgreininguna sem okkur finnst svo mikilvægt og sem er í þeim lögum sem við ættum helst að miða við.

[19:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki að 8. og 15. gr. séu of veikar með tilliti til hugtaksins „umtalsverð umhverfisáhrif". Í staðinn kemur að menn eiga að fara eftir leiðbeiningum og viðmiðum þegar þeir meta áhrifin á umhverfið og mismunandi þætti umhverfisáhrifanna út af fyrir sig.

Varðandi yfirskrift á 2. viðauka, ef ég heyrði rétt, að þar sé skírskotað til umtalsverðra umhverfisáhrifa, þá er það nokkuð sem ég tel að nefndin þurfi að skoða. Skoða þarf hvort það er skilgreiningaratriði sem eðlilegt væri að hafa með öðrum hætti í lögunum. Þannig skildi ég alla vega hv. þm., að það kæmi til skoðunar í nefnd.

[19:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Ég er mjög ánægð með það hvernig hæstv. umhvrh. tjáir sig um þetta atriði. Í b-lið 8. gr. segir aðeins: „Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið ..." Þetta er mjög veikt og almennt.

Ég hef bent á að vísað er í skilgreiningu á umtalsverðum umhverfisáhrifum fremst í 2. viðauka, skilgreiningu sem ekki er til lengur í lögunum ef þetta frv. verður að lögum. Ráðherra gerir lítið úr þessu. Þess vegna ætla ég að túlka svör ráðherrans þannig að við í nefndinni getum tekið aftur inn skilgreininguna á umtalsverðum umhverfisáhrifum þar sem ráðherrann leggur að jöfnu það sem er að finna í 8. gr. og er almennt orðað og þessa skilgreiningu sem okkur finnst vera grundvallaratriði.

[19:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alls ekki hægt að túlka orð mín eins og hv. þm. gerði. Ég var einmitt að segja að ég teldi 8. gr. og 15. gr. í frv. mjög eðlilegar. Eins og ég skildi hv. þm. þá kemur annars staðar fram tilvísun til orðalagsins „umtalsverð umhverfisáhrif". Það má vera að þar séu tæknileg mistök við samningu frumvarpsins. Ég átti við að ef um slíkt væri að ræða þá væri eðlilegt að nefndin skoðaði það.

[19:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi málskotsréttinn þá sagði hæstv. umhvrh. í máli sínu áðan að farin væri svipuð leið og gert er í nágrannalöndum okkar. Ég vil minna hæstv. umhvrh. á að það er verið að undirbúa fullgildingu Árósasamningsins á Norðurlöndunum, þ.e. Danmörk er búin að taka hann upp og Svíþjóð er að vinna mikið starf til að geta fullgilt samninginn. Það á að gera, eftir því sem ég hef best getað kynnt mér, á afar faglegan og metnaðarfullan hátt. Ég geri ráð fyrir að Svíar eigi eftir að víkka málskotsréttinn hjá sér.

Hitt veit ég líka, að í Noregi hafa menn túlkað lögin afar vítt. Það hafa þeir gert meðvitað, sérstaklega eftir að Árósasamningurinn var gerður, til að þrengja ekki möguleika einstaklinga á að leita réttar síns í þessum efnum þó ekki séu hefðbundnir lögvarðir hagsmunir til staðar.

Varðandi hitt sem hæstv. umhvrh. sagði um vanhæfi sitt í Þjórsárveramálinu þá langar mig að segja að ég taldi hæstv. ráðherra aldrei vanhæfa í því máli. Ef hún var vanhæf í Þjórsárveramálinu af því að hún hafði andað út úr sér einhverjum orðum sem hægt hefði verið að túlka svo að henni þætti vænt um Þjórsárver þá var hún alveg jafnvanhæf í Kárahnjúkamálinu. Hún var búin að lýsa því yfir að hún styddi stefnu Framsfl. í virkjanamálum. Ef hún var vanhæf í Þjórsárveramálinu þá var hún vanhæf í Kárahnjúkamálinu. Ég blæs á að þetta vanhæfi skipti einhverju máli í því sambandi sem það er sett fram.

[19:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi málskotsréttinn vil ég benda á að í greinargerð kemur fram að þær breytingar sem hér eru lagðar til á kæruheimildum eru til samræmis við það sem gildir á Norðurlöndunum. Réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndum verið eins víðtækur og hér á landi. Við erum því að færa okkur nær því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum að þessu leyti.

Varðandi vanhæfi þá er þetta tvennt algerlega ólíkt, þ.e. að segja sem ráðherra í fjölmiðlum, opinberlega, að ráðherra telji ekki að ákveðin framkvæmd eigi að fara inn á hið friðaða svæði, sem er mjög vel skilgreind lína. Þetta er svona „kvantatíf" yfirlýsing má segja, mjög vel skilgreind yfirlýsing. Þá er maður að dæma fyrir fram sem úrskurðaraðili. Það er allt annað og ekki hægt að heimfæra á Kárahnjúkavirkjun. Þetta er tvennt ólíkt. Þetta var líka sérstaklega skoðað í forsrn. í sambandi við vanhæfi. Það var ekki bara álit lögfræðinga okkar að ráðherra sá er hér stendur væri vanhæfur í umræddu máli heldur var það líka álit sérfræðinga forsrn. Það er alls ekki þannig að ráðherra sé almennt vanhæfur í öllum úrskurðum sé hann í tilteknum stjórnmálaflokki. Það er fráleitt að halda því fram.

Varðandi Þjórsárverin þá kemur mjög skýr yfirlýsing gagnvart ákveðinni framkvæmd inn á borð í kæru. Þannig er ekki hægt að líkja þessu saman.

[19:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kaus ekki að segja neitt varðandi þá yfirlýsingu sem ég gaf í fyrra andsvari, að Svíar væru fyrirsjáanlega að fara að víkka málskotsrétt sinn og að Norðmenn túlkuðu lög sín afar vítt, einmitt með tilliti til Árósasamningsins. Ég held að við séum að þrengja og loka á vitlausum tíma, meðan við ættum að standa vörð um fyrirkomulagið hjá okkur. Nágrannaþjóðir okkar koma til með að feta í fótspor okkar innan skamms og túlka nú þegar lög sín vítt af þeim ástæðum sem ég hef áður greint frá.

Varðandi vanhæfið vil ég bara segja að hæstv. ráðherra hefur auðvitað kosið að skýla sér á bak við þau lögfræðiálit sem segja að hún hafi verið vanhæf í Þjórsárverum en ekki Kárahnjúkamálinu. Ég vil leyfa mér að hafa aðra skoðun á því máli og segja að sem málsvari náttúrunnar hafi hún verið vanhæf í Kárahnjúkamálinu vegna yfirlýsinga sinna um virkjanamál og stóriðjustefnu stjórnvalda.

[19:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er búið að kæra Kárahnjúkavirkjun á alla kanta, m.a. það að ráðherra væri vanhæfur. Þannig að það er ekki þannig.

Ég vil mótmæla því sem hér var haldið fram, að ég hefði verið að reyna að skýla mér á bak við lögfræðiálit varðandi vanhæfi í Þjórsárverunum gagnvart Norðlingaölduveitu. Ég vildi gjarnan úrskurða í því máli og fannst mjög slæmt að geta það ekki. En ég gat það ekki af því það hefði getað komið kæra til dómstóla á þann úrskurð sem ég hefði hugsanlega fellt. Það voru yfirgnæfandi líkur á að slíkt mál hefði fallið fyrir dómstólum, að ég hefði verið vanhæf fyrir dómstólum. Mér fannst mjög slæmt að geta ekki úrskurðað í því máli og hefði gjarnan viljað það. Það var ekki tilbúningur. Það voru ekki búin til einhver lögfræðiálit að skýla sér á bak við. Það var alls ekki þannig. Ég hefði gjarnan viljað úrskurða í því máli.

[19:09]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Við þingmenn í salnum og hæstv. umhvrh. eigum eftir að spjalla aðeins um málið áfram en eitt vil ég samt að komist á hreint, þ.e. í kringum þessa tilskipun. Hæstv. ráðherra upplýsir nú að hún hafi látið skoða málskotsréttinn með tilliti til tilskipunarinnar frá því í maí 2003. Þar með kemur í ljós að umhvrn. var kunnugt um tilvist þessarar tilskipunar og umhverfisráðherranum líka. Hvers vegna er ekkert um það í greinargerð með frv.?

Hvernig stendur á því að við erum ekki upplýst um það í greinargerð með frumvarpinu, annars vegar að þessi tilskipun er til og hins vegar að þetta hafi verið sérstaklega skoðað í umhvrn. þar sem menn reyndu að verja rétt sinn til að þrengja málskotsréttinn fram hjá þessari tilskipun? Það þarf ekki að skoða þessa tilskipun lengi, þó að ég treysti mér ekki til að reiða kjarna hennar fram, til að sjá að hún vísar í opnunarátt. Hún miðast við Árósasamninginn, er búin til beinlínis í framhaldi af honum og hún miðar í opnunarátt. Ég sé það hér að sérstök undanþága er gefin þeim ríkjum sem eingöngu hafa ákvæði um lögvarða hagsmuni. Þeim er greinilega gefinn einhver frestur en enginn kostur á að skjótast undan merkjum í þeim efnum.

Hvers vegna fer umhvrn. og ver þessa þrengingu sína gagnvart tilskipuninni? Það er ein spurning. Og önnur: Af hverju í ósköpunum var ekki sagt frá því í greinargerð með þessu frv. sem lengi hefur verið í smíðum? Það verður að vísu að taka fram að greinargerðin virðist á síðustu stigum hafa verið unnin afar flaustурslega. Í henni eru málvillur. Það eru í henni undarlegheit í málfari og vantar í hana mikilvægan rökstuðning sem við þingmenn höfum óskað eftir að umhvrh. komi með og kemur væntanlega með á eftir, þann sem hún hefur gleymt í ræðum sínum hingað til.

[19:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi nýju tilskipunina, ef ég man rétt þá tekur hún gildi 2005, þá var þetta skoðað samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hjá lögfræðingi okkar. Ég held að það hafi ekki verið skoðað í nefndinni en hafi verið skoðað í ráðuneytinu. Samkvæmt mati lögfræðinga okkar er málskotsrétturinn í samræmi við þessa tilskipun. En það eru fjölmörg önnur atriði í þessari tilskipun sem þarf að skoða.

Spurt var: Af hverju kemur þetta ekki fram í greinargerð? Ég tel eðlilegt að umhverfisnefndin fari yfir málið varðandi þessa tilskipun, hvort það sé ekki rétt hjá mér að frv. standist þessa nýju tilskipun varðandi málskotsréttinn. Þetta eru bara upplýsingar sem ég hef fengið hér í tengslum við þær umræður sem hafa farið fram í salnum.

[19:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var mjög merkileg yfirlýsing hjá hæstv. umhvrh. Það kemur fram að hæstv. umhvrh. virðist hvorki semja frumvörp sín né greinargerðir sjálf eða hafa nokkra hugmynd um hvað í þeim stendur. Það kemur fram að hún var að spyrja, í tengslum við þessa umræðu og væntanlega hér í hliðarsal, lögfræðing úr ráðuneytinu hvernig stæði á þessu með tilskipunina. Kannski hefur hæstv. umhvrh. ekki haft hugmynd um þessa tilskipun fyrr en nú í kvöld að lögfræðingurinn í hliðarsalnum sagði henni frá henni.

Ég fer fram á að þegar hæstv. ráðherrar bera fram stjórnarfrv. þá viti þeir hvað þeir eru að gera og viti hvernig þau stjórnarfrv. hafa verið búin til.

[19:14]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir því að ráðherra semur ekki frumvörpin staf fyrir staf né greinargerðirnar. Það er bara ekki þannig sem stjórnsýslan vinnur. (**MÁ:** Ráðherra á vita hvað í þeim stendur.) Það er hárrétt, enda tékkaði ég sérstaklega á því hvort frv. og þessi málskotsréttur stæðist ekki þá tilskipun sem menn komu að í umræðunum. Lögfræðingurinn upplýsti mig sérstaklega um að svo væri. Þess vegna dró ég það inn í umræðuna.

Við teljum að eins og frv. er útbúið þá standist málskotsrétturinn hina nýju tilskipun líka en ég tel mjög eðlilegt að umhvn. skoði það sérstaklega. Ég heyri að það er mikill áhugi á því meðal þingmanna. Ég held að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því að þótt ráðherrar séu allir af vilja gerðir þá semja þeir hvorki frumvörpin lið fyrir lið né greinargerðirnar sem þeim fylgja.

[19:15]

Mörður Árnason:

Hæstv. forseti. Ég vil þrátt fyrir undanfarin orðaskipti þakka hæstv. umhvrh. fyrir að taka þátt í umræðunni og ég tek fram að öfugt við aðra hér að ég tel að hæstv. umhvrh. meini vel og vilji vel og hafi í hinum minni stjórnarákvörðunum sínum sýnt að henni þykir vænt um náttúru Íslands

og virðir þau helstu sjónarmið sem nú eru uppi hjá nútímamönnum um umgengni manns við náttúru og umhverfi. Þótt hæstv. ráðherra hafi vissulega lent í kreppu með ýmis mál og orðið fyrir því að stórir hamrar hafa á henni barið í þeim málum sem upp úr standa þegar kjörtímabil hennar verða gerð upp. Það er ekki að öllu leyti hæstv. umhvrh. að kenna.

Ég vil segja um það sem kom fram í síðari ræðu hæstv. ráðherra að hún taldi að með því að flytja þetta ákvörðunarvald frá embættismönnum til ráðherra eða til stjórnvalda réttara sagt, hinna pólitísku stjórnvalda, sveitarfélags og ráðherra, þá væri allt fengið. Hæstv. ráðherra taldi að ráðherra og sveitarstjórnir yrðu sem sé að rökstyðja afstöðu sína þvert á það sem haldið hefur verið fram í umræðunni.

Þegar farið er í frv. kemur í ljós að krafan um slíkt er varla fyrir hendi. Hún kemur fram í tveimur setningum þ.e. að leyfisveitandinn skuli kynna sér annars vegar matsskýrsluna og athugasemdir við hana og álit Skipulagsstofnunar og hins vegar skuli hann taka afstöðu til hennar. Þetta er eitthvert vægasta orðalag síðari tíma um hvað pólitískt stjórnvald skuli gera því auðvitað er það þannig að auðvelt er að segja þegar ákvörðun er tekin og liggur fyrir að þá hafi maður bæði kynnt sér hvaðeina og tekið afstöðu til þess með ákvörðuninni sjálfri. En í frv. og hinum væntanlegu lögum, ef hæstv. umhvrh. verður að sínum vilja, þar eru engar frekari kröfur um rökstuðning, engar frekari leiðbeiningar um það hvernig á í raun og veru að taka þessa ákvörðun, hvernig hið pólitíska stjórnvald á að taka ákvörðunina. Þetta skiptir verulegu máli.

Hér er ekki eingöngu um það að ræða að hjálpa stjórnvöldum að taka ákvörðunina sem er nú rétt og sjálfsagt, heldur einkum og sér í lagi að búa til gagnsæi í lögin og í ferlið. Í fyrsta lagi að það sé fagurfræðilega út frá stjórnsýslusjónarmiði í lagi, en í öðru lagi vegna þess að réttur almennings byggist á þessu gagnsæi. Réttur almennings til þess að fara til dómstóla og segja og gera þá athugasemd við formlegan gang málsins að sveitarstjórnin eða ráðherrann hafi ekki tekið afstöðu til þess sem hann átti að taka afstöðu til, hafi ekki kynnt sér það sem hann átti að taka afstöðu til, sá réttur er ákaflega lítils virði með þessum tveimur setningum, „kynna sér“ og „taka afstöðu“ því það stendur bara orð gegn orði. „Jú, ég las þetta“ — „nei, þú last þetta ekki“ — „jú, ég hlustaði á þessi rök“ — „nei, þú gerðir það ekki.“ Og dómstólar vísa málinu frá.

Í lögunum þarf auðvitað að vera klásúla um að menn rökstyðji afstöðu sína og þar komi fram hvernig þeir hafi kynnt sér málið og rökstyðji afstöðu sína til þeirra þátta sem felast í matsskýrslunni.

Ef deilan er um fuglalíf í mýri, þá dugir ekki fyrir sveitarstjórnina eða ráðherrann að segja bara: ég leyfi ákvörðunina, heldur verður ráðherra að taka afstöðu, rökstudda afstöðu til fuglanna í mýrinni. Ef ráðherra gerir það ekki, þá gæti almenningur, umhverfissamtök með 50 manns eða fleiri eða maður með lögvarða hagsmuni eins og þetta stendur núna og ég vil bæta við hver sem er, því það á ekki að útiloka neinn í þessu, komið og sagt: Ég kæri þessa ákvörðun og vil fá rökstuðning ráðherrans eða sveitarstjórnarinnar um þá fugla í mýrinni sem taldir eru upp í matsskýrslunni og ágreiningur er um. Það er þetta sem við eigum við.

Um umtalsverðu umhverfisáhrifin er fróðlegt að fram kemur að það er ekki rétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, ekki rétt ályktun hjá henni, að ráðherra hafi jafnsett annars vegar ákvæðin um umtalsverð umhverfisáhrif í lögunum eins og þau eru núna og hins vegar þær veiku leiðbeiningar eða þessi veiku ákvæði um leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Í ljós kemur að hæstv. umhvrh. leggur feikilega áherslu á að útrýma orðunum „umtalsverð umhverfisáhrif“ og ætlar í staðinn að hafa einhver viðmið og reglur sem fyrst koma í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og síðan á að gefa út reglugerð, sem þingið hefur eins og kunnugt er ekkert með að gera og ráðherra getur breytt hvenær sem er. Þetta er sami hæstv. umhvrh. og hefur lýst því yfir að friðuð svæði séu friðuð svo lengi sem þarf að friða þau. Þetta er kannski eitthvað svipað því að ef kæmu nýir Kárahnjúkar eða aðrir Eyjabakkar, þá geti ráðherra og ríkisstjórn breytt þeim reglum, þessum viðmiðunum eins og henni sýnist án þess að það komi þó fyrir Alþingi eins og þarf að gera við ýmislegt sem hæstv. ráðherra hefur gert og ætlar að gera hér held ég fram til jóla eða hefur látið í orði kveða.

Hæstv. ráðherra segir að þessi umræða sé á villigötum. Hún er það bara ekki. Það getur vel verið að í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar verði mat og viðmið o.s.frv. Kannski verða þau eins og þingmenn hafa bent á í dag eitthvað í þeim dúr sem við erum að sjá í náttúruverndaráætluninni og í rammaáætluninni. Það væri æskilegt vegna þess að þá gætum við með einhverjum hætti komið á jafnvel tölulegu mati sem auðvitað er aldrei nákvæmt en segir þó eitthvað þegar á bak við það eru ferlar, eru skilyrði, eru forsendur, matskenndar eða ekki, virðulegi forseti, sem hægt er að skoða og leiða að þeirri tölu, þeirri einkunn sem að lokum er gefin.

Þetta treysta mennirnir í rammaáætluninni sér til að gera. Þetta treystir náttúruverndaráætlunarfólkið sér til að gera sem er þó að vinna með ráðherranum. Hvað var ekki matskennt í því? Hvað er ekki matskennt í náttúruverndaráætlun? Eru ekki tilfinningar í náttúruverndaráætlun? Er ekki spurningar um fegurð? Spurningar um gildi einstakra svæða, einstakra þátta í lífríkinu, er það ekki matskennt? Þá ætti það samkvæmt orðum hæstv. ráðherra og því sem kemur fram í athugasemdum bara að renna út.

Að lokum þetta: Þetta getur ekki komið í staðinn fyrir þann skýra rauða þráð sem felst í orðunum „umtalsverð umhverfisáhrif“. Og ég neita því enn og aftur og heimta miklu betri rökstuðning fyrir því frá ráðherranum að ekki sé hægt að taka mark á þessum orðum vegna þess að þau séu matskennd. Ég veit ekki hvar fræðimennirnir og lögfræðingarnir í umhvrn. hafa nálgast fræði sín og vísindi ef þeir gera sér ekki grein fyrir því að auðvitað eru öll hugtök matskennd þangað til þau fá nokkuð fasta skilgreiningu. Þannig er það bara. Ég veit ekki hvaðan í ósköpunum menn hafa hirt upp þessa dellu sem kynnt er í kafla í grg. með frv. til laga frá hæstv. umhvrh. sem maður hefur reynt að meta sem slíkan hingað til.

Ég vil fjalla aðeins um kærurnar. Þá er það auðvitað eitt með þessa tilskipun. Hitt er þetta og því hefur hæstv. umhvrh. ekki enn þá svarað: Hvers vegna þarf að útiloka almenning einan og sér? Hvers vegna þarf almenningur að hópa sig saman í 50 manna samtök eða fleiri eða þá að eiga lögvarða hagsmuni? Gegn hverjum stefnir þetta? Hvaða dæmi eru um það í sögunni síðan lögin tóku gildi að þessi opna afstaða okkar á Íslandi, þjóð sem ekki nær 300 þúsundum og þar sem hver þekkir annan og allir geta talað saman — hvern er verið að útiloka? Getur ekki hæstv. umhvrh. komið með dæmi um þetta eða sagt okkur hvernig á þessu stendur að hér er verið að loka? Það eru ekki rök í málinu að þetta

sé einhvern veginn öðruvísi annars staðar. Það er það ekki, virðulegi forseti. Það getur ekki verið að menn fari í það að reyna að breyta lögum í mjög mikilsverðu máli sem varðar rétt almennings vegna þess að sá réttur sé ekki jafnmikill annars staðar. Erum við að ganga í Evrópusambandið? Erum við að sameinast Danmörku aftur, eða hvað er á ferðinni, virðulegur forseti, þegar hæstv. umhvrh. hagar sér svona í máli sem varðar allan almenning og skiptir meginmáli í þessu frv. og þeim lögum sem hér verða e.t.v. samþykkt í vor?

[19:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. er enn að ræða þetta með málskotsréttinn. Ég er búin að segja afstöðu mína til þess. Ég tel að eins og við komum því fyrir í frv. sé það mjög nægjanlegt eða góð aðkoma aðila og þetta er til samræmis við það sem gengur og gerist á Norðurlöndunum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um umhverfismat áhrifa enn á ný, þá tel ég að orðalagið „umtalsverð umhverfisáhrif" sé ekki að hverfa úr þessum lögum og ekkert annað komi í staðinn. Það kemur einmitt annað í staðinn. Ég fór yfir það í ræðu minni áðan. Ég vil benda á að í athugasemdum með frv. um 8. gr. segir um þær leiðbeiningar sem Skipulagsstofnun gefur út, með leyfi virðulegs forseta:

„Umhverfisáhrif yrðu þannig flokkuð eftir gæðum, umfangi, lengd og tegund og innan hvers flokks væru sett fram ákveðin viðmið, svo sem jákvæð, neikvæð, lítil, veruleg og varanleg áhrif."

Við erum því að fara út í nákvæmari leiðbeiningar varðandi matsferlið og niðurstöðu í mati á umhverfisáhrifum. Við erum að gera þetta með nákvæmari hætti að mínu mati en er í dag með þessari óljósu skilgreiningu, umtalsverð umhverfisáhrif, sem enginn getur áttað sig á og hvað þýðir eiginlega.

Þarna er verið að flokka umhverfisáhrifin í ákveðna dálka hverja fyrir sig. Ég átta mig því ekki alveg á þeirri umræðu af hverju þetta virðist vera svona mikið atriði í hugum hv. þingmanna. Ef eitthvað er þá erum við að gera þetta nákvæmara en það er í dag.

[19:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn kemur ekki fram í máli hæstv. umhvrh. hver sé ástæðan er fyrir því að þrengja. Hún segir að það sé eðlilegt af því það sé svona á Norðurlöndum. En hver er ástæða hæstv. ráðherra fyrir að þrengja þetta? Er það vegna þess að þetta sé svona á Norðurlöndum, í Ástralíu eða eitthvað álíka, eru það rök í málinu? Það er það ekki. Það sér hver maður. Umhvrh. verður að gjöra svo vel að rökstyðja þessa þrengingu sína. Úr því að hæstv. ráðherra vill ekki gera það núna, þá verður hún að gera það síðar eða þá þeir menn sem samið hafa frv., sérfræðingar ráðherrans og lögfræðingar.

Og það kemur enn fyrir ráðherrann að hún virðist ekki hafa lesið þennan texta lögfræðinga sinna og sérfræðinga, því einmitt í þeirri grein sem hæstv. ráðherra vitnaði til sem ég hygg að hafi verið 8. gr. sem er um breytingu á 9. gr. laganna, þar las ég sérstaklega fyrir hæstv. umhvrh. í ræðu minni áðan hvernig hún var og hvernig hún er orðin núna. Ég rakti það í andsvörum áðan hvernig sá kjarni hefur verið tekinn út og útvatnaður og soðinn niður í niðursuðudós sem síðan á að opna í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og ráðherra ætlar sér sjálfur að ráða yfir á hverjum tíma með reglugerð sem hann getur breytt frá degi til dags. Ef þetta er ekki að draga tennurnar úr frv. sem samið var til varnar náttúru landsins og til að tryggja að ferlið væri gagnsætt og öllum væri ljóst hvað í því felst, þá veit ég ekki hvað það er. Og ég skil ekki enn þá og hef ekki enn þá fengið skýringar á því hvers vegna þessi tiltölulega góði, almenni mælikvarði getur ekki verið inni, þ.e. „umtalsverð umhverfisáhrif". Hvað á þá að koma í staðinn fyrir hann? Því það er engin lýsing á því í athugasemdunum með frv., engin lýsing er á því í ræðu hæstv. ráðherra eða andsvörum hennar áðan.

[19:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Umtalsverð umhverfisáhrif eru eins og hér kom fram hjá hv. þm. almennur frasi, segir ósköp lítið, það er ekki skilgreining sem menn átta sig neitt á. Það er miklu líklegra að menn átti sig á þeim viðmiðunum sem við munum setja í leiðbeiningarnar sem koma frá Skipulagsstofnun í reglugerð. Ég átta mig alls ekki á því hvernig menn geta fest sig svona í því að vilja hafa í lögunum einhverja skilgreiningu sem ekkert hald er í. Og af hverju ætti þessi skilgreining að vera þarna inni? Við erum að fara út úr úrskurðarferlinu, þannig að það er enginn heildarúrskurður sem kemur frá Skipulagsstofnun í framtíðinni. Af hverju ætti þetta að standa í lögunum? Er ekki miklu eðlilegra að hafa viðmið í hverjum málaflokki fyrir sig, á hverjum þætti umhverfisáhrifanna fyrir sig, eins og kemur fram í 8. gr., þar er þessu lýst ágætlega þrátt fyrir að hv. þm. segi að svo sé ekki. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Umhverfisáhrif yrðu þannig flokkuð eftir gæðum, umfangi, lengd og tegund og innan hvers flokks væru sett fram ákveðin viðmið, svo sem jákvæð, neikvæð, lítil, veruleg og varanleg áhrif. " — Þ.e. umhverfisáhrif.

Við erum því að fara inn í miklu skilgreindara ferli um það hvernig á að meta áhrifin en áður. Þannig að ég átta mig bara alls ekki á því að hv. þm. skuli ekki sjá þetta og vilji hengja sig í þá almennu skilgreiningu „umtalsverð umhverfisáhrif", sem segir nákvæmlega ekki neitt eiginlega, er almennur frasi eins og hv. þm. sagði hérna áðan.

[19:31]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Segir ekki neitt eiginlega, en umtalsverð umhverfisáhrif eru samt skilgreind svona í lögunum sem nú gilda, með leyfi forseta:

„Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum."

Ég skil ekki til hvers hér er starfandi ráðuneyti og til hvers einn af hinum kjörnu fulltrúum landsins hefur verið gerður að umhvrh. ef þessi orð hafa enga merkingu. Ég skal viðurkenna að ég sé ekki það sem ráðherra vill láta mig sjá. Það er vegna þess að það er hulið, það er falið. Það sem á að koma í staðinn á að vera inni í leiðbeiningum hjá Skipulagsstofnun og síðan inni í texta sem hæstv. ráðherra ætlar sér, þessi eða sá næsti, að gefa út sjálfur einhvern tímann síðar meir. Það á ekki að koma til umfjöllunar á þinginu og þar með er búið að draga þannig vígtennurnar úr þessu plaggi að í raun og veru ættu alþingismenn að senda það bara heim með roknu skafti, eins og ort var hér forðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Umræða um dagskrármál.

[19:33]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Mig minnir að því hafi verið lýst hér áðan úr forsetastól að 8. og 9. mál væru tekin saman til umræðu. Og við höfum sem sé verið að fjalla um þau hér bæði í senn. Ef það er misskilningur er hann leiðréttur. Þetta er smávægilegt.

[19:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er rétt skilið hjá hv. þingmanni að þessi mál voru rædd saman. Eigi að síður verður að vísa þeim til nefndar og 2. umr. hvoru í sínu lagi.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 307. mál (uppsögn). — Þskj. 352.

[19:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, sem finna má á þskj. 352.

Frv. felur í sér breytingu á þeim ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem gjarnan eru nefnd starfsmannalög, sem varða áminningu ríkisstarfsmanna og starfslok þeirra. Þær breytingar sem lagðar eru til stefna að því að auka sveigjanleika í rekstri ríkisstofnana og færa starfsumhverfi þeirra nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði.

Með frv. er í fyrsta lagi lagt til í 1. gr. að felld verði niður sú skylda forstöðumanns að veita starfsmanni formlega áminningu vegna brots á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiða, og að slík áminning sé skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Í frv. er þetta gert með því að leggja til að 21. gr. laganna falli brott en sú grein hljóðar nú svo, með leyfi forseta:

„Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt."

Starfsmaður getur sýnt af sér háttsemi sem telst ekki samboðin starfi hans og er í slíkum tilfellum mikilvægt að forstöðumaður hafi ráðrúm til þess að bregðast við. Þá getur það vart talist eðlilegt að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að starfsmaður sé áminntur þegar í ljós hefur komið að hann af einhverjum ástæðum veldur ekki starfi sínu án þess jafnvel að eiga nokkra sök á því sjálfur. Undir slíkum kringumstæðum er nauðsynlegt að forstöðumaður hafi möguleika til þess að ráða annan starfsmann til að sinna starfinu. Í samræmi við þá stefnu að umhverfi ríkisstarfsmanna verði æ meir í takt við hinn almenna vinnumarkað er ekki talin sérstök nauðsyn á að binda það í lög með hvaða hætti yfirmaður eigi að taka á því þegar frammistaða starfsmanns er ófullnægjandi. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að forstöðumenn hafi möguleika á að áminna eða beita öðrum úrræðum sem þeir telja við hæfi, ef starfsmaður telst ekki sinna starfi sínu með fullnægjandi hætti.

Í öðru lagi er lagt til í 2. gr. frv. að fellt verði brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir að honum hafi áður verið veitt formleg áminning. Eðlilegt er að sá sem veitir lausn eigi sjálfstætt mat um það hvort atvik séu með þeim hætti að embættismaður hafi með háttsemi sinni vanrækt svo starfsskyldur sínar að hann teljist ekki lengur verður til þess að gegna starfi sínu. Með þessu er málsmeðferðin einfölduð og gerð skilvirkari. Rétt er að undirstrika að eftir sem áður verður máli af þessu tagi ávallt vísað til meðferðar nefndar skv. 27. gr. laganna og er réttarstaða embættismanns því óbreytt að því leyti.

Í þriðja lagi felur frv. í sér að ákvarðanir um starfslok annarra ríkisstarfsmanna en embættismanna teljist ekki stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga. Með því er tekið af skarið um að ákvarðanir um starfslok ríkisstarfsmanna teljist uppsagnir í skilningi almenns vinnuréttar en með þeim hætti er starfsumhverfi ríkisstarfsmanna og rekstur ríkisstofnana færður nær því sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Því hefur verið haldið fram að með þessu verði starfsmenn ríkisins háðir duttlungum forstöðumanna en rétt er að undirstrika að ekki stendur til að breyta því að forstöðumenn verði ávallt að byggja ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum. (**Gripið fram í:** Nú?) Slíkar kröfur leiða m.a. af hæfisreglum stjórnsýslulaga sem eftir atvikum taka einnig til samninga sem gerðir eru á einkaréttarlegum grunni.

Með frv. er stefnt að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins sem og að því að ríkið hafi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[19:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ekki í fyrsta sinn sem þeir stjórnarflokkar sem nú sitja að völdum breyta þeim lögum sem gilda um samningsumgjörð og réttindi og skyldur stéttarfélaga, hvort sem er á almenna markaðnum gegnum lög um stéttarfélög og vinnudeilur eins og gert var 1996 eða þær grundvallarbreytingar sem gerðar voru á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, einnig á því ári. Þá kom fram hjá stjórnarandstöðunni eða minni hluta efh.- og viðskn. að frv. væri samið einhliða af embættismönnum ríkisvaldsins en stéttarfélag sem málið varðar fengi hvorki að koma að samningu frv. né var því gefinn kostur á að koma með ábendingu þegar frv. var í vinnslu.

Mér sýnist, herra forseti, að það sé verið að leika nákvæmlega sama leikinn nú varðandi það frv. sem hér er á dagskrá. Slík vinnubrögð eru auðvitað gagnrýnisverð og varla mjög skynsamlegt nú í aðdraganda kjarasamninga að setja samskipti ríkisvalds og opinberra starfsmanna og stéttarfélag þeirra í algjört uppnám.

Í grein eftir formann SFR og varaformann BSRB sem birtist sl. laugardag kemur fram, með leyfi forseta:

„BSRB, BHM og KÍ hafa mótmælt harðlega þessu frumvarpi. Heildarsamtök opinberra starfsmanna líta svo á að allar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna

ríkisins skuli gerðar í fullu samráði við samtökin. Frumvarp fjármálaráðherra er hins vegar samið og lagt fram án alls samráðs.

Að afnema með þessum hætti áminningar- og andmælaréttinn er því einhliða árás á kjör fólksins þar sem starfsöryggi þess verður ekkert."

Þetta hlýtur að vekja upp þá spurningu hjá stjórnvöldum, ef þeim er ekki bara alveg sama um afstöðu stéttarfélaga og heildarsamtaka opinberra starfsmanna, hvort ekki hefði verið skynsamlegra að leita eðlilegs samráðs við opinbera starfsmenn um þessa breytingu sem varðar starfsöryggi þeirra. Með frv. sem við hér fjöllum um er lagt til að felld verði niður sú skylda forstöðumanns að áminna starfsmann formlega vegna brots á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiðir og að gera slíka áminningu að skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum.

Í greinargerð með frv. eru rökin sem sett eru fram fyrir þessari breytingu þau að verið sé að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem gerist á vinnuamarkaði. Margsinnis hefur verið kallað eftir samræmingu á réttindum og skyldum á almennum vinnumarkaði og á opinbera markaðnum en af einhverjum ástæðum leitast ríkisstjórnin ávallt við að samræma réttindin niður á við en ekki jafna upp á við, þ.e. réttindin á almenna vinnumarkaðnum að því sem best gerist hjá hinu opinbera og síðan öfugt. Mun ég víkja að því síðar í máli mínu.

Ég held að það sé brýnt, herra forseti, að hv. þingmenn geri sér grein fyrir rökunum á bak við þetta ákvæði sem hér á að fella úr gildi og meti jafnt kosti þess og galla áður en ákvörðun er tekin, en kannski umfram allt að setja málið í þann farveg sem það á heima og þar sem á að útkljá það áður en það er lagt fyrir þingið, þ.e. í samráði og samskiptum fjmrn. við opinbera starfsmenn, en ekki setja málið fram með einhliða valdboði án alls eðlilegs samráðs við þau stéttarfélög sem við þessa breytingu eiga að búa. Við erum að fjalla um starfsöryggi fólks og réttaröryggi þess í samskiptum við ríkisvaldið.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ákvæði stjórnsýslulaga frá 1993 taki ekki til ákvarðana sem gilda eiga um lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Er ég sannfærð um að þetta ákvæði frv. muni verða ítarlega rætt í efh.- og viðskn. svo sérkennilegt sem það er. Þar með er tekinn réttur af ríkisstarfsmönnum eins og réttindi sem felast í stjórnsýslulögunum. Hingað til hafa málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaganna gilt samhliða ákvæðum starfsmannalaganna, t.d. í dómsmálum sem fjallað hafa um réttarstöðu ríkisstarfsmanna í tengslum við uppsagnir eða áminningar. Það virðist, samkvæmt þessu ákvæði, sem ekki þurfi þá lengur að fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaganna þegar ákvarðanir eru teknar um uppsagnir og þarf því ekki að gæta lágmarksréttinda samkvæmt þeim lögum en þar erum við að tala um andmælarétt, meðalhófs- og jafnræðisreglu og rökstuðning gagnvart þeim sem sagt er upp störfum.

Í hólf okkar þingmanna kom í dag, dagsett 18. nóvember, erindi sem inniheldur meginsjónarmið BSRB, BHM og KÍ um frv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar kemur einmitt fram nokkuð sem ég ætla að fá að lesa, með leyfi forseta:

„Stjórnsýslulögin hafa reynst mikil réttarbót og þau bætt úr brýnni þörf á skilvirkum málsmeðferðarreglum í stjórnsýslu hér á landi. Ákvæði þeirra um íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir hafa reynst mikilvægt öryggisatriði fyrir borgara."

Ég held að þetta séu orð að sönnu sem hér eru dregin fram í þessum meginsjónarmiðum stéttarfélaganna sem við þetta ákvæði eiga að búa. Ef við reynum að gera okkur enn frekari grein fyrir kostum og göllum á þessari breytingu er afleiðing hennar sú að réttarstaða ýmissa starfsstétta verður ólík eftir því hvort menn starfa hjá ríkinu eða öðrum opinberum aðilum. Ráðningarréttindi starfsmanna flestra sveitarfélaga hafa verið útkljáð í kjarasamningum og ýmis réttindi sem opinberir starfsmenn hjá ríkinu hafa áunnið sér verið tekin upp í kjarasamninga stéttarfélaga við sveitarfélögin.

Þá má líka benda á það sem kemur fram í áðurnefndri grein Jens Andréssonar, varaformanns BSRB og formanns SFR, þar sem hann vitnar í að samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu margar skyldur og kvaðir lagðar á ríkisstarfsmenn sem ekki eru á almenna vinnumarkaðnum. Jens nefnir þar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru margar skyldur og kvaðir lagðar á ríkisstarfsmenn sem ekki eru á almenna vinnumarkaðinum. Má þar t.d. nefna að upplýsingar um störf opinberra starfsmanna verða almennt ekki talin til einkamálefna þeirra í skilningi upplýsingalaga, t.d. er sennilegt að almenningi sé heimill aðgangur að gögnum í málum þar sem opinberum starfsmanni er sagt upp störfum. Þá á almenningur rétt á upplýsingum um laun og launakjör opinberra starfsmanna. Þagnarskylda hvílir á opinberum starfsmönnum. Þeir undirgangast yfirvinnuskyldu. Harðari refsingum er beitt ef um brot í starfi er að ræða. Þeim er skylt að hlíta breytingum í starfi. Þá eru hæfnisskilyrði til að fá starf mun strangari en á almenna vinnumarkaðinum svo nokkur dæmi séu tekin.

Það eru miklu ríkari skyldur lagðar á ríkisstarfsmenn en gengur og gerist á almenna vinnumarkaðinum. Því er eðlilegt að einnig séu gerðar ríkari kröfur til ríkisins sem vinnuveitanda. Starfsöryggi ríkisstarfsmanna þarf því að vera gott þannig að ekki sé hægt að segja þeim upp að tilefnislausu."

Í greinargerðinni, í athugasemdum um 3. gr., segir að sú leið sem mörkuð sé í frv. sé í samræmi við þá stefnumörkun að auka valdsvið og ábyrgð forstöðumanna á rekstri ríkisstofnana. Og í athugasemdum um 1. gr. segir að þetta sé í samræmi við þá stefnu að umhverfi ríkisstarfsmanna verði í takt við hinn almenna vinnumarkað.

Ég vil, virðulegi forseti, vitna í það sem kemur fram í því plaggi sem ég las úr áðan um meginsjónarmið BSRB, BHM og KÍ, með leyfi forseta:

„Heildarsamtök opinberra starfsmanna, BSRB, BHM og KÍ, telja vafasamt að einblína í þessu sambandi á réttindi og skyldur starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Með starfsmannalögunum var valdið til að ráða og segja upp starfsfólki fært í hendur forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumenn ríkisstofnana eru embættismenn í skilningi starfsmannalaganna og samkvæmt 23. gr. laganna gildir sú meginregla um þá að þeir skuli skipaðir tímabundið í embætti í 5 ár í senn en heimilt er viðkomandi stjórnvaldi að framlengja þá ráðningu að skipunartímanum loknum og þá til 5 ára í senn. Forstöðumennirnir hafa þannig allt aðra stöðu varðandi ráðningarkjör sín heldur en stjórnendur fyrirtækja á almennum markaði, sem reyndar eru í mjög mörgum tilvikum sjálfir eigendur fyrirtækjanna sem þeir stjórna."

Síðar í þessu erindi segir, með leyfi forseta:

„Sérreglur um embættismenn varðandi lausn um stundarsakir gilda hins vegar áfram, þó með þeirri breytingu að andmælaréttur þeirra takmarkast við meðferð máls þeirra fyrir nefnd samkvæmt 27. gr. laganna þannig að réttaröryggi forstöðumanna verður til að mynda meira en þeirra starfsmanna sem forstöðumenn geta samkvæmt frumvarpinu sagt upp án nokkurrar tryggingar um réttláta málsmeðferð.

Af þessu má vera ljóst að frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingu á þeim reglum sem gilt hafa um langan aldur um starfsöryggi starfsmanna ríkisins. Með því að fella ákvæði 21. gr. úr lögunum eru ríkisstarfsmenn hvað atvinnuöryggi sitt varðar settir undir geðþóttavald stjórnenda þeirra stofnana sem þeir starfa hjá. Þegar svo það bætist við, að stjórnendurnir eru háðir ákvörðunum ráðherra um sitt eigið atvinnuöryggi blasir við sú hætta að ráðherrar geti haft bein áhrif á atvinnuöryggi ríkisstarfsmanna. Þessi aðstaða fer þvert gegn yfirlýstum markmiðum með lagasetningunni árið 1996 en þá var ákveðið að færa valdið í þessum efnum frá ráðuneytunum."

Vissulega, herra forseti, geta þau rök átt við í mörgum tilvikum sem teflt er fram í greinargerðinni og fram komu í máli ráðherra, að með því fyrirkomulagi sem gilt hefur um formlega áminningu og andmælarétt séu settar verulegar skorður við stjórnunarrétti vinnuveitenda á kostnað sveigjanleika og skilvirkni. Sama gildir um það markmið sem talað er um í greinargerðinni, að verið sé að færa þetta til samræmis við almenna vinnumarkaðinn. En menn verða þá að hafa í huga stöðu margra atvinnuveitenda á almenna vinnumarkaðnum og forstöðumanna ríkisstofnana eins og vísað var til í sameiginlegu áliti BSRB, BHM og KÍ sem ég vitnaði til áðan.

Það er ástæða til, herra forseti, að fara líka yfir, þegar við fjöllum um þetta mál, samræmingu á réttindum opinberra starfsmanna og á almenna vinnumarkaðnum, ekki síst félagsmanna í ASÍ sem vinna hjá hinu opinbera. Benda má á að í lögum frá 1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var gerð sú breyting á réttarstöðu starfsmanna í almennum stéttarfélögum í störfum hjá ríkinu að þeir voru gerðir að ríkisstarfsmönnum, þ.e. lögin ná til þeirra eins og annarra starfsmanna ríkisins. Þessu fylgdu viðbótarskyldur fyrir þessa starfsmenn, svo sem trúnaðarskylda, skylda til að vinna yfirvinnu og skylda til að biðja um leyfi til að gegna launuðu starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi hjá ríkinu. Í tengslum við þessa lagabreytingu var rætt um þann megintilgang laganna að bæta réttarstöðu starfsmanna sem væru ekki félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna. Þessir starfsmenn mundu jafnframt öðlast þau réttindi sem lögin fela í sér og ríkið sem atvinnurekandi mundi virða ákvæði stjórnsýslulaga um að gæta jafnræðis gagnvart starfsmönnum sínum.

Nú er það svo að fjallað er um réttindi starfsmanna sveitarfélaganna og skyldur, breytingar á starfsumgjörð þeirra, í kjarasamningum en ekki kveðið á um það í lögum. Það er auðvitað umhugsunarefni hvort ekki þurfi að breyta þeirri starfsumgjörð sem opinberir starfsmenn þurfa að búa við, að þurfa sífellt að sæta því að farið sé fyrir Alþingi, án samráðs við þá, með allar breytingar á starfsumgjörð þeirra.

Ég vil líka, herra forseti, spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þeirri samræmingu sem gera átti í tengslum við kjarasamninga ASÍ frá því í desember 2001? Í tengslum við það kom eftirfarandi yfirlýsing frá fjmrh., með leyfi forseta:

„Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa ASÍ og fjármálaráðuneytisins vegna tiltekinna vandamála sem tengjast mismunandi kjörum starfsmanna í stéttarfélögum ríkisstarfsmanna og aðildarfélaga ASÍ. Af hálfu ráðuneytisins er fullur vilji til þess að halda þessum viðræðum áfram og freista þess að ná ásættanlegri niðurstöðu. Í ljósi fyrirhugaðrar endurskoðunar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er mikilvægt að ná frambúðarlausn í þessum málum í samráði við Alþýðusamband Íslands."

Þetta var í desember árið 2001 og liðin nærfellt tvö ár. Það væri gott ef hæstv. fjmrh. vildi upplýsa við þessa umræðu, nú þegar við erum að sigla inn í nýja kjarasamninga, hvað hefur verið gert að því er varðar þá samræmingu sem lofað var í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í desember árið 2001.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þau atriði sem við erum hér að fjalla um, þær breytingar sem hér er verið að gera á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hefðu átt að fara í það vinnuferli sem þessi mál eru í, þ.e. að samræma réttindi á vinnumarkaði og skoða þau í heild sinni. Þessi breyting ætti að vera hluti af þeirri samræmingu sem ráðist var í varðandi réttindi og skyldur opinbera markaðarins og almenna vinnumarkaðarins. Ég tel þessi vinnubrögð mjög óskynsamleg af hálfu ráðherra. Hann setur ekki málið í það eðlilega starfsferli sem það ætti að vera í.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra að lokum um gildistökuákvæði þessa frv., þ.e. 4. gr. Hér segir að lög þessi öðlist þegar gildi. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi verið skoðað í ráðuneyti hans hvort ekki gæti verið um afturvirkni að ræða. Hvaða ákvæði geyma ráðningarsamningar opinberra starfsmanna í sér? Þarf ekki að miða þetta ákvæði, ef það á annað borð tekur gildi, við þær ráðningar opinberra starfsmanna sem taka gildi eftir að þessi lög hafa tekið gildi? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið skoðað með þeim augum. Ég tel að hæstv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar verði að skoða það sérstaklega.

Herra forseti. Meginniðurstaða mín varðandi þetta mál, burt séð frá efnisatriðum málsins, er að skynsamlegast væri að vísa málinu frá og láta reyna á það í eðlilegum samskiptafarvegi ríkisvaldsins og opinberra starfsmanna fremur en að málinu sé fleygt inn í þingið með þeim hætti sem hér er gert.

[19:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem vekur strax athygli í sambandi við þetta mál, sem hér hefur þegar verið tæpt á, er hvernig það er undirbúið og að því staðið af hálfu flytjandans, hæstv. fjmrh. Það er satt best að segja ótrúlegt að hæstv. ráðherra skuli ekki, jafnreyndur og sjóaður og hann er orðinn, vanda þau vinnubrögð betur en svo að kalla í forustumenn heildarsamtaka opinberra starfsmanna svona korter í tólf, rétt áður en hann hendir málinu inn í þingið. Hann hafði reyndar uppi hetjuleg orð, aðspurður um þetta atriði á dögunum, að hann þyrfti ekki leyfis að biðja til að flytja mál af þessu tagi. Þetta er ekki hetjuskapur sem skilar miklu. Hæstv. ráðherra ætti að vera upp úr þessu vaxinn. Í raun er þetta ólíkt hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde sem yfirleitt er frekar flinkur maður og jafnvel lunkinn stundum í samskiptum. En þarna hefur hann skriplað á skötunni.

Það var eiginlega vandræðalegt að heyra hæstv. ráðherra færa fram sem málsvörn að menn yrðu náttúrlega að hafa í huga að þó að þessi réttindi yrðu reytt af opinberum starfsmönnum yrðu forstöðumenn áfram að hafa málefnalegar

ástæður í heiðri þegar þeir rækju starfsfólk. Þurfti sem sagt að taka það fram, hæstv. fjmrh.? Var samviskan eitthvað að angra hann? Ég hélt að ekki þyrfti sérstaklega að þakka fyrir það þó til þess væri ætlast að málefnaleg sjónarmið væru höfð að leiðarljósi í sambandi við ráðningu eða brottvikningu starfsmanna. Eitthvað gerði það að verkum að hæstv. fjmrh. lagði lykkju á leið sína til þess að taka þetta fram, að þó að áminningarskyldan og þar með andmælarétturinn yrðu felld úr lögum og það gert mögulegt að segja mönnum upp, reka menn eins og það heitir á mannamáli, fyrirvaralaust vegna fyrsta brots eða fyrstu yfirsjónar þá ætti áfram að hafa málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi. Þá á ekki að vera hreinn geðþótti. Það var það sem hæstv. fjmrh. var í raun að segja.

Það undarlega er auðvitað að þegar þetta mál er skoðað og borið saman við inntak þess, lagagreinar bornar saman við rökstuðning í greinargerð, þá stendur að lokum ekki steinn yfir steini. Það er kostulegt að heyra því haldið fram að þetta sé gert til að auka sveigjanleika — gamla, góða klisjan að auka sveigjanleika. Það er ævinlega að auka sveigjanleika þegar á að reyta réttindi af starfsfólki. Það hefur alltaf verið í tungutaki frjálshyggjunnar frá fyrstu tíð, frá því Margrét Thatcher fann upp margra þessara frasa og lagði til orrustu við verkalýðshreyfinguna á Bretlandseyjum. Auka sveigjanleika heitir það að skerða réttindi starfsmanna.

Einnig segir að þessar breytingar eigi að stuðla að því að ríkið eigi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni. Er þetta aðferð til þess, hæstv. fjmrh.? Er þetta aðferðafræðin sem hæstv. fjmrh. telur svo gulltryggða að það þurfi ekki einu sinni að rökstyðja hana, að í gegnum svona nálgun fáist hæfustu starfsmennirnir hverju sinni í störf. Nei, skyldi það ekki geta verið akkúrat öfugt, að hluti af því að laða til starfa hjá hinu opinbera hæft starfsfólk sé að þar sé atvinnuöryggi, ráðningarfesta og sæmilega tryggt starfsumhverfi? Hefur það ekki verið notað sem rök fyrir því að réttlæta gjarnan lakari launakjör, t.d. mun lægri föst laun margra stétta opinberra starfsmanna borið saman við sambærilega menntað fólk úti á almennum vinnumarkaði, að það nyti meira starfsöryggis og gjarnan bætt við að lífeyrisréttindin séu hagstæðari eða betur tryggð? Þarna rekur sig auðvitað hvað á annars horn.

Í þriðja lagi, herra forseti, finnst mér horft fram hjá því í þessari nálgun hæstv. fjmrh. að starfsumhverfi opinberra starfsmanna er ein heild. Þetta er ein heild, launakjörin, réttindin og skyldurnar. Það er ekki hægt að vaða inn í einn þátt málsins og breyta honum einhliða án samráðs og láta eins og það komi ekkert við annað. Þetta er allt samhangandi. Það vantar ekki að menn muni eftir því, þegar þeir fara fram á það við menn að sætta sig við lakari kjör, lakari laun, að þeir njóti ýmiss annars í staðinn sem sé hluti af heildarumgjörðinni sem skapi starfskjör og starfsskilyrði opinberra starfsmanna.

Á það er einmitt minnt í sameiginlegri greinargerð frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna að ekki megi alveg gleyma hinni hliðinni sem eru þau sérstöku skilyrði margs konar sem marka starf opinberra starfsmanna, þær skyldur sem þeir hafa á herðum en aðrir hafa ekki, ýmislegt sem varðar stöðu þeirra sem opinberra starfsmanna, upplýsingar sem í þeirra tilviki er litið á sem opinberar upplýsingar sem úti á almenna vinnumarkaðnum eru einkamál o.s.frv.

Ég tel líka, herra forseti, að afar óvenjulegt sé að sjá texta af því tagi sem er í 3. gr. frv., að taka út undan ákvæðum stjórnsýslulaga heilan kafla sem varðar mjög miklu í samskiptum atvinnurekenda, eða í þessu tilviki ríkisins, forstöðumanna sem hafa með starfsmannamálin að gera og síðan starfsmannanna. Ætti það ekki að kalla á betri rökstuðning en hér er fram færður og hvort eðlilegt sé að rífa þetta út undan stjórnsýslulögunum? Eru stjórnsýslulögin svona gölluð? Hvað er að í sambandi við það að opinberir starfsmenn njóti réttar eins og aðrir borgarar í landinu á grundvelli stjórnsýslulaga? Hver er sá réttur sem aðallega er verið að tryggja mönnum? Jú, það er að þeir geti komið sjónarmiðum sínum að, þeir geti varið sig, þeir hafi andmælarétt og annað í þeim dúr. Er ekki nokkuð langt gengið að rífa það af tugum þúsunda opinberra starfsmanna sem aðrir eiga þá væntanlega að hafa? Því í hinni opinberu stjórnsýslu munu aðrir áfram njóta þess að þau lög eru í gildi en þessi hópur þegnanna á ekki að njóta þess. Af hverju? Jú, til að hægt sé að reka þá fyrirvaralaust og án andmælaréttar. Því það er ekki bara áminningarskyldan sem er að falla niður, það er ekki bara sú aðvörun sem í því er fólgin. Það er líka andmælarétturinn sem þar með tapast, að menn hafa ekki tryggingu fyrir því að koma sjónarmiðum sínum að.

Einnig hefur verið á það bent að menn verða að setja þessa hluti í samhengi við þær breytingar sem hafa orðið hvað varðar ráðningarskilmála yfirmanna, forstöðumanna sem fara með starfsmannamálin. Þeir eru núna skipaðir til fimm ára í senn og eiga síðan möguleika á framlengingu. Þeir eru undir náð og miskunn síns ráðherra settir með það. Og er ekki staða þeirra kannski dálítið erfið í samskiptum við starfsmennina ef þrýstingur kemur ofan frá um að hreinsa nú til og það er að styttast í að þeir þurfi undir ráðherra sinn, sinn arfakóng og herra að sækja spurninguna um framlengingu í starfi? Ég held að þurfi að skoða þetta allt saman í samhengi, herra forseti.

Meginröksemd frv. er sú að jafna eigi þessi réttindi og gera þau líkari því sem gerist á almenna vinnumarkaðnum eða eins og segir: „að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði.“ Þetta er fyrir utan sveigjanleikann og þessa merkilegu formúlu að hafa alltaf hæfustu menn í starfi með því að skerða talsvert starfsöryggi þeirra, laða þá til sín með því að óöryggið sé aukið í þessum efnum.

Það á sem sagt að jafna þetta. En þá er alveg ljóst að hér er notuð sú formúla að jafna niður á við. Draga á úr atvinnuöryggi opinberra starfsmanna, jafna þetta eða samræma niður á við. Það er a.m.k. alveg ljóst, er það ekki, hæstv. fjmrh.? Það er þó stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að þessi réttindi séu of rík, því ef það væri ekki mundi ríkisstjórnin auðvitað reyna að leggja sitt af mörkum til þess að aðrir fengju þá þau réttindi að svo miklu leyti sem þeir hafa þau ekki í reynd, í praxís. Því auðvitað er það víða þannig að mönnum er gefið færi á því að bæta sig og þó ein mistök eða yfirsjón hafi átt sér stað í starfi þá eru menn ekki reknir fyrirvaralaust eins og hundar af þeim sökum hjá góðum stjórnendum og vinnuveitendum.

Er það þá það sem þarf að gera á vinnumarkaði á Íslandi, þ.e. að jafna öll svona réttindi niður á við, eru þau of mikil? Plagar það íslenska vinnumarkaðinn að réttindi starfsmanna hér, launamanna í landinu, séu almennt mikil t.d. borið saman við nágrannalöndin? Nei, svarið er nei. Það er alveg ljóst að það hefur lengi einkennt íslenskan vinnumarkað að staða launamanna hér hefur verið veikari en t.d. annars staðar á Norðurlöndunum. Ég veit ekki betur en viðleitni hafi verið í gangi á undanförnum árum eða kannski er orðið dálítið síðan, þ.e. áratugum, að auka atvinnuöryggi ýmissa

hópa sem menn hafa orðið sammála um, líka ríkisstjórnir, að væri óviðunandi. Hvernig var þetta með fiskvinnslufólk? Hvað var verið að gera með samstilltum aðgerðum aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins á sínum tíma sem Atvinnuleysistryggingasjóður kom inn í? Jú, verið var að reyna að tryggja því fólki lágmarksmannréttindi, að því væri ekki hent heim út af launaskrá fyrirvaralaust, bara vegna ógæfta eða hráefnisleysis.

Innleiddar hafa verið hér evrópskar tilskipanir. Sett hafa verið ákvæði um hópuppsagnir og slíkt sem hafa miðað að því að bæta þau réttindi hjá ýmsum hópum. En svo kemur þessi metnaðarfulla ríkisstjórn eða hitt þó heldur og telur það alveg sérstakt nauðsynjaverk að leggja í leiðangur við að reyna að jafna þessi réttindi niður á við, samræma þau niður á við.

Ég leyfi mér alveg að efa það, herra forseti, að það sé endilega svo að staða opinberra starfsmanna hafi verið svo miklu betri en hjá fjölmörgum öðrum fjölmennum hópum. Fyrir það fyrsta er það nú þannig að sveitarfélögin hafa auðvitað tekið mið af þessum lögum, þannig að starfsmenn sveitarfélaganna njóta almennt þessa réttar en hann er þá bundinn í kjarasamningnum. Og nú verður staða þeirra að þessu leyti tryggari að sveitarfélögin geta ekki einhliða sagt slíku upp af því það er samningsbundið.

Ég held að margir skynsamir stjórnendur átti sig alveg á því að þetta er ekki endilega aðferðin til að laða til sín hæft og gott starfsfólk. Það er stundum þannig að það er eins og þeir frjálshyggjumenn haldi að endalaust framboð sé af hæfu starfsfólki, það bíði bara úti í þjóðfélaginu eftir að koma í vinnu hjá þeim og þess vegna sé ekkert annað að gera til að kippa þessu í lag en að reka bara og reka og ráða hina hæfu sem séu þarna einhvers staðar, nú væntanlega þá atvinnulausir. Er það líklegt að hæfasta fólkið bíði í röðum atvinnulaust eftir því að koma í störf skussanna þegar búið er að reka þá? Gengur það upp? Nei, auðvitað ekki. Það er samkeppni um hæfa starfsfólkið. Yfirleitt getur það valið úr störfum og það er ekki þannig að rjóminn af starfsfólki sé á lausu. Ætli það sé ekki því miður í aðalatriðum iðulega öfugt.

Ríkið hefur oft þurft að búa við það á ýmsum tímum að vera í harðri samkeppni um að ná til sín hæfu starfsfólki, m.a. vegna þess að því hefur oft verið haldið harkalega niðri í launum. Að vísu hafa orðið þar ýmsar miklar breytingar á, talsverðar breytingar á og flótti hefur stöðvast úr stéttum sem voru óðum að tæmast á ákveðnum árabilum, ýmist vegna þess að menn fóru í önnur störf eða menn fóru til útlanda. Heilmikill árangur hefur náðst held ég að óhætt sé að segja í því að bæta þannig starfskjör ýmissa stétta t.d. innan heilbrigðisgeirans og við skulum segja líka kennara og slíkra, að sá mikli flótti sem þar var brostinn á hefur a.m.k. stöðvast. Ekki er ég að halda því fram að menn séu ofsælir af sínum kjörum þar, nema síður sé. En ég held að ágætt sé fyrir herramennina, hæstv. ráðherra, að minnast þeirra tíma. Það er ekki alltaf þannig að fólk standi í biðröðum eftir því að fá að vinna hjá ríkinu. Ríkið þarf þá að hafa eitthvað að bjóða, er það ekki hæstv. fjmrh.? — Eru þetta mjög merkilegir pappírar sem ráðherrann er að blaða í? Ég ætla að vona að hann geti gert hvort tveggja, lesið og hlustað.

Ríkið þarf þá að hafa eitthvað að bjóða. Og hvað hefur það haft að bjóða? Meðal annars það að menn væru svona sæmilega tryggðir með atvinnu sína ef þeir ynnu hjá ríkinu. Er það þá endilega það skynsamlegasta sem menn gera að breyta því, að henda því? Nei, ég er ekki viss um það.

Virðulegur forseti. Það er alveg sama hvar ég kem að þessu máli, mér finnst þetta vera óskaplega fljótræðislega og lítið hugsað af hálfu hæstv. fjmrh. Ég held þetta sé frumhlaup, einhver mistök, og hæstv. ráðherra þurfi að hugsa sinn gang og er ég þá ekki að hafa uppi neinar getgátur um hversu farsæl þessi aðgerð væri fyrir ráðherrann sjálfan persónulega í störfum hans næstu mánuðina eða missirin gagnvart samskiptum við heildarsamtök opinberra starfsmanna, en einhverjir kynnu nú að hafa áhyggjur af því að þetta væri ekki mjög gáfulegt fyrir eitt stykki hæstv. ráðherra sem er að leggja inn í aðdraganda kjarasamninga. Ég sé því ekki almennilega ljósið í þessu, herra forseti, hvað hæstv. ráðherra gengur til og hvernig hann hugsar þetta. Kannski eru vegir hæstv. fjmrh., Geirs H. Haardes, órannsakanlegir eins og sagt er um fleiri fyrirbæri og þá verður bara að hafa það.

En betur þætti mér að mega trúa því að hér hafi eitthvert fljótræði átt sér stað. Ég held t.d. að það geti varla verið að það sé af einbeittum vilja og ásetningi sem hæstv. ráðherra fer fram með mál af þessu tagi sem varðar svona mikilvæg grundvallarréttindi opinberra starfsmanna án þess að kynna það fyrst og ræða við forustumenn þeirra. Það eru eiginlega ótæk vinnubrögð, gjörsamlega ótæk vinnubrögð. Og alls ekkert í samræmi við neinar góðar hefðir eða venjur í þeim efnum nema hæstv. ráðherra langi í stríð, hann sé orðinn leiður í starfinu og vanti tilbreytingu í fjmrn., þannig að hann langi beinlínis í einhvern „fæting." Hvað á maður að láta sér detta í hug þegar maður reynir að velta því fyrir sér hvað þarna gæti verið á ferðinni?

Kannski sér hæstv. ráðherra að sér og ég ætla að vona að þingnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar gefi sér góðan tíma að skoða það. Það er vonandi alls ekki þannig að hæstv. ráðherra detti í hug að þetta fái einhverja flýtimeðferð í gegnum þingið, það væri nú til að bíta höfuðið af skömminni. Ef hæstv. ráðherra á gleðileg jól og farsælt nýtt ár eins og sagt er, góðan gamlársdag, þá kemur hann kannski hingað í góðu skapi í janúar og fellst á að kalla þetta frv. til baka eða reyna láta það gleymast í nefnd, það væri prýðileg lausn.

[20:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði með réttu að það hangi saman launakjör, starfsskilyrði og starfsumhverfi. Eitt meginmálið var þegar laun hjúkrunarfræðinga, kennara og annarra voru hækkuð var samanburður við almenna markaðinn. Og hljóta þá ekki starfskjörin, fyrst launakjörin voru aðlöguð almenna markaðnum, að taka mið af almenna markaðnum líka? Þetta er spurning til hv. þm.

Herra forseti. Hv. þm. hefur reynslu af því að vera ráðherra og það getur vel verið að honum þyki sniðugt að leggja til við hæstv. fjmrh. að kalla á verkalýðshreyfinguna korter í tólf eins og hann sagði til málamyndasamráðs, en það finnst mér ekki.

[20:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í þeim tilvikum sem hv. þm. nefndi varðandi lagfæringu á launakjörum starfsstétta t.d. í heilbrigðiskerfinu, þá hafi í minna mæli verið um samkeppni eða samanburð við almenna vinnumarkaðinn að ræða. Aðalvandinn var auðvitað sá eins og í tilviki hjúkrunarfræðinga

eða slíkra að fólk fékkst ekki til starfa, það var að flýja stéttina á þeim kjörum sem í boði voru. Þetta á t.d. við um stéttir sem að uppistöðu til vinna hjá ríkinu af því að ekki er öðrum vinnuveitendum til að dreifa í fagi þeirra. Ég held að það hafi ósköp einfaldlega verið raunsæi og menn horfst í augu við þá nauðsyn að ekki var hægt að manna slíka starfsemi og veita þá þjónustu í landinu, nema launin væru þannig að einhverjir fengjust til að vinna þau störf. Svona er þetta í mínum huga, herra forseti. Og ég held að hv. þm. þurfi að fara betur yfir þetta atriði.

[20:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvert var opinbera starfsfólkið að flýja, hvert var það að flýja? Það var auðvitað að flýja í önnur störf í þjóðfélaginu á hinn frjálsa markað væntanlega, þar sem það bar saman launin. Og menn þurftu að hækka launin til að mæta því. En menn gleymdu starfskjörunum. Menn gleymdu t.d. lífeyrisréttindunum sem opinberir starfsmenn kunna ekki að meta. Þau hafa hækkað, ég hef ekki alveg nýjustu tölurnar, en þetta eru sennilega 170 milljarðar sem lífeyrisskuldbindingar vegna B-deildarinnar einnar sér hafa hækkað. Það eru 8 milljónir á hvern starfandi ríkisstarfsmann sem lífeyrisskuldbindingarnar hafa hækkað hjá ríkinu og hæstv. fjmrh. er stöðugt að moka í þetta, í þá hít og hefur ekki undan. Þetta er milljón á hvern starfandi mann á landinu. Þannig að auðvitað hljóta menn að taka allt með, lífeyrisréttindin og öll önnur starfskjör inn í myndina þegar þeir bera saman laun milli stétta, ekki bara launin ein sér. Fólkið flúði frá ríkinu til annarra starfa vegna þess að það bar saman launin.

[20:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig alveg sammála því og það sagði ég í ræðu minni, að starfskjör opinberra starfsmanna samanstanda af þessu öllu saman, launum, réttindum og skyldum og ýmsum séraðstæðum í þeirra störfum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi nú ekki. Ég hef enga tilfinningu fyrir því að laun (Gripið fram í.) starfsmanna hins opinbera, ýmissa fagstétta, hafi verið jöfnuð að fullu við það sem gerist á almenna vinnumarkaðnum. Þvert á móti liggja fyrir glænýjar upplýsingar um að svo er ekki. Nýlega var einmitt verið að birta niðurstöður um að það muni 50–100 þús. kr. á grunnlaunum margra hópa sérfræðinga eða fagmanna eftir því hvort þeir vinna hjá hinu opinbera eða á almenna vinnumarkaðnum, þar sem hallar á opinberu starfsmennina. Ég hygg að þessi rök haldi alveg enn þá gagnvart því að ef menn vilja réttlæta meira ráðningaröryggi eða þess vegna lífeyrisréttindi þá séu þau rök enn til staðar og fullgild.

Ég held einmitt að best sé að skoða þetta heildarsamhengi og því var ég að kalla eftir. Mann undrar að hæstv. ráðherra skuli rífa þennan eina þátt út úr eins og þarna er gert.

Varðandi samráðið þá held ég að hv. þm. hafi misskilið mig þar. Ég var ekki að mæla með því að fjmrh. eða ráðherrar yfirleitt kölluðu í fólk korter fyrir tólf til að eiga við það samráð. Þvert á móti gagnrýndi ég hæstv. fjmrh. fyrir að hafa ekkert samráð haft við samtök opinberra starfsmanna fyrr en hann kallar í þau rétt áður en hann leggur málið hér fram og mönnum er stillt upp frammi fyrir þeim fréttum að búið sé að afgreiða þetta í ríkisstjórn og málið sé á leiðinni inn í þingið. Það er auðvitað ekkert samráð. Það er til málamynda. Það er nánast lítilsvirðing að standa þannig að málum. Ég segi ekki að betra sé kannski að sleppa því, en við það jaðrar vegna þess að menn eru svona rétt að gera þetta til þess að geta sagt að samtökin hafi ekki lesið um þetta í blöðunum.

[20:18]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við í Frjálsl. teljum að frv. sem er til umræðu sé vanhugsað. Samkvæmt athugasemd við frv. er meginmarkmið þess að færa starfsumhverfi nær því sem gerist á almenna vinnumarkaðnum.

Áður en lengra er haldið er rétt að þeir sem leggja þetta frumvarp fram fari að átta sig á því að ríkið er ríkið og einkaaðilar eru einkaaðilar og aldrei er hægt að ætlast til þess að ríki og einkaaðilar fari eftir nákvæmlega sömu reglum. Í eðli sínu getur ríkisvaldið aldrei orðið eins og einkaaðili. Ríkisvaldið getur ekki verið að undanskilja sig frá meginreglum stjórnsýsluréttarins í athöfnum sínum þegar ríkið kemur fram sem vinnuveitandi gagnvart starfsmönnum sínum. Meginreglur stjórnsýsluréttar hljóta ætíð að eiga við allar athafnir ríkisins og þess vegna er umdeilanlegt hvort ríkisvaldið geti undanskilið sig með lögum frá meginreglum stjórnsýsluréttar, sérstaklega í svo mikilvægu máli sem við erum að ræða hér. Hvar endar það ef stjórnvöld ætla að undanskilja hina og þessa athöfn ríkisins frá stjórnsýslulögum? Nú á að undanskilja uppsögn frá stjórnsýslulögum. Hvað verður undanskilið á morgun? Verður það einhver önnur athöfn ríkisins?

Uppsögn verður alltaf að að byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Það er e.t.v. óþarfi að taka það fram eins og gert var í ræðu hæstv. fjmrh. Það er umdeilanlegt hvort uppsögn sé stjórnvaldsákvörðun, en engu að síður er starfsmaður að missa réttindi. Með þessu frumvarpi er ríkið að reyna að undanskilja sig frá því að þurfa að hlíta þessum stjórnsýslureglum og það í raun óskiljanlegt.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég efast um að hægt sé að undanskilja eina frekar en aðra ákvörðun ríkisins algjörlega undan almennum stjórnsýslureglum.

Almennt er staðan á einkamarkaðnum sú að ef einhver er rekinn með ómálefnalegum hætti þá þarf sá sem verður fyrir órétti að sanna að svo hafi verið. Tökum dæmi af manni sem missir vinnuna á einkamarkaðnum vegna kynhneigðar sinnar. Þá þarf viðkomandi einstaklingur sem beittur er órétti að sanna að honum hafi verið sagt upp á ómálefnalegan hátt. Nú þarf forstöðumaður hjá ríkinu að tilgreina ástæðu fyrir brottrekstri og rökstyðja hann. Hvað er að því? Er það ekki í lagi? Hvers vegna þarf að breyta því með þessu frv.? Ef frv. sem hér er til umræðu verður að lögum má jafnvel ætla að forstöðumaður þurfi hvorki að tilgreina neina málefnalega ástæðu fyrir brottrekstri né rökstyðja brottrekstur inn.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvers vegna vilja menn endilega víkja sér undan stjórnsýslulögunum? Ég átta mig ekki á því hvaða rök liggja hér að baki. Hvers vegna á að undanskilja brottrekstur frá stjórnsýslulögunum? Hvað er það í stjórnsýslulögunum sem hæstv. fjmrh. vill forðast? Er það sú krafa í stjórnsýslulögunum að rökstyðja beri uppsögn? Er það jafnræðisreglan sem hann er hræddur við, þ.e. að gæta skuli samræmis og jafnræðis við hvernig sambærileg brot starfsmanna eru meðhöndluð? Er það það sem menn óttast? Hver er ástæðan? Vill hæstv. fjmrh. e.t.v. koma sér undan rannsóknarreglunni, þ.e. að gengið sé fyllilega úr skugga um að nægilegar upplýsingar um brot einstaklings í starfi liggi fyrir áður en ákvörðun um brottvikningu starfsmanns er tekinn? Er hann e.t.v. að víkja sér undan meðalhófsreglunni? Hver er ástæðan?

Ég tel, eins og áður segir, að þó svo að umdeilanlegt sé hvort hægt sé að undanskilja brottvikingu starfsmanns frá meginreglu stjórnsýslureglna þá væri engu að síður fróðlegt að fá að heyra hvað knýr hæstv. fjmrh. til verka.

Nú er ljóst að fostöðumenn stofnana þurfa að fara í hvívetna eftir stjórnsýslulögum í öðrum ákvörðunum sínum og þess vegna ætti þeim að vera leikur einn fara eftir þessum sömu lögum í samskiptum við starfsmenn sína. Ég sé ekkert sem mælir á móti því.

Eitt er víst að það er hægt að segja ríkisstarfsmanni upp nú með ýmsum málefnalegum hætti og það þarf ekki einungis að vera vegna brots í starfi. Á heimasíðu fjmrn. má finna upptalningu á ýmsum málefnalegum ástæðum fyrir uppsögn. Þar eru nefndar rekstrarlegar ástæður, t.d. ef það á að fækka starfsmönnum eða breyttar aðstæður krefjast annarrar hæfni en viðkomandi starfsmaður býr yfir. Önnur ástæða er ef reynsla á reynslutíma er ekki nægilega góð. Fleiri ástæður eru nefndar, t.d. ef starfsmaður hefur verið ráðinn sem bílstjóri missir bílpróf. Þá má segja honum upp.

Herra forseti. Ég efast um að einhverjar hagkvæmnisástæður liggi til grundvallar þessum breytingum á lögum um réttindi og starfsskyldur starfsmanna ríkisins. Það væri þá algjörlega ný hugsun hjá ríkisstjórninni. En dæmin sanna að þegar hún hefur samið um starfskjör og starfslok þeirra sem hún hefur séð ástæðu til að semja sérstaklega við þá er ekki verið að spá í hvað hlutirnir kosta skattgreiðendur. Hver man ekki eftir margra tugmilljóna starfslokasamningi fráfarandi forstjóra Landssímans? Hvað kostuðu starfslokasamningar fráfarandi forstjóra Byggðastofnunar? Var það ekki eitthvað á annað hundrað millj. kr. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. leiðrétti mig ef ég fer með rangar tölur. Væri ekki nær að reyna að girða fyrir slíka samninga? Hv. þm. Pétur H. Blöndal ætti nú að leggja okkur lið í að girða fyrir slíka samninga og koma í veg fyrir þá því það misbýður réttlætiskennd fólks að verið sé að veita svo háar upphæðir úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Virðulegi forseti. Í bréfi BSRB og BHM sem mér barst í dag kemur fram að það megi ráða að verið sé að reyna að auka húsbóndavald ráðherra yfir starfsmönnum ríkisins, ef svo má að orði komast. Ég ætla ekki að lesa þann kafla upp. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði það fyrr í umræðunni. En ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hvort sú sé raunin. Er verið að efla húsbóndavald hæstv. ráðherra?

Eins og hér kom fram áður er hægt að segja mönnum upp á rekstrarlegum forsendum. Ég skil ekki hvers vegna menn eru að koma með þessa breytingu á lögunum núna.

Að lokum legg ég til að hæstv. fjmrh. dragi þetta mál til baka og fari frekar í heildarendurskoðun á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og vinni það í samráði við stéttarfélög starfsmanna ríkisins.

[20:26]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið vel farið yfir frv. sem við erum að fjalla um, frv. til laga um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar sem ég átti orðastað við hæstv. fjmrh. í óundirbúnum fyrirspurnum í gær vegna þessa máls og á þeim forsendum sem mér finnst vera mikilvægar, sem sé hvers vegna ekki hafi verið haft samráð við heildarsamtök opinberra starfsmanna, þá vil ég aðeins koma frekar inn á efni frv.

Eins og hæstv. fjmrh. svaraði þá er hann ekki skyldugur til að bera frv. undir opinbera starfsmenn eða aðra heldur eingöngu ríkisstjórnina þar sem hann fékk auðvitað heimild til að leggja frv. fram. Þetta er auðvitað rétt. En það er spurning hversu skynsamlegt það er af hæstv. ráðherra að setja málið í þennan farveg því eins og hér hefur komið fram er þetta ein heild, þ.e. réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, launakjörin og ekki síst, eins og ég sagði áðan, skyldurnar. Þetta fer allt saman. Eins er með lífeyrisréttindin og öryggi í starfi. Þetta er allt einn pakki. Þegar opinberir starfsmenn hafa staðið í kjarabaráttu eða kjarasamningum hafa mörg rök verið færð fyrir því að ekki sé hægt að samræma að fullu laun opinberra starfsmanna og laun á hinum frjálsa og almenna markaði þar sem opinberir starfsmenn hefðu ákveðin réttindi og starfsöryggi umfram starfsmenn á hinum almenna markaði. Þess vegna hafa opinberir starfsmenn sætt sig við eða orðið að lúta því að fá lægri laun. Þetta hefur alltaf verið hluti af heildarmyndinni.

Þar sem svo er og þar sem í dag er verið að vinna í góðu samráði og samvinnu, að ég taldi, að endurskoðun á samningsréttarlögunum og fram undan eru kjarasamningar þá tel ég að allir hafi í raun búist við því að hæstv. ráðherra mundi vinna að málinu sem heild. En því miður er ekki svo. Því hlýt ég að líta svo á að hæstv. fjmrh. þurfi að skoða frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 með tilliti til þessa því fram hljóta að koma auknar launakröfur hjá öllum opinberum starfsmönnum ef þetta frv. verður afgreitt núna. Það segir sig sjálft þar sem þetta er ein heild. Og þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að rekstrarkostnaður stofnana verði hærri en gert er ráð fyrir í frv. núna.

Það skal enginn ganga út frá því sem vísu að þessi breyting muni ekki hafa áhrif á launakröfur opinberra starfsmanna. Það er töluverður launamunur í dag eins og fram hefur komið og þegar horft er til menntunar og ábyrgðar opinberra starfsmanna og á hinum frjálsa markaði er það launamunur sem verður horft til.

Ef þetta frv. verður að lögum er ekki hægt að sjá annað en að það geti komið til uppsagna án þess að starfsmenn hafi í raun brotið af sér í starfi, eða valdi ekki skilgreindu starfi sem þeir hafi verið ráðnir í, það þurfi ekki að aðvara þá, gefa þeim áminningu og þar af leiðandi hafa starfsmennirnir ekki andmælarétt. Það skulu eingöngu málefnaleg sjónarmið ráða.

Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort sparnaður í rekstri viðkomandi stofnunar, opinberrar stofnunar, sé málefnalegt sjónarmið. Þegar forstöðumaður hefur þetta mikla vald á sínum herðum, að geta ráðið og sagt upp fólki, og komið er fram undir haustdaga og hann sér fram á að rekstur stofnunarinnar fari fram úr fjárlagaheimild, getur hann sagt upp tilskyldum fjölda starfsmanna, en mjög margar stofnanir eru þannig settar að 70–80% af rekstrarkostnaði eru laun. Þetta er í raun og veru það eina sem forstöðumenn geta þá gripið til, að segja upp starfsmönnum. Þó svo að þeir dragi úr rekstri og þjónustu, við skulum ekki gleyma að opinberar stofnanir eru þjónustustofnanir, eru starfsmennirnir enn þá til staðar og það hefur þá lítil áhrif á rekstrarútgjöld stofnunarinnar nema hvað þjónustan verður minni. Þetta þekkjum við vel á heilbrigðisstofnunum þar sem verið er að loka deildum, minnka þjónustu og svo er verið að færa til starfsfólk með tilliti til þess. En í dag er ekki heimild til þess að segja upp starfsfólki bara sisvona og ráða það svo vonandi aftur eftir áramótin. Er sparnaður í rekstri nógu málefnalegt sjónarmið til þess að vera með hringlanda í starfsmannahaldi?

Ég vil líka að það komi hér fram að þar sem opinberar stofnanir eru þjónustustofnanir, þá er þetta ekki eingöngu starfsöryggi starfsmannanna, þetta er líka öryggi allra þeirra sem njóta þjónustu hjá viðkomandi stofnun, hvort sem það er heilbrigðisstofnun, Tryggingastofnun, skatturinn eða hver sem er, að hafa þessa festu í starfsmannahaldinu. Það er líka öryggi. Og að hafa aðgang að starfsmönnum og samfellu í þjónustu er líka öryggi, því ég tel að innan hinnar opinberu þjónustu séum við einmitt með hæfa starfsmenn í flestum stöðum og við munum örugglega ekki halda þeim ef starfsöryggi verður ekki til staðar. Það er alveg hreint ljóst.

Herra forseti, ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa þetta mikið lengra frá minni hálfu, það hefur verið vísað hér í greinargerð eða meginsjónarmið BSRB, BHM og KÍ við frv. ríkisstjórnarinnar. Það hefur einnig verið vísað til góðrar greinar eftir Jens Andrésson, formanns SFR og varaformanns BSRB. Í þessum gögnum koma fram meginsjónarmið. Ég vil ítreka það að í dag er það engri stofnun til trafala að fara eftir þeim reglum sem nú gilda og ákvæðum stjórnsýslulaga og það er alveg hreint með endemum ef það á að taka þann rétt af opinberum starfsmönnum að vera ekki undir ákvæðum stjórnsýslulaga eins og hér er lagt til.

[20:36]

Útbýting þingskjala:

Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, 324. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 375.

Lokafjárlög 2000, 326. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 377.

[20:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman sagði að ef þetta frv. gengur í gegn, þýddi það auknar launakröfur. Ég vil spyrja hv. þm. að því hversu mikils virði þetta ákvæði er fyrir opinbera starfsmenn, hvað eru þetta mörg prósent af launum þeirra? Getur hv. þm. líka slegið því föstu hversu mikils virði aukin lífeyrisréttindi eru? Eða það að vinna hjá atvinnurekanda sem nokkuð örugglega fer ekki á hausinn eins og kemur fyrir annars staðar í atvinnulífinu? Hvers virði eru þessi réttindi öllsömul? Geta þá opinberir starfsmenn sætt sig við lægri laun?

Síðan kom hv. þm. með athugasemd sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var líka með, að hæstv. fjmrh. ætti að óttast stéttarfélögin í væntanlegri kjarabaráttu, vegna þess hve ógnvænleg þau væru. Er það virkilega svo að hæstv. fjmrh., sem er að semja fyrir hönd skattgreiðenda í landinu, því það eru jú hinir Íslendingarnir sem greiða laun opinberra starfsmanna beint eða óbeint, á hann virkilega að óttast stéttarfélögin?

[20:37]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. á ekki að óttast stéttarfélögin né samtök opinberra starfsmanna, hann á að vinna með þessum samtökum. Hvað varðar launakröfur get ég auðvitað ekki talað fyrir hönd opinberra starfsmanna. Þetta er allt ein heild, réttindin, skyldur, launin og lífeyrissjóðurinn, það er ekki hægt að taka einn ríkan þátt út úr án þess að skoða málið í heild. Þess vegna tel ég að það liggi í augum uppi að launakröfurnar hljóti að taka mið af því að atvinnuöryggið er farið. Þar af leiðandi eru opinberir starfsmenn komnir að þessu leyti nær hinum almenna markaði, fyrir utan ákvæði stjórnsýslulaga sem þeir eiga að vera undanþegnir, þannig að enn er verið að minnka réttindi þeirra. Ég get ekkert svarað fyrir hönd samtakanna hvað þetta er í prósentum og hvað aukinn lífeyrisréttur sem opinberir starfsmenn hafa er mikils virði í þessari heild. Sem betur fer er ekki í þessu frv. verið að skerða lífeyrisréttindin, þau eru alveg óbreytt. Þetta eru mínar hugleiðingar og ég held að hæstv. fjmrh. hljóti að gera sér grein fyrir því að andinn í næstu samningum verði annar ef frv. verður að lögum, en ef þetta er látið kyrrt liggja.

[20:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennur launþegi á Íslandi mun örugglega gleðjast yfir því að heyra að atvinnuöryggið sé farið, sérstaklega sá sem hefur starfað hjá fyrirtæki sem nýverið hefur orðið gjaldþrota. Hann mun örugglega líta það sömu augum að vinna hjá ríkinu hafandi unnið hjá fyrirtæki sem nýverið er orðið gjaldþrota og hann gengur um atvinnulaus eða hitt þó heldur. Þetta er náttúrlega engan veginn sambærilegt. Og að tala um að menn séu að skerða kjörin — launin hjá opinberum starfsmönnum hafa hækkað miklu, miklu meira en öll önnur laun í þjóðfélaginu, að meðaltali alla vega.

Það hefur valdið gífurlegum kostnaði fyrir ríkissjóð og það greiða að sjálfsögðu skattgreiðendur, allir landsmenn, líka þeir sem ganga um atvinnulausir vegna þess að fyrirtækið hefur nýverið orðið gjaldþrota. (**SJS:** Borga menn mikinn skatt af ...) Menn eru auk þess að borga gífurlegar og geigvænlegar upphæðir í lífeyrisskuldbindingar vegna B-deildarinnar, bæði vegna barnakennara og annarra sem sömdu, sem eru ekki einu sinni ríkisstarfsmenn. Þetta er því allt eitt samhangandi dæmi og greiðandinn er alltaf skattgreiðandinn, þ.e. 80% þjóðarinnar, sem ekki eru opinberir starfsmenn.

[20:41]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nær sannfærð um það að hinn almenni launþegi og skattgreiðendur vilja góða stöðuga og trygga opinbera þjónustu, og það sé það sem skiptir máli. Við þekkjum vel lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og við þekkjum líka lífeyrissjóði sem almennir launþegar greiða í, (**PHB:** Og eru að skerða svona lífeyrinn.) þeir standa ekki jafnt að vígi og réttindi launþega eru ekki þau sömu. Það hafa líka opinberir starfsmenn fengið að gjalda fyrir með lægri launum í gegnum árin, með tilvísun til þess að þeir hafi betri lífeyrisréttindi en aðrir. Það má segja að starfskjörin jafnist út með launum, lífeyrissjóðsréttindum og starfsöryggi.

Ég vil ítreka það að við eigum að hafa góða opinbera þjónustu. Við eigum að gera kröfur, en við höfum líka skyldur og eins hinir opinberu starfsmenn og þeir vita það vel.

[20:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja það að hæstv. fjmrh., hinn þungt hugsi, þarf ekki á andstæðingum að halda þegar hann er með bandamenn eins og hv. þm. Pétur Blöndal í sínu liði, sem er hér að greiða fyrir þingstörfunum.

En það er náttúrlega ekki hægt að láta því ómótmælt þegar hv. þm. Pétur Blöndal, hversu alvarlega eða ekki alvarlega sem maður tekur hann, þá er bara ekki hægt að láta því ómótmælt þegar menn koma hér í þennan ræðustól og tala eins og opinberir starfsmenn séu allir sem einn baggi á öðrum landsmönnum og að aðrir landsmenn borgi þeirra laun. Hv. þm. sagði nánast að opinberir starfsmenn borguðu ekki skatta. Þetta kom út úr munni þingmannsins eins

og að opinberir starfsmenn þægju sín laun frá hinum 80% sem ekki væru opinberir starfsmenn. Það er náttúrlega ekki hægt að fara með aðra eins endemis vitleysu hér og láta því ómótmælt.

Ég hélt að það væri í fyrsta lagi viðurkennt að dyggustu skattgreiðendur landsins eru einmitt opinberir starfsmenn sem sæta því að hver einasta króna sem þeir hafa í laun frá sínum vinnuveitanda, ríkinu, er samviskusamlega tíunduð fram til skatts. Það verður nú ekki fullyrt um allar aðrar starfsgreinar landsins, með fullri virðingu fyrir þeim, og ætla ég ekki að taka dýpra í árinni.

Það er nauðsynlegt að hafa það í fyrsta lagi á hreinu, að opinberir starfsmenn eru skattgreiðendur eins og aðrir í þessu landi og standa að sínu leyti fullkomlega hlutfallslega undir samneyslunni sem þeirra launum nemur. Þeir leggja ekki lítið af mörkum með vinnu sinni til þess að þjóðfélagið gangi frá morgni til kvölds og allan sólarhringinn. Mér finnst að hv. þm. Pétur H. Blöndal eigi nú að sjást aðeins fyrir í málflutningi sínum og minnast þess að hann er að tala um þær stéttir sem öðrum stéttum frekar ber að hafa á herðum sínum að hið skipulagða samfélag með allri opinberri þjónustu gangi. Þar eru unnin mörg erfið störf við lítið þakklæti. Ég leyfi mér að halda því fram að almennt leggi opinberir starfsmenn sig mjög fram í sínum störfum og það sé víða unnið ótrúlega mikið starf við erfiðar aðstæður á undirmönnuðum stofnunum, t.d. í heilbrigðiskerfinu. Það er sjaldan um það talað þegar verið er að væla um vandann og rekstrarkostnaðinn og útgjöldin. Það er engu að síður staðreynd að íslenska heilbrigðiskerfið er rekið að meðaltali með miklu lægra mönnunarstigi en yfirleitt þekkist í sambærilegum löndum, og undir gríðarlegu álagi sem hefur farið mjög vaxandi á undanförnum 10–15 árum.

Ég ímynda mér því að ýmsum þyki svolítið að sér vegið þegar er komið með málflutning af því tagi sem hv. þm. Pétur Blöndal var hér með. Auðvitað er ýmislegt sem þarf að takast á við og breyta og lagfæra í opinberum rekstri eins og alltaf er. En að stilla hlutum upp eins og hér var gert áðan og jafnvel að það séu fyrst og fremst atvinnulausir sem líði fyrir þetta ástand. Halda menn að þeir sem hafa misst atvinnuna séu þannig innrættir að þeim sárni það að aðrir hafi ekki ratað í sömu ógæfu? Það held ég ekki. Ég held að það fólk upp til hópa hafi alveg þroska til að bera til þess að gleðjast yfir því að sem betur fer hafa ekki mjög margir lent í þeim hremmingum sem yfir það hefur gengið. Menn eru almennt ekki þannig, herra forseti, eins og hv. þm. Pétur Blöndal lætur stundum liggja að, að þeim sé einhver huggun í óförum annarra ef þeir hafa sjálfir lent í hremmingum. Það held ég að sé bara ekki svoleiðis.

Við ættum auðvitað að sameinast um það að taka á þeirri smán, þeirri forsmán sem 77.400 kr. atvinnuleysisbætur eru á mánuði, sem ríkisstjórnin, sem hv. þm. styður, ætlar að skerða um 70 millj. kr. núna, krukka í, taka af mönnum fyrstu þrjá dagana. Það er nú öll reisnin sem er yfir því.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að þreyta menn hér með því að gera þetta að tilefni til frekari orðaskipta en endurtek bara það sem ég hef sagt að ég vonast til þess að hæstv. fjmrh. vitkist. Ég er ekki viss um að hv. þm. Pétur Blöndal sé hans besti liðsmaður í því að reyna að skapa samkomulag um meðferð þessa máls. Ég hugsa að þó að hæstv. fjmrh. hafi orðið verulega á í messunni og hann hafi staðið klaufalega að þessu máli sé hann nú skárri sáttasemjari í þessu máli en hv. þm. Pétur Blöndal.

[20:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því frv. sem við ræðum hérna er einmitt verið að aðlaga starf opinberra starfsmanna að almenna markaðnum, reyna að finna sameiginlegan flöt á því þannig að opinber fyrirtæki geti verið jafnsveigjanleg, eða eins sveigjanleg og hægt er, og fyrirtæki á almennum markaði. Þetta er markmiðið.

Ég sagði aldrei að opinberir starfsmenn stæðu ekki sína plikt, aldrei nokkurn tímann, mér dettur það bara ekki í hug. Ég þekki fjöldann allan af opinberum starfsmönnum sem vinna mjög fórnfúst og gott starf. Og það er náttúrlega galli við opinbera stjórnsýslu að það er mjög erfitt að verðlauna þessa frábæru starfsmenn sem þar starfa. Það er mjög erfitt vegna einmitt mjög bindandi laga að laga til í rekstrinum en þessari lagasetningu er einmitt ætlað að lagfæra þetta.

Varðandi atvinnuöryggið þá er náttúrlega eitt á hreinu að ríkissjóður sem atvinnurekandi fer ekki á hausinn en það gera önnur fyrirtæki, og það er það sem ég var að benda á að þar væri jú dálítill munur á. Hinn almenni markaður býr við það að menn geta unnið hjá fyrirtæki sem fer á hausinn þó að starfsmennirnir sjálfir hafi ekkert saknæmt gert.

Svo sagði hv. þm. að það væru skattsvik, hann vissi um að það væru skattsvik. Ég ætla nú að vona að það sé ekki almennt og ég reikna með því að flestir launþegar í þessu þjóðfélagi borgi sína skatta og skyldur. (**SJS:** Ég nefndi aldrei orðið skattsvik.)

[20:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. leggur mér orð í munn. Ég nefndi aldrei orðið skattsvik í ræðu minni. Ég sagði að það væri ljóst að allar launagreiðslur vinnuveitandans hjá opinberum starfsmönnum skiluðu sér upp á hverja einustu krónu. Það liggur fyrir, er það ekki? Það er hægt að fullyrða. Ég sagði einungis að slíkt væri erfitt að fullyrða um allar aðrar starfsstéttir, og er það ekki? Ég held að það sé ekki nein ásökun í því fólgin, það er bara einfaldlega staðreynd að það eru ekki sömu tæki í höndum manna til þess að fullvissa sig um að allir hlutir skili sér með sama hætti og þegar ríkið sjálft, sem jafnframt innheimtir skattana, greiðir launin.

Mér finnst þetta tal um að jafna aðstæðurnar og samræma þær við almenna vinnumarkaðinn dálítið háskalegt, vegna þess að það liggur í því fólgin sú meinlega rökleysa að þetta verði einhvern tíma algjörlega sambærilegt. Það verður það ekki. Ríkið sem vinnuveitandi og opinber störf af ýmsu tagi verða aldrei nákvæmlega sambærileg, hvað varðar inntak, eðli, réttindi og skyldur, á við það sem er úti á almennum vinnumarkaði. Það liggur í hlutarins eðli. Þess vegna verða menn að setja því ákveðin takmörk hversu langt er hægt, og yfir höfuð skynsamlegt og rökrétt að nokkurn tíma verði hægt, að ganga í því að leggja þetta alveg að jöfnu og láta sömu reglur gilda um þetta.

Ég er alveg sannfærður um að það er alls ekki skynsamlegt. Það er þvert á móti skynsamlegt að átta sig á því að þarna er í mörgum tilvikum grundvallarmunur á eðli starfanna og því í hvaða tilgangi þau eru unnin o.s.frv. og það er eðlilegt að sá munur endurspeglist að einhverju leyti í því að gengið sé með sérstökum hætti frá ráðningarkjörum og starfsskilyrðum opinberra starfsmanna.

[20:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega mjög merkileg orðræða í ljósi þess sem haft var að leiðarljósi þegar kjör kennara, hjúkrunarfræðinga og fjöldamargra annarra opinberra starfsmanna voru aðlöguð að launum á almennum markaði. Þar var einmitt alltaf verið að benda á það að laun á almennum markaði væru hærri og þess vegna þyrfti að hækka laun opinberra starfsmanna. En hv. þm. er að segja að þau eigi í rauninni að vera lægri vegna allra þeirra réttinda sem hanga með þeim.

[20:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins gott að andsvörin eða möguleikarnir á svörum séu ekki tíu því að hv. þm. kemur alltaf upp í hverri ferð og snýr út úr einhverju nýju og leggur manni ný og ný orð eða nýjar og nýjar meiningar í munn. Heyrði einhver mig segja það hér að ég væri þeirrar skoðunar að laun opinberra starfsmanna ættu að vera lægri en annarra á vinnumarkaði? Það sagði ég aldrei.

Það sem við höfum verið að reyna að berja inn í hausinn á hv. þm. Pétri Blöndal er að það er tiltekið samhengi hlutanna. Þetta hangir saman, laun, réttindi og skyldur, og hefur alltaf gert. Menn muna eftir því stundum og mönnum hentar að hampa því stundum, þegar þeir eru að reyna að fá fólk t.d. til að sætta sig við lakari launakjör til langframa vegna þess að þeir njóti í staðinn réttinda sem séu verðmæt. Svona hefur þetta löngum gengið. Það er þetta samhengi hlutanna, þessi heildstæða hugsun sem menn verða að reyna að hafa í huga. Og það á ekki að vera að reyna að taka menn hér upp og snúa út úr orðum þeirra þegar það liggur algjörlega ljóst fyrir í grundvallaratriðum hvað menn eru að reyna að segja, að tala um þessa heild. Mér finnst hv. þm. eigi að reyna að venja sig af því að gera tilraunir af því tagi sem hann var hér uppi með. Núna síðast t.d. að ég væri sérstaklega þeirrar skoðunar að laun opinberra starfsmanna ættu bara beinlínis að vera talsvert mikið lægri. Í næstu umferð hefði hann getað komið upp og spurt: Hve miklu lægri, 20%, 30% eða eitthvað svoleiðis? Og það hefði kannski sýnt fáránleikann í þessu öllu saman.

Ég var sem sagt hvorki hér fyrr að bera einhverjum á brýn skattsvik né er ég þeirrar skoðunar að laun opinberra starfsmanna eigi að vera eitthvað tiltekið miklu lægri en annarra, svo það sé algerlega á hreinu.

[20:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég get ekki neitað því að mér hafa þótt þetta athyglisverð orðaskipti sem hér áttu sér stað undir það síðasta.

En ég vil víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í umræðunni. Í fyrsta lagi vil ég rifja það upp að tilgangurinn með þessu frv. er sá, og í samræmi við fyrirliggjandi stefnu í þeim efnum, að reyna að gera starfsumhverfi ríkisstofnana sambærilegra því sem almennt gerist á vinnumarkaði. Liður í því er að auka sveigjanleika í rekstri stofnana. Þetta er auðvitað þróun sem hefur verið um langa hríð. Það eru ógleggri skil milli verkefna sem ríkinu er ætlað að sinna og öðrum er ætlað sinna, reglur Evrópuréttarins á sviði vinnuréttar ná yfirleitt yfir allan vinnumarkaðinn o.s.frv. Það er ýmislegt sem gerir það að verkum að það er skynsamlegt að reyna að samræma þetta umhverfi eins og hægt er. Við höfum auðvitað rætt það í þingsalnum og í samtölum við opinbera starfsmenn og í nefnd sem er að endurskoða samningsréttarlögin með hvaða hætti hægt sé að færa það umhverfi nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði.

En auðvitað er það rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að þetta verður aldrei alveg eins, vegna þess að stofnanir ríkisins eru ekki reknar með sama hætti með það fyrir augum að hámarka hagnað eins og venjuleg fyrirtæki, og stofnanirnar sinna sumar hverjar þar að auki þannig starfsemi að það er ekki sambærilegt við það sem er úti á hinum almenna vinnumarkaði. Eigi að síður er þetta stefna sem ég hélt að væri nokkuð góð sátt um, að reyna að samræma það sem hægt er að samræma í þessum efnum.

Þess vegna er verið að leggja það til hérna að ekki verði lengur bundið í lög að það beri að áminna mann áður en honum er sagt upp störfum. Það er eingöngu verið að tala um það að afnema þá lagaskyldu. Það er ekki verið að segja þar með að forstöðumenn geti beitt geðþótta og duttlungum til að gera hvaðeina sem þeim dettur í hug í starfsmannamálum. Og ég geri ráð fyrir því að í flestum tilfellum mundu forstöðumenn beita öðrum úrræðum fyrst áður en farið yrði út í uppsagnir á starfsfólki, t.d. tiltali, óformlegri áminningu eða öðrum slíkum aðgerðum. Auðvitað kemur vel til greina að setja um slíka hluti einhver tilmæli eða einhverjar verklagsreglur eða þess háttar, þó að það sé ekki bundið í lögum. Og auðvitað vitum við að það eru dæmi um slíkt í kjarasamningum, eins og t.d. hjá sveitarfélögunum eins og hér hefur verið nefnt.

En það er þessi ósveigjanleiki í lögunum sem hefur gert það að verkum að þetta kerfi er allt saman afskaplega þunglamalegt í vöfum og það hefur komið á daginn, t.d. þar sem litlar stofnanir eru nánast óstarfhæfar vegna samstarfsörðugleika milli einstakra starfsmanna, að forstöðumenn hafa verið ráðalausir þó að auðvitað sé brýnt að þeir hafi aðstöðu til þess að geta leyst úr slíkum málum. Kerfið, eins og það er í dag, er of íþyngjandi að þessu leyti til á kostnað markvissrar og árangursríkrar stjórnsýslu. Þess vegna er verið að leggja þetta til.

En í þessu sambandi vildi ég svara spurningu hv. þm. Þuríðar Backman um það hvort sparnaður í rekstri gæti talist málefnalegt sjónarmið hvað varðar uppsagnir. Það er beinlínis tekið fram í núgildandi lögum að þær aðstæður geti verið uppi að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar. Ég tel að það geti auðvitað verið þær aðstæður uppi að slík staða teldist vera málefnalegt sjónarmið í því sambandi sem við erum hér að tala um hvað varðar uppsagnir.

Ég vil víkja að spurningunni um það hvers vegna 3. gr. frv. lítur út eins og hún er, þ.e. spurningunni um það að ákvæði stjórnsýslulaga skuli ekki taka til ákvarðana samkvæmt kafla laganna um réttindi og skyldur um starfslok. Það má segja að svarið við þeirri spurningu liggi í markmiði frv. Markmiðið er að færa starfsumhverfið í ríkisrekstri, eins og ég hef margítrekað sagt, nær því sem gerist á almennum vinnumarkaði og stuðla að hagkvæmni og skilvirkni í rekstrinum. Í því felst, nánar tiltekið, að sömu reglur gildi um starfslok ríkisstarfsmanna og almennt gilda á vinnumarkaði, að forstöðumenn ríkisstofnana hafi sömu tækifæri og á almennum markaði til að hafa í sínum röðum þá starfsmenn sem best henta hverju sinni, en með því er stuðlað að árangursríkri meðferð á fjármunum ríkisins, og að ekki sé skylt að greina frá ástæðum uppsagnar þegar starfsmaður veldur ekki starfi sínu, en starfsmanni er reyndar sjaldan greiði gerður með því.

Eitt af megineinkennum almenns vinnumarkaðar á Íslandi er sá sveigjanleiki sem þar er. Hann birtist m.a. í því að ekki er skylt að greina frá ástæðum uppsagnar eða gefa starfsmanni kost á að tjá sig áður en ákvörðun um uppsögn er tekin. En takmarkanir á uppsagnarrétti vinnuveitanda, sem vissulega eru fyrir hendi, byggjast á almennum ákvæðum laga, t.d. um hópuppsagnir, fjölskylduábyrgð, á ákvæðum kjarasamninga og eftir atvikum ráðningarsamninga. Með því að leggja til að starfslok ríkisstarfsmanna verði undanþegin ákvæðum stjórnsýslulaganna er stefnt að því að starfslok þeirra fari eftir sömu reglum og almennt gilda á vinnumarkaði.

Ég vil þá koma að nokkrum öðrum atriðum, herra forseti, sem fram komu í máli eins eða fleiri þingmanna. Ég vil í fyrsta lagi segja að ég tel ekki að gildistökuákvæðið sé varhugavert hvað varðar afturvirkni en auðvitað er sjálfsagt, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði, að þingnefndin skoði það sérstaklega ef áhugi er á því.

Ég vil svara spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um yfirlýsinguna sem hún las upp, frá því í desember 2001, sem gefin var Alþýðusambandi Íslands. Eins og hún veit eflaust hefur ekki komið niðurstaða í þær viðræður sem farið hafa fram á grundvelli þessarar yfirlýsingar. Þessi yfirlýsing er mjög almenns eðlis. Hún er almennt orðuð. Með þessari yfirlýsingu hef ég ekki gefið fyrirheit um tiltekna fyrir fram gefna niðurstöðu þó að sumir haldi því fram.

Allir sem lesa þessa yfirlýsingu sjá að í henni felst ekkert fyrir fram gefið loforð. En við höfum talað saman um þessi mál og það er ljóst að af hálfu hins almenna vinnumarkaðar, þ.e. verkalýðshreyfingarinnar, er mjög ákveðin krafa uppi um samræmingu réttinda félagsmanna þeirra við það sem tíðkast hjá opinberum starfsmönnum, ekki síst hvað varðar lífeyrismálin. Þetta mál er auðvitað afskaplega flókið og snýr ekki bara að spurningunni um það hvort sami vinnuveitandi geti boðið starfsmönnum upp á mismunandi lífeyrisréttindi. Það eru miklu fleiri þættir í því máli sem er allt of flókið að fara út í við þessa umræðu. Málið liggur þannig fyrir að það er engin niðurstaða komin. Við höfum átt um þetta ágæt samtöl, reyndar nýlega, en ég get ekkert fullyrt um hver niðurstaðan kann að verða.

Ég heyrði hins vegar ekki betur en að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir væri ekkert afhuga markmiðum þessa frv. Henni fundust bara vinnubrögðin óskynsamleg, sú stefna sem tekin var við að semja frv. og eitt og annað í því sambandi, ekki haft nægilegt samráð við hagsmunasamtök opinberra starfsmanna o.s.frv. Um það getum við sjálfsagt deilt. Ég tel ekki eðlilegt að gera þá kröfu á hendur samtökum opinberra starfsmanna að þau taki á sig ábyrgð á frv. sem þessu ef þau telja að það skerði réttindi þeirra. Frumkvæðisskyldan í þessu máli hvílir á ríkisstjórninni, ef hún vill gera breytingar, og á þingmeirihlutanum hér. Við getum auðvitað ekki afsalað okkur þeim frumkvæðisrétti í hendur annarra.

Ég vil að endingu, herra forseti, segja að það ástand sem raunverulega er verið að leggja til að taki við, verði þetta frv. að lögum, hvað varðar þetta réttindaumhverfi sem lýtur að starfslokum opinberra starfsmanna og uppsögnum, yrði ekkert ósvipað því og nánast alveg eins og það sem var í gildi á árunum 1974–1996. Þá gilti gagnkvæmur uppsagnarfrestur án áminningar. Ég varð ekki var við, að ég muni, að menn gerðu því skóna á þeim tíma að ráðningaröryggi opinberra starfsmanna væri sérstakt vandamál fyrir þá meðan það kerfi var við lýði, á 22 ára tímabili. Ég sé því ekki að hér sé verið að búa til það stórkostlega vandamál sem sumir þingmenn hafa verið að gefa í skyn. Ég held að menn mikli málin stórlega fyrir sér og sérstaklega þeir — þó að það hafi nú ekki komið fram í þessari umræðu — sem hafa lýst þessu frv. sem stórfelldri árás á grundvallarréttindi opinberra starfsmanna. Það er auðvitað alveg út í hött, herra forseti.

[21:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ljóst og tel brýnt að það komi fram við 1. umr., að ef hæstv. ráðherra hefur gert sér vonir um það, miðað við mál mitt áðan, að ég styddi þetta frv. þá mun ég ekki greiða þessu frv. atkvæði og ekki styðja það. (**SJS:** Þar kom það.) Ég held því að það sé alveg ljóst að ráðherrann verður að hafa það í sínu farteski.

Ég mun vinna að því í efh.- og viðskn. að upplýsa allar hliðar þessa máls. Ég tel að það séu það margir annmarkar á frv. sem hér er til umræðu að brýnt sé að það fái ítarlega umfjöllun í efh.- og viðskn.

Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að sjá sóma sinn í að draga þetta frv. til baka og vinda sér í að ræða það með þeim hætti sem vera ber, við opinbera starfsmenn og samtök þeirra, þ.e. í samráði. Það verður að líta til þessa máls og skoða það í því ljósi.

Mér finnst það mjög vel til fundið sem fram kemur í yfirlýsingu áðurnefndra samtaka þar sem þau tala um einhliða valdboð. Þau telja það skjóta skökku við að ríkið skuli með sveitarstjórnarlögum setja þá skyldu á herðar sveitarfélaga að semja við stéttarfélög um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga en áskilja sér vald til þess að ákveða slíkt einhliða og án samráðs. Þau vísa í ákvæði í stjórnarskránni sem sett voru 1995, sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í. Þar segir:

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.“

Eigum við ekki að virða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, herra forseti?

[21:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ansi langt gengið að gera því skóna að með þessu frv. sé verið að brjóta stjórnarskrána. Eða er þingmaðurinn þeirrar skoðunar að áminning sé stjórnarskrárvarinn réttur starfsmanna? Auðvitað ekki, það getur ekki verið.

Að öðru leyti hef ég engu við það að bæta sem ég sagði áðan út af ummælum þingmannsins. Ég er ekki að gera mér neinar vonir um stuðning hv. þm. í þessu máli. Ég tók bara eftir því að hún tók undir markmið frv. þó að hún gerði alls kyns athugasemdir, a.m.k. heyrði ég ekki betur. Hún taldi hins vegar að ég hefði átt að útkljá þetta mál, eins og hún sagði, áður en það kom til þingsins í samráði við hagsmunasamtökin. Þar greinir okkur verulega á.

[21:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð bara að lesa aftur þetta ákvæði sem bætt var við stjórnarskrána árið 1995. Það var þá undir stjórn núverandi fjmrh., Geirs H. Haardes.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.“

Ég get ekki skilið annað eftir orðanna hljóðan en að verið sé að kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Þetta mál snýst um réttindi sem

opinberir starfsmenn hafa haft, tengd vinnunni, sem er verið að afnema í frv. sem við erum að fjalla um. Ég tel að það sé alveg skýrt, herra forseti.

[21:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stjórnarskrárákvæði sem hv. þm. las upp og ég þekki mætavel snýst um rétt fólks til að gera kjarasamninga og samninga um annað sem snýr að þeim. (**JóhS:** Já.) Já. En það snýr ekki að rétti fólks utan Alþingis til þess að setja lög. Það er misskilningurinn, hv. þm.

[21:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bar upp spurningar í ræðu minni í kvöld. Mér fundust svörin hjá hæstv. ráðherra klén. Ég spurði m.a. hvað það væri í stjórnsýslulögum sem menn væru að forðast. Mér fundust svörin ekki skýr og finnst tímabært að hæstv. ráðherra greini okkur frá því. Það kemur ekki fram í athugasemdum með frv.

Ég spurði hæstv. ráðherra einnig hvort verið væri að efla húsbóndavald og jafnvel að múlbinda ríkisstarfsmenn með þessum lögum. En það kemur m.a. fram í áðurnefndu bréfi sem við fengum frá starfsmannafélögum ríkisins að talið væri að með þessu ætti að efla húsbóndavald yfir ríkisstarfsmönnum. Ég vænti þess að fá svör, sérstaklega við spurningunni: Hvað er það sem er svona hættulegt í stjórnsýslulögunum og gerir það að verkum að endilega þurfi að undanskilja uppsagnir? Af svari hæstv. fjmrh. áðan mátti helst ráða að það væri af greiðasemi við starfsmenn.

Nú er það svo að félög starfsmanna vilja hafa þetta ákvæði inni, að farið verði eftir stjórnsýslulögum. Ég tel í raun að það sé mjög varhugaverð þróun fyrir ríkið að ætla að hegða sér með þessum hætti, að undanskilja þessi atriði og skerða með því réttindi starfsmanna, að undanskilja þau almennum stjórnsýslureglum í þjóðfélaginu.

[21:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að múlbinda ríkisstarfsmenn og auka húsbóndavald ráðherra. Það er verið að auka möguleika forstöðumanna ríkisstofnana til að reka stofnanir sínar með skilvirkum hætti. Um það snýst þetta mál.

Hvað varðar stjórnsýslulögin þá fór ég yfir það í ítarlegu máli í seinni ræðu minni og bendi þingmanninum á að fara betur yfir það. Það er alveg ljóst að þær reglur sem þeim lögum fylgja á þessu sviði eru oft á tíðum of þunglamalegar til að það sé hægt að ná markmiðum um markvissa og árangursríka stjórnsýslu.

[21:14]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú liggur ljóst fyrir að forstöðumenn stofnana beita þessum þunglamalegu reglum í öllum sínum athöfnum varðandi stjórn á hinum og þessum þáttum þjóðfélagsins. Mér finnst ótrúlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra að það sé of þunglamalegt að beita þessum reglum sem voru framfaraspor í íslenskri stjórnsýslu, að forstöðumönnum sé ómögulegt að beita þeim gagnvart starfsmönnum sínum. Mér finnst það óásættanleg skýring.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:15.

---

30. FUNDUR

miðvikudaginn 19. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 87. mál, þskj. 87, nál. 364, 372 og 373, brtt. 365. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 301. mál, þskj. 346. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 302. mál, þskj. 347. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Mannabreytingar í fastanefndum.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Í samræmi við ákvæði 16. gr. þingskapa um mannaskipti í nefndum er þess hér með óskað að

a. Sigurjón Þórðarson taki sæti Gunnars Örlygssonar í allshn.

b. Gunnar Örlygsson, og varamaður hans nú, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, taki sæti Sigurjóns Þórðarsonar í félmn.

Vinsamlegast,
Guðjón A. Kristjánsson,
formaður þingflokks Frjálsl."

Tilkynning um þinghaldið.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt starfsáætlun Alþingis er hvorki þingfundur á morgun né á mánudag þar sem fundir eru í nefndum þingsins á fimmtudag, föstudag og mánudag. Næsti reglulegi þingfundur verður þriðjudaginn 25. nóvember en þá fer fram 2. umr. fjárlaga. Þess má vænta að á mánudag verði stuttur fundur til að útbýta nefndarálitum og breytingartillögum frá fjárln. Sá fundur verður boðaður síðar.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum um dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um styttingu náms til stúdentsprófs. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson en hæstv. menntmrh. Tómas Ingi Olrich verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:33]

Útbýting þingskjals:

Barnaverndarmál, 327. mál, fsp. GÖg, þskj. 378.

Fjáraukalög 2003, frh. 2. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 87, nál. 364, 372 og 373, brtt. 365.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:34]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um frv. sem hér á að greiða atkvæði um telur 1. minni hluti fjárln. að mörg atriði þess standist ekki fjárreiðulög. Ýmislegt í frv. hefði átt að vera í fjárlögum þessa árs, var fyrirséð, ýmislegt á heima í fjárlögum næsta árs. Af þessum ástæðum mun þingflokkur Samfylkingarinnar sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu því við viljum ekki bera ábyrgð á því sem hér fer fram. Það verður ríkisstjórnarmeirihlutinn að gera einn og sér.

[13:35]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Nú er verið að ganga til atkvæðagreiðslu um breytingar á frv. til fjáraukalaga og sundurliðað fjáraukalagafrv. eins og hefðbundið er við 2. umr. Meginhluti frv. og þeirra breytinga sem hér eru lagðar til eru komnar til annars vegar vegna vöntunar á fjármagni til einstakra útgjaldaliða. Það var í sjálfu sér fyrirsjáanlegt við gerð fjárlaganna á síðasta ári. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu ítarlega á þetta og fluttu brtt. við það frv. sem þá var afgreitt sem fjárlög fyrir þetta ár. Því er ljóst að bæði meiri hlutinn og framkvæmdarvaldið ber alla ábyrgð á framlagningu þessara fjáraukalaga.

Margar tillögur í frv. og eins brtt. eftir 2. umr. eru eðlilegar eða nauðsynlegar og veita nauðsynlegar úrbætur á einstökum fjárlagaliðum. Væri því hægt að styðja þær í sjálfu sér sem slíkar. En ég vil benda á, virðulegi forseti, að 3. umr. um fjáraukalagafrv. á eftir að fara fram. Ljóst er að einstaka liðir standa enn út af og eru óafgreiddir enn þá. Ég vil þar nefna skiptingu og endanlega fjárútvegun fyrir heilbrigðisstofnanir, daggjaldastofnanir, framhaldsskóla og ýmislegt fleira sem ekki er búið að ganga frá endanlega af hálfu fjárln. fyrir þingið.

Ég vil og minna á erfiða stöðu sveitarfélaganna. Ég tel brýnt að fjárln. taki fyrir 3. umr. til greina möguleika á því að auka framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að hægt sé að styrkja þau sveitarfélög sem verst standa núna, en á undanförnum árum hafa einmitt verið afgreiddar við fjáraukalög sérstakar fjárveitingar, fólksfækkunarframlög eða annað slíkt, til að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Þegar á heildina er litið er þetta fjáraukalagafrv. og breytingartillögur þær sem hér eru lagðar fram fullkomlega unnar á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi sem styður ríkisstjórnina og eru á ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Því sitja þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hjá við þessa atkvæðagreiðslu málsins í heild.

[13:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Fjáraukalagafrv. það sem við greiðum atkvæði um er lagt fram af ríkisstjórn. Meirihlutatillögurnar eru einnig án liðsinnis okkar í stjórnarandstöðunni. Því liggur fyrir að við í Frjálslynda flokknum munum ekki greiða tillögunum atkvæði. Við munum sitja hjá.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, GÁ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 365 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (rekstraryfirlit ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, RG, SigurlS, VS, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, TIO.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, TIO.
4 þm. (ÁF, BH, GMJ, SigurlS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÞÞ, HHj, HjÁ, JBjart, KHG, KLM, LB, RG, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 301. mál (matsferli, málskotsréttur o.fl.). — Þskj. 346.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 302. mál (úrskurðarnefnd, framkvæmdaleyfi). — Þskj. 347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 307. mál (uppsögn). — Þskj. 352.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:43.

---

31. FUNDUR

miðvikudaginn 19. nóv.,
að loknum 30. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Stuðningur við byggð og búsetu í Árneshreppi á Ströndum, fsp. JBjarn, 51. mál, þskj. 51.
2. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, fsp. BjörgvS, 144. mál, þskj. 144.
3. Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, fsp. ÁI, 297. mál, þskj. 342.

Til utanríkisráðherra:

4. Lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni, fsp. MF, 289. mál, þskj. 334.

Til menntamálaráðherra:

5. Sameining ríkisháskólanna, fsp. BjörgvS, 103. mál, þskj. 103.
6. Ábyrgðarmenn námslána, fsp. BjörgvS, 106. mál, þskj. 106.
7. Menningarmál á Vesturlandi, fsp. JBjarn, 149. mál, þskj. 149.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, fsp. ÞBack og MF, 151. mál, þskj. 151.
9. Stuðningur við krabbameinssjúklinga, fsp. MF, 263. mál, þskj. 296.

Til umhverfisráðherra:

10. Lýsing við Gullfoss, fsp. MF, 224. mál, þskj. 239.
11. Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, fsp. SÞorg, 228. mál, þskj. 248.

Til dómsmálaráðherra:

12. Prestaköll og prestsstöður, fsp. EKG, 234. mál, þskj. 254.

13. Miskabætur til þolenda afbrota, fsp. MF o.fl., 267. mál, þskj. 300.

14. Afdrif hælisleitenda, fsp. ÁI, 316. mál, þskj. 362.

Til landbúnaðarráðherra:

15. Reiðhöllin á Blönduósi, fsp. AKG, 270. mál, þskj. 304.

Til fjármálaráðherra:

16. Skuldajöfnun skattskulda, fsp. RG, 308. mál, þskj. 353.

Umræður utan dagskrár.

Stytting náms til stúdentsprófs.

[13:44]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum er grundvallarbreyting á íslensku menntakerfi. Slík breyting þarfnast vandaðs undirbúnings. Forsenda hennar er víðtækt samráð við menntasamfélagið og síðast en ekki síst þarf hún að byggjast á heildstæðri skoðun á skólakerfinu öllu, frá leikskóla og upp í háskóla. Samf. telur að þar skipti m.a. máli að skoða tengingu grunnskóla og framhaldsskóla. Samkeppnishæfni Íslands í framtíðinni ræðst ekki síst af því að unga fólkið okkar standi jafnfætis jafnöldrum sínum í grannlöndunum. Af þeim sjónarhóli skiptir það þess vegna töluverðu máli fyrir íslensk ungmenni ef jafnaldrar þeirra geta hafið sérhæft nám á háskólastigi eða þátttöku í atvinnulífinu ári fyrr en þeir.

Markmiðið með lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum hlýtur því að vera að búa nemendurna betur undir frekara nám og störf á vinnumarkaði. Tillögur menntmrn. eins og þær birtast í skýrslu verkefnisstjórnar ráðuneytisins eru talsvert langt frá því að ná þessum markmiðum að mati Samf. Þar er t.d. lagt til að nám til stúdentsprófs verði skorið niður um 20% og þannig náist hreinn sparnaður upp á 1,7 milljarða á ári. Það er því engu líkara en að hæstv. menntmrh. líti á lækkun á útskriftaraldri sem sérstaka sparnaðaraðgerð en það er kolröng nálgun. Samf. telur að nálgun ráðuneytisins feli í sér nokkrar hættur. Stúdentsprófið sem slíkt mundi gengisfalla, námið yrði einsleitara og nauðsynlegur fjölbreytileiki skólanna hyrfi. Það er jafnvel hætta á því að þessi aðgerð geti aukið á brottfall sem er þó í dag einn svartasti blettur framhaldsskólans að mati Samf.

Í tillögunum er ekki að finna þær forsendur sem Samf. telur að verði að liggja til grundvallar því að lækka útskriftaraldur. Þær verða að fela í sér að gæði þeirrar menntunar sem einstaklingurinn aflar sér þegar framhaldsskóla sleppir hafi aukist og þar með undirbúningurinn fyrir frekara nám eða þátttöku á vinnumarkaði. Lækkun útskriftaraldurs verður því m.a. að byggja á betri tengingu grunnskólans og framhaldsskólastigsins til að nýta betur tíma á námsstigunum fram að útskrift. Verk- og listnám verður að stórefla og brýnt er að fjölga valkostum í formi styttri námsbrauta sem undirbúa þátttöku í atvinnulífinu. Ein af forsendunum á líka að vera að skapi breytingin einhvers staðar aukið svigrúm á að nota það svigrúm til að bæta skólakerfið og starfskjör kennara.

Samf. hefur líka alltaf lagt áherslu á að forsenda þess að ráðist sé í grundvallarbreytingar eins og lækkun útskriftaraldurs sé að þokkaleg sátt ríki um slíka breytingu. Tillögur ráðuneytisins koma hins vegar eins og þruma úr heiðskíru lofti án nokkurs verulegs samráðs við kennarasamtökin í landinu. Menntagáttin á netinu er vissulega þarft og gott framlag en hún kemur á engan hátt í stað ítarlegs samráðs við skólasamfélagið.

Hið sameiginlega markmið okkar allra hlýtur að vera betri menntun og betri undirbúningur íslenskra námsmanna fyrir starfsævina. Þau nást einfaldlega ekki með tillögum hæstv. ráðherra. Það er augljóst öllum sem bera sig eftir málefnalegri gagnrýni skólasamfélagsins að ekki yrði um slíkt að ræða. Í því ljósi vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

1. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að koma til móts við þá gagnrýni sem fram kemur á tillögurnar þannig að tryggt verði að ekki verði um að ræða gengisfellingu á stúdentsprófinu eða niðurskurð á fjárframlögum til framhaldsskólastigsins?

2. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að draga framkomnar tillögur um styttingu stúdentsprófs til baka og lýsa því yfir að ekki verði tekin ákvörðun um lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum nema á grundvelli nýrra tillagna sem taka mið af skólakerfinu öllu?

[13:48]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Þess misskilnings gætir mjög að þær hugmyndir sem fram koma í skýrslu verkefnisstjórnar sem kynntar voru í lok september séu endanlegar og óumbreytanlegar tillögur sem nú séu aðeins til kynningar. Því hefur verið haldið fram að í raun sé búið að ákveða að stytta framhaldsskólann og með ákveðnum hætti. Skýrslan er lýsing á ytri ramma skólastarfsins. Hún er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og þar eru settar fram mismunandi hugmyndir um leiðir til að stytta nám til stúdentsprófs. Hún er þannig útgangspunktur fyrir sjálfa tillögugerðina sem nú stendur yfir í nánu samstarfi við alla hlutaðeigandi aðila.

Þetta ferli er vissulega nýstárlegt og mönnum er vorkunn þótt þeir misskilji það eins og raun ber vitni hér í dag. Sú meginstefna liggur fyrir að stytta beri nám til stúdentsprófs. Fram hefur komið að mikill meiri hluti þjóðarinnar er hlynntur styttingunni og yfirgnæfandi stuðningur er við hana meðal stuðningsmanna allra flokka. Það liggur hins vegar ekki fyrir með hvaða hætti staðið verður að styttingunni enda stendur sú vinna yfir. Endanleg ákvörðun byggist á því að ákjósanleg leið finnist til að stytta námið í samstarfi við þá aðila sem koma að málinu, þar á meðal samtök kennara og samtök framhaldsskóla.

Hvers vegna er æskilegt að stytta nám til stúdentsprófs? Í fyrsta lagi hefur gildi stúdentsprófsins breyst talsvert. Grunnurinn að núverandi skipan var lagður í þjóðfélagi sem er gjörólíkt því sem nú er. Stúdentsprófið hafði áður talsvert gildi á vinnumarkaði en nú er það almenn góð menntun og áfangi á leið til frekara náms.

Í öðru lagi og þessu nátengt hefur menntavefurinn sjálfur tekið verulegum breytingum, á undanförnum áratug einkum og sér í lagi. Símenntun er nú lykilþáttur í menntakerfinu. Með því að stytta námstímann er flýtt fyrir því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi eða á öðrum vettvangi.

Í þriðja lagi yrði almennur rammi um grunn- og framhaldsskólann hér á landi ekki lengur verulega frábrugðinn því sem tíðkast í helstu samanburðarlöndum og íslenskir nemendur lykju stúdentsprófi á sama aldri og erlendir nemendur ef námstími til stúdentsprófs yrði styttur um eitt ár. Ef tillögum um heildarnámstíma til stúdensprófs sem fram koma í skýrslu verkefnisstjórnarinnar væri fylgt eftir yrði sá

tími á Íslandi lengstur á Norðurlöndum, þ.e. 10.234 klukkustundir, en til samanburðar er hann 8.580 í Finnlandi. Lengra er ekki gengið í þessum tillögum sem eru grundvöllur til umræðu en ekki endanlegar tillögur. Hér er átt við heildarnámstíma til stúdentsprófs frá upphafi grunnskólans til loka framhaldsskólans.

Í fjórða lagi mun stytting námstímans til stúdentsprófs hafa í för með sér að það verður betri nýting á skólatímanum til hagsbóta fyrir nemendur sjálfa, foreldra og menntakerfið í heild. Það er ætlun okkar að gera námið markvissara þannig að það þjóni betur hinum raunverulega tilgangi sínum, að búa nemendur undir frekara nám.

Því hefur verið haldið fram að tillögur um styttingu náms nú séu kúvending í stefnumálum menntamálayfirvalda. Nýjar námskrár tóku gildi árið 1999 og ríkir almenn ánægja með þær en nú þegar er nokkur reynsla komin á þær. Á sama tíma og nýjar námskrár voru teknar í gildi var það stefnumarkmið sett fram að stytta bæri nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Ekki var talið ráðlegt að stytta námið á sama tíma og nýjar námskrár gengu í gildi.

Það er hægt að halda eiginleikum námskrárinnar þótt námið verði stytt. Eiginleikar námskrárinnar munu haldast, þ.e. hægt verður að ljúka námi á ýmist lengri eða skemmri tíma. Áfram verður hægt að velja kjörsviðsgreinar og bæta við kjarnanámi. Hins vegar er það verkefni sem taka þarf á nú hvar styttingin kemur niður. Það er m.a. hlutverk þess starfshóps sem sér um námskrár og gæðamál og í honum eiga sæti fulltrúar kennara, skólastjórnenda, nemenda, háskólastigsins og fleiri aðila.

Nú eru að störfum þrír starfshópar skipaðir fulltrúum allra þeirra aðila sem stytting náms til stúdentsprófs varðar mest. Einn þessara hópa fjallar sérstaklega um námskrá og gæðamál eins og áður var að vikið og mikil áhersla er á það lögð að hvergi verði slakað á gæðum námsins við útfærslu skiptingarinnar.

Vegna þeirra spurninga sem hér hafa verið lagðar fyrir mig er rétt að taka fram að fullmótaðar tillögur hafa ekki verið lagðar fram um styttingu náms til stúdentsprófs. Hins vegar er verið að vinna að því að móta tillögur í starfshópi á vegum menntmrn. en Félag framhaldsskólakennara á aðild að því starfi. Það er því alls ekki raunhæf beiðni að draga til baka tillögur sem ekki liggja fyrir. Í því starfi sem nú er verið að vinna er gengið út frá því að standa vörð um gæði námsins enda er það eitt af verkefnum starfshóps um námskrá og gæðamat.

[13:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Á landsfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var fyrir skemmstu var ályktað um styttingu náms til stúdentsprófs. Í ályktuninni er því lýst yfir að þessi skýrsla hér sé einhliða og illa ígrunduð og sé þess vegna ónothæfur grunnur til að byggja á frekari vinnu enda engin fagleg rök færð fram í henni fyrir tillögu hennar. Tillaga skýrslunnar er eins og hér hefur komið fram að stytta eigi námstíma til stúdentsprófs með því að skera niður nám á framhaldsskólastigi um 537 klukkustundir, eða heil 20%. Og maður spyr sig óneitanlega hvers vegna sjónum sé beint að framhaldsskólanum. Er það vegna þess að hann er þyrnir í augum stjórnvalda? Er það vegna þess að vandamál framhaldsskólans eru orðin stjórnvöldum ofviða og það er best að skera þau bara frá, klippa þau af og reyna að henda þeim? Hvað með brottfallið, raunhæfar tillögur gegn því, ómögulegt reiknilíkan eða dýrt starfsnám? Er þetta ekki bara tómt vesen? Eigum við ekki bara að klippa sem mest af þessum framhaldsskóla í burtu?

Virðulegi forseti. Það er enginn misskilningur í röðum þingmanna eða flokksmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi þessa skýrslu. Við vitum að það á að reyna að hafa hana sem grundvöll umræðu og við teljum hana stríða gegn gildandi skólastefnu. Við teljum tillöguna gera námið fábreyttara, takmarka val nemenda og gera námið óneitanlega einsleitara. Það er þvert á gildandi stefnu því að gildandi stefna hefur að geyma ákvæði um sveigjanleika, um fjölbreyttar námsbrautir og sérhæfðar, um raunhæfar aðgerðir gegn brottfalli og um fjölgun starfsmenntabrauta.

Má ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er búið að segja upp gildandi skólastefnu, ákvæði sem gengu í gildi með nýrri menntastefnu sumarið 1999? Það er þá ekki langur líftími skólastefnu.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja að skýrsla þessi fjallar um ytra skipulag. Hún fjallar um magn og samanburð á ytra skipulagi og magni. Hún kemur lítið inn á námsinnihald og hún fjallar ekkert um námskröfur. Það er þess vegna sem þessi grunnskýrsla er ónothæfur grunnur undir umræðu um faglega skólastefnu.

[13:56]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna þessari umræðu um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Ég tel tímabært að greiða fyrir því að fleiri nemendur geti byrjað háskólanám fyrir tvítugt og lokið því yngri en nú. Hins vegar er alveg ljóst að vanda þarf til verksins. Umræðan er á byrjunarstigi og á án efa eftir að taka margar beygjur á leiðinni á áfangastað.

Metnaður okkar allra hlýtur að vera að tryggja heilsteypta og metnaðarfulla skólastefnu um nám og námslok nemenda. Menntmrn. gaf út skýrslu um málið nú í haust og er það vel enda vekur hún upp umræðu um þetta mikilvæga mál. Það sem stakk mig reyndar í þeirri skýrslu, en þess má geta að hún er að mörgu leyti góð, er einhliða umfjöllun um niðurskurð á námi í framhaldsskóla. Ég hefði viljað sjá frekari samanburð á námi milli Íslands og valinna samanburðarlanda enda á það m.a. að liggja til grundvallar í umfjöllun um málið. Kennarasamband Íslands, Félag framhaldsskólakennara og Félag ísl. framhaldsskóla hafa einnig bent á þetta atriði og tel ég afar mikilvægt að hlustað verði á sjónarmið þeirra sérfræðinga sem þar starfa.

Herra forseti. Við verðum að horfa heildstætt á málið og út frá því hvernig þörfum nemendahópsins frá unglingastigi í grunnskóla og til loka framhaldsskóla verði best þjónað. Við þurfum að fara í endurskoðun á innra starfi, gera ráðstafanir til að draga úr brottfalli og fjölga til muna þeim sem útskrifast með lokapróf úr framhaldsskóla. Við megum ekki láta þessa vinnu lykta um of af því að einungis eigi að spara peninga. Nemendur landsins eiga áfram að fá bestu menntun sem völ er á og mun verða unnið út frá því í menntmn. þingsins þegar málið kemur inn á borð hennar.

[13:58]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Nám í framhaldsskólum er mjög mikilvægt, ekki einungis vegna þess að fólk er að tileinka sér nytsamlegar staðreyndir heldur ekki síður vegna þess að á unglingsárum er fólk að taka út ákveðinn félagslegan þroska. Fjöldi ára skiptir e.t.v. ekki öllu máli, þ.e. hvort árin verða þrjú eða fjögur, aðalatriðið er að fólk hljóti góða undirstöðumenntun.

Við í Frjálsl. erum hlynnt styttingu náms í framhaldsskólum úr fjórum í þrjú. Nú sjáum við í flóru framhaldsskólanna ýmsar styttri námsbrautir, svo sem alþjóðlegt IB-nám í Menntaskólanum í Hamrahlíð og nýja tveggja ára hraðbraut til stúdentsprófs. Við erum hins vegar alfarið á móti þeirri aðferð hæstv. menntmrh. að keyra í gegn breytingar á námi í framhaldsskólum án samráðs við skólamenn. Það væri án efa miklu árangursríkara að vinna með kennurum og skólastjórnendum að breyttu skipulagi. Ekki þarf einungis að vinna með kennurum á framhaldsskólastigi heldur einnig með kennurum í efri bekkjum grunnskólans ef skipulagsbreytingarnar eiga að heppnast og þá verður einnig að gera ráð fyrir þeim í námskrá grunnskólanna.

Því miður hefur þessi ríkisstjórn tamið sér í æ ríkari mæli að valta yfir sjónarmið fólks og ætlar að keyra í gegn ýmsar vanhugsaðar aðgerðir. Í gær lagði hæstv. fjmrh. fram lagafrv. til þess að ganga á uppsagnarrétt opinberra starfsmanna, og þar með talið framhaldsskólakennara, með mjög vafasömum rökum. Væri ekki nær að vinna í samráði við framhaldsskólakennara að góðri lendingu í þessu máli?

Athyglisvert er að skoða hverjir unnu að umræddri skýrslu um styttingu námstíma til stúdentsprófs en það voru starfsmenn *menntmrn., verkefnisstjóri ráðuneytisins, tveir lögfræðingar* og deildarstjórar í fjárhags- og eignadeild. Hefði ekki verið nær og árangursríkara fyrir málið að í starfshópnum hefðu einnig verið fulltrúar úr skólakerfinu, kennarar og skólastjórnendur?

[14:01]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Eitt stærsta vandamál sem við glímum við í íslensku skólakerfi er brotthvarf nemenda og er talið eitt helsta úrlausnarefni skólayfirvalda að leita lausnar á því. Meðal leiða sem nefndar hafa verið til líklegra úrbóta eru fjölbreyttari námsleiðir þannig að sem flestum gefist kostur á að þroska mismunandi hæfileika sína.

Verk- og tækninám hefur látið undan síga víðs vegar um land, m.a. vegna þröngra skorða sem skólum eru settar. Vandséð er af þeim breytingartillögum sem settar eru fram af verkefnishópi ráðherra í hvaða farveg verk- og tækninám á að fara þar sem ekkert er á slíkt nám minnst í skýrslu til ráðherra.

Þegar hefur verið mörkuð braut til styttingar námstíma með því að auðvelda bráðgerum nemendum að flýta fyrir sér strax í grunnskóla og taka framhaldsskólaeiningar þar og halda síðan áfram að ráða hraða og umfangi náms í áfangaskólunum. En nú er látið eins og möguleikinn til þriggja ára námstíma til stúdentsprófs sé ekki fyrir hendi. Hann er ekki fyrir hendi í bekkjakerfinu en er það vissulega í áfangaskólunum og er einn helsti kostur þess kerfis auk þess sem nemendur geta viðað að sér fjölbreyttri þekkingu. Æskilegt er að gera þennan möguleika einnig raunhæfan í eldri gerðum skóla með hefðbundnu bekkjakerfi en ekki með því að rýra menntunina í leiðinni.

Skólakerfið þarf alltaf að vera í endurskoðun en ekki með skammtímasparnað að höfuðmarkmiði. Samfylkingin er að skoða námsleiðir í framhaldsskólum, m.a. námstíma til stúdentsprófs, en það hefur aldrei hvarflað að okkur að það leiddi til sparnaðar á fjárlögum. Þvert á móti teljum við að veita þurfi aukið fjármagn til ýmissa þátta skólastarfs. Sparnaður felst í því að nemendur brautskráist fyrr úr skóla og gerist fullgildir þátttakendur í atvinnulífi.

[14:03]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Stytting náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú er hugmynd sem ekki er ný af nálinni og hefur verið stefnumarkmið yfirvalda í menntamálum síðan árið 1994. Staðan í núverandi kerfi er sú að hægt er að ljúka stúdentsprófi á þremur árum í fjölbrautaskólakerfinu og einnig í nýstofnuðum hraðbrautarskóla þannig að þriggja ára nám er í raun valkostur í dag. Ef stytting framhaldsskólanáms yrði raunin mundi það þýða þjóðhagslegan sparnað þar sem nemendur koma einu ári fyrr inn á vinnumarkaðinn en í fyrra kerfi og framleiðni og ævitekjur þessa fólks mundu því vaxa. Þá yrði mikill sparnaður fyrir nemendur og foreldra ef námið tæki þrjú ár í stað fjögurra.

Í þriðja lagi mundi einnig sparast kostnaður fyrir ríki og sveitarfélög vegna húsnæðis þar sem hýsa þarf einum árgangi færra. Þær gagnrýnisraddir sem heyrst hafa um þessa skipan mála eru í þá veru að gæðin yrðu ekki þau sömu og áður. Það er ekki raunin. Í tillögum menntmrh. er haft að leiðarljósi að námskröfur séu engan veginn minni en hjá nágrannaþjóðunum.

Það er ljóst að framhaldsskólanám er undirbúningur undir frekara nám, en fyrir um 30–40 árum hafði stúdentspróf allt aðra vigt en í dag. Landsbyggðarfólk hefur haft áhyggjur af því að unga fólkið fari fyrr úr héraði í háskólanám með þessari skipan mála, sem nemur einu ári. Koma mætti til móts við þetta sjónarmið með því að efla háskólasetur á landsbyggðinni sem er einn af hinum nauðsynlegu þáttum til að landið okkar haldist í byggð.

[14:05]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Verkefnastjórn á vegum menntmrn. hefur gefið út tillögu þess efnis að stytta beri nám til stúdentsprófs um eitt ár eins og komið hefur fram. Lagt er til að skólaárið verði lengt um 10 daga en engu að síður á að fækka kennslustundum um 20%. Að mati skýrsluhöfunda á námið að verða innihaldsríkara við þessa breytingu. Mér finnst þetta hæpin fullyrðing þar sem ljóst má vera að námið verður einsleitara, fjölbreytni verður minni og val nemenda mun takmarkast mun meira en er í dag.

Staða framhaldsskólanna er tilefni til sérstakrar umræðu og það er til alvarlegrar umhugsunar hve fjölbrautaskólarnir eiga erfitt með að halda uppi fjölbreyttu námi og hve verknám hefur dregist saman og er vart valkostur fyrir nemendur vítt og breitt um landið. Þetta er staðan í dag. En með þessum tillögum er mun líklegra að verið sé að líta til enn frekari sparnaðar undir því yfirskyni að sparnaðurinn sé á faglegum forsendum.

Helstu rökin fyrir því að stytta námstíma framhaldsskólanna eru þau að rétt sé að samræma skólalok og aldur nemenda við það sem gerist í nágrannalöndum okkar, þ.e. að nemendur útskrifist 18 ára og byrji því fyrr í háskólanámi. Staðreyndin er sú að víða erlendis eru fyrstu ár háskólanáms mun meiri grunnkennsla en hér hefur tíðkast og hið raunverulega akademíska nám hefst því á svipuðum aldri og hér gerist. Hætt er því við að stytting náms til stúdentsprófs, eins og hér er lagt til, skapi vanda á háskólastigi og koma verði á einhvers konar fornámi svo nemendur séu undirbúnir til að takast á við hið akademíska nám og þeir sem útskrifist úr háskólum eða öðru framhaldsnámi standi jafnt að vígi og nemendur úr sambærilegum erlendum skólum. Fagleg rök í þessu máli eru gagnrýniverð og mætti ætla að verið væri að

láta undan kröfum Samtaka atvinnulífsins um að fá fólk fyrr út á vinnumarkaðinn. Vandi vinnumarkaðarins er ekki sá að fólk sé of vel menntað heldur hið gagnstæða.

[14:07]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Um leið og ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram vil ég nefna það að mér sýnist að hin annars ágæta skýrsla menntmrn. um styttingu náms til stúdentsprófs taki ekki á þeim mikla vanda sem brottfall úr framhaldsskóla hér á landi í samanburði við nágrannalöndin er. Ég tel að kanna þurfi áhrif á brottfall áður en skref eru stigin í þá átt að stytta námstíma til stúdentsprófs.

Oft er talað að um 35–40% nemenda hverfi frá námi í framhaldsskóla hér á landi en rannsóknir benda til þess að í almennu bóknámi og stúdentsnámi sé brottfallið allt að 58%. Í kosningastefnuskrá okkar framsóknarmanna síðastliðið vor var lögð áhersla á að draga úr brottfallinu og í ályktunum síðasta flokksþings okkar er t.d. bent á þá leið gegn brottfallinu að stórauka náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum í samvinnu við atvinnulífið.

Virðulegur forseti. Helstu röksemdir sem nú eru færðar fram fyrir styttingu námstímans lúta að aukinni þjóðhagslegri hagkvæmni. Sömu röksemdum má beita sem rökstuðningi fyrir því að þegar verði mótuð stefna um það til hvaða aðgerða eigi að grípa til að draga úr brottfalli og þeirri sóun á tíma og hæfileikum stórs hóps ungs fólks í landinu sem af brottfallinu leiðir.

[14:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ætla má að beinn ávinningur verði af styttingu framhaldsskólanáms. Í fyrsta lagi má ætla að stytting námsins úr fjórum árum í þrjú verði þjóðhagslegur ávinningur vegna aukinnar framleiðni því ungt fólk kæmist ári fyrr út á vinnumarkaðinn, hvort heldur eftir framhaldsskóla eða háskólanám. Einnig hlýtur það að teljast þjóðhagslegur ávinningur að kostnaður við styttra nám verður óneitanlega lægri.

Mikilvægt er að breytingarnar verði ekki til þess að námskröfur til stúdentsprófs verði minni en nú eru. Íslenskir stúdentar mega ekki verða síður samkeppnishæfir til háskólanáms en nú er, því með aukinni tæknivæðingu gerir atvinnulífið æ meiri hæfniskröfur til fólks.

Verði námstími í framhaldsskóla styttur má gera ráð fyrir stífara námi og að eitthvað af námsefni færist í efstu bekki grunnskólans. Breytingin gæti haft áhrif á atvinnulífið því framhaldsskólanemar geta þá síður stundað hlutastörf en nú er. Telja má víst að nemar vilji stunda hlutastörf eftir sem áður til að auka tekjur sínar. Hins vegar er líklegt að skólaárið lengist frá því sem nú er og sú breyting hefði verulega áhrif á atvinnulífið vegna sumarvinnu nemenda. Minni sumarvinna nemenda gæti einnig valdið röskun í íslenskum ferðamannaiðnaði þar sem vinnuvikum fækkar og vegna þess að skólahúsnæði og heimavistir eru víða notaðar sem gistirými á sumrin.

Stytting námstíma til stúdentsprófs mun þó hvorki færa atvinnulífinu né þjóðarbúinu ávinning nema sú breyting verði faglega unnin og heildstætt í samvinnu við fagfólk á öllum skólastigum. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að breytingar verði ekki gerðar á námstíma framhaldsskóla fyrr en fagleg úttekt á skólakerfinu hefur farið fram. Að þeim forsendum gefnum tel ég jákvætt að stefna til þess að ná fram styttingu á námstíma.

[14:11]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn fjölgar málum í þingsal þar sem stjórnarflokkarnir ganga ekki í takt. Það er augljóst á málflutningi hv. þm. Framsfl. sem hér hafa talað að hrifning er ekki mikil á framgöngu hæstv. menntmrh. í þessu máli. Það er ljóst að hv. þm. Dagný Jónsdóttir benti á að þetta mál lyktaði allt mjög af sparnaði. Slíkt er að sjálfsögðu ekki markmið þeirra sem talað hafa fyrir því að stytta nám í framhaldsskólum og það er sérkennilegt nú, árið 2003, að heyra hvern hv. þm. af öðrum koma hér upp og tala um nám í framhaldsskólum eins og ekki sé til annað nám en til stúdentsprófs og það er auðvitað meginvandinn í framgöngu hæstv. ráðherra að eingöngu er verið að tala um það að stytta nám til stúdentsprófs. Það er ekki einu sinni litið heildstætt á nám í framhaldsskólum. Ekki er verið að velta fyrir sér öðru námi sem fram fer í flestum framhaldsskólum landsins sem er ekki bara nám til stúdensprófs. Það er ekki verið að velta upp þeim vanda sem m.a. getur komið upp í því sem menn eru búnir að vera að skipuleggja til fjölda ára, að láta ýmislegt starfsnám vera í samvinnu við stúdentsnámið. Þegar stúdentsnámið verður stytt þarf væntanlega að grípa til aðgerða á þeim námsbrautum einnig. Ekki eru gerðar tillögur um það hvernig standa eigi að slíku.

Nei, hæstv. ráðherra, það er enginn misskilningur hér á ferðinni. Það liggur fyrir tillaga um að stytta nám til stúdentsprófs. Það er hins vegar verið að ræða það í ýmsum starfshópum hvernig að því skuli staðið. Og hæstv. ráðherra, tímaramminn sem settur er gagnvart þessu máli er ekki slíkur að verið sé að biðja um mikið og náið samstarf um það hvernig við eigum að bæta framhaldsskólastigið eða hvernig við ætlum að bæta skólakerfið í landinu sem er auðvitað hið stóra verkefni. Ég tek undir með hv. þm. Birki Jónssyni um það að brottfallið í framhaldsskólunum hefði að sjálfsögðu átt að vera forgangsverkefni hjá hæstv. ráðherra. Þá hefði verið eðlilegt að setja tímarammann um áramót til að leggja fyrir tillögur sem eru raunhæfar til árangurs.

[14:14]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Stytting náms til stúdentsprófs verður framfaraskref í menntamálum á Íslandi ef af henni verður. Með henni væri menntakerfið fært enn frekar í átt til nútímans. Íslenska menntakerfið er hluti af alþjóðlegri heild. Flestir nemendur þeirra landa sem við berum okkur saman við ljúka stúdentsprófi eða sambærilegri menntun við 18 eða 19 ára aldur. Með því að stytta námið um eitt ár færumst við nær því að gera íslenska stúdenta hliðsetta kollegum sínum í öðrum löndum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á árum áður hafði stúdentspróf umtalsvert gildi á vinnumarkaðnum. Þýðing stúdentsprófsins hefur hins vegar gerbreyst. Í stað þess að vera ávísun á gott starf hefur stúdentsprófið nú fyrst og fremst þýðingu sem góð almenn menntun og undirbúningur fyrir frekara nám á háskólastigi. Með styttingu námsins yrði því flýtt að stúdentar gætu tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi.

Þá verður ekki hjá því litið að styttingin hefði í för með sér mikið hagræði fyrir nemendur, foreldra og hið opinbera. Í fyrsta lagi mun hún minnka kostnað nemenda og foreldra þeirra við námið. Í öðru lagi næst með styttingunni fram sparnaður í húsnæðismálum, enda mundu framhaldsskólarnir þurfa að hýsa einum árgangi færra en þeir gera nú en

sparnaðinn mætti nýta til þess að efla innra starf skólanna. Í þriðja lagi verður þjóðhagslegur ávinningur af styttingu námsins verulegur þar sem ljóst má vera að unga fólkið sem lýkur námi kæmist fyrr út á vinnumarkaðinn með þeirri framleiðniaukningu sem slíku fylgir. Þá benda kannanir til þess að langur námstími auki líkur á brottfalli stúdenta úr námi. Stytting námsins ætti því að leiða til þess að brottfall úr námi minnki.

Virðulegi forseti. Það er skynsamlegt að stytta nám til stúdentsprófs. Slík stytting styrkir menntakerfið og er í þágu stúdenta, foreldra þeirra, hins opinbera og þjóðfélagsins alls.

[14:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa fallið mikilvægar yfirlýsingar í umræðunni um styttingu náms til stúdentsprófs. Það hefur komið fram í máli stjórnarliða að ekki er einhugur um málið. Í fyrsta lagi kom t.d. fram hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að málið lyktaði af sparnaði og einungis ætti að spara. Hún tók því undir skoðun Samfylkingarinnar að það þyrfti að fara öðruvísi í málið en lagt er til í skýrslunni.

Í öðru lagi ber að fagna þeirri mikilvægu yfirlýsingu sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. að ekki liggi fyrir að sú leið sem fram kemur í umræddri skýrslu verði farin. Það er grundvallaratriði í þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag á vegum Samfylkingarinnar að ekki verði farin sú leið einhliða niðurskurðar um 20% á námi með sparnaði í skólakerfinu, því ljóst er að námið gengisfalli verulega í stað þess að styrkjast og eflast eins og hlýtur að vera markmiðið með öllum breytingum í skólakerfinu. Því vil ég að lokum skora á hæstv. ráðherra að fara þá leið sem Samfylkingin leggur til og láti af því að nota umræddar skýrslur sem útgangspunkt í þessari umræðu.

Leiðin sem skýrslan leggur til er ekki rétta leiðin. Það þarf að skoða málið á nýjan leik frá grunni. Hæstv. ráðherra þarf að draga núverandi hugmyndir til baka og hefja vinnuna að nýju í nánu samráði við skólasamfélagið. Sú vinna verður að byggja á því að skoða allt skólakerfið heildstætt með það að markmiði að stytta námið og lækka útskriftaraldur. Hún má ekki grundvallast á því að námið gengisfalli með flötum niðurskurði og skertum fjárframlögum til framhaldsskólastigsins. Þá er verr af stað farið en heima setið.

[14:18]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Þessi umræða er að mörgu leyti athyglisverð. Hún er kannski einkum og sér í lagi athyglisverð fyrir þær sakir að stjórnarandstaðan hefur forðast það eins og heitan eldinn að ræða málið á forsendu þeirrar vinnu sem nú stendur yfir. Það er búið að setja þetta mál í víðtækt samráðsferli og það er búið að kynna það fyrir stjórnarandstöðunni og öðrum landsmönnum. Hér er um að ræða víðtækt samráðsferli sem framhaldsskólanemar, framhaldsskólakennarar og Félag íslenskra framhaldsskóla hefur aðild að. Þetta starf er þegar hafið. Það víðtæka samráðsferli sem menn sakna hér er því hafið og menn vita að það er hafið. Samt sem áður velja menn þá aðferð að grafa skotgrafirnar án þess að taka tillit til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Í hvaða tilgangi eru menn að ræða málið á allt annarri bylgjulengd en það er í? (**Gripið fram í:** Spurðu Framsókn.) Þetta er mjög merkilegt. Menn hafa talað um að þetta mál væri til þess gert að spara peninga og er þar um misskilning af hálfu stjórnarandstöðunnar og misskilning af hálfu Framsóknar að ræða. Það er ekki verið með þessum hætti að spara peninga, þvert á móti erum við að leggja á hverju ári, og verið að leggja drög að því að gera það einnig á þessu ári, meiri peninga til framhaldsskólanna. Það er hins vegar ljóst að þriggja ára nám mundi þýða sparnað fyrir nemendur sjálfa. Markmiðið með þessum breytingum er að slá í engu af kröfum um gæði námsins. Það verk sem hefur verið sett í gang hefur þann tilgang beinlínis, að tryggja að ekki verði slegið af gæðum námsins.

Það er að sjálfsögðu verið að tala um að nýta tímann í skólunum betur. Ég vil minna menn á það að þegar kom fram gagnrýni á grunnskólana varðandi stærðfræðinám, var það fyrst og fremst gagnrýni um að tíminn í skólunum yrði nýttur betur. Ég held því að það sé mjög mikilvægt í þessari umræðu að benda á það að stjórnarandstaðan hefur ekki viljað fara í umræður um málið á þeirri forsendu sem það er nú rekið. Menn hafa viljað stinga hausnum í sandinn og ræða bókstaflega ekki neitt um það ferli sem hefur verið sett í gang, sem er samráðsferli. (**Gripið fram í:** Ertu að tala við Framsókn?)

Stuðningur við byggð og búsetu í Árneshreppi á Ströndum.

Fsp. JBjarn, 51. mál. — Þskj. 51.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hinn 12. mars sl. samþykkti Alþingi þáltill. sem kvað á um að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996, og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi. Umhvn. hnykkir á í samhljóða áliti sínu til þingsins, með leyfi forseta:

„Árneshreppur á Ströndum er á margan hátt einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, nokkuð þéttbýll, auk þess sem þar er að finna fjölbreyttar minjar um búsetu, atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar."

Mál þetta á sér nokkurra ára aðdraganda en norræna ráðherranefndin samþykkti 12. nóvember 1996 framkvæmdaáætlun um verndun menningararfs og nálgast þannig á sértækan hátt aðgerðir til stuðnings verðmæta sem felast í byggðinni. Sett var það markmið að stuðla að varðveislu norrænnar strandmenningar með því að draga fjölbreytileika hennar og ríkidæmi fram í dagsljósið og unnið samkvæmt þeirri meginreglu að setja markið eins hátt og aðstæður leyfa, segir í skýrslunni. Landvernd, undir forustu páv. formanns Jóns Helgasonar, bar málið fram við stjórnvöld og heimamenn.

Hinn 21. desember 1998 skrifaði hreppsnefnd Árneshrepps bréf til forsrh. og lýsti yfir stuðningi við þær hugmyndir að sveitarfélagið yrði tekið inn í sérstaka framkvæmdaáætlun á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar og var reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld.

Flm. þáltill. í Alþingi, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, talar um að byggðin hafi sína möguleika. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þeir möguleikar byggja fyrst og fremst á því að byggðin sé efld á forsendum byggðarinnar sjálfrar. Það er auðvitað til staðar einstæð menning og þekking og reynsla sem þarna er til en hvergi annars staðar í landinu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að vera ein af skyldum okkar að verja þetta m.a. með þeirri menningarlegu og sérstöku skírskotun sem þetta byggðarlag hefur."

Virðulegi forseti. Þær þúsundir ferðamanna sem leggja leið sína norður á Strandir og norður í Árneshrepp á sumri hverju undirstrika mikilvægi þessarar byggðar og þeirra menningarverðmæta og mikilvægi búsetu í Árneshreppi. Það er því ljóst að heimamenn og við sem unnum þessari byggð bárum miklar vonir í brjósti gagnvart þessari tillögu sem samþykkt var á Alþingi og vísað til ríkisstjórnarinnar til aðgerða. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh.:

Hvað líður skipan og störfum nefndar sem ríkisstjórninni var falið að setja á stofn samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti 15. mars sl., en nefndinni var ætlað að gera tillögur „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu"? Því það er nú svo að tíminn líður og varðandi byggð og búsetu í Árneshreppi er ekki tími til mikilla vangaveltna heldur þarf að grípa til aðgerða. Því ber ég þessa spurningu fram til hæstv. forsrh.: Hvað líður störfum og skipan þessarar nefndar?

[14:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur beint svolátandi fyrirspurn um stuðning við byggð og búsetu í Árneshreppi á Ströndum til mín:

Hvað líður skipan og störfum nefndar sem ríkisstjórninni var falið að setja á stofn samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti 15. mars sl., en nefndinni var ætlað að gera tillögur „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu"? eins og þar segir.

Með bréfi, dags. 12. júní, fól forsrn. iðn.- og viðskrn. framkvæmd þál. um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi. Iðn.- og viðskrn. óskaði með bréfi, dags. 24. júní 2003, eftir áliti Byggðastofnunar á því hvernig best væri staðið að framkvæmd á ályktun þingsins. Byggðastofnun skilaði áliti sínu þann 11. nóvember 2003. Í álitinu kemur m.a. fram að byggð standi óvíðar veikar en í Árneshreppi á Ströndum. Mikil íbúafækkun hefur orðið á undanförnum árum og fækkaði íbúum úr 109 árið 1992 í 59 árið 2002. Aðalatvinnugrein er sauðfjárrækt sem hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum eins og kunnugt er. Einnig er nokkuð um sjósókn á smábátum í hjáverkum, m.a. grásleppuveiðar. Hefur landaður afli á Norðurlandi farið vaxandi á síðustu árum.

Landsamgöngur eru óvíða erfiðari en við og í Árneshreppi. Er vegurinn norður eftir oftast alveg lokaður vegna snjóalaga í nokkra mánuði á hverjum vetri. Er Árneshreppur eitt örfárra sveitarfélaga sem fengið hefur styrk vegna erfiðra vetrarsamgangna á síðustu árum. Það er mat Byggðastofnunar að eigi að stöðva þá þróun sem verið hefur í Árneshreppi á undanförnum árum, þurfi að grípa til marghátttaðra ráðstafana á sviði samgöngumála, atvinnumála, umhverfismála, mennta- og menningarmála og e.t.v. á fleiri sviðum mannlífsins.

Byggðastofnun leggur til í áliti sínu að sett verði á stofn nefnd sem sjái um að kalla til starfa fulltrúa allra sem málið varðar beint og óbeint. Leitað verði tilnefningar frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Byggðastofnun, landbrn., menntmrn., samgrn. og umhvrn. auk fulltrúa heimamanna.

Með bréfi 12. nóvember 2003 fól iðnrh. Byggðastofnun að annast skipun nefndar er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu í samræmi við ofangreinda þál. Byggðastofnun er einnig falið að hafa umsjón með störfum nefndarinnar. Óskað er eftir að skipun nefndarinnar og störfum verði hraðað sem kostur er og að hún skili tillögum til iðnrh. eigi síðar en í lok maí 2004.

Það er augljóst að þetta mál hefur allmikla sérstöðu eins og fram hefur komið í inngangsorðum fyrirspyrjanda og þeim svörum sem ég hef lesið en í þeim efnum hef ég nánast alfarið stuðst við frásögn iðnrn., byggðaráðuneytis og Byggðastofnunar.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég er sammála því mati Alþingis sem er mjög sértækt að gera sérstaka ályktun um þetta sveitarfélag eitt og sér. Um það var samstaða hér. Ég tel að þetta sveitarfélag, mannlífið þar, forsagan öll, ég tala nú ekki um uppruna hv. þm., hafi mikla og sérstaka þýðingu og því sé ekki bara verjandi heldur æskilegt að við sameinumst um það og stuðlum öll að því að það megi vernda það mannlíf og samfélag sem þarna er um að ræða. Ég vil fyrir mitt leyti, þó að málið sé með þessum hætti í höndum iðn.- og byggðaráðuneytis og Byggðastofnunar, lýsa því yfir að ég mun styðja við málið eins og ég get úr forsrn. a.m.k. meðan ég sit þar. En það getur þrengst um mig eins og þá í Árneshreppi í komandi tíð.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar undirtektir við þetta mál og hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að hreyfa því hér. Hv. þm. er vissulega málið skylt sem þingmaður Norðvest. og er öllum hnútum kunnugur á svæðinu, fæddur og uppalinn í Asparvík og skyldur a.m.k. öðrum hverjum manni á þessum slóðum.

Það er engin spurning að í byggðum eins og Árneshreppi á Ströndum og byggðarlagi eins og Grímsey, þó þar gangi sem betur fer vel, eru mikil verðmæti fólgin. Það er enginn vafi á því að á meðan samfélög þrífast við þessar aðstæður, ungt fólk er fyrir sitt leyti tilbúið til að setjast þar að, að tilteknum skilyrðum fullnægðum, á að hlúa að slíku. Það á ekki að láta það stranda á því að nauðsynleg þjónusta sé tryggð, samgöngum sé haldið uppi og hlúð sé að þeirri atvinnustarfsemi sem þar er eða getur dafnað eins og t.d. ferðaþjónusta í því byggðarlagi sem við ræðum hér. Ég held að það sé skynsamlegt og rétt í öllu tilliti að taka þar myndarlega á málum og vinna með heimafólki að því að svona byggðir fái dafnað.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli tekið hér upp og þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir það og einkanlega líka svör forsrh. í málinu. Hér er að mínu viti verið að hreyfa afar þörfu máli. Einnig er til staðar á svæðinu enn þá söguleg þekking, t.d. af eldri atvinnuháttum og eldri atvinnusögu og svæðið er að mörgu leyti mjög sérstakt eins og fram hefur komið. Þó að eldri atvinnuhættir eins og reki, selur og dúntekja gefi ekki lengur sömu tekjur og áður hefur svæðið ýmsa möguleika. Það liggur mjög vel við sjósókn eins og dæmin undanfarin tvö ár sýna þegar smábátaflotinn hefur sest þar að yfir sumartímann og borið að landi mikinn

afla og mikil verðmæti. Það er því eftir miklu að slægjast að halda þessu svæði í byggð og ég fagna því að málið skuli komið í þann farveg sem hér hefur verið lýst.

[14:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka þessa umræðu og fagna sérstaklega yfirlýsingum hæstv. forsrh. um málið. Ég er honum innilega sammála um að þetta byggðarlag, Árneshreppur á Ströndum, hefur allmikla sérstöðu og það er mjög æskilegt frá okkar sjónarhóli allra að vernda og verja þetta mannlíf.

Sérstaklega er ánægjulegt að nefna í þessu sambandi að sem betur fer hefur það gerst að ungt fólk hefur í nokkrum mæli verið að setjast að í Árneshreppi og sýnir auðvitað bæði tryggð þess fólks við uppruna sinn og líka trú á möguleikana á því svæði.

Það eru gríðarlega mikil verðmæti í byggð eins og Árneshreppi á Ströndum, verðmæti sem mega ekki glatast og verðmæti sem svona ríkt samfélag eins og Ísland á sannarlega að stuðla að að verði varið og verði eflt á komandi árum. Við erum velmegandi þjóð og við eigum að sýna reisn varðandi þetta mál og þegar við erum að skipa málum hvort sem er í sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum, uppbyggingu samgöngumála eða aðra skylda hluti, þá eigum við auðvitað að viðurkenna sérstöðu sveitarfélaga eða byggðarlaga á borð við Árneshrepp og við eigum þess vegna að gefa þeim önnur færi en við almennt gefum í landinu.

[14:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það að mér finnst málið vera að komast í farveg þó að fyrr hefði verið betra. En ég tek eftir því að hæstv. forsrh. taldi ekki upp sjútvrn. þegar verið var að tala um þá sem áttu að fjalla um þessi mál. Ég tel að ein af grunnforsendum þess að byggð geti haldist þarna sé sú að þar hafi menn aðgang að þeirri auðlind sem er fólgin í sjónum. Ég held að ef menn ætli að byggja þarna til frambúðar þurfi þeir að eignast atvinnurétt til sjávarins sem þar er. Sá atvinnuréttur hefur verið tekinn af strandbyggðunum allt í kringum landið og þarf auðvitað að hafa það inni í myndinni ef menn ætla að varðveita þarna byggð að sá réttur verði endurheimtur.

[14:34]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hæstv. forsrh. fyrir það svar sem hér hefur borist um þetta sérstaka mál. Það var ansi athyglisvert að heyra hvernig málið hefur gengið frá forsrn. til iðnrn., frá iðnrn. til Byggðastofnunar, frá Byggðastofnun til iðnrn. og svo frá iðnrn. til Byggðastofnunar aftur. Allt þetta fór að snúast 11. nóvember sl. og 12. nóvember var beðið um skipun sjö manna nefndar ef ég taldi rétt eins og hæstv. forsrh. nefndi.

Þess vegna vil ég, frú forseti, spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að möguleiki sé á því eða öllu heldur hætta á að þetta módel eða þessi tillaga, þessi nefndaskipan eigi eftir að koma hjá öðrum viðtakandi forsrh. sem koma á eftir honum vegna fleiri byggðarlaga á komandi árum ef fram fer sem horfir um stöðuga íbúafækkun í fjölmörgum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin, undirtektirnar og áherslurnar sem hann lagði inn í umræðuna og einnig hv. þingmönnum fyrir hvatningu og þátttöku í henni. Ég verð samt að gera þá játningu, virðulegi forseti, að ég hefði viljað að hæstv. forsrh. hefði bara axlað beint og millilíðalaust ábyrgð á skipan nefndarinnar og vinnu við hana.

Það er nú svo að þetta byggðarlag á sér nokkra sérstöðu og var rakið í þáltill. Þessi byggð, menning og atvinnuvegur, á sér ýmsa sérstöðu og verður að taka sem slíka. Ég vil þó ekki vantreysta fyrir fram og alls ekki hæstv. iðnrh. eða Byggðastofnun í málinu en óneitanlega gleðst ég yfir því að hæstv. forsrh. ætlar að veita málinu sérstakan stuðning og hvatningu svo lengi sem hann a.m.k. situr í forsætisráðherrastólnum og ef hæstv. forsrh. fer að gefa svona yfirlýsingar, þá fer maður náttúrlega bráðum að klappa hann upp.

Engu að síður eru þarna aðgerðir sem þarf að grípa til nú þegar eins og hæstv. forsrh. minntist á, átak í vegamálum sem er vel framkvæmanlegt og ekki fyrir stórar upphæðir en brýnar. Aðgerðir í fjarskiptum. Þarna er gríðarleg ferðaþjónusta og bara að koma upp GSM-sendum á því svæði mundi hafa gríðarlega þýðingu bæði fyrir þjónustu og líf þarna. Þriggja fasa rafmagn, þar er bara einfasa rafmagn og erfitt að byggja upp atvinnulíf á einfasa rafmagni. Svona má áfram telja þannig að ekki þarf mikla nefndarvinnu til að hægt sé að grípa til þeirra aðgerða sem geta þegar í stað komið að gagni.

Minnst var á landbúnað, sjávarútveg og vinnslu. Það er nú svo að góðar tillögur þurfa líka fjármagn, vilja og allt til að fylgja eftir og ég treysti hæstv. forsrh. til að beita afli sínu til þess að svo megi verða.

[14:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Án þess að ég ætli að fara að líkja íslenska stjórnkerfinu við almættið, þá er mér óhætt að minna á að myllur guðs mala hægt en mala vel og ég er sannfærður um að þó að málið hafi farið allan þennan farveg sem lýst var, þá er ríkur vilji ekki bara hjá stjórnkerfinu, heldur veit stjórnkerfið um að ríkur vilji er hjá Alþingi til að vinna því gagn. Ég tel að sú samstaða sem náðist um þáltill. hafi verið afar sérstæð í þinginu og mikilvæg þannig að ríkisvaldið í hvaða mynd sem það er statt hefur hvorki efni né ástæðu til að draga lappirnar hvað þetta mál varðar.

Varðandi það sem hv. þm. Kristján Möller nefndi áðan, þá hef ég þá trú á byggðum landsins að þeim muni flestum farnast vel þrátt fyrir breytingar og umrót sem eru í veröld allri og í landi okkar, sérstaklega hvað byggðamál varðar á sumum sviðum. Ég hef þá trú að í flestum tilvikum muni þar vel vegna. Ég held einmitt að sú niðurstaða þingsins að álykta sérstaklega — það var ekki niðurstaða ríkisstjórnarinnar, það var niðurstaða þingsins — um þetta byggðarlag sýni einmitt þá sérstöðu og sé því ástæðulaust að draga ályktanir um önnur byggðarlög hvað þá niðurstöðu varðar sem þingið komst að um þetta byggðarlag. En ég er bjartsýnn í þeim efnum, bæði fyrir hönd byggðanna allra og fyrir hönd þessa sérstæða mannlífs sérstaklega.

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Fsp. BjörgvS, 144. mál. — Þskj. 144.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Umræðan um verkaskiptingu og valddreifingu á milli ríkis og sveitarfélaga hefur verið talsverð á liðnum missirum. Sveitarfélögin eru hins vegar mörg hver fjárhagslega komin upp í rjáfur og fjárhagsstaða þeirra verulega erfið og þau mörg hver veigra sér við frekari verkefnaflutningi þar til tekjuskiptingin hefur verið leiðrétt.

Brýnt er að efla sveitarstjórnarstigið enn frekar með því að stækka og fækka sveitarfélögum, auka tekjur þeirra og kanna kosti þess að flytja frá ríki til sveitarfélaga rekstur á fleiri málaflokkum. Færa má rök fyrir því að nærþjónustan batni eftir því sem hún stendur nær íbúum hvers sveitarfélags og aðgangur þeirra að kjörnum fulltrúum sínum eykst. En því verða hins vegar að fylgja nægir fjármunir og öflugir tekjustofnar.

Dæmi um verkefni sem stefna á að flytja ætti og mætti til sveitarfélaganna eru framhaldsskólarnir, hluti löggæslunnar jafnvel, málefni fatlaðra og hluti af heilbrigðisþjónustu svo sem öldrunarþjónustu. Slíkur verkefnaflutningur er einnig nauðsynlegur liður í því að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni sem er annar mikilvægur þáttur í eflingu sveitarstjórnarstigsins og tilfærslu verkefna yfir til sveitarfélaganna. Til að slíkt takist verða stjórnsýslulegar einingar landsbyggðarinnar að hafa nægan styrk til áhrifa á samfélagsþróunina og geta staðið undir verkefnum af öryggi og festu. Núverandi fjöldi og smæð sveitarfélaganna margra hverra hamlar slíkri þróun og því brýnt að skoða í samhengi við verkefnaflutning. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. hvort hafinn sé undirbúningur á vegum ríkisstjórnarinnar að annars vegar frekari flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, t.d. á rekstri framhaldsskóla eða löggæslu og hins vegar hvort hafin sé endurskoðun á tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í ljósi breyttrar verkaskiptingar stjórnsýslustiganna.

[14:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur beint til mín spurningum sem hann hefur gert grein fyrir. Hann leggur fram spurningarnar í tveimur liðum. Ég kýs að svara þeim í einu lagi og hygg að það skaði ekki málið með neinum hætti. Svar mitt er þetta:

Á undanförnum árum hafa átt sér stað margvíslegar viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun á verkaskiptingu og flutningi verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga og endurskoðun á tekjuskiptingu milli aðila til samræmis. Veigamesta breytingin í þessa átt var þegar rekstur grunnskólans var alfarið færður til sveitarfélaga árið 1996. Síðan hafa átt sér stað nokkrar aðrar tilfærslur á verkefnum en þær hafa verið smærri í sniðum.

Í janúar 2001 skipaði páv. félmrh. nefnd sem falið var að skoða hvort æskilegt væri að flytja ákveðin verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Nánar tiltekið var þar um að ræða þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva, þátttöku í stofnkostnaði framhaldsskóla og heimavista og málefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Einnig var nefndinni falið að skoða hvort ástæða væri til að draga úr sameiginlegum verkefnum á ýmsum sviðum. Þar voru sérstaklega nefnd öldrunarmál en einnig önnur verkefni sem enn eru á sameiginlegri ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu í september 2001. Í skýrslunni kemur m.a. fram að stærð sveitarfélaga hér á landi takmarkar á vissan hátt hve langt er hægt að ganga í að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Nefndin taldi því skynsamlegt að mótuð yrði heildarsýn varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. þá þjónustu sem eðlilegt er að færist yfir til sveitarfélaga að gefnum ákveðnum forsendum um stærð sveitarfélaganna og fleira þess háttar.

Einnig lýsti nefndin þeirri skoðun að eðlilegt væri samtímis á sviðinu að hugað yrði að sameiningu sveitarfélaga þannig að þau yrðu almennt sem best í stakk búin til að takast á við stærri og umfangsmeiri verkefni.

Í samkomulagi um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga frá 4. desember 2002 var gengið frá samkomulagi um að ríkið yfirtaki að öllu leyti stofnkostnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þessi breyting tók síðan gildi með lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Að því er varðar undirbúning að frekari verkefnatilfærslu er rétt að nefna í fyrsta lagi að heilbrrh. hefur ákveðið að skipa nefnd sem er falið að kanna hvaða verkefni á sviði heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða sé mögulegt og æskilegt að flytja frá ríki til sveitarfélaga. Meðal annars er nefndinni ætlað að kanna hvort flytja eigi heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir aðrar en Landspítala – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til sveitarfélaganna. Við mat á því hvort flytja eigi þessa þjónustu að hluta eða öllu leyti til sveitarfélaga skal nefndin m.a. líta til þjóðhagslegrar hagkvæmni, gæða þjónustunnar og áhrifa á stöðu og réttindi starfsfólks í heilbrigðisþjónustu.

Í öðru lagi hefur félmrh. skipað verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með átaki í sameiningu sveitarfélaga. Hefur verkefnisstjórninni m.a. verið falið að leggja fram tillögu til félmrh. um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að treysta sveitarstjórnarstigið og efla sjálfsforræði byggðarlaganna. Haft verður að leiðarljósi að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýr. Rétt er að taka fram að í þessu getur bæði falist að verkefni flytjist frá ríki til sveitarfélaga og frá sveitarfélögum til ríkisins. Sameiningarátakið mun taka tvö ár og má segja að það verði unnið á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í áfangaskýrslu verkaskiptanefndar og áður hafa verið rakin. Breytingar á verkaskiptingu verða því skoðaðar í nánum tengslum við gerð tillagna um breytta sveitarfélagaskipan hér á landi, en um leið mun nefnd sem félmrh. skipar vinna tillögur um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga eftir þessa breytingu.

Tel ég þá að með þessum orðum sé fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar svarað.

[14:46]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Í seinni lið þessarar spurningar er fjallað um tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og einnig er verið að ræða um aukin verkefni til sveitarfélaga. Sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður finnst mér auðvitað nauðsynlegt að skoða það að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaga, en eins og staðan er í dag með fjárhag sveitarfélaga þá tel ég að ekki komi til greina að fleiri verkefni verði flutt til sveitarfélaga nema stórauknir tekjustofnar fylgi með.

Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar er fjárhagsstaða margra sveitarfélaga mjög slæm. Og

það var eftirtektarvert í kjördæmavikunni að allir fulltrúar sveitarfélaga sem komu og ræddu við okkur þingmenn Norðaust. kvörtuðu yfir hve framlög frá jöfnunarsjóði hafi lækkað á þessu ári. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hefur verið tekin ákvörðun innan ríkisstjórnarinnar eða mun hæstv. ríkisstjórn beita sér fyrir því að 700–1.000 millj. verði bætt inn í jöfnunarsjóðinn núna til þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga geti greitt út svipað og gert hefur verið undanfarin fjögur ár til sveitarfélaganna í landinu?

[14:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að hreyfa þessum mikilsverðu málum og veigamiklu. Ég undirstrika það að ég hef ævinlega verið talsmaður þess að stefna ætti að því að flytja sem flest verkefni heim í hérað en til þess þurfa forsendur auðvitað að vera í lagi. Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. skautaði býsna hratt fram hjá þeirri veigamiklu spurningu hvernig hátta ætti tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Nú eru ekki nema rétt u.þ.b. þrjú eða fjögur ár síðan tekið var stórt skref í þeim efnum, að vísu allt of lítið miðað við þær forsendur sem til stóðu. Og það er rétt sem hér hefur komið fram að fjárhagur sveitarfélaganna er býsna bágur. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. að því hvort ríkisstjórnin í heild stefni að því að fara í viðræður við sveitarfélögin um að gera þar bragarbætur á. Einnig vil ég leggja þá samviskuspurningu fyrir hæstv. ráðherra hvort hann telji tekjuskiptinguna eins og hún er í dag milli ríkis og sveitarfélaga vera réttláta og sanngjarna.

[14:49]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er verulegur samdráttur í tekjum sveitarfélaga í dag. Bæði eru útsvarstekjur að dragast verulega saman og eins tekjur úr jöfnunarsjóði eins og hér var lýst áðan. Þetta kom skýrt fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna og það var alveg sama hvaða fulltrúar sveitarfélaganna töluðu þar, þeir töluðu allir einum rómi. Í raun er sama þróun á tekjum ríkisins á þessu ári. Ef við skoðum frv. til fjáraukalaga þá eru tekjur ríkisins vegna tekjutengdra skatta að dragast saman en aftur á móti eru tekjur vegna veltuskatta að hækka verulega. Sveitarfélögin geta ekki lagt á veltuskatta eins og kunnugt er. Þess vegna er alveg ljóst að sá mikli samdráttur sem er í tekjum þeirra mun hafa veruleg áhrif á fjárhag þeirra á þessu ári og einnig á því næsta. Það er alveg nauðsynlegt að ráðast í einhverja endurskoðun og samninga við sveitarfélögin á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það verður ekki undan því vikist.

[14:50]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er mjög brýnt að fjallað sé um tekjuskiptingu sveitarfélaganna. Það hallar mjög á þau, ég tala nú ekki um sveitarfélög sem hafa orðið fyrir miklum kvótaskerðingum og standa uppi kvótalaus hringinn í kringum landið eins og víða er. Ég vil þakka þetta og bendi á að það er útilokað að taka yfir meira og setja meira á hendur sveitarfélaganna nema veruleg búbót verði gerð á tekjuskiptingunni.

[14:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langaði til þess að koma með spurningu til hæstv. forsrh. Nú liggur það fyrir að ríkisstjórnin stefnir að því að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaganna frá ríkinu og að það þýðir að menn stefna að því að sveitarfélögin eflist og stækki. En það er ekkert sem segir að það verði almennt með þeim hætti því ekki liggur fyrir hvernig minnstu sveitarfélögin koma þá inn í þetta dæmi. Menn hljóta að þurfa að svara þeirri spurningu hvort það komi til greina að verkefni sveitarfélaganna verði mismunandi eftir stærð þeirra eða hvort menn ætla að klára þetta dæmi með því að sveitarfélögin verði öll fær um að taka að sér þau verkefni sem flutt verða frá ríkinu.

Ég spyr: Eiga að verða til tvenns konar sveitarfélög í landinu eða ætla stjórnvöld að taka þannig á málum að hægt verði að flytja verkefni til þeirra allra?

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir umræðuna og svörin svo og þeim þingmönnum sem hafa blandað sér í umræðuna og komið með mörg mjög athyglisverð sjónarmið inn í hana um þetta mikilvæga mál sem lýtur bæði að því hvaða verkefni og þjónusta eiga að vera á höndum sveitarfélaga og hins vegar að tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Um leið og ég fagna því að ýmiss konar vinna er í gangi á vegum ríkisstjórnarinnar um framtíðarskipan þessara mála vil ég ítreka mikilvægi þess og tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um að réttlátlega og sanngjarnt sé skipt á milli ríkis og sveitarfélaga þannig að þau geti hreinsað upp og losað sig úr þeirri snöru sem mörg eru í til að þau geti tekist á hendur þessi auknu verkefni.

Samfylkingin telur að stíga eigi stærri skref en að því tryggðu að þeim fylgi nægir tekjustofnar og fjármagn til að sinna þeim. Þjónustunni við fólkið er betur komið hjá sveitarfélögum og langtímamarkmið á að vera það að dreifa valdi og færa verkefnin og valdið nær fólkinu í sveitarfélögum landsins. Í því ljósi og þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um stærð sveitarfélaga væri fróðlegt að heyra viðhorf eða skoðun hæstv. forsrh. á því hver lágmarksstærð sveitarfélaganna þarf að vera til að þau séu í stakk búin til að taka við verkefnum af þessu tagi af því að við blasir að aukin verkefni verða ekki færð til sveitarfélaganna í neinum mæli nema þeim fækki verulega og þau stækki þannig að þau verði þess umkomin að taka við auknum verkefnum.

[14:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég geri eins og aðrir og þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þetta mál. Vegna þeirra spurninga sem til mín hefur verið beint eða athugasemda sem gerðar hafa verið vil ég nefna sérstaklega útsvarstekjur sveitarfélaga. Miðað við nokkur ár að undanförnu hafa útsvarstekjur sveitarfélaganna bólgnað út langt umfram það sem verðlagsforsendur hafa gefið tilefni til. Það hefur náttúrlega gerst vegna þess að hér hefur raunkaupmáttaraukningin orðið yfir 30% og það hefur auðvitað skilað sér í útsvarstekjum sveitarfélaganna og liggur fyrir, og það veit hvert mannsbarn í rauninni.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði hvort tekjuskiptingin væri eðlileg. Það er gríðarlega stór spurning sem ég vil ekki svara endanlega hér á þeim tveimur mínútum sem ég hef. Á hinn bóginn verður líka að hafa í huga að það skiptir máli hvernig sveitarfélögum er stjórnað. Það er ekki bara hvernig tekjuskiptingin er. Ég get nefnt sem dæmi sveitarfélag sem ég stýrði. Þegar ég fór frá því sveitarfélagi voru nettóskuldir sveitarfélagsins og stofnana þeirra 2

milljarðar á núgildandi verðlagi. Í þessu sama sveitarfélagi þrátt fyrir bólgnun á útsvarstekjum eru nettóskuldirnar 44 milljarðar (Gripið fram í.) á sama verðlagi. Hugsið ykkur það og þrátt fyrir skattahækkanir og miklu meiri tekjur. Þið vitið hvert sveitarfélagið er og þið vitið hvaða ólánsstjórn hefur stjórnað því.

Varðandi jöfnunarsjóðinn sem um var spurt af hv. þm. Kristjáni Möller hafa sveitarfélögin í viðræðum við hæstv. félmrh. og fjmrh. talað um jöfnunarsjóðsframlögin. 700 millj. sem um var rætt voru tímabundin framlög. Ég get ekki lofað því að slík framlög verði áfram sett inn í jöfnunarsjóðinn. Þó að ríkisstjórnin hafi ekki útilokað að koma til móts við óskir sveitarfélaganna varðandi sjóðinn vil ég ekki nefna neinar tölur í því sambandi.

Ég vil einnig nefna það út af því sem hér var nefnt í sambandi við sameiningu sveitarfélaga og aukin verkefni til þeirra að það þarf auðvitað að eiga sér stað og fara fram tekjuaðlögun að þeim breytingum sem þar er um að ræða.

Önnur spurning, sem hv. þm. Jóhann Ársælsson bar upp (Forseti hringir.) varðandi það hvort eigi að vera tvenns konar mismunandi sveitarfélög. Ég hygg að það sé skynsamlegt að reyna að hafa sveitarfélögin sem einsleitust.

Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði.

Fsp. ÁI, 297. mál. — Þskj. 342.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Fjölmiðlar eru ein af meginstoðum lýðræðislegrar stjórnskipunar. Þeir eru hið svokallaða fjórða vald og að margra mati jafnvel hið öflugasta í nútímasamfélagi. Það ætti reyndar að vera óþarft að fjölyrða hér á hinu háa Alþingi um mikilvægi þess að í fjölmiðlum ríki fjölbreytni og að tjáningarfrelsi fjölmiðla verði ekki hneppt eða bundið á klafa hagsmuna eða viðskiptablokka. En á íslenskum fjölmiðlamarkaði eins og reyndar á fleiri sviðum samfélagsins og viðskiptalífsins stefnir nú óðfluga í fákeppni og samþjöppun. Ýmsir hafa lýst sérstökum áhyggjum af þessari þróun því að fákeppni er trúlega hvergi verri en einmitt í fjölmiðlun.

Inn í þessa umræðu hefur einnig blandast sú staðreynd að engin trygging er fyrir því í lögum að eigendur fjölmiðla þurfi að upplýsa almenning um eignarhald sitt á þeim. Vísbendingar hafa einnig komið fram um að á stundum a.m.k. séu lítil skil og jafnvel lágir múrar milli fjárhagslegs rekstrar og ritstjórnar bæði í prentmiðlum og ljósvakamiðlum.

Ég tel nauðsynlegt að fjölmiðlar njóti frelsis og sjálfstæðis en ég tel jafnframt mjög nauðsynlegt að almenningur viti hverjir eiga fjölmiðla og tel að sjálfstæði þeirra og frelsi væri ekki ógnað með lagasetningu þar um. Sú staðreynd að viðskiptablokkir og jafnvel bankar eru nú farnir að slást um eignarhald á fjölmiðlum í landinu vekur reyndar upp spurningar um hvort reisa eigi enn frekari skorður við eignarhaldi á þessum markaði til að hindra þar óæskileg hagsmunatengsl.

Samþjöppun eigna og valds á þessu sviði þjóðfélagsins getur nefnilega orðið lýðræðinu varasöm og sama þróun gæti í rauninni leitt til þess að allir fjölmiðlar í landinu fyrir utan Ríkisútvarpið kæmust á sömu hendur, enda hefur þessi umræða öll orðið til þess að mönnum er nú ljósara en áður mikilvægi þess að hafa hér öflugt ríkisútvarp í landinu og er það vel. En vegna þessarar samþjöppunar og umræðu sem orðið hefur á undanförnum vikum hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh. svofelldra spurninga:

1. Hefur þróun mála á fjölmiðlamarkaði að undanförnu verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni?

2. Telur ráðherra koma til greina að sett verði lög til að hindra frekari samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggja betur en nú er gert að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og óháðir?

[14:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur það að verða fyrst til þess að hreyfa þessu mikilvæga máli í þinginu. Varðandi fyrirspurnina hvort þróun mála á fjölmiðlamarkaði að undanförnu hafi verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni, þá er því til að svara að það hefur borið á góma í ríkisstjórninni en ekki verið rætt með formlegum hætti svo það sé nefnt, og ég hygg að það sama sem eigi við um þingflokka stjórnarflokkanna.

Varðandi síðari spurninguna um það hvort ráðherra telji koma til greina að sett verði lög til að hindra frekari samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggja betur en nú er gert að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og óháðir, þá tel ég að það sé alls ekki hægt að útiloka það að til slíkrar lagasetningar komi og það mætti jafnvel færa fyrir því rök að í því fælist tómlæti af hálfu þingsins við núverandi aðstæður að láta ekki koma til athugunar a.m.k. slíka lagasetningu.

Víðast hvar í heiminum þar sem ég þekki til gilda slíkar reglur. Það er þó ekki undantekningarlaust og við tilheyrum, svo merkilegt sem það er, undantekningunum hvað þetta varðar. Til að mynda í Bandaríkjunum er bannað að þeir sem eiga dagblöð eigi jafnframt sjónvarpsstöðvar. Það er lagt blátt bann við því. Þó er það svo að Bandaríkjamenn ganga afar langt, dómstólar til að mynda í að tryggja tjáningarfrelsið sem stjórnarskráin bandaríska tryggir. Í Svíþjóð mun það vera svo að dagblöð, áskriftardagblöð til að mynda sem koma út og menn líta þannig á að séu til þess fallin að skapa frjóa og fjölbreytta umræðu, njóta niðurgreiðslu til áskrifenda til þess að tryggt sé að slík blöð fái þrifist því menn líta svo á að kosningarrétturinn hinn almenni sé ekki virkur nema umræða í fjölmiðlum sé tiltölulega fjölbreytt og frjáls. Ég minni á að það kom nýlega fram í viðtali við fræðimann hér að þegar eigendur Dagens Nyheter ætluðu að kaupa Svenska Dagbladet þá skipti ríkisstjórnin sér af því til að koma í veg fyrir það að þarna yrði um samþjöppun að ræða.

Fréttamenn ágætir tala jafnan um það að fréttaeiningar fjölmiðlanna séu afar sjálfstæðar og vel má vera að það sé að verulegu marki. Þó er það þannig að víðast hvar í heiminum er talið að eignarhaldið ráði úrslitum í þeim efnum. Það er eignarhaldið sem leiðir til þess með hvaða hætti viðkomandi fréttastofa eða fréttaeining er skipuð í upphafi og það mun síðan hafa áhrif á það hvernig fréttastofan vinnur, þó að eigendur séu kannski ekki daglega að skipta sér af því hvernig fréttastofurnar séu reknar. Þannig að það er eignarhaldið sem skiptir þarna meginmáli.

Auðvitað er það rétt sem hv. þm. sagði að það er fyrsta skilyrðið að eignarhaldið sé ljóst. Hér bjuggum við við það varðandi eitt dagblaðið, að enginn hafði hugmynd um það mánuðum og jafnvel árum saman hverjir áttu það blað og þeir eigendur gátu síðan látið það blað skjóta á andstæðinga

sína ímyndaða eða raunverulega eftir atvikum úr launsátri. Þetta mundi hvergi í heiminum vera látið líðast.

Nú standa mál þannig til að mynda í dag að það veit enginn hver á Stöð 2, einu frjálsu sjónvarpsstöðina í landinu svo maður noti orðið frjálsa án þess að halla nokkuð á Ríkisútvarpið. Ég tel ekki að það eigi að gera það. En stundum er látið í veðri vaka að Kaupþing Búnaðarbanki eigi þessa stöð en það er einnig látið í veðri vaka að tiltekinn nafngreindur einstaklingur í kaupsýslu eigi nú þegar orðið þessa stöð. Það er auðvitað algerlega óboðlegt að slík staða sé uppi. Og það er reyndar ekki boðlegt heldur að einn af stærstu bönkum þjóðarinnar taki þátt í viðskiptabrellum af þessu tagi og hafi ekki sína hluti á tæru gagnvart almenningi í þessum efnum. Það er ekki búandi við það. Og reyndar er maður mjög hugsandi orðinn yfir því, svo maður komi því að hér, með hvaða hætti íslensku bankarnir, allir stærstu bankarnir eru farnir að haga sér með afskiptum sínum og inngripum í íslenskt atvinnulíf. Þar eru menn komnir út á mjög hála braut, að mínu viti, og ég, sem hef trúað og stutt og verið stoltur af því að standa fyrir einkavæðingu á slíkum bönkum, tel jafnframt að það eigi að reyna að halda þessum bönkum að sínum verkefnum og þeir séu komnir langt út fyrir þau mörk sem þeir eiga að sinna og skyldum gagnvart almenningi í þeim efnum, svo ég bæti því nú við fyrirspurn hv. þm. og ég vona að ég sé ekki að fara út fyrir rammann með því. En ég þakka fyrirspyrjandanum aftur fyrir að opna þessa umræðu með þessum hætti.

[15:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég tek undir þakkir hæstv. forsrh. til hv. málshefjanda og vil sömuleiðis láta í ljósi þakkir til hæstv. forsrh. fyrir afar athyglisvert svar.

Mig langar til að segja það varðandi þessa umræðu að eins og það er nauðsynlegt að tryggja að almenningur viti hverjir eiga fjölmiðlana til þess að hann viti hverra hagsmuna er verið að gæta, ef ekki er gætt hlutleysis í viðkomandi fjölmiðli, er að sama skapi afar nauðsynlegt að ríkisstjórnin og stjórnvöld á hverjum tíma gái að sér varðandi stjórn sína og vald í Ríkisútvarpinu. Að öðrum kosti yrði Ríkisútvarpinu, sem er almannaútvarp í þjóðareign, stefnt í voða og breytt úr óháðum frjálsum fjölmiðli í ríkisstjórnarútvarp sem örugglega enginn vill. Það er því margs að gæta í þeirri umræðu sem hér er hreyft um hlutleysi fjölmiðla og nauðsyn þess að almenningur viti öllum stundum hverra hagsmuna er verið að gæta, málpípa hverra fjölmiðillinn er.

[15:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ákaflega tregur til lagasetningar um fjölmiðla. Við höfum búið við það í okkar lýðræðissamfélagi að fjölmiðlar hafa leikið og starfað án verulegs lagaramma og ég tel að það sé æskilegast. Fjölmiðlar eru fjórða valdið og það þýðir að þeir eigi að vera sem óháðastir hinum þremur.

Ég tel hins vegar og tek undir með þeim sem hér hafa talað að það þarf að gæta að þrennu. Það þarf að gæta að gegnsæi um eigendur og rekstur, það þarf að gæta þess að ábyrgð fjölmiðlanna á efni sínu sé klár og skýr og það þarf að gæta þess að ritstjórnir séu sjálfstæðar frá eigendum og útgáfustjórn að öðru leyti.

Það sem við ættum kannski að byrja á að gera hér, hið tvíeina vald löggjafar og framkvæmdar, er að gæta að okkur sjálfum og, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, að koma Ríkisútvarpinu í það stand að það geti talist vera sjálfstæður óháður fjölmiðill, gegnsær og í þjónustu við almenning.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að hreyfa þessu afar mikilsverða máli og sömuleiðis hæstv. forsrh. fyrir athyglisverð og í raun jákvæð svör. Ég held að það verði seint of oft undirstrikað hversu mikilvægt er að fjölmiðlar séu til staðar, sjálfstæðir, óháðir, heiðarlegir og allt sé gagnsætt hvað varðar eignarhald á þeim eða mögulegt áhrifavald yfir þeim eða þeirra framgöngu.

Það er augljóst mál að samþjöppun í fjölmiðlaheiminum er sérlega varasöm. Fjölbreytni er nauðsynleg enda víða talsvert á sig lagt til að tryggja hana þar með talið með fjárframlögum, samanber blöð í Svíþjóð, sem hæstv. forsrh. vitnaði til, og sama er við lýði í Noregi og víðar. Það er sérstaklega varhugavert ef umsvifamiklir aðilar í viðskiptum, sem jafnvel starfa í fákeppnisumhverfi þar, gerast jafnframt fjölmiðlakóngar. Þá er stutt í hið rússneska ástand, íslenska „ólígarka", nýríka viðskiptajöfra sem eru jafnframt með fjölmiðla eða fjölmiðlakeðjur á sínum höndum til að reka áróður fyrir umsvifum og störfum sínum.

[15:08]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu og get tekið undir með hæstv. forsrh. að það er mikilvægt að það liggi fyrir hverjir eiga fjölmiðla þó að það geti auðvitað verið í lausu lofti þegar þeir eru að skipta um eigendur, stór almenningshlutafélög. Það er með sama hætti fullkomlega smekklaust af hæstv. forsrh. að nota ræðustól Alþingis til þess að ráðast með þessum hætti að nafngreindum fjarstöddum einstaklingum aftur og aftur hér í fyrirspurnum.

Ég vil hins vegar fá að árétta það við forsrh. hvort það sé rétt skilið af ræðu hans að hann í rauninni óumbeðið bendi á að það geti verið ástæða til að niðurgreiða útgáfu áskriftarmiðla, til að mynda Morgunblaðsins, með því að tiltaka hér dæmið frá Svíþjóð og hvort það sé þá mál sem forsrh. hyggst hreyfa, þ.e. að útgáfa áskriftardagblaða og þá hugsanlega áskriftarsjónvarps eins og Stöðvar 2 verði niðurgreidd með beinum framlögum úr ríkissjóði eða hvort ráðherra telji koma til greina að beita sérstökum skattaívilnunum til að mynda varðandi virðisaukaskatt fyrir slíka miðla svo að þeir fái þrifist og dafnað.

[15:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Álfheiði Ingadóttur fyrir að taka þetta mál upp og tek undir það sjónarmið hennar að það er nauðsynlegt fyrir okkur að vita hverjir það eru sem eiga fjölmiðlana og það þarf að setja um það skýrar reglur.

Ég vil einnig taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni varðandi Ríkisútvarpið, þar þurfa að ríkja skýrar reglur. Það hlýtur að vera hlutverk okkar á Alþingi að tryggja réttlátar og skýrar leikreglur hvað varðar fjölmiðla og fjölmiðlamarkaðinn rétt eins og aðra þætti. Það er okkar að móta leikreglurnar og hafa eftirlitið og annarra að vinna úr því. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð

eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum. Ég þakka því hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp.

[15:11]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar umræður. Ég vil líka fagna því hversu mikil samstaða virðist vera í þingheimi um mikilvægi þess að eignarhald fjölmiðla sé lýðnum ljóst.

Ég vil forvitnast um það hjá hæstv. forsrh. hvaða aðstæður í hans huga gætu kallað á sérstaka löggjöf hvað þetta varðar, fyrst hann útilokar það ekki. Hvaða aðstæður gætu hugsanlega kallað á sérstök lög umfram þau lög sem við höfum varðandi til að mynda samkeppni, þar sem við höfum í dag samkeppnislög sem tryggja að markaðshlutdeild fari ekki úr hófi fram.

[15:12]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þykja þessar umræður athyglisverðar. Sérstaklega hefur það vakið athygli mína að hv. þm. Samfylkingarinnar eru að gefa í skyn að Ríkisútvarpið beri það með sér að þeir sem þar vinni hafi ekki frjálsar hendur og ég átta mig ekki á því hvað þeir hafa sérstaklega í huga í því sambandi. Það hefði verið nauðsynlegt að þeir hefðu gert betur grein fyrir sínum skoðunum í þeim efnum varðandi fréttamenn Ríkisútvarpsins eins og ég skildi þeirra mál.

Ég vil segja varðandi það sem hér hefur verið sagt um samkeppnisstöðu fjölmiðla, þá höfum við auðvitað Samkeppnisstofnun. Það má velta því fyrir sér hvort það hafi t.d. áhrif á útbreiðslu fjölmiðla hversu öflugir þeir eru, hvort þeir hafi óeðlileg tök t.d. á auglýsingamarkaði og velta upp því samhengi sem er milli sterkrar stöðu eigenda á fjármálamarkaði og hvaða áhrif það hefur á eðlilega fjölmiðlun og fréttaflutning í landinu.

[15:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir vekja athygli á þeim samhljóm sem virðist vera í umræðum manna varðandi eignarhaldið á fjölmiðlunum. Ég held að það sé rétt, þó að það þurfi auðvitað að fara varlega varðandi löggjöf í þessum efnum, að menn þurfa mjög að hyggja að því hvort það þurfi ekki að gera kröfur til þess að það liggi fyrir nákvæmlega, með skýrum hætti, hvert eignarhaldið á fjölmiðlunum er, a.m.k. þeim áhrifamestu í landinu.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því og rifja það upp að það fór hér fram ákaflega sérkennilegur farsi á þessu og síðasta ári varðandi eignarhaldið á tilteknum fjölmiðli í landinu þar sem eigendur þess fjölmiðils, í samvinnu við ritstjórn þess, fóru undan í flæmingi hvenær sem á það var minnst að það væri nauðsynlegt að upplýsa hverjir væru eigendur að fjölmiðlinum. Hér á ég við Fréttablaðið og tel þetta dæmi um mikinn skrípaleik í kringum fjölmiðil sem ætti ekki að þurfa að skammast sín fyrir eigendurna — eða hvað?

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og vil sérstaklega þakka forsrh. fyrir svör hans. Ég tel reyndar að í orðum hans hafi falist nokkurs konar áskorun til þingsins um að það taki þessi mál í sínar hendur og hver veit nema þingið verði skjótlega við því.

Þegar rætt er um löggjöf í þessu sambandi vilja menn kannski helst nefna tvennt sem gæti verið því til fyrirstöðu. Sumir hafa bent á að slíkt kynni að brjóta gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Vestur í Bandaríkjunum hafa menn ansi stíf eignarréttarákvæði í sinni stjórnarskrá. Þar hafa menn ekki skirrst við að reisa skorður við eignarhaldi á fjölmiðlum á þann hátt sem hæstv. forsrh. nefndi að þeir sem eiga prentmiðla geti jafnframt ekki átt ljósvakamiðla. Þetta er eitt þeirra atriða sem ég tel eðlilegt að verði skoðað.

Hitt atriðið sem menn nefna og hefur borið á góma hér er Samkeppnisstofnun. Eins og hún er nú góðra gjalda verð þá skyldu menn spyrja sig hvað um hana yrði þegar kannski tveir prentmiðlar og ein ljósvakastöð legðust í umræður og hernað gegn ákvörðun slíkrar stofnunar.

Virðulegur forseti. Fjölmiðlar eiga að veita valdhöfum aðhald en almenningur á að veita fjölmiðlum aðhald. Til þess að svo geti orðið verða menn að vita hverjir eiga fjölmiðlana. Það er aðalatriði eins og hefur komið fram í máli allra hér í dag.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef verið spurður m.a. um hvað þurfi til að koma í samþjöppun á fjölmiðlamarkaði til að þau viðbrögð sem ég hef nefnt hér eigi við. Ég hef ekki hugsað það mál til enda. Svona mál eru nýkomin upp í þann brennidepil sem þau eru nú. Ég hef hins vegar vakið athygli á því hvaða reglur gilda sums staðar annars staðar. Ég hef haft mjög skamman tíma til að láta vinna það og ætla að láta gera það betur þannig að þær upplýsingar liggi frekar fyrir.

Til viðbótar því sem ég hef áður nefnt til að mynda varðandi Bandaríkin þá er þar ekki bara þeim sem eiga dagblöð bannað að eiga sjónvarpsstöðvar. Þar er bannað að einn aðili eigi sjónvarpsstöð sem nær meira en til 35% áhorfenda. Það er lagt bann við því.

Menn nefna síðan markaðinn og hina almennu samkeppnina, hvort hún geti ekki leyst þetta mál. Það snertir auðvitað viðkvæman streng í mínu brjósti. Það fyrsta sem mér dettur í hug er að markaðurinn eigi auðvitað bara að leysa þetta mál. En það sýnir einmitt sérstöðu á þessum markaði sem er út af fyrir sig samkeppnismarkaður, en það sýnir sérstöðu hans að við erum öll tilbúin til þess á þessu markaðssviði að reka ríkisrekna starfsemi, ríkisútvarp. Ég er tilbúinn til þess. Ég hygg að flestir hér inni séu tilbúnir til þess. Það segir heilmikla sögu um hið sérstaka eðli sem er á þessum markaði, að menn vilja tryggja að ákveðin stofnun sé rekin með tilteknum hætti eftir ákveðnum reglum á þessu markaðssviði. Meira að segja harðir einkavæðingarmenn eins og ég geta ekki hugsað sér að einkavæða Ríkisútvarpið. Það segir allt sem segja þarf um þennan markað þannig að samkeppnin leysir ekki þetta mál, því miður.

Lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni.

Fsp. MF, 289. mál. — Þskj. 334.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þann 17. október 2001 var ég með fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar. Alþingi samþykkti í maí 1997 þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Síðan þá hefur ekki verið mikið rætt um framkvæmd þeirrar stefnu. Hlutverk allra ráðuneyta í

mótun fjölskyldustefnu er mikilvægt bæði hvað varðar samfélagið í heild sinni en ekkert síður hvað varðar starfsfólk ráðuneyta.

Hæstv. utanrrh. skipaði í framhaldi af samþykkt Alþingis um fjölskyldustefnuna nefnd til að gera tillögur um mótun fjölskyldustefnu utanríksþjónustunnar. Sú nefnd skilaði áliti sínu og tillögum í október 1998. Þar var listi yfir ýmis atriði þar sem væri þörf á úrbótum. Um var að ræða níu atriði, þar á meðal lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna, kostnaðarhlutdeild ráðuneytis í forskólagjöldum og skólagjöldum barna þeirra, þörf fyrir sérstaka styrki vegna fjölskylduheimsókna og tengsl barna starfsmanna sem búsettir eru erlendis við íslenska skólakerfið og aðstoð við þessi börn vegna móðurmálskennslu við heimkomu þeirra. Þessi atriði og önnur sem talin voru upp í skýrslunni eru öll mikilvægir þættir í því að tryggja flutningsskyldum starfsmönnum utanríkisþjóustunnar og fjölskyldum þeirra fjölskylduvænt umhverfi. Það eiga að gilda skýrar reglur sem tryggja öllum starfsmönnum ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra fjölskylduvænt umhverfi. Framkvæmdarvaldið á að sjálfsögðu að ganga þar á undan með góðu fordæmi.

Hvergi er þó eins mikil nauðsyn á að tryggja, svo sem kostur er, rétt fjölskyldna en hjá flutningsskyldum starfsmönnum utanríkisþjónustunnar. Makar þeirra starfsmanna sinna oftar en ekki mikilvægum verkum í okkar þágu en búa við töluvert óöryggi, sérstaklega á vinnumarkaði.

Því miður reynist það oft svo að ef maki starfsmanns utanríkisþjónustunnar leitar eftir vinnu meðan á dvöl hér heima stendur þá er erfitt að fá fasta vinnu einfaldlega vegna þess að þeir, eða í flestum tilvikum þær, eru ekki taldir öruggir starfskraftar vegna flutningsskyldu maka. Þessir einstaklingar búa því stóran hluta af ævi sinni við að vera ekki úti á vinnumarkaðnum, hafa ekki möguleika á því sem getur haft veruleg áhrif á kjör þeirra til frambúðar t.d. hvað varðar lífeyrisréttindi.

Í svari við fyrirspurn minni 2001, fyrir rúmum tveimur árum tók, hæstv. utanrrh. undir þá skoðun að athuga þyrfti sérstaklega lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna *og nefndi að á Norðurlöndum hefði þessum hópi verið tryggð* lífeyrisréttindi. Þá hefði hann skipað nefnd sem ætlað var að vinna að tillögum í þessum efnum. Starfshópurinn væri þá um það bil að ljúka störfum og að utanrrn. ætlaði í framhaldi af því að leggja fram tillögu sína til úrbóta. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur starfshópur ráðherra sem fjalla átti um lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni lokið störfum? Ef svo er, hverjar voru tillögur starfshópsins og hvað hefur verið gert til þess að bæta réttindi þessa fólks?

[15:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og fyrir áhuga hennar á þessu máli. Það er ekki á hverjum degi sem málefni fjölskyldna starfsmanna utanríkisþjónustunnar koma hér til umræðu. Ég vil þakka henni sérstaklega fyrir þann áhuga sem hún hefur sýnt þessu mál.

Starfshópurinn sem var stofnaður á sínum tíma til að fjalla um lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni lauk störfum á liðnu ári. Í þessum starfshópi voru fulltrúar Makafélags sendierindreka utanríkisþjónustunnar, fulltrúi frá starfsmannaskristofu fjmrn. og rekstrarstjóri utanrrn. Helstu tillögur starfshópsins voru:

1. Að koma upp sérstökum fjárvörslureikningi hjá banka fyrir alla maka flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

2. Gert var ráð fyrir því að ríkissjóður greiði lífeyrisframlag inn á fjárvörslureikninginn ár hvert á meðan starfsmaður er við störf á vegum utanríkisþjónustunnar erlendis, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs sjóðfélaga.

3. Gert var ráð fyrir því að sú upphæð nemi 11,5% af meðalgrunnlaunum félagsmanna í Félagi starfsmanna Stjórnarráðsins og Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Ekki var gert ráð fyrir mótframlagi makans enda eru þeir makar ólaunaðir sem fá þessar greiðslur.

4. Makar flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar njóti lífeyrisframlags samkvæmt þessu fyrirkomulagi. Greiðslur úr sjóðnum hefjist þegar maki sjóðfélaga lætur af störfum, andast eða við skilnað, þó aldrei fyrr en við 60 ára aldur sjóðfélaga og eigi síðar en við 70 ára aldur hans. Gert er ráð fyrir föstum árlegum greiðslum í a.m.k. sjö ár.

Tillögur starfshópsins koma til framkvæmda á þessu ári. Búið er að leita tilboða í ávöxtun sjóðsins og gert er ráð fyrir að fyrstu greiðslur úr honum verði inntar af hendi í lok ársins. Fjárveiting vegna þessa er til staðar í fjárlögum ársins í ár.

Þess má geta að lokum að aðrar utanríkisþjónustur Norðurlandanna hafa allar þegar komið á sambærilegu kerfi og höfum við stuðst við þá reynslu sem þar er í þessum málum.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og fagna því að leiðréttingar varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur til maka starfsmanna utanríkisþjónustunnar eru nú að komast á þó að reyndar séu um tvö ár síðan ég spurði hæstv. ráðherra. Hann sagði þá á þinginu að starfshópurinn væri rétt um það bil að ljúka störfum. En betra er seint en aldrei. Ég vil einnig taka undir með ráðherra að það er ekki oft sem við ræðum á hv. Alþingi um kjör starfsfólks utanríkisþjónustunnar almennt. Meira fer fyrir gagnrýni á fjáraustur utanríkisþjónustunnar. Það er reyndar mjög vinsælt umræðuefni m.a. í fjölmiðlum að horfa einungis á þær fjárhæðir sem fara til utanríkisþjónustunnar en ekki þess árangur ssem þetta fólk er að skila okkur. Í breyttu umhverfi og samfélagi þjóðanna þurfum við á öflugri utanríkisþjónustu að halda. Við þurfum á því að halda að þeir sem starfa þar geti flutt fjölskyldu sína með sér og það þýði ekki verulega kjaraskerðingu og það þýði ekki niðurbrot á sjálfstrausti maka starfsmanna. Þess vegna fagna ég því að leiðréttingar varðandi lífeyriskjör maka flutningsskyldra starfsmanna eru að koma til framkvæmda. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort greiðslur í þennan lífeyrissjóð séu einungis á meðan viðkomandi einstaklingur dvelur erlendis en ekki þegar dvalið er hér á landi, því eins og ég sagði áðan þá er það mjög oft þannig að makar starfsmanna utanríkisþjónustunnar fá ekki vinnu þann tíma sem þeir dvelja heima einfaldlega vegna flutningsskyldu makans.

[15:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég hef skilið það svo að það sé eingöngu meðan viðkomandi dvelur erlendis. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að það getur verið álitamál vegna þess að

viðkomandi einstaklingar dvelja oft og tíðum ekki nema tiltölulega skamma hríð hér á landi áður en þeir fara til nýrra starfa erlendis þannig að jafnvel þótt þeir hafi möguleika á að fá vinnu hér á landi þá getur verið um að ræða að viðkomandi starfsmaður sé frekar ótryggur í sínu starfi og þess vegna eigi slíkir einstaklingar erfiðara með að fá fasta vinnu til framtíðar en almennt gerist á vinnumarkaði. Ég hef skilið það svo að þannig sé þessu máli fyrir komið, ekki aðeins hjá okkur heldur jafnframt hjá nágrannaþjóðum okkar. En ég tel ástæðu til þess að líta á þetta í ljósi reynslunnar. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem er að hefja göngu sína og mun áreiðanlega ekki stökkva fullskapað af stað. Þess vegna er ástæða til að líta betur á það þegar reynsla fæst af því.

[15:28]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 328. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 380.

Verklag við fjárlagagerð, 325. mál, fsp. HHj, þskj. 376.

Sameining ríkisháskólanna.

Fsp. BjörgvS, 103. mál. — Þskj. 103.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru komu fram athyglisverðar hugmyndir hjá Ólafi Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, um að sameina ætti alla ríkisháskólana undir eitt merki, einhvers konar regnhlíf þar sem skólar og deildir geta haldið verulegu sjálfstæði sínu undir merki Háskóla Íslands. Undir þessar hugmyndir tók Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, og taldi að nauðsynlegt væri að skoða þær mjög vandlega. Mikilvægast við slíkan samruna er að sjálfsögðu að halda fjölbreyttu og aðgengilegu námsframboði samhliða hagræðingu í stjórnsýslunni. Við sameiningu ríkisháskólanna eru að mínu mati margir augljósir kostir hvað varðar hagræðingu og sparnað við margs konar starfsemi sem allir skólarnir þurfa að standa fyrir, svo sem nemendaskrá, innritunarkerfi, þjónustu við tölvukerfi, fjarkennslukerfi, námsráðgjöf o.fl. svo að eitthvað sé nefnt. Brýnt yrði við slíkar sameiningarhugmyndir eða undirbúning að gæta þess að slík sameining yrði ekki til að auka miðstýringu heldur fyrst og fremst sparnað við stjórnsýslu og það að enn öflugra háskólakerfi yrði til í landinu í hinni hörðu samkeppni við alþjóðlega háskóla. Markmiðið með slíkri sameiningu á að vera að tryggja fjölbreytni og auka sjálfstæði grunneininganna og rannsóknarsviðsins. Fámennið er einn helsti veikleiki skólastigs okkar og gæti slík sameining orðið til að efla enn frekar þá góðu skóla sem eru á háskólastigi og skjóta enn frekari stoðum undir það öfluga og fjölbreytta nám sem er á íslenskum háskólamarkaði. Í þessu ljósi og að fram komnum þessum vel rökstuddu og athyglisverðu hugmyndum frá rektorum þessara tveggja ríkisháskóla beini ég þeirri fyrirspurn til menntmrh. hvort í undirbúningi sé að sameina alla ríkisháskólana innan einnar stofnunar undir nafni Háskóla Íslands þar sem skólar og deildir geta haldið sjálfstæði sínu. Ég skora um leið á hann að beita sér fyrir umræðum um slíka sameiningu til að efla enn frekar háskólakerfið séu áætlanir um það ekki nú þegar farnar af stað.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. er fljótsvarað. Á vegum stjórnvalda er ekki í undirbúningi að sameina ríkisháskólana innan einnar stofnunar. Hins vegar er það rétt að rektorar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands hafa látið skrifa greinargerð um aukið samstarf, verkaskiptingu eða sameiningu þessara stofnana en hún hefur ekki verið til umfjöllunar í ráðuneytinu. Þessa greinargerð má finna á vef Kennaraháskóla Íslands. Ekkert formlegt erindi hefur borist ráðuneytinu vegna þessarar greinargerðar eða um að ráðuneytið beiti sér fyrir því að ríkisháskólarnir verði sameinaðir undir einni stofnun.

Á undanförnum árum hefur háskólinn hér á landi tekið miklum stakkaskiptum. Á Íslandi hefur það verið markmið stjórnvalda að fjölga háskólanemum og það markmið hefur gengið eftir. Nemendur í háskóla voru 5.300 árið 1990 en 14.000 árið 2002. Við erum raunar komin í forustusveitina hvað þetta varðar, þ.e. með hlutfall Íslendinga af aldursárgöngunum 18–74 ára sem eru í háskólanámi. Þessi þróun á rætur í miklum vexti háskólastarfseminnar undanfarin ár og ber vott um mikla gerjun. Það er eðlilegt að háskólarnir efli með sér samvinnu og hafi sjálfir frumkvæði að slíkri samvinnu ef þeir telja að hag þeirra verði betur borgið í samstarfi um ákveðna þætti. En frá mínum bæjardyrum séð er ákaflega mikilvægt að háskólarnir hafi sjálfir frumkvæði og ráði ferðinni í þessum efnum. Samstarf milli háskólanna hefur verið að aukast, ég nefni t.d. samstarf Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um nám og rannsóknir á sviði ferðaþjónustu. Þetta er í samræmi við þá meginhugsun sem endurspeglast í núgildandi löggjöf á sviði háskólamenntunar í landinu.

Hugmyndin um sameiningu er hins vegar ekki fyllilega í samræmi við þá miklu áherslu sem hefur verið lögð á sjálfstæði af hálfu skólanna sjálfra. Aftur á móti kunna að vera ýmsir möguleikar á auknu samstarfi og verkaskiptingu milli ríkisháskólanna. Að mínu mati er sjálfsagt og eðlilegt að stjórnendur þeirra leiti sameiginlegra lausna á ákveðnum viðfangsefnum. Slík samvinna gæti á endanum leitt til þess að háskólarnir héldu að einhvers konar sameining væri skynsamleg.

Svarið við fyrirspurn hv. þm. er eins og áður segir neikvætt. Á vegum stjórnvalda er ekki verið að vinna að sameiningu ríkisháskólanna innan neinnar stofnunar.

Það er kannski rétt að rifja upp að fljótlega eftir að farið var að tala af mikilli alvöru um að stofna Háskóla á Akureyri var rætt um það, um 1980 ef ég man það rétt, að þar yrði útibú frá Háskóla Íslands. Þegar ráðist var í stofnun háskólans var tekin um það ávörðun að svo yrði ekki heldur yrði háskólinn sjálfstæð stofnun. Nú eru allir á þeirri skoðun að það hafi verið mikið gæfuspor þegar sú ákvörðun var tekin. Skólinn hefur vaxið og dafnað. Segja má að það skref sem stigið var þegar skólinn var stofnaður hafi verið eitt mikilvægasta spor í landsbyggðamálum sem stigið hefur verið hér á landi. Það byggðist á því að skólinn væri sjálfstæður, þar væru teknar ákvarðanir innan sjálfstæðrar stofnunar og hann væri ekki öðrum háður í þeim efnum. Ég held að fáir mæli bót þeirri hugmynd að Háskólinn á Akureyri sameinist öðrum ríkisháskólum. Ég hef ekki heyrt að það sé skoðun þeirra sem fara með stjórn þess skóla og háskólarektor Háskólans á Akureyri hefur tjáð sig, ef ég man rétt, um að hann væri mótfallinn slíkum hugmyndum.

[15:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp og minna okkur á þessa athyglisverðu hugmynd sem fram kom, sem mér finnst vera fyllilega þess virði að skoða. Ég er hins vegar sammála hæstv. ráðherra um að frumkvæði að þeirri athugun eigi auðvitað að koma frá skólamönnunum sjálfum.

Ég vildi bæta við þessa umræðu. Nú er það svo að landbúnaðarskólarnir hafa verið að færast yfir á háskólastig og mér hefur alltaf verið fyrirmunað að skilja hvernig stendur á því að þeir skólar heyra til landbrn. Mun hæstv. ráðherra ekki hafa frumkvæði að því að beita sér fyrir því að allar menntastofnanir heyri undir menntmrn. og menntmrh., þar með taldir landbúnaðarháskólarnir?

Eftir að þessir skólar eru komnir yfir á háskólastigið er fráleitt að þeir heyri undir landbrn. Það er fráleitt. Á þessu þarf að taka og ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því á síðustu mánuðum hans í embætti að þessir skólar verði fluttir undir menntmrn.

[15:37]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það sem skiptir mestu máli varðandi störf háskóla og starfsemi á háskólastigi, hvort sem það er kennsla eða rannsóknir, eru verkefnin sjálf og hvernig þau eru byggð upp til að nýtast landi og þjóð til heilla, óháð búsetu og öðru slíku.

Uppbygging háskóla og háskólastarfsemi úti um land er ein öflugasta byggðaaðgerð sem í gangi hefur verið. Hún hefur fyrst og fremst sprottið upp fyrir atbeina heimafólks. Ég legg áherslu á að á þeim grundvelli beri að vinna, það sé hættulegt ef athyglin beinist að því hver eigi að ráða yfir hverjum í stjórnsýslunni, hvort landbrn. eða menntmrn. eigi ráða yfir þessum skólum. Þetta er ein lítil stjórnsýsla hvort eð er, þetta er bara einn lítill hreppur, Ísland. Þess vegna tel ég meginmálið, virðulegi forseti, að hugað sé að verkefnum stofnananna en ekki þessari umgjörð. Hún leiðir menn bara á villigötur.

[15:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að menn þurfi að skoða það ákaflega vel áður en þeir ráðast í að sameina alla háskóla sem reknir eru af ríkinu í eina stofnun. Ég er þeirrar skoðunar, reyndar er það stefna Samf., að það eigi að ýta undir samkeppni á háskólastigi. Ég tel að þróun síðustu ára hafi sýnt að það leiði til aukins námsframboðs og vandaðra náms en áður. Ég gæti rakið mörg dæmi því til stuðnings. Þess vegna held ég að menn eigi að fara sér ákaflega hægt í þessum efnum.

Ég er alveg sammála því sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, að það var góð stefna á sínum tíma að láta Háskólann á Akureyri vera sjálfstæða háskólastofnun fremur en undir Háskóla Íslands. (Gripið fram í.) Ég var ekki þeirrar skoðunar á sínum tíma en tel að þetta sé lykilatriði í hinni ágætu þróun þess háskóla.

Svo tek ég auðvitað undir hvert orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um þær skólastofnanir sem eru undir landbrn.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og þeim þingmönnum sem hafa talað í málinu. Ég tek undir með hv. 1. þm. Suðurk. Að sjálfsögðu eiga allir skólarnir í landinu að heyra undir menntmrn. Umgjörðin skiptir auðvitað máli til að innihaldið sé í lagi.

Ég harma að ekki hafi borist erindi frá rektorum ríkisháskólunum um þetta til menntmrn. af því að auðvitað þarf frumkvæðið að koma þaðan. Í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram síðsumars og í haust er ástæða til að hvetja þá til að fylgja þeim hugmyndum eftir og koma þeim til ráðuneytis þannig að formleg vinna við athugun á ferlinu geti farið fram. Það er ekkert sem blasir við varðandi það hvort sameina eigi ríkisháskólana eða ekki. Það er nauðsynlegt að skoða þá kosti til að efla háskólastigið í ljósi alþjóðlegrar samkeppni og einnig til að efla háskólastigið á Íslandi í heild sinni, sem hefur tekið miklum stakkaskiptum og er mjög öflugt og gott í dag en má batna verulega til að það standi sig í samkeppninni.

Grundvallaratriðið er að kanna ítarlega hvort sameining ríkisháskólanna sé kostur sem mundi efla háskólastigið eða hvort það væri því ekki til framdráttar. Vilji rektoranna tveggja eins og ég gat um í fyrri ræðu minni gefur sannarlega tilefni til að kostir og gallar sameiningar ríkisháskólanna séu skoðaðir gaumgæfilega. Ég beini þeim tilmælum til þeirra að þeir komi erindi þar að lútandi til menntmrn. Sérstaklega þarf að skoða þetta í ljósi þess að þeir hafa fært sannfærandi rök fyrir því að slík sameining yrði háskólamenntun í landinu til framdráttar.

[15:42]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Í þessari umræðu hafa komið fram allathyglisverðar áherslur og mismunandi, ekki síst innan Samfylkingarinnar. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem er ungur þingmaður, er í sama farvegi sem Alþýðuflokkurinn var um 1991 sem var þá í raun á móti því að stofna sjálfstæðan háskóla á Akureyri og vildi fyrst og fremst hafa þessi mál undir hatti Háskóla Íslands. Þeir töldu að það væri veikleiki fyrir okkur, svo fámenna þjóð, að stofna nýjan skóla.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur endurskoðað afstöðu sína til þessa máls í ljósi þess sem hefur gerst. Það var rétt að gera það. Ég veit ekki hvort hann tjáði sig mikið um málið á þeim tíma en það er klárt mál að Alþýðuflokkurinn hafði þá opinberlega, samkvæmt málflutningi þáv. formanns hans, miklar efasemdir um stofnun háskólans.

Ég ætla hins vegar að gera að umtalsefni hvort það er í raun rétt fullyrðing að fámennið sé stærsti veikleiki háskólastigs okkar. Það er bara ekkert sem bendir til þess að háskólastigið hjá Íslendingum sé veikt. Það er ekki veikt. Á alþjóðlegan mælikvarða er íslenska háskólastigið sterkt. Það hefur sýnt sig að við erum að sækja í okkur veðrið, bæði að því er varðar styrkleika háskólastigsins og einnig að því er varðar heildarfjármuni sem renna til þess og til rannsókna á Íslandi.

Ég vil vara menn við málflutningi eins og þeim sem hér kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að Ísland væri eins og lítill hreppur. Til hvers eru svona orðaleppar, með leyfi að spyrja? Þetta er minnimáttarkennd sem á sér enga staðfestingu í raunveruleikanum.

Forseti (Birgir Ármannsson):

Hv. 8. þm. Norðvest. óskar að bera af sér sakir.

[15:44]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. hefur gersamlega misskilið orð mín. Ég sagði að stjórnsýsla á Íslandi væri ekki það umfangsmikil og stór að menn þyrftu að velta því fyrir sér hvort skólinn ætti að vera undir þessu ráðuneytinu eða hinu. Stærðin á samfélaginu væri ekki slík að það væri til trafala. Ég var alls ekki að gera að öðru leyti lítið úr smæð Íslands.

Ég tek undir orð hæstv. ráðherra varðandi þetta. Smæðin er styrkur íslensks samfélags. Á alþjóðlegan mælikvarða eru allir skólarnir litlir og það er styrkleiki þeirra, hvort sem það er Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum o.s.frv. Styrkleikinn felst í því að nýta sér sérstöðu sína og það gera þessir skólar og virkilega með reisn. Smæð eða stærð skiptir þar ekki máli.

Ábyrgðarmenn námslána.

Fsp. BjörgvS, 106. mál. — Þskj. 106.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Krafan um ábyrgðarmenn á námslánum samræmist að mínu mati ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Það er vitað um mörg dæmi þess að ungt og efnilegt fólk hafi orðið að hverfa frá fyrirætlunum sínum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Það gefur augaleið að aðgengi námsmanna að ábyrgðarmanni á námslán sín er mjög misjafnt. Margir eiga einfaldlega ekki kost á því að fá til uppáskrifta á námslán sín einstaklinga sem hafa fjárhagslega burði til að standa undir slíkum ábyrgðum og til eru sorgleg dæmi þar sem aldrað fólk og foreldrar námsmanna verða fyrir eignamissi vegna slíkra uppáskrifta. Vegna þessa og vegna þess að krafan um ábyrgðarmenn á námslán brýtur svona gegn jafnrétti til náms brýtur hún einnig gegn því meginhlutverki Lánasjóðs íslenskra námsmanna að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir öllum fjárhagslegt aðgengi að námi óháð efnalegri stöðu viðkomandi eða þeim sem að honum standa. Í því ljósi er afar brýnt að endurskoða lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna með það fyrir augum að afnema ákvæði um ábyrgðarmenn á námslán. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns láns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður síðan hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja til að hann fái lán frá sjóðnum.

Ábyrgðarmannakvöðin er óréttlát. Hún mismunar og vinnur gegn meginhlutverki sjóðsins sem er að vera félagslegur jöfnunarsjóður til að tryggja aðgang að framhaldsmenntun á Íslandi. Vegna þessa og í þessu ljósi beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh., um leið og ég hvet hann eindregið til að beita sér fyrir slíkri réttlætisbreytingu, hvort í undirbúningi sé breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem feli í sér afnám ákvæða um ábyrgðarmenn á námslánum.

[15:48]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er markmið ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að Lánasjóður íslenskra námsmanna gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí sl. verður jafnframt hugað að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána og endurskoða lög um sjóðinn. Sú vinna er ekki hafin og ljóst er að huga þarf að mörgu í þessu sambandi.

Eitt af því sem væntanlega kemur til athugunar er ákvæði laga um ábyrgðarmenn námslána. Áður en vinnu við þessa endurskoðun lýkur er ekki hægt að segja til um niðurstöðuna. Burt séð frá kostum og göllum er ljóst að ákvæði um ábyrgðarmenn námslána hefur mikla og víðtæka þýðingu fyrir námslánakerfið. Bæði með tilliti til útlána og endurgreiðslna hefur krafan um ábyrgðarmenn haft í för með sér ákveðið aðhald.

Bent hefur verið á að afnám ábyrgðarmannakerfisins geri óhjákvæmilegt að aðgreina styrktarþátt kerfisins að einhverju leyti frá lánaþættinum. Eftirspurn eftir námsaðstoð í formi styrkja muni þá aukast nema reglur sjóðsins um styrkveitingar verði samtímis hertar svo sem hvað varðar hámarkstíma aðstoðar og lágmarkstíma námsframvindu.

Óbreytt ábyrgðarmannakerfi torveldar alltaf einhverjum að fá notið þeirrar aðstoðar sem er í boði hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og í einstaka tilvikum kann það að útiloka menn frá því að fá námslán. Þetta er þó erfitt að sannreyna þar sem ákvörðun um töku námslána er oft byggð á mörgum öðrum forsendum. Óhjákvæmilegt er í umræðu um ábyrgðarmenn á námslánum að hafa í huga að núgildandi löggjöf byggir á því að námsaðstoð skuli vera í formi lána en ekki styrkja og þess vegna eru ákvæði í lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna um ábyrgðarmenn.

Í dag eru útistandandi lán sjóðsins á bilinu 50–60 milljarðar kr. Því er hér um að ræða gífurlegar fjárhæðir sem tryggja þarf með ákveðnum hætti að skili sér til baka. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um það með hvaða hætti megi bregðast við þeim vandamálum sem ábyrgðarmannakerfið vissulega skapar. Í því sambandi hefur t.d. verið bent á að í stað þess að afnema ákvæði í lögum um ábyrgðarmenn mætti stofna ábyrgðardeild við sjóðinn sem væntanlegir lánþegar gætu leitað til við vissar aðstæður. Væntanlega þyrfti þá að setja í lög sérstakar heimildir í því sambandi.

Meðan hluti námsaðstoðar er í formi lána þarf alltaf einhver að axla hina fjárhagslegu ábyrgð. Enn önnur hlið á þessu ábyrgðarmannakerfi er sú að á hverju ári leita til sjóðsins einstaklingar sem eru til gjaldþrotameðferðar og teljast af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Þessir einstaklingar geta fengið námslán með tilstyrk ábyrgðarmanna. Með afnámi ábyrgðarmannakerfisins væri væntanlega ekki hægt að veita þessum einstaklingum námslán. Hér er því um að ræða mál sem hefur mjög margar hliðar og þarf að vega og meta heildstætt.

Ég vil geta þess vegna þessarar umræðu, sem er nauðsynleg og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir, að ábyrgðarmannakerfið hefur verið hér við lýði nánast frá upphafi. Mig minnir að elstu lög hafi krafist tveggja ábyrgðarmanna og hingað til hefur verið nokkuð breið pólitísk samstaða um málið. Heilmiklar breytingar hafa verið gerðar á kjörum námsmanna og er raunar verið að vinna að breytingum á hverju ári. Það er rétt að minna á að grunnframfærslan hefur verið hækkuð nokkur ár í röð. Framfærslugrunnurinn er nú talsvert hærri en hann var fyrir tveimur árum. Afnumin hefur verið tenging við tekjur maka, það var gert árið 2002, og tekjutengingin var lækkuð úr 40% í 35%. Allt eru þetta dæmi um að stjórnvöld vilja bæta stöðu námsmanna enda er mikilvægt að um leið

og við stöndum vörð um lánasjóðinn sjálfan og gætum þess að fjárhag hans sé ekki stefnt í voða stígum við jafnt og þétt skref í þá átt að bæta stöðu námsmanna að því er varðar lánin og lánakjörin.

[15:52]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég get ekki skilið ræðu hæstv. menntmrh., óskýr sem hún var, nema þannig að vilji hans sé ekki sá að afnema þetta ábyrgðarmannakerfi, vilji hans sé að viðhalda því. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef rangt er skilið. Óskað var eftir afstöðu hans til málsins og sú afstaða kemur fram með því að hann vefur hana inn í miklar málalengingar en í gegnum lengingarnar glittir þó í þá afstöðu að hann sé í raun og veru hlynntur ábyrgðarmannakerfinu og telji meira að segja að um það sé breið pólitísk samstaða. Það er misskilningur, virðulegi forseti, að um það sé breið pólitísk samstaða. Samf. leggst gegn þessu ábyrgðarmannakerfi og heitir því að koma því á kaldan klaka þegar hún fær hér ráðið úr stóli þeim sem hæstv. ráðherra situr enn þá í.

Þróunin á fjármálamarkaði, í bankakerfinu o.s.frv. hefur verið sú að reyna að auka samband lánþegans og fjármálastofnunarinnar en hæstv. ráðherra virðist ætla að ganga í öfuga átt. Ég hvet hann þó til þess að reyna að setja í gang vinnu að því að gera þetta a.m.k. að sveigjanlegra kerfi en það er núna.

[15:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hvet hæstv. ráðherra til að tala skýrar á eftir. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en þannig að hann væri ekkert afskaplega hlynntur því að þetta fyrirkomulag yrði algerlega aflagt. Það þarf auðvitað að taka á þessu í lánastofnunum í landinu og eðlilegt væri að ríkið gengi á undan með að breyta þessu í sjóðunum. Það þýðir ekki að í einhverjum tilfellum þurfi ekki á að halda ábyrgðarmönnum en það eiga að vera undantekningartilfelli, alveg eins og það á að vera undantekningartilfelli í bankakerfinu að menn þurfi á ábyrgðarmönnum að halda. Það á að vera á hreinu frá hendi þeirra lánastofnana sem lána samkvæmt ábyrgðarmannakerfi að þau geri það vegna þess að þau treysti ekki lántakandanum til þess að borga lánið til baka. Þá hafa allir á hreinu um hvað verið er að ræða, að það er verið að taka raunverulega ábyrgð á lánum en ekki, eins og er í þessu, sjálfvirkt krafist ábyrgðar hversu vel sem viðkomandi er undir það búinn að greiða skuldir sínar.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls til að hreyfa þessu mikilvæga og brýna hagsmunamáli fyrir námsmenn á Íslandi og í sjálfu sér Íslendinga alla þar sem þetta tengist flestum fjölskyldum á landinu. Það mátti þrátt fyrir allt greina í svari ráðherra að hann útilokar ekki að í þeirri endurskoðun sem væntanleg er og mun fara fram að hans sögn kemur til greina að endurskoða ábyrgðarmannakerfið vegna námslána. Ég hvet hann eindregið til þess að taka það inn í þá athugun og beita sér fyrir því að þessu verði breytt þannig að ábyrgðarmannakvöðin verði afnumin. Þetta er mikið ranglæti og stendur í veginum fyrir því að þessi mikilvægi jöfnunarsjóður í menntakerfinu geti staðið undir nafni og staðið við hlutverk sitt. Það er fjöldi námsmanna sem á þess ekki kost að leita til neinna um ábyrgðir á lán sín og þessu fólki er augljóslega gróflega mismunað. Þeim einstaklingum er haldið frá námi vegna efna foreldra sinna og nánustu aðstandenda. Það er einfaldlega rangt og á ekki að eiga sér stað.

Það er og hefur verið grundvallaratriði í samfélagi okkar að búa þegnum okkar sem jöfnust tækifæri, jafnan aðgang, að grundvallaratriðum, öllu því er rammar inn sanngjarnt velferðarsamfélag þar sem aðgangur er jafn að menntun og heilbrigðisþjónustu. Lagaákvæði um ábyrgðarmenn á námslán vinnur gegn þessu og hvet ég hæstv. ráðherra eindregið til að beita sér fyrir því að þetta verði endurskoðað í þeirri vinnu sem þarna er að fara fram. Stefna Samf. er skýr og klár eins og kom fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar og Jóhanns Ársælssonar og mun flokkurinn flytja frv. um lánasjóðinn þar sem tekið verður á þessum málum því að við þetta verður ekki unað. Þar munum við leggja til að ákvæði um ábyrgðarmenn á námslán verði afnumið og þessi mál færð til réttlætis og betri vegar.

[15:57]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er hárrétt sem hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, hefur skilið í máli mínu, ég útiloka alls ekki að endurskoða ábyrgðarmannakerfið í þeirri endurskoðun sem fram undan er. Og ég gat þess í ræðu minni að það væri líklegt að sú athugun yrði einmitt hluti af heildarendurskoðun laganna. Þetta er alveg skýrt af minni hálfu.

Þegar ég nefndi það hér áðan að það hefði lengi verið, eins og ég orðaði það nákvæmlega, nokkuð breið pólitísk samstaða um málið var ég að vísa til þess að ábyrgðarmannakerfið hefur verið hluti af lánasjóðskerfinu frá upphafi, þar á meðal hjá ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á sínum tíma, án þess að ástæða væri talin til þess að breyta því þá. Þar fór Alþýðubandalagið með málefni menntmrn. og síðan var þessu ekki hreyft í samstarfi Alþýðuflokks og Sjálfstfl. þannig að þeir stofnar sem standa að Samf. hafa á fyrri árum staðið vörð um ábyrgðarmannakerfið. Það er þess vegna rétt sem ég sagði áðan að það hefur lengi verið breið pólitísk samstaða um þetta ábyrgðarmannakerfi en nú er búið að heita því að líta á þessi lög og skoða hverju mætti þar breyta og hvað mætti þar betur fara. Þetta mál sérstaklega, þ.e. ábyrgðarmannakerfið, er hluti af því sem mér finnst eðlilegt að endurskoða.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 332. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 384.

Fjarskiptakostnaður ráðuneyta og ríkisfyrirtækja, 331. mál, fsp. ÁF, þskj. 383.

[Fundarhlé. — 16:00]

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, 213. mál, svar félmrh., þskj. 388.

Eftirlit með ráðningarsamningum útlendinga, 214. mál, svar félmrh., þskj. 387.

Málefni aldraða, 143. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 390.

Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, 323. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 374.

Um fundarstjórn.

Nefndadagar.

[18:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Á þingflokksfundi hjá Samf. áðan fórum við yfir þá vinnu sem fram undan er í hverri einustu fastanefnd þingsins og það kom í ljós eftir þá yfirferð að aðeins 3–4 af fastanefndunum 12 virðast vera að leggja inn í nefndadagana með fullt vinnuprógramm. Aðrar nefndir eru ýmist með mjög lítið á sinni könnu vegna þess að það eru einfaldlega engin mál komin inn í nefndirnar eða þá að í sumum tilfellum er um fundafall að ræða.

Virðulegi forseti. Við erum að leggja inn í þriggja daga nefndavinnu samkvæmt starfsáætlun. Þingfundir liggja niðri á meðan og ég verð að segja að mér þykir þetta ekki nægilega vel með tíma okkar hér farið og velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort við séum virkilega búin að binda okkur það kirfilega niður samkvæmt starfsáætlun sem gerir ráð fyrir þremur nefndadögum að við getum ekki hliðrað til og haft hér þingfundi hluta af þessum dögum í stað þess að vera meira og minna með, ég vil segja nánast alfarið, frí í sumum nefndum. Í mörgum tilvikum er engin vinna í nefndunum og kannski hefði verið eðlilegra, virðulegi forseti, að forseti kannaði það áður en lagt væri af stað inn í slíka daga hvort einhver vinna lægi fyrir í nefndunum sem gæfi tilefni til þriggja nefndadaga.

Eftir rúma viku förum við aftur í tvo nefndadaga og ég legg til, virðulegi forseti, að það verði gerð svolítil könnun á því þá hvort ástæða sé til þess að taka þá nefndadaga alla í nefndavinnu. Það má kannski segja líka, virðulegi forseti, að þessi staða undirstriki þau vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar sem hér eru því miður orðin allt of oft tíðkuð, að koma aldrei með mál inn í þingið fyrr en á síðustu stundu. Síðan er ætlast til þess að þingið vinni sína vinnu á allt of miklum hraða, jafnvel þannig að þingið hafi ekki kost á að kynna sér málin til hlítar.

Virðulegi forseti. Með stefnuræðu sinni þann 2. október lagði hæstv. forsrh. hér fram gríðarlegan fjölda mála frá ríkisstjórninni. Einungis örlítið brot, virðulegi forseti, af þeim málum sem þar eru nefnd eru komin fram en ég bendi á að þó að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki haft burði til að leggja fram mál til þess að ræða og halda uppi þingstörfum hefur Samf. lagt fram fjölda þingmála sem krefjast mikillar umræðu og hefði þá mátt nota tímann í að ræða mál frá stjórnarandstöðunni í staðinn.

[18:05]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill taka fram að það hlé sem gert verður á þingfundum til nefndastarfa hefur legið fyrir í starfsáætlun þingsins frá því í haust. Þessi athugasemd sem hv. þm. gerir er dálítið seint fram komin miðað við það að nefndastörf eiga að hefjast á morgun samkvæmt áætlun. Athugasemdin verður auðvitað tekin til umfjöllunar á fundi forsn. og að sama skapi hefur hv. þm. færi á að ræða þetta á fundi formanna þingflokka með forseta.

[18:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef hugsað mér að taka þetta mál upp á fundi formanna þingflokka með forseta en það er nú svo að nefndadagarnir eru hugsaðir til þess að fara yfir þau mál sem hafa komið fram í þinginu og hafa verið hér á dagskrá. Þeir eru þá að sjálfsögðu hugsaðir í kringum þau mál sem liggja fyrir þinginu. Ég nefndi áðan málaskrá með gríðarlegum fjölda mála sem hæstv. forsrh. boðaði að ríkisstjórnin mundi leggja fram í upphafi þings. Þessi mál hafa ekki komið fram, virðulegi forseti, og í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram þau mál sem hún hyggst ræða í þinginu á þessum vetri hefði kannski verið eðlilegt að endurskoða starfsáætlun þingsins og velta því fyrir sér hvort tímanum væri betur varið öðruvísi.

Ég vil líka, virðulegi forseti, nefna þetta í því samhengi að ég held að það sé mjög mikilvægt að við gerum okkur far um að skipuleggja þingstörfin betur þannig að tíminn nýtist betur og þær tarnir sem við höfum tekið í þinginu séu ekki jafnkrappar og þær eru og hléin jafnmikil á milli. Ég held að það hefði verið mjög gott ef hæstv. forseti hefði skoðað þetta áður með tilliti til þeirra mála sem fram eru komin.

Hins vegar vil ég fyrst og síðast að við lærum af þessu. Ég held að það sé mikilvægt að þetta mál verði tekið upp í hv. forsn. og þar geta menn velt fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að gera þetta upp áður en haldið er inn í næstu nefndadaga.

Menningarmál á Vesturlandi.

Fsp. JBjarn, 149. mál. — Þskj. 149.

[18:07]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. menntmrh. Á árinu 2001 fór Samband sveitarfélaga á Vesturlandi þess á leit við menntmrn. og þáv. menntmrh. Björn Bjarnason að fundinn yrði grundvöllur fyrir menningarsamningi milli sveitarfélaganna á Vesturlandi og ráðuneytisins. Var þetta gert í framhaldi af nýútkominni skýrslu starfshóps sem fjallaði um það hvernig efla mætti menningarstarf á landsbyggðinni. Niðurstaðan varð sú að samþykkt var að undirbúningsvinna hæfist þá þegar og, eins og segir í bréfi ráðuneytisins, „verði við það miðað að unnt verði að ljúka samningsgerð á árinu 2002".

Síðla árs 2002 voru samningsdrögin tilbúin og var þess vænst að menntmrh. mundi staðfesta þau þá um haustið og hægt yrði að taka mið af samningnum við fjárlagagerð fyrir árið 2003. Af ástæðum sem ekki hafa fengist skýrðar varð ekki af staðfestingu samningsins 2002 og allar tilraunir til að taka málið upp á þessu ári og ljúka samningum hafa reynst árangurslausar án skýringa. Væntingar vestlenskra sveitarstjórnarmanna og íbúa fyrir menningarsamningi voru miklar og því urðu þeim mikil vonbrigði að fá ekki samninginn í gegn.

Með þessari samningsgerð var það ætlun og von sveitarfélaganna að fella ákveðinn þátt menningarstarfs á svæðinu í sameiginlegan farveg og fá þar með öflugra og samræmt skipulag og framkvæmd á ákveðnum þáttum þess. Í ljósi fjálglegra yfirlýsinga um byggingu menningarhúsa fyrir kosningar þótti einsætt að þessi samningur mundi falla undir þann mikla áhuga og ljúkast á sl. vori. Nú hefur verið gerður hliðstæður samningur við sveitarfélögin á Austurlandi og ætti að vera komin nokkur byrjunarreynsla af þeirri samningsgerð. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

Hefur eitthvað komið fram sem bendir til að sú samningsgerð sem þarna er verið að fara fram á geti verið eitthvað óheppileg eða hefur reynsla af Austurlandi t.d. vakið upp

efasemdir um að þetta væri rétt leið til þess að koma á formlegu samkomulagi um ákveðna þætti milli sveitarfélaga og ríkis í menningarmálum?

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. svari því hvenær hann hyggist staðfesta samstarfssamning um menningarmál við sveitarfélög á Vesturlandi eða hvaða atriði það eru sem hindra að svo verði.

[18:11]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Á sl. árum hefur farið fram mikil uppbygging á menningarstöðum á Vesturlandi og hefur ríkissjóður lagt verulegt fé til þeirrar uppbyggingar. Má nefna að umsvif Snorrastofu í Reykholti eru mikil og þar hefur gestafjöldi vaxið hröðum skrefum. Einnig má nefna Eiríksstaði í þessu sambandi en þar hefur mikil uppbygging átt sér stað.

Menntmrn. hefur haft í hyggju að tengja þessa staði, og hugsanlega fleiri, fyrirhuguðum menningarsamningi við sveitarfélög á Vesturlandi en undirbúningur að gerð samningsins hefur staðið frá 2001 eins og kom réttilega fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Frá þeim tíma hefur verið unnin skýrsla um menningarmál á Vesturlandi og lögð hafa verið fram bráðabirgðadrög að samningi. Fulltrúar ráðuneytisins og sveitarfélaga á Vesturlandi hafa undanfarin missiri unnið að gerð menningarsamnings við Vesturland. Fyrir liggur nú sú áhersla hjá menntmrn. að fjárframlag sveitarfélaganna yrði jafnmikið og það fé sem ríkissjóður leggur fram í tengslum við samninginn.

Fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi hafa hins vegar vísað til menningarsamnings sem gerður var við sveitarfélögin á Austurlandi sem fordæmis. Í ráðuneytinu stendur nú yfir vinna við að meta áhrif þess samnings, þ.e. samningsins sem gerður var við sveitarfélögin á Austurlandi á sínum tíma. Þótt sá samningur hafi ýmsa kosti eru einnig á honum meinbugir sem óhjákvæmilegt er að taka tillit til þegar horft er til framtíðar. Á meðan sú vinna stendur yfir og þar til niðurstöður á því mati liggja fyrir mun ráðuneytið ekki standa að gerð sambærilegra samninga annars staðar á landinu.

[18:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka þetta mál upp. Það er ástæða til og það heyrðist í svari hæstv. menntmrh. Það er sem sagt strand. Menn voru með miklar og digrar yfirlýsingar fyrir kosningar um að gera slíka samninga en ekkert hefur orðið af. Það voru gerðir samningar upp á stórar fjárhæðir á Austurlandi og það eru kannski meinbugirnir sem hæstv. ráðherra sér á málinu núna þótt hann hafi ekki útskýrt betur hvað hann átti þar við. Nú á að bjóða mönnum upp á einhvers konar nýja útfærslu á þessum samningi þar sem helmingurinn eigi að leggjast fram frá hendi sveitarfélaganna og þessu stýrt með einhverjum öðrum hætti en hefur verið í þeim samningum sem hafa verið samþykktir.

Ég held að það sé þá því miður niðurstaðan að menn verða að fara yfir þetta mál í heildina með einhvers konar framtíðarhugsun í huga og þá mun þetta auðvitað tefjast eitthvað en það verður að átelja stjórnvöld fyrir það hvernig framgangan hefur verið í þessu máli.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka í sjálfu sér hæstv. ráðherra fyrir að koma til að svara þessum fyrirspurnum um menningarsamninginn. Ég verð þó að segja að þær hugmyndir sem hann lagði fram um að það ætti að fara að tengja samningsgerðina við t.d. uppbyggingu Snorrastofu í Reykholti eða uppbyggingu á Eiríksstöðum og knýja sveitarfélögin á Vesturlandi til að koma með tilsvarandi framlag á móti, að slá þessu öllu saman í einn pott, þessum stóru verkefnum sem þar er verið að vinna, er ótækt. Að ætlast til að sveitarfélögin komi með jafnt framlag á móti og það verði grunnur að slíkum menningarsamningi er náttúrlega klárlega það sama og afsvar.

Ég skal alveg fallast á þau sjónarmið að það eigi að fá reynslu af þeim samningi sem gerður var á Austurlandi. Ég hef heyrt að hann hafi kosti og galla, kosturinn sé sá að menningarmálin verði sýnilegri, metnaðarfyllri og markvissari en hins vegar sé gallinn sá að það eigi að fara að tengja inn í þennan menningarsamning stór verkefni sem kannski hirða þá upp alla þá fjármuni sem í boði eru og drepi þá í dróma minni verkefni og sprotaverkefni sem ættu að geta vaxið upp í skjóli slíks samnings. Þá væri líka bara heiðarlegra, virðulegi forseti, ef hæstv. ráðherra hefði sagt sveitarfélögunum á Vesturlandi að þetta mál væri ekki á dagskrá þannig að þau yrðu þá bara að taka á sínum málum með öðrum hætti en ekki láta liggja meira og minna óafgreitt og óskýrt hvers vegna ekki væri gengið til samninga eins og þeim höfðu verið gefnar væntingar um að yrði gert á árinu 2002.

[18:17]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Það er að vísu misskilningur að þær hugmyndir sem uppi eru í ráðuneytinu séu að öllu leyti nýjar útfærslur á samningum og með öðrum hætti en í fyrri samningum, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Það eru tveir samningar í gangi. Annar er við sveitarfélög á Austurlandi þar sem þau koma ekki með peningaframlög á móti þeim framlögum sem ríkið leggur fram. Síðan er sérstakur menningarsamningur við Akureyri þar sem framlög koma frá sveitarfélaginu til jafns við framlög ríkisins. Þetta er því ekki nýtt af nálinni, því fer víðs fjarri. Þetta er raunar elsti menningarsamningurinn sem gerður hefur verið við sveitarfélög úti á landi, þ.e. samningurinn við Akureyri.

Full ástæða er til að vega og meta hvernig eðlilegast er að standa að slíkum verkefnum í ljósi þess samnings sem gerður var á Austurlandi og þess sem gerst hefur á Akureyri. Rétt er að geta þess, af því að hv. fyrirspyrjandi vildi blanda inn í þessar umræður málefnum menningarhúsanna, að menningarhúsin áttu að þjóna þeim tilgangi beinlínis að efla menningarstarfsemi í þeim landshlutum sem lengst voru frá höfuðborgarsvæðinu og þar sem annaðhvort fjarlægðir eða samgöngur voru með þeim hætti að ástæða var til styrkja það sérstaklega. Þess vegna er ástæða til að skoða þessi mál, bæði út frá samningnum á Austurlandi en einnig út frá samningnum á Akureyri. Það er það sem er verið að gera og ráðuneytið mun ekki gera nýjan samning fyrr en þeirri athugun lýkur. (**Gripið fram í:** Hvenær verður það?)

Sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum.

Fsp. ÞBack og MF, 151. mál. — Þskj. 151.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Mikilvægt er að hafa á hverjum tíma þá heilbrigðis- og félagsþjónustu sem kröfur tímans kalla eftir og þær eru breytilegar. Við hér í þessum sal þekkjum það öll, held ég, að það má að mörgu leyti bæta bæði heilbrigðis- og félagsþjónustuna í landinu. Þjóðfélagið hefur tekið breytingum á undanförnum árum, áherslur hafa breyst og þeim breytingum verðum við að fylgja eftir með breyttri þjónustu.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga hvað varðar heilbrigðisþjónustuna að þá ráði fjárhagur einstaklingsins eða fjölskyldunnar aldrei ferð, þ.e. að ef einstaklingur þarf á ákveðinni þjónustu að halda, þá velji hann ekki eingöngu út frá því hvort til endurgreiðslu komi frá Tryggingastofnun ríkisins eða ekki, heldur hafi möguleika á að fara til þeirra sérfræðinga sem gagnast honum sem best.

Eins verður að gæta þess að samhæfing og samstarf sé alltaf til staðar, bæði á milli stofnana og eins innan stofnana, þannig að fagteymi séu sterk og þau skili hvað mestu. En í þeirri teymisvinnu þarf að hafa í huga að sérfræðingarnir, einstaklingarnir sem þar sinna þeirri þörf sem sjúklingahópurinn hefur. Þegar við lítum til heilsugæslunnar er orðin sterk krafa og mikil þörf á að fjölga þar starfsstéttum og þá ekki síst sálfræðingum. Komið hefur fram að álag á lækna er mikið í viðtalstímum og mikill hluti af þeirra tíma fer í andlega aðhlynningu og sálfræðiráðgjöf sem væri betur komin í höndum sálfræðinga ef þeir væru til staðar.

Með tilliti til þessa höfum við hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lagt fram eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

1. Hafa einhverjar heilsugæslustöðvar heimild fyrir fastri stöðu sálfræðings og ef svo er, til hve langs tíma og hvaða stöðvar eru það?

2. Ná heimildirnar til afmarkaðra verkefna eða til almennrar sálfræðiþjónustu?

3. Er á döfinni að koma á föstum stöðugildum sálfræðinga við allar heilsugæslustöðvar og ef svo er, hvenær verður af því?

4. Hefur verið gengið frá samningum við sjálfstætt starfandi sálfræðinga, sbr. ákvæði 36. og 39. gr. laga um almannatryggingar? Ef svo er, hvað fela samningarnir í sér?

5. Hvers konar fyrirkomulag verður á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sálfræðiþjónustu?

[18:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrirspyrjandi hefur spurt mig fimm spurninga sem snúa að sálfræðiþjónustu og þá einkum sálfræðiþjónustu innan heilsugæslunnar. Ég vona að fyrirspyrjandi leyfi og hafi ekki athugasemdir við það þó ég svari þessum fimm spurningum í samfelldu máli.

Í fyrsta lagi hefur ríkið horfið frá því verklagi að ákveða fjárveitingar eftir stöðugildum og því gefur ráðuneytið ekki sérstakar heimildir fyrir stöðugildum einstakra starfsstétta. Á Heilsugæslunni í Reykjavík eru nú starfandi tveir fastráðnir sálfræðingar og einn lausráðinn í 80% starfi. Þessir sálfræðingar starfa allir á Miðstöð heilsuverndar barna og er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi á næsta ári.

Aðrar heilsugæslustöðvar sem veita sálfræðiþjónustu eru m.a. Akranes, Ísafjörður, Akureyri og Selfoss.

Heilsugæslan á Akranesi er með tilraunaverkefni sem felst í að meðhöndla ofvirk börn í teymisvinnu. Þar starfar iðjuþjálfi í fullu starfi og barnalæknir og sálfræðingur í hlutastarfi.

Á Selfossi var um mitt ár 1999 sett í gang á vegum heilsugæslunnar tilraunaverkefni um meðferðarúrræði fyrir börn á grunnskólaaldri og yngri. Um er að ræða eina stöðu sálfræðings sem hefur verið sinnt af tveimur sálfræðingum á staðnum. Heilsugæslan hefur samstarf við Skólaskrifstofu Suðurlands og tekur m.a. við tilvísunum frá þeim.

Heilsugæslan á Ísafirði hefur gert samning við sálfræðing um að þjóna stöðinni fjóra daga í mánuði, þ.e. tvisvar í mánuði og er tvo daga á staðnum í hvort skipti. Hér er um almenna sálfræðiþjónustu að ræða og þeir sem koma eftir tilvísun heilsugæslulæknis greiða sömu sjúklingahlutdeild og er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum en aðrir greiða fullt verð eða rúmlega 5.000 kr. fyrir 50 mínútna viðtal.

Á Akureyri er starfandi einn sálfræðingur í fjölskylduráðgjöf samkvæmt þjónustusamningi ríkisins við Akureyrarbæ. Aðaláherslan hefur verið lögð á fjölskylduráðgjöf í tengslum við mæðra- og ungbarnavernd.

Hér er um afmörkuð verkefni að ræða nema hvað varðar þjónustuna á Ísafirði.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Efla þarf heilsugæsluna sem hornstein heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Áfram verði unnið að aukinni þjónustu við geðfatlaða. Sérstaklega þarf að huga að börnum og unglingum með geðraskanir og þroskafrávik."

Einn þáttur í að ná fram ofangreindum markmiðum er að auka sálfræðiþjónustu heilsugæslunnar og í fjárlögum næsta árs er að finna fjárveitingu til tilraunaverkefnis um samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa í Heilsugæslunni í Reykjavík. Mun teymið vætnanlega hefja störf upp úr áramótum. Ég vænti mikils af þessu tilraunaverkefni og vonandi verður reynslan slík að hún verði yfirfærð á fleiri heilsugæslustöðvar í framtíðinni.

Hvað varðar samninga við sjálfstætt starfandi sálfræðinga er skemmst frá því að segja að ekki hefur verið samið við þá og verður ekki á næsta fjárhagsári miðað við það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir. Þar sem ekki hefur verið samið um þessa þjónustu liggur ekki fyrir ákvörðun um með hvaða hætti greiðsluþátttakan yrði ef af samningum yrði.

Það er stefna ráðuneytisins að efla grunnheilbrigðisþjónustuna og að hún verði veitt á heilsugæslustöðvum. Ráðuneytið hefur til að mynda lagt áherslu á að vera með tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar til að efla geðvernd og þá sérstaklega barna og unglinga. Því þarf að skoða vel hvort ekki sé rétt að leggja megináhersluna á að veita fjármagn í að byggja upp grunnþjónustuna í tengslum við heilsugæsluna áður en gerðir verða samningar við sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

[18:26]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör þó að ég verði að viðurkenna að ég varð fyrir afar miklum vonbrigðum. Ekki er mjög langt síðan, ætli það sé ekki tæpt ár, frá því að hæstv. ráðherra svaraði fsp. frá páv. þm., Ástu Möller, þess efnis að gerðir yrðu samningar við sjálfstætt starfandi sálfræðinga og þjónustan yrði aukin til muna.

Hæstv. ráðherra sagði að hætt væri að veita sérstakar fjárveitingar fyrir stöðugildum. Það er nú samt sem áður

þannig að heilsugæslustöðvar t.d. á Selfossi telja sig ekki hafa fjárveitingu nema til árs í senn, þannig að þjónustuna verður að tryggja og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins. Við í Samf. höfum í fjögur ár flutt frv. þess efnis að Tryggingastofnun taki þátt í greiðslu fyrir sálfræði- og félagsráðgjöf fyrir börn og ungmenni. Það frv. hefur ekki enn verið lagt fram aftur í trausti þess að tekið yrði sérstaklega á þessu máli af hálfu ráðherra. En mér sýnist að við verðum að leggja það fram nú þegar.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég verð að taka undir þau orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að svör hæstv. ráðherra ollu mér nokkrum vonbrigðum, þ.e. að ekki skuli vera komnar í gang samningaumleitanir við sjálfstætt starfandi sálfræðinga, að koma þar á samningi sem mundi þá auðvelda almenningi eða þeim sem þurfa að leita til sálfræðinga að fá þar fyrirgreiðslu og niðurgreiðslu á þjónustu þeirra.

Eins þarf að auka og fjölga aðkomu sálfræðinga að rekstri og þjónustu heilsugæslustöðvanna, því að þó svo að heilbrrn. úthluti ekki stöðugildum þá er það alveg ljóst að ekki eru ráðnir sálfræðingar í fastar stöður eða í starfshlutföll við heilsugæslustöðvarnar nema fjármagn sé tryggt til þess að ráða sálfræðinga. Og ef við erum að tala um að styrkja heilsugæsluna, grunnþjónustuna, þá er þetta hluti af því, herra forseti.

Eins þarf að huga að því að efla sálfræðiþjónustu sálfræðinga í grunnskólunum og framhaldsskólunum og þá með þeim breytingum að þeir yrðu meira en ráðgefendur. Þetta á sérstaklega við þjónustu þeirra úti á landi og tengdu þá vinnu við heilsugæslustöðvarnar og þá starfsemi sem þar fer fram, því að það mundi létta á öllum og sérstaklega BUGL ef þeir fengju leyfi til að sinna einnig meðferð en ekki eingöngu ráðgjafarþjónustu í skólunum.

[18:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að eins og kom fram í svari mínu tel ég að við getum ekki farið í samninga við sjálfstætt starfandi sálfræðinga nema hafa fjárheimildir til að standa undir þeim samningum. Þær fjárheimildir eru ekki fyrir hendi og þess vegna hafa samningar ekki verið gerðir. Ég hef í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja að Samfylkingin leggi fram frv. um þetta mál. Það mun þá væntanlega fylgja því frv. og umræðum um það hvar eigi að fá fjármagn í þetta mál því að ég tók eftir því á landsfundi Samfylkingarinnar að formaður hennar tók það fram að það væri nóg fjármagn í heilbrigðiskerfinu, það væri stefnumótun sem vantaði og væntanlega forgangsröðun. Ég vil þá bíða eftir því að heyra það. En ástæðan fyrir því að það hefur ekki verið samið við sjálfstætt starfandi sálfræðinga er einfaldlega sú að fjárheimildir eru ekki fyrir hendi til að ganga í það verk.

Stuðningur við krabbameinssjúklinga.

Fsp. MF, 263. mál. — Þskj. 296.

[18:31]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þegar einstaklingur greinist með krabbamein tekur oft við margra mánaða og jafnvel margra ára meðferð. Skurðaðgerð, lyfjameðferð, geislar. Afleiðingar þessarar hörðu meðferðar eru margvíslegar, t.d. brottnám brjósts eða brjósta, líffæra eða útlima, lyfjameðferð sem í raun breytir líkamanum svo mikið að einstaklingurinn verður að læra að þekkja sjálfan sig í algjörlega breyttu formi. Það sem áður var létt veitist oft erfitt, það sem áður þótti sjálfsagt er það ekki lengur. Það þarf að byggja sig upp frá grunni, líkamlega en ekki síður andlega. Sjálfstraustið, sjálfsmyndin, er afar mikilvægur þáttur í baráttunni við þennan sjúkdóm og afleiðingar hans, eins og reyndar marga aðra erfiða sjúkdóma. Kona sem greinist með krabbamein í brjósti sem síðan er fjarlægt missir t.d. töluvert af sjálfsmyndinni um leið. Og þegar hárið fer í lyfjagjöfinni fer smápartur af sjálfsmyndinni til viðbótar. Þegar handleggur tvöfaldast vegna sogæðabólgu, þegar húðin þornar og flagnar svo að myndast sár, allt er þetta hluti af breyttri tilveru konunnar. Enn meiri breyting á sér stað, algjört svipleysi tekur völdin þegar augabrúnir eða augnhár detta af. Kona sem missir brjóst og hár vegna krabbameins fær samkvæmt reglum eitt brjóst á ári og tvo brjóstahaldara, hárkollu og getur fengið hólk á handlegg til að varna sogæðabólgu. Ekki er heimild til að láta tattóvera á sig augabrúnir. Ekki er heimild fyrir sérhönnuð sundföt né að láta setja á sig gervineglur.

Fyrir stuttu birtist í Mogganum grein eftir Önnu Pálínu Árnadóttur sem heitir: Sköllóttar konur hugsa skýrt. Þar er þessu kannski best lýst en hún segir, með leyfi forseta:

„Nú veit ég að reglurnar um greiðslur fyrir hárkollur voru á sínum tíma settar í góðri trú og á þeim tímum sem hárleysið var konum í krabbameinsmeðferð þungur baggi. En sem betur fer hafa tímarnir breyst og yngri konum gengur æ betur að finna ýmsar skemmtilegar leiðir fram hjá hárleysinu. Það er þess vegna sem þessar reglur eru svo rykfallnar að það setur að manni hnerra við að reka sig á þær. Og þetta er reyndar í annað sinn sem ég fæ svona hnerrakast, því önnur reglugerð Tryggingastofnunar mælir svo fyrir að konur sem þurfa að notast við gervibrjóst skuli fá stuðning til kaupa á tveimur sérhönnuðum brjóstahöldum og einu gervibrjósti árlega. Í einfeldni minni reiknaði ég með að í þessu fælust kaup á öllum tegundum brjóstahalda sem konur þurfa að nota, þar með talið sundfötum. En það reyndist misskilningur hjá mér. Ég get ekki ráðið því sjálf hvort ég nýti þennan árlega stuðning í kaup á gervibrjósti og sérhönnuðum brjóstahöldum eða sundfötum. Því að sjálfsögðu þurfum við sérhönnuð sundföt. Það segir sig sjálft og þau eru ekki á útsölu í Hagkaupum! Þó eru konur sérstaklega hvattar til að stunda sund eftir brjóstamissi. Það eru takmörk fyrir hversu mörgum gervibrjóstum hver kona þarf á að halda og eftir nokkurra ára meðferð er hætta á að þau fari að hlaðast upp hjá henni, ef hún nýtir sér þennan rétt á hverju ári! Ég treysti mér alveg til að meta það sjálf hvort ég hef meiri þörf fyrir nýjan brjóstahaldara eða sundbol hverju sinni og ég treysti mér líka til að ákveða sjálf hvort ég vil ganga með hárkollu eða „tattóveraðar" augabrúnir. Í raun og veru tel ég það mannréttindamál að ég fái sjálf að meta hvers konar stuðning ég hef mesta þörf fyrir á hverjum tíma."

Í framhaldi af þessu spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á reglum sem kveða á um stuðning við þá sem hafa fengið krabbamein eða aðra sjúkdóma til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum þannig að sjálfsákvörðunarréttur og val einstaklingsins verði virt?

2. Hversu oft á undanförnum árum hafa reglur um stuðning tryggingakerfisins til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum

verið endurskoðaðar og hefur það verið gert í samráði við þá sem hlut eiga að máli, t.d. samtök kvenna sem fengið hafa brjóstakrabbamein?

3. Hvaða ráðgjafarhópar eru hjá Tryggingastofnun í þessum málum og hversu lengi hafa þeir starfað?

[18:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hér hafa verið lagðar fyrir mig spurningar. Sú fyrsta er svohljóðandi:

Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á reglum sem kveða á um stuðning við þá sem hafa fengið krabbamein eða aðra sjúkdóma til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum þannig að sjálfsákvörðunarréttur og val einstaklingsins verði virt?

Tryggingastofnun ríkisins úthlutar hjálpartækjum samkvæmt reglugerð þar um. Oftast ræður val einstaklingsins þegar því verður við komið. Oft og tíðum er ekki hægt að veita hjálpartæki nema einstaklingurinn velji sjálfur. Við önnur hjálpartæki vegur hins vegar læknisfræðilegt mat á því hvað hentar sjúklingi best og er sú ákvörðun tekin í samráði við einstaklinginn. Hjálpartæki við krabbameinssjúklinga eru margs konar. Hér getur verið um að ræða hárkollur, gervibrjóst, gervilimi, stómapoka, barkastóma, gerviandlitshluta o.fl. Tryggingastofnun veitir styrk til kaupa á allt að tveimur hárkollum á ári þegar um er að ræða hárleysi vegna krabbameinsmeðferðar. Styrkurinn er veittur til eins eða tveggja ára í senn eftir eðli vandans og endurgreitt samkvæmt reikningum. Tryggingastofnun veitir styrk til kaupa á gervibrjóstum og sérstökum brjóstahöldum fyrir gervibrjóst vegna brjóstmissis kvenna. Það liggur í hlutarins eðli að við val á gervibrjóstum, brjóstahöldurum og hárkollum er fólki ekki settar skorður við því hvað keypt er. Er val einstaklingsins og sjálfsákvörðunarréttur virtur í þessu tilliti. Þegar um er að ræða gervieyru, gervinef eða aðra gerviandlitshluta sem greiddir eru 100% af Tryggingastofnun er val erfiðara. Eðli máls samkvæmt er sjálfsákvörðunarréttur virtur í hvívetna í þessu sambandi. Þegar um er að ræða hjálparvörur sem ekki eru á lista yfir hjálpartæki Tryggingastofnunar er því til að svara að ekki er mögulegt að veita styrki til að einstaklingurinn kaupi nánast hvað sem er. Svo langt gengur sjálfsákvörðunarrétturinn ekki. Það verður að velja hjálpartæki af þekkingu svo að það gagnist sjúklingnum og þarf um leið vera skynsamlegt val með tilliti til kostnaðar.

Úthlutun hjálpartækja er til þess ætluð að um leið og þessi tæki gagnast einstaklingnum við athafnir daglegs lífs er hann varinn gegn óhóflegum kostnaði við að lifa lífi sínu.

Síðan er spurt: Hversu oft á undanförnum árum hafa reglur um stuðning tryggingakerfisins til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum verið endurskoðaðar og hefur það verið gert í samráði við þá sem hlut eiga að máli, t.d. samtök kvenna sem fengið hafa brjóstakrabbamein?

Reglur um hjálpartæki Tryggingastofnunar hafa oft verið endurskoðaðar á liðnum árum. Síðasta breyting var gerð með reglugerð dags. 16. júní á þessu ári en það var jafnframt fyrsta reglugerðin sem sett var af ráðuneytinu til að leysa af óbirtar reglur tryggingaráðs frá því í apríl 2002. Við mótun reglnanna og breytingar hefur Tryggingastofnun m.a. notið aðstoðar fulltrúa frá Samhjálp kvenna hjá Krabbameinsfélaginu.

Rétt er að geta þess að hjálpartæki Tryggingastofnunar ná ekki til allra og spanna heldur ekki öll svið. Þannig sér Heyrnar- og talmeinastöð Íslands um hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmein, auk einkaaðila sem hafa tekið að sér þjónustu á því sviði, og Sjónstöð Íslands hannar hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta um þjónustu á endurhæfingarstöð sjónskertra. Tryggingastofnun greiðir heldur ekki styrki vegna hjálpartækja til þeirra sem vistast á sjúkrastofnunum eða öldrunarstofnunum eða fyrir börn yngri en 16 ára sem búa á heimilum. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra gilda sérákvæði um samnýtanleg og veggföst hjálpartæki á sambýlum fatlaðra. Í þessum tilfellum sjá viðkomandi stofnanir um útvegun hjálpartækja fyrir vistmenn sína.

Þriðja spurningin var: Hvaða ráðgjafarhópar eru hjá Tryggingastofnun í þessum málum og hversu lengi hafa þeir starfað?

Hjálpartækjanefnd hefur starfað í mjög langan tíma hjá Tryggingastofnun sem gert hefur tillögur til tryggingaráðs og nú til ráðuneytis um breytingar á hjálpartækjalista stofnunarinnar. Þessa nefnd skipa fulltrúar Hjálpartækjamiðstöðvarinnar, fulltrúi sjúkratryggingasviðs og fulltrúi læknasviðs en áður sat einnig í nefndinni fulltrúi tryggingaráðs.

Til starfshátta hjálpartækjanefndar Tryggingastofnunar ríkisins heyrir að hún kallar til sín lækna, hjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk til ráðgjafar sem líklegt væri að gæti gefið góð ráð og verið með faglegar ábendingar sem koma að gagni í starfi nefndarinnar.

Þá er rétt að geta um aðstoð fulltrúa frá Samhjálp kvenna hjá Krabbameinsfélaginu en það er liður í að þiggja ábendingar og ráðgjöf frá þeim sjúklingahópum er málið varðar.

[18:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn og svör ráðherrans. Ég vil að það komi hér fram að það er mjög mikilvægt að fram fari einstaklingsbundið mat á því hvaða þörf viðkomandi einstaklingur hefur fyrir hjálpartæki, það geti í þessu tilfelli innan Hjálpartækjamiðstöðvarinnar þar sem ráðgjafi eða ráðgjafar fara yfir það með einstaklingnum, sem hefur í þessu tilfelli greinst með krabbamein og gengið í gegnum meðferð, hvaða hjálpartæki gagnist honum best. Það þarf að setja upp þarfaáætlun fyrir þann einstakling og hún á að ráða í raun og veru hvað varðar hjálpartæki og endurgreiðslu Tryggingastofnunarinnar. Þarfir manna eru misjafnar og hvað varðar brjóstapúða og sundföt fer það auðvitað eftir lífsstíl einstaklingsins. Þetta á allt saman að vera til þess að auka lífsgæði.

[18:42]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur kærlega fyrir að vekja máls á þessum vanda þeirra kvenna sem hún lýsti hér. Það er því miður greinilegt af svörum ráðherra að það ríkir nokkur forræðishyggja þegar tekin er afstaða til þess hvað hver á að fá. Það er mjög mikilvægt að sjúklingar sem eiga rétt á tiltekinni aðstoð hafi ekki bara nokkuð heldur mjög mikið um það að segja í hverju sú aðstoð er fólgin. Það er mikið áfall að greinast með banvænan sjúkdóm og þurfa að ganga í gegnum erfiðar aðgerðir og meðferðir þótt ekki bætist á sú þrautaganga að berjast við tryggingakerfið.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi nefna baráttu nokkurra kvenna sem hafa farið í brjóstnám og enduruppbyggingu en ekki fengið þeirri aðgerð lokið þar sem ekki var hægt á

þeim tíma að ljúka við gerð geirvörtu á brjóst með tattóveringu inni á sjúkrastofnunum. Ég vil biðja ráðherra að líta sérstaklega til þess hóps.

[18:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er ekki bara að miðla okkur af reynslu sem hún hefur sjálf öðlast, heldur hefur hún jafnframt í gegnum víðtæk kynni af konum í þessari aðstöðu kynnst því við hvað er að slást í þessum efnum. Það er alveg ljóst af svari hæstv. ráðherra að við erum með mjög ósveigjanlegt kerfi og mjög ósveigjanlega reglugerð og ég hlýt að minnast á það í þessari umræðu. Ég hef lesið nokkuð um þessi efni, m.a. viðtal við unga konu sem hefur fengið þann sjúkdóm að allt hárið dettur af. Það er varanlegt eftir því sem best er vitað og hún bendir einmitt á þetta með tvær hárkollur. Það er svipað og að bjóða manneskju upp á það að nota tvær flíkur allt árið, bara tvær flíkur, og þá geta allir gert sér grein fyrir hvernig flíkurnar verða. Það verður að taka á þessum málum. Það verður að taka á reglugerðinni og gera hana bæði einstaklingsbundnari og sveigjanlegri.

[18:45]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ekki þannig að ég hafi í fyrirspurn minni farið fram á aukin fjárútlát vegna hjálpartækja eða varnings sem konur sem fengið hafa brjóstakrabbamein þurfa að nota. Ég mæltist frekar til þess að þær hefðu einhvern ráðstöfunarrétt á þeim fjármunum sem þegar eru veittir. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að við höfum ákveðið val. Sem betur fer ákveður ekki Hjálpartækjabankinn hvers konar hárkollu kona sem misst hefur hárið á að hafa. Sem betur fer ákveður ekki hjálpartækjanefndin hvaða brjóstastærð hentar hverju sinni. Við höfum þetta val um hvernig við viljum hafa þau hjálpartæki sem okkur standa til boða.

Hér er farið fram á að fram fari einstaklingsbundið mat á þörfinni, eins og hv. þm. sagði áðan, að viðkomandi hafi eitthvað um þá fjármuni að segja sem ætlaðir eru til hjálpartækjakaupa og annars, til að mynda til að láta tattóvera á sig augabrúnir sem skiptir verulegu máli fyrir þær konur sem missa augabrúnir og augnhár.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er einungis þessi: Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að reglunum verði breytt í þessa veru? Við erum ekki að tala um aukið fjármagn heldur meiri áherslu á einstaklingsbundið mat og minni forræðishyggju við ráðstöfun þeirra fjármuna sem eiga að fara í slík hjálpartæki.

[18:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Sem betur fer eru miklar framfarir í hjálpartækjum fyrir krabbameinssjúka. Eðli málsins samkvæmt hlýtur að þurfa að endurskoða þær reglugerðir sem þar gilda. Þær endurskoðanir verða að vera í takt við þá tilveru sem við búum við og þær framfarir sem hafa orðið. Auðvitað tökum við mið af því í ráðuneytinu.

Ég hélt því ekki fram að hv. þm. krefðist aukinna fjármuna í þetta. Ég tel einboðið að við förum yfir málið, þar á meðal það mál sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir nefndi og ég þekki. Akkillesarhællinn á sínum tíma var sá að þar var ekki viðurkennd heilbrigðisstétt sem þjónaði en við þurfum auðvitað að skoða það mál. Ég veit af því.

Varðandi ósveigjanleika kerfisins, mat á hverjum einstaklingi og þörfum hans, þá tel ég sjálfsagt að skoða þau mál. Það kom reyndar fram í svari mínu að sjálfsákvörðunarréttur er virtur í fjölmörgum tilfellum. Ég tel að þróa þurfi þessi mál þannig. Ég endurtek, og ég tel að það hafi komið fram í máli allra ræðumanna, að þessar reglur þyrfti að endurskoða, m.a. vegna þeirra breytinga sem hafa orðið í meðferð við þessum alvarlega sjúkdómi og þróun hjálpartækja.

[18:49]

Útbýting þingskjals:

Bifreiðamál ráðherra, 334. mál, fsp. JóhS, þskj. 391.

Lýsing við Gullfoss.

Fsp. MF, 224. mál. — Þskj. 239.

[18:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur mikil vinna verið lögð í að bæta umhverfið við eina fegurstu náttúruperlu landsins, Gullfoss. Aðkoman að fossinum hefur verið stórbætt og góðir göngustígar bæta öryggi þeirra fjölmörgu ferðamanna sem koma til að skoða fossinn. Flestir koma yfir sumartímann en eftir að ferðamannatímabilið lengdist hefur færst í aukana að Gullfoss sé sóttur heim yfir vetrartímann.

Segja má að ferðamenn komi að Gullfossi á öllum árstímum og öllum tímum dags. Í skammdeginu styttist sá tími verulega þar sem gestum gefst færi á að njóta þessarar náttúruperlu sem á sér vart hliðstæðu, ekki bara hér á landi heldur í heiminum.

Í uppsveitum Árnessýslu hefur verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu ferðamannaiðnaðar. Fáir hafa náð eins miklum árangri í þeim efnum á síðustu árum enda eru möguleikarnir miklir þar sem náttúruundur eins og Gullfoss og Geysir eru til staðar. Víða erlendis má sjá á helstu ferðamannastöðum að náttúruperlur eru upplýstar eftir að dimma tekur til að laða frekar að ferðamenn og lengja þann tíma sem njóta má útsýnis.

Á síðustu árum hafa menn rætt möguleikana á að koma fyrir lýsingu við Gullfoss og hefur ferðamálaráð tekið þeirri hugmynd frekar jákvætt. Um yrði að ræða lýsingu sex mánuði ársins, frá 1. október til 1. apríl. Töluverð vinna hefur verið lögð í að skoða með hvaða hætti þetta yrði best gert. Hér er um mjög áhugavert framtak að ræða sem styrkja mundi ferðamannaiðnaðinn í uppsveitum Árnessýslu verulega og gefa fleirum færi á að njóta þessarar frábæru náttúruperlu á annan hátt en nú er. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur komið til álita að lýsa Gullfoss upp með ljóskösturum og ef svo er, hver er afstaða ráðherra og viðkomandi stofnunar til hugmyndarinnar?

[18:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvort komið hafi til álita að lýsa Gullfoss upp með ljóskösturum og ef svo væri, hver væri afstaða ráðherra og viðkomandi stofnunar til hugmyndarinnar.

Því er til að svara að það eru engin bein ákvæði í lögum um flóðlýsingar. Í lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, er m.a. að finna ákvæði um að hvers konar áletranir á náttúrumyndanir séu bannaðar en engin ákvæði er varðar flóðlýsingu náttúruminja. Hugmyndir um flóðlýsingu fossa og annarra náttúruminja hafa af og til komið til álita. M.a. er

fjallað um mögulega flóðlýsingu við Gullfoss í greinargerð með skipulagstillögu fyrir neðri aðkomu við Gullfoss sem unnin var af Landformi ehf. fyrir ferðamálaráð Íslands árið 1999. Þar kemur fram að ferðamenn heimsækja Gullfoss á öllum tímum dags árið um kring og ástæða sé til að meta hvort þeir nytu ásýndar fossins betur ef hann yrði flóðlýstur. Um væri að ræða lýsingu sem væri eingöngu kveikt er birta væri komin niður fyrir 100 lux og aðallega að haust- og vetrarlagi. Ljóskastarar yrði settir upp að vestanverðu, rétt neðan gilbarms og þannig ósýnilegir frá aðkomu- og göngusvæðum.

Flóðlýsing getur skapað aðstöðu sem gerir ferðamönnum kleift að skoða tiltekin náttúrufyrirbæri í myrkri þó slík náttúruskoðun sé annars eðlis en sú sem fer fram við eðlileg birtuskilyrði. Þannig má skapa ákveðin hughrif sem geta verið hrífandi á sinn hátt. Dæmi um slíkt er lýsing fossa í Varmá í Hveragerði og Systrafoss á Kirkjubæjarklaustri þannig að fyrirbærið er þekkt hér á landi.

Ég tel að það sé ekki eðlilegt að útiloka þessa hugmynd og mér finnst koma til greina að gera tilraunaverkefni með slíkar lýsingar eins og við Gullfoss þar sem ég tel að það gæti haft áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu. Þeir mundu þá frekar skoða þetta náttúrufyrirbæri okkar í myrkri. Af minni hálfu er ekki eðlilegt að útiloka þessa hugmynd og ég bendi á að það gæti verið eðlilegt að gera tilraun. Maður vildi líka gjarnan sjá hvernig þetta kæmi út í raunveruleikanum. Mér er ekki kunnugt um að við höfum fengið neinar beiðnir sem lúta að þessu beint en mér er kunnugt um að þetta hefur komið til álita í hugmyndum frá Landformi varðandi skipulagstillögur. Svar mitt er að mér finnst þetta koma til greina.

[18:55]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og hve jákvætt hún tekur í þessa hugmynd. Hún er, eins og hæstv. ráðherra sagði, ekki alveg ný vegna þess að þetta hefur komið upp áður. Reyndar er búið að undirbyggja þetta býsna vel að mínu mati miðað við þær skýrslur sem ég hef lesið. Mér finnst það góð hugmynd hjá hæstv. ráðherra að fara í tilraunaverkefni í tiltölulega stuttan tíma.

Ég veit til þess að sveitarstjórnir í uppsveitum Árnessýslu hafa lagt mikla áherslu á þetta. Hvort þær hafa sent formleg erindi er mér ekki kunnugt um en þó var í umræðunni að sækja um fjárveitingu til að fara í þetta verkefni. Það var einmitt undirbúið með þeim sem vann skýrsluna á sínum tíma. Þá var þetta erindi undirbúið. Þetta hefur verið í umræðunni býsna lengi.

Fjöldi ferðamanna hefur komið að Gullfossi á haustin og eftir að fer að skyggja til að njóta fossins. Útlendingar hafa sumir reiknað með því að þessi náttúruperla væri upplýst, það væri allt í lagi að fara þangað að kvöldi vegna þess að svona einstakt náttúrufyrirbrigði hlyti að vera lýst upp þannig að ferðamenn gætu notið þess á hvaða tíma sólarhrings sem er.

Ég fagna hins vegar þessari afstöðu ráðherra og beini því til hæstv. ráðherra að hún beiti sér fyrir því að í þetta tilraunaverkefni verði farið.

[18:57]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og hér kom fram er mér ekki kunnugt um að komið hafi fram bein beiðni sem lýtur að þessari hugmynd. Ég sé enga ástæðu til að beita mér sérstaklega í málinu. Ef það kemur til okkar með einhverjum hætti þá skoðum við það auðvitað. En það eru ekki allir sammála um að við eigum að lýsa upp náttúrufyrirbæri og t.d. hafa það verið sjónarmið á Umhverfisstofnun að það beri ekki að lýsa upp náttúrufyrirbæri fjarri byggð. Það er talið í lagi að lýsa upp náttúrufyrirbrigði sem eru hluti af menningarlandslagi, má segja. En mér finnst Gullfoss vera þess eðlis að af minni hálfu kæmi til greina að lýsa hann upp.

Menn geta líka spurt sig: Á að lýsa upp Herðubreið uppi á hálendinu? Ég hef miklu meiri efasemdir um það. Það er fjær byggð og ekki sambærilegt við þá hugmynd að eðlilegt gæti verið að lýsa upp Gullfoss. Menn standa t.d. á palli við fossinn og horfa þar yfir svæðið þannig að auðvitað er að vissu leyti búið að snerta það svæði. Af minni hálfu kemur þetta til greina en ég hef ekki sérstaklega í hyggju að beita mér í þessu máli. Hugsanlega kemur það til okkar kasta ef formlegar beiðnir berast.

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

Fsp. SÞorg, 228. mál. — Þskj. 248.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa mörg sveitarfélög lyft grettistaki í fráveitumálum. Segja má að með þessum framkvæmdum hafi verið stigið eitt stærsta skref í umhverfisátaki í sögu þjóðarinnar. Í nýlegri úttekt á fráveituverkefnum sveitarfélaga kemur fram að lokið er um 35% þeirra fráveituverkefna sem sveitarfélögin stóðu frammi fyrir á árinu 1995 og á lögum samkvæmt að vera lokið í árslok 2006. Þetta eru gífurlega kostnaðarsöm verkefni og fjárþörf til framkvæmda er ólík milli einstakra sveitarfélaga og einnig fjárhagsleg geta þeirra.

Árið 1995 voru sett lög nr. 53, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Samkvæmt 3. gr. laganna getur tiltekin fráveituframkvæmd sem unnin er á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005 notið styrks úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins nemi allt að 20% framkvæmdakostnaðar eða heildarraunkostnaði styrkhæfrar framkvæmdar næstliðins árs. Árlegt fjárframlag ríkissjóðs til stuðnings við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga er þó bundið ákveðnu hámarki eða 200 millj. kr. sem nú hefur verið hækkað í 220 millj. kr.

Til þessa verkefnis er áætlað að ríkið veiti samtals 2,2 milljarða kr. á árinu 1995–2005. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef lá fyrir árið 2002 að frá gildistöku laganna 1995 hafi fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, þ.e. framkvæmdir á árunum 1995–2001, verið minni en sem nam samanlögðu árlegu hámarksframlagi ríkissjóðs.

Vegna mikilla framkvæmda við uppbyggingu grunnskóla undanfarin ár, m.a. vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaganna og ákvæða grunnskólalaga um einsetningu, er ólíklegt að öll sveitarfélög hafi bolmagn til að ljúka tilskildum fráveituframkvæmdum fyrir árslok 2005. Ljóst er að mörg sveitarfélaga sem skemmst eru á veg komin í fráveituframkvæmdum muni eiga í verulegum erfiðleikum með að fjármagna þær án frekari stuðnings. Því spyr ég hæstv. umhvrh. hvort fyrirhugað sé að breyta núgildandi lögum og lengja tímabilið með fjárstuðningi ríkisins vegna fráveituframkvæmda og koma þannig til móts við þau sveitarfélög sem enn hafa ekki lokið fráveituframkvæmdum.

[19:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er: Er fyrirhugað að lengja tímabil fjárhagslegs stuðnings ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga?

Því er til að svara að það er ljóst að fyrir Íslendinga sem byggja afkomu sína á matvælaframleiðslu og eru í auknum mæli að markaðssetja landið sem ferðamannaland og hafa hafið sem sína mikilvægustu auðlind, er mjög mikilvægt að fráveitumál séu í lagi og að vandað sé til úrlausna á þeim vettvangi.

Með lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, er komið til móts við þau sjónarmið sveitarfélaga að ríkisvaldið taki þátt í kostnaði við framkvæmdir að ákveðnu marki eða sem nemur 20% af raunkostnaði við tilteknar framkvæmdir en þó að hámarki 200 millj. kr. á ári.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skolp, nr. 798/1999, sem tekur mið af tilskipun 91/271/EBE, um hreinsun skolps frá þéttbýli, skal þessum málum vera komið í viðeigandi horf fyrir 1. janúar 2006.

Um 70% landsmanna búa við viðunandi aðstæður í fráveitumálum þar sem stærstu framkvæmdirnar hafa verið á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þar sem mannfjöldinn er mestur. Ef svo heldur sem horfir munu um 80–85% landsmanna búa við viðunandi aðstæður í lok ársins 2005.

Umrædd lög gilda til og með 2005 þannig að síðustu greiðslur samkvæmt þeim koma til úrborgunar á árinu 2006. Ég tel ólíklegt að hægt sé að ná því markmiði að ljúka framkvæmdum í fráveitumálum á árinu 2005. Framkvæmdir fóru hægar af stað en reiknað var með, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, þannig að fyrst á árinu 2001 náðu styrkir 200 millj. kr. Á síðasta ári fór fram könnun á ástandi fráveitumála með það að leiðarljósi að gera tillögu um framhaldið. Niðurstöður þessarar könnunar voru kynntar í skýrslu og á ráðstefnu fyrr á þessu ári.

Í framhaldi af því fól ég fráveitunefnd umhvrn. sem starfar samkvæmt áðurnefndum lögum að endurskoða lögin og vinna frv. til laga þar sem tekið er á framhaldinu með það að leiðarljósi að lagt yrði fram frv. á næsta ári. Á þessari stundu liggur tillaga ekki fyrir og engin ákvörðun um hvort það verði lengt í lögunum eða hvernig tekið verði á þessum afgangsframkvæmdum. Ég vil hins vegar alls ekki útiloka að lengt verði í lögunum, en engin ákvörðun liggur fyrir um það á þessari stundu.

[19:04]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurrós Þorgrímsdóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli. Við vitum öll hve mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að fráveitumálin séu í lagi. Við byggjum afkomu okkar að miklu leyti á matvælaframleiðslu. Mörg sveitarfélög eiga í mjög miklum erfiðleikum með að uppfylla þessar skyldur vegna þess hvernig lega þeirra er í landinu. Ég vil nefna sveitarfélög á Suðurlandi sem eru langt frá sjó, eins og Hveragerði, Selfoss, Hellu og Hvolsvöll. Ég tel að lengja verði í þessum tíma til að sveitarfélögin fái rýmrir tíma til að uppfylla þessar skyldur.

Ég vil líka spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún viti hvort nokkur ný tækni sé væntanleg, ódýrari þá en þær lausnir sem við höfum verið með til þessa.

[19:05]

Fyrirspyrjandi (Sigurrós Þorgrímsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör. Eins og hér hefur komið fram er þetta mjög mikið áhyggjuefni margra sveitarfélaga, sérstaklega þeirra sem eru rétt að byrja á þessum framkvæmdum og sjá ekki fram á að þau verði búin að ljúka þeim á tilsettum tíma.

Ég heyri á ráðherra að verið er að vinna í þessu máli og það er bara ósk mín og von að þessi tími verði lengdur.

[19:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Nú er búið að draga það fram í umræðunni að þessar framkvæmdir séu dýrar fyrir mörg sveitarfélög og það er alveg rétt. Hægt er að nefna það hér að t.d. á Blönduósi og í Hveragerði er kostnaður á hvern íbúa mjög hár. Samt hafa menn lagt í þann kostnað og eru búnir að koma sínum málum í lag á meðan aðrir, þar sem minni kostnaður er á hvern íbúa, eru ekki búnir að því. Menn forgangsraða því misjafnlega innan sveitarfélaganna. Sumir leggja mjög mikla áherslu á skólamál en aðrir á fráveitumálin o.s.frv. Því er svolítið erfitt að færa rök fyrir því að hjálpa eigi sérstaklega þeim sem hafa mikinn kostnað þegar sumir sem hafa mikinn kostnað hafa nú þegar tekið á sínum málum, en sú umræða hefur komið upp.

Mér er ekki kunnugt um neina nýja tækni sem gæti gert þetta ódýrara. Það hefur stundum brunnið við í þessari umræðu að menn telja að við séum að gera óeðlilegar kröfur á Íslandi. Svo er ekki. Við gerum eðlilegar kröfur miðað við það sem gengur og gerist í Evrópusambandinu. Við höfum innleitt tilskipanir þaðan og höfum flokkað viðtaka okkar í samstarfi við önnur Evrópusambandslönd og EES-lönd sem síður viðkvæman viðtaka, þ.e. sjórinn. Við gerum hins vegar ákveðnar kröfur sem eru strangari hvað varðar gerlamengun. Það var gert löngu áður en þessar EES-tilskipanir komu til sögu og það orsakast af því að við erum í hörkusamkeppni við Norðmenn og aðra varðandi fiskútflutning. Við erum því að gera þetta með eðlilegum hætti. Þetta er hins vegar dýrt og sveitarfélögin standa mörg hver ekkert mjög vel fjárhagslega þannig að ég skil að áhugi sé á því að lengja í lögunum af þeirra hálfu. Það er ekki búið að taka ákvörðun um það. En ég útiloka ekki að svo verði.

Prestaköll og prestsstöður.

Fsp. EKG, 234. mál. — Þskj. 254.

[19:08]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Í 39. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 35. gr., m.a. um skilyrði til almennra kosninga, skal setja í starfsreglur skv. 59. gr.“

Það er einmitt þessi grein laganna sem er tilefni þeirra tveggja fyrirspurna sem ég ætla að bera fram við hæstv. dóms- og kirkjumrh. Af lestri þessarar greinar verður ekki ráðið hversu rúman tíma biskupsembættið hefur til þess að

auglýsa eftir presti ef prestsstaða eða prestakall losnar. Samkvæmt orðanna hljóðan er þetta vald í raun lagt í hendur biskups. Þó má ætla að einn tilgangurinn með þessari lagagrein sé m.a. sá að tryggja að eftir því sé farið og það sé tryggt að prestakall sé auglýst eða prestsstaða auglýst ef embætti losnar, án þess að tíundað sé í lagagreininni sjálfri hversu langur tími skuli líða frá því að staða verður laus og þar til auglýst er eftir umsækjendum um hana.

Tilefni þessarar fyrirspurnar er mál sem upp kom á Bíldudal þegar svo háttaði til að heilir ellefu mánuðir liðu frá því að prestsstarf losnaði við það að prestur lét af störfum og þar til kirkjuþing tók þá ákvörðun sem ég hef gagnrýnt, að leggja niður prestakallið á Bíldudal. Í ellefu mánuði lá sem sagt ekki fyrir hvort auglýst yrði eftir presti. Hin formlega ákvörðun um það var fyrst tekin að liðnum svo löngum tíma.

Ég tel mjög mikilvægt fyrir starfsöryggi og starfsemi prestakalla og starf í söfnuðum að þessi mál séu nokkuð skýr og mönnum nokkuð ljóst hvernig skuli að þessu staðið, a.m.k. að söfnuðunum sé þetta alveg ljóst. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. dóms- og kirkjumrh. eftirfarandi tveggja spurninga, með leyfi virðulegs forseta:

1. Hafa verið mótaðar reglur um hversu langur tími megi líða frá því að prestakall eða prestsstaða losnar og þar til biskup Íslands auglýsir embættið, sbr. 39. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar?

2. Eru dæmi um það frá gildistöku laganna 1. janúar 1998 að lengri tími en þrír mánuðir hafi liðið fram að auglýsingu? Ef svo er, hver eru þau dæmi?

[19:11]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrri spurningunni, um það hvort mótaðar hafi verið reglur um hversu langur tími megi líða frá því að prestakall eða prestsstaða losnar og þar til biskup Íslands auglýsir embættið, sbr. 39. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, get ég svarað á þann veg, eftir að ráðuneytið hefur leitað upplýsinga frá biskupi, að ekki hafa verið settar reglur um þessa tímafresti.

Hins vegar er það greinilega svo samkvæmt þessu svari að ef uppi eru áform um að leggja niður prestakall eða sameina prestakall nærliggjandi prestakalli eða prestaköllum þá er staðið að málum á sérstakan hátt sem ég mun lýsa á eftir. En ef ekki er á döfinni að ganga til slíkra verka er prestsstaðan eða embættið auglýst þegar í stað og leitað eftir umsóknum eftir að prestakallið losnar.

Ef áform eru uppi um það á vettvangi kirkjunnar að sameina prestaköll þá er litið til 19. gr. laga nr. 78/1997 þar sem segir að biskupafundur skuli gera tillögur til kirkjuþings um skipan prestakalla. Tillögur biskupafundar eru bornar undir viðkomandi safnaðar- og héraðsfundi áður en kirkjuþing fær þær til umfjöllunar og ákvörðunar.

Kirkjuþing er haldið í október ár hvert og því liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða varðandi afdrif tillagnanna fyrr en að loknu þinginu og kann það að valda því að viðkomandi prestakalli kunni að verða þjónað í aukaþjónustu í nokkurn tíma. Ef kirkjuþing hafnar sameiningu þar sem prestakall er laust, er það auglýst eins fljótt og kostur er. Það er þetta ferli sem um er að ræða og snertir fyrirspurn hv. þm.

Ef litið er á þetta frá 1998, hvernig þessu er háttað varðandi þá skipan ef ætlunin er að sameina prestaköll, þá má nefna að í Bólstaðarhlíðarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi sagði prestur lausu starfi sínu 30. júní árið 2000. Það var sameinað Þingeyrarklausturs- og Skagastrandarprestakalli 1. janúar 2001 og liðu þarna sex mánuðir.

Í Bergþórshvolsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi sagði prestur lausu starfi sínu 31. maí 1997. Það var sameinað Holtsprestakalli 17. mars 1999. Þarna liðu tuttugu og einn og hálfur mánuður.

Í Prestsbakkaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi sagði prestur starfi sínu lausu 1. nóvember 2002. Það var sameinað Melstaðar- og Hólmavíkurprestakalli 1. janúar 2004 og liðu 14 mánuðir.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi Bíldudalsprestakall í Barðastrandarprófastsdæmi. Þar sagði prestur lausu embætti sínu 1. nóvember árið 2002. Þetta prestakall verður sameinað Tálknafjarðarprestakalli frá 1. janúar næstkomandi og því líða 14 mánuðir án þess að þarna sé starfandi prestur.

Í Desjamýrarprestakalli í Múlaprófastsdæmi sagði prestur lausu starfi sínu 1. mars 1998. Það var sameinað Eiðaprestakalli 1. janúar árið 2000. Þar liðu 22 mánuðir.

Í Vatnsfjarðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi sagði prestur lausu starfi sínu 1. ágúst 1999. Það var sameinað Staðarprestakalli 1. janúar 2000 og liðu fimm mánuðir.

Þetta er sú lýsing sem ég fæ frá Biskupsstofu um þetta mál. Þá er þess að geta að Þingvallaprestakall í Árnesprófastsdæmi hefur verið laust frá 15. maí árið 2000 þegar sóknarpresturinn lést. Það starf hefur ekki verið auglýst.

[19:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að störf presta og skipan prestakalla í landinu eru og hafa verið um aldir ákveðnir hornsteinar í uppbyggingu á okkar þjóðskipulagi og okkar samfélagslegu þjónustu sem hefur einmitt byggst upp í kringum skipan prestakalla. Hlutverk presta og hvernig kirkjan fer með þjónustu sína skiptir okkur þess vegna öll máli.

Ég tel t.d. að í stöðu Bíldudalsprestakalls þar sem meginþorri íbúanna hafði skorað á biskup og kirkjustjórn Íslands að þangað kæmi prestur til starfa, hefði átt að ráða nokkru um viðbrögð kirkjunnar í þeim efnum, og ráða prest en ekki láta prestakallið standa tómt.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að skyldur þjóðkirkjunnar í þessu máli eru miklar og verður að vera hægt að gera til hennar þjóðfélagslegar kröfur.

[19:17]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og kirkjumrh. fyrir afar skýr og greinargóð svör við spurningum mínum, sem hafa varpað góðu ljósi á þetta mál sem ég var að leita eftir að væri skýrt. Starf prests í söfnuðum landsins er auðvitað mjög mikilvægt og söfnuðirnir gera miklar kröfur til þessara þjóna sinna sem eðlilegt er. Í mörgum byggðarlögum er það þannig að staða prestsins er mikilvæg líka í byggðalegu tilliti.

Þess vegna er að mínu mati ákaflega mikilvægt hvernig staðið er að ráðningu presta og hvernig staðið er að því að breyta skipan prestakalla. Það er ákaflega mikilvægt að það sé vel að því máli staðið og kynningin á slíkum málum gagnvart söfnuðinum sé nægilega mikil og gerð með þeim hætti að það þurfi ekki að valda óróa eða misskilningi eða hreinlega tortryggni gagnvart kirkjunni. Ég tel að það dæmi sem ég nefndi varðandi Bíldudalssókn sé því miður ekki dæmi um það. Ég tel að þar hafi ekki verið eðlilega að

málum staðið og ákaflega óheppilega að verki farið í þeim efnum. Þetta er viðkvæmt mál og vegna stöðu kirkjunnar verður hún að ganga fram af mikilli vandvirkni.

Því velti ég því fyrir mér hvort ekki væri skynsamlegt að setja um þetta tilteknar reglur, a.m.k. að kirkjunni sé það ljóst að þegar hún gengur til verka í þessum efnum, verði hún að stíga mjög varlega til jarðar og gera þessa hluti í góðri sátt og samkomulagi við íbúana og sóknirnar í landinu. Þess vegna hreyfði ég þessu máli og velti því fyrir mér hvort ekki þyrfti með einhverjum hætti að skýra málin. Það hefur komið fram í máli og svari hæstv. dóms- og kirkjumrh. að það er oft langur tími sem líður frá því að prestakall losnar og þar til prestur er ráðinn og sá tími verður a.m.k. í framtíðinni að vera nokkuð ljós fyrir söfnuðina í landinu.

[19:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda um nauðsyn þess að þessar reglur séu skýrar og ljósar og tel raunar að svo sé í stórum dráttum, að leikreglurnar sem kirkjan hefur sett sér um þetta efni séu ljósar. En að sjálfsögðu má alltaf betur gera. Ég þekki ekki nægilega vel hvernig samráði er háttað við söfnuði um þessi mál, en það kemur fram í svarinu sem ég las að tillögur séu bornar undir viðkomandi safnaðar- og héraðsfundi, það er því kynning á heimavettvangi þegar þetta ferli fer af stað, þegar menn taka ákvarðanir um að sameina prestaköll. Og um það snýst þetta mál fyrst og fremst eins og fram hefur komið. Það er kirkjunnar að setja sér þessar starfsreglur.

Í málinu sem um er að ræða nefndi hv. fyrirspyrjandi sérstaklega Bíldudalsprestakall. Það urðu um þetta opinberar umræður nýlega og það hafa verið umræður um þessi mál. Það hlýtur að vera svo að á vettvangi kirkjunnar átti menn sig vel á nauðsyn þess að ganga þannig fram í þessum málum, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, að tekið sé ríkt tillit til hagsmuna þeirra sem eiga þarna mest í húfi. Hins vegar er sjónarmið sem líka verður að viðurkenna að það kunna að vera mjög málefnalegar ástæður fyrir því að sameina prestaköll þegar til þess verks er gengið.

Miskabætur til þolenda afbrota.

Fsp. MF o.fl., 267. mál. — Þskj. 300.

[19:21]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1995 voru samþykkt lög sem þóttu mikil réttarbót fyrir fórnarlömb ofbeldis, þeim sem höfðu orðið fyrir líkamsárásum eða verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Að flestra mati hafa lögin reynst vel og hafa þeir sem orðið hafa fyrir ofbeldi fengið bætur sem annars hefðu ekki verið, t.d. í þeim tilvikum þegar ofbeldismaðurinn finnst ekki, eða hefur ekki fjárhagslega getu til þess að greiða þær fjárhæðir sem dæmdar eru fórnarlambinu. Lögin tóku gildi 1. júlí 1996. Umsókn um greiðslur bóta úr ríkissjóði hefur fjölgað nokkuð síðan þá. Skráð mál af þessum toga eru á þessu ári tæplega 200, en voru árið 1998 um 104.

Dómstólar hafa í auknum mæli verið að dæma hærri bætur en áður var gert, t.d. í kynferðisafbrotamálum og taka þá e.t.v. meira tillit til sálrænna erfiðleika sem fórnarlamb ofbeldis þarf að þola. En þó dómarar taki meira tillit til þess og dæmi hærri bætur en áður, er ekki þar með sagt að fórnarlömbin fái þær.

Samkvæmt þeim lögum sem tóku gildi 1996 átti ríkið að ábyrgjast miskabætur allt að 1 millj. kr. vísitölutengt. En áður en ákvæði þessa efnis tók gildi var því frestað í sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og upphæðinni breytt þannig að í stað 1 millj. kr. ábyrgist ríkið miskabætur allt að 600.000 kr. og vísitölutengingin var afnumin. Þessi skerðing átti aðeins að gilda í stuttan tíma ef marka má álit allshn. um frv. þar sem fjallað var um skerðingarnar.

Samf. hefur undir forustu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur hvað eftir annað flutt hér á Alþingi frv. þess efnis að skerðingin verði afnumin og bætur greiddar í samræmi við þau lög sem samþykkt voru 1996 og hafa ekki að fullu tekið gildi vegna árlegrar skerðingar. Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, telur í skýrslu sinni fyrir árið 2002 mjög mikilvægt að fella úr gildi þessa skerðingu þar sem hún bitni harðast á börnum sem hafa verið þolendur ofbeldis, þ.m.t. kynferðisofbeldis.

Í bréfi umboðsmanns barna til dómsmrh. frá 23. október 2002 segir m.a. með leyfi forseta:

„Börn sem fórnarlömb alvarlegs kynferðisofbeldis eru meðal þeirra sem dæmdar eru einnar hæstu miskabætur í Hæstarétti Íslands. Það blandast því engum hugur um að sú ákvörðun Alþingis að ekki skuli greiða hærri bætur en 600.000 kr. úr ríkissjóði bitnar af fullum þunga á þeim sem síst skyldi, ungum fórnarlömbum alvarlegs kynferðisofbeldis.“

Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hvenær er fyrirhugað að ákvæði laga sem tóku gildi 1996 um ábyrgð ríkissjóðs á miskabótum til þolenda afbrota komi að fullu til framkvæmda?

2. Hversu háar greiðslur hafa verið inntar af hendi til þolenda afbrota?

3. Hversu margir hafa fengið þá hámarksgreiðslu sem nú er í gildi?

[19:24]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: Hvenær er fyrirhugað að ákvæði laga sem tóku gildi 1996 um ábyrgð ríkissjóðs á miskabótum til þolenda afbrota komi að fullu til framkvæmda?

Ég lít nú þannig á, herra forseti, að lögin hafi komist að fullu til framkvæmda hinn 1. júlí 1996, því þá komu öll ákvæði laganna til framkvæmda. Hins vegar er þetta eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi með tölurnar sem voru hér á ferðinni 1995 og 1996, það var endanlega ákveðið með lögunum sem tóku gildi 1. júlí 1996 að þessar bætur skyldu verða að hámarki 600.000 kr. Lögin tóku þá að fullu gildi og hafa komið til framkvæmda.

Í öðru lagi er spurt: Hversu háar greiðslur hafa verið inntar af hendi til þolenda afbrota?

Þegar litið er á tölur sem við höfum fengið frá Ríkisendurskoðun, kemur í ljós að heildargreiðslur til þolenda afbrota á árabilinu frá 1996–2002 eru alls 235 millj. 190 þús. kr. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda hafa þessar greiðslur farið stigvaxandi síðustu ár. Má benda á að árið 1996 námu heildargreiðslur 14,9 millj. kr., en á síðasta ári námu heildargreiðslurnar 49 millj. kr. Þá má benda á að rekstrarkostnaður vegna þessara laga nemur á sama árabili 20,6 millj. kr.

Í þriðja lagi er spurt: Hversu margir hafa fengið þá hámarksgreiðslu sem nú er í gildi?

Alls hafa 32 einstaklingar til dagsins í dag fengið hámarksmiskabætur samkvæmt c-lið 2. mgr. 7. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í þremur tilvikum lá ekki fyrir dómur þar sem gerandi var óþekktur. Í sex tilvikum var fjárhæð bóta sú sama og ákveðin var í dómi. En í 23 tilvikum voru miskabætur ákvarðaðar hærri í dómi en greiddar voru út á grundvelli laganna.

[19:27]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hlýt þó að mótmæla því mati hans að lögin hafi komið að fullu til framkvæmda, vegna þess að það var sett á ákveðið skerðingarákvæði, breyting á frv., sem segir síðan í umsögn allshn. Alþingis sem er dags. 15. desember 1995, um sama frv. og meiri hluti allshn. Alþingis setti hér fram undir forustu fyrrv. dómsmrh., hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er gert ráð fyrir að gildistökunni verði frestað fram á mitt næsta ár og að ríkissjóður greiði einungis helming bóta ásamt frekari skerðingum. Meiri hluti allshn. telur að hér sé um að ræða mjög miklar skerðingar frá því sem lögin gera ráð fyrir. Meiri hlutinn mælist því eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1997 verði miðað við að bætur verði greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið."

Mér heyrist, virðulegi forseti, að vilji hæstv. dómsmrh. til þess að færa lögin í upprunalegt horf og miðað sé við 1 millj. kr., sé ekki til staðar, enda sjást þess engin merki í frv. til fjárlaga. Hér hefur Samf. aftur flutt frv. sem vonandi fær eðlilega og góða umfjöllun og sá meiri hluti sem ég er sannfærð um að var til staðar á sínum tíma þegar lögin voru afgreidd, verði til staðar til að ná fram réttlæti í þessum efnum.

[19:29]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála þegar litið er á lagatextann að lögin hafa komið að fullu til framkvæmda. Hitt er síðan annað mál hvort menn telja að 600.000 kr. sé sú fjárhæð sem við á að miða, en hún er enn í lögum og hefur verið alveg frá 1996 og við það er miðað við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 2004. Málið snýst því um hvort þessi fjárhæð, 600.000 kr., eigi að vera önnur tala, en ekki um það hvort lögin hafi komist til framkvæmda. Þau eru komin til framkvæmda.

Afdrif hælisleitenda.

Fsp. ÁI, 316. mál. — Þskj. 362.

[19:30]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Í ársbyrjun árið 2003 voru 20 milljónir manna á skrá Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, svipaður fjöldi og árinu áður, einn af hverjum 300 jarðarbúum. Inni í þessari tölu eru þó ekki 4 milljónir Palestínumanna sem búa í flóttamannabúðum í eigin landi. Þegar menn eru knúnir til að flýja heimaland sitt vegna ofsókna eða stríðs og sækja um landvist í öðru landi, þá sækja þeir um hæli, þ.e. rétt til að fá viðurkenningu sem flóttamenn og öðlast þá lagalegu vernd og aðstoð sem slíkri stöðu fylgir í samræmi við alþjóðasamning um flóttamenn.

Íslendingar hafa á tæpum 50 árum tekið við samtals 422 flóttamönnum, en alltaf í sérvöldum hópum, en þetta þýðir að jafnaði um níu manns á ári. Það er augljóst að í þeim efnum getum við gert svo miklu betur.

En það hefur oft verið gagnrýnt og mörgum finnst það miskunnarlaust þegar hælisleitendum er vísað frá Íslandi, jafnvel fjölskyldum með börn sem búin eru að vera lengi á þvælingi um heiminn eins og dæmin sanna. Þessi gagnrýni byggir á því að sárafá ef nokkur dæmi eru þess að Íslendingar hafi veitt flóttamönnum hæli hér á landi og hafa á stundum spunnist langvinnar og heitar deilur um þau efni.

Hins vegar var lengst af nokkrum hópi veitt dvalarleyfi hér af mannúðarástæðum. En upp á síðkastið hafa því miður frekar borist fregnir af brottvísunum hælisleitenda en af því að þeim hafi verið veitt dvalarleyfi. Íslensk stjórnvöld hafa í þeim efnum vísað í Dyflinnarsamkomulagið og norræna vegabréfseftirlitssamninginn og vísað hælisleitendum umsvifalaust til síðasta áfangastaðar. Menn spyrja sig hvort brottvísun, svokölluð endurviðtaka, af þessu tagi sé að verða algild regla hjá núverandi ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Þegar umræða um skýrslu hæstv. utanrrh. fór fram í síðustu viku, var hér nefnt mál ungra hjóna frá Afganistan og Úsbekistan sem óskuðu hælis hér á landi í mars sl. Þeirra mál hefur nú leyst af sjálfu sér, því þeim hefur nú fæðst hér sonur og skv. 21. gr. laga um útlendinga, með leyfi forseta, segir: „Óheimilt er að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan." Það er óskandi að við getum öll boðið þennan nýja Íslending velkominn í heiminn.

En ég hef leyft mér að leggja svohljóðandi spurningar um afdrif hælisleitenda fyrir hæstv. dómsmrh.:

Hve margir hafa sótt um pólitískt hæli hér á landi á ári 1998–2003 og hver urðu afdrif þessara umsókna?

Hve mörgum hefur verið veitt hæli hér á landi á fyrrgreindu tímabili?

Hversu mörg börn yngri en 16 ára hafa verið meðal hælisleitenda þetta tímabil og hver urðu afdrif umsókna þeirra?

Hefur ráðherra markað stefnu í afgreiðslu umsókna hælisleitenda? Ef svo er, hver er hún?

[19:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er hve margir hafi sótt um pólitískt hæli hér á landi á ári 1998–2003 og hver hafi orðið afdrif þessara umsókna?

Árið 1998 komu fram 24 umsóknir um hæli, þar af tvö börn yngri en 16 ára, 13 fengu dvalarleyfi, þar með talin börnin tvö, tveir drógu umsókn til baka, en níu var synjað.

Árið 1999 voru umsóknir einnig 24. Ekkert barn var þar á meðal. Einum umsækjanda var veitt hæli hér á landi, níu fengu dvalarleyfi, átta drógu umsóknir sínar til baka, en sjö var synjað.

Árið 2000 komu 25 umsóknir um hæli, þar af tvö börn. Fjórir fengu dvalarleyfi þar með talin börnin tvö, fjórir drógu umsókn sína til baka, en 17 var synjað.

Árið 2001 komu fram 53 umsóknir, þar af 12 börn. 35 drógu umsókn til baka eða voru fluttir til fyrra umsóknarríkis, þar með talin sex börn. Átta fengu dvalarleyfi, þar með talin þrjú börn og 10 var synjað, þar með talin þrjú börn.

Árið 2002 sóttu 117 um hæli hér á landi, þar af 25 börn. Fimm fengu dvalarleyfi, þar á meðal tvö börn. 36 umsækjendur voru fluttir til fyrra umsóknarríkis, þar með talin átta

börn, 61 dró umsókn sína til baka, þar með talin 13 börn og 15 umsækjendum var synjað, þar með talin tvö börn.

Árið 2003, frá ársbyrjun til 18. nóvember sl., hefur 71 sótt um hæli hér á landi, þar af níu börn. 20 hafa verið fluttir til fyrra umsóknarríkis, þar með talin sex börn. 23 hafa dregið umsóknir sínar um hæli til baka og 21 hefur verið synjað, þar með talin þrjú börn. Sjö málum er ólokið.

Svo sem fram er komið hefur einum umsækjanda verið veitt hæli á því tímabili sem er til umræðu, en hann kom til landsins á árinu 1999. Frá því tímabili sem fyrirspurnin lýtur að hafa orðið gagngerar breytingar í þessum málaflokki í löggjöf og með samningum við önnur ríki. Með þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu í mars 2001 varð aðgengi að landinu auðveldara og varð þegar mikil aukning á umsóknum um hæli, sem urðu á árinu 2002 117 talsins. Þá gerðist Ísland í janúar 2001 aðili að svonefndum Dyflinnarsamningi, en hann fjallar um hvernig ákveða skuli hvaða ríki beri að fjalla um hælisumsókn. Á grundvelli þess samnings hafa allmargir umsækjendur verið fluttir til fyrra umsóknarríkis sem fjalla ber um umsóknir þeirra.

Svo sem kunnugt er tók ný löggjöf um útlendinga gildi í ársbyrjun 2003. En á grundvelli hennar hefur afgreiðsla umsókna um hæli orðið mun skilvirkari og þurfa umsækjendur almennt ekki að bíða lengi niðurstöðu í málum sínum. Ný úrræði, flýtimeðferð þegar augljóst er að ekki ber að fjalla um umsókn hér á landi eða augljóst er að umsækjandi fellur ekki undir skilyrði flóttamannasamningsins var fyrst beitt á árinu 2003. Almennt er einkennandi fyrir þann hóp sem sótt hefur um hæli hér á landi að umsækjendur hafa áður reynt fyrir sér í öðrum Evrópuríkjum og ýmist ekki beðið þar eftir niðurstöðu eða verið synjað þar um hæli. Þá hefur í flestum tilvikum reynst vera um að ræða einstaklinga sem leita betri lífskjara en völ er á heima fyrir, en ekki fólk sem er á flótta undan ofsóknum eða stríðsátökum í heimaríki sínu, en það er um síðarnefnda hópinn sem þeir alþjóðasamningar sem unnið er eftir, fjalla. Þau börn sem leitað hafa hælis hér hafa öll verið í fylgd með foreldrum sínum og niðurstaða í málum þeirra ráðist af niðurstöðu í málum foreldranna.

Herra forseti. Að því er varðar fjórðu spurningu fyrirspyrjanda um stefnu ráðherra í afgreiðslu umsókna hælisleitenda er því til að svara að það er ekki hlutverk ráðherra að marka þá stefnu. Hún hefur þegar verið mörkuð í nýju útlendingalöggjöfinni og dóms- og kirkjumrn. framkvæmir hana í þeim úrskurðum sem það kveður upp á þessu sviði. Þar kemur m.a. fram að miða ber við efnisreglur flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951, með síðari viðauka, um mat á því hvort umsækjandi um hæli teljist vera flóttamaður. Sé svo á hann rétt á hæli nema tilteknar undantekningar eigi við, svo sem á grundvelli Dyflinnarsamningsins eða norræna vegabréfasamningsins. Teljist umsækjandi ekki vera flóttamaður í skilningi flóttamannasamningsins, ber stjórnvöldum að taka það til skoðunar að eigin frumkvæði hvort veita beri umsækjanda dvalarleyfi af mannúðarástæðum eins og framangreindar tölur bera með sér. Hefur það alloft verið gert.

Lögunum til fyllingar er ítarleg reglugerð, sett af dómsmrh. í janúar á þessu ári, sem m.a. hefur að geyma ítarlegar reglur um málsmeðferð vegna hælisumsókna. Hinar nýju málsmeðferðarreglur eru mikil réttarbót fyrir umsækjendur og tryggja þeim m.a. auk þýðingarþjónustu ókeypis réttaraðstoð við málsmeðferðina, bæði á frumstigi og við kærumeðferð.

[19:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af fréttum um beiðni ungra hjóna um pólitískt hæli hérlendis, beiðni sem nú er til umfjöllunar hjá Útlendingastofnun, tók ég þetta mál upp í umræðu um utanríkismál, þ.e. hvort ríkisstjórnin hefði sett sér einhverjar reglur eða skilgreiningar svo unnt væri að brjóta þá löngu hefð sem hefur myndast að veita hér engum hæli. Og ég spyr þess vegna hæstv. dómsmrh.: Er þessi nefnda hælisbeiðni ekki gott tilefni til að rétta af neikvæðan samanburð okkar við hin Norðurlöndin? Og ég get bætt við út af þeim upplýsingum sem hér komu fram hjá fyrirspyrjanda um nýfæddan son þessara hjóna: Gerir þessi fæðing sonarins það alveg réttlætanlegt að þessi hjón fái hér hæli?

[19:39]

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka dómsmrh. kærlega fyrir skýr svör. Ég hlýt þó að gera alvarlegar athugasemdir við það sem fram kom í máli hans hvað varðar afstöðuna til hælisleitenda sem eru börn. En í máli hæstv. ráðherra kom fram að niðurstaða í máli þeirra ráðist alla jafna af niðurstöðu í máli foreldra, ef ég hef heyrt rétt.

Ég vil vekja athygli ráðherra á 22. gr. í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að þar sem aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, með leyfi forseta, „til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum“ o.s.frv., fái viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð.

Ég legg mikla áherslu á að það verður að meta sjálfstætt hag barna og foreldra. Það er því miður þannig að hælisleitendur sem eru kannski búnir að vera á flakki landa í milli, fullorðið fólk sem hefur upplifað skelfilegar hörmungar, á sér kannski ekki viðreisnar von andlega eða líkamlega, en börnin eru þeirrar gerðar að þau geta aðlagað sig mun betur og raunar erfiðustu aðstæðum. Þess vegna er vonin fólgin í þeim og það á að leyfa þeim að fá von og möguleika á lífi, nýju lífi óháð því hvort hægt sé að hjálpa foreldrunum mikið.

Ég tel mjög mikinn og alvarlegan misskilning að halda því fram að við megun ekki taka við hælisleitendum og veita þeim hér skjól, hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum þrátt fyrir aðild okkar að Dyflinnarsamningnum. Samningurinn þýðir í mínum augum aðeins það að við þurfum ekki lengur að taka afstöðu til umsókna þeirra sem koma hingað frá öðru aðildarlandi Schengen, en þannig er það auðvitað alla jafna vegna legu landsins. En við eigum, Íslendingar, að gera miklu betur á þessu sviði. Við eigum að leggja okkar fram til þess að hjálpa þessu fólki sem er í neyð og veita þeim hæli hér af mannúðarástæðum.

[19:41]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég ætla ekki í þessum ræðustól að fjalla um mál einstaklinga sem eru að sækja hér um hæli. Ég geri það ekki, bæði af tilliti til þeirra sem hlut eiga að máli og einnig vegna þess að þetta málefni er til meðferðar hjá Útlendingastofnun og viðkomandi hafa rétt til þess að kæra það til dómsmrn. og með yfirlýsingum mínum hér um einstök efnisatriði í slíkum málum, væri ég að ganga á svig við stjórnsýslureglur og þá aðferð sem ber að viðhafa í málum af þessum toga.

Ég sagði í svari mínu að þau börn sem leitað hafa hælis hér hafi öll verið í fylgd með foreldrum sínum og niðurstaða

í málum þeirra ráðist af niðurstöðu í málum foreldranna. Það hefur ekki verið farið út á þá braut hér, ef það var það sem hv. fyrirspyrjandi átti við, að skilja á milli hagsmuna foreldra og barna þegar tekin er afstaða í málum af þessum toga, því það hefur ekki verði talið skynsamlegt og ég trúi því ekki að gert sé ráð fyrir því í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að þannig sé staðið að verki að yfirvöld taki á málefnum barna á annan veg heldur en foreldra þeirra, þegar um börn yngri en 16 ára er að ræða. Ég trúi því ekki að hv. fyrirspyrjandi hafi átt við það. En að sjálfsögðu ber að taka afstöðu til hagsmuna barna á grundvelli þeirra alþjóðasamninga sem við höfum gert og taka afstöðu til þessara mála á grundvelli skýrra lagareglna. Þær liggja fyrir nýsamþykktar, ný reglugerð, og við vinnum nákvæmlega í samræmi við þá sáttmála sem við höfum gengist undir og ég tel að málsmeðferð hér varðandi þennan málaflokk sé til fyrirmyndar og vel að verki staðið af þeim embættismönnum sem að þessu koma.

Reiðhöllin á Blönduósi.

Fsp. AKG, 270. mál. — Þskj. 304.

[19:44]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Á Blönduósi er reiðhöll sem reist var að frumkvæði einstaklings, en síðan var stofnað einkahlutafélag um reksturinn. Að því koma auk upphafsmanns félög hestamanna og hrossaræktenda á svæðinu, sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu og einstaklingar. Á vígsluhátíð reiðhallarinnar þann 11. mars árið 2000 var flutt kveðja frá Guðna Ágústssyni hæstv. landbrh. og skildu viðstaddir gestir, um 300 manns, orðsendinguna svo að vænta mætti opinbers stuðnings við verkefnið. Þegar endanlegur byggingarkostnaður lá fyrir og eignarhald formlega frágengið, var send umsókn um stuðning til ráðherra og henni fylgt eftir með heimsókn. Ráðherrann skoðaði jafnframt hina nýju reiðhöll sumarið 2001. Styrkumsókn var hafnað en Blönduósingum bent á að leita liðsinnis Byggðastofnunar. Umsóknum til Byggðastofnunar hefur ítrekað verið hafnað og sömu sögu er að segja um endurnýjað erindi til landbrh. Þrívegis hefur verið sent erindi til fjárln. en án árangurs.

Í aðdraganda kosninga síðasta vor færði landbrh. forsvarsmönnum reiðhallarinnar þær góðu fréttir að frágengið væri við Byggðastofnun að styrkur kæmi til þeirra, aðeins þyrfti að senda erindi. Það virtist koma ráðherranum í opna skjöldu að stuðningur væri ekki þegar í höfn. Styrkur frá Byggðastofnun er hins vegar ekki kominn enn, heldur afsvar við erindinu.

Forsvarsmenn reiðhallarinnar eru, eins og að líkum lætur, orðnir furðu lostnir á þeim tvöföldu skilaboðum sem þeir fá æ ofan í æ.

Nú kann einhvern að undra þvílíka þrákelkni aðstandendur reiðhallarinnar sýna með síendurteknum styrkumsóknum og spyrja sig hvort þeir skilji ekki orðið nei. Sú er ekki raunin, heldur er skýringin á þessari framhaldssögu og þeirri miklu vinnu sem þeir hafa lagt í þessar fjölmörgu umsóknir, vandaðan undirbúning gagna og heimsóknir til ráðherra með tilheyrandi ferðalögum sú að stöðugt er gefinn ádráttur um að styrks sé að vænta. Þeim er bent á að sækja um aftur og aftur og á nýja og nýja staði. Þess vegna og vegna þess að þörf er á stuðningi til að þetta ágæta framtak, Reiðhöllin á Blönduósi, verði rekið á traustum grunni, er spurt hvort hrammur hæstv. landbrh. sé ekki nógu þungur á vogarskálina Blönduósmegin til þess að styrkveitingar sé loksins að vænta á borði en ekki í orði.

[19:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér voru sagðar þjóðsögur og flutt undarleg skilaboð að mínu viti í ræðustól Alþingis. Er það kannski ungur aldur hv. þm. í þinginu sem gerir það að verkum að svona málflutningur er hér borinn á borð.

Ég vil segja í upphafi máls að ein reiðhöll hefur verið byggð fyrir kraft Alþingis, það var Reiðhöllin í Víðidal á sínum tíma, Fákshöllin. Það var Ólafur heitinn Þórðarson, sem hér var góður þingmaður, sem flutti þáltill. sem var samþykkt og síðan var sú höll byggð með bændum og hestamönnum. Síðan varð hún eign Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Reykjavíkurborgar síðar.

Sannleikurinn er sá að síðan hefur ríkið ekki komið beint inn í slíkar hallir og hef ég aldrei flutt önnur skilaboð, aldrei önnur skilaboð, ég vil hafa það á hreinu og hafna ágætum sögum sem hér hafa verið sagðar á margvíslegan hátt, þó að ég taki nú fólki yfirleitt vel. En ég hef aldrei sagt mönnum það að ég sem landbrh. hafi neitt í mínum höndum sem ég geti styrkt þá með og alltaf sagt þeim að það væri mjög ótrúlegt eins og staðan er nú, að fjárveitingavald Alþingis komi inn í málið. Það þekkir hv. þm. jafn vel og sá er hér stendur. Það hefur ekki gerst.

Málið stendur því þannig eins og hv. þm. rakti að þarna er athafnamaður sem byggir umrædda höll, eins og höllina í Ölfusinu og fleiri hallir sem byggðar hafa verið. Ég minnist reiðhallarinnar í Skagafirði í heimabæ hv. þm. sem hefur verið byggð fyrir framtak heimamanna, peninga sveitarfélagsins og hlutafé og dugnað heimamanna sem hafa staðið í því. Ríkið kom ekki að þeirri höll.

Hins vegar hefur ríkið komið að málinu óbeint eins og hv. þm. rakti og hefur það gerst í gegnum hestamannafélögin, hrossaræktarsamböndin, að styrkur hefur komið frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins í einhverjum tilfellum þar sem slík samstaða liggur fyrir og þekki ég slík dæmi.

Síðan er hitt að Byggðastofnun hefur fjallað um þetta mál og ályktað. Það eina sem ég sagði við vini mína í Húnavatnssýslum síðasta vor, því að ég minnist þess samtals sem hv. þm. rakti, að rétt væri að sækja um til Byggðastofnunar miðað við samþykkt sem ég hafði þá fregnað að stjórnin hefði gert um styrk til slíkra reiðhalla á einhverjum forsendum. Nú þekki ég það ekki alveg og er kannski ekki alveg rétt með farið hjá mér en ég hafði heyrt að Byggðastofnun væri að fjalla um reiðhallir og teldi þær mikilvægar og hefði eitthvað ályktað um að koma inn í þær með hlutafé frekar en styrk líklega, ef ég man þetta rétt. Ég benti þeim á þá leið og sagðist engar aðrar leiðir hafa við þessar aðstæður.

Ég get hins vegar sagt hv. þm. frá því að á síðasta þingi var samþykkt tillaga frá Jónasi Hallgrímssyni og fleiri þingmönnum um hvað reiðhallir væru mikilvægar og skorað var á landbrh. að setja á fót nefnd til að fara yfir hvernig væri hægt að byggja þær upp á ýmsum stöðum sem þær vantaði. Sú nefnd hefur nú hafið störf, ég skipaði hana til starfa og það er samkvæmt ályktun Alþingis frá 15. mars sl.

Ég kann því engin önnur úrræði en ég hef bent á, hvort sem það er Sauðárkrókshöllin eða Blönduóshöllin, Ölfushöllin eða aðrar hallir sem byggðar hafa verið, þ.e. þá leið að í einstaka tilfellum — og mér finnst það vera jafnræðisregla

— hefur Framleiðnisjóður komið inn í slík hlutafélög með pening, og það finnst mér kannski að Blönduósingarnir eigi inni hjá Framleiðnisjóðnum, að þeir geti gert það eins og aðrir.

Hitt er spurning sem ég þekki ekki alveg nógu vel, hvað Byggðastofnun hefur ályktað í þessu og hvort hún hefur þá komið inn á einhverjar aðrar leiðir. Þetta eru þær einu leiðir sem eru fyrir hendi fyrir utan þá dugnaðarmenn sem koma með peninga sína og hlutafjársöfnun sem menn hafa gert víða.

Ég tek undir það með hv. þm. sem kom fram í máli hennar að reiðhallir hafa breytt hestamennskunni og hafa gert það mjög gott. Þær þurfa því auðvitað að vera staðsettar þannig að landsmenn sem hestamennskuna stunda eigi aðgang að þeim sem víðast um landið.

[19:52]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fer hér fram vil ég láta þess getið að styrkveitingar frá Byggðastofnun eru afar litlar, þar er úr mjög litlum fjármunum að spila. Styrkir í svona stór verkefni mundu engan veginn nægja til. Það hleypur allt á hundruðum þúsunda kr. sem verið er að styrkja þar.

Aftur á móti hefur Byggðastofnun samþykkt reglur um aðkomu að reiðhöllum sem er þá í formi hlutafjár eða lána en ekki neinna styrkveitinga í reiðhallir, enda er ekki þeim fjármunum úr að spila. En reglurnar um hlutafélög og lán fara bara eftir almennum reglum.

[19:53]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með svör hæstv. landbrh. Ég skil hann svo að ekki sé að vænta stuðnings frá honum til að styrkja stöðu Reiðhallarinnar á Blönduósi og það eru mér satt að segja mikil vonbrigði og ég veit að það verða aðstandendum reiðhallarinnar og reyndar Austur-Húnvetningum öllum einnig djúp vonbrigði því að þeir höfðu vænst annars eins og fram kom í máli mínu rétt áðan.

Hins vegna vil ég fagna upplýsingum frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur og ég vænti þess að hún muni verða aðstandendum reiðhallarinnar innan handar við að afla hlutafjár hjá Byggðastofnun í reiðhöllina.

[19:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það geta ekki verið hv. þm. í sjálfu sér nein vonbrigði. Þetta er nákvæmlega það sem ég hef sagt Blönduósingunum og ég er náttúrlega ekki frá því að þeir hafi þegar notað sér þann stuðning sem var í gegnum Framleiðnisjóð, ég hef ekki aflað mér upplýsinga um það. En ég hef ekki bent þeim á aðrar leiðir öðrum fremur og hrammur minn vegur ekkert í þessu. Allir þeir peningar sem ég hef til ráðstöfunar sem landbrh. koma í gegnum þingið. Ég hef ekki aðra peninga og það hafa engir peningar í gegnum Alþingi verið skammtaðir til reiðhalla, og ég er ekkert viss um að ríkið ætli sér að koma inn í það.

Auðvitað verða duglegir athafnamenn sem byggja reiðhallir að gera sér grein fyrir því að þeir byggja þær og fjármagna og verða þá að leita á hlutabréfamarkað með það.

En ég hef aldrei gefið Blönduósingum önnur fyrirheit en þau, þ.e. í gegnum Framleiðnisjóð og síðan gæti það gerst í gegnum Byggðastofnun sem hér hefur verið upplýst. Að rekja hér einhverjar kveðjur frá mér sem ég hafi sent og að það hafi verið jafngildi peninga, það er auðvitað bæði ómaklegt og rangt að hafa slíkar yfirlýsingar hér uppi við. Ég auðvitað sendi á slíkum stundum fallegar kveðjur til þeirra athafnamanna sem eru að leggja peninga sína í hestamennskuna sem hefur verið að gera mikið gagn í landinu því að ég er klár á því að þessar stóru reiðhallir þurfa að vera nokkrar til í landinu til sýningahalds og sölumennsku. En svo eru auðvitað litlar reiðhallir heima á hrossabúgörðunum sjálfum sem Framleiðnisjóður hefur aftur komið að.

En ég hef aldrei gert annað en að segja mönnum satt frá minni hálfu, að ég hef enga peninga í mínum höndum til að rétta þeim við reiðhallirnar. Það er aðeins þessi leið, Framleiðnisjóðurinn, í gegnum félagasamtök hrossabændanna á því svæði. (Forseti hringir.) Og ég hygg nú, hæstv. forseti, að Blönduósingarnir hafi nýtt sér það. En hafi þeir ekki gert það þá er sjálfsagður hlutur að fara yfir það. En ég vil mótmæla því að hér séu sagðar slíkar sögur um einhver fyrirheit og loforð sem ég hef aldrei gefið. (Forseti hringir.) Ég þekki nokkuð vel hvað ég segi og hvar.

Skuldajöfnun skattskulda.

Fsp. RG, 308. mál. — Þskj. 353.

[19:57]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þess eru dæmi að framfærendur barna standi frammi fyrir því eftir skilnað að hinn aðilinn hefur stofnað til skattskulda sem skuldajafnað er við barnabæturnar. Það er staðreynd að börnin búa oftast hjá móður eftir skilnað og hún þarf gjarnan mjög á barnabótunum að halda við framfærsluna.

Hætta er á slíkri skuldajöfnun t.d. þegar skilnaður hefur tekið langan tíma og sá aðili sem hefur flust að heiman stofnar til skuldanna eftir sambúðarslitin.

Annað dæmi sem ég þekki mjög vel og hef reyndar lent í að hjálpa með gagnvart stjórnvöldum er að eftir sambúðarslit var söluágóði sem maki fékk við að selja iðnaðarhúsnæði notaður í að greiða óreiðuskuldir en skattskuldirnar saltaðar og voru síðan skuldajafnaðar við barnabætur þar sem móðir barnanna var öryrki og hafði mjög litlar tekjur og réð alls ekki við dæmið.

Því miður er það oft þannig að sá aðili sem á sök á skuldunum verður oft í kjölfarið lögheimilislaus þannig að ekki er hægt að ná til hans og um það eru fjölmörg dæmi þegar skuldir og ekki síst miklar skuldir eru í spilunum.

Nú geri ég mér alveg grein fyrir því að hægt er að breyta lögum þannig að heimild sé til þess að taka á slíkum málum en ég hef talið að hægt sé að gera breytingar á reglugerð svo að hægt sé að koma til móts við framfæranda í slíkri stöðu.

Þess vegna ber ég fram fsp. til fjmrh. um hvort ráðherra hafi lagaheimild til að breyta reglugerð um greiðslu barnabóta þannig að tryggja megi að barnabætur séu ekki skuldajafnaðar móti skuldum fyrrverandi maka.

Einnig spyr ég ráðherra hvort hann hyggist leggja til breytingar svo að afstýra megi fjárhagserfiðleikum sem framfærandi barns getur lent í þegar skilnaður dregst á langinn og maki stofnar til skulda sem síðan er skuldajafnað við barnabæturnar.

[20:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Spurt er hvort fjmrh. hafi lagaheimild til að breyta reglugerð um greiðslu barnabóta með tilteknum hætti. Svarið við því er að í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, eru í 68. gr. A. ákveðin lagafyrirmæli um þetta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um fyrirframgreiðslu og útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta, þar með taldar ofgreiddar barnabætur erlendis, og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð."

Með öðrum orðum: Sú ábyrgð er lögð á fjmrh. að gefa út reglugerð á grundvelli þessara lagafyrirmæla um þessi atriði. Þar af leiðandi getur ráðherra að sjálfsögðu breytt þessari reglugerð svo fremi að hún rúmist innan laganna að öðru leyti.

Reglugerðin sem gefin hefur verið út um þetta efni er nr. 63/1999, en í henni segir m.a. í 7. gr., með leyfi forseta:

„Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga ..." — í þeirri röð sem síðan er tilgreind, þ.e. í þeirri forgangsröð sem ráð er fyrir gert. Síðan eru taldir 14 liðir sem geta komið til frádráttar þegar um er að ræða skuldajöfnun barnabóta.

Í 116. gr. tekjuskattslaganna sem ég vitnaði til áðan kemur hins vegar skýrt fram að hjón í samvistum bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna fyrir sig um greiðslu á sköttum þeirra beggja. Þar segir að auki, með leyfi forseta:

„Rétt er því hjóna, er skattgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta skatts er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur og eign hvors hjóna."

Þetta er sem sagt ein af lögfylgjum hjúskapar, eitt af því sem fylgir því að ganga í hjúskap, að hjón bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum hvors annars. Sama gildir um samskattað sambúðarfólk og einstaklinga í staðfestri samvist.

Þar sem um er að ræða svið sem er einkaréttarlegs eðlis er nauðsynlegt — ég vil leggja sérstaklega áherslu á það í svari mínu — að fólk geri sérstakar ráðstafanir við slit á samvistum vegna þessara afdráttarlausu ákvæða, þannig að barnabótum sé ekki skuldajafnað upp í skattaskuldir hins aðilans. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir hjón að kveða skýrt á um greiðslu og ábyrgð á skattskuldum í sínum skilnaðarsamningi, sem er réttur vettvangur fyrir slíkt. Það er ekki ríkisvaldsins að setja nánari reglur um skuldajöfnun skattskulda þegar skilnaður dregst á langinn hjá aðilum.

Ég vil vegna þessarar fyrirspurnar taka undir það sem kom fram í máli fyrirspyrjanda, að oft getur verið um verulegan vanda að ræða ef einstaklingar sem hér eiga hlut að máli sýna af sér óafsakanlega framkomu á borð við það sem fyrirspyrjandi lýsti. Ég geri ekki lítið úr vanda þess fólks sem fyrirspyrjandi nefnir en rétti vettvangurinn til að leysa slíkan vanda er að mínum dómi annars staðar en í lögum eða reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt. Ég tel ekki skynsamlegt að gera undanþágu eða frávik frá hinum almennu reglum í þessu efni gagnvart þessum tilteknu aðilum. Það mundi kalla á enn frekari vandamál eins og almennt gerist þegar um frávik eða undanþágur er að ræða. Svona mál verður að leysa á einkaréttarlegum grundvelli milli þess fólks sem hlut á að máli í skilnaðarsamningi viðkomandi aðila.

[20:05]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þannig er að þegar þetta gerist hafa greinilega verið gífurlega mikil vandamál í nokkurn tíma. Sérstaklega þegar skilnaður dregst á langinn þannig að annar aðilinn er jafnvel fluttur að heiman þó lögheimilisfangið sé í einhvern tíma á þeim stað sem sambúðin var. Það getur t.d. verið mjög erfitt fyrir konuna, ég tala ekki um ef konan hefur verið heimavinnandi og makinn verið með fjárhagsábyrgðina, bókhaldið og oft á tíðum eru jafnvel blekkingar í málinu, að þegar maðurinn er endanlega farinn og skilnaður frágenginn komi þessi mál upp.

Tökum dæmi af manni sem hefur kannski selt eignir og sagt að hann væri að ganga frá skuldunum. Það kemur jafnvel ekki í ljós fyrr en eftir á að um óreiðuskuldir er að ræða og að skatturinn hafi verið skilinn eftir. Síðan ætlar manneskjan að baslast áfram með börnin en þá eru barnabæturnar teknar af henni. Það munar um barnabætur t.d. með þremur börnum.

Eitt er að lögin fjalla gjarnan um fólk þar sem allt er í lagi hjá. Hitt er með hvaða hætti er hægt að taka tillit til þess þegar aðstæður eru með þeim hætti sem ég lýsti og ætla ekki að endurtaka.

Ég er búin að kanna að það er auðvitað hægt með lögum að banna skuldajöfnun barnabóta. Það væri einföld og að mörgu leyti aðlaðandi aðferð. Þá fengju framfærendur peninginn óskiptan og síðan væri það löggjafans að sækja skattgreiðslurnar. Það væri líka hægt að breyta lögum og skerpa á tímamörkum og takmarka heimildina til að skuldajafna með það að markmiði að skýra réttarstöðu maka við skilnað. Best væri að breyta 7. gr. þannig að ráðherra hefði heimild sem hann gæti gripið til þegar ótvírætt er að eðlilegt væri að koma til móts við manneskjuna.

[20:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá skil ég mætavel hvert fyrirspyrjandi er að fara með fyrirspurn sinni og þann vanda sem hv. þm. lýsti. Ég tel hins vegar að það sé einfaldara og auðveldara að leysa þetta mál, annaðhvort í skilnaðarsamningi viðkomandi aðila eða, ef það er ekki hægt, á vettvangi félagslegrar aðstoðar frekar en í skattaumhverfinu þar sem verða að vera skýrar reglur og fyrirmæli.

Það er hætt við því, ef fjmrh. yrði fengin heimild til að undanþiggja tiltekna einstaklinga miðað við tilteknar aðstæður þeirri skuldajöfnun sem gert er ráð fyrir í 7. gr. umræddrar reglugerðar, að þá yrði það afskaplega matskennt hverju sinni hverjir fengju slíka undanþágu og hverjir ekki. Þeir sem bæru ábyrgð á undirbúningi slíkrar ákvörðunar væru ekki öfundsverðir af því að setja sig inn í einkahagi fólks þannig að málefnalegt gæti talist og ráðherrann tekið málefnalega ákvörðun.

Hér eru á ferðinni viðkvæm og oft á tíðum erfið mál. Það þekkjum við öll sem höfum verið í stjórnmálum lengi. Við þekkjum öll dæmi um alls kyns persónulega erfiðleika fólks

sem til okkar hefur leitað, m.a. fólks sem lendir í erfiðum hjónaskilnaði. En við eigum að reyna að koma þeim málum á vettvang þar sem best og eðlilegast er að leysa þau. Við eigum ekki að ætla okkur þá dul að leysa öll mannleg vandamál eða allt það sem kemur upp í mannlegum samskiptum og er fjárhagslegs eðlis innan ramma skattalöggjafarinnar.

Fundi slitið kl. 20:10.

32. FUNDUR

mánudaginn 24. nóv.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 341. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 415.

Almenn hegningarlög, 146. mál, nál. allshn., þskj. 408.

Eldi nytjastofna sjávar, 344. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 418.

Evrópska efnahagssvæðið, 338. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 412.

Evrópska efnahagssvæðið og íslenskur vinnumarkaður, 345. mál, fsp. RG, þskj. 419.

Fjárlög 2004, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 394; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 395, 397, 398, 399, 400.

Fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands, 215. mál, svar menntmrh., þskj. 385.

Gjald af áfengi og tóbaki, 343. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 417.

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu, 210. mál, svar landbrh., þskj. 386.

Happdrætti Háskóla Íslands, 140. mál, nál. allshn., þskj. 411.

Listnám fatlaðra, 329. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 381.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 142. mál, nál. allshn., þskj. 409.

Samræmd slysaskráning, 218. mál, svar heilbrrh., þskj. 393.

Sjóntækjafræðingar, 340. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 414.

Starfsemi Kristnihátíðarsjóðs 2001–2002, 339. mál, skýrsla forsrh., þskj. 413.

Starfskjör á fjármálamarkaði, 347. mál, fsp. JóhS, þskj. 421.

Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, 336. mál, þáltill. SJS, þskj. 404.

Talnagetraunir, 141. mál, nál. allshn., þskj. 410.

Textun sjónvarpsefnis, 252. mál, svar menntmrh., þskj. 405.

Úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála, 335. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 401.

Verslun með áfengi og tóbak, 342. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 416.

Öldrunarstofnanir, 330. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 382.

Örorkulífeyrir, 246. mál, svar heilbrrh., þskj. 392.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

33. FUNDUR

þriðjudaginn 25. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 2004, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 394, 426 og 428, brtt. 395, 396, 397, 398, 399 og 400. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

Varamenn taka þingsæti.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hafa þrjú bréf. Hið fyrsta er frá 1. þm. Suðurk., Margréti Frímannsdóttur, og er á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni af einkaástæðum óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðurk., sr. Önundur Björnsson, sóknarprestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, taki sæti mitt á Alþingi á meðan, en Brynja Magnúsdóttir, 1. varamaður á listanum, getur ekki vegna annríkis komið til starfa á Alþingi að þessu sinni.

Virðingarfyllst,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk."

Annað bréfið er frá 1. varamanni á lista Samfylkingarinnar í Suðurk. og hljóðar svo:

„Keflavík, 20. nóvember 2003.

Halldór Blöndal, forseti Alþingis.

Vegna annríkis í starfi mínu get ég ekki að þessu sinni tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur 1. þm. Suðurk. á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Brynja Magnúsdóttir,
1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðurk."

Þriðja bréfið er frá 4. þm. Suðvest., Rannveigu Guðmundsdóttur, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvest., Valdimar L. Friðriksson framkvæmdastjóri, Mosfellsbæ, taki sæti mitt á Alþingi á meðan, en Ásgeir Friðgeirsson, 1. varamaður á listanum, situr um þessar mundir á Alþingi í forföllum Þórunnar Sveinbjarnardóttur.

Virðingarfyllst,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest."

Kjörbréf Valdimars L. Friðrikssonar og Önundar Björnssonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt en þeir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Önundur Björnsson, 1. þm. Suðurk., og Valdimar L. Friðriksson, 4. þm. Suðvest., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:35]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Valdimar L. Friðriksson og Önundur Björnsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

[13:36]

Útbýting þingskjala:

Ferðapunktar, 346. mál, fsp. JÁ, þskj. 420.

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 396; nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 426; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 427; nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 428.

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, 348. mál, fsp. GÁS, þskj. 422.

Kvótamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna, 349. mál, fsp. JÁ, þskj. 425.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 396 og 427. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Fjárlög 2004, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 394, 426 og 428, brtt. 395, 396, 397, 398, 399, 400 og 427.

[13:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 kemur nú til 2. umr. á Alþingi. Samkvæmt starfsáætlun þingsins er gert ráð fyrir því að þessi umræða fari fram einmitt í dag og því ljóst að okkur hefur tekist að halda áætlun.

Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á þeirri breytingu sem nú er orðin frá undangengnum árum varðandi framvindu við vinnslu fjárlagafrv. í fjárln. og á Alþingi að nú við 2. umr. koma allir þættir frv. til umræðu með þeim brtt. sem tilheyra. Fram til þessa hefur aðeins gjaldahluti frv. og brtt. sem honum tengjast komið til 2. umr. en tekjuhlutinn ásamt heimildagreinum, lánsfjárlögum og öðrum þáttum frv. beðið til 3. umr. Þetta er ánægjuleg þróun því að það hlýtur að teljast til bóta að 2. umr. um frv. geti farið fram með þessum hætti. Þar með má segja að við séum á undan áætlun við vinnslu frv. miðað við þær forsendur sem lágu að baki starfsáætlun þingsins. Í þessu birtist að sú þróun heldur áfram að vinnsla fjárlagafrv. er að færast framar í tíma en áður var og það er til bóta fyrir alla aðila, t.d. er varðar stofnanir ríkisins og aðra þá sem þurfa að gera rekstraráætlanir fyrir næsta ár, einnig er varðar þá fjölmörgu sem njóta framlaga úr ríkissjóði. Þetta skiptir ekki síst máli varðandi efnahagskerfið því að fjárlög ríkisins spila stórt hlutverk í því samhengi og því mikilvægt að vel gangi að ljúka vinnslu fjárlagafrv.

Það er mikilvægt að áfram takist að halda góðum og traustum tökum á ríkisfjármálunum. Það hefur gengið vel á undanförnum árum. Miðað við útlit næstu ára ef litið er til efnahagskerfisins með fyrirsjáanlegri þenslu vegna stórframkvæmda og aukinna umsvifa í atvinnulífinu er mikilvægt að ríkisfjármálin leggi sitt af mörkum til þess að viðhalda efnahagslegum stöðugleika.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram langtímamarkmið sín varðandi ríkisfjármálin á næstu árum og það er ljóst að sú stefna sem þar birtist og það að henni verði fylgt eftir mun hafa afgerandi þýðingu fyrir þróun efnahagslífsins. Það varðar því framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að vel takist til í þessum efnum.

Ljóst er að við Íslendingar eigum mikla möguleika á að sækja fram á næstu árum með það að markmiði að treysta efnahagslega stöðu okkar. Við höfum ýmsa möguleika á að halda áfram við að efla og byggja upp atvinnulífið og treysta innviði samfélagsins á mörgum sviðum, halda uppi hagvexti og auka kaupmátt almennings. Afrakstur alls þessa getum við nýtt til að treysta velferð þjóðarinnar og sækja fram í samfélagi þar sem þekking og færni skiptir sköpum. Við erum á þessari braut og á henni verðum við áfram ef vel er haldið á málum. Auk alls þessa þurfum við að hlúa að þeim traustu stoðum sem menning okkar og búseta í landinu öllu hafa skapað í gegnum tíðina.

Við umfjöllun fjárln. um frv. til fjárlaga hafa nefndinni borist fjölmörg erindi um fjárframlög til ýmissa verkefna á vegum einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana og hefur svo verið fjöldamörg undanfarin ár. Það er ljóst að því miður er ekki mögulegt að verða við nema hluta þessara erinda. Það kemur því í hlut fjárln. að forgangsraða, velja og hafna. Við slíkar aðstæður verður ekkert hafið yfir gagnrýni. Það er ljóst að um allt land er unnið að mörgum mjög athyglisverðum verkefnum sem vert væri að styðja við.

Við afgreiðslu erinda að þessu sinni hefur sérstaklega verið litið til ákveðinna þátta. Svo dæmi séu tekin er líkt og undanfarin ár lögð áhersla á endurbyggingu og varðveislu gamalla húsa og uppbyggingu safna. Slík verkefni falla vel að menningartengdri ferðaþjónustu sem lögð hefur verið mikil áhersla á að undanförnu. Þá er lögð áhersla á varðveislu gamalla báta en það er ljóst að við verðum að leggja okkur fram um varðveislu þessa menningararfs okkar. Fram að þessu höfum við glatað of miklu af honum. Það er ljóst að enginn vafi er á því að fjárveitingar til þessara málaflokka hafa orðið hvatning og lyftistöng fyrir félög, byggðir og sveitarfélög um allt land. Það hefur verið ánægjulegt að fá vitnisburð um þetta í fjölmörgum heimsóknum til nefndarinnar á síðustu vikum.

Auk þess má nefna að lögð er áhersla á íþrótta- og æskulýðsmál en reynsla og rannsóknir sýna að heilbrigð og fjölþætt starfsemi og tækifæri sem bjóðast börnum og unglingum er ein besta forvörnin gegn vímuefnum og óæskilegu líferni.

Varðandi vinnulag við umfjöllun um hin fjölmörgu erindi sem berast í fjárlagagerðinni tel ég mikilvægt að úr verði bætt. Þar á ég m.a. við umfjöllun og ákvarðanir sem tengjast safnamálum, endurbyggingu og varðveislu gamalla mannvirkja, fornminja o.fl. Ég tel að í umfjöllun um bætt verklag eigi sérstaklega að fjalla um þessi atriði þar sem litið

verði til þess hvernig megi ná sem bestu samstarfi við hina ýmsu fagaðila sem málum tengjast þannig að sem best takist til við ráðstöfun fjármuna og afgreiðslu erinda sem berast. Verkferli og öll vinnubrögð varðandi vinnslu og umfjöllun um fjárlagafrv. hvers árs eru hlutir sem þurfa að vera í sífelldri endurskoðun. Við hljótum alltaf að stefna að því marki að vinnubrögð og verkferlar séu sem markvissastir og faglegastir. Þar má alltaf gera góða hluti betur.

Eins og ég kom að við 1. umr. um fjárlagafrv. hefur fjárln. sett af stað verkefni sem miðar að því að greina þessi þætti, hvað er vel gert og hvað má gera betur. Í framhaldi af því mun fjárln. fjalla um það hverju þarf að breyta til að ná settu marki og síðan að koma því til framkvæmda. Sú vinna er þegar hafin. Og ég er þess fullviss að þegar umfjöllun hefst um fjárlagafrv. fyrir árið 2005, þá muni verkferlar og vinnubrögð taka einhverjum breytingum frá því sem nú er. En fjárln. hefur ekki einungis það verkefni að fjalla um fjárlagafrv. Það er ekki síður mikilvægt verkefni nefndarinnar að halda uppi aðhaldi og eftirliti með framkvæmd fjárlaga hverju sinni. Ég legg áherslu á þennan þátt og mun fylgja því eftir að fjárln. láti til sín taka á þessum sviðum.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir nál. meiri hluta fjárln. Um er að ræða gróft yfirlit yfir helstu þætti en að öðru leyti vísa ég til þingskjala þar sem fram kemur ítarlegt nál. og brtt.

Störf og verklag fjárln. Alþingis við vinnslu og afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnu sniði. Nefndin hóf störf 25. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 8. október sl., óskaði nefndin eftir álitum annarra fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Fulltrúar frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 282.021,3 millj. kr. sem er 2,6 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu.

Spá um þjóðhagsforsendur er óbreytt. Spáð er að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 2004 og verðbólgan um 2,5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn munu aukast um allt að 2,5%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,5%. Spáð er minnkandi atvinnuleysi eða um 2,5%. Hins vegar er gert ráð fyrir að viðskiptahalli verði nálægt 3,25% af landsframleiðslu.

Helstu breytingar á tekjuáætluninni eru að eignarskattar hækka um 450 millj. kr., eignarskattar lögaðila hækka um 250 millj. kr. og stimpilgjöld um 200 millj. kr. Skattar á vöru og þjónustu hækka um 1.894,6 millj. kr. Þar af nemur hækkun á virðisaukaskatti vegna aukinnar innheimtu 2 milljörðum kr., vörugjald af innfluttum ökutækjum 250 millj. kr., og gert er ráð fyrir að úrvinnslugjöld lækki um 280 millj. kr. í kjölfar endurmats á tekjum og gjöldum sem renna til Úrvinnslusjóðs. Sjóðurinn tók til starfa á yfirstandandi ári og var talsverð óvissa í fyrstu áætlunum um starfrækslu sjóðsins. Ýmsar tekjur hækka um 101,7 millj. kr. en þar vegur þyngst 5% hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins frá 1. jan. 2004 og er áætlað að tekjur af útvarpsgjaldi aukist um 110 millj. kr. Aðrar eigna- og aukatekjur aukast um 150 millj. kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar.

Tekjujöfnuður verður 6.770,9 millj. kr., sem er aukning um 380,9 millj. kr.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 2.215,4 millj. kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Í nefndaráliti er fyrst gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðun frumvarpsins. Síðan er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Meiri hluti fjárln. þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir helstu brtt. eftir málaflokkum er varða sundurliðun 2. Það verður gróft yfirlit yfir helstu liði en að öðru leyti vísast til þingskjala þar sem gerð er ítarleg grein fyrir brtt. og skýringum við þær.

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 73,8 millj. kr. frá frv. Meginhluti aukinna heimilda eru til Alþingis, m.a. starfsemi þingsins, rekstur fasteigna, tækja og búnaðar. Auk þess er gert ráð fyrir fjárheimild til þess að Ríkisendurskoðun færi hluta af starfsemi sinni til Akureyrar.

Gerð er tillaga um að fjárheimild forsrn. aukist um 41 millj. kr. og er þar um að ræða aukna fjárheimild vegna 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi og vegna norrænu ráðherranefndarinnar, en Ísland mun veita henni forstöðu á næsta ári.

Tillaga er um að fjárheimild menntmrn. verði aukin um 1.060,5 millj. kr. Lagt er til að fjárveiting til reksturs framhaldsskóla aukist um 600 millj. kr. Skýringar á því eru annars vegar að spár um nemendafjölda skólanna hafa verið endurskoðaðar og gera þær ráð fyrir fleiri nemendum en áður. Hins vegar er miðað við að framlag á hvern nemanda verði hærra en gert var ráð fyrir. Menntmrn. áformar að gera samninga við skólana um hámarksframlög og hámarksfjölda ársnemenda sem hverjum skóla verður greitt fyrir þannig að útgjöld framhaldsskólanna árið 2004 verði í samræmi við fjárheimildir þeirra samkvæmt fjárlögum. Miðað er við að ráðuneytið skipti fjárveitingu á milli skólanna í samræmi við samninga.

Varðandi Ríkisútvarpið, þá hefur verið samþykkt 5% hækkun afnotagjalda frá 1. jan. 2004, sem gert er ráð fyrir að skili auknum tekjum að fjárhæð 110 millj. kr. og hækkar framlag til Ríkisútvarpsins um sömu fjárhæð. Að öðru leyti felast í aukinni fjárheimild til menntmrn. ýmis tímabundin framlög til margra ólíkra verkefna. Þar má m.a. nefna rannsóknarverkefni, safnamál, uppbyggingu og vernd gamalla húsa, ýmis mál á sviði lista og menningar, æskulýðs- og íþróttamál og verkefni á sviði fornleifarannsókna.

Lagt er til að fjárheimild utanrrn. verði aukin um 68,3 millj. kr. Um er að ræða verkefni á sviði útflutnings- og markaðsmála erlendis og starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Lagt er til að fjárheimild landbrn. verði lækkuð um 29,6 millj. kr. Um er að ræða ýmis verkefni sem tengjast m.a.

skógræktarmálum, auknar fjárheimildir til Veiðimálastofnunar, yfirdýralæknis og Háskólans að Hólum. Auk þess er um að ræða breytingar á fjárheimildum varðandi Búnaðarsjóð og Lánasjóð landbúnaðarins og koma þær til vegna breytinga á áætlunum um búnaðargjald, þar sem gert er ráð fyrir að tekjur af búnaðargjaldi verði lægri en áætlað var. Nánar verður gerð grein fyrir þessum þáttum síðar.

Lagt er til að fjárheimild sjútvrn. verði aukin um 32,4 millj. kr. og snýr það eingöngu að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en unnið hefur verið að endurskipulagningu stofnunarinnar vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika hennar. Í framhaldi af úttekt Ríkisendurskoðunar er unnið að breytingum á starfseminni og er tillagan komin fram á þeirri forsendu.

Varðandi dóms- og kirkjumrn. er lagt til að fjárheimild ráðuneytisins verði lækkuð um 125,1 millj. kr. Gert er ráð fyrir tímabundinni fjárheimild til að standa undir kostnaði sem til fellur ef til koma forsetakosningar á næsta ári. Tekin hefur verið ákvörðun um tilflutning verkefna á milli ráðuneyta og færast umferðarmál og umferðaröryggismál frá dómsmrn. til samgrn. Málefni sem fallið hafa undir samgrn. og tengjast leit og björgun flytjast þaðan til dómsmrn. Þá er tillaga um 20 millj. kr. tímabundna fjárheimild til að stækka og efla björgunarbátaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Lagt er til að 12,3 millj. kr. fjárveiting verði millifærð af stofnkostnaði yfir á rekstur héraðsdómstóla. Héraðsdómstólarnir hafa átt við rekstrarvanda að glíma undanfarin ár en stofnkostnaður vegna tækja og búnaðar hefur hins vegar verið mun lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Sams konar tillaga var samþykkt eftir 2. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2003.

Gert er ráð fyrir 15 millj. kr. tímabundnu framlagi til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, en tillagan er m.a. til komin vegna verulega aukins umfangs efnahagsbrotadeildar vegna fjölgunar mála sem stofnunin hefur þurft að fjalla um og aukins umfangs hennar. Þá eru tillögur um auknar fjárheimildir til löggæslu, tollgæslu og öryggismála. Loks eru tillögur um tímabundin framlög til ýmissa mála sem falla undir verksvið dóms- og kirkjumrn.

Lagt er til að fjárheimild félmrn. verði aukin um 432,5 millj. kr. Tillögur eru um auknar fjárheimildir varðandi nokkur verkefni sem falla undir málefni fatlaðra. Lagt er til að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 106 millj. kr. í ljósi endurmats á kostnaði við hvert atvinnuleysisstig, en áfram er gert ráð fyrir að atvinnuleysi 2004 verði 2,5%.

Lagt er til að framlag til Fæðingarorlofssjóðs hækki um 280 millj. kr. og er það í ljósi endurskoðunar á útgjöldum sjóðsins vegna þeirrar þróunar sem verið hefur á þessu ári. Loks eru tillögur um ýmis tímabundin framlög til einstakra verkefna sem falla undir félmrn.

Tillaga er um að fjárheimild heilbr.- og trmrn. verði aukin um 361,7 millj. kr. Lögð er til 72 millj. kr. hækkun á framlagi til endurhæfingarlífeyris vegna fjölgunar bótaþega.

Undir liðnum Sjúkratryggingar er lagt til að millifærðar verði 2,3 millj. kr. til Læknavaktar ehf. vegna gjaldskrárverka sem greidd hafa verið af Tryggingastofnun, en stefnt er að nýjum samningi um vaktþjónustu þar sem greiðslur fyrir gjaldskrárverk verða innifaldar í samningsupphæð. Þá er tillaga um 238 millj. kr. hækkun á framlagi til lyfja á árinu 2004 í samræmi við endurskoðaða áætlun Tryggingastofnunar um útgjöld vegna lyfja.

Gerð er tillaga um hækkun á framlagi til Lýðheilsustöðvar og kemur það til vegna leiðréttingar á framlagi til tóbaksvarna. Þá er tillaga um tímabundið framlag til Forvarnasjóðs vegna samstarfsráðs um forvarnir.

Lögð er til hækkuð fjárheimild, 4 millj. kr., vegna styrkja til ýmissa framkvæmda þar sem um er að ræða að unnt verði að styrkja áfram kaup á tölvum og öðrum hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Lagt er til að 21 millj. kr. fjárheimild verði færð frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsugæslunnar í Reykjavík þar sem ákveðið hefur verið að hreyfanlegt fagteymi fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga fái aðstöðu hjá Heilsugæslunni. Þá eru tillögur um millifærslur fjárheimilda milli sviða innan Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Tillögur eru um ýmsar tímabundnar fjárheimildir til ýmissa verkefna þessa málaflokks og loks eru tillögur um hækkun á sértekjum og öðrum gjöldum Læknavaktarinnar ásamt tilfærslu milli liða er tengjast vaktþjónustu og er gert ráð fyrir nýjum samningi um þau mál, eins og fram hefur komið.

Lagt er til að fjárheimild fjmrn. verði aukin um 220 millj. kr. Um er að ræða leiðréttingar á kostnaðarmati á úrskurðum kjaranefndar árið 2002 um vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna.

Gerð er tillaga um að fjárheimild samgrn. aukist um 292 millj. kr. Eins og fram hefur komið liggur fyrir ákvörðun um tilfærslu verkefna milli samgrn. og dóms- og kirkjumrn. Samkvæmt því falla verkefni til samgrn. á sviði umferðarmála og umferðaröryggismála en málefni er tengjast leit og björgun færast frá samgrn. til dóms- og kirkjumrn., eins og fram hefur komið. Gerð er tillaga um færslu fjárheimilda milli ráðuneytanna í samræmi við þessa breytingu.

Í samræmi við samgönguáætlun er lagt til að framlög til reksturs Vegagerðarinnar hækki samtals um 688,3 millj. kr. á móti 627,9 millj. kr. lækkun á framkvæmdalið stofnunarinnar. Fjárheimild Vegagerðarinnar hækkar því um 60,4 millj. kr. nettó.

Gerð er tillaga um 20 millj. kr. framlag til verkefnis um líkantilraunir og grunnkort hjá Siglingastofnun. Um er að ræða leiðréttingu þar sem gert var ráð fyrir færslu fjárheimilda milli stofnkostnaðar og reksturs, en í frv. er aðeins gert ráð fyrir færslu þessarar fjárheimildar af stofnkostnaði en ekki gert ráð fyrir hækkun á rekstrarlið. Gerð er tillaga um leiðréttingu á því.

Lagt er til að fjárheimild iðnrn. verði aukin um 18 millj. kr. Tillaga er um 3 millj. kr. tímabundið framlag í tvö ár til þátttöku Íslands, ásamt öðrum Norðurlandaþjóðum, í að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði fyrir sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar. Þá er lögð til 15 millj. kr. hækkun á framlagi til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

Í samræmi við ný lög um Orkustofnun eru tillögur um tilfærslur fjármuna milli sviða innan stofnunarinnar. Auk þess er lagt til að millifærð verði 50 millj. kr. fjárheimild frá Orkusjóði, vegna virkjanarannsókna, yfir á Orkustofnun. Er það vegna nýrra laga um Orkustofnun.

Þá er gerð tillaga um lækkun á fjárheimild viðskrn. um 8,3 millj. kr. og er það til leiðréttingar, en fjárheimild Fjármálaeftirlitsins lækkar um þessa fjárhæð.

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 28 millj. kr. og kemur það til vegna tekjutaps Hagstofunnar vegna þess að fyrirtækjaskrá var flutt til ríkisskattstjóra. Er

hér um leiðréttingu að ræða þar sem láðist að gera ráð fyrir þessu í frv.

Lagt er til að fjárheimild umhvrn. verði lækkuð samtals um 249,8 millj. kr. Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 4,5 millj. kr. vegna aðalfundar OSPAR sem verður haldinn á Íslandi á árinu 2004. Um er að ræða samningsverkefni 14 ríkja um varnir gegn mengun sjávar og verndun Norður-Atlantshafsins.

Þá er lögð til 6 millj. kr. fjárveiting vegna aukinna framlaga til alþjóðastofnana. Tillaga er um 3 millj. kr. tímabundið framlag til umhverfisverkefna í Flatey á Breiðafirði. Lagt er til að veitt verði 10 millj. kr. tímabundið framlag til þjóðgarðsins Snæfellsjökuls vegna ýmissa verkefna við uppbyggingu þjóðgarðsins.

Lögð er til 18 millj. kr. lækkun fjárheimildar til rekstrs Úrvinnslusjóðs og 297 millj. kr. lækkun vegna útgjalda Úrvinnslusjóðs. Kemur þetta til vegna nýrrar áætlunar um umfang og starfsemi sjóðsins.

Lagt er til að sex náttúrustofur fái hver um sig 5 millj. kr. framlag vegna sérstakra rannsóknarverkefna náttúrustofanna og auk þess er lagt til að Náttúrustofa Norðausturlands fái 7,7 millj. kr. fjárheimild til rekstrar. Loks er lögð til 4 millj. kr. fjárheimild til Veðurstofunnar vegna rannsóknarmiðstöðvar snjóflóðavarna á Ísafirði.

Hæstv. forseti. Ég hef í grófum dráttum gert grein fyrir helstu brtt. er varða sundurliðun 2 í frv. til fjárlaga ársins 2004. Mun ég nú fara yfir skýringar við brtt. við sundurliðun 3, eða B-hluta frv.

Eins og fram hefur komið eykst framlag úr ríkissjóði til rekstrar Ríkisútvarpsins um 110 millj. frá því sem gert var ráð fyrir í áætlun frv. Skýrist það af því að fyrirhugað er að afnotagjöld hækki um 5% í byrjun árs 2004 eins og fram hefur komið. Gert er ráð fyrir því að afkoma Ríkisútvarpsins batni sem nemur tekjuaukanum.

Varðandi Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hafa verið gerðar breytingar á fjárreiðum stofnunarinnar frá frv. Gert er ráð fyrir að afborganir af teknum löngum lánum verði 9,5 millj. kr. á árinu í stað 22,9 millj.

Mun ég nú fara yfir helstu skýringar við brtt. við sundurliðun 4, eða C-hluta frv. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af hlutdeild Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 49 millj. kr., og lækkar framlag til rekstrar úr ríkissjóði því úr 185 millj. í 136 millj. Gert er ráð fyrir að hagnaður af rekstri Lánasjóðs landbúnaðarins minnki vegna þessa og verði 100,8 millj. Lagðar eru til nokkrar breytingar á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs frá því sem áætlað er í frv. Þar vega þyngst heimildir til að auka útgáfu húsbréfa um 2.595 millj. kr. Þá hækka útlán til leiguíbúða um 5.250 millj. og viðbótarlán um 1.000 millj. Umsóknum hefur fjölgað mikið á árinu 2003 og eftir fyrstu 10 mánuði ársins eru umsóknir orðnar fleiri en allt fyrra ár. Fátt bendir til að umsóknum muni fækka árið 2004.

Í endurskoðaðri áætlun húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs er gert ráð fyrir að veitt verði löng lán að fjárhæð 50.150 millj. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki löng lán að fjárhæð 49.650 millj. Heildarlánveitingar vegna leiguíbúða eru áætlaðar 16.500 millj., og aukast um 5.250 millj. frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Hjá Íbúðalánasjóði liggja fyrir umsóknir sem nema um 13 milljörðum kr. umfram áður útgefin lánsloforð. Þar af eru 3 milljarðar vegna leiguíbúða á Austurlandi og hefur stjórn sjóðsins óskað eftir að geta orðið við þeim umsóknum án þess að dregið verði úr öðrum lánveitingum.

Enn fremur er gert ráð fyrir að aðrir lánaflokkar hækki úr 250 millj. í 500 millj. vegna sambýla fatlaðra en búist er við umsóknum í það verkefni á næstu árum. Gert er ráð fyrir að tekin verði löng lán að fjárhæð 24.300 millj. til að fjármagna útlán. Hvað varðar viðbótarlán gerir endurskoðuð áætlun ráð fyrir að veitt verði löng lán upp á 7.000 millj. kr. Viðbótarlán eru veitt að beiðni sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra. Gert er ráð fyrir að tekin verði löng lán að fjárhæð 10.100 millj. kr. til að fjármagna þessi útlán.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að framlag til Orkusjóðs frá A-hluta frv. lækki um 50 millj. til samræmis við breytt lög um sjóðinn. Önnur rekstrargjöld sjóðsins lækka jafnframt um sömu fjárhæð þar sem sjóðurinn hefur greitt styrki sem framlaginu nemur. Afkoma sjóðsins verður því óbreytt eftir þessa breytingu.

Hvað varðar brtt. við 5. gr. vísast til skýringa sem farið hefur verið yfir og tengjast Íbúðalánasjóði.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nál. meiri hluta fjárln. en undir það skrifa Magnús Stefánsson, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Eins og fram hefur komið er í þessari umræðu fjallað um alla þætti frv. Nál. og brtt. gera það einnig. Það er ánægjuleg nýjung að svo sé við 2. umr. um frv. til fjárlaga og er þetta dæmi um þá framþróun sem á sér stað við vinnslu fjárlaga. Ég vil að lokum draga það fram að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að tekjujöfnun ríkissjóðs verði 6,4 milljarðar kr. en að teknu tilliti til þeirra brtt. sem fyrir liggja frá meiri hluta fjárn. er gert ráð fyrir að tekjujöfnuðurinn verði 6,8 milljarðar árið 2004.

Hæstv. forseti. Að lokum þakka ég öllu mínu samstarfsfólki í fjárln. fyrir einstaklega gott og ánægjulegt samstarf. Starfsfólki ráðuneyta og stofnana sem nefndin hefur átt samskipti við þakka ég sömuleiðis og síðast en ekki síst færi ég starfsfólki Alþingis þakkir fyrir sérlega gott samstarf og alla þá ómetanlegu hjálp sem það veitir okkur.

[14:05]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. og formaður fjárln., Magnús Stefánsson, hefur mælt fyrir nál. um frv. til fjárlaga við 2. umr. af hálfu meiri hluta fjárln. Ég fagna því að við 2. umr. skuli einnig koma tekjuhlið frv. Það er mjög mikilvægt að í lokaumferð fjárlaga sé hægt að taka þessa hluti saman, bæði gjöld og tekjur, þannig að ég fagna þessari breytingu. Ég hef lagt áherslu á það á undanförnum árum hér á Alþingi að þessi háttur yrði tekinn upp og ég fagna því.

Sömuleiðis vil ég líka árétta að við 2. umr. er ekki búið að loka hinum ýmsu gjaldaflokkum þannig að þeir allir liðir eru til meðferðar fyrir 3. umr. Það sem ég vildi spyrja hv. þingmann og formann fjárln. er: Hvers er að vænta varðandi tillögur um niðurskurð og skerðingu atvinnuleysisbóta sem boðaðar voru í fjárlagafrv. og eru enn inni við 2. umr.? Ég veit ekki betur en að þessi fyrirætlan hafi mætt harðri andstöðu úti í þjóðfélaginu. Meira að segja framsóknarfélögum úti um allt land ofbýður framganga flokksforustunnar í Reykjavík sem er að keyra þennan níðingsskap fram gegn launþegum. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort þess sé að vænta að þetta verði tekið út úr frv.

Sömuleiðis eiga líka sjúklingar og þeir sem þurfa að leita læknis að axla hagræðinguna og niðurskurðinn í fjárlögum.

Til stendur að hækka komugjöld til sérfræðilækna og ná þar inn einum 170 millj. kr. eða hvað það nú var. Er þess að vænta að af hálfu meiri hlutans komi tillaga um að þetta verði fellt út og fjárlögin þannig færð til meira mannsæmandi vegar?

[14:07]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir orð hans í upphafi varðandi breytt verklag og ég er honum sammála í því. Varðandi atvinnuleysisbæturnar og það mál allt saman er ekki búið að gera neinar brtt. á frv. og mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram frv. í þinginu um þetta mál þannig að ég get ekki svarað því nánar.

Hins vegar varðandi komugjöld á heilsugæslustöðvar er ekki gerð nein breyting á því máli hér. Þarna er um að ræða að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar um 100 kr. fyrir hverja komu og það er ekki áformuð nein breyting á því.

[14:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég harma þessa yfirlýsingu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, formanns fjárln., og skora á hann að beita áhrifum sínum sem formaður nefndarinnar og einnig áhrifum sínum innan annars stjórnarflokksins, Framsfl., til að fella þessa skerðingu á atvinnuleysisbótum burt úr frv. Hún er til skammar og ekki mannsæmandi. Meira að segja framsóknarfélög víða um land leggjast gegn henni. Þó að mér sé ekki gjarnt að vitna til þeirra met ég baráttu þeirra úti um allt land gegn þessari stefnu Framsfl. sem virðist vera rekin af forustunni í Reykjavík en væntanlega þó ekki af hæstv. heilbrrh., enda er hann öðruvísi maður og Skagfirðingur.

Einnig varðandi komugjöldin á heilsugæslustöðvar og til sérfræðilækna. Það er alveg dæmalaust. Ef á að slá þennan tón í því hvert eigi að sækja hagræðingu eða sparnað í ríkisrekstri, ef á að sækja það til atvinnulausra, til sjúklinga og þeirra sem þurfa að leita aðstoðar og njóta stuðnings samfélagsins, hvenær kemur röðin að okkur í þeim efnum?

[14:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef engu við að bæta það sem ég sagði áðan. En ég vek athygli á því að hv. þm. leggur sig greinilega fram um að kynna sér það sem á sér stað innan Framsfl. (Gripið fram í.) og ég fagna því, enda veit ég að hann ber í sér mjög sterk framsóknargen.

[14:10]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. ÁI og ÞBack, þskj. 429; brtt. ÞBack og JBjarn, þskj. 430; brtt. SJS, þskj. 431; brtt. KolH o.fl., þskj. 432; brtt. KolH og SJS, þskj. 433; brtt. KolH og JBjarn, þskj. 434; brtt. KolH og SJS, þskj. 435; brtt. SJS o.fl., þskj. 436; brtt. ÞBack og ÁI, þskj. 438; brtt. SJS o.fl., þskj. 439; brtt. KolH og ÁI, þskj. 440; brtt. SJS o.fl., þskj. 442; brtt. KolH og JBjarn, þskj. 443; brtt. ÞBack, þskj. 444.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 429–436, 438–440 og 442–444. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

[14:13]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Það er rétt að taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að það er auðvitað fagnaðarefni að enn einu sinni stendur fjárln. við þær starfsáætlanir sem fram eru settar. Það er sérstaklega ánægjulegt að þessu sinni þar sem ýmsir aðilar hafa gert sitt til að koma í veg fyrir að við gætum haldið áætlun, í fyrsta lagi með ýmsum bréfaskriftum sem ég mun fara betur yfir á eftir og eins með tregðu við sendingu upplýsinga sem óskað hefur verið eftir til fjárln.

Það er einnig rétt að taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og fagna því að nú skuli í fyrsta skipti rædd samhliða tekjuhlið frv. Fram að þessu hefur það ekki verið gert fyrr en við 3. umr. Það er ánægjulegt að það skuli takast að fá þá hlið hér inn þannig að heildarmynd sé á fjárlagafrv. strax við 2. umr.

Frú forseti. Ég mun nú gera grein fyrir nál. 1. minni hluta fjárln. sem þingmenn Samf. mynda, þeir fjórir fulltrúar Samf. sem sitja í fjárln.

Það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004, sem hér er til 2. umr., ber öll merki þess að ríkisstjórnin ætlar að halda áfram á sömu braut blekkinga og undanfarin ár. Engar breytingar er að sjá varðandi tengsl fjárlagafrumvarpsins við raunveruleikann og ríkisstjórnin neitar enn staðfastlega að viðurkenna að fjármálastjórn hennar hefur beðið skipbrot. Tillögur meiri hluta fjárlaganefndar nú við 2. umr. bera með sér að ekki á að takast á við vanda fjölmargra stofnana og þær viðbótarfjárveitingar til stofnana sem samþykktar voru við 2. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2003 virðast ekki skipta neinu máli varðandi breytt rekstrarumhverfi þeirra stofnana. Það er í raun ríkisstjórninni og meiri hluta hennar í fjárlaganefnd til skammar að fara í 2. umr. um fjárlög fyrir árið 2004 með ekki meira í farteskinu. Eins og sýnt er fram á í nefndaráliti 1. minni hluta vantar verulega upp á að málum sem varða heilbrigðiskerfið, menntakerfið og félagslegar aðstæður sé sinnt með fullnægjandi hætti.

Frú forseti. Sérstaka athygli vekur að í þessu fyrsta fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu sést ekkert af kosningaloforðunum frá því í vor. Í stað loforða um skattalækkanir eru skattahækkanir boðaðar, samanber t.d. hækkun bensíngjalds og þungaskatts. Í stað loforða um hækkandi húsnæðislán eru vaxtabætur húsnæðislána lækkaðar.

Frú forseti. Í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins um stefnu og horfur í efnahagsmálum er m.a. fjallað um áhrif framkvæmda við uppbyggingu stóriðju á hagvöxt og kemur þar m.a. fram mikilvægi ábyrgrar hagstjórnar ef viðhalda eigi stöðugleika í efnahagsmálum. Í ritinu kemur einnig fram að mikilvægasta verkefnið í þessu tilliti sé að beita ríkisfjármálum með þeim hætti að þau haldi aftur af innlendri eftirspurn þegar framkvæmdir eru sem mestar og að þessi atriði hafi verið höfð að leiðarljósi við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004. Ef þetta á að ganga eftir þarf að skera verulega niður þjónustu stofnana ríkisins og draga þar með úr kostnaði. Vandamálið er hins vegar það að stærstur hluti kostnaðar hjá hinu opinbera er launakostnaður. Í þessu samhengi er eðlilegt að skoða frumvarp hæstv. fjármálaráðherra um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem gert er ráð fyrir að auðvelda yfirmönnum stofnana að segja upp starfsfólki.

Útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins markast af sérstökum ráðstöfunum sem eiga að skila samtals 3,7 milljarða kr. sparnaði. Þegar þessar ráðstafanir eru skoðaðar nánar kemur

í ljós að almenningur í landinu á að mestu að bera þennan sparnað. Þannig á að skerða viðbótarlífeyrisréttindi um hálfan milljarð kr., 740 millj. kr. á að spara með því að lækka útgjöld vegna lyfjakostnaðar, hjálpartækja og sérfræðilækniskostnaðar. Það liggur hins vegar ekki fyrir með hvaða hætti þetta verður framkvæmt og því ekki hægt að leggja mat á hvort þetta eru raunhæfar tillögur. Hins vegar hafa tillögur undanfarinna ára um lækkun lyfjakostnaðar aldrei náð fram að ganga nema sá hluti lækkunarinnar sem náðst hefur með auknum álögum á sjúklinga. Þá á að skerða vaxtabætur um 600 millj. kr. og atvinnuleysisbætur um 170 millj. kr. Það er hins vegar hvergi minnst á að spara í kostnaði sem hugsanlega kæmi illa við stjórnarherrana, svo sem í risnu og ferðakostnaði og öðrum gæluverkefnum hæstv. ráðherra. Gert er ráð fyrir að þeir megi halda áfram að eyða um efni fram eins og t.d. sífelldar aukafjárveitingar til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins á undanförnum árum bera með sér.

Efnahagsforsendur frumvarpsins byggja á spá fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 2004 og verðbólgan verði um 2,5%. Þá er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2,5%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,5% og að atvinnuleysi minnki og verði um 2,5%. Viðskiptahallinn mun hins vegar aukast og verða nálægt 3,25% af landsframleiðslu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið nauðsynlegt að endurskoða þessa spá fyrir 2. umr. um frv. til fjárlaga ársins 2004.

Frú forseti. Eins og taflan sýnir sem fylgir nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar hefur efnahagsþróunin á yfirstandandi ári breyst verulega frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög ársins 2003 voru samþykkt. Þannig hefur einkaneysla sem gert var ráð fyrir að ykist um 1,25% aukist um 3,25%, samneysla sem gert var ráð fyrir að ykist um 2,25% hefur aukist um 3,5%, fjárfesting sem gert var ráð fyrir að ykist um 2% hefur aukist um 7,75% og í stað þess að þjóðarútgjöld alls ykjust eins og spáð var um 1,75% þá hafa þau aukist um 4,25%. Áætlað var að ráðstöfunartekjur á mann mundu aukast um 5% en hafa aukist um 3,5%. Gert var ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi aukast um 2,5% en hefur aðeins aukist um 1,5%. Hins vegar hefur atvinnuleysið sem gert var ráð fyrir að mundi aukast um 2,75% aukist um 3,5%.

Frú forseti. Hagvaxtar- og verðbólguspá fjármálaráðuneytisins er í þokkalegu samræmi við þær spár sem greiningardeildir bankanna og Seðlabankinn hafa birt.

Að mati ríkisstjórnarinnar er mikilvægasta verkefni hagstjórnar á næstu árum að stefnan í ríkisfjármálum hamli gegn innlendri eftirspurn, ekki síst vegna áhrifa framkvæmdanna á Austurlandi. Telur ríkisstjórnin mestu máli skipta frestun framkvæmda og aðhald í almennum ríkisrekstri, m.a. á sviði launamála.

Það er athyglisvert í þessu samhengi að vitna til þess sem kemur fram í nýlegu markaðsyfirliti Íslandsbanka. Þar er því haldið fram að þrátt fyrir viðleitni ríkisstjórnarinnar til að draga úr þensluáhrifum stóriðjuframkvæmda þá muni stór hluti hagstjórnar næstu ára hvíla á herðum Seðlabankans. Orðrétt segir í riti Íslandsbanka, með leyfi forseta:

„Til að koma í veg fyrir að þær stóriðjuframkvæmdir sem fram undan eru komi niður á samkeppnisaðstöðu, arðsemi og markaðshlutdeild þeirra íslensku fyrirtækja sem helst keppa við erlend er mikilvægt að hið opinbera beiti aðhaldi á næstu árum. Heppilegast er að ríki og sveitarfélög dragi úr framkvæmdum sínum rétt á meðan stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Hið opinbera þarf þannig að bera þungann í hagstjórninni svo minna hvíli á peningastjórnun. Með þeim hætti má koma í veg fyrir ofris raungengis og nafngengis krónunnar þegar framkvæmdirnar standa sem hæst.

Langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum bendir til þess að þunginn í hagstjórninni fram undan muni hvíla á herðum Seðlabankans og stýrivöxtum hans. Þær aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum sem boðaðar eru munu að öllum líkindum ekki duga til að halda hagkerfinu í jafnvægi. Ólíklegt er að sveitarfélögin muni aðhafast mikið í aðhaldsaðgerðum og má telja sennilegt að Seðlabankinn muni þurfa að hækka stýrivexti sína umtalsvert á næstu missirum eða upp fyrir 8%.

Viðleitni ríkisstjórnarinnar til að taka á þeim þensluvanda sem fram undan er vegna stóriðjuframkvæmda virðist fyrst og fremst koma fram í áætlunum um að draga úr fjárfestingu og halda vexti samneyslunnar í lágmarki á næstu árum. Jafnvel þó viðleitni ríkisstjórnarinnar til aðhalds á næstu árum verði að veruleika er ljóst að stór hluti þungans við hagstjórn á næstu árum mun hvíla á herðum Seðlabankans.“ — Lýkur þá tilvitnun í pappíra Íslandsbanka.

Frú forseti. Þegar við þetta bætist dulinn fjárhagsvandi fjölmargra stofnana svo nemur mörgum milljörðum króna er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki þau tök á ríkisfjármálunum sem nauðsynleg eru í því þensluumhverfi sem fram undan er. Því miður hafa þessi lausatök einkennt ríkisfjármálin mörg undanfarin ár en verði ekki brugðist rétt við nú er mikil hætta fram undan í efnahagslífi þjóðarinnar.

Ein forsenda þess að hægt sé að taka skynsamlegar ákvarðanir og fjalla um mál af þekkingu er að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir. Þess vegna óskaði 1. minni hluti fjárlaganefndar eftir því í byrjun október að öll ráðuneyti skiluðu upplýsingum um stöðu einstakra stofnana sem undir þau heyrðu í fyrsta lagi miðað við lok ágúst 2003 og í öðru lagi um áætlaða stöðu stofnana í árslok 2003. Í nóvember sendi fjármálaráðuneytið upplýsingar um stöðuna í lok ágúst en engar upplýsingar hafa enn þá borist um áætlaða stöðu stofnana í árslok. Þá var einnig óskað eftir upplýsingum og skýringum varðandi þær stofnanir sem hafa verið í öllum fjáraukalögum síðastliðin þrjú ár. Við þessari beiðni hafa heldur ekki nein svör borist. Þrátt fyrir margar ítrekanir frá fjárlaganefnd um að þessum erindum yrði svarað höfðu svör ekki borist þegar nefndin afgreiddi frumvarpið til 2. umræðu.

Frú forseti. Þessi tregða framkvæmdarvaldsins til sjálfsagðrar upplýsingagjafar er með ólíkindum og í samhengi við ýmislegt annað verður að draga þá ályktun að framkoma framkvæmdarvaldsins við löggjafarvaldið hafi í raun skapað algerlega nýja stöðu í samskiptum aðila. Ljóst er að ef ekki verður brugðist við að hálfu löggjafarvaldsins eru störf fjárlaganefndar í uppnámi.

Frú forseti. Fjárlaganefnd barst loks mánudaginn 24. nóvember minnisblað frá fjármálasviði menntamálaráðuneytisins varðandi sundurliðun á óskiptum liðum framhaldsskóla. Eingöngu barst yfirlit yfir skiptingu á óskiptum liðum fjárlaga ársins 2003 og yfir skiptingu á 200 millj. kr. viðbót í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 sem ætlað er til að mæta nemendafjölgun og til að lagfæra tiltekna vankanta reiknilíkans framhaldsskóla. Ekki barst sundurliðun yfir skiptingu á 180 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta rekstrarhalla framhaldsskólanna. Í minnisblaðinu er lögð

áhersla á að um áætlun sé að ræða þar sem endanlegt uppgjör við hvern skóla fari fram í upphafi árs 2004. Orðrétt segir m.a. í minnisblaðinu, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið telur sér ekki fært að spá fyrir um greiðslustöðu hvers og eins skóla um næstu áramót. Að hluta er það vegna þess að einstakir skólar sem færa sitt bókhald sjálfir eru afar misjafnt komnir í uppfærslu bókhaldsins, jafnframt því sem Ríkisbókhald er nú að innleiða nýtt bókhaldskerfi. Þetta tvennt gerir allar áætlanir fyrir einstaka skóla torsóttari en ella.

Hins vegar er það mat ráðuneytisins þegar tekið er tillit til fjáraukalagafrumvarps ársins 2003 og þeirra gagna sem ráðuneytið hefur getað aflað úr ríkisbókhaldi til þessa að rekstur framhaldsskólanna sé í betra jafnvægi á árinu 2003 en lengi að undanförnu."

Það er afar sérkennilegt að menntamálaráðuneytið skuli ekki hafa betri yfirsýn yfir fjármál framhaldsskólanna. Er það sérstakt athugunarefni hvernig fjármálastjórninni er háttað. Hvernig gat ráðuneytið óskað eftir rúmlega 550 millj. kr. aukafjárveitingu ef það hafði ekki upplýsingar um stöðu skólanna?

Frú forseti. Af viðtölum fjárlaganefndar við forsvarsmenn framhaldsskóla hefur hins vegar komið í ljós að þeir eru vel meðvitaðir um fjárhagsstöðu skólanna og því hefði verið nærtækt fyrir ráðuneytið að afla upplýsinga hjá þeim. Það er brýnt að ráðuneytið og skólarnir vinni í sameiningu að lausn fjárhagsvanda framhaldsskólanna. Án slíkrar samvinnu er hætt við að þróun framhaldsskólakerfisins sé í hættu.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 23. október 2003, sem sent var öllum ráðuneytum, var skýrt frá þeirri samþykkt ríkisstjórnarinnar að ráðuneyti og stofnanir leiti ekki beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld heldur skili ráðuneytin tillögum í fjárlagakerfið ef tilefni verða til. Þetta er að mörgu leyti mjög sérstök ákvörðun, sérstaklega í ljósi þess að á sama tíma fær fjárlaganefnd ekki upplýsingar sem um er beðið og gera henni kleift að meta sjálfstætt stöðu stofnana og kalla til sín forstöðumenn þeirra stofnana sem verst standa.

Í framhaldi af þessu var, að kröfu 1. minni hluta fjárlaganefndar, óskað eftir því að forstöðumenn tiltekinna stofnana kæmu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir stöðu stofnana sinna á yfirstandandi ári og legðu mat á þær fjárveitingar sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004. Niðurstaða þeirra funda sem þegar hafa verið haldnir sýna, svo ekki verður um villst, að þetta frumvarp sem hér er til umræðu er því miður í stórum liðum marklaust plagg.

Þetta bréf fjármálaráðuneytisins staðfestir breytt verklag framkvæmdarvaldsins og leiðir til þess að fjárlaganefnd þarf að skoða áhrif þess á störf nefndarinnar. Sú staðreynd að framkvæmdarvaldið tekur slíka ákvörðun án þess að tilkynna fjárlaganefndinni um slíkt hlýtur að vera umhugsunarefni. Þá er það ekki síður athyglisvert að samþykkt ríkisstjórnarinnar er tekin í kjölfar auglýsingar frá fjárlaganefnd um að ríkisstofnanir geti fengið viðtalstíma hjá nefndinni.

Frú forseti. Það vill þannig til að fjárlaganefnd auglýsir á hausti hverju viðtalstíma. Þannig var einnig nú á haustdögum og í þeirri auglýsingu sem birtist í dagblöðum nokkru áður en samþykkt ríkisstjórnarinnar var gerð segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd Alþingis veitir nú eins og undanfarin ár viðtöku erindum frá ríkisstofnunum." — Frú forseti. Ég endurtek: „... veitir nú eins og undarfarin ár viðtöku erindum frá ríkisstofnunum." Skömmu síðar í auglýsingunni segir: „Viðtöl við fulltrúa stofnana fara fram 28. október til 4. nóvember næstkomandi en önnur viðtöl verða eftir nánari ákvörðun nefndarinnar."

Frú forseti. Það fer ekki á milli mála í þessari auglýsingu að gert er ráð fyrir því að ríkisstofnanir leiti sjálfar eftir viðtalstíma hjá fjárln. Teknir eru frá sérstakir dagar til að sinna ríkisstofnunum. Í kjölfar þessarar auglýsingar kemur samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ríkisstofnanir leiti ekki til fjárln. Þessi ögrun framkvæmdarvaldsins hefur haft áhrif á störf fjárlaganefndar og svo mun verða áfram því ákveðið hefur verið að nefndin kalli forstöðumenn ríkisstofnana til sín á milli 2. og 3. umr. um fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að þessi ákvörðun framkvæmdarvaldsins kallar á breytt vinnubrögð fjárlaganefndar og mun hafa áhrif á samskipti fjárlaganefndar við framkvæmdarvaldið framvegis.

Frú forseti. Í þessu samhengi er ástæða til að fagna því sem fram kom í ræðu formanns fjárln., hv. þm. Magnúsar Stefánssonar. Hv. þm. boðaði það sem áður hefur verið rætt um, að nefndin tæki upp breytt verkföll ... breytta verkferla og vinnubrögð. — Frú forseti, þetta var skemmtilegt mismæli vegna þess að á stundum hefur hvarflað að ýmsum mönnum í fjárln. að ástæða væri til að setja verkfall á ýmislegt sem þar hefur verið boðið upp á en við vonum að ekki þurfi að grípa til svo róttækra aðgerða.

Hv. þm. beitti sér fyrir því á haustdögum að setja þetta mál í ákveðið ferli. Við vonum auðvitað að það náist niðurstaða í það þannig að á næsta hausti verði allt annað umhverfi varðandi fjárlagagerðina en við höfum þurft að búa við á þessu hausti.

Frú forseti. Forsrn. sendi Alþingi sömu tilskipun og fram kemur í bréfi fjmrn., sem hefur borist, en einnig yfirlit yfir viðbrögð ráðuneytanna við bréfi fjmrn. Þessu hefur ekki verið sinnt af hálfu ráðuneytanna og er auðvitað með ólíkindum að ráðuneytin skuli ekki virða nefndina svars í þessu tilliti.

Frú forseti. Það eru fleiri hliðar á bréfamálinu. Ein hlið þessa bréfamáls snýr sérstaklega að Alþingi og stöðu þess í stjórnkerfinu. Forsætisráðuneytið sendi Alþingi sömu tilskipun og fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins. Í stað þess að endursenda bréfið með viðeigandi athugasemdum virðist bréfið hafa verið sent áfram frá Alþingi til stofnana þess, m.a. Ríkisendurskoðunar. Það an barst þinginu viðeigandi svar sem birt er með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Frú forseti. Til að undirstrika það sem segir í nál., um að þinginu hafi borist viðeigandi svar, vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa svar Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í tölvuskeyti, dags. 28. október sl., framsendi skrifstofa Alþingis Ríkisendurskoðun til upplýsingar bréf fjármálaráðuneytisins til ráðuneyta, dags. 23. október sl. Í nefndu bréfi fjármálaráðuneytisins er vakin athygli á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. október sl. um meðferð breytingartillagna við 2. og 3. umr. um frumvarp til fjárlaga 2004 og frv. til fjáraukalaga 2003. Bréf ráðuneytisins var framsent skrifstofu Alþingis með tölvuskeyti hinn 28. október sl. þar sem mælst var til þess að Alþingi komi umræddum upplýsingum á framfæri við stofnanir sínar.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar fól í sér að ráðuneyti og stofnanir leiti ekki beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld heldur skili ráðuneytin tillögum í hið svokallaða fjárlagakerfi ef tilefni er til. Slík erindi verði tekin til afgreiðslu í ráðherranefnd um ríkisfjármál og tillögur um

nauðsynlegar breytingar sendar fjárlaganefnd í nafni ríkisstjórnarinnar.

Af þessu tilefni þykir rétt að vekja athygli á því að í 21. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, er að finna ákvæði um frv. til fjárlaga, þ.e. efni þess og tilurð. Þar er í 3. mgr. kveðið á um að skila skuli fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytis eftir nánari reglum, sem setja skal í reglugerð. Í 4. mgr. er á hinn bóginn sérstaklega mælt fyrir um hvernig fara skuli með tillögur að fjárveitingum til Alþingis. Þar segir að forsætisnefnd Alþingis geri ár hvert tillögur um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan sama frests, sem Stjórnarráðinu og stofnunum er undir það heyra er veittur. Tillögur sínar sendir forsætisnefnd forsætisráðherra í samræmi við hlutverk hans skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands.

Umrætt ákvæði 4. mgr. 21. gr. var ekki að finna í frumvarpi því, sem síðar varð að fjárreiðulögum, nr. 88/1997, heldur var því bætt við frumvarpið í meðförum Alþingis á sínum tíma. Svo sem kunnugt er var frumvarpinu, í ljósi mikilvægis þess og sérstöðu, vísað til sérnefndar til umfjöllunar að lokinni 1. umræðu á Alþingi. Nefndinni þótti m.a. nauðsynlegt að skýra betur en gert var í frv. stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og samskipti milli Alþingis og ráðuneyta. Í áliti sínu lagði hún ríka áherslu á að mörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds væru skýr og meðferð við gerð fjárlaga vel skilgreind. Af þessum sökum eyddi nefndin miklum tíma til að ræða samspil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sbr. t.d. 21. gr. og 33. gr. laganna, sem lesa má um í samhljóða nefndaráliti hennar á sínum tíma um málið. Nefndin lagði til ýmsar breytingar á frumvarpinu. M.a. lagði hún til að við 21. gr. bættust þrjár nýjar málsgreinar og var frumvarpið samþykkt svo breytt, sbr. nú 3.–5. mgr. greinarinnar. Umræddra breytingartillögu rökstuddi sérnefndin ítarlega í nál. sínu. Þar segir m.a. svo:

„Lagt er til að í 21. gr. verði tekin ákvæði um skil einstakra aðila í A-, B- og C-hluta á fjárlagatillögum. Þannig verði lögfest sú framkvæmd sem verið hefur, þ.e. að aðilar skila viðkomandi ráðuneyti tillögum sínum og hvert ráðuneyti skilar síðan fjárlagatillögum um þá aðila, sem undir það heyra, til fjármálaráðuneytis. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um gerð og meðferð fjárlagatillagna Alþingis. Enginn vafi leikur á þeirri sérstöðu sem Alþingi hefur í stjórnkerfinu. Byggist hún á löggjafarvaldinu, þingræðisreglunni, fjárstjórnarvaldinu, eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu o.fl. atriðum. Í stjórnarskránni og almennum lögum er að finna fyrirmæli um innri starfsemi þingsins. Forseti Alþingis er í störfum sínum aðeins ábyrgur gagnvart þinginu sjálfu, sbr. 52. gr. stjórnarskrárinnar. Í þingskapalögum kemur síðan fram að forseti Alþingis beri ábyrgð á rekstri þingsins og hafi æðsta vald í stjórnsýslu þess, en forsætisnefnd þingsins setji almennar reglur um rekstur Alþingis og stjórnsýslu. Þar segir einnig að forsætisnefnd fjalli um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir það heyra. Því er eðlilegt að sérákvæði gildi um fjárlagatillögur þingsins. Þingið fer með fjárstjórnarvaldið og það leiðir því af sjálfu sér að það hefur lokaorðið um eigin fjárlagatillögur eins og um fjárlagafrumvarpið í heild sinni. Færa má fyrir því gild rök að ríkisstjórnin sem slík eigi ekki að hafa afskipti af fjárlögum Alþingis, með vísun í þingræðisregluna og sérstöðu þingsins að öðru leyti. Í sumum ríkjum eru fjárlagatillögur þingsins ekki hluti af fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í íslensku stjórnarskránni segir að allar tekjur og gjöld skuli tekin upp í fjárlagafrumvarpið. Þetta þarf ekki að skilja sem svo að ríkisstjórn á hverjum tíma eigi að taka afstöðu til fjárlagatillagna þingsins, heldur aðeins að henni sé skylt að hafa í frumvarpi tillögur um fjárveitingar til þingsins. Til samræmis við ákvæði þingskapa er hér lagt til að forsætisnefnd geri tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess og sendi þær forsætisráðherra sem skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands annast af hálfu framkvæmdarvaldsins samskipti við Alþingi. Er þá gert ráð fyrir að forsætisráðherra framsendi tillögurnar fjármálaráðherra sem tekur þær upp í fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að forsætisnefnd starfar í umboði Alþingis, eða meiri hluta þess, og því er ólíklegt að tillögur hennar séu í ósamræmi við þá efnahagsstefnu sem hlutaðeigandi ríkisstjórn hefur boðað. Til að taka af allan vafa um þetta er, sbr. tilvísun nýrrar 4. mgr. í 2. mgr. greinarinnar, gert ráð fyrir að forsætisnefnd skuli við gerð fjárlagatillagnanna hafa hliðsjón af þjóðhagsáætlun. Þá er í tillögum nefndarinnar loks lagt til að ákvæðið nái einnig eftir því sem við getur átt til frumvarps til fjáraukalaga.““

Lýkur þá tilvitnun í rökstuðning þeirrar sérnefndar sem um títtnefnd lög fjallaði.

Held ég þar með áfram tilvitnun í bréf ríkisendurskoðanda, með leyfi forseta:

„Augljóst má vera af framansögðu að bæði að baki frumvarpinu og þó einkum brtt. sérnefndarinnar bjuggu þau sjónarmið að efla og undirstrika sjálfstæði Alþingis í stjórnkerfi ríkisins, einkum þó gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Svo sem kunnugt er náðu allar breytingartillögur nefndarinnar fram að ganga og komu lögin til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998. Framkvæmd í þessum efnum hefur verið mjög í samræmi við umrædd ákvæði laganna og frá upphafi einhugur í forsætisnefnd um að fylgja fyrirmælum laganna í þessu efni. Í samræmi við það hefur forsætisnefnd eftir gildistöku laganna jafnan gert tillögur að fjárveitingum til Alþingis og stofnana þess án þess að stjórnsýsluhafar hafi þar bein afskipti af önnur en þau að taka þær upp óbreyttar í fjárlagafrv.

Að mati Ríkisendurskoðunar hljóta sömu reglur og sjónarmið og hér að ofan hafa verið rakin að eiga við um breytingartillögur við fjárlagafrumvarp og fjáraukalög, sem forsætisnefnd beitir sér fyrir í tengslum við fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess. Forræði forsætisnefndar þegar um er að ræða meðferð á tillögum hennar til breytinga á fjárlagafrumvarpinu er ótvírætt, sbr. það sem að framan hefur verið rakið.

Að auki er þess að geta að ekkert í bréfi fjármálaráðuneytisins gefur í sjálfu sér tilefni til þess að ætla að nefnd ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 21. október sl. hafi verið ætlað að ná til Alþingis og stofnana þess. Samkvæmt skýru orðalagi þess takmarkast efni bréfsins beinlínis við ráðuneyti og stofnanir, sem undir þau falla.

Með vísan til framangreinds tel ég að ég hafi heimild til að ræða beint við fjárlaganefnd um fjármál Ríkisendurskoðunar án milligöngu stjórnsýsluhafa ef ég tel þörf á, nema til komi bein fyrirmæli frá forseta Alþingis um aðra tilhögun.“

Undir bréfið ritar Sigurður Þórðarson.

Frú forseti. Ég sagði áðan að Alþingi hefði borist viðeigandi svar við áframsendingu sinni á svokallaðri tilskipun. Betra hefði verið, frú forseti, að Alþingi sjálft hefði sent bréf

í slíkum anda til forsrn. eða, þegar gefið var tækifæri til þess í þingsal, að hæstv. forsrh. hefði beðist afsökunar á þessum bréfaskriftum. Hafi einhverjum ekki verið ljóst að þessi bréf eru ekki viðeigandi þá hljóta flestir að vera sannfærðir eftir svar ríkisendurskoðanda. Svo nákvæmlega er yfir málið farið að ekki á nokkur maður að velkjast í vafa um að um mistök var að ræða sem eðlilegt er að viðeigandi aðilar biðjist afsökunar á. Það sem verra er, eins og ég minntist á áðan, frú forseti, er að keðja mistaka virðist hafa farið í gang vegna þessa. Að sjálfsögðu voru hrein mistök hjá Alþingi að senda slíkt bréf áfram í stað þess að endursenda til forsrn. og óska eftir afsökunarbeiðni þaðan.

Frú forseti. Ég held þá áfram með nál. 1. minni hluta fjárln.

Nú við 2. umr. fjárlagafrumvarpsins er lagt til að tekjur hækki um 2,6 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um einn milljarð kr. vegna aukins atvinnuleysis en á móti vegur að tekjuskattur lögaðila hækkar um einn milljarð kr. vegna hærri álagningar á þessu ári en gert var ráð fyrir. Þá eru eignarskattar hækkaðir um 450 millj. kr. vegna breyttra forsendna og tekjur af virðisaukaskatti eru taldar aukast um tvo milljarðar kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar og aukinnar innheimtu á yfirstandandi ári. Miðað við áætlaða niðurstöðu ársins 2003 aukast tekjur ríkissjóðs ekki á milli ára og skýrist það fyrst og fremst af því að áætluð er minni eignasala á næsta ári en verið hefur á undanförnum árum.

Spá um þróun ýmissa efnahagsstærða ræður miklu um tekjur ríkissjóðs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tekjuhlið frumvarpsins tekur mið af spám um aukinn hagvöxt á næsta ári. Fjármálaráðuneytið gerir nú ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3,5% á næsta ári og verðbólga verði um 2,5%. Þetta er svipuð spá og greiningardeildir bankanna hafa gert. Þá er miðað við að einkaneysla aukist um 3,25% á árinu 2004.

Í áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið frumvarpsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að miðað við væntingar um batnandi hag þjóðarbúsins séu ýmsir tekjuliðir vanáætlaðir í fjárlagafrumvarpinu. Má þar nefna vaxtatekjur, tekjuskatt og virðisaukaskatt. Vaxtatekjur ársins voru t.d. vanáætlaðar í frumvarpinu fyrir árið 2003 miðað við áætlun fjárlagaskrifstofu nú í nóvember um 1,6 milljarða kr. Nú þegar fjárlagafrumvarpið er tekið til 2. umr. liggur fyrir að tekjur næsta árs voru vanáætlaðar um 2,6 milljarða kr. þegar frumvarpið var lagt fram."

Í yfirliti efnahagsskrifstofu fjmrn. um skiptingu tekna ríkissjóðs frá fjárlagafrv. fyrir árið 2003 til áætlunar nú í nóvember kemur í ljós að tekjur ársins voru vanáætlaðar um 16,6 milljarða kr.

„Í áætlun fyrir árið 2004 gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að tekjuskattur einstaklinga verði milljarði króna lægri en áætlað var í frumvarpinu. Skýringar fjármálaráðuneytisins við yfirferð efnahags- og viðskiptanefndar voru þær að þetta stafaði af atvinnuleysi og styttri vinnutíma einstaklinga. Engar tölulegar upplýsingar fylgdu á hinn bóginn því mati. Þótt því sé spáð má gera ráð fyrir að efnahagsuppsveiflan sem nú er hafin muni ekki einkennast af jafnmikilli þenslu og í síðustu uppsveiflu er þó ljóst að þenslan verður töluverð og hlýtur að segja til sín á vinnumarkaði með einhverjum hætti. Í því sambandi má minna á endurteknar yfirlýsingar einstakra ráðherra um að atvinnuleysi minnki verulega í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli. Í tölum fjármálaráðuneytisins birtist því ákveðin vantrú á að verulega rætist úr atvinnumálum á næstu missirum. Þá virðist litið fram hjá því að kjarasamningar eru lausir og launahækkanir óhjákvæmilegar á árinu. Lækkun á áætluðum tekjuskatti einstaklinga frá fjárlagafrumvarpi er því ekki í samræmi við atriðin sem hér eru nefnd og telja fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efnahags- og viðskiptanefnd að liðurinn sé vanáætlaður.

Sömuleiðis má færa rök að því að annar mikilvægur tekjuliður, virðisaukaskattur, fari fram úr spá fjármálaráðuneytisins. Þróun þess liðar fylgir nokkuð vel þróun hagvaxtar. Áætlun fjármálaráðuneytis byggist á því að hagvöxtur verði 3,5% árið 2004, en greiningardeildir bankanna spá yfirleitt meiri hagvexti. Því er líklegt að liðurinn sé vanáætlaður. Áætlanir um tekjur ríkisins þurfa hins vegar að byggjast á sterkum tölulegum grunni en ekki slumpareikningi eins og reyndin virðist með marga mikilvæga þætti í tekjugrein fjárlaga að þessu sinni."

Lýkur þá tilvitnun í álit minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið frumvarpsins.

Nú við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 leggur meiri hlutinn til að útgjöld hækki um 2,2 milljarða kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 600 millj. kr. renni til framhaldsskóla vegna fjölgunar nemenda og hækkunar meðalframlags á nemanda. Gert er ráð fyrir að fjárhæðin verði færð á liðinn Framhaldsskólar, óskipt. Enn einu sinni er því verið að veita fé á safnlið en ekki til einstakra stofnana. Það er því ómögulegt að meta stöðu einstakra framhaldsskóla. Ef áfram verður haldið á sömu braut er stutt í að einn fjárlagaliður haldi utan um alla framhaldsskóla landsins líkt og gert er með öll sendiráðin í frumvarpinu. Slíkt er ekki til eftirbreytni og í raun full ástæða til að þessari óheillavænlegu þróun verði snúið við.

Frú forseti. Það kom fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar við endurskoðun ríkisreiknings árið 2002 að í raun eru sendiráð íslenska ríkisins ekki sjálfstæðar rekstrarstofnanir. Þannig hafa yfirmenn sendiráða ekkert eða nær ekkert að gera með fjárútlát viðkomandi stofnunar og bera þar af leiðandi að því er virðist enga ábyrgð á þeim fjárútlátum. Þess vegna virðist það vera aðalskrifstofa ráðuneytisins sem fer með þetta. Við höfum séð það í ýmsum tilfærslum að verið er að millifæra, mér liggur við að segja, út og suður, milli sendiráða, milli aðalskrifstofu og inn til sendiráða. Þess vegna er afskaplega erfitt að fylgjast með því hvernig hvert sendiráð stendur. Það er í raun úr öllu samhengi að forstöðumenn sendiráðanna sem eru þá sendiherrarnir skulu ekki bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri síns sendiráðs. Þess vegna, frú forseti, er á þetta bent að ef sú hætta virðist vera fyrir hendi að ekki verði spornað við þessari þróun þá munum við stöðugt fá færri og færri liði á fjárlögum og einn allsherjarsafnliður mun taka þetta síðan allt saman. Alþingi hefur þá ekkert í raun um það að segja hvernig því verði skipt út.

Frú forseti. Ég held þá áfram með nefndarálitið.

Gert er ráð fyrir 280 millj. kr. hækkun til Fæðingarorlofssjóðs og rúmlega 100 millj. kr. hækkun til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Einnig er gert ráð fyrir 238 millj. kr. viðbót vegna lyfjakostnaðar á sama tíma og boðaður er sparnaður á þessum lið í frumvarpinu sjálfu. Bendir þetta til að viðurkennt sé að þessi sparnaðarleið sé óraunhæf. Þá er framlag til launa- og verðlagsmála hækkað um 220 millj. kr. vegna leiðréttingar á launafjárveitingum til heilsugæslustöðva vegna

vottorða og gjaldskrárverka lækna. Hér vekur enn á ný athygli sú staðreynd að þessar fjárveitingar eru ekki færðar á viðkomandi stofnanir heldur er færð ein fjárhæð á safnlið þrátt fyrir að ætla megi að fyrir liggi hvernig kostnaður skiptist milli stofnana.

Athygli vekur að gert er ráð fyrir 10 millj. kr. tímabundnu framlagi til utanríkisráðuneytisins vegna markaðssetningar á dilkakjöti erlendis „í samræmi við þá aðila sem við hana hafa unnið", eins og segir í greinargerð með tillögunni. Eðli máls samkvæmt heyrir þessi starfsemi undir landbúnaðarráðuneytið og er vandséð hvort beri að skilja þessa tillögu sem vantraust á markaðssetningarvinnu þess ráðuneytis eða hvort fagráðuneytið er að missa trú á eigin getu í málinu eftir mörg mögur ár við markaðssetningu erlendis.

Frú forseti. Það er sérstaklega athyglisvert nú þegar fréttir berast af því að verkefni sem, ef ég man rétt, hefur gengið undir nafninu Áform virðist miðað við sögur vera að skila árangri að annað ráðuneyti skuli vera kallað til. Það er algerlega óljóst hvort utanrrn. ætlar að vera yfirfrakki yfir þá vinnu sem unnin er á vegum landbrn. eða framkvæmdastjóri Áforms skuli færður frá landbrn., eða frá verkefninu, yfir til utanrrn. Frú forseti. Hvað er hér á ferðinni? Það er augljóst að við sem sitjum í fjárln. höfum í raun enga skýringu á þessu fengið aðra en þá að vitnað er til þess að nefnd hafi skilað af sér pappír og þessi tillaga hafi legið þar. En skýringu skortir algerlega. Ég hef orðið var við það, frú forseti, að ýmsir velta því fyrir sér hvað sé hér á ferðinni. Fyrst það er svo gott ástandið á ráðherrabekknum að hæstv. landbrh. er í stól sínum þá vænti ég þess að við munum fá fullkomna skýringu síðar í umræðunni á því hvað hér er á ferðinni, hvort hæstv. ráðherra líti svo á að hér sé um vantraust að ræða og á það starf sem unnið hefur verið undir yfirstjórn landbrn. eða hvort hæstv. ráðherra hafi gefist upp á þessari markaðssetningu og vilji að annað ráðuneyti taki við. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við fáum skýr svör við þessu, frú forseti.

Að mati 1. minni hluta vantar verulega upp á að tillögur meiri hluta nefndarinnar nú við 2. umr. tryggi rekstrargrundvöll fjölmargra stofnana á næsta ári. Erfitt er að meta stöðu einstakra stofnana fyrr en nauðsynlegar upplýsingar hafa verið lagðar fram, en ljóst er að verulega fjármuni vantar víða til að stofnanir geti haldið í horfinu á næsta ári og einnig er halli fyrri ára víða óbættur.

Þá hafa komið fram upplýsingar um að kostnaður við samning ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins sé vanáætlaður í fjárlagafrumvarpinu um 500 millj. kr. og væntir 1. minni hluti þess að sá mismunur verði leiðréttur fyrir 3. umr.

Frú forseti. Eftir að fjármálaráðuneytið sendi öðrum ráðuneytum bréf þar sem stofnunum var bannað að hafa frumkvæði að því að fara á fund fjárlaganefndar óskaði 1. minni hluti nefndarinnar þess að forstöðumenn tiltekinna stofnana yrðu kallaðir á fund nefndarinnar. Þar sem starfsáætlun nefndarinnar gerði ekki ráð fyrir þessum afskiptum framkvæmdarvaldsins af starfsemi nefndarinnar hefur ekki tekist fyrir 2. umr. að ljúka öllum viðtölum við forstöðumenn stofnana. Hér verður því aðeins getið örfárra dæma um upplýsingar sem fram hafa komið.

Samkvæmt upplýsingum forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss vantar um 600 millj. kr. upp á að uppsafnaður halli ársins verði að fullu bættur þegar tekið hefur verið tillit til þeirra fjárhæða sem ætlaðar eru stofnuninni í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2003. Hefur ráðuneytinu verið gerð grein fyrir því að fjárveiting í fjárlögum ársins 2004 þyrfti að vera 1.000–1.100 millj. kr. hærri til að halda í horfinu miðað við verðlagsforsendur ráðuneytisins varðandi lyf og hjúkrunarvörur. Stjórnendur spítalans telja þó vanmat felast í forsendum ráðuneytisins og telja líklegra að vöntun á fjárveitingu ársins 2004 verði u.þ.b. 1.400–1.500 millj. kr. Þá liggja fyrir brýn viðhaldsverkefni og ýmis önnur verkefni sem kosta um 100–150 millj. kr.

Frú forseti. Að óbreyttu mun Háskóli Íslands þurfa að vísa frá 900 nýnemum haustið 2004. Sú tala samsvarar 550 svokölluðum virkum nemendum. Það þýðir að Háskóli Íslands verður þá ekki lengur þjóðskóli og opinn öllum þeim sem lokið hafa stúdentsprófi. Á árunum 2001 og 2002 hefur háskólinn ekki fengið greitt fyrir 300 virka nemendur sem er meginástæða 300 millj. kr. skuldar við ríkissjóð. Þá er í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 lækkuð fjárveiting til rannsókna að raungildi um 105 millj. kr. Fjárveitingin stendur undir grunnkostnaði rannsókna sem ekki er hægt að sækja um til rannsóknarsjóða.

Í samningi háskólans og menntamálaráðuneytisins er m.a. kveðið á um að breyta skuli launaforsendum til samræmis við mat á þeirri hækkun sem leiðir af úrskurði kjaranefndar. Sama skal gilda um laun annarra háskólakennara samkvæmt samningi við fjármálaráðherra. Menntamálaráðuneytið skipaði vinnuhóp til að meta hvort þróun einingarverða væri í samræmi við samning. Hópurinn átti að skila áliti fyrir 11. apríl 2003 en hefur ekki gert það enn. Á tímabilinu 1999–2003 hafa raunlaun við háskólann hækkað um 40% en nemendaframlög hafa hækkað um 23% á sama tíma.

Frú forseti. Það er nauðsynlegt í samhengi við þetta að geta þess að á milli Háskóla Íslands og menntmrn. standa nú samningaviðræður og er unnið að endurnýjun kennslusamnings og rannsóknarsamnings. Miðað við upplýsingar sem okkur bárust frá háskólanum liggja drög að texta kennslusamnings fyrir en fjárhagslegir þættir samningsins eru ekki útræddir. Það er sérkennilegt, frú forseti, að nú við 2. umr. fjárlaga skuli ekki liggja fyrir jafnviðamikill og stór samningur og hér er á ferðinni. Að vísu sögðu fulltrúar háskólans sem komu á okkar fund að þeir vonuðust eftir því að samningurinn lægi fyrir í næstu viku. En ljóst er að það er auðvitað of seint ef slíkur samningur er ekki gerður fyrr en á milli 2. og 3. umr. og þarf væntanlega ekki mikið að koma upp á í samningaferlinu til þess að það dragist jafnvel lengur.

Frú forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að spyrja hæstv. menntmrh. sem hér situr hvort hæstv. ráðherra hafi betri upplýsingar um það hvernig þessi samningagerð stendur og hvenær vænta megi, að hans mati, að samningagerð ljúki.

Frú forseti. Áfram verður haldið og vitnað til þeirra upplýsinga sem fram hafa komið hjá þeim stofnunum sem komið hafa á fund fjárln.:

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur frá ársbyrjun 2002 átt í rekstrarerfiðleikum og stefnir í óefni á árinu 2004 ef ekki verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Fjöldi ársnema var rangur í forsendum fjárlaga áranna 2002 og 2003 og er enn rangur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Það er ljóst að það að setja of lága tölu ársnemenda inn í reiknilíkan og fjárlagafrumvarp ár eftir ár og taka ekki tillit til ábendinga um lagfæringu setur fjárstreymi skólans úr skorðum. Kostnaðarmat reiknilíkansins er 295,9 millj. kr. fyrir skólann á árinu 2004. Eftir flatan niðurskurð voru 283,5 millj. kr. settar í fjárlagafrumvarpið. Þá er húsaleiga verulega vanáætluð.

Þetta leiðir til þess að skekkja verður jafnan á launalið skólans. Fjármálaráðuneytið grípur inn í og takmarkar eða lokar fyrir greiðslur vegna annarra gjalda til skólans. Í október 2002 var skólinn aðeins búinn að fá um 50% af því rekstrarfé sem hann átti að fá á öllu árinu að frádreginni húsaleigu. Í október 2003 var talan komin í 35%.

Flati niðurskurðurinn, sem embættismenn menntamálaráðuneytisins kalla „þjöppun", virðist vera um 5% af þeirri útkomu sem reiknilíkanið mælir framhaldsskólunum. Niðurskurður á fjárveitingum til framhaldsskóla hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Þá liggur fyrir að nemendatölur framhaldsskóla í frumvarpi til fjárlaga 2004 eru rangar. Í frumvarpinu er miðað við 16.220 nemendur. Framhaldsskólarnir hafa undanfarin ár sent til menntamálaráðuneytisins nýjustu tölur um ársnemendur ásamt áætlunum fyrir næstu annir. Þessar upplýsingar hafa undanfarið reynst nákvæmar. Inna, upplýsingakerfi framhaldsskólanna, getur veitt ráðuneytinu upplýsingar um einstaka þætti talningarinnar. Heildarfjöldi ársnemenda árið 2004 er áætlaður um 17.000 nemendur og hefur sú tala legið fyrir um nokkurt skeið. Fagnaðarefni er að nú við 2. umr. skuli sú tala vera lögð til grundvallar tillögu um 600 millj. kr. viðbótarfjármagn til framhaldsskólanna á næsta ári. En ósvarað er hvers vegna ekki var miðað við þá tölu strax í frumvarpinu. Það er auðvitað óviðunandi að ár eftir ár þurfi forsvarsmenn framhaldsskólanna að berjast fyrir viðurkenningu á þeim nemendafjölda sem sækir skólana.

Þá hefur einnig verið vakin athygli á því að fjárveitingar til sérdeilda fatlaðra og sérkennslu eru mjög óljósar í frumvarpinu. Framlagið virðist sett á suma skóla en aðra ekki. Ekki er ljóst hvort einhverjum skólum hefur verið sleppt, sem eiga þó að fá þessar fjárveitingar, eða hvort fjármagnið er afgreitt með mismunandi hætti. Ógerningur er að sjá hvort einhvers staðar hafi verið gerð mistök. Það eru ónákvæm og óeðlileg vinnubrögð að setja fjárveitingar til ákveðinnar starfsemi á mismunandi liði skólanna í fjárlögum.

Frú forseti. Þrátt fyrir að nú sé gert ráð fyrir því að miða við réttan nemendafjölda er ekki tekið tillit til ýmislegs annars þegar við horfum til fjárveitinga til framhaldsskólanna. Hið margumrædda reiknilíkan sem miðað hefur verið við nú um nokkurt skeið er í raun orðið svo gallað að það er farið eiginlega að vinna gegn hugmyndinni um reiknilíkan. Þannig hefur það komið fram hjá einstaka gesti til fjárln., sem voru miklir talsmenn þess að reiknilíkanið væri tekið upp, að þeir að óbreyttu eru farnir að efast mjög um gagnsemi þess.

En hvers vegna skyldi það nú vera, frú forseti? Jú, vegna þess að ýmsir þættir í reiknilíkaninu hafa ekki fylgt þróuninni. Tökum nokkur dæmi. Í reiknilíkaninu er miðað við 4% afskriftir af tækjum og búnaði. Ég held að ég þurfi ekki að nefna nema eitt lítið dæmi um það þannig að allir sjá að þetta gengur ekki upp. Hver vill nota 25 ára gamla tölvu í framhaldsskóla landsins í dag? Varla nokkur maður. Það dettur auðvitað engum í hug. Þar af leiðandi er þessi liður í reiknilíkaninu verulega vanáætlaður.

Þá er mjög vanáætlað til þess sem kölluð eru Önnur störf, m.a. vegna þess að lögum hefur verið breytt og hlutverki skólanna að stórum hluta til. Þess vegna skortir mjög fjármagn inn í þann lið eða réttara sagt að hann sé metinn rétt í reiknilíkaninu. Ráðgjöf til nemenda hefur verið aukin. Tölvukerfi hafa verið byggð upp og það hefur þurft sérstaka starfsmenn til þess að huga að þeim. Viðbótarlífeyrissjóðssparnaður starfsmanna skólanna er ekki bættur í reiknilíkaninu. Nýtt sem ákveðið hefur verið af ráðuneytinu og sem skólarnir hafa ekki ákveðið, þ.e. til þess er heldur ekki tekið tillit til í reiknilíkaninu. Ég nefni til dæmis tölvukerið Innu sem er svokallað nemendabókhald og upplýsingakerfi, FS-netið, nýtt bókhaldskerfi og síðast en ekki síst hinn stóra lið Launamál, en það er samdóma álit forsvarsmanna framhaldsskólanna að síðasti kjarasamningur hafi ekki verið rétt reiknaður í líkanið.

Þá er alveg sérstakur liður sem þarf að skoða mjög vandlega og virðast ekki fást nægar upplýsingar um, en það eru leigugjöld skólanna. Það var fullyrt þegar það kerfi var tekið upp, sem er hið besta kerfi, að láta Fasteignir ríkissjóðs sjá um viðhald og annað þess háttar á þessum húseignum. Skólarnir greiða leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs. Þau hafa hækkað mjög undanfarin ár án þess að tekið hafi verið tillit til þess og þar af leiðandi eru í raun þessi leigugjöld farin að koma niður á starfsemi skólanna.

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað verulegt íhugunarefni. En vegna þess að boðið er upp á það ár eftir ár að í fjárlagafrv. eru rangar nemendatölur, þ.e. grunntalan sem reiknað er út frá, þá fer orkan ár eftir ár í að reyna að berja inn rétta tölu þar. En á meðan gleymist það sem er ekki er síður mikilvægt, að færa reiknilíkanið til nútímans þannig að það sé nothæft tæki og ekki þurfi að afnema það. Ég hef verið talsmaður þess að þetta sé notað en það verður auðvitað að fylgja þróun. Ég hef verið talsmaður þess að við notuðum meira að segja þetta líkan áfram á aðrar stofnanir vegna þess að það er gegnsætt og á að segja okkur betur hver fjárþörfin er ef reiknilíkanið rétt. En það er auðvitað þannig að ef vitlaust er gefið í upphafi þá er ekki hægt að fá rétta útkomu.

Herra forseti. Áfram verður haldið í að stikla á stóru á þeim örfáu heimsóknum sem fjárln. hefur fengið þetta haustið frá ríkisstofnunum.

Dómstólaráð, sem fer með yfirstjórn stjórnsýslu héraðsdómstólanna, glímir við uppsafnaðan halla. Ef ekkert verður að gert telja forsvarsmenn ráðsins að segja þurfi upp átta eða níu starfsmönnum. Verkefni og verklag dómstólaráðs eru lögbundin að verulegu leyti og hefur ráðið enga stjórn á hvaða mál koma til úrlausnar. Heildarfjöldi nýrra mála var 98% meiri árið 2002 en meðaltal áranna 1993–2000. Þessa fjölgun má m.a. rekja til nýmæla í lögum án þess að viðbótarfjármagn hafi fylgt og mikillar vinnu við flókin sakamál, þjóðlendumál og stór efnahagsbrotamál. Auk þessa virðist fjármálaráðuneytið hafa vanreiknað launahækkanir samkvæmt úrskurði kjaradóms um 2,3 millj. kr. á árinu 2003 og kostnaður vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna hefur ekki verið bættur stofnuninni en hann nemur um 10 millj. kr.

Virðulegi forseti. Það sem að framan er rakið sýnir, svo ekki verður um villst, að verulegar fjárhæðir vantar inn í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Það er sérkennilegt að leggja fram frumvarp sem ekki tekur mið af raunverulegri fjárþörf stofnana, en þetta er sá blekkingaleikur sem ríkisstjórnin hefur því miður leikið á undanförnum árum. Þegar við bætist sú ákvörðun að hindra eðlileg tengsl forstöðumanna stofnana við fjárlaganefnd er verið að draga enn frekar úr trúverðugleika væntanlegra fjárlaga.

Eins og undanfarin ár skila fagnefndir áliti á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Þá er þeim einnig ætlað að skipta safnliðum sem eru á málefnasviði þeirra. Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur síðustu ár skipt safnlið 08-399 1.90 Ýmis framlög. Á síðasta ári var fjárlagaliðurinn að fjárhæð 63,8 millj. kr. og lagði nefndin til að 24,3 millj. kr. yrði skipt á

milli tilgreindra aðila. Í bréfi heilbrigðis- og tryggingaráðnefndar til fjárlaganefndar kemur fram að umræddur safnliður, sem vísað var til nefndarinnar, er að fjárhæð 13,8 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Þegar leitað var skýringa á lækkun fjárlagaliðarins um 50 millj. kr. fengust þau svör frá ráðuneytinu að fjárhæðin hefði í aðalatriðum verið færð á fjárlagaliðinn 08-399 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Vegna þessarar skerðingar treysti nefndi sér ekki til að skipta umræddum safnlið og vísaði honum aftur til fjárlaganefndar. Heilbrigðis- og tryggingaráðnefnd taldi einnig ástæðu til í áliti sínu að gagnrýna fjárlagavinnuna í því formi sem hún er. Telur nefndin aðkomu fagnefnda að fjárlagafrumvarpinu yfirborðskennda og hún þjóni nær eingöngu því markmiði að upplýsa nefndirnar um gerðan hlut. Telur nefndin það til bóta fyrir málaflokkinn ef hún kæmi fyrr og með meira afgerandi hætti að fjárlagavinnunni.

Virðulegi forseti. Rétt er að vekja athygli á því að hér er ég að vitna í álit heilbr.- og trn., ekki minnihlutaálit heilbr.- og trn. Undir þetta álit, ef ég man rétt, skrifa allir nefndarmenn þannig að augljóst er að sú gagnrýni sem við höfum haldið uppi hér til nokkurra ára á fjárlagaferlið á nú vaxandi fylgi að fagna meðal þingmanna stjórnarliðsins og er vonandi að það verði til þess að sú endurskoðun sem nú stendur yfir og mun standa yfir á næstunni á störfum fjárln. og á fjárlagaferlinu nái fram að ganga og að víðtækur stuðningur verði við breytingar. Ég minni á, virðulegi forseti, að hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi það einmitt í framsöguræðu sinni að þetta væri í gangi og vonaðist til þess að það yrðu breytt vinnubrögð í störfum nefndarinnar og á fjárlagaferlinu þegar við förum næst í fjárlagavinnuna á hausti komanda.

Virðulegi forseti. Minni hluti félagsmálanefndar stendur ekki að áliti meiri hluta nefndarinnar, enda um að ræða verulegar vanáætlanir á stórum útgjaldaliðum félagsmálaráðuneytisins sem stjórnarliðar verða sjálfir að bera ábyrgð á. Í áliti minni hluta félagsmálanefndar er farið yfir helstu gagnrýnisatriði og vakin athygli á verulegum vanáætlunum í stórum málaflokkum sem falla undir félagsmálaráðuneytið.

Ýmis sveitarfélög hafa gagnrýnt lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á þessu ári miðað við síðustu ár. Skýring þessa er m.a. sú að sérstakar greiðslur úr ríkissjóði féllu niður á árinu 2002 og það ár var gengið verulega á eigið fé sjóðsins. Að óbreyttu lækka því framlög til sveitarfélaga verulega frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Þá var reglum um úthlutun breytt á þessu ári. Mörg dreifbýlissveitarfélög sem jafnframt eru fámenn fóru illa út úr þessum breytingum, sérstaklega hvað varðar framlög til skólaaksturs. Huga þarf sérstaklega að málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og mikilvægt að úthlutanir sjóðsins lækki ekki á milli ára. Taka þarf upp ný vinnubrögð varðandi árlegar viðræður forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og hins vegar félags- og fjármálaráðherra um fjárhagsleg samskipti milli ríkis og sveitarfélaga svo að t.d. niðurstöður um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga liggi fyrir við 2. umr. fjárlaga.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ólíðandi ár eftir ár að hér sé skotið inn, yfirleitt við 3. umr. fjárlaga, einhverri upphæð til þess að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna sem bent hefur verið á til fjölda ára að hefur stöðugt hallað á í samskiptum við ríkissjóð. En þar sem hæstv. fjmrh. situr hér eins og venjulega í stól sínum væri auðvitað æskilegt ef hann gæti sagt okkur frá því í umræðunni á eftir hver staðan er í þessum samningamálum nú, hvort þess megi vænta að niðurstaða í þessar viðræður komi ekki örugglega fyrir 3. umr. og það jafnvel fljótlega eftir að 2. umr. lýkur. Ef til vill hefur jafnvel hæstv. ráðherra hugsanlega niðurstöðuna nú þegar fyrir framan sig.

Virðulegi forseti. Áætluð útgjöld Ábyrgðasjóðs launa fyrir árið 2003 eru 740 millj. kr. en í fjárlögum þess árs var gert ráð fyrir 441 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir tæplega 687 millj. kr. Engin ástæða er til að ætla að útgjöld sjóðsins verði minni á næsta ári en þessu, sérstaklega í ljósi þess að gífurleg aukning hefur orðið á gjaldþrotum fyrirtækja á árinu 2003 en greiðslur vegna þeirra vega líklega þungt á árinu 2004.

Áætluð útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 2003 eru rúmir 4,3 milljarðar kr. Er það byggt á því að atvinnuleysi verði 3,3% og að kostnaður við hvert prósentustig sé tæplega 1,1 milljarður kr. Fjárlög ársins 2003 gerðu ráð fyrir að útgjöld yrðu 3,2 milljarðar kr. og stefnir því í að útgjöld vegna atvinnuleysis hafi verið vanmetin um 1,1 milljarð kr. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að gjöld sjóðsins verði samtals 3,3 milljarðar kr. og byggist það á að meðalatvinnuleysi á árinu 2004 verði 2,5%. Spá Seðlabankans frá því nú í nóvember gerir ráð fyrir 2,75% atvinnuleysi og Kaupþing spáir 3,0% atvinnuleysi á næsta ári. Vantar því 280–550 millj. kr. í sjóðinn sé tekið mið af áætlunum þessara aðila.

Virðulegi forseti. Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar flytur breytingartillögur nú við 2. umr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2004. Tillögurnar eru táknrænar fyrir áhersluatriði Samfylkingarinnar við fjárlagagerðina. Þannig gera tillögurnar ráð fyrir jafnvægi milli tekna annars vegar og aukinna útgjalda hins vegar. Tillögurnar gera ráð fyrir að dregið verði úr áætluðum álögum ríkisstjórnarinnar á almenning, gætt aðhalds í rekstri hins opinbera og bætt úr brýnum fjárhagsvanda einstakra stofnana, t.d. innan menntakerfisins.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar mun mæla sérstaklega fyrir þeim breytingartillögum sem við fulltrúar Samf. í fjárln. leggjum fyrir við 2. umr. um fjárlög.

Herra forseti. Að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar er það ábyrgðarhlutur að leggja fram frumvarp til fjárlaga sem einkennist af óvönduðum vinnubrögðum og fljótaskrift. Ljóst er að mörg óleyst mál bíða 3. umr. eins og fram kemur í áliti meiri hlutans. Fjárlaganefnd hefur mikið verk að vinna fyrir 3. umr. svo að tillögur fyrir þá umræðu verði með þeim hætti að kleift verði að samþykkja trúverðug fjárlög fyrir árið 2004. Fyrsta skrefið í þá átt er að viðurkenna að á mörgum sviðum eru útgjöld verulega vanáætluð og rekstrargrunnur fjölmargra stofnana ekki tryggður. Fyrsti minni hluti mun halda áfram að óska eftir viðræðum við forsvarsmenn ríkisstofnana til að kortleggja þann vanda sem steðjar að fjölmörgum stofnunum hins opinbera. Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar gerir einnig þá kröfu að þau ráðuneyti sem krafin hafi verið um upplýsingar skili þeim tímanlega fyrir 3. umr.

Því miður, virðulegi forseti, einkennir stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í stórum málaflokkum það fjárlagafrumvarp sem hér er rætt. Skortur á heildarsýn og forgangsröðun fylgir slíku stefnuleysi. Verði ekki brugðist við af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar fyrir 3. umr. munu fjárlög næsta árs ekki nýtast sem skyldi í efnahagsstjórninni en þess í stað skapa hættu á aukinni þenslu og vaxandi verðbólgu í kjölfarið. Virðulegi forseti. Ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans er mikil.

Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. en þann hann skipa auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson.

[15:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. gerði hér athugasemdir við brtt. og nýjan lið undir utanrrn. sem er 10 millj. kr. tímabundið framlag til að styðja við markaðssetningu dilkakjöts erlendis í samstarfi við þá aðila sem við hana hafa unnið. Spurði síðan hvort þetta hefði ekki slæm áhrif á landbrn. og þá vinnu sem þar er unnin. Sannleikurinn er sá að afurðastöðvarnar í landbúnaðinum og bændurnir hafa farið með markaðssetningu sína að mestu leyti á eigin vegum. Hér hefur verið til sérstakur sjóður sem hefur verið studdur af þinginu, Áformssjóður, sem fær ákveðið fjármagn og hefur verið nýttur í þeim efnum. Nefnd um stöðu sauðfjárræktar gerði tillögur þessa efnis. Ég minnist þess að ég ræddi það við utanrrh. á þeim tíma hvað honum sýndist um þennan lið sem reyndar var samþykktur í ríkisstjórn. Hann svaraði eitthvað á þá leið að út frá sínum bæjardyrum séð bæri viðskiptaskrifstofu utanrrn. alveg eins að sinna landbúnaðinum eins og öðrum atvinnugreinum þjóðfélagsins, hvort sem það er sjávarútvegurinn, iðnaðurinn eða ferðaþjónustan, og hefur þar verið unnið markvisst starf. Hæstv. utanrrh. fagnaði þessu á þeim tíma og þetta eru sjálfsagt viðbrögð við því að þessir peningar koma þarna inn.

Þó að menn hafi gagnrýnt markaðssetningu landbúnaðarins hafa Áformssjóðurinn og afurðastöðvarnar unnið stórvirki í þeim efnum. Við t.d. fáum þær fregnir frá Bandaríkjunum að Whole foods búðirnar hrífist mjög af íslenskum fjölskyldubúskap og íslenskri náttúru og borgi hærra verð fyrir íslenskt lambakjöt. Nú sækjast þær eftir íslenskum mjólkurvörum sem hollustuvörum þannig að á síðustu fimm árum hefur verið unnið kraftaverk í þeim efnum að markaðssetja íslenskan landbúnað og auðvitað Ísland þá um leið. Þetta skilar Íslandi miklu en það hefur í sjálfu sér allt saman gengið vel. Sannleikurinn er sá að ef þau þúsund tonn sem nú fara utan til viðbótar við þau þúsund tonn sem hafa selst á allþokkalegu verði seljast líka á sama verði er það allásættanlegt miðað við innanlandsverð. Við sjáum árangur og ég held að þetta sé einn liður sem þarna var fallist á að setja inn og verður unnið í samráði við aðra til þess að styrkja landbúnaðinn og viðskiptaskrifstofu utanrrn. Sendiráðin koma þá inn í þetta starf.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli á því að tölvukerfið er í einhverju ólagi.)

Það hafði ég ekki hugmynd um.

(**Forseti** (GÁS): Forseti varð var við að hæstv. ráðherra hefði ekki hugmynd um það en vill upplýsa það nú þannig að við verðum að gera þetta handvirkt. Ég bið hv. þingmenn að fylgjast með ljósinu. Við kveikjum á því þegar ræðutími er búinn.)

[15:18]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir fróðleikinn. Ég verð samt að segja að ég er ekki miklu nær um það af hverju þessar 10 millj. eru færðar til utanrrn. miðað við útskýringar hæstv. ráðherra. Ef þetta ágæta verkefni, Áform, skilar svona miklum árangri í Bandaríkjunum eins og ég gat um í ræðu minni að ég hefði heyrt sögur af, og fréttir sem hæstv. ráðherra vitnaði til gefa til kynna, hefði ég haldið að það væri kannski ástæða til að styrkja verkefnið enn frekar. Hæstv. ráðherra sagði réttilega að það væri hlutverk viðskiptaskrifstofu utanrrn. að sinna öllum atvinnugreinum. Ég velti þá fyrir mér við hverju við megum búast í framhaldinu úr því að sérstaklega er eyrnamerkt að viðskiptaskrifstofan sinni landbúnaðinum. Af hverju er það? Megum við þá búast við því að á næsta ári komi einhver upphæð vegna iðnaðar og svo verði áfram haldið? Þetta er, vægt til orða tekið, afar sérkennilegt. Og mér þætti ánægjulegt ef hæstv. ráðherra gæti skýrt örlítið betur fyrir okkur af hverju þessi upphæð lendir nákvæmlega þarna. Ég held að það sé hárrétt hjá hæstv. ráðherra að það er hlutverk viðskiptaskrifstofu utanrrn. að sinna öllum atvinnuvegum. Ég get ekki ímyndað mér að það þurfi að eyrnamerkja og búta niður eftir atvinnugreinum fjármunina sem renna til skrifstofunnar.

Ég bið hæstv. ráðherra að reyna að gera aðra tilraun til að útskýra fyrir þingheimi hvernig á því stendur að þessar 10 millj. kr. fara þessa undarlegu leið til að selja íslenskt dilkakjöt.

[15:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er miklu stærra verkefni en ég ræð við að koma hv. þingmanni í skilning um þetta verkefni fyrst hann náði því ekki áðan. (Gripið fram í.) Hans austfirska þoka hylur honum sýn í þessu efni en allur þingheimur sem hér er skildi allt sem ég sagði áðan. Þeir sem fylgdust með umræðunni skildu það en hv. þm. einan skal ég taka í sértíma hér til hliðar á eftir og reyna að koma honum í skilning um málið.

En auðvitað er það ekki ég sem útfæri tillögur utanrrn. í þessu efni heldur þeir sjálfir sem taka við þessu erindi frá nefndinni og það er samþykkt í ríkisstjórn. Það kann vel að vera að það sé rétt sem hv. þm. segir að það að sundurliða sé ekki venjan. Aðrir standa þar í forsvari.

Ég sé hins vegar annað sem ekki nær skilningi mínum í tillögum hv. þingmanns sem hefur skilað hér miklu. Það hefur verið látið ákveðið átak til hestamennskunnar í fjárlögum síðustu árin sem hefur skilað hestamennskunni alveg gríðarlegum árangri. Í rauninni þarf að fara yfir fagmennsku hestamennskunnar. Við sjáum hrossabúgarðana og við þurfum ekki annað en fara og sjá árangurinn af þeim peningum. Ég sé að hv. þm. er 1. flm. að þeirri brtt. að 25 millj., sem hafa farið til hestamiðstöðvar í Skagafirði og átaks í hestamennsku, hinnar félagslegu heildar Landssambands hestamanna, Félags tamningamanna og Félags hrossabænda, verði felldar út. Þetta er nokkuð sem minn skilningur nær ekki. Ég botna ekki í þessum málflutningi og bið um skýringar á þessum texta og boðskap hv. þingmanns.

[15:21]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. ráðherra fer að tala um eitthvað allt annað en það sem við vorum að ræða. Ég held að því miður hafi hæstv. ráðherra ekki náð að útskýra þessar krókaleiðir fjármagnsins. Ég skildi hins vegar verkefnið afskaplega vel og ég held að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að hann lyfti þeim útskýringum öllum á hærra plan miðað við það sem við höfum áður heyrt, eins og hæstv. ráðherra er einum lagið.

Ég verð að segja, hæstv. ráðherra, varðandi þessar 25 millj. kr., fyrst hæstv. ráðherra nefnir þær þó að ekki sé búið að mæla fyrir tillögunum, að mér heyrist að þarna séu einhver mistök í texta. Það var ekki ætlunin að þessar 25 millj. færu þarna af en það verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir því þegar mælt verður fyrir tillögunum. 25 millj. voru ætlaðar í annað og það mun skýrast þegar þar að kemur, hæstv. ráðherra. Væntanlega er ástæðan sú, miðað við þær upplýsingar sem ég hafði þegar ég hóf ræðu mína áðan, að þá var vandfundinn sá liður sem við vorum að leita að og var nær allt kerfið að leita að honum. Hugsanlega miðað við þetta hafa milljónirnar lent á vitlausum stað. En hvar hæstv. ráðherra geymir þann lið sem verið var að leita að vona ég að hann geti upplýst. Það er ansi dýrt spaug að láta allt kerfið leita að lið sem ráðherra hefur falið einhvers staðar sem enginn veit. Spurning er hvort hann hafi farið svo langan útreiðartúr (**Landbrh.:** Klókur maður.) að enginn hefur getað elt hann — klókur maður, hæstv. ráðherra, það efa ég ekki.

[15:23]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust., kom í ræðu sinni inn á atriði sem hann spurðist fyrir um beinlínis. Er þá fyrst að nefna sérkennslu. Ég reikna með að hv. þm. sé þar að ræða um fjárlögin en ekki fjáraukalögin. Þar er um það að ræða að fjármunir hafa verið færðir á skólana, sérstaklega til þeirra sem hafa haft veruleg sérkennsluverkefni, sem munu vera nærri 200 millj., hygg ég. Ýmiss konar sérkennsluverkefni munu væntanlega líta dagsins ljós og þá er um 100 millj. óráðstafað sem er gert til þess að taka á slíkum tilfallandi verkefnum, svona til að skýra þetta aðeins nánar.

Síðan ber að geta þess að það var tekin ákvörðun um það snemma á til þess að gera stuttum ferli mínum í menntmrn. að taka upp nýtt líkan. Því var ætlað að mæla með réttlátari hætti fjármuni til starfsmennta- og verkmenntagreina sérstaklega. Það var lengi búið að biðja um þessa breytingu en það var hins vegar ljóst að breytingin mundi kosta talsverða fjármuni og sá sem hér stendur setti sér það markmið að klára málið á tveimur árum. Upp kom erfið staða í fyrra þegar ljóst var að ekki væri hægt að koma til móts við þetta að fullu og þá var gripið til svokallaðrar þjöppunar en það er markmið mitt nú að nota 400 millj. af þeim 600 millj. sem hefur verið gerð tillaga um, 600 millj. allt í allt, í að gera upp líkanið að fullu.

Að lokum vil ég geta þess að samningar við háskólana eru á lokastigi, einkum og sér í lagi við Háskóla Íslands. Samningarnir renna út um áramótin þannig að það þarf að vera búið að ganga frá þeim fyrir þann tíma. Þeir lýsa í stórum dráttum samskiptum aðila, þ.e. háskólans og menntmrn.

[15:25]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, m.a. varðandi þessa færslu sem er í fjárlagafrv. inn á framhaldsskólana. Það sem ég var að gagnrýna fyrst og fremst var það sem hafði komið fram í viðræðum okkar við einhvern af forsvarsmönnum skólanna að það væri erfitt að bera þá saman því að það væri mismunandi fært inn á þá. Mér heyrist hæstv. ráðherra raunverulega vera að staðfesta það en með ákveðinni skýringu. Ég þakka fyrir hana.

Það er einnig rétt hjá hæstv. ráðherra að það var settur niður starfshópur til að breyta reiknilíkaninu og það kom fram einmitt við fjárlagaafgreiðslu hér fyrir ári að ekki væri tekið að fullu tillit til þeirra breytinga sem gert var ráð fyrir í þeim tillögum sem þá lágu fyrir. Það er fagnaðarefni sem kemur fram hér hjá hæstv. ráðherra um hvernig þessar 600 millj. eru hugsaðar í skiptingu en það hafði ekki áður verið upplýst í fjárln. Það að 400 millj. af því séu til þess að gera líkanið að fullu virkt er sérstakt ánægjuefni sem við munum væntanlega fara betur yfir milli 2. og 3. umr.

Því miður held ég samt að enn liggi nokkuð utan garðs varðandi reiknilíkansmálin og það sé hluti af þeim liðum sem ég nefndi í ræðu minni að ekki hefðu verið teknir inn. Vandinn er sá að þegar verið var að endurskoða reiknilíkanið litu þeir forsvarsmenn framhaldsskóla sem voru hluti af starfshópi svo á að nefndin hefði í raun ekki formlega lokið störfum, þ.e. að verkefnið hafi verið tekið út úr nefndinni og fært inn í ráðuneytið áður en nefndin lauk störfum. Menn telja því enn að nokkuð vanti upp á en vissulega ber að fagna þeim áfanga sem hér hefur náðst.

Varðandi síðan samningana við háskólann vona ég að rétt reynist að þeim verði lokið sem allra fyrst. Ég vona að framvegis liggi slíkar niðurstöður fyrir þegar við ræðum hér fjárlög við 2. umr. því þetta eru það stórir liðir að þeir skipta miklu máli í heildarupphæðum til menntakerfisins.

[15:28]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það líkan sem nú er notað er nokkuð fíngert í sniðum og mælir nákvæmlega marga útgjaldaliði skólanna. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það þurfi að gæta hófs í því að mæla þessa útgjaldaliði svo nákvæmlega. Það gæti líka skapað erfiðleika að vera með of nákvæmt reiknilíkan. En því má heldur ekki gleyma að mælitæki sem þetta sem er þeim mun betra mælitæki sem það endurspeglar nákvæmar raunveruleika skólanna þarf alltaf að vera í endurskoðun. Það var hins vegar kominn tími til að taka ákvörðun um þetta. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið nauðsynlegt að taka ákvörðunina, jafnvel þótt því fylgdu þeir meinbugir að það tæki tvö ár að koma líkaninu í fulla notkun.

Ég vil síðan taka það fram að ég lít svo á að samningaviðræður við Háskóla Íslands hafi gengið mjög vel og góður andi hafi skapast í þeim viðræðum. Þær eru á lokastigi þannig að ég get fullvissað hv. þingmann um að það er stutt í að þeim ljúki.

[15:29]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að reiknilíkan framhaldsskólanna reiknar ýmislegt ansi smátt. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það þurfi að gæta verulega hófs í því hversu nákvæmlega er farið í skiptingu í slíku líkani. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra líka að það var virkilega kominn tími til þess að endurskoða reiknilíkanið. Ég er sammála hæstv. ráðherra líka í því að þótt það tæki tvö ár var það nauðsynlegt og betra að gefa sér þann tíma sem þurfti til þess að fá það til að virka.

Hins vegar er nauðsynlegt — ég átta mig á því nú, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur ekki möguleika á að svara spurningu — að sjá hvernig líkanið kemur út með því að við fáum þessa skiptingu fyrir 3. umr. fjárlaga. Það er eiginlega það sem snýr að þessum 400 millj. sem hæstv. ráðherra

upplýsti okkur áðan um að væru ætlaðar til þess að koma líkaninu að fullu í gang. Það er brýnt að skiptingin berist frá ráðuneytinu til fjárln. þannig að við getum séð hana. Það sem við höfum verið að horfa á undanfarin ár og er hluti af því sem ég hef gagnrýnt gagnvart framhaldsskólunum er að það er einn liður þar, Framhaldsskólar, óskipt, sem hefur vaxið jafnt og þétt. Með því er að hluta til verið að taka af fjárhagslegt sjálfstæði skólanna vegna þess að meðan sá liður þrútnar út eru skólar að lenda í svipuðum vanda og ég lýsti áðan með Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Það þarf að vinna gegn því að þessi liður vaxi svona og reyna að koma sem mestu út til skólanna þannig að þeir geti sem allra mest sjálfir stjórnað sínum fjármálum. Það held ég að sé langvænlegast og ég endurtek það sem ég sagði áðan varðandi reiknilíkanið, ég tel mjög mikilvægt að það sé stöðugt í endurskoðun vegna þess að það má ekki missa takt. Þá óttast ég að það fari að vinna gegn markmiði sínu og það held ég að sé hið versta mál vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ég vil frekar sjá svona reiknilíkön færast meira út í ríkiskerfinu. Ég lít svo á í grunninn að reiknilíkanið sé af hinu góða en fái það ekki að fylgja þróun fari það að vinna gegn sjálfu sér.

[15:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Vonandi ratast hæstv. forseta satt á munn um að það verði fljótt breyting á að það verði skipt um meiri hluta, og ég skal gjarnan tala fyrir nýjan meiri hluta þegar þar að kemur.

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. kemur nú til 2. umr. og ég mæli hér fyrir áliti 2. minni hluta fjárln.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004 og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárln. kemur stefna ríkisstjórnarinnar skýrt fram í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Fram kemur hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla tekna og tillögur hennar um það hvernig þeim skuli ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað í heild sinni kemur greinilega fram sá munur sem er á áherslum núverandi meiri hluta á Alþingi annars vegar og áherslum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar.

Íslenskt samfélag á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er sú að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. stefnir þjóðinni í auðhyggjusamfélag þar sem skammtímaarðar og peningalegur mælikvarði er lagður á allt og alla.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægilegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar fákeppni og alþjóðavæðingu á forsendum hinna ríku og hún hafnar því að náttúrunni sé fórnað fyrir skyndigróða. Jafnt tillit verður að taka til félagslegra, efnahagslegra, lífrænna og menningarlegra þátta. Í slíku samfélagi blómgast bæði sveit og borg á eigin forsendum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði á næsta ári rúmir 273 milljarðar kr. Enn fremur er lagt til í tillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. að útgjöld verði aukin um rúma 2,2 milljarða kr. við 2. umr. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði alls um 275,3 milljarðar kr. á árinu 2004. Til samanburðar er gert ráð fyrir því í fjárlögum 2003 og fjáraukalögum sem nú liggja fyrir Alþingi að útgjöld ríkisins verði um 277 milljarðar kr. á árinu 2003. Útgjöld ríkissjóðs eiga því að lækka sem nemur 1,7 milljörðum kr. á milli ára.

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar skal þegar Alþingi er saman komið á hausti leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram fyrir hönd framkvæmdarvaldsins á fyrsta degi þingsins að hausti. Eftir það er frumvarpið á ábyrgð þingsins og fer til fjárln. sem vinnur frumvarpið áfram til 2. og 3. umr. Nefndin hefur því aðeins tæpa tvo mánuði til að fara yfir frumvarpið, forsendur tekna og gjalda og gera á því breytingar sem fjárln. og Alþingi telur nauðsynlegar. Þegar tekið er mið af því hvernig samþykkt fjárlög hafa staðist á undanförnum árum og þeim breytingum sem þau hafa tekið í fjáraukalögum og í lokafjárlögum er ljóst að eitthvað meiri háttar er að við fjárlagagerðina. Í fjárlögum ársins 2002 t.d. voru tekjur áætlaðar 257 milljarðar og 900 millj. kr. og gjöldin 239 milljarðar og 370 millj. kr., þannig að þegar fjárlögum fyrir árið 2002 var lokað var gert ráð fyrir 18,5 milljarða kr. rekstrarafgangi. Og við minnumst þess hér, virðulegi forseti, hvernig hæstv. fjmrh. gumaði og barði sér á brjóst yfir góðum fjárlögum sem verið væri að leggja fram og loka þar.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 reyndist útkoman vera allt önnur. Þá reyndust tekjur ársins vera 259 milljarðar og 210 millj. kr. en gjöldin 267 milljarðar og 332 millj. kr. Rekstrarafgangurinn sem að var stefnt og hafði verið gumað svo mjög af og átti að verða 18,5 milljarðar kr. breyttist í halla upp á 8,1 milljarð kr. á árinu 2002. Tekjur höfðu breyst um tæpa 2 milljarða kr. en gjöldin höfðu aukist um 28 milljarða kr.

Virðulegi forseti. Þó að þessar tölur eigi sér allar sínar skýringar þá benda þær á hversu vinnu við fjárlagagerðina er ábótavant og brýnt að á henni verði tekið.

Nú liggja allmargar beiðnir um upplýsingar varðandi fjárlagavinnuna hjá ráðuneytum og á nefndin eftir að kalla fulltrúa nokkurra stofnana á sinn fund til að gefa skýringar áður en hægt er að ljúka fjárlagagerðinni fyrir 3. umr. Flutningsmaður hefur ítrekað lagt til breytt vinnulag við gerð fjárlaga og sýnist það aldrei brýnna en nú.

Sú breyting að leggja fram niðurstöðutölur á tekjuhlið frumvarpsins nú við 2. umr. er nýlunda og breyting til batnaðar frá því sem áður hefur verið því að nú liggja áætlaðar tekjur og gjöld fyrir fyrir 3. umr. og hægt er að loka þeim þáttum samhliða. Ég hef ítrekað, virðulegi forseti, lagt fram tillögur á Alþingi um að einmitt þessi tilhögun yrði tekin upp og ég fagna því að svo sé og vona að framhald verði þar á.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram og unnið á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins og er beinn hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og mótast af væntingum hennar og brellum í fjárlagagerð. Fjárlaganefnd hefur litla möguleika til að leita annarra viðhorfa eða meta öryggi efnahagsforsendna fjármálaráðuneytisins.

Aðstæður fjárln. til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhlið frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum. Æ erfiðara hefur reynst að fá nauðsynlegar upplýsingar úr ráðuneytum um stöðu stofnana og

verkefna og forsendur að baki einstökum tillögum í frumvarpinu. Þó tók nú steininn úr í haust þegar fulltrúum stofnana var bannað að koma til fundar við nefndina eða gefa henni upplýsingar, samanber bréf sem birt er hér sem fylgiskjal en fjallar um bréf ríkisstjórnarinnar til fagráðuneytanna um að leggjast gegn því að forstöðumenn stofnana kæmu fyrir fjárln. og greindu frá stöðu og verkefnum sinna stofnana, þörf og fjármálum. Þetta vinnulag af hálfu ríkisstjórnarinnar kom fjárln. í opna skjöldu. Hún hafði þá þegar sent út auglýsingu þar sem forstöðumönnum eða fulltrúum stofnana var boðið að sækja um viðtal. Það verður að segja, virðulegi forseti, og harma að valdhroki framkvæmdarvaldsins gekk svo langt að sjálfri yfirstjórn Alþingis var sent bréf þar sem þetta bann var áréttað. Í ljósi þessara atburða og þess hve erfitt hefur reynst að fá upplýsingar varðandi fjárlagagerðina er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að styrkja stöðu þingsins og nefnda þess. Það væri t.d. hægt að gera með stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég held að Alþingi verði að krefjast þess, a.m.k. geri ég kröfu til þess að hæstv. ríkisstjórn eða þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á þessum tilskipunum til undirstofnana sinna ráðuneyta biðjist afsökunar og viðurkenni það að þeim hafi orðið á, þetta hafi verið mistök, þeir hafi ekki sést fyrir í að beita valdi sínu og þetta séu mistök. Á síðustu dögum höfum við einmitt upplifað það í þjóðfélaginu að einstakir ábyrgðaraðilar og forsvarsmenn í íslensku viðskiptalífi hlupu mjög alvarlega á sig, fengu m.a. ofanígjöf frá hæstv. forsrh., og sáu þann kost vænstan að biðjast afsökunar og taka það til baka. Ég tel, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin eða þessir ráðherrar yrðu menn að meiri ef þeir hefðu frumkvæði að því að kalla þessa valdníðslu, þessa valdbeitingu til baka og halda sig við eðlileg lýðræðisvinnubrögð hér á hinu háa Alþingi.

Ég treysti því að fjárln. geti unnið einhuga og saman að því að færa vinnulag við fjárlagagerðina til betri vegar og til meira sjálfstæðis en nú er og tel að þau orð sem hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárln., hefur látið falla í þessu sambandi bæði hér á Alþingi og eins í fjárln. gefi vonir um að það verði eining um að taka á sjálfstæðri stöðu fjárln. til að vinna sín verk gagnvart þinginu.

Í fyrri hluta frumvarps til fjárlaga, Stefna og horfur, kemur fram að útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins markist af sérstökum ráðstöfunum sem eiga að skila samtals 3,7 milljarða kr. útgjaldasparnaði. Vafalaust er hægt að spara og hagræða í ýmsum þáttum ríkisrekstursins og það ber að gera, en það er ekki sama hvernig það er gert. Hér skilur fullkomlega á milli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Framsfl. og Sjálfstfl. velja að ná fram sparnaði í ríkisútgjöldum með því að lækka framlög til sjúkratrygginga og auka þátt og hlut sjúklinga í greiðslu lyfjakostnaðar, auka hlut þeirra sem þurfa að njóta hjálpartækja, lækka vaxtabætur og skerða rétt til atvinnuleysisbóta. Þetta eru þeir þjóðfélagshópar sem eiga að bera hagræðingar- og skerðingarkröfu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl.

Þá er og gert ráð fyrir því í þessu frv. að samgönguáætlun, sem hafði verið sett fram af nokkrum metnaði fyrir um ári síðan, verði skorin niður, framkvæmdafé hennar, a.m.k. um einn milljarð kr.

Í frv. er gert ráð fyrir að lækniskostnaður verði um 3,1 milljarður kr. Hér er um að ræða lækkun upp á 80 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir að útgjöld vegna lækniskostnaðar yrðu á árinu 2003. Þessari lækkun á að ná fram með því að hækka komugjöld sjúklinga, m.a. til sérfræðilækna. Slík ráðstöfun mun bitna harðast á þeim sem síst skyldi, þ.e. sjúklingunum sjálfum. Afleiðingarnar verða þær að þeir tekjulægstu, öryrkjar og þeir sem ekki hafa atvinnu, munu í minna mæli leita til sérfræðinga þegar þeir þurfa á því að halda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að þegar stefnir í mikið hagvaxtarskeið, að því er sagt er af hálfu meiri hlutans hér og stjórnvalda, skuli sjúklingar eiga að borga brúsann til að viðhalda stöðugleikanum í efnahagsmálum.

Í frumvarpinu og breytingartillögum frá ríkisstjórninni og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður sjúkratrygginga verði um 6 milljarðar og 160 millj. kr. að teknu tilliti til 450 millj. kr. hagræðingarkröfu eins og forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir. Í frumvarpinu var hins vegar gert ráð fyrir að lyfjakostnaður mundi hækka um 800 millj. kr. frá fyrra ári en á hinn bóginn er lögð til 450 millj. kr. lækkun á framlagi til lyfja miðað við áætlaðan lyfjakostnað á árinu 2004. Til að ná fram lækkun á lyfjakostnaði á m.a. að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku notenda í lyfjakaupum og það þýðir að sjúklingar sem þurfa á lyfjum að halda eiga að borga æ stærri hlut. Og aftur: Þetta mun koma harðast niður á þeim sem hafa lægstar tekjur í þjóðfélaginu.

Nær væri að ríkisstjórnin hefði í lyfjamálum beitt sér fyrir því að taka á þeirri fákeppni og einokun sem orðin er á lyfjamarkaði hér á landi og vita hvort ekki mætti með þeim hætti ná niður lyfjakostnaði og lyfjaverði í landinu. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að búið er að þrengja svo að sjálfstætt starfandi apótekum að þau eru nánast engin orðin eftir en tveir lyfjarisar hafa haslað sér völl, yfirtekið apótekin og nú ríkir nánast fákeppni eða einokun á lyfjamarkaði hér á landi og þeir aðilar geta í rauninni skammtað sér þá álagningu og þjónustu sem þeim sýnist.

Hér væri miklu nær fyrir ríkisstjórnina einmitt að taka á slíkri stöðu og vita hvort ekki sé hægt að lækka lyfjakostnaðinn með því að taka á þeirri einokun og fákeppni sem orðin er á lyfjamarkaði í stað þess að ráðast á sjúklinga, þá sem þurfa á þjónustu og lyfjum að halda. En þetta er einmitt stefna Framsfl. og Sjálfstfl. í reynd gagnvart þeim þjóðfélagshópum, gagnvart því fólki.

Gert er ráð fyrir að lækka vaxtabætur um 600 millj. kr. þar sem lagt er til að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta miðist við 5,5% í stað 7% af skuldum vegna íbúðarkaupa. Þessi tillaga mun koma harðast niður á ungum fjölskyldum sem eru að koma þaki yfir höfuðið og skulda eðli málsins samkvæmt mest í upphafi. Og alveg í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar á enn og aftur að sækja sparnað ríkisins í vasa þeirra sem minnst hafa og lækka vaxtabætur. Reyndar er deilt um lögmæti þessara aðgerða.

Þá leggur ríkisstjórnin upp með það að lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 170 millj. kr. m.a. með því að greiða ekki bætur fyrir fyrstu þrjá dagana í stað þess að bætur reiknist frá fyrsta skráningardegi. Hér er um mikla og grófa afturför að ræða ef samþykkt verður. Hér eins og annars staðar í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sparnaði í ríkisútgjöldum skuli náð hjá þeim sem síst skyldi. Þessum áformum hefur verið harðlega mótmælt, m.a. af Alþýðusambandi Íslands og BSRB.

Hér að framan voru einungis nefnd nokkur dæmi um hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná fram útgjaldasparnaði á næsta ári. Miðað við þessar tillögur er ljóst á hverjum

þetta mun bitna mest: sjúklingum, öryrkjum og atvinnulausum. Fjöldi félagasamtaka hefur mótmælt þessari grímulausu aðför frjálshyggjunnar að velferðarkerfinu. Félögum framsóknarmanna úti á landi, sem enn bera félagshyggju og samvinnuhugsjón í brjósti sér, geðjast alls ekki að stefnu flokksforustunnar og hafa einmitt mótmælt harðlega og sent fjölda ályktana til Framsfl., miðstjórnarinnar í Reykjavík og ráðherranna og mótmælt þessari aðför og talið að hún sé í engum takt við stefnu góða félagshyggjuflokksins, Framsóknarflokksins, sem einu sinni var.

Afstaða verkalýðsfélaganna speglast vel í samþykkt Alþýðusambands Íslands sem er birt sem fskj. með frv. og ég ætla að leyfa mér að vitna í, virðulegi forseti:

„Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið. Misskipting einkennir fjárlagafrumvarpið." — Segir í fyrirsögn.

„„Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega það óréttlæti og þá auknu misskiptingu sem einkennir fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004. Miðstjórn ASÍ telur ástæðu til þess að árétta afstöðu ASÍ um nauðsyn þess að mótuð verði víðtæk sátt um heildstæða og samtvinnaða stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum." Þetta segir m.a. í ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Í ályktuninni segir að fjárlagafrumvarpið gangi þvert á þá sátt sem ASÍ vill ná fram í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Einsýnt sé að ríkisstjórnin telji að byrðarnar af *nauðsynlegri aðhaldssamri hagstjórn komandi missira eigi* að leggja á atvinnulausa, sjúka, öryrkja og skuldsett heimili. Á sama tíma telji ríkisstjórnin nauðsynlegt að lækka sérstaklega skattbyrði og auka ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri.

„Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að árétta að sú samfélagssýn og stefna sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 getur aldrei orðið grundvöllur að sátt á vinnumarkaði."

ASÍ *vekur athygli á að í fjárlagafrumvarpinu eigi* að sporna gegn ofþenslu og óðaverðbólgu af völdum stóriðju- og virkjanaframkvæmda. Spara eigi 3,7 milljarða króna með þessum ráðstöfunum.

Í þessu sparnaðarátaki séu tilfærslur til heimilanna lækkaðar um 2,2 milljarða króna. Þar af eru vaxtabætur lækkaðar um 600 milljónir, almennur tekjuskattur hækkaður um 600 *milljónir með afnámi frádráttar vegna séreignarsparnaðar*, atvinnuleysisbætur eru lækkaðar um 170 milljónir, sjúkratryggingar lækkaðar um 740 milljónir með auknum álögum á sjúklinga. „Þessi lækkun tilfærslna til heimilanna hefur sömu áhrif og hækkun skatta og er greinilega ætlað að lækka ráðstöfunartekjur heimilanna og þar með einkaneyslu."

Vakin er athygli á því að fjárfestingar og tækjakaup ríkisins séu lækkuð um 1,5 milljarða króna, en ekki hafi verið kynnt hvaða framkvæmdum áætlað sé að fresta. Þá sé lagt til að rekstrarútgjöld ríkissjóðs verði lækkuð um 100 milljónir með hagræðingarkröfu á stjórnsýslustofnanir."

Tilvitnun lýkur í ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið.

Sem sagt, ASÍ áréttar að sú stefna og þau atriði sem einmitt eru í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv. verði aldrei grundvöllur sátta á vinnumarkaði og þess vegna sé nauðsynlegt að breyta hér út af.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002" kemur fram að halli Heilsugæslunnar í Reykjavík hafi verið 182,6 millj. kr. í árslok 2002. Í yfirliti fjármálaráðuneytis um útgjöld ríkissjóðs og ríkisstofnana fyrstu átta mánuði ársins kemur fram að gjöld stöðva sem heyra undir Heilsugæsluna í Reykjavík hafi verið 250 millj. kr. umfram heimildir. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki tekið á þessum rekstrarvanda.

Ljóst er að fjárþörf Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er stórlega vanmetin og heilsugæslustöðvar og sjúkrahús utan Reykjavíkur líða fyrir fjárskort. Mikil þörf er á að fjölga hjúkrunarrýmum við öldrunarstofnanir um allt land en með hærri aldri og bættri heimahjúkrun eykst sú þörf hlutfallslega. Eftir er að ganga endanlega frá fjárveitingum til þessa málaflokks og skiptingu fjár á einstakar stofnanir. Verður það væntanlega gert við 3. umr. Mikilvægt er að heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á landsbyggðinni haldi hlut sínum og veiti fjölbreytta staðbundna þjónustu og létti á rýmisþörf stóru hátæknisjúkrahúsanna.

Í frumvarpinu og breytingum frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir að útgjöld Landspítala – háskólasjúkrahúss umfram sértekjur verði 24.755 millj. kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002" kemur fram að rekstrarhalli spítalans hafi numið um 798 millj. kr. í lok árs 2002. Samkvæmt fjárlögum 2003 og frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 sem nú liggur fyrir Alþingi eru heildarútgjöld til spítalans umfram sértekjur um 25.451 millj. kr. á árinu 2003. Ef hallinn í lok ársins 2002 er dreginn frá er ljóst að útgjöld spítalans umfram sértekjur á árinu 2003 nema um 24.653 millj. kr. Miðað við þetta er gert ráð fyrir að útgjöld spítalans hækki um 0,5% milli ára.

Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss kom á fund fjárlaganefndar eftir 1. umr. um frumvarpið. Hann telur að spítalinn þurfi 1.400 millj. kr. til viðbótar við þá fjárheimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir miðað við óbreytta starfsemi á árinu 2004. Enn fremur kom fram hjá forstjóra spítalans að áætlun spítalans annars vegar og fjármálaráðuneytis hins vegar um verðlagsforsendur fari ekki saman. Launa- og lyfjakostnaður spítalans hafi t.d. á undanförnum árum hækkað mun meira en verðlagsforsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Áætlun spítalans um verðlagsforsendur fyrir næsta ár gerir einnig ráð fyrir meiri hækkun á þessum liðum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Ljóst er að fjárlaganefnd mun þurfa að fara yfir fjárveitingar til spítalans milli 2. og 3. umr. og skoða áðurnefnda þætti.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002" kemur fram að 13 framhaldsskólar fóru meira en 4% fram úr fjárheimildum á því ári en þeir voru 11 árið á undan. Útgjöld framhaldsskólanna umfram fjárheimildir voru samtals 661 millj. kr. á árinu 2002. Á móti vegur að safnliðurinn „Framhaldsskólar, almennt" var með jákvæða stöðu að fjárhæð 206 millj. kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 180 millj. kr. til að mæta rekstrarhalla framhaldsskólanna. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir frekari framlögum til að mæta rekstrarhalla undanfarinna ára.

Ástæður þess að margir framhaldsskólar fara fram úr fjárheimildum má m.a. finna í minnisblaði sem skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ lagði fyrir fjárlaganefnd þegar hann kom á fund hennar. Þar kemur m.a. fram að fjöldi ársnemenda skólans hafi verið rangur í forsendum fjárlaga 2002 og 2003 og einnig í fjárlagafrumvarpi 2004. Því ber þó að fagna að við 2. umr. hefur verið gerð leiðrétting á fjölda ársnemenda og er nú miðað við heildarfjölda á landinu, 17.000 nemendur, eins og spáð er.

Enn fremur kemur fram í minnisblaði frá skólameistara Kvennaskólans í Reykjavík að það stefni í a.m.k 10 millj.

kr. halla á rekstri skólans á árinu 2003 til viðbótar við 6,9 millj. kr. halla sem var í árslok 2002. Skólameistarinn bendir m.a. á að uppreiknaðar verðlagsbætur eru ekki og hafa ekki verið í takt við raunveruleikann síðustu ár. Enn fremur nefnir skólameistarinn eignakaup sem dæmi um að vanáætlað sé. Í reiknilíkaninu, sem notað er til að skipta ákvörðun um fjárþörf skólanna og skiptingu fjár, er miðað við 4% afskriftir sem þýðir að tölvur og húsbúnaður þurfa að endast í yfir 20 ár. Sér hver heilvita maður hversu fjarlæg sú viðmiðun er.

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að fara verður yfir fjárveitingar til skólanna, framhaldsskólanna, milli 2. og 3. umr.

Í mars 2003 undirrituðu Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins, samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Samkomulag þetta var samþykkt í ríkisstjórninni. Í fréttatilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu er gert ráð fyrir að þessar viðbótargreiðslur nemi rúmum 1 milljarði kr., svo sem sjá má í fylgiskjali V með nefndaráliti okkar. Með samkomulaginu er komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, en fram til þessa hefur eitt og sama almannatryggingakerfið gilt fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega. Var þar náð tímamótaáfanga í baráttu fyrir viðurkenningu á sérstöðu ungra öryrkja. Samkvæmt samkomulaginu hefur starfshópur unnið að tillögum að lagabreytingum og nánari útfærslu á framkvæmdinni þannig að hægt verði að standa að greiðslum samkvæmt þessari ákvörðun frá 1. janúar 2004. Á aðalfundi Öryrkjabandalagsins í október sl. kom fram í máli formanns bandalagsins, sem jafnframt á sæti í umræddri nefnd, að um 1,5 milljarða kr. þurfi á fjárlögum næsta árs til að fullnusta þetta tímamótasamkomulag ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins. Í fjárlagafrumvarpinu eins og það nú liggur fyrir er einungis gert ráð fyrir 1 milljarði kr. Væntanlega verður tekið á þessu máli og það leiðrétt fyrir 3. umr.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. hvort svo verði ekki örugglega gert?

Ég vil minna á að þessu samkomulagi var fagnað af öllum í þjóðfélaginu á sínum tíma þegar það var gert, og þó það væri gert skömmu fyrir kosningar og gæti þess vegna hafa lyktað af því að hafa áhrif á kjósendur, þá heyrði ég engan sem nefndi það með þeim hætti, heldur fagnaði fólk þeirri ákvörðun sem tekin var 25. mars árið 2003. Ég held að allir sem þar komu að hafi gert ráð fyrir að sú ályktun stæði.

Ég vil vitna í fréttatilkynningu frá heilbr.- og trmrn. sem birt var að þessu samkomulagi gerðu, með leyfi forseta:

Fyrirsögnin er:

„Samkomulag um að bæta hag ungra öryrkja sérstaklega. Allt að tvöföldun grunnlífeyris.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalags Íslands hafa, fyrir hönd ríkisstjórnar og Öryrkjabandalagsins, gert samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Er með samkomulaginu komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, en gert er ráð fyrir allt að tvöfaldri hækkun grunnlífeyris til þeirra sem yngstir verða öryrkjar.

Ríkisstjórnin samþykkti samkomulagið á fundi sínum í morgun. Það er gert í framhaldi af formlegum og óformlegum viðræðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og forsvarsmanna Öryrkjabandalags Íslands sem staðið hafa frá í febrúar 2002, eða í rúmt ár, og hefur Öryrkjabandalagið lagt sérstaka áherslu á það í viðræðunum að sérstaða þeirra sem yngstir verða öryrkjar verði bætt. Samkomulagið er einnig gert í tilefni Evrópuárs fatlaðra.

Samkvæmt samkomulaginu er lagt til að skipaður verði starfshópur sem geri endanlegar tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar í samræmi við samkomulagið sem taka gildi 1. janúar 2004, eins og áður sagði, og tillögur sem eiga að auka möguleika öryrkja til atvinnuþátttöku.

Starfshópurinn skal miða störf sín við framangreint samkomulag sem felur í sér eftirfarandi:

Stigið verði fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fá þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyrisins.

Þeir sem verða öryrkjar síðar á lífsleiðinni fá hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri, þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fá grunnlífeyri sem nemur sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins.

Hækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

Í samkomulaginu er sömuleiðis gert ráð fyrir að starfsendurhæfing öryrkja verði efld og taki mið af þeim margvíslegu möguleikum sem nú hafa skapast með breyttum atvinnuháttum. Er þetta gert til að ýta undir og opna möguleika öryrkja til að taka þátt í atvinnulífinu á sínum forsendum.

Samkvæmt útreikningum sérfræðinga heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins verður kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytinguna rúmur einn milljarður króna á ársgrundvelli."

Vert er að vekja athygli, virðulegi forseti, á að þessi ályktun og kostnaðarmatið sem þar er lagt fram er gróft kostnaðarmat í upphafi þessa ferils. Gert var ráð fyrir því að nefndin skoðaði þetta mál í ljósi þeirra markmiða sem þar eru sett.

Ég ítreka að ég held að þjóðfélagið allt hafi fagnað þessu samkomulagi og muni leggja áherslu á að við það verði staðið til fulls. Þess vegna vek ég athygli á þessari stöðu, að í fjárlögum fyrir árið 2004 er einungis gert ráð fyrir 1 milljarði kr. til þessa verkefnis. Eins og fram kom í ræðu formanns Öryrkjabandalagsins á ársfundi þess í október er líklegt að sú upphæð verði 1,5 milljarðar kr. á næsta ári. Ég tel afar mikilvægt að staðið verði við fyrirheitið sem þar var gefið og leyfi mér að spyrja bæði hæstv. heilbrrh., sem hér er viðstaddur, og einnig hæstv. fjmrh. hvort ekki sé öruggt að svo verði.

Alvarleg staða er komin upp í fjárhag margra sveitarfélaga, m.a. vegna breyttra reglna um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þeim verkefnum hefur fjölgað sem ríkið hefur fært til sveitarfélaganna án þess að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt með. Enn fremur hafa mörg verkefni sveitarfélaga vaxið mjög á undanförnum árum. Má þar nefna leikskóla, öldrunarþjónustu o.fl. Í framhaldi af sameiningu fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði og brottflutningi tekjuhærra fólks úr byggðarlögum hefur enn þrengt mjög að mörgum dreifbýlissveitarfélögum og sjávarbyggðum. Óhagstæð gengisskráning hefur lækkað fiskverð og þar með laun sjómanna. Mörg sveitarfélög reyna nú að spara með því að draga úr þjónustu við íbúana en safna samt skuldum. Vandi margra sveitarfélaga heldur því áfram að aukast.

Hluti tekna sveitarfélaga kemur frá jöfnunarsjóði. Á árinu 2003 komu til framkvæmda breyttar úthlutunarreglur sjóðsins. Þessar breyttu reglur komu mjög flatt upp á mörg sveitarfélög. Samkvæmt lögum gera sveitarfélög langtímafjárhagsáætlun annars vegar og fjárhagsáætlun til næsta árs hins vegar. Snöggar breytingar á tekjustofnum þeirra geta því haft afdrifaríkar afleiðingar. Sem dæmi má nefna ákveðið sveitarfélag sem er mjög dreifbýlt en er með einn þéttbýliskjarna. Það fær um 50% tekna sinna úr jöfnunarsjóði, hefur fengið 55–60 millj. kr. úr honum á undanförnum árum en fær nú liðlega 44 millj. kr. Framlagið lækkar því um 20–30% á milli ára en rekstur sveitarfélagsins hefur hins vegar ekkert breyst.

Þó að nauðsynlegt hafi verið að endurskoða úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru ekki forsendur til að slíkar breytingar hefðu í för með sér skerðingu á tekjum einstakra sveitarfélaga. Breyting á reglunum hafði í för með sér að sum sveitarfélög fengu aukin framlög sem mikil þörf var fyrir, en þessi auknu framlög voru tekin frá öðrum sveitarfélögum sem ekki voru aflögufær. Á undanförnum árum hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengið auknar fjárveitingar, t.d. fólksfækkunarframlög upp á 700 millj. kr. eða sérstakt aukið ráðstöfunarfé. Þetta fé er nú ekki fyrir hendi og því skerðast fjárveitingar sjóðsins miðað við fyrri ár. Ljóst er að grípa verður til aukinna fjárveitinga til sjóðsins ef ekki á að steypa allnokkrum sveitarfélögum í þrot. Verður að skoða þessi mál betur fyrir 3. umr.

Með þessu nál. eru fylgiskjöl frá nokkrum sveitarfélögum *til marks um hvernig þau meta sína stöðu*, bæði fjárhagslega og einnig gagnvart breyttum reglum sjóðsins. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að beina því til bæði hv. formanns fjárln. og einnig til fjmrh. hvort ekki sé að vænta þess að á málum fjárhags sveitarfélaganna og málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði tekið fyrir 3. umr. um fjáraukalög og fjárlög.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill vernda *íslenska náttúru* og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og þær á að nýta í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið. Með hliðsjón af því er mikilvægt að efla stofnanir á þessu sviði og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárveiting til Umhverfisstofnunar verði 527 millj. kr. eða lækki um 4,3 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárheimildum yfirstandandi árs. Við meðferð fjárlagafrumvarpsins í umhvn. kom m.a. fram hjá fulltrúum Umhverfisstofnunar að stofnunin hefði sótt um aukið fjármagn til þriggja afmarkaðra þátta: Í fyrsta lagi til þess að geta staðið undir því mikla starfi sem fólgið er í þýðingu og innleiðingu EES-gerða á sviði stofnunarinnar, í öðru lagi vegna væntanlegrar stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og í þriðja lagi til að standa undir ákvæðum um meðferð dýra og vegna dýraverndunarlaga. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt að styrkja stofnunina og styðja hana með því að veita aukið fjármagn til hennar.

Þess ber að geta að nú við 2. umr. leggur meiri hluti fjárln. til að veitt verði 10 millj. kr. til Snæfellsnesþjóðgarðs, sem ber að fagna og réttir það nokkuð hlut Umhverfisstofnunar.

Við meðferð fjárlagafrumvarpsins í umhverfisnefnd kom fram í máli forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands að stofnunin hefði fengið fjárframlög til undirbúnings gerðar náttúrufarskorta en nú væri ekki gert ráð fyrir áframhaldandi framlagi þegar komið væri að hinni eiginlegu vinnu. Með hliðsjón af því að hér er um mikilvægt verk að ræða sem komið er á rekspöl er nauðsynlegt að stofnunin fái fjárframlag til að klára verkefnið. Það skýtur skökku við að stofnun sem hefur það hlutverk að sinna slíkum grundvallaratriðum við rannsóknir og kortlagningu náttúru Íslands skuli þurfa að segja upp starfsfólki þegar verkefnin eru brýn. Til að klára flokkun og gerð náttúrufarskorta væri hægt að ljúka kortlagningu landsins á 4–5 árum en þá þyrfti stofnunin að fá um 30 millj. kr. á ári í verkefnið.

Náttúrustofur starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992. Við meðferð fjárlagafrv. í umhvn. kom fram hjá gestum nefndarinnar að framlag það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til stofanna uppfylli ekki skilyrði laganna. Þannig vanti 3,3 millj. kr. upp á framlag til hverrar stofu til að standa undir því sem stofunni er ætlað samkvæmt lögunum. Um fjárframlag til stofanna segir í lögunum: „Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu.“ Nú eru launakostnaður og launatengd gjöld líffræðinga í stjórnunarstörfum í kringum 5,8 millj. kr. á ári. Miðað við það ætti framlag ríkisins að vera um 11,6 millj. kr. á hverja stofu í stað 7,7 millj. kr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í tillögum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar er lagt til að veita hverri stofu um 5 millj. kr. til sérverkefna og tímabundinna verkefna. Ljóst er því að enn vantar fjárframlag til stofanna þannig að það uppfylli skilyrði laganna.

Varðandi tekjuhlið frumvarpsins vísast til álits minni hluta efh.- og viðskn. Þó skal hér vakin athygli á að tekjuöflun ríkisins er hlutfallslega í auknum mæli borin uppi af almennu launafólki og fólki með lægstu tekjur. Stöðugt stærri hlutur er sóttur í þjónustugjöld. Nægir að vitna í þessu sambandi, virðulegi forseti, til ályktunar ASÍ sem ég las upp áðan. Félagsleg samhjálp og samábyrgð lætur undan, *launabil eykst og misrétti vex. Þetta ástand skerpir andstæður* og eykur á óréttlæti og óstöðugleika í samfélaginu, enda er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að draga hlutfallslega úr samneyslu og hækka hlut einkaneyslu. Sú stefna kemur harðast niður á tekjulægsta fólkinu. Allt bendir til þess að innflutningur stóraukist á næstu missirum. Þar kemur til hátt raungengi og aukinn hagvöxtur vegna stóriðjuframkvæmda og innstreymis erlends fjármagns. Viðskiptahalli mun þá snaraukast og þrýstingur á verðbólguna einnig. Seðlabankinn hefur þegar boðað hækkun vaxta sem viðbrögð við þeirri þróun.

Hátt raungengi og háir vextir munu lækka útflutningstekjur okkar og skerða samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og frumframleiðslugreina, ferðaþjónustu og annarra útflutningsgreina. Útflutningstekjur og atvinnuástand eru því í óvissu þegar hagvöxturinn verður keyrður áfram af stóraukum viðskiptahalla. Hins vegar munu tekjur ríkissjóðs aukast með auknum innflutningi og væntanlega mun meira en fjárlögin gera ráð fyrir.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 og tillögum sem liggja fyrir frá ríkisstjórninni og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári nemi um 275.250 millj. kr. Samkvæmt því er eins og áður sagði gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs dragist saman frá yfirstandandi ári. Þó er ljóst að framlög til fjölmargra málaflokka eru óafgreidd og bíða þau úrvinnslu og afgreiðslu við 3. umr.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samfélagsþjónustu og velferðarkerfið og tryggja að fjárhagsleg staða fólks skerði aldrei möguleika til að njóta opinberrar þjónustu og félagslegs öryggis. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er viss atlaga að velferðarkerfinu. Aðhaldsaðgerðir bitna mest á sjúklingum, öryrkjum, atvinnulausum og þeim sem lægstar hafa tekjur. Þannig á að skapa svigrúm til lækkunar skatta þeirra sem hæstar hafa tekjurnar.

Fjölmargir málaflokkar fjárlaga bíða afgreiðslu 3. umr. og nánari grein verður gerð fyrir afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til fjárlagafrv. þegar heildarmyndin liggur fyrir við 3. umr.

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu við umræðuna í dag flytja ýmsar brtt. við fjárlagafrv. og leggja með því áherslu á þá málaflokka sem orðið hafa út undan í meðferð meiri hluta fjárln. fyrir 2. umr., málaflokka sem sýna áherslur flokksins og þær breytingar sem þeir vildu sjá á fjárlagagerðinni.

[16:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Norðaust. gerði að umræðuefni samkomulag við Öryrkjabandalagið og framkvæmd þess samkomulags sem gert var í febrúar 2003 og felur í sér áform um að allt að tvöfalda örorkubætur til ungra öryrkja og aldurstengja örorkubætur. Samkomulagið markaði tímamót að því leyti að þar er um breytt kerfi að ræða. Eins og hv. þm. gat um vinnur nefnd að útfærslu þessa samkomulags og mun væntanlega ljúka því verki á næstu dögum. Miðað við þær heimildir sem ég hef þarf hins vegar að áfangaskipta þessu samkomulagi. En það stendur ekki til annað en að standa við það eins og það stendur. Hins vegar gæti þurft að áfangaskipta því þannig að fyrsti áfangi tæki gildi 1. jan. 2004, eins og stendur í samkomulaginu, og síðan verði framhaldið fært í lög og menn meti stöðuna þegar líður á árið í ljósi reynslunnar og hvernig menn uppfylli samkomulagið. Ég undirstrika að það stendur ekki til annað en að standa við þetta samkomulag.

[16:15]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. lýsir því yfir að standa eigi við samkomulagið. Ég fagna því þó að ég telji reyndar að það ætti ekki að vera neitt umtalsmál. Þá er gert ráð fyrir því að það komi til framkvæmda 1. janúar nk.

Ég vil spyrja hvort störf nefndarinnar, er varða endurskoðun laga og því sem lýtur að framkvæmd þessa samkomulags, séu ekki komin á þann veg að hún geti skilað af sér svo að hægt sé að taka fullt tillit til afgreiðslu hennar fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að svo verði, alla vega að þær upplýsingar sem kveðið er á um að liggi fyrir um fjárþörfina, liggi fyrir, þannig að hægt sé að fara eftir þeim.

Ég vil taka undir og árétta með hæstv. heilbrrh. að þetta var tímamótasamkomulag, samkomulag sem allir glöddust yfir. Þetta átti ekki að vera neitt kosningatrix enda enginn sem lagði það upp með þeim hætti þó að það væri gert rétt fyrir kosningar, ég vil leggja áherslu á það.

Ég vil líka leggja áherslu á að staðið sé við þetta samkomulag og ef fjárþörfin reynist 1,5 milljarðar 1. janúar á að standa við það, enda stendur í samkomulaginu sem undirritað var 25. mars að gert er ráð fyrir rúmum milljarði til verksins, eðlilega var ekki hægt að áætla það nákvæmlega. En mönnum er alveg ljóst að það var rúmur milljarður og reynist þá, en það hefur komið fram í ræðu formanns Öryrkjabandalagsins, einmitt vera um 1,5 milljarða að ræða. Ekki er nú munurinn mikill en heiðarleikinn og trúverðugleikinn skiptir máli, að það sé staðið við það sem gert er.

Hæstv. ráðherra sagði að hann hefði ekki heimildir til annars. Virðulegi forseti. Er það Sjálfstfl. sem stendur í vegi fyrir því að þessar heimildir verði veittar? Ekki trúi ég að hæstv. heilbrrh. vilji ekki standa við það samkomulag sem hann hefur undirritað.

[16:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú nefnd sem vinnur að útfærslu þessa samkomulags er að leggja lokahönd á lagafrv. sem þarf að leggja fram hér á næstu dögum á Alþingi því að kerfisbreytingin sjálf útheimtir lagabreytingu. Þetta mál mun því að sjálfsögðu koma til umræðu alveg á næstunni. Varðandi fréttatilkynninguna og heimildirnar sem ég hef þá er það ríkisstjórnin sem stendur að því. Það er rétt að fram kemur í yfirlýsingunni að samkvæmt útreikningum sérfræðinga heilbr.- og trmrn. er kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytingar, rúmur 1 milljarður kr. Sá milljarður er inni og það eru þær heimildir sem ég hef núna, byggt á þeirri yfirlýsingu sem gefin var út 25. mars 2003.

[16:18]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst alveg eðlilegt að við framlagningu frv. sem slíks í haust hafi verið settur inn milljarður kr. meðan ekki lágu frekari upplýsingar fyrir. En í samkomulaginu stendur „rúmur einn milljarður kr." sem komi til fullnustu 1. janúar. Það er því ekkert óeðlilegt í þessum ferli nema ef ekki verður staðið við þá fjárþörf sem síðan reynist vera. Hún víkur ekki mikið frá því sem var áætlað, alls ekki mikið, en er kannski mælikvarði á það hvernig þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., tekur á samkomulagi sem þessu, tekur á kjörum fólks sem búið er að gera samkomulag við um að taka á.

Ég skora á hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórn að vera ekki svo litla í sér að standa ekki við þetta samkomulag til fullnustu. Ég skora á hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnina að taka þetta mál upp á milli 2. og 3. umr., fyrir 3. umr., þannig að allir geti haft fullan sóma af. Ég skora líka á hv. formann fjárln. að beita sér í málinu þannig að við getum staðið að þessu samkomulagi, þingið, eins og að var stefnt með fullri reisn.

[16:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það virðist svo að sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum í landinu og hefur setið undanfarin ár sé alfarið á þeirri línu að þeir sem mest bera úr býtum og hæstar hafa tekjurnar skuli njóta forgangs umfram venjulega launþega til þess að komast enn betur af og greiða enn minni skatta til samfélagsins. Sérstaklega er stefnt að því nú samfara afgreiðslu á fjárlögum næsta árs að þeir sem mest hafa greiði lækkandi tekjuskatt, því nú á að lækka sérstakan tekjuskatt úr 5% í 4% á næsta ári. Þetta er forgangurinn sem ríkisstjórnin vill ná fram. Þessa skattalækkun vilja þeir m.a. á ofurlaunin.

Virðulegi forseti. Það kom vel á vondan, eins og sagt er, að á sama tíma og við lækkum skatta á hærri tekjur þá lætur nú öll ríkisstjórnin eins og einkavæðingarverðlaunin sem

leidd voru til öndvegis í þessu þjóðfélagi með óheftu framsali kvótans árið 1990 þegar lög um stjórn fiskveiða voru sett, komi þeim gjörsamlega á óvart. Ég minnist þess ekki að hæstv. forsrh. hafi, þegar sjálftökuarður af fiskikvótanum var seldur af einstaklingum fyrir milljarða, svo mikið sem hrokkið við, hvað þá heldur að farið hafi verið með Júdasarkvæði úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar. Sáust þó dæmi um arðgreiðslur upp á nokkra milljarða. Ég segi nú bara og bið þess að guð almáttugur haldi hæstv. forsrh. áfram í því samviskubitsfari til nokkurra mánaða sem hann nú er í. Ég tek undir með honum að síðustu dæmi í ofurlaunum forstjóra bankanna, sem hann stóð fyrir að einkavæða með hraði alla saman, eru út úr korti. En það eru líka önnur réttindi sem gefa ofurarð og hafa jafnframt þær afleiðingar að gera fólk atvinnu- og eignalaust eins og sölubraskið með óveiddan fisk í sjó. Þess vegna vona ég að samviskubit hæstv. forsrh. vari meðan hann gegnir því embætti en að fyrir þær sakir snúist honum hugur og sjái að óstýrt frelsi og ofurarður því samfara fái ekki staðist réttlætiskennd venjulegs launafólks á Íslandi.

Vona ég einnig að hæstv. forsrh. vinni næstu missiri hratt að auknu réttlæti og megi vegna þess aftur verða glaður í hjarta og njóta góðra og langra lífdaga á friðarstól með þjóð sinni. Varla er þess að vænta að arftaki hans í embætti breyti arðsemisreglum einkavæðingar ef sá núverandi kemur því ekki í verk.

Hæstv. fjmrh. ætti í ljósi staðreynda að hækka viðmiðun fjárhæða vegna sérstaka tekjuskattsins um t.d. 50 þúsund krónur á mánuði en halda áfram 5% álagningu á hærri tekjur sem nú eru í lögunum. Stefna ríkisstjórnarinnar að þessu leyti fellur ekki að réttlætistilfinningu þorra Íslendinga. Í samræmi við það sem ég hef áður sagt væri hæstv. félmrh. réttast að lagfæra víxlsporin og snúa strax frá því að hafa tekjur af atvinnulausu fólki og því miður virðist atvinnulausum ekki fara fækkandi eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Því verður vart trúað, virðulegi forseti, að þegar hæstv. forsætis- utanríkis- og viðskiptaráðherra ofbýður óréttlætið sem þeir hafa stuðlað að með verkum sínum sl. 12 ár, komi nýliðarnir í ráðherrastólum til með að halda til streitu stefnu um lækkun á launum og réttindum atvinnulausra. Það hlýtur að mega vitna hér ef allt um þrýtur, virðulegi forseti, í vers eftir stórskáldin við 3. umr. eða síðar í þessari, til þess að beina mönnum af Júdasarbraut.

Í fréttablaði Verkalýðsfélagsins Hlífar, Hjálmi, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um störf hæstv. félmrh.:

Fyrir kosningar:

Ef þið kjósið mig til þings
þá mun ég bætur hækka,
efla kaupmátt almennings
og ykkar skatta lækka.

Léttvæg reyndust loforð þín
og lygi blandin stefna.
Var hún eitthvað aulagrín
sem aldrei átti að efna?

Eftir kosningar:

Þær breytingar ég boða vil
að bótadögum fækkar
og tíminn lengist þangað til
að tekjuskattur lækkar.

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. sagði við kynningu á fjárlagafrv. á fyrstu viku þessa haustþings að allir væru sammála um það, og vitnaði þar til erlendra sem innlendra efnahagssérfræðinga sem og alþjóðastofnana, að hér hefði þjóðfélaginu verið forðað frá brotlendingu og létt snertilending væri rétt lýsing. Ástæður þessa eru að sögn aukið frelsi á fjármagnsmarkaði auk afnáms hafta á fjármagnshreyfingum, einkavæðing ríkisfyrirtækja — þar er sjálfsagt átt við hraðsölu bankanna, einkavæðinguna — og stórbætt staða ríkisfjármála.

Nú er það svo að fjáraukar þessa árs eru upp á 17 milljarða aukin útgjöld. Auknar tekjur af eyðslu einstaklinga vegna kaupa á vöru og þjónustu, þ.e. virðisauka- og vörugjaldstekjur af t.d. bifreiðum sjá til þess að ekki er mínus á fjárlögum yfirstandandi árs en það gerist samfara aukinni skuldsetningu heimilanna.

Til þess verður að líta að tæpir 13 milljarðar af fjármunum ríkissjóðs á þessu ári eru vegna eignasölu Landsbanka og Búnaðarbanka sem að sjálfsögðu verða aðeins seldir einu sinni af hæstv. fjmrh. Þannig virðist sú niðurstaða vera, virðulegi forseti.

Svo virðist sem verð sjávarafurða fari enn lækkandi eins og verið hefur undanfarin missiri og að hækkandi verð á sjávarafurðum sé ekki í sjónmáli. Auk þess eru vísbendingar úr loðnuleiðangri norður í höf ekki beint til þess fallnar að auka á bjartsýni í verðmætum sjávaraflans og þar með tekna af útflutningi. Þess er því ekki að vænta, því miður, eins og mál horfa nú að hér sé einungis um tímabundinn vanda að ræða eins og getið er um í riti Seðlabankans um peningamál heldur er óvissan þvert á móti meiri nú en verið hefur. Viðskiptahalli gæti því orðið meiri á næsta ári en gert er ráð fyrir og á landsvæðum þar sem lítið er um framkvæmdir gæti hreinlega orðið um samdrátt að ræða þó svo að þensluáhrifa fari að gæta sums staðar vegna virkjana- og álversframkvæmda. Að þessu þarf að hyggja og sjá til þess með stýringu á framkvæmdum og opinberum fjárframlögum að ekki snarist á milli landshluta ef svo fer fram í sjávarútvegi sem nú horfir.

Ef sjávarútvegur verður í niðursveiflu bæði vegna minnkandi afla t.d. vegna lítillar loðnu og lækkandi verðum samfara háu olíuverði, hágengi íslensku krónunnar og auk þess hækkandi vaxta, eins og Seðlabanki spáir fyrir næsta ár, þá er næsta víst að útgerð og fiskvinnsla verða í miklum og ört vaxandi rekstrarvanda. Tekjur kunna því að dragast áfram saman með lækkandi fiskverði bæði utan lands og í innlendum viðskiptum með sjávarfang.

Þó að fjármálafyrirtæki hafi styrkt stöðu sína og séu með mikinn hagnað þá hjálpar það lítið ef vextir bankanna verða áfram háir eins og verið hefur. Það ber því að vara sterklega við því að Seðlabankinn haldi uppi háu vaxtastigi og vafalaust þarf að feta þá braut mjög varlega að hækka hér vexti sem hækka gengi krónunnar. Seðlabankinn telur hins vegar líklegast að til vaxtahækkana komi fljótlega. Virðulegi forseti, það tel ég algjört óráð í stöðunni og þeirri óvissu sem nú er.

Margar af brtt. meiri hlutans munum við í Frjálsl. styðja, enda höfum við ávallt lýst því yfir að við mundum leggja góðum málum lið hvort sem þau kæmu frá stjórn eða stjórnarandstöðu. Við þá grundvallarafstöðu munu þingmenn Frjálsl. einnig standa nú við 2. umr. fjárlaga. Ég verð hins vegar að lýsa mikilli undrun og vonbrigðum með að meiri hlutinn

skuli ekki hafa veitt tveimur málum brautargengi í afgreiðslum sínum. Þau snúa bæði að endurhæfingarmálum, hvort á sinn hátt, sem nú verður gerð grein fyrir.

Við 2. umr. fjárlaga á sl. hausti vakti ég athygli á fíkniefnavandamálum, annars vegar með ábendingu um fyrirbyggjandi fræðslu- og forvarnastarf vegna barna og unglinga sem einnig var sótt um lágan styrk til nú í haust en fékk ekki jákvæðar undirtektir hjá meiri hlutanum. Hins vegar vakti ég máls á fjárhagsvanda Byrgisins og fyrirséðum húsnæðisvanda ef því yrði fylgt eftir að knýja fram flutning úr Rockville á Miðnesheiði þar sem búið var að byggja upp á vegum líknarfélagsins Byrgisins fyrir milljónatugi en skuldir ógreiddar. Um þetta var í fyrra talað sem fortíðarvanda Byrgisins og það gerðu fleiri en ég.

Virðulegi forseti. Fíkniefnamál hafa margar hliðar, ekki síst þegar kemur að því að taka á vanda hinna hörðu fíkniefnaneytenda, þeirra sem komnir eru á kaf í fíkniefni, orðnir brotamenn í þjóðfélaginu og gera nánast allt til að ná sér í þá nautn og eitur sem þeir hafa svo mikla þörf fyrir. Nokkrir aðilar hér á landi og nokkur samtök berjast með þessum einstaklingum í að reyna að rétta þá við. Við þekkjum til Krýsuvíkursamtakanna og annarra samtaka og starfsemi Byrgisins. Þau takast á við vanda fólks sem oft á tíðum er illa fyrir komið vegna eiturlyfja og fólks sem gengur illa að fóta sig í þjóðfélaginu og þarf sérhæfða aðstoð. Ég hef trú á að það sem menn hafa verið að gera í Byrginu sé þjóðfélagi okkar mjög verðmætt. Það er verðmætt að geta látið einstaklingana vera þar sem þeir fá einhverja umönnun og þjónustu og þar sem því er haldið að þeim að þeir eigi enga leið til baka aðra en að hætta, hin leiðin liggi til dauðans.

Þarna er fólk sem illa er fyrir komið og verður ekki betur tekið á málum þess annars staðar en gert er með þessari starfsemi. Þess vegna beindi ég því til fjárlaganefndar að málið yrði leyst milli 2. og 3. umr. á síðasta hausti. Ég hvatti til þess að fortíðarvandi Byrgisins yrði leystur. Við 3. umr. og lokaafgreiðslu fjárlaga síðasta haust kom eftirfarandi fram hjá hv. þáv. formanni fjárlaganefndar, Ólafi Erni Haraldssyni, í framsögu hans, með leyfi forseta:

„Rétt er að minna sérstaklega á Byrgið, dvalarstað á Miðnesheiði fyrir fólk í áfengis- og vímuefnavanda. Nauðsynlegt er að finna varanlega lausn á húsnæðismálum og rekstri Byrgisins þannig að fólk sem þar dvelur fái viðunandi aðbúnað. Húsnæðismál Byrgisins hafa verið kynnt ríkisstjórn og eru þar til meðferðar. Jafnframt lausn húsnæðisvandans er nauðsynlegt að leysa þann fjárhagsvanda sem nú steðjar að Byrginu og tryggja framtíðarlausn í samstarfi við ábyrgðaraðila þess. Fjárln. mun fylgjast með því að þessi mál komist í viðunandi horf."

Þessari yfirlýsingu fögnuðu þingmenn í fjárlaganefnd og töldu málið í höfn enda mætti treysta orðum formanns og loforðum ríkisstjórnar varðandi húsnæðis- og rekstrarvanda Byrgisins. Við þeim orðum háttvirtra fjárlaganefndarmanna brást hv. þáv. formaður fjárlaganefndar, Ólafur Örn Haraldsson, og lokaði málinu með eftirfarandi svari, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að endurtaka þær yfirlýsingar sem ég hafði hér um Byrgið. Því fylgir fullur hugur allra þeirra sem að því máli koma."

Ekki var annað hægt en að leggja trúnað á að full samstaða hefði verið í fjárlaganefnd um að leysa málið, þar með talið fortíðar- og fjárhagsvanda Byrgisins sem varð til við uppbyggingu og endurbætur á húsum í Rockville. Síðan tók við formennsku í fjárlaganefnd háttvirtur þingmaður Magnús Stefánsson, hinn vænsti maður. Því spyr ég: Hvað fór úrskeiðis? Af hverju var vandinn sem út af stendur upp á 15 millj. kr. ekki leystur? Fær meiri hlutinn ekki að standa við fyrri loforð? Er það markmið ríkisstjórnarinnar að ganga frá starfsemi Byrgisins? Nú er liðið ár frá því að Byrgið sótti um fjárveitingu vegna uppsafnaðra skulda líknarfélagsins vegna óheyrilegs kostnaðar við uppbyggingu starfseminnar í Rockville. En hverjar eru efndirnar að mati starfsmanna? Með leyfi forseta, ætla ég að vitna í bréf Byrgisins sem mér barst sem áheyrnarfulltrúa í fjárlaganefnd. Þar er m.a. vikið að eftirfarandi efnisatriðum:

„Eins og alþjóð veit af umfjöllun um starfsemi Byrgisins í fjölmiðlum hefur ekkert af þessum þremur atriðum verið fyllilega efnt.

Í fyrsta lagi keypti ríkið allan húsakost að Efri-Brú í Grímsnesi fyrir starfsemina en hann rúmaði eingöngu 45 af þeim 86 vistmönnum sem voru í Rockville og þá er búið að nýta allan húsakostinn fyrir vistmenn og því engin aðstaða fyrir starfsmenn, skrifstofur og annað sem tilheyrir slíkri starfssemi ... var ævinlega talað um að starfsemin fengi húsnæði sem ekki yrði minna ... til tals kom að kaupa Brjánsstaði sem hentuðu vel í alla staði, en fyrr en varði og án þess að hlustað væri á Byrgismenn var Efri-Brú keypt.

Vegna fjarlægðar frá höfuðborginni var í upphafi ljóst að til þyrfti að koma húsnæði þar fyrir aðhlynningu og skrifstofuhald. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir um að Byrgið fengi húsnæði fyrir sambærilegan fjölda vistmanna og það hafði í Rockville, hefur ekkert svar fengist við því frá ríkisstjórn. Tekið skal fram til að fyrirbyggja allan misskilning að ríkið á húseignirnar á Efri-Brú en Fasteignir ríkissjóðs gerðu afnotasamning við Byrgið.

Í öðru lagi er fjárhagsvandinn enn á sínum stað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir forsvarsmanna Byrgisins og skiptastjóra búsins til að fá lausn á honum. Á fundi með félagsmálaráðherra vísaði hann á að ræða skyldi það við fjárlaganefnd og þegar rætt var við formann fjárlaganefndar lofaði hann að líta á málið og ræða það við félagsmálaráðherra. Nú standa yfir umræður á Alþingi um fjárlög og fjáraukalög og þar er ekki staf að finna um lausn á fjárhagsvanda Byrgisins.

Í þriðja lagi var félagsmálaráðuneytinu falið í samvinnu við Byrgið að ganga frá samningi um styrk til starfseminnar fyrir greidda þjónustu. Ráðuneytið sendi að lokum forsvarsmönnum Byrgisins samning í pósti til undirritunar sem hljóðaði upp á styrk að fjárhæð 25 millj. kr. á ári fyrir að vista 55 manns að meðaltali, þrátt fyrir ábendingar óvilhallra aðila um að lágmarksgreiðsla fyrir þann fjölda þyrfti að vera 30 millj. kr. og vitneskju þeirra um að ekki væru nema 45 vistpláss á Efri-Brú og ekki hafði verið útvegað annað húsnæði til starfseminnar. Ekkert tillit var tekið til ábendinga forsvarsmanna Byrgisins um að þeir gætu ekki uppfyllt samninginn með þennan húsakost og þessi greiðsla tryggði engan veginn framtíðarrekstur Byrgisins né tillagna þeirra við samningsgerðina. Gjörningurinn er því alfarið verk starfsmanna ráðuneytisins.

Stoðunum var kippt undan rekstri Byrgisins þegar vistplássum var fækkað úr 80–90 í 45. Rekstur meðferðarheimilis þarf að vera þrískiptur í höfuðdráttum. Aðhlynningardeild fyrir 8–12 manns, síðan eftirmeðferð og að lokum áfangaheimili ...

Byrgið hefur frá upphafi tekið við öllum einstaklingum sem leitað hafa eftir hjálp til að hætta fíkniefnaneyslu. Iðu-

lega hefur verið um fólk að ræða sem er húsnæðislaust og þjóðfélagið er búið að dæma sem vonlaust og aðrar meðferðarstofnanir hafa gefist upp á að sinna. Byrgið hefur frá upphafi tapað milljónum ef ekki tugmilljónum króna í vangoldnum vistgjöldum skjólstæðinga sinna þar sem aldrei hefur verið tryggt að greiðslur berist meðferðarheimilinu, hvorki frá félagsmálastofnunum né Tryggingastofnun ríkisins. Byrgið hefur einnig verið með fanga í meðferð fyrir Fangelsismálastofnun ríkisins en aldrei fengið greitt fyrir það eina krónu. Byrgið hefur látið reikna út þann kostnað og nemur hann um 9 millj. kr. frá upphafi."

Lokaorð þessa bréfs eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

Það er krafa okkar að ríkisstjórnin svari því skýrt hvort *stefna hennar sé að Byrginu verði tryggður rekstrargrundvöllur eða ekki.*"

Virðulegi forseti. Ég vonast til að þeir sem ráða fjármálum og pólitík í þessu landi, þ.e. ríkisstjórnin, skynji alvarleikann sem felst í fíkniefnavanda fólks sem komið er í harða neyslu og afbrot. Ég hvet til þess að áður en menn afgreiða þetta frv. endanlega við 3. umr. verði tekið af fullri einurð á því að styrkja þau samtök sem hefur sýnt sig að geta leyst vanda fólks sem er komið í mikinn og alvarlegan vanda. Ég held að við getum ekki farið mikið betur með fjármuni okkar en svo. Ég leyfi mér að treysta því að skynsamir og réttsýnir þingmenn í fjárlaganefnd skoði þetta mál af mikilli kostgæfni, hvernig megi betrumbæta og styðja við þá viðleitni sem ég hef gert að umræðuefni.

Virðulegi forseti. Þá vil ég víkja nokkrum orðum að málefnum Reykjalundar og SÍBS. Samtökin sendu fjárlaganefnd erindi með beiðni um fjárstyrk nú í haust. Það gera þau nú í þriðja sinn samkvæmt upplýsingum mínum. Þetta hefur verið rætt í nefndinni, m.a. af þeim sem hér stendur. Nú virðist sem enn eina ferðina verði þessi samtök og endurhæfingarmiðstöðin á Reykjalundi sniðgengin, þrátt fyrir að allir viðurkenni mikilvægi hennar á undangengnum árum. Ég leyfi mér að vona að úr þessu verði bætt fyrir síðustu umræðu fjárlaga. Fyrir því eru full rök eins og ég mun sýna fram á í máli mínu.

SÍBS hóf starfsemi á Reykjalundi fyrir um 60 árum og þar er nú langfullkomnasta endurhæfingarstöð landsins. Hálft þriðja þúsund manns leitaði þangað á síðasta ári og horfur eru á að enn fleiri leiti þangað í ár. Þar hafa verið langir biðlistar og þörfin meiri en tekist hefur að uppfylla. Til að bæta þjónustuna og mæta aðsóknninni sem vaxið hefur ár frá ári var ákveðið af hálfu SÍBS á síðasta áratug að ráðast í byggingu nýs og glæsilegs þjálfunarhúss sem var tekið í notkun í byrjun síðasta árs. Efnt var til landssöfnunar og með söfnunarfénu, sjóðum Happdrættis SÍBS og byggingarsjóði voru til um 200 millj. kr. í reiðufé til framkvæmda. Auknar kröfur um fullkomnari aðstöðu og aukið öryggi sjúkra, frágangur, gengisfall og fleiri þættir hækkuðu verð hússins. *Þegar upp var staðið komst kostnaðurinn í 460 millj.* kr. Þar við bættist að bankakerfið hefur ekki boðið sérlega hagstæð lán. Því varð SÍBS að taka hátt og dýrt lán fyrir mismuninum.

Samkvæmt mínum upplýsingum hefur þrisvar verið leitað til fjárlaganefndar, eins og fyrr segir, um aðstoð vegna þessa en án árangurs. Undirtektir hæstv. heilbrrh. hafa jafnan verið góðar en efndir fjárlaganefndar alls engar verið. Þetta gerist þrátt fyrir að ýmis félagasamtök hafi sótt drjúgt í sjóði ríkisins án þess að skýringar liggi fyrir á því að hvaða leyti þjónusta þeirra sé dýrmætari en sú sem SÍBS veitir á Reykjalundi.

Veit einhver til þess að nokkur félagasamtök hafi rekið starfsemi á borð við þá sem er á Reykjalundi fyrir eigið félagsfé? Til upplýsingar er rétt að láta koma fram, virðulegi forseti, að innlagnir voru samtals 1.307 og 1.311 á göngudeild eða samtals 2.618 á síðasta ári. Það sem af er þessu ári eru innlagnir 1.148 á fyrstu níu mánuðunum en 884 fyrstu sex mánuðina á göngudeildinni.

Vita menn að SÍBS hefur lagt fram yfir 2 milljarða kr. til bygginganna sem þar eru, sömu bygginga og lánaðar eru til afnota fyrir heilbrigðisþjónustu sem ríkið veitir? Þjónustusamningur ríkisins vegna starfseminnar á Reykjalundi gerir ekki ráð fyrir húsaleigu til SÍBS af þessum eignum.

Eftirspurnin eftir þjónustunni sýnir að það var rétt og *nauðsynlegt að ráðast í þessa byggingu á sínum tíma.* Reyndar er það ekki svo að hjá SÍBS hafi menn setið með hendur í skauti og beðið hjálpar frá æðri máttarvöldum. Samtökin hafa þegar selt eignir fyrir meira en 100 millj. kr. til að lækka byggingarskuldirnar, m.a. seldu þau ofan af sér höfuðstöðvar sínar og eru nú í leiguhúsnæði. Auk þess eru þau að selja eignir á Reykjalundi.

Herra forseti. Ég hef ekki komist til þess að gera samanburð á framlögum Alþingis til hinna ýmsu félagasamtaka og stofnana en það gæti orðið fróðleg lesning við 3. umr. og erfitt að finna reglu sem gilti um jafnræði félaga í þeim efnum. Langflest þeirra samtaka og félaga sem fengið hafa framlög á fjárlögum eru vafalaust vel að þeim komin en líklega ekkert betur en þau tvö sem ég hef verið að ræða um. Ég minni á að Náttúrulækningastofnunin í Hveragerði fékk fyrir tveimur árum 65 millj. í styrk til byggingar baðhúss og íbúðarálmu. Flestir fögnuðu þessu, að ég hygg, og með það í huga ætti að vera réttlætanlegt að láta eitthvað af hendi rakna til bygginga að Reykjalundi í stað þess að hafna erindinu nú í þriðja sinn. Hvaða skilaboð er verið að senda með því að hunsa aftur og aftur þetta erindi? Það er köld og óverðskulduð gusa yfir SÍBS og starfsemina á Reykjalundi. Láta menn sér detta í hug að áfram verði haldið að byggja og takast á við vaxandi biðlista til þess að lána ríkinu án endurgjalds? Stefna menn að því að starfsemin á Reykjalundi leggi upp laupana og ríkið taki við öllum rekstri þar? Er það viljinn?

Er frekari ríkisvæðing á stefnuskrá stjórnarflokkanna í heilbrigðis- og endurhæfingarmálum? Svo gæti farið og ekki yrði það ódýrara. Það hlýtur að mega búast við því að verði umsókn hafnað með öllu einu sinni enn verði leitað leiða til þess að fá meiri arð af húsunum en verið hefur hingað til svo að hægt verði að greiða þau niður án þess að selja þurfi allar eigur samtakanna. Sú áhersla hlýtur að koma fram í næsta þjónustusamningi eða nýjum samningum við ríkið um það hvernig veita eigi þessa endurhæfingu. Rökin fyrir fjárhagslegu sjálfstæði Reykjalundar og starfseminni þar hafa verið að Happdrætti SÍBS fjármagni byggingar og því þurfi ekki að leggja Reykjalundi lið, enda hefur það löngum verið svo. *Happdrættið á hins vegar undir högg að sækja nú um stundir* og hagnaðurinn hefur stöðugt farið minnkandi.

Nú eru horfur á að framlengt verði einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til að reka peningahappdrætti. Þetta beinist einkum gegn tveimur vöruhappdrættum sem starfa hér, þ.e. Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS, en önnur happdrætti sem velta tíföldum upphæðum á við þau fá að greiða vinningana út í peningum. Án þess að ég ætli að gera þetta að sérstöku umræðuefni nú vek ég athygli á því að hér á hinu háa Alþingi er vegna þessa verið að veitast að SÍBS á tvennum vígstöðvum, annars vegar með því að skera mjólkurkúna,

happdrættið, og veita háskólahappdrættinu áfram einkaleyfi, og hins vegar með því að hafna fjárbeiðni SÍBS til fjárln., sem í raun leiðir af hinu fyrra.

Herra forseti. Ég treysti því að meiri hluti fjárln. endurskoði afstöðu sína til þessa þjóðþrifamáls fyrir 3. og síðustu umræðu fjárlaga eða fallist að öðrum kosti á brtt. sem sá sem hér stendur mun örugglega bera fram við 3. umr. málsins.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég ræða um rekstur, hlutverk og störf Landhelgisgæslunnar. Ríkisendurskoðun gerði árið 2001 stjórnsýsluendurskoðun á skipulagi, verkefnum og rekstri Landhelgisgæslunnar og þar segir m.a. að athugun á rekstri hennar hafi leitt í ljós að þáverandi fyrirkomulag rekstrarins veitti lítið svigrúm til sparnaðar. Hafði verið dregið svo úr umfangi rekstrarins í viðleitni til að halda kostnaði innan fjárheimilda að ekki yrði komið við frekari sparnaði án samdráttar á þjónustu eða með einhvers konar uppstokkun og breytingu á rekstrarfyrirkomulagi. Ekki hafði náðst samræmi milli fjárheimilda og umfangs rekstrarins. Það var mat Ríkisendurskoðunar að um 48 millj. kr. vantaði að meðaltali á ári upp á að reglubundnar fjárheimildir nægðu fyrir rekstri stofnunarinnar miðað við gjöld og tekjur undanfarinna ára. Vöntunin var áætluð um 80 millj. kr. ef aðeins væri miðað við reglubundnar tekjur stofnunarinnar. Þessir útreikningar beindust aðeins að því að meta hversu mikla fjármuni vantaði að jafnaði á ári til að halda svipuðu umfangi í starfsemi og verið hafði án þess að leggja dóm á hvort halda skyldi óbreyttu umfangi eða draga saman í rekstri.

Þrátt fyrir þessar ábendingar Ríkisendurskoðunar um fjárvöntun fyrir Landhelgisgæsluna er enga leiðréttingu að finna, hvorki í fjáraukalagafrv. fyrir árið 2003 né í fjárlagafrv. fyrir árið 2004.

En í frv. sem við nú ræðum segir svo á bls. 360, með leyfi forseta:

„Framlag til Landhelgisgæslu Íslands er 1.151,5 millj. kr. og er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í byrjun þessa árs var komið á fót starfshópi til að fara yfir fjárhagsáætlanir Landhelgisgæslunnar og fjárhagsútkomu rekstrarins. Var hópnum falið að greina þann vanda sem við væri að etja og benda jafnframt á leiðir til að koma á markvissari áætlanagerð og upplýsingagjöf í rekstri stofnunarinnar ásamt reglubundinni endurskoðun á þeim áherslum og markmiðum sem stofnunin setur sér til lengri tíma. Var hópnum falið að hafa í starfi sínu til hliðsjónar skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Landhelgisgæslunnar frá árinu 2001“ – sem ég vitnaði til áðan – „og niðurstöðu vinnuhóps um fjármál Landhelgisgæslunnar sem lauk störfum á síðasta ári. Þess er vænst, að starfshópurinn ljúki fljótlega störfum en innan dómsmálaráðuneytisins er hafinn undirbúningur að nýrri stefnumótun fyrir Landhelgisgæsluna og endurskoðun löggjafar á þessu sviði.“

Í þrjú ár hefur Landhelgisgæslan verið í fjársvelti og enn eru nefndir að störfum sem eiga að skoða störf fyrri nefnda og ábendingar Ríkisendurskoðunar. Í dómsmrn. virðist unnið gegn því að Landhelgisgæslan geti aukið þjónustu sína og úthald skipanna. Um margra ára skeið hafa samtök sjómanna og útvegsmanna ályktað um að efla beri Landhelgisgæsluna en þrátt fyrir það hefur ekkert gerst. Þó er nánast allur tækja- og flugvélakostur Landhelgisgæslunnar kominn á úreldingaraldur og þótt það sama megi segja um þau fáu skip sem eftir eru er engin verkáætlun til um hvernig bæta megi úr.

Undanfarna áratugi hefur Landhelgisgæslan gert út þrjú varðskip í þessum tilgangi og ekki má minna vera. Eitt þeirra, varðskipið Óðinn, er orðið gamalt og úr sér gengið og gegnir nú eingöngu hlutverki afleysingaskips enda hefur skiparekstur verið dreginn saman í sparnaðarskyni. Langt er síðan ætlað var að láta smíða nýtt skip í stað þess en því miður hefur það dregist úr hófi. Aðeins tvö skip gæta landhelginnar nú og það er engan veginn nægjanlegt á okkar stóra hafsvæði.

Hjá Landhelgisgæslunni er rekin ein öflugasta og mikilvægasta björgunarsveit okkar. Starfsmenn Gæslunnar eru ávallt viðbúnir og hafa hætt lífi og limum öðrum til bjargar. Hlutverk Gæslunnar er gríðarmikið, hvort heldur er til verndar auðlind okkar eða til bjargar þeim sem í háska komast, á láði eða legi. Því er ekki vansalaust að láta fjárvöntun hefta störf Gæslunnar ár eftir ár.

Í lokin ætla ég að vitna í ágæta grein Steinunnar Kristínar Pétursdóttur, varaþingmanns Frjálsl., sem ber yfirskriftina „Landhelgisgæslan í fjársvelti“ og hefur birst opinberlega. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Niðurlæging stjórnvalda í rekstri þessarar stofnunar, sem gegnir lykilhlutverki í gæslu auðlindarinnar og björgunarstörfum á sjó og landi, er algjör. Vart eru til peningar fyrir olíu, að minnsta kosti hljóta Færeyingar að álíta svo. Það er að verða fastur liður að Landhelgisgæslan sigli skipum sínum til Færeyja til þess að taka olíu, þar sem verð á olíu þar er allmiklu lægra en hér. Til að geta keypt sem mest magn notast Gæslan við hið úrelta skip, Óðin, sem birgðastöð í Reykjavíkurhöfn og geymir í því skipi alla umframolíu sem ekki er þörf á að nota í siglinguna út. Þetta rekstrarfyrirkomulag er afar athyglisvert og vekur óhjákvæmilega í framhaldinu upp spurningar um hvort allt sé með eðlilegum hætti í verðlagningu á olíu hér á landi.“ Það er önnur saga.

„Það er hins vegar annað mál, en sé horft til þeirrar hentifánastefnu sem tekin hefur verið upp í sívaxandi mæli í flutninga- og fiskiskipaútgerð mætti halda að þetta væri fyrsta skrefið í þá átt að flagga varðskipunum einnig út. Stjórnvöld hafa kannski í hyggju að biðja Færeyinga að gera þau út?

Miðað við reynslu undanfarinna ára af rekstri Gæslunnar er greinilega brýnt að endurskoða fjárveitingar til hennar hið fyrsta og styðja við bakið á þessari mikilvægu stofnun af myndarskap. Reisa þarf Gæsluna aftur til vegs og virðingar þannig að niðurlæging á alþjóðavettvangi heyri sögunni til; niðurlæging sem annars vegar felst í því að versla í öðrum löndum vöru sem ætti að fást á svipuðum kjörum hér á landi og hins vegar að ganga um betlandi til að fjármagna mikilvæg tækjakaup. Einnig ber að hraða sem kostur er smíði nýs varðskips svo eftirlit og björgunarstörf í landhelginni verði aftur eins og þarf að vera.“

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Jón Bjarnason, vakti athygli á samkomulagi milli heilbrrh. og Öryrkjabandalagsins þar sem gert hafði verið samkomulag um að bæta stöðu öryrkja. Talið var að sá kostnaður sem samkomulaginu fylgdi næmi 1.200 til 1.500 millj. kr. Nú er ljóst, virðulegi forseti, að það vantar 500 millj. upp á til þess að hægt sé að standa við samkomulagið. Hæstv. heilbrrh. svaraði áðan og gerði grein fyrir því að þetta stæði út af en vonaðist til að hægt yrði að leysa þetta mál sem allra fyrst. Sá sem hér stendur hvetur til þess að það verði gert og að reynt verði með öllum ráðum að standa við það samkomulag sem gert var milli hæstv. heilbrrh. og Öryrkjabandalagsins. Því verður auðvitað treyst miðað við svör heilbrrh. að þannig verði staðið að málinu.

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur hefur verið í hálfgerðu læri í fjárln. á sl. hausti, setið þar sem áheyrnarfulltrúi, hlustað og lagt eyrun við hvernig þar er að málum unnið og úr erindum skorið uns samþykkt eða látin bíða eftir atvikum. Ég ætla ekki að halda því fram, virðulegi forseti, að ég sé fullnuma í fræðum um fjárlagagerð og tala því ekki hér sem maður með yfirburðaþekkingu á fjárlögum. Ég hef vakið hér máls á málum sem mér eru hugleikin, virðulegi forseti, og tel að þurfi að vera afgreidd öðruvísi en meiri hluti nefndarinnar hefur gert nú við þær tillögur sem hér liggja fyrir til 2. umr. Ég treysti því, virðulegi forseti, að miðað við þau rök sem ég hef hér flutt varðandi þau mál sem ég gerði að umræðuefni taki þeir menn við sér sem stjórna verkum í fjárln. og hafa að mínu viti, eins og ég hef skynjað málin, unnið verkin ágætlega. Þó að ég sé kannski ekki sammála ríkisstjórninni í öllum atriðum lýsti ég því yfir í upphafi máls míns að að sjálfsögðu mundum við í Frjálsl. styðja góð mál hvaðan sem þau væru komin, hvort sem þau væru frá stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég vil, virðulegi forseti, taka undir þau álit sem hér hafa verið kynnt af 1. og 2. minni hluta varðandi þróun og vinnu í fjárln. og þær aðgerðir ríkisvaldsins að senda sérstök bréf um að hafna því að stofnanir komi til fjárln. Við því hafa formaður og varaformaður fjárln. brugðist og lýst því yfir og staðið við hingað til og ég á ekki von á öðru en að framvegis komi allir til fjárln. sem menn vilja þangað boða. Ég hef svo sem ekki undan því að kvarta að menn hafi ekki getað fengið alla á sinn fund í fjárln. sem þeir hafa óskað eftir.

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hér birtist m.a. í áliti 1. minni hluta varðandi framhaldsskólana og fjárframlög til þeirra. Ég tek líka undir það sem hér er sagt í áliti 2. minni hluta varðandi sveitarfélögin og fjárhagsstöðu þeirra. Það hefur greinilega komið fram að í mörgum sveitarfélögum sjá menn fram á mikla fjárvöntun. Fyrirhugað er að sveitarfélögin taki í framtíðinni að sér fleiri verkefni en þau hafa haft hingað til og að verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélaga. Undir þá stefnumótun get ég vissulega tekið en tel að þá þurfi að tryggja sveitarfélögunum betur en mér fannst vera gert við færslu á verkefnum grunnskólans nægjanlegar tekjur til þess að takast á við þau nýju verkefni sem þeim hafa verið falin.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu við 2. umr. fjárlagafrv.

[17:00]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi um málefni Byrgisins og vildi, ef ég skildi hann rétt, meina að ekki hefði verið staðið við gefin fyrirheit. Það kom einnig fram í máli hv. þm. að gerður hefði verið samningur við Byrgið fyrr á þessu ári. Það er þannig. Ég átti fund með ágætum mönnum frá Byrginu fyrr í haust þar sem þeir fóru yfir sín mál. Ég vil bara að komi hér skýrt fram að ég gaf þeim engin fyrirheit um neinar auknar fjárheimildir til þeirra í fjárlögum fyrir næsta ár. Niðurstaðan af þessu öllu saman birtist í niðurstöðu meiri hlutans. Ég vildi bara nefna þetta í andsvari.

Að öðru leyti nefndi hv. þm. málefni SÍBS. Þar er á ferðinni stórt mál sem er óleyst á þeirra borði. Ég tel að það mál sé þess eðlis og af þeirri stærðargráðu að rétt sé að SÍBS nái samkomulagi við stjórnvöld um lausn á því til einhvers tíma. Þetta er stórt mál og ég geri alveg ráð fyrir því að hv. þm. geti verið sammála mér um að það þurfi að gerast með þeim hætti.

[17:02]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka það sem kom fram í máli hv. formanns fjárln. Hafi ég sagt að hv. formaður fjárln. hafi gefið Byrgismönnum loforð þá hef ég mismælt mig. Ég held ég hafi sagt að þeir hafi komið á fund hv. formanns fjárln. og hann hefði tekið vel á móti þeim. Annað held ég hafi ekki sagt um erindi þeirra.

[17:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því ekki fram að hv. þm. hafi sagt að ég hafi gefið loforð, þannig að það sé hreinsað á milli okkar. Það kom ekki fram í máli hv. þm. Ég taldi bara rétt að koma hér og nefna þetta mál og færa rök fyrir því hvernig staða þess er.

[17:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla rétt að fara nákvæmlega yfir þetta af því við ræddum þetta í fjárlaganefndinni í fyrra, þ.e. um málefni Byrgisins. Það var að áskorun okkar þá að menn hófu samninga við Byrgið, félmrn. og Byrgið. Það var samið. Það var gerður samningur. Fjárln. Alþingis hefur stundað þau vinnubrögð, og ég, virðulegi forseti, kann ekki önnur vinnubrögð en þau, að séu til samningar, hvort sem það er við einstaklinga, fyrirtæki ríkisins eða stofnanir, þá verði þeir samningar að gilda. Það eru alltaf viðbrögð okkar. Fjölmargir aðilar sem hafa gert samning við ríkið koma til fjárln. á hverju hausti og óska eftir viðbót. Alltaf og undir öllum kringumstæðum hefur því verið hafnað.

Í öðru lagi vil ég minna á það sem ég hef sagt áður að við 3. umr. fjáraukalaga mun koma fram skipting á fjármunum til heilbrigðisstofnana og, virðulegi forseti, þingheimur má alveg trúa því að hæli SÍBS verður þar ekki undanskilið.

Í þriðja lagi tel ég rétt að taka fram að ríkisstjórnin gerði samþykkt um að 1.000 millj. skyldu ganga til öryrkja, 1.000 millj., það var yfirlýsingin. Það er samningurinn. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það stendur í fjárlagafrumvarpinu. Það hefur engin yfirlýsing verið gerð um neitt annað. 1.000 millj. eru 1.000 millj., ekki 1.200 millj. eða 1.500 millj. (**Gripið fram í:** Það standa ...) Það er bara ríkisstjórnin ein og Alþingi sem hafa fjárveitingavald. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi. Einstaka ráðherrar hafa þetta ekki á valdi sínu.

[17:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að samið hefði verið við Byrgið um lausn mála. Ég fór nákvæmlega yfir það í máli mínu, virðulegi forseti, að í orðum hv. fyrrverandi formanns fjárln., Ólafs Arnar Haraldssonar, á sl. hausti, var talað um að tekið skyldi m.a. á fortíðarvanda Byrgisins. Ég vitnaði til þeirra orða orðrétt og síðan lokaorða hans. Um þetta mál get ég því bara sagt það eitt að það er skilningur þeirra í Byrginu að þar vanti upp á að við það hafi verið staðið. Ég minnist þess að í þennan ræðustól komu þá í andsvar við hv. þáverandi formann fjárln., Ólaf Örn Haraldsson, hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Gísli Einarsson og lýstu yfir mikilli ánægju með þau svör sem formaður fjárln. gaf hér þá og töldu að málið um fortíðarvanda Byrgisins væru í höfn. Það er enginn vandi

að fletta þessu upp og finna þessi orð um fortíðarvanda Byrgisins.

Ég skal ekkert segja um það hvernig hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur skilið þetta mál. Það er alveg ljóst að forustumenn Byrgisins skilja það ekki eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hvað þar ber á milli það get ég ekki fullyrt um enda vélaði ég ekki um það.

Ég fagna því sem hv. þm. sagði hér um SÍBS, að það yrði ekki undan skilið við skiptingu fjármuna til heilbrigðisstofnana. Og varðandi það þegar hér var vikið að samkomulagi öryrkja þá minnir mig að hér áðan hafi hæstv. heilbrrh. lýst því yfir að hann teldi að finna yrði lausn á þeim vanda sem út af stæði.

[17:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat um það áðan að fjárln. kynni ekki önnur vinnubrögð og gæti ekki viðhaft önnur vinnubrögð en að samningar ríkisins stæðu. Hvort þeir samningar hafi verið réttir, hvort þeir hafi verið nægjanlegir eða góðir höfum við ekki nokkrar forsendur til þess að leggja eitthvert persónulegt efnismat á, alls ekki. Í gildi er bara þessi eina vinnuregla: Ef samningar eru í gangi við stofnun eða fyrirtæki eða hvern sem er þá gilda samningarnir. Menn sem gera samninga verða bara að átta sig á því að svo er. Ef einhverjir eru óánægðir með samninga, telja þá ekki nægilega góða, þá er verkefnið að reyna að semja upp á nýtt, reyna að gera þá einhverja aðra samninga sem eru betri. Það er ekkert annað að gera. Það er ekkert annað að gera en semja þá aftur. Það er verkefnið. Fjárln. getur ekki lagt neinn dóm á það hvort samningar séu réttir eða rangir. Hún fer eftir samningunum. Þannig er það og ég ætla að þannig verði það.

Varðandi yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um samkomulag við öryrkja vil ég segja að ríkisstjórnin gefur yfirlýsingu og það er hennar yfirlýsing sem stendur. Að sjálfsögðu geta einstaka ráðherrar komið og lýst því yfir að þeir telji að þetta eigi að vera öðruvísi, þeir telji að þetta eigi að vera hærra. En það er bara þeirra mál. Þeir eru bara að segja það sem einstaklingar. Það er ein ríkisstjórn í landinu, ekki margar.

[17:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrir liggur að gert var samkomulag við Öryrkjabandalagið. Það liggur held ég einnig fyrir og hefur komið fram að við mat á því hvað það samkomulag mundi kosta þá hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að það lægi einhvers staðar á bilinu 1.200–1.500 millj., sennilega nær 1.500 millj. Það er bara svo, virðulegi forseti, að samkomulagið kostar meira en 1.000 millj. og við það stendur. Ég heyrði það á orðum hæstv. heilbrrh. að hann hafði fullan vilja til þess að takast á við þetta mál og reyna að leysa það, hvort sem það getur orðið nú við þessa gerð fjárlaga eða á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég veit einnig að forsvarsmenn Byrgisins komu á fund fjárln. í haust og ræddu við meiri hlutann um vanda Byrgisins, um það sem menn kalla fortíðarvanda Byrgisins, þ.e. það sem stendur út af eftir hraða og öra uppbyggingu í Rockville á Miðnesheiði og stóð út af þegar menn þurftu að fara þaðan. Sá vandi er enn þá óuppgerður, því miður. Talið er að ná megi nauðasamningum með því að lenda málinu kannski á einhverjum 15 millj. En heildarkröfur eru upp á 27 millj.

Þetta veit ég eða ég treysti því a.m.k. að forustumenn Byrgisins hafi ekki sagt hv. þingmanni neitt annað en það sem þeir segja mér. Við hljótum að vera að tala út frá svipuðum upplýsingum. En ef það er álit hv. þm., eins og hann sagði hér, að samningur sé til um málið þá tek ég auðvitað undir það að meiri hluti fjárln. beiti sér fyrir því og leggi því lið að um málið verði samið upp á nýtt þannig að vandinn leysist.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. SJS og KolH, þskj. 437; brtt. ÁI og ÞBack, þskj. 445; brtt. KolH og SJS, þskj. 446; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 447; brtt. JBjarn og GAK, þskj. 448; brtt. GAK og JBjarn, þskj. 449, 450; brtt. JBjarn og ÞBack, þskj. 451; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 452; brtt. JBjarn og GAK, þskj. 453; brtt. ÞBack og ÁI, þskj. 454; brtt. ÁI o.fl., þskj. 455; brtt. JBjarn og ÞBack, þskj. 456.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 90. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 403.

Gjaldþrotaskipti, 333. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 389.

Tryggingagjald, 89. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 457.

Uppbygging ferðaþjónustu, 292. mál, svar samgrh., þskj. 423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:14]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 437 og 445–456. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[17:14]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi umræðunnar gerði hv. þm. Magnús Stefánsson formaður fjárln. ítarlega grein fyrir störfum nefndarinnar í sambandi við tillögur sem þar liggja fyrir og hér hafa verið kynntar og ekki er ástæða til að fjölyrða um það frekar.

Ég vil hins vegar vekja aðeins athygli á nál. 1. og 2. minni hluta, sem eru þó nokkur ritverk og liggja hérna fyrir.

Annar. minni hluti fjárln. skilar nokkuð þykku ritverki en þar getur að líta eftirfarandi setningu, með leyfi forseta:

„Það frumvarp sem hér liggur fyrir er atlaga að velferðarkerfinu."

Atlaga að velferðarkerfinu, þar höfum við það. (Gripið fram í.) Það er svona sem þessi blessaði flokkur vill ræða þau mál í mesta velferðarríki heimsins, atlaga að velferðarkerfinu. Og úr því að þeir ágætu menn vilja haga orðum sínum svo þá held ég að ég láti bara umræðu lokið um þann kafla sem snýr að Vinstri grænum. (**JBjarn:** Þú þorir ekki að tala um það.)

Fyrsti minni hluti fjárln. er nú ekki miklu betri í þeirri einkunnagjöf sem hann velur tillögum um fjárlögin, en í nál. stendur að það sé „ábyrgðarhluti að leggja fram frumvarp til fjárlaga sem einkennist af óvönduðum vinnubrögðum og fljótaskrift".

Óvönduðum vinnubrögðum og fljótaskrift. Nú geta menn haft hver sína skoðun á því hvað eru vönduð eða óvönduð vinnubrögð og ég ætla ekki að deila við neinn um það. Staðreyndin er hins vegar sú sem liggur fyrir og við megum aldrei gleyma, að svo heppilega hefur viljað til á Íslandi síðasta áratug að Ísland er nú í hópi örfárra ríkja Evrópu þar sem ríkisfjármálin eru í miklu jafnvægi. Í öllum skýrslum og vitnisburði frá öllum aðilum sem um Ísland fjalla erlendis er

það tekið mjög skýrt fram að það sé til mjög mikillar fyrirmyndar hvernig Íslendingum hefur tekist á síðasta áratug að haga ríkisfjármálum sínum. Svo geta menn, virðulegi forseti, kallað þetta allt ábyrgðarleysi, ábyrgðarlaust að leggja fram slíkt frumvarp.

Ég held að þetta sé ekki heppileg afstaða hjá stjórnarandstöðunni, virðulegi forseti. Ég held að stjórnarandstaðan, hversu mikið sem henni kann að leiðast hér á Alþingi, ætti samt að reyna að fjalla um þetta á hlutlægan hátt. Við skulum fagna því að vera þeir lukkunnar pamfílar, sú þjóð sem fær að búa við það umhverfi að ríkisfjármálin séu í lagi. Stærstu þjóðir í Evrópu, hinar ríku þjóðir sem hafa borið af í fjármálum, eins og Þýskaland, Frakkland og fleiri, þjást nú af því að á hverju einasta ári er ríkissjóður þar að safna botnlausum skuldum. Reksturinn hjá þeim þjóðum er frá 3–3,5% af landsframleiðslu — öfugur, mínusinn er alltaf, halli er á hverju einasta ári og hann safnast upp. Menn skulu gera sér grein fyrir hvaða tölur þetta eru ef við setjum þær inn í íslenskan veruleika. Þetta er sama og við værum árum saman að reka ríkissjóð með halla upp á 25–30 milljarða kr. Það er ógæfan sem blasir við svo mörgum Evrópuþjóðum. Það getur hver og einn séð það í hendi sér, virðulegi forseti, að þegar svo gengur fram ár eftir ár blasir ekkert annað við en að óreiðan í ríkisfjármálum muni hefta framgang slíkra þjóða og muni hefta vilja þeirra til að bæta kjör þegna sinna og mun hefta þær að öllu leyti. Að þessu leyti berum við af örfáum öðrum þjóðum Evrópu. Því skulum við fagna og ekki gleyma því. Við skulum ekki tala um þetta af slíkri léttúð eins og lesa má í greinargerðum hinnar góðu stjórnarandstöðu.

Hæstv. menntmrh. kom hér og leiðrétti nokkuð efnislega misskilning hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar um kostnaðinn við framhaldsskólana. Mjög þarft var að gera það vegna þess að hér var um heilmikla villu að ræða. Framhaldsskólarnir eru nú afgreiddir með 600 millj. kr. viðbót og þannig er módelið rétt að dómi allra þeirra sem af kunnáttu hafa farið um það. Auðvitað er það svo um alla liði, allar stofnanir og öll samtök sem eiga að fá greitt frá ríkinu að þau geta komið til fjárln. og sagt að þetta sé nú ekki nóg og hitt sé ekki nóg heldur o.s.frv., lengi má þar til finna. En meginatriðið var að leiðrétta þetta módel þannig að sú villa sem við vissum að var þarna vegna þess að við vorum að auka vægi verkmenntaskólanna, yrði leiðrétt.

Ég sé að hinn ágæti flokkur Samf. leggur fram þó nokkrar tillögur til breytingar á fjárlagafrv. Ég ætla ekki að ræða þær efnislega. Þó að mér sé ekki hlátur í hug fór ég að brosa þegar ég sá eina þeirra. Samf. hefur um nokkurt árabil haft þann sið að leggja fram tillögur um að auka tekjur ríkissjóðs og gert það frekar billega að mínum dómi, en nú yrði það gert með því að herða skatteftirlitið. Fyrir nokkrum árum kom tillaga frá henni um að herða skatteftirlitið. Það átti að gefa ríkissjóði 1.000 milljónir. Í fyrra var þetta orðin dálítið lægri upphæð, mig minnir 500 milljónir, og núna kemur tillaga um að herða skatteftirlitið og það á að gefa 200 milljónir, þannig að eitthvað er hin góða Samf. að linast í hinni miklu hörku sinni í skattamálum. Nema hitt að ríkissjóður sé að ná svo góðum árangri í skattinnheimtunni að hún telji ástæðu til að lina á þeirri miklu hörku. (Gripið fram í.) Það getur kannski verið hvort tveggja.

Ég ætla ekki að gera þær tillögur sem hér liggja fyrir að umræðuefni heldur fara aðeins í það efnahagsumhverfi sem við störfum núna í og fjalla um og gera nokkrar athugasemdir við þá umræðu sem mér finnst vera í þjóðfélaginu. Af því tilefni, virðulegi forseti, ætla ég að gera nokkra tilbreytingu frá málflutningi mínum fram til þessa og lýsa því yfir að ég er mjög sammála þeim orðum hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar sem hann sagði hér áðan, að það væri vert að átta sig á því hvort peningastefna Seðlabankans um sífellt hækkandi vexti gæti ekki auðveldlega snúist upp í andhverfu sína.

Ég er nefnilega alveg viss um, virðulegi forseti, að þetta er rétt hjá hv. þm. Þessi stefna Seðlabankans, sífelld vaxtahækkunarstefna, hefur áður snúist upp í andhverfu sína. Hún snerist upp í andhverfu sína á árunum 1998 og 1999 með hörmulegum afleiðingum. En það er eins og hin góða stofnun Seðlabankinn hafi ekki getað lært neitt af því.

Það er ástæða til að ræða þetta vegna þess að það er sérstaklega eitt að mínu áliti sem skyggir á annars mjög gott ástand íslenskra efnahagsmála en það er að við erum núna með tæplega 3% atvinnuleysi. Að ég best veit, virðulegi forseti, hefur ekki verið gerð vísindaleg eða fræðileg úttekt á því hvert er hið náttúrulega atvinnuleysi á Íslandi. En ég er sannfærður um og allir þeir kunnáttumenn sem ég hef heyrt tala um það telja að það sé mjög lág tala. En við vitum það öll að tæplega 3% atvinnuleysi á Íslandi er allt of há tala.

Núna er vaxandi viðskiptahalli og krónan hefur styrkst mjög umfram það sem ég ætlaði að flestir menn teldu að íslensk framleiðsla og íslenskt samkeppnisumhverfi þyldi. Ég hef oft haldið þessa ræðu hér áður, virðulegi forseti, og minnt á að það er bara ein víglína hjá einni lítilli þjóð sem býr úti við Atlantshaf á þessari eyju, það er bara ein víglína og sú víglína er samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega. Það er ekkert annað, við erum hvergi annars staðar að berjast.

Það er mjög hættulegt ef við missum gengið mjög hátt upp. Það gæti orðið verulega alvarlegt fyrir alla atvinnustarfsemi úti á landi, það gæti orðið verulega alvarlegt fyrir samkeppnisiðnaðinn og sjávarútveginn í heild sinni, og ég tala nú ekki um nýsköpunina, vaxtarbroddana, það virkar á vaxtarbroddana eins og frostnótt á nýgræðinginn að vori. Stóra atvinnugreinin, sem menn hafa verið að binda svo miklar vonir við og heitir ferðaþjónusta, má síst við þessu.

Þess vegna er það, virðulegi forseti, að mér hafa fundist umræður ýmissa hagfræðinga, ekki síst Seðlabankans, dálítið undarlegar um fjárlagafrv. þar sem þeir hafa lagt áherslu á að höfuðmáli skipti að hér væri mikill afgangur eða þó nokkur afgangur í ríkisfjármálunum. Nú erum við að skila fjárlagafrv. með miklum afgangi, tæpum 7.000 milljónum, sem er ágætt og mjög fáar þjóðir sem geta státað af því. En ég ætla jafnframt að fullyrða, virðulegi forseti, að þetta er ekki tala sem skiptir máli. Við værum alveg jafnnær hvort sem hún væri 2 eða 3 milljörðunum hærri eða lægri. Það er mjög rangt þegar menn einblína á slíka tölu því að hún er mjög lítil, menn hafa enga þekkingu og enga tækni til að mæla að þetta geti skipt sköpum.

Það er líka mjög rangt sem mér finnst vera í umræðunni um ríkisfjármálin að það sé svo mikið höfuðatriði að skera niður opinberar framkvæmdir. Opinberar framkvæmdir, virðulegi forseti, eru mjög litlar um þessar mundir á Íslandi. Þær eru rúmar 16.000 milljónir eða innan við 2% af landsframleiðslunni. Hvar eru þær framkvæmdir? Þær eru í þeim infrastrúktúr sem við þurfum að efla, þ.e. gagnvart skólum, framhaldsskólum, sjúkrahúsum og þess háttar. Þessar tölur eru ekkert of háar á Íslandi, alls ekki. Undir eðlilegum kringumstæðum, sem ég tel að séu núna, mættu þær þess vegna vera miklu hærri. Við megum gjalda varhuga við því þegar menn byrja að tala svona um efnahagsmálin

eins og hefur verið gert af forustu Seðlabankans frá því á miðju sumri og svo kemur hver stofnunin á fætur annarri eins og ekkó að taka undir.

Við Íslendingar stöndum mjög vel. Ríkisfjármálin eru mjög góð. En það er ekki afgangurinn í ríkisfjármálum sem mun ráða úrslitum um hvernig okkur mun vegna á næsta ári. Hvernig okkur vegnar á næsta ári og hvernig efnahagslífið gengur fram mun fyrst og fremst og aftur og aftur, segi ég þar, ráðast af þeim kjarasamningum sem gerðir verða á næsta ári. Það mun ráða öllum úrslitum.

Hinir góðu, duglegu, heiðarlegu og samviskusömu starfsmenn ríkisins hafa á umliðnum árum fengið mjög mikla umbun kjara sinna jafnframt því sem lífeyrissjóðir þeirra hafa verið stórefldir. Hinir ágætu starfsmenn ríkisins — svo ég haldi áfram þeirri ræðu enn einu sinni sem ég hef oft haldið áður — verða og mega ekki undir neinum kringumstæðum ætla að launakjör þeirra geti ráðist af nokkru öðru en framleiðslugetunni í landinu. Öll önnur hugsun og allar aðrar óskir geta ekki leitt nema til ófarnaðar, mikils ófarnaðar fyrir alla. Gagnvart stöðu gjaldeyrisins í dag, gagnvart stöðu íslensku krónunnar og hvað hún hefur hækkað mikið, þá er verið að setja framleiðsluatvinnuvegina í mjög mikla úlfakreppu þannig að þeir munu lenda í því strax núna á útmánuðum að eiga mjög erfitt uppdráttar í samningaviðræðum við launafólk sitt. Menn verða því að átta sig á að við stöndum frammi fyrir alvarlegum hlutum þar sem það gildir að menn verða að fara mjög varlega. Það skiptir öllum sköpum fyrir framtíðina. Á þetta verðum við að horfa, við megum ekki undan líta. Við verðum að vita að sterk bein þarf til að þola góða daga. Það hefur verið mikil velferð á Íslandi, við höfum verið að auka hér kaupmátt meira og lengur en nokkur önnur þjóð í Evrópu. Við getum haldið því áfram, það er hugsanlegt að við getum aukið kaupmáttinn áfram á næsta ári og þá eru mestu möguleikarnir til þess ef kauphækkanir verða litlar. Því minni sem kauphækkanir eru, þeim mun meiri líkur eru á að við getum aukið kaupmátt hinnar íslensku þjóðar. Og það er verkafólkið, það er fólkið við framleiðsluatvinnuvegina sem verður að hafa allan forgang í þessu. Það er geta atvinnuveganna til að borga kaup sem verður að ráða, ekkert annað má ráða undir neinum öðrum kringumstæðum. Það verða örlagaspilin sem ráða því hvernig þessi fjárlög koma fram. Eins og þau standa í dag, eins og þau hafa verið hugsuð og eins og þau eru grunduð og lögð fram þá stendur ríkissjóður mjög traustum fótum og við skulum fagna því öll.

[17:30]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að ég mun ekki komast yfir öll þau atriði sem ég ætlaði að gera athugasemdir við fyrst búið er að stytta ræðutímann, en það var ekki óvenjulegt að heyra hv. þm. draga í upphafi upp glansmyndina fögru, hér væri allt best og mest. Ég ætla ekki að fjalla mikið um það.

Það var hins vegar athyglisvert þegar hv. þm. fór að hafa áhyggjur af raungengi og ýmsu slíku, vegna þess að ég var með örlítinn texta úr riti Íslandsbanka sem tók einmitt á þessu, þar sem lögð er megináhersla einmitt á þetta, og það er það sem við erum að leggja megináherslu á í okkar nál., að menn reyni að standa almennilega að þessum málum og átti sig á því hvað við erum að sigla inn í. Við erum auðvitað að sigla inn í ákveðið þensluástand og ef ríkisfjármálin eru ekki í lagi, ef þau lausatök sem verið hafa undanfarin ár halda áfram, þ.e. að fjárlagafrv. sé ómarktækt, virkar það ekki inn í það ástand eins og það þarf að gera. Það er fyrst og fremst þetta sem við erum að gagnrýna, þ.e. að fjárlagafrv. og fjárlögin séu marktækt plagg.

Við sjáum það og hv. þm. veit jafn vel og ég hvernig þróunin hefur verið undanfarin ár. Það eru lögð fram fjárlög, svo koma aukafjárlög og svo og svo miklu er bætt inn af fyrirséðum hlutum eða hlutum sem eiga þess vegna heima í fjárlögum næsta árs. Síðan koma lokafjárlög og þá hefur myndin enn skekkst og breyst. Við leggjum því fyrst og fremst megináherslu á að vanda eigi vinnubrögðin þannig að þetta séu marktæk plögg. Það er eðlilega krafa allra að svo sé. En það sem ég var að vitna til úr riti Íslandsbanka var einmitt það að þess er farið að gæta sífellt meir að aðilar úti á markaðnum eru farnir að átta sig á því að því miður sé allt of lítið hægt að taka mark á þessum plöggum.

Hv. þm. kom inn á það að hæstv. menntmrh. hefði verið að leiðrétta eitthvað í ræðu minni. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. Hæstv. menntmrh. var að segja frá því sem ekki hafði áður komið fram að þær 600 millj. sem ætlaðar eru til framhaldsskólanna eru ekki eingöngu til þess að mæta auknum nemendafjölda, heldur til þess að laga reiknilíkanið. Ég mun í seinna andsvari mínu fara örlítið nánar út í það hvað vantar inn í reiknilíkanið. Það var hreinlega röng fullyrðing hjá hv. þm. að allir sem gerst þekktu teldu að með þessu væri verið að bæta allt sem þyrfti að bæta.

[17:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var einmitt vegna þess að ég tók eftir því að í nál. 1. minni hluta var verið að vitna í Íslandsbanka. Ég var að vekja athygli á þeirri pólitík og þeirri skoðun sem Seðlabankinn hefur haldið fram frá því snemma í vor og aðrar greiningardeildir, ég held að þær séu kallaðar það í viðskiptabönkunum, og svokölluð Hagfræðistofnun Háskólans, hafa verið að taka undir eins og svona eitthvað endurvarp um að það skipti öllu máli að menn geti treyst ríkisfjármálum. Það liggur fyrir að menn hafa getað treyst íslensku ríkisfjármálunum árum saman. Þau hafa verið afgreidd með miklum afgangi, þveröfugt við það sem gerst hefur í flestum öðrum Evrópuríkjum. Það hefur vissulega orðið hækkun á þeim, en það hefur líka orðið hækkun á tekjunum.

Á föstudaginn munum við afgreiða 3. umr. fjáraukalaga fyrir árið 2003, en við erum að afgreiða þau með 4.700 millj. kr. afgangi. Það er mjög svipuð upphæð og við lögðum af stað með í fyrrahaust. Það er því ekkert að ríkisfjármálunum. Ríkisfjármálin eru ekki á nokkurn hátt að ógna stöðugleika íslensks efnahagslífs. Það er mjög rangt. Það eru allt aðrar staðreyndir sem hafa miklu meira að segja.

Lítum á þetta lagafrumvarp. Hvað er verið að leggja til? Tökum sem dæmi að við ætlum að búa til miklar ríkisábyrgðir út af húsbréfum: 40–70 þús. millj. — þetta eru stóru tölurnar. Svo eru menn að tala um, eins og Seðlabankinn, að það skipti einhverju máli hvort það séu 4, 6 eða 7 milljarðar afgangs á ríkissjóði. Þetta er mjög villandi. Þess vegna varð ég að vekja athygli á þessari skrýtnu umræðu margra hagfræðinga.

Ég held að vaxtastigið og peningapólitíkin sem Seðlabankinn rekur sé miklu meiri örlagavaldur um það hvernig okkur tekst til heldur en nokkurn tímann hvort það er einhverri krónunni minna í afgang á ríkissjóði.

[17:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er sérkennilegur málflutningur hjá hv. þm. Nú er það allt í einu þannig að ríkisfjármál skipta orðið engu máli í sambandi við efnahagslífið. Það er auðvitað alrangt. Það er hárrétt hjá hv. þm. að þau skipta ekki öllu máli. En þau skipta að sjálfsögðu máli.

Í sambandi við þann vanda sem hv. þm. var að fjalla um, þ.e. hugsanlega hækkun vaxta eða gengisþróunina, þá spilar þetta að sjálfsögðu allt saman, hv. þm. Þess vegna skipta ríkisfjármálin máli þó þau skipti ekki öllu máli.

Hv. þm. blandaði saman algjörlega óskyldu máli í raun og veru varðandi hert skattaeftirlit. Ég vil því koma með örlitla leiðréttingu sem verður auðvitað gerð betri skil síðar. Við leggjum til að lagðar verði 200 millj. í hert skattaeftirlit sem mun aftur á móti skila inn í ríkissjóð mun hærri upphæð. Hv. þm.: Það er óþarfi að snúa hlutunum algjörlega á hvolf þó óskhyggja þín sé stundum í þá áttina.

Varðandi framhaldsskólana sem hv. þm. kom líka inn á áðan — en ræðutími minn er liðinn svo hv. þm. verður bara að lesa það í fyrri ræðu minni — en fjöldamörg atriði varðandi framhaldsskólana hafa verið skilin eftir, þrátt fyrir að þær tillögur sem lágu fyrir í fyrrahaust verði látnar taka gildi varðandi reiknilíkan.

[17:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo ég fari enn einu sinni ofan í þetta: Ríkisfjármál Íslands eru og hafa verið í miklu jafnvægi núna í áratug. Þau eru það nú og allt útlit er fyrir að þau verði það áfram. Þess vegna er það rangt að það skipti einhverjum sköpum núna hve margir milljarðar eru í afgang, hvort það eru 2, 3, 4, 5, 6 eða 7, það vegur ekki neitt. Ríkisfjármálin eru í lagi og verða í lagi. Það er sú áhætta sem ég er að gera athugasemdir við. Það skiptir ekki máli, vegna þess að við erum í jafnvægi, höfum verið í jafnvægi um margra árabil. Ríkissjóður hefur verið að minnka sínar skuldir. Ríkissjóður hefur verið að vinna ötullega að því, öfugt við aðrar þjóðir sem eru að auka sínar skuldir. Þess vegna er ekki nein hætta sem stafar af því hvernig við rekum þessi ríkisfjármál núna, 1, 2 eða 3 milljörðum meira eða minna.

[17:37]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hv. forseti. Til fyrirmyndar í ríkisfjármálum. Ég get alls ekki verið sammála því. Áhersluatriði þessarar ríkisstjórnar eru æðifurðuleg á margan hátt. Til fíkniefnalögreglunnar erum við að setja samtals 157 millj. kr. Til Fiskistofu, sem er að eltast við þá sem fara fram yfir á kvóta eða svindla afla á land, erum við að setja 600 millj. Það er lítið sambærilegt í þessu og maður spyr sig hvort þetta sé það sem stjórnvöld standi fyrir, svona áherslumun. Annars vegar erum við að tala um Fiskistofu sem er að elta fiskiþjófa, hins vegar erum við að tala um þá miklu bölvun sem fylgir eiturlyfjum.

[17:39]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að þakka hv. þm. Grétari Mar fyrir að heiðra mig með því að halda sína jómfrúrræðu hér í andsvari við mig, eða alla vega er þetta í fyrsta skipti sem ég heyri hv. þm. tala. (Gripið fram í.) Ja, er það ekki sjö sinnum sem það þarf?

Auðvitað getum við rætt fram og aftur um einstaka liði í ríkisfjármálunum, hvort rétt áhersla sé lögð á hitt og þetta. Ég held að við komumst seint til botns í því. Það getur vel verið að ég sé sammála honum um það að eftirlitsstofnanir eins og Fiskistofa sé með allt of mikla peninga, það sé algjör óþarfi að hún sé með þessa peninga. En það kallar á miklu, miklu stærri umræðu um það hvað menn eru að gera. Ég held að eftirlitsstofnanir á Íslandi séu yfirleitt mjög vel haldnar. Ég get ekki séð betur af erlendum skýrslum en við höfum t.d. fleiri lögregluþjóna á mann en nokkur önnur þjóð í heimunum. Samt eru allir að kvarta yfir því að það vanti fleiri lögregluþjóna o.s.frv. Ég er ekkert viss um það. Ég er ekkert viss um að með því að fjölga lögregluþjónum séum við á réttri braut, sama hvað sem er að. Ég held að það sé alls ekki víst.

Ríkisfjármál Íslands eru samt í mjög góðu jafnvægi. Í heilan áratug höfum við að jafnaði skilað þó nokkrum jöfnuði, þó nokkrum tekjuafgangi, jafnframt því sem við höfum verið að borga verulega niður okkar skuldir. Þannig að þetta er munurinn á okkur og flestum öðrum Evrópuþjóðum sem hafa á sama tíma verið að auka svo umsvif sín að tekjurnar duga ekki fyrir útgjöldunum og ár eftir ár safna þær skuldum, skuldum sem eru yfir 3% af landsframleiðslunni eins og ég sagði áðan — 25 þús. millj. á ári, það er alvarlegt, það er munurinn á íslenskum fjármálum og fjármálum flestra annarra Evrópuríkja. Svo geta menn deilt um einstaka liði kostnaðarins. Ég get alveg tekið undir það.

[17:41]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að halda því til haga og upplýsa hv. þm. um hvernig farið hefur verið með tekjuafgang ríkissjóðs á sl. fjárlögum, vil ég bara benda á að árið 2002 voru fjárlög afgreidd þannig að gert var ráð fyrir 18,5 milljarða kr. tekjuafgangi, en þegar ríkisreikningur og lokafjárlög lágu fyrir, reyndist hallinn 8,1 milljarður kr. Það sýnir að eitthvað fer úrskeiðis og það sem hv. þm. var að nefna um stöðu og afgang á rekstri ríkisins, sé ekki alveg rétt.

Ég get tekið undir með hv. þm. að það sé fáránlegt við núverandi aðstæður að skera niður fé til framkvæmda, skera niður fé til vegaframkvæmda úti um land sem styrkir atvinnulífið og eflir það, skera niður fjármagn til uppbyggingar skóla, menntunar, framhaldsskóla, sem styrkir okkur til frambúðar. Það er alrangt að ráðast á það og skera niður við þessar aðstæður. Ég spyr því hv. þm.: Er hann bara ekki reiðubúinn að taka á með okkur og breyta þessum þætti í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar? Ekki skal standa á þeim sem hér stendur að styðja hv. þm. ef hann er vanmáttugur til þess að sækja stuðning til meiri hlutans.

Ég vil leiðrétta það sem kom fram í andsvari hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar áðan, andsvari við hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, að samningar sem einstök ráðuneyti eða ríkið gerir við aðila um rekstur, fá aðeins fullnustu á Alþingi. Aftur og aftur er nauðsynlegt að árétta, að þingmenn sem gegna svo veigamiklum stöðum, líka í meiri hluta Alþingis hér, geri sér grein fyrir því að það er Alþingi sem ræður. Það er hægt að gera samninga, en þeir eru með fyrirvara um samþykkt Alþingis í öllum tilvikum.

[17:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ákaflega rangt hjá hv. þm. að bera saman fjárlögin og endanlega afkomu í reikningum ríkisins, þegar við erum að færa kannski til tugmilljarða í skuldbind-

ingum varðandi lífeyrissjóði. Þetta er ekkert sambærilegt og segir ekkert til um rekstrarhalla eða rekstrarafkomu ríkissjóðs. Það má alls ekki rugla þessu saman á þennan hátt.

Það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því að meginstefnan í ríkisfjármálum, sem var kynnt og farið yfir rækilega við 1. umr. fjárlaga og stefnumótunina til lengri tíma, er í því fólgin að okkur takist að halda samneyslunni á næstu árum þannig að aukningin verði ekki nema um 2%. Það er meginatriðið í þeirri framtíð sem við sjáum í ríkisfjármálum. Það sem skiptir sköpum. Við verðum að halda aftur af okkur gagnvart samneyslunni. En svo kemur hv. þm. og segir að við, sem erum þó að auka samneysluna verulega og höfum gert það verulega í mörg ár í röð en ætlum núna að reyna að halda okkur innan við 2%, séum að gera atlögu að velferðarkerfinu íslenska. Það er óleyfilegt, hæstv. forseti, að tala svo óvarlega um svo viðkvæm og mikilsverð mál.

[17:45]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af þessari umræðu vil ég áfram víkja að orðum hv. þm. í andsvari áðan varðandi samkomulagið við Öryrkjabandalagið þar sem gert var samkomulag 25. mars um sérstaka leiðréttingu fyrir fólk sem verður öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Sá samningur fjallaði um það að taka þar á ákveðnum þáttum sem menn voru sammála um að tekið væri á frá og með 1. janúar árið 2004. Ég skoraði á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að fara um þetta mál hógværum orðum og með þeim orðum að staðið verði við þetta samkomulag refjalaust en draga ekki fram einhverja valdastöðu ríkisstjórnar í þessum efnum. Það er gert samkomulag um ákveðið verkefni og við það á að standa og ég vona að hv. þm. beiti sér fyrir því að við það verkefni verði staðið og með sóma.

[17:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin gaf um það mjög skýr fyrirheit að verja þúsund millj. kr. til þessa verkefnis. Í fjárlagafrv. standa þessar þúsund millj. kr. Þúsund milljónir eru þúsund milljónir. Það er alveg refjalaust. Það þarf enginn að fara í grafgötur um það. Það eru ekki 900 milljónir. Það eru ekki 1.100 milljónir. Það sem hefur verið sagt verður auðvitað staðið við og engar vífillengjur um það. Útfærslan á því er í höndum hæstv. ráðherra og ég ætla að það muni standa sem sagt er og hef enga ástæðu til að ætla annað. Þúsund milljónir eru samt áfram þúsund milljónir, engin nein önnur tala. Þannig það sé alveg skýrt. Það var samið um það. Það var gefin yfirlýsing um það.

[17:48]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég ætla í þessari ræðu minni við 2. umr. fjárlaga að fjalla sérstaklega um heilbrigðis- og tryggingamálin og tel fulla ástæðu til þess í ljósi þeirra háu fjárhæða sem renna til þessa málaflokks og þess hversu hátt hlutfall af heildarfjárhæð fjárlagafrv. rennur til þessara mála. En í fjárlagafrv. nú, eins og undanfarin ár, sjást glöggar áherslur heilbr.- og trmrh. og ríkisstjórnarinnar í málefnum heilbrigðisþjónustunnar og málefnum almannatrygginga, og það sést að þessi viðfangsefni eru sett í forgang núna. Mér finnst sérstök ástæða til að fagna stórauknum framlögum til málaflokksins og þar með talið til uppbyggingar heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er sannanlega mest, svo og framlögum til brýnnar uppbyggingar öldrunarþjónustunnar.

Umræðan um heilbrigðismálin snýst oft eingöngu um Landspítala – háskólasjúkrahús og vandamál sem honum eru eignuð. Umræðan snýst oftast um hallarekstur og biðlista og einfölduð niðurstaða umræðunnar er gjarnan sú að Landspítalinn ráði ekki við þau verkefni sem honum beri og að færa þurfi aukinn hluta starfsemi spítalans í hendur sjálfstætt starfandi sérfræðingum á einkastofum úti í bæ. Látið er að því liggja að slíkt skili sjálfkrafa ekki aðeins fjárhagslegum sparnaði, heldur líka auknum gæðum til sjúklinga og annarra notenda þjónustunnar.

Sumir sem tala oft og hátt um vanda heilbrigðiskerfisins leggja megináherslu á að hann sé fyrst og fremst skipulagslegs eðlis og þeir draga síðan samasemmerki á milli ætlaðs skipulagslegs vanda og ónógs einkareksturs. Þá finnst mér oft glitta í það sjónarhorn að innan heilbrigðisþjónustunnar séu fjöldi ónýttra viðskiptatækifæra sem hagnaðarvon er bundin við.

Eins og framkvæmd margra undanfarinna ára sýnir og sýnir mjög glöggt erum við framsóknarmenn algjörlega kreddulausir gagnvart mismunandi rekstrarformum í heilbrigðisþjónustu. Og við vitum að rúm 65% allrar öldrunarþjónustu eru rekin af aðilum sem ríkið kaupir skilgreinda samningsbundna þjónustu af og vaxandi hluti heilsugæslunnar og drjúgur hluti heimahjúkrunar og nánast öll endurhæfingarþjónusta og sérfræðilæknisþjónusta. Hitt er svo annað mál að við ákvörðun þess hvar læknisverk skuli unnin hljóta hagkvæmnisrök ávallt að liggja til grundvallar og trygging fyrir gæðum þjónustunnar. En sú vinna sem nú hefur verið unnin og brátt sér fyrir endann á, að kostnaðargreina einstaka þjónustuþætti á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, er vitaskuld ein nauðsynlegra forsendna slíkra ákvarðana um það hvar verk skuli unnin í nánustu framtíð og til lengri tíma litið. En í það heila finnst mér, herra forseti, alveg ótrúleg einföldun og yfirdrepsskapur að láta að því liggja að allt heilbrigðiskerfið og allir hagsmunir því tengdir, allir okkar hagsmunir tengdir heilbrigðiskerfinu, bæði fjárhagslegir og faglegir, standi og falli með breytingum á rekstrarformum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Viðfangsefnin eru ýmis og mörg sem vert er að taka á og koma í rauninni breytingu á rekstrarformum ekkert við. Eitt af því sem vert er að hafa hugfast er að það er ekki fyrr en í árslok 2001 sem hv. Alþingi veitti heilbrrh., með því að samþykkja breytingu á heilbrigðisþjónustulögum, ótvíræða heimild til að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og það veitti honum jafnframt heimild til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði þjónustunnar.

Í þessu tilliti ber ráðherra auðvitað að gæta fulls jafnræðis og óhlutdrægni þannig að rekstrar- og samkeppnisstaða aðila sé tryggð og heimild ráðherra kemur vitaskuld ekki í veg fyrir beitingu samkeppnislaga í atvinnustarfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu.

Það leiðir síðan af lögmætisreglu stjórnsýslunnar að allar ákvarðanir ráðherra á grundvelli heimildarinnar um það hverjum skuli falið að vinna verk, verði að vera í samræmi við lög og þar með talið þurfa þessar ákvarðanir að vera til samræmis við samkeppnislög. Á hinn bóginn fara hlutlægar og málefnalegar ákvarðanir um það hvaða tegund þjónustu er keypt og í hvaða mæli hún er keypt almennt séð ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga. Og sama gildir um hlutlægar og málefnalegar ráðstafanir sem miða að því að takmarka eða

draga úr kostnaði hins opinbera af heilbrigðisþjónustu, eða þeim tiltekna þætti hennar sem sérfræðilæknisþjónustan er og þá í þeim tilgangi að efla aðra þjónustuþætti heilbrigðiskerfisins.

Með þessari breytingu var ráðherra veitt fyllri heimild til að stjórna því magni sem keypt er af tiltekinni þjónustu með hagkvæmni og gæði þjónustunnar að leiðarljósi, og með þessari breytingu og því að samhliða var umboð til að semja við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna, bæði á sjúkrastofnunum og stofum úti í bæ um ferliverk og greiðsluþátttöku almannatrygginga, fært á eina hendi til samninganefndar heilbr.- og trn., en þá voru fyrst komnar forsendur fyrir því að stemma markvisst stigu við þeirri sjálfvirkni sem virtist vera á aukningu á einingum til lækna á einkastofum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í júlí 2001 er m.a. nefnt sem skýring þess að þrátt fyrir fjölgun ferliverka og aukin afköst lengdust biðlistar í ýmsum sérgreinum að læknar í einhverjum tilfellum veiti sjúklingum meðferð umfram það sem eðlilegt megi teljast. Látið er að því liggja að læknirinn freistist til þess að gera meira en nauðsynlegt er í öllum tilvikum þar sem læknirinn í þessu samhengi er bæði sá sem selur þjónustuna og jafnframt sá aðili sem ákvarðar verkmagnið.

En með þessari breytingu á heilbrigðisþjónustulögunum liggur fyrir að það er ekki framboð heilbrigðisþjónustu sem á að ráða magni og útgjöldum ríkisins, heldur heilbrigðispólitísk markmið sem sett hafa verið. Þau hafa verið sett m.a. með lögunum um réttindi sjúklinga, heilbrigðisáætluninni og reglum um forgangsröðun sem byggir á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum. En að mínu mati, herra forseti, þurfum við fyrst og síðast að hafa kjark til að svara þeirri spurningu hver þörfin sé, vegna þess að framfarir í læknavísindum, ný þekking og ný lyf og ný tækni gerir okkur nánast kleift að gera allt fyrir alla.

Ef við á hinn bóginn horfumst í augu við að fjárhagurinn leyfir þetta ekki endalaust þá verðum við að vera tilbúin til að meta þörfina og taka eins og aðrar þjóðir hafa gert, afstöðu til stórra siðferðilegra spurninga sem m.a. lúta að samspili aldurs, ábyrgðar okkar á eigin heilsu, áhættulifnaði og réttarins til ýtrustu meðferðar.

Mér sýnist einsýnt af reynslunni að ekki sé stætt á því að láta læknum þetta eftir í hvert og eitt sinn, heldur sé vænlegra að setja um þetta opinbera stjórnvaldsreglu. Reyndin er nefnilega sú eins og við þekkjum, herra forseti, að stjórnmálamenn gefa allt of oft eftir undan þrýstingi fagstétta og þeir gefa allt of oft eftir undan þrýstingi sjúklinga og aðstandenda sem oft gæta þröngra hagsmuna og þeirra sem hæst ber í umræðunni hverju sinni, en við stöndum ekki á bak við þá lækna og aðra stjórnendur innan heilbrigðisþjónustunnar sem við samtímis gerum bæði að forgangsraða og líka halda sér innan ramma fjárlaganna.

Landspítali – háskólasjúkrahús er oft skilgreindur sem endastöð í íslensku heilbrigðiskerfi og hann er það vissulega og það í tvennum skilningi. Annars vegar er hann það fyrir það að hann tekur við öllum alvarlegustu slysunum og sjúkdómstilfellunum og hins vegar fyrir það að spítalinn getur ekki vísað neinum frá sem þangað leitar og hann tekur líka við þeim sem aðrar stofnanir og önnur sjúkrahús vísa frá, m.a. vegna fjárhagsvanda, að því ógleymdu að sjúkrahúsinu, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, er ætlað að mennta verðandi heilbrigðisstarfsmenn. Allt þetta ber honum að gera innan fjárheimildaramma sjúkrahússins.

Mér sýnist það vera einsýnt að óhjákvæmilega verði árvisst bil á milli fjárlagaheimilda og rekstrarkostnaðar spítalans meðan spítalinn getur ekki nema að litlu leyti áætlað verkefni sín. Hann getur ekki vísað frá verkefnum eða fólki utan af landi, og fólk utan af landi á jú lögbundinn rétt til þess að leita eftir þjónustu þar sem það vill, og spítalanum er líka ætlað að veita dýrustu og sérhæfðustu þjónustuna.

Uppbygging öldrunarþjónustunnar er sérstaklega brýn á höfuðborgarsvæðinu, þar með talin fjölgun hjúkrunarrýma, þar sem við höfum ekki náð að fylgja eftir auknum íbúafjölda og þær framkvæmdir sem fjárlagafrv. tryggir munu m.a. létta á Landspítalanum og skapa honum skilyrði til þess að auka afköst sín og sama má segja um áhrifin af uppbyggingu heilsugæslunnar. Fjárlagafrv. tryggir m.a. að þrjár nýjar heilsugæslustöðvar hefja starfsemi á árinu. En með því að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustaðinn í heilbrigðiskerfinu, sem á að geta sinnt allt að 80% af þjónustuþörf okkar, er líka verið að létta á Landspítalanum og gera honum kleift að sinna meginhlutverki sínu sem er bráðaþjónusta og sem hátæknisjúkrahús, og það mun stuðla jafnframt að stóraukinni hagkvæmni í heilbrigðiskerfinu.

Herra forseti. Það má gera fleira til að auka hagkvæmni í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu og ég vil nefna hérna tvö atriði sem því miður sér ekki merki í fjárlagafrv. að þessu sinni, en ég vona að tekið verði á innan tíðar.

Lengi hefur staðið til að byggja upp rafræna sjúkraskrá og samtengja skráningu upplýsinga í heilbrigðiskerfinu, en undirbúningur þessa verkefnis hefur bæði farið fram innan ramma íslenska upplýsingasamfélagsins auk þess sem Landspítali – háskólasjúkrahús og heilsugæslan í Reykjavík hafa unnið að undirbúningnum hvor á sínu sviði. Ég ætla að það sé óumdeilt að mikið hagræði sé af slíku kerfi skráninga, miðlunar og nýtingar upplýsinga, auk þess sem það er til þess fallið að koma í veg fyrir tvíverknað, tryggja öruggari, betri og greiðari þjónustu fyrir sjúklinga og auka alla skilvirkni innan heilbrigðisþjónustunnar.

Annað atriði sem ég vil árétta í þessu samhengi er ábending Ríkisendurskoðunar í skýrslu frá því í september 2002, um samninga Tryggingastofnunar vegna sérfræðilækna 1998–2001, um að bæði kostnaðarlega og faglega sé eftirlit Tryggingastofnunar með samningum við sérfræðilækna ófullnægjandi og hvetur Ríkisendurskoðun Tryggingastofnun til að efla það eftirlit. Ég tel að það þurfi að vera tryggt að Tryggingastofnun geti sinnt þessu mikilvæga og lögbundna eftirlitshlutverki sínu með sérfræðingum á heilbrigðissviði, m.a. með því að hafa nægilega margt starfsfólk til að sinna eftirliti, ekki bara innan Tryggingastofnunar heldur líka á vettvangi þar sem þjónustan er veitt. Með þessu á að vera hægt að veita meira aðhald í beinum útgjöldum og líka að auka skilvirkni.

Hið sama gildir um stóraukinn kostnað og útgjöld ríkisins vegna lyfja. Fulltrúar bæði Landspítala – háskólasjúkrahúss og Tryggingastofnunar ríkisins, sem komu á fund heilbr.- og trn. vegna fjárlagagerðarinnar, bentu á að lyfjaverð er mun hærra hér á landi en í næstu nágrannalöndum okkar. En þessar stofnanir hafa báðar, hvor um sig, leitað leiða til að lækka þennan kostnað. Í því skyni hafa þrjú lyfjaútboð farið fram á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss og þrjú eru í undirbúningi. Fram kom að á þessu ári hefur spítalinn þegar boðið út lyf fyrir um 1.574 millj. kr. eða um 75% af heildarinnkaupum en tilboð munu ekki berast í öll lyf. Það berast ekki einu sinni tilboð samkvæmt öllum þessum

útboðum og einnig mun koma fyrir að tilboð hljóði upp á hámarksheildsöluverð. Þannig munu útboð ekki næstum alltaf skila þeim sparnaði sem að er stefnt.

Fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins áréttuðu á fundi nefndarinnar þá gríðarlegu breytingu sem orðið hefur á lyfjamarkaði á síðustu árum og að þegar fyrirkomulagi lyfjamarkaðarins var breytt fyrir nokkrum árum hafi verið gert ráð fyrir 25% sparnaði. En raunveruleikinn er sá að sparnaðurinn hefur verið mun minni. Í máli þeirra kom fram að almenningi er oft veittur afsláttur af lyfjum en Tryggingastofnun þarf ávallt að greiða fullt verð. Í þessu samhengi bentu fulltrúar Tryggingastofnunar á mikilvægi þess að stofnuninni væri gert kleift að hafa eftirlit með lyfjakostnaði sem mótvægi við markaðssetningu lyfjafyrirtækja og ónóga samkeppni. Hv. heilbr.- og trn. tók undir þetta viðhorf í áliti sínu til hv. fjárln.

Eins og ég vék að í upphafi, herra forseti, þá tryggja fjárlögin mjög þarfa uppbyggingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Á næsta ári er þar gert ráð fyrir þremur nýjum heilsugæslustöðvum. Ég ætla að almenn samstaða sé um þá forgangsröðun að tryggja að heilsugæslan geti sinnt því hlutverki sínu að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu enda er viðurkennd afgerandi hagkvæmni þess fyrir útgjöld til málaflokksins.

Reynt hefur verið að stýra aðgangi að heilbrigðisþjónustu með gjaldtöku, hafa komugjald í heilsugæslustöð mjög lágt en að sjúklingar greiði hærra gjald fyrir komu til sérfræðinga. Heilbrigðisráðherra hafa á liðnum árum staðið traustan vörð um sjúkrahúsin, þ.e. um það að sjúklingar þurfi ekki að greiða gjald er þeir leggjast inn á sjúkrahús enda er gert ráð fyrir að þá sé um alvarlegt heilbrigðisvandamál að ræða. Heilbrigðisráðherra ber ábyrgð á því hver greiðsluþátttaka almennings er í heilbrigðisþjónustunni en raunin er sú að mörg dæmi eru um ákvarðanir sem aðrir hafa tekið og hafa í för með sér aukna kostnaðarþátttöku sjúklinga og hafa einnig með öryggi sjúklinganna að gera.

Miklar framfarir í læknisfræði og ný tækni hefur gert það að verkum að æ fleiri vinna læknisverk sem ferliverk. Minna inngrip þýðir að nú er mögulegt að gera á göngudeildum eða læknastöðvum úti í bæ aðgerðir sem til skamms tíma kröfðust innlagnar á sjúkrahús. Til að mynda eru hjartaþræðingar nú, samkvæmt ákvörðun stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss, alla jafna göngudeildarstarfsemi, sem þýðir kostnaðarþátttöku sjúklinga en voru þeim áður að kostnaðarlausu meðan aðgerðirnar kröfðust innlagnar. Sama gildir um krossbandaaðgerðir sem áður voru gerðar í innlögn. Þær eru núna unnar á einkastofum á grundvelli samninga samninganefndar heilbr.- og trmrn. um einingamat á aðgerðum.

Ég er þeirrar skoðunar að svona breytingum þurfi að finna ákveðinn farveg sem tryggi samhæfða heilbrigðisþjónustu og það ráðist ekki af handahófi fyrir hvaða sjúkdómstilvik þarf að greiða og hvaða þjónusta er veitt sjúklingum að kostnaðarlausu. Framfarirnar eiga að geta stóraukið hagkvæmnina í heilbrigðisþjónustunni en það verður að tryggja að ríkisvaldið, kaupandi þjónustunnar, og sjúklingar og almenningur allur njóti góðs af þeirri hagkvæmni.

Herra forseti. Undir lokin vil ég koma með innlegg í málflutning stjórnarandstöðunnar um það sem hún kallar auknar sjúklingaálögur. Ég vil vekja athygli á því að þótt komugjald til sérfræðinga hafi hækkað, sérstaklega það hámarksgjald sem sjúklingurinn þarf að greiða áður en hann fær afsláttarkort, þá hefur hlutfallsleg kostnaðarþátttaka sjúklinga í sérfræðilæknisþjónustu minnkað. En heildarkostnaður vegna sérfræðilækna hefur hækkað til mikilla muna. Hlutfallsleg skipting kostnaðar milli sjúklings og Tryggingastofnunar ríkisins vegna komu til sérfræðilækna var þannig árið 1996 að sjúklingur greiddi 45,1% en Tryggingastofnun 54,9%. Árið 2001 hafði þetta þróast þannig að sjúklingurinn greiddi 29,4% en Tryggingastofnun ríkisins 70,6%. Þannig hefur hlutur sjúklings í kostnaði vegna meðalkomu til sérfræðilækna hækkað um 7,55% á árunum 1996–2001 en á sama tíma hefur hlutur Tryggingastofnunar ríkisins í þessum kostnaði hækkað um 212%.

Herra forseti. Það er alltaf verið að tala um vandann í heilbrigðiskerfinu en ég vil fyrst og fremst líta á þetta sem viðfangsefni og leggja áherslu á að það eru mörg þarfari viðfangsefni sem við þurfum að ræða og vera tilbúin til að taka ákvörðun um en spurningin um hvert rekstrarformið skuli vera í kerfinu.

Mig langar að endingu, herra forseti, að vekja sérstaklega athygli á og fagna því sem fram kemur í fjárlagafrv., þ.e. hækkun lífeyris til ungra öryrkja. Fram kemur að um 1 milljarður kr. er ætlaður til að hækka grunnlífeyri öryrkja með tilliti til aldurs. Þar er komið til móts við fólk sem verður öryrkjar snemma á lífsleiðinni og á ekki sömu möguleika til eigna- og tekjumyndunar og aðrir sem verða öryrkjar seinna. Eins og okkur öllum er kunnugt er þetta í samræmi við samkomulag sem heilbrrh. gerði við Öryrkjabandalag Íslands í vor.

Hitt atriðið sem ég sé sérstaka ástæðu til að vekja athygli á eru stóraukin framlög til geðheilbrigðismála en framlög til aukinnar þjónustu við geðsjúka innan heilbrigðiskerfisins eru aukin um 227 millj. kr. í fjárlagafrv. Seint á næsta ári er ætlunin að taka í notkun nýja lokaða deild fyrir alvarlega geðsjúka. Auk þess er fjármagn veitt til að efla starfsemi Barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Rýmum verður fjölgað auk þess sem göngudeildarþjónustan verður bætt og einnig eru fjármunir veittir í aukna landsbyggðarþjónustu og heimaþjónustu Barna- og unglingageðdeildarinnar.

Innan heilsugæslunnar er einnig verið að auka þjónustu við geðsjúka með samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa. Teyminu er sérstaklega ætlað að efla þjónustu við börn og unglinga með geðræn vandamál og fjölskyldur þeirra. Ekki má gleyma því að á þessu ári tók til starfa innan Heilsugæslunnar í Reykjavík iðjuþjálfi sem hefur það hlutverk að vinna að endurhæfingu geðsjúkra. Það má einnig geta þess að fagteymi, skipuðu geðhjúkrunarfræðingum, verður komið á fót til að fylgja eftir alvarlega geðsjúkum einstaklingum á heimilum þeirra eftir útskrift af sjúkrahúsi. Því teymi er sérstaklega ætlað að vinna í samráði við Geðhjálp.

[18:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz, sem jafnframt er formaður heilbr.- og trn. og talsmaður Framsfl. í heilbrigðismálum, auk hæstv. ráðherra auðvitað, almenna hugvekju um heilbrigðismál. Hún fór fyrst og fremst yfir sviðið, sumpart út frá mórölskum forsendum og varpaði fram ýmsum spurningum, siðferðilegum og praktískum, sem þyrfti að leita svara við. En minna varð um svörin, því miður. Ég hygg að þeir sem hlýtt hafa á ræðu hv. þm. og eru ókunnir bakgrunni hennar hafi ætlað að ræðumaður kæmi úr hópi stjórnarandstæðinga því að hv. þm. fór yfir það að

almennt talað væru heilbrigðismál í þokkalegasta standi en ýmsu þyrfti að breyta og ýmislegt að laga.

Ég kem þá að kjarna málsins. Ég ætlaði eingöngu að horfa til þarfarinnar þar sem hún er brýnust, þar sem fólkið er flest, hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem 70% þjóðarinnar býr. Þannig er að flokkur hv. þm. hefur farið með stjórn heilbrigðismála síðustu átta árin. Á síðustu átta árum hefur verið bent á það, ítrekað og aftur, að hér brenni eldurinn heitast gagnvart öldruðum. Þeir eru hér hundruðum saman í biðröð í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. Hér brennur eldurinn heitast þegar kemur að heilsugæslumálum.

Það er eftirtektarvert að í fjárlagafrv. sem hér um ræðir er í báðum þessum málaflokkum horft út á land. Gott og vel, ekki ætla ég að gera lítið úr því. En það er á þessu svæði, m.a. í kjördæmi hv. þm., sem knýjandi þörf er á tafarlausum úrbótum í öldrunarmálum. Þær er ekki að finna í þessu fjárlagafrv. né heldur í heilsugæslumálum. Þar fór hv. þm. rangt með. Það er ekki gert ráð fyrir þremur nýjum heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Raunar er eingöngu gert ráð fyrir einni og að önnur taki til starfa í kjördæmi þingmannsins seint á næsta ári. Það er sem sagt ein og hálf heilsugæslustöð í þessu frv. Það er nú allt sem er fast í hendi *í þessum efnum.*

Það er ekki að undra að flokkur hv. þm. vilji skila þessu verkefni, heilsugæslustöðvum á landinu, í hendur sveitarfélaga þegar aðstæður eru eins og raun ber vitni.

[18:12]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála í fjárlagafrv. að það er gert ráð fyrir gífurlegri eflingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ég fer ekki dult með að það er brýn þörf á því og það hef ég og minn flokkur viðurkennt skammlaust. En íbúafjölgunin á höfuðborgarsvæðinu, sem m.a. hefur teygt anga sína til heimabæjar hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, hefur valdið því að menn hafa ekki haft undan. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu verði fjölgað um þrjár. Við erum að tala um fjárlagafrv. næsta árs. Hv. þm. er jafnkunnugt um það og mér hvaða heilsugæslustöðvar það eru, ein er í Kópavogi og tvær eru í Reykjavík. Er ekki enn ein í Hafnarfirði, ég man ekki betur? Þannig er jafnvel sú fjórða sem stendur til að reisa. Þær eru a.m.k. þrjár.

Hv. þm. er líka fullkunnugt um þá gífurlegu uppbyggingu sem gert er ráð fyrir í öldrunarþjónustu, þann fjölda hjúkrunarrýma sem á að bæta við.

Varðandi það að ég hafi talað eins og stjórnarandstæðingur úr þessum ræðustól þá er það fjarri lagi. Hins vegar má með réttu benda hv. þm. á að við værum ekki að leggja þessar háu fjárhæðir í þennan málaflokk ef ekki *væri full* þörf á því.

[18:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Líkt og í ræðu hv. þm. var sáralítið handfast í hennar svörum.

Ég hef hér, herra forseti, fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og fjmrh. fyrir komandi ár. Á borðum þingmanna og í höndum þeirra sumra er að finna brtt. frá meiri hluta fjárln. Þar er ekki um að ræða sérstakt átak í heilsugæslumálum, því fer fjarri ef menn skoða stærðirnar. Ég fór yfir það sem í frv. stendur. Í því stendur að það eigi að hefja rekstur á einni heilsugæslustöð í upphafi næsta árs, í Salahverfi í Kópavogi, og síðan í Voga- og Heimahverfi í september, október á næsta ári. Punktur. Basta.

Af því að hv. þm. missti út úr sér, spurði um það og velti því upp af því að ég kem úr Hafnarfirði, að þar eigi einnig að kaupa eða leigja húsnæði undir útibú eða nýja heilsugæslu, þá vil ég upplýsa hv. þm., hafi hún ekki um það vitneskju, að það er búið að lofa slíkri auglýsingu frá því í upphafi þessa árs. Í þessu frv. er ekki ein einasta króna ætluð í rekstur þeirrar heilsugæslu. Þetta er auðvitað moðsuða og tal um ekki neitt.

Þegar menn skoða veruleikann og tölurnar sem að baki liggja þá er Framsfl. ekkert að gera af viti í heilsugæslumálum þjóðarinnar. Hæstv. ráðherra kom til skjalanna fyrir tveimur eða þremur árum og byrjaði á að lýsa því yfir á Bessastöðum að fyrsta verkefni hans yrði að skjóta stoðum undir heilsugæsluna í landinu. Því miður hefur honum ekki áunnist neitt í því þegar kemur að hinum stóru verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Það er veruleiki hlutanna. Þess vegna er sárgrætilegt en skiljanlegt samt að nú vilji Framsfl. skila þessu verkefni heim í hérað og láta sveitarstjórnum það eftir að gera þetta af einhverju viti.

[18:16]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætla má af ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að ekkert hafi verið gert af viti í heilbrigðismálum frá því að hv. þm. gegndi þar starfi á sínum tíma. En ef hann opnar aðeins augun þá sér hann að fjölmargt hefur verið gert og fjölmargt til bóta og það veit hv. þm. líka.

Ég ætla að fá að leiðrétta orð hv. þm. og taka það fram að rekstrarframlög til heilsugæslunnar og heilbrigðisstofnana hækka um 440 millj. kr. í þessu frv. og á þessu ári. Það er áætlað í frv. að þrjár nýjar heilsugæslustöðvar hefji starfsemi sína á árinu, í Salahverfinu og fyrir lok árs 2004, ný heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi og ný stöð í Hafnarfirði. Það er líka gert ráð fyrir að hún taki til (Gripið fram í.) starfa. *Varðandi uppbyggingu öldrunarþjónustunnar sem hv. þm.* hefur líka hátt um að ekki sé verið að leggja út í núna og eigi ekki að gera stórtækt átak í þá vil ég leggja áherslu á að í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og eldri borgara er verið að veita milljarð í áframhaldandi uppbyggingu hennar. Þar af eru rúmlega 500 millj. kr. til reksturs nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma og tæplega 500 millj. kr. er veitt til stofnkostnaðar nýrra hjúkrunar- og dagvistarrými. Um þetta er hv. þm. fullkunnugt og þessa sér glögglega merki í fjárlagagerðinni og fjárlagafrv.

[18:17]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég hafði hugsað mér að gera í ræðu *minni grein fyrir breytingartillögum Samfylkingarinnar*, 1. minni hluta fjárln., við fram komið fjárlagafrv. nú við 2. umr. En vegna þeirra tíðinda sem hér hafa orðið neyðist ég til þess að hefja mál mitt á nokkurri umfjöllun um þær fréttir sem okkur hafa verið færðar í þessari umræðu og standa mér nokkuð nærri. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að vera hér viðstaddur ræðu mína.

Eins og virðulegur forseti veit hef ég úr þessum ræðustól mært hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórnina fyrir það framtak þeirra að gera sérstakan samning við Öryrkjabandalag Íslands um að tvöfalda tekjutryggingu ungra öryrkja. Ég átti ekki von á öðru en að sá samningur héldi og þau orð og þær heitstrengingar sem uppi voru hafðar í tengslum við þann

samning af hálfu hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarflokkanna beggja í aðdraganda síðustu kosninga mundu standa.

Þegar yfirlýsingin var gerð lá fyrir að kostnaður við samninginn yrði rúmur milljarður. Hann var á vettvangi Öryrkjabandalagsins þá í mars sl. talinn liggja á bilinu 1.200–1.400 millj. eftir útfærslum. En þegar ég kom til þings í haust bárust mér þær fréttir að eftir þá skoðun sem verið hefði í starfshópi nú í sumar þá væri sá kostnaður nær 1.500 millj. Við í Samfylkingunni gerðum ekki ráð fyrir neinu öðru en við sæjum þessa tölu í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar, ef ekki nú við 2. umr. þá augljóslega við 3. umr. því að við gerðum ekki ráð fyrir því að við þyrftum að taka það að okkur að efna á Alþingi loforð ríkisstjórnarinnar heldur væri hún einfær um það.

Það er rangt sem fram kemur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að samkomulagið hafi verið um 1 milljarð kr. Það var sagt að kostnaður við verkefnið gæti verið um 1.000 millj. eða rúmlega 1.000 millj. En samkomulagið var um tvöföldun tekjutryggingar. Það hefur komið hér mjög skýrt og greinilega fram hjá hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni að hann hafi ekki heimildir til þess að efna þessi áform og að hinn 1. janúar næstkomandi geti hann ekki efnt heitstrengingar Framsfl. og Sjálfstfl. um að bæta fyrir þá miklu tekjuskerðingu öryrkja sem þessir tveir flokkar beittu sér fyrir á árunum 1995–2003, að þær miklu heitstrengingar geti hann ekki efnt hinn 1. janúar næstkomandi eins og lofað var heldur verði að áfangaskipta efndunum, vifðulegur forseti, það verði að áfangaskipta efndum á samkomulaginu við Öryrkjabandalagið. En, virðulegur forseti, það verður að benda hæstv. heilbrrh. á að maður áfangaskiptir ekki æru sinni. Undir þessu samkomulagi eru of miklar heitstrengingar, of miklar yfirlýsingar til þess að menn geti áfangaskipt æru sinni. Það þýðir ekki að áfangaskipta efndum á stærsta kosningaloforði Framsfl. Það þýðir ekki að áfangaskipta þeim efndum, hæstv. heilbrrh. En ég skil það sem svo þegar hæstv. heilbrrh. segir að hann hafi ekki heimildir til að efna þetta samkomulag að hæstv. fjmrh. og hv. þm. Sjálfstfl. og varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, neiti ráðherra Framsfl. um heimildir til að efna þetta samkomulag. Það er þá betra að hæstv. ráðherra staðfesti það hér í ræðustólnum að svo sé ef svo er.

Virðulegur forseti. Við hljótum að benda á að hæstv. heilbrrh. hefur enga heimild til að ganga á bak orða sinna. Ef hann telur sig skorta fjárheimildir til þess að efna samkomulagið við Öryrkjabandalag Íslands í einum áfanga hinn 1. janúar næstkomandi eins og lofað var en ekki að fresta efndunum fram í framtíðina þá verður hann náttúrlega bara innan síns ráðuneytis að finna þá fjármuni.

Virðulegur forseti. Það hefur viljað brenna við þegar hæstv. heilbrrh. á erindi í ræðustólinn í þinginu að hann kyrji hinn gamla söng: „Ég er á leiðinni.“ Og þegar hann er inntur eftir efndum á hinum og þessum fyrirheitum svo sem eins og í geðheilbrigðismálunum þá eru þau jafnan á leiðinni. Það er alveg augljóst að hér hefur þingheimur sýnt hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni óvenjumikla biðlund, kannski ekki síst fyrir það að hann er bara, svo að maður segi það bara á íslensku, óvenjulega elskuleg manneskja. En þeirri biðlund, virðulegur forseti, eru takmörk sett. Heitstrengingar um tvöföldun tekjutryggingar ungra öryrkja eru loforð við þá sem ekki má í þessum ræðustóli svíkja né í því fjárlagafrv. sem hér er fram komið. Ég kalla eftir því að frv. það sem hæstv. ráðherra hefur boðað að sé á leiðinni um áfangaskiptar efndir á æru manna komi fram hið fyrsta og ekki síðar en fyrir 3. umr. fjárlaga þannig að menn geti séð hvernig á að áfangaskipta æru hæstv. heilbrrh. fyrst hann fær ekki heimildir til þess frá fjmrh. og væntanlega varaformanni fjárln. til þess að efna orð sín.

Virðulegur forseti. Nú er mér kunnugt um að hæstv. heilbrrh. er tímabundinn vegna annarra skuldbindinga. Ég vildi þess vegna gefa kost á því ef virðulegur forseti leyfir að ráðherra geti verið til andsvara við ræðu mína nú, en ég fengi að halda henni áfram að því loknu, ef forseti telur að á því færi að þingsköpum.

(**Forseti** (BÁ): Að mati forseta er ekki heimild til slíks heldur verður um það að ræða að hv. þm. ljúki máli sínu og hæstv. heilbrrh. hefur þá færi á að taka til andsvara.)

Þá vil ég, virðulegur forseti, fá að ljúka ræðu minni og gera þá grein fyrir breytingartillögum Samfylkingarinnar við það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Ég vil því biðja hæstv. heilbrrh. um að hafa biðlund með mér, en það mun taka nokkra stund að gera grein fyrir þeim tillögum.

Þær tillögur sem Samfylkingin leggur fram snúast um að hreyfa til um það bil 7,5 milljörðum í þessu fjárlagafrv. og þegar horft er á umfang fjárlagafrv. þá eru það auðvitað ekki stórar breytingar eða innan við 3%. Þær eru heldur ekki á neinn hátt tæmandi listi yfir þær breytingar sem Samfylkingin vildi sjá á þessu frv. heldur fyrst og fremst táknrænar áherslur Samfylkingarinnar nú við 2. umr. og eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans er enn opið í 3. umr. fyrir breytingartillögur á alla liði frv. Nú kann að vera að við þennan lista bætist nokkuð á milli umræðna, en eins og fram hefur komið í umræðunni hefur mikið skort á að við í fjárln. fengjum fram þær upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu sem óskað hefur verið eftir og það hefur kannski ekki síst valdið þar nokkru um að gera mönnum erfitt um tillögugerðina.

Af þeim tillögum sem hér eru fram settar hygg ég að mest nýmæli felist í heimildarákvæði, en þar leggur Samfylkingin til að veitt verði heimild til þess að selja eignarhluta íslenska ríkisins í Hitaveitu Suðunesja hf. Þar er um að ræða eignarhluta upp á 1.133 millj. 356 þús. að nafnvirði, en ætla má að markaðsvirði hlutarins sem er 15,3% af Hitaveitu Suðurnesja hf. sé ekki undir 1.650 millj. kr. — það er 15% af eigin fé fyrirtækisins. Það nemur nú um 11,3 milljörðum — en trúlega nær 2 milljörðum og jafnvel ívið betur. Tillaga okkar í Samfylkingunni er að söluandvirði þessa eignarhluta ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, um það bil 2 milljörðum kr., þ.e. að þeim tekjum verði varið til atvinnuuppbyggingar á Suðunesjum. Samfylkingin leggur þunga áherslu á þau vandkvæði sem eru uppi á Suðurnesjum í atvinnumálum vegna þeirrar vanrækslu sem hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt við að fást við þau verkefni sem á Suðurnesjunum blasa við vegna sífellds, viðvarandi og vaxandi samdráttar á vegum bandaríska hersins á Miðnesheiði. Þar eru veruleg verkefni fyrir okkur til að takast á við. Þess vegna leggur Samfylkingin til að eignarhlutur íslenska ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja verði seldur á næsta ári og tekjum af því varið með þessum hætti til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Að öðru leyti skiptast tillögur okkar fyrst og fremst í tvo hluta. Liðlega helmingurinn lýtur þannig að skattalækkunum upp á um 2,9 milljarða og ætlum við þar að reyna að efna nokkuð fyrirheit Sjálfstfl. og Framsfl. í þeim efnum, en eins og kunnugt er eru skattahækkanir í frv. eins og það liggur fyrir þvert ofan í það sem menn lofuðu fyrir kosningar í maí.

Hinn hlutinn, tæplega helmingur, felst síðan í tillögum um að styrkja nokkrar samfélagsstofnanir á sviði félags- og menntamála og að leggja í bætur til þeirra sem lifa þurfa við bæturnar einvörðungu. Þær tillögur sem lúta að skattalækkunum snúa að því að falla frá 600 millj. kr. hækkun á bensíngjaldi sem lögð er til í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og hér liggur fyrir og hefur hlotið sérstaka umfjöllun í þinginu. Sömuleiðis er lagt til að fallið verði frá 400 millj. kr. hækkun á þungaskatti en það höfum við einnig fjallað ítarlega um í þinginu og það mikla ranglæti sem í þeim skatti er, einkanlega gagnvart landsbyggðinni.

Þá leggjum við til að fallið verði frá 600 millj. kr. skerðingu á vaxtabótum en þá tillögu ríkisstjórnarinnar höfum við gagnrýnt sérstaklega hart vegna þess að sú aðgerð beinist gegn þeim er síst skyldi. Hún beinist að skuldsettu ungu fjölskyldufólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið og hefur reiknað ákveðnar forsendur fyrir því að það megi takast áfallalaust. Við teljum að það sé vítavert í raun að raska með þessum hætti forsendum sem unga fólkið í landinu hefur sett sér fyrir húsnæðiskaupum sínum. Ekki nóg með það, við teljum að eins og þessi tillaga er sett fram sé verið að raska *forsendum yfirstandandi árs, forsendum ársins 2003*, vegna þess að vaxtabætur þær sem greiða á á komandi ári, árinu 2004, eru vaxtabætur vegna vaxta á yfirstandandi ári. Það er hæpið að það standist að með afturvirkum hætti breyti menn forsendum unga fólksins sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, og þess vegna standist málið yfir höfuð vart hina formlegu hlið.

Loks er til að taka lækkun á virðisaukaskatti sem nemur um 1,3 milljörðum kr. en hún er afleidd af þeirri tillögu okkar í Samf. að helminga virðisaukaskattinn á matvöruna. Árlegur kostnaður við það er talinn vera tæplega 4 milljarðar kr. og við gerum ráð fyrir því að það gæti komið til framkvæmda á hausti komanda, þá frá 1. sept. nk., og tekjutap ríkissjóðs yrði í samræmi við það 1.300 millj. kr. Þarna höfum við sem sagt tillögur Samf. um skattalækkanir frá frv. ríkisstjórnarinnar en þær nema nákvæmlega 2,9 milljörðum kr.

Virðulegur forseti verður að fyrirgefa þeim sem hér stendur að ég hef því miður ekki fengið þskj. 427 sem hefur að geyma brtt. Samf. á tölvutæku formi og hef því ekki getað lært fjárlaganúmerin sem fylgja hverjum lið en ég lofa virðulegum forseta að vera búinn að læra öll fjárlaganúmerin utan bókar á næsta haustþingi svo að þetta hendi mig ekki aftur. *En þau númer sem ég kann skal ég reyna að hafa yfir.*

Þá er komið að þeim liðum sem lúta að því að bæta kjör hinna verst settu. Þar höfum við eins og fyrr greinir ekki gert ráð fyrir því að við þyrftum að uppfylla samning ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalagið en þurfum þá greinilega að huga að því milli 2. og 3. umr. Við höfum hins vegar gert ráð fyrir því að það eigi að hækka bætur til ellilífeyrisþega í samræmi við þróun launavísitölu en ekki í samræmi við þróun verðlags á næsta ári. Við teljum að með því að hækka bætur ellilífeyrisþega aðeins eftir verðlagsþróun en ekki eftir þróun launavísitölu dragist ellilífeyrisþegar smátt og smátt aftur úr öðrum hópum í samfélaginu, og það sé einmitt sá vandi sem við höfum verið að horfast í augu við í lífeyriskerfinu, að langvarandi, hægfara samdráttur í lífeyrisgreiðslum til þessara hópa, með því að láta bætur aðeins fylgja verðlagi en ekki launavísitölu, hafi skapað þar vanda sem sé meiri en boðlegt er. Kostnaður við að láta bætur ellilífeyrisþega fylgja þannig launavísitölu er um 320 millj. kr. og kæmi undir lið 08-204.

Sömu aðgerð leggjum við til hvað varðar örorkulífeyrisþega, þ.e. að örorkubætur þeirra fylgi launavísitölunni en ekki verðlagsþróuninni, og er kostnaður við það 280 millj. kr. á næsta ári og fellur undir sama lið, 08-204.

Þá viljum við horfa sérstaklega á þátt atvinnuleysisbótanna. Þar leggjum við til að fallið verði frá hinum fyrirhugaða sparnaði ríkisstjórnarinnar upp á 100 millj. kr. við það að tekinn verði upp sérstakur þriggja daga biðtími enda er í raun fráleitt, virðulegur forseti, að spara á atvinnulausum í ljósi þess hvernig kjör þeirra hafa þróast á undangengnum árum. Atvinnuleysisbætur í landinu hafa aðeins fylgt verðlagsþróun en ekki launaþróun frá því að þessi ríkisstjórn tók við, og ekki einu sinni það því að sú ríkisstjórn sem nú situr, ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., var svo rausnarleg, ef við getum notað það orð, virðulegur forseti, að afnema desemberuppbótina á atvinnuleysisbæturnar árið 1996 þannig að sennilega hafa þær ekki einu sinni fylgt verðlagi þennan tíma. Við leggjum sem sagt til að fallið verði frá þriggja daga biðtíma og því að spara sérstaklega á atvinnulausum og gerum ráð fyrir að við það falli til kostnaður upp á 100 millj. kr. á næsta ári. Við leggjum sömuleiðis til að ráðist verði í að setja aftur upp desemberuppbótina til að létta atvinnulausum róðurinn í sjálfum jólamánuðinum og kostnaður við það er 100 millj. kr. Sambærilegan stuðning fá lífeyrisþegar sem eru hjá Tryggingastofnun og jafnvel þeir sem eru á neyðaraðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík fá þó nokkra jólauppbót. Það er óskiljanlegt hvernig Framsfl. og Sjálfstfl. datt í hug að hirða jólauppbótina af þeim hópi sem verst er settur í samfélaginu, atvinnulausum.

Sömuleiðis leggjum við til um atvinnulausa að þar fylgi bæturnar einnig launavísitölunni en ekki verðlagsþróun. Við áætlum að kostnaðurinn við það sé um 200 millj. kr. Við teljum, virðulegur forseti, mikilvægt á þessu kjörtímabili að menn gefi kjörum atvinnulausra sérstaklega gaum því að þeir hafa dregist það mikið aftur úr á undanförnum árum að það er full ástæða til að skoða alvarlega hvort þau löku kjör sem atvinnulausum eru boðin hafi leitt til þess að þeir sækist í auknum mæli eftir örorkumati og varanlegum opinberum fjárstuðningi. Þó að örorkubæturnar séu ekki háar, 93–94 þús. kr. á mánuði, eru þær þó 15–16 þús. kr. hærri en atvinnuleysisbæturnar. Það kann að vera hluti af skýringunni á hinni miklu fjölgun öryrkja á undangengnum árum. Þarna eru samanlagt, virðulegur forseti, um 400 millj. kr. á lið 07-984.

Að síðustu er það liður 08-206, en þar eru hjálpartæki. Þar hefur ríkisstjórnin gert ráð fyrir að skerða bifreiðastyrki til öryrkja um 150 millj. Það er ástæða til að nefna í því sambandi, virðulegur forseti, að á fjáraukalögunum sem hér liggja fyrir er hæstv. ríkisstjórn að fara fram á 18 millj. kr. aukafjárveitingu til að geta endurnýjað ráðherrabílana sína hraðar en ætlað var. Á sama tíma leggja þeir til að skera niður bifreiðastyrki til öryrkja um 150 millj. og breyta reglum þannig að öryrkjar fái ekki að endurnýja bifreiðir á þriggja ára fresti heldur að ég hygg sex ára fresti. Það sýnir um margt forgangsröðunina og smekkvísina hjá hæstv. ríkisstjórn að á sama tíma og hún kallar á aukafjárveitingar til að endurnýja ráðherrabílana hraðar ætlar hún að láta öryrkjana bíða nokkrum árum lengur með að fá að endurnýja bifreiðarnar sínar.

Þessi fjárlagaliður, 08-206, var á sínum tíma niðurfelling á vörugjöldum og opinberum gjöldum af bifreiðum. Það er þess vegna alveg ljóst að á móti þessum kostnaði koma

tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum og virðisaukaskatti af þeim sömu bifreiðum og öryrkjarnir eru að endurnýja. Við teljum varlegt að áætla að 150 millj. kr. styrkir til bifreiðakaupa, til að mynda 600 styrkir upp á 250 þús. kr., geti leitt til aukins innflutnings sem nemi um 100 bifreiðum, eða 15%, og skili um 50 millj. kr. í vörugjöld annars vegar og 50 millj. kr. í virðisaukaskatt hins vegar og þess vegna sé í raun nettókostnaður við að falla frá þessum niðurskurðaráformum hæstv. ríkisstjórnarinnar — sem ekur um á nýju bílunum sínum — aðeins um 50 millj. kr. En þarna er sem sagt gerð grein fyrir um 1.150 millj. sem lúta að kjörum öryrkja, ellilífeyrisþega og atvinnulausra.

Þá að eflingu samfélagsþjónustunnar. Þar höfum við kosið að leggja þungann í áherslum okkar á stöðu háskólastigsins í landinu. Við teljum að við megum nokkuð vel við una framlög til grunnskólastigsins og að framhaldsskólastigið njóti að mestu leyti viðunandi framlaga þó að þar séu ýmis atriði sem við höfum bent á að leiðrétta þurfi en fyrst og fremst þurfi að efla háskólastigið. Við lýsum verulegum áhyggjum, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson lýsti hér fyrr í umræðunni, yfir því ef Háskóli Íslands stendur frammi fyrir því að þurfa að neita 900 nemendum um inngöngu í haust. Við leggjum því til fjáraukningu á lið 02-201 Háskóli Íslands upp á 740 millj. kr. og með sama rökstuðningi á lið 02-210 Háskólinn á Akureyri 140 millj. kr. og lið 02-215 Kennaraháskóli Íslands 190 millj. kr. Við munum af sömu ástæðum milli 2. og 3. umr. fara sérstaklega yfir framlög til Tækniháskóla Íslands og gera viðeigandi tillögur í því sambandi við 3. umr. með vísan til áherslna Samf. á eflingu verk- og tækináms.

Þá er gerð tillaga um 200 millj. kr. aukningu á liðinn 08-500 og það er til eflingar heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Álit Samf. er að mjög verulega þurfi að efla grunnþjónustuna í heilbrigðiskerfinu, hina almennu heilsugæslu, og mæta þeim þúsundum í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum, ekki síst Hafnarfirði, sem eru án viðunandi þjónustu á þessu sviði. Við teljum að með því að efla heilsugæsluna munum við til lengri tíma spara í hinni dýrari heilbrigðisþjónustu, í hátæknisjúkrahúsunum, og þess vegna sé hér um að ræða fjárfestingu til framtíðar.

Að þessum þáttum slepptum eru síðan gerðar tvær tillögur sem lúta að því að efla eftirlitsstofnanir samfélagsins. Önnur þeirra snýr að fjárlagalið 09-250, sem er innheimta ríkistekna, og felst í því að við verjum 200 millj. kr. meira til skatteftirlits. Reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir svo að ekki verður um villst að það er ráðstöfun fjármuna sem skilar sér sannarlega margfalt til baka. Við gerum raunar ráð fyrir í tekjutillögum okkar að skila verulegum tekjum þeim megin. Eru þær tölur að mestu byggðar á reynslutölum annarra þjóða.

Sömuleiðis er gerð tillaga um eflingu Samkeppnisstofnunar, það er lið 12-902, um að þar verði varið 30 millj. kr. til að efla starfsemi Samkeppnisstofnunar. Við vekjum sérstaklega athygli á því að bæði hefur Samkeppnisstofnun ávallt verið innan heimilda fjárlaga og eins hinu að því miður hefur verið gerð hagræðingarkrafa á Samkeppnisstofnun á hverju ári frá því að hún hóf starfsemi. Þegar við skoðum starfssvið Samkeppnisstofnunar er alveg ljóst að það og verkefni hennar fara sífellt vaxandi og við teljum því óeðlilegt að þrengt sé ár frá ári að starfsemi stofnunarinnar með hagræðingarkröfu. Sú uppsafnaða hagræðingarkrafa ein er orðin um 20 millj. í ársfjárveitingum Samkeppnisstofnunar og vegna þess að stofnunin hefur lagt ríka áherslu á að vera innan heimilda fjárlaga, ólíkt ýmsum öðrum stofnunum ríkisins, leggjum við áherslu á að sú frammistaða verði virt og verkefni stofnunarinnar með þessari fjárveitingu.

Á tekjuhlið frv. gerum við síðan ráð fyrir 600 millj. kr. betri skilum á tekjuskatti í ljósi þess sem ég hef áður sagt um eflingu skatteftirlitsins. Sömuleiðis er gert ráð fyrir 1.550 millj. kr. hærri tekjum í virðisaukaskattinum, bæði með vísan til bifreiðastyrkjanna, til vanáætlunar að hluta en jafnframt til aukningar eftirlitsins.

Þá er að finna nokkrar tillögur um sparnað í rekstri ríkisins. Þar sjáum við 600 millj. kr. niðurskurð á almennum verkefnum ráðuneytanna. Þar er jafnframt lagt til að frestað verði eða fallið frá því að heimila yfirfærslur á afgangi frá yfirstandandi ári upp á 500 millj. kr. Sömuleiðis er gerð tillaga um niðurskurð á ferða- og risnukostnaði upp á 600 millj. kr., en nýleg úttekt sýnir okkur að sá liður er orðinn 2,8 milljarðar kr. í rekstri ríkisins og var ferðakostnaðurinn að vaxa um 9% á síðasta ári og risnukostnaðurinn um 13% eða verulega umfram verðlagsþróun. Þannig hefur það verið núna ár frá ári í mörg ár að þessir kostnaðarliðir, ferðakostnaðurinn og risnukostnaðurinn, hafa verið að hækka umtalsvert umfram almenna verðlagsþróun. Við teljum að það sé verulegt borð fyrir báru í þessum liðum auk þess sem Ríkisendurskoðun hefur vakið athygli fjárlaganefndarmanna á því í heimsókn til hennar að ferðalög, einkum forstöðumanna ríkisstofnana, séu í ýmsum tilfellum orðin óhófleg og sú mikla fjarvist sem þeim hefur fylgt farin að koma niður á starfsemi stofnananna.

Þá er gerð tillaga um frestun liða á framkvæmdum er varða viðhald og stofnkostnað upp á 325 millj. kr. og að síðustu er tillaga um niðurskurð á aðkeyptri sérfræðiaðstoð upp á 1.300 millj. kr. Í því sambandi er vert að benda á að árið 2000 gerði Ríkisendurskoðun sérstaka úttekt á aðkeyptri ráðgjöf hjá ríkinu og gerði verulegar athugasemdir við þann mikla vöxt sem verið hafði í útgjöldunum þá næstu fimm ár á undan. Frá árinu 1994–1999 óx þessi kostnaður úr 1,1 milljarði, 1.100 millj. kr. í 2.004 millj. árið 1999 og sætti gagnrýni Ríkisendurskoðunar árið 2000, en það hefur augljóslega ekki verið brugðist við þeirri gagnrýni sem þar var sett fram af hálfu Ríkisendurskoðunar því frá árinu 1999 hafa þessar 2.004 millj. vaxið í hvorki meira né minna en 4.048 millj. Við teljum, virðulegi forseti, að þarna sé verulegt borð fyrir báru og full ástæða til að skera þar niður um 1.300 millj. og færast þá nær þeim kostnaði sem var þegar Ríkisendurskoðun gagnrýndi hann sem harðast.

Þá hef ég, virðulegi forseti, gert grein fyrir helstu atriðum í brtt. þeim sem Samfylkingin flytur nú við 2. umr. en árétta að hér er fyrst og fremst um að ræða áherslur Samfylkingarinnar og við kunnum að koma fram með frekari brtt. við 3. umr. Og ég verð að leyfa mér, virðulegur forseti, að afturkalla eina brtt. sem er að finna á þskj. 427 því að hún virðist hafa lent á röngum lið, þ.e. 25 millj. kr. til átaks í hrossarækt. Stafar það af ónógum upplýsingum og villandi við vinnslu tillagnanna sem aftur minnir mig á aðrar tillögur sem er að finna á þskj. 427 en það eru einar þrjár millifærslutillögur. Sú fyrsta sem þetta minnti mig einmitt á er tillagan um 10 millj. kr. til hagdeildar Alþingis. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að þingið fái sjálfstæða hagdeild til þess að aðstoða þingmenn við tillögugerð og upplýsingaöflun, sérstaklega í ljósi þess hve illa hefur gengið að kalla eftir upplýsingum í fjárln. þetta haustið, sýnu verr en nokkru sinni fyrr, ef ég skil samnefndarmenn mína rétt. Við gerum hins vegar ekki ráð fyrir því að hagdeildin sé útgjaldaauki heldur sé hún einfaldlega milli-

færð af liðnum efnahagsrannsóknir, en hann er í dag vistaður hjá forsrn. Sömuleiðis er gert ráð fyrir 100 millj. kr. ráðstöfun úr samgöngumálum sem er millifærsla. Þar er verið að gera ráð fyrir því að þeim 100 millj. sé sérstaklega varið í að ráðast að svörtum blettum í umferðinni. Við höfum á síðustu dögum fylgst með fréttum af þeim gríðarlega árangri sem náðst hefur í Reykjavík á undanförnum 10 árum í baráttunni við alvarleg umferðarslys. Þeim hefur fækkað umtalsvert með markvissum aðgerðum og markvissri fjárfestingu í því sem við köllum svarta bletti, þá staði í umferðarkerfinu í borginni þar sem alvarleg slys verða. Með sama hætti getum við með skipulegum hætti tekist á við ýmis vandamál í þjóðvegakerfinu og bætt þar árangur okkar verulega því að því miður hefur alvarlegum slysum utan höfuðborgarsvæðisins ekki fækkað með sama hætti og tekist hefur í höfuðborginni með markvissum aðgerðum. Að síðustu er lítil millifærsla, 5 millj. kr., um kortlagningu á náttúrufarsrannsóknum en það er, virðulegur forseti, sameiginleg tillaga meiri og minni hluta umhvn. um mikilvægt verkefni, að því er þeim fannst, á næsta ári og við töldum eðlilegt að orðið yrði við og ráðstafað af safnlið í þennan þátt.

Þá vil ég, virðulegur forseti, víkja aðeins nokkrum orðum að brtt. meiri hluta fjárln. og kannski ekki síst sem nýliði í þinginu. Hér er við 2. umr. fjárlaga fjallað um brtt. meiri hluta fjárln. upp á 567,7 millj. kr. og snýr að verulegu leyti gagnvart alls kyns smáerindum sem borist hafa nefndinni en eru sem sagt tillögur meiri hluta nefndarinnar um aukningar á útgjöldum við þessa umræðu. Eftir að hafa fylgst með því hvernig þessi útdeiling meiri hluta fjárln. á fjármunum gengur fyrir sig, þá kallaði ég eftir því að hún yrði greind með þeim hætti að við fengjum um það upplýsingar hvernig þessi tillaga meiri hluta fjárln. skiptist eftir kjördæmum. Nú er til þess að líta að ýmislegt af þeim umsóknum sem undir hafa verið eru í Reykjavík eðli máls samkvæmt vegna þess að þær ná yfir landið allt en eru staðsettar hér, en af þessum 567,7 millj. runnu 300 millj. til aðila sem eru skráðir hér en oftlega auðvitað til starfsemi sem nær til landsins alls.

Þegar brotið er upp á milli hinna fjögurra kjördæmanna, þ.e. Suðvest., Norðvest., Norðaust. og Suðurk., þá koma athyglisverðar tölur í ljós. Af þeim 267,7 millj. kr. sem til ráðstöfunar eru af þessum brtt. meiri hluta fjárln. renna 2 millj. kr. til Suðvest. eða 0,7%. Þar búa liðlega 67 þúsund Íslendingar og brtt. meiri hluta fjárln. lýtur því að því sem næst 29,70 kr. á hvern íbúa. Þegar komið er í Suðurk., þá er um að ræða fjárveitingar upp á 41 millj. kr. en þar eru íbúar um 40 þúsund rétt liðlega eða um 1.010 kr. á hvern íbúa. Þegar komið er í Norðaust. er um að ræða 62,4 millj. kr. í fjárveitingar, þ.e. 23,3% af þeim fjárveitingum sem hér um ræðir, og mér telst til að séu um 1.658 kr. á hvern íbúa sem eru tæplega 40 þús. í Norðaust. Þegar svo er komið í Norðvest., og það er ástæða til að vekja athygli á því að hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður fjárln. eru báðir einmitt úr því kjördæmi, Norðvest., þá er af þessum 267,7 millj. varið 162,3 millj. í því kjördæmi eða 60% rétt liðlega af því sem til ráðstöfunar var. Þar eru íbúar um 30 þúsund og fjárveiting á hvern íbúa þá rétt um 5.377 kr. samanborið við 1.010 kr. í Suðurk. og 29,70 kr. í Suðvest.

Ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti, hvernig á þessu mikla misræmi standi og satt að segja hvort það sé viðeigandi að hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður fjárln. sigli með ríkissjóð um hvern vog og hverja vík í sínu eigin kjördæmi eins og þetta best sýnir.

[18:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar gerði að umtalsefni samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands. Ég vil taka það fram og vísa á bug öllum ásökunum um svik í þessu efni því að mergurinn málsins í þessu samkomulagi var að taka upp aldurstengdar örorkubætur sem er alger kerfisbreyting og tímamót. Það verður gert núna um áramótin og það verður lagt fram frv. núna á næstu dögum um það og þeim milljarði sem er í frv. verður varið til þess að taka upp þessar aldurstengdu örorkubætur. *Hins vegar er útlit fyrir að við náum* ekki markinu um að allt að tvöfalda bæturnar eins og hjá yngstu öryrkjunum, við náum því ekki í einum áfanga en við erum staðráðin í að gera það og við munum ganga þannig frá frv. að það markmið verði þar inni þannig að ég vísa öllum ásökunum um svik í þessu efni á bug því ég legg allt kapp á það að efna þetta samkomulag. Og meginþátturinn í því var að breyta um kerfi og það er milljarður í frv. til að breyta um þetta kerfi, og síðan verðum við að taka annað skref. Þess vegna vil ég taka þetta fram sérstaklega núna.

Ég vil einnig taka það fram varðandi hjálpartækin og bílana að reglugerð um bílana var rýmkuð á árinu sem hleypti útgjöldunum upp um nokkur hundruð millj. Það er útlit fyrir að þau verði 500 millj. á þessu ári. Við munum fara yfir það á næsta ári hvort þetta er toppur og hvort þetta fari yfir. Það munum við fara yfir þegar reynsla kemur á þessa breytingu.

[18:58]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrrh., á undanförnum átta árum hafið þið fyrir löngu síðan sparað þessar þúsund millj. á lífeyrisþegum. Það sem þið lofuðuð var tvöföldun á tekjutryggingu ungra öryrkja og það er alveg skýrt hvað hæstv. ráðherra hefur sagt í dag. Hann hefur sagt að hann geti ekki efnt samkomulagið frá 25. mars sl., hann verði að áfangaskipta því vegna þess að hann hafi ekki heimildir í fyrirliggjandi frv. til þess að efna það. En í kosningabaráttunni talaði enginn um að áfangaskipta efndunum. Þá krossaði hæstv. heilbrrh. sig og lofaði mönnum efndum á þessu samkomulagi hinn 1. janúar nk. og hæstv. heilbrrh. getur ekki áfangaskipt æru sinni.

[18:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu. Það sem rætt var um í kosningabaráttunni var að aldurstengja örorkubætur, verja til þess 1 milljarði kr., það var það sem um var rætt, en síðan hefur komið í ljós við nánari útfærslu að það eru líkur á því að þetta muni verða meiri upphæðir ef við eigum að ná markinu um að „allt að tvöfalda“ eins og stendur í samkomulaginu. Ég tel að við þurfum að efna þetta samkomulag og við þurfum eins og það er orðað „allt að tvöfalda“ þessar bætur og helst þurfum við að tvöfalda þær og að því erum við að vinna.

Varðandi heimildir þá er þetta inni í frv. Frv. er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og á mína ábyrgð og ég er ekki að kalla neina aðra til ábyrgðar um það. Það sem stendur í frv. er á mína ábyrgð enda stend ég til svara fyrir það og ég er ekki að kasta þeirri ábyrgð yfir á neinn annan. Þess vegna segi ég sem heilbr.- og trmrh. að ég mun kappkosta að efna þetta samkomulag þó að ég geti ekki í krónum og aurum allt að

tvöfaldað bæturnar 1. janúar en það er einboðið að festa það inn í lagabreytingarnar að þetta verði gert.

[19:02]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. lýsir því yfir að hann muni festa það inni í frv. sem hann hyggst leggja fram hvenær hann ætli að efna loforðið. En það kemur alveg skýrt fram hjá ráðherranum að það líti út fyrir að það muni kosta meira en ætlað var að efna loforðið og hann hafi ekki heimildir til að gera það 1. janúar. Ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti, úr því að mennirnir geta ekki efnt orð sín frá því nú í vor um efndir 1. janúar, er þá ástæða til að ætla að einhver fyrirheit núna, jafnvel þó að í frv. væru, um efndir einhvern tíma síðar meir verði eitthvað frekar uppfyllt þá? Virðulegur forseti, ég hlýt þá að spyrja hvort það séu ekki orðin nokkuð mörg skiptin sem hæstv. heilbrrh. gengur í ræðustól Alþingis og segir okkur að allt hið góða muni hann gjöra á morgun.

[19:03]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka Helga Hjörvari og þeim í 1. minni hluta fjárln. fyrir þeirra tillögu sem snýr að því að selja Hitaveitu Suðurnesja, eða hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Það er auðvitað sorglegt að þurfa að koma með svona tillögur en þar sem byggðaáætlun um atvinnumál á Suðurnesjum hefur ekki verið endurskoðuð þarf að gera eitthvað þessu líkt til að fá fjármagn til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Ríkisstjórnin hefur brugðist og þess vegna fagna ég þessari tillögu.

[19:04]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka kærlega undirtektir hv. þm. Við í Samfylkingunni lítum svo á að hér sé um mjög mikilvægt verkefni að ræða og auðvitað má tengja nokkurn hluta af eigin fé Hitaveitu Suðurnesja við starfsemi hersins á Miðnesheiðinni og því auðvitað náskylt að það renni til starfseminnar á svæðinu. Við teljum að það hafi óhóflega verið látið reka á reiðanum. Menn hafi um árabil vitað að hér mun og hefur dregið verulega úr starfsemi á vegum hersins á Miðnesheiði og við getum ekki setið hér á Alþingi og látið eins og ekkert sé því að þá munum við standa uppi með hundruð atvinnulausra manna á Suðurnesjum áður en við vitum af. Ég hvet til þess að allir flokkar í þinginu sameinist um þá góðu tillögu að selja eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og fá þannig um 2 milljarða kr., hugsanlega, til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Það ætti að geta verið þverpólitískt mál.

[19:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tillögum meiri hluta fjárln. eru þó nokkuð margar tillögur sem flestar snúa að því að bæta og auka framlög til náttúrustofa úti um landið, til íþróttamála úti um landið og til alls kyns menningarmála úti um landið. Þannig vill til að í gangi eru þó nokkuð margir samningar bæði um náttúrustofur, um íþróttamannvirki og um menningu. Þessir samningar eru allir í Norðaust. Það eru tveir menningarsamningar, annar um Austurland og hinn um Eyjafjörð. Þegar þetta er lagt saman eru þetta tæplega 200 millj. kr. þannig að klámhögg hv. þm. er hörmulegt. Hann hefði átt að kynna sér þetta betur áður en hann fór að reiða svo hátt öxina að ég og hv. formaður nefndarinnar værum að rata hér á hvern fjörð og vík með peninga ríkisins.

Það liggur líka fyrir ef menn vilja vita það hvert menningarstarfsemin fer helst á Íslandi. Hún fer til Reykjavíkur. Og ef menn vilja fara út í kostnað ríkisins á hvert kjördæmi þá liggur það fyrir að kostnaðurinn er að sjálfsögðu mestur í Reykjavík þar sem stjórnsýslan er. Hann er hins vegar minnstur í kraganum, Suðvest. Það hefur alltaf verið vitað og eru engin ný tíðindi.

Árið 1996 var sett inn í almannatryggingalögin ákvæði um að öryrkjar og ellilífeyrisþegar skyldu njóta bóta og kjör þeirra skyldu fylgja almennri verðlagsþróun eða almennri þróun launa eftir því hvað var hærra. Síðan þá hefur þetta gengið eftir nákvæmlega eða farið eftir almennri þróun launa. Það eru ósannindi og hreinn tilbúningur að síðan þá hafi verið kjaraskerðing á launum ellilífeyrisþega og öryrkja.

[19:07]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók ekki betur eftir fyrr í umræðunni en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson léki við hvern sinn fingur og hlýt ég að undrast nokkuð hvað það er sem gerir hann svo reiðan sem raun ber vitni. En hv. þm. sagði um orð mín um fjárveitingar í hans eigin kjördæmi, Norðvest., að það væri klámhögg. Ég held að ég láti orð þingmannsins standa um það.

Hinu hlýt ég svo að fagna að hér hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýst því yfir að stjórnarmeirihlutinn muni fara að tillögu Samfylkingarinnar og hækka bætur til örorku- og ellilífeyrisþega í samræmi við hækkun launavísitölu á komandi ári og mun trúlega verja til þess þeim 600 millj. úr fjárlagaliðnum 08-204 sem til þarf. Fleira hef ég ekki um það að segja, virðulegur forseti.

[19:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur nú komið í ljós að hv. þm. getur mjög vel lært og því skora ég á hann að læra almannatryggingalögin. Þar stendur, hæstv. forseti, að kjör þeirra skuli fylgja almennri þróun verðlags eða almennri þróun launa. Þetta eru lögin í landinu, hafa verið það síðan 1996 og þeim hefur verið fylgt nákvæmlega. Það hefur margsinnis komið til ágreinings um þau, það hefur margsinnis verið sýnt fram á að svo hefur verið gert. Það er hins vegar rangt að það sé verið að fylgja launavísitölu. Munurinn á þessu er launaskrið sem er mjög óheppilegt að sé inni í þessum bótum og allir sammála því að launaskrið getur virkað bæði aftur á bak og áfram. Þetta ættu menn að geta séð. Það stendur í lögunum en það eru lögin sem gilda í þessu efni.

[19:10]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki á neinn hátt að gera athugasemd við styrka fundarstjórn forseta á þessum fundi, hún hefur verið prýðileg í alla staði. Mig langar til þess að biðja virðulegan forseta að beita áhrifamætti sínum og beita sér fyrir því að vekja athygli hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar á því að núna þessa stundina erum við að ræða við 2. umr. um fjárlög ríkisins fyrir komandi ár. Hér í salnum, síðast þegar ég kannaði málið, og hér í húsinu er að finna tvo hæstv. ráðherra af tólf, annars vegar hæstv. fjmrh., sem eðli máls samkvæmt á að sitja hér, og hins vegar hæstv. heilbrrh. Ég vil sérstaklega þakka þeim fyrir það að þeir skuli þó sýna þinginu og þjóðinni þá virðingu að vera hér við þessa umræðu. En ég hins vegar krefst þess og fer fram á það að öðrum hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar, sem enginn hefur

fjarvistarleyfi frá störfum þingsins í dag, verði gert viðvart um að hér standi fundur yfir og hér sé verið að véla um eitt mikilvægasta málefni þessa þings, nefnilega fjárlög ríkisins. Og að þeim sé gert viðvart um að hér sé á mælendaskrá m.a. undirritaður sem eigi sitthvað vantalað við þá og vilji spyrja þá ýmissa spurninga. Ég veit ekki hvort ég mun spyrja þá alla um eitt eða annað, það á eftir að koma á daginn, en ég vil að þeir verði hér og leggi við hlustir og taki þátt í umræðum.

Ég bið hæstv. forseta að beita sér fyrir því að nú þegar verði þessum ráðherrum gert viðvart um að hér sé þing að störfum.

[19:11]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti mun bregðast við tilmælum hv. þm. og gera ráðherrum viðvart um óskir hans í þeirri von að fleiri verði til staðar þegar kemur að hv. þm. á mælendaskrá en vekur athygli hv. þm. á því að í þingsalnum er bæði hv. formaður fjárln. og varaformaður fjárln.

[19:12]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um að eðlilegt sé að ráðherrar séu viðstaddir fjárlagaumræðu við 2. umr. Bæði eru þeir handhafar framkvæmdarvaldsins og eiga að fylgja eftir því sem Alþingi samþykkir og því eðlilegt að þeir hlýði á hvaða skilning Alþingi og alþingismenn leggja í einstakar tillögur eða málflutning sem tengist fjárlagafrv. og fjárlagaafgreiðslunni.

Ég vil líka vekja athygli forseta á að einn liður sem hefur verið harðlega gagnrýndur hér í þinginu er vinnulag og framkoma framkvæmdarvaldsins, einstakra ráðherra gagnvart þinginu og gagnvart einstaka stofnunum á vegum ráðuneytanna þar sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar hafa sent út bréf til stofnana sinna þar sem þeim hefur verið meinað eða mælt gegn því að þeir kæmu á fund fjárln. sem hefur verið viðtekin regla og nauðsynlegt fyrir vinnu fjárln. Þetta hefur verið eitt af þeim meginatriðum sem hafa verið gagnrýnd hér, hvað varðar framkomu framkvæmdarvaldsins. Ég tel að Alþingi eigi erfitt með að skilja við þessa umræðu öðruvísi en þessir hæstv. ráðherrar biðjist afsökunar á þessu framferði sínu að hafa skrifað þessi bréf og verið að vinna þannig gegn eðlilegri lýðræðislegri vinnu þingsins. Alla vega komi hingað og skýri í hvaða rétti þeir hafi gert það, vegna þess að það er snar þáttur í störfum fjárln. að eiga aðgang að þessum upplýsingum með eðlilegum hætti en hefur ekki verið virt. Það er því eðlileg krafa, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin sé til staðar þegar verið er að ræða fjárlagafrv. og svari því sem er beint til hennar.

[19:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með viðbrögð forseta við þessari kröfu minni um það að ráðherrum ríkisstjórnarinnar verði gert viðvart um að þing sé að störfum. Beiðni mín laut ekki að því að þeir væru eingöngu hér þegar ég held mína ræðu síðar í kvöld eða í nótt heldur væri þeim gert viðvart um starfsskyldur sínar því að þeir eru með mætingarskyldu eins og aðrir þingmenn og að þeir sýndu okkur hv. þingmönnum þá lágmarkskurteisi að eiga hér orðastað við okkur, svara þeim fyrirspurnum sem á okkur brenna og við viljum beina til þeirra. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að þróun mála hér í þinginu hefur því miður öll verið á þann veg að ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa týnt tölunni þegar kemur að hinum stóru umræðum í þinginu. Ég hygg að þeir sem eldri eru í þinginu muni það fyrr á árum. Við höfum horft á hæstv. heilbrrh. sem var hér fyrir margt löngu í stjórnarandstöðu og gekk m.a. hart fram í því að þá sætu þáverandi ráðherrar hér til svara og það var orðið við því á þeim tíma. En heimur versnandi fer. Er ekki kominn tími til að hér verði spyrnt við fótum og ráðherrum ríkisstjórnarinnar verði gert ljóst að þeir eru hér að störfum, eiga að standa til svara hér í hinni almennu umræðu sem fram fer á hinu háa Alþingi, ekki síst þegar um jafnveigamikil mál er að ræða og hér eru á ferðinni í dag.

Nú kunna ýmsir að halda því fram að við 2. umr. fjárlaga séu fjárlögin á forræði þingsins og komi framkvæmdarvaldinu ekkert við. Það er auðvitað fjarri lagi. Vissulega get ég átt ágætan orðastað við fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í fjárln. og átt orðræður við þá. En það er sumt sem ég vil inna hæstv. ráðherra eftir, og ég vænti þess að það sé svo um fleiri þingmenn, um hvernig þeir hafi staðið að stjórnarframkvæmdum á liðnu ári, hvernig þeir hafi farið með fé á gildandi fjárlögum og hvernig þeir hyggjast ráðstafa því fé sem er að finna í tillögum meiri og minni hluta við 2. umr. máls. Það eru því fjölmörg atriði hér sem er óhjákvæmilegt annað en að ráðherrar í fyrsta lagi hlýði á og eftir efnum og ástæðum taki til andsvara við. Nú voru þeir eitthvað að kroppa í það, hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh. fyrr í dag en hurfu skjótt. Ég geri kröfu til þess að annars ágætur og virðulegur forseti sem hefur stýrt fundum af mikilli prýði taki á sig rögg og setji sína þjónustu til starfa og geri hæstv. ráðherrum viðvart um að þeir hafi hér skyldum að gegna.

[19:17]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Að ósk hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar mun forseti gera ráðherrum viðvart um að hann óski eftir því að þeir séu viðstaddir umræðuna, bæði nú og seinna þegar hv. þm. kemur aftur og flytur ræðu sína.

[19:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum nú fjárlögin í annað sinn og það má sannarlega taka undir óskir sem hér hafa komið fram frá hv. þingmönnum þess efnis að hæstv. ráðherrar heiðri okkur með nærveru sinni því að hér er verið að fara yfir allt málasviðið. Allt liggur undir og stefna ríkisstjórnarinnar á komandi ári er auðvitað til skoðunar í fyrirliggjandi fjárlagafrv.

Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hefur í ágætri ræðu gert grein fyrir heildarsjónarmiðum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þessa fjárlagaumræðu. Dreift hefur verið á borð þingmanna brtt. okkar varðandi einstök atriði og mun ég nú fylgja úr hlaði þeim brtt. sem ég er 1. flm. fyrir.

Ég hef leikinn á skólamálum. Í heildina vil ég segja, virðulegi forseti, að ríkisstjórnina vantar sárlega stefnumótun í skólamálum, sérstaklega er ég þá með í huga málefni háskólastigsins og framhaldsskólastigsins. Hæstv. ríkisstjórn hefur látið undir höfuð leggjast að gera langtímaáætlun sem geri fólki ljósa grein fyrir því hvert stefnir í þessum málum. Stefnuna hefur öðru fremur verið hægt að lesa út úr fjárlagafrv. ár hvert og fjárlögum og er svo einnig nú.

Samkvæmt því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir verða þeir opinberu háskólar sem stærstir eru, Háskóli Íslands, Háskól-

inn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands, allir fyrir barðinu á niðurskurði að því leytinu til að ekki er gert ráð fyrir auknum fjárframlögum vegna fjölgunar nemenda. Nú er það alkunna að nemendum á háskólastigi hefur farið fjölgandi á ári hverju og þætti manni eðlilegt að ríkisstjórnin opnaði augu sín fyrir því og gerði ráð fyrir auknum fjárframlögum til þess að standa straum af kostnaði við kennslu þessara nemenda.

Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að til kennsluþátt-ar Háskóla Íslands verði veitt upphæð sem er rúmlega 343 millj. kr. hærri en á síðasta ári og þar er áætlað fyrir hluta af nemendafjölguninni, þ.e. í frv. er gert ráð fyrir að ársnem-um fjölgi í Háskóla Íslands um 700 frá forsendum fjárlaga yfirstandandi árs og verði greitt fyrir 5.200 ársnemendur að hámarki miðað við meðalverðhlutfallið.

Hvernig horfir það við raunverulegri áætlun stjórnenda Háskóla Íslands? Sannleikurinn er sá að áætlun stjórnend-anna hljóðar upp á 5.750 nemendur en ekki 5.200 og stjórn-endur háskólans hafa reynst frekar undir þeim fjölda sem endanlega sækir um skólavist en yfir þannig að hér má gera ráð fyrir að fremur varlega sé áætlað um nemendafjölda, þ.e. 5.750. Þar af leiðandi vantar 10% upp á að nægilegt fjármagn sé áætlað til kennsluþáttarins í Háskóla Íslands.

Til hvers er þá ætlast af Háskóla Íslands við þessar að-stæður? Er ætlast til þess að hann hætti að taka inn nemendur? Það kann að vera að það sé það sem ríkisstjórnin ætlast til en þá verður hún að koma fram og segja svo. Það er ekki hægt að skilja það eftir í höndum stjórnenda þessara háskóla að þeir taki þær ákvarðanir sjálfir, það verður þá að vera menntapólitísk stefna ríkisstjórnarinnar.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gagnrýnum þetta og ríkisstjórnina fyrir þessa framgöngu og leggjum til að hér verði áætlað fyrir þeim nemendafjölda sem fyrirsjáanlega kemur í Háskóla Íslands á næsta ári. Þar af leiðandi leggjum við til breytingu upp á 280 millj. kr. á kennslulið Háskóla Íslands sem ætti þá að nægja til kennslu þeirra 5.750 nemenda sem gert er ráð fyrir að komi í skólann.

Annað atriðið sem við gerum athugasemd við, virðu-legi forseti, er rannsóknaþátturinn í starfi Háskóla Íslands. Fræðsluyfirvöld og ráðherra menntamála hafa gert mikið úr því að Íslendingar standi framarlega í menntamálum og sú ríkisstjórn sem nú situr hefur státað af því að ætla sér að gera rannsóknum hærra undir höfði en gert hefur verið. Í hverju birtist sú stefna í þessu fjárlagafrv.? Hún birtist í því að 121 millj. kr. er skorin af framlagi Háskóla Íslands til rannsókna miðað við síðasta ár. Það er nánast verið að segja upp bráðabirgðasamkomulagi sem gilt hefur sl. þrjú ár um rannsóknir við Háskóla Íslands. Í yfirlýsingu ríkis-stjórnarinnar sem fylgir því bráðabirgðasamkomulagi segir að rannsóknir séu ekki síður mikilvægar en kennsla og teldi maður þá að ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir að einhverju þyrfti að kosta til svo að segja mætti að stefnu þeirra í rann-sóknarmálum væri að einhverju leyti fylgt eftir. Það er sem sagt ekki gert, heldur er hér skorið hraustlega niður og í brtt. meiri hluta fjárln. er ekki gert ráð fyrir auknum framlögum eða leiðréttingu á þessu heldur er einungis lögð til 5 millj. kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi næringarfræði-legra rannsókna á kúamjólk og lágu nýgengi af sykursýki 1 hérlendis. Skal nú ekki kastað neinni rýrð á þá rannsókn sem hér um ræðir en ég spyr: Hvar eru 105 milljónirnar sem voru skornar af Háskóla Íslands, almennu rannsóknarfé? Hvers vegna gerir fjárln. ekki ráð fyrir því að þetta sé leiðrétt?

Ég sé ekki betur en að hv. formaður fjárln. skuldi stjórn-endum Háskóla Íslands verulega skýringu. Annars staðar á Norðurlöndunum hefur verið reynt að standa í ístaðinu þannig að framlag til kennsluþáttarins sé jafnhátt og til rann-sóknanna. Reyndar hafa síðan rannsóknasjóðir komið með þriðju krónuna, má segja, inn í rannsóknir við norræna há-skóla sem við berum okkur saman við. Ég verð að segja að í okkar umhverfi þar sem við erum með veikburða sjóði miðað við Norðurlöndin skiptir verulegu máli að fjárlögin standi þannig við bakið á háskólastofnununum að hægt sé að standa undir lágmarksrannsóknum. Það gefur augaleið að þegar þarf að fjölga kennurum á háskólastigi fjölgar líka því fólki sem þarf eðli málsins samkvæmt að starfa við rannsóknirnar. 40% af vinnuskyldu háskólakennara eru jú við rannsóknir. Það er fullkomlega óraunhæft og órökrétt að ganga svo fram sem meiri hluti fjárln. gerir í brtt. sínum, að áætla ekki fyrir endurkomu þessara 105 millj. inn í háskólann til rannsóknanna. Það væri það minnsta sem hægt væri að gera. Brtt. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gengur sem sagt út á það að 105 millj. kr. verði aftur settar inn á liðinn Rannsóknir og önnur verkefni undir Háskóla Íslands.

Gagnvart Háskólanum á Akureyri gerum við samsvar-andi tillögur varðandi kennsluþáttinn, þ.e. að rétt fjármagn verði áætlað miðað við aukinn nemendafjölda í Háskólanum á Akureyri. Við gerum ráð fyrir að 100 millj. verði bætt *á kennsluþáttinn þannig að háskólinn þurfi ekki að neita* umsækjendum um skólavist.

Kennaraháskóli Íslands hefur einmitt farið þá leið að hafna nemendum sem sækja um skólavist vegna þess að ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim í fjárlögum. Árið 2003 hafnaði Kennaraháskóli Íslands um þúsund nemendum með góð stúdentspróf vegna þess að ríkisstjórn Íslands hafði ekki gert ráð fyrir því að Kennaraháskólinn gæti tekið inn nema ákveðinn fjölda nemenda.

(**Forseti** (JBjart)**:** Til stóð að gera hlé á þingfundi milli klukkan hálfátta og átta. Forseti býður hv. þingmanni að halda áfram ræðu sinni klukkan átta þegar þingfundur hefst aftur enda gengið út frá því að ræðan sé lengri en svo að hægt sé að ljúka henni á þeim tíma sem eftir er.)

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt, ég get ekki lokið ræðu minni á tveimur til þremur mínútum þannig að ég þigg það að fá að halda henni áfram klukkan átta.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:31]

[20:02]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. JBjarn og SJS, þskj. 462.

Uppbygging atvinnulífs á Suðurnesjum, 280. mál, svar iðnrh., þskj. 406.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:07]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 462. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Fjárlög 2004, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 394, 426 og 428, brtt. 395, 396, 397, 398, 399, 400, 427, 429, 430, 431, 432, 433, 434, 435, 436, 437, 438, 439, 440, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 453, 454, 455, 456 og 462.

[20:07]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Ég var þar stödd í ræðu minni kl. hálfátta þegar gert var matarhlé á fundinum að ég var að fjalla um framlög til háskólastigsins og komin að Kennaraháskóla Íslands og vildi gera grein fyrir brtt. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs á þskj. 432. Það er Kennaraháskólinn sem um ræðir en við leggjum til að þar verði framlag til rannsókna hækkað um 182 millj. kr. Töluna rökstyðjum við á eftirfarandi hátt, virðulegi forseti.

Fyrir fjórum árum var hlutfallið á milli rannsókna og kennslu í Kennaraháskóla Íslands 40% til rannsókna á móti 60% til kennslu. Nú er svo komið að á yfirstandandi ári er hlutfall — virðulegi forseti, gæti ég fengið að ganga úr skugga um að það sé verið að halda hér fund.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn um að hafa hljótt svo ræðumaður geti haldið áfram ræðu sinni.)

Nú er svo komið hjá Kennaraháskóla Íslands að hlutfall fjár til rannsókna er komið niður í 24% á meðan hlutfallið til kennslu er 76%. Hljóta allir að sjá í ljósi þess sem ég sagði fyrr í ræðu minni að þetta hlutfall er ekki viðunandi. Við hljótum að stefna að því að við öflugan háskóla sé hlutfallið til rannsókna jafnhátt og það sem fer til kennslunnar. Það hlýtur að vera stefna okkar og ætti að vera stefna ríkisstjórnarinnar og þess vegna er eðlilegt að hér komi leiðrétting sem geri það að verkum að hlutfallið fari aftur í það sem var fyrir fjórum árum hjá Kennaraháskóla Íslands, þ.e. að 40% af framlaginu geti farið til rannsókna og 60% til kennslu. Þannig er þessi brtt. á þskj. 432 hugsuð.

Þá vil ég gera að umtalsefni brtt. á þskj. 443 um framhaldsskólann en þingmönnum mun hafa borist í dag ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara um fjárlagafrv. og fjárveitingar almennt til framhaldsskólans. Stjórn félagsins hefur fjallað um fyrirhugaðar fjárveitingar til framhaldsskóla á grundvelli fjárlagafrv. fyrir árið 2004. Í ályktun sinni gerir stjórnin grein fyrir því hversu fjármagn til skólanna hefur verið vanáætlað undanfarin ár. Ekki er óeðlilegt að maður spyrji hvernig á því standi að stjórnendur framhaldsskólanna skuli ár eftir ár vera látnir ganga þá píslargöngu sem þeir hafa gengið núna í ár og undangengin ár. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það jaðrar í mínum huga við niðurlægingu hvernig málefni framhaldsskólanna hafa verið höndluð og verð ég að segja að dropinn sem fyllir mælinn í þeim efnum er auðvitað þau mistök sem virðast hafa átt sér stað í ráðuneyti menntamála þegar þetta fjárlagafrv. sem hér um ræðir var undirbúið. Í því er gert ráð fyrir 16.220 nemendum í námi í framhaldsskólunum árið 2004. En upphæðin sem ætluð er til að kenna þeim nemendum er ekki einu sinni í samræmi við það reiknilíkan sem þó er í gildi í ráðuneytinu þegar úthlutanir til framhaldsskólanna eru útreiknaðar. Heilar 400 millj. kr. vantar upp á að ráðuneytið fylgi sínu eigin reiknilíkani í frv.

Breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir að hér verði að hluta til gerð bragarbót. Hver er áætlaður fjöldi nemenda í framhaldsskólum á næsta ári? Varfærnisleg spá skólastjórnenda gerir ráð fyrir 17 þúsund nemendum. Í fjárlagafrv. vantar sem sagt 800 nemendur í heildina, þ.e. fjármuni vantar upp á til að kenna 800 nemendum. Formaður fjárln. sagði fyrr í dag í ræðu sinni að við verklag í vinnu fjárln. hafi verið haft að leiðarljósi m.a. að eiga samstarf við fagaðila. En ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst ekki hafa verið gert nægilega vel í því efni hjá fjárln. því að brtt. sem hér liggja fyrir, um 600 millj. almennt til framhaldsskóla til viðbótar við það sem frv. gerir ráð fyrir, nægja ekki alla leið. — Og verð ég að segja, virðulegi forseti, að ég sakna hæstv. menntmrh. úr salnum. Ég sá ekki betur en hann hefði verið við atkvæðagreiðsluna rétt áðan þannig að fengur væri að því að hæstv. ráðherra kæmi hér og hlustaði á mál mitt og gerði þingheimi grein fyrir því hvers vegna svona villa gat farið inn í fjárlagafrv. að ekki er einu sinni gert ráð fyrir að kennsuframlag til framhaldsskólanna sé í fullu samræmi við reiknilíkan skólans. En ég treysti því að virðulegur forseti geri hæstv. menntmrh. viðvart um að hér sé verið að fjalla um menntamál og fengur væri að því að hafa hann í salnum.

Virðulegur forseti. Það er sem sagt ljóst að fjárln. ætlar að sjá til þess að hægt sé að kenna 16.220 nemendum og einum 400 í viðbót, þ.e. í heildina 16.620 nemendum, það eru þær 600 millj. sem hv. fjárln. gerir ráð fyrir í brtt. sínum að eigi að dekka. En hvað verður um þá nemendur sem út af standa? Þá 400 nemendur sem líka munu skila sér inn í framaldsskólana á næsta ári ef spáin um 17 þúsund nemendur gengur eftir? Ég vil taka fram, virðulegi forseti, að spár skólastjórnenda framhaldsskólanna hingað til hafa ekki bara staðist, það hefur verið enn meiri fjöldi sem hefur bankað á dyr framhaldsskólanna en skólastjórnendur hafa gert ráð fyrir þannig að þeir telja sig vera með varfærnislega áætlun þegar 17 þúsund nemendur eru taldir í gögnum þeirra.

Virðulegi forseti. Ég spyr: Verður þessum 400 nemendum sem fyrirsjáanlega verður ekki pláss fyrir vísað frá skóla? Verður þeim meinuð innganga í framhaldsskólana? Það virðist vera það sem klausan í brtt. meiri hluta fjárln. þýðir en sú klausa sem fylgir brtt. hljómar svo, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið áformar að gera samninga við skólana um hámarksframlög og hámarksfjölda ársnemenda sem hverjum skóla verður greitt fyrir þannig að útgjöld framhaldsskólanna á árinu 2004 verði í samræmi við fjárveitingar til skólanna í fjárlögum.“

Hvað þýðir þessi klásúla? Hún þýðir nákvæmlega að það verði til fjármagn til að kenna 16.620 nemendum og ekki umfram það. Það þýðir með öðrum orðum, virðulegur forseti, að það verður ekki pláss fyrir alla þá nemendur sem sækja um nám í framhaldsskólunum. (**JBjarn:** Spyrja menntmrh.) Það er eðlilegt að hæstv. ráðherra, ef hann heyrir orð mín í sjónvarpstækjum í húsinu, reyni að svara þessu að ræðunni lokinni. En þrátt fyrir þessa leiðréttingu vantar enn 200 millj. kr. til að sinna lágmarksþjónustu við nemendur framhaldsskólanna. Þar geng ég sem sagt út frá því að nemendafjöldinn fari ekki yfir 17.000 nemendur á næsta ári.

Virðulegur forseti. Er það nema von að stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýni þann árvissa hráskinnsleik, sem hún kallar svo í ályktun sinni, með tölur um fjárveitingar til framhaldsskólanna sem þingi og þjóð er boðið upp á? Stjórnin telur hráskinnsleikinn hæfa illa ríkisstjórn sem kenni sig við viðleitni til umbóta í ríkisrekstri með tilheyrandi langtímastefnumótun og ábyrgri fjármálastjórn. Í lokin segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin hvetur ráðherra í ríkisstjórn, fjárlaganefnd og alla þingmenn til þess að bæta nú um betur og setja fjárfram-

lög til framhaldsskólanna á raunhæfan grundvöll fyrir árið 2004 þannig að í minni mæli þurfi að koma til síðbúinna björgunaraðgerða með fjáraukalögum."

Virðulegur forseti. Undir þetta tökum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við viljum sýna viðleitni í verki með því að hvetja Alþingi til að samþykkja að 800 millj. kr. verði bætt við fjárveitingu til framhaldsskólanna árið 2004 en ekki einungis 600 millj. kr. eins og meiri hluti fjárln. gerir ráð fyrir.

Virðulegur forseti. Þá sný ég mér að breytingatillögum á þskj. 435 sem lúta að Þjóðminjasafni Íslands, Safnasjóði og menningarstofnunum, þ.e. viðhaldi og stofnkostnaði.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Það er ein merkilegasta menningarstofnun okkar og hróður þess hefur farið vítt um lönd. Sá galli hefur verið á ráðslagi löggjafans í málefnum safnsins að það hefur ekki getað tekið á móti gestum í sex ár vegna endurbóta á safnahúsinu við Suðurgötu. En nú hillir undir að biðinni eftir að húsið opni með endurnýjaðri sýningu okkar helstu þjóðargersema ljúki. Eins og kunnugt er þá er áformað að opna safnið í vor, á sumardaginn fyrsta. Ég held að ég hafi vikið að málefnum Þjóðminjasafnsins í hverri einustu ræðu minni um fjárlög á síðasta kjörtímabili. Meginumkvörtunarefnið hefur ævinlega verið hið sama, skortur á fjármunum til nýrrar grunnsýningar safnsins. Því miður, virðulegur forseti, verður engin breyting á því í ár. Enn þarf ég að hreyfa sama máli og það í umræðu um fjárlög á opnunarári safnsins.

Á síðustu árum hefur þjóðminjavörður orðið að skera niður í starfsemi safnsins, þ.e. taka út úr rekstrinum svo undirbúa megin nýja grunnsýningu. Það hefur aldrei verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í áætlunum um endurbætur hússins. Þannig hefur ævinlega litið út fyrir að stjórnvöld hafi viljað að húsið yrði opnað nýmúrað og málað með þetta fína gólfefni, nýja glugga og allt sem heiti hefur en bara enga gripi. Nú hefur, með hressilegum niðurskurði í rekstri safnsins og reyndar líka með fjármagni frá Landsvirkjun sem hefur verið styrkur bakhjarl safnsins á seinni árum, tekist að öngla saman fyrir forvörslu gripa og kaupa á skápum og innréttingum sem geymt geta gripi safnsins í nýrri grunnsýningu. En hv. fjárln. og menntmrn. neita enn að sýna því skilning að það kosti peninga að setja sýninguna upp. Þannig fær Þjóðminjasafnið ekki svar við beiðnum sínum um fjármuni til uppsetningarinnar og frágang sýningarinnar eða gerð kynningarefnis.

Það er ekki sæmandi að Alþingi sendi Þjóðminjasafnið út á guð og gaddinn til að safna fé fyrir grunnsýningu þjóðminjaarfs okkar. Slíkt er niðurlægjandi fyrir okkur sem þjóð. Ef byggingarnefnd hússins hefur ákveðið að hluta af sýningunni verði komið til þeirra sem hennar eiga að njóta fyrir milligöngu margmiðlunarbúnaðar þá verður fjárveitingavaldið að tryggja fjármuni fyrir hugbúnaðinn sem til þarf. Ef samþykkt handrit að sýningunni gerir ráð fyrir prentaðri sýningarskrá og kynningarefni þá þarf fjárveitingavaldið að tryggja fjármagn til hönnunar og prentunar þess efnis á þeim tungumálum sem búið er að ákveða. Verði þessir þættir ekki til staðar verður sýningin vængstýfð. Hverjum verður hún þá til sóma? Ekki íslenskri þjóð.

Virðulegur forseti. Til þess að safnið þurfi ekki að opna hið nýuppgerða hús með tóma skápa liggjandi á gólfunum tvist og bast leggja þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að safnið fái umbeðnar 47 millj. kr. til viðbótar við almennan rekstur. Það er sú fjárhæð sem safnið telur sig þurfa til að grunnsýningin geti orðið að veruleika.

Við leggjum einnig til, virðulegur forseti, að orðið verði við beiðni safnsins um úrvinnslu uppgreftrargagna vegna fornleifarannsókna á bæjarstæðinu í Reykholti. Til þess verks þarf 5 millj. kr. á næsta ári eigi verkefnið ekki að stöðvast. Þetta er verkefni sem safnið hefur fengið úthlutað fjármunum til. Nú er svo komið að það vantar lokahnykkinn. Það skýtur skökku við að fjárln. skuli ekki ætla að heimila safninu að ljúka því sem ljúka þarf við rannsóknina í Reykholti. Þegar haft er í huga hversu miklum fjármunum er úthlutað af fjárln. án faglegrar milligöngu eða umsagnar Þjóðminjasafnsins tel ég í hæsta máta eðlilegt að Þjóðminjasafnið fái þá litlu fjármuni sem hér er beðið um til að ljúka mikilvægri og mjög merkri fornleifarannsókn í Reykholti. Rannsóknin fer meira að segja fram í Norðvest. Þannig mætti taka undir orð hv. þm. Helga Hjörvars sem ræddi áðan um misvægið milli framlaganna þegar kjördæmin voru skoðuð.

Virðulegur forseti. Við leggjum til að Þjóðminjasafnið fái 15 millj. kr. til að halda áfram skráningu þjóðargersema okkar inn í gagnasafn eða upplýsingakerfið Sarp. Þessi skráning hefur verið unnin í fjarvinnslu frá starfsstöðvum á Hvammstanga og Húsavík. Nú virðist fjárln. hafa ákveðið að það fólk sem sinnt hefur þessum störfum hingað til getið gengið um atvinnulaust. Eða hvað á maður að halda? Þjóðminjasafnið hefur verið mjög ötult við að skapa störf úti á landsbyggðinni gegnum almenna starfsemi safnsins en ekki síður í tengslum við húsasafnið sem eðli málsins samkvæmt er staðsett vítt og breitt um landið. Læt ég þar með lokið umfjöllun minni um beiðni okkar til hækkunar á almennum lið safnsins. Sú hækkunarbeiðni var upp á 67 millj. kr. og varðaði grunnsýningu safnsins, Reykholtsrannsóknina og skráningu í upplýsingakerfið Sarp.

En úr því að ég minntist á húsasafn Þjóðminjasafnsins þá er það afar merkilegt. Þjóðminjasafnið hefur lengi barist fyrir því að húsasafnið fái að starfa af þeirri reisn sem það á skilið. En á sama tíma og alþingismenn þykjast þess umkomnir að velja hús, í einkaeign flest, og láta gera upp vítt og breitt um landið fyrir 88 millj. kr. af opinberu fé þá grotna niður húseignir húsasafns þjóðarinnar, torfbæir og önnur verðmæt hús sem eru menningarminjar og viðurkennd sem slík og segja sögu mannlífs í landinu. Alþingismenn í fjárln. telja sig þess umkomna að ákveða hvaða hús skuli gera við og hver ekki. Þeir virðast þar með telja sig vita meira um málið en fagfólk sem er í vinnu hjá þjóðinni við að meta slíka hluti.

Virðulegur forseti. Þessi stefna fjárln. kemur fram í brtt. við fjárlagalið húsafriðunarnefndar sem nú hækkar við 2. umr. um 88 millj. kr., úr 66,4 millj. kr. í 154,4 millj. kr. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum til brtt. varðandi húsasafn Þjóðminjasafnsins. Hún gerir ráð fyrir því að 35 millj. kr. verði bætt við á fjárlagaliðnum Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður, undir 6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Við leggjum til hækkun á framlagi til húsasafnsins sem við það mundi hækka úr 55 millj. kr. í 90 millj. Þess skal getið að framlag til húsasafnsins er eingöngu lítill hluti af þeim fjárlagalið sem hér um ræðir.

Það eru ekki bara hús sem fjárln. hefur valið til varðveislu. Nefndin hefur líka einkar mikið dálæti á gömlum bátum og skipum hvers konar. Þannig hefur nefndin, milli 1. og 2. umr. um fjárlagafrv., ákveðið án tillits til faglegs mats

þjóðminjavörslunnar að 20 millj. kr. fari í að gera upp gamla eikarbáta og vélbáta á næsta ári.

Virðulegur forseti. Ég hef áður gagnrýnt fjárln. fyrir hið sama á þessum vettvangi. Ég tel nauðsynlegt að breyta um kúrs í þessum málum og það af alvöru. Hinn nýi safnasjóður er ekki búinn að slíta barnsskónum. En fjárln. virðist ekki hafa þolinmæði til að leyfa honum að vaxa upp í að geta sinnt hlutverki sínu. Þannig úthlutar fjárln., að því er virðist án nokkurs faglegs mats eða úthlutunarreglna, 100 millj. kr. af opinberu fé til safna og sýninga af ýmsu tagi. Á sama tíma fær safnasjóður eingöngu 66 millj. kr. til að úthluta til allra byggðasafna landsins auk þess sem sjóðnum ber að styrkja ýmiss konar verkefni, svo sem einstakar sýningar. Þannig viðheldur fjárln. Alþingis tvöföldu styrkjakerfi til safna. Annað lýtur lögum og faglegri stjórn en hitt stjórnast af hagsmunapoti þingmanna á Alþingi Íslendinga — það verður að segjast eins og er — aðallega landsbyggðarþingmanna.

Fyrir tæpu ári birtist grein í Morgunblaðinu sem fjallaði um nákvæmlega þetta. Það var reyndar umfjöllun í miðopnu blaðsins en þar var viðtal við Jóhann Ásmundsson, formann FÍSOS, sem er Félag íslenskra safna og safnamanna. Þar gagnrýnir Jóhann Ásmundsson harðlega þetta tvöfalda styrkjakerfi sem viðgengst. Hann segir að á meðan safnasjóður fái aðeins 66 millj. kr. til úthlutunar — sem voru reyndar 58 millj. þá — séu réttmætar umsóknir til safnasjóðs upp á a.m.k. 100 millj. kr. Það gefur augaleið hversu mikla möguleika stjórn safnasjóðs á til að úthluta þeim sem sem sinna starfinu á akrinum með ekki hærri framlög. Á sama tíma þarf sjóðurinn að horfa upp á að fjárln. Alþingis úthluti næstum tvöföldu fjármagni safnasjóðs til safna og sýninga vítt og breitt um landið.

Hæstv. forseti. Má ég leyfa mér að stinga upp á því að við tökum þessi mál til alvarlegrar skoðunar og afnemum slíkar úthlutanir þingmanna sem byggja á hagsmunapoti og sporslupólitík. Við erum komin áleiðis inn í 21. öldina og ég tel að við ættum að innleiða fagmennsku í alla úthlutun til safna, til menningar og til lista. Við eigum grunn að fínu kerfi í safnasjóði ef þingmenn gætu setið á sér og leyft því kerfi að dafna.

Annað kerfi vil ég nefna sem hefur verið komið á af hinu opinbera og virkað ákaflega vel. Það er úthlutunarkerfi menntmrn. til sjálfstæðu leikhúsanna. Þar fara allar umsóknir til leiklistarráðs sem starfar samkvæmt ákveðnum reglum sem öllum eru kunnugar. Ráðuneytið úthlutar svo þeim fjármunum sem Alþingi ákveður að skuli renna til starfsemi frjálsu leikhúsanna til einstakra hópa samkvæmt úthlutunartillögum leiklistarráðs. Þetta kerfi hefur reynst afar vel síðan því var komið á. Um það ríkir víðtæk sátt og ég skora á fjárln. að beita sér fyrir því að þær tilraunir sem löggjafinn hefur reynt að útfæra til að koma á sams konar kerfi varðandi úthlutanir til safna fái tíma og tækifæri til að dafna á sama hátt og kerfið sem leiklistarráð hefur þróað. Að öðrum kosti lendum við á villigötum. Það verður endalaust gagnrýnt að fjárln. skuli beita þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru. Þau stangast fullkomlega á við orð hv. formanns nefndarinnar í inngangsræðu hans í dag, að nefndin leitaðist við að fara eftir faglegu mati og eiga samstarf við fagaðila.

Virðulegur forseti. Þá er ég komin að þeirri breytingartillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er að finna á þskj. 433 og er við fjárlagalið 07-190 Ýmis verkefni. Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að hafið verði átaksverkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga til þess að koma á gjaldfrjálsum leikskóla. Svo sem kunnugt er hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram þáltill. um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla. Það hefur verið talað fyrir henni. Þetta er í samræmi við kosningaáherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá því í vor þar sem gengið var út frá því að forgangsverkefni yrði að ríkið tryggði fjármuni í sameiginlegt átaksverkefni með sveitarfélögunum til að fella niður leikskólagjöld í áföngum.

Það sjá allir í hendi sér þvílík kjarabót slíkt yrði fyrir fjölskyldurnar í landinu. Í ljósi þess hvernig þau mál hafa verið að þróast, þ.e. hvernig tekjuskiptingin í samfélaginu hefur verið að breytast, teljum við afar mikilvægt að koma á þessu verkefni og leggjum því til við 2. umr. fjárlaga að ríkissjóður veiti 30 millj. kr. til þess að koma af stað þessu átaksverkefni. Við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að þetta er verkefni sem taka yrði í þrepum. Fyrsta skrefið gæti verið stigið á næsta ári með því framlagi sem hér er gert ráð fyrir að lagt verði fram, þ.e. 30 millj.

Á þskj. 434 gera tveir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, auk mín er það hv. þm. Jón Bjarnason, tillögu um að Ríkisútvarpið verði eflt. Við fögnum því að ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að leyfa hækkun afnotagjalda þó ekki sé hún mjög veruleg. Við sjáum í hendi okkar að það muni létta eilítið á spennitreyju þeirri sem Ríkisútvarpið og rekstur þess hefur verið í undanfarin ár.

En við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum brydda upp á annarri leið. Við leggjum hér til að Ríkisútvarpið fái sjálfstæða fjárveitingu upp á 140 millj. kr. sem því beri að setja í innlenda dagskrárgerð því öllum er ljóst, virðulegur forseti, að í þeim þrönga stakki sem Ríkisútvarpinu hefur verið skorinn rekstrarlega hefur innlend dagskrárgerð mætt afgangi og setið á hakanum. Það skýtur mjög skökku við því að Ríkisútvarpið sem menningarstofnun — það hefur menningarlegu hlutverki að gegna samkvæmt lögum — hlýtur að eiga að geta haft fjármuni til þess að standa við bakið á innlendri dagskrárgerð, enda er það sú dagskrá sem nýtur mestra vinsælda hjá áhorfendum, hjá þjóðinni. Það hefur sýnt sig hvað eftir annað það er einmitt það sem íslenskir áhorfendur vilja, þ.e. vandaða, metnaðarfulla innlenda dagskrárgerð. Þá erum við ekki að tala um viðtalsþætti í beinum útsendingum sem kosta sáralítið. Það er verið að tala um metnaðarfulla dagskrárgerð sem lýtur lögmálum miðilsins, dagskrárgerð sem tekur mið af menningarsamfélagi okkar og menningu og gerði þá stofnuninni kleift að standa undir nafni sem menningarstofnun. Við leggjum sem sagt til sjálfstæða fjárveitingu til Ríkisútvarpsins til eflingar innlendri dagskrárgerð upp á 140 millj. kr.

Að auki viljum við tryggja styrkingu dreifikerfisins sem sömuleiðis hefur verið útgjaldaþáttur sem Ríkisútvarpið hefur ekki getað sinnt nægilega vel vegna þröngs fjárhags. Við gerum ráð fyrir því að það komi sjálfstæð fjárveiting upp á 70 millj. kr. til að styrkja dreifkerfið til að tryggja að það nái út um allt land.

Virðulegur forseti. Á þskj. 440 er komið að náttúrustofunum. Eins og kunnugt er var lögum um náttúrustofurnar breytt á síðasta ári þar sem ábyrgð á rekstri þeirra var færð yfir til sveitarfélaganna, þó með lögbundnu ákveðnu framlagi frá ríkinu til þessara stofa. Lögbundið framlag ríkisins til nátt-

úrustofanna á að nema launum forstöðumanns að viðbættri sömu upphæð til almenns rekstrar.

Forstöðumenn náttúrustofanna komu á fund umhvn. í aðdraganda fjárlaganna eða þegar verið var að ræða fjárlagatillögurnar og þá kemur það upp úr kafinu í erindi þeirra að upphæðin sem ríkið gerir ráð fyrir til stofanna, þ.e. 7,7 millj., nægir ekki fyrir því sem lögbundið framlag ætti að duga til.

Líffræðingar sem gegna stöðu forstöðumanna náttúrustofanna eiga að hafa samkvæmt eðlilegum launatöxtum 5,8 millj. í laun á ári og eru þá launatengd gjöld öll sömul þar innifalin. Það þýðir að ríkið ætti að láta til stofanna tvisvar sinnum 5,8 millj. eða 11,6 millj. í grunnframlag til hverrar þeirra. Að öðrum kosti er ríkisvaldið ekki að standa við lagalega skyldu sína sem er að finna í lögum um náttúrustofurnar. Við gerum því ráð fyrir því í þessari breytingartillögu að þetta verði leiðrétt og allar stofurnar fái hækkun úr 7,7 millj. upp í 11,6. Sömuleiðis setjum við hér inn Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík sem virðist hafa gleymst í fjárlagafrv. því búið er að taka ákvörðun um að stofna þá stofu. Það kemur reyndar fram í breytingartillögum meiri hlutans að sú gleymska er viðurkennd þar sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir því að framlag til þeirrar stofu komi inn.

Meiri hluti fjárln. gerir sömuleiðis breytingartillögur varðandi framlög til náttúrustofa en ekki breytingu sem gerir ráð fyrir því að grunnframlag ríkisins verði hækkað, heldur gerist fjárlaganefndin verkefnavalsnefnd fyrir stofurnar og fer að útdeila fjármunum til einstakra verkefna stofanna. Auðvitað þurfa þessar stofur stuðning við einstök verkefni og við viljum öll sjá þessar stofur aukast og eflast. Ég held að allir sem hér eru inni, virðulegur forseti, geri sér grein fyrir því að einmenningsvinnustaðir eins og náttúrustofurnar sem komið var á fót á sínum tíma verði ekki lengi öflugar stofur ef þær verða stöðugt einmenningsvinnustaðir. Það hlýtur því að gefa augaleið að við þurfum að setja meira fé í þessar stofur sem tryggir það að sess þeirra verði aukinn og að þær nái einhverri fótfestu í sínu samfélagi. Sumar stofurnar hafa getað tengt sig öðrum vinnustöðum og hafa þannig getað vaxið og dafnað. Aðrar hafa ekki náð eins góðri fótfestu. Ég tel því að hér sé tilefni til þess að sinna virkilega vel þessu verkefni og legg til að þetta fasta grunnframlag hins opinbera til þessara stofa verði 11,6 millj. á hverja þeirra. Hitt samþykki ég síðan og set mig alls ekki upp á móti, að fjárln. veiti að auki til einstakra verkefna þessara stofa til að tryggja að þær hafi úr nógu að moða.

Virðulegur forseti. Þá er ég komin að brtt. á þskj. 446. Þar eru nokkrir óskyldir liðir settir fram. Þar ber fyrst að nefna lið undir dómsmrn., 190 Ýmis verkefni, umferðaröryggisáætlun. Þar gerum við ráð nýjum lið sem í verði settar 25 millj. kr. Forsaga þessa máls eða grunnur að baki þessu máli, virðulegur forseti, er sá að hinn 20. apríl árið 2002 var samþykkt á Alþingi þáltill. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Þar var gert ráð fyrir að á næstu ellefu árum eða til loka ársins 2012 skyldi stefnt að fækkun banaslysa og annarra alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Hugmyndin samkvæmt þáltill. er að þessu takamarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja, áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings, og dómsmrh. er gert að kynna Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig miðar í átt að settu marki. Síðan er tekið fram í þessari þingsályktun að starfs- og framkvæmdaráætlun skuli endurskoða árlega.

Nú verð ég að viðurkenna, virðulegur forseti, að það hefur ekki verið gerð nein starfs- eða framkvæmdaráætlun fyrir þessa umferðaröryggisáætlun þannig að það er í raun ekkert til að endurskoða. Það þýðir, virðulegur forseti, að markvisst starf til að fækka slysum er ekki hafið. Þarna stendur ríkisvaldið sig sem sagt alveg hörmulega. Það sniðgengur jafnvel eigin ályktanir með því að drattast ekki úr sporunum varðandi þessa framkvæmd.

Upp á síðkastið hefur verið talsverð umræða um það í fjölmiðlum hversu mikið Reykvíkingum virðist hafa tekist að fækka alvarlega slösuðum í umferðinni, eða úr 70 að meðaltali fyrir nokkrum árum niður í 40–50 núna á hinum seinni árum. Mikla athygli hefur vakið talan yfir alvarlega slasaða í umferðinni í Reykjavík 2001, en samkvæmt upplýsingum Umferðarstofu munu einungis 28 manns hafa slasast alvarlega í umferðinni Reykjavík það ár.

Hverju er þetta nú að þakka? Halda menn að fækkun alvarlega slasaðra í umferðinni í Reykjavík hafi bara komið af sjálfu sér? Ef svo er, ætti þá ekki slysum að hafa fækkað samsvarandi annars staðar á landinu? Jú, að sjálfsögðu. En svo er ekki. Slíkt hefur ekki gerst. Þess vegna tel ég að ástæðuna megi rekja til meðvitaðs átaks sem hefur verið gert í þessum málaflokki á vegum stjórnvalda í Reykjavík. Í Reykjavík hefur verið í gildi umferðaröryggisáætlun sem farið hefur verið eftir og settir fjármunir til síðan 1996. Á þeim tíma hefur fækkun slysa innan borgarmarkanna verið yfir 30% miðað við árin 1992–1996. En þetta hefði aldrei gerst án þess að fjármunir væru lagðir til einstakra verkefna sem tengjast umferðaröryggisáætluninni. Reykjavíkurborg setur um þessar mundir á bilinu 150–200 millj. á ári í þennan málaflokk og það er lykillinn að því að árangur er að nást.

Það ber að hafa það líka í huga hér, virðulegur forseti, að lagfæringar á vegakerfinu skila sér nú oft betur með tilliti til fækkunar slysa en dýrar og umfangsmiklar nýframkvæmdir þannig að það má alveg brýna alþingismenn hér til að hafa þetta í huga þegar forgangsraðað er til vegamála því að við þurfum að sinna hér af alvöru fækkun svokallaðra svartra bletta í umferðinni og hafa þá í huga um leið að um 70% þeirra svörtu bletta sem við viljum fækka í umferðinni eru á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni höfuðborgarinnar.

En mergurinn málsins er sá, virðulegur forseti, að slysum fækkar ekki af sjálfu sér. Við Íslendingar höfum státað af því að vera ofarlega á listum OECD yfir löndin sem standa sig vel í umferðaröryggismálum. Í yfirliti yfir 30 lönd og dauðaslys í umferðinni á hverja 100 þús. íbúa höfum við sem sagt á þessum lista komist í sjötta sæti hæst. En höfum upp á síðkastið verið að hrapa niður og síðast þegar ég kannaði þessi mál þá vorum við komin úr sjötta sæti niður í þrettánda sæti á þessum lista. Dauðaslysum er nefnilega ekki að fækka á Íslandi. En þeim mundi fækka ef við sem sýslum með fé skattborgaranna tækjum af skarið og settum fjármuni, þá fjármuni sem þarf, í það að fækka slysum.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum til breytingu við fjárlagafrv. til að bæta megi ástandið og gera framkvæmdaráætlun og fjárhagsáætlun sem tryggi að árangur verði af þeirri umferðaröryggisáætlun sem Alþingi samþykkti 20. apríl 2002.

Í framhaldi á þskj. 446, virðulegur forseti, koma tillögur sem heyra undir umhvrn. Þar ber fyrst að telja fjárlagalið 190 Ýmis verkefni. Þar langar okkur til að setja meira fjármagn, meiri fjármuni í að undirbúa Vatnajökulsþjóðgarð, en svo

sem kunnugt er hefur hann verið í undirbúningi nú um nokkurra ára skeið og Alþingi hefur samþykkt að slíkan þjóðgarð skuli stofna. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 3 millj. kr. í þennan undirbúning en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja gera betur og um leið og fagnað er breytingartillögum meiri hluta fjárln. varðandi fjárframlag í þjóðgarðinn Snæfellsjökul leggjum við til að samsvarandi upphæð, þ.e. 10 millj. fari í undirbúning Vatnajökulsþjóðgarðs.

Við viljum líka gera vel við vernd Breiðafjarðar og eftir heimsóknir til Breiðafjarðarnefndar þá vitum við hvað þeirri nefnd er þröngur stakkur skorinn og leggjum því til í þessari tillögu að til verndar Breiðafjarðar verði aukið framlag um 3,1 millj., þ.e. að framlagið fari í heildina þá upp í 10 millj. á næsta ári.

Á fjárlagalið 21 1 Umhverfisstofnun undir umhvrn., leggjum við til 11 millj. kr. hækkun. Í brtt. meiri hlutans eru gerðar tillögur um 10 millj. kr. breytingu sem varðar, eins og ég sagði áðan, þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Þessar 11 milljónir sem við erum hér með í huga eru fjármunir sem Umhverfisstofnun vantar í þágu dýraverndar, en það kom fram í máli gesta umhvn. Alþingis sem komu frá Umhverfisstofnun að hálfgert ófremdarástand ríkir í þessum málaflokki, dýraverndarmálum, hjá stofnuninni vegna skorts á fjármunum. Sannleikurinn er sá að fjöldi einstaklinga og fyrirtækja eða félaga sýslar hér með dýr. Má þar nefna hestaleigur, fólk sem ræktar hvolpa eða önnur dýr til að selja, og þetta eru allt saman starfsleyfisskyldar starfsgreinar. En vegna fjárskorts hefur Umhverfisstofnun ekki getað sinnt þessum málum, ekki getað stundað það eftirlit sem eðlilegt er og henni ber samkvæmt lögum að stunda og hefur ekki heldur getað gefið út þau starfsleyfi sem gefa þarf út. Til þess að rétta við þennan málaflokk og koma fótunum almennilega undir hann leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð til að veittar verði 11 millj. kr. til hans á næsta ári og það er þá að sjálfsögðu framlag sem þyrfti áframhaldandi á næstu árum meðan verið er að leiðrétta þennan kúrs.

Þá erum við með enn eina brtt. sem varðar umhvrn. Hér leggjum við til að að 100 millj. kr. verði settar aukalega á fjárlagalið 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Nú er það svo að átaksverkefni sveitarfélaganna og ríkisins í þessum málaflokki hefur staðið yfir í nokkur ár og samkvæmt mínum heimildum mun því ljúka á árinu 2005, þ.e. það eru tvö ár fram undan núna til að reka smiðshöggið á þetta átaksverkefni að koma fráveitumálum sveitarfélaganna í lag. Það eru dýr og stór verkefni sem blasa við sveitarfélögunum í þessum efnum og það vita allir sem rýnt hafa í þennan málaflokk að til þess að þessi lokahnykkur geti orðið farsæll þarf meiri fjármuni en hér er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. og þess vegna leggjum við til þessa brtt.

Síðasta brtt. á þessu skjali, virðulegur forseti, lýtur að Náttúrufræðistofnun Íslands á fjárlagalið 401 undir umhvrn., en þar leggjum við til 30 millj. kr. í aukafjárveitingu. Þessar 30 milljónir viljum við eyrnamerkja til gerðar vistgerðarflokkunar og náttúrufarskorta af landinu, en samkvæmt upplýsingum forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands væri hægt að klára kortlagningu landsins á 4–5 árum ef til kæmi um 30 millj. kr. framlag á ári í þetta sérstaka verkefni næstu 4–5 ár. Þetta er afar mikilvægt verkefni sem stofnunin hefur fengið fjármuni til þess að undirbúa. Það hefur verið mjög vel undirbúið en nú ríður á að stofnunin fái að halda áfram með kortlagninguna og gerð kortanna þannig að þessir fjármunir eru nauðsynlegir í það og við höfum lagt hér til aukafjárveitingu í þetta verkefni upp á 30 millj. kr.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið því að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég er 1. flm. að ásamt með reyndar öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og tel mig þá hafa farið í gegnum það helsta í þeim brtt. En aðrir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu koma á eftir mér og gera grein fyrir einstökum tillögum og formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, gerir grein fyrir tekjutillögum okkar í ræðu sinni hér á eftir.

[20:49]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talar hér mjög háðulega um gerðir fjárln. með hækkun á lið húsafriðunarnefndar, sem er tímabundin hækkun um 88 millj. kr. Ég vil mótmæla því að það sé hagsmunapot og eiginhagsmunasemi sem þarna ráði ríkjum. Vissulega eru þessi verkefni úti á landi en þau eru að langmestu leyti og ég held að öllu leyti á forræði sveitarfélaga og félagasamtaka. Þarna er verið að bjarga menningarverðmætum að mínu mati í flestum tilvikum og þetta er eitt af þeim verkefnum sem skipta máli þegar við ræðum um menningartengda ferðaþjónustu. Ég vil vísa í skýrslu, sem hæstv. núv. menntmrh. Tómas Ingi Olrich var í forustu fyrir, sem heitir Menningartengd ferðaþjónusta og í eru mjög margar góðar tillögur. M.a. er þess getið í þeirri skýrslu hve miklu máli skiptir að sinna þessum verkefnum.

Ég ætla aðeins að minnast hér á nokkur verkefni sem ég tel að skipti mjög miklu máli. Það er t.d. uppbygging Duus-húsanna í Reykjanesbæ, uppbygging Kaupvangs á Vopnafirði, uppbygging Tryggvaskála á Selfossi og svo mætti lengi telja. Ég vil minnast á fyrsta sjúkrahúsið sem byggt var á Akureyri, pakkhúsin í Borgarnesi og eins vildi ég minnast á endurbætur á kirkjunni í Flatey á Breiðafirði. Ég held að þessi verkefni séu ekki eiginhagsmunapot.

[20:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að andmæla hv. þm. varðandi mikilvægi þessara verkefna sem hún telur upp. Og auðvitað vitum við öll að þau hús sem eru á listanum yfir verkefni fjárln. í endurgerð gamalla húsa eru eflaust öll góðra gjalda verð og þess verð að fá stuðning.

Það sem ég var hins vegar að gagnrýna var að ekki skuli vera faglega að málum staðið. Ég tel safnasjóðinn vera faglegan vettvang fyrir söfnin og sýningarnar og á sama hátt tel ég húsafriðunarnefnd vera hinn faglega vettvang fyrir gömul hús, verndun gamalla húsa vítt og breitt um landið. Og ég ætla henni ekki að vera svo heimóttarleg að hún hugsi bara til Reykjavíkur í þeim efnum, því hvar eru gömlu húsin okkar? Þau eru vítt og breitt um landið. En ég geri þá kröfu að hv. þingmenn viðurkenni það að þeir hafi ekki sama vit á þessum hlutum sem fagmenn í þessum efnum hafa, og það er fyrst og fremst þetta sem ég er að gagnrýna. Við eigum að hafa fjárveitingar til þessara mála á faglegum grunni eins og ég tíundaði í ræðu minni, eins og gert hefur verið í leiklistarmálunum þar sem leiklistarráð gerir úthlutunartillögur til menntmrn. og ráðuneytið úthlutar til sjálfstæðu leikhúsanna á grundvelli þeirra tillagna.

Sama má segja um safnasjóðinn og ég get talið upp fleiri dæmi í hinu opinbera kerfi þar sem þetta hefur lukkast vel. Og ég skil ekki hvers vegna við getum ekki staðið vörð

um faglega úthlutun þegar verndun gamalla húsa er annars vegar.

[20:53]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins víkja hér að hækkunartillögum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur fyrir hönd vinstri grænna, en þar er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins hækki um 5.535 millj. kr. Lækkun arðgreiðslna verða 1 milljarður, sérstakur tekjuskattur 1.050 milljónir og fjármagnstekjuskattur 2 milljarðar, eða samtals 4.050 milljónir. Þannig að gjöld umfram tekjur eru þá 1.485 millj. Þetta eru kostnaðartillögur vinstri grænna og ég held að það sé sjálfsagt að halda því til haga.

Því stingur það örlítið í stúf þegar við lítum á brtt. vinstri grænna varðandi náttúrustofur þar sem þeir gera tillögu um að minna sé lagt til náttúrustofa á landinu en meiri hluti fjárln. leggur til og munar þar 2,7 milljónum í heildina. Það var ekki að heyra að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði sér grein fyrir því að sveitarfélögin leggja til móts við náttúrustofurnar hlutfall sem um var samið á milli ríkis og sveitarfélaga. En ég vildi aðeins halda því til haga að þarna eru gjöld umfram tekjur 1.485 millj. kr. sem vinstri grænir leggja til.

[20:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Þetta er alveg rétt, virðulegur forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er sleip í samlagningu. En hv. þm. er líka búin að koma auga á það að við erum með tekjutillögur á móti og hún er líka búin að sjá að þær nægja ekki að öllu leyti fyrir þeim útgjöldum sem við erum hér að leggja til. En má ég minna hv. þm. á það að fjárlagafrv. er lagt fram með tekjuafgangi og við ætlum okkur að ganga á þann tekjuafgang en engu að síður að skilja eftir 4 milljarða í tekjuafgang á þeim fjárlögum sem við værum tilbúin til að standa á bak við.

Síðan vil ég líka benda hv. þm. á það að við erum hér við 2. umr. og 3. umr. er eftir og við getum vel átt eftir að koma með frekari tillögur og þá um niðurskurð á útgjöldum sem meiri hlutinn hefur verið að leggja til. Það er því ekki öll nótt úti enn í þessum efnum.

Varðandi hins vegar náttúrustofurnar sem hv. þm. gerði að umtalsefni þá er hv. þm. að misskilja tillögur meiri hlutans. Meiri hlutinn gengur út frá því að grunnframlagið til stofanna verði óbreytt 7,7 milljónir á hverja stofu. Síðan leggja þeir til 5 milljónir í verkefni til stofanna, þ.e. algerlega fyrir utan grunnframlagið. Ég lýsi stuðningi við það að slík verkefni séu fjármögnuð og mæli því sannarlega ekki gegn þessum 5 milljóna aukafjárveitingum sem meiri hlutinn er að leggja til til stofanna. En það breytir því ekki að grunnframlagið verður að hækka úr 7,7 milljónum í 11,6 til þess að hægt sé að segja að verið sé að fara að lögum. Lagaleg skylda okkar er sú að greiða sem nemur launum forstöðumanns að viðbættri sömu upphæð til almenns rekstrar. Laun forstöðumanna náttúrustofanna með launatengdum gjöldum eru 5,8 millj. kr. Tvisvar sinnum 5,8 milljónir eru 11,6. Það þýðir að grunnframlagið á að vera 11,6 en ekki 7,7. Hvað meiri hlutinn bætir síðan mörgum 5 milljónum ofan á það í sjálfstæð verkefni, skal ég styðja allt.

[20:56]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér var tjáð að hv. þm., síðasti ræðumaður, hefði óskað eftir því að ég kæmi hér í salinn til þess að svara fyrirspurnum hans. Þar sem ég heyrði ekki fyrirspurnirnar vil ég gefa hv. þm. tækifæri til þess að endurtaka hér einhverjar af þeim spurningum sem hún hefði viljað leggja fyrir mig.

Ég tók eftir því að hv. þm. tekur þátt í því að leggja fram tillögur um að verja 140 milljónum til innlendrar dagskrárgerðar hjá Ríkisútvarpinu. Þetta er að sjálfsögðu fróm tillaga. Það vill hins vegar svo til að Ríkisútvarpið hefur úr miklum fjármunum að spila. Ríkisútvarpinu eru tryggðir miklir fjármunir með afnotagjaldinu, þ.e. um 2 milljarðar. Það hefur verið hækkað nýlega þannig að tekjur Ríkisútvarpsins aukast um 110 milljónir við þá hækkun eina. En síðan hefur löggjafinn tryggt Ríkisútvarpinu heimild til þess að afla sér auglýsingatekna sem það gerir á markaði og eru það heimildir umfram það sem ríkisútvörp víða annars staðar hafa. Breska ríkisútvarpið hefur t.d. ekki heimild til þess að afla sér auglýsingatekna. Ríkisútvarpið hefur því mikla fjármuni milli handa. Það er hins vegar stofnunarinnar sjálfrar að ákveða hvernig hún ver þessum fjármunum og hve miklu hlutfalli af fjármunum hún ver til innlendrar dagskrárgerðar. Hv. þm. geta svo gert það upp við sjálfa sig hvort þeim finnst nógu háu hlutfalli af þessum miklu fjármunum sem Ríkisútvarpið fær vera varið til innlendrar dagskrárgerðar.

[20:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. menntmrh. var ekki í salnum hér fyrir kvöldmat þegar verið var að auglýsa eftir ríkisstjórninni allri í þessa umræðu og það var mikið gert úr því að ráðherrar væru ekki til staðar í húsinu þegar verið væri að fjalla um fjárlög næsta árs.

Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur var náttúrlega sú að ég hafði séð hann hér í atkvæðagreiðslunni og gerði ráð fyrir því að hann væri hér og var að vona að hann hlustaði á mál mitt, sérstaklega þegar ég var að fjalla um háskólana og framhaldsskólana í ræðu minni, um þá reginvillu sem gerð var í fjárlagafrv. þar sem útreikningurinn tók ekki einu sinni mið af reiknilíkani sem ráðuneytið hefur þó útbúið og þykist vera að fara eftir. Leiðréttingin sem meiri hlutinn gerir síðan á framlögum til framhaldsskólans nægir ekki fyrir áætluðum nemendafjölda. Spurningin laut að því hvað eigi að gera við þá 400 nemendur sem fyrirsjáanlega standa út af. Á að loka framhaldsskólunum fyrir þeim eða hvað á að gera? Eiga framhaldsskólarnir eina ferðina enn að reyna að hanga á horriminni við að kenna of mörgum nemendum fyrir of lítið fé?

Varðandi háskólana var ég hins vegar að fjalla um hlutfallið á milli rannsókna og kennslu þar sem t.d. í Kennaraháskóla Íslands er hlutfallið til rannsókna komið niður í 24% á móti 76% til kennslu, á sama tíma og stjórnvöld gorta af því að hér sé verið að stefna á sömu braut og Norðurlandaháskólarnir stefna, sem veita jafnmikið fé til rannsókna í háskólum sínum og þeir veita til kennslunnar. Við hljótum að setja markið jafnhátt og Norðurlöndin, þ.e. á 50% í kennslu og 50% til rannsókna, en hvers á þá Kennaraháskóli Íslands að gjalda með 24% til rannsókna og 76% til kennslu? Á ekki að leiðrétta þessa hluti? Ætlum við ekki að standa í alvöru við stóru orðin? Ríkisstjórnin hefur gortað af því hér að hún sé að auka virkilega mikið við framlög til rannsókna. Hvers eiga háskólarnir þá að gjalda?

[21:00]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt að einhverju leyti sé ekki rétt að taka meira mark á talsmönnum stjórnarandstöðunnar í fjárln. en

öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar þá hlusta ég á yfirlitsræðu hv. þm. Einars Más Sigurðssonar, talsmanns Samf., og Jóns Bjarnasonar hv. þm. sem var talsmaður Vinstri grænna. Þá komu fram skýringar á hluta af þeim spurningum sem komu hér fram til mín að því er varðaði háskólann og framhaldsskólana, m.a. sú skýring sem var beðið um hér, þ.e. að gera grein fyrir því hvernig hugsað væri að verja þeim fjármunum sem hefur verið veitt til framhaldsskólans til fjölgunar nemenda og til líkansins. Það var farið yfir það hér áður í þessum sal og sjálfsagt er að endurtaka eitthvað af því sem ég get gefið mér tíma til hér.

Það er að sjálfsögðu ætlun mín að verja hluta af þessu fjármagni til þess að fjármagna breytinguna sem varð á líkani framhaldsskólanna í fyrra að fullu. Ég gaf mér þá tvö ár til þess að vinna það verk. Það var áhætta sem ég tók vegna þess að breytingin á líkaninu leiddi til útgjaldaauka. Ég hyggst með þessu standa við þau orð mín að breyta þessu á tveimur árum. Þar með er ekki sagt að við séum að leysa allan vanda framhaldsskólans. Ég vil hins vegar taka það fram að þegar við lítum á greiðsluflæði frá háskólunum þá kemur t.d. í ljós þegar heildarútgjöld Háskóla Íslands eru skoðuð að hann ver nánast jafnmiklum fjármunum til kennslu og til rannsókna. Hv. þm. verður að skoða það að það eru ekki einungis bein fjárframlög í gegnum rannsóknarsamning til Háskóla Íslands sem fara í rannsóknir heldur eru rannsóknir Háskóla Íslands fjármagnaðar með opinberum fjármunum með ýmsum hætti. Það verður að líta á heildarmyndina til að menn átti sig á þessu til fulls.

[21:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir afar vænt um það þegar hæstv. menntmrh. bendir okkur á að horfa á heildarmyndina því ég auglýsti í ræðu minni eftir langtímastefnu og heildarmynd í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki. Mér finnst það heyra undir hæstv. menntmrh. að gefa okkur skiljanlega heildarmynd í því fjárlagafrv. sem hér er lagt fram af því sem heyrir undir hans ráðuneyti í þeim efnum. Sannleikurinn er sá að það er verið að skera 105 millj. kr. af Háskóla Íslands sem þeir höfðu til ... (**Menntmrh.:** Þetta er bara misskilningur.) Það er bara misskilningur, segir hæstv. ráðherra hér. (**Menntmrh.:** Bara tímabundin fjárveiting.) En það var engu að síður samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi um rannsóknir við háskólann sem átti að gilda til þriggja ára og það er nú skorið af. (Gripið fram í.) Það er alla vega ekki í fjárlagafrv. ársins 2004. En það er alveg greinilegt, virðulegur forseti, að við hæstv. ráðherra höfum ekki tækifæri til að ræða þetta til enda hér. Andsvörin eru að verða búin. En það sýnir sig alveg að ræður þeirra þingmanna sem hér hafa talað — mér þykir miður að ég skyldi hafa misst af ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Ég þurfti að skreppa á fund á miðjum degi eins og gjarnan er hjá okkur þingmönnum og var að fræðast um erfðabreytt matvæli hjá Umhverfisstofnun á sama tíma. Engu að síður get ég kynnt mér ræðu hans eftir tvo til þrjá daga (Gripið fram í.) þegar búið er að slá hana inn af ræðuriturum og það mun ég gera.

En varðandi málefni framhaldsskólanna rannsókna í háskólanum þá er engu að síður alveg ljóst að samkvæmt þessu fjárlagafrv. og brtt. meiri hlutans er verið að gera minna en áætlanir viðkomandi stofnana ganga út frá. Við erum með í höndunum ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara um þetta fjárlagafrv. eftir að brtt. meiri hlutans voru birtar og þar kemur alveg skýrt fram að ekki er pláss fyrir 400 nemendur sem gert er ráð fyrir inn í framhaldsskólann í þessum fjárlögum. Ég spyr: Hvað á að gera við þessa 400 nemendur? Ætlast hæstv. menntmrh. til þess að við lokum þá úti og er það þá í samræmi við fyrri yfirlýsingar hans? Erum við ekki með nógu stórt vandamál í brotthvarfi nemenda sem tolla ekki í framhaldsskólunum eða falla frá námi af ýmsum ástæðum? Ég fullyrði að hér er pottur brotinn. Það á að laga þessa viðkomandi fjárlagaliði í þessari umræðu sem nú stendur yfir.

[21:05]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu um fjárlögin eru tímamót því nú er í fyrsta skipti lögð fram tekjuáætlun þannig að nú getum við séð bæði tekjur frv. og gjöld hlið við hlið.

Hæstv. forseti. Mikil vinna hefur farið fram í fjárln. frá því við ræddum fjárlög ársins 2004 á fyrstu dögum þingsins í haust. Farið hefur verið yfir helstu forsendur fjárlagagerðarinnar, farið yfir stofnanir ríkisins. Viðtöl hafa verið tekin við fjölda manns sem erindi hafa átt við fjárlaganefnd og önnur þau mál sem tilheyra fjárlagagerðinni.

Hæstv. forseti. Síðustu ár hefur stefnumörkun stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum verið þannig að í vaxandi mæli er horft til lengri tíma en eins árs í senn. Það gefur færi á meiri yfirsýn yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum, rennir traustari stoðum undir hagstjórnina og styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika. Þessu hefur að nokkru verið fylgt eftir í fjárlagafrv. síðustu ára þar sem hefur mátt finna framreikning helstu stærða í samræmi við ákvæði gildandi fjárreiðulaga. Ríkisstjórnin hefur einnig stigið mikilvæg skref í átt til þess að styrkja slíka langtímastefnumörkun með því að samþykkja pólitísk markmið til ársins 2007. Þessi ákvörðun markar að vissu leyti tímamót hér á landi.

Undanfarin ár hafa orðið miklar framfarir í fjárlagagerð ríkisins sem hafa átt mikinn þátt í því að hér hefur tekist að skapa þá traustu umgjörð í ríkisfjármálum sem við búum við í dag. Hagstjórn undanfarinna ára hefur leitt til þess að kaupmáttur hefur vaxið meira en dæmi eru um síðustu áratugi. En forsendur stöðugleika eru hóflegar launahækkanir og lítil verðbólga. Stöðugleikinn er því grundvöllur þess að kaupmáttur vaxi enn frekar.

Hæstv. forseti. Á haustdögum tók ég ásamt öðrum þingmönnum á móti þingmönnum frá Kaliforníu. Það var mjög ánægjulegt að skiptast á skoðunum við þessa ágætu þingmenn, fulltrúa Kaliforníufylkis. Í máli þeirra kom fram hvað þau voru hrifin af íslenska hagkerfinu. Þau dáðust mjög að því hvernig svona fámenn þjóð getur haldið uppi miklu og skilvirku hagkerfi. Glöggt er gests augað, eins og þar stendur.

Hæstv. forseti. Lífskjör okkar hafa á undanförnum árum verið að batna svo um munar. Við yfirferð fjárln. hefur frv. tekið nokkrum breytingum og, virðulegi forseti, heilbrigðis- og tryggingamálin taka til sín mikinn hluta fjárlaganna eða um 40%. Verið er að auka þjónustu í heilbrigðiskerfinu, fjölga hjúkrunarrýmum fyrir aldraða samkvæmt samningi við eldri borgara. Í fjárlögum 2004 er verulegum fjárhæðum varið til uppbyggingar og reksturs öldrunarþjónustu. Dagvistarrýmum fyrir aldraða fjölgar töluvert og heimaþjónusta eflist til muna. Sú stefnubreyting er mjög farsæl sem er í því fólgin að fólk getur verið lengur á eigin vegum utan stofnana með hjálp bæði félagsþjónustu sveitarfélaga og heilsugæslunnar. Þannig er þjónustan samþætt. Það er öllum til hagsbóta og hefur það gefist mjög vel þar sem hún er

til staðar. Ég vil nefna sérstaklega eitt sveitarfélag, Höfn á Hornafirði. Þar hefur þetta gefist ákaflega vel.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær 23 millj. kr. í viðbót samkvæmt frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, en þar er lagt til að gjaldið í sjóðinn verði hækkað um 2,5% eða 136 kr. á hvern gjaldanda, úr 5.440 kr. í 5.576 kr. Þessi hækkun er í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar, en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,5% frá meðalverði ársins 2003 til meðalverðs ársins 2004. Stofnkostnaðarframlög til byggingar hjúkrunarheimila nær tvöfaldast á milli ára og verða rúmlega 900 millj. kr. árið 2004.

Þá er miklum fjármunum varið til að bæta þjónustu við geðsjúka á ýmsan hátt. Hér er um að ræða ný verkefni til að bregðast við skorti á úrræðum undanfarinna ára. Meðal þeirra er lokuð deild fyrir alvarlega geðsjúka en sakhæfa einstaklinga og efling barna- og unglingageðdeildar. Þá er verið að auka framlög til ýmissa félagasamtaka sem vinna mjög gott og uppbyggilegt starf í þágu geðsjúkra, starf sem er verið að vinna til að koma fólki annaðhvort í vinnu eða í nám, koma fólkinu út í samfélagið á ný. Allt skiptir þetta mjög miklu máli og er alveg sjálfsagt að styðja vel við bakið á þessum félagasamtökum.

Þá hefur verið bætt úr brýnni þörf á hvíldarþjónustu fyrir langveik börn og er það Rjóður. En til þess verkefnis eru lagðar 64 millj.

Söfnun var fyrir Sjónarhól fyrir nokkrum vikum. Það er miðstöð sem fólk getur leitað til að fá leiðbeiningar í kerfinu. Það er mjög mikilvægt hvernig þjóðin getur með samstilltu átaki gert góða hluti þegar mikið liggur við og þá stöndum við svo sannarlega öll saman. Ríkisstjórnin mun leggja til Sjónarhóls 45 millj. næstu þrjú ár.

Lagt er til að 100 millj. kr. fari í framkvæmd við Sjúkrahús Suðurlands á næsta ári. Þetta verkefni hefur því miður tafist, en það á ekki að hafa áhrif á að verkinu sem verja á 1.000 millj. til verði lokið á þeim tíma sem ætlað var. Hönnun á viðbyggingu við sjúkrahúsið lauk í júní sl. Verktakakostnaður er áætlaður um 800 millj. kr. Heildarframkvæmdakostnaður án búnaðar er tæpur milljarður, en með búnaði rúmur milljarður kr. Fjárveitingar núna eru samtals 179,6 millj. kr. Þar af koma 130 millj. kr. úr ríkissjóði og 43 milljónir frá Framkvæmdasjóði aldraðra. Stefnt er að því að framkvæmdir geti hafist strax á næsta ári og fyrri áfanga þeirra, uppsteypu, frágangi húsa að utan og lóðafrágangi ljúki á árinu 2006 en seinni áfangi, innrétting hússins, verði hafin í beinu framhaldi og honum lokið á árinu 2008.

Eins og mörgum er kunnugt er hér um að ræða byggingu hjúkrunardeildar í stað Ljósheima sem hefur verið dæmt óhæft húsnæði og er rekið með undanþágu yfirvalda brunamála og ferlimála fatlaðra. Því er mjög brýnt að þessari framkvæmd verði flýtt eins og kostur er. Ég tel líka mjög mikilvægt að framkvæmdaáætlun verði skipt þannig að hjúkrunardeild Ljósheima geti sem fyrst flutt inn í hið nýja húsnæði.

Hæstv. forseti. Formaður heilbr.- og trn., Jónína Bjartmarz, fór í dag yfir mikinn lyfjakostnað Landspítala og Tryggingastofnunar. Ég tek undir það að þetta er mikið áhyggjuefni. Þessi kostnaður hefur farið hækkandi ár frá ári og það verulega. Á fundi fulltrúa Landspítala og Tryggingastofnunar með heilbr.- og trn. núna um daginn kom fram að lyfjaverð hér á landi er í flestum tilvikum hærra en í nágrannalöndunum, en þessar stofnanir hafa forustu í að leita leiða til að lækka þennan kostnað. Í þessu skyni hafa þrjú lyfjaútboð farið fram á árinu og þrjú eru í undirbúningi hjá Landspítalanum. Á þessu ári verða samtals boðin út lyf fyrir 1 milljarð 574 millj. kr. eða 75% af heildarinnkaupum. Nefndinni var hins vegar greint frá því að tilboð bærust ekki í öll lyf sem boðin væru út og þá kæmi það einnig fyrir að tilboð hljóðuðu upp á hámarksheildsöluverð. Þess vegna skila útboðin næstum því alltaf þeim sparnaði sem að var stefnt.

Fulltrúar Tryggingastofnunar bentu á að lyfjamarkaðurinn hafi breyst afar mikið á síðustu árum. Þegar fyrirkomulagi hans var breytt var gert ráð fyrir 25% sparnaði í lyfjaútgjöldum. Ljóst væri hins vegar að sparnaðurinn er minni fyrir stofnunina því að almenningi er veittur afsláttur sem oft er umtalsverður en Tryggingastofnun þarf í öllum tilvikum að greiða fullt verð. Dæmi eru um að lyf kosti allt að 93% meira á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Nefnt var á fundi sem heilbr.- og trn. sótti hjá Tryggingastofnun um daginn að lyf sem framleitt er í Svíþjóð er 93% dýrara hér landi en þar og annað lyf 48% dýrara hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Það er nærri helmings hærra verð hér. Í flestum tilvikum er hærra lyfjaverð hér en annars staðar.

Í staðtölum 2002 frá Tryggingastofnun koma fram afar athyglisverðar tölur. Meðal annars kemur þar fram að lyfjaútgjöld Tryggingastofnunar eru um þriðjungur af útgjöldum sjúkratrygginga eða rúmlega 5,4 milljarðar á árinu 2002. Þá höfðu lyfjaútgjöld hækkað um 12,5% frá fyrra ári. Þetta er mjög athyglisvert hvað lyfjaneysla er miklu meiri hér en annars staðar en það má geta þess að við erum miklu yngri þjóð en þær þjóðir sem verið er að bera sig saman við.

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess samkomulags, eins og hefur verið rætt hér í dag, ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalags Íslands sem gert var á vordögum þar sem gert var ráð fyrir að grunnlífeyrir öryrkja muni hækka frá 1. jan. 2004. Með því samkomulagi er verið að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar á unga aldri þannig að fjárhæð lífeyrisins mun fara stighækkandi eftir því sem menn eru yngri þegar þeir verða öryrkjar, en gert er ráð fyrir allt að tvöfaldri hækkun grunnlífeyris til þeirra sem yngstir verða öryrkjar, upphæð allt að einum milljarði. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson gerði grein fyrir því að standa ætti við þessi orð og eigum við von á því að fá fram frumvörp til lagabreytinga því að það þarf að kerfisbreyta vegna þessa gjörnings.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins geta þess sem verið er að gera í félmrn. til að stytta biðlista eftir þjónustu við fatlaða og eru hér nokkrar tillögur. Gert er ráð fyrir fjármagni til tveggja nýrra sambýla í Reykjavík, frá miðju ári. Gert er ráð fyrir fjármagni til tveggja nýrra sambýla á Reykjanesi, frá miðju ári og einnig er gert ráð fyrir opnun nýs sambýlis á Suðurlandi, frá miðju ári. Áætlað er fyrir heilsársrekstri nýrrar hæfingarstöðvar á Reykjanesi. Efla á skammtímaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og efla á dagvistun á Suðurlandi.

Hæstv. forseti. Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar í frv. 279,4 milljarðar kr. Nú hefur þessi áætlun verið endurskoðuð og er nú talið að tekjur ríkissjóðs verði árið 2004 282 milljarðar kr. sem er hækkun um 2,6 milljarða kr. miðað við upphaflega áætlun í fjárlagafrv. 2004. Þessa hækkun má fyrst og fremst rekja til tveggja þátta, annars vegar er áætlað að tekjur af sköttum á vörum og þjónustu verði 1,9 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir og hins vegar að áætlaðar tekjur af eignarsköttum aukist um 450 millj. kr. Þær

hækkanir má rekja til endurmats á tekjum ríkisins á þessum sköttum á árinu 2003.

Spár um þjóðhagsforsendur eru óbreyttar en spáð er að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 2004 og verðbólga um 2,5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni aukast um allt að 2,5% og þá er spáð minnkandi atvinnuleysi eða að það verði um 2,5%.

[21:19]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Spár sem fram komu í fjárlögum um efnahagsþróun ársins 2003 reynast langt frá raunveruleikanum. Reynslan segir okkur að hætta sé á að sömu sögu verði að segja um spá fyrir næsta ár og rekstrarniðurstöðu þess.

Samtök atvinnulífsins hafa nýlega bent á í grein hve mikill munur sé að jafnaði á fjárheimildum í fjárlögum hvers árs og þeim fjármunum sem varið er til rekstrarins samkvæmt endanlegu rekstraruppgjöri og að skýringanna sé m.a. að leita í ófullkominni áætlanagerð. Það er einmitt sú áætlanagerð sem við erum að fjalla um hér, þ.e. fjárlög komandi árs.

En vinnubrögðin við fjárlagagerðina eru að ýmsu leyti afar sérkennileg. Ekki er farið ofan í grunnforsendur rekstrarins hjá stofnunum, ekki einu sinni á tilteknu árabili. Rammi er búinn til og látinn halda sér frá ári til árs burt séð frá því hvort breytingar hafi átt sér stað í rekstrarumhverfi stofnunarinnar, t.d. með lagabreytingu. Stofnanir eru ekki beðnar um fjárlagatillögur til ráðuneyta og þeim jafnvel bannað að koma á fund fjárln. með erindi sín. Það er ótrúlegt en satt.

Eftir að fulltrúar stjórnarandstöðunnar komust á snoðir um þessi umræddu bréfaskrif ráðuneyta til undirstofnana sinna og óskuðu eftir að fulltrúar tiltekinna stofnana kæmu á fund nefndarinnar kom í ljós hve fráleit vinnubrögð þar voru á ferðinni, að ekki sé talað um þá staðreynd að framkvæmdarvaldið hefur ekki leyfi lögum samkvæmt til þess að grípa á þennan hátt fram fyrir hendurnar á löggjafarvaldinu.

Á fund fjárln. komu forráðamenn stofnana sem árlega hafa sótt á fund nefndarinnar en skirrtust við að eiga frumkvæði að því að þessu sinni vegna umræddrar tilskipunar fjmrn., sem var með henni að fara að samþykkt ríkisstjórnar Íslands. Ríkisstjórn Íslands samþykkti sem sagt á fundi sínum aðför að löggjafarvaldinu.

Stofnunum sem eiga að gegna lögskipuðum verkefnum er gert það ókleift með allt of litlu fjármagni, jafnvel árum saman. Afleiðingarnar eru síðan að verkefni dragast á langinn og missa jafnvel marks vegna tímans sem þau taka í vinnslu. Dæmi um það er rannsókn Samkeppnisstofnunar á samráði olíufélaganna. Þessu fylgir einnig óhóflegt álag á starfsfólk.

Það eru nokkur sameiginleg einkenni á umkvörtunarefnum þessara stofnana. Meðal þeirra eru að samþykkt séu lög sem leggja stofnunum á herðar útgjöld en ekki er komið til móts við það með viðeigandi fjármagni. Dæmi er viðbótarlífeyrissparnaður. Sama er að segja um lífeyrisskuldbindingar og kostnað vegna veikinda. Þetta fá stofnanirnar ekki bætt.

Framhaldsskólum er gert að taka upp nýtt tölvukerfi sem hefur í för með sé aukinn kostnað. Þeim er gert að taka upp FS-netið sem er gagnleg nýjung fyrir suma en aðrir hafa ekki af því not umfram hefðbundna tölvuþjónustu. Allt er þetta aukinn kostnaður sem ekki fæst bættur. Öllum er gert að taka inn þetta FS-net með gífurlegum aukakostnaði án þess að tillit sé tekið til þess í fjárveitingum til skólanna. Þegar forsvarsmenn kvarta er svar fjmrn.: Þetta er kjörið tilefni til að spara.

Þessi ótrúlegu vinnubrögð ráðuneyta við fjárlagagerðina skýrast af markmiðinu en það er að setja fram fjárlög með rekstrarafgangi og síðan er treyst á guð og lukkuna með hvort hægt sé að standa við þau.

Vitað er að í mörgum tilfellum er ekki möguleiki að reka stofnanir innan þess ramma sem þannig er settur. Dæmi um það eru framhaldsskólarnir, einkum skólar með verknám. Ekki er tekið tillit til hráefniskaupa, stærðar hópa, mismunandi húsnæðisgerðar og nýtingar húsnæðis. Fyrst núna eftir áralanga baráttu skólastjórnenda sem hafa eytt ómældum tíma við að berjast við ómögulegt rekstrarumhverfi hillir undir leiðréttingu, og ekki svo að skólastjórnendur gengju að því sem vísu að leiðrétting sé í höfn þar sem fjármagnið sem til leiðréttinga er ætlað er sett á safnlið hjá ráðuneytinu. Af honum er síðan ráðstafað eftir hentugleikum ráðuneytisins og enginn veit fyrir fram hvað kemur í hans hlut. Hvernig á að vera hægt að gera rekstraráætlanir með þessu móti?

Stjórn Félags framhaldsskólakennara hefur ályktað um fjárlagafrv. fyrir komandi ár og segir í bréfi þeirra, sem dagsett er í dag, 25. nóv. 2003, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags framhaldsskólakennara hefur fjallað um fyrirhugaðar fjárveitingar til framhaldsskóla á grundvelli fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004 sem nú liggur fyrir á Alþingi og tillagna fjárlaganefndar um 600 millj. kr., viðbótarframlag. Stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir stjórnvöld fyrir að vanáætla árvisst gróflega fjárveitingar til framhaldsskóla hvað varðar nemendafjölda þeirra og heildarfjárþörf.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram í október kom í ljós að nemendafjöldi framhaldsskólanna var mjög vanáætlaður. Frumvarpið gerði ráð fyrir 16.220 ársnemendum en varfærin spá ábyrgra aðila bendir til þess að nemendafjöldi verði aldrei undir 17 þúsund nemendum. Einnig vantaði í fjárlagafrumvarpið um 400 millj. kr. samkvæmt reiknilíkani til þess að mæta kostnaði vegna kennslu þeirra 16.220 nemenda sem frumvarpið miðaðist þó við. Stjórnin bendir á að tveir þriðju hlutar fyrirhugaðs 600 millj. kr. viðbótarframlags fari í að borga það sem allan tímann vantaði upp á til að kosta mætti kennslu þeirra 16.220 nemenda sem reiknað var með frá upphafi. Með góðum vilja er því hægt að tala um 200 millj. kr. viðbótarframlag og má fyrir þá fjárhæð kenna um 400 framhaldsskólanemendum til viðbótar. Enn vantar því a.m.k. 200 milljónir til þess að sinna lágmarksþjónustu við nemendur framhaldsskóla en líklega þó mun meira þar sem litlar líkur eru á að nemendafjöldi fari ekki yfir 17 þúsund nemendur á ársgrundvelli.

Stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýnir þann ársvissa hráskinnaleik með tölur um fjárveitingar til framhaldsskólans sem þingi og þjóð er boðið upp á og telur hann hæfa illa ríkisstjórn sem kennir sig við viðleitni til umbóta í ríkisrekstri með tilheyrandi langtímastefnumótun og ábyrgri fjármálastjórn. Stjórnin hvetur ráðherra í ríkisstjórn, fjárlaganefnd og alla þingmenn til þess að bæta nú um betur og setja fjárframlög til framhaldsskólanna á raunhæfan grundvöll fyrir árið 2004 þannig að í minna mæli þurfi að koma til síðbúinna björgunaraðgerða með fjáraukalögum.“

Ég ætla að leyfa mér að taka undir þessa ósk stjórnar Félags framhaldsskólakennara því að ég held að tíma stjórnenda framhaldsskólanna verði ólíkt betur varið en að þurfa alltaf að berjast við fjármagnsskort sem kemur vegna vanáætlunar undanfarin ár.

Annað dæmi um vanreiknað fjármagn er fjármagn til atvinnuráðgjafa sem hefur ekki fylgt verðlagsþróun undanfarinna ára og er það þó liður sem maður mundi halda að óreyndu að samkomulag væri um að virkilega væri þörf á að héldi sér. Sá liður hefur haldist óbreyttur að krónutölu frá 1997 þar til nú að tillaga er um 15 millj. kr. viðbót á fjárlögum þar sem aftur á móti matið á fjárþörfinni eða viðbótarþörfinni er 100 milljónir.

Atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni geta skipt sköpum um byggðaþróun ef þeim eru sköpuð skilyrði til. Atvinnulífið á landsbyggðinni víðast hvar er allt of fábreytt og það veldur því að smærri byggðarlög verða reglulega fyrir alvarlegum áföllum. Það má ekkert koma upp í undirstöðuatvinnugrein viðkomandi svæðis til þess að byggðarlagið sé ekki allt í stórhættu. Þetta veikir tiltrú manna á viðkomandi svæðum og dregur úr líkum á framþróun. Þarna vantar framsýni og stuðning við frumkvæði einstaklinga og byggðarlaga.

Sérstaklega þyrfti að sinna atvinnumálum kvenna en eins og kunnugt er þykir almennt ekki ástæða til að sinna þeim neitt sérstaklega, jafnvel þó að alkunna sé að atvinnuleysi er mun meira meðal kvenna en karla og meðaltekjur þeirra jafnframt mun lægri.

Þolinmótt fjármagn er varla til og varla heyrist algengara umkvörtunarefni frumkvöðla í atvinnulífi en einmitt það hversu erfitt er að nálgast stuðning við uppbyggingu. Athyglisvert er að bera saman stuðning íslenskra stjórnvalda við íslenska frumkvöðla og norska ríkisins við þarlenda. Svo vill til að tveir einstaklingar hófust handa við að byggja upp nákvæmlega sams konar nýjan atvinnurekstur í Norður-Noregi og á Íslandi. Fagþekking var til staðar á Íslandi og var miðlað þaðan til Noregs. Stuðningur við uppbygginguna er hins vegar til staðar í Noregi og þar er fyrirtækið komið í eigið húsnæði með fyrirtækisbíl, búið að afla markaðar og framleiðslan komin á fullt, á meðan íslenska fyrirtækið er að basla í umhverfi sem lætur sér fátt um finnast. Framleiðslan er að vísu á góðri leið fyrir ómælt erfiði frumkvöðlanna en allur stuðningur er í skötulíki. Þessi dæmi segja sögu sem við því miður þekkjum í allt of mörgum myndum.

Formaður fjárln. sagði í ræðu sinni að hann vildi stuðla að breyttum vinnubrögðum við fjárlagagerðina næsta ár. Ég treysti því að orðum formannsins fylgi athafnir.

[21:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvaða nafn ætti að gefa þessu fjárlagafrv. Þau hafa nú sum tekið á sig nöfn, kannski fylgt litnum á kápunni. Frægust eru nú trúlega sólskinsfjárlögin í heiðgulu kápunni hérna um árið. En það er nú hálfgerður jarðarlitur á þessu þannig að út frá litnum hefur mér ekki dottið neitt sérstakt í hug.

Það rifjaðist upp fyrir mér að það var haldin hér merk ráðstefna og iðn.- og viðskrh. kom í fjölmiðla þar sem ráðherra var myndaður með miklum sérfræðingum um fyrirbæri sem heitir „flotsteypa“. Eiginlega datt mér þá í hug að þetta væru svona flotfjárlög, það væri ekki fjarri lagi að kalla þetta flotfjárlög því að það er ýmislegt á floti í frumvarpinu. Ég held að sú tilfinning svífi einhvern veginn yfir vötnunum, alla vega hef ég hana a.m.k., að menn hafi nú ekki þurft að nota marga aukastafi við útreikninga að þessu sinni einfaldlega vegna þess að það er mjög margt á floti um forsendur þessa fjárlagafrv. Það má segja að það sé kannski óvenjulegt að ástæða sé til að ætla að það sé vantalið á báðum hliðum og ýmislegt sem alls ekki liggi fyrir.

Nú gætu menn haldið að þetta ætti að vera akkúrat öfugt því að hér væri svo mikill stöðugleiki og festa og hagstjórnin svo farsæl þegar maður hlustar á hæstv. ráðherra tala. En ég hef þá trú að það sé meiri óvissa núna með niðurstöður afkomu ríkissjóðs á næsta ári en oft áður. Það út af fyrir sig viðurkenna menn að efnahagslega og hagstjórnarlega eru óvissutímar fram undan. Margir trúa því og treysta að í hönd fari mikið góðæri, mikil gleðitíð og sumir eru byrjaðir að taka hana út fyrir fram eins og verða vill. En það er ýmislegt sýnd veiði en ekki gefin í því, herra forseti.

Ég hef velt því dálítið fyrir mér hvort við gætum að einhverju leyti verið að horfast í augu við þróun sem er sumpart sambærileg við það sem Bandaríkjamenn hafa búið við. Þar hefur verið allmikill hagvöxtur án þess að atvinnuleysi hafi haggast í landinu. Það hefur verið peningaþensla í hagkerfinu en hún hefur ekki leitt til þess að hjólin almennt í atvinnulífinu færu að snúast. Það er alls ekki víst að stóriðjuþenslan, ef við megum orða hana svo, sem menn sjá fyrst og fremst fyrir sér að dríf mótorinn á næstu árum, dreifist með þeim hætti um hagkerfið eins og gerist kannski í öðrum tilvikum þegar fjárfestingarnar eru dreifðari og almennari eða þegar hagkerfið tekur við sér af öðrum ástæðum, t.d. góðum gangi í framleiðslustarfseminni og útflutningsatvinnuvegunum.

Það eru til margar tegundir af svokölluðu „góðæri“ eða hagvaxtartímabili. Til þeirra stofnast af mismunandi ástæðum. Það veldur að sjálfsögðu hagvexti, eins og frægt er, ef allir rjúka til og hefjast handa um framkvæmdir og taka til við að eyða, taka lán og eyða þeim. En það er ekki endilega sá hagvöxtur sem verður mjög varanlegur eða gagnast mönnum vel þegar frá líður.

Ég held nefnilega að það sé alveg eins ástæða til þess, herra forseti, að hafa áhyggjur af ýmsu sem er að minna á sig í sambandi við hagstjórn efnahags- og atvinnumála á þessum mánuðum. Mér finnst satt best að segja furðu hljótt um það í hvað stefnir með afkomu t.d. sjávarútvegsins og útflutningsgreinanna í landinu. Ég hef verið að tala við nokkra forustumenn sjávarútvegsfyrirtækja síðustu daga og það er frekar dauft í þeim öllum hljóðið þrátt fyrir besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi og þessa indælu ríkisstjórn. Það er einfaldlega þannig að þar horfast menn í augu við það að hin almennu ytri skilyrði eru öll heldur á fótinn um þessar mundir. Það sem fram undan er í hagkerfinu næstu 3–5 árin verður bersýnilega útflutningsgreinunum mjög erfitt, hátt gengi íslensku krónunnar, mjög háir vextir og vaxandi tilkostnaður af ýmsu tagi á sama tíma og markaðirnir eru almennt að gefa eftir í verði erlendis. Við höfum sjálfsagt öll heyrt um ýmiss konar erfiðleika sem sjávarútvegurinn er að glíma við, einstakar greinar eins og rækjuiðnaðurinn, jafnvel hefðbundin fiskvinnsla, og sú starfsemi sem á undanförnum árum hefur gefið hvað best af sér, eins og frysting úti á sjó, er núna á hröðu undanhaldi og menn eru að reyna að forða sér yfir í aðra framleiðslu og aðra útgerðarhætti eins og þeir hafa aðstöðu til. Það er gott og blessað á meðan menn geta fært sig yfir í að flytja út ferskar, ófrystar afurðir, en það verður tæpast þannig að allir geti gert það.

Ég heyrði viðtal við einn af forustumönnum í stóru útflutnings- eða samkeppnisiðnaðarfyrirtæki í landinu. Hann hafði miklar áhyggjur af því sem fram undan væri í samkeppnisskilyrðum síns fyrirtækis, sagðist ekki sjá annað en að hin neikvæðu áhrif eða ruðningsáhrif þessa ástands í

hagkerfinu — sem menn hafa kallað yfir sig, menn hafa búið til vitandi vits — yrðu mjög erfið í þeim rekstri. Þar var um að ræða samkeppnis- og útflutningsiðnaðarfyrirtæki sem kannski er með 80% af sinni framleiðslu á erlendum mörkuðum og 20% á heimamarkaði.

Það eru auðvitað sömu veikleikamerkin sem birtast um leið og umræðan hefst um góðærið. Það er greinilega vaxandi viðskiptahalli. Þó að hæstv. fjmrh. kunni að þykja það að ýmsu leyti ágætt og hann fái peninga í kassann vegna aukins innflutnings og aukinnar eyðslu, getur það ekki verið sérstakt heilbrigðisvottorð fyrir ástand í einu landi, allra síst ef um eitt skuldugasta vestræna ríkið er að ræða. En það er staðreynd sem er ekki haft hátt um, alla vega ekki þegar menn eru að mikla hinn glæsilega árangur undanfarinna ára, að Ísland er þrátt fyrir allt mjög skuldsett, þjóðarbúið í heild, út á við. Heimilin eru þau skuldsettustu í heimi og eiginlega allir nema ríkissjóður hafa búið við heldur óhagstæða þróun í þessum efnum undanfarin ár. Atvinnulífið er þunglestað skuldum, t.d. sjávarútvegurinn, með ískyggilega mikla skuldabyrði, heimilin mjög skuldug og sveitarfélögin hafa safnað miklum skuldum á undanförnum árum. Eini aðilinn sem hefur verið að laga sína stöðu, það skal vissulega viðurkenna, er ríkissjóður. Það er gott. Það skiptir máli að hann standi vel og geti þá mögulega tekið á sig erfiðleika eða útgjöld á komandi árum og hjálpað til við að halda hlutunum í jafnvægi. Ríkissjóði er að sjálfsögðu hægt að beita talsvert í þeim efnum. En það er ekki nóg að ríkissjóður einn og sér komist sæmilega af ef allar aðrar helstu máttarstoðir samfélagsins eiga í erfiðleikum.

Staðreyndin er líka sú, herra forseti, að maður getur velt því fyrir sér hversu vel okkur hafi nýst langt hagvaxtarskeið og góðar aðstæður á árabili frá því að hér fór að rofa til í efnahagsmálunum og batnandi aðstæður komu til sögunnar á árunum 1994–1995. Ef ekki væri umtalsverð sala ríkiseigna á þessu tímabili væri afkoma ríkissjóðs og uppgjörið á ríkissjóði í sjálfu sér ekkert til að hrópa húrra fyrir flest þessi ár. Meira að segja ríkissjóður hefði ekki verið að gera neitt mikið betur en að klára sig á núllinu að slepptri eignasölunni. Eignasala er auðvitað eins skiptis aðgerð í eðli sínu. Það er ekki til siðs að menn geti selt sömu eignina oft og eitthvað verður að taka við þegar menn geta ekki lengur bætt sér upp ónógar tekjur til að standa undir útgjöldum á sölu eigna.

Við skulum líka hafa það í huga að þessi árangur, að því marki sem hann er raunverulegur í rekstri ríkissjóðs á undanförnum árum, er að verulegu leyti fenginn með því að kostnaði sem áður var borinn af ríkissjóði hefur verið velt yfir á aðra, yfir á notendur opinberrar þjónustu. Sá kostnaður er tilfinnanlegur t.d. fyrir lágtekjufjölskyldurnar og barnafjölskyldurnar í landinu, það er ekki nokkur minnsti vafi.

Ég ætla, herra forseti, að mæla hér fyrir nokkrum brtt. og gera þá viðkomandi málaflokk aðeins að umtalsefni. Ég mun aðeins koma inn á atvinnuleysisbætur og þakka hæstv. félmrh. fyrir að vera viðstaddur. Ég hafði einnig gert hæstv. samgrh. viðvart um að ég hygðist mæla fyrir brtt. um Landssímann sem varðar arðgreiðslu Landssímans í ríkissjóð og hefði gjarnan viljað að hæstv. samgrh. væri sömuleiðis til staðar, og koma að nokkrum fleiri þáttum sem varða einstaka ráðherra. Ég geri ráð fyrir því að þeir hafi yfirleitt hagað prógrammi sínu þannig að þeir séu hér til að vera viðstaddir umræðuna og svara fyrir sín mál. Það lá fyrir strax 1. október, reyndar í september, að 2. umr. fjárlaga yrði á þessum drottins degi og það ber að þakka að það hefur tekist að halda áætlun, enda veit ég að formaður fjárln. er ákaflega stoltur af því og má vera það. Að sama skapi er þá sjálfsagt að ætlast sé til þess að hæstv. ráðherrar, sem hafa haft það fyrir framan nefið á sér í þrjá mánuði að nákvæmlega á þessum degi yrði 2. umr. fjárlaga, hafi hagað sínu prógrammi þannig að þeir séu hér til staðar. Það finnst mér vera sjálfsögð skylda þeirra.

Við höfum lagt fram, herra forseti, sem hefur reyndar þegar komið fram, allmargar brtt. Þær fela í sér talsverð viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð. Það er einfalt mál að þær hugsum við okkur að yrðu fjármagnaðar, ef samþykktar yrðu, með tvennum hætti, annars vegar með því að afla tekna og hins vegar með því að minnka nokkuð þann afgang sem ella yrði á ríkissjóði.

Við leggjum fram tekjuöflunartillögur á þskj. 436. Þar leggjum við til að sérstakur tekjuskattur, þ.e. hátekjuskatturinn eða álag á hærri tekjur, haldist eins og var um árabil, verði 7% í stað þess að lækka enn, eins og hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera um þessi áramót. Það fer kannski óþarflega hljótt, herra forseti, að eina skattalækkunarloforðið sem má segja að örli fyrir að ríkisstjórnin sé að standa við, þess á hátekjufólkið í landinu að njóta. Öll glæstu loforðin sem gefin voru á fylliríinu mikla í kosningabaráttunni í apríl og maí eru nánast gufuð upp eins og þau leggja sig, nema þetta eina, það á að lækka álagið á hátekjuskattinum um 1 prósentustig. Við sjáum ekki að það sé sérstök þörf á því meðan ríkisstjórnin telur fjárhag ríkisins svo bágan að það verði að krukka í atvinnuleysisbætur, vanefna samkomulag við öryrkja og annað í þeim dúr. Við leggjum því til að ríkissjóði verði aflað tekna sem yrðu upp á u.þ.b. 1.000 millj. kr. með því að halda álaginu á þessar hærri tekjur, 7%, eins og það var um árabil, áður en það tók að lækka í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Það er rétt að minna á að þetta álag er á tekjur fyrir ofan 340 þúsund eða þar um bil hjá einstaklingum og tvöfalt það hjá hjónum. Ég held því að þeir einstaklingar og þau heimili í landinu hljóti að teljast bærilega á vegi stödd til þess að borga álag á þær tekjur sem eru þar fyrir ofan. Þetta er ekki, eins og margir virðast misskilja, skattur sem viðkomandi ber á allar tekjur umfram aðra, heldur er þetta eingöngu álag á þann hluta teknanna sem er fyrir ofan þessi mörk.

Í samræmi við stefnu okkar í því hvernig fjármagnstekjur skuli skattlagðar, meira í líkingu við aðrar tekjur, leggjum við til að aflað verði 2.000 millj. kr. Það mætti gera með því að gera kerfisbreytingu af því tagi sem við höfum talað fyrir. Skatturinn yrði t.d. lagður á í tveimur þrepum eða í raun þremur þrepum. Almennur sparnaður upp á um 1 millj. kr. væri skattfrjáls en síðan tækju við hærri skattþrep en nú eru, t.d. 12% og 18%. Þannig á lagður mundi skatturinn gefa talsvert meiri fjármuni en hann gerir í dag, kannski um 2.000 millj. kr. eða meira.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að skattlagning fjármagnstekna á Íslandi, vaxtatekna, arðgreiðslna og annarra slíkra hluta, er með nokkuð sérstökum hætti. Þetta mun vera einhver lægsta skattlagning af því tagi sem fyrirfinnst. Víða er hún mun hærri en hér gerist. Þannig er ekki hægt að færa fram þau rök að þessi breyting yrði til að stórkostlegur fjármagnsflótti yrði úr landinu eða annað í þeim dúr, eins og einhverjir kynnu að halda fram.

Með þessu mundum við afla, virðulegur forseti, um 3.000 millj. kr. sem gengju langt upp í útgjöld vegna breytingatillagna okkar. Þær kunna þó að vera upp á 5 milljarða þannig

að nokkuð minni afgangur yrði á fjárlögum en ella mætti gera ráð fyrir.

Auðvitað mætti hugsa sér að fara út í víðtækari breytingar. Það eru líka möguleikar til að spara á þann hátt sem við teldum ekki að þyrfti að valda neinum sérstökum búsifjum. Það mætti fara vel yfir risnuliði ráðuneyta og ýmislegt slíkt. Án efa er hægt að ná með því árangri. Okkur fyndist nær að bera niður þar en í því sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Hún hefur eins og kunnugt er nokkuð sérstaka forgangsröðun í þessu eins og ágætlega kom fram í ræðu í kvöld þegar vikið var að sérstakri hækkun til ráðuneytanna til að endurnýja ráðherrabíla upp á þó nokkrar milljónir á sama tíma og það er verið að breyta reglum um endurnýjun á bifreiðastyrkjum til öryrkja, þannig að þeir geti endurnýjað bíla sína sjaldnar en verið hefur, eins og það sé sérstaklega hentugt fyrir fólk sem býr við þær aðstæður. Líklega er þægilegra fyrir fólk sem býr við fötlun eða erfiðar aðstæður af því tagi að það er metið svo að það eigi rétt á þessum stuðningi vegna þess að því sé nauðsynlegt að hafa bifreið til að komast um í samfélaginu, að sú bifreið sé gangfær og komist milli húsa. En það eru sem sagt ráðherrabílarnir sem meiri þörf er á að endurnýja en bifreiðir aldraðra og öryrkja í landinu.

Að tekjuöfluninni slepptri, herra forseti, ætla ég að víkja lítillega að atvinnuleysisbótunum og brtt. sem við flytjum um þann lið. Við leggjum til að tvennt verði gert. Við tökum skýrt fram að þá erum við í sjálfu sér ekki að taka á því máli sem tengist upphæðum atvinnuleysisbótanna sjálfra. Þær eru neðan við allt velsæmi og það hljóta allir réttsýnir og sanngjarnir menn að viðurkenna. Það er hneyksli að atvinnuleysisbætur séu ekki nema 77.400 kr. á mánuði eða hvað það nú er. Það er algert hneyksli. Það hlýtur hver einasti maður að sjá að það er meira en nóg áfall fyrir fullvinnandi fólk að missa vinnuna þó ekki bætist við að fjárhag manna sé rústað jafngjörsamlega eins og það hlýtur að gera ef menn fara úr sæmilega vel launaðri vinnu fyrirvaralaust niður á 77.400 kr. atvinnuleysisbætur, sem er næstum 20.000 kr. undir lægstu greiddum launum í landinu. Þau munu vera á bilinu 93.000–95.000 kr., allra lægstu laun sem greidd eru út.

Það er eins og til að bíta höfuðið af skömminni að krukka í bæturnar eins og fjárlagafrv. gengur út á og á ekki að leiðrétta samkvæmt því sem fram kom í dag, að sú litla hækkun sem er á liðnum sé vegna endurreiknings í samræmi við það hvað hvert áætlað atvinnuleysisstig kostar. Óbreytt stendur að krukka eigi í atvinnuleysisbæturnar um 170 millj. kr. á næsta ári. Þar hefur tvennt verið nefnt sem nota á til að ná fram sparnaði, annars vegar rúmlega 100 millj. sem eiga að sparast vegna þátttöku Atvinnuleysistryggingasjóðs í að tryggja fastráðningar fiskvinnslufólks og hins vegar á að ná 70 millj. með því að taka af mönnum bætur fyrstu þrjá dagana sem þeir eru á atvinnuleysisskrá. Mér finnst hvort tveggja alger ósvinna. Alger ósvinna.

Ég veit ekki hvort hæstv. félmrh. hefur kynnt sér söguna bak við það þegar gert var sameiginlegt þríhliða átak aðila vinnumarkaðarins og ríkissjóðs til að bæta úr því óviðunandi ástandi sem fiskvinnslufólk í landinu bjó við áður en það naut nokkurra fastráðningarkjara. Því var hent heim af og til. Þá var borið við hráefnisskorti, gæftaleysi eða hverju sem var og menn nutu einskis starfsöryggis í þessum efnum. Þá var farið út í þetta, að koma á fastráðningarsamningum með þátttöku Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig að hann kæmi inn í að greiða ígildi bótanna á tilteknu tímabili, sem aftur auðveldaði atvinnurekendum að fastráða fólkið og tryggja því eðlilegt starfsöryggi.

Mér finnst það mikið umhugsunarefni ef ríkisstjórnin telur sig í aðstöðu til að segja upp einhliða þessu þríhliða samkomulagi, þríhliða gjörningi aðila vinnumarkaðarins og ríkisins. Að mínu mati er þetta dæmi glæsilega samvinnu þessara aðila í anda norrænna hefða um þríhliða samvinnu.

Við leggjum til að atvinnuleysisbæturnar sjálfar hækki um 170 millj. kr. og leggjum jafnframt til að við bætist aðrar 140 millj. kr. til að fjármagna greiðslu desemberuppbótar til atvinnulausra. Slíkar uppbætur voru jafnan greiddar meðan atvinnuleysisbætur voru tengdar við laun og launaþróun í landinu. Því var illu heilli hætt og þessu kippt úr sambandi. Það tímabil sem síðan er liðið, frá árinu 1995 eða 1996, hafa atvinnuleysisbæturnar dregist mikið aftur úr lægstu umsömdum launum. Þar hefur bilið orðið mikið.

Nú er það þannig að verkafólk á almennum vinnumarkaði, sem var í fullri vinnu á þessu ári, fær 37 þús. kr. launauppbót í desember. Það munar verulega um það fyrir fólk á lágum launum að fá þessa viðbót í jólamánuðinum. Hvers vegna skyldu ekki atvinnulausir, sem verið er að reyna að bæta upp atvinnuleysið, að hafa ekki launavinnu til að framfleyta sér, fá sambærilega meðhöndlun? Öll sanngirnisrök hníga til þess. Hæstv. félmrh. hefur heimild til að greiða slíka desemberuppbót. Hæstv. ráðherra hefur reyndar líka heimild til að hækka atvinnuleysisbæturnar. Hann hefur það vald í sínum höndum. Það er hlutverk hæstv. ráðherra að ákveða upphæðir atvinnuleysisbóta.

Þrátt fyrir þann gríðarlega þrýsting og þá miklu óánægju sem var með þetta mál á síðasta ári var niðurstaðan sú að atvinnuleysisbætur hækkuðu aðeins um 5% um síðustu áramót. Við það situr og enginn árangur hefur náðst í að hækka þessar bætur. Eru þó félagsmálaráðherrar Framsfl. — tveir hafa komið við sögu — með flokkssamþykkt á bakinu um að atvinnuleysisbætur eigi að vera jafnar lægstu launum. Þetta samþykkti Framsfl. á fundi sínum í febrúar eða marsmánuði sl. Hins vegar brá svo undarlega við þegar fyrrv. hæstv. félmrh. Páll Pétursson var spurður að því í beinu framhaldi úr þessum ræðustól hvort hann ætlaði ekki að fylgja þessu eftir að þá sagðist hann ekki ætla að gera það vegna þess að hann væri á móti þessu. Hann var á móti þessu og vildi hafa atvinnuleysisbætur talsvert lægri en lægstu laun. (**Gripið fram í:** Eitthvað lægri.) Eitthvað lægri, hann gaf nú ekki út vísindalega hversu mikill munurinn ætti að vera. Það tókst ekki að draga það út úr ráðherranum fyrrverandi. Honum fannst að einhver munur yrði þar á að vera.

Mér fannst satt besta að segja, með fullri virðingu fyrir þessum vini mínum, nokkuð forneskjuleg hugsun að bera það á borð, á því herrans ári 2003, að menn hafi svo gaman af því að vera atvinnulausir að það verði að passa upp á að menn skrái sig ekki atvinnulausa unnvörpum með því að hafa atvinnuleysisbætur talsvert lægri en lægstu laun. Ég hélt að þetta væri þannig, virðulegur forseti, að það vildi enginn vera á þessu skítakaupi sem lægstu launin eru, hvað þá á enn þá lægri atvinnuleysisbótum. Ég þekki engan sem velur sér slíkt hlutskipti, engan sem vill það. Engan. Ég þekki þó nokkuð af fólki í þessu landi og þar á meðal margt sem hefur orðið að sæta þessum örlögum. Mér finnst þetta vera einhver hyldýpis misskilningur, einhver forneskja, sem menn dragnast þarna með.

Staðreyndin er sú, ef við lítum til þess hvernig þetta er haft í löndunum í kringum okkur, að reglan er nánast, en ekki

undantekningin, sú að a.m.k. fyrstu mánuðina eftir að menn missa vinnuna er frekar tekið talsvert mið af þeim launum sem menn höfðu áður en að þeim sé dúndrað á strípaðar bætur sem eru langt undir lágmarkslaunum. Það er t.d. hvergi gert á hinum Norðurlöndunum. Hvergi. Þar eru bæturnar fyrir það fyrsta mun ríflegri. Í öðru lagi eru þar, a.m.k. hjá tveimur eða þremur hinna Norðurlandanna, ákveðnar reglur í gildi þannig að tekið er visst mið af þeim launum sem menn höfðu. Gjarnan er þó haft þak á því þannig að bæturnar fari aldrei upp fyrir vissa upphæð. Síðan trappast það niður þegar frá líður og allir enda á svipuðum bótum.

Ef við hugleiðum þetta og setjum í samhengi við hugmyndir um að halda bótunum frosnum í þessum lágu upphæðum og taka af mönnum þrjá fyrstu dagana þá er Ísland á einhverri allt annarri plánetu í þessum efnum en löndin í kringum okkur. Hinn ágæti ungi hæstv. félmrh. hefur einhvers staðar keyrt út af sporinu á Skodanum sínum eða fengið hörmulega ráðgjöf þegar hann lét glepjast til að bera þessi ósköp hér á borð. Mér þykir þetta dapurlegt. Ég veit ekki hvort ég áð segja að ég vorkenni hæstv. ráðherra, það á aldrei að vorkenna ráðherrum. Þeir eiga að standa fyrir sínu og bera ábyrgð á gjörðum sínum. Ábyrgðin verður ekki frá þeim tekin, hún er þar. En það er harla dapurlegt, herra forseti, að horfast í augu við þessi ósköp.

Ég trúi samt, frú forseti, að það hljóti að eiga að reyna að gera eitthvað í þessum málum. Ég vil spyrja báða hæstv. ráðherrana og vona að þeir skrifi þetta nú hjá sér: Á hverju strandar, hæstv. fjmrh. Geir Haarde, á hverju strandar? Leggst fjmrn. gegn því að fjárveitingar verði hækkaðar til Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig að hann geti a.m.k. greitt óskertar bætur? Er hæstv. fjmrh. andvígur því að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði desemberuppbót sem miðast mundi við 3,3% atvinnuleysi sem mér sýnist ætla að verða á árinu að meðaltali í heild, sem sagt eitthvað yfir 4.000 manns á heilsársgrundvelli? Ef maður reiknar það á þessi 37 þús. kr. þá er þetta upphæð upp á um 140 millj. kr., fljótreiknað. Þetta er af þeirri stærðargráðu og mundi kosta þetta að tryggja öllum hlutdeild sína í desemberuppbót sem yrði greidd með sambærilegum hætti og desemberuppbótin er reiknuð á launamarkaði, þ.e. menn fengju hana hlutfallslega miðað við hversu stóran hluta ársins þeir hefðu verið í starfi. Tölvurnar og maskínurnar hljóta að ráða við þá útreikninga. Þannig er ekkert því til fyrirstöðu enda var það gert á árinu 1996. Ef ég man rétt var þá a.m.k. greidd desemberuppbót enda var þá enn þá tekið mið af launum og launaþróun þegar bæturnar voru ákvarðaðar.

Jafnvel þó, herra forseti, að fjmrh. sé eitthvað þungur í taumi þá leyfi ég mér að minna á að það eru um 9 milljarðar kr. í Atvinnuleysistryggingasjóði. Hann er sem betur fer ekki á kúpunni. Skárra væri það nú, eftir langt tímabil tiltölulega lítils atvinnuleysis. Sem betur fer hefur sjóðurinn byggst nokkuð upp þó það hafi heldur þyngst fyrir fæti hjá honum tvö síðustu ár. Hann er þó enn þetta vel staddur og prýðilega fjármagnaður eins og stendur. Ef menn trúa á að það sé minnkandi atvinnuleysi aftur fram undan, sem ég tel að vísu að sé sýnd veiði en ekki gefin, er þá virkilega algerlega heilagt að hrófla ekki við sjóðnum? Hvað með það þó eitthvað sé gengið á þetta fé sem hefur byggst upp á tímum lítils atvinnuleysis og gert betur við þann hóp sem sannarlega á það skilið og hefur mikla þörf fyrir það?

Ég skil satt best að segja ekki svona stjórnsýslu, ég bara skil hana ekki, herra forseti. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum menn gátu endað uppi með það, (**Gripið fram í:** Frú forseti.) ... frú forseti, að koma hér inn með tillögur um krukk af þessu tagi sem ég kalla svo, að láta sig hafa það að fara í þennan leiðangur til að krukka í atvinnuleysisbætur upp á 170 millj. Maður hefði skilið það ef þetta hefði snúist um stórar fjárhæðir og verið veigamikill hluti af því að sauma saman fjárlögin en það er ekki eins og svo sé. Ekki sé ég það. Menn hafa verið útbærir á ýmsa aðra hluti eins og m.a. má sjá í brtt. meiri hlutans sem hefur fundið mörg góð verkefni og þarfaviðfangsefni til að styðja hér hist og her um landið, og það er gott. Menn hafa metið það svo að það væru til aurar í það. Þá skil ég ekki að það skuli ekki vera hægt að gera betur þarna.

Ég segi það a.m.k. fyrir mitt leyti að ég teldi það ekkert ábyrgðarleysi þó að atvinnuleysisbæturnar yrðu hækkaðar, þó að horfið yrði alveg frá þessari skerðingu hvað varðar fiskvinnslufólkið og fyrstu þrjá dagana og þó að greidd yrði desemberuppbót og það kæmi að einhverju leyti niður á því að eigið fé sjóðsins minnkaði þá eitthvað, t.d. framan af næsta ári. Við gætum síðan gert okkur vonir um að þeir hlutir kæmust í betra jafnvægi á nýjan leik ef atvinnuleysi minnkaði með því að inngreiðslurnar dygðu þá fyrir útgjöldum.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort nokkuð þýðir að hafa um þetta fleiri orð en ég óska eftir því að hæstv. ráðherrar, félmrh. og fjmrh., svari til um þetta: Hvernig stendur þetta mál í ríkisstjórninni? Hvernig stendur á því að þetta er komið hingað inn og situr enn fast við 2. umr. fjárlaga eins og til standi að halda sig við þessa skerðingu? Er það andstaða annars hvors eða beggja stjórnarflokkanna við að þetta verði lagfært? Hvað segir hæstv. fjmrh.? Ég óska eftir skýrum svörum um þetta. Það er algert lágmark að þau komi hér.

Þá, herra forseti, ætlaði ég aðeins að ræða málefni Landssímans. Nú veit ég ekki hvar hæstv. samgrh. er, hvort hann er tepptur einhvers staðar í umferðinni, en ég hefði gjarnan viljað að hæstv. samgrh. væri hér við. Málefni Landssímans og fjarskipta heyra auðvitað undir hann þótt mér sé kunnugt um að hæstv. fjmrh. eigi að fá forræði á því að selja Símann ef frv. ríkisstjórnarinnar þar um gengur í gegn. Og væri þá auðvitað ástæða til að ræða pínulítið um þann þátt málsins einnig sem eru hin dæmalausu fyrirhuguðu áform um sölu Landssímans.

Nú er það svo, frú forseti, að Landssíminn er sem betur fer sterkt fyrirtæki og býr við ágæta afkomu enda hefur hann verið látinn sjá um að greiða inn í ríkissjóð myndarlegar arðgreiðslur á hverju einasta ári að ég hygg í talsvert á annan áratug. Fróðlegt gæti verið að leggja saman hvað Síminn er búinn að borga í ríkissjóð frá því hann gerði það fyrst, 1989 eða 1990, ef ég man rétt. Ég yrði ekki hissa þótt það væri komið hátt á annan tug eða jafnvel upp undir 20 milljarða kr. miðað við að hann hefur iðulega borgað milljarð eða talsvert á annan milljarð árlega. Sem sagt, hann er líklega búinn á tíu, tólf árum að borga nokkurn veginn eða hátt í það sem menn eru núna að gera sér vonir um að megi selja hann á. Þá er spurningin: Er það mjög góður bisness, hæstv. fjmrh., að selja fyrirtæki sem getur borgað verðmæti sitt á tíu árum í arð til eigandans? Það þætti held ég dálítið skrýtinn bisness. Þegar ég var að læra hvernig ætti að verðmeta hluti af þessu tagi sem hefðu í sér fólgnar hlunnindatekjur eða arð var venjan sú að fyrst væri verðmæti hlutarins tekið og síðan væri bætt ofan á það áætluðum 10 ára arði af rekstrinum. Með svona reikningum má í raun og veru segja að menn hafi verið að gefa Símann miðað við að afsala sér arðgreiðslun-

um sem hann gæti sjálfur staðið fyrir inn í ríkissjóð á t.d. 15 árum. Ef söluverðmætið er ekki nema líklegt ígildi 15 ára arðgreiðslna er verið að gefa fyrirtækið sem slíkt. En auðvitað veit ég að ríkisstjórnin er ekki að hugsa um þetta, henni er alveg sama, hún ætlar að einkavæða „af því bara" og „til þess", alveg sama hversu vitlaust það er.

Ég hef verið að gera mér vonir um það, frú forseti, m.a. vegna atburða síðustu daga, að kannski væri aðeins að renna upp ljós fyrir ríkisstjórninni. Hæstv. forsrh. hefur farið mikinn í landinu undanfarna daga en mun að vísu vera af landi brott núna. Er örugglega bankamönnum og ýmsum öðrum létt mjög þegar það spyrst. Það mátti jafnvel merkja í orðum hæstv. forsrh. vissa iðrun eða sjálfsgagnrýni, að kannski hefði þetta ekki tekist eins og til var stofnað. Kannski væru menn að misnota frelsið, sagði hæstv. ráðherra. Og þá er spurningin: Er ríkisstjórnin kannski einmitt að endurmeta viðhorf sín til einkavæðingar fyrirtækja af þessu tagi eins og bankanna og Landssímans í ljósi atburðanna? Er þess jafnvel að vænta að einkavæðing Landssímans verði sett á ís eða hætt við hana? Kannski hæstv. fjmrh. svari til um það í ljósi þess hversu hroðalega hefur tekist til með frelsið hjá fjármálastofnunum, að hæstv. forsrh. hefur orðið að beita öllu afli sínu og er orðinn enn frægari en hann var í útlöndum fyrir þau snöfurmannlegu viðbrögð að hafa tekið út úr bankabókinni og tyftað menn. Honum er jafnvel líkt við Pútín og herferð hans gegn stórköllunum í Rússlandi. Örugglega er hæstv. forsrh. hreykinn af samjöfnuðinum.

Það hlýtur þá líka að leita á menn að velta fyrir sér hvort þetta hafi ekki einhver áhrif á áform og stefnu ríkisstjórnarinnar. (**JBjarn:** Vitur eftir á.) Jú, en nú er það svo, hv. þingmaður, að einmitt í þessu tilviki með Landssímann er enn hægt að vera vitur fyrir fram. Það er miklu betra. Miklu betra að vera vitur fyrir fram heldur en eftir á þótt hitt sé sjálfsagt betra en ekki neitt, ég segi það ekki.

Það er nefnilega enn þá tækifæri til að hætta við sölu Landssímans. Það er enn þá tækifæri til þess sem okkur finnst vera alveg einboðið, að nota afl þessa fyrirtækis og mikla fjármunamyndun í því til þess að láta það þjóna hlutverki sínu vel og betur en það gerir í dag, sérstaklega gagnvart landsbyggðinni. Og það er alveg með ólíkindum — frú forseti, eru nokkrar fréttir af samgrh., hvernig er samgöngum háttað í því tilviki? Er hæstv. ráðherra á leið í hús?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill tilkynna að það er búið að koma þessum skilaboðum til hæstv. ráðherra en ég hef ekki haft fregnir af því hvort hann sé á leiðinni í húsið eða ekki. Hæstv. samgrh. hefur fengið þau skilaboð að nærveru hans sé óskað.)

Já, frú forseti, ætli ég haldi ekki bara áfram ræðu minni. Ég lét gera þessum tveim hæstv. ráðherrum, félmrh. og samgrh., viðvart síðdegis um að ég mundi gjarnan vilja að þeir yrðu hér viðstaddir. Hæstv. samgrh. var hér og veit vel um þessa ósk mína þannig að ég ætla að láta það algerlega í hans hendur, hæstv. samgrh., hvernig hann bregst við þeim eða hvernig hann virðir hana og þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Við sjáum svo til. Bjóðum hann auðvitað innilega velkominn í salinn ef hann sér sér fært eða lætur svo lítið að mæta.

Við leggjum það sem sagt til, frú forseti, að arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum en fjármálastofnunum sem fjallað er um í lið 8-22 í tekjuhlið fjárlagafrv. lækki um 1.000 millj. kr., úr 3.226 í 2.226, og þessar arðgreiðslur eru eins og fram kemur í greinargerð með brtt. merktar Landssímanum og merktar því að Landssíminn fari í myndarlegt átak til að byggja upp fjarskiptakerfið og gera það betra í landinu öllu. Þar er víða þörf að taka til hendi. Það er gríðarleg eftirspurn eftir því að GSM-farsímakerfið sé bætt og þétt, t.d. af öryggisástæðum, meðfram öllum helstu vegum, því sé komið upp í afskekktum byggðarlögum sem ekki hafa fullnægjandi GSM-samband í dag. Ferðaþjónustuaðilar vítt og breitt um byggðir landsins kvarta mjög undan því, þeir þeirra sem eru þannig settir að þeir liggja utan þjónustusvæðis farsímans, það sé farið að há þeim verulega í markaðssetningu o.s.frv. Það er ærin þörf á því að taka þar til hendi og síðan að styrkja dreifikerfið og bæta t.d. tengingu fjölmennra staða við ljósleiðaranetið.

Ég átti hér orðastað fyrr í vetur við hæstv. samgrh. sem nú er fjarstaddur og spurði hæstv. ráðherra hvernig í ósköpunum stæði á því að enn eitt árið væru svikin öll fyrirheit um að bæta fjarskiptatengingar þéttbýlisstaðanna á norðausturhorni landsins, Kópaskers og Raufarhafnar. Ég hygg að fjarskiptamál á þessu svæði séu að verða landsfræg. Þessi barningur er búinn að vera uppi núna í mörg ár. Þá brá svo við að hæstv. samgrh. sem spurður var um það sama ári áður, hafði þá haft góð fyrirheit um að nú yrði gengið í þetta á þessu ári, svaraði engu til nema þeirri klisju að þeir teldu ástandið viðunandi. Ég held ég muni þetta rétt.

Nú vill svo til að ég er með í höndum ekki ómerkari heimild en Bændablaðið, frú forseti, og þar á forsíðu er þetta ófremdarástand í fjarskiptamálum Norður-Þingeyjarsýslu til umfjöllunar. Það liggur fyrir að þetta kostar um 35 millj. kr. Það liggur fyrir að ástandið er ekki viðunandi. Það veit hvert einasta mannsbarn nema hæstv. samgrh. og þeir sem hafa samið þetta vitlausa svar fyrir hann sem hann kom með hingað til mín. Það er ekki viðunandi ástand að börn í grunnskólanum á Raufarhöfn geti ekki notað internetið til að sækja þangað upplýsingar til að gera verkefni eins og grunnskólabörn gera orðið um allt land nema þau sem eru dæmd til þess að búa við annan tíma og aðrar aðstæður í þessum efnum. Ástandið er sannarlega þannig að það tekur óratíma að hlaða niður einföldum skjölum eða sækja einfaldar upplýsingar. Sambandið rofnar. Það háir mönnum í venjulegum talsímasamskiptum, hvað þá annað. Þegar talað er í símann þarf að bíða með svar í tiltekin sekúndubrot til þess að menn lendi ekki hver ofan í öðrum. Þetta kostar 35 millj. eða svo. Þótt þær væru 40 eða 45. Landssíminn veit ekki af þessu en getur auðvitað gert það án þess að þurfa til þess nokkra hjálp, og á að gera það.

Ef menn telja að það samrýmist kannski ekki þeirri stöðu sem menn hafa verið að reyna að búa til með háeffun Landssímans og með því að láta hann fara að greiða arð í ríkissjóð eins og önnur hlutafélög gera til eigenda sinna er auðvitað hægt að segja sem svo: Gott og vel, stjórnvöld sem eiga þetta fyrirtæki ætla að fela því að fara í þessar fjárfestingar og það má draga kostnaðinn frá arðgreiðslunum. Ef við lítum svo á að hér sé um að ræða að einhverju leyti „óarðbærar" fjárfestingar, þ.e. fyrirtæki meti það svo að þær skili ekki sama arði og eitthvað annað, og menn vilja engu að síður ráðast í þetta, þá sem byggðaaðgerð, jafnréttismál, mannréttindamál, þannig að menn búi við sömu mannréttindi og aðrir í þessu landi hvað það varðar að eiga aðgang að þessari upplýsingahraðbraut, þá bara gera menn það og líta í raun og veru á þetta sem opinbert framlag til þessarar uppbyggingar.

Það er einfalt og handhægt að gera það með því að lækka arðgreiðslur fyrirtækisins í ríkissjóð á móti.

Ég heyrði það, frú forseti, að til stæði að Landssíminn færi til Rúmeníu (**EKG:** Búlgaríu) ... eða var það Búlgaría, já? Búlgaría, enn þá betra. Landssíminn fer til Búlgaríu og þar er á dagskrá að fjárfesta eins og 200 millj. í einhverju ævintýrafyrirtæki þar. Ég ætlaði mér ... (**EKG:** Ríkissímafélag.) já, símafélag. (**EKG:** Ríkissímafélag.) Nú, ríkissímafélag, það er ekkert annað. En á ekki að einkavæða það, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson? (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Ja, ég vona að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem ég heyri að veit mikið um þetta, komi í ræðustól á eftir og fræði okkur um þessa Bjarmalandsför Landssímans til Búlgaríu. Sérstaklega ætti hann að útskýra fyrir kjósendum sínum á Vestfjörðum að það sé ákaflega brýnt að Landssíminn setji nú 200 millj. kr. í símafjárfestingar í Búlgaríu en til Norður-Þingeyjarsýslu eða Norður-Ísafjarðarsýslu getur Síminn ekki séð af einni einustu krónu.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Má ég áminna hv. þingmann um að ávarpa forseta en ekki eiga orðastað við hv. þingmenn úti í sal.)

Ég skal gera mitt besta og líka reyna að segja frú forseti, eins og ég mögulega get.

Ég ætlaði sem sagt að spyrja og spyr hér með hæstv. samgrh., og hæstv. fjmrh. má svara líka ef það skyldi verða í hans höndum að hafa eitthvað með Símann að gera eftir áramótin: Finnst hæstv. ríkisstjórn Íslands það allt í lagi að Landssíminn hf. fjárfesti fyrir 200 millj. í Búlgaríu en bjóði fólki sem býr við allsendis ófullnægjandi þjónustu úti á landsbyggðinni upp á svör af því tagi sem það hefur fengið? Finnst hæstv. ráðherrum þetta í lagi? Er ekki nóg að Landssíminn hafi tapað 400–500 millj. kr. á ævintýrafjárfestingum í tíð fína forstjórans sem íhaldið tróð inn í fyrirtækið og hefur nú reynst dýrt með plöntunum og öllu saman? (Gripið fram í.) Er ekki nóg búið í þeim efnum? Ætla menn að halda áfram í svona endileysu og bjóða mönnum svo upp á það að þetta fyrirtæki geti ekki ráðist í brýnustu úrbætur sem hefur verið beðið eftir ár eftir ár, t.d. í öryggiskerfinu gagnvart GSM-símanum eða til að bæta ástandið, tengingastaðal við ljósleiðarann, eins og hér hefur verið gert að umtalsefni?

Mér finnst þetta algert hneyksli, frú forseti. Ég sagði það um daginn að mér fyndist það aumingjaskapur í hæstv. samgrh. og það stendur. Það er alger aumingjaskapur hjá hæstv. samgrh. og hjá hæstv. ríkisstjórn að láta þetta ganga svona til. Við eigum þetta fyrirtæki enn þá nánast alfarið og það er ekkert því til fyrirstöðu að fela því að fara í þetta verkefni. Það er að mínu mati algert lágmark ef menn ætla að standa hér á næstu mánuðum og missirum að einkavæðingu Símans, sem er auðvitað reginmistök — ekkert annað — þá væri þó lágmark að Síminn yrði látinn sjá um að áður væri búið að koma ástandinu í alveg fullkomið horf. Þannig að það væri a.m.k. ekki farið í einkavæðinguna fyrr en kerfið væri orðið mjög gott og ríkið skilaði því þannig af sér. Það væri þó örlítill manndómsbragur í því að segja sem svo: Áður en við hróflum við fyrirtækinu og breytum stöðu þess og færum grunnnet fjarskiptanna úr opinberri eigu, tryggjum við að það sé í mjög góðu nútímalegu tipp-topp standi og allir landsmenn sitji þar við sama borð. Þetta virðist ekki eiga að gera.

Ég lýsi fullri ábyrgð á unga þingmenn og gamla sem ætla með atkvæði sínu að styðja þetta og stuðningi þeirra við ríkisstjórn að styðja að Landssíminn verði kannski einkavæddur á næstu mánuðum, kannski afhentur fyrir svona smáendurgjald einhverjum gæðingum, með ástandið eins og það er, með bullandi þörf fyrir að byggja upp fjarskiptanet einmitt á þeim svæðum landsins sem við vitum að nýir eigendur með arðsemiskröfuna eina að leiðarljósi eru líklegastir til að láta mæta afgangi. Halda menn að það verði fyrsta verk nýrra gróssera, einhverra nýríkra fjármálamanna, sem kannski komast yfir Símann, að fara út í þessar framkvæmdir? Ég hef ekki trú á því. Ætli þeir fari ekki að hugsa um það hvernig þeir geti sogið sem mestan arð út úr fyrirtækinu og haft sem mest út úr því, kannski á þeim tveimur til fjórum árum sem þeir ætla sér að eiga það áður en þeir henda því í einhverja aðra, búnir að sjúga úr því safann?

Þannig er þetta. Óskapleg börn eru menn ef þeir horfast ekki í augu við raunveruleikann og það sem blasir við þeim úr öllum áttum. Hvað sögðu nýju kjölfestufjárfestarnir í bönkunum? Það var reynt að selja auðtrúa mönnum það að ekki væri hægt að selja bankana í dreifðri eignaraðild, af því að það væri svo mikilvægt að fá af þeim kjölfestueigendur sem veittu stöðugleika og kjölfestu í rekstri fyrirtækisins. Öllum hugmyndum var kastað fyrir borð um að selja þetta í dreifðri eignaraðild og valdir út, að vísu í einhvers konar útboði, aðilar til að kaupa ráðandi hlut í bönkunum. Hvað sagði sá sem hreppti Landsbankann? Við ætlum ekkert endilega að eiga þennan banka lengi, kannski svona þrjú til fjögur ár.

Hvað er verið að segja? Hvað þýðir þetta á mannamáli? Þetta þýðir að þetta er spekúlatíf fjárfesting. Þetta er ekki eitthvað sem viðkomandi aðilar ætla sér að fara inn í og starfrækja um langan tíma. Þetta er svona lottó-fjárfesting. Það er verið að veðja á að með því að taka þetta fyrirtæki, kannski breyta því, sameina það öðru, gera eitthvað við það, megi ná út úr því miklum verðmætum á skömmum tíma og selja svo leifarnar. Þetta er alþekkt aðferð manna sem eru á höttum eftir skjótfengnum gróðatækifærum. Allra vinsælast er að komast inn í fyrirtæki sem verið er að einkavæða, sem eru innanfeit eins og það heitir á máli manna og er fljótlegt að flá innan úr, þar sem mikið er að hafa. Svo er hægt að henda fitulausum skrokknum út á markaðinn og einhverjum öðrum eftir nokkur ár. Þetta er íþróttin.

Þetta er hæstv. ríkisstjórn að búa í haginn fyrir með sinni lánlausu aðferðafræði í þessum efnum og hefur náttúrlega hvergi gert það glæsilegar á undanförnum árum en einmitt með bankana sem hinir nýju eigendur hafa heldur betur kunnað að nota, annars vegar sem tæki í sínum höndum til að brjótast til aukinna valda og áhrifa í viðskiptalífinu, eins og Landsbankinn hefur auðvitað verið notaður undanfarna mánuði, eða með því að reyna að auka verðmætin með sameiningum við aðra og slíkum æfingum. (**BJJ:** Og skila gróða.) Svo er aðstaðan þannig, hv. þm., að þeir skila gríðarlegum gróða. Rétt hjá hv. þm.

Hvernig skyldi nú standa á því? Getur það verið vegna þess að það ríkir fákeppni á markaðnum? Getur það verið vegna þess að það eru grútmáttlausar eftirlitsstofnanir sem hrófla ekki við bönkunum þó að þeir taki einhver hæstu þjónustugjöld í heimi? Ég heyri að hv. þm. er stoltur af gróða bankanna og það er gott. Þá skal hv. þm. fara ofan í saumana á því máli og velta því fyrir sér. Hv. 9. þm. Norðaust., Birkir J. Jónsson, hefur ekki áhyggjur af kúnnunum, hann hefur ekki áhyggjur af viðskiptavinunum. Hann hefur ekki áhyggjur af þeim sem borga vaxtamuninn. (Gripið fram í.) Ekki áhyggjur af þeim sem borga þjónustugjöldin, heyri ég á hans framíkalli. Hann er glaður yfir gróðanum á bönkunum. Var

ekki fínt að eiga bankana á meðan þeir græddu, var þá ekki gott fyrir ríkið að eiga þá og fá arðinn? Það mætti nú hugsa sér það. Væri ekki betra að nota þessa stöðu til þess að gera betur við neytendur, leyfa þeim að fá eitthvað af þessum hagkvæma rekstri sem þarna er væntanlega á ferðinni?

Það rekur sig auðvitað eitt á annars horn í þessum efnum, frú forseti. Staðreyndin er sú að auðvitað hefur það nákvæmlega gerst hér sem uppskriftin hljóðar upp á. Þetta er eins og þegar menn fara í kokkabók og finna þar uppskrift, elda eftir henni og svo er maturinn nákvæmlega eins og til stóð. Þetta er svoleiðis. Einkavæðing á stofnunum eða fyrirtækjum í fákeppnisumhverfi, ég tala nú ekki um ef þau hafa náttúrulega einokun, hefur alls staðar leitt til mikils ófarnaðar. Hvað voru menn að gera í Bretlandi um daginn? Menn voru að leysa til sín öryggiskerfi járnbrautanna af því það var í þvílíkum ólestri eftir einkarekstur nokkurra undangenginna ára að menn sáu sitt óvænna og tóku þetta til baka. Hvað hafa menn verið að gera með rafveitur og vatnsveitur bæði á austur- og vesturströnd Bandaríkjanna, í Bretlandi og víðar? Menn hafa verið að leysa þær til sín, þjóðnýta þær aftur, af því útkoman af hinu var svo hroðaleg. En ekki ríkisstjórn Íslands. Nei, þar eru menn bara stórir karlar og fara út og tæma bankabók eða gráta í símann frá útlöndum eins og Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnrh. En það bara breytir engu þó að hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir kvarti og kveini yfir þessum mönnum í símann. Gert er gert og ríkisstjórnin virðist ekki hafa uppi neina tilburði til þess að sjá að sér í þessum efnum.

Þess vegna spyr ég: Stendur til að halda áfram áformunum um einkavæðingu Landssímans, eða er það eitthvað sem kemur til greina að verði endurskoðað í ljósi reynslunnar og líka í ljósi aðstæðna í fjarskiptamálum samanber þá tillögu *sem við höfum flutt og ég hygg að hv. þingmenn þekki*? Ég geri a.m.k. ráð fyrir því að hv. þingmenn úr landsbyggðarkjördæmunum séu ekki svo sambandslausir við umhverfi sitt að þeir viti ekki um óskirnar og kröfurnar sem uppi eru um bætta þjónustu í þessum efnum. Hvernig er með hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, heyrir hann það hvergi á Vestfjörðum að það sé áhugi á því að pétta GSM-netið eða bæta gagnaflutningamöguleikana, t.d. til fámennra skóla í hans kjördæmi? Ég trúi því. Ætlar hv. þm. samt að láta sig hafa það að Landssímanum verði hent í hendurnar á einhverjum gróðaköllum, að óbreyttu ástandi, hvað varðar uppbyggingu fjarskiptakerfisins í landinu?

Það væri gaman að heyra einhver svör um þetta, herra forseti.

Ég ætla að vinda mér aðeins í aðra sálma og mæla fyrir lítilli brtt. Það er sérstakur skaði að hv. þm. Hjálmar Árnason skuli ekki vera hér, því þessi brtt. er eiginlega tileinkuð honum. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur flutt hér ágætistillögu undanfarin ár um að settur verði á fót sjóður til að jafna ferðakostnað íþróttahreyfingarinnar í landinu. Það er gott mál. Ég styð það heils hugar að það verði gert. Gert, nota bene, ekki bara flutt hér tillaga sem sofnar jafnoft og hún er flutt. Ætli hv. Hjálmar Árnason sé á svæðinu, frú forseti?

Ég hef því ákveðið, herra forseti, að láta nú á það reyna hvort hv. þm. Hjálmar Árnason sé jafn galvaskur og tillöguflutningurinn bendir til og hinir sem með honum eru. Og við tökum einfaldlega inn í fjárlögin peninga til að gera þetta. Um hvað snýst þetta mál? Um tillöguflutning? Nei, þetta snýst um að gera þetta. Það þarf peninga til þess ef hið opinbera ætlar að jafna aðstöðu fólks til íþróttaiðkunar í landinu. Það er fullkomlega gilt og frambærilegt að það sé gert, fyrir utan að við vitum að það eru miklir erfiðleikar við að ná endum saman í rekstri félagsstarfs og starfsemi af þessu tagi. Það er alveg sérstaklega þungbært fyrir íþróttafélögin á landsbyggðinni sem lenda í miklum ferðakostnaði ef þau ætla að taka þátt í skipulögðu keppnishaldi og mótum. Það sést á því að íþróttafélög, bæði í yngri og eldri flokkum, eru að draga sig út úr keppni af því þau hafa ekki efni á ferðalögunum. Meira að segja hafa verið dæmi um þetta í 1. deild eða úrvalsdeildum í körfubolta og handbolta. Ekki er síður ástæða til að hafa áhyggjur af því að þetta komi misjafnt niður fyrir keppni og samskipti þegar yngri flokkar eiga í hlut.

Þess vegna er það hið besta mál að fara í jöfnunaraðgerðir af þessu tagi. Það er alveg ljóst að með um 150 millj. kr. sjóði eða potti mætti gera mjög mikið í þessum efnum. Reyndar veitir síst af slíkri upphæð því þessi kostnaður hleypur á miklum fjárhæðum þegar allt er lagt saman sem tengist ferðalögum og keppnishaldi íþróttafélaganna.

Ég legg því til, herra forseti, að við hjálpumst öll að við að gera hv. þm. Hjálmari Árnasyni og meðflytjendum hans að þessari *ágætu tillögu* viðvart um að *nú sé stóra stundin* upp runnin, nú geti hv. þingmenn sýnt vilja sinn í verki og greitt þessari brtt. atkvæði og þar með séum við á beinu brautinni með það að hefja framkvæmd á þessu máli. Ég veit ekki hvort hv. 9. þm. Norðaust., Birkir J. Jónsson, er meðflutningsmaður. Ég læt mér detta það í hug þó hv. þm. sé kannski ekki mikill knattspyrnumaður, þá er hann örugglega velviljaður íþróttum. (**BJJ:** Hollt og gott.) Ég segi þetta nú af því það eru nokkur vonbrigði að hv. þm. hefur ekki þegar gengið í knattspyrnulið Alþingis, en hann er hins vegar bridsmaður góður og hefur örugglega skilning á íþróttum. Það er sæmd að *því fyrir okkur að eiga þar eitt stykki Íslandsmeistara í* íþrótt. Það liggur því í hlutarins eðli að hv. þm. Birkir J. Jónsson hlýtur að styðja þetta mál.

Ég mæli einnig fyrir tillögu hér, frú forseti, um hækkun á fjárveitingu til þróunarsamvinnu og mannúðarmála og neyðaraðstoðar. Ég held að ég hafi flest ár mín á þingi, þau sem ég hef verið í stjórnarandstöðu, flutt tillögur um að reynt yrði eitthvað að þoka þessu máli í rétta átt. Vissulega hefur það eitthvað gert það síðustu árin, en þó miklu minna en til stóð. Það eru svolitlar reiknikúnstir í tengslum við það, vegna þess að friðargæslan svokallaða er færð undir þennan lið og veldur því að með slíkum útreikningum má sýna fram á nokkra hækkun miðað við þjóðartekjur. En þegar tekin er hin eiginlega þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð, þá helst þetta hlutfall enn þá, frú forseti, því miður sorglega lágt, eða á bilinu 0,11–0,12 af hundraði miðað við þjóðartekjur, ef friðargæslan og allt sem henni tilheyrir er talið með, fer þetta kannski í 0,16.

Þannig að hækkun um 190 millj. eða svo til þróunarsamvinnustofnunar og að á liðnum Mannúðarmál og neyðaraðstoð sé einhver upphæð sem eitthvað munar um, rúmlega 100 millj. kr. eða svo, sýnist okkur vera svartasta lágmark. Ég held að það sé ósiður að hafa þetta þannig að þessi liður sé nánast tómur í fjárlögunum, þannig að það þurfi umsvifalaust aukafjárveitingu þegar beiðnir berast frá Alþjóða rauða krossinum eða öðrum slíkum aðilum um bráðaaðstoð, neyðaraðstoð, eins og við vitum að gerist. Alþjóða rauði krossinn hefur þegar sent til Sameinuðu þjóðanna og Sameinuðu þjóðirnar sem slíkar hafa síðan gefið frá sér mat á þörfinni á næsta hálfa til eina árinu. Það er um 50% hækkun

frá síðasta ári. Það er mat Alþjóða rauða krossins og Sameinuðu þjóðanna á þörfinni fyrir mannúðar- og neyðaraðstoð til fjölmargra landa í Afríku og víðar. Það er því alveg ljóst að ríkisstjórnum heimsins munu berast á næstu mánuðum óskir um verulega aukin framlög í þessum efnum, þá eiga að vera 16,8 millj. í fjárlögum íslenska ríkisins fyrir þetta sem er auðvitað hlægilegt. Er auðvitað bara neyðarlegt. Í staðinn fyrir að hafa þar a.m.k. einhverja fasta upphæð eins og 100–200 millj., sem síðan væri þá frekar bætt við þegar þörfin kallaði á. Ég geri ráð fyrir því að menn vilji almennt reyna að leggja eitthvað af mörkum í þessum efnum. Það verður auðvitað ekki gert með 16,8 millj., það er alveg morgunljóst, virðulegi forseti.

Ég ætla nú að fara að stytta þetta, enda líður á kvöldið. En nokkur atriði langar mig þó til að nefna. Ég ætla að nefna — til að hafa tekið undir það með mörgum sem það hafa gert að umtalsefni hér í kvöld — samkomulag ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalag Íslands um að hækka sérstaklega lífeyrisgreiðslur til ungra öryrkja, að aldurstengja greiðslurnar og ef ég hef skilið rétt, tvöfalda grunngreiðslurnar til þeirra sem verða fyrir því óláni að missa starfsorkuna ungir að árum. Þetta samkomulag var mikið fagnaðarefni og ber vissulega að þakka það.

Að sama skapi eru það vonbrigði og dapurlegt ef ekki á að standa við það að fullu. Ég hef skilið málið svo, og ég veit að hér eru í salnum menn sem þekkja þetta vel, að þessi milljarður króna sem er til ráðstöfunar í fjárlögunum í þetta dugi fyrir um tveimur þriðju af samkomulaginu. Það er voðalega vond aðferðafræði, frú forseti, — sem ég get bráðum farið að kalla herra forseta, — að efna samkomulag að tveimur þriðju, það er ósköp dapurlegt. Samkomulag er samkomulag. Annaðhvort standa menn að því og taka það alvarlega eða ekki. Á meðan ég verð ekki sannfærður um að í þessu felist ekki brot á samkomulaginu sem mér sýnist að liggi ljóst fyrir, þá gagnrýni ég það og átel það mjög harðlega að menn skuli ekki gera þarna betur.

Það má kannski segja, ef maður vill vera leiðinlegur í garð ríkisstjórnarinnar, að þetta sé í samræmi við aðferðafræði hennar að efna hlutina helst aldrei nema að hluta til, samanber hæstaréttardóma. Við sökuðum ríkisstjórnina um það mörg hér þegar hinn fyrri dómur féll í öryrkjamálinu að ríkisstjórnin væri ekki að koma til móts við og efna dóminn nema að hluta. Og hvað kom á daginn? Það reyndist rétt. Það reyndist a.m.k. að hluta til rétt og það er vond aðferðafræði að standa ekki við það sem mönnum ber að standa við hvort sem það er dómsniðurstaða eða samningur.

Atvinnu- og byggðamál, herra forseti, hafa kannski ekki verið fyrirferðarmikil í umræðunni eða mikið til umræðu hér í sambandi við fjárlagaútgjöldin. Þó hef ég heyrt að menn hafa nefnt þetta nokkrir á nafn. Hv. þm. sem talaði næst á undan mér, Anna Kristín Gunnarsdóttir, kom m.a. inn á þetta. Mér þykir þar heldur linkulega að staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, heldur aumingjalega satt best að segja. Ég veit að menn hafa verið að færa fram sér til málsbóta að nú sé gullöld og gleðitíð í vændum vegna stóriðjuframkvæmda og enginn efast um að þensla er og mikið um að vera á Miðausturlandi. En þó er það þannig að ekki hafa atvinnuleysistölur mikið breyst meðal íbúa þess fjórðungs svo merkilegt sem það nú er. (**Gripið fram í:** Það á nú eftir að gerast.) Kannski á það eftir að gerast, en það er a.m.k. þannig að fólk er atvinnulaust víða á Austurlandi í þó nokkrum mæli, því miður. Hvað þá í öðrum landshlutum þar sem atvinnuleysi er enn þá víða tilfinnanlegt, t.d. á Suðurnesjum. Og atvinnuleysi meðal kvenna er ískyggilega mikið á mörgum svæðum.

Hvort sem við horfum á það frá þeirri hlið eða út frá framtíðinni, þá er það náttúrlega ekki þannig eða ég vona að það sé ekki þannig að ríkisstjórnin telji að nú geti menn slegið slöku við og hætt bara allri atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnumálun af því það eigi að byggja álver, eitt og hálft álver eða eitthvað svoleiðis. Því það mun ekki verða gæfulegt þegar frá líður ef svo er.

En staðreyndin er sú að það stórdregur úr því fé sem er á lausu til nýsköpunar í atvinnumálum núna milli missira, stórdregur úr því. Og það er af þeirri einföldu ástæðu að Nýsköpunarsjóður er tómur. Hann er búinn, þ.e. hann er búinn að binda það stofnfé sem hann fékk í arf frá foreldrum sínum, ríkissjóði og fjárfestingalánasjóðunum og kemur ekki til með að ráðstafa miklu nýju fé í ný verkefni á næstu missirum. Það liggur fyrir. Eða er ekki svo? Kannski vita hæstv. ráðherrar þetta sem hér eru til staðar til að svara. Fjárfestingasjóðirnir eða eignarhaldsfélögin í landshlutunum eru sömuleiðis yfirleitt tóm vegna þess að þau framlög eru hætt sem til þeirra runnu á ákveðnu árabili árlega.

Eftir stendur þá bara það veika kerfi sem Byggðastofnun í gegnum sinn farveg er að reyna að styðja við bakið á í atvinnuþróunarfélögum og í öðru slíku. Það kerfi er meira og minna fjárvana, rétt stendur undir sjálfu sér og er ákaflega veikburða einmitt á mörgum svæðum í landinu þar sem þyrfti sannarlega að taka til hendinni, t.d. á öllu norðvestanverðu landinu. Það er alveg rétt sem oft hefur verið nefnt af þingmönnum af því svæði að það er augljóslega þannig að norðvestanvert landið hefur að mörgu leyti setið hjá þegar kemur að stærri átökum í atvinnumálum, hvort sem það eru stóriðjuframkvæmdir eystra eða áform um sérstaka uppbyggingu og sérstaka byggðaáætlun á Eyjafjarðarsvæðinu, sem að vísu er nú enn aðallega bara orð á blaði og falleg fyrirheit og einhver nefnd. En það mætti alveg færa fyrir því rök að ástæða væri t.d. til að líta sérstaklega til norðvestanverðs landsins þó ég viti að vísu að fjárln. hefur gert sitt besta í þeim efnum. Þá er ég ekki bara að tala um slíka hluti, heldur formlega og skipulega vinnu og fjárframlög til nýsköpunar og atvinnuþróunar í landinu.

Ég ætla svo að síðustu, herra forseti, að nefna vegamálin aðeins og hefði þá verið gaman enn og aftur að hæstv. samgrh. hefði séð sér fært í sínum miklu önnum sem greinilega eru gríðarlegar, að vera hér staddur í kvöld, lengur en bara til atkvæðagreiðslna.

Það er nokkuð kúnstugt þetta með vegamálin sem, ef ég man rétt, var ákveðið að auka verulega við með miklum lúðrablæstri og söng fyrir ári síðan eða hvað það nú var (**Gripið fram í:** Hálfu ári.) eða meira að segja minna en ári síðan, það var komið inn á þetta ár. Þá var boðað til blaðamannafundar og út gekk sá erkibiskupsboðskapur að nú yrði tekið myndarlega á í samgöngumálum og verulega auknar fjárveitingar settar í þetta á næstu missirum, næstu tveimur árum a.m.k. Hér stendur a.m.k. sá einn sem fagnaði þessu. Ég tók þessu fagnandi og sagði þetta vera eitt af því skásta sem ríkisstjórnin hefði lengi gert, jafnvel yfir höfuð, og vonaði svo sannarlega að þetta nýttist vel til að hraða brýnum samgönguumbótum sem beðið hafði verið eftir vítt og breitt í landinu, bæði á höfuðborgarsvæðinu en líka á sérstökum svæðum sem allir út af fyrir sig eru sammála um að eru í mikilli þörf fyrir slíkt, þ.e. t.d. norðaustanvert landið og Vestfirðir.

Þess vegna kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir að síðan komi fjárlagafrv. innan sama árs þar sem byrjað er að skera niður aftur verulegar fjárhæðir, taka þetta að verulegu leyti til baka ef til lengri tíma er litið, þ.e. með niðurskurði upp á 800 eða ég veit ekki hvað eða yfir 1000 millj. kr. Drjúgur hluti af þessu er bara farinn aftur. Þá færi nú einhver að segja: Hvers konar hringl er þetta? Hvað hefur breyst? Eru þær framkvæmdir ekki jafnnauðsynlegar og þær voru fyrir átta mánuðum? Ég held það. Eru í grundvallaratriðum breyttar aðstæður frá því þetta var svona skynsamlegt ... (**Gripið fram í:** Já, það er búið að kjósa.) Já, það er að vísu búið að kjósa, athygli mín í salnum er vakin á því. En er þetta þá svona, hv. þm. Jónína Bjartmarz? Er þetta bara svona af því að búið er kjósa, þá sé allt í lagi að kippa til baka því sem menn stærðu sig af á útmánuðum, svona óskaplega hreyknir og glaðir að þeir ætluðu nú að brjóta í blað í samgöngumálum og stórauka þar framkvæmdir.

Hæstv. heilbrrh. situr hér og brosir undir þessu öllu saman. Hæstv. heilbrrh. er auðvitað vanur háum tölum, ég veit það, en hann þekkir líka vel til vegamála og veit að það munar um hvern milljarðinn í framkvæmdir því að að langmestu leyti kemur þetta lóðbeint niður á því sem til framkvæmda verður á næstunni.

Ég verð því að segja alveg eins og er, herra forseti, að þetta finnst mér dapurlegt, ákaflega dapurlegt, að menn skyldu þá ekki bara halda sig við þær forsendur sem fyrir lágu og þetta yrði sú raunverulega hreina viðbót sem til stóð. Ég held að þetta sé líka misráðið í öllu tilliti út frá bæði atvinnuaðstæðum, þörfum samgöngukerfisins og í öllu tilliti séð. Ákaflega vitlaust og dapurlegt.

Þetta var það, herra forseti, sem ég ætlaði sérstaklega að gera að umtalsefni. Auðvitað gæti maður rætt um ýmislegt fleira og efni stæðu til þess en einhvers staðar verður nú að setja amen í textann eins og séra Sigvaldi uppgötvaði forðum þegar hann var að lesa gamlar ræður og fann svo góðan stað og sagði: Hér má setja amen eftir efninu.

[22:40]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir ágætlega ítarlega en þó kannski fyrst og síðast langa ræðu hér við 2. umr. fjárlaga þar sem hann eyddi drjúgum tíma í — (**Gripið fram í:** Er ráðherrann þreyttur?) nei, nei, ráðherrann er furðu sprækur — umræðu um atvinnuleysistryggingar. Ef ég skil spurninguna rétt var hún hvort ekkert hefði breyst á milli umræðna frá 1. til 2. umr. Svarið við þeirri spurningu er einfalt: Það hefur ekkert breyst á milli þeirra umræðna.

[22:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir efnisríkt svar. Út af fyrir sig er skýrt að þessi forsmán eigi að standa. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra og hann getur örugglega svarað aftur skýrt og skilmerkilega: Hvernig verður þá þessi skerðing útfærð? Stendur það að taka eigi 100 milljónir eða u.þ.b. af liðnum sem hefur gengið til þess að tryggja fastráðningarkjör fiskvinnslufólks? Og stendur það að skerða eigi bæturnar þrjá fyrstu daga sem menn eru atvinnulausir? Er sú framkvæmd í gadda slegin og tekur það þá gildi um áramótin?

[22:42]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og gerð hefur verið grein fyrir úr þessum stól áður af þeim sem hér stendur, þá eru þetta áformin, að spara um 100 milljónir eins og hv. þm. lýsti með breytingum á framkvæmd styrkja Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna tímabundins hráefnisskorts í fiskvinnslu annars vegar og hins vegar vegna þriggja daga biðar eftir atvinnuleysisbótum.

[22:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt náttúrlega að harma þessi svör mjög. Ég hafði satt best að segja gert mér vonir um að það væri a.m.k. einhver opnun í málinu, hæstv. ráðherra væri ekki svo illa kominn í þessum efnum eftir alla umræðuna sem orðið hefur um þetta mál á haustmánuðum og þá víðtæku óánægju og mótmæli sem fram hafa komið, að það hafi engu breytt. Það fer nú í verra ef hæstv. félmrh. er algerlega ónæmur á umhverfið að þessu leyti eða þá að aðstæður hæstv. ráðherra eru þannig að hann getur sig hvergi hreyft. Hvað veldur því þá? Hvað veldur því? Er hægt að fá það skýrt þegar við sjáum hvernig hlaup er í tölum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þá er erfitt að trúa því að 170 milljónir séu svo gjörsamlega lífsnauðsynlegar að þær verði að vera þarna og svona útfærðar, til þess að — hvað? Til þess að ríkisstjórnin hangi saman? Það væri fróðlegt að fá svör við því. Ég beindi reyndar þessum spurningum til hæstv. fjmrh. líka, þannig að ég má kannski nota restina af ræðutímanum í þessu seinna svari mínu við andsvari til að ítreka þær spurningar? En strandar þetta á hæstv. fjmrh.? Er það Sjálfstfl. sem er að neyða hæstv. félmrh. til að gera þetta? Eða vill bara hæstv. félmrh. hafa þetta svona? Er þetta stefna hæstv. félmrh. Árna Magnússonar? Telur hann rétt að gera þetta? Er það sannfæring hæstv. félmrh.? Ég vil fá einhvern botn í þetta mál. Þetta er eitthvað skrýtið. Hvað er hér á ferðinni milli stjórnarflokkanna og innan þeirra og í kolli hæstv. félmrh.?

[22:44]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta er orðin löng og ströng umræða hér í dag um fjárlagafrv. og brtt. við fjárlagafrv. sem nú er til umræðu. Mikið hefur verið talað og nokkuð sagt um það efni sem fyrir liggur. Í þeim ræðum sem fluttar hafa verið hefur að mestu leyti verið farið yfir efnisatriði fjárlagafrv. og þær áherslur liggja hreint fyrir sem stjórnarflokkarnir sem að frv. standa leggja með því.

Við sem störfum í fjárln. þingsins höfum eytt talsvert miklum tíma í yfirferð á tölum á undanförnum vikum. Við höfum skoðað þær forsendur sem okkur hafa verið tiltækar til að skoða, haft viðtöl við ýmsa sem með fjármuni ríkisins höndla og einnig fjölmarga sem sækja til ríkisins eftir stuðningi við verkefni í heimabyggð og er þar um mjög mörg og ákaflega ólík verkefni að ræða.

Auðvitað er eðlilegt að velta upp þeirri spurningu hvort öll þau verkefni sem um er rætt eigi heima á fjárlögum íslenska ríkisins og sýnist þar hverjum sitt. Eftir stendur að um er að ræða takmarkaðar tekjur til að standa undir þeirri þjónustu og starfsemi sem við viljum hafa í velferðarríkinu Íslandi. Fjárlög hvers tíma segja meira en flest orð um þá forgangsröðun sem stjórnvöld hverju sinni leggja áherslu á og eru mun marktækari heldur en skýr eða óljós loforð sem

stjórnmálamenn gefa í aðdraganda kosninga eða á öðrum tímum.

Það fjárlagafrv. sem við fjöllum hér um og þær brtt. sem fyrir liggja frá meiri hluta fjárln. eru í raun fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Ég segi ríkisstjórnarinnar vegna þess að við höfum séð það í fjárln. að þær brtt. sem búið er að leggja fram og þær tillögur sem fyrir liggja í frv. til fjárlaga koma að langmestu leyti frá ríkisstjórninni og hún virðist ganga út frá því sem gefnu að hún hafi öruggan og hreinan meiri hluta á Alþingi. Stundum finnst manni í raun bregða fyrir þeirri tilfinningu að það sé frekar til vandræða og þreytandi að þurfa að fara með þetta í gegnum þingið.

Þó að mikil vinna hafi farið fram undanfarnar vikur í yfirferð á frv. þá viðurkenni ég fúslega að það hefur oft og tíðum verið erfitt að sitja í minni hluta fjárln. því að minni hlutanum hefur verið haldið frá upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að geta skoðað hlutina út frá rauntölum um rekstur og umfang stofnana og verkefna þannig að oft hefur maður upplifað sig sem þátttakanda í hálfgerðum farsa.

Hvernig má það vera, virðulegi forseti, að framkvæmdarvaldið kemst upp með að sitja á upplýsingum sem það hefur verið beðið um að leggja fram í þingnefnd og þá jafnvel langt fram yfir þann tíma þar sem þessar upplýsingar hefðu komið að gagni við þá vinnu sem í gangi er? Hér er ég að vísa í þá staðreynd að 1. minni hluti fjárln. óskaði eftir því í upphafi vinnunnar að fá upplýsingar um stöðu stofnana ríkisins miðað við 31. ágúst sl. og einnig mat á áætlaðri stöðu þeirra í lok ársins þannig að hægt yrði að sjá hvernig þær kæmu út miðað við áætlun ársins og hvort það væri þá verið að taka á vanda einstakra stofnana í frv. til fjáraukalaga sem hefur verið í vinnuferli samhliða vinnunni við fjárlögin. Áætluð staða í árslok gæfi okkur einnig forsendur til að leggja mat á þær upphæðir sem ætlaðar væru til reksturs og fjárfestinga á komandi ári í því frv. til fjárlaga sem við ræðum í dag.

Fjárlaganefnd fékk í byrjun nóvember í hendur lista um stöðu stofnana og einstakra viðfangsefna miðað við lok ágúst en ekki hafa komið enn upplýsingar um áætlaða útkomu í lok árs.

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem okkur vantar væru alls staðar taldar forsenda fyrir vandaðri vinnu við áætlunargerð næsta árs. Ég trúi ekki öðru en að þessar upplýsingar liggi fyrir í fjmrn. og skil ekki hvernig á því stendur að okkur í fjárln. er haldið frá jafnsjálfsögðum upplýsingum. Eina ástæðan fyrir slíku hlýtur að vera að ekki sé talið æskilegt að fjárlaganefndarmenn sjái áætlaða lokaútkomu einstakra viðfangsefna ríkisins í lok þessa árs því að þá mundi blasa við í mörgum tilvika sú staðreynd að fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir stenst ekki í veigamiklum atriðum og glansmyndin sem haldið er uppi af núverandi stjórnarherrum mundi dofna verulega.

Búið er að gera að umtalsefni þá samþykkt ríkisstjórnarinnar að banna stofnunum að hafa samband við fjárln. þingsins varðandi fjárveitingar ársins og litlu við það að bæta öðru en að lýsa furðu á þeim vinnubrögðum sem beitt er.

Herra forseti. Það er hverjum sem komið hefur að rekstri fyrirtækja í nútímaumhverfi og einnig rekstri og umsýslu sveitarfélaga ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða alla vinnu við fjárlagaferlið alveg frá upphafi til enda. Mér er til efs, virðulegi forseti, að fyrirtæki sem starfar á almennum markaði lifði lengi ef það ynni fjárhagsáætlun sína á sama hátt og ríkið gerir og meðvitað og kerfisbundið neitaði staðreyndum um breyttar forsendur eða áherslur í rekstri, eins og mér virðist raunin með fjárlagavinnu íslenska ríkisins. Með þessu er ég á engan hátt að gera lítið úr þeim fjölmörgu starfsmönnum sem að gerð fjárlaga koma, hvorki hjá stofnunum hins opinbera, starfsmönnum ráðuneyta né þings. En það hlýtur oft og tíðum að vera ákaflega erfitt hlutskipti að þurfa að taka þátt í því ferli sem ég hef nú upplifað í fyrsta skipti í starfi mínu í fjárln. Það er jú alkunn staðreynd að eftir höfðinu dansa limirnir þannig að sá veldur sem á heldur.

Hvað er það, virðulegi forseti, sem reynt er að gera með fjárhagsáætlun til næsta árs eða áætlunum yfirleitt í rekstri fyrirtækja og stofnana? Jú, menn reyna eftir bestu getu að áætla hverjar tekjur og gjöld verða og byggja þá á þeim bestu forsendum sem menn hafa hverju sinni. Þessar forsendur eru sumar hverjar vel þekktar og það þýðir að áætlun sem byggir á þekktum forsendum verður vönduð og traust. Það veltur síðan á umfangi þeirra þátta þar sem mat kemur við sögu hversu áreiðanleg hin endanlega áætlun verður. Reynt er að styðjast eins og hægt er við hinar þekktu stærðir og út frá þeim teknar ákvarðanir um breytingar sem menn vilja sjá verða að veruleika eða þær notaðar til að sníða agnúa af því starfi sem í gangi hefur verið vegna þess að öllum væri þá ljóst að óbreytt gengur starfið ekki.

Ef þekktar staðreyndir eru ekki teknar með og ráð fyrir þeim gert í fjárhagsáætlun sem sýnir að mestu óbreyttar áherslur, óbreytta stefnu og óbreyttan rekstur hljóta menn að þurfa að útskýra af hverju ekki er tekið tillit til þekktra reynslutalna úr rekstri og hvernig þeir hyggjast breyta rekstrinum til að ná fram hagræðingu og sparnaði í honum. Þetta er ekki gert nema í fáum undantekningartilvikum í fjárlagavinnunni heldur er gert ráð fyrir raunsparnaði án þess að nefna einu orði hvar skuli dregið úr eða hvernig sparnaði skuli ná. Svona vinnubrögð geta ekki þýtt annað en að við endurskoðun áætlunar, í tilfelli ríkisins við gerð fjáraukalaga, þurfi að breyta tekjum og gjöldum verulega, enda er sú raunin ef litið er yfir starfstíma núverandi ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Forstöðumenn ýmissa stofnana ríkisins eru oft ekki öfundsverðir af hlutskipti sínu. Fjársveltar stofnanir sem ekki fá fjárveitingar í samræmi við rekstur sem þó er lögboðið að halda uppi safna skuldum innan ársins og dragnast jafnvel með langan skuldahala frá fyrri árum. Allir virðast þó ganga út frá því sem gefnu að ríkið muni að endingu jafna hallann í einhverjum skrefum og því er þessum stofnunum leyft að safna skuldum og greiða þá þann kostnað sem af því hlýst í formi vaxta og dráttarvaxta. Tími forstöðumanna sem á að fara í að stýra viðkomandi stofnun, móta henni stefnu og halda utan um rekstur hennar eins og best verður á kosið, fer að fara í allt aðra hluti. Vegna skuldsetningar fer mestur tími í að róa lánardrottna, biðja um fresti á greiðslum og gott veður eitthvað áfram og velta þannig halanum frá einum degi til annars. Það sem þá verður eftir af tíma stjórnenda fer síðan í að reyna að fá fjárveitingar lagfærðar, grunninn metinn upp á nýtt og einhverja fjármuni til að slökkva þá elda sem heitast brenna.

Fyrstu fjárlög eftir kosningar eru mælikvarði á hvernig stjórnmálamenn og flokkar standa við gefin kosningaloforð úr liðinni kosningabaráttu. Óhætt er að fullyrða að mikil loforð um skattalækkanir, sem gefin voru í kosningabaráttunni séu ekki enn í fjárlagafrv. og hlýtur það að vera umhugsunarefni fyrir þá sem á þau trúðu og treystu. Hvernig var um loforð um lögfestingu dagsetninga á lækkun tekjuskatts, svo einhver dæmi séu tekin? Hvar eru þau nú?

Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að verklagi og vinnubrögðum verði breytt við gerð fjárlaga. Sem betur fer sýnist mér að hv. formaður fjárln. Magnús Stefánsson sé tilbúinn til þess og með hugmyndir um hvernig við getum breytt vinnulaginu í fjárln. þannig að við færum það vinnulag kannski nær nútímavinnubrögðum en maður er að upplifa þessar vikur sem liðnar eru. Fagnefndir þingsins og fjárln. þurfa að koma meira að gerð fjárlaganna og geta kafað mun dýpra í forsendur og áætlanir einstakra stofnana en nú. Það er mikilvægt að upplýsingastreymið verði bætt verulega frá því sem nú er og þegar óskað er eftir ákveðnum skilgreindum upplýsingum þá verði þær tafarlaust veittar af einstökum stofnunum eða ráðuneytum eftir því sem við á hverju sinni.

Nauðsynlegt er einnig að setja stofnunum og einstökum verkefnum ríkisins einbeitt og skýr markmið og að vel sé farið í gegnum hvernig best og hagkvæmast sé að ná þeim markmiðum. Auka þarf virðingu allra fyrir því að fjárlög séu lög og fjárveitingum sé ætlað að standa undir öllum venjubundnum verkefnum og rekstri og ef þörf kemur í ljós fyrir fjármuni umfram það sem fjárlög kveða á um þá verða að vera á þeim klárar og kvittar skýringar sem sýna að um sé að ræða útgjöld sem á engan hátt hefði verið hægt að sjá fyrir eða koma í veg fyrir.

Núverandi kerfi þar sem fjárlög virðast einungis vera einhverjar viðmiðunartölur sem þurfi ekkert frekar að standast verður að leggja af. En það gerist ekki meðan stjórnvöld neita að horfast í augu við raunverulegan kostnað á mörgum sviðum ríkisrekstrarins. Fyrsta skrefið hlýtur að vera að áætla eins rétt og þekking og forsendur gera mönnum kleift og síðan er hægt að fylgja því eftir að rammarnir haldi.

Það er von mín, herra forseti, að nú milli 2. og 3. umr. fjárlaga muni umbeðnar og nauðsynlegar upplýsingar berast fjárln. þannig að við sem í henni störfum getum lagt eigið mat á stöðu og áætlanagerðina fyrir næsta ár.

Það vakti athygli mína fyrr í umræðunni að hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist sérstaklega á að útgjöld hefðu verið aukin verulega í heilbrigðiskerfinu. Nú er það þannig að suður með sjó er til stofnun sem heitir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Það er stofnun sem hefur átt í talsvert miklum vandræðum. Það er stofnun sem við höfum séð á fjáraukalögum undanfarin ár eins og margar aðrar heilbrigðisstofnanir. Einnig hefur hún lent í hremmingum vegna uppsagna lækna.

Hæstv. heilbrrh. skipaði starfshóp til þess að fara yfir rekstur þessarar stofnunar og hlutverk hans var einnig að gera tillögur um framtíðarskipan mála bæði hvað varðaði rekstur og uppbyggingu þessarar stofnunar. Þessi starfshópur hefur nú skilað ítarlegum tillögum til heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. og ég veit að hann er að skoða hvernig verður hægt að tryggja fjármuni til þess að hægt verði að hefja þá uppbyggingu sem nauðsynleg er á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Mig langar þó, fyrst hæstv. ráðherra er viðstaddur umræðuna, að forvitnast um það hvort við getum búist við að sjá einhverja fjármuni til að uppfylla það sem fram kemur í þessari skýrslu í fjárlagaumræðunni eða brtt. við 3. umr.

Einnig vona ég að meiri hluti þingmanna geti tekið undir tillögu 1. minni hluta um sölu á hlutafé ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og að því hlutafé verði varið til að styrkja atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum sem full þörf er á um þessar mundir. Ég get ekki séð annað en að þessi tillaga um sölu á hlutafé í fyrirtæki þar sem ríkið á rétt um 15% hlutafjár, öflugu og sterku fyrirtæki þar sem hlutaféð er talsvert mikils virði, hljóti að falla að þeim hugmyndum sem stjórnarflokkarnir og meiri hluti þingmanna hefur verið að styðja á undangengnum missirum og vona því að þessi tillaga hljóti stuðning sem flestra.

Virðulegi forseti. Það er von mín sem fjárlaganefndarmanns að fjárln. fari nú í massífa vinnu við að skoða þau verkferli sem við notum við fjárlagagerðina og verði leiðandi í þeirri nauðsynlegu vinnu að breyta vinnubrögðum í átt til nútímalegri og markvissari áætlunargerðar en nú er. Það stendur ekki á minni hluta fjárln. í þeirri vinnu og vona ég að það sama gildi um meiri hlutann.

[22:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði um Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og gat þess að nýkomin væri út skýrsla um framtíðarsýn þeirrar stofnunar. Það er rétt. Hv. þm. átti sæti í þeirri nefnd sem ég skipaði til þess að fara yfir framtíðina á Suðurnesjum.

Svarið við spurningu hans er að ég er að fara yfir þá skýrslu og athuga þá möguleika sem eru til þess að framkvæma hana. Mér líst vel á niðurstöður hennar. Þær eru að auka héraðshlutdeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og endurnýja skurðstofur. Það sem ég hef í hendi núna er að fara í viðhald þessarar stofnunar á næsta ári. Við munum ráða við það af okkar ramma núna. Hins vegar er ég að fara yfir niðurstöður skýrslunnar og kanna hvernig hægt er að setja upp áætlun vegna þeirra framtíðarplana sem hún leggur upp. Þó er ekki búið að setja upp áætlun um fjármögnun þeirra endurbóta á D-álmunni sem skýrslan gerir ráð fyrir. Niðurstöður skýrslunnar eru skynsamlegar að mínu mati því að ljóst er að fjölmargir Suðurnesjamenn liggja á Landspítalanum dag hvern árið um kring. Ég tel skynsamlegt að snúa þeirri þróun við. Við erum að kanna hvernig það verður gert.

Fyrir liggur að við munum fara í utanhússviðhald á stofnuninni á næsta ári. En við erum enn að skoða hvernig við mætum niðurstöðum skýrslunnar sem hv. þm. þekkir.

[23:01]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að koma hér í stutt andsvar og svara þessu því að ég geri mér grein fyrir því að það er ákaflega stuttur tími liðinn frá því að þessi skýrsla rataði inn á borð hans. En um þessa skýrslu er búið að fjalla talsvert á Suðurnesjum og m.a. kynnti starfshópurinn, sem ég minntist á áðan, niðurstöður skýrslunnar á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og var gerður góður rómur að þeim tillögum sem þarna eru settar fram.

Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra á þeim fundi að hann teldi þessar tillögur skynsamlegar, eins og hann orðaði það hér áðan, og ég veit að það er von þeirra sem á þessum fundi voru og sveitarstjórnarmanna allra á Suðurnesjum að það takist að snúa við þeirri þróun sem verið hefur á rekstri og þeirri stöðu sem uppi er á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Við trúum því og treystum að hæstv. ráðherra nái að tryggja það fjármagn sem nauðsynlegt er til þess að svo megi verða. Ef við sjáum það ekki í tillögum á fjárlögum ársins 2004 þá er erfitt að gera sér grein fyrir með hvaða hætti unnt verður að fjármagna þær endurbætur og uppbyggingu sem þarna er nauðsynleg.

[23:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil endurtaka það að við erum að skoða þá framtíðarsýn sem í skýrslunni er og með hvað hætti hægt

er að endurnýja D-álmuna þannig að þar verði skurðstofur. Þetta verkefni er tvíþætt. Það þarf að endurnýja aðra hluta sjúkrahússins þannig að þar verði aðstaða fyrir aldraða og við þurfum að taka okkur tíma. Það er rétt sem hv. þm. sagði að það er skammur tími liðinn síðan þessi skýrsla kom út og þó að ég hafi að sjálfsögðu fylgst með framvindu þessara mála og efni hennar hafi verið kynnt að nokkru leyti á ársfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lá hún ekki fyrir í endanlegri mynd þá. En við þurfum að fara yfir þetta og ég vil fara yfir það með heimamönnum hvernig við getum framkvæmt þau áform og ákveðið hvaða tímaplan við getum sett upp um það sem í skýrslunni er. Á þessu stigi hef ég ekki annað í hendi en að fara í utanhússviðhald stofnunarinnar á næsta ári, en við þurfum síðan að leggja plön um framhaldið.

[23:04]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að það munu verða vonbrigði á Suðurnesjum ef ekki tekst að ráðast í nema utanhússviðhald á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja á næsta ári þó að ég skilji það að erfitt sé að finna fjármuni með tiltölulega skömmum fyrirvara til að ráðast í þær breytingar sem starfshópur um framtíð og rekstur þessarar stofnunar hefur lagt fyrir ráðherra.

Þó verð ég að segja það eins og er að hæstv. ráðherra tók mjög vel undir þær hugmyndir sem kynntar voru fyrir sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum og ef ekki verður með einhverjum hætti hægt að standa við þau fyrirheit sem menn töldu sig fá á þeim fundi þá hefði að mörgu leyti verið betra að sleppa þeim heldur en að taka undir hugmyndirnar eins og okkur fannst hæstv. ráðherra gera. Við sem störfum í sveitarstjórnum á Suðurnesjum, búum þar og notum þjónustu þessarar stofnunar, viljum sjá breytingar. Við viljum sjá að þessi stofnun verði efld á ný og betur búið að henni til þess að veita þá þjónustu sem íbúarnir telja eðlilega og sjálfsagða í sínu nánasta umhverfi miðað við það að nú er árið 2003.

En enn og aftur, virðulegi forseti, ég ætla ekki að reyna að hljóma hér neikvæður og með alla hluti á hornum mér, heldur lýsi ég því yfir í fullri vinsemd og jákvæðni að við erum tilbúin til þess á Suðurnesjum að vinna með ráðherranum á allan hátt til þess að reyna að koma þessum hugmyndum í framkvæmd.

[23:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Um sjöleytið í kvöld kvaddi ég mér hljóðs um fundarstjórn forseta, ekki til þess að kvarta yfir henni heldur til þess að óska eftir því á þeim tímapunkti að ráðherrum ríkisstjórnarinnar yrði gert viðvart um það að hér á Alþingi væri verið að ræða fjárlagafrv. vegna komandi árs. Hér stæði yfir 2. umr., hin stóra umræða, efnisumræða um áætlanir og áform ríkissjóðs og stofnana hans á komandi ári og í raun hinn stóri eldhúsdagur um pólitík hins komandi árs þar sem gæfist ráðrúm og tóm til þess að fara yfir það sem liðið er af þessu ári og það sem fram undan væri á fyrsta heila starfsári nýrrar ríkisstjórnar, þar sem ráðherrar gætu hver um sig gert sér glögga grein fyrir því hvað lægi á bak við tölurnar og hvert ríkisstjórnin væri að stefna í einstökum málaflokkum.

Sá forseti sem þá gegndi störfum tók þessu vel og kvaddi út ráðherra hvern af öðrum. Mér sýndist á tímabili að þeir hefðu verið hér allnokkrir en hafi nú týnt tölunni og nú er svo komið að staðan er nánast sú sama og var klukkan sjö. Nú sit ég við þessa umræðu klukkan ellefu og hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh., og ég tel alveg fulla ástæðu til þess, þó að auðvitað sé ekki ástæða til þess, að þakka þeim alveg sérstaklega fyrir það að gefa þessari umræðu gaum og leggja við eyrun og leggja til mála. Og ég segi að auðvitað ættu menn ekki að þurfa að standa hér í ræðustóli við 2. umr. fjárlaga og þurfa að þakka tveimur hæstv. ráðherrum af tólf fyrir það að endast örendið, fyrir það að taka þátt í eða a.m.k. hlýða á umræður þegar við erum að ræða fjárlög íslenska ríkisins við 2. umr. En svona er þetta nú, herra forseti, á þessum tímapunkti og við þetta verðum við að búa en auðvitað eigum við ekki að sættast á svona stöðu mála. Það er vanvirðing við þing og þjóð að svona sé staðið að málum.

Ég óskaði eftir því og hafði undirbúið mig undir það að spyrja hér allflesta ráðherra ríkisstjórnarinnar beinskeyttra spurninga sem mjög mikilvægt er að svör fáist við á þessum tímapunkti, en til að allrar sanngirni sé gætt þá höfðu tveir hæstv. ráðherrar samband við mig hér áður en ég hélt mína ræðu, annars vegar hæstv. sjútvrh. og hins vegar hæstv. félmrh., og sögðust eiga erfitt með að vera hér á þessum tímapunkti, höfðu öðrum hnöppum að hneppa og ég skildi þær ástæður. En hinir átta hafa enga afsökun, eru bara einfaldlega stikkfrí í þessari stóru umræðu.

Það getur vel verið að mönnum finnist þetta lítilvægt mál en mér finnst það ekki. Mér finnst það ekki lítið mál þegar við höfum verið hér í allan dag að ræða með hvaða hætti við skákum til fjármunum til einstakra smærri og stærri verkefna og treystum um leið og við höfum afgreitt þessar fjárlagaheimildir til einstakra framkvæmdarvaldshafa að þeir inni þær skyldur af hendi eins og við segjum til um. Þess vegna verða þeir auðvitað að hafa hér ráðrúm og tíma til þess að hlýða á. Ég trúi því að ég sé ekki einn um þessar áhyggjur mínar af samskiptaleysi löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins því að nóg er nú samt þegar uppi er höfð sú gagnrýni, sumpart með réttu, að þingið sé í vaxandi mæli að verða afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. En þegar svo er komið að þeir sem „ákvarðanirnar taka", hinar pólitísku stórákvarðanir á ríkisstjórnarheimilinu, hafa ekki einu sinni nennu til þess eða áhuga að fylgja þeim eftir hér allt til enda í almennri umræðu um málið þá spyr maður sig: Hvar erum við stödd?

Ég veit að þeir þingmenn sem hér hafa setið lengur en eitt kjörtímabil eða tvö eða jafnvel þrjú eða lengur, muna auðvitað tímana tvenna. Ég þykist nú muna það að m.a. þeir sjálfstæðismenn og þeir framsóknarmenn sem voru hér í stjórnarandstöðu, þeir fyrrnefndu á árunum 1988–1991 og hinir síðarnefndu á árunum 1991–1995, hefðu auðvitað ekki unað við þetta. Hæstv. fjmrh. hefði auðvitað ekki unað við það 1988–1991 að hann talaði hér fyrir tómum ráðherrabekkjum á þeim tíma. Hæstv. heilbrrh. hefði auðvitað ekki sætt sig við það að hann talaði hér yfir tómum ráðherrabekkjum í Viðeyjarstjórninni 1991–1995. Það er kannski þess vegna sem þeir skynja og skilja þær skyldur sem á þeirra herðar eru lagðar með að vera hér þátttakendur í þingstörfum, en aðrir gera það augljóslega ekki. Því er nú verr og miður.

Það gerir auðvitað það að verkum að ræða mín tekur örlitlum breytingum, gerir það að verkum að ég á erfitt með að hefja hér umræðu við hæstv. forsrh. um samskipti þings og framkvæmdarvalds, sem hér var auðvitað virkilega ítarlega og vel rakið af hálfu talsmanns Samfylkingarinnar í þessari

umræðu, Einars Más Sigurðarsonar, og þá er ég að vísa til þeirra bréfasendinga sem áttu sér stað milli forsrn. einhliða til Alþingis sem síðan leiddi til þess að undirstofnanir Alþingis fengu sviplíkar sendingar þess efnis að þeim bæri ekki að tala við fjárln. þingsins. Og ríkisendurskoðandi, sem allra manna best og gleggst þekkir til lagasetningar í þessum efnum og verkferla í þessu sambandi, hefur auðvitað sent þinginu, yfirmönnum þingsins og forsn. og þingmönnum öllum lítið lærdómskver í þessum efnum þar sem hann segir einfaldlega að svona standi menn ekki að verkum, svona eigi samskipti þings og framkvæmdarvalds ekki að vera, vegna þess að þingið og rekstur þingsins á ekkert undir framkvæmdarvaldinu. Þannig eru lögin og þau eru nákvæmlega með þeim hætti. Og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái svo um, af því að upphaflegur erindrekstur kemur úr hans ráðuneyti og síðan til forsrn., að þetta gerist ekki aftur, að þingið fái ekki sendingar af þeim toga sem um ræddi í bréfum frá forsrn. einhvern tímann í kringum 20. nóvember. Þetta ætlaði ég að ræða við hæstv. forsrh.

Ég ætlaði líka að nota ferðina og ræða við hann aðeins um ástandið í atvinnulífinu og óhófleg launakjör yfirmanna hlutafélaga, minna hann á það að vald hans er auðvitað ekki takamarkalaust en það nær þó til þess að beita sér fyrir því að gerðar verði raunverulegar breytingar í þessum efnum innan ríkiskerfisins, innan þeirra hlutafélaga þar sem ríkið fær þó einhverju um ráðið. Og ætlaði að rifja það upp að sá sem hér stendur hefur ásamt með sínum félögum, jafnaðarmönnum, flutt hér ítrekað og aftur tillögur þess efnis um að hlutafélög í eigu ríkissjóðs væru gerð gagnsæ, þar væri engu undir teppið sópað og allra síst launakjörum yfirmanna.

Það nægir auðvitað í því sambandi að rifja upp símamálið stóra þar sem við ítrekað í þessum sal, þessum ræðustól, fórum fram á það við ríkjandi ríkisstjórn að upplýst yrði um launakjör, starfslokasamning o.s.frv. í þessu stærsta einstaka hlutafélagi í eigu ríkissjóðs. Hver voru svörin þá? Ykkur kemur það ekki við. En allt í einu þykir það henta nú, af einhverjum ástæðum sem ég kann ekki að skýra, að einhver hlutafélög úti í bæ opni allar sínar bækur. Gott og vel. Ég tek undir það alveg heils hugar. En er ekki staðreyndin sú, herra forseti, að menn þurfa fyrst að taka til á sínu eigin heimili áður en hægt er að gera kröfur úti í bæ? Það ætlaði ég að ræða við hæstv. forsh. Það verð ég hins vegar að gera seinna.

Ég ætlaði að ræða við hæstv. menntmrh. sem hefur verið hér á kreiki annað slagið í dag og kvöld. Þar er maður sem berst fyrir sitt kjördæmi, herra forseti. Hann er ekki alltaf menntmrh. þjóðarinnar því að þegar nær dregur kosningum er hann maður sem berst fyrir sitt kjördæmi og dreifði því raunar norður á Akureyri að hann lofaði því að það bærist 1 milljarður og 162 millj. kr. til verkefna á sviði menningar-, mennta- og íþróttamála í Norðaust. Ég ætla að vona og trúi því að þingmeirihlutinn hafi ekki gert hans loforð að engu í sinni meðferð og hann hafi getað skilað. Hann sundurliðaði meira að segja loforðin. Það færu 720 millj. í menningarhúsið á Akureyri, 84 eða 64 millj. í framlag til ýmissa menningarmála á Akureyri og 180 millj. framlag til vetraríþróttamiðstöðar á Akureyri. Þetta er mennta- og menningarmálaráðherra þjóðarinnar, maður sem berst fyrir sitt kjördæmi. Svo fór hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í algeran hnút yfir því þegar hv. þm. Helgi Hjörvar leyfði sér að vera með ákveðna tölfræði um það hvernig þessi kaup gerðust á þessari eyri, hvernig það kæmi til að sumir peningar rynnu meira þangað en hingað. Það þarf ekki frekari vitnanna við. Hæstv. menntmrh. er maður sem berst fyrir sitt kjördæmi en ég get náttúrlega ekki rætt við hann meira því að hann er ekki á staðnum, sennilega í sínu kjördæmi og hefur ekki frétt af þessari umræðu í þinginu, að hún mundi halda áfram fram eftir kvöldi.

Ég ætlaði að ræða við hæstv. menntmrh. um ýmislegt annað. Ég ætlaði að ræða við hann um íþrótta- og æskulýðsmál þar sem ríkisvaldið er meira og minna stikkfrí og hefur ýtt allri ábyrgð á hendur sveitarfélögum í landinu, einkanlega á sviði íþróttamála. Ég ætlaði að ræða við hann um listir og menningu og vekja áthygli hans á því, manninum sem berst fyrir sitt kjördæmi, að þau væru fleiri kjördæmin í landinu sem vildu líka halda úti listum og menningu en ég verð að stytta það. Ég ætlaði líka að segja eitt orð við hæstv. utanrrh., varaoddvita ríkisstjórnarinnar, fara aðeins yfir það, sem skiptir máli, hvernig hann hefur hugsað sér rekstur Keflavíkurflugvallar í framtíðinni þegar það liggur fyrir að þessi ríkisstjórn hefur lofað því og áformað það og hefur svo sem framkvæmt það á liðinni tíð að selja ríkisfyrirtæki og færa í hendur einkaaðila. Hvernig honum litist á vilja einstakra aðila til að taka yfir reksturinn á Keflavíkurflugvelli. Er það eitthvað sem er að finna í kokkabókum ríkisstjórnarinnar? Kannski hæstv. fjmrh. geti svarað því. Ég get það ekki því að ég les bara um þetta í blöðum. Er eitthvað slíkt í pípunum sem við getum vænst að verði uppi við á næsta fjárlagaári?

Ég hafði líka hugmynd um það, því að hæstv. utanrrh. kemur auðvitað skáhallt að þeim málum, hvernig hann sæi fyrir sér að ríkisstjórnin brygðist við þessum stórtæka vanda í atvinnumálum á Suðurnesjum sem að hluta til, ekki að öllu leyti en að stórum hluta til, verður til vegna þess að starfsemi varnarliðsins er að dragast saman. Hvernig er staða þeirra mála? Er þessi samdráttur núna lokahnykkurinn í fyrsta fasa eða er þetta bara eins og dóminókubbar? Heldur þetta áfram án þess að nokkur fái við ráðið? Hvar er plan B? Hvar eru ráðagerðir ríkisstjórnarinnar um að bregðast við? Mig langar til að heyra í honum um það sem varaoddvita ríkisstjórnarinnar hvernig honum líst á þær hugmyndir sem fara mjög í anda ríkisstjórnarinnar að selja ríkiseignir, að við seldum hluta ríkisins úr Hitaveitu Suðurnesja og beittum þeim til sértækra aðgerða á Suðurnesjum. Það hefur verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar. Menn hafa verið með sértækar aðgerðir hér og þar á landinu, ekki satt? Það þekkir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson býsna vel í gegnum tíð sína.

Ég ætlaði líka að eiga orðastað við hæstv. landbrh. en það þýðir auðvitað ekki neitt. Ég ætlaði að spyrja hann um áformin sem ekki hafa gengið eftir. Ég er að tala um markaðsátakið sem átti að standa í þrjú ár. Ég var ábyrgur fyrir því. Það hófst 1994 þegar ég var í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Þá var það þriggja ára átak. Það stendur enn núna 10 árum seinna og ekkert lát á. Ég ætlaði að spyrja: Er þetta eitthvað sem er varanlegt orðið, átak sem er óstöðvandi og hættir aldrei?

Ég ætlaði líka að ræða aðeins við hæstv. landbrh. um stöðu bænda almennt. Ég hef til að mynda áhyggjur af stöðu ferðabænda og hæg eru heimatökin fyrir hæstv. landbrh. að afla sér upplýsinga um stöðu þeirra. Ég hef af því upplýsingar að miklar fjárfestingar á þeim vettvangi geri það að verkum að skuldastaða margra bænda sé býsna erfið orðin og tekjur miklu minni en gert var ráð fyrir. Margir trúðu því og ég var einn þeirra að þarna væri kannski einhvern sóknarbrodd að finna hjá bændastéttinni á Íslandi, einhverja aukabúgrein sem menn gætu byggt ofan á hinar hefðbundnu búgreinar.

Hefur þetta gengið upp? Ég veit það ekki. Ég efast reyndar um að svo sé.

Ég ætlaði líka að tala við hæstv. sjútvrh. og óska honum til hamingju með nýjan ráðuneytisstjóra, Vilhjálm Egilsson. Ég segi það af heilum hug og auðvitað ætti ég ekki að vera að því. Þetta er mjög hæfur maður og ég er hjartanlega sammála þeirri ráðningu sem þar fór fram. Ég held að þar sé hinn hæfasti maður, þó hann sé minn pólitíski andstæðingur, og það er engin meinbægni þar að baki. Ég ætlaði líka að spyrja hann að því hvernig gengi með kynningarherferðina í hvalamálunum sem hófst fyrir þremur árum en litlar sögur hafa farið af. Ég ætlaði að spyrja hann hvar hann hefði verið að kynna afstöðu íslensku þjóðarinnar í hvalamálunum, hvað það hefði kostað og hvort það hefði skilað einhverju. Ég hef nefnilega ekki orðið mikið var við það. Ég hef verið á kreiki erlendis annað slagið og alltaf spurt sérstaklega eftir því hvort Árni eða einhver þeirra sjávarútvegsráðuneytismanna hefðu verið þar á ferð að kynna afstöðu Íslands í hvalamálinu. Það kannast enginn við það. Það hefur vafalaust sparað peninga en þetta er náttúrlega kynningarherferð. Ég fæ engin svör við því heldur.

Mig langaði líka að eiga orðastað við hæstv. dóms- og kirkjumrh. sem hefur ekki sést hér í allan dag og spyrja hann aðeins um lögreglumálin. Hann var að setja á nýja nefnd þar sem hann ætlaði að endurskipuleggja allt skipulagsferli lögreglumála. Ég ætlaði einfaldlega að spyrja hvað honum gengi til, hvert væri markmið þessa nefndarstarfs. Hið einasta sem í skipunarbéfi nefndarinnar segir, samkvæmt fréttatilkynningu, er að það eigi ekki að hrófla við sýslumönnum, allt annað eigi að vera opið. Hvað þýðir þetta? Hvert er ríkisstjórnin að stefna? Hvaða veganesti fær þessi nefnd? Lögreglumál hafa verið í fullkomnum ólestri á liðnum árum og gengur hægt og illa að bæta þau og ég spyr: Á hvaða vegferð er þessi ríkisstjórn í þeim nefndum? Ég treysti ekki hæstv. ráðherra eða þeim flokki sem með þau mál hefur farið, ekki síst þegar sá hinn sami ráðherra hefur því miður verið í sérstakri herferð gegn Reykjavíkurborg og meiri hlutanum í Reykjavík. Það er ótrúlegt að þurfa að segja það en þannig er það samt að þáv. dómsmrh. og núv. hafa lagt á sig sveig til þess að gera borginni stundum erfitt fyrir um að halda úti öflugri löggæslu og hafa slegið á útrétta sáttarhönd og einlægan vilja borgaryfirvalda til að efla hér löggæslu, sérstaklega í miðborginni. Þannig er það bara og mig langaði til að eiga orðastað við ráðherrann um það, en hann er ekki hér.

Mig langaði líka að heyra í hæstv. dóms- og kirkjumrh. um héraðsdómarana. Finnst honum það eðlileg skilaboð til til að mynda héraðsdómarans í Reykjanesumdæmi sem fór fram með nýstárlega og að minni hyggju skynsamlega hugmynd þess efnis að það yrði a.m.k. skipt niður á einstaka héraðsdóma þeim fjárframlögum sem er að finna í einum safnlið fjárlaga svo þeir vissu eitthvað þegar við afgreiddum málin frá okkur hvað til þeirra friðar heyrði. En það er ekki orð um það auðvitað. Þetta er allt í einum potti og síðan er það eftir hentugleik í ráðuneytinu sem þessu er skipt niður á umdæmi. En það er ekki hægt að tala um það því að ráðherra er ekki hér.

Svo langaði mig að eiga orðastað við félmrh. Eins og ég sagði áðan, með fullri sanngirni, hann þurfti öðrum hnöppum að hneppa. Ég vildi ræða við hann um atvinnumálin. Finnst honum það ekki skjóta skökku við að á sama tíma og við erum að renna inn í þensluskeið, reiknar ríkisstjórnin með því að atvinnuleysi stóraukist? Er ekki einhver vitleysa í gangi? Ég ætla líka að spyrja hann bara þráðbeint um það hvenær hann ætli að draga til baka áform ríkisstjórnarinnar um að spara skitnar 170 millj. kr. vegna þessara þriggja daga sem átti að kippa af atvinnulausu fólki á Íslandi. En ég fæ auðvitað ekki svar við því því að hann er ekki hér. Hann hafði öðrum hnöppum að hneppa.

Mig langaði að fara djúpt í umræðu um stöðu sveitarfélaga því að þau eru auðvitað beintengd þessari fjárlagagerð og þeirri fjárlagaákvörðun sem við erum að taka hér. En hann er ekki hér og hefur gildar afsakanir fyrir því.

Mig langaði líka að ræða um vaxtabæturnar. Hefur húsnæðismálaráðherra engar áhyggjur af samdrætti í vaxtabótum til fólks sem hefur lagst í mikla fjárfestingu vegna húsbygginga eða íbúðakaupa? Það er verið að kippa að hluta til forsendum undan þessum sömu kaupum. Er hann algerlega áhyggjulaus yfir því eða lætur hann hæstv. fjmrh. ráða för? Ég get ekki talað um það því að hann er ekki hér. Ég ætlaði líka að ræða aðeins við samgrh. um GSM-símakerfið og sitthvað annað, vegamál og dittinn og dattinn en hann er ekki hér.

Hvaða afstöðu hefur hæstv. iðnrh. til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja? Mig langaði líka að velta því upp hvort hæstv. iðnrh. teldi að þessar mikilvægu eftirlitsstofnanir sem allir hrópa hallelúja fyrir núna í seinni tíð, þ.e. Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlit, sem voru ekki alveg hæstar á vinsældalistanum á tímabili, a.m.k. ekki hjá Sjálfstfl., þegar stór hluti þess flokks vildi leggja Samkeppnisstofnun niður, taldi enga þörf fyrir hana. En nú er hún auðvitað mikilvægust allra stofnana að því er virðist. Mig langaði að heyra viðhorf hans til nokkurra brtt. þar sem við vildum efla og styrkja þessarar stofnanir en það þýðir ekki neitt því að hann er ekki hér.

Umhvrh. kom hér í flugulíki um kvöldmatarleytið. Mig langaði að ræða aðeins við hann um fráveitumálin sem eru að sliga sum sveitarfélög og ríkissjóður leggur 20% til eða þar um bil sem er nánast jafngildi sömu fjármuna og koma vegna þessara sömu framkvæmda í formi virðisaukaskatts svo ríkissjóður er jafnsettur á eftir. Þannig er það auðvitað í fjölmörgum verkefnum sem sveitarfélögum eru settar á herðar að það er létt verk og löðurmannlegt í þessum sal að setja lög og reglugerðir og hvað er á hendur þriðja aðila. Það er hins vegar ekki mjög sanngjarnt þegar engir fjármunir fylgja. Þess vegna er það ósköp eðlilegt, herra forseti, þegar við horfum til þess að við erum að styrkja almenningssamgöngur í hinum dreifðari byggðum að sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu spyrji: Hvernig í veröldinni stendur á því að það er ekki litið til þess að styðja hér almenningssamgöngur á þessu svæði þar sem 70% þjóðarinnar búa? Það var margsinnis bent á að skattlagning ríkissjóðs á þessar sömu almenningssamgöngur er með þeim hætti að ríkissjóður er „að hagnast" á hinu sama þegar efni standa til þess að þetta verkefni er jafnmikið á ábyrgð ríkissjóðs og sveitarfélaga þegar grannt er skoðað. En það þýðir ekki að ræða það því að viðkomandi er ekki hér.

En hæstv. fjmrh. er hér og ég spurði hann einmitt að því í fyrra hvernig farið hefði verið með heimild 6. gr. heimilda í fjárlagafrv. ársins 2001. Hann svaraði mér því og ég held að það væri hyggilegt og skynsamlegt að öðru leyti í okkar stjórnkerfi að hæstv. ráðherra gæfi einfaldlega út, án þess að um það væri beðið, lista yfir það hvort og með hvaða hætti þær heimildir hafi verið notaðar. Til að tryggja að það fari

ekki á milli mála mun ég senda honum fsp. um það. Þá hefur hann tök og tækifæri til þess að gera þingheimi og þjóðinni það algerlega ljóst. Hér er sitthvað sem mig langaði til þess að eiga orð um en hef lítil tök á.

Hæstv. heilbrrh. er hér og það var kannski ekki síst hann sem ég vildi spjalla eilítið við. Það er í mörg horn að líta hjá honum og auðvitað er það þannig, af því að ég þekki eilítið til þess málaflokks, að það er oft auðveldara um að tala en í að komast þegar kemur að þeim viðfangsefnum, því eftirspurnin eftir þjónustu á þeim vettvangi er auðvitað því sem næst endalaus, en eðli máls samkvæmt getur þjónustan ekki verið það. Þess vegna er allt annað en auðvelt við þetta að eiga, á því hef ég fullkominn skilning, herra forseti.

Engu að síður vekur sumt dálitla athygli og það er sá veruleiki sem satt að segja — ja, áður en kemur kannski að heilbrrh. — já, hann er mættur. Ég ætlaði að ljúka ræðu minni á nokkrum spurningum til hans en vil ég hins vegar ekki láta hjá líða að nefna líka framhaldsskólamálin hans Tómasar Inga Olrichs, hæstv. menntmrh. Ég ætlaði að spyrja hann um hvort hann ætlaði ekki að huga að framhaldsskóla í Hafnarfirði, en það verður að bíða betri tíma því að hann er ekki hér.

Varðandi heilbrigðismálin stingur það dálítið í augun, herra forseti, að í þeim stóru stærðum sem eru upp á 110 milljarða kr. eða þar um bil er hlutur heilsugæslunnar í kringum 5 milljarða kr. Ég held og hef orðið sífellt sannfærðari um að þar liggi kannski stór galli í uppbyggingu heilbrigðiskerfis okkar, að við höfum ekki alveg áttað okkur á því að þar er grunnurinn og ef hann er ekki í lagi og ekki nægilegir fjármunir og ekki nægileg þjónusta til þess að bregðast við fyrstu aðstoð þegar fólk leitar til heilbrigðisþjónustunnar þá skautar fólk einfaldlega fram hjá á hendur sérfræðinga, til sérfræðispítalanna með stórauknum kostnaði.

Þess vegna gladdi það mig einlæglega þegar hæstv. núv. ráðherra, Jón Kristjánsson, tók við störfum fyrir rúmum tveimur árum eða svo. Hann lýsti því yfir á tröppum Bessastaða að hann væri þeirrar skoðunar að stórefla þyrfti heilsugæsluna í landinu einmitt til að skapa og treysta þann grunn. Ég var honum hjartanlega sammála og lýsti því yfir í þessum ræðustól ekki löngu síðar. Þess vegna finnst mér mjakast hægt eða reynslan hefur sýnt það að hann mjakast býsna hægt í þeim málum. Ég veit ekki hverju er um að kenna.

Nú veit ég að stóru spítalarnir og sérstaklega Landspítalinn – háskólasjúkrahús soga til sín mikla fjármuni. Það gerir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sumpart líka, sérfræðingarnir í gegnum tryggingakerfið og sjúkratryggingar gera það líka þannig að það er kannski óhægt um vik að gera stórar breytingar á þessu kerfi, en ég held að við þurfum að gera það. Ég held að við troðum dálítið marvaðann, við spólum dálítið í sama farinu ef við tökum okkur ekki virkilegt tak og látum heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu og um landið allt standa undir nafni.

Veruleikinn er sá, herra forseti, að heilsugæslan úti á landi hefur virkað býsna vel í gegnum tíðina, sums staðar bara alveg ágætlega og hún er þar í býsna góðu standi. Aðgengi sjúklinga og almennings að henni er góð. Ég hef ævinlega séð heilsugæslu í langtum víðtækara og víðfeðmara hlutverki en nú er. Ég sé það í formi ráðgjafar, í formi forvarna í líkamlegu og andlegu tilliti, þannig að við eigum að hugsa þetta mál dálítið upp á nýtt.

Ég væri mikill stuðningsmaður þess að hæstv. ráðherra næði fram þeim gömlu markmiðum sínum sem hafa þó aðeins orðið þoku hulin þegar frá hefur liðið, að hann tæki sér nú tak í þeim efnum.

Af því að ég er á vettvangi heilsugæslunnar verður ekki fram hjá því horft að einhver misskilningur er hér á ferðinni sem verður auðvitað að fást á hreint hvar sannleikurinn liggur í. Nú er það svo að höfuðborgarsvæðið á í verulegum vanda. Það eru þúsundir og aftur þúsundir íbúa í Reykjavík, í Kópavogi, í Hafnarfirði og í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem eiga ekki sinn heimilislækni og hafa svo sem ekki í nein hús að venda. Þannig er það til að mynda í heimabæ mínum, af því að ég þekki þar best til, að þegar bið er í þrjá daga upp í tíu daga eftir viðtali við lækni ef mikið er að gera, þá gefur það augaleið að þetta fólk sækir eitthvert annað. Og hvert sækir það? Það sækir auðvitað til sérfræðilækna með stórauknum kostnaði fyrir viðkomandi einstaklinga og kerfið allt. Þess vegna hefur maður beðið eftir því að hin stóru skref verði tekin til að bregðast við slíku ófremdarástandi.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz kom í þennan ræðustól fyrr í kvöld og fór yfir þessi mál og hélt því fram, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar þegar eftir því var leitað að hér væru þrjár heilsugæslustöðvar sem áformað væri ekki eingöngu að reisa heldur líka að reka á komandi ári, þær væru þrjár á höfuðborgarsvæðinu. Ég gekk eftir því hvar þessar þrjár heilsugæslustöðvar væri að finna því að í þessari bók, frv. hæstv. fjmrh., er eingöngu að finna eina sem tekur til starfa í byrjun næsta árs í Salahverfi í Kópavogi og þar er veitt í kringum 100 milljónir til rekstrar.

Síðan er að finna aðra sem er í Voga- og Heimahverfi sem að vísu er ekki búið að leigja eða kaupa en samningaviðræður standa yfir eftir því sem ég best veit samkvæmt fréttatilkynningu heilbrrn. og þar á að tryggja húsnæði fyrir reksturinn. En í frv. er gert ráð fyrir að reksturinn hefjist seint á næsta ári, sem sagt eftir ár, eftir eitt heilt ár. Þá eru komnar tvær ef við erum dugleg að telja, herra forseti. Að vísu er þetta ekki nema eitt og kvart eftir því sem ég kann best, af því að við erum að tala um þriggja mánaða rekstur á næsta ári eða tveggja eða hvað það nú verður.

En ég spyr: Hvar er sú þriðja?

Hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbr.- og trn., sem er nú ekki beint blaut bak við bæði eyrun því að hún náttúrlega er nánasti samstarfsmaður hæstv. heilbrrh., upplýsti að sú þriðja yrði í Hafnarfirði. En ég er búinn að leita með logandi ljósi í umræddri bók hér og einnig í brtt. meiri hlutans hvað varðar eyrnamerkingu á rekstri slíkrar stöðvar. Það eina sem ég hef fundið er heimildarákvæði um að heimilt sé að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Það heimildarákvæði var líka í síðustu fjárlögum og yfirstandandi fjárlögum, í síðasta frv., og er verið að nýta núna væntanlega í Voga- og Heimahverfi.

Þess vegna spyr ég og vænti þess og vil þá trúa því að eitthvað sé í pípunum sem geri það að verkum að hv. þm., formaður heilbr.- og trn., hafi ekki verið að fara hér með staðlausa stafi heldur hafi verið að upplýsa um einhverjar þær upplýsingar sem ekki er að finna enn þá í gögnum máls heldur sem komi fram við 3. umr., nefnilega að fjármunir verði eyrnamerktir til rekstrar heilsugæslu í Hafnarfirði, væntanlega hugsanlega frá miðju ári, ég gæti sætt mig við það, það væri betra en ekkert, en a.m.k. þannig að fjármunir væru tryggðir til rekstrar nýrrar heilsugæslu í Hafnarfirði á næsta ári. Ég hlýt að ganga út frá því að helsti ráðgjafi hæstv. ráðherra, formaður heilbr.- og trn., hafi ekki komið hér, herra

forseti, með staðlausa stafi heldur hafi haft einhverjar þær aðrar upplýsingar sem okkur venjulegum eru ekki ljósar. Og ég trúi því af því að hæstv. fjmrh. sat hér þegjandi undir þessu án þess að gera nokkrar athugasemdir, að hann hafi þar með gefið samþykki sitt sömuleiðis.

Ég fagna því alveg sérstaklega að þessi yfirlýsing hafi verið gefin út og vænti þess að þeir félagar, hv. þm. Magnús Stefánsson og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem oddvitar meiri hluta fjárln., hafi hlýtt á þetta og taki þetta upp milli umræðna og tryggi það að hér sé hægt að taka mark — sem ég efast ekki um eitt andartak — á fólki sem hefur pólitíska makt, þannig að það sé alveg á hreinu.

En ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra um húsnæðið, hvort húsnæði verði þá til staðar þegar þessir peningar til rekstrarins verða tryggðir við 3. umr. af því að hann segir frá því í fréttapistli sínum 20. september að nú sé alveg að bresta á að auglýst verði eftir húsnæði fyrir nýja heilsugæslustöð í Hafnarfirði til viðbótar þeirri sem rekin er á Sólvangi. Ég vil spyrja hann: Verður þessi auglýsing í blöðunum um næstu helgi eða þar næstu helgi, því að stundum hafa þau svör komið? Það væri ágætt að fá það á hreint hvenær sú auglýsing geti farið af stað þannig að húsnæðið verði algerlega klárt og hægt verði að ráða starfsfólk þegar þessir nýju peningar koma sem hv. þm. Jónína Bjartmarz lofaði í ræðu áðan. Þetta var nú um það. Ég gæti svo sem sett á hér miklar ræður um heilbrigðismál að öðru leyti.

Mig langar hins vegar að staldra eilítið við öldrunarmálin. Ég leitaði með logandi ljósi að stefnu hæstv. ráðherra, ráðuneytisins og stjórnarmeirihlutans þegar kæmi að því að forgangsraða verkefnum á vettvangi öldrunarþjónustu, þ.e. að hefja byggingu og síðan rekstur nýrra hjúkrunarheimila. Ég þekki auðvitað Vífilsstaðamálið og gerð er glögg grein fyrir því í frv. En þegar kemur hins vegar að ráðstöfun þeirra 800 milljóna eða þar um bil sem er að finna í frv., 400 milljónir og síðan aðrar 500 tæpar í sjóði Framkvæmdasjóðs aldraðra, þá er hvergi að finna neitt um hvernig eigi að verja þeim peningum og mér finnst það óþægilegt, hæstv. ráðherra. Mér finnst það dálítið óþægilegt að þegar við afgreiðum þessi fjárlög höfum við ekki nokkra hugmynd um hvernig á að skipta þeim fjármunum. Ég neita því ekki að ég er ekki endilega alveg hlutlaus í því máli því að ég þekki, eins og ég sagði áðan, betur til nærbyggðar minnar en kannski annarra, og er þá að vísa til Sólvangs þar sem hæstv. ráðherra kom þann 20. okt. eða þar um bil þar sem fagnað var 50 ára afmæli Sólvangs. Hæstv. ráðherra hélt þar ágæta ræðu og talaði um að þegar sól tæki að hækka eða þegar sæi til sólar, ég man ekki hvernig hann orðaði það, menn túlkuðu það á þann veg í Hafnarfirði að þegar færi að vora mundu einhverjar þær ákvarðanir líta dagsins ljós sem gerðu það að verkum að hægt yrði að gera þar nauðsynlegar endurbætur á Sólvangi, ekki er nú beðið um miklu meira. Ég hygg að Sólvangur sé eitt af þeim hjúkrunarheimilum sem þarf að búa vistmönnum sínum og heimilismönnum upp á það að vera ekki tveir í herbergi, ekki þrír í herbergi, ekki fjórir í herbergi, heldur jafnvel fimm saman í herbergi og eyða þar ævikvöldi sínu. Mér er spurn hvort það sé víða annars staðar sem þannig er búið að öldruðum Íslendingum, mér er það stórlega til efs. Við erum því fyrst og síðast að ræða um — ekki að stækka eða fjölga verulega hjúkrunarrýmum heldur fyrst og fremst að gera kringumstæður með þeim hætti að þær séu boðlegar.

Mig langar því að spyrja í þessu samhengi hvort hæstv. ráðherra geti gefið okkur einhverjar þær upplýsingar, einhverjar vísbendingar um hvaða stóru verkefni í nýframkvæmdum er um að ræða á vettvangi öldrunarþjónustu. Það er auðvitað ekki að ástæðulausu, herra forseti, því að ég er ekki vanur því að standa hér í þessum ræðustól og tala mjög þröngt um einstök mál. Ég er alls ekki vanur því að nefna oft Hafnarfjörð til sögunnar þegar ég ræði fjárlög, mér leiðist það frekar. Ég vil reyna að ræða málin á víðfeðmari grundvelli með hagsmuni allrar þjóðarinnar í huga og hinna dreifðari byggða ekki síður.

En auðvitað er það þannig, herra forseti, að ég kemst ekkert hjá því þegar á kjördæmi mínu er nánast brotið. Þá get ég ekki setið hljóður. Mér þykir afskaplega leiðinlegt að þurfa að ræða fjárlög undir þessum formerkjum, en ég get bara ekki annað, og ég biðst forláts á því. Ég hef yfirleitt verið skömmóttur í garð þeirra sem hafa hugsað þröngt og verið að stinga milljón þangað, tveimur þar og tíu hér, og ég veit að þingmenn vilja almennt ekki vinna þannig. Ég hafði því allan skilning á því þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson brást ókvæða við og fannst illa að sér vegið og á ósanngjarnan hátt þegar því var haldið fram að fjárln. væri að setja einhver landfræðileg fingraför á sundurliðanir sínar.

Mér dettur ekki í hug að ætla það. Einhverra hluta vegna hafa hins vegar sum sveitarfélög, sum héruð, sum kjördæmi, gleymst. Þau hafa bara einhvern veginn dottið milli skips og bryggju eins og stundum vill verða. Það er svo sem mannlegt en menn eiga möguleika á að leiðrétta það milli 2. og 3. umr. Mér dettur ekki í hug að áfellast einn eða neinn í þessum efnum af því að ég gef mér að menn hafi einfaldlega gert mistök í hita leiksins. Suðvesturkjördæmi og kannski þá Hafnarfjörður ekki síst urðu kannski út undan af þeim sökum. Það er þess vegna sem ég dett inn í þennan gírinn og lofa að gera það ekki oft aftur.

Herra forseti. Ræðan átti nú ekki að verða svona löng. En af því að ekki er hægt að eiga orðastað við menn sem ekki eru á staðnum, þá er ég að tala um ráðherra ríkisstjórnarinnar, vil ég enn og aftur þakka þeim hæstv. ráðherrum sem hafa haft nennu og getu til að leggja við hlustir og öðrum þingmönnum auðvitað. Væntanlega klárum við þessa fjárlagavinnu sem er jafnmikilvæg og raun ber vitni en við verðum væntanlega ekki sammála um allt. En von mín er sú að hún leiði okkur fram á veg.

[23:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þingmanni þjóðarinnar um framkvæmdir í kjördæmi hans. Ég get ekki fallist á að brotið hafi verið á kjördæmi hv. þingmanns. Fyrir dyrum stendur að opna hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum sem eru í kjördæmi hans. Til stendur að opna heilsugæslustöð í janúar í kjördæmi hv. þingmanns, í Salahverfi í Kópavogi. Þar á eftir verður heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi, og við höfum fengið heimild og munum auglýsa eftir húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Hafnarfirði. Við erum að skoða með hvaða hætti sú heilsugæslustöð verður rekin. Það kemur t.d. til greina að semja við sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna um rekstur í Hafnarfirði. (Forseti hringir.) En ég verð að geyma til síðari ræðu minnar nánari umræðu um heilsugæsluna.

[23:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég rakti það einmitt skilmerkilega að í Salahverfi ætti að opna heilsugæslustöð í janúar og ég rakti það

einnig skilmerkilega að Vífilsstaðir ættu að opna væntanlega innan fárra mánaða. Það er þó rétt að geta þess að fjölgun „rúma" á Vífilsstöðum mun ekki endilega koma nærliggjandi byggðarlögum til góða, ekki endilega, því að þar er um að ræða tilflutninga á fólki sem nú liggur á dýrum sérhæfðum spítölum. Það er auðvitað gott og vel. Það er ágætisaðgerð en hún bætir svo sem engu við fyrir það fólk sem er núna heima hjá sér og er í brýnni þörf.

Varðandi Hafnarfjörð fagna ég því alveg sérstaklega að nú liggi fyrir heimild hæstv. fjmrh. um að auglýsa megi þetta og eigi að auglýsa eftir nýju húsnæði. Það er fagnaðarefni. Ég tek því með opnum huga hvernig menn hugsa sér rekstrarformið. Mikilvægast er að koma starfseminni af stað. En sama hvert rekstrarformið er, einhver þarf að borga og það er auðvitað ríkissjóður sem þarf að borga þessa þjónustu. Það vitum við auðvitað báðir, ég og hæstv. ráðherra.

[23:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil útskýra í sambandi við öldrunarmálin að Framkvæmdasjóður aldraðra úthlutar fjárframlögum til byggingar hjúkrunarrýma og nokkrar stórframkvæmdir eru fram undan í því. Það eru stórframkvæmdir á Hrafnistu, bæði hér í Reykjavík og eins hafa í Hafnarfirði staðið yfir miklar framkvæmdir. Það eru stórframkvæmdir hjá Eir, þeir hafa mikil áform uppi. Á Selfossi er ætlunin að fara í endurbyggingu á Ljósheimum og á Akureyri er ætlunin að bæta við Hlíð. Þetta eru stærstu framkvæmdirnar sem liggja fyrir. Þegar Framkvæmdasjóður aldraðra hefur tekið við umsóknum og farið yfir þetta mál — umsóknarfrestur er til 1. desember — er sjálfsagt að gera þinginu grein fyrir afgreiðslunni. Það hefur ætíð verið við fjárlagaafgreiðsluna, ekki síst þegar hún er svo snemma á ferðinni eins og núna, að bara heildarupphæðin er í fjárlagafrv.

[23:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessi svör hæstv. ráðherra. Það breytir því samt ekki að jafnóþægilegt er það eftir sem áður að vita ekkert hvernig eigi að skipta þessum 800 eða 900 millj. sem til skiptanna eru til nýframkvæmda, endurbóta eða viðhalds í öldrunarmálum. Ef þessar dagsetningar stangast svona á verðum við auðvitað að gera breytingar á því.

Ég þakka hins vegar hæstv. ráðherra fyrir að hann muni gera okkur grein fyrir því, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar, hvernig umsóknir liggja og hvernig með þær verður farið.

Hann nefnir samráðsnefnd um málefni fatlaðra. Mér er kunnugt um að því miður hafi sú nefnd ekki verið skipuð fyrr en á síðustu dögum og hafi verið umboðslaus allt frá vori. Það hryggir mig en ég hygg að það hafi ekki endilega tafið málið.

Ég trúi að við séum öll sammála um að taka á með ráðherranum í þeim efnum að gera bragarbót á og myndarlegt átak. En ljóst er að þörfin er hér þar sem fólkið er en ekki úti á landi.

[23:52]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafði miklar áhyggjur af Ferðaþjónustu bænda. Mér veittist sá heiður að opna uppskeruhátíð ferðaþjónustubænda í síðustu viku og ríkti mjög mikil bjartsýni hjá þessum hópi bænda. Ferðaþjónustan skiptir miklu máli fyrir landsbyggðina og ferðamönnum hefur fjölgað þrátt fyrir gagnstæðar spár í vor vegna stríðsátaka og lungnabólgufaraldurs sem gekk yfir í heiminum.

Ferðamönnum og gistinóttum hefur fjölgað mjög mikið milli ára. Gjaldeyristekjur hafa aukist mikið og ég vil minna hv. þingmann á að ný Norræna kom til landsins sl. vor og er nú að hefja vetrarferðir. Sex verkefni voru styrkt á grundvelli samkomulags iðnrh. og samgrh. til að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni á þessu ári.

Ég tek undir með hv. þingmanni um að menn eigi að fara gætilega í fjárfestingum í greininni en ég get fullvissað hv. þingmann um að mikil bjartsýni ríkir hjá ferðaþjónustubændum.

[23:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar. Ég tók það alveg sérstaklega fram að ég hefði bundið miklar vonir við það á sínum tíma að þetta yrði sú kanína sem hægt yrði að kippa upp úr hatti fyrir bændur þessa lands. Menn hafa áður lofað ýmsu og nægir þar að minnast á loðdýr og fiskeldi og í seinni tíð skóga. Allt er þetta nú gott og blessað, að menn reyni að skjóta fleiri stoðum undir lífsafkomu bænda. Samt dugir það tæpast í viðbót við hinar hefðbundnu búgreinar. Ég gleðst einlæglega yfir því að það horfi jafnbjart í þessum efnum og raun ber vitni.

Ég minnist þess hins vegar að ég sat fund Byggðastofnunar þegar hv. þm. sat í stjórn þar sem verið var að fara yfir það að margir bændur í þessari ferðaþjónustu áttu afskaplega erfitt með að standa undir afborgunum af þeim fjárfestingum sem þeir höfðu lagt í. Það var hálfgerður dumbungur yfir a.m.k. skuldareigendum í þeim efnum.

Svo sannarlega vona ég að nú horfi til betri tíðar og ég fagna þessum glæstu framtíðaráformum og stöðu mála.

[23:54]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að við erum sammála í þessu. Ég vil taka aftur undir með hv. þingmanni að auðvitað eiga menn að fara gætilega í fjárfestingum. Það hefur verið stofnað til of mikilla skulda hjá sumum. Margir hafa þó byrjað hægt og rólega og gengið mjög vel og því ber að fagna. Það ríkir vissulega mikil bjartsýni í þessari grein, ekki síst vegna þess að með hverju árinu eykst ferðamannastraumurinn til landsins og allt stefnir í að hann verði margfaldur eftir nokkur ár. Þess vegna verðum við líka að geta boðið upp á gistiaðstöðu fyrir þá.

[23:55]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála. Ég sé mikil sóknarfæri í ferðamennskunni og hef ævinlega og alltaf gert.

Eins og hv. þm. nefndi hefur þeim sem hafa farið hægt og varlega og stigið eitt skref í einu gengið prýðilega en aðrir bændur sem hafa færst of mikið í fang hafa átt í erfiðleikum, því miður, og það er eins og gengur.

Meginkjarni málsins er sá að við megum ekki plata fólk. Því miður eru landsfeðurnir stundum, og hæstv. landbrh. er ekki mannanna bestur í því, að tína þessar kanínur — þær eru margar — upp úr höttum og halda því fram að hitt og þetta bjargi öllu, svolítið tilviljanakennt. Einn daginn er það skógurinn, næsta dag er það ferðamennskan, einu sinni var það fiskeldið, ja, það er komið aftur að vísu, og svo var það loðdýraræktin. Ég vil bara einfaldlega halda mig við jörðina

því að ég er jarðfastur maður. (**Gripið fram í:** Það gildir um kanínuna líka.)

[23:56]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrðist á orðum hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að hann væri að krefja mig um að ég drægi eins og kanínu upp úr hatti eina heilsugæslustöð fyrir heimabæ hans, Hafnarfjörð. Ég held að við getum orðið sammála um að þar hefur þingmaðurinn misskilið orð mín og þótt ég fegin vildi hef ég ekki tök á því og heldur ekki fyrir hans ágæta kjördæmi sem hann talar um sem gleymda kjördæmið. Gott er að fá góða þingmenn sem minna á það og hagsmuni þess, bæði heilsugæslustöðvar og annað.

Það sem ég sagði í ræðu minni í dag var að það væri áætlað að þrjár nýjar heilsugæslustöðvar hæfu starfsemi sína á árinu. Við erum að tala um fjárlagaárið 2004. Það kom líka glöggt fram að í febrúar er gert ráð fyrir heilsugæslustöð í Salahverfi og í lok árs 2004, sem er fjárlagaárið, verði tekin til starfa heilsugæslustöð í Hafnarfirði og önnur heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi. Hæstv. heilbrrh. gerði grein fyrir því hér áðan að það væri heimildarákvæði fyrir húsnæðinu í Hafnarfirði sem látið yrði á reyna.

[23:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka bara enn og aftur. Það var áréttað sem ég sagði, að þó að ekki sé að finna um það stafkrók í þessu fjárlagafrv. að það eigi að hefja rekstur heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði er hv. þm., formaður heilbr.- og trn., búin að segja frá því núna í tvígang í þessum ræðustóli að rekstur muni hefjast síðla á næsta ári. Mér finnst það of seint en það er betra en ekkert. Í þessu fjárlagafrv. er því miður ekki að finna nema tvær heilsugæslustöðvar, í Salahverfi í byrjun janúar og í lok ársins í Voga- og Heimahverfi.

Ég hlýt náttúrlega, miðað við allar aðstæður, að fagna því að Hafnarfjörður sé kominn inn í myndina þó að það verði ekki fyrr en seint á næsta ári. Ég vænti þess að ríkisstjórnarflokkarnir báðir standi þá heils hugar að því að þetta nái fram að ganga.

[23:58]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að það er orðinn skilningur á milli mín og hv. þingmanns um það að gert er ráð fyrir þessum þremur heilsugæslustöðvum á fjárlagaárinu 2004. Ég deili miklum áhuga hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar á uppbyggingu heilsugæslunnar. Hann nefndi það áðan að hann væri áhugamaður um að efla hana verulega, auka forvarnastarf heilsugæslunnar og hvers konar aðra starfsemi sem mætti verða til að auka þjónustuna við íbúana.

Ég ætla að fá að taka undir þetta og ég hef sagt það og segi það enn að ég held að eitt það hagkvæmasta sem menn geti gert með heilbrigðiskerfi okkar sé að stórefla heilsugæsluna í landinu. Þörfin er ekki minnst hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar vil ég til að mynda nefna mikla þörf á því að stórauka þverfaglegt samstarf hjá fagstéttum innan heilsugæslunnar, m.a. sálfræðiþjónustu og annað sem ég held að gæti orðið íbúunum mjög til hagsbóta.

[23:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú farinn að hafa áhyggjur af þessu. Ég er orðinn svo sammála hér hverjum stjórnarliðanum á fætur öðrum um öll meginefni. Ég segi bara dittó. Þegar hv. þm. stjórnarliðsins eru farnir að þakka mér fyrir ræður mínar og lýsa sig samþykka sjónarmiðum mínum hef ég orðið verulegar áhyggjur. Ég veit ekki hvernig ég á að vera. Ég er satt að segja dálítið feiminn í þessum stól. Svo fær maður eina heilsugæslustöð í viðbót, bara alveg gratís, sem maður átti ekki von á. Ég segi bara bestu þakkir, herra forseti.

[00:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega mikilvægt þegar menn eru að fjalla um tillögur sem koma frá fjárln. að gera sér grein fyrir því að þær fjalla fyrst og fremst um ákveðna málaflokka. Þær fjalla um rannsóknastarfsemi, þær fjalla um íþróttastarfsemi og alls kyns menningarstarfsemi. Í gildi eru samningar um þessi mál mjög víða, og þegar menn ætla að bera saman framlögin til einstakra kjördæma verða menn að taka tillit til þess hvað stendur í fjárlagafrv. en ekki að taka einstaka tillögur og skipta því þannig. Það er fáránlegur útúrsnúningur.

Norðvesturkjördæmi hefur enga slíka menningarsamninga, hefur enga slíka samninga um íþróttamál eða rannsóknamál. Það eru yfir 200 milljónir, samningarnir sem eru í gildi fyrir Norðausturkjördæmi. Þess vegna brást ég ókvæða við og þess vegna varð ég að leiðrétta þetta. Menn verða að taka þetta í heild og ég þakka hv. þm. fyrir að hafa vakið athygli á því að ég tók þetta illa upp og er honum innilega sammála.

[00:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég hældi hv. þm. fyrir að hafa brugðist ókvæða við ásökunum í þá veru að hann hefði hugsað og horft þröngt í fjárlagavinnu sinni. Ég þekki hann af allt, allt öðru.

En einu verðum við að halda ákveðið til haga. Það dugir náttúrlega ekki að segja einfaldlega að einhverjir samningar séu í gildi sem skekki myndina því að veruleikinn er sá að einhver gerir þessa samninga. Þeir verða ekki til af engu og það eru pólitíkusar sem gera þá. Jafnvel þessi maður hérna, sem berst fyrir kjördæmi sitt. (**Gripið fram í:** Hver er þetta?) Hæstv. menntmrh. (**Gripið fram í:** Já, hann.) Það skyldi þó aldrei vera að hann hafi komið að gerð þeirra samninga sem hv. þm. er núna benda á að hann þurfi að uppfylla í fjárlagavinnu sinni?

Það eru auðvitað pólitískar ákvarðanir sem liggja að baki öllu þessu. Að því leytinu til tala tölurnar sínu máli og það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn í þeim efnum.

Hv. þm. Helgi Hjörvar sagði bara það sem á blaðinu stendur en vissulega eru skýringar á þessu og jafnvel er hægt að taka mark á sumum þeirra.

[00:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hins vegar er rétt og skylt að vekja á því athygli vegna þess að við landsbyggðarþingmenn verðum oft fyrir gagnrýni vegna tillöguflutnings okkar, að mjög mikil einsýni er í stjórnsýslunni og hefur lengi verið. Okkur finnst og hefur mörgum þótt það mjög skýrt að menn sæju vart út fyrir Reykjavík. Það hefur því löngum verið verkefni landsbyggðarþingmanna að vekja athygli á því að það ætti að láta menningu, íþróttastarfsemi og margt fleira ganga yfir allt landið. Yfir því hafa þingmenn verið á vakt áratugum saman. Það erum við að gera og munum halda áfram að gera.

[00:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki verið meira sammála hv. þm. vegna síðustu orða hans. Ég sagði það hér að mér liði afskaplega illa yfir því að þurfa að horfa þröngt og kjördæmapólitískt. Það er bara ekki mín tegund og ég veit að hv. þm. gerir það heldur ekki, hann þolir það ekki, vill heldur horfa vítt yfir landið. Og ég hef ævinlega verið stuðningsmaður þess að landsbyggðin fái sína möguleika hvað varðar atvinnumál, listir, menningu og íþróttir. Ég hef spilað marga leikina úti um landið og haft gaman af.

Ég hef ekki dregið af mér í þeim efnum en þegar menn gera mistök hreinlega í vinnunni og gleyma nánast heilu kjördæmi þá hlýt ég auðvitað að minna á það. En mér leiðist það afskaplega, ég er ekki þeirrar gerðar. Ég er, eins og hæstv. heilbrrh. sagði áðan, þingmaður þjóðarinnar eins og við öll hér.

[00:04]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um kjördæmapot og fyrir hvern þingmenn eru, en það hefur löngum legið á orði að þingmenn Reykjavíkur væru hinir eiginlegu þingmenn þjóðarinnar og það er kannski þess vegna sem maður gleðst yfir því ef vel gengur í Hafnarfirði og á Suðurlandi að maður er ættaður þaðan og þannig er það nú með okkur Reykvíkingana.

Hér á undan mér hafa þrír þingmenn Vinstri grænna gert grein fyrir þeim reginmun sem er á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjármálum ríkisins og þess fjáralagafrv. sem hér er til 2. umr. Þetta er fjárlagafrv. sem einkennist af aukinni misskiptingu, svo vísað sé í ályktun Alþýðusambandsins, þar sem álögur á heimili eru hækkaðar um 2,2 milljarða kr. en eini skatturinn sem er lækkaður er hátekjuskattur. Stefið sem hér hefur verið flutt af hverjum stjórnarþingmanninum á fætur öðrum er: Drögum úr samneyslunni, drögum úr samneyslunni. Til að forða þenslu, óðaverðbólgu og kollsteypu þarf að draga úr samneyslunni. Henni þarf að halda niðri, sagði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fyrr í umræðunni í dag.

Enda gera þjóðhagsspár fjmrn. og Seðlabanka ráð fyrir að vöxtur samneyslunnar hjá ríki og sveitarfélögum verði ekki nema um 1% á næsta ári sem er töluvert undir meðaltali síðustu ára en vöxtur samneyslunnar á árabilinu 1990–2002 var að meðaltali um 3% og hefur þó heldur dregist aftur úr einkaneyslu og vexti þjóðartekna.

Í langtímaáætlun um ríkisfjármál sem ríkisstjórnin lagði fram með fjárlagafrv. fyrir árin 2005–2007 kemur fram að áformað er að halda vexti samneyslunnar undir sögulegu meðaltali öll þessi ár, þ.e. í kringum 2%. Um þetta má nánar lesa í nýjum Peningamálum Seðlabankans, virðulegi forseti, á bls. 37.

En hvað er samneyslan sem þarf að halda svona niðri, virðulegi forseti? Það er menntakerfið okkar, það er heilbrigðiskerfið okkar, það er tryggingakerfið okkar og það er samgöngukerfið okkar. Þarna á að þrengja að á næstu árum og ekki þarf að koma á óvart að það sé stefna núv. ríkisstjórnar.

Hér hefur verið lýst eftir kosningaloforðum bæði Sjálfstfl. og Framsfl. en þess ber að geta að í langtímaáætluninni góðu er að finna þessi týndu kosningaloforð, m.a. um 20 milljarða skattalækkanir, og þar eru líka kosningaloforðin um 3 milljarða kr. hækkun barnabóta o.fl. Kosningaloforð sem hvergi er að finna í því fjárlagafrv. sem við erum nú að ræða nema, eins og ég sagði áðan, lækkun hátekjuskatts. Að öðru leyti ganga stóru línurnar í fjárlagafrv. þvert á kosningaloforðin eins og margir hafa talað um hér í dag.

En menn hafa þakkað það að fá tekjuáætlunina fram nú strax við 2. umr. og ekki skal ég kvarta undan því. Mér finnst það hins vegar öfugsnúið að aukin tekjuöflun ríkissjóðs upp á 2,2 milljarða kr., m.a. með lækkun vaxtabóta og sjúkratrygginga, með afnámi endurgreiðslu vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, með hækkun þungaskatts og vörugjalds skuli í raun ekki vera til umræðu nú. Þessir liðir hafa sömu áhrif og hækkun skatta en teljast til gjaldaliða frv. og munu koma hér frekar við sögu við 3. umr. Þá munu þingmenn Vinstri grænna væntanlega flytja brtt. við þessar ósvífnu fyrirætlanir ríkissjóðs um tekjuöflun.

Miðstjórn ASÍ hefur ályktað um einkenni fjárlagafrv. og gefið því einkunn, og með leyfi forseta, segir þar:

„Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að árétta að sú samfélagssýn og stefna sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 getur aldrei orðið grundvöllur að sátt á vinnumarkaði.“

Það er miður þegar til þess er litið að á næsta ári eru allir kjarasamningar lausir og virðist að þessu leytinu til stefna í stríð á vinnumarkaði.

En ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að fylgja úr hlaði þremur tillögum sem allar eru mjög smáar í tölum talið, samtals 165 millj. kr., en þær skipta þó ótrúlega miklu máli.

Það er fyrst brtt. á þskj. 455 við fjárlagalið 14-190 Ýmis verkefni 1.24 Landsúttekt á fyrirkomulagi sorpförgunar. Þessa brtt. flytja auk mín hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Þetta er einföld tillaga. Hér er gert ráð fyrir að gerð verði landsúttekt á því hvernig sorpförgun, þ.e. söfnun, eyðingu og förgun sorps er fyrir komið. Við höfum nýlega undirgengist strangar kröfur Evrópusambandsins með lagasetningu um frágang og eftirlit með förgunarstöðvum sorps en eins og menn vita þá er þetta víða erfitt úrlausnar úti um land, kostnaður mikill og gæta þarf að gerð berggrunns og vernd vatnsbóla. Markmiðið má ekki vera að hvert sveitarfélag fyrir sig fari að koma sé upp sínum eigin urðunarstað og það má heldur ekki verða að sorp verði flutt óhóflega langar leiðir með bílum eða bátum. Báðar þessar lausnir geta reynst litlum sveitarfélögum dýrar og því er hér lagt til að gerð verði landsúttekt á þessum málum til að hægt verði að bæta skipulag þeirra. Það er mjög brýnt að tekið sé heildstætt á málum sem þessum og förgunarstöðum fjölgi ekki heldur fækki eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögunum sem ég nefndi.

Á þskj. 445 er brtt. við fjárlagalið 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þar er lagt til að liðurinn 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina hækki um 10 millj. kr. Auk mín flytur þessa brtt. hv. þm. Þuríður Backman.

Á undanförnum árum hefur löng bið eftir heyrnartækjum verið gagnrýnd harðlega. Þess eru dæmi að gamalt fólk hefur þurft að bíða í allt að 10–13 mánuði eftir því að fá heyrnartæki hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni, en nú stefnir reyndar í að biðtíminn styttist nokkuð á næsta ári eða í sjö mánuði en betur má ef duga skal í þessum efnum.

Slík bið á ekki við alla. Hvað varðar heyrnartæki höfum við nefnilega tekið upp ameríska kerfið, þetta tvöfalda kerfi þar sem efnahagur ræður niðurstöðu mála. Sá sem nýtir sér 28.000 kr. niðurgreiðslu ríkisins og fullnægir skilyrðum laga um niðurgreidd heyrnartæki þarf að bíða sem fyrr segir eftir

tækjum hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni í átta eða níu mánuði um þessar mundir og borgar þá 22.000–52.000 kr. fyrir hvert tæki, 44.000–104.000 kr. fyrir tvö með niðurgreiðslu.

Ef hann hins vegar greiðir sjálfur tækið hjá einkafyrirtæki sem hefur leyfi til innflutnings heyrnartækja þarf hann ekki að bíða nema í kannski þrjár vikur en þá kosta tækin í bæði eyru á bilinu 170.000–300.000 kr. eða 85.000–150.000 kr. stykkið. En hjá þessu fyrirtæki er líka biðlisti fyrir þá sem vilja njóta niðurgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins og hann nær nú fram í maí á næsta ári, hann er sex mánuðir og lengist óðfluga.

Virðulegi forseti. Þessu verður að breyta. Það gengur ekki að láta efnahag manna ráða því hvenær og jafnvel hvort viðkomandi fær jafnmikilvægt hjálpartæki sem heyrnartæki er. Þess vegna leggjum við til 10 millj. kr. viðbótarframlag til þess að létta greiðslubyrði þeirra sem þurfa á heyrnartækjum að halda. Á hverju ári eru afgreidd um 2.000 heyrnartæki frá Heyrnar- og talmeinastöðinni þannig að þetta þýðir aðeins um 5.000 kr. aukningu á niðurgreiðslunni úr 28.000 í 33.000. Eftir sem áður þyrftu menn að reiða fram allt frá 17.000–45.000 kr. fyrir hvert tæki þannig að auðsæilega mætti flytja tillögu um miklu hærri fjárhæð, bæði til að stytta biðtímann sem ég nefndi áðan og létta greiðslubyrðina enn meir. En þetta er skref í rétta átt til að útrýma því misrétti sem hér er á ferðinni og þetta gæti orðið til þess að þeir efnaminnstu, gamla fólkið mundi leyfa sér að láta það eftir sér að endurnýja gömlu tækin sín.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, er hér á þskj. 429 brtt. við liðinn 07-700 Málefni fatlaðra. Þar er lagt til að við bætist liður 1.94 Sérstakt átak til að bæta aðgengi fatlaðra, 150 millj. kr.

Nú á ári fatlaðra 2003 má reyndar merkja nokkra áherslu á þann málaflokk í fjárlagafrv., og það ber að þakka það sem vel er gert, en framlög til þessa málaflokks hækka um 165 millj. umfram verðlags- og launahækkanir. Það er unnið eftir nokkurra ára gamalli áætlun um útrýmingu biðlista eftir húsnæði fyrir fatlaða sem átti að ljúka á árunum 2000–2005 í samræmi við samkomulag sem gert var á milli samtaka fatlaðra og félmrn. Því miður er ekki útlit fyrir að það muni takast á næstu tveimur árum því að enn eru biðlistar langir, einkum í Reykjavík og á Reykjanesi, reyndar ríkir algjört ófremdarástand þar í húsnæðismálum þessa hóps.

Það er nú svo að það er ekki bara á sviði húsnæðismálanna sem skortir á fullt jafnrétti fatlaðra í íslensku samfélagi. Það skortir því miður mikið á að aðgengi fólks með hvers kyns fötlun sé tryggt, jafnvel að opinberum byggingum. Hvað þýðir þetta í raun? Það þýðir að hreyfihamlað fólk er á meðvitaðan eða ómeðvitaðan hátt útilokað frá þátttöku í samfélaginu. Þetta er hrein mismunun og brot á sjálfsögðum borgaralegum réttindum. Því leggjum við hv. þm. Þuríður Backman hér fram tillögu um að ríkið byrji á því að taka til í eigin ranni með 150 millj. kr. framlagi til sérstaks átaks til að bæta aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum í eigu ríkisins.

Það er erfitt að þurfa að viðurkenna það hér að margar opinberar byggingar, þar á meðal Náttúrugripasafn Íslands, sem er í skrifstofubyggingu á mínum annars ágæta vinnustað, á 3. og 4. hæð við Hlemm, er lokað hreyfihömluðum um helgar en mögulegt að fara með þá í gegnum skrifstofurnar þá tvo virku daga í viku sem opið er. Þetta er auðvitað ekki boðlegt, virðulegi forseti, en því miður er ástandið svona víðar í samfélaginu. Það er því við hæfi á ári fatlaðra að Alþingi ákveði að gert verði átak í þessum efnum og því er þessi tillaga hér flutt. Þá gætu stofnanir sótt sérstaklega í þennan sjóð til að bæta aðgengi á húsnæði sínu eftir reglum sem settar yrðu þar um.

Ég hef lokið við að kynna þessar þrjár tillögur, virðulegi forseti, og vænti þess svo sannarlega að þær hljóti náð fyrir augum meiri hlutans á þinginu.

[00:17]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég bað um orðið hér fyrir margt löngu til að flytja svolítinn vitnisburð um þátttöku mína í þessu fjárlagaferli, þótt örlítil hafi verið, og til þess að lesa í lokin svolítið ljóð sem ég sé að hefur orðið til nánast eins og óvart í meðförum fjárln.

Fyrst þetta, virðulegur forseti. Það hefur komið fram áður í þessari umræðu að heilbr.- og trn. sendi bréf til fjárln. Ég hef ekki frumrit þess bréfs en ég er með endursögn þess úr nál. minni hluta fjárln.

Þar kemur fram, með leyfi forseta: „að umræddur safnliður“— sem áður hefur verið ræddur og heilbrn. ræður yfir og sem vísað var til nefndarinnar — „er að fjárhæð 13,8 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Þegar leitað var skýringa á lækkun fjárlagaliðarins um 50 millj. kr. fengust þau svör frá ráðuneytinu að fjárhæðin hefði í aðalatriðum verið færð á fjárlagaliðinn 08-399 - 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Vegna þessarar skerðingar treysti nefndin sér ekki til að skipta umræddum safnlið og vísaði honum aftur til fjárlaganefndar.“

Þetta segir í bréfinu og síðan segir í nál. að heilbr.- og trn. hafi einnig talið ástæðu til að gagnrýna fjárlagavinnuna í áliti sínu í því formi sem hún er. „Telur nefndin aðkomu fagnefnda að fjárlagafrumvarpinu yfirborðskennda og að hún þjóni nær eingöngu því markmiði að upplýsa nefndirnar um gerðan hlut. Telur nefndin það til bóta fyrir málaflokkinn ef hún kæmi fyrr og með meira afgerandi hætti að fjárlagavinnunni.“

Undir þetta hljóta fleiri að taka og það geri ég m.a. af reynslu minni úr tveimur nefndum sem ég starfa í á þessum vinnustað, annars vegar umhvn. og hins vegar menntmn.

Ég tek reyndar eftir því að þetta gerist á fleiri stöðum því að í áliti — og það er álit ekki bréf — frá samgn. til fjárln. segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin vill vekja athygli fjárln. og samgrn. á því að hún telur ástæðu til að móta heildarstefnu í styrkveitingum til aðila sem vinna að uppbyggingu ferðamála hjá einstökum sveitarfélögum eða í tilteknum landshlutum.“

Þarna kveður við sama tón þó ekki sé hann eins gagnrýninn hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og félögum og hjá hv. þm. Jónínu Bjartmarz og hennar félögum.

Það má kannski segja að í þessum tveimur nefndum, umhvn. og menntmn., hafi öfgarnar komið í ljós við meðferð þessara safnliða.

Í umhvn. er tiltekinn safnliður sem heitir því virðulega nafni Ýmis verkefni og kemur að auki í öðrum lið sem heitir Ýmis umhverfisverkefni. Þetta eru sem sé verkefni sem ekki eru umhverfisverkefni, og til þeirra átti að veita 10,5 millj. samkvæmt fjárlagafrv. Þegar nefndin kemur saman að athuga þennan safnlið kemur í ljós að í honum er að langmestu leyti um að ræða framlög til félagasamtaka, til umhverfissamtaka, og þessi framlög eru, samkvæmt sérstökum samningi sem umhvrn. hefur gert, og menn eru sammála um í grunni sínum, við fjölmörg samtök um að þau fái

tiltekna úthlutun. Þetta er auðvitað samkvæmt þeirri stefnu sem umhvrn. hefur mótað og nýtur held ég stuðnings allra flokka hér, a.m.k. stjórnarandstöðunnar, þó ekki hafi menn verið ánægðir og séu ekki sáttir við hvernig umhvrh., því að um ráðuneytið er auðvitað ekki að ræða í þessu, og ég biðst afsökunar á því að hafa nefnt það sem geranda í þessu máli, því að það er auðvitað alltaf ráðherrann. (**ÖS:** Hver er þolandinn?) Þolandinn, það eru landsmenn, virðulegi forseti, svo ég svari spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um það. En gerandinn er auðvitað ráðherrann en ekki skrifstofa hennar, sem er leiður plagsiður, bæði hjá hæstv. ráðherrum og þingmönnum, að orða sem svo. Það er auðvitað ekki til annars en að ráðherrann fríi sig ábyrgð með því að ýta því yfir á þá stofnun sem er ekkert annað en hennar skrifstofa og á embættismenn sem eru ekkert annað en hennar þjónar og undir beinu boðvaldi hennar. Þannig að ég hafi nú sagt það einu sinni hér á þinginu rækilega, að vísu hafa fáir ráðherrar hlustað á en þó einn hæstv. ráðherra með góðum gáfum og vel máli farinn og vel hugsandi og gerir það aldrei aftur hér, hafi hann gert það áður, að tala um ráðuneyti sem gerendur.

Í liðnum Ýmis verkefni kom sem sé í ljós að umhvrh. hafði ekki ætlast til þess að nefndin skipti einu eða neinu heldur hafði hún sett í þennan lið — af því að hér er um hæstv. kvenkynsráðherra að ræða — fjárveitingar samkvæmt samningi sem gerður hafði verið og ekki stóð til að umhvn. hreyfði við á einn eða neinn hátt. Viðbrögð umhvn. voru þau að sinni að vísa þessum safnlið til fjárln. með þeim orðum að hér yrði ákvörðun umhvrh. að standa að sinni.

Það sem hefur síðan gerst með þennan safnlið er að fjárln. treysti sér til þess að hækka hann, meiri hluti fjárln., og hefur sett inn í þessi Ýmis verkefni, sem eru að langmestum hluta framlög til umhverfissamtaka, ágætt framlag til Reykhólahrepps, sem á að fá 3 millj. kr. tímabundið til að fjarlægja gamalt frystihús í Flatey á Breiðafirði og bora eftir vatni og lagfæra brunavarnir. Ég minnist þess ekki að þetta erindi, um að fjarlægja gamalt frystihús í Flatey á Breiðafirði, bora fyrir vatni og lagfæra brunavarnir, hafi komið til umhvn. og raunar, þótt fáir staðir á landinu séu nú fegurri og víðara umhverfi en einmitt á Breiðafirði og í Flatey, verður kannski ekki í sjónhending séð hvaða erindi þetta ágæta verkefni — fyrir utan að það getur verið í Ýmis verkefni — á í umhvn. og inn á fjárlagalið umhvrn.

Þarna er sem sé um það að ræða að umhvn. fær í raun og veru ekkert að gera, fær ekki að skipta þeim safnlið sem hún átti að fá að skipta.

Í hinu dæminu, dæmi menntmn., er kannski það gagnstæða. Svo virðist sem nefndin sé orðin að einhvers konar úthlutunarsjóði og er eiginlega þriðji aðilinn sem úthlutar fé til ýmissa lista- og menningarverkefna. Í fyrsta lagi eru ýmsir opinberir sjóðir sem við höfum komið á fót hér í landinu til úthlutunar Ýmissa verkefna. Nefna má t.d. Menningarsjóð sem fékk held ég einar 14 millj. í fyrra eða þar um bil til þess að styrkja bókaútgáfu í landinu. Það var í framhaldi af niðurlagningu þess menningarsjóðs sem hér gaf eitt sinn út bækur. Því var þá heitið að þetta mundi verða mjög sterkur sjóður sem ætti að standa með bókaútgefendum að útgáfu stórrita. Þessar 14 millj. hafa dreifst á u.þ.b. 20 eða 30 staði hverju sinni og verið veitt í ýmsar mjög ágætar bækur. Það eru auðvitað margir sjóðir sem úthluta til menningar- og listaverkefna og íþrótta- og æskulýðsverkefna. Síðan er menntmrn. sjálft mikil úthlutunar- og útungunarstöð fyrir ýmislegt sem menn sækja þar um og nýtur náðar menntmrh. og auðvitað embættismanna hans líka. Það verður að segjast um þá úthlutun að þar er mikið innbyrðis misræmi því að annars vegar erum við með tiltölulega skynuga og faglega úthlutun, gegnsæja og rökstudda, ég nefni leiklistarráð sem hefur verið falið að úthluta til leiklistarinnar í landinu. Hins vegar erum við með langan lista af úthlutunum sem menntmrh. stendur fyrir á hverju ári og m.a. hefur verið beðið um í þinginu, vakið töluverða athygli, þar sem ekki verður séð að fagleg sjónarmið ráði. Grundvöllur úthlutunarinnar er ekki gegnsær og ekki verður séð hvað veldur þeim úthlutunum sem þar fara fram.

Að auki koma svo úthlutanir sem þingið annaðhvort annast eða er látið annast í þessari fjárlagavinnu og í þeim er, hvað mína reynslu varðar, í raun og veru ekkert vit. Verkefnin eru vissulega góð, bæði þau sem fá og þau sem ekki fá, en hin faglega vinna, matsferlið er nánast ekkert og — ég vil nú ekki nota orðið „handahóf" um þá úthlutun — en einhvers konar óreiða er á henni og mann grunar því miður að sú óreiða stafi að ýmsu leyti af því að bæði ráðuneyti, flokkar á þinginu og einstakir þingmenn í meiri hlutanum hafi hleypt á þennan lið ýmsum verkefnum sem ekki komast fyrir í fyrsta lagi hjá hinum faglegu sjóðum og í öðru lagi í hinum misfaglegu úthlutunum menntmrn.

Það er satt að segja ekki hægt að hafa þetta svona öllu lengur. Það verður að fást einhver niðurstaða í það hvernig þingið, hvernig hinar einstöku nefndir eiga að vinna að þessari úthlutun, ef þær eiga að gera það, og hvort ekki er eðlilegt að það séu faglegar úthlutanir hjá sjóðum og þar til gerðum úthlutunarstöðum þegar maður lítur yfir þetta, nýliði eins og ég er. Einnig er eðlilegt að ráðherra úthluti eftir sinni pólitísku stefnu og geti þá leitt að því einhvers konar pólitísk rök, og líka er eðlilegt að þegar það kemur til þingsins þá séu ákveðnir safnliðir sem notaðir eru í ákveðnu skyni. Að það sé þá þannig að menn vilji bæta fyrir einhver sérstök slys eða einhverjar uppákomur sem þurfi að laga eða ekki hefur tekist að gera ráð fyrir á fjárlögunum, það sé sem sagt eitthvert sérstakt regluverk sem menn noti í nefndunum til þess að dreifa því fé sem til ráðstöfunar er. En að það sé ekki annaðhvort þannig, eins og hjá umhvn., að ráðherrann sé í raun og veru búinn að eyða peningunum fyrir nefndina eða þá eins og hjá menntmn., að menn dreifi í kringum sig silfrinu — og ekki er nú mikið silfrið því að þetta eru nokkur hundruð þúsund upp í nokkrar milljónir króna — án þess að nokkur sjái af hverju það er eða hvaða meiningu það í rauninni hefur.

Það má kannski nefna nokkur dæmi um þessa úthlutun, af því að ég sé að þingheimur bíður og stendur á öndinni eftir slíkum dæmum og einkum hæstv. ráðherra.

Hér er t.d. ágætur liður, Æskulýðsmál, þar eru fimm liðir. Þar vekur athygli að Hvítasunnukirkjan á Íslandi annars vegar og Fíladelfía í Reykjavík fá 3 og 2 milljónir og fengu líka í fyrra, þannig að ekki er um að ræða eitthvert slys, að menn hafi gleymt Hvítasunnukirkjunni, sem munu vera sumarbúðir, eða Fíladelfíu, heldur á Hvítasunnukirkjan á Íslandi og Fíladelfía í Reykjavík að eiga sér fastan samastað í liðnum Æskulýðsmál sem menntmn. er falið að skipta. Þegar um þetta var spurt í menntmn. var fátt um svör satt að segja og ég skil þetta ekki enn þá. Þó að ég efist ekki um að þarna fari fram hið besta starf, þá er mér óljóst hvað Hvítasunnukirkjan á Íslandi og Fíladelfía í Reykjavík eru að gera í einum af fimm atriðum undir liðnum Æskulýðsmál.

Ég vil líka segja að undir Ýmsum íþróttamálum er svolítið furðulegt að sjá liðinn Náttúruböð í Mývatnssveit, sem ætti kannski heima annars staðar og þá kannski einkum undir samgöngumálum eða ferðamálum. Einnig er úthlutun til Frjálsíþróttasambands Íslands og Sundsambands Íslands. Frjálsíþróttasambandið fær 2 milljónir, Sundsambandið 1 milljón og Körfuknattleikssambandið fær hálfa milljón. Þetta er til að þessi þrjú sambönd geti ráðið sér landsliðsþjálfara. En þau voru svo heppin að uppgötva að þau gætu sótt um til menntmn. til þess að fá pening fyrir landsliðsþjálfara. Önnur sambönd innan Íþróttasambands Íslands virðast ekki hafa svo gáfaða menn á sínu framfæri að þeir hefðu vit á því að sækja um til menntmn. til að ráða sér landsliðsþjálfara. Þannig rekst þetta allt hvað á annað og er í raun ekkert vit í slíkum úthlutunum en út af fyrir sig skal ég ekki sjá eftir nokkrum milljónum í landsliðsþjálfara í þessar þrjár greinar í tengslum við Ólympíuleikana.

Síðan er furðulegt að bera saman liði í þessu framlagaplaggi miklu, hér er sérstakur liður sem menntmn. úthlutar og heitir Söfn, ýmis framlög og ýmis stofnkostnaður. Þar eru hin og þessi söfn og gott að þau fái sitt fé þó að mönnum finnist að það ætti að gera kannski á faglegri grunni. Þar er t.d. Samgöngusafnið í Skógum, gott safn í Skógum, fjallar um samgöngumál. Af því að það er safn þá eðlilega setur maður það ekki fyrir fram undir samgrn. En þegar maður flettir svo upp á söfnum í samgrn. þá eru þau til hér. Það er Samgönguminjasafnið á Ystafelli, sem er hið besta safn, Véla- og samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð, en sem sé ekki Samgöngusafnið í Skógum, sem er undir menntmrn. Hvers vegna?

Í liðnum Gestastofur, söfn og markaðsstarf, þar er allt í einu Þórbergssetur á Hala í Suðursveit hjá samgrn. Ekki efast ég um að það dragi að sér ferðamenn, en af hverju er það ekki í menntmrn.? Það þarf því ekki að lesa nema nokkur dæmi upp úr þessu til að sjá að þessi vinna er öll í skötulíki, tilviljunarkennd í skásta falli, pólitískt handahóf og geðþótti í versta falli.

Ég lofaði ljóði og ætla að stytta mál mitt sem átti upphaflegra að verða mun lengra með því að vinda mér beint í ljóðið af því að það er í þessum sama kafla. Það er hér lesið í tilefni af orðaskiptum hv. þm. Helga Hjörvars og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um skiptingu fjár eftir kjördæmum. Ljóðið heitir: Ýmislegt, ýmis stofnkostnaður 02-999-690. Það er í 15 liðum og ég ætla að lesa 12 þeirra.

Þeir eru svona:

1. Viðgerð á eikarbát á Ísafirði.
2. Viðgerð á vélbát á Ísafirði.
3. Endursmíði vélbáts á Bolungarvík.
4. Uppbygging Húsdýragarðs á Blönduósi.
5. Fræðslu- og menningarverkefnið Grettistak í Húnaþingi og Skagafirði og Ströndum.
7. Viðgerð á bát á Akranesi.
8. Viðgerðir á bát á Akranesi.
9. Byggðasafn á Akranesi.
11. Kaup á bát á Hnjóti.
12. Vélsmiðja á Þingeyri.
13. Kirkja í Tálknafirði.
14. Setur í Borgarbyggð.

Það er stórt orð Hákot og það er mikið kjördæmi Norðvesturkjördæmi, virðulegur forseti.

(**Gripið fram í:** Þetta er órímað ljóð.) (**Gripið fram í:** Og ekki stuðlað?) Nei, en það hefur mikla hrynjandi.

[00:37]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er nú langt liðið fram á nóttina, kvöldið er liðið. Hér hafa verið fluttar margar góðar ræður og farið vel yfir þær tillögur sem liggja frammi, brtt. meiri hluta fjárln. og eins voru kynntar þó nokkrar tillögur frá minni hlutanum.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert góða grein fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. og gert grein fyrir áherslum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi afgreiðslu fjárlaga á næsta ári og dregur fram áherslur okkar í brtt. sem við flytjum við frv.

Eins hefur nokkuð verið fjallað um verklag fjárln. og komið fram töluverð gagnrýni á hvernig fjárln. hefur unnið eða tíðkast að hún hafi verið unnið undanfarin ár. Eins hefur hér verið gerð grein fyrir bréfaskriftum og samþykkt ríkisstjórnarinnar um verklag á undirbúningi og vinnu við fjárlagagerðina og hvernig stofnanir ríkisins eigi að haga sér og hvert þær eigi að snúa sér. Hefur samþykkt ríkisstjórnarinnar og bréfaskriftir valdið nokkurri spennu hjá þeim opinberu stofnunum sem eiga í verulegum rekstrarörðugleikum og mega ekki gefa sig fram og hafa samband beint við fjárln. heldur eingöngu við fagráðuneyti sitt. Eins heftir það vinnu fjárln. að eiga ekki heldur beinan aðgang að gögnum viðkomandi stofnana, sem sé að fá upplýsingar um hverjar fjárbeiðnir þeirra eru með tilliti til þess hvernig fjárlagafrv. liggur síðan fyrir.

Yfir þetta hefur verið farið í dag en það hefur einnig komið fram í máli hv. formanns fjárln., hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, að nú stendur til að endurskoða verklag og bæta vinnuferli fjárln. og ég ætla að óska hv. fjárln. góðs gengis í þeirri vinnu og ég efa ekki að þar muni allir taka vel á því það skiptir okkur öll máli að störf nefndarinnar séu skilvirk, að þau séu gegnsæ og opin þannig að vinnan geti gengið vel fyrir sig og að opinberar stofnanir hafi einnig fullt traust og aðgengi í þeirri vinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Þetta er grunntónninn í brtt. okkar. Ég mun gera grein fyrir nokkrum brtt. og ekki lengja mál mitt með því að fara yfir frekari áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en kynna þær tillögur sem ég er 1. flm. að.

Fyrst mun ég kynna brtt. á þskj. 438 sem ég flyt ásamt hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. Þar eru breytingar á sundurliðun 2, þ.e. liður 07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Þar leggjum við til að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði hækkað um 700 millj. kr. Þetta er í sjálfu sér ekki mikil hækkun sem við leggjum til en þó nóg til þess að létta örlítið stöðu sveitarfélaganna sem er hjá mörgum mjög erfið. Þar kemur tvennt til eða þrennt í rauninni. Í fyrsta lagi hefur atvinnuástand á mörgum stöðum verið mjög erfitt, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum, bæði við sjávarsíðuna og eins í landbúnaði. Þetta hefur gert rekstur sveitarfélaganna erfiðari. Eins hefur jöfnunarsjóðurinn lækkað því að tímabundið framlag til sjóðsins, sem var upp á 700 milljónir, var til þriggja ára og tillaga er um að fella það niður núna og þar með rýrnar sjóðurinn. Í þriðja lagi versnar hagur sveitarfélaganna að því leytinu til að reglum sjóðsins hefur verið breytt þannig að hann kemur verr út fyrir minni sveit-

arfélögin og er í raun verið að nota jöfnunarsjóðinn að hluta til sem tæki, sem hvata eða til að pína minni sveitarfélögin til að sameinast og þar með stækka sveitarfélögin.

Þetta teljum við að sé ekki rétt leið til að hvetja til sameiningar. Vinna er í gangi hvað varðar sameiningu sveitarfélaganna en við teljum að það sé rétt að halda inni þessum 700 milljónum sem eru búnar að vera undanfarin þrjú ár því að grundvallaratriði er að hafa jöfnunarsjóðinn það sterkan að hann sinni hlutverki sínu.

Ég ætla að gera grein fyrir brtt. á þskj. 444. Liður 08-206 Sjúkratryggingar, er nýr liður um greiðsluþátttöku vegna sálfræðiþjónustu sem fellur undir almannatryggingar. Liðurinn er tillaga um að greiða 30 millj. til Tryggingastofnunar ríkisins svo hægt sé að hefja eða fara í samningaviðræður við sálfræðinga. Þannig er mál með vexti að sálfræðingar hafa engan samning við Tryggingastofnun ríkisins. Þar af leiðandi fá einstaklingar sem sækja sálfræðiþjónustu engar niðurgreiðslur frá Tryggingastofnun. Þessari þjónusta þurfum við að breyta og hafa jafnræði á milli sálfræðiþjónustu og geðlæknisþjónustu. Það var ekki annað að heyra á hæstv. heilbrrh. í kosningabaráttunni í vor en að þetta væri nokkuð sem hann mundi beita sér fyrir, að taka upp samninga við sálfræðinga, enda vitum við að það er mikil þörf á þessari þjónustu en fólk veigrar sér við að sækja hana þar sem hún er dýr þar sem Tryggingastofnun kemur ekki að niðurgreiðslu hennar.

Hér er annar liður, 1.36, sem er líka nýr, Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannverndar barna og unglinga. Þannig háttar til að þátttaka Tryggingastofnunar varðandi tannvernd og tannviðgerðir barna og unglinga hefur minnkað og er svo komið að flestir tannlæknar telja sig sjá mun á tannheilsu barna núna og fyrir ekki mörgum árum síðan. Sumir telja að við séum að sigla inn í ófremdarástand, bæði vegna þess hvað greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar hefur minnkað og því er orðið mjög dýrt fyrir foreldra að fara með börn til tannlæknis. Það eitt hefur dregið úr tannverndinni. Eins hefur gosdrykkja barna aukist og mataræðið breyst. Hvort tveggja hefur valdið því að tannheilsu barna hefur hrakað. Því er mjög mikilvægt að grípa hið fyrsta inn í og auka greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar frá því sem nú er. Lögð hefur verið fram þáltill. um hvernig hægt væri að tengja tannverndina betur heilsugæslu í skólum. 50 millj. er ekki nægileg upphæð til þess að uppfylla þær tillögur sem koma fram í þáltill. en þetta er hugsað sem upphaf að breyttu fyrirkomulagi og þjónustu við börnin.

Í þriðja lagi er nýr liður, 1.42 Þátttaka í ferðakostnaði vegna tannréttinga, sem á við börn og unglinga á þeim svæðum þar sem ekki eru sérfræðingar. Nú á þetta við um Austurland þar sem tannréttingarsérfræðingur, sem starfaði lengi, hefur hætt störfum og ekki hefur tekist að ráða nýjan til starfa, eða enginn annar fengist til að þjóna þessu svæði. Ferðakostnaður vegna tannréttinga á Austurlandi er mikill og bætist ofan á mikinn kostnað við tannréttingarnar sjálfar. Ég nefni Austurland þar sem þetta á við það svæði núna en gæti auðvitað átt við önnur svæði í framtíðinni. En vonandi verður þetta óþarfur liður ef tekst að ráða tannréttingasérfræðinga til þess að vera og starfa alls staðar á landinu, eða í öllum fjórðungum.

Þá ætla ég að kynna brtt. á þskj. 430. Það er brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Við lið 11-411 Byggðastofnun er tillaga um aukið framlag til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að það sé mjög farsælt að auka og styrkja þessar átta atvinnuþróunarstofur eða þróunarstofur, þær heita mismunandi nöfnum, en eru átta um landið þar sem atvinnuráðgjafar vinna. Í stað þess að horfa eingöngu til Byggðastofnunar sem miðlægs kjarna teljum við að það sé mjög mikilvægt, og mikill styrkur á hverju svæði fyrir sig, að stórefla þróunarstofurnar og auka þar þekkingu, það sé fjárfesting sem muni skila sér tiltölulega fljótt og efla mjög fjölbreytt atvinnulíf á viðkomandi svæði. Við leggjum því til að í stað 104 millj. kr. framlags verði varið 204 millj. kr. til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.

Undir lið 11-411 er einnig nýr liður, 1.12 Til að undirbúa og hefja greiðslu styrkja til jöfnunar flutningskostnaðar í verslun og framleiðslustarfsemi. Um þetta væri hægt að hafa langa ræðu og hafa þær nú verið fluttar margar hér úr þessum ræðustól. Það eru allir sammála um að það er mikill verðmunur á matvöru eða vörum víða úti á landi miðað við höfuðborgarsvæðið. Einnig er framleiðslustarfsemi stunduð úti á landi í miklum samkeppnisörðugleikum miðað við framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf með einhverjum hætti að jafna þennan mun. Við leggjum til að það verði gert með greiðslu styrkja og að varið verði 200 millj. kr. til að byrja með í þessa aðgerð.

Þá er brtt. á þskj. 454, liður 11-399 Ýmis orkumál. Það er líka nýr liður en ætti ekki að vera nýr, því þetta er tillaga um að koma á þriggja fasa rafmagni á sveitabýli. Það hafa verið gerðar úttektir á því hvað þetta muni kosta og þetta hleypur ekki á mörg hundruð millj. á hverju ári. En eins og fram kom í áætlun hjá Rarik þá var áætlað að setja 297 millj. í þetta verkefni á þessu ári, en á árinu 2004 er ekki sett í þetta ein einasta króna. Við leggjum því til að 200 millj. fari í að halda þessari vinnu áfram. Það er hreint og beint skömm að vita til þess að það skuli ekki hafa verið unnið miklu markvissara að því að koma á þriggja fasa rafmagni til sveita. Það að hafa ekki aðgengi að þriggja fasa rafmagni hefur flýtt fyrir því að fólk hefur flutt úr sveitum, þar sem öll vélvæðing er erfið og í raun varla hægt að byggja upp fjós eða einhvern smáiðnað sem krefst tiltölulega mikils rafmagns miðað við heimilisnotkun. Rafmagnstækin endast illa og það skapar erfiðleika fyrir hvert einasta býli. Þetta er auðvitað mismunun og í raun og veru óréttlæti sem maður vildi sjá að hyrfi hér á fáum árum. Ég vona að þeir sem hafa talað hér fyrir því að flýta því að koma á þriggja fasa rafmagni til sveita, styrki þessa tillögu og láti ekki bara orðin duga, heldur geri það í verki.

Frú forseti. Það má og þarf að bæta stöðu heilsugæslunnar og heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Þrátt fyrir þær tillögur og brtt. sem hafa komið fram í tillögu meiri hlutans um hækkun til heilsugæslunnar, sérstaklega í Reykjavík, um aukið framlag til geðheilbrigðismála, þarf að bæta um betur og það má ætla að Vinstri hreyfingin – grænt framboð komi með brtt. á milli 2. og 3. umr. inn í þá stóru þætti. Ég geri ekki frekari grein fyrir því hér.

Staða sveitarfélaganna eins og ég nefndi áðan er mjög erfið. Mig langar til að geta þess að það er ekki bara þar sem er lítið umleikis þar sem sveitarfélögin eiga í erfiðleikum, það er líka þar sem mikil umsvif eru eins og á Austurlandi þar sem þessar miklu framkvæmdir eru allar að fara af stað, þar er staða sveitarfélaganna líka erfið, þó af öðrum ástæðum sé. Og í raun og veru er sveitarfélögunum varla ætlandi að taka við svo gríðarlega miklum verkefnum án þess að fá meiri stuðning en gert er ráð fyrir og verið hefur. Þetta á við um uppbygginguna innan sveitarfélaganna sem þarf

að vera miklu hraðari en tekjur sveitarfélaganna gera þeim kleift að standa undir. Og síðast en ekki síst á þetta við um alla opinbera þjónustu í kringum þessar miklu framkvæmdir, löggæslu, heilsugæslu, eftirlit eins og heilbrigðiseftirlit, sem hefði þurft að vera búið að stórefla og koma í betra horf en nú er.

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara neitt frekar út í fjárlagafrv. eða fjárlagagerðina þó það væri freistandi að gera það, en klukkan er orðin margt svo ég læt nægja að sinni að gera grein fyrir þessum brtt.

[01:01]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú nýbreytni sem nú hefur átt sér stað er að hér er til umræðu bæði tekju- og útgjaldahlið fjárlagafrv. ársins 2004 og ég vil segja það hér að hér er um mikið framfaraspor að ræða að mínu mati þar sem heildarmynd frv. liggur nú þegar fyrir. Á árum áður var tekjuhlið frv. einungis tekin fyrir við 3. umr.

Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir, að teknu tilliti til breytinga meiri hluta fjárln., verður tekjujöfnuður frv. hagstæður um tæpa 6,8 milljarða kr. og hækkar áætlaður afgangur ríkissjóðs um rúmar 380 millj. kr. á milli 1. og 2. umr. Ég legg áherslu á að tekjuafgangur ríkissjóðs hefur aukist um tæpar 400 millj. kr. í meðförum hv. fjárln.

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt á þeim uppgangstímum sem nú ríkja að hið opinbera sýni aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Við horfum fram á mikla þenslu samfara uppbyggingu stóriðju á Austurlandi og Kárahnjúkavirkjun. Við horfum jafnframt fram á margfeldisáhrif í kjölfar þessara framkvæmda sem lýsa sér m.a. í mikilli uppbyggingu atvinnulífs og íbúðarhúsnæðis á Austurlandi. Allar þessar framkvæmdir eru þensluhvetjandi. Það er því ákaflega mikilvægt svo stöðugleikanum verði ekki ógnað að verðlag haldist nokkuð stöðugt líkt og það hefur verið í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er nefnilega ekkert langt síðan stjórnvöld börðust við tuga prósenta verðbólgu með skelfilegum afleiðingum fyrir launþega hér á landi og íslenskt þjóðarbú. Ég fullyrði að besta kjarabót launþega hér á landi, og þá í aðdraganda kjarasamninga, er stöðugleiki og því er mikilvægt að stjórnvöld haldi vel utan um fjármál ríkissjóðs. Það er ætlun okkar í meiri hluta fjárln.

Síðan er það óljóst, hæstv. forseti, hvað stjórnarandstaðan ætlar sér í þeim efnum, a.m.k. verður ekki þverfótað hér á Alþingi fyrir brtt. vinstri grænna sem hafa það að meginmarkmiði að auka á þensluna og útgjöld ríkissjóðs. Ég kem síðar að því.

Ég hef eðli málsins samkvæmt ekki setið í fjárln. Alþingis áður og hefur það verið mikil lífsreynsla að taka þátt í störfum nefndarinnar. Nefndin þarf að taka afstöðu til fjölda verkefna víða um land sem leita ásjár hins opinbera í ýmiss konar uppbyggingu. Við í meiri hluta fjárln. höfum sérstaklega í þeim efnum horft til safna og gamalla húsa. Mörg söfn eru að byggjast upp víða um land og tel ég að tilvist þeirra hafi nú þegar sannað gildi sitt. Við horfum einnig til uppbyggingar gamalla sögufrægra húsbygginga sem eru dýrmætur þjóðararfur sem ekki má glata. Sjálfur er ég fæddur og uppalinn á stað þar sem nokkur slík verkefni hafa verið studd dyggilega af hálfu stjórnvalda og ég tel að uppbygging safna og gamalla húsa hafi mikið gildi fyrir sjálfsmynd sveitarfélaga og íbúa þeirra. Það er jafnframt gleðilegt að verða vitni að því að gamalgrónar byggingar rísa úr öskustónni og verða að glæsilegum byggingum og bæjarprýði. Fjölmörg slík dæmi sanna að þeim fjármunum sem varið er til uppbyggingar safna og gamalla húsa er vel varið. Því hafna ég málflutningi sumra stjórnarandstöðuþingmanna hér í kvöld sem hafa gert lítið úr þeim framlögum sem til slíkra bygginga og slíkra verkefna er varið.

Hæstv. forseti. Ég fagna hér sérstaklega því frumkvæði sem hv. formaður fjárln., Magnús Stefánsson, hefur sýnt með því að taka starfsaðferðir fjárln. til endurskoðunar. Ég tel að slík endurskoðun sé nauðsynleg eftir að hafa setið í fjárln. nú á haustdögum. Formaður fjárln. hefur boðað stefnumótunarvinnu í starfi nefndarinnar eftir áramótin og fagna ég því sérstaklega og hef fundið víðtækan stuðning innan nefndarinnar við þessar hugmyndir formanns fjárln. Þessar áherslur formanns fjárln. ber að þakka, um leið og ég lýsi yfir stuðningi mínum við þær áherslur sem formaður fjárln. hefur sýnt í störfum sínum.

Ég vil hér fara yfir einstakar brtt. sem meiri hluti fjárln. hefur lagt til.

Eins og ég rakti í ræðu minni við 1. umr. fjárlagafrv. einkennist það frv. sem hér er til umræðu af áherslu á velferðarmálin; heilbrigðismál, tryggingamál, málaflokk fatlaðra og félagsmál. Aldrei hefur meiri fjármunum verið varið til þessara málaflokka enda veitir ekki af þar sem hér er um félagslega þætti að ræða sem varða ekki síst þá sem hvað minnst mega sín í íslensku þjóðfélagi.

Hvað félagsmálin varðar er í brtt. meiri hluta fjárln. gert ráð fyrir um 5 millj. kr. viðbótarheimild til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til að stytta biðtíma barna á grunnskólaaldri sem talin eru vera með þroskahömlun eða einhverfu og röskun. Í þessum málaflokki þurfum við að gera enn betur og ljóst er að þessir fjármunir munu stytta biðtíma grunnskólabarna eftir þjónustu.

Hvað varðar uppbyggingu í málaflokki fatlaðra eru lánsfjárheimildir Íbúðalánasjóðs auknar um 250 millj. kr. vegna sambýla fatlaðra en búist er við umsóknum í það verkefni á næsta ári. Og vil ég þá enn og aftur minna á það góða samstarf sem ríkir á milli félmrn. og hússjóðs Öryrkjabandalagsins sem er til fyrirmyndar.

Eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni við 1. umr. er mikil uppbygging fram undan í málaflokki fatlaðra með það að markmiði að eyða biðlistum eftir húsnæði fyrir fatlað fólk.

Jafnframt leggur meiri hlutinn til hækkun á fjárveitingum til klúbbsins Geysis sem er vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Geysir vinnur mikið og gott uppbyggingarstarf í þágu geðsjúkra og fyrirhugað er að fjölga stöðugildum til að sinna markmiðum klúbbsins þar sem starfsemin hefur aukist með fjölgun félagsmanna. Þessi verkefni sýna enn betur þær félagslegu áherslur sem birtast í því fjárlagafrv. sem hér um ræðir. Því miður hefur umræðan einkennst, sérstaklega af hálfu Samf., af því að við verjum of miklum fjármunum til heilbrigðismála. Samf. talar um markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins, innleiðingu hreinræktaðra markaðslausna í heilbrigðiskerfi. Ekki veit ég á hvaða leið Samf. er um þessar mundir, reyndar hef ég ekki trú á því að hún viti sjálf hvert hún stefnir í þessum málaflokki. (**Gripið fram í:** Þú hefur ...)

Hvað varðar uppbyggingu atvinnulífsins á landsbyggðinni kalla mörg verkefni á frekari aðgerðir og framlög. Atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni hafa unnið gott starf í þágu atvinnulífs þar á umliðnum árum og hafa í mörgum tilvikum styrkt atvinnulíf í sveitarfélögum hér á landi. Það

er mikilvægt að stjórnvöld hlúi að starfsemi atvinnuþróunarfélaganna. Því leggur meiri hluti nefndarinnar til að 15 millj. kr. verði varið til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

Undir liðnum Náttúrustofur leggur meiri hluti fjárln. til að nýr liður bætist við, Náttúrustofa Norðausturlands, og er lagt til að 7,7 millj. kr. verði lagðar til stofnunarinnar á árinu 2004. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, m.a. í umhverfislegu tilliti. Mörg af merkustu náttúrufyrirbrigðum landsins er að finna á Norðausturlandi og tímabært að náttúrustofa sé starfrækt þar um slóðir.

Hæstv. forseti. Ég vakti athygli í upphafi máls míns á þeim áhrifum sem þenslan á Austurlandi hefur á fjárlagagerðina og það aðhald sem mjög mikilvægt er fyrir efnahagsstjórnun hér á landi. Hins vegar verða stjórnvöld að standa með Austfirðingum í þeirri þróun sem þar er að eiga sér stað. Því er lagt til að lánsfjárheimildir Íbúðalánasjóðs verði auknar. Við horfum til þess að umsóknir upp á 3 milljarða kr. liggja fyrir vegna uppbyggingar leiguíbúða á Austurlandi og er það ósk stjórnar sjóðsins að geta orðið við þeim umsóknum án þess að dregið verði úr öðrum lánveitingum.

Ég dreg ekkert úr því að ábyrgð stjórnvalda á þeirri ánægjulegu þróun sem nú á sér stað fyrir austan er mikil og því er eðlilegt að liðkað sé fyrir lánveitingum úr Íbúðalánasjóði vegna mikillar uppbyggingar á Austurlandi.

Margir stjórnarandstæðingar hafa haft það á orði hér í þessari umræðu að ábyrgð stjórnarmeirihlutans sé mikil. Ég dreg ekkert úr því, ábyrgð stjórnarmeirihlutans á því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er mikil og við stöndum undir þeirri ábyrgð, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn. Hins vegar hefur verið athyglisvert að fylgjast með forsvarsmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í umræðunni. Hér hafa vinstri grænir lagt fram tillögur upp á 5,6 milljarða kr. — ég ætla að endurtaka þessa upphæð, 5.600 millj. kr. — í útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. (**Gripið fram í:** Hvað ...?) Auk þess hafa vinstri grænir lagt til að arðgreiðslur Landssíma Íslands lækki um einn milljarð kr. — 1.000 millj. Á sama tíma og samtök verkafólks hrópa á aðhald í ríkisfjármálum leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð það til að við stóraukum ríkisútgjöldin. Og hvað ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð að gera til þess að mæta þessum auknu ríkisútgjöldum og þessari stórauknu þenslu? Jú, hún ætlar að hækka skatta. Hún leggur ekki til neinn niðurskurð, ekkert aðhald í neinu þeirra verkefna sem hér liggja fyrir í frv. sem er upp á 270–280 þús. millj. kr., heldur leggur hún til skattahækkanir á almenning í landinu. Þetta eru lausnirnar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram í þá umræðu sem við höfum tekið fyrir í dag.

Í annan stað hefur farið hér fram merkileg umræða um svik í kosningabaráttunni hvað varðar skattamálin. Ég hélt, hæstv. forseti, að við hefðum tekið þá umræðu hér við 1. umr. fjárlaga. Það hefur ekkert verið svikið í skattamálum. (**Gripið fram í:** Nú?) Við sögðum fyrir kosningar að við ætluðum að lækka skatta í tengslum við gerð kjarasamninga og trúlega kæmu skattalækkanir fram á síðari hluta kjörtímabilsins. Þetta var sagt og við þetta verður staðið. Ég bið hv. stjórnarandstöðu að fara með rétt mál í þessum efnum því þetta fer að verða dálítið gömul tugga sem þeir tyggja hér hvað eftir annað í ræðustól Alþingis.

Hæstv. forseti. Með því frv. sem hér er til umræðu höldum við áfram að bæta hag allra Íslendinga. Við höldum áfram að bæta hag ríkissjóðs og við höldum áfram að bæta hag þeirra kynslóða sem erfa munu landið.

Því miður virðist mörgum stjórnarandstæðingum ekki skiljast hvað við erum að fara með þeim markmiðum sem við setjum fram í þessu frv. Því miður virðist sem mörgum stjórnarandstæðingnum sé sama þó að ríkissjóður sé rekinn með halla, það sé algjört aukaatriði. Það er eins og ríkissjóður eigi stóran kistil sem hann getur sótt endalausa fjármuni í. Þannig virka hlutirnir ekki.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu með þeim orðum að meiri hluti fjárln. Alþingis sem ég á sæti í hefur sýnt aðhald í störfum sínum, við höfum átt gott samstarf við stjórnarandstöðuna sem betur fer og við leggjum hér fram frv. sem mun bæta hag allra Íslendinga og umfram allt íslenska þjóðarbúsins.

[01:13]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða stíl hv. þm. var að lesa hér yfir okkur en það er a.m.k. einhver stíll sem ekki á við þá umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag. Nú veit ég ekki hvað hv. þm. hefur fylgst mikið með en ég tók eftir einni afar sérkennilegri fullyrðingu í flutningi hv. þingmanns um að Samf. væri helst að kvarta yfir því að of miklu fjármagni væri varið til heilbrigðisþjónustu. Ég verð að segja það, frú forseti, að ég held að rétt væri fyrir hv. þingmann að lesa yfir nál. 1. minni hluta fjárln. og kanna hvar hv. þm. finnur stoðir fyrir þessari fullyrðingu sinni. Þess vegna segi ég það, frú forseti, að ég átta mig bara hreinlega ekki á því yfir hverjum hv. þm. var að lesa stíl sinn.

Það er alltént ljóst varðandi heilbrigðismálin, ef við rifjum aðeins upp hvernig staðan er þar, að við blasir, og það er meginvandi í ríkisfjármálum þjóðarinnar, að ríkisstjórnina skortir stefnu í heilbrigðismálum. Þetta er staðfest m.a. af þeirri hlutlausu stofnun sem heyrir undir Alþingi og heitir Ríkisendurskoðun. Í síðustu ársskýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að skortur á stefnu stjórnvalda skapi mestan vanda í heilbrigðisþjónustunni. Og meðan sú stefna er ekki til staðar eru afleiðingarnar ljósar og við sjáum það á hverju einasta ári með því að stofnanir skortir fé vegna þess að það er ekki áætlað nægt fé miðað við þá þjónustu sem þar er rekin. Það er kannski lykilatriðið að þeirri spurningu verði svarað hvaða þjónustu við viljum hafa á þessum stofnunum. Á meðan þeirri spurningu er ekki svarað mun engin lausn finnast í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Frú forseti. Hv. þm. vék einnig að því að hann kannaðist ekki við nein svik á kosningaloforðum. Ja, gott er, frú forseti, að vera ungur að árum þó að ég héldi að því fylgdi ekki að gleyma svo snarpt öllu því sem lofað hefði verið en vegna þess að Framsfl. orðaði ekki hlutina nákvæmlega eins og Sjálfstfl. getur það átt við í einstaka málaflokki. En ég spyr hv. þingmann hvort hann sé líka búinn að gleyma loforðunum sem gefin voru í húsnæðismálum fyrir kosningar í vor.

[01:15]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig eiginlega ekki á því andsvari sem hv. þm. fór hér upp með, því ég veit ekki betur, og hef nú einungis fylgst með fjölmiðlum, ég sat reyndar ekki þann ágæta landsfund sem Samfylkingin hélt á dögunum, en þar hafi formaður Samfylkingarinnar talað um markaðsvæðingu í heilbrigðismálunum, að það vantaði skilvirkni í heilbrigðiskerfið og við værum að verja of miklum peningum í heilbrigðiskerfið í dag. Þetta er það sem almenningur

hefur skilið. Ég held að það sé þá vandi Samfylkingarinnar sem stjórnmálaflokks ef hún meinar allt annað en það sem íslenskur almenningur leggur skilning í.

Hvað varðar önnur kosningaloforð sem við settum okkur varðandi húsnæðismálin þá setti hæstv. félmrh. Árni Magnússon af stað strax nú í vor eftir kosningar starfshóp til þess að móta 90% lánin því það er ekki sama hvernig það er gert. Og það ætti ábyrgur stjórnmálamaður líkt og hv. þm. Einar Már Sigurðarson að vita að í slíkar framkvæmdir verðum við að fara með miklum varhuga og við verðum að vanda okkur í því með öllum hagsmunaaðilum.

Hókus-pókus lausnir Samfylkingarinnar gilda ekkert í 90% lánunum frekar en í heilbrigðismálunum. Við viljum vanda okkur og við viljum framkvæma það sem við segjum af ábyrgð og það verður gert. Sú vinna er í fullum gangi. Og það er alveg ljóst að það verður staðið við 90% lánin af hálfu Framsfl. Það er á hreinu.

[01:17]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vænti þess að mín mínúta verði álíka löng og hjá hv. þm. þannig að ég mun gefa mér þann tíma sem hv. þm. fékk hér í þessa einu mínútu.

Hv. þm. fullyrti að hann hefði ekki setið landsfund Samfylkingarinnar og kemur mér það nú ekki á óvart, en það var alveg augljóst af málflutningi hans að hann hefur ekki heldur heyrt neitt af fréttum frá landsfundinum. Það sem var niðurstaðan þar var að við töldum að þessi stóri málaflokkur, heilbrigðismálin, þyrfti sérstakrar skoðunar við. Við ætlum að gefa okkur a.m.k. ár í það að skoða málaflokkinn til þess að móta ákveðnar tillögur. Hv. þm. talaði um að Framsfl. vildi vanda sig við kosningaloforðin. Það er nákvæmlega það sem við erum að tala um varðandi heilbrigðismálin, við viljum vanda okkur. Við viljum hins vegar ekki loka öllum dyrum þegar við skoðum málin. Við ætlum að skoða þau opnum augum og finna þær lausnir sem bestar eru. En hv. þm. nefndi kosningaloforð og ég verð því að spyrja hv. þm. að því: Var kosningaloforð Framsfl. líka það að draga þrjá daga af atvinnuleysisbótum? Vegna þess að þá þurfti ekki að vanda sig mikið við þá tillögu. Hún lá fyrir strax.

[01:19]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Birki Jóni Jónssyni að velferðarmálum sé gert sérstaklega hátt undir höfði í þessu fjárlagafrv. Einu sparnaðartillögurnar sem fram koma eru þær að skerða kjör atvinnulausra, um það er ekki deilt, að taka af þeim þrjá fyrstu dagana. Síðan á að hækka álögur á sjúklinga um 740 millj., það er önnur tillagan, og svo á að skerða vaxtabætur. Það átti einmitt að gera vel við þennan hóp, íbúðakaupendur, en Framsfl. gengur nú fram fyrir skjöldu, skömmu eftir kosningar, og ræðst að þessu fólki, skerðir vaxtabæturnar. Og að vera að tala um og guma af því að það eigi að veita 15 millj. í atvinnuþróunarfélög. Ég gat ekki heyrt betur en hv. þm. minntist á það. Hvað er verið að gera í þessu frv.? Er ekki verið að hækka þungaskatt, auka hann um heil 8% og leggja álögur á landsbyggðina, hækka matvælaverð á Siglufirði þaðan sem hv. þm. kemur? Og hvað með kosningasvik? Hann ætti nú að vita það manna best sjálfur. Hvað með Héðinsfjarðargöngin sem Framsfl. og Sjálfstfl. lofuðu skömmu fyrir kosningar?

[01:20]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var sérkennilegt að hlusta á ræðu hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjóns Þórðarsonar, varðandi áherslur stjórnarflokkanna í velferðarmálum. Við erum að auka útgjöld ríkissjóðs í heilbrigðis- og tryggingamálum um 10 milljarða. Og ég veit ekki betur, hæstv. forseti, en að það hafi verið umræða í þessum sal um að við værum að leggja of mikla peninga í þennan málaflokk. Við erum að stytta biðlista eftir húsnæði fyrir fatlaða. Við erum að byggja sex sambýli fyrir fatlaða einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári. Við erum að gera sérstakt átak í því að fjölga hjúkrunarrýmum. Við erum að auka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 12%. Ef þetta eru ekki velferðarmál þá veit ég ekki hver velferðarmál Frjálsl. eru. Því yfir höfuð koma frjálslyndir ekki hingað upp í stól án þess að minnast á þorsk eða kvótakerfið og ég veit ekki hvernig hv. þm. getur samsamað þá umræðu við velferðarmálin. En ég segi það: Þau auknu framlög sem við erum að leggja til velferðarmálanna skipta máli fyrir þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu og það er nú það minnsta að við, stjórnarmeirihlutinn, fáum stuðning frá stjórnarandstöðunni við það að bæta kjör þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

[01:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, eflaust eru þetta einhver velferðarmál. En á kostnað hvers er þetta? Það er verið að skerða atvinnuleysistryggingar um á annað hundrað milljónir. Er rétt að færa peninga þaðan? Finnst hv. þm. vera gert of vel við fólk sem missir vinnuna? Þessu verður hann að svara. Hann verður líka að svara því hvers vegna það er rétt að hækka álögur á sjúklinga. Er það velferðarstefna Framsfl.? Er rétt að taka peninga þaðan og í einhver önnur málefni sem eru eitthvað verðugri? Er rétt að færa peninga frá sjúklingum í einhver önnur velferðarmál? Er þetta áherslan? Og hvað með það að skerða vaxtabætur þrátt fyrir öll loforðin, þrátt fyrir öll loforðin um 90% lán? Mér finnst það í rauninni ótækt.

[01:23]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gefst ekki langur tími til þess að svara öllum þeim spurningum sem hv. þm. lagði hér fram. En ég vil taka sérstaklega fram að hækkun á sjúklingagjöldum úr 400 kr. upp í 500 kr., að mig minnir, hundrað króna hækkun, (**Gripið fram í:** 740 milljónir.) um 740 milljónir. Ég vil minna hv. þm. á það að árið 1999 voru þessi innritunargjöld um 800 kr. (**Gripið fram í:** 740 milljónir.) á verðlagi þess árs. Þannig að ef þú horfir á hlutina í samhengi á þessu árabili hafa sjúklingagjöld trúlega lækkað um 40 og eitthvað prósent, svo við reiknum þetta nú eitthvað sirka.

Auðvitað viljum við alltaf gera betur en við verðum að eiga innstæðu fyrir þeim hlutum, og þess vegna segi ég það að sú útgjaldaþensla sem ýmsir stjórnarandstæðingar hafa talað fyrir í dag, verður ekki til þess að létta okkur það verk að bæta kjör þeirra sem minnst mega sín.

[01:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hélt hér afar athyglisverða ræðu. Hann talaði um að þetta væri mikið velferðarfjárlagafrumvarp, en þegar kom að efnahagsmálum

talaði hv. þm. eins og helfrosinn íhaldsmaður í efnahagsmálum og taldi allt snúast um það að reka ríkissjóð af nógu mikilli ábyrgð og úthúðaði þeim sem hér hafa leyft sér að leggja fram tillögur um úrbætur á brýnum sviðum velferðarmála.

Það er hárrétt, við höfum lagt fram brtt. með útgjöldum upp á u.þ.b. þessa stærðargráðu sem hv. þm. nefndi, en við leggjum líka til tekjuöflun á móti upp á rúma 3 milljarða og við sögðum það og segjum það að við sættum okkur við eitthvað minni afgang á fjárlögum sem nemi 2–3 milljörðum. Ég benti á í sambandi við atvinnuleysisbætur að Atvinnuleysistryggingasjóður á 9 milljarða í sjóði í eigið fé, og gæti vel gengið á þann forða til að þurfa ekki að skerða atvinnuleysisbætur. Og við teljum að það sé betra að hátekjufólk og fjármagnseigendur í landinu leggi eitthvað meira af mörkum til samfélagsins heldur en að fara að tillögum Framsfl. um að skerða atvinnuleysisbætur. Og hvernig ætlar hv. þm. að koma því heim og saman að það sé velferðaráhersla í frv. sem ræðst sérstaklega að þessum hópi?

Tillögur okkar eru í fullu samræmi við áherslur okkar í kosningabaráttunni, vegna þess að við fórum ekki á skattalækkunarloforðafylliríeins og hinir flokkarnir. Það gerði hins vegar Framsókn og Framsókn lofaði 90% lánum, línuívilnun, Siglufjarðargöngum og hvað það nú var eða stjórnarflokkarnir (**Gripið fram í:** Og efna það.) og eru á fullri ferð með að svíkja það allt saman. Þannig að ég mæli með því að hv. þm. tali af aðeins minni gorgeir hér um hlutina þegar hann fer yfir þetta næst.

Hv. þm. saknaði þess að ég nefndi ekki sparnaðarmöguleika. Ég nefndi það nú í minni ræðu en við fórum út af fyrir sig ekki í það að semja ný fjárlög, það er rétt hjá hv. þm., en ég tek ábendingu hans. Þannig að hann telji að á því hafi verið full þörf skal það þá tekið til greina.

[01:26]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að segja það að mér er hálfmisboðið og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi mismælt sig áðan þegar hann sagði að það væru sjálfstæðismenn einir sem gætu rekið ríkissjóð með ábyrgð, að ég væri farinn að tala hér eins og íhaldsgaur um það að ómögulegt væri annað en að reka ríkissjóð af ábyrgð og með afgangi. Ég vil meina að þetta gildi ekkert um sjálfstæðismenn eina. Það hefur nú verið aðal okkar framsóknarmanna að fólk hefur treyst orðum okkar og við höfum rekið okkar stjórnmálastefnu af mikilli ábyrgð.

En hvað um það. Ef mér reiknast rétt til, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leiðréttir mig þá, þá eru útgjaldatillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svona nettó upp á 4 milljarða um það bil. Hvað biðja Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um núna í aðdraganda kjarasamninga? Þau fara fram á stöðugleika. Og hvað segir markaðurinn við okkur stjórnmálamennina? Hvernig eigum við að viðhalda stöðugleikanum? Jú, það er að draga úr ríkisútgjöldum. Svo leggur hér heill stjórnmálaflokkur til að við aukum ríkisútgjöldin upp á 6 milljarða og við hækkum skatta á fólkið í landinu upp á á þriðja milljarð króna, eins og þið leggið til. Og svo leggið þið það til að arðgreiðslur frá Landssíma Íslands lækki um heilan milljarð. Og ég fæ það ekki öðruvísi út en þetta séu um 4 milljarðar, ef mér reiknast rétt til.

Ég segi það: Við erum að fara eftir ábendingum frá Alþýðusambandi Íslands, frá Samtökum atvinnulífsins, vegna þess að fram undan eru kjarasamningar. Það er þensla í þjóðfélaginu, það eru viðkvæmir tímar fram undan, og því þykir mér það ábyrgðarleysi af stjórnmálaflokki að leggja fram svo órökstuddar kostnaðaraukatillögur án þess að koma með nokkurn niðurskurð þar á móti, einungis skattahækkanir á fólkið í landinu.

[01:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg nú til að hv. þm. fari á byrjendanámskeið í hagfræði og þá getur hann kannski orðið eitthvað aðeins betri í þeim efnum þó að hann verði kannski ekki eins góður í því og að spila brids. Það er auðvitað ekki þensluhvetjandi aðgerð að hækka skatta. Það er akkúrat öfugt, hv. þm. Og þegar ríkisfjárlögunum er haldið í jafnvægi, u.þ.b. í jafnvægi með því að láta útgjöld og tekjur standast á, þá kemur það auðvitað vel út. Og er það ekki að mörgu leyti efnahagslega skynsamlegt, ef menn hafa áhyggjur af þenslu, að taka fé úr umferð, t.d. frá aðilum sem hafa mikið eyðslufé afgangs, hátekjufólk, fjármagnseigendur? Svarið er jú. Þetta er ég viss um að hvaða hagfræðingur sem er getur staðfest við hv. þm.

Að halda því fram að breyting á niðurstöðutölu fjárlaga um kannski 2–3 milljarða skipti öllum sköpum í þessum efnum er ákaflega barnalegt, innan við 1% af fjárlögunum. (**BJJ:** 6 milljarðar.) Þegar ríkisreikningur og lokafjárlög — við erum að tala hér um niðurstöðutöluna, hv. þm., við leggjum tekjuöflun á móti upp á rúma 3 milljarða, hv. þm. verður líklega líka að fara á námskeið í stærðfræði — þegar niðurstöðutölur fjárlaga og lokafjárlög færa þessa hluti iðulega til um 20–30 milljarða kr. Auðvitað þýðir ekkert að tala svona.

[01:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ábendingar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um fáfræði mína. En tæpir 6 milljarðar í útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði eru þensluhvetjandi. Svo er mér alveg sama hvernig menn ætla að mæta því. (**SJS:** Nú, er það alveg sama?) Þið leggið það til að hækka skatta á fólkið í landinu (**Gripið fram í:** Nei, nei.) um á þriðja milljarð. Þannig eru nú hlutirnir. Og sú hagfræði kennir mér að 6 milljarðar í aukin ríkisútgjöld, þótt við mínusum þessa 3 frá, þýða aukin umsvif í efnahagskerfinu og aukna þenslu og setur þjóðhagskerfið okkar landsmanna í mikið ójafnvægi. (**Gripið fram í:** Þess vegna verðum við að hætta við Siglufjarðargöngin?) (**Gripið fram í:** Meðal annars.)

[01:31]

Valdimar L. Friðriksson:

Hæstv. þingforseti. Ég ætlaði aðallega að ræða um íþróttamál og löggæslu en get ekki orða bundist vegna ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar varðandi málefni fatlaðra. Það vill þannig til að sá sem hér stendur hefur starfað á sambýli síðustu 14 árin og kynnst þessum málum af eigin raun og ef Framsókn ætlar að fara að hæla sér fyrir að taka þar vel til hendinni er það einfaldlega vegna þess að málefni fatlaðra eru í rúst eftir ráðherra Framsfl. Þetta er staðreynd.

Hæstv. forseti. Ég ætla að minnast hér aðeins á íþróttamálin. Fyrir þinginu liggja brtt. fjárln. við greinar 02-898 Ýmis íþróttamál og 02-988 Æskulýðsmál. Lögð er til hækkun til Íþrótta- og ólympíusambands Íslands um 15 millj. vegna þátttöku í sumarólympíuleikunum í Aþenu 2004 og svo er viðbót vegna gerðra sparkvalla í samvinnu við KSÍ upp á 30

millj. kr. Loks er líka hækkun til Ungmennafélags Íslands um 10 millj. vegna unglingalandsmóts sumarið 2004. Allar þessar aðgerðir verða að teljast jákvæðar en ég hefði frekar viljað sjá hærri fjárhæðir í þessum tilfellum.

Varðandi unglingalandsmót ungmennafélaganna er hér um íþróttamót að ræða sem er jafnframt mikið forvarnaverkefni. Það hefur sannað sig, einkum og sér í lagi síðustu árin, sem afskaplega hentugt vímuefnalaust verkefni fyrir unglinga, jafnt sem alla fjölskylduna. Þetta mót er haldið um verslunarmannahelgi en ég verð að segja að sú staðreynd veldur mér áhyggjum að sýslumannsembættið ákvað í sumar að leggja aukakostnað vegna löggæslu á unglingalandsmót. Maður spyr sig því hvort þetta sé það sem koma skuli, að unglingalandsmót UMFÍ og önnur íþróttamót verði skattlögð í formi löggæslukostnaðar. Þar þykir mér yfirvaldið komið á frekar hættulega braut.

Fjárln. fékk jafnframt beiðni frá Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands varðandi fjárveitingu til sérsambanda ÍSÍ. Í bréfi frá ÍSÍ segir, með leyfi forseta:

„Með bréfi þessu óskar ÍSÍ eftir 60 millj. kr. framlagi til rekstrar sérsambanda ÍSÍ. Með þessu móti gæti rekstrargrundvöllur tuttugu og fjögurra sérsambanda ÍSÍ verið tryggður."

Það verða að teljast vonbrigði, frú forseti, að meiri hluti fjárln. hafi ekki séð ástæðu til að verða við þessari beiðni. Ég skora á nefndina að endurskoða þessa ákvörðun sína fyrir 3. umr. fjárlaga. Það verður sífellt erfiðara að reka þessi sérsambönd með sjálfboðaliðum og betli, sérstaklega ef þau eiga að geta uppfyllt allar þær kröfur sem þjóðin leggur á þau í formi útbreiðslu-, fræðslu- og forvarnastarfs og þátttöku þjóðarinnar í alþjóðlegum íþróttakeppnum. Það er ljóst að í framtíðinni verður ríkisvaldið að koma til með föst fjárframlög.

Það er eitt varðandi íþróttahreyfinguna sem við verðum að gera okkur grein fyrir og það er stærðin. Við erum að tala hér um landssamtök sem í eru 148 þús. félagsmenn, með veltu árið 2002 upp á 5,8 milljarða.

Áðan var minnst á ferðakostnað hjá íþróttafélögum og get ég upplýst það hér að ferðakostnaður er um 900 millj. á ári. Þar standa íþróttafélög og íþróttaiðkendur misvel að vígi eftir búsetu, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu greiðir eitt félag kannski 3 millj. á ári í ferðakostnað á meðan félög úti á landi greiða allt að 25 millj. á ári. Það er ljóst, frú forseti, að það þarf að nást samkomulag milli ríkisvaldsins og íþróttahreyfingarinnar í þessum efnum.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson minntist áðan á löggæslumál. Fjárln. fékk frá Mosfellsbæ ágætismöppu með nokkrum áhersluatriðum þar sem m.a. er ítrekuð beiðni um auknar fjárveitingar til lögreglunnar í Reykjavík til að hægt sé að auka löggæsluna í Mosfellsbæ. Ég sé ekkert um þetta í fjárlagafrv. en Mosfellsbær er ört vaxandi sveitarfélag og taldi 1. október sl. 6.553 íbúa og þar af eru íbúar 25 ára og yngri tæplega 2.600. Í dag er málum þannig háttað í löggæslu í Mosfellsbæ að hún er takmörkuð við 8–17 á virkum dögum og hún er engin um helgar. Það verður að segjast eins og er, frú forseti, að þetta ástand er algjörlega óviðunandi.

[01:37]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta er orðin mjög ítarleg umræða um frv. til fjárlaga við 2. umr. og hefur svo sem ýmislegt komið fram.

Varðandi þá umræðu sem hefur orðið um rekstur ríkissjóðs og þær áherslur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í þeim efnum vil ég víkja að þeirri umsögn sem allmörg launþegasamtök hafa sent um fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir. Hér er ályktun miðstjórnar ASÍ sem ég vitnaði til í ræðu minni í morgun. Þar ítrekar miðstjórn ASÍ að hún gagnrýni harðlega það óréttlæti og þá auknu misskiptingu sem einkenni fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004. Miðstjórn ASÍ telur ástæðu til að árétta afstöðu ASÍ um nauðsyn þess að mótuð verði víðtæk sátt um heildstæða og samtvinnaða stefnu í atvinnumálum og félagsmálum. Sú stefna sem birtist hér í fjárlagafrv., segir ASÍ, verður aldrei grundvöllur til sátta á vinnumarkaðnum.

Ég vil líka hér vitna til þess sérstaklega sem hefur verið til umræðu, þ.e. skerðingar atvinnuleysisbótanna.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, 9. þm. Norðaust., var að ræða um áherslur Framsfl. í þessu fjárlagafrv. Framsfl. var á árum áður félagshyggjuflokkur og stóð vörð um jöfnuð og velferð í samfélaginu. Nú virðist vera þar annað upp á teningnum því meginákerslurnar sem birtast í þessu fjárlagafrv. eru þær að það á að skerða framlög til atvinnuleysisbóta, skerða rétt fólks til bóta ef það verður svo óheppið að missa atvinnuna.

Meira að segja, virðulegi forseti, hefur fjöldi framsóknarmanna og framsóknarfélaga um allt land ályktað gegn þessari stefnu Framsfl., fólk í Norðaust., á Húsavík, launanefnd Framsfl. Það fólk spyr: Hvað er Framsfl. að fara eiginlega í velferðarmálum? Ef þetta eru þær áherslur sem Framsfl. leggur fram við fjárlagagerðina, að skerða rétt atvinnuleysingja, þeirra sem þurfa að leita sér sjúkrahjálpar, kaupa sér lyf og þeir látnir greiða hærri hlut í lyfjakostnaði, er engin furða að framsóknarmönnum á Húsavík, á öllu Norðausturlandi, í Þingeyjarsýslu, á Akureyri, blöskri hin nýja stefna Framsfl. í velferðarmálum. Er það furða? Ja, mér blöskrar.

Það væri virkilega ástæða til þess að hinir velferðarsinnuðu þingmenn Framsfl., ef einhverjir eru í alvörunni, beittu sér innan þess flokks til þess að reyna að sveigja hann aftur inn á braut félagshyggju frá þessari hörðu frjálshyggjustefnu sem flokkurinn eða stjórn flokksins, sá sem stýrir ferð í Framsfl., keyrir núna flokkinn inn á. (**Gripið fram í:** Of seint, held ég.) Það er kannski of seint og þá væri rétt fyrir þá framsóknarmenn sem telja sig enn þá sanna og öfluga félagshyggjumenn að snúa sér beint að því að styðja Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sem mun halda félagshyggjusjónarmiðunum á lofti og berjast fyrir öflugri og sterkri velferð þjóðfélagsins.

Virðulegi forseti. Það sem ég ætlaði síðan að víkja að eru nokkrar brtt. sem við leggjum til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, við 2. umr. fjárlaga.

Þá er fyrst að taka til brtt. á þskj. 447 þar sem lagt er til að Veiðimálastofnun fái 5 millj. kr. á næsta ári til þess að kortleggja erfðir íslenska laxins. Í ljósi þeirrar umræðu sem var hér um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar um heimild til innflutnings á laxi og öðrum fiski til landsins er afar brýnt að við getum komið okkur upp eftirlitskerfi sem reynir að koma í veg fyrir blöndun eða óheppileg áhrif þessara mála. Þess vegna leggjum við þetta til. Stóraukið laxeldi við strendur landsins kallar á meiri og betri upplýsingar sem aflað verður með rannsóknum. Auknar skyldur eru settar á Veiðimálastofnun í þessum efnum með nýsamþykktum breytingum á lögum um lax- og silungsveiði. Þekkingu skortir á ýmsu er lýtur að samspili laxeldis og náttúrulegra laxastofna. Má þar

nefna betri þekkingu á farleiðum laxa, lifitölu og farleiðum laxa sem sleppa úr kvíum, svo og erfðafræði íslenska laxins. Það er mikilvægt að kortleggja erfðir íslenska laxins, þ.e. stofnana í laxveiðiánum og í laxeldinu. Þetta er unnt að gera í dag með greiningu erfðaefnis, DNA-greiningum, og slíkar rannsóknir yrðu ekki ýkja kostnaðarsamar. Þetta mætti gera á þremur árum með 5 millj. kr. framlagi á ári. Með gagnabanka sem hefur að geyma upplýsingar um erfðamörk laxins er hægt að rekja lax til uppruna síns, t.d. fisk sem er sleppt úr laxeldi. Þá nýtist þetta einnig við rannsóknir á laxi í sjó.

Veiðimálastofnun hefur hafið rannsóknir á greiningu erfðamarka lax í Elliðaánum og er því grunnvinna unnin og allar aðferðir þekktar og komnar í notkun hér á landi. Það er afar mikilvægt, virðulegi forseti, að þessum rannsóknum verði hleypt af stokkunum til þess að búa okkur undir að geta merkt og þekkt laxinn eftir uppruna sínum, m.a. í tengslum við aukið laxeldi hér.

Þá er brtt., virðulegi forseti, um að veita nokkurt fjármagn til Félags kræklingabænda til kræklingaræktar. Kræklingarækt er hafin á nokkrum stöðum á landinu, sérstaklega í Arnarfirði, Eyjafirði og Mjóafirði en örfáir aðrir staðir eru einnig með lítils háttar kræklingarækt. Þessi búgrein vex hægt úr grasi og brýnt er að fá stuðning við hana. Hún getur orðið að verulegum búdrýgindum á þeim stöðum þar sem aðstæður geta verið heppilegar. Niðurstöður og fyrstu rannsóknir sýna að ræktun á kræklingi getur verið arðsöm atvinnugrein ef vel tekst til. Það er afar mikilvægt að hlúa að þessari sprotaatvinnugrein og þess vegna leggjum við til að veittar verði 10 millj. kr. til Félags kræklingaræktenda til að styrkja frumsporin í þessari atvinnugrein.

Þá leggjum við til að verði veitt fjármagn til þess að styðja betur við upplýsingamiðstöðvar ferðamála á landsbyggðinni. Það eru reknar 42 upplýsingamiðstöðvar en 10 þeirra eru reknar og fá stuðning frá Ferðamálaráði. Sá stuðningur er aðeins um 17 millj. kr. á ári. Við leggjum til að veitt verði aukið fjármagn til þess að megi reka nokkrar af þessum upplýsingamiðstöðvum ferðamála á heilsársgrundvelli út um land. Þessar upplýsingamiðstöðvar eru afar mikilvægur grunnþáttur í að efla þessa atvinnugrein og með því að gera þær öflugri getur ríkissjóður styrkt og veitt þessari nýju atvinnugrein ferðamála og ferðaþjónustu stuðning, einmitt í gegnum upplýsingamistöðvar ferðamála. Því leggjum við til, virðulegi forseti, að veittur verði aukinn stuðningur við starfsemi upplýsingamiðstöðva í ferðamálum.

Þá mæli ég fyrir brtt. á þskj. 452, lið 14-211 Umhverfisstofnun, um sérstakt átak til fækkunar á villimink og að halda refastofninum innan nauðsynlegra stærðarmarka. Við sem þekkjum lífríkið út um land, þekkjum hve slæm áhrif og afleiðingar villiminkurinn hefur á lífríkið víða um land, við vitum að hann á þar alls ekki heima. Þess vegna er mjög mikilvægt að gera átak í því að hefta útbreiðslu minksins og fækka honum eins og kostur er. Hann er aðskotahlutur í íslensku lífríki. Þar sem tekist hefur að friða landsvæði fyrir mink hefur fuglalíf vaxið á ný, mófuglinn hefur komið aftur og fiskur í læki. Þetta þekkjum við.

Hæstv. umhvrh. hefur í orði verið að tala um að gera átak í að fækka eða eyða mink. En til þess að svo megi verða þarf fjármagn og því leggjum við til að það verði veitt. Ríkið ber ábyrgð á innflutningi á mink og þeim skaða sem hann veldur og er skylt að takmarka þann skaða eins og nokkur kostur er.

Auk þess er þetta verulegur fjárhagsbaggi á mörgum sveitarfélögum sem verða víða æ fámennari og stór lönd að verja fyrir ágangi minks. Þess vegna er mikilvægt að á þessu verði tekið með skipulegum hætti. Því er hér með hvatt til þess að það verði gert sérstakt átak upp á 50 millj. kr. til þess að fækka villimink verulega og halda refastofninum innan eðlilegra stærðarmarka.

Virðulegi forseti. Hér er brtt. á þskj. 453, liður 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi, um byrjunarfjárveitingu til stofnunar Háskóla Vestfjarða. Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu. Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún gæti jafnframt tekið að sér að stýra rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Hér er því lagt til að veita 15 millj. kr. til að vinna að stofnun Háskóla Vestfjarða á Ísafirði.

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til raforkujöfnunar í landinu en gríðarlegt misrétti er fólgið í verði á raforku eftir búsetu. Það er svo mikið misrétti, að það er kannski það sem skerðir samkeppnisstöðu bæði atvinnulífs og búsetu hvað mest hér á landi. Þeir sem búa við verstar aðstæður þurfa kannski að borga þrefalt, fjórfalt raforkuverð miðað við þá sem búa við bestar aðstæður. Við erum ein þjóð og þessi orka er sameign okkar allra og hún á því að deilast út með þeim hætti að allir sitji við sama borð. En því miður, svo er ekki.

Við þekkjum öll hvílíkt óréttlæti er í raforkuverði eftir því hvar fólk býr. Samkvæmt áætlun Rariks og þeirra sem um þessi mál hafa fjallað þarf í kringum 700 millj. til þess að geta veitt rafmagn á sama verði um allt land. Ég legg áherslu á, virðulegi forseti, að þetta er eitt mikilvægasta atriðið til þess að jafna samkeppni í atvinnulífi og búsetu í landinu.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég mæla fyrir brtt. á þskj. 462, lið 08-204 Lífeyristryggingar. Ég legg til að við lið 1.15 Örorkulífeyrir, bætist 500 millj. kr. Hér er gerð tillaga um að staðið verði við samkomulag sem gert var á milli ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins um aukinn lífeyri til þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og koma á til framkvæmda 1. janúar 2004. Fjárhæð þessi er til viðbótar þeim 1 milljarði kr. sem er í frumvarpinu en komið hefur í ljós í umræðunni að til þess að standa við samkomulagið þarf 1,5 milljarða kr. eða 500 millj. kr. til viðbótar.

Virðulegi forseti. Ég tel það siðferðislega skyldu okkar að standa við það samkomulag sem ríkisstjórnin og Öryrkjabandalagið gerðu í þessu máli. Við vorum öll stolt af því að ná þessum áfanga, þessum samningi, þökk sé baráttu Öryrkjabandalagsins að taka á lífeyri þess fólks sem verður öryrkjar snemma á lífsleiðinni, taka það sérstaklega fyrir og berjast fyrir réttindum þess. Þar hefur Öryrkjabandalagið virkilega náð árangri og sá samningur sem gerður var í vor var tímamótasamningur sem við fögnuðum öll. Því ber okkur skylda til þess hér á Alþingi að við þennan samning verði staðið refjalaust. Þess vegna leggjum við til, virðulegi

forseti, að til viðbótar við það fjármagn sem er í liðnum bætist 500 millj. kr. svo að samningurinn verði uppfylltur eins og efni standa til, eins og samþykkt var.

Virðulegi forseti. Ég hef mælt fyrir þeim málum sem ég vildi gera skil í lokaumferðinni. Fjárlagafrv. fer að lokinni atkvæðagreiðslu á morgun til 3. umr. í fjárln. Hv. formaður fjárln. hefur lýst því yfir að einstakir liðir frv. eru opnir til meðferðar á milli 2. og 3. umr. Þar eru fjölmargir liðir sem þurfa endurskoðunar við áður en málið kemur til 3. umr. Ég mun ásamt öðrum fjárlaganefndarmönnum taka á þeirri vinnu, en ég á sæti í fjárln. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

[01:54]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða hér fjárlög fyrir árið 2004, sem er nokkurs konar fjárhagsáætlun ríkisins. Í öllum rekstri, hvort sem það er heimilis- eða fyrirtækjarekstur, er mjög mikilvægt að vanda til fjárhagsáætlana og stofna ekki til meiri útgjalda en tekjur ráða við. Það er einnig rétt að hafa í huga að það er ekki hægt að gera allt fyrir alla og að þeirra fjármuna sem ríkið ver í hin og þessi verkefni þarf ríkið að afla með skatttekjum af almenningi.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gumaði af því hér fyrr í umræðunni að ríkisfjármálin væru í góðu lagi en minntist ekkert á að það væri vegna sölu eigna ríkisins, en alls ekki vegna aðhalds í rekstri. Í umfjöllun um fjárlög fyrri ára er rétt að hafa í huga að menn selja ekki sömu eignina nema einu sinni.

Í tilefni þess að við erum að ræða fjárlagafrv. fyrir árið 2004 er rétt að skoða hvernig hæstv. fjmrh. hefur tekist til í gegnum tíðina að áætla útgjöld ríkisins. Hæstv. fjmrh. Geir Haarde tók við sem fjmrh. þann 16. apríl 1998. Því er rétt að skoða hvernig honum hefur tekist til, frá og með árinu 1999. Í fjárlögum ársins 1999 er gert ráð fyrir að útgjöld verði 182 milljarðar rúmir, en niðurstaðan er allt önnur: 199 milljarðar og fer fram úr um 9%.

Árið 2000 tekur ekki betra við. Þá er í fjárlögum áætlað að útgjöldin verði 193 milljarðar rúmir, en niðurstaðan er tæpir 230 milljarðar. Að vísu verður að gæta að að þarna voru lífeyrisskuldbindingar færðar inn á einu bretti fyrir 17,5 milljarða.

Árið 2001 er áætlað að útgjöldin verði 219 milljarðar. En niðurstaðan er allt önnur: 228 milljarðar.

Árið 2002 er áætlað að útgjöldin verði í kringum 240 milljarðar, en útgjöldin eru miklu hærri, rúmlega 10% hærri: 267 milljarðar.

Árið 2003 er gert ráð fyrir að útgjöldin verði 260 milljarðar, en það stefnir vel í yfir 280 milljarða. Nú er verið að fjalla um að útgjöldin verði rúmir 270 milljarðar, en hver ætli niðurstaðan verði? Við vitum ekki hver hækkunin verður, en að jafnaði hefur hækkunin á útgjöldum ríkissjóðs verið í kringum 10% frá samþykktum fjárlögum. Mun hæstv. fjmrh. geta gumað af því að hafa hækkað útgjöld ríkisins um 100 milljarða kr. á sex árum? Ef að líkum lætur verður hann ekki langt frá því markmiði.

Af framansögðu má vera ljóst að ríkisstjórnin á mjög erfitt með að standa við allar fjárhagsáætlanir. Við höfum orðið vitni að því að ríkisstjórnin hefur ekki getað staðið eða viljað standa við kosningaloforð sín varðandi skattalækkun og lagfæringu á fiskveiðistjórnarkerfinu sem hefur gengið mjög nærri mörgum sjávarbyggðum. Ríkisstjórnin hefur heldur ekki staðið við loforð um Héðinsfjarðargöng. Fyrr í umræðunni kom fram enn eitt kosningaloforðið sem ríkisstjórnin ætlar ekki að standa við. Það er samkomulag sem hæstv. heilbrrh. skrifaði hátíðlega undir ásamt Garðari Sverrissyni fyrir hönd öryrkja um að hækka grunnlífeyri þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Það kom fram að ríkisstjórnin ætlar að hafa af ungum öryrkjum 500 millj. kr.

Hæstv. heilbrrh. sá ástæðu til þess á sínum tíma að rita grein í Morgunblaðið. Ég vil grípa niður í grein hans frá því 27. mars sl., með leyfi frú forseta. En millifyrirsögnin er á þá leið:

Útspil vegna kosninganna?

„Á blaðamannafundinum í fyrradag var spurt hvort samkomulagið nú væri nokkuð annað en rétt og slétt kosningabomba. Ekkert er eðlilegra en fréttamenn spyrji spurninga af þessu tagi í aðdraganda kosninga. Það sem athyglisvert var á fundinum með blaðamönnum var að báðir aðilar, bæði sá sem þetta ritar og Garðar Sverrisson, formaður ÖBÍ, lýstu yfir að þannig bæri ekki að skilja niðurstöðuna og báðir sögðumst við sannfærðir um að enginn stjórnmálaflokkanna myndi einn eða í samráði við aðra flokka reyna að rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið."

Er ekki hæstv. ráðherra sjálfur að rokka? Var þetta ekki kosningabomba eða kosningakanína úr hatti hæstv. heilbrrh.?

Frú forseti. Við skulum gæta að því að ef útgjaldaaukning hæstv. fjmrh. heldur áfram eins og hún hefur gert hingað til þá er einsýnt að ekki verði um neinar skattalækkanir að ræða enda ber frv. það sem hér er til umræðu með sér að það er ekki skattalækkunarfrv. Þetta er skattahækkunarfrv. Skattalækkunarfrv. er algjört öfugmæli á þessu frv. Að vísu er verið að lækka hátekjuskatt. En á móti hækka álögur á sjúklinga um 740 millj. Það á að skerða vaxtabætur um 600 millj. vegna íbúðakaupa og er í raun undarlegt að framsóknarmenn skuli ganga fram fyrir skjöldu og leggja í það eins og þeir héldu áróðri uppi um 90% lán í kosningabaráttunni. Er þeim ekkert heilagt?

Ríkisstjórnin ætlar að skerða greiðslur til almennings sem hyggur á viðbótarlífeyrissparnað, hækka þungaskatt um heil 8%. Það leggst sérstaklega illa á landsbyggðina, hækkar vöruverð og skerðir samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Síðast en ekki síst ætlar ríkisstjórnin að skerða atvinnuleysisbætur og taka af (Gripið fram í.) fólki sem missir vinnuna. Þar er peningana að finna. Þar er hægt að gæta aðhalds, hjá þessum aðilum, þ.e. atvinnulausum, þeim sem eru að kaupa íbúðir og sjúklingum.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur hlutur ríkisins vaxið sem hlutfall af vergri landsframleiðslu frá því að hæstv. fjmrh. tók við stjórn ríkisfjármála, eða úr 28,9% árið 1998 og í 30,8% árið 2002. Ég spyr: Er þetta ásættanlegur árangur fyrir hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem gefur sig stundum út fyrir að vilja báknið í burtu, þ.e. að hlutur hins opinbera hafi aukist? Er það ásættanlegur árangur að útgjaldaliðir fari að jafnaði 10% fram úr samþykktum fjárlögum?

Frú forseti. Blikur eru á lofti. Sjávarafurðir hafa lækkað í verði og nýlegar fréttir herma að ekki sé bjart útlit með loðnuveiðar. Í forsendum frv. til fjárlaga er áætlað að hagvöxtur fyrir árið 2004 verði 3,5% en í nýútkominni skýrslu Seðlabanka Íslands er ívið svartsýnni spá, en áætlað er að hagvöxtur verði einungis um 3%. Staðreyndir sýna að áætlanir ríkisstjórnarinnar hafa ekki gengið eftir. En við skulum vona að hlutirnir gangi betur nú en fyrri áætlanir því í raun

hefur ríkisstjórnin bjargað reikningum hingað til einungis með því að selja eignir. Við í Frjálsl. munum leggja ríkisstjórninni lið við að ná endum saman og taka undir allar góðar tillögur sem verða til þess að rekstur ríkisins batni.

[02:03]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu leggur grunninn að áframhaldandi velsæld Íslendinga. Í þessu frv. kemur fram að stefnt er að verulegu aðhaldi í ríkisfjármálunum. Markvisst er unnið að því að takmarka vöxt samneyslunnar, afgangur af ríkissjóði er tryggður fyrir árið 2004 í frv. og gert er ráð fyrir því að hann muni aukast enn frekar sem hlutfall af landsframleiðslu á árinu 2005.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. ársins 2004 lá fyrir þinginu frv. sem hljóðaði upp á 6,4 milljarða í tekjuafgang. En í meðförum þingsins hafa bæði tekju- og gjaldaliðir frv. tekið breytingum eins og venja er og menn hafa verið að takast aðeins á um þær breytingar í þingsal í dag. En tekjuafgangur samkvæmt frv. eins og það lítur nú út eykst frá því sem var við 1. umr.

Í brtt. meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir tæplega 6,8 milljarða afgangi. Því hækkar tekjuafgangurinn um tæpar 400 millj. frá því sem var við 1. umr. Þetta tryggir það mikilvæga markmið að afgangur af ríkissjóði verður a.m.k. 0,75% af landsframleiðslu eins og upphaflega var stefnt að. Þetta er mjög mikilvægt markmið og ber að hafa í huga þegar menn fjalla um þau auknu útgjöld sem gerðar eru tillögur um í breytingum við fjárlagafrv. sem hér er verið að ræða.

Ég vil nú í upphafi máls mína jafnframt nota þetta tækifæri til þess að taka undir með hv. þingmönnum sem hafa hér í dag lýst ánægju sinni með þá breytingu sem er að verða í þinginu með því að við ræðum hér tekjuáætlun við 2. umr. um fjárlög. Þetta er að gerast í fyrsta skipti. Þrátt fyrir að ég hafi sjálfur ekki áður tekið þátt í umræðu um fjárlög verð ég að segja að þetta er mikið framfaraskref. Það skiptir mjög miklu máli fyrir málefnalega umræðu um fjárlagafrv. að þessu sé hagað svona.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að umræðan sem hér hefur átt sér stað um fjármál ríkisins og fjárlagafrv. nú við 2. umr. er fyrir margra hluta sakir merkileg. Við Íslendingar stöndum nú við upphaf nýs hagvaxtarskeiðs. Allir sem hafa tjáð sig um ríkisfjármálin og horfur í efnahagsmálum hafa sagt og lagt á það áherslu að hagstjórn á komandi árum sé gríðarlega krefjandi verkefni, krefjandi verkefni en alls ekki óviðráðanlegt því við getum, ef rétt er á spilunum haldið, notið ávaxtanna af því hagvaxtarskeiði sem fram undan er. En það er þá háð því að okkur takist að halda ríkisfjármálunum í jafnvægi og okkur takist að tryggja stöðugleikann áfram. Um þetta hafa flestir flokkar verið algjörlega sammála og allir sem hafa komið skoðun sinni á framfæri um efnahagsmál til framtíðar taka undir þetta í þessari umræðu.

Menn eru jafnframt sammála um að árangur okkar á undanförnum árum felst ekki síst í því að halda verðbólgunni í skefjum því það hefur verið lykillinn að bættum kjörum landsmanna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið, aukist. Hann hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Síðast í dag bárust fréttir af því að kaupmáttur hefði verið mældur. Kjararannsóknarnefnd fylgist með reglulegum launum. Regluleg laun sem kjararannsóknarnefnd fylgist með hafa hækkað að meðaltali um 5,4% milli þriðja ársfjórðungs 2002 og þriðja ársfjórðungs á þessu ári. Þannig hefur kaupmáttur vaxið um 3,3% að meðaltali. Góðu fréttirnar eru þær að samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum, þjóðhagsáætlun fyrir árið 2004 sem felur í sér langtímaspá, mun þessi þróun halda áfram. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun halda áfram að aukast.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir það sem ég hef nú rakið, þrátt fyrir það að allir flokkar séu sammála um að í ríkisfjármálum séu krefjandi verkefni fram undan þá koma þingmenn hér upp hver á fætur öðrum án þess að víkja að nokkru marki að því hvernig útlitið er í ríkisfjármálunum, í efnahagsmálum þjóðarinnar, hvernig þeim lítist á blikuna varðandi þennan grundvallarþátt fjárlagafrv. Auðvitað hljóta þetta að teljast tíðindi við umræðu um fjárlög. Þetta eru tíðindi því þessi umræða verður ekki skilin á annan veg en að þingheimur lýsi trausti á það hvernig ríkisstjórnin teflir hér fram hugmyndum sínum um hagstjórnina inn í framtíðina. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni og ekkert undrunarefni vegna þess að hér er verið að byggja á traustum grunni með sömu megináherslur að leiðarljósi og hafa skilað okkur þangað sem við erum í dag.

Ekki verður önnur ályktun dregin af umræðunni hér í dag en að menn séu almennt sammála á grundvelli þeirra áherslna sem koma fram í hagstjórnarlegu tilliti í fjárlagafrv. að okkur muni farnast vel á komandi árum.

Í stað þess að ræða þessar breiðu línur, horfurnar í efnahagsmálum, þá hafa hv. þm. komið hér í dag og rætt um einstaka málaflokka, áherslur í einstökum málaflokkum — það er í sjálfu sér skiljanlegt — í stað þess að ræða um atvinnustig, gengismál, vaxtastig, verðbólgu, kaupmátt og hagvöxt. Umræðan hefur ekki snúist um þessi atriði heldur hefur hún í öllum aðalatriðum snúist um skiptingu tillagna fjárln. yfir á kjördæmi, vinnubrögð nefndarinnar, sjónarmið, um áherslur á einstaka málaflokka, eins og ég vék að áðan, og samskipti þingsins við framkvæmdarvaldið. Allt eru þetta auðvitað tilefni til umræðu hér við 2. umr. eða við umræðu um fjárlagafrv. almennt. En áherslurnar á þessi mál í samanburði við áherslurnar á efnahagsmálin í víðara samhengi hljóta að vekja athygli mína sérstaklega. Þessi umræða er vissulega nauðsynleg. Hún hefur varpað ljósi á atriði sem nauðsyn bar til að yrðu rædd við þessa umræðu fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera með langt mál um þau atriði sem menn hafa verið að takast á um í síðustu ræðum. Menn hafa komið inn á velferðarmálin. Ég segi bara að það þarf nú ekki annað en að opna þjóðhagsáætlun fyrir árið 2002 og skoða velferðarmálakaflann. Menn skoða hér spár um breytingar á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann. Menn skoða spár um atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla. Menn skoða framlög, útgjöld til heilbrigðismála og svo fram eftir götunum. Það er augljóst af öllum þessum samanburði, af öllum þessum súluritum sem hér er að finna, að við erum að gera vel við velferðarkerfið, við höfum verið að gera vel og við ætlum að gera enn betur. Íslendingum mun farnast vel á grundvelli fjárlagafrv. og þeirra langtímaáætlana sem ríkisstjórnin er að kynna með fjárlagafrv. fyrir árið 2004.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:12.

34. FUNDUR

miðvikudaginn 26. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2004, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 394, 426 og 428, brtt. 395, 396, 397, 398, 399, 400, 427, 429, 430, 431, 432, 433, 434, 435, 436, 437, 438, 439, 440, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 453, 454, 455, 456 og 462. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 6. þm. Norðaust., Tómasi Inga Olrich, dags. 20. nóvember 2003:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðaust., frú Arnbjörg Sveinsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan, frá 26. nóvember til 11. desember nk.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti."

Kjörbréf Arnbjargar Sveinsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Nettenging lítilla byggðarlaga, 350. mál, fsp. KLM, þskj. 463.

Sala Kísilgúrverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar, 261. mál, svar iðnrh., þskj. 441.

Skatttekjur ríkissjóðs, 351. mál, fsp. KLM, þskj. 464.

Starfsemi sjúkrasjóða, 244. mál, svar félmrh., þskj. 461.

Tryggingagjald, 89. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 402.

Útvarpslög o.fl., 337. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 407.

Fjárlög 2004, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 394, 426 og 428, brtt. 395, 396, 397, 398, 399, 400, 427, 429, 430, 431, 432, 433, 434, 435, 436, 437, 438, 439, 440, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 453, 454, 455, 456 og 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:35]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú fer fram atkvæðagreiðsla eftir 2. umr. um fjárlög 2004. Það er ljóst að hér er mikill fjöldi tillagna, að mestu leyti frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárln. Það er ljóst að sá meiri hluti ber ábyrgð á þeim. Minni hluti fjárln. og stjórnarandstaðan á Alþingi hefur ekki haft aðgang að öllum þeim upplýsingum sem óskað hefur verið eftir. Vandi okkar er því mikill við að meta hverja tillögu fyrir sig. Við í Samfylkingunni höfum lagt fram nokkrar tillögur til að vekja athygli á áherslum okkar á táknrænan hátt. Við munum að vísu kalla nokkrar þeirra aftur til 3. umr. en atkvæðagreiðsla verður um sumar þeirra.

Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslur um tillögur meiri hlutans að undanskilinni tillögu frá forsætisnefnd Alþingis sem er samþykkt einróma af þeirri nefnd. Vegna sérstöðu tillagna Alþingis munum við styðja þá tillögu.

Herra forseti. Við munum að öðru leyti að mestu sitja hjá og lýsum því yfir að þessar tillögur, með þeim skorti á upplýsingum sem áður var nefndur, eru algerlega á ábyrgð meiri hluta ríkisstjórnarinnar á þingi. Það er eðlilegt að sumir hv. þm. meiri hlutans flissi við slíkar aðstæður.

[13:36]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. sem ríkisstjórnin lagði fram í upphafi þings kemur nú til atkvæðagreiðslu við 2. umr. eftir meðferð í hv. fjárln. Ríkisstjórn og meiri hluti Framsfl. og Sjálfstfl. heldur enn til streitu tillögum sínum um að skerða rétt til atvinnuleysisbóta og auka kostnaðarhlutdeild þeirra sem þurfa að leita læknis, kaupa lyf eða fá hjálpartæki. Það eru sjúklingar og atvinnulausir sem eiga að bera uppi sparnað ríkisins.

Það væri nær að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að taka á fákeppni eða einokun í lyfsölu og knýja þar fram verðlækkanir og réttarbætur til þeirra sem þurfa að kaupa lyf. Eina skattalækkunin sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir er lækkun hátekjuskatts en hlutfallsleg skattbyrði er aukin á almennu launafólki og þeim sem lægstar hafa tekjur. Þetta er andstætt stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem best fyrir jöfnuði, samhjálp og velferð þegna þjóðfélagsins.

Meiri hlutinn í fjárln. hefur lagt fram allnokkrar brtt. við frv. til fjárlaga og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum styðja þær einstaka tillögur sem okkur þykir horfa til bóta með og vera til jöfnunar, tillögur sem auka hlut þeirra sem við viljum styrkja og hlúa að í samfélaginu.

Við munum sitja hjá við þær tillögur sem við viljum vísa algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og munum greiða atkvæði gegn þeim tillögum sem ganga þvert á stefnumið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt allnokkrar brtt. við frv. sem ætlað er að taka á allra veikustu þáttum þess sem meiri hlutinn leggur fram. Þær undirstrika jafnframt stefnu flokksins í umhverfismálum, í velferðarmálum og atvinnumálum. Við vonumst til að þær breytingar fái gott brautargengi. Einstaka tillögur geta þó verið kallaðar til baka til 3. umr. eftir atvikum.

Virðulegi forseti. Ljóst er að enn vantar veigamikla liði inn í gjaldahlið frv. Eftir er að færa inn niðurstöðutölur og sundurliðun á fjármagnsþörf, t.d. heilbrigðisþjónustunnar, framhaldsskólanna og háskólanna. Jafnframt á eftir að taka á fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

Þessa þætti og ýmsa fleiri verður að skoða í fjárln. fyrir 3. umr

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við lokaafgreiðslu fjárlaga-

frv. við 2. umr. og vísa ábyrgðinni í heild sinni til meiri hluta Alþingis sem ráðið hefur ferð við fjárlagagerðina.

[13:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins munu, eins og ég lýsti yfir í ræðu í gær, styðja þau mál sem við teljum til bóta, hvort sem þau koma frá stjórn eða stjórnarandstöðu.

Varðandi ábyrgðina á fjárlögunum þá er að sjálfsögðu lagasetningin í heild sinni á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við munum sitja hjá við lokaafgreiðslu fjárlaganna og við atkvæðagreiðslu um margar af þeim tillögum sem meiri hlutinn gerir.

Brtt. 427,1.a–c kölluð aftur.

Brtt. 427,1.d–e felld með 30:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

5 þm. (ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu okkar í Samf. sem hafnar skattahækkunum ríkisstjórnarinnar á bíleigendur og flutningastarfsemi í landinu um 1 þús. millj. kr. Þessar 1 þús. millj. kr. verða m.a. teknar með skattahækkun á bensín upp á 20–25 þús. kr. á hvern bifreiðareiganda, sem þýðir 4 kr. hækkun á hvern lítra. Þessi skattahækkun mun hækka verð á flutningsþjónustu í landinu með 400 millj. kr. þungaskattsauka. Þingmenn Samf. leggjast með þessari tillögu gegn þessum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar. Við viljum ekki að þessi 1 þús. millj. kr. skattahækkun á landsmenn fari inn í tekjuhluta fjárlaganna. Við segjum því já við þessari tillögu en leggjumst gegn skattahækkunum ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 436 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja allmargar brtt. við fjárlagafrv. eins og nefndarmaður okkar í fjárln. hefur þegar gert grein fyrir. Við flytjum tillögur um tekjuöflun til að mæta að verulegu leyti útgjöldum vegna þessara brtt. Þær eru tvíþættar. Annars vegar fela þær í sér að álagning hátekjuskatts verði með sama sniði og var um árabil, að álagið á hæstu tekjur eða laun ofan við ákveðin viðmiðunarmörk verði 7%. Hins vegar gera þær ráð fyrir breyttri álagningu fjármagnstekjuskatts, þ.e. að skattlagningu vaxta, arðs, hagnaðar af sölu hlutabréfa og öðru slíku verði hagað þannig að það skili um 2 milljörðum kr. í ríkissjóð, með frítekjumarki og hærri skattþrepum en nú eru.

Með þessu mundum við afla rúmlega 3 milljarða kr. tekna upp í þær brtt. sem við flytjum á útgjaldahlið.

Brtt. 442 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á að lækka arðgreiðslur opinberra stofnana í ríkissjóð um 1 þús. millj. kr. Sú lækkun komi öll fram hjá Landssímanum hf. sem verði í staðinn falið að ráðast í átak til að bæta fjarskiptakerfið og tryggja öllum landsmönnum aðgang að fullnægjandi fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum án tillits til búsetu.

Tvennt er að okkar mati brýnast. Annars vegar að ljúka uppbyggingu GSM-kerfisins um allt land og þétta það net, bæði sem öryggistækis og almenns samskiptatækis. Hins vegar að tengja staði við ljósleiðarann og efla gagnaflutninga og fjarskiptakerfið um byggðir landsins þannig að allir landsmenn geti notið fyrsta flokks þjónustu að því leyti. Við teljum að þetta sé brýnt mál sem eigi að drífa í og nærtækt sé að gera það með þessum hætti, að létt verði að nokkru arðgreiðslum af Landssímanum á meðan hann fjárfestir í þessum verkefnum.

Brtt. 396 (ný sundurliðun 1) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁI, DO, GMJ, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,2 kölluð aftur.

Brtt. 395,1–2 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞBack, ÖB.

2 þm. (HHj, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,3 kölluð aftur.

Brtt. 395,3–4 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, VF, ÖB) greiddi ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SigurlS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,4 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til atkvæða er fyrsta tillagan af þrem sem Samfylkingin leggur fram til þess að fá fram hækkun á fjárframlögum til háskólanna, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Þessar tillögur eru fyrst og fremst táknrænar fyrir þann mikla vanda sem við vitum að við er að eiga hjá háskólunum, m.a. vegna mikillar fjölgunar nemenda. Ég segi því já.

Brtt. 432,1 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi tillaga er sú fyrsta í röðinni af þremur sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs leggja til við þessa atkvæðagreiðslu til þess að standa vörð um kennslu og rannsóknir á háskólastigi. Hér er verið að greiða atkvæði um það að kennsluþátturinn og rannsóknarþátturinn hjá Háskóla Íslands verði aukinn og svo í framhaldinu erum við með tillögur varðandi Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands sem lúta að svipuðum og sömu þáttum. Það er auðvitað alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að skert skuli vera það framlag sem Háskóli Íslands hefur notið til rannsókna síðustu þrjú árin. Til þess að rétta við og efla rannsóknir við þann skóla er nauðsynlegt að greiða þessari tillögu atkvæði. Ég segi því já.

Brtt. 395,5–6 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,5 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 432,2 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,6 felld með 30:26 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

1 þm. (VF) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 432,3 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395, sérstök yfirlit 1, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 453 kölluð aftur.

Brtt. 395, sérstök yfirlit 2, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,7.a samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 443 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort framhaldsskólarnir fái tækifæri og möguleika á því að hleypa öllum þeim stúdentum þar inn sem vilja stunda nám við framhaldsskólana. Stjórn Félags framhaldsskólakennara hefur ályktað um þetta mál og ljóst er að út af standa a.m.k. 400 nemendur þrátt fyrir þá leiðréttingu sem meiri hluti fjárln. lagði til í brtt. sínum. Til þess að ekki þurfi að vísa ungu fólki frá námi í framhaldsskólunum þarf að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir. Ég segi því já.

Brtt. 395,7.b samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, KÓ, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér leggur meiri hlutinn til óhjákvæmilega leiðréttingu á fjárhæð til framhaldsskólanna, 600 millj. kr. Það er reyndar allt of lítið miðað við þá þörf sem liggur fyrir og grein hefur verið gerð fyrir í umræðum á þingi.

Ég legg áherslu á það, forseti, að ég styð þessa hækkun. En það er afar mikilvægt að fjárln. Alþingis taki á málum framhaldsskólanna fyrir 3. umr. Það væri hraksmán ef þeir væru afgreiddir án þess að fá fullnægjandi úrlausn. Þeir hafa orðið að draga skuldahala á eftir sér ár eftir ár og ekki er tekið heldur á þeim vanda.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að fjárln. og þingið taki á málefnum framhaldsskólans fyrir 3. umr.

Brtt. 435,1 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þjóðminjasafnið hefur verið lokað í sex ár. Nú hillir undir að það verði opnað á vori komanda, á sumardaginn fyrsta ef vel gengur. En til þess að svo megi verða og til þess að Þjóðminjasafnið verði opnað með grunnsýningu sem hefur að geyma þjóðargersemar okkar en ekki bara tóma skápa og innréttingar þá þarf að samþykkja 47 millj. kr. fjárveitingu í grunnsýningu Þjóðminjasafnsins. Út á það gengur þessi brtt. Ætli menn að mæta prúðbúnir í opnun Þjóðminjasafnsins til þess að sjá þjóðargersemar okkar þá er eins gott að greiða þessari tillögu atkvæði.

Sömuleiðis eru hér greidd atkvæði um tillögu um að Reykholtsrannsóknir Þjóðminjasafnsins fái áfram brautargengi og sömuleiðis að Þjóðminjasafnið geti haldið áfram

að skrá inn í gagnagrunninn Sarp þær þjóðargersemar sem safnið hefur að geyma. Ég segi já.

Brtt. 395,8 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 435,2 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JÁ, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,9 og sérstök yfirlit 3–4 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁF, DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 435,3 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395, sérstök yfirlit 5, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 434 kölluð aftur.

Brtt. 395,10–14.b og sérstök yfirlit 6–10 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GHj, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JBjarn, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 431 felld með 29:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁF, DO, GÞÞ, GunnB, JBjart, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Tillagan gengur út á að leggja fé til jöfnunar ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands. Breytingartillaga þessi er mjög í samræmi við till. til þál. um ferðasjóð íþróttafélaga sem liggur fyrir þinginu og er flutt af hv. þm. Hjálmari Árnasyni, Birki J. Jónssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Guðjóni Hjörleifssyni, Kristjáni L. Möller, Magnúsi Stefánssyni og Sigurlín Margréti Sigurðardóttur. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur."

Hér gefst bæði þessum hv. þingmönnum og öðrum þeim sem eru sammála innihaldi tillögunnar og vilja að á fjárlögum sé fé til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga tækifæri til þess að láta ekki sitja við orðin tóm og gagnslausan tillöguflutning ár eftir ár heldur láta verkin tala.

Brtt. 395,14.c–f, 15–16 og sérstök yfirlit 11–12 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 437,1 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,17 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁF, DO, GÞÞ, GunnB, JBjarn, KÓ, LB, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 437,2 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,18–20 og sérstök yfirlit 13 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GMJ, GÞÞ, GunnB, LB, SigurlS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 447 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:02]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tel að hæstv. forseti ætti að segja já við þessari tillögu. Ég tel að það væri afar skynsamlegt af því að þessi tillaga fjallar um að veita fjármagn til Veiðimálastofnunar til að skrá erfðamengi íslenskra laxastofna. Það er mikilvægt til að átta sig á eiginleikum laxins sjálfs við Ísland en einnig er mikilvægt að geta rakið uppruna lax, hvaðan hann kemur, hvort hann er af innlendum eða erlendum uppruna.

Það er til DNA-rannsóknartækni til að gera þetta og í ljósi þeirrar miklu umræðu sem varð á þinginu í haust um laxeldismál og innflutning á erfðaefni fiska þá er þetta afar brýn tillaga, virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. forseta og aðra sem vilja fylgja sannfæringu sinni frá umræðunni í haust að greiða tillögunni atkvæði.

Brtt. 395,21–25 og sérstök yfirlit 14 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,7 kölluð aftur.

Brtt. 448 kölluð aftur.

Brtt. 449 kölluð aftur.

Brtt. 395,26–28.a–d og sérstök yfirlit 15 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,1 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga gengur út á að settir verði fjármunir í að búa til framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir

umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á þingi á síðasta ári.

Reykvíkingar hafa sýnt fram á það að með öflugu starfi að umferðaröryggismálum hefur slysum og alvarlega slösuðum í umferðarslysum í Reykjavík verið að fækka. Það er vegna þess að málaflokkurinn hefur verið settur í forgrunn og lögð áhersla á að setja fjármuni í að lagfæra svarta bletti meðal annars. Sambærileg umferðaröryggisáætlun þarf að vera í gildi á vegum íslenska ríkisins. Slík áætlun er í gildi. Alþingi hefur samþykkt hana en það hafa ekki enn verið settir fjármunir í að fylgja henni á þann öfluga og metnaðarfulla hátt sem nauðsynlegt er. Þær 25 millj. kr. sem hér eru lagðar til eru til þess ætlaðar að umferðaröryggisáætlunin sem við í þessum sal höfum þegar samþykkt komist til framkvæmda. Ég segi já.

Brtt. 395,28.e–g samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,29–31 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,32–35 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, MÁ, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁF, DO, GÞÞ, GunnB, KJúl, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,36 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 433 kölluð aftur.

Brtt. 429 kölluð aftur.

Brtt. 395,37–39 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 438 kölluð aftur.

Brtt. 427,8 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hér er á þskj. 427 í 8. tölul. um að ræða tillögu um að lagðar verði 400 millj. kr. í fjárlagaliðinn 07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

Tillagan er í raun þríþætt. Þar er um að ræða 100 millj. kr. vegna þeirrar fáheyrðu tillögu ríkisstjórnarinnar að taka upp þriggja daga biðtíma eftir þeim lágmarksbótum sem atvinnuleysisbæturnar eru og ráðast sérstaklega að kjörum atvinnulausra á næsta ári. Einnig er um að ræða 200 millj. kr. til að færa atvinnuleysisbætur upp til samræmis við launavísitölu á næsta ári. Við teljum að atvinnuleysisbætur hafi svo lengi aðeins fylgt verðlagi að þær séu orðnar hættulega lágar og þurfi að koma til sérstakrar skoðunar á þessu kjörtímabili enda eru þær orðnar innan við 80 þús. kr. Þær eru t.d. langt undir örorkubótum og farnar að hvetja til þess að atvinnulausir leiti í önnur stuðningskerfi.

En loks, sem er ástæðan fyrir því, virðulegur forseti, að tillagan er ekki kölluð til 3. umr., er hér um að ræða 100 millj. kr. vegna desemberuppbótar.

Brtt. 439 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er lagt til að samtals bætist 310 millj. kr. við fjárheimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári. Það er annars vegar til að taka út þá smánarlegu skerðingu á atvinnuleysisbótum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að standa fyrir, m.a. með því að hætta þátttöku í að tryggja fastráðningarkjör fiskvinnslufólks upp á 100 millj. og greiða ekki bætur þrjá fyrstu daga atvinnuleysis. Einnig leggjum við til að um 140 millj. kr. verði til ráðstöfunar til að greiða atvinnulausum, sem eru væntanlega um 4.000 um þessar mundir, desemberuppbót í hlutfalli við atvinnuleysi þeirra á árinu eins og almennt vinnufólk á launamarkaði kemur til með að fá, 37 þús. kr. í sérstaka desemberuppbót í jólamánuðinum miðað við fullt starf á árinu. Við teljum öll rök fyrir því að atvinnulausir, sem eru á mun lægri bótum en nemur lægstu umsömdu launum, njóti þessara kjarabóta í jólamánuðinum eins og aðrir.

Reyndar leyfi ég mér í lokin, virðulegi forseti, að lýsa sérstakri skömm á frammistöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Brtt. 395,40–42.a–d og sérstök yfirlit 16–17 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 450 kölluð aftur.

Brtt. 395,42.e–f og 43 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 462 kölluð aftur.

Brtt. 427,9 kölluð aftur.

Brtt. 395,44 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 444 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:14]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um að hækka sjúkratryggingar í þremur liðum. Það eru þrír nýir liðir, þ.e. varðandi greiðsluþátttöku vegna sálfræðiþjónustu, greiðsluþátttöku vegna tannverndar barna og unglinga og þátttöku í ferðakostnaði vegna tannréttinga. Allt eru þetta brýn verkefni sem kallað hefur verið eftir leiðréttingu á.

Varðandi sálfræðiþjónustuna þá hafa sálfræðingar ekki samning við Tryggingastofnun ríkisins og þar af leiðandi fá einstaklingar sem til þeirra leita ekki niðurgreiðslu eins og t.d. þeir sem leita til geðlækna. Nú er svo komið að fjárhagur ræður orðið vali á því til hvaða sérfræðinga fólk leitar í þessum tilfellum.

Varðandi tannvernd barna og unglinga þurfum við að gera sérstakt átak til að koma betra lagi á tannlæknaþjónustu barna og unglinga, hún hefur dregist aftur úr.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga er réttlætismál. Þetta óréttlæti kemur aðallega niður á börnum og unglingum á Austurlandi þar sem tannréttingasérfræðingar hafa ekki verið starfandi um nokkra hríð.

Brtt. 427,10 kölluð aftur.

Brtt. 395,45–46 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,47 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,48–49.a og sérstök yfirlit 18 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 445 felld með 30:8 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SigurlS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferð tillaga um að hækka niðurgreiðslur á heyrnartækjum um 5 þús. kr., þ.e. upp í 33 þús. kr. í stað þess sem nú er, 28 þús. kr. Það hefur verið löng bið eftir afgreiðslu heyrnartækja í gegnum Tryggingastofnun ríkisins, allt að 13 mánuðir, nema, virðulegi forseti, fyrir þá sem geta keypt sig fram fyrir þá biðröð og reitt fram fé úr eigin vasa. Á þessu sviði búum við nefnilega við tvöfalt kerfi, við ameríska kerfið svokallaða, og ég tel það svartan blett á heilbrigðiskerfi okkar.

Þetta er lítið skref í þá átt að minnka þessa mismunun. Því segi ég já.

Brtt. 395,49.b–d og 50 og sérstök yfirlit 19 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÞÞ, GÖg, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,11 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér gerir Samfylkingin tillögu um að verja 200 millj. kr. til eflingar heilsugæslunni og þá einkanlega á höfuðborgarsvæðinu og er ekki vanþörf á enda þjónusta þar í lamasessi. Hér er einnig gert ráð fyrir að skjóta fjárhagslegum stoðum undir áform ríkisstjórnarinnar sem voru upplýst hér í umræðunum í gærkvöld, nefnilega um að opna þrjár nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári, í Voga- og Heimahverfi, í Kópavogi og í Hafnarfirði. Það vantar hins vegar fjármuni til þess að þau áform geti gengið fram. Þá er að finna hér þannig að ég vænti þess að stjórnarliðar sem og þingheimur allur styðji þessa tillögu.

Brtt. 395,51–53 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurlS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, DO, GÞÞ, GunnB, LB, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,12–13 kölluð aftur.

Brtt. 395,54–55 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395, sérstök yfirlit 20–22, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 14:21]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]

Brtt. 427,14 felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

5 þm. (ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér leggur Samfylkingin til að færa 100 millj. frá yfirstjórn Vegagerðarinnar í öryggisaðgerðir sem felast í að fækka svörtum blettum sem búið er að kortleggja á þjóðvegum. Slík aðgerð í Reykjavík þar sem sett var sérstök fjárveiting í að fækka svörtum blettum hefur borið mikinn árangur í fækkun umferðarslysa í borginni.

Við viljum hér með marka tekjur til sambærilegs starfs í slysavörnum á þjóðvegum. Ég segi því já.

Brtt. 395,56–57.a samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁI, DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,57.b samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddi ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Á þessu ári hefur farið fram einkennileg sýning varðandi framlög til vegamála, framkvæmda í vegagerð í landinu, því að í upphafi ársins blés ríkisstjórnin í lúðra og boðaði stórauknar framkvæmdir sem var vel og fagnað af flestum. En núna við afgreiðslu fjárlaga síðar á sama ári á aftur á móti að skerða þetta framkvæmdafé að verulegu leyti til baka. Þess sér fyrst og fremst stað í þessum b-lið 57. töluliðar þar sem lækka á framkvæmdafé Vegagerðar ríkisins um 850 millj. kr.

Við sjáum engin rök fyrir þessari skerðingu og teljum líka í ljósi þess að ekki liggja fyrir neinar tillögur um hvar borið verði niður og að Alþingi hefur nýlega afgreitt vegáætlun að þetta sé hringl og ólíðandi vinnubrögð. Við leggjumst því gegn því að þetta framkvæmdafé Vegagerðarinnar verði skert með þessum hætti.

Brtt. 395,57.c og 58 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁI, DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,59 og sérstök yfirlit 23 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 451 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:35]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér erum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að leggja til nokkuð aukna fjárveitingu til upplýsingamiðstöðva ferðamála, sérstaklega á landsbyggðinni. Upplýsingamiðstöðvar ferðamála gegna lykilhlutverki í að veita ferðaþjónustu úti um land bakstuðning. Að mati okkar kemur það einna best að notum við uppbyggingu þessa atvinnuvegar að ríki styrki og efli upplýsingamiðstöðvar ferðamanna og helst þannig að þær geti, nokkrar a.m.k., starfað á heils árs grundvelli.

Við leggjum þunga áherslu á að styrkja og efla ferðaþjónustuna og upplýsingamiðstöðvarnar eru einmitt lykillinn að því. Þess vegna leggjum við til fjárveitingu upp á 30 millj. kr. til þess að efla upplýsingamiðstöðvar ferðamála úti um land.

Brtt. 395,60 og sérstök yfirlit 24 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁI, ÁMM, DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,61–62 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl,

HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 456 kölluð aftur.

Brtt. 454 kölluð aftur.

Brtt. 430 felld með 29:8 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, DO, GÞÞ, GHall, GunnB, KolH, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við leggjum hér til að fjárheimildir Byggðastofnunar vegna byggðamála verði auknar um 300 millj. kr. í tvennum tilgangi, annars vegar til að auka fé til atvinnuþróunarstarfsemi, en fjárveitingar til þeirra verkefna hafa farið rýrnandi á undanförnum árum, og hins vegar til að hefja undirbúning á og hefja greiðslu styrkja til jöfnunar á flutningskostnaði í verslun og framleiðslustarfsemi á landsbyggðinni.

Fyrir nokkru kom út skýrsla þar sem lagt var til að fara þessa leið til að mæta miklum flutningskostnaði sem er mjög íþyngjandi og kemur fram í háu vöruverði og erfiðleikum í framleiðslustarfsemi á landsbyggðinni. Hygg ég að sæmileg sátt gæti orðið um að fara þá leið. Stjórnvöld hömpuðu því fyrir kosningar að til stæði að taka upp slíka flutningsstyrki en nú örlar ekki á framkvæmdum. Nú vottar ekki fyrir því að efna eigi þetta loforð frekar en mörg önnur. Við leggjum því til að hér komi 200 millj. kr. í fjárheimildir til Byggðastofnunar til þess að hefja framkvæmd þessa framfaramáls.

Brtt. 395,63–64 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,15 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Í 15. tölulið á þskj. 427 er að finna breytingartillögu Samfylkingarinnar við lið 12-902 sem eru framlög til Samkeppnisstofnunar. Það er tillaga um að auka framlög til hennar um 30 millj. kr., en fram kom á fundi Samkeppnisstofnunar með fjárln. að hún hefur verið undir hagræðingarkröfu sem frá stofnun hennar hefur gert henni að spara nú uppsafnað um 20 millj. kr. Það er augljóst að aðstaða Samkeppnisstofnunar til rannsókna er ekki nægilega góð. Rannsóknir þar hafa tekið allt of langan tíma eins og þjóðinni er kunnugt. Ef ríkisstjórnin meinar eitthvað með áhyggjum af samþjöppun eignarhalds í einstökum atvinnugreinum þá hlýtur hún að ljá tillögunni lið sitt.

Brtt. 395,65–66.a samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 455 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:42]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég held að við öll þekkjum hina miklu umræðu um sorpförgun í landinu. Mörg sveitarfélög standa frammi fyrir því vandamáli að finna lausn á sorpmálum sínum. Hvert sveitarfélag er í því sambandi að leita að sérstökum stað, jafnvel innan sinna marka, eða þá að nokkur sveitarfélög reyna að slá sér saman um það. Jafnframt þessu hafa reglur um meðferð sorpurðunarstaða verið hertar og allar reglur um meðferð sorps.

Því leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að umhvrn. verði falið að gera landsúttekt á sorpmálum og vinna tillögur um heildstæðar aðgerðir í sorpförgun í landinu. Þetta er ekki málefni einstakra sveitarfélaga sem slíkt heldur verður að vinna heildstæða úttekt á möguleikum í sorpförgun til framtíðar. Ég tel þetta afar brýnt. Við þekkjum öll þessa umræðu innan sveitarfélaganna. Sorpförgunarmálin eru gríðarlegt vandamál. Það er miklu nær að við tökum á þessu heildstætt.

Brtt. 395,66.b samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SAÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,2 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,16–17 felld með 30:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:45]

Mörður Árnason:

Forseti. Náttúrufarskort og önnur grunngögn eru forsenda skynsamlegra ákvarðana í umhverfismálum, og jafnframt í atvinnumálum og fjölda málaflokka sem okkur varðar. Á nýafstöðnu umhverfisþingi voru miklar heitstrengingar og kröfur um að þessi kort yrðu gerð. Þær kröfur bárum við samfylkingarmenn fram í þinginu í frv. Bryndísar Hlöðversdóttur o.fl. Við höfðum frumkvæði að því í umhvn. að náttúrufarskortin voru sett inn í sameiginlegt álit nefndarinnar til fjárln. Þessar tillögur vantar hins vegar hjá meiri hluta fjárln. Það hljóta að vera mistök. Hér gefst þingheimi kostur á að bæta úr þeim mistökum. Ég segi já.

Brtt. 395,66.c samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,3 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,67 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 452 kölluð aftur.

Brtt. 446,4 kölluð aftur.

Brtt. 395,68 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,5 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÞÞ, GÁS, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 440 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða framlög til hinna landshlutabundnu náttúrustofa. Þeir þingmenn sem hlustuðu

á ræðu mína í gær urðu þess vísir að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir að fylgt verði eftir lagaákvæði sem lýtur að því að ríkisvaldið skuli greiða sem svarar launum forstöðumanns hjá náttúrustofunum ásamt jafnhárri upphæð til almenns rekstrar.

Laun forstöðumanna með launatengdum gjöldum hjá stofunum eru 5,8 millj. kr. Það þýðir að lögbundið grunnframlag til hverrar stofu ætti að vera 11,6 millj. kr. Það er það sem þessi brtt. gengur út á en við munum að sjálfsögðu styðja þá brtt. meiri hluta fjárln. að stofurnar fái aukið framlag til sérstakra verkefna. En skilyrðið er að grunnframlag til hverrar stofu sé í samræmi við lög, þ.e. 11,6 millj. kr.

Brtt. 395,69–70 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SJS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 397 (ný sundurliðun 3) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, DO, GMJ, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 398 (ný sundurliðun 4) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 399 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GMJ, GAK, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Orðið „hluta“ í brtt. 400,1 samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddi ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að fasteignin við Grensásveg 12 verði seld þegar nýtt húsnæði er komið til sögunnar í Náttúrufræðihúsi fyrir þá starfsemi sem það hýsti. En það er með öllu óskiljanlegt að Háskóli Íslands skuli ekki

eiga að njóta söluandvirðis hinnar eldri eignar að fullu. Ekki veitir af, hvort heldur væri til áframhaldandi uppbyggingar við háskólann, tækjakaupa eða t.d. til að þoka af stað áformum um að byggja sýningarsal við Náttúrufræðihúsið í Vatnsmýrinni.

Engin rök standa til þess að undanskilja hluta söluandvirðisins. Háskóli Íslands hefur bundið sér miklar byrðar með því að gera samning um að ljúka Náttúrufræðihúsinu og mun stór hluti tekna Happdrættis Háskóla Íslands á næstu árum fara til að greiða afborganir af lánum í stað þess að geta staðið undir nýjum byggingum.

Þá er rétt að geta þess að með því að afgreiða málið með þessum hætti er fjárlagavaldið í raun framselt í hendur framkvæmdarvaldsins. Það verður þá í þeirra höndum að ákveða hver skiptingin verður. Afgreiðslan er á allan hátt óeðlileg og eðlilegast að fella burtu orðið „hluta" þannig að háskólinn fái söluandvirðið að fullu.

Brtt. 400,1 samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 400,2–4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, SJS, StB, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., liður 4.1, samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við höfum óskað eftir því að hér komi sérstaklega til atkvæða töluliður 4.1 í 6. gr. frv., í heimildargrein, þannig að fram fari atkvæðagreiðsla um það sérstaklega hvort heimila eigi sölu á landi Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum. Við teljum reyndar að öll þessi áform orki mjög tvímælis og áskiljum okkur fullan rétt til andstöðu við að í þetta verði ráðist yfir höfuð. En það bítur auðvitað höfuðið af skömminni ef sömuleiðis á í þessu tilviki aðeins að ráðstafa hluta andvirðisins, þeirra miklu verðmæta sem þarna eru fólgin í verðmætu landi og húsnæði, til að efla vísindarannsóknir. Til slíks var stofnað og er enn þann dag í dag með rekstri starfseminnar á Keldum. Öll þessi áform eru því afar tortryggileg. Eins og þetta er í pottinn búið er ekki annað hægt en að greiða atkvæði gegn þessu ákvæði frv.

Brtt. 400,5–6 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, JóhS, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér koma til afgreiðslu breytingartillögur um að við bætist heimildir til að selja allmargar jarðir í eigu ríkisins vítt og breitt um landið. Við höfum undanfarin ár, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, verið mjög gagnrýnin á hvernig ríkið hefur farið með jarðeignir sínar. Þar hefur ríkt mjög handahófskennd framkvæmd varðandi það hvort jarðir eru seldar, hvernig og hverjum. Í reynd vantar alla stefnumótun um hvernig ríkið skuli fara með opinbert jarðnæði.

Mikillar og vaxandi gagnrýni gætir í garð þess að ríkið selji einkaaðilum, jafnvel úr þéttbýli, jarðir í sveitum sem gjarnan leiðir til þess að afnot nálægra landeigenda og bænda af jarðnæðinu minnka. Vegum er lokað með keðjum og umferðarréttur almennings og möguleikar til að njóta útivistar á opinberu landi minnka. Öll þessi mál þarf að taka til endurskoðunar og framkvæmd þeirra hefur verið í skötulíki í höndum hæstv. landbrh. og ríkisstjórnar. Það er auðvitað til skammar, herra forseti, eins og fleira.

Brtt. 427,18 kölluð aftur.

Brtt. 400,7, liður 6.29, samþ. með 34:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, VS.

nei: ÁI, KolH.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 400,7, liðir 6.30–6.32, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, SJS, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DO, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 427,19 kölluð aftur.

Brtt. 400,8 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, VS, ÞBack.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, DO, GMJ, GÞÞ, GÖg, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DO, GMJ, GÞÞ, GunnB, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 15:02.

---

35. FUNDUR

miðvikudaginn 26. nóv.,
að loknum 34. fundi.

Dagskrá:
Til félagsmálaráðherra:
1. Aðgerðir gegn einelti, fsp. MF, 320. mál, þskj. 369.
2. Barnaverndarmál, fsp. GÖg, 327. mál, þskj. 378.
Til heilbrigðisráðherra:
3. Málefni geðsjúkra, fsp. ÞBack, 288. mál, þskj. 333.
4. Meðlagsgreiðslur vegna barna erlendis, fsp. ÁRJ, 318. mál, þskj. 367.
5. Örorkubætur og fæðingarstyrkur, fsp. ÁRJ, 319. mál, þskj. 368.
Til viðskiptaráðherra:
6. Sala á hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka, fsp. JBjarn, 315. mál, þskj. 361.

Aðgerðir gegn einelti.

Fsp. MF, 320. mál. — Þskj. 369.

[15:03]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur lagt fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. þar sem hún spyr nokkurra spurninga er varða einelti og ber ég hana fram fyrir hennar hönd.

Einelti er sem betur fer komið upp á yfirborðið. Íþróttafélög, skólar, verkalýðshreyfing og allir aðrir vilja leggjast á eitt til að uppræta og koma í veg fyrir einelti. Um þessar mundir sjáum við í blöðunum að rætt er um málið innan verkalýðshreyfingarinnar og vísa má til samnings sem var undirritaður í Hafnarfirði í gær. En til þess að árangur náist þarf góðan vilja, fjármuni og samstarf margra aðila. Það þarf að skoða, skilgreina, styðja og hvetja ef við ætlum að ná árangri.

Vinnustaðaeinelti er komið til umræðu og umræðan um einelti barna er afar mikilvæg. Þar má ekki gleymast hlutur foreldra en hann er gríðarlega mikilvægur. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft og það skal ítrekað að veruleikinn er sá að bæði þolendur og gerendur í þessum málum eiga foreldra. Því er mjög mikilvægt að samræma aðgerðir og að samræður séu milli þessara aðila.

Hér er ég með tvær spurningar sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lagði fyrir hæstv. félmrh.:

1. Hafa ráðuneytin sameinast um könnun á umfangi eineltis hér á landi? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slík könnun verði gerð og koma með tillögur um úrbætur?

2. Telur ráðherra að breyta þurfi og herða ákvæði laga sem lúta að einelti á vinnustöðum? Ef svo er, í hverju felast þær breytingar?

3. Er samræmd vinna milli ráðuneyta um fræðslu og viðbrögð gegn einelti á vinnustöðum ríkisins?

4. Hyggst ráðherra styrkja starf samtakanna Regnbogabörn frekar en gert hefur verið? Ef svo er, á hvern hátt?

5. Mun ráðherra beita sér fyrir formlegu samstarfi ráðuneytis, sveitarfélaga og samtakanna Regnbogabörn svo að byggja megi starf samtakanna upp í hverjum landsfjórðungi?

Það er afar mikilvægt að fram komi að vandamálin eru ekki bara á höfuðborgarsvæðinu þó að þau vilji oft loða frekar við stærri skóla. Kannski er betra að fela eineltið þar en í minni skólum. En það er afar mikilvægt að félagsþjónusta og skólayfirvöld, sem hvor tveggja eru á hendi sveitarfélaganna, taki sig saman og byggi upp góðan stuðning við þá sérfræðinga sem í boði eru fyrir tilstuðlan Regnbogabarna. Ég vona að hæstv. félmrh. veiti skýr svör í þessu mikilvæga máli.

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspurnina. Fyrst er spurt hvort ráðuneyti hafi sameinast um könnun á umfangi eineltis hér á landi.

Ég vil fyrst segja að einelti getur víða átt sér stað í samfélaginu, í skólaumhverfi, vinnustöðum, við tómstundastarf og í samfélaginu almennt. Hugtakið hefur verið skilgreint þannig að þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig þá sé um einelti að ræða.

Einstaklingur sem verður fyrir einelti verður öryggislaus, einmana og tortrygginn gagnvart félögum og umhverfinu

almennt. Langvarandi einelti veldur streitu sem getur leitt til alvarlegra vandamála, t.d. mikillar neikvæðrar hegðunar, lystarleysis og þunglyndis, svo að eitthvað sé nefnt. Ýmsar kannanir hafa verið gerðar á umfangi eineltis og er t.d. gert ráð fyrir því að um 5.000 einstaklingar á grunnskólaaldri verði fyrir einelti á hverju ári. Einnig virðast rannsóknir sýna að tíðnin aukist með aldrinum. Menntmrn. hefur frá árinu 1998 verið með umtalsvert átak í að vinna gegn einelti í skólum. Þar er unnið eftir samræmdri áætlanagerð sem mun ljúka í lok næsta árs og nær þá til helmings skólabarna á landinu. Að öðru leyti vísa ég til menntmrn. varðandi frekari umfjöllun um það átak.

Umboðsmaður barna hefur látið sig eineltismál miklu varða og stóð m.a. fyrir ráðstefnu í október 1998 og gaf út skýrslu í framhaldi af henni um einelti þar sem helstu niðurstöður ráðstefnunnar birtust. Ráðuneytin hafa ekki sameinast um sérstaka könnun á umfangi eineltis þar sem gera má ráð fyrir að almennar upplýsingar um eineltið liggi að mestu fyrir í þeim gögnum sem áður eru nefnd.

Í öðru lagi er spurt hvort ráðherra telji að breyta þurfi og herða ákvæði laga sem lúta að einelti á vinnustöðum og ef svo er, í hverju þær breytingar felist.

Ákvæði um einelti eru nýmæli í löggjöf og alþjóðasamningum. Slík ákvæði voru ekki tekin upp í löggjöf á Norðurlöndunum fyrr en á 10. áratugnum. Endurskoðuð gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá 1996 er fyrsti alþjóðasamningurinn sem vitað er til að hafi ákvæði um einelti og aðra óviðurkvæmilega framkomu á vinnustað.

Þótt ákvæði um aðgerðir gegn einelti hafi ekki verið í vinnuverndarlögunum fyrr en í vor er ekki þar með sagt að Vinnueftirlitið hafi leitt þau mál hjá sér. Þvert á móti hefur margt verið gert. Fyrst vil ég nefna að Vinnueftirlitið hefur undanfarin ár beitt sér fyrir aðgerðum gegn einelti, t.d. með útgáfu leiðbeininga, þeim fyrstu fyrir um tíu árum síðan.

Á undanförnum árum hefur áhersla á sálfélagslega áhættuþætti aukist bæði við forvarnir og í daglegu eftirliti. Þegar eftirlitinu berast kvartanir um einelti eru mál rannsökuð eftir föngum og kröfum um aðgerðir gegn einelti beint að eigendum og stjórnendum á sama hátt og með önnur atriði er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Ég tel að málin séu komin í ákveðinn farveg hvað þetta varðar, þ.e. aðgerðir af hálfu hins opinbera gegn einelti á vinnustöðum. Hins vegar er ljóst að það er ekki farið að reyna á nýtt ákvæði í vinnuverndarlögunum um einelti. Þar af leiðandi svara ég neitandi spurningunni um hvort breyta þurfi ákvæðum laga um þetta efni sérstaklega.

Í þriðja lagi er spurt hvort samræmd vinna sé milli ráðuneyta um fræðslu og viðbrögð gegn einelti á vinnustöðum ríkisins. Þeirri spurningu verð ég líka að svara neitandi en ég vil jafnframt undirstrika að nokkrum málum hefur þegar verið beint til Vinnueftirlitsins, bæði af einkafyrirtækjum og fyrirtækjum á vegum hins opinbera. Vinnueftirlitið hefur eftir föngum reynt að leysa þau í samvinnu við alla hlutaðeigandi en það verður þó að undirstrika að mál af þessu tagi eru oftar en ekki snúin og torleyst.

Í fjórða lagi er spurt hvort ráðherra hyggist styrkja störf samtakanna Regnbogabarna frekar en gert hefur verið og ef svo sé þá á hvern hátt.

Það óeigingjarna starf sem hin nýstofnuðu fjöldasamtök Regnbogabörn hafa sinnt frá því í febrúar sl. hefur vakið athygli mína eins og margra annarra. Samtökin starfrækja þjónustumiðstöð í Hafnarfirði þangað sem einstaklingar geta leitað og óskað eftir aðstoð. Markmið Regnbogabarna er að koma í veg fyrir einelti, grípa inn í einelti og koma í veg fyrir áhrif þess ásamt því að veita þjónustu þeim sem hlotið hafa skaða af einelti. Félmrn. hefur komið að verkefnum Regnbogabarna með 3 millj. kr. framlagi á þessu ári auk þess sem félmrh. styrkti samtökin sérstaklega með 1 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu. Í því fjárlagafrv. sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er gert ráð fyrir að auka þennan styrk til samtakanna í 5 millj. kr. Ég hef áhuga á að styðja við þetta frumkvæði Regnbogabarna og mun því fylgjast náið með framvindu verkefnisins og meta hvort og á hvern hátt félmrn. kemur frekar að því þegar árangurinn af því hefur verið metinn og ársskýrsla fyrir fyrsta starfsár liggur fyrir.

Í síðasta lagi er spurt hvort ráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir formlegu samstarfi ráðuneytis, sveitarfélaga og samtakanna Regnbogabarna þannig að byggja megi upp í hverjum landsfjórðungi starf samtakanna gegn einelti.

Eins og fram kemur í svörum mínum að framan vinna margir óeigingjarnt starf í þágu þeirra sem orðið hafa fyrir einelti. Regnbogabörn hafa komið inn í þessa þjónustukeðju til að styrkja það starf sem unnið er. Ég met það svo að reynslan af starfi Regnbogabarna verði að skera úr um í hvaða farveg starfið mun leita. Samtökin eru að stíga sín fyrstu spor, góð spor og vonandi gæfurík, og vilja vafalaust taka mið af þeirri reynslu þegar þau marka sér stefnu til framtíðar. Ég mun fylgjast náið með því.

[15:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli svo vægt sé til orða tekið. Óhætt er að fullyrða að um er að ræða eitt af alvarlegustu meinum okkar samfélags. Það á sérstaklega við um einelti í skólum.

Segja má að undanfarin missiri hafi átt sér stað þjóðarvakning í allri umræðu um einelti og er það vel. Það má ekki síst rekja til þess mikla starfs sem Regnbogabörn undir forustu Stefáns Karls Stefánssonar hafa innt af hendi. Það er einstakt framtak og verður seint að fullu lofað.

Þær sögur sem við höfum heyrt úr barna- og unglingaskólum af þeirri hroðalegu útreið sem mörg börn og unglingar fá í illvígu einelti eru með því alvarlegra sem um getur. Það er ástæða til að fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur og hvetja ráðherra sérstaklega til að beita sér fyrir því að ráðuneyti sameinist um könnun á umfangi eineltis hér á landi og beiti sér sameiginlega gegn þessum mikla bölvaldi í samfélagi okkar.

[15:13]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. skýr og glögg svör og ýmsar ábendingar. Það er nokkuð sem við ættum að velta fyrir okkur í þinginu, þ.e. hvort gera eigi breytingar á vinnulöggjöfinni. Það er afar brýnt starf sem Vinnueftirlitið sinnir. Ég veit að þeir fá mikið af þessum málum til viðbótar við þau sem fyrir eru.

Með tilkomu Regnbogabarna var í rauninni afhjúpað leyndarmál sem þagað hafði verið yfir í skólum frá því að við öll sem hér erum inni vorum börn. Þá var ekki mikið um það talað og börn grétu í hornum og það gæti hafa verið ég eða einhver annar hér inni. Ég tel mjög brýnt að vakningin nái til allra sveitarfélaganna og sé ekki bara á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk félmrh. í því er afar stórt þar sem sveitarfélögin heyra undir hann.

Það er gott að heyra að auka eigi fjármagnið til Regnbogabarna en við þurfum að sjá til þess að starfið geti farið fram á um fjórum stöðum á landinu svo það nái til allra landshluta og við getum kortlagt vandann örlítið betur.

Það er líka mikilvægt, og ég vil beina því til hæstv. menntmrh., að gerðar verði ítarlegri kannanir á einelti og settir í það ákveðnir peningar. Þeim þætti mætti fylgja eftir með annarri fyrirspurn eða beiðni um skýrslu þar að lútandi. Greinilegt er að mjög gott starf er unnið á mörgum stöðum en það er afar mikilvægt að sérfræðingar sem til þekkja og hafa unnið grasrótarvinnuna og afhjúpað vandann verði áfram styrktir til góðra starfa.

[15:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda varðandi það að starf Regnbogabarna, Heimilis og skóla og fleiri sem hafa látið sig eineltismálin miklu varða sé mjög mikilvægt.

Hér höfum við líka fjallað um einelti á vinnustöðum og í því sambandi er ástæða til að rifja upp að í þeim könnunum sem gerðar hafa verið hefur komið í ljós að t.d. hjá bönkum og sparisjóðum hafa 15% starfsmanna orðið fyrir áreitni af ýmsu tagi. Meðal starfsfólks á öldrunarstofnunum höfðu um 12% orðið fyrir ýmiss konar einelti og 14% starfsfólks á leikskólum í Reykjavík hafði sömu sögu að segja. Þetta böl birtist því miður í ýmsum myndum í samfélagi okkar og full ástæða til að taka höndum saman um að berjast gegn því.

Barnaverndarmál.

Fsp. GÖg, 327. mál. — Þskj. 378.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Ögmundsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín er ekki stór í sniðum en kannski eru þeim mun meiri vangaveltur á bak við hana. Hún hljóðar svo, hæstv. forseti:

Er hafinn undirbúningur að því að flytja málefni barnaverndar frá sveitarfélögunum til ríkisins? Ef svo er, hvað líður þeirri vinnu?

Það skal alveg játað hér af hverju þessi fyrirspurn er lögð fram. Hún er í tilefni af því að haldinn var miðstjórnarfundur hjá Framsfl. og af því að það er Framsfl. sem fer með þetta ráðuneyti og þar kom fram umræða af þessu tagi þar sem aðeins var bryddað upp á þessum vangaveltum.

Ég fer ekki ofan af því að barnavernd er einn af almikilvægustu þáttum í starfi sveitarfélaganna. Við erum með ný barnaverndarlög sem 100% samstaða var um í þinginu. Þess vegna er mjög mikilvægt að við fáum kortlagt hvort það sé eitthvað til í þessu því ég held að það sé mjög erfitt fyrir marga að sjá hvernig þetta ætti að verða ef ríkið tæki þessi mál yfir og við værum þá bara með barnavernd ríkisins, því það er alltaf svo að mál munu flytjast á milli svæða en það var ein af undirrótum þessarar umræðu að það þyrfti að byrja á málum upp á nýtt ef þau flyttust á milli svæða. Svo er auðvitað ekki, herra forseti. Það getur auðvitað verið að í einhverjum vinnslufasa eða vanrækslufasa hjá einhverju sveitarfélagi eða einhverri nefnd geti þau komið misundirbúin. En það er ekki svo að það þurfi alltaf að byrja á núllpunkti þannig að ég vil bara leiðrétta þá umræðu sem á sér stað í samfélaginu. Það er líka dálítið ankannalegt að heyra þessa umræðu í ljósi þess að það er alltaf verið að tala um að sveitarfélögin eigi að fá aukin verkefni.

Það er líka rétt að benda á það að fyrir tveimur eða þremur árum var lagt fram mjög gott frv. um ný félagsþjónustulög. Mig langar líka í framhaldi af því að spyrja hæstv. ráðherra hvort þau mál séu enn á döfinni í ráðuneytinu, hvort von sé á slíku frv. aftur því þar var nefnilega tekið verulega á varðandi sértæk úrræði og úrræði til stuðnings við barnaverndarnefndir í héraði þannig að það er eitthvað sem á að hugsa til viðbótar í stað þess kannski að velta upp þeirri hugmynd að flytja þetta yfir til ríkisins. Þannig að þar liggja margir möguleikar og mjög mikil samþætting milli barnaverndar og sveitarstjórnar. Hins vegar hefur verið umræða um meðferðarheimilin og vistunarúrræðin. Ég vil samt meina að það sé mjög mikilvægt fyrir stærri sveitarfélög að hafa þau á forræði sínu því það er eðli málsins að bregðast við að nóttu sem degi þannig að úrræðin verða að vera í nærsamfélaginu. Ég tel það afar mikilvægt. Mig langar því, herra forseti, að hæstv. félmrh. svari þessum vangaveltum mínum og þeim spurningum sem upp hafa komið og eins að hann bæti kannski örlítið við varðandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

[15:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli í sölum Alþingis. Ég hef á undanförnum mánuðum viðrað um það hugmyndir á opinberum vettvangi hvort rétt kunni að vera að gera breytingar á meðferð barnaverndarmála, einkum í ljósi þess hversu smá starfssvæði barnaverndarnefnda eru og hættunnar á skorti á faglegum vinnubrögðum. Til að bregðast við þessu mætti sjá fyrir sér flutning á málaflokknum frá sveitarfélögum til ríkisins eins og hv. þm. rakti hér. Einnig mætti fara aðra leið, þá er ég hyggst rekja í svari mínu.

Á undanförnum árum hafa komið upp einstök mál hjá barnaverndarnefndum sem vakið hafa upp spurningar um hvort núverandi fyrirkomulag með þeim fjölda barnaverndarumdæma sem hér eru hafi gengið sér til húðar. Ekki virðist hægt að tryggja nægilega faglega þekkingu við vinnslu erfiðra barnaverndarmála í héraði og þar af leiðandi eru dæmi um það að í sveitarfélögum hafi átt sér stað málsmeðferð sem fullnægir ekki þeim kröfum sem dómstólar gera. Auknar kröfur um formlega meðferð mála og sterkar kröfur okkar tíma um mannréttindi og réttaröryggi gera það að verkum að þegar barnaverndarmál er komið á ákveðið stig, þ.e. um er að ræða alvarleg og þung barnaverndarmál sem fela jafnvel í sér þvingunarráðstafanir, eru mál komin í þann farveg að þau falla illa að grunnhugsunum samvinnu og samráðs sem einkennir félagsþjónustu og stuðningsúrræði barnaverndar.

Í Reykjavík hefur verið farin sú leið að skilja erfiðu málin frá félagsþjónustunni. Sterkar málefnalegar ástæður eru til að aðskilja þetta tvennt. Með því að færa þyngstu málin til ríkisins væri hægt að tryggja samræmd vinnubrögð um allt land, fagleg vinnubrögð sem standa undir þeim formlegu málsmeðferðarkröfum sem gerðar eru í mannréttindasáttmála Evrópu og barnaverndarlögunum.

Áhersla skal lögð á það að væri þessi breyting gerð væri ekki verið að flytja öll barnaverndarmál til ríkisins heldur einvörðungu þyngsta hluta málanna sem fela í sér beitingu þvingunarráðstafana og aðrar aðgerðir sem ganga gegn vilja þeirra sem afskiptin beinast að.

Meginmarkmið barnaverndar er að styðja fjölskylduna. Sá stuðningur, sú almenna þjónusta gæti verið áfram hjá sveitarfélögunum. Aðeins væri verið að flytja þyngstu málin til ríkisins en ef af því verkefni verður þarf að endurskoða barnaverndarlögin og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga samhliða og sjá til þess að skýr skil séu á milli þessara laga sem bæði hafa það markmið að styðja fjölskylduna. Nú er um talsverða skörun milli þessara laga að ræða hvað varðar stuðning við fjölskylduna.

Athygli er vakin á því að með þeirri leið að fela miðlægu valdi, þ.e. ríkinu, allra þyngstu málin er aðeins verið að tala um lítið brot af barnaverndarmálum. Á árinu 2002 bárust barnaverndarnefndum landsins alls um 4.400 tilkynningar. Forsjársviptingarmál, allra alvarlegasti hlutinn af þyngstu barnaverndarmálunum, eru 5–10 á ári. Það er ekki verið að tala um að flytja þessi aðeins rúmlega 4 þúsund mál til ríkisins, flest málanna yrðu með þessari leið áfram hjá sveitarfélögunum.

Svo horft sé út fyrir landsteinana í þessum efnum skal bent á að í Noregi mun þann 1. janúar á næsta ári ganga í gildi nýtt fyrirkomulag varðandi rekstur meðferðarheimila fyrir börn og unglinga, svo og annarra sértækra úrræða. Þjónusta þessi sem nú er á vegum fylkiskommúnanna færist til fimm svæða undir stjórn einnar ríkisstofnunar sem heyrir undir barna- og fjölskylduráðuneytið. Helstu markmið með þessari breytingu í Noregi er að tryggja betri faglega vinnslu og fjárhagslega stjórn á barnaverndarmálum, að tryggja jafnræði barna og unglinga sem þurfa á þjónustunni að halda óháð því hvar í landinu þau búa, þróa betri samvinnu milli sveitarfélaga í barnaverndarmálum, að tryggja gæði í öllu vinnsluferli þessara mála og vinna að faglegri framþróun í barnavernd.

Af framangreindu má sjá að verið er að auka miðlæg afskipti af barnaverndarmálum í Noregi. Það er ekki verið að færa barnaverndarstarfið sjálft til ríkisins heldur eingöngu sértæk úrræði og ég get getið þess, hæstv. forseti, að ég hef þegar viðrað það við kollega mína í Noregi að fá að kynna mér sérstaklega þessar breytingar sem frændur okkar þar eru að gera.

Í Bretlandi er til athugunar hvort stíga eigi það skref að aðskilja þyngstu barnaverndarmálin frá öðrum barnaverndarmálum og gera erfiðustu málin að málefnum ríkisins, í Danmörku hefur verið lögð fram tillaga í þinginu um þetta efni einnig og þessu mun svipað farið í Bandaríkjunum. Raunar tel ég að ég viti það rétt að þar eru öll barnaverndarmál á vegum ríkis og fylkja en ekki sveitarfélaga. Það er því óhætt að segja, að í þeim heimshluta sem við horfum til, Íslendingar, er þróunin sú að aðgreina hin venjulegu barnaverndarmál sem unnin eru í samvinnu við foreldra frá þungu málunum þar sem beita þarf þvingunarúrræðum. Þetta er nokkuð sem ég tel rétt að vekja athygli á og eiga umræðu um.

[15:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn sem kom hér fram um barnaverndarlögin og þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vildi aðeins koma því inn í umræðuna að það er aðeins rúmt ár síðan núverandi barnaverndarlög tóku gildi. Ég held að það sé full ástæða til þess að láta reyna á þau úrræði sem þar var breytt til þess að fást við þessi mikilvægu málefni vegna þess að barnaverndarlög og umfjöllun um þau er auðvitað alltaf afskaplega viðkvæm.

Eitt af því sem breytt var í síðustu barnaverndarlögum var að stækka svæði það sem hver barnaverndarnefnd hefði, þ.e. að á bak við hverja barnaverndarnefnd yrðu að lágmarki 1.500 íbúar. Markmiðið með því var að það yrðu fleiri úrræði fyrir barnaverndarnefndir til þess að leita til sérfræðinga en Barnaverndarstofa yrði síðan til þess að leiðbeina nefndunum. Og ég held, hæstv. forseti að á þetta þurfi að reyna.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Það er afar mikilvægt að hafa í huga að þessu var breytt. Núna fara öll þyngstu málin fyrir dómstólana. Það er búið að taka úrskurðarvaldið frá barnaverndarnefndum. Og það er mjög mikilvægt ef skipa á nýja nefnd eða eitthvað slíkt að fara að vinna í þessu. Ég hef alla tíð sagt að þetta eigi að vera eins og með barnalögin. Þar er sifjalaganefnd starfandi allan ársins hring með þau mál. Það á að vera eins með svona stór barnaverndarlög. Það væri því mjög gott ef hæstv. ráðherra kæmi með slíka breytingu, þannig hefðum við alltaf þetta teymi sérfræðinga sem kannaði líka framkvæmd löggjafarinnar og þá galla sem eru á henni þannig að hægt væri að koma með breytingar á henni.

Ég vil líka aðeins nefna af því að ég þekki afar vel til í Noregi, þar er auðvitað mjög margt í bígerð, ekki hvað síst þá umræðu að barnaverndarlögin í Noregi standa ekki með börnum. Þau standa fyrst og fremst með foreldrum og kynforeldrum gegn fósturforeldrum þannig að það er umræða sem er á fljúgandi fart í Noregi.

Það er líka annað í sambandi við þau lönd sem hæstv. ráðherra nefnir hér að þar er einu stjórnsýslustiginu fleira. Það eru fylkin. Hér erum við bara með sveitarfélög og ríki og það er allt annað þegar þetta er svæðabundið og menn geta unnið með mál þannig. Þess vegna er mjög erfitt að ímynda sér í því stjórnskipulagi sem við höfum að við getum í rauninni flutt slíka hluti yfir til ríkisins. Það verður mjög erfitt að vinna það faglega. Öll fagþekkingin er í rauninni líka á sveitarstjórnarstiginu. En, eins og ég segi, réttaröryggið þurfum við að tryggja, við gerðum það í þessum barnaverndarlögum. Ég skora á hæstv. ráðherra að skipa nefnd sem er jafnstæð sifjalaganefnd sem skoðar barnaverndarlögin jafnóðum og kemur með breytingartillögur til þingsins og heim í hérað, líka varðandi verklagsreglur.

[15:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem ég tel mikilvæga. Það er rétt að það er stutt síðan við breyttum þessum lögum. En hef ég lýst þeirri skoðun minni að það kunni að vera nokkrum vafa undirorpið hvort upptökusvæði barnaverndarnefndanna sé nægilega stórt þrátt fyrir að um 1.500 manna íbúasvæði sé að ræða og erfiðustu barnaverndarmál sem upp koma kalla á mikla faglega þekkingu, eins og við vitum, og þetta eru sennilega viðkvæmustu mál sem við eigum við á hverjum tíma.

Ég mun að sjálfsögðu taka áskorun hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur til alvarlegrar athugunar og lýsi því hér yfir, hæstv. forseti, að mér þætti vænt um að geta sótt í hennar mikla reynslubrunn þegar að því kemur.

Málefni geðsjúkra.

Fsp. ÞBack, 288. mál. — Þskj. 333.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Frú forseti. Fyrir skömmu voru lagðar fram tvær fyrirspurnir um málefni geðsjúkra. Sú sem fyrr kom fram var frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur sem bar fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um úrræði fyrir alvarlega veika geðsjúka einstaklinga og hvað liði áformum um öryggisdeild fyrir geðsjúklinga. Í fyrirspurn hv. þm. kom fram og mátti skilja svo hér í umræðunum að hv. þm. væri að tala um öryggisdeild fyrir sakhæfa einstaklinga og var þá að vísa til uppbyggingar að Sogni sem í dag hýsir bæði ósakhæfa og sakhæfa geðveika einstaklinga. Ég tel að það sé ástæða til að spyrja þeirra spurninga sem koma fram í fyrirspurn minni:

1. Hvað líður áformum um færanlegt teymi fagfólks til að sinna geðsjúkum?

2. Hvað líður áformum um lokaða geðdeild fyrir erfiðustu sjúklingana?

Það er alveg ljóst að sökum orðanotkunar eða hvernig við skilgreinum geðdeild sem lokaða, öryggisdeild eða réttargeðdeild, þá erum við hugsanlega að nota þessi orð stundum fyrir þjónustu við sömu einstaklingana eða hugsanlega líka yfir mismunandi hópa. Ég tel að fyrirspurn minni sé í raun og veru svarað í fjárlagafrv. sem við höfum verið að fjalla um í dag því að það er alveg ljóst að það er búið að samþykkja að verja skuli 11 millj. kr. til færanlegs fagteymis fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga á árinu 2004, það eru 10 millj. á þessu ári, og það sé áætlað að setja 64 millj. í lokaða deild fyrir alvarlega geðsjúka sem þurfa mikla gæslu. En það kemur líka fram í frv. að þetta sé fyrir sakhæfa geðsjúka einstaklinga. Því vil ég bera fram þá spurningu og óska eftir því að hæstv. ráðherra skilgreini það betur, hvaða sjúklingar eru það sem Landspítala – háskólasjúkrahúsi er ætlað að þjónusta í Arnarholti? Eru það sakhæfir einstaklingar sem hafa leiðst út í afbrot eða á að byggja þarna upp deild fyrir þá sem eru núna á götunni alvarlega veikir en hafa ekki komist í kast við lögin?

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Eins og fram kemur hjá fyrirspyrjanda er ekki langt síðan ég svaraði svipuðum fyrirspurnum frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Annars vegar spyr hv. þm. um færanlegt teymi fagfólks til að sinna geðsjúkum og hins vegar um áform um lokaða geðdeild fyrir erfiðustu sjúklingana.

Innan skamms munu hefjast störf færanlegs teymis fagfólks til að sinna geðsjúkum. Fagteymið mun byggja á samstarfi við heilsugæsluna í Reykjavík og geðdeildir. Því er ætlað að sinna geðhjúkrun þeirra sem dvalist hafa á geðdeild og styðja við þá þannig að þeir geti dvalið sem lengst utan geðdeildar. Ég hef miklar væntingar til þess að hér geti verið um mikla framför að ræða í þjónustu við þennan hóp.

Sem kunnugt er skipaði ríkisstjórnin nefnd þriggja ráðuneyta í lok síðasta árs sem var ætlað að koma með tillögur um úrræði fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga. Nefndin skilaði tillögum á vormánuðum. Ein af aðaltillögum nefndarinnar var að komið yrði á laggirnar geðdeild sem teldist millistig á milli hefðbundinnar geðdeildar og réttargeðdeildarinnar á Sogni til að mæta brýnni þörf á vistunarúrræðum fyrir tiltölulega fámennan hóp einstaklinga sem haldnir væru geðsjúkdómum sem erfitt væri að meðhöndla og teldust jafnvel hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Ríkisstjórnin féllst á þessa tillögu nefndarinnar. Liggja því nú í fjárlagatillögum beiðnir um fé fyrir slíka stofnun. Ég hef nýlega falið Landspítala – háskólasjúkrahúsi að hrinda í framkvæmd þessum þætti tillagnanna og á von á að mér berist tillögur frá Landspítalanum um það fyrir lok þessa árs.

Það er einnig von mín að samhliða opnun slíkrar deildar, ég vinn að því, verði sett á laggirnar annað teymi fagfólks samkvæmt tillögum áðurnefndrar nefndar sem virkjuð yrði sem þverfaglegur hópur sérfræðinga frá hinum ýmsu þjónustukerfum sem gætu brugðist heildstætt við alvarlegum bráðavanda alvarlega geðsjúkra einstaklinga. Það er annað teymi en ég hef áður nefnt sem mundi starfa við mun afmarkaðri verkefni.

Eins og ég hef áður getið um liggja fyrir í fjárlagafrv. tillögur um fjárveitingar til lokaðrar deildar af þessu tagi. Bind ég vonir við að undirbúningi verði lokið á síðari hluta næsta árs og deildin geti þá tekið til starfa.

Herra forseti. Ég vona að þetta svari spurningum hv. þm.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Frú forseti. Þetta svarar fyrirspurninni og henni var að hluta svarað í fjárlagagerðinni. Það er ánægjulegt að heyra hve mikinn skilning hæstv. ráðherra sýnir þessum málaflokki og að uppi séu hugmyndir um að bæta enn frekar þjónustuna og koma á nýju teymi sem mér skilst að geti verið svipað því sem sett hefur verið á laggirnar til að sinna alvarlega sjúkum börnum. Þessi þverfaglegu teymi taka á afmörkuðum verkefnum. Ég tel að það sé til góðs.

Frú forseti. Ég vil leggja til að farið verði ofan í skilgreiningar á hugtökum svo að hugtökin sem slík rugli ekki verkaskiptingu á milli Sogns og þessarar lokuðu deildar. Það er oft stutt bil á milli þess að vera sakhæfur og ósakhæfur. Það er t.d. hægt að vera ósakhæfur tímabundið. Það er ekki hrein lína þarna á milli en ég tel rétt að Sogn flokkist sem réttargeðdeild og sé þá fyrir þá einstaklinga sem eru geðveikir og hafa brotið lögin hvort heldur þeir eru sakhæfir eða ósakhæfir. Það þarf að vera alveg ljóst á hvorum staðnum þeir eiga að fá þjónustu. Eins er spurning hvort við köllum hitt lokaða deild eða öryggisdeild. Öryggisdeild er trúlega mildara hugtak. En réttargeðdeildina tel ég að við ættum að hafa á Sogni og er nauðsynlegt að auka þjónustu þar á þeim forsendum.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Við munum skoða það í heilbrrn. hvort þörf er á að fara í skilgreiningar á hlutverki geðdeildanna, ekki síst er þar bætist inn eitt millistig. Þessi deild hefur verið kölluð öryggisgeðdeild. Hún er, eins og ég sagði í fyrra svari mínu, fyrir fólk sem er hættulega veikt, hættulegt sjálfum sér og öðrum. Þetta fólk þarf hins vegar ekki að hafa framið afbrot. Þess vegna er þetta flókið mál og þarf samstarf fleiri aðila til að loka þetta fólk inni á stofnunum eða öryggisgeðdeild. Það er þörf á samstarfi fleiri aðila varðandi þetta. Þess vegna vinn ég að því að fá einnig sett upp teymi til að vinna í tengslum við þessa deild þegar hún verður opnuð. Það er flókið mál að taka úr umferð mann sem talinn er hættulegur sjálfum sér og öðrum en sá maður þarf ekki endilega að hafa brotið af sér eða vera undir dómi.

Ég vona að þessum málum miði fram. Hvað varðar heilsugæsluteymið þá verður auglýst eftir fólki um helgina til að starfa í því. Síðan mun það taka til starfa.

Meðlagsgreiðslur vegna barna erlendis.

Fsp. ÁRJ, 318. mál. — Þskj. 367.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt meðlag til íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis ef meðlagsgreiðandi er búsettur á Íslandi. Um síðustu mánaðamót, 1. nóvember, varð breyting á þessu þegar ný barnalög tóku gildi. Þá hætti stofnunin að greiða meðlögin til útlanda. Þann 7. október sl. var sent út bréf um þetta efni til þeirra foreldra sem áttu von á meðlagsgreiðslum. Bréfin voru að berast fram eftir októbermánuði um að meðlagsgreiðslan kæmi ekki um mánaðamótin. Sömuleiðis kom fram á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins þann 15. október frétt um þetta efni.

Það tekur nokkurn tíma að koma á greiðslum að nýju og er mjög mismunandi eftir löndum hvernig þessu er háttað. Foreldrar íslensku barnanna erlendis þurftu að fá meðlagsúrskurð sendan og sækja síðan um greiðslur, sums staðar frá sveitarfélögum og annars staðar frá öðrum stofnunum, t.d. í Finnlandi. Í löndum sem við erum ekki með gagnkvæma samninga við þurftu foreldrarnir að leita réttar síns. Það var greinilega farið allt of seint af stað með þetta mál sem hefur haft það í för með sér að mörg hundruð börn, ef mínar upplýsingar eru réttar, fengu ekki framfærslu sl. mánaðamót frá meðlagsskyldu foreldri og fá e.t.v. ekki þá greiðslu um næstu mánaðarmót. Ég verð að segja að það munar um þessar upphæðir þó að þær séu ekki háar.

Ég veit einnig um að ekki fékkst bréf á Norðurlandamáli frá Tryggingastofnun ríkisins fyrr en í byrjun nóvember, nokkru eftir að greiðsla hefði átt að berast, þ.e. bréf sem óskaði eftir greiðslum frá viðkomandi landi. Þessi aðgerð hefði af hálfu Tryggingastofnun þurft að fara af stað miklu fyrr.

Sum nágrannalönd okkar greiða hins vegar mun lægri upphæð en þær 15.500 kr. sem meðlagið er nú ef meðlagsgreiðandi er ekki í skilum. Þetta hefur valdið verulegu óhagræði og fjárhagslegum óþægindum hjá viðkomandi barnafólki erlendis. Á vef Tryggingastofnunar ríkisins eru fínar upplýsingar og leiðbeiningar til foreldra sem ekki fá meðlag um hvernig þeir eigi að bera sig að. En þær upplýsingar eru allt of seint á ferðinni. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni bregðast eitthvað frekar við því ástandi sem ríkir eftir að þessi staða er komin upp. Veit hann t.d. hversu mörg börn er um að ræða og hversu marga foreldra?

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Alþingi samþykkti ný barnalög vorið 2003 og tóku þau gildi 1. nóvember 2003. Barnalögin breyttu ákvæðum er vörðuðu milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins um meðlagsgreiðslur. Breytingin hafði í för með sér að réttur til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins var bundinn við búsetu í stað þess að vera bundinn rétthafa sem átti framfærslurétt hér á landi.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að fara að lögum og í samræmi við það tilkynnti stofnunin viðskiptavinum sínum og erlendum tengistofnunum um lagabreytinguna og að hún hefði í för með sér breytta framkvæmd. Hefur stofnunin í samræmi við barnalög hætt að greiða meðlag nema rétthafi meðlags sé búsettur hér á landi. Þetta þýðir að Tryggingastofnun ríkisins sér ekki um greiðslur meðlags til hóps foreldra sem býr erlendis. Þess má geta að foreldrar sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eiga rétt á milligöngu tryggingastofnana í þessum löndum um greiðslu meðlags samkvæmt Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð. Aðrir foreldrar búsettir erlendis geta í einhverjum tilfellum leitað eftir milligöngu stofnana um greiðslu eða leitað beint til framfærsluskylds foreldris.

Undanfarna mánuði hefur heilbr.- og trmrn., í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins, verið að kanna, í kjölfar endurskoðunar á Norðurlandasamningi um almannatryggingar og nýrra dóma hjá dómstól Evrópusambandsins, hvort ástæða sé til að breyta ákvæðum laga um almannatryggingar er snerta meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar. Nokkrir dómar hafa fallið hjá Evrópusambandsdómstólnum þar sem meðlag er talið til bóta í skilningi reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar. Hér á landi hefur meðlag ekki verið talið til bóta í skilningi almannatryggingalaga heldur er eingöngu um að ræða milligöngu Tryggingastofnunar um greiðslu meðlags.

Framangreindri könnun ráðuneytisins og Tryggingastofnunar ríkisins var ólokið þegar barnalögunum var breytt og kom það starfsmönnum ráðuneytisins að óvörum. Frv. til barnalaga hafði ekki verið sent ráðuneytinu til umsagnar á neinu stigi. Það hefði verið æskilegt að fá umsögn ráðuneytisins þannig að unnt hefði verið að kanna hverjar afleiðingar það hefði í för með sér fyrir foreldra íslenskra barna erlendis að breyta lögum.

Herra forseti. Ég hefði talið að betra hefði verið að bíða með breytingar á barnalögum í þessu efni þar til athugun heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnunar ríkisins væri lokið. En þar sem breytingin er orðin að lögum og hefur verið hrint í framkvæmd hef ég ákveðið að setja á fót vinnuhóp heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnunar ríkisins til að fara yfir lög og reglugerðir og alþjóðasamninga sem snerta meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar. Ég vænti þess að hópurinn vinni hratt og skili tillögum sem fyrst.

Varðandi síðari spurningu hv. fyrirspyrjanda, sem var ekki bókuð eða hér á blaði þá hef ég ekki þær upplýsingar en ég get aflað þeirra.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir þessi svör. Ég get tekið undir það með honum að ég tel rétt að auðvitað hefði átt að bíða með þessa lagasetningu úr því að staðan var þessi. Ég verð að segja að það hefur verið greinileg handvömm af þinginu að senda ekki málið til umsagnar til heilbrrn.

Það verður að segjast eins og er að upp er komin mjög erfið staða hjá mörgum foreldrum. Ég reyndi að kanna hjá Tryggingastofnun ríkisins hversu margir þetta væru. Ekki voru til upplýsingar um það þar hversu margir þetta eru, en þetta eru mörg hundruð manns því að vitað er að a.m.k. yfir 400 voru að fá þessi bréf. Sjálfsagt eru þetta enn fleiri. Vissulega er erfið staða uppi hjá mörgum foreldrum. Þeir þurfa að fara að leita til viðkomandi tryggingastofnana þar

sem þeir geta fengið milligöngu á Norðurlöndunum. Annars staðar þurfa þeir jafnvel að leita til meðlagsgreiðenda til þess að fá greiðslurnar beint sem er oft erfitt fyrir foreldra. Síðan eru það náttúrlega þessi atvik sem ég nefndi áðan þar sem á Norðurlöndunum er greitt lægra gjald heldur en meðlagið er vegna þess að viðkomandi foreldri er ekki í skilum við Innheimtustofnun. Ég fagna því að hæstv. ráðherra er að setja á laggirnar þennan hóp til að vinna í þessum málum. En ég spyr: Mun hann gera eitthvað til þess að auðvelda foreldrum að fá þessar greiðslur? Samkvæmt upplýsingum mínum gætu liðið nokkrir mánuðir þangað til þessir foreldrar fá greiðslur. Það fer eftir þeirri stöðu sem uppi er í hverju landi. Þeir fá jafnvel mun lægri greiðslur en þeir hafa fengið hingað til ef foreldrið sem er hér heima stendur ekki í skilum. Ég spyr því hæstv. ráðherra aftur um leið og ég þakka honum fyrir svörin: Mun hann gera eitthvað, t.d. að hafa samband við tryggingastofnunina sem við erum í samskiptum við til að flýta þessu ferli eða létta réttindaleit þessara foreldra?

[15:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég endurtek að ég tel nauðsynlegt að vinna hratt í þessu máli sem er í sjálfu sér ekki einfalt. Uppi er sú einkennilega staða að þarna erum við að bregðast við lagasetningu sem við höfum ekki haft neinar umsagnir um á sínum tíma. Hitt er auðvitað rétt að þetta getur valdið erfiðleikum. Þessi lög eru í gildi núna og það er ekki annað fyrir Tryggingastofnun að gera en það sem við höfum lagt fyrir, þ.e. að fólk sé upplýst sem best um rétt sinn í þessum efnum, þetta sé kynnt og reynt sé að aðstoða fólk eftir föngum í þessu efni, að ná þessum meðlagsgreiðslum. Ég vona, eins og ég segi, að þessi starfshópur skili af sér fljótt og við getum þá metið til hvaða aðgerða er mögulegt að grípa í framhaldinu.

Örorkubætur og fæðingarstyrkur.

Fsp. ÁRJ, 319. mál. — Þskj. 368.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um það hvort hann telji eðlilegt að fæðingarstyrkur skerði örorkubætur. Ef hann telur það eðlilegt, hvernig rökstyður hann þá afstöðu?

Ef öryrki verður barnshafandi og eignast síðan barn þá á hann rétt á fæðingarstyrk sem er lægri greiðslan í fæðingarorlofsgreiðslum. En lægri fæðingarstyrkurinn er um 39 þús. kr. í dag. Það er það sama og heimavinnandi foreldri á rétt á eða þeir sem ekki eru á vinnumarkaði.

Litið er á fæðingarstyrkinn sem tekjur í almannatryggingunum og þær skerða bætur öryrkjans. Í almannatryggingunum eru allir bótaflokkar í raun tekjur öryrkja en þeir skerða þó almennt ekki hverjir aðra. Það getur farið eftir aðstæðum hvers og eins hvaða bótaflokk hann fær. Ef einhver býr einn þá getur hann átt rétt á heimilisuppbót. Ef hann flytur inn til fleiri þá missir hann hana o.s.frv. En varðandi öryrkjann sem fær fæðingarstyrkinn þá byrjar fæðingarstyrkurinn að skerða þannig að ef t.d. öryrki með 74 þús. kr. á mánuði á rétt á 39 þús. kr. fæðingarstyrk í sex mánuði, þá kemur þessi styrkur til með að skerða bætur hans, þessar 74 þús. kr., í 12 mánuði um 45% og í því tilfelli sem ég nefni skerðist tekjutryggingaraukinn í heilt ár.

Þar sem örorkubæturnar eru nú tiltölulega lágar og fæðingarstyrkurinn er greiðsla vegna kostnaðar við að eignast barn og alls þess tilkostnaðar sem það hefur í för með sér þá hefur mér fundist mjög óréttlátt að þessar lágu greiðslur skuli skerðast við þennan lága styrk sem reyndar er reglan eins og hún er í dag. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji eðlilegt að þessar bætur skerði, þ.e. að fæðingarstyrkurinn skerði örorkulífeyrinn því að öryrkinn á ekki rétt á neinum öðrum greiðslum og þetta eru náttúrlega mjög lágar upphæðir til framfærslu sem og ég nefndi, 74 þús. kr., fyrir öryrkja.

Ég óska eftir svörum hæstv. ráðherra og mun koma frekar inn í rökstuðninginn á eftir.

[15:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um hvort ráðherra finnist eðlilegt að fæðingarstyrkur skerði örorkubætur og ef svo er, hvernig hann rökstyðji þá afstöðu.

Virðulegi forseti. Spurningin getur annars vegar lotið að því að fæðingarstyrkur telst tekjur í skilningi 10. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og leiði þar af leiðandi til skerðingar á örorkulífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Hins vegar getur spurningin lotið að því að foreldri sem fær örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins á ekki rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þar sem um er að ræða ósamrýmanleg réttindi samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Ekki er ljóst af spurningu hv. þm. hvort atriðið er átt við en í fyrra tilvikinu er um að ræða skilgreiningu á því hvað teljist tekjur sem skerði örorkulífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í 10. gr. almannatryggingalaga er tekið fram hvaða tekjur skuli skerða örorkulífeyri og tekjutryggingu og jafnframt taldar upp undantekningar frá því. Það sem ekki telst tekjur sem leiða til skerðingar á örorkulífeyri eru bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við um almannatryggingar. Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljast ekki tekjur þegar um er að ræða örorkulífeyri en þær teljast tekjur við útreikning á tekjutryggingu. Samkvæmt þessu teljast greiðslur samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof tekjur sem geta leitt til skerðingar á örorkulífeyri og tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins. Má vera að svo ætti ekki að vera að því er varðar fæðingarstyrkinn þar sem hann er greiddur foreldrum sem eru utan vinnumarkaðar eða í námi. Mun ég taka það til frekari skoðunar.

Herra forseti. Ef spurning hv. þm. lýtur að síðara atriðinu sem ég nefndi í upphafi þá kveður 33. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof á um að lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi séu ósamrýmanleg réttindi. Ákvæðið er í samræmi við þá meginreglu laga um almannatryggingar að enginn geti samtímis notið nema einnar tegundar bóta greiddra frá Tryggingastofnun ríkisins. Nokkrar undantekningar er að finna á þessari meginreglu en þær eru taldar sérstaklega upp í lögunum.

Ég tel ekki óeðlilegt að meginregla almannatryggingalaga sé látin gilda í þessu samhengi.

[15:55]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Sú fyrirspurn sem hér er verið að ræða fjallar um hvað skuli teljast til tekna. Fæðingarstyrkur og fæðingarorlof er hugsað sem tekjutrygging fyrir þann sem fer í fæðingarorlof og kemur þar af leiðandi í stað tekna. Þess vegna er ósköp eðlilegt að þær skerði örorkustyrkinn og örorkubætur eins og aðrar tekjur sem maðurinn hefur.

Mér hefur alltaf þótt undarlegt hve margar bætur frá Tryggingastofnun skerða ekki örorkustyrkinn eða örorkubæturnar. Ég vildi gjarnan að menn skoðuðu það af hverju tekjur sem menn hafa vegna vinnu sinnar, þegar þeir eru að skúra, afgreiða í verslun eða eitthvað slíkt, skerða en ekki aðrar tekjur, t.d. bætur, sem menn hafa.

Síðan er það atriði sem þarf að koma fram, þ.e. að flestir eru með örorkulífeyri frá lífeyrissjóði og hann skerðist að sjálfsögðu ekki.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og fagna því að hann ætlar að skoða þetta mál sérstaklega. Samkvæmt lögum er fæðingarstyrkurinn tekjur. En það sem ég er að spyrja hæstv. ráðherra um er hvort hann telji það eðlilegt vegna þess að þetta eru greiðslur vegna breyttra aðstæðna tímabundið, alveg eins og ákveðnir bótaflokkar innan almannatrygginganna til öryrkjans, t.d. það að hann býr einn og það er dýrara o.s.frv.

Eitt af því sem við höfum oft rætt á þingi er heimilisuppbótin sem féll niður ef öryrki eignaðist barn. Eftir að hafa tekið þetta mál mörgum sinnum upp á þingi endaði með því að við breyttum þessu. Þessu var breytt í lögunum. Það var alveg fullkomlega eðlilegt. Ég held að þetta sé eitt af því sem við þurfum líka að skoða með það fyrir augum að breyta þessum reglum vegna þess að ég tel ekki eðlilegt þegar greiðslur eru svona lágar að fæðingarstyrkurinn, sem er innan við 40 þús. kr. og greiddur öryrkjanum bara tímabundið þegar barn fæðist, sé látinn skerða lágar örorkugreiðslur öryrkjans.

Vegna athugasemdar hv. 3. þm. Reykv. s. þá vorum við ekki að tala um örorkustyrk heldur vorum við að tala um örorkulífeyri sem er annað mál. Ég veit náttúrlega hver afstaða hans er í þessu máli en ég verð að segja að þetta er mjög nöturlegt gagnvart öryrkjum, sérstaklega í ljósi þess að menn eru tilbúnir til og greiða mjög háar greiðslur þeim sem fara í fæðingarorlof og eru á háum launum. Þar eru mjög háar greiðslur. En þarna er verið að skerða mjög lága framfærslu með þessum litla styrk þannig að ég bara fagna því að hæstv. ráðherra ætli að skoða þetta mál og treysti því að hann breyti þessu óréttláta skerðingarákvæði.

[15:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom þá mun ég skoða tiltekin atriði þessa máls að því er varðar fæðingarstyrk þar sem hann er greiddur foreldrum sem eru utan vinnumarkaðar eða í námi. En varðandi þessi mál almennt þá þarfnast almannatryggingalögin vissulega endurskoðunar. Eins og oft hefur komið fram í umræðum um það þá er það mikið verk. Við erum að velta fyrir okkur hvernig við stöndum að því en meðan ekki hefur verið hrundið af stað enn einu sinni allsherjarendurskoðun þá getur verið ástæða til þess að taka afmörkuð svið eða afmörkuð atriði fyrir eins og ég hef rætt um í svari mínu við fyrirspurn hv. þm.

Ég þakka fyrir þessa umræðu og endurtek að við munum skoða þessi tilteknu atriði.

[Fundarhlé. — 16:01]

[18:01]

Útbýting þingskjals:

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 90. mál, brtt. ÁI, þskj. 465.

Sala á hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka.

Fsp. JBjarn, 315. mál. — Þskj. 361.

[18:02]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningum mínum til hæstv. viðskrh. varðandi uppgjör á sölu á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum.

Íslenskur almenningur hefur fylgst agndofa með þróun á bankamarkaði síðan ríkisbankarnir voru einkavæddir og seldir um síðustu áramót. Eins og þingmönnum er kunnugt hefur mikil umræða í þjóðfélaginu verið um stöðuna á bankamarkaðnum, fólki blöskra háir vextir og há þjónustugjöld en á sama tíma gríðarlegur hagnaður bankanna. Í rökstuðningi forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar á sínum tíma átti einkavæðing og sala bankanna að skila sér beint til neytenda en ekki sést að það hafi orðið. Ofan á þetta hafa svo bæst gríðarlegar tekjur eða gríðarleg fjármunataka forsvarsmanna bankanna í sinn eigin hlut út úr bankanum sjálfum.

Í umræðum um bankana að undanförnu hefur hins vegar ekki verið mikið talað um endanlegt söluverð á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Mig minnir að á gamlársdag 2002 hafi verið undirritaður samningur við Samson-eignarhaldsfélagið um kaup á tæplega helmings hlutdeild ríkisins í Landsbanka Íslands. Kaupverðið átti að hafa verið eitthvað í kringum 12,3 milljarðar og var því hver hlutur seldur á genginu 3,1 eða þar um bil. Til upplýsingar eru hlutir í bankanum í dag verðlagðir á 5,8. Við undirritun samnings um kaup á Landsbankanum var síðan settur ákveðinn fyrirvari um að kaupin yrðu endurskoðuð síðar með tilliti til afskrifta bankans og afkomu á árinu. Mögulegt væri að Samson fengi síðan 700 millj. kr. afslátt, eða það var látið í veðri vaka, vegna þessa.

Það er mjög erfitt að henda reiður á hverjir hinir eiginlegu söluskilmálar bankanna voru. Það eitt sem við fylgjumst nú með er að þegar uppgjör viðskiptabankanna þriggja fyrir fyrstu níu mánuði ársins liggja fyrir nemur hagnaður bankanna eftir skatta 11,7 milljörðum kr., 5 milljörðum hjá Kaupþingi Búnaðarbanka, 4,1 milljarði hjá Íslandsbanka og 2,6 milljörðum hjá Landsbanka. Þessu til viðbótar voru hátt í 8 milljarðar kr. gjaldfærðir á afskriftareikning útlána hjá bönkunum sem þýðir að hagnaðurinn fyrir framlag á afskriftareikning var um 20 milljarðar kr. Ef svo heldur fram sem horfir verður hagnaðurinn á þessu ári 25 milljarðar kr. Er það furða þó að við spyrjum, virðulegi forseti: Hefur verið gengið frá endanlegu söluverði á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum? Ef svo er, hvert var söluandvirði hvors banka um sig og hefur það verið greitt

að fullu? Hvernig hefur verðmæti bankanna breyst frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2003 og einnig við undirskrift kaupsamninga bæði hvað varðar breytingar á gengi íslensku krónunnar og breytingar á mati bankanna? Hefur mikill gróði bankanna á þessu ári áhrif til hækkunar endanlegs söluandvirðis þeirra, virðulegi forseti?

[18:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt fyrir mig eftirfarandi spurningar:

Hefur verið gengið frá endanlegu söluverði á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum? Ef svo er, hvert var söluandvirði hvors banka um sig og hefur það verið greitt að fullu?

Svarið er svohljóðandi: Já, það hefur verið gengið endanlega frá söluverði bankanna. Söluverð Landsbankans vegna sölu til Samsonar, sem var 45,8% hlutur, var 139 millj. dollara, þ.e. um 12,3 milljarðar kr. miðað við gengi dollarans þegar gengið var frá samkomulaginu um kaupin. Síðan hefur krónan styrkst gagnvart dollar. Það kemur hins vegar ekki að sök því að fjárhæðin er að fullu nýtt til að greiða niður erlend lán. Í samræmi við kaupsamninginn hafa sérstakir trúnaðarendurskoðendur farið yfir ólíkt mat samningsaðila á afskriftaþörf Landsbankans. Niðurstaðan af því mati er að lækka skuli kaupverð bankans um 700 millj. kr. í samræmi við kaupsamninginn. Söluverð Búnaðarbankans var bæði í dollurum og krónum, alls um 11,9 milljarðar kr. miðað við gengi dollarans þegar gengið var frá samkomulagi um kaupin. Lokagreiðslur vegna sölu Landsbanka og Búnaðarbanka munu fara fram í desember.

Næsta spurning var: Hvernig hefur verðmæti bankanna breyst frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2003 og einnig við undirskrift kaupsamninga bæði hvað varðar breytingar á gengi íslensku krónunnar og breytingar á mati bankanna?

Svar: Breytingar hafa verið miklar á gengi bankanna í Kauphöll eins og flestra skráðra fyrirtækja. Ekki voru miklar breytingar á árinu 2001 og 2002 en á þessu ári hefur virði bankanna í Kauphöllinni aukist verulega. Þannig hefur virði bæði Landsbankans og Kaupþings Búnaðarbanka hækkað um um það bil 60% frá áramótum. Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 50% á sama tíma.

Síðasta spurningin var: Hefur mikill gróði bankanna á þessu ári áhrif til hækkunar endanlegs söluandvirðis þeirra?

Svar: Nei. Sala bankanna var metin út frá þeim upplýsingum sem fyrir lágu þegar samningarnir voru gerðir. Síðari tíma aðstæður geta engin áhrif haft þar á.

[18:08]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Það er varla hægt annað en að koma í ræðustól og lýsa undrun á því að 700 millj. kr. afsláttur skuli hafa verið veittur á sölu Landsbankans þrátt fyrir að upplýst sé að bankinn hafi hagnast um nær því helming af kaupverðinu á þessu ári, eftir skatta og eftir afskriftir. Ég held að viðskiptavinir bankans séu fyrir löngu búnir að greiða upp töpin og það er nöturlegt að horfa upp á það hvernig þetta mál hefur allt saman æxlast.

Það var haft á orði að það hefði verið í fyrsta sinn það árið, á gamlársdag í fyrra, sem hæstv. viðskrh. brosti og það var þegar gengið var frá bankasölunni. Ég held að það bros sé nú löngu stirðnað, a.m.k. hjá þjóðinni.

[18:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvort hún sé sátt við þá stöðu mála sem orðin er. Það hefur komið í ljós að þeir fjármunir sem fengust fyrir Landsbankann eru miklu minni en um var samið. Gengisáhættan hefur komið mönnum í koll og það þýðir ekkert að halda því fram að menn hafi ekki tapað á henni þó að menn hafi ákveðið að greiða niður skuldir. Ef þetta hefði verið miðað við gengi á Íslandi væru menn með miklu meiri peninga til að borga þessar skuldir, er það ekki? Þess vegna finnst mér að hæstv. ráðherra ætti kannski svolítið að segja okkur hvernig henni finnst til hafa tekist. Mér sýnist að bankarnir séu miklu meira virði en ríkisstjórnin taldi að þeir væru.

Síðan er það með þessar 700 millj. Mér sýnist að þar hafi menn aldeilis leikið af sér í stöðunni, að taka ábyrgð á áhættu bankans inn í framtíðina og að sú ábyrgð væri með engum hætti tengd afkomu bankans.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég held að okkur öllum og þjóðinni allri blöskri það ráðslag að gefa bankana út úr hendi eins og hér er. Gróði þeirra á þessu ári nemur nærri helmingi af söluverði þeirra. Hvers konar ráðslag er þetta? Þar fyrir utan eru svörin hjá hæstv. ráðherra óljós, hún gefur upp söluverðið í dollurum en afslátturinn er í íslenskum krónum. Ég vil fá bæði samningsverðið og söluverðið í íslenskum krónum á báðum bönkunum, dagsett.

Það er líka annað sem var tengt sölu bankanna. Andvirðið átti að renna til sérstaks átaks vegna atvinnusköpunar, vegagerðar og þess háttar. Sala bankanna var á sínum tíma rökstudd með því að það fjármagn ætti að fara til þess. En núna er það bara reiknað í dollurum og millifærslum erlendis.

Virðulegi forseti. Þessi bankasala er fullkomið hneyksli. Ég er viss um að ef hæstv. ráðherra legði heimilisbókhaldið sitt undir svona ráðslag ætti ráðherrann varla fyrir salti í grautinn á morgun. Ég verð að lýsa því, virðulegi forseti, að bæði eru svörin ófullkomin og þetta ráðslag aldeilis forkastanlegt. Var engin leið, úr því að ekki var búið að borga bankana, að ná einhverju af þessum gríðarlega hagnaði inn? Hæstv. ráðherra sagði að bankarnir væru ekki að fullu greiddir enn, þeir yrðu greiddir í desember. Ég vil fá að vita hve mikið er enn ógreitt af bönkunum og dagsetninguna á því þegar það á allt að vera að fullu greitt.

[18:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er annaðhvort einhver mikill misskilningur hér á ferðinni eða þá að hv. þm. eru í pólitískum leik. Það er ljóst að einhvern tíma þurfa að vera þau skil þegar bankarnir eru seldir. (Gripið fram í.) Eins og allir vita var hins vegar ekki samkomulag á milli seljanda og kaupanda hvað varðaði verðmæti bankans þegar hann var seldur, þegar undirritað var. Það var gerður listi með níu fyrirtækjum. Alls voru það 700 millj. sem ákveðið var að taka út fyrir sviga og síðan voru báðir aðilar sammála um hvernig farið skyldi með málið og að tvö endurskoðunarfyrirtæki ættu síðan á ákveðnum degi að endurmeta stöðu þessara eigna Landsbankans. (Gripið fram í.)

Niðurstaðan varð sú að þeir urðu sammála um að bankinn hefði ekki verið eins mikils virði og álitið var og eins og haldið var fram af eiganda á þessum söludegi. Að sjálfsögðu

vill seljandi ekki selja svikna vöru og það er því ekkert launungarmál að þessar 700 millj. eru frá verðið lækkar um þessa upphæð. Þetta er allt saman uppi á borðinu. (Gripið fram í.) Ég hef sagt það hér úr þessum ræðustóli og segi það enn að þetta voru góð viðskipti, þetta var vel heppnað bæði hvað varðar hlutafélagavæðingu bankanna og eins hvað varðar einkavæðingu. Fyrirtækin hafa hækkað mikið núna að verðmæti eins og önnur fyrirtæki á Íslandi sem skráð eru á markaði og ástæðan er sú að það ríkir bjartsýni á Íslandi vegna þess að ríkisstjórn heldur vel á málum og þá hefur það þær afleiðingar að þau fyrirtæki sem skráð eru á markaði hafa hækkað að verðgildi.

Fundi slitið kl. 18:16.

---

36. FUNDUR

fimmtudaginn 27. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., stjfrv., 90. mál, þskj. 90, nál. 403, 468 og 470, brtt. 465. — 2. umr.
2. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 140. mál, þskj. 140, nál. 411. — 2. umr.
3. Talnagetraunir, stjfrv., 141. mál, þskj. 141, nál. 410. — 2. umr.
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 142. mál, þskj. 142, nál. 409. — 2. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 408. — 2. umr.
6. Málefni aldraðra, stjfrv., 143. mál, þskj. 143, nál. 390. — 2. umr.
7. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 186. mál, þskj. 188. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Einari K. Guðfinnssyni, dags. 26. nóvember:

„Þar sem Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n., er í opinberum erindagerðum erlendis og getur ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í kjördæminu, Ásta Möller, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Ásta Möller hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um kl. 13.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um ofurlaun stjórnenda fyrirtækja. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Ráðgert er að umræðan standi í 45 mínútur.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 90. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 468; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 470.

Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, 294. mál, nál. utanrmn., þskj. 469.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

[10:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér um daginn var mikil umræða um fjölmiðla og miklar áhyggjur hafðar af samþjöppun eignarhalds. Fulltrúar allra flokka lýstu sig samferða í slíkum áhyggjum af því hverju sú þróun gæti valdið um sjálfstæði ritstjórna, um skoðanamyndun í landinu. Þar á meðal voru jafnvel fulltrúar þeirra flokka sem ekki hafa áður lýst sérstökum áhuga á sjálfstæði fjölmiðla eða þröngu eignarhaldi. Sum bættu hér við af okkur þingmönnum að við ættum e.t.v. að byrja í túninu heima, byrja á að tryggja að Ríkisútvarpið, sem er sameiginleg stofnun löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, væri raunverulega sjálfstætt og óháð. Aðrir þingmenn undruðust þetta.

Í Fréttablaðinu í dag er viðtal við Friðrik Pál Jónsson, einn virtasta fréttamann og starfsmann Ríkisútvarpsins, varafréttastjóra fréttastofu útvarps og stjórnanda Spegilsins. Hann segir þetta um skipulagsbreytingar og aðgerðir sem hafa verið til umræðu í útvarpi og nú hefur verið samþykkt að fela tilteknum yfirmönnum í útvarpinu, með leyfi forseta:

„Þessar væntanlegu skipulagsbreytingar má rekja til rógsherferðar útvarpsstjóra sem sett var í hærri gír í útvarpsráði."

Hann segir enn fremur:

„Ég sé það hverjir spila þarna saman. Þetta eru Markús útvarpsstjóri, Gunnlaugur, formaður útvarpsráðs, og síðan er þetta upprunnið að við teljum hjá Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra. Við undrumst mest að fulltrúi Framsóknarflokksins í útvarpsráði skuli taka þátt í þessari rógsherferð," segir Friðrik Páll.

Hann segir enn fremur:

„Annaðhvort munu boðaðar breytingar ekki hafa nein áhrif á vinnu okkar" — þ.e. á Speglinum — „eða að það á

að koma á vísi að ritskoðun þar sem yfirmanni fréttasviðs verður ætlað að vera með puttana í okkar vinnu."

Þetta þurfum við að ræða hér á löggjafarsamkomunni. Framkvæmdarvaldið virðist ekki ætla að gera neitt í þessu og hluti þess ber meira að segja bumbur á sinni heimasíðu sem verða tilefni að þeim aðgerðum sem litið er á sem rógsherferð og vísi að ritskoðun á Ríkisútvarpinu.

Forseti. Þetta er óþolandi og þetta þurfum við að ræða á Alþingi bæði núna og sem fyrst með formlegum hætti.

[10:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Hvað er verið að gera hjá Ríkisútvarpinu í dag? Það sem verið er að gera er það að miðstýra á öllu fréttaefni þrátt fyrir að flestir sem þar starfa séu sammála um að þess þurfi ekki, vegna þess að allir fréttatengdir þættir, þeir sem stjórna slíkum þáttum vinna undir ákveðnum vinnureglum. Hvað er ríkisstjórnin að gera með tillögum sínum í útvarpsráði? Hvað er hæstv. dómsmrh., sem vissulega hefur komið að þessu máli og tjáð sig um það, að leggja til? Er hann að leggja til einsleita fréttamennsku? Má ekki ríkja fjölbreytni í fréttaflutningi á Ríkisútvarpinu? Erum við ekki að búa til betra útvarp með því að hafa það fjölbreyttara frekar en einsleitt og allt sett undir sama hattinn?

Ég vil meina að það sem er að gerast í Ríkisútvarpinu sýni tvískinnung ríkisstjórnarinnar þegar kemur að ritstjórnarlegu sjálfstæði, þar sem menn lýsa yfir miklum áhyggjum og vaða hér upp um það að setja þurfi hið snarasta reglur til að sporna við því, en á sama tíma eru þeir sjálfir að stuðla að aukinni ritskoðun á Ríkisútvarpinu. Og því miður, virðulegi forseti, taka báðir stjórnarflokkarnir þátt í þessari herferð í Ríkisútvarpinu. Einar Páll Tamimi, lektor við Háskólann í Reykjavík, sagði á nýafstöðnu þingi Læknafélags Íslands og BHM um tjáningarfrelsið, með leyfi forseta:

„Músin sem læðist er varasamari en músin sem stekkur. Það eru óbeinar takmarkanir tjáningarfrelsis sem erfiðast er að eiga við og helst þarf að gefa gaum. Illt auga yfirmannsins daginn eftir blaðagreinina. Stöðuhækkanir allra kolleganna — en ekki þín — árið eftir umræðuþættina. Skipulagsbreytingarnar sem gerðu þig óþarfan í kjölfar skýrslunnar."

Virðulegi forseti. Það er vissulega áhyggjuefni fyrir Alþingi sem er að gerast hjá útvarpinu og ég tek undir það að þessa umræðu þarf að taka hér hið snarasta við hæstv. ráðherra sem hafa komið að þessu máli, sem hvorugur er reyndar viðstaddur, hvorugur þeirra er á landinu, hvorki hæstv. menntmrh. né hæstv. dómsmrh. En þetta er vissulega áhyggjuefni og ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að líta í eigin barm áður en hún fer að hafa áhyggjur af frjálsu fjölmiðlunum í landinu.

[10:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég var ein þeirra þingmanna sem í umræðunni á þingi um daginn ræddu um túnið heima, eins og hv. þm. Mörður Árnason gat um í upphafi máls síns. Við þurfum auðvitað að gá að því að varðhundar ríkisstjórnarinnar í útvarpsráði búi ekki til ríkisstjórnarútvarp úr Ríkisútvarpinu. Er þessi samþykkt útvarpsráðs til marks um að slíkt sé nú í gangi? Eru hér í gangi þvingunaraðgerðir til þess að gera fréttaflutning einsleitan, gera fréttaflutning þannig úr garði að hann eigi bara að þjóna ákveðnum eða tilteknum pólitískum sjónarmiðum? Ef svo er, þá er hér um afskaplega hættulegt mál að ræða sem alþingismenn þurfa að sjálfsögðu að koma að.

Ég spyr sjálfa mig: Hvað liggur að baki þeirri samþykkt sem útvarpsráð hefur gert? Hafa starfsreglur Ríkisútvarpsins um fréttaflutning verið brotnar? Það liggur ekki fyrir. Eða hvað þýðir þetta orðalag „að fréttir skuli bornar fram samkvæmt starfsreglum Ríkisútvarpsins um fréttaflutning"? Felur þetta í sér að menn hafi verið að brjóta þessar reglur? Ég fullyrði, virðulegur forseti, sem gamall starfsmaður Ríkisútvarpsins til margra ára, að starfsmenn Ríkisútvarpsins vaka og sofa yfir því að gæta hlutleysis hvern einasta dag. Og ekki nóg með það, þeir gæta að sínu lýðræðislega hlutverki, lýðræðislegu hlutverki miðilsins. Og hvert er það hlutverk lögum samkvæmt? Að sjá til þess að fjölbreytt fréttaflóra ríki í þessum miðli. Og ég fullyrði það við hvern sem heyra vill að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa staðið sig vel í þessum málum. Þeir hafa staðið vörð um lýðræðislegt hlutverk Ríkisútvarpsins svo sómi er að. En það er ekki sómi að þeirri yfirlýsingu eða bókun sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa lagt fram í útvarpsráði og fengið þar samþykkta.

[10:41]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Rifjum það upp að það var hæstv. forsrh. sem í þessum stól, ekki fyrir margt löngu, lýsti áhyggjum sínum af stöðu mála á fjölmiðlamarkaði. Af þeim sökum er þögn hæstv. utanrrh., varaoddvita ríkisstjórnarinnar, og varaformanns Sjálfstfl. í þessari ágripskenndu umræðu afar sérkennileg og eftirtektarverð. Er það svo að viðbrögðum Sjálfstfl., og ríkisstjórnarflokkanna, við meintri þrengri eignaraðild að fjölmiðlum þessa lands eigi að svara með því einu að ritstýra Ríkisútvarpinu og tryggja það að fréttaflutningur á þeim bænum verði ríkisstjórnarflokkunum þóknanlegur af því að hætta leiki á því vegna þess að breytt eignarhald á prentmiðlum og öðrum ljósvakamiðlum sé með þeim hætti að Sjálfstfl. hafi ekki lengur, frú forseti, þau ofurtök á stærstu fjölmiðlum landsins eins og hann hafði um langt langt árabil? Í því ljósi er þessi æpandi þögn oddvita stjórnarflokkanna eftirtektarverð. Er þetta svar ríkisstjórnarinnar gagnvart frelsi á fjölmiðlamarkaði?

[10:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er afar sérkennilegt þegar menn eru sakaðir um að þegja þegar ekki er komin röðin að þeim að fá orðið í ræðustól. Hér er mælendaskrá. Er ekki hv. þm., sem talar um að menn sitji hér og þegi, varaforseti í þinginu? Veit hann ekki hvernig það gengur fyrir sig þegar menn biðja um orðið?

Virðulegi forseti. Þessi umræða er mjög sérkennileg og af litlu tilefni, þykir mér. En menn spara ekki stóru orðin frekar en fyrri daginn. Varðhundar ríkisstjórnarinnar í útvarpsráði. Hverjir eru það? Eru það hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar sem Alþingi kýs til að sitja í útvarsráði? Hvers lags orðbragð er þetta? Og hvað á það að þýða að taka svona til máls í sal Alþingis af engu tilefni? Mér er ekki kunnugt um það að ríkisstjórnin, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði, hafi verið að segja mönnum fyrir verkum í útvarpsráði. Ég þekki það ekki. Ef það er einhver pottur brotinn innan Ríkisútvarpsins, sem vel má vera, þá hygg ég að þeir sem ráða þar ríkjum séu fullfærir um að leysa slík vandamál. En það er mjög athyglisvert að menn skuli sveifla hér orðum eins og ritskoðun, rógsherferð og öðru í viðtali í blaði, sem ég hef

reyndar ekki lesið en heyrði hv. þm., málshefjanda, lesa hér upp. Mér finnst það mjög sérkennilegt ef einn starfsmaður Ríkisútvarpsins telur sig þess umkominn að fara með slík orð í fjölmiðlum út af ágreiningi sem kann að vera uppi innan dyra. Mér finnst það óviðeigandi en það er enn meira óviðeigandi að saka ríkisstjórnina um einhverja aðild eða atbeina að slíku eins og hérna hefur verið gert. Það leyfi ég mér að segja, virðulegi forseti.

[10:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. starfandi menntmrh. Geir H. Haarde segir að hér sé farið upp af litlu tilefni. Er það virkilega svo, virðulegi forseti, að það sé lítið tilefni þegar starfsmönnum Ríkisútvarpsins líður með þeim hætti sem viðkomandi starfsmaður greinir frá í þessu viðtali? Ég vil líka minna á það, virðulegi forseti, að þetta viðtal er ekki að koma upp í einhverju fljótræði eða bræði þessa tiltekna þáttarstjórnanda, heldur kemur það væntanlega til í kjölfar þeirra skipulagsbreytinga sem verið er að gera í útvarpsráði. Breytinga sem gerðar eru í kjölfarið á bréfi sem útvarpsstjóri sendi út um að það væri vinstri slagsíða á þessum umræddu þætti, Speglinum. Og af því að hæstv. fjmrh. talaði mikið um það að verið væri að væna ríkisstjórnina um eitt og annað í þessum efnum, þá er það bara svo, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. hefur tjáð sig ansi fjálglega á sinni heimasíðu og víðar, m.a. talað um að það sé vinstri slagsíða á þessum ... (**Fjmrh.:** Hefur hann ekki málfrelsi?) Hann hefur að sjálfsögðu málfrelsi en þá verður hann líka að standa fyrir orðum sínum og ríkisstjórnin að standa fyrir því sem hún er að gera á þeim vettvangi sem við erum að ræða um hér. Og það er ekkert óeðlilegt í kjölfarið á slíkum skrifum að við tengjum málið beinlínis ríkisstjórninni.

Ég talaði ekki um varðhunda ríkisstjórnarinnar inni í útvarpsráði, ég nefndi aldrei þau orð hér. En auðvitað eru bein tengsl á milli þess sem hæstv. ráðherrar segja annars vegar og hins vegar þess þegar beinlínis í kjölfarið á slíkum ummælum koma skipulagsbreytingar á borð við þær sem nú eru að eiga sér stað í útvarpsráði. Og hæstv. ríkisstjórn getur ekkert vikið sér undan því að taka ábyrgð á því sem þar er að gerast.

[10:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Viðbrögð varaformanns Sjálfstfl. og starfandi hæstv. menntmrh. voru eftirtektarverð við þessari efnislegu umræðu. Hann hafði mest til málanna að leggja að vanda um fyrir þingmönnum vegna orðavals en ekki var aukatekið orð efnislega um þetta mál. Fyrirspurnirnar lutu að þeirri spurningu hvort það gæti hreinlega verið að ríkisstjórnarflokkarnir væru að beita pólitísku valdi sínu innan þessarar stofnunar, sem er sannarlega til staðar og enginn deilir um, með þeim hætti að gera skipan mála sér þóknanlega. Það ylli spurningum og tortryggni.

Ég rifja það upp, frú forseti, í ljósi þess að hæstv. fjmrh. var hér þykkjuþungur og nánast móðgaður. Við höfum heldur betur heyrt úr þessum ræðustól einkunnagjafirnar gagnvart öðrum miðlum. Það er eins og mig reki minni til þess að hæstv. forsrh. og raunar fleiri stjórnarliðar hafi farið mikinn yfir eignarhaldi á Fréttablaðinu, og verið með ýmsar meiningar um það hvar það stæði í hinni pólitísku orrahríð svo að ég tali nú ekki um Stöð 2. Það er því ekki í fyrsta skipti sem menn hafa sett á einkunnagjöf til eða frá. Rifjum það upp hér og nú að Ríkisútvarpið er í okkar höndum og okkar eigu og við eigum að fylgjast með og gæta að að þar verði rétt og vel staðið að málum, lögum samkvæmt. Það er því nákvæmlega þetta eftirlitshlutverk sem við eigum að hafa hér með höndum og við erum að vekja máls á. Ég bið hæstv. fjmrh., varaformann Sjálfstfl., að halda ró sinni og koma hér málefnalega inn í þessa umræðu í stað þess að vera nánast móðgaður yfir því að menn leyfi sér að hreyfa við óþægilegum málum. Hann verður bara að venja sig á að lifa við slíkar staðreyndir.

Þeir geta kannski hjálpað honum, vinir hans í Sjálfstfl., sem vilja hreinlega leysa málið með því að selja pakkann.

[10:48]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hæstv. starfandi menntmrh. og segja að hér er komið upp af litlu tilefni. Ég tek undir orð hans að þeir sem hingað hafa komið upp, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, hafa verið ansi stóryrtir og sakað ríkisstjórnina um ritskoðun sem er náttúrlega fáheyrður málflutningur af litlu tilefni. Ég vil benda þeim hv. þingmönnum á sem hafa svo miklar áhyggjur af því að stjórnmálamenn séu að hafa óeðlileg afskipti af því sem fram fer innan þessarar stofnunar að fyrir Alþingi liggur frv. frá mér, hv. þm. Pétri Blöndal og hv. þm. Birgi Ármannssyni sem gengur út á að afskiptum stjórnmálamanna og pólitískra aðila að rekstri Ríkisútvarpins verði algerlega lokið svo og að tengslum ríkisvaldsins af rekstri fjölmiðilsins verði hætt. Ef þeir hafa áhyggjur af því, hv. þingmenn, að stjórnmálamenn séu að misbeita valdi sínu við rekstur og fréttaflutning þessarar stofnunar, eiga menn náttúrlega að hoppa upp í bátinn hjá okkur þingmönnunum og styðja það frv. sem liggur fyrir þinginu, því ef það verður samþykkt þurfa þeir ekki að halda ræður eins og þær sem hér hafa verið haldnar á hinu háa Alþingi.

[10:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Í tilefni þessarar umræðu er rétt að upplýsa það að eina umræðan sem hefur verið um Ríkisútvarpið innan ríkisstjórnarinnar að undanförnu er hækkun afnotagjalda og umræða utan dagskrár um fjölmiðla almennt og mikilvægi þess að Ríkisútvarpið sé sem sterkust stofnun við þær aðstæður sem eru núna í íslenskum fjölmiðlaheimi. Það er síðan útvarpsráðs að fjalla um það hvernig Ríkisútvarpið er best rekið. Þetta er mér vitanlega ekki í fyrsta skipti sem það verða einhverjar skipulagsbreytingar innan útvarpsins. Þær hafa verið fjölmargar í gegnum tíðina. Ég held að það séu ekki nema nokkrir mánuðir síðan, eftir því sem ég man, að skipulagsbreytingar voru þar innan dyra. Það er því ekkert tilefni til þess hér á Alþingi að beina þessu máli sérstaklega að ríkisstjórninni. Það er eðlilegt að það sé rætt á vettvangi Ríkisútvarpsins þar sem allir stjórnmálaflokkar eiga kjörna fulltrúa. Þannig er búið að þessum málum að Alþingi kýs útvarpsráð og þar er vettvangurinn fyrir þá umæðu. Þess vegna finnst mér þessi umræða algerlega tilefnislaus.

[10:52]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég furða mig ekki á því að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., telji þessa umræðu tilefnislausa. Það sem Framsfl. hefur gert í þessu máli í gegnum fulltrúa sinn í útvarpsráði, sem einnig er aðstoðarmaður hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, flokkssystur hæstv. utanrrh., er að sverjast

í fóstbræðralag með Sjálfstfl. um að hlýða skipunum sem boðaðar eru á heimasíðu hæstv. dómsmrh. sem hæstv. fjmrh. virðist ekki lesa. Kannski furðar engan sem þekkir sögu þeirra tveggja hæstv. flokksbræðra í gegnum árin og þeirra samkeppni um vegtyllur og stöður.

Málið snýst um þetta: Virtur fréttamaður, varafréttastjóri útvarps, stjórnandi Spegilsins, einn af reyndustu starfsmönnum Ríkisútvarpsins, segir útvarpsstjóra og ráðherra hafa beitt rógi gegn sér og starfsfélögum sínum. Það er það sem við erum að ræða hér, hæstv. forseti, og ég skil vel að formaður Framsfl. og Framsfl. allur skammist sín fyrir hlutdeild sína í þessu máli. Hann á ekki betra skilið en að gera það.

Forseti. Hér á landi starfar hljómsveit sem heitir á enskri tungu Brain Police eða Heilalöggan. Það sem við þurfum að skoða er auðvitað hvort við séum ábyrg, þingheimur og framkvæmdarvaldið, fyrir því að hér leiki og spili önnur Brain Police, önnur Heilalögga þar sem útvarpsstjóri stendur og syngur, útvarpsráð spilar á gítarana en hæstv. dómsmrh. situr aftast og ber bumburnar á heimasíðu sinni.

[10:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Frú forseti. Það er jafnan þannig að þeir sem tala hæst um ritskoðun og tjáningarfrelsi falla síðan í þá gryfju að ráðast að þeim sem notfæra sér þetta tjáningarfrelsi. Hvað er athugavert við það þó að hæstv. dómsmrh. nýti sér heimasíðu sína til að segja sínar skoðanir á þessum málum? Þá rýkur fólk upp meira að segja í ræðustól Alþingis til þess að kvarta undan því að hann skuli voga sér að hafa einhverja skoðun á einhverju máli. (**MÁ:** Nei ...) Það er verið að gagnrýna hann fyrir að setja fram skoðanir sínar um þetta mál og verið að gera því skóna að það sé einhvers konar misbeiting valds í þessu máli. Í hverju felst hún? Felst hún í því að hann tjái skoðun sína á netinu? Það er fáránleg kenning og það er fáránleg kenning sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hélt fram áðan að fulltrúar stjórnarflokkanna sem eru kjörnir af Alþingi til setu í útvarpsráði séu þar einhverjir pólitískir varðhundar. Eða leit hv. þm. Mörður Árnason á sig sem pólitískan varðhund fyrir gamla Alþýðubandalagið eða Samfylkinguna meðan hann sat í útvarpsráði? Gerði hann það? (Gripið fram í.) Nei, hann gerði það nefnilega ekki. Þess vegna var þetta mjög óréttmæt ásökun sem kom fram í máli hv. þm. og alveg út í bláinn eins og umræðan öll eins og hún leggur sig.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (hækkun þungaskatts og vörugjalds). — Þskj. 90, nál. 403, 468 og 470, brtt. 465.

[10:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Svein Hannesson og Árna Jóhannesson frá Samtökum iðnaðarins, Sigþrúði Ármann frá Verslunarráði Íslands, Þorleif Þór Jónsson og Gísla Friðjónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Guðrúnu Johnsen frá Samtökum atvinnulífsins, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Daníel Björnsson frá bifreiðastjórafélaginu Frama, Ásgeir Eiríksson frá Strætó bs. og Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubílstjóra.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Félagi hópferðaleyfishafa, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, bifreiðastjórafélaginu Frama, Alþýðusambandi Íslands, Strætó bs., Landvara, Akureyrarkaupstað og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á þungaskatti og vörugjaldi af eldsneyti. Þessar breytingar eru í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004.

Hér er lagt til að þessar upphæðir í lögunum verði hækkaðar um ekki alveg helming af þeirri hækkun sem orðið hefur á vísitölu framfærslukostnaðar síðustu fjögur ár. Þannig verði mætt þeirri lækkun sem hefur orðið á þessum skatti miðað við verðlag undanfarin fjögur ár en gjaldið hefur verð óbreytt þann tíma og hefur þannig unnið gegn þeirri hækkun á verðlagi sem hefur orðið almennt í landinu. Þetta er því eðlileg aðlögun að því verðlagi en þó ekki nema að hálfu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir það rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hv. þm. Gunnar Birgisson, hv. þm. Birgir Ármannsson, og hv. þm. Dagný Jónsdóttir.

[10:59]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. en undir þetta álit rita ásamt mér hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggst alfarið á móti samþykkt frv. sem snýst um að hækka skatta á landsmenn um 1.200 millj. kr. Allir vita að það gengur þvert á loforð og yfirlýsingar stjórnarflokkanna í liðinni kosningabaráttu þar sem lofað var skattalækkunum á landsmenn en ekki skattahækkunum.

Þessu frv. er ætlað að hækka annars vegar bensíngjald og hins vegar þungaskatt um samtals 1.000 millj. kr., 600 millj. kr. með hækkuðu bensíngjaldi og 400 millj. kr. með hækkuðum þungaskatti. Síðan leggst virðisaukaskattur ofan á þannig að skattheimtan eykst um tæplega 1.200 millj. kr.

Efh.- og viðskn. fékk fjölmarga gesti á sinn fund og fjölmargar umsagnir um þetta mál. Ljóst er að mjög margir þeirra sem tjáðu sig um málið og sendu umsagnir leggjast mjög hart gegn því. Hjá gestum sem mættu á fund nefndarinnar kom fram að þessi hækkun mundi leiða til um 4 kr. hækkunar á bensínlítra og að hækkun þungaskatts mundi leiða til um 2% hækkunar flutningsgjalda, auk hækkunar á gjaldskrá leigubifreiða og vörubifreiða svo dæmi sé tekið. Hér kom fram að niðurstaðan gæti orðið 20–25 þús. kr. útgjaldaauki að meðaltali fyrir hvern bíleiganda.

Virðulegi forseti. Í blaði FÍB birtist nýlega grein um boðaðar skattahækkanir. Þar kemur m.a. fram að ef þessar hugmyndir um skattahækkanir ná fram að ganga muni

skattheimta ríkissjóðs á næsta ári af bílum og rekstrarvörum þeim tengdum ná sögulegum hæðum og komast í alls 32 milljarða kr. Það er rúmlega 100% þyngri skattbyrði en bifreiðaeigendur bjuggu við árið 1991, á fyrsta starfsári fyrsta ráðuneytis Davíðs Oddssonar, segir í blaði FÍB.

ASÍ gagnrýnir þetta frv. mjög og segir að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni hafa beina hækkun á neysluverðsvísitölu upp á 0,12% í för með sér. Auk þess muni þetta leiða til hækkunar á flutningskostnaði og þar með vöruverði, sem er ekki síst alvarlegt fyrir landsbyggðina. Í umfjöllun sinni bendir ASÍ á að hækkun neysluverðsvísitölu muni einnig hafa það í för með sér að skuldir heimilanna muni hækka um tæpan milljarð króna. Það kemur fram í umsögn ASÍ að þeir telja að staða einstakra skuldara muni versna verulega, eins og ég nefndi. Í umsögn ASÍ er tekið dæmi af skuldara sem skuldar 8 millj. kr. í 40 ára húsbréfum. Fyrir hann mun hækkunin leiða til þess að heildarskuldir viðkomandi verða um 100 þús. kr. hærri á lánstímanum en ella hefði orðið.

Eins og ég nefndi, virðulegi forseti, er einnig um mjög íþyngjandi landsbyggðarskatt að ræða. Hækkun þungaskatts er enn ein skattahækkunin sem leggst af meiri þunga á landsbyggðarfólk en aðra. Áætlað er að þessi hækkun muni leiða til allt að 2% hækkunar á flutningsgjöldum sem allir vita að eru allt of há. Ég man ekki betur en að rætt hafi verið um það í síðustu kosningabaráttu, m.a. af ráðherrum í þessari ríkisstjórn, að lækka þyrfti flutningsgjöldin og þar með vöruverð á landsbyggðinni sem þegar er allt of hátt. Þá var ekki rætt um að hækka þau eins og hér er gert. Ég hef ekki orðið vör við, virðulegi forseti, að það bóli á einhverjum aðgerðum hjá þessari ríkisstjórn sem miða að því að lækka flutningsgjöldin og þar með vöruverð á landsbyggðinni. Ég tel að hækkun þungaskatts um 8% sé fremur atlaga núverandi ríkisstjórnar að íbúum landsbyggðarinnar og fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni.

Það kom fram í meðferð efh.- og viðskn. á þessu máli að hækkanir hafa orðið verulegar á undanförnum árum. Þungaskattur af vöruflutningum á lengri leiðum hefur hækkað um 44% frá september 1998 til febrúar 2001 en um 82% ef miðað er við febrúar 1999, eins og gert er í athugasemdum með frv. Ég fullyrði þess vegna, virðulegi forseti, að þungaskattur og eldsneytisgjald eru mjög íþyngjandi landsbyggðarskattar. Það er köld kveðja sem ríkisstjórnin sendir landsbyggðarfólki með afgreiðslu á þessu frv.

Það er ástæða til, virðulegi forseti, að vitna til þess sem kemur fram í umsögn Landvara um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt opinberir aðilar virðist ekki telja að þeir hafi aukið tekjur sínar af þungaskatti nema óverulega á síðustu árum hefur lögum og reglum um þungaskatt verið breytt sex sinnum á árunum 1998–2001, þar af hefur verið um hreina skattkerfisbreytingu að ræða í fjögur skipti, þannig að álagningargrunninum sjálfum er umbreytt, sem leitt hefur af sér stigvaxandi skattheimtu á þyngstu ökutækin, tækin sem notuð eru í vöruflutningum á langleiðum."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Vöruflutningar á landi hafa aldrei áður verið þjóðinni eins mikilvægir og þeir eru um þessar mundir. Fólk og fyrirtæki um allt land treysta algerlega á gæði og áreiðanleika í vöruflutningum. Atvinnulífið byggir mikilvægustu þætti í starfsemi sinni á tilvist öflugrar og fjölbreyttrar flutningaþjónustu. Vaxandi arðsemi í atvinnulífi víða um land, bætt búsetuskilyrði og efling byggðanna til framtíðar á sér öðru fremur rætur í því öfluga vöruþjónustukerfi, sem flutningamenn hafa byggt upp á síðustu árum. Mikil röskun á rekstrarumhverfi í atvinnugreininni, eins og átt hefur sér stað á liðnum árum, getur stórskaðað þann ávinning sem hagkerfið hefur notið í þessu sambandi á síðustu árum."

Í fylgiskjali með nál. eru birtar umsagnir frá mörgum aðilum sem lýsa yfir miklum áhyggjum af hækkun þungaskatts og áhrifum hennar á vöruflutninga til og frá landsbyggðinni. Menn telja að hún leiði til hækkunar vöruverðs og skekki enn frekar samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil nefna, virðulegi forseti, að í umsögn og máli fulltrúa Strætós bs. kom fram að skattlagning ríkisins á Strætó bs. hafi verið um 230 millj. kr. árið 2002. Nemur sú upphæð um þriðjungi fargjaldatekna byggðasamlagsins það ár. Heildarkostnaður Strætós bs. er um 2 milljarðar króna á ári og tekjurnar um 40% af þessari upphæð. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu greiða því um 1.200 millj. kr. með þessari starfsemi, þar af um 230 millj. kr. í ríkissjóð.

Þessi hækkun á þungaskatti mun enn auka skattheimtu ríkissjóðs á almenningssamgöngur og er óhætt að segja, hæstv. forseti, að þetta er andstætt öllum áformum um eflingu almenningssamgangna eins og stundum er rætt um.

Það liggur einnig fyrir að kostnaður við almenningssamgöngur í þéttbýli fer sífellt vaxandi, ekki einungis á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig víða á landsbyggðinni þar sem almenningssamgöngur hafa verið teknar upp í auknum mæli. Hér erum við að ræða um nauðsynlega samfélagslega þjónustu sem ekki er lögbundið verkefni sveitarfélaga. Við í Samf. höfum haft verulegar áhyggjur af þessari skattlagningu á almenningssamgöngur. Ég minni á að á 126. löggjafarþingi, þegar þessar álögur voru hækkaðar, fluttum við sérstaka brtt. um að afnema þungaskatt af almenningsvögnum. Við teljum það afar mikilvægt, bæði út frá umhverfissjónarmiðum og ekki síður út frá því að aukinn rekstrarkostnaður mun örugglega hafa áhrif á hækkun gjaldskrár almenningsvagna svo að dæmi sé tekið. Áhrifin geta auðvitað líka náð til skólaaksturs á vegum sveitarfélaga.

Herra forseti. Jafnframt er ástæða til að nefna að við fluttum á þessu sama þingi, 126. þingi, auk þess að leggja til að afnema þungaskatt á almenningsvögnum, tillögu um að heimilt yrði að endurgreiða tvo þriðju hluta virðisaukaskatts af kaupum á almenningsvögnum. Rökin fyrir því voru m.a. þau að það gæti hugsanlega dregið úr notkun á einkabílum. Í því sambandi má benda á að umferðarþunginn er orðinn mjög mikill á höfuðborgarsvæðinu. Slíkar leiðir, lækkun á virðisaukaskatti, eins og við lögðum til, vegna kaupa á almenningsvögnum og síðan afnám þungaskatts af þeim, mundu örugglega hafa áhrif í þá átt að lækka fargjöld almenningsvagna.

Við veltum fyrir okkur sams konar brtt. og við fluttum á árinu 1996. Sú staða er nú uppi að ríkisstjórnin hefur fallist á, að því er ég best veit, að leggja niður þungaskattskerfið í núverandi mynd. Auðvitað er spurning hvort nokkuð betra taki við og sumir spá stórhækkun kostnaðar af flutningsstarfsemi með upptöku olíugjalds. Málið er því í ákveðinni biðstöðu sem stendur.

Fyrir þinginu liggur brtt. við 2. umr. frá Álfheiði Ingadóttur sem gengur út á það sama og tillaga okkar þingmanna Samf. frá árinu 1996. Við munum að sjálfsögðu styðja þá brtt.

Virðulegi forseti. Í nál. okkar er minnt á þá erfiðleika sem eru í rekstri hópbifreiða, m.a. skólabíla sem ég nefndi áður og sveitarfélög þurfa mörg hver að reka. Hækkun þungaskatts mun örugglega auka á erfiðleika þeirra aðila og hugsanlega draga úr þjónustu þeirra.

Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Samtökin vilja vekja sérstaka athygli á stöðu hópbifreiða á Íslandi sem hafa búið í mörg ár við stórfelldan taprekstur og mjög takmarkaða endurnýjun. Eigi að vera rekstrargrundvöllur fyrir hópbifreiðar verður að lækka skatta og gjöld af þessari atvinnustarfsemi frekar en að hækka álögur. Það samkeppnisumhverfi sem greinin býr við gerir fyrirtækjunum ókleift að varpa þessum hækkunum út í verðlagið en nú þegar eru hópbifreiðar í mjög mikilli samkeppni við einkabílinn og bílaleigubíla á skemmri leiðum og flug á lengri leiðum."

Í umsögn Bifreiðastjórafélagsins Frama er þessum hækkunum mótmælt. Þeir segja að boðuð hækkun muni leiða til hækkunar á rekstrarkostnaði leigubifreiða. Þeir benda á að þessi hækkun muni fara út í verðlagið og að lokum lenda á viðskiptavinum leigubifreiðastjóra og hækkun á ökugjaldinu muni draga úr eftirspurn á þjónustu leigubifreiðastjóra og þar með draga úr atvinnu leigubifreiðastjóra og rýra kjör stéttarinnar.

Í umsögn Landssambands vörubifreiðastjóra kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Varðandi þungaskattinn er ljóst að atvinnugreinin getur ekki tekið á sig þessa hækkun, því mun hún leiða til hækkunar á flutningskostnaði."

Enn og aftur staðfesta þessar umsagnir, virðulegi forseti, að samþykkt frv. muni leiða til hækkunar á flutningskostnaði og þar með íþyngja landsbyggðinni, m.a. með hærra vöruverði.

Síðar segir í sömu umsögn, með leyfi forseta:

„Okkar viðskiptavinir eru helst íbúar og fyrirtæki í hinum dreifðari byggðum landsins, ríki og sveitarfélög og þeir aðilar sem standa fyrir framkvæmdum eins og t.d. húsbyggingum."

Einnig er ástæða til, virðulegi forseti, að vitna í umsögn frá Samtökum iðnaðarins en þeir hafa látið breytingar á þessum skatti sig miklu varða eins og fram kemur í umsögn þeirra. Þeir segja að núverandi kílómetragjald þungaskatts sé þegar allt of hátt og þeir leggjast gegn þessari boðuðu 8% hækkun. Þeir segja, virðulegi forseti, að tekjur ríkissjóðs af kílómetragjaldi þungaskatts séu nátengdar umsvifum atvinnulífsins og gjaldið sé nær alfarið greitt af bifreiðum í atvinnurekstri og vöxtur þess í beinu samhengi við vöxt og viðgang atvinnulífsins. Þeir segja í umsögn sinni að þeir leggi til að hætt verði við fyrirhugaða hækkun.

Í umsögn frá Samtökum ferðaþjónustunnar segir, með leyfi forseta:

„Eina röksemdin fyrir þeirri hækkun sem lögð er til í frumvarpinu er að gjaldskrá þungaskatts hafi ekki hækkað síðan 1. júlí 1999 og síðan hafi vísitala neysluverðs hækkað um 20,3%. Því sé orðið tímabært að hækka gjaldtökuna."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það gleymist hins vegar að fjalla um það í frumvarpinu hverjar tekjur ríkissjóðs hafa verið af þessu gjaldi. Tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru 4.050 milljónir kr. en samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2004 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti verði kr. 5.573 milljónir. Þetta er hækkun upp á tæp 37,6%."

Þeir benda á að sérstaka athygli veki að „tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru 550 milljónum meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi þess árs."

Í umsögn Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra kemur fram, með leyfi forseta, að það komi stjórn SSNV mjög á óvart að lagt sé fram frumvarp nú til að hækka þungaskatt og vörugjald af ökutækjum og eldsneyti þar sem það er stefna ríkisstjórnarinnar að lækka skatta.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu. Stjórn SSNV hefur áður bent á það sem leið til að beita skattkerfinu til jöfnunar lífskjara að lækka þungaskatt af vöruflutningum."

Síðan kemur fram að stjórn SSNV leggst gegn frumvarpinu.

Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram að bæjarráðið bendir á að hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé í mótsögn við yfirlýstar fyrirætlanir stjórnvalda um lækkun flutningskostnaðar.

Ég vil í lokin vekja athygli á því sem fram kemur í bréfi Félags íslenskra bifreiðaeigenda til nefndarinnar, með leyfi forseta, og er ástæða til að nefna það af því að meginröksemdin fyrir þessari hækkun núna er að ekki hafi orðið hækkun í langan tíma á umræddu gjaldi og því sé ástæða til að færa þetta til samræmis við verðlag. Hér kemur fram, með leyfi forseta:

„Nýleg töluleg samanburðargögn frá fjármálaráðuneytinu (efnahagsskrifstofu) um tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og umferð sem væntanlega eru sett fram til upplýsingar taka ekki tillit til veigamikilla tekjuliða ríkissjóðs af bifreiðanotkun. Í tölugögnin vantar tekjur ríkissjóðs vegna skatttekna af hjólbörðum, varahlutum og viðgerðum bifreiða. Tekjur ríkisins vegna þessara liða á árinu 2001 voru 496 millj. kr. vegna hjólbarða og 2.098 millj. kr. vegna varahluta og viðgerða. Ef við tökum þessar tekjur óbreyttar fyrir komandi ár 2004 þá verða áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðanotkunar 32.342 millj. kr. en ekki 29.748 millj. kr." — eins og fram kemur hjá fjmrn.

Þetta eru því orðnar gífurlega tekjur sem ríkissjóður hefur af bifreiðaeign. Ég hygg að það megi lengi leita að samanburði í löndunum sem við berum okkur saman við að svona háum fjárhæðum sem ríkisvaldið tekur af bifreiðum og umferðinni í ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. Eins og fram kemur í nál. lýsum við okkur alfarið gegn áformum ríkisstjórnarinnar sem í fyrsta lagi eru í algjörri mótsögn við þá yfirlýsingu sem stjórnarflokkarnir gáfu í kosningabaráttunni um að þeir ætluðu að lækka skatta en ekki hækka þá eins og hér er verið að gera. Í öðru lagi mun þetta íþyngja verulega bifreiðaeigendum og áætlað er að veruleg útgjaldaaukning verði hjá heimilunum vegna heimilisbílsins auk þess sem þetta mun íþyngja rekstri í allri flutningastarfsemi. Síðast en ekki síst, virðulegi forseti, mun þetta íþyngja landsbyggðinni verulega og leiða til hækkunar á vöruverði.

[11:21]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um

fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts hækki um 8% og lögð er til 8% hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti. Hækkuninni er ætlað að skila ríkissjóði samtals um 1 milljarði kr. á ári.

Álögur af þessu tagi jafngilda beinni skattahækkun og munu auka útgjöld heimilanna bæði beint og óbeint. Hækkanirnar sem í þessu frumvarpi felast eru liður í 2,2 milljarða kr. skattahækkun á heimilin í landinu í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Lýsir Vinstri hreyfingin – grænt framboð andstöðu við þær fyrirætlanir.

Margir komu á fund efh.- og viðskn. og má segja að allir þeir gestir hafi verið því sammála að of miklar álögur væru á umferðina nú þegar og engin ástæða væri til að hækka sérstaklega þessi gjöld enda hefðu tekjur af þeim til ríkissjóðs vaxið mjög umfram verðlagshækkanir á undangengnum árum vegna þess hve umferðin sjálf hefur vaxið.

Þær álögur sem boðaðar eru í frv. munu að mati hagsmunaaðila sem komu á fund efh.- og viðskn. m.a. þýða að bensínlítrinn hækkar um 4 kr. sem þýðir um 20–25 þús. kr. álögur á hvern bíleiganda á ári. Einnig mun það þýða 2% hækkun flutningsgjalda sem mun renna beint út í verðlagið, einkum á landsbyggðinni, og hækka þar vöruverð sem er nú nógu hátt fyrir. Þetta mun valda versnandi samkeppnisstöðu ferðaþjónustu, hækkun á gjaldskrá almenningsvagna, vörubifreiða og leigubifreiða og loks mun þetta enn þyngja álögur á sveitarfélög sem halda úti almenningssamgöngum og skólaakstri.

Í áliti frá Alþýðusambandi Íslands kemur fram að 8% hækkun á þungaskatti og vörugjaldi af eldsneyti muni hækka vísitölu neysluverðs um 0,12% og auka skuldir heimilanna um tæpan milljarð kr. Í umsögn ASÍ segir, með leyfi forseta:

„Af athugasemdum við frumvarpið má ráða að meginröksemdafærslan fyrir því að hækka umrædd gjöld sé að þau hafi ekki hækkað í takt við breytingar á neysluverðsvísitölu. Að mati ASÍ fá slík rök ekki staðist. Benda má á að verði frumvarpið samþykkt hefur það í för með sér beina hækkun neysluverðsvísitölu upp á 0,12% auk þess sem búast má við að það leiði til hækkaðs flutningskostnaðar og þar með vöruverðs. Spyrja má hvort slíkt kalli aftur á hækkun gjaldanna.“

Í þessu sambandi langar mig til þess að vitna til orða fulltrúa FÍB sem kom á fund nefndarinnar — og geri það eftir minni — þegar hann varaði við sjálfkrafa hækkunum af þessu tagi, því eins og fram hefur komið eru röksemdirnar fyrir þessari hækkun þær að það sé svo langt síðan hækkað var síðast. Hann líkti þeim hugsunarhætti og verðhækkunum af þessu tagi við einstreymisloka sem alltaf skaffar fé miðað við einhverja vísitölu — og hún er þá bara valin hverju sinni eftir því sem hægt er að hækka meira — og er algjörlega óháð breytingum, til að mynda tæknibreytingum og mögulegum sparnaði og dregur þess vegna mjög úr hvata til að leita hagkvæmari leiða og nýrra lausna.

Ég verð að taka undir þetta, virðulegi forseti. Það er ekki sjálfgefið að alltaf eigi bara að hækka, ég tala nú ekki um þegar það bítur svo í skottið á sér og veldur aftur hækkun á neysluverðsvísitölu, og allra síst þegar ljóst er að tekjur ríkissjóðs af þessum gjöldum hafa vaxið langt umfram verðlag á undangengnum árum. Að teknu tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda á Austurlandi, þá munu tekjur af umferðinni, bara umferðaraukningunni þar, fara mjög langt með að ná þeim tekjum sem ríkissjóður ætlar sér að taka inn án hækkunarinnar.

Í áliti Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er lýst undrun á þessum fyrirhugaða landsbyggðarskatti sem sambandið kallar svo. Í áliti þeirra segir, með leyfi forseta:

„Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu.“

Bæjarráð Akureyrar bendir einnig á að „hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í mótsögn við yfirlýstar fyrirætlanir stjórnvalda um lækkun flutningskostnaðar“.

Í áliti Alþýðusambands Íslands kemur fram að þessar hækkanir muni hafa neikvæðari áhrif á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, einkum á stöðum þar sem erfitt hefur verið að halda uppi verslun og þjónustu. Verði frumvarpið að lögum muni það reynast enn erfiðara að mati Alþýðusambands Íslands.

Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar lýstu því að þessar fyrirhuguðu hækkanir muni hafa slæm áhrif á samkeppnisstöðu greinarinnar og sérstaklega hópbifreiða sem hafa í mörg ár búið við taprekstur og mjög takmarkaða endurnýjun.

Í áliti þeirra segir, með leyfi forseta:

„Eigi að vera rekstrargrundvöllur fyrir hópbifreiðar verður að lækka skatta og gjöld af þessari atvinnustarfsemi frekar en að hækka álögur.“

Þannig er sama til hvaða átta er litið varðandi þessi gjöld. Á fund efh.- og viðskn. komu fulltrúar allra stærstu hagsmunasamtaka í landinu, fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúar Alþýðusambands Íslands, fulltrúar FÍB og fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og það var alveg sama hvar borið var niður, allir voru undrandi á þessari fyrirhuguðu skattlagningu, ekki síst kannski þeir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem þarna voru sem benda eðlilega á að þetta sé í hrópandi mótsögn við það sem ríkisstjórnin hefur á vörum á tyllidögum, sem er að lækka flutningskostnað og jafna vöruverð á landsbyggðinni og létta álögum af almenningssamgöngum til þess að greiða fyrir hlut þeirra í umferðinni.

Þá er ég komin að þeim þætti sem eru álögur á almenningssamgöngurnar, því að hækkun þungaskatts um 8% mun enn auka skattlagningu ríkissjóðs á almenningssamgöngur. Áhrifin munu væntanlega verða tvíþætt, í fyrsta lagi hækkun á gjaldskrám almenningsvagna. Við vitum hverjir nota almenningsvagna til að mynda á höfuðborgarsvæðinu. Það eru ekki tekjuhæstu hóparnir. Það eru tekjulægstu hóparnir og hækkun á fargjöldum almenningsvagna er afar viðkvæmt mál og erfitt. Í öðru lagi mun þessi hækkun einnig valda versnandi afkomu sveitarfélaga sem þegar greiða háar fjárhæðir með almenningssamgöngum. Þá eru ótalin áhrifin á skólaakstur á vegum sveitarfélaga en hækkun á þeim útgjaldalið getur hæglega komið niður á annarri þjónustu skólanna.

Mig langar til þess að gera þessi atriði hér aðeins frekar að umtalsefni og byrja á því að segja að það er ekki lögboðið verkefni sveitarfélaga í landinu að halda uppi almenningssamgöngum. Það hefur hins vegar verið vaxandi krafa um þjónustu af þessu tagi og sveitarfélögin hafa mörg hver af veikum burðum reynt að halda úti almenningssamgöngum, ferliþjónustu fyrir fatlaða og skólaakstri. Þrátt fyrir allar álögurnar sem ríkið leggur á þetta greiða sveitarfélögin gríðarlega háar upphæðir í niðurgreiðslur með þessari þjónustu. Ég ætla að taka dæmi af Strætó bs. sem er byggðasamlag og er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er

stórt fyrirtæki sem rekur um 110 vagna. Sjálft á fyrirtækið 74 vagna en verktakar hina.

Tekjur Strætós bs. af fargjöldum eru um 2 milljarðar á ári en sveitarfélögin greiða með þessum rekstri 1.200 millj. kr. En hvað skyldið ríkið svo hafa tekið af rekstri Strætós bs. á síðasta ári? Það voru 230 millj. kr. sem er þriðjungurinn af því sem sveitarfélögin greiða með þessum rekstri. Þessar álögur eru af ýmsu tagi. Þær eru ekki bara þungaskatturinn heldur er þetta virðisaukaskattur af rekstrarvörum og kaupum á vögnum. Þetta er verðjöfnun á gasolíu og þetta eru bifreiðagjöld og tryggingagjald launa. En hjá Strætó bs. nam 30% þungaskattur sem fyrirtækinu er gert að greiða 35,1 millj. kr. á árinu 2002. Miðað við umfang þeirrar starfsemi og þær almenningssamgöngur sem önnur sveitarfélög halda úti á landinu, sem er til að mynda á Akureyri þar sem eru átta vagnar í það heila ef ferliþjónustan er tekin með, á Ísafirði þar sem haldið er uppi almenningssamgöngum, í Fjarðabyggð, það hefur líka verið gert á Suðurnesjum og jafnvel á Árborgarsvæðinu — og við skulum gera okkur grein fyrir því að kröfur um þessa þjónustu fara vaxandi með stækkuðum sveitarfélögum — ef litið er til umfangs þessarar þjónustu á landsvísu og þeirra fjárhæða sem Strætó bs. greiðir, má ætla að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti á almenningsvagna á næsta ári losi 50 millj. kr. verði þessi 8% hækkun að veruleika.

Mig langar líka til þess að nefna hér aðeins ítarlegar skólaaksturinn. Á þessu ári er áætlað að skólaakstur kosti sveitarfélögin í landinu rúmar 400 millj. kr., þ.e. aðeins þau sveitarfélög sem fá endurgreitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. 13. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, fá 21,5% endurgreitt vegna skólaaksturs. Það eru 72 sveitarfélög sem halda uppi skólaakstri með þessum hætti og fá þessa endurgreiðslu en þetta er auðvitað alger lágmarkstala vegna þess að stór sveitarfélög sem hafa umfangsmikinn skólaakstur innan sinna umdæma, eins og til að mynda Mosfellsbær, eru ekkert inni í þessari tölu þannig að það má ætla að skólaakstur yfir landið í heild á þessu ári losi 500 millj. kr. Fulltrúi hópferðabifreiða, þ.e. Samtaka ferðaþjónustunnar, sem kom á fund efh.- og viðskn. fór ekki í launkofa með það að þessari hækkun yrði velt beint yfir á sveitarfélögin. Við sem höfum verið hér í sölum undanfarna daga vitum að það verður ekki sótt aukið fé í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess að koma á móti þessari auknu tekjuöflun ríkisins því þar er líka verið að skera niður þjónustuna og samneysluna eins og er yfirlýst stefna þessarar ríkisstjórnar. Því er hætt við, virðulegi forseti, að þessar auknu álögur á skólaakstur og sveitarfélögin í landinu muni koma til með að skerða aðra þjónustu skólanna. Og þá er útséð að það verður erfiðara fyrir þessi sveitarfélög að halda úti þessari þjónustu, bæði hvað varðar almenningsvagna og skólabíla og þetta mun draga verulega úr þeim nýjungum í þjónustu sem stækkuð sveitarfélög bjóða almenningi í sínum umdæmum.

Mig langar til þess að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að nýlega var kynnt könnun á afstöðu Reykvíkinga til þjónustu borgarinnar. Menn voru spurðir um hverjir væru helstu kostir og gallar borgarinnar. Ég vil byrja á því að taka það fram að flestir telja að þjónusta borgarinnar sé í það heila frekar góð eða mjög góð, um 73%, og þeim hefur fækkað verulega frá síðustu könnun sem telja að hún sé fremur eða mjög slæm eða hvorki né, en það er ekki aðalatriði þessa máls. Ég ætlaði að nefna það að helstu gallar Reykjavíkur eru að mati þeirra sem spurðir voru of mikil bílaumferð, slæmt gatnakerfi, slæmar almenningssamgöngur, borgin er of dreifð. Og hverju má breyta í borginni, virðulegi forseti? Bæta samgöngur, betri almenningssamgöngur, færri einkabílar, efling miðborgarinnar, bætt umferðarmenning. Umferðin skorar á báða kanta, bæði þar sem bæta má, eðlilega, og þar sem eru verstu gallarnir.

Ég ætla að vitna til umsagnar Borgarráðs Reykjavíkur um þetta frv. sem hér liggur fyrir en þar er eðlilega vísað til þess að í greinargerð með samgönguáætlun sem hefur verið samþykkt á Alþingi er kynnt það markmið að frekari stuðningur ríkisins við almenningssamgöngur sé æskilegur og stefna eigi að því að ríkið endurgreiði sveitarfélögunum álögð gjöld að fullu. „Aukin hlutdeild almenningssamgangna leiðir til hlutfallslega minni notkunar einkabíla, sparnaðar í viðhaldi gatna, auk þess að geta orðið til þess að seinka megi framkvæmdum við stór og kostnaðarsöm umferðarmannvirki um einhvern tíma, mannvirki sem að mestu eða öllu leyti eru greidd úr sjóðum ríkisins", eins og segir, með leyfi forseta, í umsögn borgarráðs Reykjavíkur um þetta frv.

Í greinargerð með samgönguáætlun er lagt til að í samráði við sveitarfélögin verði farið yfir þetta fyrirkomulag, þessa meðgjöf almenningssamgangna í ríkissjóð, sem mér sýnist svona lauslega reiknað miðað við umfangið að gæti hafa verið á síðasta ári eitthvað á bilinu 250–300 millj. kr. Það er lagt til að farið verði yfir þetta í samráði við sveitarfélögin og að farið verði í að endurgreiða þetta álag að fullu.

Ég get ekki annað en tekið undir þessi orð borgarráðs Reykjavíkur og það er mjög brýnt að farið verði yfir þetta í heild samkvæmt samgönguáætluninni. En Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur áður lýst sig andvíga þeirri skattlagningu sem hér er boðuð, og við vísum til varnaðarorða og upplýsinga sem fram komu bæði í umsögnum og í máli þeirra sem komu á fund efh.- og viðskn. Ég geri, virðulegi forseti, sem 2. minni hluti nefndarinnar, sérstaka brtt. á þskj. 465 um niðurfellingu þungaskatts af almenningsvögnum.

Þá vil ég geta þess að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram frv. til laga um endurgreiðslu $^2/_3$ hluta virðisaukaskatts við kaup á nýjum almenningsvögnum frá 1. september 2000 til 31. desember 2005, en það er sama endurgreiðsla og aðrar hópferðabifreiðar hafa notið. Þessi tillöguflutningur er í samræmi við þá stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að auka hlut almenningssamgangna í umferðinni.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur flutti Margrét Frímannsdóttir sem 1. flm. og Jóhanna Sigurðardóttir tillögu svipaðs efnis á 126. löggjafarþinginu og hefur 1. minni hluti nefndarinnar lýst stuðningi við þessa tillögu mína hér nú. Í þessari tillögu, virðulegi forseti, felst það að 30% álagning þungaskatts á almenningsvagna í áætlunarferðum, þ.e. á almenningssamgöngur, er felld niður. Rökin eru þau helst sem ég nefndi áðan, með tilvísun í samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar sem ekki hefur verið staðið við, að létta þessum álögum alveg af almenningssamgöngum. Hér er ómakið tekið af ríkisstjórninni að þessu leyti hvað varðar þungaskattinn.

Ég vil enn fremur benda á að þetta kemur verst niður á sveitarfélögunum í landinu bæði vegna hækkaðs vöruverðs og vegna almenningssamgangna og skólaaksturs, og hækkun á þungaskatti getur munað því að frumkvæði sveitarfélaganna hvað varðar almenningssamgöngur verði að engu og getur fælt ný sveitarfélög frá því að fara inn á sömu braut. Tekjutap ríkissjóðs sem hlytist af samþykkt þessarar tillögu

má telja vera um 50 millj. kr. að því meðtöldu stjórnarmeirihlutinn standi fast á því að hækka þungaskattinn um 8%.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, skora á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. að standa nú við stóru orðin í samgönguáætluninni og hætta við að leggja þessar miklu álögur á sveitarfélögin í landinu og almenningssamgöngur.

[11:42]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það frv. sem við ræðum hér snýst um skattahækkanir á almenning í landinu og það sem verra er, þessi skattlagning leggst misjafnlega á fólk eftir því hvar það býr á landinu. Á ég þá sérstaklega við þann hluta sem er í þessu frv. um hækkun þungaskatts sem mun leiða til hækkunar flutningsgjalda, sem auðvitað virkar langverst á íbúa landsbyggðarinnar og fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni. Þar að auki er í þessu frv. hækkun á bensíngjaldi um 600 millj. sem leiðir til allt að 20–25 þús. kr. hækkunar á rekstrarkostnaði bíls og er því skattahækkun á allan almenning í landinu sem á og rekur bíl. Ofan á þessar tölur, þessar 600 millj. í bensínskatt og 400 millj. í þungaskatt, leggst svo virðisaukaskattur sem áætlað er að geti verið einar 200 millj. þannig að samtals er talið að þessi skattheimta sé hér upp á 1.200 millj.

Virðulegi forseti. Ég ætla að skipta ræðu minni í tvennt, annars vegar um það sem snýr að þungaskatti og almennum lífsskilyrðum íbúa landsbyggðarinnar og hins vegar að bensíngjaldinu sem virkar náttúrlega á höfuðborgarbúa jafnt sem landsbyggðarbúa í þessum auknu útgjöldum sem ég hef hér getið um.

Það er svo, virðulegi forseti, að hér hefur margoft verið rætt um þetta af þeim sem hér stendur, um flutningskostnað og skattálögur á landsbyggðina, svokallaða landsbyggðarskatta, og ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn, sér í lagi kannski framsóknarráðherrar, hafa verið duglegir að ræða um það á tyllidögum og á kosningafundum að þetta sé orðið allt of hátt og það sé nauðsynlegt að lækka þetta en ekkert bólar á aðgerðum til lækkunar heldur birtast hér aðgerðir til hækkunar. Og ég trúi því ekki, virðulegi forseti, en ég vildi hafa sagt það strax hér, að ætlun ríkisstjórnarinnar sé að sækja 1.200 millj. kr. í ríkiskassann í sköttum af umferð til þess að nota einhvern hluta af því, 100–400 millj. eða jafnvel 500 millj. til að búa til jöfnunarsjóð flutningsgjalda eins og hæstv. iðnrh., ráðherra byggðamála, hefur stundum talað um og sagt að væri í bígerð og ætti eftir að leggja fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, og fá stimplun á þá leið sem þar er. Ef svo er, þá er það alveg með ólíkindum að fyrst eigi að ganga fram í þessum skattahækkunum og hækka álögur á þá íbúa sem eiga svo að fá niðurgreiðslur eftir einhverju framsóknarkerfi þar á eftir. Það er alveg með ólíkindum.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að ég ætlaði að fjalla um þungaskattinn, hækkun flutningsgjalda og áhrif þeirra á landsbyggðina. Hæstv. fjmrh. er meðal okkar í þingsal í dag og fylgist með máli sínu. Ég hef áður sagt að hann er þekktur fyrir það og mættu aðrir ráðherrar taka hann sér til fyrirmyndar hvað það varðar að fylgjast með sínum málum, hvort sem það er við 1. umr., 2. umr. eða 3. umr. Það er hið besta mál og til fyrirmyndar.

Ég hef áður vitnað til vefrits fjmrn. sem kom út 27. febrúar í aðdraganda kosninga. Þar var fjallað um byggðaþróun og hvort byggðaþróun væri að komast í jafnvægi. Með þeim greinaskrifum birtist mynd af Íslandi þar sem gefnar voru upp tölur, eftir hinum gömlu kjördæmum, sem sögðu hvort íbúum hafði fækkað þar eða fjölgað. Á þessu Íslandskorti má sjá íbúaþróun eftir landshlutum árin 1992–2002. Þar kemur m.a. fram að íbúum í Vestfjarðakjördæmi fækkaði um 18,1% á þessu tíu ára tímabili. Íbúum Norðurlandskjördæmis vestra fækkaði um 11,1%, íbúum Austurlandskjördæmis fækkaði um 10%, íbúum Norðurlandskjördæmis eystra fjölgaði reyndar um 0,3%, þ.e. það stóð nánast í stað. Sama má segja um Vesturlandskjördæmi. Íbúum Suðurlandskjördæmis fjölgaði um 3,9%, íbúum hins gamla Reykjaneskjördæmis fjölgaði um 8,4% og í Reykjavíkurkjördæmi fjölgaði íbúum um 18,4%.

Þetta er mjög gott kort eins og ég hef áður sagt. Fyrirsögn greinarinnar var „Er byggðaþróunin að komast í jafnvægi?" Í greininni kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hefur verið mikill straumur fólks til höfuðborgarsvæðisins af landsbyggðinni. Stjórnvöld hafa viljað sporna við þessum miklu flutningum meðal annars vegna þess að þeir hafa í för með sér kostnað fyrir samfélagið, bæði ríki og viðkomandi sveitarfélög. Byggja þarf og reka samfélagsleg mannvirki í stað annarra sem eru vannýtt og þar sem fólki fækkar vex kostnaður á hvern íbúa við að veita opinbera þjónustu. Fólksfækkun hefur tilhneigingu til að verða að vítahring sem erfitt getur reynst að rjúfa. Á hinn bóginn er eðlilegt að fólk leitist við að búa við bestu lífsskilyrði sem kostur er á og það kann að leiða til ákvörðunar um að flytja sig um set."

Það er til gamall og góður málsháttur sem er svohljóðandi, virðulegi forseti: „Bragð er að þá barnið finnur". Það datt mér í hug er ég las þessa ágætu útlistun fjmrn. á byggðaþróun á árunum 1992–2002. Sem betur fer virðist sem örlítið sé að draga úr fólksflutningunum og það er vel. En ég las þetta upp, virðulegi forseti, vegna þess að fjmrn. telur það réttilega eðlilegt að fólk leitist við að búa við bestu lífsskilyrði. Þá spyr ég, virðulegi forseti: Er það frv. sem hæstv. fjmrh. hefur flutt fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar gert til að búa til betri lífsskilyrði íbúa landsbyggðarinnar? Eða er verið að búa til betri lífsskilyrði fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og jafnframt íbúa landsbyggðarinnar sem geta, vilja eða neyðast til að flytjast til höfuðborgarsvæðisins?

Ég tel, virðulegi forseti, að frv. sem hér er til umræðu, sérstaklega þungaskattshækkunin, verði til að minnka samkeppnishæfni atvinnurekstrar á landsbyggðinni og muni draga þróttinn úr fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni og þar með fækka störfum þar. Í því sambandi nægir að vísa til gagna sem birst hafa í mörgum opinberum ritum, m.a. frá Samtökum atvinnulífsins. Á Akureyri var gerð könnun meðal forsvarsmanna atvinnufyrirtækja. Þar kom fram að sumir sem greiða óheyrilega há flutningsgjöld hugleiði að færa atvinnustarfsemi sína af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins til að spara sér hina miklu skattheimtu sem felst í flutningskostnaðinum.

Lífsskilyrðin á landsbyggðinni verða ekki bætt með þessu frv. sem hefur í för með sér hækkun. Þótt hún sé lítil, 2%, þá leggst hún ofan á geysimikla hækkun undanfarinna ára, allt frá 1998. Ég kem betur að því síðar, þ.e. 40% hækkun vegna greiðslu þungaskatts hjá þeim flutningsfyrirtækjum sem keyra lengstar leiðir. Það er engan veginn hægt að sjá, virðulegi forseti, að þetta frv. sé í takt við það sem sagt er á tyllidögum, sem sagt var fyrir kosningar af núverandi ríkis-

stjórnarflokkum og frambjóðendum þeirra. Ég kem kannski að því síðar.

Virðulegi forseti. Upp í huga minn kom grein sem ég klippti einu sinni úr Morgunblaðinu. Í henni var verið að lýsa ástandinu á landsbyggðinni í Noregi gagnvart höfuðborginni. Fyrirsögnin var „Uppreisn á landsbyggðinni". Mig langar að lesa úr þessari grein, með leyfi forseta. Mér finnst að þó að þessi grein sé um ástandið í Noregi fyrir nokkrum árum — ég man ekki hvenær þetta birtist í Morgunblaðinu, það skiptir ekki öllu máli — fyrir tveimur eða þremur árum, þá sé margt í þessari frétt sem heimfæra mætti upp á Ísland. Hef ég nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Mikill kurr er á norsku landsbyggðinni um þessar mundir en fólki þar finnst sem Óslóarvaldið og peningahyggjan, sem það láti stjórnast af, hafi ekki lengur neinn skilning á því lífi, sem lifað er utan höfuðborgarsvæðisins."

Nokkru síðar segir, með leyfi forseta:

„Umkvörtunarefnin eru mörg, meðal annars, að miðstjórnarvaldið í Ósló sogi til sín fólk og fé á sama tíma og verið sé að fækka opinberum störfum úti á landi. Fjárhagur sveitarfélaganna fari versnandi en kröfurnar til þeirra aukist hins vegar stöðugt.

„Ríkisstjórnin veður svo í peningum, að hún er með sérstaka menn á sínum snærum til að ávaxta auðinn. Samt berjast margir í bökkum úti á landsbyggðinni," segir Jan Moen í Syðri-Þrændalögum og bætir því við, að Noregur sé orðinn að eins konar „kauphallarsamfélagi". „Þær byggðir, sem renta sig ekki nógu vel á þessum markaði, eru bara lagðar niður.""

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti, um ástandið á landsbyggðinni í Noregi fyrir nokkrum árum. Margt mætti taka úr þessari grein og gera úr því grein um ástandið á landsbyggðinni í dag þar sem orðinu „Óslóarvaldið" yrði snúið yfir í „Reykjavíkurvaldið". „Miðstjórnarvaldið í Ósló" yrði „miðstjórnarvaldið í Reykjavík". Það sem sagt er í greininni um kauphallarsamfélagið getur líka átt við um höfuðborgarsamfélagið á Íslandi sem verið er að byggja upp í dag. Svo má velta vöngum yfir því sem sagt er í lok fréttarinnar um ástandið í Noregi: „Þær byggðir sem renta sig ekki nógu vel á þessum markaði, eru bara lagðar niður."

Við höfum sem betur fer, virðulegi forseti, ekki lagt niður neinar byggðir hér á landi en óneitanlega læðist að manni sá grunur það geti gerst hægt og sígandi. Aðgerðaleysi í byggðamálum og aukin skattheimta á landsbyggðarfólk og fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni gæti leitt til þess að það sem ég var að lesa í lok þessarar greinar gæti orðið staðreynd eftir 10–20 ár. Ég vona sannarlega að svo verði ekki.

Hæstv. núverandi ríkisstjórn, ásamt síðustu ríkisstjórnum, ber lagaleg skylda til að leggja fram þál. um stefnu í byggðamálum. Það hefur þessi ríkisstjórn gert eins og aðrar þar á undan. Þetta eru oft og tíðum fallegar og góðar ályktanir, uppfullar af ýmsum góðum hugmyndum og tillögum en því miður vantar upp á að þeim sé fylgt eftir og mörgu af því góða sem sett er á blað sé hrint í framkvæmd. Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 sem nú er í gildi var frekar snubbótt. Hún er hálf A4 síða. Hún er í fimm liðum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði."

Og síðan í e-lið:

„Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi."

Fallegt. Þetta eru góð markmið. En erum við að vinna okkur í þessa átt? Nei, því miður ekki í mjög mörgum atriðum. Sannarlega skal ekki dregið úr því sem vel hefur verið gert. Þar kemur fyrst upp í hugann stofnun Háskólans á Akureyri sem er sennilega ein best heppnaða byggðaaðgerð sem farið hefur verið í hin síðari ár. En svo koma ýmis smámál sem sitja á hakanum, svo maður tali ekki um það sem við erum að fjalla um hér, aukna skattheimtu á flutninga sem eru afar mikilvægir í atvinnurekstri í dag. Aðstæður hafa breyst mikið síðustu ár. Skipaflutningar hafa að miklu leyti dregist saman. Við þá er ekki notast eins mikið og áður fyrr. Við þurfum ekki að fara mjög mörg ár aftur í tímann til að rifja upp þegar íslenska ríkið rak Skipaútgerð ríkisins og greiddi talsvert háar fjárhæðir með henni. Það var auðvitað niðurgreiðsla á flutningskostnaði.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að sá sem hér stendur er ekki unnandi ríkisreksturs á flutningastarfsemi. Sá sem hér stendur grét ekkert að Skipaútgerð ríkisins skyldi lögð niður á sínum tíma. En ég harma að þeir peningar sem þá voru veittir af ríkinu til niðurgreiðslu á flutningastarfsemi skuli ekki hafa verið settir í sjóði til að koma til móts við það sem gerðist þar á eftir, hinar stórauknu álögur á flutningastarfsemi með hækkun þungaskatts og alls konar lögum og reglugerðum sem okkur var skylt að taka upp samkvæmt tilskipunum frá Evrópusambandinu, t.d. reglum um ökurita og aksturstíma bílstjóra. Auðvitað hefur þetta allt hækkað flutningsgjöld en þungaskatturinn hefur stórhækkað.

Til að hafa það alveg á hreinu þá stórhækkaði þungaskatturinn eftir þann úrskurð Samkeppnisstofnunar á sínum tíma að fella yrði afsláttargjald og hámarksgjald niður. Ef það hefur verið rétt hjá Samkeppnisstofnun, sem ég reyndar leyfi mér að efast um vegna þess að þar var fjallað um að ekki mætti mismuna, má þá mismuna íbúum landsins eftir því hvar þeir búa á landinu með því að láta suma greiða hærri skatta af flutningastarfsemi? Ég leyfi mér að efast um það.

En ég gagnrýni það auðvitað að í framhaldi af þessum úrskurði Samkeppnisstofnunar hafi hið háa Alþingi ekki gripið til aðgerða til þess að leiðrétta þetta á annan hátt vegna þess að það var sannarlega hægt. Þetta hefur svo haft það í för með sér að greiðsla þungaskatts hefur hækkað um 40–45% á flutningalest sem svo er kölluð, þ.e. flutningabíl með tengivagn sem ekur um 140 þús. km á ári. Það er ekki mikill akstur ef miðað er við vegalengd milli þeirra staða þar sem hún er mest, t.d. frá Reykjavík og austur á land eða vestur á firði. Röksemdafærslan í frv. sem við erum að ræða, aðalrökstuðningur hæstv. ríkisstjórnar fyrir þessum hækkunum er í raun öfugmæli vegna þess að við sjáum það í öllum tölum að þungaskattur hefur skilað miklu meiri tekjum til ríkissjóðs en gert var ráð fyrir jafnvel og þungaskattstekjurnar hafa aukist mjög mikið. Því er ekki þörf á því að hækka þungaskattinn vegna vísitölubreytinga eins og hér er sagt vegna þess að þungaskatturinn hefur sífellt skilað meiru og meiru til ríkissjóðs eins og allar tölur staðfesta.

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost að sitja í efh.- og viðskn. þegar þetta frv. var rætt og var mjög athyglisvert að fylgjast þar með gestum okkar á þessum fundi. Þar kom m.a. fram mjög mikil gagnrýni á þá röksemdafærslu ríkisstjórnarinnar að nota vísitölu neysluverðs til þess að

hækka þetta vegna þess að hún hefði hækkað, sögðu þeir, um 20,3% á þessu tímabili en gjaldið haldist óbreytt. Þá var m.a. mjög eftirtektarvert hvernig fjallað var um þennan lið í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frv., þ.e. um röksemdafærsluna fyrir hækkuninni, röksemdafærsluna fyrir því að sækja meira í vasa almennings af bensínkostnaði og sækja meira í vasa þeirra sem þurfa að láta flytja til sín vöru, bæði neysluvöru og annað úti á landi. Ég ætla að lesa úr umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar þar sem fjallað er um þessa röksemdafærslu. Í umsögninni segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Eina röksemdin fyrir þeirri hækkun sem lögð er til í frumvarpinu er að gjaldskrá þungaskatts hafi ekki hækkað síðan 1. júlí 1999 og síðan hafi vísitala neysluverðs hækkað um 20,3%. Því sé orðið tímabært að hækka gjaldtökuna.

Það gleymist hins vegar að fjalla um það í frumvarpinu hverjar tekjur ríkissjóðs hafa verið af þessu gjaldi. Tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru kr. 4.050 milljónir en samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2004 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti verði kr. 5.573 milljónir. Þetta er hækkun upp á tæp 37,6%. Sérstaka athygli vekur reyndar að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru 550 milljónum meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi þess árs. Frá frumvarpi 1999 til frumvarps 2004 er hækkunin tæp 60%."

Það er rétt að ítreka, virðulegi forseti, það sem sagt er hér, að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru 550 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í því fjárlagafrv. Þetta var fyrsta heila árið í greiðslu þungaskatts eftir breytinguna sem við höfum gert að umtalsefni þar sem skattheimtan er sögð vera 44%. Ef einhver efast um þær tölur þá getur hann það ekki lengur eftir að skýrt hefur verið frá því að 550 millj. kr. meira hafi komið inn fyrir þungaskatt árið 1999 en efnahagssérfræðingar þáverandi ríkisstjórnar gerðu ráð fyrir, 550 millj. kr.

Áfram með umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar, með leyfi forseta:

„Á sama tíma er ætlað til framkvæmda hjá Vegagerðinni kr. 3.952 milljónir samkvæmt frumvarpi 2004 en árið 1999 var sambærileg tala 4.349 milljónir. Það þýðir að fjármagn til nýframkvæmda í vegamálum lækkar um 397 milljónir á meðan sá gjaldstofn sem renna á til þeirra mála hækkar um tæp 40%. Að vísu hafa heildarumsvif Vegagerðarinnar aukist úr 8.666 milljónum í 13.301 milljónir eða um 53% á þessum sama tíma en það skýrir ekki samdrátt í nýframkvæmdum."

Rekstur og þjónusta Vegagerðarinnar hefur sannarlega aukist.

„Þótt gjaldskrá þungaskatts hafi ekki hækkað þá hafa eins og að ofan er rakið, tekjur ríkissjóðs af honum stórhækkað. Ástæður þess eru margvíslegar, en nefna má eftirfarandi:

Í kjölfar úrskurðar Samkeppnisstofnunar voru allir afslættir afnumdir árið 1998 og leiddi það til verulegrar hækkunar hjá þeim rekstraraðilum sem aka á lengri leiðum.

Í kjölfar kæru þeirra sem aka með gjaldmæli var gerð sú breyting árið 1999 að fallið var frá því að hafa 25% viðbótarálag á þær bifreiðar en til að vega upp á móti þeirri tekjuminnkun var almenna gjaldskráin hækkuð um 20%. Tók sú hækkun auðvitað til þorra þungaskattsgreiðenda og jók tekjur ríkissjóðs um 700 milljónir.

Með breyttum áherslum í flutningamálum hefur umtalsverður hluti völuflutninga færst frá sjóflutningum í bíla og hefur það aukið gjaldheimtuna verulega.

Almenn eign dísilbíla er algengari núna en fyrir nokkrum árum þannig að fjöldi þeirra hefur stóraukist og tekjur að sama skapi."

Því skulum við líka halda til haga. Jeppaeign hefur t.d. aukist og þeim sem greiða fastagjaldið hefur að sjálfsögðu fjölgað.

Enn fremur er nokkuð í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar sem ég ætla að lesa þó að það fjalli um þátt sem ég ætla að nefna á á eftir, með leyfi forseta:

„Samtökin vilja vekja sérstaka athygli á stöðu hópbifreiða á Íslandi sem hafa búið í mörg ár við stórfelldan taprekstur og mjög takmarkaða endurnýjun. Eigi að vera rekstrargrundvöllur fyrir hópbifreiðar verður að lækka skatta og gjöld af þessari atvinnustarfsemi frekar en að hækka álögur. Það samkeppnisumhverfi sem greinin býr við gerir fyrirtækjunum ókleift að varpa þessum hækkunum út í verðlagið en nú þegar eru hópbifreiðar í mjög mikilli samkeppni við einkabílinn og bílaleigubíla á skemmri leiðum og flug á lengri leiðum."

Virðulegi forseti. Um leið og ég hverf frá umsögn um hópferðabifreiðar, skattheimtu á þær og auðvitað kostnað við rekstur fyrirtækja þeirra vegna þess að því miður er þetta líka of lítið notað og tekjur eru þess vegna ekkert allt of miklar, þá vil ég aðeins geta þess og taka sem dæmi að sú var tíðin að Flugfélag Íslands flug beint frá Reykjavík á Aðaldalsflugvöll. Síðasta árið sem var flogið voru farþegar í kringum 19 þúsund. Það var árið sem hin glæsilega áhaldageymsla var tekin í notkun. Síðan var þetta flug lagt niður af flugfélaginu og ekki var vilji fyrir því hjá hæstv. ríkisstjórn að niðurgreiða það flug eða auglýsa það flug eins og gert var með önnur flug. Þess í stað var flugferðum til Akureyrar fjölgað og Húsvíkingar og Þingeyingar fljúga þaðan að sjálfsögðu mikið. En lofað var að efla almenningssamgöngur milli Akureyrar og Húsavíkur sem ég held að hafi ekki verið fullkomlega staðið við, alla vega ekki styrki frá hinu opinbera í þessa sérleyfisleið. Þetta nefni ég vegna þess að það kostar 1.800 kr. aðra leiðina, að fara með rútu þessa 90 km frá Akureyri til Húsavíkur, 1.800 kr. þegar hægt er að fljúga á bestu fargjöldum fyrir að mig minnir 5.700 kr. Þetta er nægileg röksemdafærsla fyrir því að hópferðabifreiðar eru þegar skattlagðar nóg. Tekjustofn þeirra er lélegur. Við Íslendingar erum þekktir fyrir annað en nota þennan ferðamáta. Við keyrum frekar á tíu bílum ef tíu aðilar þurfa að fara á milli staða. Við notum okkar einkabíl. Engu að síður er vert að hafa þennan mikla kostnað í huga.

Undanfarin nokkur þing hef ég verið 1. flm. að till. til þál. um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Margir fleiri úr Samfylkingunni hafa verið flutningsmenn að þessari tillögu. Einu sinni var hún sérstaklega rædd á þingi og vísað til nefndar en kom að sjálfsögðu ekki þaðan frekar en ýmis önnur mál stjórnarandstæðinga. Þessi tillaga var um það að skipa nefnd sem átti kanna áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni og líka áhrif þungaskatts á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra. Þarna var lagt til að þetta yrði gert og skipuð á vegum ríkisstjórnar nefnd allra stjórnmálaflokka til að fara í þetta og reyna að skapa þverpólitíska samstöðu, skulum við segja, um að skoða þessi mál sem, eins og ég áður hef sagt, við stjórnarandstæðingar höfum verið

að ræða og stjórnarsinnar, ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna í landsbyggðakjördæmunum, ræða á tyllidögum og hátíðarstundum. Þeir gætu meira að segja tekið upp á því að ræða það núna á væntanlegum aðventukvöldum. En ekkert bólar á neinum aðgerðum.

Í þessari tillögu minni var fullt af rökstuðningi gegn þessum svimandi háu flutningsgjöldum og skattheimtu ríkisins á flutningastarfsemi. Þarna birti ég m.a. verðkönnun sem ég gerði sjálfur á tíu vöruflokkum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Niðurstaða hennar var skuggaleg. Í þáltill. var líka sýnt fram á flutningskostnað, hver hann var í vöruverðsmynduninni. Þarna var innkaupsverð vörunnar skoðað og líka álagning kaupmannsins. Í stuttu máli, virðulegur forseti, var niðurstaðan sú að kaupmaðurinn er ekki orsakavaldur hás vöruverðs á landsbyggðinni. Álagning hans er mjög lítil, allt að því undarlega lítil stundum og margir kaupmenn eiga heiður skilinn fyrir baráttu sína við að halda opnum verslunum á mörgum stöðum á landsbyggðinni vegna þess að þeir eru ekki of sælir af framlegð sinni og álagningu. Varðandi flutningskostnað hins vegar þá gat hæstv. fjmrh., umsýslumaður fjármuna ríkisins, í þessu tilviki verið ánægður með sinn hlut út úr þessu vegna þess að hann fékk svo mikið. Við að flytja vöru út á land sem kostar 1.000 kr. í flutningi þá eru mjög miklar líkur á því, og margir hafa sýnt fram á það, að 45–50% af þeirri upphæð, 450–500 kall renni beint í ríkissjóð í formi þungaskatts, olíugjalds, gúmmígjalds, alls konar eftirlitsgjalda, virðisaukaskatts, gleymum honum ekki, o.s.frv.

Ofan á þetta leggst svo að sjálfsögðu virðisaukaskattur af flutningunum sjálfum. Virðisaukaskatturinn í búð kaupmannsins úti á landi kemur svo að sjálfsögðu síðastur eftir að flutningskostnaður og allt er komið inn. Því voru íbúar landsbyggðarinnar að borga margfalt hærri virðisaukaskatt af þessum vörum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

Svo að ég taki rétt niður í þessari þáltill. þá kom m.a. fram, með leyfi forseta, í töflunni þar sem var fjallað um virðisaukaskattinn, þar sem sýnt var fram á hvað þeir sem borguðu lægst vöruverð greiddu í virðisaukaskatt og hvað þeir sem borguðu mest greiddu í virðisaukaskatt. Þar kom fram að höfuðborgarbúar greiddu 2.090 kr. fyrir þá 10 vöruflokka sem voru ódýrastir og 299 kr. í virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Landsbyggðarbúinn þurfti hins vegar að greiða 3.379 kr. fyrir þessa vöru og 471 kr. í virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Íbúi landsbyggðarinnar sem þarf að versla þar sem þessir 10 vöruflokkar voru dýrastir skilar 58% meira í virðisaukaskatt til hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs en íbúinn á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann getur verslað ódýrast. Þar að auki hefur hæstv. fjmrh., umsýslumaður fjármuna ríkissjóðs, fengið miklu meiri virðisaukaskatt vegna þess að það þurfti að flytja vöruna frá uppskipunarhöfninni á höfuðborgarsvæðinu út á land. Það er því alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, þegar ég hef rakið þau atriði sem ég er að gera að umtalsefni, að hæstv. ríkisstjórn skuli voga sér að koma fram með frv. sem við erum að ræða þar sem sækja á 400 millj. í vasa þeirra sem greiða þungaskatt og 600 millj. í vasa þeirra sem kaupa sér bensín á bíla á næsta ári.

Þar að auki vil ég nefna í framhjáhlaupi, en ætla ekki að gera að umtalsefni hér vegna þess að það er ekki á dagskrá, að hæstv. ríkisstjórn hefur samþykkt fyrir sitt leyti að breyta þungaskattskerfinu og taka upp svokallað olíugjald. Ríkisstjórnin hefur samþykkt það fyrir sitt leyti samkvæmt fréttum í fjölmiðlum sem komu eftir þann ríkisstjórnardag. Mér skilst að það frv. liggi hjá stjórnarflokkunum og verið sé að skoða það, því mér skilst að menn séu nú aðeins að opna augun fyrir því að það kerfi, ef það á að vera eins og sýnt hefur verið í undanförnum frumvörpum, ég tek það skýrt fram. Nú hef ég að sjálfsögðu ekki séð síðasta frv. hæstv. ríkisstjórnar, en ef taka má mið af gömlu frumvörpunum og gömlu hugmyndunum er ætlunin að taka upp olíugjald með því að hækka verð á olíulítra upp í 90–95 kr. Þar að auki á að setja ökumæli á hvern einasta flutningabíl sem flytur vörur um landið og skattleggja hann eftir eknum kílómetrum. Flutningastarfsemin á sem sagt að borga tvöfalt kerfi. Ef olíugjaldsfrv. verður með því sniði sem hefur verið sýnt hingað til, mun það leiða til allt að 20% hækkunar flutningsgjalda, það frv. sem við erum hér að ræða og væntanlegt olíugjaldsfrv., nema það vilji svo vel til að það stoppi í stjórnarflokkunum, að þingmenn í stjórnarflokkunum sjálfum sem koma að landsbyggðinni segi: Hingað og ekki lengra. Ég vona sannarlega að þeir hafi dug til þess að segja: Hingað og ekki lengra, kæra ríkisstjórn. Nú er mælirinn fullur. Við samþykkjum ekki þessar auknu skattálögur.

Við getum svo haft skoðanir á því hvort það eigi að taka upp olíugjald eða ekki og hvernig það eigi að vera útfært. Ég er ekki andvígur því að breyta þungaskattskerfinu yfir í olíugjald en ég samþykki það aldrei ef það verður til þess að hækka álögur á flutningastarfsemi og lauma kannski inn frekari skattheimtum á þá sem þurfa að nota bílaumferðina. Við skulum hafa það í huga, sem ég hef ekki sagt hingað til, að skattheimta ríkisins af umferð á næsta ári er áætluð 32 milljarðar kr. Til vegamála renna 15–16 milljarðar kr. þannig að ríkissjóður er að hafa um 15–16 milljarða kr. í skatt af umferð á Íslandi, bílainnflutningi og öðru í ríkisrekstrinum. Það fer ekki til samgöngumála. Mætti ekki taka eitthvað af þessum peningum og lækka álögur á flutningastarfsemina eins og ég hef gert að umtalsefni til þess að freista þess að lækka flutningsgjöld? Þeir peningar eru til. Það má segja, því miður, virðulegi forseti, það er ljótt, þetta eru blóðpeningar ríkissjóðs sem eru innheimtir af flutningastarfsemi og bílaeigendum og notaðir í allt annað. Ég geri að sjálfsögðu skattheimtuna af umferð og flutningastarfsemi sérstaklega að umtalsefni.

Mig langar í þessu sambandi, virðulegi forseti, að taka nokkur dæmi um flutningastarfsemi. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég sakna þess, en það er kannski að æra óstöðugan með því að nefna það einu sinni enn. Ég sakna þess alveg svakalega að hv. nefndarmenn stjórnarflokkanna í efh.- og viðskn. skuli ekki sitja hér, ég tala nú ekki um nokkra þingmenn sem koma utan af landi og ættu að horfa á þetta atriði. (**Gripið fram í:** Á það ekki við þingmenn stjórnarandstöðunnar líka og ...) Jú, þingmaður stjórnarandstöðunnar er m.a. hér einn að nefna þetta. Þingmaður stjórnarandstæðinga, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir í efh.- og viðskn., fór mjög vel yfir nefndarálitið. (Gripið fram í.) Ef ég hef sagt það, þá biðst ég afsökunar á því, hv. þm. Jón Bjarnason. Ég sé þig hér en ég hélt ég hefði sagt stjórnarsinnar. Ef ég hef sagt stjórnarandstæðingar biðst ég afsökunar á því en ég ætlaði að tala um stjórnarsinna. (**JBjarn:** Landsbyggðarþingmenn.) Landsbyggðarþingmenn stjórnarinnar, ég nefni t.d. í efh.- og viðskn. hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, varaformann nefndarinnar. Ég nefni þingmann Framsfl., hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Þessir þingmenn hafa talað þannig í kosningabaráttu að þeim ofbjóði skattheimta ríkisins og finnist flutningsgjöldin allt of há. Þeir skrifa upp á

nefndarálit, þessir hv. þm., sem gerir það að verkum að þetta mun allt saman hækka. Það verður gaman að heyra í þessum hv. þm. hér á eftir um þessi atriði eða hvort það eigi bara að afgreiða það með því að það sem sagt var í kosningabaráttu af þeirra hálfu ásamt öðrum stjórnarþingmönnum af landsbyggðinni, þó þeir séu ekki í sömu nefnd, hafi bara verið plat eins og ýmislegt annað sem lofað var í kosningabaráttu og fer ég ekki frekar út í þá sálma.

Það má auðvitað fara yfir það hvort hv. stjórnarþingmenn þriggja landsbyggðarkjördæma muni styðja þetta frv. og ætli að hleypa því í gegn með þeim afleiðingum sem ég hef verið að gera að umtalsefni ofan á allt annað sem búið er að ganga á, 40–45% hækkun á lengstu leiðum. Flutningsgjöld sem ég ætlaði að nefna áðan með dæmum úr atvinnulífinu, og ég ætla að nefna hér á eftir, eru svimandi há og eru allt að drepa. Það má nefna t.d. þingmenn Norðvest., hv. þm. Magnús Stefánsson, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, áðurnefndan hv. þm. Kristin H. Gunnarsson eða hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, þingmenn stjórnarflokkanna í Norðvest., að ég tali ekki um hæstv. samgrh. Sturlu Böðvarsson sem ég gleymdi að nefna sem er efstur á blaði. Eða hv. þm. úr Norðaust., hæstv. ráðherra byggðamála Valgerði Sverrisdóttur, hæstv. forseta þingsins Halldór Blöndal, hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson, hæstv. menntmrh. Tómas Inga Olrich, áðurnefnd hv. þm. Dagný Jónsdóttir og hv. þm. Birkir J. Jónsson. Ef við förum yfir í Suðurk., hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Ætla þessir þingmenn allir, tveir af þeim eru nefndarmenn í efh.- og viðskn. sem hefur verið með þetta mál til umfjöllunar og fengið þær umsagnir sem hér er verið að fjalla um, virkilega að stuðla að því að þetta renni í gegnum þingið steinþegjandi og hljóðalaust? Láta ekki sjá sig í umræðunni, fara í felur, að maður tali ekki um þingmenn Framsfl., það er bara orðinn daglegur viðburður að þeir taki ekki þátt í neinni umræðu á þinginu (**GHall:** Ég verð nú að benda ræðumanni á að menntmrh. er ekki á þinginu, það er varaþingmaður fyrir hann hér inni ... ómaklegt.) Það er ekkert ómaklegt, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, það er ekkert óvirðulegt við það. Ég er ekkert að kalla eftir að þessir þingmenn séu hér. Ég var að fjalla um hvort þessir þingmenn ætli að stuðla að því og samþykkja þetta frv. (**GHall:** Og taki þátt í umræðunni.) Já, já, það má vel segja að svo sé.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti beinir því til ræðumanna og þingmanna sem sitja úti í sal að standa ekki í samtölum sín á milli.)

Já, í upphafi skal endinn skoða og er sjálfsagt að verða við því. En ef nokkrir þessara stjórnarþingmanna eru utan þings og erlendis eins og hér kom fram, get ég bara snúið því við, að í staðinn fyrir hæstv. menntmrh. Tómas Inga Olrich er kominn þingmaður af landsbyggðinni, Arnbjörg Sveinsdóttir, ef fleiri eru í burtu biðst ég afsökunar á því ef það hefur farið fram hjá mér. En þeir gætu kannski verið til staðar þegar atkvæðagreiðslan verður hvort sem það er 2. eða 3. umr.

Ég sagði það áðan, virðulegi forseti, að ég ætlaði að taka nokkur vel þekkt dæmi af landsbyggðinni og landsbyggðarfyrirtækjum um flutningskostnað og sýna fram á hvernig þetta íþyngir þeim í rekstri og að sum þessara fyrirtækja eru að hugleiða að hætta starfsemi sinni á landsbyggðinni og flytja starfsemina til höfuðborgarsvæðisins vegna þess að aðalmarkaður fyrir þær vörur sem þau framleiða er á höfuðborgarsvæðinu. Tökum dæmi af framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni sem er vel þekkt í sinni grein, veltir 700–800 millj. á ári, flytur megnið af sinni framleiðslu til höfuðborgarsvæðisins, borgaði á síðasta ári 50–80 millj. kr. í flutningskostnað. Þetta fyrirtæki nýtur samt mikils afsláttar frá flutningstöxtum. Af þeirri upphæð rennur sennilega um helmingur í formi ýmissa skatta til ríkissjóðs, eins og ég hef áður getið um.

Lítið fyrirtæki á Norðurlandi framleiðir úrvalsvöru úr sjávarafurðum sem seld er um allt land. Fyrirtækið dreifir sinni vöru sjálft og sendir daglega, samkvæmt pöntunum, stórar sem smáar sendingar til verslana. Þetta fyrirtæki er oft og tíðum að greiða um 100–125 kr. á hvert kg vegna sendinga sem eru undir 15–20 kg. Það er sem sagt að greiða á bilinu 1.500–3.000 kr. fyrir flutning á sinni vöru frá framleiðanda til verslana. Flutningskostnaðurinn er einn hæsti og ósanngjarnasti útgjaldaliður þessa fyrirtækis.

Frægt er dæmið um bónda á norðausturhorni landsins sem ákvað að fá sér nýjan vatnabát, kringum 2,7 rúmmetra að stærð. Það þurfti að sjálfsögðu að flytja hann til hans. Þessi bátur kostaði 140 þús. kr. út í búð í Reykjavík. Tilboð í flutningskostnað með bíl var í kringum 65–70 þús. kr., um helmingur af verðgildi bátsins. Það segir sig auðvitað sjálft að það var ekki gerandi að gera þetta þannig svo að báturinn var fluttur með skipi og síðan með bíl og síðan sóttur af þessum ágæta bónda töluvert langa vegalengd. Flutningskostnaðurinn var samt sem áður í kringum 30 þús. kr.

Ef bíleigandi á Norðurlandi verður svo óheppinn að sjálfskiptingin í bíl hans bilar og ekki er hægt að gera við hana á viðkomandi stað, þá kostar flutningurinn fram og til baka í kringum 12 þús. kr. á sjálfskiptingunni sem send er til Reykjavíkur á verkstæði. Og höfum það í huga, virðulegur forseti, að helmingurinn af þeim peningum, allt að 6 þús. kr., eru skattar til ríkissjóðs.

Fiskverkandi á Norðurlandi sem kaupir fisk á fiskmarkaði og hefur verslað mikið á Snæfellsnesi þarf að flytja fiskinn til sín til að skapa áfram vinnu í viðkomandi byggðarlagi. Þetta þarf hann að gera vegna þess að kvótinn sem var á staðnum var allur seldur burt úr plássinu og engin útgerð er þar lengur, frá stað sem byggðist á sínum tíma upp á útgerð og fiskvinnslu. Fólkið í þessu viðkomandi plássi á eignir sínar þar auðvitað áfram og þarf laun fyrir ævistarfið og til að reka þær húseignir. Þessi ötuli fiskverkandi sem neitar að gefast upp þarf að borga í kringum 15 kr. á hvert kíló vegna fiskflutninganna norður. Það þýðir, virðulegi forseti, að ef flutt eru 50 tonn af fiski þarf að borga 750 þús. kr. í flutningskostnað fyrir það. Hæstv. fjmrh. fær helminginn af því.

Síðan er þessi vara unnin og sköpuð úr henni vinna og verðmæti, m.a. útflutningsverðmæti fyrir þjóðarbúið allt vegna þess að mest af útflutningstekjum okkar kemur úr sjávarútveginum og við lifum nú ekki á verslunarrekstri einum saman eða þeirri verðmætasköpun sem á sér stað í Kringlunni eða Smáralind. En það þarf að flytja þennan fullunna fisk aftur og oft á tíðum þarf að keyra hann til Reykjavíkur eða austur á land, austur á Eskifjörð til útflutnings. Þá er í rauninni um sama verð á kíló að ræða í flutningskostnaði, eða eins og sagt hefur verið: Það kostar jafnmikið, virðulegi forseti, að flytja einn gám af fiski frá Þórshöfn til Húsavíkur og að flytja viðkomandi gám frá Reykjavík til Rotterdam með skipi.

Það er alltaf best að sýna þetta með dæmum sem eru úr viðskiptalífinu. Flutningsreikningur verslunar á norðausturhorni landsins sem þurfti að flytja 450 kíló af matvöru til sín borgaði 9 þús. kr. fyrir flutninginn eða 20 kr. á hvert kíló.

Þetta eru aðeins örfá dæmi, virðulegi forseti, sem ég hef nefnt. Og það kemur upp í hugann einu sinni enn, það sem hv. stjórnarþingmenn sögðu í liðinni kosningabaráttu þegar m.a. var rætt um flutningskostnaðinn, sem mikið var rætt um í kjördæmi mínu. Þá var auglýsing í gangi sem Framsfl. beitti sér mikið fyrir sem var svohljóðandi: Verkin tala. Mér finnst verk hæstv. ríkisstjórnar undanfarin ár tala sínu máli, þ.e. hækkun þungaskatts.

Sjálfstæðisflokkurinn notaði slagorðið: Áfram Ísland, fínt slagorð, áfram Ísland. En er það áfram Ísland fyrir allt Ísland eða er það bara fyrir höfuðborgarsvæðið? Hvernig eiga íbúar í litlum byggðarlögum úti á landi sem búa við þessi háu flutningsgjöld og hina miklu skattheimtu ríkissjóðs að taka slagorðið Áfram Ísland? Hvaða mat eiga þeir að leggja á slíkt slagorð og verk hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum?

Nei, virðulegi forseti, það er alveg sama hvar borið er niður, það er alveg sama hvar við erum í umræðunni, alltaf komum við að því sem er það allra versta í þessu öllu saman, þ.e. mikilli hækkun þungaskatts sem leitt hefur af sér hin miklu og háu flutningsgjöld og þetta eru allt saman afleiðingar af ákvörðunum og stundum ákvarðanaleysi hæstv. ríkisstjórnarflokka í þá tíð sem þeir hafa setið við stjórnvöl.

Í ágætri umsögn frá Landvara, sem eru hagsmunasamtök flutningabílstjóra, þá birtast hér í þinggagni sem umsögn um þetta mál þær tölur sem ég hef oft gert að umtalsefni, þ.e. um 40–45% hækkun á greiðslu þungaskatts frá árinu 1998 til ársins 2000. Það er auðvitað þannig, virðulegi forseti, og það staðfestir þessi umsögn, staðfestir það sem ég hef áður sagt á hinu háa Alþingi um þetta og hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, hæstv. forseti Alþingis, hefur rengt í þingræðu, að þessi umsögn staðfestir þær tölur sem við höfum farið yfir, þ.e. þungaskattinn, hvernig hann hefur komið til ríkissjóðs.

Auðvitað er það svo, virðulegi forseti, að atvinnugreinin sem slík getur engan veginn tekið á sig slíkar hækkanir öðruvísi en að velta þeim út í verðlagið, eins og gerist í öðrum starfsgreinum. Og það sjáum við í þeim ofboðslega háu flutningsgjöldum sem landsmenn þurfa að búa við og sem birt voru í þáltill. minni á síðasta ári, þ.e. gjaldskrá flutningafyrirtækja, þar sem sjá mátti himinháar tölur. Nú hafa stjórnarþingmenn, virðulegi forseti, oft viljað rengja þessar töflur og segja: Það er ekkert að marka þessar töflur, þetta er bara grunnurinn, svo koma alls konar afslættir.

Það er sannarlega rétt eins og ég tók dæmi af áðan, að menn semja, stórir aðilar hafa tækifæri til að semja við flutningsaðila, jafnvel bjóða þá út, þó að ekki séu nema tveir eða þrír eftir í þessari starfsemi og ekki mikil samkeppni á því sviði heldur hefur hún þróast frekar yfir í fákeppni, þá hafa stórfyrirtæki fengið góð tilboð, og það er auðvitað virðingarvert og gott. En það á ekki við um alla og það á ekki við um almenning.

Þess vegna segi ég bara: Gjaldskráin er þessi. Hún hefur verið rengd af nokkrum stjórnarþingmönnum. Tölulegar staðreyndir og afrit af reikningum, eins og ég tók tók dæmi af áðan, eru þannig að þau sanna þetta mál sem við erum að fjalla hér um.

Hér hafa nokkrir þingmenn, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, talsmaður 1. minni hluta efh.- og viðskn., sem las upp nál. 1. minni hluta sem skipa auk Jóhönnu hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, lesið upp margar af þeim umsögnum sem komu til nefndarinnar vegna þessa máls, annars vegar bensínhækkunarinnar og hins vegar vegna þungaskattsins. Það er margt í þeim umsögnum sem ekki hefur verið sagt sem á heima inni í þessari umræðu og í þinggögnum um málið vegna þess að mér er það til efs að nokkurt þingmál hafi fengið aðrar eins viðtökur og aðrar eins umsagnir og þetta mál.

Auðvitað svíður fólki það líka enn þá meira, jafnt umsagnaraðilum sem almenningi í landinu, að í liðinni kosningabaráttu fóru stjórnarflokkarnir mikinn og lofuðu skattalækkunum á íbúa landsins, báðir stjórnarflokkarnir. Hvernig birtist þetta okkur svo? Þetta birtist okkur í skattahækkunum, eins og við erum að ræða um hér, þessi 1.200 millj. kr. skattheimta er tekin úr vasa bíleigenda og þeirra sem reka flutningastarfsemi og þeirra sem borga fyrir flutning á vöru. Þeir borga þær 1.200 milljónir.

Ég hef áður sagt það í ræðu minni nú að skattheimta af umferð er komin í nýjar hæðir og máli mínu til stuðnings vil ég lesa, með leyfi forseta, upp úr grein sem birtist í Fréttablaði Félags íslenskra bifreiðaeigenda og þar er fyrirsögn: Hundruð milljóna skattahækkanir á bíleigendur – gluggað í nýja fjárlagafrumvarpið.

„Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2004 er gert ráð fyrir verulegum skattahækkunum á bíleigendur. Ef marka má frumvarpið ætlar ríkisvaldið að sækja samtals um 950 milljónum króna meira í vasa bifreiðaeigenda í formi eldsneytis- og notkunarskatta á næsta ári en á yfirstandandi ári. Ofan á þá upphæð leggst svo virðisaukaskattur þannig að samtals nemur þessi aukna skattheimta tæplega 1.100 milljónum króna.

Rúmur helmingur þessara auknu álaga, eða 550 milljónir, verður sóttur til bifreiðaeigenda með því að hækka vörugjald af bensíni sem hafa mun þær afleiðingar að bensínlítrinn verður um 4 krónum dýrari en hann er nú. Því til viðbótar verður þungaskattur af dísilbílum hækkaður um 400 milljónir. Ofan á bensínskattinn nýja kemur svo virðisaukaskattur.

Meiri tekjur en ekki nóg.

Á yfirstandandi ári hefur bifreiðainnflutningur verið verulega meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga þessa árs. Það er því allt útlit fyrir að tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum af innfluttum bifreiðum verði um 800 milljónum meiri á þessu ári [þ.e. árinu 2003] en gert var ráð fyrir. Ofan á þessar auknu vörugjaldatekjur leggst svo virðisaukaskattur upp á tæplega 200 milljónir króna til viðbótar. En þessar auknu tekjur umfram áætlanir eru ríkisstjórninni ekki nóg, því að hún ætlar greinilega að vega enn í þennan sama knérunn og sækja um 1.100 milljónir í viðbót í vasa bifreiðaeigenda samanber það sem fram kemur hér ofar."

Svo kemur í lokin rúsínan í pylsuendanum. Fyrirsögnin á þeim kafla er: Í nýjar hæðir.

„Ef þessar hækkanahugmyndir ná fram að ganga óbreyttar þá mun skattheimta ríkissjóðs á næsta ári af bílum og rekstrarvörum til þeirra ná nýjum sögulegum hæðum og komast í samtals 32 milljarða. Það er rúmlega 100% þyngri skattbyrði en lögð var á bifreiðaeigendur árið 1991 á fyrsta starfsári fyrsta ráðuneytis Davíðs Oddssonar."

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að hafa yfir þessar tölur aftur. Það eru 32 milljarðar, skattur af bílum og rekstrarvörum til þeirra, og þetta er komið í nýjar sögulegar hæðir, eins og hér kemur fram. Það staðfestir það sem áður hefur verið sagt og ég man eftir að kom m.a. fram í hv. samgn. á síðasta kjörtímabili sem ég átti sæti í þegar menn voru að

ræða samgönguáætlun og annað, þá kom það fram að um helmingurinn af þessari upphæð rennur til vegamála, hitt rennur beint inn í ríkissjóð.

En í lok greinarinnar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi yfirlýsinga og loforða sem stjórnarflokkarnir gáfu fyrir síðustu kosningar um skattalækkanir þá eru þessar fyrirhuguðu hækkanir sannarlega ekki neitt gamanmál og varla hægt að segja að fjárlagafrumvarpið sé skemmtilestur fyrir fjölskyldurnar í landinu sem eiga og reka bíl. Enn eru ótalin þau hækkunaráhrif sem þessar hækkanir hafa, m.a. á vísitölur og þar með húsnæðisskuldir þessara sömu fjölskyldna."

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram eru menn að sækja hér meira fé út af vísitöluhækkunum. En engu að síður samþykktum við fjárlög við 2. umr. í gær hér á hinu háa Alþingi og þar samþykkti stjórnarmeirihlutinn lækkun til framkvæmda í vegamálum upp á 850 millj. kr. Skerða á vegaframkvæmdir um 850 millj. kr. á næsta ári miðað við fjárlagafrv. Þetta voru brtt.

Í rauninni má segja, virðulegi forseti, að í kosningunum og í kosningaundirbúningnum hafi menn farið um og klappað kjósendum á vinstri og hægri eins og hægt var, lofað skattalækkunum, alls konar aðgerðum, öllu þessu var lofað fyrir kosningar. Eftir kosningar má síðan orða það svo að þeir sömu og fengu klappið á vinstri og hægri fyrir kosningar séu kýldir nú til vinstri og hægri, á vinstri og hægri kjammann með þeim aðgerðum sem hér eru boðaðar, skattahækkunum, niðurskurði og því að verið er að sækja meira fé sem fer í ríkissjóð. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga, virðulegi forseti. Með öðrum orðum, tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðanotkunar eru 32 milljarðar á næsta ári en ekki 29,7 eins og áður hefur verið talað um. Það er vegna þess, og var lesið hérna upp áðan, að skattar voru vantaldir af að mig minnir dekkjum og einhverju þess háttar, viðgerðum og varahlutum. En sannarlega eru þessar tekjur komnar upp í sögulegar hæðir.

Þetta er enn eitt Íslandsmet hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Ekki aðeins hefur hann setið manna lengst í stóli forsrh. og slegið Íslandsmet þar heldur hefur hæstv. forsrh. líka slegið Íslandsmet í skattheimtu og ríkisstjórnir hans hafa slegið Íslandsmet í skattheimtu af bifreiðanotkun á Íslandi. Og það er náttúrlega líka Íslandsmet hve lítið af þeim peningum fara beint til málaflokksins heldur eru notaðir í annað. Enda er það svo að í ýmsum gögnum sem maður sér þar sem verið er að bera saman kostnað bíleigenda við að reka einkabíl með svona 1.500 kúbiksentimetra vél, lítinn fjölskyldubíl, þá sýnir öll tölfræði og súlurit, sem m.a. eru byggð á tölum sem sennilega koma úr fjmm., að Ísland trónir hæst og skagar þar mest upp á blaðinu og er nefnt fyrst í þeim kafla þar sem verið er að ræða um skatta og útgjöld vegna reksturs á bíl, langt fyrir ofan lönd eins og Danmörku, um meira en helming, Noreg 30–40% meira, og svona má lengi telja.

Virðulegi forseti. Þá kem ég loks að nokkrum umsögnum sem bárust efh.- og viðskn. út af þessu tiltekna máli. Ég ætla ekki að lesa þær allar upp en gríp inn í nokkrar sem eru mjög merkilegar og bendi t.d. sérstaklega á og byrja á því að Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra senda mjög harðorða umsögn þar sem fjallað er um þessi atriði. Benda má á að Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem eru samtök allra sveitarfélaga á því svæði, eru skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka í viðkomandi sveitarstjórnum og því má með sanni segja þessi samtök séu þverpólitísk. Þar hafa menn verið einhuga, sama hvort það eru sjálfstæðismenn, framsóknarmenn, jafnaðarmenn í Samfylkingunni, vinstri grænir eða frjálslyndir eða kannski bara utan flokka, og hafa gert mjög merkilegar ályktanir m.a. um þungaskatt, skatta af umferð og skatta af flutningastarfsemi. Þeir hafa líka verið í fararbroddi samtaka sveitarfélaga að benda á leiðir til að jafna lífskjör í landinu í gegnum skattkerfið, ályktanir sem mér eru mjög að skapi og mér finnast alveg til fyrirmyndar. Ég hef áður getið þessara samtaka og vil ítreka það, virðulegi forseti, að þetta eru ekki samtök samfylkingarmanna á Norðurlandi vestra, SSNV, þetta eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, þverpólitísk samtök. Í stjórn þeirra eru fulltrúar frá öllum flokkum og þeir hafa bent á þessar leiðir.

Þeir segja m.a. í umsögn sinni, með leyfi forseta, um þetta frv. til fjáröflunar vegagerðar:

„Það kemur stjórn SSNV mjög á óvart að lagt sé fram frumvarp nú til að hækka þungaskatt og vörugjald af ökutækjum og eldsneyti þar sem það er stefna ríkisstjórnarinnar að lækka skatta. Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu." — Og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu. — „Stjórn SSNV hefur áður bent á það sem leið til að beita skattakerfinu til jöfnunar lífskjara að lækka þungaskatt af völuflutningum. Stjórn SSNV leggst gegn samþykkt frumvarpsins." — Og segir svo í lokin: „Hvað segir ESA núna?"

Þetta er ákaflega merkileg ályktun. Bæjarstjórn Akureyrar er líka skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka nema Frjálsl. Sjálfstfl. og Framsfl. eru þar í meiri hluta, og bæjarráð sendir umsögn um þetta frv. Nú veit ég ekkert um það hve mörg sveitarfélög fengu þetta mál til umsagnar en alla vega fór það til Akureyrarbæjar. Bæjarráð segir í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Bæjarráð bendir á að hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í mótsögn við yfirlýstar fyrirætlanir stjórnvalda um lækkun flutningskostnaðar."

Glæsileg samþykkt hjá sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum í bæjarstjórn Akureyrar sem vafalaust hefur verið studd af fulltrúum Flokks fólksins, Oddi Halldórssyni m.a. og hans fólki, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Vinstri grænna. Ég geri ráð fyrir því að það hafi verið þverpólitísk samstaða um þessa ályktun. Það er í raun og veru ekki að furða að bæjarráð Akureyrar og bæjaryfirvöld á Akureyri skuli senda þessa ályktun og leggjast gegn þessu og vitna í það að fyrirætlanir stjórnvalda hafi verið um að lækka flutningskostnaðinn en ekki hækka eins og hér er gert, vegna þess að bæjarstjórn Akureyrar hefur tekið þetta mál mjög oft upp. Það er auðvitað vegna þess að hagsmunir Akureyrarbæjar og Akureyringa eru mjög miklir, að ég tali nú ekki um fyrirtækja á Akureyri sem mörg hver eru í fremstu röð á sínu sviði. Þau eru að flytja til sín hráefni sem oft og tíðum er uppskipað hér á höfuðborgarsvæðinu, vinna úr því fína vöru og flytja aftur til höfuðborgarsvæðisins á þennan stærsta markað Íslands og greiða flutningsgjöld fram og aftur.

Við skulum nú taka dæmi aftur af tveimur þekktum norðlenskum kjötiðnaðarfyrirtækjum, Norðlenska og Kjarnafæði, sem flytja megnið af sínum vörum til höfuðborgarsvæðisins, ég veit þó ekki hvað það er stórt hlutfall og mikið er nú selt á svæðinu, en þessi fyrirtæki áætla að þau borgi 100–130 millj. kr. í flutningskostnað á ári. Ætli það væri nú ekki skemmtilegra, virðulegi forseti, að hafa þessa upphæð, 100–130 milljónir, ofan við strikið í rekstrarreikningnum,

hafa það þannig ofan við að það myndaði jafnvel hagnað, að hagnaður væri eftir til greiðslu á skuldum eða til áframhaldandi sóknar fram á við o.s.frv.? En þetta eru þessir, sem ég kalla, blóðpeningar ríkissjóðs sem ríkissjóður og hæstv. fjmrh. eiga ekki að vera ánægðir með að fá. Það eru svona peningar, ósanngjörn skattheimta þar sem skatturinn til ríkissjóðs magnast eftir því sem meira er keypt og þarf að flytja vöruna fram og til baka.

Þessi tvö atriði sem ég hef hér nefnt, þ.e. umsagnir Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Akureyrarbæjar eru í þessu veru.

Þá ætla ég að koma að umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Það er nú svo, virðulegi forseti, að þessi afstaða kemur í raun og veru ekki á óvart vegna þess að stjórn Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum tekur ekki afstöðu til frv., þ.e. annars vegar um hækkun bensínsgjaldsins, sem virkar á íbúa á Suðurnesjum, og tekur heldur ekki afstöðu til hækkunar þungaskatts, sem fer út í verðlag og flutningskostnað eins og er margrætt um. Hvers vegna skyldi það vera svo, virðulegi forseti, að Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum taki ekki afstöðu til þessa frv.? Jú, það er náttúrlega vegna þess að þetta eru ekki svo miklar vegalengdir að þungaflutningsgjöldin þar eru greinilega ekki að íþyngja, að mati Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, íbúum þess svæðis í hærra vöruverði og íþyngja ekki flutningafyrirtækjum með háum flutningsgjöldum eða íbúum eða fyrirtækjum á svæðinu, enda sjáum við það í gjaldskrá fyrirtækja þar að það væri nú ágætt ef öll fyrirtæki á landsbyggðinni gætu búið við þá gjaldskrá. Ég gæti alveg skrifað upp á þá gjaldskrá. Þess vegna er ekki að furða þó að Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum láti sig ekki málið varða. Þetta er enn einn rökstuðningurinn fyrir áherslumuninum og misvæginu sem er milli svæða á Íslandi, milli landsmanna, að menn sitja ekkert við sama borð.

Verslunarráð sendi líka umsögn og það er dálítið skrýtið að þar er ekki lagst gegn þessu, þó að lagst sé gegn öllum hækkunum, en það er ekkert sérstaklega fjallað um þetta atriði sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Þá kem ég að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem er eins og nafnið bendir til samtök allra sveitarfélaga á Íslandi, sama hvort þau eru á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga olli mér miklum vonbrigðum og staðfesti það sem ég hef áður sagt og haldið fram að Samband íslenskra sveitarfélaga er því miður að þróast æ meira yfir í það að vera samband íslenskra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og gætir fyrst og fremst hagsmuna stóru sveitarfélaganna þar, sem náttúrlega borga mest til sambandsins, og þess vegna er þessi umsögn mér veruleg vonbrigði.

Það er lítils háttar rætt um þetta, eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Stjórnin vekur athygli á því að með þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu eykur ríkissjóður árlegar tekjur sínar af bifreiðanotkun landsmanna um 1.000 millj. kr.“ — þeir gleyma náttúrlega að reikna virðisaukaskattinn sem kemur ofan á þetta þannig að þetta fer upp í 1.200 milljónir — „sem m.a. mun að óbreyttu leiða til aukins kostnaðar í fólks- og vöruflutningum.“

Það eina sem rætt er í þessari umsögn um vöruflutninga er þetta eina orð þarna, að það muni að óbreyttu leiða til aukins kostnaðar í fólks- og vöruflutningum. Síðan er ekki rætt meira um vöruflutningana. Stjórnin fjallar hins vegar hér um áætlunarferðir almenningsvagna og leggur til að almenningsvagnar og bílar sem aka í áætlunarferðum og stunda strætisvagnarekstur eða flutningastarfsemi verði undanþegnir skattskyldu. Og eins og það er í dag, virðulegi forseti, þá hefur það verið svo í mjög mörg ár, ég veit ekki hve mörg, það getur vel verið að það hafi verið frá upphafi, að strætisvagnarekstur á landinu hefur eingöngu þurft að greiða 30% af þungaskatti, hefur fengið 70% afslátt.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er sem sagt að leggja það til að slík starfsemi fái 100% afslátt, greiði engan þungaskatt. Og því er ég sammála. Eins og kom fram hjá fulltrúa Samf. í efh.- og viðskn., hv. frsm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þá styðjum við það, enda fluttu hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir fyrir einu eða tveimur árum tillögu um það þó að hún sé ekki endurflutt hér nú vegna þess að við vitum að ríkisstjórnin áætlar breytingar á þessu með umræddu olíugjaldi og við geymum okkar tillögur, sem við höfðum ýmsar fram að færa, til þess tíma þegar við sjáum á þau spil, þá styðjum við samt sem áður þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram og er efnislega nákvæmlega eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fram, við styðjum það að strætisvagnarekstur og almenningsvagnar á áætlunarleiðum verði undanþegnir þungaskatti.

Ég sagði það áðan, virðulegi forseti, að álit og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga ollu mér miklum vonbrigðum. Hér er t.d. lítið sem ekkert rætt um skólaakstur og nánast ekki neitt um vöruflutninga til og frá landsbyggðinni. Það gerir hins vegar Alþýðusamband Íslands mjög vel, bendir á þessi atriði og hvernig þau hafa neikvæð áhrif á landsbyggðina, neikvæðari áhrif á landsbyggðina en á höfuðborgarsvæðið, og eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Mörg svæði á landsbyggðinni eiga í vök að verjast og erfitt hefur reynst að halda uppi verslun og þjónustu á viðkomandi svæðum. Verði frumvarpið að lögum mun slíkt reynast enn erfiðara. ASÍ leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.“

Strætó bs. hefur skilað umsögn og um hana hefur verið fjallað og þarf ekki að fjölyrða meira um.

Samtök iðnaðarins hafa hins vegar verið mjög iðin við það að benda á þessi atriði enda gæta þau vonandi hagsmuna alls iðnaðar, sama hvar hann er á landinu. Samtök iðnaðarins hafa látið sig þessar breytingar á þungaskatti miklu varða og mótmæla þessari hækkun í umsögn sinni og benda á að hún muni fara beint út í verðlagið, flutningafyrirtæki m.a. muni þurfa að velta þessu út í verðlagið eins og komið hefur fram og allir eru sammála um að gerist, en samtökin gagnrýna líka þau meginrök sem eru fyrir hækkun gjaldsins við að auka tekjur ríkissjóðs. Þau benda á ansi athyglisverðan punkt þar sem þau segja að tekjur ríkissjóðs af þessu muni aukast hvort sem er mjög mikið vegna aukinna umsvifa, m.a. í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi, og það er einn þáttur sem ekki hefur verið nefndur hér og er athyglisvert í umsögn Samtaka iðnaðarins að benda á þetta atriði, vegna þess að auðvitað hefur sú mikla atvinnuuppbygging sem þar á sér stað og atvinnustarfsemi í för með sér að ríkissjóður muni fá miklar tekjur.

(**Forseti** (JBjart): Forseti vill kanna hvort hv. ræðumaður er við það að ljúka ræðu sinni því að ætlunin var að gera matarhlé til klukkan hálftvö. Ef ræðumaður er ekki við það

að ljúka ræðu sinni biður forseti hann um að gera hlé á henni þangað til málið verður tekið á dagskrá aftur síðar í dag.)

Já, ég fellst bara á það, enda orðinn svangur.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, 360. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 479.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 359. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 478.

Fjármagn til rannsókna við háskóla, 353. mál, fsp. KJúl, þskj. 472.

Húsnæðiskostnaður ráðuneyta, 352. mál, fsp. GÁS, þskj. 471.

Rannsóknarsamningur við Háskólann í Reykjavík, 354. mál, fsp. KJúl, þskj. 473.

Rannsóknir á setlögum við Ísland, 355. mál, fsp. GHall, þskj. 474.

Tilkynningarskylda og afmörkun siglingaleiða, 356. mál, fsp. GHall, þskj. 475.

Umræður utan dagskrár.

Ofurlaun stjórnenda fyrirtækja.

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Neðanjarðarlaunakerfi stjórnenda fyrirtækja er orðið mikið áhyggjuefni og engu líkara en að á síðustu árum sé að verða til ný yfirstétt sem lifir í einhverri veröld sem er til hliðar við raunveruleika íslensks samfélags. Þar ráða fremur geðþóttaákvarðanir og græðgi en almennar leikreglur og hagsmunaárekstrar grassera. Hver stjórnandi virðist umbuna öðrum í von um að fá það endurgoldið í myljandi tekjum sjálfur og allt er þetta á kostnað neytenda sem borga brúsann af öllu saman. Þetta kallar svo sannarlega á að settar verði reglur um stjórnarhætti í fyrirtækjum til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og að stjórnir fjármálafyrirtækja verði m.a. skipaðar óvilhöllum aðilum sem engra hagsmuna hafa að gæta.

Guð láti gott á vita um hörð viðbrögð ráðherranna nú sem ég fagna. En það var ekki fyrr en svo hrikalega var gengið fram af þjóðinni að þeir tóku við sér, þegar ekkert blasti við annað en þjóðaruppreisn. Kannski þurfti þetta bylmingshögg til að opna augu stjórnvalda, þegar tveir stjórnendur Kaupþings Búnaðarbanka fá á silfurfati ofan á meira en 4 millj. kr. mánaðartekjur kaupréttarsamning á gengi sem er langt undir markaðsvirði, hlutafjárkaupin síðan fjármögnuð með lánsfé frá bankanum án trygginga í öðru en bréfunum og höfuðið svo bitið af skömminni með því að stjórnendur eru varðir fyrir tapi af öllum herlegheitunum. Þetta er yfirgengilegt og ég mun kalla eftir því að Fjármálaeftirlitið skoði sérstaklega hvort ekki var verið að brjóta 104. gr. hlutafélagalaga með því að stjórnarformanni og forstjóra var lánað fyrir hlutafjárkaupunum.

Hvað með hina hluthafa bankans? Hafa þeir slík kjör, eða almenningur sem þúsundum saman keypti hlutabréf í deCODE með lánsfé, m.a. vegna þess að stjórnvöld lofuðu og studdu fyrirtækið? Þar sat fjöldi fólks eftir með sárt ennið og tapaði aleigunni. Ekkert heyrðist þá í stjórnvöldum.

Áhættan af þessum kaupréttarsamningum er í raun sett á aðra hluthafa því að þeir sem eiga von á svona ægigróða gætu blindast af gullinu og tekið meiri áhættu en eðlilegt væri og teflt þar með hagsmunum tugþúsunda hluthafa í hættu.

Ég spyr hæstv. ráðherra líka: Gengur það ekki gegn hlutafélagalögunum að gera kaupréttarsamninga til fimm ára við stjórnarformann sem kosinn er á hluthafafundi til eins árs í senn? Eitt er víst, virðulegi forseti, að málið í heild sinni sýnir alvarlegar gloppur í löggjöf um fjármálamarkaðinn og endurspeglar mjög alvarlega siðferðisbresti sem bregðast verður við af fyllstu hörku. Það alvarlega er að stjórnvöld hafa aldrei hlustað á *síendurteknar aðvaranir okkar í stjórnarandstöðunni* fyrr en nú þegar þjóðaruppreisn blasti við. Óbeint hafa hæstv. ráðherrar haldið hlífiskildi yfir ofurkjörunum með því að neita að upplýsa um þau í skjóli hlutafélagalaganna í stað þess að breyta reglunum, breyta lögunum. Rifjum upp fyrir hæstv. ráðherrum örfá dæmi.

Ofurkjör og afkomutengdir kaupaukar stjórnenda Fjárfestingarbankans. Þar átti ríkisvaldið þrjá fulltrúa í stjórn sem ákvað ofurkjörin. 100–200 millj. kr. starfslokasamningur við fyrrv. forstjóra VÍS eða starfslokasamningurinn við fyrrum forstjóra Símans, fyrirtækis í ríkiseign, sem samsvaraði 40 árslaunum láglaunafólks. Hvað með 70 millj. kr. kaupauka á sl. ári til forstjóra Kaupþings á sama tíma og það var neikvæð ávöxtun á fé lífeyrissjóðanna í vörslu fyrirtækisins? Og hvað með 90 millj. kr. starfslokasamning forstjóra Byggðastofnunar sem var auðvitað algjört hneyksli?

Hefur útrás græðginnar nú verið stöðvuð eftir þetta bylmingshögg sem forráðamenn Kaupþings Búnaðarbanka gáfu þjóðinni fyrir helgi, þessa blautu tusku sem almenningur fékk í andlitið þar sem ekkert var verið að skafa utan af græðginni? Var þetta nægilegt til þess að veita sofandi stjórnvöldum lexíu sem dugar til að breyta leikreglunum og taka með fullri hörku á málinu? Verður þetta kannski bara enn ein launasprengja forstjóranna á ofurkjörum sem springur í andlit almennings, láglaunafólks sem á hvorki til hnífs né skeiðar, og stjórnvöld reka upp rokur, vona að látunum linni sem fyrst og snúa sér svo bara á hina hliðina?

Hæstv. forseti. Við þurfum lagabreytingar, reglur og hert eftirlit sem stöðvar þessa þróun því að við erum á góðri leið með að sigla inn í þá ofsagræðgi sem einkennir nú bandarískt samfélag. Ofurkjör stjórnenda þar eru 530 sinnum hærri en meðallaun almennings en voru 40 sinnum hærri fyrir 20 árum. Það samsvarar því að ef meðallaun hér á landi eru 200 þús. kr. væru mánaðarlaun stjórnenda 106 millj. kr. Viljum við þessa þróun? Bandaríkjamenn segja að helsta ástæða hennar sé ofurvöxturinn í kaupréttarsamningum og misnotkun þeirra. Það er einmitt svona græðgi, svona ofurkjör, sem grefur um sig í þjóðfélagi okkar á sama tíma og fátækum fjölgar stöðugt og biðraðirnar lengjast hjá mæðrastyrksnefnd og hjálparstofnunum eins og við munum sjá nú fyrir jólin.

Um leið og ég ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra í sex liðum skora ég á hana að bregðast við af fullri festu í málinu og reisa þær girðingar sem duga til þess að þjóðin þurfi aldrei aftur að upplifa svona svívirðilega græðgi stjórnenda á fjármálamarkaði, mannanna sem blóðmjólka einstaklinga og fjölskyldur með háum vöxtum og þjónustugjöldum sem eru að sliga fjölda heimila í landinu.

[13:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Allt lék á reiðiskjálfi í þjóðfélaginu í síðustu viku vegna umræddra samninga sem hefðu að öllum líkindum fært tveimur stjórnendum fjármálafyrirtækis hundruð milljóna kr. í hagnað að nokkrum árum liðnum. Þessi samningur snertir mjög viðkvæman streng í íslenskri þjóðarsál og voru viðbrögðin í samræmi við það. Ég tel að umræðan í kjölfar þessa atburðar muni leiða til góðs fyrir íslenskt þjóðfélag. Markaðurinn á ekki að vera tómarúm án alls samhengis við það samfélag sem skóp hann. Fyrirtæki á markaði bera ekki einungis ábyrgð gagnvart fjárfestum heldur einnig gagnvart samfélaginu.

Langflest viljum við markaðshagkerfi þar sem drífandi einstaklingar fá að njóta verka sinna þó að einstaka hjáróma raddir hugsi með söknuði til daga ríkisafskipta í atvinnulífinu. Virtur hagfræðingur sagði eitt sinn: „Markaðskerfið er mikilvægasta tækið sem enn hefur fundist til þess að koma fátæku fólki í bjargálnir."

Breytingar á íslensku atvinnulífi á síðustu árum hafa leitt til stærri og sterkari fyrirtækja, aukinnar samkeppnishæfni og betri lífskjara almennings en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar. Það kemur hins vegar betur og betur í ljós að markaðurinn þrífst ekki nema með skýrum leikreglum og öflugu eftirliti. Markaðurinn þarf aðhald samfélagsins, ekki bara fjárfestanna.

Á síðustu árum höfum við alþingismenn varið miklum tíma í setningu laga um fjármálamarkaðinn. Þær breytingar hafa leitt til betri fjármálamarkaðar. Að mínu mati þurfum við nú að skoða þann grunn sem starfsemi hlutafélaga byggist á, þ.e. lög um hlutafélög og tengsl þeirra við markaðinn.

Alþjóðleg umræða um stjórnkerfi hlutafélaga snýst fyrst og fremst um hvernig eftirliti með stjórnendum er háttað. Eftirlitskerfið á að koma í veg fyrir að stjórnendur láti stjórnast af eigin hagsmunum við ákvarðanatöku í rekstri félagsins. Umræðan hófst í Bandaríkjunum en hefur á síðustu árum orðið æ umfangsmeiri í Evrópu. Hér á landi hafa t.d. Landssamtök lífeyrissjóða, Kauphöllin og Verslunarráð staðið fyrir umræðu um stjórnkerfi hlutafélaga. Ég tel óhjákvæmilegt að löggjafinn taki þetta mál upp. Í viðskrn. er þessi vinna þegar hafin.

Vík ég þá að spurningum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég mun ekki beita mér fyrir því að kaupréttarsamningar verði bannaðir. Það þjónar hagsmunum heildarinnar að stjórnendur hafi hagsmuni af góðu gengi fyrirtækisins. Kaupréttarsamningar eiga þó að vera þannig úr garði gerðir að þeir auki ekki áhættu í rekstri fyrirtækisins. Við fyrstu sýn finnst mér eðlilegt að kaupréttarsamningar verði bornir undir hluthafafund. Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig um hvaða reglur eigi að setja um kaupréttarsamninga, enda væri óþarfi að leggja í mikla vinnu ef ég hefði bestu lausnirnar á takteinum án nokkurrar yfirlegu.

Hv. þm. spyr um afskipti Fjármálaeftirlitsins af kaupréttarsamningum. Ég leitaði til Fjármálaeftirlitsins um svar við þessari fyrirspurn. Fjármálaeftirlitið hefur í einstökum tilvikum gert athugasemdir eða óskað úrbóta er varða samninga við starfsmenn og stjórnendur fjármálafyrirtækja um kaup- og sölurétt í hlutabréfum viðkomandi fyrirtækis. Fjármálaeftirlitið hefur í þessu efni bent á hættuna á því að samningar af þessu tagi gætu veikt áhættustýringu fyrirtækisins. Dæmi um þetta er að starfsmenn eða stjórnendur hafi af því mikla hagsmuni að gengi fyrirtækisins sé hátt á ákveðnum tímabilum en það getur ýtt undir áhættusækni í starfsemi fyrirtækisins sem reynst gæti óhófleg með tilliti til langtímahagsmuna, hluthafa og viðskiptavina. Athugasemdir og óskir um úrbætur hafa m.a. lotið að því að fyrirtækið setti sér skýra og formlega stefnu um þessi mál þar sem sérstaklega væri fjallað um hvernig komið yrði í veg fyrir að slík þátttaka veikti áhættustýringu fyrirtækisins og eftirlit með því yrði tryggt. Í einstökum tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir að samningar yrðu teknir að nýju til umfjöllunar með tilliti til þessa.

Þá spyr hv. þm. hvort gildandi reglur tryggi að hugsanlegir nýir samningar við stjórnendur Kaupþings Búnaðarbanka verði gerðir opinberir. Þessu er hægt að svara játandi. Nýjar reglur Kauphallarinnar um upplýsingaskyldu um launakjör stjórnvalda kveða skýrt á um það. Mér finnst að það komi sterklega til álita að setja reglur um stjórnarhætti í fyrirtækjum til að koma í veg fyrir hagsmunatengsl. Sem dæmi má nefna að vegna hneykslismála í Bandaríkjunum settu Verðbréfaeftirlitið og Kauphöllin reglur um að meiri hluti stjórnarmanna í skráðum fyrirtækjum skuli vera óháður. Þó að ekki sé hægt að taka bandarískar reglur og heimfæra þær beint á íslenskar aðstæður er margt í stjórnkerfi íslenskra hlutafélaga umhugsunarefni. Ég tel enga ástæðu til að ætla að skráðum félögum hafi fækkað vegna mikillar upplýsingaskyldu um starfskjör stjórnenda. Sú þróun hófst mun fyrr og má rekja til þess að of mörg lítil og óburðug félög skráðu sig í Kauphöll á miklum uppgangstíma á verðbréfamarkaðnum.

Hæstv. forseti. Stjórnendur Kaupþings Búnaðarbanka lærðu dýrmæta lexíu í síðustu viku og voru menn að meiri að viðurkenna það. Sú mikla umræða sem varð um starfskjör þeirra verður vonandi umhugsunarefni fyrir stjórnendur annarra fyrirtækja. (**SJS:** Ráðherrann hefur ekki sagt neitt.)

[13:46]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum um hagnað viðskiptabankanna í síðustu viku kom fram að hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir hafði ekki miklar áhyggjur af því þótt gróði bankanna hefði verið kominn upp í 20 milljarða kr. hinn 1. september sl. og stefndi í 25 milljarða á þessu ári. Það var heldur ekki að heyra þá að hún deildi áhyggjum Morgunblaðsins og aðila á fjármálamarkaði vegna vaxandi ítaka og afskipta bankanna í atvinnulífi í landinu. Og það var heldur ekki að heyra þann daginn að hún hefði miklar áhyggjur af vaxandi fákeppni og skorti á samkeppni í almennri bankastarfsemi á landinu. Og ráðherra sá þá enga ástæðu til þess að breyta lögum eða að Fjármálaeftirlitið, Samkeppnisstofnun eða Kauphöllin athuguðu þennan ofsagróða bankanna í ljósi hárra þjónustugjalda og mikils vaxtamunar.

Virðulegi forseti. Þetta var á þriðjudagi. En á fimmtudegi, þegar í ljós kom og fréttir bárust af því hvert þessi gróði hafði raunverulega runnið, 700–1.000 millj. kr. með kaupréttarsamningum tveggja æðstu stjórnenda Kaupþings Búnaðarbanka, þegar þær fréttir bárust síðdegis á fimmtudegi var ráðherrann illa fjarri góðu gamni, komin í rólegheit til Kanada og þegar loksins náðist í hana, jú, þá var hún hneyksluð. (**Viðskrh.:** Það voru nú meiri rólegheitin.) Já, það voru ekki rólegheit, það voru heldur ekki rólegheit hér, hæstv. ráðherra. Þá var ráðherrann hneyksluð og sagði að þessir kaupréttarsamningar bæru vott um að forstjórarnir væru veruleikafirrtir, ef ég man rétt. Virðulegi forseti. Veruleikafirring er einmitt orðið sem kom fyrst upp í huga minn

í gær þegar ég hlýddi á svör hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar um það hvernig samningunum um kaup bankanna hefði lyktað.

Meðgjöf upp á 700 millj. kr. til Landsbankans, gífurlegt gengistap sem ekki skiptir þó, að mati ráðherrans, neinu máli og vanmat stjórnvalda á raunverulegu verðgildi bankanna sem hafa á einu ári hagnast um helming kaupverðsins. Hún var bara ánægð með niðurstöðuna. Brosið sem tók sig upp í Þjóðmenningarhúsinu á gamlársdag 2002 þegar kaupin voru gerð er því enn á sínum stað. En, virðulegi forseti, brosið á andlitum þjóðarinnar er stirðnað. Ég heyri að hæstv. viðskrh. hefur enn ekki miklar áhyggjur af þessum málum en það er þó þeim mun ánægjulegra til þess að vita að hv. efh.- og viðskn. hefur ákveðið að láta málið til sín taka og hefur ákveðið að hefja athugun á kaupréttarsamningum og starfskjörum stjórnenda og starfsmanna í skráðum félögum á markaði. Þar verður m.a. spurt hvernig það megi vera í skráðum félögum á markaði í Kauphöllinni að menn séu að versla með hlutabréf á fölsku gengi, að menn velji sér gengi langt aftur í tímann eftir hentugleikum og skari þannig eld að eigin köku. Hvað varð um vald markaðarins og aðhald hans?

[13:49]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í ensku er til hugtak sem heitir „stakeholder" sem er útvíkkun á hugtakinu „shareholder". Stakeholder er eins konar haghafi meðan shareholder er hluthafi. Haghafar eru þeir aðilar sem hafa hag beint eða óbeint af ákveðnum ákvörðunum og þeir sem taka ákvörðunina verða að taka tillit til haghafa jafnt sem hluthafa. Haghafar geta verið t.d. starfsmenn fyrirtækis, viðskiptamenn, birgjar og síðan þjóðfélagið allt sem getur liðið fyrir eða hagnast á viðkomandi ákvörðun.

Þeir sem taka ákvarðanir í stjórnarherbergjum verða stöðugt að spyrja sig: Eru þær ákvarðanir sem við erum að taka réttar, ekki bara fyrir hluthafana heldur líka fyrir haghafana? Það fólk sem verið er að gera atvinnulaust eða veita umbun, hvernig því reiðir af.

Frú forseti. Skynsamlegir og hógværir kaupréttir tengja saman hagsmuni hluthafa og stjórnenda og eru þar af leiðandi jákvæðir. Þeir eru uppi á borðinu og þeir eru gagnsæir og þeir taka mið af hagnaði og tapi fyrirtækisins. Þeir samningar sem við ræðum hér um brjóta flest þessi skilyrði. Þeir eru ekki skynsamlegir því að áhættan er bara þegar er gróði. Það er bara tekið tillit til þess að það er gróði en þeir sem áttu kaupréttinn taka ekki þátt í tapinu. Þeir eru ekki hógværir. Þeir eru langt út úr korti við það sem haghafar hér á Íslandi upplifa. Og þeir eru duldir. Þeir eru ekki uppi á borðinu. Þeir eru gerðir löngu seinna að sagt er. Og hluthafafundur virðist hafa skrifað upp á samningana sem blankó tékka, enda hafa þessir aðilar núna tekið mið af haghöfunum og dregið ákvörðunina til baka og það ber að virða. En í þessu sambandi má nefna ýmiss konar svipuð dæmi. Við þekkjum umræðu um laun fótboltamanna sem eru orðin óheyrilega há, umræðu um laun stjórnenda í útlöndum og umræður t.d. um laun ýmissa tónlistarmanna sem eru orðin gífurlega há í samanburði við umhverfið.

Frú forseti. Hvernig getum við brugðist við? Við þurfum, eins og hæstv. ráðherra nefndi, að láta hluthafafundi taka virkilega ákvörðun um endanleg kaupréttarákvæði og slík laun því ef upplýsingar liggja á borðinu þá geta haghafarnir mótmælt.

Ég vil nefna það að Kauphöllin er búin að setja reglur sem taka gildi um næstu áramót. Við næstu ársreikninga allra félaga sem eru skráð skulu allir kaupréttir, lífeyrisréttindi og önnur réttindi og laun stjórnenda liggja fyrir. Þetta er þegar búið að gera. Enn vantar sambærilegar reglur fyrir lífeyrissjóði, ríkisstofnanir, kaupfélög og því um líkt.

[13:53]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða ofurlaun í þjóðfélaginu í kjölfar samninga um ofurlaun yfirmanna Búnaðarbankans, ekki um laun fótboltamanna. Ég vil taka það fram að ég er einn af viðskiptavinum Búnaðarbankans og hef verið það um árabil. Ég vil fá að vera áfram í viðskiptum við bankann vegna þess að starfsfólk bankans, m.a. á Sauðárkróki, hefur reynst mér ákaflega vel.

Á síðustu árum hafa annað veifið borist mjög neikvæðar fréttir úr Búnaðarbankanum, m.a. fréttir af því að yfirmenn bankans hafi brotið trúnað og hagnast á innherjaviðskiptum. Bankinn er síðan afhentur S-hópnum tengdum hæstv. utanrrh. og Framsfl., Búnaðarbankinn er sameinaður Kaupþingi skömmu eftir afhendinguna og yfirmenn Kaupþings gerðir að yfirmönnum sameinaðs fyrirtækis. Já, menn sem ávöxtuðu eigið pund Kaupþings ágætlega á meðan fjármunir lífeyrissjóða, sem þeir áttu að ávaxta, verðféll í höndum þeirra. Síðasta uppákoman í bankanum mínum eru fáránlegir kaupréttarsamningar yfirmanna bankans sem þeir féllu þó frá með semingi. Ég vil fá að skipta áfram við Búnaðarbankann en þá verður bankinn að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Frú forseti. Mikil reiðialda hefur gengið yfir þjóðfélagið vegna þessa máls og hafa jafnvel félagarnir hæstv. forsrh. og utanrrh. tekið þátt í heilagri reiði gagnvart oföldum bankastjórunum. Ég get tekið undir ýmislegt sem þeir hafa látið hafa eftir sér um græðgi forstjóranna, en mér finnst að þeir ættu sjálfir að líta í eigin barm. Hæstv. utanrrh. er guðfaðir kvótakerfisins og hefur hann auðgast gífurlega með því að kasta eign sinni á sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Hundrað milljarðar hafa runnið út úr sjávarútveginum, miklu hærri upphæð en við erum að ræða um hér, til einstaklinga í þjóðfélaginu. Einstaka maður hefur losað vel á fjórða milljarð og eftir stendur atvinnugreinin stórskuldug og heilu bæjarfélögin án atvinnuréttinda. Hæstv. forsrh. hefur staðið eins og klettur við hlið hæstv. utanrrh. eins og fleiri ráðherrar, hæstv. landbrh., og varað almenning við að ef komið væri á réttlæti í sjávarútvegsmálum, þá þurfi þjóðin að flytja til Kanarí.

Þeir félagarnir hafa staðið saman í fleiri verkum, svo sem að útbúa reglur til þess að gera mönnum hægara um vik að flytja ofsagróða þeirra sem seldu sameign þjóðarinnar í skattaskjól í útlöndum. Ég óska ekki eftir því að þeir félagarnir iðrist heldur að þeir fari að ná áttum og skilji að það sem gerðist er afleiðing þeirra eigin stefnu. Þegar til stóð að selja bankana var rætt um dreifða eignaraðild sem þeir félagarnir voru fljótir að gleyma til þess að geta skipt bönkunum bróðurlega á milli sín og tryggt helmingaskipti kvótaflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl.

[13:56]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Í ofuráherslu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna á stóraukið frelsi á öllum sviðum þjóðfélagsins hefur hæstv. ríkisstjórn með hæstv. forsrh. og viðskrh. í broddi fylkingar ekki staðið sig í frumkvæði til setningar

nýrra laga og reglugerða til að halda í við hina geysihröðu þróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði. Við Íslendingar erum orðnir ótrúlega alþjóðatæknivæddir og tileinkum okkur alla hluti, jafnt góða og slæma, strax á upphafstíma þeirra. Þannig höfum við tekið þátt í alþjóðlegri þróun eins og t.d. á sviði kaupréttarákvæða, skiptasamninga og framvirkra samninga hvers konar. En hvar eru reglurnar? Engar reglur hafa verið settar um þetta svið. Þess vegna geta stjórnendur fyrirtækja leikið sér að vild með þá möguleika sem felast í þessum þáttum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur hins vegar ekki fylgt þessari þróun með frumkvæði og forustu um setningu laga og reglna á þessum sviðum frelsis og einkavæðingar. Allt þetta þarf að vera gegnsætt og skýrt frá hendi löggjafans. Við súpum nú seyðið af sofandahætti ríkisstjórnarinnar eins og svo mörgum öðrum sviðum. Hæstv. ríkisstjórn virkar þreytt og löt og ráðherrarnir una sér vel á ráðherrastólum og fitna eins og púkinn á fjósbitanum meðan Róm brennur.

Hæstv. forseti. Er brugðist eins við ýmsum málum sem koma upp og valda almenningi áhyggjum eða hneysklun miðað við síðustu daga? Nei, það er ekki gert. Eigum við að nefna nokkur dæmi? Hvað með kvótasölu á óveiddum fiski fyrir mörg hundruð milljónir, jafnvel nokkra milljarða? Hvað með kvótasölu á óveiddum fiski sem skilur heilu og hálfu byggðarlögin eftir í rúst? Hvað með aðgerðir nokkurra manna, þar með talið hv. þm. Sjálfstfl., Péturs Blöndals, með að ná yfirráðum í SPRON og margfalda þar með stofnfé sitt? Hvað með helmingaskipti núverandi stjórnarflokka við sölu Landsbanka og Búnaðarbanka? Hvað með starfslokasamning ríkisins eins og t.d. við fyrrv. forstjóra Byggðastofnunar?

Frú forseti. Landsfeður okkar eiga að vera á varðbergi og bregðast við ef almannahagsmunum og/eða þjóðarjafnvægi er ógnað en þeir eiga um leið að gæta jafnræðis milli aðila.

Að lokum þetta, frú forseti. Ég vona sannarlega að vöxtur Kaupþings Búnaðarbanka haldi áfram að aukast um ókomin ár rétt eins og annarra íslenskra fyrirtækja. Vöxtur Kaupþings og síðar Kaupþings Búnaðarbanka hefur verið ævintýralegur og glæsilegur, sérstaklega í sambandi við erlenda útrás og vonandi heldur það áfram og verður um leið vegvísir annarra fyrirtækja til frekari útrásar, m.a. vegna þess að okkur Íslendingum veitir ekki af slíkri útrás.

Það hefur aldrei þótt góð lexía, virðulegi forseti, að hafa öll eggin í sömu körfu og þess vegna m.a. er blandaður rekstur stórfyrirtækja eins og Kaupþings Búnaðarbanka hér heima og erlendis af hinu góða. Þetta segi ég aðeins vegna þess að við skulum líka hafa það í huga að í þessu fyrirtæki, sem mest hefur verið rætt um, vinna um eitt þúsund Íslendingar sem allir hafa það eitt að leiðarljósi að þjóna sínum viðskiptamönnum sem allra best. Einelti gagnvart Kaupþingi Búnaðarbanka verður að linna.

[13:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er fullt tilefni til að taka upp í þingsölum það viðfangsefni sem við fjöllum nú um þessa dagana, hin miklu kjör sem einstakir stjórnendur stórra fyrirtækja hafa getað skammtað sér. Ég vil vekja athygli á því, sem fleiri ræðumenn hafa gert, að þetta er ekki einangrað fyrirbæri út af fyrir sig. Þetta tengist þróun sem verið hefur í gangi í mörg ár. Það eru mörg dæmi um það að stjórnendur fyrirtækja hafa getað fengið kjör og samninga sem færa þeim miklar fjárhæðir í eigin vasa.

Við þekkjum þetta úr sjávarútveginum. Við þekkjum dæmi um það að menn hafi getað selt veiðiheimildir fyrir tugi milljóna eða hundruð milljóna og við því hefur ekki verið brugðist með þeim hætti að takmarka möguleika manna til þess. Og jafnvel að dæmi um það að maður einn hafi getað selt veiðiheimildir fyrir 3.150 millj. hafi ekki leitt til þess að menn hafi brugðist við til að taka á því vandamáli sem leiðir af þessari miklu auðsöfnun þar sem menn geta selt það sem þeir hafa aldrei keypt.

Herra forseti. Þess vegna held ég að menn hafi dálítið rutt brautina með aðgerðaleysi í sjávarútvegsmálum. Þar eigum við ólokið viðfangsefni. Við eigum eftir að taka á því eins og vert er og eðlilegt í öllu eðlilegu samhengi um kaup og kjör. Menn eiga auðvitað að borga mikla skatta af háum launum. Það er ekki nóg að menn hafi möguleika á því að taka sín laun út sem fjármagnstekjur þegar menn borga ekki nema 10% skatt af þeim tekjum. Af miklum tekjum eiga menn að borga mikla skatta. Ég legg þá tillögu fram, herra forseti, til umræðu.

Í öðru lagi eiga menn að gera kjör þeirra sem hafa möguleika á þessari aðstöðu gegnsæ þannig að þeir sem starfa í þessum fyrirtækjum séu undir þau lög seldir að laun þeirra og kjör öll skuli birt opinberlega hvort sem það eru laun, lífeyrisréttindi, kaupréttarsamningar eða annað þannig að almenningur og viðskiptavinir þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga viti nákvæmlega á hvaða kjörum þessir menn eru. Það er eðlilegt að mörgu leyti að borga mönnum góð laun og það er líka eðlilegt að menn sem starfa í áhætturekstri geti uppskorið ef þeir standa sig vel. En það á líka að vera opinbert og það á að sæta aðhaldi frá almenningi. Markaðurinn getur aldrei starfað einn og sjálfstætt án tengsla við það fólk og það þjóðfélag sem markaðurinn er í. Það ættum við að læra, herra forseti, af þessu tilefni.

[14:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Viðbrögð eða öllu heldur viðbragðaleysi hæstv. viðskrh. í öllum þessum málum vekur mikla furðu. Í utandagskrárumræðum um ofsagróða bankanna í fyrri viku, í svari við fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar hér í gærkvöldi og í þessari umræðu í dag sýnir hæstv. viðskrh. engin viðbrögð, hefur bersýnilega ekkert lært, er ónæm á umhverfi sitt og atburði í þjóðfélaginu. Ég held að ótrúlegustu ummælin af öllum hafi fallið í gærkvöldi þegar hæstv. ráðherra var að svara fyrir sölu ríkisbankanna og sagði, með leyfi forseta:

„Ég hef sagt það hér úr þessum ræðustóli og segi það enn að þetta voru góð viðskipti, þetta var vel heppnað bæði hvað varðar hlutafélagavæðingu bankanna og eins hvað varðar einkavæðingu."

Þetta kalla ég veruleikafirrt ummæli miklu frekar en það sem topparnir í bankanum gerðu, a.m.k. ekki síður.

Það sem hér hefur verið að gerast, frú forseti, er ekki einangrað fyrirbæri. Það sama grasserar víða í þjóðfélaginu. Nákvæmlega þetta hefur verið fylgifiskur nýfrjálshyggjunnar, markaðs- og einkavæðingarinnar, alls staðar þar sem hún er höfð að leiðarljósi. Ég kalla þetta græðgisvæðingu samfélagsins, að löggilda græðgina sem drifkraft og hvöt sem engar athugasemdir eru gerðar við. Menn uppskera það samfélag sem þeir hafa sáð til. Ríkisstjórnin sjálf hefur plægt jarðveginn. Framsókn, og áður kratarnir, er húðarjálkurinn sem dregur plóginn en íhaldið sjálft sveiflar svipunni og stýrir ferð. Það má segja að hér sannist hið fornkveðna, að byltingin éti börnin sín. Kannski er þó nær að segja að

frjálshyggjan éti feður sína og byrji á höfðingjunum, formönnum stjórnarflokkanna. Það má þó hæstv. forsrh. Davíð Oddsson eiga að hann hefur sýnt viss iðrunarmerki og hann hefur hvatt aðra til að hafa Júdasariðrun sálmaskáldsins að leiðarljósi á næstu dögum. Það er meira en sagt verður um hæstv. viðskrh. En hæstv. ráðherrar hefðu alveg eins getað vitnað í Lúkasarguðspjall þar sem segir af innreið frelsarans í Jerúsalem, með leyfi forseta:

„Og er hann kom nær og sá borgina, grét hann yfir henni og sagði: Ef þú hefðir aðeins vitað á þessum degi, hvað til friðar heyrir!“ Og síðar: „Þá gekk hann inn í helgidóminn og tók að reka út þá er voru að selja og mælti við þá: Ritað er: Hús mitt á að vera bænahús, en þér hafið gjört það að ræningjabæli.“

[14:05]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur lengi legið fyrir að á Íslandi væri meiri launajöfnuður en í flestum öðrum ríkjum. Við höfum verið sammála um að svo væri vegna smæðar okkar, vegna þess að við værum svo lítið þjóðfélag, við værum í svo miklu nærvígi hvert við annað.

Við höfum verið að alþjóðavæðast að undanförnu meira en við áttum sum von á. Þess vegna tökum við meira tillit til þess sem er að gerast erlendis. Íslensk fyrirtæki eru að verða alþjóðleg fyrirtæki, ekki óeðlilegt þó að sumum þeirra þyki rétt að vera bara alþjóðleg en ekki íslensk.

Samt ætla ég að þetta viðhorf Íslendinga í fámenninu, að þola ekki svo mikinn launamismun sem hefur verið erlendis eins og t.d. í Ameríku, muni verða áfram og við verðum að miða okkur við þann veruleika. Markaðssamfélagið hefur fært þessari þjóð meiri tekjur, meiri afgang, betri lífskjör en forfeður okkar gat nokkurn tíma dreymt um. Við erum því og eigum að vera þakklát fyrir markaðssamfélagið. En við megum líka minnast þess að þetta markaðssamfélag eins og við þekkjum það í nýöldinni á uppruna sinn meðal þess fólks sem tók mjög sterka afstöðu til siðferðis síns og umhverfis, meðal kalvínistanna, meðal púritananna, meðal fólksins sem virti leikreglur og hafði í heiðri allar hefðir.

Það er líka vitað að ef markaðssamfélagið er í ósiðuðu umhverfi mun það breytast, og hefur alltaf breyst, í óskapnað. Við eigum að verða við þeirri kröfu sem er uppi í þjóðfélaginu í dag um að herða allar leikreglur með því að setja skilyrði, með því að hlusta eftir því sem menn kalla og ég ætla að hæstv. viðskrh. sé þar á farsælli braut. Ég held líka að í þessari umræðu gæti alveg myndast þverpólitísk samstaða um það. En við skulum jafnframt minnast þess að hversu góðar sem leikreglurnar eru duga þær ekki einar saman. Við reynum alltaf að setja þær betur og betur í lögunum, við reynum að efla eftirlitsstofnanirnar og við munum gera það áfram. Þrátt fyrir það ræður mestu sú krafa samfélagsins sjálfs að við séum siðað samfélag og við skulum ekki henda milli okkar bolta um það hvert okkar sé röndótt eða bröndótt, hvernig siðir okkar eru og hvernig mannorð okkar, heldur reyna að standa saman að því að búa til það þjóðfélag sem við óskum eftir.

[14:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Uppákoman varðandi stjórnarformann og forstjóra Kaupþings Búnaðarbanka á dögunum var því miður aðeins toppurinn á ísjakanum, þó sennilega og vonandi ýktasta dæmið um veruleikafirringu í hæstu lögum samfélagsins. En eftir höfðinu dansa limirnir. Stjórnarherrarnir í þessu landi hafa í raun teppalagt þessa öfugþróun, þessa græðgi, þessa fjárplógsstarfsemi með stjórnarháttum sínum á liðnum árum.

Kristni H. Gunnarssyni, fyrrv. þingflokksformanni Framsfl. og núverandi þingmanni þess flokks, sem er gjörkunnugur innri málum á stjórnarheimilinu á liðnum átta árum rataðist því satt orð á munn. Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar á liðnum árum er auðvitað grundvöllur þess sem hér hefur gerst. Því verða hastarleg og jafnvel heiftarleg viðbrögð forsrh. og annarra ráðherra á dögunum vegna upplýsinga um þessi ofurkjör forráðamanna Kaupþings Búnaðarbanka sumpart dálítið brosleg, minna raunar á hinn iðrandi syndara, með því að menn eru nú í biblíulegum tilvitnunum. Ég vil þó taka skýrt fram að mér fannst forsrh. taka myndarlega á þessu kjarahneyksli á dögunum. Um það má jafnvel deila hvort hann hafi gengið skrefi of langt með einstökum ummælum sínum í garð þessa tiltekna fyrirtækis. En látum það liggja milli hluta.

Það sem upp úr stóð hins vegar, og stendur, er spurningin: Hverju reiddust goðin allt í einu á þessu augnabliki? Þetta tilvik, eins og hér hefur verið rakið, var því miður ekki, og langt frá því, hið fyrsta þar sem stjórnendur stórfyrirtækja á markaði hafa skammtað sér ofurlaun algerlega úr takti við almennan launamarkað. Marga þá gjörninga höfum við jafnaðarmenn í þessum sal, í þessum ræðustóli, gagnrýnt harðlega en málefnalega og krafist þess að við yrði brugðist, m.a. með því að styrkja eftirlitsstofnanir á borð við Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlit, fengið þau svör á stundum að best væri að leggja niður fyrrnefndu stofnunina hjá einstaka stjórnmálaflokkum í þessum sal. Meira að segja stjórnarherrarnir sjálfir hafa staðið fyrir því að gera slíka ofursamninga. Eru menn búnir að gleyma 40 millj. vegna starfsloka fyrrum forstjóra Landssímans sem stjórnarflokkarnir sjálfir stóðu ábyrgir fyrir og vörðust í þessum þingsal með því að vilja þegja málið í hel og hafa enn þann dag í dag ekki upplýst hið sanna og rétta í því máli? Svo koma þessir sömu menn núna og heimta að öll spil séu lögð á borðið hjá einkafyrirtækjum úti í bæ. Er ekki rétt að menn líti í eigin barm, rækti garðinn sinn og hirði þar illgresi og arfa áður en þeir fara lengra? Og gleymum ekki feitum starfslokasamningum fyrr og síðar. Eigum við ekki að koma með þau mál hér upp á borð og byrja í eigin ranni? Eigum við ekki að byrja þar, hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn?

Það er svo eftirtektarvert í þessu sambandi að lykilmaður í þessum nýjasta skandal er forveri hæstv. viðskrh. Ég spyr: Hefur hún átt orðastað við forvera sinn um þessi mál þar sem hann stóð ábyrgur fyrir þessum ofurgjörningi, þessu hneyksli sem við ræðum hér og munum gera miklum mun ítarlegar, frú forseti?

[14:12]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna þessari umræðu um laun og hlunnindi stjórnenda fyrirtækja. Sú umræða sem varð í þjóðfélaginu í síðustu viku tók af öll tvímæli um að það er tímabært að Alþingi láti málið til sín taka. Þær tölur sem nefndar hafa verið í tengslum við kaupréttarsamninga stjórnenda eru úr öllum takti við það sem hér hefur viðgengist og sem getur liðist í íslensku samfélagi. Kannski sýnir þessi umræða betur en allt annað hve mikill jöfnuður er í íslensku samfélagi og hversu djúpum rótum félagshyggja stendur í íslenskri þjóðarsál.

Þegar fyrirtækin í landinu ganga gegn gildismati þjóðarinnar með ofurlaunum til stjórnenda sinna rís almenningur upp og mótmælir. Það ánægjulega við annars dapurlega atburðarás síðustu viku var að þau mótmæli báru árangur. Mér finnst mikilvægt að halda því til haga að í því markaðsumhverfi sem íslensk fyrirtæki starfa var það aðhald almennings sem dugði til að knýja á um að ákvörðun um hundraða milljóna kaupréttarsamninga miðað við kaupgengi úr fortíðinni var dregin til baka. Stjórnmálamenn hafa nú orðið ekki annað vald yfir fyrirtækjunu í landinu en það að setja þeim almennar leikreglur til að fara eftir. Það er farsæl þróun, frú forseti.

Þessar reglur eiga að fjalla um hvernig standa beri að því að ákveða kjör forstjóra og annarra stjórnenda. Ég fagna því alveg sérstaklega málefnalegu framlagi hæstv. viðskrh. til þessarar umræðu strax á föstudag um að skoða beri endurskoðun hlutafélagalöggjafarinnar í þessu sambandi. Það sem hv. Alþingi getur gert og á að gera er að tryggja að lagaumhverfið hér sé að þessu leyti í samræmi við það sem gerist í þeim löndum sem lengst eru komin í því að tryggja hag hluthafa gagnvart ofurlaunum stjórnenda fyrirtækjanna. Við hljótum að huga að því að setja hér í lög ákvæði um það að ákvarðanir um samninga um kjör stjórnenda, kaupauka, kaupréttarsamninga og aðrar árangurstengdar sporslur, séu teknar á gagnsæjan hátt þar sem komið er í veg fyrir hagsmunaárekstra og að samningar séu bornir undir hluthafa til samþykktar á hluthafafundi.

Einnig þarf að tryggja að skattaleg meðferð þessara tekna sé með eðlilegum hætti og í samræmi við skattalega meðferð annarra launatekna. Ég minni á að í því fyrirtæki sem mest hefur verið um rætt í þessu sambandi undanfarna viku, Kaupþingi Búnaðarbanka, eru um 35 þús. Íslendingar meðal hluthafa. Þeir eiga það fé sem stjórnendum fyrirtækisins er greitt fyrir störf sín.

Frú forseti. Gagnvart samningum af þessu tagi ber okkur stjórnmálamönnum fyrst og fremst að standa vörð um hagsmuni hluthafanna og treysta því að hluthafar axli ábyrgð sína gagnvart lögunum og að þær ákvarðanir sem teknar verða á hluthafafundum séu í samræmi við sómakennd og siðferðisvitund íslensks almennings.

[14:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú hálfgert að allur vindur sé úr hæstv. viðskrh. Hún lýsir því að vísu yfir að hún vilji setja einhvers konar takmörk á kaupréttarsamninga og hún vilji skoða það að slíka samninga þurfi að bera undir hlutafélagafund. En hún talar alls ekki skýrt um það sem ég hefði viljað heyra, að það eigi að banna að hægt sé að gera slíka kaupréttarsamninga á undirverði eða án tryggingar. Ég fagna að vísu að hæstv. ráðherra tekur undir það sem ég spurði hana um, að það verði settar reglur um stjórnarhætti í fyrirtækjum til að koma í veg fyrir hagsmunatengsl, m.a. að skylt verði að hluti stjórna fjármálafyrirtækja verði skipaður óvilhöllum aðilum. En ég spurði hæstv. ráðherra og því svaraði hún ekki: Er það ekki brot á 104. gr. hlutafélagalaga að lána stjórnarformanni og forstjóra fyrir hlutafjárkaupunum? Það stendur skýrt í hlutafjárlögunum að hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingar.

Ég spyr líka: Mun Fjármálaeftirlitið kanna hvort hér hafi verið um innherjasvik eða markaðsmisnotkun að ræða? Ég spyr ráðherra líka: Gengur það ekki gegn hlutafjárlögunum að gera kaupréttarsamninga til fimm ára við stjórnarformann sem kosinn er á hluthafafundi til aðeins eins árs í senn? Loks spyr ég ráðherra: Hvenær má vænta þess að breytingar á lögum og reglum liggi fyrir? Þær þurfa að liggja það fljótt fyrir að ekki sé hægt að gera nýja samninga við stjórnendur Kauphings sem ekki taki mið af nýjum lögum og reglum, virðulegi forseti. Þess vegna spyr ég í lokin um það.

Við þingmenn Samfylkingarinnar erum tilbúnir til þess að sitja hér fram á aðfangadag til þess að hægt sé að setja slík lög og reglur þannig að nýir samningar sem gerðir yrðu við þessa stjórnendur tækju mið af nýjum lögum og reglum sem væru þá lög og reglur í samræmi við veruleikann í íslensku samfélagi. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Ekki aðfangadag.)

[14:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við lok þessarar umræðu vil ég segja að í sjálfu sér er eðlilegt að ekki gangi allt algerlega smurt í þessu nýja umhverfi sem við erum að fikra okkur áfram í. Það eru ekki nema tíu ár síðan við urðum aðilar að frjálsum innri markaði Evrópu með því að gerast aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Á þessum stutta tíma hefur lagaumhverfi fjármálamarkaðarins verið gerbreytt og við höfum þurft að tileinka okkur nýjan hugsunarhátt. Það að fyrirtæki séu skráð á markaði er nýjung sem hefur skapað gríðarleg tækifæri í samfélagi okkar. Það hefur orðið til að auka hagvöxt og skapa ný störf sem skipta þúsundum. Allar þessar breytingar gera það að verkum að hlutverk stjórnvalda er allt annað en það var áður. Það er fyrst og fremst að skapa leikreglur fyrir fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki til að vinna eftir. Það eru síðan eftirlitsstofnanir sem eiga að sjá til þess að farið sé að lögum og reglum.

Ég held því fram að við eigum sterkar eftirlitsstofnanir og hef lagt áherslu á sjálfstæði þeirra. Starf þeirra fer hins vegar að verulegu leyti fram í kyrrþey lögum samkvæmt. Það er hins vegar deginum ljósara að margt er varðar starfsemi á markaði verður aldrei sett í lög. Í þeim efnum reynir á siðferði og aðhald neytenda. Ég hef haldið því fram að það mikilvægasta sem þurfi að vera til staðar í fjármálafyrirtæki sé traust og trúverðugleiki. En það byggist líka á því að neytendur hafi val, þ.e. að samkeppni ríki á markaðnum. Ísland er lítill markaður og landið er landfræðilega einangrað. Þrátt fyrir að við sem hluti af innri markaði Evrópu verðum að hafa starfsumhverfi fyrirtækja sambærilegt við það sem almennt gerist þá erum við í mörgum tilfellum einungis að athafna okkur á íslenskum markaði sem vegna fámennis hefur tilhneigingu til að bera einkenni fákeppni.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (hækkun þungaskatts og vörugjalds). — Þskj. 90, nál. 403, 468 og 470, brtt. 465.

[14:20]

Kristján L. Möller (frh.):

Frú forseti. Nú þegar við höldum áfram með skattahækkunarfrv. sem við höfum verið að ræða í morgun, þ.e. um að sækja 1.200 millj. í sköttum, bensínsköttum, þungaskatti og virðisauka ofan á þetta allt saman, þá er ég eiginlega kominn að enda þess sem ég ætlaði að ræða. Engu að síður ætla ég

að gera aðeins að umtalsefni umsögn sem Landvari, Félag íslenskra vöruflytjenda, sendi efh.- og viðskn. vegna þessa frv. Eins og ég hafði áður sagt koma þar fram útreikningar og staðfesting á því sem ég hef áður haldið fram á hinu háa Alþingi, þ.e. að þungaskattur hafi hækkað um 40% eða svo frá árinu 1998 til ársins 2002 vegna ýmissa breytinga sem þar voru gerðar. Þessi umsögn er reyndar í nefndaráliti 1. minni hluta, minnihlutaáliti þingmanna Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Svo að ég grípi aðeins niður í þessa umsögn þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldskrá þungaskatts verði hækkuð um 8% í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Í athugasemdum er bent á breytingar á gjaldskrá kílómetragjalds þungaskatts til hækkunar og lækkunar á árunum 1998 til 2001 og samanburður gerður við hækkun á vísitölu neysluverðs á þeim tíma og til dagsins í dag.

Þessi samanburður bendir til þess að greiðendur kílómetragjalds þungaskatts megi nokkuð vel við una varðandi þessa skattheimtu.

Stjórn Landvara vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri í þessu sambandi.

Vöruflutningar á langleiðum eru almennt stundaðir með 23–26 tonna bifreiðum og 14–18 tonna tengivögnum. Þessar vagnlestir geta að meðaltali ekið um 140.000 km á ári og máttu vera 40–44 tonn að heildarþyngd til ársins 2001, en 44–49 tonn frá febrúar 2001.

Frá því að byrjað var að innheimta þungaskatt eftir mældum kílómetrum og fram til september 1998 fór gjaldskrá skattsins stiglækkandi eftir akstursmagni viðkomandi bifreiðar. Þannig fengu vöruflutningar á langleiðum ákveðna leiðréttingu á greiðslubyrði þungaskatts á ársgrundvelli, m.a. til þess að mæta sjónarmiðum um mjög mikinn akstur á misgóðum vegum og oft við erfið akstursskilyrði, mikinn akstur með lítinn eða engan farm og til þess að jafna flutningskostnað til byggða langt frá Reykjavík. Gjaldskráin byggir hins vegar alltaf á hæsta gjaldflokki miðað við skráða heildarþyngd viðkomandi ökutækis, en það er sú þyngd sem bifreið með fullfermi má mest vera á vegi.

Þótt opinberir aðilar virðast ekki telja að þeir hafi aukið tekjur sínar af þungaskatti nema óverulega á síðustu árum hefur lögum og reglum um þungaskatt verið breytt sex sinnum á árunum 1998–2001, þar af hefur verið um hreina skattkerfisbreytingu að ræða í fjögur skipti, þannig að álagningargrunninum sjálfum er umbreytt, sem leitt hefur af sér stigvaxandi skattheimtu á þyngstu ökutækin, tækin sem notuð eru í vöruflutningum á langleiðum.

Þessar miklu umbreytingar hafa leitt til þess að þungaskattur í vöruflutningum á langleiðum hefur hækkað um 44% frá september 1998 til febrúar 2001, en um 82% ef miðað er við febrúar 1999, eins og gert er í athugasemdum með frumvarpinu."

Í töflu er síðan farið yfir tíma breytinga þungaskattstaxta, gjaldbyrði vagnlestar og vísi töluviðmiðun, ásamt skýringum. Ég vísa til þessarar töflu, virðulegi forseti, í fskj. með nefndaráliti 1. minni hluta efh- og viðskn.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Vöruflutningar á landi hafa aldrei áður verið þjóðinni eins mikilvægir og þeir eru um þessar mundir. Fólk og fyrirtæki um allt land treysta algerlega á gæði og áreiðanleika í vöruflutningum. Atvinnulífið byggir mikilvægustu þætti í starfsemi sinni á tilvist öflugrar og fjölbreyttrar flutningaþjónustu. Vaxandi arðsemi í atvinnulífi víða um land, bætt búsetuskilyrði og efling byggðanna til framtíðar á sér öðru fremur rætur í því öfluga vöruþjónustukerfi, sem flutningamenn hafa byggt upp á síðustu árum. Mikil röskun á rekstrarumhverfi í atvinnugreininni, eins og átt hefur sér stað á liðnum árum getur stórskaðað þann ávinning sem hagkerfið hefur notið í þessu sambandi á síðustu árum."

Síðan fjalla þeir um að þessar ábendingar þeirra komist á leiðarenda.

Virðulegi forseti. Ég hef með mörgum rökum, mörgum umsögnum og mörgum dæmum í ræðu minni rökstutt það að flutningskostnaður hefur stórhækkað á síðustu árum og í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka. Samt sem áður verð ég ekki var við neina iðrun hjá hv. stjórnvöldum eftir þessar breytingar og ber frv. sem við ræðum nú vott um það að áfram á að halda og vega í sama knérunn. Það er með ólíkindum hve langt á að ganga í árásum á landsbyggðina. Það er með ólíkindum hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að endast lengi við að auka skatta á landsbyggðarbúa umfram aðra, landsbyggðarskatta. Á þessu ekki að linna? Ég bara spyr og ég kalla eftir viðbrögðum frá þingmönnum stjórnarflokkanna sem koma frá landsbyggðarkjördæmum, t.d. hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem hér er í salnum. Hvað á þetta að ganga lengi? Hvað á það að ganga lengi, virðulegi forseti, að áfram verði haldið að hækka þessa skatta og hækka flutningskostnað eins og hér hefur verið rætt og sýnt fram á að verið er að gera?

Virðulegi forseti. Rétt í lokin vil ég nefna breytingartillögu sem ég styð. Hún er frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og er um að almenningsvagnar í áætlunarferðum verði undanþegnir allri skattheimtu. Þeir fá 70% afslátt í dag. Ég styð þá hugmynd enda felst í henni ákveðin leið til þess að taka ákveðna flokka út úr þungaskattskerfinu og reikna til baka eða minnka skattheimtu á þá, sem leiðir til betri og ódýrari þjónustu. Þessi tillaga er flutt af hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og er, eins og áður hefur komið fram, nákvæmlega eins og tillaga sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fluttu fyrir tveimur þingum eða svo, ef ég man rétt, og gekk í þessa átt.

Hæstv. forseti. Ég vona svo í lokin að árásum á atvinnulíf og landsbyggðarbúa með þessum hækkunum linni. Ég hef líka gert að umtalsefni þá miklu skattheimtu sem verður á allan almenning í landinu. Við skulum halda því líka til haga. Þó mér hafi orðið tíðrætt um þungaskatt og flutningsgjöld þá er í þessu frv. líka 20–25 þús. kr. skatthækkun á hvern einasta bíleiganda í landinu vegna hækkunar á bensíngjaldi. Talið er að bensínlítrinn muni hækka um 4 kr. Talað er um að óniðurgreitt bensín eða bensín selt með fullri þjónustu fari, eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt, upp fyrir 100 kr. Eins og ég sagði áðan og hef sýnt fram á í gögnum þá er skattheimta á almenna bílaeigin á Íslandi í sögulegum hæðum miðað við nágrannalönd okkar.

[14:29]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef hlýtt á ræðu hv. þm. Kristjáns Möllers um flutningskostnað. Mig langar að spyrja hv. þm. hvort það muni ekki hafa haft áhrif á flutningskostnað út á land að felldir hafa verið niður tollar af öllum innkaupum á vöruflutningabílum. Tollarnir voru um 30% eða þau vörugjöld sem innheimt voru af nýjum flutningabílum. Þetta hefur verið gert núna síðustu ár í þrepum af núverandi ríkisstjórn og

það mun muna verulega um það að þessi lækkun hefur orðið á innkaupum nýrra bíla.

Þá kom fram í ræðu hv. þm. áðan að hækkun á hámarksþunga á vagnlestum hefur verið annars vegar úr 40 í 44 tonn og úr 44 tonnum í 49 tonn án þess að það hafi hækkað krónugjald á hvern kílómetra á þær vagnlestir og það er hrein lækkun. Þar er verið að bæta fjórum tonnum á vagnlest án þess að gjaldskráin hækki, þ.e. úr 40 tonnum í 44 tonn og miðast það við að vagnlestir séu á loftpúðum. Það er sannarleg lækkun.

Þá vil ég benda á að vegir, samgönguleiðirnar sem viðkomandi vagnlestir aka um, hafa batnað gríðarlega. Það kemur auðvitað þeim rekstraraðilum mjög til góða í minna viðhaldi og minni olíueyðslu auk þess sem nýrri dráttarbílar eyða mun minni olíu. Því tel ég að núverandi ríkisstjórn hafi náð að koma fram lækkun í flutningskostnaði út á landsbyggðina m.a. með þessum aðgerðum. Mér finnst að hv. þm. sé fastur í fyrsta gír og það er ekki von að menn komist langt ef menn eru fastir í fyrsta gír í þessum málum.

[14:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn er í fimmta eða sjötta gír, í „óverdræfinu" við að auka skattálögur á umferð á Íslandi. Það er alveg ljóst. Hæstv. ríkisstjórn er ekki í fyrsta gír við það. Hún er á fleygiferð og hv. þm. Kjartan Ólafsson styður þær aðgerðir.

Það er hárrétt að ef vörugjöld hafa verið lækkuð af flutningabílum þá kemur það til góða. En við skulum líka hafa í huga að það eru gerðar miklu meiri kröfur til bíla í dag og keyptir dýrari bílar. Ef það er svo — mér var ekki kunnugt um það — að vörugjöldin hafi verið að lækka síðustu ár þá er það hið besta mál. En eftir stendur samt sem áður, virðulegi forseti, þessi mikla hækkun á þungaskatti sem ég hef fjallað um. Landvari sýnir fram á þá hækkun með reikningsdæmi sem verður ekki hrakið.

Varðandi heildarþunga vagnlesta þá kemur hún auðvitað til góða, skárra væri það nú. Skattahækkunin væri enn þá meiri ef þetta hefði ekki komið til. En við skulum líka hafa í huga að það er ekki alltaf verið að keyra með fulla bíla. Við verðum að hafa það í huga.

Það kom fram í andsvari hv. þm. að bílar eyði minni olíu í dag en áður. Það getur vel verið. En með væntanlegu olíugjaldi, eins og það á að vera, verður m.a. lagður skattur á veðrið á Íslandi. Ef það er brjálað veður, snjór og mikill mótvindur, munu flutningabílar geta eytt upp undir 100 lítrum á klukkutíma. Það er ekki svo lítið. Þannig verður vont veður skattstofn fyrir hæstv. fjmrh. til að fá meira í kassann.

[14:33]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bæta því við að mér sýnist á þeim svörum sem ég hef fengið frá hv. þm. að hann hafi hreinlega ekki kynnt sér þessi mál út í hörgul. Ég nefndi áðan þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur farið í ýmsar aðgerðir til lækkunar á innkaupum á flutningstækjum, til að bæta samgöngur og lækka kostnað. Það að flutningafyrirtæki geti keypt sér ný tæki þýðir að nýju tækin eru fullkomnari og eyða mun minni olíu. Þar með batnar reksturinn.

Það er verið að auka heildarþunga vagnlesta án þess að hækka krónugjald á kílómetra. Það hefur klárlega komið fram að þingmaðurinn er í fyrsta gír.

[14:34]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Í þessu frv. er lagt til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts hækki um 8% og lögð er til 8% hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti. Hækkuninni er ætlað að skila ríkissjóði samtals um 1 milljarði kr.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur gert ítarlega grein fyrir nál. um þetta mál. Hún er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efh.- og viðskn. og mælti fyrir nál. fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrr í dag.

Í nál. hv. þm. kemur fram að álögur af þessu tagi jafngildi beinni skattahækkun og muni auka útgjöld heimilanna bæði beint og óbeint. Hækkanirnar sem í þessu frumvarpi felast eru liður í 2,2 milljarða kr. skattahækkun á heimilin í landinu í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004.

Þær álögur sem boðaðar eru í frv. munu að mati hagsmunaaðila sem komu á fund efh.- og viðskn. leiða til hækkunar á rekstri bíla um 20–25 þús. kr. á ári fyrir hvern bíleiganda, hækkun flutningsgjalda muni líka leiða til versnandi samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar og hækkunar á gjaldskrá almenningsvagna, vörubifreiða og leigubifreiða.

Vissulega hefur, virðulegi forseti, bensíngjaldi, olíugjaldi og þungaskatti, sem lagður hefur verið á bíla og bílaeigendur í landinu á undanförnum árum, verið beitt til að marka vegagerð, vegalagningu og endurbótum á vegum ákveðinn tekjustofn. Sá tekjustofn hefur gefið fastan grunn fyrir vegaframkvæmdir í landinu.

Að sjálfsögðu ber að fagna því að vegaframkvæmdum hafi þannig verið veittur tryggur stuðningur fremur en að vera gjörsamlega háður fjárlögum ársins á hverjum tíma. En í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í morgun kom fram að með þeim gjöldum á bíleigendur, á eldsneyti og á umferðina í landinu, hefur þessi tekjustofn farið vaxandi og skilað mun meiri tekjum í ríkissjóð en áður var gert ráð fyrir. Því hlýtur að vera umhugsunarefni þegar þessi gjöld hækka og tekjuöflun ríkissjóðs aukin á þessu sviði.

Því hefur ekki verið á móti mælt sem fram kemur í nál. hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að þessi aukna skattheimta hljóti einhvers staðar að koma fram. Einhverjir verða að greiða hana. Það gera almennir bíleigendur og hún kemur fram í vöruverði og þjónustu sem háð er flutningi. Nær væri að fara í heildarendurskoðun á flutningskerfinu, athuga hvar þetta kemur niður og hvort rétt væri að beita öðrum leiðum til að afla vegaframkvæmdum fjár en að velta því með síauknum þunga á vöruverð, vöruflutninga og þá sem aka og eiga bíl.

Eins og fram kemur í nál. mun þessi skattur leggjast þyngst á þá sem eru háðir flutningum og akstri. Það segir sig sjálft að þegar inn- og útflutningshafnir eru orðnar fjórar eða fimm í landinu og nánast allur innflutningur fer um hafnirnar á suðvesturhorninu, um Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjarðarhöfn, og allar vörur síðan fluttar út á land þá hlýtur að skipta máli hver flutningskostnaðurinn er og hvernig hann er lagður á. Þá gefur augaleið að þeir sem búa úti á landi finna fyrir því að innflutningshöfnin og jafnvel einnig útflutningshöfnin, sem þeir senda afurðir sínar um, getur verið í mikilli fjarlægð. Þá hlýtur flutningskostnaðurinn að skipta afar miklu máli. Allar breytingar og hækkanir á þessum liðum koma beint fram í auknum álögum á atvinnustarfsemi fjarri útflutn-

ingshöfnunum. Flutningskostnaðurinn leggst einnig á vörur í verslunum sem staðsettar eru fjarri þessum höfnum.

Þess vegna, virðulegi forseti, tel ég að fara eigi í heildarathugun á því hvernig lækka megi flutningskostnað í landinu, sérstaklega á vörum og þjónustu til og frá landsbyggðinni. Inn- og útflutningur fer mest um hafnir á þessu svæði. Það væri líka í samræmi við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf síðasta vetur í kjölfar skýrslu sem unnin var á vegum samgrh. um flutningskostnað í landinu. Hún sýndi að flutningskostnaður hafði vaxið gríðarlega á örfáum árum. Þar var um að ræða 70% hækkun á um tveggja til fjögurra ára tímabili.

Ég tel mikilvægt að fara ofan í þessi mál og athuga hvernig megi bregðast við. Haldi fram sem horfir, að þessi flutningskostnaður haldist jafnhár, haldi jafnvel áfram að aukast, þýðir það náttúrlega að samkeppnisstaða atvinnulífs og búsetu úti á landi verður stórlega skert, að því er virðist þvert á stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Mig minnir að því hafi verið lýst yfir síðasta vor í kjölfar skýrslu hæstv. samgrh. um stóraukinn flutningskostnað á landsbyggðinni að fela ætti Byggðastofnun að gera úttekt á þessu máli og tillögur um hvernig mætti lækka flutningskostnað og styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífs og búsetu á landsbyggðinni.

Ég hefði viljað sjá slíkar tillögu á borðum í þinginu um leið og rætt er um auknar álögur á umferðina og þá sem standa í flutningum á vörum, þjónustu og fólki hér á landi. Þannig mætti taka á þessu máli heildstætt.

Ég ítreka að það ber að standa vörð um framlög til vegagerðar hér á landi. Við vildum að enn yrði bætt þar í og það væri í sjálfu sér hægt án þess að bensíngjald, olíugjald og þungaskattur yrðu eini tekjustofninn. En þegar málið snýst um aukinn kostnað sem lendir á neytendum þá verðum við að staldra við og spyrja: Hvað erum við að gera?

Í umsögn bæjarráðs Akureyrar um þetta frv. segir, með leyfi forseta:

„... hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í mótsögn við yfirlýstar fyrirætlanir stjórnvalda um lækkun flutningskostnaðar."

Virðulegi forseti. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efh.- og viðskn., flytur hér brtt. við frv. sem ég tel afar mikilvægt að nái fram að ganga. Hún gengur út á að styrkja stöðu almenningssamgangna í umferðinni og að þeir skattar sem hér er verið að leggja á leggist a.m.k. ekki á almenningssamgöngur. Það væri í samræmi við umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samtökin vilja vekja sérstaka athygli á stöðu hópbifreiða á Íslandi sem hafa búið í mörg ár við stórfelldan taprekstur og mjög takmarkaða endurnýjun. Eigi að vera rekstrargrundvöllur fyrir hópbifreiðar verður að lækka skatta og gjöld af þessari atvinnustarfsemi frekar en að hækka álögur."

Ég tel, virðulegi forseti, að það beri að huga að þessu öllu samtímis þegar við leggjum á skatta sem þessa. Við megum ekki skerða vöxt eða rekstrargrundvöll mikilvægra atvinnugreina í landinu, t.d. ferðaþjónustunnar. Ég tel að það eigi að taka þessa umsögn alvarlega.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt mikla áherslu á almenningssamgöngur. Þegar rætt var á Alþingi um samgönguáætlun sem hæstv. samgrh. lagði fram fyrir líklega liðlega ári síðan eða einu hálfu ári síðan þá lagði ég sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í samgn. fram í nefndaráliti mínu gríðarlega áherslu á að efla og styrkja samkeppnisstöðu almenningssamgangna, bæði innan þéttbýlis og milli landshluta. Af því hlýst samgöngulegur sparnaður ef hægt er að efla og auka hlut almenningssamgangna. Auk þess eru almenningssamgöngur afar þýðingarmiklar fyrir fjölda fólks, ungt fólk, skólafólk, fólk sem hefur mismunandi aðstæður til að eiga og reka bíl, fyrir skólaakstur, fyrir fólk á leið í vinnu, fyrir eldri borgara og fyrir ferðaþjónustuna vítt og breitt um landið. Þess vegna verðum við að standa vörð um almenningssamgöngurnar.

Ég vil víkja að umsögn sem Samtök fámennra skóla sendu frá sér, að vísu í tengslum við breyttar úthlutunarreglur jöfnunarsjóðs, en þær reglur, reglur jöfnunarsjóðs, lutu einmitt að því að skerða framlög til skólaaksturs hjá ákveðnum sveitarfélögum. Samtök fámennra skóla á landsbyggðinni vekja athygli á mikilvægi þess að kostnaður við skólaakstur verði sem allra minnstur þannig að hægt verði að ná sem bestri hagkvæmni og öryggi í að flytja börn til og frá skóla. Þess vegna skiptir máli tillaga sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur lagt hér fram um að undanþiggja skólaakstur svona álögum. Það mundi strax vera stuðningur við almenningssamgöngur og skólaakstur í landinu.

Í umsögn borgarráðs Reykjavíkurborgar um þetta frumvarp segir, með leyfi forseta:

„Aukin hlutdeild almenningssamgangna leiðir til hlutfallslega minni notkunar einkabíla, sparnaðar í viðhaldi gatna, auk þess að geta orðið til þess að seinka megi framkvæmdum við stór og kostnaðarsöm umferðarmannvirki um einhvern tíma, mannvirki sem að mestu eða öllu leyti eru greidd úr sjóðum ríkisins."

Eiginlega benda allir umsagnaraðilar á mikilvægi almenningssamgangnanna og að þess sé gætt að almenningssamgöngur njóti vissrar sérstöðu í skattlagningu umferðar.

Þá vil ég og draga fram að úti um sveitir landsins er það í æ ríkari mæli þannig að fólk á sveitabýlum er farið að stunda atvinnu í næsta þéttbýli. Það er hluti af því að halda landinu í góðri búsetu að stunda vinnu fjarri heimili sínu. En því meiri skattlagning sem er á þessa umferð því óhagkvæmara verður það náttúrlega. Ástæða væri því til þess að finna leið til þess að gera slíkan akstur til og frá vinnu, eins og mig minnir að hv. þingmenn Frjálsl. hafi flutt tillögu um, frádráttarbæran til skatts með einhverjum hætti þannig að þessar álögur kæmu ekki með fullum þunga heldur jöfnum þunga á alla íbúa og alla notendur, allar samgöngur í landinu, að alla vega sé horft á þetta í heild.

Virðulegi forseti. Í þessu sambandi vil ég líka minna á tillögu sem fyrrv. hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur flutt á undanförnum þingum og var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi. Hún er um almenningssamgöngur í Eyjafirði. Þar hefur verið unnið visst sporgöngustarf í almenningssamgöngum innan héraðs. Við vitum að fjármagnið, kostnaðurinn, takmarkar notkun og útbreiðslu og möguleika almenningssamgangna. Þegar það er yfirlýst stefna Alþingis, yfirlýst stefna ríkisstjórnar og umhverfislega mjög vænt að efla almenningssamgöngur þá eigum við að gera það og horfa til þess þegar við samþykkjum lög um gjöld eða álögur á umferð.

Virðulegi forseti. Ég vildi bara koma þessum atriðum á framfæri. Það hefur einnig komið fram í máli hv. þingmanna að hliðstæð tillaga og breytingartillaga sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir flytur hér kom fram fyrir tveimur eða þremur þingum, en hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru flutningsmenn hennar.

Skoða ber þessi mál í heild þegar við förum í að auka álögur á umferð í landinu og athuga hvernig þær koma niður á samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu. Samgöngur og kostnaður við þær skiptir þar afar miklu máli og fátt mismunar nú meir samkeppnisstöðu í búsetu og atvinnulífi en einmitt flutningskostnaðurinn. Þess vegna ber okkur að horfa til allra þessara þátta þegar við erum að auka álögur. Ég hefði samtímis viljað sjá ríkisstjórnina standa við einhverjar af stefnuyfirlýsingum sínum og velti fyrir mér hvernig hún ætlar að létta flutningskostnaði, lækka flutningskostnað á vörum og þjónustu í landinu.

[14:51]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á ræðurnar sem hafa verið fluttar núna í morgun og eftir hádegið. Margt hefur vakið athygli mína er dreifbýlisþingmenn hafa talað og kallað eftir stuðningi annarra þingmanna úr hinni dreifðu byggð en látið sem þingmenn Reykjavíkur væru nánast ekki til nema stundum þó kallað til þeirra ef á þeim þarf að halda vegna sérstakra málaflokka ef sótt er um fjármagn eða annað til kjördæma utan Reykjavíkur. Mér þykir miður að slíkur málflutningur skuli vera viðhafður á Alþingi.

En út af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þá veit ég að fulltrúar fyrirtækis á Austurlandi hafa sagt í viðtölum við okkur nokkra þingmenn að um 5% af framleiðslukostnaði leggist á vörur vegna flutninga á höfuðborgarsvæðið. Hv. þm. kom inn á það líka að hann biði mjög eftir því að Byggðastofnun kæmi með tillögur til lækkunar á flutningskostnaði til og frá landsbyggðinni.

Ég vek enn einu sinni athygli á skýrslu nefndar um flutningskostnað sem samgrn. vann að og var skilað í janúar 2003. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Almennt er álitið að nota beri strandflutningana þegar því verður við komið en framleiðandinn“ — sem var á Vestfjörðum — „nefnir um leið að strandflutningaskipin séu vondur kostur.“ — Hann segir svo: „Tíðni og ferðatími skipti þar miklu máli. Fyrir 40 feta gám er þó bíllinn 70% dýrari.“

Hvernig má vera að þingmenn hinna dreifðu byggðar hafi ekki gefið þessari skýrslu nokkurn gaum? Hvernig má vera að flytjendur til og frá landsbyggðarinnar líti ekki á það að 70% dýrara er að flytja 40 feta gám landveg heldur en sjóleiðina? Hvar eru menn staddir í þessu máli?

[14:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að vekja athygli á þessum atriðum.

Ég vil í upphafi segja að ég lít á mig sem þingmann alls landsins. Hagsmunir höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar fara ávallt saman og eiga að gera það. Ég vil líka benda á að hv. þm. Álfhildur Ingadóttir hefur skilað mjög góðu nefndaráliti. Hún er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efh.- og viðskn. Hún er þingmaður Reykvíkinga og flutti mál sitt sem þingmaður alls landsins og það gerum við. Hagsmunirnir fara bara alltaf saman að mínu mati. Þannig alla vega eigum við að vinna og þannig vinnum við.

En það er alveg hárrétt hjá hv. þm. þetta með strandflutningana. Af hverju hafa þeir lotið í gras? Nú eru bara fjórar eða fimm útflutningshafnir á landinu eftir. Aðalútflutningurinn er hér. Hvað þýðir það fyrir fiskframleiðendur á Vestfjörðum t.d.? Það er engin útflutningshöfn á Vestfjörðum. Ísafjörður er ekki lengur útflutningshöfn. Það sem hefur breyst er að framleiðendur verða núna að greiða sjálfir fyrir kostnað á flutningnum innan lands á útflutningshöfn. Framleiðendur á Vestfjörðum eða þeir sem þar standa að framleiðslu verða að greiða sjálfir flutningskostnaðinn. Það er ekki lengur samræmdur flutningskostnaður á fiskútflutningi þannig að þeir verða að greiða fyrir flutninginn til Akureyrar, Eskifjarðar eða Reykjavíkur.

Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. um að það á að taka á samgöngumálum heildstætt. Af því að hann minntist á þessa stöðu þá flutti ég einmitt ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs till. til þál. í fyrra um strandsiglingar, um að skipuð yrði nefnd sem kæmi með tillögur um hvernig mætti styrkja samkeppnisstöðu strandsiglinga. Í hv. samgn., þar sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var formaður og ég átti einnig sæti í, var samþykkt að vísa þessari tillögu minni um strandsiglingar til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar. Þetta var því mjög góð ábending hjá hv. þm.

[14:56]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kom réttilega inn á það að við erum jú þingmenn alls landsins enda viðurkenni ég það. Ég átti nú ekki við ræðu hans heldur annarra þingmanna sem töluðu í morgun svo skýrt og skorinort um að það væru sérhagsmunir þeirra að gæta dreifðu byggðarinnar en líta ekki til Reykjavíkur. Það er miður.

Í þessari skýrslu frá samgn. um flutningskostnað kemur þetta skýrt fram. Skipafélög hafa líka sagt að ef ákveðinn fjöldi gáma væri í tilteknum höfnum, sem ekki eru útflutningshafnir í dag, þá væri skipafélagið tilbúið til að koma þangað og sækja gámana. Þeir yrðu að vera tveir eða þrír eða þar um bil í hverri höfn til þess að þetta skipafélag kæmi og sækti þessa 40 feta gáma. Það mundi spara stórfé.

Við vitum að frystigámarnir með fisknum eru fluttir út frá Reykjavík einu sinni í viku. Það tekur strandferðaskip viku að fara hringinn í kringum landið til að safna þessum gámum saman þannig að það er ekki fyrirstaðan.

Getur verið, hv. þm. Jón Bjarnason, að fyrirstaðan sé sú að samstarfið milli sveitarfélaganna úti á landi sé með þeim hætti að eitt sveitarfélagið þoli ekki að sjávarafurðum sé ekið til hafnar næsta sveitarfélags vegna þess að þá hafi þeir skipagjöld og hafnargjöld? Getur verið að þar liggi fiskurinn undir steini, þ.e. að ósamstaða og samstarfsleysi milli sveitarfélaganna úti á landi sé þess valdandi að sjóflutningarnir eru nánast að leggjast af?

[14:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom að varðandi skýrslu samgrh. og ákvörðun ríkisstjórnarinnar í fyrravor um að fela Byggðastofnun að gera tillögur um hvernig skyldi koma til móts við lækkun flutningskostnaðar. Ég er ekki hlynntur einhverjum sértækum aðgerðum sem varanlegum lausnum. Sértækar aðgerðir geta aðeins komið inn í afmörkuð tilvik sem tengjast einhverri afmarkaðri stöðu. En til lengri tíma litið eiga aðgerðirnar að vera algildar og hafa varanlega stöðu. Þess vegna hefði ég viljað sjá ríkisstjórnina leggja áherslu á slíkar aðgerðir. En úr því að ríkisstjórnin lofaði aðgerðum af einhverjum toga og fól Byggðastofnun að leggja þær til þá vil ég fara að sjá þær tillögur. Það er ekki nóg að tala bara eins og ríkisstjórnin gerir nú gjarnan í bestu málum en gerir síðan ekkert. (**GHall:** En samstarf sveitarfélaganna?)

Ég tek undir með hv. þm. um mikilvægi þess að kanna möguleika og samkeppnisstöðu strandflutninga. Hvorki samtakaleysi sveitarfélaga né röng stefna ríkisstjórnarinnar má þar vera hindrun. Svo er talað um að beita Flutningsjöfnunarsjóði með röngum hætti. Flutningsjöfnunarsjóður átti að jafna verð á flutningi meðfram ströndum landsins. En nú er talað um að beita honum til þess að flutningsjafna sjóflutningum sem aldrei fara fram því þeir eru komnir upp á land. Svona kerfi er komið í rugl eins og við þekkjum. Því er mjög mikilvægt að endurskoða þennan flutningsmáta og aðkomu ríkisins líka að því að stuðla að sem hagkvæmustum flutningsmáta, þannig að þetta virki, þar á meðal strandsiglingar.

[15:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp ríkisstjórnarinnar um hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti. Það er auðvitað alveg ljóst, virðulegi forseti, að við erum hér að leggja auknar álögur á almenning í landinu. Það fer ekkert á milli mála að ríkisstjórnin er hér að stefna að því að útfæra stefnu sína sem birtist nú reyndar í allt öðru formi en hún var kynnt í kosningabaráttunni. Þar var talað fyrir skattalækkunum en eina skattalækkunartillagan sem ég hef séð flutta í Alþingi af hæstv. ríkisstjórn er lækkun á sérstökum tekjuskatti úr 5% niður í 4 %, þ.e. skattur sem leggst á einstaklingstekjur sem eru yfir u.þ.b. 350.000 kr. á mánuði.

Aðrar tillögur sem við höfum verið að ræða hér í tengslum við fjárlagagerð stefna til hækkunar. Það er alveg ljóst að með þessari tillögu er verið að auka álögur á hvern bifreiðaeiganda í landinu um á bilinu 20–25 þús. kr. Þetta eru því bara beinar álögur sem koma við það að ákveða að hækka m.a. bensínlítrann. Þetta mun koma út í beinni hækkun á bensínlítranum um 4 kr. Það liggur því fyrir að hér er verið að taka inn tekjur fyrir ríkissjóð í gegnum bensíngjald og með hækkun á flutningsgjöldum, því hækkun á þungaskattinum um 8% mun að sjálfsögðu leiða til einhverrar hækkunar á flutningum og vöruverði og talið að það geti numið um 2%. Þar að auki bendir ASÍ á það í umsögn sinni um þetta mál að þetta muni verða til þess, eins og segir hér, með leyfi forseta, í nál. 1. minni hluta:

„Að mati ASÍ hefur frumvarpið í för með sér beina hækkun neysluverðsvísitölu upp á 0,12%."

Við erum því líka að hækka álögur á landsmenn, vegna þess að þetta vegur inn í vísitöluna.

Samanlagt, virðulegi forseti, er hér sennilega um skattahækkanir að á bilinu 1.000–1.100 millj. þegar allt er talið. Þær birtast í þessum tillögum sem álögur upp á 600 millj. í bensíngjaldinu annars vegar og 400 millj. verða teknar inn með hækkun á hækkuðum þungaskatti.

Virðulegur forseti. Bensíngjaldið dreifist jafnt á fólk hvar sem það býr í landinu og að því leyti til er álagið jafnt. Hins vegar kemur það því miður ekki þannig út hvað varðar þungaskattinn. Allar líkur benda til þess að þungaskatturinn leggist af meiri þunga á fólk á landsbyggðinni en fólk á höfuðborgarsvæðinu eða þeim byggðum sem eru næstar Reykjavíkursvæðinu. Þetta liggur í hlutarins eðli vegna vegalengda og því að útfærslan er eins og hún er.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. sem hér er staddur í salnum hvort þær aðgerðir sem rætt hefur verið um í sambandi við þungaskattsútfærsluna, þ.e. að taka upp einhvers konar endurgreiðslu varðandi flutninga, hvar þær tillögur séu staddar. Það var vitnað hér áðan í skýrslu af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni sem unnin var í þessu sambandi. Menn hafa rætt að við breytingu á þungaskattinum og við breytingu sem yrði samfara því að færa þungaskattinn inn í olíuverðið, þyrfti að skoða hvaða áhrif það hefði. Þar hafa menn einmitt nefnt að það þyrfti að huga að því að taka upp einhvers konar endurgreiðslu til þess að jafna álögur á flutninga.

Ég vil í þessari umræðu, þó það mál sé ekki beint til umræðu nú, spyrja hvar þær áætlanir eru staddar, ef hæstv. fjmrh. gæti vikið að því nokkrum orðum eftir að ég hef lokið máli mínu.

Um hitt vil ég segja, virðulegi forseti, að sú skattahækkunarstefna sem birtist í þessu frv. er auðvitað ekki í neinum tengslum við það sem kynnt var í kosningabaráttunni af ríkisstjórnarflokkunum um það að taka til við að lækka skatta en ekki hækka þá eins og hér er verið að leggja til. Þess vegna tel ég að hér sé eiginlega verið að fara algjörlega á svig við það sem fólk taldi að yrði á framkvæmdarstefnu ríkisstjórnarinnar þegar kæmi að skattalagabreytingum og álögum á almenning og ekki verið að fara eftir þeim loforðum eins og þau voru sett fram af ríkisstjórnarflokkunum í kosningabaráttunni.

Mér finnst hins vegar dálítið merkilegt, virðulegur forseti, að lesa nál. meiri hlutans, en undir það skrifa hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson og Dagný Jónsdóttir. Í nál. segir efnislega um þetta mál, eftirfarandi.:

„Nefndin hefur fjallað um málið." Síðan kemur fram að hún hafi fengið fólk á fund sinn og allir taldir upp samviskusamlega. Síðan segir: „Þá bárust nefndinni umsagnir." Og svo er það talið upp samviskusamlega. Svo kemur niðurstaða þessa skattahækkunarmáls og umsögn nefndarinnar er í raun og veru svona, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á þungaskatti og vörugjaldi af eldsneyti. Þessar breytingar eru í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Þetta er öll umsögn hv. nefndar.

Það er ekki verið að eyða of mörgum orðum í að gera fólkinu í landinu grein fyrir því hvað hér er verið að gera í umsögn hv. meiri hluta. Það er kannski markmið út af fyrir sig að vera ekki að eyða orðum á blað sem skipta sáralitlu máli, eða hvað? Og vera ekkert að hafa um það langa texta. Það kann vel að vera að svona skuli umsagnir um skattahækkunarmál ríkisstjórnarinnar vera í framtíðinni. Það er þá ekki langur lestur og ekki lengi verið að kynna sér það sem þar stendur.

Hins vegar hefur það verið rækilega dregið fram í nefndarálitum 1. og 2. minni hluta um hvað þetta mál fjallar og vitnað til umsagna fjölda margra aðila. Það hefur verið farið yfir það hér af hv. þm. Kristjáni Möller, hv. þm. Jóni Bjarnasyni og hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. Ég ætla því ekki að rekja það mikið lengra.

Ég ætla hins vegar að lýsa því yfir, virðulegi forseti, eins og ég gerði reyndar við 1. umr. þessa máls, að við í Frjálsl. erum andvíg því hvernig til þessa máls er stofnað og leggjumst gegn því að þessar hækkanir gangi fram. En það er auðvitað alveg ljóst að þó að ekki séu mörg orð í nál. meiri hluta efh.- og viðskn., mun þetta mál ganga fram að vilja ríkisstjórnarinnar.

Ég vil hins vegar minna á það, virðulegur forseti, að þingmenn Frjálsl. hafa flutt hér í Alþingi tillögu um að það

megi taka tillit til ferðakostnaðar fólks til og frá vinnu sinni, fólk megi draga þann kostnað frá tekjum sínum áður en skattlagt er. Það er auðvitað í samræmi við það að við teljum að það eigi að skoða þann kostnað sem myndast hjá fólki við að sækja vinnu þegar hann er umfram einhverjar eðlilegar viðmiðanir. Þessi viðmiðun sem við settum í þá tillögu var 10.000 kr. á mánuði, eða 120.000 kr. á ári, umframkostnað væri leyfilegt að draga frá. Ég veit ekki hvar það mál er statt, en það gæti verið til hagsbóta fyrir launþega hvar sem þeir búa á landinu. Útfærslan er þannig að hún mismunar ekki fólki eftir því hvar það býr heldur tekur tillit til þess hve langt fólk þarf að sækja vinnu sína.

En það er alveg ljóst, virðulegur forseti, að hér er ríkisstjórnin að ná í 1 milljarð rúman af þeim 2 milljörðum sem hún ætlar að taka í auknar álögur samfara fjárlagafrv. Við í Frjálsl. lýsum okkur andvíga þessu máli.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig um tvennt: Í fyrsta lagi hvar frumvarp um olíugjald svokallað væri á vegi statt og í öðru lagi hvað liði hugmyndum um að styrkja völuflutninga innan lands.

Olíugjaldsfrumvarpið er mál sem ríkisstjórnin hefur hugsað sér að koma með hér inn í þingið og ég mun þá flytja. Það kemur fram á yfirliti yfir þau þingmál sem ríkisstjórnin hyggst flytja. Málið er hins vegar ekki alveg tilbúið. Það er til umfjöllunar í stjórnarflokkunum og enn þá er nokkrum spurningum ósvarað sem ég vil gjarnan hafa skýr svör við áður en frumvarpið kemur til umfjöllunar í þinginu. Þess vegna er þetta ekki alveg tilbúið.

Það er ljóst að núverandi kerfi er óviðunandi til frambúðar, þannig að ef ekki verður tekið upp olíugjald í hátt við það sem gert er í því frv. sem er núna til meðferðar og hefur áður verið lagt fyrir þingið, þarf að gera aðrar róttækar breytingar á núverandi kerfi.

Hvað varðar spurninguna um styrki, flutningastyrki, þá er ekkert nýtt af því máli að frétta frá því að iðnrh., byggðamálaráðherra, greindi frá því hér að þær hugmyndir væru uppi á borði. Þær komu fram m.a. í skýrslunni um þróun flutningskostnaðar sem hefur borið á góma í þessum umræðum, en það liggur engin ákvörðun fyrir um þetta mál sem hefur verið að undanförnu til umfjöllunar á vettvangi Byggðastofnunar.

[15:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir góð og greinargóð svör. Hins vegar vekja svörin upp eina spurningu og hún er þessi, ef hæstv. fjmrh. vildi svara því í öðru andsvari: Á að skilja þetta mál þannig að hér verði komið inn með frumvarpið sem var verið að boða varðandi olíudæmið, án þess að það fylgi því nein útfærsla um hækkaðan flutningskostnað?

[15:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ekki fyrir. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um eitthvert styrkjafyrirkomulag sem nefnt hefur verið í tengslum við völuflutninga innan lands. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það, en það liggja fyrir ákveðnar hugmyndir.

Hins vegar held ég nú að menn hafi tekið allt of djúpt í árinni varðandi áhrif hugsanlegs olíugjalds á flutningskostnað innan lands. En það er einmitt eitt af því sem ég vil gjarnan hafa alveg skýr svör við áður en málið kemur til frekari meðferðar hér, vegna þess að þetta er eitt af þessum málum sem við verðum virkilega að vanda okkur við. Við verðum þá að byggja hér upp tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð sem ætlunin er að geti staðist í mörg ár. Þess vegna er mikilvægt að fara ekki af stað með hluti sem ganga síðan ekki upp.

Ég minni á að fyrir nokkrum árum var lögfest á Alþingi tiltekið afbrigði af olíugjaldi, en þau lög voru síðan felld úr gildi án þess að koma nokkurn tímann til framkvæmda. Þau gerðu ráð fyrir sérstökum endurgreiðslum til atvinnurekstrar af gjaldi á olíu, en sú aðferð gekk ekki upp og við viljum helst ekki lenda í því máli með svipuðum hætti næst þegar komið verður með þetta málefni hingað í þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140, nál. 411.

[15:17]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Sigurð Ágúst Sigurðsson og Guðmund Ibsen frá Happdrætti DAS, Brynjólf Sigurðsson frá Happdrætti Háskóla Íslands, Davíð Gunnarsson frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Pétur Bjarnason og Hauk Þórðarson frá Happdrætti SÍBS og loks Sigurbjörn Gunnarsson frá Íslenskri getspá. Umsagnir bárust um málið frá Háskóla Íslands, Happdrætti Háskóla Íslands, Happdrætti SÍBS, Happdrætti DAS, stúdentaráði Háskóla Íslands og Íslenskri getspá.

Frumvarpinu er ætlað að endurnýja heimild Happdrættis Háskóla Íslands til rekstrar peningahappdrættis um 15 ár, en Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til að reka slíkt happdrætti allt frá árinu 1934 gegn greiðslu 20% einkaleyfisgjalds til ríkissjóðs. Happdrættið stendur undir nánast öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands.

Við meðferð málsins var athygli nefndarinnar vakin á því að einkaréttur Háskóla Íslands gæti farið gegn markmiðum samkeppnislaga, samanber álit samkeppnisráðs, nr. 4/2000, um að hann gæfi „samkeppnislegt forskot gagnvart völuhappdrættunum“ og torveldaði „frjálsa samkeppni á markaðnum“, eins og það var orðað. Jafnframt komu fram ábendingar þess efnis að einkarétturinn kynni að fara í bága við ákvæði 31. og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið varðandi staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi.

Nefndin telur að leysa verði úr því sem fyrst hvort þær athugasemdir sem gerðar voru við einkarétt Háskóla Íslands á rekstri peningahappdrættis eru réttmætar og eiga við rök að styðjast. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að hugað verði að forsendum einkaleyfisgjaldsins. Nefndin hvetur því dómsmálaráðherra til að hraða heildarendurskoðun happdrættislöggjafarinnar í landinu sem mest má verða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

[15:19]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál kemur hér til umræðu. Ekki er langt síðan, eða nánar tiltekið á 123. löggjafarþingi 1998–1999, að ég lagði fram ásamt fleiri þingmönnum frv. til breytinga á lögum um Happdrætti DAS og SÍBS sem gekk út á það að einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands yrði afnumið og staða þessara happdrætta yrði jöfnuð.

Áður en ég kem að þessu máli, herra forseti, vildi ég aðeins víkja að þeim umræðum sem fram hafa farið um Happdrætti Háskólans og einkaleyfi þess hér á árum áður. Oft hefur verið fjallað um þetta á þingi og í háskólanum sjálfum. Þá hafa háskólaprófessorar tjáð sig um þetta mál og vil ég vitna til greinar í Morgunblaðinu 25. nóvember 1993. Guðmundur Magnússon, þáverandi prófessor, segir svo í grein sinni, með leyfi forseta:

„Ég tel að einkaleyfisgjaldið hafi verið sárabót fyrir ríkissjóð að afsala sér happdrættinu. Það hefur einnig verið til bóta fyrir háskólann að ríkissjóður hefur veitt fjárhæð samsvarandi gjaldinu til uppbyggingar Rannsóknarstofnunum atvinnuveganna ...“

Vísindasjóður hefur því fengið það fjármagn til þess að vinna að verkefnum beint og óbeint tengdum háskólanum sem hafa auðvitað með einum eða öðrum hætti verið til að efla þá starfsemi. Einkaleyfisgjaldið hefur því ekki runnið í ríkissjóð heldur til áframhaldandi starfa, í vísindasjóð, í því skyni að efla, eins og vísindi efla alla dáð, vísindastarfsemi háskólans.

Síðan heldur Guðmundur Magnússon áfram í grein sinni, með leyfi forseta:

„Við þær á háskólinn gott samstarf“ — þ.e. vísindastofnanirnar — „og þær efla rannsóknir í landinu. Með tilkomu Lottós 1986, greiðslu getraunavinninga í peningum og söfnunarkassa Rauða kross Íslands og samstarfsaðila hans er einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands orðið markleysa.“

Það er orðið markleysa. Þetta hefur háskólaprófessor að segja um einkaleyfi Happdrættis Háskólans 1993. Háskólinn greiðir fullt gjald fyrir einkaleyfi sem er orðið lítils virði.

Auðvitað ættu annaðhvort allir aðilar á markaðnum eins og nú er komið málum að greiða gjald í ríkissjóð eða enginn, allir eða enginn. Það er kjarni málsins.

Eins og fram kemur í minnkandi tekjum Happdrættis Háskóla Íslands býr það nú við mikla samkeppni. Við henni verður að bregðast eins og hvert annað fyrirtæki í samkeppni þarf að gera. Þess vegna þarf að brydda upp á nýjungum.

Herra forseti. Ég vék í upphafi máls míns að þeim frumvörpum sem ég flutti um Happdrætti Háskólans, Happdrætti SÍBS og Happdrætti DAS á 123. löggjafarþingi. Þá fór þetta mál til umfjöllunar í nefnd á þinginu. Það er merkilegt að bera saman nefndarálit allshn. nú og þá. Í nefndaráliti allshn. á 123. löggjafarþingi segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur skilning á vanda umræddra happdrætta og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvörpunum, en þar sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á peningahappdrætti samkvæmt lögum nr. 13/1973, með síðari breytingum, telur nefndin ekki unnt að leggja til að þau verði samþykkt. Nefndin telur eðlilegt að happdrættismarkaðurinn í heild verði tekinn til skoðunar“ — ég vek sérstaka athygli á þessu — „og að sett verði ein heildarlög um happdrætti og leggur til að málunum verði vísað til ríkisstjórnarinnar.“

Í framhaldi af þessu leitaði stjórn Happdrættis DAS til Samkeppnisstofnunar og þar kom fram athyglisverð niðurstaða. Ætla ég nú að lesa hana, með leyfi forseta. Niðurstaðan er frá 9. maí árið 2000:

„Aðgangur að happdrættismarkaðnum er ekki frjáls. Vilji löggjafarvaldsins á hverjum tíma ræður því hverjir fá að reka happdrætti og hvernig tekjum er skipt í vinninga, leyfisgjöld og ágóða. Leyfi er veitt fyrir rekstri happdrættanna með tilliti til þeirra markmiða löggjafarvaldsins að afla fjár til almannaheilla án opinbers rekstrar. Happdrættin, sem starfa samkvæmt núgildandi sérlögum, ættu að mati samkeppnisráðs að njóta jafnræðis hvað varðar skilmála fyrir rekstrinum þannig að virk samkeppni geti þróast á milli þeirra. Vinningshafar vöruhappdrættanna þurfa að hafa fyrirhöfn og væntanlega kostnað af því að koma vinningum sínum í peninga. Það er því óhagkvæmt fyrir neytendur og getur gert vinninga verðminni í hendi vinningshafa heldur en efni standa til. Einkaleyfi HHÍ til þess að greiða vinninga út í peningum gefur happdrættinu samkeppnislegt forskot gagnvart vöruhappdrættunum og torveldar frjálsa samkeppni á markaðnum. Einkaleyfið fer því gegn markmiðum samkeppnislaga.“

Einkaleyfið fer gegn samkeppnislögum. Það fer gegn markmiðum samkeppnislaga. Svo mörg voru þau orð.

Hins vegar er athyglisvert, herra forseti, að lesa merka ræðu frá 17. júní 2001. Þá flutti hæstv. þáv. menntmrh. ræðu í Alþingishúsinu í tilefni 90 ára afmælis Happdrættis Háskóla Íslands. Þar segir menntmrh. svo, með leyfi forseta. Ég vitna til hluta ræðunnar:

„Í tæp 30 ár var skólinn til húsa hér í Alþingishúsinu, líkaði vistin illa og þótti ríkja mikið skilningsleysi meðal alþingismanna á því að veita fé til háskólabyggingar. Sú rimma var leyst með því að heimila skólanum að reka happdrætti til að standa straum af byggingarkostnaði og flutti hann í eigið húsnæði árið 1940. Happdrættið er skólanum enn mikil lyftistöng og þörfinni fyrir nýtt húsnæði verður seint fullnægt. Ætti ríkisvaldið að koma til móts við óskir skólans í byggingarmálum með því að dreifa einkaleyfisgjaldi vegna happdrættisins á alla, sem stunda sambærilega starfsemi, og greiða auk þess hæfilegan viðhaldskostnað af byggingum skólans. Með þeim hætti tryggði Alþingi og ríkisstjórn best á 90 ára afmælinu og til langframa að húsnæðismál Háskóla Íslands væru í samræmi við eðlilegan vöxt hans og kröfur.“

Þetta sagði hæstv. menntmrh. í tilefni 90 ára afmælis Háskóla Íslands 17. júní 2001.

Getur verið að þáverandi háskólaprófessor og háskólaráð hafi ekki komið þeim boðskap til hæstv. menntmrh. sem samkeppnisráð hafði skilað áliti sínu um, þ.e. um samkeppnislögin, og með vísan til þess sem ég sagði hér áðan, þ.e. að einkaleyfið færi gegn markmiðum samkeppnislaganna. Það lá fyrir 9. maí árið 2000. Hér flytur hæstv. menntmrh. ræðu í júní 2001 og allt háskólaliðið þegir þunnu hljóði. Það vissi þó af þessum úrskurði samkeppnisráðs og gat auðvitað hjálpað hæstv. ráðherra að ganga til verks í þessu máli.

Það er dálítið merkilegt líka að þáverandi forstjóri eða forstöðumaður Samkeppnisstofnunar er núverandi forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands. Eru kannski einhver tengsl þarna á milli? Getur það verið? Getur verið að þau vinnubrögð sem hér eru nú enn ástunduð orsakist ekki af neinu öðru en tímaskorti, því að menn hafi ekki gefið sér tíma til þess að skoða þessi mál? Hvernig má það vera í skjóli einokunar Happdrættis Háskóla Íslands á peningahappdrætti að

undir þeirri reglu skuli stofnuð öll þau happdrætti sem borga út í peningum, t.d. Lottó og erlend happdrætti, Víkingalottó sem borgar út í peningum? Þetta gerist þegar Happdrætti Háskóla Íslands hefur einkaleyfi á því að borga út peninga. Nei, ágætu nefndarmenn allshn., ég er ansi hræddur um að menn hafi nú eitthvað misstigið sig í þessu nefndaráliti. Ef nefndarálitin eru borin saman frá hæstv. allshn. nú og allshn. sem fjallaði um málið á 123. löggjafarþingi vegna óska um breytingu á lögum um Happdrætti DAS og háskólans þá kemur í ljós að þau eru svo keimlík að við liggur að ákveðin hugsun kvikni: Hvar var til textans leitað í þessu nefndaráliti?

Mér þykir mjög dapurt að þetta nál. skuli koma frá allshn. í ljósi þess sem við lifum við í dag og flokkurinn minn hefði verið í forustu fyrir, þ.e. frjálsræði í verslun og viðskiptum. Þá kemur þetta dæmalausa nál. um að nú skuli enn veita einkarétt til Happdrættis Háskóla Íslands næstu 15 árin. Það var þó ein undantekning, virðulegi forseti, í frv. hæstv. dómsmrh., fyrrverandi menntmrh. Textinn var eitthvað í þá veru að það gæti verið að breyta þyrfti þessum lögum vegna athugasemda frá Brussel, það gæti verið og þá skyldi að því hugað.

Ég veit ekki betur en að ríkisstjórnin hafi farið eftir því þegar samkeppnisráð hefur gefið út álit sitt. Það hefur verið venjan fram að þessu. Hér liggur fyrir álit samkeppnisráðs en þykir ekki vert að skoða þá niðurstöðu öðruvísi en með þessum orðum frá allshn.:

„Nefndin telur að leysa verði úr því sem fyrst hvort þær athugasemdir sem gerðar voru við einkarétt Háskóla Íslands á rekstri peningahappdrættis eru réttmætar og eiga við rök að styðjast."

Nefndin vill athuga hvort niðurstaða samkeppnisráðs sé réttmæt. Það vill þannig til að ekki eru allir löglærðir sem á Alþingi sitja. Þess vegna hafa lögmenn úti í bæ nóg að gera. En ég hélt að lögmenn sem kæmu að þessu máli í nefndarstarfi allshn. litu til þess sem samkeppnisráð hefur sagt, að þetta stangist á við markmið samkeppnislaga.

Það er eðlilegt að þetta komi til umræðu og verði ekki látið ganga áfram um orðalaust. Ég hlýt að spyrja: Hvernig má það vera að þetta orðalag er notað í nál.? Það er nánast sagt að niðurstaða samkeppnisráðs sé markleysa þrátt fyrir að samkeppnisráð segi að einkaleyfi fari gegn markmiðum samkeppnislaga.

Það var athyglisvert að lesa samþykktir frá stúdentaráði og frá háskólanum þar sem einkaleyfisgjaldinu var mótmælt. Ég þykist tala fyrir munn allra þeirra sem reka happdrætti þegar ég segi að menn eru tilbúnir til að taka á sig að greiða þá upphæð sem í einkaleyfi háskólans felst, hlutfallslega þá miðað við veltu.

Ég spyr aftur: Finnst ykkur eðlilegt, hv. nefndarmenn allshn., að í skjóli einkaleyfislaga um Happdrætti Háskóla Íslands skuli blossa upp happdrætti á íslenskum markaði sem borga út í peningum á sama tíma og Happdrætti DAS og SÍBS er gert skylt að greiða vinninga í búpeningi, dráttarvélum, bátum eða flugvélum? Er þetta það sem íslenskt réttarfar telur eðlilegt og rétt, að gera erlendum aðilum eins og Víkingalottói hærra undir höfði en þeim sem vinna að velferðarmálum á Íslandi og hafa veitt til slíkra mála, eins og Happdrætti DAS, 2 milljarða kr. til byggingar heimila fyrir aldraða, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, lagt 400 millj. kr. í sjóði úti á landi til að byggja heimili fyrir aldraða? Nei, ég held að menn séu bara ekki í núinu, eins og sagt er á nútímamáli.

Það er ekki eðlilegt að mismuna þessum tveimur happdrættum, að ógleymdu Happdrætti SÍBS sem hefur unnið sérstakt og einstakt starf á Reykjalundi. Þar hafa menn verið endurþjálfaðir til þess að fara út í atvinnulífið á ný eftir slys og fengið til þess stuðning SÍBS og fjármögnun þess hefur verið með happdrættinu.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri. Það þarf ekki í sjálfu sér. Málið er svo augljóst með afstöðu samkeppnisráðs til þeirrar ósanngirni og þess óréttlætis sem viðgengist hefur í áraraðir. Með einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands hefur tveimur happdrættum verið gert skylt að borga út í vörum á sama tíma og erlendum happdrættum, Víkingalottói, Lottói og spilakössum er leyft að borga út í beinhörðum peningum. Það er eitthvað að löggjöfinni hér, herra forseti.

[15:36]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eitthvað að, sagði hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Það er nokkur sannleikur í því vegna þess að samkvæmt upplýsingum sem allshn. fékk frá dómsmrn. er í gangi endurskoðun á almennum lögum um happdrætti. Ég tel að í þeirri umræðu sem fram fer um þetta frv., frv. til laga um breyting á Happdrætti Háskóla Íslands, sé nauðsynlegt að menn geri greinarmun á þeirri starfsemi sem fer fram á grundvelli þeirra laga annars vegar og síðan þeirri starfsemi sem fer fram á grundvelli laga um talnagetraunir.

Vissulega er oft mjótt á munum með það hvenær um er að ræða happdrætti eða talnagetraunir og aðra starfsemi af því tagi sem stunduð er hér á landi, í langflestum tilvikum í fjáröflunarskyni fyrir ýmis góðgerðar- og æskulýðsmál.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga að í nál. því sem ég hef nú mælt fyrir eru mjög eindregin tilmæli nefndarinnar að hraðað verði heildarendurskoðun happdrættislöggjafarinnar. Þetta var ég búinn að fara yfir fyrr í máli mínu. Þar er jafnframt komið að þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur viðrað, varðandi athugasemdir Samkeppnisstofnunar. Þær eru teknar upp í nál. og vakin sérstök athygli á þeim. Þar af leiðandi mun nefndin fylgja því fast eftir, vonandi fastar en gert hefur verið frá árinu 1993 þegar nefndin ályktaði síðast um málefni sem lutu að einkaleyfinu, og sjá til að þessi endurskoðun fari fram.

Loks vil ég geta þess að háskólinn fékk málið til umsagnar og mælti mjög eindregið fyrir því að einkaleyfið yrði framlengt.

[15:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem háskólinn leggur eindregið til, að einkaleyfið verði framlengt, þá vil ég benda á að þeir eru komnir í mótsögn við sjálfa sig miðað við þær yfirlýsingar, viðtöl og fréttir, sem úr þeim herbúðum hafa komið.

Það má auðvitað alltaf deila um talnagetraunir, ég tek undir það með hv. þm. Bjarna Benediktssyni. En hvað er talnagetraun? Má ekki segja að það sé talnagetraun ef menn kaupa sér happdrættismiða með tilteknum tölum sem þeir hafa leitað að? Í talnagetraun tengdri knattspyrnu, í lottói eða hvað það er, kaupa menn miða og velja sér tölur. Þú kaupir þér miða í flokkahappdrætti með ákveðnum tölum á. Það má náttúrlega teygja þetta og toga í allar áttir.

En varðandi þennan happdrættismarkað þá hefur í mörg ár verið umræða um það í dómsmrn. að skoða þetta. Það eru alltaf sömu fréttirnar: Það er verið að skoða þetta. Ég spyr: Hvers vegna gáfu menn sér ekki tíma til að skoða málið í ljósi þeirrar ræðu sem ég vitnaði til, sem hv. menntmrh. flutti 17. júní árið 2001, á 90 ára afmæli Háskóla Íslands? Hvers vegna var þá ekki gripið til þess? Hvers vegna komu þá ekki háskólamenn fram og sögðu: Við viljum losna undan einkaleyfinu, úrskurður Samkeppnisráðs hefur fallið og við skulum ganga í að leggja álögur á alla jafnt? Háskólinn, sem kennir viðskiptasiðfræði, gæti þannig haldið áfram að kenna þær kúnstir með reisn. Þetta er ekki góð viðskiptasiðfræði.

[15:41]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það liggi ljóst fyrir að þau sjónarmið voru ríkjandi í nefndinni að ekki yrði mikið lengur beðið með að taka þetta mál til endurskoðunar. Ég vil ítreka það sem ég hef í tvígang sagt. Það hafa verið send mjög skýr skilaboð til ráðuneytisins um að hraða þessari heildarendurskoðun. Við umræður um einkaleyfið í nefndinni komu fram ýmis sjónarmið, m.a. var því hreyft hvort einkaleyfið væri e.t.v. ekki þeirra 100 millj. kr. virði sem það skilar til ríkissjóðs. Það getur því vel verið að þegar heildarendurskoðun laganna er lokið og fyrir liggur með hvaða hætti menn ætla að halda áfram að styðja við og styrkja rannsókna- og vísindastarfið, í stað þess að gera það með einkaleyfinu, muni komast á það ástand að einkaleyfið falli niður og Happdrætti Háskóla Íslands geti lifað áfram þrátt fyrir það og haldið áfram að styðja við uppbyggingu og tækjakaup eins og hingað til.

En til þess að hægt verði að fella einkaleyfið niður þurfa öll þessi mál að koma til heildarendurskoðunar. Ég tel óhætt að taka undir það með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það hefur tekið of langan tíma að fara yfir þessi mál. Þar sem einkaleyfið er að renna út um áramótin og það liggur ekki fyrir á þessum tímapunkti nein framtíðarsýn um skipan þessara mála telur nefndin að það séu í raun engir aðrir valkostir í stöðunni en að framlengja einkaleyfið enn um sinn.

[15:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir ágæta ræðu um þetta mál og aðdraganda þess. Að vísu má lesa út úr nál. hvernig þetta mál hefur þróast á undanförnum árum. Þar er varað við ýmsu eins og samkeppnisforskoti gagnvart vöruhappdrættum og því velt upp hvort verið sé að torvelda frjálsa samkeppni á markaðnum o.s.frv.

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, sem flutti hér ágætt mál áðan, hvort hann skilji þetta svipað og ég. Mér virðist sem hér sé verið að leggja til að framlengja lög sem brjóta lög. Ég get ekki lesið annað út úr þessu.

Í síðustu málsgrein er skorað á dómsmrh. að hraða endurskoðun sem mest má verða. Til að komast undan hverju?

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég held að við séum á ákaflega hálli braut, að fara svona í þetta mál. Ég skil vanda nefndarmanna við að fjalla um þetta mál á þessum tímapunkti, að fram undan er að leyfið falli úr gildi og allt það. En ég held það hefði verið betra að gefa samkeppnina frjálsa að þessu leyti svo að menn séu ekki í þeirri stöðu sem mér virðist dómsmrh. settur í, að reyna að vinna sig undan því lögbroti sem lagt er til að viðhalda eins stuttan tíma og mögulegt er.

[15:45]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir innlegg hans í þá gagnrýni sem ég hef flutt. Ég get alveg tekið undir það með honum að við gerum okkur fulla grein fyrir því að tíminn er stuttur og nefndin sett í ákveðinn vanda, ég skil það mætavel. En auðvitað er það svo að við komum bara hér upp til þess að tjá hug okkar, hvernig okkur er innan brjósts gagnvart málinu. Og það lá alveg ljóst fyrir að í desember á því herrans ári 2003 rynni einkaleyfið út og það vissi dómsmrn. og kemur þess vegna allt of seint með þetta mál. Það fór ekkert fram hjá dómsmrn. þegar ég flutti frv. til breytinga á lögum um happdrætti DAS og SÍBS. Það fór ekkert fram hjá þeim, þeir vissu alveg um málið og vissu að þetta einkaleyfi yrði áfram gagnrýnt. Og þess vegna, eins og ég sagði áðan, er það svo sérkennilegt hvernig menn geta í skjóli þessarar ólöglegu lagasetningar, eins og samkeppnisráð hefur úrskurðað, veitt öðrum aðilum heimild til þess að greiða út vinninga í peningum, þó að alltaf megi deila um það hvað eru getspár, hvað er talnagetspá. Eins og ég sagði áðan er talnagetspá það ef menn kaupa einhvern miða með tölum á annaðhvort sem þeir strika yfir sjálfir eða velja sjálfir. Það má alltaf deila um það en hins vegar eru til sérstök lög um þetta. En mér finnst það óyndisúrræði að lengja þessi lög til þess að einhver nefnd sem búin er að sitja að störfum í áraraðir haldi bara áfram að sofa þyrnirósarsvefni í því starfi sem hún átti að vera löngu búin að skila af sér.

[15:47]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mikilvægt sé að við reynum að skilja milli happdrættis og talnagetrauna í þessari umræðu til þess að flækja hana ekki. Það vill svo til að til eru annars vegar lög um happdrætti og hins vegar um talnagetraunir, og Víkingalottó og Lottó og aðrir slíkir leikir falla ekki undir þau lög sem hér eru til umræðu. Við erum einungis að fjalla um Happdrætti Háskóla Íslands og við skulum gera það.

Ég get hins vegar alveg tekið undir ýmislegt af því sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom hér að í sinni ræðu varðandi einkaleyfið. Ég er enginn sérstakur talsmaður þess að Happdrætti Háskóla Íslands hafi einkaleyfi til frambúðar eða að það greiði endilega einkaleyfisgjald. En ég tel hins vegar að nauðsynlegt sé að taka þessi mál öll til heildarendurskoðunar eins og við leggjum til og höfum upplýsingar úr dómsmrn. um að verið sé að gera. Og við treystum því að sú vinna gangi hratt og vel fyrir sig, vegna þess að við viljum náttúrlega ekki kasta fyrir róða þeim hagsmunum sem hér eru í húfi þegar vegast á annars vegar hagsmunir vöruhappdrættanna, og ég skil þá mjög vel, og hins vegar mikilsverðir hagsmunir Háskóla Íslands.

Ég held að með því að fara þá leið sem við leggjum til í nál. okkar, að hraðað verði heildarendurskoðun happdrættislöggjafarinnar sem mest má verða — það er kveðið fast að orði — þá séum við annars vegar að gæta þeirra hagsmuna sem Háskóli Íslands hefur af þessu happdrætti og hins vegar að koma til móts við sjónarmið vöruhappdrættanna sem hv. þm. talar hér fyrir.

[15:50]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom inn á, þ.e. hvað það áhrærir að við skulum ekki rugga bátnum til þess að valda óstöðugleika innan fjáröflunarleiða þeirra þriggja fyrirtækja sem hér hafa svo oft verið nefnd. Ég get alveg tekið undir það. Hins vegar hefur dómsmrn. haft góðan tíma til þess að vinna að lausn þessa máls í ljósi þess sem ég sagði áðan varðandi aðra aðila sem komið hafa inn á happdrættismarkaðinn, og þó að kalla megi þá einhverjum talnagetraunanöfnum þá er það alltaf umdeilanlegt.

En ég hlýt að spyrja: Hvernig fer dómsmrn. með þann möguleika sem menn eiga nú orðið á internetinu til að taka þátt í happdrætti? Þetta er orðið svo alþjóðavætt að það er umhugsunarefni út af fyrir sig. Og þess vegna m.a. er það auðvitað nauðsynlegt að menn gæti stöðu sinnar og hleypi þessu ekki í óefni, en það er hins vegar að gerast með endurnýjun þessarar lagasetningar.

Hvað það varðar sem hér var komið inn á að hv. þm. sé ekki talsmaður einkaleyfis eða einkaleyfisgjalda þá er ég alveg sammála honum. Hins vegar er ég búinn að lýsa því yfir og ég þykist tala fyrir munn tveggja happdrætta, DAS og SÍBS, að þau mundu greiða hluta af því gjaldi miðað við veltu eins og önnur happdrætti ættu þá eðlilega að gera, hvort sem þau heita getspár eða talnaleikir eða hvað það er, þannig að allir sitji við sama borð.

En auðvitað viljum við öll að málið fái farsælan endi og leiði til frjálsræðis. Það er auðvitað mál málanna.

[15:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum vona að þetta endi í átt til frjálsræðis, en við þurfum samt sem áður einnig að standa vörð um hagsmuni Háskóla Íslands. Og ég tel að sú leið sem við leggjum hér til sé mjög málefnaleg og hún sé til þess fallin að gæta hagsmuna allra þeirra sem að málinu koma. Ég get í sjálfu sér ekki og ekki heldur formaður hv. allshn. svarað fyrir þá vinnu sem farið hefur fram í dómsmrn. á fyrri árum en okkur er kunnugt um það að málið hefur dregist innan ráðuneytisins. Og þess vegna tökum við það fram í þessu nál. að það verði að hraða þessari vinnu sem mest má verða, eins og þar segir, og það verður ekki annað sagt en að það sé býsna fast að orði kveðið í nál. í því markmiði að niðurstaða fáist, sem sé endanleg.

Ég vil líka taka það fram að við erum ekki að leggja það til að lög sem eru ógild verði framlengd. Hér er ekki verið að framlengja lög sem brjóta lög. Við segjum í nál. að lögin eins og þau eru gætu farið gegn markmiðum samkeppnislaga með vísan til álits samkeppnisráðs, en það þýðir ekki endilega að lögin hafi verið brotin og þetta séu ólög, alls ekki, en það gæti verið. Það er ekki komin endanleg niðurstaða í það, ekki frekar en að það sé algjörlega ljóst að þessi ákvæði brjóti gegn 31. og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það er reyndar til dómur frá 2001 frá Evrópudómstólnum í svokölluðu Gambaldi-máli þar sem þessu er gefið undir fótinn. Þar er hins vegar tekið skýrt fram að það sé dómstóla aðildarríkjanna að meta það hvort um slík brot sé að ræða eða hvort lögin standist ekki, en það hefur ekki verið gert. (Forseti hringir.) Þannig að ég vil leggja áherslu á að það kann að vera að þetta fari gegn ákvæðum laga, en það er ekki ljóst.

(**Forseti** (GÁS): Ég bið hv. þingmenn að gæta að rauða ljósinu.)

[15:55]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú bregður hins vegar svo við, eins og kemur fram í þessum texta, að nefndin segir að það kunni að vera að þetta brjóti gegn lögum. Ég minnist þess ekki að það hafi komið úrskurður frá samkeppnisráði sem hafi farið til dómstólanna vegna þess að menn hafi ekki talið hann lögmætan eða réttan. Ég fer kannski með rangt mál. Ég minnist þess ekki að áliti samkeppnisráðs hafi verið vísað til æðri dómstóla sem markleysu. Það er svo skýrt og skorinort sem sagt er hér í áliti samkeppnisráðs: „Einkaleyfið fer því gegn markmiðum samkeppnislaga“. Það er kannski þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli, Happdrættis Sambands íslenskra berklasjúklinga og Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, að fara með þetta til æðri dómstóla. En ég hélt að hér væri löggjafinn það vís að hann þyrfti ekki að vera með slíka tilvísun í sínu nefndaráliti að þar væri skilið eftir eitthvert spurningarmerki við eigin vangaveltum. Ég skil ekki að hér í ágætu starfsliði innan Alþingis fyrirfinnist ekki lögmenn sem geti bara sagt það nánast hér og nú að orðalag Samkeppnisstofnunar sé svo ljóst að menn sem ekki hafa lært lögfræði hljóti að sjá það að þetta liggur alveg ljóst fyrir.

[15:57]

Útbýting þingskjala:

Andlát íslensks drengs í Hollandi, 358. mál, fsp. ÁRJ og BH, þskj. 477.

Auglýsingar í tölvupósti, 365. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 484.

Ferðaþjónusta bænda, 361. mál, fsp. ÖB, þskj. 480.

Fjáraukalög 2003, 87. mál, þskj. 379.

Förgun úreltra og ónýtra skipa, 357. mál, fsp. GHall, þskj. 476.

Skipan löggæslumála, 362. mál, fsp. ÖB, þskj. 481.

Starfsumgjörð fjölmiðla, 366. mál, þáltill. ÁI o.fl., þskj. 485.

[15:57]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Fyrir liggur stjórnarfrv. um að framlengja einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands um 15 ár, eða til ársins 2019. Fulltrúar Samfylkingarinnar í allshn. setja fyrirvara um tímalengd þessa einkaleyfis, enda teljum við ekki rökrétt að framlengja umrætt einkaleyfi til svo langs tíma á sama tíma og nefndin er bæði að hvetja til að leyst verði úr þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið við einkaleyfi happdrættisins og til að hraða endurskoðun á happdrættislöggjöfinni í heild sinni.

Happdrætti Háskóla Íslands hefur staðið undir nánast öllum byggingarkostnaði og tækjakaupum Háskóla Íslands í mörg ár. Núna fara á fjórða hundrað millj. kr. árlega til nýbygginga, viðhalds fasteigna og tækjakaupa Háskóla Íslands. Happdrættið hefur því verið háskólanum algjörlega nauðsynlegt.

Núverandi ríkisstjórn hefur lengi verið hálfdrættingur annarra ríkisstjórna þegar kemur að opinberum framlögum til háskólastigsins. Samkvæmt nýjustu skýrslu OECD frá árinu 2003 kemur fram að opinber fjárframlög til menntamála á Íslandi voru einungis um 0,8% af landsframleiðslu í háskólastigið, á meðan hin Norðurlöndin voru á bilinu 1,2% til 1,7% af landsframleiðslu, eða með allt að helmingi hærri framlög. Frá árinu 1997 hefur stúdentum við Háskóla Íslands

fjölgað um 60%, en á sama tíma hefur húsnæði háskólans einungis aukist um 4%.

Á meðan Íslendingar búa við ríkisstjórn sem forgangsraðar fremur í þágu sauðkindarinnar en stúdenta, mun Háskóli Íslands þurfa að reiða sig á happdrættisrekstur, því miður.

Það er hins vegar rangt að veita einu flokkahappdrætti einkaleyfi á peningavinningum til lengri tíma, þegar hin tvö flokkahappdrættin, Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS, hafa ekki leyfi til að greiða út sína vinninga í peningum.

Það er rétt að hafa í huga að þessi tvö síðarnefndu happdrætti sinna einnig mjög brýnum málefnum. Það getur varla verið réttlætanlegt að til lengri tíma þurfi þessi þrjú happdrætti að búa við slíka mismunun að aðeins eitt þeirra, þ.e. Happdrætti Háskóla Íslands, megi borga út vinninga í formi peninga en hin tvö þurfa að reiða sig á vöruvinninga.

Þetta kemur einnig furðulega fyrir sjónir þegar haft er í huga að fjölmörg önnur happdrætti hafa nú þegar leyfi til að greiða sína vinninga út í peningum, svo sem Lottóið, getraunirnar, Viltu vinna milljón og söfnunarkassarnir.

Það er líka spurning hvort einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands sé endilega Háskóla Íslands í hag í ljósi þeirrar staðreyndar að nú þarf happdrættið að greiða 20% af hagnaði sínum í svokallað einkaleyfisgjald. Á síðasta ári var þetta gjald *110 millj. kr. og árið 2001 var það 114 milljónir.*

Ég leyfi mér því að efast um að þetta einkaleyfi sé svo mikils virði og mundi háskólanum sannarlega ekki veita af nokkrum tugum milljóna aukalega á ári til sinna bygginga.

Það er ágætt að hafa í huga að stúdentaráð Háskóla Íslands hefur mælt fyrir að bæði einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands verði fellt niður ásamt einkaleyfisgjaldinu.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að fjölmörg happdrætti hafa nú þegar leyfi til að greiða út vinninga sína í peningum, þótt Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS megi það ekki, verður þetta einkaleyfisgjald Happdrætti Háskóla Íslands að teljast óeðlileg skattheimta af Háskóla Íslands. Það þarf því að huga að forsendum einkaleyfisgjaldsins eins og kemur fram í nefndarálitinu.

Ýmsar vísbendingar hafa komið fram um að einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands sé hugsanlega í bága við bæði samkeppnislög og Evrópurétt. Í áliti samkeppnisráðs, nr. *4/2000, er komist að þeirri niðurstöðu að einkaleyfi fari gegn* markmiðum samkeppnislaga og hefur því ráðið beint þeim tilmælum til dómsmrh. að einkaleyfi Happdrætti Háskóla Íslands til að reka peningahappdrætti verði numið úr gildi. Og að hinum flokkahappdrættunum verði veitt leyfi til að greiða út vinninga í peningum.

Í umsögn lögmannsþjónustunnar Logos koma einnig fram efasemdir um lögmæti einkaleyfisins gagnvart EES-samningnum. Á meðan slíkur vafi er á lögmæti einkaleyfisins tel ég einnig rangt að binda einkaleyfið til svo margra ára. Það er ekki sanngjarnt gagnvart Happdrætti Háskóla Íslands að samþykkja svo langan tíma fyrir einkaleyfi happdrættisins, vitandi það að hugsanlega erum við þá að samþykkja fyrirkomulag sem Happdrætti Háskóla Íslands getur ekki treyst allan þann tíma sem þeir fá leyfi, ef þessi lagabreyting verður samþykkt.

Ég tel því ýmis rök vera fyrir því að umrætt einkaleyfi og þá um leið einkaleyfisgjaldið sé bæði tímaskekkja og óþarfi. Við eigum að fikra okkur áfram í almennum leikreglum en ekki reiða okkur á einkaleyfi og einkaleyfisgjöld.

[16:03]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins varðandi tímalengdina. Það sem verið er að leggja til hér er hefðbundin framlenging á einkaleyfinu. Það hefur gjarnan verið framlengt til 10 eða 15 ára eins og kemur fram í greinargerð með frv. Það má því segja að *tímalengdin* að þessu *sinni* sé eins konar formsatriði umfram annað.

Að öðru leyti finnst mér á ræðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að hann hafi einfaldlega ekki verið að hlusta í umræðunni áðan. Menn mega ekki blanda saman happdrættisstarfsemi og talnagetraunum. Ég hef áhyggjur af því ef ég þarf að koma hér upp fjórum eða fimm sinnum til þess að undirstrika það að nefndin er að senda mjög skýr skilaboð til ráðuneytisins um að lögin verði tekin til endurskoðunar og ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gera. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar að slík þróun hafi orðið á ytri aðstæðum happdrættismálanna að þetta einkaleyfi sé orðið tímaskekkja. Það er einungis á grundvelli þess að við höfum upplýsingar um það frá ráðuneytinu að lögin eru til endurskoðunar sem nefndin að þessu sinni segir að leyfið verði að framlengja, m.a. vegna tilmæla Háskóla Íslands. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp úr því svari sem barst við umsagnarbeiðni nefndarinnar, þar sem segir:

„Af hálfu háskólans er þess mjög eindregið farið á leit að veita megi happdrættinu áframhaldandi einkaleyfi, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir."

Þetta er mjög einfalt. Það þýðir því ekkert fyrir hv. þm. að koma hér upp og segja að þetta sé í andstöðu við hagsmuni háskólans.

[16:05]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi lagabreyting hlýtur að vera sjálfstæð ákvörðun þingsins. Ég tel því ekki sérstaklega sterkar röksemdir að tala um að hér sé á ferðinni einhvers konar hefðbundin lenging. Ég tel einnig að við séum komin á afar hættulegar slóðir þegar við erum að samþykkja einkaleyfi eins happdrættis til 15 ára vitandi það að Happdrætti Háskóla Íslands mun hugsanlega ekki geta treyst á það leyfi í þessi 15 ár.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson hvetur til endurskoðunar og það er talað um það í nefndarálitinu. Það er rétt. Það er alveg nauðsynlegt að endurskoða happdrættislöggjöfina frá grunni. Þess vegna höfum við í Samf. í allshn. sett fyrirvara við þennan langa tíma. Við sjáum ekki þörf á því og teljum það beinlínis vera ósanngjarnt gagnvart öllum hagsmunaaðilum að binda leyfi til svo langs tíma, vitandi að við erum að fara að endurskoða alla þessa happdrættislöggjöf frá grunni.

[16:06]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé nú ofmælt að við séum að gera Háskóla Íslands einhvern grikk með því að gefa í skyn að þeir hafi einkaleyfi í 15 ár og þeir fari að treysta á það 15 ár fram í tímann. Ég held að Háskóli Íslands, ef þeir hafa áhuga á því að kynna sér þetta mál, geri sér fyllilega grein fyrir því hver staðan í þessum efnum er og að lögin séu að fara í heildarendurskoðun. Það verður því að sjálfsögðu lykilatriði í þeirri endurskoðun að taka til skoðunar með hvaða hætti sú breyting sem þar kæmi til álita hefur áhrif á getu Háskóla Íslands til þess að reisa nýbyggingar og ráðast í þau tækjakaup sem nauðsynleg eru og hafa verið

grundvölluð á afkomu Happdrætti Háskóla Íslands hingað til.

Að öðru leyti vil ég taka fram þar sem það hefur ítrekað komið fram í umræðunni að fjölmörg happdrætti hafi leyfi til þess að greiða út vinninga sína í peningum. Það er rangt enn og aftur. Það eru engin happdrætti að greiða út vinninga með peningum eins og málum er háttað í dag. Það er annars konar starfsemi. Hins vegar kom það fram á fundum nefndarinnar að það tíðkaðist að happdrætti sem hafa ekki leyfi til þess að greiða út vinninga með peningum, væru engu að síður að gera það. Það er þá væntanlega alveg jafnalvarlegt mál eins og hitt.

[16:08]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það gengur ekki að menn séu að tala um tvo aðskilda hluti í þessari umræðu, annars vegar talnagetraunir og hins vegar happdrætti. Ég mótmæli því alfarið að með þessari tillögu okkar og áliti sé verið að gera Háskóla Íslands einhvern grikk. Það er einmitt ekki verið að gera háskólanum neinn grikk. Það er verið að ráðast í heildarendurskoðun til þess að gæta annars vegar hagsmuna þeirra sem standa að vöruhappdrættunum og hins vegar Háskóla Íslands.

Að sama skapi leyfi ég mér að mótmæla því sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni að menntamál hér séu í ólestri og fjármagn til þess málaflokks sé ekki nægilegt, eins og hann vék að í sinni ræðu og ég skil nú ekki almennilega hvað hann var að blanda því inn í umræðu um Happdrætti Háskóla Íslands.

En ég vil þá að því sé haldið til haga að við höfum aukið mjög framlög til menntamála á Íslandi t.d. frá árinu 1995, þegar við vörðum 5,2% af vergri þjóðarframleiðslu til menntamála, en framlögin eru nú 6,2% af vergri þjóðarframleiðslu. Að sama skapi hafa framlög til menntamála sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs aukist verulega, eða frá 1990 þegar þau voru innan við 12% af heildarútgjöldum ríkissjóðs en eru nú í kringum 15%. Ég vil bara benda hv. þm. á þessar tölur sem ekki er hægt að rengja. En þessi atriði skipta náttúrlega ekki öllu máli. Við erum hér að fjalla um Happdrætti Háskóla Íslands og ég tek það fram enn og aftur að við í allshn. erum með þessu nál. að hvetja til endurskoðunar til hagsbóta fyrir alla aðila sem að málinu koma.

[16:10]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn þarf ég að endurtaka mig um þann fyrirvara sem við fulltrúar Samf. setjum um tímalengdina. Ég trúi því varla að þessi endurskoðun á happdrættislöggjöfinni muni taka 15 ár, nema hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson telji það. Þess vegna tel ég algjörlega óþarft og beinlínis ósanngjarnt gagnvart leyfishafanum að binda þetta leyfi í lög til 15 ára, vitandi vel að við erum að endurskoða þessa löggjöf.

Ég vil líka taka undir þau ummæli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að auðvitað eigum við að vera löngu búin að kryfja þessi mál í ljósi þess álits sem samkeppnisráð skilaði af sér árið 2000 og frekari upplýsinga sem hafa komið í kjölfar þess. Að sjálfsögðu áttum við að gera það.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson furðaði sig á því að ég skyldi blanda menntamálum inn í þessa umræðu. En það vill svo til að hagnaður Happdrættis Háskóla Íslands fer til menntamála og þá til háskólastigsins og ég tók það sérstaklega fyrir. En hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór að blanda öðrum skólastigum inn í þessa umræðu sem snerta ekkert Happdrætti Háskóla Íslands. Eftir stendur að við erum hálfdrættingar í opinberum fjárframlögum til háskólastigsins ef borið er saman við aðrar Norðurlandaþjóðir. Um það snýst þessi punktur sem ég kom inn á í mínu máli.

Umræðu frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (hækkun þungaskatts og vörugjalds). — Þskj. 90, nál. 403, 468 og 470, brtt. 465.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]

Brtt. 465,1 felld með 23:17 atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP.

23 þm. (AKG, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, GMJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, HÁs, KJúl, LB, MÁ, SAÞ, SigurlS, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 22:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP.

nei: ÁÓÁ, ÁI, ÁF, BjörgvS, BH, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, VF, ÖB.

25 þm. (AKG, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, EMS, GMJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, KJúl, LB, MÁ, SAÞ, SigurlS, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 22:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP.

nei: ÁÓÁ, ÁI, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, VF, ÖB.

24 þm. (AKG, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, GMJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, KJúl, LB, MÁ, SAÞ, SigurlS, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,2 felld með 22:17 atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP.

24 þm. (AKG, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, GMJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, KJúl, LB, MÁ, SAÞ, SigurlS, SF, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3.–6. gr. og ákv. til brb. samþ. með 22:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP.

nei: ÁÓÁ, ÁI, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, SJS, VF, ÖB.

23 þm. (AKG, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, GMJ, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, KJúl, LB, MÁ, SAÞ, SigurlS, SF, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.
Út af dagskrá voru tekin 3.–7. mál.

Fundi slitið kl. 16:21.

---

37. FUNDUR

fimmtudaginn 27. nóv.,
að loknum 36. fundi.

Dagskrá:

1. Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., stjfrv., 90. mál, þskj. 90. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 140. mál, þskj. 140, nál. 411. — Frh. 2. umr.
3. Talnagetraunir, stjfrv., 141. mál, þskj. 141, nál. 410. — 2. umr.
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 142. mál, þskj. 142, nál. 409. — 2. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 408. — 2. umr.
6. Málefni aldraðra, stjfrv., 143. mál, þskj. 143, nál. 390. — 2. umr.
7. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 186. mál, þskj. 188. — 1. umr.

[16:21]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2003, 87. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 487, 488, 489, 490.

Gangagerð og safnvegaframkvæmdir, 363. mál, fsp. ÖB, þskj. 482.

Athugasemdir um störf þingsins.

Grein í vefriti fjármálaráðuneytis um rammafjárlög og Ríkisendurskoðun.

[16:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Við fjárlagaumræðu í fyrradag, og í gær líka því að hún stóð fram yfir miðnætti, var rætt talsvert um samskipti þings og framkvæmdarvalds og bréfaskipti milli um forsrn. og Alþingis. Hér var rifjað upp og lesið svar ríkisendurskoðanda um þessi efni þar sem hann vísaði réttilega til gildandi laga þar um, fjárreiðulaganna. Nú bregður svo við að fjmrn. svarar fyrir sig í vefpósti sínum og það er tekið upp á heimasíðu Morgunblaðsins. Svar fjmrn. einkennist af mikilli þykkju, ríkisendurskoðanda er nánast sagt til syndanna og því haldið fram að hann fari villur vegar. Það er auðvitað alveg nýtt af nálinni að fjmrn. leyfi sér að tala með slíkum tón og hér um ræðir við Ríkisendurskoðun sem er undirstofnun Alþingis og ber að fylgjast með og gaumgæfa að framkvæmdarvaldið standi rétt að ákvörðunum þingsins. Mér þykir nú eggið farið að kenna hænunni í þessum efnum og ég bið hæstv. fjmrh. áður en við höldum áfram þingstörfum að gera grein fyrir því hvernig honum og embættismönnum hans dettur í hug að standa í stappi við ríkisendurskoðanda um atriði sem eru algjörlega kýrskýr í gildandi löggjöf, löggjöf sem Alþingi setti 1997 ef ég man rétt þar sem tekin voru af öll tvímæli um stöðu þings gagnvart framkvæmdarvaldi þegar kæmi að gerð fjárlaga. Mér þykir í hæsta máta undarlegt að fjmrn. og framkvæmdarvaldið skyldu ekki frekar velja þá leiðina að fara í felur, hafa sem hægast um sig, í stað þess að efna til stríðs við Ríkisendurskoðun og um leið Alþingi Íslendinga.

[16:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hver er hænan og hvert er eggið í þessu máli en (**Gripið fram í:** Ha?) auðvitað er fjarri því að hér sé verið að efna til einhvers stríðs eða stórátaka eins og hv. þm. gefur í skyn. Vefrit fjmrn. sem kemur út vikulega og er nú stundum fyrst með fréttirnar, eins og sagt er, birtir í dag upprifjun á því sem Ríkisendurskoðun hefur sjálf sagt í fyrri skýrslum sínum um hina svokölluðu rammafjárlagagerð. Við það er ekkert að athuga. Og það er sett í samhengi við ummæli ríkisendurskoðanda í nýlegu bréfi sem hv. þm. vitnaði til. Hvað er athugavert við það? Ekki nokkur skapaður hlutur þannig að vefritið stendur við það sem þar er sagt.

[16:26]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hélt reyndar að umræðan um þessa valdbeitingu framkvæmdarvaldsins gagnvart stofnunum á vegum ríkisins, meira að segja stofnunum og fyrirtækjum sem eru ekki eingöngu í eigu ríkisins, geta verið með ábyrgð á samstarfsverkefnum og fengið hluta af fjárveitingum sínum á vegum ríkisins, væri að baki. Sú valdbeiting að senda stofnunum bréf um að þær mættu ekki eiga fundi með fjárln. til þess að gera grein fyrir málum sínum var ræki lega rædd og ég hélt að það hefði verið svo vendilega farið yfir það á Alþingi að menn biðu bara eftir formlegri afsökunarbeiðni eða, eins og hefur tíðkast undanfarið, einhvers konar Júdasaryfirlýsingu, iðrunaryfirlýsingu í útvarpssal, sem eru orðnar tíðar eða gerast meðal þeirra sem sjá að sér. Ég hefði t.d. talið réttara af hæstv. fjmrh. að biðjast bara afsökunar á þessum bréfaskrifum, á þessum tilskrifum, á þessum valdbeitingum gagnvart stofnunum og aðilum í samfélaginu. (**GÁS:** Heyr.)

Hæstv. fjmrh. og framkvæmdarvaldið lúta stjórn Alþingis. Ríkisendurskoðun lýtur líka stjórn Alþingis og hún birti í bréfi sínu sem svar við þessum tilraunum til valdbeitingar að framkvæmdarvaldið ætti bara að líta sér nær og vera ekki að senda svona bréf sem ættu sér enga stoð í lögum. Svo heldur fjmrn. valdboðunum áfram í þessu fréttabréfi sínu sem hæstv. fjmrh. er væntanlega ábyrgur fyrir, vefriti fjmrn., þar sem verið er að finna að því að Ríkisendurskoðun skuli ekki sjálf lúta þessum tilskrifum, þessu valdboði af hálfu framkvæmdarvaldsins, að hún skuli lýsa því yfir að hún telji sig ekki skuldbundna til að gera það. Fjmrn. ítrekar í vefriti sínu að hún skuli gera það þannig að hæstv. fjmrh. ætti bara

að biðjast hér afsökunar eins og nú tíðkast hjá þeim sem sjá að sér.

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að fullkomin ástæða sé til að taka þessi mál upp hér, og þótt í ítarlegra formi væri. Það er spurning hvort ekki eigi að grípa til þess ákvæðis þingskapanna sem heimilar umræður utan dagskrár án tímatakmarkana við tækifæri þegar fjárlagaafgreiðslan er að baki og fara í eina rækilega umræðu um samskipti löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins sem aftur og aftur ber á góma þessi árin, gjarnan í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, þar sem viðfangsefnið er í raun alltaf eitt og hið sama, ítrekaðar tilraunir framkvæmdarvaldsins til að skjóta undan upplýsingum, neita að birta hluti, halda frá Alþingi og fjárln. skoðunum þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við fjárlagagerðina. Að bera á borð hluti af þessu tagi sem hér hefur verið gert, skrifa bréf af því tagi sem forsrn. gerði þar sem meira að segja stofnunum Alþingis er bannað að tala við Alþingi, er svo yfirgengilegt að ég segi eins og einhver sagði hér: Ég er undrandi á því að menn skuli ekki skammast sín, að menn skuli ekki hafa manndóm í sér til að biðjast afsökunar á þessu. Og að bera fyrir sig þetta vefrit er fyrir neðan allar hellur. Hæstv. fjmrh. talar um það eins og sjálfstæða persónu, það er kannski bara lögaðili, vefritið í fjmrn. Það var talað hér fyrir þess hönd eins og það hefði sjálfstæða skoðun og sagt að það stæði við sitt, vefritið. Hefur það kennitölu? Hvar er það með lögheimili? Hæstv. fjmrh. segir sem sagt að vefritið standi við sitt. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Alltaf hefur hins vegar legið ljóst fyrir að fjárlaganefnd gæti átt frumkvæði að því að kalla á sinn fund stjórnendur einstakra ráðuneyta eða stofnana.“

Á að lúta fram og þakka fyrir það að fjmrn. skuli ætla að leyfa fjárln. að ræða við stofnanir og aðila sem hafa hagsmuna að gæta? Þetta er auðvitað alveg yfirgengilegur málflutningur. Eða hitt sem gefið er í skyn með þessu, að vinnubrögð fjárln. séu óóguð. Hér er haft eftir Ríkisendurskoðun að sú heildarsýn og sá agi sem felist í skipulaginu, þ.e. hinum fínu römmum fjmrn., fari forgörðum eftir að fjárlagafrv. hafi verið lagt fyrir þingið. Það er aldeilis verið að gefa mönnum einkunnir. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Ríkisendurskoðun sagði ...)

[16:31]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er ástæða til að rifja upp það sem Ríkisendurskoðun sagði í skýrslu sinni og vefritið er einmitt að vitna til vegna þess að af einhverri sérkennilegri tilviljun er megináherslum Ríkisendurskoðunar sleppt úr varðandi það hvernig á því stendur að rammarnir hrynja allir um leið og fjárlagafrv. er lagt fram. Hvað segir Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni? Jú, þar er í fyrsta sæti við að brjóta rammana ríkisstjórnin sjálf. Það er ekki minnst á það í þessu vefriti að ríkisstjórnin komi neitt að því, heldur er gefið í skyn að það sé þingið eða fjárln. sem leiði það að brjóta niður rammana. Það er óvart ríkisstjórnin sjálf og, frú forseti, það er engin undantekning á því núna við vinnu fjárlaganna fyrir næsta ár. Þar er ríkisstjórnin í fararbroddi við að berja niður sína eigin ramma. Það er ekki skrýtið þó að þetta sérkennilega vefrit velji úr skýrslunni. Það væri ástæða til að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um hver væri ábyrgðarmaður fyrir því. Hvernig stendur á því að það er ráðist núna sérstaklega að ríkisendurskoðanda sem svaraði fyrir sig á viðeigandi hátt þegar þessar bréfaskriftir enduðu hjá því embætti?

Það er fleira, frú forseti, sem er athyglisvert í þessu vefriti. Þar segir m.a. að þetta sé ekki gert svona í fyrsta skipti heldur hafi ríkisstjórnin ákveðið það sama og hún hafi gert mörg undanfarin ár. Við höfum hins vegar aldrei fengið svör við þessari spurningu okkar: Hefur ráðuneytið áður sent út slíkt tilskipunarbréf eins og fór út í haust? Það hefur þá verið vel falið og miklu betur falið en það bréf sem við fengum í hendur nú í haust.

Það er annað, frú forseti, sem líka er rétt að vekja athygli á í þessu vefriti. Þar segir að ríkisendurskoðandi hafi hótað því að hann kæmi til fjárln. til þess að brjótast út úr römmunum. Það vill svo til, frú forseti, að ég las þetta bréf frá orði til orðs í fyrradag í þessum sal. Í því bréfi er hvergi neitt um það að ríkisendurskoðandi láti sér detta í hug að fara út fyrir rammann. Það er hvergi á það minnst þannig að það er greinilegt að í fjmrn. kunna menn að brjóta rammann.

[16:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði satt að segja vænst þess að hv. forustumenn í fjárln. Alþingis stæðu hér upp og lýstu yfir óánægju sinni með þessa afskiptasemi framkvæmdarvaldsins og fjmrn. af vinnubrögðum í þinginu. Það eru engar smáeinkunnir sem hér er verið að gefa eins og hefur verið rakið í þessari umræðu. Fjmrn., þetta vefrit og fjmrh. sem er væntanlega ábyrgðarmaður þeirrar útgáfu, gefur starfsháttum á Alþingi núlleinkunn. Mér þykja þessi viðbrögð við réttmætum ábendingum Ríkisendurskoðunar bera keim af algjörum valdhroka af hálfu framkvæmdarvaldsins. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna í hluta af þessari frétt vefritsins ef frétt mætti kalla, með leyfi forseta:

„Í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á fjárlagaferlinu og birti í apríl 2001 segir að rammaskipulagið hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar nái „... skipulagið ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögunum. Sú heildarsýn og agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing.““

Það er bara núlleinkunn. Um leið og þingið, löggjafarsamkundan, kemur nálægt fjárlagaferlinu fer það forgörðum. Og það segir meira í vefritinu, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa vekur athygli að Ríkisendurskoðun, sem er undirstofnun Alþingis (en forsætisnefnd Alþingis kemur fram í fjárlagaferlinu fyrir hönd Alþingis og stofnana þess og á samkvæmt fjárreiðulögum að senda forsætisráðherra fjárlagatillögur sínar) skuli nú lýsa yfir því að stofnunin telji sér heimilt að ræða beint við fjárlaganefnd um fjárveitingar til embættis síns og álíti sig ekki þurfa að lúta sama verklagi og aðrar stofnanir við rammafjárlagagerð.“

Hugsið ykkur annað eins, að leyfa sér að koma svona fram við Alþingi Íslendinga og ríkisendurskoðanda. Mér er orða vant.

[16:36]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hæstv. ritstjóra vefrits fjmrn., Geir H. Haarde, er auðvitað fullkomlega heimilt að vekja sérstaka athygli á því hversu illa er staðið að fjárlagagerðinni, og kannski er full ástæða til. Það er hins vegar ástæða til að minna ráðherrann á að hér er ekki um að ræða spurningar

um verklag eða ólík sjónarmið eða fyrirkomulag. Ríkisendurskoðandi hefur bent á að með verklagi sínu fari hæstv. fjmrh., handhafi framkvæmdarvaldsins, gegn ákvæðum laga og það verður að benda á 4. mgr. 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og 10. gr. þingskapa, nr. 55/1991. Og það er eðlilegt að hæstv. ráðherra svari því í þinginu hvort ástæða sé til að ætla að hann hafi farið gegn ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins og þingskapa því að lög eru þó enn þrátt fyrir allt hafin yfir samþykktir ríkisstjórnarinnar um verklag. Það ætla ég a.m.k. að vona, virðulegur forseti.

[16:38]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Frá því að ég hóf fyrst störf í fjárln. hefur mér verið vel kunnugt um vilja ráðuneytanna og vilja fjmrn. til þess að undirstofnanir þeirra færu eftir því verklagi sem rammafjárlögin útheimta. Aldrei hefur verið gerð athugasemd við þann vilja frá formanni eða varaformanni fjárln., litið á það sem eðlilegt og sjálfsagt að ráðuneytin stýri undirstofnunum sínum. Alla tíð hefur hins vegar verið mjög skýrt að allar þær stofnanir, fyrirtæki eða einstaklingar sem þess óskuðu gætu fengið viðtal við fjárln. Alþingis. Aldrei hefur nokkuð hamlað því.

Á þessu hausti hefur það verið tekið sérstaklega fram og fundin til þess ný tækni svo að allir gætu komist að sem vildu. Þetta bréf sem menn hafa eytt svo miklum tíma í að ræða hefur ekki truflað störf þingsins eða fjárln. í einu eða neinu. (**GÁS:** ... enn þá í fjmrn.?) Hér hefur allt gengið eðlilega fyrir sig enda er þetta núna á þeirri áætlun sem þingið gerði ráð fyrir svo sem menn máttu vænta eins og þeir hafa séð á undanförnum árum. Það er ekki undan neinu að kvarta í þessum efnum og ég veit ekki betur en að stjórnarandstaðan í fjárln. hafi fengið allar óskir sínar uppfylltar um að ræða við hvern þann sem hugur þeirra hefur girnst að tala við. Hér er, virðulegi forseti, verið að ræða um eitthvert vandamál sem ég átta mig ekki á í hverju er fólgið nema ef vera skyldi, virðulegi forseti, að menn hefðu bara svona lítið til að tala um að þeir notuðu þetta bréf til þess að eyða stundum sínum og sinna lund sinni. Vandamálin eru engin eins og ég hef sagt. Þetta gengur allt prýðilega. Svo er líka mikil samstaða í fjárln., mikil eindrægni, þannig að það hefur ekkert truflað á nokkurn hátt.

[16:40]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Því miður fór hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ekki alveg með rétt mál. Það er nefnilega ekki rétt hjá hv. þingmanni að bréfaskriftir fjmrn. hafi ekki truflað störf fjárln. Því miður held ég að hv. þingmaður hafi ekki verið viðstaddur í fyrradag þegar ég fór yfir þetta mál og færði rök fyrir því að þetta hefði einmitt truflað störf fjárln. vegna þess að fjárln. vissi ekki af þessum bréfaskiptum þegar verklagið var skipulagt. Hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárln., staðfesti í viðtalsþætti sem við vorum í í gærmorgun að þetta hefði truflað verklag nefndarinnar vegna þess að við vissum ekki af þessu. Við vissum ekki, eins og hv. þm. var að gefa í skyn, að stofnanir gætu ekki lengur beðið um viðtöl við fjárln. eins og verið hefur undanfarin ár vegna þess að stofnanir tóku að sjálfsögðu alvarlega þær tilskipanir sem þær fengu. Þess vegna höfum við verið nú á síðustu metrunum að kalla stofnanir til okkar. Við þurftum að kalla stofnanir til okkar rétt áður en 2. umr. fór fram og síðast í morgun funduðum við með stofnunum vegna þess að þær höfðu ekki komið af sjálfsdáðum og við töldum fulla ástæðu til að hitta þær. Ég held að hv. þm. gæti staðfest það ef hann fengi að taka aftur til máls að þessi viðtöl hafa að sjálfsögðu skýrt mjög stöðu ýmissa stofnana vítt og breitt um landið. Það er því miður ekki rétt að þetta hafi ekki truflað störf nefndarinnar þrátt fyrir að það hafi verið fullur vilji, bæði meiri hluta og minni hluta í nefndinni, til að trufla ekki störf þingsins. En það verð ég að segja, frú forseti, að nú er fjmrn. enn að gera tilraun til þess væntanlega að trufla ferlið í þinginu vegna þess að það er alveg ljóst að ef enn heldur fram sem horfir er greinilega verið að kalla á stríð milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds hvað þetta áhrærir. Nú er gengið svo langt að fjmrn. reynir að skikka stofnun sem heyrir beint undir Alþingi og telur að eitthvað hafi verið óvarlega sagt í býsna vel skrifuðu bréfi ríkisendurskoðanda til Alþingis þar sem hann endursendir þetta bréf. Eins og ég sagði í gær hefði verið betra að Alþingi sjálft hefði endursent bréfið með þeim orðum til forsrn.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:43]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GMJ, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SP.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, SJS, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

20 þm. (AKG, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, GAK, GÞÞ, GunnB, KJúl, LB, MÁ, SAÞ, SigurlS, SF, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fjáröflun til vegagerðar, vörugjald af ökutækjum o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (hækkun þungaskatts og vörugjalds). — Þskj. 90.

[16:44]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Að felldri þeirri tillögu sem ég flutti og gerði grein fyrir í dag er ljóst að ekki er vilji fyrir því hjá meiri hlutanum að létta 30% þungaskatti af almenningsvögnum í áætlunarferðum. Samþykkt tillögunnar hefði létt um 50 millj. kr. greiðslum af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri, á Ísafirði, í Fjarðabyggð, Reykjanesbæ og víðar en á þessum stöðum hafa sveitarfélögin haft frumkvæði að því að halda úti almenningssamgöngum í umdæmi sínu, enda þótt það sé ekki lögboðið verkefni sveitarfélaganna.

Sá milljarður sem með þessu frv. er verið að leggja á heimilin í landinu mun hækka vöruverð sérstaklega úti um land og mun auka skuldir heimilanna um tæpan milljarð króna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun áfram reyna að koma vitinu fyrir stjórnarmeirihlutann hvað varðar aukna

hlutdeild almenningssamgangna í umferðinni hjá okkur vegna þess að aukin hlutdeild almenningsvagna leiðir til hlutfallslega minni notkunar einkabíla, sparnaðar í viðhaldi gatna og getur jafnvel orðið til þess að seinka megi framkvæmdum við kostnaðarsöm umferðarmannvirki, mannvirki sem að mestu eða öllu leyti eru greidd úr sjóðum ríkisins. Við höfum þess vegna lagt fram frv. um að endurgreiða virðisaukaskatt af kaupum á almenningsvögnum til samræmis við það sem gert hefur verið með hópferðabíla. Það mun því gefast annað tækifæri til þess hér á hv. Alþingi að létta álögum af almenningssamgöngunum.

[16:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við í Frjálsl. erum alfarið á móti samþykkt þessa frv. vegna þess að það hækkar vöruverð á landsbyggðinni og skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni. Ég mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]

Frv. samþ. með 22:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, SKK, SÞorg, SP.

nei: ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SigurjÞ, SJS, VF, ÖB.

23 þm. (AKG, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BBj, EKG, GAK, GÞÞ, GÁS, GunnB, KJúl, KHG, LB, MÁ, PHB, SAÞ, SigurlS, SF, StB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 498).

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140, nál. 411.

[16:49]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um að endurnýja einkarétt Happdrættis Háskóla Íslands til rekstrar peningahappdrættis um heil 15 ár, en Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til að reka slíkt happdrætti frá árinu 1934 gegn greiðslu 20% einkaleyfisgjalds til ríkissjóðs. Happdrættið hefur fjármagnað meginhluta byggingarframkvæmda og tækjakaup Háskóla Íslands.

Eins og fram kemur í nál. var ég fjarverandi þegar það var samþykkt og er best að taka það skýrt fram að ég er alfarið andvígur því og sérstaklega að framlengja einkaleyfið um heil 15 ár. En eins og fram hefur komið í umræðunni eru þessi mál til skoðunar og í raun furðulegt að lengja þetta um svo langan tíma.

Við þingmenn Frjálsl. höfum fullan skilning á mikilvægi happdrættisins fyrir starfsemi Háskóla Íslands og viljum ekki á nokkurn hátt varpa rýrð á þá starfsemi. Hins vegar er rétt að benda á að framlengt einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til að reka peningahappdrætti beinist einkum gegn tveimur vöruhappdrættum sem starfa hér, þ.e. Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS. En önnur happdrætti sem velta tíföldum upphæðum á við þau fá að greiða út vinninga í peningum.

SÍBS er ekki síður að vinna að þjóðþrifamálum en Háskóli Íslands. Þess vegna er ekki eðlilegt að SÍBS sitji ekki við sama borð og háskólinn varðandi þessa starfsemi. SÍBS hóf starfsemi á Reykjalundi fyrir um 60 árum og þar er nú langfullkomnasta endurhæfingarstöð landsins. Hátt í þriðja þúsund manns leituðu þangað á síðasta ári og horfur eru á að þeir verði enn fleiri í ár. Þar hafa verið langir biðlistar og þörfin er meiri en tekst að uppfylla.

Ákveðið var af hálfu SÍBS á síðasta áratug að ráðast í byggingu nýs glæsilegs þjálfunarhúss sem tekið var í notkun í byrjun síðasta árs. Rökin fyrir fjárhagslegu sjálfstæði Reykjalundar og starfseminni þar hafa verið að happdrætti SÍBS fjármagni byggingar og því þurfi ekki að leggja Reykjalundi lið, enda hefur það verið svo. Happdrættið á hins vegar nú undir högg að sækja vegna ósanngjarnrar samkeppni við peningahappdrætti og einkaréttarleyfi Háskóla Íslands.

Sama gildir um DAS. Þar er einnig um þjóðþrifastarfsemi að ræða ekki síður en starfsemi Háskóla Íslands og því er óskiljanlegt að þessum tveimur happdrættum sé mismunað með þvílíkum hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Og það getum við í Frjálsl. ekki stutt.

[16:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 frá 13. apríl 1973. Eins og komið hefur fram í máli manna hér í umræðunni var hv. allshn. vissulega vandi á höndum við afgreiðslu málsins.

Auðvitað er þessi afgreiðsla nefndarinnar sem hér hefur verið gagnrýnd málamiðlun. Hún er málamiðlun vegna þess að tímapressa var á nefndinni við afgreiðslu málsins. Það sjá allir sem vilja sjá að einkaleyfi Háskóla Íslands til reksturs peningahappdrættis er að renna út núna um áramótin, þ.e. eftir einn mánuð, og það var alveg ljóst að nefndin þurfti að gera einhvers konar björgun, nefndin þurfti að fara í björgunaraðgerðir. Og hverjum er nú um að kenna í þeim efnum? Jú, hæstv. dómsmrh. að sjálfsögðu. Það hefði verið hægur vandi hjá honum að leggja þetta mál fram miklu fyrr og gera nefndinni miklu fyrr grein fyrir því hver staða málsins væri, þ.e. hver staða þeirrar heildarendurskoðunar happdrættismála væri innan veggja ráðuneytisins en eins og komið hefur fram í umræðunum liggur það ekki ljóst fyrir.

Ég held ég geti talað fyrir munn nefndarinnar, okkur þótti öllum afar bagalegt að við skyldum ekki hafa meira svigrúm til að vinna í málinu. Þess vegna er orðalagið í niðurlagi nál. með þeim hætti sem raun ber vitni. Nefndin telur að leysa þurfi úr því hratt og vel hvort þessar athugasemdir sem gerðar hafa verið við frv. séu réttmætar og eigi við rök að styðjast. Nefndin dregur ábendingarnar í sjálfu sér ekki í efa en vísar því beinlínis til dómsmrn. að endurskoðun verði hraðað á happdrættislöggjöfinni sem mun standa yfir og er auðvitað orðin óheyrilegur dráttur á því starfi.

Einnig finnst mér mjög mikilvægt að nefndin skuli hafa sett inn í nál. að forsendur einkaleyfisgjaldsins séu kannski líka á tæpu vaði. En það segir í nál., með leyfi forseta:

„Jafnframt verði hugað að forsendum einkaleyfisgjaldsins.“

Auðvitað gefur þetta til kynna að nefndin vilji hraða skoðun á því hvort eðlilegt sé að einkaleyfisgjaldið sé við lýði.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur sagt það hér í ræðustól að hann fyrir hönd nefndarinnar muni fylgja þessu máli eftir við samflokksmann sinn, hæstv. dómsmrh., og ég treysti hv.

þm. fullkomlega til þess. Ég treysti því að hann muni halda þeirri pressu á ráðherranum þannig að þess verði ekki langt að bíða að við fáum frv. um endurnýjaða löggjöf.

En eins og ég segi, virðulegi forseti, var nefndinni sannarlega vandi á höndum við afgreiðslu málsins og það var hæstv. dómsmrh. sem setti nefndina í þann bobba.

Nú er rétt að taka fram í umræðunni að það mun vera svo að Háskóli Íslands er ekki eini aðilinn sem hefur einkaleyfi á rekstri þess sem kalla mætti happdrætti en auðvitað má deila um þessi hugtök, happdrætti eða talnagetraunir. Ég er sammála hv. þm. Bjarna Benediktssyni að við skulum ekki rugla því saman, það eru tveir ólíkir hlutir samkvæmt skilgreiningu laganna, en það er hins vegar afar mjótt á milli þessara tveggja forma og við getum ekkert horft fram hjá því.

Í umfjöllun um málið fékk nefndin þær upplýsingar að Háskóli Íslands væri ekki eini aðilinn sem hefði einkaleyfi. Hann er eini aðilinn sem hefur einkaleyfi samkvæmt þeim lögum sem hér er um fjallað, en Íslensk getspá, Íslenskar getraunir og Íslenskir söfnunarkassar hafa líka einkaleyfi á þeirri starfsemi sem þeim er heimiluð samkvæmt lögum um talnagetraunir. Og það skýtur vissulega skökku við að þau leyfi sem þessi fyrirtæki hafa skuli ekki háð neinu einkaleyfisgjaldi. Og það verður enn undarlegra, virðulegur forseti, þegar það er skoðað að söfnunarkassar eða happdrættisvélar Háskóla Íslands sem háskólinn hefur heimild til að reka lúta kröfunni um einkaleyfisgjald á meðan aðrir happdrættiskassar lúta engri slíkra kröfu. Upplýsingar þær sem nefndin aflaði við þessa vinnu leiða í ljós svo óyggjandi er að hér er pottur brotinn og það mölbrotinn vil ég segja.

Ég vil því meina að þau leyfi sem Íslensk getspá, Íslenskar getraunir og Íslenskir söfnunarkassar hafa geti e.t.v. kallast dulbúin einkaleyfi í ljósi þess að þar er öðrum aðilum ekki heimilað að vera með sams konar starfsemi á sama markaði. Þess vegna er eðlilegt að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum er það þá Happdrætti Háskóla Íslands eitt fyrirtækja eða stofnana sem borgar slíkt einkaleyfisgjald?

Í þessum tilfellum er það í höndum ráðuneytisins hverjir fá leyfi til að reka söfnunarkassa eða happdrættiskassa og má þess vegna segja að þeir aðilar sem hafi einhvers konar heimild til happdrættisstarfsemi séu með einkaleyfi á þeirri tegund starfsemi sem þar um ræðir.

Ég er sammála hv. formanni allshn. um að einkaleyfi sé tímaskekkja. Ég vil aflétta því. Ég tel að það sé íþyngjandi fyrir Háskóla Íslands að þurfa að greiða stóran hluta, á annað hundrað milljónir á ári til ríkissjóðs, sem heimild fyrir að fá að reka þetta peningahappdrætti sitt.

Ég get líka tekið undir ýmislegt í gagnrýni hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem talaði fyrst í umræðunni. Hann hefur vissulega mjög margt til síns máls og í ræðu hans kom fram að þetta kerfi er nánast gengið sér til húðar þegar vöruhappdrættin, Happdrætti DAS og SÍBS þurfa nánast að leggja sig í líma við það að fá viðskiptavinum sínum það verkefni að þeir útvegi nótur fyrir þeim vöruúttektum sem um ræðir.

Það eru sannarlega oft óljós skil milli þess að greiða út peninga eða greiða eitthvað út gegn kvittunum fyrir vörum. Ég held að ég verði að segja að sú skilgreining riðar nánast til falls. Ég tek því undir það sem kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Vöruhappdrættin eiga að sjálfsögðu rétt á því að litið sé málefnalega til sérhagsmuna þeirra og með málefnalegri hætti en hér er gert. Hér hefur ekki verið hægt að fjalla um málið ofan í kjölinn. Tímapressan er það mikil að til að bjarga málum fyrir horn fyrir áramót þurfti afgreiðslan að vera með þessum hætti.

Þar sem ég hef ekki atkvæðisrétt í allshn. — ég er þar eingöngu áheyrnarfulltrúi — kom ekki til þess að ég gerði annað en að lýsa yfir stuðningi við fyrirvara fulltrúa Samf. í nefndinni. Það var ekki nauðsynlegt fyrir nefndina að afgreiða þetta mál til svo langs tíma. Að mínu mati var ekki nauðsynlegt að endurnýja þetta fyrirkomulag til 15 ára. Það hefði kannski verið hægur vandi og sett meiri pressu á málið ef nefndin hefði verið fús til að samþykkja að þetta yrði aðeins framlengt til eins árs. Þá hefði skapast enn meiri þrýstingur á dómsmrh. og það hefði sagt skýrar til um vilja nefndarmanna. Mér finnst að hann liggi ljós fyrir. Það verður að endurskoða heildarlöggjöf um happdrætti.

[17:02]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2003, 87. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 486.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Talnagetraunir, 2. umr.

Stjfrv., 141. mál (framlenging rekstrarleyfis). — Þskj. 141, nál. 410.

[17:03]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26 frá 2. maí 1986, frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti og Sigurbjörn Gunnarsson frá Íslenskri getspá. Umsagnir bárust um málið frá Happdrætti Háskóla Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Happdrætti SÍBS, Ungmennafélagi Íslands, Íslenskri getspá og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að framlengja heimild Íslenskrar getspár til að reka getraunastarfsemi til 1. janúar 2019. Ágóða af getraunastarfseminni hefur verið og skal áfram varið til eflingar íþrótta- og ungmennastarfi í landinu og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja eða til að standa undir annarri starfsemi Öryrkjabandalagsins í þágu öryrkja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

[17:04]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er til umræðu, um framlengingu á samningi um talnagetraunir. Málið er mér mjög skylt. Ég er formaður Ungmennasambands Kjalarnesþings, UMSK, sem er eitt af fjölmennustu íþróttabandalögum í landinu.

Talnagetraunir, eða lottó og getraunir eins og það kallast í daglegu tali, hafa verið í umsjá Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalagsins síðan 1986 og skilað ágætum arði. Sá arður rennur síðan til góðra verka, bæði fyrir öryrkja og alla íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna. Þetta fjármagn er ásamt

sjálfboðaliðastarfi það sem leggur grunninn að fjölbreyttu íþróttastarfi í dag og það, virðulegi forseti, þarf öllum að vera ljóst varðandi umræðu um þetta mál.

Í þessu sambandi er rétt að líta aðeins á umfang íþróttahreyfingarinnar. Þeir sem eiga aðild að UMFÍ eiga jafnframt aðild að ÍSÍ þannig að ég tala hér um ÍSÍ. Íþrótta- og Ólympíusambandið eru landssamtök með rúmlega 148.000 félagsmenn í 409 íþróttafélögum. Þessi íþróttafélög skiptast síðan mörg hver í deildir þannig að einingarnar eru um 700 talsins.

Veltuaukning hjá íþróttahreyfingunni á milli áranna 2001 og 2002 er um 1,1 milljarður og árið 2002 var hreyfingin að velta samtals 5,8 milljörðum kr. Af þessu má sjá að um er að ræða mjög fjölmenna hreyfingu með fjárfreka veltu, hreyfingu sem þjónar bæði ríki og sveitarfélögum.

Íþróttahreyfingin snýst að stærstum hluta um íþróttaiðkun barna og unglinga og störf hennar eru margviðurkennd sem ein besta fáanlega forvörnin gegn vímuefnaneyslu og heilsubresti.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom að í upphafi ræðu minnar þá fagna ég þessu frv. Það er þeim sem að því standa til mikils sóma og léttir undir með Öryrkjabandalaginu og þeim tæplega 150.000 félagsmönnum sem mynda íþróttahreyfinguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 142. mál (13. samningsviðauki). — Þskj. 142, nál. 409.

[17:07]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, 13. samningsviðauka.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá biskupsstofu, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og ríkissaksóknara.

Frumvarpinu er ætlað að lögfesta 13. viðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, þ.e. mannréttindasáttmála Evrópu, en í viðaukanum er kveðið á um algjört afnám dauðarefsingar.

Samhliða afgreiðslu frumvarpsins er ráðgert að samþykkt verði tillaga til þingsályktunar flutt af utanríkisráðherra um heimild til fullgildingar 13. samningsviðauka.

Nefndin telur að með því að taka viðaukann upp í íslenskan rétt sýni Ísland samstöðu á alþjóðlegum vettvangi og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (fullgilding spillingarsamnings). — Þskj. 146, nál. 408.

[17:09]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Hallgrím Ásgeirsson sem hafði hönd í bagga með að semja frumvarpið. Umsögn barst um málið frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að breyta ákvæðum almennra hegningarlaga og laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka til samræmis við ákvæði alþjóðasamnings á sviði refsiréttar um spillingu. Með spillingarsamningnum er komið á samræmdum efnis- og málsmeðferðarreglum í samningsríkjunum varðandi tiltekin spillingarbrot. Þannig verða mútubrot, þ.e. mútugreiðslur og mútuþágur, spilling í viðskiptalífi og svokölluð áhrifakaup refsinæm samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Samhliða afgreiðslu frumvarpsins er ráðgert að samþykkt verði tillaga til þingsályktunar flutt af utanríkisráðherra um fullgildingu samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 143. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 143, nál. 390.

[17:11]

Frsm. heilbr.- og trn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Helga Hjálmsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Landssambandi eldri borgara.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,5%, um 136 kr. á hvern gjaldanda, úr 5.440 kr. í 5.576 kr. Hækkunin er í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,5% frá meðalverði ársins 2003 til meðalverðs ársins 2004.

Gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. að gjaldendur verði 169.000 og því hækka tekjur sjóðsins um 23 millj. kr. frá forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Margrét Frímannsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara. Varðar hann þær skerðingar sem sjóðurinn hefur orðið fyrir og honum hafa ekki verið bættar. Leggja þau áherslu á mikilvægi þess að sjóðurinn hafi það ráðstöfunarfé sem honum hefur verið ætlað og að honum verði bættar þessar skerðingar en knýjandi þörf er á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Þau gera

einnig þann fyrirvara að of mikið af tekjum sjóðsins hafi farið í rekstur og telja að fé sjóðsins eigi að fara til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Jónína Bjartmarz og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Pétur Blöndal, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman, Sigríður Anna Þórðardóttir og Dagný Jónsdóttir.

[17:13]

Útbýting þingskjals:

Virðisaukaskattur, 373. mál, frv. ÁI o.fl., þskj. 497.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 17:14.

---

38. FUNDUR

föstudaginn 28. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 249. mál, þskj. 269, nál. 366 og 501. — Síðari umr.
2. Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, stjtill., 294. mál, þskj. 339, nál. 469. — Síðari umr.
3. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 338. mál, þskj. 412. — 1. umr.
4. Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, stjtill., 324. mál, þskj. 375. — Fyrri umr.
5. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 332. mál, þskj. 384. — Fyrri umr.
6. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 186. mál, þskj. 188. — 1. umr.
7. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 87. mál, þskj. 379, frhnál. 486, brtt. 365, 487, 488, 489 og 490. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Jarðgöng í Reynisfjalli, 367. mál, þáltill. HjÁ og DJ, þskj. 491.

Málefni fatlaðra, 364. mál, fsp. VF, þskj. 483.

Samræmt fjarskiptakerfi, 368. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 492.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, 249. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 501.

Umræður utan dagskrár.

Uppsagnir hjá varnarliðinu.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um uppsagnir hjá varnarliðinu. Málshefjandi er hv. þm. Jón Gunnarsson en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:33]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þann 13. nóvember sl. átti ég orðræðu við hæstv. utanrrh. um atvinnuástand á Suðurnesjum og uppsagnir varnarliðsins á tæpu hundraði starfsmanna sem þá höfðu nýlega verið tilkynntar. Hæstv. utanrrh. sagðist þá ekki vilja ræða atvinnumál á Suðurnesjum undir utanríkismálum en væri tilbúinn í þá umræðu hvenær sem væri. Því erum við hér.

Fyrstu fréttir af stórfelldum uppsögnum á Keflavíkurflugvelli voru þær að 90 starfsmönnum varnarliðsins yrði sagt upp störfum frá 1. nóvember. Eftir að athugasemdir voru gerðar og bent á að uppsagnir samræmdust ekki lögum um hópuppsagnir voru þær dregnar til baka til að ráðrúm gæfist til lögskipaðs samráðs við verkalýðsfélög sem hlut áttu að máli. Samráðinu er lokið og nú segir varnarliðið upp 102 starfsmönnum. Mér skilst þó að með samráðinu hafi tekist að koma annarri áferð á uppsagnirnar en áður var og að þeim starfsmönnum sem missa vinnuna verði hjálpað við atvinnuleit og til að takast á við það áfall sem það alltaf er að missa vinnuna.

Framkvæmd fyrstu uppsagna var ákaflega fruntaleg og það verður að segjast að þær komu eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir þá sem fyrir urðu.

Virðulegi forseti. Ég hef áður farið yfir það fyrir hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson að þær uppsagnir sem við nú ræðum voru ekki fyrirséðar í ljósi yfirlýsinga hans og hæstv. forsrh. Þegar það var gert opinbert eftir kosningar í maí að ráðamenn í Bandaríkjunum vildu nánast loka flotastöðinni á Miðnesheiði óttuðust menn hið versta en eftir frægar bréfaskriftir og samskipti milli stjórnvalda hér og í Bandaríkjunum var það fullyrt af stjórnarherrunum að tekist hefði að koma í veg fyrir boðaðan samdrátt á Keflavíkurflugvelli. Ekki yrði dregið saman í umsvifum varnarliðsins nema að undangengnu samráði við íslensk stjórnvöld. Ekki er vitað til þess að í undanfara þeirra uppsagna sem hér um ræðir hafi farið fram tvíhliða viðræður milli þjóðanna og því er ekki óeðlilegt að upplýsinga sé leitað um stöðu mála.

Við höfum heyrt þær skýringar að samdrátturinn sé tilkominn vegna minnkunar á fjárheimildum stöðvarinnar og það sé skýringin á uppsögnunum. Með öðrum orðum þurfi ekkert að ræða við íslensk stjórnvöld svo lengi sem hægt sé

að kenna um fjárskorti. Hér er um skrýtna skýringu að ræða og hún gengur varla upp í því samhengi að áður en einhver samdráttur yrði þyrftu þjóðirnar a.m.k. að ræða saman.

Virðulegi forseti. Það hefur verið talsvert atvinnuleysi á Suðurnesjum undanfarin missiri sem verður til þess að þessar miklu uppsagnir hjá varnarliðinu koma enn verr niður á svæðinu en ella hefði orðið. Nýjustu tölur eru þær að 341 einstaklingur sé atvinnulaus. Það hljóta allir að sjá að uppsögn yfir 100 starfsmanna í slíku atvinnuástandi er mikið áfall.

Til viðbótar þessu eru uppi miklar umræður um að þessi tilkynnti samdráttur hjá varnarliðinu sé aðeins byrjun á miklu meiri niðurskurði. Heyrst hefur að hér sé einungis um að ræða $^1/_3$ af fyrirhuguðum uppsögnum eða samdrætti. Engin svör hafa fengist þegar leitað hefur verið eftir. Við skiljum ekki værukærð stjórnvalda í málinu og það er algjörlega ábyrgðarlaust og óboðlegt með öllu að hafast ekkert að.

Virðulegi forseti. Á Suðurnesjum býr duglegt og harðgert fólk sem hefur í gegnum tíðina bjargað sér sjálft. Það munum við eflaust gera í þetta skiptið einnig en við teljum að stjórnvöld beri ábyrgð í því máli sem upp er komið. Við gerum þá kröfu að stjórnvöld upplýsi okkur um ástand mála eins og réttast er vitað um það hverju sinni en stingi ekki höfðinu í sandinn og neiti því að upp sé komið vandamál þegar það blasir við öllum sem það vilja sjá. Stjórnvöldum ber að leita leiða í samráði við heimamenn til að minnka það högg sem þeir sem missa vinnuna verða fyrir.

Samfylkingarmenn hafa sett fram tillögu í fjárlagagerðinni um að ríkinu verði heimilað að selja 15% hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja og skuli andvirðinu varið til uppbyggingar atvinnulífs á svæðinu. Það er von mín að sem flestir þingmenn styðji þá tillögu þegar hún kemur til atkvæða 5. desember og staðfesti þannig vilja sinn til að bregðast við í verki.

Spurningar sem ég hef sent hæstv. utanrrh. eru þrjár og vonast ég til þess að fá við þeim skýr svör.

1. Var utanrrh. kunnugt um umræddar uppsagnir áður en verkalýðsfélögunum var tilkynnt um þær? Ef svo er, hvenær lágu þær upplýsingar fyrir? Eru þessar uppsagnir í beinu framhaldi af viðræðum eða samkomulagi milli íslenskra ráðherra og yfirmanna í Hvíta húsinu?

2. Er ráðherra kunnugt um frekari uppsagnir starfsmanna á næstu 12 mánuðum? Undanfarið hafa komið fram upplýsingar í fjölmiðlum um meintan verulegan samdrátt í starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á næstu þremur árum. Er ráðherra kunnugt um þær fyrirætlanir og má vænta frekari uppsagna í tengslum við þær?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ráðist verði í sértækar aðgerðir til að efla atvinnulíf á Suðurnesjum í framhaldi af hópuppsögnum varnarliðsins?

[10:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alltaf mjög viðkvæmt mál og erfitt þegar fólk missir vinnuna. Það sem skiptir mestu máli í því sambandi er að menn reyni ávallt að nýta öll þau tækifæri sem bjóðast, byggja upp atvinnulíf, leita eftir nýjum tækifærum til atvinnuuppbyggingar og vera ávallt á varðbergi í því sambandi.

Það er alveg ljóst að á undanförnum árum og um alllangt skeið hefur verið samdráttur á Keflavíkurflugvelli. Stjórnvöld hafa lagt á það mikla áherslu að halda þeim varnarviðbúnaði sem þar er og sá ásetningur ríkisstjórnar Íslands hefur ekki farið fram hjá neinum. Það er hins vegar alveg ljóst að það er hægt að viðhalda varnarviðbúnaði þótt einhver samdráttur verði og sparnaður sé í rekstri. Við verðum að hafa fullan skilning á því að til þess að viðhalda þeim varnarviðbúnaði sem er á Íslandi þurfum við að sýna því skilning að bandarísk stjórnvöld þurfa að spara eins og margir aðrir til þess að viðhalda nauðsynlegum varnarviðbúnaði hér á Íslandi.

Því miður kemur þetta við fólk sem þar vinnur og vegna þess að mikið hefur verið gert úr því hvenær ráðuneytið vissi um tiltekna hluti, eins og það sé eitthvert aðalatriði í þessu máli, get ég vel upplýst að hinn 14. október var ráðuneytinu tilkynnt um það að fjárveitingar til flotastöðvarinnar yrðu skornar verulega niður fjárlagaárið 1. október 2003 til 30. september 2004. Á þeim tíma kom fram að deildir flotastöðvarinnar voru að leita leiða til að hagræða og skera niður kostnað. Jafnframt var tilkynnt að til uppsagna gæti komið en alls ekki ljóst hvenær til þeirra yrði gripið. Utanrrn. var síðan tilkynnt um uppsagnirnar 22. október.

Þessar uppsagnir eins og hefur komið skýrt fram eru ekki í neinu samhengi við þær viðræður sem hafa átt sér stað út af varnarsamningnum, heldur einungis tilkomnar vegna niðurskurðar á fjárveitingum til reksturs flotastöðvarinnar. Um er að ræða niðurskurð hjá bækistöðvum flotans um allan heim og ekki einungis á Keflavíkurflugvelli.

Þá er spurt: Er eitthvað meira fram undan? Við höfum engar upplýsingar um það og við höfum enga ástæðu til þess að ætla að svo verði. Utanrrn. hafa ekki borist neinar tilkynningar um það og engar hugmyndir um verulegan samdrátt á næstu þremur árum hafa verið kynntar stjórnvöldum. Það liggur hins vegar fyrir að það eru viðræður fram undan um varnarmátt á Íslandi og rekstur stöðvarinnar almennt og þær viðræður hafa ekki enn þá hafist.

Auðvitað er þetta alvarlegt ástand og menn verða að líta til þeirra möguleika sem eru á Suðurnesjum. Það hefur verið ákveðið að tvöfalda Reykjanesbrautina og leggja Suðurstrandarveg. Með því er verið að gera allt þetta svæði að einu atvinnusvæði. Það er líka mjög mikil uppbygging á Keflavíkurflugvelli. Störfum hefur fjölgað verulega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það hefur verið tilkynnt um verulega aukningu hjá Flugleiðum og svo mætti lengi telja. Á næstunni eru að hefjast byggingarframkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. við norðurbygginguna, upp á fleiri hundruð milljónir, sennilega 600–700 millj. kr., til að stækka hana enda er mjög mikil aukning á Keflavíkurflugvelli í tengslum við flugið. Miklir möguleikar eru á þessu sviði. Vonandi verður af stálpípuverksmiðju þannig að það er margt í deiglunni.

Að lokum vil ég nefna það að félmrn. hefur ákveðið að hefja sérstaka athugun á atvinnumálum ungs fólks, bæði langtímaatvinnuleysi og tímabundnu atvinnuleysi og hefur ákveðið að sú vinna hefjist á Suðurnesjum.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svæðisfélag Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á Suðurnesjum hélt fund í Keflavík í gærkvöldi um stöðuna í hermálinu og atvinnumál í því ljósi. Þar komu fram miklar áhyggjur af stöðu mála hjá forustumönnum í verkalýðsfélögum, formanni Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og formanni Verslunarmannafélags Suðurnesja, og sömuleiðis hjá sveitarstjórnarmönnum úr Sandgerði og Keflavík sem þarna voru staddir.

Það sem alvarlegast er kannski er að menn óttast áframhaldandi og afleiddar uppsagnir, eins konar keðjuverkun, að verktakar og þjónustufyrirtæki segi nú upp hjá sér í kjölfar samdráttar hjá hernum sjálfum, jafnvel að atvinnuleysi geti farið í 600–700 manns í febrúar, mars, þ.e. upp undir tvöfaldast frá því sem nú er. Ég vil taka það fram að þrátt fyrir þessar dökku horfur fannst mér vera baráttuhugur í Suðurnesjamönnum og menn hafa fullan vilja til að takast á við vandann, bæði þann sem leiðir beint af samdrætti og væntanlega að lokum brottför hersins og eins þann vanda sem stafar af erfiðleikum í atvinnulífi almennt, t.d. í sjávarútvegi. Það þýðir að sjálfsögðu ekkert annað en horfast í augu við veruleikann eins og hann er. Það er tilgangslaust og siðferðilega óverjandi að berja höfðinu við steininn og reyna að ríghalda í óbreytt ástand, útgjöld til hernaðarmála sem engin rök standa lengur til í Keflavík. Það er eðlileg krafa heimamanna og allra sem áhuga hafa á málinu að þau komist í einhvern farveg og mig undrar að t.d. skuli ekki vera starfandi einhver samráðsnefnd heimamanna og stjórnvalda við þessar aðstæður þar sem menn gætu borið saman bækur sínar, heimamenn fengju aðgang að upplýsingum og málin yrðu rædd og krufin til mergjar. Og ég fer fram á það að utanrrn. standi betur að málum hvað varðar samráð og upplýsingagjöf við heimamenn í þessum efnum en það hefur bersýnilega gert hingað til.

[10:46]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Allt frá því að bandarísk stjórnvöld tilkynntu íslenskum stjórnvöldum um þá fyrirætlun sína að draga herlið sitt til baka frá Íslandi sl. vor hefur utanrmn. fylgst grannt með gangi mála eins og lög gera ráð fyrir enda var um meiri háttar utanríkismál að ræða. Nefndin hefur rætt málið ítarlega og veitt ríkisstjórninni þann pólitíska stuðning sem hún hefur þurft við framgang málsins.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna og vinsamleg samskipti Íslands og Bandaríkjanna eru og hafa verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkismálastefnu.

Hæstv. forseti. Málshefjandi ýjar að því að uppsagnir varnarliðsins tengist hugmyndum bandarískra stjórnvalda um breytingu á varnarsamstarfinu. Við þurfum að hafa það alveg á hreinu að öryggis- og varnarmál Íslands og samningur okkar við Bandaríkin eru alveg óskyld atvinnumálum á Íslandi. Við megum alls ekki blanda þessum óskyldu hlutum saman. Að sjálfsögðu verður að viðurkennast að varnarliðið er stór atvinnurekandi á Suðurnesjum og hefur verið það um áratuga skeið. Það þarf þó ekki að koma á óvart að varnarliðið þurfi eins og aðrir að bregðast við breyttum aðstæðum og niðurskurði í fjárveitingum. Það gildir hið sama um Suðurnes og önnur svæði á landinu að ef stór atvinnurekandi dregur saman seglin hefur það töluverð áhrif á efnahagslífið á svæðinu og við því verðum við að bregðast á hverjum tíma með jákvæðum aðgerðum.

Hæstv. utanrrh. lýsti því hér áðan að uppi væru áform í þessa veru og að miklir möguleikar væru í stöðunni. Aðalatriðið er þó að á meðan niðurskurður á fjárveitingum til varnarliðsins raskar ekki öryggishagsmunum Íslands og þeim lágmarkskröfum sem íslensk stjórnvöld gera til landvarna á grundvelli gildandi varnarsamnings geta stjórnvöld því miður ekki mikið aðhafst. Á hinn bóginn eru áhyggjur manna af atvinnumálum á Suðurnesjum mjög skiljanlegar og því full ástæða til þess að fylgjast með þróun mála á þessu svæði og bregðast við eins og áður sagði með jákvæðum aðgerðum.

[10:48]

Grétar Mar Jónsson:

Virðulegi forseti. Á Suðurnesjum er nú 341 maður á atvinnuleysisskrá. Um 100 manns eru að fá uppsagnarbréf þessa dagana frá varnarliðinu. Þingmenn í Suðurk. fengu nú í vikunni bréf frá framkvæmdastjóra svæðismiðlunar Suðurnesja þar sem bent var á að vegna fjárskorts til Fjölbrautaskóla Suðurnesja megi ætla að 150–200 nemendur flosni upp úr námi og bætist í hóp atvinnulausra á svæðinu. Þjónustufyrirtæki við varnarliðið reikna öll með því að þurfa að fækka starfsfólki á næstunni. Starfsmenn varnarliðsins, sem eru nú um 800 eftir, búa við mikið óöryggi um framtíð sína hjá hernum.

Á Suðurnesjum er stór hópur manna sem ekki hefur neinn kjarasamning. Það á við sjómenn á bátum undir 12 tonnum. Ætla má að um sé að ræða 100 manns til sjós og svipaðan fjölda fólks í beitningu og uppstokkun. Þetta fólk býr við það að hafa engan kjarasamning, eins og áður sagði, ekki fasta kauptryggingu, engan uppsagnarfrest og oft þurfa þessir einstaklingar að slysatryggja sig sjálfir. Staða þessa fólks er með þeim hætti að hæstv. félmrh. ætti að skoða þessi mál strax. Samkvæmt vinnulöggjöfinni eiga allir launþegar að hafa kjarasamninga, annað er ólöglegt. Fjöldi fólks á atvinnuleysiskrá segir ekki allt.

Virðulegi forseti. Hvenær er þörf á því að endurskoða byggðaáætlun fyrir Suðurnes ef ekki nú? Tilefni þess að ég minnist á byggðaáætlun er fyrirspurn hv. þm. Brynju Magnúsdóttur til hæstv. byggðamálaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur þar sem fram kom í svari byggðamálaráðherra að stjórnvöld teldu ekki neina ástæðu til að endurskoða byggðaáætlun á Suðurnesjum. Sértækra aðgerða er hins vegar þörf á Suðurnesjum. Ef vel ætti að vera þyrftum við 10–12 þús. tonna þorskígildiskvóta á svæðið til næstu fjögurra ára og við þyrftum 4–5 milljarða í aðra atvinnuuppbyggingu á svæðinu, í ferðaþjónustu, ýmiss konar iðnað og síðast en ekki síst til að styrkja undirstöðu þeirra fyrirtækja sem fyrir eru á svæðinu svo að þau megi vaxa og dafna.

[10:50]

Önundur S. Björnsson:

Virðulegi forseti. Nú í svartasta skammdeginu horfast margir starfsmenn varnarliðsins í augu við þá staðreynd að missa vinnuna. Þó eru aðeins fáeinir mánuðir síðan ríkisstjórnin sagði við þetta sama fólk að örvænta ekki þar sem engar breytingar væru fram undan hjá hernum. Samkomulag við bandarísk stjórnvöld hefði náðst um málefni herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og engar einhliða ákvarðanir af hálfu Bandaríkjanna yrðu teknar.

Þegar staðreyndir uppsagna blasa við segist ráðherra hafa búist við þessu en því hélt hann vandlega leyndu fyrir þjóðinni, ekki síst þeim sem byggja atvinnu sína á stöðu mála á Keflavíkurflugvelli. Suðurnesjamenn spyrja: Hvað er næst á dagskrá? Er þetta aðeins fyrsta skrefið? Verða áframhaldandi uppsagnir staðreynd á næstu mánuðum eða missirum? Veit hæstv. ráðherra um frekari samdrátt?

Ég spyr eins og Suðurnesjamenn og þjóðin öll: Hvaða lausnir eru stjórnvöld með í handraðanum varðandi atvinnumál á svæðinu? Hvaða mótvægisaðgerða verður nú gripið til þegar kreppir að?

Hvernig ber til að mynda að skilja hirðuleysi stjórnvalda við ítrekaðri beiðni sveitarstjórna á Suðurnesjum um við-

ræður til lausna? Ráðherrann segist ekki vilja blanda saman varnarmálum og atvinnumálum. Gott og vel. Hvað sem því líður stendur eftir spurningin sem brennur á 900 starfsmönnum varnarliðsins og hundruðum einstaklinga sem sinnt hafa þjónustu við varnarliðið áratugum saman. Og henni verður ráðherrann og ríkisstjórnin að svara. Hvernig á allt þetta fólk að snúa sér í því að afla sér atvinnu sér og sínum til framfærslu? Mér finnst eiginlega vera komið að svardögum, hæstv. utanrrh.

[10:53]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Sá samdráttur sem er fram undan í starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli mun fyrst og fremst bitna á atvinnuástandinu á Suðurnesjum og þess vegna er mjög brýnt að huga að því með hvaða hætti sé unnt að stuðla að atvinnuuppbyggingu á þessu þriðja stærsta þéttbýlissvæði landsins. Þessi samdráttur er bein afleiðing þess að Bandaríkjaher er að skera niður starfsemi sína í herstöðvum um allan heim. Sá niðurskurður er mjög umfangsmikill og á annars vegar rætur að rekja til stöðu ríkisfjármála í Bandaríkjunum og hins vegar til mikils kostnaðar Bandaríkjahers vegna stríðsins í Írak og Afganistan.

Það er hins vegar fráleitt og ósmekklegt, herra forseti, og ekki sæmandi að tengja þennan niðurskurð við stöðu í viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna um framkvæmd varnarsamnings þjóðanna eins og hv. þm. Jón Gunnarsson hefur gert. Ekkert slíkt orsakasamhengi er hér á ferð og ég staðhæfi að þeir sem láta það í veðri vaka eru annaðhvort að tala gegn betri vitund eða hafa ekki unnið heimavinnuna sína.

Herra forseti. Sem betur fer er margt á döfinni í atvinnumálum á Suðurnesjum. Á næstu mánuðum skýrist hvort reist verður stálpípuverksmiðja sem getur veitt 200 manns atvinnu og það eru einnig mikil umsvif fyrirsjáanleg á Suðurnesjum vegna nýrrar orkuöflunar Hitaveitu Suðurnesja og tvöföldunar Reykjanesbrautar en þær framkvæmdir munu hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnuástandið á svæðinu. Einnig er ljóst að áform Flugleiða um fjölgun áfangastaða og rekstur nýrra flugvéla munu hafa í för með sér mikla fjölgun starfa á þessu svæði.

Herra forseti. Það ríður á að stjórnmálamenn haldi ró sinni og forðist upphlaup og stóryrði sem eru til þess eins fallin að valda tortryggni og óöryggi og ég tel að þeir stjórnmálamenn sem vilja stuðla að atvinnuuppbyggingu eigi að taka höndum saman og nýta þau atvinnutækifæri sem eru til staðar og leita nýrra tækifæra í þágu samfélagsins á Suðurnesjum.

[10:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. „Maddamamma, Maddamamma, þú verður að horfast í augu við raunveruleikann," sagði nornin við Möddumömmu í ævintýrinu um Skilaboðaskjóðuna. Það sama hafa herstöðvaandstæðingar sagt við íslensk stjórnvöld um árabil. Allir herstöðvaandstæðingar hafa sagt að hér þurfi að horfast í augu við raunveruleikann og það sé og hafi verið fásinna af íslenskum stjórnvöldum að byggja atvinnustarfsemi á Suðurnesjum í svo ríkum mæli sem raun ber vitni á þessum erlenda her sem hefur setið án tilefnis í landinu allt of lengi.

Herstöðvaandstæðingar hafa ævinlega hvatt stjórnvöld til að efla atvinnulíf á Suðurnesjum, leyfa því að þroskast og dafna á sínum eigin forsendum á sinn einstaka hátt. En það hefur bara ekkert verið gert með það.

Virðulegur forseti. Nú standa íslensk stjórnvöld frammi fyrir eigin afglöpum í þessu máli. Herinn er á heimleið og þau eru hálflúpuleg, vægast sagt. Ég tel að við eigum að líta á þetta sem frjótt tækifæri til þess að skapa nú nýtt og gefandi atvinnulíf á Suðurnesjum og hefjast handa strax. Í því sambandi fagna ég þeirri yfirlýsingu sem hæstv. utanrrh. gaf áðan um að það eigi að fara í athugun á atvinnumálum ungs fólks og það skuli eiga að byrja á Suðurnesjum. Það er auðvitað í hugmyndum og krafti unga fólksins á svæðinu sem tækifærin liggja og þar eigum við að leita og þess vegna fagna ég sérstaklega þessari yfirlýsingu hæstv. utanrrh.

Jafnframt vil ég ítreka þá ósk sem kom fram í máli hv. formanns Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að það verður að hafa samráð við fólkið og það verður að hafa þann samráðsvettvang opinn og formlegan og það þarf að koma honum á eigi síðar en strax.

[10:57]

Kjartan Ólafsson:

Hæstv. forseti. Uppsagnir hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli eru alvarleg tíðindi fyrir atvinnumál á Suðurnesjum. Þó eru þau alvarlegri fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem verða fyrir þessum ákvörðunum. Hjá varnarliðinu hafa starfað um 900 Íslendingar og líklega hafa um 800–900 aðrir Íslendingar atvinnu af því að sinna þjónustu kringum varnarliðið. Uppsagnir 100 starfsmanna eru því ríflega 10% af þeim mannafla sem ráðinn er til starfa en sennilega nær 5% af heildarfjöldanum.

Í þessari umræðu sem snýst fyrst og fremst um atvinnumál verðum við að gera skýran greinarmun á öryggis- og varnarmálum Íslands. Staða varnarsamningsins hefur verið til umræðu milli Íslands og Bandaríkjanna og engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar hvað varnarmál okkar snertir. Ég held að það liggi því alveg ljóst fyrir að ekkert samhengi er á milli viðræðna um varnarsamstarfið og þeirra uppsagna sem nú standa fyrir dyrum.

Hæstv. forseti. Við getum þó ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að varnarliðið hefur verið mjög fyrirferðarmikill atvinnurekandi á Suðurnesjum í áratugi. Starfsemi þess hefur bæði verið umsvifamikil og mannfrek. Þegar svo stór atvinnurekandi segir upp 10% af vinnuafli sínu hefur það áhrif fyrir sveitarfélögin, á því leikur ekki nokkur vafi. Ég tel að atvinnurekandi af þessari stærðargráðu beri nokkra ábyrgð og raunar þjóðfélagið allt þar sem þessi starfsemi hefur verið tengd öryggismálum landsins alls. Uppbygging varnarliðsins í Keflavík hefur í raun krafist þess að fólk sé til staðar og þjónustu. Uppbygging verður í nærliggjandi sveitarfélögum. Þjónusta byggist upp í kringum starfsemina og réttmætar væntingar verða til hjá fólkinu.

Þrátt fyrir þetta áfall megum við samt ekki gleyma því að á Suðurnesjum er mikil uppbygging og gott samfélag. Þetta er svæði sem á mikla framtíð fyrir sér. Það sér hver maður sem heimsækir Reykjanesbæ í dag. Þar eru miklar framkvæmdir, verið er að fegra umhverfið og kraftur er á svæðinu.

[10:59]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það alvarlega ástand í atvinnumálum sem blasir við á Suðurnesjunum út af uppsögnum og samdrætti hjá varnarliðinu er fullkomlega á ábyrgð stjórnvalda vegna aðgerðaleysis. Það verður að grípa til sérstakra að-

gerða til að efla atvinnulíf Suðurnesjanna og bregðast við þessari þróun, eins og fram kom í máli málshefjanda, hv. þm. Jóns Gunnarssonar. Það var að sama skapi dapurlegt að hlýða á hæstv. utanrrh. um að ekki ætti að grípa til sértækra aðgerða til að bregðast við þeim uppsögnum og samdrætti sem við blasir í atvinnulífi Suðurnesja.

Þá vekur svar hæstv. iðnrh. við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur, varaþingmanns Samf., um endurskoðun byggðaáætlunar vegna stöðu mála, sérstaka athygli. Í svarinu kemur fram að ekki á að endurskoða byggðaáætlunina og er það með ólíkindum í ljósi stöðunnar og er ekkert annað en bylmingshögg fyrir byggðarlagið í þeirri stöðu sem nú er uppi.

Alvarlegast af öllu er hins vegar sú spurning hvort blekkingum hafi verið beitt í aðdraganda kosninganna sl. vor til að koma í veg fyrir að aðgerðaleysið á Suðurnesjum í atvinnumálum yrði stjórnarflokkunum fótakefli í kosningunum. Það verður að skýra það fortakslaust út þannig að það sé engum vafa undirorpið hvort um blekkingar hafi verið að ræða. Vissu forustumenn stjórnarflokkanna virkilega ekki sl. vor hvað vofði yfir Suðurnesjunum og hverjar fyrirætlanir Bandaríkjamanna væru?

Annað sem skiptir miklu máli í þessu öllu saman er hvaða fyrirætlanir eru uppi um nýtingu á því íbúðarhúsnæði sem liggur eftir varnarliðið ef um frekari fækkun verður að ræða. Þar er um að ræða íbúðarhúsnæði fyrir þúsundir manna og áhrif þess á fasteignamarkaðinn á Suðurnesjunum eru augljós ef þær kæmu fyrirvaralítið inn á markaðinn. Fasteignaverð mundi hrynja. Því væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. utanrrh. til þess hvernig best væri að nýta þetta húsnæði til hagsbóta fyrir byggðina.

[11:01]

Jón Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni um þetta mikilvæga mál. Einnig vil ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin þó að ég hefði gert mér vonir um að þau yrðu ákveðnari og að í þeim mundu felast einhver skilaboð til íbúa á Suðurnesjum.

Í máli hæstv. utanrrh. kemur fram að ekki sé von á sértækum aðgerðum vegna þess ástands sem við blasir á Suðurnesjum og er það miður vegna þess að við sem búum þarna gerum okkur grein fyrir ástandinu eins og það er núna. Það er verulega hávær orðrómur uppi um að það muni verða þarna meiri niðurskurður en nú hefur orðið og við þurfum svör. Utanrrn. þarf að ganga núna eftir því að við fáum ákveðin svör með þetta: Er um það að ræða að í pípunum þarna sé meiri niðurskurður en opinberlega hefur verið skýrt frá?

Einnig geri ég mér vonir um að hæstv. utanrrh. og jafnframt hæstv. forsrh. ræði núna við sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum sem óskað hafa eftir viðræðum um ástandið eins og það er. Það er í raun alveg með eindæmum að þessir hæstv. ráðherrar skuli ekki hafa brugðist við og orðið við þessum sjálfsögðu kröfum um viðræður um ástandið.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði að ekki væri hægt að tengja saman það sem væri að gerast núna uppi á flugvelli við viðræður þjóðanna um varnarsamninginn. Felst þá ekki það í þeim orðum að ef Bandaríkjamenn ákveða einhliða að spara, og spara alveg niður í það að eyða núll krónum í herstöðina, geti þeir lokað henni og farið? Það getur einfaldlega ekki gengið upp að tala svona.

Ég vona að þótt ekki hafi komið nein ákveðin svör hleypi umræðan hér frekari umræðu af stað í þjóðfélaginu því að það er full nauðsyn á henni.

[11:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í umræðunni hefur mikið verið talað um ábyrgð stjórnvalda, þetta væri allt ábyrgð stjórnvalda. Það hefur verið talað um blekkingar, það hefur verið talað um aðgerðaleysi, það hefur verið talað um værukærð, það hefur verið talað um afskiptaleysi. Hvaða flokkar eru að halda þessu fram? Annars vegar Samf. sem þurfti að auglýsa það sérstaklega í síðustu kosningum að þau vildu ekki að herinn færi. Af hverju þurftu þau að auglýsa það sérstaklega? (**Gripið fram í:** Vegna þess ...) Vegna þess að þau voru nýbúin að skipta um stefnu. Og síðan Vinstri grænir (**GÁS:** ... málefni ...) sem halda því fram að herinn eigi að fara strax og halda fundi með verkalýðsleiðtogum sínum og síðan er talað um blekkingar, afskiptaleysi, ekki eina einustu hugmynd um hvað á að gera. Þau nota orðin „annað" og „sértækar aðgerðir". Sértækar aðgerðir, annað. (**Gripið fram í:** ... ögn málefnalegra?) Málefnalegt. Þegar ég er ásakaður um blekkingar og aðgerðaleysi, hv. þingmaður, er ástæða til að svara því og það geri ég vegna þess að mér finnst þessi málflutningur ekki vera sæmandi, hvorki fyrir Samf. né Vinstri græna. Þetta er alvarlegt mál. Atvinnuleysi er ávallt alvarlegt mál og það á ekki að hafa það í flimtingum. Það á að taka það alvarlega og ekki tala um það með þeim hætti sem þessir flokkar hafa gert.

Það er ýmislegt gott að gerast á þessu svæði. Ég minni á flugvöllinn. Ég minni á uppbyggingu flugstöðvarinnar. Það hefur ekki alltaf verið samstaða um þau mál hér á hv. Alþingi. Ég minni á viðræðurnar við Bandaríkjamenn sem skipta miklu máli og ég vænti þess að Alþingi standi saman um það að við reynum að fá niðurstöðu í það sem fyrst. Þar er ekki hægt að ásaka stjórnvöld um værukærð. Það er heldur ekki hægt að ásaka utanrrn. fyrir að ekki hafi verið fullt samráð við verkalýðshreyfinguna á Suðurnesjum. Við höfum beitt okkur fyrir því að fá varnarliðið til þess að fara að lögum sem það gerði ekki og það var ekki síst utanrrn. sem gerði það.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, síðari umr.

Stjtill., 249. mál. — Þskj. 269, nál. 366 og 501.

[11:06]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta utanrmn. sem er að finna á þskj. 366. Þetta er um mál nr. 249, till. til þál. um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Búlgaríu, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, Rúmeníu, lýðveldisins Slóvakíu og lýðveldisins Slóveníu sem gerðir voru í Brussel 26. mars sl.

Eftir stækkun bandalagsins fjölgar aðildarríkjunum úr 19 í 26. Samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast þeir fyrst

gildi þegar öll aðildarríki NATO hafa staðfest þá og tilkynnt vörsluaðila viðbótarsamninganna um staðfestinguna en Bandaríkin eru vörsluaðili NATO-samningsins.

Nefndin fékk á sinn fund Sturlu Sigurjónsson, skrifstofustjóra í utanrrn., til að fara yfir málið. Þá sendi utanrrn. nefndinni nánari upplýsingar um pólitískar og hernaðarlegar kröfur sem gerðar verða til nýrra aðildarríkja bandalagsins.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum sem ég hef eiga einungis sex ríki eftir að fullgilda samningana en auk Íslands eru það Belgía, Frakkland, Holland, Spánn og Portúgal. Eftir að öll ríkin hafa tilkynnt vörsluaðila um fullgildinguna verður umsóknarríkjunum boðið að gerast aðilar að NATO. Ég tel mikilvægt fyrir Ísland að við getum tilkynnt vörsluaðilum fullgildinguna sem fyrst. Flest ríkin fullgiltu samningana í vor eða snemma sumars. Það er aldrei gott til afspurnar að vera síðastur.

Íslensk stjórnvöld hafa ávallt stutt stækkun Atlantshafsbandalagsins og sú stækkun sem nú er að koma til framkvæmda er sú umfangsmesta í sögu bandalagsins. Stækkun NATO er fyrst og fremst til að tryggja stöðugleika og öryggi í Evrópu. Ísland hefur ávallt stutt sérstaklega við bakið á Eystrasaltsríkjunum og nú hafa þau brotist til sjálfstæðis og langþráð markmið þeirra er að verða að veruleika, aðild að Atlantshafsbandalaginu. Þau eru einnig væntanlegir aðilar að Evrópusambandinu og verða þar með EES-ríki en í samtölum milli formanna utanrmn. þessara ríkja og Norðurlandanna hefur m.a. komið fram að þau leggja höfuðáherslu á aðild að Atlantshafsbandalaginu og aðild að Evrópusambandinu kemur þá næst á eftir.

Hæstv. forseti. Þetta undirstrikar mikilvægi NATO sem bandalags sjálfstæðra ríkja sem vilja tryggja frið og öryggi í heiminum. Atburðirnir þann 11. september 2001 hafa einnig sýnt hversu mikilvægt það er að sem flest ríki starfi saman að öryggis- og varnarmálum. Nánara samstarf NATO og Rússlands innan NATO/Rússlands-ráðsins skiptir verulegu máli og sýnir að hægt er að ná verulegum árangri innan alþjóðastofnana.

Nýju aðildarríkin verða að uppfylla ákveðnar kröfur til að geta orðið aðilar og hefur verið unnið eftir sérstakri aðgerðaáætlun. Ríkáhersla hefur verið lögð á pólitískar, efnahagslegar og hernaðarlegar umbætur. Þannig hefur undirbúningur þeirra að NATO-aðild ýtt undir pólitískar og efnahagslegar framfarir heima fyrir. Pólitísk markmið eru fyrst og fremst barátta gegn glæpum og spillingu. Ríkin þurfa m.a. að tryggja að stofnanir þeirra hafi burði til að framfylgja réttarreglum sem settar hafa verið til að taka á glæpastarfsemi og spillingu.

Í efnahagslegu tilliti þurfa ríkin að halda áfram að auka frjálsræði og stöðugleika í efnahagsmálum en þau þurfa vissulega einnig að leggja fram til eigin varna. Í því sambandi er þó lögð áhersla á að efling varnarviðbúnaðar kippi ekki fótunum undan efnahagslegum umbótum. Ríkin sjálf verða að meta hvaða bolmagn þau hafa til að auka framlög til hermála.

Um hernaðarleg markmið þurfa ríkin fyrst og fremst að tryggja að engin lagaleg vandkvæði séu á þátttöku í hugsanlegum hernaðaraðgerðum á vegum bandalagsins. Þá þurfa ríkin að endurskipuleggja og aðlaga heri sína í samræmi við markmið og kröfur NATO. Höfuðáhersla er á að samskipti, fjarskipti, þjálfun og samhæfing sé þannig að herafli og búnaður aðildarríkjanna nýtist bandalaginu.

Um fjárhagsleg markmið er það að segja að flest ríkin hafa sjálf ákveðið að verja 1,7–2% af þjóðarframleiðslu til hermála árlega en það er í samræmi við útgjöld annarra aðildarríkja.

Hæstv. forseti. Aðlögun nýju aðildarríkjanna er langtímaverkefni, það er ljóst. En við bjóðum þau velkomin til samstarfs innan NATO og óskum þeim jafnframt til hamingju með þann árangur sem þau hafa náð heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Mikil samstaða var um málið í nefndinni en einn nefndarmanna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, skilar séráliti.

Meiri hluti utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nál. skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson.

[11:13]

Útbýting þingskjala:

Fjarskiptamiðstöð lögreglu, 371. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 495.

Rýmingar- og björgunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, 369. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 493.

[11:14]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta utanrmn. Hann skipar sá sem hér talar. Ég er þeirrar skoðunar, hef lengi verið og hef frekar styrkst í henni heldur en hitt, að það hafi verið mikil söguleg mistök í kjölfar hinna miklu og stóru stjórnmálaatburða í Evrópu á 9. áratugnum sem náði hámarki um 1990 að nota þá ekki það sögulega tækifæri sem skapaðist til að sameina alla Evrópu í öryggismálum.

Sú skoðun var mjög almenn að í kjölfar þess að Varsjárbandalagið liðaðist sundur lægi beinast við að leggja niður Atlantshafsbandalagið, tilgangi þess væri þar með augljóslega lokið og vinna ætti að því að sameina öll Evrópuríki, ekki bara sum þeirra, í öryggismálum, t.d. með því að styrkja stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu, og skapast hefðu — sem sannanlega var — einstæðar aðstæður til þess að sameina alla Evrópu á nýjan leik. Vonir manna um friðvænlegri heim flugu hátt á þessum tíma og voru auðvitað ekki bara bundnar Evrópu heldur heiminum öllum og menn trúðu því margir að nú væri lag til þess að setja kraft í gerð hinna stóru friðar- og afvopnunarsamninga sem víða hafði verið unnið að, ljúka t.d. samningnum um jarðsprengjur sem hefur sem betur fer að nokkru leyti tekist, framlengja samninginn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, bjarga samningnum sem heftir vígvæðingu geimsins, ABM-samningnum, og þar fram eftir götunum.

En því miður tóku málin aðra stefnu. Bandaríkjamenn ákváðu að blása lífi í NATO á nýjan leik og hafa unnið gegn því að Evrópuþjóðir sameinuðust um öryggismál sín, hafa augljóslega talið sér henta að laga frekar NATO að sínum vilja við nýjar aðstæður. Þeir sögðu upp samningnum um bann við vígbúnaði geimsins, ABM-samningnum, sem þeir höfðu reyndar þegar gert atlögur að. Svo snemma sem í viðræðum Reagans og Gorbatsjovs í Reykjavík bar það mál á góma. Og þannig hefur það gerst, herra forseti, að við sitjum uppi með gamla hernaðarbandalagið NATO með óbreytta hugmyndafræði að baki hvað það varðar að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum en breytt að því leyti sem Bandaríkjamönnum hentaði að NATO áskilur sér rétt til þess að láta til sín taka utan landsvæða aðildarríkjanna og

hefur reyndar gert það samanber ábyrgð NATO á átökunum í Júgóslavíu.

Fyrstu áformin um stækkun NATO sem urðu síðan að veruleika með inntöku þriggja ríkja, Póllands, Tékklands og Ungverjalands, gáfu strax tóninn í þessum efnum. Þau ríki voru valin úr sem þróuðust voru í mið- eða austanverðri Evrópu sem í raun og veru höfðu, ef þannig er talað, minnsta þörf fyrir stuðning til að koma öryggismálum sínum í skikkanlegt form og þó kannski miklu frekar til að byggja upp innviði samfélaganna þannig að þau kæmust áfram á þróunarbraut.

Það er í mínum huga enginn vafi að þarna glataðist sögulegt tækifæri og það hefur því miður farið svo að þær svæðis- og alþjóðastofnanir sem menn bundu vonir við að fengju aukið hlutverk og yrðu styrktar í tengslum við þessar miklu breytingar í hinu pólitíska landslagi hafa veikst. Og stofnunin um öryggi og samvinnu í Evrópu er engan veginn sú sem henni var af frumkvöðlunum ætlað að vera. Hún gegnir að vísu veigamiklu hlutverki og skiptir miklu máli í sambandi við það að styðja lýðræðisþróun, fylgjast með kosningum og tryggja mannréttindi en hefur ekki fengið það hlutverk hvað varðar sjálfa öryggisgæsluna — það er spurning hvort ég get gert eitthvað fyrir menn í hliðarsal, forseti. Má ekki færa þeim kaffi, kannski? — sem henni var ætlað.

Auðvitað hafa miklar umræður orðið um öryggismál og spurningar sem tengjast því með hvaða hætti væri hægt að vinna að því verkefni að tryggja frið og stöðugleika í heiminum eins og alltaf er. Öryggishugtakið hefur breyst, það hefur dýpkað og breikkað og menn gera sér betur grein fyrir því en áður að kaldastríðshugmyndafræðin sem skilgreindi öryggi fyrst og fremst sem spurningu um hernaðarstyrk, möguleika til þess að heyja styrjaldir, er auðvitað ónothæf vegna þess að þær ógnir sem að fólki steðja í dag eru af öðrum toga ekki síður og það er kannski meira verkefni að tryggja frið og stöðugleika, koma í veg fyrir innanríkisátök, borgarastyrjaldir, deilur milli þjóðarbrota og átök af trúarlegum ástæðum. Öryggi manna stafar einnig ógn af umhverfismálum sem eru í ólestri og öðru í þeim dúr. Engu að síður miðar sorglega lítið og í raun og veru ekkert í því að alþjóðasamfélagið beiti auknum kröftum í fyrirbyggjandi og uppbyggilegar aðgerðir til að tryggja frið og stöðugleika. Útgjöld til hermála eru meiri en nokkru sinni í sögunni. Heildarútgjöld heimsins til hermála eru um þessar mundir, einmitt þessa mánuðina, að fara yfir 1.000 milljarða bandaríkjadali. Ég veit ekki hvort menn ná þessari tölu en staðreyndin er engu að síður sú að heildarútgjöld heimsins til hermála, vígbúnaðarmála, eru að fara yfir 1.000 milljarða bandaríkjadala markið þessa mánuðina eða þessi missirin. Það miðar sáralítið og sums staðar ekki neitt í því að auka frekar framlög til uppbyggingar, til þess að útrýma fátækt, til þess að styrkja lýðræði og koma á betra ástandi á þeim svæðum heimsins sem eru uppspretta átaka og ógna öryggi.

Það er helst á norrænum vettvangi sem hugsunin um friðsamlegar og fyrirbyggjandi aðgerðir í þessu skyni hefur fengið hljómgrunn. Þar hefur verið talsvert með það unnið að menn ætli að reyna að færa fjármuni til, draga úr vígbúnaði og auka þess í stað friðsamlega, borgaralega og fyrirbyggjandi uppbyggingu sem augljóslega er vænlegasta og kannski má segja eina leiðin til þess að menn geti borið einhverjar vonir í brjósti um friðvænlegri framtíð. Það er umhugsunarefni að trú manna á stálið og vígvæðinguna virðist ekkert minnka hversu glatt sem ófriðarbálið logar vítt og breitt um heimsbyggðina, heldur er bara gefið í og Bandaríkjamenn auka útgjöld til hermála og krefjast þess að samstarfsþjóðir þeirra geri það einnig. Rétt tæpa 400 milljarða dollara fór Rumsfeld fram á við fjárlagagerðina í Bandaríkjunum nú á dögunum til varnarmálaráðuneytisins og eru þó ekki taldar með aukafjárveitingarnar vegna Íraksstríðsins. Þær voru, ef ég man rétt, upp á eitthvað rúmlega 70 milljarða dollara. Svona óheyrilegar eru þessar tölur og hergagnaiðnaðurinn í heiminum veltir meiru en nokkru sinni fyrr.

Að mínu mati er einn meginágalli stækkunar NATO sá að gerðar eru kröfur um að hin nýju aðildarríki verji miklum fjárhæðum til fjárfestinga í margs konar búnaði og til að endurnýja herafla sinn. Ég óskaði eftir upplýsingum frá utanrmn. um þetta mál og fékk þaðan bréf, þetta blað. Formaður utanrmn. vitnaði hróðug til þess áðan, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s. Nú ætla ég ekkert að hafa hörð orð um þetta bréf. Það er ákaflega kurteisislegt og í því er hin opinbera fjölmiðlavæna útgáfa Atlantshafsbandalagsins um hvað þetta snúist. Í raun og veru er þetta alls ekkert um hernað samkvæmt þessu bréfi, þessari opinberu útgáfu. Það er eiginlega mannréttinda- og lýðræðisást sem drífur menn áfram. Þetta er sem sagt um pólitísk og efnahagsleg markmið að vísu. Það á að styðja lýðræðið og fleira í þeim dúr, koma í veg fyrir spillingu. Allt er það göfugt. Efnahagsleg markmið eru þarna og að auka frjálsræði. Já, það er einhver smánýfrjálshyggja með í þessu.

Svo kemur að hernaðarlegu markmiðunum, þau séu aðallega lagalegs eðlis, tryggja að það séu engin lagaleg vandkvæði á því að viðkomandi ríki taki þátt í sameiginlegum hernaðaraðgerðum, geti væntanlega, á mannamáli talað, uppfyllt 5. gr. NATO-stofnsáttmálans um hina gagnkvæmu varnarábyrgð. Jú, að vísu að fram fari endurskipulagning og aðlögun á herafla þeirra í samræmi við liðsaflamarkmið og öryggisstefnu bandalagsins, segir þarna. Hvað varðar fjárhagslegu markmiðin eigi þau alls ekki að ganga of nærri sér í þessum útgjöldum. Síðan lýkur bréfinu á klausu sem má kannski lesa upp, með leyfi forseta, og kann að vera að nokkru leyti sprottin af umræðum sem urðu í utanrmn. sem undirritaður stóð fyrir um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að lokum ber að geta þess að Atlantshafsbandalagið hefur frá upphafi lagt áherslu á þá stefnu að aðlögun nýju aðildarríkjanna sjö muni taka langan tíma líkt og átt hefur sér stað við aðild Póllands, Ungverjalands og tékkneska lýðveldisins. Vegna þessa hefur bandalagið ekki hvatt einstakar nýjar aðildarþjóðir til kaupa á dýrum hergögnum á borð við orrustuflugvélar heldur lagt áherslu á nauðsyn þess að ríkin endurskipulegðu þennan herafla sem fyrir er þannig að hann nýtist bandalaginu í framtíðinni. Einstök ný aðildarríki hafa hins vegar tekið þá ákvörðun að fara út í kaup á dýrum hergögnum og hefur sú ákvarðanataka farið fram án sérstaks samráðs við hermálayfirvöld bandalagsins enda um sjálfstæð ríki að ræða."

Svo hljómar sá texti, herra forseti. Þetta er sjálfsagt hin opinbera og viðurkennda fjölmiðlaútgáfa af þessum veruleika, þessu sem þarna er að gerast með stækkun Atlantshafsbandalagsins. En hvað er á ferðinni í raun og veru á bak við tjöldin? Hverjir eru mestu áhugamennirnir um stækkun NATO, fyrir kannski utan þessi Austur-Evrópuríki sem af augljósum ástæðum, sögu sinnar vegna, vilja ganga í allt sem vestrænt er og helst í gær? Þau hafa fram undir þetta trúað því og hangið á því hálmstrái að það yrði þeim að liði til að takast á við þær skelfilegu aðstæður sem menn

þar búa við. Og ekki geri ég lítið úr því t.d. að stækkun Evrópusambandsins getur vissulega orðið þessum ríkjum að liði ef, og þó sérstaklega ef, þannig hefði verið um hnútana búið að þau hefðu fengið sanngjarna og hagstæða skilmála í þeirri inngöngu. Það var öðru að heilsa þegar upp var staðið og nöturleg staðreynd t.d. að Pólverjar skyldu verða nettógreiðendur inn í Evrópusambandið en ekki þiggjendur.

Og hvað með NATO? Jú, þeir binda vonir við það, margir þarna fyrir austan, t.d. í Rúmeníu. En hverjir eru mestu áhugamennirnir um stækkun NATO? Ég dreg ekkert úr því að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson er ugglaust mikill áhugamaður um það. En ég fullyrði að sá áhugi bliknar (**Utanrrh.:** Allt rétt.) þegar borið er saman við áhuga bandaríska hergagnaiðnaðarins á því að stækka NATO. Þeir hafa frá fyrstu stundu rekið það mál áfram og þá er rétt að hafa í huga, forseti, að ef við lítum á hagtölur 100 stærstu hagkerfa heimsins í þessu sambandi eru 49 þjóðríki og 51 fyrirtæki. Meira en helmingur af 100 stærstu efnahagseiningunum í heiminum er fyrirtæki. Og í þeim hópi eru allir stærstu hergagnaframleiðendur heimsins.

Þróunin á undanförnum 10–15 árum hefur rutt má segja nýju alþjóðlegu hagkerfi braut þar sem risavaxin fyrirtæki eru mjög ráðandi. Þau hafa yfir meiri auði að ráða en velflest ríki heims og hafa gríðarleg áhrif á bak við tjöldin. Bill Gates, forstjóri Microsoft, stærði sig af því að hann gæti bókað fyrir menn viðtöl við ráðherra, og þar með talinn forseta Bandaríkjanna, í tengslum við ráðstefnu nokkra sem haldin var í Seattle og ég hef grun um að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hafi sótt. Ætli hæstv. utanrrh. hafi ekki sótt fund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (**Utanrrh.:** Jú, ég sat kvöldverð hjá honum.) — og kvöldverð, já. Hann hefur kannski ekki þurft á aðstoð Bills Gates að halda til að komast í þann kvöldverð en þannig er málum háttað í Bandaríkjunum að ef menn virkilega vilja ná eyrum áhrifamanna í stjórnmálum er oft vænlegasta leiðin að fara í gegnum forstjóra stórfyrirtækjanna, Bill Gates og félaga, og kannski enn betra ef þeir þekkja einhvern af stórforstjórum hergagnafyrirtækjanna.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, hvað sem þessu göfuga minnisblaði frá utanrrn. íslenska líður til utanrmn. Alþingis, að núverandi uppbygging og útþensla Atlantshafsbandalagsins er að verulegu leyti drifin áfram af stöndugum bankastofnunum á borð við City Corp., Chemical Manifacture Trust og Bank America. Þessir risar á fjármálasviðinu eiga allir mikilla hagsmuna að gæta, í Bandaríkjunum að sjálfsögðu, í Evrópu, í Rússlandi og þriðja heiminum. Risafyrirtæki eins og Ford, General Motors og fjarskiptafyrirtækið Nextel Communications vonast til þess að auka hagnað sinn gríðarlega í tengslum við aukna vígvæðingu og endurnýjun vígbúnaðar innan NATO. Þetta er einfaldlega staðreynd. Þetta er ekkert felumál í umræðum vestan hafs. Ég hvet menn til þess að leita sér efnis, t.d. hjá stórblaðinu Washington Post. Það er nóg af greinum og fréttaskýringum og efni um þetta mál þar sem rætt er um það fyrir opnum tjöldum hvað bandarískt hergagnaiðnaðurinn gerir ráð fyrir að hagnast mikið, sérstaklega vegna stækkunar NATO. En hér kemur minnisblað uppi á Íslandi sem lítur á þetta eins og teboð. Það er ekki þannig.

Auðvitað binda menn vonir við að þessir markaðir opnist fyrir fleira en hergögn og það eru auðvitað ekki síst bandarísk og vesturevrópsk fyrirtæki sem ætla sér þar að skara eld að eigin köku.

Hergagnaiðnaðurinn bandarískur þrýsti mjög á Bandaríkjaþing að samþykkja hina fyrri stækkun NATO. Þeir lágu við í Washington með lobbíista til að koma því í gegn. Það var, eins og kannski einhverjir muna, veruleg andstaða við það framan af í bandarískum stjórnmálum að fara út í þessa stækkun NATO. Í báðum flokkunum á Bandaríkjaþingi voru miklar efasemdir um að þetta væri rétt stefna en þeir sem unnu ötullega að því að koma þessu á voru bandarísku hergagnaframleiðendurnir.

Maður heitir Bruce Jackson og hann hefur lengi verið einn valdamesti maðurinn í yfirstjórn fyrirtækisins Lockheed Martin, stærsta hergagnaframleiðanda heims. En Bruce þessi Jackson er fjölhæfur maður. Ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hefur heyrt hann nefndan. Það er miður ef svo er ekki því hann ætti að kannast við hann. Bruce Jackson var nefnilega forseti stjórnskipaðrar nefndar Bandaríkjamanna um stækkun NATO. Bruce Jackson var arkitektinn af hálfu Bandaríkjamanna að þessu en hann var um leið stjórnarformaður eða varaformaður stjórnar Lockheed Martin, stærsta hergagnaframleiðanda í heimi. (**Gripið fram í:** Mikilhæfur maður.) Mikilhæfur maður, segir hæstv. utanrrh. brosandi.

Og það er von að þeir hjá Lockheed Martin leggi svolítið á sig. Norman Augustine, forstjóri fyrirtækisins Lockheed Martin, er að sögn Bruce þessa Jacksons — ég man ekki hvort þetta viðtal við Bruce vin okkar birtist í Washington Post eða einhverju öðru blaði — ástríðufullur stuðningsmaður stækkunar NATO. Forstjóri þessa fyrirtækis er það sem kallað er í bandarísku pressunni „ástríðufullur stuðningsmaður stækkunar NATO". Hvers vegna skyldi það nú vera?

Veit hæstv. utanrrh. að á árunum 1997 og 1998, þegar þetta var nú allt að gerast, hin fyrri stækkun NATO, gáfu fjögur stærstu hergagnafyrirtækin í Bandaríkjunum, þ.e. Lockheed Martin, Bowing, Northrup Grumman og Raytheon, um fjórar millj. dollara til stjórnmálaflokka og kjörinna leiðtoga í Bandaríkjunum í kosningasjóði, bæði demókrata og repúblikana? Þeir hafa greinilega talið að þeir hefðu einhverra hagsmuna að gæta í þessu dæmi og, eins og ég sagði, þeir lágu við með lobbíistana í Washington til að sannfæra þingmenn beggja deilda um að stækkun NATO væri rétt.

Hvers vegna ætli Bandaríkjamenn hafi ákveðið að það væri skynsamlegt að setja NATO á vetur? Ég held að það hafi m.a. verið vegna þess að þeir sáu að það væri vænleg leið til að koma í veg fyrir að Evrópuríkin sameinuðust um of hvað varðar lausnir í eigin öryggismálum, það þjónaði ekki heildarhagsmunum Bandaríkjanna. Bandaríkjamenn, þ.e. haukarnir og hergagnaiðnaðurinn, sáu að með stækkun NATO mundi Bandaríkjamönnum opnast auðveldari aðgangur að ríkjunum í Suður- og Austur-Evrópu en ella væri, og það var markmiðið. Þess vegna mátti Rússland ekki koma með inn í þá mynd sem þarna var, og það var einmitt gott að mati Bandaríkjamanna að stækkun NATO væri knúin fram í þó nokkurri andstöðu við Rússa, ekki of mikilli en þó nokkurri andstöðu.

Nú veit ég að það var búið til bandalag um frið, Partnership for Peace, til að sýnast. Alexander Haig, sá gamli refur, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. utanrrh. kannist við, talaði alveg skýrt um þetta enda var hann þá hættur sem forstjóri NATO og hafði málfrelsi. Hann sagði: Rússar mega aldrei fara með í NATO. Þá er tilgangurinn með NATO horfinn. Þá höfum við ekkert með NATO að gera. Við höfum ekkert

með NATO að gera á Kyrrahafssvæðinu, í Asíu þegar fjær dregur, það er bara til trafala.

En NATO þjónar enn þá hlutverki í Evrópu ef það er rétt útfært. Og menn þurfa auðvitað að eiga óvin til þess að geta keypt sér vopn og réttlætt það fyrir skattgreiðendum að verja óhemjufjárfúlgum í vígbúnað. Þetta vandamál er vel þekkt og Rússland getur verið ágætt í því sambandi.

Colin Powell ræddi þetta vandamál einu sinni upp úr 1990 á Bandaríkjaþingi og sagði að þetta væri eiginlega að verða ekki nógu gott því að hann væri að verða uppiskroppa með illmenni. Ég er að verða uppiskroppa með illmenni, sagði Colin Powell 1991. Ég er með það á ensku sem hann sagði ef menn vilja frekar fá það á frummálinu: „I am running out of demons." En það fundust sem betur fer illmenni, óvinir, sem hægt var að selja bandarísku þjóðinni að þyrfti nauðsynlega að vígvæðast gegn. Vandamálið leystist. Saddam Hussein, talíbanar og fleiri slíkir vondir menn hafa sem sagt komið í leitirnar.

Þetta er nú, herra forseti, það sem í raun og veru er að gerast hvað sem líður kurteisislegu minnisblaði frá utanrrn. íslenska til Alþingis og hvað sem líður fallegum ræðum hér hjá formanni utanrmn.

Pólverjar hafa sjálfsagt ekki verið neyddir til að panta 50 háþróuðustu orrustuþotur heimsins en gerðu það samt, eða 48 voru þær kannski. Af einhverjum undarlegum ástæðum eru þeir að baksa við þetta fyrir milljarða á milljarða dollara ofan, og er það bara einhver misskilningur í þeim að þeir þurfi þess? Það mætti ætla af minnisblaðinu og ræðu formanns utanrmn. að þetta sé allt saman vitleysa og misskilningur, þeir þurfi ekkert að standa í þessu. Hvernig stendur þá á því að þetta er svona heiftarlega umdeilt mál í Póllandi, eða búið að vera það, sem og útgjöldin í Tékklandi til þess að uppfylla þær kröfur sem þeir hafa haldið að þeir ættu að gera sem nýir aðilar að Atlantshafsbandalaginu? Ég veit að það eru áhugamenn hér í salnum um þessi flugvélakaup Pólverja. Það er best að rifja aðeins upp þá sögu.

Það er þannig að Pólverjar, sem á sama tíma voru að undirbúa aðild sína að Evrópusambandinu, töldu að þeir yrðu að gera þetta á vestræna vísu og þetta yrði að vera útboð. Já, það eru víst notuð útboð í svona löguðu í þróuðum ríkjum — líka hér uppi á Íslandi þegar menn selja banka, þá heitir það útboð. Svo hafa sumir efasemdir um að mikill hugur hafi fylgt máli, og það hafa menn líka í Póllandi í ljósi þess hvernig sá leikur fór. Þeir buðu sem sagt út 48, held ég að þær hafi verið, orrustuþotur af háþróuðustu gerð. Þær urðu að uppfylla mjög ströng skilyrði sem slíkar þotur gera, og þær eru ekki margar sem hafa það í færum sínum í dag eftir að Rússar heltust úr lestinni með MIG-þoturnar sínar sem tæpast standast samanburð við það besta sem hergagnaiðnaðurinn á Vesturlöndum býður upp á í dag. Það eru kannski fyrst og fremst þrír framleiðendur sem ráða við að afhenda slíka gripi enda voru það aðeins þrír sem skiluðu inn tilboðum í útboðinu stóra, milljarða dollara útboði Pólverjanna. Það voru að sjálfsögðu Bandaríkjamenn með sínar F-16, það var evrópski flugvélaiðnaðurinn, fransk-breski iðnaðurinn, með tilboð frá verksmiðjunum í Toulouse vætnanlega og það voru Svíar með SAS Gripen vélarnar sínar. Svo merkilega vildi til að Svíarnir buðu best, þ.e. þeir buðu lægsta verðið og þeir buðu mesta stuðninginn með pakkanum. En auðvitað er það ekki þannig að menn borgi bara út í hönd og séu ekki á höttum eftir neinu í staðinn, og Pólverjar voru auðvitað með það í sínu útboði að tekið yrði tillit til allra tengdra þátta, svo sem eins og þess hvaða kjör og hvaða stuðningur fylgdi með í kaupunum. Það var ekkert leyndarmál, og það sáu allir sem báru þessi tilboð saman, að sænska tilboðið var hagstæðast. Það var besta verðið og það var mesti stuðningurinn. Franska tilboðið var næsthagstæðast og það bandaríska óhagstæðast, það var dýrast.

En af einhverjum undarlegum ástæðum, kannski líka fyrir misskilning, keyptu Pólverjar bandarísku vélarnar, dýrustu vélarnar. Það stóð auðvitað aldrei annað til, það vita allir, af því að þetta var allt saman sýndarmennska. Þetta var bara pólitík og hagsmunir. Og það tekur nú í fyrir hið fátæka Pólland, þar sem meðallaun verkamanna eru 7 þús. kr. á mánuði, að kaupa 48 orrustuþotur af háþróuðustu gerð sem kosta ..., ég man nú ekki nákvæmlega í augnablikinu hversu marga milljarða íslenskra króna en örugglega einhvers staðar af stærðargráðunni 10–20. Svona gekk þetta nú í Póllandi.

Í Tékklandi eru útgjöldin vegna endurnýjunar heraflans svo mikil og þung að það hefur valdið þar heiftarlegum deilum. Þegar flóðin miklu skullu þar á, sem einhverjir Íslendingar urðu vitni að í Prag, ákváðu Tékkar að fresta útgjöldum vegna þessa vígbúnaðar. Þeir gerðu sér grein fyrir að þeir réðu ekki við þau. Og þýðir að bera það á borð hér að þetta sé bara einhver misskilningur hjá þessum þjóðum, þær þurfi ekkert að standa í þessu? Nei, ég segi nú bara við formann utanrmn. og höfunda bréfsins: Kunnið þið annan betri? Kunnið þið annan betri brandara handa Steingrími J. Sigfússyni en þann að reyna að bera þetta á borð? Það er auðvitað barnalegt að halda slíku fram.

Það liggur algerlega fyrir um hvað þetta snýst, herra forseti. Þetta er harðskrúfaður bisness sem hergagnaiðnaðurinn vestræni og fyrst og fremst sá bandarískt ætlar sér mikla hluti út á.

Síðan hafa auðvitað komið til stríð sem eru góð fyrir þennan iðnað. Það þarf að fylla á vopnageymslurnar og smíða ný skeyti í stað þeirra sem búið er að láta rigna yfir Afganistan og Írak enda er núna unnið á vöktum í Bandaríkjunum, að sagt er, í ýmsum hergagnaverksmiðjum og þar er uppi gullöld og gleðitíð. Útgjöld til hermála eru meiri en nokkru sinni fyrr í sögunni, Rumsfeld sennilega að sigla inn á fimmta hundrað milljarða dollara. Þá verður nú lítið úr útgjöldunum til utanrrn. íslenska, þykir þó mörgum þar nóg um. Það er lítið borið saman við Rumsfeld sem er með þessa fjármuni handa á milli og þykir auðvitað ekki nóg.

Herra forseti. Ég held að það sé einnig ástæða til að fara aðeins yfir það að þessi stækkun NATO er auðvitað í samhengi við það gerbreytta ástand sem orðið er í alþjóðastjórnmálum og öryggismálum í öllum heiminum en þó kannski ekki síst í heimshluta okkar, og er sumpart gleðilegt. Að sjálfsögðu voru það ákaflega stórir og gleðilegir atburðir þegar hið óhuggulega járntjald og hinar ósýnilegu átakalínur stórveldanna í Norðurhöfum hrundu, hurfu um 1990 og um leið opnaðist fyrir samstarf og samvinnu á pólitískum grundvelli milli þessara landa sem hefur komist á með margvíslegum hætti. Það er t.d. áhugavert að rifja það upp að ástandið var þannig í okkar heimshluta að á öllum kaldastríðstímanum, frá því upp úr lokum seinni heimsstyrjaldar og fram um 1990, var engin alþjóðleg samvinna sem tók til norðursvæða hnattarins. Norðurheimskautssvæðin voru frosin föst í þessari spennu milli tveggja vígvæddra stórvelda sem stóðu grá fyrir járnum hvort frammi fyrir öðru. Ég held ég muni það rétt að það sé aðeins einn alþjóðasamningur, að það sé aðeins ein undantekning til sem sannar þessa reglu og

tekur til heimskautasvæðanna, alþjóðasamningur sem komst á og náðist með aðild bæði Sovétríkjanna og Bandaríkjanna á þessum tíma. Það er samningur frá líklega 1971 um verndun ísbjarnarins. Um hann gætu verið áhugamenn hér í salnum. Það er nú skaði að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er ekki við því að hann er mikill ísbjarnaspekúlant. (Gripið fram í.) En það eru örugglega fleiri áhugamenn um ísbirni hér. (Gripið fram í.)

Þetta er auðvitað ánægjulegt. En þetta er, að mér er sagt, eina dæmið um að menn gætu unnið saman að slíkum verkefnum. Þannig var ástandið. Auðvitað losnaði þetta út klakaböndum upp úr 1990 og það var gleðilegt. Menn hafa stofnað Barentsráð og menn hafa stofnað heimskautaráð og gott er það allt saman.

En því miður höfðu þeir betri hlutinn sem ákváðu að viðhalda helmingnum af þessu fyrirkomulagi, NATO. Kaldastríðshaukarnir og hergagnaiðnaðurinn höfðu sitt fram, plötuðu menn upp úr skónum og komu í veg fyrir að hægt væri að endurskapa þessa mynd þannig að hún tæki til álfunnar allrar en ekki bara útvalinna aðila og væri á forsendum sem þjónaði hagsmunum allra en ekki bara sumra. Auðvitað er alveg ljóst að Vestur-Evrópuríkin, sérstaklega Frakkar og Þjóðverjar, vita vel hvernig þessi mál eru í pottinn búin. En þeir eru fangar þessa ástands og fá ekki við neitt ráðið. Þar er auðvitað líka innbyrðis togstreita, t.d. um uppbyggingu evrópska heraflans og fleira í þeim dúr sem ég ætla ekki að fara nánar út í.

Hver er þá staðan núna, herra forseti, og hvernig kemur svo þessi nýja stækkun inn í þetta og hvaða væntingar eru uppi í tengslum við hana? Jú, þetta þjónar að mörgu leyti Bandaríkjamönnum mjög vel vegna þess að þeir eru að nema land í sunnan- og austanverðri álfunni. Bandaríkjamenn eru að koma sér fyrir í þessum löndum og þeir hafa tekið sérstöku ástfóstri við eitt land, Rúmeníu. Það er jafnvel talað um hið nýja ástarsamband Bandaríkjamanna og Rúmeníu.

Nú var það þannig að alveg fram til 11. september 2001 töldu menn tæplega raunhæft að Búlgaría og Rúmenía yrðu með í þessari næstu áformuðu stækkun NATO. Hún snerist meira um Eystrasaltsríkin og Slóvakíu kannski og nokkur önnur lönd. En þetta breyttist hratt á mánuðunum eftir 11. september. Það gerði það m.a. vegna þess að Rúmenar voru ákaflega snöggir til og vottuðu Bandaríkjamönnum hina ýtrustu hollustu í leiðangrinum mikla. Þeir ætluðu svo sannarlega að vera með Bush en ekki á móti honum, en hann greip til þess gamla ráðs að segja: „Either you are with us or against us", annaðhvort ertu bara með mér og hlýðir því sem ég segi eða þú ert óvinur minn og þá skaltu hafa verra af. Rúmenar ætluðu ekki að gera þessi mistök þannig að þeir gengu í sæng með Bandaríkjamönnum að fullu og öllu. Og það tókust með þeim ástir sem leiddu til þess að það lá í loftinu strax í aðdraganda NATO-fundarins í Prag fyrir um ári síðan að Rúmenum yrði boðin aðild, boðin þátttaka í þessari næstu stækkun.

Washington Post, sem ég hef vitnað hér svolítið í, fjallaði m.a. um stöðu mála í Rúmeníu af þessu tilefni í nóvembermánuði 2002. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í Rúmeníu er spillingin landlæg rétt eins og fátæktin. Ráðamenn telja hins vegar að algjör umpólun sé í vændum nú þegar aðild að NATO er innan seilingar. Rúmenar glíma við fátækt, spillingu, óvirkt stjórnmálakerfi, hægfara efnahagsumbætur. Listinn er nánast óendanlegur. En nú hafa Rúmenar komið auga á lækningu við öllum meinum samfélagsins, NATO."

Eftir að Rúmenar lýstu yfir skilyrðislausum stuðningi við Bandaríkjamenn, eftir að Rúmenar sendu herlið til Afganistan af veikum mætti að vísu og eftir að Rúmenar — sem kannski er mest um vert — leyfðu Bandaríkjamönnum að koma upp herstöðvum, nýta sér hernaðaraðstöðu, í landinu og fara um rúmenska lofthelgi þá féll allt í ljúfa löð. Og nú er það að gerast að Bandaríkjamenn eru auðvitað að flytja áherslur sínar til. Þeir áforma að fækka hermönnum í Þýskalandi um 60 þúsund. Þeir hafa þá alla vega nógu marga þar enn þá til þess að geta fækkað þeim svo mikið. Og Ísland kemur auðvitað inn í þessa mynd. Það var hér til umræðu áðan. Það er hluti af þessari gjörbreyttu heimsmynd þar sem Bandaríkjamenn sjá enga þörf og engan tilgang með miklum hernaðarútgjöldum og viðveru hér norður á og vestur á Íslandi, langt, langt frá þeim svæðum sem þeir hafa skilgreint sem vettvang sinn á næstu árum og áratugum.

Hvar er það? Það er í Suðaustur-Evrópu. Það er í Kákasus. Það er í Miðausturlöndum. Það er þar sem olían er. Þangað eru Bandaríkjamenn að flytja herstyrk sinn. Þar er þeirra áhersla. Ég held að hæstv. utanrrh. verði að átta sig á því að þetta eru hinar stóru ástæður þess að Bandaríkjamenn nenntu ekki að standa í því að reka herstöð í Keflavík fyrir fjármuni sem þeir telja miklu meiri þörf fyrir annars staðar af heimspólitískum eða hagsmunaástæðum sínum.

Af því að ég nefni Suðurnesin þá var hæstv. ráðherra að hreyta ónotum hér í menn í lokasvari sínu í utandagskrárumræðu áðan um þetta mál sem varðaði atvinnuástandið á Suðurnesjum vegna samdráttar í bandaríska heraflanum þar. Mér skilst að hæstv. ráðherra hafi sagt að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar töluðum af alvöruleysi eða kæruleysi eða ábyrgðarleysi um atvinnuleysi fólks. Ég mótmæli þeim orðum. Ég ætla ekki að svara fyrir Samfylkinguna. Hún verður að baksa við það sjálf. En ég mótmæli því fyrir mína hönd. Ég tók einmitt skýrt fram í mínu stutta máli hér — ég talaði í tvær mínútur — að ég væri að koma af fundi á Suðurnesjum þar sem menn hefðu miklar áhyggjur af ástandinu og ég deildi þeim áhyggjum með mönnum. Af hvaða ástæðum sem menn eru að missa atvinnuna þá eru menn að missa atvinnuna og það er jafntilfinnanlegt fyrir þann sem í hlut á. Ég ætla því að biðja hæstv. utanrrh. að vera ekki með lummur af þessu tagi í minn garð. Menn geta haft sínar hugsjónir og verið á móti hernaðarbrölti en haft samúð með atvinnulausu fólki eftir sem áður þannig að það sé bara algerlega á hreinu, herra forseti.

Þegar við lítum til þeirrar heimsmyndar sem hér hefur verið að skapast, þessa nýja landakorts þar sem átakalínur eða átakafletir liggja þúsundum kílómetra í burtu frá því sem var fyrir tíu til fimmtán árum þá verðum við að viðurkenna að við erum að tala um allt, allt aðrar aðstæður, gjörbreyttar. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn og láta eins og ekkert sé. Það er hin eiginlega íhaldssemi dagsins í dag. Það er alveg stórkostleg íhaldssemi, svo ekki sé nú sagt afturhaldssemi, að láta eins og það sé bara hægt að ríghalda í óbreytt ástand þegar þessar miklu breytingar hafa skekið heimsmyndina. Hvort sem við erum nú sátt við það allt eða ekki þá er alveg ljóst að Bandaríkjamenn verða ekkert stöðvaðir, alla vega ekki af Íslendingum og ekki með einu og einu sendibréfi til Washington hvað varðar þeirra vinnu við að endurskipuleggja alla sína framgöngu og áherslur í

þessum efnum.

Ég held að eitt af því allra brýnasta, herra forseti, ef menn ætla að ná tökum á friðarmálum í heiminum sé auðvitað að segja vígbúnaðarhyggjunni, segja hergagnaiðnaðinum og hagsmunum hans stríð á hendur ef svo má að orði komast. Það er hægara sagt en gert því að þar eru gríðarlegir hagsmunir á ferð. Það er alveg ljóst að stóru hergagnafyrirtækin eru að mörgu leyti mótorinn, eru gufuvélin sem dregur bandaríska hagkerfið áfram, sem er sumpart miklu ríkisstýrðara og ríkisstyrktara heldur en nokkurt grunar. Framlög bandarískra ríkisins, fyrst og fremst í gegnum varnarmálaráðuneytið, til fyrirtækisins Lockheed Martin ein og sér eru — nei, það er nú líklega ef við tökum þrjú stærstu hergagnafyrirtækin í Bandaríkjunum, Lockheed Martin, Boeing og Raytheon þá fá þau 30 milljarða dollara á ári í pantanir og rannsóknarstyrki frá bandarískum stjórnvöldum. 30 milljarðar dollara var þessi upphæð í fyrra. Það er meira en bandaríska alríkisstjórnin ver í félagslega aðstoð. Það er hærri fjárhæð en nemur öllum útgjöldum bandarísku alríkisstjórnarinnar til félagslegrar aðstoðar í Bandaríkjunum, þar sem eru þó tugir milljóna manna meira og minna án heilsugæslu og húsnæðis, þar sem líklega um 20–30 milljónir manna lifa undir fátæktarmörkum.

Á þessu verður auðvitað að taka og þessu verður að koma í einhver bönd. Það er eins og hver annar barnaskapur að hjala hér um þetta eins og í ensku teboði væri, að þetta sé bara allt saman einhver vina- og lýðræðisklúbbur. Þarna ráða ískaldir hagsmunir ferðinni.

Menn hafa bundið vonir við það að með því að ná hreyfingu á alþjóðasamning um vopnaviðskipti væri a.m.k. hægt að hemja þessa ófreskju eitthvað, því að Bandaríkjamenn eru þarna náttúrlega langstórtækastir með líklega upp undir 40% markaðshlutdeild í vopnaviðskiptum heimsins. Næstir á eftir þeim, Rússar, Frakkar og aðrir slíkir, eru kannski með innan við 10% hver. Kínverjar hafa dregið mjög úr sínum útflutningi á vopnum á síðustu árum. Stærsti kaupandinn er Tævan að vísu. Spurning er hvort það eigi að teljast til Kína.

Tækist að koma á samningi sem takmarkaði eða bannaði vopnasölu til átakasvæða, til svæða sem væru skilgreind sem líkleg eða möguleg svæði þar sem óstöðugleiki eða hættur gætu stafað af þá væri það skref í rétta átt. Slíkur samningur mundi væntanlega líka geyma kvöð um upplýsingar um vopnaviðskipti þannig að það yrði eitthvað hægt að komast að þeim eins og þau eru í dag. Þau eru miklum leyndarhjúpi hulin, eins og menn vita, ekki bara ólögleg vopnasala og beinlínis smygl á vopnum heldur líka þau sem eiga að heita lögleg og eru á milli stjórnvalda, eru á milli ríkisstjórna. Það dúkkuðu hérna upp nokkrar vélbyssur í Keflavík um daginn. Þær voru á leiðinni yfir hafið með tékkneskri flugvél, var það ekki? Það var eitthvað lítið skráð í farmskýrslur um það, var það ekki? Þær fundust bara af því að verið var að leita að sprengju. Nú hafa þetta sjálfsagt átt að heita „lögleg" vopnaviðskipti. En svona er þetta nú. Hvernig halda menn þá að sé farið með hin dýrari vopnin og háþróaðri eða þegar málin eru viðkvæmari en þetta?

Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu að vísu sem ekki hefur umtalsverðan hergagnaiðnað eins og kunnugt er, hafa sett sér nokkuð strangar reglur um þetta og selja ekki vopn til átakasvæða. En vandamálið þar er kannski að vopnin hafa tilhneigingu til þess að fara um umskipunarhöfn, þau skreppa kannski til Bandaríkjanna og halda síðan þaðan áfram til Ísraels. Svíar, Norðmenn og Danir a.m.k. heimila ekki vopnasölu til Ísraels en sitja uppi með það engu að síður að hlutar í stærri, samsettum vopnum, sem notuð eru hjá ísraelska hernum þegar þeir eru að berja á Palestínumönnum eru ættuð af þessum slóðum og hafa þá gjarnan haft millilendingu í Bandaríkjunum. Menn hafa sem sagt bundið vonir við það, herra forseti, að með því að ná fram stórum, alþjóðlegum samningi, sem margir vilja að verði næsti stóri samningurinn af þessum toga á eftir jarðsprengjusamningnum, takist að koma einhverjum böndum á þessa ófreskju hergagnaiðnaðarins, sem drífur þetta meira og minna áfram, ekki lýðræðisást, ekki væntumþykja við Rúmena, þó að hún kunni að vera mikil og ósvikin.

Það væri nær, herra forseti, að heimsbyggðin væri að fjalla um þá hluti núna heldur en þetta sem hér er á dagskrá, því miður. Það er ekki jákvætt innlegg í þá endurskipulagningu öryggismála í heiminum sem þarf að eiga sér stað, bæði svæðisbundin og á hnattræna vísu, þar á meðal endurskipulagningu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem er vissulega mjög brýn. En stækkun NATO með þessum aðferðum er ekki jákvætt innlegg í það mál, þvert á móti. Endurskipulagningu öryggisráðsins þyrfti einmitt að tengjast því að hernaðarbandalög yrðu lögð niður. Það gerist auðvitað ekki í einu vetfangi. Það þyrfti að tengjast því að öryggisráðið fengi sínar eigin sveitir. Öryggisráðið mun aldrei ná þeirri þyngd sem framkvæmdastofnun öryggisgæslu í heiminum, sem það þarf, fyrr en það fær sínar eigin fjölþjóðlegu sveitir, hefur fjárhagslegt sjálfstæði og eigin sveitir til að senda til gæslu, helst áður en átök hafa brotist út á svæðum þar sem staðan er viðkvæm. Þær sveitir þurfa að sjálfsögðu að vera fjölþjóðlegar, fjölmenningarlegar, þannig að inn á þessi svæði fari fulltrúar allra menningarheima, -hópa og kynþátta. Eitt af vandamálunum í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu er auðvitað hin mikla spenna milli hinna ólíku trúarhópa og þjóðernisbrota eða þjóða sem þar eru. Sá vandi hefur brunnið á mönnum þegar þangað hafa verið sendar sveitir að það gætir ætíð tilhneigingar til að líta fyrst á það hvaðan þær koma. Eru þær vestur-evrópskar eða eru þær slavneskar? Eru þær kristnar eða eru þær múhameðstrúar? Eru þær með okkur eða á móti okkur? Þessari upplifun er helst hægt að útrýma með því að sveitirnar séu fjölþjóðlegar, fjölmenningarlegar, fjöltrúarbragðalegar, af öllum kynþáttum. Það verður að sjálfsögðu ekki gert nema menn komi slíkum sveitum á fót í nafni alþjóðastofnana eða svæðisstofnana eins og ÖSE og öryggisráðsins.

Slíkar breytingar í heiminum ásamt alþjóðasamningi um vopnaviðskipti og þeirri reglu sem mjög margir tengja við slíkar hugmyndir, að að einhverjum aðlögunartíma liðnum verði alheimsreglan sú að ríki hafi ekki heimild til að halda her á yfirráðasvæði annarra þjóða, erlendar herstöðvar verði bannaðar. Þetta er kannski mjög útópískt í eyrum manna en það er nú bara þannig að þessa hugsun hugsa þúsundir manna um allan heim, stofnanir sem eru að reyna að kortleggja stöðuna og spá í spilin varðandi framtíðina í öryggismálum. Menn láta það sem betur fer eftir sér að leggja plön og velta vöngum yfir mögulegum lausnum sem losa menn út úr því öngstræti sem málin eru í í dag með öllum sínum styrjaldarbálum. Þá sjá menn gjarnan fyrir sér að þetta muni gerast svona.

Það kæmi auðvitað fyrst og fremst við eina þjóð, Bandaríkin. Bandaríkjamenn eru núna með herstöðvar í 130 löndum og þeim fjölgar ört þessi missirin. Þær eru að bætast við í Kákasuslýðveldunum, í Suðaustur-Evrópu og í Miðaustur-

löndum víða. Hvað ætli verði margar skildar eftir í Írak, þegar eða ef Bandaríkjamenn fara þaðan einhvern tíma? Ég hef nú ekki hatt til að lofa að éta en mikið skyldi ég gera það með glöðu geði ef svo ólíklega vildi til að Bandaríkjamenn færu með allt sitt hafurtask og herinn þar með frá Írak í fyrirsjáanlegri framtíð. Ég hef ekki mikla trú á því. Ætli það verði ekki tekið frá land undir allnokkrar herstöðvar þó ekki væri nema til að passa upp á hagsmuni olíufyrirtækjanna frá Texas? Því hef ég trú á.

Herra forseti. Mér fannst ástæða til að fara hér í svolitlar almennar umræður um stöðu þessara mála eins og þær koma mér fyrir sjónir, m.a. og sérstaklega í tengslum við það að niðurstaða okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er sú að við styðjum ekki stækkun NATO. Við erum eindregið þeirrar skoðunar að það sé ekki heillaspor að framlengja lífdaga þessa hernaðarbandalags, það sé feilnóta í þeim sinfóníum sem þyrfti að slá í heiminum ef vonir eiga að vera um að einhvern tíma í fyrirsjáanlegri framtíð blási til betri tíðar í sambandi við frið, stöðugleika og öryggi í heiminum. Það gerir það ekki í dag, því miður. Við erum því miður að miklu meira leyti að fara í öfuga átt í þeim efnum þó að við getum að vísu glaðst yfir því að hér í okkar nánasta heimshluta hafi hlutirnir breyst til bóta. En það þýðir ekki að sú skipan sem er að komast á í heimsmálunum sem slíkum sé gæfuleg. Hún er það ekki. Heiftin og andúðin og hatrið á Bandaríkjamönnum er að verða að sjálfstæðu áhyggjuefni um allan heim. „Vinsældir Bandaríkjamanna" hafa hrunið í tengslum við framgöngu þeirra sl. missiri. Það hefur kannski ekki verið gerð á því könnun hér á Íslandi en nánast í flestöllum Evrópulöndum og Vestur-Evrópulöndum hefur þetta verið mælt og meiri hluti hugsandi fólks á meginlandi Evrópu er þeirrar skoðunar að Bandaríkjamenn séu mesta ógnin við heimsfriðinn, meiri hluti Þjóðverja, meiri hluti Frakka. Þetta hefur gjörbreyst á nokkrum missirum í ljósi þess yfirgangs sem unipolar-heimsmyndin með yfirgangi Bandaríkjamanna hefur skapað.

Auðvitað grátum við ekki ógnarjafnvægi kaldastríðstímans. Það var skelfilegt. En við neyðumst til að velta því fyrir okkur hvort jafnvel það hafi verið skárra en sú heimsmynd sem við blasir í dag, að eitt yfirgangssinnað heimsveldi ráði lögum og lofum og geri það sem því sýnist, ýti alþjóðastofnunum og þjóðaréttinum til hliðar þegar þeim hentar og fari um heiminn með báli og brandi, skeki vopnin framan í þjóðir og setji þeim skilmála, annars verði ráðist á þá. Menn vita orðið af reynslunni að þá þýðir ekkert að bera fyrir sig alþjóðalög, það þýðir ekkert að bera það fyrir sig að slíkt sé óheimilt nema með samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það er ekkert gefið fyrir það. Þetta er ekki gæfulegt, langt því frá, og allra síst fyrir smáþjóðir sem aldrei munu hafa hernaðarlegt bolmagn til þess að fá rönd við reist og eiga auðvitað ekkert að reyna það.

Það eru ekki síst smærri þjóðirnar sem eiga að vinna ötullega að því að brjóta upp þessa skipan og koma á lýðræðislega uppbyggðri öryggisgæslu, svæðisbundinni og hnattrænni. Það er eina framtíðarlausnin, að byggja á grundvallarreglum réttarríkisins og lýðræðislegum ákvörðunum. Það er eina skipan mála sem við getum nokkurn tíma sætt okkur við. Ef við beygjum okkur undir hnefaréttinn og vöðvaaflið erum við að kalla yfir okkur frumskóg, frumskógarlögmál í öryggislegu tilliti í heiminum. Það getum við ekki og það megum við ekki.

NATO með sinni kaldastríðsarfleifð og áskilnaði um að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði í átökum er auðvitað hluti af því, herra forseti, og upp á slíkt mun ég aldrei skrifa.

[12:10]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var afar löng ræða hjá hv. þm. en ég tel nauðsynlegt að bregðast sérstaklega við tveimur atriðum sem fjallað er um í nál. og hv. þm. fjallaði líka um í sinni ræðu.

Í fyrsta lagi segir hér í nál., með leyfi virðulegs forseta:

„Einn meginágalli stækkunar NATO er þær kröfur sem gerðar eru af hálfu yfirstjórnar hernaðarbandalagsins um að ný aðildarríki verji miklum fjárhæðum til fjárfestinga í margs konar búnaði og til að endurnýja herafla sinn."

Hér er einmitt snúið út úr því minnisblaði utanrrn. sem hv. þm. óskaði sjálfur eftir og þeim upplýsingum sem þar koma fram. Að sjálfsögðu þurfa þjóðir að leggja sitt til hermála eins og aðrir, en það hafa þær líka gert fyrir aðild, hv. þm., og ríkjum hefur verið veittur aðlögunartími í allnokkur ár og NATO hefur ekki sjálft sett lágmarkskröfur um framlög. Það hafa ríkin að mestu leyti gert sjálf, samanber þær upplýsingar sem fram komu í framsögu minni hér áðan.

Í öðru lagi vil ég víkja sérstaklega að því sem segir í nál.:

„Fyrir liggur að hernaðarbandalagið NATO byggir tilvist sína og aðferðafræði á því að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði."

Þetta er auðvitað fráleit staðhæfing. NATO hefur einmitt dregið úr viðbúnaði eftir lok kalda stríðsins og hefur aukið mjög samstarf og samvinnu við margar þjóðir, þar á meðal Rússa. Hins vegar hefur ný ógn komið fram, hryðjuverkin sérstaklega sem varnarbandalagið NATO þarf að bregðast við. Sem varnarbandalag, hv. þm., þarf NATO að hafa varnir sem geta svarað þeirri ógn sem að getur steðjað.

[12:12]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nefndarálit mitt er engin viðbrögð við minnisblaði frá utanrrn. um þessa skilmála. Ég einfaldlega rökstuddi það í ræðu minni hvernig veruleikinn er og vitnaði þar til opinberra heimilda, m.a. bandarískra blaða. Ef ég á að segja alveg eins og er þá held ég að það blasi við þeim sem vilja kynna sér þessi mál og leggja í það vinnu að veruleikinn er annar en segir í þessu kurteislega, yfirborðskennda minnisblaði, sem er auðvitað, eins og ég tók fram, hin opinbera fjölmiðlaútgáfa af þessu. Ég var ekkert að vefengja það sem slíkt.

Það sem ég var að fara fram með og það sem nál. mitt vísar til er ósköp einfaldlega veruleikinn eins og hann hefur birst okkur í umfjöllun bæði vestan hafs og austan, í umræðum í pólskum og tékkneskum stjórnmálum og í bandarískum fjölmiðlum. Þar er það ekki meðhöndlað sem neitt leyndarmál að bandarískt hergagnaiðnaðurinn væntir gríðarlegra viðskipta á grundvelli stækkunar NATO í nýju aðildarríkjunum.

Varðandi NATO og kjarnorkuvopn þá væru það mikil gleðitíðindi ef hægt væri að færa mér skjalfestar sannanir fyrir því að NATO hafi fallið frá sinni klassísku kjarnorkuvopnastefnu sem er sú að áskilja sér rétt til að beita vopnunum, hóta beitingu vopnanna og játa hvorki né neita tilvist þeirra. Er það ekki svo, herra forseti, og ætli hv. formaður utanrmn. viti það ekki, að þessi stefna er enn við lýði? Því er hvorki játað né neitað hvort kjarnorkuvopn eru

um borð í skipum eða flugvélum sem hafa getu til að bera slík vopn. Það er hluti af pólitíkinni.

Það var um þetta sem Alþjóðadómstóllinn í Haag fjallaði og dæmdi að tilvist kjarnorkuvopna sem slík og hótun um beitingu þeirra samanber stefnu NATO væri brot á þjóðarrétti, glæpur gegn mannkyni í raun og veru.

[12:14]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að snúa út úr staðreyndum mála í sinni ræðu. Hann sneri líka út úr þeim upplýsingum sem koma fram í blaði frá utanrrn. og hann óskaði sjálfur eftir.

Ég spyr á móti: Hver er stefna Vinstri grænna í öryggis- og varnarmálum? Ég lýsi eftir slíkri stefnu. Má skilja hv. þm. sem svo að engin þörf sé fyrir varnir í heiminum í dag? Telja Vinstri grænir að hvergi yrðu stríð eða átök í heiminum ef engar varnir væru fyrir hendi? Hafa þeir ekki áttað sig á þeim breytingum sem hafa orðið á heimsmálum?

Að lokum: Átta þeir sig á því að stefna Vinstri grænna í varnar- og öryggismálum er algjörlega óraunhæf og skilur sig alveg frá straumum í stjórnmálum í Evrópu? Svör óskast.

[12:15]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að ég hafi beðið um upplýsingar úr utanrrn. um þessi mál er ekki þar með sagt að ég sé sammála því sem kemur fram í bréfi upp á eina blaðsíðu. Ég var reyndar frekar að óska eftir grunngögnum, tölulegum gögnum, hefði gjarnan viljað sjá þau. Þau eru kannski ekki til í utanrrn. og ég get þá hjálpað upp á í þeim efnum. Ég á talsverðar upplýsingar í mínum fórum um þetta, m.a. útgjöld Pólverja og fleira í þessum dúr og mikið af efni um umræður um þessi mál vestan hafs.

Ég er sá í þessari umræðu sem hef farið í ítarlegar umræður um stöðu mála og breytingarnar í heiminum þannig að það er hálfhlálegt að heyra síðan formann utanrmn. koma hingað og spyrja hvort ég hafi ekki áttað mig á breytingunum. Hver talaði um þær hér? Það var ég. Ekki formaður utanrmn. í sinni stuttu framsögu sem var satt best að segja ekkert óskaplega ítarleg eða upplýsandi að þessu leyti.

Ég gerði þessar stórfelldu breytingar og hina nýju heimsmynd einmitt hér að umtalsefni og ég lýsti því hvernig við sæjum fyrir okkur að skipan öryggismála í heiminum ætti eða þyrfti að þróast. Ég gerði það hérna í ítarlegu máli þannig að ég tel að ég sé búinn að svara spurningum hv. þingmanns.

Varðandi það hvort engar varnir þurfi verður að sjálfsögðu heiminum ekki breytt í einu vetfangi frá því sem hann er í dag. En það skiptir miklu máli að menn hafi framtíðarsýn og markmið í þessum efnum og ég var að reyna að stafa það hér niður hvernig við teldum það gerlegt, með því að breyta hlutverki öryggisgæslustofnana eins og ÖSE og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, að þessar stofnanir fengju sínar eigin sveitir, að hernaðarbandalögin yrðu leyst upp, að reglan um að engar þjóðir héldu her á erlendri grund kæmist á og að alþjóðasamningur kæmist á um vopnaviðskipti. Þannig tryggðum við það að heimurinn yrði betri.

Hér eru hinir, talsmenn stálsins, sem virðast trúa því að sú aðferð við að gæta öryggis í heiminum sem hefur verið reynd um mörg hundruð ára og alda skeið, að vígvæðast, sé gæfulegust. (Gripið fram í.)

En hver er niðurstaðan? Hvað eru stríðin mörg? Eru ekki búnar að vera tvær blóðugar styrjaldir núna á jafnmörgum árum? Er það glæsilegur árangur fyrir þetta kerfi sem hv. þm. ...? (Gripið fram í.) Nei, það er rangt.

[12:18]

Útbýting þingskjala:

Fullgilding skírteina flugmanna, 293. mál, svar samgrh., þskj. 467.

Neyðarlínan, 372. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 496.

Stjórnstöðin í Skógarhlíð, 370. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 494.

[12:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Samf. styður þá till. til þál. sem hér er til síðari umræðu.

Ég rifja það upp að ekki alls fyrir löngu leitaði ég svara hjá hæstv. forsrh., sem gegndi þá störfum utanrrh. í fjarveru hæstv. utanrrh., og innti eftir því hvort von væri á þeirri till. til þál. sem hér er til lokaafgreiðslu. Ég lýsti þá þeim vilja mínum að það væri mikilvægt að Alþingi Íslendinga léti ekki dragast að staðfesta þá sjö viðbótarsamninga til stækkunar á NATO sem hér um ræðir, þ.e. að tryggja aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu. Það er fagnaðarefni að við skulum hér vera að ganga frá þeim málum. Fjölmörg NATO-ríki, og velflest raunar, hafa nú þegar gert það, önnur eru í lokaferli í þeim efnum.

Það er ósköp einfalt mál að minni hyggju sem hér er á ferðinni. Við jafnaðarmenn einfaldlega virðum sjálfsforræði þjóða og virðum þann vilja sem er algerlega skýr af hálfu þeirra ríkja sem hér um ræðir og raunar miklu fleiri sem hafa í vaxandi mæli óskað eftir að komast undir þessa regnhlíf sem Atlantshafsbandalagið er. Því finnst mér satt að segja dálítið undarlegt þegar talsmaður Vinstri grænna kemur hér og gerir að minni hyggju lítið úr því að vinaþjóðir okkar, til að mynda í Eystrasaltslöndunum, hafa um það tekið ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu að sækjast eftir aðild að NATO. Mér finnst skjóta skökku við að þá skuli forsvarsmenn Vinstri grænna hér heima á Íslandi leggjast eindregið gegn þessum þjóðarvilja þar eystra. Við vitum auðvitað öll hvað að baki lá, m.a. af hálfu þessara þjóða í Eystrasaltslöndunum, það var auðvitað að losa sig undan ægivaldi Rússanna. Ég hefði viljað trúa því að þessi flokkur væri áfram um það að ríki heimsins, ríki Evrópu, fengju einhverju um það ráðið sjálf hvar þau hefðu sína vist. Mér kemur það afskaplega á óvart að hann tali fyrir því hér uppi á Íslandi að leggjast gegn því að þessar nýfrjálsu þjóðir fái tækifæri og ráðrúm til þess að ráða örlögum sínum sjálfar. En það er auðvitað önnur saga.

Við jafnaðarmenn viljum virða þennan rétt. Það er augljóst mál að við lifum nú í breyttum heimi. Kalda stríðið er að baki og þjóðir Stór-Evrópu hafa áttað sig á mikilvægi þess að þær eigi heima allar undir hinni sömu regnhlíf þegar kemur að öryggis- og varnarmálum. Það er ekki eingöngu um að ræða þessar sjö þjóðir sem við erum nú að staðfesta að verði aðilar að Atlantshafsbandalaginu, þær eru auðvitað miklu fleiri. Menn þekkja það að Makedónía, Króatía, Albanía og jafnvel Serbía hafa lýst yfir áhuga á viðræðum um möguleika á aðild. Georgía, sem hefur verið mikið í fréttum, hefur einnig ámálgað það.

Ég lýsti því í umræðu um utanríkismál á dögunum og fór aðeins yfir það hvernig þróun mála hefði verið á vettvangi þingmannasambands NATO-ríkja þar sem 46 þjóðir sitja nú fundinn. Þar er um að ræða NATO-þjóðirnar, hinar nýju NATO-þjóðir, og síðan óbeina aðila að þessum samtökum og áheyrnarfulltrúa. Það eru 46 þjóðir Evrópu og heimsins sem sitja þessa fundi þannig að það er augljóst mál að það er vilji þessara þjóða að taka þátt í þessu samstarfi, þessum viðræðum, á jafnréttisgrundvelli og mér þykir skjóta skökku við ef hjáróma röddum héðan af Íslandi finnst eitthvað athugavert við þær.

Á þessum vettvangi þingmannasambandsins er að finna þjóðir á borð við Moldavíu, Aserbaídsjan og Armeníu. Þetta er m.a. vettvangur þar sem þessar stríðandi þjóðir Asera og Armeníumanna koma saman og eiga orðastað hver við aðra, að ógleymdu auðvitað Rússlandi og Úkraínu. Mér þykir þessi þróun öll á hinn rétta veg og vil styðja við hana. Ég fagna því alveg sérstaklega ef margar þessara nýfrjálsu þjóða, sem bjuggu á árum áður við ok kommúnismans, vilja losa þau vistarbönd og taka með lýðræðislegum hætti ákvörðun um að skipa sér í raðir vestrænna ríkja, og þá undir regnhlíf NATO-ríkja.

Ég hef svo sem ekki margt um þetta mál að segja, virðulegi forseti. Við ræddum allítarlega í utanríkisumræðu um daginn um stöðu og hlutverk NATO. Um það má margt segja. Ýmsum spurningum er þar ósvarað, því er ekkert að leyna. NATO hefur verið í örri þróun og þar hafa orðið miklar breytingar sem eru ekki endanlega til lykta leiddar. Ég velti upp ýmsum spurningum í því sambandi, til að mynda sambandi Evrópuríkja innan NATO og ríkja Vesturheims, Bandaríkjanna og Kanada, hvernig þau mál mundu öll þróast. Það er ýmislegt óljóst í þeim efnum og aðkoma og innkoma Evópuhraðliðsins er auðvitað stórt spurningarmerki í því hvernig verkaskiptingu muni verða háttað í þeim efnum. Það eru eins og ég segi margar spurningar uppi en kannski fáum enn þá svarað. Það skiptir miklu hver þróun þeirra mála verður fyrir okkur Íslendinga sem erum mitt í miðju, milli Vesturheims og Evrópuríkja, og hvernig við lendum í þeirri þróun mála er ófyrirséð enn þá og við þurfum að fylgjast þar mjög grannt með.

Í því samhengi og í beinu framhaldi hafa menn rætt það fram og til baka hvar og hvenær NATO eigi að bregðast við ófriði og erfiðleikum utan svæðis og í hvaða tilfellum það eigi að vera Evrópuliðið, Evrópusambandið, í hvaða tilfellum eru það Sameinuðu þjóðirnar, í hvaða tilfellum er það undir merkjum NATO? Þetta er allt enn þá í ákveðnu þróunarferli og við verðum að fylgjast grannt með, eins og ég sagði, hvernig þau mál ganga fram.

Allt að einu er þessi tillaga afskaplega skýr. Við einfaldlega styðjum það að efla NATO í glænýju hlutverki. Í glænýju hlutverki, segi ég, því að ég rifjaði það upp líka hér við umræðu um utanríkismál að NATO hefur í vaxandi mæli, ekki síst á vettvangi þingmannasambandsins, gaumgæft ýmsa aðra þætti en hin hefðbundnu varnar- og öryggismál, og líka skoðað mannréttindamál og þróun þeirra, svo sem eins og stöðu mannréttinda og lýðræðis innan NATO-ríkja og innan svæðis, og utan raunar, og gert það í góðu samstarfi við viðkomandi ríki. Ég nefndi hér til sögunnar ríki Balkanskaga, en sendinefndir frá þingmannasamtökum NATO hafa verið á ferðinni þar eystra oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og rætt við hlutaðeigandi yfirvöld um stöðu lýðréttinda og mannréttinda, reynt að stemma stigu við mansali, við óheftu streymi fólks þar austur frá vestur um, við ýmsu því sem þessi ríki sem eru núna loksins að losna undan oki kommúnismans hafa átt við að stríða. Þetta nýja hlutverk NATO kallar á ýmsar breytingar, bæði á hugarfari og vinnubrögðum, og það er vel. Ég held að okkur miði hægt og bítandi í rétta átt í þeim efnum.

En þetta mál styðjum við, herra forseti. Við jafnaðarmenn viljum virða sjálfsákvörðunarrétt ríkja heimsins, sjálfsákvörðunarrétt þeirra ríkja sem hér eru að ganga til liðs við Atlantshafsbandalagið.

[12:28]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú glatt hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson með því að afstaða mín til þess að framlengja lífdaga hernaðarbandalagsins NATO eða stækka það er sú sama hvar sem ég er staddur. Hún er sú sama í þessum ræðustóli og hún er í ræðustólum stórþinganna í Eystrasaltsríkjunum. Þar hef ég verið, a.m.k. á tveimur þeirra, á ráðstefnum, m.a. um utanríkis- og öryggismál, lýst skoðunum mínum og því að ég teldi það ekki skynsamlega aðgerð í heild sinni að setja NATO á vetur og stækka það. Þær féllu ekkert í sérstaklega góðan jarðveg, ég viðurkenni það. Ég var talsmaður mikilla minnihlutasjónarmiða í þeim efnum. En mér fannst það heiðarlegra og finnst meiri reisn yfir því að segja skoðun sína, ekki síst við þær aðstæður að þeir sem í hlut eiga hafi þá færi á því að heyra það. Hv. þm. skal a.m.k. ekki reyna að láta að því liggja hér að ég sé með einhverjar sérskoðanir í þessum efnum uppi á Íslandi sem ég þori ekki að kannast við annars staðar, þar á meðal gagnvart þeim sem hann nefndi, Eystrasaltsríkjunum.

Það má segja út af fyrir sig að það sé kannski af vissri tillitssemi við sjálfsákvörðunarrétt þessara ríkja sem ég hef þá afstöðu að sitja hjá við þetta mál en ekki greiða atkvæði gegn því. Ég tel þennan gjörning í heild sinni og þessa framtíðarþróun svo óskynsamlega að það væri nær minni efnislegu afstöðu að leggjast alfarið gegn því sem lið í því að reyna frekar að leggja þetta bandalag niður. Það að virða sjálfsákvörðunarrétt manna er ekki það sama og að skrifa upp á eitthvert fyrirkomulag af þessu tagi. Þarna verða menn að geta greint á milli.

Hv. þm. getur reynt að tala lítilsvirðandi um viðhorf mín og tala um hjáróma raddir og annað í þeim dúr. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kemur úr gamla Alþýðuflokknum, talar hér fyrir ómengaðri NATO- og herstöðvahyggju gamla Alþýðuflokksins og það er út af fyrir sig áhugavert fyrir þá sem trúðu að afstaða Samf. í utanríkismálum yrði einhver önnur. En hér talar einn fyrir hönd Samf., gamli NATO-kratinn hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson talar fyrir ómenguðum sjónarmiðum gamla Alþýðuflokksins í málinu og það er ákaflega upplýsandi.

[12:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sumt breytist auðvitað aldrei. Orðfæri hv. þm. verður ævinlega hið sama þegar kemur að umræðum um þessi mál, NATO-kratar og þetta og hitt. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja.

Það liggur hins vegar algjörlega klárt hér fyrir hvar skilur á milli mín og hv. þm. Ég vil einfaldlega virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Það var um þetta tekin ákvörðun með

lýðræðislegum hætti í þeim ríkjum sem hér um ræðir. Einkanlega hef ég nú staldrað við Eystrasaltsríkin sem við höfum í orði kveðnu og í verki raunar viljað styðja við bakið á. Þegar þær þjóðir taka um það ákvörðun að þær vilji skipa sér í raðir þessara ríkja þá virði ég það.

Ég hef fylgst með málflutningi hv. þm. hér um málefni ríkja á borð við Færeyjar þar sem mikil áhersla er lögð á að þeir fái að ráða sínum örlögum. Þá kveður við allt annan tón hér. Þá eigum við að hlusta og styðja það að þessi ríki fái að ráða för ein og sér. En af því að það hentar hv. þm. nú þá leggst hann eindregið gegn því að Eystrasaltsríkin — þessar þjóðir sem voru fyrrum undir oki sovétkommúnismans áratugum saman og liðu miklar þjáningar — þá vill hann ekki standa að því að losa um það helsi sem þær bjuggu við með því að gefa þeim ráðrúm til þess að ganga frelsinu á vit með því að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það er merkilegt.

[12:32]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru nú hundakúnstir í röksemdafærslu sem varla tekur því að taka þátt í, þ.e. að segja að maður sé á móti sjálfsákvörðunarrétti þjóða þó að maður telji þá skipan mála að hafa hernaðarbandalag og ætla að setja það á vetur inn í framtíðina og færa út áhrifasvæði þess, óskynsamlega sem slíka í öryggislegu tilliti og þar með geti maður ekki stutt það mál. Þetta held ég að allir skilji að liggur svona. Að blanda því síðan saman við sjálfstæðisviðleitni Færeyinga er auðvitað enn fjarstæðukenndara og nær ekki máli í venjulegri röksemdafærslu eða rökræðu. Ég leiði því það nú bara hjá mér.

Ég held að ég hafi skýrt viðhorf mín til þessa máls nokkuð vel og í hverju þau eru fólgin, hvers vegna ég tel þetta óskynsamlegt, þessa þróun mála í heiminum sem slíka. Ég hef fært fyrir því rök að hún sé drifin áfram af hergagnaiðnaðinum og annað í þeim dúr. Í því felst ekki að maður vilji að Eystrasaltsríkin eða aðrar þjóðir séu áfram hnepptar í einhverja fjötra. Það er fráleitur málflutningur. Hv. þm. getur ekki borið það upp á menn, hvorki mig né aðra, að þeir vilji að þessar þjóðir séu í einhverri ánauð. Ég fagnaði falli flokkseinræðiskerfa kommúnismans eins og hver annar og tel mig hafa leyfi til þess og ekki þurfa að biðja um leyfi hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni.

[12:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gæta allrar sanngirni í þessu sambandi og staðfesta það að ég hef hvergi heyrt hv. þm. Steingrím J. Sigfússon tala öðruvísi en svo að hann hafi fagnað falli kommúnismans. Það voru ekki mín orð.

En ég vil hins vegar rifja það upp að hér erum við að fjalla um afskaplega einfalda tillögu. Hún snýst um það hvort Ísland ætli að staðfesta vilja þeirra þjóða sem hér um ræðir, sjö talsins, í þá veruna að þeim verði veitt aðild að Atlantshafsbandalaginu. Spurningin er bara þessi. Og ég segi já. Ég vil virða vilja þessara þjóða, vilja sem er fundinn með lýðræðislegum hætti heimamanna, Hv. þm. vill það ekki. Þar skilur á milli.

[12:34]

Útbýting þingskjals:

Afdrif hælisleitenda, 376. mál, beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 502.

[12:35]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar till. til þál. um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu. Tillagan gengur út á það, eins og þar segir, að lagt er til að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn.

Ég ætla ekkert að fara í grafgötur með það að ég styð þessa þáltill. enda tel ég það skref sem hér er verið að stíga mjög þarft og virðingarvert og til framdráttar fyrir þróun friðar og öryggis í álfunni. Ekki síður tel ég að stækkun NATO og þetta skref sem hér er lagt til sé mikilvægur þáttur í eflingu lýðræðis í þeim löndum sem tillagan snýr að.

Öll þau ríki sem hér um ræðir hafa frá árinu 1999 tekið þátt í svonefndri aðgerðaráætlun bandalagsins til undirbúnings aðildar ásamt Albaníu og Makedóníu og á árinu 2002 bættist Króatía í hóp þessara umsóknarríkja. Aðgerðaráætlunin miðar að því að aðstoða umsóknarríkin við undirbúning aðildar.

Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að þessi sjö ríki hafa öll óskað eindregið eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu og hafa lagt áherslu á að það sé mikill þáttur í eflingu lýðræðisferlisins í þessum hluta Evrópu. Það er sómi að því af okkar hálfu að staðfesta viðbótarsamningana við Norður-Atlantshafssamninginn. En það væri aftur á móti enginn sómi að því að sitja þar hjá eða ætla sér ekki að staðfesta þessa samninga vegna þess að það er alveg kýrskýr vilji þeirra þjóða sem hér um ræðir að þau vilja ganga til liðs við þetta bandalag. Það væri enginn sómi að því fyrir okkur, hvorki á alþjóðavettvangi né gagnvart þessum ríkjum að ætla okkur að standa því í vegi að þau gætu orðið hluti af þessu bandalagi.

Ég gerði fyrir fram ráð fyrir að allir hér á hinu háa Alþingi gætu sameinast um að veita ríkisstjórninni heimild til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd þessa samninga. En þá er hér dreift nefndaráliti frá minni hluta utanrmn. sem samanstendur af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þar kveður nú aldeilis við annan tón. Þingmaðurinn er sömuleiðis búinn að gera grein fyrir áliti sínu í langri ræðu þar sem víða var komið við og reyndar víðar kannski heldur en tilefni var til vegna þess að hv. þm. fléttaði inn í ræðu sína umræðu um hina og þessa hauka og hið nýja ástarsamband Bandaríkjanna við Rúmeníu sem hann kallar svo. Nýfrjálshyggjuna bar á góma einnig í ræðunni. Þar var í sjálfu sér ágætt. Þingmaðurinn telur að henni tengist allt. Svo að ég skjóti því inn í þá hef ég reyndar aldrei fengið útskýringu á því frá hv. þm. hver munurinn á frjálshyggju og nýfrjálshyggju er. Það væri kannski ágætt að fá í eitt skipti fyrir öll útskýringu hjá honum á því hver munurinn á þessu er.

En það þarf í sjálfu sér kannski ekkert að koma á óvart að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætli ekki að leggja lóð sitt á vogarskálarnar og heimila ríkisstjórninni að staðfesta þessa samninga. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur alla tíð verið á móti Atlantshafsbandalaginu og viljað leggja það niður. Hann

hefur talað gegn því bandalagi allt frá upphafi, hygg ég, síns stjórnmálaferils. Ég er alla vega illa svikinn, herra forseti, ef hv. þm. hefur ekki undirstrikað þær skoðanir sínar með því að þramma prúðbúinn og jafnvel bísperrtur milli Keflavíkur og Reykjavíkur, ekki einu sinni eða tvisvar, heldur margoft. (Gripið fram í.) Tvisvar líklega. Það er ágætt að það er upplýst.

Í þessu ágæta áliti minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn getur því ekki fallist á að það sé jákvætt skref í þróun öryggismála í heiminum að framlengja lífdaga hernaðarbandalagsins NATO. Þvert á móti beri að vinna að því að leggja hernaðarbandalög niður ... Stækkun NATO sem slík er ekki jákvætt innlegg í þá þróun sem vænlegast væri að vinna að á sviði öryggisgæslumála í Evrópu sem og í heiminum öllum."

Það má vel vera að hv. þm. sé þessarar skoðunar. En það er nú samt sem áður þannig að þau ríki sem hér um ræðir eru hins vegar þeirrar skoðunar að aðild þeirra að Atlantshafsbandalaginu sé einmitt mjög mikilvægur þáttur í eflingu lýðræðisfrelsisins í þessum hluta Evrópu. Því hafa þessi ríki óskað eftir því að þessi tiltekni viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn verði staðfestur.

Ég get tekið heils hugar undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um að virða beri sjálfsákvörðunarrétt þessara þjóða hvað þetta mál varðar. En það er engin spurning um það að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er því ekki sammála. Hann víkur reyndar að því í nefndaráliti sínu að það beri að hafa í huga það sjónarmið að virða sjálfsákvörðunarrétt þessara þjóða. En ég lýsi furðu minni á því hvers vegna í ósköpunum hann stendur þá ekki við þessi stóru orð sem fram koma í nefndarálitinu og styður þennan eindregna vilja þessara þjóða til að ná fram því markmiði sínu að ganga til samstarfs við Atlantshafsbandalagið og þá að styðja þessa þáltill. Ég skil ekki hvernig hv. þm. getur og telur sig þess umkominn að koma hingað upp, leggja fram þetta nefndarálit sitt og ganga með því gegn vilja stjórnvalda í sjö lýðveldum til þess að stíga skrefið í átt að Atlantshafsbandalaginu.

[12:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í meira en hálfa öld hefur verið friður milli ríkja sem eru aðilar að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Bandalagið var stofnað sem varnarbandalag árið 1949 og reynslan sýnir að stofnun NATO hefur viðhaldið friði í Evrópu þó að vissulega sé ekki hægt að svara ef-spurningu um hvernig þróunin hefði orðið án þess.

Aðildarríkjum NATO hefur fjölgað frá stofnun, fyrst með Grikklandi og Tyrklandi og síðar Vestur-Þýskalandi 1954 og Spáni 1982. Eftir fall kommúnismans í Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi varð lýðræðisþróun í Austur-Evrópu ekki stöðvuð og þeim ríkjum var boðin aðild 1997 og urðu aðilar 1999.

Nú erum við að taka afstöðu til þessarar þáltill. um aðild sjö ríkja. Þar eru í hópi Eystrasaltsríkin Eistland, Lettland og Litháen og þar til viðbótar Búlgaría, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía. Við hljótum að samþykkja aðild þessara ríkja og fagna því að samstarf ríkja í NATO hefur aukist. Við vonum að sjálfsögðu að innkoma þessara sjö ríkja efli lýðræðis- og friðarþróun á norðurhveli jarðar.

Sú tillaga sem hér er til umræðu um aðild þessara ríkja er auðvitað tillaga sem er byggð á umsóknarferli sem sett var af stað varðandi þessi ríki. Við í Frjáls. munum styðja þessa aðildarumsókn og teljum eðlilegt og sjálfsagt að styðja við þá þróun sem þessi ríki óska eftir og teljum að Atlantshafsbandalagið hafi, ef eitthvað hefur, vissulega stuðlað að friði í Evrópu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 324. mál (sæfiefni). — Þskj. 375.

[12:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, um breytingu á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn. Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni sem kemur fram í fylgiskjali með henni.

Hvað varðar efnisatriði þá nægir að nefna það að hér er fjallað um kröfur varðandi markaðsleyfi fyrir svokölluð sæfiefni og samræmingu þeirra, að vernda skuli menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af notkun slíkra efna.

Fyrrnefndar reglugerðir fjalla um framkvæmd rannsókna á öllum virkum sæfiefnum sem voru á markaði fyrir gildistöku tilskipunarinnar og áhættumat á þeim.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 332. mál (öryggi vöru). — Þskj. 384.

[12:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003, um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um öryggi vöru. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni sem er prentuð sem fylgiskjal með henni.

Hvað varðar efnisatriði þessarar ákvörðunar þá er kveðið á um þær grundvallarkröfur sem gerðar eru til þess að á markaðinn séu einungis settar öruggar vörur. Lögð er rík áhersla á það að aðilar upplýsi neytendur um hvort hætta fylgi notkun á vöru. Jafnframt er aukin ábyrgð og skylda stjórnvalda til að sinna virkri markaðsgæslu og gert ráð fyrir auknu samstarfi á milli yfirvalda svo og opinberrar markaðsgæslu á EES-svæðinu.

Í iðn.- og viðskrn. er unnið að gerð lagafrv. um innleiðingu þessarar tilskipunar.

Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412.

[12:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, um heimild til að fullgilda samning um þátttöku Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér er mál sem hefur verið mikil umræða um í þjóðfélaginu og jafnframt hér á Alþingi, en viðræðurnar um stækkun EES reyndust hins vegar tímafrekari en í fyrstu var gert ráð fyrir. Helsta ástæða þess var að ágreiningur var milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins um viðskipti með sjávarafurðir og framlög til þróunarsjóðs EFTA. Íslensk stjórnvöld lögðu á það ríka áherslu að stækkun EES mundi ekki leiða til lakari viðskiptakjara með sjávarafurðir til nýju aðildarríkjanna.

Það komu hins vegar fram óraunhæfar kröfur framkvæmdastjórnar ESB um stórfellda hækkun á framlagi í þróunarsjóð EFTA sem urðu þess valdandi að viðræðurnar drógust á langinn. Það tók sinn tíma að koma fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar í skilning um að slíkir afarkostir gætu einfaldlega ekki verið grundvöllur til frekari viðræðna. Að lokum náðist samkomulag um að framlag EFTA-ríkjanna skyldi fimmfaldað á næstu fimm árum.

Sjálfur samningurinn var hins vegar ekki undirritaður fyrr en 11. þessa mánaðar. Fyrir þessari seinkun voru í meginatriðum tvær ástæður. Í fyrsta lagi var ekki gengið frá endanlegum samningsdrögum fyrr en í byrjun júlí vegna ágreinings milli Eystrasaltsríkjanna og Póllands annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar og þessi ágreiningur var okkur algjörlega óviðkomandi.

Síðan átti undirritun að eiga sér stað þann 14. október og raunar undirrituðu nýju aðildarríkin samninginn þá. En síðan varð atburðarás sem leiddi sem betur fer til þess að endanleg undirritun átti sér stað þann 11. nóv. í Vaduz og samdægurs undirritaði formennskuríkið Ítalía samninginn.

Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins mun þýða afnám hindrana í vegi viðskipta með vörur, þjónustu og fjármagn milli Íslands og nýju EES-ríkjanna. Jafnframt munu fyrirtæki á stækkuðu efnahagssvæði búa við sama lagaumhverfi og sömu samkeppnisskilyrði. Stækkunin mun því tvímælalaust greiða götu íslenskra fyrirtækja inn á markaði í nýju aðildarríkjunum. Ég er sannfærður um að þessi stækkun hefur jákvæð áhrif á íslenskt efnahags- og viðskiptalíf.

En stækkunin þýðir ekki aðeins að markaðir í nýju EES-ríkjunum muni opnast fyrir íslensk fyrirtæki og íslenskar vörur. Að sjálfsögðu munum við jafnframt opna okkar markaði gagnvart þessum ríkjum en við höfum haft góða reynslu af frjálsræði í viðskiptum og þátttöku okkar á Evrópska efnahagssvæðinu.

EES-samningurinn stendur á ákveðnum tímamótum. Hinn 1. janúar nk. verða tíu ár liðin frá því að samningurinn gekk í gildi. Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins er ein mesta áskorun sem við höfum staðið frammi fyrir í þessu samstarfi frá gildistöku samningsins. Eftir stækkunina verður Evrópska efnahagssvæðið sameiginlegt markaðssvæði 28 Evrópuríkja með 450 milljónir íbúa. Þessi stækkun býður að sjálfsögðu upp á fjölmörg sóknarfæri og sá samningur sem við náðum vegna stækkunarinnar mun tvímælalaust auðvelda okkur að nýta þessi sóknarfæri. Það á bæði við um viðskipti með sjávarafurðir og ekki síður um nýjan þróunarsjóð EFTA. En stækkunin kallar jafnframt á það að við sýnum árvekni við að gæta hagsmuna okkar í EES-samstarfinu. Við skulum hafa það hugfast að eftir stækkun EES munum við í vaxandi mæli deila kjörum með öllum þessum þjóðum og á komandi árum verður því að leggja meiri áherslu á að rækta tengslin við þessi nýju ríki, þau nýju ríki sem ganga nú í Evrópusambandið og munu koma inn á sameiginlegt markaðssvæði.

Herra forseti. Ég vil því leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

Umræðu frestað.

Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, síðari umr.

Stjtill., 294. mál. — Þskj. 339, nál. 469.

[12:54]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um fullgildingu samnings á sviði refsiréttar um spillingu og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanrrn. og Dís Sigurgeirsdóttur frá dóms- og kirkjumrn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999 og undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, og á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144/1998, með síðari breytingum. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á framangreindum lögum og var málið afgreitt frá allsherjarnefnd Alþingis 20. nóvember síðastliðinn.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmrn. og utanrrn. er talið að þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frv. dómsmrh. séu fullnægjandi til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningnum.

Jónína Bjartmarz og Rannveig Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, formaður, Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Bjarni Benediktsson, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson.

[12:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins tæknileg athugasemd. Ég hafði gert athugasemdir við það í nefndadeild að það er ekki rétt sem segir í nál. að Rannveig Guðmundsdóttir hafi verið fjarverandi. Hún sat ekki á þingi og situr ekki enn þá, hún hafði tekið inn varamann. Það var sá sem hér stendur sem var fjarverandi. Rétt skal vera rétt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412.

[12:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Örstutt. Ég fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram og samkomulag er í höfn milli EES-ríkjanna og Evrópusambandsins. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á gerðist það ekki þrautalaust og mörg ljón voru í veginum, sum hver fyrirséð, önnur ófyrirséð. Auðvitað koma þær hugsanir upp hvað framtíðin beri í skauti sér í þessum efnum, hver virkur líftími EES-samningsins getur í raun orðið í síbreytilegri Evrópu og síbreytilegu Evrópusambandi. Þessir þankar hafa auðvitað oft verið ræddir á hinu háa Alþingi og munu verða það áfram. En allt að einu vil ég eindregið fagna því að við höfum getað náð að framlengja líftíma EES-samningsins og gera hann virkan gagnvart nýjum ríkjum Evrópusambandsins og gagnvart nýju Evrópusambandi eins og hér um ræðir, og vil þakka atbeina hæstv. utanrrh. í þeim efnum.

Utanrmn., þar sem ég á sæti, mun síðan auðvitað fara ítarlega yfir einstök atriði þessa samnings og mun ég fara nánar yfir efnisatriði hans við 2. umr. málsins.

[12:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil hér við 1. umr. aðeins hafa örfá orð um frv. Því verður vísað til hv. utanrmn. þar sem ég sit og ég á kost á því að skoða málið þar og ræða ítarlegar við seinni umræður.

Ég vil segja það á þessu stigi að það var að sjálfsögðu mikilvægt að það leystist úr þeim deilumálum og vandamálum sem uppi voru varðandi stöðu Evrópska efnahagssvæðisins þegar ný aðildarríki bættust í hóp Evrópusambandsríkja, einfaldlega vegna þess að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er grundvöllur samskipta okkar við Evrópusambandið í dag með sínum kostum og göllum. Það er veruleikinn, þann veruleika horfumst við í augu við. Reyndar er nú svo komið að þeir sem ákafast töluðu fyrir þeim samningi á þeim tíma og lofuðu hann og prísuðu eru núna duglegastir við að útmála gallana og hafa tekið upp margar af röksemdum þeirra sem á sínum tíma lögðust gegn samningnum af þeim sökum að þeir töldu hann gallaðan og mögulega brot á stjórnarskránni og annað í þeim dúr. Íslendingar hefðu ekki þau áhrif á framgang mála sem æskilegt væri. Það má því segja að það hafi orðið dálítið söguleg hlutverkaskipti í þessum efnum en ég skal ekki fara nánar út í það á þessu stigi málsins. Samningurinn er eins og hann er, hann hefur sína kosti en hann hefur líka sína galla. Að því leyti hef ég ekki skipt um skoðun.

Hitt er annað að sú lausn málsins sem hér er talað fyrir varðandi stækkun Evrópusambandsins og þar með Evrópska efnahagssvæðisins er sannarlega nokkuð dýru verði keypt, það verður að horfast í augu við það að hún er dýru verði keypt, í raun og veru langt umfram þá viðskiptahagsmuni sem Ísland átti þarna að verja. Og þá fáum við enn að kenna á þeirri aðferðafræði Evrópusambandsins að nota samningsstöðu þegar hún kemur upp af hvaða tilefni sem er til þess að þjarma að mönnum og reyna að kreista út úr þeim peninga.

Ég vil segja um samskipti okkar við hin nýju aðildarríki að ég tel að það skipti miklu máli að við stöndum þar vel að málum og gætum okkar hagsmuna. Við hefðum vel mátt undirbúa stöðu okkar betur á mörkuðum, t.d. í Póllandi, áður en Evrópusambandið gekk þarna inn. Það hefði væntanlega líka auðveldað okkur lausn málsins nú. En Pólland er gríðarlega stór og mikilvægur markaður, eða samskiptaaðili skulum við kannski kalla það, að þessu leyti fyrir Ísland. Það eru mikil samskipti milli Íslands og Póllands, m.a. á vinnumarkaðsmálum, og ég tel að eitt af því sem þurfi að huga að í sambandi við meðferð þessara mála á komandi árum sé það hvernig samskipti Íslands og Póllands sérstaklega verða styrkt og byggð upp, mögulega með opnun sendiráðs í Póllandi einhvern tímann í fyllingu tímans. Pólland er jú langstærsta landið sem þarna bætist við Evrópusambandið, liggur að Eystrasaltinu og nálægt okkur. Það og svo Eystrasaltsríkin eru að mörgu leyti þeir samstarfsaðilar sem er eðlilegt að við horfum til í þessum efnum.

Það hefði auðvitað verið fróðlegt, herra forseti, að taka aðeins upp vinnumarkaðsmálin og þá staðreynd að þessi nýju aðildarríki verða aðilar að íslenska vinnumarkaðnum frá 1. maí á næsta ári. Ef niðurstaðan verður sú að Ísland velur sér ekki að taka sér einhvers konar aðlögun, sem ég hef skilið að standi ekki til, þá bætast þessir milljónatugir manna í reynd við íslenska vinnumarkaðinn með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu og það er hlutur sem væri full ástæða til að huga að, ekki síst vegna þess að frá þessum löndum, Eystrasaltsríkjunum sem horfa mjög til Norðurlandanna, og Póllandi þar sem þó nokkur þekking á Íslandi og þó nokkur tengsl eru til staðar, liggja fyrir, er ástæða til að ætla að augu manna beinist ekki síst að Íslandi hvað varðar möguleika á atvinnu, mikið betur launuðum störfum en eru í boði í þessum löndum.

Þetta læt ég nægja að sinni, herra forseti, um þetta mál þar sem mér er ljóst að áhugi er á að koma því til nefndar og tíminn orðinn naumur til umræðna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 186. mál (breytt kjördæmaskipan o.fl.). — Þskj. 188.

[13:02]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er einfalt í sniðum og er afleiðing af breytingu á kjördæmaskipan og nýjum kosningalögum sem tóku gildi við síðustu alþingiskosningar eða áhrifa þeirra fór fyrst að gæta skulum við segja eftir síðustu alþingiskosningar nú á vordögum.

Hér er gert ráð fyrir því að aðlaga að lögum þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað að hinni nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er gert ráð fyrir því samkvæmt frv. að sömu reglur gildi um þingfararkostnað, húsnæðis- og dvalarkostnað, alþingismanna sem búsettir eru á Suðurnesjum og gilda um aðra þingmenn Suðurk. Jafnframt er gerð orðalagsbreyting sem leiðir af skiptingu Reykjavíkur í tvö kjördæmi, Reykv. s. og Reykv. n. og sérstöku Suðvest. Ég hef ekki meira um þetta að segja, herra forseti, og legg til að málinu verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 2003, 87. mál, brtt. MS, þskj. 511; frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 512; brtt. 2. minni hluta fjárln., þskj. 514.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 281. mál, svar félmrh., þskj. 424.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 511 og 514. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2003, 3. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 379, frhnál. 486 og 512, brtt. 365, 487, 488, 489, 490, 511 og 514.

[13:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003 kemur nú til 3. umr. á Alþingi eftir lokaafgreiðslu málsins í fjárln.

Fyrir lokaafgreiðslu málsins hefur nefndin m.a. leitað skýringa hjá fjmrn. og öðrum ráðuneytum varðandi óskir um auknar fjárheimildir. Meiri hluti fjárlaganefndar gerir breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta. Þá eru lagðar til 14 breytingartillögur sem samtals nema 447,9 millj. kr. til hækkunar. Jafnframt eru gerðar breytingar á 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Mun ég nú í grófum dráttum greina frá helstu brtt. en vísa að öðru leyti í þingskjöl þar sem gerð er grein fyrir brtt. og skýringum á þeim í nál.

Lagt er til að tekjur í A-hluta fjárlaga ársins hækki um 6.388,6 millj. kr. Vegur þar mest hækkun á tekjum, arðgreiðslum og leigutekjum að fjárhæð 2,1 milljarður kr.

Varðandi B-hluta er lagt til að fjárheimild forsrn. verði aukin um 8 millj. kr. sem ætlað er að jafna út halla fyrri ára hjá fasteignum ráðuneytisins.

Gerð er tillaga um að fjárheimild menntmrn. verði aukin um 97,9 millj. kr. Þar er m.a. um að ræða framlög til safnamála og þá er tillaga um 56,1 millj. kr. fjárheimild til að fjármagna hlut ríkissjóðs vegna lífeyrisuppbóta til fyrrverandi starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar sem taka lífeyri samkvæmt eftirmannsreglu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Tillaga er um framlög til uppbyggingar íþróttamannvirkja á Ísafirði og Sauðárkróki vegna landsmóta UMFÍ.

Þá er tillaga um lokaframlag til Lagnakerfamiðstöðvar Íslands til að fjármagna verkefni á hennar vegum.

Tillaga er um 14 millj. kr. fjárheimild til sjútvrn. til að fjármagna ýmis verkefni sem unnið hefur verið að.

Lagt er til að fjárheimild félmrn. verði aukin um 415 millj. kr. Annars vegar er um að ræða 400 millj. kr. fjárveitingu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við vanda tekjulægri sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þessum fjármunum verður ráðstafað eftir nánari reglum sem félmrh. setur í samráði við ráðgjafarnefnd sjóðsins. Með þessu framlagi er komið til móts við rekstrarvanda sem fjölmörg sveitarfélög hafa greint frá vegna þessa árs. Gert er ráð fyrir að framlagi þessu verði annars vegar ráðstafað til útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga og hins vegar til sveitarfélaga þar sem íbúafækkun hefur orðið á árunum 2001–2003.

Hins vegar er gerð tillaga um 15 millj. kr. framlag til að framlengja starfsmenntunarátak fólks á almennum vinnumarkaði. Átakinu á að ljúka nú á haustdögum en vegna góðrar reynslu og mikillar þátttöku er lagt til að það verði framlengt.

Gerð er tillaga um 100 millj. kr. hækkun á fjárheimild heilbr.- og trmrn. Annars vegar er 50 millj. kr. hækkun á óskiptu framlagi til reksturs sjúkrahúsa en jafnframt eru millifærðar 45 millj. kr. á Reykjalund í Mosfellsbæ. Hins vegar er lagt til 50 millj. kr. framlag vegna flutnings heilsugæslustöðvar í Kópavogi.

Lagt er til að fjárheimild fjmrn. verði lækkuð um 247,5 millj. kr. Í forsendum fjárlagaársins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur var miðað við gengi þeirra í byrjun september 2002. Talsverð styrking hefur orðið á gengi krónunnar gagnvart dollar og jeni frá forsendum fjárlaga en það leiðir til lækkunar á útgjöldum fjárlagaliða sem tengjast þessum gjaldmiðlum. Í samræmi við endurmat á þessum forsendum er gert ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliða verði lækkaðar sem nemur alls 247,5 millj. kr. Gerð er tillaga um þessar breytingar í einu lagi undir launa- og verðlagsmálalið fjárlaga í frv. en sundurliðun á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti III með brtt. meiri hlutans.

Gerð er tillaga um að fjárheimild iðnrn. verði aukin um 50 millj. kr. og að þessi heimild renni til frekari rannsókna á sviði orkumála. Annars vegar er um að ræða 30 millj. kr. vegna rammaáætlunar og hins vegar 20 millj. kr. til vetnisrannsókna.

Lagt er til að fjárheimild Hagstofunnar verði aukin um 10,5 millj. kr. til að mæta tekjutapi við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra. Í útfærslu málsins við 2. umr. láðist að taka tillit til hluta þeirra tekna sem Hagstofan verður af og er lagt til að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði.

Varðandi 3. gr. er lagt til að ríkissjóður taki 24,3 milljarða kr. lán á árinu í stað áætlana um 21,6 milljarða kr. lántöku í frv. Lánsfjárráðstafanir ríkissjóðs hafa verið endurskoðaðar í ljósi þróunarinnar á árinu og þeirra breytinga sem gerðar voru á frv. við 2. umr.

Gerð er tillaga í b-lið um hækkun lánsfjárheimilda vegna aukinnar útgáfu húsbréfa umfram það sem áætlað var í frumvarpinu. Afgreiðsla húsbréfalána hefur aukist mjög á árinu og ekki eru horfur á að dragi verulega úr eftirspurn eftir lánum það sem eftir lifir ársins.

Í c-lið er gerð tillaga um auknar heimildir vegna almennra leiguíbúða. Afgreidd lán til leiguíbúða eru meiri en áætlað var þar sem framkvæmdatími er styttri en gert var ráð fyrir. Því verður lokið við fleiri íbúðir á árinu, en lánin eru veitt út á fullgerðar íbúðir.

Í samræmi við tillögu á þskj. 490, um að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilt að ganga til samninga um kaup á Hitaveitu Dalabyggðar, er lagt til að lánsfjárheimild fyrirtækisins í fjárlögum fyrir árið 2003 hækki um 145 millj. kr. og verði 645 millj. kr.

Með brtt. meiri hlutans fylgja sérstök yfirlit. Á yfirliti I kemur fram skipting á óskiptri fjárheimild, 150 millj. kr. Þeirri fjárhæð er skipt á sjúkrasvið 15 heilbrigðisstofnana.

Á sérstöku yfirliti II er gerð grein fyrir skiptingu á óskiptri fjárhæð, 280,5 millj. kr., vegna mats á úrskurði kjaranefndar um greiðslur fyrir vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna. Þessari fjárheimild er skipt á heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir.

Á sérstöku yfirliti III er skipt á viðfangsefni lækkun fjárheimilda sem nemur 247,5 millj. kr. vegna endurmats á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hluta fjárln. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um á sérstökum þingskjölum.

Að áliti meiri hluta fjárln. standa auk mín hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Bjarni Benediktsson, Birkir J. Jónsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Fjárlög fyrir árið 2003 gerðu ráð fyrir að tekjujöfnuður yrði um 11,5 milljarðar kr. Að teknu tilliti til fjáraukalaga sem samþykkt voru sl. vor, breytinga við afgreiðslu brtt. við fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga eftir 2. umr. þann 18. nóv. sl. og þeirra tillagna sem nú liggja fyrir frá meiri hluta fjárln. er tekjujöfnuður áætlaður um 6,2 milljarðar kr. árið 2003.

[13:40]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 2003, 87. mál, frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 513.

[13:40]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mun gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. við 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2003.

Við 3. umr. um fjáraukalög ársins 2003 leggur meiri hluti nefndarinnar til viðbótarfjárveitingu að fjárhæð 447,9 millj. kr. Samtals nema því viðbótarútgjöld samkvæmt þessu fjáraukalagafrumvarpi 12,6 milljörðum kr. Viðbótarútgjöld samkvæmt fyrri fjáraukalögum, sem samþykkt voru í vor, námu 4,7 milljörðum kr. Samtals nema því viðbótarútgjöld ársins 17,3 milljörðum kr. sem er um 7% aukning frá fjárlögum. Heildarútgjöld ríkisins á árinu 2003 eru nú talin verða 277,4 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ársins verði 280,6 milljarðar kr. og því verði tekjuafgangur um 3,2 milljarðar kr.

Fjárlög ársins 2003 gerðu ráð fyrir að tekjuafgangur yrði 11,5 milljarðar kr. og því stefnir í að hann verði 8,3 milljörðum kr. lægri en að var stefnt. Gjöld verða 17,3 milljarðar kr. umfram áætlun fjárlaga en á móti vegur að tekjur verða 9 milljörðum kr. hærri en áætlað var. Ljóst er að þegar ríkisreikningur fyrir árið 2003 verður lagður fram verður þessi tekjuafgangur horfinn. Þá bætast við ýmsir reiknaðir liðir sem ekki er gerð grein fyrir í fjáraukalögum, svo sem lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skatttekna og fjármagnskostnaður. Fyrir liggur að margar stofnanir verða með útgjöld umfram fjárheimildir og nægir að nefna í því sambandi að nú er gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús verði rekinn með 680 millj. kr. halla á þessu ári.

Til samanburðar má benda á að fjárlög og fjáraukalög ársins 2002 gerðu ráð fyrir 16,9 milljarða kr. tekjuafgangi en niðurstaðan samkvæmt ríkisreikningi fyrir sama ár sýnir tekjuhalla að fjárhæð 8,1 milljarður kr. Þarna er um að ræða 25 milljarða kr. mismun. Miðað við reynslu fyrri ára vantar mikið upp á að Alþingi hafi yfirsýn yfir ríkisfjármálin við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga.

Þegar tillögur meiri hluta fjárln. eru skoðaðar kemur margt sérkennilegt í ljós, ekki síst þar sem hér er um að ræða 3. umr. um fjáraukalög og flest kurl ættu að vera komin til grafar enda aðeins eftir rúmur mánuður af fjárhagsárinu.

Herra forseti. Hjá menntamálaráðuneytinu er gerð tillaga um 3 millj. kr. framlag til Byggðasafnsins á Garðskaga og 4,8 millj. kr. framlag til uppbyggingar Tækniminjasafns Austurlands. Hjá sama ráðuneyti er gerð tillaga um 15 millj. kr. framlag til uppbyggingar fyrir Landsmót UMFÍ 2004 á Sauðárkróki og 15 millj. kr. framlag til uppbyggingar íþróttasvæðis á Torfunesi í Ísafjarðarbæ.

Þá er breytingartillaga um 14 millj. kr. hækkun á safnlið sjávarútvegsráðuneytisins, 05-190 Ýmis verkefni. Skýring á þessari fjárveitingu er engin, hún er aðeins sögð „til ýmissa verkefna". Gera verður þá kröfu að beiðnum um aukafjárveitingar fylgi fullnægjandi skýringar þannig að hægt sé að leggja mat á nauðsyn þeirra.

Þar sem hér er ekki um ríkisstofnanir að ræða er erfitt að sjá hvaða erindi þessar fjárveitingar eiga í fjáraukalög. Varla fellur þetta undir ófyrirséð útgjöld, kjarasamninga eða lagabreytingar.

Herra forseti. Það er með ólíkindum að enn á ný þurfi að rifja upp ákvæði fjárreiðulaganna en í 44. gr. laganna segir, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr. Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Herra forseti. Það er von að spurt sé: Getur lagatextinn verið skýrari? Það er vandséð, en eitthvað veldur því að ár eftir ár horfir ríkisstjórnin og meiri hluti fjárln. fram hjá þessari grein fjárreiðulaganna. Eina rökrétta skýringin, ef hægt er að tengja þessi vinnubrögð við rök yfirleitt, er sú að með þessum hætti er viðhaldið blekkingarleiknum með fjárlögin. Glansmynd fjárlaganna er þannig viðhaldið án tengsla við raunveruleikann.

Herra forseti. Við höfum á þessu hausti fengið að kynnast ýmsum bréfaskriftum og margri tregðunni við upplýsingagjöf. Þetta framhaldsleikrit virðist ætla að halda áfram í hið óendanlega vegna þess að í gær, eins og rætt var örlítið um hér undir liðnum athugasemdir um störf þingsins, gaf fjmrn. út sitt venjubundna vefrit þar sem enn var höggvið í sama knérunn. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á fjárlagaferlinu og birti í apríl 2001 segir að rammaskipulagið hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar nái" — og þá er vitnað beint í nefndarúttekt Ríkisendurskoðunar — „... skipulagið ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögunum. Sú heildarsýn og agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing."" Þar lætur fjmrn. tilvitnun lokið.

Herra forseti. Það er ábyggilega ekki tilviljun að fjmrn. stoppar þarna með hina beinu tilvitnun vegna þess að í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir í beinu framhaldi þar sem fjmrn. ákvað að hætta, með leyfi forseta:

„Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn."

Fjmrn. kaus hins vegar í vefriti sínu í gær að láta líta út fyrir að það væri Alþingi sjálft sem ekki sýndi neinn aga við vinnu fjárlaga. Þetta er auðvitað alveg með ólíkindum og trúi ég ekki öðru en hæstv. fjmrh. hafi í það minnsta rætt stuttlega við textahöfund þess texta sem birtist í vefritinu í gær því þetta eru að sjálfsögðu ekki boðleg vinnubrögð fyrir ráðuneyti fjármála.

Herra forseti. Það er auðvitað ekki síður athyglisvert sem kemur fram hér skömmu síðar í vefriti fjmrn. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa vekur athygli að Ríkisendurskoðun, sem er undirstofnun Alþingis, (en forsætisnefnd Alþingis kemur fram í fjárlagaferlinu fyrir hönd Alþingis og stofnana þess og á samkvæmt fjárreiðulögum að senda forsætisráðherra fjárlagatillögur sínar), skuli nú lýsa yfir því að stofnunin telji sér heimilt að ræða beint við fjárlaganefnd um fjárveitingar til embættis síns og álíti sig ekki þurfa að lúta sama verklagi og aðrar stofnanir við rammafjárlagagerð."

Herra forseti. Hér er greinilegt að fjmrn. hefur þótt eðlilegt að tuska örlítið til eina af undirstofnunum Alþingis. Það er vandséð hver tilgangurinn er annar en að ýfa upp deilur um það sem hér hefur verið mikið rætt á þessu hausti, hvernig verkum er skipt á milli framkvæmdarvaldsins og Alþingis. Hér eru greinilega hugmyndir fjmrn. þær að það eigi að fara yfir þær óskir sem koma frá Alþingi varðandi undirstofnanir þess. Þetta er hins vegar algjörlega á skjön við fjárreiðulögin og í ágætu svarbréfi ríkisendurskoðanda við áframsendingum þingsins og forsrn. til Ríkisendurskoðunar um að það mætti ekki leita til fjárln., er farið mjög vel yfir þetta mál og m.a. bent á að þessi ákvæði hafi verið sérstaklega skýrð í meðförum Alþingis sjálfs. Það virðist því vera að innan ráðuneytis hæstv. fjmrh. séu einhverjir aðilar sem vilji breyta þessu og að fjmrn. fái væntanlega sérstakt húsbóndavald yfir Alþingi og stofnunum þess.

Nei, herra forseti. Hér þurfum við að vera vel á verði held ég. Það má því í raun og veru þakka það að þessi skoðun skuli vera komin fram á prenti og menn geti þá undirbúið varnir sínar betur.

Herra forseti. Það er auðvitað ýmislegt fleira sem þetta rifjar upp, vegna þess að rammafjárlögin eru auðvitað notuð í grunninn og ríkisstjórnin ákveður rammana. Þegar fjárlagafrv. kemur inn hafa menn staðist og haldið sig innan rammanna. Við höfum hins vegar séð þá þróun sem orðið hefur á undanförnum árum og virðist verða æ algengari hjá ráðuneytunum. Þar virðast menn vera búnir að læra það að ákveðnir þættir, ýmist hjá stofnunum eða ýmsum verkefnum sem eru á vegum ráðuneytanna, er ekki nokkur leið að láta liggja og eru þess vegna yfirleitt sett inn í fjárlögin þegar þau eru í meðförum Alþingis. Það væri hægt að nefna mörg dæmi um það hvernig ráðuneyti hafa leikið þennan leik, ekki bara eitt, ekki bara tvö, heldur ár eftir ár. Þar með, í raun og veru, eru ákveðin ráðuneyti farin að leika sér að þessum römmum.

Þess vegna, herra forseti, held ég að við þurfum að fara yfir þetta mál allt saman. Það er auðvitað fagnaðarefni, eins og hefur komið fram nokkrum sinnum, að formaður fjárln., hv. þm. Magnús Stefánsson, hefur beitt sér sérstaklega fyrir því að farið verði yfir alla vinnuferlana hjá nefndinni. Ég held að við þurfum líka að skoða hvernig rammarnir tengjast störfum Alþingis. Við hljótum t.d. að velta þeirri hugmynd upp hvort það sé ekki eðlilegt að rammarnir séu samþykktir hér í Alþingi fyrri hluta árs áður en þeir fara í vinnslu í ráðuneytunum svo að umræðan um rammana eigi sér stað líka hér í Alþingi, síðan kemur fjárlagafrv. inn og þá eru hugsanlega komnar einhverjar nýjar forsendur sem menn geta skoðað, svo að menn séu líka meðvitaðri hér í þingheimi og í öllum fagnefndum um hvað þessir rammar eru. Við ættum held ég að tengja þessa umræðu því sem við erum nú að fara af stað með í fjárlaganefndinni.

Herra forseti. Það er rétt að ítreka þá skoðun 1. minni hluta að til að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok yfirstandandi árs. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingar til rekstrar stofnana á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu þeirra um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því að tilgangslaust er að flytja skuldir yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Vegna þessa óskaði 1. minni hluti eftir því við fulltrúa allra ráðuneyta, þegar þeir komu á fund nefndarinnar, að fá upplýsingar um fjárhagsstöðu allra undirstofnana viðkomandi ráðuneytis. Vitað er að fjármálaráðuneytið ítrekaði með sérstöku bréfi við nokkur ráðuneyti að þau kölluðu eftir skýringum og aðgerðum hjá stofnunum sem farið höfðu meira en 4% fram úr fjárheimildum 31. ágúst sl. Fyrsti minni hluti lagði mikla áherslu á að þessar upplýsingar yrðu kynntar fjárlaganefnd fyrir 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Það tókst hins vegar ekki en fjárlaganefndinni hafa nú borist upplýsingar frá þremur ráðuneytum þar sem gerð er grein fyrir áætlaðri stöðu stofnana í árslok.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til þess að vekja athygli á því hvaða ráðuneyti hafa komið með þessa lista. Það eru dóms- og kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Upplýsingar hafa ekki borist frá forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Herra forseti. Er nema von að vakin sé athygli á því að það virðist sífellt vera erfiðara og erfiðara að fá upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu vegna fjárlagavinnunnar. Það er auðvitað ástæða til þess að fjalla um það alveg sérstaklega, en við munum trúlega gera það enn betur við 3. umr. fjárlaga.

Herra forseti. Það er margt sem virðist vera tilviljunum háð í þessu fjáraukalagafrv. og þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Það vekur t.d. alveg sérstaka athygli að í fjáraukalagafrv. er gerð tillaga um að flestir háskólarnir fái aukafjárveitingu með vísan í að það hafi verið gerður viðbótarsamningur eða viðbót við fyrirliggjandi samninga sem flestir runnu reyndar út um síðustu áramót. En einn háskóli sem gerði samning ári seinna en flestir hinna skólanna, þ.e. Háskólinn á Akureyri, er ekki í þessum pakka. Dettur manni því í hug að þarna sé hugsanlega verið að hegna þeim skóla fyrir að hafa gert samninginn ári seinna en hinir. Það er a.m.k. ekki að sjá nein

rök fyrir því að Háskólinn á Akureyri skuli ekki fá sömu bætur vegna aukins nemendafjölda og hinir háskólarnir.

Flestir háskólarnir ef ekki allir búa við fjárhagsvanda. En það sker sérstaklega í augu að þessum háskóla skuli vera sleppt í þessu tilfelli. Við vonum auðvitað, herra forseti, að við 3. umr. fjárlaga liggi þeir samningar fyrir sem gera þarf við háskólana, þá liggi fyrir staða þessara stofnana og þá liggi fyrir fjárþörf þessara stofnana á næsta ári svo að hægt verði að samþykkja fjárlög fyrir árið 2004 með betri tengslum við raunveruleikann en við höfum þurft að horfa upp á sl. ár.

Örfáar tölur, herra forseti, til þess að glöggva myndina varðandi Háskólann á Akureyri. Háskólinn á Akureyri hefur fengið greitt á þessu ári fyrir 886 nemendur, en rauntalan er 1.010. Það þýðir að fjárvöntun er upp á tæpar 70 millj. kr. vegna nemendanna, en að auki vantar nokkuð á vegna rannsóknarsamningsins og samanlagt vantar Háskólann á Akureyri miðað við árið í ár um 90 millj. kr.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá treysti ég því að við 3. umr. fjárlaga verði búið að taka á vanda háskólanna og að þá verði enginn þeirra undanskilinn því það er auðvitað nauðsynlegt þegar tölur sem þessar eru ákvarðaðar að forsendur liggi fyrir þeim og allar upplýsingar séu uppi á borðum. En því miður eins og ég hef sagt áður hefur verið mikill misbrestur á því.

Herra forseti. Þessi bið eftir jafnsjálfsögðum upplýsingum kallar á ótal spurningar um hæfi viðkomandi ráðuneyta til lögskipaðs eftirlits með undirstofnunum sínum. Það er íhugunarefni hvort framvegis verði ekki að boða fulltrúa ráðuneytanna til sérstakra funda með fjárlaganefnd um stöðu undirstofnana og áætlaða stöðu þeirra í árslok. Miðað við reynslu þessa hausts virðist ekki duga að óska eftir þessum upplýsingum, heldur verði væntanlega að boða fulltrúana á fund þar sem þetta sé fundarefnið og þeim sé ætlað að koma með efnið á þann fund sem boðað er til.

Herra forseti. Það er líka eðlilegt að velta fyrir sér hvernig sambandi ráðuneyta og undirstofnana þeirra er háttað. Það vakti athygli mína í skýrslu sem Ríkisendurskoðun vann þegar hún gerði úttekt á árangursstjórnun í ríkisrekstri að þar eru ýmsar merkilegar upplýsingar sem varpa örlitlu ljósi á það hvernig þessu sambandi er háttað. En í þessari úttekt segir m.a., með leyfi forseta.

„Meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar er að árangursstjórnun sé tiltölulega skammt á veg komin hjá ríkinu þrátt fyrir að rúmlega sex ár séu liðin frá því að hafist var handa við verkefnið.“

Skömmu síðar segir, með leyfi forseta:

„Á tímabilinu frá 1997 til júní 2002 voru gerðir árangursstjórnunarsamningar (rammasamningar) við 114 af þeim 212 stofnunum sem samkvæmt skilgreiningu voru taldar geta tekið þátt í verkefninu. Samningar hafa því aðeins verið gerðir við rúmlega helming ríkisstofnana.“

Litlu síðar segir, með leyfi forseta:

„Aðeins 11 af 102 stofnunum (þ.e. 10,8%) sem voru með gildan samning í byrjun árs 2001 skiluðu ráðuneyti ársáætlun fyrir það ár þar sem rekstrargjöld og starfsmarkmið stofnunar eru samtvinnuð.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Af þeim 112 stofnunum sem voru með gildan samning í byrjun árs 2002 skiluðu 40 þeirra (þ.e. 35,7%) ársskýrslu fyrir starfsárið 2001 til ráðuneytis þar sem gerð var grein fyrir árangri með samanburði við markmið ársins.“

Áfram heldur í úttektinni og er fjallað um ástæður þess að árangursstjórnun hefur ekki náð meiri fótfestu innan ríkisstofnana. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessu efni hafði vafalaust áhrif að ráðuneytin hafa almennt ekki sett og byggt heildstæða langtímastefnu í þeim málaflokkum sem undir þau heyra ...“

Herra forseti. Ég held að ekki sé neinum vafa undirorpið miðað við þær hremmingar sem fjárln. hefur lent í í samskiptum við ráðuneyti og til viðbótar því sem ég hef hér lesið úr úttekt Ríkisendurskoðunar á árangursstjórnun í ríkisrekstri, að greinilega þurfi að fara markvisst og skipulega yfir þá starfsemi sem á sér stað í ráðuneytum. Það gengur a.m.k. ekki að ár eftir ár sé gefið til kynna að það séu verkefni undirstofnana sem eru í lamasessi ef það er síðan svo að vandinn liggi hjá ráðuneytunum í flestum tilfellum.

En, herra forseti. Ég sný mér þá aftur að nál. 1. minni hluta fjárln.

Nefndinni hafa borist upplýsingar um skiptingu ýmissa safnliða frá nokkrum ráðuneytum sem gerir það kleift að átta sig betur á stöðu einstakra stofnana. Þessar upplýsingar auðvelda mjög alla umfjöllun um stóra málaflokka í fjárlögum og fjáraukalögum. 1. minni hluti leggur áherslu á að það verði gert að reglu að upplýsingar um fjárhagsstöðu allra stofnana verði framvegis lagðar fram með frumvarpi til fjárlaga og fjáraukalaga.

Fjármálaráðuneytið hefur lagt fram lista yfir fjárlagaliði sem hafa fengið fjárveitingar á fjáraukalögum þrisvar sinnum eða oftar á síðustu fimm árum. Alls er um að ræða 100 fjárlagaliði. Þar af hafa 26 fjárlagaliðir fengið fjárveitingar öll árin fimm og 33 fjárlagaliðir hafa fengið fjárveitingar á fjáraukalögum fjórum sinnum af þessum fimm.

Fjármálaráðuneytið bendir á að misjafnt er í gegnum tíðina hvort fjárveitingar hafa verið samþykktar á safnliði eða á hverja stofnun og á það einkum við um sjúkrastofnanir og framhaldsskóla. Ráðuneytið telur að listinn gefi ekki rétta mynd af því hvaða stofnanir hafi farið ítrekað fram úr fjárheimildum vegna hallareksturs.

Listi fjármálaráðuneytisins endurspeglar hins vegar vel þann vanda sem sífelld aukning og útþensla safnliða á undanförnum árum hefur valdið. Sem dæmi má nefna að endanleg skipting fjárheimilda framhaldsskóla fer ekki fram fyrr en í janúar næsta árs á eftir rekstrarári. Þá hefur það gerst í tvígang að einstakir liðir heilla málaflokka eru lagðir niður og í staðinn stofnaður einn safnliður.

Annars vegar er um að ræða héraðsdómstóla og hins vegar sendiráð. Eðlilegt er að spyrja hver sé forsvarsmaður þessara liða, hver beri ábyrgð ef viðkomandi safnliður fer fram úr fjárheimildum. Við þetta skipulag verður ábyrgð einstakra forstöðumanna óljós. Þess vegna ber að hverfa frá þessari þróun.

Herra forseti. Fyrsti minni hluti ítrekar enn á ný þá skoðun að óþolandi er að ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi fari ekki eftir lögum um fjárreiður ríkisins. Meðan sá háttur er viðhafður mun þeim lausatökum sem einkennt hafa fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar ekki linna. Þegar virðing valdhafanna fyrir fjárreiðulögunum er með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 og breytingartillögum ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar er ekki við því að búast að fjárlög fái þann sess sem þeim ber í fjármálastjórn ríkisins.

Herra forseti. Ég hef lokið að fara yfir álit 1. minni hluta fjárln., en Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi sem sat fundi fjárln. er samþykkur nál.

Auk þess sem hér stendur rita undir álit 1. minni hluta fjárln. hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson.

[14:05]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta fjárln. sem undirritaður skipar fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln.

Frumvarp til seinni fjáraukalaga fyrir árið 2003 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umr. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs næmu 260,1 milljarði kr. og heildartekjur 271,6 milljörðum kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður um 11,5 milljarðar kr.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 og með þeim breytingum sem gerðar hafa verið við 2. umr. var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs mundu hækka um 12,1 milljarð kr. Enn fremur liggja nú við 3. umr. frammi breytingartillögur frá meiri hlutanum um aukin útgjöld sem nema 448 millj. kr. Áður hefur Alþingi samþykkt að auka útgjöld ríkissjóðs um samtals 4,7 milljarða kr. frá því sem ákveðið var í fjárlögum fyrir árið 2003. Alls er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði um 277,4 milljarðar kr. Hér er um að ræða hækkun á útgjöldum ríkissjóðs um 17,3 milljarða kr. eða 6,7% frá samþykktum fjárlögum. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs í nóvember er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 280,6 milljarðar kr. en það er tæpum 9 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2003. Tekjujöfnuður er því áætlaður um 3,2 milljarðar kr. Af þessum tekjuafgangi er gert ráð fyrir að sala eigna skili um 12,9 milljörðum kr. Lokagreiðslur vegna sölu bankanna hafa þó ekki enn verið inntar af hendi en eru inni í þessum tölum.

Því er ljóst, virðulegi forseti, að ef teknar eru frá eignasölur á þessu ári, þá er ríkissjóður rekinn með 8–9 milljarða kr. halla.

Jafnframt er nauðsynlegt að benda á að reynslan hefur kennt okkur að þessar niðurstöðutölur munu breytast. Í því sambandi er nærtækast að nefna gjöld og tekjur ríkissjóðs árið 2002. Í fjárlögum fyrir árið 2002 voru tekjur áætlaðar 257,9 milljarðar kr. og gjöldin 239,4 milljarðar kr. og því var gert ráð fyrir að tekjujöfnuður yrði 18,5 milljarðar kr. Þetta var fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2002. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002" reyndust tekjur ársins vera 259,2 milljarðar kr. og gjöldin um 267,3 milljarðar kr. Samkvæmt þessu varð ekki rekstrarafgangur upp á 18,5 milljarða kr. heldur halli upp á 8,1 milljarð kr. Tekjur ríkissjóðs höfðu því breyst um tæpa 2 milljarða kr. en gjöldin um 28 milljarða kr. frá lokun fjárlaga til loka fjárlagaársins, en gjöldin um 28 milljarða kr.

Í V. kafla laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er fjallað um frumvarp til fjáraukalaga. Í 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Þetta eru þau atvik sem lögin veita heimild til að fjárheimilda sé leitað í fjáraukalögum. Við skoðun á þeim breytingartillögum meiri hlutans nú við 3. umr. fjáraukalaga fyrir árið 2003 má setja spurningarmerki við hvort einstakar tillögur uppfylli skilyrði fjárreiðulaganna.

Í vefriti fjármálaráðuneytisins frá 27. nóv. sl. er fjallað um fjárlagagerðina og reynt að réttlæta þá ákvörðun framkvæmdarvaldsins að leggjast gegn því að fulltrúar stofnana og samtaka sem fá starfsfé sitt að hluta eða öllu leyti frá ríkinu komi á fund fjárlaganefndar og geri grein fyrir starfsemi sinni, fjárhagstöðu og rekstrarþörf. Í þessu vefriti segir m.a., með leyfi forseta:

„Í upphafi síðastliðins áratugar var að erlendri fyrirmynd tekið upp nýtt skipulag við undirbúning og mótun fjárlaga hér á landi sem kallað hefur verið „rammafjárlög". Hugsunin að baki þeim er að ríkisstjórnin ákveði heildarútgjöld og skiptingu þeirra milli ólíkra málaflokka, þ.e. útgjaldarammana, en láti ráðuneytum eftir að útfæra nánar hvernig fénu er varið. Þetta miðar að því að stefnumótun ríkisstjórnar sé ráðandi þáttur í fjárlagagerðinni, að fjárlagagerðinni sé stýrt „ofan frá" í stað þess að fjárlögin verði einfaldlega samtala þess kostnaðar sem til fellur í ríkiskerfinu á hverjum tíma, þ.e. verði stýrt „neðan frá"."

Athyglisvert er að hvergi er minnst á í þessum texta frá fjmrn. varðandi fjárlagagerðina að Alþingi eða nefndir þess eigi að koma að fjárlagagerðinni heldur ráði rammi ríkisstjórnarinnar. Fjárlaganefnd og Alþingi kemur fjárlagagerðin ekkert við. Vissulega þarf að vera regla á fjárlagagerð eins og annarri lagasetningu og vinnu. En þessi sjálftökuréttur ráðherranna á valdi og hvernig því er beitt á stofnanir og félagasamtök í landinu er alvarleg ógnun við stöðu Alþingis, störf og verkefni þingmanna og þingnefnda og þar með ógnun við lýðræðið. Er það eitt brýnasta verkefni Alþingis og fjárlaganefndar að endurskoða alla vinnu við fjárlagagerðina, marka framkvæmdarvaldinu sinn bás í þeirri vinnu og tryggja eðlileg og lýðræðisleg vinnubrögð við fjárlagagerðina. Valdbeiting framkvæmdarvaldsins gagnvart stofnunum sínum og stríð þess við Alþingi og undirstofnanir þess sem birst hefur í bréfaskriftum ráðuneytanna til stofnana sinna nú í haust — og gerð hefur verið grein fyrir, bæði í umræðum hér á undan og í nefndaráliti við fjárlagagerð fyrir árið 2004 — gengur einfaldlega ekki. Slíkt stríð, bréfaskriftir og valdbeiting gengur einfaldlega ekki upp. Formaður fjárlaganefndar hefur lýst því yfir að farið verði í grundvallarendurskoðun á vinnu við fjárlagagerðina með það að markmiði að styrkja stöðu Alþingis í þeirri vinnu og styður 2. minni hluti þá ákvörðun eindregið. Því staðreyndin er sú að þegar fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til fjárlaga á Alþingi og því hefur verið vísað til fjárlaganefndar er öll frekari vinna og afgreiðsla þess á ábyrgð þeirrar nefndar og Alþingis.

Ég hef í umræðum um fjárlög á undanförnum árum lagt áherslu á nokkur grundvallaratriði í breytingu á vinnu við fjárlagagerð. Ég hef lagt áherslu á að að vori, áður en þing fer heim, verði lagður fram ákveðinn rammi að fjárlögum næsta árs, fjárlagavinnan er jú hafin og þá verði lagður fram rammi að fjárlögum næsta árs, mælt fyrir honum í þinginu og um hann verði rætt og gengið frá samþykkt grófra útlína fyrir fjárlagagerðina sem þá færi áfram í vinnu. Þannig væri Alþingi ábyrgt fyrir upphafi fjárlagagerðarinnar. Og síðan þegar fjmrh. hefði mælt fyrir frumvarpinu á Alþingi á haustdögum færi vinnan fullkomlega í hendur og væri á ábyrgð fjárln.

Ég hef jafnframt lagt áherslu á að Alþingi leggi fram fjáraukalög eða frv. til fjáraukalaga að vori áður en það fer í sumarleyfi og þá séu teknar fyrir breyttar aðstæður í tekju-

eða gjaldahlið hjá ríkissjóði. Þá sé jafnframt líka litið til þess hvort lagabreytingar hafi átt sér stað á þinginu sem krefjist breytinga á fjárframlögum eða öðrum þáttum í ríkisbúskapnum sem nauðsynlegt sé að taka á af hálfu Alþingis í formi fjáraukalaga. Síðan að hausti eru aftur tekin og þá unnin ný eða viðbótarfjáraukalög sem taka á því sem þá hefur gerst því að á einu ári geta ýmsir liðir breyst í rekstri stórs búskapar eins og ríkisbúskapurinn er. Með þessum hætti axlar Alþingi fulla ábyrgð á fjárlagagerðinni eins og lög að sjálfögðu kveða á um.

Því er fagnað hér að við 3. umr. er lagt til að veittar verði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 400 millj. kr. til ráðstöfunar fyrir tekjuminni sveitarfélög. Til þess að sveitarfélögin héldu óbreyttum tekjum hefði þessi upphæð þó þurft að vera mun meiri eða nærri 1 milljarður kr. Nærþjónustan, grunnalmannaþjónustan hefur verið færð til sveitarfélaganna og þau verða að fá tekjustofna til að standa undir henni. Fjárskortur þeirra og röng tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga er ein alvarlegasta ógnunin við velferðarþjónustuna í landinu. Með stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum sveitarfélaganna er verið að þvinga þau til að einkavæða og selja þjónustustofnanir sínar og skera niður almannaþjónustu.

Eitt dæmið er í fjáraukalagafrv. þar sem sveitarfélagið Dalabyggð finnur sig knúið til að selja hitaveitu sína. Ríkissjóður veitir svo kaupandanum, ríkisfyrirtækinu Rarik, lántökuheimild til að kaupa umrædda hitaveitu. Að mati 2. minni hluta væri miklu réttara að veita Dalabyggð fjárstuðning beint og hagkvæm lán til að halda hitaveitunni sinni. Neytendur munu jú verða að borga þegar upp verður staðið.

Á undanförnum árum höfum við verið að fjalla hér um hliðstæð mál. Mér er minnisstætt t.d. þegar sveitarfélagið Skagafjörður fann sig knúið til að selja Rafveitu Sauðárkróks til þess að létta af sér skuldum. Þá var það einmitt með sama hætti að ríkisfyrirtækið Rarik fékk fjármagn hjá ríkissjóði til þess að kaupa viðkomandi rafveitu sem varð til þess að rafmagn og raforka snarhækkaði í verði í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta ráðslag, þetta skipulagða ráðslag af hálfu ríkisvaldsins, að þrengja svo að sveitarfélögunum fjárhagslega að þau neyðist til þess að selja þjónustumannvirki sín, er stóhættuleg og skaðar sjálfsforræði þeirra og möguleika til þess að sinna þeirri þjónustu sem þeim er falin samkvæmt lögum. Það verður að taka á fjárhag sveitarfélaganna.

Samtök sveitarfélaga mega ekki láta glepjast af þeim blekkingarleik stjórnvalda að etja fyrst sveitarfélögunum saman í sameiningarviðræðum og að þeim loknum eigi svo að endurskoða tekjustofnana og tekjuskiptinguna. Sameining sveitarfélaga á víða rétt á sér og sjálfsagt er að skoða hana. En hún verður að fara fram á forsendum íbúanna sjálfra. Ríkisvaldinu ber að leiðrétta strax fjárþörf sveitarfélaganna og fyrir því eiga samtök sveitarfélaga að berjast.

Fjáraukalagafrumvarpið, eins og það liggur hér fyrir, speglar fyrst og fremst óvönduð vinnubrögð meiri hlutans við fjárlagagerðina fyrir ári síðan. Margar þeirra nauðsynlegu leiðréttinga sem hér eru gerðar voru fyrirsjáanlegar og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu á það við umræðuna og lögðu fram breytingartillögur til úrbóta. Þær breytingartillögur felldi meiri hlutinn þá, á sínum tíma, en kemur nú með þær allmargar inn í fjáraukalagafrumvarpinu. Þær snúa m.a. að fjárskorti heilbrigðis- og sjúkrastofnana og framhaldsskólunum. Enn munu þó framhaldsskólar fara með halla til næstu ára.

Háskólarnir fá litla eða enga leiðréttingu á fjárskorti sínum. Ef ekki rætist úr hér við fjáraukalagaumræðuna verður að taka á fjárhag háskólanna við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2004.

Þá er og vert að benda á, virðulegi forseti, þá þróun sem virðist vera í efnahagsmálum, en samkvæmt frétt sem birtist í dag um viðskiptajöfnuð við útlönd virðist þar vera að byrja að síga nokkuð á ógæfuhliðina.

Í frétt Ríkisútvarpsins í dag segir, með leyfi forseta:

„Halli á vöruskiptum við útlönd á fyrstu tíu mánuðum ársins er 14,3 miljarðar króna. Á sama tíma ...“

Ég vitna frekar í frétt Morgunblaðsins frá því í dag, með leyfi forseta:

„Í októbermánuði voru fluttar út vörur fyrir 15,8 milljarða króna og inn fyrir 18,6 milljarða króna ....“ — samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. — „Vöruskiptin í október voru því óhagstæð um 2,8 milljarða króna en í október í fyrra voru þau hagstæð um 1,9 milljarða.

Fyrstu tíu mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir tæpa 152,9 milljarða króna en inn fyrir 167,1 milljarð króna ... Halli var því á vöruskiptunum við útlönd“ — á fyrstu tíu mánuðum ársins — „sem nam 14,2 milljörðum króna en á sama tíma árið áður voru þau hagstæð um 12,9 milljarða.“ — Á sama gengi. — „Vöruskiptajöfnuðurinn var því 27,1 milljarði lakari en á sama tíma árið áður.

Verðmæti vöruinnflutnings fyrstu tíu mánuði ársins var 167,1 milljarður eða 9,3% meira á föstu gengi en á sama tíma árið áður. Mest aukning varð í innflutningi á fjárfestingarvörum, fólksbílum, flutningatækjum til atvinnurekstrar og neysluvörum ...“

En mest áhyggjuefni er að samdráttur var í útflutningi. Mestur samdráttur varð í útflutningi á fiskimjöli, frystum fiski og saltfiski en á móti kom að aukning var í verðmætaútflutningi á lýsi. Það er þó áhyggjuefni að vöruútflutningurinn í heild er verðminni en á sama tíma í fyrra. Þar kemur til m.a. breyting á gengi og óhagstæðari samkeppnisstaða útflutningsgreinanna, sem er afleiðing af stefnu þessarar ríkisstjórnar í atvinnu- og fjárfestingarmálum.

Virðulegi forseti. Ég tel að þarna séu viss hættumerki á ferð og dæmi um ranga atvinnustefnu þessarar ríkisstjórnar. Því þarf að skoða þetta mjög vandlega.

Virðulegi forseti. Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina á sl. ári og rangrar forgangsröðunar. Tekjuöflun ríkissjóðs færist í stöðugt auknum mæli í notendagjöld og hlutfallslega aukna skattheimtu á almennu launafólki og lágtekjufólki. Í stað þess er skattbyrðinni létt af fjármagnseigendum, fyrirtækjum og hátekjufólki. Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst fyrir öðrum áherslum. Hún leggur áherslu á jöfnun lífskjara og velferð fyrir alla. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti.

Virðulegi forseti. Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem hér er verið að afgreiða nú við 3. umr. fjáraukalaga. Annar minni hluti og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. í heild.

Við flytjum svo breytingartillögur sem lúta að því að styrkja fjárhag háskólanna, en samkvæmt þeim upplýsingum sem komu inn í fjárln. og undirritaður hefur m.a. aflað sér er ljóst að Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og

Kennaraháskólinn, sem hér eru nefndir, skortir fjármagn til þess að að geta staðið undir þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekið á sig á þessu ári. Því er flutt breytingartillaga hér til þess að auðvelda þessum háskólum það að standa undir þeim skuldbindingum.

Við leggjum til að til Háskóla Íslands verði veitt til viðbótar 300 millj. kr., til Háskólans á Akureyri 92 millj. kr. og til Kennaraháskólans 55 millj. kr.

Það er ljóst að margir aðrir skólar líða líka fjárskort og þurfa fjármagn til þess að standa við skuldbindingar sínar varðandi kennslu og önnur störf. En við viljum leggja sérstaka áherslu á að þessir skólar fái leiðréttingu á sínum málum og þurfi ekki að bera halla eða skerða starfsemi sína vegna þessar fjárvöntunar sem er svo augljós í dag.

[14:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir breytingartillögu frá þeim sem hér stendur við frv. til fjáraukalaga. Þar er lagt til að 310 millj. kr. fjárheimild til hjúkrunarheimilis á Vífilsstöðum, sem veitt er í fjárlögum árið 2003, verði annars vegar varið til þjónustu annarra hjúkrunarheimila þar sem opnun heimilisins hefur tafist og hins vegar til að fjármagna aukinn stofnkostnað við breytingu á húsnæðinu. Upphaflega var gert ráð fyrir 69 hjúkrunarrýmum í nýja hjúkrunarheimilinu á Vífilsstöðum en hagkvæmara þykir að 19 hjúkrunarrými verði flutt til annarra hjúkrunarheimila. Fjárveiting til þessara 19 rýma nemur samtals 76 millj. kr. Þar af er lagt til að 47 millj. kr. fjárheimild fyrir 12 hjúkrunarrými verði millifærð á Holtsbúð í Garðabæ, 21 millj. kr. fyrir fimm rými á Hrafnistu í Reykjavík og 8 millj. kr. fyrir tvö rými á Hjúkrunarheimilið Skógarbæ.

Auk þess er lagt til að af þessari fjárheimild, sem ætluð var til reksturs hjúkrunarheimilis á Vífilsstöðum, verði millifærðar 74 millj. kr. til reksturs 22 rúma biðdeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús sem er tímabundið úrræði. Loks er lagt til að millifærðar verði 160 millj. kr. af rekstrarfjárveitingunni á stofnkostnaðarlið vegna endurbóta á húsnæði Vífilsstaða þar sem framkvæmdakostnaðurinn er nú áætlaður 290 millj. kr. en var upphaflega áætlaður 130 millj. kr.

Herra forseti. Hér er um millifærslur að ræða, ekki til breytinga á útgjöldum og hefur þetta ekki áhrif á ætlaðan tekjujöfnuð sem gerð er grein fyrir af hálfu meiri hlutans.

[14:27]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður fjárln. Magnús Stefánsson gerði hér grein fyrir breytingartillögu sem við samþykktum afbrigði fyrir fyrr í dag að tekin yrðu á dagskrá. Lítill tími hefur verið til að kynna sér breytingartillögurnar eins og þær liggja fyrir. Þó vekur athygli mína í því sem hv. formaður fjárln. sagði áðan að framkvæmdakostnaður við endurbætur á húsnæði Vífilsstaða sé nú áætlaður 290 millj. kr. en hafi áður verið áætlaður 130 millj., þ.e. að þessi kostnaður fari meira en helming fram úr því sem áætlað var áður. Ég spyr: Við hvaða áætlanir var þarna miðað? Hver ber ábyrgð á svona áætlunargerð og hvernig í ósköpunum getur það gerst að menn leggja af stað í endurbætur á húsnæði með áætlun upp á 130 millj. kr. en koma svo núna og segja: „Þetta kemur til með að kosta 290 milljónir." Þetta er ekki bara tvöfalt, heldur rúmlega það.

Virðulegi forseti. Þetta er að mörgu leyti í dúr við margt af því sem sá sem hér stendur hefur upplifað í þeirri fjárlagavinnu sem ég hef tekið núna þátt í í fyrsta skipti. Það er nauðsynlegt að fá skýringar á þessu.

[14:28]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er út af fyrir sig mjög góð spurning. Þær upplýsingar sem ég hef um þetta mál eru þær að komið hafi í ljós að húsnæðið hafi verið í verra ástandi en ætlað var við fyrstu áætlanir og einnig að kröfur um öryggismál og allar þær kröfur sem gerðar eru til svona húsnæðis munu reynast kostnaðarmeiri en upphaflegar áætlanir hafi gert ráð fyrir. Þetta eru þær skýringar sem ég get gefið hér á þessari stundu. En mér finnst þessi fyrirspurn hv. þm. eiga fyllilega rétt á sér.

[14:29]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir svörin við fyrirspurn minni. Ég gat ekki heyrt annað en að hann væri sammála mér í því að þarna væri verið að fara talsvert mikið umfram það sem menn áætluðu.

Það sem ég saknaði í svari hans var hver beri ábyrgð á svona löguðu. Hver hefur opið tékkhefti á ríkissjóð og getur í raun haldið áfram eða farið af stað, réttara sagt, með svona endurbætur og breytingar, með svona arfavitlausa áætlun, eins og hér kemur fram, upp á 130 millj. kr.? En núna virðist þetta ætla að enda í 290 millj. Spurningin er: Verður það endanlegur kostnaður eða horfum við kannski á þrefaldan kostnað miðað við fyrstu áætlun?

Virðulegi forseti. Spurning mín er: Hver ber ábyrgð á þessu?

[14:30]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér mun hafa verið um frumáætlun að ræða frá síðasta ári um kostnað sem kom fram í tilefni af ákveðnu samkomulagi sem var gert, m.a. við aldraða, um breytingar á þessum málum. Eins og ég sagði í fyrra andsvari hafa síðan komið upplýsingar um mun dýrari úrræði til að mæta kröfum sem gerðar eru til svona húsnæðis. En ég geri ráð fyrir að fjárln. muni fara betur ofan í þetta mál síðar. Við getum út af fyrir sig fjallað um það þegar þar að kemur.

[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða lokaafgreiðslu fjáraukalaga.

Sá sem hér stendur tekur undir það sem fram kemur í áliti 1. minni hluta, að margt í afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga kemur einkennilega fyrir sjónir. Í því sambandi vil ég gera að umtalsefni það að ríkisstjórnin skyldi senda formlegt bréf þar sem tilkynnt var um nýtt vinnulag, þ.e. að ráðuneyti og stofnanir þeirra skyldu í framtíðinni ekki leita beint til fjárln. Alþingis með erindi sín, t.d. með aukin útgjöld, heldur eigi slík erindi að fara til ráðuneyta sem komi með tillögur í fjárlagakerfi fjmrn. og samsvarandi tillögur um lækkun útgjalda.

Það er afar óeðlilegt að framkvæmdarvaldið beini slíkum tillögum til stofnana og reyni þannig að koma í veg fyrir að fjárln. ræði beint við aðila máls. Með fyrrgreindum ákvörðunum ríkisstjórnar er hið formlega fjárveitingavald Alþingis gert að forminu einu. Þar að auki hefur minni hluti fjárln.

átt erfitt með að fá upplýsingar um áætlaða fjárhagsstöðu ríkisstofnana í árslok 2003 eins og greint var frá þegar mælt var fyrir áliti 1. minni hluta og hefur þegar verið gert hér að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um fjárlög fyrir nokkrum dögum vakti ég athygli á því að tekjur í sjávarútvegi væru að dragast verulega saman. Ég benti m.a. á að full ástæða væri til að huga að því hvert stefndi með afkomu í efnahagslífinu og viðskiptajöfnuð. Ég vakti einnig athygli á því sem segir í riti Seðlabankans, Peningamálum 17. riti, nóvember 2003. Þar segir, með leyfi forseta:

„Viðskiptahallinn er þó enn ekki sérstakt vandamál, enda á hann að hluta rætur að rekja til innflutnings vegna stóriðjuframkvæmda og tímabundins samdráttar í sjávarafla."

Nú vill svo til að í Morgunblaðinu í morgun var birt yfirlit yfir aflaverðmæti á fyrstu átta mánuðum ársins. Mig langar til að vitna í þessa grein, með leyfi forseta. Þar segir:

„Á fyrstu átta mánuðum ársins 2003 nam aflaverðmæti íslenskra skipa af öllum miðum 47,5 milljörðum króna en á sama tímabili ársins 2002 var verðmætið 55,1 milljarður króna og er þetta samdráttur um 7,7 milljarða króna eða 13,9%."

Virðulegur forseti. Frá því er greint í áliti 1. minni hluta að fjárlög undanfarinna ára hafi ekki staðist, að fjárlög ársins 2002 hefðu á endanum verið með halla og líklegt sé að þau fjárlög sem við afgreiðum nú við lokaafgreiðslu aukafjárlaga muni einnig enda í ríkisreikningi með halla. Ég held að þær fréttir sem ég hef verið að vitna til styðji enn frekar að það stefni í að afkoman á þessu ári verði ekki eins og til er ætlast. Ég vil í þessu sambandi, virðulegi forseti, minna á að þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir fjárlagafrv. í haust var gert ráð fyrir miklu hagvaxtarskeiði á árinu 2004 og því að aukið aðhald þyrfti af því tilefni.

Ég held, virðulegi forseti, að þær upplýsingar sem liggja fyrir um verðmætaþróun í sjávarútvegi gefi fullt tilefni til að ætla að atvinna og afkoma í ákveðnum greinum, eins og sjávarútveginum, geti dregist mun meira saman en menn höfðu gert ráð fyrir. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort þær áætlanir sem okkur eru að birtast, m.a. í Peningamálum Seðlabankans, að hér sé um tímabundinn samdrátt að ræða, fái staðist. Er ekki full ástæða til þess, áður en við ljúkum endanlegri afgreiðslu fjárlaga sem verður sennilega 5. des. ef að líkum lætur, að athuga þær spár sem menn lögðu upp með í sambandi við fjárlagadæmið allt saman? Þarf ekki að kanna hvort þær fá staðist miðað við þróunina í sjávarútvegi?

Herra forseti. Ég fylgdist með umræðum á 41. þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins. Þar komu fram upplýsingar sem mér fundust ákaflega athyglisverðar. Fulltrúi frá Verðlagsstofu skiptaverðs, sem staðsett er á Akureyri, var að kynna verðþróun á fiski innan lands og eins þróun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Í línuritum hans kom fram að um mikinn samdrátt væri að ræða og stefndi enn niður á við. Í spádómi hans fyrir árið 2004 voru engar líkur taldar á að afurðaverð færi hækkandi né að verðfallið stöðvaðist heldur héldi það jafnvel hratt niður á næsta ári. Hann taldi engar vísbendingar um að hér væri um tímabundið ástand að ræða eins og kemur fram í Peningamálum, riti Seðlabankans.

Mér finnst full ástæða til, virðulegi forseti, að vekja athygli á þessu við lokaafgreiðslu fjáraukalagafrv. Mér sýnist sem að skoða þurfi þær forsendur sem gengið er út frá, bæði fyrir afkomu þessa árs — tölurnar sem ég nefndi áðan voru fyrir fyrstu átta mánuði þessa árs — og ekki síður hvert stefnir í afkomu sjávarútvegsins, tekjum og atvinnuhorfum á næsta ári. Þessi atriði hafa ekki bara bein áhrif á aflaverðmæti heldur og á útflutningsverðmætið og vafalaust gætu þau einnig haft áhrif á atvinnustigið í landinu.

Hér er vissulega alvarlegt mál á ferðinni og rétt að vekja athygli á því. Ég taldi að tíma mínum í ræðustól í dag við lokaafgreiðslu fjáraukalaga væri best varið til að vekja athygli á því að það virðist ekki nokkurt samræmi í því sem Seðlabankinn setur fram, sem birtist okkur í þeim áætlunum sem við erum hér að ræða og því sem hæstv. fjmrh. benti á í haust, að til mikillar uppsveiflu horfði á næsta ári. Ég bendi á það, hæstv. fjmrh., að á fyrstu átta mánuðum þessa árs er um verulegan tekjusamdrátt að ræða í sjávarútvegi. Miðað við þær upplýsingar sem Verðlagsstofa skiptaverðs lagði fram í gær á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins eru engar líkur á að verðmæti sjávaraflans fari vaxandi á næsta ári.

Auk þessa gæti ég bent á vísbendingar frá loðnuleitarleiðangri Hafrannsóknastofnunar. Ef þær ganga eftir að auki verða málin held ég talsvert öðruvísi en það sem við höfum gengið út frá í fjárlagaumræðunni á Alþingi.

Þetta vildi ég gera að umræðuefni, virðulegi forseti. Ég hygg að ef að líkum lætur muni tekjur af sjávarútvegi verða mun minni en menn gerðu ráð fyrir í upphafi árs og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Hér er því bæði um að ræða vanda þessa árs, virðulegi forseti, og einnig næsta árs að því er mér sýnist. Ég vil þess vegna ítreka spurningu mína til hæstv. fjmrh.: Þarf ekki að endurskoða þessar áætlanir miðað við þær vísbendingar sem ég hef tínt til?

[14:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er reynt að hafa sem nýjastar og bestar áætlanir í hvert sinn til grundvallar tillögum og útreikningum í fjárlögum, hvort sem það er tekjuáætlun eða sá þjóðhagslegi grunnur sem tekjuáætlunin byggir á. En auðvitað er það þekkt staðreynd að menn vita ekki allt í þeim efnum. Framtíðin, bæði á næsta ári og lengra fram í tímann, er auðvitað óviss. Ég held þó að mönnum hafi miðað verulega áfram við gerð áætlana og spádóma um efnahagsmálin. Það er að sjálfsögðu ánægjulegt hve miklar framfarir hafa orðið í því efni hér á landi. Hins vegar er enginn að gera því skóna að við munum einhvern tíma ná fullkomnun í því efni. En allar upplýsingar, nýjustu upplýsingar, verður að sjálfsögðu að taka til greina í þessum efnum.

[14:41]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Fjárlög, fjáraukalög, ríkisreikningur og lokafjárlög, eru þeir þættir sem gefa mynd af ríkisrekstri hverju sinni. Að jafnaði vekja fjárlögin mesta athygli landsmanna og ekki að ástæðulausu, enda lögð áhersla á að beina kastljósi fjölmiðla að þeim. Fjárlögum má í raun vel líkja við uppskrift að köku og í lokafjárlögum fáum við kökuna fullbakaða. Fjmrh. lætur mála fína mynd af kökunni vegna þess að hún er ekki tilbúin en hann vill strax sýna hve flinkur hann er að búa til uppskrift.

En hvar passa fjáraukalög, sem við erum að ræða núna, í þessa líkingu? Þeim má líkja við aukaefni í kökuna en af þeim má aðeins setja sem minnst og eftir ákveðnum lögmálum bakarameistarans til að kakan verði ekki óæt og illa útlítandi.

Við erum við 3. umr. um fjáraukalög. Niðurstaða þeirra er 17,3 milljarða kr. gjöld umfram áætlun fjárlaga, eða um 7%

af áætluðu efnisinnihaldi kökunnar. Þá vantar enn liði sem koma fyrst fram í ríkisreikningi en eru engu að síður hluti af rekstri ríkisins hverju sinni. Það eru lífeyrisskuldbindingar, fjármagnskostnaður og afskriftir skatttekna, þ.e. skatttekjur sem hafa verið áætlaðar og birtast í fjárlagafrv. en koma ekki til innheimtu.

Samkvæmt ríkisreikningi ársins 2002, sem er nýlega kominn út, er skekkjan frá fjárlögum til ríkisreiknings 25 milljarðar kr. það ár — 25 milljarða kr. mismunur. Getum við vænst þess að niðurstaða þessa árs verði betri? Því miður er óhætt að fullyrða að áætlaður tekjuafgangur, sem kominn er niður í 3,2 milljarða, nægir engan veginn fyrir þeim kostnaðarliðum sem fram koma í ríkisreikningi auk þess sem vitað er að ýmsar stofnanir verða reknar með halla á þessu ári þrátt fyrir framlög á fjáraukalögum.

Herra forseti. Niðurstaða fjáraukalaga þýðir að verið er að eyða tæplega 333 millj. kr. umfram áætlun á viku, um 50 milljónum á dag, um 2 millj. kr. á klukkustund hvern einasta dag ársins. Það er verið að eyða 50 millj. kr. á dag umfram uppskriftina, 2. millj. kr. hverja klukkustund, hvern einasta dag ársins, jafnt helgidaga sem virka daga.

Verður ekki að viðurkennast að þessi fjáraukalög eru dapurlegur vitnisburður um uppskriftakúnst bakarameistarans? Hún þarf að lagast. Þetta ár er ekki einsdæmi heldur fellur kakan ár eftir ár.

Niðurstaðan er sú, virðulegi forseti, að uppskriftin fína, fjárlögin sem fjmrh. auglýsir svo rækilega ár eftir ár, er röng og afleiðingin af því eru allt of há fjáraukalög og ríkisreikningur sem sýnir halla á ríkisrekstrinum, en ekki rekstrarafgang eins og hæstv. ráðherra vill láta okkur trúa. Ríkisreksturinn er kolfallin kaka sem óbragð er af undir glassúrnum.

[14:46]

Útbýting þingskjala:

Húsafriðunarsjóður, 381. mál, fsp. DrH, þskj. 507.

Íslenska táknmálið, 374. mál, frv. SigurlS o.fl., þskj. 499.

Íslenskur hugbúnaður, 377. mál, fsp. JÁ, þskj. 503.

Kaupréttarsamningar, 378. mál, fsp. JóhS og ÁF, þskj. 504.

Safnasjóður, 382. mál, fsp. DrH, þskj. 508.

Þing aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, 379. mál, fsp. KolH, þskj. 505.

[14:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú líður að lokum þessarar umræðu um afgreiðslu fjáraukalaga fyrir þetta ár, yfirstandandi fjárlagaár. Og það minnir okkur enn á þau sannindi að fjárlagagerð er engin nákvæmnisvísindi af því tagi að menn þurfi að ergja sig yfir aukastöfunum eins og þessi niðurstaða eða þessar miklu breytingar hér sýna og uppgjör ársins 2002, sem er svona á lokasprettinum, þar sem hreyfingin frá upphaflegum áætlunum hleypur á tugum milljarða og búskapurinn er nú ekki eins glæsilegur hjá hæstv. fjmrh. og hann vildi vera láta þegar hann lagði það frv. fram á haustmánuðum 2001. Þetta er ágætt fyrir menn að hafa í huga þegar þeir ræða síðan um fjárlagafrv. sem nú er í meðförum Alþingis eins og það muni hins vegar standast svoleiðis upp á punkt og prik að það ætlar himinn og jörð að farast ef lögð eru til útgjöld sem hlaupa þar á einhverjum hundruðum milljónum til eða frá.

Þannig talaði hv. þm. Birkir Jón Jónsson, 9. þm. Norðaust., um hið mikla ábyrgðarleysi sem fólgið væri í því að vera með brtt. sem væru aðeins umfram tekjuöflunartillögur í tilviki okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hefði vissulega leitt til þess að hin reikningslega niðurstaða fjárlagafrv. hefði orðið 2 til 3 milljörðum minni afgangur. En niðurstaðan verður yfirleitt sú að afgreiddum fjáraukalögum og síðan ríkisreikningi og lokafjárlögum að orðið hafa breytingar innan ársins og vegna breyttra forsendna svo nemur einhverjum tugum milljarða kr. sem lætur þá nærri að vera kannski um 10% skekkja frá því sem menn lögðu upp með. Út af fyrir sig er ekkert skrýtið að það verði talsverð frávik þegar upp er staðið frá áætlunum. Gjarnan, sem betur fer, hreyfast þó bæði tekjur og gjöld í einhverjum takti, þannig að niðurstöðutalan breytist kannski ekki svo mikið eða öllu heldur ballansinn, jafnvægið í dæminu. En það er afar ólíklegt að *menn séu hér að hitta* í fyrsta skipti í sögunni svo nákvæmlega naglann á höfuðið þegar ríkissjóði verður lokað eftir árið 2004 að þá verði það alveg nákvæmlega á þeim tölum sem nú liggja fyrir í fjárlagafrv. Það kæmi mjög á óvart.

Varðandi fjáraukalagafrv. og afgreiðsluna á því, þá er að *sjálfsögðu búið að horfast í augu við veruleikann, raunveruleikann* í allmörgum málum sem menn gerðu ekki þegar þeir lokuðu fjárlögunum í fyrra, eða þeim var logið saman eins og stundum er sagt, og augljóslega lá fyrir að vandi væri falinn í heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu sem menn yrðu að horfast í augu við. Stundum hefur þetta verið gert þannig að menn hafa látið það dankast árum saman að taka á vandanum og stofnanirnar draga vaxandi eða stækkandi skuldahala.

Framhaldsskólarnir í landinu voru reknir þannig núna um nokkurt árabil að þeir söfnuðu skuldum og það var að gera stjórnendur gráhærða langt um aldur fram, þeir sem voru ekki orðnir það fyrir eða höfðu hár til að grána reyttu það og sáu það hvítna fyrir fram spegilinn, vegna þess að það var alveg sama hvernig þeir rembdust, staðan versnaði ár frá ári. Ég ræddi t.d. við minn gamla læriföður, Tryggva Gíslason skólameistara, einn reyndasta skólameistara landsins, í fyrra og hann átti ekki orð til yfir þeim ósköpum að búa við þessi samskipti við stjórnvöld að það væri ekki hægt að reka skólann á þeim forsendum sem honum voru fengnar í hendur. Og ergilegast er auðvitað þegar menn neita að horfast í augu við afleiðingarnar af því að setja upp reikniformúlur eða skammta fjárveitingar sem gera það að verkum að það eru bara tveir kostir í stöðunni, að skerða þjónustuna eða safna skuldum og reka hana áfram og fara fram úr heimildum og safna skuldum. En það er langlíklegast þegar stjórnmálamennirnir reyna að komast upp með það að neita tilvist þessa þáttar málsins, að stjórnendum í stofnunum eru settir þessir tveir kostir þegar þeir standa frammi fyrir fjárveitingu sem ekki dugar til að reka þeirra stofnun með því umfangi, veita þá þjónustu, hafa þann fjölda nemenda eða fjölda sjúklinga eða hvað það nú er, sem þörfin kallar á. Þessi staða er uppi núna og alveg sérstaklega í háskólunum.

Ein aðalástæða þess að ég geri mér erindi hér í ræðustólinn við lokaumfjöllun þessa fjáraukalagafrv. er sú að ég trúði því lengst af að það hlyti að eiga að taka eitthvað á málefnum háskólanna, ég er þá sérstaklega að tala um þrjá stóru opinberu háskólana, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskólann. Staða þeirra er sú að þeir eru reyrðir inn í eitthvert reikningsmóverk, einhverja formúlu sem menn hafa tekið algerlega oftrú á. Forveri núv. menntmrh., sem að vísu mun vera í útlöndum, Björn Bjarnason núv. hæstv. dómsmrh., tók alveg tröllatrú á þessa reiknifor-

múlu og það átti allt að fara inn í þessi reikniverk eins og þar með væri vandinn leystur. Svo kom auðvitað í ljós að þetta var ekki alveg svona einfalt vegna þess að aðstæður skólanna voru mjög mismunandi. Það var t.d. allt annað að reka fámennan skóla úti á landi heldur en stóran framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða í þéttbýli. Þá fóru menn í að aðlaga reikniformúluna að þessu, ekki var það heldur nóg vegna þess að það kom auðvitað í ljós að verknám er dýrara en bóknám og engin ný speki og formúlan varð að endurspegla það og það þurfti þá að breyta henni vegna þess. Og það voru kjarnaskólar og bekkjaskólar og einingaskólar og guð má vita hvað, og að endingu eru formúlurnar orðnar nokkurn veginn eins margar og skólarnir. Og þá eru menn komnir í hring, komnir aftur að því kerfi að veita í raun og veru fjárveitingar til hverrar stofnunar, hvers skóla miðað við aðstæður.

Háskólarnir búa við þetta. Fundið var út svona einhvers konar þorskígildi á háskólana, nema það er nemendaígildi eða eitthvað svoleiðis, og svo er það reiknað út hvað skólinn fær mikið fyrir hvern nemanda sem þar lýkur prófi. En vandinn er sá að það er ekki viðurkenndur nema viss fjöldi nemenda. En sem betur fer sækir ungt fólk í æ ríkari mæli í háskólanám og það er mikil aðsókn, t.d. að Háskólanum á Akureyri sem hefur stækkað það ört að hann keyrir á miklu fleiri nemendum en hann fær borgað fyrir. Það getur auðvitað ekki gengið út í hið óendanlega og staðan er orðin sú, alveg sérstaklega hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, að þeir ráða ekkert við það að taka inn á sig fleiri nemendur ef þeir fá ekki leiðréttingu á þessum hlutföllum, ef þeir fá ekki viðurkennt í reynd að það eru fleiri nemendur í skólanum en fjárveitingar standa til.

Það er að draga í sundur þarna. Ég vísa t.d. í grein eftir rekstrarstjóra Háskóla Íslands eða manns sem fer þar með rekstur, í Morgunblaðinu í gær eða fyrradag þar sem var nú bara komist þannig að orði að Háskóli Íslands væri að komast í þrot. Þetta væri endanlega að komast í þrot og háskólinn gæti ekki haldið áfram að taka við vaxandi fjölda nemenda ef greiðslurnar væru bundnar við eitthvert algerlega óraunhæft og miklu lægra viðmið.

Þetta sama er auðvitað að gerast með Háskólann á Akureyri og er kannski tilfinnanlegra að sínu leytinu þar þar sem um minni stofnun er að ræða, sem er í örum vexti. Og það sem ósköp einfaldlega er að gerast er að nú stangar Háskólinn á Akureyri þetta þak aftur og aftur og hættir að geta orðið við þeim væntingum og þeim umsóknum um skólavist sem þangað berast. Og þá verða stjórnvöld auðvitað að svara því. Það er ekki hægt að stinga bara höfðinu í sandinn og ætla skólastjórnendunum að glíma við þessa mótsögn. Fjárveitingavaldið, ríkisstjórnin og Alþingi verða þá bara að svara því: Eiga þessir háskólar að hætta að taka inn fleiri nemendur? Eiga þeir að takmarka skólasókn? Allir stóru almennu opinberu háskólarnir í landinu? Og það er algerlega ólíðandi að menn aki sér undan því að svara þessu.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. eiga auðvitað að koma hér eins og menn og svara fyrir þetta ástand. Verða fjárveitingarnar auknar? Eða verður gengið þannig frá málum að háskólarnir takmarki fjölda þeirra nemenda sem fá t.d. að innritast þar næsta haust? Það er bara tvennt til í þessum efnum, nema menn ætli mönnunum bara vísvitandi og með opnum augum að keyra þessar stofnanir áfram í vaxandi hallarekstri. Það er nú ekki góður búskapur, ekki góð ráðsmennska. Það er ekki beinlínis í samræmi við hin fínu fjárreiðulög og þessi vönduðu vinnubrögð öll og rammana og guð má vita hvað það heitir sem hæstv. fjmrh. er hér oft að monta sig af.

Þess vegna er það að ég mæli eindregið með því að tillögur 2. minni hluta fjárln., hv. þm. Jóns Bjarnasonar, varðandi háskólana þrjá, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, verði samþykktar og að tekið verði tillit til veruleikans í rekstri þessara stofnana eins og hann er, að Háskóli Íslands er með um 500–600 nemendur umfram það sem hann fær greitt fyrir vegna þessa þaks, Háskólinn á Akureyri líklega á annað hundrað og Kennaraháskólinn býr þarna við nokkurn vanda einnig þó að hann sé kannski skást staddur að þessu leytinu.

Það er sömuleiðis þannig, herra forseti, að við fjárlagaafgreiðsluna eftir 2. umr. komu engar brtt. frá meiri hlutanum um málefni háskólanna. Það kom loksins ákveðin úrlausn hvað varðar framhaldsskólana þó allt of seint og allt of lítið væri og vinnubrögðin við þá afgreiðslu auðvitað ekki til fyrirmyndar, að búa til 600 millj. kr. pott, framselja fjárveitingavaldið eða skiptingarvaldið í hendur menntmrh. með því, af því að eðlilegast væri að þessum fjárveitingum væri skipt með venjubundnum hætti í fjárlögunum. En það eru þó alla vega fjármunir þar til ráðstöfunar sem ganga þó nokkuð upp í þann vanda, þennan mikla uppsafnaða vanda framhaldsskólanna og það ber að virða það og viðurkenna. En þá sýnist ljóst að háskólastigið, opinberu háskólarnir standa þarna algjörlega út af. Algjörlega.

Og maður veltir fyrir sér hvers vegna þetta sé. Mér koma bara tvær skýringar í hug. Það hefur kannski lítið upp á sig að vera með getgátur um slíkt en annaðhvort eru einhverjir óskaplegir innri erfiðleikar í samskiptum stjórnarflokkanna og ríkisstjórnar og meiri hlutans í fjárln. eða eitthvað, það eru einhverjir hnökrar þarna einhvers staðar á leiðinni, eða að það er beinlínis verið að kvelja opinberu háskólana. Og auðvitað hefur gætt þeirrar tilhneigingar, alveg sérstaklega hjá Sjálfstfl. og ráðherrum hans, að kvelja opinberu háskólana og dekra við aðrar stofnanir sem þeim finnast fínni og kannski nútímalegri og meira gaman að stjana við, þ.e. skólana sem hafa til viðbótar opinberu fjárveitingunum heimildir til að leggja á skólagjöld og verða auðvitað smátt og smátt að forréttindastofnunum í kerfinu ef þær eru meira og minna jafnsettar hvað varðar opinberar fjárveitingar, en geta svo til viðbótar tekið sér há skólagjöld.

Nú veit ég að vísu að þeir telja sinn hlut ekki svo góðan, t.d. Háskólinn í Reykjavík sem bendir þó á á móti, og sjálfsagt með réttu að ýmsu leyti, að það verði að taka rannsóknarfé og nýbyggingafé og annað slíkt inn í myndina. Háskóli Íslands hefur jú haft happdrætti sem er að vísu því miður að verða miklu máttlausara tæki í höndum Háskóla Íslands en það var og skilar hlutfallslega minni tekjum miðað við þarfir hans auk þess sem því hafa verið bundnar miklar byrðar núna vegna náttúrufræðihússins. Staðan hvað framtíðarhorfur snertir er því í sjálfu sér ekkert sérstök.

Hitt ber að viðurkenna og virða að það er verið að veita allmyndarlega til uppbyggingar í Háskólanum á Akureyri. Það skal ég síðastur manna lasta að með þeim framkvæmdum sem þar eru, annars vegar á vegum skólans sjálfs og hins vegar við byggingu rannsóknarhúss, er verið að taka heilmikið á, það ber að viðurkenna. En reksturinn verður að fá að fylgja með og ég trúi því satt best að segja ekki, í ljósi þeirrar almennu samstöðu sem hefur verið um uppbyggingu Háskólans á Akureyri, í ljósi þeirra fallegu orða

sem eiginlega allir held ég sem yfirleitt hafa tjáð sig um það mál, láta gjarnan falla á hátíðisstundum, að þar sé á ferðinni eitt glæsilegasta og besta heppnaða mál af því tagi sem við höfum til að státa af á seinni áratugum. Ég held að það sé rétt. Uppbygging Háskólans á Akureyri hefur verið ævintýri líkust. Hún hefur verið geysilega vel heppnuð. Hún hefur verið lyftistöng, grettistak í málefnum svæðisins og breytt þar andrúmsloftinu mikið. Það þekkjum við vel sem þar þekkjum til.

Menn hljóta því að taka mark á því þegar það er sagt og það er fullyrt og það geri ég hér, að ef ekki fæst þarna ákveðin úrlausn á, er að koma mikið brot í þetta uppbyggingarferli. Ég bendi t.d. á að Háskólinn á Akureyri hefur lagt gríðarlega orku í uppbyggingu fjarnáms á háskólastigi og er ein helsta miðstöð þess í landinu ásamt Kennaraháskólanum og í nokkrum mæli Háskóla Íslands. Ég hygg að Kennaraháskólinn hafi á margan hátt verið þar í brautryðjendahlutverki með því að opna mönnum möguleika til fjarnáms til kennsluréttinda, og svo Háskólinn á Akureyri sem hefur með sínum dugnaði byggt þetta nám upp í öllum landshlutum, meira að segja á höfuðborgarsvæðinu og er að takast á við óskir frá mörgum byggðarlögum eða landshlutum sem óska eftir auknu námsframboði á háskólastigi í gegnum þetta kerfi og getur að sjálfsögðu ekki orðið við því nema það fáist metið í formi fjárveitinga til skólans.

Það standa því að mínu mati öll rök til þess að gera þarna lagfæringu á núna strax við afgreiðslu fjáraukalagafrv. Ég undrast það og ég harma það að það skuli ekki vera brtt. frá meiri hluta fjárln. í þessu sambandi. Ég veit ekki hvar hæstv. formaður fjárln. er, herra forseti, en ég hefði gjarnan viljað fá skýringar á því frá formanni fjárln. hvernig þessi mál standa annars vegar gagnvart fjáraukalagafrv. og hins vegar hvað varðar fjárlagavinnuna, lokasprettinn í fjárlagavinnunni sem stendur nú yfir. Mér skilst að fjárln. ætli að vinna að þessu hörðum höndum, meira að segja í kvöld og alveg fram á föstudag eftir tvær vikur, þegar þetta verður væntanlega afgreitt.

Það mundi því skipta máli ef hæstv. fjmrh. eða formaður fjárln. gætu upplýst okkur um það hér að þó svo að háskólarnir fái kannski ekki úrlausn í fjáraukalagaafgreiðslunni við 3. umr. hennar sé það mál á dagskrá, verði skoðað og verði fyrir því séð í fjárlögum næsta árs, þó langeðlilegast væri að hafa þetta tvískipt: Annars vegar að gera upp þann vanda sem fyrir liggur og hins vegar að takast á við forsendur skólahaldsins á næsta ári. Þá gætu háskólarnir veitt öllum þá þjónustu sem eftirspurn er eftir.

Ég tek það svo, herra forseti, að það hafi aldrei verið mótuð stefna um neitt annað en að menn eigi kost á því að fara í háskólanám á Íslandi, það sé ekki kominn kvóti á það almennt. Þök á aðgang er að vísu þekkt í einstökum greinum, numerus clausus og allt það, en maður hefur auðvitað skilið það þannig að það væri ekki komið eitthvert allsherjarþak á Íslandi á það hversu margir gætu stundað háskólanám á hverju ári. Það er það sem gerist ef þetta verður keyrt svona áfram. Ég held að menn verði aðeins að hugsa sinn gang líka í menntunarpólitísku samhengi hvað varðar jafnrétti til náms og aðrar slíka grundvallarhluti ef þetta heldur svona áfram.

Það byggir auðvitað á því að stóru opinberu háskólarnir hafa stórar deildir sem eru opnar, þar sem eru ekki fjöldatakmarkanir og þar sem ekki hafa enn sem komið er verið settar neinar skorður við því hverjir geta stundað þar nám aðrar en þær að menn uppfylli kröfur námsins. Þannig hélt ég að menn ætluðu að hafa þetta, en maður gæti farið að efast um það ef ekkert örlar á því að menn horfist í augu við raunveruleikann og þessa fjölgun nemenda.

Herra forseti. Úr því að hv. formaður fjárln. er kominn í salinn, held ég að ég endurtaki óskir mínar um að hann útskýri fyrir okkur hvernig málefni háskólanna standa. Annars vegar gagnvart fjáraukalagaafgreiðslunni: Hverju sætir það að engin úrlausn er á þeirra málum? Það liggur fyrir og ég treysti því að fjárln. hafi þau gögn, að mun fleiri nemendur hafa stundað nám við skólana en þeir fá greitt fyrir og þeir eru með svo nemur hundruðum virkra nemenda umfram það sem þökin leyfa að þeim sé greitt fyrir. Hins vegar hvort fjárln. er í vinnu sinni núna fram að 3. umr. fjárlagafrv. fyrir næsta ár að skoða þessi mál þannig að úrlausnar megi þó a.m.k. vænta þar, að því tilskildu að hún fáist ekki hér og nú við afgreiðslu fjáraukalaga? Eins og ég upplýsti þá veit ég að fjárln. ætlar að vinna hörðum höndum, þar á meðal í kvöld, að sínum verkefnum og alveg linnulaust fram á föstudag í annarri viku, þannig að ég treysti því að þessi mál fái ítarlega skoðun.

Ég ætla aðeins að nefna annað atriði, herra forseti. Það er samningur ríkisstjórnarinnar við öryrkja sem hefur orðið að nokkru umtalsefni og hv. þm. Jón Bjarnason tók hér upp og vakti rækilega athygli á í umræðum um fjárlagafrv. á dögunum.

Það hefur sem sagt komið á daginn sem menn undrar mjög að það virðist ekki eiga að efna að fullu í formi fjárveitinga það samkomulag sem gert var við samtök öryrkja í marsmánuði og var nú ekki svo lítill fögnuður yfir, sem eðlilegt var, því samkomulagið var á margan hátt tímamótaverk. Það voru engir varnaglar slegnir af því tagi að peningar til að efna þetta kæmu í einhverjum áföngum, heldur þvert á móti. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson tók alveg af skarið með það í blaðaviðtölum t.d. við Morgunblaðið fimmtudaginn 27. mars. Viðtalið var meira að segja á miðopnu, hvorki meira né minna, við hliðina á sjálfum leiðaranum, heilagra verður það ekki á síðum Morgunblaðsins. Þetta var alveg klappað og klárt, alveg í gadda slegið eins og stundum er sagt núorðið hér á Alþingi. Það þýðir sem sagt að eitthvað sé rígfast og lokað, gæti þar orðið gaddur haft merkinguna slagbrandur.

Það var því ekki að heyra á hæstv. heilbrrh. að menn þyrftu að hafa áhyggjur af öðru en að þetta samkomulag yrði efnt og það að fullu, enda á auðvitað að standa við samkomulag, ekki bara 60% eða 70%, heldur annaðhvort eða. Annaðhvort gera menn samkomulag og standa við það eða ekki. Það eru engar heimildir til þess neins staðar í slíkum hefðum eða lögvenjum að það sé fullnægjandi að standa við samkomulag bara upp að einhverri prósentu.

Þessir fjármunir sem þarna vantar upp á, upp undir hálfan milljarð króna til að þetta gangi fyrir sig eins og samið var um, eiga auðvitað að koma inn í fjárlagafrv. Það er algerlega á hreinu. Ég treysti því að formaður fjárln. leggi sitt af mörkum í þessum efnum, orðheldinn maður sem er annt um heiður sinn og sinn orðstír treysti ég, að hann vilji ekki hafa það á bakinu að fjárln. hafi ekki fyrir sitt leyti tryggt að við þetta væri staðið.

Alþingi er auðvitað með fjárlagafrv. til umfjöllunar og afgreiðslu. Ég ætla að vona að menn séu ekki orðnir svo ryðgaðir í stjórnskipun landsins að þeir taki mark á þessu rugli úr ráðuneytunum, sérstaklega fjmrn., að þetta sé einhvern veginn öðruvísi. Það mætti stundum ætla að það væri komin ný stjórnarskrá sem fæli ráðuneytunum fjárveitingavaldið.

Þannig er talað um hina heilögu ramma ráðuneytanna, þeir séu ofar valdi Alþingis. Þetta eru auðvitað menn sem hafa einhvers staðar gengið á hurð og ruglast í ríminu og halda að hér sitji ríkisstjórn sem sæki vald sitt frá sjálfri sér eða til sjálfrar sín, en ekki til Alþingis. Hér er þingbundin ríkisstjórn sem styðst við meiri hluta á Alþingi og það er sá meiri hluti sem ræður för eða Alþingi sjálft í heild og allt ef því tekst að sameinast um mál, þar liggur fjárveitingavaldið. Menn verða náttúrlega að gæta sín þegar þeir eru farnir að tala eins og það sé algerlega sjálfsagður hlutur að frá þessum málum sé endanlega gengið úti í bæ.

Satt best að segja, herra forseti, blöskrar mér stundum hvernig um þetta er talað núna. Menn hafa yfirleitt haft háttvísi í sér til þess að halda því ætíð til haga, þó svo að frumvörp séu undirbúin í ráðuneytum og þó svo að ríkisstjórn fjalli um hluti og ákveði í sínum hóp að sameinast um að leggja mál fyrir þingið, að hið endanlega vald liggi þar. Sérstaklega verður það að vera alveg á hreinu þegar um fjárhagsmálefni er að ræða því um það er sérstaklega ákveðið að þar liggi valdið hjá Alþingi og getur auðvitað ekki öðruvísi verið.

Menn geta því ekki skotið sér á bak við það þó þeir tilheyri meiri hlutanum, allra síst valdamenn og ábyrgðaraðilar eins og fulltrúar meiri hlutans í fjárln. að þeir séu lausir allra mála ef ríkisstjórnin bannar þetta eða leyfir hitt, ákveður þetta eða hafnar hinu. Það er bara ekki þannig. Ábyrgðin hvílir nákvæmlega eins á herðum þeirra sem að lokum með atkvæði sínu og stuðningi sínum við ríkisstjórn tryggja framgang mála. Menn lofa auðvitað ekki að styðja hvaða vitleysu sem er sem ríkisstjórnin gerir, þó þeir séu almennir stuðningsmenn hennar. Í grunninn heita menn því fyrst og fremst að verja hana vantrausti, en ef þeir taka ekki annað fram og um stjórnarfrv. og stjórnarákvarðanir er að ræða, bera þeir pólitíska ábyrgð á þeim. Ekki bara á verkum ráðherra síns eigin flokks heldur líka samstarfsflokksins. Það er einn fyrir alla og allir fyrir einn í þessu, nema menn segi sig formlega frá því að vera hluti af þeirri heild. Þannig lít ég a.m.k. á það þegar um þingbundnar ríkisstjórnir, meirihlutaríkisstjórnir er að ræða.

Þetta held ég að menn eigi að hafa í huga allt saman, t.d. þegar bréfaskriftir ganga fyrir sig eins og þær hafa gert undanfarna daga úr Stjórnarráðinu, inn í Alþingi og til baka o.s.frv.

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst gera þessi tvö mál sérstaklega að umtalsefni. Ekki síður í aðdraganda þess að nú hefst lokaspretturinn í vinnu fjárlagafrv., því mér er ljóst að sumt af þessu á kannski alveg eins við um það ef einhverrar úrlausnar er að vænta, að hún fáist þá í formi brtt. við fjárlagafrv. fyrir 3. umr. Að vísu hefur hv. þm. Jón Bjarnason séð til þess að menn geta ef þeir vilja tekið á málefnum háskólanna í atkvæðagreiðslu á eftir. En varðandi samninginn við öryrkja er eðlilegt að það mál bíði afgreiðslu fjárlagafrv., enda er þar um að ræða samning sem á að ganga í gildi um næstu áramót, ef minni mitt svíkur ekki, og útgjöldin stofnast á næsta ári.

Ég var ekki með töluna í höndunum þegar ég var að tala áðan um hvað óbreyttar fjárveitingar þýða til háskólanna. Til upprifjunar hef ég hins vegar hér upplýsingar um að Háskóli Íslands þyrfti að vísa frá 900 nýnemum næsta haust ef hann ætti að búa við óbreyttar fjárveitingar. Þá verður Háskóli Íslands auðvitað ekki lengur það stóra móðurskip æðri menntunar í landinu sem hann var stofnaður til að vera 1911 og hefur reynt að vera alla tíð síðan. Ef þannig er orðið að honum búið í allri velmeguninni og góðærinu í nútímanum að hann verður að vísa frá hátt í 1.000 nemendum er það alveg yfirgengilegt. Satt best að segja trúi ég ekki að ætlunin sé að ljúka málinu þannig. Hlutfallslega er staðan sennilega ekkert mikið skárri hjá Háskólanum á Akureyri því að miðað við óbreyttar forsendur fjárlagafrv. mundi hann vanta yfir 100 millj. kr. til kennslu og rannsókna á næsta ári og svipaða fjárhæð reyndar á þessu. Þar væri á ferðinni stór hópur nemenda, miðað við stærð þess skóla, sem hann yrði að vísa frá námi ef hann ætlaði að velja þá leið til þess að geta haldið sér innan fjárlaga.

Herra forseti. Ég hef hér lagt spurningar fyrir formann fjárln. og reyndar hæstv. fjmrh. einnig, ég hefði gjarnan viljað heyra sjónarmið hans í þessum efnum. Það er mikill skaði að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér til staðar því það hefði svo sannarlega verið ástæða til þess að inna hann eftir því hvernig menntmrh. sér þessa hluti fyrir sér. Þá erum við ekki bara að tala um peninga heldur um grundvallaratriði, jafnrétti til náms, mannréttindi og menntastefnu og annað í þeim dúr.

[15:17]

Útbýting þingskjala:

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 375. mál, frv. SigurlS, þskj. 500.

Fjarnám, 384. mál, fsp. SÞorg, þskj. 510.

Styrkir til atvinnumála kvenna, 383. mál, fsp. DrH, þskj. 509.

[15:17]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Fyrst aðeins vegna þess síðasta sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í ræðu sinni og lýtur að samningi Öryrkjabandalagsins við ríkisstjórnina og er út af fyrir sig fjárlagamál en varðar ekki fjáraukalagafrv. sem hér er fyrir. Það hefur óneitanlega verið ákaflega athyglisvert að fylgjast með hæstv. fjmrh. Geir Haarde rengja opinberlega yfirlýsingar heilbrrh. og halda því fram að samningurinn við Öryrkjabandalagið hafi aðeins verið um fjárframlag upp á 1.000 millj. kr. Hér í ræðustól Alþingis hefur hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson þvert á móti sagt alveg skýrum stöfum að samkomulagið hafi ekki verið um 1.000 millj., samkomulagið hafi verið um tvöföldun grunnlífeyris ungra öryrkja og þegar menn hafi reiknað út hvað það kostaði hafi það reynst kosta meira en milljarð sem var það sem þeir hefðu áætlað í upphafi og þess vegna sé ekki hægt að efna samninginn hinn 1. janúar nk., hann hafi ekki fjárheimildir til þess. En það er alveg skýrt hjá hæstv. heilbrrh. um hvað samið var. Það var samið um að tvöfalda grunnlífeyri þeirra sem verða öryrkjar 18 ára eða yngri og að sú tvöföldun færi stiglækkandi ár frá ári, eftir því hvenær á ævinni menn verða öryrkjar, til 67 ára aldurs. Og niðurstaðan er einfaldlega sú að það að efna þann samning kostar 1.500 millj.

Hæstv. fjmrh. Geir Haarde hefur gert fjölmarga kjarasamninga sjálfur sem hafa reynst vanmetnir hvað kostnaðinum viðvíkur og hafa í framkvæmd reynst dýrari en ætlað var þegar þeir voru undirritaðir. Þeir kjarasamningar hafa engu að síður verið efndir. Að sjálfsögðu. Og skárra væri það nú. Með alveg sama hætti á hæstv. ríkisstjórn að virða þann samning sem hún hefur gert við öryrkja þó að hún út af fyrir sig hafi vald til að svíkja hann og traðka þannig á öryrkjum.

Þetta mál er út af fyrir sig ekki sérstaklega hér fyrir þó að í fjáraukalagafrv. sé að finna útgjöld einmitt upp á 1.500 millj. vegna öryrkja, en það er í framhaldi af dómi Hæstaréttar yfir ríkisstjórninni um ítrekuð brot hennar á stjórnarskrá gagnvart öryrkjum. Og það er ekki laust við að mann renni í grun að hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde, sé með æfingum sínum þessa dagana að reyna að hefna sín á Öryrkjabandalaginu fyrir að hafa leyft sér að taka ríkisstjórnina fyrir Hæstarétt í tvígang og rassskella hana í grundvallaratriðum um lögfræðileg málefni og stjórnarskrá landsins. Manni býður í grun að hæstv. ríkisstjórn sé nú að reyna að hefna þess á Alþingi sem hallaði uppi í Hæstarétti og hafa af öryrkjum þær kjarabætur sem þeir sömdu um og handsöluðu, hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson og Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins.

Virðulegur forseti. Þá að því fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir.

Þær brtt. sem liggja fyrir þessari umræðu eru út af fyrir sig ekki umfangsmiklar og þegar hafa farið fram 1. og 2. umr. um fjáraukalagafrv. Þær tillögur sem hér liggja fyrir eru þó nokkuð lýsandi eins og sú sem hv. þm. Jón Gunnarsson dró fram og vakti sérstaka athygli á en þar var um að ræða framkvæmdakostnað sem áætlaður hafði verið 130 millj. kr. en reynist nú vera 290 millj. kr., þ.e. ríflega tvöfalt meiri en áætlaður var. Það er í sjálfu sér ekki stór liður í þeim nærri 20 milljörðum sem hér koma í bakreikningum en hann er ákaflega lýsandi. *Oft er það hið litla sem segir drýgsta sögu um hið mikla.* En þegar svona er haldið á í litlum framkvæmdum segir það auðvitað sína sögu um hvernig haldið er á hinum stærri málum.

Ég vildi hér, virðulegur forseti, fyrst og fremst ræða nokkuð um vinnubrögð, vinnubrögð við fjárlagagerðina og við fjáraukalagafrv. Það hefur ágætlega verið dregið fram hér í umræðunni hversu gríðarleg skekkja er frá fjárlagafrv. og til niðurstöðu og lokafjárlaga. Ætli það væri ekki nær að kalla sólskinsfrv. frá hæstv. fjmrh. tunglfrv. þegar á því hefur orðið 25 milljarða viðsnúningur? Og hér erum við með undir fjáraukalagafrv. upp á 17,3 milljarða og maður hlýtur að spyrja: Hvað veldur því að svona mörg ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg útgjöld koma fyrir Alþingi?

Ég leitaði eftir því á fundi fjárln. að fjmrn. upplýsti okkur um það hvernig þessu hefði verið háttað sl. fimm ár, hvort þess væru dæmi að á sl. fimm árum hefðu einstakir liðir á fjárlögum farið þrisvar sinnum eða oftar inn á fjáraukalög, þ.e. það væri fremur regla en undantekning að viðkomandi liður væri inni á fjáraukalögum. Í ljós kemur að þar eru 100 liðir á ferðinni.

Hæstv. fjmrh. talaði hér áðan um að áætlunum færi sem betur fer fram og alltaf tækist mönnum betur að áætla um framtíðina. Mér er þó ekki kunnugt um að nokkru sinni fyrr hafi menn lagt fyrir fjáraukalagafrv. á Alþingi upp á 17.300 millj. kr. skekkju. Og mér er ekki kunnugt um að fjárlög hafi breyst frá framlagningu til lokafjárlaga um 25 þús. millj. eins og fór fyrir fjárlagafrv. frá síðasta ári og er vandséð af þessum tveimur dæmum frá árunum 2002 og 2003 að áætlanagerðinni í fjmrn. hafi mikið farið fram. Eftir að hafa kynnst, þótt ekki sé nema lítið, vinnunni í fjárln. og vinnunni að fjárlögum er það eiginlega hætt að koma mér á óvart. Þegar ég leitaði eftir því að fá lista yfir þá fjárlagaliði sem ítrekað hefðu farið inn á fjáraukalög var slíkt yfirlit ekki til í fjmrn. Það þurfti að útbúa það. Það virtist ekki vera hægt að nota upplýsingakerfi fjmrn. þannig að það væri hægt að útbúa þetta yfirlit yfir þá sem aftur og aftur fara fram úr fjárheimildum á skömmum tíma. Það tók einar þrjár vikur og er mér næst að halda að embættismenn fjmrn. hafi þurft að fletta upp í gömlum bókum til að átta sig á því hvaða liðir það eru á fjárlögum sem alltaf eru að fara inn á fjáraukalög og fram úr fjárheimildum.

Það er auðvitað mikið áhyggjuefni að slíkar grundvallarupplýsingar séu ekki tiltækar í fjmrn. til að hjálpa því við eftirlit með framkvæmd fjárlaga og að menn séu ekki með gott og skipulagt yfirlit um það hvernig þessum málum er háttað.

Ekki nóg með það, virðulegur forseti, heldur er ráðuneyti fjármála eftir allar þessar vikur ófært um að leggja fram lista yfir það hvaða ríkisstofnanir hafi farið oftar en ekki á síðustu fimm árum fram úr fjárlagaheimildum sínum vegna þess að safnliðir á fjáraukalögum eru ekki sundurgreindir og sú vinna hefur ekki verið unnin í fjmrn. að sundurgreina safnliði og komast að því hvaða stofnanir aðrar en tilgreindar eru á þessum 100 aðila lista hafi farið fram úr.

Það er alveg augljóst, virðulegur forseti, að fjmrn. hefur ekki lagt sig eftir því að kanna hvaða skólar það eru og hvaða heilbrigðisstofnanir sem aftur og aftur koma hér inn á fjáraukalög. Safnliðirnir hafa aldrei verið sundurgreindir. Og á þremur vikum vannst þeim ekki tóm til þess að sundurgreina safnliðina.

Það er mikið áhyggjuefni vegna þess að auðvitað eiga *ekki 100 liðir á fjárlögum oftar en ekki á síðustu fimm árum* að hafa komið inn á fjáraukalög. Það er óhjákvæmilegt að í einstaka liðum í fjárlögunum séu skekkjur. En það er ekkert eðlilegt við það að æðsta stjórn ríkisins og aðalskrifstofur fjölmargra ráðuneyta séu oftar en ekki á fjáraukalögum. Það fer ekki vel á því, virðulegur forseti, og það er ekki í samræmi við virðingu æðstu stjórnar ríkisins eða virðingu framkvæmdarvaldsins að því sé þannig háttað.

Okkur hlýtur öllum að þykja það miður að þurfa að lesa lista yfir þá 100 liði á fjárlögum sem oftar en ekki fara inn á fjáraukalög. Listinn byrjar á embætti forseta Íslands. Næst kemur Alþingi. Þá kemur aðalskrifstofa forsrn. Þarna inni eru líka liðir sem engin leið er að verja að séu þar jafnoft og með jafnmiklum fjárhæðum og raun ber vitni. Ég tek dæmi af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar eru heilir 2,6 milljarðar í fjáraukalagaveitingum á síðustu árum. Landspítali – háskólasjúkrahús, ja, það er kunnara en frá þurfi að segja að Landspítalinn er því miður fastagestur á fjáraukalögum. Mér er nær að halda að það sé fremur vegna vanáætlunar fjmrn. en reksturs spítalans. Samtals á þessum fimm árum eru aukafjárveitingarnar á fjáraukalögum til Landspítala – háskólasjúkrahúss 7,6 milljarðar, ár eftir ár eftir ár.

Og það er engin leið að tala um að þegar 100 fjárlagaliðir koma oftar en ekki inn á fjáraukalög sé nægilegt aðhald og nægilegur agi í framkvæmd fjárlaganna. Því miður er það alls ekki svo.

Ég held að við hér í þinginu hljótum að eiga að ganga á undan með góðu fordæmi og leggja allt kapp á að þessi venja leggist af hvað þingið varðar, enda er skylda okkar um fjárveitingar til þingsins ríkari en til annarra stofnana eins og áður hefur verið farið yfir hér í umræðunni, um skiptingu á verkum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Við fulltrúar Samf. í fjárln. munum af þessu tilefni flytja erindi til forsn. þingsins og ganga eftir því fyrir 3. umr. um fjárlög næsta árs, árið 2004, að í fyrirliggjandi frv. sé tryggilega og nægilega gert ráð fyrir fjárveitingum til þingsins og þeirra ófyrirsjáan-

legu hluta sem alltaf kunna að koma upp á hverju rekstrarári til þess að það megi ekki verða aftur árið 2004 að Alþingi sjálft sé inni á fjáraukalögunum og við leggjum allt kapp á það í störfum okkar hér.

En það er fleira við vinnubrögðin sem nýliða eins og mér þykir nokkuð athyglisvert og það er það sem áður hefur verið nefnt um yfirlitið, ekki bara það að yfirlit skorti um þá sem alltaf hafa verið að fara fram úr fjárheimildum á síðustu árum, heldur hefur það reynst liggja þannig að fjmrn. hefur ekki handbært og getur ekki afhent yfirlit í nóvembermánuði um útkomuspá ríkisstofnana. Fjmrn. hefur ekki upplýsingar um hver fjárhagsleg útkoma ríkisstofnana, yfir 500 stofnana, er talin vera, getur ekki lagt hana fram í fjárln. Þegar slíka heildarsýn skortir er vandséð hvernig á að vinna fjáraukalög svo gagn sé að ef menn hafa ekki tryggilegt heildaryfirlit yfir stöðu allra stofnananna. Ég held að óháð allri flokkapólitík og óháð meiri hluta eða minni hluta í þinginu sé gríðarlega mikilvægt fyrir okkur í fjárln., fyrir framkvæmdarvaldið og fyrir landið allt að á þeim gríðarlega þenslutíma sem í hönd fer verði aðhaldið og aginn í ríkisfjármálunum meiri en raun ber vitni hin síðustu ár vegna þess að við megum ekki við því að þar komi 17 milljarða fjáraukalög inn, eða það skeiki 25 milljörðum frá framlögðu frv. til niðurstöðu því að á næstu árum verða menn að halda sjó í ríkisfjármálunum til að halda aftur af verðbólgu og til að halda aftur af vaxtastiginu í landinu. Til þess hygg ég að það sé algerlega nauðsynlegt að fjmrn. verði styrkt og efld í því að hafa betri heildarsýn á fjárreiður ríkisins og stofnana þess.

[15:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil bæta örfáum orðum inn í umræðuna, lokaumræðu um fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár. Ég vil fyrst vekja athygli á nokkrum liðum sem fram koma í áliti meiri hluta fjárln. og lýsa yfir ánægju með að tekið sé á þeim málum með þeim hætti sem þar er lagt til. Það er í fyrsta lagi fjárveitingar til uppbyggingar íþróttaaðstöðu í tengslum við landsmót Ungmennafélags Íslands, hvort heldur það eru unglingalandsmót eða landsmótin hin meiri sem fjárln. leggur til að stutt verði myndarlega við bakið á umfram það sem þegar hefur verið í fjárveitingum undanfarinna ára.

Ég tel að mjög mikilvægt sé að Alþingi komi myndarlega að uppbyggingu íþróttamannvirkja um landið, sérstaklega í tengslum við stórmót eins og landsmót Ungmennafélags Íslands eru og reyndar finnst mér sama auðvitað gilda um önnur íþróttasamtök á sambærilegum mælikvarða.

Ég vek athygli á því að fyrir þinginu liggur einmitt tillaga sem er í svipaða átt um að styrkja íþróttafélög til þess að stunda starfsemi sína með því að taka þátt í kostnaði við ferðir íþróttafólks um landið. Ég held að við ættum að fagna þessu sjónarmiði fjárln. því það styrkir þá tillögu sem fyrir liggur í þinginu varðandi íþróttasjóð fyrir ferðir íþróttafélaga. Og það væri vel að verki staðið ef okkur tækist að ná því fram á þessu þingi að fá það til að samþykkja þá ályktun sem fyrir liggur í þessu efni og vissulega vekur stuðningur fjárln. í því sem ég nefndi vonir um að unnt eigi að vera að fá sæmilega samstöðu um seinna málið sem fyrir þinginu liggur og verður tekið til umræðu fljótlega.

Í öðru lagi vil ég fagna því að fjárln. eða meiri hluti hennar — ég geri ráð fyrir að minni hlutinn sé sammála í þessum tillögum þó þær séu skrifaðar eingöngu á meiri hlutann — að lagt er til að auka fjárveitingar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Við þekkjum það að á undanförnum árum hefur reynst nauðsynlegt að setja meira fé í jöfnunarsjóðinn til þess að jafna betur fjárhagslega stöðu sveitarfélaga um landið. Það eru ýmis atriði sem eru þess valdandi að sundur hefur dregið. Við sjáum það í tölum, t.d. tölum Hagstofu Íslands sem sjá má í Landshögum og ég vek athygli á að nýlega eru komnir út Landshagir 2003 sem hefur að geyma nýjar tölur, árið 2002 hefur bæst við fyrri ár. Þar kemur fram sú þróun sem verið hefur í gangi síðustu ár að sundur hefur dregið í tekjuöflun sveitarfélaga á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og sveitarfélaga á landsbyggðinni hins vegar.

Það er alveg greinilegt að launaþróunin hér á landi á síðustu árum hefur verið með þeim hætti að laun á höfuðborgarsvæðinu hafa hækkað verulega umfram laun á landsbyggðinni og það endurspeglast í þeirri mismunandi tekjuþróun sveitarfélaga um landið. Reynst hefur nauðsynlegt að jafna þetta með viðbótarframlögum til jöfnunarsjóðs og þarna er gerð tillaga um að fyrir yfirstandandi ár verði einmitt gripið til þess og veitt 400 millj. kr. til að jafna þá aðstöðu.

Hitt atriðið sem hefur áhrif á mismunandi tekjuþróun sveitarfélaga er íbúafjöldinn sem hefur verið með þeim hætti að mjög víða utan höfuðborgarsvæðisins hefur íbúum fækkað en fjölgað á höfuðborgarsvæðinu og það leiðir einnig til þess að munur verður á tekjum sveitarfélaga.

Ég held því að ákaflega nauðsynlegt sé að fá þessa tillögu fram og vænti þess að í þeim viðræðum sem fram undan eru milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslega stöðu sveitarfélaga, þá verði tekið á þeirri þróun á þann hátt sem fjárlög og fjáraukalög undanfarinna ára hafa bent til, þ.e. að sveitarfélögin fái aukið fé til umráða til að jafna þennan mun.

Ég skil það svo að í ljósi þessarar tillögu og afgreiðslu Alþingis á undanförnum árum sé fullur vilji til þess að jafna þennan mun sem er orðinn með því að bæta stöðu sveitarfélaganna.

Ég vil einnig vekja athygli á einum lið undir Hagstofunni sem mér finnst ástæða til að fá aðeins nánari upplýsingar um, þ.e. að Hagstofunni er bætt fjárveiting um 10,5 millj. kr. til að mæta tekjutapi vegna þess að fyrirtækjaskrá var flutt frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra. Mér virðist á þeirri tillögu að ráða megi að Hagstofa Íslands hafi haft tekjur af fyrirtækjaskránni umfram þau útgjöld sem hún hafði við að veita þá þjónustu sem fylgdi skráningunni. Það að flytja verkefni til ríkisskattstjóra hafi því dregið úr tekjunum meira en nam samdrætti útgjalda. Mig langar að forvitnast frekar um þetta, herra forseti, og fá nánari upplýsingar um hvernig þessu víkur við, hvort ágiskun mín sé nærri lagi í þessum efnum og hvort þá að tekjur þær sem ríkisskattstjóri fær núna fyrir að sinna þessu verkefni séu þá ekki meiri en hann raunverulega þarf á að halda verkefnisins vegna.

Ég vil víkja að tveimur málum í fjáraukalagafrv. sem mér finnst ástæða til að staldara við. Fyrra málið lýtur að heimildargrein í 4. gr. fjáraukalagafrv., lið 7.17, heimild til fjmrh. til að leggja fram viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja að andvirði 75 millj. kr. Þessa heimild er líka að finna í fjárlagafrv. fyrir næsta ár þannig að ljóst er að lagt er til að ríkið leggi 150 millj. kr. í Eignarhaldsfélag Suðurnesja til verkefna þar. Um þetta mál var forvitnast í iðnn. Alþingis og nefndin fékk skýringar á því sem fram koma í áliti iðnn. með nál. meiri hluta fjárln. við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á þessu máli.

Fram kemur í upplýsingum fjmrn. um málið að um sé að ræða samstarf ríkisins við Eignarhaldsfélag Suðurnesja og Bláa lónið hf. um uppbyggingu meðferðarstöðvar við Bláa lónið sem áætlað er að kosti um 400 millj. kr.

Mig langar að spyrja hvort það sé rétt skilið hjá mér að hlutur ríkissjóðs í því verkefni verði 150 milljónir af þeim 400 sem verkefnið eða húsbyggingin er áætluð kosta.

Ég vil segja um þetta að mér finnst eðlilegt að ríkissjóði sé beitt til að styðja við atvinnuuppbyggingu um landið, skapa ný störf, í samstarfi við aðra aðila sem tilbúnir eru að leggja til fé í því skyni. Ég er almennt séð stuðningsmaður þessa verkefnis og þess að ríkissjóður styðji ásamt Eignarhaldsfélagi Suðurnesja að uppbyggingu verkefnisins.

En ég vek athygli á að þessi eignarhaldsfélagahugmynd er ekki ný af nálinni. Hún kom fram í byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti á árinu 1997 eða 1998. Þar var ákveðið að verja 300 millj. kr. á ári til eignarhaldsfélaga sem stofna átti um landið í fjögur ár og nota átti það fé ásamt mótframlögum frá aðilum heima á starfssvæði hvers eignarhaldsfélags til að fjármagna verkefni til atvinnuuppbyggingar um landið. Þessi eignarhaldsfélög voru stofnuð um allt landið og Eignarhaldsfélag Suðurnesja var eitt af þeim félögum. Til þeirra runnu 900 millj. kr. sem skiptust á milli félaganna á þremur árum. Á síðasta ári var reyndar fjárveitingu til félaganna upp á 200 milljóna breytt. Fallið var frá því að setja 200 millj. kr. af fjárlögum ársins 2002 til eignarhaldsfélaga og þar með var tekin sú stefna að ríkissjóður teldi þátttöku sinni lokið í atvinnuuppbyggingu í gegnum eignarhaldsfélögin.

Ég vil hins vegar fagna þeirri stefnubreytingu sem fram kemur hér af hálfu fjmrh. að leggja á nýjan leik af stað í þann leiðangur að nota fé ríkissjóðs til atvinnuuppbyggingar í samstarfi við aðila heima í héraði gegnum eignarhaldsfélög. Ég tel það rétta stefnu. Ég vænti þess að þegar menn sýna verkefni víðar um landið, hvort sem það er á Austurlandi, Norðurlandi, Suðurlandi eða Vestfjörðum og óska eftir þátttöku ríkissjóðs í uppbyggingu þar, þá verði því vel tekið, ekki síður en því hefur verið tel tekið á Suðurnesjum.

Ég vildi því vekja sérstaka athygli á þessu máli og lýsa yfir ánægju minni með viðbrögð fjmrh. við þessu erindi frá Bláa lóninu. Ég veit að ekki mun standa á honum eða ríkisstjórninni að styðja við bakið á aðilum annars staðar á landinu sem munu koma með svipuð áform til atvinnuuppbyggingar hver á sínu svæði. Ég þekki mjög vel til á Vestfjörðum og veit að það eru verkefni sem menn eru að skoða og vilja gjarnan hrinda af stokkunum. Nauðsynlegt væri að ríkissjóður kæmi að þeim með fjárframlögum, t.d. í gegnum eignarhaldsfélagið sem þar starfar. Ég fagna því að ákveðið hefur verið að starfsemi eignarhaldsfélaganna haldi áfram og vona að þeim takist að vinna myndarlega að uppbyggingu atvinnutækifæra hvert á sínu starfssvæði á næstu árum.

Síðara málið sem mig langar að gera hér að umtalsefni er það sem fram kemur í breytingartillögum meiri hluta fjárln., þ.e. að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að ganga til samninga um kaup á Hitaveitu Dalabyggðar. Mig langar að spyrjast aðeins fyrir um það mál því þarna er verið að leggja til að ríkisfyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, fái heimild til þess að ganga til viðræðna eða samninga um kaup á hitaveitu. Nú vill svo til að búið er að gera samning milli Rafmagnsveitna ríkisins og Hitaveitu Dalamanna um kaup á þessari veitu. Sá samningur var lagður fram í iðnn. og hann er dagsettur 24. júlí í sumar. Þar undirritar forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins samning um kaup á þessari hitaveitu með fyrirvara um samþykki iðnrh. og fjmrh. og stjórnar stofnunarinnar.

Mér leikur því forvitni á að vita hvernig standi á þessari tillögu fjárln. að heimila Rafmagnsveitunum að ganga til samninga þegar ljóst er að samningurinn er til og undirritaður.

Eins og þetta blasir við mér þá dreg ég þá ályktun að samningurinn í sumar hafi verið undirritaður án þess að nægilegar heimildir lægju fyrir, þ.e. að ekki væri nægjanlegt að fyrir lægju heimildir frá ráðherrum heldur yrði að liggja fyrir heimild frá Alþingi. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. og að biðja hann að útskýra þetta, hvort það sé réttur skilningur hjá mér að í raun hafi samningsgerð í sumar í þessu máli verið í heimildarleysi. Það teldi ég auðvitað miður ef menn hefðu flýtt sér svo við málið að þeir hefðu ekki gætt að því að hafa réttar heimildir til fjárfestinganna.

En þá velti ég fyrir mér hvert sé gildi samningsins sem búið er að undirrita. Nú skal ég ekki fullyrða um það. Ég hef ekki svo sem kafað djúpt ofan í það. Mér sýnist þó að ef ríkisfyrirtæki er búið að skrifa undir samning og skuldbinda fyrirtæki sitt og fá þær heimildir uppfylltar sem eru í samningnum, þ.e. samþykki ráðherranna, þá sé búið að gera skuldbindinguna. Ég fæ því ekki séð annað, jafnvel þó Alþingi mundi ekki samþykkja þá tillögu sem fyrir liggur, en að samningunum verði ekki rift án þess að ríkið væri skaðabótaskylt.

Nú er ég ekki að leggja það til, herra forseti, að samningar verði látnir ganga til baka. Ég tel að menn eigi að efna það sem komið er í þessum efnum. En mér sýnast vera einhverjir hnökrar á framkvæmd málsins og vildi gjarnan fá þetta útskýrt svo það lægi hér fyrir.

Í öðru lagi vil ég gera líka aðeins athugasemd við þetta mál út frá sjónarhóli ríkisins sem kaupanda vegna þess að forsaga málsins er sú að iðnrn. fól Orkubúi Vestfjarða að ganga til samninga við seljendur um kaup á þessari hitaveitu. Þær samningaviðræður fóru fram og undirritaður var samningur milli Orkubús Vestfjarða annars vegar og seljanda hins vegar. Þó að það fyrirtæki sé að öllu leyti í eigu ríkissjóðs var fullkomlega heimilt að kaupa það vegna þess að það er hlutafélag. Síðar gerist það að seljendur sjá möguleika á að fá hærra verð fyrir veituna en orkubúið var tilbúið að greiða og þeir bera sig eftir því við Rafmagnsveitur ríkisins og stjórn Rafmagnsveitna ríkisins býður hærra verð en Orkubú Vestfjarða var tilbúið að greiða. Þarna hækkar því verðið um 10 millj. kr. úr 135 millj. í 145.

Ég verð að segja, herra forseti, þó ég skilji fullkomlega sjónarmið heimamanna sem vilja fá sem mest fyrir það sem þeir eru að selja, að mér finnst ekki eðlilegt að ríkið sé að yfirbjóða sjálft sig. Mér finnst það ekki eðlilegt, herra forseti. Ríkisfyrirtækið Rarik er að yfirbjóða ríkisfyrirtækið Orkubú Vestfjarða. Enn óeðlilegra finnst mér það í ljósi þess að Orkubú Vestfjarða á fyrir kaupunum. Sjóðsstaða þess er svo sterk að það getur greitt kaupverðið út í hönd. En Rafmagnsveitur ríkisins eiga ekki fyrir kaupunum og verða að fá lánsfjárheimild af fjárlögum til þess að geta greitt kaupverðið út. (Gripið fram í.) Ég vildi láta þetta sjónarmið mitt koma fram að mér finnst þetta ekki rétt og að ráðherrarnir eigi að reyna að hafa áhrif á framvindu mála á þann hátt að ekki sé verið að tefla saman ríkisfyrirtækjum hvoru gegn öðru. Ég vil að það sjónarmið komi fram í þessari umræðu.

Ég er svolítið hugsi yfir þessum kaupum í ljósi þess að verðið er auðvitað töluvert hátt og að fyrir liggur álit um þessa hitaveitu af hálfu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Það álit var birt í fundargerð sveitarstjórnar Dalabyggðar sl. sumar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eftirlitsnefndin fór ítarlega yfir málefni Hitaveitu Dalabyggðar ehf. Hún kynnti sér m.a. áætlanir um stofnkostnað og rekstur hitaveitunnar frá byrjun, reikningsskil hennar fyrir árið 2002, rekstrarhorfur næstu árin, gjaldskrá hitaveitunnar, yfirlit yfir þróun íbúafjölda Dalabyggðar undanfarin ár, ársverk og tekjur í Dalabyggð, ársverk eftir atvinnuvegum og yfirlit yfir atvinnuskiptingu."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það er niðurstaða eftirlitsnefndarinnar að miðað við núverandi fjárhagsstöðu og rekstrarforsendur hafi hitaveitan í raun ekki rekstrargrundvöll og fyrirsjáanlegur sé verulegur hallarekstur hennar sem óhjákvæmilega muni þrengja að fjárhag sveitarfélagsins sem ekki er fjárhagslega aflögufært að mati nefndarinnar. Í því sambandi er vakin athygli á að notendur hitaveitunnar eru einungis liðlega helmingur allra íbúa sveitarfélagsins."

Mat þessara aðila á fyrirtækinu sem ríkið er að kaupa er nú ekki með þeim hætti að ástæða sé til þess af hálfu ríkisins að standa fyrir kapphlaupi sem spennir verðið upp hærra en ella hefði orðið.

Herra forseti. Ég vildi láta þetta koma hér fram og óska eftir skýringum á þessari fram komnu tillögu um heimild til þess að ganga til samninga um kaup á hitaveitunni því ég átta mig ekki alveg á því hvernig á því stendur, nema ef skýringin er sú sem ég gat mér til um.

[15:55]

Útbýting þingskjala:

Megináherslur íslenskra stjórnvalda í Barentsráðinu, 380. mál, fsp. KolH, þskj. 506.

Skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar, 385. mál, fsp. SJS og JBjarn, þskj. 515.

[15:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er komið að lokum umræðu um fjáraukalög fyrir þetta ár og ég vil færa öllum sem hafa lagt hönd á plóg við að koma því máli áfram hér í þinginu kærar þakkir fyrir þeirra framlag, ræðumönnum hér og nefndarmönnum í fjárln. sérstaklega.

Hér hafa komið fram nokkrar spurningar sem m.a. hefur verið beint til mín og ég vil reyna að víkja að í stuttu máli. Síðan vildi ég segja nokkur orð almennt um frv. og um þau vinnubrögð sem um meðferð þess gilda.

Fyrst varðandi framkvæmdir á Vífilsstöðum sem hv. þm. Jón Gunnarsson spurði réttilega um fyrr í umræðunni. Mér hafa borist eftirfarandi skýringar sem eru áréttting á því sem hv. formaður fjárln. sagði um þetta mál. En ég vil gjarnan koma því á framfæri:

Í samræmi við tillögur samráðshóps stjórnvalda og Landssambands eldri borgara var á síðasta ári ákveðið að hefja rekstur hjúkrunarheimilis í húsnæði Vífilsstaðaspítala þegar á árinu 2003. Í fjáraukalögum ársins 2002 var ákveðið að verja 130 millj. kr. til að gera nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæðinu, en miðað var við að einungis yrði um lágmarkslagfæringar á þessu húsnæði að ræða. Af þeim sökum var mikil óvissa um hver heildarkostnaður yrði, einkum vegna hugsanlegra krafna frá brunamálayfirvöldum, ferlinefnd fatlaðra, Rafmagnseftirliti, Vinnueftirliti og byggingarnefnd. Á daginn kom að gerðar voru auknar kröfur til húsnæðisins, svo sem um breidd dyraopa og útgönguleiða og fleira þess háttar, sem kölluðu á mun meiri tilfæringar og lagfæringar heldur en ráðgert hafði verið. Þegar til framkvæmda kom var ljóst að umfang breytinganna og endurbótanna yrði mun meira en upphaflegar lágmarksbreytingar hefðu kallað á og má rekja þetta til krafna, vafalaust eðlilegra krafna, um öryggi og aðbúnað í húsnæðinu. Að teknu tilliti til þeirra var kostnaður við breytingar og endurbætur á húsnæðinu endurmetinn og nú áætlaður 290 millj. kr. Í stað þess að falla frá verkefninu sem auðvitað hefði komið til greina var ákveðið að ráðast í þessar breytingar miðað við nýja kostnaðaráætlun og nýta það fé sem ella hefði farið í rekstur til að standa undir þessari fjárfestingu. Þessar auknu kröfur um breytingar á húsnæðinu höfðu það í för með sér að eigi varð unnt að hefja rekstur í húsnæðinu fyrr en í lok þessa árs. Þar af leiðandi var til ráðstöfunar rekstrarfjárveiting sem nú er lagt til að varið verði í samræmi við breytingartillögu hv. formanns fjárln. sem hann gerði grein fyrir hér áðan, en einnig var hluta af rekstrarfjárveitingunni varið til að koma á fót bráðabirgðainnlögnum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi til að fjölga hjúkrunarrýmum í samræmi við það samkomulag sem gert var við eldri borgara.

Þetta eru skýringarnar, herra forseti. Ég er ekki að segja að þær séu nægilega góðar. En þær eru þessar. Auðvitað má að því finna hversu losaraleg áætlun var í gangi hér í fyrra þegar menn héldu að hægt væri að koma hjúkrunarrýmum inn í þetta húsnæði á örfáum vikum. Þannig gengu menn til þess verks í upphafi. Það reyndist því miður ekki vera raunin hvað varðar þetta gamla en góða hús, Vífilsstaði.

Varðandi þau atriði sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi sé ég ekki ástæðu til að svara öllu því sem þar kom fram. En ég vil láta þess getið varðandi þá fjárveitingu sem hér er lögð til til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að ég vænti þess að það framlag skapi góða sátt milli ríkis og sveitarfélaga, í bili a.m.k., á meðan verið er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og vinna í verkaskiptingarmálum, m.a. í tengslum við það sameiningarátak sem Samband íslenskra sveitarfélaga og félmrh. hafa í sameiningu beitt sér fyrir. Ég hef ekki orðið var við annað en að það sé almenn ánægja meðal sveitarstjórnarmanna með þetta framlag en eins og kunnugt er hefur ríkisvaldið enga lagaskyldu í þessu efni, heldur er hér um að ræða sérstakan gjörning sem verður til við samráð og samstarf þessara aðila. Auðvitað liggur samt fyrir að hugsunin er sú að þessum fjármunum verði komið til þeirra sveitarfélaga úti á landsbyggðinni sem höllustum fæti standa.

Hvað varðar Hitaveitu Dalabyggðar og þá heimild sem hér er leitað eftir í fjáraukalagafrv. um samningsgerð í því efni er það vissulega hárrétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að fyrir liggja samningsdrög sem undirrituð hafa verið milli kaupanda og seljanda í þessu máli, Rafmagnsveitu ríkisins og Dalabyggðar, en sá samningur er að sjálfsögðu með fyrirvara um samþykki iðnrh. og fjmrh. Hann þarf að hafa heimild löggjafans til að gera viðskipti af þessu tagi og það verður að veita fjmrh. heimild til þess að gera þennan samning með þessari brtt., ella tekur hann ekki gildi. Ef svo illa færi geta menn velt fyrir sér hvaða áhrif það hefði á framtíð iðnrh. og fjmrh. í starfi. (**Gripið fram í:** Það yrði nú leyst.) Vafalaust. Engu að síður er samningurinn gerður að fenginni heimild okkar í trausti þess að heimild þingsins

fáist.

Ég ætla ekki að fjalla meira um þetta hitaveitumál, við þekkjum vafalaust, flestir þingmenn, hvernig það var í pottinn búið. Auðvitað má segja að það hafi komið upp eilítið sérkennileg staða þegar tvö fyrirtæki sem nú eru í eigu ríkisins að öllu leyti kepptu um að eignast þessa hitaveitu en ég held að það mál hafi fengið nokkuð farsæla lausn.

Í þessum umræðum hafa menn haldið því fram að verið sé að leita eftir fjárheimildum fyrir 17,3 milljörðum kr. vegna meintra vanáætlana. Þetta er auðvitað rangt. Það voru veittar sérstakar útgjaldaheimildir í fyrri fjáraukalögum þessa árs upp á 4,7 milljarða vegna sérstaks átaks sem ríkisstjórnin ákvað að beita sér fyrir og birtist í fjáraukalagafrv. hinu fyrra hér á árinu þar sem gert var ráð fyrir sérstökum fjárveitingum vegna átaksverkefna, m.a. í vegamálum, vegna byggingar menningarhúsa og vegna nýsköpunar í atvinnumálum í gegnum Byggðastofnun. Þetta voru ný útgjöld, ekki vanáætlun annarra útgjalda, 4,7 milljarðar.

Síðan bætist við öryrkjadómur upp á 1,5 milljarða sem að sjálfsögðu þarf að gera ráð fyrir í þessu fjáraukalagafrv. Eftir standa þá milli 10 og 11 milljarðar, kannski nær 11 milljörðum. Þar af eru að sjálfsögðu ýmsar svokallaðar hagrænar eða kerfislægar breytingar sem eru meira og minna útreikningsmál en stafa af því sem er að gerast í undirliggjandi hreyfingum í þjóðfélagi okkar, sumpart til góðs, sumpart ekki. Aukið framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er auðvitað ekki gott en það er hins vegar útreikningsmál hvernig því er komið fyrir í þessu frv. og engin sérstök vanáætlun þar.

Jafnvel þó að um væri að ræða vanáætlanir er um að tefla hér u.þ.b. 4% af heildarútgjöldum samkvæmt upphaflegum fjárlögum og verður varla sagt að þar sé um að ræða stórkostlegan framúrakstur þó að auðvitað sé hann meiri en æskilegt væri, vissulega er það.

Síðan hafa nokkrir þingmenn vakið máls á því að í ríkisreikningnum og lokafjárlögum bætist við útgjöld sem færð eru til gjalda á rekstrarreikningi ríkissjóðs í endanlegu uppgjöri, telja það með í þessu en það er ekki sérstaklega frambærilegur málflutningur vegna þess að þar er fyrst og fremst um að ræða gjaldfærslur, eins og reyndar sumir hafa getið um hér í dag, vegna lífeyrisskuldbindinga, afskrifta skattkrafna o.s.frv. Þannig eru fjárreiðulög okkar og við höfum talið okkur það frekar til tekna í samanburði við önnur lönd að taka slíka hluti með í reikninginn. Vandinn við þær gjaldfærslur er sá að það er engin leið að áætla þær með nokkurri nákvæmni fyrir fram. Í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir, minnir mig, u.þ.b. 4 milljörðum í lífeyrisskuldbindingar. Mér finnst líklegt að það verði nærri lagi vegna þess að við eigum ekki von á neinum óvæntum uppgjörum í því sambandi en þó er engin leið að fullyrða um það fyrir fram.

Herra forseti. Síðan hafa ýmsir vakið máls á almennum vinnubrögðum í sambandi við gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Ég segi fyrir mig að mér finnst sjálfsagt að hlusta á góðar hugmyndir, sérstaklega frá ýmsum þeim sem koma nýir að málum og hafa ekki vanist því sem hér hefur viðgengist í mörg ár eins og við sem eldri erum í hettunni. Mér þótti athyglisvert t.d. að hlusta á hv. þm. Jón Gunnarsson tala um þessi mál hér á fyrri stigum umræðunnar. Vafalaust getum við bætt okkur heilmikið í vinnubrögðum, bæði á vettvangi ráðuneytanna og Alþingis. Það er enginn maður að minni þó að hann viðurkenni að auðvitað megi bæta vinnubrögðin, við þurfum að bæta áætlanagerð, við þurfum að skerpa þessi vinnubrögð, við þurfum að auka agann, við þurfum að venja þingmenn af því að hugsa sem svo að þeirra helsta hlutverk sé að svíða til sín fjármagn í einhver tiltekin sérstök verkefni fyrir hönd einhverra aðila sem þeir bera fyrir brjósti eða líta á fjárlagafrv. sem sérstakt tæki í þeirri viðleitni. (**JBjarn:** ... ráðherra ...?) Það er margt af þessu tagi sem við þurfum að huga að. Og nú skaut hv. þm. Jón Bjarnason því inn í hvort ráðherrar væru ekki undir sömu sökina seldir, og ég verð því miður að játa því. (**Gripið fram í:** Já, gott hjá þér.) Í þessu efni, hvað varðar vinnubrögð og verklag, er um að ræða sameiginlegt verkefni þings og ríkisstjórnar, *stjórnar og stjórnarandstöðu, og ég fagna því hversu margir* hafa áhuga á að taka þátt í því. Það gefur vonir um að við getum sameiginlega bætt okkur þó að ég verði líka að taka það fram að þeir sem muna tímana tvenna hér í þinginu hljóta að viðurkenna að margt hefur færst til betri vegar á síðustu árum og þarf ekki annað en að nefna tímasetningar í afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga, svo bara eitt dæmi sé nefnt um breytt og bætt vinnubrögð.

[16:10]

Útbýting þingskjals:

Textun, 386. mál, frv. SigurlS o.fl., þskj. 516.

[16:11]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli hlusta á gagnrýnisraddir og viðurkenna að það þurfi að bæta og styrkja aðhaldið í ríkisfjármálunum. Ég get tekið undir það með ráðherranum að það má út af fyrir sig færa rök fyrir því að þá 4,6 milljarða sem ákveðið var að setja í flýtiframkvæmdir megi draga frá 17,3 milljörðunum til að gæta fullrar sanngirni og við séum því að tala hér um 12,6 milljarða því að 4,7 voru það nú víst sem fóru í flýtiframkvæmdirnar.

En ég vil spyrja ráðherrann hvort það sé ekki alveg öruggt að 12,6 milljarðar á fjáraukalögum sé Íslandsmet, séu hæstu fjáraukalög sem hér hafa verið lögð fram. Ég er einmitt nýr hér og þekki svo sem ekki dæmin nægilega vel. Ég minni á að frá því að fjáraukalögin síðast voru samþykkt upp á um 10 milljarða bættust við 25 milljarðar yfir í ríkisreikninginn þannig að það er þá eitthvað á fjórða tug milljarða frá framlögðu fjárlagafrv. til lokaniðurstöðu. Og ég spyr ráðherra hvort það sé ekki líka Íslandsmet.

Þegar hann segir að þetta sé ekki óhófleg framúrkeyrsla hljótum við að spyrja í ljósi þess þensluástands sem við erum að fara inn í hvort þetta sé sú framúrkeyrsla sem menn megi búast við á næstu árum, eða hvaða skekkjumörk fjmrh. telji viðunandi á þessum þensluárum, 2004–2006. Eru það 2%, svona 5 milljarðar, eða finnast honum 10 milljarðar allt í lagi eða hvert er markmið hans? Hvernig fjáraukalög ætlar hann að koma með næstu þrjú ár?

[16:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að hv. þm. viti það sjálfur að það er ekki hægt að setja nein mörk í þessu efni og Íslandsmet í þessum hlutum þekki ég ekki.

Ef dregin eru frá framkvæmda- eða átaksverkefnin í fyrri fjáraukalögum þessa árs og öryrkjadómurinn erum við að tala um 11 milljarða eins og ég sagði, það eru u.þ.b. 4% af upphaflegum fjárlögum ársins. Auðvitað er það of mikið. En á því eru haldbærar skýringar í langflestum tilvikum þannig að um það er ekki að fást.

Hins vegar kom fram í máli þingmannsins þessi misskilningur, *sem ég leyfi mér að kalla, þar sem lagðar eru að*

jöfnu gjaldfærslur vegna lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna, sem ekki eru útgjöld. Hann leggur það að jöfnu við aðra hluti sem við erum hér að fást við en það er fyrst og fremst uppgjörsmál. Menn geta síðan gert sig breiða hér og talað um 25 milljarða ef þeir vilja en þar er bara verið að tala um annað fyrirbæri, eins og ég hygg að flestum sé ljóst.

[16:14]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í þessu styttra andsvari mínu verður að gera athugasemdir við nokkur atriði hjá hæstv. fjmrh.

Það er alveg á mörkunum að það sé hægt að taka öryrkjadóminn út fyrir sviga hér því að það verður að segja að það er ekki einsdæmi að til ófyrirsjáanlegra útgjalda komi vegna úrskurðar Hæstaréttar um bætur öryrkja. Það er að gerast í annað skiptið á fimm árum.

Jafnvel þó að til þess væri tekið tillit er 11,1 milljarður há tala og ég lýsi sérstökum áhyggjum af því ef hæstv. fjmrh. yfir Íslandi hefur ekki þekkingu á því hver Íslandsmetin í fjáraukalögum eru og hver Íslandsmetin í fráviki frá framlögðu fjárlagafrv. að lokaniðurstöðu. Það bendir til þess, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. hafi ekki nægilegan áhuga á því efni sem hér er undir. Það er áhyggjuefni vegna þess að aðhalds er verulega þörf hér á næstu þremur árum og ég lýsi sárum vonbrigðum yfir því að hæstv. fjmrh. hafi ekki sett sér markmið um það hvernig hann vilji halda böndum á rekstrinum.

[16:16]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu þannig að ég ætlaði að nota tækifærið og þakka sérstaklega hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir varðandi það að við endurskoðuðum öll vinnubrögð í fjárlagaferlinu. Ég lít svo á að þetta sé yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. um að hann muni beita sér fyrir því að það verði taktur í þessari endurskoðun, að það verði ekki bara fjárln. heldur verði það raunverulega hinum megin við líka, þ.e. hjá framkvæmdarvaldinu, og að við reynum að setja þetta í meiri takt en því miður verður að segjast um vinnu bæði við fjáraukalögin núna og fjárlögin. Ég horfi björtum augum til framtíðarinnar hvað það varðar.

Frú forseti. Ég held engu að síður að nauðsynlegt sé að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé mat hans að þau skrif sem áttu sér stað á vefriti fjmrn. í gær hafi verið heppileg inn í þá umræðu að við ætluðum okkur hér, framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið, að stíga í takt inn í þessa endurskoðun, hvort þarna hafi ekki verið að bæta frekar í eldana heldur en að reyna að slökkva þá. Þar var auðvitað stigið skref sem — já, ég verð að segja það, frú forseti — var býsna óvænt úr þessari átt á þessum tímapunkti. Þess vegna held ég að það sé líka nauðsynlegt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki farið örlítið yfir þetta mál með þeim starfsmanni sem hélt þar á penna.

[16:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú eins og ég sagði hér í gær að það sé verið að gera mikið veður út af litlu í sambandi við það sem fram kom í hinu ágæta vefriti fjmrn. sem ég veit að þingmenn eru áskrifendur að. Þar var eingöngu rakið það sem Ríkisendurskoðun hefur sjálf sagt um fjárlagaferlið. Ríkisendurskoðun hefur verið dyggur bandamaður fjmrn. og ríkisstjórnarinnar við það að reyna að auka aðhald og bæta utanumhaldið um öll þessi mál.

Hún er að sjálfsögðu undirstofnun Alþingis. Samkvæmt fjárreiðulögunum ber henni að fara með fjárlagatillögur sínar í gegnum forsn. Alþingis sem sendir þær síðan til forsrn. þannig að um hana gilda þá alveg sömu lögmál og um aðrar stofnanir.

Við höfum í nokkur ár, eins og margoft hefur komið fram, samþykkt í ríkisstjórninni að stofnanir ríkisins skuli ekki leita beint til fjárln. þó að þær muni, og eigi að sjálfsögðu, að hlýða kalli hennar ef það berst. Það er í og með vegna þess að við viljum gæta jafnræðis milli stofnana ríkisins, að sumar hafi ekki meira upp úr krafsinu með því að gefa sig fram beint við fjárln. heldur en aðrar sem gera það ekki. En það er auðvitað líka vegna þess að við viljum gera það sem allir eru að tala hér um í þessum sal sem þó eru að gagnrýna ríkisstjórnina, þ.e. halda fastar utan um þetta. Það ættu nú þeir að vera ángæðir með sem sí og æ tala hér um lausatök í ríkisfjármálunum.

Svo þegar verið er að reyna að draga úr þeim kemur þessi gagnrýni. Þetta er nú ekki merkilegt mál með vefritið en það sem ég sagði hér um utanumhaldið er miklu merkilegra.

[16:20]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að orð hæstv. fjmrh. séu í þá áttina að nú eigi að auka tökin á þessu öllu og þá vænti ég þess að tökin verði efld þannig líka að menn verði nær fjárreiðulögunum í þessu öllu saman. Því fagna ég að sjálfsögðu, hæstv. ráðherra, þegar menn ná tökum á því.

Aðeins vegna vefritsins. Þar sem tilvitnunin var beint í Ríkisendurskoðun gagnrýni ég það helst fyrir hvað henni var hælt. Það var gefið í skyn að það væri Alþingi sem missti öll tökin á römmunum en Ríkisendurskoðun hafði einmitt komist að því að þar væri ríkisstjórnin fremst í flokki. Þessu var sleppt í tilvitnuninni þannig að það nálgaðist að verið væri að falsa eða færa sök í máli, ef einhver er, í þessu tilfelli.

Um það sem hæstv. ráðherra sagði varðandi þá hættu að stofnanir fengju meira ef þær kæmust til fjárln. verð ég aðeins að segja þetta: Því miður sýnist mér af þessum orðum að traust hæstv. ráðherra á meiri hluta fjárln. mætti vera meira.

[16:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef fullt traust á bæði meiri hluta og minni hluta fjárln., hv. þingmaður, og samstarfið við nefndina, sérstaklega meiri hlutann, hefur verið mjög gott. (**Gripið fram í:** ... við meiri hlutann, það er rétt.)

Auðvitað er markmið okkar að bæta vinnubrögðin og reyna að ná betur um þetta á öllum stigum málsins og þar veit ég að hv. þm. Einar Már Sigurðarson er mér algjörlega sammála. Við skulum ekkert vera að deila hér um eitthvað sem er ekki deiluefni í sjálfu sér.

[16:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og sérstaklega hversu jákvætt mér fannst hann taka í beiðni sveitarfélaga um auknar fjárveitingar og ég er vongóður um farsæla niðurstöðu úr þeim viðræðum sem fara í hönd í þeim efnum.

Ég vil segja varðandi kaup ríkisfyrirtækisins Rariks á Hitaveitu Dalabyggðar að ég er algjörlega sammála sjónarmiði fjmrh. Auðvitað getur ekkert ríkisfyrirtæki keypt slíkt fyrirtæki, þetta eða eitthvert annað, án þess að hafa heimild til þess frá Alþingi. Ég skil því svör hæstv. fjmrh. þannig að hann hafi ekki enn veitt samþykki sitt fyrir kaupunum vegna þess að hann hefur ekki enn haft heimild Alþingis til að veita það samþykki. Ég er alveg sammála því að svona eigi að standa að hlutunum.

Engu að síður er rétt að vekja athygli á þessu máli. Það er ljóst að það hefur verið brotalöm í framkvæmd þess því að samningurinn var gerður án fyrirvara um samþykki Alþingis og í samningnum er ákvæði um að Rarik eða kaupandinn yfirtaki hið keypta 29. ágúst í sumar. Menn hafa greinilega ekki haft neinar áhyggjur af því að það þyrfti að fá heimild frá Alþingi til þess að fullnusta kaupin. Rarik hefur ekki getað efnt samninginn þar sem þeir hafa ekki getað greitt kaupverðið. Þess vegna hefur afhending frestast en til stóð um síðustu mánaðamót að afhending færi fram eigi að síður.

Ég er dálítið hugsi yfir því í hvaða stöðu ríkið hefði verið ef svo hefði gerst.

[16:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta mál með kaup Rariks á Hitaveitu Dalabyggðar liggi alveg ljóst fyrir. Öll þau viðskipti voru að sjálfsögðu gerð með fyrirvara um að heimild fengist hér á Alþingi sem mér sýnist vera góð samstaða um að veita.

Hvað varðar sveitarfélögin vildi ég bara undirstrika að hér er ekki um að ræða greiðslu á grundvelli neinnar lagaeða samningsskyldu heldur greiðslu sem byggir á niðurstöðu sem fengin er í viðræðum milli aðila á grundvelli sanngirnissjónarmiða. Hér er um að ræða eins skiptis greiðslu, ég vil undirstrika það, og það liggur ekkert fyrir um að þessum greiðslum verði haldið áfram.

Við munum það að í þrjú ár, á árunum 2000–2002 minnir mig, voru árlega veittar 700 millj. kr. í jöfnunarsjóðinn í svipuðum tilgangi og nú er verið að gera en síðan féll sú greiðsla niður. Jöfnunarsjóðurinn gekk þá á sitt eigið fé um sem nam 500 millj. Þarna sem sagt liggur ekkert fyrir um framhaldið annað en að það er verið að endurskoða verkaskiptingu og tekjustofna sveitarfélaganna, í ágætu samstarfi það ég best veit, og þá verða menn að taka upp málið að nýju á þeim grundvelli þegar niðurstaða í því liggur fyrir.

[16:25]

Útbýting þingskjals:

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, 258. mál, svar fjmrh., þskj. 460.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:26.

39. FUNDUR

þriðjudaginn 2. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2003, stjfrv., 87. mál, þskj. 379, frhnál. 486, 512 og 513, brtt. 365, 487, 488, 489, 490, 511 og 514. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 140. mál, þskj. 140, nál. 411. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Talnagetraunir, stjfrv., 141. mál, þskj. 141, nál. 410. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 142. mál, þskj. 142, nál. 409. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Málefni aldraðra, stjfrv., 143. mál, þskj. 143, nál. 390. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 408. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 338. mál, þskj. 412. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, stjtill., 249. mál, þskj. 269, nál. 366 og 501. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, stjtill., 294. mál, þskj. 339, nál. 469. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 332. mál, þskj. 384. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, stjtill., 324. mál, þskj. 375. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 186. mál, þskj. 188. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Afdrif hælisleitenda, beiðni um skýrslu, 376. mál, þskj. 502. *Hvort leyfð skuli.*
14. Tryggingagjald, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 402 og 457. — 2. umr.
15. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377. — 1. umr.
16. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 328. mál, þskj. 380. — 1. umr.
17. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 342. mál, þskj. 416. — 1. umr.
18. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 343. mál, þskj. 417. — 1. umr.
19. Sjóntækjafræðingar, stjfrv., 340. mál, þskj. 414. — 1. umr.
20. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415. — 1. umr.
21. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 418. — 1. umr.
22. Íslenska táknmálið, frv., 374. mál, þskj. 499. — 1. umr.
23. Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frv., 375. mál, þskj. 500. — 1. umr.
24. Starfsumgjörð fjölmiðla, þáltill., 366. mál, þskj. 485. — Fyrri umr.
25. Erlendar starfsmannaleigur, þáltill., 125. mál, þskj. 125. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Starfsmannafélagi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Varamenn taka þingsæti.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tvö bréf um fjarvistir þingmanna. Hið fyrra er frá 7. þm. Reykv. n., Halldóri Ásgrímssyni, dagsett 28. nóvember 2003, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður Framsfl. í Reykv. n., Guðjón Ólafur Jónsson héraðsdómslögmaður, taki sæti á Alþingi á meðan."

Guðjón Ólafur Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Síðara bréfið er frá 5. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni, dagsett 28. nóvember 2003:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðaust., Hlynur Hallsson myndlistarmaður, Akureyri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Kjörbréf Hlyns Hallssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Hlynur Hallsson, 5. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hlynur Hallsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Byggðakvóti, 390. mál, fsp. ArnbS, þskj. 520.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, 391. mál, fsp. JóhS, þskj. 521.

Ferðakostnaður sjúklinga, 388. mál, fsp. ArnbS, þskj. 518.

Hjálpartæki fatlaðra, 389. mál, fsp. ArnbS, þskj. 519.

Réttarstaða íslenskrar tungu, 387. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 517.

Fjáraukalög 2003, frh. 3. umr.

Stjfrv., 87. mál. — Þskj. 379, frhnál. 486, 512 og 513, brtt. 365, 487, 488, 489, 490, 511 og 514.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:36]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um fjáraukalög fyrir árið 2003 teljum við að ýmislegt þar sé ekki í takt við fjárreiðulög. Við teljum að margt í frv. hafi átt heima í fjárlögum þessa árs og ýmislegt frekar eiga heima í fjárlögum næsta árs. Við komum þar af leiðandi ekki nálægt þessari afgreiðslu á annan hátt en þann að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna og mun það gilda jafnframt um þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir því þær eru ekki í anda fjárreiðulaga frekar en það sem kemur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárln.

[13:37]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Fjáraukalög fyrir árið 2003 eru nú að koma til lokaafgreiðslu. Meginhluti þess sem hér er verið að greiða atkvæði um og afgreiða hefur framkvæmdarvaldið þegar skuldbundið sig til þess að framkvæma og láta ganga eftir þannig að að hluta til er hér um staðfestingu þingsins að ræða sem hefði kannski átt að bera að með öðrum hætti. Engu að síður fagna ég nokkrum breytingartillögum af hálfu meiri hlutans. Ég fagna því að ákveðið var að leggja fram 400 millj. kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að styrkja fjárhag þeirra. Ég tel að brýna nauðsyn hafi borið til að gera það. En sú upphæð hefði mátt vera hærri.

Allmargir liðir í útgjöldum ríkisins eru vanáætlaðir, voru vanáætlaðir við fjárlagagerð fyrir ári og eru áfram vanáætlaðir nú og allmargar stofnanir verða að bera halla yfir áramót. Ég vil þó sérstaklega vekja athygli á stöðu háskólanna. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum breytingartillögur við 3. umr. sem kveða á um að styrkja fjárhag Háskóla Íslands sem er í verulegri fjárvöntun á þessu ári vegna aukins nemendafjölda. Við leggjum til að úr því verði bætt með 300 millj. kr. Sömuleiðis vantar Háskólann á Akureyri líka verulegt fé vegna aukins nemendafjölda og ekki hefur verið staðið við að reiða fram fjárhæð þess skóla eins og til var ætlast. Það háir starfsemi hans og afar brýnt er að hann beri ekki halla fram yfir áramót. Þess vegna leggjum við til að veittar verði 92 millj. kr. til að styrkja fjárhag skólans á þessu ári og sömuleiðis 55 millj. kr. til þess að styrkja stöðu Kennaraháskólans vegna nemendafjölda þar og samnings sem ekki hefur enn þá verið að fullu efndur af hálfu ríkisins.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti er þetta frv. unnið algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis. Við munum því sitja hjá við heildarafgreiðslu fjáraukalaganna við 3. umr.

[13:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við lokaafgreiðslu fjáraukalaga 2003 munu þingmenn Frjálslynda flokksins styðja nokkrar breytingartillögur, m.a. um menntun og aukið fé til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og einnig þau málefni sem snúa að íþróttamálum. Að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu þessara fjáraukalaga og lokaverk ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Að sjálfsögðu eru fjáraukalögin í heild á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 488 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjarnB, BH, GHj, SigurlS) fjarstaddir.

Brtt. 487,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BjarnB, BH, GHj, HlH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 514,1–3 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GMJ, GAK, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SigurlS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, ÖB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjarnB, BH, EKG, GHj, GÞÞ, GÖg, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 487,2–8 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjarnB, BH, GHj, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 511,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Brtt. 487,9–10 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BjarnB, BH, EOK, GHj, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 511,2–5 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Brtt. 487,11 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Brtt. 511,6 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Brtt. 487, sérstök yfirlit I, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Brtt. 487,12 og sérstök yfirlit II og III samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Brtt. 487,13–14 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurlS, VF, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁF, BjarnB, BH, GHj, LB, SigurjÞ, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 489 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BjarnB, BH, GMJ, GHj, KHG) fjarstaddir.

Brtt. 490 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BjarnB, BH, EOK, GHj, GunnB, HHj, LB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjarnB, BH, EKG, GHj) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 525).

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140, nál. 411.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fyrir liggur frv. ríkisstjórnarinnar um að veita Happdrætti Háskóla Íslands einkaleyfi til 15 ára. Þingmenn Samfylkingarinnar telja hins vegar ekki rökrétt að veita umrætt einkaleyfi til svo langs tíma á sama tíma og heildarendurskoðun á happdrættislöggjöfinni stendur yfir og einnig vegna þeirra efasemda sem nú liggja fyrir um lögmæti einkaleyfisins. Sömuleiðis eru ýmsar vísbendingar um að einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands og um leið einkaleyfisgjaldið sé bæði tímaskekkja og óréttlátt. Þess vegna munu þingmenn Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. [13:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eftir umræður sem fóru fram í þingsal um þetta mál virðist, enn frekar en stendur í nefndarálitinu, leika vafi á um að þetta mál eigi hér að fá framgöngu. Skilningur manna á því, eins og hann birtist hér, er að hér geti jafnvel verið um mál að ræða sem fer á skjön við reglur og lög. Við munum segja nei við þessu máli. [13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér eru greidd atkvæði um er hið vandræðalegasta fyrir hæstv. dómsmrh. Látið er í veðri vaka að í gangi sé eða einhvers staðar á leiðinni heildstæð endurskoðun á löggjöfinni um happdrætti. Ef það er vilji hæstv. ríkisstjórnar að þessi löggjöf verði endurskoðuð frá grunni hefði verið hægur vandinn að gera það í sumar og í haust og búa þetta mál þannig út að hægt hefði verið að leggja það fyrir nú í haust endurskoðað svo við værum ekki að framlengja einkaleyfi Háskóla Íslands og kröfur um leyfisgjald til 15 ára á sama tíma og menn tala um það í almennri orðræðu, í þingræðum sem annars staðar, að um afar ósanngjarnt einkaleyfisgjald sé að ræða og íþyngjandi fyrir Háskóla Íslands.

Hér þarf að gera bragarbót á. Hv. allshn. hefur lýst því yfir að vilji hennar standi til þess að löggjöfin verði endurskoðuð og það hratt og að forsendur einkaleyfisgjaldsins verði skoðaðar. Það liggur á að þessi mál komist á hreint. Það hefði verið hægt að koma þessu þannig fyrir að við stæðum ekki í þessum sporum. Það hefði verið hægt að gera þetta með góðum fyrirvara. Alla vega telur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki tímabært að framlengja einkaleyfið til svona langs tíma. Við ætlum því að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna sem hér fer fram.

1. gr. samþ. með 30:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB.

nei: GMJ, GAK, SigurjÞ, SigurlS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, VF, VS, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB.

nei: GMJ, GAK, SigurjÞ, SigurlS.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, VF, ÞBack, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BjarnB, BH, GHj, LB, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÖS.

nei: 11 þm. (ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GHall, GÖg, JGunn, KJúl, KolH, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BjarnB, BH, GHj, HlH, MÁ) fjarstaddir.

Talnagetraunir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 141. mál (framlenging rekstrarleyfis). — Þskj. 141, nál. 410.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

1. gr. samþ. með 58:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖB, ÖS.

nei: GMJ.

4 þm. (BjarnB, BH, GHj, LB) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 142. mál (13. samningsviðauki). — Þskj. 142, nál. 409.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]

1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 143. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 143, nál. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (fullgilding spillingarsamnings). — Þskj. 146, nál. 408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
1. gr. samþ. með 60 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 1. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Viðbótarsamningar við Norður-Atlantshafssamninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 249. mál. — Þskj. 269, nál. 366 og 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÖB, ÖS.
6 þm. (ÁI, HlH, JBjarn, KolH, MÁ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, GHj, JÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÖB, ÖS.
5 þm. (ÁI, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjarnB, BH, GHj) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 526).

Samningur á sviði refsiréttar um spillingu, frh. síðari umr.

Stjtill., 294. mál. — Þskj. 339, nál. 469.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Tillgr. samþ. með 60 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖB, ÖS.
5 þm. (BjarnB, BH, GHj, GÞÞ, KHG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 527).

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 332. mál (öryggi vöru). — Þskj. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Till. vísað til síðari umr. með 59 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 324. mál (sæfiefni). — Þskj. 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Till. vísað til síðari umr. með 57 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frh. 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 186. mál (breytt kjördæmaskipan o.fl.). — Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afdrif hælisleitenda.

Beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, 376. mál. — Þskj. 502.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Beiðni leyfð til dómsmrh. með 60 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[13:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Gert er ráð fyrir því að fjögur síðustu málin komi öll á dagskrá. Jafnframt er gert ráð fyrir því að umræður um 22. dagskrármál, Íslenska táknmálið, og 23. dagskrármál, Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, geti farið fram milli hálffjögur og fjögur.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89, nál. 402 og 457.

[13:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands og Jens Andrésson og Sjöfn Ingólfsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Landssamtökum lífeyrissjóða, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Landsbanka Íslands, Sparisjóðabanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild launagreiðenda til lækkunar á tryggingagjaldi sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar. Heimild þessi var hluti af ráðstöfunum sem gerðar voru með það að markmiði að hvetja landsmenn til aukins lífeyrissparnaðar. Um þrenns konar hvata er að ræða, í fyrsta lagi skattfrestun, í öðru lagi mótframlag vinnuveitenda og í þriðja lagi mótframlag ríkisins sem felst í umræddri heimild til lækkunar tryggingagjalds. Af þessu þrennu vegur mótframlag ríkisins minnst.

Það er mat meiri hlutans, og er þar tekið undir röksemdir sem fram koma í frumvarpinu, að þeim markmiðum sem stefnt var að hafi verið náð og því sé ekki ástæða til að viðhalda þeim sértæku ráðstöfunum sem felast í heimild launagreiðenda til lækkunar iðgjalds.

Þrátt fyrir breytinguna verður til staðar hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar í formi skattfrestunar og mótframlags vinnuveitenda sem er talið vega mikið þyngra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson og Dagný Jónsdóttir.

[14:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera athugasemdir við staðhæfingar sem koma fram í nefndaráliti meiri hlutans. Þar er réttilega greint frá því að hvatinn til að ýta mönnum til viðbótarlífeyrissparnaðarins er þrenns konar. Það er í fyrsta lagi skattfrestun á viðbótariðgjaldi, í öðru lagi mótframlag atvinnurekanda og í þriðja lagi er það tryggingatíundin sem um er vélað í þessu frv. Í máli hv. þm. Péturs Blöndals kom síðan fram að af þessu þrennu vægi mótframlag ríkisins minnst.

Virðulegi forseti. Hv. þm. minntist á að til fundar við nefndina hefði komið Sjöfn Ingólfsdóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Hún upplýsti að 12–15 þúsund starfsmenn sveitarfélaga væru án viðbótarframlags atvinnurekanda vegna þess að ekki hefði tekist að semja um það. Þar með liggur ljóst fyrir að það sem ýtir þessum hópi til sparnaðar er fyrst og fremst viðbótarframlag ríkisins í formi tryggingatíundarinnar. Þess vegna leyfi ég mér að halda því fram að það sé rangt sem þarna segir, að af þessum þremur hvötum vegi mótframlag ríkisins minnst.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að það er ekki hægt að halda því fram í tilviki þessa fólks að prátt fyrir breytinguna verði til staðar hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar í formi skattfrestunar og mótframlags vinnuveitanda. Það hefur ekki samist um mótframlag. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvernig stendur á því að hann kemur fram með þessa röngu staðhæfingu eða er hann mér ósammála um þetta?

[14:03]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að á nefndarfundi kom fram hjá fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja að starfsmenn sveitarfélaga hefðu ekki samið um slíkt mótframlag vinnuveitenda. Hér er einungis um að ræða 12 þúsund starfsmenn af 160 þúsundum á vinnumarkaði, þ.e. um 8%. Ég held því að fullyrðingin megi alveg standa, að 92% launþega falli undir þetta og að þessi hvati sé minnstur af þremur.

Svo má líka nefna að skattfrestunin hefur heilmikið að segja. Sá hvati heldur áfram en að sjálfsögðu mætti skoða hvort ekki mætti víkka þá heimild til annarra sem ekki njóta þeirra kjara, t.d. öryrkja.

[14:04]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal segir, að skattfrestunin er til staðar og vissulega er þar um hvata að ræða. Tryggingatíundin er hins vegar beint framlag af hálfu ríkisins sem rennur inn á viðbótarlífeyrissparnaðarreikning. Það hlýtur jafnan að vera sterkari hvati en frestunin ein.

Það sem mér fannst þó skelfilegast að heyra í máli hv. þm. var að 10–15 þúsund starfsmenn sveitarfélaganna skiptu engu máli. Er þetta viðhorf stjórnarmeirihlutans? Hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur hingað og segir: Þetta skiptir ekki

máli því að þetta eru bara 10–15 þúsund manns. Hvers konar málflutningur er þetta af hálfu hv. þm.?

Ég held því fram, herra forseti, að hér sé um að ræða flaustursleg vinnubrögð. Hv. þingmenn meiri hlutans hafa einfaldlega ekki skoðað málið út í hörgul. Þeir hafa ekki rannsakað málið eins og þyrfti. Það er alveg ljóst af nefndarálitinu að þeir gera sér ekki grein fyrir mikilvægum staðreyndum málsins. Í reynd má segja að þetta sé eins konar sjálfsafgreiðsla ríkisins. Ráðherra vantar nokkur hundruð milljóna til að stemma af fjárlögin og þá er vaðið í þetta án tillits til þess hvað í því felst.

Ég fordæmi vinnubrögð af þessu tagi, herra forseti. Sérstaklega finnst mér slæmt að það skuli vera formaður efh.- og viðskn. sem hefur forgöngu um að setja fram nefndarálit sem byggir á röngum staðhæfingum.

[14:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að þessir starfsmenn sveitarfélaganna skiptu ekki máli. Það sem ég á við er að menn fóru út í ákveðnar ráðstafanir til að auka sparnað, nákvæmlega eins og gert var með hlutabréfakaupin á sínum tíma. Auðvitað keyptu ekki allir hlutabréf. En meiningin er sú að ná fram sparnaði í þjóðfélaginu og þessi aðferð hefur tekist með þvílíkum ágætum að rúmlega helmingur launþega í landinu sparar með þessum hætti. Því er ekki lengur þörf á þessum hvata, þessari sértæku aðferð til að hvetja menn til sparnaðar.

Það að einhverjir hópar í þjóðfélaginu hafi ekki samið við atvinnurekendur sína um framlag í þennan sparnað er mál samningsaðila þeirra. Við teljum að í heildina hafi sá hvati sem var settur í gang til að örva þennan sparnað náð tilgangi sínum. Þar af leiðandi sé ástæða til þess að kippa honum til baka því að sparnaðurinn muni halda áfram í sama mæli. Hann hefur farið sívaxandi.

Ég tel að þessi tvö atriði sem eftir standa, þ.e. skattfrestunin sem skiptir verulegu máli og hins vegar þeir aðilar sem hafa samið við launagreiðendur sína um sérframlag, nægi til að viðhalda þeim sparnaði sem að var stefnt.

[14:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Ég segi nú bara: Gjafir eru yður gefnar. Hér rekur hvert málið annað þar sem ríkisstjórnin ræðst á ýmsa vegu að opinberum starfsmönnum. Við þurfum ekki annað en að minna á frv. um andmælarétt og brottrekstur opinberra starfsmanna sem legið hefur fyrir þessu þingi og er flutningsmönnum sannarlega til vansa. En hér gerist það líka, varðandi þetta mál sem við erum að ræða og lýtur að viðbótarlífeyrissparnaði, að hv. þm., formaður efh.- og viðskn., leyfir sér að tala um 10–15 þúsund opinbera starfsmenn eins og þeir skipti ekki máli. Þannig málflutningur er ekki boðlegur. Það hlýtur að vera fróðlegt fyrir þessa opinberu starfsmenn að skynja viðhorf stjórnarmeirihlutans í þeirra garð. Það hlýtur að vera sérstaklega merkilegt fyrir þá að heyra viðhorf manns sem veitir efh.- og viðskn. forustu til máls sem skiptir þá töluvert miklu.

Hér er einfaldlega um það að ræða sem ég kallaði áðan sjálfsafgreiðslu. Það er því miður þannig að uppi í fjmrn. hafa menn komist að ákveðinni niðurstöðutölu og síðan er ráðist á ríkiskerfið hingað og þangað til að finna rétta niðurstöðu, alveg eins og menn fóru í vaxtabæturnar til að plokka út 500 millj. kr. en uggðu ekki að sér og nú blasir við að hugsanlega eru þær 500 millj. kr. brot á stjórnarskránni, brot á ákvæði sem við samþykktum fyrir tiltölulega fáum árum. Það á eftir að koma í ljós. En svo mikill og ríkur var efinn að stjórnarmeirihlutinn og minni hlutinn urðu sammála um að skjóta því máli til sérstaks álits Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þetta eru vinnubrögðin. Svo kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal og hefur bersýnilega ekki kynnt sér út í hörgul það mál sem við erum að ræða.

Ég ætla ekki að gera mikið mál úr því að hér sé að finna staðhæfingar sem ekki eru réttar. En ég vil samt halda því til haga að þegar menn veita álit á málum sem byggja á mikilli og ítarlegri rannsókn nefndar þá er það lágmark að þeir skili vinnu sem stenst einfalda skoðun. Það er ljóst að meiri hlutinn hefur fallið á því prófi. Ég dreg það ekki í efa sem hv. þm. sagði, að skattfrestun er mikilvægur hvati til að ýta mönnum að viðbótarlífeyrissparnaði en þessi tíund tryggingagjaldsins skipti líka miklu máli, tíund sem veitt var atvinnurekanda í afslátt og rennur beint inn á viðbótarlífeyrissparnaðarreikning þess sem er að spara. Þetta eru töluvert háar upphæðir þegar saman er reiknað.

Það kemur fram í svörum við spurningum okkar í efh.- og viðskn. að líklegt sé að þetta séu um 580 millj. kr. Það er alveg ljóst að þær 580 millj. kr., þó að þær dreifist á marga, eru mikilvægur hvati til sparnaðar.

Þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé að sönnu vel að sér og vís um flest það sem lýtur að efnahagsmálum þá eru, virðulegi forseti, fleiri menn í þessu samfélagi sem hafa vit á þeim málum. Það vill svo til að við í nefndinni kölluðum marga þeirra til okkar. Við höfum skriflegt álit þessa fólks og ég held að heita megi að flestir þeir sérfræðingar sem kvaddir voru til fundar við efh.- og viðskn. voru ósammála viðhorfum hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Ef ég mætti, virðulegi forseti, leyfa mér að drepa niður fæti í umfjöllun Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem Tryggvi Þór Herbertsson skrifar undir þá er þar m.a. vakin eftirtekt á því að í athugasemdum við frv. segi að stjórnvöld og vinnumarkaðurinn hafi náð settu marki hvað varðar viðbótarlífeyrissparnaðinn og þess vegna sé ekki lengur þörf á sértækum ráðstöfunum. Þetta var það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal át upp eftir greinargerð frv. áðan. Hvað segir Tryggvi Þór Herbertsson, sérfræðingur á þessu sviði, maður sem ríkisstjórnin hefur sýnt þann trúnað að setja yfir Hagfræðistofnun háskólans? Hann segir í umsögninni að Hagfræðistofnun lýsi sig ósammála þessu. Síðan segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„1. Enn er mikil þörf til að auka þjóðhagslegan einkasparnað, sérstaklega vegna mikilla umsvifa í íslensku efnahagslífi á næstu árum. Í stað þess að um 500 millj. kr. endi á lífeyrisreikningum launþega og tilsvarandi þjóðhagslegur einkasparnaður myndist, aukast tekjur ríkissjóðs um sömu upphæð. Þessum auknu tekjum ríkissjóðs er þá hægt að ráðstafa til verkefna á vegum hins opinbera með tilsvarandi innspýtingu í efnahagslífið eða jafnvel greiða niður skuldir með tilsvarandi þjóðhagslegum sparnaði. Af þessum þremur kostum er aukning þjóðhagslegs einkasparnaðar æskilegastur.

2. Ráðstöfunin mun draga úr vilja þess helmings íslenskra launþega sem ekki tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði nú til að hefja þátttöku.

3. Á hverju ári bætast 2–3 þúsund nýir starfsmenn við á íslenskan vinnumarkað og mun ráðstöfunin draga úr hvatanum

fyrir þessa starfsmenn til að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði."

Það liggur ljóst fyrir að Hagfræðistofnun Háskólans er á móti þeim röksemdum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur teflt fram til að styðja skoðanir meiri hlutans í þessu áliti.

Landsbankinn, stofnun sem er ríkisstjórninni nokkuð kær, er á móti þessu. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er á móti þessu og að sjálfsögðu Alþýðusambands Íslands. En Samtök banka og verðbréfafyrirtækja leggjast líka gegn samþykkt frv. Það er mjög erfitt að finna stofnun sem hefur innan borðs þekkta og viðurkennda fræðimenn á sviði hagvísinda sem treysta sér til að taka undir þau viðhorf sem meiri hlutinn hefur sett fram.

Af því að ég sé ágætan ungan þingmann í dyragættinni, hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, þá get ég ekki annað en dregið úr skoti hugar míns myndina af honum og ýmsum góðum ungum þingmönnum sjálfstæðismanna sem fóru á gæðingum sínum í kosningabaráttunni vítt og breitt um héruð þessa lands. Hvað boðuðu þeir? Þeir boðuðu lækkanir á sköttum.

Frumvarpið, sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og ýmsir aðrir góðir og efnilegir ungir þingmenn Sjálfstfl. eru u.þ.b. að búa sig undir að samþykkja á þessu þingi, gengur þvert á allt það sem þessir ágætu, ungu þingmenn boðuðu í kosningabaráttunni. Það er í reynd ekkert annað en skattahækkun upp á 580 millj. og leggst með öðrum skattahækkunum upp á 500–600 millj. í formi breytinga á vaxtabótum og þær leggjast saman við aðrar skattahækkanir sem eru hér fyrir þinginu í formi hækkunar á þungaskatti upp á 400 millj. Saman leggjast allar þessar skattahækkanir við enn eina, sem er aukning á bensínsgjaldi upp á 600 millj. Þessir ungu menn sem komu hingað til þess að berjast fyrir því að lækka skatta verða að byrja á því á sínu fyrsta hausti að rétta hér upp hönd með hverri skattahækkuninni á fætur annarri, fjórum, fimm, sex sinnum, upp á milljarða.

Ég skil hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann er að verða öllu vanur. Flest það sem sá hv. þm. sagði um skattalækkanir í árdaga síns ferils er auðvitað löngu gufað upp eins og döggin undan sólinni. En það er sorglegt að sjá þessa ungu menn sem hér sitja í salnum og boðuðu skattalækkanir að þurfa að koma hingað og taka þátt í þessu. Ég segi nú ekkert um hina ungu og vösku þingmenn Framsfl. Ég minnist þess ekki að þeir hafi barið bumbur með jafntryllingslegum hætti og þeir menn sem ég hef hér nefnt.

Virðulegi forseti. Við í minni hluta efh.- og viðskn., fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, leggjumst eindregið gegn samþykkt þessa frv. Við lítum svo á að það feli í sér kjaraskerðingu upp á 500–600 millj. kr. fyrir launafólk á sama tíma og því hefur verið marglofað gríðarlegum skattalækkunum.

Við teljum líka, með vísan í þær röksemdir sem ég hef m.a. fært hér og tínt úr penna forstöðumanns Hagfræðistofnunar, að samþykkt þessa frv. muni draga úr hvatningu til almenns þjóðhagslegs sparnaðar á tímum þegar við getum átt allra veðra von í efnhagslífinu, þegar við sjáum glitta í að það gæti brostið á með meiri þenslu en góðu hófi gegnir fyrir meltingargang þjóðarlíkamans. Þess vegna teljum við að það sé brýnt að beita öllum ráðum til þess að ýta undir sparnað. Það gerum við frekar með því að efla þá hvata sem eru fyrir hendi til þess að efla sparnað landsmanna.

Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð lögðu þunga áherslu á það á síðari stigum umfjöllunar í efh.- og viðskn., að það hljóti að vera alvarlegt mál að samþykkt þessa frv. fellir í reynd burtu eina verulega hvatann sem þessir 10–15 þúsund sveitarstjórnarmenn eða starfsmenn sveitarfélaga hafa til þess að taka þátt í þessum sparnaði.

Þegar við förum yfir svið síðustu 10–20 ára sjáum við að eitt af því sem hefur gleðilegt gerst er það að sparnaðarhefðin sem hvarf á verðbólguáratugunum er aftur að vakna. Í kjölfar þeirrar ríkisstjórnar sem báðir A-flokkarnir áttu á sínum tíma sæti í og tókst að hemja verðbólguna neyttu menn margra ráða til þess að reyna að draga upp sparnað aftur meðal þjóðarinnar, reyna að kveikja sparnaðarvitund, en það tókst ákaflega illa. Það er bara eitt sem hefur gefist vel og það er þessi viðbótarlífeyrissparnaður. Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er sennilega ekkert sem hefur gengið jafn vel og verið jafnárangursríkt til þess að ná upp sparnaði í samfélaginu og einmitt hann og þegar það blasir við ætla menn að draga úr þessum hvata.

Það væri skiljanlegt ef það væri hægt með einhverjum rökum að sýna fram á réttmæti þeirrar staðhæfingar sem fram kemur í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals og nál. stjórnarflokkanna að það væri þegar búið að ná svo miklum árangri í þessum efnum að ekki væri hægt að ríða þessu hrossi öllu lengra. Þess vegna væri í lagi að slá þennan tiltekna hvata af.

Í rannsókn nefndarinnar kom hins vegar fram að á þessu ári greiða alls 162.619 Íslendingar í lífeyrissjóði. En þeir sem taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum eru ekki nema 70.566 eða liðlega 40%. Ég nefni þessar tölur, virðulegi forseti, vegna þess að samanburður þeirra sýnir að enn er mikill óplægður akur, enn er mögulegt að fá miklu fleiri til þess að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum. Það eru næstum því 60% þeirra sem greiða í lífeyrissjóði sem ekki taka þátt í honum. Því er mikilvægt, einmitt út af því efnahagsástandi sem við sjáum glitta í fram undan, að við gefum frekar í varðandi hvatningu heldur en að draga úr henni.

Það má líka velta því fyrir sér, herra forseti, hverjir það eru sem taka ekki þátt í þessum sparnaði. Ef við tökum frá t.d. þá sem starfa hjá sveitarfélögum og hafa örugglega, að ég hygg, lægra hlutfall þátttakenda í viðbótarlífeyrissparnaðinum en aðrir hópar sökum þess hvernig kerfi þeir búa við, hygg ég að hægt sé að fullyrða að þeir sem minnstar líkur eru á að taki þátt í þessum sparnaði eru einmitt þeir sem lægstar tekjurnar hafa. Þeir sem hafa minnst umleikis eru líklegastir til þess að hafa minnst milli fingra sem þeir geta séð af í þennan viðbótarlífeyrissparnað þrátt fyrir alla þá hvata sem eru á hinum almenna vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands greindi þennan vanda og brást við honum með því að semja — ég man nú ekki hvenær, herra forseti — um það í kjarasamningum að þeir sem ekki greiða neitt af eigin tekjum inn á viðbótarlífeyrissparnaðarreikning, fá eigi að síður sjálfkrafa 1% frá atvinnurekanda. Þetta skiptir ákaflega miklu máli fyrir þann hóp í framtíðinni. Það er akkúrat sá hópur sem er að missa mest núna vegna þess að það skiptir hann mestu að fá tryggingatíundina inn á sinn reikning.

Herra forseti. Ég hef í ekki of löngu máli, að ég tel, farið yfir þau rök sem eru þess valdandi að við sem myndum minni hluta efh.- og viðskn. leggjumst alfarið gegn samþykkt þessa frv. Við lítum svo á að þetta sé bara enn eitt skattahækkunarfrumvarp hæstv. ríkisstjórnar, partur af þeim skattahækkunum sem hún er að leggja á þjóðina í formi aukins þungaskatts, aukins bensínsgjalds, minni vaxtabóta og núna með því að taka burt þennan sparnaðarhvata. Þetta

eru skattahækkanir upp á þó nokkra milljarða, herra forseti, og af þeim sökum leggjumst við gegn þessu. En við teljum líka að þetta fjarlægi mikilvægan hvata til almenns sparnaðar á tímum þegar sjaldan hefur verið jafnrík þörf á því að ýta undir sparnað og nákvæmlega núna. Það er líka þess vegna sem við leggjumst gegn þessu.

Að lokum ítreka ég það sem ég hef sagt áður í mínu máli að þetta er annar af tveimur mikilvægustu hvötunum sem þeir 10–15 þúsund starfsmenn sveitarfélaga hafa til þess að taka þátt í þessu ágæta kerfi.

Herra forseti. Ég legg til að þetta frv. verði fellt.

[14:25]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var margt ágætt sem kom fram í ræðu hv. þm. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að þessi aðgerð hefur tekist með eindæmum vel. Hann nefndi réttilega að menn eru hér með skattfrestun sem gerir það að verkum að þessi sparnaður er afsakplega hagstæður. En það er fleira sem kemur til. Það er enginn fjármagnstekjuskattur af sparnaðinum og menn hafa ekki þurft að greiða eignarskatt af honum. Það liggur því fyrir að þetta er lang-, langhagstæðasta sparnaðarformið.

Hv. þm. sagði hins vegar, og það kemur svolítið á óvart þar sem hann talaði fyrir hönd stærsta stjórnarandstöðuflokksins á þingi, að starfsmenn sveitarfélaga væru illa staddir ef þessi 0,2% færu. Ég vil upplýsa hv. þm. um að almenna reglan er þessi: Starfsmenn sveitarfélaga fá mun hærri greiðslu frá sínum atvinnurekanda en almennt gerist. Á meðan að starfsmenn fá almennt 6% og hugsanlegt aukaframlag upp á 1–2%, fá opinberir starfsmenn 11,5%, hvorki meira né minna. Það er því kannski ástæðan ef þeir nýta þetta í minna mæli en aðrir launþegar.

Ég spyr, af því að það var hreint og klárt að þegar menn fóru út í þessa aðgerð var það til þess að auka sparnað: Ef 50% af launþegum eru farin að nýta þetta, hvenær er komið nóg til þess að menn hætti með þennan hvata? Því að eftir stendur, hv. þm., að þetta er langhagstæðasta sparnaðarformið í dag. Svo er bara einfaldlega ekki rétt að opinberir starfsmenn standi verr en aðrir. Þvert á móti, þeir standa mun betur, þannig ef einhverja munar minna um þessi 0,2% er það opinbera starfsmenn. En þetta var þungamiðjan í ræðu hv. þm. og augljóslega um gríðarlegan misskilning að ræða.

[14:27]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er barnasjúkdómur sem hrjáir marga sem hafa sest of ungir og dvalið of lengi í borgarstjórn Reykjavíkur að snúa út úr fyrir fólki og gera því upp orð. Það kom hvergi fram í mínu máli að opinberir starfsmenn stæðu illa og verr en þeir sem eru á almennum markaði. Það kom fram í máli mínu að þeir stæðu verr varðandi viðbótarlífeyrissparnaðinn. Það var einfaldlega upplýst í nefndinni og því var ekki mótmælt af þeim sem sátu í nefndinni að það hefur ekki verið samið um þetta sérstaka mótframlag af hálfu atvinnurekenda þeirra þannig að hvatinn er miklu minni en ella.

Þetta hefði hv. þm. vitað ef hann hefði hlustað á ræðu mína í staðinn fyrir að reyna að finna einhver atriði til þess að snúa út úr.

Hitt er svo rétt hjá hv. þm. að þetta er mikilvægasta sparnaðarformið og eina sparnaðarformið sem hefur gengið upp til þess að ýta á og efla þjóðhagslegan sparnað. Og hverjum er það að þakka, herra forseti? Ég er viss um að hv. þm. kemur hér og ber allar sínar Heimdallarbumbur og segir: Það er auðvitað hæstv. fjmrh. að þakka.

En það er fyrst og fremst Alþýðusambandi Íslands að þakka sem í kjarasamningum samdi um 2% mótframlag. Það er það sem skiptir máli. Þar, eins og í svo ákaflega mörgum öðrum málum, var það verkalýðshreyfingin sem tók þessa ríkisstjórn, hysjaði brækurnar upp um hana og setti á hana bæði belti og axlabönd. Það mun verkalýðshreyfingin ábyggilega þurfa að gera aftur.

Hins vegar finnst mér að hv. þm. ætti að koma hérna í ræðustól og gefa þinginu í eitt skipti fyrir öll skýringu á því hvernig hann ætli að fara að því að standa við loforð sín um skattalækkanir með því að samþykkja hér ein sex frumvörp í einni bunu sem fela í sér skattahækkanir upp á svona 3–4 milljarða.

[14:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var gaman að heyra þessa ræðu hv. þm. en hann settist einmitt mjög ungur í borgarstjórn Reykjavíkur eins og menn þekkja og því var gott að hann kom inn á það.

Það er líka ánægjulegt að hann er farinn að átta sig á efni málsins, þessu stóra máli. Það er bara ekki rétt að opinbera starfsmenn skorti hvata til að nýta sér viðbótarlífeyrissparnaðinn. Svo að ég útskýri það fyrir hv. þm. þá er það val hjá flestum opinberum starfsmönnum í hvaða deild þeir greiða og þar af leiðandi geta þeir sett stóran hluta af framlagi atvinnurekandans í viðbótarlífeyrissparnaðinn. Svo einfalt er það mál. Þetta var meginuppistaðan í málflutningi Samf. og menn geta ekki komist hjá því með því að ræða um ýmislegt annað sem væri virkilega gaman að spjalla um og við skulum gera við flest tækifæri. Hér er viðbótarlífeyrissparnaðurinn til umræðu og það liggur fyrir að opinberir starfsmenn fá mun meira greitt frá atvinnurekendunum en aðrir launþegar og það munar ekki um þetta eins og hv. þm. er að halda fram. Við erum búin að ná fram markmiðinu með þessum góða sparnaði.

[14:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég sat í borgarstjórn Reykjavíkur og tók þátt í því að stýra borginni en það var einungis um ákaflega skamma hríð. Ég hafði hratt á hæli. Ég segi ekki að ég hafi verið flóttamaður en þaðan fór ég, en ekki kalinn á hjarta. En ég velti því fyrir mér hvort taktíkin sem hv. þm. beitir stundum í viðræðum hér bendi til þess að hann hafi orðið fyrir annarri reynslu en ég. En það er ekki umræðuefnið hér.

Herra forseti. Ég held að það væri ákaflega þarft ef hv. þm. og félagar hans sem komu hingað í þessa sali til þess að lækka skatta geri bragarbót og segi frá því hvernig þeir ætla að lækka skattana. Þeir standa frammi fyrir því að þurfa að samþykkja hvert frv. á fætur öðru sem gengur gegn öllu sem þeir hafa sagt. Hvernig líður mönnum við slíkar aðstæður? Herra forseti. Ég veit ekki hvernig þeim líður en þeir hafa alla mína samúð.

[14:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að þarna væri um skattahækkun að ræða. Þetta er ekki skattahækkun því að fyrirtæki borga eftir sem áður tryggingagjald. Það sem gerist er það að hluti af tryggingagjaldinu rennur til launþeganna sem bætur frá ríkinu til að örva þá til sparnaðar þannig að þetta er ekki skattur. Þetta eru bætur.

Hann fullyrti einnig, sem ég vissi ekki áður, að starfsmenn sveitarfélaga spöruðu minna í séreignarsparnaði. Ég veit ekki til þess að þær upplýsingar liggi nokkurs staðar fyrir og getur verið mjög erfitt að nálgast þær nema með skoðanakönnun þannig að þetta er bara fullyrðing. Síðan segir hv. þm., sem er formaður næststærsta flokks landsins, að það gæti brostið á með meiri þenslu. Er þetta svipað og hv. þm. sagði fyrir kosningarnar 1999, að efnahagsmálin væru tifandi tímasprengja vegna þess að gengi krónunnar á því augnabliki var lágt og verðbólga mikil. Tifandi tímasprengja, sagði hv. þm. Er virkilega ástæða til að hafa svona taugaveiklað fólk í forustu?

[14:33]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir ákaflega leitt ef það er svo að taugar mínar séu eitthvað að angra hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég verð að reyna að umgangast hann af meiri nærfærni í framtíðinni og e.t.v. á flókaskóm til þess að styggja hann ekki.

Herra forseti. Hv. þm. heldur því fram að þetta frv. feli ekki í sér sérstakan skatt á launafólk. Getum við þá, virðulegi forseti, hugsanlega náð saman, ég og hv. þm., ef við notum ekki orðið skattur en segjum í staðinn álögur? Því það er ekki hægt að mæla gegn því, ef þetta frv. verður samþykkt, að það muni leiða til þess að það séu allt að 580 millj. kr. sem launamenn fá minna í sinn hlut. Getum við þá ekki orðið sammála um að þetta séu álögur sem nema þessu? Að sjálfsögðu. Að sjálfsögðu er þetta ekkert annað. Þetta rýrir hlut launamanna sem þessu nemur.

Ég fullyrti ekki, virðulegi forseti, að starfsmenn sveitarfélaga greiddu minna í viðbótarlífeyrissparnað en aðrir. Ég sagði að margt benti til þess og ég fór með tvenns konar rök.

Að því er varðar ummæli mín frá því fyrir kosningarnar 1999, þá er það hárrétt að ég sagði að viðskiptahallinn væri tifandi tímasprengja sem væri líkleg til þess að sprengja gengið í loft upp. Ég ætla að biðja hv. þm. að koma og lýsa því fyrir okkur hvað gerðist með gengið.

[14:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem gerðist með gengið var akkúrat öfugt. Það snarlagaðist og er meira að segja til vandræða núna hvað það er hátt. Það er einfalt svar við því. Það var engin tifandi tímasprengja að það væri að falla.

En hv. þm. sagði enn fremur að eini sparnaðarhvatinn sem hefði verið komið á væri þetta tryggingagjald sem við ræðum, sem að sjálfsögðu eru bætur. Það er verið að hvetja fólk með bótum til að spara og það er verið að fella niður bætur. Það er það sem við erum að gera með þessu frv. (Gripið fram í.) Nei, ég vil nefna að það var líka farið út í hlutabréfahvata með því að menn gátu dregið frá hlutabréfakaup sem olli því að fleiri tugir þúsunda landsmanna eru núna hlutafjáreigendur og verða það áfram. Það var m.a. gert til þess að hvetja verðbréfamarkaðinn og setja hann í gang og hann fór í gang og hann er í gangi þótt hvatinn sé farinn.

[14:36]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal höfum leyft okkur þann munað að láta hugann reika aftur fyrir kosningarnar 1999. Hvað gerðist? Það sem gerðist var auðvitað að það sem við spáðum gekk eftir. Viðskiptahallinn rauk upp úr öllu valdi og gengið fór, svo maður tali bara íslensku af því að hér eru tveir sjómenn inni, rakleitt til fjandans. Hvað var það sem leiddi til þess að menn náðu aftur tökum á efnahagsmálunum? Jú, það var farið að ráðum þeirra sem vildu taka Seðlabankann og breyta honum, gera hann sjálfstæðan og það var það sem bjargaði genginu. Hverjir höfðu predikað það? M.a. Samfylkingin. Og hverjir höfðu verið á móti því? Mig minnir, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. hafi talað gegn því einungis um það bil hálfu ári áður en ráðist var einmitt í þær björgunaraðgerðir sem Samfylkingin hafði lagt til.

[14:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um að það sé mikið skattalegt hagræði að þessum séreignarsparnaði og það var í raun og veru það sem hv. þm. Pétur Blöndal lagði einnig upp með. Ég veit ekki hvort sá sem hér stendur skilur þessa hluti öðruvísi en aðrir, en ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst það mikil spurning, miðað við hvernig þessi lífeyrissparnaður er skattlagður á endanum, þ.e. þegar menn taka hann út með 38% tekjuskatti, hvort það sé beinn hagur launþega í þessu fyrirkomulagi.

Ég hefði talið, virðulegi forseti, og langar til að fá það inn í umræðuna milli manna, að ef 4% væru lögð inn á góða ávöxtunarleið í bönkum og síðan tekin út sem sparnaður lífeyrisþegans þegar hann þyrfti á því að halda, væri það skattlagt sem fjármagnstekjuskattur. Þannig að ég efast um að fullyrðingin um það í nefndaráliti meiri hlutans að hér sé um verulegt skattalegt hagræði að ræða, standist ef það er gaumgæfilega skoðað.

Varðandi deiluna um það hvort 0,2% teljist uppbætur þá vil ég líta svo á að 0,2% hafi verið nokkurs konar launauppbót greidd út í formi lífeyrisframlags og hafi þannig komið launþegum til góða. Hitt er hins vegar alveg ljóst að við afnám þess aukast tekjur ríkisins um 580 millj. Og hvort menn vilja kalla það skatt, ætli það sé ekki frekar kallað að felld séu niður gjöld sem færa ríkinu tekjur upp á þessa upphæð.

[14:39]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest af því sem hv. þm. sagði áðan og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson bendir á fleiri dæmi en ég um staðhæfingar í áliti hv. þingmanna stjórnarliðsins í efh.- og viðskn. sem ekki standast. Auðvitað er það svo að það er viðurhlutamikið þegar jafnreyndir menn og hv. þm. Pétur H. Blöndal og þeir góðu drengir og konur sem með honum sitja, setja fram mál sem stenst ekki skoðun. Það skýtur stoðum undir þá fullyrðingu mína áðan að hér sé um sjálfsafgreiðslu að ræða. Menn eru búnir að ákveða áður

en þeir skoða málið hver niðurstaðan á að vera. Menn eru búnir að ákveða að þarna á að taka 580 millj. vegna þess að menn þurfa að stemma af fjárlagafrv. Það er ekkert annað sem hér er um að ræða, virðulegi forseti, og ég veit að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson skilur það fullkomlega.

Hv. þm. kom hér með fróðlegan vinkil inn í umræðuna. Hann sagði: Ákveðinn hluta þess sem menn fá að lokum greitt úr lífeyrissjóði þegar starfsævi slotar og þeir gerast löggiltir ellilífeyrisþegar má skilgreina sem fjármagnstekjur. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þm. Ég hef áður sagt að ég er þeirrar skoðunar að þann hluta lífeyrissjóðsgreiðslna sem menn fá til sín sem hægt er að skilgreina sem fjármagnstekjur eiga menn að greiða sem slíkar, þ.e. með sérstökum fjármagnstekjuskatti. Það er mun lægra skatthlutfall en í tekjuskatti. Ég er sammála hv. þm. um þetta og hef áður greint frá þessari skoðun minni. En það er hins vegar erfitt að skilgreina nákvæmlega hvaða hluta ber að taka með þeim hætti og hvað ekki.

[14:42]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er verið er að ræða og hefur verið í nokkru eintali síðustu korterin er bein atlaga að opinberum starfsmönnum og samtökum þeirra. Þetta eru vond skilaboð í aðdraganda kjarasamninga og það bætir enn í það sem fyrir liggur í þinginu að taka af andmælarétt opinberra starfsmanna þegar þeim er sagt upp störfum og það án þess að til áminningar komi.

Frumvarpið felur í sér 500–600 millj. kr. tekjuskerðingu hjá launþegum, hjá lífeyrisgreiðendum. Það dregur úr hvatningu til sparnaðar, eins og hér hefur verið bent á, á þenslutímum þar sem mikilvægt er að auka þjóðhagslegan sparnað, eins og fram kemur í áliti Hagfræðistofnunar og hér hefur verið vitnað til.

En ég ætla líka að leyfa mér þann munað, virðulegur forseti, að fjalla aðeins um þann hóp opinberra starfsmanna sem eru starfsmenn sveitarfélaganna því að mér þótti eins og fleirum að hv. formaður efh.- og viðskn. skautaði nokkuð létt yfir þann hóp. Menn skulu gera sér grein fyrir því að starfsmenn sveitarfélaga eru um 40% af félagsmönnum BSRB og starfsmenn sveitarfélaga eru einhvers staðar á bilinu 14–15 þúsund. Það kann vel að vera að það sé ekki nema helmingur launþega sem greiðir í viðbótarlífeyrissparnað en það eru langtum færri en helmingur starfsmanna sveitarfélaga sem greiða í hann. Og hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess að sveitarfélögin greiða ekki mótframlagið og nú á að taka eina hvatann sem þessi hópur hefur þó haft til þess að vera í lífeyrissparnaðinum, viðbótarlífeyrissparnaðinum. Nú á að taka hann af og hvers vegna skyldi það vera? Jú, það er ekki lengur þörf á honum eins og kemur fram í nefndaráliti meiri hluta hv. efh.- og viðskn.

Hér hefur verið bent á að þvert ofan í þetta álit meiri hluta nefndarinnar segja allir umsagnaraðilar annað, benda einmitt á mikilvægi þess að viðhalda þessum sparnaði og hvetja frekar til þess að fleiri bætist í þann hóp sem eru í viðbótarlífeyrissparnaði heldur en að draga úr og fækka. Það er fyrirséð að veikustu sveitarfélögin, fjárhagslega, sem hafa greitt tíundina á móti iðgjaldi frá starfsmönnum sínum munu ekki geta haldið þeim greiðslum áfram eftir að frv. sem hér liggur fyrir verður orðið að lögum. Veikustu sveitarfélögin fjárhagslega munu bakka út úr þessu og þar með munu þeir starfsmenn sveitarfélaga sem þó hafa notið einhvers lífeyrissparnaðar engan hafa. Það sama mun koma á daginn hjá þeim fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði sem standa veikt fjárhagslega.

Á þetta hefur verið bent, m.a. í efh.- og viðskn., og ekki bara af Alþýðusambandi Íslands og BSRB eins og hér hefur komið fram heldur einnig Landsbankanum, Hagfræðistofnun og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Allir þessir aðilar benda á að þetta sé í hróplegri mótsögn við stöðuna eins og hún er í dag.

Virðulegur forseti. Í fréttum Ríkisútvarpsins í morgun var upplýst að viðskiptahallinn á þessu ári stefni nú í 32 milljarða. Það er ekki langt síðan út kom, það var um miðjan nóvember, 4. hefti Peningamála 2003 frá Seðlabanka Íslands. Á bls. 30 kemur fram að þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands gerir ráð fyrir því að viðskiptahallinn á árinu 2003 verði 14 milljarðar kr., á næsta ári 28 milljarðar og árið 2005 36 milljarðar kr. 14 milljörðum spáir Seðlabankinn á þessu ári og það var upplýst í morgun að hann stefni í 32 milljarða. Það er meira en 100% hækkun.

Við vitum að þegar framkvæmdirnar fyrir austan verða komnar á skrið og þegar þunginn í þeim verður hvað mestur reikna menn jafnvel með að viðskiptahallinn fari í 70 milljarða kr. Þessi aukning á viðskiptahalla núna er hins vegar ekki til komin vegna framkvæmdanna fyrir austan. Þvert á móti er þessi aukni viðskiptahalli núna, virðulegur forseti, kominn fram vegna aukinnar einkaneyslu, vaxandi innflutnings og minnkandi útflutningstekna, sérstaklega sjávarafurða. Þetta er staðan þegar framkvæmdir fyrir austan eru varla byrjaðar. — Ég sé að hæstv. fjmrh. er núna hér í salnum. — Í þessu ástandi er mjög brýnt að auka þjóðhagslegan sparnað. Þá er ekki þörf fyrir, eins og kemur fram í umsögn frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, með leyfi forseta, „að auka tekjur ríkissjóðs um 500 millj. kr. í stað þess að láta þá peninga enda á lífeyrisreikningum launþega".

Það var nefnilega mikil kjarabót að þessu ákvæði í samningunum sem gerðir voru við aðila á almennum vinnumarkaði og við fjmrh. fyrir hönd starfsmanna ríkisins, þess helmings BSRB, 60%, sem nýtur þessara réttinda. Hinir hafa legið hjá garði, óbættir, eins og hér hefur komið fram, hafa notið þessarar tíundar en nú á að taka hana af líka.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á minnihlutaáliti Samf. og Vinstri grænna sem hér hefur verið gerð ágæt grein fyrir. Ég tel, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þetta séu vond skilaboð í aðdraganda kjarasamninga. Þetta eru 500–600 millj. kr. og við vitum að það stendur til samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár að auka álögur á heimilin í landinu og almenning um 2,2 milljarða kr. með þessum hætti. Menn geta svo deilt um það hvort þetta eru skattahækkanir eða hvað, þetta verður ekki tekið nema úr vösum almennings í landinu.

Það hefði verið nær fyrir hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnina að spyrja hvernig mætti ná til þess hóps sem er ekki þátttakandi í þessum viðbótarlífeyrissparnaði núna og hefur verstu lífskjörin. Þessi aukni lífeyrisréttur sem sparnaðurinn hefur í för með sér mun bæta kjör lífeyrisþega þegar til lengri tíma er litið og þar með launafólks.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð lýsir mikilli andstöðu við þetta glapræði og segir að þetta sé hrein atlaga að samtökum opinberra starfsmanna og að starfsmönnum sveitarfélaganna í landinu sérstaklega.

[14:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Í umræðum áðan komu ummæli frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og enn fremur frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi það að spara í lífeyrissjóði eða spara utan lífeyrissjóðs. Ég vildi rétt aðeins koma inn á þetta í örstuttu máli af því að þetta er ákveðin stærðfræði.

Maður sem sparar í lífeyrissjóði hefur 100 kr. til ráðstöfunar. Hann fær ávöxtun á þessar 100 kr., vexti og verðbætur. Annar maður sem sparar utan lífeyrissjóðs og borgar fyrst skatta, og ég geri ráð fyrir að skattprósentan sé 40% til einföldunar, hefur 60 kr. til ráðstöfunar. Hann leggur 60 kr. í banka og fær á þær vexti og verðbætur og borgar fjármagnstekjuskatt af þeim tekjum sem og eignarskatt. Á milli þessara tveggja sparnaðarforma er alltaf hlutfallið 60:100.

Þegar kemur að töku lífeyris á hinn fyrri í lífeyrissjóðnum 100 kr. plús vexti og verðbætur en hinn síðari á 60 kr. plús vexti og verðbætur mínus fjármagnstekjuskatt. Þetta er tekið út og af því sem er í lífeyrissjóðnum eru borguð 40% í skatt og þá á sá fyrri nákvæmlega það sama nema hann er betur settur af því að lífeyrissjóðurinn borgar hvorki eignarskatt né fjármagnstekjuskatt. Þetta ætti að upplýsa um það hvað um er að ræða fyrir þá sem spara í lífeyrissjóði. Það er mjög eðlilegt og sjálfsagt að þeir borgi venjulegan tekjuskatt á þá upphæð en ekki fjármagnstekjuskatt, eins og um hefur verið rætt.

[14:53]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru ágætisútreikningar sem formaður efh.- og viðskn. kynnti fyrir okkur hér. Ég vil biðja hann að koma í þennan ræðustól og reikna fyrir okkur á sama hátt hver ávinningur starfsmanns í sveitarfélagi er sem fram að lögfestingu þessa frv. sem hér liggur fyrir hefur notið 0,2% mótframlags á viðbótarlífeyrissparnað sinn sem verður af honum tekinn núna. Við skulum sjá í hvaða hæðir ávöxtunin kemst hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

[14:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Opinberir starfsmenn njóta mikilla lífeyriskjara umfram annað fólk í landinu. Fyrir þá sem eru í A-deildinni borgar atvinnurekandinn 10,5% og launþeginn 4%, eins og venja er annars staðar. Í öðrum lífeyrissjóðum, almennum, borgar atvinnurekandinn 6% þannig að þeir fá um 5,5% meira af launum í lífeyrissparnað.

Fyrir þá sem eru í B-deildinni borga ríkið og opinberar stofnanir óhemju fé vegna þess hvað lífeyrisskuldbindingar hafa vaxið mikið og það kom einmitt fram í svari til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að þær lífeyrisskuldbindingar hafa hækkað um milljarðatugi á hverju ári. Það er ekki rétt að opinberir starfsmenn fái ekki aukalega góð lífeyrisréttindi.

[14:55]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég neyðist til þess að reikna þetta dæmi til enda fyrir hv. formann efh.- og viðskn. Það er nefnilega alveg nákvæmlega sama hvaða tölu maður tekur, ef maður margfaldar hana með núlli er niðurstaðan núll. Þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hingað til hafa notið þessa mótframlags og munu ekki njóta þess eftir lögfestingu þessa frv. munu auðvitað fá bara núll í viðbótarlífeyrissparnað.

[14:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú aðgerð að veita hluta af tryggingagjaldinu til þess að örva sparnað var til að örva sparnað almennt. Þó að einhverjir hópar njóti þess ekki hefur samt sem áður tekist að örva þennan sparnað almennt þannig að markmiðinu hefur verið náð.

Nú er hann tekinn af þannig að opinberir starfsmenn hjá sveitarfélögunum eru núna eins settir og aðrir landsmenn hvað þetta varðar.

[14:56]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég sit í efh.- og viðskn. og stend að því áliti sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson mælti fyrir, fór vandlega yfir og dró fram þau sjónarmið sem gera það að verkum að við leggjumst gegn samþykkt þessa máls. Rökin fyrir því eru margvísleg. Eftir yfirferð í efh.- og viðskn. kom á daginn að það var varla hægt að finna nokkurn aðila í samfélaginu sem lagði til að þetta mál yrði samþykkt. Þess vegna erum við að tala hér um, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin stendur ein að þessu máli og hefur engan stuðning í samfélaginu.

Það sem skiptir hér mestu máli er að með samþykkt þessa frv. er dregið úr hvata til sparnaðar í íslensku samfélagi. Það teljum við geta orðið mjög áhrifaríka ákvörðun í ljósi þeirra spádóma kannski fyrst og fremst sem uppi eru um þenslu í íslensku samfélagi á komandi árum. Þess vegna teljum við mikilvægt á þessum tíma og mikilvægt vegna allrar efnahagsstjórnunar í landinu að hvatt sé til sparnaðar. Sá viðbótarlífeyrissparnaður sem hvatt hefur verið til hefur haft nokkra hvata og einn þeirra er að tiltekinn hluti tryggingagjaldsins renni í viðbótarlífeyrissparnað. Þó að þessi fjárhæð sé kannski ekki há þegar fjárlögin eru skoðuð í heild sinni — getur samt numið allt að 580 millj. kr. sem munar talsvert um — er hún með þessu frv. færð frá launþegum til ríkissjóðs. Það er í reynd kjarni þessa máls að það er verið að færa tiltekið tillegg sem áður fór til starfsmanna frá þeim til ríkissjóðs. Það má segja að þeir sem hafa lagt fyrir viðbótarlífeyrissparnað verði fyrir þessu tekjutapi og þessar tekjur eru færðar frá þeim inn í ríkissjóð. Það er það sem hér er verið að gera.

Það vekur líka vitaskuld athygli, virðulegi forseti, að hér er um að ræða, að okkar mati, í minni hlutanum og flestra, skattahækkun. Þó að menn hafi hér uppi aðrar skoðanir á því höfum við skilgreint þetta sem skattahækkun. Það er afar eftirtektarvert að á þessu haustþingi sem senn líður að lokum sé ekki ólíklegt, ef fram gengur vilji ríkisstjórnarinnar, að búið verði að ákveða skattahækkanir upp á eina 3 milljarða, þ.e. skattahækkanir og hækkanir á ýmsum gjöldum sem nema um það bil 3 milljörðum. Ef menn bæta síðan við barnabótum, persónuafslætti og þeirri staðreynd að það fylgir ekki verðlagsþróun hefur skattbyrðin aukist um milljarð eða svo. Við erum því að tala um — ég held að ég taki ekki djúpt í árinni — 3–4 milljarða í skattahækkunum, auknum útgjöldum einstaklinga eða lækkun á framlögum frá ríkissjóði til þeirra, t.d. hvað varðar vaxtagjöldin og fleira.

Þetta er kjarni málsins. Við erum á þessu þingi, og allt stefnir í það, að fara í gegnum frumvörp og breytingar sem fela í sér 3–4 milljarða kr. skattahækkanir. Verði ekki gerðar sérstakar breytingar á þessu þá þýðir þetta vitaskuld á fjórum árum 12–16 milljarða kr. skattahækkanir þannig að þá vega

lítið skattalækkanir upp á 16 milljarða sem ríkisstjórnin hefur boðað og stefnir að, þ.e. ef þær gera ekki annað en jafna út þessa sveiflu. Þetta er afar eftirtektarvert, virðulegi forseti. Þetta er kannski ekki síður eftirtekarvert í ljósi upplýsinga sem voru að berast í morgun frá Seðlabankanum um að viðskiptahallinn nú sé 32,3 milljarðar. Við þær aðstæður hefði maður talið að menn ættu að gera flest annað en draga úr hvata til sparnaðar í samfélaginu.

Þegar menn velta einnig fyrir sér spám sem nú eru uppi um allt að 10% viðskiptahalla á næstu árum, þ.e. þegar framkvæmdir við virkjanirnar eru komnar á fullt, þá getur viðskiptahallinn á þeim tíma numið allt að 80 milljörðum. Það liggur því í augum uppi, virðulegi forseti, að það getur haft alvarlegar afleiðingar að draga úr hvata til sparnaðar á þessum tímapunkti.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór yfir það hér að það hlyti að vera erfitt fyrir ýmsa unga upprennandi þingmenn Sjálfstfl. að mæta til leiks á þinginu og vera knúnir til þess að samþykkja þessar skattahækkanir upp á 3–4 milljarða. Það hlýtur að vera erfitt að þurfa að byrja á þessum nótum eftir að hafa gert það að lífsljósi sínu að boða skattalækkanir. Enn sem komið er hefur þetta þó ekki staðið í neinum þeirra ungu nýju þingmanna sem nýsestir eru á þing. Það hefur ekki staðið í hálsinum á þeim að kyngja þessu. Hver veit hvað gerist þegar kemur að atkvæðagreiðslu? Eitt er víst að mjög vandlega verður fylgst með því hvernig þessir skattalækkunarprinsar, hv. þm. ýmsir, munu greiða atkvæði þegar málið kemur til afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Við höfum gert nokkuð ítarlega grein fyrir afstöðu okkar og sjónarmiðum í þessu máli. Málið er í sjálfu sér einfalt. Það er verið að færa til fjármuni frá einstaklingum til ríkissjóðs. Það er verið að draga úr hvata til sparnaðar. Ég held að það sé andstætt flestu því sem hagvísindamenn hafa lagt til nú að undaförnu. Ríkisstjórnin telur sig samt sem áður knúna til þess að gera þetta. Það bendir þá væntanlega til þess að hún sé í einhverjum vandræðum með rekstur ríkissjóðs. Í sjálfu sér kemur það ekki á óvart þegar menn skoða þá miklu þenslu sem orðið hefur á ríkissjóði undanfarin þrjú til fjögur ár. En þetta er, virðulegi forseti, það mál sem við erum með til afgreiðslu. Eins og ég segi verður fróðlegt að fylgjast með ýmsum þingmönnum þegar Alþingi greiðir atkvæði um frv. sem hér liggur fyrir því að nú virkilega fá þeir tækifæri til þess að sýna að þeir standi vörð um þær hugmyndir sem þeir hafa lagt upp með í pólitík sinni þegar á reynir.

[15:05]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er eðlilegt þegar við ræðum þessa tillögu ríkisstjórnarinnar um breyting á tryggingagjaldi að við veltum fyrir okkur heildarmyndinni í þeim skattahækkunum sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa verið að leggja fram á þessu þingi. Þetta er alveg sérstakur kapítuli í þeim efnum vegna þess að það ætti nú að blasa við flestum þegar við erum að renna inn í mikið þensluskeið í efnahagskerfinu að eðlilegt sé að reyna að hvetja landsmenn til sparnaðar sem aldrei fyrr. Þá kemst ríkisstjórnin að þeirri sérkennilegu niðurstöðu að ástæða sé til þess að draga úr þeim hvata, þeim hvata sem hefur kannski verið hvað mest áberandi og hefur á margan hátt skilað hvað bestum árangri einnig. Eðlilegt er að draga sérstaklega fram í þessu samhengi rökstuðning Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Ef við lítum á ýmsa umsagnaraðila er alla vega ekki hægt að flokka hana undir það að hagsmunir hennar séu aðrir en þeirra sem fara með þjóðarhag. Því er auðvitað býsna djarft af meiri hluta efh.- og viðskn. að ganga algerlega þvert á svo skilmerkilegt og skýrt álit sem fram kemur frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Umsögn hennar er, eins og ég segi, stutt og skýr og eðlilegt er að vekja sérstaka athygli á nokkrum atriðum þar.

Það kemur t.d. fram í umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að um það bil helmingur starfsmanna á Íslandi tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði. Það segir okkur að enn er hægt að ná meiri árangri í þessum efnum því að um helming starfsmanna væri enn sem hægt að ná inn í viðbótarlífeyrissparnaðinn. Auðvitað náum við betri árangri með meiri hvata sem við leggjum til í því að launafólkið fari þessa leið.

Það kemur einnig fram í umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að enn er mikil þörf á að auka þjóðhagslegan einkasparnað. Ýmsir hv. þm. hafa oft talað um að það sé kannski eitt af því sem við þurfum helst að ná árangri í gagnvart hinum almenna borgara að fólk stundi einkasparnað. Ég held að flestir séu sammála um að þessi leið, að fara viðbótarlífeyrissparnaðarleiðina, sé sú albesta vegna þess að hún skilar til baka þegar fólk þarf kannski hvað mest á því að halda. Það getur líka sparað útgjöld á öðrum sviðum þegar fram líða stundir.

Ef ég held áfram að vitna í þessa ágætu umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands þá kemur einnig fram, og les ég nú orðrétt, með leyfi forseta:

„Ráðstöfunin“ — þ.e. sú ráðstöfun sem fram kemur í frv. hæstv. fjmrh. um breytingar á tryggingagjaldi – „mun draga úr vilja þess helmings íslenskra launþega sem ekki tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði nú til að hefja þátttöku.“

Þarna er auðvitað býsna mikið sagt og enn er bætt við, með leyfi forseta:

„Á hverju ári bætast 2–3 þúsund nýir starfsmenn við á íslenskan vinnumarkað ...“

Það þýðir að helmingurinn sem ekki tekur þátt í þessu núna mun fljótlega verða, ef fram heldur sem horfir, meiri hluti vegna þeirrar viðbótar sem verður á hverju einasta ári. Það er auðvitað býsna alvarlegt mál ef árangurinn í viðbótarlífeyrissparnaðinum mun fara þverrandi því að ég held að það hljóti að vera samdóma álit allra sem sitja í þessum sal að við eigum frekar að reyna að auka þennan hlut en minnka.

Frú forseti. Aðeins að lokum varðandi umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Umsögninni lýkur á eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Af öllum framangreindum ástæðum er mjög mikilvægt að hvetja sem flesta launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar og eru sértækar ráðstafanir sem þessar afar mikilvægar í því sambandi. Því lýsir Hagfræðistofnun sig mótfallna fyrirhuguðum breytingum á lögum um tryggingargjald.“

Eins og ég sagði áður, frú forseti, þá er þessi umsögn býsna skýr og rök sem fyrir þessari niðurstöðu eru færð mjög sannfærandi. Þess vegna endurtek ég að það er býsna djarft af meiri hluta efh.- og viðskn. að ganga algerlega í þveröfuga átt við það sem hér er fyrir mælt og enn frekar þegar við tökum það inn í myndina að við erum að sigla inn í hagvaxtarskeið, þensluástand, þar sem ástæða er til þess miklum mun frekar að hvetja fólk til sparnaðar en fara í þá átt sem boðuð er með þessu frv.

Frú forseti. Ég sagði að nauðsynlegt væri að ræða þetta frv. í samhengi við ýmis önnur frv. sem lögð hafa verið fram á þinginu til þess að draga upp heildarmynd af því sem verið er að gera á þessu fyrsta þingi eftir kosningar

þar sem meginátherslur ansi margra frambjóðenda og nú hv. þingmanna voru í þá átt að lækka skatta. Þessir sömu ágætu hv. þingmenn eru nú í því liði sem gengur hart fram í því að hækka skatta. Þetta frv. er hluti af þeirri heildarmynd. Hér er verið að leggja til að spara um 600 millj. kr. sem farið hafa í þann hvata sem ég hef gert að umræðuefni til þess að hvetja fólk til þess að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði. Tölur liggja fyrir um að aðeins um helmingur launafólks í landinu fari þessa leið og því er ástæða til þess, ef einhver væri, að auka hvatann heldur en hitt.

Það er víðar komið við í þeirri sögu að krækja sér í tekjur eða spara útgjöld eða hækka beint skatta. Í sjúkratryggingum á að spara um 750 millj. kr. með því að draga úr lyfjakostnaði, væntanlega með því að auka hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði. Eins og hv. þingmenn muna hafa ár eftir ár legið hér fyrir tillögur um að draga úr lyfjakostnaði og engar leiðir hafa skilað árangri aðrar en þær sem hafa verið í þá átt að auka hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði.

Þá er frægur sá hluti af þessum peningum sem á að fara í að draga úr kostnaði hins opinbera við hjálpartæki. Það á að gera m.a. með því að lengja þann tíma sem líður á milli þess að ákveðin hópur fær aðstoð við bílakaup, lengja hann í, ef ég man rétt, um tvö ár þegar flestir aðrir landsmenn eru að stytta tímann og endurnýja bíla sína örar. Það hefur m.a. verið bent á að það sé býsna mikilvægt að hvetja til þess, bæði vegna þess að miklar tækniframfarir eru í bílaiðnaði og það eykur mikið öryggi í umferðinni. Síðan á að lækka kostnað vegna sérfræðilæknisaðstoðar og væntanlega er þar sama leiðin líka fram undan þrátt fyrir að í þessum tilfellum, bæði lyfjakostnaði og sérfræðilækniskostnaðinum, hafa ekki birst tillögur sem segja nákvæmlega um það hvernig eigi að spara þetta. En við hljótum að draga þá ályktun að sjúklingarnir eigi að taka frekar þátt í þessu en verið hefur.

Í sama anda er 50 millj. kr. aukning á komugjöld á heilsugæslustöðvar og eitt frv. sem er í vinnslu í efh.- og viðskn. — ég verð að segja, frú forseti, að eftir það sem á undan er gengið, sérstaklega það sem tengist þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, er ekki við því að búast að efh.- og viðskn. taki mikið mark á þeim leiðbeiningum eða umsögnum sem berast utan úr bæ þótt frá hlutlausum aðilum séu. Við verðum því að gera ráð fyrir að efh.- og viðskn. nái 600 millj. kr. líka með lækkun vaxtabóta. Af öllum þeim tillögum sem hér liggja fyrir verður hún að teljast samt sem áður líklega ein sú alhæpnasta því að með því er í raun verið að láta lög virka aftur á bak og væntanlega er auðvitað ástæðan fyrir því, frú forseti, að niðurstaða nefndarinnar liggur ekki fyrir sú að *vonandi eru menn að vanda sig mjög í þeirri vinnu allri og* fara nákvæmlega yfir það hvort verið sé að fara á skjön við ýmislegt sem eðlilegt getur talist í lagasetningu. Þar er gert ráð fyrir að ná 600 millj. kr., fyrst og fremst af fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið. Er það í anda þess sem ég ræddi í byrjun, að margir hv. þingmenn virðast nú hafa metið það svo að vænlegast væri að fara algerlega þveröfuga leið við það sem boðað var fyrir kosningar? En eins og flestir muna töluðu margir frambjóðendur Framsfl., nú margir hv. þingmenn, mikið fyrir því að taka þyrfti til í húsnæðislánakerfinu, hækka þar lánshlutfall, hækka hámarkslán. En nú koma þeir hér fram í því liði sem telur vænlegast til þess að stokka upp í húsnæðislánunum að draga úr vaxtabótum til þeirra sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið væntanlega í flestum tilfellum í fyrsta sinn.

Þetta er auðvitað í anda þeirra sem boðuðu skattalækkanir en telja vænlegast að byrja á að hækka skatta. Væntanlega eru menn með því að safna í sjóðinn þannig að hægt sé að lækka skatta rétt fyrir næstu kosningar. Þannig er hægt að nýta þessi kosningaloforð aftur og aftur. Fjölnota loforð eru einkenni þeirra, að nota þau trekk í trekk. Ekki þarf annað en rifja upp frægt kosningaloforð í mínu kjördæmi, þ.e. hin svokölluðu Héðinsfjarðargöng, sem búið er að nota í tvennum síðustu alþingiskosningum, að því er mér er sagt með býsna góðum árangri. Þannig virðist hafa verið gengið frá málinu að tryggt hefur verið að hægt verði að nýta þessi sömu loforð aftur í næstu kosningum. (**PHB:** En álver?) Hv. þm. Pétur Blöndal, nú heyrði ég ekki nákvæmlega framm íkallið. (**PHB:** En álver?) Álveri var ekki lofað í Héðinsfjörðinn. Þar var ekki notað álver.

En það er rétt hjá hv. þm. að loforð um álver hafa býsna oft verið notuð í alþingiskosningum. Ég efast um að hv. þm. þurfi að rifja mikið upp fyrir mér í þeim efnum. Ég gæti hins vegar rifjað upp fyrir hv. þm. loforð um slíkt allt frá *því um 1980 og til þessa dags. En þar sem við erum að ræða* annað mál, hv. þm., held ég að ég láti það vera í þessari ræðu. Ég get boðið hv. þm. til slíkrar upprifjunarstundar. Þar er auðvitað margt mjög merkilegt og saga ýmissa í þeim málum ekki síður merkileg. En ég vona að við hv. þm. eigum sameiginlegt að hafa alla tíð verið á því máli að slíkt verk væri brýnt þó svo hafi ekki verið með alla sem börðust harðast í þeim málum.

Frú forseti. Ég var í upptalningu minni kominn að Atvinnuleysistryggingasjóði. Þar er um að ræða 170 millj. kr. Ríkisstjórnarflokkarnir sem boðuðu umbætur í húsnæðismálum og skattalækkanir töldu ástæðu til að spara þar örlítið fé. Það á fyrst og fremst að gera með því að taka þrjá fyrstu dagana af þeim sem atvinnulausir. Sú röksemd er m.a. notuð að þannig sé þetta í býsna mörgum löndum. Auðvitað hefði verið hugsanlegt að skoða málið í því samhengi ef pakkinn hefði verið tekinn í heild sinni. Upphæð atvinnuleysisbótanna hefði mátt þá fylgja því sem viðgengst í öðrum löndum. Þá hefði hugsanlega verið hægt að skoða þessa tillögu. En að gera þetta eitt og einangrað, meðan hæstv. félmrh. ræðir um að fara þurfi í að stokka þetta allt upp og skoða í heild sinni, er með ólíkindum. Þetta er þó skiljanlegt þegar maður setur það í sama samhengi, að fylgt sé ákveðinni línu og stefnan keyrð fram með þeim krafti sem stjórnarherrarnir telja mögulegt hverju sinni.

Frú forseti. Fyrst við erum að ræða auknar álögur og hærri skatta er nauðsynlegt að koma að því sem jafnvel hefur verið deiluefni milli hv. þm. innan stjórnarflokkanna, hvort *verið sé að lækka eða hækka hinn svokallaða hátekjuskatt.* Þar er verið að ná í heilar 80 millj. kr. Það er með allægstu tölum sem maður finnur þegar maður fer yfir þennan lista. Miðað við lagatextann ætti þessi skattur að renna út um næstu áramót en í stað þess er hann lækkaður í 4%, úr þeim 5% sem hann er í nú. Þessi skattalækkun, miðað við stöðuna eins og hún er núna, er því upp á heilar 80 millj. kr. Það er eina skattalækkunin, frú forseti, sem við höfum fundið og séð á þessu fyrsta þingi eftir alþingiskosningar þar sem loforð um skattalækkanir bar afar hátt. Það segir okkur að líklega sé það helst þessi hópur sem stjórnarherrarnir hafa talið rétt að lækka skattana á en hækka þá á flestum öðrum þegnum landsins.

Í þessari upptalningu á ég eftir að nefna það sem búið er að samþykkja og er þegar komið til framkvæmda, sem allir bílaeigendur sem hafa tekið bensín í dag hafa orðið varir við.

Það er hækkun sem samþykkt var fyrir helgi á vörugjaldi af bensíni og þungaskatti. Þó þungaskattshækkunin hafi ekki tekið gildi enn og verði ekki fyrr en á næsta ári þá hefur vörugjaldi af bensíni þegar verið velt út í verðlagið. Það mun að sjálfsögðu, eins og á var bent, hækka neysluverðsvísitölu og er þar af leiðandi verðbólguhvetjandi og hækka launin á sama hópi sem á nú að fá minni vaxtabætur. Þetta mun bitna enn harðar á þeim hópi sem sumir hv. þm., þáverandi frambjóðendur, boðuðu að skyldi heldur betur aðstoða, þ.e. með húsnæðislánakerfinu.

Þessu til viðbótar, frú forseti, væri hægt að reikna inn skerðingu barnabóta og hvernig skattar eru auknir með því að láta skattleysismörk ekki fylgja verðlags- eða launaþróun, eftir því sem menn mundu miða við. Það er augljóslega verið að gera barnabætur og skattleysismörkin lægri, þ.e. verðminni heldur en þau eru, þegar þau eru ekki látin fylgja almennu verðlagi.

Þetta mun, þegar allt er lagt saman, nema um 3–4 milljörðum sem þarna er verið að safna af þeim sömu og boðuðu hina miklu skattalækkanir sem skyldi koma á svo fljótt sem auðið væri. En nú hefur verið tilkynnt að svo verði ekki fyrr en líður töluvert á kjörtímabilið. Þá verða þessir 4 milljarðar 8 eftir næsta ár ef ekkert bætist við. Við skulum samt sem áður gera ráð fyrir því að eitthvað bætist við. Þegar kjörtímabilinu lýkur mundi ég áætla að með slíkum breytingum sem hér eru gerðar tillögur um verði búið að safna upp undir 20 milljörðum kr. Gaman verður að sjá hvernig debet og kredit stendur þegar við fáum loks að sjá tillögur um skattalækkun.

Það er spurning hvenær sú skattalækkun kemur til framkvæmda. Það hlýtur að þurfa að taka eitthvert mið af efnahagsástandinu. Fyrst ríkisstjórnin komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki rétt að byrja á einhverri af þessum lækkunum áður en þensluskeiðið hefst mun hún væntanlega ekki, ég trúi ekki að hæstv. ríkisstjórn láti sér detta það í hug, koma með skattalækkanir þegar þenslan er hvað mest. Við skulum ætla að það verði ekki fyrr en hún er farin að réna eitthvað. Þá verðum við væntanlega komnir undir lok kjörtímabilsins. Niðurstaðan gæti þá orðið sú að það yrði að geyma eitthvað af skattalækkununum, ef ekki allar, fram yfir næstu kosningar. Þá komið að snilldinni, að þá yrði væntanlega enn boðuð skattalækkun með sömu röksemdum og í vor og gert ráð fyrir að fólk trúi þeim enn.

Oft hefur verið látið á það reyna og verður að segjast, frú forseti, að það er með ólíkindum hve oft er hægt að leika sama leikinn sé horft til árangurs Sjálfstfl. í síðustu kosningunum, að vísu eins lakasta árangurs sem sá flokkur hefur náð. Ég ætla að gerast spámaður í þeim efnum, frú forseti. Ef hv. þm. Sjálfstfl. ætla að reyna það einu sinni enn spái ég því að árangur þeirra verði enn síðri í næstu alþingiskosningum. Þá yrðu enn og aftur tímamót og fylgi þess flokks færi í sögulegt lágmark. Það verður væntanlega geirneglt ef sú tilraun verður enn einu sinni gerð, að leika sama leikinn. (**ÖS:** Hvað áttu við með geirneglt?) Ja, geirneglt með því að annar flokkur sem verði mun stærri og þeir muni ekki ná sér upp fyrr en ... (**ÖS:** Ekki neglt með Geir?) Það skyldi þó ekki vera að hæstv. fjmrh. verði þá búinn að ná slíkum frama í flokki sínum að hann verði í framvarðasveit og Geir verði negldur við þau kosningaúrslit. Ég ætla nú ekki að spá, hv. þm., um framgöngu einstakra þingmanna eða hæstv. ráðherra í þeim sérkennilega flokki. Ég hef bara ekki þekkingu á þeim flokki til að geta spáð um innanhússmálin þar. Ég tel auðveldara að spá um það sem snýr að almenningi og tengslum þess flokks við almenning.

Frú forseti. Ég hef rætt um það frv. sem hér liggur fyrir í samhengi við aðrar tillögur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Það er eiginlega ekki hægt annað í þessu samhengi en að skoða hlut sveitarfélaganna í þessu máli. Þegar við erum að skoða skattamálin eru það auðvitað ríkisvaldið og sveitarfélögin sem koma þar að. Það er með ólíkindum, ef við skoðum nokkur ár, hvernig samskipti þessara aðila hafa þróast. Halli sveitarfélaganna hefur vaxið með hverju ári. Í lok árs 2001 var halli sveitarfélaganna upp á 5,3 milljarða kr. og í lok árs 2002 upp á 5,8 milljarða kr. Með sama áframhaldi mun halli sveitarfélaganna fara yfir 6 milljarða kr. í árslok.

Það hefði verið nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að skoða hvort ekki ætti að breyta samhenginu, hlutföllum á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna í skattheimtunni. Það hefði verið nær, um leið og ríkisstjórnarflokkarnir boðuðu hinar miklu skattalækkanir, að horft hefði verið til þess að sveitarfélögin gætu að einhverju leyti komið á móti og ríkisvaldið lækkað skatta sína enn meira þannig að jafnvægi væri þar á milli. Eins og staðan er nú hefur hallað stöðugt á sveitarfélögin. Það er ekki að sjá að þar eigi að bæta neitt úr og verður auðvitað stöðugt erfiðara fyrir sveitarfélögin að fá eitthvert svigrúm meðan ríkisvaldið gengur fram eins og raun ber vitni í því frv. sem nú er til umræðu og þeim frumvörpum sem ég hef tínt til til að fylla út í myndina.

Frú forseti. Eins og ég sagði í byrjun er ekki við öðru að búast af þessum ríkisstjórnarflokkum. Þeir hafa áður leikið þann leik að segja eitt fyrir kosningar og gera síðan annað eftir þær.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða eitt af frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem er ætlað að auka tekjur ríkisins. Með því á að færa til þá uppbót sem greidd hefur verið í gegnum hluta tryggingagjaldsins til launþega í lífeyrissparnað, sem var upprunalega 0,2% en mátti síðar eftir árið 2000 fara í 0,4% á móti því iðgjaldi sem greitt var.

Það er áætlað, virðulegur forseti, að þessi tilfærsla auki tekjur ríkissjóðs um 550–580 millj. kr. á næsta ári. Þær eru færðar frá launþegum og til ríkisins þar sem áður mátti greiða hluta af tryggingagjaldinu sem viðbótarálag á þennan séreignasparnað launþeganna. Til að skýra þetta þarf í raun bara nokkur orð úr nál. meiri hlutans, með leyfi forseta. Mig langar að lesa upp neðstu málsgreinina, en þar segir:

„Það er mat meiri hlutans, og er þar tekið undir röksemdir sem fram koma í frumvarpinu, að þeim markmiðum sem stefnt var að hafi verið náð og því sé ekki ástæða til að viðhalda þeim sértæku ráðstöfunum sem felast í heimild launagreiðenda til lækkunar iðgjalds."

Þarna hefði í raun og veru átt að segja „lækkunar iðgjalds til ríkisins". Þá hefðu menn ekki þurft að ræða um það fram og til baka að þetta væri ekki skattlagning, ekki gjaldtaka o.s.frv. Með þessum aðgerðum er auðvitað verið að færa þennan tekjustofn til ríkisins. Hann var tekinn út úr hluta tryggingagjaldsins og þarf varla að deila mikið um það. Þetta mun sem sagt eins og áður segir auka tekjur ríkisins um allt að 580 millj. kr. á næsta ári.

Þetta er auðvitað til viðbótar við aðrar ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur boðað í breytingum, t.d. varðandi vaxtabæturnar sem munu færa ríkinu sennilega um 500 milljónir kr. Síðan var hér samþykkt fyrir örfáum dögum tillaga um

hækkun bensíngjaldsins og þungaskattsins sem birtist núna í um 4 kr. hækkun á bensínlítranum til bifreiðaeigenda. Talið var að þær aðgerðir mundu færa á bilinu 1 milljarð til 1.100 milljónir í auknum tekjum til ríkisins og auk þess er ráðgert að fella niður þrjá daga í atvinnuleysisbótum sem nemur þá kostnaði upp á 170 milljónir. Samanlagt erum við að tala um í tilfærslum um rúma 2 milljarða kr. Það er því alveg ljóst hvað hér er um að ræða. Verið er að tala um að breyta lögum sem hafa verið launþegum til hagsbóta í gegnum séreignasparnaðinn og færa þær tekjur að nýju til ríkisins.

Í nál. minni hlutans kemur fram, virðulegi forseti, að Alþýðusambandið leggst gegn þessari tillögu og segir í nál., með leyfi forseta:

„Það er að auki beinlínis óráðlegt að fella brott hvata til þjóðhagslegs sparnaðar þegar allar spár benda til þess að búast megi við verulegri þenslu í hagkerfinu.

Einnig má benda á að verði umrætt frumvarp að lögum er verið að rýra kjör launafólks um 500–600 milljónir á ári. Slík kjaraskerðing mun ekki auðvelda komandi kjarasamningsgerð.“

Það er kannski eitthvað sem ríkisstjórnin ætti að hafa áhyggjur af ef beinlínis er verið að efna til þess að frekari ófriður verði á vinnumarkaði og erfiðara verði að ná kjarasamningum saman en ella væri.

Landssamtök lífeyrissjóða mæla gegn þessari breytingu og segja í niðurlagi álits síns, með leyfi forseta:

„Það er því skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að frekar beri að stuðla að auknum langtímasparnaði almennings heldur en að draga úr honum og minnka þannig þá hvatningu sem nú er í lögum um tryggingagjald.“

Síðan er, virðulegur forseti, umsögn Hagfræðistofnunar Háskólans sem mælir beinlínis gegn því fyrirkomulagi sem hér er lagt til.

Þar segir í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Því lýsir Hagfræðistofnun sig mótfallna fyrirhuguðum breytingum á lögum um tryggingagjald.“

Virðulegur forseti. Það liggur auðvitað fyrir að hér er ríkið að ná til sín tekjum með þessu lagi og tilgangur málsins er í raun og veru allur sá að auka tekjur ríkissjóðs. Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattalækkunum — en það var sú stefna sem ríkisstjórnin boðaði í kosningabaráttunni — er sú að lækka hátekjuskattinn úr 5% í 4%, og verður sú aðgerð að teljast afar sérstök að leggja á það áherslu að þeir sem mest launin hafa, m.a. ofurlaunamenninrir í þjóðfélaginu, þurfi sérstaklega á því að halda að greiða lægri skatta á næsta ári.

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að Frjálsl. og þingmenn hans munu ekki styðja þetta mál og leggjast gegn þessari breytingu og að mestu leyti tökum við undir það sem birtist í minnihlutaáliti nefndarinnar um málið frá efh.- og viðskn. Það liggur í hlutarins eðli að þetta mál er ekki sú forgangsröðun sem við hefðum viljað sjá í skattamálum eða tekjumálum ríkisins. Það liggur ljóst fyrir hvaða áherslur við lögðum upp með í kosningabaráttu okkar, annars vegar að horfa til þess hvað mætti gera fyrir barnafjölskyldur í landinu og hins vegar varðandi það að hækka persónuafsláttinn eða réttara sagt láta hann nálgast það raungildi sem hann hafði. Þessi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er algjörlega í andstöðu við okkar.

[15:35]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við erum að ræða er enn eitt frv. hæstv. ríkisstjórnar sem gengur algjörlega á svig við það sem lofað var í liðinni kosningabaráttu, þ.e. að lækka skatta og bæta hag almennings.

Í gær, 1. desemeber — það var 1. desembergjöf hæstv. ríkisstjórnar til almennings í landinu — tók gildi hækkun á bensínskattinum svokallaða sem við ræddum um í síðustu viku, hækkun á bensínalítra um 3,90 kr. Þar með er bensín með fullri þjónustu komið nánast upp í 100 kr. lítrinn. Þetta er aðeins rifjað hér upp, virðulegi forseti, vegna þess að við eigum eftir á næstu dögum og það sem eftir lifir af þingdögum fram til jólaleyfis þingmanna að ræða álíka frumvörp og hér er verið að leggja fram þar sem verið er að breyta skattkerfinu þannig að verið er að sækja fé til almennings á einn eða annan hátt til að stoppa upp í frv. til fjárlaga, fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Bensínhækkunin síðasta þar sem sækja á 600 millj. kr. í vasa þeirra sem nota bíla og kaupa bensín og 400 milljónir sem sóttar eru í aukinn þungaskatt frá og með næstu áramótum — ofan á þetta leggst svo virðisaukaskattur — var fyrsta dæmið þar sem verið er að sækja fé til almennings, verið að hækka skatta þvert á það sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu í kosningabaráttunni. Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að aumt er hlutverk þeirra stjórnarþingmanna sem stuðla að þessu og taka þátt í þessu, ekki eingöngu nýliðanna sem fóru um víðan völl, hv. þingmanna og frambjóðenda Sjálfstfl. á höfuðborgarsvæðinu, ungir vaskir menn sem riðu um héruð og boðuðu skattalækkanir og niðurskurð á kerfi hins opinbera. Þetta gengur allt í þveröfuga átt.

Virðulegi forseti. Það kom manni auðvitað mjög á óvart hvað stjórnarþingmenn taka þátt í þessu að manni virðist með glöðu geði, að ganga þessa skattahækkunarleið, eins og ég hef tekið dæmi um, þ.e. hækkun á bensíngjöldum og álögur á umferðina, sem er komið að mati Félags íslenskra bifreiðaeigenda í sögulegt hámark, komið upp í 32 milljarða kr. og er algjört Íslandsmet auðvitað. Fram hefur komið að gjöldin hafa hækkað um helming frá því að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson tók við sem forsætisráðherra. Það sem verra er að stór hluti af þeim peningum eða allt að 15 milljarðar kr. eru ekki notaðir til þess að bæta vegakerfi landsins, auka þjónustu, vetrarþjónustu eða annað þess háttar.

Ofan á þetta kom svo niðurskurður til vegamála upp á 850 millj. kr., ef ég man rétt.

Þetta er aðeins rifjað hér upp, virðulegi forseti, til að nálgast það frv. sem er til umræðu, sem mér finnst vera frumvarp númer tvö þar sem verið er að seilast til almennings og taka af honum sannarlega það sem þarna er og þann hvata til sparnaðar sem þetta hefur haft í för með sér hingað til, eins og kemur fram í mörgum álitum sem ég ætla að nefna nokkur á eftir sem hafa ekki verið birt. Svo virðist vera með þetta frv. eins og bensín- og þungaskattsfrumvörpin að allar umsagnir frá öllum þeim aðilum sem sent var til voru í eina átt, þ.e. að leggjast gegn þessum skattahækkunum. Allir sem sagt eru á móti þeim nema hv. þingmenn stjórnarflokkanna með hæstv. ríkisstjórn í broddi fylkingar þar sem verið er að stoppa upp í gat til þess að mynda einhvern ímyndaðan fjárlagaafgang sem menn telja í dag að sé nauðsynlegur inn í umræðuna til þess að draga úr þenslu og öðru slíku sem er náttúrlega í raun og veru að verða öfugmæli þó að ég ætli nú ekki að fara mikið yfir í þá umræðu. En auðvitað koma upp í huga manns varnaðarorð Seðlabankans á sínum tíma rétt eftir að búið var að endurnýja núv. hæstv. ríkisstjórn eftir kosningar, þar sem Seðlabankinn fór fram mjög geyst, varaði við allri þenslu og taldi að það væri eitthvert úrslitaatriði hver afgangur yrði af

fjárlögum íslenska ríkisins, eins og það eina atriði væri þess valdandi hvort þensla yrði í landinu eða ekki. Það verður auðvitað að segjast alveg eins og er að þetta eru hreinar allt að því öfugmælavísur frá Seðlabankanum, enda hefur svo Seðlabankinn komið síðar fram og verið að draga úr sínum spám.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvar gætir hinnar miklu þenslu sem Seðlabankinn varaði við? Hvað er að gerast? Er þensla á höfuðborgarsvæðinu? Er mikil þensla á landsbyggðinni? Nei. Að mínu mati er þensla á einu svæði á landinu, e.t.v. sem betur fer, þ.e. á virkjunarsvæðinu fyrir austan, á Miðausturlandi, og öllum þeim stórframkvæmdum sem þar eru byrjaðar og verða áfram næstu ár, sem auðvitað er hið besta mál og mun skila okkur gríðarlegum ávinningi á komandi árum.

En ef við förum annars staðar um landið, þá er þenslu ekki fyrir að fara heldur þvert á móti að öllum líkindum frekar samdráttur. Það sjáum við og heyrum af núna og höfum heyrt undanfarnar vikur að fyrirtæki eru jafnvel að leggja upp laupana, eru að loka út af erfiðum rekstrarskilyrðum og eru að segja upp fólki.

En aðaltilgangurinn með þessu frv. er að sækja peninga sem veittir hafa verið í afslátt á tryggingagjaldi, sækja þá aftur inn í ríkissjóð, draga þá til sín inn í þessa hít, inn í fjárlagafrv. til að glansmyndin af því verði betri nú þegar við ræðum fjárlögin og samþykkjum þau væntanlega á föstudaginn kemur. Þetta eru fjárlög sem munu líta þannig út að allir verði mjög stoltir af þeim, a.m.k. stjórnarsinnar, telja sig með eitthvert súpergott fjárlagafrv. En eins og margoft hefur komið fram hjá fulltrúum Samf., m.a. við 2. umr. fjárlaga, reyndar 1. umr. líka og í nefndarálitum, er þetta glansmynd sem dregin er upp. Hér hafa verið nefndar ansi margar stofnanir og opinber fyrirtæki sem sannarlega fá ekki þá peninga af fjárlögum sem til þarf til að halda eðlilegri starfsemi gangandi. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, má setja þær stofnanir skipulega upp á lista. Menn spá því að þær muni allar koma inn á fjáraukalög þegar þing kemur saman aftur næsta haust. Það eru, virðulegur forseti, kunnuglegar stofnanir, það er kunnuglegt að sækja þurfi meira fé vegna þess að ekki er veitt til þeirra nægjanlegt fé í fjárlögum eins og ætti auðvitað að gera.

Ýmis atriði hafa verið nefnd í þessu sambandi og ég ætla ekki að orðlengja um það en nefni aðeins jafnmikilvægt atriði og fjárframlög til Hafrannsóknastofnunar eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til að stunda fiskirannsóknir og annað slíkt. Sérstaklega er það sennilega mikilvægt núna vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað í hafinu, þ.e. hlýnandi sjávar, og nægir í því sambandi að nefna aðeins eitt atriði sem forstjóri Hafrannsóknastofnunar hefur nefnt, að vegna þess hvað fjárframlög til Hafrannsóknastofnunar voru skorin niður við fjárlagagerð af sjútvrn. sé m.a. ekki hægt að stunda jafnmikilvægt verkefni og loðnurannsóknir í Norðurhöfum. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál líka þegar er nýlokið rannsóknarleiðangri Hafrannsóknastofnunar þar sem kemur í ljós að menn finna nánast ekki neina loðnu, þetta er mjög alvarlegt mál.

Hér hefur líka, virðulegi forseti, verið rætt um og dregið fram og nefndar tölur í því sem felst í fjárlagafrv., sem er svona hliðarfrv. með þessu frv. sem við erum að ræða núna, þar sem fjármunir eru á einn eða annan hátt sóttir í vasa almennings eða tekið til baka það sem þeir sannarlega geta myndað, eins og það frv. sem við erum að ræða eða þau önnur atriði sem hér hafa verið gerð að umtalsefni þar sem skattahækkanir hafa verið reiknaðar á einn eða annan hátt til að vera upp undir 4 milljarðar eða 16–20 milljarðar næstu fjögur ár ef fram fer sem horfir, að það sé með öðrum orðum verið að safna hér peningum til þess að búa til enn eina kosningabombuna næst þegar kosið verður til Alþingis og koma þá fram sem hinir góðu herrar, landsfeður sem ætla sér að lækka skatta. Þetta minnir óneitanlega, virðulegi forseti, á margnotuð loforð um menningarhús sem lofað hefur verið í nokkuð mörgum kosningum, að maður tali nú ekki um skattalækkanirnar sem lofað var núna og allir eru að bíða eftir en hefur verið svikið svo herfilega eins og raun ber vitni, en þess í stað farið út í eintómar skattahækkanir.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að í þessu frv. kemur fram, eins og í hinu skattahækkunarfrv. sem búið er að ræða og lögfesta hér, þ.e. um bensíngjald og þungaskatt, að það virðist vera mjög afdráttarlaust hjá þeim stofnunum og öðrum sem fengu frv. sent að umsagnir þeirra eru allar á einn veg, að það sé vitlaust og rangt að fella þetta niður, eins og segir m.a. í áliti frá Hagfræðistofnun sem hér hefur verið nefnt og vitnað til, að það sé jafnvel meiri þörf nú en áður til þess að auka þjóðhagslegan einkasparnað vegna hinna miklu umsvifa sem rætt hefur verið um, sérstaklega fyrir austan, og Hagfræðistofnun leggst gegn því að þetta verði lagt niður og vill ekki mæla með því og það er svo með aðra.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að álit Hagfræðistofnunar er í nál. minni hluta efh.- og viðskn., sem fulltrúar Samf. og Vinstri grænna skrifa undir og þarf ekki að ræða mikið um það, en það eru nokkrar umsagnir sem ekki er vitnað til hér en rétt er að vekja aðeins athygli á, eins og frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem leggst gegn samþykkt þessa frv. Það segir að það rýri kjör launafólks og dragi jafnframt úr hvata til lífeyrissparnaðar. Auk þess orki tímasetning tvímælis í ljósi þeirrar þenslu sem ætla megi að verði í efnahagslífinu á komandi missirum. Við slíkar aðstæður hefði verið talið heppilegra að örva sparnað. Það er kannski það sem maður vildi helst spyrja hæstv. fjmrh. út í, sem er hér viðstaddur þegar mál hans er rætt, eins og áður hefur komið fram hjá þeim sem hér stendur, sem mér finnst vera til mikillar fyrirmyndar. Ég vil spyrja hann út í hvort við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu núna, þ.e. þessa ímynduðu þenslu um land allt sem þó er aðallega á Miðausturlandi, hefðu ekki verið hagfræðileg rök fyrir því að reyna frekar að efla sparnað en draga úr honum eins og hér er gert, vegna þess að auðvitað sér maður það í umsögnum sem hér hafa komið fram, eins og fjölda framteljenda sem greiða til lífeyrissjóða á ári bæði skylduna og viðbótarlífeyrissparnaðinn, hvernig þetta hefur verið að vaxa ár frá ári. Og auðvitað þekkir maður það bara úr eigin ranni hvernig viðbótarlífeyrissparnaðurinn og það mótframlag sem lagt er fram hefur stuðlað að því að launþegar hafa tekið þetta skref og hafið þennan viðbótarlífeyrissparnað og eru auðvitað þær tölur sem hér koma fram mjög táknrænar fyrir þau áhrif sem þetta hefur haft undanfarin ár.

Það kemur í ljós hér, virðulegi forseti, í gögnum frá fjmrn. að árið 2000 greiddu rúmlega 150 þúsund manns í skyldusjóðinn. Þá voru þeir sem greiddu í viðbótarsjóðinn um 30.500. Árið eftir, 2001, voru skyldugreiðendur komnir upp í 158 þúsund, viðbótarlífeyrissparnaður hafði aukist um 15 þúsund manns, upp í 45.400. Árið 2002, þegar skyldugreiðendur eru 160 þúsund rúmir, þá er viðbótin komin upp í tæp 60 þúsund eða 59.900 manns. Fyrir árið 2003 eru skyldu-

framteljendur orðnir 162.619 og framteljendur sem nýta sér viðbótarlífeyrissparnaðinn tæplega 71 þúsund manns,.

Það kom fram í umsögn eins aðilans, frá ASÍ ef ég man rétt, þar sem rætt er um hinn mikla fjölda ungs fólks em kemur á vinnumarkaðinn ár hvert og byrjar að greiða í lífeyrissjóð, að þessi hvati hverfur verði frv. samþykkt. Og auðvitað er þá verið að mismuna þarna, þeir sem hafa t.d. verið að koma inn á vinnumarkaðinn í dag hafa getað nýtt sér þetta en þeir sem koma á næsta ári munu ekki geta nýtt sér þetta eða finna ekki þann hvata sem þetta ákvæði hefur auðvitað haft í för með sér, sem við erum að tala um að leggja niður.

Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, virðulegi forseti, vegna þess að það er svo margt sem verið er að gera núna þessa dagana í þinginu þar sem hæstv. ríkisstjórn kemur í raun og veru fram eins og sleggja í höfuðið á almenningi eftir það sem á undan er gengið í kosningabaráttunni með öll loforðin og áformin sem lögð voru á borð fyrir kjósendur fyrir kosningar til þess að freista þess að kaupa sér þar fylgi til áframhaldandi setu í ríkisstjórn. Þetta tókst sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum mjög vel. Þeir riðu um héruð, lofuðu hinu og þessu til vinstri og hægri, skattalækkunum, framkvæmdum og hvað þetta hét nú allt saman. Kemur svo eins og búmerang í hausinn á okkur hér á allt annan hátt en lofað var.

Eitt er það sem ég hef stundum sagt að flokkar hafa sín stefnuskráratriði til að fara eftir og vilja hafa sínar stefnur klárar og sýna þær öllum — það er svo spurning hvenær flokkar geta komið fram með sín stefnumál, auðvitað eru það langtímamarkmið oft og tíðum — en að koma fram með loforð, já loforð vil ég kalla það, og mikil áform og skapa væntingar hjá kjósendum eins og gert var fyrir síðustu kosningar og svíkja þau jafnherfilega á fyrstu dögum þingsins eins og við erum hér að ræða um, er náttúrlega mikil lágkúra og í raun og veru til þess að koma óorði á stjórnmál. Það kemur auðvitað óorði á stjórnmálamenn þegar svona er gengið fram eins og gert er núna, margsvikin loforð um hitt og þetta, alveg sama hvað menn fara yfir. Menn geta farið út í sín kjördæmi þar sem m.a. ráðherrar í ríkisstjórn komu og efndu til mannfagnaðar og funda með fjölmiðlafólki og öðrum þar sem skrifað var undir hitt og þetta. Það kemur nú bara upp í hugann í mínu kjördæmi, Norðaust., undirskrift út af viðbyggingu við Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri. Það er ekkert farið að bóla á því enn þá. Ég ætla ekkert að nefna Héðinsfjarðargöng, svikin sem þar áttu sér stað þar sem málið var komið það langt að það var komið í útboð, útboð með dagsetningum hvenær ætti að byrja.

Rétt eftir kosningar, þegar menn héldu að minni kjósenda væri farið að bresta eða kosningahamurinn væri fallin af mönnum eða menn væru búnir að gleyma loforðunum, 1. júlí, þá kemur ríkisstjórnin saman og ákveður að fresta þeirri framkvæmd bara rétt sisona, kennir um þenslu í efnhagslífinu, notar Seðlabankann sem átyllu fyrir því sem þar var gert. Kemur svo fram og frestar og segir nánast bara: „Sorrí", aðstæður breyttust bara á einum mánuði. Sem er náttúrlega tóm þvæla og vitleysa, það breyttist í raun og veru ekkert. Það hefði verið hægt að hefja þessa framkvæmd og ég held að það sýni sig núna, alla vega á Norðurlandi, að það hefði verið gott að vera búið að setja þá framkvæmd í gang og væri til hagsbóta fyrir efnahags- og atvinnulíf á því svæði þar sem þensla þekkist ekki nema í fréttum fjölmiðla.

Væntanlega kemur svo inn núna á næstu dögum, mér er kunnugt um það vegna þess að það kom fram áðan hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, hv. 1. þm. Reykv. n., vaxtabótafrumvarpið, sú afturvirkni sem boðuð er í því frv. og er til meðferðar í efh.- og viðskn., að það er gott ef öll nefndin eða meiri hlutinn hefur fallist á það sjónarmið sem þingmenn Samf. og nefndarmenn í þeirri nefnd héldu fram á fundi þar að þar væri um ólöglega afturvirkni að ræða, þ.e. að vaxtabætur fyrir árið 2003 yrðu skertar. Ef það er rétt að meiri hluti efh.- og viðskn. hafi verið rekinn á flótta frá því að keyra það mál fram og rekinn til þess að láta skoða það mál, ef ég hef heyrt rétt áðan hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að láta skoða lagalega hlið á því, þá er það til bóta og þá sýnir það hvað kröftug stjórnarandstaða og kröftug vinna í nefnd getur skilað, ef það er tilfellið.

Mín sannfæring er hiklaust sú að ef menn hefðu ætlað að ganga fram með skerðingu vaxtabóta eins og boðað var í því frv. og láta það virka fyrir allt þetta ár vegna framtals á næsta ári þá hefði það verið skýlaust brot og hefði leitt til þess að einhver einstaklingur í þjóðfélaginu hefði fengið minni vaxtabætur reiknaðar út kannski frá kaupsamningi sem verið er að gera í dag og greiðslumati sem verið er að gera í dag, ef þær vaxtabætur ættu svo að breytast og lækka vegna aðgerða ríkisstjórnar við að minnka útgjöld ríkissjóðs og draga úr þessum vaxtabótum, með samþykkt kannski einum, tveimur dögum áður en þing fer heim í jólafrí, og kollvarpa þar með í raun og veru því sem íbúðakaupendur væru að gera í dag að leggja fram gögn miðað við núverandi lög til að láta reikna út greiðslubyrði vegna kaupa, þá er náttúrlega verið að koma aftan að fólki og er auðvitað hlutur sem á alls ekki að eiga sér stað.

Svo ég fagna því ef það verður og fagna því ef ríkisstjórnin sæi að sér og sæi þá til þess að gildistaka þeirra laga, þ.e. þeirra sem skerða vaxtabæturnar, yrði þannig að hún mundi ekki virka á þetta ár. En sennilega mun ríkisstjórnin þrjóskast við, enda búin að gera ráð fyrir því í fjárlagafrv. sínu, sem á að samþykkja á föstudaginn kemur, að hafa þetta með þeim hætti sem þar var boðað, þ.e. að skerða vaxtabætur úr að mig minnir 7% niður í 5,5%, eins og boðað var í því frv.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt mál eftir eða hvort hann geti lokið máli sínu á næstu einni til tveim mínútum, vegna þess að eins og boðað var í upphafi þessa fundar er hugmyndin sú að taka fyrir, ekki síðar en klukkan fjögur, 22. og 23. dagskrármálið.)

Virðulegi forseti. Ég er tilbúinn að stoppa hér og nú til þess að liðka fyrir því að það mikilvæga og góða mál komist á dagskrá og hv. þm. sem það flytur geti flutt sitt mál hér.

(**Forseti** (JóhS): Skilur forseti það svo að hv. þm. geti ekki lokið máli sínu á næstu tveim til þrem mínútum? (Gripið fram í.) Ef hv. ræðumaður getur lokið máli sínu á næstu tveim til þrem mínútum þá ... (**Gripið fram í:** Hann var að segja að hann væri búinn að ljúka máli sínu.) Sagði hann það? Þá hef ég misskilið það og ég þakka ræðumanni fyrir og þessu dagskrármáli er frestað.)

Umræðu frestað.

Íslenska táknmálið, 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 374. mál. — Þskj. 499.

og

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 1. umr.

Frv. SigurlS, 375. mál. — Þskj. 500.

[16:00]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli á Alþingi Íslendinga fyrir frv. til laga um viðurkenningu á táknmáli sem fyrsta máli heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Ég mæli hér fyrir tveimur frv., frv. um viðurkenningu táknmáls annars vegar og hins vegar frv. á þskj. 500, 375. máli, sem er svokallaður bandormur þar sem gerðar eru nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum sínum við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Ljóst er að ef frv. til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum lögum í kjölfarið og þyrfti hvert ráðuneyti fyrir sig að taka lög á sínu málasviði til gagngerrar endurskoðunar. Í bandorminum er fyrst og fremst tæpt á helstu atriðum sem þurfa lagfæringar við.

Með mér á frv. eru margir mætir meðflutningsmenn. Í frv. þessu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Ég ákvað að nota hugtakið „fyrsta mál“ í 1. gr. frv. af því að skilgreiningin sem gefin hefur verið á hugtakinu „móðurmál“ er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“

Þessi skilgreining getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt því að 98% heyrnarlausra fæðast í heyrandi fjölskyldum. Táknmálið er því í flestum tilfellum áunnið mál á heimilinu þegar barn fæðist heyrnarlaust í heyrandi fjölskyldu sem hefur íslensku að móðurmáli sínu.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla“ af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Að taka heyrnarskerta með inn í þetta mikilvæga mál veldur því að læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi er nú farin inn á þá braut að kalla sem flesta heyrnarskerta. Heyrnarlaus er því sagður „mjög heyrnarskertur“ þótt hann hafi aðeins 2% heyrn eða minna. Víðs vegar um heim eru þessi tvö orð tekin undir sama hatt, má þar nefna á ensku „deaf and hard of hearing“, á norsku „døve og sterk tunghørte“, á sænsku „döv och hörselskadad“. Hér á landi má sjá þessi tvö orð tekin undir það sama, samanber nafn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og svo Hlíðaskóli – táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Menningarleg sýn á heyrnarleysi birtist hins vegar í orðunum á ensku „profoundly deaf“. Samkvæmt þeim er sá sem sagður er vera „profoundly deaf“ heyrnarlaus frá fæðingu og hefur táknmál sem fyrsta mál sitt. Heyrnarskertir eru líka með fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa löngum verið sagðir „ekki þurfa á táknmálinu að halda“ og hafa því verið á „gráu svæði“, þ.e. ekki fundið sig almennilega í samskiptum með heyrandi samfélagi og ekki heldur með samfélagi heyrnarlausra vegna þess að þeir hafa ekki lært táknmálið á æviskeiði sínu. Rannsóknir og frásagnir heyrnarskertra sjálfra hafa sýnt að sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hefur styrkst eftir að þeir hafa lært táknmál og kynnst öðrum heyrnarlausum.

Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda er þess vegna sjálfsagt að taka með enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi, ef svo má að orði komast. Daufblindir, sem notendur snertitáknmáls, þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmálið að skipa þar stóran sess.

Þessir þrír hópar eiga táknmálið sameiginlegt og því má enginn þeirra vera settur út undan. Táknmál á að vera þessum þremur hópum velkomið aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frv. eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera réttindaskráin þeirra.

Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn-, framhalds- og háskólana þar sem heyrnarlausir stunda nám með túlki sem aðgengistæki sitt að námi sínu. Táknmálsfréttir eru fluttar í ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir flutning forseta sjálfs. Í lögum um réttindi sjúklinga er kveðið á um að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni. Táknmál sést því á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi nú. Nokkuð stór hluti í aðalnámskrá grunnskóla fjallar um táknmál.

Nú á haustdögum gerðist sá atburður að fyrrverandi forseti okkar Íslendinga, Vigdís Finnbogadóttir, tók að sér að gerast verndari táknmála á Norðurlöndum. Vigdís er, sem kunnugt er, útvalinn velgjörðarsendiherra erlendra tungumála hjá UNESCO og í ljósi þeirrar stöðu sem hún gegnir veit hún nákvæmlega að hverju hún gengur með því að gerast verndari táknmála á Norðurlöndunum. Hún veit að táknmál er sjálfsagt mál og að það á að viðurkenna og virða. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja því það jafnræði sem ætlast er til.

Með leyfi forseta vitna ég í þessi orð sem sögð hafa verið:

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum."

Norski málvísindamaðurinn Terje Basilier sagði þessi orð og því hefur einnig verið haldið fram að bandarískí mannréttindafrömuðurinn Marteinn Lúther King hafi látið þessi orð falla fyrstur. Hver samdi þessi orð skiptir ekki öllu máli en þau eiga svo sannarlega vel við nú þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvað viðurkenning á táknmáli þýðir fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og hvaða þýðingu hún hefur fyrir stjórnvöld. Sem 1. flm. þessa frv. tel ég að fyrir þessa þrjá samfélagshópa sé viðurkenningin um leið viðurkenning á tilveru þeirra og ábyrgð stjórnvalda. Fyrir stjórnvöld þýðir viðurkenningin einfaldlega það að virða rétt hvers einstaklings til mismunandi þarfa og koma til móts við þá af virðingu.

Framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna, að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða sjálfir hvaða mál er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun. Það sæmir öllum þjóðfélögum sem vilja gera vel. Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, hátt undir höfði svo að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í greiðslu táknmálstúlkakostnaðar er því sjálfsögð.

Samhliða frv. er flutt annað frv. til laga, svokallaður bandormur, um breytingar á ýmsum lögum hvað varðar réttindi og réttarstöðu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frv. um textun sjónvarpsefnis liggur nú fyrir hér á þingi.

Félag heyrnarlausra hefur nú þegar sent formönnum allra þingflokka á Alþingi formlegt bréf og beðið um að lögð verði áhersla á að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í samfélaginu. Réttindaskrá sú sem birtist í þessu frv. er fyrsta skref til að jafnræðið verði tryggt og í réttindaskránni felast í aðalatriðum langtímamarkmið þess á forsendum táknmálsins. Frv. gengur í þá átt að íslenska táknmálið verði síðar formlega viðurkennt í stjórnarskrá Íslands til jafns við íslenskuna sem móðurmál við næstu stjórnarskrárbreytingu.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf þrennt að vera tryggt:

1. Efling táknmálsfræðináms. Í fyrsta lagi þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Það er núna fjögurra anna nám. Nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra annast kennslu í túlkanáminu í samvinnu við táknmálsfræði HÍ. Sjö nemendur eru í túlkanámi skólaárið 2003–2004. Svo að deildin geti dafnað og vaxið verður að mennta fleiri táknmálskennara. Í dag er lektor eini fasti starfsmaður deildarinnar en tveir táknmálskennarar eru lausráðnir. Þessir tveir kennarar hafa starfað lengst allra við táknmálskennslu hér á landi og eru með mikla reynslu en vegna ráðningarreglna deildarinnar er ekki hægt að fastráða þá af því að þeir eru ekki með MA-próf. Þá er ekki fastráðinn kennari við táknmálsfræðinámið.

Efst í forgangsröðun þessa ætti því helst að vera að mennta fleiri táknmálskennara.

Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo að fleiri geti lagt stund á þær. Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Frá stofnun hennar hefur hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem stofnunin kennir sjálf. Nemendur í táknmálsfræði geta því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli í námi sínu og veldur það þeim vissum erfiðleikum í náminu borið saman við aðrar deildir í Háskóla Íslands. Alla táknmálsnámsefnisgerð þarf því að efla mikið til að hægt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Þess er rétt að geta að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra vinnur á því sviði að verkefni hennar er táknmálið, málsamfélagið og menningin. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun gefið út námsefni fyrir grunnskóla á táknmáli og er það vel. Efla mætti þennan þátt stöðvarinnar enn frekar með tilkomu laganna og yrði það námsefni heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum á táknmálssviði Hlíðaskóla mikil stoð þar sem stefna sviðsins er tvítyngi, þ.e. að börnin verði jafnfær á táknmál og skrifað mál. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kveður á um þetta og er það því eðlilegt að því sé fylgt og eflt enn frekar.

Þar sem táknmál er sjónrænt mál eru rannsóknir á íslensku táknmáli ekki gerðar nema með upptökutækjum. Því þarf táknmálsfræðideildin að hafa til umráða stúdíó með upptökutækjum, sjónvörpum, myndböndum og mynddiskatölvum til úrvinnslu á upptökum í stafrænu formi. Táknmálsorðabækur eða rannsóknir á táknmáli víða erlendis eru gerðar með upptökum á táknum. Þessi upptökutækni er sambærileg við framburðarrannsóknir á erlendum tungumálum og íslensku talmáli.

Táknmálsfræðinámið í Háskóla Íslands heyrir nú undir heimspekideild. Táknmálsfræðinám í Háskóla Íslands getur gefið nemendum í öðrum námsgreinum háskólans möguleika á að læra táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum geta lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðar að loknu námi. Nemendur í sagnfræði gætu skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði geta lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn, var lagður niður í vor og starfsemin flutt í Hlíðaskóla og nefnist núna Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í, því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskóla. Táknmálsfræðideild HÍ gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í þroskaþjálfaskor, leikskólakennaraskor og

íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í KHÍ eins og nemendur í grunnskólaskor. Það yrði mikill hagur í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða öðrum háskóla á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Táknmálsfræðinámið verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám og túlkanám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í félagslegum tilgangi. Með því er jafnframt komið á menntunar- og atvinnuöryggi fyrir táknmálstúlka. Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í Háskóla Íslands verði alltaf í boði því að fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti — sérstaklega í ljósi þess að virkir vinnutímar táknmálstúlka eru aðeins 20 stundir á viku vegna þess hversu slítandi starf þeirra er. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega því að daufblindir nota snertitáknmál.

Með því að tryggja fé til allrar túlkaþjónustu verður heyrnarlausum tryggður réttur til að sinna daglegum þörfum. Þar má m.a. nefna táknmálstúlkun hjá fasteignasala, bankastjóra, fjármálaráðgjafa, arkitekt, byggingafræðingi, rafvirkja, píparlagningamanni, í íþróttum og tómstundum barna, á húsfélagsfundum, á tómstundanámskeiðum, á starfsnámskeiðum, á starfsmannafundum og í starfsviðtölum hjá einkafyrirtækjum. Þessum hluta hefur verið sinnt undanfarin ár með fjárveitingu frá ráðuneytunum, fyrst frá félagsmálaráðuneyti, sem hætti úthlutun árið 1999 og tók þá forsætisráðuneytið af skarið og hefur veitt fé síðan, þó ekki reglulega. Félag heyrnarlausra hefur haft mikið fyrir því að fá af þessu fé sem í daglegu tali nefnist félagslegi túlkunarsjóðurinn. Síðast var veitt fé í sjóðinn í mars 2003, 4 millj. kr. Þar af fóru 2 millj. kr. til greiðslu skulda þannig að staða sjóðsins er núna um 800 þús. kr. Þessar tölur eru samkvæmt upplýsingum frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 19. nóvember 2003. Gallinn við þennan sjóð er að aðeins Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær greitt úr honum. Eina einkarekna túlkaþjónustan, Hraðar hendur, getur ekki fengið greitt úr sjóðnum. Hraðar hendur hafa óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að fá greitt fyrir þau félagslegu verkefni sem sú þjónusta tekur að sér. En málið snýst líka um frelsi heyrnarlausra til að velja sér túlk. Það er ótækt að Samskiptamiðstöðin ein skuli hafa yfirráð yfir öllum sjóðnum því að oft getur hún ekki útvegað túlk í félagsleg verkefni. Þar starfa nú aðeins fjórir túlkar og um 80% af verkefnum Samskiptamiðstöðvarinnar snúast um túlkun í framhaldsskólum. Hjá Hröðum höndum starfa hins vegar sex túlkar. Þeir geta tekið að sér túlkun í félagslegum verkefnum en fá ekki greitt fyrir það af opinberu fé og því lendir það kannski á hinum heyrnarlausa að borga úr eigin vasa fyrir túlkaþjónustuna eða betla — sem er mjög niðurlægjandi.

Í þriðja lagi þarf að líta til menningar heyrnarlausra. Af öllum tungumálum sprettur upp menning. Oft hefur því verið haldið fram að heyrnleysingjaskólarnir séu vagga menningar heyrnarlausra. Það er í sjálfu sér rétt því að þar er oftast fyrsta táknmálsumhverfið sem heyrnarlaus maður kynnist. Þar lærist táknmálið af eldri kynslóðum. Á Íslandi er komin upp sú staða að vagga menningar heyrnarlausra er ekki lengur til í því formi sem áður var og er algengt víða um heim. Vesturhlíðarskólinn, skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn, hefur verið lagður niður og nemendurnir stunda námið í deild í Hlíðaskóla sem ber nafnið Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því verður lagt til í sérstöku frumvarpi, eins og áður var nefnt, að komið verði á fót Menningarsetri heyrnarlausra.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt en eins og áður hefur komið fram hafa engar rannsóknir farið fram á íslensku táknmáli sem hægt er að vísa til.

Virðulegi forseti. Ég mun brátt ljúka máli mínu. Að síðustu vil ég að það komi fram að þótt hvorki sjálfstæðismenn né framsóknamenn sé að finna á lista yfir meðflutningsmenn hafa tveir af ráðherrum stjórnarflokkanna sýnt viðurkenningu á táknmáli ótvíræðan stuðning. Til vitnis um það vísa ég til orða hæstv. sjútvrh., Árna M. Mathiesens, og hæstv. umhvrh., Sivjar Friðleifsdóttur, í kjördæmaþætti Stöðvar 2, fjórum dögum fyrir kosningar í vor.

Enn fremur hefur hæstv. forsrh. sagt hér á Alþingi, á 128. löggjafarþingi, að viðurkenning á táknmáli sé langtímamarkmið.

Réttindaskráin sem ég hef nú þegar flutt inniheldur einmitt þessi margumtöluðu langtímamarkmið forsrh. að viðurkenna táknmálið, að styrkja stoðir viðurkenningarinnar.

Í bréfi Félags heyrnarlausra, dags. 11. nóvember 2003, til formanna þingflokka sem ég minntist á fyrr í ræðunni, segir að í rúman áratug hafi Félag heyrnarlausra unnið að því að styrkja stöðu íslenska táknmálsins og þar með að bæta stöðu þeirra sem eiga íslenskt táknmál að móðurmáli. Á þessum tíma hafa á vegum ráðuneyta og/eða Alþingis verið a.m.k. fjórar nefndir settar á laggirnar að álykta um þetta mál sem ég er að flytja. Niðurstöður þessara nefnda hafa í reynd skilað mjög litlu eða engu, engin heildarniðurstaða hefur náðst. Við samningu og flutning þessa frv. reiknast mér svo til að komin sé niðurstaða sem er réttindaskrá heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og vísa þessum tveimur frv. til mennmtn.

[16:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil fyrst lýsa því yfir að ég er afar stolt yfir því að ég skuli fá að vera meðflutningsmaður hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur að þessu mikilvæga máli sem hún hefur talað fyrir.

Það er satt að segja afskaplega mikil vinna sem liggur á bak við frv. af þessu tagi og má segja að hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hafi unnið að því leyti til þrekvirki. Ég held að við hv. þm. sem höfum setið hér frá því í haust og gefið auga því starfi sem hv. þm. hefur lagt á sig við að semja þetta frv. getum öll verið stolt af því að hafa svo dugmikinn og kraftmikinn þingmann hér í hópnum.

Greinargerðin með frv. er afar fróðleg eins og kom fram í máli hv. þm. Hún fer þar vítt og breitt um sviðið og rekur sögu þess í stuttu máli, hvernig barátta heyrnarlausra fyrir viðurkenningu hins íslenska táknmáls hefur gengið síðustu árin. Ég treysti því að sú barátta sé að skila sér núna í flutningi frv. sem hér um ræðir.

Sömuleiðis má í þessum töluðu orðum vekja athygli á frv. hv. þm. sem gengur út á textun á táknmálsefni, sem er frv. á þskj. 516, þar sem gert er ráð fyrir því að heyrnarskertum og heyrnarlausum verði tryggður aðgangur að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni í gegnum textun. Því hafa nú verið lögð fram mál sem spanna þennan málaflokk mjög vel.

Við minnumst þess sem störfum hér í þessum sal að á sl. vori var mótmælastaða fyrir utan Alþingishúsið þar sem heyrnarlausir komu sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég man að á einu af spjöldunum sem mótmælendur báru stóð skrifað: „Íslenskt táknmál er lykill okkar að samfélaginu." Það eru orð að sönnu, virðulegi forseti, því að heyrnarskertir og heyrnarlausir eiga sárafáa aðra möguleika á virkri þátttöku í samfélaginu en í gegnum táknmálið. Við höfum oft rætt það á hinu háa Alþingi hvernig efla megi táknmál og viðurkenna það. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að á 121. löggjafarþingi hafi fyrst verið flutt hér úr þessum stól þáltill. um viðurkenningu táknmálsins, þ.e. að tryggja ætti stöðu táknmálsins. Svavar Gestsson, hv. fyrrv. þm., flutti þá tillögu í þrígang, ef ég man rétt, og á endanum var hún samþykkt með breytingum, en sáralítið hefur satt að segja komið út úr því starfi sem samkvæmt þeirri þál. átti að fara af stað.

Eins og hv. 1. flm. gat um í máli sínu hafa nefndir verið settar á laggirnar, starfshópar starfað, en niðurstöður af því starfi hafa ekki verið miklar.

Það kemur fram hörð gagnrýni á þetta aðgerðaleysi stjórnvalda í ályktun frá Félagi heyrnarlausra sem mig langar til að rifja upp hér. Sú ályktun kom í kjölfar mótmælanna sem ég gat um áðan. Í þeirri ályktun skorar Félag heyrnarlausra á ríkisstjórn Íslands að viðurkenna íslenska táknmálið formlega í sérlögum og tryggja þannig fullan rétt heyrnarlausra til þátttöku í íslensku samfélagi, þar með talinn réttinn til túlkaþjónustu. Segja má að barátta félagsins sé að skila sér að miklu leyti til núna í því frv. sem liggur fyrir.

Það eru sjálfsögð mannréttindi að eiga opinn aðgang að samfélaginu. Við höfum verið að taka okkur á, að litlu leyti þó, en við verðum að geta þess sem vel er gert líka. Táknmálið hefur verið viðurkennt í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999 og þeim áfanga var sérstaklega fagnað af heyrnarlausum og heyrnarskertum þegar námskrárnar voru kynntar. Ekki var bara talað um sigur í þeim efnum heldur hreinlega stórsigur í áralangri baráttu þeirra fyrir viðurkenningu íslenska táknmálsins. Það má í raun halda því fram að námskráin viðurkenni táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra, en í inngangi hennar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Kennslan á að stuðla að þroska þeirra sem tvítyngdra einstaklinga með táknmál sem fyrsta mál og íslenskt ritmál sem annað mál."

Þetta er afar mikilvæg setning í námskránni sem gefur til kynna að táknmál og hið íslenska talaða mál séu ekki eitt og hið sama. Í sjálfu sér má því segja að við höfum ígildi viðurkenningar í námskránni. En betur má ef duga skal.

Mér segir einnig svo hugur að oft reynist skólum erfitt að uppfylla þau áfangamarkmið sem sett eru í námskránni. Það hefur raunar komið fram í opinberri umræðu að ósamræmi sé á milli fjölda kennslustunda sem heyrnarlausir grunnskólanemendur fá og þess fjölda kennslustunda sem samsvarandi aldurshópar fá í almennri móðurmálskennslu, þ.e. í íslensku.

Annað sem valdið hefur erfiðleikum í því að framfylgja ákvæðum þessarar aðalnámskrár er sú staðreynd að heyrnarlaus börn koma oft í skólann án þess að þau hafi náð þeim málþroska sem jafnaldrar þeirra alla jafna hafa náð. Hverju er um að kenna? Oftar en ekki því að foreldrar heyrnarlausra barna hafa engan rétt til að sækja táknmálsnámskeið til dæmis. Ef fólk eignast heyrnarlaust barn þá er ekki hlaupið að því að fá upplýsingar eða fræðslu um það hvernig foreldrarnir eiga að bregðast best við.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, virðulegi forseti, og gagnrýna að ekki er stafkrókur um táknmál í skólanámskrá leikskólastigsins. Á því verður að vinna bót. Börnin koma sem sagt misvel undirbúin í skólann og dæmi eru um að málþroski sumra heyrnarlausra barna, sem eru sex ára að aldri við upphaf á grunnskóla, geti verið á við málþroska þriggja ára barns. Það segir sig sjálft að ekki er auðvelt að uppfylla markmið skólanámskrár við kennslu barns sem þannig er á vegi statt.

En eitt má nefna sem gerir skólunum erfitt fyrir við að uppfylla ákvæði námskrárinnar. Það er að sjálfsögðu skortur á námsefni á táknmáli. Samkvæmt upplýsingum úr Fréttabréfi heyrnarlausra frá því í apríl sl. hefur Námsgagnastofnun einungis 1 millj. kr. árlega til að semja og útfæra námsefni á táknmáli. Þrátt fyrir viðræður Félags heyrnarlausra við fulltrúa menntamálaráðuneytisins síðan árið 2000 hefur ekki verið hægt að bæta þar úr. Er þetta mjög miður og er eitt af því sem frv. það sem hér er talað fyrir ætti að tryggja að bætt verði úr.

Það er ánægjulegt til þess að vita hversu heyrnarlausum stúdentum á háskólastigi er að fjölga. Ég held ég muni það rétt að þrír stúdentar hafi útskrifast úr Kennaraháskólanum í vor. Það er afskaplega ánægjulegt að sjá hversu barátta Félags heyrnarlausra virðist hafa skilað sér í því að heyrnarlausir sækja nú í auknum mæli fram á vettvangi almennrar umræðu og maður verður í auknum mæli var við þátttöku þeirra í samfélaginu.

Að hluta til má þakka það kennslunni sem hefur farið fram uppi í háskóla og hv. 1. flm. frv. gat um í ræðu sinni. Þar hefur verið afar vel að málum staðið. Þótt ekki sé búið að útskrifa nægilega marga táknmálstúlka til þess að anna eftirspurninni þá er fjölgun í þeirri stétt einstaklega ánægjuleg.

Einn þeirra hópa sem nefndur er í frv. og hv. þm. gat sérstaklega um í ræðu sinni eru daufblindir. Málefni þeirra hafa ekki fengið mikla athygli í opinberri umræðu en hér er um einn allra einangraðasta hópinn í samfélagi okkar að ræða. Samskiptaleiðir daufblindra sín á milli og við þá sem ófatlaðir eru eru mjög mismunandi og velta yfirleitt á því hvort viðkomandi hefur misst fyrr, heyrn eða sjón. Helstu samskiptaleiðirnar eru táknmálið og snertitáknmál sem byggir á því að halda í hönd þess sem talar og skynja táknin á þann hátt. Einnig gagnast blindraletur og fingrastafróf daufblindum til samskipta.

Það hefur verið afar bagalegt, virðulegi forseti, fyrir þennan hóp sem telur að öllum líkindum 12 daufblinda einstaklinga og þar af eitt daufblind barn á grunnskólaaldri, að enginn einn aðili í stjórnkerfinu ber ábyrgð á málefni þeirra. Þetta þyrfti að færa til betri vegar. En af því hér er til umfjöllunar frv. sem gerir ráð fyrir því að íslenskt táknmál hljóti viðurkenningu sem opinbert móðurmál þessa hóps þá segir það sig sjálft að slík viðurkenning mundi breyta mjög miklu fyrir daufblinda og möguleika þeirra til þátttöku í almennu samfélagi.

Fyrir nokkrum árum tóku Daufblindrafélag Íslands, Blindrafélagið, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp og Sjónstöð Íslands höndum saman og hófu rannsókn á fjölda og aðstæðum eldra fólks sem er sjón- og/eða heyrnarskert. Rannsóknin var nokkuð víðtæk og byggðist á því að sendir voru út spurningalistar til

allra stofnana þar sem aldraðir búa. Framkvæmdin hefur tafist vegna ýmissa orsaka. En nú skilst mér að farið sé að hilla undir að drög að niðurstöðu séu væntanleg. Þegar þau koma fram og rannsóknin liggur endanlega fyrir mun hún að öllum líkindum varpa ljósi á það hvar skórinn kreppir í þjónustu við daufblinda. Niðurstöðurnar munu vonandi einnig verða til þess að Daufblindrafélagið, sem hefur verið starfandi um nokkurt skeið, geti veitt þessum hópi markvissari og betri þjónustu. Í því sambandi skiptir líka verulegu máli sú réttarbót sem frv. það sem hér um ræðir felur í sér því auðvitað á daufblint fólk sama rétt og aðrir þegnar þjóðfélagsins til þess að stunda atvinnu, sinna áhugamálum sínum, þörfum og væntingum á sama hátt og aðrir landsmenn. Mig langar mikið til að fylgja málefnum þeirra eftir á hinu háa Alþingi í náinni framtíð.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir gat um það í máli sínu að geta þyrfti íslenska táknmálsins í stjórnarskrá og mögulegt væri að það endaði þannig að íslenska táknmálið fengið þar ákveðinn sess. Í nágrannalöndum okkar í Evrópu hafa nokkur lönd, nokkrar þjóðir, viðurkennt táknmál heyrnarlausra sérstaklega með því að geta þess í stjórnarskránni. Það eru Finnland, Tékkland, Slóvakía og Portúgal, og reyndar lönd utan Evrópu líka, Kólumbía, Úganda og Suður-Afríka.

Ég ætla hér við lok máls míns að láta í ljósi þá von mína að íslenska táknmálið geti eignast sess í stjórnarskránni íslensku á sama hátt og hjá öðrum löndum í heiminum sem hafa verið að ryðja slíka braut, þ.e. að gefa táknmáli heyrnarlausra í löndunum slíkan sess. Það er að öllum líkindum nauðsynlegt til þess að lög af því tagi sem hér yrðu sett, ef þetta frv. nær fram að ganga sem ég vona sannarlega að það geri — þá veitir ekki af að styrkja slíka lagasetningu með því að hafa ákvæði um viðurkenningu táknmálsins í íslensku stjórnarskránni.

[16:39]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. alþm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttir fyrir að leggja þetta mál fram og að mörgu leyti að vinna það brauðryðjendastarf sem hún hefur innt af hendi á Alþingi síðustu vikurnar. Óhætt er að fullyrða að Alþingi Íslendinga er ríkara eftir að hafa fengið að njóta krafta hennar síðustu vikur og okkur öllum sem hér vorum inni var það, held ég, ógleymanleg stund þegar hún steig hér í pontu fyrst íslenskra og mælti á táknmáli við þingsetninguna í haust. Það var ákaflega eftirminnileg og skemmtileg stund og markaði ákveðin spor bæði í sögu Alþingis og íslenska þjóðmálaþróun að því leytinu að vekja athygli og varpa ljósi á réttindi þeirra fjölmörgu hópa sem eru fyrir utan hina hefðbundnu meginstrauma ýmissa hluta vegna, hvort sem það er út af fötlun eða einhverju öðru.

Frv. það sem hér er rætt flytur hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ásamt mörgum öðrum þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna, helmingi þingmanna Samf., fjölmörgum þingmönnum Vinstri grænna og Frjálsl. Það er í rauninni eftirtektarvert og dapurlegt að enginn þingmanna stjórnarflokkanna skuli hafa séð sér fært að styðja við bakið á þessu stórmerkilega máli og taka þátt í að marka þau spor á Alþingi að berjast fyrir sjálfsögðum réttindum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, eins og tekið er á í þessu frv. til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta máli heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Þetta er mál sem í tímans ljósi verður litið á sem sjálfsagt mannréttindamál og örugglega munu margir furða sig á því af hverju þetta hafi ekki verið samþykkt fyrir löngu síðan og það bundið í íslensk lög að íslenska táknmálið — eða eins og segir í 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.“

Svo er þessi lykilsetning, með leyfi forseta:

„Íslenska táknmálið er jafnréttháttt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala“ — þ.e. íslenska táknmálið eða íslensku.

Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti.

Hv. 1. flm. vitnaði hér til orða norska málvísindamannsins Terje Basilier í upphafi og römmuðu þau orð inn að mörgu leyti um hvað þetta mál snýst allt saman, hvað þetta er í rauninni sjálfsagt mál og hvað það er sjálfsagt mál að táknmál, íslenskt táknmál, sé viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þ.e. sem þeirra fyrsta mál.

Ég ætla að endurtaka þessa góðu tilvitnun sem kom fram í máli 1. flm. Hefst hér sú stutta og snjalla tilvitnun, með leyfi forseta:

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.“

Þetta er kjarni málsins, frú forseti.

Það sem liggur fyrir í þessu frv. til laga er heildstæð réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenskt táknmál. Frv. er mjög vel unnið og ítarlegt að því er virðist ásamt góðri greinargerð sem fylgir því mjög vel úr hlaði og upplýsir okkur fáfróða um hvað er á ferðinni, um hvað íslenskt táknmál sé, hvað það er mikilvægt fyrir þá sem það tala og hve mikið hagsmunamál fyrir þá að þetta mál nái fram að ganga og verði með þessum hætti bundið í lög.

Fskj. I sem fylgir frv. er sérstaklega þakkarvert. Það er eftir Svandísi Svavarsdóttur og er að því hér kemur fram tekið af vísindavef Háskóla Íslands. Þar útskýrir Svandís Svavarsdóttir fyrir okkur hinum sem tölum ekki táknmálið, höfum það ekki að móðurmáli, notum það ekki og kunnum það ekki, hvað táknmál sé almennt. Eins og kemur hérna fram halda kannski margir fljótt á litið að táknmálið sé alþjóðlegt mál og eins í öllum löndum veraldar, staðlað tungumál sem hefði verið fundið upp af einhverjum og væri alls staðar eins. En svo er að sjálfsögðu ekki þegar grannt er skoðað. Þetta er lifandi og sérstakt tungumál sem þróast með sínum hætti á því málsvæði sem það er talað.

Eins og fram kemur í grein Svandísar geta verið ýmiss konar mállýskur innan eins lands, innan eins málfélags, og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna hérna í upplýsandi kafla í þessu fylgiskjali frá Svandísi sem heitir „Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt táknmál fyrir heyrnarlausa?“ Hún spyr þessa á vísindavef Háskóla Íslands og svarar sjálf:

„Táknmál eru sjálfsprottin mál sem hafa þróast í samfélagi heyrnarlausra manna alls staðar í heiminum. Táknmál er ekki alþjóðlegt heldur sérstakt fyrir hvert land. Í sumum löndum er jafnvel mállýskumunur á táknmáli milli landsvæða. Skyldleiki táknmálanna er oft ólíkur skyldleika raddmálanna í viðkomandi löndum. Til dæmis er bandaríska táknmálið talið töluvert skylt því franska en nánast ekkert skylt því

enska. Heyrnarlaus Bandaríkjamaður á auðveldara með að tala við heyrnarlausan Frakka en heyrnarlausan Breta!"

Eins er þar rakin, frú forseti, sú stórmerka saga sem er á bak við táknmálið. Eins dæmalaust og það kannski hljómar í okkar eyrum hér á friðsæla Íslandi í dag var táknmálið bannað í 100 ár. Að því er kemur fram í greinargerðinni varð það ekki viðurkennt t.d. á Norðurlöndunum fyrr en á árabilinu 1975–1980, eins og hér segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Táknmál var bannað í u.þ.b. 100 ár en þennan tíma kalla heyrnarlausir einangrunartímabilið. Þessi ákvörðun var tekin í Mílanó árið 1880 á ráðstefnu heyrnleysingjakennara víðs vegar að úr heiminum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykkja að beita svokallaðri „oral"-stefnu eða raddmálsaðferð við menntun heyrnarlausra. „Oral"-stefnan felst í því að heyrnarlausir og heyrnarskertir læra að lesa af vörum og læra að tala með hjálp kennara án þess að nota táknmál."

Nú er hins vegar svo komið í sögu þeirra og sögu okkar og þróun þessa tungumáls að það er orðið viðurkennt og það er hægt að fullyrða, án nokkurs vafa, að þetta frv. um íslenska táknmálið er eitt af merkari málum sem liggja fyrir þessu þingi. Þetta nýkjörna Alþingi mundi reisa sér mjög glæsilegan minnisvarða með því að samþykkja það og tryggja þannig að íslenska táknmálið sé fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og réttarstaða þess bætt að öllu leyti. Sérpartur af þessu máli öllu saman er réttindaskráin sem hér er upptalin. Þegar við förum að kafa ofan í frv. gæti okkur þótt ansi margt í réttindaskránni sjálfsagt mál og aðgengi að samfélagi okkar sem þar er farið fram á alveg sjálfsagt. Þetta aðgengi mun hins vegar aldrei opnast þeim sem tala táknmálið og eiga það að móðurmáli nema þessi réttindaskrá verði fest í lög og til þess varið þeim fjármunum sem þarf.

Að sjálfsögðu kostar það fjármuni en þeim fjármunum er ákaflega vel varið, rétt eins og öðrum fjármunum sem við verjum til, að því er okkur finnst, sjálfsagðra velferðar-, mannréttinda- og réttlætismála. Okkur þykir öllum sjálfsagt í dag að til séu sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða t.d. og sem betur hefur þeim fjölgað ef eitthvað er á síðustu árum og oftast nær, að því er manni virðist, er þetta virt. Fatlaðir eiga þar af leiðandi auðveldara með að komast í stofnanir, verslanir og að sinna erindum sínum úti um allan bæ en fyrir nokkrum árum þegar þetta var ekki viðhaft.

Eins þykir okkur öllum, eða flestum, sjálfsagt mál að í opinberum stofnunum og þar sem fólk á erindi um séu lyftur og skábrautir og allir þessir hlutir sem gera fötluðum aðgengið að þessum þætti samfélagsins kleift. Þeim væri ekki kleift að rækja erindi sín og sinna málum sjálfir ef ekki kæmu til hlutir eins og skábrautir, lyftur og fleira sem eru þess eðlis að hindrunum er rutt úr vegi fyrir þeim og þeim opnaður aðgangur að samfélaginu svo að þeir séu ekki upp á aðra komnir með allt sitt líf, þurfa ekki — eins og fyrir mörgum væri — að niðurlægja sig við það í hvert sinn sem þeir eiga erindi í læknisstofnun, Tryggingastofnun eða hvaðeina að þurfa alltaf að biðja aðra um hjálp. Þá kemur að þeim þætti þessa máls, eins og 1. flm. bendir hér á í sambandi við lögbundna túlkaþjónustu o.fl., að þurfa ekki að betla það út úr vinnuveitanda sínum eða hverjum öðrum sem málið viðkemur í það og það skiptið að fyrir það sé greitt. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla" af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn."

Þetta er náttúrlega algjört grundvallaratriði og að því leytinu mjög sambærilegt við það sem ég var að telja hér upp áðan um aðgengi þeirra sem eiga erfitt með gang eða þurfa að nýta sér lyftur, skábrautir og hjólastóla o.s.frv., jafnsjálfsagðir hlutir. Þess vegna er svo brýnt að Alþingi samþykki þetta mál, það fái framgang hér og að sá merki tími renni upp að þessi réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verði í lög skráð. Í framhaldi af því breyti menn svo stjórnarskrá og tryggi þessi mannréttindi heyrnarlausra þar einnig.

Ef þetta frv. næði fram að ganga væri hvers konar mismunun óheimil og ólögleg. Hér er tekið á því að það væri ekki hægt að mismuna heyrnarlausum og öðrum vegna þessa og stofnunum ríkis og sveitarfélaga gert að útvega táknmálstúlk þegar á þarf að halda og þegar þá þjónustu þarf að veita.

Margt annað mjög gott er lagt hérna til, t.d. að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti fengið túlk í 20 tíma á viku til að sinna ýmsum öðrum erindum úti í bæ, einhverju sem heyrir ekki beint undir það sem kemur fram í 6. gr. frv., þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Allar stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem eiga erindi við viðkomandi stofnun eða embætti vegna þjónustu eða annarra atvika."

Mjög brýnu atriði er bætt við í 7. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta.

„Sérhver notandi íslenska táknmálsins á rétt á a.m.k. 20 tíma endurgjaldslausri þjónustu táknmálstúlks mánaðarlega til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 6. gr.

Daufblindir Íslendingar eiga rétt á a.m.k. tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Notendur þjónustu táknmálstúlka eiga rétt á auknum tímafjölda samkvæmt þessari grein ef sérstaklega stendur á samkvæmt reglum sem ráðherra setur."

Það er mjög mikilvægt að þetta sé haft með til að líf heyrnarlausra og þeirra sem nota íslenska táknmálið og eiga það að móðurmáli taki þeim stakkaskiptum sem hér er lagt upp með í þessa vegferð með þessu gagnmerka frv. Sú réttindaskrá sem er hér talin upp þarf einnig að ná fram að ganga. Einungis þannig rjúfum við þá einangrun sem heyrnarlausir hafa sjálfsagt búið við oft og tíðum og svona opnum við þeim endanlega leið inn í samfélagið okkar þannig að þeir sem eiga táknmálið að móðurmáli geti gengið að samfélaginu jafnopnu og -sjálfsögðu og við sem njótum þeirrar guðsblessunar að vera heilbrigð, búa ekki við fötlun og þurfa ekki að glíma við það á hverjum degi að komast inn í samfélagið og geta gert það sem er svo sjálfsagt. Auðugt velferðarsamfélag á okkar tímum hlýtur að gera að metnaðarmáli sínu að tryggja að allir þegnar þess hafi sama grundvallaraðgengi að samfélaginu og hér er fjallað um. Það er með ólíkindum ef svo er ekki.

Það verður fróðlegt og spennandi að heyra hvað sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa til málanna að leggja í þessari umræðu. Eins og hv. 1. flm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir gat um í upphafi fékk hún engan flutningsmann á frv. úr þeirra hópi og það er ákaflega dapurlegt ef menn leggja svona mikilvæg og merkileg mál niður eftir einhverjum flokkslínum. Það er algjörlega óboðlegt. Menn eiga að hefja sig upp fyrir hinar ámátlegu skotgrafir flokkastjórnmálanna þegar kemur að svona mikilsverðum mannréttindamálum. Þetta er ekki mál sem á að læsa inni í búri flokkastjórnmála *og flokkadrátta. Þetta er mál sem á að ná víðtækri samstöðu* um í þinginu og tryggja að það nái fram að ganga á þessu þingi okkur öllum til sóma sem á Alþingi Íslendinga eigum sæti. Væri mikill bragur að því ef við mundum stíga þetta risastóra skref, sérstaklega í ljósi þess hve vel er hér á málum haldið, mikil og vönduð og ítarleg vinna lögð í þetta frv. mánuðum saman.

Eins og við sem hér höfum talað á eftir 1. flm., ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, höfum sérstaklega getið held ég að fullyrða megi að þetta er óvenjulega vel unnið mál, mikið í lagt og engin feilspor að sjá. Þær upplýsingar sem okkur eru veittar hérna sem þekkjum þessi mál ekki fyrir fram nema bara eins og hver annar þegn í þjóðfélaginu eru til fyrirmyndar, hvort heldur er um mikilvægi túlkaþjónustunnar, menningu heyrnarlausra eða hversu brýnt sé að efla táknmálsfræðinámið.

Það er alveg sérpartur og þarfnast sérstakrar umræðu hvað það skiptir miklu máli fyrir samfélagið allt að nægt framboð sé af fólki sem hefur réttindi til að táknmálstúlka og talar *táknmál. Hér eru lagðar fram mjög athyglisverðar tillögur í* því efni, hvernig hægt sé að bæta úr menntun táknmálstúlka og efla táknmálsfræðinámið. Ef þar er pottur brotinn er ekki hægt að framfylgja þeirri réttindaskrá sem er að finna í þessu frv. um að opna aðgengi heyrnarlausra að íslensku samfélagi með svo myndarlegum og, að því er mér þykir, sjálfsögðum hætti. Það er algjört grundvallaratriði að táknmálstúlkar séu menntaðir þannig að þeir uppfylli þær þarfir og að að þeim sé þannig búið að þeir geti sinnt starfi sínu, séu ekki allt of fáir og sligaðir af því að standa skil á því að túlka eins og á þarf að halda. Það er efni í aðra messu en þetta er mjög mikilvægt, merkilegt framfaramál og ég skora á Alþingi Íslendinga að veita því framgöngu.

[17:00]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er rétt sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir sagði áðan í tilvitnun, að tungumálið er hluti af hverjum manni. Tungumálið er hverjum manni tæki til samskipta og til tjáningar. En það er líka hluti af sjálfsmynd hvers manns, *hluti af samsömun hans eða ídentíteti í veröld*inni, ein af uppistöðunum í þeim flókna vef sem ofinn er í kringum einstaklinginn og samfélag hans.

Það er líka rétt að árás á tungumál er árás á þann sem það talar. Niðurlæging tungumáls er jafnframt niðurlæging þeirra sem það tala. Sagan geymir allt of mörg dæmi um slíkar árásir og slíka niðurlægingu. Þess er skemmst að minnast fyrir okkur á Alþingi Íslendinga að tungumálið var okkur eitthvert mikilvægasta vopnið í sjálfstæðisbaráttu okkar. Væntumþykja okkar til tungumálsins og endurreisn þess, einkum á 19. öld, var ein af frumforsendunum fyrir því að Íslendingar fengu að lokum sjálfstæði og einnig eitt helsta vopn okkar til að sannfæra heimsbyggðina um að Íslendingar ættu þetta sjálfstæði skilið.

Stundum hefur það gerst í sögunni að ráðist hafi verið að tungumálum þegar herraþjóðin, yfirvaldið eða heimsvaldaríkið hefur viljað bæla niður ákveðna þjóðfélagshópa af einhverju „etni“ eða þjóð. Það er gert vísvitandi og skipulega. Það hefur líka gerst í sögunni að tungumál manna mæti hirðuleysi, sinnuleysi og líði fyrir þekkingarskort. Hvort hlutskiptið er verra veit ég ekki. En ég hygg að við séum að tala um hið síðara í þetta skiptið, hirðuleysi og þekkingarskort. Ég verð að gera þá játningu að ég hafði mikið gagn af því að lesa frumvörp hv. flm., greinargerðir með þeim og fylgiskjöl og er þó málfræðingur að mennt og ætti að þekkja betur til en ég gerði.

Ég vil þakka hv. þm. fyrir vinnu hennar að þessu og segja jafnframt að þegar ég var að lesa frumvarpið og bera það saman við þau lög sem máli skipta var athyglisvert að sjá að afar víða er ekkert í viðkomandi lögum um tungumál yfir höfuð. Það er gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut að ákveðin tunga sé töluð í stjórnsýslunni, í skólakerfinu, í samskiptum manna í landinu, í útvarpi, sjónvarpi og í dagblöðunum. Það er merkilegt að í frumvörpum hv. þm. eru stundum lagðar til breytingar sem ekki aðeins varða íslenskt táknmál heldur einnig sjálfa íslenska tungu.

Þetta veit auðvitað hv. flm. mætavel og félagar hennar í hópi heyrnarlausra og heyrnarskertra Íslendinga. Um það er m.a. til vitnis bréf Hafdísar Gísladóttur sem nýverið var sent til þingflokka á þinginu. Ég hygg að það hafi verið dags. 11. nóv. 2003. Ég vil, með leyfi forseta, lesa seinni hluta þess en hv. flm. hefur reyndar lesið úr því fyrri hlutann. Það verður þannig allt lesið hér á staðnum:

„Félag heyrnarlausra leggur áherslu á að til þess að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í þessum efnum verði að setja sérlög um íslenska táknmálið og tryggja stöðu þess í stjórnarskrá Íslands. Án löggjafar um íslenska táknmálið er þeim sem eiga það að móðurmálið ekki tryggð þátttaka í samfélaginu.

Í þessu sambandi má geta þess að í íslenskum lögum er aðeins að finna eitt ákvæði sem tekur afstöðu til íslensku sem móðurmáls Íslendinga, þ.e. í 10. gr. laga um meðferð einkamála í héraði en þar segir að þingmálið sé íslenska.

Afstaða til móðurmáls Íslendinga hefur aldrei verið tekin í stjórnarskrá Íslands. Í ljósi þessa beinir Félag heyrnarlausra *því til þingflokks Samfylkingarinnar“ — segir í mínu eintaki* af eðlilegum ástæðum af bréfinu, en bréfið var sent til allra þingflokka — „að tekin verði afstaða til móðurmálsins í stjórnarskrá Íslands og blasir þá við að einnig verði tekin afstaða til íslenska táknmálsins sem er hluti af móðurmáli Íslendinga.

Félag heyrnarlausra lýsir sig reiðubúið til samstarfs um framgang þessa mikilvæga máls.“

Eins og þingheim grunar kannski þá vek ég athygli á þessu vegna þess að brugðist hefur verið við þessari bón, þó að aðrar ástæður hafi líka kallað, og samin að vísu ekki frv. heldur þáltill. um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu. Í þeirri tillögu er einmitt talað um að taka til sérstakrar athugunar stöðu íslensks táknmáls og reyndar til tungumála nýbúa einnig, þó þar sé um tvennt ólíkt að ræða. Það bréf sem ég las er einmitt fylgiskjal með þeirri þáltill.

Að nokkru leyti líta flm. þeirrar þáltill., sem eru ásamt mér hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurjón Þórðarson, sem ég þakka fyrir stuðninginn og samvinnuna, á þessa þáltill. sem ein-

hvers konar stoðmál við baráttu hv. flm. þessa frv. og frv. hennar.

Þegar um þetta efni er fjallað, m.a. í ræðum hv. þingmanna sem hér hafa talað á undan mér, hefur það að sjálfsögðu verið gert á forsendum mannréttinda. Þó getur verið að við hér á Alþingi Íslendinga eigum ekki aðeins að líta á málið sem framfaramál og þarft mál í þágu ákveðins hóps í samfélaginu heldur sem skyldu okkar í stjórnskipuninni.

Ástráður Haraldsson, lögfræðingur Félags heyrnarlausra, flutti erindi á málþingi þess félags í febrúar 2003. Erindi hans ber heitið Viðurkenning íslenska táknmálsins og réttarstaða heyrnarlausra. Ástráður vekur þar athygli á tveimur tiltölulega nýlegum hæstaréttardómum, reyndar báðum frá 1999. Annar dómurinn er í máli Rögnu Kristínar Guðmundsdóttur gegn Háskóla Íslands. Hitt er mál Félags heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu.

Um fyrri dóminn segir Ástráður m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Dæmt er að opinberum aðilum beri að vinna skipulega að því að ná markmiðum laganna á grundvelli jafnræðisreglu með almennum ráðstöfunum. Þá er ljóst af dómnum að opinberir aðilar geta orðið bótaskyldir ef á skortir að þeir geri þær almennu ráðstafanir sem þeim ber til að stuðla að þeim markmiðum sem lögin áskilja. Grunnþættir dómsins eru lögfestar skyldur opinberra aðila til að stuðla að jafnrétti fatlaðra og almenna jafnræðisreglan. Enginn vafi er á því að nákvæmlega sambærileg skylda hvílir á stjórnvöldum að því er varðar heyrnarlausa eins og aðra fatlaða."

Síðarnefnda dóminn ættu stjórnmálamenn að kannast við. Um var að ræða framboðskynningu fyrir kosningarnar 1999 og þá kröfu heyrnarlausra að framboðskynningin yrði túlkuð á íslenska táknmálinu. Þar segir Ástráður þetta:

„Um þennan dóm verður að segja að aðstæður eru að ýmsu leyti óvenjulegar og sérstæðar og því varlegt" — segir hinn gætni lögmaður — „að draga af dómnum of víðtækar ályktanir. Hins vegar er líka hægt að segja að í dómnum felist tímamótaniðurstaða um viðurkenningu íslenska táknmálsins. Dómurinn fellst á málsástæður áfrýjenda og þar er sagt meðal annars að „Taki ríkið eða stofnanir þess hins vegar að sér það hlutverk að einhverju leyti að kynna kjósendum frambjóðendur og málefni þeirra í þágu frjálsra og lýðræðislegra kosninga ber að gæta þess að slík kynning fari fram án manngreinarálits í samræmi við 65. gr. stjórnarskrárinnar ..." Með þessu orðalagi gengur Hæstiréttur út frá því sem gefnu að íslenska táknmálið sé móðurmál heyrnarlausra. Við þessa ályktun er enginn fyrirvari settur í dómnum. Þessi niðurstaða felur í sér að hluti íslensku þjóðarinnar eigi táknmálið að móðurmáli og í dómnum er því fólgin mikilvæg viðurkenning á táknmálinu."

Síðar segir Ástráður um þetta, með leyfi forseta:

„Með því að fallast á kröfu áfrýjenda viðurkennir Hæstiréttur í raun að íslenska móðurmálið er ekki eitt heldur tvö. Það er að segja íslenska annars vegar og íslenska táknmálið hins vegar."

Á vissan hátt má því segja, án þess að ég ætli að fara að gera mig breiðan með lögfræði, að við umfjöllun um þetta mál í þinginu verðum við líka að taka tillit til túlkunar Hæstaréttar í þessum dómum. Ég sé ekki betur en okkur beri að líta svo á að Hæstiréttur hafi túlkað stjórnarskrá og almenn lög þannig að frv. af því tagi sem hv. flm. flytur hér eigi að fara í gegnum þingið.

Ég vil að lokum segja að ég hef lesið frumvarpið og það er yfirgripsmikið. Það er réttindaskrá eins og hér hefur verið nefnt. Ég hef ýmsar spurningar um einstök atriði og jafnvel efasemdir. Mér er annt um íslenska fjölmiðla. Mér er annt um innlenda dagskrárgerð. Eins og frv. er núna er áætlað að allur kostnaður við víðtæka túlkun á sjónvarpsefni og öðru fjölmiðlaefni falli á fjölmiðlana sjálfa eða þær stofnanir sem að baki standa. Það yrði fjárhagslegur baggi á þeim sem þar um véla og gengi á hlut innlendrar framleiðslu í sjónvarpi gagnvart hinni erlendu. Hér þurfum við að hugsa málið og athuga hver kostnaðurinn er og hvernig dæmið lítur út. Ekki viljum við að þessi réttindabarátta komi niður á öðru sem við höfum reynt að koma til þroska í samfélaginu heldur að allir geti unað glaðir við sitt.

Ef til vill hefur hv. flm. kosið að leggja áherslu á frumvörp sín sem réttindaskrá, sem markmið, og ekki talið sér skylt á þessu stigi að gera nákvæma grein fyrir kostnaði eða því fyrirkomulagi sem við kynni að taka í þessum efnum. Vel gæti verið, fyrir þingmenn í menntmn. og stjórnvöld sem þurfa kannski að stofna fimmtu nefndina um þessi mál, að skynsamlegt væri að hugsa þessi skref öll í einu og taka mið af frumvörpum hv. flm. Menn gætu þá jafnvel búið til einhvers konar áætlun um framgang málsins þar sem tryggt væri að hvert skref sem stíga þarf sé stigið til fulls. Þetta má ekki gerast allt í einu, með hangandi hendi og í lausu lofti, eins og því miður einkennir ýmislegt það starf sem unnið er af góðum hug í þessum málum og hv. þingmenn hafa rakið, t.d. hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir í umfjöllun sinni um námskrá.

Ég lýk ræðu minni en endurtek þakkir mínar til hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur. Ég tek undir með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni sem sagði að ein af merkilegustu stundum sem við höfum lifað í þinginu, nýir þingmenn, var fyrsta ræða hv. flm. hér í þinginu. Þetta fimmtuga karlmenni hér mátti gæta sín að sýna ekki blauta hvarma eftir þá ræðu.

[17:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Vegferðin að því að tryggja minnihlutahópum réttindi sem þeim hafa ekki staðið til boða er oftar en ekki torsótt. Langoftast er í raun verið að sækja á um að tryggja fólki jafnrétti sem það á að hafa samkvæmt stjórnarskrá okkar. Við eigum jú að vera jöfn fyrir lögum, jafnt börn sem fullorðnir.

Það frv. sem hér er lagt fram og hefur réttilega verið orðað „Réttindaskrá heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga" er auðvitað vegferð að því að tryggja það sem ekki hefur verið tryggt hingað til, að fólk sem hefur þessa skertu eiginleika fái að njóta fullra réttinda í okkar þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Það hefur verið mjög lærdómsríkt að fá að starfa með 1. flm. þessa frv., hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur. Það hefur verið unnið að þessu frv. í rúma þrjá mánuði eða frá því í byrjun september og verið lögð í það mikil vinna, sérstaklega af hennar hálfu. Við í þingflokki Frjálsl. höfum auðvitað reynt eftir megni að leggja henni lið við vinnuna. Það verður samt að segjast alveg eins og er að þegar slíkt mál er lagt á borð fyrir fólk sem hefur ekki haft mikla þekkingu á stöðu og réttindum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, við sem ekki höfum kynnst slíkum erum í raun og veru að læra að umgangast og starfa að mál-

um með þeim hætti sem hinir heyrnarlausu, heyrnarskertu og daufblindu þurfa að fást við alla daga.

Í 1. gr. þessa frv. er í raun og veru rammað inn það sem málið snýst um, en þar segir, með leyfi forseta:

„Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara."

Þegar þessi orð eru höfð í huga, sem eru mörkuð í 1. gr. frv., og lesið yfir það sem aðrar greinar frv. ásamt grg. hafa að geyma og hlustað á þann málflutning sem hefur farið fram í dag, staldra menn við þá staðreynd að það eru ekki nægjanlega margir í íslensku þjóðfélagi í dag sem geta túlkað á táknmáli. Þar er í raun og veru þröskuldur í vegi þessa máls. Það fyrsta sem þarf að gera kemur fram í grg. frv. þar sem er talað um eflingu táknmálsfræðináms.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands."

Síðan er gerð nánari grein fyrir því.

Þarna er í raun vakin athygli á því, virðulegi forseti, að til þess að hægt verði að koma á jafnrétti í lífi og starfi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra þarf fleiri menntaða táknmálstúlka. Það hefur t.d. verið fróðlegt, virðulegi forseti, fyrir okkur sem höfum í allt haust verið að vinna með hv. 1. flm. þessa máls, m.a. að þessu máli og auðvitað öðrum málum, að þurfa að takast á við það að hafa ekki alltaf aðgang að túlk þegar við þurftum á honum að halda. Það var mjög fróðlegt og ég hygg að það hafi kennt okkur þingmönnum Frjálsl. talsvert mikið um það hvernig samskipti milli fólks sem getur ekki tjáð sig með máli beint eru við aðra, og af því höfum við lært. Þó að við höfum ekki lært mikið í táknmáli þá höfum við lært svona eitt og eitt orð og orðatiltæki. Það er m.a. hægt að klappa í þessum sal án þess að hafa neinn hávaða samfara því.

En það sem hefur verið lærdómsríkast fyrir okkur hin sem erum fullmælt er að vinna með hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur að þessu máli, finna vilja hennar og staðfestu við að koma því fram og ákveðni hennar í því að þetta mál skuli koma hér til umfjöllunar og að þingmenn fái að taka afstöðu til þess hvernig þeir vilja sjá þessi mál þróast í framtíðinni.

Hér er auðvitað um hennar rétt að tefla og annarra sem eru heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir. Það er ævinlega á brattann að sækja þegar minnihlutahópur er að sækja sín réttindi. Þannig hefur það alltaf verið, virðulegi forseti. Það mun eðlilega kosta fjármuni að koma þeim réttindum sem hér er verið að ræða um í þann farveg sem að er stefnt. Það kann vel að vera rétt sem hv. þm. Mörður Árnason vék hér að áðan, að hér þurfi að setja upp sérstaka áætlun miðað við þetta frv. Eins og ég gat um fyrr í máli mínu er auðvitað fyrsta skrefið í því að hægt sé að mennta fleiri táknmálstúlka til þess að sinna því hlutverki sem frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg borðleggjandi.

Það verður okkar hlutverk hér í Alþingi að reyna á komandi vikum, mánuðum og missirum, jafnvel árum, að tryggja að til þessa málaflokks og þess sem þetta frv. markar réttilega, réttindaskrá heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, fáist þeir fjármunir sem duga til þess að stíga hér skynsamleg skref, hvert fram af öðru, með það að markmiði að ná því sem frv. gerir ráð fyrir, jafnrétti fólks. Það verður okkar hlutverk og ég trúi því og treysti að þingmenn úr öllum flokkum, hvort sem þeir eru flutningsmenn þessa frv. eða ekki, sjái að það eigi að tryggja jafnrétti minnihlutahópa samkvæmt stjórnarskrá landsins í þessu þjóðfélagi sem öðrum. Að því ber að stefna og þess vegna tel ég að þetta frv. fái brautargengi.

[17:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem tekið hafa til máls hér byrja á því að þakka hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur fyrir að flytja þetta mál og mér er sannur heiður af því að fá að vera flutningsmaður að og styð það heils hugar. Það er búið að vera ánægjulegt að fylgjast með umræðunni hér í dag og sjá hvað áhrif vera hennar hér á þingi sem heyrnarlauss þingmanns hefur haft á aðra þingmenn og hvernig þeir hafa kynnst stöðu mála heyrnarlausra í gegnum veru hennar hér. Ég trúi ekki öðru en það að hún hafi verið hér og sýnt hvernig málin standa og einnig með flutningi þessa frábæra máls, sem er einstaklega vel unnið og ítarlegt, eigi eftir að auðvelda málinu brautargengi í gegnum Alþingi.

Þó svo að hér séu ekki nema tveir stjórnarliðar í salnum, og ég veit að einn stjórnarliði á eftir að taka til máls á eftir mér, þá trúi ég ekki öðru, þó að þeir séu fjarverandi, en að þeir muni styðja þetta mál. — Þriðji stjórnarliðinn er kominn inn, hæstv. fjmrh.

Eitt af því sem ég vil gjarnan koma inn á er að menn hafa talað um að þetta sé dýrt. En við verðum að hafa það í huga að það kostar að virða mannréttindi. Það að gera íslenska táknmálið að fyrsta máli heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, eins og þetta frv. fjallar um, kostar auðvitað peninga, en það eru greiðslur sem við verðum að inna af hendi því að við getum ekki liðið það að mannréttindi séu brotin á hópi Íslendinga. Þetta er ekki bara mannréttindamál, þetta er velferðarmál sem okkur ber að lögfesta.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir fór hér mjög ítarlega yfir það mál hér áðan í sinni framsögu og sömuleiðis koma öll rökin fyrir þessu máli mjög vel fram í hennar mjög svo góðu greinargerð. Í raun hef ég litlu við það að bæta.

Mig langar samt að koma inn á það hér, vegna þess að ég hef aðeins kynnst þessum málaflokki og lagði mig svolítið eftir því að kynnast honum og hef lagt fram hér fyrirspurnir um þessi mál til að þrýsta á stjórnvöld og hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að koma á fundi hjá heyrnarlausum og heyrnarskertum fyrir kosningar og oftar, að það er skemmtilegt að kynnast því hvernig íslenska táknmálið er sérstakt og hvernig heyrnarlausir og heyrnarskertir hafa útbúið ýmis tákn fyrir allt mögulegt, t.d. ýmsa þingmenn og frammámenn þjóðarinnar, sem hafa hver sitt tákn. Þau hafa verið búin til úr ýmsum kækjum sem viðkomandi stjórnmálamenn eða frammámenn, forsetinn og aðrir, hafa tamið sér.

Vegna þess að ég heyrði að það kom einhverjum hérna áðan á óvart að táknmál er ekki alls staðar eins í heiminum þá er það sérstakt, alla vega í okkar táknmáli, ég er alla vega búin að læra það í gegnum tíðina, að við erum með svona skemmtileg tákn fyrir okkar frammámenn a.m.k.

En vissulega er það rétt sem hér hefur komið fram að það verður að ráða bót á stöðu mála. Það er óþolandi að

heyrnarlausir skuli vera undir náð og miskunn t.d. vinnuveitenda komnir, hvort þeir geti fylgst með á vinnustað, ef þeir vilja t.d. fylgjast með umræðum á vinnustaðafundum. Það er alveg ljóst að þessu þarf að breyta. Það þarf að fjölga táknmálstúlkum, það þarf að tryggja aukna kennslu, það þarf að bæta við námsefni fyrir heyrnarlausa á táknmáli. Það verður að rjúfa þá einangrun sem margir búa við vegna þess að þessi mál eru í ólestri.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég dáist að ötulu starfi Félags heyrnarlausra. Þeir hafa stöðugt verið að minna á og vekja athygli á stöðu heyrnarlausra og barist fyrir því að táknmálið verði viðurkennt. Og það er alveg rétt, heyrnarlausir eru farnir að verða meira áberandi í umræðunni í samfélaginu. Og ég tek undir það sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði áðan, að það var ógleymanlegt þegar hv. þm., 1. flm. þessa máls, talaði hér í fyrsta sinni með táknmálstúlki. Maður varð hálfklökkur við að upplifa það.

Ég er sannfærð um að þessi reynsla og þessi málflutningur hér, að flytja þessi tvö þingmál, annars vegar bandorminn svokallaða þar sem tekið er á réttindastöðunni í ýmsum lögum og hins vegar aðalfrumvarpið um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, leiði til þess að þau verði samþykkt. Ef ekki núna, þá bara að flytja það nógu oft, það er málið. Dropinn holar steininn, eins og sagt er.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að viðurkenning á táknmáli væri langtímamarkmið og ýmsir ráðherrar hafa lýst yfir stuðningi við réttindabaráttu heyrnarlausra fyrir kosningar. Nú gefst tækifæri til þess að sýna það í verki að þessi mál verði bætt og ég vona svo sannarlega að menn samþykki þetta.

Af því að menn hafa verið að rekja það sem hefur gerst hér á þingi í þessum málum, langar mig að minna á það, vegna þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er ekki hér í dag, að hún hefur verið ötull baráttumaður fyrir þessum málum. Þegar hún var ráðherra setti hún á laggirnar sjóð þar sem voru settir peningar til túlkaþjónustu og hefur hún ötullega minnt á þessi mál og barist fyrir þeim.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta langa ræðu, langaði aðeins til að koma hér upp vegna þess að ég er einn af flutningsmönnum og vona innilega að málið verði samþykkt og nái í gegnum þingið.

[17:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað og þakka hv. 1. flm. þessara tveggja frumvarpa, hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, fyrir frumkvæði það sem hún hefur sýnt með því að flytja þetta mál. Það eru auðvitað heilmikil tímamót fyrir okkur öll sem erum viðstödd þessa umræðu að hér er verið að ræða um lagasetningu um tungumál, um heilt tungumál, og það gerist ekki á hverjum degi að við fáumst við lagasetningu af því tagi. Við fjöllum oft um mál sem við teljum hvert um sig og í heild að skipti mjög miklu máli, séu stór mál, en ég held að þetta sé þó í fyrsta skipti a.m.k. á mínum tólf ára þingferli að ég er viðstaddur umræðu þar sem við erum í rauninni að kljást við það að búa til lög um tungumál.

Þó að það væri nú ekki nema vegna þessa þá er þetta söguleg stund sem er ákaflega ánægjulegt að vera viðstaddur og líka að fá að taka örlítinn þátt í, þó að mér sé það vel ljóst að miðað við þá þekkingu sem hv. 1. flm. hefur á þessum málaflokki þá geri ég nú ráð fyrir að þrátt fyrir góðan vilja okkar hinna aukum við nú kannski ekki mjög mikið við umræðuna með þátttöku okkar. Engu að síður er mikilvægt að fram komi sjónarmið hv. þingmanna í þessum efnum. Ég vil a.m.k. fyrir mína parta segja að ég fagna mjög þessu frv. og tel það til marks um merkilega framtíðarsýn sem við eigum tvímælalaust að veita verðuga athygli.

Ástæða er til að þakka það frumkvæði sem hv. 1. flm. hefur haft með þessu máli. Ég vil líka ítreka það sem fram hefur komið í máli margra annarra sem talað hafa á undan mér í dag að það hefur auðvitað vakið athygli ekki bara þingmanna sem eru samverkamenn hv. þm. heldur annarra, þjóðarinnar allrar, sá hetjuskapur sem hv. þm. hefur sýnt með því að brjóta ísinn í þessum efnum hér í þinginu. Þetta er mjög mikilvæg forganga sem við viljum svo sannarlega vera þátttakendur í.

Ekki fer á milli mála þegar maður les þessi tvö frumvörp að mikil vinna hefur verið lögð í málið, bæði frumvarpstextann sjálfan og ekki síður greinargerðina, sem að mínu mati skiptir mjög miklu máli vegna þess að óneitanlega er um að ræða málaflokk sem mörg okkar þekkjum ekki allt of vel. Þess vegna er það mjög þýðingarmikið fyrir okkur sem viljum þó kynna okkur málið og gera okkur grein fyrir um hvað það snýst að geta þá leitað slíkra upplýsinga í greinargerðinni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að greinargerðin er grundvöllur að mikilvægri umræðu sem á sér stað hérna í dag og mun auðvitað eiga sér stað á næstunni í framhaldi af því að málið fer til 2. umr.

Aðeins út af því sem hér hefur verið vikið að, að engir þingmenn Sjálfstfl. séu flutningsmenn að þessu máli, vil ég segja að í því felst engin efnisleg afstaða til málsins á annan hvorn veginn heldur var það einfaldlega þannig að eins og málin voru kynnt fyrir okkur reyndist okkur ekki unnt að taka efnislega afstöðu til málsins fyrir þann tíma sem ætlunin var að leggja það fram og það er ástæðan fyrir því að flutningsmenn eru ekki úr hópi þingmanna Sjálfstfl. að málinu.

Ég vil hins vegar taka fram, sem líka hefur komið fram í máli annarra sem hér hafa talað, að þetta mál er auðvitað af því taginu að það er langt og hátt yfir alla flokkapólitík hafið og er þess eðlis að við eigum fyrst og fremst að reyna að vinna það efnislega.

Mér finnst mjög athyglisvert þegar farið er yfir málið og það skoðað í greinargerð sem fylgir með frv. að átta sig á því hversu, þrátt fyrir allt, táknmálið er þó orðið útbreitt í samfélagi okkar.

Í greinargerð frv. segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn- og framhaldsskóla og háskólana sem heyrnarlausir sækja með aðstoð túlka. Táknmálsfréttir eru fluttar í ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir á. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni þannig að táknmál sést á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi. Nokkuð stór hluti aðalnámskrár grunnskóla fjallar um táknmál. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja því það jafnræði sem ætlast er til af því.“

Ég vil líka, virðulegi forseti, aðeins vegna samhengis málsins vekja athygli á því að þetta mál hefur áður að sjálfsögðu komið til umræðu á Alþingi, eins og nefnt hefur verið, m.a. fyrir forgöngu hv. þáv. þm. og fyrrv. menntmrh., Svavars Gestssonar, sem flutti a.m.k. þrisvar sinnum þáltill. sem fól í sér að íslenska táknmálið yrði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra.

Tillögugrein hv. þm. var svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi.“

Í greinargerð þeirrar þáltill. er nokkuð velt vöngum yfir stöðu tungumáls í lagalegum skilningi og er vakin á því athygli að íslenska sé í sjálfu sér ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskrá, og það er niðurstaða þess sem greinargerðina ritar, flutningsmanns tillögunnar, að þess gerist ekki þörf þar sem hún sé móðurmálið í raun og enginn dragi það í efa. Þó vakni sú spurning hvort það sé engu að síður rétt að setja lög um móðurmálið eða ákveði um það í stjórnarskrá.

Síðan segir í greinargerðinni, með leyfi virðulegs forseta:

„Sérstök lög um íslenska táknmálið sem móðurmál eru hins vegar annars eðlis, þau eru jafnréttismál sem snýst um að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið svo sem nauðsynlegt er.“

Í umræðu sem fram fór um þetta mál á árinu 1998, 10. júní hygg ég, kvaddi sér hljóðs meðal annarra hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, og kom að því máli. Ég tel að mikilvægt sé, líka vegna framhalds málsins, að því sé haldið til haga sem hæstv. forsrh. sagði í þeirri umræðu vegna þess að ég tel að í raun og veru hafi þar komið fram ákveðin afstaða til málsins sem er mikilvægt að til skila komist og til haga sé haldið.

Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. sem hér hafa rætt og undirstrika þann skilning minn að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða, hér sé fjallað um réttindamál sem eru þýðingarmikil fyrir tiltekinn hóp í þjóðfélaginu til að gera honum kleift og fært að standa, þrátt fyrir tiltekna hömlun, sem næst jafnfætis þeim sem ekki búa við slíka hömlun. Það er örugglega ríkur vilji til þess hjá þingheimi að gera sitt ýtrasta til að brúa það bil. Við höfum stigið jákvæð skref í þá veru á undanförnum árum. Þau hafa bætt hér úr en engu að síður er það rétt sem þetta frv. byggir á að þar skortir enn töluvert.

Ég tel mikilvægt að menn leiti með jákvæðum huga lausna í þeim anda sem frv. byggir á. Jafnframt þurfum við að hafa það fullkomlega ljóst með hvaða hætti það yrði útfært, áður en endanleg ákvörðun er tekin, hvaða kostnaður þarf að falla til og hvort menn séu tilbúnir að leggja hann fram í allra næstu framtíð. Menn geta ekki leyft sér þann munað að ákveða eingöngu rammann án þess að gera sér grein fyrir útgjöldunum. Ég held reyndar ekki að það búi að baki hjá flm. Hann er hér að leggja drög að bættri réttarstöðu sem ég held að við öll eigum að geta sameinast um að finna flöt á.“

Þetta er í rauninni, virðulegi forseti, kjarni þess máls sem ég hefði viljað flytja. Ég tel að við eigum að leita með jákvæðum huga lausna á málinu sem hér hefur verið undirstrikað í frv. og í anda þess frv. sem hér er byggt á. Ég tel að þetta sé auðvitað mál af því taginu að það þurfi og kalli á heilmikla gerhygli og menn þurfa að fara rækilega og efnislega ofan í málið og ég treysti því að viðeigandi þingnefnd muni gera það. Það er, eins og ég sagði áðan, ekki á hverjum degi sem við erum í þeirri stöðu að ræða um frumvarp sem lýtur að heilu tungumáli, tungumáli með mikla sérstöðu.

Ég hafði eins og mjög margir aðrir fyrir nokkrum árum þá hugsun að táknmálið væri alþjóðlegt mál í eðli sínu en svo er ekki. Það er reyndar undirstrikað bæði í greinargerð og í fskj. sem er grein Svandísar Svavarsdóttur. Þar kemur glögglega fram að þetta tungumál er ekki alþjóðlegt, það er sérstakt, einstakt og sjálfsprottið en um leið er athyglisvert að lesa í grein Svandísar Svavarsdóttur hvernig þetta mál er samt sem áður af því taginu að það er auðveldara í samskiptum fólks með mismunandi tungumálabakgrunn.

Virðulegi forseti. Það er engin þörf af minni hálfu að endurtaka eða orðlengja mál mitt. Ég fagna frv. og fagna því frumkvæði sem hér hefur verið sýnt og tel að taka þurfi efnislega afstöðu til málsins.

[17:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. tók þann pól í hæðina að sýna þessum frv. sem hér eru til umræðu almennan stuðning. Hann lýsti síðan orðum hæstv. forsrh. fyrir fimm árum, árið 1998, um að gera ætti tiltekna hluti, afla talna um kostnað og hvernig væri hægt að standa að þessu. Hæstv. menntamálaráðherrar Sjálfstfl. síðustu fimm ár hafa ekki gert þetta. Þar kemur stefna Sjálfstfl. hugsanlega í ljós í reynd. Dómur Félags heyrnarlausra í bréfi Hafdísar Gísladóttur um ríkisstjórnina síðustu 10 ár er á þá leið að á vegum ráðuneyta eða Alþingis hafi a.m.k. fjórar nefndir verið settar á laggirnar til að álykta um þessi mál en niðurstaða þeirra litlu skilað er lúti að bættri stöðu íslenska táknmálsins. Má skilja ræðu hv. þm. þannig að Sjálfstfl. hafi nú breytt um stefnu í þessu efni og ætli með okkur hinum að koma upp í bátinn og taka í árarnar með því að gera þetta sæmilega úr garði?

[17:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. sem hér talaði, hv. 7. þm. Reykv. s., að það hefur of lítið gerst í þessum efnum. Þegar maður ber saman umræðuna sem fram fór fyrir fimm árum og þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag sjáum við samt, ekki síst með skírskotun til greinargerðarinnar sem fram kemur með þessu frv., að ýmislegt hefur áunnist.

Ég rakti það sérstaklega í ræðu minni áðan að gefnu tilefni vegna þess m.a. að ég hafði sjálfur ekki gert mér grein fyrir *því, þrátt fyrir allt, hversu mikil þátttaka táknmálsins er þó* orðin í samfélagi okkar. Ef maður ber þetta saman við umræðuna sem fram fór fyrir fimm árum sjáum við auðvitað að hér hefur ýmislegt gerst. Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að ekkert hafi gerst. Það má vel taka undir að ekki nægilega mikið hafi gerst og það má vel hugsa sér að við hefðum þurft að taka betur á en ég hins vegar ítreka það sem ég sagði áðan, ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Ég fagna því að hér hafi verið vel að verki staðið. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta mál og ég tel að þau orð hæstv. forsrh. sem ég vitnaði til séu mjög viðeigandi í dag.

[17:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðvest. fyrir orð hans og ítrekun á stuðningnum við þetta mál. Það sem liggur hins vegar fyrir er að í fimm ár, svo að við tökum bara tímabilið frá 1998, hefur ekkert birst frá menntmrn. í þeim dúr sem hæstv. forsrh. óskaði eftir. Það er ekki minn dómur að hér hafi ekkert gerst, það er dómur Félags heyrnarlausra í bréfi sem það skrifaði öllum þingflokkum og hv. þm. á að kannast við vegna þess að hann er þingflokksformaður þess flokks sem hér er til umræðu. Þar segir þetta, með leyfi forseta:

„Niðurstaða nefndanna hefur litlu skilað er lýtur að bættri stöðu íslenska táknmálsins."

[17:48]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi komið fram í máli langflestra þeirra sem töluðu hér áðan að þetta mál væri af því taginu að við ættum að reyna að hefja það upp fyrir flokkspólitískt dægurþras. Meðal annars lögðu þingmenn úr flokki hv. þingmanns á það áherslu. Ég reyndi sjálfur fyrst og fremst að nálgast málið efnislega og leggja dóm á það á grundvelli þess efnis sem til grundvallar liggur í frv. sjálfu. Mín skoðun er sú að þetta mál sé vel unnið, það sé af því taginu að það eigi að vera hægt að taka til þess efnislega afstöðu.

Ég lagði hins vegar mikla áherslu á að málið fengi vandaða meðferð vegna þess að hér er um að ræða stórmál. Alveg eins og ég vék að í upphafi er hér um að ræða tilraun til lagasetningar um heilt tungumál sem er ekki daglegt verk Alþingis. Þess vegna er það einfaldlega að mínu mati ekkert áhlaupaverk. Það er rétt sem hæstv. forsrh. sagði, þetta er líka langtímamarkmið sem við erum hér að vinna að. Hæstv. forsrh. sýndi jákvæðan hug sinn í verki í þeirri umræðu sem ég vakti athygli á og ég ítreka enn á ný að ég tel að í orðum hæstv. ráðherra hafi falist kjarni umræðunnar í dag.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, þskj. 466.

Friðun rjúpu, 392. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 524.

Fæðingarþjónusta, 394. mál, fsp. ÞBack, þskj. 530.

Greiðslumark í sauðfjárrækt, 395. mál, fsp. ÞBack, þskj. 531.

Kostnaður við að stofna fyrirtæki, 393. mál, fsp. ÖS, þskj. 529.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 191. mál, nál. allshn., þskj. 528.

Skattar á vistvæn ökutæki, 398. mál, fsp. ÖS, þskj. 534.

[17:51]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og það vekur athygli mína eins og margra annarra að í hópi 17 flutningsmanna er enginn stjórnarsinni. Jafnframt auglýsi ég eftir ræðumönnum Framsfl. Það er enginn úr þeim flokki hér inni til að taka þátt í þessari umræðu og jafnframt vil ég auglýsa eftir stefnu þeirra í þessu máli.

Ég velti því líka fyrir mér hvers vegna frv. sem þetta hefur ekki fyrir löngu verið lagt fram og samþykkt. Ég vil leyfa mér að óska flutningsmönnum til hamingju með frv., þá sérstaklega 1. flm., hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, og jafnframt öllum heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum. Síðast en ekki síst, frú forseti, óska ég okkur sjálfum, þjóðinni, til hamingju því að þetta er í raun hagsmunamál okkar allra.

Sá sem hér stendur hefur starfað á annan áratug á sambýlum fyrir einhverfa. Einhverfum fylgja yfirleitt einhverjir aðrir sjúkdómar eða fötlun. Margir þeirra eru jafnframt heyrnarlausir eða heyrnarskertir og það þýðir að við sem störfum með þeim og fyrir þá þurfum að kunna táknmál. Það er því miður allt of sjaldgæft að ófatlaðir kunni táknmál en í 8. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið skal stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda."

Það þarf, frú forseti, líka að greiða aðgang okkar allra að táknmálskennslunni til að við getum talað við hvern sem er, hvar sem er og hvenær sem er. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er sjálfsagt jafnréttismál og ég velti því fyrir mér hvort ekki sé rétt að fara að gera íslenska táknmálið að skyldufagi í öllum grunnskólum landsins.

[17:53]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mannréttindamál sem við flytjum, 16 þingmenn stjórnarandstöðunnar ásamt frummælanda, hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur. Auðvitað hefðum við viljað fá stjórnarliða til að flytja þetta lagafrv. með okkur en við vonumst engu að síður til að þeir styðji það. Það var sérstaklega ánægjulegt að heyra jákvæðan tón í máli hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar í garð frv.

En ég sakna, eins og hv. þm. sem talaði á undan mér, afstöðu framsóknarmanna. Þeir ráða yfir bæði félmrn. og heilbrrn. og þess vegna verðum við að fá að heyra hver afstaða þeirra er í þessu máli. Eins og ég sagði áðan er þetta mjög mikilvægt mál, ekki einungis fyrir þá sem eiga við heyrnarleysi að stríða og aðstandendur þeirra, heldur einnig fyrir þjóðfélagið. Í hvers konar þjóðfélagi viljum við búa? Auðvitað skiptir það þjóðfélagið miklu máli að hjálpa heyrnarlausum yfir ákveðinn hjalla og gera þá sem virkasta í samfélaginu þannig að þeir leggi sinn skerf til þess.

Við í Frjálsl. getum þakkað hinu háa Alþingi fyrir að hafa veitt heyrnarlausum þingmanni okkar góða túlkaþjónustu til að hún geti tekið virkan þátt í störfum þingsins, lyft henni yfir þennan hjalla til þess að hún hafi getað orðið mjög virk. Við í Frjálsl. getum staðfest, og jafnvel fleiri hv. þm. sem hér eru í salnum, að þessum fjármunum hefur verið vel varið. Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur lagt drjúgan skerf til starfa þingsins. Einnig hefur það verið fróðleg og talsverð lífsreynsla, persónulega fyrir mig, að kynnast og vinna náið með heyrnarlausum einstaklingi.

Í frv. eru ýmis mjög mikilvæg ákvæði og vil ég sérstaklega benda á ákvæði um að tryggja kennslu og þjálfun í táknmáli. Nauðsynlegt er að ekki einungis verði tryggt að heyrnarlausum verði kennt, heldur einnig nánustu aðstandendum. Það gefur augaleið að það er nauðsynlegt að foreldrar sem eignast heyrnarlaust barn geti lært táknmál. Það er einnig nauðsynlegt að heyrnarlausir eigi einhvern lagalegan rétt til að fá táknmálstúlka til að aðstoða sig bæði í námi og starfi.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar þar sem frummælandi hefur farið rækilega yfir málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89, nál. 402 og 457.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsumgjörð fjölmiðla, fyrri umr.

Þáltill. ÁI o.fl., 366. mál. — Þskj. 485.

[17:58]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla. Hana er að finna á þskj. 485 en flutningsmenn auk mín eru þau Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Hjálmar Árnason og Steingrímur J. Sigfússon.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstrs hér á landi. Nefndin kanni m.a. eftirfarandi atriði sérstaklega:

a. hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila,

b. hvort setja beri sérstök ákvæði í lög sem tryggi fullt gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,

c. hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, t.d. á sviði fjármálaþjónustu,

d. löggjöf og starfsskilyrði fjölmiðla í nálægum löndum með hliðsjón af markmiði nefndarstarfsins.

Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, menntamálaráðuneytið og aðra aðila er málið varðar. Nefndin skal hraða vinnu sinni sem kostur er og ljúka störfum með skýrslu og eftir atvikum tillögum til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þannig hljóðar þessi tillögugrein.

Þessi till. til þál. er fram komin í framhaldi af umræðum sem spunnust á hv. Alþingi í kjölfar fyrirspurnar minnar til hæstv. forsrh. um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Í svari forsrh. mátti lesa hvatningu til þess að Alþingi léti þessi mál til sín taka og má segja að við hv. flutningsmenn þessarar tillögu höfum tekið þeirri áskorun. Það hefur vakið athygli ýmissa, og kannski sérstaklega fjölmiðlanna, að á þessari tillögu eru fulltrúar allra þingflokka annarra en þingflokks Samfylkingarinnar. Ég treysti hins vegar á stuðning þeirra við þessa tillögu þegar til kastanna kemur og vona að tillögunni samþykktri að þeir muni að sjálfsögðu taka þátt í störfum slíkrar nefndar sem yrði skipuð á Alþingi.

Þessi tillaga gerir einmitt ráð fyrir því að kosin verði nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka og kanni, sem fyrr segir, starfsumgjörð fjölmiðla og hvort styrkja megi sjálfstæði, frelsi og fjölbreytni fjölmiðla með lagaákvæðum eða með öðrum hætti.

Fjölmiðlar eru ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar og hafa mikilvægu hlutverki að gegna til þess að tryggja málfrelsi. Á fjölmiðlamarkaði þarf að ríkja fjölbreytni þannig að almenningur hafi aðgang að upplýsingum úr sem ólíkustum áttum þannig að einn eða örfáir aðilar geti ekki ráðið skoðanamótuninni.

Á haustdögum varð hér nokkur umræða um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Meðal annars var haft eftir ritstjóra eins stórveldisins á fjölmiðlamarkaðnum hér að það væri umhugsunarefni þegar viðskiptablokkir og bankar væru farnir að sækjast eftir eignarhaldi á fjölmiðlum. Formaður Blaðamannafélags Íslands, Róbert Marshall, sem er fréttamaður á Stöð 2 kallaði þá eftir fjölræði í fjölmiðlun, þ.e. að til væru margar fréttastofur í eigu margra ólíkra aðila. „Það tryggir", sagði formaður Blaðamannafélagsins, með leyfi forseta, „að það sem einn miðill fjallar ekki um það fjallar einhver annar miðill um."

En það er einmitt hlutverk löggjafans að tryggja þetta fjölræði, tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla og frelsi þeirra. Í nálægum löndum hefur löggjafinn þannig reist skorður við samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum með ýmsum hætti, allt eftir aðstæðum í hverju landi.

Það er þekkt bæði úr samtímasögunni og frá fyrri tíð að stórveldi í öllum heimsálfum hafa reynt að sölsa undir sig fjölmiðlaveldi, ýmist með vopnaskaki eða í gegnum löggjafarsamkundur, því að leiðin að pólitísku og efnahagslegu valdi liggur oftar en ekki í gegnum síður eða rásir fjölmiðlanna. Þannig hefur Berlusconi og fyrirtæki hans einmitt náð undir sig hátt í 90% af fjölmiðlamarkaði á Ítalíu og þykir það ekki til fyrirmyndar. Fákeppni er nefnilega hvergi verri heldur en í fjölmiðlun.

Doktor Herdís Þorgeirsdóttir sérfræðingur í þjóðarétti varði fyrr á þessu ári doktorsritgerð um frelsi fjölmiðla frá sjónarhorni mannréttinda. Niðurstöður hennar varða stöðu fjölmiðla, skyldur þeirra gagnvart almenningi og það hvernig almenningur á rétt á því að fjölmiðlar stundi ekki sjálfsritskoðun til að þóknast pólitískum hagsmunum, eigendum sínum eða markaðssjónarmiðum. Í viðtölum við doktor Herdísi hefur það komið fram sem hún leggur mikla áherslu á að samkeppnislög ein dugi ekki á fjölmiðlamarkaði, mikilvægt sé að verja ritstjórnarlegt frjálsræði fjölmiðla og til þess þurfi að setja sértækar reglur sem ganga lengra en samkeppnislögin.

Hún bendir einnig á að víðast hvar séu slíkar reglur eða lög við lýði, m.a. í Bandaríkjunum þar sem sömu aðilar mega ekki eiga bæði sjónvarp og dagblað á sama markaðssvæði fari markaðshlutdeildin yfir 45% og í Þýskalandi þar sem eignarhaldi á sjónvarpsmarkaði eru þau takmörk sett að enginn einn aðili má hafa yfir 30% markaðshlutdeild. Í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi hafa háir ríkisstyrkir það yfirlýsta markmið að tryggja að fleiri en eitt dagblað lifi á markaði, þ.e. styrkir til blaðs númer tvö, eins og það er kallað. Í Noregi er eignarhald á fjölmiðlum takmarkað við þriðjungs hlutdeild á markaði en engin ákvæði eru þar um að menn megi ekki eiga bæði ljósvakamiðla og prentmiðla.

Spurningin er hvort nauðsynlegt sé að feta í þessi fótspor með einhverjum hætti og sporna með lagaákvæðum gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Er ástæða til að setja í lög ákvæði sem tryggja fullt gegnsæi

eignarhalds á fjölmiðlum? Það er eitt af þeim atriðum sem hefur verið gagnrýnt hvað mest í þessari umræðu í haust að eignarhald fjölmiðla sé langt í frá að vera gagnsætt.

Svo er það spurningin: Er ástæða til að takmarka möguleika markaðsráðandi aðila, til að mynda í bankastarfsemi, til eignarhalds á fjölmiðlamarkaði? Þetta eru m.a. verkefni nefndar fulltrúa þingflokkanna sem hér er gerð tillaga um og lögð á það áhersla að þessi vinna sé unnin í samráði við hagsmunaaðila.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þennan fund meira en orðið er en vænti þess, eins og ég sagði áðan, að þessari tillögu verði vel tekið í öllum þingflokkum.

[18:07]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hlutverk fjölmiðla í nútímasamfélagi er afar mikilvægt. Það ætti öllum að vera ljóst. Stundum er jafnvel talað um fjölmiðla sem fjórða valdið á eftir löggjafarvaldinu, framkvæmdarvaldinu og dómsvaldinu. Það er auðvitað hægt að deila um hvort svo sé. En við getum sennilega öll verið sammála um að eitt af grundvallaratriðum í lýðræðisþjóðfélagi þar sem opin skoðanaskipti eiga að fara fram sé að starfsumhverfi fjölmiðla sé sem best og eignarhald á fjölmiðlum gagnsætt og opið. Fjölbreytni þarf til að allar skoðanir komist til skila en ekki aðeins skoðanir misviturra stjórnvalda á hverjum tíma eða ákveðinna viðskiptavelda. Því fagna ég þessari tillögu til þál. sem hér er komin fram. Hún er löngu tímabær og á ekki síst við nú í dag þegar við verðum vitni að samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum svo að stefnir í fákeppni á því sviði. Er þá heldur illa farið fyrir öllu frelsinu í þeim efnum. Við verðum að gæta okkar á því að lenda ekki í því sama og íbúar landa eins og Ítalíu hafa mátt upplifa, þ.e. að einn maður í krafti valds síns er kominn með eignarhald og tangarhald á meiri hluta ljósvakamiðlanna. Þar er ég auðvitað að tala um Berlusconi nokkurn sem er eins og við vitum ekki aðeins forsætisráðherra Ítalíu heldur einnig höfundur slagorðsins Forza Italia.

Þetta segir okkur einnig hversu mikilvægt er að eiga öflugt íslenskt sjónvarp og útvarp í almannaeign, ríkisútvarp. Þó er ekki alveg laust við að ritskoðunartilburðir séu viðhafðir hjá yfirstjórn Ríkisútvarpsins eins og nýleg dæmi sanna. Vonandi tekst starfsmönnum útvarpsins að hrista af sér þá ómaklegu árás sem þeir hafa orðið fyrir svo að þeir geti haldið áfram að koma á framfæri skoðunum og viðhorfum allra í þjóðfélaginu en ekki aðeins skoðunum þeirra sem henta vinum okkar í vestrinu í þessu tilfelli. Það á að vera hlutverk okkar að koma í veg fyrir að slíkir ritskoðunartilburðir séu í gangi.

Til þess að svo megi verða þarf að efla Ríkisútvarpið og gera það óháð pólitískum duttlungum. Það þarf að leyfa starfsfólkinu að vinna af fagmennsku og án þess að hafa einhvern hangandi yfir sér með útstrikunarpennann. Fjölbreytt og öflugt Ríkisútvarp er grundvöllur lýðræðislegrar umræðu enda er það engin tilviljun að öflugir fjölmiðlar í eigu almennings eru einmitt hornsteinn lýðræðisins í löndum sem við viljum bera okkur saman við, t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, í Bretlandi og Þýskalandi, svo að dæmi séu tekin. Í öllum þessum löndum er þess vandlega gætt að eignarhald á fjölmiðlum sé dreift og ekki um óeðlilega samþjöppun að ræða og sterkt ríkisútvarp er starfandi í öllum þessum löndum.

[18:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Í þessari þörfu umræðu sem kannski hefði átt að hefjast miklu fyrr og út af fyrir sig alltaf stendur yfir þá hef ég áður lýst nokkurri tregðu minni og Samf. til of örrar lagasetningar um fjölmiðla nema sérstakar ástæður kalli, má m.a. benda á frv. hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem lagt var fram í þinginu í haust um heimildarmenn. Það er hið gagnmerkasta frv.

Hvernig stendur á þessari tregðu? Það stendur þannig á henni að fjölmiðlarnir eru í samfélagsgerð okkar stundum kallaðir fjórða valdið. Þeir eru kallaðir það vegna þess að þeir eru taldir hafa þá stöðu að geta verið ákveðið mótvægi við ríkisvaldið, hina þríeinu grein ríkisvaldsins, og verið vettvangur gagnrýni á hana. Það þýðir auðvitað, ef allt virkar eins og það á að virka, að ríkisvaldið þríeina á ekki að hafa mikil afskipti af hinu fjórða valdi.

Hér kemur líka við sögu misjöfn lýðræðishefð í löndum. Í nýfrjálsum ríkjum með veika hefð eða öfugsnúna hefð við sjálfstæði fjölmiðla er örugglega ástæða til þess og þörf á því að setja lagaramma um fjölmiðla. Þrátt fyrir það sem okkur kann að finnast að í íslenskum fjölmiðlum og hafa verið að hér í þá rúmu öld sem hægt er að kalla fjölmiðlaöld á Íslandi þá er hér þó hefð og saga sem hefur gert ráð fyrir sem víðustum ramma, sem minnstum afskiptum annarra greina, og þetta hefur gengið þokkalega vel, takk fyrir. Auðvitað er þetta að nokkru leyti undir fjölmiðlunum komið. Fjölmiðlarnir verða að sanna sig á hverjum degi fyrir samfélaginu og fyrir fulltrúum þess, almannavaldinu, sanna að þeir sinni sínu hlutverki. En löggjafinn, hvað þá framkvæmdarvaldið, verður líka að hugsa sinn gang mjög vel áður en nokkur afskipti eru höfð af hans hálfu af fjölmiðlum og um það þarf að vera breið pólitísk samstaða þannig að slík afskipti ráðist ekki af meiri hluta hverju sinni, geðþótta einstakra ráðherra eða öðrum slíkum aðstæðum.

Þegar rætt er um eignarhald á fjölmiðlum verðum við líka að vita hvað skiptir máli. Við verðum að hugsa eins og kjörnir fulltrúar. Það er alveg klárt að eignarhald hefur áhrif á fjölmiðil eða getur haft og hefur haft. En meginspurningar okkar eiga ekki að snúast um það heldur eiga þær að snúast um þetta: Hvaða rétt á almenningur gagnvart fjölmiðlum? Hvaða kröfur á samfélagið á hendur helstu fjölmiðlum sínum?

Ég tel að meðal þeirra krafna sé fagmennska í fréttaflutningi og allri annarri umfjöllun, að fjölmiðillinn sé trúr neytendum sínum, lesendum, áhorfendum, hlustendum og að fjölmiðillinn sé ábyrgur fyrir því efni sem hann flytur gagnvart þeim sem um ræðir, gagnvart þeim sem efnið beinist að og gagnvart öðrum sem koma við sögu, t.d. heimildarmönnum sem áður eru ræddir hér.

Eignarhald og allar rekstraraðstæður geta haft áhrif á fjölmiðilinn. Mörg dæmi eru um það hjá okkur og öðrum. Hér var vitnað í Berlusconi. Hann er eitt versta dæmið um eiganda fjölmiðils. Ég verð að vísu að leiðrétta þau orð hins ágæta hv. 5. þm. Norðaust. Berlusconi fann nú ekki upp slagorðið Forza Italia heldur er það slagorð sem er hrópað á knattspyrnuvöllum þegar ítalska landsliðið í knattspyrnu sem er líka kallað gli azzurri, ef ég man rétt, keppir við önnur lið. Hann misnotaði hins vegar þetta slagorð í eigin þágu eins og reyndar aðilar á Íslandi hafa hermt eftir honum, sem ég ætla nú ekki að skeyta skapi mínu á að sinni.

Ein af frumkröfunum vegna þessara áhrifa sem eigendur og rekstraraðstæður geta haft er þess vegna um gegnsæi, þ.e. að það sé alveg ljóst, að menn viti hverjir eru eigendur, viti um hagsmunatengsl eigenda og fjölmiðlafyrirtækisins sjálfs og að reksturinn fari eins og unnt er, með venjulegum fyrirvörum, fram fyrir opnum tjöldum. Það má vel hugleiða að mínu viti hvort gera á sérstakar kröfur til fjölmiðlafyrirtækja að þessu leyti, strangari kröfur en almennt tíðkast. Lykilorðin hér eru sem sé þrjú a.m.k., sjálfstæði, ábyrgð, gegnsæi.

Ég vil taka fram að ég deili þeim áhyggjum sem flutningsmenn og aðrir sem tekið hafa þátt í þessari umræðu hafa af samþjöppun almennt á fjölmiðlamarkaði. En við verðum að fara varlega. Lög um þetta efni eru afar misjöfn í Evrópu og á Vesturlöndum. Þróunin í fjölmiðlun nú er sú að upp eru að koma margmiðlunarfyrirtæki sem sameina ýmsar tegundir fjölmiðlunar og hafa tengsl við annan menningariðnað. Við verðum að skoða þessa þróun, sjá hvert hún getur leitt okkur og reyna að meta hvort hún er endilega slæm. Við eigum að skapa fjölmiðlunum skilyrði til öflugri rekstrar. Þeim öfluga rekstri getur fylgt aukin fagmennska. Við verðum líka að gá að því að íslensk fjölmiðlun er í stöðugt vaxandi samkeppni við erlend fjölmiðlunarfyrirtæki. Við verðum að passa upp á að ráðstafanir okkar í þessum efnum spilli ekki fyrir íslenskum fyrirtækjum í því efni.

Það er sjálfsagt að skoða þessi mál vel. Sérstök nefnd kemur ágætlega til álita. Ég vil þó segja það, svo sem að gefnu tilefni, að ég tel að í umfjöllun nefndar sem væntanlega tekur þessa tillögu inn á sitt borð þarf að fara í gegnum hvort ekki eigi — það vantar hér en var tekið fram í framsöguræðu hv. flm. — þ.e. hvernig menn geta hugsað sér að tryggja sjálfstæða ritstjórn með lagasetningu í þeim dúr sem Herdís Þorgeirsdóttir áminnst hefur rætt. Ég tel líka að við eigum að skoða tengsl þessa máls við netið og aðra nýja fjölmiðlunartækni. Ég tel ekki síst, virðulegur forseti, að svona nefnd sé nánast gagnslaus ef hún fjallar ekki um Ríkisútvarpið og ritstjórnarstefnu þar og hvernig þeim málum er háttað. Ég mun leggja til í menntmn. sem þetta mál væntanlega fer í að því verði bætt við tillöguna eigi hún að fara í gegnum þingið.

Að lokum þetta, herra forseti. Ýmsir hafa haft stór orð, þar á meðal menntmrh., um þetta efni. Hann hefur sagst vera með í sérstakri athugun hvernig þessum málum sé háttað hér á landi. Það þarf að kanna í menntmn. hvers konar athugun það er, hverjir framkvæma hana, að hverju hún beinist og hvort nefndin sem hér er lagt til að stofnuð verði taki við þeirri athugun eða hvort þessi mál eigi að fara í tvenns konar farveg. Hann er nú ekki staddur hér. Ég mun hugsanlega nota tækifærið síðar á þessum fundi til þess að lýsa afstöðu menntmrh. og fleiri félaga hans til eignarhalds í fjölmiðlum.

[18:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér er rædd og hv. 1. flm. Álfheiður Ingadóttir mælti fyrir er að mínu viti mjög þörf í þeirri umræðu eins og hún hefur verið í þjóðfélaginu, ekki endilega af því tilefni að umræðan hafi nýlega átt sér stað heldur hafa oft komið upp umræður um það áður hvernig eignarhaldi á fjölmiðlum væri varið og hverjir réðu þar ferð og jafnvel verið deilt um hverjir ættu fjölmiðla og hverjir ættu þá ekki. Mönnum hefur það ekki verið ljóst og þeim verið sagt af æðstu mönnum þjóðarinnar, m.a. hæstv. forsrh. í þessum ræðustól, að mönnum væri það ekki ljóst hverjir ættu suma fjölmiðlana.

Ég tel það mjög eðlilegt, virðulegi forseti, að í fyrsta lagi sé algerlega skýrt og liggi fyrir og megi jafnvel setja um það lög að það skuli vera opinbert hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma. Ég held að við hljótum að gera kröfu til þess til að geta dregið ályktanir af því ef okkur sýnist svo hvernig eignarhaldi fjölmiðla er fyrir komið.

Ég tel að sú tillaga sem hér er verið að ræða eigi fullan rétt á sér eins og ég gat um áður. Hún fjallar m.a. um það að huga eigi að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstrar hér á landi. Síðan koma fjórir liðir frá a–d sem eru nokkurn veginn í spurnarformi hver fyrir sig um hvort sú þörf sé til staðar sem vikið er að í ályktuninni. Ef starfshópurinn eða nefndin sem sett verður á laggirnar kemst að þeirri niðurstöðu að þörfin sé brýn, þá að sjálfsögðu komi menn fram með tillögur í þá veru. Það liggur í hlutarins eðli. En það er alls ekki sjálfgefið af efni tillögunnar að hún sé beinlínis forskrift að lagasetningu. Hún er miklu frekar forskrift að því að skoða gaumgæfilega hvernig starfsemi fjölmiðla fer fram hér á landi og hvernig eignarhaldi á þeim er fyrir komið og þá hvort ástæða sé til að skoða það umhverfi sem mönnum verður þá ljóst hvernig er, m.a. með tilliti til lagasetningar eða annarra reglna.

Í greinargerðinni er m.a. bent á að slíkar reglur hafi verið settar í nágrannalöndum okkar og að eignarhaldi fjölmiðla hafi þar verið settar skorður. Allt eru þetta málefnaleg rök fyrir að vinna málið með þeim hætti sem hér er lagt upp með og ég tel að það sé mjög æskilegt í okkar litla þjóðfélagi að fyrir liggi hverjir eigi fjölmiðla og hverji séu þar e.t.v. í ráðandi stöðum. Ég tel það mjög óæskilegt og ekki eðlilegt — það er skoðun mín og ég hugsa að það sé skoðun margra í þingflokki mínum að aðilar í atvinnugreinum hvort sem það eru sterkustu aðilarnir í sjávarútvegi, sterkustu aðilarnir í verslun eða þeir sem núna hafa eignast íslenska bankakerfið — að slíkir aðilar geti bundist jafnvel samtökum um að eiga fjölmiðla. Væri t.d. eðlilegt að LÍÚ ætti fréttamiðla aðra en það á í dag? Það á fréttamiðil sem það gefur út og er séreign þeirra samtaka, þ.e. Útvegurinn. Það sama má segja um sjómannasamtökin sum, þau eiga sína fréttamiðla og fer ekki á milli mála að þau eru útgefendur að þeim og þetta eru fagrit þeirra og fréttablöð.

Hins vegar gegnir öðru máli, virðulegi forseti, þegar við tölum um almenn fréttablöð sem gefin eru út dagsdaglega til þess að miðla fréttum, skoðunum og skoðanaskiptum. Og sama á auðvitað við um ljósvakafjölmiðlana. Mér finnst það liggja þó nokkuð öðruvísi við hvernig eignarhaldi og ráðandi áhrifum manna á slíkum fjölmiðlum er ráðið til lykta vegna þess að það er auðvitað hægt að misnota vald sitt ef menn eru stórir eignaraðilar og fá ráðið slíkum upplýsingaveitum sem dagblöðin og ljósvakafjölmiðlarnir eru á degi hverjum. Vissulega er freistandi í baráttunni fyrir hagsmunaaðila að nota sér slíka stöðu.

Við sáum það síðast í kosningabaráttunni í vor að aðilar í ákveðnum atvinnugreinum fóru á fulla ferð inn í kosningabaráttuna. Ég veit að hv. þingmenn muna hvernig það gekk fyrir sig þar sem menn fóru með sérstakar fréttatilkynningar frá fyrirtækjum sínum og sérstakar yfirlýsingar um það að ef starfsmenn gerðu hitt eða þetta á kosningadag þá væri voðinn vís þó svo að voðanum hafi ekki verið forðað þó að ríkisstjórnin hafi haldið velli. Menn hafa upplifað að hér á landi er það nánast að verða eina vörn manna m.a. í sjávarútvegsþorpum að setja á stofn nýjar bæjarútgerðir þar

sem bæjarfélögin koma að því að kaupa atvinnuréttindi eða atvinnustöðuna. En það er annað mál og varðar ekki beint efni þessa máls, snýr að hinu heimsfræga „besta kvótakerfi í heimi" sem menn kynna um víða veröld, jafnvel okkar æðstu menn.

Virðulegi forseti. Ég held að sú till. til þál. sem við ræðum nú um að skoða eignarhald og starfsemi fjölmiðla, hvernig því er varið í framtíðinni, sé af hinu góða og það sé ágætt fyrir okkur að fara í gegnum það. Ég tek það hins vegar fram, virðulegi forseti, að það er ekki sjálfkrafa ávísun á það að við setjum fram stíf eða ströng lög um þetta efni en vel kann þó að vera að það verði niðurstaðan.

[18:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom hér og gerði kosningabaráttuna að umtalsefni þá vil ég rifja það upp að undir lok kosningabaráttunnar virtist það á köflum sem Landssamband ísl. útvegsmanna sem hv. þm. gerði að umræðuefni stýrði ekki bara einum og ekki tveimur heldur þremur fjölmiðlum. Það var mín tilfinning sem eins af þeim stjórnmálamönnum, sem þá stóð í harðri baráttu fyrir umdeildri stefnu í sjávarútvegsmálum, að Landssamband ísl. útvegsmanna hefði ákaflega greiðan aðgang að því að koma skoðunum sínum í gegnum Morgunblaðið. Mér fannst líka sem sama LÍÚ ætti ákaflega greiðan aðgang að því að koma skoðunum sínum í gegnum ríkismiðlana. Ég spyr þess vegna, virðulegi forseti, hvort hv. þm. geti verið mér sammála um að það mundi kannski litlu skipta þegar í harðbakkann slær hvort LÍÚ ætti formlega fjölmiðil eða ekki. Eða var það reynsla hv. þm. að það skorti eitthvað á að það ágæta samband ætti kost á því að koma viðhorfum sínum til íslensku þjóðarinnar í eins hráu, ómenguðu og miklu magni og það lysti?

[18:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er stundum svo sérstaklega í kosningabaráttu að maður leyfir sér ekki að trúa öllu sem maður heyrir. Þannig var, virðulegur forseti, að ég heyrði sögu í febrúar norður í Skagafirði að búið væri að taka ákvörðun um það á bak við tjöldin að ákveðin samtök í landinu ætluðu að verja 50 millj. í að tryggja ríkisstjórninni sæti. Ég trúði þessu náttúrlega ekki og taldi að þetta væri helber lygi og hafði engar sannanir fyrir því að þetta hafi ekki verið tómt plat og grín.

Ég verð hins vegar að segja af tilefni spurningar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að ég hygg að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi varið verulegum kröftum og fjármunum í að tryggja núverandi ríkisstjórn sæti. Og með þau orð á vörunum get ég ekki fullyrt, hv. þm., að það skipti máli hvernig eignarhaldi á fjölmiðlum er varið, en það er samt sem áður þannig að það eru dagblöðin og ljósvakafjölmiðlarnir sem eru notaðir mest í áróðri hér á landi frá degi til dags. Fagblöðin eru blöð sem eru unnin með miklu lengri fyrirvara og það er auðvitað svo ef menn hafa langan vilja til þess að vinna ákveðnu máli forgang eins og kom fram í þeim upplýsingum sem laumað var að mér í febrúar, þá gátu menn vissulega notað sín blöð og þeir gerðu það.

[18:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson höfum ýmsa fjöruna sopið í stjórnmálum. Í tilefni af þessari umræðu get ég rifjað það upp með hv. þm. að ég hafði verið formaður stjórnmálaflokks sem í dag er næststærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar í allnokkra mánuði og hafði á þeim tíma haft uppi allharðar yfirlýsingar um þróun efnahagsmála sem reynslan sýndi síðar að gengu flestar eftir. En á þeim tíma sá t.d. sá miðill sem ekki er undir í þessari umræðu, fréttastofa Ríkissjónvarpsins, enga ástæðu til að eiga viðtal við formann þess stjórnmálaflokks.

Ég minnist þess að þegar hinn nýi stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, hélt fyrsta flokksstjórnarfund sinn, þá sá fréttastofa sjónvarpsins enga ástæðu til að geta þess í fréttum en í sama fréttatíma voru tvær fréttir af kjördæmisþingi sjálfstæðismanna á Norðurl. e. Við vitum það auðvitað sem höfum verið í pólitík og erum eldri en tvævetur í henni að það er ekki spurningin um eignarhaldið á fjölmiðlunum sem endilega ræður því hvaða skoðanir koma þar fram.

Höldum okkur áfram við þetta dæmi sem við höfum verið að ræða, dæmið af LÍÚ. Auðvitað er það þannig að eftir að ákveðið baráttumál Morgunblaðsins var komið í gegn sem var vísir að auðlindagjaldi, þá tók það algerlega undir söng útgerðarmanna í einu og öllu. Það litaði auðvitað alla kosningabaráttuna og skóf einhver prósent sameiginlega af flokkum okkar tveggja. Þá skipti engu máli sú staðreynd að LÍÚ átti ekki prómill í Morgunblaðinu.

[18:31]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get eiginlega engu bætt við þetta síðara andsvar nema að rifja það upp með hv. formanni Samfylkingarinnar að fréttastofa útvarps gerði síðasta landsfundi Samfylkingarinnar bærileg skil.

[18:32]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að fagna þessari umræðu um starfsumgjörð fjölmiðla en það er rétt að spyrja í fyrstu: Hvert er tilefnið? Eignarhald á lykilfjölmiðlum hér á landi hefur lítið breyst frá því einokun ríkisins á að senda út dagskrárefni á öldum ljósvakans var afnumin fyrir um 17 árum. Við erum með tvo ljósvakarisa, sem eru RÚV og Norðurljós, og við erum með tvo dagblaðarisa, sem eru Morgunblaðið og DV. Á undanförnum árum hafa einkamiðlarnir þrír tengst öðrum miðlum eignarböndum um lengri eða skemmri tíma og þá einnig innbyrðis. Í flestum tilfella hafa þau tengsl ekki borið tilætlaðan ávöxt. Því hefur heildarmyndin lítið breyst. Íslensku fjölmiðlarisarnir er fjórir.

Það sem nú virðist í augsýn er að einn risi til viðbótar, Fréttablaðið, hefur vaknað og keypt DV og sýnir nú tilburði til að ná undirtökum í Norðurljósum. Tveir af fjórum risum eru sem sagt á leið í eina sæng. Það er tilefni þessara umræðna að mínum dómi, virðulegi forseti.

Þegar við lítum til nágrannaþjóða okkar sést að um leið og margt er líkt hjá grönnum okkar er fjölmargt frábrugðið. Ef marka má nýlega samantekt Evrópska blaðamannasambandsins um eignarhald á fjölmiðlum í 12 löndum Vestur-Evrópu kemur í ljós að auk ríkisfjölmiðla eru á hverjum markaði tveir, þrír, í mesta lagi fjórir risar til viðbótar og er samkeppni þeirra yfirleitt afar hörð. Í öllum löndum eru dæmi um risa sem láta bæði til sín taka í útgáfu blaða og tímarita og á öldum ljósvakans og þar sem eru til staðar lög sem takmarka eignarhald eru ákvæðin yfirleitt mjög rúm.

Í fjórða lagi kemur í ljós að sérhver fjölmiðlamarkaður hefur sterk þjóðleg og menningarleg sérkenni og lýtur eigin

lögmálum. Þar sem Ísland sker sig helst úr er einkum að miklu meiri fjölbreytni er í rekstri lítilla og staðbundinna fjölmiðla. Stóru miðlarnir sem tala til allrar þjóðarinnar haga sér með svipuðum hætti hér og víðast hvar í Vestur-Evrópu en við höfum ekki fjölbreyttan gróður svæðismiðla til hliðar, og það má spyrja hvort þetta sé ekki líka verðugt verkefni fyrir þá nefnd sem þessi ályktun gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar að skoða.

Meginniðurstaðan er því sú að reynsla nágranna okkar er ekki einhlít. Vandi þeirra er misjafn og lausnir að sama skapi breytilegar. Í þessu máli verður því erfitt fyrir okkur Íslendinga að vísa einhliða til erlendra fyrirmynda. Ef við ætlum að takmarka eignarhald á fjölmiðlum verðum við að gera það á grundvelli okkar aðstæðna og á okkar eigin forsendum.

Virðulegi forseti. Þegar stjórnmálamenn tala um takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla mega þeir ekki gleyma því að fjölmiðlun er starfsgrein. Þó svo að áhugamönnum um þjóðmál sé tamt að tala um fjórða valdið og að koma þurfi á það böndum er rangt að fjalla um eignarhald þessara fyrirtækja einvörðungu í ljósi þess.

Við fjölmiðla á Íslandi starfa í fullu starfi nær þúsund manns. Þá eru ótaldir t.d. blaðberar, sem væntanlega skipta þúsundum, og þá einnig hundruð manna í skyldum greinum eins og auglýsingastofum, prentsmiðjum, tölvufyrirtækjum og þar fram eftir götunum. Það má ekki horfa fram hjá því að fjölmiðlar eru bakhliðin á greinum eins og tónlist, kvikmyndagerð og víða í nágrannalöndum okkar einnig leiklist. Fjölmiðlar, upplýsingatækni og afþreyingargreinar skapa hvað flest ný störf á Vesturlöndum og í öllum tilfellum mjög eftirsóknarverð störf.

Íslendingar hafa sýnt og sannað að þeir eiga erindi á hið stóra alþjóðlega svið leikhúsa, tónlistar, kvikmynda og tækni. Öflug íslensk fjölmiðlafyrirtæki skapa örvandi umhverfi þessara greina. Þegar setja á skorður við eignarhaldi á fyrirtækjum er mikilvægt að hafa í huga að slíkt getur takmarkað vaxtarmöguleika fyrirtækja og þrengt möguleika þeirra á að þroskast og dafna. Það er ljóst að ef takmörk eru sett um hver megi eiga í fyrirtækjum verður erfiðara en ella að fá öfluga fjárfesta til að koma að uppbyggingu og sköpun nýrra tækifæra. Viljum við sjá öfluga og nútímalega menningarstarfsemi sem teygir arma sína víða um heim byggir sú starfsemi á fjölmiðlun af einhverju tagi. Stjórnmálamenn sem sjá ofsjónum yfir völdum og áhrifum annars staðar en í eigin hendi mega ekki setja fjölmiðlum þær skorður að þær haldi aftur af athafnaþrá og sköpunarkrafti sem býr í öflugum og góðum fjölmiðli.

Virðulegi forseti. Í ályktun þeirri sem hér er til umfjöllunar er hvatt til þess að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingmanna sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi. Helsta leiðin til þess að treysta stöðu fjölmiðla er í raun að tryggja að að baki þeim standi öflugir og fjársterkir aðilar.

Umræðan um eignarhald fjölmiðla er brýn. Aðgerðir ber að vanda. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu hvetur til yfirvegaðra vinnubragða og því er hún verðug og réttmæt og því styð ég hana.

[18:39]

Mörður Árnason:

Forseti. Í þingflokki Samfylkingarinnar og nærsveitum hans höfum við verið að vinna að fjölmiðlamálum í haust og menn kunna að hafa greint það á hinni ágætu ræðu hv. þm. Ásgeirs Friðgeirssonar, sem þarf svo sem ekki á mikilli aukavinnu að halda til að vera fróður um fjölmiðla og fjölmiðlun. Eitt af þeim plöggum sem við höfum safnað að okkur þar er skýrsla sem nú er orðin sjö ára gömul og menn kannast kannski við, sumir, og heitir Skýrsla starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum, sem menntmrh. skipaði og skilaði af sér 1996. Þetta er nokkuð góð skýrsla, margt í henni, þó ég sé fullkomlega ósammála helstu niðurstöðum þeirra sem hana gerðu, þeim ályktunum sem þeir drógu af stöðunni. Vegna þess að hér hefur skort fulltrúa tveggja flokka í þessa umræðu, fulltrúa Sjálfstfl. og Framsfl. tel ég rétt að láta þingheim heyra og festa í þingtíðindi svolítinn kafla úr þessari skýrslu og hann er svona, með leyfi forseta:

„Þegar litið er til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á íslenska ljósvakamarkaðnum undanfarin ár — og þeirrar staðreyndar að nú þegar er um að ræða nokkra samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlasviðinu í heild — vaknar sú spurning hvort löggjafinn hér eigi að fara að dæmi margra annarra Evrópuríkja og takmarka eignaraðild að ljósvakamiðlum (fjölmiðlum) með lögum.

Ekki skal kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds í ljósvakamiðlum í útvarpslögum. Þrátt fyrir aukið frelsi og grósku í ljósvakaiðnaðinum ber ekki brýna nauðsyn til þess að fylgja þeirri þróun eftir með hertum reglum um eignarhald. Þvert á móti skal leitast við að varðveita það frelsi sem lögin frá 1985 fólu í sér. Þau lög kveða á um lýðræðislegar leikreglur, tjáningarfrelsi og óhlutdrægni í starfi útvarpsstöðva. Séu þessi atriði tryggð verður hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli.

Þessi skoðun er og sett fram í ljósi þeirrar staðreyndar að lög af þessu tagi hafa í nágrannalöndunum oftar en ekki orsakað nokkurn glundroða. Það hefur reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög, eftirlit kostnaðarsamt og þó að þeim sé ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi virðast þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum.

Auk þess hefur útbreiðsla útvarpstækni og lækkun bæði stofn- og rekstrarkostnaðar dregið mjög úr sérstöðu ljósvakaiðnaðarins, sem áður var aðeins á færi stórfyrirtækja og hins opinbera. Í ljósi þessa dregur úr réttmæti þeirrar skoðunar að taka þurfi þennan rekstur öðrum og fastari tökum en annan atvinnurekstur."

Niðurstöður í þessum kafla skýrslunnar eru þessar, með leyfi forseta, enn og aftur:

„Ákjósanlegra er að samkeppni á ljósvakamarkaði og starfsemi ljósvakamiðla í heild lúti sömu almennu leikreglum og aðrar atvinnugreinar í landinu. Í þessu sambandi skal eignarhald og starfsemi útvarpsstöðva falla undir almenn ákvæði samkeppnislaga um einokun og fákeppni þótt ef til vill sé nauðsynlegt að aðlaga þau lög betur aðstæðum ljósvakans. Til að mynda væri mögulegt að styrkja með einhverjum hætti lagalega framkvæmd við úthlutun útvarpsleyfa þannig að stuðlað verði að fjölbreytni og samkeppni."

Ég er ekki með því að lesa þetta upp að lýsa yfir skilyrðislausu samþykki mínu við þennan texta. Þau sjónarmið sem þarna eru sett fram eru hins vegar athyglisverð og það er ekki síður athyglisvert hverjir sátu í þeim starfshópi sem hér um ræðir, en formaður hans var Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, núverandi formaður útvarpsráðs, einn af helstu ráðgjöfum Sjálfstfl. og ráðherra hans um fjölmiðlamálefni. Aðrir í nefndinni voru Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri

í Garðabæ, sem ég hygg að þá hafi verið aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar menntmrh. þá hæstv. og nú enn. Þar sat líka Páll Magnússon, sem nú er varaþingmaður og aðstoðarmaður hæstv. iðn.- og viðskrh., og ekki síst sat þar þá sléttur þingmaður en nú hæstv. menntmrh. Tómas Ingi Olrich. Og auðvitað spyr maður hvort þetta fólk og flokkar þess sé enn sama sinnis eða hvort skoðun þeirra á þessum málum hafi breyst og þá hvað hafi valdið þeirri breytingu.

[18:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta er fróðleg og skemmtileg umræða sem er hér háð um fjölmiðla og þá þróun og hræringar sem orðið hafa á fjölmiðlamarkaði á síðustu vikum. Nú er það svo að mér finnst sjálfum sem það sé ekkert sem maður sér í fjölmiðlunum sjálfum sem bendir til þess að þeim eða ritstjórnarfrelsi eða möguleikum manna á að koma skoðunum á framfæri sé einhver hætta búin. Eins og staðan er nákvæmlega í dag, eins og ég les fjölmiðlana og hlusta á þá finnst mér sem oft hafi sú staða verið uppi í okkar samfélagi að það hafi verið ærnara tilefni til þess að ætla að það væri erfitt fyrir tiltekin viðhorf að koma fram.

Að þessu sögðu vil ég að það komi eigi að síður skýrt fram að mér finnst sú tillaga sem hér er flutt vera meinlaus. Ég hef ekkert á móti henni og ýmislegt í henni er þannig að ég get undir það tekið. Ég vil segja það alveg skýrt sem gamall ritstjóri þriggja dagblaða að ég tel að oft hefði verið þörf á því að búið væri að búa svo um hnúta að ritstjórnarfrelsi væri virt. Það eru ekki margir menn á Íslandi sem hafa nokkrum sinnum sætt því að þurfa að standast áhlaup vegna skoðana sinna en ég er viss um að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir minnist þess jafn vel og ég að sú var tíðin að sá karl sem hér stendur þurfti eigi að síður að standast slík áhlaup.

Veltum því upp með hvaða hætti eigendur miðla, dagblaða sérstaklega, geta haft áhrif á blöðin. Það er fyrst og fremst í gegnum ráðningar á ritstjórum. Ég segi sem ritstjóri, sem eyddi töluverðum hluta af starfsævi sinni í fjölmiðlum, að þekking mín í gegnum eigin snertingu við fjölmiðla og í gegnum aðra fjölmiðlamenn leiðir mig að þeirri ályktun að næstum því ómögulegt sé fyrir eigendur blaða að hafa áhrif á það sem stendur í blöðunum með öðrum hætti en í gegnum ráðningu ritstjóra.

Ég var ritstjóri tveggja flokksblaða, Alþýðublaðsins og Þjóðviljans, og ég var ritstjóri síðdegisblaðs, DV, sem stundum var talið hægra megin í tilverunni. Það var þá fyrst og fremst blað sem var í andstöðu og átti alltaf að vera í andstöðu við hverja þá sem telja mætti til valdastofnana samfélagsins. Þegar blaðið hætti því gekk það undir vegna þess að þá hafði það ekki lengur erindi. Aldrei varð ég þess áskynja að þeir menn sem áttu DV og höfðu sannarlega allt aðrar stjórnmálaskoðanir en ég reyndu með nokkrum hætti að hafa áhrif á skrif mín eða blaðsins. Aldrei reyndu þeir að hafa áhrif á það hverja ég réði. Þá fóru nýir starfsmenn í gegnum sérstök próf. Mér var nokkuð skemmt þegar ég réð mína fyrstu áhöfn til sumarvistar og í ljós kom að af þeim ellefu sem ég réði voru sjö eða átta meira eða minna tengdir Heimdalli. Þeir reyndust allir prýðisgóðir blaðamenn og aldrei urðu nokkrir árekstrar okkar á milli.

Þegar ég sagði í upphafi máls míns að ég vildi gjarnan að það hefði verið búið að fara í gegnum þessa umræðu, setja niður svona nefnd og hugsanlega skapa einhvers konar umgjörð um ritstjórnarfrelsi þeirra sem stýra blöðum var ég að vísa til minnar eigin reynslu þegar ég var ritstjóri Þjóðviljans. Þá skrifaði ég og hafði skoðanir og þeir sem með mér voru, ýmsir á því blaði, sem ollu því að aftur og aftur var reynt að skerða það ritstjórnarfrelsi. Þá vaknar spurning: Ef við setjum niður þessa nefnd með hvað hætti eigum við þá að tryggja að slíkt gerist ekki? Sú tíð kann að koma, það má jafnvel sjá vísi að því í þessari tillögu, að aftur verði til einhvers konar fjölmiðlar sem hugsanlega njóti ríkisstyrks, eins og gerðist í gamla daga, og jafnvel að þeir verði í eigu stjórnmálahreyfingar. Þarf þá ekki að koma í veg fyrir að með einhverjum hætti sé hægt að hemja villta unga menn sem eru ráðnir þangað til ritstjórnar og hlýða síðan ekki aga flokksvaldsins? Þetta þurfa menn allt að hugsa í gegn, virðulegi forseti.

Mig langaði að spyrja hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, af því að ég geri ráð fyrir því að hún taki til máls á eftir, út í tvennt sem er reyndar skylt. Hv. þm. segir m.a. að það eigi að kanna hvort þörf sé á lagasetningu eða öðrum aðgerðum til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs. Síðar í tillögunni segir líka að athuga beri hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða með öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hvaða hátt er hún með í huga? Ég er ekki að gera henni upp eitt eða neitt en það sem mér kemur til hugar er auðvitað þetta gamla sem við höfum öll farið í gegnum, sem er ríkisstyrkur til fjölmiðlareksturs. Er það það? Þá er rétt að segja það.

Síðan vil ég segja að mér finnst það ekki boðlegt gagnvart borgurum landsins að það sé ekki algjörlega tryggt að þeir viti hverjir eigi fjölmiðla. Mér finnst það vera réttur minn að vita hverjir eiga þá. Að því gefnu finnst mér, eins og staðan er í dag, að ég eigi sem fullþroska og sjálfstæður einstaklingur að geta tekið afstöðu til þess sem í þeim birtist. Ég held að miðill sem er ótrúverðugur, sem er fyrst og fremst þjónn eigenda sinna en ekki þeirra sem njóta miðilsins, lesenda eða hlustenda eða áhorfenda, geti ekki lifað af.

Við getum tekið Morgunblaðið sem dæmi sem lengi var, eins og aðrir miðlar, mjög litað af flokkspólitík. Morgunblaðið hefur svarað breyttum kröfum breytts og nýs markaðar með því að breyta með verulegum hætti ásjónu sinni og hvernig það birtist þjóðinni. Það er opið blað í dag og ég get sagt það sem formaður stjórnmálaflokks að sennilega hefur mér aldrei gengið jafn vel og kollegum mínum í stjórnmálum að koma skoðunum á framfæri og einmitt fyrir tilstilli opins Morgunblaðs. Samt sem áður blasir það við, eins og við vorum að ræða hér áðan, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, að stundum brýst annað andlit fram. Enginn veit það betur en sá flokkur sem heitir Samf. og lenti í þeirri orrahríð um sjávarútvegsmál sem beint var að honum og skoðunum okkar á því sviði af Morgunblaðinu rétt fyrir kosningar.

Eigi að síður er ég ekki á þessu stigi máls að óbreyttu reiðubúinn til að taka þátt í að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum. Um hitt sem ég hef hér rakið, um gegnsæið og það að vitað sé hverjir eiga og í hvaða hlutföllum, er ég reiðubúinn að ræða.

[18:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þingmanns um að þessi umræða sé góð og þörf, og hún er líka skemmtileg.

Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi alveg hitt naglann á höfuðið undir lok ræðu sinnar þegar hann fór að tala um gegnsæið. Ég lít líka á það sem lykilatriði að fólk

viti hver er að segja því fréttirnar, hverra skoðanir birtast í fjölmiðlunum. Að því leytinu til er mjög nauðsynlegt að jafnvel LÍÚ geti komið skoðunum sínum að í gegnum fjölmiðla en það sem þarf að tryggja er að neytandinn, almenni fjölmiðlaneytandinn úti í samfélaginu, viti að þær skoðanir eru komnar frá þeim samtökum.

Það sem skiptir svo miklu máli er einmitt þetta, að fjölmiðlar mega vera í eigu einhverra sem hafa tiltekin sjónarmið og vilja tala fyrir þeim en það þarf þá að vera algerlega ljóst að það eru slík sjónarmið sem viðkomandi fjölmiðill talar fyrir og ekki önnur.

Að sama skapi þarf það að vera tryggt að Ríkisútvarpið sem er ríkisrekinn miðill sem hefur lýðræðislegu hlutverki að gegna samkvæmt lögum fái að rækja það hlutverk svo vel sé. Þá er ég kannski komin að kjarna málsins: Telur ekki hv. þm. þessa tillögu, þó að hann telji hana meinlausa, vera af hinu góða? Getum við ekki sest niður, stjórnmálahreyfingarnar í landinu sem eiga fulltrúa á Alþingi, og rætt þessi mál ofan í kjölinn á skapandi hátt og fundið hvort það þurfi að breyta lögunum, hvort það þurfi að setja hér einhvern strúktúr sem tryggi að gegnsæi sé til staðar svo að fjölmiðlar komist ekki upp með það að villa á sér heimildir?

[18:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef kannski verið of neikvæður í orðum mínum um þessa tillögu. Hv. þm. rifjaði upp að ég hefði sagt að hún væri meinlaus. Þetta er ágætistillaga, hún stefnir í rétta átt.

Eigi að síður finnst mér þegar ég les tillöguna og grg. sem hún sé fyrst og fremst miðuð við fjölmiðla sem eru með einhverjum hætti í einkaeigu. Ég les tillöguna þannig og vísa t.d. í suma stafliði hennar sem ég tel að bendi til þess.

Ég er búinn að vera á dögum sem stjórnmálamaður í einhverja áratugi. Á hinum seinni árum hefur mér gengið best að koma viðhorfum mínum í gegnum hina einkareknu fjölmiðla, eins og Morgunblaðið, DV, Fréttablaðið og suma af hinum einkareknu ljósvakamiðlum. Ég vil t.d. taka það fram, af því að við erum að velta fyrir okkur að það sé nauðsynlegt að vita hverjir eigi fjölmiðlana. Ég og hv. þingmaður eigum Ríkisútvarpið. Við vitum samt ákaflega vel að þar er einn tiltekinn flokkur búinn að hlaða inn stjórnendum árum saman og það hlýtur að hafa áhrif. Sjáum við það ekki speglast í því að sjálfur útvarpsstjóri sendir tölvupóst til þriggja eða fjögurra undirmanna sinna og kvartar undan pólitískri slagsíðu á tilteknum þætti? Þarf þá frekari vitnanna við?

Mér finnst, virðulegi forseti, sem í þessa tillögu hér vanti einmitt þetta sjónarhorn. Ég vil líka sem borgari og sem almennur Íslendingur eiga kost á því að skapa umgjörð um Ríkisútvarpið sem er þannig að menn eigi jafnmikla möguleika á að koma sjónarmiðum sínum í gegn (Forseti hringir.) en ekki eins og ég lýsti áðan í andsvari við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sem var náttúrlega skelfileg reynsla.

[18:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek af heilum hug undir orð hv. þingmanns varðandi Ríkisútvarpið og stöðuna þar sem sýnir auðvitað hversu mikil hætta er fólgin í því að hafa sömu stjórnmálaflokkana við völd svo lengi. Ég held að við getum þá verið sammála um það, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það sé veruleg þörf á því, þótt ekki væri nema til að tryggja að ríkisfjölmiðillinn okkar geti sinnt sínu lýðræðislega hlutverki óháður ríkjandi valdi, að fara að skipta hér um fólk í brúnni. Ég held að við deilum algjörlega þeirri skoðun að Ríkisútvarpið hafi sérstöðu í flóru fjölmiðlanna og ég tel að nefnd af þessu tagi, sem tillagan fjallar um, gæti auðveldlega komið inn á málefni Ríkisútvarpsins án þess að hún sé beinlínis hugsuð sem slík. Ég tel að hér gæti farið af stað undir forsvari þessarar nefndar umræða sem tæki á ríkisfjölmiðlinum að einhverju marki þó að henni sé ekki ætlað það eins og hv. þm. hefur bent á þegar hann rýnt er í orðalagið.

Ég held að þegar öllu er á botninn hvolft sé veruleg þörf á því að þessi mál séu rædd, bæði hvað varðar Ríkisútvarpið og einkafjölmiðlana. Ég held að það skipti máli að skoða ofan í kjölinn hvernig ríkisstjórnarmeirihluti hefur beitt valdi sínu til að koma sínu fólki að á ríkisfjölmiðlinum. Ég tel að okkur hafi verið ákveðin hætta búin og sé ákveðin hætta búin í þessum efnum. Það eina sem við getum gert, held ég, til að sporna við slíku er að hafa umræðuna í gangi á öllum tímum, hafa hana opna og hafa hana í formlegum farvegi með þátttöku ólíkra aðila, eins og þessi þáltill. hér gerir ráð fyrir.

[18:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan er þessi tillaga spor í rétta átt.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir segir réttilega að það væri hægt undir þessari tillögu eða að henni breyttri málefni ríkismiðlanna til skoðunar. Það er bara ekki gert í þessari tillögu. Hún miðar fyrst og fremst að því að skoða samþjöppun eignarhalds á einkareknu miðlunum.

Tilefnið er auðvitað alveg ljóst. Tilefnið er það að Jón Ásgeir Jóhannesson er orðinn mikilsráðandi á stórum hluta fjölmiðlamarkaðarins og það fer í taugarnar á mörgum. Sá pirringur gerir vart við sig á mjög ólíkum vængjum stjórnmálanna og menn ná ákveðnum snertipunkti í því. Ég skil það.

Hins vegar tel ég að ef verið er á annað borð að leggja í þessa sjóferð, í herrans nafni og fjörutíu, hefðu þeir átt að láta tillöguna spanna breiðara svið. Við í Samf. höfum t.d. verið að skoða ákveðna hluti, m.a. sem varða ritstjórnarfrelsi og gegnsæi eignarhalds, ekki varðandi samþjöppun en við höfum hins vegar skoðað ákveðnar leiðbeiningarreglur sem alþjóðastofnanir hafa sett niður um svona hluti en varða kannski vanþroskaðra lýðræðissamfélag heldur en okkar er í dag.

Ég er reiðubúinn til að skoða hvaðeina ef tilefnin gefast. Um leið og ég verð þess áskynja að það verður erfitt fyrir íslenska borgara að koma skoðunum sínum á framfæri vegna eignarhalds er ég reiðubúinn til þess að skoða málið. Óneitanlega vekur það eftirtekt mína að þessi umræða kemur upp með þessum mikla sprengikrafti í þann mund sem sá miðill sem hefur staðið áratugum saman í túnfæti Sjálfstfl. hefur ekki lengur yfirburði og nánast einokun á skoðanamyndun, a.m.k. á blaðamarkaðnum.

[19:01]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Í tilefni af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði vonandi réttilega að eigendur hefðu ekki haft erindi sem erfiði með það að kenna ritstjórnum sínum lexíuna og koma þar í gegn fréttum sem eru andstæð faglegum sjónarmiðum þá auðvitað höfum við í haust eitt dæmi um það sem vert er að rekja hér. Svo maður tali nú varlega um þetta allt

saman þá hygg ég að það hafi verið frétt á Stöð 2 um að Kaupþing/Búnaðarbanki eða hvort það hét þá bara Búnaðarbanki hafi boðið hæstv. fjmrh., sem því miður er ekki hér staddur, í laxveiðar. Þetta þótti einum af eigendum Stöðvar 2 þá svo alvarlegt að verið væri að segja þessa frétt að hann gerði, að því er mér skilst, tilraun til þess að stöðva flutning fréttarinnar í fréttastofunni. Mig minnir líka að honum hafi ekki orðið kápan úr því klæðinu.

Það eru svona dæmi sem maður vill forðast. Þetta eru vítin að varast m.a. og þá spyr maður: Hvað hefði styrkt fréttastofuna í þessu? Ég held að það hefði styrkt hana ef hún hefði haft t.d. einhvern lagaramma sem ég kann ekki að búa til hér um það sem tryggði ritstjórnarlegt sjálfstæði. En það er alveg klárt að sérstök lög um eignarhald á þessum fjölmiðli hefðu ekki komið í veg fyrir að þessi eigandi reyndi eða var talinn hafa reynt að koma í veg fyrir birtingu fréttarinnar vegna þess að eignarhaldið hefði varla tekið á því að eigendur yrðu að uppfylla ákveðnar skapgerðar- og hegðunarkröfur heldur fjalla þær um allt annað eins og hér hefur verið sagt í umræðunni. Einmitt þetta dæmi sýnir okkur að þetta mál verður að ræða án upphrópana og án patentlausna.

(**Forseti** (JBjart): Forseti bendir á að andsvör eru hugsuð til þess að gera athugasemdir við ræðu en ekki til að hafa uppi sjálfstæða ræðu.)

[19:03]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka góðar undirtektir við þessa tillögu. Ég vil líka segja að ég tek undir alla þá varnagla sem hér hafa verið slegnir um hvað beri að varast þegar setja á lög um eignarhald á fjölmiðum. Það þarf að fara mjög varlega og kannski sérstaklega í lagasetningu.

Við skulum ekki gleyma því hvernig Berlusconi hefur náð 90% fjölmiðlamarkaðarins á Ítalíu undir sitt vald með því einmitt að breyta lögum. Hann hefur sett lög og breytt lögum sem takmörkuðu þetta eignarhald sér í hag þannig að hann og fyrirtæki hans eiga nú um 90% af ítalska fjölmiðlamarkaðnum.

Ég vil hins vegar benda á að hugsunin í þessari tillögu er ekki sú að hefta frelsi fjölmiðla eða setja ritstjórnum þeirra neinar skorður heldur er þvert á móti verið að ræða um að leita leiða til þess að tryggja einmitt sjálfstæði, ábyrgð og gegnsæi í fjölmiðlum eins og einn hv. þm. sagði áðan að væri mikilvægt.

Með þessari tillögu er heldur ekki verið, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti réttilega á, að ákveða að það eigi að setja lög af því tagi sem hér eru nefnd heldur er verið að velta því upp hvort þess sé þörf og bent á að samráð þurfi að hafa við hagsmunaaðila og það þurfi að leita út fyrir landsteinana, ekki til þess að leita þar að uppskriftum heldur að dæmum. Síðan þurfum við að kokka okkar eigin graut í samræmi við það sem menn vilja og sjá þörf á.

Hér hefur líka verið bent á ýmislegt sem mætti bæta við þau drög að verkefnalista svona nefndar sem fram kemur í tillögugreininni. Það var nefnt að nefndastarf af þessu tagi yrði að taka fyrir netið, veraldarvefinn, og það er alveg rétt. Það hafa orðið gríðarlegar breytingar með tilkomu netsins og hefur það auðveldað gríðarlega allan aðgang almennings að upplýsingum. En við skulum ekki gleyma því að sama samþjöppun verður í netmiðlunum um leið og þeir verða það sem kallað er commercial, þ.e. um leið og þeir fara að verða mikilvægir auglýsingamiðlar og tekjulind þá verður nákvæmlega sama samþjöppun í eignarhaldi á netmiðlunum eins og á öðrum miðlum. Það gildir eitt og hið sama.

Það hefur einnig verið nefnt hér að eðlilegt væri að þessi tillaga tæki til Ríkisútvarpsins. Um það vil ég segja að til eru lög um Ríkisútvarpið. Umræða hefur verið um og gagnrýni hefur verið höfð hér uppi og víðar í samfélaginu á að vegið sé að ritstjórnarlegu sjálfstæði einstakra dagskrárliða eða fréttastofu Ríkisútvarpsins. Eins og ég hef skilið þá gagnrýni þá er hún gagnrýni á að lögum um sjálfstæði Ríkisútvarpsins sé ekki fylgt. Ég vil benda á að við höfum lög um Ríkisútvarpið. Það vantar kannski bara að þeim sé fylgt eftir. Þess vegna er Ríkisútvarpið ekki nefnt hér. Þetta fjallar eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði einmitt um einkamarkaðinn og eignarhaldið á honum.

Ég tel nauðsynlegt að gera kröfur um að fjölmiðlar allir skuli, með leyfi forseta: „... halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.“ Þetta er einmitt tilvitnun í lög um Ríkisútvarpið. Ég tel að þetta eigi að gilda um alla fjölmiðla í landinu. Til þess að réttur almennings til fjölbreyttrar frjálsrar fjölmiðlunar sé tryggður þarf að tryggja að eignarhaldið safnist ekki allt á eina hendi. Hvernig við svo gerum það yrði verkefni þessarar nefndar.

Mig langar til þess að víkja aðeins að því sem spannst í orðræðu milli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og Össurar Skarphéðinssonar um hvort máli skiptir hvert formlegt eignarhald á fjölmiðlum er. Hér var réttilega og eðlilega vitnað í þátttöku LÍÚ í kosningabaráttunni liðið vor. Ég er ein þeirra sem lenti í þeirri mjög svo sérkennilegu aðstöðu í kosningabaráttunni að fara í viðtöl ekki á einum ljósvakamiðli heldur tveimur. Viðmælandinn var ekki í framboði. Hann var ekki frá þeim flokkum sem studdu kvótakerfið. Hann var alltaf frá LÍÚ. Þetta var vissulega sérkennileg upplifun. Þetta skiptir máli vegna þess að við verðum að geta gert þær kröfur til fjölmiðla að þeir séu trúverðugir. Hver væri trúverðugleiki, við skulum segja, sjónvarpsstöðvar í eigu einhvers bankans hér eða fjármálafyrirtækjanna sem væri að fjalla um vaxtaokrið í bönkunum eða í viðkomandi banka? Hver væri trúverðugleiki þess fjölmiðils? Hann væri náttúrlega enginn á því sviði. En hann yrði fljótlega enginn á öðrum sviðum einnig, því miður. Þannig fjölmiðlun viljum við ekki hafa. Það er miklu betra eins og það er núna að LÍÚ gefi út sitt fréttablað og að greiningardeildir bankanna komi með sín sjónarmið þegar þeir fjalla um efnahagsmál.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson beindi til mín fyrirspurnum um hvað átt væri við í tillögugreininni þar sem fjallað er um hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs og hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Hann spurði við hvað í rauninni væri átt. Hann svaraði sér að nokkru leyti sjálfur og það var auðvitað alveg rétt sem hann sá í gegnum þetta. Það er verið að tala annars vegar um beinan fjárstuðning eins og til að mynda er gert á Norðurlöndunum með því að efla dagblað númer tvö og eins jafnvel með leiðbeinandi reglum á sviði samkeppnismála ef þörf krefur. Það er allt opið í þessu eins og annað í þessari tillögu.

Nokkuð hefur verið komið inn á það hvernig dagblaðamarkaðurinn leit hér út fyrir svo sem eins og tíu árum. Ég þekki það mætavel. Ég var blaðamaður á pólitísku dagblaði í tíu ár undir ritstjórn m.a. hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og reyndar þriggja eða fjögurra annarra hv. fyrrverandi þing-

manna allra. Það var lífsreynsla út af fyrir sig. En það fór enginn í grafgötur með það að Þjóðviljinn og Alþýðubandalagið voru tvær greinar af sama meiði ekki frekar en nokkur maður fer í grafgötur um það hverra hagsmuna Morgunblaðið gætir eða hverra erinda það gengur alla vega þegar kemur að tveimur málaflokkum sem eru utanríkismálin og svo þegar komið er að kosningum því að þá fellur gríman. Þess vegna vil ég segja að það er miklu meiri þörf núna en áður til þess að setja lagaramma um þessa starfsemi vegna þess að hagsmunagæslan í þjóðfélaginu er ekki eins grímulaus og áður var.

[19:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. sagði réttilega: „En það fór enginn í grafgötur með það að Þjóðviljinn og Alþýðubandalagið voru tvær greinar af sama meiði ...“ Það var svo sannarlega rétt. Svo sagði hv. þm. líka að engum dyldist þegar kemur að kosningum að þá falli gríma Morgunblaðsins. Ég skildi hv. þm. þannig að hún væri að halda því fram að þá kæmi það fram að Morgunblaðið gengi fyrst og fremst erinda Sjálfstfl. Hún leiðréttir mig þá ef svo er ekki.

Sjálfstfl. hefur ráðið Ríkisútvarpinu lengi og raðað þar inn yfirmönnum sem hafa óneitanlega haft áhrif á miðilinn. Er hv. þm. þá ekki reiðubúin að fallast á að einn tiltekinn skoðanahópur sé orðinn markaðsráðandi á sviði fjölmiðlunar? Má þá ekki halda fram að Sjálfstfl. ráði í reynd mjög miklu á blaðamarkaði og hafi ákaflega mikið að segja um hvernig a.m.k. hluti ríkisfjölmiðlunarinnar er? Hvernig vill hún bregðast við því? Telur hún að slík staða sé ásættanleg? Er kannski nauðsynlegt að hennar mati að setja niður sérstaka nefnd um það?

Ég vil svo segja, virðulegi forseti, að ég er algjörlega á móti því að við rennum til baka í fortíðina og aftur inn í skeið ríkisstyrktra blaða sem hugsanlega eru í eigu stjórnmálaflokka eða fyrirtækja. Ég er algjörlega á móti því og er að því leytinu til mjög ósammála tillögu hv. þm.

[19:14]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var í raun búinn að svara því sem hv. þm. spyr aftur um, þ.e. af hverju Ríkisútvarpið er ekki nefnt í þessari tillögugrein. Þessi umræða öll um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og fákeppni hefur orðið til þess að mönnum er ljósari en áður nauðsyn þess að eiga öflugt Ríkisútvarp. Að öðru leyti vil ég segja að mér finnst Ríkisútvarpið gott og ég vil gera það betra og ég tel að við höfum lagarammann þar til þess að styðjast við. Við þurfum hann hins vegar á hinum frjálsa markaði.

[19:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. sagði áðan að að hennar mati kæmi það berlega í ljós fyrir kosningar að Morgunblaðið fylgdi Sjálfstfl. að máli. Hún hefur líka gert sér grein fyrir því að sami flokkur er ákaflega ráðandi um töluverðan hluta ríkisfjölmiðlanna. Getum við þá ekki orðið sammála, virðulegi forseti, um að sú tillaga sem hér liggur fyrir nær alls ekki nógu langt. Ef menn ætla að koma í veg fyrir hættulega skoðanalega samþjöppun á fjölmiðlamarkaði þá er ekki hægt annað en taka allt sviðið undir.

Ég vil hins vegar segja til að taka af öll tvímæli að ég er reiðubúinn til þess að skoða lagasetningu um gegnsæi varðandi eignarhald og um aðgerðir til þess að styðja ritstjórnarfrelsi miðlanna. En ég er að svo stöddu ekki reiðubúinn til þess að taka þátt í því að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar eða hef orðið það eftir því sem þessari umræðu hefur undið fram í dag, að líkast til væri hægt að ná því markmiði sem hv. þm. og meðflutningsmenn hennar vilja ná með því að reisa skorður við ítökum eigenda í ritstjórnarfrelsið, koma í veg fyrir að þeim sem eiga fjölmiðla takist að koma viðhorfum sínum eða skoðun í gegnum fjölmiðlana með ósæmilegum hætti.

[19:16]

Flm. (Álfheiður Ingadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tilvísun, síendurtekin, í það sem ég sagði áðan um að það vissu allir þegar kemur að kosningum hver á Morgunblaðið á kannski einungis við um þá sem ekki vissu það fyrir, en menn hefðu haldið að Morgunblaðið væri það sem það segist vera að öllu jöfnu, (Gripið fram í.) víðsýnt og fjölbreytt blað, sem er reyndar að mörgu leyti rétt. Í Morgunblaðið skrifar fólk úr öllum mögulegum stjórnmálaflokkum og Morgunblaðið er að sönnu ágætisblað og ég ætla ekkert að hafa fleiri orð um það.

En það skiptir máli að almenningur viti hver á fjölmiðlana. Það var í rauninni í tilefni af því sem ég var að nefna þetta, hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóntækjafræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál (sjónmælingar og sala tækja). — Þskj. 414.

[19:17]

Útbýting þingskjala:

Beint millilandaflug frá Akureyri, 396. mál, fsp. HlH, þskj. 532.

Heilsugæslan á Þingeyri, 399. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 535.

Nám í listgreinum á háskólastigi, 397. mál, fsp. HlH, þskj. 533.

Úrvinnslugjald, 400. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 536.

[19:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.

Að undanförnu hefur farið fram mikil umræða um réttarstöðu sjóntækjafræðinga gagnvart ávísun á sjónhjálpartæki. Ólík sjónarmið hafa verið lögð fram. Sjóntækjafræðingar hafa lagt áherslu á að ná fram breytingum á lögum um sjóntækjafræðinga, með það fyrir augum að einkaréttur augnlækna til sjónmælinga verði afnuminn og sjóntækjafræðingar öðlist þennan rétt líka. Augnlæknar hafa hins vegar lagt áherslu á að ákvæðið um tilvísun læknis verði óbreytt.

Í janúar 2002 fór heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þess formlega á leit við landlæknisembættið að það tæki til skoðunar starfssvið sjóntækjafræðinga í ljósi óska þeirra og krafna um breytingar og barst ráðuneytinu greinargerð landlæknis í september 2003. Það var álit landlæknisembættisins að tímabært væri að breyta lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, á þann hátt að sjóntækjafræðingar fái með vissum skilyrðum og takmörkunum að ávísa sjónhjálpartækjum,

gleraugum og snertilinsum, enda verði sett nánari skilyrði í reglugerð um menntun sjóntækjafræðinga. Einnig verði sett takmörkun á heimildum sjóntækjafræðinga til sjónmælinga á nánar tilteknum hópum þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, svo sem barna, aldraðra og ákveðinna sjúklingahópa. Greinargerðin fylgir frumvarpinu til nánari skýringa á aðdraganda lagasetningarinnar um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, og þess frumvarps sem nú er lagt fram.

Bent hefur verið á að bæði fyrir og eftir gildistöku laganna um sjóntækjafræðinga frá 1984 hafa þeir mælt fyrir og afgreitt linsur.

Sjóntækjafræðingar telja að núgildandi lög takmarki starfsemi þeirra mun meira en lög og reglur nágrannalandanna gera. Benda þeir á að flestir þeirra hafi aflað sér menntunar sem meðal annars nái til mælinga fyrir sjónhjálpartækjum. Þeir telja því lögin vera takmarkandi fyrir því að þeir fái að fullu notið menntunar sinnar í störfum sínum hér á landi.

Sjóntækjafræðingar halda því fram að þeir hafi frá upphafi viljað hafa miklar takmarkanir á heimildum sínum til sjónlagsmælinga til að tryggja besta þjónustu fyrir sjúklingana. Ekkert hefur komið fram annað en að sjóntækjafræðingar séu enn sama sinnis, þ.e. vilji fá heimild til sjónlagsmælinga, með takmörkunum.

Sjóntækjafræðingar benda einnig á þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Stöðluð lesgleraugu sé hægt að kaupa á flestum bensínstöðum og stórmörkuðum. Að baki kaupum á slíkum sjónhjálpartækjum búa engar sjónlagsmælingar af hálfu augnlækna. Einstaklingurinn sjálfur annast sjónlagsmælinguna og kaupir gleraugu sem hann telur passa.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á 5. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að 1. mgr. 5. gr. falli brott, en þar segir nú: „Sjóntækjafræðingar annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ.e.a.s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra."

Eins og áður hefur komið fram hafa stöðluð gleraugu verið til sölu í stórmörkuðum og víðar um árabil og mæla kaupendur þá sjálfir hvaða styrkleika þeir telja sig þurfa. Með sama hætti hafa augnlæknar sem sjónmæla fyrir snertilinsum einnig annast sölu þeirra. Í samræmi við þessa þróun er lagt til að 1. mgr. 5. gr. laganna falli brott þannig að ljóst sé að aðrir en sjóntækjafræðingar megi annast almenna sölu fullunninna sjónhjálpartækja.

Í frv. er auk þess lagt til að ráðherra geti í reglugerð heimilað þeim sjóntækjafræðingum sem hafa fullnægjandi menntun að annast sjónmælingar. Gert er ráð fyrir að við mat á menntunarkröfum verði höfð hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í nágrannalöndum okkar til þeirra sem heimild hafa til sjónmælinga. Þá er gert ráð fyrir að sett verði í reglugerð ákvæði um að heimild til sjónmælinga nái ekki til nánar tilgreindra hópa, svo sem barna undir nánar tilteknum aldri, aldraðra og hópa sem taldir eru í sérstakri áhættu. Við samningu reglugerðar verður haft samráð við landlækni, augnlækna og sjóntækjafræðinga.

Augnlæknar hafa lýst áhyggjum sínum vegna þessara breytinga sem hafa verið til umræðu um nokkurt skeið. Er eðlilegt að þeir beri sjón- og augnheilsu landsmanna fyrir brjósti enda staðið í fararbroddi margra og árangursríkra aðgerða á þessu sviði. Ég tel því mikilvægt að leggja aukna áherslu á forvarnir og fræðslu um augnsjúkdóma sem hingað til hefur á vissan hátt verið tengt því að fólk sæki sér gleraugu. Mun ég beina því til landlæknis að fræðsla verði aukin um mikilvægi þess að leita til augnlækna ef fólk tilheyrir vissum áhættuhópum og aldurshópum. Einnig verður sjóntækjafræðingum skylt að vísa fólki í þessum hópum áfram til augnlækna. Á þennan hátt tel ég að sjúkdómaleit og fyrirbyggjandi aðgerðir í þágu augnheilsu landsmanna verði enn markvissari en nú er.

Virðulegi forseti. Í ræðu minni hef ég farið lauslega yfir aðdraganda þess að ég legg fram frv. til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga. Ég tel mikilvægt að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilr.- og trn. og til 2. umr.

[19:24]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga. Þar er aðallega um að ræða að ráðherra getur í reglugerð heimilað sjóntækjafræðingum, sem uppfylla nánar tilgreind menntunarskilyrði, að mæla sjón og fullvinna gleraugu.

Það er oft mikill hávaði í kringum þetta mál en það virðist greinilega vera búið að vinna mjög vel í málinu af hálfu landlæknis með því að kalla bæði fram sjóntækjafræðingana og augnlæknana. Það virðist vera orðin ákveðin sátt í þessu máli um hvernig eigi að fara með þetta og hvaða lendingu eigi að ná og er það vel. Það er mjög mikilvægt að við höfum í huga hvernig fyrirkomulag er hjá nágrannaþjóðunum, ekki síst vegna þess að við höfum ekki þessa menntun hér á landi, sjóntækjafræðingar eru fyrst og fremst menntaðir erlendis. Það kemur skýrt í ljós hjá Einari Stefánssyni prófessor í augnlæknisfræði þar sem hann tekur saman menntunarmismuninn. Það þarf líka alltaf að vera vel tryggt varðandi sjúkdómana, gláku og annað, að ekki sé verið að ana að neinu svo að það fari ekki á milli mála hvað er um að ræða.

Frumvarpið er nú til 1. umr. og ég fæ ekki betur séð en að nefndin eigi eftir að fara yfir gríðarlega mikið af gögnum. Ef þingmenn skoða greinargerð með frv. eru helstu gögn um 29 sem talin eru upp og þetta verður ekki mál sem verður flýtt sér með. En ég vil benda á mikilvægt atriði á bls. 10. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga, þeirra sem til þess fá leyfi, verði sem líkastar þeim sem nú gilda á hinum Norðurlöndunum. Í reglugerðinni yrðu því ákvæði sem takmörkuðu umfang sjónmælinga hjá sjóntækjafræðingum." Sjóntækjafræðingar mega ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki án fyrirsagnar augnlæknis til einstaklinga sem eru svo taldir upp. T.d. börn undir 12 ára aldri, fólk sem aldrei hefur farið til augnlæknis til athugunar á sjón, sjúklingar sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða aðra kvilla sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki, það þekkjum við afar vel. Sjúklingar sem eiga nána ættingja með gláku, fólk sem hefur náð 55 ára aldri og fólk sem hefur ekki betri sjónskerpu en $^{6}/_{12}$. Hafi sjón versnað skyndilega, séu takmarkanir á sjónsviði, sé einstaklingur rangeygður eða hafi tvísýni mega þeir heldur ekki meðhöndla viðkomandi.

Það er afar mikilvægt að ákveðnu samstarfi milli augnlækna og sjóntækjafræðinga sé komið á þegar þetta mál kemst í höfn og að það verði ekki hávaðameira en svo að við fylgjum eftir því sem gerist bæði á Norðurlöndunum og í Evrópu í þessum málum þannig að í rauninni geti þetta verið hinn eðlilegasti hlutur. Þetta er 1. umr. Það er mikil vinna í nefndinni við að kalla eftir gögnum og umsögnum um málið en mjög mikil vinna hefur verið unnin og ber að þakka fyrir hana. Það kemur greinilega fram í þeirri vinnu sem landlæknisembættið hefur lagt af mörkum.

[19:28]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hér fjöllum við um frv. til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga. Hæstv. heilbrrh. hefur kynnt frv. Víst er að það hafa verið uppi heitar deilur á milli sjóntækjafræðinga og augnlækna um starfssvið og réttindi, hvort sjóntækjafræðingum sé heimilt að mæla sjón og afgreiða sjóntæki, linsur og gleraugu, eða hvort þeir verði eingöngu að afgreiða sjóntæki eftir fyrirmælum frá augnlækni.

Það sem við eigum að hafa í huga er að augnlæknaþjónusta eða þjónusta við sjúklinga með augnsjúkdóma, sjónskekkju eða sjóngalla af hvaða toga sem er verði ekki verri en hún er í dag. Það hefur verið ákveðinn öryggisventill fyrir alla að eiga greiðan aðgang að augnlæknum til þess að fá mælda sjón því að þeir hafa skoðað sjúklinginn með tilliti til augnsjúkdóma í leiðinni, ekki eingöngu með tilliti til sjónmælinga heldur líka með tilliti til augnsjúkdóma. Auðvitað er þetta öryggisventill sem maður horfir til, ef á að fjölga þeim starfsgreinum sem mega mæla sjón og afgreiða sjóntæki sem eru linsur og gleraugu.

Það eru auk þess vissulega miklir hagsmunaárekstrar hjá þessum tveimur starfsstéttum. Það er auðvitað verið að taka spón úr aski augnlækna með því að leyfa annarri starfsstétt að sjá um sjónmælingarnar. Því er vandmeðfarið að fara bil beggja. Báðir aðilar hafa réttmætar kröfur sem taka verður tillit til og við munum fara yfir í hv. heilbr.- og trn. Það sem mér finnst skipta miklu máli, verði þetta frv. að lögum, er að gerðar séu mjög strangar kröfur til menntunar sjóntækjafræðinga og það sé alveg ljóst eins og hér hefur verið lesið upp, hvaða einstaklingar það eru sem þeim beri að vísa til augnlækna og hefur verið gerð grein fyrir tillögu um það efni. Eins að landlæknisembættið hafi skyldu til að vera með fræðslu í gangi jafnt og þétt til almennings um áhættuþætti, og þar ber gláku og sykursýki hæst, og að leita til augnlæknis, ekki bara til sjóntækjafræðinga, þegar verið er að mæla fyrir gleraugum.

Þetta er þá nýtt verkefni sem landlæknir hlýtur að fá ef frumvarpið verður að lögum. Svo þarf auðvitað að vera gott samstarf á milli augnlækna og sjóntækjafræðinga, að virðing sé borin fyrir störfum hvorrar starfsstéttar fyrir sig og sjúklingum vísað á milli þessara aðila. Ég tel að við þurfum að skoða þetta vel í heilbr.- og trn. Það hefur greinilega mikil vinna verið lögð í þetta frv. og skýr og góð greinargerð fylgir frv. í fskj. frá landlæknisembættinu sem á örugglega eftir að verða okkur góður vegvísir við afgreiðslu þessa máls. Það sem upp úr stendur er að ef þetta verður að lögum má það ekki verða til þess að það komi niður á sjónheilsu fólks í framtíðinni.

[19:33]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þykir dauflega tekið til orða hjá hv. þm. sem um þetta mál hafa talað. Það er kannski von vegna þess að stjórnarfrumvarpið sem um er rætt er skrýtið. Ég styð þá grundvallarhugsun sem mér sýnist vera í þessu máli, að auka rétt almennings til að leita til sjóntækjafræðinga og leysa sjóntækjafræðinga, sjónmælingar og almenning undan þeirri einokun læknastéttarinnar sem hingað til hefur ríkt á þessu sviði.

Ég tel nokkuð augljóst að það þurfi ekki langskólagenginn augnlækni á ofurlaunum til að mæla sjón, leysa úr gleraugnaskorti og sjá hvort eitthvað kunni að vera að augum í fólki, að það geti sjóntækjafræðingur með tilskilda menntun auðvitað gert með því að skoða resept og greiningar sem áður hafa farið fram. Mér finnst einfalt að sjóntækjafræðingum, sem auðvitað á að gera ákveðnar menntunarkröfur til, sé falið að vísa til læknis ef eitthvað kemur upp á og að þeir hafi ákveðna ábyrgð í því efni. Ég held að þetta sé liður í að losna við það sérfræðingaveldi í heilbrigðismálum sem hefur reynst okkur dýrt og óhagkvæmt. Það er dýrt fyrir samfélagið og óþægilegt fyrir neytandann. Auðvitað verður að fara varlega og vega bætta þjónustu á móti því öryggi sem þarf að vera til staðar.

Ég skil ekki alveg þetta frv. Sennilega er hæstv. ráðherra að reyna að finna málamiðlun í orðalagi frv. Þetta er eins og með hundahaldið í Reykjavík. Það er fyrst bannað og síðan leyft í nokkurn veginn sömu setningunni. Hér segir að sjóntækjafræðingar verði að fara að tilvísun eða forskrift augnlæknis en síðan segir í næstu grein að heimila eigi ákveðnum sjóntækjafræðingum að gera ákveðna hluti. Ég tel að þetta eigi heilbrn. að skoða og snúa orðalaginu við þannig að sjóntækjafræðingar hafi ákveðinn rétt sem síðan yrði skilyrtur. Það tel ég réttara í þessu máli.

Þetta er auðvitað augljóst, maður þarf ekki að vera háskólagenginn eða langþingreyndur til að sjá að ef við erum öðruvísi en allar aðrar þjóðir á Norðurlöndum á þessu sviði þá er sennilegra að þær þjóðir hafi rétt fyrir sér en við. Hér hefur þetta tíðkast að því er ég tel vegna pólitísks styrks augnlækna og faglegs styrks og vegna þess að okkur stjórnmálamönnum er ekki nægilega tamt að taka mark á vilja neytenda og þörfum samfélagsins. Menn hlaupa hins vegar út og suður eftir hagsmunum ef þeir eru studdir einhvers konar fræðum sem menn sjá stundum ekki í gegnum.

Ég vona að nefndin taki þetta til athugunar en óska frv. góðs gengis að öðru leyti í gegnum þingið.

[19:37]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Loksins, loksins. Það eru viðbrögð mín við þessu frv. Ég sá fyrst glitta í það þegar ég var í stjórnarliði 1993, fyrir um 10 árum, en ekki tókst að koma því fram á þeim tíma. Ég er alveg sammála þessu frv. eins og það er lagt fram. Ég hef engar áhyggjur af einstökum setningum eða orðalagi eins og hv. þm. Mörður Árnason. Ég treysti hv. heilbr.- og trn. til að fara vel yfir þetta mál og finna ásættanlega niðurstöðu.

Fyrir mér er þetta ekki bara heilsufarslegt mál heldur líka neytendamál. Það skiptir miklu máli í samfélagi okkar í dag að fólk eigi völ á þeirri þjónustu sem sjóntækjafræðingar bjóða upp á. Þær heimildir sem ráðherra fær samkvæmt frv. tel ég góðar. Ég tel rétt að fara þá leið til að byrja með og sjá hver reynslan af því verður. Það er vel hugsanlegt að í krafti hennar verði hægt að slaka á þeim skilyrðum sem sett eru í frv. þegar fram í sækir.

Ég tel þetta tímabært frv. og að við hefðum átt að vera búin að samþykkja það fyrir lifandis löngu. Það er ýmiss konar þrýstingur, sem ég varð berlega var við þegar ég kom að þessu máli fyrr á árum í upphafi þingsetu minnar, sem hefur orðið þess valdandi að það hefur ekki tekist að ná þessu máli í gegn. Ég held að sú gerð málsins sem hæstv. ráðherra leggur fyrir sé þess eðlis að allir geti vel við unað, augnlæknar og sjóntækjafræðingar en ekki síst við neytendur.

[19:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum góðar undirtektir við þetta frv. Það er rétt að hér er viss málamiðlun á ferðinni sem við höfum verið að undirbúa það sem af er þessu ári. Það er sjálfsagt að heilbr.- og trn. fari vandlega yfir þetta frv.

Málið er umdeilt og í því er m.a. tekist á um hagsmuni, það er alveg rétt. Ég tel að uppsetning frv. sé sanngjörn og að þar sé reynt að halda í öryggið varðandi augnheilsu landsmanna. Það er grundvallaratriðið, að við stofnum ekki heilsunni í meiri voða en nú er. Við þurfum að skoða það mjög vel hvernig við getum tryggt að augnheilsa landsmanna bíði ekki skaða af. Ég tel að þessi uppsetning tryggi það og sú reglugerðarsetning sem kemur í kjölfar frv. Í greinargerðinni er teiknað upp hvernig sú reglugerð mundi líta út en ég endurtek að það er sjálfsagt að nefndin skoði þetta mál vandlega áður en það verður að lögum.

Ég held að það sé mál til komið að lögfesta þessa breytingu. Það er alveg rétt sem hv. 1. þm. Reykv. n. sagði, að þetta mál er búið að vera lengi í farvatninu. Um það hafa staðið harðar deilur. Sjálfsagt eru þær ekki á enda leiddar en ég tel að hér sé farin sanngjörn leið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 341. mál (tryggingaráð, skipulag TR o.fl.). — Þskj. 415.

[19:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, og lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Markmiðið með frv. þessu er að ljúka lagfæringum á ýmsum ákvæðum laga um almannatryggingar og um félagslega aðstoð, m.a. vegna annarra breytinga sem gerðar hafa verið á þessum og öðrum lögum á undanförnum árum. Með frv. er því að mestu lokið við að endurskoða ákvæði sem varða skipulag Tryggingastofnunar ríkisins og starfsemi. Þó verður að hafa í huga að lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og því verkefni verður seint eða aldrei lokið.

Tryggingastofnun ríkisins gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í velferðarkerfi Íslendinga. Má geta þess að útgjöld til almannatrygginga sem Tryggingastofnun ríkisins annast námu tæpum 47 milljörðum kr. á árinu 2002. Þá veitti stofnunin rúmlega 66 þúsund manns þjónustu vegna lífeyristrygginga.

Þjónusta Tryggingastofnunar grundvallast á lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð, um fæðingar- og foreldraorlof, um heilbrigðisþjónustu og lögum um sjúklingatryggingu. Viðskiptavinum lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins hefur fjölgað um 45% frá árinu 1992. Vegna þessa þýðingarmikla hlutverks Tryggingastofnunar ríkisins er mikilvægt að hafa skýr ákvæði í lögum um starfsemi stofnunarinnar og skipulag.

Þá er jafnframt æskilegt að veita stofnuninni ákveðið svigrúm til að skipuleggja sín innri mál. Frv. er ætlað að koma til móts við þau sjónarmið. Í núgildandi lögum eru ýmis ákvæði sem kveða á um deildaskiptingu Tryggingastofnunar og hver verkefni tiltekinna deilda stofnunarinnar skuli vera. Í frv. er lagt til að þessi ákvæði verði felld brott þar sem þau samrýmast ekki núgildandi viðhorfum til þess hvað eigi að vera í lögum um innra skipulag stofnana. Telja verður eðlilegra að forstöðumaður sem ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar hafi ákveðið svigrúm til að ákveða innra skipulag og starfsemi. Starfsemin verður þó að vera innan ramma þeirra laga sem stofnunin á að starfa eftir og fjárheimilda.

Í frv. eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laganna sem er í samræmi við þá stefnu sem hefur verið mörkuð, að reglugerðarvald sé hjá ráðherra.

Þá gerir frv. ráð fyrir að ráðherraskipuð nefnd sem ákveður hvort sjúkratryggður einstaklingur skuli fara til meðferðar í erlendu sjúkrahúsi þegar ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi verði lögð niður. Nefnd þessi hefur gengið undir nafninu siglinganefnd. Núgildandi ákvæði eru orðin mjög úrelt en þar segir að ráðherra skuli skipa í nefndina tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann á Landakoti. Ekki er lengur talin þörf á að hafa sérstaka nefnd til að gegna þessu hlutverki heldur er talið eðlilegra að Tryggingastofnun ríkisins taki ákvörðun um vistun á erlendu sjúkrahúsi. Gert er ráð fyrir að læknar stofnunarinnar gegni því hlutverki og kalli til þá sérfræðinga sem þarf hverju sinni til að meta hvort unnt er að veita þjónustuna hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá formanni siglinganefndar er í meira en helmingi tilvika enginn vafi á því hvort eða hvert eigi að senda sjúkling til meðferðar erlendis. Í öðrum tilvikum þarf að leita eftir ráðgjöf viðeigandi sérfræðilækna og er reiknað með að stofnunin geri það.

Tryggingastofnun ríkisins hefur í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús ákveðið í nokkrum tilvikum að fá sérfræðilækna frá útlöndum til að meðhöndla sjúklinga hér á landi. Hefur þetta úrræði gefist vel og hafa stofnanirnar skipt kostnaði við slíka meðferð á milli sín. Lagt er til að heimild verði sett í lög til að greiða fyrir slíkri meðferð og má gera ráð fyrir að sjúklingar kunni því vel að geta fengið þjónustu hér á landi en þurfi ekki að sækja hana til útlanda. Gert er ráð fyrir að frv. hafi óveruleg áhrif á kostnað við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins og lögin taki gildi þegar í stað.

Virðulegi forseti. Lög um almannatryggingar og félagslega aðstoð þurfa að vera í sífelldri endurskoðun. Ein umfangsmesta breyting sem gerð hefur verið á lögunum frá gildistöku þeirra var samþykkt á Alþingi vorið 2002. Með lögum nr. 74/2002, um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni fatlaðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum. Tryggingastofnun ríkisins er að undirbúa framkvæmd nokkurra ákvæða þeirra laga sem eiga að taka gildi 1. janúar 2004. Breytingar sem gert er ráð fyrir í frv. eru orðnar mjög brýnar og yrðu í framhaldi þeirrar endurskoðunar sem farið hefur fram undanfarin ár.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[19:46]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Frú forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Ég ætla svo sem ekki að lengja mjög tíma þingsins núna enda er þetta 1. umr. um frv. og það á eftir

að vera nokkra mánuði í heilbr.- og trn. þar sem við munum skoða það nánar.

Það má kannski segja sem svo að þetta sé lokahreingerning hvað varðar t.d. tryggingaráð og ýmsar greinar í gömlu lögunum um innviði stofnunarinnar og annað sem verið er að laga til í. Uppistaðan er mjög gömul lög sem hafa kannski ekki endilega staðist það sem er að gerast í dag eins og hæstv. ráðherra benti á. Miðað við það sem ég hef verið að kynna mér er ég eiginlega sammála flestum þeim breytingum sem hérna eru lagðar til. Ég hygg hins vegar að nefndin muni skoða ýmsa fleiri þætti.

Það er eitt sem ég hef strax örlitlar áhyggjur af og það er ef við leggjum siglinganefndina af. Það sem skiptir mjög miklu máli er ef sérfræðiálit skarast, þ.e. álit sérfræðings sjúklings og síðan álit Tryggingastofnunar, upp á það að unnið sé mjög vel úr þeim málum. Kannski þurfum við þá líka að skoða áfrýjunarnefndina og við mundum eflaust gera það í nefndinni upp á það að þetta samhengi verði dálítið skilvirkara og hraðvirkara en það hefur verið. Mér finnst aðallega mikilvægt að þetta sé sjúklingavænt.

Núna er verið að breyta tryggingaráði af því að það hlutverk hefur gengið sér til húðar en ég vil að við í nefndinni skoðum hvort ekki eigi að vera stjórn yfir stjórninni í þessari stofnun og þá gætum við bara gert það og fengið álit sérfræðinga á því. Mér finnst t.d. mjög nærtækt að hugsa um Íbúðalánasjóð og fleiri slíkar stofnanir þannig að ég held að við eigum að skoða það af fullri alvöru í nefndinni að tryggingaráð geti orðið þessi stjórn stofnunarinnar sem geti tekið fyrir ýmsa innanhússþætti sem þurfa ekkert endilega að fara alla leið til ráðherra. Ég held að þetta sé eitthvað sem við eigum að skoða með mjög opnum huga, herra forseti, í nefndinni og fá svolítið hugmyndaflæði, samanburð við aðrar stofnanir og hvaða gagn slíkar stjórnir hafa gert. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við séum ekki að lengja í boðleiðum fyrir þá sem þurfa að nýta sér stofnunina. Það er aðalatriðið. Sú tilhneiging hefur verið ráðandi að færa stofnunina nær fólkinu og það er einmitt sú tilhneiging sem er hér. Það er ekki verið að lengja í boðleiðunum, það er verið að stytta þær og þétta, en við verðum alltaf að hugsa aðeins lengra. Það verður líka að vera mjög stutt fyrir skjólstæðinga og notendur stofnunarinnar.

Það er spennandi vinna fram undan í hv. heilbr.- og trn. og hlakka ég til.

[19:50]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er þetta að mestu leyti til lagfæringar og snurfus á lögum um almannatryggingar, Tryggingastofnun ríkisins, og það með tilliti til skipurits Tryggingastofnunarinnar. Að mörgu leyti er verið að færa þetta til nútímalegri stjórnunarhátta. Það er sem sé verið að sneiða hjá því að binda um of starfshætti stofnunarinnar í lög eins og er í dag. Þetta tel ég allt af hinu góða.

Eins er rétt að ráðherra setji reglugerðir og felli út heimild tryggingaráðs sem er að vísu lagt til að verði lagt niður. Ég tel rétt að reglugerðir séu alfarið á ábyrgð og í hendi ráðherra.

Hæstv. forseti. Það er búið að breyta skipuritum opinberra stofnana þannig að forstjórar stofnana heyra beint undir ráðherra. Við breyttum lögum um heilbrigðisstofnanir þannig að stjórnir þeirra hafa verið lagðar af nema hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem er eina heilbrigðisstofnunin sem enn hefur stjórn. Ég held að við höfum öll verið sammála um að miðað við umfang og eðli þeirrar stofnunar væri óráðlegt að leggja niður stjórnina. Að vísu var ég ósammála því að leggja niður stjórnirnar hjá hinum heilbrigðisstofnununum en um þetta erum við þá sammála. Og ég tel að við eigum að horfa til Tryggingastofnunar ríkisins með sama hugarfari og hafa sömu hugsun að baki hvað varðar tryggingaráð, að það verði áfram tryggingaráð eða stjórn, a.m.k. að við hlið forstjórans sé stjórn eða ráð sem er honum leiðbeinandi í ákveðnum málum og leiðbeinandi fyrir ráðherra sem setur þá reglugerðir. Ég held að miðað við umfang og eðli stofnunarinnar sé ansi einmanalegt fyrir forstjórann að vera einn á toppnum. Hann þarf eins og aðrir að hafa stjórn sér til stuðnings og ég tel að stjórn eða ráð Tryggingastofnunar eigi áfram að hafa, eins og það hefur í dag, ákveðið eftirlitshlutverk, vera fulltrúi umbjóðenda stofnunarinnar og vera til ráðgjafar fyrir forstjórann, vera ráðgefandi fyrir ráðherra og að þetta sé nefnd þótt hún hafi ekki stjórnunarlega stöðu. Þar sem forstjórinn hefur lokaorðið og heyrir beint undir ráðherra tel ég að það sé þetta sem við þurfum að skoða mjög vel í nefndinni, hvernig boðleiðirnar eru, hvernig skipuritið er og hvort ekki sé rétt að Tryggingastofnun ríkisins hafi ráð eða stjórn og hvert hlutverk hennar eigi þá að vera. Úr því að okkur þótti eðlilegt að Landspítali – háskólasjúkrahús hefði stjórn áfram þrátt fyrir að þar væri forstjórinn alls ráðandi einstaklingur tel ég ekki síður að Tryggingastofnun ríkisins þurfi á slíkri stjórn eða ráði að halda.

[19:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna um þetta frv. og jákvæðar undirtektir við það. Ég vil taka fram að við eigum að hafa það sem grundvallaratriði að boðleiðir séu skýrar og eins stuttar og vera má fyrir neytandann, eða þolandann í þessu tilfelli. Ég er sammála því að skoða ákvæðin um siglinganefndina þannig að það sé alveg ljóst að boðleiðir séu þar skýrar og viðunandi fyrir þolandann eins og ég kalla hann.

Varðandi hlutverk tryggingaráðs hef ég ekki í hyggju að leggja það af. Þess vegna þurfum við að fara yfir hlutverk þess. Það hefur breyst í tímans rás. Hvort hlutverk tryggingaráðs ætti að vera eftirlitshlutverk eða stjórnunarhlutverk fyrir stofnunina er ég tilbúinn að skoða í samstarfi við heilbr.- og trn. og hef ætlað mér reyndar að skoða það í ráðuneytinu í framhaldi af þessum breytingum. Það er nauðsynlegt að efla tryggingaráð og skapa því nýtt hlutverk í samræmi við nútímastjórnunarhætti. Ég er tilbúinn til allrar samvinnu um það og reyndar hef ég rætt það í ráðuneyti mínu að við þurfum að fara í þessa vinnu.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og veit að nefndin vandar að venju yfirferðina yfir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–18., 21. og 25. mál.

Fundi slitið kl. 19:58.

40. FUNDUR

miðvikudaginn 3. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tryggingagjald, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 402 og 457. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Sjóntækjafræðingar, stjfrv., 340. mál, þskj. 414. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Íslenska táknmálið, frv., 374. mál, þskj. 499. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frv., 375. mál, þskj. 500. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Starfsumgjörð fjölmiðla, þáltill., 366. mál, þskj. 485. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:

Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suður.

[Fundarhlé. — 13:30]

[13:51]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 537; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 538.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frestun þingfundar.

[13:51]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að leggja eina spurningu fyrir hæstv. forseta: Hverju sætir það að þingfundi hefur verið frestað nú í tvígang, þ.e. í 22 mínútur? Það var boðað til þingfundar kl. 13.30 og tvisvar hefur honum verið frestað. Ég spyr hæstv. forseta hverju það sæti að í tvígang hafi þurft að fresta fundi.

[13:52]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil upplýsa að það er vegna þess að mér seinkaði og ég hef þess vegna valdið þessum töfum á þingstörfum.

[13:52]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill vegna þessarar fyrirspurnar upplýsa að beiðni kom fram um að nokkrir þingmenn sem voru seinir fyrir ættu þess kost að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu og forseti varð við því.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89, nál. 402 og 457.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

1. gr. samþ. með 30:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

5 þm. (BjarnB, BH, GHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiðir atkvæði gegn þessu frv. Það gerum við að sjálfsögðu samkvæmt sannfæringu okkar eftir rækilega skoðun á frv. en ég vil vekja athygli þingsins á því að hér erum við samstiga gervallri verkalýðshreyfingunni á Íslandi sem lítur á þetta frv. sem kjaraskerðingu, sem skerðingu á lífeyrisréttindum. Verkalýðshreyfingin hefur einnig bent á að það sé óráðlegt á þenslutímum eða tímum þar sem þensla er fyrirsjáanleg í efnahagslífinu að draga úr hvata til sparnaðar. Það gerir þetta frv.

[13:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi ríkisstjórn hóf þingveturinn með því að lofa gríðarlegustu skattalækkunum sem nokkurn tíma hefur heyrst af. Hvernig efnir hún það? Hún efnir það með því að láta lið sitt samþykkja m.a. þetta frv. sem felur í sér kjaraskerðingu, auknar álögur sem nema 580 millj. Hún efnir það líka með því að hækka bensíngjald, með því að hækka þungaskatt og með því að lækka vaxtabætur. Þannig byrjar þessi ríkisstjórn að efna loforð sín. Hún svíkur allt það sem hún sagði um skattalækkanir. Samf. greiðir að sjálfsögðu atkvæði gegn þessu frv.

[13:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við göngum núna til atkvæða um eitt af frv. ríkisstjórnarinnar sem gengur algjörlega í berhögg við þá stefnu sem ríkisstjórnarflokkarnir boðuðu í kosningabaráttunni. Hér er verið að auka álögur og taka af þær uppbætur sem lífeyrisþegar hafa fengið í gegnum tryggingagjaldið. Álögur voru einnig auknar á almenning fyrir nokkrum dögum í sambandi við bensíngjaldið og eina skattalækkunartillaga ríkisstjórnarinnar er um séreignarskatta á hátekjur. Þetta er í algjörri andstöðu við það sem ríkisstjórnin var kosin út á. Frjálsl. mun greiða atkvæði gegn þessari tillögu.

2. gr. samþ. með 30:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, StB, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, SigurlS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
5 þm. (BjarnB, BH, GHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:11 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, StB, VS, ÖB, ÖS.
nei: ÁF, GMJ, GAK, HlH, JBjarn, KolH, LB, SigurlS, VF, ÞBack, ÖJ.
5 þm. (BjarnB, BH, GHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Sjóntækjafræðingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 340. mál (sjónmælingar og sala tækja). — Þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 341. mál (tryggingaráð, skipulag TR o.fl.). — Þskj. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Íslenska táknmálið, frh. 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 374. mál. — Þskj. 499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frh. 1. umr.

Frv. SigurlS, 375. mál. — Þskj. 500.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Starfsumgjörð fjölmiðla, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁI o.fl., 366. mál. — Þskj. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Till. vísað til síðari umr. með 58 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:59.

---

41. FUNDUR

miðvikudaginn 3. des.,
að loknum 40. fundi.

Dagskrá:

Til iðnaðarráðherra:

1. Rannsóknir á setlögum við Ísland, fsp. GHall, 355. mál, þskj. 474.

Til viðskiptaráðherra:

2. Starfskjör á fjármálamarkaði, fsp. JóhS, 347. mál, þskj. 421.

3. Kvótamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna, fsp. JÁ, 349. mál, þskj. 425.

4. Kaupréttarsamningar, fsp. JóhS og ÁF, 378. mál, þskj. 504.

Til umhverfisráðherra:

5. Frágangur efnistökusvæða, fsp. GÓJ, 168. mál, þskj. 170.

6. Náttúruverndaráætlun, fsp. GÓJ, 169. mál, þskj. 171.

7. Þing aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, fsp. KolH, 379. mál, þskj. 505.

Til samgönguráðherra:

8. Færsla Hringbrautar í Reykjavík, fsp. GÓJ, 172. mál, þskj. 174.

9. Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, fsp. GÓJ, 173. mál, þskj. 175.

10. Sundabraut, fsp. GÓJ, 174. mál, þskj. 176.

11. Farsímakerfið, fsp. ÁSJ, 221. mál, þskj. 234.

12. Nettenging lítilla byggðarlaga, fsp. KLM, 350. mál, þskj. 463.

13. Gangagerð og safnvegaframkvæmdir, fsp. ÖB, 363. mál, þskj. 482.

Til heilbrigðisráðherra:

14. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, fsp. ÁSJ, 222. mál, þskj. 235.

15. Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, fsp. ÁMöl, 240. mál, þskj. 260.

16. Heilbrigðisþjónusta við útlendinga, fsp. ÁMöl, 241. mál, þskj. 261.

Til dómsmálaráðherra:

17. Málaskrá lögreglu, fsp. GÓJ, 230. mál, þskj. 250.

18. Skipan löggæslumála, fsp. ÖB, 362. mál, þskj. 481.

19. Rýmingar- og björgunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, fsp. ÁRJ, 369. mál, þskj. 493.

20. Fjarskiptamiðstöð lögreglu, fsp. ÁRJ, 371. mál, þskj. 495.
21. Samræmt fjarskiptakerfi, fsp. ÁRJ, 368. mál, þskj. 492.
22. Stjórnstöðin í Skógarhlíð, fsp. ÁRJ, 370. mál, þskj. 494.
23. Neyðarlínan, fsp. ÁRJ, 372. mál, þskj. 496.

Til félagsmálaráðherra:

24. Búsetuúrræði fyrir geðfatlaða, fsp. ÁMöl, 242. mál, þskj. 262.

Til landbúnaðarráðherra:

25. Ferðaþjónusta bænda, fsp. ÖB, 361. mál, þskj. 480.

Rannsóknir á setlögum við Ísland.

Fsp. GHall, 355. mál. — Þskj. 474.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Það hefur mátt lesa um það í fjölmiðlum nú undanfarið að erlendir aðilar, nánar tiltekið rússneskir vísindamenn, hafa verið að rannsaka hafsbotn og setlög við Norðurland. Ekki eru mörg ár síðan sett voru sérstök lög sem vísa til þeirra laga sem erlendis eru vegna leitar á hafsbotni og olíu- og gasvinnslu. Þau ánægjulegu tíðindi gerðust þegar hæstv. viðskrh. lagði fram frv. sem samþykkt var árið 2001 á Alþingi til að aðlaga störf erlendra aðila að íslenskum lögum hvað áhrærir leit í setlögum við Ísland.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. iðnrh.:

1. Hvaða erlend fyrirtæki hafa sótt um leyfi til iðnaðarráðuneytisins um rannsóknir á setlögum við Ísland sl. þrjú ár?
2. Hafa fyrirtæki hafið rannsóknir á setlögum innan efnahagslögsögunnar og ef svo er, á hvaða svæðum?
3. Hverjar eru helstu niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið?
4. Hvert verður framhald rannsókna á setlögum við Ísland og hvert er hlutverk Íslenskra orkurannsókna?
5. Hvað þarf mikið fjármagn og vinnu til að fá fullnægjandi vitneskju um hvort olíu og/eða gas sé að finna úti fyrir Norðurlandi?
6. Telur ráðherra að lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, séu sambærileg við lög annarra ríkja þar sem erlend félög vinna að rannsóknum á setlögum í tengslum við vinnslu olíu og gass?

[14:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sem svör við fyrirspurnum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar vil ég segja eftirfarandi:

1. Tvö fyrirtæki hafa sótt um og fengið leyfi til leitar að olíu og jarðgasi í íslenskri efnahagslögsögu, InSeis sem fékk þriggja ára leyfi útgefið 19. júlí 2001 og TGS-NOPEC sem fékk eins mánaðar leyfi gefið út 24. apríl árið 2002. Leyfin taka til leitar á Jan Mayen-svæðinu.

Kolvetnislögin gera greinarmun á leyfi til leitar annars vegar og leyfi til rannsókna og vinnslu hins vegar. Ekki hefur enn komið til álita að veita rannsóknaleyfi enda má segja að leitin sé nýhafin.

2. Bæði framangreind fyrirtæki hafa stundað leit samkvæmt leyfum sínum. Mælingasvæði InSeis nær frá lögsögumörkunum við Jan Mayen og suður að 67. breiddargráðu. Fyrirtækið mældi 2.800 km með hljóðendurvarpsmælingum árið 2001. Mælingasvæði TGS-NOPEC liggur þar fyrir sunnan, á syðsta hluta Jan Mayen-hryggjar og landgrunni Austurlands. Fyrirtækið mældi 800 km með hljóðendurvarpsmælingum árið 2002.

3. Helstu niðurstöður mælinganna eru að mjög þykk setlög eru á Jan Mayen-svæðinu og greinilegur skyldleiki milli þeirra og setlaga á landgrunni Vestur-Noregs og Austur-Grænlands. Jafnframt hefur komið í ljós skyldleiki við jarðfræði Hjaltlandsrennunnar við Færeyjar, meiri en áður var talið. Þá hafa fundist vísbendingar um svæði sem gætu hugsanlega vakið áhuga olíufyrirtækja á frekari athugunum, þar með töldum borunum.

4. Frumkvæði að rannsóknum á setlögum við Ísland liggur að mestu hjá einkaaðilum. Framhald rannsókna fer eftir tvennu, framhaldi leitar og því hvort rannsóknir með borunum hefjist. Olíuleitarfyrirtækin telja ekki tímabært að halda mælingum áfram að sinni þar sem enn hefur ekki tekist að selja þau gögn sem aflað var í leiðöngrunum 2001 og 2002. Viðræður ráðuneytisins við tengda aðila hafa þó leitt í ljós að vaxandi áhugi er á að ráðast í borun á Jan Mayen-svæðinu sem yrði fjármögnuð í samstarfi einkaaðila. Áður en kemur til veitinga rannsókna- og vinnsluleyfa þarf að huga nánar að skilmálum og fyrirkomulagi. Stjórnvöld þurfa að tryggja að starfsemin verði þjóðhagslega hagkvæm, fari fram í sátt við umhverfið og að vinnuöryggi sé tryggt. Iðnrn. er með þessi mál til skoðunar, sérstaklega þann þátt sem snýr að því að undirbúa veitingu rannsókna- og vinnsluleyfa. Íslenskar orkurannsóknir hafa veitt og munu áfram veita stjórnvöldum ráðgjöf á grunni sérþekkingar sinnar. Eftirlit og varðveisla gagna er hins vegar í höndum Orkustofnunar samkvæmt kolvetnislögunum.

5. Ekki er hægt að gefa beint svar við spurningunni um kostnað og vinnu við að fá fullnægjandi vitneskju um hvort olíu eða gas sé að finna úti fyrir Norðurlandi. Olíu- og gasleit fer fram í þrepum. Þegar hún hefst er yfirleitt mikil óvissa um möguleika til að finna olíu eða jarðgaslindir og um kostnaðinn við að finna þær og vinna. Leitin miðar einmitt að því að draga úr óvissunni í skilgreindum þrepum með rannsóknum og kostnaðurinn vex í hverju þrepi. Fullvissa um hvort olíu eða jarðgas sé að finna úti fyrir Norðurlandi í vinnanlegu magni mun einungis fást með borunum sem valinn hefur verið staður með undirbúningsrannsóknum.

Landgrunn Norðurlands hefur nokkra sérstöðu meðal leitarsvæðanna á landgrunni Íslands. Þetta er eina svæðið þar sem íslensk stjórnvöld hafa sjálf gengist fyrir leit. Markmið hennar hefur verið að bæta vitneskju um setlagasvæðin á landgrunninu frá Öxarfirði yfir í Eyjafjarðarál í þeirri von að líkurnar á olíu eða jarðgasi ykjust nægilega mikið til að áhugi annarra vaknaði á frekari leit. Áður en rannsóknirnar hófust árið 1999 var talið að líkurnar væru um einn á móti tólf. Iðnrn. hefur varið um 27 millj. kr. til rannsóknanna en niðurstöður þeirra eru um margt áhugaverðar og ljóst að líkurnar eru meiri en álitið var í upphafi. Stefnt er að því að ljúka þessum undirbúningsrannsóknum innan tveggja eða þriggja ára og leggja mat á framhaldið á grundvelli þeirra niðurstaðna sem þá munu liggja fyrir.

6. Við samningu íslensku kolvetnislaganna var sérstaklega tekið mið af þeirri löggjöf sem gildir í Færeyjum en einnig höfð hliðsjón af löggjöf Norðmanna, Grænlendinga og annarra nágrannaþjóða. Lögin eru sambærileg við lög þessara þjóða.

[14:07]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna spurningum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um það áhugaverða verkefni sem hér um ræðir og er rannsóknir á setlögum fyrir Norðausturlandi. Ég hef þá trú að hér sé um virkilega áhugavert verkefni að ræða sem geti skipt miklu máli fyrir atvinnumál á því svæði.

Ég vil jafnframt fagna þeim mikla áhuga sem iðn.- og viðskrh. hefur sýnt þessu málefni. Það skiptir gríðarlega miklu máli. Við þurfum ekki að horfa nema til nágrannalanda okkar, svo sem Noregs, til að sjá hversu miklar þjóðargersemar þessar auðlindir eru. Það ber að nýta þessar auðlindir í þágu okkar ef þær eru þar fyrir hendi. Ég hvet hæstv. iðnrh. og viðskrh. áfram í því efni að rannsaka þetta mál betur.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hér komu og jafnframt síðasta ræðumanni fyrir orð hans. Það er áhugavert og athyglisvert að skoða forsögu leitar að olíu og gasi í Norðursjó. Það kom fram hjá vísindamönnum hér á árum áður að enginn skyldi láta sér detta það í hug, hvað þá láta sig dreyma um það, að olíu eða gas væri að finna á Norðursjávarsvæðinu. En reyndin hefur orðið allt önnur.

Menn hafa líka rætt um að nauðsynlegt væri að reyna boranir í Grímsey. Það voru hafnar boranir í Flatey á Skjálfanda. En því miður bilaði borinn þegar borað hafði verið nokkur hundruð metra þannig að ekki var því verki lokið og væri full ástæða til þess að skoða það enn frekar.

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði hér fyrir líklega einu og hálfu ári síðan að dýptarmælingar sem þá höfðu farið fram á vegum Sjómælinga Íslands gerðu það að verkum að nú væri miklu einfaldara og ódýrara að rannsaka þau setlög sem þykkust eru og þar sem líkurnar eru mestar.

Virðulegi forseti. Ég tel fulla ástæðu fyrir okkur Íslendinga að leggja meira fjármagn og meiri vinnu í að gera olíuleit enn eftirsóknarverðari. Hins vegar kom hæstv. iðnrh. að því í máli sínu áðan að þegar væri vaxandi áhugi erlendra aðila á olíuleit og borun, að vísu ekki hér við strendur Íslands heldur á Jan Mayen-svæðinu. Vonandi verður hægt að vinna enn frekari gögn til þess að vekja athygli og áhuga erlendra aðila á svæðinu frá Öxarfirði til Eyjafjarðar og þá auðvitað Grímsey og Flatey og þeim rannsóknum sem þar liggja fyrir nú þegar. En auðvitað þarf að vinna betur til þess að gera markaðsvöruna eftirsóknarverðari.

[14:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli. Mig langar aðeins til þess að fara betur yfir niðurstöður rannsóknanna úti fyrir Norðurlandi sem eru í stuttu máli eftirfarandi:

1. Jarðgas sem inniheldur vott af kolagasi leitar til yfirborðs víða á söndum Öxarfjarðar.

2. Líklegt er að kolagasið sé myndað við fergingu og upphitun surtarbrands í berggrunninum undir söndunum. Staðfest er að surtarbrandslög á Tjörnesi geta gefið af sér sams konar gas.

3. Sýnt hefur verið fram á að jarðgas er til staðar í jarðlögum á botni Skjálfanda og að það leitar upp til yfirborðs á vissum stöðum. Vonir standa til að þetta gas innihaldi kolagas myndað við afgösun surtarbrands. En það hefur ekki fengist staðfest.

Olíufyrirtækjum hefur verið kynntur framgangur rannsóknanna á landgrunni Norðurlands eftir því sem tilefni hefur gefist til þannig að ég tel að stjórnvöld standi sig svona bærilega í þessu máli. Ég ítreka að þetta mál er mjög áhugavert. Maður er nú feimin við að vekja upp allt of miklar vonir en það er alveg hægt að fullyrða að ástæða er til þess að rannsaka þetta frekar. Eins og kom fram í fyrri ræðu minni þá hefur iðnrn. lagt nokkra fjármuni til verksins. Eftir um það bil tvö ár á þetta mál allt að vera miklu skýrara og þá þarf væntanlega að átta sig á hvað ástæða er til þess að gera í framhaldinu.

Starfskjör á fjármálamarkaði.

Fsp. JóhS, 347. mál. — Þskj. 421.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Eins og flestum er kunnugt setti Kauphöllin snemma á þessu ári reglur um upplýsingaskyldu um starfskjör stjórnenda fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllinni. Þær áttu að taka gildi núna á miðju þessu ári. Reglur þessar lúta að því eða stærstu breytingarnar eru þær að birta á ítarlegar upplýsingar um launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda. Sömuleiðis á að birta ítarlegar upplýsingar um kaupréttarsamninga og sambærilega samninga æðstu stjórnenda. Þá er einnig krafist upplýsinga um óvenjulega ráðninga- og starfslokasamninga æðstu stjórnenda og samninga um lífeyrisréttindi umfram það sem venjulegt er.

Nýmæli í þessum reglum er líka að þessi upplýsingagjöf nær til einstaklinga en ekki hóps að því er varðar stjórnendurna og einnig á að birta upplýsingar um hóp annarra stjórnenda, aðra en falla undir æðstu stjórnendur sem og þóknun endurskoðenda.

Herra forseti. Þetta er allt til mikillar fyrirmyndar og hefði átt fyrir löngu að vera búið að innleiða slíka upplýsingaskyldu og gegnsæi eins og gert er með þessum reglum sem Kauphöllin hefur nú sett.

Ég hef nokkuð gengið eftir því við hæstv. viðskrh., bæði á síðasta þingi og þessu, hvort hún teldi ekki rétt að slíkar reglur væru settar um starfskjör stjórnenda lífeyrissjóða enda eðlilegt að lífeyrissjóðirnir sem eru í eigu fólks á vinnumarkaðinum eigi rétt á að fá slíkar upplýsingar og að þær séu birtar opinberlega. Hæstv. ráðherra hefur reyndar aldrei útilokað slíkt en aldrei viljað beina því til Fjármálaeftirlitsins að þeir settu sér slíkar reglur. Reyndar hef ég verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að setja slíka upplýsingaskyldu á fjármálamarkaðinn allan. Það á ekki síst við eftir að bankastjórar, forustumenn og stjórnendur fjármálafyrirtækja gátu í skjóli hlutafélagalaga hreiðrað um sig með launakjör sín, kaupauka, kaupréttarsamninga og starfslokasamninga í neðanjarðarlaunakerfi stjórnenda og forstjóra sem á síðustu missirum eru einn af öðrum ásamt kvótakóngunum að fylla stækkandi hóp auðmanna landsins. Digrir starfslokasamningar, kaupaukar og kaupréttarsamningar hafa reyndar lítið hreyft við stjórnvöldum til þessa en í ljósi þeirrar veruleikafirringar sem birtist í kaupréttarsamningum stjórnenda fjármálafyrirtækja nýverið og allir þekkja er enn ástæða til að taka þetta mál upp á hv. Alþingi og beina til hæstv. ráðherra fyrirspurn um hvort vænta megi að settar verði slíkar reglur

um upplýsingaskyldu um starfskjör stjórnenda á fjármálamarkaði sambærilegar þeim sem Kauphöll Íslands hefur sett fyrir kauphallarskráð félög og ef svo er, hvenær sé að vænta slíkra reglna, hvert verði inntak þeirra, til hverra þær munu ná og hvernig þær verða kynntar almenningi.

[14:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort þess sé að vænta að Fjármálaeftirlitið setji reglur um upplýsingaskyldu um starfskjör stjórnenda á fjármálamarkaði. Ég leitaði til Fjármálaeftirlitsins til að fá svar við þessari fyrirspurn. Í svari þess kemur fram að samkvæmt 42. gr. reglna nr. 834/2003, um reikningsskil lánastofnana, sé skylt að upplýsa um heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnarmanna og stjórnenda, sundurliðað niður á einstaka stjórnarmenn og stjórnendur. Reglurnar gilda um viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki frá og með yfirstandandi reikningsári. Reglurnar eru opinberar og öllum aðgengilegar. Í bígerð er að innleiða sambærilegt ákvæði í reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er stefnt að því að slíkt ákvæði taki gildi frá og með reikningsárinu 2004. Setning reglna af þessu tagi fyrir vátryggingafélög heyrir hins vegar undir viðskrn. og er stefnt að því að setja sambærilegar reglur og fyrir lánastofnanir og lífeyrissjóði.

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er mikilvægt og full ástæða til að ræða það hér. Það er fagnaðarefni að þessar reglur komi til framkvæmda en hæstv. ráðherra nefndi ekki hvernig þær yrðu. Ég hef áhyggjur af því að þær hafi ekki viðskiptavini bankanna í huga.

Við munum það öll að fyrir ári fékk einn aðalforstjóri Kaupþings 70 millj. í bónus fyrir góðan árangur fyrir hlutabréfaeigendur fyrirtækisins en aðrir viðskiptavinir bankans urðu fyrir verulegu tapi af inneignum. Reglur um það hvernig eigi að verðlauna menn eiga ekki að mínu viti að miðast bara við hagsmuni hlutabréfaeigenda og það þarf auðvitað að koma fram í þeim gagnsæju reglum sem ætti að setja.

[14:18]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að kalla eftir svörum frá hæstv. ráðherra um þessi efni og reyna að draga það fram hvort einhver vinna sé í gangi við að setja almennar reglur.

Mig langaði, virðulegi forseti, að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. í tengslum við þá samninga sem hafa verið til umræðu undanfarið hvernig hún telji að skattaleg meðferð á kaupréttarsamningum eigi að vera, þ.e. hvort það eigi að skattleggja kaupréttarsamninga sem fjármagnstekjur væru eða hvort skattleggja eigi kaupréttarsamninga og hagsmuni af þeim í samræmi við launatekjur. Ég tel skipta miklu máli hvernig þetta er gert og ég tel mikilvægt að afstaða hæstv. viðskrh. til þess máls liggi fyrir á hinu háa Alþingi.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hún gaf hér. Þau eru skýr. Af hálfu Fjármálaeftirlitsins hafa þegar, og þá væntanlega nýlega, verið settar reglur um fjármálamarkaðinn, banka og sparisjóði, þ.e. skyldu þeirra til að upplýsa opinberlega um kjör sín. Það verður þá gert vegna yfirstandandi árs, reikningsárs 2003, og síðan skildi ég ráðherrann á þann veg að það væri verið að undirbúa reglur að því er varðar lífeyrissjóðina sjálfa og það mundi þá gilda vegna starfskjara þeirra fyrir 2004 og síðan væri viðskrn. að innleiða líka reglur sem skylda stjórnendur vátryggingafélaga til þess að upplýsa í ársreikningum sínum um starfskjörin. Ég spyr ráðherra hvort þetta sé ekki rétt, hvort þetta eigi ekki að gera með sambærilegum hætti og gert er í Kauphöllinni, þetta verði sundurliðað á einstaklinga, það verði ekki bara upplýsingar um starfskjörin heldur líka um kaupréttarsamninga, starfslokasamninga og lífeyrisréttindi eins og er hjá Kauphöllinni. Það er mikilvægt að fá fram að þetta sé með nákvæmlega sambærilegum hætti.

Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna þessu. Það er ljóst að það er að bera árangur hvað við í stjórnarandstöðunni höfum gengið fast eftir því að upplýsingar væru klárar, skýrar og gegnsæjar varðandi starfskjör stjórnenda á vinnumarkaðnum, fjármálamarkaðnum og hjá lífeyrissjóðunum. Það hefur verið allt of mikill feluleikur með starfskjör og launakjör þessara aðila en nú á sem sagt að upplýsa þetta og það er full ástæða til þess að fagna því, herra forseti, að eftirfylgni okkar í stjórnarandstöðunni er að bera árangur að því er varðar þessa þætti.

En ég beindi spurningu til hæstv. ráðherra sem ég vona að hún svari í lokin.

[14:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur skilið þetta allt saman rétt eins og hennar var von og vísa. Ef henni líður betur með að þakka sér það eða stjórnarandstöðunni að þessi mál hafa verið færð til betri vegar er það í sjálfu sér sársaukalaust fyrir mig. En ég vil halda því fram að þessi mál séu að komast í betri farveg og það er aðalatriðið og varðar líka sundurliðun á einstaklinga. Ég held að ég megi fullyrða það. (**JóhS:** Og kaupréttarsamningarnir ...?)

Svo að kaupréttarsamningunum. Hér var sérstaklega spurt hvernig fara skyldi með þá skattalega. Ég er treg til að opinbera mig mjög með það þar sem þessi mál heyra ekki undir mig heldur að sjálfsögðu fjmrh. en einu ákvæðin um kaupréttarsamninga sem eru í lögum í dag eru í skattalögunum. Það er það sem við höfum talað um og við höfum þegar hafið vinnu við það í viðskrn. að velta því fyrir okkur hvort ekki sé ástæða til að sérstaklega sé fjallað um kaupréttarsamninga í hlutafélagalögunum. Það er eitt af þeim mikilvægu málefnum sem þarf að fjalla um og við munum eflaust fjalla frekar um það á hv. Alþingi í vetur.

Kvótamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Fsp. JÁ, 349. mál. — Þskj. 425.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Viðskipti með aflaheimildir urðu umfangsmikil strax og kvótakerfið var tekið upp en þau margfölduðust þegar hið svokallaða frjálsa framsal var leyft árið 1990. Allan þennan tíma hefur ríkisvaldið tekið ábyrgð á undarlegum viðskiptaháttum með aflaheimildir með því að ákveða svokölluð þorskígildi og gera útgerðum þannig kleif viðskipti sín á milli með mikil verðmæti án þess að þau væru

bókuð í reikninga fyrirtækjanna á markaðsverði eins og ætti auðvitað að gera. En þessi fyrirtæki hafa ekki bara skipst á veiðiheimildum, þau hafa líka leigt frá sér veiðiheimildir og þau viðskipti, þ.e. bein leiga, hafa verið mikil. Að mati Hagstofunnar voru þetta t.d. 3 milljarðar á síðasta ári. Hagstofan byggir útreikninga sína á bókhaldi fyrirtækjanna þannig að það er augljóst þeim sem vita vilja að sú upphæð, þótt há sé, segir ekki nema hluta sögunnar um umfang þessara viðskipta.

Til viðbótar viðskiptunum hefur viðgengist að útgerðir „geymi" veiðirétt sem aðrar útgerðir hafa ekki tök á að nýta sér yfir fiskveiðiáramót — sem líka geta verið uppgjörsáramót fyrirtækjanna, ég vek athygli á því — svo að veiðirétturinn falli ekki niður. Þannig færast óskráð en afar mikil verðmæti milli aðila í þessari atvinnugrein. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á þessu máli, stuðla bókstaflega að því að þessi viðskipti séu undir yfirborðinu hvað verðmætin snertir með því að leggja blessun sína yfir skiptin í þorskígildum. Þó eru þetta klárlega ólögmætir viðskiptahættir.

Til sönnunar þeirri fullyrðingu vil ég vekja athygli á bréfi sem ríkisskattstjóri skrifaði skattstjórum í landinu 30. júlí 2002. Þar eru tekin af öll tvímæli um að fyrirtækjunum sé skylt að færa í bækur sínar að fullu þau verðmæti sem færð eru á milli þeirra. Mér er hins vegar kunnugt um að kvótamiðlun LÍÚ, þar sem meginhluti þessara viðskipta fer fram, og aðrir einstaklingar og fyrirtæki sem stunda þessi viðskipti halda uppteknum hætti. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Er viðskiptaráðuneytinu kunnugt um starfshætti og umfang þeirrar kvótamiðlunar sem Landssamband íslenskra útvegsmanna rekur á eigin kostnað?

Þessi fyrrnefnda starfsemi hefur að stórum hluta verið á höndum LÍÚ í gegnum tíðina og LÍÚ er félagsskapur atvinnurekenda sem hafa mismunandi hagsmuni. Samt hefur LÍÚ veitt þessa þjónustu án endurgjalds og þannig látið þá sem engrar þjónustu hafa notið greiða hluta kostnaðarins. Margir velta því fyrir sér hvort þetta séu eðlilegir viðskiptahættir og því spyr ég hæstv. ráðherra:

2. Telur ráðuneytið það standast lög að samtök hagsmunaaðila annist slíka starfsemi og láti félagsmenn greiða kostnaðinn óháð því hvort þeir nýta sér þjónustuna?

Þriðju spurninguna hefur ráðherrann. Ég hef ekki tíma til að lesa hana.

[14:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Norðvest., Jóhann Ársælsson, hefur beint til mín spurningum.

1. Er viðskiptaráðuneytinu kunnugt um starfshætti og umfang þeirrar kvótamiðlunar sem Landssamband íslenskra útvegsmanna rekur á eigin kostnað?

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um umfang eða fyrirkomulag miðlunar aflaheimilda á vegum LÍÚ. Þess ber að geta að það lagaumhverfi sem snýr að aflaheimildum og framsali þeirra heyrir ekki undir viðskrn. heldur sjútvrn. Því hefur viðskrn. ekki haft sérstaka ástæðu til að afla upplýsinga um eðli eða umfang þessara viðskipta.

2. Telur ráðuneytið það standast lög að samtök hagsmunaaðila annist slíka starfsemi og láti félagsmenn greiða kostnaðinn óháð því hvort þeir nýta sér þjónustuna?

Mér er ekki kunnugt um að settar hafi verið neinar reglur varðandi það hvaða aðilar geti stundað miðlun aflaheimilda en eins og ég sagði áðan er regluverk um aflaheimildir og framsal þeirra á sviði sjútvrh. Ég vil minna á að starfsemi LÍÚ er ekki lögbundin heldur er hér um að ræða frjáls samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi. Enginn er skyldur til að vera aðili að LÍÚ. Sé einhver meðlimur samtakanna ósáttur við að félagsgjöld hans renni til rekstrar á miðlun fyrir aflaheimildir á sá hinn sami kost á að segja sig úr samtökunum eða þá að beita sér fyrir því á vettvangi þeirra að miðluninni verði hætt.

3. Ber útgerðum sem eiga í viðskiptum með aflaheimildir, sem Landssamband íslenskra útvegsmanna sér um sölu og skipti á, að skrá heildarmarkaðsverðmæti afla og aflaheimilda í bókhaldi sínu?

Lög um bókhald eru á forræði fjmrh. Viðskrn. hefur ekki upplýsingar um það hvaða reglur gilda um bókhaldslega meðferð aflaheimilda eða afla sem fenginn er fyrir milligöngu miðlunar LÍÚ.

Eins og fram hefur komið í svörum mínum verður ekki séð að efni þessarar fyrirspurnar snerti verksvið viðskrn. beinlínis. Ef hv. fyrirspyrjandi er hins vegar að spyrja um það hvort miðlun LÍÚ á aflaheimildum kunni að fara gegn samkeppnislögum er eftirfarandi til að svara:

Almennt er vandkvæðum bundið að svara því hvort einhver tiltekin starfsemi samrýmist ákvæðum samkeppnislaga eða ekki nema að undangenginni nákvæmri athugun á þeim mörkuðum sem starfsemin snertir, eðli starfseminnar og stöðu þess aðila sem hana stundar. Slíkt mat er flókið og kann að snerta margvísleg lögfræðileg og hagfræðileg álitaefni. Samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga er viðskrh. ekki ætlað það hlutverk að úrskurða um það hvað teljist í samræmi við samkeppnislög og hvað ekki. Það verkefni hvílir á herðum sérfróðra stjórnvalda, þ.e. samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sem fara með daglega framkvæmd laganna. Það væri því tæplega við hæfi að viðskrn. setti starfsemi einhvers tiltekins aðila í þjóðfélaginu undir stækkunargler með tilliti til þess hvort starfsemi hans stæðist samkeppnislög. Telji einhver á sig hallað með starfsemi LÍÚ á viðkomandi að sjálfsögðu þess kost að beina erindi þar um til samkeppnisyfirvalda.

[14:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Á síðustu tíu árum eða svo hefur þetta mál komið upp nokkrum sinnum í sjútvrn. Það hefur ekki orðið úr því að kannað væri til hlítar hvort setja ætti reglur eða lög um þetta efni, m.a. vegna þess að á þeim tíma komu fyrst upp hugmyndir um kvótaþing og síðan varð Kvótaþingið að veruleika, en síðan var það reyndar lagt af aftur.

Eins og staðan er í dag erum við að undirbúa vinnu til þess að kanna það til hlítar hvort rétt sé að setja reglur eða lög um starfsemi þessa, þ.e. kvótamiðlunina, og vonandi fáum við innan einhverra mánaða skýra niðurstöðu um hvort það sé rétt eða ekki. Auðvitað má segja að það sé eðlilegt að um viðskipti með verðmæti eins og kvóta sé ákveðið regluumhverfi eins og um viðskipti með önnur verðmæti í þjóðfélaginu.

[14:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Miðað við þau svör sem hæstv. ráðherra fór yfir áðan, langar mig að bera fram þá athugasemd hvar sú heimild sé í lögum sem heimilar það að sala og kaup á þessum verðmætum séu undanþegin virðisaukaskatti.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég get ekki sagt að mér hafi komið svör hæstv. viðskrh. neitt sérstaklega á óvart. Mér hefur alltaf fundist að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á því kerfi sem er í gangi hérna hafi svona látið það vera að kynna sér hvernig það gengur fyrir sig og hvernig þau kaup gerast á eyrinni sem þarna eru á ferðinni. En þarna bera stjórnvöld auðvitað alla ábyrgð vegna þess að þau hafa sett reglur um að menn megi láta gífurleg verðmæti fara milli sín án þess að þau séu skráð í bækur fyrirtækjanna. Og það hafa menn auðvitað gert. En nú er komið babb í bátinn því auðvitað er þetta skattavandamál líka og þarna hefur farið fram kennitöluleikfimi sem á sér engan líka sennilega í sögu Íslands, þar sem menn hafa bókstaflega keypt fyrirtæki og selt að hluta til með því að greiða með aflaheimildum.

Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. segir okkur það hér að hann hafi áhyggjur af þessu máli og vilji nú reyna að taka eitthvað á því, og það er sannarlega fyrir löngu kominn tími til þess. Það hefur margsinnis komið fram að menn hafa talið sér, a.m.k. þangað til ríkisskattstjóri skrifaði þetta bréf 2002, heimilt að framkvæma þessa hluti með þeim hætti sem þeir hafa gert, þótt það hafi vissulega verið bent á að þetta stæðist engan veginn skattalög.

En ég verð að segja það að þeir menn sem hafa stutt þetta kerfi alveg fram á þennan dag og eru að rumska núna, eru búnir að sofa allt of lengi.

[14:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ætli ég sé ekki ein af þeim sem má segja að hafi stutt þetta kerfi fram á þennan dag en ég vil nú ekkert viðurkenna að ég hafi sofið á verðinum, enda kom það fram í svari mínu að þetta mál heyrir svo sem ekki undir mín ráðuneyti.

En hvað það varðar sem kom fram í fyrirspurn í sambandi við virðisaukaskatt, þá get ég ekkert annað en vísað því frá mér og yfir til fjmrh. þar sem þau lög heyra undir hann.

Ég held að hv. þingmanni, Jóhanni Ársælssyni, hafi tekist það ætlunarverk sitt að vekja máls á þessum viðskiptum á hv. Alþingi og ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það að hafa blandað sér inn í umræðuna. Síðan verður tíminn að leiða í ljós hvernig farið verður með þetta mál til framtíðar.

Kaupréttarsamningar.

Fsp. JóhS og ÁF, 378. mál. — Þskj. 504.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í þeim miklu umræðum sem orðið hafa um ofurkjörin í kaupréttarsamningunum hafa menn m.a. velt fyrir sér hvort almennt sé hægt að gera kaupréttarsamninga til fimm ára við stjórnarformann sem kosinn er til eins árs í senn á aðalfundi, og þar með eru menn að velta fyrir sér hvort hluthafafundir séu bara almennt svona málamyndasamkomur. A.m.k. er hér um mjög sérkennilega stjórnarhætti að ræða. Þetta segir okkur, herra forseti, að það er afar brýnt að setja reglur um stjórnarhætti í fyrirtækjum til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, m.a. að settar verði á fót hlutlausar launanefndir innan fyrirtækja, skipaðar óvilhöllum aðilum úr stjórn fyrirtækjanna, svo dæmi sé tekið. Eins þarf það að liggja klárt fyrir hvort sú leið sé virkilega fær sem gerð var varðandi stjórnarformann Kaupþings Búnaðarbanka.

Fyrri liður fyrirspurnar sem ég flyt ásamt hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni lýtur að þessu, en ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hyggist beita sér fyrir lagabreytingu til að koma í veg fyrir að gerðir séu kaupréttarsamningar til nokkurra ára við stjórnarformann eða aðra stjórnarmenn fyrirtækja sem kosnir eru á hluthafafundi til eins árs í senn, og hvort Fjármálaeftirlitið hafi gert athugasemd við þetta fyrirkomulag.

Síðari liður fyrirspurnarinnar lýtur einnig að stjórnarháttum innan fyrirtækja, en víða eru lánveitingar til hlutabréfakaupa ýmist bönnuð eða sett mjög ströng skilyrði fyrir veitingu slíkra lána. Lagaákvæði 104. gr. hlutafjárlaga eru mjög skýr um að hvorki sé heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum lán né setja tryggingar fyrir þá, en það var einmitt gert í tilviki Kaupþings Búnaðarbanka. Stjórnendurnir fengu lán fyrir öllum herlegheitunum án þess að setja fram tryggingar fyrir því sjálfir, áttu sem sagt að bera hagnaðinn en ekki tapið. En ákvæði í þeirri grein sem ég vitnaði til, 104. gr., segir að starfsmenn séu undanþegnir þessu ákvæði. Það hefur að mínu viti og reyndar margra annarra verið mistúlkað og stjórnendur hafa reynt að túlka þetta ákvæði sér í hag, en ég hygg að það hafi verið sett til þess að hvetja starfmenn almennt til að taka þátt í hlutafélagavæðingunni þegar hún reis sem hæst fyrir nokkrum missirum og árum. Undanþáguákvæðið í 104. gr. lýtur að almennum starfsmönnum en ekki stjórnendum, sem er bannað að taka slík lán eða að sé settar séu fyrir þá tryggingar. Um þetta fjallar 2. liður fyrirspurnarinnar, hvort Fjármálaeftirlitið geri athugasemd við að kaupréttarsamningar stjórnenda séu fjármagnaðir með lánsfé frá viðkomandi fjármálafyrirtæki án tryggingar í öðru en bréfunum.

[14:39]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort ég hyggist beita mér fyrir lagabreytingu til að koma í veg fyrir að gerðir séu kaupréttarsamningar til nokkurra ára við stjórnarformann eða aðra stjórnarmenn fyrirtækja sem kosnir eru á hluthafafundi til eins árs í senn.

Þessu er til að svara að vandséð er að þörf sé á slíkri lagabreytingu. Kaupréttarsamningar eru gerðir til að tryggja að lykilstarfsmenn starfi hjá fyrirtækjum í tiltekinn tíma. Geri þeir það ekki, fellur kaupréttur þeirra niður. Ef starfandi stjórnarmaður er felldur á hluthafafundi, sem leiðir til þess að hann starfar ekki áfram fyrir félagið, fellur kaupréttur hans jafnframt niður.

Þó að ég sjái ekki við fyrstu sýn að það álitaefni sem hv. þm. spyr hér um valdi vandræðum í framkvæmd, tel ég rétt að vandlega verði farið yfir það og önnur álitaefni sem koma upp í tengslum við gerð kaupréttarsamninga. Álitaefnin eru mýmörg, enda eru kaupréttarsamningar vandmeðfarnir. Kaupréttarsamningar hafa á síðustu árum hækkað laun forstjóra stórkostlega, sérstaklega í Bandaríkjunum. Því er rík ástæða fyrir Alþingi að skoða það ofan í kjölinn hvernig staðið er að gerð slíkra samninga. Þessi vinna er þegar hafin í viðskrn.

Hv. þm. spyr einnig um aðkomu Fjármálaeftirlitsins að tilteknum þáttum í eftirliti með kaupréttarsamningum.

Ég leitaði til Fjármálaeftirlitsins til að fá svar við þessari fyrirspurn. Kaupréttarsamningar við stjórnarmenn hafa ekki á fyrri tíð komið til skoðunar Fjármálaeftirlitsins.

Um fjármögnun kaupréttarsamninga gilda almennar reglur um mat á tryggingum, auk sérreglna um meðferð á fyrirgreiðslu til stjórnenda og starfsmanna, sbr. 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur ekki haft tilefni til að gera athugasemdir vegna tryggingatöku sérstaklega.

[14:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vara eindregið við því að settar verði hömlur á gerð kaupréttarsamninga þar sem þeir eru mjög mikilvægir, sérstaklega fyrir nýsköpun þar sem ekki veitir af að setja allt það hlutafé sem kemur inn í framleiðslu og markaðssetningu á þeirri vöru sem verið er að framleiða. Og til þess að fá til sín hæfa lykilmenn með reynslu og þekkingu á sviðinu, þarf að binda þá við fyrirtækið með loforði um kauprétt. Það getur verið lífsspursmál fyrir fyrirtæki í nýsköpun, sem er að byrja, að fá til sín hæfa menn og þeir fá þá hlut í hagnaðinum.

Sama á við þegar stórir fjárfestar fjárfesta í fyrirtæki sem byggir á reynslu eða þekkingu eins manns eða fleiri að þá vilja fjárfestarnir tryggja sér að sá maður eða þeir menn hoppi ekki yfir til samkeppnisaðila eftir að þeir hafa fjárfest.

[14:42]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör ráðherra. Lög og reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja þurfa að vera afdráttarlaus og skýr. Fjármálafyrirtæki gegna veigamiklu hlutverki og lykillinn að tilvist þeirra er traust. Óljósar reglur skapa tortryggni. Í mínum huga er engum blöðum um það að fletta að reglur varðandi kauprétt og meðferð þeirra eru mjög óljósar í þeim lögum sem við styðjumst við í dag. Það olli mér því vonbrigðum þegar í ljós kom að ráðherra eða stjórnvöld telja ekki neina ástæðu til þess að skoða betur eða fara betur í saumana á þeim reglum sem gilda hvað þetta varðar.

[14:44]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Vegna ummæla síðasta ræðumanns, hv. 7. þm. Suðvest., vildi ég geta þess að ég gat ekki betur heyrt af ræðu hæstv. viðskrh. áðan að kaupréttarsamningar væru til athugunar í ráðuneytinu og það er í samræmi við yfirlýsingar sem komu líka fram eftir fund ríkisstjórnarinnar fyrir um tíu dögum þannig að mér finnst ummæli hv. þm. tilefnislaus hvað þetta atriði varðar. Auðvitað er rétt að skoða lagaumhverfi kaupréttarsamninga. Það er rétt að skoða hvaða reglur gilda og hvaða reglur eiga að gilda. En ég tek hins vegar undir með hv. þm. Pétri Blöndal að það er mikilvægt að möguleikinn til gerðar kaupréttarsamninga verði áfram fyrir hendi, enda geta þeir gegnt mjög veigamiklu hlutverki í uppbyggingu fyrirtækja og atvinnurekstri.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér fundust svör hæstv. ráðherra ekki nægilega skýr varðandi 2. töluliðinn í þessari fyrirspurn og ég er raunverulega engu nær. Þetta hefur vafist fyrir mörgum og það er mismunandi túlkun á ákvæði 104. gr. hlutafélagalaganna, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá.“

Mér finnst þetta mjög skýrt að því er varðar stjórnendur en engu að síður upplýsir ráðherra að Fjármálaeftirlitið hafi ekki séð ástæðu til að gera neinar athugasemdir við kaupréttarsamninga stjórnenda, að þeir séu fjármagnaðir með lánsfé frá viðkomandi fjármálafyrirtæki án tryggingar í öðru en bréfunum. Mér finnst hæstv. ráðherra þurfa að skýra þetta nánar vegna þess að, eins og fram kom hjá hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni, þessir hlutir þurfa að vera klárir, skýrir og gegnsæir þannig að hægt sé að vinna eftir þeim. Mér finnst þetta vera mjög óljóst eins og það lítur út núna og vildi að ráðherrann skýrði það nánar.

Ég fagna út af fyrir sig svarinu við 1. töluliðnum, að það verði skoðað sérstaklega í ráðuneytinu hvort hægt sé að gera kaupréttarsamninga til margra ára þó að stjórnarformaðurinn sé bara kosinn til eins árs, ásamt mýmörgum öðrum þáttum sem þarf að skoða sem tengjast þessum kaupréttarsamningum. Mér finnst þetta fyrirkomulag enn þá afar sérstakt.

Varðandi kaupréttarsamningana almennt er alveg ljóst að þar sem þeim hefur verið beitt víða, eins og í Bandaríkjunum, hafa þeir verið misnotaðir og menn eru að hverfa frá þeim. Þeir hafa líka leitt til launamisréttis þar sem launamismunur milli stjórnenda og almennra launamanna er orðinn yfir 500-faldur en var 40-faldur fyrir 20 árum sem segir okkur hvaða áhrif þessir kaupréttarsamningar hafa, og eru farnir að hafa líka hér á landi.

[14:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég hef áður látið koma fram er ég ekki tilbúin til þess að beita mér fyrir því að sett verði lög sem banni kaupréttarsamninga, það tel ég að væri ekki jákvætt og get endurtekið það hér.

Einn hv. þm. nefndi að lög almennt á fjármálamarkaði ættu að vera afdráttarlaus og skýr. Við erum búin að fara í gegnum alla þessa löggjöf á síðustu árum og við höfum fengið góða einkunn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, bæði hvað varðar lagaumhverfi og Fjármálaeftirlitið. Ég vil alls ekki að því sé haldið fram, eða ég gagnrýni það ef því er haldið fram, að við höfum ekki staðið okkur nokkuð vel á þessu sviði. Hins vegar má alltaf gera betur, markaðurinn er virkur og þar eru hlutir að gerast sem við fylgjumst að sjálfsögðu með og munum vinna frekar í þeim málum eins og hvað varðar kaupréttarsamninga núna á þessum vetri. Þau mál munu áreiðanlega koma til kasta hv. Alþingis.

Ég held að við þurfum líka að vera mjög klár á því hvert hlutverk hvers og eins er. Við erum ekki, stjórnvöld, að skipta okkur um of af því sem er hlutverk eftirlitsstofnana. Ég geri ekkert annað en að endurtaka hér það svar sem okkur í ráðuneytinu barst frá Fjármálaeftirlitinu þess efnis að það gildi almennar reglur um mat á tryggingum, auk sérreglna um meðferð á fyrirgreiðslu til stjórnenda og starfsmanna, samanber ákveðin lög. Það held ég að hljóti að vera aðalatriðið í þessu sambandi og Fjármálaeftirlitið hefur ekki haft tilefni til að gera athugasemdir vegna tryggingatöku sérstaklega. Það var það sem hv. þm. spurði um og svarið er þetta.

Ferðaþjónusta bænda.

Fsp. ÖB, 361. mál. — Þskj. 480.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Önundur S. Björnsson):

Virðulegi forseti. Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og hafa ferðaþjónustubændur ekki síst verið þar inni í myndinni. Þeirra framlag hefur farið mjög vaxandi og æ fleiri bændur sinna þjónustu við ferðamenn, annaðhvort í hlutastarfi eða sem aðalstarfi. Nýlegar fréttir herma að umtalsverðar tekjur renni inn í þjóðarbúið vegna sölu á vörum og þjónustu til ferðamanna, 30 milljarðar kr. á ári hafa verið nefndir í því sambandi.

Nú átta ég mig á því að ferðamál eru á forræði samgrh. en ekki landbrh. Hins vegar eru bændur þessa lands skjólstæðingar landbrh. og í ljósi þess að þessi þáttur landbúnaðar, þjónusta við ferðamenn, verður æ stærri á landsbyggðinni vil ég inna hæstv. landbrh. eftir tilteknum atriðum í starfi þeirra.

Fyrst vil ég spyrja hann um umfang þessarar starfsemi í landbúnaði og hversu margir bændur hafi af því tekjur að þjónusta ferðamenn.

Enn fremur inni ég ráðherra eftir því hvernig hann sjái stöðu þessara bænda og framtíðarhorfur í greininni.

Nú er það ekkert launungarmál að margir bændur hafa lagt í miklar fjárfestingar vegna þessarar þjónustu og hafa tekið lán vegna þess, m.a. frá Byggðastofnun, en á síðasta ársfundi þeirrar stofnunar komu fram verulegar áhyggjur af því að lánþegar í hópi bænda hjá Byggðastofnun ættu erfitt með að standa undir þessum skuldbindingum. Og ég vil spyrja ráðherra hvort hann deili þessum áhyggjum með bændum.

Af þessum sökum hef ég lagt eftirfarandi fsp. fram á þskj. 480:

1. Hversu margir bændur sinna ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti?

2. Hver er staða þeirra og hverjir eru framtíðarmöguleikar greinarinnar að mati ráðherra?

[14:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta fsp. um mikilvægan atvinnuveg sem er í mikilli þróun og er að taka við miklu hlutverki á Íslandi. Ég hygg að ferðamennirnir sem hingað koma, og ekkert síður Íslendingarnir sem um landið ferðast, líti á bændurna sem hina mikilvægu aðila í náttúru landsins sem bæði þekkja hana og halda utan um hana og vilji í vaxandi mæli allra fremst kaupa af þeim þjónustu þar sem þeir fara um, njóta gestrisni og tengjast menningu íslenskra sveita beint. Ég lít mjög björtum augum á framtíð þessa atvinnuvegar, ekki síst miðað við þær horfur sem eru í áætlunum um að fjölga ferðamönnum. Flugleiðir tala um að fjölga ferðamönnum til Íslands um helming á næstu sjö árum. Í því liggja gríðarleg tækifæri fyrir landsbyggðina og sveitirnar.

Hv. þm. spyr hversu margir stundi ferðaþjónustu. Í Ferðaþjónustu bænda eru skráðir 130 aðilar, þetta eru þeir sem bjóða upp á gistingu. Þar fyrir utan eru auðvitað mjög margir sem bæði sækja tekjur í þessa ferðaþjónustu og stunda hana með margvíslegum hætti. Þeir aðilar sem hafa beinar og óbeinar tekjur af ferðaþjónustu skipta orðið nokkuð mörgum hundruðum en formlegir aðilar að Ferðaþjónustu bænda eru 130.

Helmingur þessara ferðaþjónustubænda stundar hefðbundinn landbúnað jafnframt. Í vaxandi mæli hefur það einnig gerst að margir þeirra hafa hætt hefðbundnum búskap og sinna þessu starfi eingöngu í náttúrunni o.s.frv. þannig að maður sér þarna ýmsar breytingar.

Hver er staða þeirra og hverjir eru framtíðarmöguleikar greinarinnar? Umsvif ferðaþjónustu á Íslandi hafa vaxið mjög eins og ég gat um áðan. Það eru 3.200 uppbúin rúm til staðar hjá þessum 130 ferðaþjónustubændum. Þá hefur verið lögð áhersla á að efla afþreyingarþáttinn, auk þess að leggja meiri áherslu á gæði gistingar og þjónustu. Þessi uppbygging meðal bænda er mikilvæg því ferðamaðurinn gerir auknar kröfur og forsenda þess að hann dveljist lengur á svæðinu er að afþreyingin sé til staðar. Ég vil því segja hér að ég sé það í kjördæmi mínu og hv. fyrirspyrjanda að það er mikið af ónýttum möguleikum.

Hv. þm. minntist hér á fjármálin. Það var niðurstaða fyrir nokkuð mörgum árum að Lánasjóður landbúnaðarins væri ekki mikið í ferðaþjónustu, heldur Byggðastofnun. Byggðastofnun og bankarnir bera þá ábyrgð á því. Umkvartanir frá ferðaþjónustubændum hafa ekki borist til mín um stöðu þeirra þótt þeir ræði gjarnan um þau verkefni. Ég held að bjartsýni ríki í röðum þeirra þótt alltaf sé eitthvað um áföll. Það er engin sérstök skoðun á því en þetta heyrir undir Byggðastofnun eins og ég gat um.

Ferðaþjónustuþátturinn, við höfum lagt mikið upp úr því í Hólaskóla að þjálfa upp ferðaþjónustubændur og veita námskeið. Eins eru það auðvitað leiðsögumenn og fleira. Það er mikið að gerast á þessum vettvangi. Ég tel að mikill árangur hafi náðst.

En ég segi það hér að ég hef þegar á þessu nýja kjörtímabili lagt upp úr því að við förum að taka það alveg sérstökum tökum að efla og styrkja ferðaþjónustuna. Hún er hluti af íslenskum landbúnaði, hún er besti hlutinn af kynningu á íslensku landi og náttúru þessa lands. Þau verkefni eru komin í gang hjá mér og ég hygg að margar auðlindir í kringum ferðaþjónustu séu vannýttar og megi bæta með einföldum hætti. Við höfum séð hinar glæsilegu hátíðir sem verið er að byggja upp og þær hafa mikið að segja fyrir landsbyggðina. Þar má nefna hina miklu auðlind í kjördæmi hv. þingmanns, Njálu, sem var ekki sögð fyrir nokkrum árum en dregur nú að sér 20–30 þús. gesti. Margar slíkar hátíðir styrkja ferðaþjónustubændur og tengja fólkið í landinu við náttúru landsins. Ég held að það sé verðugt verkefni, eins og ég hef sagt hér, bæði í framhaldi af þessari fsp. og því sem ég hef verið að ræða í ráðuneyti mínu. Ég var síðast með einum leiðsögumanni í morgun að fara yfir alla þá miklu og nýju vannýttu möguleika sem eru í kringum ferðaþjónustu bænda og fólk vill sækja í. (Forseti hringir.) Ég er, hæstv. forseti, bjartsýnn á þessa atvinnugrein. Ég heyri ekki mikið um (Forseti hringir.) umkvartanir. Ég þekki auðvitað að staða ferðaþjónustubændanna er með nokkuð misjöfnum hætti efnahagslega eins og í mörgum öðrum greinum.

[14:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Önundi Björnssyni, sem og ráðherra fyrir svör hans. Hér er hreyft að minni hyggju mjög mikilvægu máli og án þess að ég sé að draga orð hæstv. ráðherra í efa hefði ég satt að segja haldið að þeir aðilar sem koma að þessari þjónustu væru miklum mun fleiri. Þegar maður keyrir um hinar dreifðu byggðir landsins

sér maður svona þjónustu boðna á nánast hverju götuhorni. Ég held að það sé verk að vinna í landbrn. við að kortleggja þetta öllu nánar. Einhverjir bændur hljóta að standa fyrir utan hin hefðbundnu samtök þeirra ferðaþjónustubænda.

Ég undirstrika hins vegar að ég held að nauðsynlegt sé að skoða aðeins möguleika þeirra, sóknarfærin eru sannarlega til staðar. Við þekkjum það frá eldri tíð að menn fóru bratt inn í loðdýraræktina og í mikið óöryggi. Ég sat þennan nefndarfund Byggðastofnunar fyrir ári þegar það var mjög ofarlega á baugi að því miður hefðu allt of margir bændur lagt í of mikla fjárfestingu sem þeir ættu erfitt með að standa undir. Ég bið hæstv. ráðherra að líta til með sínu fólki.

[14:59]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það gladdi mig að heyra hæstv. landbrh. greina frá því að hann hefði verið á fundi í morgun með leiðsögumanni. Sannast sagna finnst mér stundum sem skorti nokkuð á leiðsögn og stefnu hjá Framsfl. Þó verður það nú að segja hæstv. landbrh. til hróss að hann hefur að mörgu leyti skilið vel þá nytsemd sem ferðaþjónustan og bændur bera inn í íslenskt samfélag. Ég deili því viðhorfi hæstv. ráðherra að það sé bjart fram undan hjá ferðaþjónustubændum. Ég tel að Flugleiðir séu að vinna kraftaverk í markaðssókn og það aflar bændum að sjálfsögðu viðskipta. Það vilja margir taka undir horn á oki ráðherrans. Til að mynda hefur Samf. lagt fram tillögu um að afnema sérstaka grein í virðisaukaskattslögunum sem einmitt, ef samþykkt yrði, ylli því að virðisaukaskattur af þjónustu ferðaþjónustubænda félli niður. Er ekki hæstv. ráðherra til í að taka undir með okkur í því efni?

[15:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi og samþingmaður minn í Suðurk., Önundur Björnsson, hreyfir hér við mikilvægu máli. Við höfum rætt fyrr á þessu þingi um alvarlega stöðu sem uppi er í sumum greinum landbúnaðarins. En það er vissulega sóknarfæri í sveitunum og víða eru hugumstórir menn að byggja upp atvinnugreinar úti á landi. Þess vegna langaði mig til að beina því sérstaklega til hv. landbrh. í ljósi þeirra orða að Flugleiðir stefndu að því að fjölga ferðamönnum til Íslands úr mig minnir 300 þús. í 600 þús. á næstu árum, sem er mikil fjölgun og hlýtur að bera með sér mörg tækifæri fyrir ferðaþjónustu í sveitum, að huga vel að stoðkerfinu við uppbyggingu ferðaþjónustunnar eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér áðan, t.d. í sambandi við virðisaukaskattinn og fleiri slíka hluti og brýna mjög að taka hressilega þar á og efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar verulega.

[15:01]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta mál, ferðaþjónustumál í dreifbýli og úti um land, er gríðarlega þýðingarmikið fyrir allt atvinnulíf í landinu. Ekki bara fyrir þá sem þar búa, heldur er þetta líka ein öflugasta atvinnugrein landsmanna. Þar er ekkert dreifbýli: þéttbýli heldur myndar þetta bara eina heild, við verðum að líta á þetta þannig.

Í sambandi við upplýsingamiðstöðvarnar þá þarf að styrkja hinn almenna grunn þess atvinnuvegar. Einn mikilvægasti þátturinn í að standa að baki uppbyggingu þessa atvinnuvegar er kannski upplýsingamiðstöðvar ferðamála í héruðunum sem geta starfað á heilsársgrunni. Ég vil ítreka og spyrja hæstv. landbrh. hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að styðja betur að þessum upplýsingamiðstöðvum því þær eru í fullkomu fjársvelti. Að því þyrfti virkilega að vinna.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Önundur S. Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir hans greiðu svör í þessu máli. Það er óhætt að líta björtum augum til ýmissa atvinnugreina hér á landi m.a. ferðaþjónustu, ferðaþjónustu bænda. En ég held að þótt að víða sé ágæt afkoma hjá ferðaþjónustubændum þá þurfi meira til því mjög margir eru verulega illa á sig komnir, skuldsettir og það sem kannski öllu verra er, það er gengið hart að mönnum. Mér finnst hæstv. ráðherra ekki hafa svarað því hvernig eða hvort hann muni koma að stuðningi við þá bændur í landinu sem hafa reist sér hurðarás um öxl.

[15:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvað síðustu fsp. varðar, komi til þess að Ferðaþjónusta bænda óski eftir að kynna sín mál sem þeir gera stundum við þann sem hér stendur, eða ræða sérstaklega skuldastöðu greinarinnar, mun ég ekki skorast undan því og leita allra leiða til þess að þessi atvinnuvegur geti þróast áfram. Eins og hefur komið fram í umræðunni eru held ég þingmenn, eins og þjóðin, sammála um að í ferðaþjónustunni liggja alveg gríðarleg tækifæri fyrir landsbyggðina. Það eru tækifæri til að lengja ferðaþjónustutímann, menn geta alveg eins komið til Íslands að elska veturinn eins og sumarið. Og útivistin og náttúran kallar menn hingað til svo margs, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir. Ísland er í augum ferðamannsins, útlendingsins, heillandi land til dvalar.

Eins og hefur komið fram í þessari umræðu þá sjáum við þetta og við þurfum auðvitað að ná saman um það, bæði upplýsingamiðstöðvar og fleiri, hvernig fyrirkomulagið og skipulagið er sem best.

Við höfum samt verið að gera kraftaverk í mörgu sem styrkir hina mörgu ferðaþjónustubændur og þá sem lifa í sveitinni. Ég nefndi Njáluverkefnið. Hvernig væri t.d. viku kartöfluuppskeruhátíð í Þykkvabænum, þar sem kartaflan stæði glæsileg út við veg og þúsundir manna kæmu til þess að smakka kartöfluréttinn í Þykkvabænum? Flóaáveitan í minni gömlu heimasveit, er t.d. ekki nýtt enn til ferðaþjónustunnar, eitt mesta afrek í Evrópu á sínum tíma, gönguleiðir, siglingaleiðir, sagan. Það er því svo margt í dag í þessari umræðu og hentar vel til þess að kalla á ferðamenn, innlenda og erlenda. Ég fór með unga stjórnmálaliða í fjós og fjárhús og hesthús í sumar. Þetta samtíðarfólk í íslenkum stjórnmálum hafði aldrei komið inn í þessi mikilvægu hús og fagnaði því að kynnast sveitinni. Þannig að við höfum verk að vinna.

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og heiti því að draga ekki af mér það sem ég get til að styrkja þennan atvinnuveg.

Frágangur efnistökusvæða.

Fsp. GÓJ, 168. mál. — Þskj. 170.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 170 hef ég lagt fram fsp. til umhvrh. um frágang efnistökusvæða. Eins og margir hv. þm.

muna voru sett hér ný náttúruverndarlög á vorþingi 1999. Í VI. kafla þeirra laga er að finna mjög hert ákvæði um efnistöku frá því sem áður var. Eins og fram kom í skýrslu Náttúruverndarráðs sem út kom í nóvember 1995, voru 2.300 námur í landinu og frágangur á mörgum þeirra óviðunandi svo ekki sé meira sagt. Í ákvæði II til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er kveðið á um að umhvrh. skuli fela Náttúruvernd ríkisins, sem nú er Umhverfisstofnun, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Samkvæmt ákvæðinu skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna.

Í ákvæði þessu til bráðabirgða kemur fram að fráganginum skuli lokið eigi síðar en árið 2003 og nú háttar svo til að það er komið að lokum árs 2003. Þess vegna spyr ég hæstv. umhvrh.: Hvað líður tillögum um frágang efnistökusvæða, sbr. ákv. til brb. II í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999?

[15:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er spurt: Hvað líður tillögum um frágang efnistökusvæða, sbr. ákv. til brb. II í náttúruverndarlögum 44/1999? Því er til að svara að samkvæmt ákv. til brb. II í lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, skal umhvrh. fela Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, hóf árið 2000 samstarf við Vegagerðina um frágang á gömlum námum og verður því haldið áfram á næstu árum. Árlega hafa verið valdar allt að 40 námur til að ganga frá. Starfsmenn viðkomandi stofnana hafa gert áætlanir um frágang á þessum námum og síðan fylgt því eftir að endanlegur frágangur verði í samræmi við þær áætlanir.

Þar sem kostnaður við frágang hverrar námu getur verið nokkuð hár, hefur verið miðað við að ganga frá um fimm til sex námum í hverju umdæmi Vegagerðarinnar á hverju ári. Kostnaður við frágang námanna er greiddur af Vegagerðinni og getur numið allt að 100 þús. kr. til 500 þús. kr. á hverja námu. Miðað við árangur undanfarinna ára er ljóst að það eru nokkur ár í að það takist að ganga frá námum sem nú eru ófrágengnar.

Siglingastofnun og Umhverfisstofnun hafa ákveðið að fara í sams konar samstarf um frágang á námum sem opnaðar hafa verið í tengslum við hafnarframkvæmdir.

Flestar námur í landinu eru á vegum opinberra aðila og því telur Umhverfisstofnun að gott samstarf við opinberar stofnanir sé lykilatriði í því að vinna að frágangi eldri efnistökusvæða. Talið er að Vegagerðin nýti a.m.k. 70% þeirra náma sem opnaðar hafa verið og margar þeirra grjótnáma sem verið hafa í notkun hafa verið nýttar í tengslum við hafnargerð.

Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, vakti athygli Sambands íslenskra sveitarfélaga á samstarfsverkefni stofnunarinnar og Vegagerðarinnar um markvissan frágang eldri efnistökusvæða með bréfi, dags. 21. nóvember 2001. Í bréfinu var á það bent að þau sveitarfélög sem óski etir að koma á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum sínum varðandi frágang náma Vegagerðarinnar, gætu snúið sér til Náttúruverndar ríkisins. Einnig var vakin athygli á því að Vegagerðin muni einungis ganga frá þeim námum sem stofnunin hefur nýtt og að frágangi loknum verði ekki um frekari frágang að ræða af hálfu Vegagerðarinnar. Tilgangurinn með fyrrgreindu bréfi var jafnframt að vekja athygli á ákv. til brb. II í lögum um náttúruvernd.

Það liggur ljóst fyrir að sá tími sem gefinn er samkvæmt ákv. til brb. II í lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, er of skammur til að hægt verði að ljúka frágangi þeirra efnistökusvæða sem hætt er að nota. Ástæða þess er fyrst og fremst sá mikli fjöldi náma sem er ófrágenginn. Áætlað er að hér á landi séu u.þ.b. 3.000 efnistökusvæði, en af þeim séu aðeins um 800 í notkun. A.m.k. 1.000 svæði eru enn ófrágengin. Vegagerðin hefur á undanförnum árum skráð í námukerfi sitt allar námur í umdæmi Vegagerðarinnar.

Fljótlega munu liggja fyrir endurskoðaðar upplýsingar um fjölda náma í landinu, m.a. um fjölda þeirra sem eru enn í notkun og þeirra sem eru ófrágengnar. Þessar upplýsingar eru frumforsenda heildstæðrar áætlunar um frágang efnistökusvæða og mun Umhverfisstofnun vinna áfram að framgöngu málsins að þeim upplýsingum fengnum.

Í heildina má því segja að starfið er hafið, gengur ágætlega, en ljóst að við munum ekki ná því markmiði að klára það eins og að var stefnt, heldur eru nokkur ár í að endanlegum frágangi verði lokið.

[15:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrirspurnina. Hér er vakið máls á mjög veigamiklu máli og ég hefði gjarnan viljað heyra örlítið meira í svari hæstv. umhvrh. um skoðun hennar á því hvernig til hefur tekist og hvert við stefnum í þessum málum. Mig langar að nefna í þessari örstuttu athugasemd tvær efnistökunámur sem eru í nágrenni við höfuðborgarsvæðið sem mér finnst full ástæða til að taka til alvarlegrar skoðunar í umhvrn., hvort það þurfi ekki að gera eitthvað róttækt í þeim málum. Þetta eru námurnar í Vífilsfelli og í Ingólfsfjalli. Því það má segja að verið sé að moka í burt heilu fjöllunum í þessum tilteknu námum og ég vil halda því fram að það séu fjölmargir kostir til malarnáms, sem er hægt að sækja í jarðefni, aðrir en þessir. Ég tel að hér sé verið að spilla jarðminjum og kennileitum í landslagi og ég mæli með því að hæstv. umhvrh. setji sér stefnu í þessum málum og sjái til þess að slík spjöll séu ekki unnin.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka umhvrh. fyrir svörin. Það sem vakti kannski sérstaka athygli mína í svörum ráðherra var að nú séu u.þ.b. 3.000 efnistökusvæði á landinu, en þau voru 2.300 árið 1995. Það hefur því orðið gríðarleg aukning á fjölda náma sem er í raun og veru þvert á það sem menn stefndu að með setningu náttúruverndarlaga árið 1999.

Það liggur fyrir, samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra, að 1.000 efnistökusvæði eru ófrágengin. Nú er unnið að því í samstarfi Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar að ganga frá um 40 námum á ári. Sömuleiðis er að hefjast samstarf

milli Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar um frágang á námum sem hafa verið notaðar vegna hafnarsvæða. Það er alveg ljóst að þetta gengur allt of hægt og er ekki það átak sem hv. Alþingi ætlaði að ráðast í á sínum tíma með setningu náttúruverndarlaga. En verkið er hafið og það er kannski fyrir mestu. Við getum sagt sem svo að mjór sé mikils vísir.

[15:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það kom fram í máli mínu áðan að þessar námur eru um 3 þús. talsins samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum. Það er reyndar verið að endurskoða upplýsingar um fjölda náma þannig að það er hugsanlegt að tölurnar breytist eitthvað. Það er rétt að við stefnum í rétta átt en þetta gengur ekki eins hratt fyrir sig og menn áætluðu í upphafi. En við stefnum í rétta átt.

Varðandi þessar tvær sérstöku námur í nágrenni við Reykjavík, þ.e. við Vífilsfell og Ingólfsfjall, þá vil ég segja að þær hafa verið í umræðunni um nokkurn tíma, kannski sérstaklega Ingólfsfjallið. Í þeim námum hófst starfsemin áður en lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi og áður en skipulagslögin komust í það form sem þau eru í nú. Þessar námur, a.m.k. Ingólfsfjallið, urðu til þegar lagaumhverfið var með allt öðrum hætti. Við höfum ekki lagaleg úrræði til þess að stöðva þetta nám. Við höfum reyndar látið skoða í ráðuneytinu hvort hægt sé að breyta t.d. lögunum um mat á umhverfisáhrifum en höfum ekki fundið lausnina enn sem komið er.

Sveitarfélögin hefðu hugsanlega fleiri kosti í þessum málum en við höfum séð þau nýta hingað til. Við höfum ekki lagaleg úrræði til að grípa þarna inn í og þess vegna eru málin í þessum farvegi. Ég er ekkert sátt við það. Ég get komið því skýrt á framfæri að ég er ekki sátt við það. En það ber einnig að hafa í huga ákveðin ákvæði eins og eignarréttarákvæði og atvinnufrelsisákvæðið í stjórnarskránni. Þetta er því mjög flókið mál.

Náttúruverndaráætlun.

Fsp. GÓJ, 169. mál. — Þskj. 171.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 171 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. umhvrh. um náttúruverndaráætlun. Meðal nýmæla í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, voru ákvæði um náttúruverndaráætlun.

Í 65. gr. náttúruverndarlaga segir að umhvrh. skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins. Áætlun skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana.

Nú veit ég að hæstv. umhvrh. hefur verið að vinna að náttúruverndaráætlun og m.a. farið um öll svæði hér á landi sem áætlunin snertir. Það er til fyrirmyndar hjá hæstv. ráðherra. Sömuleiðis voru drög að náttúruverndaráætlun til umfjöllunar á umhverfisþingi.

Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum um náttúruvernd er mælt fyrir um það að umhvrh. skuli eigi síðar en árið 2002 leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi í fyrsta sinn. Mér hefur skilist að það styttist mjög í að þessi áætlun verði lögð fyrir þingið nú í lok árs 2003. Áætlunin er eftir sem áður ekki komin fram og í raun liggur ekki enn fyrir hver niðurstaðan í því máli verður.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvað líður gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999?

[15:19]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvað líði gerð náttúruverndaráætlunar sbr. ákvæði til bráðabirgða I í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999.

Samkvæmt 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, skal umhvrh. eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar. Í ákvæði til bráðabirgða I í framangreindum lögum segir að umhvrh. skuli eigi síðar en árið 2002 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn náttúruverndaráætlun skv. áðurnefndri 65. gr.

Undirbúningur við gerð náttúruverndaráætlunar hófst árið 2000 á vegum Náttúruverndar ríkisins en árið 2001 var myndaður vinnuhópur skipaður fulltrúum Náttúruverndar ríkisins, sem nú er Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhvrn. Hópnum var ætlað það hlutverk að leggja grunn að aðferðafræði sem notuð yrði við gerð áætlunarinnar með það að leiðarljósi að uppfylla sem best ákvæði laga um náttúruvernd og alþjóðlegar skyldur Íslands á sviði náttúruverndar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hóf í kjölfarið vinnu við að skipuleggja greiningu á tilteknum upplýsingum til að leggja mat á hvaða svæði og tegundir mikilvægt er að vernda. Náttúruverndaráætlun var í meginatriðum unnin í tveimur áföngum. Fyrst var unnin ítarleg tillaga að náttúruverndaráætlun á vegum Umhverfisstofnunar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar fagstofnanir, þar sem gerð var tillaga um verndun 77 svæða sem ætti að tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndar þurfi á landinu, verndun helstu flokka jarðminja, mikilvægustu birkiskóga landsins og mikilvægra vatnakerfa.

Í endanlegri tillögu Umhverfisstofnunar til umhvrh., sem ber heitið Náttúruverndaráætlun, aðferðarfræði – Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, er lagt til að 75 svæði verði vernduð. Tillaga Umhverfisstofnunar gefur heildarmynd af stöðu mála og hvaða svæði stofnunin telur að skoða beri til lengri tíma litið með vernd í huga.

Síðari áfangi verksins fólst í ítarlegri yfirferð tillagna Umhverfisstofnunar í umhverfisráðuneytinu og þar með mótun náttúruverndaráætlunar til næstu fimm ára fyrir tímabilið 2004–2008. Umhvrh. heimsótti og kynnti sér nær öll svæðin 75 sem er að finna í tillögum Umhverfisstofnunar og fundaði með heimamönnum um mögulega verndun þeirra. Voru það afar jákvæðir fundir og mikilvægir að mínu mati. Í kjölfar þess voru drög að náttúruverndaráætlun 2004–2008 unnin í umhvrn. sem síðan voru lögð fram til kynningar og umræðu á 3. umhverfisþingi sem haldið var 14.–15. október sl.

Samþykkt hefur verið í ríkisstjórn að leggja till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008 fyrir Alþingi. Á ég von á því að till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008 verði lögð fram á Alþingi innan skamms.

[15:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar að koma að athugasemd við þá náttúruverndaráætlun sem kynnt var á umhverfisþingi fyrir skemmstu. Athugasemd mín lýtur að því að það er einn afskaplega afgerandi þáttur í íslenskri náttúruvernd sem er sniðgenginn, þ.e. landslag og landslagsvernd. Það var mál manna á umhverfisþinginu að þeirri tegund náttúruverndar hefði mátt gera hærra undir höfði en raun ber vitni í þeirri náttúruverndaráætlun sem liggur fyrir.

Sömuleiðis lýsi ég vonbrigðum með að ekki skuli meira lagt upp úr því að svæði á miðhálendi Íslands skuli vernduð í þessari áætlun. Þó að hún sé ekki til umræðu hér tel ég nauðsynlegt að koma á framfæri að í því sem við höfum séð af því sem í vændum er virðist pottur brotinn. Ég hlakka til að takast á við hæstv. umhvrh. um þetta þegar tillagan verður lögð fram og hún kemur til kasta okkar í þinginu.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Það liggur fyrir að í tillögum Umhverfisstofnunar er gert ráð fyrir því að 75 svæði verði vernduð til lengri tíma. Í þeim drögum sem umhvrn. hefur unnið að í náttúruverndaráætlun er gert ráð fyrir að 14 svæði verði á náttúruverndaráætlun, auk Vatnajökuls, ef ég hef skilið það rétt. Ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir þessa vinnu. Þarna hefur greinilega mikil vinna farið fram og hæstv. ráðherra á heiður skilinn fyrir þann þátt.

Það kom fram hér í máli hæstv. umhvrh. að till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008 yrði lögð fram á hinu háa Alþingi fljótlega. Ég fagna því og tel nauðsynlegt að hv. alþingismenn fái tækifæri til að ræða náttúruvernd og náttúruverndaráætlun. Í gamla daga var náttúruminjaskrá og náttúruvernd meira og minna til umræðu annars staðar en á hinu háa Alþingi.

Að lokum ítreka ég þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir svörin og það góða starf sem hún hefur unnið í þessum málum.

[15:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Frú forseti. Eins og hér hefur komið fram er verið að vinna náttúruverndaráætlun samkvæmt lögum um náttúruvernd. Fyrirspyrjandi, hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson, var einmitt talsvert inni í þeim málum á sínum tíma sem aðstoðarmaður umhvrh. þegar þau lög voru samþykkt. Það er því gaman að eiga orðastað við hv. þm. vegna þessara mála.

Það er rétt að í drögum að náttúruverndaráætlun eru 14 svæði og þar að auki er búið að ákveða í ríkisstjórn að Vatnajökull verði þjóðgarður og þarf því ekki nýja stefnumótun varðandi það atriði. Einnig er að störfum nefnd sem í eru fulltrúar nokkurra þingflokka sem Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri leiðir. Þar er m.a. verið að skoða hvaða svæði er hægt að vernda á miðhálendinu. Það er alrangt að það sé ekki verið að skoða miðhálendið. Það er mikill misskilningur og aðeins til að afvegaleiða umræðuna þegar sagt er að ekki sé verið að skoða miðhálendið. Það þarf ekki að setja það í nýtt ferli enda er það nú þegar í ákveðnu ferli. Það er einmitt verið að skoða miðhálendið varðandi náttúruvernd hér á Íslandi.

Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur varðandi það að þessi náttúruverndaráætlun er sú fyrsta sinnar tegundar. Þar er ekki tekið beint á landslagsvernd. Þar er ekki heldur tekið á svæðum í hafi, sem væri mjög spennandi að skoða. Þau mál bíða næsta tímabils. En við höfum a.m.k. valið þau svæði sem við setjum í forgang og að sjálfsögðu koma önnur svæði í kjölfarið.

Ég tel það mjög mikilvægt og fagna mjög að frjálsu félagasamtökin hafa tekið vel í þessa áætlun. Ég tel mikilvægt að allir aðilar reyni að útskýra, bæði fyrir sveitarstjórnum, landeigendum og öðrum á þessum svæðum, að í þessari áætlun felst ekki að bannað verði að gera nokkuð á svæðunum. Allt samráðsferlið er eftir. Það er rétt að hefjast og það mun einmitt taka næstu fimm ár.

Þing aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Fsp. KolH, 379. mál. — Þskj. 505.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. 29. september sl. flutti Klaus Töpfer, forstöðumaður Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, skilaboð frá Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til alþjóðlegrar ráðstefnu um loftslagsbreytingar sem haldin var í Moskvu. Skilaboðin voru eitthvað á þessa leið:

„Ef fram heldur sem horfir og ekki verður hægt að koma böndum á stöðugt vaxandi losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið má gera ráð fyrir að móðir jörð eins og við þekkjum hana verði ekki svipur hjá sjón við lok þessarar aldar. Mörg smá eyjaríki verða horfin í hafið. Norður-Íshafið verður íslaust stóran hluta ársins. Landbúnaðarhéruð verða stórlega breytt. Og hringrásir vatns, lofts og efna í vistkerfum jarðar verða undir meira álagi en áður hefur þekkst. Ef þessar spár rætast, munu börnin okkar og barnabörn ekki skilja í okkur að við skyldum hafa látið þetta gerast."

Frú forseti. Svona lýsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna áhyggjum sínum fyrir fáeinum vikum. Undir þær áhyggjur skal tekið hér og því bætt við að mér finnst íslensk stjórnvöld nokkuð værukær í þessum málum og ekki gefa afleiðingum yfirvofandi loftslagsbreytinga nægan gaum. Eða hvenær hefur hæstv. umhvrh. lýst því yfir að hún meti það svo að yfirvofandi loftslagsbreytingar séu einhver mesta ógn sem vofir yfir mannkyni og lífríki jarðar?

Loftslagsmálin eru nú til umræðu í Mílanó á Ítalíu, en þar hófst í fyrradag 9. ríkjaráðstefna aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og stendur ráðstefnan til 12. des. Megintilgangurinn er að gera úrslitatilraun til að koma Kyoto-bókuninni í framkvæmd, en hún er það tæki loftslagssamningsins sem knýr aðildarríkin til tiltekinna markvissra aðgerða með tölulegum markmiðum svo draga megi umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda í iðnríkjunum og þar með hlýnun lofthjúpsins á árabilinu 2008–2012.

Óhætt er að fullyrða, frú forseti, að allt velti nú á afstöðu Rússa. Ef þeir fullgilda ekki bókunina, þá nást ekki tilskilin markmið sem eru nauðsynleg til að hún komist í framkvæmd. Sú þjóð sem er í sjálfu sér ábyrg fyrir þeirri stöðu mála er hins vegar Bandaríkjamenn, en það var ljóst í

Jóhannesarborg 2002 að Bush Bandaríkjaforseti lagðist gegn því að Bandaríkjamenn fullgiltu bókunina og við það situr.

Í gær og í dag hafa verið að berast fréttir frá Mílanó sem deyfa vonir manna um að Rússar muni fullgilda bókunina. Haft er eftir efnahagsráðgjafa Pútíns forseta, Andrei Illarionov, sem er reyndar ekki sjálfur í Mílanó heldur í Moskvu og er yfirlýstur andstæðingur Kyoto-bókunarinnar, að þeir muni ekki fullgilda hana. En sú frétt hefur komið rússneskum diplómötum sem eru í Mílanó í opna skjöldu. Enn lifa menn í voninni um að Pútín sjálfur muni fá að ráða þessu, enda hefur hann í þrígang lýst þeirri afstöðu að Rússar muni fullgilda. En eins og staðan er núna eru Evrópulöndin mjög að þrýsta á hann og full ástæða til að íslensk stjórnvöld leggist á sveif með þeim.

Af þessu tilefni spyr ég hæstv. umhvrh. hvort íslensk stjórnvöld muni taka þátt í að beita Rússa þrýstingi í þessum efnum. Og síðan hef ég aðrar spurningar til ráðherrans varðandi þátttöku Íslands í 9. aðildarríkjaþinginu sem eru á fskj. sem þingmenn hafa á borðum sínum.

[15:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: Hvernig verður háttað þátttöku Íslands í 9. þingi aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, sem haldið verður í Mílanó í desember? Því er til að svara að Ísland á ásamt Þýskalandi sæti í forsætisnefnd þingsins fyrir hönd Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Auk þess fer Ísland með formennsku í vísinda- og tækninefnd þingsins og gegnir Halldór Þorgeirsson, skrifstofustjóri í umhvrn., því starfi. Ísland fer því með mikilvægt hlutverk á fundinum.

Í öðru lagi er spurt: Hvernig verður sendinefnd Íslands skipuð og hverjar verða megináherslur íslensku fulltrúanna á fundinum? Því er til að svara að formaður íslensku sendinefndarinnar er sú er hér stendur, umhverfisráðherra, en aðrir í sendinefndinni eru Gunnar Pálsson, skrifstofustjóri auðlinda- og umhverfisskrifstofu í utanrrn., Halldór Þorgeirsson, skrifstofustjóri í umhvrn., Axel Nikulásson, sendiráðunautur í utanrrn., og Óttar Freyr Gíslason, deildarsérfræðingur í utanrrn.

Stjórnvöld styðja virka þátttöku frjálsra félagasamtaka í stefnumarkandi fundum á alþjóðlegum vettvangi á sviði umhverfismála. Náttúruverndarsamtök Íslands hafa að þessu sinni hlotið fjárhagslegan stuðning til þátttöku og er Árni Finnsson fulltrúi þeirra á þinginu. Megináherslur sendinefndarinnar á fundinum er að stuðla að niðurstöðu í þeim málum sem lúta að undirbúningi fyrir gildistöku Kyoto-bókunarinnar. Sendinefndin mun einnig leggja áherslu á mikilvægi þess að undirbúa næstu skref í loftslagsmálum eftir fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar 2008–2012 og mikilvægi endurnýjanlegrar orku og tækniþróunar í því sambandi. Gott dæmi um slíka tækniþróun er þróun vetnistækninnar.

Fram kom í fyrirspurninni áðan, frú forseti, og gefið í skyn að það væri ekki sérstakur áhugi hjá stjórnvöldum á þessu ferli, en það er nú alls ekki. Ég vil halda því til haga að Ísland var fyrst norrænna ríkja til að fullgilda Kyoto-bókunina. Henni hefur því verið sýndur mikill áhugi hér á landi á vettvangi stjórnmálanna.

Í þriðja lagi er spurt: Mun Ísland taka þátt í að beita Rússa þrýstingi um að þeir fullgildi Kyoto-bókunina? Ég vil af þessu tilefni taka fram að yfirlýsing efnahagsráðgjafa Pútíns er fyrst og fremst hans persónulegu skoðanir sem hann hefur áður látið í ljós, m.a. í tengslum við ráðstefnu um loftslagsmál í Moskvu í september sl. og hér er því ekki um formlega afstöðu ríkisstjórnar Rússlands að ræða. Það finnst mér jákvætt. Það á sér stað geysilega mikil umræða um Kyoto-bókunina í Rússlandi um þessar mundir og rétt er að skoða þessa yfirlýsingu efnahagsráðgjafans í því ljósi. Og sú umræða stendur m.a. yfir núna vegna yfirstandandi kosningabaráttu en kosningar til Dúmunnar fara fram bráðlega. Það má vel vera að þessi yfirlýsing hafi eitthvað minna vægi fyrir vikið.

Fulltrúi Rússlands sem nú er í Mílanó á loftslagsfundinum hefur staðfest á óformlegum samráðsfundum í morgun að efnahagsráðgjafi Pútíns tali ekki fyrir hönd ríkisstjórnar Rússlands og að engar efnislegar breytingar hafi orðið á afstöðu Rússlands í þessu tilliti. Við Íslendingar munum, frú forseti, taka þátt í því með öðrum þjóðum á fundinum í Mílanó í næstu viku, að beita Rússa almennum þrýstingi til að auka líkurnar á því að þeir fullgildi bókunina, en við höfum verið þátttakendur í svokölluðum regnhlífarhópi þar sem Rússar sitja við borðið. Og við höfum ávallt haldið því til haga þar að við teljum mikilvægt að Kyoto-bókunin gangi í gildi.

Ég lít því þetta mál nokkuð alvarlegum augum þrátt fyrir að hér sé ekki um formlega afstöðu Rússa að ræða. Um er að ræða háttsettan ráðgjafa sem kemur fram með mjög afdráttarlausa yfirlýsingu um að Rússar ætli ekki að fullgilda bókunina. Það er alveg ljóst að ef þeir gera það ekki, þá er bókunin fallin um sjálfa sig af því Bandaríkjamenn hafa farið frá, þeir eru með 36% af losuninni, Rússar eru með 17%, samanlagt er það yfir 53% miðað við tölurnar og það þarf 55% losun bak við þau ríki sem fullgilda svo bókunin taki gildi. Ef báðar þessar stóru þjóðir sem menga svona mikið hlaupa frá bókuninni, þá tekur hún ekki gildi og það er mjög alvarleg staða að mínu mati og mun minnka líkurnar á því að þjóðir heims taki á hinum stóra sínum við að hemja losun gróðurhúsalofttegunda og mun líka minnka líkurnar á því að það verði sterkur hvati til þess að auka tækniþróun, m.a. gagnvart endurnýjanlegum orkugjöfum. Ég tek þessi skilaboð sem svo að mér finnst þau vera alvarleg, en það er ekki öll von úti enn af því þetta er ekki formlegt svar Rússlands.

[15:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við getum rifist ákaflega lengi um Kyoto-*samkomulagið*. *Það mun engu máli skipta ef það gengur* eftir sem efnahagsráðgjafi Pútíns Rússlandsforseta lét eftir sér hafa. Þess vegna skiptir það öllu máli hvort eitthvað sé til í ummælum hans og hvort þau spegli viðhorf rússnesku stjórnarinnar.

Fram kom hjá hæstv. ráðherra að hún teldi að svo væri ekki. Ástæðan er sú að hæstv. umhvrh. sagði að á óformlegum fundi í morgun hefði það verið staðfest að þarna væri fyrst og fremst um persónulegar skoðanir efnahagsráðgjafa Pútíns að ræða en ekki viðhorf rússnesku stjórnarinnar. Mér finnst það ákaflega merkilegt ef maður sem gegnir svo mikilvægu hlutverki lætur slíka yfirlýsingu frá sér fara án þess hann hafi fast land undir fótum. Mig langar því til að spyrja hæstv. umhvrh. á hvaða óformlega fundi í morgun var það staðfest að efnahagsráðgjafinn hafi ekki mælt fyrir munn Pútíns Rússlandsforseta.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Í máli hennar kom í ljós að íslenska sendinefndin fer þarna með umtalsvert hlutverk á ráðstefnunni og því ber að sjálfsögðu að fagna að við skulum vera þarna í nokkurs konar framvarðarsveit. En ástæður spurninganna um hvernig þátttöku Íslands sé háttað lúta að því að það er skoðun mín að lýðræðislega kjörnir fulltrúar á Alþingi, t.d. hv. þingmenn sem starfa í umhvn. Alþingis, ættu auðvitað að vera þarna til staðar. Og þá vil ég sérstaklega hafa í huga þingmenn frá stjórnarandstöðunni því þarna er verið að taka pólitískar ákvarðanir. Íslensk stjórnvöld fara þarna með talsvert hlutverk eins og komið hefur fram og hafa talsvert vald til að móta ákvarðanatöku og móta umræðuna. Ég tel því mjög mikilvægt að lýðræðislega kjörnir fulltrúar fái aðild og aðgang að þessu. Ég hef svo sem reynt það á síðasta kjörtímabili að fá aukið fjármagn fyrir þingmenn til að sækja fundi og ráðstefnur af þessu tagi en hef ekki haft árangur sem erfiði í sjálfu sér enn þá og ég auglýsi eiginlega eftir stuðningi hæstv. umhvrh. í þeim efnum að lýðræðislega kjörnir fulltrúar fái meira vægi í sendinefndum af þessu tagi, það séu ekki bara embættismenn sem fari með svo mikilvæg hlutverk. Ég fagna því hins vegar að Náttúruverndarsamtök Íslands skuli eiga þarna fulltrúa og umhvrn. skuli hafa komið að því máli.

Varðandi Rússa og það hvað málin gætu verið í miklu uppnámi með afstöðu þeirra, þá er það auðvitað dagljóst að Bandaríkjamenn hafa sett þjóðir heims í þennan bobba. Og þó ég fagni því núna að íslensk stjórnvöld ætli að beita Rússa þeim þrýstingi sem mögulegt er og sameinast þar öðrum löndum sem beita þeim þrýstingi má líka gagnrýna íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki talað tæpitungulausar yfir hausamótunum á Bandaríkjamönnum á sínum tíma sem eru flúnir frá.

[15:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við töluðum tæpitungulaust þegar Bandaríkjamenn fóru frá borðinu. Við hörmuðum það mjög og það kom fram bæði hér á Alþingi ef ég man rétt og í fjölmiðlum. Það var mál sem við tjáðum okkur um og okkur þótti mjög leitt að þeir skyldu fara frá borðinu. Og það er alveg rétt að það gaf fleirum færi á að fara frá borðinu. Ef Rússar fara líka frá borðinu spyr ég mig um fleiri ríki af því þá geta komið fram fleiri sjónarmið um að skert samkeppnisstaða sé á milli þjóða o.s.frv. Þetta er því hættulegt fordæmi sem við höfum séð.

En varðandi það að þessi ráðgjafi sé ekki með fast land undir fótum og á hvaða fundi þetta kom fram í morgun, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði um, þá stendur núna yfir undirbúningsfundur í Mílanó vegna 9. aðildarríkjaþings loftslagssamningsins þar sem fyrst er embættismannafundur og síðan hittast ráðherrarnir í næstu viku. Það var á slíkum fundi í morgun, óformlegum fundi, þar sem þetta kom fram hjá rússnesku fulltrúunum að hér væri um persónulega skoðun ráðgjafans að ræða en ekki um formlega afstöðu Rússa, ekki opinberlega formlega afstöðu. Þetta eru upplýsingar sem við höfum frá þeim íslensku aðilum sem eru í Mílanó núna um þessar mundir.

Það að þingmenn fái meira vægi á þessum fundum er auðvitað mál sem Alþingi sjálft verður að taka upp. En a.m.k. hef ég reynt að halda utan um íslensku sendinefndirnar þegar þær hafa verið með á svona stórum fundum, eins og Jóhannesarborgarfundinum, þar sem við höfum fundað reglulega með íslensku sendinefndunum og mér finnst það jákvætt að aðilar séu þar til staðar, kynni sér málin og taki þátt í umræðum.

En ég vil ítreka, frú forseti, að það eru mjög óvissir tímar fram undan vegna Kyoto-bókunarinnar og vegna þessara skilaboða sem við fáum frá háttsettum ráðgjöfum þannig að manni er bara um og ó. Búið er að leggja geysilega vinnu í þetta mál. Þetta er mikilvægt. Hitastig er að hækka á jörðinni. Og svo sannarlega vildi ég sjá fullgildingu á Kyoto-bókuninni sem fyrst.

[15:42]

Útbýting þingskjala:

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 402. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 540.

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. JBjarn, þskj. 541.

Launaákvarðanir, 286. mál, svar fjmrh., þskj. 522.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 401. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 539.

Færsla Hringbrautar í Reykjavík.

Fsp. GÓJ, 172. mál. — Þskj. 174.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Því hefur oft verið haldið fram að hv. þingmenn Reykjavíkur hafi ekki nægilega mikinn áhuga á samgöngumálum í Reykjavík og hafi ekki barist nægilega fyrir þeim málum. Ég ætla ekki að láta segja það um mig og hef því lagt fram þrjár fyrirspurnir til hæstv. samgrh. um samgöngumál í Reykjavík. Sú fyrsta snýr að færslu Hringbrautar og er á þskj. 174.

Eins og menn vita er fyrirhugað að færa Hringbrautina þannig að hún fari undir núverandi brú á Bústaðavegi, suður fyrir Læknagarð og Umferðarmiðstöðina og þá muni gagnamót breytast við Snorrabraut og Bústaðaveg og sömuleiðis muni gatnamót við Njarðargötu breytast. Síðan verði ný gatnamót þar sem væntanlegur Hlíðarfótur tengist Hringbraut.

Megintilgangur með þeirri framkvæmd, að færa Hringbrautina, er að sameina lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss sem nú er beggja megin við Hringbrautina og sömuleiðis að tryggja frekari uppbyggingu á háskólasvæðinu og í Vatnsmýrinni.

Gert var ráð fyrir að þetta verk yrði að mestu leyti framkvæmt á árinu 2005, síðan var ákveðið að flýta framkvæmdinni þannig að hún kæmi að mestu leyti í gagnið á næsta ári þó einhver frágangur yrði eftir og biði til ársins 2005.

Nú vil ég vita, hæstv. forseti, hvernig staðan á þessari framkvæmd er og spyr því hæstv. samgrh.: Hvað líður færslu Hringbrautar í Reykjavík?

[15:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson spyr hvað líði færslu Hringbrautar.

Málefnið færsla Hringbrautar er ekki nýtt af nálinni. Ekki er ofsögum sagt að undirbúningur hefur tekið langan tíma. Þessi færsla var partur af samkomulagi sem var gert á milli ríkisins og borgaryfirvalda og tengdist það framkvæmdum á

landspítalalóðinni m.a. Í dag er staða þessa máls sú að mikill tími hefur farið í vinnu við deiliskipulag og hefur sú vinna öll dregist mjög mikið. Niðurstöðu deiliskipulagsins er því enn þá beðið. Þrátt fyrir það hefur samráðshópur Vegagerðarinnar og borgarverkfræðings í Reykjavík látið verkhanna nýja Hringbraut frá Rauðarárstíg og vestur úr. Framkvæmdin hefur verið samþykkt af Skipulagsstofnun í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. En ástæða er til þess að vekja athygli á því að þarna er um mjög viðkvæmt svæði að tefla og þess vegna e.t.v. ekki óeðlilegt að það taki nokkurn tíma fyrir skipulagsaðila að komast að niðurstöðu, finna lausn sem er eðlileg í þessu umhverfi. Þetta er partur af miðborg höfuðborgarinnar og þarna er svæði sem þarf mjög að líta til í því samhengi.

Inneign vegna verksins og fyrirhugaðra framkvæmda var um síðustu áramót 107 millj. kr. Fjárveiting ársins 2003 er 50 millj. og árið 2004 166 millj. og 2005 599 millj. Auk þess var ætlað viðbótarfé í verkið á þessu ári 200 millj. til þess að hraða framkvæmdum, koma verkinu af stað og er gert ráð fyrir 100 millj. kr. á árinu 2004 samkvæmt samgönguáætluninni. Samtals eru því til ráðstöfunar til framkvæmda á Hringbraut og raunar Miklubraut ríflega 1.300 millj. kr. Því skortir ekki fjármuni til þess að þessi framkvæmd geti farið af stað og henni megi ljúka á sem skemmstum tíma.

Talið er að kostnaðurinn við þetta verk sé á bilinu 1.000–1.100 millj. kr. og það er heimild til þess og það er hluti af samgönguáætluninni. Það var gert ráð fyrir að hluti þeirrar fjárveitingar sem ég hef sagt hér frá gengi síðan til framkvæmda við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Samkvæmt samgönguáætluninni og samkvæmt fjárheimildum okkar í dag er gert ráð fyrir verulegum fjármunum til þess að framkvæma úrbætur á þessu svæði.

Það er von okkar í samgönguráðuneytinu að koma megi þessum framkvæmdum sem allra fyrst af stað. Ég geri ráð fyrir því að útboð fari fram fljótlega eftir næstu áramót þannig að á næsta ári verði unnið þarna fullum fetum. Fjármuni mun ekki skorta til þess að hægt verði að framkvæma þetta á sem allra skemmstum tíma.

[15:50]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er mála sannast að hæsv. samgrh. hefur haft miklu meiri áhuga á vegaframkvæmdum og samgöngubótum á Snæfellsnesi en í Reykjavík. Batnandi mönnum er hins vegar best að lifa. Ég vek eftirtekt á því að hæstv. ráðherra sagði að ekki mundi skorta fjármagn til að ráðast í þessar samgöngubætur þegar búið væri að bjóða þær út eftir næstu eða þarnæstu áramót. (**Samgrh.:** Næstu.) Ég tel mjög miklu máli skipta að þessi yfirlýsing liggi fyrir. Ég hvet hann líka til þess að skoða í framtíðinni hvort ekki sé heppilegt að beita samgöngubótum eins og jarðgöngum líka innan höfuðborgarinnar. Menn tala um Hlíðarfót. Er ekki vel íhugandi að setja hann í stokk? Sömuleiðis vil ég hvetja hæstv. ráðherra til þess að velta því fyrir sér hvort Miklabrautin sem liggur áfram austur úr og er þjóðvegur í þéttbýli sé ekki líka betur komin í stokki frá Rauðarárstíg og að Lönguhlíð.

[15:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að nægt fjármagn verður til að fara í þessa breytingu á vegakerfinu við Hringbrautina. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Þegar útboð hefur farið fram eftir næstu áramót, hvað gerir hann ráð fyrir að menn verði lengi að vinna við þessar framkvæmdir? Hvenær verður Hringbrautin tilbúin? Það er auðvitað svo, virðulegi forseti, að það hefur líka áhrif á uppbygginguna á landspítalalóðinni hvenær Hringbrautin verður færð. Því er mjög mikilvægt að fá upplýsingar um það hvenær ráðherra telur að búið verði að ljúka við þessa framkvæmd eftir útboðið, hversu langan tíma það tekur.

[15:53]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla að líta til framtíðar og nefna Miklubrautina eða Hringbrautina og leggja til að menn skoði þann möguleika að gera jarðgöng frá Snorrabraut að Grensásvegi, tveggja kílómetra löng jarðgöng sem mundu kosta um það bil 3–4 milljarða og spara öll mannvirkin sem menn ætla að byggja við Kringlumýrarbraut og víðar, sem kosta sennilega 1 eða 2 milljarða, og selja lóðirnar sem losna fyrir ofan upp í kostnað.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni. Það er ljóst að unnið er að þessu máli og það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er, eins og fram kom hjá hæstv. samgrh., að til er nægilegt fjármagn í þessa framkvæmd. Því ber auðvitað að fagna sérstaklega. Því ber að fagna sömuleiðis að hæstv. samgrh. ætlar að beita sér fyrir því að þetta verk verði boðið út strax eftir áramót þannig að framkvæmdir geti hafist síðar á næsta ári. Ég fagna því, hæstv. forseti.

[15:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. 1. þm. Reykv. n. að samgönguráðherrann hefur mikinn áhuga á vegum víðar en á höfuðborgarsvæðinu og kannski ekki síst á Snæfellsnesi. Hv. þm. er glöggur. Hins vegar vekur hann athygli á mikilvægum þætti í þessu máli öllu, þ.e. skipulagsmálum á þessu svæði. Það kom fram raunar hjá hv. þm. Pétri Blöndal einnig að menn þurfa að hugsa mjög til framtíðar þegar verið er að skipuleggja borgarbyggðina og huga að leiðum eins og stokki eða jarðgöngum í þéttbýlinu ekki síður en annars staðar. Sú lausn að veita umferðinni í stokka skapar möguleika á að nýta byggðina betur, þétta hana, nota byggingarsvæðin enn betur og það gæti nú kannski á þessu svæði leitt til þess að fólk hætti að amast við því mikilvæga mannvirki Reykjavíkurflugvelli þar í nágrenninu. En hvað um það.

Ég heyri að hv. þm. eru ánægðir með framvinduna í þessu máli eins og hún liggur fyrir núna. Framkvæmdir munu hefjast fljótlega á næsta ári. Útboð fer fram og ég vona að (Gripið fram í.) skipulagsvinnan verði sem allra fyrst búin.

Hvenær þessu lýkur get ég ekki sagt. Það fer alveg eftir hinni endanlegu útfærslu, endanlegri hönnun á frágangi og skipulagi svæðisins. Það getur verið mismunandi útfærsla, mismunandi kostnaður, mismunandi umfang þannig ég get ekkert sagt um það hvenær þessu lýkur. Ég held að það eigi ekki að þurfa að taka mörg missiri að koma þessari braut í not. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt að framkvæmdin taki sem skemmstan tíma.

[Fundarhlé. — 15:57]

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. GAK og JBjarn, þskj. 550, 551, 552.

Forvarnir og meðferð ungra fíkniefnaneytenda, 407. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 546.

Hrossalitir, 408. mál, fsp. ÖB og ÖS, þskj. 547.

Litförótt í íslenska hestakyninu, 409. mál, fsp. ÖS o.fl., þskj. 548.

Skattfrelsi félagsgjalda, 404. mál, fsp. ÖS, þskj. 543.

Stofnverndarsjóður íslenska hestsins, 406. mál, fsp. ÖS o.fl., þskj. 545.

Útgáfustyrkir Menningarsjóðs, 405. mál, fsp. ÖS, þskj. 544.

Vatnajökulsþjóðgarður, 403. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 542.

Vextir útlána banka og sparisjóða, 282. mál, svar viðskrh., þskj. 523.

Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Fsp. GÓJ, 173. mál. — Þskj. 175.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 175 hef ég lagt fram fsp. til samgrh. um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík. Eins og menn vita hefur lengi verið unnið að tillögum um þessi mál og það sem síðast gerðist var að í júní á þessu ári voru lögð fram drög að frumskýrslu vinnuhóps Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um mislæg gagnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Það sem er kannski merkilegt í þessum drögum er að þar kemur fram að um 75 þús. bílar aka um þessi gatnamót á sólarhring. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir því að árið 2024 aki eftir Miklubraut 40–55 þús. bílar á sólarhring og eftir Kringlumýrarbraut 42–48 þús. bílar.

Í skýrslu vinnuhópsins voru dregnar saman þrjár meginlausnir á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

1. Gatnamót í plani með fjögurra fasa umferðarljósum og akreinum fjölgað, þrjár beint áfram og tvær fyrir hverja vinstri beygju.

2. Tveggja hæða gatnamót með Kringlumýrarbraut eða Miklubraut í fríu flæði og vinstribeygjustraumar á ljósum.

3. Þriggja hæða gatnamót með bæði Miklubraut og Kringlumýrarbraut í fríu flæði og allir beygjustraumar efst á hringtorgi.

Áætlaður kostnaður vegna þessara þriggja meginlausna er frá 4 milljörðum kr. upp í 11,2 milljarða kr. Þetta er allt saman spurning um það hversu langt menn vilja ganga í að fækka umferðarslysum og stytta tafatíma sem er auðvitað markmiðið með framkvæmdum sem þessum.

Nú er komið að því að halda áfram með þetta mál. Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh.: Hvað líður gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík?

[18:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hefur hann kynnt sér þetta mál vel og þekkir allvel til þess. En hv. þm. spyr hvað líði gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík.

Svar mitt er svohljóðandi:

Samráðshópur Vegagerðarinnar og borgarverkfræðings í Reykjavík skilaði skýrslu í júní sl. um helstu lausnir sem til greina eru taldar koma varðandi mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ekki er komist að ákveðinni niðurstöðu í skýrslunni en þó má segja að mælt sé með þriggja hæða lausn sem er áætluð kosta um 3 milljarða kr. Í þeirri lausn er Miklabrautin grafin niður 3–5 m og Kringlumýrarbrautin grafin niður um 6 m undir Miklubrautina. Hringtorg fyrir alla beygjustrauma yrði efst 1–3 m yfir núverandi landhæð. Skýrslan hefur verið til umfjöllunar í skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar og mun hafa verið send hagsmunaaðilum, svo sem Strætó bs. og Kringlunni til umsagnar. Jafnframt hefur verið unnið að afkastaútreikningum fyrir mismunandi lausnir.

Tillögur um tveggja hæða mislæg gatnamót á þessum stað kosta samkvæmt áætlun um 1,5–2 milljarða kr.

Áform um frekari hönnun þriggja hæða lausnarinnar verður ekki tekin fyrr en Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa farið yfir væntanlegar umsagnir, en þess er að vænta að það liggi fyrir á næstunni. Verkhönnun og mat á umhverfisáhrifum gæti tekið 8–10 mánuði eftir að lausn hefur verið valin.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir 1,5 milljörðum kr. í gatnamótin á tímabilinu 2006–2010. Að auki var gert ráð fyrir 200 millj. kr. viðbótarfé í verkið á flýtingu framkvæmda vegna atvinnuástands, eins og hv. þm. þekkja. Eins og kom fram í svari mínu hér við fsp. um færslu Hringbrautarinnar er gert ráð fyrir fjármunum til úrbóta vegna Hringbrautar og Miklubrautar á þessu svæði og í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir verulegum fjármunum til þessara framkvæmda. Það er alveg ljóst að hér er bæði um mikilvæga aðgerð að ræða og úr vöndu að ráða þegar þarf að taka ákvörðun um val á útfærslu þessara gatnamóta því kostnaðurinn er verulega mikill. Það þarf því að velja lausn sem tryggir öryggi og gott flæði í umferðinni en að sjálfsögðu þarf að vera samspil kostnaðar og góðra lausna.

[18:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að ræða vegaframkvæmdir sem hafa verið lengi á döfinni og voru þessar tillögur Vegagerðarinnar kynntar þingmönnum í sumar. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er þó nokkur verðmunur á þeim leiðum sem standa til boða, tveggja hæða eða þriggja hæða leiðinni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Miðað við þá fjármuni sem hann telur upp í samgönguáætluninni til þessa verks vantar þó nokkuð upp á t.d. ef þriggja hæða lausnin verður valin. Munu fjármunir verða tryggðir til þess að hægt væri að fara þá leið ef það er ákveðið? Ég minni á að hæstv. ráðherra sagði áðan í umræðu um færslu Hringbrautar að menn yrðu að hugsa til framtíðar. Þess vegna verða menn stundum að taka dýrari leiðina þó að hún sé fjárfrekari, ef hún er öruggari og betri til framtíðar. Því spyr ég hæstv. ráðherra einnig: Hvenær telur hann að hægt verði að ljúka þessari framkvæmd?

[18:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Framsfl. fyrir að ýta svona hressilega við hæstv. samgrh. Eins og fram hefur komið fyrr í dag er ekki vanþörf á því að halda honum við efnið því honum er miklu hugnæmari samgöngubætur á öðrum stöðum landsins en hér í höfuðborginni. Hæstv. samgrh. virtist velkjast í vafa um hvaða leið væri farsælast að fara. Má ég, herra forseti, gefa honum eitt ráð í veganestið? Hæstv. ráðherra á að velja þá leið sem er best fyrir öryggi Reykvíkinga. Það hefur nefnilega komið í ljós á allra síðustu mánuðum í

samantektum sem nú liggja fyrir að það er hægt að fjárfesta í heilsu og mannslífum. Það hefur komið í ljós að banaslysum og alvarlegum líkamsslysum vegna slaks umferðaröryggis í Reykjavík er að fækka stórkostlega vegna þess að það er búið að fjárfesta í samgöngubótum. Það er það sem hæstv. ráðherra á að hafa fyrst og fremst til hliðsjónar.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Mér skildist á hæstv. ráðherra að það væri búið að senda út drög að frumskýrslu vinnuhópsins til umsagnar, það væri sem sagt beðið umsagnar umsagnaraðila og síðan yrði ákvörðun tekin þegar þær umsagnir liggja fyrir.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær hann geri ráð fyrir því að þessar umsagnir liggi fyrir. Það liggur fyrir að mat á umhverfisáhrifum tekur 8–10 mánuði eins og hæstv. ráðherra gat hér um áðan og sömuleiðis að það á að verja 1,5 milljörðum samkvæmt samgönguáætlun til verksins á tímabilinu 2006–2010.

Ég vil að endingu geta þess að ég treysti hæstv. samgrh. fyllilega til þess að þoka þessu máli áfram og mun að fullu styðja hann í því verki.

[18:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s., Ásta R. Jóhannesdóttir, vakti athygli á því að allt hefði þetta tekið langan tíma. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. (Gripið fram í.) Nei, (**Gripið fram í:** En ... skipulagið?) það er mun auðveldara, hæstv. forseti, að fást við vegalagningu þar sem er ónumið land, það liggur alveg ljóst fyrir, svo ég bregðist við frammíkalli. Hins vegar er úr vöndu að ráða hér í borginni, ekki síst þegar ekki liggur fyrir hvernig skipulagið eigi að vera og það á við um gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem kallaði hér fram í, þekkir vel þá var tekin ákvörðun um það af skipulagsyfirvöldum borgarinnar á sínum tíma, eftir að R-listinn tók við, að breyta frá fyrri áformum, þ.e. að taka ákvörðun um það að hafa ljósastýrð gatnamót þarna. (Gripið fram í.) Það frestaði málinu öllu þegar menn áttuðu sig á því að það væri ófullnægjandi lausn. Það er því hluti af þeirri skýringu sem verður að draga fram í þessari umræðu þegar menn vekja réttilega athygli á því að allt hafi þetta tekið langan tíma.

Það er ekki hægt að svara spurningunni um hvenær þessu verki ljúki, það er það langt í land með undirbúning og þetta er það stórt verk. Það er alveg hárrétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það þarf að velja lausnir sem tryggja umferðaröryggi. Það höfum við verið að gera með því að velja mislæg gatnamót á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Reykjanesbrautar, við Stekkjabakka, við Víkurveg og Vesturlandsveg. Við höfum því verið að leggja feiknarlega mikla fjármuni í úrbætur á vegakerfi höfuðborgarsvæðisins og sennilega aldrei meira á nokkru öðru kjörtímabili en því sem leið og það eru mikil áform á því sem er nýlega byrjað.

Sundabraut.

Fsp. GÓJ, 174. mál. — Þskj. 176.

[18:15]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 176 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um Sundabraut í Reykjavík. Eins og menn vita hefur það verk lengi verið í undirbúningi. Fram fór ákveðin forvinna á árunum 1996 og 1997 þar sem skoðaðar voru fimm leiðir við þverun Kleppsvíkur. Á árunum 1997–1999 var sjónum einkum beint að svokallaðri ytri og innri leiðum, þ.e. sem áður voru þá leið I og III og síðan hefur verið unnið að frekari skoðun þótt mönnum þyki heldur hægt ganga í þeim efnum.

Ytri leið svokölluð gerir ráð fyrir því að Sundabraut tengist Sæbraut við Holtaveg og geti ýmist verið hábrú, jarðgöng eða botngöng og er áætlaður kostnaður við þá framkvæmd 10–15 milljarðar kr.

Hins vegar er innri leið sem gerir ráð fyrir að Sundabraut verði að mestu leyti lögð á fyllingum og það er sú leið sem Vegagerðin hefur verið fylgjandi.

Eins og hv. þingmenn vita er gert ráð fyrir fjárveitingu til þeirrar framkvæmdar á samgönguáætlun. Hér er auðvitað um gríðarlega stórt verkefni að ræða og ákaflega mikilvægt, ekki bara fyrir íbúa Reykjavíkurkjördæmanna heldur sömuleiðis fyrir alla þá sem eiga leið inn og út úr borginni.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnst heldur hafa þokast síðustu missirin. Þess vegna spyr ég hæstv. samgrh.: Hvað líður undirbúningi að gerð Sundabrautar í Reykjavík?

[18:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að gefa mér tækifæri til að svara þessari fyrirspurn. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda eru margir áhugasamir um að bæta úr hvað varðar samgöngur á þeirri leið sem Sundabrautin á að taka til. En það er alveg ljóst að við erum fyrst og fremst að tala um fyrsta áfanga, þ.e. kaflann yfir Kleppsvík. Þegar fólk talar um Sundabrautina, þá horfa mjög margir til þess að Sundabrautin hljóti að liggja frá nánast af Kjalarnesinu og yfir alla voga og víkur, allt til þess svæðis sem við erum að tala um sem fyrsta áfanga.

En svar mitt við fsp. hv. þm. er að vinnuhópur Vegagerðarinnar og borgarverkfræðings í Reykjavík er að ljúka gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrsta hluta Sundabrautar, þ.e. kaflans yfir Kleppsvíkina. Í skýrslunni er gerð grein fyrir tveimur meginleiðum yfir Kleppsvík, svokallaða innri leið við Kleppsmýrarveg og ytri leið sem tengist Sæbraut við Holtaveg. Á innri leiðinni er gert ráð fyrir einni útfærslu, að Sundabraut verði lögð á fyllingu stærstan hluta leiðarinnar en þó yrðu brýr næst landi, bæði að norðan og sunnan. Á ytri leiðinni er gert ráð fyrir þremur mismunandi útfærslum, þ.e. brú í 50 metra hæð yfir sjávarmáli, botngöngum og jarðgöngum.

Vegagerðin hefur lýst sig fylgjandi innri leiðinni fyrst og fremst vegna þess að hún er mun ódýrari en allar ytri útfærslurnar og skilar meiri arðsemi. Reykjavíkurborg hefur hins vegar ekki til þessa verið reiðubúin til að taka formlega afstöðu með tiltekinni leið. Það hefur verið venja að leggja fyrir Skipulagsstofnun einn valkost sem vilja framkvæmdaraðila og jafnframt hafi verið gerð grein fyrir öðrum kostum þegar matsskýrslur vegna ákveðinna framkvæmda hafa verið

lagðar inn til stofnunarinnar til afgreiðslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Þetta þekkir hv. fyrirspyrjandi afskaplega vel eftir að hafa starfað í umhvrn.

Svo sem að framan getur hefur Reykjavíkurborg ekki mótað afstöðu sína varðandi legu Sundabrautar. Æskilegt væri að sú afstaða lægi fyrir áður en matsskýrslunni er skilað. Verkhönnun og mat á umhverfisáhrifum gæti tekið tvö til þrjú ár eftir að leið og útfærsla hefur verið valin. Þannig að allt er þetta spurning um nokkuð langan tíma. Þarna er um afskaplega vandasamt og umfangsmikið verk að ræða hvað varðar hönnun og alla skipulagsþætti og undirbúning.

Samkvæmt samgönguáætlun 2003–2014 eru áætlaðar til framkvæmdarinnar 500 milljónir á árunum 2003–2006 og síðan eru 800 milljónir á næsta tímabili og 2,5 milljarðar á síðasta tímabili samgönguáætlunarinnar. Eins og sést af þessu og í ljósi þess að við erum að tala um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar sem fólk leggur mikla áherslu á en kostar heilmikla fjármuni þá segir það okkur að margt verkið er að vinna á sviði samgöngumála og þau eru ærið kostnaðarsöm.

Hér hafa síðustu dagana verið lagðar fram m.a. tillögur og hugmyndir um jarðgöng og fleiri áform um úrbætur í samgöngumálum þjóðarinnar, þannig að ekki vantar áhuga hv. þingmanna fyrir því að bæta samgöngukerfið, enda er það fullkomlega eðlilegt, því það að bæta samgöngukerfið er með allra hagkvæmustu fjárfestingum sem við förum í.

[18:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum er ákaflega brýnt. Oft er talað eins og Sundabrautin sé mál Reykvíkinga en það er ekki svo. Sundabrautin er ekki síður mál þeirra sem eru staddir á landsbyggðinni og þurfa að komast á skjótan og öruggan hátt til höfuðborgarinnar. Þess vegna tel ég mikilvægt að góð sátt náist um þessa framkvæmd.

Ég vil svo segja að ég er þeirrar skoðunar að fara eigi hina svokölluðu ytri leið þó að ég hafi ekki beinlínis skoðun á því hvern hinna þriggja valkosta eigi að taka. Ég tel að frá náttúrufarslegu sjónarmiði sé það best, en það er að sönnu dýrast.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki mögulegt að flýta þessari framkvæmd og hraða henni allverulega með því að fara leið einkaframkvæmdar. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að aðstandendur Reykjavíkurlistans allir hafa með einum eða öðrum hætti lýst því yfir að þeir væru viljugir til þess að skoða þá leið.

[18:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður sagði að þetta væri ekki mál Reykvíkinga einna. Málið er þó þannig að það er Reykvíkinga að ákveða vegarstæði yfir Kleppsvíkina, hvar eigi að fara og þar stendur hnífurinn í kúnni. Þegar menn tala um að það taki langan tíma, þá er það fyrst og fremst þetta sem er vandamálið. Og þegar menn tala um hábrú, að það sé náttúrufarslega best, þá spyr ég: Er það eðlilegt að hengja allt þetta járnarusl 50 metrum fyrir ofan sjávarmál til að búa til einhverja brú sem er a.m.k. 3–4 milljörðum dýrari en innri leiðin sem við höfum talað um? Það er hin eðlilega leið. Hér er stórmál á ferðinni. — Því miður hafa þeir sem vilja taka þátt í umræðunni aðeins eina mínútu.

Ég vil þó segja að lokum, virðulegi forseti, að þegar menn tala um fyrsta áfanga, þá er það rétt sem kom fram hjá hæstv. samgrh. að hér erum við að tala um áfanga yfir Kleppsvík og að svokölluðum Hallsvegi. Þannig að fyrsti áfangi er nú ekki lengri en þetta.

En ég tek undir með þeim sem hér tala, það liggur á þessari framkvæmd og við þurfum auðvitað að komast að niðurstöðu og vinna þetta verk í sátt og samlyndi, svo mikilvæg sem Sundabrautin er.

[18:25]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja nokkur orð í belg um þetta mikilvæga mál sem við erum að ræða.

Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að þetta er ekki síður hagsmunamál þeirra sem búa utan Reykjavíkursvæðisins en þeirra sem hér búa. Og ég ætla að minna hæstv. samgrh. á að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa ályktað a.m.k. einu sinni um mikilvægi þess að umrædd framkvæmd komist í gagnið sem allra fyrst.

Varðandi það að aðeins sé um byrjunaráfanga að ræða, þá finnst mér eðlilegt og æskilegt að fólk horfi á heildina því eins og þetta liggur í framtíðinni þá skiptir þetta okkur öllu máli.

En ég hvet til þess að þessu verði komið á sem allra, allra fyrst.

[18:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er geysilega stór og mikilvæg framkvæmd og brýn fyrir allt landið. Við vitum að vegakerfið við höfuðborgina er að springa. Erfitt er að komast út úr borginni og inn í hana á álagstímum. Þetta er því mjög nauðsynlegt verk sem verið er að fara í. Og þetta er dýr framkvæmd en það má ekki bara hugsa um að fara ódýrustu leiðina þegar vegarstæðið er ákveðið.

Ljóst að borgaryfirvöld og bæði meiri og minni hluti voru á því að fara ytri leiðina, það er vitað, a.m.k. fyrir síðustu kosningar. Og við verðum líka að hugsa til öryggismálanna. Ytri leiðin er öruggari miðað við það hvar hún kemur inn í borgina og þess vegna ef þarf að fara að taka afstöðu, þá þarf að gera umhverfismat á báðum leiðum, þannig að auðveldara verði að taka endanlega afstöðu um það hvar brúin eða leiðin á að liggja.

Ég hvet því hæstv. ráðherra eins og ég hef gert áður að láta gera umhverfismat á báðum leiðunum.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt að vita til þess að vinna skuli vera hafin við mat á umhverfisáhrifum á fyrsta áfanga leiðarinnar. Ég held að það sé í sjálfu sér enginn ágreiningur um að þverun Kleppsvíkur er eingöngu fyrsti áfangi af Sundabraut en hér er um gríðarlega umfangsmikið verkefni að ræða eins og ég gat um í fyrri ræðu minni. Ég tel á sama hátt mikilvægt, ekki bara fyrir okkur Reykvíkinga, heldur líka fyrir þá sem hingað eiga leið, að þeirri framkvæmd verði hraðað sem kostur er. Ég vil í þeim efnum brýna hæstv. samgrh. til að flýta nú framkvæmdinni sem mest hann má og m.a. skoða hagkvæmni og kosti einkaframkvæmdar í þessum efnum.

Ég vil síðan þakka hv. þingmönnum fyrir þá góðu umræðu sem verið hefur í dag um samgöngumál í Reykjavík, hún er þörf og mætti verða að reglulegum viðburði hér í sölum Alþingis.

[18:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði í ræðu sinni að Sundabrautin er ekki eingöngu mál Reykvíkinga. Þetta er meginumferðaræð framtíðarinnar vegna þeirra miklu flutninga sem eru að og frá höfuðborginni og að aðalútflutningshöfnum landsins. Hins vegar er á það að líta að huga þarf að fleiri framkvæmdum. Þess vegna er úr mjög vöndu að ráða þegar verið er að forgangsraða og því er það að við tökum til meðferðar hér samgönguáætlun. Á næsta ári verður hún til endurskoðunar og umræðu næsta haust væntanlega þegar lögbundin endurskoðun á henni fer fram. Þannig að á næsta ári verða væntanlega miklar umræður um allar þessar framkvæmdir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hvort ekki mætti flýta framkvæmdinni með því að taka upp einkaframkvæmd, þ.e. fjármögnun, með því að taka gjald fyrir notkun mannvirkisins. Ég tel að það komi vel til greina að leita slíkra leiða til að hraða framkvæmdinni. En það er alveg ljóst að við þyrftum þá að horfa á leiðina alla, eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir vakti athygli á, það er mikill áhugi fyrir því. En þar er um feiknarlega kostnaðarsama framkvæmd að ræða sem verður auðvitað að taka tillit til.

En ég fagna þessari umræðu og heyri að ég á hér mjög marga stuðningsmenn sem vilja taka á samgöngumálum með samgrh.

Farsímakerfið.

Fsp. ÁSJ, 221. mál. — Þskj. 234.

[18:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Árni Steinar Jóhannsson, sem sat hér sem varamaður á þingi fyrir stuttu, lagði fram fsp. varðandi GSM-farsímaþjónustuna sem ég tek að mér að bera hér fram til hæstv. samgrh.

Samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs er mjög háð nútímafjarskiptum og notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun frá því í fyrra var áætlað að það væru um 235 þús. GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í hugum fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort við séum í nútímasamfélagi eða ekki.

GSM-símasamband er mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum landsins. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta orðið á að í byggð og á helstu þjóðvegum sé GSM-símasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa þessa lands að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum, annað felur í sér mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru er mikilvægt að allir íbúar landsins eigi þar aðgang að og búi við jafnrétti hvað það varðar. GSM-fjarskiptin tryggja samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs hér á landi. Það skiptir því miklu máli hversu hratt og öflugt er unnið að útbreiðslu GSM-stöðvanna til að ná þessum markmiðum sem ég hef hér lýst.

Þess vegna leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. samgrh.:

1. Hversu margar GSM-stöðvar hefur Landssíminn sett upp til að þétta farsímakerfið sl. fjögur ár?

2. Hver eru áform Landssímans um uppsetningu farsímastöðva næstu tvö árin?

3. Hvenær má búast við að GSM-samband náist alls staðar á þjóðvegi 1?

Ég vil ítreka, herra forseti, að fjöldi áskorana og fyrirspurna víðs vegar að af landinu berst einmitt um farsímamálin, um GSM-þjónustuna, og þetta er það mál sem brennur hvað heitast á íbúum vítt og breitt um landið. Því er afar mikilvægt að við vitum hvers er að vænta og hvort átak sé í undirbúningi varðandi GSM-þjónustuna í landinu.

[18:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég dreg í efa orð hv. þingmanns um að farsímaþjónusta brenni heitast á íbúum landsbyggðarinnar þó að það séu margir áhugasamir um að farsímakerfið verði bætt.

Vegna þessarar fsp. sem og margra annarra sem komið hafa fram á Alþingi skal tekið fram, eins og ég hef margítrekað, að Landssími Íslands er hlutafélag sem lýtur reglum einkaréttar og starfar á hörðum samkeppnismarkaði. Réttur þingmanns til upplýsinga nær aðeins til þeirra málefna sem geta talist opinber. Stjórnir hlutafélaga sem eru að hluta eða öllu leyti í eigu ríkisins meta hvaða upplýsingar um rekstur og starfsemi félagsins skuli fara leynt vegna viðskiptahagsmuna þess.

Hér er fyrirspyrjandi að leita svara við spurningum sem Landssími Íslands telur að ekki verði upplýst um að fullu vegna hagsmuna þess á samkeppnismarkaði. Svör Landssíma Íslands við þessari fsp. sem og öðru frá ráðuneytinu er lúta að GSM-kerfinu verða því aðeins almenns eðlis.

Hv. þm. spurði í fyrsta lagi: Hversu margar GSM-stöðvar hefur Landssíminn sett upp til að þétta farsímakerfið sl. fjögur ár?

Fyrirtækið hefur fjárfest vel á annan milljarð í dreifikerfinu á síðustu fimm árum þannig að þarna er um að ræða verulega miklar fjárfestingar.

Í annan stað spyr hv. þm.: Hver eru áform Landssímans um uppsetningu farsímastöðva næstu tvö árin?

Af hálfu Landssíma Íslands hefur að undanförnu verið lögð áhersla á að efla og styrkja dreifikerfið þar sem fyrirtækið er nú þegar með starfsemi, þ.e. á þéttbýlustu svæðunum, auk þess sem það hefur komið upp sendum við helstu orlofshúsasvæðin.

Landssími Íslands hefur ekki frekar en önnur fjarskiptafyrirtæki gefið upp áætlanir um að stórbæta skilyrði GSM-farsímanotenda enda er erfitt að finna möguleika til stækkunar sem líklegir eru til að skila fyrirtækinu fullnægjandi arðsemi samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Hvenær má búast við að GSM-samband náist alls staðar á þjóðvegi 1?

Samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptafyrirtækjunum virðast ekki vera uppi fyrirætlanir um frekari uppbyggingu dreifikerfisins á þjóðvegi 1 að öllu óbreyttu. Vegagerðin er hins vegar með tilraunverkefni í gangi í samvinnu við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands sem miðar að hagkvæmari lausnum í þéttingu GSM-sambands við þjóðveg 1 og á fjölförnum fjallvegum landsins. Framhaldið ræðst af niðurstöðu verkefnisins sem hugsanlega gæti leitt til til útboða síðar.

Það er alveg ljóst að farsímakerfið er afar mikilvægt fyrir vegfarendur vegna öryggismála, ekki síst að vetri, þannig að auðvitað hljótum við að vonast til að tæknin hjálpi okkur og auðveldi þar með símafyrirtækjunum að byggja upp kerfi sín. Samgrn. mun fylgjast grannt með þessu og hvetja til aukinnar útbreiðslu. Það liggur alveg fyrir að það er vilji minn að uppbygging kerfisins verði sem hröðust. Þess vegna hefur Vegagerðinni verið falið að leita leiða til að finna hagkvæmari lausnir. Fjarskiptafyrirtækin verða síðan að feta í það fótsporið og ég vænti þess að á þessu verði ráðin bót hvað varðar fjölfarnar leiðir og fjölfarna ferðamannastaði fyrir utan mesta þéttbýlið allt í kringum landið þannig að við getum búið við sem allra besta og öruggasta þjónustu á sviði fjarskiptanna.

[18:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að GSM-farsímakerfið er orðið það símkerfi sem langflestir Íslendingar nota og gemsinn er orðinn það tæki sem okkur þykir sjálfsagt að hafa um hönd. Ekki veit ég hvernig hv. þm. færu að ef þeir hefðu ekki þennan gemsa sinn upp á vasann, svo sjálfsagður þykir hann. Íbúum hinna dreifðu byggða þykir einnig eðlilegt að hafa aðgang að þessu farsímakerfi og eins og hér hefur komið fram er GSM-tenging mjög mikilvæg hvað varðar atvinnustarfsemi og þá sérstaklega ferðaþjónustu.

Mér finnst ástæða til þess að líta á uppbyggingu þessa nets út frá öryggissjónarmiðum, sérstaklega á þjóðvegi 1. Ég vona að enginn þurfi að upplifa það sem ég varð fyrir, að koma að mjög alvarlegu slysi sem reyndist banaslys, þar sem ekki var hægt að ná sambandi, hvorki með GSM- né NMT-tæki.

[18:40]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. lítur á þessa fjarskiptaþjónustu, GSM-þjónustuna, sem viðskiptamál. Ég er algjörlega ósammála hæstv. ráðherra þar, það eru öryggismál og þjónustumál að koma upp þessari GSM-farsímaþjónustu um allt land. Hæstv. ráðherra er bæði yfirmaður fjarskipta og einnig færist stór hluti öryggismála til hæstv. ráðherra þannig að ég vil biðja hæstv. ráðherra að endurskoða þessa afstöðu sína og vita hvort ekki megi gera GSM-þjónustuna að öryggis- og þjónustumálum í staðinn fyrir arðsemis- og viðskiptamál, eins og hann lagði hér upp, að það væri ekki hægt að setja upp GSM-senda nema þar sem þeir skiluðu arði og það væri viðskiptaleyndarmál hvenær GSM-símasamband kæmi inn um dali, út um Vestfirði og vítt og breitt um landið. Ég er bara algjörlega ósammála því að það geti verið viðskiptaleyndarmál hvenær slík almannaþjónusta verður byggð upp.

Eigum við að horfa upp á það að byggð sé upp tvöföld þjónusta á suðvesturhorninu? Bæði símafyrirtækin keppast um að byggja upp GSM-senda hér í stórþéttbýlinu þar sem, já, arðsemin er mest. Þar keppast þau hvert við annað og er komið tvöfalt kerfi af símsendum á þessu svæði meðan önnur svæði landsins eru gjörsamlega höfð út undan vegna þess að þau svara ekki þeirri arðsemiskröfu sem uppi er.

Ég skora á hæstv. samgrh. að endurskoða gjörsamlega stefnuna í fjarskiptamálum, að litið verði á GSM-þjónustuna sem öryggisþjónustu og almannaþjónustu sem eigi að byggjast upp með skipulögðum hætti, og eins hratt og nokkur kostur er, en ekki vera að horfa í það hvort þetta sé viðskiptaleyndarmál eða arðsemissjónarmið. Þetta er þjónustumál og þetta er öryggismál.

[18:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Afstaða þingmannsins til viðskipta er mjög sérstök. Það verður auðvitað ekkert undan því vikist að viðurkenna að við værum ekki með farsíma í vasanum, hæstv. forseti, nema vegna þess að grundvöllurinn að þeirri framleiðslu var á forsendum viðskipta. Það verður að líta á þessi mál þannig að þeir sem fjárfesta, hvaða fyrirtæki sem er, þurfa að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Ég er hins vegar alveg sammála hv. þingmanni um að fjarskiptakerfið, og ég nefndi það sérstaklega, er auðvitað partur af því að auka öryggi og bæta þjónustu, það liggur alveg ljóst fyrir. Hv. þm. getur samt ekki talað á Alþingi um þessi mál eins og það skipti akkúrat engu máli hvað hlutirnir kosta. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það verður að gera ráð fyrir því að hægt sé að standa undir uppbyggingu þessa kerfis eins og allra annarra.

Tækninni fleygir hratt fram og það er alveg ljóst að hún hjálpar okkur með þetta. Ég er sannfærður um að fjarskiptafyrirtækin munu í vaxandi mæli sjá hag sínum best borgið með því að byggja fjarskiptakerfið og farsímakerfið upp um landið allt. Stærstu viðskiptaaðilarnir gera eðlilega þær kröfur til símafyrirtækjanna að þeir geti náð símasambandi hvar sem er á landinu. Sú krafa á auðvitað að koma frá þeim sem eru að kaupa þjónustuna gagnvart símafyrirtækjunum að þjónustan sé veitt sem víðast, í þessu tilviki fyrir farsímanotkunina.

Allt ber þetta að sama brunni. Við verðum að treysta því að fjarskiptafyrirtækin sjái sér hag í að auka þjónustuna.

Nettenging lítilla byggðarlaga.

Fsp. KLM, 350. mál. — Þskj. 463.

[18:45]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Í nýliðinni kjördæmaviku vakti það sérstaka athygli mína að nær allir fulltrúar minni sveitarfélaganna ræddu um og kvörtuðu yfir því að hafa ekki eðlilegt nútímanetsamband. Hér á ég auðvitað við almennilegt og hraðvirkt netsamband sem allir krefjast nú til dags, m.a. til að skapa jafnrétti til náms. Landsbyggðarfólk krefst þess að börn þess og unglingar sitji við sama borð og að tæknihindranir og/eða viljaleysi stjórnvalda hindri það ekki, eins og neitun Landssímans á lagningu ljósleiðara til ýmissa staða, t.d. til Raufarhafnar, er gott dæmi um, svo og að Landssíminn skuli ekki bjóða upp á ADSL-tengingar í sveitarfélögum sem hafa færri en 500 íbúa.

Íbúar lítilla byggðarlaga gera sem sé kröfu til þess að svona hraðahindranir hamli ekki menntun barna þeirra og um leið þátttöku þeirra í netvæðingunni og t.d. möguleikum þeirra sjálfra til að stunda fjarnám í heimabyggð sinni. Spyrja má hvort unglingar þeirra svæða sem ekki búa við almennilega netvæðingu og hraða hafi fengið sama undirbúning til framhaldsnáms. Ég fullyrði að svo sé ekki.

Þess vegna, virðulegi forseti, er þetta mikið jafnréttismál sem þolir ekki neina frekari bið. Hæstv. ríkisstjórn verður á einn eða annan hátt að koma með fjármagn til þessa verks, annaðhvort með því að skylda Landssímann til að koma með

pening eða veita fé beint úr ríkissjóði. Er ekki Landssíminn landssími allra landsmanna?

Í Hrísey hefur verið settur upp búnaður fyrir netsamband um gervihnött sem lofar mjög góðu. Sá galli er á gjöf Njarðar að þeir sem taka tengingu verða að greiða fyrir allan stofnbúnað sjálfir og sá kostnaður var í kringum eina og hálfa milljón króna. Rekstrarkostnaður kerfisins er hins vegar athyglisverður, þ.e. aðeins um 55 þús. kr. á mánuði með þjónustusamningi sem gerir um 1.100 kr. á mánuði miðað við 50 notendur. Hríseyjardæmið sem og sú lausn sem var sagt frá í Morgunblaðinu í dag frá Grímsnes- og Grafningshreppi eru athyglisverðar nýjungar og lausnir fyrir hinar minni og dreifðu byggðir.

En hver á að borga stofnkostnaðinn? Ríkið, Landssíminn eða íbúar þessara litlu byggðarlaga? Ég er viss um hver eigi að borga það, það er ríkið eða Landssíminn. Landssíminn sér um allan stofnkostnað í stærri bæjum og ég tel að hann eigi að gera það líka í minni bæjum og fara þar með eftir jafnræðisreglu.

Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég leyft mér að leggja fram svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja íbúum sveitarfélaga með færri íbúa en 500 ADSL-tengingu við internetið nú þegar fyrir liggur að Landssíminn hyggst ekki ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar til að svo verði?

2. Hefur ráðherra látið kanna hvort netsamband um gervihnött sé hagkvæm lausn fyrir fámenn byggðarlög og ef svo er, er hann þá tilbúinn til að beita sér fyrir því að Landssíminn bjóði slíka þjónustu? Er hann ella tilbúinn til að leggja fram pening á einn eða annan hátt, Landssíminn eða ríkissjóður?

[18:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og þekkt er hefur þróun á sviði fjarskipta verið mjög hröð hér á landi. Stjórnvöld hafa það að meginmarkmiði að tryggja hagkvæm, aðgengileg og örugg fjarskipti. Með frelsi í fjarskiptum hafa komið fleiri fyrirtæki sem keppa á þessum markaði. Nú er hafin undirbúningsvinna við gerð áætlunar sem mun fela í sér stefnumótun á sviði fjarskipta á Íslandi fyrir árin 2004–2010. Ég geri ráð fyrir því að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að áætlun sem gert er ráð fyrir að verði lokið um mitt næsta ár. Verkefnisstjórninni er ætlað að leggja áherslu á að fá sem flest sjónarmið inn í umræðuna, bæði frá fagaðilum og leikmönnum, sem stuðli að því að ná áðurtöldum markmiðum. Þessi fsp. er því ágætt innlegg í þá vinnu.

Hv. þm. Kristján Möller spyr í fyrsta lagi: Hvernig hyggst ráðherra tryggja íbúum sveitarfélaga með færri íbúa en 500 ADSL-tengingu við internetið nú þegar fyrir liggur að Landssíminn hyggst ekki ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar til að svo verði?

Spyrja má hvort það sé hlutverk ráðherra að tryggja ADSL-tengingu. Fyrirspyrjandi spyr eins og ADSL sé eini kosturinn til internettengingar en svo er sem betur fer ekki. Í dag eru takmarkanir á því hvar hægt er að bjóða slíkar tengingar í gegnum fastlínukerfi eins og þessi sem Landssíminn rekur. Þessar takmarkanir ráðast annars vegar af fjarlægð frá símstöð, sem getur mest orðið 3,5–5 km, hins vegar takamarkast þetta af kostnaðinum við að koma upp nauðsynlegum búnaði í símstöðvunum. Landssíminn hefur metið það svo að til að þetta borgi sig þurfi sveitarfélög að hafa a.m.k. 500 íbúa eða fleiri, eða 20 notendur. Þegar hefur verið lagt í verulegar fjárfestingar af hálfu Landssímans til þess að gera þeim sem eru utan ADSL-tenginga mögulegt að tengjast netinu með ISDN-tengingu eins og lög gera ráð fyrir, og nú ISDN Plús, sem nefnt er svo, sem hentar flestum mjög vel og er verulega góður kostur fyrir alla almenna notkun þó að ekki sé um sítengingu að ræða hvað varðar ISDN.

Það mikilvæga í málinu er að á síðustu missirum hafa ný fyrirtæki verið að ryðja sér til rúms á þessum markaði. Má þar nefna til sögunnar Svar ehf. sem veitir til að mynda Hríseyingum internetþjónustu í gegnum gervihnött, Snerpu sem veitir internetþjónustu með örbylgjusambandi frá Ísafirði og eMax sem í gær opnaði fyrir háhraðanetsamband í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Þessi þróun þýðir að sem betur fer hefur markaðurinn leyst þær þarfir sem eru fyrir hendi hvað varðar internetsambönd í dreifðari byggðum og það er tilhlökkunarefni að fylgjast með áframhaldandi uppbyggingu þessara fyrirtækja og annarra sem starfa á sama vettvangi.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hefur ráðherra látið kanna hvort netsamband um gervihnött sé hagkvæm lausn fyrir fámenn byggðarlög og ef svo er, er hann þá tilbúinn til að beita sér fyrir því að Landssíminn bjóði slíka þjónustu?

Ráðherra er kunnugt um þessa möguleika og þekkir, eins og fram kom í svari mínu hér að framan, dæmi þar sem sveitarfélög hafa farið þessa leið til netaðgangs, samanber Hrísey. Það er ljóst að stórlækkað verð á tengingum gegnum gervihnetti er að gera internetaðgang með því móti að spennandi valkosti og er þar að auki að verða samkeppnisfært við beinlínutengingar. Ráðuneytið mun fylgjast með þessari þróun sem og annarri þróun í fjarskiptum en það er ljóst að möguleikum notenda, sérstaklega á landsbyggðinni, til nettengingar er að fjölga sem betur fer.

Varðandi seinni hluta spurningarinnar er ljóst að ráðherra getur ekki beitt sér fyrir því að einstök símafyrirtæki bjóði slíka þjónustu. Nú þegar er á markaði a.m.k. eitt fyrirtæki sem sérhæfir sig í gervihnattatengingum og er að fóta sig í samkeppni við stærri fjarskiptafyrirtæki. Fyrirtæki sem ryðja nýjar brautir eiga skilið lof og hvatningu stjórnvalda en ekki að stjórnvöld leggi stein í götu þeirra með því að leggja eingöngu áherslu á viðskipti sem Landssíminn á að geta boðið. Landssíminn er öflugt og gott fyrirtæki sem á hins vegar að hafa getu og metnað til að sinna þessari þjónustu um allt land en við eigum að gefa nýju fyrirtækjunum, minni fyrirtækjunum, bæði hvatningu og möguleika til þess að keppa við þessi stóru fjarskiptafyrirtæki.

[18:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda spurningarnar og ráðherra svörin og sérstaklega tek ég undir það sem ráðherra nefndi hér í restina, við eigum auðvitað að gefa öllum fyrirtækjum á þessu sviði möguleika á því að vera á þessum markaði.

Ég vil aðeins draga inn í umræðuna skemmtilegt verkefni sem er í gangi. Það heitir UD, Upplýsingatækni í dreifbýli, og snýr að því að hagnýta kosti internetsins og tölvusamskipta fyrir bændur. Nú hefur verið í gangi fundaferð um landið á vegum UD-verkefnisins og Símans þar sem bændum eru kynntir kostir þess að tengjast tölvusamskiptum og þeim gert tilboð, einmitt með ISDN Plús módeminu. Það sem þetta hefur í för með sér er að eftirspurn til sveita mun vaxa mjög verulega og þess vegna er möguleiki á bættri þjónustu, m.a.

með gervihnattasambandi eins og hv. þm. var að spyrja um.

[18:54]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Landssíminn hefur ákveðna þjónustuskyldu, það er alveg ljóst. Það sem hér hefur komið fram er að sífellt koma fram nýir möguleikar varðandi tengingu við internetið. Það sem skiptir þá máli er kostnaður og að aðgengi fólks, hvar sem það býr á landinu, sé svipað, sama hvaða tækni er notuð. Aðgengi að nettengingu skiptir máli hvað varðar jafnrétti til náms. Víða um land hefur það aðstöðuleysi sem fólk býr við í dag hamlað atvinnuþátttöku þess, sérstaklega á þeim stöðum þar sem atvinnutækifæri eru fábrotin og þar sem fólk þarf sjálft að skapa sér atvinnutækifæri sem það gæti oft gert í gegnum netið ef tenging væri til staðar.

[18:55]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft við mikilvægu byggða- og atvinnumáli og þakka ég hv. málshefjanda og ráðherra fyrir umræðuna.

Kjarni málsins er sá að hið opinbera verður að koma að því, þ.e. Landssími Íslands, að tryggja hinum smærri og dreifðu byggðum fullt aðgengi að háhraðanettengingu. Þá gildir einu hvort menn fara með það í gegnum örbylgjusendi eða öðruvísi. Sú aðferð var notuð í Grímsnes- og Grafningshreppi og var kynnt vel í Morgunblaðinu. Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri þar segir það gjörbreyta öllum búsetuskilyrðum í því sveitarfélagi. Ef við tökum dæmi af Hrísey, þar sem það kostaði 1,5 millj. að koma tengingu á, spyr ég ráðherra: Finnst honum sanngjarnt að íbúarnir þar beri þann kostnað einir? Mitt svar er nei, að sjálfsögðu ekki. Það á að tryggja öllum litlu byggðunum, dreifðu byggðunum öllum, aðgengi að háhraðaneti, rétt eins og vatni og rafmagni í gamla daga. Þetta er algjört lykilatriði.

[18:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

Það sem ég vildi segja um þetta er að mér fannst hæstv. ráðherra tala eins og hann bæri litla ábyrgð á því hvernig þróunin yrði. Hann talaði um að þeir mundu fylgjast með og hann væri búinn að stofna einhverja verkefnisstjórn. Núna. Eftir alla þá umræðu sem farið hefur fram á undanförnum árum er hæstv. ráðherra að stofna einhverja verkefnisstjórn núna um þessa hluti.

Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að svara því á eftir hvort hann sé ekki tilbúinn til að standa við bakið á þeim aðilum sem eru að tryggja þetta samband. Mér er svo sem nokk sama hvort það er Landssíminn eða þeir aðrir aðilar sem hafa komið til og virðast geta gert þetta miklu ódýrara en Landssíminn. Það virtist koma í gegnum svör hæstv. ráðherra að Landssímanum hefði alls ekki verið ætlað að fara ódýru leiðirnar, þær hefðu verið handa einhverjum öðrum. Líklega hefur verið einhver skýring á því öllu saman.

[18:57]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, og þeim þingmönnum sem tóku hér þátt í umræðunni.

Það má ekki misskilja mál mitt þannig að ég sé ekki tilbúinn til að gefa nýjum vaxandi fyrirtækjum séns. Fsp. mín var alls ekki um það og ég tek skýrt fram að það eru þau sprotafyrirtæki sem ryðja veginn meðan stóri bróðir, Landssíminn, sat eftir og boraði kannski bara í nefið á sér eða klóraði sér í hausnum.

Það er grundvallaratriði að hér fleygir fram nýrri tækni og tæknilausnir verða ódýrari og ódýrari og geta passað vel fyrir þessi litlu byggðarlög sem ég hef verið að tala um.

Annað er svo aftur fjármagnið í að kaupa þessi tæki og tól til að setja þau upp á viðkomandi stað, hvort sem menn ætla að fara í gegnum gervihnött eða með örbylgjusambandi með einu eða öðru fyrirtæki, mér er alveg sama hvaða fyrirtæki það er. Þetta er grundvallaratriði.

Þess vegna ítreka ég þá spurningu sem ég lagði fyrir í fyrri ræðu minni, hvort hæstv. ráðherra vilji ekki beita sér fyrir því innan ríkisstjórnar að Landssíminn eða með sérstöku fé frá ríkissjóði, kannski af arðgreiðslum Landssímans til ríkissjóðs, verði gengið í það sem þarf í þessum 30–50 litlu þéttbýlisstöðum sem eftir eru. Þetta er grundvallaratriði.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég reikna ekki með því og hef aldrei látið mér detta í hug að það þyrfti að setja af stað nýja verkefnisstjórn til að vinna í þessu máli. Það þarf ekki fleiri nefndir. Landsbyggðarfólk sem býður eftir þessari tæknibyltingu lifir ekki á fleiri nefndum eða fleiri skýrslum. Landsbyggðarfólk bíður eftir aðgerðum og það er það sem við erum að kalla eftir, virðulegi forseti.

[19:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er bæði skemmtilegt en umfram allt skondið hvernig hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar reyna að hlaupa uppi og reyna að komast fram úr þróuninni. Það er þekkt að fjarskiptabyltingin á Íslandi er ævintýri líkust (Gripið fram í.) og þar hefur hið öfluga fyrirtæki okkar, Landssími Íslands, verið í fararbroddi eins og eðlilegt er. Og það er viðurkennt að á Íslandi er einhver besta uppbygging fjarskipta á byggðu bóli, mesti internetaðgangur og mesta notkun á internetinu, mesta notkun farsíma og útbreiðsla (**KLM:** ... sammála þér.) þannig að þetta hlýtur að þýða það — og nú ókyrrast hv. þingmenn — að okkur hefur tekist býsna vel að byggja upp þetta kerfi. Engu að síður viljum við hafa þessa þróun hraða og við viljum sjá fram í tímann. Þess vegna finnst mér ómerkilegt af hv. þingmönnum að gera lítið úr því að ég hef gert grein fyrir því í þessari umræðu að við séum að undirbúa næstu skref með því að kalla fleiri til, fá umræður á vettvangi samgrn. og setja upp verkefnisstjórn sem leggur á ráðin með stjórnvöldum um það hvernig við eigum að hugsa til framtíðar, ekki til þess að leysa vandamál dagsins heldur til þess að horfa fram til næstu ára og næstu áratuga og setja markmið um þjónustu á sviði fjarskipta.

Mér er alveg ljóst og sennilega miklu betur en hv. þingmönnum, mörgum hverjum, að það þarf að bæta úr þessum fjarskiptum og að því er unnið og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að svo verði áfram, en við eigum ekki að taka fram fyrir hendurnar á fólkinu sem er að bjarga sér sjálft. Af hverju skyldum við gera það? Ég fagna því og var viðstaddur í Grímsnes- og Grafningshreppi í gær þegar íbúarnir voru að fagna ákvörðun sinni um að byggja upp í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki þessa fínu, öflugu þjónustu. (Forseti hringir.) Við eigum að fagna slíkum ákvörðunum en ekki koma hingað og heimta það að ríkissjóður gangi í verkin.

Gangagerð og safnvegaframkvæmdir.

Fsp. ÖB, 363. mál. — Þskj. 482.

[19:02]

Fyrirspyrjandi (Önundur S. Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég held að flestum sé ljóst að Almannaskarð í Austur-Skaftafellssýslu hefur verið einn hættulegasti kafli á þjóðvegi 1 — hringveginum en sem betur fer hafa ekki orðið þar ýkja mörg slys þótt þess sé skemmst að minnast að á liðnu sumri varð þar hörmulegt slys þegar eldri hjón létust er bifreið þeirra fór út af veginum og hafnaði tugum metra neðan við þjóðveginn um Almannaskarð. Það var því fagnaðarefni þegar fréttir bárust af því fyrr á þessu ári að 500 millj. kr. yrði varið til gangagerðar um Almannaskarð í sérstöku átaksverkefni í vegamálum.

Nú vil ég inna hæstv. samgrh. eftir því hvar þetta verkefni er á vegi statt og hvort umræddar 500 millj. dugi til lúkningar á verkinu og þá hvort aðrir viðbótarfjármunir séu fyrirliggjandi í ljósi þess að áætlanir hafa gefið til kynna að verkið gæti kostað allt að 800 millj. kr. Þess vegna spyr ég um það hvenær stefnt sé að því að bjóða verkið út, hvenær framkvæmdir geti hafist og hvenær reiknað sé með því að þeim ljúki.

Á þskj. 482 þar sem þessar fyrirspurnir koma fram leita ég enn fremur eftir upplýsingum um stöðu safnvega til sögufrægra staða, m.a. þar sem samgöngur eru erfiðar. Í vegáætlun eru eyrnamerktir fjármunir til slíkra verkefna en jafnframt er ljóst að þeir duga skammt til að gera ferðamönnum kleift að komast með góðu móti að ýmsum mikilsverðum og eftirsóttum stöðum á landinu. Ég get tekið dæmi úr minni heimasveit þar sem er t.d. sá sögumerki staður Hlíðarendi og sá staður sem ég bý á, Breiðabólstaður í Fljótshlíð, og sömuleiðis Bergþórshvoll og fleiri væri hægt að nefna.

Ljóst er að ferðamennska er vaxandi atvinnugrein á landsbyggðinni og því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að gera þá þjónustu eins vel úr garði og kostur er. Góðar og greiðar samgöngur eru augljóslega lykilatriði í þessum efnum og þar sem hæstv. samgrh. hefur einnig yfir ferðamálum að segja er fróðlegt að heyra viðhorf hans til stöðu samgöngumálanna í því samhengi og þess vegna spyr ég: Hyggst ríkisstjórnin auka fjárveitingar til framkvæmda við safnvegi til sögufrægra staða sem búa við vegleysur og ef svo er, hvenær?

[19:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og að fá tækifæri til þess að svara henni.

Fyrst er spurt: „Hvenær mun gangagerð í gegnum Almannaskarð hefjast og hvenær er fyrirhugað að opna göngin?"

Því er til að svara að jarðgöng um Almannaskarð verða boðin út núna fyrir miðjan desember árið 2003. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist fyrir mitt árið 2004 og það er miðað við að göngin verði opnuð fyrir umferð í júnímánuði árið 2005.

Í annan stað er spurt: „Hyggst ríkisstjórnin auka fjárveitingar til framkvæmda við safnvegi til sögufrægra staða sem búa við vegleysur og ef svo er, hvenær? "

Safnvegir teljast til þjóðvega og eru skilgreindir á eftirfarandi hátt í 8. gr. vegalaga:

„Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa."

Samkvæmt framangreindri tilvitnun er ekki heimilt að taka vegi að sögufrægum stöðum í tölu safnvega nema þar sé búseta og þar af leiðandi ekki heimilt að veita fé af fjárveitingum til safnvega til slíkra vega að óbreyttum lögum. Ef um eyðibýli er að ræða er heimilt að veita fé til vegar að slíkum stað af fjárveitingum til svokallaðra styrkvega, sbr. 16. gr. vegalaga. Um slíkt þarf að sækja sérstaklega og verða umsækjendur að taka að sér veghald viðkomandi vega.

Hvað varðar fjármuni til uppbyggingar þessa vegakerfis þá er vitnað til þess sem samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Það er alveg ljóst að við þyrftum að leggja meiri fjármuni til uppbyggingar tengivega sérstaklega svo og margra safnvega einnig. En þarna er úr vöndu að ráða. Við höfum lagt áherslu á að bæta vegakerfið þar sem umferðin er mest og það má segja að það sé forgangsmál, þó að umferð sé verulega mikil á ýmsum tengivegum sem nauðsynlegt er að bæta úr. En fjárveitingar hverju sinni ráða þessari för og samgönguáætlunin skiptir síðan upp þeim fjármunum sem fjárlög ákveða hverju sinni.

[19:09]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu mikilvæg mál eins og alltaf þegar talið berst að samgöngum og samskiptum. Og það er sérstaklega gleðilegt að fagna því að ráðherra lýsir því hér yfir og staðfestir að stefnt sé að því að opna göngin í Almannaskarði í júní 2005 af því að maður var farinn að óttast um að það færi fyrir göngunum um Almannaskarð eins og mörgum öðrum kosningaloforðum stjórnarflokkanna að þau yrðu ekki að veruleika, þannig að því ber að fagna sérstaklega að það kosningaloforð stendur þó svo að mörg önnur fái að frjósa úti í vetrinum og verði ekki að veruleika á fyrstu mánuðum þingsins.

Eins mætti ræða um safnvegina til sögufrægra staða og þá lagabreytingu sem hæstv. samgrh. sagði að væri nauðsynleg til að svo mætti verða. Það eru margir sögufrægir staðir þar sem vegir eru vondir og þarf að ráða bót á sérstaklega og breyta þessum lögum.

[19:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er aldeilis ástæða til að fagna því að hér skuli menn ætla að standa við kosningaloforð sem gefið var með miklum bravúr fyrir kosningarnar. Mig langar í því sambandi að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki eigi að fagna þessu kosningaloforði sérstaklega af því að það er það fyrsta sem sést fyrir endann á í efndum á loforðum ríkisstjórnarinnar frá því að kosið var. Ég man alla vega ekki eftir neinu öðru sem gæti tekið þessu fram, að geta gert grein fyrir málinu á svo skýran og afdrifaríkan hátt eins og hér er gert, að málið er í höfn og það er nánast alveg ljóst hvenær framkvæmdum lýkur. Menn verða að eiga það sem þeir eiga og ég verð að viðurkenna það að ég tel ástæðu til að koma í ræðustól og fagna þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir í þessu máli.

[19:11]

Fyrirspyrjandi (Önundur S. Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Það er ánægjulegt að það styttist í upphaf framkvæmda við Almannaskarð og ég vil leggja á það áherslu að þar gangi allt fljótt og vel fyrir sig. Vonandi að tilboð í verkið verði á þann veg að fyrirliggjandi fjármunir dugi til að ljúka því. Ef svo reynist ekki verða, má þá treysta því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir viðbótarfjármagni til verksins þannig að það megi ganga fram með eðlilegum hætti?

Hvað safnvegina varðar og tengingu þeirra við sögufræga staði sem laða að sér ferðamenn, þá er ljóst að þar þarf að taka mun myndarlegar á málum en gert hefur verið. Vissulega er ekki hægt að gera allt í einu en ekki væri fjarri lagi að sundurliða áætlun nokkur ár fram í tímann um einstök verkefni af þeim toga og að þau lægju fyrir þannig að heimamenn og aðrir þjónustuaðilar gætu lagað starfsemi sína að þeim veruleika.

Hér eru mikilvæg mál á ferðinni sem nauðsynlegt er að gæta vel. Ef ég má grípa til eins dæmis þá sagði oddviti Rangárþings eystra mér að 3 millj. hefðu fengist frá Vegagerðinni til safnvegaframkvæmda og að 1,5 milljónir hefðu farið á einu bretti í ræsisgerð við einn veginn þannig að það var ekki mikið sem eftir var og vona ég að hæstv. samgrh. sjái sér fært að bæta úr þessu.

[19:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna að það er rétt sem fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurk. að framkvæmdaáform við jarðgöngin í Almannaskarði benda til þess að þau verði kostnaðarsamari en fyrstu matsáætlanir gerðu ráð fyrir. Við gerðum ráð fyrir því að á þessu og næsta ári væru 500 millj. sem sérstök fjárveiting, en auk þess voru fjárveitingar inni í vegáætluninni fyrir sem gert var ráð fyrir að nýta til endurbóta á veginum um Almannaskarð þannig að þar er viðbótarfjármagn sem mun nýtast. Og það er alveg ljóst að gerðar verða ráðstafanir til þess að hægt verði að ljúka þessum göngum á hinum tilsetta tíma, í júnímánuði 2005. En auk þess vonum við svo sannarlega að þarna sjái verktakar sér leik á borði að finna ódýra lausn sem gæti leitt til þess að kostnaðurinn yrði minni.

Hv. þingmenn og þá sérstaklega hv. þm. Jóhann Ársælsson fagnaði því að kosningaloforð væru að verða að veruleika. Ég vil minna þingmenn á það að kjörtímabilið er ekki búið, það er rétt að byrja, og mikið óðagot og mikil tilætlunarsemi að ríkisstjórnin sé svo afkastamikil að hún ljúki öllum áformum sínum á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins þannig að ég held að menn ættu að spyrja að leikslokum. Það er vel undirbúið allt saman hjá ríkisstjórninni sem á að gera og það mun birtast í fyllingu tímans sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Fsp. ÁSJ, 222. mál. — Þskj. 235.

[19:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn fyrir hönd hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar sem sat á þingi sem varamaður fyrir skemmstu. Hún varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Nú er komið að lokaafgreiðslu fjárlaga svo að það liggur nokkuð ljóst fyrir hvernig fjárlagafrv. mun líta út þegar það verður að lögum, þótt ekki sé alveg búið að loka því. Engu að síður finnst mér ástæða til að horfa til framtíðar og þeirra hugmynda sem uppi eru meðal starfsmanna og stjórnenda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri varðandi frekari uppbyggingu á því sjúkrahúsi.

Það er mikilvægt að halda áfram uppbyggingu á fjórðungssjúkrahúsinu. Þetta er háskólasjúkrahús. Það er tengt uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Það þarf að efla kennslu og styrkja þjónustuna þannig að sjúkrahúsið standist þær kröfur sem gerðar eru til háskólasjúkrahúss. Það þarf að byggja það upp til að draga úr óþægindum og kostnaði sjúklinga og ríkisins við að fara af þjónustusvæðinu suður á Landspítala – háskólasjúkrahús og gera fremur aðgerðir á FSA sem þar er hægt að framkvæma, og sinna sjúklingum á fjórðungssjúkrahúsinu. Það er ástæða til að minnka óþarfa álag á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og horfa á stöðuna út frá byggðasjónarmiði og styrkja þjónustusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem nær langt út fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Það er allt kjördæmið eins og það leggur sig, Norðausturkjördæmi.

Það er ánægjulegt að vita til þess að starfsmenn og stjórnendur stofnunarinnar hafa með ábyrgum hætti lagt fram raunhæfa áætlun um uppbyggingu þar sem menn sjá fyrir sér að bæta megi þjónustu við krabbameinssjúklinga og auka krabbameinslækningar, bæði með lyfjagjöf og annarri meðferð. Jafnframt eru uppi hugmyndir um að auka þjónustu við sjúklinga með þvagfærasjúkdóma og ástæða er til þess að taka undir þær. Það vill svo heppilega til að nú eru sérfræðingar til staðar. Með tilliti til þessa hefur hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lagt fram fjórar spurningar sem eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Hver eru áform ráðherra um auknar fjárveitingar til krabbameinslækninga samkvæmt beiðni sjúkrahússins?

2. Hver eru áform um fjárveitingar til þess að auka þjónustu vegna þvagfærasjúkdóma samkvæmt beiðni sjúkrahússins?

3. Hvernig eru áætlanir ráðherra um innréttingar í suðurálmu sjúkrahússins?

4. Hvað líður áformum um frekari uppbyggingu til þess að fjölga plássum í endurhæfingu á sjúkrahúsinu?

[19:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og hv. þm. Þuríður Backman í hans stað hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hver eru áform ráðherra um auknar fjárveitingar til krabbameinslækninga samkvæmt beiðni sjúkrahússins?

2. Hver eru áform um fjárveitingar til þess að auka þjónustu vegna þvagfærasjúkdóma samkvæmt beiðni sjúkrahússins?

3. Hvernig eru áætlanir ráðherra um innréttingar í suðurálmu sjúkrahússins?

4. Hvað líður áformum um frekari uppbyggingu til þess að fjölga plássum í endurhæfingu á sjúkrahúsinu?

Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 eru fjárframlög Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri aukin um rúmar 200

millj. kr., þar af 121 millj. kr. til rekstrar og 80 millj. kr. hækkun vegna launa og verðlagshækkana. Stjórnendur FSA lögðu fram tillögu um meiri hækkun fjárframlaga til nýrra verkefna, aukinnar starfsemi og viðhalds. Stjórnendum ber að forgangsraða beiðnum um auknar fjárveitingar. Stjórnendur FSA lögðu mesta áherslu á að fá hækkun á rekstrarframlagi stofnunarinnar og til að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna reksturs segulómtækis.

Með frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 er komið til móts við þessar þarfir FSA með sérstakri hækkun á rekstrargrunni stofnunarinnar sem nemur 100 millj. kr. og hækkun framlags vegna aukins kostnaðar við rekstur segulómtækis sem nemur 21 millj. kr. Tillögur stjórnar FSA um auknar fjárveitingar til að sinna ýmsum öðrum þörfum verkefnum verða teknar til umfjöllunar við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2005. Þá verður m.a. fjallað um aukna þjónustu vegna krabbameins- og þvagfæralækninga. Óskir um aukna þjónustu og aukin fjárframlög eru hins vegar ávallt meiri en svo að hægt sé að verða við þeim öllum. Það þarf að forgangsraða því sem brýnast er hverju sinni og það hefur verið gert með þeirri tillögu sem er í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Unnið er að undirbúningi innréttingar núll-hæðar suðurálmu sjúkrahússins. Gert er ráð fyrir að innréttingu hennar verði lokið á árinu 2004. Gert er ráð fyrir að á hæðinni verði meinafræðideild, iðju- og sjúkraþjálfun ásamt aðstöðu fyrir barna- og unglingageðdeild. Áætlaður kostnaður vegna framkvæmdanna er 120 millj. kr.

Á næstu dögum mun skila áliti svokölluð framtíðarnefnd sem skipuð var á síðasta ári til að gera tillögur um uppbyggingu og skipulag húsnæðis FSA. Nefndin tekur í áfangaskýrslu sinni undir sjónarmið þeirra hópa og nefnda sem undanfarin missiri hafa skoðað húsnæðismál Fjórðungssjúkrahússins sérstaklega, þ.e. hvort skynsamlegra sé að nýta sem fyrst 2. hæð suðurálmunnar fyrir þá þætti starfseminnar sem átti að vista í svokallaðri stjórnsýsluálmu en byggja þess í stað legudeildarálmu sem tæki mið af nútímakröfum í aðbúnaði og sveigjanleika í rekstri. Framtíðarnefndin vinnur að frekari útfærslu þessarar lausnar og hvernig húsnæði sjúkrahússins muni nýtast til framtíðar með hliðsjón af þeim hugmyndum sem settar eru fram í framtíðarsýn fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Varðandi áform um endurhæfingu þá er að vænta tillögu um það í nefndaráliti framtíðarnefndarinnar.

Það kunna að vera möguleikar á að auka endurhæfingarrými í Kristnesi en til þess þarf að ganga eftir áformum um uppbyggingu öldrunarþjónustu á Akureyri. Við horfum fyrst og fremst á Kristnes í þessu sambandi til að auka endurhæfingarþjónustu enda er glæsileg aðstaða þar til þeirra hluta.

[19:23]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þær 100 millj. sem nú eru áætlaðar í fjárlögunum eru eingöngu til að halda í horfinu. Það varð að forgangsraða og styrking rekstrargrunns stofnunarinnar varð að hafa forgang til að halda henni í horfinu. Það er ekki nóg að kaupa segulómtæki, það þarf að reka það. Þess vegna er eðlilegt að þessir tveir þættir hafi verið settir í forgang.

Þá kemur að því að byggja upp og bæta þjónustuna. Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir, að nefnd er að störfum til þess að móta framtíðarsýn sjúkrahússins. Þar eru tvær hæðir óinnréttaðar og verið að skoða hvaða starfsemi eigi að fara þar inn. Ýmislegt hefur breyst í áformum um nýtingu á þessum hæðum eftir að Íslensk erfðagreining féll frá samningi sínum um uppbyggingu á Akureyri eins og til stóð, því miður má segja. Menn höfðu horft til uppbyggingar Íslenskrar erfðagreiningar á einni hæð. Nú þarf að nýta þessa hæð til annarra hluta og ég vona að við munum sjá, annaðhvort í fjáraukalögum eða í næstu fjárlögum, verulegar upphæðir til þessara þátta. Það er alveg ljóst að það skiptir þjóðarbúið og heilbrigðisþjónustuna miklu að auka möguleika Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þar sem starfsmennirnir eru til staðar. Þar væri hægt að þjóna fólki vel og með því létta á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem er alveg að springa.

[19:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram að ég tel þjónustu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri mjög mikilvæga. Það er eina sjúkrahúsið sem kalla má hátæknisjúkrahús á landsbyggðinni og hefur með höndum afar mikilvæga starfsemi. Núna er sjúkrahúsið hins vegar með mörg járn í eldinum sem horfa til framfara. Með segulómtækinu flytjast 400–600 rannsóknir norður. Þær hafa hingað til verið framkvæmdar annars staðar og það er gríðarlega mikið atriði fyrir fólk á Norðurlandi og upptökusvæði sjúkrahússins að svo verði. Við erum að koma þar af stað byggingarframkvæmdum eftir margra ára hlé, sem hefur m.a. stafað af því að áform um samstarf við Íslenska erfðagreiningu hafa ekki gengið eftir. Við erum að setja þetta mál í farveg og byrja á innréttingu „núll-hæðarinnar" sem svo er kölluð. Það er gríðarlega mikilvægt skref samhliða því að skipuleggja framhaldið.

Ég tel mjög mikilvægt að auka þjónustuna á sjúkrahúsinu, m.a. með krabbameins- og þvagfæralækningum. En ég get ekki sagt um það á þessu stigi hvort við höfum fjárveitingar til þess. Við munum halda þessu máli til haga við undirbúning fjárlaga 2005 en ég get ekki lofað á þessu stigi að það gangi eftir. En mér er fullljóst mikilvægi þessara framkvæmda við sjúkrahúsið og þróunarinnar á starfseminni.

Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Fsp. ÁMöl, 240. mál. — Þskj. 260.

[19:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég varpa fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um hvernig miði viðræðum milli ráðherra og borgaryfirvalda í Reykjavík um kaup ríkisins á eignarhlut borgarinnar í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Fyrir tæpum tveimur árum spurði ég hæstv. heilbrrh. um hugmyndir hans um framtíðarnýtingu húsnæðis Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Í svari hæstv. heilbrrh. þá kom fram að Reykjavíkurborg ætti 60% hússins en ríkið 40% á móti borginni. Jafnframt kom fram að Reykjavíkurborg hefði ítrekað óskað eftir að selja hlut sinn og að viðræður hefðu átt sér stað um eignarhluta milli heilbrrh. og borgarstjóra.

Hæstv. heilbrrh. lýsti vilja sínum til að ríkið eignaðist hlut borgarinnar í húsi Heilsuverndarstöðvarinnar og að það nýttist áfram í þágu heilbrigðisþjónustu. En til að svo mætti verða taldi hann nauðsynlegt að ná samkomulagi við borgina svo að þessi áform gengju eftir. Ráðherrann hafði sterkan hug á að koma þessum hlutum á hreint milli ríkis og borgar.

Þess ber að geta að í umræðum í fjölmiðlum í framhaldi af fyrirspurn minni í janúar 2002 lýsti þáv. borgarstjóri vilja til að selja ríkinu húsnæðið og lýsti sig jafnframt tilbúna til viðræðna um slíkt.

Starfsemin sem nú fer fram í húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur er nær alfarið á vegum ríkisins. Skrifstofur Heilsugæslunnar í Reykjavík eru staðsettar í húsinu, einnig mæðraverndar, auk þess sem margvísleg lýðheilsuverkefni hafa átt þar samastað en mörg þeirra hafa nú verið sameinuð undir merkjum Lýðheilsustöðvar sem tók til starfa fyrr á þessu ári. Nú er svo komið að þrengt er að allri starfsemi í húsinu. Þess ber þó að geta að 4. hæð hússins, sem er yfir 500 fermetrar, hefur verið nýtt sem lesstofa fyrir læknanema á undanförnum árum og þarfnast hún verulegra endurbóta.

Það hefur verið áhugamál margra að húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar yrði sýnd tilhlýðileg virðing enda hefur þar farið fram mjög mikilsverð starfsemi í gegnum tíðina. Húsið sjálft er eitt undur íslenskrar byggingarlistar sem nauðsynlegt er að varðveita. Arkitekt hússins er Einar Sveinsson en hugmyndina að byggingu stöðvarinnar átti Vilmundur Jónsson landlæknir. Þá tillögu lagði hann fram árið 1934 en það var ekki fyrr en 1957, eða 23 árum seinna, að hugmynd hans varð að veruleika. Borgarspítalinn tók þar sín fyrstu skref, fyrsta slysadeild landsins var þarna og margvísleg heilbrigðisstarfsemi hefur farið fram í húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar. Heilsuverndarstöðin sem stofnun hefur ekki verið til frá því að ákvæðið um hana var endanlega fellt úr lögum 1. maí 1997. Þá hafði starfsemi stöðvarinnar verið færð í áföngum til heilsugæslunnar.

Með fyrirspurn minni vil ég enn knýja á um að leyst verði úr þeirri klemmu sem húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar er í og fá upplýsingar um stöðu mála.

[19:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa þessu máli. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín fyrirspurn um gang viðræðna við borgaryfirvöld í Reykjavík um kaup ríkisins á eignarhlut borgarinnar í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Eins og kunnugt er hafa viðræður átt sér stað um eignarhluta ríkisins í Heilsuverndarstöðinni sem er tæplega 4.500 fermetra hús við Barónsstíg í Reykjavík og var byggt á árunum í kringum 1950. Eins og kom fram telst eignarhluti ríkisins vera 40% en Reykjavíkurborgar um 60%.

Ég vil taka það skýrt fram að það er fullur vilji fyrir því í heilbrrn. og hjá mér að nýta eignina áfram í þágu heilbrigðisþjónustu landsmanna enda hefur þessi glæsilega bygging mjög sterka ímynd heilbrigðisþjónustu, ekki einungis í borginni heldur um land allt. Eins og kom fram í svari mínu til hv. þingmanns á sl. ári hafa ýmsar athuganir verið gerðar á hugsanlegri nýtingu heilsuverndarstöðvarinnar en endanleg niðurstaða í því efni liggur ekki fyrir. Það er rétt sem kom fram í fyrirspurn hv. þm. að þarna er núna vistuð fjölmörg starfsemi sem tilheyrir heilbrigðisþjónustu.

Eins og fram hefur komið hefur Reykjavíkurborg óskað eftir að selja sinn hluta. Viðræður um málið hafa legið niðri frá því á vormánuðum. Það hefur verið uppstytta í þeim en ég hef einsett mér að taka upp þessar viðræður að nýju og freista þess að ná samkomulagi við Reykjavíkurborg um ráðstöfun þessarar eignar til framtíðar.

[19:33]

Puríður Backman:

Herra forseti. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík hefur sterka ímynd heilsuverndar eða heilbrigðisþjónustu af ýmsu tagi í hugum allra landsmanna, ekki bara Reykvíkinga. Mér finnst að þessi bygging eigi í framtíðinni að hýsa slíka þjónustu áfram. Eins og komið hefur fram er uppistaðan í þeirri starfsemi sem nú fer þar fram á vegum ríkisins.

Það er ljóst að nýstofnuð Lýðheilsustöð er í húsnæðishraki og það er líka ljóst að efsta hæðin í Heilsuverndarstöðinni er nær ónothæf eins og hún er í dag. Þar þarf að taka til hendi og fara í viðgerðir og endurbyggingu og það er trúa mín að ef það verður gert megi starfsemi Lýðheilsustöðvarinnar vel rúmast innan Heilsuverndarstöðvarinnar í því húsnæði sem hún er í.

[19:34]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans og þann einlæga vilja sem kom þar fram um að hreyfa þessu máli áfram, koma því í ákveðinn farveg. Jafnframt þakka ég hv. þm. Puríði Backman innlegg hennar í umræðuna. Það er ljóst að hvorki Heilsugæslan í Reykjavík, Lýðheilsustöðin né aðrir aðilar sem starfa í húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar hafa fjármagn til þess að standa að endurnýjun á þessu húsnæði. Það er einnig ljóst að meðan ágreiningur er um eignarhald og skiptingu kostnaðar munu hvorki ríki né Reykjavíkurborg leggja fram fjármagn til nauðsynlegs viðhalds sem húsið þarfnast.

Ég rakst á frétt í Morgunblaðinu frá 15. október 2002. Fyrirsögn fréttarinnar var „Loftplötur hrynja og starfsfólk finnur fyrir óþægindum" þannig að það er alveg ljóst að húsnæðið er komið í það ástand að ekki má bíða með frekari ákvarðanir um hver beri ábyrgð á viðhaldinu. Ég legg áherslu á að þetta er það virðulegt og fallegt húsnæði að það er ekki hægt annað en að sýna því þá virðingu að því verði viðhaldið. Ef ástæðan er enn þá ágreiningur um það hvernig framtíðarskipan hússins verður þarf að leysa úr því sem allra fyrst. Ég held að allir séu sammála um að í þessu húsnæði eigi að fara fram starfsemi í þágu heilsuverndar á Íslandi og ég hvet heilbrrh. áfram til að ganga frá þessu máli þannig að sómi sé að og að við náum að nota þetta húsnæði í þágu heilsuverndarstarfsemi.

[19:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Ég vil koma viðræðum við borgina af stað aftur. Það er alveg rétt að þær stofnanir sem eru þarna inni hafa ekki bolmagn til að fara í endurbætur og framkvæmdir á húsinu. Það er ónýtt pláss á 4. hæð Heilsuverndarstöðvarinnar sem þarf mikið viðhald og endurbætur en grundvallaratriðið er að ríki og borg komist að samkomulagi, setji niður áætlun um þetta mál sem sé síðan unnið áfram. Það liggja ekki fyrir fjármunir í þetta núna en við þurfum að halda viðræðunum áfram og komast til botns með nýtingu hússins og hvaða stefnumörkun verði tekin upp um það hvort ríkið sé tilbúið að kaupa hlut borgarinnar eða hvort menn fari einhverja aðra leið. Það þurfa ríkið og borgin að koma sér saman um og við viljum fara í þá vinnu, eða halda henni áfram því að þetta er ekki nýtt mál.

Heilbrigðisþjónusta við útlendinga.

Fsp. ÁMöl, 241. mál. — Þskj. 261.

[19:38]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Á undanförnum missirum hafa birst frásagnir í dagblöðum hér á landi um að útlendingar hafi komið til Íslands gagngert til meðferðar á íslenskum heilbrigðisstofnunum, jafnt opinberum stofnunum sem hjá sjálfstætt starfandi aðilum.

Ég minni t.d. á frétt í Morgunblaðinu fyrir réttu ári þar sem sagt var frá því að níu Norðmenn hefðu þegar gengist undir bæklunaraðgerðir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og nokkrir til viðbótar væru væntanlegir. Bæði Grænlendingar og Færeyingar hafa ýmist þegar gert eða sýnt áhuga á að gera samninga við íslensk yfirvöld um kaup á heilbrigðisþjónustu. Einkafyrirtæki í augnlækningum hefur verið að flytja inn sjúklinga til meðferðar og einmitt í dag er breskur íþróttamaður að gangast undir aðgerð í Orkuhúsinu en þar fara m.a. fram bæklunarlækningar á vegum sjálfstætt starfandi aðila. Mér skilst að þetta sé í fyrsta sinn sem útlendingur fær þar þjónustu.

Á síðustu missirum hafa stjórnvöld víða í Evrópu opnað fyrir kaup á heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum sem ég tel að við Íslendingar eigum að veita athygli. Þessa viðhorfsbreytingu má m.a. rekja til niðurstöðu Evrópudómstólsins frá 12. júní 2001 sem varðar viðurkenningu á rétti sjúklinga í Evrópusambandinu til að leita sér heilbrigðisþjónustu í öðru landi ef sambærileg þjónusta býðst ekki tímanlega í heimalandi viðkomandi. Um þennan dóm og gildi hans fyrir Íslendinga sem eru á biðlista eftir heilbrigðisþjónustu höfum við hæstv. heilbrrh. rætt áður í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi.

Evrópudómstóllinn viðurkenndi rétt sjúklinga sem eru á biðlista eftir aðgerð í heimalandi sínu til að fá meðferð í öðru landi Evrópusambandsins og skyldi hún greidd af sjúkratryggingu viðkomandi í heimalandi hans. Að því tilskildu að meðferðin sé vísindalega viðurkennd og falli undir sjúkratryggingu sjúklings er heilbrigðisyfirvöldum óheimilt að synja viðkomandi um greiðslu vegna læknismeðferðar í öðru landi Evrópu nema í þeim tilvikum sem heilbrigðiskerfi landsins getur boðið sömu eða sambærilega þjónustu án óhóflegrar biðar. Þó er stjórnvöldum heimilt að gera ráðstafanir til að verja eigið heilbrigðiskerfi og tryggja fjárhagslegan stöðugleika sjúkratrygginga.

Þessi dómur hefur opnað ýmis tækifæri hér á landi sem með áræðni og skipulagningu er hægt að grípa og getur leitt til góðs hér á landi. Dómurinn hefur haft víðtæk áhrif í Evrópu, og ekki síst í Bretlandi þar sem biðlistar í heilbrigðisþjónustunni eru langir og biðtími eftir þjónustu eftir því. Bresk heilbrigðisyfirvöld hafa nú samið við fjölda sjúkrahúsa á meginlandinu um aðgerðir á breskum sjúklingum á kostnað breskra sjúkratrygginga. Af svipuðum meiði er sú ákvörðun norskra stjórnvalda að verja stórum upphæðum til kaupa á heilbrigðisþjónustu fyrir borgara sína utan Noregs.

Af þessu tilefni varpa ég þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að kannaðir verði möguleikar á að selja útlendingum heilbrigðisþjónustu, m.a. með tilliti til niðurstöðu Evrópudómstólsins um rétt einstaklinga sem eru á biðlista eftir að fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu í löndum ESB til að leita til annarra landa um þjónustu á kostnað sjúkratrygginga í heimalandi.

[19:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín fyrirspurn um heilbrigðisþjónustu fyrir útlendinga, þ.e. hvort ég muni beita mér fyrir því að kannaðir verði möguleikar á því að selja útlendingum heilbrigðisþjónustu. Þar vísar hún m.a. til niðurstöðu Evrópudómstólsins um rétt einstaklinga á biðlistum til að leita frá heimalandi sínu til annarra ESB-landa um þjónustu sem greidd yrði af sjúkratryggingum í heimalandi viðkomandi.

Ráðuneytið hefur fylgst vel með málum þessum, bæði í gegnum samstarf sem EES-samningurinn skapar og á vettvangi annarra Evrópumála. Ljóst er að úrskurður Evrópudómstólsins hefur vakið víða athygli og hefur mikil áhrif.

Á lýðheilsudegi sem nýlega var haldinn var einnig vakin athygli á máli þessu og bent á að þarna gætu verið viss sóknarfæri fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu. *Ég tel því fulla* ástæðu til að fylgjast áfram mjög vel með þessu máli.

Ég get upplýst samtímis að Íslendingar hafa selt útlendingum heilbrigðisþjónustu. Þar á ég m.a. við samninga okkar við grænlensku heimastjórnina um þjónustu sem Íslendingar hafa veitt í mörg ár, bæði bráðaþjónustu og einnig vissar valaðgerðir. Einnig eru yfirstandandi viðræður við Færeyinga, sem hafa sýnt mikinn áhuga, um aðgerðir á vissum sérsviðum. Aukin kostnaðargreining heilbrigðisstofnana sem stendur m.a. yfir á Landspítalanum gerir alla könnun þessara möguleika auðveldari, og ekki síst þegar niðurstaða hennar mun endanlega liggja fyrir. Sem kunnugt er er verið að vinna að DRG-kerfi á Landspítalanum sem þeir ætla sér að klára árið 2005. Ég tel hins vegar rétt að fara varlega í sakirnar í þessu máli og kanna málið frá öllum hliðum áður en farið verður af stað. Ráðuneytinu er kunnugt um að margir einkaaðilar í öðrum Evrópulöndum hafa reynt fyrir sér á þessum vettvangi en með mjög mismunandi árangri. Margir virðast hafa ofmetið þessa möguleika og fjárfestingar hafa ekki staðið undir væntingum. *Þetta undirstrikar að það þarf* að undirbúa allar aðgerðir í þessum málum mjög vel.

Ég tel mjög líklegt að þessir möguleikar verði einnig kannaðir á vegum þeirra sem hafa einkarekstur með höndum eða hyggja á einkarekstur. Ég tel hins vegar rétt að hin opinbera heilbrigðisþjónusta fari, eins og áður segir, varlega í sakirnar og undirbúi málið vel. Markaðssetning af þessum toga er dýr og áhætta mikil samkvæmt reynslu annarra þjóða.

Ég undirstrika þrátt fyrir þetta að það er afar mikilvægt að fylgjast vel með þessu máli og ég útiloka engan veginn að hér geti verið um framtíðarmöguleika að ræða fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu og tengda þjónustu, þar á meðal t.d. ferðaþjónustuna.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessar upplýsingar svari fyrirspurnum hv. þingmanns.

[19:44]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans þótt ég hefði kosið að þau væru heldur ákveðnari í þessa veru en *kannski er það einhver ákafi í mér* að reyna nýjar leiðir sem veldur því að mér finnst vera hægt farið. Aðstæður á Íslandi til að selja útlendingum heilbrigðisþjónustu eru til fyrirmyndar. Þess er skemmst að minnast að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um LSH kemur fram að í mörgum tilvikum reiðir sjúklingum betur af eftir aðgerð en sjúklingum í

sams konar aðgerðum á sjúkrahúsum í Bretlandi. Þá er allur tækjabúnaður og aðstæður hér til fyrirmyndar svo að ekki sé minnst á að íslenskir heilbrigðisstarfsmenn eru á heimsmælikvarða með eitt hæsta menntunarstig í heimi og mjög góða tungumálakunnáttu. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra bar þessi mál á góma í umræðum á lýðheilsuþingi sem var haldið fyrir stuttu og þar lýsti m.a. Berglind Ásgeirsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá OECD, sem hefur mjög víðtæka sýn á þessi mál að hún teldi að á Íslandi væri tilvalið að selja útlendingum heilbrigðisþjónustu og að íslensk heilbrigðisþjónusta væri í sóknarfæri til útflutnings. Allar aðstæður hér á landi væru til fyrirmyndar sem gerðu slíkan kost eftirsóknarverðan.

Ég heyrði það á viðbrögðum hæstv. heilbrrh. eftir þingið að orð hans mátti skilja í þá veru að slíkt yrði eingöngu gert að frumkvæði lækna sjálfra. Ég er ekki alveg sammála því. Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál þurfi að taka föstum tökum og að stjórnvöld eigi að taka frumkvæði, setja sér stefnu og undirbúa á markvissan hátt útrás Íslendinga í sölu á heilbrigðisþjónustu til útlendinga. Þetta yrði hrein viðbót við íslenska heilbrigðisþjónustu, hún yrði gjaldeyrisskapandi og færði nýtt fjármagn inn í heilbrigðiskerfið sem veitir ekki af. Að auki gæti þessi ráðstöfun stytt biðlista Íslendinga eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu með auknu fé inn í kerfið og aukinni skilvirkni þannig að ég mundi vilja taka þau skref að vera ögn ákafari í þessu. Auðvitað þarf að undirbúa hlutina vel. Við megum ekki rasa um ráð fram en það verður að vera til stefna til þess að geta fylgt henni eftir.

[19:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Mér er kunnugt um að hv. þm. er ákveðin og hefur mikinn metnað fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu og ég vona að svar mitt verði ekki tekið á þann veg að það sé áhugaleysi á þessum málum, þetta voru almenn varnaðarorð sem ég fór með. Ég tek undir frumkvæði opinberra aðila í þessu, það er nauðsynlegt að við sýnum áhuga á frumkvæði, en ég endurtek það að við þurfum að skoða hvað hentar í þessu.

Ég er sammála því að á Íslandi eru ákjósanlegar aðstæður að mörgu leyti og sem betur fer er íslensk heilbrigðisþjónusta mjög mikils megnug, það sýnir árangurinn. Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Landspítala – háskólasjúkrahús að árangur þar er betri en á breskum samanburðarsjúkrahúsum. Sem dæmi um færni íslenskrar heilbrigðisþjónustu get ég upplýst það að fyrsti líffæraflutningurinn hefur verið framkvæmdur á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Þar voru framkvæmd núna nýrnaskipti eins og boðað var í vor. Við höfum því tækifæri á að gera flóknustu aðgerðir og auðvitað eigum við að nýta okkur það, bæði þar sem er einkarekstur og þar sem er opinber rekstur.

Við verðum að skoða aðstæður okkar að það hafi ekki í för með sér að biðlistarnir okkar lengist. Það þarf ekki að vera en við þurfum auðvitað að hafa augun opin fyrir þeirri gagnrýni að það er val um ýmislegt annað í þessum málum heldur en þær aðgerðir sem við erum með Íslendinga á biðlistum í.

Ég endurtek það að ég er ekki áhugalaus fyrir þessum málum þó að ég hafi haft uppi almenn varnaðarorð.

Málaskrá lögreglu.

Fsp. GÓJ, 230. mál. — Þskj. 250.

[19:49]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég hef á þskj. 250 lagt fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um málaskrá lögreglu.

Það hefur verið unnið að nýrri málaskrá lögreglu um nokkurt skeið. Núverandi málaskrá er komin nokkuð til ára sinna, var líklega búin til á árunum 1996 og 1997 og er því ekki alveg í takt við það sem best gerist í þessum efnum.

Af þeim sökum var ákveðið að hefja frekar vinnu við nýja málaskrá í stað þess að lappa upp á þá gömlu með sífelldum endurbótum ár eftir ár eins og gert var. Ný málaskrá lögreglu verður miklu fullkomnari en sú sem nú er notuð sem mun leiða til árangursríkari og skilvirkari löggæslu. Nýja málaskráin verður væntanlega tengd dagbók lögreglu en það er m.a. það sem vantar upp á þá málaskrá sem nú er notuð.

Í nýrri málaskrá verða sömuleiðis betri og nákvæmari tölulegar upplýsingar sem auðvelda mun alla tölfræði sem er nauðsynlegt þegar verið er að setja markmið um löggæslu og í löggæslumálum.

Hér er um tæknilega mjög flókið verkefni að ræða sem krefst mikillar hugbúnaðargerðar auk þess sem huga þarf að vélbúnaði. Þetta tekur auðvitað töluverðan tíma. Vinna við gerð þessarar málaskrár hefur staðið yfir um nokkurt skeið og mikilvægt að þessu verkefni ljúki eins fljótt og unnt er.

Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh.: Hvað líður gerð nýrrar málaskrár lögreglu?

[19:51]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er hvað líði gerð nýrrar málaskrár lögreglu. Smíði hins nýja lögreglukerfis miðar vel. Að loknu forvali og útboði var gengið til samninga við Skýrr hf. um smíði kerfanna. Frumvinnu og hönnun kerfisins er lokið og forritunarvinna er komin vel af stað. Áætlað er að taka kerfið í notkun 1. október á næsta ári að undangenginni kennslu og kerfisprófunum.

Um er að ræða nýtt heildstætt lögreglukerfi sem mun leysa af hólmi fimm kerfi sem lögreglan notar í dag fyrir dagbókarskráningar, skýrslugerð, málaskrá, handtökur og brotamannaskrá. Meginmarkmið hins nýja lögreglukerfis er m.a. aukin samhæfing, þar sem lögreglukerfið mun vinna á einu gagnsafni sem þýðir að sömu gögn verða aðeins geymd á einum stað og að gögn sem búið er að skrá einu sinni í kerfið þarf ekki að skrá aftur eins og þörf er á við núverandi aðstæður. Mun kerfið auka skilvirkni lögreglunnar og flýta allri tölvuvinnslu. Þá verður enn fremur mögulegt að vinna með skilvirkari hætti ýmsa tölfræði, bæði til upplýsingar fyrir almenning og til að nýta við stjórn löggæslu sem og við forvarnir. Má því segja að hið nýja kerfi sé einnig stjórnunartæki sem mun veita lögreglunni aukna möguleika á að nýta betur mannafla og tæki og ná þannig því markmiði sem ávallt er stefnt að, þ.e. að ná fram betri löggæslu og þar með betri þjónustu við almenning.

Markmið með smíði nýrra lögreglukerfa er að auka skilvirkni og öryggi í upplýsingamiðlun lögreglunnar, svara aukinni upplýsingaþörf vegna fjölbreyttari verkefna, auka afköst lögreglumanna og auka samræmingu á milli lögregluembætta. Eru þá einungis fáir kostir hins nýja kerfis nefndir.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að allir almennir öryggisstaðlar um virkni og rekstur tölvukerfa verða uppfylltir, bæði hvað varðar innra og ytra öryggi, og þess verður sérstaklega gætt að kröfur persónuverndar um gagnaöryggi séu uppfylltar, svo og lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

[19:54]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir mjög greinargóð og skýr svör. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er stefnt að því að þessi nýja málaskrá verði komin í gagnið 1. október 2004. Við verðum að vona að það gangi eftir og að öll vinna við gerð málaskrárinnar gangi samkvæmt áætlun.

Markmiðið er betri löggæsla og betri þjónusta við almenning eins og ráðherra gat um. Ég vil hvetja ráðherra til að vinna áfram á þessari braut og þakka honum aftur kærlega fyrir skýr og greinargóð svör.

Skipan löggæslumála.

Fsp. ÖB, 362. mál. — Þskj. 481.

[19:55]

Fyrirspyrjandi (Önundur S. Björnsson):

Virðulegi forseti. Löggæslumálin hafa eðlilega verið umfangsmikil í þjóðfélagsumræðunni á liðnum árum. Það hefur m.a. verið gagnrýnt að meira fé þurfi til löggæslumála í þéttbýli jafnt sem dreifbýli og þá ekki síst að sýnileg löggæsla verði veigameiri en verið hefur. Ýmsar skipulagsbreytingar hafa átt sér stað í þessum efnum á liðnum árum, m.a. stóraukið hlutverk ríkislögreglustjóra sem hefur sumpart orðið til á kostnað hinnar almennu löggæslu í umferðinni svo dæmi sé tekið.

Nýverið bárust fréttir af því að hæstv. dómsmrh. hefði sett nefnd á laggirnar sem hefur það verkefni samkvæmt fréttatilkynningu ráðuneytisins að setja fram tillögur á umdæmaskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar. Út af fyrir sig er ekkert um það að segja að slík endurskoðun eigi sér reglulega stað. En í nefndri fréttatilkynningu er enn fremur sagt að nefndinni sé ætlað að styrkja og efla starfsemi lögreglu og nýta fjármuni betur. Allt hljómar þetta prýðilega.

En hvað er átt við með því að hópurinn eigi að skoða innra starf lögreglu? Er verið að opna á það að tiltekin starfsemi lögreglu verði á forræði sveitarfélaganna eins og stundum hefur verið nefnt? Er einnig verið að vísa til starfsskilyrða lögreglunnar og lögreglumanna á vettvangi, samanber uppkveðinn héraðsdóm frá því í gær þar sem heimildir lögreglumanna á vettvangi og verklag í þeim efnum var til úrlausnar? Eða lítur dómsmrh. þannig á að starfshópurinn taki þau álitamál sömuleiðis til skoðunar?

Virðulegi forseti. Hvað býr að baki af hálfu hæstv. dómsmrh.? Eru að baki hugmyndir hans sjálfs um að steypa saman einhverjum tilteknum umdæmum eða er allt undir? Er hæstv. dómsmrh. þeirrar skoðunar að umdæmin séu of mörg í dag eða er eitthvað annað á ferðinni? Í fréttatilkynningu ráðuneytisins er sagt að sýslumönnum eigi ekki að fækka þótt tillögur um sameiningu umdæma verði settar fram. Þá vaknar spurningin um stöðu sýslumanna í kjölfarið.

Stundum hefur sameining umdæma orðið til þess að jaðarbyggðir, byggðarlög sem eru fjærst miðju umdæmis, verða verst úti hvað löggæslu varðar. Í því sambandi má nefna Mosfellsbæ sem þjónað er frá Reykjavík, en einn nefndarmanna er einmitt bæjarstjóri þess bæjar.

En fyrirspurnir mínar eru skýrar, þær eru svohljóðandi:

1. Hver er tilgangur ráðherra með skipun starfshóps um breytingar á umdæmaskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar?

2. Hvernig hljóðar erindisbréf starfshópsins og hvaða annað veganesti hefur hann frá ráðherra?

[19:58]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég kýs að svara þessum spurningum með því að lesa úr erindisbréfinu sem ég setti þessum starfshópi, en leyfi mér einnig að vísa til ræðu sem ég flutti á fundi sýslumanna á Selfossi 17. október sl. þar sem ég lagði upp starf þeirrar nefndar eða þess starfshóps sem nú hefur hafið störf. Það má lesa ræðuna á heimasíðu dómsmrn.

Samkvæmt skipunarbréfinu hefur verkefnisstjórnin tvíþætt meginhlutverk:

Í fyrsta lagi að koma með hugmyndir að nýju skipulagi með það að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til embættanna er varið.

Í öðru lagi að móta löggæsluáætlun til næstu ára, þar sem kynnt er forgangsröð við úrlausn verkefna og sett eru mælanleg markmið fyrir löggæsluna.

Þegar litið er til innra starfs löggæslunnar er nauðsynlegt að meta reynsluna af lögreglulögunum, skipulagi á verkaskiptingu sem þá kom til sögunnar.

Á árinu 1999 var sett af stað vinna við gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta og var skipuð til þess nefnd þar sem sýslumannafélagið kom að verki ásamt fulltrúum dóms- og fjmrn. Unnið hefur verið að þessu verki með hléum en gerð reiknilíkans sem mælir á raunsæjan hátt rekstrarkostnað embætta reyndist vera mun flóknari en talið var í upphafi og hefur það fyrst og fremst tafið störf nefndarinnar.

Frekari vinna á þessu sviði hlýtur að taka mið af þeim markmiðum sem nú eru að mótast um skipan löggæslu og innra starf lögreglunnar. Vel ígrundað og sanngjarnt reiknilíkan fyrir alla meginþætti í starfi sýslumanna og lögreglu er liður í því að fyrirhugaðar breytingar verði árangursríkar auk þess sem líkan getur verið ómetanlegt hjálpartæki við framkvæmd breytinganna.

Markmiðið er að löggæsla og ákæruvald eigi í fullu tré við þá sem gerast brotlegir við lögin og standi þeim helst feti framar. Efnahagsbrot eru fleiri og stærri en áður og rafrænum aðferðum er beitt af vaxandi þunga við brotastarfsemi. Þörf fyrir sérmenntað fólk til rannsókna verður sífellt meiri. Menntun, búnaður og tækjabúnaður lögreglu verður að vera í samræmi við markmið og kröfur á hverjum tíma, þjálfun sveita lögreglumanna á að taka mið af verkefnum og áhættu sem þeir verða oft að taka í mikilvægum störfum sínum.

Við endurskoðun á skipan lögreglumála er nauðsynlegt að taka afstöðu til ýmissa sjónarmiða, t.d. varðandi ákæruvaldið, sem fram hafa komið á undanförnum árum um það sem betur má fara að dómi sérfróðra og reynslumikilla manna.

Löggæsla byggist á tveimur meginstoðum, almennri löggæslu og rannsóknum. Á milli þessara stoða verða að vera greiðar leiðir þótt starfsaðferðir séu að ýmsu leyti ólíkar. Komið hafa fram hugmyndir um að rannsóknardeildir eða

rannsóknarlögregla verði skilgreind í lögum og er nauðsynlegt að taka afstöðu til þeirra.

Þegar litið er til starfa sýslumanna skulu þessi tvö meginatriði höfð í huga. Í fyrsta lagi skiptir miklu fyrir byggðir landsins að ekki sé sett sem markmið að draga úr þeim styrk sem felst í starfrækslu sýslumannsembættanna og þjónustunni á þeirra vegum.

Í öðru lagi þarf inntak í embættisfærslu sýslumanna ekki endilega alls staðar að vera hið sama. Í fjárlagafrv. fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir 5 millj. kr. fjárveitingu til dómsmrn. sem ætlunin er að nýta eftir því sem þörf er á til að vinna að þessu verkefni. Í samráði við dómsmrh. er verkefnisstjórn heimilað að ráða sérfræðinga og stofna faglega hópa til að vinna að úrlausn einstakra viðfangsefna. Verkefnisstjórn er falið að hafa náið og opið samráð við forustu lögreglumanna og sýslumanna.

Það er ekki markmiðið með þessu starfi að fækka sýslumannsembættum. Það hefur ekki verið sett sem markmið. Það er heldur ekki markmið í þessu starfi að færa löggæsluna frá ríkinu til sveitarfélaga.

[20:03]

Jóhann Ársælsson:

Ég fagna því að menn ætli að snúa sér að því að endurskoða skipan löggæslumála. Menn hafa ekki haft kjark til að taka á því máli fram að þessu.

Ég verð hins vegar að lýsa yfir vonbrigðum yfir því að mér virðist sem hæstv. dómsmrh. hafi eiginlega ekki svo mikinn kjark til að taka á málinu. Það virðist eiga að styrkja alla þá sem eiga þarna hlut að máli en eigi að koma skipan löggæslumála í betra horf þá hlýtur að þurfa að taka verkefni frá sýslumönnum. Þá þurfa menn að þora að segja upphátt að það þurfi að gera, enda er náttúrlega tímabært að menn stækki svæði þannig að hægt sé að stýra lögreglunni og þeim mannskap sem er til staðar til að sinna löggæslu betur en gert hefur verið.

[20:04]

Fyrirspyrjandi (Önundur S. Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin.

Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á að fækkun og stækkun umdæma getur sannarlega átt rétt á sér. Hins vegar verður að huga vel að staðarþekkingu lögreglumanna. Hún er mjög veigamikil, ekki síst í smærri byggðarlögum úti á landi þar sem víðlendur eru miklar. Eins nefndi ég áðan að tryggja verði lágmarksþjónustu í hverju byggðarlagi, að jaðarbyggðir verði ekki út undan í stórum og víðfeðmum umdæmum.

Ég hefði einnig talið eðlilegt að í starfshópi af þessum toga hefðu fulltrúar lögreglu og sýslumanna átt sæti. Ég tel að ráðherra hafi enn þá möguleika á að bæta inn í þennan starfshóp fulltrúum þessara aðila sem eðli máls samkvæmt hafa mestu og bestu þekkingu á málaflokknum.

[20:05]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Varðandi þau orð sem hv. þm. Jóhann Ársælsson lét falla vil ég segja að það er alls ekki rökbundin nauðsyn, þó að menn stækki lögregluumdæmi, að sýslumönnum fækki. Sýslumenn þurfa ekki allir að sinna sömu störfum og hægt er að skilgreina hlutverk sýslumanna á þann veg að þeir séu ekki allir lögreglustjórar, eins og er raunar í dag því að sýslumaðurinn í Reykjavík fer ekki með lögregluvald. Þannig er unnt að skilgreina inntakið í sýslumannsstörfunum á annan hátt en að þeir séu allir lögreglustjórar. Það er atriði sem þarf að huga að í þessu sambandi.

Ég vil geta þess í tilefni af ummælum hv. fyrirspyrjanda að að sjálfsögðu er ekki ætlunin að draga úr staðarþekkingu við löggæslustörf eða draga úr þeirri þjónustu sem veitt er alls staðar á landinu. En þjónustan verður að taka mið af þeim umsvifum sem eru á hverjum tíma. Ég held að stærri umdæmi og meiri sveigjanleiki í lögregluliðinu ætti að auðvelda að það sé brugðist við á skipulegri hátt en kann að vera unnt við núverandi aðstæður.

Verkefnisstjórnin hefur það hlutverk að leiða þetta starf. Í hana er ekki endilega skipað fólk með sérfræðiþekkingu eða hagsmuni sem starfandi sýslumenn eða lögreglumenn. En eins og kom fram í máli mínu er ætlunin að þessi verkefnisstjórn leiti til fagaðila, til sýslumanna og lögreglumanna og eigi við þá náið samstarf, sem og annarra sérfræðinga sem geta lagt það besta til svo að niðurstaðan verði byggð á þekkingu og reynslu þeirra sem að þessum málum koma.

[20:07]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. GAK o.fl., þskj. 553, 554; brtt. KolH og JBjarn, þskj. 555, 556; brtt. KolH og HlH, þskj. 557; brtt. 1. minni hluta fjárln., þskj. 560; brtt. HHj o.fl., þskj. 561.

Starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 559.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 410. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 558.

Rýmingar- og björgunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.

Fsp. ÁRJ, 369. mál. — Þskj. 493.

[20:09]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Í landi eins og okkar, þar sem náttúrukraftar geta brotist fram skyndilega og jafnvel ógnað lífi fólks, er öflugt forvarnar- og björgunarkerfi mikilvægt. Það er jafnframt mikilvægt í ljósi þess að í breyttum heimi eru aðrar ógnir en áður, t.d. hryðjuverk, eiturefnahernaður og eiturefnaslys.

Með lagabreytingu í fyrra voru viðbragðsaðilar sameinaðir í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Tilgangurinn var aukið öryggi og efling almannavarna, stytting á boðleiðum og einföldun á stjórnskipulagi svo og sparnaður í opinberum rekstri, svo vitnað sé í greinargerð með frv. um þessar breytingar.

Til þess að vera sem best undir björgunaraðgerðir búinn eru gerðar björgunaráætlanir fyrir ýmis svæði sem talin eru geta verið hættusvæði í ákveðnum tilvikum og við ákveðnar aðstæður. Samgöngunefndarmenn Alþingis heimsóttu Skógarhlíðina í síðustu viku og ræddu málefni björgunarstöðvarinnar við starfsmenn þar og svöruðu þeir fyrirspurnum þingmanna. Þar kom fram að til eru rýmingar- og björgunaráætlanir fyrir ýmis bæjarfélög, t.d. Hveragerði, en slík áætlun er ekki til um Reykjavík eða höfuðborgarsvæðið. Ef hún er til er hún mjög gömul og illa kynnt þannig að björgunarstöðvarmönnum var ekki kunnugt um hana.

Þetta tel ég mjög alvarlegar upplýsingar. Við þurfum ekki annað en að sjá hvernig hraun hefur runnið á höfuðborgarsvæðinu, horfa til Bláfjallasvæðisins, Kleifarvatns, Krýsuvíkur og annarra svæða í nágrenninu sem eru virk eldfjallasvæði. Heimaeyjargosið er talandi dæmi um það sem getur gerst. Vegakerfið hér út úr borginni er löngu sprungið á álagstímum og er þjóðvegahátíðin á Þingvöllum mönnum enn í fersku minni þar sem bílar komust hvorki lönd né ströndd.

Stórslys geta alltaf hent og bæði þau og náttúruhamfarir gera ekki boð á undan sér, að ég tali ekki um hryðjuverk þó að við séum kannski ekki í mestri hættu hvað þau varðar. Á þessu svæði býr um helmingur þjóðarinnar og það er ekki til rýmingaráætlun, áætlun um hvernig skuli koma fólki í burtu ef alvarlegt ástand skapast og líf íbúa á svæðinu er í hættu. Hvernig ætla menn að fara að? Hvernig ætla menn að rýma höfuðborgina og nágrannasveitarfélögin ef lífi íbúanna er ógnað?

Auðvitað vonar maður að slíkt gerist ekki en menn verða að vera við öllu búnir. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.: Er til rýmingar- eða björgunaráætlun fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög ef náttúruhamfarir eða stórslys verða sem ógna lífi íbúa á þessu svæði?

[20:11]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er: Er til rýmingar- eða björgunaráætlun fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög ef náttúruhamfarir eða stórslys verða sem ógna lífi íbúa?

Svarið er að það er ekki til séráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið sem fjallar um rýmingar- eða björgunaráætlun. En nýlega var heimilað að almannavarnanefndir á svæðinu tækju höndum saman og mynduðu eina heild sem mun að sjálfsögðu auðvelda allt slíkt starf. Hins vegar er til á vegum almannavarna almenn viðbragðsáætlun sem fjallar m.a. um skipulagða rýmingu, flótta eða brottflutning. Til frekari skýringar skal nefnt að gerður er greinarmunur á rýmingu, flótta og brottflutningi og er hann á þennan veg:

Flótti er það kallað þegar fólk flýr skipulagslaust undan aðsteðjandi ógn eða hættu. Meginhlutverk almannavarna í slíku tilviki er að ná stjórn á atburðarásinni og beina fólkinu á ákveðnar flutningsleiðir til fyrir fram ákveðinna móttökustaða.

Rýming felst í því að lögreglustjóri í samráði við almannavarnanefnd tekur ákvörðun um að flytja fólk burt af afmörkuðu svæði innan sama byggðarlags vegna aðsteðjandi eða viðvarandi hættu eða neyðarástands.

Brottflutningur felst í flutningi fólks milli umdæma, svæða, og samkvæmt gildandi lögum um almannavarnir er það á ábyrgð ríkisstjórnar að taka ákvörðun um slíkan brottflutning. Framkvæmd og skipulag brottflutningsins er síðan í höndum ríkislögreglustjóra í samvinnu við almannavarnanefndir í brottfarar- og móttökuumdæmum.

Í sömu viðbragðsáætlun er einnig að finna kafla sem fjalla um skipulagðan viðbúnað með tilliti til hættu eða neyðarástands af völdum eldgosa, flóða, hópslysa, jarðskjálfta, mengunar, fárviðris, ofsaveðurs, skriðufalla, snjóflóða, stórbruna og sprenginga.

Á árinu 2004 er fyrirhuguð gagnger endurskoðun á hinum almennu neyðar- og viðbragðsáætlunum almannavarna undir forustu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og verður sú endurskoðun unnin í nánu samstarfi við almannavarnanefndir í landinu.

Ég vil einnig láta þess getið í þessu sambandi að í hugmyndafræðinni á bak við almannavarnir og öryggi borgaranna eru mjög skiptar skoðanir um hvernig eigi að standa að því að rýma, flytja fólk á brott eða hvað eigi að gera. Allar athuganir sýna að brottflutningur og það að fara með fólk frá heimaslóðum sínum getur jafnvel verið hættulegri aðgerð en að búa þannig um hnútana að fólk geti dvalið sem lengst á sínum eigin slóðum þar sem það þekkir best til. Í þessu er kannski of mikil einföldun að leggja einungis áherslu á rýmingar- eða björgunaráætlun sem geri ráð fyrir fyrir að fólk sé flutt á brott.

Það þarf að búa þannig um hnúta að áætlanir miði að því að unnt sé að sinna sem flestum á þeim stað sem fólkið þekkir best til og þar sem þjónustan er almennt best þegar á reynir, hvort sem unnt er að veita hana jafn vel og við venjulegar aðstæður eða ekki. Það eru slík atriði sem þarf að hafa í huga. Til alls þessa verður að taka tillit. Það er gert annars staðar þar sem fjöldi fólks býr og ég held að aðstæður hér séu síður en svo verri en víðast hvar í veröldinni þegar litið er til slíkra þátta.

[20:15]

Mörður Árnason:

Forseti. Það kemur í ljós í svari hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn að áætlun um rýmingu eða björgun eða viðbrögð í verulegum náttúruhamförum eða hryðjuverkum á höfuðborgarsvæðinu er ekki til. Það eru til almennar leiðbeiningar um það að ríkisstjórnin hafi forustu og ríkislögreglustjóri framkvæmd en það er ekki til nein slík áætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.

Í máli hv. fyrirspyrjanda kom hins vegar fram að slík áætlun er til fyrir minni staði, stað eins og Hveragerði og við getum öfundað Hvergerðinga af því. Ég tel mjög brýnt að hæstv. dómsmrh. sjái til þess að þessu starfi sé hraðað sem mest og minni á að hann hefur sjálfur staðið fyrir sérstökum aðgerðum innan ríkisstjórnarinnar í tengslum við hugsanleg hryðjuverk, a.m.k. í geislavörnum, og tel ákaflega mikilvægt að hann geri þetta. Á höfuðborgarsvæðinu býr sem kunnugt er meiri hluti landsmanna og það er þannig lagað, a.m.k. Reykjavíkursvæðið, að það er erfitt að komast burt af því ef ekki er til mjög gagnger áætlun um það.

[20:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mín skoðun að það þurfi að vera mögulegt að flytja fólk af svæðinu hérna og ég held að það séu margir á þeirri skoðun. Auðvitað er mönnum ofarlega í huga hvernig var í Vestmannaeyjum og engum dettur í hug að halda því fram að það hefði átt að láta Vestmanneyinga vera áfram á því svæði heima hjá sér undir þeim aðstæðum sem þar voru og enginn vissi hvernig mundu breytast. Það gætu hugsanlega komið upp svipaðar aðstæður hér, að af einhverjum ástæðum yrði óbyggilegt á stórum svæðum um tíma eða jafnvel lengi og þá þurfa auðvitað að vera til úrræði til þess að hlutirnir gangi eðlilega og vel fyrir sig.

Við vitum að vegakerfið hérna annar ekki einu sinni föstudagsumferðinni hvað þá flótta úr borginni þannig að það hlýtur að þurfa að hugsa til þess að flytja fólk með öðrum hætti héðan ef á þyrfti að halda vegna vár af þessu tagi. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að fylgja því fast eftir að slík áætlun verði til.

[20:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hann staðfesti að það er ekki til björgunar- eða rýmingaráætlun fyrir Reykjavík og höfuðborgarsvæðið og það tel ég mjög alvarlegt. Ýmsar orðalagsskilgreiningar, eins og komu fram í máli hæstv. ráðherra, hjálpa lítið í þessum efnum. Við verðum auðvitað að setja upp áætlun um það hvernig eigi að koma fólki af þessu svæði ef eitthvað alvarlegt kemur fyrir. Starfsmenn björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð töldu að setja þyrfti upp kerfi þar sem ákveðin hverfi væru tekin sérstaklega og hvernig koma ætti fólki úr ákveðnum hverfum ef eitthvað kæmi upp. Það er auðvitað mjög áríðandi að slík áætlun verði til.

Hæstv. ráðherra vísar til endurskoðunar á viðbragðsáætlun á næsta ári. Það er auðvitað mjög brýnt og það þarf auðvitað að fara í þetta í þeirri vinnu. Það þarf að gera þessa áætlun. Það er auðvitað hættulegt ef menn fara að æða út úr borginni skipulagslaust, ef eitthvað kemur fyrir, af því að við þekkjum auðvitað hvaða ástand skapast þá. Og eins og hefur komið fram og kom fram í máli mínu áðan er þjóðvegakerfið sprungið á álagstímum, hvað þá ef eitthvað slíkt gerist og menn fara skipulagslaust af stað.

Ég hvet hæstv. ráðherra og tel það skyldu hans sem yfirmanns þessa málaflokks að setja strax af stað vinnu við það að útbúa slíka rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið í ljósi þess hvaða hættur gætu steðjað að sem maður vonar auðvitað að verði ekki, en það þarf að vera til slík áætlun. Það er alveg morgunljóst.

[20:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil hvetja þingmenn til þess að huga að því hvað þeir eru að segja, hvað þeir eru að leggja til og hvaða hugmyndir þeir eiginlega hafa um þá hættu sem að okkur kann að steðja. Ég held að á vegum Almannavarna Reykjavíkurborgar og sérstaklega á vegum slökkviliðsins sé ákaflega vel að þessum þáttum staðið og skipulega. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að auka samstarf á milli almannavarnanefnda á höfuðborgarsvæðinu. Menn verða náttúrlega að leggja mat á það líka hver hættan er, hver áhættan er og hvaða líkur séu á því að það ástand skapist að við þurfum að rýma höfuðborgina. Mér finnst menn koma hér og tala bara eins og það sé eitthvað sem við stöndum frammi fyrir og verðum að velta fyrir okkur og kunni að gerast.

Það er ekki þannig, held ég, að neinn sérfræðingur sem að þessum málum kemur standi frammi fyrir þeirri spurningu og velti því fyrir sér hvað þurfi að gera til að rýma allt höfuðborgarsvæðið. Ég held að enginn sérfræðingur leggi til að þannig sé staðið að málum að áætlanir séu gerðar með það fyrir augum að höfuðborgarsvæðið verði rýmt. Ég veit ekki um hvað menn eru að tala hér. Þingmenn verða að (Gripið fram í.) gæta ábyrgðar í orðum sínum þannig að þeir séu ekki að draga upp ímyndaðar myndir eins í einhverjum vísindaskáldsögum. Við lifum ekki í vísindaskáldsögum. Við lifum í öðrum veruleika sem betur fer. Að sjálfsögðu þurfa þessar áætlanir að vera fyrir hendi. En þegar fólk veltir þessu fyrir sér af alvöru, eins og ég sagði, og án þess að gera yfirvöldin tortryggileg í þessu efni þá er hugmyndafræðin á bak við þetta allt saman sú að best er að búa þannig um hnútana að fólk geti dvalist á heimilum sínum og í nágrenni við þau eins eins lengi og frekast er kostur.

Og að gera ráð fyrir því að hér þurfi að vera áætlanir. Ég veit ekki til þess að nokkurs staðar í heiminum séu til áætlanir um að flytja jafnstóran hluta þjóðar á brott eins og þið, hv. þm., eruð að tala um að þurfi að gera á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit ekki til þess að nokkur þjóð hafi skipulagt öryggismál sín þannig. Ég held að þingmenn verði að átta sig á því um hvað þeir eru að tala.

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Hv. 7. þm. Reykv. s. óskar að bera af sér sakir.

[20:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég heyrði ekki betur en hæstv. dómsmrh. sakaði mig og fyrirspyrjanda um ábyrgðarleysi í umræðum um mikilvæg mál, að við værum að draga hér upp vísindaskáldsögur um algjöra rýmingu á höfuðborgarsvæðinu sem ég vona nú að komi ekki til. Hv. fyrirspyrjandi talaði í seinni ræðu sinni um einstök hverfi. Það er auðvitað þannig að nokkrar leiðir liggja frá höfuðborgarsvæðinu. Við vitum ekki meira um það en hæstv. dómsmrh. til hvers þarf að grípa ef upp kemur staða sem getur komið upp, eins og við sögðum, t.d. hryðjuverk, náttúruhamfarir eða aðrir slíkir hlutir, stórslys t.d. á flugvélum því að hér er flugvöllur t.d. á höfuðborgarsvæðinu sem hæstv. dómsmrh. hefur staðið fyrir í öðrum störfum sínum að hér verði áfram um alla eilífð. (**Gripið fram í:** ... bera af sér sakir, forseti?) Ég ber af mér þær sakir með því að spyrja: Hvaða vísindaskáldsaga var það sem gerðist árið 1973 í Vestmannaeyjum og leiddi til þess að rýma þurfti allt svæðið? Hvað hefði hæstv. dómsmrh. gert í þeirri stöðu? Haldið öllum heima? (Gripið fram í.) (**Dómsmrh.:** Hef ég tækifæri til þess að svara spurningunum?)

Fjarskiptamiðstöð lögreglu.

Fsp. ÁRJ, 371. mál. — Þskj. 495.

[20:23]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Björgunarstöðin í Skógarhlíð er vel útbúin stöð þar sem lögregla, slökkvilið, hjálparsveitir, Flugmálastjórn og Landhelgisgæslan sameina krafta sína í þágu öryggis og björgunarmála fyrir landsmenn. Aðeins vantar vaktstöð siglinga þangað inn en það er væntanlegt að hún komi þangað og það skilar mikilli hagræðingu og sparnaði.

Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar er vel tækjum búin með TETRA-fjarskiptabúnað sem fylgist með því á tölvu hvar öll tæki og búnaður, sem þarf til að bregðast við, er staðsettur og í hvaða notkun hann er, svo sem lögreglubílar, sjúkrabifreiðar eða þjónustubílar lögreglu, hvort þeir eru í akstri eða uppteknir og hvað þeir eru að gera. Auðvelt er því ávallt að senda næsta bíl eða björgunaraðila á vettvang ef eitthvað kemur upp á. Það kom mér því á óvart þegar ég var í heimsókn þar í síðustu viku að ég heyrði að stöðin þjónar ekki nema hluta landsins. Hún þjónar sem sagt suðvesturhorninu, frá norðurinnkeyrslunni í Hvalfjarðargöngin og suður Reykjanesið til Selfoss. Skógarhlíðin hefur boðvald yfir öllu því svæði og hefur yfirsýn og heldur utan um það. En gerist eitthvað utan svæðisins, ég nefni sem dæmi í Borgarnesi eða á Hvolsvelli eða einhvers staðar annars staðar á landinu, þá heyrir það ekki lengur undir þessa björgunarmiðstöð í Skógarhlíðinni, þ.e. fjarskiptamiðstöð lögreglunnar þar, og þetta

hefur valdið vandræðum eins og dæmi eru um og jafnvel haft alvarlegar afleiðingar.

Öll símtöl sem koma inn í fjarskiptamiðstöðina til neyðarlínunnar í nr. 112 eru flokkuð þar og fara yfir 80% til fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í Skógarhlíð en 20% annað. Þannig að tilkynning um t.d. tilvik eins og ég nefndi í Borgarfirði fer til lögreglunnar í Borgarnesi og á sama hátt á öðrum svæðum sem eru fyrir utan þetta þjónustusvæði fjarskiptamiðstöðvarinnar. Komi t.d. tilkynning um óeðlilegt ökulag einhvers staðar á einhverju svæði fyrir utan þjónustusvæði stöðvarinnar, þá er það bara lögreglan á þeim stað þar sem bíllinn er að keyra sem fær að vita um það og hann er jafnvel kominn út úr umdæminu þegar á að bregðast við. Ég get ekki séð annað en að þarna vanti heildaryfirsýn yfir allt landið og eitt boðvald. Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh. hvað sé því til fyrirstöðu að fjarskiptamiðstöðin í Skógarhlíð, sem hefur fullkominn tækjabúnað og góða yfirsýn yfir þjónustusvæði sitt, þjóni þannig á sama hátt öllu landinu.

[20:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þar sem ég fékk ekki orðið áðan út af ummælum hv. þm. Marðar Árnasonar, vil ég láta þess getið að það var engin björgunaraðgerð til í Vestmannaeyjum þegar þetta gekk yfir þar, sem gekk út á það að nota skipin með þeim hætti sem gert var til að flytja fólkið á brott. Það var heppni og tókst giftusamlega, sem betur fer, og síst af öllu ber að draga það mál inn í þær umræður sem hér eru, hve giftusamlega það allt tókst, og sýnir hversu fjarstæðukenndur þessi málflutningur er.

Varðandi þá fyrirspurn sem ég er að svara hér þá er spurt: „Hvað er því til fyrirstöðu að fjarskiptamiðstöð lögreglu í Skógarhlíð þjóni öllu landinu?"

Þjónusta fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar byggir á TETRA-fjarskiptakerfinu sem gerir kleift að fylgjast með ferðum löggæslubifreiða og löggæslumanna á tölvuskjá og beina þeim á afbrota- eða slysastað. Stöðin getur ekki viðhaft sams konar stýringu við löggæslu í öðrum landshlutum nema til komi útfærsla á þjónustu TETRA -kerfisins. Einnig þyrfti þá einhver starfsmannafjölgun að koma til. Hins vegar er rétt að geta þess að fjarskiptamiðstöð lögreglunnar veitir lögregluliðum á landsbyggðinni þjónustu með ýmiss konar miðlun upplýsinga í tölvukerfum sem lögreglan hefur aðgang að fyrir lögreglumenn sem staddir eru fjarri lögreglustöð sinni.

[20:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör en vegna upphafsræðu hans verð ég að segja það að mér finnst hafa verið veist mjög ómaklega að okkur sem komum inn í umræðuna um fyrri fyrirspurn mína, um björgunaraðgerðlunina og rýmingaraðgerðlunina á höfuðborgarsvæðinu. Svona hlutir geta gerst. Við sáum það í gosinu í Vestmannaeyjum. Við vitum að við búum á eldvirku svæði og við þurfum að vera við öllum búin. Við erum ekki að segja að það gerist endilega eitthvað, og vonum auðvitað að það gerist ekki neitt, en auðvitað verða menn að vera með slíkar áætlanir tilbúnar og það hefði kannski betur verið svo að það hefði verið til áætlun í Vestmannaeyjum. Menn voru svo heppnir að flotinn var inni þegar þetta gerðist þannig að þetta er mjög raunhæf umræða og nauðsynleg.

En varðandi svör hæstv. ráðherra við fyrirspurn minni um fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og hvers vegna hún tilheyrir ekki öllu landinu þá kemur það fram að hún getur ekki sinnt öllu landinu vegna þess að hún er með þannig tækjabúnað að hann getur ekki haft samskipti við önnur svæði á landinu og það er einmitt það sem ég mun koma að í næstu fyrirspurn minni, þar sem ég tel að sé pottur brotinn í okkar björgunarkerfi að það skuli ekki vera samræmt kerfi á öllu landinu. Fyrst ákveðið var að koma upp TETRA-kerfinu, sem er frábært kerfi, þá þyrfti það auðvitað að vera alls staðar þannig að menn gætu nýtt þessa frábæru björgunarstöð sem er í Skógarhlíðinni og vissulega mundi það líka hafa einhvern sparnað í för með sér. Þótt það sé dýrt hefur það líka örugglega sparnað í för með sér. Og ég spyr hæstv. ráðherra hvort það geti ekki verið. En ég mun ræða þetta ástand um þetta kerfi í næstu fyrirspurn minni sem er á dagskrá hér á eftir.

Um fundarstjórn.

Athugasemdir í fyrirspurnatíma.

[20:30]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég er nýliði á þinginu. Mér skildist að þetta væri þannig að þegar maður bæri af sér sakir þá gerði maður það vegna þess að ekki væri hægt að koma því við í sjálfum umræðunum, en eins og kunnugt er hafði hæstv. dómsmrh. hér áðan síðasta orðið í því máli sem þá var um fjallað. Hann notar síðan hluta af tíma sínum í næsta máli, sem er að vísu skylt vegna þess að fyrirspyrjandi og svarandi er sá sami, til þess að kalla málflutning minn fjarstæðukenndan og fara einhverjum orðum um það sem ég sagði, að bera af sér sakir. Er það réttur skilningur sem sé hjá mér að ég geti þá í þarnæsta máli t.d. svarað því sem hæstv. dómsmrh. sagði í næstsíðasta máli? Þetta þarf að upplýsa því að ég sé ekki alveg að um þetta sé fjallað í þingsköpum. Ég er þó með þá grein uppi við sem við þetta á. Það mun vera síðari hluti 55. gr.

[20:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka það fram að hér er um að ræða fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi og þar eiga hv. þingmenn að ræða um efni fyrirspurna. (Gripið fram í.) Forseti vill hins vegar taka fram að hv. þm. hafði tækifæri til þess að gera stutta athugasemd í þessari fyrirspurn sem er tekin fyrir núna, þessu dagskrármáli. Þar að auki er rétt að taka fram að ekki er til siðs að gerðar séu athugasemdir eftir að hæstv. ráðherra hefur tekið til máls öðru sinni. Það hefur heldur ekki verið venjan að leyfa að hv. þingmenn beri af sér sakir við slík tækifæri. Hins vegar leyfði forseti hv. þm. að gera það í þetta sinn.

[20:32]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég veit ekki hvort ég skildi þetta rétt, þ.e. að ég hefði átt að verja mig í síðara skiptið í umræðunni um dagskrármál nr. 2 eftir að þetta gerðist. Mér skilst hins vegar að þetta sé þannig og samkvæmt greininni að hægt sé að bera af sér sakir án tillits til þess hvernig á stendur um fundarstjórn forseta því að það stendur, með leyfi forseta:

„Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta ..."

Ég tel því að ég hafi hagað mér hér alveg rétt og fagna því sem ég skil sem staðfestingu forseta á því í þingsköpunum.

Samræmt fjarskiptakerfi.

Fsp. ÁRJ, 368. mál. — Þskj. 492.

[20:33]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. ráðherra áðan við fyrri fyrirspurn minni kom fram að ástæðan fyrir því að fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Skógarhlíðinni, í björgunarmiðstöðinni, getur ekki sinnt öllu landinu sé sú að ekki er samræmt fjarskiptakerfi. Björgunaraðilarnir í Skógarhlíðinni, lögreglan og allir þeir sem þar starfa eru með TETRA-kerfi en aðrir viðbragðsaðilar fyrir utan svæðið eru ekki með sams konar kerfi. Eins og kom fram hjá mér áðan er björgunarmiðstöðin að sinna 80% tilkynninga til Neyðarlínunnar en getur ekki sinnt öllu landinu vegna þess að kerfin sem notuð eru á landinu geta ekki talað saman. Ekki er hægt að tala saman með þeim kerfum.

Eins og kemur fram í frv. um breytingar sem urðu á björgunarmálum í fyrra er eitt meginmarkmiðið með sameiningunni í Skógarhlíðinni að auka öryggi og efla almannavarnir, samnýta hæfa starfsmenn og þannig væri hægt að virkja betur samskiptakerfi lögreglunnar vegna almannavarna og koma á neyðaráætlun með skilvirkum hætti inn í boðunarkerfi lögreglu eins og sagði í grg. með frv. Þetta voru rökin með breytingunum.

En hver er svo raunin? Þeir sem sinna björgunaraðgerðunum í Skógarhlíðinni eru með þetta fullkomna TETRA-kerfi. Landsbjörg er að koma því upp en það er engin stjórn eða fyrirmæli frá yfirvöldum um að allir skuli nota þetta sama kerfi. Maður heyrir af því að verið sé að fjárfesta í dýrum nýjum tækjum hjá lögregluembættum og hjá sveitarfélögum úti á landi án þess að það séu tæki sem eru samrýmanleg því kerfi sem björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð notar þannig að ekki er hægt að hafa samskipti við hana. Þetta er mjög mikilvægt atriði því að í Skógarhlíðinni eru allir viðbragðsaðilar með sína stjórnstöð. Það vantar greinilega yfirvald yfir málaflokkinn til að taka á málum, til að stjórna því til að senda út skilaboð um að það skuli hafa hér samræmdan tækjabúnað og það er auðvitað hæstv. ráðherra sem ætti gera það.

TETRA-kerfið er dýrt en úr því að menn eru komnir með þetta kerfi í samræmda stjórnstöð þá verða menn að útbúa sig með sama hætti þannig að hægt sé að stjórna öllum björgunaraðgerðum og öðrum aðgerðum frá björgunarstöðinni í Skógarhlíðinni með sama útbúnaði þannig að hún verði sú öfluga miðstöð sem henni var ætlað í lagabreytingunni í fyrra því að öryggi landsmanna er í húfi hvað þetta varðar.

[20:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eitt af því mikilvægasta í björgunar- og öryggismálum er að tryggja snurðulaus samskipti björgunaraðila á neyðarstundu. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að lögreglan tæki í notkun TETRA-fjarskiptakerfið og hefur það verið notað á suðvesturhorni landsins með góðum árangri. Að því er stefnt að þetta kerfi nái að lokum til landsins alls en fyrirsjáanlegt er að kostnaður við það er mikill og hefur fyrirtæki það sem veitir þá fjarskiptaþjónustu átt í verulegum rekstrarvanda á undanförnum mánuðum og missirum. Verið er að fara yfir stöðu mála í samvinnu við fjmrn. og eigendur fjarskiptafyrirtækisins og er ekki ljóst á þessari stundu hvernig úr greiðist.

Hið faglega mat stendur hins vegar óhaggað, þ.e. að stefna beri að því að allir aðilar sem sinna öryggis- og björgunarmálum noti samræmt fjarskiptakerfi. Rétt er að geta þess að þeir sem standa á bak við fyrirtækið TETRA-Ísland, sem veitir þessa þjónustu, er Landsvirkjun annars vegar og Orkuveita Reykjavíkur hins vegar.

[20:38]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ákaflega mikilvægt að hæstv. dómsmrh. skuli hafa lýst því yfir að það beri að stefna að þessu og þar með kannast við þann vanda sem stafar af því að þetta fjarskiptakerfi er ekki samræmt um allt land. Ég fagna þeirri yfirlýsingu og vil fullvissa hæstv. dómsmrh. um það að sá sem hér stendur og þeir sem hér eru í salnum, þingheimur, mun standa á bak við hann í þessu máli.

Það er svo að hæstv. dómsmrh. er nýtekinn við starfi sínu eftir ýmis ævintýri í öðrum störfum og hann kemur þar greinilega að þvílíku búi að nokkurn tíma þarf til þess að hreinsa þar til og við fullvissum hann um að við munum standa að baki honum í því með fjárveitingum, skipulagsaðgerðum og öðru því sem þar skiptir máli.

[20:39]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er honum hjartanlega sammála um að það verði auðvitað að vera samræmt kerfi og allir að vera með sama útbúnað þannig að allir viðbragðsaðilar geti talað saman hvar sem er á landinu. Þetta er vissulega dýrt kerfi og ég veit til þess að björgunarsveitir og aðrir aðilar sem vildu koma á þessu kerfi treysta sér jafnvel til að kaupa tækin en treysta sér ekki nema með stuðningi til að reka þau. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Mun hann beita sér fyrir því að þeim aðilum eins og björgunarsveitum og öðrum þeim sem koma að björgunaraðgerðum verði gert kleift að reka þessi tæki ef þeir kaupa TETRA-tækin en gömlu tækin, VHS-tækin sem þeir hafa verið með, voru með mjög lítinn rekstrarkostnað eftir að þeir voru búnir að eignast tækin.

Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að hann talaði um að þeir væru að koma að rekstri þess fyrirtækis sem er með TETRA-kerfið: Hvað hefur hann gert til að beita sér í því að allir sem koma að þessum málum kaupi þetta samræmda kerfi? Því ég hef upplýsingar um það að ákveðnir aðilar séu að hyggja að miklum tækjakaupum, en það séu alls ekki TETRA-tæki. Mjög skýr skilaboð þurfa að koma frá yfirvaldinu, frá hæstv. ráðherra um að það beri að nota þennan tækjabúnað því að það varðar öryggi okkar allra. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Mun hann gefa út fyrirmæli um þetta þannig að ekki sé verið að kaupa dýr tæki sem ekki geta sinnt slíkum samskiptum? Ég minni á að við erum lítil og við höfum ekki efni á að vera með eitthvert smákóngakerfi. Við verðum að samnýta allt sem við getum. Það er bæði ódýrara og öruggara.

[20:41]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki um hvað hv. fyrirspyrjandi er að ræða þegar hún talar um að aðilar séu að fjárfesta í dýrum tækjum. Ég átta mig ekki á því hvað það er. Vandinn er sá í þessu að sá sem rekur TETRA-Ísland hefur ekki sett upp senda nema hér á þessum stað á landinu. Það er vandamálið í þessu. Eins og ég sagði, þar standa að baki Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur og dómsmrn., lögreglan og aðrir sem hafa átt viðskipti við það fyrirtæki vilja auðvitað mjög gjarnan að það reisi senda víðar á landinu þannig að hægt sé að koma slíkum tækjabúnaði fyrir alls staðar á landinu. Það er á því sem strandar. Ég veit ekki til þess að það sé nokkur aðili að kaupa senda sem standa jafnfætis TETRA-sendunum og þeim búnaði.

Ef hv. fyrirspyrjandi hefur leyfi til þess að fá eigendur TETRA-Ísland til að auka þessa þjónustu sína með því að fjölga sendum og bjóða þá þjónustu þannig að unnt sé að veita hana víðar á landinu en við vitum nú og hér hefur verið til umræðu, þá er sjálfsagt að líta til þess. En eins og ég sagði á þetta fyrirtæki í rekstrarerfiðleikum og viðræður hafa verið af hálfu ráðuneytanna, dómsmrn. og fjmrn., við fyrirtækið á undanförnum mánuðum um það mál, hvernig væri hægt að greiða og styrkja fyrirtækið svo það gæti veitt umræddda þjónustu alls staðar á landinu. Um það snýst málið. Ég veit ekki hvaða aðilar eru að festa fé í einhverjum tækjum sem eru sambærileg við TETRA-kerfið. Ég held að það sé enginn því að ég veit ekki til þess að nokkurt kerfi geti komið í staðinn fyrir það nema menn séu farnir að líta til þriðju kynslóðar símans sem kemur hér og það sé eitthvað sem menn eru að velta fyrir sér í þessu sambandi. En þessir aðilar, þessi stóru orkufyrirtæki standa á bak við þetta fyrirtæki.

Stjórnstöðin í Skógarhlíð.

Fsp. ÁRJ, 370. mál. — Þskj. 494.

[20:44]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Við erum enn að ræða um björgunar- og öryggismál. Þessar fyrirspurnir eru afrakstur heimsóknar í björgunarmiðstöðina í Skógarhlíðinni. Ég vil byrja á að nefna vegna ummæla hæstv. ráðherra áðan að ef það er nokkur sem getur haft áhrif á að settir verði upp sendar víðar en á höfuðborgarsvæðinu, þá ætti það að vera yfirvald öryggismála. Það er greinilegt að þetta fyrirtæki þarf stuðning til þess að koma því á og það er mjög mikilvægt. Ég tel því það vera hlutverk hæstv. ráðherra, yfirmanns öryggismála í landinu, að beita sér fyrir því.

En eitt af því sem ég spyr um til viðbótar er um reglur, lög og reglur um leitar- og björgunarþátt stjórnstöðvarinnar í Skógarhlíð. Eitt af því sem kom fram í heimsókn okkar í Skógarhlíðina, þingmanna í samgn., var að menn þar á bæ telja að reglur vanti um björgunar- og leitarþáttinn í stjórnstöðinni. Það er alveg greinilegt að mjög mörg tilvik koma upp sem heyra ekki undir almannavarnaástand. Í slíkum tilvikum gilda mjög mismunandi reglur. Leitir geta heyrt undir björgunarsveitir, þær geta heyrt undir Flugmálastjórn, undir lögreglu og þar fram eftir götunum eftir mismunandi regluverki. T.d. ef um skip er að ræða sem lendir í ógöngum heyrir það undir Landhelgisgæsluna eða Landsbjörgu á meðan það er á sjó sem er svo sem ekkert vandamál. En ef skipið rekst á sker eða rekur upp á land gilda um það lög um skipstrénd og vogrek og þá er það lögreglan sem ber ábyrgð á leit og björgun.

Annað dæmi. Ef flugvélar er saknað í flugi heyrir það undir Flugmálastjórn, ef hún hefur lent á landi er það lögregla og ef hún hefur lent á sjó er það Landhelgisgæslan sem er með málið. Um þetta eru allt saman mismunadi reglur sem jafnvel getur valdið erfiðleikum í björgunar- og leitarstarfi. Ég tel að til þess að björgunarmiðstöðin geti virkað sem best þurfi að gilda um hana skýrar reglur. Norðmenn hafa t.d. séð ástæðu til að setja upp sérstök lög um leit og björgun. Þannig hafa þeir tryggt skýrar reglur um þær björgunarstöðvar og leitarstöðvar sem þar eru. Því spyr ég hæstv. ráðherra um reglurnar hjá stjórnstöðinni.

Er áformað að setja reglur um leitar- og björgunarþáttinn í starfsemi stjórnstöðvarinnar í Skógarhlíð?

[20:47]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Fyrr á þessu ári skrifuðu allir þeir aðilar sem með einum eða öðrum hætti koma að leit og björgun í landinu undir samstarfssamning um starfrækslu leitar- og björgunarmiðstöðvar í Skógarhlíð. Sá samningur er afrakstur þróunar síðustu ára sem öll hefur miðað að því að einfalda og gera skilvirkara allt leitar- og björgunarstarf í landinu. Hin nýja og fullkomna björgunarmiðstöð í Skógarhlíð sem tekið hefur til starfa er eitt mikilvægasta skrefið í þeirri þróun.

Það er mikilvægt að settar verði skýrar reglur um starfsemi í stjórnstöðinni. Nú liggur fyrir að vaktstöð siglinga verður staðsett í Skógarhlíðinni en með því er öryggi landsmanna enn aukið. Allir þeir sem að þessum málaflokki koma telja afar brýnt að hafa allar þær mikilvægu stjórnstöðvar á einum stað sem nú eru sameinaðar í Skógarhlíð. Hröð og fumlaus viðbrögð og náin samvinna allra björgunaraðila eru mikilvægustu þættirnir í því að vel takist til í björgunarstarfi.

Svarið við spurningunni um það hvort áformað sé að setja reglur um leitar- og björgunarþáttinn í starfsemi stjórnstöðvarinnar í Skógarhlíð er jákvætt. Áformað er að fara ítarlega yfir öll lög og reglur sem gilda á þessu sviði í ljósi þróunar síðustu missira og í kjölfar þeirrar athugunar verði settar skýrar reglur um þessa starfsemi. Þetta tengist líka vinnu sem komin er í gang við heildarendurskoðun almannavarnalaga en hún er unnin á vegum almannavarnaráðs. Það tengist einnig vinnu í tengslum við endurskipulag lögreglumála sem fyrr var rætt á þessum fundi.

Eins og nú er háttað fer starfsemin hins vegar fram á grunni gildandi laga og reglna eins og áðurnefndur samstarfssamningur er byggður á.

Ég vil einnig láta þess getið að frá og með næstu áramótum breytist verkaskipting á milli samgrn. og dómsmrn. þannig að öll björgunarmál munu færast undir dómsmrn. og þá verður auðveldara að takast á við setningu slíkra reglna og samræmingu starfa og, eins og ég kom að áður í þessu svari, hefur verið tekin ákvörðun um að vaktstöð siglinga verði í Skógarhlíðinni. Hafinn er undirbúningur með viðtækri þátttöku allra sem að því máli koma að því að flytja vaktstöðina þangað og koma henni þar upp á þann hátt að hún geti sinnt störfum sínum miðað við auknar kröfur til siglingaverndar og auknar kröfur að sjálfsögðu um öryggi á hafinu. Ég fullyrði að við erum í raun komin í fremstu röð þegar litið er til þess hvernig staðið er að slíkum málum á heimsvísu því að á fáum stöðum hefur tekist á jafnfarsælan

hátt að mínu mati að samræma og samhæfa upplýsingamiðlun og yfirstjórn björgunarmála á þann veg sem tekist hefur í Skógarhlíðinni og mun verða unnið að því áfram að styrkja þennan þátt í öryggiskerfi landsmanna.

[20:50]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. kærlega fyrir þessi svör. Ég fagna því að uppi eru áform um að setja skýrar reglur og lög um björgunarþáttinn. Það er mjög mikilvægt og tímabært og ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að björgunarstöðin í Skógarhlíð er framför frá því sem var. Þarna eru allir viðbragðsaðilar saman komnir og þegar vaktstöð siglinga verður komin þangað sem verður núna á næstunni, eins og hæstv. ráðherra nefndi, erum við komin þarna með alla á sama stað. Það sem vantar upp á er að það er ekki hægt að sinna öllu landinu og á því verður að ráða bót. Það verður að koma á þessu samræmda kerfi og beita sér í því.

Svo er það sem ég ræddi í fyrstu fyrirspurn minni, það þarf að koma á rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Það er alveg ljóst að hana þurfum við að hafa ef eitthvað gerist á höfuðborgarsvæðinu sem kallar á að það þurfi að rýma, annaðhvort allt svæðið eða einhver ákveðin hverfi. Þegar maður býr í landi þar sem náttúruöflin eru eins og þau eru hér þarf slíkt að vera til.

Að öðru leyti er ég ánægð með svör hæstv. ráðherra, og sérstaklega við þessari síðustu fyrirspurn, um að þarna eigi að ráða bót á skorti á reglum og fara þá yfir öll þau lög og allar þær reglur sem í dag gilda um leitar- og björgunarstörf hér á landi.

[20:51]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því sem fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda um það að þetta björgunarkerfi og þessi stjórnstöð næði ekki til landsins alls. Að sjálfsögðu nær það til landsins alls og þjónar því öllu. Það sem hins vegar vantar, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, er að TETRA-kerfið svonefnda nái til landsins alls. En að sjálfsögðu þjónar stöðin landinu öllu, miðstöðin er fyrir landið og miðin ef þannig má að orði komast, en TETRA-kerfið hefur ekki komið til landsins alls. Að mælast til þess við dómsmrh., sem er viðskiptavinur TETRA-Íslands og fulltrúi viðskiptavinanna sem hafa samið við TETRA-Ísland um ákveðna þjónustu og borgar þangað afnotagjald, að hann hvetji síðan þann aðila til að reisa þessa senda og standa fyrir þeim sem eru í eigu Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur finnst mér furðuleg nálgun á þessu máli. Að sjálfsögðu er viðskiptavinurinn undir það búinn að kaupa þessa þjónustu sé hún fyrir hendi en í þessu máli nær kerfið ekki nema til þessa hluta landsins og hinn öflugi aðili sem rekur kerfið TETRA-Ísland hefur ekki byggt senda annars staðar á landinu. Það er ekki hlutverk viðskiptavinarins að reisa þessa senda, heldur að æskja þess, eins og við höfum gert, við þetta fyrirtæki að það veiti þessa þjónustu á landsvísu og hafi burði til þess að gera það þannig að það gangi upp.

Neyðarlínan.

Fsp. ÁRJ, 372. mál. — Þskj. 496.

[20:53]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er fimmta og síðasta spurningin um öryggismálin sem ég beini til hæstv. dómsmrh. í kvöld. Mig langar áður en ég beini fyrirspurninni til hans aðeins að svara síðustu ræðu ráðherrans sem hann beindi til mín og gagnrýndi málflutning minn.

Ég tel ráðherra ekki aðeins vera viðskiptavin, ég tel hann vera yfirmann öryggismála og að honum beri að beita sér fyrir því að sendum verði breytt þannig að það sé hægt að sinna þessu kerfi. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Ég ætla að snúa mér að fyrirspurninni.

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmann um að halda sig við efni fyrirspurnarinnar.)

Þetta er hluti af fyrirspurninni sem varðar öryggismál en hér er fyrirspurn mín:

Hvað er því til fyrirstöðu að Neyðarlínan svari fleiri neyðarnúmerum en 112, svo sem númerinu 911?

Eins og allir ættu að vita hér á landi er neyðarnúmerið á Íslandi 112, og svarar Neyðarlínan því númeri, en í ýmsum öðrum löndum, eins og t.d. í nágrannalöndum okkar, eru önnur númer. Ég nefni t.d. Bretland sem er með 999 og í Bandaríkjum Norður-Ameríku og ég held bara í allri Norður-Ameríku er neyðarnúmerið 911.

Hingað koma fjölmargir erlendir ferðamenn. Fjöldi Bandaríkjamanna kemur hingað og fjöldi Bandaríkjamanna býr á Reykjanesinu, í herstöðinni, og þeir ferðast mjög mikið um landið. Því miður hafa undanfarið orðið alvarleg slys á ferðamönnum og þegar eitthvað kemur alvarlegt upp á er ekkert ólíklegt að menn grípi símann og hringi í það neyðarnúmer sem mönnum er efst í huga. Ég veit til þess að þó að neyðarnúmerið í Bretlandi sé 999 svarar Neyðarlínan þar líka ef það er hringt í 112 eins og hér og kannski einhverjum fleiri númerum. Það er öryggisatriði að Neyðarlínan taki við símtölum úr fleiri númerum en 112, t.d. 911 sem er mjög þekkt neyðarnúmer um stóran hluta heimsins. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að Neyðarlínan taki við símtölum og svari fleiri númerum en 112, neyðarnúmerinu sem er opinbert númer hér á landi.

[20:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Neyðarnúmerið 112 var ákveðið hér á landi með gildistöku EES-samningsins og í dag gildir um það nýleg tilskipun frá árinu 2002 sem fjallar um svokallaða alþjónustu í fjarskiptum og nær til alls EES-svæðisins. Hugmyndin með samræmdu neyðarnúmeri í ESB og á EES-svæðinu byggist á því að íbúar á hinu sameiginlega efnahagssvæði þurfa aðeins að leggja á minnið eitt neyðarnúmer sem gildi hvar sem menn eru staddir á svæðinu. Það gildir því í öllum ríkjunum en mismunandi er hvernig svarþjónustu er háttað, t.d. hvort það er lögreglan sem svarar í símann eða aðrir aðilar, t.d. á sviði heilbrigðisþjónustu eða annarrar slíkrar almannaþjónustu. Því eru sums staðar samtengd viðbótarnúmer og sama númeraröð notuð, t.d. 113 eða 115.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda er númerið 911 notað í Bandaríkjunum og Kanada og tæknilega væri hægt að tengja það við 112 en hætt er við að það gæti skapað óvissu og glundroða að þurfa að kynna fleiri númer fyrir

þessa þjónustu, auk þess sem nokkur viðbótarkostnaður yrði af því.

Eins og ég segi er ekkert tæknilega því til fyrirstöðu að menn noti hér 911, hringi í það númer og láti 112 svara en ég verð að spyrja á móti: Hvers vegna eru þá ekki Bandaríkjamenn og Kanadamenn með símanúmerið 112 þegar menn eru þar o.s.frv.? Ég veit ekki hvert svona rökleiðsla leiðir okkur í sjálfu sér en við höfum samningsbundnar skyldur til þess að hafa neyðarnúmerið 112. Við getum væntanlega, ef við leggjum í þann kostnað, látið þá sem hringja í 911 ná til 112 og vafalaust getum við valið líka fleiri númer því að þau eru mörg og mismunandi eftir löndum eins og við vitum. Svo fer eftir ferðamönnum væntanlega hvernig þeir bregðast við á hættustundu, hver og einn, þegar þeir ætla að hringja í þá sem þeir telja að geti hjálpað sér við slíkar aðstæður. Við höfum þá meginreglu og samningsbundnar skyldur að hafa neyðarnúmerið 112. Það er verið að samræma það alls staðar í Evrópu eins og hv. þm. geta kynnt sér ef þeir ferðast þar. Þá sjá þeir að þetta númer er að ryðja sér til rúms víða og samkvæmt ákvörðunum Evrópusambandsins er það hið sama evrópska númer. Ég veit ekki hvort menn vilja skorast undan því að nota það númer og velja frekar 911. Ég er ekki þeirrar skoðunar.

[20:59]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, fyrir þessa fyrirspurn og þær sem á undan gengu. Ég tel að þær sýni mikinn áhuga og þekkingu á öryggiskerfinu hér í landi og hafi sýnt fram á það almennt að hér er ýmis pottur brotinn. Sumt vantar alveg, annað er sem betur fer á leiðinni en ég lýsi furðu minni á því að í staðinn fyrir að fagna þessum áhuga og ræða við fyrirspyrjandann og aðra þingmenn hér eðlilega og í góðum friði um þau mál sem spurt er um skuli hæstv. dómsmrh. annars vegar lesa hin þurru svör embættismanna sinna og vera svo heldur pirraður á eftir yfir þeim áhuga sem þeim málefnum er sýndur sem hann ræður yfir.

Hér var ekki verið að spyrja hvort taka ætti upp 911 sem númer heldur er verið að leggja það til að svarað yrði í númerinu 112 þegar hringt væri í 911 sem gæti komið fyrir fólk vegna þess að Bandaríkin eru nokkru stærri en Ísland og hafa töluverð áhrif á menninguna hér.

[21:00]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er alveg rétt að það er alveg óþarfi að vera eitthvað viðskotaillur þó maður spyrji út í þessi mál. Ég var ekki að gagnrýna notkun númersins 112. Ég veit að það er samræmt númer í Evrópu þó að það hafi ekki allar Evrópuþjóðir tekið það upp og mér finnst alveg sjálfsagt að nota það. En ég hefði talið eðlilegt að ef menn hringja í 911 mundi Neyðarlínan svara á því númeri líka. Það þyrfti ekki að kynna það neitt sérstaklega heldur væri þetta öryggisráðstöfun sem sneri þá að þeim ferðamönnum sem koma hér, Kanadamönnum, Bandaríkjamönnum og þeim sem búa á Keflavíkurflugvelli og þekkja vel þetta númer. Þar með værum við með meira öryggi hér en annars staðar og ættum bara að hreykja okkur af því. Ég tel að við ættum að gera þetta og heyri á hæstv. ráðherra að það sé ekkert því til fyrirstöðu og hvet hæstv. ráðherra til að koma þessu þannig fyrir, úr því að það er ekkert því til fyrirstöðu, að þegar einhver hringir í 911 á neyðarstundu sem neyðarnúmer, svari Neyðarlínan því líka. Við þurfum ekkert að kynna það neitt sérstaklega og það þarf ekki að ráðast í neinn kostnað út af því eða rugla neitt með það. Ég held að útlendingar sem eru hér ruglist frekar því að númerið 911 er mjög þekkt um allan heim eins og sést á sjónvarpsþáttum, bókum og umfjöllunum um þetta númer.

Ég hvet því hæstv. ráðherra til að koma þessari tengingu á og spyr hæstv. ráðherra: Mun hann gera það? Mun hann beita sér fyrir því að þarna verði tengt á milli þannig að öryggið verði heldur meira fyrir t.d. ferðamenn sem eru hér á ferð og þekkja þetta neyðarnúmer?

[21:02]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugmynd um hvað það kostar að tengja þetta og mun forgangsraða fjármunum á þann veg sem ég tel skynsamlegt ef ég veit hvað þetta kostar. Ég veit ekki hver á að bera þann kostnað eða hvort það sé áætlað fyrir kostnaðinum í einhverjum fjárveitingum eða fjárlögum sem kann að vera af því að taka þetta upp, en sjálfsagt er að líta til þess.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég er undrandi. Ég hef svarað öllum fsp. sem fram hafa komið og skýrt mín sjónarmið rækilega og brugðist við öllum spurningum. Svo standa hv. þm. upp og kvarta undan því að ég tali til þeirra í einhverri tóntegund sem þeir geti ekki unað. Ég er alveg undrandi á þessu. Mér finnst frekar að aðrir hafi staðið upp hér, virðulegi forseti, á þann veg að finna að því sem ég hef sagt og bera af sér sakir og vera með alls konar ávirðingar í minn garð út af þessu. Ég hef leitast við að svara öllum spurningum og ég skil ekki hvað er verið að draga það inn að þessar umræður séu á einhverjum öðrum nótum en hæfi hv. Alþingi þó ég lýsi mínum skoðunum og þær falli ekki að skoðunum þeirra tveggja þingmanna sem hér sitja í salnum og taka þátt í þessum umræðum við mig. Ég verð bara að segja að það kemur mér á óvart og lýsir ekki mikilli þolinmæði fyrir skoðunum annarra að menn tali á þann veg.

Varðandi þetta símanúmer þá verður það skoðað eins og önnur mál sem hér eru. En ef þetta kostar fé og ef það eru engar fjárveitingar til þess, þá er ekki hægt að ganga til þess verks.

Út af dagskrá var tekið 24. mál.

Fundi slitið kl. 21:05.

---

42. FUNDUR

fimmtudaginn 4. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 328. mál, þskj. 380. — 1. umr.

2. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 342. mál, þskj. 416. — 1. umr.

3. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 343. mál, þskj. 417. — 1. umr.

4. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377. — 1. umr.

5. Úrvinnslugjald, stjfrv., 400. mál, þskj. 536. — 1. umr.

6. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 418. — 1. umr.

7. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 191. mál, þskj. 193, nál. 528. — 2. umr.

8. Fjárlög 2004, stjfrv., 1. mál, þskj. 466, frhnál. 537, brtt. 538, 541, 550, 551, 552, 553, 554, 555, 556, 557, 560, 561 og 563. — 3. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:
Gögn frá utanríkisráðuneytinu vegna breytinga á lögum um Evrópska efnahagssvæðið.

[10:32]

Útbýting þingskjals:
Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. GunnB o.fl., þskj. 563.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):
Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um lyfjaverð og fákeppni á lyfjamarkaði. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Til andsvara er hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lögfræðiálit frá Lagastofnun HÍ.

[10:34]

Össur Skarphéðinsson:
Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er sú að það er nauðsynlegt með hliðsjón af því að í dag fer fram síðasta umræða fjárlaga að fyrir liggi hvenær von er á því lögfræðiáliti sem efh.- og viðskn. samþykkti samhljóða að leita eftir til Lagastofnunar háskólans á umdeildu ákvæði sem tengist afgreiðslu fjárlaga, en það er ákvæði um vaxtabætur. Það eru áhöld um hvort ákvæðið stenst stjórnarskrá Íslands og það er algerlega nauðsynlegt að álitið liggi fyrir áður en við göngum til umræðunnar sem hér verður síðar í dag. Þess vegna spyr ég hæstv. forseta: Hvenær er að vænta að álitið liggi fyrir?

Ég tek eftir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., er í salnum þannig að það ætti að vera hægt að gefa Alþingi upplýsingar um það hvenær von er á þessu mikilvæga áliti. Ég tel að það sé ekki hægt að hefja 3. umr. fjárlaga kl. 13.30 í dag nema það álit liggi fyrir.

[10:35]

Forseti (Halldór Blöndal):
Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef í höndum er von á að lögfræðiálitið geti legið fyrir 8. desember.

[10:35]

Össur Skarphéðinsson:
Herra forseti. Ég þakka þessar ágætu upplýsingar. Það liggur þá fyrir að það er ekki von á því að þetta álit sé í höndum þingsins þegar við hefjum 3. umr. fjárlaga. Það hlýtur þá að þýða að ríkisstjórnin dragi til baka það ákvæði og þær tillögur sem varða vaxtabætur.

Það hefur komið fram í efh.- og viðskn. og undir það verið tekið af hv. formanni nefndarinnar og reyndar öðrum þingmönnum stjórnarliðsins í nefndinni að það kunni að vera tvímæli á því hvort ákvæðið standist tiltekna grein stjórnarskrárinnar sem við samþykktum 1995. Það er alveg ljóst eftir þann viðurgjörning sem ríkisstjórnin hefur fengið af hálfu dómstóla að því er stjórnarskrána áhrærir að menn eiga ekki að taka neina áhættu í þessum efnum. Þess vegna hlýtur það að vera svo, herra forseti, ef málið er þannig vaxið að álitið liggur ekki fyrir fyrr en 8. desember að ótækt sé að afgreiða fjárlög að því er þennan þátt þeirra varðar.

[10:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:
Herra forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni að það gengur auðvitað ekki að afgreiða fjárlögin, sem eru til lokaafgreiðslu í dag, áður en þetta álit liggur fyrir. Hér er um að tefla, ef svo fer sem sterk rök eru með, að með því að skerða vaxtabætur með þeim hætti sem áformað er að þá er 600 millj. kr. fjárvöntun að því er varðar fjárlagafrv. sem á að afgreiða í dag. Ég sé því ekki að það sé a.m.k. hægt að ljúka þeirri umræðu áður en álitið liggur fyrir.

Hæstv. forseti upplýsir hér að álitið muni liggja fyrir næstkomandi mánudag, 8. desember. Nú er það svo að það var bæði fjmrn. sem leitaði lögfræðiálits og einnig efh.- og viðskn. sem leitaði álits hjá Lagastofnun Háskóla Íslands. Ég vil því spyrja, ef það mætti þá verða til þess að greiða eitthvað fyrir málinu, hvort svo standi á að það álit frá fjmrn. liggi fyrir þannig að við gætum farið yfir það í efh.- og viðskn. þó að álitið sem efh.- og viðskn. kallaði eftir liggi ekki fyrir fyrr en næstkomandi mánudag.

[10:38]

Kristján L. Möller:
Virðulegi forseti. Aðeins til að taka undir það sem hér hefur komið fram varðandi lögfræðiálitið út af enn einni árás hæstv. ríkisstjórnar á velferðarkerfið, þ.e. að ætla sér að skerða vaxtabætur upp á 600 millj. eins og boðað er í fjárlagafrv. Ég átti þess kost að sitja einn fund í efh.- og viðskn. þegar þetta mál kom þar á dagskrá og það var fyrir forgöngu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem þess var krafist að leitað yrði álits lögfræðinga á þeirri afturvirkni sem þar var boðuð. Það tók stjórnarmeirihlutann í nefndinni töluvert langan tíma að kyngja því og viðurkenna þá staðreynd að hér gæti verið um stjórnarskrárbrot að ræða. Mig minnir að formaður nefndarinnar, hv. þm. Pétur Blöndal, hafi orðað það svo að ef einhver vafi væri ætti stjórnarskráin að njóta vafans. Það gleður mig því sannarlega að stjórnarmeirihlutinn hafi samþykkt þá kröfu okkar að málið yrði sent til háskólans og leitað umsagnar. Ég hef hins vegar sagt, virðulegi forseti, að ef stjórnarflokkarnir ætla að þumbast við og keyra þetta mál í gegn, eins og þeir virðast ætla að gera, þannig að þeir sem rétt eiga á vaxtabótum fyrir árið 2003 og eru t.d. í greiðslumati þessa dagana samkvæmt lögum en verða skertir vegna laga sem verða sett núna rétt fyrir jólaleyfi, þá

væri þess vegna mátulega gott á hæstv. ríkisstjórn að einhver íbúðarkaupandi í landinu færi í mál við ríkissjóð gagnvart þessu og fengi þá hæstv. ríkisstjórn enn eitt búmerangið í hausinn fyrir að brjóta stjórnarskrána. Það væri mátulega gott á hæstv. ríkisstjórn.

[10:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Því hefur ekki verið svarað hér af hálfu hv. formanns efh.- og viðskn. hvort fyrra álitið sem fjmrn. óskaði eftir sé komið fram og hvort hann hafi séð það. Ég vil inna hann eftir því, virðulegi forseti, hvort svo sé og ég held að það hljóti að vera algerlega óumflýjanlegt að það liggi fyrir í síðasta lagi við upphaf umræðunnar um fjárlög sem fram fer hér á eftir. Ég trúi því ekki að óreyndu, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin ætli eina ferðina enn að fara með hæpið mál sem hugsanlega stangast á við 72. gr. stjórnarskrárinnar sem ríkisstjórnin er nú farin að gæla svolítið mikið við upp á síðkastið, hvort það sé svo, virðulegi forseti, að það eigi enn og aftur að fara að afgreiða mál sem stangast hugsanlega á við þá grein. Þess vegna hljótum við, virðulegi forseti, að kalla eftir svari frá hv. formanni efh.- og viðskn. þess eðlis hvort hann hafi séð það álit sem fjmrn. innti eftir og hvort hann hyggist þá ekki kynna það í efh.- og viðskrn. ef svo er, jafnvel þó að álitið sem efh.- og viðskn. leitaði eftir liggi ekki fyrir.

[10:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef séð það álit lögfræðings sem fjmrn. hefur fengið en þess var óskað af nefndarmönnum í hv. efh.- og viðskn. að fengið yrði lögfræðiálit til viðbótar sem yrði þá óháð, ekki unnið fyrir fjmrn., og það var sammælst um það að þeir lögfræðingar sem ynnu þessi tvö álit hefðu um það samráð til þess að flýta fyrir. Þess vegna tel ég ekki eðlilegt að afhenda eða sýna fyrra lögfræðiálitið fyrr en það seinna liggur fyrir. Það mun verða á mánudaginn 8. desember sem það liggur fyrir.

[10:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel að það sé misskilningur sem hv. þm. upplýsir hér að þessir tveir lögfræðingar hafi ætlað að hafa með sér samráð. Eins og ég skildi málið var um það talað að sá lögfræðingur sem ynni málið fyrir efh.- og viðskn. gæti byggt á þeim grunngögnum sem kæmu frá fjmrn. auk þess að leita viðbótargrunngagna ef honum sýndist svo, en auðvitað átti sá lögfræðingur að skila sjálfstæðu áliti en ekki þessir tveir lögfræðingar að skila sameiginlegu áliti, svo það liggi alveg ljóst fyrir.

En hér er það upplýst af hálfu formanns efh.- og viðskn. að hann hafi séð umrætt álit frá fjmrn. sem þýðir þá að það álit er tilbúið og liggur fyrir. Þá er það auðvitað ótækt, herra forseti, að það sé einungis formaður efh.- og viðskn. sem viti innihald þess álits. Auðvitað þurfa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. að sjá það álit og ég óska eftir því við formann efh.- og viðskn. að hann boði til fundar áður en umræðan hefst í dag þannig að við getum kynnt okkur innihald álitsins. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir þá umræðu sem fara á fram um fjárlögin eftir hádegi.

[10:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. formaður efh.- og viðskn. þurfi að sjálfsögðu að upplýsa það fyrir þá umræðu sem hér fer fram á eftir hvers efnis það álit er sem nú þegar liggur fyrir. Það hlýtur að vera þess eðlis, ef menn ætla að afgreiða fjárlögin í dag með vaxtabótahugmyndir sínar þar inni, og þá geri ég að sjálfsögðu ráð fyrir því að álitið kvitti algerlega upp á að það sé alveg örugglega í takt við stjórnarskrá að gera það á þann hátt sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í dag.

En auðvitað eru það fáránleg vinnubrögð, virðulegi forseti, að fara eigi að afgreiða fjárlög áður en þetta álit er kynnt og að hv. formaður efh.- og viðskn. einn hafi fengið að sjá það ásamt væntanlega hæstv. fjmrh. sem álitið er unnið fyrir, en án þess að kynna eigi það í hv. efh.- og viðskn. Þetta eru fáránleg vinnubrögð, virðulegi forseti og ég krefst þess fyrir hönd þingmanna í mínum flokki, Samfylkingunni, að haldinn verði fundur í efh.- og viðskn. um þetta mál og álitið tekið þar fyrir og kynnt. Það er algerlega óþolandi að eiga að fara að afgreiða fjárlög og greiða um þau atkvæði fyrr en það liggur fyrir hvort menn séu að framkvæma eitthvað sem stangast á við stjórnarskrá. Það leikur mikill vafi á því í þessu máli og auðvitað skiptir máli hvert innihald þess álits er sem fjmrn. hefur nú þegar fengið eftir því sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur upplýst.

[10:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að líta svo á að í sjálfu sér getum við rætt fjárlögin í dag. Ég sé hins vegar ekki að með nokkru móti sé hægt að ganga til atkvæða fyrr en menn vita hver niðurstaðan verður varðandi þetta mál. Það er alveg ljóst að sú vitneskja verður að liggja fyrir áður en gengið er hér til atkvæða. Mér finnst því einboðið, virðulegi forseti, að atkvæðagreiðslu um fjárlögin verði að fresta fram yfir mánudag.

[10:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar fyrir lá að ráðuneytið ætlaði að fá sér lögfræðiálit á þessu máli töldu sumir nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. að það yrði ekki nægilega gott, það yrði ekki nógu hlutlaust. Þeir óskuðu eftir því að nefndin sjálf, þ.e. lögð var fram tillaga um að nefndin sjálf fengi lögfræðiálit um þetta atriði vegna þess að hún vildi fá álit sem væri algjörlega óbundið og meiri hlutinn og ég þar með talinn féllst á það.

Nú bíðum við eftir því áliti. Ég sé ekki að það hafi nokkuð upp á sig að birta álit fjmrn., sem er reyndar þess eign, (Gripið fram í.) vegna þess að menn munu ekki taka það gilt. Þeir munu bíða eftir hinu álitinu sem kemur á mánudaginn. (Gripið fram í.) Ég sé því ekki að nokkuð sé um það að ræða að sýna það álit því að það hefur ekkert upp á sig.

Varðandi samráð lögfræðinganna tveggja þá var einmitt, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti, meiningin að þeir hefðu samráð í þeim skilningi að lögfræðingur sá sem ynni við lögfræðiálit fyrir efh.- og viðskn. byggði á þeim gögnum og þeirri vinnu sem lögfræðingurinn sem fjmrn. fékk til vinnu hefði aflað sér, en að sjálfsögðu bætti hann við og að sjálfsögðu legði hann sjálfstætt mat á viðfangsefnið, sem er hvort það ákvæði sem er í frv. stangist á við stjórnarskrá eftir að Hæstiréttur felldi dóminn um öryrkjamálið núna fyrir skömmu, þ.e. sem hann felldi eftir að frv. var lagt fram og breytti þar með lagatúlkun á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. (**BH:** Stendur þá stjórnarskrá?)

[10:49]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., fjallaði hér um lögfræðiálit fjmrn. sem eign fjmrn. og því megi ekki birta það. Er þetta nefndarálit án hirðis eða er fjmrn. orðið fjmrn. án hirðis? Hver á fjmrn.? (**ÖS:** Hver vill hirða það?) Hver á þessi gögn? Auðvitað á að birta þau, virðulegur forseti.

Ég vil aðeins vekja líka athygli á því að það tók fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárln. töluvert langan tíma og það þurfti eiginlega að taka með töngum í restina ýmis gögn ofan úr heilbr.- og trmrn. og fjmrn. um hinn fræga öryrkjadóm sem nú veltur milli stjórnarflokkanna. Og enginn veit almennilega hver er að svíkja hvern.

Ég vil vekja athygli á því að það tók langan tíma að ná þessum gögnum. Það er rétt að rifja það líka upp fyrir þingheimi að það hefur tekið töluvert langan tíma að ná ýmsum gögnum frá ýmsum stofnunum á vegum ríkisins til þess að skoða við fjárlagagerðina. Þetta er kannski allt gert, virðulegi forseti, til þess að fjárlagafrv. sem menn ætla að reyna að keyra hér í gegn á morgun með 6,5 milljarða í tekjuafgang verði í fallegum jólaumbúðum fyrir þessi jól. En hvernig ætli umbúðirnar verði þegar stofnanir og aðrir fara að banka upp á með sinn fjárlagahalla? Hvernig ætli umbúðirnar verði næsta haust þegar þáverandi fjmrh. kemur með fjáraukalagafrv.? Ætli glanspappírinn verði þá ekki farinn af þessu frv., enda sýnist manni allt benda til þess að öll gögn séu falin og ekkert eigi að kalla fram ef það yrði til þess að skekkja þá mynd sem hæstv. ríkisstjórn er að draga upp með þessum jólapappírsumbúðum.

Um fundarstjórn.

Beiðni um fund í efnahags- og viðskiptanefnd.

[10:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Bæði ég og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kölluðum eftir því að boðað yrði til fundar í efh.- og viðskn. út af því máli sem við ræddum hér áðan. Ég tel afar mikilvægt að það verði gert vegna þess sem fram kom áðan, þ.e. að það á að ræða hér fjárlög klukkan hálftvö. Við höfum ekki fengið svar við því enn þá, herra forseti. Ég ítreka þá ósk mína að boðað verði til fundar í efh.- og viðskn. og vona að við fáum svar við því núna hvort það verði ekki örugglega gert.

[10:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hygg að formaður efh.- og viðskn. hafi heyrt hvað hv. þm. sagði.

[10:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hæstv. forseti sagði. Ég tel líka að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., hafi heyrt þessa beiðni. En ég túlka líka ummæli hæstv. forseta þannig að hann sé að beina því til hv. formanns efh.- og viðskn. að kveðja til fundar fyrir umræðuna til þess að hægt verði að leggja þetta álit fram.

Auðvitað er með ólíkindum ef það er þannig að meiri hluti stjórnarliðsins í efh.- og viðskn. situr á áliti sem fram er komið frá Lagastofnun háskólans. Kann skýringin að vera sú, herra forseti, að fyrir liggi að álitið sé neikvætt fyrir stjórnarliðið og að verið sé að reyna að draga birtingu þess fram yfir umræðuna? Er möguleiki á því? Ég óska eftir því að hv. formaður efh.- og viðskn. komi hingað í þennan stól og lýsi því yfir í fyrsta lagi að hann muni kalla til fundar í nefndinni fyrir umræðuna í dag og í öðru lagi að ekki sé verið að reyna að fela niðurstöðuna og draga hana fram yfir umræðuna.

[10:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess eins að taka undir þær kröfur sem hér hafa komið fram um að efh.- og viðskn. verði boðuð til fundar áður en umræða hefst um fjárlögin, hvort sem það verður síðar í dag eða seinna.

[10:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau tilmæli sem hér hafa komið til forseta að hann beini því til formanns efh.- og viðskn. að haldinn verði fundur í nefndinni og menn leggi þar þau gögn fram sem hér hefur verið tjáð að væru til.

[10:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef ekkert við fundarstjórn forseta að athuga en verð víst að koma hérna undir þessum lið til þess að taka áskorun um að ég segi frá því hvort ég ætli að boða til fundar í efh.- og viðskn.

Nú er ekki venjan að boða til funda í nefndum úr ræðustól Alþingis. Ég mun boða til fundar þegar mér hentar og utan ræðustóls Alþingis. Menn munu frétta af því. (**Gripið fram í:** Lengi lifi lýðræðið.) Já, lengi lifi lýðræðið. (**Gripið fram í:** Lengi lifi Pétur.) Fundir hafa venjulega verið boðaðir í nefndum (Gripið fram í.) Alþingis utan ræðustóls Alþingis.

Ég gat um það áðan að auðvitað hlýtur nefndin að byggja aðallega á því lögfræðiáliti sem hún bað sjálf um, að sjálfsögðu.

[10:56]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hygg að fundarboð sé löglegt ef því er lýst yfir í heyranda hljóði á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Lyfjaverð og fákeppni á lyfjamarkaði.

[10:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Að undanförnu hefur farið fram mikil umræða í þjóðfélaginu um fákeppni, einokun og óeðlilegt verðsamráð á ýmsum sviðum í efnahagslífinu, í verslun og þjónustu, olíusölu, í tryggingum, banka- og fjármálastarfsemi og nú síðast hafa sjónir manna beinst að lyfjum og fákeppni á sviði lyfjasölu.

Það er ekkert nýtt að menn horfi til verðlags á lyfjum einfaldlega vegna þess að fjölmargt fólk þarf nauðsynlega, jafnvel lífsnauðsynlega á þeim að halda og er lyfjakostnaður verulegur útgjaldaliður hjá mörgu fólki. Þegar horft er til þjóðarbúsins í heild sinni þá var heildarvelta verslunar með lyf á síðasta ári 12,5 milljarðar kr. og ef litið er til hins opinbera nema lyfjaútgjöld Tryggingastofnunar ríkisins 6 milljörðum kr. og Landspítala – háskólasjúkrahúss rúmlega 2 milljörðum kr. Er þetta annar mesti útgjaldaliður sjúkrahússins næst á eftir launakostnaði eða 29% rekstrargjalda.

Samkvæmt upplýsingum heilbr.- og trmrn. hefur lyfjakostnaður aukist stigvaxandi síðasta hálfan annan áratug. Á þessum tíma jókst lyfjanotkun um 50% en á sama tíma hækkaði lyfjakostnaðurinn um meira en 200% á föstu verðlagi og mest varð hækkunin á síðustu tveimur árum. Það gefur augaleið að miklu máli skiptir að verðlagning á lyfjum sé eðlileg því hagsmunir einstaklinga og skattgreiðenda eru í húfi.

Þegar grundvallarbreyting var gerð á lyfjalögum í maí árið 1994 og kom til framkvæmda í mars 1996 var þjóðinni sagt að markmiðið væri að stuðla að samkeppni sem mundi í senn færa okkur lægra lyfjaverð og betri þjónustu. En hvað hefur gerst?

Þrjú fyrirtæki skipta með sér innflutningnum og heita má að tvær stórar samsteypur skipti með sér smásölumarkaðnum, annars vegar Lyf og heilsa og hins vegar Lyfja og virðast þær ganga langt í því að reyna að bola smærri aðilum út af markaði.

Í Morgunblaðinu 6. og 7. maí sl. var fjallað ítarlega um þessi mál. Þar var m.a rætt við Þorvald Árnason sem fyrstur opnaði apótek eftir að lyfjasalan var gefin frjáls. Hann hefur nú hrökklast frá Suðurnesjum með starfsemi sína og segir við blaðið að lyfjasamsteypurnar séu að þrengja að samkeppninni.

Jón Grétar Ingvason, lyfsöluhafi í Hringbrautarapóteki í Reykjavík, segir að önnur samsteypan, Lyf og heilsa, hafi ítrekað reynt að kaupa sig upp en þegar hann hafi ekki reynst vera til sölu þá opnaði samsteypan apótek við hliðina á verslun hans. Sama hefur gerst í Vestmannaeyjum. Tilgangurinn virðist augljós, að bola smærri aðilum út af markaði.

Í viðtali við Morgunblaðið segir Jón Grétar Ingvason það vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða samkeppnislög og lyfjalög þar sem sú staða sé augljóslega að koma upp hérlendis að tvær lyfsölukeðjur séu að leggja markaðinn undir sig og koma á fákeppni í stað samkeppni.

Á sjúkrahúsunum er þessi fákeppni farin að segja til sín. Hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafa forsvarsmenn spítalans t.d. kvartað yfir því að útboðsleiðin virki ekki. Það megi rekja til þess að lyfjamarkaðurinn hafi breyst á undanförnum árum. Svipaðar ábendingar hafa heyrst frá forsvarsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins. Karl Steinar Guðnason segir að athuganir á verðlagi 10 útgjaldamestu lyfja Tryggingastofnunar hafi leitt í ljós að þau séu allt að 93% dýrari hér á landi en í nágrannalöndunum. Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, bendir á að ein ástæða hækkunar á lyfjum sé fákeppni vegna sameiningar lyfjafyrirtækja. Orðrétt segir hann í fréttaviðtali í Morgunblaðinu, með leyfi forseta:

„Mörg þeirra lyfja, sem eru sömu tegundar og hafa sömu grunnefnin, eru komin á eina hendi hjá sama umboðsaðila hér á landi. Í þeim tilvikum er um einokun að ræða en ekki bara fákeppni."

Herra forseti. Allt ber að sama brunni. Markmið laganna frá 1994 hafa ekki náð fram að ganga. Í stað samkeppni, lægra verðlags og fjölbreyttari þjónustu blasir við fákeppni og hærra lyfjaverð en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þetta hefur gerst þrátt fyrir meinta hagræðingu í greininni, batnandi samgöngur og lækkandi flutningskostnað sem og hagstæða gengisþróun fyrir innflutningsverslun. Forsvarsmenn smærri lyfjafyrirtækjanna, Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrastofnana lýsa óánægju og áhyggjum yfir því hvert stefnir og kalla jafnvel eftir lagasetningu eins og hér hefur verið vikið að.

Þá eru ónefndir sjúklingar sem þurfa að gjalda fákeppninnar. Ríkisstjórninni ber að taka á fákeppni í lyfjaverslun í stað þess að hækka álögur á sjúklinga en hækkun álagna á sjúklinga í þessum fjárlögum nemur 740 millj. kr. (Forseti hringir.) Það er mín skoðun en hver er afstaða hæstv. viðskrh., hvað hefur ráðuneytið aðhafst og hvað stendur til að gera í þessum efnum?

[11:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því að atkvæðagreiðsla verður kl. 13.30.

[11:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með lyfjalögum sem samþykkt voru 1994 voru heimildir til að setja á stofn lyfjaverslanir rýmkaðar mjög. Þó að breyting yrði á formi opinberrar lyfjaverðlagningar með þeim lögum ákváðu stjórnvöld eftir sem áður hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum. Fyrst í stað fjölgaði apótekum á höfuðborgarsvæðinu allnokkuð og var samkeppni virk. Í könnun sem Samkeppnisstofnun gerði snemma árs 1997 kom t.d. í ljós að algengt var að sjúklingar væru látnir greiða 10–15% lægra verð en sem svaraði hluta sjúklinga í hámarksverði. Það hafði áður verið óþekkt. Í kjölfar þessarar könnunar lækkaði lyfjaverð til sjúklinga enn frekar.

Í upphafi árs 2001 greip samkeppnisráð með ákvörðun sinni til íhlutunar í samruna Lyfju og apóteka í eigu Baugs. Með skilyrðum í ákvörðuninni var samrunafyrirtækinu gert að selja fimm apótek svo að markaðshlutdeild yrði innan hóflegra marka eða 37–38%. Ætlun samkeppnisyfirvalda með þessu skilyrði var að mynda þriðja aflið á lyfsölumarkaði.

Til að gera langa sögu stutta, og af ástæðum sem óþarft er að rekja hér, gekk þetta ekki eftir heldur voru umrædd fimm apótek seld lyfsölukeðjunni Lyf og heilsa hf. Við það urðu öflin ekki þrjú heldur tvö. Nú er svo komið að fákeppni hefur myndast á smásölumarkaði lyfja. Á sama tíma hefur orðið samþjöppun á öðrum stigum lyfsölu, bæði í framleiðslu og heildsölu. Þetta er að mínu mati mjög óheppilegt en aukin samþjöppun hefur orðið á allmörgum sviðum viðskiptalífsins bæði hér og erlendis á síðustu árum.

Mér er kunnugt um að Samkeppnisstofnun fylgist allvel með verðþróun á lyfsölumarkaði, einkum smásölumarkaði. Á sama hátt hafa samkeppnisyfirvöld komið í veg fyrir að skapast hafi markaðsráðandi staða eins aðila á smásölumarkaðnum.

Eins og ég hef áður sagt úr þessum stól legg ég mikla áherslu á sjálfstæði eftirlitsstofnana sem undir viðskrn. heyra. Það er í höndum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs að forgangsraða sínum verkefnum. Öllum er ljóst að stofnunin vinnur nú að mjög umfangsmiklum málum. Niðurstaða þeirra mun án nokkurs vafa hafa áhrif á viðskiptahætti hér á landi hver svo sem niðurstaðan verður.

Umræða sem þessi þjónar tilgangi og ég þakka málshefjanda fyrir að taka málið upp á málefnalegum forsendum. Umræðan vekur athygli á þeirri þróun sem átt hefur sér stað á lyfsölumarkaði. Álit löggjafarsamkomunnar á að hafa áhrif á markaðnum og meðal eftirlitsstofnana.

Hvað varðar spurningu hv. þm. um það hvort uppi séu áform um lagasetningu eða aðhaldsaðgerðir af einhverju tagi af hálfu viðskrn. er því til að svara að svo er ekki. Um þessa

starfsemi alla gilda samkeppnislög og þau banna markaðsráðandi aðilum að misbeita þeirri stöðu. Lögin eru til þess fallin að móta leikreglur og viðurlög. Það er samkeppnisyfirvalda að framfylgja þeim.

[11:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fákeppni ríki ekki áfram á lyfjamarkaði. Nú eru tvær verslanakeðjur ríkjandi á markaðnum og þrengja mjög að öðrum sem þar eru. Þetta er ástand sem þarf að huga alvarlega að og tryggja að Samkeppnisstofnun geti tekið á.

Með lagabreytingunni 1994 var markmiðið að stuðla að samkeppni í lyfsölu sem átti að færa almenningi lægra verð og betri þjónustu. Það er ekki hægt að segja annað en sú hafi verið þróunin a.m.k. fyrstu árin eftir breytinguna. Þegar stjórnvöld hafa hækkað hlut sjúklinga á lyfjaverðinu hafa apótekin keppst um að minnka álag sitt á lyfin til að reyna að ná til sín viðskiptunum. Þetta hefur komið sjúklingum til góða a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu en sjúklingar á landsbyggðinni hafa ekki notið þess á sama hátt.

Nú er svo komið að þessu er ekki lengur að heilsa. Apótekin sem tóku á sig hækkanir stjórnvalda á hlut sjúklings í stað þess að hleypa þeim út í verðlagið hættu því fyrir um tveimur árum síðan og hafa síðustu tvær lyfjahækkanir hins opinbera á hlut sjúklinga lent beint á sjúklingum. Dæmi um hækkanir til sjúklinga frá 1998 eru t.d. að algeng þvagræsilyf, E-merkt, hafa hækkað um 46%, algeng geðlyf, B-merkt, hafa á sama tíma hækkað um 97% og magalyf, E-merkt, hafa hækkað til sjúklinga um 50%. Það er mjög mikilvægt að lyfjaverð til sjúklinga haldist sem lægst því að fólk verður að geta keypt lífsnauðsynleg lyf. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa ráðamenn íhugað að aflétta virðisaukaskatti af lyfjum? Svíar og Bretar eru ekki með neinn virðisaukaskatt á þeim svo að dæmi sé tekið og aðrar nágrannaþjóðir okkar eru með mjög lágan virðisaukaskatt á lyfjum.

Herra forseti. Fyrst og fremst þetta: Það verður að tryggja að eðlilegt viðskiptaumhverfi ríki í lyfsölu til hagsbóta fyrir almenning í landinu.

[11:08]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Slæmu fréttirnar eru að á tímabili 1990 til ársins 2001 hækkaði lyfjakostnaður hins opinbera um 28% umfram neysluvísitölu. Athyglisverðu fréttirnar eru á hinn bóginn að á sama tíma hækkaði kostnaður hins opinbera við sjúkrahús og heilsugæslu um 50% umfram neysluvísitölu. Stjórnvöldum hefur þannig tekist betur að hemja lyfjaútgjöld en önnur heilbrigðisútgjöld hér á landi og þurfa að halda því áfram með öllum tiltækum ráðum.

Því til staðfestingar má benda á að á sama tímabili jókst heildarkostnaður ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu með viðmið í landsframleiðslu um 12% en kostnaður vegna lyfja og hjálpartækja lækkaði á hinn bóginn um 3,7% miðað við landsframleiðslu. Þessar upplýsingar má lesa úr gögnum frá Hagstofu Íslands. Þessar niðurstöður eru sérstaklega merkilegar fyrir þær sakir að þessu er þveröfugt farið í ýmsum Evrópulöndum. Þar hefur lyfjakostnaður hækkað langt umfram annan kostnað í heilbrigðisþjónustu.

Það má hins vegar til sanns vegar færa að lyfjaverð á Íslandi er almennt hærra en í öðrum löndum. Því er haldið fram að fákeppni á lyfjamarkaði sé um að kenna en það er einföldun á málinu. Hækkun lyfjakostnaðar á undanförnum árum hefur verið rakin um 40% til aukningar á magni, um 25% til nýrra og dýrari lyfja og um 35% til hærra lyfjaverðs. Ástæður hærra lyfjaverðs eru raktar til flutningskostnaðar, smæðar markaðarins, að lyf bera virðisaukaskatt og þess að ný og dýr lyf eru fjót að komast í notkun.

Ekki má heldur líta fram hjá þeirri staðreynd að lyfjaverði á Íslandi er stýrt af stjórnvöldum og hefur lyfjaverðsnefnd tekið mið af þeirri meginreglu að lyfjaverð megi vera allt að 15% hærra hérlendis miðað við aðrar þjóðir vegna smæðar markaðarins.

Í lokin. Í allri umræðu um lyfjamál má ekki gleyma því að lyf bæta lífsgæði og bjarga lífum. Við upplifðum kraftaverk nýverið þegar ungur drengur komst óskaddaður frá nær drukknun. Kraftaverkið fólst ekki síst í nýju lyfi og þekkingu og sköpunargáfu íslenskra heilbrigðisstarfsmanna að nýta lyfið til björgunar lífs. Gleymum því ekki.

[11:10]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að færa þetta mál til utandagskrárumræðu. Lyfjaverð hefur hækkað stórkostlega á undanförnum árum. Þessu til staðfestingar má nefna að lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur hækkað um rúma 2 milljarða kr. frá árinu 2000. Þessar upplýsingar sýna með skýrum hætti hve þörf þessi umræða er. Skoða þarf gaumgæfilega tilmæli sem mér skilst að til séu í reglugerð um lyfjaávísun lækna. Þar segir að læknum beri að ávísa ódýrustu samheitalyfjunum. Er hugsanlegt að þessum tilmælum sé ekki fylgt eftir?

Markaðssetning lyfjafyrirtækja er mjög öflug og því miður er ekki til sá öryggisventill fyrir neytendur sem kveður á um það hvort ný og dýrari lyf á markaði hafi nokkuð umfram þau eldri og ódýrari. Hér ber að kanna hvort ekki sé til staðlað eftirlitskerfi austan hafs eða vestan sem kveður á um gildi nýrra lyfja á markaði. Það má vel hugsa sér að Lyfjastofnun bæti við sig einu hlutverki er kveður á um samanburð nýrri og eldri samheitalyfja á markaði. Ef slíkt hlutverk yrði leyst faglega af hendi öllum stundum verður ljóst að upplýsingar til lækna og neytenda mundu stóraukast og koma sem mótvægi við markaðssetningu lyfjafyrirtækja á lyfjum.

Fyrir fáeinum árum voru sett lög er afnámu einkaleyfi gömlu apótekanna á lyfsölumarkaði. Með þessum lögum átti markaðshyggjan að taka við og breyta þeirri fákeppni sem þá þótti vera á lyfsölumarkaði. Ætlaður árangur markaðshyggjunnar hefur breyst í öndverðu sína. Tvær til þrjár lyfsölukeðjur eru nú allsráðandi á markaðnum.

Virðulegi forseti. Sú reynsla sem markaðshyggjan hefur fært lyfsölumarkaðnum á Íslandi er slæm. Því er brýnt að stjórnarflokkarnir sýni eins mikla aðgát og fyrirhyggju og mögulegt er í ráðum sínum er varða breytingar á heilbrigðiskerfi Íslendinga. Það hlýtur að teljast varhugavert að feta stíg markaðshyggjunnar þegar um heilbrigði barna okkar og heilbrigði okkar sjálfra er að ræða.

[11:12]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er staðreynd að lyfjaverð er hátt hér á landi og hefur farið hækkandi á undanförnum árum. Á sama tíma hefur lyfsöluaðilum fækkað jafnt og þétt og ríkir orðið fákeppni í stað samkeppni. Það frelsi sem lyfjafræðingar höfðu horft til með núverandi lyfsölulögum varð að nýju helsi, þ.e. nýrri einokun tveggja lyfjakeðja, annarri í eigu risafyrirtækis á íslenskum matvælamarkaði.

Það var stórslys að leyfa keðjumyndun í rekstrarformi apóteka á Íslandi. Enginn sjáanlegur sparnaður hefur orðið á lyfsölunni. Útgjöld ríkisins hafa hækkað og magnaukning lyfjanotkunar er umtalsverð. Samfara þessari þróun hefur apótekum fækkað út um land, útibúum hefur verið lokað og þjónusta við hinar dreifðu byggðir dregist saman. Þjónustuskylda gömlu apótekanna hefur vikið fyrir arðsemiskröfum lyfjakeðjanna. Samkvæmt verðkönnun sem ASÍ gerði fyrir tveimur árum kom í ljós að mikill verðmunur var á lyfjum annars vegar á milli einstakra dreifingaraðila og hins vegar á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, þrátt fyrir að verslanirnar væru innan sömu lyfjakeðjanna.

Lyfjamagnið hefur einnig stórlega aukist, sérstaklega á svokölluðum lífsstílslyfjum. Mætti gera sérstaka úttekt á því hve stór þáttur viðskiptaáætlanir lyfjakeðjanna sem byggja á öflun upplýsinga um aldur viðskiptavina, lyfjakaup þeirra og hvar þeir kaupa lyfin hafi á magnaukningu lyfjanotkunar þjóðarinnar.

[11:14]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Hið opinbera hefur ýmsa möguleika á að hafa áhrif á lyfjaverð, sem svo sannarlega er hátt hér á landi, með öðrum hætti en beinni íhlutun í samkeppni. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir benti á að ríkið gæti lækkað virðisaukaskatt eins og grannar okkar á Bretlandseyjum og í Svíþjóð hafa gert, líkt og Finnar og Hollendingar gera. Mun það að sjálfsögðu muna miklu því að hátt lyfjaverð skiptir almenning fyrst og síðast máli vegna þess að ríkisvaldið hefur ákveðið greiðsluþátttöku almennings. Því miður er það svo að það eru einstaklingar og fjölskyldur hér á landi sem búa það þröngt að 1.000 kr. skipta miklu máli.

Frá því að þessi ríkisstjórn settist að völdum 1996 hefur greiðsluþátttaka almennings aukist, að mér sýnist, í þeim flokkum sem unnt er að skoða, um 100%. Gólfið hjá almennum sjúklingum í B-merktum lyfjum hefur hækkað úr 700 kr. í 1.600 kr. eða yfir 100%. Þakið hefur jafnframt hækkað um 100%. En takið eftir. Hjá lífeyrisþegum hefur gólfið hækkað úr 250 kr. í 600 kr. í tíma þessarar ríkisstjórnar og þakið hefur jafnframt hækkað um 100%. Þetta skiptir mjög miklu máli í þessari umræðu því að því miður eins og ég gat um hér áðan eru einstaklingar til í þessu samfélagi þar sem 1.000 kr. skipta máli.

Virðulegi forseti. Lyf mega ekki vera lúxus. Stjórnvaldsaðgerðir þessarar ríkisstjórnar hafa gert lyf fyrir lífeyrisþega og þeirra sem minna hafa milli handanna að lúxus.

[11:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þessari umræðu er beint til viðskrh. af því að hér er verið að ræða um samkeppnisumhverfi lyfja og hugsanlega fákeppni á markaði. En ég tel mér skylt að leggja nokkur orð inn í þessa umræðu þó að óvanalegt sé að annar ráðherra taki þátt í umræðu sem ekki beinist að honum.

Ég vil undirstrika það að ég tel alveg brýna nauðsyn bera til að virk samkeppni ríki í lyfjainnflutningi og sölu hér á landi. Það er nauðsynlegt vegna heilbrigðisstofnana sem þurfa á því að halda að bjóða út sín lyf og bjóða þau út á samkeppnismarkaði og það er nauðsynlegt vegna neytenda sem þurfa á því að halda að kaupa lyf í apótekum. Samkeppni er nauðsynleg til að halda lyfjakostnaði í skefjum fyrir notendur og fyrir ríkisvaldið.

Í heilbrrn. er starfandi sérstakur starfshópur um lyfjamál sem er að skoða hvernig opinberir aðilar geta haft áhrif á lyfjaverð, á hvaða nýjan hátt menn geta gert það. Menn eru að huga að skráningarreglum, innflutningsreglum og hvort nauðsynlegt sé t.d. að texti á íslensku fylgi öllum lyfjum sem notuð eru á spítölum. Ég tel nauðsynlegt að huga að þessu líka. En ég undirstrika að ég er sammála því að það verður að tryggja með öllum ráðum að þau tæki sem við notum til að koma í veg fyrir fákeppni séu notuð hér á landi til að halda lyfjaverði niðri.

[11:21]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Lyfjamarkaðurinn er að mörgu leyti frábrugðinn mörkuðum fyrir ýmsar aðrar neysluvörur. Valfrelsi neytenda er takmarkað vegna þess að fólk kaupir yfirleitt ekki lyf nema vegna brýnnar nauðsynjar og hefur eðli málsins samkvæmt takmarkaða möguleika á að velja sjálft milli lyfja. Í annan stað er ríkið beint og óbeint langstærsti greiðandi vegna lyfjanna og í þriðja lagi kemur til opinbert verðlagseftirlit sem birtist í því að lyfjaverðlagsnefnd ákveður hámarksverð á lyfjum bæði í heildsölu og smásölu. Í fjórða lagi gilda um lyfjamarkaðinn viðamiklar opinberar reglur til þess að tryggja öryggi lyfja og gæði í þjónustu lyfjafyrirtækjanna.

Öll þessi atriði skapa lyfjamarkaðnum ákveðna sérstöðu í samanburði við ýmsa aðra markaði og almenn samstaða er um að í þessum efnum sé eðlilegt að hið opinbera hafi meiri afskipti með reglusetningu heldur en á flestum öðrum sviðum. Hins vegar hafa einkaaðilar líka mikilvægu hlutverki að gegna á þessum markaði og samkeppni á milli þeirra er afar mikilvæg til þess að stuðla að góðri þjónustu og hagstæðri verðlagningu.

Hér við þessa umræðu er spurt hvort samkeppni sé næg á lyfjamarkaði. Eins og víða er í viðskiptalífinu má halda því fram að samkeppni mætti vissulega vera meiri. Samkeppnin er þó fyrir hendi. Um tíu fyrirtæki stunda innflutning lyfja og þrjú eru í framleiðslu. Sum þessara fyrirtækja tengjast í gegnum samsteypur en engin ein hefur yfirgnæfandi markaðshlutdeild. Þau hafa líka umboð fyrir fjöldamörg erlend lyfjafyrirtæki sem keppa innbyrðis og þetta umhverfi veitir auðvitað ákveðið aðhald.

Á smásölumarkaðnum hefur orðið þróun í átt til samþjöppunar. Á þeim markaði ríkir þó grimm samkeppni sem vissulega hefur reynst smærri aðilum erfið. Litlir aðilar hafa eðli málsins samkvæmt minni möguleika á hagstæðum innkaupum, sparnaði á ýmsum föstum kostnaði, hagkvæmni í dreifingu og ýmsum slíkum þáttum heldur en stærri aðilar.

Við höfum séð sömu þróun á ýmsum öðrum mörkuðum í smásölu, bæði hérlendis og erlendis og þessi þróun er á engan hátt bundin við Ísland. (Forseti hringir.) Hins vegar verðum við að gæta þess að samkeppnisreglur séu virtar og að stærri aðilarnir beiti ekki afli sínu til þess að (Forseti hringir.) draga úr samkeppninni með því að koma smærri aðilum út með ólögmætum hætti.

[11:23]

Hlynur Hallsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu þróun lyfjaverðs og fákeppni á lyfjamarkaði. Eins og við vitum hefur lyfjaverð hækkað gífurlega hér á landi á sama tíma og stórar blokkir hafa verið að myndast á lyfsölumarkaðnum. Forsvarsmenn neytenda hafa lýst áhyggjum yfir ástandinu og það ekki að ástæðulausu.

Í samantekt lyfjadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss um aukinn lyfjakostnað er tekið dæmi af skráðu lyfi, Glivec, sem notað er m.a. við langvinnu hvítblæði. Ársmeðferð fyrir einn einstakling kostar hér á landi rúmar 3,5 millj. kr.

Í samantektinni segir, með leyfi forseta:

„Í Noregi kostar sama meðferð 2.761.216 (27,8% hærra verð á Íslandi, ...) Í Svíþjóð kostar þessi meðferð 2.600.842 (35,7% hærra verð á Íslandi, mismunurinn er 928.642 kr.), en hér er borið saman innkaupsverð til sjúkrahúsa (án VSK). Það er kaldhæðnislegt að hægt væri að spara pening með því að senda sjúklinginn á Saga Class til Svíþjóðar að leysa út lyfseðilinn!“

Þetta segir orðrétt í samantekt lyfjadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Munurinn á verði á ársskammti af þessu lyfi á Íslandi og í Svíþjóð er næstum 1 milljón.

Þetta dæmi sýnir okkur að það er eitthvað meira en lítið að hér á landi í þessum málum. Svona munur getur ekki verið eðlilegur.

Ég spyr: Þarf ekki að efla Samkeppnisstofnun ef hún getur ekki sinnt hlutverki sínu vegna fjölda verkefna? Er ekki kominn tími til, hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir, að gera eitthvað í málunum?

[11:26]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á síðasta ári var lyfjakostnaður hér áætlaður um 13 milljarðar kr. Það þýðir í rauninni að hvert prósentustig til sparnaðar er um 130 millj. kr. Hér er um verulegar upphæðir að tefla. Því hljótum við að spyrja: Hvað ræður verðlagi? Hvað stjórnar í raun útgjöldum?

Hér í umræðunni hefur verið farið nokkuð um samkeppnismarkaðinn á þessu sviði og er litlu við það að bæta. En það eru ekki lyfjafyrirtækin og það eru ekki lyfjaverslanirnar sem ákveða hvaða lyf notuð eru hverju sinni. Læknar ávísa á tiltekin lyf. Við hljótum þess vegna í þessari umræðu að beina augum okkar dálítið að læknum.

Árósaháskóli í Danmörku lét gera úttekt á síðasta ári. Þar kom í ljós að lyfjafyrirtæki verja sem nemur u.þ.b. 100 þús. dönskum krónum á hvern lækni til kynningar- og fræðslustarfsemi, eins og það er kallað, og það er meginmarkhópur lyfjafyrirtækja enda ávísa læknar á lyfin. Jafnframt er vitað að hér er rík tilhneiging meðal lækna að ávísa á dýrustu lyf jafnvel þó að sambærileg og ódýrari lyf séu til staðar. Alþekkt er líka og kunnugt að læknar þiggja reglulega góðar veislur og dýrar utanlandsferðir á vegum lyfjafyrirtækja. Ekki þarf mikla spekinga til að sjá orsakasamhengi þarna á milli.

Þetta er grafalvarlegt mál, hæstv. forseti. Ég tel að þetta fyrirkomulag sé siðferðilega rangt. Ábyrgðin er gífurlega mikil því að hér er um miklar upphæðir að ræða. Ég ítreka að 1% í sparnaði er um 130 millj. kr. Þangað verðum við að beina augum okkar. Ég hvet Samkeppnisstofnun og Lyfjaeftirlit til þess að huga að þessum þætti því að það eru jú læknar sem efna til útgjaldanna.

[11:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem um margt hefur verið mjög fróðleg. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem ég hefði þó kosið að væru ítarlegri eða fælu í sér einhver loforð um úrbætur.

Ég vek að nýju athygli á niðurlagsorðum mínum hér við umræðuna, að samkvæmt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er áformað að auka álögur á sjúklinga á komandi ári um 740 millj. kr. Þetta eru komugjöld, þetta er aukin þátttaka í lyfjakostnaði, hjálpartækjum og öðru slíku. Í stað þess að fara þessa leið til sparnaðar með því að auka byrðar á sjúklinga leggjum við til að ríkisstjórnin beini sjónum sínum að lyfjakostnaði. Þar er hægt að ná verulegum árangri.

Forstjóri Tryggingastofnunar, Karl Steinar Guðnason, segir að ef hægt væri að færa tíu útgjaldamestu lyfin til samræmis við það sem tíðkast á Norðurlöndum mundi Tryggingastofnun ein spara 300 millj. kr. Þetta er verkefni sem verður að ráðast í.

Hæstv. ráðherra segir að ekki standi til að breyta lögum eða reglum og vísar til samkeppnislaga og Samkeppnisstofnunar. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna í leiðara Morgunblaðsins í dag. Þar segir:

„Frá því var sagt í Morgunblaðinu í fyrradag að nýtt tryggingafélag á markaðnum, Íslandstrygging, hefði í desember í fyrra sent Samkeppnisstofnun kæru vegna viðskiptahátta tryggingafélaga, sem fyrir voru á markaðnum. Farið var fram á bráðabirgðaúrskurð í málinu, en Samkeppnisstofnun setti málið í venjulega meðferð. Í maí síðastliðnum — fyrir meira en hálfu ári — sendi stofnunin Íslandstryggingu bréf og tilkynnti að gagnaöflun væri lokið og málið yrði lagt fyrir næsta fund samkeppnisráðs. Síðan hefur ekkert heyrst af því.“

Ég er ekki einn af þeim, herra forseti, sem vilja gera Samkeppnisstofnun að leiðtoga lífs síns. Það er vegna þess að ég hef ekki trú á markaðnum. En þar sem samkeppni á að ríkja og við ætlum að nýta markaðslögmálin þá eigum við líka að gera það. Þá ber stjórnvöldum einnig að axla ábyrgð. Það hafa þau því miður ekki gert.

[11:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Lyfsölumarkaður er mjög umfangsmikill og hægt að ræða um hann út frá ýmsum sjónarmiðum en hann er mikilvægur markaður.

Útgjöld, bæði einstaklinga og hins opinbera, vegna lyfjakaupa eru gífurleg og hafa farið vaxandi. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir. En sú útgjaldaaukning er ekki eingöngu vegna verðhækkana. Sífellt eru að koma ný og mjög dýr lyf á markaðinn, t.d. við sjúkdómum sem áður var ekki unnt að beita lyfjameðferð gegn. Eins og hér hefur komið fram þá má líkja við kraftaverk þeim árangri sem náðst hefur með notkun nýrra lyfja. En það breytir ekki því að það er brýnt að samkeppni ríki á markaði. Það þarf að stemma stigu við verðhækkunum á lyfjum. Þar skiptir virk samkeppni miklu máli.

Ég bind vonir við að samkeppnisyfirvöld geti beint auknum kröftum í eftirlit með lyfjamarkaði eftir að þeim umfangsmiklu málum sem hafa verið til meðferðar hjá þeim lýkur. Þetta er sú aðferð sem við getum beitt á hinum frjálsa markaði og eins og ég hef látið koma fram er það ekki mitt að ákveða í hvaða málum samkeppnisyfirvöld vinna og hvernig þau forgangsraða. Mér finnst hins vegar ekki ólíklegt að eftir að þeim miklu málum sem hafa verið til umfjöllunar lýkur um áramótin geti lyfjamarkaðurinn orðið áhersluatriði.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 328. mál (trúnaðarlæknir). — Þskj. 380.

[11:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. á þskj. 380 um breyting á 16. gr. laganna um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.

Í þessu frv. er einvörðungu lagt til að í stað þess að lögbinda að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga í þessum ákveðna lífeyrissjóði muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Þannig er þetta hjá öðrum lífeyrissjóðum og þykir að ég hygg sjálfsögð breyting.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, 1. umr.

Stjfrv., 342. mál (einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES-reglur). — Þskj. 416.

og

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 417.

[11:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum. Sömuleiðis mæli ég fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með fyrra frv. er með því lagt til að felldur verði niður einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu tóbaks. Samkvæmt frv. er þó áfram tryggt að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, hafi einkarétt á heildsölu á tóbaki. Auk þess skal ÁTVR tryggja að allt tóbak, hvort sem það er flutt inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi, sé merkt í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Innkaupareglur ÁTVR munu gilda áfram og tryggja jafnræði gagnvart öllum birgjum. Þrátt fyrir að frv. tryggi áfram einkarétt ÁTVR á heildsölu á tóbaki verður ekki um að ræða takmörkun á innflutningi tóbaks. Innflytjendur þess munu alfarið stjórna því magni og tegundum sem fluttar verða inn. ÁTVR verður eingöngu milliliður milli innflytjenda tóbaks og smásala.

Aðdragandi þessa frv. er sá að með breytingu á bókun 3 við EES-samninginn, sem tók gildi 1. janúar 2002, var vörusviði samningsins breytt þannig að nú fellur tóbak undir almennar reglur EES-samningsins um frjálst flæði vara. Í 16. gr. EES-samningsins er sú skylda lögð á samningsaðila að tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja ESB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vöru. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur í kjölfar þess að tóbak var fellt undir vörusvið EES-samningsins, frá og með 1. janúar 2002, gert athugasemdir við einkarétt ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki. Telja verður einsýnt, með hliðsjón af dómafordæmum Evrópudómstólsins, að núverandi einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki sé andstæður ákvæðum EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga.

Frumvarpið felur í sér ákveðnar breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Í dag er staðan sú að ÁTVR hefur einkarétt á innflutningi og framleiðslu tóbaks. ÁTVR hefur því flutt inn og framleitt tóbakið, tryggt að tóbakið sé merkt og lagt á það tóbaksgjald áður en smásalar hafa getað nálgast vöruna.

Þrátt fyrir að einkaleyfi ríkisins á innflutningi tóbaks verði fellt niður samkvæmt frumvarpi þessu verður hlutverk ÁTVR engu að síður verulegt. Líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir mun ÁTVR tryggja merkingar tóbaks og álagningu tóbaksgjalds. Verður því allt það tóbak sem flutt er inn til landsins eða framleitt hér á landi og ætlað til sölu keypt af ÁTVR samkvæmt innkaupareglum fyrirtækisins til heildsöludreifingar þar sem tryggt verður að merkingar á tóbakinu hafi farið fram sem og álagning tóbaksgjaldsins. Því verða í raun engar grundvallarbreytingar á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur að undanskildu því að ÁTVR mun ekki lengur hafa einkarétt á innflutningi og framleiðslu tóbaks.

Varðandi síðara frv., virðulegi forseti, þá er það fylgifrv. og leiðir sú breyting sem þar er lögð til af fyrra frv. Í síðara frv. er lagt til að ÁTVR leggi áfram á og innheimti tóbaksgjald af tóbaksvörum sem fluttar hafa verið til landsins eða framleiddar hér á landi. Vegna eðlis hins frv., sem felur í sér afnám einkaleyfis ÁTVR til framleiðslu og innflutnings tóbaks, þarf að gera þessa breytingu til að tryggt verði að allar tóbaksvörur lúti sömu lögmálum hvað varðar álagningu tóbaksgjalds.

Nú vildi ég leggja til, herra forseti, að báðum þessum málum verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu og jafnframt vísað til 2. umr.

[11:39]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta fagna þeim breytingum sem þetta frv. boðar, þ.e. að einkaleyfi ÁTVR til innflutnings og framleiðslu tóbaks verði afnumið. Hins vegar vildi ég við þessa umræðu lýsa þeirri skoðun minni að ég teldi að heppilegra og eðlilegra hefði verið að ganga lengra, að heildsöluþátturinn yrði einnig tekinn út. Það hlutverk sem ÁTVR á að hafa samkvæmt lögunum, ef þessi breyting nær fram að ganga, að vera milliliður í þessum efnum, tel ég óeðlilegt. Ég tel að réttara hefði verið að ganga lengra og láta algerlega af afskiptum ÁTVR af þessum málum.

Það er ljóst að öðrum markmiðum í tóbaksmálum, tóbaksvörnum og gjaldtöku af tóbaki, má koma fyrir með öðrum hætti en með því að láta ÁTVR hafa milligöngu. Ég átta mig ekki á því af hverju skrefið var ekki stigið til fulls og heildsöluþátturinn einnig tekinn út. Þó að það felist ekki í efnisatriðum þessa frv. þá byggist þetta viðhorf mitt fyrst og fremst á því að ég tel að verslun eða slík fyrirtæki á vegum ríkisins eigi yfir höfuð ekki neitt erindi. Ég tel að ÁTVR hafi fyrir löngu lifað sinn dag og ástæða sé til að leggja það fyrirtæki alveg af og koma verslunarháttum með þessar vörutegundir fyrir með öðrum hætti.

Helstu rökin fyrir tilvist ÁTVR eru byggð á heilsufarssjónarmiðum. Mér finnst skjóta skökku við að talið sé

nauðsynlegt að hafa heildsöluþáttinn hjá ÁTVR í tóbakinu til að gæta að heilsu landsmanna en smásöluna hjá einkaaðilum. Þegar kemur að áfenginu snýst það hins vegar alveg við þannig að heildsöluþátturinn er í höndum einkaaðila og smásöluþátturinn hjá ríkinu. Mér finnst gæta töluverðs ósamræmis í þessu.

Engu að síður vildi ég lýsa stuðningi við þetta frv. eins og það liggur fyrir þótt ég teldi að ganga hefði mátt lengra. Ég er sannfærður um að það muni fá afskaplega jákvæða meðferð í efh.- og viðskn.

[11:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að taka megi undir flest af því sem fram kom í máli hv. þm. en ég vildi undirstrika að þau atriði sem hann nefndi lúta fremur að heildarstefnumótun varðandi framtíð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þetta frv. lýtur hins vegar að lágmarksbreytingum sem nauðsynlegar og óhjákvæmilegar eru í tilefni af athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Hitt málið er miklu stærra. Á því er ekki tekið í þessu frv. Það skal vissulega viðurkennt.

[11:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þar sem þessum frumvörpum er eðlilega vísað til efh.- og viðskn. langar mig að draga fram hinn þáttinn, þ.e. þátt heilbrigðissjónarmiða. Í raun finnst mér ekki óeðlilegt að heilbr.- og trn. skili áliti á þessu frv. þar sem allar breytingar frá núverandi fyrirkomulagi geta haft einhver áhrif á sölu á þessum vörum.

Ég vil taka fram að ég er hlynnt því að við eflum ÁTVR og njótum þess áfram að hafa þá sérstöðu sem við höfum, að vera með ríkisrekna áfengissölu og áfengisverslanir. Ég væri alveg tilbúin að skoða þær breytingar að láta tóbakið fara sömu leið, að það verði selt í verslunum ÁTVR en ekki í smásölu um allan bæ. Ef samræma ætti heildsölu- og smásölukerfið ætti að gera það í þá átt.

Við þurfum að hafa í huga að þrátt fyrir að þessar breytingar séu gerðar með tilliti til EES-tilskipunar út af samkeppnisákvæðum þá eru uppi hugmyndir um að losa um þau höft sem í dag eru á sölu á áfengi og koma sölu á léttvíni og bjór í matvöruverslanir. Ég held að við ættum að hugsa okkur tvisvar um áður en við förum í skipulagsbreytingar varðandi ÁTVR og skoða þá þróun sem er í samfélagi okkar varðandi notkun á áfengi og sterkum efnum, hver aðsóknin er að áfengismeðferðarstofnunum og hvaða kostnað þjóðfélagið ber af áfengisnotkun, ekki síst barna og unglinga.

Þó að þetta séu ekki grundvallarbreytingar á ÁTVR þá hvet ég til að við styrkjum þá stofnun frekar en er í dag og stuðlum að því að sú stofnun geti sett upp fleiri sérverslanir og þjónað landsmönnum betur heldur en hún gerir. Það gerum við ekki með því að setja sölu áfengis í smásöluverslanir.

[11:45]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í mikla rökræðu við hv. 10. þm. Norðaust. um almenna stefnu í áfengis- og tóbaksvörnum. Ég tel hins vegar að það breyti ekki því fyrir fólk sem neytir þessara vörutegunda, áfengis og tóbaks, hvort heldur það neytir þeirra yfir höfuð eða neytir þeirra í óhófi, hvort það kaupir vöruna af ríkisstarfsmanni eða ekki. Og ég átta mig ekki á því að málið eins og það liggur fyrir, þetta þingmál hæstv. fjmrh. sem slíkt, snerti heilbrigðissjónarmiðin með neinu móti, enda er á engan hátt verið að draga úr eftirliti, merkingum eða neinum slíkum þáttum sem varða tóbaksvarnasjónarmið. Ég tel því að þau ummæli þingmannsins að vísa ætti málinu til umsagnar í hv. heilbr.- og trn. séu kannski byggð á einhverjum misskilningi á efni þessa frv.

En varðandi þetta mál þá er auðvitað ljóst, eins og hæstv. fjmrh. sagði, að frv. felur í sér ákveðnar lágmarksbreytingar á núverandi fyrirkomulagi samkvæmt ábendingum frá Eftirlitsstofnun EFTA og það er auðvitað sjálfsagt að við gerum þær breytingar. Um leið vil ég leggja áherslu á að við íhugum og tökum til umræðu í kjölfarið heildarfyrirkomulag þessara mála með það að markmiði að ríkið hætti að standa í fyrirtækjarekstri á þessu sviði.

[11:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins ein lítil spurning til hv. þm. Nú hefur það komið fram í könnunum sem gerðar hafa verið að það er samhengi á milli dreifingarmátans og neyslunnar. Þar sem aðgengi að áfengi og tóbaki hefur verið mjög mikið eins og t.d. í Danmörku, þar er neyslan mun meiri en t.d. í Svíþjóð þar sem þetta aðgengi hefur verið takmarkað. Dregur hv. þm. í efa niðurstöður slíkra rannsókna? Telur hann ekki vera neitt samhengi á milli dreifingarmátans annars vegar og neyslu vörunnar hins vegar?

[11:48]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega kann að vera samhengi á milli dreifingarinnar og útbreiðslunnar og neyslunnar. Það kann vissulega að vera. Ég hef hins vegar enga sannfæringu fyrir því að það snúist um það hvort starfsmennirnir sem afgreiða vöruna séu ríkisstarfsmenn eða starfsmenn einkafyrirtækja.

Varðandi mun á einstökum löndum, t.d. á áfengisneyslu, þá vitum við að heildarneysla áfengis er víða meiri en á Íslandi og víða meiri en í öðrum löndum Skandinavíu þar sem áfengiseinkasala er enn við lýði. Hins vegar getur það átt sér ýmsar skýringar. Ein skýringin kann að vera ólíkt drykkjumynstur, ólíkt neyslumynstur sem á sér að einhverju leyti sögulegar rætur. Auk þess sem heildarneyslan er kannski ekki akkúrat það sem við þurfum að hafa mestar áhyggjur af, heldur ofneysla, misnotkun áfengis sem ég held að sé síst minni hér á landi eða í Svíþjóð eða Noregi en í þeim löndum þar sem heildarneyslan kann að vera meiri.

[11:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson er yfirleitt mjög rökfastur maður og setur mál sitt skýrt fram. Hann hefur verið einn af helstu talsmönnum frjálsrar verslunar á Íslandi og hefur m.a. starfað hjá Verslunarráði Íslands. Mér finnst engu að síður koma fram í máli hans hálfgerð vantrú á frjálsri verslun og markaðsöflunum yfirleitt. Ástæða þess að við, mörg, erum efins um að fela áfengissöluna markaðsöflunum er einmitt sú að við teljum að með því móti verði meira af brennivíni og þess vegna meira af tóbaki komið niður í þjóðina en með því fyrirkomulagi sem við búum við núna. Þess vegna tengjum við þessa umræðu heilbrigðisforvörnum. Og ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Þuríðar Backman að það er eðlilegt að þingmál af þessu tagi fari til umsagnar í heilbrn. þingsins einmitt af þeirri ástæðu.

[11:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það skjóti nokkuð skökku við að tala annars vegar um að dreifingin á vörutegundinni valdi vissulega meiri neyslu og síðan hins vegar, eins og fram hefur komið í máli þingmanna, að í staðinn fyrir að sala áfengis fari fram á vegum einkaaðila sé réttara að þjónusta ÁTVR verði bætt. Nú vitum við að þjónusta ÁTVR hefur batnað á undanförnum árum, vínbúðum hefur fjölgað og opnunartíma verið breytt. Það hefur hins vegar ekki verið beinlínis í samræmi við þá pólitík sem stundum hefur verið rekin og notuð til að rökstyðja tilvist ÁTVR, að það beri að takmarka aðgengið að vörunni. Það eru því ákveðnar mótsagnir í málflutningi þeirra sem vilja standa vörð um ríkiseinkasölu í smásölu á áfengi.

Varðandi það að hvaða leyti heilbr.- og trn. kæmi inn í þetta mál þá kann að vera — ég veit ekki hver er venjan í þinginu í þeim efnum — ef nefndin óskar eftir því að fá málið til umsagnar frá efh.- og viðskn. að við getum orðið við því. En ég hygg að niðurstaðan verði sú, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, að málið snerti á engan hátt þá forvarnaþætti og öryggisþætti sem snúa að heilbrigðismálum.

Varðandi það sem kom fram í máli síðasta hv. þm. sem hér talaði að það sé einhver mótsögn og vantrú af minni hálfu á þætti einkaaðila í dreifingu og smásölu áfengis, þá ítreka ég sjónarmið mín um það að ég tel að hætturnar, sem vissulega geta falist í vörum af þessu tagi, aukist ekkert við það að starfsmenn einkafyrirtækja afgreiði vöruna í stað starfsmanna ríkisins.

[11:53]

Útbýting þingskjala:

Bann við geimvopnum, 412. mál, þáltill. HlH o.fl., þskj. 562.

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. KolH, þskj. 564; brtt. JBjarn og GAK, þskj. 565.

[11:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. Ég tek eftir því að gert er ráð fyrir gildistöku laganna 1. júlí á næsta ári, þannig að það á án efa eftir að fá góða og ítarlega umfjöllun í nefndum þingsins. (Gripið fram í.) Ekki vafi, segir hæstv. ráðherra. Ég er nú einn af þeim sem fá ekki í hnén þó að EFTA-dómstóllinn sendi okkur einhverjar fyrirskipanir. Ég tel að við eigum eftir megni alla vega að taka sjálfstæðar ákvarðanir og sjá með hvaða hætti við getum lifað við þær skuldbindingar sem við höfum gert gagnvart Evrópusambandinu. Ég tel reyndar að við höfum ekki gengið nógu langt í þeim efnum í ýmsu tilliti og vísa þar til raforkugeirans sérstaklega þar sem við hefðum getað sótt um undanþágur. Og ég tel mjög mikilvægt varðandi smásölu sérstaklega á áfengi og verslun almennt með tóbak og áfengi að við förum mjög varlega.

Ég vil aðeins segja það í tilefni orða hv. þm. Birgis Ármannssonar að ég er í hópi þeirra sem hafa viljað auka og bæta þjónustu ÁTVR. Og ég er á þeirri skoðun að það fyrirkomulag sem við búum við núna færi okkur bestu hugsanlega þjónustu. Áfengisverslun ríkisins í Reykjavík, sú stærsta sem hér er, Heiðrún, býður upp á meira vöruúrval en tíðkast í bestu sérverslunum nánast hvar sem er í heiminum. Þetta er staðreynd. Við eigum kost á því að kaupa nánast allar áfengistegundir. Fyrirkomulagið tryggir það líka að á smáum stöðum, fámennum stöðum á landsbyggðinni, er boðið upp á mikið úrval áfengra drykkja. Þar er mikið úrval. Og það væri miklu, miklu minna ef verslunin væri gefin frjáls eins og það heitir.

Er munur á því hvort það er ríkisstarfsmaður eða annar sem afhendir brennivínið? Það má vel hugsa sé að það séu aðrir aðilar og þá væru það væntanlega stóru keðjurnar sem hefðu þetta með höndum. Því almennt hefur það viðhorf verið uppi af hálfu þeirra sem talað hafa fyrir breytingu á þessu kerfi að það séu einhverjar girðingar, það séu ekki börn eða ungt fólk sem er að selja vínið, og þá þarf kostnaðarsamar fyrirbyggjandi aðstæður sem aðeins væru á færi þessara stóru keðja. Og þá væru það væntanlega Baugur og 10–11 sem hefðu þessa verslun með höndum.

Ég held að áður en við færum okkur út úr því umhverfi sem við erum í núna ættum við að gæta að okkur, ef það vakir virkilega fyrir okkur að bjóða upp á góða þjónustu. Og ég held líka að það sé staðreynd að Íslendingar kaupi áfengi frá framleiðendum á lægra verði en almennt gerist. Lægst verð í heiminum fær sænska áfengisverslunin af því að hún er stærsti áfengiskaupandi í heimi. Og þegar grannt er skoðað gildir hið sama um ÁTVR, við fáum áfengi á mjög lágu verði. Hið háa verðlag er tilkomið vegna skattlagningar. Það er af allt öðrum toga. En ég óttast að samkeppnin yki kostnaðinn fyrir neytandann þegar allt kemur til alls.

Það er eðlilegt að Verslunarráð tali máli sinna umbjóðenda. Ég geri mér grein fyrir því að það er þrýst mjög á Verslunarráð og slíka aðila í atvinnulífinu að reyna að fá þessa verslun til sín því hún skilar miklum ábata, en fyrir neytendur held ég að þetta yrði ekki til góðs.

Og þá ætla ég að ljúka máli mínu á því atriði sem hv. þm. vék að, hugsanlegum mótsögnum í mínu máli, að ég vildi í senn bæta þjónustu og takmarka aðgengi. Ég held að þetta geti alveg farið saman. Það sem ég hef hins vegar efasemdir um er að beita markaðsmekanismanum af fullum þunga eins og mundi gerast ef við færum þetta inn í frjálsa almenna verslun. Og þá held ég að niðurstaðan yrði sú, kannski vegna þess að ég hef svo mikla trú á þessum sama markaðsmekanisma, að neysla á þessum vörum ykist. Ég held að það geti alveg farið saman að bjóða upp á góða þjónustu, fjölbreytni, en um leið hófsama markaðssetningu sem ég held að sé best tryggð með því fyrirkomulagi sem við erum með núna. Skattborgarinn þarf ekki að greiða krónu með þessu. Þvert á móti er þetta honum til hagsbóta þannig að það eru engar byrðar lagðar á hann. Og þess vegna finnst mér sönnunarbyrðin hvíla á þeim sem vilja umbylta þessu ástandi.

Við erum búin að sjá nokkur dæmi, m.a. við umræðu fyrr í dag, um hvað loforð og fyrirheit og væntingar um frjálsa samkeppni hefur fært okkur í reynd. Við erum að sjá það á lyfjamarkaðnum. Við sjáum það á ýmsum öðrum sviðum. Við erum náttúrlega búin að kynnast hörmungarsögunni af bankamarkaðnum, í tryggingabransanum. Þannig að ég vara við því að við tökum opnum örmum þessum fagnaðarboðskap Verslunarráðsins og þeirra þingmanna sem eru helstir talsmenn frjálsra markaðsviðskipta hér. Ég virði þau sjónarmið að sjálfsögðu þó að ég sé þeim mjög ósammála. En áður en við ráðumst í breytingar mundi ég auglýsa eftir miklu betri umræðu og nánari rökstuðningi. Það hefur stundum skort svolítið á það í umræðum um þessi efni á Alþingi.

[12:00]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. 9. þm. Reykv. s. að við þurfum að eiga mjög ítarlegar og grundvallarumræður hér á Alþingi um heildarfyrirkomulag þessara mála og við klárum það ekki í þessari umræðu. Ég vil hins vegar draga fram tvennt úr máli hv. þm. Fyrst og fremst þau ólíku sjónarmið sem hann leggur til grundvallar afstöðu sinni. Annars vegar heyrist mér á hv. þm. að hann vilji takmarka aðgengi og hins vegar að hann vilji bæta þjónustu. Það sem ÁTVR hefur verið að gera á undanförnum árum er í rauninni mjög mikil aukning á þjónustu, mjög mikil fjölgun á útibúum, lenging afgreiðslutíma og þess háttar, auk þess sem ÁTVR hefur farið í ákveðið markaðsstarf sem hefur kannski ekki farið hátt, en er þó augljóst ef menn bera saman stöðuna í sambandi við vínbúðir fyrirtækisins núna og fyrir kannski tíu árum. Þar virðast því sjónarmiðin vera þau að það eigi að bæta þjónustuna og auka aðgengið t.d. með fjölgun útsala og lengingu afgreiðslutíma.

Þeir sem hafa mælt fyrir takmörkun á aðgengi að áfengi hafa einmitt nefnt þessa þætti á undanförnum árum, að með því m.a. að fjölga afgreiðslustöðum og lengja afgreiðslutíma sé aðgengið bætt og þar með aukist notkunin. Þarna finnst mér að menn verði að gera svolítið upp á milli sjónarmiða, annaðhvort erum við að tala um að það eigi að reka ÁTVR á grundvelli heilbrigðissjónarmiða og takmarka aðgengi með því að vera með ríkiseinkasölu, eða, og það getur verið allt eins lögmætt sjónarmið, að það eigi að bæta þjónustuna og hætta sé á að ef einkaaðilar taki yfir rekstrinum, versni þjónustan. Ég hef ekki trú á því, en ég held að menn verði að gera upp á milli sjónarmiða.

[12:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held ekki. Ég held að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Ég hef verið í hópi þeirra sem hafa tekið mikinn þátt í þessari umræðu. Ég hef jafnframt lagt fram tillögur hér á Alþingi um að útsölustöðum ÁTVR yrði fjölgað, t.d. á landsbyggðinni, þar sem allfjölmenn byggðarlög voru án útsölustaða. Ég vildi bæta aðgengið á þennan hátt. Því fer fjarri að ég vilji setja eins konar nálgunarbann kaupenda á verslunarstaðinn, þeir eiga að eiga greiðan aðgang að honum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að verslanir af þessu tagi séu í öllum helstu verslunarkjörnum.

Það sem við eigum hins vegar við, sem vörum við því að fjölga eða auka aðgengi með fjölgun staða, er að setja þetta inn í allar verslanir, allar sjoppur, allar bensínstöðvar o.s.frv. Við erum að tala fyrir þessu almenna fyrirkomulagi. Auk þess, og það tengist kannski öðrum þætti líka sem gæti svo sem verið óháð því hvort áfengi er selt í almennum verslunum og það er að við leyfum ekki auglýsingar. Og það er dapurlegt til þess að vita hvert ábyrgðarleysi framleiðendur t.d. á bjór sýna með því að reyna að komast fram hjá landslögum með alls konar sýndarmennsku. Mér finnst það ábyrgðarleysi. Það væri fróðlegt að heyra álit hv. þm. Birgis Ármannssonar á því, hvort hann taki undir það með mér að það sé ábyrgðarleysi af bjórframleiðendum að reyna að skjóta sér fram hjá landslögum á þennan hátt.

[12:04]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. síðasta ræðumanni um það að öllum ber að fara að landslögum, bæði framleiðendum á áfengum drykkjum og öðrum. Hins vegar má segja að þær auglýsingar, eða vísir að auglýsingum sem við höfum séð um áfengi hér á síðustu árum, sýna í rauninni hvað löggjöfin á þessu sviði er götótt. Ég hef talið þörf á að endurskoða hana vegna þess að ég tel að hún virki ekki. Ég verð hins vegar að segja það að mér finnst að eftir standi að hv. 9. þm. Reykv. s. verði að gera upp á milli hvort hann vilji standa vörð um ÁTVR á forsendum forvarna eða hvort hann vilji standa vörð um ÁTVR á grundvelli þess að fyrirtækið veiti góða þjónustu.

Í mínum huga er engin spurning um það að ef áfengissala yrði færð í hendur einkaaðila með einhverjum hætti, sem við getum rætt betur síðar hvernig væri rétt að standa að, mundi þjónustan ekki versna heldur batna. Eins og kom fram fyrr í máli mínu hef ég engar áhyggjur af því að breyting á fyrirkomulagi áfengissölunnar, þ.e. að færa það úr höndum ríkisins til einkaaðila, muni leiða til verra ástands í áfengismálum hérna. Ég held að þar komi allt önnur sjónarmið til. Ég held að þar snúist málin fyrst og fremst um upplýsingar og forvarnir o.þ.h. og bendi á árangurinn sem forvarnastarf hefur skilað t.d. í sambandi við sölu á tóbaki.

[12:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist sannfærður um að þjónustan mundi batna við það að færa söluna á áfengi til einkaaðila. Ég held ekki. Ég held hún mundi versna. Ég held að verðlag mundi hækka og úrval mundi minnka, einkum á fámennum stöðum. Þetta er umræða sem við eigum án efa eftir að taka síðar.

Ég tek eftir því að hv. þm. segir að það sé mikilvægt að færa söluna frá ÁTVR til einkaaðila með einhverjum hætti. Með öðrum orðum — þetta er hugmyndafræðileg afstaða. Það er markmið í sjálfu sér að einkavæða þessa sölu, með einhverjum hætti. Ef það sýnir sig hins vegar að þjónustan versnar, verðlag hækkar og úrval verður minna, þá hefði ég nú haldið að við ættum að láta af þessari trú okkar á þessa hugmyndafræði.

Heimurinn er ekki svart-hvítur. Þetta eru ekki þeir valkostir sem hv. þm. vill láta í veðri vaka. Ég held að við getum í senn verið með góða þjónustu, verið með gott aðgengi án þess að fara þar um of og setja áfengi inn í allar verslanir landsins. Um þetta finnst mér þessi slagur standa.

Varðandi löggjöfina og auglýsingarnar segir hv. þm. að það sé greinilegt að löggjöfin sé götótt. Hvers vegna er hún götótt? Það er vegna þess að menn vilja ekki hlýða henni. Menn vilja ekki fara að landslögum. Menn vilja ekki sætta sig við að það sé bannað að auglýsa brennivín og tóbak og þá fara þeir einhverjar aðrar leiðir, inn um bakdyrnar. Það er hið götótta í málinu. Það er siðferðið hjá þessum aðila. Ef menn vilja breyta löggjöfinni, eiga þeir að fara með það í gegnum þingið, vinna sínum málstað fylgi og reyna að fá meiri hluta hér á Alþingi. Þá tökumst við á um það. En þetta er ekki leiðin, að brjóta landslög.

[12:09]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég verð stuttorður. Ég vil fyrst og fremst fagna efnisatriðum þessa frv. sem hv. fjmrh. hefur lagt fram en mér sýnist samt frv. vera enn eitt dæmi um að frelsi og frjálsræði þjóðarinnar komi frá Brussel en ekki frá núverandi ríkisstjórn. Hæstv. fjmrh. talaði um að frekari breytingar á þessari stefnu snerti fyrst og fremst heildarstefnu málaflokksins. Ég vil þá hvetja hæstv. fjmrh. eftir 12 ára setu hans flokks í ríkisstjórn að huga að þessari heildarstefnu málaflokksins

því ég held að það sé ljóst að margt í henni á ekki lengur við og ég vil að sjálfsögðu setja stórt spurningarmerki við núverandi einkasölu ríkisins á áfengi.

Að lokum mundi ég telja það mikla tilbreytingu ef við fengjum aukið frjálsræði frá ríkisstjórninni, en ekki með faxi frá Brussel eins og venjan virðist vera.

[12:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara fullvissa mig um að ég hafi skilið hv. þm., talsmann Samf. hér í brennivíns- og tóbaksmálum, rétt, að hann sé að fagna því alveg sérstaklega að það sé verið að færa þessar vörur út á markað af hendi ÁTVR. Og ekki get ég deilt gleði hans yfir boðskapnum frá Brussel, að þaðan komi frelsisboðskapurinn eina ferðina enn. Nú er það tóbakið og brennivínið sem Samf. fagnar, áður var það þá væntanlega símaþjónustan og raforkugeirinn sem við eigum að fara að einkavæða eða halda með inn á markaðsbrautir. Mundi hv. þm. taka undir það ef Brussel skipaði okkur að einkavæða drykkjarvatnið? Það er nú mjög til umræðu í Evrópusambandinu að taka drykkjarvatnið og færa það inn á markaðstorgið, það er tekist mjög hart á um þetta í Evrópu. Hluti verkalýðshreyfingarinnar hefur m.a. lagst mjög eindregið gegn þessu og lagst mjög eindregið gegn því sem hv. þm. talar um, frelsisboðskapinn frá Brussel, og birtist okkur í þessu frv. um að færa tóbaksverslun úr höndum ÁTVR yfir til einkaaðila.

[12:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held reyndar að það sé ofmælt að kalla mig einhvern sérstakan talsmann Samf. í þessum málaflokki, en ég þakka titilinn.

Ég sé einfaldlega enga ástæðu fyrir því að ríkið standi í innflutningi á þessari vöru frekar en öðrum. Um það finnst mér þetta mál snúast.

Varðandi frelsi frá Brussel þá höfum við mýmörg dæmi um það, sem snerta nánast öll svið íslensks samfélags, að frelsið hefur aukist í gegnum okkar EES-samning sem byggir á því að við þurfum að taka allt að 80% af allri löggjöf ESB inn í okkar löggjöf. Þar er auðvitað skýrasta dæmi um aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði.

Ég vil líka hvetja hv. þm. Ögmund Jónasson að fara varlega í að hallmæla þeim réttarbótum sem koma frá Brussel í ljósi þeirrar byltingar sem tilskipanir Evrópusambandsins hafa fært íslensku launafólki með auknum réttindum og réttarbótum.

[12:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikill misskilningur. Þær byltingar sem hafa verið framkvæmdar íslensku launafólki til handa hafa orðið til innan lands og koma ekki frá Brussel. Stærstu framfaraskref sem hér hafa verið stigin á liðnum árum eru á sviði lífeyrismála, á sviði fæðingarorlofsmála svo dæmi séu tekin. Þar stöndum við Evrópuþjóðum og Evrópusambandinu langt framar.

Hv. þm. er þá væntanlega að vísa til fæðingarorlofsins sem er réttur til orlofs í tengslum við fæðingu, en er launalaust. Þau skref sem við höfum hins vegar stigið hér, að frumkvæði íslenskrar verkalýðshreyfingar og oft í góðu samstarfi við stjórnvöld, hafa orðið til hér innan lands. Og við skulum ekki gera lítið úr okkar eigin framtaki á þessu sviði í stað þess að horfa alltaf til Brussel.

Varðandi þessar klisjukenndu 80% lagasetningar, þá er þar að uppistöðu til lagasetning sem allir eru sammála um, sem embættismenn hafa komið sér saman um margvíslega stöðlun, viðskipti á ýmsum sviðum sem enginn deilir um og sem unnið er iðulega að á heimsvísu.

Það sem skiptir hins vegar máli fyrir íslenskt þjóðfélag er að við látum ekki segja okkur fyrir verkum um hvernig við skipuleggjum grunnþjónustu samfélagsins, hvort sem um er að ræða vatnið, raforkuna, símann, skolpið eða aðra þætti. Eða sölu og dreifingu á áfengi, auglýsingar á áfengi og tóbaki o.s.frv. Þar hef ég stórar efasemdir um það sem Brussel segir okkur fyrir um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2000, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 377.

[12:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000 sem dreift hefur verið á þskj. 377. Frv. var lagt fyrir Alþingi á vorþingi en var þá ekki afgreitt og er nú endurflutt óbreytt.

Frv. er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir árið 2000. Framsetning á talnaefni þessa frv. er í samræmi við fjárlög og fjáraukalög ársins 2000 og niðurstöður ríkisreiknings fyrir sama ár og er með sama sniði og frv. til lokafjárlaga fyrir árin þar á undan. Í frv. er stuðst við sömu vinnureglur um uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok og í lokafjárlögum fyrri ára.

Efnisatriði frv. eru í stórum dráttum á þá leið að í 1. gr. er leitað heimilda til að breyta fjárveitingum í sama mæli og reikningsfærðar ríkistekjur hafa samkvæmt uppgjöri vikið frá áætlunum fjárlaga. Þar er þá um það að ræða að stofnanir eða verkefni sem fjármögnuð eru með hlutdeild í ríkistekjum fái meiri eða minni heimildir til ráðstöfunar á tekjunum eftir því hvort tekjurnar hafa reynst vera meiri eða minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í 2. gr. frv. er lögð til niðurfelling á stöðu fjárheimilda í árslok, einkum vegna verkefna sem ráðast af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem almannatryggingum, vaxtagjöldum og lífeyrisskuldbindingum. Þar er þá um að ræða afgangsheimildir eða umframgjöld sem ekki flytjast milli ára og koma þar með ekki til breytingar á fjárheimildum ársins á eftir.

Skv. 45. gr. fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir ársins og ónotuðum fjárheimildum sem ekki eru fluttar milli ára. Einnig skal í frv. gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Jafnframt skal í frv. leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins.

Í 37. gr. laganna er heimild til að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsársins og með sama hætti að draga umframútgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Eins og ég gat um eru í 1. gr. frv. lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávika í mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum miðað við fjárlög en nánari skipting á stofnanir og verkefni er í sundurliðun 1. Er um að ræða

breytingar í samræmi við niðurstöður ársins 2000 þar sem útgjaldaheimild er hækkuð í vissum tilvikum sem lögboðnar ríkistekjur hafa reynst vera vanáætlaðar en er lækkuð þegar tekjurnar hafa verið ofáætlaðar.

Sem dæmi um þetta má taka að í frv. er gert ráð fyrir að framlag til Forvarnasjóðs hækki um 2,7 millj. kr. þar sem hlutdeild sjóðsins í áfengisgjaldi skilaði meiri tekjum en áætlað var.

Í 2. gr. frv. er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum ráðuneyta sem ekki flytjast á milli ára og vísa ég til nánari skiptingar í sundurliðun 2. Í sumum tilfellum eru heimildir felldar niður í árslok og er þar um nokkuð hefðbundna afgreiðslu að ræða sem lítið breytist á milli ára. Meginviðmiðunin er að felld er niður staða fjárheimilda á þeim liðum þar sem útgjöld ráðast af öðrum lögum, t.d. bótaréttindi velferðarkerfisins eða af hagrænum eða kerfislægum þáttum, t.d. lífeyrisskuldbindingar, fremur en að útgjöldin ráðist af fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila.

Í þessu sambandi er til skýringar rétt að vekja athygli á því að afgangsheimildir framhaldsskóla sem frv. gerir ráð fyrir að falli niður, samtals 583 millj. kr., áttu rætur að rekja til rekstrarstöðvunar vegna verkfalls kennara árið 2000 og var skólunum veitt sérstakt framlag árið eftir til að mæta kostnaði við að ljúka kennslu og prófum.

Í fylgiskjali með frv. er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins, þ.e. yfirlit yfir stöðu fjárlagaliða sem færast til næsta árs.

Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 2000 og vísa ég til greinargerðar í fjáraukalögum og í ríkisreikningi fyrir það ár um meginatriðin í framvindu ríkisfjármálanna og um helstu frávik hvað varðar tekjur og gjöld.

Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings árið 2000 og um hana hefur verið fjallað í fjárln.

Ég hef, herra forseti, aðeins farið almennum orðum um frv. og hlutverk þess í tengslum við lög um fjárreiður ríkisins. Ég tel ekki ástæðu til að tíunda einstaka liði í frv. sem varða uppgjör samkvæmt fyrirliggjandi reikningum en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 400. mál (net, umbúðir o.fl.). — Þskj. 536.

[12:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Í upphafi má geta þess að lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, öðluðust gildi 1. janúar 2003 og frá sama tíma tók Úrvinnslusjóður til starfa.

Þegar frv. til laga um úrvinnslugjald var lagt fram var ljóst að nauðsynlegt væri að gjaldtaka samkvæmt lögunum yrði endurskoðuð reglulega sem og hvaða vörur skyldu bera úrvinnslugjald enda er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 4. gr. laganna að svo skuli vera. Í því ákvæði er kveðið á um að umhvrh. leggi fram, að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs, tillögu til fjmrh. um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur og að fjmrh. flytji frv. á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds.

Eins og rakið er í greinargerð með frv. þessu eru með því lagðar til fimm breytingar á lögum um úrvinnslugjald. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar vegna veiðarfæra þar sem bætt er við nýjum viðauka um veiðarfæri og fjárhæðum vegna þessa vöruflokks. Einnig er lagt til að gjaldtöku vegna veiðarfæra verði frestað um eitt ár þar sem komið hefur í ljós að lengri tíma þarf til að undirbúa framkvæmd þessarar gjaldtöku.

Í öðru lagi er lögð til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalds á tiltekna vöruflokka. Að fenginni reynslu hefur stjórn Úrvinnslusjóðs gert tillögu til umhvrh. að breytingu úrvinnslugjalds í nokkrum vöruflokkum til þess að ná því markmiði laganna að hver uppgjörsflokkur standi undir sér og sé fjárhagslega sjálfstæður, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. laga um úrvinnslugjald. Tillögur að breytingum á fjárhæðum úrvinnslugjalds eru grundvallaðar á þeirri meginreglu að ná skuli jöfnuði í afkomu hvers vöruflokks á næstu fimm árum.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um að fella út tollskrárnúmer til gjaldtöku og bæta öðrum við. Er sú tillaga sem fyrr byggð á tillögu Úrvinnslusjóðs til umhvrh.

Í fjórða lagi er lagt til að álagningu úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir verði frestað enda krefst sú álagning töluverðrar undirbúningsvinnu áður en hægt er að hefja gjaldtöku á þessa vöruflokka, m.a. vegna þess hve víða pappírs-, pappa- og plastumbúðir koma fyrir í vöruframleiðslu og innflutningi.

Loks er í fimmta lagi lagt til að bifreiðar sem undanþegnar eru bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laganna beri úrvinnslugjald einu sinni á ári í stað tvisvar eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Úrvinnslugjaldið verður óbreytt, eða 1.040 kr. á ári, en verður innheimt einu sinni á ári í stað tvisvar miðað við tillöguna sem fram kemur í frv. Lagt er til að gjalddagi verði 1. júlí vegna þessara bifreiða.

Verði frv. þetta óbreytt að lögum má ætla að tekjur af úrvinnslugjaldi og spilliefni hækki um tæpar 33 millj. kr. á ári frá því sem þær annars hefðu orðið. Á móti kemur að áætluð 30 millj. kr. álagning á veiðarfæri frestast um eitt ár og áætluð 320 millj. kr. álagning á umbúðir frestast ótímabundið, eða þar til ný ákvörðun liggur fyrir hvað þessar vörur varðar.

Áhrifin á ríkissjóð eru helst þau að á meðan frestað er upptöku úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir er líklegt að á móti minni umsýslukostnaði verði árlegar tekjur ríkissjóðs af 0,5% umsýslugjaldi um 1,6 millj. kr. lægri en þær hefðu orðið að óbreyttum lögum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

[12:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er vegna þess að ég átti sæti í umhvn. á síðasta kjörtímabili að það vakti athygli mína sem hér er verið að leggja til. Mér finnst ástæða til að gera við það athugasemdir en þar á ég við þessa frestun á því að taka úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum vegna þess að ég þóttist hafa orðið var við það í störfum nefndarinnar á síðasta kjörtímabili að þrýstingur frá sjávarútveginum um að fresta

sem lengst því að taka á þeim málum hefði undarlega mikil áhrif á stjórnvöld, eins og svo sem í fleiri málum. Nú er lagt til að þessari gjaldtöku verði frestað um eitt ár og ég sé ástæðu til að gera athugasemd við það. Ég fer fram á það að í hv. nefnd fari menn yfir málin og skoði hvort það eru raunverulegar haldbærar ástæður fyrir því að fresta því að taka upp úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum.

Ég geri líka athugasemdir við það að ákveðið skuli vera að fresta ótímabundið upptöku úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir. Fyrir umhvn. þvældust málefni af sumu tagi og það var útgerðin hvað varðaði þetta sem ég nefndi hér áðan og það var síðan pappír og pappírsumbúðir vegna þess að einhverjir hafa þar hönd í bagga og geta staðið á bremsunni.

Erindi mitt hingað í ræðustól er fyrst og fremst að vekja athygli á því að þarna standa menn ekki nógu vel í fæturna og ég hvet nefndina til að fara vel ofan í málið aftur, velta því fyrir sér og kalla fram nákvæmar upplýsingar um hvað það er sem stendur í vegi fyrir því að hægt sé að taka á þessum málefnum hvað varðar pappír og gerviefni sem eru notuð í veiðarfæri því að mér finnst vera brögð að því að það gangi ekki sama yfir alla í atvinnurekstri þegar verið er að setja nýjar reglur eins og þessar.

[12:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar varðandi það sem kom fram í ræðu hans og rifja um leið upp að umhvn. Alþingis sem fjallaði um þetta mál, fyrir tæpum tveimur árum ef ég man rétt, fór mjög ítarlega ofan í saumana á þessu öllu saman. Það var vilji nefndarinnar þá að veiðarfærin yrðu sett inn frá og með 1. janúar 2004 og það var mjög vandlega skoðað af hálfu nefndarinnar að það yrði framkvæmanlegt. Sama gildir um umbúðirnar, umhvn. var samhljóða í þeirri afstöðu sinni. Hún vann málið afskaplega vel og ígrundaði bráðabirgðaákvæðin mjög vel þegar þau voru sett í lögin.

Mér finnst hæstv. fjmrh. þurfa að gefa okkur einhvern rökstuðning fyrir því sem er haldbetri en rökstuðningur umhvn. frá síðasta kjörtímabili fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Ég ætla auðvitað þeirri umhvn. sem nú starfar að hún taki þetta mál fyrir og skoði þau gögn sem lágu fyrir nefndinni á sínum tíma þegar þessar ákvarðanir voru teknar en ég vil bara að það sé algjörlega hreint hér og allir skilji það og viti að umhvn. var samhljóða í ályktun sinni, í nál. sínu, þegar þessar breytingar voru lagðar til við lögin og þegar bráðabirgðaákvæðið var samið. Við töldum afar mikilvægt að þessu yrði komið á í áföngum. Við töldum okkur vera að veita rúman tíma til þess og ég tel ekki vera þau tilefni til hér að lengja þessa fresti enn meir en umhvn. taldi á sínum tíma að þyrfti að vera. Ég held að umhvn. sú sem nú starfar þurfi að fara mjög vel ofan í þessi mál og röksemdafærsla ráðuneytisins þarf þá að vera alveg á hreinu ef það á að sannfæra nefndina um að þessi breyting sé til góðs.

[12:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að þingmenn spyrji spurninga varðandi þetta frv. og framkvæmdina á lögunum um úrvinnslugjald sem nú er að mótast. Það er hins vegar þannig að þó að þetta málefni heyri undir umhvrh. og úrvinnslan á úrvinnslugjaldinu sé þar til húsa, og Úrvinnslusjóður, er gjaldtakan eðli málsins samkvæmt á forræði fjmrh. Ég flyt hér tillögur sem eiga uppruna sinn í stjórn Úrvinnslusjóðsins sem hefur komið þeim til ráðuneytis síns sem hefur síðan í samráði milli ráðuneytanna tveggja búið til þær tillögur sem eru í þessu frv.

En hvað er verið að leggja hérna til? Það er m.a. verið að leggja til að framkvæmdinni á álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri verði frestað um eitt ár vegna þess að að mati þeirra sem sitja í stjórn Úrvinnslusjóðs þarf þetta mál lengri aðdraganda. Ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp úr greinargerð með 3. gr. frv. þar sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að hafa lengri aðdraganda að álagningu þar sem nætur og hugsanlega fleiri veiðarfæri eru gjarnan boðin út með nokkrum fyrirvara og því viðbúið að þau séu í vinnslu og þurfi að greiða af þeim úrvinnslugjald án þess að tekið hafi verið tillit til þess í tilboði." — Sem sagt, ef gjaldið kemur á um næstu áramót.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þá er hægt að skoða nánar hvernig best er að standa að endurgreiðslu vegna útflutnings og kanna leiðir til að einfalda innheimtu á innlenda framleiðslu eins og gert er t.d. með innheimtu á samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur. Þá þarf einnig að kanna leiðir til að tryggja samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda vegna veiðarfæra sem tekin eru beint í skip þegar þau eru keypt erlendis og notuð áður en komið er með þau að landi hér. Þá er erfitt fyrir innheimtumenn ríkissjóðs að sannreyna hvort þau eru ný eða ekki og leggja á þau úrvinnslugjald."

Þetta er skýringin varðandi veiðarfærin. Hér er eingöngu um að ræða frestun.

Varðandi pappann og þá þætti sem einnig var minnst á, pappír, pappa og plastumbúðir, er því haldið fram að undirbúningur fyrir slíka gjaldtöku sé ekki enn sem komið er nægur og það krefjist töluverðrar undirbúningsvinnu að hefja gjaldtöku á þessa vöruflokka vegna þess hversu víða þeir komi fyrir í vöruframleiðslu og innflutningi. Nú er unnið að því á vegum Úrvinnslusjóðs að undirbúa álagninguna á þessa vöruflokka og fyrirhugað að þegar það liggur fyrir verði flutt nýtt frv. um það, vonandi þá við fyrsta tækifæri, vonandi á yfirstandandi þingi.

Þetta eru þær skýringar, herra forseti, sem ég vildi leyfa mér að koma hér að í tilefni af ummælum hv. tveggja síðustu ræðumanna. Ég vona að þetta skýri málið a.m.k. að einhverju leyti fyrir þeim. Að öðru leyti tel ég mjög eðlilegt að þingnefndin sem fær þetta mál til meðferðar afli frekari upplýsinga, hugsanlega umhvn. þingsins líka, en ég bendi þó á að vegna tímaákvæða í þessu frv. er brýnt að það nái fram að ganga fyrir jólaleyfi vegna þess að það gerir ráð fyrir því að fresta gjaldtöku sem ella hæfist um næstu áramót.

[12:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær skýringar sem hér eru gefnar og vil segja að það gætti misskilnings hjá mér þegar ég kom hér hlaupandi inn í hús og sá að úrvinnslugjaldið var komið til umræðu. Misskilningurinn er sá að ég taldi náttúrlega eðlilegt að umhvn. fengi málið til umfjöllunar þó að hæstv. fjmrh. tali fyrir því. Svo kemur á daginn þegar farið er að skoða málið betur að hér er um gjaldtökuþætti laganna að ræða, þannig að eðlilegt er að hæstv. fjmrh. tali fyrir þeim. Ég vil hins vegar láta í ljósi þá ósk

hér og þá ekki síður við hæstv. forseta að málinu verði vísað til umhvn. því þessi ákvæði eru komin til vegna þrýstings, beiðni og vinnu umhvn. á sínum tíma. Málið var lengi til vinnslu í nefndinni á árinu 2001–2002 og færð voru fyrir því mjög gild rök að þessar leiðir yrðu farnar og þessi tímamörk voru sett. Mér finnst þau rök ekki sannfærandi sem koma fram í máli hæstv. fjmrh. og eru tíunduð í athugasemdum um 3. gr.

Ég tel að þeir aðilar sem hafa átt að undirbúa þessa gjaldtöku hafi haft nægan tíma og ef hægt er að byrja að leggja á úrvinnslugjald vegna heyrúlluplasts 1. janúar 2004, þá spyr ég: Hvers vegna hafa menn þá ekki verið að vinna heimavinnuna sína varðandi veiðarfæri úr gerviefni? Ég tel að menn hafi haft nægan umþóttunartíma og öllum hafi verið ljós þessi vilji umhvn., þ.e. að koma skikki á þessi mál því það hefur verið í miklum ólestri hvernig gengið hefur verið frá veiðarfærum og heyrúlluplasti hingað til. Ekki hefur verið fyrir það farvegur varðandi endurvinnslu eða úrvinnslu. Og sá farvegur þarf að koma sem allra, allra fyrst og þess vegna sé ég ekki annað en að við ættum að geta staðið saman að því að koma þessu á, eins og lögin sem nú gilda gera ráð fyrir.

[12:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess, eins og hv. þm., að draga í efa það mat þess sérfróða fólks sem kemur fram í frv. að ekki sé tímabært að taka upp þá gjaldtöku sem nú er lagt til að fresta vegna þess að undirbúningur sé ekki nægur. Ég hef engar forsendur til þess að draga það í efa. Við þurfum auðvitað að gera okkur grein fyrir því að við erum að fara inn á alveg nýtt svið sem ég held að sé reyndar löngu tímabært að við gerum og mjög ánægjulegt að við skyldum ná samstöðu um að afgreiða lögin um úrvinnslugjaldið. En því máli fylgja hins vegar ýmsar byrðar sem verið er að leggja á, sérstaklega á aðila í atvinnulífinu sem munu hafa með þetta að gera og þurfa að greiða þau gjöld. Mér finnst ekki óeðlilegt að við reynum að taka eilítið tillit til þess þegar verið er að koma þessari framkvæmd þannig fyrir að hún geti síðan staðist til langframa og gengið snurðulaust fyrir sig.

Ég held að það sé ekki stórmál hvort einn vöruflokkur eða tveir doki við meðan verið er að finna varanlegan umbúnað utan um þetta. Plastumbúðir, pappírsumbúðir og annað þess háttar eins og við vitum náttúrlega öll er auðvitað heilmikið mál að halda utan um. Svoleiðis að kannski þarf nú að hugsa það mál alveg til hlítar áður en ráðist er í þá framkvæmd. Og ég tel að það sé betra að gera það að vel undirbúnu máli heldur en að fara út í einhverjar aðgerðir í því sambandi sem síðan ganga ekki upp. Þannig að efnislega held ég að við séum alveg sammála um þetta.

Hvað varðar meðferðina í þinginu þá geri ég enga athugasemd við það að þetta mál hafi viðkomu í umhvn. En eins og ég segi, ég legg áherslu á að vegna dagsetninga í málinu verði þeirri meðferð alla vega hraðað.

[12:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með þann tón í ræðu hæstv. fjmrh. sem lýtur að prinsippinu í þessu máli. Mér þykir það mikils virði að hæstv. ráðherra lýsi því yfir að hann sé hlynntur því að þessum málum sé komið í þann farveg sem lögin gera ráð fyrir. Ég vil benda á að ekki þarf að vera mikill dráttur á umræðum um málið í nefndunum þó svo að umhvn. fái málið til einhverrar skoðunar, þar sem við erum með nefndadaga í næstu viku bæði 8. og 9. desember.

Varðandi hins vegar það atriði í andsvari hæstv. ráðherra sem lýtur að aðilum atvinnulífsins, þá er auðvitað eðlilegt að upplýsa það hér að það voru aðilar atvinnulífsins sem mótmæltu á sínum tíma og svona þráðust við, vildu ekki þegar umhvn. var að fjalla um þetta mál, að þessu ákvæði yrði komi á, vildu ekki tímasetninguna. Og ég er að segja að hæstv. ríkisstjórn hlustar oft betur og með opnari eyrum á aðila atvinnulífsins, sem í þessu tilfelli eru t.d. Landssamband íslenskra útvegsmanna að því er ég tel, heldur en þá aðila sem vilja koma úrgangsmálum í skikkanlegt horf.

Ég tel það ámælisvert. Ég tel að ábyrgð ríkisstjórnarinnar eigi fyrst og fremst að hvíla á eða lúta að því að við komum úrgangsmálum og förgunarmálum í það horf sem nágrannaþjóðir okkar hafa verið að færa þau mál til. Þetta mál lýtur í þá átt og þó að atvinnulífið vilji fara hægar í sakirnar og draga lappirnar og telji ekki að þeir hafi haft umþóttunartíma, þá tel ég það alls ekki vera rétt. Umþóttunartíminn hefur verið nægilega langur því frv. kom fram á sínum tíma árið 2001 og menn sáu í hvað stefndi varðandi vilja umhvn. og löggjafans á þeim tíma og hafa haft nægan tíma til að undirbúa sig.

[12:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra er nú svolítið í umboði umhvrh. með þetta mál og ég skil það svo sem að hann flytji málið án þess að hafa tekið kannski beint þátt í mótun þess. Umhvrh. hefur hins vegar skrifað upp á þessar tillögur en ég er ekki ánægður með þetta. Ég tel mig reyndar hafa orðið mikið var við þrýsting frá hagsmunaaðilum þegar á þessari meðferð stóð og mér fannst sá þrýstingur vera áberandi úr sjávarútveginum, frá forustunni hjá LÍÚ og aðilum, sumir nefndu nú Moggann í því sambandi vegna pappírsins, sem eiga mikið undir því að þurfa ekki að fara að borga úrvinnslugjöld. Og það eru kannski fleiri sem núna þyrftu að bera þungar byrðar vegna pappírs, því það er eins og maður sé farinn að fá meiri pappír annars staðar frá en Mogganum núna. Mér finnst að það atriði að fresta því ótímabundið að taka á þessum málum hvað varðar pappír og umbúðir sé verra mál en hitt að standa frammi fyrir því að frestað sé um eitt ár hvað varðar veiðarfæri úr gerviefnum. En allt er þetta með sama markinu, að við fundum fyrir þessu þyngslum í nefndarstarfinu og menn halda áfram að vinna og smám saman hola steininn og það er alltaf gefið eftir hjá stjórnvöldum þegar að lokum er komið.

[12:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan. Ég geri mér vonir um og vænti þess að niðurstaða komist í framkvæmdina varðandi pappírs- og plastumbúðir og þann flokk þannig að við getum afgreitt það á þinginu í vetur. Og dagsetning liggi þá fyrir hvað varðar álagningu úrvinnslugjalds á þessa vöruflokka. Á það var bent af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að heyrúlluplastið er inni í lögunum og það ákvæði mun koma til framkvæmda um næstu áramót. Þar er búið að finna leið til að gera þetta skilmerkilega. En það hefur ekki alveg gengið varðandi aðrar pappa- og plastumbúðir en mun vonandi takast mjög fljótlega. Ég geri mér vonir um það.

[12:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé full ástæða til að fara yfir þetta mál, hvort yfirleitt sé nokkur þörf á því að samþykkja þetta. Mér finnst að báðar hv. nefndir sem taka þetta fyrir eigi nú bara að skoða það vandlega hvort yfirleitt sé nokkur þörf á því. Ég get ekki séð annað en menn hafi haft þessi lög fyrir framan sig í tvö ár, eitthvað svoleiðis, a.m.k. vitað af öllu sem til stóð í heil tvö ár og hafi getað undirbúið sig vel undir það, því ekki voru þeir ánægðir með það sem átti að gera, og hafa þess vegna verið mjög meðvitaðir um hver vandamálin væru og sjálfsagt verið að undirbúa sig undir að leysa þau, nema þeir hafi minnst þess sem svo oft hefur verið að þeim hafi tekist að fá lögum frestað og ákvæðum frestað í lögum, því ekki eru svo fá dæmi um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:43]

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2004, 1. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 566; frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 567.

Menningartengd ferðaþjónusta, 298. mál, svar samgrh., þskj. 549.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 328. mál (trúnaðarlæknir). — Þskj. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 1. umr.

Stjfrv., 342. mál (einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES-reglur). — Þskj. 416.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lokafjárlög 2000, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 400. mál (net, umbúðir o.fl.). — Þskj. 536.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv.

[13:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. sem heyrir undir umhvn. Alþingis og hæstv. umhvrh., en þetta er breyting á lögum um úrvinnslugjald. Ákvæðin sem gert er ráð fyrir að breytist með þessu frv. eru þess eðlis að þau fengu mjög mikla umfjöllun í hv. umhvn. á sínum tíma og þau komu beinlínis inn í frv. sem fjallað var um á árinu 2002 að tilhlutan og frumkvæði nefndarinnar.

Ég tel því að málið eigi að fara til umfjöllunar í hv. umhvn. þar sem það er þannig vaxið að það sé á forræði hennar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti innir hv. þm. eftir því hvort hún hafi verið með tillögu um að vísa málinu til umhvn.)

Já.

(**Forseti** (GÁS): Þá liggur það fyrir.)

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 38:17 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, KLM, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞBack, ÖS.

nei: ÁÓÁ, BjörgvS, GMJ, GAK, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÁ, VF, ÖJ, ÖB.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (BH, GÞÞ, HBl, JBjart, LB, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé á töflunni að hv. þm. hafa ekki tekið tillögu mína hér áðan gilda þannig að þeir ætla að taka þá ákvörðun að vísa málinu til hv. efh.- og viðskn. Þá langar mig til að óska eftir því hér að hv. efh.- og viðskn. vísi málinu til umsagnar í umhvn. Það er mjög nauðsynlegt að umhvn. fái þetta mál til skoðunar.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 563, 564 og 565. — Afbrigði samþ. með 57 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla fjárlaga.

[13:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í morgun setti stjórnarandstaðan fram þá kröfu að áður en gengið yrði til 3. umr. fjárlaga lægi fyrir álit lögfræðinga sem efh.- og viðskn. hefur kallað eftir og snertir umdeilt gildistökuákvæði varðandi vaxtabætur. Tveggja álita hefur verið leitað, annars vegar af hálfu efh.- og viðskn. sem upplýst var í morgun að ekki yrði tilbúið fyrr en mánudaginn kemur og síðan hefur fjmrn. einnig leitað álits á þessu umdeilda ákvæði.

Í hádeginu var boðað til fundar í efh.- og viðskn. að ósk stjórnarandstöðunnar þar sem m.a. var kynnt álit sem er tilbúið, sem fjmrn. kallaði eftir varðandi þetta ákvæði.

Niðurstaða lögfræðiálitsins er sú að dregið er í efa að ákvæði í frv. um tekjuskatt og eignarskatt varðandi vaxtabætur standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Fulltrúar ráðuneytisins sem mættu á fund nefndarinnar boðuðu að ákvæðið yrði dregið til baka en um leið var lögð fram í efh.- og viðskn. ný breytingartillaga í stað þeirrar sem var fallið frá varðandi gildistökuákvæðið. Um er að ræða að í stað þess að lækka eigi hámarkshlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta úr 7% í 5,5% þá er nú áformuð flöt 10% skerðing á allar útgreiddar vaxtabætur sem fólk ávann sér á þessu ári.

Það eru ótæk vinnubrögð, herra forseti, að koma svona seint fram með þessa tillögu og ekki síst teljum við fulltrúar Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. líka að þetta nýja ákvæði sem verið er að setja fram stangist á við stjórnarskrána. Ég minni á að í þessu áliti lögfræðingsins er mikið vísað til öryrkjadómsins nýja frá 16. október 2003. Í því máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hinni umdeildu skerðingarreglu yrði ekki beitt afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma — á þeim tíma — þegar réttur til bóta stofnaðist og að þessi kröfuréttindi nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Það er einmitt með hliðsjón af þessu að við teljum að hin nýja útfærsla sem fjmrn. tilkynnir núna muni ekki standast ákvæði stjórnarskrárinnar. Þess vegna teljum við, herra forseti, að fjárlagafrv. sé í uppnámi og erum nákvæmlega sömu skoðunar og í morgun að ekki sé hægt að ræða fjárlagafrv. fyrr en niðurstaðan liggur fyrir í því áliti sem við kölluðum eftir hjá Lagastofnun Háskólans og við óskuðum eftir því á fundi efh.- og viðskn. í morgun að Lagastofnun Háskólans fengi líka til úrvinnslu þá nýju útfærslu sem fjmrn. hefur boðað.

[13:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það hefur verið til skoðunar á undanförnum vikum í kjölfar hins svokallaða öryrkjadóms hvort hugsast gæti að ákvæði í frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem hér er til meðferðar orkuðu tvímælis hvað varðar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í ítarlegu lögfræðiáliti frá Skúla Magnússyni dósent sem unnið var á vegum ráðuneytisins kemur fram að hugsanlegt sé að svo kunni að vera. Það er niðurstaða hans að hætta sé á því að dómstólar teldu umrædda skerðingu vaxtabóta andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing gæti verið veruleg.

Nú er auðvitað ekki þar með sagt að hægt sé að fullyrða að þessi ákvæði standist ekki stjórnarskrána þó að þetta standi í þessu lögfræðiáliti. Eigi að síður er það niðurstaða mín sem fjármálaráðherra og ráðuneytis míns og jafnframt niðurstaða ríkisstjórnarinnar að taka ekki áhættuna af því.

Þess vegna munum við leggja til, eins og þegar er komið fram í efh.- og viðskn., að þessum ákvæðum verði breytt, enda segir í áliti lögmannsins, með leyfi forseta:

„Öðru máli gegndi ef um væri að ræða hlutfallsskerðingu vaxtabóta fyrir árið 2003 hjá öllum rétthöfum samkvæmt núgildandi reglum enda væri þá um að ræða tiltölulega litla skerðingu fjárhagslegra hagsmuna sem grundvallaðist á efnislegum mælikvarða og kæmi niður á mjög stórum hópi manna.“

Það er á þessum forsendum sem sú breytingartillaga er til orðin sem kynnt hefur verið í efh.- og viðskn. Hún mun fá sína umfjöllun þar. Við höfum ekki rekið á eftir því að það mál væri afgreitt. Það er mjög eðlilegt að gera það eftir helgina, hinkra eftir því áliti sem efh.- og viðskn. hefur beðið eftir. En það hefur engin áhrif að mínum dómi á þær fyrirætlanir sem lúta að efnislegum hliðum fjárlagafrv. og alveg ástæðulaust að gera því skóna að ekki sé unnt að taka það mál fyrir hér eins og ráðgert hefur verið og öllum kunnugt.

[13:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tel fráleitt annað en að frestað verði 3. umr. um fjárlög. Við erum hér að tala um veigamikinn hluta fjárlaganna, á sjöunda hundrað millj. kr.

Hæstv. ráðherra leyfir sér að segja að hann ætli að hinkra fram yfir helgi. En á sama tíma vill hann umræðu um fjárlögin og væntanlega afgreiðslu fjárlaga á morgun. Þetta vinnulag gengur ekki. Efh.- og viðskn. þingsins treystir sér ekki til þess að afgreiða út úr nefndinni tillögur fjmrh. vegna þess að þær þykja orka tvímælis. Þar eru álitamál á ferðinni.

Þetta snýst um skerðingu á vaxtabótum. Tillaga ríkisstjórnarinnar gekk út á það að skerða á grundvelli réttar sem þegar hefur verið stofnað til. Vegna þess að skerðingin tekur til tiltekins hóps — tiltekins hóps — en ekki allra þá er talið að þetta kunni að stríða gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrár landsins. Þess vegna er ríkisstjórnin komin með nýtt ráð. Í stað þess að ráðast á lítinn hluta húsnæðiskaupenda á núna að ráðast á alla húsnæðiskaupendur. Það á að skerða bætur til allra. Við teljum að hér kunni enn að vera álitamál á ferðinni. Við erum þegar allt kemur til alls að fjalla um stjórnarskrá lýðveldisins. Við erum að hvetja til varfærni. Þess vegna leggjum við til að 3. umr. fjárlaga verði skotið á frest. Við bíðum eftir nauðsynlegum lögfræðiálitum sem allir eru sammála um að þingið verður að fá til skoðunar og tökum síðan til hendinni í byrjun næstu viku. Þetta er okkar tillaga, ekki bara tillaga, þetta er krafa okkar.

[13:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi krafa er alveg fráleit og stangast algjörlega á við allar venjur þingsins, áratuga venjur. Það er mjög þekkt, eins og menn vita, að fjárlögin eru byggð á fjölmörgum afgreiðslum sem á eftir að afgreiða af hálfu þingsins. Iðulega eru meira að segja stórir hlutar af ákvörðunum gerðar með lögum eftir jól, í mars, apríl eða maí. Þar er um að ræða ákvarðanir sem snúa að tekjuöflun, niðurskurði o.þ.h. Fjárlögin eru byggð á setningu reglugerðarfjölda frá heilbrrh., menntmrh. og öðru slíku sem menn vita ekkert um á því stigi hvernig fer. En ríkisstjórnarmeirihlutinn á þinginu skuldbindur sig auðvitað til þess að vinna að því

að lagagrundvöllurinn og innheimtureglur af þessu tagi séu til staðar svo að fjárlögin standist. Það eru fullt af öðrum hlutum sem menn gætu nefnt til sögunnar sem menn gætu ætlað að væru afturvirkir hlutir sem ekki eru gagnrýndir hér. Til að mynda hefur fjöldi manna sjálfsagt gert ráð fyrir því að hátekjuskatturinn mundi falla niður og unnið út frá því, því lögin voru dottin út. Ég heyri ekki að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé að mótmæla því að hátekjuskatturinn sé inni. Er hann að mótmæla því að það sé um afturvirka ákvörðun að ræða? Eða fer það bara eftir eigin vali og ábendingu og eigin smekk? (**ÖJ:** Það fer eftir því ...) Það fer eftir því hvort honum líka lögin eða ekki.

En það er ekkert á móti því að fjárlagafrv. sé afgreitt með þessum hætti. Síðan er það verkefni þingmeirihlutans að tryggja það að lagagrundvöllur og reglugerðargrundvöllur sé fyrir hendi til þess að tryggja stöðu fjárlaganna.

[13:48]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú er ljóst, rétt áður en 3. umr. um fjárlagafrv. hefst, að mörg lagafrv. eru óafgreidd sem tengjast því. Sumum hefur ekki einu sinni verið dreift hér í þingsölum. Til þess að kóróna þetta ferli, var frétt í Ríkisútvarpinu í hádeginu sem fjallaði um það að ákveðnar forsendur fjárlagafrv. væru ekki lengur til staðar, ríkisstjórnin hefði ákveðið að breyta vissum hlutum sem höfðu verið boðaðir í fjárlagafrumvarpinu.

Nú er það að vísu ekki staðfest, en það er nauðsynlegt að hæstv. félmrh. staðfesti hvort frétt Ríkisútvarpsins er rétt. Það segir m.a. í frétt Ríkisútvarpsins nú í hádeginu þar sem verið var að fjalla um þær tillögur sem gerðar voru varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð. Hér segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan er að ekkert verður úr því að hætta að greiða bætur fyrstu daga í atvinnuleysi, enda samkvæmt heimildum fréttastofu var ekki meiri hluti fyrir því á þingi."

Herra forseti. Það er rétt að taka það fram að það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að hætta við þennan gjörning, sem var eiginlega hápunktur alls þess sem í hugarheimi þeirra ágætu herra fannst.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort við eigum von á því að fá leiðréttingar á fjárlagafrv. fyrir 3. umr., eða a.m.k. brtt. komi hér í þingsal á meðan við ræðum frumvarpið því það er auðvitað algjörlega óviðunandi að ríkisstjórnin sé að ákveða slíka hluti án þess að þeir berist fjárln. sem er að vinna í frumvarpinu. Þetta er nú því verr og miður enn einn dropinn í þetta safn sem við höfum verið að safna í í haust. Það er greinilegt að framkvæmdarvaldið hefur algjörlega gleymt því að fjárlagafrv. er í vinnslu hjá löggjafarvaldinu. Því er nú verr og miður að þetta er ekki það eina sem þurft hefur að gera athugasemdir við á þessum haustdögum.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort frétt Ríkisútvarpsins sé rétt eða röng. Og ef fréttin er rétt, megum við þá ekki búast við því að fá a.m.k. einhverja brtt. við fjárlagafrv. svo að það sé eitthvert samhengi í gerðum ríkisstjórnarinnar?

[13:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spyr hvort frétt Ríkisútvarpsins frá því í hádeginu sé rétt? Svar mitt er nei. Hún er röng. Það hefur engin ákvörðun verið tekin í þá átt sem lýst var í fréttinni. Engin ákvörðun verið tekin um annað en að leggja þetta mál fram.

[13:51]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég harma yfirlýsingu hæstv. félmrh. um að ekki standi til að falla frá þeirri aðför að atvinnulausum sem boðuð var. En hæstv. forsrh. sagði hér áðan að slík afgreiðsla á fjárlögum væri alvanaleg og hefði tíðkast um áratugi. Nú er ég nýr hér í þinginu, en ég verð að segja að það skýrir fyrir manni hvers vegna fer fyrir fjárlögum eins og raun ber vitni, að það þarf að koma með aukafjárlög upp á 17 milljarða kr., að það þarf að koma með lokafjárlög sem eru 35 milljörðum kr. frá upphaflegum fjárlögum. Það skýrir fyrir manni hvers vegna sólskinsfrumvarpið breytist í tunglmyrkva þegar til framkvæmdarinnar kemur ef ekki er betur staðið að framkvæmdinni en raun ber vitni.

Hér hafa verið tilfærð dæmi um að kostnaðarmörk týnist í blaðahrúgum frá því í apríl uppi í heilbrigðisráðuneyti og komast ekki til hæstv. heilbrrh. fyrr en í ágúst. Og hann kemur upplýsingum um hálfan milljarð til og frá, ekki til fjárln., heldur frétti hún það fyrst í nóvember. Hér koma upplýsingar um að það liggi fyrir álit um að ákvarðanir um vaxtabætur kunni að stangast á við stjórnarskrá, að það vanti lögfræðileg álit um ný ákvæði hvað varðar vaxtabæturnar, að hér kunni að hafa verið hætt við skerðingu atvinnuleysisbóta, eða ekki. Við hljótum að spyrja, virðulegur forseti: Eru fleiri atriði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gangi ekki eftir eins og hér er lagt fram í fjárlagafrv.? Eru fleiri atriði en vaxtabæturnar og atvinnuleysisbæturnar sem áform eru uppi um að hætta við þrátt fyrir að frv. liggi fyrir með þessum hætti? Og er hægt að ræða yfir höfuð hér í þinginu svo illa undirbúið frumvarp, virðulegur forseti?

[13:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. fjmrh., þegar hann vitnar í eina grein þessa lögfræðiálits, vera að slíta þetta úr samhengi við annað, þegar hann er að réttlæta að hlutfallsleg skerðing sem komi niður á stórum hópi sé heimil. Í álitinu er líka tekið fram að skerðing á greiðslum fyrir árið 2003 sé til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafi íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Hvað er verið að gera með þessari nýju brtt.? Það er verið að skerða hjá þeim sem mesta skerðingu fá um 26.000 kr. hjá hjónum, vaxtabætur á næsta ári vegna vaxtagjalda fyrir þetta ár, og um 14.000 kr. hjá einstaklingum. Það eru verulegir fjármunir fyrir marga.

Og að þetta sé heimilt af því að þetta sé stór hópur en ekki lítill finnst mér vera fráleit röksemd, að það sé heimilt að íþyngja heimilunum með afturvirkum hætti af því það sé stór hópur en ekki lítill.

Ég minni bara á öryrkjadóminn sem slíkan, það var nú ekki mjög stór hópur sem Hæstiréttur var að álykta um að ekki yrði skert afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma þegar réttur til bóta stofnaðist og að þessi kröfuréttindi nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Þetta var ekki mjög stór hópur öryrkja.

Ég held að fjmrn. ætti nú að lesa nánar í þetta ákvæði. Það kom reyndar fram í efh.- og viðskn. að nýja brtt. hefur ekki verið borin undir lögfræðinginn sem gerði þetta álit sem hér hefur verið greint frá. Þess vegna er full ástæða til

þess, og við óskuðum eftir því í efh.- og viðskn., að þessi nýja brtt. þar sem á að skerða hjá öllum um 10%, sem eru verulegar fjárhæðir eins og ég nefndi, og koma með þetta á síðustu stundu, að þetta fari í lögfræðiálit hjá Lagastofnun líka. Vegna þess að ég er sannfærð um það og vísa þar í öryrkjadóminn þar sem var um tiltölulega fámennan hóp öryrkja var að ræða, að þetta er ekki heimilt þó hér sé verið að skerða hjá stórum hópi fólks þar sem beita á íþyngjandi ákvæðum með afturvirkum hætti. Það er alveg ljóst, herra forseti. Þess vegna stendur auðvitað það sem við höfum sagt hér að það er a.m.k. ekki hægt að ljúka þessari umræðu um fjárlögin fyrr en álitið sem kallað hefur verið eftir liggur fyrir, sem verður væntanlega ekki fyrr en í næstu viku.

[13:56]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur verið til hlés í þessari umræðu um fundarstjórn forseta og vill láta það koma fram á þessu stigi máls að umræða um 8. dagskrárlið mun hefjast eins og dagskrá gerir ráð fyrir og tilkynnt hafði verið um, en mun þá jafnframt beita sér fyrir því að þegar líður á daginn verði efnt til fundar með formönnum þingflokka og forustu þingsins til að ræða þær athugasemdir og þau álitamál sem hér eru uppi.

[13:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera hlé á þingstörfum svo að okkur gefist tóm til að gera þingflokkum grein fyrir því sem fram kom í efh.- og viðskn. þingsins. Síðan tek ég undir með hæstv. forseta að það væri æskilegt að efnt yrði til fundar með stjórn þingsins, með forseta þingsins og formönnum þingflokka og við réðum ráðum okkar. Við erum ekki sammála um hvernig skuli halda á málum. Við erum að leggja áherslu á að það sé mikilvægt að fá botn í álitamál sem tengjast stjórnarskrá Íslands.

Hæstv. forsrh. kvaddi sér hljóðs hér áðan og sagði að það stangaðist á við vinnulag þingsins til langs tíma. Gæti það verið að það væri að finna eitthvað í vinnulagi þingsins sem þyrfti að laga? Ef þetta hefur tíðkast til langs tíma er kominn tími til að bæta þar úr. Við erum að tala um veigamikinn þátt fjárlaganna, á sjöunda hundrað millj. kr. og það er álitamál hvernig þessum lið fjárlaganna reiðir af. Okkar krafa er sanngirniskrafa. Við erum að óska eftir því að fá skoðun á þessu máli, fá umræðu um þetta mál, fá þessari umræðu frestað og við leggjum mikla áherslu á að hæstv. forseti og stjórn þingsins fallist á að boðað verði hlé á umræðunni nú þannig að okkur gefist tóm til að kalla þingflokka saman og gera þeim grein fyrir stöðunni. Hér á að fara að efna til umræðu um fjárlög og okkur hefur ekki gefist tóm til að koma upplýsingum á framfæri við okkar samflokksmenn um hvers við urðum áskynja í efh.- og viðskn. þingsins. Það er lágmarkskrafa að við fáum hlé á þinghaldinu nú og okkur gefist tóm til að kalla þingflokkana saman.

[13:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta er misskilningur í hv. þm., vegna þess að fjárlögin taka ekki gildi fyrr en um áramótin. Fjárlögin taki ekki gildi fyrr en þá og fyrir þann tíma er það ætlun ríkisstjórnarflokkanna að vera búnir að tryggja grundvöllinn fyrir tekjuöflun eða niðurskurði hér á þinginu. Það er gert með sérstökum lögum og um þau lög fá menn nægan tíma til þess að fjalla og þurfa ekki að nota umræðu um fjárlögin sérstaklega til þess að fjalla um þau. Þeir fá allan þann tíma sem þingsköp gera ráð fyrir. Þetta er því allt á misskilningi byggt. Eins greindur og hv. þm. er, þá hlýtur þetta að vera með vilja gert að leggja þessa túlkun í málið.

En eins og ég segi — fjárlögin taka ekki gildi fyrr en um áramótin og fyrir þann tíma hefur þingmeirihlutinn ætlað sér að vera búinn að afgreiða þau lög sem hér er verið að tala um. En menn fá allan þann þinglega tíma til þess sem þeir þurfa.

[13:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin fer nú að verða ansi æfð í því að leggja fram mál sem eru á skjön við stjórnarskrána og jafnvel setja lög sem eru síðan dæmd af í Hæstarétti.

Virðulegi forseti. Miðað við fram komnar upplýsingar í þessum ræðustól á undanförnum mínútum, fer ég formlega fram á það að fundinum verði frestað og haldinn fundur með formönnum þingflokka um framhald fundarins í dag.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það er nauðsynlegt að forsn. taki tillit til réttar þingmanna til þess að þeir skynji að þeir hafi rétt í þessum sölum. Hæstv. forseti, Halldór Blöndal, gerði það í morgun þegar hann studdi í reynd þær óskir sem við fluttum fram, að fundur yrði haldinn í efh.- og viðskn. til þess að fara yfir þessi mál. Sá fundur leiddi í ljós að það sem stjórnarandstaðan hafði sagt hér um skeið, að tiltekin ákvæði í frv. til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt stangaðist á við stjórnarskrá, var rétt.

Nú hefur komið fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og annarra hv. þm. að enn telja menn vafa leika á því að sú breyting sem hæstv. fjmrh. hefur boðað að komi í stað hins umdeilda ákvæðis standist stjórnarskrá. Ég held því að það væri ákaflega þarft fyrir þingið, til þess að setja niður þessa deilu, að hæstv. forseti veitti stutt hlé, eins og stundarfjórðung, til þess að þingflokkarnir gætu farið yfir þetta og fulltrúarnir í efh.- og viðskn. gætu kannað þessa nýju stöðu, með það fyrir augum að menn geti síðan komið hér aftur og rætt þetta frv. og þá vonandi leitt það til lykta eins og rætt var áður.

Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt vegna forsögu málsins að þingmenn, ekki síst stjórnarandstöðunnar, fái svolítið tóm til þess að átta sig á þessari nýju stöðu, kanna röksemdirnar sem liggja fyrir í málinu og kanna þá tillögu sem hæstv. fjmrh. hefur boðað. Einungis fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. hafa fengið að heyra þá tillögu eða sjá, ég hef a.m.k. ekki orðið var við að henni hafi verið dreift, og ég held að þetta yrði mjög til þess að ná sátt um málið ef það er hægt.

[14:02]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa yfir vonbrigðum með það sem hæstv. félmrh. tilkynnti hér áðan, að frétt Ríkisútvarpsins í hádeginu væri röng, sem þýðir þá að ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar að halda til streitu tillögum sínum um skerðingu á atvinnuleysisbótum sem þar voru boðaðar. Væntanlega þýðir þetta þá líka að ýmislegt annað í fréttinni er rangt, m.a. það að greiðslur til fiskvinnslustöðva verði ekki inntar af hendi eins og þar segir þannig að hér er greinilegt að menn ætla að halda sig við sama heygarðshornið. Við ræðum það í fjárlagaumræðunni á eftir.

Herra forseti. Viðhorf hæstv. forsrh. vekur alveg sérstaka athygli. Hér höfum við verið á haustdögum að ræða um breytt verklag vegna fjárlaga og það er auðvitað sérkennilegt þegar hæstv. forsrh. kemur hér og ver hið gamla verklag um að eðlilegt sé að öll lagafrumvörp sem boðuð eru með fjárlagafrv. séu afgreidd á eftir fjárlögunum. Það er verklag sem við eigum að breyta. Ég hélt að það væri orðin nokkuð víðtæk samstaða um að verklag vegna fjárlagagerðarinnar yrði allt tekið til endurskoðunar og þetta þar með þannig að þau lagafrumvörp sem boðuð væru með fjárlagafrv. kæmu hér eðlilega inn í þingið með nægum fyrirvara. Það er t.d. til vansa að frv. hæstv. félmrh. varðandi þau málefni sem tengjast Atvinnuleysistryggingasjóði skuli enn ekki vera komið fram í þingsal. Og þess vegna er nauðsynlegt að fá úr því skorið frá hæstv. félmrh. hvenær við eigum von á tillögum hans. Það gengur ekki ár eftir ár að við þurfum að horfa á eftir því að fjárlög séu nær marklaust plagg vegna ýmissa breytinga sem verða, ýmist áður en frv. er samþykkt sem lög eða fljótlega í kjölfarið. Þetta er verklag sem við eigum að leggja af.

Herra forseti. Það er líklega lítil von til þess ef viðhorf hæstv. forsrh. er það að þetta sé besta verklagið sem hægt sé að hafa.

[14:04]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Að athuguðu máli metur forseti það svo að það mundi spara tíma þingsins ef nú yrði gert hlé í 15 mínútur þannig að forustumenn flokkanna og þingflokka hefðu ráðrúm til þess að ráða ráðum sínum. Fundinum er frestað og verður fram haldið klukkan 14:25.

[Fundarhlé. — 14:05]

Tilhögun þingfundar.

[14:26]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti átti gagnlegan fund með formönnum þingflokka í fundarhléinu og þar náðist um það samkomulag að umræða um 8. dagskrármálið, fjárlög fyrir árið 2004, hæfist núna. Síðan yrði gert hlé á þessum fundi aftur um fimmleytið og þá mundi annar fundur forseta með formönnum þingflokka verða haldinn um framhald mála.

Fjárlög 2004, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 466, frhnál. 537, 566 og 567, brtt. 538, 541, 550, 551, 552, 553, 554, 555, 556, 557, 560, 561, 563, 564 og 565.

[14:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Nú við 3. umr. um fjárlög 2004 ber svo við að meiri hluti fjárln. ber ekki fram brtt. við frv. hvorki til aukinna útgjalda né tekna. Eftir 2. umr. þann 25. nóvember sl. hefur nefndin haldið áfram umfjöllun sinni um málið. Meiri hluti fjárln. leggur til nokkrar breytingar sem felast í millifærslum og leiðréttingum sem hafa ekki áhrif á heildarútgjöld frv. en gerð er grein fyrir þeim á sérstökum þskj. og frhnál.

Við lokaumræðu um frv. til fjárlaga ársins 2004 vil ég vekja athygli á að störf fjárln. hafa gengið einkar vel og að starfsáætlanir hafa gengið eftir að öðru leyti en því að þessari 3. og síðustu umræðu er flýtt um einn dag. Þannig er útlit fyrir að fjárlög verði afgreidd frá Alþingi á morgun, þann 5. desember, sem er fyrr en verið hefur. Eins og málið liggur fyrir nú við 3. umr. er gert ráð fyrir meiri tekjuafgangi en frv. sjálft hafði gert ráð fyrir. Tel ég þetta vera til marks um þann einbeitta ásetning stjórnarflokkanna að viðhalda styrkri efnahagsstjórn og stuðla að áframhaldandi efnahagslegum stöðugleika sem er eitt meginstefnumið stjórnarflokkanna.

Samkvæmt þessu hefur ekki gengið eftir það sem sumir aðilar á markaði virtust óttast þegar frv. var lagt fram þann 1. október sl. að í meðförum þingsins mundi tekjuafgangur verða minni en frv. gerði ráð fyrir.

Ljóst er að vegna fyrirséðra aukinna umsvifa í þjóðfélaginu á næstu árum verður okkur að takast að halda uppi aðhaldi í ríkisfjármálum. Það er mikilvægt og krefjandi verkefni að halda þannig á málum þegar efnahagsleg uppsveifla er og með fjárlagavinnu og þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir af hálfu meiri hluta fjárln. er tónninn sleginn í þessu sambandi.

Að samþykktum fjárlögum mun hlutverk og verkefni fjárln. breytast á næstu mánuðum frá því sem verið hefur nú á haustdögum. Fram undan er að veita nauðsynlegt aðhald hvað varðar framkvæmd fjárlaga næsta árs. Nefndin mun fjalla um hina ýmsu þætti ríkisrekstrarins með það að markmiði að ná fram sem mestu aðhaldi. Fjárlaganefnd Alþingis gegnir mikilvægu hlutverki í því sambandi.

Hæstv. forseti. Við lokaumræðu um fjárlög 2004 endurtek ég þakkir til fulltrúa í fjárln. fyrir mjög ánægjulegt samstarf við umfjöllun og vinnu í nefndinni. Einnig endurtek ég þakkir til starfsmanna ráðuneyta, stofnana og annarra þeirra sem nefndin hefur átt samskipti við. Og síðast en ekki síst færi ég þakkir til starfsfólks Alþingis fyrir störf þess sem eru okkur ómetanleg.

[14:30]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárln. hefur mælt fyrir áliti meiri hlutans við 3. umr. fjárlaga. Ég vil minna hv. þingmenn á að við erum nýbúin að ljúka afgreiðslu fjáraukalaga fyrir þetta ár þar sem hefur þurft að bæta í nokkrum milljörðum kr. vegna vanáætlunar á fjárlagaliðum stofnana og verkefna sem var fyrirsjáanlegt á sl. ári við afgreiðslu fjárlaga þá og gerðar voru tillögur um að yrði bætt úr. Við því var ekki orðið og því kemur það inn á fjáraukalög.

Hvað hyggst meiri hlutinn gera nú? Ljós er gríðarleg fjárvöntun hjá heilbrigðiskerfinu, gríðarleg fjárvöntun hjá Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, það liggur fyrir í tölum. Hvers vegna er það valið að láta þann vanda standa út af og bjóða heim óvissu í rekstri eða niðurskurði á þjónustu?

Ég vil líka benda á varðandi loforð og samning sem stjórnvöld hafa gert við Öryrkjabandalag Íslands skömmu fyrir kosningar í vor um að auka réttarstöðu og bæta hag öryrkja. Það lá fyrir þá og liggur fyrir enn að sá kostnaður er í kringum 1,5 milljarðar kr. en einungis veittur 1 milljarður til þess á fjárlögum. Meiri hlutinn hefur haft nægan tíma til að gera nauðsynlegar leiðréttingar fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga. Ég vil spyrja hv. þm. og formann fjárln. hvort þess megi ekki vænta að meiri hlutinn sjái að sér og sé með í burðarliðnum

tillögur til að standa við þær skuldbindingar sem gerðar voru á þessum tíma.

[14:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi spurningar hv. þm. Jóns Bjarnasonar um það sem hann nefnir fjárvöntun hjá stofnunum þá er það þannig að fjárlög vísa veginn og stofnunum ber auðvitað að haga starfsemi sinni eftir þeim. Og ég geri ráð fyrir að þær muni fara í það verkefni núna eftir að fjárlög hafa verið afgreidd.

Hvað öryrkjamálið varðar þá geri ég ráð fyrir að næstu daga, ég veit ekki hvenær það verður, verði mælt hér fyrir frv. til laga sem taka utan um það mál og ég vísa bara til þeirrar umræðu. Ég hef því í sjálfu sér ekkert meira um það mál að segja að sinni.

[14:33]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Boðað aðgerðaleysi af hálfu stjórnvalda í heilbrigðismálum er þegar komið á forsíður blaða. „Skerðing þjónustu er óhjákvæmileg", segir í frétt Fréttablaðsins um Landspítalann. Er þetta það sem við eigum að búa við næstu mánuðina? Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar að ráðast svona á heilbrigðiskerfið? Það er alveg ljóst.

Í öðru lagi með samkomulagið við öryrkjana. Verið er að boða hér frumvarp sem gerir ítarlegri grein fyrir því hvernig þeim greiðslum verði háttað. Nú lá það alveg hreint fyrir í þeim samningi sem var gerður fyrir kosningarnar hvernig ætti að standa að því. Það voru aðeins eftir útreikningsatriði og framkvæmdaratriði, þannig að að mínu viti ætti ekki að þurfa neitt sérstakt lagafrumvarp til að taka á því. Hefði þá ekki verið eðlilegra að það lagafrumvarp lægi hér fyrir til kynningar a.m.k. um leið og við ræðum þessi mál hér á Alþingi þannig að ljóst sé hvað við erum að tala um, en ekki þennan stöðuga véfréttastíl, vísa í eitthvert frumvarp sem er hjá þingflokkum stjórnarflokkanna og ráða kannski hvernig þessi umræða fer á þinginu í dag? Er ekki hægt að fá því frv. dreift áður en umræðunni er lokið?

[14:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. talaði um véfréttastíl. Mér fannst hann nú sjálfur falla í þann pyttinn og ætla ekki að svara því.

En varðandi heilbrigðisstofnanir og heilbrigðiskerfið þá minni ég á að samkvæmt fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir milljarðahækkun í fjárheimildum til heilbrigðiskerfisins. Í því felst ekki að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ætli að fara að ráðast í einhvern niðurskurð á þjónustu heilbrigðiskerfisins, þvert á móti, þannig að ég vísa því frá.

Varðandi öryrkjamálið vil ég leiðrétta hv. þm. Það þarf að breyta lögum til að ná því máli til framkvæmdar. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir og ég geri ráð fyrir að frv. verði dreift hér í sölum þingsins fljótlega. Ég get ekki svarað því hvenær það verður.

[14:36]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Athyglisvert er nú þegar við hefjum 3. umr. fjárlaga hversu þunnskipaður ráðherrabekkurinn er. Ég verð því miður, frú forseti, að óska eftir því að forseti kanni hvort möguleiki sé á því að fjölga hér örlítið á ráðherrabekknum. Nauðsynlegt er strax við upphaf umræðunnar að fá svör við nokkrum spurningum sem ég þarf að leggja fyrir nokkra hæstv. ráðherra í ræðu minni. Það er í fyrsta lagi af þeim sem hér vantar hæstv. menntmrh., í öðru lagi hæstv. félmrh. og þriðja lagi hæstv. heilbrrh. (**Gripið fram í:** Það er bara enginn.)

(**Forseti** (JóhS): Hæstv. félmrh. er í húsinu og forseti mun gera ráðstafanir til þess að hann verði kallaður hingað til fundar. En hæstv. menntmrh. og heilbrrh. eru ekki í húsinu en gerðar verða ráðstafanir til þess að þeir komi til fundarins.)

Ég þakka frú forseta fyrir viðbrögðin og vona að sem fyrst fáist upplýsingar um hvenær hæstv. ráðherra er að vænta í salinn. Ég sé að hæstv. félmrh. hefur þegar gengið í salinn, þá eru ekki fjarverandi nema tveir hæstv. ráðherrar af þeim sem ég tel nauðsynlegt að hafa hér ....

(**Forseti** (JóhS): Heilbrrh. hefur boðað komu sína fljótlega upp úr kl. hálfþrjú þannig að hann hlýtur að vera væntanlegur á næstunni.)

Takk, frú forseti. Ég geri nú grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 kemur nú til 3. umr. Það telst til tíðinda við þessa umræðu að meiri hluti fjárlaganefndar leggur ekki fram neinar breytingartillögur og er það líklega í fyrsta skipti í sögu þingsins. Ástæða þessa er því miður ekki sú að við 2. umr. hafi verið gerðar nauðsynlegar breytingar til að tryggja rekstrargrundvöll stofnana ríkisins. Ástæðan virðist hins vegar vera sú að meiri hlutinn hafi gefist upp við verkefnið og því einfaldlega skellt í lás gagnvart öllum breytingartillögum. Óneitanlega bendir margt til þess að ástæða þessa tengist ekki fjármálum ríkissjóðs heldur því að upp sé kominn ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna sem m.a. hefur birst með misjöfnum ummælum ráðherra og einstakra þingmanna t.d. um samkomulagið við Öryrkjabandalagið og fjárhagsstöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Þessi ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna mun óhjákvæmilega bitna m.a. á velferðar- og menntakerfinu. Það frumvarp sem hér liggur fyrir mun m.a. geta valdið því að Háskóli Íslands þurfi að vísa frá 900 nýnemum næsta haust.

Frú forseti. Það var einmitt hér í nál. sem ég hafði hugsað mér að leggja spurningar fyrir hæstv. menntmrh. vegna þess að við 2. umr. um fjárlög kom fram í máli hæstv. ráðherra að allar líkur væru á því eða vonast væri til þess að búið væri að ganga frá samningnum við Háskóla Íslands áður en 3. umr. ætti sér stað. Nú liggur ljóst fyrir að ekki er búið að ljúka samningnum við Háskóla Íslands og þar af leiðandi er ekki heldur búið að ljúka samningum við aðra háskóla sem venjulega byggja á þeim samningi sem gerður er við Háskóla Íslands og þess vegna liggja engar brtt. fyrir frá meiri hluta fjárln. varðandi framlög til háskólanna. Hins vegar liggur fyrir og hefur gert nú um nokkurt skeið að veruleg fjárþörf er hjá háskólanum. Það sem hér kom fram í nál. eru einmitt upplýsingar sem við fengum á fundi fjárln. þegar fulltrúar Háskóla Íslands komu til okkar um að ef engar breytingar yrðu á gerðar þyrfti Háskóli Íslands væntanlega að vísa frá um 900 nýnemum næsta haust því ekki er hægt að láta niðurskurðinn bitna á þeim nemendum sem háskólinn hefur tekið á móti og skuldbundið sig til að vera með í eðlilegu námsferli. Því yrði að loka á nýnema. Það eru nokkur hundruð milljónir sem þarna er um að ræða og greinilegt, miðað við það að engar brtt. hafa komið, að eitthvað hefur tafið þennan

samning. Það er auðvitað með ólíkindum að ekki skuli vera búið að ganga frá samningnum vegna þess að hann var um síðustu áramót framlengdur um eitt ár. Nú er komið undir lok ársins 2003 og samningurinn var aðeins framlengdur um eitt ár þannig að hann er aftur að renna út og enn er ekki búið að ljúka samningagerðinni. Það blasir því við að við munum væntanlega á morgun samþykkja fjárlög sem vitað er að gagnvart þessum liðum muni ekki standast.

Við erum því enn einu sinni að stunda þann ljóta leik að samþykkja fjárlög sem því miður gefa þau skilaboð til samfélagsins að eftir þeim eigi ekki að fara, því ég trúi ekki að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að Háskóli Íslands t.d. þurfi að vísa frá 900 nýnemum. Það yrði auðvitað stórkostleg breyting á menntastefnu þjóðarinnar ef ekki á að halda Háskóla Íslands áfram opnum eins og hann hefur verið. Þetta er hins vegar stefna. En, frú forseti, ég trúi því ekki að svo langt muni menn vilja ganga í þeirri ríkisstjórn sem við sitjum nú uppi með að breyta íslensku menntakerfi.

Frú forseti. Ýmsar upplýsingar komu fram, eins og ég sagði áðan, þegar fulltrúar Háskóla Íslands komu á fund fjárln. Af því að hæstv. menntmrh. er ekki staddur hér í salnum en hæstv. fjmrh. er hérna þá held ég að rétt sé að lesa upp örlítið úr þeim samningi sem á þó að gilda út desembermánuð 2003.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Kveði kjaranefnd upp úrskurð sem eykur launakostnað skólans skal breyta launaforsendum reglnanna til samræmis við mat á þeirri hækkun. Sama gildir hækki laun annarra háskólakennara samkvæmt kjarasamningi við fjármálaráðherra. Hið aukna framlag skal greiða í samræmi við greiðsluáætlun."

Hvernig hefur verið staðið við þetta ákvæði í þeim samningi sem þó er í gildi? Jú, fram kom hjá fulltrúum háskólans að á tímabilinu frá 1999–2003 hafi raunlaun við Háskóla Íslands hækkað um 40% en nemendaframlög hafi hækkað um 23%. Það er því ekki bara það að háskólarnir hafi ekki fengið greiddan kostnað miðað við þann fjölda nemenda sem stundað hafa nám við skólann, heldur hefur þetta bil verið að þróast eins og hér kom fram.

Frú forseti. Ég ræddi áðan um hvaða afleiðingar frv. gæti haft varðandi Háskóla Íslands en frv., ef samþykkt verður, sem því miður allar líkur eru á, getur líka valdið því að Landspítali – háskólasjúkrahús þurfi að draga verulega saman útgjöld á næsta ári. Forstjóri spítalans telur að það vanti um 1,5 milljarða kr. til að halda uppi óbreyttri starfsemi á næsta ári. Til viðbótar kemur svo áætlaður halli í árslok 2003 að fjárhæð 680 millj. kr. þrátt fyrir að í fjáraukalögum ársins 2003 hafi verið veitt viðbótarfjárveiting vegna rekstrarhalla upp á 1,6 milljarða kr. Hér er því verið að tala um allt að 2,2 milljarða kr. Ljóst er að ekki er hægt að horfa einangrað á vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss heldur þarf að horfa heildstætt á heilbrigðiskerfið til að finna framtíðarlausn. Þá þarf menntakerfið enn að berjast við fortíðarvanda og ekki er ætlunin að standa við nýgert samkomulag við Öryrkjabandalagið.

Við þetta bætist síðan það sem ríkisstjórnin kallar „aðhald í útgjöldum" sem felur í sér 500 millj. kr. skerðingu lífeyrisréttinda með breytingum á tryggingagjaldi, 700 millj. kr. lækkun sjúkratrygginga, 600 millj. kr. lækkun vaxtabóta og loks 170 millj. kr. lækkun atvinnuleysisbóta. Hér er vissulega verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Svo er bætt gráu ofan á svart og neysluskattar hækkaðir verulega, þ.e. vörugjald af bensíni og þungaskattur um samtals einn milljarð kr. Þá mun hækkun bensíngjaldsins hafa bein áhrif á neysluverðsvísitölu og þannig m.a. hækka skuldir heimilanna.

Frú forseti. Áður en þessi umræða hófst var rætt hér nokkuð um störf þingsins, þ.e. þær starfsvenjur að láta lagabreytingar ýmsar bíða fram yfir samþykkt fjárlaga. Ég tjáði mig þar um að ég teldi þetta óæskilegt vinnulag og teldi að þingið ætti að venja sig við að afgreiða fyrst þau lagafrv. sem tengjast fjárlagafrv. og fjárlögin eigi síðan að vera samþykkt í kjölfar þess þannig að allar forsendur liggi fyrir.

Í þessari umræðu kom einnig fram, frú forseti, að frétt Ríkisútvarpsins um að ríkisstjórnin hefði hætt við þá skerðingu á atvinnuleysisbótum sem fólst í því að greiða ekki fyrir fyrstu þrjá dagana væri röng. Ég spurði hæstv. félmrh., sem hafði þurft í millitíðinni að skreppa úr þingsalnum, hvenær vænta mætti að þær tillögur sem gert er ráð fyrir að þurfi að koma fyrir þingið vegna þessarar ætlunar yrðu lagðar fram í þingsölum. Það verður að segjast, frú forseti, að ef þessar tillögur sjá ekki dagsins ljós áður en umræðunni lýkur er ástæða til að gera sérstakar athugasemdir við það. Það er lágmarkskrafa að allar þær lagabreytingar sem þarf að gera vegna fjárlagafrv. hafi a.m.k. verið sýndar í þingsalnum. Æskilegast væri að þær væru búnar að fara í gegnum nefndir og búið að samþykkja allar slíkar tillögur áður en fjárlögin yrðu samþykkt. En það virðist vera krafa sem er ómögulegt að gera til þess stjórnarmeirihluta sem hér starfar, að vinna svo skipulega. Því höfum við kynnst á haustdögum gagnvart ýmsu því sem við höfum óskað eftir upplýsingum um, að sjálfsagðar upplýsingar virðast ekki vera til staðar, sjálfsagðar upplýsingar sem ekki nokkrum mundi detta í hug, t.d. í smærri sveitarfélögum, að vera án við fjárhagsáætlanagerð. Það virðist ekki vera raunhæf krafa til þessara ríkisstjórnarflokka að þeir vinni svo skipulega að við getum vænst þess, a.m.k. á þessu þingi, að það takist.

En það er nauðsynlegt, frú forseti, að við fáum svör frá hæstv. félmrh. um hvenær vænta megi að þessar tillögur líti dagsins ljós.

Frú forseti. Þá vík ég aftur að nál. 1. minni hluta fjárln.:

Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið ástæðu til að endurskoða þjóðhagsforsendur fjárlagafrv. þrátt fyrir að ýmsar blikur séu á lofti sem birtast m.a. í vaxandi viðskiptahalla á sama tíma og verðmæti sjávarafla dragast saman, bæði vegna minna magns og lægra verðs. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs óx viðskiptahallinn um 30 milljarða kr. Rúm 40% af hallanum má rekja til samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Um 24% hallans má rekja til innflutnings á neysluvöru og ferðalaga erlendis en aðeins 10% má rekja til innflutnings á fjárfestingarvörum. Greiningardeild Íslandsbanka telur að þróun viðskiptajafnaðarins undanfarið bendi til þess að krónan sé orðin öllu verðmeiri en fær staðist til lengdar — gengið samræmist ekki langtímajafnvægi þjóðarbúsins. Á sama tíma hefur myndast vantrú meðal neytenda og fjárfesta á því að Seðlabankanum takist að ná verðbólgumarkmiðum sínum. Því miður er ekki hægt að treysta á stjórn ríkisfjármála eins og reynslan undanfarin ár hefur sýnt. Aðhald í útgjöldum hefur ekki verið sterkasta hlið ríkisstjórnarinnar eins og fjáraukalög yfirstandandi árs og undanfarinna ára bera með sér.

Þá eru kjarasamningar fram undan á næsta ári og hafa ítrekað komið fram í máli varaformanns fjárlaganefndar miklar áhyggjur af ábyrgðarlausum kjarasamningum hins op-

inbera í gegnum tíðina. Ljóst er að ef frumvarp um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verður samþykkt mun það óhjákvæmilega auka útgjöld vegna næstu kjarasamninga. Þegar starfsöryggi opinberra starfsmanna hefur verið minnkað er ljóst að sú breyting kallar á kröfu um að það verði bætt í kjarasamningum.

Miðað við niðurstöðu fjárlaga og fjáraukalaga fyrir árið 2003 hafa útgjöld ríkissjóðs, án lífeyrisskuldbindinga, aukist um 45% frá árinu 1999. Á sama tímabili hefur neysluverðsvísitala hækkað um 24%. Umsvif ríkissjóðs hafa því aukist verulega á þessu tímabili og langt umfram verðlagsþróun og forsendur fjárlaga.

Á sama tímabili hafa tekjur einnig aukist verulega, fyrst og fremst vegna sölu eigna. Því miður hefur ekki tekist að nýta þennan tekjuauka til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, þess í stað hefur hann verið notaður til að mæta auknum útgjöldum. Þetta sést vel þegar þróun hreinna skulda ríkissjóðs er skoðuð því að þær hafa hækkað um 30 milljarða kr. frá árinu 1999 til áætlaðrar stöðu í árslok 2003.

Þessi útgjaldaaukning hefur m.a. leitt til þess að þurft hefur að samþykkja há fjáraukalög á hverju ári. Á árunum 1999–2003 námu fjáraukalög að meðaltali tæpum 6% af fjárlögum eða tæplega 63 milljörðum kr. á verðlagi hvers árs. Ef fyrra fjáraukalagafrumvarpi ársins 2003, að fjárhæð 4,7 milljarðar kr., er sleppt í þessum samanburði er frávikið 5,3%. Á tímabilinu frá árinu 1999 til ársins 2002 hefur niðurstaða ríkisreiknings verið að meðaltali tæplega 11% hærri en fjárlög viðkomandi árs.

Frú forseti. Þessar breytingar sjást mjög vel í töflu sem fylgir nál. 1. minni hluta og sýna þær glögglega hvernig þessi þróun hefur verið hvert ár frá 1999 til ársins 2003.

Því miður er ljóst að á næsta ári verður engin breyting á og í ljósi reynslunnar má búast við að samþykkja þurfi fjáraukalög fyrir árið 2004 sem ekki verða lægri en 15 milljarðar kr., og er þá ekki tekið tillit til þeirra kjarasamninga sem fram undan eru.

Frú forseti. Fyrir fáeinum dögum kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um mat á árangri af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í raun má segja að skýrslan sé áfellisdómur yfir þeim sem stýrt hafa þessum málaflokki. Þar kemur m.a. fram að það skorti nær algerlega stefnumótun í þennan stærsta einstaka útgjaldalið ríkisins. Þar kemur fram það mat Ríkisendurskoðunar að sameiningin hafi ekki verið nægjanlega markvisst undirbúin. Þannig hafi hvorki verið tímasett framkvæmda- eða kostnaðaráætlun né sett markmið um það hverju ætti að ná fram með sameiningunni.

Í skýrslunni kemur einnig fram fróðlegur samanburður á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og nokkrum sjúkrahúsum í Bretlandi. Það er nauðsynlegt að það komi hér fram að samanburður varðandi þjónustu er mjög hagstæður fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús. Þar kemur fram að þjónusta sjúkrahússins er góð. Það er einnig athyglisvert við þennan samanburð, þegar borin er saman samsetning starfsfólks á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og hjá spítölum í Bretlandi, að þar er nokkur munur á. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi forseta, um þennan þátt:

„Þegar samsetning starfsfólks var athuguð kom fram að fleira starfsfólk tengist rekstri og umsýslu hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi en hjá sambærilegum stofnunum í Bretlandi."

Frú forseti. Þetta kemur í raun og veru ekki á óvart þegar áfram er rýnt í skýrsluna og skoðað hvernig til hefur tekist.

Síðar í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Mismun á áætlunum fjárlaga og raunkostnaði má aðallega rekja til kostnaðar tengdum framþróun læknisfræðinnar og launaskriðs innan sjúkrahússins. Þá voru aldrei lagðir til sérstakir fjármunir vegna sameiningarinnar og gæti það skýrt hluta vandans."

Einnig kemur fram að enn er ekki nægjanlega ljóst hvernig Landspítala – háskólasjúkrahúsi er ætlað að vera í framtíðinni og áréttað að slíkt dragi úr möguleikum til markvissrar stjórnunar og uppbyggingar. Það er því nauðsynlegt að móta stefnu sjúkrahússins þar sem helstu spurningum um framtíð þess verður svarað.

En hvers vegna hefur það þá ekki verið gert? Það er vegna þess að, eins og segir í skýrslunni, með leyfi forseta, „ráðuneyti heilbrigðismála, fjármálaráðuneytið og faghópar innan sjúkrahússins hafa mismunandi skoðanir á stefnumótun sjúkrahússins. Þessir aðilar þurfa að ná samstöðu um það hvaða áherslu skuli leggja á sparnað í rekstri, skilvirkni og magn þeirrar þjónustu sem veita á og þátt rannsókna og kennslu í starfseminni".

Frú forseti. Þarna eru nær allir þættir upp taldir í starfsemi sjúkrahússins sem ekki virðist vera samstaða um hvernig eigi að vera. Og samstaðan er ekki milli heilbrrn., fjmrn. og faghópa innan sjúkrahússins. Meðan staðan er þessi í jafnstórri og -viðamikilli stofnun er ekki von á öðru en því sem við höfum séð hvert ár sem liðið er frá sameiningu og því miður bendir allt til þess að þannig verði einnig um næsta ár.

Ríkisendurskoðun bendir á að þótt þessi atriði geti stangast á megi þau ekki verða til þess að ekki verði tekin skýr afstaða með stefnumótun og telur stofnunin að það hefði í raun átt að gerast áður en sameiningin varð. Þá er bent á að ekki hafi enn verið tekin afstaða til þessara hluta og það standi í vegi fyrir skýrri stefnumótun og mótun framtíðarsýnar fyrir sjúkrahúsið.

Frú forseti. Því miður má segja að þessi lýsing eigi við um margar stofnanir ríkisins þar sem stefnumótun er í lamasessi vegna ágreinings á milli fagráðuneytis, fjmrn. og viðkomandi stofnunar. Vegna skorts á frumkvæði stjórnvalda eru slík mál ekki leyst og afleiðingin sést m.a. ár eftir ár í fjáraukalögum.

Þá vekur skýrslan um Landspítala – háskólasjúkrahús upp þá spurningu hvernig á því standi að ekki er hægt að reikna út nákvæmar áhrif kjarasamninga áður en þeir eru undirritaðir. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram, með leyfi forseta, að „þegar kostnaðaráhrif af samningum við lækna voru metin var talið að laun þeirra mundu hækka um 30% á því tímabili sem hér var til skoðunar (1999–2002). Í raun hækkuðu laun fyrir hvert ársverk lækna hjá sjúkrahúsinu um 43%. Talið var að kjarasamningar hjúkrunarfræðinga skiluðu 18% hækkun launa en í raun hækkaði kostnaður við hvert ársverk um 33%. Kjarasamningar sjúkraliða voru taldir skila 50% hækkun en í raun hækkuðu laun fyrir hvert stöðugildi um 56%. Laun ófaglærðra í verkalýðsfélaginu Eflingu áttu að hækka um 32% en hækkuðu í raun um 37%. Hafa ber í huga að dregið hefur úr yfirvinnu og vaktavinnu þannig að grunnlaun hafa hækkað meira en þessar tölur gefa til kynna."

Frú forseti. Þetta er auðvitað gífurlegur munur á áætlanagerð og raunveruleika. Því miður virðist þetta vera gegnumgangandi í ríkiskerfinu og það er full ástæða til þess að fram fari sérstök könnun á öllu reikniverki opinberra aðila á

landinu. Það er ekki viðunandi að ár eftir ár skuli áætlanir sömu þátta fara algjörlega úr böndum.

Það er hins vegar sérkennileg lína milli þessara starfsstétta á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hvað prósentutölurnar varðar. Það virðist vera reglan að því hærri sem stéttin er fyrir, því meiru muni á áætlanagerðinni og raunveruleikanum. Þannig munar minnstu hjá þeim sem lægst launin hafa á stofnuninni.

Frú forseti. Enn á ný virðist lýsing skýrslunnar geta átt við fleiri ríkisstofnanir því eitt megineinkenni seinni ára hvað varðar kjarasamninga hefur verið það sama, þ.e. að kostnaður hefur reynst mun meiri en áætlað var við undirritun þeirra. Þessi mismunur hefur valdið rekstrarerfiðleikum hjá mörgum ríkisstofnunum og er ekki að sjá neinn mun varðandi hvernig kjör starfsmanna eru ákveðin, þ.e. hvort fjmrn. gerir kjarasamninga eða kjaranefnd ákveði launakjörin. Sama niðurstaða virðist ætíð koma fram, áætlanagerðin stenst ekki, ekki virðist vera hægt að reikna rétt út kjarasamninga eða niðurstöður kjaranefndar.

Frú forseti. Miklar deilur hafa enn á ný risið milli stjórnvalda og öryrkja, nú í kjölfar samnings sem átti að bæta samskipti þessara aðila. Vegna deilunnar er nauðsynlegt að fara lítillega yfir málið.

Fram kemur í fréttatilkynningu heilbr.- og trmrn. 25. mars 2003 að gert hafi verið samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Kemur fram í fréttatilkynningunni að ríkisstjórnin hafi samþykkt samkomulagið á fundi sama dag. Kemur fram að skipaður hafi verið starfshópur sem gera á endanlegar tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar í samræmi við samkomulagið. Starfshópurinn skuli miða störf sín við framangreint samkomulag sem felur í sér eftirfarandi:

Stigið verði fyrsta skrefið til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fá þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyris.

Þeir sem verða öryrkjar seinna á lífsleiðinni fá hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fá grunnlífeyri sem nemur sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins.

Hækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

Frú forseti. Hér er skýrt skráð tvöföldun hjá yngsta aldurshópnum og síðan línuleg lækkun til 67 ára aldurs. Þess vegna vekur undrun öll sú umræða sem átt hefur sér stað um þetta mál en vonandi mun það allt saman skýrast í þeirri umræðu sem fram fer hér í dag.

Þá kemur fram í fréttatilkynningu frá heilbr.- og trmrn. hinn 21. mars 2003 að samkvæmt útreikningum sérfræðinga ráðuneytisins verður kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytingu rúmur einn milljarður á ársgrundvelli. Frú forseti. Ég endurtek: Rúmur einn milljarður. Ég verð að segja það, frú forseti, að ég hef aldrei vanist því og málvitund mín segir mér ekki að rúmur einn milljarður sé einn milljarður. Rúmur einn milljarður er í mínum huga eitthvað sem er meira en einn milljarður.

Frú forseti. Leggja verður sérstaklega áherslu á að það er fréttatilkynning ráðuneytisins sem túlkar samkomulagið með ofangreindum hætti. Nú virðist ljóst að ríkisstjórnin hefur bitið í sig þessa frumútreikninga á áhrifum samkomulagsins og sleppt úr orðinu „rúmur" og skilur nú ekkert annað en einn milljarður og hefur sett það sem hámarksfjárhæð á næsta ár þrátt fyrir að útreikningar frá Tryggingastofnun ríkisins frá 10. apríl 2003 sýndu að kostnaðurinn yrði 1 milljarður og 528,8 millj. kr. Frú forseti. Ég endurtek: Útreikningarnir eru frá 10. apríl árið 2003.

En hvað veldur þessari niðurstöðu ríkisstjórnarinnar? Það skal ósagt látið en ekki er hægt að horfa fram hjá deilum milli manna í ríkisstjórnarflokkunum um þetta mál. Ljóst er miðað við útreikninga Tryggingastofnunar sem lágu fyrir 10. apríl 2003 að frambjóðendur ríkisstjórnarflokkanna, sem lofuðu fyrir alþingiskosningarnar sl. vor að staðið yrði við samkomulagið, vissu hvaða kostnaður fylgdi því. Frú forseti. Það bætist því enn í safn svikinna kosningaloforða þó að flestir hafi talið að mælirinn gagnvart öryrkjum væri fyrir löngu orðinn fullur.

Það er auðvitað líka athyglisvert, frú forseti, að nú kannast enginn við þessa útreikninga. Ef það er rétt, ég mun ekki efast um það ef fólk kemur í ræðustól og fullyrðir að það hafi aldrei heyrt eða séð þessa útreikninga að rétt sé, þá hljótum við að velta því fyrir okkur á þeim upplýsingatímum sem við lifum hvernig það megi vera að þessir útreikningar frá 10. apríl 2003 hafi horfið og enginn séð þá. Við hljótum að fá botn í þá umræðu í dag.

Það kemur auðvitað fram ef við rekjum þetta mál áfram miðað við dagsetningar að þetta er í raun og veru allt í afskaplega eðlilegri tímalegri röð. Það kemur fram í fréttatilkynningu frá heilbr.- og trn., sem dagsett er 21. mars, að þessi samningur hafi verið gerður og þar segir allt það sem ég vitnaði til áður. Síðan kemur fram í bréfi sem sent er til heilbr.- og trmrn., dagsett 10. apríl, frá Tryggingastofnun ríkisins og er stimplað móttekið í heilbr.- og trmrn. 11. apríl, þ.e. degi síðar en það er skráð í Tryggingastofnun, með leyfi forseta:

„Tryggingastofnun hefur móttekið bréf ráðuneytisins, [þ.e. heilbr.- og trmrn.] dags. 9. apríl 2003, hvar óskað er eftir kostnaðarmati stofnunarinnar á þeirri breytingu er gert er ráð fyrir í samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Öryrkjabandalags Íslands. Kostnaðarmatið er hjálagt á sérstöku blaði."

Undir þetta ritar virðingarfyllst Karl Steinar Guðnason forstjóri. Þetta er sent eins og hér segir með sérstöku blaði, sem líka er dagsett hinn 10. apríl, og þar eru útreikningarnir allir til staðar þannig að þessar dagsetningar fara ekkert á milli mála og þetta hefur verið móttekið í heilbr.- og trmrn. En hvað um það varð þar er vonandi að hæstv. heilbr.- og trmrh. upplýsi þingheim um hér á eftir.

Frú forseti. Í fyrri nefndarálitum 1. minni hluta fjárlaganefndar vegna fjárlaga ársins 2004 og fjáraukalaga fyrir árið 2003 hefur mikið verið fjallað um samskipti fjárlaganefndar við framkvæmdarvaldið, en sérstaklega var erfitt að fá sjálfsagðar upplýsingar frá ráðuneytum um mál sem sneru að fjárhagsstöðu einstakra stofnana sem undir þau heyra. Nokkur ráðuneyti höfðu sent viðeigandi upplýsingar fyrir 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2003, og var þeirra getið sérstaklega í nefndaráliti 1. minni hluta fyrir 3. umr. um fjáraukalögin fyrir árið 2003, og síðan þá hefur forsætisráðuneytið bæst í þann hóp með skilmerkilegri greinargerð um stöðu sinna undirstofnana.

Frú forseti. Það var ánægjulegt við 3. umr. um fjáraukalög ársins 2003 að heyra hæstv. fjmrh. taka undir þau sjónarmið að bæta þurfi vinnubrögðin, bæði á vettvangi ráðuneyta og

Alþingis. Taldi hæstv. ráðherra að bæta þyrfti áætlanagerð, skerpa á vinnubrögðum og auka agann.

Að mati 1. minni hluta þarf fjárlaganefnd m.a. að móta stefnu varðandi þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar við umfjöllun um fjárlög og fjáraukalög. Auk þessa þarf nefndin að fylgjast betur með framkvæmd fjárlaga innan ársins og krefja bæði viðkomandi fagráðuneyti og aðra eftirlitsaðila skýrslna um framkvæmd fjárlaganna. Þetta er í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga því að skv. 9. gr. reglugerðarinnar ber fjármálaráðuneytinu ársþriðjungslega að taka saman yfirlit um framkvæmd fjárlaga og gera ríkisstjórn og fjárlaganefnd grein fyrir niðurstöðunum.

Frú forseti. Það er ábyrgðarhluti af hálfu Alþingis að samþykkja það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 sem hér er til umræðu. Það felur í sér að ýmsar mikilvægar stofnanir þurfa að skerða verulega þá þjónustu sem Alþingi hefur ákveðið í lögum að landsmenn skuli njóta. Nær þessi skerðing til heilbrigðismála, menntamála og félagsmála eða þeirra málaflokka sem eru mikilvægastir fyrir þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Það sem fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umr. stendur allt óhaggað þar sem engar breytingar koma nú fram hjá meiri hluta nefndarinnar og er vísað til þess álits til viðbótar því sem fram kemur í þessu framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Frú forseti. Auk mín rita undir nefndarálit 1. minni hluta fjárlaganefndar hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson.

[15:08]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerir að umtalsefni þá ætlun að skera niður sem svarar um 170 millj. í tengslum við atvinnuleysistryggingar og kallar eftir þingskjölum í því efni. Ég get upplýst, frú forseti, hv. þm. um það að ég á von á því að frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1955, verði dreift á Alþingi í dag. Það er stutt eftir af þeim tíma sem okkur er ætlaður við þingstörf fram að jólum þannig að reikna má með að hitt málið komi fram í þingsölum á næstu dögum.

[15:09]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. upplýsingarnar og vona auðvitað að þetta frv. nái til dreifingar í dag því að eins og ég sagði í ræðu minni er það lágmarkskrafa að við fáum a.m.k. að sjá þau frv. sem tengjast fjárlagafrv. áður en við ljúkum afgreiðslu þess. En mér þótti öllu óljósara hjá hæstv. ráðherra varðandi seinna frv. sem þarf einnig að koma í þingsali, hvenær vænta mætti að því yrði dreift. Það er því eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra: Hafa þingflokkar stjórnarflokkanna samþykkt frv. varðandi fiskvinnslufólkið? Er hitt frv. í einhverjum hægagangi hjá þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna eða kannski stopp í öðrum þeirra?

[15:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þingflokkar stjórnarflokkanna hafa samþykkt frv. til laga um breytingar á lögum um stuðning við fiskvinnslustöðvarnar. Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur sömuleiðis samþykkt frv. til laga um breytingu á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð sem gerir ráð fyrir þriggja daga biðtíma. Þingflokkur Framsfl. hefur afgreitt það mál að sínu leyti þannig að það er í höndum þess sem hér stendur að koma því máli fram.

[15:11]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna upplýsingum frá hæstv. félmrh. Það staðfestir það sem bent hefur verið á að hér virðist greinilega vera um ágreining að ræða milli ríkisstjórnarflokkanna og er það út af fyrir sig ekki undrunarefni því að þetta mál hlýtur að vera þess eðlis að það gæti ekki verið að það rynni smurt í gegnum báða þingflokka ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. ráðherra telur málið þar af leiðandi vera í eigin höndum þannig að ég dreg þá ályktun af frétt Ríkisútvarpsins í hádeginu sem hæstv. ráðherra hefur sagt að sé röng að það sé þá einnig rangt að þetta mál sé einnig í höndum hæstv. utanrrh., eins og fram kemur í fréttinni, það sé eingöngu í höndum hæstv. félmrh. og það megi þess vegna vænta þess að sú skoðun ýmissa þingmanna Framsfl. nái fram að ganga, að þessi hugmynd verði dregin til baka áður en þingið fer í jólahlé.

[15:12]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér hægt að gera ýmsar athugasemdir við ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar en það sem kom mér kannski mest á óvart var hve lítil gleði var hjá hv. þm. yfir auknum framlögum til örorkubóta sem heilbrrh. og ríkisstjórnin hafa beitt sér fyrir. Það liggur fyrir að á þessu ári er varið 2,8 milljörðum kr. í grunnlífeyri örorkubóta. Á næsta ári verður varið 3,8 milljörðum kr. og það er ekki 10% hækkun eða 20% hækkun, ekki 30% hækkun, það er 36% hækkun frá því sem nú er og ég, satt að segja, skil ekki ólund hv. þm. yfir þessu.

[15:13]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur eitthvað misskilið lund mína því að það er langt frá því að það sé nokkur ólund þar á ferðinni. Ég var eingöngu að fara yfir, eins og ég sagði í nefndarálitinu, nokkrar staðreyndir málsins og var auðvitað að undra mig sérstaklega á því að ekki hefði tekist betur til varðandi þennan mikilvæga samning sem gerður var á vordögum.

Ég vakti líka athygli á ýmsum öðrum staðreyndum með dagsetningum og ég var þess vegna að vekja sérstaka athygli á því að talnaleikurinn virðist hafa farið eitthvað sérkennilega á milli manna. (Gripið fram í.) Og hv. þm. er auðvitað einn af þeim frambjóðendum sem ég fjallaði um og það væri auðvitað fróðlegt að fá að heyra það frá hv. þm. hvort þessar upplýsingar um útreikningana hvað þetta samkomulag kostaði ef farið væri eftir því eins og ýmsir skildu það og m.a. væntanlega ráðuneytið og Tryggingastofnun, hvort hv. þm. sem frambjóðandi annars ríkisstjórnarflokksins, sem gaf heldur betur fyrirheit varðandi þetta samkomulag, hafi aldrei heyrt neina aðra tölu en milljarðinn eina.

[15:15]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fer ansi frjálslega með staðreyndir í þessu máli. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að við erum að ræða um stærsta skref í réttindabaráttu öryrkja hér á landi sem stigið hefur verið árum saman. **(Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Og heyr, heyr. Það liggur fyrir að á næsta

ári munu heildargreiðslur almannatrygginga til einhleyps öryrkja hækka um 30 þús. kr. á mánuði.

Ég fór um í kosningabaráttunni og talaði um að við mundum verja 1 milljarði til öryrkja, til að bæta stöðu yngstu öryrkjanna, þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Það erum við að gera. Við sögðum að þetta yrði gert 1. janúar 2004 og það er ekkert sem getur komið í veg fyrir það nema ólund stjórnarandstæðinga á þingi.

[15:16]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er hræddur um að ólundin sé hjá hv. þm. Ekki er hún hjá mér. Það er alveg rétt að ólund innan stjórnarliðsins virðist hafa komið í veg fyrir það að milljarðurinn yrði a.m.k. rúmur milljarður, eins og sagði í fréttatilkynningu ráðuneytisins. Það var þó áður en Tryggingastofnun reiknaði nokkuð út. Ég heyri að hv. þm. hefur verið mataður býsna vel á þessu, að rúmlega milljarður væri bara einn milljarður og ekkert annað.

Ég skil vel ólund hv. þm. Ég ætla hins vegar ekki að gera lítið úr því skrefi sem verið er að stíga. Það er vissulega stórt skref og mjög mikilvægt skref. En hins vegar er það þannig, hv. þm., að þegar gert er samkomulag þá á að halda það. Hæstv. heilbrrh. hefur sjálfur sagt að hann hefði viljað fá meiri peninga til að framfylgja samkomulaginu til fulls. Þess vegna vænti ég, þó að við höfum ekki fengið að sjá pappíra sem hv. þm. hefur séð, að í frv. sem vonandi verður dreift í dag komi fram að endurskoða þurfi málið einhvern tímann fljótlega vegna þess að ekki sé búið að ganga frá öllum endum í málinu.

[15:17]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var áhugavert að hlusta á ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Ég vil minna hann á að í frægri ræðu sem formaður Samf. flutti á landsfundi nýverið fjallaði hann m.a. um heilbrigðismál. Hann fullyrti þar að það skorti ekki fjármagn til heilbrigðiskerfisins heldur þyrfti skipulagsbreytinga við. Í ræðu hv. þm. kom fram að hann hefði áhyggjur af því ekki væri að fullu komið til móts við óskir stjórnenda heilbrigðisstofnana varðandi aukið fjármagn til að standa að óbreyttri starfsemi frá því sem nú er.

Ég vil því spyrja hv. þm.: Hvaða hugmyndir hefur hv. þm. um hvernig eigi að taka á óskum stjórnenda heilbrigðisstofnana um aukið fjármagn? Hvernig vill hv. þm. bregðast við óskum stjórnenda um aukið fjármagn til heilbrigðisstofnana?

[15:18]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mikil er bjartsýni hv. þm. ef hún telur að hægt sé að fara yfir vanda heilbrigðisþjónustunnar í stuttu andsvari upp á eina mínútu, ég tala ekki um þegar ríkisstjórnin sjálf hefur glímt við þennan vanda í rúm 8 ár, þ.e. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., og ekkert gengið.

Það sem ég var fyrst og fremst að benda á er nákvæmlega hið sama og hinn ágæti formaður minn hefur gert, að það verði að taka heildstætt á heilbrigðiskerfinu og breyta ýmsu í skipulaginu. Ég benti í þeim efnum á nýlega skýrslu Ríkisendurskoðunar sem staðfestir allt sem við höfum verið að segja. Ég benti á að ef ekkert yrði að gert mundum við að sjálfsögðu fá að upplifa það sama og við höfum gert á hverju hausti í mörg ár, að Landspítali – háskólasjúkrahús verður einn liðurinn á fjáraukalögum fyrir árið 2004. Sú upphæð verður því miður ekki lægri, miðað við hvert stefnir, en við höfum horft upp á undanfarin ár.

[15:19]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú talar hv. þm. ekki nægilega skýrt. Vill hann gera þær skipulagsbreytingar sem hann er að tala um? Hvaða skipulagsbreytingar vill hann gera? Eða vill hann koma til móts við auknar kröfur stjórnenda heilbrigðisstofnana um aukið fjármagn? Er hann þá sammála eða ósammála formanni sínum í þá veru? Þó að erfitt sé að gera grein fyrir því í stuttu máli þá hlýtur þingmaðurinn að hafa einhverjar hugmyndir í þessa veru. Vill hann eða vill hann ekki koma til móts við kröfur um aukið fjármagn? Vill hann skipulagsbreytingar eða hvað vill hann gera í þessu stóra málefni?

[15:20]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal gera aðra tilraun fyrir hv. þm. til að tala skýrt. Ég taldi mig hafa talað mjög skýrt og ég tel að nefndarálit okkar sé mjög skýrt. Við teljum að gera þurfi skipulagsbreytingar í heilbrigðiskerfinu. Það fer ekkert á milli mála og er algerlega kristaltært að ég er sammála formanni mínum í þeim efnum.

Hins vegar hlýtur hv. þm. að vera vel ljóst að á meðan ekki eru gerðar skipulagsbreytingar verður haldið svona áfram. Eigi ekki að skerða þjónustu á sjúkrahúsunum þá verður að bæta fjármagni í það.

Þetta er svo einfalt mál, hv. þm., og svo skýrt að það á ekki að þurfa að endurtaka þetta mjög oft fyrir hv. þm. (**ÁMöl:** Hvaða skipulagsbreytingar?) Hvaða skipulagsbreytingar? Ég bendi hv. þm. á að lesa nokkra örstutta kafla í bréfi Ríkisendurskoðunar þar sem þessir hlutir koma skýrt fram.

[15:21]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigursson er yfirleitt heldur geðgóður maður. Það þekki ég en ég tek undir það að mér finnst hann heldur úrillur í þessari umræðu. Menn sjá ekki skóginn fyrir trjám í öryrkjamálinu svokallaða. Þar sjá menn ekki skóginn fyrir trjám.

Eins og fram hefur komið er þetta mesta framfaraskref fyrir öryrkja sem stigið hefur verið um árabil. Endurskoðunarákvæði eða stefnumörkun um endurskoðun á þessu máli er tilkomin vegna þess að réttindabaráttu öryrkja lýkur ekki. Við viljum einfaldlega hafa tækifæri til að ræða þetta mál áfram. Mér virðist sem menn horfi ekki á þetta út frá því frv. sem verður lagt fram á eftir, um að hækka laun yngstu öryrkjanna eða bætur þeirra úr 98.080 kr. í 126.547 kr.

[15:22]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er augljóst að það hefur eitthvað verið erfitt upp á síðkastið í þingflokki Framsfl. Þeir eru úrillir hver um annan þveran. Við verðum auðvitað að taka því eins og það er en þetta mál er auðvitað alvarlegra en svo að hægt sé að eyða því með einhverju slíku tali.

Það er mjög sérkennilegt að ætlast sé til þess, í annað sinn í andsvörum, að við ræðum frv. sem stjórnarflokkarnir eru væntanlega búnir að fjalla um býsna lengi. Við höfum

ekki fengið að sjá það en því er lofað að við fáum að sjá það þegar líður á daginn. Það er voðalega erfitt að ræða slíkt frv.

En það er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra hvernig á því stendur að þetta frv. sé ekki fyrir löngu fram komið. Þetta var boðað með fjárlagafrv. í haust. Þetta var reyndar boðað strax á vordögum svo að nægur hefur tíminn verið. Einhver hefur vandinn verið varðandi frv. fyrst það hefur tekið svona langan tíma. Gleymum því ekki að ummæli ýmissa hv. þm. varðandi þetta samkomulag hafa verið nokkuð misvísandi miðað við það sem hæstv. ráðherra hefur sagt.

[15:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. ræðumaður gat um verður frv. sem hér hefur verið til umræðu væntanlega lagt fram í dag. Með því er verið að efna samkomulag síðan í mars um tvöföldun grunnlífeyris til yngstu öryrkjanna. Það er meginmálið í frv. sem lagt verður fram.

Það hefur komið í ljós í umræðunni og er ekkert launungarmál að sá starfshópur sem vann að málinu hefur rætt ýmsar leiðir og útfærslur í málinu. Það hefur tekið tíma. Þess vegna er frv. ekki komið fram fyrr en nú. En ég vona að frv., þegar það kemur fram, fái greiða leið í gegnum þingið til að hægt sé að borga út 1 milljarð kr. til öryrkja á næsta ári og byrja strax um áramótin. Það er mergurinn málsins.

[15:25]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég endurtek ekki það sem ég sagði um væntanlegt frv. Það er erfitt fyrir mig að fjalla um það. Hins vegar er ljóst að hæstv. heilbrrh. hefur verið mikill baráttumaður í þessu máli. Það er alveg ljóst að þingflokkur Framsfl. hefur verið beygður í þessu máli. Það er skýringin á því hvernig hv. þm. og hæstv. ráðherra talar.

Hæstv. ráðherra hefur sagt í þessum ræðustól að miðað við þennan 1 milljarð kr. verði hann að efna samkomulagið í áföngum. Vissulega er hann að stíga stórt skref núna en það er greinilegt að samstarfsflokkurinn hefur pínt Framsfl. í málinu. Ég verð að segja, frú forseti, að hv. þingmenn Framsfl. væru menn að meiri að viðurkenna að þeir hafi ekki náð sínu fram frekar en að tala þvert um hug sinn. Það hljómar ekki vel í eyrum okkar. Það er ekki trúverðugt. Við vitum að hæstv. ráðherra vildi ganga lengra í málinu en hefur því miður ekki náð lengra. Það eiga menn að segja í stað þess að fara í einhvern feluleik.

[15:26]

Útbýting þingskjala:

Fjárflutningar, 415. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 570.

Fjármál hins opinbera, 413. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 568.

Undanþága frá virðisaukaskatti, 416. mál, fsp. GAK, þskj. 572.

Öryggi vegfarenda á Kleifarheiði, 414. mál, fsp. GAK, þskj. 569.

[15:26]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umr. Í frumvarpinu með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umr. er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 275,3 milljarðar kr. Engar breytingartillögur liggja fyrir frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar nú við 3. umr. þrátt fyrir að ljóst sé að útgjöld ríkissjóðs eru vanmetin á mörgum sviðum í frumvarpinu.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 282 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður um 6,7 milljarðar kr. Ef miðað er við fjárlög yfirstandandi árs hækkuðu útgjöld ríkissjóðs frá því sem samþykkt var í fjárlögum 2003 og því sem nú liggur fyrir við samþykkt fjáraukalaga um 6,7%. Ef miðað er við að það sama gerist á næsta ári má gera ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs fari í um 294 milljarða kr. á árinu 2004. Ljóst er því að ef gjöldin þróast eins á næsta ári og á þessu þurfa að koma til auknar tekjur af hálfu ríkissjóðs ef hann á að skila afgangi. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umr. fjárlaga á þskj. 428.

Í mars árið 2003 gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og formaður Öryrkjabandalagsins samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Í fréttatilkynningu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dags. 25. mars. 2003, sagði m.a., með leyfi forseta:

„Er með samkomulaginu komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, en gert er ráð fyrir allt að tvöfaldri hækkun grunnlífeyris til þeirra sem yngstir verða öryrkjar."

Enn fremur kom fram í fréttatilkynningunni að samkvæmt útreikningum sérfræðinga heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins yrði kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytingar rúmur milljarður kr. á ári. Þessu samkomulagi var fagnað mjög og í grein í Morgunblaðinu 27. mars 2003 sagði heilbrigðis- og tryggingamála ráðherra m.a., með leyfi forseta:

„Á blaðamannafundum í fyrradag var spurt hvort samkomulagið nú væri nokkuð annað en rétt og slétt kosningabomba. Ekkert er eðlilegra en fréttamenn spyrji spurninga af þessu tagi í aðdraganda kosninga. Það sem athyglisvert var á fundinum með blaðamönnum var að báðir aðilar, bæði sá sem þetta ritar og Garðar Sverrisson, formaður ÖBÍ, lýstu yfir að þannig bæri ekki að skilja niðurstöðuna og báðir sögðumst við sannfærðir um að enginn stjórnmálaflokkanna myndi einn eða í samráði við aðra flokka reyna að rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið."

Já, virðulegi forseti, þessu samkomulagi var virkilega fagnað. Öryrkjar hafa barist fyrir auknum réttindum sínum, ekki hvað síst sá hópur sem hefur mátt búa við skerta starfsorku frá unga aldri. Enginn flokkur ýjaði að því að hérna væri bara um kosningaloforð að ræða, engin teikn voru um annað en að staðið yrði við samkomulagið þó svo að það væri gert undarlega stuttu fyrir kosningar þegar Framsfl. lá sem allra lægst í skoðanakönnunum.

Samkvæmt samkomulaginu hefur starfshópur nú unnið að tillögum að lagabreytingum og nánari útfærslu á framkvæmdinni þannig að hægt yrði að standa að greiðslum samkvæmt þessari ákvörðun frá 1. janúar 2004. Á aðalfundi Öryrkjabandalagsins í október sl. kom fram í máli formanns bandalagsins, sem jafnframt á sæti í umræddri nefnd, að um 1,5 milljarða kr. þyrfti á fjárlögum næsta árs til að fullnusta þetta tímamótasamkomulag ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004, eins og það liggur fyrir nú við 3. umr., er einungis gert ráð fyrir 1 milljarði kr. Ljóst er því að ekki á að standa að fullu við það samkomulag sem gert var við Öryrkjabandalagið rétt fyrir kosningar.

Mikil umræða hefur orðið um þá ætlan ríkisstjórnarinnar að standa ekki að fullu við það samkomulag sem gert var við Öryrkjabandalagið. Svo virðist sem fjmrh. og heilbr.- og trmrh. greini á um hvað samið var um. Fram hafa komið upplýsingar sem sýna að stjórnvöldum var ljóst þegar í vor að nærri 1,5 milljarða kr. þyrfti til að standa við samkomulagið. Fjmrh. telur hins vegar að samkomulagið sé fullefnt með 1 milljarði kr. en hæstv. heilbr.- og trmrh. viðurkenndi í umræðum á Alþingi nú fyrir skömmu að samkomulagið væri aðeins efnt að tveimur þriðju hlutum með þessari upphæð sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2004.

Ég vil hér, með leyfi forseta, vitna í viðtal við hæstv. félmrh. sem birtist laugardaginn 29. nóv. í Morgunblaðinu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra, lítur svo á að standa beri við loforð um „allt að tvöföldun grunnlífeyrisins" en þar sem í ljós hafi komið að kostnaðurinn sé meiri en ráð var fyrir gert verði að gera það í áföngum. Ráðherra tekur þó fram að aldrei hafi annað staðið til af sinni hálfu en að uppfylla samkomulagið að fullu. Sá milljarður, sem gert sé ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, verði greiddur út nú um áramótin en það sem upp á vanti verði greitt tólf mánuðum síðar."

Virðulegi forseti. Enn fremur er föstudaginn 28. nóv. einnig vitnað í hæstv. heilbr.- og trmrh. samkvæmt fréttum Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Þær upplýsingar sem ég hafði um kostnað vegna þessa á þessum tíma var að þetta myndi kosta milljarð og lagði ég það fyrir ríkisstjórnina. Nokkrum mánuðum seinna kemur svo í ljós að þetta sé þriðjungi dýrara en ég var búinn að fá samþykkt."

Það er því alveg ljóst, virðulegi forseti, að hæstv. heilbrrh. var alveg ljóst að þetta samkomulag var nokkuð dýrara en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagagerðinni, og þá þegar í vor. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það þó svo að samkomulagið sé gert og tekið fram að kostnaður sé áætlaður rúmur milljarður kr. og síðan við nánari skoðun reiknist það 1,5 milljarðar kr. Það er ekkert óeðlilegt við það og meðan menn voru á því stigi voru engin ósannindi í gangi.

Það liggur hins vegar skýrt fyrir að þegar samið var við Öryrkjabandalagið í vor var ekki kveðið á um áfangaskiptingu samkomulagsins. Í samkomulaginu er skýrt kveðið á um að það eigi að koma til framkvæmda 1. janúar 2004 en ekki síðar. Heilbr.- og trmrh. verður að standa að fullu við það samkomulag sem hann gerði. Eða ætlar hann að vera sá sem stendur í vegi fyrir að staðið verði við samkomulagið eða, eins og hann orðaði það í áðurnefndri grein, „rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið"? Alvarlegast er þó að nú hyggst ríkisstjórnin ganga á bak þeirra orða sinna í samkomulaginu með því að staðfesta einhliða með lögum að þessi réttarbót nái aðeins til hluta þeirra öryrkja sem samið var um.

Sá sem hér talar flytur brtt. nú við 3. umr. þar sem lagt er til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 500 millj. kr. svo að hægt verði að standa að fullu við samkomulag heilbr.- og trmrh. við Öryrkjabandalagið frá því í vor. Þessa sömu tillögu flutti ég við 2. umr. fjárlagafrv. þegar ég hóf þessa umræðu um að ekki stæði til að efna samninginn við Öryrkjabandalagið. Ég flutti þá tillögu við 2. umr. en ákvað að draga hana til baka þá og flytja hana hér aftur við 3. umr. ef meiri hlutinn og ríkisstjórnin væru ekki búin að gera nauðsynlegar breytingar á frv. til þess að hægt væri að fullnusta samkomulagið. Því flyt ég þessa tillögu hér aftur um að veittar verði 500 millj. kr. til viðbótar til að hægt sé að standa að fullu við það samkomulag sem heilbr.- og trmrh. gerði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalgið í vor rétt fyrir kosningar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð skorar á alla þingmenn að styðja þetta mál. Jafnframt er skorað á heilbr.- og trmrh. að styðja það að staðið verði að fullu við það samkomulag sem hann gerði.

Ég tek alveg undir þau orð sem hafa fallið í umræðunni um að áfangi upp á einn milljarð kr. sé vissulega spor í áttina. Það gætu verið rök fyrir því að taka yrði á málinu í tveimur áföngum þó svo að samið hefði verið um annað. En það að ætla að víkja sér undan því að standa við samkomulagið eins og gert hafði verið ráð fyrir og skrifað hafði verið undir eru svik.

Nauðsynlegt er að styrkja betur heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir um allt land. Í umræðunni í fjárln. hefur komið berlega í ljós hversu mikil fjárvöntun er hjá heilbrigðis- og sjúkrastofnunum víða um land, ekki aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig alls staðar á landsbyggðinni. Fjárþörf Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er stórlega vanmetin hér við fjárlagagerðina og heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir utan Reykjavíkur líða fyrir fjárskort. Sérstök þörf er á að fjölga enn frekar hjúkrunarrýmum við öldrunarstofnanir um allt land en með hækkandi aldri og bættri heimahjúkrun eykst sú þörf hlutfallslega. Á þetta hafa sveitarfélög sem komið hafa á fund fjárln. rækilega bent og fulltrúar þeirra öldrunarstofnana sem reknar eru víða um landið hafa líka bent á þessa gríðarlegu þörf til að viðurkenna og koma með fjármagn til aukins fjölda hjúkrunarrýma. Við þessu er ekki nema að litlu leyti orðið. Það er mikilvægt að heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á landsbyggðinni haldi hlut sínum og geti veitt fjölbreytta og staðbundna þjónustu.

Sú stefna er röng að skerða stöðugt verkefni og þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og auka þannig óöryggi íbúanna, kostnað þeirra og óþægindi sem þeir hafa af því að sækja læknisþjónustu langt að. Það var mikið óheillaspor að leggja niður stjórnir sjúkrahúsanna á landsbyggðinni og slíta þar með á tengsl þeirra við heimafólk og íbúana sem vilja standa vörð um þessa þjónustu og standa henni næst. Skerðing á þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni leiðir til aukins álags á hátæknisjúkrahúsunum á Akureyri og í Reykjavík.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 og breytingum frá ríkisstjórn og meiri hlutanum við 2. umr. er gert ráð fyrir að útgjöld Landspítala – háskólasjúkrahúss umfram sértekjur verði tæpir 24,8 milljarðar kr. Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss kom á fund fjárln. eftir 1. umr. um frv. Hann telur að spítalinn þurfi 1,4 milljarða kr. til viðbótar við þá fjárheimild sem frv. gerir ráð fyrir miðað við óbreytta starfsemi árið 2004. Við þessari beiðni hefur meiri hlutinn ekki orðið. Af þessu má ljóst vera, þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingu til spítalans á næsta ári, að annaðhvort þarf að draga úr þjónustu eða spítalinn verður rekinn með halla sem síðan verður að gera upp í fjáraukalögum næsta árs.

Ég vakti athygli á því fyrr í dag í andsvari við hv. formann fjárln. hvernig Landspítali – háskólasjúkrahús er að búa sig undir að bregðast við, að hann sé neyddur til þess að skera niður þjónustu á ákveðnum sviðum ef honum á að takast að halda sér innan þessa fjárlagaramma. Er það það sem við viljum? Ég held að við viljum öll að heilbrigðisþjónustan,

heilsugæslan og læknisþjónustan sé sem öruggust og eigi ekki að vera skipulagslaust skorin niður.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík kemur m.a. fram að sameiningin hafi ekki verið nógu markvisst undirbúin. Hvorki hafi verið gerð tímasett framkvæmda- eða kostnaðaráætlun né sett markmið um það hverju ætti að ná fram með sameiningunni. Í mati á afköstum fyrir og eftir sameiningu verði ekki komist nær en að umfang þjónustu sé óbreytt og ekki hefði tekist að auka afköst sjúkrahússins. Enn fremur kemur fram að fyrirliggjandi upplýsingar gefi ekki til kynna að bið eftir þjónustu hafi almennt styst. Af skýrslunni virðist því mega draga þá ályktun að sameining sjúkrastofnana þýði ekki endilega bætta og/eða aukna þjónustu. Ofurtrú þessarar ríkisstjórnar á að sameiningar þjónustustofnana og stærð eininga ráði öllu um gæði þjónustu og rekstrarhagkvæmni fær enn eina falleinkunn með þessari skýrslu.

Í frv. er gert ráð fyrir að útgjöld Háskóla Íslands umfram sértekjur verði um 4,5 milljarðar kr. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að skólinn fái framlag fyrir 5.200 ársnemendur. Á fundi sem fulltrúar Háskóla Íslands áttu með fjárln. var lögð fram spá um fjölgun ársnemenda 2004–2007. Talið er að þeir verði 5.750 á næsta ári en ekki 5.200 eins og gert er ráð fyrir í frv. Að óbreyttu mun Háskóli Íslands þurfa að vísa frá 900 nýnemum haustið 2004. Samkvæmt því mun Háskóli Íslands ekki lengur verða þjóðskóli, heldur skóli sem takmarkar aðgang. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að aðgangur að skólanum verði takmarkaður.

Enn fremur lögðu fulltrúar Háskóla Íslands fram samanburð á framlagi til kennslu í lagadeild Háskóla Íslands annars vegar og í lagadeild Háskólans í Reykjavík hins vegar. Ráðstöfunarfé til kennslu virks laganema samkvæmt því er um 346 þús. kr. í Háskóla Íslands en um 530 þús. kr. í Háskólanum í Reykjavík. Mismunurinn er því um 184 þús. kr. eða um 53%. Vandi Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans er hliðstæður. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu flytja brtt. sem ætlað er að leiðrétta bráðavanda þessara skóla.

Í DV 3. des. sl. kemur fram að sérfræðingar á fjármálamarkaði hafa áhyggjur af því hvort Seðlabanki Íslands nái að standa vörð um verðbólgumarkmiðin. Þeir benda á að verðbólguspá bankans sé of lág og vanmetnar séu vísbendingar í hagkerfinu sem gefa til kynna að verðhækkanir séu í þann mund að fara á skrið. Ljóst er að mikið liggur við að verðbólgumarkmið Seðlabankans náist. Kjarasamningar byggjast meðal annars á því að svo fari.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var viðskiptahallinn 32,3 milljarðar kr. fyrstu níu mánuði ársins 2003 en 2,1 milljarður kr. á sama tíma 2002. Samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka virðist því flest benda til þess nú að viðskiptahallinn verði meira en 4% af landsframleiðslu í ár en í fyrra var 0,6% afgangur. Landsbankinn telur að viðskiptahallinn verði 35–40 milljarðar kr. á þessu ári. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að hallinn verði einungis 2,5% af landsframleiðslu í ár. Í lok september sl. hafði hrein skuldastaða þjóðarbúsins hækkað um 24 milljarða kr. frá árslokum 2002. Fram kemur hjá greiningardeild Íslandsbanka að viðsnúningurinn væri lítið áhyggjuefni ef hann væri kominn til alfarið eða að mestu vegna þess að fjárfestingar hefðu aukist samhliða því að stóriðjuframkvæmdir hafa farið af stað. Samkvæmt bankanum er viðsnúningurinn þó ekki nema að litlum hluta til kominn vegna aukins innflutnings af fjárfestingarvörum. Að mestu má skýra aukinn halla með því að innlend neysla hafi tekið við sér og útflutningur hafi átt undir högg að sækja. Enn fremur kemur fram hjá greiningardeild Íslandsbanka að þróun viðskiptajafnaðarins undanfarið bendi til þess að krónan sé orðin öllu verðmeiri en hún getur orðið til lengdar — gengið samræmist ekki langtímajafnvægi þjóðarbúsins. Ef allt væri með felldu væri nú að hefjast hóflegt hagvaxtarskeið sem skapaði grundvöll fyrir fjölbreytt atvinnulíf og jarðveg fyrir nýja vaxtarsprota.

Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar stefnir þjóðfélaginu í aðra átt. Ráðist er í framkvæmdir sem eru allt of viðamiklar fyrir íslenskt efnahagslíf og gríðarleg fórn á náttúruauðlindum. Ruðningsáhrif þessara stórframkvæmda eru þegar farin að hafa mjög neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu annars atvinnulífs í landinu.

Með stefnu þessarar ríkisstjórnar í atvinnumálum verður heilu atvinnugreinunum, búsetu í mörgum byggðarlögum, eðlilegum vexti og stöðugleika í efnahagsmálum stefnt í mikla tvísýnu á næstu árum.

Virðulegi forseti. Ég vil þá víkja að nokkrum atriðum í fjárlagafrv. sem hér á að fara að samþykkja. Ég vil sérstaklega víkja að þeirri ákvörðun að verja sérstöku fjármagni til stofnunar framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Það hefur verið baráttumál undanfarin ár að stofnaður yrði framhaldsskóli á Snæfellsnesi og það mál hefur verið borið fram mjög kröftuglega og sameiginlega af sveitarfélögum á norðanverðu Snæfellsnesi.

Ég lagði þunga áherslu á það við afgreiðslu fjárlaga í fyrra að þessi ákvörðun yrði tekin og að lokum lýsti þáv. hæstv. menntmrh. því yfir að veitt yrði fjármagn til undirbúnings. Og á fjárlögum þessa árs er svo veitt byrjunarfjárveiting til þess að skólinn megi formlega taka til starfa næsta haust. Þetta er fagnaðarefni sem ég vil árétta hér og koma á framfæri.

Það eru líka önnur atriði sem ég vil inna eftir. Boðaður var niðurskurður um milljarð kr. í vegaframkvæmdum en engar tillögur, engar upplýsingar liggja fyrir hvar sá niðurskurður á að koma niður. Í vor barði hæstv. ríkisstjórn sér á brjóst og lagði til aukið fé til samgöngumála, til átaks í vegamálum. Sá sem hér stendur studdi það átak. Þá var jafnframt boðað að þetta væri einn mikilvægasti málaflokkurinn sem þyrfti að taka á til þess að efla og styrkja atvinnulíf og búsetu vítt og breitt um landið. Það skýtur því rækilega skökku við, nokkrum mánuðum eftir að þessi ákvörðun var tekin, að nú er vegáætlun aftur skorin niður. Svona handarbakavinna, svona blekkingarleikur er ekki trúverðugur, virðulegi forseti, og ekki síst þegar hvergi fylgir með greinargerð eða skýring hvar þessi niðurskurður á að koma niður, hvaða framkvæmdir sem nú eru á vegáætlun á að skera niður. Mér finnst að þær upplýsingar eigi að liggja fyrir og kannski getur hæstv. samgrh. upplýst okkur um það hér hvað á skera niður í samgöngumálum áður en við ljúkum afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil einnig vekja athygli á gríðarlega erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna, en tekjur þeirra hrökkva engan veginn til þeirra skylduverkefna sem þeim hafa verið falin. Stöðugt hafa verið færð aukin verkefni til sveitarfélaganna frá ríkinu án þess að þeim fylgdu nægir tekjustofnar. Við það bætist og að mörg sveitarfélög verða nú fyrir tekjutapi vegna þess að laun íbúanna lækka. Þetta á sér t.d. stað í sjávarþorpum vítt og breitt um landið þar sem fiskverð hefur farið lækkandi og þar á meðal líka laun sjómanna. Allt þetta hefur bein áhrif á tekjur sveitarfélaganna. Einu úrlausnirnar

sem sveitarfélögin hafa eru þá annaðhvort að skera kröftuglega niður þjónustuna eða að selja eignir. Sum sveitarfélög hafa fundið sig knúin til þess að selja sínar dýrustu þjónustueignir, rafveitu hér, hitaveitu þar o.s.frv. En eignir verða aldrei seldar nema einu sinni og hafi sveitarfélag selt frá sér þjónustueignir sínar þá stendur það auk þess slyppara eftir.

Það verður að taka á fjárhagsvanda sveitarfélaganna og þeirri röngu tekjuskiptingu sem er á milli ríkis og sveitarfélaganna. Það er ekki réttlátt að ætla að láta það bíða einhverrar umræðu um endurskoðun á stærð sveitarfélaganna, sameiningu sveitarfélaga. Það er allt annar hlutur sem verður að fara í gang og vinnast á eigin forsendum. Og það er afar óréttlátt að ætla að láta sveitarfélögin svelta, veita þeim ekki úrlausn en pína þau inn í einhverjar sameiningarviðræður sem óvíst er til hvers leiða eða hvernig ganga fyrir sig. Það að sameina sveitarfélög leiðir ekki til aukinna tekna innan sveitarfélaganna, fjarri því, og reynslan er sú að svo er ekki. Hins vegar getur verið hagræði í því í mörgum tilvikum en það er engin töfralausn til þess að auka tekjur í sveitarfélögum. Ég vil leggja þunga áherslu á það, virðulegi forseti, að á meðan ríkissjóður getur afgreitt fjárlög með tekjuafgangi þá eru sveitarfélögin, hinn aðilinn sem stendur undir þjónustu í landinu, nærþjónustu við íbúana hafður í fjársvelti hvað tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðar. Þessu verður að breyta.

Það eru mörg atriði sem þetta fjárlagafrv. tekur ekki á. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum *áherslu á að ríkisfjármálunum sé beitt til að auka jöfnuð* í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Það er skilyrði að öllum þegnum þjóðfélagsins séu tryggð mannsæmandi lífskjör og það á að vera aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs. Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna og að framlög til umhverfismála verði aukin og tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að aðhald í útgjöldum skuli bitna mest á þeim sem síst skyldi; barnafólki, sjúklingum, öryrkjum, atvinnulausum og þeim sem hafa lægstar tekjur. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að þessir hópar eigi að borga brúsann til að viðhalda stöðugleikanum.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. sem nú situr, situr í skjóli svikinna kosningaloforða. Lofað var tugmilljarða skattalækkunum, 90% húsnæðislánum, línuívilnun til bátaflotans og jarðgöngum, svo nokkuð sé nefnt.

Einmitt í dag var að koma yfirlýsing eða fréttatilkynning frá stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi sem mótmælir því harðlega að ekki skuli hafa verið staðið við gefin loforð og tryggðir fjármunir á fjárlögum til viðbyggingar við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi sem hýsi starfsemi sem nú er á Ljósheimum á Selfossi. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi telur að fyrir kosningar í vor hafi verið lofað að þarna yrði ráðist í meiri framkvæmdir en efndir nú standa til og sendi frá sér harðorð mótmæli gagnvart þeim vinnubrögðum. Ábyrgir stjórnmálaflokkar eiga ekki að lofa meiru en þeir geta staðið við.

Skerðing á rétti atvinnulausra og hækkun á komugjöldum og hlut sjúklinga í lyfjakostnaði voru ekki meðal kosningaloforða Framsfl. í vor. Vinstri hreyfingin – grænt framboð skorar á stjórnarflokkanna að standa a.m.k. við eitt kosningaloforðið, en það er að efna að fullu það samkomulag sem gert var við Öryrkjabandalagið síðasta vetur.

Virðulegi forseti. Ég flyt tvær brtt. við frv. til fjárlaga hér við 3. umr. Í fyrsta lagi eins og ég hef gert grein fyrir áður í ræðu minni að örorkulífeyrir verði hækkaður um 500 millj. kr. Í greinargerð með þessari tillögu segir, með leyfi forseta:

„Hér er gerð tillaga um að staðið verði við samkomulag sem gert var á milli ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins um aukinn lífeyri til þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og koma á til framkvæmda 1. janúar 2004. Fjárhæð þessi er til viðbótar 1.000 millj. kr. sem eru í frumvarpinu en komið hefur í ljós að til þess að standa við samkomulagið þarf 1.500 millj. kr.“

Í öðru lagi flyt ég tillögu ásamt hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um Háskóla Vestfjarða á Ísafirði, en þar segir í greinargerð:

„Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Hér er lagt til að veita 15 millj. kr. til að vinna að stofnun Háskóla Vestfjarða á Ísafirði.“

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. við 3. umr. fjárlaga.

[15:57]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað með þessa ræðu eins og ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að hún gefur tilefni til ýmissa athugasemda. Ég mun þó eingöngu gera athugasemdir við ummæli þingmannsins um samkomulag við Öryrkjabandalagið þar sem hann var að reyna að halda því fram að hæstv. heilbrrh. væri eitthvað að reyna að rokka við því samkomulagi. Það hefur enginn verið rokkandi í því samkomulagi nema hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér hafa verið rokkandi dýrvitlausir út um allan sal.

Það sem liggur fyrir er að það er staðið fullkomlega við þetta samkomulag. Verið er að hækka bætur til yngstu öryrkjanna og á næsta ári hafa þær bætur, óskertar mánaðargreiðslur til örorkulífeyrisþega með aldurstengingu, hækkað um 135% frá því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. tók við völdum árið 1995.

[15:58]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson ætti tala um þetta mál í auðmýkri tón. Vissulega er það fagnaðarefni að ákveðinn áfangi hefur náðst í að rétta og bæta hag öryrkja og sérstaklega þeirra sem hafa orðið öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Ég tel að þeir aðilar sem stóðu að því samkomulagi hafi vissulega unnið afar þarft og gott verk sem þjóðin gleðst yfir. Hitt er svo annað mál að það þarf líka að efna það samkomulag sem gert er, alla vega að viðurkenna það á heiðarlegan hátt að það hafi ekki tekist í þessari atrennu en það verði þá gert síðar. Það þýðir ekki að vitna hér í eitthvert frv. sem ekki er komið fram. En það er alveg ljóst og ég vitna í orð hæstv. heilbrrh. að ráðherrann hefði líka viljað sjá það gert.

[15:59]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér heyrðist hv. þm. vera farinn að sjá ljósið og það er alltaf vel. Hann fagnaði þessu verki og sagði hér að það hefði verið unnið afar þarft og gott verk í þágu öryrkja. Ég verð auðvitað að fagna þeim ummælum hv. þm. og vona að fleiri hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sjái ljósið og að hann reyni að upplýsa sína flokksfélaga og aðra þingmenn í stjórnarandstöðunni um það sem verið er að gera í málunum og það sem skiptir máli sem er auðvitað það að verið er að hækka bætur til yngstu öryrkjanna þannig að þær verða 135% hærri (Gripið fram í.) en í upphafi ríkisstjórnarsamstarfs Framsfl. og Sjálfstfl. Það er það sem skiptir máli og við eigum að fagna því, hv. þm.

[16:00]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil að sumu leyti hv. þm. sem grípur í þau hálmstrá sem hann hefur til þess að verja það að hafa ekki náð því fram sem lofað hafði verið. Því hafði verið lofað að standa við þennan samning að fullu. Ég vitnaði áðan í ummæli hæstv. heilbrrh. í Morgunblaðinu 29. nóvember og get gert það aftur, með leyfi forseta:

„Ráðherra tekur þó fram að aldrei hafi annað staðið til af sinni hálfu en að uppfylla samkomulagið að fullu. Sá milljarður, sem gert sé ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, verði greiddur út nú um áramótin en það sem upp á vanti verði greitt tólf mánuðum síðar."

Það hefur því alltaf legið ljóst fyrir, alveg fram á daginn í gær, að þessi upphæð, miðað við það samkomulag sem gert var, lægi þarna um. Og að standa við gert samkomulag er nokkuð sem hver og einn á að gera.

[16:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil gera að umræðuefni þá brtt. sem Jón Bjarnason hefur einn lagt fram við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er gerð tillaga um að staðið verði við samkomulag sem gert var á milli ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins um aukinn lífeyri til þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og koma á til framkvæmda 1. janúar 2004."

Með því frv. sem mun liggja hér frammi í dag verður grunnlífeyrir yngstu öryrkjanna tvöfaldaður, það er því verið að standa við samkomulagið. Ég hvet hv. þm. til að kynna sér málefnið betur því að það er einmitt verið að koma mest til móts við þá sem verða öryrkjar á unga aldri. Þetta ætti hv. þm. Jón Bjarnason að vita því allir aðrir í þessum sal vita þetta enda stendur hann einn að þessari brtt.

[16:03]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hv. þm. boðar hér og er að vitna til liggur ekkert fyrir í þingsalnum. Ég sagði í upphafi að það væri eðlilegt að það frv. lægi hér fyrir þegar við værum að ræða fjárlög svo að einstakir þingmenn stjórnarflokkanna gætu ekki verið að vitna í eitthvert óframkomið frv. sem er afar ómálefnalegt.

Hitt er alveg rétt og ég tók rækilega fram að sá samningur sem gerður var og kemur að hluta til til framkvæmda er vissulega til bóta. Upphaflega var gerður samningur milli Öryrkjabandalagsins og ríkisstjórnarinnar, en núna tekur ríkisstjórnin sig einhliða til og ætlar að skerða umsaminn rétt örorkulífeyrisþega um bætur, breyta þeim samningi sem við höfum þó ekki séð.

[16:04]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það samkomulag sem gert var hljóðaði upp á það að grunnlífeyrir yngstu öryrkjanna, þeirra sem verða öryrkjar á unga aldri, yrði tvöfaldaður. Og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur getið þess oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að það muni verða staðið við það.

Ég minni á það að á árinu 2000 var 75% öryrki sem varð öryrki yngri en 18 ára gamall með 72.855 kr. Ári síðar var hann með 80.000 kr. Árið 2002 var þessi upphæð tæpar 90.000 og með þessari hækkun mun þetta taka stökk upp í 126.000 kr. Við erum að tala um beina hækkun bóta í þessu sambandi upp á 74% síðan árið 2000 og geri aðrir betur.

[16:05]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar tveir aðilar gera samkomulag eru báðir staddir við borðið. Finnst hv. þm. að verið sé að standa við samkomulag ef ríkisstjórn og meirihlutaflokkar á Alþingi breyta einhliða með lagafrv. því samkomulagi sem gert var? Er það að standa við samkomulagið? Ekki að mínu mati.

Auðvitað hefur ríkisstjórnin þingmeirihluta til þess að gera það sem henni sýnist. En vinnubrögð af þessu tagi, samningur sem gerður er — reyndar rétt fyrir kosningar þegar Framsfl. var í 6–8% eða hvað það nú var — og allir fögnuðu, að nú á skyndifundi í gær, eftir því sem hér hefur verið tjáð, breytir ríkisstjórnin og þingflokkar meiri hlutans þessu einhliða í þá veru sem við höfum ekki enn séð.

[16:06]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kom víða við í ræðu sinni og vildi gera öllum mjög gott. Meðal annars kom hv. þm. inn á þann skort á hjúkrunarrýmum sem væri úti á landsbyggðinni.

Þegar vistunarmatsskrá heilbrrn. er skoðuð, þar sem haft er samband við yfir 40 sveitarfélög til að athuga hvar vöntun sé á hjúkrunarrýmum, kemur í ljós að í Reykjavík eru 324 í brýnni eða mjög brýnni þörf, á Akureyri 28. Þegar litið er til hinna smærri byggða eru á flestum stöðunum innan við fimm og á mörgum stöðum engin þörf.

Mér finnst að hv. þm. þurfi að athuga sinn gang þegar hann kemur hér með fullyrðingar um að það sé stórleg vöntun á hjúkrunarrýmum á landsbyggðinni.

Hins vegar er það svo að verið er að taka í notkun um þessar mundir og fram að 1. júní, 160 rými á höfuðborgarsvæðinu til þess að mæta þeim stóra vanda sem er hér

í Reykjavík m.a. vegna einstaklinga sem hafa flutt utan af landi til Reykjavíkur.

[16:08]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þekkir þetta mál vel og hversu brýn þörfin er. Þörfin er brýn hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir aukin hjúkrunarrými. Sem betur fer náum við stöðugt hærri aldri, við aukum heimahjúkrun sem þýðir að þörfin fyrir vönduð hjúkrunarrými eykst líka hlutfallslega.

Ég ætla ekki að rekja þau mörgu sveitarfélög og þá mörgu aðstandendur hjúkrunar- og dvalarheimila sem komu til okkar í fjárln. og óskuðu eftir því að fá að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými vegna þess að þörfin væri svo brýn. Þetta er eitt af því mikilvægasta fyrir sveitarfélögin, að geta haldið bæði börnunum og gamalmennunum heima hjá sér, þurfa ekki að flytja þau landshorna á milli til þess að koma þeim fyrir í hjúkrun eða dvöl. Þetta er eitt af sjálfstæðismálum hvers byggðarlags. Þess vegna legg ég þunga áherslu á að við þetta verði staðið af myndarskap.

[16:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Já, að við þetta verði staðið af myndarskap, jú, það er verið að stíga það skref hér þar sem þörfin er mest. Nú vitum við að fjármagn er ekki ótakmarkað til þessara mála og það þarf að stíga þessi skref eftir því hver þörfin er. Eins og ég sagði áðan þá er athyglisvert að skoða þessa vistunarmatsskrá, hún er ekki í takt við það sem hv. þm. er að segja.

Ég veit að það eru sérstakir hópar sem gera þessar skýrslur og störf nefndarinnar eru ábyggileg. Með því að skoða þessi 44 sveitarfélög sem hér eru, er meiri hlutinn af þeim í engri þörf, skráð núll, eða óskir um vistunarrými eru teljandi á fingrum annarrar handar. Á sama tíma er þetta stóra vandamál hér í Reykjavík sem verið er að stíga mjög stórt skref í átt til þess að leysa, eins og ég sagði áðan, 160 rými eru að komast í gagnið nú og á næstu sex mánuðum og það er vel.

Auðvitað þarf að huga að hinni dreifðu byggð líka. Ég nefni Akureyri þar sem 28 eru í brýnni þörf á að komast í hjúkrunarrými. En það þarf bara fjármagn til þess og það veit hv. þm.

[16:10]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Ég tek alveg undir með hv. þm. um þá gríðarlegu þörf sem hér er og þarf að taka á og þó fyrr væri. En 2–5 pláss í sveitarfélögum úti á landi skipta líka miklu máli þar. Ef þörfin er skráð núll þýðir það venjulega að viðkomandi gamalmenni hefur verið sent burt (**Gripið fram í:** Eða dáið.) Við skulum vona ekki.

Það þarf að leysa þessa þörf. Við fengum mjög mörg erindi til fjárln. um að það þyrfti að fjölga hjúkrunarrýmum hjá öldrunarstofnunum vítt og breitt um landið. Það er gert nokkurt átak í því í fjárlögunum en það vantar enn meir því að þetta er verulegt sjálfstæðismál, þetta er verulegt velferðarmál að hver byggð og hver fjölskylda geti verið sem lengst í návist og hjúkrunarheimilin eru liður í því.

[16:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ákveðin árátta sem mér sýnist vera í málflutningi stjórnarandsstöðunnar. (**Gripið fram í:** Ekki blanda okkur saman.) Það kemur kannski hvað skýrast fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Jón fer að vanda að ræða heilbrigðismálin, segir: Það er stórkostleg skerðing á heilbrigðismálum á landsbyggðinni, stórkostleg skerðing á framlagi til heilbrigðismála.

Hér er ég með frumvarpið. Þetta eru 38 blaðsíður, gríðarleg talnaruna upp á 110 milljarða kr. Mikið þætti mér vænt um það ef hv. þm. vildi vera svo vænn að benda á, þó að það væri ekki nema ein tala af allri þessari talnaröð sem passaði við hans talnarugl. Ég er bara að biðja um eina tölu sem sýnir að það sé skerðing til landsbyggðarinnar.

[16:13]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni hafi ratast óvart satt orð á munn með þetta talnarugl. En það er skerðing á verkefnum þegar verkefni eru lögð niður á sjúkrahúsum. Í sumum landshlutum eru fleiri fæðingar orðnar á þjóðvegunum en áður voru á viðkomandi fæðingardeild sem var næst, vegna þess að það er búið að loka henni.

Veit hv. þm. t.d. hvað það eru margar fæðingardeildir starfræktar frá Akranesi til Egilsstaða, sem hefur fækkað nú á síðustu árum?

Hv. þm. bað um (**EOK:** Eina tölu.) eina tölu. Ég vil ógjarnan vera að vitna í einstök sjúkrahús (**EOK:** Þá tvær.) en það er alveg rétt að heilbrigðisstofnanir á Austurlandi standa frammi fyrir mikilli fjárþörf (Forseti hringir.) bæði vegna þess reksturs sem er í dag og þess sem bíður þeirra vegna þeirra aukinna umsvifa að þær eru skildar eftir með verulega fjárvöntun eins og hv. þm. er kunnugt um.

[16:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eins og mig grunaði. Hv. þm. gat ekki nefnt eina einustu tölu, enda var það ekki von. Í þessu frv. eru meiri hækkanir til heilbigðismála en nokkurn tíma áður.

Menn venja sig á í þessari umræðu að snúa öllu við, telja það rétt að hafa allt á hvolfi, finnst það betri umræðuregla. Ef menn venja sig á það þá er það þeirra vandamál. En menn skulu átta sig á því að ég held að það verði engum til hagnaðar og alls ekki umræðunni um hin viðkvæmu ríkisfjármál Íslendinga. Það væri því til bóta ef menn gætu vanið sig af þessum leiða sið.

[16:15]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er háttur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að flækja sér burt frá málefnalegri umræðu með stóryrðum og gífuryrðum. Alverst er þó þegar hann fer slíkum orðum um vinnulag á heilbrigðisstofnunum, t.d. Landspítala – háskólasjúkrahúsi, eins og hefur gerst á undanförnum dögum.

Ég vil benda á að heilbrigðismálin hafa verið í höndum þessarar ríkisstjórnar í tólf ár eða meir. (**EOK:** Það fer eftir ...) Já. Og heilbrrn. undir forustu Framsfl. Svo eru menn nú að segja: Það þarf að taka til í heilbrigðiskerfinu.

Við erum andvíg því að byggt verði upp tvöfalt heilbrigðiskerfi, annað sem sérfræðingakerfi með sjálftökurétt á Tryggingastofnun og hitt síðan almennt þjónustukerfi. Þetta hefur fengið að grassera í skjóli þessarar ríkisstjórnar. Verði ekki tekið á skipulagsmálum heilbrigðismálanna lendum við í miklum vandræðum, þar á meðal líka í þessum vandræðum hvað varðar þjónustuna.

[16:16]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin virðist hafa valið þá leið á þessu fyrsta starfsári kjörtímabilsins með þá skattalækkunarstefnu sem boðuð var í kosningabaráttunni, og varð vafalítið til þess að stjórnin hélt velli ásamt loforðum um línuívilnun og aukinn byggðakvóta, að efna ekkert af þessum kosningaloforðum sínum. Hin góðu verk sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu verða geymd enda er ríkisstjórnin með reynslu í því að fjölnýta kosningaloforð nokkrar kosningar í röð, á fjögurra ára fresti eins og dæmin um stóru sáttina í kvótabraskkerfinu sanna, sáttina sem er enn í felum undir dúnsæng hæstv. forsrh. sem nú orðið les Passíusálma sér og öðrum til huggunar oftar en áður og af meiri sannfæringu en sjálfur biskupinn enda hefur að sögn komið til tals að hæstv. forsrh. flytji þjóðinni öll versin fyrir næstu páska svo sem venja er til að einhver geri og mundi þá vafalaust óvenjuleg ró verða með þingmönnum stjórnarliðsins fyrstu mánuði ársins sem í hönd fer, þess árs sem við nú ræðum um fjárlög fyrir, þess árs sem þjóðin væntir skattalækkana en fær hækkaðar álögur.

Tillögur eru frá ríkisstjórninni í formi lægri séreignarsparnaðar þar sem 500–600 millj. kr. færast frá launþegum til ríkisins í formi tryggingagjalds. Lækkun sjúkratrygginga færir ríkinu 700 millj. kr. Með lækkun vaxtabóta færast 600 millj. frá lántakendum til ríkisins. Þetta er sérstaklega gert til að draga úr áhuga fólks á að taka aukin lán. Hvernig samrýmist þessi málatilbúnaður stefnunni um 90% húsnæðislán? Á e.t.v. að drepa niður áhuga og þörf fyrir hærri húsnæðislán með því að afnema vaxtabætur samfara hækkunum á húsnæðislánum? Er nema von að spurt sé? Sú hægri veit ekki hvað sú vinstri framkvæmir.

170 millj. kr. eru til lækkunar á rétti launafólks til atvinnuleysisbóta. Maður fyllist aðdáun yfir fundvísi breiðu bakanna, m.a. hjá Féló. Er ekki örugglega verið að sækja á þar sem peningarnir liggja á lausu og þar sem breiðu bökin eru?

Þar til viðbótar hækkaði vörugjaldið á bensín og svo þungaskatturinn með lagasetningu hér á dögunum. Hækkun neysluskatta nemur um 1 milljarði kr. sem auk þess hefur áhrif á hækkun lána þar sem neysluverðsvísitala hækkar sem afleiðing þessa. Samtals er um að ræða hækkaðar álögur og afnám launaréttinda upp á tæpa 3 milljarða. Það þarf mikinn vilja til að halda því fram að verið sé að efna kosningaloforðin, hv. stjórnarliðar.

Hv. varaformaður fjárln. sagði á stórfundi vestur á Ísafirði í haust að allir vissu, já allir vissu, margendurtekið, að Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., stæði alltaf við loforð sín. Á því væri engin undantekning, alls engin undantekning. Fundurinn bar yfirskriftina „Orð skulu standa".

Virðulegi forseti. Nú reynir enn og aftur, og reyndar aftur og aftur, á þau loforð um að orð skuli standa. Hvað glymur í fjölmiðlum þessa dagana? Hvernig á að efna loforðið við öryrkja, sem líka var loforð fyrir kosningar, og hvernig á að efna loforðið við forsvarsmenn Byrgisins sem ég gerði hér að umræðuefni við 2. umr. fjárlaga?

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu um að hækka fjárveitingu til líknarfélagsins Byrgisins upp á 15 millj. kr. vegna fortíðarvanda þess. Ásamt mér flytur hv. þm. Jón Bjarnason tillöguna á þskj. 551. Um fortíðarvandann sem lenti á Byrginu vegna flutnings þess af Miðnesheiði að kröfu ríkisstjórnarinnar sagði ég m.a. við 2. umr. fjárlaga þann 25. nóv. sl., með leyfi forseta:

„Fíkniefnamál hafa margar hliðar, ekki síst þegar kemur að því að taka á vanda hinna hörðu fíkniefnaneytenda, þeirra sem komnir eru á kaf í fíkniefni, orðnir brotamenn í þjóðfélaginu og gera nánast allt til að ná sér í þá nautn og eitur sem þeir hafa svo mikla þörf fyrir. Nokkrir aðilar hér á landi og nokkur samtök berjast með þessum einstaklingum í að reyna að rétta þá við. Við þekkjum til Krýsuvíkursamtakanna og annarra samtaka og starfsemi Byrgisins. Þau takast á við vanda fólks sem oft á tíðum er illa fyrir komið vegna eiturlyfja og fólks sem gengur illa að fóta sig í þjóðfélaginu og þarf sérhæfða aðstoð. Ég hef trú á að það sem menn hafa verið að gera í Byrginu sé þjóðfélagi okkar mjög verðmætt. Það er verðmætt að geta látið einstaklingana vera þar sem þeir fá einhverja umönnun og þjónustu og þar sem því er haldið að þeim að þeir eigi enga leið til baka aðra en að hætta, hin leiðin liggi til dauðans.

Þarna er fólk sem illa er fyrir komið og verður ekki betur tekið á málum þess annars staðar en gert er með þessari starfsemi. Þess vegna beindi ég því til fjárlaganefndar að málið yrði leyst milli 2. og 3. umr. á síðasta hausti. Ég hvatti til þess að fortíðarvandi Byrgisins yrði leystur. Við 3. umr. og lokaafgreiðslu fjárlaga síðasta haust kom eftirfarandi fram hjá hv. þáv. formanni fjárlaganefndar, Ólafi Erni Haraldssyni, í framsögu hans, með leyfi forseta:

„Rétt er að minna sérstaklega á Byrgið, dvalarstað á Miðnesheiði fyrir fólk í áfengis- og vímuefnavanda. Nauðsynlegt er að finna varanlega lausn á húsnæðismálum og rekstri Byrgisins þannig að fólk sem þar dvelur fái viðunandi aðbúnað. Húsnæðismál Byrgisins hafa verið kynnt ríkisstjórn og eru þar til meðferðar. Jafnframt lausn húsnæðisvandans er nauðsynlegt að leysa þann fjárhagsvanda"" — ég endurtek: að leysa þann fjárhagsvanda — ""sem nú steðjar að Byrginu og tryggja framtíðarlausn í samstarfi við ábyrgðaraðila þess. Fjárln. mun fylgjast með því að þessi mál komist í viðunandi horf.""

Tilvitnun í orð fyrrv. formanns fjárln. lýkur. Og áfram segi ég þann 25. nóv. sl.:

„Þessari yfirlýsingu fögnuðu þingmenn í fjárlaganefnd haustið 2002 og töldu málið í höfn enda mætti treysta orðum formanns og loforðum ríkisstjórnar varðandi húsnæðis- og rekstrarvanda Byrgisins. Við þeim orðum háttvirtra fjárlaganefndarmanna brást hv. þáv. formaður fjárlaganefndar, Ólafur Örn Haraldsson, og lokaði málinu með eftirfarandi svari, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að endurtaka þær yfirlýsingar sem ég hafði hér um Byrgið. Því fylgir fullur hugur allra þeirra sem að því máli koma."

Ekki var annað hægt en að leggja trúnað á að full samstaða hefði verið í fjárlaganefnd um að leysa málið, þar með talið fortíðar- og fjárhagsvanda Byrgisins sem varð til við uppbyggingu og endurbætur á húsum í Rockville.""

Virðulegi forseti. Orð skulu standa. Þeir sem ég hef spurt skilja málið svo að fyrrv. formaður fjárln. hafi lofað því að þessi vandi yrði leystur.

Hv. varaformaður fjárln., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sá sami á sl. hausti og er nú: Hver var skilningur þinn á þessum orðum fyrrv. formanns fjárln. á sl. hausti? Spurt er. Orð skulu standa og umboðsmenn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hv. formenn fjárln., vilja það vafalaust. Þess vegna dreg ég þá ályktun að misskilningur sé í málinu sem þurfi að leiðrétta og þá megi leysa málið með þessari tillögu okkar upp á 15 millj. kr. viðbót í fjárlögum.

Til þess að átta mig enn frekar á málinu bað ég forsvarsmenn Byrgisins um minnisblað vegna orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar varaformanns fjárln. við 2. umr. þessa máls.

Með leyfi forseta, ætla ég að vitna í bréfið en það ber yfirskriftina „Andmæli Byrgismanna vegna ummæla Einars Odds Kristjánssonar" og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vegna ummæla Einars Odds Kristjánssonar í fyrra andsvari sínu við ræðu Guðjóns A. Kristjánssonar þar sem hann segir orðrétt: „Ég ætla rétt að fara nákvæmlega yfir þetta af því við ræddum þetta í fjárlaganefndinni í fyrra, þ.e. um málefni Byrgisins. Það var að áskorun okkar þá að menn hófu samninga við Byrgið, félmrn. og Byrgið. Það var samið. Það var gerður samningur."

Við viljum benda á að í samningaviðræðum okkar við félagsmálaráðuneytið var stuðst við ítarlega úttektarskýrslu Aðalsteins Sigfússonar, félagsmálastjóra Kópavogs, frá því í janúar 2002 á starfsemi Byrgisins, sem hann gerði að beiðni varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Forsvarsmenn Byrgisins fóru fram á að eftir henni yrði farið þótt hún sé orðin nær tveggja ára gömul en þar segir matsmaður m.a. að rekstrarkostnaður Byrgisins á ári, miðað við 45 vistmenn, sé 45.105.000 kr. að lágmarki. Það þýðir að þegar vistmaður hefur greitt mánaðargjald sitt þarf stuðningur ríkisins að nema 32.081.250 kr. á ári. Síðan segir hann að þennan kostnað mætti lækka talsvert, sé miðað við 55 vistmenn þá yrði rekstrarkostnaður 47.985.000 kr. á ári að lágmarki og stuðningur ríkisins yrði þá að nema 30.281.460 kr. á ári. Það skal tekið fram að ekki var gert ráð fyrir neinum húsnæðiskostnaði í þessum útreikningum.

Þessu hafnaði ráðuneytið og vísaði til þess að ríkisstjórnin hefði ákveðið 25.000.000 kr. fjárveitingu fyrir 55 vistmenn og þeir hefðu ekki leyfi til að semja um annað. Við mótmæltum þessu og bentum á að þessi greiðsla mundi ekki tryggja rekstur Byrgisins til framtíðar heldur viðhalda áframhaldandi erfiðleikum í rekstrinum og væri algjörlega óábyrgt að samþykkja slíkt. Einnig bentum við á að Byrgið gæti ekki uppfyllt slíkan samning fyrr en viðbótarhúsnæði fengist, því að á Efri-Brú væri eingöngu pláss fyrir 45 að hámarki. Þegar þetta var ljóst var frekari fundarhöldum slitið og Byrgismenn fengu síðan undirritaðan samning frá félagsmálaráðuneytinu sendan í pósti með tilmælum um að undirrita hann og senda til ráðuneytisins.

Einari er tíðrætt um samning. Samningaviðræðurnar voru í einu og öllu eindregnar skipanir ráðuneytisins og var Byrginu gert að uppfylla fimm skilyrði svo hann yrði undirritaður af hálfu ráðuneytisins. Í engu var farið eftir því sem nefnd þriggja ráðuneyta ásamt forsvarsmönnum Byrgisins hafði orðið ásátt um í viðræðum um brottflutning Byrgisins frá Rockville.

Það má af þessum orðum Einars Odds ráða að félagsmálaráðuneytið hafi samið við Byrgið um alla þætti málsins, þ.e. fjárhagsvandann vegna Rockville, lausn húsnæðismálanna og rekstur Byrgisins til framtíðar. Það er ekki rétt, það er enginn slíkur samningur til.

Í seinna andsvari sínu segir Einar máli sínu til áréttingar:

„Ég gat um það áðan að fjárln. kynni ekki önnur vinnubrögð og gæti ekki viðhaft önnur vinnubrögð en að samningar ríkisins stæðu. Hvort þeir samningar hafi verið réttir, hvort þeir hafi verið nægjanlegir eða góðir höfum við ekki nokkrar forsendur til að leggja eitthvert persónulegt efnismat á, alls ekki. Í gildi er bara þessi eina vinnuregla: Ef samningar eru í gangi við stofnun eða fyrirtæki eða hvern sem er þá gilda samningarnir. Menn sem gera samninga verða bara að átta sig á því að svo er. Ef einhverjir eru óánægðir með samninga, telja þá ekki nægilega góða, þá er verkefnið að reyna að semja upp á nýtt, reyna að gera þá einhverja aðra samninga sem eru betri. Það er ekkert annað að gera. Það er ekkert annað að gera en semja þá aftur. Það er verkefnið. Fjárln. getur ekki lagt neinn dóm á það hvort samningar séu réttir eða rangir. Hún fer eftir samningunum. Þannig er það og ég ætla að þannig verði það."

Það vekur óneitanlega upp spurningu um hvernig samningur fjárlaganefndar við ríkisstjórnina við afgreiðslu fjárlaga í fyrra var, þegar málinu var vísað til hennar og allir á Alþingi skildu á sama veg, að ríkisstjórnin hefði tekið að sér að ganga frá málinu fljótt og vel. Fjárlaganefnd ætlaði að sjá um að það yrði gert eins eins og fram kemur hjá fráfarandi formanni nefndarinnar Ólafi Erni Haraldssyni."

Síðan vitna þeir aftur í orð fyrrverandi formanns fjárln., Ólafs Arnar Haraldssonar, sem ég las áðan en niðurlagsorðin þar voru þessi, með leyfi forseta:

„Fjárln. mun fylgjast með því að þessi mál komist í viðunandi horf."

Það getur ekki verið skýrara, virðulegur forseti. Í lok bréfsins segir, með leyfi forseta:

„Samningurinn sem svo er kallaður af Einari Oddi er ekki samningur heldur einhliða ákvörðun félagsmálaráðuneytisins fyrir hönd ríkisstjórnar og lýtur einvörðungu að rekstri Byrgisins og hefur einungis verið undirritaður af þeim en ekki af forsvarsmönnum Byrgisins. Það er því með öllu óskiljanlegt eftir hvaða samningi fjárlaganefndin er að fara sem Einar vitnar til.

Það er því alveg rétt hjá Einari Oddi að þeir sem eru óánægðir með samninga eða „ekki samninga" þeir reyna að semja áfram. Það er ekkert annað að gera en að semja aftur og það er það sem Byrgið hefur leitast við sl. ár og er enn að reyna."

Eðlilega er þetta skilningur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem er vanur samningamaður til fjölda ára í kjarasamningum, að samningar skuli halda og ef samningum þurfi að breyta þá skuli menn semja, en ekki breyta samningum einhliða. Það er réttur okkar allra að semja upp á nýtt. Sá sem hér stendur hefur eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tekið þátt í kjarasamningum í einn fjórða úr öld og hefur sama skilning á því og hv. þm., að það beri að standa við samninga og þurfi að breyta þeim skuli þeim breytt í samkomulagi milli aðila en ekki einhliða.

Ég er alveg viss, virðulegi forseti, um að það er misskilningur í þessu máli. Sá misskilningur skýrist vonandi fyrir þingheimi eftir að ég hef lesið þetta bréf og farið svo gaumgæfilega yfir umræðurnar frá síðasta hausti, dregið fram svör þáv. formanns fjárln. og skilning annarra þingmanna á því sem í því svari fólst. Ég minnist þess ekki að nokkur maður í þingsal hafi mótmælt þeim skilningi sem hv. formaður fjárln. lagði í málið síðasta haust.

Það verður að reyna aftur og nú er hægt að leysa þessa deilu. Það er hægt að leysa hana með einföldum hætti. Það er hægt að leysa hana með því að samþykkja brtt. upp á 15 millj. kr. á þskj. 551 sem ég hef kynnt, virðulegur forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason flytur þessa tillögu ásamt mér. Af slíkri afgreiðslu væri Alþingi sómi, að ljúka þessu máli sem svo lengi hefur tafist og menn hafa svo lengi reynt að leysa.

Menn þurfa að viðurkenna misskilninginn í málinu og leysa hann með þeirri upphæð sem um er talað.

Ég tel það ekki fara milli mála, eins og ég hef rakið, að í sölum Alþingis og í fjárln. var vilji til að leysa vandann. Allir vissu um fortíðarvanda Byrgisins og að forsvarsmenn Byrgisins hefðu byggt upp á Miðnesheiði, Rockville-svæðið, og sett í það margar milljónir króna. Þegar þeim var gert að fara þaðan þá hurfu ekki þær skuldir. Það er fortíðarvandinn sem verður að gera upp. Ég treysti því, virðulegi forseti, að eftir að hafa rakið þetta mál sjái menn að hér er um misskilning milli manna að ræða og að þetta mál verði leiðrétt.

Þingmenn Frjálsl. flytja einnig brtt. um að hækka fjárveitingu til Landhelgisgæslunnar um 50 millj. kr. á næsta ári. Þessi tillaga er á þskj. 553.

Virðulegi forseti. Í ræðu minni við 2. umr. fjárlaga 25. nóv. rakti ég málefni Landhelgisgæslunnar. Ég benti á að á fjárhagsvanda stofnunarinnar hefði ekki verið tekið í síðustu þrjú ár. Sé litið í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2001 sést að uppsafnaður vandi Landhelgisgæslunnar hlýtur nú að vera yfir 100 millj. kr., sennilega nær 150 millj. kr. Hann mun því að öllu óbreyttu birtast enn í fjáraukalögum 2004 eins og margur annar vandi sem út af stendur og ríkisstjórnin tekur alls ekki á þó þekktur sé.

Við tökum hins vegar upp tillögur ríkisendurskoðanda og leggjum með tillögunni af stað í þá vegferð að leiðrétta fjárveitingar svo halda megi úti öryggishlutverki Landhelgisgæslunnar. Að óbreyttu viðhorfi ríkisstjórnar og dómsmrh., sem Landhelgisgæslan heyrir undir, munum við í Frjálsl. flokknum flytja sams konar tillögu næstu þrjú árin að þessari samþykktri. En tillaga næsta árs þarf að vera tvöfalt hærri eða rúmlega það verði tillaga okkar felld.

Því verður hins vegar ekki trúað að fjárvöntun verði veganesti Landhelgisgæslunnar mörg ár í röð þrátt fyrir skýrslur, nefndir og nýja og gamla hæstvirta dómsmálaráðherra. En lengi skal manninn reyna og hvort orð úr hátíðarræðum um störf og mikilvægi Landhelgisgæslunnar og starfsmanna hennar skuli standa.

Virðulegi forseti. Málefni Reykjalundar gerði ég að umræðuefni við 2. umr. fjárlaga og skoraði þá á stjórnarliða að sýna þeirri stofnun sanngirni í húsbyggingarstyrk sem þeir hafa nú hafnað þrívegis. Má nú, sem tíska er, vitna til þess að Jesús sagði við lærisveina sína að þrisvar mundu þeir afneita honum áður en dagur risi. Og haninn gól.

Mikill var harmur þeirra sem afneituðu Jesú eins og skráð er. Ég hygg, virðulegi forseti, að ekki séu málefnaleg rök fyrir því að erindi þessu hafi svo oft verið hafnað enda margir verið styrktir til viðlíka verkefna frjálsra félagasamtaka þess áhugafólks sem starfar að mörgum góðum málum hér á landi.

Slíkt frumkvæði einstaklinga og sjálfboðastarf sem varð kveikjan að starfi SÍBS og starfsemi þess á Reykjalundi hefur vafalítið sparað þjóðinni milljarða á undanförnum áratugum. Þess vegna held ég því fram að í þessari höfnun liggi ekki lengur málefnalegar ástæður, virðulegi forseti, heldur eitthvað annað sem kristnir menn, sem væntanlega vilja hlusta á vers úr Passíusálmunum, vilja ekki og eiga ekki að geyma í hjörtum sínum.

Mönnum er auðvitað sárt um að missa frá sér stuðningsmenn, hvort sem það er forustumaður Byrgisins eða framkvæmdastjóri Reykjalundar, en slík framkoma við stofnanir sem þessir menn stjórna, ef rétt er ályktað hjá mér, ber vott um hefnd. Ég á vissulega bágt með að festa þá ályktun mína um langsótta hefnd í huga mér sem staðreynd. En lengi skal manninn reyna og víst er um að sumir sem óvarlega tala sögðu: Af hverju fáið þið ekki fyrirgreiðslu hjá Frjálsl. til að leysa ykkar mál?

Svona er Ísland í dag. Munum enn á ný að orð skulu standa, hæstv. landbrh.

Við hv. þm. Jón Bjarnason leggjum til að 30 millj. kr. verði varið til niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar að Reykjalundi á þskj. 552.

SÍBS hóf starfsemi á Reykjalundi fyrir 60 árum og þar er nú langfullkomnasta endurhæfingarstöð landsins. Á þriðja þúsund manns leitaði þangað á síðasta ári og horfur eru á að enn fleiri leiti þangað í ár. Þar hafa verið langir biðlistar og þörfin er meiri en tekist hefur að uppfylla. Til að bæta þjónustuna og mæta aðsókninni sem vaxið hefur ár frá ári var ákveðið af hálfu SÍBS á síðasta áratug að ráðast í byggingu nýs og glæsilegs þjálfunarhúss sem var tekið í notkun í byrjun síðasta árs.

Efnt var til landssöfnunar og með söfnunarfénu, sjóðum Happdrættis SÍBS og byggingarsjóði voru til um 200 millj. kr. í reiðufé til framkvæmda. Auknar kröfur um fullkomnari aðstöðu og aukið öryggi sjúkra, frágangur, gengisfall og fleiri þættir hækkuðu verð hússins. Þegar upp var staðið komst kostnaðurinn í 460 millj. kr. Þar við bættist að bankakerfið hefur ekki boðið sérlega hagstæð lán. Því varð SÍBS að taka hátt og dýrt lán fyrir mismuninum.

Veit einhver til þess að nokkur félagasamtök hafi rekið starfsemi á borð við þá sem er á Reykjalundi fyrir eigið félagsfé? Til upplýsingar er rétt að láta koma fram, virðulegi forseti, að innlagnir voru samtals 1.307 og 1.311 á göngudeild eða samtals 2.618 á síðasta ári. Það sem af er þessu ári eru innlagnir 1.148 á fyrstu níu mánuðunum en 884 fyrstu sex mánuðina á göngudeildinni.

Vita menn að SÍBS hefur lagt fram yfir 2 milljarða kr. til byggingana sem þar eru, sömu bygginga og lánaðar eru til afnota fyrir heilbrigðisþjónustu sem ríkið veitir? Þjónustusamningur ríkisins vegna starfseminnar á Reykjalundi gerir ekki ráð fyrir húsaleigu til SÍBS af þessum eignum. Eftirspurnin eftir þjónustunni sýnir að það var rétt og nauðsynlegt að ráðast í þessa byggingu á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Á þskj. 550 er brtt. Flutningsmenn eru sá sem hér stendur og hv. þm. Jón Bjarnason. Tillagan er um að setja 15 millj. kr. til aukinna veiðarfærarannsókna á Ísafirði.

Í tillögum Vestfirðinga um aðgerðir og stefnu í byggðamálum er m.a. lagt til að veiðarfærarannsóknir verði efldar á Ísafirði. Undir þá tillögu tökum við með því að leggja til að 15 millj. kr. verði varið í þessu skyni. Þetta tengist einnig tillögu okkar um eflingu háskóla á Vestfjörðum með því að verja til þess 15 millj. kr. Til frekari rökstuðnings skal bent á að mikil og sérstök þekking er á veiðarfæragerð og veiðarfæranotkun, m.a. hjá Netagerð Vestfjarða. Þetta starf viljum við efla og teljum að sýna þurfi vilja í verki með beinu fjárframlagi til þessa máls.

Virðulegi forseti. Þingmenn Frjálsl. flytja brtt. við lokaafgreiðslu fjárlaga 2004 um Bláa herinn. Það eru samtök sportkafara sem staðið hafa fyrir hreinsun hafsins við strendur og í höfnum. Við leggjum til að þeim verði veittur styrkur til hreinsunar og umhverfisstarfs að upphæð 5 millj. kr. Samtök þessi hafa vakið athygli, m.a. fyrir að hreinsa upp af hafsbotni, úr höfnum á Reykjanesi og víðar með ströndinni, tugi tonna af alls konar úrgangi og rusli. Formaður Bláa

hersins, Tómas Knútsson, hefur tekið á móti á annan tug viðurkenninga náttúruverndarsamtaka víðs vegar að af landinu fyrir störf Bláa hersins.

Virðulegi forseti. Það er gaman að vera ráðherra umhverfismála og sitja ráðstefnur eins og Dag vatnsins og ræða um verðmæti framtíðar í hreinum sjó við Ísland. Það er líka mjög gaman að klippa á borða á hátíðarstundum í sögu samtaka eins og Bláa hersins. Það reynir hins vegar á hvort hugur fylgir máli hv. þm. og hæstv. ráðherra Framsfl. og Sjálfstfl. þegar greiða þarf atkvæði um litla upphæð til að efla starf við hreinsun hafs og stranda. Man einhver háttvirtur stjórnarliði eftir slíku máli í meðförum Alþingis? Eigum við ekki að gleyma því sem fyrst að það mál þurfi afgreiðslu ef þessi litla tillaga um 5 millj. kr. til hreinsunar og umhverfisstarfs í hafi og við ströndina fær ekki hljómgrunn stjórnarliða?

Virðulegi forseti. Með yðar leyfi ætla ég að vitna í umsókn Bláa hersins til fjárlaganefndar, en hún hljóðar svo:

„Sótt er um fjárveitingu háttvirts Alþingis í beinu framhaldi af stuðningi við samtökin árið 2003, en samtökin fengu úthlutað 500 þús. kr. af fjárlögum 2003. Umhverfissamtökin Blái herinn hafa starfað í 6 ár og lagt megináherslu á hreinsun hafsins og strandlengjunnar í Reykjanesbæ og á Reykjanesi. Hjálögð er skýrsla sem unnin var í tilefni af tilnefningu samtakanna til Náttúru og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2003.

Verðlaunin fóru til Finnlands í ár en á næsta ári mun þemað hjá Norðurlandaráði verða tengt hafinu. Af því tilefni hefur Blái herinn sett stefnuna á að gera enn betur og efla og útvíkka starfsemi sína. Unnið er að verkefnum sem krefjast töluverðra útgjalda, má þar nefna m.a.:

1. Uppbyggingu vörubíls sem þjóna mun við hreinsanir strandlengjunnar og hafna.

2. Hönnun á teiknimyndabæklingi fyrir leikskóla (Börnin og hafið, hafsjór af fróðleik) þar sem leikskólabörnum gefst tækifæri á að læra að þekkja og lita lífverur hafsins en meðlimir Bláa hersins koma með dýr hafsins í leikskólana lifandi og fræða börnin um hafið og í leiðinni fá tækifæri til að fræða þau um umhverfi sitt og náttúruna.

3. Aðstaðan sem Blái herinn hefur í dag er ekki alveg fullbúin og vantar þar ekki mikið upp á til að klára, þar er nú í dag frábær aðstaða til að halda utan um tækjakost samtakanna en okkur hefur vaxið ásmegin þó alltaf megi efla tækjakostinn.

4. Kaup á stærri slöngubát.

5. Endurnýjun vinnufatnaðar meðlima samtakanna en í Bláa hernum eru um 25 sportkafarar sem útskrifast hafa sem slíkir frá Sportköfunarskóla Íslands."

En um markmið samtakanna vitna ég í skýrslu Bláa hersins en þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„6. Markmið samtakanna eru, öðru fremur að stuðla að bættri þekkingu og auknum skilningi almennings á mikilvægi þess að halda sjónum hreinum og að bæta gæði sjávar og stuðla að hreinleika hans. Samtökin vinna að markmiðum sínum með hvers kyns útgáfustarfsemi, greinaskrifum, fyrirlestrum eða öðrum verkefnum sem stuðla að auknum skilningi almennings á mikilvægi þess að halda sjónum hreinum. Til þess að bæta gæði sjávar og hreinleika hans hreinsa samtökin hafnir og önnur neðansjávarsvæði þar sem úrgangur hefur verið losaður. Samtökin fjármagna starfsemi sína með styrkjum og með því að þiggja greiðslu fyrir einstök verkefni. Liðsmenn Bláa hersins eru sjálfboðaliðar og þiggja ekki laun fyrir störf sín.

7. Íslendingar lifa öðru fremur á auðæfum hafsins. Með aukinni fólksfjölgun í heiminum eykst álagið á umhverfið og hreinar afurðir verða dýrmætari en nokkru sinni fyrr. Rannsóknir hafa sýnt að hafið í kringum Ísland er með því hreinasta sem þekkist og fiskurinn þaðan er heilnæm og ómenguð fæða. Gott ástand sjávar í dag er samt engin trygging fyrir ævarandi hreinleika hans. Til þess að tryggja auðlindina þurfum við að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

8. Hér á árum áður sögðu menn „lengi tekur sjórinn við" og lengi fékk sjórinn að taka við. Sem betur fer hefur verið tekið á losun efna og úrgangs í sjó með lögum og alþjóðlegum samningum. Lög og alþjóðlegir samningar geta því miður ekki leiðrétt það sem úrskeiðis hefur farið í gegnum tíðina og ef ekkert er að gert mun sóðaleg fortíðin setja merki sitt á framtíðina. Blái herinn hefur um nokkurra ára skeið lagt sitt af mörkum til þess að leiðrétta fortíðina í þágu framtíðarinnar. Þannig stuðla samtökin að því að kynslóðin okkar skili náttúrunni sómasamlegri til næstu kynslóðar í anda sjálfbærrar þróunar."

Virðulegi forseti. Er ekki enn á ný ástæða til þess að orð skuli standa?

Fréttin af miklum áfangasigri öryrkja með samkomulagi við hæstv. ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála frá því í lok mars 2003 var uppsláttarfrétt sem vel dugði í kosningabaráttu eins og sjá mátti á síðum Morgunblaðsins — ég er nú sennilega ekki með það plagg hérna — en málinu var auðvitað slegið upp sem mjög merkilegum áfanga í réttindabaráttu öryrkja. Og undir það skal tekið að hér var um merkilegan áfanga að ræða. Það skal líka sagt hér í þessum ræðustól af þeim sem hér stendur að sá áfangi sem ríkisstjórnin stefnir að er einnig merkilegur áfangi.

En eins og ég sagði áður, þegar ég var að tala um samninga og vitnaði til fortíðar okkar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þá lítum við svo á að samningar skuli standa og samningum skuli breytt með samkomulagi aðila. Menn setjast sem sagt niður og breyta samningi til þess samkomulags sem menn vilja þá gera ef mönnum tekst ekki að standa við þá. Þess vegna er það svo, virðulegi forseti, að það á að leggja upp úr því að orð skuli standa.

Ég fagna því vissulega að öryrkjar hafa bætt stöðu sína verulega, einkum þeir sem hljóta örorku á ungum aldri, sem samkomulagið nær sérstaklega til. Það ber alls ekki að gera lítið úr því. En við hljótum að leggja upp með það að standa við orð okkar og samninga, og viljum við breyta þeim þá leitum við eftir samkomulagi um það að breyta þeim. Ég held að það verði að vera sá leiðarvísir sem alþingismenn setja sér og þeir sem ætla að semja almennt um réttindi fólks, hvort sem það eru laun eða aðrir samningar.

Það reynir sem sagt á það eina ferðina enn, virðulegi forseti, hvort orð eigi að standa.

Sú breyting sem ríkisstjórnin hefur gert á samkomulaginu og túlkar eftir sínu höfði og sínum vilja er ekki að standa við samninginn eins og hann var upp settur. Um það geta menn varla deilt. Hversu mikinn ávinning sem öryrkjar fá út úr þessu samkomulagi þá er það ekki sá samningur sem undir var skrifað. En ég fagna hins vegar þeim áfanga sem mun nást 1. janúar næstkomandi, að hann skuli nást. Hann er virkilega til bóta og skal ekki gert lítið úr honum.

Virðulegi forseti. Við flytjum tillögu ásamt þingmönnum úr Samfylkingunni um að hægt verði að standa við þennan samning að fullu með því að setja til viðbótar 528,8 milljónir af fjárlögum til þess að standa við samninginn eftir efni hans

og orðum. Ef svo fer að hv. þm. ríkisstjórnarinnar fella þá tillögu munum við að sjálfsögðu styðja tillögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem er með örlítið lægri upphæð.

Það hefur verið stefna Frjálsl. að styðja við góð málefni hvaðan sem þau koma, hvort sem þau koma frá ríkisstjórnarflokkunum eða stjórnarandstöðunni og við munum verða samkvæmir sjálfum okkur í því að þessu leyti til og styðja við þau mál sem að okkar áliti eru til bóta. Þar af leiðandi mun það sjálfsagt verða svo þegar kemur að því að greiða atkvæði um frv. sem hefur ekki enn verið lagt fram en mikið verið talað fyrir af stjórnarliðum um öryrkjamálið, að þá mun þingflokkur Frjálsl. vafalaust standa með ríkisstjórninni að þeim samningi, hann er áfangi á leiðinni. Ef ekkert annað er í boði þá er alveg ljóst að við tökum þann kostinn í Frjálsl. að standa að næstbesta kosti.

En við höfnum því, virðulegi forseti, að sætta okkur við það að hér séu ár eftir ár settar til hliðar eðlilegar beiðnir samtaka eins og t.d. Byrgisins, eins og SÍBS, samtaka sem starfa hvort á sínu sviði í þjóðfélaginu, annars vegar að endurhæfingu fyrir sjúklinga, eins og er á Reykjalundi, og hins vegar að endurhæfingu þeirra sem lent hafa á vegi eiturlyfja eða áfengis eða annarra fíkniefna. Þannig viljum við hugsa þetta mál og ég skora á hv. stjórnarliða að brjóta odd af oflæti sínu og taka til þess verks að leiðrétta þá hluti sem ég hef hér gert að umræðuefni í ræðu minni. Af því munu þeir hafa fullan sóma. Það er enginn minni maður þó að hann hafi á einhverjum tímapunkti misskilið eitthvert mál, og ég treysti því algjörlega að menn þori að endurskoða afstöðu sína í málum.

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum hér er vissulega því marki brennt að þar er fjöldamargt sem út af stendur. Við vitum um vanda sveitarfélaganna. Við vitum um vanda háskólans, við vitum um vanda framhaldsskólanna og sérstaklega verkmenntaskólanna, þannig að það er fjöldamargt sem upp á vantar. Við vitum um vanda sjúkrastofnana, sumra hverra, sem reyndar ár eftir ár hafa farið fram úr fjárlögum. Það er þess vegna alveg ljóst, virðulegi forseti, að í fjáraukalagafrv. sem koma mun á næsta ári mun þurfa að taka verulega á til þess að lagfæra það sem ekki er tekið á í þessu fjárlagafrv. fyrir árið 2004. Það liggur algjörlega fyrir.

Ég gerði að umræðuefni, virðulegi forseti, bæði við umræðu um fjáraukalögin og eins við 2. umr. fjárlaganna þá stöðu sem er að koma upp í íslensku efnahags- og viðskiptalífi, m.a. með minnkandi tekjum af útflutningi sjávarafurða og annars útflutnings og lækkandi verði í sjávarútvegi. Ég gerði líka að umræðuefni, virðulegi forseti, peningastefnu Seðlabankans sem ég varaði við, að menn færu þá leið að það þyrfti sérstaklega að standa að vaxtahækkunum innan skamms tíma. Ég ætla ekki að endurtaka það hér og nú, virðulegi forseti, ég ætla hins vegar að benda á það að menn hafa tekið þetta upp núna við 3. umr. og ég mun ekkert bæta um betur þó að ég endurtaki það sem ég sagði hér við 2. umr. fjárlaganna og um fjáraukalögin. En það er alveg fyrirsjáanlegt að það þarf að fara mjög varlega varðandi stýringu þjóðarskútunnar á næsta ári, sérstaklega ef svo fer fram sem horfir að arðsemi af sjávarútvegi haldi áfram að minnka, ég tala nú ekki um ef aflaheimildir t.d. í loðnu verða sáralitlar eða engar á næsta ári.

Virðulegi forseti. Við upphaf þessarar umræðu var m.a. rætt um það að ríkisstjórnin hygðist koma með tillögu um breytt frv. að því er varðar vaxtabæturnar.

Í lögfræðiáliti sem við höfum nú fengið og rætt var um hér í morgun segir svo í 6. lið í niðurstöðukaflanum, í síðasta málslið þessa skjals, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af athugasemdum í frumvarpi til fjárlaga er ljóst að gildistökureglu 2. málsl. 13. gr. frv. er einnig ætlað að ná markmiðum í efnahagsstefnu ríkisins. Mat á því hvort þessum markmiðum megi ná með öðrum og minna íþyngjandi hætti er að meginstefnu á forræði löggjafans. Hér verður þó að líta til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni.

Að virtum tölulegum upplýsingum verður að telja það verulega íþyngjandi skerðingu að einstaklingur sem átti rétt á hámarksvaxtabótum fyrir árið 2003 missir nálega allan þennan rétt með lagasetningu sem fram fer í lok þess árs þótt þær reglur sem gilt hafa allan þorrann af árinu hafi gefið annað til kynna. Svo viðurhlutamikil skerðing hjá tiltölulega fámennum hópi verður að mínu mati ekki réttlætt með vísan til almennra efnahagslegra markmiða. Er því hætta á að dómstólar teldu umrædda skerðingu andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing hefur verið veruleg."

Virðulegi forseti. Þetta skjal er undirritað 28. nóvember. Fjármálaráðuneytið hlýtur að hafa fengið þetta skjal samdægurs eða alla vega 29. nóvember. Það hefði því verið nægur tími til þess að gera grein fyrir þessu skjali m.a. í störfum fjárln.

Það liggur fyrir eftir orð sem féllu hér í dag að það verður flutt nýtt frumvarp, öðruvísi orðað, þar sem skerðing vaxtabótanna, miðað við þá tillögu sem var og er í fjárlögunum, verður látin taka gildi árið 2005.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti verður að biðja hv. þm. um að gera hlé á ræðu sinni þar sem ...)

Ég á bara eftir tvær mínútur, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SP)**:** ... þar sem klukkan er orðin fimm og það hafði verið umsamið milli flokka að gera hlé í 20 mínútur á fundi.)

Alveg sjálfsagt að tala aftur í tvær mínútur.

(**Forseti** (SP)**:** Nú verður gert hlé á fundi til klukkan 20 mínútur yfir fimm.)

[Fundarhlé. — 17:01]

[17:34]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 418. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 574.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 417. mál, frv. DrH o.fl., þskj. 573.

Greiðsla dráttarvaxta úr ríkissjóði, 290. mál, svar fjmrh., þskj. 571.

Umferðarlög, 419. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 575.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Til þess að skerpa á minni manna er kannski rétt að rifja upp þau fáu orð sem ég hafði áður um þessi mál og víkja að því sem hefur verið hér til umræðu almennt í dag fram og til baka.

Ég var kominn þangað í ræðu minni, virðulegi forseti, að tala um niðurstöðu í því skjali sem barst hingað eftir hádegið, um mat á því hvort þær tillögur sem eru í fjárlagafrv. um skerðingu vaxtabótanna fái staðist stjórnarskrá og hvort rétt sé að setja lögin með þeim hætti. Niðurstaðan var sú, eins og ég gat um áðan með því að lesa niðurstöðukaflann, að það

er mat viðkomandi lögmanns að það leiki mikill vafi á því að þetta ákvæði svona útfært fái staðist. Það er að sjálfsögðu byggt á þeim almenna rétti að réttindi fólks varðandi skatta og skyldur og annað sem lýtur sérstaklega að tekjum þeirra megi ríkisvaldið ekki gera afturvirkt svo að íþyngjandi sé fyrir þegna þjóðfélagsins. Það er sem sagt niðurstaða þessa máls, virðulegi forseti. Þar af leiðandi liggur fyrir, eins og hér var lýst í dag, að það verði lögð fram önnur útfærsla sem mun sennilega byggja á því að þetta skerðingarákvæði, eins og það hefur birst í fjárlögunum, taki ekki gildi fyrr en 2005. En í staðinn, til þess að ná inn tekjum í fjárlögin, komi flatur niðurskurður á vaxtabótum um 10% á næsta ári, 2004. Þannig hyggst ríkisstjórnin ná inn þeim tekjum sem áttu að koma í sambandi við vaxtabæturnar.

Allt að einu, virðulegi forseti, er sú niðurstaða sem ég dró hér fram í upphafi máls míns um að ríkisstjórnin væri að taka í auknum álögum á almenning með einum eða öðrum hætti allt að þremur milljörðum kr., þá fer lítið fyrir þeirri stefnu ríkisstjórnarflokkanna í kosningabaráttunni þegar stefnt var að verulegri skattalækkun. Þá var látið mikið með að veruleg lækkun á tekjuskattinum mundi aldeilis koma launþegum til góða. Ég held að ég muni það rétt, virðulegi forseti, að stjórnarflokkarnir hafi almennt verið að tala um 3–4% lækkun á tekjuskattinum í tillögum sínum.

Eina skattalækkunartillagan sem framkvæmd verður samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar núna hins vegar, er skattalækkun á hátekjumenn sem eru með yfir 350 þús. kr. á mánuði í tekjur, lækkun úr 5% í 4%. Þessar áherslur leggur ríkisstjórnin upp með í skattalækkunarmálum, að byrja á því að lækka skatta á hátekjufólk eða þá sem betur komast af í okkar þjóðfélagi.

Nú er ég ekki að halda því fram, virðulegi forseti, að 350 þús. kr. séu geysiháar tekjur. Vafalaust væri, með tilliti til þróunar kaupgjalds hér á landi á undanförnum árum, eðlilegt að hækka þessa viðmiðun um 50 þús. kr. og hafa viðmiðunina um 400 þús. kr. En allt að einu er ég andvígur þeirri forgangsröðun sem birtist í stefnu ríkisstjórnarinnar, að þetta skuli vera það sem sérstaklega er sóst eftir, að byrja á að lækka skatta á þá sem mestar hafa tekjurnar.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að stefna Frjálsl. í kosningabaráttunni var sú að leggja til tvennt í skattamálum, annars vegar að horfa til vanda barnafjölskyldna og koma með skattalagabreytingar sem dygðu þeim best sem hefðu mesta fjölskyldustærð og rétturinn væri barnanna og fylgdi *fjölskyldunni og fjölskyldan gæti notað sér þann afslátt* eða frádrag, hins vegar hækkun á persónuafslætti sem einnig hefði hækkað tekjur þeirra sem lægst hafa launin. Það er jú alveg vitað að maður sem hefur 400–500 þús. kr. á mánuði munar ekkert svakalega mikið um 10 þús. kr. sem kæmu út úr því að hækka persónuafsláttinn. En fólkið með lágmarkslaunin munar verulega um að fá auknar tekjur með hækkun persónuafsláttarins.

Þetta voru þær áherslur sem Frjálsl. lagði til í kosningabaráttunni. Þess vegna er það alveg ljóst, virðulegi forseti, að sú stefna sem ríkisstjórnin keyrir á í skattamálum, að byrja á að lækka skatta þeirra sem skástar hafa tekjurnar, er algjörlega í andstöðu við stefnu okkar í Frjálsl. Við teljum að það sé vitlaust forgangsraðað að fara svona í málin. Það er okkar niðurstaða og okkar skoðun.

Hitt er svo alveg ljóst, eins og ég fór yfir í upphafi ræðu minnar, að hinar ýmsu tilfærslur á álögum sem verið er að gera, ég nefndi bensíngjaldið, þungaskattinn, tilfærslu á tryggingagjaldinu, sjúkragjöldin, atvinnuleysisbæturnar o.s.frv., eru allar til þyngingar. Ef það er allt lagt saman og stendur óbreytt að ríkisstjórnin ætlar að taka tekjur í gegnum vaxtabæturnar upp á 600 millj. kr. er verið að tala um að álögur á almenning verði á bilinu 2.500–3.000 millj. kr., 2,5–3 milljarðar kr. Það liggur fyrir við þessa umræðu um fjárlögin og þeim fylgifrumvörpum sem munu fylgja, ef fram gengur sem horfir varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar.

Það sjá það allir sem fylgst hafa með umræðu í þessu þjóðfélagi að það er náttúrlega ekki verið að framfylgja þeirri stefnu að efna kosningaloforðin. Það getur eiginlega enginn haldið því fram, ekki einu sinni hæstv. samgrh., vinur minn, sem gengur hér fram hjá, þannig liggur bara þetta mál. Ríkisstjórnin situr uppi með það að fyrsta starfsári sínu er hún að auka álögur á almenning en ekki að lækka þær. Ef svo heldur fram allt kjörtímabilið, hæstv. fjmrh., verður búið að láta jafnmikið inn í álögur á almenning, 20 milljarða kr., og menn ætluðu að lækka skattana um á kjörtímabilinu,

Þetta er nú framkvæmdin ef svo fer fram sem horfir. Ég vona vissulega fyrir hönd almennings á Íslandi að þetta verði ekki framkvæmdin því að ég tel að almenningi hafi verið lofað allt öðru. En gangi þessi stefna óbreytt eftir með þessu lagi sýnist mér að þetta verði niðurstaðan. Menn byrja sem sagt á því að auka álögurnar, breyta tilteknum gjaldaliðum og bensíngjöldum og öðru slíku, fara síðan í skattalækkanir *fyrir kosningar og reyna að telja fólki trú um að loforðin hafi* verið efnd. Ég hygg hins vegar, virðulegi forseti, að það sé bara því miður tóm lygi þegar upp verður staðið og menn geti þess vegna haldið áfram að æpa: Áfram Ísland, en það verður lítið að marka það.

[17:44]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nokkuð langt mál hjá hv. þm. Ég mundi vilja gera athugasemd við einn þátt í ræðu hv. þm., þ.e. varðandi fjárframlög til grunnlífeyris öryrkja. Ég vil í fyrsta lagi fagna því að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins ætla að standa með ríkisstjórninni í þessu máli. Það er ákaflega mikið gleðiefni.

Á þskj. 574 sem dreift hefur verið á borð hv. þingmanna er að finna frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Í því felst að verið er að standa við samkomulag sem hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnin gerðu við Öryrkjabandalag Íslands í vor. Hvað fólst í þessu samkomulagi, hæstv. forseti?

1. Stigið verði fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

2. Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fá þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyrisins.

3. Þeir sem verða öryrkjar síðar á lífsleiðinni fá hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri.

4. Hækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

Það er það sem gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv. Þannig er það, hæstv. forseti. Orð skulu standa og orð munu standa.

[17:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór nákvæmlega yfir það í löngu máli mínu, eins og hv. 7. þm. Reykv. n. hafði orð á, að við í Frjálslynda flokknum flyttum tillögu til breytingar á fjárlagafrv. upp á 528,8 millj. kr. til að standa að fullu við það samkomulag sem öryrkjar og heilbrrh. gerðu í mars sl.

Ég lýsti því einnig yfir að ef sú tillaga yrði felld mundum við styðja tillögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar um 500 millj. kr. viðbótarframlag til að stuðla að því að staðið yrði við samninginn við öryrkja.

Ég lýsti því jafnframt yfir að að þeim tillögum felldum mundum við að sjálfsögðu styðja tillögu um að 1.000 millj. kr. færu í þetta samkomulag til að bæta hag öryrkja í þeim áfanga sem ríkisstjórnin hyggst stíga í þessu máli. En það er ekki gert í samkomulagi við öryrkja. Breyting á samningnum er ekki gerð í samkomulagi við öryrkja. Þetta er einhliða aðgerð ríkisstjórnarinnar. Samt er ljóst að hagur öryrkja mun batna verulega og við höfum ævinlega tekið það fram í Frjálsl. að við styddum mál sem við teldum til framfara og bóta í þjóðfélaginu.

Það skiptir engu máli hvort ríkisstjórnin er að flytja tillögu sem við teljum til bóta eða aðrir stjórnarandstöðuflokkar. Við styðjum mál ef við teljum þau til bóta. Það breytir því ekki að við samninginn er ekki staðið.

[17:48]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sérstakt fagnaðarefni, eins og ég gat um áðan, að Frjálsl. hafi snúist á sveif með ríkisstjórninni og ríkisstjórnarflokkunum í þessu máli. Ég vona að aðrir hv. þm. í stjórnarandstöðunni geri hið sama, fylgi ríkisstjórninni í þessu máli og leggi því lið að settur verði 1 milljarður kr., 1.000 millj. kr. í að hækka grunnlífeyri örorkubóta úr 2,8 milljörðum í 3,8 milljarða, um 36%.

Ég vona að hv. þm. beiti sér fyrir því í umræðum hér á þinginu að aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar geri það sömuleiðis og menn séu ekki hér að berjast gegn jafnsjálfsögðu baráttumáli og bættum hag öryrkja. Það er hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar til skammar hvernig þeir hafa komið fram í þessu máli.

[17:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að ég kem ekki hugsanagangi mínum inn í höfuðið á hv. þm. Hann skilur ekki hvað ég var að segja varðandi forsendur mínar, að yrðu fyrst felldar tvær brtt. þá mundi ég að sjálfsögðu styðja málið eins og það kemur frá ríkisstjórninni, það væri til bóta.

Það breytir ekki því, virðulegi forseti, að það hefur ekki verið staðið við efni samningsins við öryrkja. Það liggur algerlega klárt fyrir. Það er bara þannig. Eigi að breyta þeim samningi verður það auðvitað gert í samstarfi við Öryrkjabandalagið, að breyta honum og setja í hann dagsetningar um áfanga, ætli menn að fara í þetta í skrefum. En það er a.m.k. mín reynsla í aldarfjórðung að breyti maður samningum þá geri maður það í samráði við samningsaðilann.

[17:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Samkvæmt niðurstöðutölum í fjárlagafrv. sem hér eru til umræðu og varða fjármagn til vegagerðar er nauðsynlegt að færa niður fjárveitingar til nokkurra verkefna í vegagerð á árinu 2004. Lækkun er á fjárveitingum í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmi um 300 millj. kr. í hverju kjördæmi, samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja og ég mun gera grein fyrir, og í Suðvestur- og Reykjavíkurkjördæmum samtals um 421 millj. kr.

Ég minni á að samgönguáætlun gerði ráð fyrir tæplega 9 milljörðum kr. til stofnframkvæmda á árinu 2004.

Við endurskoðun á samgönguáætlun á næsta ári verður gerð breyting til samræmis við fjárlög, eins og eðlilegt er og venja er. En samgönguáætlun — í þessu tilviki vegáætlunarhluti samgönguáætlunar — er að jafnaði aðlagaður þeim niðurstöðum sem fjárlög fela í sér. Ég vil hér á eftir gera stuttlega grein fyrir hvernig lagt er til að þessari frestun verði hagað en síðan kemur hún að sjálfsögðu til umræðu og meðferðar í þinginu á næsta ári og til meðferðar í samgn.

Gert er ráð fyrir því að á liðnum Þjónusta verði frestað 216 millj. kr. Meginhluti þessarar upphæðar kemur á liðnum Vetrarþjónusta eða 198 milljónir. Hið hagstæða tíðarfar yfirstandandi árs gerir það að verkum að töluverður afgangur verður á fjárveitingum þessa árs sem unnt er að láta ganga upp í þann halla. Lagt er til að á liðunum Þjónustusvæði, Brýr og veggöng og Vegmerkingar og vegbúnaður verði frestað 18 millj. kr.

Liðurinn Rannsóknir lækkar um 5 millj. kr.

Af liðnum Viðhald verður frestað samtals 50 millj. kr. sem dreifist á alla liði viðhalds aðra en Endurnýjun malarslitlaga. Við það er miðað að þrátt fyrir frestanir komi ekki til lægri upphæð til neins liðar en er á yfirstandandi ári.

Af Stofnkostnaði er gert ráð fyrir að frestað verði fjárveitingum og þar með framkvæmdum fyrir samtals 1.551 millj. kr. sem skiptist á eftirfarandi framkvæmdir svo sem ég mun gera stuttlega grein fyrir:

Framkvæmdir við Gjábakkaveg, þar er um að ræða frestun upp á 50 millj. kr. Eftir sem áður verða 150 millj. kr. af fjárveitingum 2003 og 2004 þar til ráðstöfunar. Nú er unnið að gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum á þessari vegarlagningu og sýnilegt að ekki verður tæknilega unnt að bjóða verkið út fyrr en á síðari hluta næsta árs þannig að nægjanlegar fjárveitingar verða til þess að setja það verk af stað.

Hvað varðar Suðurstrandarveg þá er gert ráð fyrir að þar verði 400 millj. kr. til ráðstöfunar til framkvæmda á árinu 2004. Það er uppsöfnuð fjárveiting sem er hins vegar lækkuð um 250 millj. kr. frá þessu ári og samkvæmt því sem samgönguáætlun gerir ráð fyrir að verði á næsta ári þannig að hægt er að setja það verk af stað. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum er hjá Skipulagsstofnun til úrskurðar. Unnt ætti að vera að bjóða út fyrsta áfanga verksins um mitt næsta ár og eins og fyrr greinir eru 400 millj. kr. þar til ráðstöfunar.

Breikkun Reykjanesbrautar milli Fífuhvammsvegar og Kaplakrika hefur verið í undirbúningi. Þar verða til umráða um 700 millj. kr. eftir 100 millj. kr. lækkun. Undirbúningur verksins hefur tekið mun lengri tíma en gert var ráð fyrir en það er vonast eftir og verður væntanlega unnt að bjóða það út fljótlega eftir næstu áramót. Það verður hægt að vinna fullum fetum að breikkun Reykjanesbrautarinnar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika fyrir þær 700 millj. kr. sem þar eru til ráðstöfunar.

Eins og fram kom í umræðum í gær vegna fyrirspurnar þá eru ríflegar fjárveitingar til færslu Hringbrautar. Þar verða til ráðstöfunar á næsta ári til framkvæmda um 600 millj. kr. þrátt fyrir lækkun á fjárveitingu um 100 millj. kr. Það er stefnt að útboði snemma á næsta ári á færslu Hringbrautarinnar og gert ráð fyrir því að verkið verði unnið á árinu 2004 og 2005 eins og ýmsir hér inni þekkja mætavel að lengi hefur staðið til að fara í. Þannig að það eru nægjanlegir fjármunir til þess að á næsta ári að vinna fullum fetum í samræmi við þessa áætlun.

Á gatnamótum Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar var gert ráð fyrir og er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum. Þar

er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum. Sú upphæð nemur um 200 millj. kr. Nú er verið að bjóða út verkhönnun þessa verks og sýnilegt að það verður ekki tilbúið til útboðs fyrr en eftir mitt næsta ár og fari fram sem horfir verður á næsta ári hægt að bjóða þau mislægu gatnamót út þegar endanleg verkhönnun liggur fyrir.

Breikkun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi að Skarhólabraut í Mosfellsbæ er í undirbúningi. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum er hjá Umhverfisstofnun til úrskurðar og ósennilegt að verkið verði tilbúið til útboðs fyrr en um mitt næsta ár. Þetta er mjög umfangsmikil breyting, þessi breikkun, og margt þar viðkvæmt sem þarf að taka tillit til. Engu að síður verða þar 420 millj. kr. til ráðstöfunar og ætti að vera hægt að vinna með eðlilegri framvindu að breikkun Vesturlandsvegarins þar upp eftir þrátt fyrir að fjárveitingin sé lækkuð frá samgönguáætlun um 21 millj. kr.

Hringvegur frá Borgarfjarðarbraut að Hrauná, þar var gert ráð fyrir undirbúningsfjárveitingu á næsta ári sem er lækkuð um 40 millj. kr. en meginframkvæmdafjárveitingin er á vegáætlun árið 2005–2006 þannig að það er hægt að undirbúa það verk þrátt fyrir þessa lækkun.

Vestfjarðavegurinn milli Bjarkarlundar og Flókalundar, þar hefur verið unnið á þessu ári. Þar er mikil undirbúningsvinna og hönnun í gangi. Þingmenn Norðvesturkjördæmis hafa með vegamálastjóra farið yfir þau framkvæmdaáform. Það hefur verið sett í þann farveg að vegurinn við Þorskafjörð og vestur um er settur í umhverfismat og skoðaðar þær leiðir sem færar eru. Þar eru allverulegar fjárveitingar til staðar en það er ljóst að ekki verður hægt að hefja þar framkvæmdir, vegna umhverfismatsins, fyrr en seint á næsta ári þannig að við gerum ráð fyrir því að nýta okkur þá stöðu og fresta 150 millj. kr. fjárveitingu til þess verks.

Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði er í undirbúningi. Þar eru mjög mikilvægar framkvæmdir. Mat á umhverfisáhrifum fyrir þetta verk var kært til umhvrh. og ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi vegna þess verks. Gert er ráð fyrir að bjóða fyrsta áfanga þess út á næsta ári en samkvæmt vegáætlun eru fjárveitingar 2005 aðallega og 2006. En þarna verður hægt á sem nemur 50 millj. kr. Þarna liggur ekki fyrir framkvæmdaleyfi en Vegagerðin vinnur fullum fetum að undirbúningi þessa og vonast er til þess að hægt verði að setja seint á næsta ári af stað það verk.

Innsveitarvegur við Akranes. Þar var gert ráð fyrir framkvæmdum við gatnamót sem þarf að hægja á sem nemur 20 millj. kr.

Drangsnesvegur hefur fjárveitingu á þessu ári og árunum 2004 og 2005 þannig að hægt verður að setja þær framkvæmdir af stað. En frestað verður 10 millj. kr. þar. Engu að síður verður hægt að setja það verk af stað sem allstórt á mælikvarða þess svæðis.

Vatnsdalsvegur hefur fjárveitingu á næsta ári. Gert er ráð fyrir sama framgangsmáta og með Drangsnesveg, þ.e. að þrátt fyrir frestun upp á 30 millj. kr. verður hægt að setja það verk af stað með útboði.

Hringvegur, Biskupsháls–Skjöldólfsstaðir. Það er búið að bjóða þann kafla út með bundnu slitlagi að enda bundins slitlags í Langadal, þ.e. á Hárekksstaðaleiðinni. Þrátt fyrir 100 millj. kr. frestun þar er gert ráð fyrir því að hægt sé að standa að fullu við skuldbindingar við verktaka vegna þessa verks sem, eins og ég fyrr sagði, hefur þegar verið boðið út.

Norðausturvegur, Katastaðir–Krossavík. Það er ný Öxarfjarðarheiðarleið. Hér er um að ræða byrjunarfjárveitingu samkvæmt samgönguáætlun í nýjan veg í stað núverandi vegar um Öxarfjarðarheiðina. Þar er unnið að gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og sýnilegt að því ferli ásamt verkhönnun verður ekki lokið fyrr en seint á næsta ári og því talið fært að fresta 100 millj. kr. fjárveitingu þar, en vonast er til að hægt verði að koma því verki af stað ef umhverfisvinnsluferlið gengur eðlilega fyrir sig. Ég á ekki von á öðru en að svo verði.

Norðfjarðarvegur, Reyðarfjörður–Eskifjörður. Þar er fjárveiting og við gerum ráð fyrir að að haldið verði áfram með endurbyggingu eldri vegar. En þar er gert ráð fyrir því að fresta 70 millj. kr. framkvæmd.

Hólmatunguvegur. Þar er gert ráð fyrir framkvæmdum. Þar eru innstæður þannig að unnið verður á þeirri leið fyrir 65 millj. kr. þrátt fyrir 30 millj. kr. frestun þar.

Á jarðgangaliðnum, sem er nú allstór, er gert ráð fyrir að færa niður 150 millj. kr. Eftir sem áður verður þó hægt að standa við allar skuldbindingar við verktaka samkvæmt samningum vegna jarðganga Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Hvað varðar brýr þá er gert ráð fyrir því að fresta framkvæmdum við brú á Brúará hjá Spóastöðum nærri Skálholti og nemur sú frestun 80 millj. kr.

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun á að endurskoða vegáætlun á Alþingi 2004 og 2005 og á þá að ganga frá áætlun fyrir árin 2005–2008. Við þá endurskoðun þarf að gæta þess að þau verk sem hér á undan hefur verið gerð grein fyrir að frestist fái þar það fjármagn til baka sem nú verður frestað vegna framkvæmda. En það er alveg ljóst að langflest þeirra verka, sem ég hef nú gert grein fyrir að þarf að hægja á, eru þannig sett að vegna undirbúnings er í raun ekki hægt að koma þeim af stað þannig að þetta fjármagn nýtist. Þetta er því viðráðanlegra en oft hefur áður verið þegar þurft hefur að stöðva verk vegna svipaðra aðstæðna.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þessum nauðsynlegu aðgerðum sem tengjast fjárlagagerðinni. Ég taldi eðlilegt og nauðsynlegt að gera þinginu grein fyrir þessu nú við afgreiðslu fjárlaga þannig að mönnum væri alveg ljóst að hverju þeir ganga þegar kemur til vinnu við endurskoðun samgönguáætlunarinnar á næsta ári.

[18:06]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér var að sönnu ekki um neinn fagnaðarboðskap að ræða hjá hæstv. samgrh. enda svo sem ekki við því að búast því að hér var hann að gera grein fyrir hugmyndum sínum og tillögum um það hvernig haga beri niðurskurði upp á 1,6 eða 1,8 milljarða kr.

Ég vil hins vegar hæla hæstv. ráðherra fyrir að koma fram með þessar upplýsingar. Eftir þeim hefur verið leitað í fjárlagaumræðunni. Stundum á árum áður hefur nú gengið býsna illa að fá fram nákvæmar hugmyndir ráðherra um það hvernig standa eigi að niðurskurði eða frestun framkvæmda. Hér er það fram komið.

Mig langar hins vegar að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé unnt af praktískum ástæðum að biðja hann að ljósrita ræðu sína og láta dreifa henni á borð þingmanna því að það var auðvitað erfitt að fá þetta allt saman heim og saman.

Ég hef tvær litlar spurningar er lúta að mínu kjördæmi: Heyrði ég það rétt hjá hæstv. ráðherra að hægt væri að ljúka áföngum við annars vegar tvöföldun Reykjanesbrautar og

hins vegar Vesturlandsveg þrátt fyrir að af yrði skorið upp á hvað, 180 millj. (Forseti hringir.) samtals?

[18:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja að ekki er gert ráð fyrir nokkurri seinkun á tvöföldun Reykjanesbrautarinnar, þ.e. á suðurhlutanum. (Gripið fram í.) Nei. Hins vegar gerði ég grein fyrir því að hægt er að halda fullum fetum áfram við þessi verk, bæði tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika, og sömuleiðis framkvæmdir við breikkun Vesturlandsvegarins upp í Mosfellsbæ. Það er hægt að setja þau verk af stað og vinna fullum fetum samkvæmt þeim áætlunum sem hafa verið uppi. En vegna þess að undirbúningur hefur tafist — undirbúningur hefur tafist vegna þess að þarna hafa verið mjög flókin skipulags- og hönnunarviðfangsefni — þá verður ekki hægt að setja þetta af stað fyrr en seint á árinu eða sem sagt eftir áramót. (Forseti hringir.) Þar af leiðandi eru þeir fjármunir sem ég gerði grein fyrir að væru í verkin fullnægjandi til þess að halda áætlun.

[18:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil árétta beiðni mína um að hæstv. ráðherra láti ljósrita ræðu sína þannig að við getum haldið áfram umræðum við 3. umr. fjárlaga á grundvelli staðreynda. En allt að einu.

Ég er þeirrar skoðunar almennt eftir því sem ég hlýddi á mál ráðherrans að það eigi nú að freista þess, ef nauðsyn er á að fresta framkvæmdum, að taka þá út hinar stærri framkvæmdir og ýta þeim aðeins fram í tímann í stað þess að kroppa af allt of mörgum og eiga það á hættu að framkvæmdatíminn verði allt of langur. Þess vegna var ég nú að spyrja um þessi tvo þætti, um Reykjanesbraut innan Suðvesturkjördæmis, milli Kópavogs og Hafnarfjarðar, og hins vegar Vesturlandsveginn milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, hvort þetta þýddi það að teygja þyrfti á framkvæmdatíma, því að yfirstandandi framkvæmdir á álagspunktum í umferðinni eru auðvitað til baga og til erfiðleika og skapa slysahættu.

Þess vegna vil ég árétta það og spyrja: Mun þessi frestun tefja og teygja óþarflega á framkvæmdatíma?

[18:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem svar við þessari spurningu hv. þm. þá er alveg ljóst að vegna þess að okkur tekst ekki að byrja fyrr en þegar líður á árið, t.d. með breikkun Vesturlandsvegarins, ekki vegna vegna frestunar fjárveitinga heldur vegna undirbúnings þá mun þetta auðvitað ná lengra inn í árið 2005. Það er alveg ljóst. En við verðum, og ég gat þess alveg sérstaklega, að taka tillit til þessara verkefna sem við erum að hægja á fjárveitingum til núna þegar við endurskoðum samgönguáætlunina á næsta ári einmitt til þess að taka mið af því sem hv. þm. sagði. Það er mjög vont, og ekki síst í mesta þéttbýlinu, að verkin standi lengi yfir. Það þekkjum við vel. Þess vegna er nauðsynlegt að skipuleggja þau þannig að þetta gangi sem allra fyrst fyrir sig.

[18:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ótrúlegur lestur í sjálfu sér. Það virðist ekki hafa þurft alla þessa peninga sem um var að ræða því hægt var að halda áfram á fullri ferð við framkvæmdirnar sem um var að ræða þó að þær væru skornar niður í mörgum af þessum tilfellum. Það er eiginlega varla hægt að sleppa því að nefna það að ekki eru liðnir nema um það bil átta eða níu mánuðir og varla það síðan menn tóku ákvörðun um að auka vegaframkvæmdir um á milli 4 og 5 milljarða, sem var svo ekki hægt að gera. Nú er bara kominn niðurskurður og það er meira og minna af því að ekki hefur verið hægt að koma verkum af stað, þau hafa ekki verið tilbúin o.s.frv.

Ég verð að segja að mér finnst þetta benda til þess að taka þurfi til í því hvernig farið er að undirbúningnum og hæstv. ráðherra þurfi kannski að skoða svolítið betur hvernig mál eru undirbúin í ráðuneytinu ef þessar skýringar eru haldbærar sem hann var hér með um þetta. Þetta er hins vegar enn eitt dæmið (Forseti hringir.) um þær hundakúnstir sem hafa verið hér í vegamálum.

[18:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Af þessu tilefni er ástæða til að vekja athygli á því að ég fór margsinnis yfir það að í mörgum af þessum verkum hefur undirbúningur orðið umfangsmeiri. Hvers vegna er það? Jú, m.a. vegna þess að við erum með í gangi lög um mat á umhverfisáhrifum og ekki er alltaf fyrir séð þegar við tökum ákvörðun um að leggja veg hvort kærur komi. Í mörgum tilvikum hefur verkum seinkað og í mörgum tilvikum hefur seinkunin orðið vegna þess að undirbúningurinn hefur tekið lengri tíma og við því er ekkert að segja. Ég tel að lögin um mat á umhverfisáhrifum séu afar mikilvæg til þess að undirbúningi sé ekki áfátt. Í einhverjum tilvikum mætti kannski slaka eitthvað aðeins á þeirri kló en fyrst (Forseti hringir.) og fremst er það þessi undirbúningur sem tefur en ekki skipulagsleysi.

[18:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lög um umhverfisáhrif hafa verið í gildi í dálítinn tíma. Hæstv. ráðherra hefur verið vel kunnugt um þau því að þau hafa komið töluvert við hans ráðuneyti. Ég geri ráð fyrir því að menn séu þar farnir að átta sig töluvert á því hvernig þau virka í undirbúningi mála.

Það sem auðvitað hlýtur að vekja mikla athygli er að undanfarin mörg ár hafa menn einmitt unnið svona. Það hafa komið frá ríkisstjórninni ákvarðanir um átök og niðurskurð í vegamálum á víxl. Maður eiginlega skilur ekki stundum hvað eiginlega er á ferðinni hvað þetta varðar.

Núna þarf að koma saman fjárlögum og þá er hlaupið til í þennan lið og skorið niður þar. Kannski var það allt í lagi af því að menn hafa ekki vandað sig nógu mikið. Ég skal ekkert alveg fullyrða um það. Menn þurfa auðvitað að fara yfir þetta allt saman.

En það vekur alveg sérstaka athygli hvernig unnið hefur verið að þessum málum í gegnum tíðina. Það eru sko ekki eitt, tvö, þrjú eða fjögur skipti sem (Forseti hringir.) menn hafa farið í svona lagað. Ætli þau séu ekki ein tíu?

[18:14]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í sjálfu sér þakka hæstv. samgrh. fyrir að koma með þessar upplýsingar inn í þingið áður en lokaafgreiðsla fjárlaga fer fram.

Hins vegar vil ég inna eftir því hvort þetta sé ekki bara tillaga af hálfu ráðuneytisins varðandi breytingar á samgönguáætluninni. Ég lít svo á að eðlilegast væri að þessi tillaga fengi þinglega meðferð, færi bæði fyrir samgn. og síðan fyrir fjárln. því að þarna eru breytingar á verkefnum

sem annars er gert ráð fyrir að séu í gangi. Ég vil því leggja til að þessi tillaga fari fyrir þessar nefndir til ákvörðunar um leið og verið er að afgreiða þetta mál því að það er náttúrlega eðlilegt. Annars virkar þetta bara beint á þann hátt að lofað er fyrir kosningar og síðan svikið eftir kosningar.

Ég harma það ef verið er að draga úr framkvæmdum á áherslustöðum eins og á (Forseti hringir.) Vestfjörðum og norðausturhorninu sem áhersla var einmitt lögð á í vor.

[18:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið er þessi lækkun á framlögum til vegamála einungis lítill hluti af heildarfjárveitingum til vegagerðar. Ég minni nú á að framkvæmdir við vegagerð eru meiri á þessu ári en nokkru sinni áður hefur verið. Við erum með mikil og stór verk í gangi eftir sem áður þó að við þurfum að hægja á.

Það er hárrétt sem kom fram hjá þingmanninum að samgn. fær þessar tillögur að sjálfsögðu til umfjöllunar. Þetta eru tillögur sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hafa fjallað um og öllum er ljóst að hverju er stefnt. Samgn. fær þessar tilögur til meðferðar á nýju ári þegar endurskoðun hefst á samgönguáætluninni.

Ég taldi nauðsynlegt að við þessa umræðu fengju menn upplýsingar um þessi áform. En ég undirstrika að þarna er fyrst og fremst verið að taka tillit til aðstæðna í verkum sem ekki er hægt í raun að setja af stað og eyða þeim fjármunum sem til ráðstöfunar voru.

[18:17]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Ég fagna því að þetta fari til þinglegrar meðferðar í samgn., að þetta sé bara tillaga sem lögð er hérna fram og fagna því reyndar líka að hæstv. ráðherra skuli bera hana fram inn í þingið.

Hins vegar verð ég að láta í ljós mikil vonbrigði með að landshlutar eins og Vestfirðir og norðausturhornið, sem lögð var sérstök áhersla á í vor að fengju auknar fjárveitingar og að þar yrði aukið átak í vegamálum, skuli einmitt núna lenda undir hnífnum og þar skuli skorið niður. Það er í fullkomnu ósamræmi við þær áherslur sem lagðar voru upp í vor.

Einnig vil ég benda á að sumir vegir, safnvegir eða tengivegir sem þarna er um að ræða, fá kannski allt fjármagnið sem varið er til þessara vegaflokka á stórum landsvæðum. Ég nefni Vatnsdalsveg. Ég nefni Drangsnesveg. Mér finnst því að huga þurfi vel að því hvernig þetta kemur niður bæði hvað varðar væntingar fólks og einnig verklegar framkvæmdir.

[18:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Rétt er að vekja athygli á því, vegna þess að þingmaðurinn nefndi Drangsnesveg, að eftir sem áður verður það verk boðið út. Við erum með nærri 150 millj. kr. til ráðstöfunar í það verk. En það er lækkað um 10 millj.

Ég vil að gefnu tilefni minna á að settur var milljarður sérstaklega í Norðvesturkjördæmið og meiri parturinn af þeim fjármunum gekk til vega í Djúpi og í Vestfjarðaveg. Ég veit ekki annað en að fullt samkomulag hafi verið milli þingmanna Norðvesturkjördæmisins um að leggja ríka áherslu á umhverfismatið vegna vegarins um Þorskafjörð og þar vestur eftir. Það er alveg ljóst að þess vegna verður ekki hægt að eyða þessum fjármunum í þær framkvæmdir sem ég er að leggja til að draga úr vegna þessara aðgerða.

Framkvæmdirnar eru því á fullri ferð eftir sem áður.

[18:19]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að fagna því að hæstv. samgrh. skuli koma með þetta yfirlit um frestun framkvæmda á næsta ári. Það er búið að leita eftir þessu nokkrum sinnum í fjárln. og okkur hefur verið tjáð að þetta væri ekki tilbúið. Því er fagnaðarefni að það skuli koma áður en við ljúkum umræðum um fjárlög.

Það vekur sérstaka athygli að hér er verið að fresta ýmsum framkvæmdum sem fyrr á þessu ári voru í hópi flýtiframkvæmda. Mér sýnist að ýmsar flýtiframkvæmdir séu nú orðnar frestunarframkvæmdir. Mig langaði þess vegna til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi yfirlit yfir hlutfall þarna á milli, þ.e. hversu hátt hlutfall af hinum svokölluðu flýtiframkvæmdum verða frestunarframkvæmdir á næsta ári. Ég tek eftir ástæðunni fyrir þessu, þ.e. að umhverfismatið er tímafrekara en gert hefur verið ráð fyrir. En það áttu menn að vita þegar þeir ákváðu þessar flýtiframkvæmdir. Það væri fróðlegt að fá að heyra um hlutfall þarna á milli, hvað mikið sem sagt af flýtiframkvæmdum verða frestunarframkvæmdir á næsta ári.

[18:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki með þá tölu alveg við höndina hversu hátt hlutfall það er. En það er mjög lágt hlutfall. Langflestar þeirra framkvæmda sem við kölluðum flýtiframkvæmdir og voru settar af stað til þess að auka snúninginn í atvinnulífinu er búið að bjóða út og hafnar. Því er um að ræða þarna tiltölulega lágt hlutfall.

[18:21]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek eftir því að þar sem ég þekki til, í Norðausturkjördæmi, flokkast, að því að mér virðist, a.m.k. 33% undir þetta. Ef ég hef heyrt rétt hjá hæstv. ráðherra að fresta eigi framkvæmdum fyrir 100 millj. í Langadal þá er það auðvitað hluti af flýtiframkvæmdum sem að vísu var orsök þess að við þurftum að færa til hluta af flýtiframkvæmdum þangað yfir vegna þess að þær flýtiframkvæmdir sem ákveðnar voru voru ekki komnar nógu langt að raunhæft væri að vinna þær á þeim tíma sem ætlað var. Mér sýnist því ýmislegt koma þarna við sögu.

Mér finnst nauðsynlegt að fá svar við einni spurningu frá hæstv. ráðherra. Hún er um frestunina á veginum milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, hvort sú tenging sem nauðsynleg er frá veginum niður að hinni nýju höfn sem kemur vegna álversins verði líka tekin með, þ.e. hvort hugsanlega þurfi að fresta meiru vegna þess að hluti af framkvæmdafénu fari í þá nauðsynlegu tengingu sem verður að gera sem fyrst. Spurningin er hvort nauðsynlegt sé að fresta þessu vegna þess að umhverfismatið tefur framkvæmdina eða hvort eitthvað annað ráði frestun á þessum spotta.

[18:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þennan hluta af svokölluðum orku- og iðjuvegum þarna í Eskifirði og Reyðarfirði þá er væntanlega ekki um frestun að ræða þar vegna þess að

undirbúningi sé ekki lokið heldur vegna þess að við teljum að þar standi þannig á að ekki komi að sök að þar sé hægt á sem nemur þeirri lágu upphæð sem þar er um að ræða.

Ég minni á að í þessu umhverfi þarna er verið að vinna við jarðgöng. Fjárveitingar þar eru á þessu og næsta ári tæpir 3 milljarðar. Það sér því ekki á þó að nokkrar þúsundkrónuupphæðir séu færðar niður þarna því að framkvæmdir á þessu svæði eru svo miklar að það ætti ekki að trufla þingmenn þó að teknar séu niður einhverjar 40–50 millj.

[18:24]

Útbýting þingskjals:

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 420. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 578.

[18:24]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér og flyt breytingartillögu við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004. Breytingartillagan varðar breytingu á sundurliðun 2 við 02-982 Listir, framlög, þ.e. heiðurslaun listamanna sem breytist úr 35,2 millj. í 40 millj.

Á síðastliðnu ári nutu 22 einstaklingar heiðurslauna listamanna Alþingis. Í þessari tillögu verða þeir 25 og njóta 1.600 þús. kr. hver. Þeir eru: Atli Heimir Sveinsson, Ásgerður Búadóttir, Erró, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson, Gunnar Eyjólfsson, Hannes Pétursson, Herdís Þorvaldsdóttir, Jóhann Hjálmarsson, Jón Nordal, Jón Þórarinsson, Jórunn Viðar, Kristinn Hallsson, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Megas, Róbert Arnfinnsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Svava Jakobsdóttir, Thor Vilhjálmsson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þráinn Bertelsson og Þuríður Pálsdóttir.

Þessa breytingartillögu flytja Gunnar Birgisson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Mörður Árnason og Ásta Möller og leggja flytjendur tillögunnar til að hún verði samþykkt.

[18:27]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil fá að nota tækifærið í upphafi og fagna tillögu sem hv. þm. Gunnar Birgisson gerði grein fyrir rétt áðan um breytingar á heiðurslaunum Alþingis. Ég vil að öðru leyti í upphafi máls míns segja um fram komið fjárlagafrv. að þar er margt góðra tíðinda. Fjárlagafrv. lítur að ýmsu leyti vel út enda er staðan sú að ef vel er haldið á spilunum er bjart fram undan í efnahagsmálum. En eftir að hafa kynnst því sem nýliði í þinginu hvernig fjárlagafrv. er þegar til framkvæmdar kemur, séð fjáraukalög upp á eina 17 milljarða, síðan enn meiri viðbætur í ríkisreikningum og síðan lokafjárlögum allt upp í 35 þús. millj. kr. frávik frá frv. og til lokaniðurstöðu þá hefur maður vissulega áhyggjur af því að þó að frv. kunni að líta ágætlega út þá muni það ekki reynast halda í veruleikanum. Þess vegna er full ástæða til að leggja áherslu á að allt verði gert sem hægt er til þess að tryggja að áform þess gangi eftir og aðhalds verði gætt í framkvæmd fjárlaganna og fjárln. sinni því í ríkari mæli á næsta ári en gert hefur verið á undanförnum árum að fylgja því eftir fyrir hönd þingsins.

Við 3. umr. fjárlaganna eru ekki breytingartillögur frá meiri hluta fjárln. þannig að frv. er í rauninni óbreytt frá 2. umr. Þess vegna er út af fyrir sig ekki margt við þá umræðu að bæta umfram það sem fram hefur komið í ræðum framsögumanna minni og meiri hluta í dag. Þó flytjum við fulltrúar Samfylkingarinnar tvær lítils háttar breytingartillögur sem ekki voru fluttar við 2. umr. Aðra þeirra boðuðum við þá þegar. Hún varðar fjárlagalið 02-211 Tækniháskóla Íslands. Þar er um að ræða 21 millj. kr. framlag vegna nemenda sem þeir hafa þegar fengið samþykkta en fá ekki fjárveitingar fyrir. Þetta er í sama anda og breytingartillögur okkar við liði 02-201, 02-210 og 02-215, þ.e. Háskóla Íslands, Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri.

Þess utan er breytingartillaga við fjárlagaliðinn 02-451 sem lýtur að símenntun og fjarkennslu. Þar er um að ræða 50 millj. kr. fjárveitingu vegna kostnaðarauka símenntunarmiðstöðvanna og fjarkennslunnar við hið svokallaða FS-net sem þær hafa í engu fengið bættan og mun þá rýra kost þeirra að sama skapi á næsta ári ef þessi tillaga nær ekki fram að ganga.

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem ég hafði einkum hugsað mér að mæla fyrir og ræða nokkuð er tillaga sem ég er 1. flm. að ásamt hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, hv. þm. Jóni Gunnarssyni og hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Sú tillaga er um að liður 08-204 Lífeyristryggingar, 1.15 Örorkulífeyrir, hækki um 528,8 millj. kr. frá því sem er í frv. og er flutt til þess að aðstoða hæstv. ríkisstjórn við að efna þann kjarasamning sem ríkisstjórnin gerði við Öryrkjabandalag Íslands, hæstv. heilbrrh. fyrir hennar hönd hinn 25. mars sl. og vænti ég þess að hæstv. heilbrrh. (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) — já, það er gott að sjá hæstv. heilbrrh. og ég þakka honum fyrir að vera viðstaddan til að heyra mál mitt.

Þessi samningur Öryrkjabandalagsins og ríkisstjórnarinnar hefur verið mjög til umræðu að undanförnu og full ástæða til þess að gera honum nokkuð ítarleg skil og fá svör við spurningum frá hæstv. heilbrrh. Ég hef í ræðustól Alþingis hrósað hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórninni sérstaklega fyrir að hafa gert þann samning sem gerður var þann 25. mars sl. og átti ekki von á öðru en að sá samningur yrði uppfylltur í fjárlagafrv. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var þegar ljóst að það var vanáætlað í fjárlagafrv. fyrir kostnaði af samningnum við Öryrkjabandalagið. Þar voru aðeins áætlaðar 1.000 millj. kr. en vitað var að kostnaðurinn við samkomulagið nam 1.500 millj. kr. Ég átti aldrei von á öðru en að þær viðbætur kæmu inn við 2. umr. eða í síðasta lagi við 3. umr. Þegar þær höfðu ekki komið fram fyrir 2. umr. spurði ég í síðustu viku hæstv. heilbrrh. hvort það væri ekki alveg öruggt að hér kæmi inn tillaga um liðlega 500 millj. kr. viðbót vegna samningsins enda lægi fyrir að hann kostaði meira en 1.000 millj. kr. Þá upplýsti hæstv. heilbrrh. í andsvari að það væri vissulega rétt að samningurinn kostaði meira en 1.000 millj. kr., samningurinn kostaði liðlega 1.500 millj. kr. en hann hefði ekki heimildir til að uppfylla samninginn á næsta ári og vantaði upp á það 500 millj. kr. Þess vegna hygðist hann efna $^2/_3$ hluta samningsins 1. janúar nk. en síðari helminginn, eða 500 millj. kr., 1. janúar 2005. Þannig hygðist heilbrrh. bregðast við þeim vinda að hann fengi ekki fjárheimildir til að efna samninginn, að hann ætlaði að efna hann í tveimur hlutum, síðari hlutann 1. janúar 2005.

Á þeim skamma tíma sem er liðinn síðan, hefur atburðarásin verið að mörgu leyti afar einkennileg. Nú er staðan sú að því hefur verið lýst yfir að ekki einu sinni þetta eigi að efna, ekki einu sinni þessa vikugömlu yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. Jóns Kristjánssonar um að hann ætlaði að koma með samningsupphæðina, liðlega 1.500 millj. kr., í tveimur áföngum. Viku síðar stendur ekki einu sinni sú yfirlýsing, þá

er jafnvel sú yfirlýsing hæstv. heilbrrh. ómark, ekkert annað en ómark vegna þess að hæstv. heilbrrh. ætlar ekki einu sinni samkvæmt þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið að efna samninginn í tveimur áföngum.

Nú kveður við nýjan tón. Nú kveður við þann tón að samningurinn hafi bara verið um 1.000 millj. kr. þó að hæstv. heilbrrh. hafi sagt í síðustu viku í ræðustólnum að kostnaðurinn við samninginn væri 1.500 millj. kr. Það er augljóst að hæstv. heilbrrh. er að ganga á bak orða sinna og svíkja þann samning sem gerður var 25. mars sl.

Sumir hv. þm. hafa komið í ræðustólinn og sagt að hér sé nú vel gert við öryrkja og hér sé verið að hækka um mörg prósent og menn skuli bara þakka fyrir það. En hæstv. forseti. Það voru ekki prósenturnar í hækkunum til öryrkja sem réðu því að hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórn Íslands gerðu kjarasamninginn við öryrkja í landinu. Það voru prósentur Framsfl. sem réðu því að hæstv. heilbrrh. varð fyrst sérlega áhugasamur um þennan samning þegar fylgi Framsfl. var komið niður í rétt um 8% í skoðanakönnunum. Það var ekki af neinu sérstöku örlæti við öryrkja sem Framsfl. hljóp þá til og gerði samning við Öryrkjabandalagið fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um verulegar kjarabætur. Nei, það var þegar hæstv. heilbrrh. og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, sem því miður er hér fjarri, voru að róa lífróður fyrir kosningar. Þá gerðu þeir samning 25. mars sl. við Öryrkjabandalagið og samningurinn var um það að tvöfalda grunnlífeyri þeirra sem verða öryrkjar 18 ára eða yngri og síðan lækkaði sú tvöföldun um 421 kr. á ári þar til 67 ára aldri er náð. Nákvæmlega um þetta var samið og nákvæmlega þetta var handsalað og nákvæmlega þetta kynnti hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson á blaðamannafundi í sjálfu Þjóðmenningarhúsinu að viðstöddum embættismönnum og gerðu blaðamönnum grein fyrir þessu samkomulagi. Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 21. mars sl. er nákvæmlega þessi útfærsla tilgreind. Það er tilgreint að það eigi að tvöfalda hjá þeim sem verða öryrkjar 18 ára eða yngri og síðan eigi það að lækka um 421 kr. á ári.

Í Morgunblaðinu 26. mars gerir blað allra landsmanna skýra grein fyrir hinum mikla samningi ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalag Íslands. Þar er nákvæmlega hið sama tilgreint, að tvöfalda eigi grunnlífeyri þeirra sem verða öryrkjar 18 ára eða yngri, þ.e. um 20.600 kr. og síðan eigi það að lækka um 421 kr. á ári. Og Morgunblaðið skýrir lesendum sínum. m.a. úr röðum þeirra öryrkja sem í hlut eiga, nákvæmlega frá því hvað þetta þýðir og gerir m.a. grein fyrir því hvað það þýðir fyrir þann sem verður öryrki 56 ára. Og þeir gátu í aðdraganda kosninga, þegar Framsfl. var að engjast í 11%, lesið um hinar miklu kjarabætur sem hæstv. ríkisstjórn var búin að semja um við þá.

Nú koma menn og segja: Nei, það var ekki samið um þetta. Það var ekki samið um það sem við sögðum í fréttum Ríkisútvarpsins. Það var ekki samið um það sem stóð í Morgunblaðinu 26. mars. Nei, það var bara samið um 1.000 millj. kr.

Virðulegur forseti. Mér þykir leitt að þurfa að fara í gegnum þessa umræðu. Mér þykir leitt að þurfa að reka þessar yfirlýsingar ofan í menn. En þegar menn þræta fyrir gert samkomulag, sem hæstv. heilbrrh. staðfesti síðast í ræðustólnum í síðustu viku að gert hefði verið, þá verður víst að gera það. Málið á sér auðvitað langan aðdraganda og túlkun hv. heilbrrn. hefur alltaf verið alveg skýr. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að fá að lesa úr litlu lettersbréfi sem ég fékk sent í dag úr heilbrrn. Það er rétt að gera grein fyrir því að bréfið er sent hinn 9. apríl eða rúmum mánuði fyrir kosningar. Tveimur vikum eftir að búið var að ganga frá samkomulaginu við Öryrkjabandalagið biður heilbrrn. Tryggingastofnun ríkisins um að reikna út nákvæmlega hvað samkomulagið kostar. Og heilbr.- og trmrn. sendir samkomulagið með útfærslunni, með einu útfærslunni sem um var rætt, 421 kr. lækkun á ári með þeim samningi sem gerður var. Ég ætla að leyfa virðulegum þingheimi, ef tæknin leyfir mér og virðulegur forseti leyfir, að fá að lesa bréfið fyrir hv. þingheim.

„Í framhaldi af vinnu Tryggingastofnunar ríkisins við útreikninga breytts bótaréttar öryrkja sem ráðuneytið vann, bað um þann 5. febrúar sl. og skilað var til ráðuneytisins 17. mars sl. og í framhaldi af samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalag Íslands frá 25. mars sl. um sama efni en þó í breyttri mynd er hér með komið á framfæri við Tryggingastofnun þeirri beiðni að reikna út hvað þetta breytta fyrirkomulag örorkubóta mundi kosta á árinu 2003 ef gert væri ráð fyrir að það gilti frá 1. janúar. Sú breytta mynd á grunnlífeyri öryrkja, sem samkomulagið gerir ráð fyrir, er tvöföldun lífeyrisupphæðar þ.e. tvisvar sinnum 20.600 kr. fyrir þá sem greinast með örorku 18 ára en lækkar um 421 kr. fyrir hvert aldursár öryrkjans miðað við það hvenær hann er greindur með örorku. Meðfylgjandi er tafla sem skýrir þetta betur."

Fjárlagagerðarmenn mundu fagna ef hægt væri að fá þessa útreikninga sem fyrst. Tryggingastofnun ríkisins lá ekki á liði sínu frekar en fyrri daginn. Hún vann þessa útreikninga hinn 10. apríl. Þeir eru mótteknir í heilbrrn. 11. apríl. Eins og þingheimur allur heyrir vafðist það ekkert fyrir embættismanni heilbrrn. um hvað var samið eða hver útfærslan var. Hann tilgreinir nákvæmlega hvaða breytingar samkomulagið við Öryrkjabandalagið hefur í för með sér miðað við þá útreikninga sem Tryggingastofnun hafði gert tíu dögum áður en samkomulagið var undirritað, tilgreinir nákvæmlega forsendurnar og sendir til baka í heilbrrn. upplýsingar um hvað þetta samkomulag kostar. Tryggingastofnun segir heilbrrn. alveg skýrt að það kosti 1.528,8 millj. kr., mánuði fyrir kosningar. Embættismaður heilbrrn. hefur núna fyrirvara við 8% af þessari upphæð eða um 120 millj. kr. En útreikningurinn byggir á því hvað þetta hefði kostað á þessu ári og verðlagsbreytingar og fjölgun öryrkja gera það að verkum að óvarlegt er að gera ráð fyrir minni kostnaði á næsta ári heldur en þessari fjárhæð, 1.528 millj. kr., jafnvel þó að fyrirvarar embættismannsins væru teknir til greina.

Hér var ekki um það að ræða að reiknaðar væru margar útfærslur eða að samkomulagið gæfi kost á ýmsum túlkunum. Hér var einfaldlega beðið um að samkomulagið og kostnaðurinn við það yrði reiknaður út. Ég spurði eðlilega hvort hæstv. heilbrrh. hefði látið það ógert að segja kjósendum og samstarfsflokki sínum frá því, þegar heilbrrn. fékk þessar tölur 11. apríl, að rúmur milljarður þýddi nákvæmlega 1.528,8 millj. kr. Hæstv. heilbrrh. segir í Fréttablaðinu í morgun að hann hafi bara ekki fengið þetta fyrr en í ágúst.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvort er verra? Hæstv. heilbrrh. segist ekki hafa vitað fyrr en í ágúst að kostnaðurinn við það sem hann lýsti sjálfur sem mesta afreki sínu og því sem hann væri stoltastur af hefði farið fram úr um 500 millj. kr. Hvort er verra, að hann hafi vitað það eða að hann hafi ekki frétt það fyrr en í haust?

Mér er, virðulegur forseti, eiginlega alveg sama. Það er hreinlega á ábyrgð ráðherrans að vita það. Það hlýtur að

vekja nokkra furðu að varaformaður fjárln. lýsti því yfir í þessari viku að hann hafi fyrst verið að frétta um þessar tölur í síðustu viku og hér hafi orðið uppi fótur og fit.

Nei, virðulegur forseti, það er alveg skýrt um hvað var samið, enda staðfesti hæstv. heilbrrh. það í síðustu viku; tvöföldun grunnlífeyris og lækkun um 421 kr. fyrir hvert ár. Það kostar 1.528,8 milljónir. Það kann að vera að ráðherrann hafi ekki haft heimildir til þess og það kann að vera að honum hafi verið neitað um heimildir til þess á næsta ári en ráðherrann lýsti því yfir í síðustu viku að þá kæmi hann inn með síðari hlutann, síðari 500 milljónirnar, 1. janúar 2005. En nú á ekki einu sinni að standa við það því hæstv. heilbrrh. virðist engan stuðning hafa til þess í ríkisstjórninni að efna þennan samning. Ekki frá sjálfstæðismönnum. Það er alveg ljóst, því bæði hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde og hv. varaformaður fjárln., Einar Oddur Kristjánsson, hafa gert skýra grein fyrir því að heimildin sé bara upp á 1.000 millj. kr.

En mér þykir einkennilegra að félagar hæstv. heilbrigðisráðherrans í Framsfl. skuli ekki ljá honum lið sitt og gera kröfu til þess að kostnaðinum við samninginn verði mætt, 1.528,8 milljónum. Auðvitað hefur oft verið gert kostnaðarmat á vegum framkvæmdarvaldsins en síðan reynst dýrara að uppfylla samningana en kostnaðarmatið gerði ráð fyrir. En í öllum kjarasamningum, í samningum við allar stéttir, a.m.k. hin síðari ár, hefur þeim kostnaði verið mætt. Þeir samningar hafa verið efndir þó að kostnaðurinn hafi farið fram úr því sem áætlað var fyrir og fjárlagaheimildir voru fyrir. Þeim kostnaðarauka hefur þá verið mætt á fjáraukalögum.

Ég trúi því, virðulegur forseti, að hæstv. heilbrrh. hafi aldrei átt von á öðru en að hann fengi fjárheimildir til að efna samninginn. Þetta var nú enginn smásamningur. Ráðherrann lýsti því sjálfur að þetta væri bara samningurinn, það sem hann væri stoltastur af. Framsfl. gervallur lagði ekki lítið upp úr því í kosningabaráttunni að hafa gert þennan samning, enda full ástæða til. Það hafði þurft að reka ríkisstjórnina í tvígang upp í Hæstarétt til að úrskurða öryrkjum þau lágmarkskjör og lágmarksmannréttindi sem þeim bar. Eftir að menn höfðu af harðdrægni þurft að sækja á hæstv. ríkisstjórn þurfti Framsfl. auðvitað að sýna í aðdraganda kosninga að hann vildi bæta kjör öryrkja.

En samningurinn hélt ekki. Kjarasamninginn við öryrkja á að svíkja. Við hljótum að spyrja virðulegan og hæstvirtan heilbrrh.: Hvenær koma 500 millj. kr., síðari áfanginn, sem hæstv. ráðherra lofaði hér í ræðustól í síðustu viku — í síðustu viku, ekki 25. mars, heldur hér í ræðustól í síðustu viku — að kæmu 1. janúar 2005? Hvar sjáum við þær 500 millj. kr.? Hvar eru þær 500 millj. kr., hæstv. heilbrrh.?

Við hljótum að spyrja hæstv. heilbrrh.: Upp á hvað hljóðaði kostnaðarmat Tryggingastofnunar ríkisins á breytingum á örorkulífeyrinum sem sent var ráðuneytinu átta dögum fyrir gerð samningsins? Hljóðaði það upp á 1,2 milljarða? Var það sá rúmi milljarður sem vísað var til?

Við hljótum líka að spyrja heilbrrh. hvort hann hafi ekki gert ríkisstjórninni grein fyrir því að samningurinn yrði 500 millj. kr. dýrari fyrr en í andsvari við ræðu minni hér í síðustu viku? Getur það verið að hæstv. heilbrrh. hafi leynt ríkisstjórn Íslands því að samningur sem ríkisstjórnin gerði við Öryrkjabandalag Íslands væri 500 millj. kr. dýrari en fjárheimildir voru fyrir, að því hafi verið leynt fyrir ríkisstjórninni þar til í andsvari hér í síðustu viku, þegar það lá fyrir í útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins frá 11. apríl? Hvernig víkur þessu við, hæstv. heilbrrh.?

Ég hlýt að bera fleira undir hæstv. heilbrrh. Nú skipaði hæstv. ráðherra starfshóp til að leggja til breytingar á lögum til að uppfylla samkomulagið. Sá starfshópur skilaði tillögum sínum að lagabreytingum í síðustu viku. Embættismaður í heilbr.- og trmn. sagði mér í gær að það væru engar tillögur eða lokaálit til frá þessum starfshópi, að það væri ekkert til. Það var svarið sem ég fékk frá nefndarmanni í starfshópnum og embættismanni í ráðuneytinu. En ég komst að því að það var ekki rétt. Ég talaði aftur við ráðuneytið í dag og ég bað um að fá tillögur starfshóps heilbrrh. um breytingar á lögum til að uppfylla samninginn við Öryrkjabandalagið. Þær tillögur voru lagðar fram í síðustu viku af starfshópi sem ráðherrann sjálfur skipaði. Heilbr.- og trmrn. neitaði mér um að fá frumvarpsdrögin frá starfshópnum.

Virðulegur forseti. Ef þingmanni á Alþingi Íslendinga og nefndarmanni í fjárln. er neitað um að sjá frumvarpsdrög starfshóps heilbrrh. um samning við Öryrkjabandalag Íslands, þá í það minnsta líkar mér það ekki mjög vel. Ég hlýt að spyrja hæstv. heilbrrh. hvort þarna sé eitthvað að fela. Hvort verið geti að tillaga hans eigin starfshóps að lagabreytingum sé talsvert langt frá því frv. sem hann leggur fyrir þingið nokkrum dögum seinna. Gæti verið að starfshópurinn hafi gert tillögu um að $^2/_3$ hlutar samkomulagsins yrðu uppfylltir 1. janúar 2004 og $^1/_3$ hluti uppfylltur 1. janúar 2005 en að hæstv. heilbrrh. hafi hvorki fengið stuðning sinna eigin flokksmanna né stuðning hæstv. ríkisstjórnar við að reyna þó að efna samninginn með þessum hætti, heldur verið gerður afturreka með tillögur eigin starfshóps um efndir á samningi ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalagið og orðið að koma inn með frv. sem er ekki einu sinni í samræmi við yfirlýsingar hans í þinginu í síðustu viku?

Virðulegur forseti. Þetta mál er allt með miklum ólíkindum. Ég verð að segja að ef almennt er staðið þannig að samningagerð, að sé kostnaðarmat vanmetið um 50% og upplýsingar um það liggi fyrir en týnist svo mánuðum skiptir í blaðabunkum á borðum embættismanna og að kjarasamningar við stóra hópa í samfélaginu séu ekki á vitorði forustu fjárln. Alþingis fyrr en í andsvörum í 2. umr. um fjárlög, þá er full ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig þessari skútu er siglt, virðulegur forseti.

Samningurinn við öryrkja er kjarasamningur. Samningurinn við öryrkja er þess vegna ekki almennt kosningaloforð. Hann er samningur um kaup og kjör. Hann hefur verið tilkynntur og hefur verið birtur og hann á að efna í hverju og einu atriði sem um hefur verið samið, en ekki bara að $^2/_3$. Öryrkjar eru alveg jafnmerkilegt fólk og vinnandi fólk. Öryrkjar eiga sama rétt til þess að kjarasamningur við þá sé efndur með sama hætti og við leggjum öll heiður okkar við að efna kjarasamninga við vinnandi fólk. Það er engum blöðum um það að fletta um hvað var samið hér. Þar liggur fyrir túlkun heilbrrn. í bréfi til Tryggingastofnunar. Fyrir liggja skýringar fréttastofu Útvarps og Morgunblaðsins á því í hvað samkomulagið fæli í sér, skýringar sem þeim voru veittar á blaðamannafundi hæstv. heilbrrh. í Þjóðmenningarhúsinu og fóru ekkert á milli mála.

Virðulegur forseti. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra og ég spyr sérstaklega: Hvers vegna fáum við ekki að sjá þau drög að frumvarpi sem hans eigin starfshópur lagði til að lagt yrði fram í þinginu fyrir nokkrum dögum?

[18:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Helgi Hjörvar, sagði í ræðu sinni og hafði eftir mér að þetta væri samningurinn sem ég væri stoltastur af og sagði jafnframt að þetta væri kjarasamningur við öryrkja. Það er alveg rétt. Ég er stoltur af þessum gerningi en hins vegar, ef þetta væri kjarasamningur þá hefði þetta ekki verið kynnt sem samkomulag eða yfirlýsing. Þá hefði hann verið undirritaður. Ég hef sagt að auðvitað hefði verið heppilegra, í ljósi þess sem á eftir kemur, að ganga betur frá þessum endum.

Hins vegar vísa ég því harðlega á bug sem hv. þm. fullyrðir, að áhugi minn á þessu samkomulagi hafi ekki kviknað fyrr en Framsfl. fór að mælast illa í skoðanakönnunum. Það eru aðdróttanir sem ég kann vægast sagt illa við. Formaður Öryrkjabandalagsins og ég höfðum rætt þetta samkomulag í marga mánuði og rætt það af einlægni. Varðandi það hvaða tillögur starfshópurinn sem ég skipaði í byrjun maí skilaði þá skilaði hann til mín drögum og hugmyndum. Starfshópurinn hafði hugmyndir að þessari leið sem hv. þm. lýsti hér. Ég kom auðvitað þessari fjárþörf til skila þegar ég vissi um *hana seinni part sumars. Ég bar undir ríkisstjórnina þetta* samkomulag í mars og því fylgdi 1 milljarður kr. Það var alveg ljóst.

[18:58]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að draga í efa einlægni hæstv. heilbrrh. Jóns Kristjánssonar í þessum málum. Ég sagði í ræðustólnum í síðustu viku að sennilega hefði honum liðist það oftar en flestum að koma í ræðustólinn og segjast vera á leiðinni, vegna þess, eins og ég sagði þá, að á íslensku gæti maður sagt að hann væri óvenjulega elskuleg manneskja. Ég trúi því vel að hann hafi lengi haft áhuga á þessum samningi en ég fullyrði engu að síður að hann hafi engan stuðning haft til þeirra miklu útgjalda sem honum fylgdi, fyrr en Framsfl. var kominn niður í átta prósentin. Þá fyrst fékk hann stuðning í ríkisstjórninni og stuðning samstarfsmanna sinna í Framsfl. við að gera þennan samning.

Ég trúi því líka að hæstv. heilbrrh. hafi ekki átt von á öðru en að félagar hans í Framsfl. mundu hjálpa honum við að ná þeim 500 millj. kr. í viðbót sem hann þurfti. Ég trúi því að hæstv. heilbrrh. hafi verið mjög brugðið að hafa ekki þann stuðning í ríkisstjórninni að geta sótt þessar 500 millj. kr. Annað eins hafa ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sótt af aukafjárheimildum. Ég trúi því að hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson hafi verið sleginn, þegar hann kom með tillögur eigin starfshóps upp á að $^2/_3$ hlutar yrðu efndir núna en hann fengi þó þessar 500 millj. kr. 1. janúar 2005, yfir því að félagar hans í Framsfl. og ríkisstjórninni gætu ekki einu sinni ljáð honum stuðning sinn í því, jafnvel þótt hann væri búinn að lýsa því yfir í ræðustólnum síðast í síðustu viku að hann ætlaði að koma með 1.000 millj. kr. um áramótin og 500 millj. kr. í viðbót áramótin þar á eftir.

Ég segi það satt, virðulegur forseti, að ég vildi heldur eiga orðastað við marga aðra af ráðherrum ríkisstjórnarinnar og stjórnarþingmönnum um þessi mál en hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson. En hjá því verður ekki komist. Hann ber ábyrgð á málinu. Og ég spyr ráðherrann aftur: Fáum við að sjá tillögu starfshópsins um lagabreytingu hér í þinginu?

[19:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi tillögur starfshópsins vil ég taka það fram að hann velti fyrir sér ýmsum hugmyndum. Hann velti m.a. fyrir sér þeim hugmyndum að halda áfram að hækka bætur öryrkja 1. janúar 2005. Hins vegar lagði ég fram frv. á mína ábyrgð og ég lagði það fram í samræmi við það fjármagn sem samkomulagið frá því í mars gerði ráð fyrir. Ég tók þá ákvörðun þegar það var ljóst að verja átti milljarði króna í þetta mál. Þá tók ég þá ákvörðun að það gengi til að tvöfalda bætur þeirra sem verða 75% öryrkjar 18 ára að aldri eða hafa orðið öryrkjar 18 ára að aldri og standa þar með við samkomulagið um að tvöfalda bætur yngstu öryrkjanna.

Varðandi þetta samkomulag er grundvöllurinn í því og það sem þá var mest metið af Öryrkjabandalaginu sú kerfisbreyting sem þetta fól í sér, að aldurstengja örorkubætur. Hún er meginþátturinn í frv., sú mikla kerfisbreyting sem Öryrkjabandalagið hafði barist fyrir árum saman, að aldurstengja bætur. Það var grundvöllurinn í þessu máli. Ég er sannfærður um að kjarabarátta öryrkja heldur áfram. Ég *hefði viljað styðja þá og vinna með þeim á eðlilegum nótum* en ég verð fyrir miklum vonbrigðum með þann storm og það plan sem er búið að draga umræðurnar niður á. Ég virði það við hv. þingmann að segja að ég sé elskuleg manneskja en það er hægt að egna mann samt svo að þykkni í manni.

[19:03]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að biðja hæstv. heilbrrh. að eiga það þá við þá sem egna hann og neita honum um heimildir til að uppfylla þann samning sem hann gerði og handsalaði, væntanlega í góðri trú um að hans eigin flokksmenn og samstarfsflokkurinn mundu hjálpa honum við að fjármagna hann. Hvernig sem hæstv. heilbrrh. reynir stendur málið einfaldlega þannig að hann sagði hér í ræðustólnum, síðast í síðustu viku, að samningurinn sem hann gerði mundi kosta 1.500 millj. og hann hefði ekki fjárheimildir nema upp á 1.000 millj. Það þýðir bara að hæstv. heilbrrh. er neitað um fjárheimildirnar.

Þó eru menn hér í fjáraukalögum að veita 17.000 millj. í alls kyns ófyrirséðan kostnað og hluti þar sem kostnaður var vanmetinn. Þá er munurinn á frv. og lokaniðurstöðu 35 milljarðar á einu ári. Þegar ég segi að samningurinn við öryrkja sé ígildi kjarasamnings meina ég það. Örorkubætur eru lífskjör þess fólks sem býr við það að framfleyta sér á örorkulífeyri, og jafnvel meira en þess sem er á vinnumarkaði vegna þess að þetta eru í mörgum tilfellum þau kjör sem þetta fólk þarf að búa við áratugum saman og hefur ekkert annað sér til framfærslu. Þess vegna er jafnvel ríkari ástæða til að efna slíkan kjarasamning en hina almennu.

[19:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í þeim slagsmáladans sem hér er í gangi. Ég vil hins vegar spyrja hv. þm. Helga Hjörvar hvað hann mundi gera með 1.000 millj. til að ná fram því markmiði að laga stöðu þeirra öryrkja sem aldrei fara á vinnumarkað og þeirra sem verða öryrkjar að loknu námi og fá þar af leiðandi ekki framreikning í lífeyrissjóði. Það er einmitt sá vandi sem ég varð var við í viðræðum *mínum* við Garðar Sverrisson, formann Öryrkjabandalagsins. Þessi er vandinn. En hvað gera menn? Menn komu með lausn þar

sem allir fá. Allir öryrkjar, hver einasti öryrki í landinu fær þessar bætur sem hér um ræðir, líka þeir öryrkjar sem eru með mjög góðan framreikning, með mjög góðan lífeyri, t.d. 23 ára gamall sjómaður sem fær framreikning að fullu eftir þriggja ára starf og er með 200.000 kall á mánuði í lífeyri. Hann fær 20.000 kr. nú þegar til viðbótar og síðan á hann að fá 20.000 enn til viðbótar á meðan annar öryrki sem er ekki með neinn framreikning þarf að lifa á miklu lægri bótum.

Nú sé ég, frú forseti, að ræðumaður er horfinn úr salnum. Ég veit ekki hvernig ég get veitt honum andsvar. (**Gripið fram í:** Hann ...)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hv. þm. er horfinn úr salnum og ...)

Ég vil að umræðu sé frestað, frú forseti, ég vil að umræðu sé frestað þangað til þingmaðurinn kemur aftur. Það er ekki hægt að veita andsvar þegar hann er ekki til andsvara.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hv. þm. ræður hvort hann svarar andsvari eða ekki.)

[Fundarhlé. — 19:07]

[19:36]

Útbýting þingskjals:

Happdrætti Háskóla Íslands, 140. mál, brtt. GÖg o.fl., þskj. 577.

[19:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fluttar margar athyglisverðar ræður við 3. umr. um frv. til fjárlaga og þótti mér fróðlegt að hlýða á hv. þm. Helga Hjörvar fjalla um öryrkjamálið svokallaða, eða samning Öryrkjabandalags Íslands við heilbrrh. Þar talar maður úr innstu röðum baráttusamtaka öryrkja og ég hlustaði með athygli á mál hans.

Ég vil byrja á því að vísa almennt í nál. 2. minni hluta fjárln. sem hv. þm. Jón Bjarnason, flokksfélagi minn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, stendur að. Ég geri orð hans að mínum, bæði hér í riti og einnig ræðu hans fyrr í dag. Og ég minni á upphafssetninguna í niðurlagsorðum þingmannsins í þessu minnihlutaáliti þar sem vísað er í þá almennu stefnu okkar að við leggjum áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi leggja áherslu á sem við teljum ekki gengið nægilega langt með í fjárlagafrv.

Í upphafi minnihlutaálitsins víkur hv. þm. Jón Bjarnason að því að fjárlagafrv. sé ekki reist á mjög traustum grunni. Hann segir að í frv. með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umr. sé gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 275,3 milljarðar. Hv. þm. Jón Bjarnason telur eftir athugun og umræður sem fram hafa farið í fjárln. og með hliðsjón af gögnum sem hann hefur haft til skoðunar ljóst vera að útgjöld ríkissjóðs séu vanmetin á mörgum sviðum í frv.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjmrn. er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 282 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er þess vegna áætlaður 6,7 milljarðar. Þingmaðurinn vekur athygli á því að ef miðað er við fjárlög yfirstandandi árs hafi útgjöld ríkissjóðs hækkað frá því sem samþykkt hafði verið í fjárlögum 2003 um 6,7% og ef hið sama gerðist í þessu frv. færu útgjöldin upp í 294 milljarða. Þá værum við komin 12 milljarða í mínus, með öðrum orðum ef hið sama gerðist á næsta ári og gerðist á þessu ári, stórlega vanmetin útgjöld, endum við í mínus upp á 12 milljarða kr. Á þessu vekur hv. þm. Jón Bjarnason athygli í minnihlutaáliti sínu.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að ýmsum þáttum frv. Ég vil byrja á því að vísa í umræðu sem var hér fyrr í dag um vaxtabætur. Stjórnarandstaðan lagði til að umræðunni yrði skotið á frest fram yfir helgi þar til fyrir lægi lögfræðiálit um nýjar tillögur fjmrn. um skerðingu vaxtabóta. Togast var á um þetta í efh.- og viðskn. þingsins, þær tillögur sem upphaflega lágu fyrir frá hæstv. fjmrh., og töldu stjórnarandstöðuþingmenn að þær kynnu að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki taldi meirihlutinn hættu á því. En í dag var kynnt lögfræðiálit frá Háskóla Íslands þar sem fram kemur að lögfræðingar telja líkur á því að stjórnarandstaðan hafi haft rétt fyrir sér í þessu efni. Í samræmi við það lagði hæstv. fjmrh. fram nýjar tillögur þar sem skerðingin byggist á rétti sem þegar hefur verið stofnað til, sem sagt aftur í tímann á þessu ári, og lögfræðingar telja þá að skerðing sem tæki til afmarkaðs hóps yrði túlkuð sem svo að gengið væri á eignarrétt viðkomandi einstaklinga. Ef skerðingin væri hins vegar almenn gæti þetta gengið. Hin nýja tillaga gengur út á það að skerða vaxtabætur almennt um 10% á alla en á næsta ári komi svo til fyrri tillaga fjmrn. Þetta viljum við láta skoða og það verður gert. Við töldum eðlilegt að umræðu um fjárlögin yrði frestað þar til frá þessu hefði verið gengið. Á þetta féllst stjórnarmeirihlutinn hins vegar ekki og varð niðurstaðan sú að halda umræðu hér áfram um fjárlögin.

Hæstv. forsrh. kvaddi sér hljóðs og sagði að þetta væri gamalt vinnulag í þinginu. Honum var bent á að það væri sitthvað sem mætti laga í því vinnulagi og þetta væri eitt af því. Reyndar hefur hv. þm. Jón Bjarnason bent á að það hafi ekki áður gerst að menn reyndu að hafa samstiga frumvörp um tekjuöflun til ríkissjóðs samhliða afgreiðslu fjárlaganna. En gott og vel. Þetta varð niðurstaðan í málinu.

Samningurinn við Öryrkjabandalagið er án efa það mál sem hefur vakið mesta athygli í umræðunni og ekki að ósekju. Ég vil rifja það upp að fyrir kosningar brá mörgum í brún þegar hæstv. heilbrrh. gerði samning við Öryrkjabandalag Íslands rétt fyrir kosningar. Mörgum þótti þetta ósiðlega valin stund en engu að síður man ég ekki eftir neinum manni sem ekki fagnaði þessu samkomulagi. Menn töldu að þarna væri verið að stíga mjög mikilvægt framfaraspor. Menn stigu upp úr hinum pólitísku skotgröfum og fögnuðu samkomulaginu. Framsfl. stóð mjög illa þegar þetta samkomulag var gert, mældist með um 8% í skoðanakönnunum, og ýmsir urðu til þess að gruna þann flokk um græsku. Á blaðamannafundi sem boðað var til í tengslum við undirritun samningsins var ráðherrann spurður út í þetta og hann skrifaði grein í Morgunblaðið af því tilefni þar sem segir m.a. og hér vitna ég í minnihlutaálit hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem aftur vitnar í ráðherrann frá 27. mars, með leyfi forseta:

„Á blaðamannafundinum í fyrradag var spurt hvort samkomulagið nú væri nokkuð annað en rétt og slétt kosningabomba. Ekkert er eðlilegra en fréttamenn spyrji spurninga af þessu tagi í aðdraganda kosninga. Það sem athyglisvert var á fundinum með blaðamönnum var að báðir aðilar, bæði sá sem þetta ritar og Garðar Sverrisson, formaður ÖBÍ, lýstu yfir að þannig bæri ekki að skilja niðurstöðuna og báðir sögðumst við sannfærðir um að enginn stjórnmálaflokkanna myndi einn eða í samráði við aðra flokka reyna að rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið."

Enginn flokkanna. Hvorki einn né í samráði við aðra flokka. Nú hefur það hins vegar gerst að Framsfl. hefur rokkað við þessu samkomulagi og í samráði við annan flokk, Sjálfstfl. Þetta eru staðreyndir málsins. Þess vegna er

siðleysið tvöfalt hjá ríkisstjórninni, annars vegar að brjóta samkomulag, brjóta samning sem gerður hefur verið, en í ofanálag er verið að brjóta samning sem gerður er rétt fyrir kosningar í og með með það fyrir augum að vekja væntingar hjá kjósendum. Og þá ætlast menn að sjálfsögðu til, og að sjálfsögðu þeir kjósendur sem ákváðu að styðja flokkinn á þessum forsendum, að staðið verði við samninginn. Þess vegna hefur þetta mál orðið að slíku hitamáli sem raun ber vitni.

Mér fannst mjög áhrifaríkt þegar hv. þm. Helgi Hjörvar las upp bréf frá heilbrrn. til Tryggingastofnunar þar sem óskað var eftir útfærslu á samkomulaginu sem gert var. Síðan hefur það verið staðfest að svar hafi borist við þessu erindi þar sem fram hafi komið nákvæmar kostnaðartölur, allt þetta hafi legið fyrir áður en kosningar fóru fram.

Þess vegna þarf ekkert um það að deila að ríkisstjórnin er að brjóta samning sem gerður var við Öryrkjabandalag Íslands. Hver gerði samninginn? Var það ríkisstjórnin? Það var ráðherra í ríkisstjórninni sem gerði þennan samning. Ríkisstjórnin er öll ábyrg. Hún ber öll ábyrgð á þessu samkomulagi. Og það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á þessu samningsrofi því að ekki hef ég reynt hann að því að rjúfa samninga. Hann gerði að sönnu ekki þennan samning en samningurinn var gerður af ráðherra í ríkisstjórn og ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessu samningsrofi.

En það er annað sem mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. um og það lýtur að atvinnuleysisbótunum og skerðingu þeirra.

Ég velti því fyrir mér á sínum tíma hvort það væri hugsað sem eins konar manndómsvígsla fyrir hæstv. félmrh. að reyna sig á atvinnulausum og sýna hvað í sér býr, með því að sýna hvað hann væri harður karl að bregða niðurskurðarhníf á þann hóp í þjóðfélaginu. Þannig hefur ríkisstjórnin oft hagað sér, þessi tvíburastjórn Framsfl. og Sjálfstfl., að ráðast á þá sem síst skyldi. Þetta er bara staðreynd.

Hér er það gert eina ferðina enn. Það stendur til að skerða tekjur þess hóps í samfélaginu sem stendur verst að vígi, atvinnulaust fólk, fólk sem missir vinnu sína. Það stendur til að hafa af því atvinnuleysisbætur fyrstu þrjá dagana í atvinnuleysi. Hvað skyldu þetta vera miklir peningar? Þetta eru 10.722 kr. sem á að hafa af fólki sem er með á mánuði 77.449 kr. Það eru atvinnuleysisbæturnar, 77.449 kr. Við fórum mjög rækilega yfir þetta í félmn. í haust. Við spurðum fulltrúa félmrn. hvers vegna menn væru að þessu. Hvers vegna er þetta gert? Eru menn að laga sig að einhverri kerfisbreytingu í Evrópu? Eru menn að taka upp einhverja siði frá Norðurlöndum? Hvað vakir fyrir ríkisstjórninni?

Svarið kom mjög skýrt. Við erum að spara peninga. Og menn ætluðu ekki að trúa því sem þeir heyrðu. Er þetta virkilega efnahagsúrræði? Er það sérstakt efnahagsúrræði ríkisstjórnarinnar að hafa peninga af atvinnulausu fólki, að stela rúmum 10 þús. kr. af atvinnulausu fólki, taka af því fólki sem hefur bágust kjör í landinu og býr við einna verstar og erfiðastar aðstæður, félagslegar og fjárhagslegar? Það þarf ekki annað en að fletta upp í fjárlagafrv. Þar kemur í ljós hvað ríkisstjórnin hyggst hagnast á kostnað atvinnulauss fólks því hér segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 170 millj. kr. vegna áforma um að lögum verði breytt á þann veg að í stað þess að bætur greiðist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana ..." og fleira, það er eitthvað annað sem þeir eru að spara líka.

Við gengum á fulltrúa félmrn. og spurðum: Eru þetta ykkar tillögur? Eru það úrræði félmrn. að spara peninga á kostnað þessa hóps? Þá kom svarið alveg skýrt: Nei, þetta eru ekki okkar tillögur. Þetta eru tillögur hæstv. fjmrh. Það er fjmrn. sem krefst þess að við höfum þessa peninga af atvinnulausum.

Þess vegna kom það mér á óvart þegar hæstv. félmrh. kom hér upp í dag, alveg galvaskur, búinn að standast manndómsvígsluna, og sagði: Það stendur ekki til að falla frá þessu. Við ætlum að standa fast á þessu. „Við", sagði hann, búinn að gera þessa ákvörðun að sinni. Í félmn. var okkur sagt að það væri ekki félmrn. sem stæði að þessum tillöguflutningi, heldur fjmrn., það væri hæstv. fjmrh. sem krefðist þess að skorið yrði þarna niður gagnvart atvinnulausu fólki.

Er ástæða til að verja miklum tíma í að ræða þetta? Já. Mér finnst þetta vera stórmál, ekki bara vegna þess að það skiptir þetta fólk máli, þetta fátæka fólk sem lendir í þessum hremmingum, heldur er þetta líka táknrænt um hvert verið er að halda með íslenskt samfélag. Þarna er skorið niður. Í blöðum í morgun er haft eftir forsrh. að þeir séu að hugsa um að opna fleiri sendiráð hér og þar. Nú eru þeir í Austur-Evrópu. Þeir keyptu sendiráð í Japan, við munum eftir því, fyrir tæpan milljarð. Bara húsið. Bara bygginguna. Og sögðu síðan: Ja, það voru allir fylgjandi því að opna sendiráð í Japan. Já, en ekki að kaupa hús á 800 millj., það var enginn sammála því. Ekki var ég sammála því. En þetta er fólk sem lifir í heimi fimm stjörnu hótelanna og er tilbúið, hins vegar, til að ganga á rétt þeirra sem standa höllum fæti, t.d. atvinnulausir, í íslensku þjóðfélagi.

Hér þarf að endurskoða forgangsröðina og vísa ég þar aftur í upphafssetningu í niðurlagsorðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem segir að það sem vaki fyrir okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sé að beita fjárlögunum til að stuðla að jöfnuði í samfélaginu.

Mér þætti fróðlegt að heyra skýringar hæstv. fjmrh. á ákafa hans í að skerða atvinnuleysisbætur og hvort rétt sé að þetta sé hugsað fyrst og fremst sem sparnaðarráðstöfun af hálfu ríkissjóðs eða hvort það er eitthvað annað sem hann telur að þetta muni leiða af sér. Telur hann t.d. að þetta muni fæla fólk frá atvinnuleysi, fólk hætti við að verða atvinnulaust ef það þarf að vera í þrjá daga án atvinnuleysisbóta? Ég veit það ekki. Það verður fróðlegt að heyra skýringar ríkisstjórnarinnar á þessu. En ekki finnst mér stórmannlega að verki staðið, ekki get ég sagt það.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur gert ítarlega grein fyrir ýmsum þáttum fjárlagafrv. Hann fór rækilega yfir heilbrigðismálin í ræðu sinni í dag og gerði það í nál. einnig. Mér þótti fróðlegt, nú sem áður, að hlusta á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, varaformann fjárln., óskapast út í málflutning hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem varaði við þeirri stefnu sem rekin væri gagnvart heilbrigðisstofnunum í landinu. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vissi ekki til þess að menn væru að skera niður en hv. þm. Jón Bjarnason benti honum á að staðreyndin væri sú að heilbrigðisstofnanir víðs vegar um landið væru reknar með stórkostlegum halla. Það kemur fram í greinargerð hans að 1.400 millj. vanti hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Við höfum verið upplýst um að á bráðamóttökunni á því sama sjúkrahúsi séu menn að velta fyrir sér á hvern hátt sé hægt að spara og skera niður. Menn fórna höndum. Hvað á að gera? Á að vísa fólki frá sem kemur í sjúkrabíl? Á að vísa frá konu sem verður fyrir nauðgun? Þar væri hugsanlega hægt að skera niður, ekki satt? Varla ef

hún væri búin að missa höndina. Er þetta forgangsröðin sem menn vilja að verði gaumgæfð?

Í sjónvarpsfréttum áðan voru okkur færð þau gleðilegu tíðindi að nýrnadeildin á Landspítalanum væri að eflast svo mjög — ef ég heyrði rétt — að níu af hverjum tíu nýrnaaðgerðum yrðu framkvæmdar hér á landi. Þetta mun spara fjármuni fyrir íslenskt samfélag, fyrir íslensku þjóðina, en auka útgjöld fyrir viðkomandi sjúkrahús. Þetta er vandinn. Okkur ber þegar við smíðum fjárlög og göngum frá þeim að horfa heildstætt á myndina. Á sínum tíma voru gerðar athuganir á því hvað það kostaði samfélagið og velferðar- og heilbrigðisþjónustuna að loka deildum. Þá fóru menn að skoða hvar álagið ykist að sama skapi, hverjir aðrir þyrftu hugsanlega að borga.

Ég hef stundum sagt þá sögu að á sínum tíma þegar ég starfaði hjá sjónvarpinu voru búnar til sjálfstæðar rekstrareiningar úr öllum deildum þeirrar stofnunar. Ég starfaði á fréttastofunni. Menn skildu ekkert í því að kvikmyndatökumennirnir sátu oft auðum höndum á meðan kvikmyndatökulið utan úr bæ var að vinna fyrir okkur fréttamennina. Hvað hafði gerst? Fréttastjórinn hafði fundið menn sem seldu sig ódýrar en kvikmyndatökumenn voru verðlagðir innan okkar eigin stofnunar. Fréttastofan stórgræddi á þessu en sjónvarpið tapaði.

Þetta er hlutverk okkar sem erum að ganga frá fjárlögum, þ.e. að hafa heildstæða mynd, hafa heildarmyndina undir. Þar er nýrnadæmið ágætt dæmi.

Ég er ekki að segja að ekki sé hægt á ýmsum sviðum og í ýmsum stofnunum að gera breytingar til sparnaðar og hagræðingar. Ég er alls ekki að segja það. Það á alltaf og öllum stundum að reyna að stuðla að því að gera hlutina á hagkvæmari og betri hátt og ná fram gæðum með sem allra minnstum tilkostnaði, að sjálfsögðu. Þetta á að vera stöðug viðleitni. Ég er heldur ekkert að segja að þetta sé auðvelt. Þetta getur kostað núning og átök. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það er ekkert slæmt við það. Menn verða að takast á við þann vanda. En menn gera það ekki með þessum hætti. Menn gera það ekki með því að skilja Landspítala – háskólasjúkrahús með 1.400 millj. kr. í mínus og menn gera það ekki með því að skilja Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í stórfelldum mínus eða sjúkrahús annars staðar á landinu. Menn gera það ekki. Það er óábyrgt. Það er óábyrgt að gera það.

Það er það sem vantaði í málflutning hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og það var það sem hv. þm. Jón Bjarnason benti honum svo ágætlega á, þ.e. að það væri rangt að bera saman tölur í ár við það sem gerðist í fyrra, menn yrðu að bera saman veruleikann í ár við það sem gerðist í fyrra. Þeir sem afgreiða fjárlög með þessum hætti verða þá áfram að axla ábyrgð. Þeir verða að segja fólkinu á bráðamóttökunni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hvernig eigi að bregðast við þegar komið er með bráðveikt fólk þangað. Fróðlegt væri að heyra álit hv. þm. Péturs H. Blöndals, formanns efh.- og viðskn. Hvernig vill hann bregðast við? Á að vísa fólki frá? Svar hans kann að vera einkavæðing, að hún sé allra meina bót. En síðan kemur það á daginn að hún reynist skattborgaranum miklu þyngri byrði en samfélagslega rekin þjónusta þannig að það er ekki svarið.

Það sem ég er að segja er að við eigum öllum stundum að reyna finna leiðir til að fara vel með peninga, finna hagkvæmari og betri aðferðir til að ná fram gæðaþjónustu. En við gerum það ekki á þennan hátt. Við gerum það ekki með þeim hætti sem boðað er í frv.

Síðan vildi ég nefna annað sem einnig hefur komið fram í máli fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann hefur vakið athygli á því að í fjárlagafrv. er verið að leggja auknar byrðar á sjúklinga sem nema 740 millj. kr. Þetta eru aukin og hækkuð komugjöld. Þetta er aukin kostnaðarþátttaka í lyfjum, hjálpartækjum og ýmsu af því tagi. Ég minnist þess að við 1. umr. benti hann á að þetta bæri að skoða ekki einvörðungu í ljósi upphæða heldur þeirrar pólitísku stefnu sem hér er verið að fylgja fram.

Ég vakti máls á því við 1. umr. fjárlaga að ríkisstjórnin væri ekki að standa við fyrirheit sín um að stórauka framlag til rannsókna, til grunnrannsókna í landinu. Hæstv. fjmrh. mótmælti þessu. Hann sagði að það væri ekki rétt að allt stæði í stað. Þess vegna fór ég rækilega yfir þær breytingartillögur eða breytingar sem gerðar hefðu verið, þ.e. hvort eitthvað hefði breyst í þessu efni vegna þess að þegar nýtt fyrirkomulag um skipulag á vísindarannsóknum í landinu var boðað og síðan lögfest þá var okkur sagt að framlag til rannsókna yrði stóraukið. Ég er búinn að vera að fara yfir greinargerðir sem fylgdu frv. — það voru þrjú frv. — og ég er að fara yfir málflutninginn í tengslum við þetta og komst að þeirri niðurstöðu að menn ætluðu að láta mikla peninga fylgja þessum kerfisbreytingum.

En viti menn, þeir sjóðir sem eiga að fjármagna þessar rannsóknir og eru núna komnir inn í það sem heitir Rannsóknasjóður — voru áður Vísindasjóður og Tæknisjóður — og greinir frá á bls. 305 í fjárlagafrv., voru samanlagt með árinu 2002 412 millj. kr. og 100 þús. reyndar, í fjárlögum 2003 412 millj. Í þessu frv. eru þetta 415 millj., þ.e. 0,7% aukning, nafnaukning, sem er skerðing vegna þess að þessi hækkun fylgir ekki verðlagi. Fjárlagafrv. byggir á tveggja prósenta, ef ég man rétt, almennri hækkun. Hér er með öðrum orðum um skerðingu að ræða á framlagi til rannsókna, til grunnrannsókna.

En bíðum nú við. Stofnaður var nýr sjóður, svokallaður Tækniþróunarsjóður, sem heyrir undir iðnrn. Um hann segir í frv., með leyfi forseta:

„Framlag á þennan nýja lið fjárlaga er áætlað 200 millj. kr. á fyrsta starfsári sjóðsins.“

Það er rétt að 200 millj. eiga að fara í slíkar rannsóknir, sem eru ekki miklir peningar, sem eru sáralitlir peningar. En samkvæmt minni skoðun á frv. eftir 2. umr. þá hefur engin breyting orðið þarna. Þetta eru peningar sem eru skilgreindir á eftirfarandi hátt í frv., með leyfi forseta:

„Sjóðurinn mun í meginatriðum starfa sem samkeppnissjóður þar sem fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskólar hafa tök á að fjármagna verkefni sem efla tækniþróun og nýsköpun.“

Þetta eru fyrst og fremst atvinnulífstengd verkefni, enda eru þau færð undir iðnrn.

Eftir stendur þá sú staðhæfing mín að framlag til grunnrannsókna er að minnka. Það er ekki verið að auka það. Verið er að draga úr því gagnstætt því sem var lofað þegar breytingar voru boðaðar á frv.

Bæði hv. þm. Jón Bjarnason og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, viku að málefnum Byrgisins í dag. Ég skal játa að ég er ekki öllum hnútum þar kunnugur. En hitt man ég mjög vel að við ræddum málefni Byrgisins við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Eins og reyndar

vitnað var til hér í dag sagði þáverandi hv. formaður fjárln. að ekki yrði skilið við það mál af hálfu nefndarinnar, og þá væntanlega ríkisstjórnar, óöruvísi en það væri í höfn. Ég man eftir því að ég hafði óskað eftir utandagskrárumræðu um málefni Byrgisins og dró hana til baka vegna þess að ég var sannfærður um eða sannfærðist um það að menn væru að klára það mál. Síðan hefur verið vitnað til þess að varaformaður fjárln. hafi talað um samning sem gerður hafi verið þar sem málinu hafi verið lokið. Eftir því sem hér hefur verið upplýst er sá samningur ekki fyrir hendi og málefni Byrgisins í uppnámi.

Nú kann ég enga patentlausn á því hvernig eigi að skipuleggja forvarna- og meðferðarúrræði fyrir fólk sem á við fíkniefnavanda að stríða, áfengisneyslu eða lendir á einhvern hátt utangarðs í lífinu. Það er mikilvægt að farið sé rækilega í saumana á því hvernig eigi að standa að slíku starfi. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt um það þingmál að skipuð verði nefnd sem færi rækilega í saumana á því máli, hvernig eigi að standa að skipulagi slíkra mála. Þar tel ég að þurfi að feta hinn erfiða stíg á milli mjög harðra faglegra sjónarmiða og kröfu, faglegrar kröfu, og hins vegar þess að hafa ákveðinn sveigjanleika í kerfinu þannig að ný úrræði geti komið til sögunnar svo kerfið staðni ekki og verði íhaldssamt.

Ég átti þess kost á sínum tíma að heimsækja Byrgið. Það var um síðustu jól. Ég hitti þar fjölda lögreglumanna, félaga minna úr BSRB, sem hafa sinnt þessum málum. Þeir töluðu afskaplega hlýlega um Byrgið. Þetta eru menn sem höfðu starfað að fíkniefnamálum, einkum í Reykjavík, og luku þeir lofsorði á það starf sem þarna hefur verið unnið.

Hæstv. forseti. Ég vil hvetja til þess að þessi mál verði tekin til skoðunar rækilega. Þar sem ég sé hv. þm. Einar K. Guðfinnsson minnist ég þess, af því ég vísaði í þingmál sem hér hefur verið lagt fram, að áður en það þingmál leit dagsins ljós beitti hann sér einmitt fyrir því að slík vinna færi í gang. Hann hefur lagt fram þingmál þess efnis, sem mér var reyndar ekki kunnugt um þegar ég lagði mitt mál fram. Aðalatriðið er náttúrlega að vinnan sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur gengist fyrir að verði hrint af stokkunum verði unnin. Það er málið. Við bjóðum fram samstarfskrafta okkar í því efni.

Hæstv. forseti. Ég vil gera það að lokaorðum mínum að við skiljum ekki þá Byrgismenn eftir án samninga og á vonarvöl. Margir hafa tekið á sig miklar fjárhagsskuldbindingar. Ég kann ekki lausnina á því máli og er ekki með tillögur um hvernig nákvæmlega að málum skuli standa. En mér finnst að upplýsa þurfi á þinginu hver staðan sé hjá Byrginu. Það þarf að fá í þetta hreinar og skýrar línur. Ef það er þannig að ríkisstjórnin ætlar ekkert að gera meira eða telur málið klárað þá þarf það að koma fram þannig að við vitum nákvæmlega hver staða málsins er. Undir það tek ég sérstaklega hjá þeim félögum mínum, hv. þingmönnum Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Ég á margt ósagt, t.d. um skólakerfið, um háskólana, hvernig þeir eru skildir eftir án þess að nokkur gefi þeim svörin, önnur en að rétta þeim niðurskurðarsveðjuna í hendur. En jafnframt eru reistar kröfur á hendur þessum stofnunum um að standa við oft og tíðum lögboðnar skyldur sem þeim eru lagðar á herðar. Það er ábyrgðarleysi og af því er því miður allt of mikið í fjárlagafrv.

[20:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins að því máli sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að í lok máls síns varðandi Byrgið. Þar sem hann er að koma inn á þing eftir talsvert hlé og ég hef ekki haft tækifæri til þess að eiga við hann mikinn orðastað um þetta mál finnst mér rétt að upplýsa um þann vanda sem við höfum kallað svo okkar á milli, við sem höfum verið að reyna að koma þessu máli áfram til betri vegar, fortíðarvanda Byrgisins, þ.e. þann vanda sem skapaðist við það að líknarsamtökin Byrgið byggðu upp á Miðnesheiði, tóku húsnæði þar í Rockville, endurbyggðu það allt saman og gerðu að mannabústöðum með tilheyrandi vinnu og fjárútlátum. Síðan var þeim gert að yfirgefa svæðið, færa sig annað og eðlilega gufuðu ekki upp þær skuldir sem þeir höfðu stofnað til á svæðinu. Menn gátu ekki losnað við skuldirnar, þær sátu eftir. Og þetta höfum við orðað þannig að hér væri um fortíðarvanda að ræða þar sem menn kæmust ekki frá eldri skuldbindingum þótt þeim væri skipað að fara. Eins og staðan er núna eru kröfur á Byrgið vegna viðskilanna í Rockville upp á 27 millj. ef líknarfélagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Byrgismenn telja hins vegar hægt að lenda þessum málum með svokölluðum nauðasamningum, þ.e. samningum við skuldunauta og lánardrottna um t.d. 15 millj. sem er sú upphæð sem við hv. þm. Jón Bjarnason höfum lagt til. Við teljum rétt að fara þá leið með þessu lagi og viðurkenna að menn stofnuðu þarna til skuldbindinga sem enginn annar borgar.

[20:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir þessar upplýsingar. Það sem mér finnst skipta mestu máli er að Byrgismenn verði ekki skildir eftir í lausu lofti og að þeir fái fast land undir fætur. Hér voru gefin fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar og fulltrúa hennar og vísað hefur verið í ummæli fyrrv. formanns fjárln. hér á Alþingi fyrir ári. Og eftir því sem ég best veit hefur ekki verið staðið við þær skuldbindingar.

[20:19]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Segja má að þetta fjárlagafrv. einkennist af nokkrum meginþáttum, skattahækkunum þvert á kosningaloforð, og þar með talinn er sérstakur landsbyggðarskattur í formi hækkaðs þungaskatts og bensíngjalds. Það einkennist líka af aðgerðum sem beinast að þeim sem síst mega við því, samanber skerðingu atvinnuleysisbóta, lífeyrisréttinda, sjúkratrygginga og vaxtabóta. Viðvarandi vandi stofnana, svo sem í heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu, er látinn eiga sig og engin tilraun gerð til þess að vinna á honum. Öruggt er að við munum sjá framhaldsskólana, háskólana og heilbrigðisstofnanir um land allt á fjáraukalagafrv. næsta árs nema það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að vísa frá nemendum og skerða þjónustu á sjúkrahúsum.

Vandi framhaldsskólanna hefur minnkað en hann hefur ekki verið leystur. Þar er sömu sögu að segja og í fjölmörgum öðrum ríkisstofnunum, þær eru látnar axla útgjöld sem ríkið hefur stofnað til með lagasetningu eða öðrum aðgerðum án þess að fjármagn komi á móti. Dæmi um það er aukalífeyrissparnaður sem ekki hefur fengist bættur í fjárlögum eða aukafjárlögum og FS-netið svokallaða sem framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar verða að axla án þess að gert sé ráð fyrir því í fjárveitingum.

Í því dæmi er um verulegar upphæðir að ræða fyrir viðkomandi stofnun, eða samtals 73 millj. samkvæmt upplýsingum úr menntmrn. Sumir framhaldsskólar eru neyddir til að taka upp slíka tengingu án þess þó að hafa nokkur not fyrir hana þar sem þeir eru ekki með neina fjarkennslu og hyggjast ekki taka hana upp.

Upplýsingar um kostnað lá ekki fyrir þegar ákvörðun var tekin um að taka þetta kerfi upp. Það er alls ekki á færi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem flestar eru að þjóna á fámennum, strjálbýlum og tekjulágum svæðum að standa straum af 100 þús. kr. afnotagjaldi á mánuði, auk stofnkostnaðar við brúna sjálfa sem er 600 þús. á hverja stöð. Það liggur þó í hlutarins eðli að með uppsetningu þessa nets sem er mikil framför og býður upp á mjög aukna og bætta þjónustu við fjarnemendur hvarvetna á landinu hafa menntamálayfirvöld reiknað með og væntanlega verið að hvetja til aukinnar fjarkennslu. Til hvers væri annars að koma upp 100 megabæta flutningsgetu með ærnum kostnaði ef ekki á að nýta hana?

Frú forseti. Af þessu tilefni má gjarnan minna á að meðal þeirra sem nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðvanna eru konur í miklum meiri hluta, allt að því 80%. Því háttar þannig til að konur sóttu sér síður menntun en karlar á vissu árabili hér á landi og það er því mikið hagsmunamál fyrir þær að hafa nú möguleika til þess að afla sér menntunar. Það má líka minna á að ef konur neyðast til að flytja burt með fjölskyldur sínar vegna þess að þær geta ekki aðlagað sig nýjum atvinnuháttum með menntun þýðir það enn frekari hnignun fyrir viðkomandi svæði. Ein fyrstu merki hnignunar eru þegar konurnar fara að flytja í burtu. Auk kostnaðar við aðalstöðvar símenntunarmiðstöðvanna sem borga, eins og ég sagði áðan, 100 þús. kr. á mánuði í afnotagjald fyrir FS-netið eru 25 minni staðir á landinu sem hver um sig greiðir 35 þús. á mánuði fyrir tengingu við FS-netið. Þetta eru stöðvar sem þjónusta nemendur símenntunarmiðstöðva, háskóla og framhaldsskóla víðs vegar af landinu.

Þennan kostnað hafa lítil og veikburða sveitarfélög axlað. Þau stóðu frammi fyrir því að taka kostnaðinn á sig en eiga að öðrum kosti ekki möguleika á fjarkennslu fyrir íbúa sína með þessum hætti. Kostnaður við þetta net er ásamt kostnaði við húsnæði og tækjabúnað útgjöld sem stærri sveitarfélög, sem hafa háskóla innan bæjarmarkanna, hafa ekki á sínum herðum. Þann kostnað ber ríkið enda er ríkinu ætlað samkvæmt lögum að greiða fyrir háskólanám. FS-netið er eitt af fjölmörgum dæmum þar sem ekki er horft á til enda.

Það var að mínu mati ágætisráðstöfun hjá fyrrverandi menntmrh. að gefa fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum frelsi til að þróast og móta starfsemina í samræmi við þarfir hver á sínu svæði. En það er kominn tími til að settur verði á lagarammi um starfsemina og horfst í augu við hvað það kostar að framkvæma það sem þeim er ætlað.

Tækifæri til menntunar er stór áhrifavaldur í búsetumálum fólks og einnig og ekki síður skipta þau sköpum um framtíðarþróun byggðar. Skólaganga íbúa landsbyggðarinnar er í flestum tilfellum styttri en íbúa Stór-Reykjavíkursvæðisins. Íbúar sem unnu við undirstöðuatvinnuvegi fyrri áratuga þurftu einfaldlega ekki á því að halda að ganga í skóla til að fá vinnu. Og vinna fyrir langskólagengið fólk stóð víða ekki til boða. En tímarnir hafa breyst. Störfum í undirstöðuatvinnuvegunum hefur fækkað og mun halda áfram að fækka og því þarf fólk að fá tækifæri til endurmenntunar.

En það kostar, það er staðreynd sem allir þekkja, og kostar sitt. En það kostar enn meir að gefa fólki ekki færi á að mennta sig við hæfi. Uppbygging í menntakerfinu er þörf og af hinu góða en hún þarf að byggjast á raunsæjum grunni. Þess vegna leggur Samf. áherslu á að komið verði til móts við aukna fjárþörf símenntunarmiðstöðvanna og framhaldsskólanna vegna FS-netsins.

Núna þegar við erum að hefjast handa við mestu framkvæmdir Íslandssögunnar með þekktri hættu á þenslu og ójafnvægi er mikilvægt að geta treyst því að traust tök séu á fjármálastjórn ríkisins. En góð hagstjórn felst ekki í því einu að setja fram áferðarfallegar áætlanir, heldur í því að setja fram raunhæf markmið og standa við þau. Samkvæmt því sem Már Guðmundsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, skrifar í nýútkomið tímarit stjórnmálafræðinema lágu síðustu hagstjórnarmistök á árunum 1996–2001 í því að stefnan í ríkisfjármálum var ekki nægilega aðhaldssöm. Almenningur á Íslandi hefur í dag ástæðu til að bera kvíðboga fyrir hagstjórn næstu ára þar sem vaxtahækkanir og verðbólga kemur harðast niður á skuldsettum heimilum. Ríkisstjórnin hefur einnig sýnt, bæði nú og á fyrri kjörtímabilum, að almenningur er látinn axla byrðarnar þegar gæta á aðhalds en ekki þeir sem betur mega sín í samfélaginu.

[20:27]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er komið kvöld, og það er líka komið kvöld í þessa umræðu, 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2004. Það eru samt nokkur atriði sem komið hafa hér fram sem ég held að rétt sé að gera aðeins að umræðuefni.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi mikið um málefni Byrgisins og annarra meðferðarstofnana. Það þarf að segja nokkur orð um það. Vitnað var í umræðunum réttilega til ummæla minna við 2. umr. fjárlaga um þá stefnu og þær meginmeiningar fjárln. að fara ekki ofan í gerða samninga sem ráðuneytin hefðu staðið fyrir. Nú upplýsti hann, sem ég vissi ekki áður, að ekki hefði orðið samkomulag milli félmrn. og Byrgisins. Eigi að síður er það meining okkar að við förum ekki óskoðað ofan í málefni, samninga eða það sem viðkomandi ráðuneyti vilja gera. Það eina sem ég gæti í málinu sagt og gert, og er guðvelkomið og sjálfsagt, er að fara yfir þennan samning sem Byrgið hefur gert með félmrn. og reyna að skoða hvort hægt sé að leita einhverra sátta.

Rétt er að taka fram að á undanförnum árum hefur fjárln. margsinnis komið að málefnum meðferðarstofnana og staðið fyrir því að hækka ýmsar meðferðarstofnanir verulega. Við gerðum þá breytingu í vinnu okkar í haust að við tókum þá ákvörðun að gera það ekki. Fyrir fjárln. lágu fjölmargar beiðnir um ýmiss konar aðstoð við einmitt meðferðarstofnanir, bæði frá títtnefndu Byrgi, svo og frá SÁÁ og fleiri aðilum sem hefðu áhuga fyrir því. Niðurstaða okkar var sú að við töldum þetta ekki vera nógu markvisst hjá okkur, við hefðum jú verið að reyna að gera eitthvert gagn og hjálpa til en við vorum öll samt sammála um að það væri of ómarkvisst sem menn væru að gera og maður yrði að reyna að hafa einhverja sýn yfir það hvert við ætluðum að stefna í þessum málum. Niðurstaðan varð sú að hvergi er ein einasta tillaga frá meiri hlutanum um þennan málaflokk.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði líka að umræðuefni málefni Bláa hersins. Þannig var, virðulegur forseti, að umhvn. þingsins — fagnefndirnar fengu mjög mikinn fjölda mála til umsagna — var um það sammála og lagði nefndarálit fyrir okkur um það að gera engar tillögur til fjárlaganna og

bað okkur að gera það ekki vegna þess að þeir töldu rétt að umhvrn. og umhvrh. skiptu þessum fjármunum, enda lægi fyrir að þar væri um samninga að ræða og vilji til þess að gera það væri til staðar. Niðurstaða fjárln. var sú að hrófla ekkert við þessum vilja umhvn., sem ég man ekki betur, virðulegur forseti, en að hafi verið samhljóma, að það hafi verið þverpólitískur vilji í umhvn. að koma ekki nálægt málinu. Hún bað okkur að gera það ekki og við urðum við þeirri beiðni nefndarinnar. Það er nú svarið við þeirri umræðu.

Virðulegur forseti. Hérna liggja fyrir þó nokkrar tillögur frá stjórnarandstöðunni til breytinga á fjárlagafrv. Flest af því eru hefðbundnar hækkunarbeiðnir. Eins og við vitum og skiljum og skulum ekkert gera lítið úr kvarta mjög margir aðilar eins og alltaf er þegar fjárlög eru afgreidd, telja sinn hlut of rýran o.s.frv. Við höfum þekkt það áður. Ég ætla ekki að ræða þessar hækkunartillögur. Ég tel að málið sé útrætt.

Hins vegar er ein tillaga sem þeir eru að flytja þarna sem ég get alveg siðferðislega og í hjarta mínu stutt svo langt sem það nær. Ég ætla að vísu ekki að greiða henni atkvæði á morgun. Ég held að ekki sé rétt að samþykkja hana vegna þess að við á Alþingi höfum ekki stöðu til þess. Þetta er tillagan um að ráðuneyti skeri niður risnu og ferðakostnað sinn um ákveðna upphæð sem mig minnir að sé 600 millj. kr. Ég tek alveg undir það heilshugar að þessi kostnaður hins opinbera, risnu- og ferðakostnaður, er orðinn allt of hár. Við verðum að taka okkur tak í því að átta okkur á að við getum ekki látið svona kostnaðarlið vaxa ár frá ári. En ástæða þess að ég treysti mér ekki til að greiða henni atkvæði er sú að ég held að við náum ekki árangri nema við áttum okkur á að stjórnsýslan og Alþingi er töluvert orðin samdauna þessu. Ef við skoðum hvað þessar tölur hafa hækkað mikið, óhugnanlega mikið, þá verðum við að horfast í augu við að *Alþingi er þar hvergi eftirbátur, hvergi. Ef við ætlum að fá* stjórnsýsluna í lið með okkur og reyna að taka okkur tak þá verður Alþingi að ganga á undan með góðu fordæmi. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Þeir stjórna ekki öðrum sem stjórna ekki sjálfum sér. Hér held ég að sé mikið verkefni fram undan fyrir alþingismenn í öllum stjórnmálaflokkum, stjórnarandstöðu sem stjórnarliða, að taka höndum saman um það hvernig við getum verið ábyrgir gagnvart því að reyna að snúa þessari uggvænlegu þróun við.

Mjög margir aðrir aðilar í opinberu lífi og opinberri stjórn þyrftu vissulega að fara í gegnum það í sínum huga. Það er alveg nauðsynlegt. Kostnaðurinn er að verða allt of mikill. Ég hef áður rætt það hér að Alþingi verður líka að ræða það hispurslaust og fara yfir það hvert við ætlum að stefna í kostnaði okkar í utanríkisþjónustunni sem er að nálgast 6 þús. millj. Við erum öll á því að við viljum gera þetta með reisn. Við viljum sýna að við erum þjóð með þjóðum og stöndum okkur. En við verðum líka að horfast í augu við að þarna hefur orðið þróun sem Alþingi hefur staðið að, sannarlega staðið að meira og minna í gegnum tíðina. Þetta er hlutur sem við verðum að fara yfir og átta okkur á. (**Gripið fram í:** Meiri hlutinn.)

Þessi þróun hefur staðið áratugum saman. Alls konar meiri hlutar hafa verið á Alþingi og minni hlutar og aldrei hefur nokkurt svikk verið á tilhneigingu til þess að auka þennan kostnað og margt fleira.

Virðulegi forseti. Ég vil líka nefna það sem ég reyndar kom inn á aðeins áðan, að það er alveg skiljanlegt að menn og stofnanir kvarti yfir því að naumt sé skammtað. Það er viljandi naumt skammtað. Það er viljandi naumt skammtað og það kemur fram að það hefur verið yfirlýst stefna í ríkisfjármálum Íslands að við yrðum á næstu árum að hemja samneysluna í samfélaginu. Hún hefur vaxið mjög hratt á umliðnum árum, yfir 3%. Það er hin yfirlýsta stefna í ríkisfjármálum að reyna að halda þeirri þróun undir 2%. Það er viljandi gert þegar við skömmtum naumt. Það er viljandi gert. Það liggur alveg fyrir. Við skulum horfast í augu við það að stóri spítalinn, Ríkisspítalinn, Landspítalinn – háskólasjúkrahúsið stendur frammi fyrir því að það ferli sem þeir hafa verið í að auka umsvif sín ár frá ári — ár frá ári hafa þeir aukið umsvif sín umfram fjárlagaheimildir — verður að taka enda.

Ég hef starfað núna síðustu tvo mánuðina ásamt hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, formanni fjárln., og tveim valinkunnum skrifstofustjórum frá fjmrn. og heilbrrn. að því að reyna að greina það hvað gerðist á þessu ári, hvernig það mátti vera að okkur tókst ekki með nokkru móti að fylgja þeim áætlunum sem fyrir lágu. Við höfum farið í gegnum þetta lið fyrir lið. Það liggur fyrir að lyfjakostnaður var meiri, þó ekki kannski í magni, heldur í notkun lyfja. Margir hafa orðið til þess að gagnrýna þá þróun. Ég vil hins vegar ekki gera mikið úr því. Við höfum mjög framsækna, velmenntaða læknastétt í landinu og eftirsóknin og beiðnin og vonirnar um að við finnum betri krabbameinslyf er aðalhvatinn. Ég held að við eigum að horfast í augu við það að það er mjög dýr þróun. *Hún er hlutur sem ég held að við viljum standa að.* Ég held að við stöndum saman að því.

Hins vegar liggur það fyrir sem oft hefur verið rætt hér og við eigum að vita, að samningar ríkisins við starfsmenn sína hafa enn og aftur sýnt að þeir eru í reynd hærri en menn gefa út og telja sig vera að gera þegar þeir skrifa undir samningana. Þetta kemur berlega fram í þessum samanburði Landspítalans, sérstaklega gagnvart samningunum við lækna sem tóku gildi í lok síðasta árs eða seinnipart síðasta árs og svo við aðrar hjúkrunarstéttir.

Það liggur líka fyrir að ýmiss kostnaður, kostnaðaraukningin við hjúkrun hefur verið meiri en almennt verðlag. En þó við tökum allt þetta saman þá er fjarri lagi, virðulegi forseti, að þetta skýri mismuninn. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir nokkrum dögum voru settir verulegir fjármunir inn í þennan spítala, eins og við reyndar gerðum í haust. Þá töldum við okkur skilja spítalann eftir með nokkur hundruð milljónir sem við töldum rétt því eitthvað væri í pípunum í samræmi við eðlileg viðskipti og eðlilega þróun. Við töldum okkur því þannig vera að hreinsa þetta upp. Það er fjarri lagi að það hafi gengið eftir. Fyrir liggur að tilhneigingin og viljinn til þess að auka starfsemina er einbeittur. Hann er einbeittur. Það er útilokað að skýra þennan aukna kostnað Landspítalans öðruvísi.

Ég átti miklar viðræður við hið ágæta og frábæra fólk sem stjórnar hinum ýmsu sviðum Landspítalans. Ég hef oft gert það að umræðuefni að við Íslendingar komumst ekki hjá því frekar en aðrar þjóðir að forgangsraða. Engin þjóð í heiminum nema við trúir því að hún þurfi ekki að forgangsraða. Og þegar ég segi við þessa frábæru lækna að þeir verði að forgangsraða vegna þess að enginn annar getur gert það þá segja þeir réttilega: Við getum forgangsraðað. En hvernig eigum við að treysta íslenskum stjórnmálamönnum til að standa við bakið á okkur þegar við förum að forgangsraða? Sannast þá ekki gamla sagan að allir byrja að gráta og góla og segja: „Nei, ekki þetta, ekki þetta."

Þegar við skömmtum Landspítalanum svo naumt að þeirra dómi eins og fram hefur komið þá mun reyna á þrek manna, hið pólitíska þrek, til að standa við hliðina á þessum frábæra spítala og taka ábyrgðina á þeim fjárveitingum sem hann hefur fengið. Það er mjög nauðsynlegt að segja þetta hér. Það er mjög nauðsynlegt því fráleitt er að ætla stjórnendum spítalans að standa einum og sér þannig að þeir eigi að taka á móti mótmælunum og skömmunum. Auðvitað ber okkur að gera það. Auðvitað berum við ábyrgðina sem erum að semja þessi fjárlög og ganga frá þeim og við verðum að vera menn til þess.

Virðulegi forseti. Ég hef gert það töluvert að umræðuefni, sérstaklega við 2. umr. fjárlaganna, að hinir ýmsu hagfræðingar landsins hafa haft um það mörg orð allt frá því í sumar að ríkisfjármálin væru það sem skipti öllu máli til þess að halda jafnvæginu í efnahagslífinu. Mér hefur fundist þessi umræða dálítið fáránleg af þeirra hálfu vegna þess að ríkisfjármálin hafa verið í mjög miklu jafnvægi eins og allir vita um margra ára bil. Við stöndum allt öðruvísi að þessum hlutum en flestar þjóðir Evrópu. Við erum núna, virðulegi forseti, að afgreiða fjárlögin með nokkurn veginn sömu tölu og við ætluðum 1. október. Afgangurinn er að vísu 380 millj. kr. hærri. Það skiptir engu máli. Við verðum hins vegar að átta okkur á því að það geta réttilega verið ýmsar hættur fram undan á Íslandi og í íslensku efnahagslífi. Við skulum ekki gera lítið úr því. Við skulum átta okkur á því.

Ég verð að segja það við hv. síðasta ræðumann að mér finnst dálítið ankannalegt þegar þingmenn koma hér upp og vitna og vitna í Má nokkurn Guðmundsson sem vinnur hjá Seðlabankanum, og hafa eftir honum nýleg skrif um að síðustu mistök í efnahagslífi Íslendinga hafi verið vegna stefnunnar í ríkisfjármálum. Það er nú svo skrýtið að það er eins og sumir haldi að þessir menn sem vinna þarna í Seðlabankanum séu eitthvað ósnertanlegir og alveg sama hversu fáránlega hluti þeir láta út úr sér. Skrifa um að ríkisfjármálin hafi orsakað það að þeir misstu niður gengið árið 2000, eftir að hafa keyrt upp vaxtastefnu sem margsinnis var búið að benda á að væri löngu búin að snúast upp í andhverfu sína. Og sömu menn halda áfram á sömu brautinni. Rétt er að vekja athygli á því að greiningardeildir viðskiptabankanna eru núna þessa dagana að hefja áskorun á þennan hávaxtabanka, Seðlabankann, en hækka nú vexti enn þá meira. Auðvitað vilja þessar greiningardeildir halda stöðu sinni og hugsa um sína banka. Þetta er gósentíð. Það hafa ekki aðrir bankar fyrr né síðar komist í annað eins og íslenskir viðskiptabankar á síðustu missirum. Það er von að þeir vilji engu breyta.

Ástæða er til að vara við slíku tali. Það er ekki einu sinni rangt, nei, það er hættulegt.

Við sáum alveg hvað gerðist 1998 og 1999. Hvað sagði svo Seðlabankinn árið 2000 þegar ekkert stóð eftir af því sem hann hafði sagt? Þeir bara þögðu. Það hefur ekkert heyrst frá þeim fyrr en í sumar. Nú eru þeir byrjaðir aftur á sömu vitleysunni. Svo vitnum við hér á Alþingi í þennan vitring, Má Guðmundsson. Hún er með endemum, ógæfan í þessu öllu saman.

Við skulum átta okkur á því, virðulegi forseti, að við vitum ekki nákvæmlega hvaðan getur blásið á næstu árum. Það getur blásið úr ýmsum áttum. Við erum stödd á mjög viðkvæmum tímum, við vitum ekkert hvað bíður okkar. Við höfum trú á að við séum að fara inn í mikið góðæri. Menn hafa verið að hrópa það og hafa það hver eftir öðrum að nú væri gríðarlegt hagvaxtarskeið að hefjast, (**Gripið fram í:** Ekki sagði ég það.) og enginn gagnrýnt það neitt. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Menn hafa étið það hver upp eftir öðrum. Við getum ekki gengið út frá því sem vísu, það er alveg fjarstæða. Við erum með lækkandi verð á flestum fiskafurðum okkar, við erum með harðnandi samkeppni, gríðarlega harðnandi samkeppni mjög víða. Það er ástæða til að taka það alvarlega þó að enn þá hafi ríkisstjórn Íslands getað að mestu leyti komið í veg fyrir m.a. mikinn samdrátt á Keflavíkurflugvelli þar sem sannarlega hefur verið hluti af tekjum Íslendinga. Við skulum fara mjög varlega og við skulum átta okkur á því að það er engin ástæða til þess að ganga fram af einhverju kæruleysi og halda að nú sé að koma svo rosalega mikið góðæri.

Ríkisstjórnin hefur fullkomlega staðið við sinn hlut með þessu fjárlagafrv. Hún skilar fjárlagafrv. með ágætum afgangi, er meira að segja sagt það. Það er verið að taka undir þann söng að draga ætti endilega úr ríkisframkvæmdum á þessum árum. Það er óþarfi að mínum dómi þó að ég fallist á þá stefnu ríkisstjórnarinnar, eins og aðrir stjórnarliðar. Það er alveg óþarfi. Það eru mjög litlar framkvæmdir á vegum ríkisins, þær eru ekki nema 1,9% af landsframleiðslunni, mjög litlar. Þær hafa engin áhrif. Og þeir hagfræðingar sem tala mest um þetta hafa hvorki mælitæki né nokkra getu til þess að segja að þetta hafi áhrif, ekki frekar en að ein fjöður sem dettur niður á jörðina orsakar jarðskjálfta.

Hins vegar er ýmislegt sem við þurfum að gæta mjög vel. Bankarnir skila gríðarlegum arði, og hagnaðurinn eftir skatta gefur þeim — KAT-hlutfall þeirra er að hækka stórkostlega þannig að umsvif þeirra gætu þess vegna hæglega aukist á næsta ári um ekki minna en 100 milljarða. Svo sitja þessir menn og einblína á það hvort afgangurinn í ríkissjóði sé 4, 6 eða 8 milljarðar. Þetta er fáránleg umræða.

Ríkissjóður Íslands hefur verið rekinn á mjög ábyrgan hátt um margra ára bil. Menn geta komið, stjórnarandstaðan, ég get líka sagt og tekið undir það að ef við lítum til baka til síðustu tíu ára hefðum við sannarlega getað sparað meira, við hefðum ekki þurft að eyða eins miklu og við gerðum, sannarlega ekki. Ríkissjóður Íslands stendur samt vel, sérlega vel í hlutfalli við önnur ríki Evrópu.

Ég ætla samt ekki að gera þetta að löngu máli núna, alls ekki. Við skulum minnast þess sem við höfum áður sagt, afgreiðsla þessara ríkisfjármála núna er ekki örlagavaldurinn um það hvernig okkur tekst til á næsta ári, heldur eru það aðrir hlutir. Það eru kjarasamningarnir á næsta ári sem ráða um það hvernig okkur mun til takast. Aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi hafa margsinnis í gegnum tíðina sýnt mikla ábyrgð við gerð kjarasamninga. Það ríður á því að ríki hafi forgöngu um það núna, alla forgöngu um það, að gæta þess að atvinnulífið fái ráðrúm, að það sé svigrúm fyrir atvinnulífið sem stendur mjög höllum fæti vegna gengisstefnunnar og þess hversu undarlega sterk íslenska krónan er um þessar mundir. Það hefur minnkað möguleika íslenskrar framleiðslu til að svara þeim kröfum sem sannarlega koma upp hjá Alþýðusambandi Íslands, Flóabandalaginu og Starfsgreinasambandinu, þeim aðilum sem í gegnum tíðina hafa margsinnis sýnt og sannað að eru hin ábyrgu öfl, ábyrgustu öflin í þjóðfélaginu.

Því er gríðarlega nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir þessu og að menn geti treyst því að ríkið sýni þá staðfestu að hið góða, ábyrga, velviljaða og hæfa starfsfólk hins opinbera taki ekki öðrum launabreytingum en þeim sem atvinnulífið á Íslandi, íslensk framleiðsla, íslenskur samkeppnisiðnaður

getur staðið við. Þetta ræður úrslitum, þetta mun segja til um það hvernig okkur farnast. Það skiptir öllu máli.

Þetta segi ég, virðulegi forseti, um leið og ég þakka samstarfsmönnum mínum í fjárln. fyrir ánægjulega haustvinnu, þakka stjórnarandstöðunni sérlega ánægjulegt samstarf eins og alltaf við þessa hluti sem eru skemmtilegir þó að þeir séu flóknir, fagna því að við enn þá einu sinni séum það gæfufólk að skila af okkur heilbrigðu og góðu fjárlagafrv.

[20:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um þessar fremur fornfálegu skilgreiningar hv. þingmanns á atvinnulífi. Ég vil benda honum á að skólar eru atvinnulíf, sjúkrahús eru atvinnulíf, veitustofnanir eru atvinnulíf. Þetta er gamaldags hugsun sem ég hafna, að skipta þjóðfélaginu upp á þennan hátt og skipta því upp í ábyrga og óábyrga. Þetta er gamaldags hugsun sem ég vísa til föðurhúsanna.

En það er annað sem mér fannst alvarlegra í málflutningi hv. þingmanns og það lýtur að heilbrigðiskerfinu. Hann segir: Við verðum að stöðva útgjaldaþenslu í heilbrigðiskerfinu almennt, óskilgreint.

Ég vísaði til þeirra gleðilegu tíðinda sem okkur voru sögð í sjónvarpsfréttum í kvöld, þ.e. að níu af hverjum tíu nýrnaaðgerðum verða núna framkvæmdar innan lands. Þetta er mikið framfaraspor sem eykur útgjöldin á Landspítalanum en sparar þjóðarbúinu mikla peninga. Það er þannig sem við þurfum að skoða þessi mál og fjárlögin með heildarhagsmuni í huga. (Forseti hringir.)

Ég hef líka miklar efasemdir um það að etja læknastéttinni og hjúkrunarfólki til að forgangsraða, oft á kostnað skjólstæðinga sinna. Hér er verið að boða hugsun (Forseti hringir.) sem ég tel mjög varhugaverða.

[20:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvernig sem þessir menn vilja líta á það er á þessari litlu eyju, hjá þessari fámennu þjóð, ein víglína sem skiptir máli og allt annað ræðst af því hvernig við stöndum okkur á þeirri víglínu. Það er samkeppnishæfni Íslands sem ræður öllum úrslitum um það hvernig okkur vegnar. Við verðum að geta selt framleiðslu okkar og haft af henni arð. Ef okkur tekst það ekki getur ekkert annað gerst. Það er allt undir því komið að við töpum ekki stríðinu á þessari einu víglínu. Allt annað stendur á bak við þetta. Veitustofnanir jafnt sem skólar og sjúkrahús og allt það góða þjóðfélag sem við höfum byggt upp og viljum styrkja og stuðla að stendur og fellur með því að íslensk framleiðsla geti verið samkeppnishæf í þessum harða heimi. (Forseti hringir.) *Menn mega ekki gleyma þessu því að þetta er það eina sem skiptir máli.*

[20:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alveg rétt. Gott menntakerfi, gott velferðarkerfi, góð heilbrigðisþjónusta stuðlar að því að við verðum samkeppnishæft þjóðfélag.

En ég vil spyrja hv. þm. þegar hann hvetur Alþingi til að standa við bakið á þeim sem halda um niðurskurðarhníf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi: Mælist hann til þess að við styðjum 100 millj. kr. niðurskurð á bráðavaktinni á þeim spítala? Það er verið að ræða það núna. Er hv. þm. að mælast til þess að skorið verði niður um 100 millj. á bráðavaktinni? Og hvaða skilaboð hefur hann til sjúkrahússins varðandi þær 1.400 millj. sem upp á vantar til að hægt sé að reka sjúkrahúsið með samsvarandi þjónustu og við gerum á þessu ári? Hver eru skilaboðin?

Síðan, hæstv. forseti, óska ég eftir orðinu að nýju í ræðu síðar í kvöld. Það eru nóg tilefni sem hafa skapast í málflutningi hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar.

[20:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki niðurskurður í heilbrigðismálum. Þetta fjárlagafrv. sem núna er til umræðu felur í sér meiri hækkun til heilbrigðismála en nokkurn tíma áður. (**ÖJ:** Þá varstu ...) Menn snúa öllu við, menn kalla upp niður. Menn snúa öllu við, kalla hvítt svart og svart hvítt.

Síðan skulum við líta á ríkisreikninginn fyrir árið 2000. Ef við lítum á síðustu fjögur ár hefur framlegðin til heilbrigðismála aukist um 22.192 millj. Þetta er niðurskurðurinn. Menn kalla það niður sem er upp.

Við erum hins vegar alltaf að gera meiri kröfur um meiri þjónustu. Það er það sem stendur á bak við þessa útþenslu. Við verðum að hætta að gera eins miklar kröfur og við höfum verið að gera á umliðnum árum. (**ÖJ:** Hvað með nýrnaaðgerðirnar sem ...?) Þetta er það mál (Forseti hringir.) sem við verðum að horfast í augu við (Gripið fram í.) eins og aðrar þjóðir. (Forseti hringir.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að hafa hljóð í salnum.)

[20:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Eingöngu til að leiðrétta villu í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar varðandi álit umhvn. til fjárln. Ég var með sérálit til fjárln. í þessu efni. Það varðar safnliði umhvrn. og úthlutanir til frjálsra félagasamtaka.

Það er alveg ljóst að frjáls félagasamtök eiga að njóta styrkja frá hinu opinbera. Það er líka alveg ljóst að slík úthlutun þarf að vera fagleg og ígrunduð og það skiptir verulegu máli að umhvrn. í þeirri úthlutun sem því er treyst fyrir standi við þá samstarfsyfirlýsingu sem gerð hefur verið milli náttúruverndarsamtaka og ráðuneytisins.

Blái herinn sem um ræðir og hv. þm. nefndi í máli sínu fellur fyrir utan þau náttúruverndarsamtök sem njóta styrkja frá hinu opinbera samkvæmt samstarfsyfirlýsingunni. Hann getur hins vegar fengið stuðning frá ráðuneytinu í gegnum óskipta liði þess.

[20:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér varð það á áðan að mig minnti að þetta nál. hefði verið þverpólitískt, á því hefðu verið *fulltrúar frá öllum flokkum. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir* hefur leiðrétt mig um það, hún var á séráliti, og ég bið hana afsökunar á því að hafa farið rangt með.

[21:00]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom víða við í ræðu sinni eins og venjulega en á einni mínútu er náttúrlega vonlaust að fara yfir allt. Mér er því nokkur vandi á höndum við að tína hér út það sem helst ætti að ræða. Ég vil þó nota tækifærið og þakka hv. þingmanni fyrir að lýsa yfir stuðningi við tillögu okkar um að skorinn verði niður ferða- og risnukostnaður um 600 millj. kr. Ég geri ráð fyrir að við skoðum það mjög alvarlega næst þegar við fáum tækifæri til

að bæta Alþingi inn í þetta ef það má verða til þess að hv. þingmaður komi með okkur í tillöguflutninginn.

Það er aðeins varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús sem ég verð að koma inn á þótt stuttur sé tíminn. Hv. þm. talar um að hann ásamt öðrum hv. þm. hafi sérstaklega verið að skoða þetta sjúkrahús og þá væri auðvitað fróðlegt að fá að heyra álit hv. þingmanns á því sem kemur m.a. fram í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar, að meginvandamálið — og er það þá í annað sinn sem það kemur fram frá þeirri stofnun — sé að ekki er búið að skilgreina þá stefnu sem sjúkrahúsið á að starfa eftir. Hvernig er hægt að ætlast til þess að nokkur stofnun geti starfað þegar hún veit ekki nákvæmlega til hvers er ætlast af henni?

[21:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það komi fram og menn átti sig á því, alþjóð, að ég er sannfærður um að á umliðnum árum hafi stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss verið að vinna gríðarlega þýðingarmikla grundvallarvinnu til þess að koma stjórnuninni til nútímans með því að búa til kostnaðargreininguna sem er grundvöllurinn að því að við getum fjallað um þetta á hlutlægan hátt. Það er rétt að þetta komi fram.

Um stefnumótunina er það að vissu leyti rétt hjá Ríkisendurskoðun að það eru ekki eingöngu stjórnvöld, heldur hefur hin íslenska pólitík, bara almennt í gegnum tíðina, haft þá stefnu eina að reyna að gera sem allra mest fyrir alla á öllum tímum. Það hefur verið hin pólitíska stefna allra stjórnmálaflokka sem við erum núna að lenda í öngstræti með.

[21:02]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum halda aðeins áfram með þetta ágæta mál. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir, og það verður fróðlegt að fá viðhorf hv. þingmanns gagnvart því í framhaldi af þessum skorti á stefnu til framtíðar, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti heilbrigðismála, fjármálaráðuneytið og faghópar innan sjúkrahússins hafa mismunandi skoðanir á stefnumótun sjúkrahússins. Þessir aðilar þurfa að ná samstöðu um það hvaða áherslu skuli leggja á sparnað í rekstri, skilvirkni og magni þeirrar þjónustu sem veita á og þátt rannsókna og kennslu í starfseminni."

Hér er nær öll starfsemi sjúkrahússins komin sem þarf að ná samstöðu um.

Hvernig stendur á því, hv. þingmaður, að þau stjórnvöld sem þú hefur stutt um æðilangt skeið hafa ekki sinnt þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að sýna frumkvæði í því að stefna verði mótuð á þessu stóra sjúkrahúsi sem er auðvitað sá einstaki fjárlagaliður sem tekur líklega hvað mest á fjárlögum hvers árs?

[21:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að eðli málsins samkvæmt verði alltaf ágreiningur og alltaf mismunandi sjónarmið um það hver ætti að vera hin eina rétta stefna í rekstri svo flókins og stórs fyrirtækis eins og Landspítalans þannig að það sé ekki hneykslunarefni neins að ekki hafi verið algjör samstaða um það.

Ég býst samt við að menn hafi í reynd mjög mikinn og einbeittan vilja til þess að geta fjallað um þetta á hlutlægan hátt. Við skulum átta okkur á því að þessi umræða um heilbrigðismálin er ekki alíslensk. Þessi sama umræða á sér stað í öllum Evrópuríkjunum, nákvæmlega þessi sama umræða.

Niðurstaðan hjá flestum sem um heilsuhagfræðina hafa fjallað er sú að leiðin til að komast hjá þessum gríðarlegu kostnaðarhækkunum liggi í því að forða hátæknisjúkrahúsunum frá innstreyminu, frá þrýstingnum. Það gerum við best með því að tryggja og styðja heilsugæsluna í landinu.

[21:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi skilið hv. þm. Einar Odd Kristjánsson rétt áðan en kem hér upp eiginlega til að skerpa á því.

Eins og ég sagði þegar ég gerði grein fyrir því að ekki væri til formlegur samningur milli félmrn. og Byrgisins um lausn á fortíðarvandanum bjóst ég auðvitað við að þegar hv. þm. áttaði sig á því að þannig væri í pottinn búið mundi hann taka undir að það mál þyrfti að skoðast betur. Ég skildi hann svo hér áðan að hann væri tilbúinn til þess að taka upp viðræður við félmrn. um að koma þá slíkum samningi á þannig að sá vandi sem við höfum verið að véla um hér á milli okkar yrði leystur.

Ég vil bara ítreka í þessu andsvari hvort þetta var ekki réttur skilningur hjá mér á máli hv. þingmanns áðan.

[21:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að þetta væri mjög skýrt. Ég sagði áðan að eins og staðan væri skyldi ég vera reiðubúinn til að fara í gegnum þessi mál, fara þá með þessu ágæta vistheimili, ræða þetta við félmrn., gá hvort það væri einhver flötur á því að við gætum náð saman um það. Ekki skal standa á því. Það eru engin önnur loforð sem ég hef gefið. (Gripið fram í.) Reiðubúinn til að gera það.

[21:06]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Þau fullvissa mig um að þegar hv. þm. áttaði sig á því að raunverulegur samningur var ekki til um þetta mál væri hann tilbúinn til að vinna að því að skoða það og sjá hvaða lausn megi finna út úr því máli. Ég þakka fyrir þau svör.

[21:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það hefur að mörgu leyti verið fremur ömurlegt að fylgjast með þeim skoðanaskiptum sem hafa átt sér stað hér í dag við 3. umr. fjárlaga, fyrst og fremst hvað varðar tvö mál sem tekist hefur verið á um, annars vegar samkomulagið við Öryrkjabandalagið, sem stjórnarliðar reyna nú að halda fram að hafi ekki verið eiginlegt samkomulag og því hafi ekki þurft samráð um hvernig það sé efnt, og hins vegar hefur verið tekist á um þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fella niður rétt atvinnulausra til atvinnuleysisbóta fyrstu þrjá dagana í atvinnuleysi.

Ég verð að segja að mér finnast þetta ekki rismiklar ákvarðanir hjá ríkisstjórninni og þær vera henni fremur til minnkunar og var þó kannski ekki úr háum söðli að detta fyrir. Þess vegna þarf enginn að furða sig á þeirri óánægju sem stjórnarandstaðan hefur látið í ljósi við umræðuna í dag.

Ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta sem flokksbræður mínir hafa hér sagt, þeir hv. þm. Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson, en mig langar þó að taka fram að ég er

sammála skilgreiningu hv. þm. Helga Hjörvars að hér sé um að ræða, þ.e. í samkomulaginu milli Öryrkjabandalagsins og ríkisstjórnarinnar, ígildi kjarasamnings. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við lítum á þetta samkomulag sem slíkt og þar af leiðandi er fullkomlega réttmætt að ásaka ríkisstjórnina í þessum efnum sem lætur eins og það þurfi bara að gera einhliða breytingar á samkomulaginu ef henni svo þóknast en þær breytingar séu ekki gerðar með samtali beggja aðila.

Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins, hélt því fram í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins að Framsfl. vildi í sjálfu sér vel í málinu eða það virtist sem svo væri en hann væri svo meðvirkur að hann stæði vörð um samstarfsflokk sinn, Sjálfstfl., og verði hann höggum þeirra sem svíður að sjá samkomulagið beygt og sveigt. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þetta nokkuð góð líking, þetta með meðvirknina, þegar menn fara að verja félaga sína höggum. Mér finnst rétt í sjálfu sér að það sé eitthvað slíkt sem er að gerast hér og ég hef til marks um það orð hæstv. heilbrrh. sem ræddi áðan í andsvari við hv. þm. Helga Hjörvar.

Ýmsir hafa orðið til að státa af því að stjórnarmeirihlutinn skuli ekki hafa við þessa 3. umr. lagt fram neinar brtt. á fjárlagafrv. Menn stæra sig af því að hafa ekki gert slíkt. En ég verð að segja að ég gef mjög lítið fyrir slíkt mont og slíkan töffaraskap. Ég tel þingmenn stjórnarflokkanna í fjárln. hafa verið að svíkja stofnanir og einstaklinga sem eiga til ríkisins að sækja með fjármagn fyrir starfsemi þar sem allir geta gengið að því sem vísu að einhverjar leiðréttingar geti átt sér stað við lokaafgreiðslu frv. Slíku er ekki að heilsa núna og þess vegna eru heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir og ýmsar aðrar stofnanir sem eygðu von í því að það yrðu gerðar einhverjar neyðarbreytingar á milli þessara umræðna skildar eftir afskiptar og hreinlega sniðgengnar. Þessi vinnubrögð, herra forseti, eru niðurlægjandi og helgast af því að hér véla menn um hlutina sem hafa setið allt of lengi við völd og eru *orðnir værukærir og haldnir valdhroka.*

Virðulegur forseti. Ég ætla nú að tala fyrir nokkrum brtt. sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs standa að við þessa 3. umr. Þær eru lítillega breyttar frá því sem þær voru við 2. umr., ýmist er um að ræða tillögur sem dregnar voru til baka eða kallaðar aftur til 3. umr. og svo tillögur sem við höfum breytt upphæðunum á en höfum ákveðið að endurflytja.

Þá langar mig fyrst að nefna tillögur okkar í skólamálum. Háskólastigið er það sem ég tek fyrst fyrir en við erum með brtt. á þskj. 555 sem lýtur að því að Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands fái hækkun á framlagi, bæði til kennslu og rannsókna, og við rökstyðjum þetta á eftirfarandi hátt:

Ég byrja á Háskóla Íslands. Það er vitað að Háskóli Íslands og menntmrn. eru að vinna að endurnýjun kennslusamnings og rannsóknasamnings. Þó að fjárhagslegir þættir samningsins séu ekki útræddir eru drög að kennslusamningi fyrirliggjandi. Og ég verð að segja að háskólafólk sér greinilega á frv. og því hvernig meiri hlutinn hefur komið fram í þessari umræðu núna að hér eiga ekki að verða neinar breytingar á. Að óbreyttu kemur Háskóli Íslands til með að þurfa að vísa um 900 nýnemum frá skólavist næsta haust, haustið 2004. Ég verð að taka undir það sem komið hefur fram í máli háskólafólks og forsvarsmanna Háskóla Íslands að verði þetta allt saman að veruleika, verði Háskóli Íslands neyddur til þess að vísa 900 nýnemum frá námi á næsta hausti, er Háskóli Íslands ekki lengur þjóðarskóli.

Við höfum verið að reyna að standa vörð um háskólann sem þjóðarskóla, skóla allrar þjóðarinnar, rekinn af rausn og myndarskap fyrir opinbert fé. En ríkisstjórn Íslands heimilar okkur ekki það stolt. Hún heimilar okkur ekki að geta staðið rausnarlega við bakið á þessari öflugustu menntastofnun þjóðarinnar. Ég verð að segja að mér finnst það harla snautlegt af ríkisstjórninni, af meiri hluta fjárln., að engar tillögur *skuli vera gerðar um betrumbætur á milli umræðna.* Ég er sannfærð um að virðulegt háskólafólk hefur auðvitað ekki gert sér grein fyrir því að fjárlagaumræðunni yrði lokið við 2. umr. Allir hafa talið að hægt yrði að gera neyðarbreytingar á milli þessara umræðna þannig að það er snautleg framkoma sem Háskóli Íslands verður fyrir, sérstaklega þegar litið er til þess að skólinn fékk ekki leiðréttingar mála sinna í fjáraukalögum vegna erfiðleikanna sem að honum hafa sótt á yfirstandandi ári.

Sannleikurinn er sá að á árunum 2001–2002 hefur Háskóli Íslands ekki fengið greitt fyrir 300 virka nemendur sem er meginástæða þeirrar 300 millj. kr. skuldar sem Háskóli Íslands á nú við ríkisstjórn. Og hvernig axlar ríkissjóður ábyrgð sína í þessum efnum? Hann skýtur sér undan ábyrgðinni, hann axlar hana ekki. Hann sendir Háskóla Íslands þau skilaboð að hann skuli hanga á horriminni og hann skuli ekki geta gengið út frá því að hann sé eða verði þjóðskóli sem þjóðin hefur þó viljað standa hnarreist við bakið á. Þetta eru skilaboð ríkisstjórnarinnar til Háskóla Íslands. Þau skilaboð eru ekki sæmandi núv. ríkisstjórn eða nokkrum einstaklingi sem veit og þekkir sögu Háskóla Íslands sem hefur mært þann skóla í máli á tyllidögum þegar fólk hefur tilefni til.

Launaþróun kennara við Háskóla Íslands hefur verið sú að á tímabilinu frá 1999–2003 hafa raunlaun í Háskóla Íslands hækkað um 40%. Þessum hækkunum hefur ekki verið mætt með auknum fjárveitingum, heldur þvert á móti. Stjórnvöld reka ekki bara Háskóla Íslands, heldur einnig opinberu háskólana okkar beinlínis á kné þar sem þeir háskólar eru jafnvel farnir að láta í ljósi óskir um að fá að leggja skólagjöld á nemendur sína. Hvað er í gangi hér? Er ríkisstjórninni sæmandi að hrekja opinbera háskóla inn á þá braut að betla skólagjöld? Það er nákvæmlega það sem er að gerast. Ég fullyrði að þarna er ríkisstjórnin að reka háskólana okkar *á niðurlægingarbraut sem verður að linna.* Þeirri aðför að opinberu háskólunum sem stendur yfir núna verður að linna.

Það er nauðsynlegt að við tökum umræðuna um skólagjöldin. Við þurfum að gera það hér í þessum sal. Lögum samkvæmt er þessum skólum ekki heimilt að taka skólagjöld og það eru ástæður fyrir því. Þær eru gagnmerkar. Grunnhugsunin á bak við þær ástæður er sú að við viljum hafa jafnrétti til náms. Það er það sem löggjafarsamkundan hefur reynt að standa vörð um hingað til en nú eru að koma brestir í þá samstöðu svo um munar. Það er mjög miður, virðulegur forseti, að svo skuli vera komið.

Það er líka nauðsynlegt að taka umræðuna um samkeppnisstöðu háskólanna í þessum sal. Hvernig getur staðið á því að ríkisstjórnin leyfir sér að halda á málum þannig að sjálfseignarstofnun, Háskólinn í Reykjavík, skuli hafa 53% hærri fjárhæð úr að spila á hvern laganema en Háskóli Íslands? Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin tekur ekki á þeirri skökku samkeppnisstöðu? Það getur hún gert á einn öflugan hátt. Hún getur ákveðið að þau skólagjöld sem greidd eru

til sjálfseignarstofnananna dragist frá framlagi hins opinbera til skólanna. Það er þekkt í nágrannalöndum okkar og það er leiðin sem íslensk stjórnvöld eiga að fara líka til þess að jafna samkeppnisstöðuna. Það er ekki forsvaranlegt að sumir skólar geti lagt á skólagjöld nánast að vild en samt gengið að tryggu ríkisframlagi sem nemur sömu upphæð á nemanda eins og hjá opinberu háskólunum. Það er skökk hugsun í þessu, virðulegi forseti, og þá skekkju verður að leiðrétta, þó ekki sé nema fyrir réttlætisins skuld.

Í till. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er ekki bara fjallað um Háskóla Íslands, heldur einnig Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Í fjárlagafrv. núna er gert ráð fyrir að ársnemendur við Háskólann á Akureyri séu 1.010 talsins, en áætlanir háskólans gera ráð fyrir að nemendafjöldinn verði 1.120 og það hefur enginn ástæðu til að rengja áætlanir Háskólans á Akureyri. Þær hafa gengið eftir og vel það hingað til og það er engin ástæða til að ætla annað en áætlanir háskólans séu nokkuð réttar, þær eru frekar knappar ef eitthvað er. Svo ég spyr: Hvers vegna heimilar ríkisstjórnin ekki aukin fjárframlög til Háskólans á Akureyri til að mæta auknum nemendafjölda? Þessum spurningum hefur ekki verið svarað. Þeim var varpað fram við 1. umr. Þeim var varpað fram við 2. umr. Hæstv. menntmrh. lætur ekki svo lítið að vera viðstaddur umræðuna og þessum spurningum er enn ósvarað þegar við erum komin að því að ljúka umræðunni um fjárlög fyrir árið 2004.

Það sama má segja um rannsóknafé til Háskólans á Akureyri. Það er líka vanmetið. Sannleikurinn er sá að þegar þessir skólar hafa verið að taka við og pressa sig til að taka við auknum nemendafjölda hafa þeir að sjálfsögðu verið að ráða aukinn fjölda kennara. Með auknum fjölda kennara eykst rannsóknarskylda kennara. Rannsóknarskylda þeirra er 40% í dag. Ég spyr: Hvaðan eiga fjármunir að koma til að kennarar geti sinnt rannsóknarskyldu sinni? Það verður að skoða þessa hluti í samhengi og við þurfum að horfast í augu við þann raunveruleika sem er til staðar, en það er ríkisstjórnin ekki að gera þessa stundina.

Ástandið er eins í Kennaraháskóla Íslands. Þar hefur hlutfall þess fjárframlags sem fer til rannsókna farið stigminnkandi á undanförnum árum og nú er svo komið að Kennaraháskólinn ver 24% af framlagi sínu sem hann fær frá hinu opinbera til rannsókna, en 76% til kennslu. Fyrir fjórum árum var þetta hlutfall 40% til rannsókna og 60% til kennslu. Hvað hefur breyst á þessum fjórum árum? Hvað er ríkisstjórnin að krefja Kennaraháskóla Íslands um að gera með þessari stefnu, því þetta er stefna? Þetta er stefnumörkun og stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar. Og hún hefur ekki svarað því enn þá: Hvers er krafist af Kennaraháskóla Íslands? Hvers vegna má Kennaraháskóli Íslands ekki standa vörð um þær rannsóknir sem nauðsynlegt er að fari fram í uppeldisfræðum og þeim fræðasviðum sem Kennaraháskólinn sinnir? Það vantar sem sagt enn þá svör við þessu. Og það vantar langtímaáætlanir og stefnumörkun núv. ríkisstjórnar sem hefur hunsað háskólastigið, framhaldsskólastigið, verknámið og ég get haldið svona lengi áfram.

Þá er ég komin að lokaspurningu minni varðandi stefnu ríkisstjórnarinnar í rannsóknamálum. Ríkisstjórnin hefur státað af því að verið sé að auka framlög til rannsókna og það eru nefndir til sögunnar sjóðir sem stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum um vísinda- og tækniráð, Vísindasjóður, Tæknisjóður og þeir sjóðir sem við könnumst öll við og eiga að vera að ganga í endurnýjun lífdaganna. Gott og vel. Ég ætla ekki að kasta neinni rýrð á það starf sem getur mögulega átt sér stað varðandi þessa sjóði og auðvitað fagna ég og hef fagnað hér úr þessum ræðustóli þeirri eflingu sem þar virðist vera að eiga sér stað.

Ég vil hins vegar spyrja ríkisstjórnina hverju það sæti að fjárlagaliður 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi hefur hækkað frá fjárlögum 2003 til fjárlagafrv. 2004 um 150 millj. kr.? Hvað er ríkisstjórnin að gera hér? Ríkisstjórnin er að hækka um 150 millj. kr. framlag í rannsóknir til háskóla sem er á óskiptum lið menntmrn. Einhver hefði nú sagt obbobbobb hér um árið. Ég leyfi mér að vitna í hæstv. landbrh. og segja: Obbobbobb, hvað er hér að gerast? Ríkisstjórnin hækkar fjárlagaliðinn 02-299 úr 137,6 millj. kr. árið 2003 í fjárlögum, upp í 287,1 millj. kr. í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu, eða um 150 millj. kr. tæpar. Ætlar hæstv. menntmrh. að fara að úthluta fjármunum ríkisins til rannsókna? Það virðist vera. Það er ekkert annað sem liggur á borðinu hér eða lesa má út úr þessu. Hér er komin skýringin á því að bráðabirgðasamkomulagið við Háskóla Íslands um rannsóknir hefur ekki verið endurnýjað. Peningarnir sem hefðu átt að fara til endurnýjunar þess samkomulags eru hér í duldum sjóði á vegum hæstv. menntmrh. og hann kemur til með að ætla að úthluta úr þeim sjóði. Nú spyr ég: Hugsar hæstv. ríkisstjórn sér að þarna sé kominn sjóður sem hún getur sjálf sett t.d. í rannsóknir hjá sjálfseignarstofnununum sem kvarta mikið undan því að búa ekki við sömu kjör og opinberir háskólar hvað varðar rannsóknir? Er þetta eitthvert leynimakk ríkisstjórnarinnar við sjálfseignarstofnanirnar sem oft á tíðum virka sem dekurstofnanir ríkisstjórnarinnar? Það skyldi þó ekki vera.

Virðulegur forseti. Við eigum skilið hér í þessum sal að fá svör við þeim spurningum. Og þó hæstv. menntmrh. sitji ekki í salnum við umræðuna krefst ég þess að hér verði komið á eftir og þessu svarað: Hverju sætir þessi breyting? Hún sker í augun þegar rýnt er í framlögin til rannsóknamála og framlaganna almennt til háskólastigsins.

Aðrar tillögur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem ég get nefnt er tillaga okkar á þskj. 556 sem lýtur að hækkun framlags til framhaldsskólanna, því að enn eina ferðina á að sniðganga þarfir framhaldsskólanna, fara gegn öllu því sem yfirvöld þessara skóla, skólastjórar og Félag framhaldsskólakennara segja um málefni þeirra. Blásið er á þau rök sem þetta fólk færir fram fyrir óskum sínum um fjárframlag frá hinu opinbera. Blásið er á þá staðreynd að um 400 framhaldsskólanemar þurfa sennilega að standa á dyraþrepinu á næsta ári vegna þess að skólarnir hafa ekki fjármagn samkvæmt frumvarpinu til þess að kenna 400 nemendum. Áætlað er að 17.000 nemendur hefji nám eða komi til með að banka upp á í framhaldsskólunum á næsta ári. Fjárln. með bæði augu opin gerir ráð fyrir því að skólarnir fái fjármuni til þess að kenna 16.620 nemendum. Hvað á að gera við þessa 380, tæplega 400 nemendur? Eigum við bara að snúa blinda auganu að þeim og láta eins og þeir séu ekki til? Það er greinilega það sem ríkisstjórnin vill gera. Ég mótmæli slíkri framkomu. Þetta er virðingarlaust og þetta er niðurlægjandi að koma svona fram við framhaldsskólana ár eftir ár. Þetta stríðir líka gegn yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar að það þurfi að efla framhaldsskólastigið og þá sérstaklega verknámið í framhaldsskólunum.

Hvernig ætla menn að berjast gegn brottnáminu sem er það alvarlegasta á framhaldsskólastiginu? Þeir gera það ekki með því að skera niður fjármuni til framhaldsskólanna, það

er alveg ljóst. En það er nákvæmlega það sem hér er verið að gera þó menn segi auðvitað að það sé ekki verið að skera neitt niður, verið sé að hækka. En, virðulegur forseti, fjölgun nemenda er staðreynd. Framhaldsskólarnir geta ekki tekið endalaust við án þess að fá til þess þann stuðning sem meira að segja ráðuneytið hefur viðurkennt að þurfi til þess að kenna hverjum og einum nemanda á framhaldsskólastigi.

Ekki hafa komið nein viðhlítandi svör frá ríkisstjórninni í umræðum hér á Alþingi um fjárlagafrv. Við erum í 3. umr. Það er búið að ítreka þessar spurningar núna í þrígang. Engin svör. Af hverju þarf ríkisstjórnin ekki að svara þessum spurningum sem við hv. þm. stjórnarandstöðunnar leggjum fram? Er þetta boðlegt að koma svona fram? Ár eftir ár er hér engu svarað, menn setja undir sig hausinn, þumbast við og þverskallast og treysta á að þeir hafi meiri hluta þingmanna fyrir gjörðum sínum.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ekki er furða þó manni renni í skap við þessi vinnubrögð sínkt og heilagt. Meira að segja menntmn. lét þess getið í áliti sínu sem hún sendi frá sér 12. nóvember sl. til fjárlaganefndarinnar að það væri mikilvægt að fjöldi nemenda við háskóla á framhaldsskólastigi verði áætlaður eins nákvæmlega og unnt væri á hverju ári. Til hvers? Til þess að hægt væri að haga fjárveitingum til skólanna í samræmi við áætlaðan nemendafjölda. Og það eru ekki bara stjórnarandstöðuþingmenn í menntmn. Ónei, aldeilis ekki. Þetta er samdóma álit menntmn. Ég spyr: Hvers vegna hefur fjárln. ekki leiðrétt þetta að beiðni menntmn. á milli 2. og 3. umr.? Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt.

Eins og menntmn. sagði er nauðsynlegt að samvinna eigi sér stað á milli menntmn. og framhaldsskólanna í þessum efnum. Það var reyndar líka tekið fram í þessu sama áliti *menntmn. að það væri nauðsynlegt að gæta jafnræðis* við úthlutun á rannsóknafé til háskólanna og við bentum reyndar sérstaklega á að það yrði að hafa Tækniháskólann í huga í því sambandi, en hann hefur ekki fengið úthlutað fé til rannsókna. Þessi samdóma tilmæli menntmn. til fjárln. eru líka hunsuð.

Ég verð að ítreka og endurtaka að það er ekki skrýtið þó manni renni í skap við þessa stöðugu þögn, þessa ótrúlegu þöggun sem hér á sér stað, jafnvel þegar heil þingnefnd sem fjallar um málaflokkinn talar skýrt og tæpitungulaust um þessi mál.

Að lokum, virðulegur forseti, er tillaga í skólamálunum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð flytur á þskj. 557. Þar ítrekum við okkar fyrri óskir um að ríki og sveitarfélög fari í sameiginlegt átaksverkefni til þess að gera leikskólann gjaldfrjálsan. Ég útskýrði þessa tillögu afar vel í 2. umr. og ætla ekki að eyða tíma í að útskýra hana frekar núna, en tel að hér sé á ferðinni tillaga sem þurfi að gefa gaum. Hér yrði um tillögu að ræða sem yrði gífurleg kjarabót fyrir fjölskyldufólk, það veitir nú ekki af á þessum síðustu og verstu tímum að barnafólk fái séð einhvers konar viðleitni frá hálfu stjórnvalda til þess að gera þeim það léttara að koma börnum sínum til manns, því í börnunum felst auðvitað framtíðarauður samfélagsins. Það skiptir því verulegu máli að Alþingi Íslendinga fái tækifæri til að ræða tillögu af þessu tagi og að menn skoði þetta með opnum huga því hér er um þjóðþrifaverkefni að ræða.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sömuleiðis ákveðið að endurtaka tillögur sínar varðandi Þjóðminjasafn Íslands og safnasjóð. Þær lúta að því ...

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill kanna hvort þingmaðurinn á langt mál eftir.)

Ja, ég vildi gjarnan fá að gera hlé á ræðu minni og halda áfram að lokinni atkvæðagreiðslu.

(**Forseti** (BÁ): Þá óska ég eftir því að þingmaðurinn geri hlé á ræðu sinni og haldi áfram að atkvæðagreiðslu lokinni.)

Ég þigg það. Takk.

[21:32]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2004, 1. mál, brtt. DO o.fl., þskj. 580.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 580. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

[21:34]

Kolbrún Halldórsdóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var komin nokkurn veginn að niðurlaginu í ræðu minni en það lýtur að tillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þskj. 564. Þar er um að ræða Þjóðminjasafn Íslands, safnasjóð og húsasafn Þjóðminjasafnsins sem á sér athvarf undir fjárlagaliðnum Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Ég fjallaði ítarlega um það í ræðu minni við 2. umr. um fjárlög að Þjóðminjasafn Íslands væri enn einu sinni hunsað að því leytinu að óskir safnsins um að fá fjármuni í gegnum fjárlög ríkisins til þess að standa straum af kostnaði við grunnsýningu þess, nýja grunnsýningu sem kemur til með, skulum við vona, að prýða sali endurnýjaðs safnahúss við Suðurgötu þegar það verður opnað á vordögum 2004. En það er alveg ljóst að fjárln. og ríkisstjórn bera ekki hag þessarar sýningar fyrir brjósti því að Þjóðminjasafnið fær ekki neina fjármuni til þess að kosta þessa sýningu. Og engri þeirra spurninga sem ég bar fram við 2. umr. fjárlaganna hverju þetta sætti, var svarað. Nei, menn þegja þunnu hljóði og láta eins og ekkert hafi verið sagt. Ég tel að hér við lokaumræðu fjárlaga eigi starfsfólk Þjóðminjasafnsins heimtingu á því að fá að vita það frá hv. fjárln. hverju þetta sæti. Til hvers ætlast fjárln.? Eiga innréttingarnar að vera það eina sem sýnt verður í safnahúsinu við Suðurgötu þegar það verður opnað næsta vor, eða á ekki að opna Þjóðminjasafnið næsta vor? (Gripið fram í.) Hvort er það sem fjárln. ætlast til? Annaðhvort hlýtur það að vera því þær 47 milljónir sem Þjóðminjasafnið *hefur óskað eftir í grunnsýninguna eru ekki til reiðu fyrir* safnið. Þannig að það er alveg ljóst að hér er stjórn fjárln. og ríkisstjórnarinnar slík að við eigum heimtingu á skýringu. Hvernig stendur á því að Þjóðminjasafnið fær ekki fjármuni til að ljúka við grunnsýningu safnsins?

Niðurlæging Þjóðminjasafnsins er orðin nógu mikil, hafandi verið lokað í sex sumur. Niðurlæging þjóðarinnar, vil ég meina, að hafa ekki getað boðið erlendum ferðamönnum, hundruðum þúsunda saman að skoða þjóðminjaarfinn okkar í safnahúsinu. — Og nú gengur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln. á dyr, ekki sé ég hv. formann fjárln. og ekki er hæstv. menntmrh. hér, þannig að sjálfsagt á ég ekki eftir að fá svör við þessum spurningum mínum. En ég verð þó að láta þær hljóma í þessum sal því það er ekki forsvaranlegt að svona sé komið fram við eina öflugustu menningarstofnun þjóðarinnar. Hún er hunsuð og hún er þögguð og það eru engar skýringar. Þetta er ekki sæmandi, virðulegur forseti. Og eins og ég segi, það er ekki furða þó

að manni renni í skap við þetta skeytingarleysi stjórnvalda og þá ótrúlega háværu þögn sem hér ríkir.

[21:38]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hv. varaformaður fjárln. Einar Oddur Kristjánsson sagði í ræðu fyrr í kvöld að nú væri komið kvöld og það væri komið kvöld í umræðuna og það er að mörgu leyti rétt hjá hv. þm. Fjárlagavinnunni er að mestu lokið en ég held að rétt sé að fara aðeins yfir verklagið og vinnuna eins og hún hefur verið, eða eins og ég hef upplifað hana sem nýr þingmaður. Ég get að mörgu leyti tekið undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um það hvernig gengur að fá upplýsingar, svör og að eðlilegur og sjálfsagður réttur þingmanna til upplýsinga sé virtur.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði grein fyrir áliti 1. minni hluta og er óþarfi fyrir þingmenn að eyða löngum tíma í að hlusta á einhverjar endurtekningar þar. En vinnulagið við fjárlagagerðina eins og ég hef upplifað það, miðað við þá reynslu sem ég hef af áætlunargerð úr atvinnulífinu og hjá sveitarfélögum, er þannig að ekki er hægt að lýsa því með öðrum orðum en að það sé gamaldags og mér liggur við að segja algerlega úrelt. Það er í raun furðulegt að við skulum vera að beita þeim aðferðum sem við beitum í dag hjá ríkinu við áætlunargerð á árinu 2003 fyrir árið 2004, miðað við þær aðferðir sem menn þekkja í dag til þess að áætlanir verði sem réttastar og til þess að eitthvað sé að marka þær áætlanir sem gerðar eru.

Í raun og veru þýðir það að sitja í minni hluta í fjárln. að mestur tíminn fer í að taka á móti aragrúa erinda, taka á móti fjölda gesta og hlusta á þá leggja fyrir fjárln. beiðnir sínar um styrki eða framlög í hin ýmsu verkefni sem öllu þessu fólki þykja að sjálfsögðu mikilvæg og á bágt með að skilja af hverju fjárln. getur ekki uppfyllt allar óskir um fjármuni. En við sem sitjum í minni hluta getum lítið annað gert en setið og hlustað og tekið við þessum óskum vegna þess að á minni hluta fjárln. er lítið hlustað og við heyrum og fáum ákvarðanir meiri hlutans inn á borð og þegar þær koma þangað eru þær orðnar óumbreytanlegar. Það má segja að niðurstaða í þessum erindum sem við fáum sé tekin af meirihlutafulltrúum fjárln. Hún er að einhverju leyti tekin í fagnefndum en kannski að mestum hluta hjá ráðuneytunum sjálfum.

Við búum við svokölluð rammafjárlög. Settur er rammi fyrir ráðuneytin sem þau síðan koma með tillögur um hvernig fylla skal inn í. Eins og ég hef upplifað þetta er ætlast til þess að stofnanir ríkisins og forstöðumenn þeirra skili inn áætlunum eða fjárbeiðnum til ráðuneytanna og eins og reynslan hefur verið koma þessir forstöðumenn og stofnanir oft og tíðum með ríflegar fjárbeiðnir vegna þess að reynslan er sú að þær eru alltaf skornar talsvert mikið niður frá upphaflegum upphæðum, og því eru menn farnir að stunda það að koma með ríflegar fjárbeiðnir, gerandi ráð fyrir því að talsvert verði skorið niður.

Síðan má segja að tillögur í fjárlagafrv. séu með þeim hætti að stofnanir fá inn tölu sem er talsvert undir, reyndar mismikið en talsvert undir þeirri áætlun sem þær hafa lagt fram og langt frá ýtrustu fjárlagabeiðnum stofnananna. Svona er venjan. Þetta þekkja allir. Þetta þekkjum við sem sitjum í sal Alþingis. Þetta þekkja þeir sem vinna hjá ráðuneytum og þetta þekkja hæstv. ráðherrar. Eftir sem áður höldum við áfram að vinna akkúrat með þessum hætti og ekkert öðruvísi.

Það má segja að þegar fjárlagafrv. hefur verið lagt fram þá bregður forstöðumönnum þegar þeir sjá þær tölur sem ætlaðar eru til að standa undir rekstri stofnana þeirra á næsta ári. Þeir bregðast við og reyna að rétta sinn hlut við ráðuneytin, eyða óratíma í það að ræða við embættismenn í ráðuneytunum eða hæstv. ráðherra um leiðréttingar á þeim tölum sem fram eru komnar í frv. eða stendur til að leggja fram í frv. ársins. Þeir eyða miklum tíma í að ræða við stjórnarþingmenn og reyna jafnvel að ná tali af fjárln., sem er þó þrautalending hjá þeim flestum eftir það bann sem lagt hefur verið við því að þeir leiti til fjárln. með sín erindi.

Fjárln. blessar síðan að mestu leyti þær tillögur sem ríkisstjórnin leggur fyrir. Það má kannski segja að meiri hluti fjárln. gerir einhverjar lítils háttar táknrænar breytingar á tillögunum, mest til að sýna að valdið liggur jú hjá hv. fjárln., fjárveitingavaldið liggur þar. Og síðan má segja að fjárln. eyði mjög löngum tíma í það að skipta einhverjum hundruðum milljóna króna milli verkefna sem margir mundu freistast til að kalla gæluverkefni, einfaldlega vegna þess að hér er eins og ég lýsti áðan um aragrúa verkefna að ræða, verkefni í héruðum, til að mynda söfn, uppbyggingu gamalla húsa, ýmsa menningarstyrki og um þetta vélar meiri hluti fjárln. og kemst að einhverri ákveðinni niðurstöðu um það hver skuli fá og hvert. Það er óþarfi að minna á þær tölur sem lagðar voru fram við 2. umr. fjárlaga um hálfundarlega skiptingu þessara fjármuna á milli kjördæma.

Þegar þessu ferli er loksins lokið og endanlegar tillögur liggja fyrir eins og hér í kvöld við þessa umræðu fara forstöðumenn stofnana að örvænta, þeir sjá fram á að þeir verði enn eitt árið, margir hverjir, í þeirri stöðu að það er búið að áætla til þeirra fjármuni sem ekki duga til að sinna þeirri lögbundnu þjónustu sem þeir eiga að sinna. Þeir fyllast örvæntingu og fara að tilkynna í gegnum fjölmiðla eða í viðræðum við þingmenn að þeir muni ekki geta sinnt lögbundinni þjónustu með þeim fjármunum sem ætlaðir eru til starfseminnar. Forstöðumenn koma þó í raun ekki með neinar tillögur um niðurskurð eða sparnað, einfaldlega vegna þess að þeir segjast vera farnir að spara í drep og geti ekki sparað nema þá með því að skera niður þjónustu með einhverjum hætti. Þeim er sagt þegar þeir fara að örvænta og fara að tala um að þeir geti ekki sinnt þjónustunni að hafa einfaldlega ekki af þessu stórar áhyggjur, það þurfi að skoða málið betur þegar líður á árið og hugsanlega séu einhverjir óræðir safnliðir hjá ráðuneytunum þar sem hægt verður að skipta einhverjum fjármunum seinna meir til að taka bitrasta bitið úr þeim hallarekstri sem stofnanirnar hljóta að stefna í.

Eftir þetta allt saman samþykkjum við fjárlögin, í atkvæðagreiðslu samþykkjum við fjárlögin. Og hver er þá staðan á þeim tímapunkti? Jú, við erum búin að setja fjárlagarammann fyrir næsta ár. Við erum búin að setja lög, við erum búin að setja fjárlög sem segja til um hvað hvert verkefni má kosta, hvað hver stofnun má eyða á næsta ári.

Forstöðumenn stofnananna vita ósköp vel að þessar fjárveitingar, þessi fjárlög, hrökkva ekki til nauðsynlegs rekstrar eða fjárfestinga. Ráðuneytin vita líka að fjárlögin duga í mörgum tilfellum ekki. Eins og búið er að lýsa svo vel úr þessum ræðustól í umræðunum í dag og fyrri umræðum duga þessir fjármunir ekki til þess að standa undir eðlilegum rekstri sumra stofnana. Fjárln. veit þetta líka þegar fjárlög eru afgreidd. Allir vita þetta sem vilja það vita, allir hv. þm. sem sitja í þessum sal og allir sem eitthvað fylgjast með þessari vinnu, vegna þess að þetta er engin ný staða. Það er

ekki allt í einu núna sem þetta er að koma upp. Þetta er staða sem allir þekkja, þetta er venja sem við höfum vanið okkur á við afgreiðslu fjárlaga.

Fjárlög eru í hugum allra ekki eins og önnur lög sem undantekningarlaust þarf að fara eftir. Ríkisstofnanir og forstöðumenn þeirra vita í ljósi reynslunnar að þeir munu fá hallarekstur bættan. Það eru í raun og veru lögin sem gilda, að hallarekstur stofnana ríkisins verður bættur á endanum, það er lögmálið. Forstöðumenn ýmissa stofnana fá jafnvel það sem ég hef leyft mér að kalla heimild til hallareksturs innan ársins, heimild til hallareksturs í fleiri ár, hreinlega beina heimild til hallareksturs, eins og fram hefur komið í samtölum okkar við forstöðumenn stofnana sem hreint út hafa bara sagt: Það er ekki nokkur leið að reka stofnunina á þessu, við höfum gert hæstv. ráðuneyti grein fyrir því, en þeir sögðu okkur að hafa ekki af þessu miklar áhyggjur, við hefðum heimild til þess að reka okkur með halla á næsta ári. Það yrði farið yfir þetta og það skoðað.

Hvað er að gerast þegar stofnanir fá svona heimild til hallareksturs? Eru ráðuneytin farin að taka sér það fjárveitingavald sem Alþingi hefur? Er ekki í raun verið að segja: Það þarf ekkert að fara að fjárlögum, það þarf ekkert að fara að þessum lögum, þau eru ekki eins og önnur lög? Það er akkúrat það, virðulegi forseti, sem verið er að segja við stofnanirnar og forstöðumenn þeirra. Reynslan segir þeim líka að hallinn verður bættur og hann hefur alltaf verið bættur. Sagan og reynslan er ólygnust.

En hvað er þá til ráða? Hvernig förum við að því að breyta þessu þannig að við séum ekki hér ár eftir ár að samþykkja lög sem við vitum, sem allir vita, að ekki verður farið eftir? Það þarf ekki að skoða söguna langt aftur í tímann til að vita að ekki verður farið að fjárlögum.

Númer eitt hljótum við að þurfa að nota rauntölur í áætlunum okkar. Ekki að horfa fram hjá þeim tölum sem við höfum sem rauntölur úr rekstri, rauntölur sem við vitum að þarf til að reka óbreytta þjónustu. Ef þessar rauntölur eru hærri en menn sætta sig við verður einfaldlega að taka ákvörðun um hvernig eigi að spara. Það geta verið sársaukafullar tillögur, það geta verið sársaukafullar aðgerðir sem þarf að fara í til þess að ná að spara, en það er ekki hægt að stinga höfðinu í sandinn og segja: Við verðum að spara en við breytum engu í rekstrinum.

Ef sparnaðurinn sem menn sjá fram á að þurfi til að ná því að vera innan heimilda er meiri en menn eru tilbúnir til að sætta sig við verða þeir einfaldlega að auka fjárheimildirnar í fjárlögunum og gera stofnununum þannig kleift að reka sig án halla. Við hljótum að þurfa að fara þannig lið fyrir lið yfir rekstur stofnana og yfir allan rekstur ríkisins. Við hljótum að þurfa að skilgreina hlutverk hvers og eins, starfsvettvanginn eins og við viljum að hann líti út og ákveða umfang á þjónustu eða því starfi sem fram fer. Þetta getum við gert með því að gera þjónustusamninga eða festa hluti með einhverjum hætti eins vel og mögulegt er.

Þegar farið verður að áætla raunhæft, þegar allir eru orðnir sammála um að verið sé að áætla raunhæft fyrir þeirri starfsemi sem fram á að fara, eigum við líka að auka ábyrgð forstöðumanna á þeim rekstri sem fram fer og þá eigum við að gera þá kröfu að reksturinn verði innan þeirra fjárheimilda sem veittar eru.

Ég geri mér engar grillur um að þetta sé auðvelt eða einfalt verkefni. Þetta er í raun endalaust verkefni og þetta er svakalega erfitt verkefni en algjörlega nauðsynlegt ef eitthvað er að marka það sem menn segja, að við viljum komast út úr því að vera sífellt að keyra fram úr fjárlögum og leiðrétta það með fjáraukalögum endalaust.

Mér finnst eins og að hluta til búið sé að gefast upp fyrir kerfinu eins og það er. Það er komin í það þessi fasta hugsun. Hv. varaformaður fjárln. sagði: Það er naumt skammtað og við viljum skammta naumt. Það er hugsunin í þessu fjárlagafrv., við viljum skammta naumt. En það þýðir ekkert fyrir virðulegan landsföður að senda barn sitt út í verslun til að kaupa einn lítra af mjólk með minni fjármuni en mjólkurlítrinn kostar. Það þýðir heldur ekki að segja við barnið: Þú kemur ekkert heim nema með lítrann, það eru mín lög á þessu heimili. Mjólkurlítrinn á að koma heim, hér hefurðu fjármuni, farðu og náðu í hann og komdu með hann heim. Barnið fer af stað út í verslun og ef það kemur heim með mjólkurlítrann er það vegna þess að kaupmaðurinn hefur aumkað sig yfir það eða hann hefur spurt: Hver er pabbi þinn? Fengið svar við því og sagt: Allt í lagi, það vantar upp á en ég skrifa það bara hjá honum. Ég veit að pabbi þinn er borgunarmaður fyrir þessu.

Það getur gerst dag eftir dag að barnið fer og kaupir einn lítra af mjólk með þessum hætti en í versluninni safnast upp skuld og það endar með því að sá sem á verslunina hefur samband við föðurinn og segir: Þetta gengur ekki. Þú verður að gera upp hallann.

Þetta er akkúrat það sem er að gerast hjá okkur hér í rekstri ríkisins. Fjárveitingavaldið liggur hjá Alþingi. Ráðuneytin hafa ekki þetta fjárveitingavald. Ráðherrar hafa það ekki heldur. Samt getum við sagt með því að vera stöðugt að auka fjárveitingar inn á einhverja safnliði í ráðuneytunum að við séum í raun að færa ráðherrunum ákveðið fjárveitingavald, sem þeir þó hafa ekki. Og við vitum að þegar forstöðumenn stofnana koma til ráðuneytanna og bera sig upp vegna vanda síns er þeim sagt að bíða rólegir vegna þess að þessum óræðu safnliðum verði skipt seinna, þeir muni eiga númer í safnliðalotteríinu og væntanlega komi upp nægjanlega há tala til að hægt verði að mæta þessum halla að einhverju leyti. Svona gengur þetta fyrir sig, en svona á þetta ekki að ganga fyrir sig. Eins og ég segi, það er Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið, ráðuneytin hafa það ekki, hæstv. ráðherrar hafa það ekki, einstakir ráðuneytisstjórar hafa það ekki og einstakir forstöðumenn stofnana hafa það ekki heldur.

Það á ekki að vera til neitt sem heitir opið tékkhefti á ríkissjóð, að allir geti í raun með einum eða öðrum hætti veitt heimild til hallareksturs formlega eða óformlega, vegna þess að með því að aðhafast ekki neitt sé stofnunum gefið í raun grænt ljós á að fara fram yfir fjárheimildir. Þetta gengur einfaldlega ekki lengur.

Að gera mistök og læra af þeim er eitt, og það þroskar flesta sem fyrir því verða. En að gera sífellt sömu mistökin aftur og aftur án þess að læra neitt af þeim eða breyta venjum sínum eða vinnubrögðum er ekkert annað en forheimska og á ekki að þekkjast í upplýstu samfélagi.

Eins og hv. þm. hafa heyrt hef ég ekki mikið farið hér í tölur eða einstaka liði fjárlagafrv. Það er með vilja gert vegna þess að eins og ég hef lýst þessu ferli er ég um leið að lýsa ákveðnu vantrausti á margar af þeim tölum sem í fjárlagafrv. standa. Ég er sannfærður um að þær tölur standast ekki, ég er sannfærður um að við munum sjá fjölda stofnana koma inn á fjáraukalögum ársins 2004 og eins og þetta er gert og eins og þetta er rekið í dag er það óumbreytanleg staðreynd, en það er samt staðreynd sem okkur á að takast að breyta.

Þrátt fyrir að ég vilji ekki fara hér í smáatriði langar mig að minnast á tvennt. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir ræddi um símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Þessar símenntunarstöðvar hafa í raun breytt menntamynstrinu vítt og breitt um landið. Í dag var ég á fundi með forráðamönnum símenntunarstöðva á Suðurnesjum og eins á Selfossi og að heyra lýsingar þeirra á því hver ásóknin er orðin í háskólanám í þessum fjarkennslustöðvum er alveg stórkostlegt. Á Suðurnesjum stunda í dag 90 nemendur nám á háskólastigi í gegnum símenntunarstöðina sem þar er. En það háskólanám sem verið er að veita á þessum stöðum er ekki í stofnsamningi þessara stofnana. Í raun og veru, eins og komið hefur fram hér, er ekki til neinn rammi yfir það að þessar stofnanir eigi að veita þá þjónustu að taka á móti öllum þessum nemum í háskólanám. Það hlýtur að vera kominn tími til þess að við setjumst niður og setjum ramma utan um þessar stöðvar.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að hver símenntunarmiðstöð fái jafnmikla fjármuni, 9 millj. kr. Þessar stöðvar komu til okkar í fjárln. og óskuðu eftir því að þessari fjárhæð yrði lyft úr 9 millj. í 14,1 millj., og þóttu okkur þegar við fórum yfir forsendur og fjölgun nemenda og það að háskólanámið er komið nýtt þarna inn ekki miklar kröfur uppi. Meiri hluti fjárln. treysti sér ekki til þess að verða við þessum beiðnum og eftir stendur að í þeim tillögum sem fyrir liggja hér eru 9 millj. kr. á hverja stöð, burt séð frá því hvort hún sinnir háskólanámi eða ekki, burt séð frá því hvort hún er við hliðina á háskóla, eins og á Akureyri, eða ekki. Burt séð frá því hvað margir nemendur stunda fjarnám í þessum stöðvum er bara ein ríkistala fyrir hverja símenntunarstöð.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir fór vel yfir það hvernig kostnaður hefði verið að aukast og sérstaklega í kringum þetta FS-net sem allar stöðvarnar eru farnar að nota og er algjör bylting í þeirri þjónustu sem veitt er. Við erum með í brtt. okkar, 1. minni hluti, útreiknaða tölu upp á 50 millj. kr. sem þarf til þess að bæta símenntunarstöðvum, framhaldsskólum og útstöðvum, þann kostnað sem felst í FS-netinu. Og ég leyfi mér að segja, hæstv. forseti, að það er von mín að meiri hluti fjárln. og meiri hluti þingmanna sé tilbúinn til þess að bæta hag þessara símenntunarstöðva frá því sem nú er.

Að endingu vil ég minnast á aðra brtt. sem fyrir liggur frá 1. minni hluta fjárln., en það er tillaga um að veita ríkinu heimild til að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja og verja andvirðinu til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Þessi tillaga kemur ekki fram fyrir tilviljun, heldur vegna þess atvinnuástands og þeirra atvinnuhorfa sem við horfum fram á á Suðurnesjum miðað við þær fréttir sem við erum að fá af uppsögnum og öðru slíku undanfarnar vikur og missiri. Tillagan er að mörgu leyti sniðin að stefnu núv. ríkisstjórnar og það er gert með vilja til þess að reyna að afla henni fylgis. Það vita allir hv. þm. að það er stefna núverandi ríkisstjórnar að selja hlut í þeim fyrirtækjum sem ríkið á hlut í. Það er auðvelt í hlutafélögum eins og Hitaveitu Suðurnesja þar sem vitað er hver hluturinn er.

Við höfum horft á það hjá núv. hæstv. ríkisstjórn að hún hefur sýnt það fordæmi að selja hlut sinn í fyrirtækjum eða fyrirtæki sem hún hefur átt í heild sinni og varið andvirðinu til atvinnuuppbyggingar eða annarra slíkra hluta í kjördæmi eða heimabyggð.

Þessi tillaga eins og hún liggur hér fyrir, að heimila ríkinu að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja og verja andvirðinu til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum, er því algjörlega í dúr og moll við þá stefnu sem núv. ríkisstjórn hefur í raun praktíserað og ég trúi ekki öðru en að hv. stjórnarþingmenn séu tilbúnir til þess að veita þessari tillögu brautargengi þegar kemur að atkvæðagreiðslu.

Hæstv. iðn.- og viðskrh. situr hér í salnum og þakka ég henni fyrir það. Ég hafði gert henni viðvart um að ég mundi ræða um eign ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Mig langar í lok máls míns að óska eftir því við hæstv. ráðherra að fá svar við spurningunni: Kemur það til greina að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja? Og kemur það til greina að verja andvirði þeirrar sölu til uppbyggingar atvinnulífi á Suðurnesjum?

Ég geri mér fulla grein fyrir því, virðulegi forseti, að tillögur sem koma frá minni hluta nefndanna eru yfirleitt felldar án þess að það skipti í raun öllu máli um hvað þær fjalla. Það er bara regla á svipaðan hátt eins og ég var að fjalla hér um fjárlagaferlið, það er bara ákveðin regla í gangi, við fellum bara allar tillögur sem koma frá minni hlutanum. Kannski verða það örlög þessarar tillögu.

Eins og ég sagði fyrr í máli mínu þá vona ég svo sannarlega að hv. þm. skoði efni tillögunnar og greiði henni atkvæði. Ég veit að á Suðurnesjum verður fylgst með því hver örlög tillögunnar verða og ég trúi því ekki að þingmenn greiði atkvæði gegn þessari tillögu.

[22:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort það komi til greina að heimila sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og verja fjármununum til uppbyggingar atvinnulífi á Suðurnesjum.

Eins og kom fram í máli hv. þm. hefur, í einstaka tilfellum, andvirði verið varið að hluta til til atvinnuuppbyggingar á heimasvæði, en þá hefur ekki verið um háar upphæðir að ræða, kannski 50 millj. kr. í einu tilfelli sem ég man eftir og 100 millj. kr. í öðru. En hér erum við að tala um 10 sinnum, 20 sinnum þær upphæðir. Það er því ljóst að hér er um miklu meiri fjármuni að ræða. Ég vil hins vegar segja það að framsóknarmenn í Suðurk. hafa samþykkt ályktun þess efnis á síðasta kjördæmisþingi að ríkið selji hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja og verji fjármununum til uppbyggingar atvinnulífi í Suðurkjördæmi. Og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur talað um þetta við mig oftar en einu sinni. Hins vegar, eins og hv. þm. sjá, er ekki uppi tillaga um það af hálfu ríkisstjórnar í tengslum við þessa fjárlagagerð að selja þennan hlut. Það hefði verið gert að mínu frumkvæði ef það væri á döfinni akkúrat núna (**GÁS:** ... var á móti því þá?) að setja þetta í frumvarpið, en svo er ekki. Hins vegar er ég alveg sannfærð um það að þessi hlutur verði seldur. Það er bara spurning hvenær það verður. Ég bið þá hv. þm. að segja mér hvaða atvinnumöguleikar og hvaða atvinnufyrirtæki það eru á Suðurnesjum sem kalla á milljarð kr. til að setja í sambandi við atvinnutækifæri.

[22:06]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma hér og svara spurningu minni eins og hún gerði.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru miklir fjármunir bundnir í fyrirtækinu Hitaveitu Suðurnesja. Þetta er stórt, öflugt og sterkt fyrirtæki. Ríkið hefur þó ekki lagt til mikla fjármuni í fyrirtækið í gegnum tíðina heldur hefur ríkið frekar ábyrgst lán. Það eigið fé sem í fyrirtækinu er hefur verið að byggjast upp vegna viðskipta fyrirtækisins á

svæðinu í gegnum tíðina, en ekki vegna þess að ríkið hafi þurft að leggja því til fé ár eftir ár, jafnvel ekki miklu í upphafi.

Ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að framsóknarmenn í Suðurk. hafi ályktað um að selja beri hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og verja fjármununum til eða í Suðurk. Þeim gefst þá kostur á því í atkvæðagreiðslu á morgun að standa við og staðfesta þessa ætlun sína og greiða þessari tillögu atkvæði.

Hvaða fyrirtæki eru það sem þurfa á milljarði kr. að halda? spyr hæstv. ráðherra. Ég held að við þurfum ekkert annað en benda á þá milljarða sem t.d. skipta um hendur við kaup og sölu aflaheimilda. Við værum t.d. ekki lengi að nýta þessa peninga í þeim tilgangi. Það er þó ekki tillaga mín að nota þá til þess, heldur veit ég að ef frumkvöðlar á Suðurnesjum vissu af því að slíkir fjármunir væru til í sjóði til uppbyggingar atvinnu, stæði ekki á þeim að koma með hugmyndir sem hægt væri að hrinda í framkvæmd með slíka fjármuni.

[22:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur greinilega ekkert velt því fyrir sér hvaða atvinnutækifæri mætti hugsanlega byggja upp á Suðurnesjum, því miður, því það væri svo sannarlega kærkomið að fá hugmyndir um það. Ég geri mér fulla grein fyrir því að atvinnuástand á Suðurnesjum er ekki gott. Ég vona svo sannarlega að það verði af því að þar byggist upp fyrirtæki sem yrði í rörum og pípum. Það er hins vegar ekki í höfn, því miður, en ríkisvaldið hefur, að svo miklu leyti sem það getur komið að slíku máli, stutt það. En við erum að tala hér um gríðarlega fjármuni og mér finnst það vera nokkuð óábyrgt af hv. þm. að koma fram með tillögu í þessa átt, án þess að hafa hana betur ígrundaða, án þess að geta talað betur um það í hvað ætti að verja þessum fjármunum. Það er ekki nóg að setja fram tillögu á pappír og hafa ekki hugsað hana lengra.

[22:10]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg undrandi á svörum hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem hér hafa verið fram settar. Eitt þúsund millj. kr. og jafnvel tvöfalt það eru ekki háir fjármunir, hæstv. ráðherra, í atvinnulífi á Íslandi í dag. Við höfum séð það í útgerð og fiskvinnslu hirst og her um landið að slíkir fjármunir eru ekki lengi að fara þegar menn eru að véla með t.d. aflaheimildir sín á milli eins og ég nefndi hér áðan.

Við munum horfa upp á verulegan samdrátt á Keflavíkurflugvelli á næstu árum. Ég held að allir sjái það. Þar eru afskaplega miklar húseignir sem við Suðurnesjamenn mundum vilja að kæmust í notkun í atvinnurekstri, t.d. væri vel þess virði að dusta rykið af hugmyndum um frísvæði í tengslum við Keflavíkurflugvöll og ýmsan iðnað sem passar akkúrat á svæði við alþjóðaflugvöll. Möguleikarnir á Suðurnesjum eru því geysilega miklir.

Í gær vorum við við opnun fyrirtækis sem er að bræða álgjall og vinna ál, hágæðaál, úr álgjalli. Það hefði enginn látið sér detta það í hug einn, tveir og þrír, en það fyrirtæki þarf á fjármunum að halda til að komast í meiri rekstur. Helguvíkursvæðið í Reykjanesbæ er t.d. alveg geysilega stórt og mikið og bærinn er búinn að leggja yfir 600 millj. kr. í að gera það klárt fyrir stærri iðnað. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að sjá að 1 eða 2 milljarðar kr. í því samhengi, horfandi á hvað bærinn er búinn að leggja til til að gera svæðið klárt fyrir iðnað, 600 millj. kr., eru ekki þeir stóru fjármunir sem hún nefndi áðan.

[22:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég sá það í fréttum í gærkvöldi að hæstv. iðnrh. var valin, ef ég man rétt, kona ársins í einhverju tímariti hér í bænum. Ég held að það tímarit sé kallað Nýtt líf. Hafi ég tekið rétt eftir þá fékk hæstv. ráðherra þessi verðlaun og þessa einkunnagjöf vegna þess að hún hafði sýnt kjark og þor á yfirstandandi ári. Afskaplega fannst mér lítið fara fyrir þeim kjarki og því þori hér í satt að segja heldur snauðu andsvari hæstv. ráðherra við afskaplega einfaldri og heiðarlegri spurningu henni til handa. (**Viðskrh.:** Smá spurning þegar stórt er spurt.) Spurt var hvort ríkisstjórnin mundi ekki styðja viðleitni í þá átt, sem er eitt af megineinkennum þessarar ríkisstjórnar, að losa um fjármagn í hlutafélögum í eigu ríkissjóðs þar sem samkeppni er ríkjandi. Er ekki samkeppni að bresta á í þessum geira fyrir tilverknað ráðherrans sjálfs? Þá bregður svo við að hæstv. ráðherra kemur í þennan ræðustól og það var ósköp einfalt að skilja hennar mál, að af því að þessi tillaga og þessi hugmynd kemur frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, þingmanni Suðurnesjamanna, ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar, þá var þetta algjörlega gagnslaust plagg. Og bætti því síðan við að þessi hugmynd hefði líka vaknað hjá hennar eigin flokksmönnum og -systrum suður með sjó og á Suðurlandi og á kjördæmisráðsfundi fyrir ekki margt löngu hefðu menn varpað þessu þar fram. Raunar hefði hv. þm. Hjálmar Árnason líka rætt um þetta við ráðherrann á hliðargöngum og sýnt þessu áhuga. Skyldi engan undra, eins og hæstv. ráðherra raunar gat um sjálfur og hlýtur að hafa fylgst með, að ástand þarna syðra er með þeim hætti að það er full ástæða til þess að hafa verulegar áhyggjur af og ekkert í spilunum sem getur gert mann vongóðan um að þar bregði til betri tíðar, heldur þvert á móti bendir allt til þess, því miður, að þar fari hlutir á hinn verri veg vegna þess að það er ekki öll sagan sögð þegar kemur að samdrætti, uppsögnum í herbúðum varnarliðsins. Það er hlutur sem er augljóst mál að menn hafa lítið um að segja. Menn geta svo sem haft skoðun á því hvort það sé góð eða slæm þróun, en það breytir því ekki að því fólki sem missir vinnuna er jafnmikið sama hvort menn hafi á því ýmsar skoðanir hvort það sé gott eða slæmt að hafa þennan her í landi. Það er bara önnur Ella.

Hæstv. ráðherra, þannig að ég reki þetta öllu nánar, bregður sér síðan í það líki að gefa til kynna að tillöguflytjendur hafi ekki hugsað málið til enda, hafi engar hugmyndir á hraðbergi í þá veruna hvernig eigi að nýta þá fjármuni sem kæmu í hendur ríkissjóðs, opinberra aðila, með sölunni. Ég varð ekki var við það sérstaklega að hæstv. ráðherra hefði komið að því hvort hann hefði spurt framsóknarmenn á Suðurnesjum, hvort hann hefði spurt hv. þm. Hjálmar Árnason um það hvað hann hefði við einn eða tvo milljarða króna að gera til þess að auka atvinnulífið á Suðurnesjum. Maður skyldi ætla að hæstv. ráðherra hefði eitthvað ámálgað það í þessu ítarlega spjalli þeirra flokkssystkina hvaða hugmyndir hann hefði haft uppi, eða hefur hann kannski enga hugmynd um það? Hefur hann ekki hugsað málið til enda frekar en flokkssystkini hæstv. ráðherra á Suðurlandi? Var það þannig sem hæstv. ráðherra vó úr launsátri að eigin flokkssystkinum á Suðurlandi með því að skamma Albaníu en meina

Kína? Var það það sem hæstv. ráðherra var raunverulega að segja hér í sínu stutta andsvari, að þessi hugmynd væri hreinlega ónýt, hún væri algjörlega vanhugsuð og ekki til neins hafandi?

Hún meinti það, þegar hún sagði að flokkssystkini sín í kjördæmisráðinu suður með sjó og á Suðurlandi öllu — og formaður þingflokks Framsfl. — sem hafa verið áhugamenn um það ásamt okkur samfylkingarmönnum að bregðast við þessum vanda, að þetta væri allt tóm sýndarmennska (**Gripið fram í:** Of miklir peningar.) og stærsti vandinn væri einmitt sá að þeir eru allt of miklir, peningarnir sem ríkissjóður átti í þessu einstaka fyrirtæki.

Hvers konar þvæla og vitleysa er þetta, herra forseti? Hvers konar endemis rugl er þetta? (**Gripið fram í:** Ég segi það nú ekki.) Ef peningarnir eru of miklir má dreifa þeim til annarra mikilvægra verka. Er það nú orðið stærsta vandamálið hjá hæstv. iðnrh. og hjá hæstv. ríkisstjórn að peningarnir eru of miklir, 2 milljarðar of hátt, það væri betra að eiga við þetta ef upphæðin væri 50 milljarðar eða 100 millj.?

Auðvitað er það þannig, eins og hæstv. ráðherra kom hér réttilega inn á, að menn hafa verið að eyrnamerkja sölu ríkiseigna með þessum hætti. Það er eins og mig reki minni til þess að menn hafi farið hér mikinn, og flokkssystkini hæstv. ráðherra ekki síst, þegar átti að fara að selja Landssímann. Þá var heldur betur búið að lofa hringinn í kringum landið manni og öðrum, sveitarfélögunum og öðru, þar áttu að vaxa heldur betur blóm á hvers manns gröf og í hvers manns garði. Þau eru mörg vandamálin á þessu ríkisstjórnarheimili. Þetta eru of miklir fjármunir sem ríkissjóður á þarna.

Ég kann alveg einfalda lausn á því, herra forseti, mjög praktíska lausn. Menn geta selt þetta í bútum, byrjað t.d. á 500 millj. ef það vex hæstv. ráðherra svona í augum að hún ráði ekki við að ráðstafa þessum fjármunum. Og hvernig á að nota peningana? Mér er spurn: Var það þannig hjá hæstv. iðnrh. á sínum tíma, þegar verið var að verja umtalsverðum fjármunum — með réttu að minni hyggju — til nýsköpunar, til eignarhaldsfélaga, til ýmissa verkefna, að menn vildu vita það nákvæmlega upp á punkt og prik áður en þessum fjármunum var ráðstafað til hvers ætti að nota þá? Nei, það er einmitt ekki okkar verkefni hér að segja nákvæmlega fyrir um það með hvaða hætti aðilar úti á akrinum, úti í atvinnulífinu, ætla að nýta þessa peninga. Þar treystum við jafnaðarmenn hugdirfsku, hugmyndum, þreki og þori fólks. Við viljum vinna með fólki í þeim efnum. Og ég er sannfærður um það af kynnum mínum af þeim Suðurnesjamönnum að ekki mun standa á þeim að nýta slíka fjármuni mjög vel til hagsbóta fyrir byggðarlagið og það fólk sem þar býr.

Það er ódýr, ómerkilegur fyrirsláttur hjá hæstv. iðnrh. að koma hér og bera við slíkum afsökunum. Það er í hæsta máta lélegt og enn þá lélegra er það að hún skuli í raun, að minni hyggju, stinga sín eigin flokkssystkini í bakið með þessum hætti. Mér finnst ekki mikill mannsbragur að því hjá konu ársins hjá Nýju lífi, það er enginn stæll á því. Þá veit hæstv. ráðherra hvað mér finnst.

Hitt vil ég þó þakka henni, að hún skuli hafa eirð í sér til að sitja hér. Er það ekki alveg öruggt að við erum hér í síðustu umræðu um fjárlög íslenska ríkisins fyrir árið 2004? Er það ekki alveg víst? Mér verður litið hér yfir ráðherrabekkina og þar er sama sagan og fyrr. Hægra megin við mig eiga að sitja sex ráðherrar en þar er ekki einn einasti. Vinstra megin við mig eiga að sitja sex ráðherrar. Þar situr einn af því að hann var þrábeðinn um að eiga hér orðastað við þingmenn um þetta tiltekna mál sem ég var að ræða hér áðan. Það sem meira er, þetta er bara endurtekið efni. Við 2. umr. málsins ætlaði ég að eiga orðastað við allnokkra ráðherra. Ég varð því miður að ljúka hverjum kafla mínum með þeim orðum að ég gæti því miður ekki spurt um þetta eða spurt um hitt því að viðkomandi ráðherra væri ekki hér. Og nú er sama sagan.

Það sem meira er, ég gerði litla stúdíu á því, bara svona til gamans, en auðvitað fylgir því nokkur alvara: Hefur herra forseti áttað sig á því hversu margir ráðherrar hafa lagt eitthvað til málanna í þessari umræðu um fjárlög íslenska ríkisins? Þau eru að sönnu byggð upp sem rammafjárlög þannig að fagráðherrunum er gefið allmikið vald, þeir ráða miklu um það hvernig fjárlagafrv. lítur út og þeir ráða líka mjög miklu um það hvernig útfærslunni er háttað. Á ég að upplýsa um það hver aðkoma hæstvirtra ráðherra hefur verið að þessari umræðu sem ég hygg að hafi staðið í sennilega einar 30 klukkustundir, allt með öllu, þessar þrjár umræður, jafnvel meira, það gætu verið 30–40 klukkustundir? Mér sýnist í fljótu bragði að þeir séu þrír, hæstv. ráðherrarnir sem hafa komið að þessari umræðu með faglegum hætti og átt eitthvert erindi í þennan ræðustól þar sem þeir gera þingheimi og þjóðinni grein fyrir því hvernig þeir ætli að fara með það fé sem þeir sækja til Alþingis, á hvað þeir ætla að leggja áherslu á komandi fjárlagaári o.s.frv. Þá er ég að meina í ræðu.

Í fyrsta lagi eðli máls samkvæmt er það hæstv. fjmrh. Hann flytur þetta mál og kemst ekki undan því að fara yfir stöðu mála. Jón Kristjánsson, hæstv. heilbrrh., hefur sömuleiðis stigið í pontu og síðan í dag hæstv. samgrh. af því að hann átti hingað sérstakt erindi, þurfti að segja okkur frá því hvernig flýtiframkvæmdir í vegamálum þjóðarinnar, sem upplýst var um hér í mars síðastliðnum, urðu allt í einu að frestunarframkvæmdum. Það er upp talið, þetta eru þrír ráðherrar. Og nú er það þannig að hæstv. iðnrh. getur ekki verið hér lengur og gengur á dyr. (**Iðnrh.:** Ég fer ekki langt.)

Herra forseti. Hæstv. ráðherra ætlar ekki langt. Ég veit ekkert um það. En auðvitað er eins með hana og ríkisstjórnina alla, hún er farin og búin, það er lykilatriði í þessu öllu saman. Metnaðarleysið og kraftleysið er allsráðandi. Ég hef nú verið hér um nokkurra ára skeið, herra forseti, og það hefur verið mitt hlutskipti hér, því miður síðustu níu árin, að vera í stjórnarandstöðu og þurfa að veita þessari ríkisstjórn dálítið aðhald. Ég segi það alveg eins og er að lakara hefur ástandið aldrei verið, slappari hefur engin ríkisstjórn verið og er þó ekki mjög langt til samjöfnuðar því að þetta hefur farið ársversnandi. Ég er þá ekkert sérstaklega að kvarta yfir því að ráðherrarnir haldi sig heima. Úr því sem komið er eru þeir best geymdir þar, þeir gera þá ekkert af sér á meðan.

Þegar ég vísa til þess að þessi ríkisstjórn sé algjörlega á fallanda fæti og orðin svo þreytt á sjálfri sér, ráðherrarnir hver á öðrum, svo ég tali nú ekki um stjórnarflokkana, ætla ég að nefna nokkur dæmi til sögunnar. Þau hafa verið að birtast okkur hér og þjóðinni allri á allra síðustu sólarhringum, ég ætla nú ekki að fara yfir lengra tímabil. Hér hefur þjóðin fylgst með því agndofa og verið eitt spurningarmerki í framan yfir því hvernig ráðherrar þessarar ríkisstjórnar og þessir stjórnarflokkar ætla enn og aftur, og nýbúnir þó, að leggja í stríð við okkar minnstu bræður og systur, öryrkja í þessu landi. Þeir mættu til leiks, böðuðu sig í ljósi fjölmiðla, prentmiðla og ljósvakamiðla, börðu sér á brjóst, sögðu að með því

samkomulagi sem gert var í mars síðastliðnum skyldi verða tekið á þeim vanda sem vissulega var viðvarandi um slaka stöðu öryrkja, og þá sérstaklega ungu öryrkjanna.

Þann 10. apríl lá ljóst fyrir ríkisstjórninni og hverjum einasta manni sem hafði aðgang að þeim gögnum sem þá lágu til grundvallar að pakkinn kostaði 1.528.800 þús. kr. Samt halda þessir menn áfram að skrökva að þjóðinni, vitandi um það að ekkert lá fyrir, eftir því sem þeir segja sjálfir, um samþykki ríkisstjórnarinnar nema einn milljarður þegar kostnaður var þriðjungi meiri. Síðan halda þeir áfram þessum blekkingarleik fyrir framan þjóðina í heilan mánuð eða þar til kjördagur er að baki.

Herra forseti. Það er afleitt að skrökva og enn þá verra að skrökva að fólki sem getur ekki hönd fyrir höfuð sér borið. Mikil er skömm þeirra að þessari framkomu, og að þeir skuli svo leyfa sér núna að reyna að lappa upp á hlutina með þeim hætti sem boðaður hefur verið og birtist okkur væntanlega hér á þingskjali á morgun þar sem reynt verður að láta þennan milljarð ganga upp á þann veg að langflestir þeir sem njóta áttu bótanna bera skertan hlut frá borði. Mikil er skömm þeirra og ég undrast satt að segja, herra forseti, að þeir sofi vel á nóttunni, þessir menn sem bera sig þannig að.

Síðast í gær eða fyrradag vaknaði ríkisstjórnin allt í einu upp við vondan draum — og hún á eftir að vakna upp við verri drauma en þann — við atkvæðagreiðslu um tryggingagjald, þegar enn og aftur átti að skerða rétt fólks til sérstaks lífeyrissparnaðar, að þeir voru ekki lengur í meiri hluta hér á þinginu, ráðherrarnir. Þau áttuðu sig skyndilega á því, þessir háu herrar og þessar merkilegu frúr, jafnvel frúr ársins, að nú var farið að herða að. Nú var það ekki lengur þannig að hér gengi allt bara snurðulaust fyrir sig. Það var nefnilega kosið og þrátt fyrir blekkingarleikinn fyrir kosningar töpuðu þessir stjórnarflokkar umtalsverðu fylgi og eru hér með mjög nauman þingmeirihluta. Ég hef sagt það áður og segi það enn, bæði úr þessum stól og annars staðar opinberlega, að það kæmi mér ekki á óvart ef atkvæðagreiðslur færu fram hér á hinu háa Alþingi á borð við þær sem áttu að eiga sér stað í fyrradag og ríkisstjórnin yrði hreinlega undir. Og af hverju segi ég það? Jú, vegna þess að við skynjum það öll og finnum hér í þessu húsi að andrúmsloftið milli stjórnarflokkanna er svo þykkt að það má skera það, það má hreinlega skera það. Í öryrkjamálinu finna það allir og skynja að hæstv. heilbrrh., *hinn vænsti maður, hefur verið barinn niður, laminn niður.* Hann vildi — það sést algerlega — og hann sagði það héðan úr þessum stóli mörgum sinnum, reyna að efna þetta samkomulag en að á þessu stigi máls gæti hann því miður ekki efnt það nema að hluta. *Hann var svoleiðis laminn niður* og ekki var nú mikil vörnin í félögum hans í ríkisstjórninni í Framsfl. Hæstv. utanrrh. og varaforsrh. var erlendis og var lítil hjálp í honum þegar kom að hinum mjúku málum, og ekki hefur maður orðið sérstaklega var við það að kona ársins hafi lagt honum þarna mikið lið. Þetta er dæmi um það — og Framsfl. guggnaði auðvitað eins og fyrri daginn. Hann var laminn niður í þessu máli.

Sama kemur upp í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Það liggur algerlega ljóst fyrir og viðurkennir það hver einasti maður í þessum sal að fjárvöntun Landspítalans er upp á 1,5 milljarða kr. hið minnsta. Menn geta hér talað á sig gat eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í þá veruna að þetta gangi ekki lengur, það verði að taka á þessum hlutum og gera þetta og gera hitt. Þetta er hann búinn að segja hér í níu ár og búinn að stjórna þessu jafnlengi. Það dugir mér ekki nokkurn skapaðan hlut. Og öllum er það algerlega ljóst til hvers vilji heilbrrh. stendur, hann vill ekki sigla inn í nýtt fjárlagaár með þessa langstærstu einstöku heilbrigðisstofnun þjóðarinnar á *þann veg að það sé bara ávísun upp á einn og hálfan milljarð*, tvo milljarða. Enn og aftur kemur Sjálfstfl. og lemur Framsókn í hausinn þannig að hæstv. heilbrrh. verður að hrökklast frá. Svona skal það vera. Við skulum átta okkur á því hver fer með stjórnina í þessu ríkisstjórnarsamstarfi.

Herra forseti. Þriðja dæmið í þessa veruna blasir hér við okkur og er enn þá óútkljáð. Hér er nýr ráðherra Framsfl. sem við höfum allir verið af vilja gerðir að gefa sína 100 daga og sinn umþóttunartíma, nýr á þingi, nýr í ráðherraembætti, tældur til þess að ráðast að okkar minnstu bræðrum, atvinnulausum í þessu landi og gera tillögur um breytingar á réttindum þeim til handa. Það var akkúrat það sem þurfti nú í þessu samfélagi allsnægtanna þegar mestar áhyggjur efnahagsspekinga eru í þá veru að of miklir peningar séu í umferð en ekki hitt að þeir séu of litlir. Nei, þá er allt í einu fundin matarhola og átti að draga úr réttindum atvinnulausra þannig að þeir fengju ekki bótagreiðslu fyrr en eftir þrjá daga.

Það veit líka hver einasti maður hér inni, herra forseti, hvað gengið hefur á í þeim efnum á ríkisstjórnarheimilinu, hver einn og einasti maður sem eitthvað hefur fylgst með. Hæstv. félmrh. hefur verið að reyna að losna úr þessari spennitreyju og fá samstarfsflokkinn og félaga sína í ríkisstjórninni til að losa um, til að gefa honum tækifæri til þess að losna úr þessari hengingaról því auðvitað vill hann ekki sitja uppi með þá skömm þegar á fyrstu mánuðum í embætti að þurfa að fá þann merkimiða á sig og sín pólitísku afskipti að hafa ráðist fyrst allra að atvinnulausu fólki. En hún var ekki mikil hjálpin hjá félögum í ríkisstjórninni, ekki framsóknarmönnum á ráðherrabekknum, ekki formanni Framsóknar og þaðan af síður íhaldinu, sem lamdi Framsókn til hlýðni eins og fyrri daginn.

Að vísu tókst Framsókn hér fyrr í haust að svara eilítið fyrir sig þó í litlu hefði verið því þá réðust þær nokkrar fram konurnar í þingflokki Framsóknar — ég man ekki hvort þær voru ein eða tvær — og náðu höggstað á Sjálfstæðisflokknum í stóra vændismálinu. Þar náðu þær sér niður á honum en fengu að vísu högg til baka frá körlunum í íhaldinu, í stóra rjúpumálinu. Þar var nú svarað fyrir sig heldur betur. Jafnt í *litlu sem stóru eru því ríkisstjórnarflokkarnir nú á sínu fyrsta* missiri, herra forseti, nánast að klóra hvor úr öðrum augun. Þess vegna hlýtur maður að spyrja og ég hef nú gert það dálítið: Er líf í þessu? Er þetta ekki bara búið og farið? Ég *held að svo sé þegar til kastanna kemur.*

Ég tala nú ekki um stóra línuívilnunarmálið. Það er enn önnur Ellan í þessari sögu allri saman. Ég veit ekki hvar á að byrja það allt saman, hvar upphafið liggur og hvar endirinn í þeim efnum er. *Allt* að einu er það nú *fráfarandi* formaður þingflokks Framsfl. — (**GAK:** Það eru tveir endar á línunni.) það eru tveir endar á línunni. Það er alveg hárrétt — sem hefur verið fremstur í flokki þessara mála og hefur boðað það að á morgun eða hinn eða strax eftir helgina verði látið til skarar skríða og hann einasti maðurinn með samvisku í lagi ætli að standa við stóru orðin fyrir kosningar og láta efna þau eftir þær. Ég heyri ekki betur og sé ekki betur en að þeir Einararnir í Sjálfstæðisflokknum, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og félagi hans hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., ætli að vera með honum í liði. Þá fer að þrengjast um þennan þingmeirihluta sem mér var tíðrætt um

áðan. (Gripið fram í.) Það fer að verða afskaplega lítið eftir af honum. Hann telur ef ég man rétt einhverja 34 karla og konur. Eitthvað er nú lítið eftir af honum og varadekkin fá, þessi margfrægu. Hér verða því fróðlegir dagar fram undan í þessum efnum.

Herra forseti. Ég nenni varla að tala um svikin hjá stjórnarflokkunum í skattamálum. Þau eru svo bersýnileg. Þau blasa svo við að ekki þarf að tala um það. Manni verður satt að segja flökurt að rifja það upp hvernig stjórnarflokkarnir fóru fram fyrir síðustu kosningar í þeim efnum. Það ólgar í mér maginn bara við að rifja það upp. Ég er í ræðustól Alþingis og tek varla áhættuna af því að fara djúpt í þá sálma. Hæstv. iðnrh. finnur afskaplega til með mér og er nú genginn á dyr og er þá ráðherrabekkurinn algerlega tómur, herra forseti. Það var ekki vonum seinna að svo væri. Við erum nú í 3. umr. fjárlaga, ekki satt? Ég hygg að svo sé.

Fyrir einhverjum dægrum síðan voru skattar hækkaðir á bensín. Landsmenn hafa nú aldeilis fundið fyrir því nú þegar. Svo tók ekki betra við. Þeir ætluðu að hækka líka skatta á þann hátt að lækka vaxtabætur fólks í þessu landi. Hugsið ykkur ruglið í þessum málflutningi. Fyrst er því lofað að hækka lán til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda upp í allt að 90%. Það er alveg svakalega flottur hljómur á því. Svo byrjar ráðherrann sitt fyrsta haust með því að ráðast að þessu sama fólki sem er búið að stefna sér í umtalsverðar skuldbindingar vegna íbúðarkaupa og íbúðarbygginga með því að slíta til baka 600 millj. í skerðingu vaxtabóta. Hvaða glóra er í þessu, herra forseti. Að vísu átta þeir sig nú á því, voru að fatta það núna rétt um þessi mánaðamót og voru að segja okkur frá því í þinginu í dag, raunar í efh.- og viðskn., að þetta mætti ekki því það færi í bága við stjórnarskrá landsins. En þeir eru svo sem vanir því stjórnarliðarnir að hafa aðeins komið við þá sömu stjórnarskrá og fengið nokkra dómana á sig. Þeir eru öllu vanir þegar að því kemur. Eftir sem áður verður fróðlegt að sjá hvort stjórnarliðar hafi ekkert lært á umliðnum slysum í þeim efnum, hvernig þeir fara að þegar kemur að grundvallarlöggjöf í landinu, sem er stjórnarskráin sjálf, og hvort þeir hafi ekki vit á því að draga þetta allt saman til baka og afla fjár í staðinn fyrir þessar 600 millj. sem spara átti á íbúðarkaupendum í landinu. Nei, það var ekki beint þannig sem þeir ætluðu að gera það.

Hæstv. fjmrh. kom hér í dag — að vísu höfum við ekki séð frv. enn þá — og sagði: „Við erum búin að finna nýja leið til þess að ná þessum peningum af íbúðarkaupendum og húsbyggjendum. Nú ætlum við bara að láta alla tapa, ekki bara láta fáa tapa miklu heldur alla tapa aðeins minna. Ekki ætla þeir að láta þetta fólk í friði. Nei, nei. Þeir ætla að ná þessum peningum, hækka þessa skatta, því auðvitað er þetta ekkert annað en skattahækkun í raun, tekjuöflun ríkissjóðs. Enn og aftur er öllu snúið á hvolf þegar líður á haustið að afloknum kosningum sem fram fóru á vori.

Herra forseti. Um heilbrigðismál gæti ég haldið langa ræðu. Það er bara einfaldlega þannig að menn kunna ekkert á verklagið í þessum efnum. Það er bara margsýnt mál. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem ég nefndi áðan til sögunnar talar gjarnan um það og hælist af því að alltaf fari meiri og meiri peningar í heilbrigðiskerfið og það sýni manngæsku stjórnarflokkanna að þeir vilji tryggja það að fólk fái grundvallarþjónustu. Á hinn bóginn talar hann um að allt of miklir peningar fari í þetta sama heilbrigðiskerfi og að við höfum algerlega sofið á verðinum þegar kemur að því að stjórna þessum málaflokki. Þetta rekst hvað á annars horn.

Ég segi einfaldlega og félagar mínir í Samf. að í fyrsta lagi hafa menn ekki gefið rétt. Ég rifja það upp nú að við 2. umr. máls fyrir viku síðan sátu hér stjórnarliðar — þá sátu þeir hérna. Ekki sitja þeir hérna núna, herra forseti, því ekki er einn einasti þeirra í salnum hérna. Þeir eru búnir og farnir alveg eins og ráðherrarnir — en þá sátu þeir hér og ýttu allir á rauðu takkana þegar hér var lögð fram tillaga um að breyta eilítið áherslum í heilbrigðiskerfinu á þann veg að styrkja undirstöðuna, að styrkja heilsugæslukerfið sem er auðvitað grundvöllur þess að kerfið standi undir sér. Nei, þá voru 200 millj. kr., sem er nú lítil upphæð, afskaplega lítil, svo sáralítið, bara punktur í hinu stóra dæmi Landspítala – háskólasjúkrahúss — nei, nei, af því það kom frá stjórnarandstöðunni þá var það aldeilis ómögulegt. Það hefði þó tryggt að hægt væri að opna þrjár nýjar heilsugæslustöðvar á næsta ári. En það var fellt. Þá sátu menn glaðbeittir, fylltu salinn og ýttu á hinn rauða takka. Enginn er hérna núna.

Á sama hátt höfum við margoft bent á að tugum saman, sumir segja hundruðum saman, liggi sjúklingar á þessu hátæknisjúkrahúsi þar sem dagurinn kostar tugi þúsunda króna, tugi og aftur tugi þúsunda króna, en ættu heima á annars konar deildum, sumir á sjúkrahótelum, svo ég rifji upp hugmynd fráfarandi landlæknis, Ólafs Ólafssonar sem barðist mjög mikið fyrir því einmitt og skrifaði margar lærðar greinar um það. Sumir ættu ... (Gripið fram í.) Já, ég get nefnt marga fleiri til sögunnar því hv. þm. Þuríður Backman hefur komið að því máli þó á síðari skipum hafi verið. Aðrir eru liggja þarna inni sökum öldrunar en eiga að vera á hjúkrunardeildum annars konar stofnana. Sama má segja um geðveila. Við erum því að nýta þarna dýrustu úrræði þegar við gætum, þ.e. ef uppbyggingin væri rétt, ráðstafað peningum til annarra hluta. Svo er það hitt sem við vitum öll og auðveldara er um að tala en í að komast, að ákveðinn stjórnunarvandi er til staðar á spítölunum. Ég held við hljótum öll að vera um það sammála. Sérfræðingi Sjálfstfl. í heilbrigðismálum, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, er mjög tíðrætt um hann. En hann gerir bara ekkert í því að leysa hann.

Svo eru það svona litlir hlutir eins og þeir að stjórnarmeirihlutinn hefur gjarnan viljað lagfæra heilbrigðismálin eða taka á þeim vanda sem þar er uppi með því að kippa kanínu upp úr hatti. Eitt þeirra ráða var að renna saman stóru spítölunum í Reykjavík, Borgarspítala og Landspítalanum. Það átti allan vanda að leysa. Auðvitað gerðist það ekki bara sisona. Auðvitað kostaði það líka verulega peninga sem hafa reynst þessu sjúkrahúsi mjög þungbærir og erfitt við að eiga og erfitt út úr að komast.

Pólitísk mistök á pólitísk mistök ofan hafa gert það að verkum að við erum í því ástandi sem nú er. Flóknara er þetta mál ekki, herra forseti. Af því ég veit að herra forseti er sá einasti í þessum þingsal í augnablikinu sem er tiltölulega hlíðhollur stjórnarmeirihlutanum og ég sé að honum líður illa (Gripið fram í.) undir þessari orðræðu þá bið ég hann að koma þessum mikilvægu skilaboðum mínum rétta leið.

[22:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafði hér á orði að naumt væri skammtað í fjárlagafrv. Ég tek undir það að naumt er skammtað. En ég tel að horfa megi til þess að þetta sé fyrsti vísir að því sem við eigum von á næstu árin því eins og komið hefur fram hjá Seðlabanka Íslands og

fleirum verður hæstv. ríkisstjórn að sýna sérstaka aðgæslu í ríkisfjármálum og draga úr opinberum framkvæmdum á *því þenslutímabili sem fram undan er, á tíma virkjana- og* stóriðjuframkvæmda. Ég tel að þótt ekki hafi allir viljað hlusta á það þá beri niðurskurðurinn sem kemur fram í frv. þess vott hvað varðar framlög til vegagerðar með tilliti til vegáætlunar, þar sem gert er ráð fyrir 1 milljarði minna til framkvæmda en vegaáætlun segir til um, að það sé bara fyrsti vísir inn í framtíðina.

Ég vil minna á það að við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum þunga áherslu á það þegar verið var að ræða þessar miklu framkvæmdir að við yrðum að horfa á hliðarverkanirnar, ruðningsáhrifin, að þetta væri ekki allt saman gull og grænir skógar, þetta væri ekki bara uppgangstímabil. Þetta tímabil kæmi niður á öðrum þáttum eins og opinberum framkvæmdum, og ég tel að við séum að sjá þess merki í þessu frv.

Herra forseti. Það er alveg auðséð að beiðnir um framlög til fjáraukalaga á næsta ári munu ekki verða minni en beiðnirnar voru á þessu ári. *Ég held að stjórnarliðar í fjárln.* geri sér það ljóst að eins og þessu fjárlagafrv. er nú ýtt úr vör muni mjög margar opinberar stofnanir, hvort sem það eru heilbrigðisstofnanir, skólar eða annað, eiga mjög erfitt með að halda bara í horfinu í þeim rekstri sem þær eru með í dag. Margar hverjar fara með halla frá yfirstandandi ári inn á næsta ár og sýna fram á það að þær geti ekki rekið sínar stofnanir nema með áframhaldandi halla þannig að vandi þessara stofnana vex. Það er því ekki neitt annað fyrir þær stofnanir að gera en að reyna að halda í horfinu og vonast til þess að fá eitthvað á fjáraukalögum á næsta ári eða, eins og ætlast er til, að þær hagræði. Mjög margar og langflestar þeirra hafa verið að gera það á undanförnum árum og þær eru komnar í botn, þær geta ekki hagrætt meira án þess að það komi niður á rekstrinum og það eru forstöðumenn þessara stofnana búnir að segja. Það er ekkert hægt að hagræða lengur, það er ekkert hægt að gera annað en að draga úr *þjónustunni, þeir eru búnir að gera allt til þess að spara og* þeir verða þá að standa frammi fyrir því. Það sem verra er, forstöðumenn fá ramma og er sagt að nú hafi þeir þennan ramma til að spila úr og það sé þeirra að koma með tillögur og þeir eigi að hafa það vald að hagræða innan stofnananna eða beita niðurskurði. Valdið og ábyrgðin sé þeirra.

Það er ofboðslega erfitt og er í raun og veru óásættanlegt að þessi ábyrgð sé sett yfir á t.d. framkvæmdastjóra sjúkrahúsanna, að standa frammi fyrir því að það sé á þeirra ábyrgð hvar á að skera niður. Í heilbrigðisþjónustu gerum við kröfur um að fá ákveðna þjónustu, og ef valið stendur um að loka annaðhvort fæðingardeild eða hjúkrunardeild, hver vill þá standa frammi fyrir þeirri ákvörðun? Það vill enginn. Enda þegar slík mál hafa svo komið inn á borð hv. Alþingis, þ.e. það hefur frést að loka ætti glasafrjóvgunardeildinni eða loka deildum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, þá hafa komið hávær mótmæli innan úr þessum sal gegn því að það sé gert og þess krafist að *Landspítali – háskólasjúkrahús haldi* áfram að sinna sínu hlutverki.

Þetta gengur ekki upp. Og það er það sem við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum gagnrýnt, að hafa ekki rekstrargrunn síðasta árs til hliðsjónar og að fara inn í fjárlagagerðina með tilliti til þess en ekki með fyrirsjáanlegum halla.

Annað alvarlegt í þessu er andsrúmsloftið sem skapast á viðkomandi stofnunum, þetta eilífa hugarangur um að láta enda ná saman. Þetta spillir svo vinnugleði og starfsanda, fyrir utan þá ómældu krafta sem fara í það hjá stjórnendum að hafa þessa svipu alltaf yfir höfði sér og vita að þeir komast ekki klakklaust út úr þessu, enda er það ekki hægt.

Stofnunum er auk þess gert að ná inn tekjum, heilbrigðisstofnunum, með því að hækka komugjöld og þjónustugjöld og það er greinilega sú leið sem á að fara. Mér sýnist að þetta sé rétt byrjunin því að það verði þá farið að taka þjónustugjöld af enn fleiri þáttum en gert er í dag og þykir þó nóg um. Það má segja að þar sem farið er að borga í raun og veru fyrir hvert viðvik inni á heilbrigðisstofnunum þá séu það orðnar drjúgar tekjur sem koma af slíkum gjöldum en á móti álag á sjúklinga eftir því sem komugjöld og þjónustugjöld hækka.

Eins og ég nefndi í upphafi máls míns tel ég að þetta frv. beri þess vott að verið sé að taka tillit til tilmæla um aðhald í ríkisrekstri, og það er líka vísað til þess að taka verði tillit til atvinnugreinanna í landinu, það velti mikið á því að í komandi kjarasamningum verði tekið tillit til stöðugleika, að það sé mikilvægt að næstu kjarasamningar fari þannig fram að kaupaukinn verði ekki *mjög mikill* því að þá fari allt hér á hvolf og þensluáhrifin verði mikil. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að með tilliti til samninga við opinbera starfsmenn þá finnst mér innlegg hæstv. ríkisstjórnar til breytinga á lögum um opinbera starfsmenn ekki vera heppilegt í komandi kjarasamninga þar sem draga á úr réttindum opinberra starfsmanna hvað varðar uppsagnir og rétt þeirra til andmæla. Ég tel að ef halda eigi vinnumarkaðnum í jafnvægi og rólegheitum eigi ekki að byrja á því að koma með frumvörp sem hleypi öllu upp og í hörku fyrir fram.

Það kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, hv. 9. þm. Norðvest., að það séu erfiðir tímar fram undan að halda kjarasamningum og kjarakröfum í skefjum, sérstaklega með tilliti til útflutningsgreinanna og atvinnuveganna í landinu. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að sjávarútvegurinn hefur átt í miklum erfiðleikum upp á síðkastið hvað varðar sölu, útflutning á sjávarafurðum, og sömuleiðis ferðaþjónustan og *þess vegna eru þessar greinar veikari fyrir en þær hafa verið* undanfarin ár. Þetta eru líka ruðningsáhrif eða hliðaráhrif, m.a. af þessum stórframkvæmdum þar sem gengi krónunnar er svona sterkt, svo þetta spilar töluvert inn í fjárlagafrv. á mörgum stöðum.

Mig langar til þess að nefna einmitt í sambandi við þær miklu framkvæmdir á Austurlandi sem nú eru farnar í gang, að það vantaði alfarið allan undirbúning af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að þessari framkvæmd. Ég dreg ekki í efa að öll hönnun sé í lagi og hafi farið fram eins og þurfti, en það lá svo á að koma þessum stórframkvæmdum á meðan hæstv. ríkisstjórn hefði þau völd sem hún hafði — og staðreynd að virkjunarframkvæmdirnar eru farnar í gang í þeim mæli sem þær eru — að það vantaði allan undirbúning fyrir samfélagið sem átti að taka við þessu þó ekki væri annað en það að fjölga stöðugildum lögreglunnar, að undirbúa heilbrigðisstofnanir að undirbúa heilbrigðiseftirlitið og fjölga þar störfum og *setja í það fjármagn til þess að vera virkt þegar framkvæmd*irnar færu í gang. Allt kostar þetta fjármagn en ég tel að því fjármagni hefði verið vel varið til þess að forða því að það viðkvæma samfélag sem er fyrir austan, þarna er jú og hefur verið fámenni, verði fyrir enn meiri röskun en nauðsyn er af þessum miklu framkvæmdum. Ég tel að sveitarfélögin á Miðausturlandi eigi að fá umtalsverðan stuðning til þess að geta tekið á móti þessum miklu verkefnum. Þau eru öll í sama fjársvelti og önnur sveitarfélög á landinu, alla vega

eins og er þar sem skatttekjur þeirra hafa ekki aukist, og það að taka á móti slíkum mannfjölda eins og á Héraði núna er sveitarfélögunum ofviða.

Við verðum líka að horfa til þess að ef hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að láta af stóriðjudraumum sínum og halda áfram í þessa átt þá verður hún að vera þess vel meðvituð, og það á við um Austurland núna, að til þess að draga úr neikvæðum áhrifum svo stórra vinnustaða eins og álverin eru, og þá sérstaklega á svo fámenn svæði eins og Austurland er, þá verður samhliða þessum miklu stóriðjuframkvæmdum, sem er hugarfóstur ríkisstjórnarinnar, að byggja upp og styðja innra net svæðisins, þ.e. að stórefla menntun og menntunarmöguleika, og þá sérstaklega til háskólanáms og verknáms, þ.e. allt nám á svæðinu. Það þarf líka að stórefla atvinnuþróunarfélögin til þess að styrkja aðrar atvinnugreinar og eins framhaldsskólana svo ekki sé talað um heilbrigðisþjónustuna. Þetta eru allt þættir sem verður að setja aukafjármagn í samhliða þessum miklu framkvæmdum. Það er stórslys að segja: Það þarf ekkert meira að koma inn á Austurland þar sem svona miklar framkvæmdir eru í gangi. Það er einmitt þarna sem fjármagn þarf að koma til þess að byggja annan strúktúr, annað netverk við hliðina á þessari stóriðju svo þetta verði ekki eins og þar sem verstu dæmin eru, þar sem átt hefur að bjarga byggð og búsetu með því að setja niður risavinnustaði og þá oft stóriðju af þessu tagi. Og þar sem ekki hefur verið hugsað um að efla annan atvinnuveg samhliða hefur þetta orðið eymd og volæði og farið á hinn versta veg. Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin sjái fyrir sér þá ímynd, heldur horfi þá miklu frekar til þeirra staða sem bent hefur verið á og reynt að efla bæði menntun að aðrar atvinnugreinar samhliða svo ekki fari enn verr en getur stefnt í.

Mig langar til þess að nefna Fræðslunet Austurlands í þessu sambandi, því við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sérstaklega hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, höfum dregið fram nauðsyn þess að styrkja háskólana, við höfum ekki lagt sérstaklega fram tillögu um fræðslunetin, en við munum styðja tillögu sem hefur komið fram um styrkingu þeirra. Ég vil sérstaklega nefna Fræðslunet Austurlands sem gegnir mikilvægu hlutverki og er í sama vanda og önnur fræðslunet á landinu, þar sem háskólanámið er þegar byrjað, en það hefur ekkert verið tekið tillit til þess og það eru engir samningar hvað varðar háskólanámið innan fræðslunetanna. Ég sé ekki fram á annað en að annaðhvort leggist háskólanámið í gegnum netið niður eða að sveitarfélögin verði látin koma enn þá frekar að þessu. Eða þá að námskeiðsgjöld í annað nám en háskólanámið verði hækkuð enn frekar því það nám er látið fjármagna háskólanámið að hluta og það er ekki rétt. Það verður því í fyrsta lagi að gera samning um þetta háskólanám og hvernig það á að þróast og að það fari sérstakt fjármagn í það og sé aðskilið og að það fjármagn komi á þessu ári, því annars leggst þetta af, herra forseti.

Herra forseti. Það eru ótal mörg verkefni sem hefði verið vert að styrkja, sem annaðhvort fá ekki styrk eða fá hluta af þeim styrk sem þau óskuðu eftir. Þetta eru hvort heldur opinber, hálfopinber verkefni eða verkefni á vegum félagasamtaka og jafnvel á vegum einkaaðila. En það sem við þurfum að horfa til þegar verið er að veita framlög til ýmissa verkefna er það að langflest þeirra skapa ekki bara atvinnu og verðmæti í sjálfu sér, heldur mikinn virðisauka á því svæði sem þau eru unnin, eða þar sem framkvæmdin stendur eftir. Ég tel því að styrkir, þó þeir séu ekki mjög háir margir hverjir, geti samt sem áður gert gagn. Ég tel að það þurfi að horfa til þess að ef byrjað er á verki og byrjað að styrkja einhverja framkvæmd, þá eigi í fyrsta lagi að meta það vel í upphafi hvernig umsóknin er og hvort vel sé að verki staðið, og ef svo er og veitt er fé til verksins á að sjá til þess að það sé klárað.

Ég vil taka Skriðuklaustur sem dæmi. Á þessu ári fékkst fjármagn til þess að fara í viðgerð utan húss á þessu merka húsi sem Skriðuklaustur er, en síðan er engin króna, engin fjárveiting í fjárlagafrv. Maður skilur ekki eftir hús hálfmálað, það er bara þannig. En til þess að ljúka verkinu vantar 7,5 millj. kr. í verkið. Ég vil nefna þetta hér vegna þess að það er ekkert fjármagn á næsta ári í þetta verk til að ljúka því. Ég tel að það sé mikilvægt að segi maður A þá segi maður B og passi upp á að klára verkin.

Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln., hefur í sínu frhnál. gert grein fyrir helstu áherslum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Eins hefur hér verið gerð grein fyrir brtt. við 3. umr. og afgreiðslu svo ég fer ekki yfir það. En við 2. umr. fjárlaga voru felldar þó nokkrar tillögur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram, m.a. tillögu um að stórefla atvinnuráðgjafana hjá þeim átta þróunarstofum sem eru úti um land. Ég tel að það sé tímaskekkja að huga ekki að uppbyggingu þessara stöðva til þess að efla fjölbreytni í atvinnu á viðkomandi svæðum. Það voru líka felldar tillögur til að styrkja flutningskostnað, tannvernd barna, til að auka sálfræðiþjónustu, til þess að styrkja og auka velgengni þjóðgarðanna, til þess að styrkja GSM-símakerfið og fleira. Ég ætla ekki að telja þær allar upp, en í þessum tillögum koma m.a. fram áherslur okkar. Við viljum efla samfélagsþjónustuna og teljum að það sé veikleiki þessa frv. hve víða er dregið úr þeirri þjónustu.

Herra forseti. Það er búið að dreifa hér frv. sem lýtur að kjörum öryrkja. Þetta er frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum. Þetta frv. munum við taka fyrir og ræða að öllum líkindum næstkomandi laugardag. Hér er búið að gera mjög vel grein fyrir aðdraganda frv. Það sem mér finnst sárast í þessu máli er að öryrkjar höfðu miklar væntingar vegna samnings sem þeir töldu að mundi standa og gerður var í mars sl. við hæstv. heilbrrh. Ég tel að öryrkjar, Öryrkjabandalagið og hæstv. heilbrrh. hafi trúað því fram á þennan dag að umsamin upphæð, eða sú upphæð sem í raun og veru var niðurstaðan af þeirra samkomulagi og hvorugur mótmælti, þ.e. 1,5 milljarðar kr., kæmi hér inn í frumvarpið. En það er ekki. Og það er sárt, sérstaklega fyrir öryrkja.

Síðan finnst mér, það liggur við að ég segi bara eins og unglingarnir „bara fúlt" að hugsa til þess að skömmu fyrir kosningar var þessum samningi haldið hátt á lofti og öryrkjar voru svo jákvæðir og bjartsýnir og gáfu Framsfl. svo góðan stimpil sem þeir máttu alveg gera eftir þessa gjörð. Ég hef þá trú að þetta hafi hjálpað Framsfl., ekki töluvert, heldur mikið í kosningunum. Þess vegna er kannski enn þá sárara að vita til þess að nú situr ríkisstjórn sem hugsanlega sæti ekki í dag ef það hefði verið ljóst hvernig afgreiðslan yrði.

Herra forseti. Við ræðum þetta mál frekar í heild sinni þegar það verður lagt fram sem þingmál.

Mig langar aðeins að segja nokkur orð um heilbrigðismálin. Það er búið að hækka framlög til heilbrigðismála um 1 milljarð. Það er hægt að hampa því og segja að það sé mikil hækkun. En þá verður að klára málið og greina frá því hvernig rekstrarafkoma heilbrigðisstofnananna var eftir núliðið ár og hvernig heilbrigðisstofnanirnar fara fyrirsjáanlega inn í

næsta ár, með framlög sem þær vita og hv. fjárln. veit að dugar ekki fyrir rekstrinum. Þó að þetta sé 1 milljarður þá hefði það þurft að vera meira. Og þá er ekki verið að tala um að bruðla eða þenja út kerfið.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er búið að sýna fram á það að með óbreyttum rekstri vanti 1,4–1,5 milljarða á árinu 2004. Samt erum við að gera kröfur um að auka starfsemina. Það sem getur gerst og hlýtur að gerast og ég trúi því að næstu daga verði neyðarfundir á því sjúkrahúsi til þess að leggja fram tillögur um það hvaða þjónustu eigi að skera niður. Inni á því sjúkrahúsi liggja yfir 130 manns, aðallega fullorðið fólk, sem gæti verið inni á hjúkrunarheimilum ef þau pláss væru laus, ef hægt væri að útskrifa. Verða þessir sjúklingar útskrifaðir og vísað út? Hver á þá að taka við þeim? Það er hægt að segja að þessir sjúklingar eigi ekki heima á LSH, þeir eiga heima annars staðar. Ber okkur þá skylda til þess að hafa þá á háskólasjúkrahúsinu? Verður hætt við nýrnaígræðslu sem var verið að byrja á? Það er dýr þjónusta. Þá má líka spyrja: Verður farin sú leið að skilgreina þá þjónustu sem hugsanlega væri hægt að gera á stofum úti í bæ og þeim hreinlega vísað út í bæ svo fábreytnin verði enn þá meiri í aðgerðum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Erum við, með þessu mikla aðhaldi í framlagi til stofnunarinnar, að hvetja til einkavæðingar og einkareksturs í heilbrigðisþjónustunni? Erum við að vísa rekstrarþáttum og kostnaði frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi yfir á Tryggingastofnun ríkisins og á sjúklingana? Ég held það.

Hugsanlega er því verið að fara bakdyramegin í að koma þjónustu yfir í einkarekstur og segja: Ja, við urðum bara að gera þetta því við gátum ekki haft þetta innan okkar veggja, við urðum að skera niður. Þá er það heildarmyndin: Hvort er ódýrara að gera ákveðnar aðgerðir inni á sjúkrahúsinu eða úti í bæ? Þegar upp er staðið er dýrara að gera þær úti í bæ.

Það verður að horfa á sérfræðikostnað Tryggingastofnunar ríkisins í þessu samhengi, það þýðir ekki bara að horfa á Landspítala – háskólasjúkrahús. Það þýðir svo ekki að kvarta yfir því að sérfræðiþjónustan blási út og enginn ráði við það. Það er hægt að ráða við það. Þá verður líka að sjá til þess að þessi þjónusta geti verið inni á stofnunum sjúkrahúsanna. Eða loka deildum? Hvað segjum við þá hér? Þá heyrðist eitthvað á hinu háa Alþingi, ef það er starfandi, og úti í þjóðfélaginu, við skulum ekki gleyma því.

Sama má segja um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ég veit að margir horfa til þess að byggja þar upp öflugra sjúkrahús en er í dag. Það hefur alla burði til þess. Það er orðið auðvelt að ráða þangað sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Þar er gott starfsfólk. Þjónustusvæðið er stórt. Það væri of langt mál að fara út í það hér, en það er á svo margan hátt þjóðhagslega hagkvæmt að byggja upp það sjúkrahús sem valkost við Landspítala – háskólasjúkrahús, ég tala nú ekki um einn þátt, að létta á þrýstingnum og yfirálaginu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, að gera þær aðgerðir og meðferðir úti um land sem hægt er að gera og draga úr þrýstingnum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Varðandi heilbrigðisstofnanir vítt og beitt um landið, stofnanir þar sem sameinaðar hafa verið heilsugæsla og sjúkrahús, er það sama að segja, reksturinn er þar alls staðar í járnum. Segja má að staðan í dag sé þvert á fyrirheit um að byggja upp heilsugæslu og frumþjónustu til að draga úr sjúkrahúskostnaði. Það að halda þessum stofnunum í spennitreyju eykur eingöngu kostnað á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar eða hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna. Við megum ekki gleyma því að í mörgum tilfellum er vandanum beint yfir á félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Í þessu sambandi vil ég nefna Heilbrigðisstofnun Austurlands, sem er frumkvöðull á þessu sviði. Hún var rekin með rúmlega 90 millj. kr. halla á yfirstandandi ári og miðað við frv. eins og það lítur út í dag fer stofnunin inn í næsta ár með rúmlega 90 millj. kr. fjárskort miðað við óbreyttan rekstur. Þessi stofnun hefur staðið sig mjög vel. Í fréttum í síðustu viku var vísað til heilsugæslustöðvarinnar á Egilsstöðum og þess að þar er mjög sterkt og öflugt forvarnastarf og lyfjanotkun, sérstaklega sýklalyfjanotkun, minni en á sambærilegum stofnunum. Lyfjakostnaður þar er af þeim sökum minni og þjónustan mjög í anda heilsuverndar. Það kemur m.a. fram í því að á þessu svæði eru reykingar minni og eyrnabólgur í börnum einnig minni. Þar er heilbrigðisstofnun sem við getum horft til sem fyrirmyndar.

Sömuleiðis má líta til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, sjúkrahúss heilbrigðisstofnunarinnar, sem tekið gæti við miklu fleiri verkefnum. Þar er verið að byggja upp fyrir endurhæfingu. Það yrði mikill sparnaður að geta verið með meiri endurhæfingu þar fremur en inni á dýrari sjúkrahúsunum. Það að setja þessa stofnun í þá spennitreyju að þurfa að draga úr starfseminni, geta ekki einu sinni haldið í horfinu, finnst mér hrein smán og þvert á það sem ætti að gera. Þar fyrir utan þarf þessi stofnun mun meira fé til að standa undir þeirri íbúaþróun sem þarna er að verða. Við verðum að segja íbúaþróun því að þó að á svæðið flytjist fólk til að búa þar tímabundið þá er þó verið að undirbúa um 700 manna þorp uppi á fjöllum. Sá fjöldi kallar á aukna þjónustu á öllum sviðum, ekki síst á heilbrigðissviðinu.

Við vitum hver staða dvalarheimila er. Þar hefur verið kallað eftir fleiri hjúkrunarplássum og staða þeirra er mjög erfið. Þó að fjölga eigi hjúkrunarplássum um rúmlega 130 á þessu ári er í dag þörf fyrir 500 pláss. Það þarf að setja í gang hraða uppbyggingu á hjúkrunarheimilum.

Ef við horfum til framtíðar og þess sem hægt er að gera þá er auðvitað ekki allt ómögulegt sem í gangi er ef það fær að þróast á eðlilegan hátt. Ég er að tala um heilsugæsluna og ef við ætlum að horfa til framtíðar, spara og fara vel með þá eigum við að styrkja heilsugæsluna. Við eigum að auka heimahjúkrun og heimaþjónustu og ef við ætlum að auka heimaþjónustu þá verðum við að styrkja stöðu sveitarfélaganna svo hægt sé að koma heimaþjónustunni við. Við þurfum að fjölga hjúkrunarheimilum og koma á sjúkrahóteli við þessi tvö stóru sjúkrahús. Við þurfum að finna sjúkrahúsum á landsbyggðinni verðug sérverkefni til að létta af því mikla álagi sem er á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Ég held að ég fari ekki í neinn sparðatíning. Ég ætla ekki að nefna til fleiri verkefni. Ég vil hins vegar leggja áherslu á stöðu sveitarfélaganna. Það er stöðugt verið að færa til þeirra fleiri verkefni. Ég þekki bara ekki það sveitarfélag sem getur sagt: Við erum í góðum málum og höfum fé í þær framkvæmdir sem við þurfum nauðsynlega að fara í. Það er ekki svo og mörg þeirra steypa sér í skuldir og selja auðlindir sínar til að geta staðið undir þeim framkvæmdum sem krafa er gerð um í nútímaþjóðfélagi, t.d. byggingu leikskóla. Síðan eru gerðar kröfur, eins og ég nefndi áðan, um frekari heimaþjónustu og félagsþjónustu og allt kostar þetta aukið fjármagn.

Jöfnunarsjóðurinn hefur verið sá björgunarhringur sem sveitarfélögin hafa haft, sérstaklega þau minni. Hann hafði 700 millj. kr. framlag til þriggja ára sem átti samkvæmt

fyrri áætlun að falla niður núna. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði bentum á að staða sveitarfélaganna væri það erfið að halda yrði þessum 700 millj. kr. inni. Nú hefur aðeins verið bætt úr og veittar 400 millj. kr. en ég tel að það hefði ekki veitt af þessum 700 millj. kr. sem fyrir voru til að taka verstu skellina af minnstu sveitarfélögunum. Ég tel að það þurfi að fara vel yfir nýjar úthlutunarreglur jöfnunarsjóðsins. Með þeim og fjárskortinum er verið að svelta minni sveitarfélög, svelta þau til sameiningar. En við eigum að nota aðrar aðferðir, herra forseti, til þess en að nota jöfnunarsjóðinn og fjárlögin.

[23:23]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Mig langar að segja nokkur orð um fjárlagafrv. sem við ræðum hér við 3. umr. þar sem dregur að lokum umræðunnar um það.

Ég hef tekið þátt í umræðum um frv. og mörg fylgifrumvörp þess. Ég sit í sjútvn. og nefndin átti erfitt með að fá ýmis gögn, t.d. frá Hafrannsóknastofnun. Reyndin var sú að sjútvrn. skar niður tillögur frá Hafró um 340 millj. kr. Það gerir m.a. það að verkum að stofnunin kemst ekki í nauðsynlegar rannsóknir eins og loðnurannsóknir í norðurhöfum, sem eru mjög mikilvægar og kannski mikilvægari nú en áður vegna ástandsins í hafinu, þ.e. hlýnandi sjávar. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Einnig kom það mönnum í sjútvn. á óvart þegar birt var í Morgunblaðinu fyrir rúmri viku að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ætlaði að breyta starfsemi sinni, jafnvel segja upp fólki og annað slíkt. En vegna þess að það mál er í umræðu í sjútvn. ætla ég ekki að eyða tíma í það. Hins vegar er ljóst að við það verður ekki unað að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins dragi úr starfsemi sinni á landsbyggðinni, segi fólki jafnvel upp. Það að breyta starfseminni og taka upp meira rannsóknarstarf er auðvitað hið besta mál en fjárskortur háir hins vegar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og mig grunar að óstjórn undanfarinna ára hafi þar eitthvað haft að segja.

Ég hafði hugsað mér, virðulegi forseti, að fara í gegnum nokkur atriði sem ég hef ekki rætt um áður. Ég mun þó nefna önnur mál í lokin sem snúast um skuldaskil hæstv. ríkisstjórnar við fólkið í landinu í framhaldi af alþingiskosningum, loforðaflaumi og tilboðum um hitt og þetta í aðdraganda kosninga. Stjórnarflokkarnir stóðu illa og höfðu slæma samvisku og gengu fyrir þjóðina og eyddu peningum til vinstri og hægri og gáfu loforð í allar áttir. Megnið af þeim er verið að svíkja í þessu frv. Aumt er það hlutverk hæstv. ríkisstjórnar og þeirra sem styðja núverandi ríkisstjórn að samþykkja þetta. Ég kem kannski að því síðar.

Ég hafði hugsað mér að fjalla um heilbrigðismálin við þessa umræðu. Það hefur komið fram hjá fjölmörgum sem ég hef hlustað á í umræðunni að Landspítala – háskólasjúkrahús vanti allt að 1,5 milljarða kr. Ég sé að stjórnarmeirihlutinn ætlar ekki að leggja þá peninga til, m.a. vegna þess að það mundi rugla jólapappírsumbúðirnar utan um fjárlagafrv. eins og ég sagði fyrr í dag.

Það er mjög alvarlegt mál, virðulegi forseti, ef þessi fjárvöntun leiðir til þess að á næstu missirum þurfum við að grípa til uppsagna eða jafnvel lokana á deildum. Það yrði auðvitað mjög alvarlegt mál. Þrátt fyrir alla umræðuna um Landspítala – háskólasjúkrahús eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út, þar sem lagt var mat á árangur af sameiningu sjúkrahúsanna, ætla ég að verja örlitlum tíma í að tala um og vitna í mjög góða grein sem Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga Landspítala – háskólasjúkrahúsi, ritar í Morgunblaðið í dag. Þar ræðir hún um fjóra þætti. Hún setur fram nokkur atriði sem ég tel að eigi erindi í þinggögn og umræðu hér við fjárlagagerð.

Með leyfi forseta, ætla ég að lesa nokkra valda kafla úr þessari grein. Þar er fyrst talað um að afköst Landspítala – háskólasjúkrahúss séu óbreytt en færri starfsmenn:

„Ríkisendurskoðun kemst að því að afköst spítalans hafi ekki aukist frá 1999 til 2002 en starfsmönnum hafi fækkað um 250. Þannig hefur framleiðni á hvern starfsmann aukist. Hafa verður í huga þegar afköst þessara ára eru borin saman að sameiningin var enn í fullum gangi á árinu 2002. Þann tíma sem sérgreinar eru að flytjast á milli húsa og sameinast þá dregur úr afköstum á meðan. Starfsfólk er þá að vinna að flutningi og skipulagi á sameiaðri sérgrein. Sameiningin er enn í gangi en þó eru afköst að aukast og munu aukast enn meira á næsta ári. Sem dæmi þá hefur skurðaðgerðum fjölgað um tæp 3% á þessu ári. Bent er á í skýrslu Ríkisendurskoðunar að biðlistar hafi ekki almennt styst á þessu tímabili sem skoðað var. Rétt er að benda á að samkvæmt nýjustu stjórnunarupplýsingum spítalans hafa biðlistar styst á þessu ári í nær öllum sérgreinum. Því er árangur að nást í þeim málum."

Síðan ræðir þessi ágæti starfsmaður Landspítala – háskólasjúkrahúss um að gæði þjónustu og faglegur ávinningur sameiningar sé greinilegur:

„Í samanburði Ríkisendurskoðunar á gæðum þjónustu á LSH og á breskum háskólasjúkrahúsum þá kemur í ljós að sjúklingum á LSH hefur reitt betur af sem er talið til marks um góða þjónustu á LSH."

Auðvitað á ekki að þurfa að skrifa um það blaðagrein. Það vita auðvitað allir sem fylgst hafa með rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss, hvort sem er af eigin raun eða í gegnum fjölmiðla, að gæði þjónustu eru mikil enda hefur það komið fram í rannsóknum hjá Gallup.

Það sem mér þótti merkilegast í þessari grein er að á föstu verðlagi hefur rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss staðið í stað frá sameiningu.

Það segir m.a. í umræddri grein, með leyfi forseta:

„Þessi fullyrðing virðist vera þvert á það sem fram hefur komið í fréttum um hækkun rekstrarkostnaðar frá 1999 til 2002. En svo er alls ekki. Eins og fram hefur komið hefur rekstrarkostnaður hækkað um 33% frá sameiningu þegar tölurnar eru ekki leiðréttar með tilliti til verðlags og ef ekki er tekið tillit til þess að greiðsla fyrir S-merkt lyf (lyf sem gefin eru eingöngu á sjúkrahúsum eða í tengslum við sjúkrahús) var flutt frá Tryggingastofnun ríkisins til spítalans 2001. S-merkt lyf kostuðu Landspítala – háskólasjúkrahús 1.370 millj. kr. á síðasta ári en þessi kostnaður var ekki á spítalanum á árinu 1999. Þegar launakostnaður er verðleiðréttur með launavísitölu opinberra starfsmanna frá 1999 til 2002 (30%) og rekstrarkostnaður verðleiðréttur með neysluverðsvísitölu (16%) og kostnaður við S-merkt lyf er tekinn út þá hefur kostnaður við rekstur spítalans ekki hækkað á þessum þremur árum. Sem er mjög góður árangur miðað við að Íslendingum fjölgar um 1,8% á ári og öldruðum fjölgar um 2,4% á ári. Að auki gera tækniframfarir okkur mögulegt að veita sífellt meiri og betri þjónustu sem skilar sér m.a. í hækkandi meðalaldri þjóðarinnar. Allt kostar þetta fjármuni. Að auki staðfestir Ríkisendurskoðun að engir fjármunir voru veittir til spítalans vegna sameiningarinnar.

Hins vegar má gagnrýna þá miklu hækkun sem orðið hefur á launum opinberra starfsmanna í landinu á síðustu árum og hafa laun á spítalanum hækkað í samræmi við það. Samið hefur verið um þessar hækkanir í miðlægum kjarasamningum og í stofnanasamningum en ekki eru allir með stofnanasamninga, svo sem læknar og hafa því fengið allar sínar hækkanir með miðlægum samningum. Starfsmenn Landspítala – háskólasjúkrahúss eru opinberir starfsmenn og þarf að nota rétt viðmið við verðleiðréttingar launakostnaðar á spítalanum frá ári til árs í stað þess að nota almenna launavísitölu."

Þessi atriði, virðulegi forseti, er rétt að benda sérstaklega á. Anna Lilja Gunnarsdóttir hefur í grein sinni bent á nokkur atriði í skýrslu Ríkisendurskoðunar „sem eru mjög jákvæð fyrir spítalann og er rétt að draga þau betur fram í dagsljósið en fréttaflutningur síðustu daga hefur gert." Hér lýk ég tilvitnun í þessa ágætu grein.

Ég hef sem betur fer sem þingmaður átt þess nokkrum sinnum kost að sitja fundi með yfirstjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss, m.a. umræddum starfsmanni Önnu Lilju Gunnarsdóttur og framkvæmdastjórn spítalans og leyfi mér ekki eitt einasta augnablik að draga í efa það sem hér er sett fram. Ég held, virðulegur forseti, að það sé mjög mikilvægt að þetta komi í þá umræðu sem hér hefur verið, en ég ætla ekki að lengja hana með því að fjalla um og leggja mat á hvað sagt hefur verið. Mér finnst að margir hefðu mátt segja minna um Landspítala – háskólasjúkrahús en hér hefur komið fram. Það er alveg ljóst að þar er verið að skila geysilega miklu starfi. Hitt stendur þó alltaf eftir hvað viðkomandi stjórnvöld vilja eyða miklu í sjúkrastofnanir.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan — ég held að árangur af sameiningu spítalanna eigi eftir að koma miklu betur í ljós á komandi árum en til þess þarf auðvitað að ganga í ákveðnar aðgerðir. Það gengur t.d. ekki, svo tekið sé eitt dæmi, að lungnadeild sé rekin á einum spítalanum en á öðrum spítalanum sé rekin hjartadeild. Þegar kraftaverkið átti sér stað og dreng var bjargað frá drukknun ekki alls fyrir löngu kom það í fréttum að fyrst var farið með viðkomandi sjúkling á Borgarspítalann gamla, en þar var tekin ákvörðun um að flytja hann í betri tæki sem voru við Hringbraut. Ég vil aðeins minnast rétt á þetta og læt umræðu minni lokið um heilbrigðismál, en hefði viljað gera það miklu betur en mun gera það á seinni stigum.

Þá ætla ég að eyða fáum mínútum í skattahækkanir núv. hæstv. ríkisstjórnar sem boðaðar eru í þessu frv. á einn eða annan hátt, annaðhvort með því að taka greiðslur til baka eins og vaxtabætur og minnka þær eða hreinlega að hækka skatta. Ég hef gagnrýnt hæstv. ríkisstjórn sérstaklega fyrir þetta. Mér finnst það mjög ómerkilegt að ganga fram og lofa öllu hirst og her og ýmsu í atkvæðakaupum rétt fyrir kosningar og ganga svo fram núna í þveröfuga átt og misbjóða þar með fólki með því að gera annað en það sem lofað var. Skal ég hér nefna nokkur atriði.

Það hefur áður komið fram í þessari umræðu, virðulegur forseti, m.a. frá fulltrúa okkar samfylkingarmanna í fjárln. að skattahækkanir og ýmsar álögur aukast um 4 milljarða kr. í þessu fjárlagafrv. Skulu hér nefnd nokkur dæmi, eins og lækkun á vaxtabótum sem við sjáum ekki alveg hvernig á að útfæra. Eins og kom fram í morgun og í dag hefur ríkisstjórnin verið rekin á flótta frá því máli og í raun og veru verið rassskellt opinberlega fyrir að ætla að fara þá leið sem boðuð var, en áfram á að halda samt sem áður til að ná í þessar 600 millj. á einn eða annan hátt. Ég hika ekki við að halda því fram að allar þær breytingar sem er verið að gera á vaxtabótum sem munu virka á þessu ári sem senn er á enda eru auðvitað stjórnarskrárbrot þar sem verið er að skerða vaxtabætur afturvirkt.

Ég tel hins vegar og er sammála því að hæstv. ríkisstjórn getur breytt þessu kerfi, eins og á að gera, og það tæki gildi 1. janúar 2005. Það er allt annar handleggur. En að ætla að gera þetta afturvirkt kallar á að ríkisstjórnin verði rekin, það verður höfðað mál gegn ríkisstjórninni sem ábyggilega mun enda í Hæstarétti og þá spái ég því að ríkisstjórnin verði þar löðrunguð enn einu sinni fyrir að ætla að ganga gegn stjórnarskránni og brjóta hana.

Hitt atriðið hef ég töluvert rætt um hér, þ.e. þau 0,2% sem á að taka af tryggingagjaldinu sem framlag í séreignarlífeyrissjóð, þetta eru 600 millj. kr. sem þarna á að sækja. Fræg er skattahækkunarstefna ríkisstjórnarinnar í bensínskatti og þungaskatti, 600 millj. kr. í bensínskatti, 400 millj. kr. í þungaskatti, ofan á þetta leggst virðisaukaskattur svo að þetta eru um 1.200 millj. kr. og skattheimta núv. ríkisstjórnar er komin í 32 milljarða kr. af umferð. Hæstv. forsrh. hefur slegið algjört heimsmet í sinni tíð við að auka álögur á umferð og þá sem eiga bíla í landinu. Það hefur verið gert um 100% eins og hér var rætt um.

Ég vil ræða um málaflokk sem snýr að hæstv. félmrh. og þá fáránlegu hugmynd, vil ég segja, að leyfa sér að ætla að spara 70 millj. til að koma saman fjárlagafrv. síns ráðuneytis, að spara 70 millj. með því að fara þá heimskulegu leið að ætla að ráðast á atvinnulaust fólk þannig að það fái ekki bætur fyrstu þrjá dagana. Þetta er alveg með ólíkindum. En ég held, virðulegi forseti, að það sé verið að reka hæstv. félmrh. til baka með þetta mál, eins og með ríkisstjórnina og vaxtabæturnar sem ég gerði að umtalsefni áðan. Ég spái því, virðulegi forseti, að þrátt fyrir að félmrh. hafi sagt að það væri rangt sem fréttastofa útvarpsins talaði um í hádeginu að þetta ætti að draga til baka, vil ég nú samt sem áður leyfa mér, hæstv. forseti, hér rétt fyrir miðnætti, að spá því að það muni takast að reka hæstv. félmrh. til baka með þessa heimskulegu hugmynd og þessa 70 millj. kr. árás á atvinnulaust fólk. En sá böggull fylgir skammrifi að hæstv. félmrh. verður látinn skera eitthvað annað niður um 70 millj. kr. í staðinn, eða búa til eitthvert annað fiff til þess að láta sitt fjárlagafrv. koma út á núlli gagnvart sínu ráðuneyti. Ég spái því, virðulegur forseti, að það muni gerast á næstu dögum.

Ég ætla rétt í lokin að fjalla um og nefna hér nokkur atriði. Svo virðist sem að hjá þessari þreyttu ríkisstjórn, sem er ákaflega þreytt, sé hinn mikli kærleikur milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem hefur verið undanfarin átta ár töluvert farinn að dvína og minnka. Það er kominn pirringur í mannskapinn, samanber það sem hefur verið að gerast hér undanfarna daga. Ber þar fyrst að nefna öryrkjasamninginn, þau svik sem þar eru, þ.e. að ætla ekki að ganga málið til enda og standa við það fullkomlega, jafnvel þó það kosti 1.528 millj. kr. eins og hefur verið reiknað út. Hv. þm. Helgi Hjörvar hefur komið með gögn sem tekin voru með töngum út úr opinberum stofnunum og sýnt fram á það að mánuði fyrir kosningar lágu þessar tölur allar fyrir, að það þyrfti 1.528 millj. kr. í þetta en ekki 1 milljarð. Það er hreint með ólíkindum að hlusta á og verða vitni að því hvernig þetta mál er teygt og togað milli stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl. Það er greinilegt að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lamið, ef svo má að orði komast, framsóknarmenn í hausinn

og neitað að setja meira en 1 milljarð í þetta verkefni, eins og talað var um í upphafi og kom fram í fréttatilkynningu. Þeir sem eru áheyrendur utan frá og eiga þess ekki kost að sitja inni og hlusta á samtöl hæstv. ráðherra eða stjórnarsinna verða að leggja mat á það sem komið hefur fram í fréttaþáttum undanfarna daga um það hver er að segja satt og hver er að segja ósatt, hvað fór þarna á milli. Það er greinilegt að þarna er ekki samhljómur milli stjórnarflokkanna eins og hér hefur margoft komið fram og ætla ég ekki að eyða tíma í að ræða það, heldur aðeins segja það að ég fyrirlít svona vinnubrögð og mér finnst þau íslenskri pólitík og íslenskum stjórnmálamönnum til stórskammar vegna þess að þetta er eitt af þeim atriðum sem slegin voru fram rétt fyrir kosningar þegar Framsfl. stóð illa og þurfti að gera eitthvað til að kaupa sér hylli meðal þjóðarinnar, kaupa sér einhver prósent til þess að freista þess að tryggja fleiri þingmenn til að þessi stjórnarmeirihluti héldi áfram.

Það má svo ræða um ýmis önnur atriði, virðulegi forseti, eins og svik við jarðgangagerð fyrir norðan, Héðinsfjarðargöng. Þar hafði verkið verið boðið út og átti að hefjast 1. júlí sl. Þegar sumir menn voru hér á landi og aðrir voru á Grænlandi, kemur ríkisstjórnin saman, smellir saman fingrum, málið slegið af, af ástæðum sem eru hlægilegar. Ímynduð þensla í landinu sem fólk á landsbyggðinni þekkir ekki nema úr fjölmiðlum. Enda er komið á daginn að það hefði verið gott lag fyrir þá framkvæmd á þeim tíma.

Vegagerð skorin niður um 850 millj. kr. Ég verð að nota tækifærið, virðulegur forseti, og hrósa hæstv. samgrh. fyrir að koma inn í umræðuna eins og hann gerði hér í dag og þylja upp allt sem á að skera niður eða fresta, margt af því vegna þess að verkin eru ekki tilbúin. Það er hægt að haga hlutunum þannig að hönnun og undirbúningur taki lengri tíma svo að það dragist að setja verkin í gang. Ég er ekki að segja að svo sé, en ég bendi á að það er hægt. Þær kanínur sem töfraðar voru upp úr hatti til þess að spýta í framkvæmdir við vegagerð rétt fyrir kosningar eru enn eitt atriðið máli mínu til stuðnings um þau svik og þær ómerkilegu kosningabrellur sem iðkaðar voru rétt fyrir kosningar í atkvæðakaupum.

Fleiri atriði mætti nefna hér, virðulegur forseti, eins og samning um hraðari uppbyggingu öldrunarþjónustu á Akureyri, sem mig minnir að ætti að vera lokið næsta vor eða næsta sumar og ekkert er farið að gera í. Fræg er línuívilnunin, það verður drama næstu daga innan stjórnarflokkanna við að koma að því máli.

Ég segi því aðeins í lokin, virðulegur forseti. Það er þreytt stjórn sem hér situr. Það er þreytt stjórn sem kemur þannig fram við kjósendur í landinu og landsmenn að hún svíkur svo mörg loforð sem gefin voru fyrir nokkrum mánuðum í aðdraganda kosninga. Þessi fjárlög er verið að afgreiða núna með 6,5 milljarða kr. afgangi. Ég sagði það í dag að mér finnist sem verið sé að leggja alla áherslu á að halda öllu niðri til þess að sýna þennan mikla afgang. Það er fjárvöntun hjá mjög mörgum stofnunum hins opinbera, háskólum, framhaldsskólum, ég ræddi um sjúkrahúsið áðan og fleiri mætti telja upp sem mundi gjörsamlega eyða þessum fjárlagaafgangi.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að ég hygg að við eigum eftir að hittast hér í haust þegar hæstv. fjmrh. kemur með sitt fjáraukalagafrv. Þá eigum við eftir að skoða ýmsar tölur, 3–5 milljarða, sem þarf að bæta við hjá ýmsum stofnunum vegna þess að það er vitlaust gefið í þessu fjárlagafrv. eins og það hefur verið lagt fram.

[23:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langa ræðu að sinni, við erum búin að fjalla allítarlega um þetta fjárlagafrv. og ég hef áður vísað í málflutning 1. talsmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Hann hefur dregið upp megindrættina í þessu frv. og áformum ríkisstjórnarinnar en eins og fram hefur komið stefnir hún að því að draga úr samneyslunni á komandi ári og komandi árum. Það er gert ráð fyrir því að framlag til samneyslunnar aukist að hámarki um 2% en á sama tíma er gert ráð fyrir því að þjóðarframleiðsla aukist um 4%. Með öðrum orðum er verið að breyta þarna hlutföllum, draga úr vægi samneyslunnar.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór mikinn í ræðustól fyrr í kvöld og talaði um mikilvægi þess að skapa hér kraftmikið samkeppnissamfélag og ekki er ég andvígur því. En það gerum við hins vegar m.a. með því að byggja hér upp öflugt velferðarkerfi, öflugt menntakerfi og heilbrigðiskerfi og búa þannig í haginn fyrir framtíðina.

Ég þarf að gera eina smáleiðréttingu á staðhæfingu sem ég setti fram fyrr í kvöld. Ég taldi að ríkisstjórnin ætlaði að spara 170 millj. á kostnað atvinnulauss fólks en sem kunnugt er eru tillögur um það frá hendi ríkisstjórnarinnar að hafa 10.722 kr. af atvinnulausu fólki með því að greiða ekki atvinnuleysisbætur fyrir þrjá fyrstu dagana. Misskilningur minn byggist á staðhæfingum sem fram koma í fjárlagafrv. þar sem segir á bls. 374 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 170 millj. kr. vegna áforma um að lögum verði breytt á þann veg að í stað þess að bætur greiðist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana o.fl.“

Það var þetta „o.fl.“ sem ég gleymdi, ofreiknaði þessa tölu og taldi að menn væru að hafa þarna af atvinnulausu fólki 170 millj. kr. Staðreyndin er sú að það eru um 60–70 millj. sem ríkisstjórnin sparar á kostnað atvinnulauss fólks.

Ég beindi spurningum til hæstv. fjmrh., hverju hann svaraði fullyrðingum embættismanna félmrn. í félmn. þegar þetta mál kom til umfjöllunar þar um að það væri krafa frá fjmrn., frá hæstv. fjmrh., að þessir fjármunir yrðu hafðir af atvinnulausu fólki. Við stóðum sum í þeirri trú að þetta væri vegna einhverra kerfisbreytinga og menn leituðu vítt um völl, spurðu hvort þetta fyrirkomulag væri við lýði annars staðar á Norðurlöndunum eða í Evrópu eða annars staðar, hvað vekti fyrir mönnum. Svörin sem við fengum voru þau að þarna væri tekjulind fyrir ríkissjóð, að hafa þessa peninga upp úr vösum atvinnulauss fólks. Ekki fannst mönnum það stórmannleg hugsun.

Hér fór fram nokkur umræða um menntamálin og þann halla sem er á rekstri menntastofnana í landinu, framhaldsskóla, háskólanna, og það var vikið að sjúkrahúsunum. Það kemur fram í minnihlutaálitum, ég vék að og vísaði í minnihlutaálit hv. þm. Jóns Bjarnasonar þar sem fram kemur að ef Landspítalinn – háskólasjúkrahús á að viðhalda sambærilegri þjónustu á komandi ári og gert er í ár þarf 1.400 millj. til viðbótar því sem sjúkrahúsinu er ætlað.

Þá er það auðvelt mál, svona í orði, að koma í ræðustól, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., gerði og segja að við verðum að standa við bakið á læknum þegar þeir forgangsraða og skera niður. Þetta var almenn yfirlýsing af hans hálfu. Ég beindi spurningu til

hans sem ég fékk aldrei nein svör við, spurði hvað hann vildi segja við yfirmenn eða stjórnendur öllu heldur — nota helst aldrei þessi hugtök, „yfirmaður" eða „undirmaður" — við stjórnendur sjúkrahússins, t.d. varðandi áform eða hugmyndir sem nú eru uppi um að skera niður 100 millj. kr. í bráðaþjónustunni. Hvað á að segja við fólk sem snýr sér til bráðaþjónustunnar? Á að vísa því frá? Hvað á að segja við þetta fólk?

Síðan er vanhugsuð þessi nálgun sem við heyrðum, að telja það fortakslaust af hinu illa þegar útgjöld sjúkrahúsa aukast. Það getur hreinlega verið þjóðhagslega mjög til bóta, a.m.k. var fögnuður í hjarta mínu þegar ég sá fréttir sjónvarpsins í kvöld um að níu af hverjum tíu nýrnaaðgerðum yrðu framvegis framkvæmdar hér innan lands. Stórkostlegur hagnaður og sparnaður fyrir þjóðarbúið, til hagsbóta fyrir þá sjúklinga sem njóta lækninga innan lands að þurfa ekki að halda utan. Það hefur engu að síður það í för með sér að útgjöld viðkomandi sjúkrahúss aukast.

Hún er vandfundin, formúlan, og það er vandfundið tæki til að stýra fjármunum innan sjúkrahúss. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að læknar yrðu að forgangsraða. Ég er algerlega ósammála því. Ég tel að læknar eigi að vera harður þrýstihópur fyrir hönd sjúklinga. Síðan er það annarra að reyna að halda utan um pyngjuna. Þarna verða núningur og árekstrar og það er ekkert óeðlilegt við það, það er ekkert slæmt við það. Það er eðlilegt, fullkomlega eðlilegt, þannig að við eigum ekki að búa til kerfi sem er án núnings, sem er án átaka. Ef læknar leggjast á sveif með peningalegum stjórnendum um að forgangsraða og ef um það ríki fullkomin sátt er það nokkuð sem ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af. Ég tel það ekki eðlilegt.

Um þetta má náttúrlega hafa mörg orð og ekki hægt að afgreiða slíkt í fáum orðum enda ætla ég ekki að reyna það, kvaddi mér hljóðs hér í kvöld til að eiga orðastað við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Hann er ekki á staðnum og ég mun finna tækifæri síðar til að eiga við hann orðaskipti.

Ég vil þó vekja máls á öðru atriði og það snýr að Háskóla Íslands. Það var verið að opna náttúrufræðihús háskólans fyrir fáeinum dögum og þangað flytja nokkrar deildir spítalans, jarðfræði og landafræði, Norræna eldfjallastöðin og líffræðin. Þetta hús er mjög glæsilegt, það hefur kostað mjög mikla peninga, en það sem á skortir núna er rekstrarfé. Það er af skornum skammti en þó vantar miklu fremur fé til tækjakaupa. Þeir fjármunir eru ekki til, það verður að nýta þau tæki sem voru í húsnæðinu þar sem þessar deildir voru áður til húsa, t.d. á Grensásvegi 12. Eins og fram hefur komið við umræðuna um fjárlög stendur til að selja það húsnæði. Mér hefði fundist eðlilegt og tek undir hugmyndir sem fram hafa komið þar að lútandi að hin nýja náttúrufræðideild eða jarð- og landfræði og þessar deildir og stofnanir sem flytja í náttúrufræðihúsið fengju sem heimanmund til tækjakaupa andvirðið af Grensásvegi 12. Mér fyndist það vera eðlilegur hlutur og vil taka undir þær hugmyndir sem fram hafa komið í þá veru.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Við höfum sett fram okkar almennu sjónarmið varðandi fjárlög fyrir árið 2004. Ég tek undir gagnrýni hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem er okkar helsti talsmaður í fjárlagamálunum. Einstakir þingmenn þingflokksins hafa komið inn á tiltekna málaflokka og læt ég yfirferð minni um þetta mál lokið.

[23:55]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Á síðustu tveimur vikum hefur margt verið hér sagt og margt komið fram sem kemur nýjum þingmanni frekar einkennilega fyrir sjónir. Kosningasvik ríkisstjórnarflokkanna koma skýrt fram sem hver getur séð er vill í þeim fjárlögum er nú eru til umræðu. Vaxtabætur munu lækka — ég minnist þess ekki í aðdraganda kosninga að því hafi verið lofað. Ýmsum vegaframkvæmdum, eins og hér hefur komið fram, herra forseti, hefur verið slegið á frest. Það sem stendur þessum nýja þingmanni næst er tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurbraut til Skarhólabrautar í Mosfellsbæ og þrátt fyrir loforð eru tafir á þeim framkvæmdum. Það sem til stendur má kalla hálfkák því að hætt hefur verið við að gera þarna tvenn mislæg gatnamót. Ég hefði haldið að tvöföldunin ætti að þýða greiðari umferð en það er búið að ákveða að setja tvær hraðahindranir, þ.e. hringtorg, á leiðinni. Til stóð að þarna yrðu tvenn mislæg gatnamót en nú ætlar ríkisstjórnin greinilega að spara sér um 550 millj. eða réttara sagt, hún ætlar að slá því á frest í 12 ár að gera þessi mislægu gatnamót, og ég spyr: Hver trúir því? Eru þessi hringtorg komin til að vera?

Innan ramma fjárlafrv. rúmast ekki aukin fjárframlög til lögreglunnar í Reykjavík eins og um hefur verið beðið til að sinna löggæslustörfum í Mosfellsbæ meira en gert er. *Þótt ótrúlegt kunni að virðast, herra forseti, er um að ræða* bæjarfélag upp á 6.500 manns þar sem löggæslan er einungis frá klukkan átta til fimm á virkum dögum, engin á kvöldin, engin um nætur eða helgar. Þrátt fyrir það, og það kemur nýjum þingmanni afskaplega spánskt fyrir sjónir, höfum við Mosfellingar átt þingmann lengi, um árabil, í röðum Sjálfstfl., og samt er ekkert að gerast í þessum málum.

Enn eitt sem kemur nýjum þingmanni spánskt fyrir sjónir — kannski er það bleytan á bak við eyrum sem er að rugla heyrn mína eða skilning — er stuðningur við öryrkja. Gífurlegar deilur hafa greinilega verið hér síðustu dagana og vikurnar á milli stjórnarflokkanna. Því var búið að lofa að vel yrði tekið á þessu máli en það er nokkuð ljóst, a.m.k. í augum þess er hér stendur að þar hefur Sjálfstfl. verið með hæstv. heilbrrh. í gíslingu síðustu daga. Niðurstaðan er kannski eitthvað í áttina en það er alveg á hreinu og kemur skýrt fram í fjölmiðlum og víðar, m.a. hjá formanni Öryrkjabandalagsins, að hér eru svik í tafli, hér eru kosningasvik.

Enn eitt vil ég minnast á og hefur verið minnst á hér áður að hluta til, það eru skerðingar á framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég hélt að til stæði að spara þarna 170 millj. varðandi fiskvinnslustöðvar annars vegar og hins vegar að skerða bótarétt atvinnulausra fyrstu þrjá dagana. Samkvæmt útreikningum mínum — ég held að ég sé mjög nálægt hv. þm. Ögmundi Jónassyni — erum við að tala hér um 135 millj. Ég spyr: Hvers vegna er þessi munur þarna á milli? Hvaða forsendur notuðu menn? Eru menn ekki sammála um hvaða forsendur á að nota? Eru þessir reikningar einfaldlega rangir? Ef þessir reikningar eru rangir þar sem verið er að tala um laun og þar af leiðandi lífibrauð fólksins í landinu, hvað þá um aðra útreikninga í fjárlagafrv.?

Eins og ég segi er ég nýr maður hér og það er margt sem kemur mér á óvart, kannski ekki síst það upphlaup er varð hér í dag þegar menn urðu tvísaga. Það fréttist út af hinu háa Alþingi að ríkisstjórnin ætlaði að falla frá þessari þriggja daga skerðingu atvinnuleysisbóta en félmrh. svaraði því skýrt að það yrði ekki gert. Þarna er greinilega togstreita

á milli stjórnarflokkanna. Þetta er hlutur sem við verðum að hafa alveg skýran. Maður heyrir í dag mismunandi orðalag, annar flokkurinn er búinn að ákveða þetta en hinn er að velta þessu fyrir sér. Maður veltir því fyrir sér hvar þetta mál endi. Hvað ætla menn virkilega að gera? Og hvernig stendur á því að við 3. umr. fjárlaga eru menn ekki sammála í ríkisstjórnarflokkunum um hvort þetta eigi að vera eða fara?

[00:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Komið er að lokum langrar og ítarlegrar umræðu um fjárlagafrv. næsta árs sem venju samkvæmt er fyrsta mál þingsins. Að þessu sinni er fjárlagafrv. komið til lokaafgreiðslu óvenju snemma. Minnist ég þess ekki að það hafi áður komið eins snemma til 3. umr. og nú. Vil ég þakka öllum sem hlut eiga að máli fyrir aðild sína að þeirri niðurstöðu.

Mikilvægara er þó að ég tel að það frv. sem nú er til endanlegrar afgreiðslu uppfylli þau skilyrði og þau markmið sem sett voru þegar hafinn var undirbúningur að þessu fjárlagafrv. á liðnu vori og sem birtust við framlagningu þess 1. október sl. Að þessu sinni er óvenjulega brýnt að fjárlagafrv. endurspegli efnahagsleg markmið sem er mikilvægt að ná ekki eingöngu á árinu 2004, heldur á hverju einasta ári út kjörtímabilið. Allt þetta hefur verið rakið hér í ítarlegu máli á fyrri stigum. En ástæðan fyrir því er auðvitað sú að fram undan er uppsveifla og uppgangstímar í efnahagslífinu og mikilvægt að halda vel og þétt utan um ríkisfjármálin. Það hefur tekist hvað varðar þetta tiltekna frv. Og niðurstaðan er sú að afgangurinn sem birtist í frv. við 1. umr. upp á ríflega 6,4 milljarða kr., verður á bilinu 6,7–6,8 ef að líkum lætur. Auðvitað með fyrirvara um þær atkvæðagreiðslur sem fram munu fara á morgun. Þetta leyfi ég mér að kalla góða frammistöðu hjá ríkisstjórninni, hjá fjárln. og þingheimi öllum. Menn hafa ekki verið að falla hér í miklar útgjaldafreistingar miðað við það sem oft hefur áður tíðkast. Allt er þetta nokkuð gott.

Auðvitað er það svo þannig, eins og fram kom í umræðum um störf þingsins í dag, að einhverjir lausir endar kunna að vera eins og er reyndar alltaf hvað varðar bæði tekju- og gjaldahlið fjárlagafrv. þegar það kemur til endanlegrar afgreiðslu. Og það liggur hálfpartinn í hlutarins eðli, að ég tel, að eftir að farið var að afgreiða fjárlagafrv. í fyrstu viku desembermánaðar, þá eru óafgreidd mál í þinginu sem geta varðað fjárlagafrv. sem ríkisstjórnin í krafti síns þingmeirihluta hyggst ljúka, hvort heldur það er í formi laga eða reglugerða.

Ég vil fagna því alveg sérstaklega hversu ágætlega hefur til tekist núna, bæði hvað varðar tímasetningar og innihald þessa frv. Hins vegar er það kannski eðli máls varðandi afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins að þingmenn ýmsir hafa ríka tilhneigingu til þess að fjalla eingöngu um tilteknar stærðir, einstaka verkefni, einstaka áhugamál sín en láta efnahagslegu meginmarkmiðin lönd og leið. Og auðvitað er það þannig, eins og ég hef nú áður bent á í þessum ræðustóli, að það er auðvelt að samþykkja almenn markmið en getur verið erfitt að koma sér saman um það hvernig samsetning einstakra atriða innan þeirra markmiða sem sett hafa verið eigi að líta út. En nóg um það. Það er ekki kjarni málsins á þessu stigi, heldur það að hér hefur náðst sú góða niðurstaða sem nú liggur fyrir.

Ég vil sem sagt endurtaka þakkir mínar til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóginn í þessu efni, sérstaklega fjárlaganefndarmönnunum, bæði meiri hluta og minni hluta og einkanlega þó formanni og varaformanni nefndarinnar fyrir mjög gott samstarf sem staðið hefur allt frá því á vormánuðum.

[00:07]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum umræðu um fjárlög fyrir árið 2004. Það er rétt að vekja athygli á því og inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig hann meti það sem nú er að gerast í efnahagslífinu, viss teikn á lofti sem eru önnur en hæstv. ráðherra hefur lýst hér og er boðað í fjárlagafrv.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabankans var viðskiptahallinn 32,3 milljarðar fyrstu níu mánuði ársins 2003, en 2,1 milljarður á sama tíma í fyrra. Stóriðju- eða innflutningur fjárfestingarvara er ekki kominn að neinu marki inn í þessa tölu. Og samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka virðist flest benda til þess að viðskiptahallinn verði meiri en 4% af landsframleiðslu í ár og fari vaxandi. Landsbankinn telur að viðskiptahallinn verði 35–40 milljarðar á þessu ári, en þarna er ekki kominn neinn sérstakur innflutningur eða teljandi á fjárfestingarvörum. Og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að hallinn verði einungis 2,5% af landsframleiðslu í ár en er þegar kominn fram úr þeirri tölu. Hvernig metur hæstv. fjmrh. þá horfurnar áfram til næsta árs þegar við sjáum nú þegar að þessar breytingar og forsendur fjárlagafrv. sem við erum að afgreiða núna standast í rauninni á vissan hátt ekki?

[00:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð ábending hjá hv. þm. varðandi viðskiptajöfnuðinn. Það er alveg rétt að hallinn á viðskiptum við útlönd það sem af er þessu ári er meiri en nokkur hafði kannski spáð. Hann er meiri en fjmrn. spáði og flestir aðrir spáaðilar. Hins vegar eru þarna að einhverju leyti sértækar skýringar, eins og t.d. það að útflutningur hefur minnkað, var minni en gert var ráð fyrir og verðmæti útflutningsins vegna þróunar á gengi krónunnar sömuleiðis. Og síðan koma til skjalanna einnig einhverjir þættir í innflutningnum sem menn sáu ekki fyrir. Ég tel hins vegar að allar aðrar meginstærðir í þjóðhagsspá fjmrn., sem hefur ekki verið endurskoðuð núna frá því fyrr í haust, standi. Þannig að ég held að þetta gefi okkur ekki tilefni til þess að fara í meiri háttar endurskoðun á þjóðhagsforsendunum. Ég held að þær séu nokkuð traustar. En eins og við ræddum við 2. umr. er öllum slíkum spádómum auðvitað viss takmörk sett. En ég hygg að hagvaxtarspáin sem liggur til grundvallar í þessum efnum sé, ef eitthvað er, kannski full íhaldssöm, full lág, og að þar munum við þá eiga inni einhvern hagvöxt, t.d. ef farið verður út í að stækka álverið á Grundartanga.

[00:11]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo með hagvöxtinn að hann er nú svona reiknitala. Þannig að ef ég og hæstv. fjmrh. seldum hvor öðrum hest, mundi það auka hagvöxtinn, en það mundi ekkert fjölga hrossum í landinu eða auka arðsemi hrossanna í sjálfu sér. Og hagvöxtur sem er rekinn áfram af viðskiptahalla, innflutningi á neysluvörum, er enginn varanlegur hagvöxtur og er ekki hægt að telja að hann sé neitt að auka tekjur eða vöxt eða viðgang þjóðarbúskaparins eða atvinnulífsins.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Að hve stórum hluta er sá hagvöxtur sem nú er reiknað með rekinn áfram af viðskiptahalla? Ef litið er á, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, að það sé samdráttur í verðmæti útflutnings, 8% hjá sjávarútveginum á þessu ári, sem er alvarlegt mál, ef atvinnustefna ríkisstjórnarinnar leiðir til þess að stórhækka gengi umfram það *sem efnahagsforendur eru fyrir, er* þá ekki ástæða til þess að huga að hvert stefnir? Hæstv. ráðherra minntist á Norðurál, gríðarlega framkvæmd ef hún kemur inn sem mun líka hafa áhrif á þessar efnahagsstærðir, á hún bara að droppa inn eins og einhver gjörningur? Það er ekki gert ráð fyrir henni í áætluninni, ekki gert ráð fyrir henni í forsendum fjárlaga.

Ég tel afar varasamt, forseti, að meta svo hátt gildi hagvaxtar eins og hæstv. fjmrh. gerir sem drifinn er áfram af viðskiptahalla, neysluviðskiptahalla, og vara við þeirri stefnu í efnahagsmálum að byggja í rauninni á því sem einhverri góðri efnahagsspá.

[00:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. höfum nú aldrei átt í hrossaviðskiptum en það skapast verðmæti við slík viðskipti og þau eru fólgin í þjónustu þess aðila sem hefur milligöngu um þau og það er hluti af þjóðarframleiðslunni eins og kunnugt er, eins og önnur þjónusta, fasteignaviðskipti og annað.

Varðandi Norðurál, þá er ekki kominn bindandi samningur þar á og þess vegna höfum við ekki tekið það með í okkar útreikninga. Hins vegar gerum við okkur, flest hver, vonir um að sú framkvæmd komi, í hana verði ráðist, og má segja að við eigum allt það jákvæða sem því fylgir uppi í erminni á næsta ári og næstu árum. Og hagvöxturinn sem liggur fyrir í þessum spám spáaðila, bæði fjmrn. og annarra, sem sumir hverjir eru með hærri spár en ráðuneytið, byggir í aðalatriðum á því að stóriðjuframkvæmdirnar muni drífa áfram hagvöxtinn og svo einkaneyslu sem skapast í kjölfarið á því. Fylgifiskurinn af aukinni einkaneyslu getur verið aukinn viðskiptahalli en ef hann er til kominn vegna *innflutnings í tengslum við framkvæmdir sem síðan munu* skapa útflutning þá er það ekki sambærilegt vandamál og hv. þm. nefndi. En það er alveg rétt að ef hann byggist fyrst og fremst á neyslu þá getur það verið alvarlegra mál. En það er kannski of langt mál að fara út í það hér í stuttu andsvari og munum við kannski geta gert það seinna, en auðvitað eru þessar spár alltaf til endurskoðunar eftir því sem nýrri og betri upplýsingar koma fram.

[00:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. dregur undir lok umræðunnar upp mikla glansmynd af þjóðarbúskapnum og fjárlagafrv. sem hann lagði fram. Ég er ansi hræddur um að sú tilfinning sé ekki til staðar í stofnunum samfélagsins sem heyra undir sama hæstv. ráðherra. Þessa glansmynd sjá ekki menn í menntastofnunum með skuldahala. Þeim er gert að reka starfsemi sína í stórum mínus. Menn sjá þetta ekki á sjúkrastofnunum landsins, t.d. Landspítalanum, sem þarf 1.400 millj. kr. á komandi ári til að geta veitt sambærilega þjónustu og veitt er í ár. Ég hef getið þess í umræðunni að á bráðavaktinni er talað um að skera niður um 100 millj. kr. Er hæstv. ráðherra sammála þessu?

Hann hefur ekki svarað spurningum sem ég beindi til hans fyrr í dag varðandi atvinnuleysisbætur, um þá kröfu fjmrn. og hæstv. ráðherra að spara fyrir ríkið á kostnað atvinnulauss fólks um 70 millj. kr. Hann gumar af fjárlagafrv. sem skilar *tekjuafgangi upp á 6,7 milljarða, nánar tiltekið 6.770 millj.* kr. Væri ekki ráð að hafa þessa tölu slétta, 6.700 millj. kr., og sleppa því að ráðast í vasann hjá tekjulægsta fólki á Íslandi, atvinnulausu fólki? Það á að hafa af því, í upphafi atvinnuleysistímans, rúmar 10 þús. kr. til að spara ríkissjóði 70 *millj.* kr.

Er hæstv. ráðherra tilbúinn að endurskoða þessa gerræðislegu ákvörðun?

[00:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að tala um lagabreytingar á Alþingi sem gerræðislegar ákvarðanir. Það eru ákvarðanir sem Alþingi hefur tekið í samræmi við þingsköp sem hér gilda.

Varðandi spurningu þingmannsins, um hvernig tiltekin tillaga í fjárlagafrv. eða fylgifrumvarpi þess er til komin, þá er það eiginlega fáránleg spurning. Það segir sig sjálft að ríkisstjórnin öll og stuðningsmenn hennar á Alþingi standa á bak við þá tillögu. Ef það er þannig að einhverjir ráðuneytismenn í tilteknu ráðuneyti saki annað ráðuneyti um aðför eða um að bera ábyrgð á sparnaði sem þeir vilja ekki sjálfir bera ábyrgð á þá falla slík ummæli auðvitað marklaus niður.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma. Ég veit ekki hvað mönnum hefur farið í milli í þingnefnd en ég veit hvað okkur félmrh. hefur farið í milli, hvað sagt hefur verið í ríkisstjórninni um þessi mál og hvað sérstök nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, sem var að undirbúa tillögur í tengslum við fjárlagagerðina í sumar, lagði til. Þetta var einmitt eitt af því.

Mér finnst þetta ekki snerta kjarna málsins. Satt að segja er það fyrir neðan virðingu hv. þm. að elta uppi ummæli af *þessu tagi í umræðunni.*

Auðvitað má deila um innihald frv. Skárra væri það nú ef svo væri ekki. Við erum að tala um 275 milljarða kr. eða þar um bil. Auðvitað má deila um það hvernig einstökum liðum er fyrir komið þó að við séum vafalaust sammála um *langflest atriði í þessu frv. öll hér í þessum sal.* En til þess hafa menn notað umræðuna að gera grein fyrir mismunandi viðhorfum í þessu efni eins og eðlilegt er.

[00:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það ekki fyrir neðan virðingu mína að tala um skerðingu á kjörum atvinnulauss fólks. Mér finnst það stórmál. Mér finnst það stórmál að skerða tekjur þessa tekjulægsta hóps í samfélaginu. Mér finnst það líka eðlileg pólitísk krafa að ræða um pólitíska ábyrgð í því efni.

Ég gekk eftir svarinu hjá fulltrúa félmrn. á sínum tíma sem staðhæfði í mín eyru að þetta væri krafa fjmrn. um niðurskurð á þessu sviði. Nú hef ég beint þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að fallið verði frá þessum áformum, frá þessum tillögum.

Við erum með fjárlög sem hann segir að muni skila 6.770 millj. kr. í tekjuafgang. Hér er sparnaður upp á 70 millj. kr. á kostnað þess fólks sem minnst ber úr býtum, sem á að mörgu leyti erfiðast félagslega og fjárhagslega í samfélagi okkar. Er hæstv. fjmrh. reiðubúinn að taka höndum saman við hæstv. félmrh. — við skulum gefa okkur að báðir vilji endurskoða þessar ákvarðanir — um að falla frá þessum áformum?

Það má deila um það hvað er gerræðislegt og hvenær eigi að nota það hugtak. Að sjálfsögðu yrði þetta ákvörðun meiri hluta á þingi. En gagnvart þessu fólki finnst mér ekki

annað duga en sæmilega mergjuð hugtök. Mér finnst þetta svívirðileg aðför að atvinnulausu fólki á Íslandi.

[00:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur svarað þessari spurningu hér í þessum umræðum bæði við 2. og 3. umr. að ég hygg.

Hitt er annað mál, varðandi hluti af þessu tagi, hver ber ábyrgð á svona tillögum. Auðvitað ber ríkisstjórnin „sólidaríska" ábyrgð á því sem hún leggur fram ef svo mætti segja. Auðvitað ber hún sameiginlega pólitíska ábyrgð á sínum tillögum. Það leikur vonandi enginn vafi á því.

Varðandi það að hér sé dregin upp glansmynd þá hef ég ekki talið mig gera það. Ég hef farið yfir þá hluti sem hér liggja fyrir. Að segja að ég sé að guma af frv. er leiðindaorðanotkun. Hér stendur fjmrh. og ber sér á brjóst, segja menn stundum. Hann gumar af þessu og montar sig af hinu. Þetta er ekki beint málefnaleg umræða um þessi mál þegar menn tala með þessum hætti. (**ÖJ**: Er ráðherrann sjálfur mjög málefnalegur?)

Staðreyndirnar liggja fyrir varðandi niðurstöður þessa frv. Hv. þm. hefur vafalaust aðrar skoðanir en ég á því hvernig það er í pottinn búið. Ég saka hann ekki um ómálefnalegan málflutning þó að mér finnist hann stundum taka djúpt í árinni og grípa til stóryrða að ástæðulausu. Ég ætlast til að hann sýni mér með sama hætti virðingu í umræðum af þessu tagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 00:25.

---

43. FUNDUR

föstudaginn 5. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 85 1997, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 2004 til 31. des. 2007..
2. Fjárlög 2004, stjfrv., 1. mál, þskj. 466, frhnál. 537, 566 og 567, brtt. 538, 541, 550, 551, 552, 553, 554, 555, 556, 557, 560, 561, 563, 564, 565 og 580. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Tryggingagjald, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 3. umr.
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 142. mál, þskj. 142. — 3. umr.
5. Málefni aldraðra, stjfrv., 143. mál, þskj. 143. — 3. umr.
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146. — 3. umr.
7. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 140. mál, þskj. 140, brtt. 577. — 3. umr.
8. Talnagetraunir, stjfrv., 141. mál, þskj. 141. — 3. umr.
9. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 191. mál, þskj. 193, nál. 528. — 2. umr.
10. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 314. mál, þskj. 360. — 1. umr.
11. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 418. — 1. umr.
12. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 401. mál, þskj. 539. — 1. umr.
13. Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, stjfrv., 402. mál, þskj. 540. — 1. umr.
14. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 410. mál, þskj. 558. — 1. umr.
15. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 411. mál, þskj. 559. — 1. umr.
16. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frv., 417. mál, þskj. 573. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Gert er ráð fyrir því að kosning umboðsmanns Alþingis og atkvæðagreiðsla um fjárlög fyrir árið 2004 verði tekin fyrir að loknu matarhléi kl. hálftvö. Þá vil ég geta þess að hádegishlé verður í lengra lagi, frá hálfeitt til hálftvö, til þess að þingflokkar geti haldið fundi.

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um veggjald í Hvalfjarðargöngum. Málshefjandi er hv. þm. Jóhann Ársælsson en hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Neytendastarf, 422. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 581.

Umræður utan dagskrár.

Veggjald í Hvalfjarðargöngum.

[10:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hvalfjarðargöngin urðu til fyrir baráttu framsýnna manna og ötullar framgöngu sveitarfélaga og fyrirtækja norðan Hvalfjarðar. Segja má að ríkisvaldið hafi leyft þessu að gerast en gekk eins stutt og mögulegt var í stuðningi sínum við málið. Meðal annars þess vegna varð framkvæmdin dýrari en hún hefði þurft að vera og þess vegna er líka gjaldið hærra í göngin en það hefði getað orðið. Þetta er liðin tíð og öll hefur þessi framkvæmd sannað sig á þeim tíma sem liðinn er. Oft hafa verið umræður uppi um veggjaldið í göngin. Mörgum þykir það hátt og það gerir ýmsum ókleift að stunda atvinnu handan fjarðarins. Sá sem vinnur handan fjarðarins fimm daga í viku greiðir fyrir það 180 þús. kr. á ári með fyllsta afslætti. Fólk munar um minna og um þessi mál varð veruleg umræða í fyrravetur, fyrir kosningarnar.

Samgrh. sem hafði á undanförnum árum ekki ljáð máls á því að gera neitt í þessu máli ókyrrðist að lokum og ákvað að setja nefnd í málið í seinni hluta febrúar. Mér finnst skýrslan sem starfshópurinn skilaði af sér að mörgu leyti góð og gagnlegt plagg. Þar kemur fram að stjórnendur Spalar telja að þeir geti ekki lækkað gjaldið í göngin að óbreyttum aðstæðum. Um það segir starfshópurinn að allar áætlanir Spalar séu varfærnar, hægt sé að rökstyðja miðað við aðrar áætlanir Vegagerðarinnar um umferð á höfuðborgarsvæðinu, að aukning umferðar í gegnum göngin gæti verið 3,5% í stað 1,5% sem Spölur miðar við.

Ef við notum þessa einu breytu og lækkum meðalgjald í göngin úr 675 kr. í 600 verður samt sem áður búið að greiða allar skuldir Spalar árið 2019 eða ári síðar en áætlað hefur verið. Bara þessi leið gæfi rúmlega 11% lækkun í göngin. En fleira væri hægt að skoða.

Þá koma menn auðvitað fyrst að skattheimtu ríkisins. Þarna í göngunum er ríkið nefnilega að hala hinn 110–120 millj. á ári og ég spyr: Er það eðlilegt þegar fyrir liggur að vegfarendur greiða þessi mannvirki að fullu á 20 árum að ríkið sé líka að skattleggja umferðina þarna í gegn, leggja skatt á mannvirki sem ríkið mun eignast að 20 árum liðnum frá upphafi þess að göngin voru tekin í notkun? Ég óska rökstuðnings hæstv. ráðherra alveg sérstaklega á þessu atriði. Þessa skattheimtu á auðvitað að fella niður.

Kostnaður við hryðjuverka- og hamfaratryggingu hefur hækkað gífurlega eftir árásina 11. september. Ríkið gæti tekið á sig þessa áhættu og sparað Speli þar með 65 millj. kr. Það er ekki nein sjáanleg áhætta fólgin í þessu og ríkið tekur hvort eð er á sig alla áhættu af öðrum vegamannvirkjum í landinu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann að beita sér fyrir því að þetta verði gert?

Ég vil að lokum vitna í lokaorð skýrslunnar sem starfshópurinn gerði en þar segir:

„Að lokum er rétt að geta þess að fulltrúar samgönguráðherra fundu nokkuð fyrir því í vinnu sinni að heildstæða stefnu vantar af hálfu hins opinbera í málefnum einkaframkvæmdar, einkarekstrar og gjaldtöku af samgöngumannvirkjum. Til dæmis liggur ekki fyrir stefna um hvort og hversu lengi á að halda uppi gjaldtöku á mannvirkjum sem þessum eftir að mannvirkið er yfirfært til ríkisins. Skýrt kemur fram í markmiðum fjögurra ára samgönguáætlunar 2003–2006 að unnið skuli að stefnumótun af þessu tagi á tímabilinu. Upplýst hefur verið að samgönguráðuneytið hefur þegar hafið þessa vinnu. Fulltrúar samgönguráðherra fagnar þessu og telja vinnuna mjög svo tímabæra."

Þetta er nefnilega algerlega óljóst, þ.e. hvort fella eigi niður gjald í göngin eða ekki þegar ríkið hefur eignast þau að fullu. Afstaðan til þess hlýtur að mótast af því hvort þessi kostur, þ.e. veggjald, verði nýttur í framtíðinni eða ekki. Verði hann hluti af fjáröflun til samgöngubóta verður slíkt gjald að vera innan hóflegra marka og má ekki verða til þess að mismuna landsmönnum eftir því hvort þannig vill til að þeir búi nærri slíkum mannvirkjum eða ekki. Nú líður að því að innan eins og hálfs árs eða svo komi ný göng til nota á Austurlandi. Löngu fyrir þann tíma þarf að liggja fyrir stefnumörkun hvað þessi mál varðar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða leiðarstjörnur hefur hann gefið eða ætlar að gefa þeim starfshópi sem fyrir liggur að hann hefur sett í að skoða framtíðarstefnuna og hvaða gjaldtöku af samgöngumannvirkjum er hann með í huga?

[10:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hvalfjarðargöngin eru einstök framkvæmd sem hefur sannað gildi sitt. Með sérstökum samningi milli stjórnar Spalar og ríkisins var hlutafélaginu veitt heimild til þess að grafa göng og innheimta veggjald til þess að endurgreiða fjárfestinguna. Samgrn. hefur fylgst með málefnum Hvalfjarðarganga frá því þau voru tekin í notkun 11. júlí 1998, enda átt fulltrúa í samstarfsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með og ráðgast um framkvæmd verksins.

Virðisaukaskattur af framkvæmdinni var endurgreiddur samkvæmt samningi gegn því að virðisaukaskattur legðist síðan á gjaldið við innheimtu. Að mati ráðuneytisins verður ekki annað sagt en þróunin síðan hafi í flesta staði verið jákvæð. Má þar nefna að umferð um göngin er mun meiri en talið var, gengisþróun hefur raunar verið sveiflukennd en þó hagstæð og Speli hefur tekist að lækka raunverð veggjaldsins.

Í byrjun þessa árs var farið yfir það í samgrn. hvort mikill vöxtur umferðar gæfi tilefni til þess að skoða afkastagetu ganganna. Um leið yrði skoðað hvort aukning afkastagetu og áframhaldandi vöxtur umferðar leyfði að Spölur lækkaði veggjaldið enn frekar en þegar hefur verið gert. Með hliðsjón af framangreindu óskaði ég eftir viðræðum við stjórn Spalar. Stjórnin tók óskum mínum vel og þann 28. febrúar skipaði ég sérstakan viðræðuhóp til þess að ræða við Spöl hf. um lækkun gjalda og mögulega aukningu afkastagetu Hvalfjarðarganga. Viðbrögð stjórnarinnar voru jákvæð og gáfu mér tilefni til þess að ætla að stjórnin sæi möguleika á því að lækka gjaldið.

Þann 17. október skilaði viðræðunefnd ráðuneytisins greinargerð sem ég hef kynnt og þingmenn geta séð á heimasíðu ráðuneytisins. Helsta og meginniðurstaða nefndarinnar var að einkahlutafélagið Spölur taldi ekki næg skilyrði til þess að lækka veggjöld í Hvalfjarðargöngum og hafnaði þeirri málaleitan. Lækkun gjalda leiðir til lengri samningstíma við Spöl og hækkun gjalda stytti samningstímann. Varfærnissjónarmið Spalar geta því leitt til styttri uppgreiðslutíma lána og styttri starfstíma fyrirtækisins.

Í könnun sem gerð var nýlega kom fram að rúm 40% þeirra sem nota Hvalfjarðargöngin eru frá höfuðborgarsvæðinu og rúm 40% notenda Hvalfjarðarganga eru af Vesturlandi. Þar af koma um 18% frá Akranessvæðinu. Í þessari sömu könnun kom skýrt fram að þeir sem spurðir voru telja samfélagsleg áhrif ganganna almennt góð og skilyrði til búsetu á Vesturlandi betri eftir að göngin komu en áður. Stofnun Spalar og gerð Hvalfjarðarganganna markaði tímamót þar sem um var að ræða fyrstu einkaframkvæmd þar sem gjaldtaka var heimiluð í vegagerð. Þeir sem lögðu fjármuni í Hvalfjarðargöngin litu á það sem langtímafjárfestingu. Það er mikilvægt í þessari umræðu að menn geri sér grein fyrir hver áhrif þess eru á trúverðugleika hjá ríkinu ef það gripi inn í samning sem þennan og breytti honum. Slíkt yrði mjög slæmt fyrir hugsanlegt samstarf við fjármagnseigendur um að flýta verkefnum eða bæta við nýjum verkefnum í samgönguáætlun báðum aðilum til hagsbóta. Þrengjast þá möguleikar á að afla fjármagns með einkaframkvæmdarleiðinni eins og gert var í Hvalfirði til þess að flýta sérstökum mannvirkjum.

Sé litið til Evrópu þá hefur ESB lagt mikla vinnu og fjármuni undanfarið í undirbúning endurskoðunar samgönguáætlunar sinnar. Í þeirri áætlun gera þeir ráð fyrir að 21% fjármögnunar komi með notendagjöldum á árabilinu 2003–2006

og hækki í 24% fram til 2014. Sé litið sérstaklega á brýr er þetta hlutfall 74% og ef litið er á göng þá er sama hlutfall allt að 48% sem er fjármagnað með sérstakri gjaldtöku. Sýna þessar tölur að einkafjármögnun er stór hluti og umferðin endurgreiðir þessi mannvirki þannig.

Upp úr áramótum er að vænta tillagna frá starfshópi sem ég skipaði sem mun vinna að framtíðarstefnu í gjaldtöku vegna fjármögnunar samgöngumannvirkja. Ef við ætlum að halda áfram uppbyggingu samgöngukerfisins á landi með sama hraða og hingað til á næstu árum verðum við að halda opnum möguleikum á sérstakri fjármögnun verkefna sem rúmast ekki í samgönguáætlun. Sundabraut og áformuð brúarmannvirki og jarðgöng væru dæmi um stór verkefni sem rúmast ekki með viðunandi hætti innan núverandi tekjumöguleika samgönguáætlunar og þess vegna er slík vinna í gangi. Því erum við að móta stefnu um gjaldtöku sem við munum kynna síðar á Alþingi.

[10:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það var mikil samgöngubót að fá göngin undir Hvalfjörð. Gjaldtakan var réttlætt með því annars vegar að það væri annar gjaldfrír valkostur fyrir hendi á sömu leið, þ.e. að fara fyrir Hvalfjörð. Hin réttlætingin var sú að þetta væri framkvæmd sem ákveðnu hlutafélagi hefði verið falið að annast, það hefði tekið til þess fjármagn og fengi heimild til þess að innheimta gjald uns göngin hefðu verið greidd upp og þá rynnu þau til ríkisins endurgjaldslaust.

Í sjálfu sér má velta fyrir sér í tengslum við framkvæmdir við vegagerð hvort almennt eigi að fara þessa leið eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg hugsanlegt og megi alveg skoða það að taka gjald fyrir einstakar afmarkaðar vegaframkvæmdir ef, eins og ég segi, um annan nærtækan valkost er að ræða og að hann sé raunverulegur valkostur. En þá er kannski alveg eins rétt að ríkið sjálft geri það. Ríkið sjálft hefur aðgang að ódýrara fjármagni og ber ábyrgð á heila dæminu og getur hvenær sem er breytt forsendum ef það vill. Mikilvægt er að þjóðvegirnir séu hluti af almannaþjónustukerfinu. Á Vesturlandi eru samgöngurnar til Reykjavíkur einmitt mikilvægar. Hér er stjórnsýslan. Hér eru menntastofnanirnar. Hér eru hátæknisjúkrahúsin, innflutningshafnirnar og atvinnusvæðið. Þess vegna tel ég mikilvægt að það eigi að kanna leið til þess að lækka gjaldið í gegnum Hvalfjarðargöngin. Fyrir mann sem fer t.d. núna 40 ferðir á mánuði kostar það 23.100 kr. að kaupa 40 ferða miða.

[10:45]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hvalfjarðargöngin voru mikil samgöngubót og eins og flestar samgöngubætur mjög arðsöm framkvæmd. Hvalfjarðargöngin hafa ekki einungis stytt vegalengdir og tengt atvinnusvæði heldur bætt umferðaröryggi, fækkað alvarlegum slysum, forðað mannlegum harmleik sem ella hefði orðið og einnig sparað þjóðfélaginu gríðarháar upphæðir því slys kosta mikla fjármuni.

Ég tel að við verðum að svara þeirri spurningu með málefnalegum rökum hvenær leggja á sérstakan skatt á vegfarendur. Ég sé ekki rök fyrir því að rukka vegfarendur á leið vestur um land um sérstakt gjald fremur en vegfarendur á leið austur á land. Hvers vegna á íbúi á Akranesi sem sækir vinnu til Reykjavíkur að greiða sérstakt gjald umfram þann sem býr á Selfossi?

Í greinargerð viðræðuhóps hæstv. samgrh. um lækkun veggjalds og aukningu afkastagetu Hvalfjarðarganganna eru reifaðar ýmsar leiðir til að lækka megi veggjaldið. Niðurstaða skýrslunnar ber með sér að ef lækka eigi veggjaldið þá verði ríkið að grípa til sérstakra aðgerða, svo sem að yfirtaka tryggingar, lækka eða afnema virðisaukaskatt af gjaldinu eða þá að yfirtaka Spöl hf.

Við í þingflokki Frjálsl. erum tilbúin að setjast yfir það með öðrum stjórnmálaflokkum hvernig ríkið geti yfirtekið göngin sem allra fyrst og hætt gjaldtökunni. Það yrði gífurleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustu og annað atvinnulíf á Vesturlandi. Við teljum að gjaldtakan eigi ekki að vara svo áratugum skiptir. Ef ekki næst í gegn að afnema þessi veggjöld teljum við að ríkið eigi nú þegar að koma til móts við íbúa á Vesturlandi og aðra þá sem eiga leið um göngin og afnema virðisaukaskatt á veggjaldinu.

[10:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar tekin hefur verið ákvörðun meðal ríkja Evrópusambandsins um að byggja upp tiltekið svæði er byrjað á að byggja þar upp samgöngur. En til þess að samgöngubætur nýtist framþróun til fulls þarf fólk að hafa efni á að nýta sér þær.

Þeir sem sækja þurfa nám á háskólastigi til Reykjavíkur standa frammi fyrir erfiðri fjárhagslegri hindrun, þ.e. uppihalds- og húsnæðiskostnaði í Reykjavík. Göngin gera það að verkum að fræðilega er einfalt mál að sækja skóla í Reykjavík, t.d. frá Akranesi og nágrenni þar sem húsnæðiskostnaður er mun lægri á sama hátt og fremur algengt er að nemendur frá Selfossi og nágrenni sæki skóla í Reykjavík. Munurinn er hins vegar sá að nemendur á Vesturlandi þurfa að reiða fram gangagjald fyrir hverja ferð auk annars ferðakostnaðar. Lágt gangagjald fyrir þennan hóp er dæmi um þjóðhagslega hagkvæmni. Því meira sem þessi kostur er nýttur því minna álag er á húsnæðismarkaði á Reykjavíkursvæðinu.

Ljóst er af skýrslu nefndar samgrh., um lækkun veggjalds og aukna afkastagetu Hvalfjarðarganga, að helsta raunhæfa leiðin til að lækka verð hins almenna notanda er að ríkið nýti sér þá möguleika sem það hefur til áhrifa. Þeir felast í lækkun eða afnámi á virðisaukaskatti eða að ríkið taki á sig áhættu við göngin þannig að tryggingagjald falli niður. Um er að ræða umtalsverðar upphæðir sem geta skipt verulegu máli í gjaldi fastra áskrifenda, þ.e. þeirra sem fyrst og fremst nota göngin.

Auk þess má minna á að ríkið rukkar ekki landsmenn sérstaklega fyrir framlag sitt til samgöngubóta á landinu í öðrum tilfellum. Það er því sanngirnismál, herra forseti, einkum gagnvart þeim sem nýta göngin mest, að ríkið geri það sem í þess valdi er til að lækka kostnað fastra áskrifenda.

[10:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tel að allir séu sammála um þjóðhagslega arðsemi Hvalfjarðarganganna sem hefur stytt leiðir, til Akraness um 60 km og Borgarness um 42 km og einnig til annarra landshluta. Miðað við gjaldskrá ríkisins fyrir ekna 60 km er gjaldskrá Spalar, þ.e. 1.000 kr. í gjald, 35% þeirrar upphæðar. Afsláttarverðið, 440 kr. gjaldið, er 15% þeirrar upphæðar sem ríkið borgar í kílómetrum talið.

Frá 1. júlí 1998 hefur gjaldskráin ekki breyst enda hefur raungildi gjaldsins lækkað um 18–40%. Með því að

ráðast í einkaframkvæmd var verkinu flýtt um a.m.k. einn eða tvo áratugi vegna forsendna gjaldtökunnar. Með afnámi veggjalds yrði veruleg lækkun fjármagns til annarra vegaframkvæmda þar sem þörfin er mjög brýn fyrir. Þá eru menn að tala um 700–800 millj. kr. á ári. Öllum er ljóst að innan fárra ára þarf að bæta við nýrri akrein í suðurmunna Hvalfjarðarganga vegna aukinnar umferðar.

Hvalfjarðargöngin eru prófsteinn á einkaframkvæmdir í samgöngumálum hér á landi sem nauðsynlegt er að láta reyna á og að samningar standi við fjárfesta. Verum minnug þess að allt bendir til að skuldbindingar Spalar verði greiddar upp eftir 12–13 ár og Hvalfjarðargöngin verði þá eign ríkisins. Menn hafa velt vöngum yfir því hvort gjaldið verði þá afnumið en þá þarf að velta fyrir sér spurningunni: Hvað verður um þá 13 Skagamenn sem hafa atvinnu af þessari starfsemi?

[10:52]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Göngin undir Hvalfjörð eru að sögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands ein hagkvæmasta stórframkvæmd í samgöngumálum á Íslandi. Hagkvæmnin felst m.a. í minna eignatjóni, líkamstjóni og mengun svo ekki sé talað um tímasparnaðinn. Ríkið tekur 14% virðisaukaskatt af veggjöldum í göngunum og hefur þar af leiðandi af því nokkrar tekjur.

Ég spyr, herra forseti: Er eðlilegt, út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, að veggjald sé tekið af Hvalfjarðargöngunum á meðan önnur eru án gjalds og greidd úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar?

Málshefjandi, hv. þm. Jóhann Ársælsson, hefur reifað málið og bent á leiðir til að lækka veggjaldið eða hreinlega að fella það niður. Uppistaða notenda eru landsbyggðarfólk og fyrirtæki á landsbyggðinni og því má líta svo á að um sé að ræða aukaálögur á landsbyggðarfólk.

Hæstv. forseti. Hér er um hápólitískt mál að ræða. Göngin áttu upphaflega ekki að vera fastur tekjuliður hjá samgrn. Er ekki rétt að ríkisvaldið athugi möguleikann á að taka rekstur Hvalfjarðarganganna yfir og lækka eða fella veggjaldið alveg niður? Hæstv. ráðherra segir að stefnumótun um veggjöld sé í bígerð. Ég spyr: Er í bígerð að leggja veggjöld á fleiri samgöngumannvirki í framtíðinni, t.d. Héðinsfjarðargöng eða jafnvel á sjálfa Sundabrautina?

[10:54]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt að ræða Hvalfjarðargöngin. Það voru ýmsar efasemdir uppi á Alþingi á sínum tíma þegar við unnum að því að ráðast í þau, um hvort þau væru skynsamleg framkvæmd. Ýmsir töldu að þau mundu leka af því að þau færu undir sjóinn og töldu að slík áhætta fylgdi göngum af því tagi að bankar fengjust ekki til að lána fé til framkvæmdanna.

Ég man að á þeim tíma impraði ég einu sinni á því hvort ekki væri rétt að fara frekar innan við Hvalfjörðinn og brúa Hvalfjörðinn þar. Mig minnir að þingmenn Vesturlands, eins og við þingmenn Norðurlands, höfum á þeim tíma verið sammála um að rétt væri að fara fremur í einkaframkvæmd og hafa veggjald, gangagjald. Um það voru allir sammála, sérstaklega þingmenn Akraness.

Það er á hinn bóginn alltaf billegt að koma eftir á og segja: Við skulum létta af þessum og þessum göngunum. Við stöndum frammi fyrir því, dreifbýlismenn, að við viljum ráðast í ýmsar framkvæmdir og greiða fyrir þeim með því að hafa veggjöld. Ég get nefnt sem dæmi jarðgöng undir Vaðlaheiði. Ég get nefnt sem dæmi veg um Stórasand. Ég get nefnt sem dæmi þá möguleika sem eru tengdir því að fara í Sundabraut. Þar hafa líka ýmsir talað um veggjald sem aftur mundi hafa áhrif á samninga við Spöl vegna ákvæða í þeim samningi.

Ég vil minna á að ég sagði, þegar Hvalfjarðargöng voru vígð á sínum tíma, að minn spádómur væri að samningurinn við Spöl yrði endurnýjaður af því að nauðsynlegt yrði eftir 14 ár að fara í önnur göng við hliðina á þessum vegna hinnar miklu umferðar sem er á milli Vesturlands og Reykjavíkur. Ég hygg að ég virðist spámannlega vaxinn í þessu þó að ég sé það yfirleitt ekki.

Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir að hafa haldið vel á þessum málum og ber fyllsta traust til þess að hann muni gera það áfram.

[10:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég held að við séum öll sammála um að Hvalfjarðargöngin séu mikil samgöngubót og hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma. Ég styð að áfram verði tekið veggjald á framkvæmdum sem eru mjög dýrar ef um er að ræða styttingu á vegalengd og við notum sömu forsendur og áður, að það sé valkostur við aðra leið eins og hugsanleg Vaðlaheiðargöng. Ég styð þann kost ef hægt er að velja aðra leið og eins ef mannvirkið verður að ríkiseign að samningstíma loknum.

En ég tel að ríkið, Vegagerð ríkisins, geti alveg eins valið þessa leið og farið í sams konar fjáröflun og framkvæmdin verði, þegar upp er staðið, ódýrari þar sem lántökur ríkisins eru hagstæðari. Vegtollur eða veggjald eins og nú er tekið væri hluti af því að flýta framkvæmdum en slíkt veggjald yrði lagt af þegar framkvæmdin hefur verið greidd upp.

Það er ljóst að í dag er veggjaldið á Hvalfjarðargöng orðinn skattur á þá sem þurfa að nota göngin til þess að sækja vinnu. Því er mikilvægt að skoða í fyrsta lagi hvort ekki sé hægt að lækka gjaldið og fara þá þá leið að samningurinn taki lengri tíma. Leiðin er ekki lengur valkostur. Það fara allir Hvalfjarðargöngin.

[10:58]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hvalfjarðargöng eru ein mesta samgöngubót sem við Íslendingar höfum fengið. Það er óhætt að segja að menn hafi nýtt þá fjárfestingu. Um 1.700–2.000 bílar óku daglega um Hvalfjörð fyrir Hvalfjarðargöng. Meðalumferð um göngin er rúmlega 50% meiri eða 3.000 bílar á dag samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar.

Áhrifin á slysatíðni eru líka jákvæð. Í raun þýða færri slys þjóðhagslegan sparnað sem nauðsynlegt er að tekið sé tillit til þegar þessi mál eru rædd. Baráttan fyrir Hvalfjarðargöngunum var gríðarlega hörð eins og hér hefur komið fram. Hefðu menn ekki brugðið á það ráð að leita nýrra leiða til að fjármagna göngin má hreinlega efast um að við byggjum í dag við þá samgönguæð sem Hvalfjarðargöngin eru. Ég tel sjálfsagt að menn leiti leiða til að beita notendagjöldum með svipuðum hætti víðar til að flýta framkvæmdum þar sem því verður komið við. Segja má að það sé réttindamál gagnvart því fólki sem greiðir veggjöldin í dag að svo sé gert.

Ein forsendan fyrir því að ráðist var í þessa framkvæmd var sú að ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því á Alþingi að veita fyrirgreiðslu í formi ríkisábyrgðar fyrir örlitlum hluta framkvæmdarupphæðarinnar og það aðeins

til skamms tíma, auk þess sem af vegafé var eðlilega veitt fjármagn til uppbyggingar vegtenginga. Samt var það svo að þegar þessar tillögur voru lagðar fyrir Alþingi um þetta leyti á árinu 1995 risu fjölmargir þingmenn upp á afturlappirnar og mótmæltu harðlega. Hverju voru þeir að mótmæla? Jú, þeir vildu ekki að ríkið greiddi fyrir þessu máli. Hverjir stóðu helst fyrir þeim mótmælum? Því er auðvelt að svara. Það voru forustumenn þeirra stjórnmálaflokka sem nú standa að Samfylkingunni.

Gjaldtakan eins og hún er nú er auðvitað íþyngjandi. En eins og hæstv. samgrh. vakti athygli á í ræðu sinni áðan mun gefast tilefni til lækkunar á veggjöldum í framtíðinni. Það er líka eðlilegt að fyrirtækið Spölur kanni sérstaklega möguleika á að gefa fleiri möguleika til gjaldtöku, sérstaklega ívilnandi fyrir þá sem þurfa að aka fram og til baka á sama degi. Ef slíkt væri tekið upp væri sérstaklega komið til móts við þá sem fara oft um göngin, einnig þá á höfuðborgarsvæðinu sem vilja nýta sér þjónustu á Akranesi, í Borgarfirði og öðrum byggðum norðan Hvalfjarðar.

[11:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði áðan um forustumenn Samf. kannast ég illa við. Ég veit ekki betur en forverar þess flokks hafi staðið að ríkisstjórn sem undirbjó þetta mál.

Hv. þm. Halldór Blöndal taldi að margir hefðu verið á móti þessu máli í upphafi. En það voru líka margir sem börðust fyrir því fyrir norðan Hvalfjörð. Ég er sannarlega ekki að halda því fram að það hefði ekki átt að innheimta veggjald vegna þess að ég studdi málið. En það þýðir ekki að ég styðji að ríkið haldi áfram að innheimta virðisaukaskatt ofan á þetta veggjald og láti þá kynslóð eina sem núna er á dögum borga upp göngin á 20 árum og bæti þessu ofan á. Ríkið mun eiga þessi göng skuldlaus eftir 20 ára rekstur þeirra. Samt er ríkið að innheimta virðisaukaskattinn ofan á gjaldið.

Hæstv. ráðherra svaraði engum þeirra spurninga sem ég lagði fram. Ég spurði hvort hann ætlaði að beita sér fyrir því að þessi virðisaukaskattur yrði lagður af. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hann ætlaði að beita sér fyrir því að hamfaratrygging sem er á göngunum yrði færð yfir á ríkið. Það mundi ekki kosta ríkið neitt. Að vísu felst í því áhætta en sú áhætta er á öllum mannvirkjum. Ég spurði einnig hæstv. ráðherra að því hvaða leiðarstjörnur hann hefði gefið starfshópnum sem skoðar þetta mál til þess að skipuleggja framtíðarpólitíkina í þessu öllu saman. Hana þurfum við að ræða.

Ég er ekki á móti því að nota gjaldtöku með þessum hætti en hún verður að vera hófleg og ríkið á ekki að nota hana sem tekjustofn í ríkissjóð ofan á það sem menn greiða fyrir mannvirkið.

[11:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún er mjög gagnleg og mikilvægur undanfari þess að við þurfum að ræða í þinginu almennt um gjaldtöku vegna fjárfestinga í umferðarmannvirkjum.

Menn tala eins og það sé sjálfsagt mál að ganga á fund forustumanna fyrirtækis og bjóða þeim styrki. Hvernig gerum við það? Jú, við gerum það með því að taka fé úr ríkissjóði. Ef við ætlum að greiða upp lán fyrir fyrirtækið Spöl sem hefur fjárfest í þessu ágæta verkefni, ef við ætlum að lækka virðisaukaskatt eða greiða niður lánin fyrir fyrirtækið þá verðum við að taka það úr ríkissjóði. Hvaðan? Úr Vegasjóði. Eru menn tilbúnir að velja þau verkefni sem við þurfum að skera niður í vegagerð til að lækka þetta gjald?

Ég legg mikla áherslu á viðræður við Spöl áfram. Viðræður um hvað? Viðræður um að fyrirtækið leggi sig fram við að lækka gjaldið. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ganga í þær viðræður, m.a. með því að skoða hvort hægt sé með einhverjum leiðum að lækka tryggingarkostnaðinn. Ég tel að það sé eitt af þessum verkefnum.

Lækkun virðisaukaskattsins er fram undan á kjörtímabilinu á næstunni. Stjórnarflokkarnir hafa gert ráð fyrir að lækka virðisaukaskattinn, m.a. af gjaldinu í Hvalfjarðargöngunum. Í dag er 14% virðisaukaskattur af gjaldinu og ég tel að við eigum að lækka það og að því er stefnt.

Ég tel að ríkið eigi ekki að yfirtaka Hvalfjarðargöngin eins og fulltrúar Frjálslynda flokksins nefndu og raunar fleiri semýjuðu að því. Ég tel miklu fremur að við eigum að ganga til samninga við þetta ágæta fyrirtæki, m.a. um þann hugsanlega kost að það haldi áfram ámóta starfsemi og taki að sér önnur verkefni sem hér blasa við og nefnd hafa verið, t.d. Sundabraut.

Ég tel að við eigum að eiga gott samstarf við fyrirtækið, leita allra leiða, eins og ég hef verið að gera, til þess að lækka gjaldið, horfa til framtíðar og nýta þennan kost, þ.e. áframhaldandi uppbyggingu í samgöngukerfinu með gjaldtöku.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89.

[11:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er tekið til 3. umr. frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald sem töluvert hefur verið fjallað um í þingsölum og við rætt í efh.- og viðskn. sem fékk málið til umsagnar.

Frv. felur í sér að heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýta á á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignasparnaðar, falli brott. Ljóst er að í þeim umsögnum sem fram hafa komið um málið er í flestum og nær öllum tilvikum dregin upp sú mynd að þetta sé óskynsamleg aðgerð sem draga muni úr hvata til sparnaðar.

Markmiðið með þessari heimild var að efla lífeyrissparnað landsmanna og einnig þjóðhagslegan sparnað. Bæði þessi markmið eru enn í fullu gildi og því ekki tilefni til að afnema þær heimildir sem stutt hafa við séreignarsparnað, með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Fyrir þá sem vinna á almennum vinnumarkaði og opinbera starfsmenn, aðra en starfsmenn sveitarfélaga, hafa þessir hvatar verið þríþættir: Í fyrsta lagi hefur sparandinn fengið skattfrestun á viðbótariðgjaldi. Í öðru lagi var samið í kjarasamningum 1998 um sérstakt 2% framlag launagreiðanda á móti greiddu iðgjaldi launamanns. Í þriðja lagi var lögum um tryggingagjald tvíbreytt þannig að launagreiðendur fengu afslátt af tryggingagjaldi sem nam 0,1% fyrir hvert prósent sem starfsmenn greiddu í viðbótarlífeyrissparnað, upp að 4% sparnaði. Afslátturinn lagðist við viðbótarlífeyrissparnað launamannsins. Lækkun tryggingagjaldsins sem rann til viðbótarlífeyris sparenda mátti þó aldrei vera meiri en 10% af iðgjaldahluta hans.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þessir þrír hvatar hafa leitt til þess að smám saman hefur þátttaka í viðbótarlífeyrissparnaðinum orðið mjög góð.

Í þeim gögnum sem við höfum fengið frá fjmrn. um málið sést hvaða áhrif þessi viðbótarlífeyrissparnaður hefur haft. Á árinu 2000 var fjöldi framteljenda sem greiddu til lífeyrissjóða um 150 þúsund en var á árinu 2003 tæplega 163 þúsund. Þessi viðbót sem hér er um að ræða, þessir hvatar til aukins lífeyrissparnaðar, birtast í því að á árinu 2000 greiddu um 30 manns þessa viðbót. Á árinu 2003 eru greiðendur 70.566. Það sýnir hve miklum árangri þetta hefur skilað í sparnaði landsmanna. Með þessari breytingu er a.m.k. dregið úr einum þessara hvata sem er ástæða til að mótmæla harðlega.

Í umsögnum þeirra sem sendu umsögn um málið kemur sama skoðun fram. Í umsögn ASÍ segir, með leyfi forseta:

„Það er að auki beinlínis óráðlegt að fella brott hvata til þjóðhagslegs sparnaðar þegar allar spár benda til þess að búast megi við verulegri þenslu í hagkerfinu.

Einnig má benda á að verði umrætt frumvarp að lögum er verið að rýra kjör launafólks um 500-600 milljónir á ári. Slík kjaraskerðing mun ekki auðvelda komandi kjarasamningsgerð."

Það er ástæða til að staldra ögn við þetta, herra forseti. Það var ítrekað af fulltrúum ASÍ sem komu á fund nefndarinnar að þetta mundi hafa mjög neikvæð áhrif á komandi kjarasamningagerð. Þeir nefndu einnig neikvæð skilaboð sem fólgin væru í þessari breytingu, að draga úr hvata til sparnaðar.

Herra forseti. ASÍ bendir á að það sé verið að rýra kjör launafólks um 500–600 millj. kr. Eins og við höfum farið í gegnum er það einungis hluti af þeim pakka sem nú er sendur inn á heimilin til launafólks rétt fyrir jólin þar sem kjör heimila og einstaklinga eru rýrð með margvíslegum hætti. ASÍ telur að sá pakki sé upp á 3,7 milljarða kr. Í því sambandi má nefna vaxtabæturnar sem við ræddum í gær. Þær eru lækkaðar um 600 millj. kr. Þeir nefna almennan tekjuskatt sem er hækkaður um 600 millj. með afnámi frádráttar vegna séreignasparnaðar sem við ræðum hér. Atvinnuleysisbætur eru lækkaðar um 170 millj.

Þeir tala einnig um að sjúkratryggingar séu lækkaðar um 740 millj. Þar erum við að tala um lækkun á lyfjakostnaði upp á 450 millj. kr. Henni á að ná með því að hækka greiðslur almennings fyrir lyf og reyna að ná niður kostnaði með því að ávísa á ódýrari lyf. Hluti af þessum 740 millj. kr. eru niðurgreiðslur hjálpartækja. Þær lækka um 150 millj. kr. og er m.a. horft til þess að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku í öndunargrímum, jafnframt því að lengja þann tíma sem líður milli þess að fatlaðir geti fengið bifreiðastyrk. Í dag er sá tími fjögur ár. Spara á 50 millj. í kostnaði við sjúkraþjálfun og hækka komugjöld til sérfræðinga. Þessi aukning á álögur heimilanna felst í lækkun sjúkratrygginga upp á 740 millj. kr. Þessu til viðbótar eru vaxtabæturnar sem hér hefur verið rætt um. Það virðist jafnframt sérlegur áhugi hjá ríkisstjórninni að ráðast á kjör atvinnulausra. Bætur til þeirra eiga að lækka, m.a. með því að greiða ekki fyrstu þrjá dagana í atvinnuleysi. Það er kannski mesta skömm ríkisstjórnarinnar við fjárlagagerðina, að senda fátæku fólki sem á varla fyrir jólamatnum slíka kveðju fyrir jólin.

Til viðbótar þessu, herra forseti, bætist hækkun á bensínskatti og þungaskatti. Það eru 1.200 millj. kr. með virðisaukaskatti þannig að bensínlítrinn sem bíleigendur borga hækkar, frá því að það frv. varð að lögum, um tæpar 4 kr.

Hlutirnir hafa heldur betur snúist upp í andhverfu sína frá kosningunum, þegar stóð upp úr öllum frambjóðendum stjórnarflokkanna að lækka ætti skattana og bæta kjör heimilanna. Við erum hér á síðasta sprettinum fyrir jólin að ræða hvert frv. á fætur öðru sem felur í sér ýmsar álögur á heimilin í landinu með margvíslegum hætti. Fyrir þeim álögum verða sjúklingarnir og atvinnulausir, ekki sleppa þeir frekar en fyrri daginn hjá núv. ríkisstjórn. Það er árlegur viðburður frá því að ríkisstjórnin tók við árið 1995, að skerða kjör þessara hópa. Það hefur verið gert jafnt og þétt. Bíleigendur verða iðulega fyrir barðinu á ríkisstjórninni. Hér er bensínlítrinn og álögur á bifreiðaeigendur með því hæsta sem þekkist. Ríkisstjórnin gengur meira að segja svo langt, þegar við erum að sigla inn í þenslutímabil, að draga úr hvatanum til sparnaðar með því frv. sem hér er á dagskrá, herra forseti.

Út af fyrir sig er óþarfi að fara ítarlega yfir þessar umsagnir. Það var gert við 2. umr. málsins. Í örfáum orðum er þó hægt að segja, herra forseti, að Landssamtök lífeyrissjóða leggjast gegn samþykkt þessarar breytingar á lögum um tryggingagjald. BSRB leggst gegn samþykkt frv., segir að það rýri kjör launafólks og dragi jafnframt úr hvata til lífeyrissparnaðar. Orðrétt segir BSRB, með leyfi forseta:

„Auk þess orkar tímasetning tvímælis í ljósi þeirrar þenslu sem ætla má að verði í efnahagslífinu á komandi missirum. Við slíkar aðstæður hefur verið talið heppilegra að örva sparnað."

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerir mjög alvarlegar athugasemdir við frv., lýsir sig ósammála því og segir, með leyfi forseta:

„Enn er mikil þörf til að auka þjóðhagslegan einkasparnað, sérstaklega vegna mikilla umsvifa í íslensku efnahagslífi á næstu árum. Í stað þess að um 500 milljónir króna endi á lífeyrisreikningum launþega og tilsvarandi þjóðhagslegur einkasparnaður myndist, aukast tekjur ríkissjóðs um sömu upphæð. Þessum auknu tekjum ríkissjóðs er þá hægt að ráðstafa til verkefna á vegum hins opinbera með tilsvarandi innspýtingu í efnahagslífið eða í að greiða niður skuldir með tilsvarandi þjóðhagslegum sparnaði. Af þessum þremur kostum er aukning þjóðhagslegs einkasparnaðar æskilegastur."

Það er akkúrat það sem ríkisstjórnin er að draga úr með þessari breytingu sem við ræðum hér.

Í öðru lagi segir Hagfræðistofnunin, með leyfi forseta:

„Ráðstöfunin mun draga úr vilja þess helmings íslenskra launþega sem ekki tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði nú til að hefja þátttöku."

Mér láðist að geta um það áðan að í umsögn ASÍ eru einmitt hafðar áhyggjur af þessu, þ.e. að stórir hópar launafólks hafi ekki nýtt sér viðbótarlífeyrissparnaðinn nema að takmörkuðu leyti og þetta eigi sérstaklega við um þá tekjulægri. Undir þetta tekur Hagfræðistofnun, að ráðstöfunin muni draga úr vilja þess helmings íslenskra launþega sem ekki tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaði nú til þess að hefja þátttökuna, þ.e. þegar verið er að draga úr en ekki að auka hvatann.

Hagfræðistofnun segir í þriðja lagi, með leyfi forseta:

„Á hverju ári bætast 2–3 þúsund nýir starfsmenn við á íslenskan vinnumarkað og mun ráðstöfunin draga úr hvatanum fyrir þessa starfsmenn til að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði."

Í umsögn Hagfræðistofnunar segir einnig, með leyfi forseta:

„Almannatryggingakerfið og almenna lífeyriskerfið munu í framtíðinni gefa eftirlaunaþegum færi á að njóta um 65–75% meðaltekna sinna eftir að sest er í helgan stein, ef fullum réttindum er náð. Viðbótarlífeyrir bætir um 10 prósentustigum við þá tölu, miðað við að greitt sé alla starfsævi í viðbótarlífeyrissjóð og að ávöxtun sé þokkaleg. Jafnframt er ljóst að því hærri sem lífeyrir er úr almennum sjóðum og viðbótarlífeyrissjóðum, því minni verður þunginn á almannatryggingar í framtíðinni vegna tekjutenginga."

Það eru viðbótarrök fyrir þessu eins og Hagfræðistofnun bendir á, þ.e. að því hærri sem lífeyrir er úr almennum sjóðum, m.a. vegna séreignasparnaðar sem verið er að draga úr, og viðbótarlífeyrissjóðum, því minni verður þunginn á almannatryggingar í framtíðinni vegna tekjutenginga. Ekki er víst að mikill sparnaður sé í þessu þegar öllu er á botninn hvolft og allar hliðar á málinu hafa verið dregnar fram. En svo virðist oft vera að þegar ríkisstjórnin ræðst í sparnað þá er hann oft óhugsaður, það vantar að fara yfir málið í heild sinni, hvort þetta sé í raun og veru sparnaður, hvort þessi útgjöld sem verið er að spara komi fram einhvers staðar annars staðar eða ef verið er að spara í heilbriðigskerfinu, hvort það komi þá fram í félagslega kerfinu o.s.frv. Það er oft sem við brennum okkur á því, herra forseti, að hlutirnir virðast ekki gaumgæfðir sem skyldi hjá hæstv. ríkisstjórn.

Landsbanki Íslands er á móti þessu og tína má til fleiri aðila.

Herra forseti. Frv. sem við ræðum fyllir flokk þeirra mörgu mála í þinginu þar sem ríkisstjórnin er að fara óskynsamlegar leiðir, þar sem hún er að þrengja kjör fólksins með óskynsamlegum hætti. Við í þingflokki Samfylkingarinnar höfum lýst okkur alfarið á móti þeirri leið sem hér er farin og munum að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn frv. þegar það kemur til atkvæðagreiðslu hér síðar.

[11:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við erum komin í 3. umr. um þetta lagafrv. og menn hafa gert grein fyrir afstöðu sinni til frv. á fyrri stigum málsins. Verið er að fella brott málsgrein úr 2. gr. laganna og í athugasemdum með frv. er gerð grein fyrir því hvernig þær eru upphaflega til komnar í áföngum árið 1998 og síðan aftur 2000. Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

„Með lögum nr. 148/1998, um breyting á lögum um tryggingagjald, var fjórum nýjum málsgreinum bætt við 2. gr. laganna þar sem kveðið var á um lækkun tryggingagjalds launagreiðanda um allt að 0,2%, en þó ekki meira en sem næmi 10% af iðgjaldshluta launamanns samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þessa lækkun skyldi nýta sem iðgjald launagreiðanda á móti iðgjaldi launamanns til viðbótarlíf eyrissparnaðar."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Með breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt vorið 2000 var þessi heimild hækkuð úr 2% í 4% auk þess sem heimild til lækkunar á tryggingagjaldi hækkaði úr 0,2% í 0,4%."

Áfram segir, með leyfi forseta.

„Við gerð kjarasamninga í kjölfar lagabreytinganna frá 1998 var síðan samið um sérstakt framlag frá launagreiðanda á móti greiddu framlagi launþegans í viðbótarlífeyrissparnað."

Það sem ég er að leggja áherslu á er samhengi þessara lagabreytinga og kjarasamninga. Það skal tekið fram að hér er ekki um kjarasamningsbundin ákvæði að ræða. Ég er ekki að halda því fram. En ég er að leggja áherslu á þetta stóra samhengi.

Um markmið þessara laga segir, með leyfi forseta. Áfram vitna ég í athugasemdir við lagafrumvarpið:

„Meginmarkmiðið með þessum breytingum var tvíþætt, annars vegar að skapa skilyrði fyrir aukinn þjóðhagslegan sparnað og hins vegar að efla lífeyrissparnað landsmanna jafnframt því að auka vitund og sjálfsákvörðunarrétt þeirra yfir þessu sparnaðarformi. Framangreindar breytingar hafa svo sannarlega náð markmiðum sínum með vaxandi þátttöku launþega ár frá ári í þessari sparnaðarleið. Samningar um mótframlag atvinnurekenda hafa án efa stuðlað að því hversu vel hefur tekist til."

Ég vil taka undir þessi sjónarmið og þessa framsetningu á tilurð laganna og rökstuðningi fyrir þeim á sínum tíma. Að mínu mati halda þessi rök ennþá. Ég hef lagt áherslu á og ítreka það sjónarmið enn að þetta er kjararýrandi fyrir launafólk. Þetta rýrir lífeyrisréttindi launafólks og þetta er auk þess rangur tími. Ef menn á annað borð ætla að nema þessi ákvæði á brott úr lögum þá er rangt að gera það núna. Það er fyrirsjáanleg hætta á þenslu í efnahagslífinu og þá er ástæða til þess að hafa til staðar sem mesta hvata til sparnaðar og eins og hérna er reyndar vikið að og vitnað hefur verið til í greinargerðinni var þetta að hluta til hugsað sem slíkur hvati.

Hér hefur verið vitnað í fjölmargar álitsgerðir frá verkalýðshreyfingunni, frá Alþýðusambandi Íslands, frá BSRB, frá ýmsum fjármálasérfræðingum og Háskóla Íslands. Ég tek undir þau varnaðarorð sem þar koma fram en ætla ekki að fara nánar í það hér í ræðustól. Það hefur þegar rækilega verið gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 142. mál (13. samningsviðauki). — Þskj. 142.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 143. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 143.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (fullgilding spillingarsamnings). — Þskj. 146.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140, brtt. 577.

[11:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, sem þegar hefur fengið allmikla umræðu í þinginu. Það sem helst hefur verið rætt er sú dagsetning sem kveðið er á um í 1. gr. laganna og felur það í sér að einkaleyfi til að reka happdrætti Háskólans megi veita til 1. janúar 2019. Ég ætla í sjálfu sér ekki að taka afstöðu til þess hvort þetta er rétt. Ég hef kynnt mér rök sem fram hafa komið í því máli. Almennt vil ég segja að ég er hlynntur Happdrætti Háskóla Íslands sem hefur staðið fyrir uppbyggingu innan veggja Háskólans og reyndar veggjanna sjálfra, því þetta happdrætti eða aflafé úr happdrættinu hefur verið notað til þeirra hluta. Hins vegar vil ég í tengslum við þetta víkja að happdrættinu í víðari skilningi og þá að spilakössunum eða spilavítisvélunum sem Háskóli Íslands og Háskólahappdrættið reka og eru reyndar ekki ein um það vegna þess að þar er á ferðinni líka nokkuð sem heitir Íslandsspil — Íslenskir söfnunarkassar mun það einhvern tímann hafa verið — og skilar dágóðum tekjum.

Undanfarin ár höfum við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skipst á að afla upplýsinga um aflafé úr þessum sjóðum. Í svari sem henni var veitt um aflafé úr spilavítisvélunum fyrir árið 2002 kemur fram að Íslandsspil sem áður hét Íslenskir söfnunarkassar og er rekið af SÁÁ, Rauða krossinum og Slysavarnafélaginu Landsbjörg — þetta eru þeir aðilar sem eiga aðild að þessu kassasamlagi — fékk á árinu 2002 1 milljarð 360 millj. 528 þús. 631 kr., með öðrum orðum rúmlega 1,3 milljarða kr. Háskólahappdrættið fékk úr spilavítisvélunum 1 milljarð 236 þús. 604 kr. Þetta eru upphæðirnar sem við erum að tala um. Þær eru teknar úr vösum fólks sem margt hvert er ekki sjálfrátt gerða sinna.

Menn hafa deilt um hve margir eru haldnir spilafíkn. Þó deilir enginn um það, það vefengir enginn að það sé 0,5–0,6% hverrar þjóðar. Jafnvel aðstandendur spilavítanna hafa viðurkennt þessa tölu. Ef það er rétt að 0,6% Íslendinga séu haldnir spilafíkn þá þýðir það að 1.700 einstaklingar eru haldnir þeirri fíkn. Þá er Háskóli Íslands, Rauði krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg að nýta sér veikindi þessa fólks til að hafa af því fé, til að fjármagna starfsemi sína.

Ég sakna þess að hér skuli ekki vera til staðar hæstv. dómsmrh. sem er ábyrgur fyrir því siðleysi að nýta sér veikleika sjúks fólks til að hafa af því peninga til að fjármagna starfsemi sína. Hvað ætlar hann eiginlega að gera? Ég er búinn að beina þessum fyrirspurnum til hans og forvera hans árum saman. Svörin eru engin. Menn hafa haft uppi góð orð um það öðru hverju að setja eigi niður nefndir til að kanna málin o.s.frv. En síðan er ekkert gert. Þjóðfélagið horfir aðgerðalaust á að þessar virðulegu stofnanir nýta sér sjúkleika fólks á þennan hátt.

Það má í rauninni segja að það séu tveir aðilar sem hafi ánetjast spilakössum. Annars vegar þeir sem eru háðir þeim og spila í spilavítunum og síðan hinir sem hafa tekjurnar af þeim. Þeir eru einnig háðir þessum spilakössum. Ég hef verið með hugmyndir um það að háskólinn merki spilavítin einstökum deildum háskólans. Þannig fái t.d. Siðfræðistofnun Hlemm, hún gæti fengið Hlemm og fjármagnað sig með Hlemmi, guðfræðideildin gæti fengið Skólavörðustíginn, þannig að þeir sem skipta við kassana viti hverja þeir eru að styrkja, að þeir eru að styrkja guðfræðideildina eða Siðfræðistofnun. Hvers á þá lögfræðideildin að gjalda? kynni einhver að spyrja. Jú, hún gæti fengið einhverja gullnámuna. Gullnámuna, kalla þeir þetta. Náman eru vasarnir á sjúku fólki sem haldið er spilafíkn. Og mér finnst, herra forseti, ekki hægt að afgreiða þessi mál án þess að taka þá hlið, þennan þátt einnig til umræðu og skoðunar.

Það hafa endrum og eins verið skrifaðar ágætar greinar um þetta mál, og ég leyfi mér að vitna m.a. í grein sem Sigtryggur Jónsson sálfræðingur birti í Morgunblaðinu 19. maí árið 2001, en þar segist hann sakna af hálfu aðstandenda spilakassanna, og nú vitna ég beint til ummæla hans, með leyfi forseta: „umræðunnar um það hvers konar lífi sá lifir, sem haldinn er spilaáráttu, hvernig löngun hans til að spila getur orðið óviðráðanleg, hve skömmin, lygin og sviksemin við nánustu vini og ættingja er stöðugur fylgifiskur, hve afneitunin á eigin vanda er alger, hve trúin á það að geta bætt fjárhagsstöðuna er staðföst. Eða hve angistin, depurðin, kvíðinn og sjálfsvígshugmyndin er daglegur förunautur þeirra, sem lengst og dýpst eru sokknir og hve mörg sjálfsvíg má beinlínis rekja til spilaskulda, sem skipta tugum milljóna króna hjá einum og sama spilaranum“.

Hvorki ég né Sigtryggur Jónsson erum einir um að spyrja um ábyrgð aðstandenda spilakassanna því í leiðara Morgunblaðsins, 3. apríl árið 2001, var til að mynda spurt, og hér vitna ég orðrétt, með leyfi forseta, „hvort þau samtök, sem um ræðir, telji sér sæmandi að afla fjár með rekstri fjárhættuspila“.

Þótt háskólinn ætti ekki hlut að máli á sínum tíma — það voru söfnunarkassarnir, Íslandsspil, heita þeir það ekki núna? — þá gerðist það fyrir nokkrum árum að þeir buðu sérfræðingi, svokölluðum, í spilafíkn til landsins. Þetta var prófessor frá spilavítum í Las Vegas og Reno í Arizona í Bandaríkjunum. Þessi maður heitir Stowe Shoemaker og hann var kynntur sem háskólakennari í þessum fræðum, og hann réttlætti spilavíti yfir súpuverði á Grand Hótel, þar sem ég hlýddi meðal annarra á ræðu hans, og hlaut að launum dynjandi lófatak frá hagsmunaaðilum sem voru mættir til staðar.

Það hefur aðeins þokast í áttina. Komið hefur verið upp hjálparlínu t.d. á vegum þessara kassa og það er til komið vegna þrýstings frá fólki sem er að berjast gegn þessum ófögnuði. En ég vil minna á það að iðulega fyrir jólin hafa komið fram mótmæli, varnaðarorð og mótmæli frá aðstandendum spilafíkla um að slíkir staðir verði lokaðir í desembermánuði. Á það hefur aldrei verið hlustað.

En ég vil vekja athygli á annarri ályktun sem kom. Það var upphafi þessa árs. Þá ályktuðu áhugamenn gegn spilafíkn og beindu þeirri áskorun til aðstandenda spilakassa að stigið

yrði það skref, og nú vitna ég orðrétt í ályktun áhugamanna gegn spilafíkn, með leyfi forseta, „að banna spilavélar í sjoppum, veitingastöðum og annars staðar þar sem ætla má að unglingar hafi aðgengi að vélunum".

Á þeim tíma, þetta mun hafa verið í febrúar fyrr á þessu ári, var spurt hvort aðstandendur spilakassanna væru tilbúnir að verða við slíkum kröfum áhugamanna gegn spilafíkn, að takmarka aðgengi unglinga að þessum kössum og að þeir yrðu fjarlægðar úr sjoppum og matsölustöðum og annars staðar þar sem ætla mætti að unglingar hefðu aðgengi að vélunum. Engin svör, engin viðbrögð. Fullkomið ábyrgðarleysi.

Herra forseti. Þetta eru spurningar sem vakna í mínum huga þegar óskað er eftir því að Háskóli Íslands fái leyfi til áframhaldandi einkaleyfis á happdrætti. Ég fyrir mitt leyti geri mikinn greinarmun á Happdrætti Háskóla Íslands annars vegar og hins vegar spilavítisvélum, ég tala nú ekki um Gullnámuna sem er sérstaklega hönnuð til að æsa upp fíknina með fólki. Ég geri mikinn greinarmun á þessu tvennu, Happdrætti Háskóla Íslands sem ég styð og er fylgjandi því að veita háskólanum áframhaldandi einkaleyfi. Ég er enn að hugleiða tímasetningarnar, hve lengi eigi að gera það fram í tímann með hliðsjón af því að hugmyndin er sú að setja niður nefnd sem skoði þau mál til framtíðar, en þessu er ég almennt velviljaður. Fólk hefur almennt tekið þátt í happdrætti Háskóla Íslands til að styðja við bakið á háskólanum og uppbyggingu þar. Ég er svo sannarlega í þeim hópi. Ég er einnig á því að styðja við bakið á þjóðþrifastofnunum eins og Slysavarnafélaginu Landsbjörg, sem á allan minn stuðning, SÁÁ, sem vinna mjög gott starf, Rauða krossinum, sem vinnur prýðilegt starf líka. Þessar stofnanir eiga minn stuðning, að þessu undanskildu. Ég og hópur fólks innan þings sem utan, þetta er þverpólitískt mál, þetta hefur ekkert með flokkapólitík að gera, við styðjum þessar stofnanir og viljum leita leiða til að tryggja þeim aðra tekjustofna en höfnum því algerlega að gera sér að féþúfu veikt fólk. Það er fullkomlega siðlaust. Og ég sakna þess að heyra engin viðbrögð, hvorki frá aðstandendum spilavítanna né stjórnvöldum, en ég kalla eftir viðbrögðum frá báðum þessum aðilum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Talnagetraunir, 3. umr.

Stjfrv., 141. mál (framlenging rekstrarleyfis). — Þskj. 141.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (meðferð hlutafjár). — Þskj. 193, nál. 528.

[11:41]

Flm. (Birgir Ármannsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti. Umsagnir bárust frá Og Vodafone, Landssíma Íslands hf., Snerpu, Byggðastofnun, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Grímsnes- og Grafningshreppi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Akraneskaupstað, Háskólanum á Akureyri og Djúpavogshreppi.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra fari með hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. í stað samgönguráðherra. Nefndin telur heppilegt að flytja handhöfn hlutafjár ríkisins á hlutabréfum í Landssímanum frá þeim ráðherra sem fer með fjarskiptamál og til fjármálaráðherra í samræmi við þá meginreglu, sem kemur fram í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, og fyrirsvar þeirra vegna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Bjarni Benediktsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir, hv. 8. þm. Reykv. n., sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Hún stendur ekki að álitinu en boðaði að hún mundi gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. umr. málsins.

[11:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. flm. nál., Birgis Ármannssonar, stend ég ekki að þessu áliti en afstaða mín í þeim efnum helgast af því að hér séu kannski ekki þau tilefni til staðar sem látið hefur verið liggja að með þessari aðgerð, að færa forsjá hlutabréfs ríkisins í Landssíma Íslands úr höndum fagráðherrans, samgrh., og í hendur hæstv. fjmrh. Ég hef sem sagt efasemdir um það að hér liggi þau faglegu rök að baki sem talað hefur verið um. Mér finnst ekki endilega sjálfgefið að eignir og verðmæti ríkisins séu alfarið í umsýslu hæstv. fjmrh., enda er það ekki svo að öllu leyti. Það eru ýmsir fagráðherrar sem hafa vörslu eigna ríkisins með höndum og ég held að það þurfi ekki að vera slæmt að fagráðherra, í þessu tilfelli samgrh. sem þekkir og gerir sér grein fyrir þörfum þjóðarinnar varðandi fjarskipti í landinu, hafi með umsýslu þessara hluta að gera.

En hvað liggur hér að baki? Það hefur verið látið í veðri vaka að aðeins sé um einhverja einfalda tæknilega afgreiðslu að ræða og þingmenn stjórnarmeirihlutans hafa í raun og veru gert sáralítið úr þessu máli eins og umræðan og þetta nál. gefur til kynna. En í mínum augum er hér verið að undirbúa sölu Landssíma Íslands hf., sölu sem einu sinni var haldið fram úr þessum stóli að stæði ekki til að færi fram. En nú veit alþjóð að þær yfirlýsingar voru innihaldslausar því þegar hafa verið gerðar afskaplega klaufalegar og raunar misheppnaðar tilraunir til þess að selja Landssímann en ríkisstjórninni tókst ekki það ætlunarverk sitt á sínum tíma, en nú verða gerðar tilraunir að öllum líkindum til þess að

reyna á nýjan leik. Menn segja að nú sé markaðsumhverfi hagstæðara, og við vitum öll hvað stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar er það alveg ljóst að ríkisstjórnin stefnir að því að selja hlut íslenska ríkisins, þjóðarinnar, í þessu þjóðarfyrirtæki.

En er það vilji Alþingis, virðulegi forseti, að sala þessi sé undirbúin svo hægt og hljótt sem hér er gert? Ég tel rétt að reyna í öllu falli að vekja athygli þjóðarinnar á því sem hér er í undirbúningi vegna þess að ég tel að þjóðin eigi að taka ákvarðanir af þessu tagi. Við getum núna, við afgreiðslu þessa máls, skoðað grundvallaratriði málsins en það er ekki víst að okkur gefist annað tækifæri til þess. Heimild ríkisstjórnarinnar er eins og allir vita þegar til staðar. Hún er fengin í þeim lögum sem hér er verið að breyta, lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé Landssíma Íslands hf.

Hvenær ætla svo ráðamenn þjóðarinnar að bregðast við þeim athugasemdum sem hafa verið gerðar varðandi þessi mál um hina náttúrlegu einokun á sviði fjarskipta í landinu og svara þeim áleitnu spurningum sem lúta að framtíðarfjarskiptaumhverfi á Íslandi? Hvenær ætlum við að ræða jöfnun á möguleikum fólks á að njóta góðra og öflugra fjarskipta? Það sjá allir í hendi sér að slíkt yrði ekki til staðar eftir einkavæðingu þessa fyrirtækis. Við vitum líka að undir fjarskipti heyra gervihnattasamskiptin okkar. Er verið að tala um að einkavæða þau? Hvað er fólgið í grunnneti Landssímans sem Samf. hefur látið í veðri vaka að hún sé ekki sátt við að verði selt? Af hverju erum við ekki að ræða þessi grundvallaratriði málsins? Af hverju látum við bjóða okkur að hér sé talað um að einungis sé um tæknilega tilfærslu að ræða á eignum ríkisins, þ.e. flutningi hlutabréfsins úr skrifstofu hæstv. samgrh. yfir á skrifstofu hæstv. fjmrh.? Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að ég hefði viljað fara ofan í grundvallaratriði málsins við þessa umræðu og tel fulla ástæðu til. Ég tel ekki rétt að undirbúa söluna á þessu þjóðarfyrirtæki, Landssíma Íslands, með þeim hætti sem hér er gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (trúnaðarlæknir, aðildarskilyrði). — Þskj. 539.

[11:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Með frv. þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögunum. Annars vegar er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins skuli meta orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og er það sambærileg breyting og lögð hefur verið til í frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og ég mælti hér fyrir í gær. Hins vegar er lagt til að ákvæðum um skilyrði til aðildar að sjóðnum verði breytt.

Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að fellt verði niður ákvæði í lögunum um að tryggingayfirlæknir stofnunarinnar meti orkutap sjóðfélaga sjóðsins. Með frumvarpinu er lagt til að í stað tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Er það í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ákvæðum laganna um aðildarskilyrði að sjóðnum verði breytt. Samkvæmt gildandi lögum skulu allir hjúkrunarfræðingar, sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, eiga rétt til aðildar að sjóðnum.

Ákvæði um aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga hafa ekki þótt nægilega skýr. Þannig hefur komið upp ágreiningur um hvort aðrir en þeir sem starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga eigi rétt á aðild að sjóðnum. Það hefur einkum verið litið til ákvæða um bakábyrgð ríkisins á ábyrgðarskuldbindingum launagreiðenda í þessu sambandi.

Til að taka af öll tvímæli um skilyrði til aðildar að sjóðnum er með frumvarpi þessu lögð til breyting á 17. gr. laganna. Samkvæmt frumvarpinu skulu hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu. Þá er lagt til að launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 2003 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafi áfram sömu heimild til að greiða iðgjald fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði um aðild.

Framangreind tillaga er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og sjóðfélaga í B-deild sjóðsins sem tók gildi 1. maí 1997. Þannig var B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins alfarið lokað fyrir öðrum launagreiðendum en þeim sem höfðu fengið heimild sjóðsins fyrir árslok 1996. Ekkert sambærilegt ákvæði var hins vegar sett í lögin um Lífeyrissjóð hjúkrunafræðinga og eftir á að hyggja reyndist það hafa verið misráðið.

Samkvæmt 18. gr. laganna um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga ábyrgjast ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóðnum, hver fyrir sinn hóp, greiðslur úr sjóðnum. Samkvæmt sömu grein er ríkissjóður hins vegar bakábyrgur reynist sá aðili sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, endurgreiða sjóðnum hækkun á lífeyrisgreiðslum vegna almennra launahækkana.

Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að eftirleiðis verði sjóðurinn aðeins opinn fyrir hjúkrunarfræðingum sem starfa á vegum opinberra stofnana, þ.e. hjá stofnunum sem eru alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Áfram gilda þau skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi starfi við hjúkrun, hafi greitt iðgjald til sjóðsins við árslok 1996 og sé ráðinn með föst mánaðarlaun.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og til hv. efh.- og viðskn. þingsins.

[11:51]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu breytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Mér er málið skylt þar sem ég er fulltrúi stéttar minnar, hjúkrunarfræðinga, í stjórn sjóðsins og hef verið þar um nokkurt skeið.

Í frv. eru lagðar til tvær breytingar, annars vegar um að fella niður ákvæðið um að tryggingayfirlæknir TR meti orku-

tap sjóðfélaga LH. Það er ekkert við það að athuga. Ég bendi á að mælt var fyrir frv. sama efnis varðandi Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrr í þessari viku.

Hin breytingin snýr að aðildarskilyrðum að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt núgildandi lögum eiga allir hjúkrunarfræðingar sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, eða heilbrigðisstofnana sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, rétt til aðildar að sjóðnum. Breytingin sem er lögð til er að eingöngu hjúkrunarfræðingar sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum í árslok 1996 skuli eiga rétt til aðildar að LH á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum eða stofnun sem er alfarið í þeirra eigu. Aðrir launagreiðendur sem hafa fengið aðild að sjóðnum fyrir árslok 2003 til að greiða iðgjöld fyrir hjúkrunarfræðinga sína hafa áfram sömu heimild.

Með frv. er tekið af skarið með að nýjar sjálfseignarstofnanir og einkaaðilar sem hafa hjúkrunarfræðinga í þjónustu sinni fái ekki aðild að sjóðnum fyrir hjúkrunarfræðinga sína eftir áramótin 2003. Hjúkrunarfræðingur sem hefur átt aðild að sjóðnum hjá fyrri vinnuveitanda verður að færa sig í annan lífeyrissjóð vilji hann ráða sig til starfa hjá nýjum aðila sé sú starfsemi rekin á grunni sjálfseignarstofnunar eða einkareksturs þótt ríkið sé greiðandi þjónustunnar.

Þess ber að geta að stjórn sjóðsins hefur ekki samþykkt að taka við iðgjöldum vegna hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá einkaaðilum á síðustu 12–15 árum. Hér á ég t.d. við læknastofur sem sótt hafa um aðild að sjóðnum vegna hjúkrunarfræðinga sem ráða sig til starfa hjá þeim. Hins vegar hafa sjálfseignarstofnanir, svo sem öldrunarstofnanir, fengið aðild að sjóðnum fyrir hönd hjúkrunarfræðinga sinna, enda hefur rekstur þeirra að öllu leyti verið greiddur úr ríkissjóði.

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga var hins vegar vandi á höndum þegar öldrunarstofnanir eins og Sóltún sem er í eigu einkaaðila sótti um aðild að sjóðnum fyrir hönd hjúkrunarfræðinga sem réðu sig til starfa hjá stofnuninni. Reyndar töldu hjúkrunarfræðingar sig hafa rétt til aðildar að sjóðnum sem síðan var hafnað. Í sjálfu sér má spyrja hver sé munur á sjálfseignarstofnun annars vegar og einkaaðila hins vegar sem er ekki í eigu ríkisins en reksturinn að fullu greiddur af ríkinu. Frammi fyrir þessum vanda hefur stjórn sjóðsins staðið á síðustu missirum og hefur átt í málaferlum vegna þess.

Mjög stór hluti hjúkrunarfræðinga kaus að flytja sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga yfir í A-deild LSR þegar þeim gafst kostur á því um áramótin 1996–1997. Það átti sérstaklega við um hjúkrunarfræðinga sem þá voru 45 ára og yngri og sem núna eru þá rúmlega fimmtugir og yngri. Virkir sjóðsfélagar í LH eru því flestir yfir fimmtugt, vel yfir fimmtugt og eldri, en eins og ég sagði kusu flestir yngri hjúkrunarfræðingar að færa sig frá LH til LSR af ýmsum ástæðum.

Sú breyting sem hér er lögð til á lögum um LH mun því ekki varða marga hjúkrunarfræðinga í framtíðinni. Hins vegar mun hún í einhverjum tilvikum valda því að hjúkrunarfræðingar sem greiða nú í sjóðinn og hafa hugsað sér að halda því áfram og ljúka störfum sínum innan Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga þar til þeir fara á lífeyri munu ekki ráða sig til starfa hjá nýjum aðilum, s.s. sjálfseignarstofnun, sem munu reka heilbrigðisstarfsemi sambærilega við þá sem ríki og sveitarfélög standa fyrir og sem að öllu eða mestu leyti er rekin fyrir opinbert fé. Þannig mun samkeppnisstaða nýrra heilbrigðisfyrirtækja gagnvart heilbrigðisstofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga verða skekkt. Þannig getur ný sjálfseignarstofnun sem tekur að sér að reka t.d. öldrunarstofnun ekki geta tryggt hjúkrunarfræðingi sem á aðild að sjóðnum vegna fyrri starfa áframhaldandi aðild.

Í ljósi þess að eldri hluti hjúkrunarfræðinga, þ.e. þeir hjúkrunarfræðingar sem eru eldri, ræður sig yfirleitt til starfa á öldrunarstofnunum er ljóst að nýr aðili hefur ekki sömu möguleika á að ráða til sín hjúkrunarfræðinga og þeir sem þegar hafa aðild að sjóðnum. Það er jafnframt alveg ljóst að verði þessi breyting á lögunum er ekki vafi á að einkaaðilar eins og Sóltún og Heilsugæslustöðin í Salahverfinu, sem tekur til starfa núna um áramótin, munu ekki fá aðild að sjóðnum fyrir hönd hjúkrunarfræðinga sinna. Þeir munu hins vegar eftir sem áður geta fengið aðild að A-deild LSR. Ég tel mikilvægt að hv. þingnefnd sem fær málið til skoðunar fái umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga um málið því þetta varðar eingöngu félagsmenn þess félags.

Jafnframt beini ég því til hv. efh.- og viðskn. sem fær málið til umsagnar eða til athugunar að skoða möguleika á því að í þeim tilvikum sem hjúkrunarfræðingur hefur átt aðild að LH alla sína starfsævi og á ekki nema tiltekinn fjölda starfsára eftir þar til hann fer á lífeyri geti LH, í slíkum undantekningartilvikum, leyft einstaklingsaðild að sjóðnum, enda muni hinn nýi launagreiðandi, þótt hann sé sjálfseignarstofnun eða einkafyrirtæki, skuldbinda sig til að greiða samtímaiðgjald að fullu þannig að lífeyrisskuldbinding falli ekki á ríkissjóð.

Það er hins vegar ljóst að slíkt iðgjald yrði mun hærra en það sem ríkið greiðir í dag fyrir starfsmann sinn, þ.e. mun hærra en þau 11,5% af launum starfsmanns sem ríkið leggur til.

Það er mín skoðun að sú breyting sem lögð er til í frv. sé óhjákvæmileg í ljósi þess að LH hefur bakábyrgð ríkissjóðs og ekki sé hægt að ríkið taki á sig skuldbindingar sem einkaaðilar og sjálfseignarstofnanir hafa stofnað til. Einnig er ljóst að þessa breytingu verður að gera í samræmi við sams konar ákvæði í LSR sem kom inn í lög 1996 en kom af einhverjum ástæðum ekki í lögin um LH. Ég var reyndar þátttakandi í þeim breytingum sem gerðar voru á sjóðnum, var í þeirri nefnd sem vann breytingarnar, og ég man ekki af hverju við gerðum ekki þessar breytingar á LH á sínum tíma en í samræðum okkar við framkvæmdastjóra sjóðsins rekur okkur minni til þess að við töldum að ekki væri ástæða til þess að gera þetta, það mundi ekki steyta á þessu, m.a. vegna þeirrar reglu sem stjórn sjóðsins hafði þá sett sér um að taka ekki fleiri einkaaðila inn í sjóðinn.

Ég legg þá áherslu á að hv. þingnefnd sem fær málið til skoðunar leiti umsagnar og taki tillit til skoðunar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í þeim efnum. Vil ég þá sérstaklega halda fram þeirri tillögu sem ég var að mæla fyrir hér áðan um einstaklingsaðild við ákveðin tilvik enda er Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga mjög mikilvægur fyrir sérstaklega þá hjúkrunarfræðinga sem eiga stutt eftir til að komast á lífeyri. Jafnframt bendi ég á að einmitt sá hópur er sá hópur sem ræður sig til starfa til öldrunarstofnana og sjálfseignarstofnana sem eru þá nýjar. Þegar við erum einmitt að hugsa til þess að í framtíðinni munum við sennilega í auknum mæli færa rekstur heilbrigðisstofnana til einkaaðila eða sjálfseignastofnana mun þetta skipta máli fyrir þessar stofnanir til að geta ráðið hjúkrunarfræðinga til starfa. Það er ótækt að hafa hóp hjúkrunarfræðinga fyrir framan sig

og þurfa að segja við þá: Nei, því miður, við getum ekki tryggt ykkur aðild að lífeyrissjóðnum og þar af leiðandi er grundvöllur fyrir ráðningu brostinn. Ef einkafyrirtæki eða sjálfseignarstofnun er tilbúin að taka á sig að greiða skuldbindingar að fullu um leið og þær myndast ætti ríkið að standa í rauninni slétt eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (búseta, EES-reglur). — Þskj. 360.

[12:00]

Menntamálaráðherra (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Þann 26. júní 2001 hóf Eftirlitsstofnun EFTA skoðun á ákvæðum laga um Lánasjóðs íslenskra námsmanna, nr. 21/1992. Tilefnið var álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 3042/2000 er varðaði rétt námsmanns frá Finnlandi til láns úr LÍN. Eftir bréfaskipti við menntamálaráðuneytið komst ESA að þeirri niðurstöðu að ákveðnir þættir íslenskra laga um rétt til námslána brytu gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nánar tiltekið var um að ræða 3. og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Í ljósi afstöðu ESA hefur menntamálaráðuneytið um nokkurt skeið unnið að gerð tillögu að frv. um breytingu á umræddum ákvæðum sem kæmi til móts við þær athugasemdir sem eftirlitsstofnunin hefur gert við áðurnefnda 13. gr. Ráðuneytið telur að breytingin sem hér er lögð til uppfylli að öllu leyti kröfur EES-samningsins.

Reglugerð ráðsins nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins var lögfest hérlendis með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Telst reglugerðin í heild sinni, með þeim breytingum sem lögin tilgreina, hluti af íslenskum landsrétti. Réttur ríkisborgara EES-ríkja til námslána byggist einkum á ákvæðum 7. og 12. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. Verður því að telja að viðeigandi réttarheimildir er lúta að námslánarétti ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu séu þegar fyrir hendi í íslenskum rétti. Ágalli núgildandi 3. og 4. málsgreinar 13. gr. laga nr. 21/1992 felst í því að hún þrengir í sérlögum réttindi sem byggjast á almennum lögum með hætti sem ekki samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 13. gr. laga nr. 21/1992 eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Texti 3. mgr. greinarinnar verði felldur brott en hann inniheldur eftirfarandi skilyrði fyrir námslánarétti sem ekki verða talin samræmast skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum:

1. ríkisborgari EES-ríkis skuli hafa starfað í fimm ár á Evrópska efnahagssvæðinu;

2. slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli vera launamaður, þ.e. ekki sjálfstætt starfandi;

3. slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli fortakslaust stunda starfstengt nám;

4. maki slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám;

5. börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli fortakslaust vera yngri en 21 árs;

6. börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám.

Í stað hins brottfellda texta er lagt til að komi ein ný málsgrein með tilvísun í aðrar réttarheimildir er gera tæmandi grein fyrir réttarstöðu ríkisborgara EES-ríkja er starfa hérlendis hvað varðar námslánarétt.

Í öðru lagi er breyting gerð á ákvæði 4. mgr. þannig að áskilnaður um eins árs lögheimili áður en nám hefst verði breytt í áskilnað um tveggja ára samfellda fasta búsetu hér á landi eða fasta búsetu í þrjú ár af síðustu tíu árum. Með fastri búsetu er átt við búsetu eins og hún er skilgreind í 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990. Ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar haldi að jafnaði námslánarétti sínum í tvö ár eftir að þeir flytja lögheimili sitt til annars lands er fellt brott, enda er það óþarft í ljósi breytingarinnar á 4. mgr. Aukinheldur verður ekki talið að slík mismunun á stöðu Íslendinga og ríkisborgara annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem er í núgildandi 4. mgr. 13. gr., samræmist ákvæðum EES-samningsins.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið efni þessa frumvarps í meginatriðum. Ég bendi á að í greinargerð frumvarpsins er að finna allítarlegt yfirlit yfir námslánarétt ríkisborgara EES-ríkja á Íslandi. Ég ætla mér ekki að fara yfir þann texta í ræðu minni heldur vísa ég til greinargerðarinnar.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[12:05]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki tilefni til að orðlengja mjög um það frv. sem hér liggur fyrir annað en að gera tilurð þess að umtalsefni.

Eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. var tilefnið það að umboðsmaður Alþingis skrifaði álit er varðaði rétt námsmanns frá Finnlandi til lántöku úr Lánasjóði íslenskra námsmanna en viðkomandi námsmaður frá Finnlandi þurfti að leita sérstaklega réttar síns sem íbúa á EES-svæðinu til að taka námslán á Íslandi í starfstengdu námi. Eftir umrædd bréfaskipti við ráðuneytið og eftir að ESA hafði skilað inn afstöðu sinni var ljóst að íslensk stjórnvöld voru að brjóta á rétti námsmanna af EES-svæðinu með því að veita þeim ekki námslán.

Það er í sjálfu sér dapurlegt að til þurfi að koma tilskipanir frá Evrópudómstólnum til að við færum lög okkar og reglur til jafnsjálfsagðra hluta og þessara, enda er ekki um að ræða mikinn kostnað eins og fram kemur í umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. Meðallánin eru um 0,8 milljónir á ári og þrjú ár er algengur námstími. Stærðargráðan er því ákaflega lítil. Það er verið að tala um að kostnaður ríkisins sé á bilinu 3–5 millj. kr. til að við uppfyllum þessar skuldbindingar okkar í gegnum EES-samninginn. Enda felur frv. í sér samræmingu á rétti íslenskra ríkisborgara og annarra íbúa á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt núgildandi lögum þurfa hinir síðarnefndu að hafa átt lögheimili hér á landi í eitt ár áður en námið hefst. Eins og fram kemur í þessu mati er kostnaðurinn óverulegur.

Rétt er að taka fram að það er ágætt að þetta skuli hafa komið fram að lokum í ljósi afstöðu ESA. Þetta varðar

mikilvæg réttindi í samstarfslöndum okkar á Evrópska efnahagssvæðinu til að stunda starfstengt nám, enda skilyrt við búsetu til tveggja ára samfleytt, eða þriggja ára af tíu.

Ég ætla hins vegar ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (EES-reglur). — Þskj. 540.

[12:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum. Lagafrv. þetta sem samið er í félmrn. tengist frv. um Evrópufélög sem viðskrh. hefur mælt fyrir á Alþingi.

Hinn 8. október 2001 samþykkti Evrópusambandið reglugerð ráðsins nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög. Jafnhliða var samþykkt tilskipun nr. 2001/86/EB um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Evrópufélög eru nýtt félagsform og kallar innleiðing tilskipunarinnar á lagabreytingar hér á landi. Um atriði í tilskipuninni sem laga þurfti í frv. að íslenskum aðstæðum var haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins og hefur náðst full sátt við þá um efni frumvarpsins.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er markmið þess að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá og að tryggja að gildandi reglur um aðild starfsmanna hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun Evrópufélagsins. Frumvarpið, verði það að lögum, mun því tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í Evrópufélaginu og önnur þau réttindi sem kalla má atvinnulýðræði.

Réttindi starfsmanna sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu. Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af slíkum skipulagsbreytingum.

Erfitt er að segja fyrir um þýðingu þessa nýja félagsforms fyrir íslensk fyrirtæki eða vinnumarkaðinn hérlendis. Þótt fyrir fram megi ætla að það verði einkum stórfyrirtæki sem hugsanlega nýti sér þennan möguleika er rétt að hafa í huga að ekki er gert að skilyrði að þátttökufélög hafi tiltekinn fjölda starfsmanna eða ákveðna veltu til að geta stofnað Evrópufélag. Í reglugerðinni er þó gert að skilyrði fyrir stofnun Evrópufélags að hlutafé verði að lágmarki 120 þús. evrur.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna Evrópufélag skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra félaga sem þátt taka í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu. Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga við þær viðræður.

Eins og fram kemur í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í sérstöku samninganefndinni skuli kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækisins en starfsmenn sem ekki eigi trúnaðarmann skuli velja sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu ekki trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar þess rétt á að taka þátt í kjörinu.

Herra forseti. Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem ætlað er að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun Evrópufélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun Evrópufélags allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Ég tel rétt að taka fram, herra forseti, að ákvæði frumvarpsins gilda eingöngu um Evrópufélög og hefur það engin áhrif á rétt starfsmanna annarra fyrirtækja til upplýsinga og samráðs. Tilskipun nr. 2001/86/EB er þannig eingöngu ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. félmn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (EES-reglur). — Þskj. 558.

[12:13]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Frumvarp þetta er lagt fram til innleiðingar á tilskipun 1999/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga, Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild hafa gert. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella tilskipun þessa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið 19. maí 2000, samanber ákvörðun nefndarinnar nr. 43/2000.

Áhersla var lögð á að samtök aðila vinnumarkaðarins kæmust að samkomulagi um efni rammasamningsins í kjarasamningum. Þegar útséð var um að samningar tækjust milli þeirra óskuðu þau eftir því við félmrh. að hann legði fram frv. um efnið. Dregist hefur því að innleiða umrædda tilskipun og hefur félmrn. borist rökstutt álit frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna málsins. Er því mikilvægt að frv. þetta verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Herra forseti. Á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta þeirri óskráðu reglu og er því gert ráð fyrir að ótímabundnir ráðningarsamningar verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi. Engu að síður má gera ráð fyrir því að tímabundnir ráðningarsamningar geti á tilteknum sviðum og í tilteknum starfsgreinum hentað bæði vinnuveitendum og launamönnum.

Rammasamningur sá er hér um ræðir kveður á um þær lágmarksreglur sem skuli gilda um starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið. Lagt er til að samningar um grunnstarfsnám og aðrir námssamningar verði undanskildir gildissviði frumvarpsins, sem og störf sem eru liðir í þjálfunar-, aðlögunar-

eða endurmenntunaráætlunum er njóta stuðnings opinberra aðila. Er þetta gert í samræmi við heimild í 2. gr. rammasamningsins. Þá er gert ráð fyrir að frv. gildi ekki um starfsmenn tímabundinnar ráðningarþjónustu þegar þeir eru framleigðir til notendafyrirtækis, samanber inngangsorð samningsins.

Markmið frv. er í samræmi við tilgang rammasamningsins, þ.e. að bæta gæði tímabundinna ráðninga með því að tryggja beitingu meginreglunnar um bann við mismunun. Einnig er markmiðið að setja rammaákvæði í því skyni að koma megi í veg fyrir misnotkun sem byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum. Sömu sögu er að segja um skilgreiningar frv., annars vegar á starfsmanni með tímabundna ráðningu og sambærilegum starfsmanni með ótímabundna ráðningu.

Gert er ráð fyrir að starfsmaður með tímabundna ráðningu sé borinn saman við sambærilegan starfsmann sem ráðinn er ótímabundið. Sá starfsmaður skal starfa í sama fyrirtæki og er gert ráð fyrir að sá sem miðað er við sé ráðinn til óákveðins tíma í sama eða sambærilegt starf og það sem starfsmaðurinn með tímabundna ráðningu sinnir. Er kveðið skýrt á um að starfsmaður með tímabundna ráðningu skuli hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu, af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið. Það er þó talið heimilt í þeim tilvikum er það telst réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

(**Forseti** (BÁ): Komið hefur fram ósk um að fundi verði frestað til klukkan hálftvö. Ég verð því að biðja hæstv. félmrh. að gera hlé á máli sínu.)

Ég verð við því.

(**Forseti** (BÁ): Fundi er frestað til klukkan hálftvö.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:16]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 16. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HBl, HlH, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GMJ, HjÁ, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 89. mál (viðbótarlífeyrissparnaður). — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. samþ. með 32:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÖB.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

4 þm. (EOK, HjÁ, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 582).

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 142. mál (13. samningsviðauki). — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖB.

4 þm. (EOK, HjÁ, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 583).

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 143. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖB.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 584).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (fullgilding spillingarsamnings). — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖB.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 585).

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 140. mál (endurnýjað einkaleyfi). — Þskj. 140, brtt. 577.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. 577, felld með 31:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GHall, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:34]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil gera örstutta grein út á hvað tillagan gengur. Hún gengur út á það að stytta þann tíma sem einkaleyfi er veitt og er jafnvel í samræmi við greinargerð frá ráðuneytinu sjálfu, en þar segir: „Jafnframt er rétt að benda á að hugsanlega getur þurft að stytta leyfisveitinguna ef breyta þarf skipan happdrættismála hér á landi.“

Þetta er í rauninni í anda þeirra hugmynda og þeirra umræðna sem hafa verið um þetta mál og ég tel það vera skynsemi að greiða atkvæði með þessu.

Frv. samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÖJ.

nei: GMJ, GAK, GHall, GÖrl, SigurjÞ.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÁS, GÖg, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AKG, EOK, EMS, HHj, JÁ, JBjart, KJúl, LB, VF, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 586).

Talnagetraunir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 141. mál (framlenging rekstrarleyfis). — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖB.

8 þm. (ÁF, EOK, GÓJ, HHj, JÁ, JBjart, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 587).

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (meðferð hlutafjár). — Þskj. 193, nál. 528.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÖB.

9 þm. (ÁRJ, GMJ, GAK, GÁS, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, JBjart, SigurjÞ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS.

8 þm. (GMJ, GAK, GÁS, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁRJ, EOK, JBjart, ÖJ, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 314. mál (búseta, EES-reglur). — Þskj. 360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 60 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (trúnaðarlæknir, aðildarskilyrði). — Þskj. 539.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (EES-reglur). — Þskj. 540.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 85 1997, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 2004 til 31. des. 2007.

[13:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá fer fram kosning umboðsmanns Alþingis, samkvæmt 1. gr. laga nr. 85 1997, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 2004 til 31. des. 2007.

Kosning var skrifleg og fór þannig að Tryggvi Gunnarsson hlaut 59 atkv. og Jón Steinar Gunnlaugsson 1 atkv. Samkvæmt þessu er rétt kjörinn umboðsmaður Alþingis
Tryggvi Gunnarsson.

Fjárlög 2004, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 466, frhnál. 537, 566 og 567, brtt. 538, 541, 550, 551, 552, 553, 554, 555, 556, 557, 560, 561, 563, 564, 565 og 580.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:47]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þá er komið að lokaatkvæðagreiðslu um fjárlög fyrir árið 2004, fjárlög sem væntanlega verða í framtíðinni kölluð fjárlög svikanna því þetta eru fyrstu fjárlög ríkisstjórnar eftir kosningar þegar lofað var að standa við samning við Öryrkjabandalag Íslands, þegar lofað var að lækka skatta, þegar lofað var að hækka húsnæðislán. Efndirnar eru allar aðrar. Það á að svíkja samninginn við Öryrkjabandalagið. Það á að hækka skatta í stað þess að lækka þá og það á að lækka vaxtabætur í stað þess að hækka húsnæðislán.

Herra forseti. Enn á ný fer fjöldi stofnana í óvissu inn í næsta ár. Nýjustu fréttir í hádeginu í dag um Landspítala – háskólasjúkrahús segja það sem segja þarf um hvernig búið er að ýmsum stofnunum í samfélaginu. Enn á ný verða fjárlög væntanlega afgreidd eins og við höfum séð mörg undanfarin ár þannig að með vissu má segja að í fjáraukalögum næsta árs verði tekið á þeim vanda sem við blasir. Það er ekki aðeins í heilbrigðiskerfinu. Það er einnig í menntakerfinu. Þannig er staðan gagnvart Háskóla Íslands að ef ekki verður neitt gert fyrr en næsta haust í málefnum skólans þá verður skólinn að vísa frá 900 nýnemum. Það er ég viss um að er ekki vilji þingheims. Þess vegna mun væntanlega verða tekið á því máli í fjáraukalögum næsta árs. Þetta eru slæm skilaboð, herra forseti. Það á að taka mark á fjárlögum. Það á ekki að hafa platfjárlög eins og núverandi ríkisstjórn hefur vanið sig á.

[13:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan hefur orðið sér til skammar upp á hvern dag í fjárlagaumræðunni í haust. Samfylkingin hefur klæðst nýjum flokksbúningi saumuðum af Gróu á Leiti, gert málflutning Gróu á Leiti að sínum. Allt eru svik og heiðarlegir menn eru bornir þungum sökum. Þjóðin veit að Jón Kristjánsson segir satt. Hann er maður orðsins. (Gripið fram í.) Ég segi við forsvarsmenn Öryrkjabandalagsins: Guð fyrirgefi ykkur. Þið vitið ekki hvað þið eruð að gjöra. En ég fordæmi (Gripið fram í.) málflutning stjórnarandstöðunnar sem ekki fagnar og viðurkennir að hér er verið að landa stærstu kjarabót öryrkja í áratugi. Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um 1 milljarð til viðbótar síðasta vor er staðreynd, 2,8 milljarðar verða að 3,8 milljörðum í þessum fjárlögum. Hækkun fjárlaganna á milli ára til öryrkja er um 37%. Þessi fjárlög staðfesta mestu kjarabót öryrkja á Íslandi fyrr og síðar. Orð skulu standa og menn skulu viðurkenna sannleikann og vera heiðarlegir í málflutningi. (Gripið fram í.)

[13:50]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 2004 koma hér til lokaafgreiðslu. Þau bera fyrst og fremst vitni svikinna kosningaloforða. Aðhaldsaðgerðir bitna fyrst og fremst á þeim sem síst skyldi, á barnafólki, sjúklingum, öryrkjum, atvinnulausum og öðrum sem hafa lægsta tekjur.

Eina skattbreytingin sem gerð er er lækkun hátekjuskattsins. Hlutfallsleg skattbyrði þeirra sem lægstar hafa tekjurnar eykst. Þetta er andstætt stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að skattheimtunni sé hagað þannig að aflað sé nægilegra tekna til að standa undir öflugu velferðarkerfi, en það sé tekið með sanngjörnum hætti og þeir borgi mest sem hafa breiðust bökin til að greiða.

Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. sem nú situr, situr í skjóli svikinna kosningaloforða. Lofað var tuga milljarða skattalækkunum, 90% húsnæðislánum, línuívilnun til bátaflotans og jarðgöngum svo nokkuð sé nefnt. Skerðing á réttindum atvinnulausra, hækkun á komugjöldum og hlut sjúklinga í lyfjakostnaði voru ekki meðal kosningaloforða Framsfl. En þau eru nú að verða staðreynd.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð skorar á stjórnarflokkana að standa a.m.k. við eitt kosningaloforð en það er að efna að fullu samkomulagið sem gert var við Öryrkjabandalagið.

Frv. kemur nú til lokaafgreiðslu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram nokkrar tillögur við 3. umr. til þess að rétta stærstu ágalla frv. Ég skora á hv.

þingmenn að greiða þeim tillögum atkvæði. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs munum greiða þeim tillögum sem hér eru á dagskrá atkvæði ef þær eru til bóta og bæta niðurstöður fjárlagafrv. Við munum leggjast gegn tillögum sem ganga móti stefnu okkar. Við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. munum við sitja hjá og vísa allri ábyrgð á frv. á ríkisstjórnina og meiri hlutann á Alþingi.

[13:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Með fjárlögum 2004 er mótuð sú stefna ríkisstjórnarflokkanna að færa þjóðinni sérstakan skattajólapakka sem inniheldur nýjar álögur á fólkið í landinu en ekki skattalækkanir eins og ríkisstjórnarflokkarnir boðuðu þjóðinni þegar kosið var til þings í vor. Ríkisstjórnin telur sig hafa fundið breiðu bökin og verkin sýna raunstefnuna í skattamálum. Loforðin eru gleymd. Fjárlögin verða alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 560,1 felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hér gat að líta áhrif af tillögum Samfylkingarinnar um hert skatteftirlit og um lækkun á virðisaukaskatti á matvöru en sömuleiðis auknar tekjur vegna bifreiðainnflutnings því að Samfylkingin leggst gegn því að bifreiðastyrkir til öryrkja verði skornir niður um 150 millj. á næsta ári. Hér er ríkisstjórn Íslands að leggja til að öryrkjar fái ekki að endurnýja bíla sína á fjögurra ára fresti heldur á sex ára fresti. En á sama tíma er hæstv. ríkisstjórn að koma hér inn og sækja aukafjárveitingu því hún hefur sjálf farið fram úr hinum heilögu fjárheimildum og ákveðið að endurnýja bifreiðakost sinn, ráðherrabílana, hraðar en áður var ætlað.

Hið smáa, virðulegur forseti, segir oft meira um mennina.

Brtt. 580,1 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 560,2–3 felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SAÞ*, SigurjÞ, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 580,2 samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 555,1–2 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 560,4 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er lagt til að 21 millj. kr. verði veittar til að mæta áður samþykktri fjölgun nemenda við hinn unga og glæsilega tækniháskóla. Vegna mikillar aðsóknar að náminu fyrir haustönnina 2003 samþykkti menntmrn. fjölgun upp á 50 nemendur og var innritað í samræmi við það í haust. Endurspeglar þessi aðsókn eftirspurn atvinnulífsins eftir tæknimenntuðu fólki. Þessari heimild fyrir fjölgun hefur ekki verið fylgt eftir með fjárveitingu. Er það ábyrgðarhluti af hálfu hæstv. menntmrh. að samþykkja fjölgun nemenda án fjármagns. Það er ekki góð byrjun fyrir ungan háskóla. Við þingmenn Samfylkingarinnar segjum því já.

Brtt. 555,3 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 538,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 565 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EOK, JBjart, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 556 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er sanngjörn krafa að framhaldsskólum á Íslandi sé gert kleift að taka við þeim nemendum sem sækja um skólavist. Slíkt verður ekki hægt á næsta ári nema til komi fjárveiting til viðbótar við þá sem lögð hefur verið til nú þegar. Ef við ætlum ekki að loka dyrum framhaldsskólanna í andlitið á ungu fólki sem langar að afla sér þar menntunar þá greiðum við þessari tillögu okkar atkvæði. Ég segi já.

Brtt. 560,5.a felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Tækifæri til menntunar eru stór áhrifavaldur í búsetumálum og skipta miklu máli um þróun byggðar. Skólaganga íbúa landsbyggðarinnar er í flestum tilfellum styttri en íbúa Stór-Reykjavíkursvæðisins. Því er afar brýnt að þeir fái tækifæri til endurmenntunar. Sveitarfélög, framhaldsskólar, háskólar og símenntunarmiðstöðvar hafa beitt sér af krafti við fjarmenntun, jafnvel meira af vilja en mætti. Því er afar brýnt að þessar tillögur Samfylkingarinnar um stuðning vegna uppbyggingar fjarkennslunets fái tilstyrk þingheims til að ekki komi bakslag í uppbyggingu menntunartækifæra fullorðinna á landsbyggðinni á komandi árum.

Brtt. 560,5.b samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 560,5.c felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 564,1–2 felld með 32:8 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EOK, GÖrl, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 538,2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 564,3 felld með 32:7 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÖB) greiddi ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 538,3 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÖJ.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, VF, ÞBack, ÖB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EOK, HHj, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 563,1–2 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖB.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

4 þm. (EOK, HHj, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel að þingið þurfi að marka skýrari stefnu en nú er um forsendur þessara heiðurslauna. Ráðrúm hefur ekki gefist til slíkrar stefnumörkunar að þessu sinni. Þó hefur tekist að fjölga um þrjá í þessum flokki. Fyrirheit hafa verið gefin um betra ráðrúm á næsta ári og þá vonandi skýrari forsendur. Ég er einn af flutningsmönnum þeirrar tillögu sem hér er um að ræða og segi já.

Brtt. 538,4–5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GÞÞ, JBjart, LB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 550 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það að standa að stofnun og eflingu veiðarfærarannsókna á Ísafirði. Tillagan er flutt í samræmi við m.a. tillögur Vestfirðinga um sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Ég legg eindregið til að menn ljái þessu atkvæði sitt.

Brtt. 553 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja til að auka fjármagn til Landhelgisgæslu Íslands, Landhelgisgæslunnar okkar sem talað er um á tyllidögum sem hina merkustu stofnun sem hafi mikið öryggishlutverk. Ríkisendurskoðun tók saman skýrslu um starfsemi Landhelgisgæslunnar árið 2001. Þar kom fram fjárvöntun og beinlínis var lagt til að fjármagn til Landhelgisgæslunnar yrði aukið um 50 millj. á ári. Við teljum að ekki sé seinna vænna en að fara af stað og leiðrétta stöðu Landhelgisgæslunnar og leggjum því til að hér komi 50 millj. sem fyrsta framlag til þess að laga stöðu Gæslunnar.

Brtt. 557 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, ÖB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EOK, JBjart, VF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 551 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Í löngu máli við umræður við bæði 2. og 3. umr. fjárlaganna fór ég yfir þann misskilning sem hefur orðið varðandi afgreiðslu á erindi Byrgisins til fjárln. Hér er lögð til viðbótarfjárveiting upp á 15 millj. til þess að taka á fortíðarvanda Byrgisins. Ég held að það hafi verið mjög vel upplýst í umræðunum í gær hvaða misskilningur hefur komið upp í því máli. Þar lýsti hv. varaformaður fjárln. því yfir að eðlilegt væri að taka málið til skoðunar upp á nýtt. Ég vil auðvitað að þessi tillaga verði samþykkt og vandinn leystur. En segjum að hún verði hins vegar felld, þá vonast ég vissulega til þess að staðið verði við þær yfirlýsingar sem hér voru gefnar í gær.

Brtt. 561 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJúl, KolH, KLM, LB, GMJ, ÖB, MÁ, VF, SigurjÞ, HlH, ÁF, ÞBack, ÖJ, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn.

nei: KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ArnbS, VS, SÞorg, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÓJ, HjÁ, JónK, HBl.

3 þm. (ÖS, EOK, JBjart) fjarstaddir.

16 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér eru greidd atkvæði um að samkomulag ríkisstjórnarinnar og öryrkja komi að fullu til framkvæmda.

Samkomulagið er í mínum huga ígildi kjarasamnings. Orð skulu standa. Ég segi já.

[14:11]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hér gefst stjórnarliðum og þá alveg sérstaklega framsóknarmönnum einstakt tækifæri til að greiða eina af mörgum kosningaskuldum sínum, þ.e. við öryrkja. Tímasetning undirritunar á nefndu samkomulagi var þrauthugsuð kosningabrella sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði með bros á vör. Þetta var undanfari brosstefnu framsóknarmanna sem skilaði tilsettum árangri þar sem stjórnarflokkunum tókst að kaupa sér atkvæði og þar á meðal atkvæði til valdasetu áfram.

Herra forseti. Framsóknarmenn hafa orðið sér til stórskammar í þessu máli og ekki bætti úr skák eftir ræðu hæstv. landbrh., varaformanns Framsfl., hér áðan. Hér gefst framsóknarmönnum einstakt tækifæri til að greiða eina af mörgum kosningaskuldum sínum eins og áður sagði, þ.e. við öryrkja.

Herra forseti. Ég segi já við þeirri tillögu sem fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárln. og tveir fulltrúar Frjálslynda flokksins bera hér fram.

[14:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er afar sérstætt mál. Svo virðist vera sem gert hafi verið samkomulag 26. mars og menn segja það í dag að þeir viti ekki hvað samkomulagið þýddi eða hvað það kostaði og hafi ekki haft um það upplýsingar fyrir kosningar. Ég ætla að vona að þeir sem hegða sér með þessum hætti láti af frekari samkomulagsgerð.

Enn fremur er spurning hvort hér sé verið að gefa það fordæmi að menn þurfi ekki að standa við orð sín, þurfi ekki að standa við samninga sína heldur geti tekið um það ákvörðun að greiða kannski tvo þriðju af skuldum sínum og hvort almenningur geti fylgt fordæmi þessara aðgerða. aðgerðum. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, eftir að hafa hlýtt á þá umræðu sem fram hefur farið um þetta að undanförnu að ég skil ósköp vel að Framsfl. hafi fengið verðlaun fyrir kosningabaráttu sína.

Virðuleg forseti. Ég styð þetta mál og hvet framsóknarmenn til þess að gera það einnig. Ég segi já.

[14:13]

Önundur S. Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem þetta mál er býsna veigamikið og þarft vil ég hvetja þingheim til að greiða þessu atkvæði. Ég segi já.

[14:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það eru mörg göt í kerfinu sem snúa að öryrkjum, t.d. fá 45% öryrkjar ekki neitt og það er mjög alvarlegt gat á kerfinu. Svo eru það öryrkjar sem ekki ná framreikning í lífeyrissjóði vegna þess að þeir hafa verið öryrkjar alla tíð, fóru aldrei á vinnumarkað eða eru í námi. Vandi þeirra var löngu þekktur og það er hann sem menn ætla að leysa. Þeir leystu hann reyndar á mjög slæman hátt og með lausn sem lýsir vanþekkingu beggja aðila á vandanum og öllu kerfinu.

Ríkisstjórnin setti 1 milljarð í þetta dæmi. Það þýðir 100 þús. kr. á hvern einasta öryrkja í landinu eða 8 þús. kr. til hvers einasta öryrkja í hverjum einasta mánuði ef dreift er jafnt. Þetta kostar skattgreiðendur 4 þús. kr. á mann, hvern einasta Íslending, eða 16 þús. kr. á fjögurra manna fjölskyldu því að það er ekki ríkisstjórnin sem greiðir þetta. Almenningur greiðir þetta.

Sú afstaða Öryrkjabandalagsins að fara í hanaslag og veitast að þeim mönnum (Forseti hringir.) sem vilja koma með bestu lausnina fyrir þá er mjög undarleg. Ég segi nei.

[14:16]

Hlynur Hallsson:

Herra forseti. Ég er ekki búinn að sitja marga daga á þessu þingi. Ég kom inn sem varamaður á þriðjudaginn. Eitt veit ég þó, að maður skiptir ekki um skoðun þegar komið er á þing, maður kýs eftir sannfæringu sinni og stendur við orð sín. Orð skulu standa. Ég segi já.

[14:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Verið er að greiða atkvæði um hækkun grunnlífeyris öryrkja, það samkomulag sem náðist í vor á milli Öryrkjabandalagsins og hæstv. heilbrrh. Gengið var út frá einni útfærslu og einni greiðslu, þ.e. að öll upphæðin kæmi til greiðslu á sama tíma, sem væri þá 1. janúar 2004 og kostar sú útfærsla 1,5 milljarða. Samningurinn er ígildi kjarasamnings fyrir öryrkja og hann ber að halda. Orð skulu standa. Ég segi já.

[14:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í vor var gerður samningur við Öryrkjabandalag Íslands. Nú er komið á daginn að það á að svíkja þennan samning. Brot ríkisstjórnarinnar gegn öryrkjum er margfalt. Alltaf og undir öllum kringumstæðum er rangt að svíkja gerðan kjarasamning.

Í ofanálag er þess að minnast að samningurinn var gerður rétt fyrir alþingiskosningarnar sl. vor í og með til þess að vekja væntingar hjá kjósendum sérstaklega úr röðum öryrkja. Gagnvart því fólki sem þá lét glepjast af fagurgala Framsfl. er þetta siðferðisbrot margfalt. Samningsrofið mun kosta íslenska öryrkja yfir 500 millj. kr. og það er um þessar 500 millj. kr. sem á að svíkja af öryrkjum sem við erum að greiða atkvæði nú. Framsfl. fékk verðlaun fyrir auglýsingabrellur. Þegar fram líða stundir (Gripið fram í.) munu svikin loforð og auglýsingabrellur (Forseti hringir.) ekki verða þeim flokki til framdráttar. Ég segi já.

[14:20]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér eru greidd atkvæði um ber þá tölu í sér sem Tryggingastofnun ríkisins reiknaði út fyrir heilbr.- og trmrn. um mánuði fyrir kosningar. Þessi tala lá fyrir þegar frambjóðendur fyrir alþingiskosningar lofuðu því að við þennan samning yrði staðið.

Herra forseti. Ég segi já.

[14:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu upp á 528,8 millj. auknar fjárveitingar svo hægt verði að standa við samkomulag við öryrkja. Sá sem hér stendur hefur lært það í 25 ár við gerð kjarasamninga að menn standa við orð sín eða leita þá samkomulags til breytinga ef út af þarf að bregða. Sú aðferð sem hér er notuð, að gera einhliða breytingu af hálfu ríkisvaldsins, er fordæmalaus að mínu mati.

Virðulegi forseti. Ég segi já.

[14:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið ömurlegt að fylgjast með þessu máli öllu og framkomu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í þessum sal gagnvart okkar minnstu bræðrum og systrum, öryrkjum. Lýst hefur verið yfir áframhaldandi stríði gagnvart því fólki. Þessir menn, herra forseti, kunna ekki einu sinni að skammast sín, varaformaður Framsfl. Ég segi já.

[14:22]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hæstv. ríkisstjórn var sýnt mikið traust þegar handsalað var samkomulag drengskapar við heilbrrh. þegar ríkisstjórnin reri lífróður rétt fyrir kosningar. Það samkomulag var aðeins eitt og var það þegar reiknað út af Tryggingastofnun ríkisins og kostar 528,8 millj. meira en er hér í frv. Við þennan samning á að standa eins og samninga um kjör fólks yfirleitt og kannski sérstaklega þennan því að það háttar svo til um öryrkja sem ekki eru vinnufærir að þetta eru ævikjör þeirra sem um teflir. Það eru ævikjör þeirra sem hér eru undir og þess vegna segi ég já, virðulegur forseti, um leið og ég bið hæstv. ríkisstjórn um að gera það nú á aðventunni guði til dýrðar að vitna ekki til varnar sér í heilaga ritningu.

[14:23]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er hálfdapurlegt að hlýða á hvern stjórnarandstæðinginn á fætur öðrum koma upp í ræðustól og sakfella hæstv. heilbrrh. um ómerkilegheit, brigsl, lygar og svik. Þeir sem hafa kynnst stjórnmálamanninum Jóni Kristjánssyni og manneskjunni Jóni Kristjánssyni vita að þeir sem svo tala dæma sig sjálfir. Þess vegna segi ég nei.

[14:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið afar dapurlegt að fylgjast með þessari atkvæðagreiðslu. Í lokin kemur hv. þm. Hjálmar Árnason hér upp og talar um það að menn hafi verið að brigsla mönnum um óheilindi. Hér hefur það verið leitt fram með alveg nákvæmum sönnunum hvernig málið gekk fyrir sig. Gert var samkomulag og niðurstaðan af því samkomulagi er sú að menn standa ekki við það. Þó að hæstv. heilbrrh. sé hin besta manneskja þá ætti það nú ekki að hafa orðið til þess að menn í meiri hlutanum á hv. Alþingi ætli að níðast á honum með þeim hætti sem hér er gert. Ég segi já.

[14:25]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þjóðin gladdist í vor eða á útmánuðum, í mars, þegar tilkynnt var samkomulagið sem gert hafði verið á milli ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalags Íslands um að sérstaklega skyldi bæta og rétta kjör öryrkja og sérstaklega þeirra yngri í þeim hópi, en það skyldi síðan fylgja upp til 67 ára aldurs. Samkomulagið var kynnt með stolti og var ekki kynnt sem það væri liður í kosningabaráttu Framsfl.

Nú við 3. umr. fjárlaga á að svíkja öryrkja um 500 millj. kr. Menn eiga að standa við orð sín. Menn eiga að standa við gerða samninga. Orð skulu standa. Ég segi já.

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 1 milljarði kr. til þess að aldurstengja örorkubætur í samræmi við það samkomulag sem var gert við öryrkja í mars. Réttindabarátta öryrkja mun halda áfram. Ákvæði eru um það í greinargerð þess frv. sem lagt hefur verið fram að þetta mál verði yfirfarið á miðju næsta ári. Ég segi því nei.

Brtt. 541 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:28]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um sama mál en örlítið lægri upphæð, 500 millj. kr. Þetta var tillaga sem ég lagði fram við 2. umr. fjárlaga þegar ljóst var að þá skorti á 500 millj. eða liðlega 500 millj. til þess að fullnusta það samkomulag sem gert var við öryrkja. Til þess að gefa ríkisstjórninni og meiri hlutanum á Alþingi kost á að bæta hér úr var tillagan dregin til baka við 2. umr. og því endurflutt.

Virðulegi forseti. Ég skora á meiri hluta Alþingis að gera nú lokahnykk og standa við gefin fyrirheit, gefin loforð. Orð skulu standa í þessum efnum. Því segi ég já við þessari tillögu.

[14:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum nú enn eina tillöguna, sem ég vil flokka undir allt að því lýðskrum, þar sem menn ætla að útvíkka það samkomulag sem ríkisstjórnin gerði og fjallaði um að til þessa málaflokks skyldi verja 1.000 millj. kr. Eins og ég gat um áðan þá eru það 8.000 kr. á hvern einasta öryrkja í hverjum einasta mánuði ef dreift yrði jafnt á alla. Þetta er gífurleg hækkun, herra forseti, (**Gripið fram í:** Er það of mikið?) gífurleg hækkun (**BH:** Rosalega mikil.) og er einsdæmi. Það er með ólíkindum (**HHj:** Hvað hækkaðir þú í vor, Pétur?) að Öryrkjabandalagið ... (**Gripið fram í:** Þú hækkaðir laun þingmanna í vor.) Ég geri ráð fyrir því að jafnvel hátekjuöryrkjar fái þetta líka. Ég tel að þetta sé lýðskrum (**LB:** Er lýðskrum að standa við samning?) (**ÁRJ:** Hvað fer mikið af þessu í skatta?) og ég segi nei við þessari tillögu. (**Gripið fram í:** Það bjóst nú enginn við öðru.)

[14:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég styð þessa tillögu. Viðbrögð stjórnarliða við tillögum þar sem gert er ráð fyrir að standa skuli við samninga eru afar sérkennileg. Í fyrsta lagi er látið í veðri vaka að hér sé um persónulegar árásir að ræða á hendur hæstv. heilbrrh. Það er fjarri lagi. Við vitum það öll hér inni og þjóðin öll að um er að ræða sameiginlegt skipbrot ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl. Hæstv. heilbrrh. hefur verið barinn til hlýðni og verið barinn niður í þá veruna að geta ekki staðið við samkomulagið frá því í mars. Svo er lokapunkturinn í þessu leikriti öllu framlag hv. þm. Pétur Blöndals. Þetta er of mikið. Þetta er ömurlegt, herra forseti.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er aftur verið að greiða atkvæði efnislega um sama mál en örlítið lægri upphæð til þess að standa við þann samning og samkomulag sem gert var við öryrkja á liðnu vori, hið fræga broskosningamál Framsfl. Það hlýtur að verða sérstök upplifun hjá Framsfl. að ganga til næstu alþingiskosninga þegar þeir þurfa að taka brosið upp á nýjan leik og tjalda því í því falska umhverfi sem þetta mál hefur fært þeim. (**Gripið fram í:** Ómerkilegt.) Sannleikur.

Brtt. 560,6–7 felld með 32:26 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

5 þm. (ÁF, EOK, JBjart, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 552 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EOK, HHj, JóhS, JBjart, LB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um fjárveitingu til bygginga SÍBS á Reykjalundi. Þetta erindi hefur þrisvar verið borið fyrir fjárln. og því hefur þrisvar verið hafnað, ef því verður hafnað nú sem allt bendir til miðað við töfluna. Ég tel að lítil virðing sé borin fyrir því ágæta starfi sem þau samtök hafa staðið fyrir með þessari afgreiðslu í hv. Alþingi.

Brtt. 560,8–9 felld með 32:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

4 þm. (EOK, JóhS, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 580,3 samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 554 felld með 32:8 atkv. og sögðu

já: GMJ, GAK, GÖrl, HlH, JBjarn, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, VF, ÖB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EOK, GÁS, JóhS, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa þingmenn Frjálslynda flokksins lagt til að samtökunum Bláa hernum sem stendur fyrir hreinsun á hafsvæði og við strendur verði veittar 5 millj. kr. framlag til þess að efla starfsemi sína. Við teljum að hér sé verið að vinna að mjög þörfu verkefni og að til lítils sé fyrir Alþingi að tala um frv. um verndun hafs og stranda ef menn meina ekkert með þeim orðum sínum.

Brtt. 560,10 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:36]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Forseti. Hér er gerð tillaga um að ríkisstjórninni sé heimilt að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Hafnarfirði. Nú er í gildandi fjárlagafrv. heimild til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu. Hér er eingöngu verið að undirstrika mikilvægi þess að staðið verði við gefin fyrirheit í Hafnarfirði um þessi efni. Því er afskaplega sérkennilegt að horfa hér upp á vegginn og sjá stjórnarliðana greiða atkvæði gegn þessari heimild, ekki síst í ljósi þess að hæstv. heilbrrh. hefur ítrekað í umræðu um þessi mál staðfest það að til standi að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæsluna í Hafnarfirði og hefja þar rekstur á næsta ári. Ég stend hér á gati, herra forseti, yfir þessu athæfi. (Gripið fram í.) Ég segi já.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Í fjárlagafrv. er heimildargrein sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Það er sama heimildargrein og var í þeim fjárlögum sem við samþykktum í fyrra og þessi heimildargrein er alveg nægjanleg til þess að fara í aðgerðir í Hafnarfirði. (Gripið fram í.) Það hefur margsinnis komið fram að röð okkar í heilbrrn. er Salahverfið í Kópavogi, Voga- og Heimahverfi, síðan kemur að Hafnarfirði. Ég segi því nei við þessari tillögu.

Brtt. 560,11, liðir 7.12–7.16, felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÖB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 560,11, liður 7.17, felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, GMJ, ÖB, MÁ, VF, SigurjÞ, ÁF, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH.

nei: GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÓJ, HjÁ, JónK, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ArnbS, VS, SÞorg, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, HBl.

5 þm. (JBjarn, KolH, HlH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hitaveita Suðurnesja er stórt og öflugt hlutafélag þar sem ríkissjóður á 15,5% hlut. Nafnvirði þessa hlutar er nú 1.133 millj. kr. Söluverð ætti að vera talsvert hærra en ríkissjóður hefur ekki lagt fyrirtækinu til háar upphæðir í stofnfé og eigið fé fyrirtækisins hefur byggst upp í viðskiptum þess við íbúa og fyrirtæki á Suðurnesjum.

Nú eru blikur á lofti í atvinnumálum svæðisins og alveg ljóst að grípa þarf til mótvægisaðgerða. Því er lagt til að ríkið fái þessa heimild til að selja hlut sinn í fyrirtækinu og andvirðinu verði varið til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Fordæmi eru fyrir slíkri ráðstöfun hjá núverandi ríkisstjórn og vandséð er hvers vegna stjórnarliðar greiða atkvæði gegn tillögunni. Kannski er það vegna þess að tillagan er komin frá stjórnarandstöðu. Ég skora hins vegar á þá sem eiga eftir að greiða atkvæði að styðja þetta mál og segi já. (**Landbrh.:** Þú hefur stolið málinu og eyðilagt það.)

[14:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Flestir þekkja að á Suðurnesjum hefur atvinnuuppbygging verið með öðrum hætti en víðast hvar annars staðar vegna þess að herinn hefur verið þar með mikla starfsemi. Nú er herinn að draga saman seglin og miklar uppsagnir hafa verið í gangi undanfarið. Því væri mikilvægt og skynsamlegt ef ríkisstjórnin mundi nú reyna að marka sér einhverja atvinnustefnu á því svæði og til uppbyggingar. Við leggjum því til að seld verði hlutabréf í fyrirtæki sem hefur vaxið á svæðinu og haft mikil viðskipti við herinn, til þess að byggja upp atvinnu þar.

Það þarf kannski ekki að koma á óvart, virðulegi forseti, eftir það sem á undan er gengið að hæstv. iðn.- og viðskrh. upplýsti í gær að Framsfl. í Suðurk. hefði lýst yfir stuðningi við þetta mál og samþykkt ályktun þar að lútandi. Því er eftirtektarvert að fylgjast með hvernig framsóknarmenn úr kjördæminu greiða atkvæði í þessu máli. Ég segi að sjálfsögðu já, virðulegi forseti.

[14:42]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Stjórnvöld telja ekki ástæðu til að endurskoða byggðaáætlun á Suðurnesjum. (**Landbrh.:** Hver segir það?) Það er í svarbréfi, landbrh., sem við fengum frá Byggðastofnun og byggðamálaráðherra. Ekki er talin ástæða til sérstaks átaks í atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum þrátt fyrir að þar séu 340 manns á atvinnuleysiskrá, 150 búnir að fá uppsagnarbréf og verða atvinnulausir eftir þrjá mánuði, fjölbrautaskólinn þurfi að vísa frá 150–200 nemendum og þótt fleiri og fleiri séu að bætast inn á atvinnuleysisskrá. Það er algert aðgerðarleysi af hálfu stjórnvalda. Þess vegna segi ég já. Við verðum að selja hlutinn í hitaveitunni til þess að reyna að byggja upp nýtt og betra atvinnulíf á Suðurnesjum.

[14:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég man eftir tveim dæmum sem eru svipuð. Það var þegar kísilgúrverksmiðjan á Mývatni var seld og eins þegar steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki var seld. Þá var andvirðið notað til framkvæmda í héraði, þar sem viðkomandi fyrirtæki voru staðsett. Það ætti að gleðja mig sem þingmann Reykjavíkur að hugsa til þess að bankarnir voru seldir hérna. Það væri kannski eðlilegt að svo sem eins og 30 milljarðar af því færu til framkvæmda í Reykjavík. (Gripið fram í.) Það á eftir að selja Landssímann. Ég mætti þá reikna með að við fengjum einhverja tugi milljarða. (Gripið fram í.)

Ég greiddi atkvæði gegn báðum þessum fyrri tillögum og ég mun greiða atkvæði gegn þessari líka. Ég segi nei. (**Gripið fram í:** Ertu á móti öllu?)

[14:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega blikur í lofti í atvinnumálum á Suðurnesjunum. Verulegur samdráttur í rekstri varnarliðsins hefur haft í för með sér að fjöldi manns hefur misst vinnuna og við blasir að hundruð gætu misst atvinnu sína til viðbótar. Sértækra aðgerða er þörf á Suðurnesjum til að stemma stigu við þessari þróun og tryggja ölfuga atvinnuuppbyggingu í staðinn. Sala á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja gefur einstakt tækifæri til slíkra aðgerða ef andvirðinu yrði varið til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjunum. Um gæti verið að ræða á þriðja milljarð kr. og eru áhrif slíkra fjármuna fyrir atvinnulíf svæðisins augljós. Ég segi því já.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS.

28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, JBjart, ÖS) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Við þessa lokaatkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. ársins 2004 vil ég leggja sérstaka áherslu á að afgangurinn á fjárlagafrv. hefur aukist í meðförum þingsins um 300–400 millj. kr. frá því að það var lagt fram í upphafi þings og er nú ríflega 6,7 milljarðar kr. Þessi niðurstaða staðfestir að þau efnahagslegu markmið sem að var stefnt með frv. hafa náðst og þessi niðurstaða er gríðarlega mikilvæg með tilliti til þeirra risaverkefna sem fram undan eru í hagstjórninni. Ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn eru staðráðin í því að sýna fyllstu ábyrgð við það mikla verkefni. Ég þakka öllum sem hafa átt hlut að máli, bæði efnislega við afgreiðslu málsins og sömuleiðis við það að koma málinu svona greiðlega og á mettíma í gegnum þingið.

[14:49]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ríkisstjórnarmeirihlutinn ber að sjálfsögðu ábyrgð á því fjárlagafrv. sem nú er að fá lokaafgreiðslu, þessu fjárlagafrv. sem kennt verður við svik eins og ég sagði fyrr í dag, þessu fjárlagafrv. sem ekki er í tengslum við raunveruleikann, þessu fjárlagafrv. sem minnir meira á sýndarveruleik en raunveruleikann sjálfan.

Hæstv. fjmrh. talaði um að mikill afgangur væri á fjárlögunum. Því miður, hæstv. fjmrh., er hætt við því að þegar fjáraukalög fyrir árið 2004 verða afgreidd næsta haust verði afgangur lítill. Þess vegna er alvarlegt fyrir atvinnulífið og fyrir þjóðarbúið að þau skilaboð skulu vera send út til samfélagsins að fjárlög séu ekki marktækt plagg. Það er nú sem aldrei fyrr þegar við erum að fara inn í þensluskeið að mikilvægt er að vel sé haldið utan um ríkisfjármálin. Því miður, herra forseti, er ekki svo nú. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun sitja hjá við þessa afgreiðslu. Ábyrgðin er hjá ríkisstjórnarflokkunum.

[14:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getur ekki stutt þetta fjárlagafrv. þegar það kemur nú til lokaafgreiðslu í heild sinni. Að sjálfsögðu er að finna sitthvað í frv. sem horfir til framfara, mál sem *við höfum stutt. En það verður ekki sagt um frv. í heild* sinni. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að stórefla menningar- og velferðarstofnanir landsins og stuðla að auknum jöfnuði í landinu.

Samkvæmt þessu fjárlagafrv. er tilfærsla til heimilanna lækkuð um rúma 2 milljarða. Þar af eru *vaxtabætur* lækkaðar um 600 millj. Lífeyriskjör eru rýrð um mörg hundruð millj. kr. Atvinnuleysisbætur eru lækkaðar um 170 millj. Sjúkratryggingar eru lækkaðar um 740 millj. með auknum álögum á sjúklinga og síðast en ekki síst eru hafðar rúmar 500 millj. af öryrkjum vegna samningsrofa.

Herra forseti. Fjárlagafrv. skilur margar mikilvægar stofnanir í samfélaginu í lausu lofti, sumar með langan skuldahala, aðrar í (Forseti hringir.) sárri fjárþörf. Þetta á við um menntastofnanir og sjúkrastofnanir. Gagnvart heimilum í (Forseti hringir.) landinu og gagnvart þessum velferðarstofnunum er þetta fjárlagafrv. í senn ranglátt og ábyrgðarlaust.

[14:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við lokaafgreiðslu fjárlaganna gafst ríkisstjórnarflokkunum tækifæri til þess að laga einhvern hluta af því sem upp á vantar í fjárlagafrv. Það liggur algjörlega fyrir, virðulegi forseti, við lokaafgreiðslu þessara fjárlaga að á næsta ári mun ríkisstjórnarmeirihlutinn þurfa að koma hér inn með fjáraukalög til þess að stoppa í þau göt sem þeir höfnuðu núna að lagfæra. Fjárlagaafgreiðslan og lokaniðurstaða hennar er algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Vissulega eru ákveðar tillögur til bóta en lokaniðurstaðan er verk ríkisstjórnarmeirihlutans. Við sitjum hjá.

[14:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er mjög gleðilegt hversu snemma við afgreiðum þetta frv. og það er mjög gleðilegt að það skuli vera með þessum afgangi og það er mjög gleðilegt að hv. fjárln. skuli hafa staðið vörð um afganginn og vil ég þakka henni þau störf alveg sérstaklega.

Í frv. eru lagðar til ýmsar aukningar, t.d. á útgjöldum til heilbrigðismála og það er mjög ánægjulegt að sjá að 1.000 millj. fara nýjar til öryrkja. Það er alveg nýtt og það er mjög gleðilegt. Þetta frv. mun stuðla að jafnvægi og hagsæld fyrir land og þjóð og er gott innlegg inn í væntanlega kjarasamninga. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 588).

[Fundarhlé. — 14:54]

Tímabundin ráðning starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (EES-reglur). — Þskj. 558.

[15:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Ég tek upp þráðinn þar sem frá var horfið í morgun í umfjöllun um frv. til laga um tímabundnar ráðningar starfsmanna.

Í því skyni að koma í veg fyrir að tímabundnar ráðningar verði misnotaðar þannig að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum er mælt fyrir um þrenns konar leiðir sem stjórnvöld geta valið um í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Samtök aðila vinnumarkaðarins gátu ekki komið sér saman um útfærslu á þessu ákvæði og er því lagt til að tekin verði upp regla gildandi starfsmannalaga um takmarkanir á tímabundnum ráðningarsamningum. Er því gert *ráð fyrir að tímabundinn ráðningarsamningur vari* ekki samfellt lengur en tvö ár að því undanskildu að annað sé tekið fram í lögum.

Til viðbótar er þó lagt til að heimilt verði að endurnýja tímabundna ráðningarsamninga embættismanna og stjórnenda sem gerðir eru til fjögurra ára eða lengri tíma í þeim tilvikum þegar þeir eru endurnýjaðir til jafnlangs tíma. Þar er sérstaklega vísað til starfsmannalaga, en þar er kveðið á um tímabundnar ráðningar embættismanna til fimm ára í senn. Eins og vel er þekkt þá er algengt að slíkir ráðningarsamningar séu endurnýjaðir til jafnlangs tíma. Sama fyrirkomulag viðgengst enn fremur hjá einstökum sveitarfélögum að því er varðar stjórnendur þeirra.

Lögð er rík áhersla á að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að semja um aðra skipan en þá sem mælt er fyrir um í frv. þessu. Ákvæði slíkra kjarasamninga verða þó að rúmast innan rammasamnings þess sem hér um ræðir.

Virðulegi forseti. Rammasamningurinn leggur þær skyldur á vinnuveitendur að upplýsa þá starfsmenn sína sem ráðnir eru tímabundið um lausar stöður innan fyrirtækisins.

Erfitt er að meta áhrif frumvarps þessa á íslenskan vinnumarkað. Það liggur fyrir að fáar reglur hafa gilt um tímabundna ráðningarsamninga hér á landi og þá aðallega á hinum opinbera vinnumarkaði. Þá virðist sem ágreiningur um ætlaða misnotkun á tímabundnum ráðningarsamningum hafi ekki oft komið til kasta íslenskra dómstóla. Að teknu tilliti til þess og þess að fyrir liggur að samtökum aðila vinnumarkaðarins tókst ekki að semja um útfærslu á efni rammasamningsins þótti rétt að fara varlega í að kveða á um frekari takmarkanir á tímabundnar ráðningar en þær sem gilt hafa á hinum opinbera vinnumarkaði. Þar takast m.a. á sjónarmið um verndun þess sveigjanleika sem talinn er einkenna

íslenskan vinnumarkað og sjónarmið um aukna vernd launafólks. Þá koma einnig til skjalanna vangaveltur um hversu stórt svigrúm aðilar vinnumarkaðarins skulu hafa til að semja um réttindi og skyldur á vinnumarkaði við gerð kjarasamninga, með öðrum orðum, hvar eigi að draga mörkin milli þess sem ákveða skuli með lögum og þess sem ákveða skuli með kjarasamningum á innlendum vinnumarkaði. Þykir eðlilegra að kannað verði í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins hvernig tímabundnum ráðningarsamningum er raunverulega háttað á íslenskum vinnumarkaði áður en frekari reglur eru settar.

Virðulegi forseti. Ég mun beita mér fyrir skipun samstarfshóps þar sem farið verður yfir málin á næstu þremur árum í samvinnu við Vinnumálastofnun. Gert er ráð fyrir að sá samstarfshópur leggi fram skýrslu þar sem afstaða verði tekin til hvort nauðsyn þyki að hafa strangari takmarkanir í lögum en þær sem hér eru lagðar til.

Hæstv. forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. félmn. og 2. umr.

[15:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er um sumt byggt á málamiðlunum. Fram hafa farið viðræður á milli ráðuneytisins og samtaka launafólks sem frv. tekur til. Það má gjarnan koma fram að ráðuneytið hefur verið reiðubúið að taka tillit til ýmissa sjónarmiða sem fram hafa komið af hálfu launafólks og er það þakkarvert. Það er í sjálfu sér ekkert annað en eðlilegur hlutur, en ekki er alltaf hægt að ganga að slíku sem vísu.

Nú verður málinu vísað til nefndar og fær þá væntanlega ítarlega yfirferð. Ég ítreka að um sumt byggir málið á málamiðlun. Ég tel að það hafi tekið miklum breytingum til góðs frá því það fæddist og ástæða er til að það komi fram nú við 1. umr.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að frv. sem við erum að ræða um tímabundna ráðningu starfsmanna sé til bóta, skýri rétt þeirra starfsmanna sem eru ráðnir tímabundið og tryggi vonandi í framtíðinni að þeim sé eigi mismunað miðað við þá sem fastráðnir eru ótímabundið. Ég tel að hér sé um gott mál að ræða. Það þarf auðvitað nánari skoðun í nefnd og þörf er á frekara samráði við aðila vinnumarkaðarins, launþegasamtök og atvinnurekendur. Af eðli uppbyggingar málsins sýnist mér að það sé til bóta. Ég vona svo sannarlega að það fái hér afgreiðslu eftir góða og vandaða yfirferð í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenn í hlutastörfum, 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (EES-reglur). — Þskj. 559.

[15:08]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um starfsmenn í hlutastörfum. Frv. er flutt til að leiða í íslensk lög efni tilskipunar Evrópusambandsins 97/81/EB, frá 15. desember 1997, um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga, samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild hafa gert. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/1998 var samþykkt að fella tilskipun þessa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Í inngangsorðum rammasamnings Evrópusamtaka aðila vinnumarkaðarins kemur fram að hann sé framlag til skipulags vinnumarkaðsmála í Evrópu. Í honum eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða réttindi starfsmanna sem gegna hlutastörfum. Í samningnum kemur fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart þessum launamönnum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir vinnuveitendur og launafólk. Með samningnum sé einnig viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum séu misjafnar. Tilgangur rammasamningsins er einnig að stuðla að sveigjanlegri skipulagningu vinnutíma. Meginsjónarmiðið er að hlutavinnufólk sæti ekki lakari meðhöndlun en þeir sem eru í fullu starfi nema mismunun verði réttlætt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Aðildarríkjunum er heimilt skv. 2. gr. tilskipunarinnar að fela samtökum aðila vinnumarkaðarins að semja um efni rammasamningsins í stað þess að kveða á um efni hans með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Félagsmálaráðuneytið fór þess á leit við samtök vinnumarkaðarins með bréfi, dags. 19. mars 2000, að þau tækju samninga sína til endurskoðunar með tilliti til efnis rammasamningsins um hlutastörf. Lögð var áhersla á að kannað væri hvort gildandi samningar geymdu ákvæði sem mismunuðu þeim sem stunda hlutastörf. Markmiðið væri að afnema slík ákvæði í samræmi við tilskipun 97/81/EB.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hófu viðræður sín á milli um það að hrinda í framkvæmd efni tilskipunarinnar um hlutastörf. Samningaviðræðunum lauk með undirritun kjarasamnings 13. nóvember 2002.

Virðulegur forseti. Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2002, vakti ráðuneytið athygli á því að til þess að tilskipunin um hlutastörf teldist innleidd á fullnægjandi hátt hér á landi þyrftu einnig að koma til samningar um efni hennar sem tækju til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra barst greinargerð frá fjármálaráðuneytinu, dags. 5. júní 2003. Í henni er gerð grein fyrir viðræðum fulltrúa fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga við fulltrúa Bandalags háskólamanna, Kennarasambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ASÍ um innleiðingu á efni tilskipunar með kjarasamningum. Í greinargerðinni kemur meðal annars fram að á fundi 9. desember 2002 hafi verið til umfjöllunar drög að heildarsamningi á milli ASÍ, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga hins vegar. Byggðust þau á áðurnefndum samningi ASÍ og SA. Ekki tókst samkomulag milli aðila um þessi drög. Samningaviðræður milli þeirra hafa ekki leitt til niðurstöðu.

Þegar fullreynt þótti að samtökum opinberra starfsmanna og við semjendum þeirra mundi ekki takast að ná samkomulagi um innleiðingu tilskipunarinnar féll það í hlut félmrn. að freista þess að leita lausnar á þeim ágreiningi sem var á milli aðila. Ráðuneytið boðaði í nóvember til fimm óformlegra funda með hlutaðeigandi aðilum. Frv. það sem hér er lagt fyrir Alþingi er árangur af þessu óformlega samráði. Það er rétt og skylt að taka fram að samtök þau sem frv. snertir hafa ekki lýst yfir stuðningi við það enda hefur ekki verið leitað

eftir slíkri stuðningsyfirlýsingu. Hins vegar er þess vænst að aðilar geti búið við þá leið sem lögð er til í 2. gr. frv.

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að geta þess að íslenskum stjórnvöldum hefur borist rökstutt álit Eftirlitsstofnunar EFTA, dags. 7. febrúar 2003, vegna innleiðingar á tilskipun 97/81/EB um hlutastörf. Í áliti Eftirlitsstofnunarinnar er vakin á því athygli að Íslandi hafi borið að hrinda efni tilskipunarinnar í framkvæmd í síðasta lagi 20. janúar 2000. Í álitinu er vísað til bréfs félagsmálaráðuneytisins, 27. mars 2000, þar sem fram kemur að ákveðið hafi verið í samráði við aðila vinnumarkaðarins að innleiða efni tilskipunarinnar með kjarasamningum og því sé nauðsynlegt að nýta heimild um lengri frest til að hrinda efni hennar í framkvæmd. Lokafrestur til innleiðingar hafi því verið 20. janúar 2001. Á fundum samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á sviði félagsmála á EES-svæðinu hefur verið reglulega fjallað um framvindu þessa máls. Lengi vel horfði vænlega um að samningar tækjust á milli aðila um að láta efni tilskipunarinnar ná til starfsmanna hins opinbera. Eftirlitsstofnun EFTA hefur verið haldið upplýstri um gang mála og kann það að einhverju leyti að skýra þá þolinmæði sem hún hefur sýnt íslenskum stjórnvöldum í þessu máli. Það er hins vegar ljóst að verði efni tilskipunarinnar ekki innleitt án frekari tafa mun Eftirlitsstofnunin stefna stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólinn fyrir brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frú forseti. Ég hef við annað tækifæri gert að umtalsefni framkvæmd þessarar tilskipunar um starfsmenn í hlutastörfum og raunar framkvæmd annarra tilskipana ESB sem hafa orðið til með hliðstæðum hætti, þ.e. í samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvettvangi. Erfiðleikar við að hrinda í framkvæmd þessum tilskipunum koma á óvart, einkum þegar litið er til þess að fulltrúar íslenskra heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa tekið þátt í kjarasamningum Evrópusamtaka aðila vinnumarkaðarins, sem eru efni þessa tilteknu tilskipana. Fulltrúum íslenskra heildarsamtaka virðist ganga illa að koma sér saman um hvað þeir sömdu um í Brussel.

Þetta er sérstaklega áberandi, virðulegi forseti, varðandi tilskipunina um tímabundnu ráðningarsamningana þar sem hvorki tókst að semja um framkvæmd þeirrar tilskipunar í samningaviðræðum samtaka á almennum vinnumarkaði né á milli samtaka opinberra starfsmanna og viðsemjenda þeirra.

Niðurstaðan er því sú að það kemur í hlut félmrn. að stofna til samráðs og samningafunda til að freista þess að finna út hvað var samið um og hvernig því verði til skila haldið í innlendri löggjöf.

Ágreiningur aðila er á stundum svo djúpstæður að ráðuneytið hefur neyðst til þess að höggva á hnútinn og leggja til lausnir sem hvorugur aðili hefur verið fyllilega sáttur við en getur vonandi búið við. Þetta er auðvitað ekki verklag sem er til eftirbreytni og þarf að færa til betri vegar.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til hv. félmn. og 2. umr.

[15:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um starfsmenn í hlutastörfum. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra gildir ekki sama sátt um þetta frv. og fyrra frumvarpið sem hér var rætt, um tímabundnar ráðningar. Ráðuneytið hefur leitað eftir sjónarmiðum samtaka launafólks og því miður hefur ekki tekist að tryggja slíka sátt. Ég vil vekja athygli á því að BSRB hefur innan sinna vébanda stærstan hóp *ríkisstarfsmanna og það er ekki búið að ná samkomulagi við* bandalagið um þetta frv. Í stuttu máli snýst ágreiningurinn um það að lögin taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem á grundvelli hlutlægra ástæðna, eins og það er orðað í frumvarpinu, fá greitt tímavinnukaup, tekur sem sagt ekki til tímavinnukaups hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga.

BSRB hefur verið ósammála því að tímakaupsstarfsmenn sem koma inn á stofnanir til að vinna í tímavinnu, fá ekki að njóta sama starfsumhverfis og aðrir starfsmenn. Í viðræðum sem fram fóru í sumar um þessi efni var lagt til af hálfu samtakanna að inn í 2. gr. frv. sem skilgreinir gildissviðið yrði sett takmarkandi ákvæði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lögin taka ekki til tímavinnufólks sem hefur annað aðalstarf, eða hefur aðalframfærslu sína af lífeyrisgreiðslum."

Með öðrum orðum, að fallist yrði á með þessu að tímavinnufólk hjá hinu opinbera yrði undanskilið lögunum, aðrir en sá hópur sem hefur þetta að aðalstarfi. Þessa setningu leggjum við samtök launafólks, og ég leyfi mér að tala í nafni þeirra nú, áherslu á að verði sett inn í lögin. Þetta frv. á væntanlega eftir að fá rækilega umfjöllun og skoðun í félmn. þingsins og ég vænti þess að þar verði farið vel yfir þau sjónarmið sem ég er að vekja máls á. Það kunna að vera aðrir agnúar á þessu eða atriði sem ekki ríkir fullt samkomulag um, en ég vona að okkur takist að færa þetta inn í svipaðan farveg samstarfs og hefur tekist í ýmsum öðrum málum sem *fram hafa komið frá félmrn. í seinni tíð.*

[15:19]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Hér höfum við frv. til laga um starfs*menn í hlutastörfum. Sem stjórnarmaður í Starfsmannafélagi* ríkisstofnana ætlaði ég að gera svipaða athugasemd og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á. Það þarf að sjálfsögðu að fara vandlega yfir þetta mál eins og öll þau sem snerta kjarasamninga, en það vantar, eins og hv. þm. kom inn á, ákvæði um starfsfólk sem er í tímavinnu sem aukastarfi, þ.e. það þarf að tryggja það í þessu frv. að hagur þeirra sem stunda tímavinnu samhliða aðalstarfi sé líka tryggður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (erfðablöndun). — Þskj. 418.

[15:21]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um eldi nytjastofna sjávar verði breytt þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana til að verja stofna íslenskra sjávardýra gegn óæskilegum áhrifum erfðablöndunar við aðra stofna sömu tegundar eða innfluttra tegunda eða stofna sem ekki finnast við Íslandsstrendur.

Nauðsynlegt er að slík heimild sé í íslenskum lögum í ljósi aukins eldis sjávardýra jafnt erlendis sem hér á landi. Samfara þeirri þróun má vænta aukinna viðskipta með ýmsar tegundir eldisdýra og kynbætta stofna.

Þess vegna er nauðsynlegt að í lögum sé heimild til þess að takmarka eða banna, ef ástæða þykir til, til þess að verja þá stofna sem hér eru við landið og hafa verið undirstaða lífsafkomu þjóðarinnar frá upphafi byggðar landsins.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[15:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli að í 1. gr. þessa frv. er verið að veita hæstv. ráðherra möguleika á því að banna eldi á lifandi sjávardýrum. Annað frv. og lagasetning sem fór hér fram fyrir ekki löngu síðan og var á forræði landbúnaðarráðherra var með öðrum hætti og ýmsir vildu sjá sambærilegt ákvæði til handa hæstv. landbrh. til að verjast erfðamengun. (**Gripið fram í:** Hann vildi það ekki.) Er það þannig að hæstv. landbrh. hafi ekki viljað slíkt ákvæði, eða er það þannig að þetta mál hafi einhverja aðra möguleika en mál hæstv. landbrh.? Mig langar til þess að heyra hæstv. sjútvrh. útskýra muninn á þessu tvennu, því að það er nú stutt á milli hæstv. ráðherra við ríkisstjórnarborðið og ætti að vera nokkuð ljóst í hans huga hver munurinn er á þessum tveimur málum, því um þau bæði hefur verið fjallað í ríkisstjórn.

[15:24]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað örlítill munur á löggjöfinni um lax- og silungsveiðar eða kafla sem fjallar um eldi vatnafiska og á lögunum um eldi nytjastofna sjávar, þó er ekki grundvallarmunur. Það má kannski segja að munurinn á nálguninni felist helst í því hver þróunin hefur verið í annars vegar eldi á vatnafiskum og hins vegar eldi á nytjastofnum sjávar. Nú þegar hefur verið leyft eldi á innfluttum laxi, norskum laxi, í sjó og þar af leiðandi er erfitt að grípa inn í og takmarka á þennan hátt þegar eldið er þegar hafið m.a. út frá jafnræðisreglu og stjórnsýslulögunum. Frá mínu sjónarmiði lítur það út á þennan hátt. Einnig má kannski segja að helsta vörnin í lax- og silungsveiðilögunum hafi verið í gegnum sjúkdómaþáttinn, við höfum kannski treyst um of á þá vörn í gegnum tíðina. Þegar þau mál voru hér til umræðu villti það mönnum aðeins sýn, menn leituðu ekki leiða í þessa veru vegna erfðabreytileikans og þeirra breytinga sem gætu orðið á genamenginu. Þó eru núna mjög svipuð ákvæði í lax- og silungsveiðilögunum sem komu fram við brtt. nefndarinnar, svipuð ákvæði og um er að ræða í þessu tilfelli þó að ég vilji ekki fullyrða að þau séu nákvæmlega eins.

En vonandi verður samþykkt þessa frv. til þess að við lendum ekki í neinum ógöngum með stofna okkar.

[15:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Ég verð að segja eins og er að mér finnst ýmislegt benda til þess að menn hafi ekki skoðað fyrra málið með nægilega mikilli gaumgæfni. Ég hef a.m.k. þann grun og vonandi reynist hann rangur, að hæstv. landbrh. sé í erfiðari aðstöðu til þess að taka á erfðablöndun í framtíðinni en hæstv. sjútvrh., ef frv. verður samþykkt. Ég verð að segja það að ég trúi því eiginlega ekki almennilega að það hafi ekki verið hægt að setja sambærileg ákvæði í frv. landbrh. þó svo að leyft hafi verið eldi á einni tegund af laxi við landið, það er jú staðreynd sem liggur fyrir. En ég held að framtíðin sé mikilvægari í þessu efni en fortíðin og menn þurfi fyrst og fremst að hugsa til framtíðarinnar í þessum málefnum. Mér finnst að það sé gert með þessu frv. en hef meiri áhyggjur af hinu fyrra.

[15:27]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er um umhverfismál að ræða og þess vegna fer vel á því að vísa þessu máli einnig til umfjöllunar í umhvn. þingsins. Mér þætti líka fróðlegt að heyra hvernig hæstv. ráðherra sér komu hæstv. umhvrh. að þessu máli og stofnana sem fjalla um umhverfismál, svo sem Umhverfisstofnun og þeirra sem eiga að fjalla um málaflokkinn út frá þeim sjónarhóli, en ekki að atvinnuvegaráðuneyti fari endilega með þetta mál sem er í raun ekkert annað en umhverfismál.

[15:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeim lagabálkum sem heyra undir sjútvrn., er gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun sé ráðuneytinu til ráðuneytis hvað öll mál sem þessi varðar. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða það, með allri virðingu fyrir stofnunum umhvrn., að það er engin stofnun á Íslandi sem kemst með tærnar þar sem Hafrannsóknastofnun hefur hælana varðandi sjávardýr almennt og umhverfi þeirra. Ég held því að Hafrannsóknastofnun sé fullfær um að veita ráðgjöf um þetta efni.

Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að mínu mati að sjútvn. leiti umsagnar umhvn. um málið, en að eldi sjávardýra og það umhverfi sem nytjastofnarnir hrærast í heyri undir sjútvrn. Það er yfirleitt mjög erfitt í stjórnsýslunni að blanda ábyrgð tveggja ráðuneyta saman þegar að slíkum málum kemur, hvað þá ef þau eru orðin þrjú eins og raunverulega væri um að ræða þegar hér væri komið sögu.

[15:30]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Sér þá hæstv. sjútvrh. ekki að hæstv. umhvrh. eigi að koma að þessu máli? Hér er óumdeilt um umhverfismál að ræða. Við erum hér að gera hlut Hafrannsóknastofnunar lítinn þó að við teljum að þetta mál eigi að heyra alfarið undir hæstv. umhvrh. Það gefur augaleið að hér er um umhverfismál að ræða og það á ekki að blanda því inn í atvinnumálaráðuneyti.

Ég vil ítreka þetta: Sér hæstv. sjútvrh. ekki að hæstv. umhvrh. eigi að koma hér að málum?

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get svarað hv. þingmanni þannig að ég sé ekki að umhvrh. eigi að koma að málum á þann hátt sem hv. þm. ýjar greinilega að, þ.e. að taka ákvarðanir um þá hluti sem þessi lög fjalla um, þó að nánast megi skilgreina alla hluti sem umhverfismál, að þeir snerti umhverfi okkar á einhvern hátt. Þessi hluti umhverfisins er einfaldlega á valdsviði sjútvrn. og ég held að það fari vel á því að svo sé og væri mjög misráðið ef við gerðum einhverjar breytingar á því. Ég á eiginlega ekki von á því að hv. þm. sé að meina það að við mundum færa eldi sjávardýra úr sjútvrn. til umhvrn.

[15:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við fyrstu sýn virðist þetta frv. sem hér er flutt af hæstv. sjútvrh. vera afar skynsamlegt. Eftir því sem ég les þetta stutta frv. er hér um verndarfrumvarp að ræða, þ.e. frv. sem á rætur sínar að rekja til þeirrar staðreyndar að framandi

lífverur í okkar villtu náttúru geta valdið óbætanlegu tjóni. Ég sé ekki annað en að hér sé hugmyndafræðin skýr og hún byggi á hlutum eins og m.a. samningi um líffræðilegan fjölbreytileika og mér þætti vænt um að fá staðfestingu hjá hæstv. sjútvrh. á því að svo sé.

Ég verð að segja að þegar litið er yfir þetta frv. rifjast upp fyrir manni það frv. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson gat um hér áðan og við fjölluðum um fyrir skemmstu, frv. til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði og innflutning dýra. Byggði það frv. á þeim bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin setti í sumar sem gerðu í raun og veru hið þveröfuga miðað við þetta frv. Þar var um að ræða ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að opna fyrir innflutning á eldisdýrum. Reyndar var þar um að ræða eldi ferskvatnsfiska, laxa, en í því frv. og í þeim lögum sem leiddu af því var opnað fyrir miklu meira en innflutning á laxi til eldis.

Ég tel að þessi tvö frv., það sem landbrh. flutti hér fyrir nokkrum vikum og síðan þetta sem hæstv. sjútvrh. talar nú fyrir, stangist hraustlega á. Ég verð að segja að frv. hæstv. sjútvrh. er mér mun meira að skapi en það frv. sem hæstv. landbrh. talaði fyrir. Ég held að það sé alveg tilefni til þess hér við 1. umr. að hæstv. sjútvrh. segi okkur örlítið meira um þau grundvallarsjónarmið sem hér liggja að baki. Mér finnst ekki eðlilegt að ríkisstjórnin leiði í lög varúðarreglur sem gildi um ákveðna þætti eldismála en ekki aðra.

Ég vil að hæstv. ráðherra segi okkur hér í hverju munurinn á þessu tvennu er fólginn. Hvers vegna getur það gerst í sömu ríkisstjórninni að sjútvrh. fær að flytja mál sem reisir veggi gegn mögulegri erfðablöndun á meðan annar rífur sömu veggi niður? Ég sé ekki annað en að hér rekist hvað á annars horn og við þurfum að fá frekari skýringar frá hæstv. sjútvrh. um þessi mál.

Sömuleiðis væri alveg eðlilegt að hann segði okkur hvað honum þætti um þau ákvæði sem leidd voru í lög hér fyrir skemmstu með frv. hæstv. landbrh. þar sem opnað er fyrir möguleika á því að hér séu notuð flutningatæki sem mögulega geta borið með sér lífverur, lindýr eða krabbadýr eða smáverur, sem geta engu síður en stærri lífverur valdið gífurlegum usla í lífkerfi okkar.

Ég sé ekki betur en að hér þurfi að taka heildstætt á málum. Ég fagna því frv. sem hér er flutt því að mér virðist það vera einlægt verndarfrumvarp en ég vil að hæstv. sjútvrh. segi okkur hvers vegna tveir ráðherrar í sömu ríkisstjórninni geta látið málin stangast svona hraustlega á.

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held ekki að ég og hæstv. landbrh. séum að fara eins mikið hvor í sína áttina eins og hv. þm. vill vera láta. Ég held að hæstv. landbrh. hafi verið að reyna að ná sömu markmiðum og ég en hann hafði bara annan upphafspunkt þegar hann hóf sína ferð. Það er hins vegar rétt að það er gengið út frá verndunarsjónarmiðum í þessu frv. til þess að koma í veg fyrir slys varðandi erfðablöndun á nytjastofnum okkar, sérstaklega ef tilfellið væri að það væru mismunandi stofnar á mismunandi svæðum í kringum landið og að þeir hefðu þá mismunandi eiginleika sem skiptu okkur máli. Í tveimur samliggjandi fjörðum gætu mismunandi stofnar gengið út, annar út og í norður í fæðuleit og í hinum firðinum hinn út og í suður í fæðuleit og ef það væri komið með þriðja og þá jafnvel fjórða stofninn til eldis í þessum firði gæti það haft áhrif á þessa stofna, erfðamengi þeirra breyst og þar með ýmsir eiginleikar þeirra sem nytjastofna sem gætu haft skaðleg áhrif fyrir fiskveiðarnar og fyrir hagkerfið.

Ég verð að viðurkenna að ég var ekki með samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika við hliðina á mér þegar ég samdi frv. þannig að ég get kannski ekki alveg státað af því að ég hafi byggt á honum sérstaklega en ég ímynda mér að sama sjónarmið komi þar fram og það sem ég hef í huga við framlagningu þessa frv. Ég þakka fyrir góðar undirtektir og vona að málið fá skjóta afgreiðslu.

[15:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fæ ekki betur séð en að hæstv. sjútvrh. sé hér að staðfesta þá tilfinningu sem ég hef fyrir þessu frv., að hér sé um verndarfrumvarp að ræða og einlægan vilja hæstv. ráðherra til þess að standa vörð um þá stofna sem nýttir eru í eldi hér við land. Ég tel engu að síður að full þörf sé á því að hlutirnir séu skoðaðir heildstætt og þetta frv. verði mælt við sömu mælistiku og það frv. sem hæstv. landbrh. flutti hér fyrir skemmstu og olli sannarlega miklum deilum.

Ég held reyndar að við séum ekki búin að bíta úr nálinni með afleiðingar þess frv. þannig að ég held að það sé fullljóst að ríkisstjórnin eigi eftir að þurfa að taka þessi mál til heildstæðrar umfjöllunar. Ég vona þá að þau sjónarmið sem mér heyrist hæstv. sjútvrh. tala hér fyrir verði ofan á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. DrH o.fl., 417. mál (sauðfjárbændur). — Þskj. 573.

[15:39]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

Skv. 1. gr. bætist ný málsgrein við 39. gr. laganna sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samninga við sauðfjárbændur, sem hafa náð eða ná 64 ára aldri á tímabilinu 2004–2007, um að eiga hvorki né halda sauðfé til og með 31. desember 2007 en halda óskertum beingreiðslum á sama tíma á meðan greiðslumark sauðfjár er í eigu hlutaðeigandi bænda og áfram skráð á lögbýli. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum, enda séu afurðir þeirra til eigin nota. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða svo á um í samningunum að þeir bændur sem hyggjast hefja sauðfjárrækt að nýju megi koma sér upp bústofni frá 1. september 2007. Samningunum skal þinglýst sem kvöðum á viðkomandi lögbýli sem gilda til 31. desember 2007. Verði eigendaskipti að greiðslumarki eða lögbýli fellur samningurinn niður og hin þinglýsta kvöð.

Skv. 2. gr. öðlast lög þessi gildi 1. janúar 2004.

Hæstv. forseti. Hinn 3. september 2003 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem falið var það verkefni að fjalla um og

meta vandann sem steðjar að sauðfjárbændum vegna verulegs tekjusamdráttar. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur til stjórnvalda um hvernig bregðast skuli við þeim vanda. Í tillögum og niðurstöðum nefndarinnar til landbúnaðarráðherra frá 5. nóvember 2003 er að finna umfjöllun um ástæður fyrir tekjusamdrætti sem orðið hefur hjá sauðfjárbændum, m.a. vegna lækkunar á verði innan lands, breytinga á útflutningshlutfalli og ójafnvægis í birgðastöðu, en einnig eru þar tillögur um ýmsar úrbætur. Meðal annars lagði nefndin til að þeir sauðfjárbændur sem náð hafa 63 ára aldri geti haldið óskertum beingreiðslum til loka núgildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, þ.e. til ársloka 2007, án skyldu um sauðfjáreign samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um, enda eiga þeir þá rétt til ellilífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Markmiðið er að hvetja þessa bændur til að fækka fé og minnka framleiðsluna en með því er talið að unnt verði að koma betra jafnvægi á kindakjötsmarkaðinn og hækka verð á kindakjöti til annarra bænda.

Samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, er hins vegar kveðið á um hvaða skilyrði sauðfjárbændur þurfa að uppfylla til að hljóta óskertar beingreiðslur. Meginreglan er skv. 39. gr. laganna að sauðfjárbændur þurfi að eiga 0,6 vetrarfóðraðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2001 en eftir það ákveði landbúnaðarráðherra ásetningshlutfall á hverju ári að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamnings. Ráðherra er heimilt að víkja frá meginreglunni og ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins ef búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland. Einnig má víkja frá ásetningshlutfallinu hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum. Framangreind ákvæði laganna eru í samræmi við ákvæði samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, dags. 11. mars 2000. Þar sem heimildir landbúnaðarráðherra til að veita undanþágur frá ásetningshlutfalli því sem áskilið er í 39. gr. eru þar tæmandi taldar er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu til að hrinda í framkvæmd framangreindri tillögu um vanda sauðfjárbænda.

Hér er því lögð til sú breyting á 39. gr. laganna að landbúnaðarráðherra verði heimilt að gera samninga við bændur sem náð hafa eða ná 64 ára aldri á tímabilinu 2004–2007 eða eru fæddir á árinu 1940 um að eiga hvorki né halda sauðfé til ársloka 2007 gegn því að þeir haldi beingreiðslum á sama tíma. Í ákvæðinu felst að þeim er ekki heldur heimilt að halda og/eða fóðra sauðfé fyrir aðra á lögbýlum sínum. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum enda séu afurðir þeirra aðeins til eigin nota. Til að gæta jafnræðis þykir rétt að miða við aldursmarkið 64 ára eða eldri á tímabilinu þó að innan þess hóps muni ekki allir ná lífeyrisaldri samkvæmt lögum um almannatryggingar í lok tímabilsins frekar en að draga mörkin við þá sem ná 67 ára aldri árið 2004. Ákvæði þetta og þau skilyrði sem það hefur að öðru leyti að geyma eru sambærileg við skilyrði um fjárleysi sem sett hafa verið í samninga ríkissjóðs um kaup á greiðslumarki sauðfjár, sbr. 4. mgr. 38. gr. laga nr. 99/1993 og reglugerð nr. 399/2000, um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár. Þá þykir rétt að kveða á um að landbúnaðarráðherra sé heimilt að kveða á um að þeim sauðfjárbændum sem ætla að hefja sauðfjárrækt að nýju sé heimilt að koma sér upp bústofni frá 1. september 2007 ef þeir hyggjast hefja framleiðslu að nýju á árinu 2008.

Hæstv. forseti. Greiðslumark sauðfjár er samkvæmt lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum bundið við lögbýli og er þess vegna nauðsynlegt að þinglýsa samningnum sem kvöð á viðkomandi lögbýli sem gilda skal til 31. desember 2007. Rétt þykir að miða við að selji þeir bændur sem gert hafa samninga samkvæmt þessu ákvæði greiðslumark sauðfjár af lögbýli falli niður réttur þeirra til beingreiðslna eftir það ásamt hinni þinglýstu kvöð enda þótt beingreiðslur sem greiddar eru á grundvelli greiðslumarks sauðfjár séu ekki framleiðslutengdar. Sama gildir ef þeir selja jarðirnar ásamt greiðslumarkinu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að málinu verði vísað til hv. landbn.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Búseta geðfatlaðra, 243. mál, svar félmrh., þskj. 576.

Jarðgöng undir Vaðlaheiði, 421. mál, þáltill. HlH o.fl., þskj. 579.

[15:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Eins og hv. framsögumaður gerði grein fyrir er þetta frv. flutt í framhaldi af tillögum sem samþykktar voru í ríkisstjórninni til að koma til móts við sauðfjárbændur. Ég hef leyft mér að halda því fram að lítið væri horft til framtíðar í þeim samningi. Þetta mál er að vísu að ýmsu leyti jákvæðara en þeir hlutir almennt sem voru í honum, að mér finnst. En á þessari aðferð er að mér finnst verulega mikill galli.

Ég hef haldið því fram að hið opinbera ætti að gefa bændum í sveitum landsins kost á að fá stuðning áfram og nota þann stuðning til atvinnurekstrar í greinum sem gæfu þeim betra framfæri en verið hefur af sauðfjárræktinni. Það mætti gera með svipuðum hætti og hér er sett fram, að menn þurfi ekki að framleiða til að fá þennan stuðning um tiltekinn tíma.

En hér er í raun ekki gert annað en að bjóða þeim sem vilja fara á eftirlaun og hætta búskap að flýta því með þessum hætti. Jafnframt er sagt að hefji þeir búskap aftur eftir þetta tímabil þá hafi í raun ekkert breyst í aðstæðum þeirra og högum gagnvart ríkinu. Af því að þetta er öðrum þræði eftirlaunasamningur eða starfslokasamningur við bændur, sem er þó þessu marki brenndur, þá datt mér nú í hug að gaman væri að rifja upp vísu sem Þórður á Dagverðará, sem allir landsmenn þekkja, fór oft með þegar hann var spurður að því af hverju hann héldi sér svona vel.

Vísan er svona, með leyfi hæstv. forseta:

Fátt er ungum manni um megn,
magnaður lífsins galdur.
Ellina klár ég komst í gegn
og kominn á besta aldur.

Þannig virðist mér að menn líti á, að eftir þetta tímabil í lífi sínu geti bændur hafið búskap aftur af fullum krafti og allt í lagi með það. En þetta var meira til gamans.

Mér er hins vegar ekkert gaman í hug þegar ég held því hiklaust fram að stefna stjórnvalda sé í raun og veru fólgin í því að segja við bændur landsins, hvort sem þeir framleiða mjólk eða kindakjöt, að þeir skuli sko framleiða mjólk eða kindakjöt ætli þeir að vænta stuðnings frá ríkinu, annars fái þeir engan. Þessi stefna er ófæra. Hún hefur komið illa niður á sauðfjárbændum, sérstaklega síðustu árin. Þessari stefnu verða menn að hverfa frá. Í þessu frv. er ekki verið að leita nýrra leiða hvað það varðar.

Ef þetta hefði hins vegar gengið út á að segja við alla bændur: Þið getið fengið þennan stuðning áfram það tímabil sem hér um ræðir. Á því tímabili yrði farið yfir með hvaða hætti koma megi til móts við bændur vegna annars atvinnurekstrar í dreifbýlinu þannig að þeir gætu átt stuðning vísan til annars í framtíðinni. Þá væru menn að byggja upp eitthvað jákvætt. En þarna er um heldur slaklegan starfslokasamning, á alla mælikvarða, að ræða og ekki nein framtíðarlausn fólgin í því sem hér er á ferðinni.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu, hæstv. forseti.

[15:51]

Flm. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki við því að búast að hv. þm. Jóhann Ársælsson væri ánægður með þetta enda hef ég ekki heyrt hann tala jákvætt til landbúnaðarins yfirleitt. Hann sagði að hér væri lítið horft til framtíðar, að nefndin sem hefði um þetta mál fjallað hefði lítið horft til framtíðar.

Ætlunin var að taka á bráðavanda sem er hjá sauðfjárbændum um þessar mundir. Það sem ég tel afar mikilvægt var samþykkt einnar af tillögum nefndarinnar, að opna fyrir samninginn sem nú er í gildi, gera annaðhvort alfarið nýjan samning eða að hluta til. Þar tel ég mikil sóknarfæri með því að fara þá leið sem hv. þm. talaði um, að gera þá samninga við fleiri bændur.

Það er ekki að ástæðulausu að miðað er við þennan aldur. Eins og fram kom í máli mínu áðan eru menn, eftir þessi fjögur ár, komnir á lífeyrisgreiðslur. Þetta er líka gert til að bændur hafi þann möguleika að hætta án þess að selja frá sér réttinn og rýra þar með verðgildi jarðanna. En það er enginn skuldbundinn til að ganga að þessum samningi, hann er algjörlega frjáls. Mönnum er frjálst að gera hann ef þeir vilja.

Hv. þm. talaði um að lítið væri gert til þess að hjálpa bændum að koma sér upp öðrum störfum. Ég vil benda á að Framleiðnisjóður hefur stutt margs konar nýja atvinnustarfsemi dyggilega, til að mynda ferðaþjónustuna. Mjög margir bændur hafa hætt hefðbundnum búskap og farið í ferðaþjónustu.

[15:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. taldi ekki við því að búast að ég mundi tala jákvætt um þetta mál. Nei, það er ekki við því að búast að ég tali jákvætt um þá stefnu sem tekin hefur verið. Ég er hins vegar fullkomlega tilbúinn að styðja það að atvinnulíf í sveitum landsins sé styrkt. Ég hef aldrei talað fyrir því að draga úr stuðningi við atvinnulíf í sveitum og dreifbýli.

Ég hef hins vegar margoft haldið því fram að ekki væri rétt að þeim málum staðið. Þar er ekki jafnræðis gætt. Þar fá hvorki þeir sem vilja hefja búskap né fólk sem vill stunda í sveitum annan atvinnurekstur en þessar tvær búgreinar að njóta jafnræðis við þá sem fyrir eru í gömlu búgreinunum. Þessu hef ég haldið fram. Ef mönnum finnst að ég sé þar með að tala neikvætt um atvinnulíf í sveitum þá verða menn auðvitað að fá að hafa þá skoðun.

Ég ætla ekki að gera neitt lítið úr því sem Framleiðnisjóður hefur getað gert fyrir þá sem hafa sótt þar um lánafyrirgreiðslu fyrir ferðaþjónustu eða annað slíkt. En ég held því fram að sá stuðningur sem hefur verið frá ríkinu við gömlu búgreinarnar tvær gæti að hluta verið miklu betur kominn sem stuðningur við aðra framleiðslu. Það er ekki við það búandi að endalaust sé verið að stilla mönnum upp að vegg í landbúnaði eins og gert er, að ríkið segi með sínum reglum: Þið skuluð halda áfram að framleiða kindakjöt ef þið ætlið að fá stuðning frá ríkinu.

[15:55]

Flm. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi hreinlega misskilið allt málið. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að bændur geti haldið beingreiðslunum án þess að framleiða. Þar liggur hundurinn grafinn.

Hv. þm. talaði einnig um að Framleiðnisjóður væri með lán en Framleiðnisjóður er einnig með styrki. Sjóðurinn veitir bændum eða því fólki sem býr á lögbýlum styrki til að koma sér upp annarri starfsemi.

Ég vil líka benda á annað og nefna Byggðastofnun sem hefur stutt mjög dyggilega við ferðaþjónustuna og ýmsa aðra starfsemi tengda ferðaþjónustunni. Svo mætti lengi telja.

Vegna þess að ég talaði um að hv. þm. væri neikvæður þá man ég ekki betur en að í utandagskrárumræðu hafi hann haft stór orð um hversu slæmt það væri að setja 140 millj. kr. til sauðfjárbænda í einni greiðslu fyrir áramótin. Ég tel, þótt það séu ekki háar upphæðir, að þá muni um það sem ekki hafa of háar tekjur.

[15:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki þannig sem ég lagði málið upp heldur gagnrýndi ég að ekki væri gætt jafnræðis í umfjöllun um landbúnaðarmál. Menn horfa bara á tvær greinar í landbúnaði eins og gert hefur verið í gegnum tíðina og hefur engin breyting orðið á hvað það varðar.

Hv. þm. sagði að ég hefði líklega misskilið allt málið. Nei, ég hef ekkert misskilið þetta mál. Ég skil vel hvað er á ferðinni. Menn eru ekki að krefjast framleiðslu af þeim bændum sem hér um ræðir. Ég held því hins vegar fram að ef menn vildu í raun breyta stefnunni þá ætti að gefa öllum bændum kost á þessum möguleikum. Þannig væri hægt að draga úr framleiðslunni. Úr því að menn ætla að bjóða þessum sömu bændum upp á að koma aftur inn í kerfið að þessu tímabili loknu þá held ég að kannski væri betra að það væru bændur sem hefðu til þess þrek og aldur að hefja búskap að nýju, ef það er hugsunin í því sem fram kemur í textanum.

Í þetta vantar hins vegar framtíðarhugsunina. Eins og ég hef verið að lýsa virðist hæstv. ríkisstjórn eins og ríkisstjórnir undangenginna ára halda sig við einhliða stuðning eins og hann hefur verið, aðallega við tvær búgreinar með þeim árangri sem allir sem hafa fjallað um þessi mál þekkja. Það er verið að segja við bændur: Þið skuluð framleiða mjólk og þið skuluð framleiða sauðakjöt. Annars fáið þið ekki stuðning frá hinu opinbera.

[15:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er mikill vandi í landbúnaðinum, sérstaklega að því er varðar sauðfjárframleiðsluna, sem keppir við hið svokallaða hvíta kjöt sem hefur stundum upp á síðkastið verið kallað bankakjötið.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það þarf að skoða upp á nýtt fyrirkomulag sauðfjárframleiðslunnar og styrki sem við notum til að greiða með þeirri framleiðslu. Við greiðum jú einnig með mjólkurframleiðslunni og við verðum að fara yfir þessi mál og skoða þau.

Sú tillaga sem við ræðum hér, um að bændur á ákveðnum aldri á þessu tímabili, 2004–2007, þurfi eigi að halda sauðfé

til þess að geta haldið óskertum beingreiðslum á sama tíma, er auðvitað bráðabirgðaaðgerð. Ég tel samt sem áður, virðulegi forseti, að þessi tillaga sé til bóta miðað við stöðuna í dag. Ég tel einboðið að við munum styðja hana. Hún getur orðið til þess að draga úr framleiðslunni en jafnframt til að tryggja að eldri bændur hafi eðlilegt lífsviðurværi þó að þeir leggi framleiðsluna af á þessu tímabili.

Mína niðurstöðu fæ ég með því að skoða þessa tillögu út frá málinu eins og það liggur fyrir í heild sinni. Hér er um bráðabirgðaaðgerð að ræða en ég tel að hún sé til bóta og muni frekar létta á málinu en hitt. Það er því alveg ljóst, virðulegi forseti, að gangi þetta mál eftir munu bændur yfir ákveðnum aldri ekki þurfa að halda fé til að geta haldið beingreiðslunum fram til loka búvörusamnings 2007. Ég tel að hér sé verið að opna möguleika sem getur í núverandi ástandi aðeins gert gagn, hann mun tryggja mönnum afkomu sem hafa starfað í þessari grein og bæta þá stöðu sem uppi er í sauðfjárræktinni.

Það breytir hins vegar ekki því, virðulegi forseti, að landbúnaðurinn þarf, eins og ég sagði í upphafi máls míns, endurskoðunar við. Menn þurfa auðvitað að fara að fara í gegnum það í tíma og með góðum fyrirvara hvernig við ætlum að haga þessum málum eftir árið 2007. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið í þessum málum. Þetta er ekki einfalt mál að leysa og ekki einfalt mál að koma þannig fyrir að vel fari.

Við í Frjálsl. höfum lagt til að menn breyti því sem ég kalla beingreiðslur og færi það yfir í búseturstyrki og styrki til landnýtingar. Við horfum til þess að það megi nota jarðir og lönd bænda til annars en sauðfjárframleiðslu eða mjólkurframleiðslu ef því er að skipta. Gera verður mönnum kleift að breyta búskaparháttum eða stunda aðra atvinnu á býlum sínum en jafnframt að geta búið á sveitabýlunum.

Tillaga okkar í Frjálsl. um að tekið verði tillit til þess þegar menn eiga um langan veg að fara til að sækja atvinnu og afla tekna, að það verði frádráttarbært ef menn þurfa að ferðast um langan veg til að stunda atvinnu og megi draga kostnað umfram 120 þús. kr. á ári frá tekjum áður en skattlagt er, er ein af þeim hugmyndum sem við höfum um hvernig skuli draga m.a. úr þessu vandamáli. Sú tillaga er þó alls ekki miðuð við bændur eina og sér heldur almennt fyrir fólk í landinu sem þarf að leggja í mikinn ferðakostnað við að stunda atvinnu sína. Slík heimild mundi vissulega hjálpa til, vel útfærð og sett upp í skattalögin, þegar að því mikla vandamáli kemur að taka á því hvernig við ætlum að haga styrkjum og fyrirkomulagi í landbúnaði til framtíðar.

Ég vildi vekja athygli á tillögu okkar í þessu sambandi vegna þess að ég held að slík tillaga, ef samþykkt yrði, mundi minnka vanda bænda sem sækja atvinnu um langan veg. Slíkt fyrirkomulag er þekkt í nágrannalöndunum, m.a. í Noregi. Við getum því sótt þekkingu þangað að því leyti.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu. Ég tel að hún sé til bóta miðað við ástandið. Ég tel einboðið að við leggjum þessu máli lið, að tryggja að eldri bændur geti lagt af búskap, sé samt heimilt að framleiða til eigin nota en haldi beingreiðslunum á þessu tímabili. Þetta mál getur ekki orðið til annars en að liðka fyrir málinu í heild eins og það er vaxið.

[16:05]

Flm. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og tek undir með honum að vandinn er mikill í sauðfjárræktinni og þetta eru aðeins bráðaaðgerðir sem verið er að gera hér núna. Eins og ég sagði áðan í andsvari mínu við hv. þm. Jóhann Ársælsson þá tel ég það mjög mikilvægt að sauðfjárbændur vinni að því að gera nýjan samning við ríkið. Það var ekki hægt í þessari nefnd að gera heildaruppstokkun á þessu.

Ég vil aðeins minnast á það að hv. þm. nefnir orðið styrkur. Mitt álit er það að beingreiðslur til bænda séu ekki síður stuðningur við neytendur en bændur. Við vitum að landbúnaðarframleiðsla nánast alls staðar í heiminum er studd til þess að halda niðri matarverði og það höfum við einnig gert hér á landi. En ég tel það vera mjög mikilvægt að bændur noti þetta tækifæri þar sem ríkisstjórnin opnar á það að gera við þá annaðhvort nýjan samning í sauðfjárræktinni eða að hluta til.

En aðeins vegna beingreiðslanna þá tel ég að þær hafi verið mjög mikilvægt skref því að beingreiðslurnar komu beint til bænda en fóru ekki í gegnum milliliðina og með beingreiðslunum geta bændur miklu frekar séð hag sínum borgið með því að hagræða sjálfir á búum sínum.

[16:07]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að ég notaði orðið styrkur var ég ekki að tala um það í neinni niðrandi merkingu. Ég tel að það sé styrkur fyrir íslenska þjóð að halda landinu í byggð og hef margsagt það í þessum ræðustól, og að það sé meira en peninganna virði að sjá til þess að byggðir landsins haldi velli og ekki síst að sveitabyggðin grisjist ekki meira en orðið er.

Við höfum lýst því yfir í Frjálsl. að þó svo að við vildum taka upp breytt fyrirkomulag þá værum við ekkert endilega þar með að leggja til að þeir fjármunir sem farið hafa í það á undanförnum árum að greiða styrki til landbúnaðarins, eins og ég kalla þá eða stuðning, verði lækkaðir frá því sem nú er. Það kann hins vegar að vera að það sé til önnur útfærsla sem henti betur betur til þess að opna fyrir það að bændur geti starfað við fleira en bara sauðfjárræktina og mjólkurframleiðsluna en njóti samt framlaga að því marki að þeir geti setið á búum sínum og jörðum og nýtt þær.

Ég held að það verði okkur til mikils framdráttar í framtíðinni að halda landinu í byggð og það verði okkur mjög verðmætt að eiga Ísland í byggð, ekki síst eins og stefnir nú í að hér fjölgi ferðamönnum ár eftir ár. Það er vissulega svo að í sveitum landsins hefur verið gert mikið átak í því að taka á móti ferðamönnum og verður örugglega meira hlutskipti í framtíðinni. Ég tel að það sé ekki síst verðmæti í því að þeir sem sitja landið, kunna sögu þess og kunna að nýta það og umgangast það, sitji þar áfram og geti miðlað þeirri þekkingu m.a. til ferðamanna. Ég er því eindregið þeirrar skoðunar að við eigum að leggja dálítið til til að halda landinu í byggð og það muni skila okkur margfalt í framtíðinni.

[16:09]

Flm. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni aftur fyrir hans jákvæðu orð hér. Ég tek undir með honum að það er styrkur fyrir íslenska þjóð að halda

landinu í byggð, það eru mikil verðmæti fólgin í því, og sauðfjárbændur eru sannarlega hinn sterki hlekkur í hinum dreifðu byggðum landsins.

[16:10]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég er meðflm. á þessu frv. til laga, sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur mælt fyrir, um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Þessi breyting sem hv. þm. hefur lýst í framsögu sinni lýtur að því að bændur sem komnir eru yfir ákveðið aldursmark geti hætt sauðfjárframleiðslu sem atvinnugrein en haldið beingreiðslunum áfram og búið á jörðum sínum og greiðslumarkið verði áfram bundið jörðunum og hægt að gera það virkt aftur á ákveðnum árafjölda eða ef breyting verður á búsetu jarðarinnar.

Ég tel að þau ákvæði sem þarna er verið að setja inn séu réttmæt. Þau gefa aukið svigrúm til að búa á jörðum og hafa þar góða afkomu, gefa möguleika á að nýta svigrúm til þess jafnvel að byggja upp annað atvinnulíf, önnur viðfangsefni, og séu í heild sinni til styrktar búsetunni, styðji að möguleikum á fjölbreyttari atvinnutækifærum og búsetu. Það má velta því fyrir sér hvar aldursmarkið er sett, hvort setja megi það neðar og veita fleiri bændum þessa möguleika, að halda beingreiðslunum en láta af framleiðslu og láta réttinn hvíla, bíða á jörðunum. En sem afmarkaður gjörningur tel ég þetta vera ágætismál. Þar með er ekki sagt að ég sé hér að lýsa yfir stuðningi við sauðfjársamninginn eða umgjörðina í heild. Fjarri því. Ég tel að á honum séu margir vankantar sem hafi einmitt komið berlega í ljós á síðustu mánuðum og missirum og ég fagna því að ákveðið skuli vera að taka hann til endurskoðunar því að við þurfum á öflugum sauðfjárbúskap að halda í landinu. Þetta er búgrein sem er nátengd byggð og búsetu í landinu og menningu okkar, matarmenningu, og á svo margan hátt menningarstarfi í landinu og gegnir því fjölþættu hlutverki. Jafnframt þurfum við líka að huga að því hvernig megi styrkja og efla fjölbreytt atvinnulíf og byggð.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs höfum einmitt flutt till. til þál. á þessu þingi, þskj. 168, og þar leggjum við til að Alþingi kjósi nefnd sem verði skipuð fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis um mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og henni verði falið að gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Og eins og segir í tillögunni, með leyfi forseta:

„Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.“

Ég teldi því rétt, virðulegi forseti, einmitt í framhaldi af því frv. sem er hér til umræðu, að Alþingi samþykkti tillögu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs um það að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til þess að kanna hvernig mætti með sem öflugustum hætti styrkja og efla atvinnulíf til sveita og þar með líka sauðfjárræktina.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég stend að þessu frv. og tel að sem afmarkaður þáttur í þessari heildarmynd sé það alveg réttmætt og megi hugsanlega útfæra það enn þá frekar þannig að það verði til styrktar búsetu og atvinnulífi til sveita.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:16.

---

44. FUNDUR

laugardaginn 6. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, stjfrv., 419. mál, þskj. 575. — 1. umr.
2. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 420. mál, þskj. 578. — 1. umr.
3. Almannatryggingar, stjfrv., 418. mál, þskj. 574. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Varamenn taka þingsæti.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tvö bréf um fjarvistir þingmanna. Hið fyrra er frá 5. þm. Suðvest., Siv Friðleifsdóttur, dags. 6. desember 2003, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður minn á lista Framsfl. í Suðvest., Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.“

Páll Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Hið síðara er frá 5. þm. Norðvest., Guðjóni A. Kristjánssyni, dags. 6. desember 2003:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni af einkaástæðum óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Norðvest., Steinunn K. Pétursdóttir fulltrúi, Akranesi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.“

Kjörbréf Steinunnar K. Pétursdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Steinunn K. Pétursdóttir, 5. þm. Norðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Steinunn K. Pétursdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 419. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 575.

[10:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Frv. hefur þann eina tilgang að fylgja eftir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja mál er varða umferð og eftirlit með ökutækjum frá dóms- og kirkjumrn. til samgrn. en eftir þá breytingu má segja að samgrn. hafi loks allar samgöngur á sinni könnu, hvort sem er í lofti, á láði eða legi. Undanskilin þessari ákvörðun eru þó mál er varða bótaábyrgð og vátryggingar ökutækja samkvæmt XIII. kafla umferðarlaga sem eðlilegt þykir að skipa með öðrum vátryggingarmálum í viðskrn.

Í þessu skyni er í frv. lagt til að yfirstjórn umferðarmála verði ekki ákveðin með lögum þegar svo ber undir, heldur vísað til reglugerðar um Stjórnarráð Íslands sem er reyndar meginréttarheimildin um verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Áformaðar breytingar á henni samhliða gildistöku frv. eru birtar sem fskj. með frv.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um breytingu á umferðarlögum sem felur það í sér að verið er að færa allar samgöngur undir samgrn. Ég verð að segja það hér að ég er hlynnt þessari breytingu. Mér finnst eðlilegt að allar samgöngur heyri undir samgrn. Það er eins og málum er skipað í öðrum löndum, nágrannalöndum okkar, löndum sem við eigum samskipti við. Við sjáum hvernig málum er háttað varðandi flugið, flugsamgöngur og flugmálin öll eru undir samgrn. eins og flutningur á hafi þannig að þetta er fullkomlega eðlilegt.

Ég tel líka eðlilegt að afskipti lögreglu vegna brota á umferðarlögum og slysa í umferðinni breytist ekki, það er fullkomlega eðlilegt, og ekki heldur rannsóknir og saksókn í slíkum málum. Það á að sjálfsögðu að heyra undir dómsmrn. áfram. Ég velti samt fyrir mér, núna við 1. umr. þessa máls, hvort mál sem nú eru komin til allshn. og varða umferðarmál muni færast yfir til samgn. þegar breytingin hefur gengið í gegn. Ég vildi gjarnan fá svör við því því að ég held að ég sé með eitt mál í þessa veru sem ég hefði þá talið eðlilegt að færðist yfir til samgn. að þessari breytingu lögfestri.

Ég vil líka nefna að mér finnst til fyrirmyndar að birta reglugerðina í þskj. Við erum oft að fjalla um lagabreytingar og breytingar sem varða reglugerðir og reglugerðirnar fylgja ekki með en ég tel að þetta sé til fyrirmyndar og skýri þessa breytingu.

Herra forseti. Ég lýsi mig hlynnta þessari breytingu á skipan mála.

[10:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna orða hv. þingmanns er eðlilegt að nefndirnar ráði fram úr því og ræði um það hvaða hátt þær vilja hafa á meðferð þingmála.

[10:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það að skipa umferðarmálum með þeim hætti sem hér er lagt til er í sjálfu sér ofur eðlilegt og ekki þarf að gera miklar athugasemdir við það. Hins vegar er við 1. umr. málsins eðlilegt að við skoðum það hvernig við erum stödd í þessum málaflokki og þá vil ég fara nokkrum orðum um umferðaröryggismálin sérstaklega.

Það kann vel að vera að breyting af þessu tagi skili sér í því að málaflokkurinn gangi í endurnýjun lífdaga og ég lýsi því yfir, virðulegur forseti, að ég tel ekki vanþörf á. Ég hef komið hvað eftir annað í ræðustól á þeim árum sem ég hef setið á Alþingi Íslendinga og rætt umferðaröryggismálin, rætt ákveðinn slóðaskap sem hefur viðgengist varðandi þau og þá er ég fyrst og fremst að ræða um það hversu mikill skortur hefur verið á fjármagni til þess að setja í umferðaröryggismálin og þá nýju umferðaröryggisáætlun sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt.

Það er alveg eðlilegt að gera sér vonir um það að við þessa tilfærslu í nýtt ráðuneyti verði breyting og bragarbót á. Ég held að þetta sé bara heilbrigt og hollt fyrir málaflokkinn. Vatnið í glasinu er nokkuð staðið og það vantar sannarlega í það súrefni þannig að ég tel að hér geti verið viðbótarsúrefni í glasið sem geri það að verkum að við fáum að sjá umferðaröryggismálin ganga í endurnýjun lífdaga. Það þarf að skoða rannsóknarnefnd umferðarslysa sérstaklega í þessu tilliti, efla hana og gera henni kleift að sinna störfum sínum svo að vel sé. Þá tel ég að betur hafi verið á málum haldið hvað varðar rannsóknarnefnd flugslysa. Ég held að rannsóknarnefnd umferðarslysa eigi að starfa á nákvæmlega sömu nótum og rannsóknarnefnd flugslysa þannig að ég tel að hér sé mjög gott mál á ferðinni og ég held að við getum öll staðið saman um það að þessi málaflokkur þurfi, eins og ég sagði, á meira súrefni að halda. Það verður líka örugglega gaman fyrir samgn. Alþingis að fá að takast á við þennan málaflokk þannig að ég tel að hér sé ágætt mál á ferðinni.

[10:10]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er afar merkilegt mál á ferðinni og í þá átt og veru sem ég vona að muni leiða af sér aðra tilflutninga innan ráðuneytanna. Það hefur ekki verið mikil breyting þar innan dyra í gegnum árin. Hins vegar hafa ráðuneytin, virðulegi forseti, oft sent bréf út til undirstofnana sinna þar sem þær eru hvattar til stefnumótunar og framtíðarsýnar og beðnar um að taka til í sínum ranni.

Ég er þeirrar skoðunar að einnig í ráðuneytunum sjálfum þurfi að sameina ýmis verkefni, þ.e. flytja á milli og aðlaga sig mjög breyttum tímum eins og árin hafa nú liðið frá því að nokkuð merkilegt hafi gerst þar. Hér er stigið stórt skref í átt til öryggismála á vegum. Það er alveg ljóst eins og hér segir í athugasemdum við lagafrv., með leyfi forseta:

„Flutningur umferðarmála til samgönguráðuneytisins er því í rökréttu samræmi við þessa skipan mála í öðrum greinum samgangna. Þá er við því að búast að samlegðaráhrif af sameiginlegri yfirstjórn Vegagerðar og Umferðarstofu muni þegar fram líða tímar geta skilað sér í auknum árangri og

betri þjónustu" og að sjálfsögðu, sem kannski er mælt fyrir í textanum, bættu umferðaröryggi. Það er alveg ljóst að fyrirkomulagið hefur ekki verið nógu heppilegt fram að þessu. Vegagerðin hefur séð um vegarlagninguna og síðan nánast yfirgefið veginn að öðru leyti en með viðhaldi. Öryggismálin hafa nánast ekkert komið Vegagerðinni við, þannig lagað, þótt auðvitað hafi hún haft vakandi auga með þeim. Það hlýtur að vera að frá upphafi hönnunar verksins og til loka séu allir þættir mála þar innan dyra, bæði hvað varðar hönnun vegarins og ekki hvað síst þegar til öryggismála er litið.

Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Kannski vantar súrefni í vatnið, hið staðna glas, en það er þó vel að í þessa átt er haldið með þessu merka frv. sem ég fagna og veit að mun leiða til góðs í umferðaröryggismálum.

[10:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það stendur ekki til af minni hálfu að lengja umræðurnar, aðeins að þakka fyrir þær undirtektir sem hér hafa orðið við þessu frv. Ég vil aðeins nefna eitt. Vegna þess að hv. þm. gerði athugasemdir við nefndarmálin er gert ráð fyrir að lögin taki gildi um áramótin og fram að því er eðlilegt að allshn. haldi áfram störfum sínum. Þess utan erum við ekki bundin við ráðuneytaskiptingu varðandi vísun til nefnda þannig að þó að það sé sjálfsagt að hafa hliðsjón af slíku er ekkert á móti því að nefndin, jafnvel eftir gildistöku, klári þau mál sem henni hafa verið fengin til athugunar. Sjálfsagt getur líka nefndin ef hún vill vísað málinu til annarrar nefndar eða vísað því þangað til umsagnar meðan á þessu bili stendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (tímabundin vinnslustöðvun o.fl.). — Þskj. 578.

[10:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Með frv. þessu, verði það að lögum, er stuðlað að aukinni skilvirkni og festu við framkvæmd laganna frá því sem verið hefur, auk þess sem ætla má að með samþykkt þess sparist umtalsverðir fjármunir svo sem gert er ráð fyrir í nýsamþykktum fjárlögum næsta árs. Er lagt til að því markmiði verði m.a. náð með skýrari reglum um tilkynningar um vinnslustöðvanir og umsóknir fyrirtækja er eiga rétt á greiðslum samkvæmt lögunum.

Þegar litið er til þeirrar tækni sem fyrirtæki og stofnanir almennt búa yfir þykir eðlilegt að fiskvinnslufyrirtæki tilkynni skriflega um vinnslustöðvun með eins sólarhrings fyrirvara í stað þriggja eins og nú er. Má gera ráð fyrir að með sólarhrings fyrirvara sé það vitað í fyrirtækjunum með þó nokkurri vissu hvort af vinnslustöðvun verður. Með þessum hætti er Vinnumálastofnun kunnugt um hvenær vinnslustöðvun hefst nákvæmlega sem auðveldar eftirlitið með framkvæmd laganna.

Í kjölfar tilkynningar um vinnslustöðvun er gert ráð fyrir að fyrirtæki skili umsókn til Vinnumálastofnunar innan eins mánaðar frá því að vinnslustöðvun hófst. Er þá mikilvægt að öll gögn fylgi umsókninni svo að unnt sé að inna greiðslurnar af hendi til fyrirtækjanna svo fljótt sem verða má. Sinni fyrirtæki ekki um að sækja um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvun hófst er lagt til að það verði af rétti sínum til greiðslna að því er varðar umrædda vinnslustöðvun. Er þetta gert í því skyni að auka hagræði og eftirlit í framkvæmd og koma í veg fyrir að umsóknir og nauðsynleg gögn berist Vinnumálastofnun löngu eftir umrædda vinnslustöðvun.

Herra forseti. Gert er ráð fyrir að skilgreining á því hvað telst tímabundin vinnslustöðvun verði þrengd í því skyni að gera ástæður þær er réttlæta vinnslustöðvun í skilningi laganna gagnsærri. Við framkvæmd laganna hefur skilgreiningin þótt nokkuð víðtæk og matskennd en á stundum hefur reynst erfiðleikum bundið að meta hvaða rekstrarlegu ástæður teljast réttlæta vinnslustöðvun í skilningi laganna. Er lagt til í frv. þessu að með tímabundinni vinnslustöðvun sé átt við vinnslustöðvanir er verða vegna hráefnisskorts eða ófyrirsjáanlegra ástæðna sem félmrh. er ætlað að skilgreina nánar með reglugerð.

Þá er lagt til að fyrirtæki sem starfrækir fiskvinnslu og greiðir starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamninga eigi rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag eins og verið hefur. Þó er gert ráð fyrir að ekki verði greitt fyrir fyrstu tvo dagana á tímabilinu 1. janúar til 30 júní ár hvert sem og fyrstu tvo dagana á tímabilinu 1. júlí til 31. desember. Í gildandi lögum er um að ræða tvo daga á ári hverju sem ekki er greitt vegna.

Hæstv. forseti. Reynslan af framkvæmd laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, hefur verið sú að hver vinnslustöðvun varir að meðaltali í fáeina daga í senn. Þær geta hins vegar verið nokkuð tíðar en að meðaltali eru um það bil 12 vinnslustöðvar á ári hverju hjá sama fyrirtæki. Að því er varðar heildarfjölda greiðsludaga á ári virðist sem fjöldi greiðsludaga fyrir hvert fyrirtæki sé um 16 dagar að meðaltali.

Að teknu tilliti til framangreindra upplýsinga er lagt til í frv. þessu að heimilt verði að bæta fyrirtækjum í einni samfelldri vinnslustöðvun allt að 20 vinnsludögum. Einnig er gert ráð fyrir að í heild verði heimilt að greiða fyrir sem nemur 30 vinnsludögum á ári hverju. Þó er lagt til, sem er nýmæli hæstv. forseti, að Vinnumálastofnun hafi heimild til að veita sérstakar undanþágur frá heildarfjölda greiðsludaga þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er leiða til þess að hráefnisskortur veldur því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis. Þar er sérstaklega vísað til verkfalla annarra en fiskvinnslufólks er leiða til hráefnisskorts í fiskvinnslufyrirtækjum sem og byggðasjónarmiða. Er gert ráð fyrir að skýrt verði nánar í reglugerð hvað átt er við með sérstökum ástæðum.

Í því skyni að tryggja virkt eftirlit með framkvæmd laganna er síðast en ekki síst lagt til að Vinnumálastofnun hafi skýrar heimildir til að krefja fyrirtæki um endurgreiðslu í þeim tilvikum er það hefur fengið hærri fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það hefur átt rétt á samkvæmt lögum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga. Enn fremur er talið mikilvægt að í þeim tilvikum er fyrirtæki

endurgreiðir ekki ofgreiddar fjárhæðir hafi Vinnumálastofnun heimildir til skuldajafnaðar við greiðslur er sama fyrirtæki getur átt rétt á vegna síðari vinnslustöðvana.

Hæstv. forseti. Með þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks eru stigin mikilvæg skref í þá átt að skýra framkvæmd laganna, skerpa á eftirfylgni með þeim og auka skilvirkni þeirra. Gert er ráð fyrir að breytingar þessar feli að auki í sér umtalsverðan sparnað fjármuna eða sem nemur 65–70 millj. kr. á ári hverju.

Í nýsamþykktum fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir að greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks lækki um 100 millj. kr. frá því sem fjárlög ársins í ár gera ráð fyrir. Skýringar á þeim mismun er þarna birtist er að leita í þeirri staðreynd að reynslan af framkvæmd laganna, bæði í ár og í fyrra, er sú að talsvert hefur dregið úr greiðslum sjóðsins til þessa verkefnis bæði árin. Kemur þar til gott ástand í fiskvinnslu, bærilegt hráefnisverð en síðast en ekki síst aukin eftirfylgni Vinnumálastofnunar gagnvart þeim aðilum sem um ræðir. Varlega má áætla að innbyggður sparnaður í kerfinu nemi á bilinu 30–40 millj. kr. á ári. Samtals er því hér um að ræða, hæstv. forseti, aðgerðir sem vænta má að dragi úr fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks um 100 millj. kr. á næsta ári líkt og nýsamþykkt fjárlög gera ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu á Alþingi í dag legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[10:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því að hæstv. félmrh. sýni þinginu það virðingarleysi að ætlast til þess að þingið afgreiði þetta mál á þeirri viku sem eftir lifir af starfsáætlun þingsins. Reyndar er það svo að hæstv. ráðherra var í fyrsta sinn í gær að leggja fram sitt fyrsta þingmál sem er auðvitað móðgun við þingið enda hefur félmn. verið hálfverklaus í vetur.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Er það virkilega svo að hann ætli enn að standa á því að leggja fram frv. um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar í næstu viku sem skerðir atvinnuleysisbætur? Ætlar hæstv. ráðherra virkilega í það pólitíska skítverk rétt fyrir jólin að skerða atvinnuleysisbætur og ætlar hann að bjóða þinginu upp á það að afgreiða það mál á tveimur eða þremur dögum? Við þurfum líkt og með þetta mál að senda það mál til umsagnar. Hæstv. ráðherra verður því að svara því nú hvort hann ætli virkilega að bjóða þinginu upp á það að leggja það mál fyrir þingið í næstu viku en vonandi er hæstv. ráðherra hættur við að leggja það frv. fram.

[10:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að á þeim dögum sem eftir eru af þessu þingi, áður en við förum heim í jólafrí, gefist nægur tími til þess að fjalla um þetta mál. Hvað varðar aðra spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá hefur engin önnur ákvörðun verið tekin en sú að leggja fram það frv. sem hún gerði hér að umtalsefni.

[10:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar endurspeglaði reynsluleysi hæstv. ráðherra sem er að sitja sinn fyrsta vetur á þingi því að hann veit ekki hvernig vinnubrögðin ganga fyrir sig í nefndum þingsins sem hann hefur aldrei starfað í. Ég mótmæli því hvernig hæstv. ráðherra sýnir þinginu þann hroka sem fram kom í svari hans hér áðan. Það er ekki hægt að bjóða þinginu upp á þau vinnubrögð að flengja inn í það málum sem skipta miklu máli eins og þetta fyrir öryggi fiskvinnslufólks sem þarf að fá vandaða málsmeðferð í þingnefndinni og ekki síður það mál sem hæstv. ráðherra virðist vera staðráðinn í að leggja fram sem er að skerða atvinnuleysisbæturnar. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra að endurskoða vinnubrögð sín og a.m.k. hætta við að leggja fram það mál sem er skerðing á atvinnuleysisbótum fyrst hann ætlar að gera það fjórum dögum áður en þingið hættir fyrir jól. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð, herra forseti.

[10:23]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. gerir sérstaklega að umtalsefni reynsluleysi ráðherra. Nú hef ég ekki setið lengi á Alþingi en hef þó fylgst með störfum þess þannig að ég veit að oft hafa stærri mál fengið skemmri meðferð á hinu háa Alþingi en hér um ræðir.

[10:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um er að ræða breytingar á lögum um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Þessi lög byggja á þríhliða samkomulagi verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisvalds og hafa verið útfærð í kjarasamningum á milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Hefur farið fram samráð við aðila á vinnumarkaði um mótun þessara tillagna eða þessa frv.? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi þingið um hvort svo sé og með hvaða hætti.

[10:25]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því er til að svara að leitað var eftir samráði við verkalýðshreyfinguna. Hún hafnaði því samráði en nokkurt samráð hefur verið haft við forsvarsmenn samtaka fiskvinnslustöðva.

[10:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska eftir því að ráðherrann upplýsi okkur betur um í hverju höfnun verkalýðshreyfingarinnar fólst. Fólst samráð ríkisstjórnarinnar í því að kynna verkalýðshreyfingunni ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að ráðast að fiskverkunarfólki og skerða atvinnuleysisbætur því til handa eða í hverju fólst tilboð ríkisstjórnarinnar? Við erum að tala um frv. sem snertir starfsöryggi og lífskjör fiskvinnslufólks á Íslandi. Í hverju fólst tilboð ríkisstjórnarinnar um samráð við verkalýðshreyfinguna? Hverju hafnaði verkalýðshreyfingin?

[10:26]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr í hverju tilboðið hafi verið fólgið. Því er til að svara að eftir að frv. til fjárlaga var lagt fram á Alþingi í haust og við hófum undirbúning þessa máls í ráðuneytinu áttum við viðræður við forsvarsmenn verkalýðshreyfingar og óskuðum eftir því að þeir kæmu að þessu borði með okkur og færu yfir það með hvaða hætti við gætum aukið skilvirkni þessara laga, tryggt framkvæmdina og um leið náð fram nokrum sparnaði. Þeir höfnuðu því samráði.

[10:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að fræðast um það hjá hæstv. ráðherra hvort við undirbúning þessa máls hafi verið farið yfir jafnræðisreglu hvað varðar þau málefni sem hér er um að ræða, bæði hvort önnur fyrirtæki ættu að hafa sama rétt og fiskvinnslufyrirtæki gagnvart hráefnisskorti og að ófyrirsjáanlegar aðstæður, t.d. bruni, komi þarna inn sem ástæða til bóta. Hvort fyrirtæki í öðrum greinum ættu ekki að eiga rétt á sambærilegri fyrirgreiðslu. Er það meðhöndlað með allt öðrum hætti ef það brennur hjá fyrirtæki í einhverjum öðrum greinum en fiskvinnslu? Nú er mér kunnugt um að það hafi verið meira um að það hafi kviknað í sjávarútvegsfyrirtækjum en öðrum en ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þetta þannig.

[10:28]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslufólks gilda sérstök lög. Þarna er um að ræða aðra framkvæmd en varðar aðrar starfsgreinar. Því hefur verið haldið fram að með þeim breytingum sem hér eru í bígerð sé verið að kollvarpa núverandi kerfi og gera samninga um kauptryggingar ómögulegar. Ég hafna því. Markmiðið er að ná fram aukinni skilvirkni í kerfinu. Það hefði verið hægt að ganga lengra. Það var hins vegar mitt mat að breytingar sem fælust í því að leggja kerfið af væru ekki tímabærar, nægilega langt væri gengið að sinni.

[10:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst nokkuð góð rök fyrir því að það megi vera sérlög vegna hráefnisskorts í sjávarútvegi sem hefur verið á undanförnum árum. Kannski er það umhverfi að breytast. En að í þeim lögum sé gert ráð fyrir því að sérstaklega sé meðhöndlað hvað varðar uppákomur af því tagi ef brennur t.d. hjá fyrirtæki hlýtur að vera mikið umhugsunarefni vegna þess að það er í öllu falli ekki eitthvað sem ætti að ríða neitt meira yfir fyrirtæki í sjávarútvegi eða fiskvinnslu en önnur fyrirtæki í landinu. Ég spyr: Er í raun og veru hægt að bjóða upp á það gagnvart jafnræðisreglu að slík fyrirtæki séu bætt en ekki önnur?

[10:30]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út fyrir sig alveg tekið undir það sjónarmið hv. þm. að æskilegast væri að um fullkomið samræmi væri að ræða í þessum efnum milli atvinnugreina. Í frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að hægt verði að skilgreina í reglugerð hvernig og við hvaða aðstæður ástæða er til að grípa inn í gagnvart fyrirtækjum í fiskvinnslu. Við eigum eftir að fara yfir það mál og vinna það verkefni. Ég vona að það takist sátt við aðila vinnumarkaðarins um þá reglugerðarsmíð.

[10:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. félmrh. Það kemur fram í fylgiskjali með frv. að 65–70 millj. sparnaður verði af þessu ráðslagi. Þess vegna er reynt að fá upplýsingar um það. Þessi sparnaður getur annars vegar lent á verkafólki eða fiskvinnslunum. Á hvorum aðilanum sér hæstv. ráðherra að þessi sparnaður lendi?

Það er samt alveg ljóst að ef þetta frv. nær fram að ganga þá er það enn ein íþyngjandi lagasetning Framsfl. sem kemur illa niður á sjávarbyggðum. Ég hélt að nóg væri komið. Á hvorum mun þetta lenda, hæstv. félmrh.?

[10:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að sá sparnaður sem við ætlum að ná fram með þessari breytingu, aukinni skilvirkni og eftirfylgni laganna muni fyrst og fremst lenda hjá fyrirtækjunum sjálfum.

[10:32]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög alvarlegt að þetta lendi á fiskvinnslunum vegna þess að þetta muni einkum lenda á þeim fiskvinnslum sem eru ekki í tengslum við útgerð. Þær fiskvinnslur búa nú þegar við skerta samkeppnisstöðu. Við sem sitjum á hinu háa Alþingi ættum frekar að leitast við að jafna samkeppnisstöðu í landinu í staðinn fyrir að koma með enn eina lagasetninguna sem mun gera þessum fyrirtækjum erfiðara fyrir.

[10:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er athyglisvert sjónarmið. En almennt má segja að sú stefna hafi verið ríkjandi að draga úr sértækum stuðningi við einstakar atvinnugreinar. Slíkur stuðningur mismunar fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og er ekki heppilegur í því umhverfi sem við búum við.

Það er því ekki ósennilegt að fyrirgreiðsla sem þessi muni fremur leggjast af þegar til framtíðar er litið og fyrirtæki í fiskvinnslu verði að sitja við sama borð og aðrir í sínum rekstri. (**SigurjÞ:** Það er innan greinarinnar.) Að mínu mati er ekki tímabært að ræða það að sinni að leggja þetta að fullu af. Því er hér lagt til að stuðningur við fiskvinnslustöðvar vegna hráefnisskorts geti áfram verið fyrir hendi með þeim breytingum sem hér eru kynntar.

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að rifja upp þegar hér er verið að breyta lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks hvernig þessi lög eru til komin sem nú á að fara að breyta með þessu frv. Nú á að þrengja verulega að fiskvinnslufólki og skerða atvinnuöryggi þess. Þau réttindi sem fiskvinnslufólk hefur búið við má rekja til kjarasamninga frá 1995 sem Verkamannasambandið gerði en þá var gerð krafa um að fiskvinnslufólk byggi við sömu uppsagnarákvæði og í öðrum starfsgreinum. Krafan var þá um að fella úr kjarasamning heimild til að taka starfsmenn af launaskrá vegna hráefnisskorts í fiskvinnslu. Samdráttur var þá í veiðikvótum. Það leiddi til þess að erfitt var að halda uppi samfelldri vinnslu og var tilhneiging til þess að flytja hráefni á markaði erlendis.

Vinnslustöðvarnar völdu fremur að senda hráefni frá sér en að halda uppi slitrótti vinnslu sem þýddi að þær urðu að taka starfsfólk inn á kauptryggingu og á launaskrá án þess að hafa verkefni. Fiskvinnslufólk var oft svo vikum skipti á atvinnuleysisbótum sem voru og eru auðvitað enn langt undir framfærslumörkum. Atvinnuöryggi fólks í fiskvinnslu var því verulega bágborið og í kjarasamningum sem þá voru uppi var það úrslitakrafa að breyting yrði á þessu ástandi. Niðurstaðan þá var sú að meira að segja atvinnurekendur skildu að það yrði að gera hér breytingar á og því skapaðist samstaða milli samningsaðila um lausn sem fæli í sér betri afkomutryggingu starfsmanna og að atvinnugreinin tæki á sig kvaðir og kostnaðarauka sem af þessu mundi leiða.

Samkomulagið fólst í því að Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi til vinnslustöðvanna atvinnuleysisbætur eða beint til fyrirtækjanna, en á móti greiddu þau muninn á bótaupphæð og launum samkvæmt kauptaxta og greiddu jafnframt launatengd gjöld sem tryggðu m.a. lífeyrisréttindi starfsmanna í löngu atvinnuleysi.

Herra forseti. Það eru einmitt þessi réttindi, þetta atvinnuöryggi fiskvinnslufólks sem nú á að skerða, en samkomulagið frá 1995 gerði ráð fyrir allt að 60 dögum á hverjum 12 mánuðum. Í reynd var þetta þríþætt samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisins, en sett var reglugerð sem heimilaði Atvinnuleysistryggingasjóði að greiða atvinnuleysisbætur þannig beint til fyrirtækjanna sem síðan greiddu mismuninn á launum og atvinnuleysisbótum þannig að atvinnuöryggi og kauptrygging fiskvinnslufólks var stórlega bætt. Þetta leiddi líka til þess að vinnslan hélst fremur í landi.

Þetta var á þeim tíma, herra forseti, og ágætt að hæstv. ráðherra átti sig á því, úrslitaatriði til að loka kjarasamningum án átaka. Nú átta árum seinna og einhliða eins og ríkisstjórninni einni er lagið á að brjóta þetta samkomulag. Það heitir samningsrof, herra forseti, sem er nánast að verða daglegt brauð hjá þessari ríkisstjórn sem er í eilífu stríði við þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Annaðhvort eru það öryrkjar, aldraðir eða atvinnulausir og þar svífst ríkisstjórnin einskis.

Herra forseti. Samningsrof við þessa hópa er bara smámál hjá ríkisstjórninni. Við urðum vitni að því í gær þegar ríkisstjórnin sveik öryrkjana á eftirminnilegan hátt. Þau svik verða lengi höfð í minnum og hæstv. landbrh. og varaformanni Framsfl. til ævarandi skammar þau ummæli sem hann lét þá falla þegar verið var að skerða kjör öryrkjanna. Hæstv. landbrh. á það eftir, herra forseti, að biðja öryrkja um land allt afsökunar á þessum ummælum sem munu verða svartur blettur á ráðherranum svo lengi sem hann lifir.

Herra forseti. Virðing fyrir þessum hópum og rétti þeirra er vægast sagt takmörkuð. Nú verður fiskvinnslufólkið fyrir barðinu á ríkisstjórninni. Hér er verið að brjóta á þessu fólki rétt sem var hluti af kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 1995 sem ríkisstjórnin átti aðild að. Þetta er ekki síst fólk í minni og veikari byggðarlögum þar sem örugglega mörg fyrirtæki eru nokkuð háð því að hafa þá baktryggingu sem í þeirri reglu felst sem hér er verið að breyta.

Vissulega hefur framkvæmdin varðandi þessi ákvæði ekki verið gagnrýnislaus enda er verið að niðurgreiða laun í einni atvinnugrein og því er líka haldið fram að einhver fyrirtæki hafi verið að misnota þessi ákvæði. En ef það er svo, herra forseti, ef verið er að misnota þessi ákvæði þá á að taka á því öðruvísi en að afnema atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Sú skylda hlýtur að hvíla á Vinnumálastofnun að hafa eftirlit með því að misnotkun eigi sér ekki stað. Það gengur ekki að taka á málinu eins og hér á að gera, herra forseti, þ.e. að setja í uppnám atvinnuöryggi fiskvinnslufólks.

Auðvitað liggur beint við að nú verði endurvakin krafan um sömu uppsagnarákvæði og eru í öðrum atvinnugreinum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því og hvort ekki sé rétt að afnema það ákvæði sem er í lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla þannig að fiskvinnslufólk sitji við sama borð að því er varðar uppsagnarfrest frá störfum og fólk í öðrum starfsgreinum. Í 3. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir."

Herra forseti. Þetta ákvæði er frá árinu 1957 og er auðvitað full ástæða til að skoða það í tengslum við þá lagabreytingu að fella niður þetta ákvæði. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður matvælasviðs Starfsgreinasamband Íslands, minnir reyndar á það í grein sem hann skrifar 10. nóvember í Morgunblaðið. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Athyglisvert er að ráðherrann hyggst ekki beita sér fyrir breytingum á 3. gr. laga nr. 19/1979 sem heimilar fiskvinnslufyrirtækjum að senda starfsmenn sína heim þegar ekki er vinnsla vegna hráefnisskorts."

Það er sú grein sem ég var að vitna í. Ég held að það sé rangt sem hæstv. ráðherra sagði í andsvari, að þessi breyting mundi fyrst og fremst bitna á fyrirtækjunum en ekki fiskvinnslufólki. Og það að vitna í þessa grein tel ég að sanni það og á meðan þessi grein er inni, herra forseti, í þessum lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests, sérákvæði varðandi fiskvinnsluna, þá tel ég að þessi breyting muni bitna með fullum þunga á fiskvinnslufólki.

Lítum síðan á hvaða áhrif þessi breyting hefur á kjör fiskvinnslufólks. Tekjuleg áhrif á kjör fiskvinnslufólks verða veruleg, sérstaklega í minni vinnslunum. Taxtalaun sérhæfðs fiskvinnslufólks með fimm ára starfsreynslu eru 95 þús. 247 kr. Við það bætist orlof 10,64% og framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð 6%. Atvinnuleysisbætur eru rúmar 70 þús. kr. Það á að fara að skerða þær niður í 60 þús. og skömm sé hæstv. ráðherra fyrir það. Þarna er því verulegur munur á. Það er ekki nóg að um verulega kjaraskerðingu sé að ræða heldur þarf fiskvinnslufólkið að búa í sífelldri óvissu um atvinnuöryggi sitt og afkomu sem auðvitað hefur áhrif á það hvort fólk vilji yfirleitt leita sér starfa, herra forseti, í þessari atvinnugrein. Þetta getur því haft víðtækari áhrif en menn ætla við fyrstu sýn. Meginmálið er þó að allar breytingar á skilyrðum geta haft veikjandi áhrif sem leiða til meira óöryggis með vinnu. Fólk sem hefur í fastalaun og kaupauka um 130 þús. kr. í mánaðarlaun og horfir fram á að verða í auknum mæli að fara niður á bætur sem eru rúmar 70 þús. kr. er auðvitað verið að svipta afkomuöryggi og ekkert annað.

Herra forseti. Ég vil vitna í afstöðu Aðalsteins Á. Baldurssonar og Arnars Sigurmundssonar, formanns Samtaka fiskvinnslustöðva, um þær breytingar sem hér er verið að gera. Aðalsteinn Á. Baldursson sem er formaður matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands segir í Fréttablaðinu 2. desember sl., með leyfi forseta:

„Þetta er stórmál. Ég get ekki, sem talsmaður fiskverkafólks, skrifað upp á kjarasamninga fyrir hönd þess ef skerðingunni verður haldið til streitu bótalaust."

Formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, Arnar Sigurmundsson, telur að höggvið sé of nærri kauptryggingunni. Það getur stofnað komandi kjarasamningum í voða. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta, í Fréttablaðinu:

„Ég upplifi þetta þannig að ráðherra sé að ganga mjög nærri kerfinu, án þess þó að stúta því alveg. Nái breytingarnar að fullu fram að ganga geta þær kollvarpað núverandi ákvæðum um kauptryggingu fiskvinnslufólks og leitt til átaka á vinnumarkaði. Þegar upp verður staðið munu þær

ekki leiða til lækkunar útgjalda hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.“

Þar höfum við það, herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi engar áhyggjur af því að þessi breyting, sem hann beitir sér fyrir að knýja í gegnum Alþingi á þeim stutta tíma sem lifir af starfsáætlun þingsins fram að jólaleyfi, hafi veruleg áhrif inn í komandi kjarasamninga. Þegar formaður matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands segir að hann muni ekki skrifa upp á kjarasamninga ef þessari skerðingu verði haldið til streitu þá er alvara á ferðum. Hefur hæstv. ráðherra virkilega engar áhyggjur af því hvaða áhrif þetta muni hafa á komandi kjarasamninga?

Það er ástæða til að vitna eilítið áfram í Aðalstein Baldursson, í grein sem hann skrifar í Morgunblaðið 10. nóvember 2003. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann tekur undir að það geti staðist sem þar kemur fram. Nú veit ég ekki, herra forseti, hvort ráðherrann hlýðir á orð mín. Hann er alla vega einhvers staðar í felum í hliðarherbergi en ég vænti þess að hann heyri til mín. Í grein Aðalsteins segir, með leyfi forseta:

„Tekjuskerðing fiskvinnslufólks á þessu tímabili getur numið allt að 100% því fjölmörg dæmi eru um í núverandi kerfi að starfsfólk haldi fullum launum í hráefnisleysi sé það á launaskrá fyrirtækisins í vinnslustoppi, fólk sem hefur mjög takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta.“

Ég vil spyrja hvort ráðherra taki undir það að þetta geti haft þau áhrif að tekjuskerðing fiskvinnslufólks geti í einhverjum tilvikum numið allt að 100%.

Í sömu grein kemur Aðalsteinn inn á 3. gr. laganna sem ég vitnaði í áðan um rétt verkafólks til uppsagnarfrests. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þessi grein er löngu orðin úrelt enda hafa útgerðarhættir breyst mikið á þeim 25 árum sem liðin eru frá setningu þessara laga.“ — Ég verð að leiðrétta það. Ég tel að þetta ákvæði hafi verið í gildi í tæp 50 ár, frá árinu 1957 en einhverjar breytingar urðu á lögunum árið 1979 sem ég hygg að Aðalsteinn sé að vísa í. Hann segir síðan, með leyfi forseta:

„Þessa grein ber að fella niður eða aðlaga nútíðinni. Niðurfelling þessarar greinar mundi treysta starfsöryggi fiskvinnslufólks og koma í veg fyrir óeðlilegar heimsendingar starfsfólks fiskvinnslufyrirtækja í hráefnisskorti.“

Ég ítreka spurningu mín til ráðherra. Síðar í greininni segir Aðalsteinn Baldursson, með leyfi forseta:

„Dæmi eru um að fyrirtæki hafi farið frjálslega með þennan endurgreiðslurétt. Hins vegar munu tillögur félagsmálaráðherra fyrst og fremst koma illa við fiskvinnslufólk og brjóta niður starfsöryggi sem ekki er ásættanlegt fyrir. Fulltrúar fiskvinnslufólks hafa margítrekað komið fram með tillögur sem miða að því að draga verulega úr heimsendingum fiskvinnslufólks eins og núverandi kerfi býður upp á og tryggja þar með starfsöryggi fiskvinnslufólks.“

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Voru engar aðrar tillögur uppi á borðinu til að ná fram sparnaði aðrar en fara þessa leið, fara í beina kjaraskerðingu fiskvinnslufólks? Aðalsteinn ítrekar í lok þessarar greinar í Morgunblaðinu að kjarasamningarnir séu í uppnámi og hann muni ekki undirrita kjarasamninga nema ráðherra dragi til baka boðaðar tillögur og/eða endurskoði 3. gr. laganna sem ég hef verið að vitna í.

Herra forseti. Ég á eftir að fjalla um þetta mál í félmn. En það er ástæða til þess, þegar skerða á atvinnuöryggi fólks líkt og hér stendur til, að halda til haga ályktunum á flokksþingi Framsfl., einnig vegna áforma ráðherrans um að knýja fram skerðingar á atvinnuleysisbótum í næstu viku. Ég vona sannarlega að hæstv. ráðherra sjái að sér yfir helgina og lesi fram og til baka þessar ályktanir frá fundi framsóknarmanna. Hann verður að vita hvað hann á að gera hér á þingi. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Hækka ber atvinnuleysisbætur og stefna að því að þær verði ekki lægri en lægstu launataxtar.“ — Ekki lægri en 95 þús. kr. Þær eru núna 77 þús. kr. en það á að fara með þær niður í 60 þús. Þetta heitir að lækka, ekki hækka eins og flokksþing framsóknarmanna ályktaði. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Skoðað verði hvort mögulegt sé að atvinnuleysisbætur verði ákveðið hlutfall af launum sem hinn atvinnulausi fékk síðast greitt.“

Þetta eru ályktanir Framsfl. Maður gæti haldið að þetta væru ályktanir frá landsfundi Samf. en ekki flokksþingi Framsfl. þegar maður lítur yfir görðir ríkisstjórnarinnar á þessum fyrsta vetri. Það er reyndar svo, eins og fyrrv. félmrh. upplýsti, að ef ekki hefði verið farið í það árið 1996 af þessari ríkisstjórn að slíta tengsl atvinnuleysisbóta við það viðmið sem þá var, þá væru atvinnuleysisbætur núna 94–95 þús. kr. en ekki 77 þús. kr. Það er búið að skerða þær um 15 þús. kr. á hverjum mánuði eða 180 þús. kr. á ári. Atvinnulaust fólk munar um minna en það. Það er ástæða til að halda því til haga.

Af því að hæstv. ráðherra er að vitna til þess að þær skerðingar sem hann ætlar að fara í í næstu viku séu til að vera í samræmi við það sem gerist erlendis þá má einnig halda því til haga að atvinnuleysisbætur í Danmörku eru ekki 77 þús. kr. heldur 150 þús. kr., rúmlega helmingi hærri. Atvinnuleysisbætur í Svíþjóð, grunnbæturnar, eru 94.800 kr. Því til viðbótar fá atvinnulausir 7.216 kr. á hverjum degi fyrstu 100 dagana. Það væri kannski rétt að hæstv. ráðherra byrjaði á að hækka atvinnuleysisbæturnar áður en hann fer í svona skerðingu. En hæstv. ráðherra virðist alltaf byrja á öfugum enda alveg eins og gera á með því að skerða atvinnuleysisbætur og kalla síðan á aðila vinnumarkaðarins að borðinu til að fara í heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysisbætur. Það er ekki rétt að byrja svona, herra forseti. Það er eðlilegt að hæstv. ráðherra hafi það í huga.

Það væri full ástæða til þess að fara betur í þetta mál en ég hef hér gert. Ég sé að tími minn er að verða búinn. En eitt er víst að þetta mál þarf að fá ítarlega skoðun í hv. félmn. Það þarf að senda það til umsagnar til ótal aðila þannig að hæstv. ráðherra getur ekki verið öruggur um að þetta mál fari í gegnum þingið fyrir jól. Við í stjórnarandstöðunni munum sjá til þess að það fái ítarlega umræðu í félmn. og að þeir komi að málinu sem við þetta eiga að búa. Þeir þurfa að fá að segja skoðun sína.

[10:54]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerir að umtalsefni lög nr. 19 frá 1. maí 1979, 3. gr. þeirra laga sem raunar eru óbreytt frá 1958. Þar er fjallað um uppsögn launþega vegna hráefnisskorts. Hafi þetta ákvæði átt rétt á sér árið 1979 þá á það í sjálfu sér ekki síður rétt á sér í dag þrátt fyrir þær breytingar sem við erum að ræða hér um að gera með frv. sem hér er til umræðu. Óski hins vegar verkalýðshreyfingin sérstaklega eftir endurskoðun þessara laga í heild sinni verður að sjálfsögðu farið yfir það mál.

Hv. þm. gerir einnig að umtalsefni það sem hún kallar inngrip í kjarasamninga og uppnám þeirra vegna þessa máls. Ég tel að með framlagningu þessa frv. sem hér hefur verið

lagt fram í dag megi augljóslega sjá að hér er alls ekki um inngrip í kjarasamninga að ræða.

[10:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði örugglega rétt, að hæstv. ráðherra sagði að það væri ekki um inngrip í kjarasamninga að ræða. Er hæstv. ráðherra, þó að hann trúi ekki orðum mínum, að segja að t.d. formaður matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands fari með rangt mál?

Ég margfór yfir það sem Aðalsteinn Baldursson sagði. Hann telur þetta augljóslega inngrip í kjarasamninga og rekur það skilmerkilega í grein sinni. Hann segir þar meira að segja, herra forseti, að hann muni ekki skrifa undir næstu kjarasamninga nema hæstv. ráðherra sjái að sér og falli frá þessum ákvörðunum. Þetta eru því augljóslega inngrip í kjarasamninga. Þessi lög fylgdu kjarasamningum á árinu 1995. Þau urðu til við kjarasamninga. Þau voru þá sett til að hægt væri að ljúka kjarasamningum á árinu 1995. Þau lög urðu til þess að ekki urðu átök á vinnumarkaðinum í tengslum við kjarasamninga.

Ég get fullvissað ráðherrann um að hér er um inngrip í kjarasamninga að ræða sem ríkisstjórnin gerir með afar óeðlilegum hætti.

Ég fagna því hins vegar ef hæstv. ráðherra vill skoða lögin sem sett voru 1957, um uppsagnarfrest starfsfólks. Ég spyr: Er hann að bjóða upp á að 3. gr. verði felld brott, að þetta sérákvæði fiskvinnslufólks verði fellt brott? Ef hæstv. ráðherra upplýsir það þá er það mikilvægt innlegg í þá umfjöllun sem á eftir að fara fram í hv. félmn.

[10:57]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og margoft hefur komið fram þá er fyrst og fremst um það að ræða að við erum að auka skilvirkni þessara laga og skerpa á eftirfylgni. Ég tel að með því sé ekki gripið inn í kjarasamninga með þeim hætti sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur hér lýst, enda er mér ekki kunnugt um að tilvitnaður Aðalsteinn Baldursson hafi séð þetta frv. þegar þau ummæli hans féllu.

Varðandi spurningu hv. þm. um hvort ég væri tilbúinn að fella burt 3. gr. þá voru það ekki mín orð. Ég sagðist tilbúinn til að fara yfir málið í heild sinni, óskaði verkalýðshreyfingin eftir því, og að sjálfsögðu munum við gera það.

[10:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra heldur því enn fram að hér sé ekki um inngrip í kjarasamninga að ræða. Reyndar heldur hann því fram að þetta muni ekki skerða kjör fiskvinnslufólks heldur fyrst og fremst koma niður á fyrirtækjunum. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra, sem hann getur þá svarað síðar við þessa umræðu: Ef í ljós kemur að þessi lagasetning hafi þau áhrif — sem hún vissulega mun hafa, herra forseti, ég er ekki í minnsta vafa um það — að skerða kjör fiskvinnslufólks, er þá hæstv. ráðherra tilbúinn til að breyta lögunum aftur þegar í stað? En það er útilokað að þetta hafi ekki nein áhrif á kjör fiskvinnslufólks. Þetta er auðvitað fjarstæða sem hæstv. ráðherra heldur fram.

Varðandi samráðið við þá sem við þetta eiga að búa þá hefur það ekkert verið. Hefur verið farið í samráð við Starfsgreinasambandið varðandi þessa lagasetningu eða Samtök fiskvinnslufólks? Var það gert? Mér er ekki kunnugt um það. Rétt væri að hæstv. ráðherra upplýsti það ef hann hefur farið í samráð við þá aðila sem við þetta eiga að búa. Þeir setja a.m.k. fram ákveðnar athugasemdir sem þeir telja að þurfi að koma til, m.a. að 3. gr. falli brott í lögunum um uppsagnarfrest. Ég sé ekki að hæstv. ráðherra ætli að verða við því. Hann býður upp á heildarendurskoðun á lögunum. Það má vera að Starfsgreinasambandið fallist á það. En ég held að eins og ráðherrann leggur þetta upp þá sé það ekki innlegg í afgreiðslu þessa máls.

[11:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég beindi spurningu til hæstv. ráðherra í andsvari fyrr við umræðuna og minnti á að lögin um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks byggðu á þríhliða samkomulagi verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisvalds, og gekk spurning mín út á það hvort samráð hefði verið haft við þessa aðila, þá sérstaklega verkalýðshreyfinguna, um breytingu á lögunum. Hæstv. ráðherra staðhæfði að verkalýðshreyfingunni hefði verið boðið upp á samráð en hún hefði hafnað því. Ég fékk staðfest hjá formanni Starfsgreinasambandsins nú fyrir stundu að rétt væri með farið hjá hæstv. ráðherra en hins vegar þarf að minna á hvert samhengi hlutanna er.

Ég spurði formann Starfsgreinasambandsins, Halldór Björnsson, hvort verkalýðshreyfingin væri því andsnúin að endurskoða þessi lög með tilliti til þeirra meginmarkmiða sem hæstv. ráðherra vék að áðan í andsvari við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að lögin gangi út á að bæta skilvirkni og eftirfylgni. Það stendur ekki á verkalýðshreyfingunni, það stendur ekki á Starfsgreinasambandinu að setjast niður með stjórnvöldum og atvinnurekendum með þessi markmið í huga. En með hótun um skerðingu á kjörum fiskvinnslufólks sem staðreynd þegar sest er að samningaborði var tilboði ríkisstjórnarinnar hafnað. Í því ljósi var tilboði ríkisstjórnarinnar hafnað. Ríkisstjórnin var búin að ákveða að skerða kjör fiskvinnslufólks um 100 millj. kr. með þessum lögum og á þeim forsendum taldi verkalýðshreyfingin óaðgengilegt að ganga til þessa meinta samráðs.

Þegar greinargerð laganna er gaumgæfð kemur í ljós að það er ekki skilvirkni eða aukin eftirfylgni sem vakir fyrir stjórnvöldum, heldur fyrst og fremst að hafa peninga af fiskvinnslufólki, atvinnulausu fiskvinnslufólki. Hvað segir í grg. með frv.?

Hér segir nánast í upphafsorðum grg. ríkisstjórnarinnar með þessu frv., með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrumvarpi er stefnt að samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs en mikilvægt er að hann megi fram ganga í því skyni að viðhalda stöðugleika og treysta stöðu efnahagslífsins. Þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með frumvarpi þessu eru liðir í þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum."

Með öðrum orðum, þetta er fyrst og fremst peningalegt atriði. Þetta er efnahagslegt úrræði eina ferðina enn. Ríkisstjórnin ætlar að spara peninga á kostnað þess hóps í þjóðfélaginu sem býr við bágust kjörin, atvinnulauss fólks.

Gera menn sér grein fyrir því að atvinnulaus einstaklingur fær rúmar 77 þús. kr. í mánuði hverjum til að framfleyta sér? Við erum búin að fara í gegnum það í tengslum við fjárlagaumræðuna að eitt úrræði ríkisstjórnarinnar er að hafa þrjá daga af atvinnulausu fólki í byrjun atvinnuleysistímans.

Það gefur ríkissjóði um 10.700 kr. Hér er enn eitt efnahagsúrræði þessarar ríkisstjórnar, það er að hafa 100 millj. kr. af fiskvinnslufólki sem missir atvinnu sína. (Gripið fram í.)

Hvers vegna er þetta til komið í lög? Hvers vegna hefur verkalýðshreyfingin lagt áherslu á þetta fyrirkomulag í lögum? Það er til að tryggja atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Það er óforskammað af hæstv. ráðherra að leyfa sér að koma í ræðustól og segja að þetta tengist ekkert kjörum. Við erum að tala um 100 millj. kr. sem til stendur að hafa af þessu fólki.

Ég tel að það þurfi að taka alvarlega yfirlýsingar sem fram koma frá forsvarsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, Aðalsteini Baldurssyni, sem fer fyrir þessum málaflokki hjá Starfsgreinasambandi Alþýðusambandsins. Hann segir að stjórnvöld stefni samningum í voða með þessu lagafrumvarpi.

Í viðtali við Fréttablaðið segir Aðalsteinn, með leyfi forseta:

„Þetta er stórmál. Ég get ekki, sem talsmaður fiskverkafólks, skrifað upp á kjarasamninga fyrir hönd þess ef skerðingunni verður haldið til streitu bótalaust."

Þetta segir formaður matvælasviðs Starfsgreinasambandsins. Hann getur ekki skrifað undir samninga ef þessu lagafrv. verður haldið til streitu. Það er ekki nóg, herra forseti, að þetta frv. fái góða efnislega umfjöllun í tilheyrandi nefnd Alþingis. Á þessu frv. verður að gera breytingar, annars nær það ekki fram að ganga.

Ég held að ríkisstjórnin eigi að taka alvarlega þær hörðu yfirlýsingar sem fram hafa komið frá verkalýðshreyfingunni um slíka einhliða kjaraskerðingu hjá þeim hópi fólks sem býr við bágust kjörin í landinu.

Síðan er í þessari sömu frétt í Fréttablaðinu frá 2. desember rætt við Arnar Sigurmundsson sem kemur frá hinni hliðinni, atvinnurekendahliðinni. Ummæli hans eru í sömu veru. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég upplifi þetta þannig að ráðherra sé að ganga mjög nærri kerfinu, án þess þó að stúta því alveg. Nái breytingarnar að fullu fram að ganga geta þær kollvarpað núverandi ákvæðum um kauptryggingu fiskvinnslufólks og leitt til átaka á vinnumarkaði. Þegar upp verður staðið munu þær ekki leiða til lækkunar útgjalda hjá Atvinnuleysistryggingasjóði."

Þá munu þær ekki einu sinni verða til þess að ríkisstjórnin nái fram markmiðum sínum um sparnað þegar upp verður staðið.

Væri ekki nær að hæstv. ráðherra boðaði til raunverulegs samráðs sem fram færi án hótana um niðurskurð, án hótana um kjaraskerðingu á fiskvinnslufólki, atvinnulausu fiskvinnslufólki, og menn reyndu að ná sátt um hvernig hægt væri að laga þær brotalamir sem kunna að finnast í þessu kerfi? Væri ekki nær að menn hefðu slík vinnubrögð uppi?

En á þessu stigi málsins ætla ég ekki að hafa fleiri orð um frv. Þetta er 1. umr. sem nú fer fram. Við eigum eftir að ræða frv. við tvær aðrar umræður, 2. og 3., þar sem ræðutími er ótakmarkaður. Ágætt fyrir ríkisstjórnina að hafa það í huga. Ég mun fylgjast mjög rækilega með því hvernig ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra koma til með að bregðast við ábendingum og kröfum fulltrúa fiskvinnslufólks þegar málið kemur til umfjöllunar í nefndum Alþingis.

[11:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni af orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar ítreka að það var leitað eftir samráði við verkalýðshreyfinguna um þetta mál og af okkar hálfu lá það fyrir frá upphafi að hér væri tilgangurinn að auka eftirlit og skilvirkni með framkvæmd laganna.

Ég fagna hins vegar yfirlýsingu hv. þm. Ögmundar Jónassonar um vilja verkalýðshreyfingar til þátttöku í útfærslu þessara laga. Þar kveður við nýjan tón og það er vel. Í því frv. til laga sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir frekari útfærslu einstakra atriða með setningu reglugerðar og ég hef þegar sagt í þessari umræðu, hæstv. forseti, að ég vonaðist til að aðilar vinnumarkaðar kæmu að þeirri vinnu með okkur og finnst að orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar bendi til að svo geti orðið.

Ég minni á, hæstv. forseti, að hér er ekki tillaga um að leggja þetta kerfi af. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að við verjum 77 millj. kr. á fjárlögum næsta árs til þessa verkefnis.

[11:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kveður ekki við nýjan tón. Í rauninni var ég að enduróma tóninn sem ég heyrði úr símtólinu í samtalinu við Halldór Björnsson, formann Starfsgreinasambandsins. Hann sagði mér að verkalýðshreyfingin hefði alltaf verið tilbúin til að setjast niður til samráðs um endurskoðun þessara laga, og væri það enn, en hún gerði það ekki undir hótunum eða ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skerða kjör fiskvinnslufólks, atvinnulauss fiskvinnslufólks, og það var þetta sem ég sagði.

Þetta er nákvæmlega sami tónninn og verið hefur hjá verkalýðshreyfingunni í allt haust og í sumar frá því að farið var að ræða þessi mál. Mín tillaga er sú að ríkisstjórnin dragi til baka þessar hótanir um kjaraskerðingu og bjóði verkalýðshreyfingunni til raunverulegs samráðs.

Það sem ég sagði var að það yrði að gera grundvallarbreytingar á lagafrv. ef það ætti að ná fram að ganga í sátt við verkalýðshreyfinguna og þar með í sátt við stjórnarandstöðuna á Alþingi.

[11:12]

Grétar Mar Jónsson:

Virðulegur forseti. Í þessu frv. ríkisstjórnarinnar er harkalega vegið að fiskvinnslufólki og ekki síst fiskvinnslufyrirtækjum án útgerðar með því að skipta almanaksárinu niður í tvo hluta eins og gert er í frv. ríkisstjórnarinnar, fjölga dögunum úr tveimur í fjóra þar sem Atvinnuleysistryggingasjóði er ekki skylt að greiða fiskvinnslufólki bætur vegna vinnslustöðvunar þegar um hráefnisskort er að ræða.

Það sem er öllu alvarlegra er að fækka á greiðsludögum að hámarki úr 60 niður í 30. Þau fiskvinnslufyrirtæki sem án efa verða hvað mest fyrir barðinu á lagabreytingum sem þessum eru fiskvinnslufyrirtæki án útgerðar. Einmitt sömu fyrirtæki hafa í tíð kvótakerfisins átt erfiðast uppdráttar sökum erfiðra samkeppnisskilyrða í greininni. Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem ráða yfir miklum aflaheimildum hafa ávallt í tíð kvótakerfisins aflað hráefnis til vinnslu á miklu ódýrari máta en fiskvinnslur án útgerðar en þær kaupa jafnan hráefni til vinnslunnar á fiskmörkuðum.

Virðulegi forseti. Það er öllum kunnugt sem eitthvert vit hafa á sjávarútvegsmálum að fiskvinnslur án útgerðar

eiga í miklum erfiðleikum við að halda uppi stöðugri fiskvinnslu í húsum sínum vegna hins óstöðuga hráefnisflæðis. Fiskvinnslur eiga í erfiðleikum með að halda góðu fólki og stöðugum mannskap í húsum sínum þegar þau búa við svona óstöðugleika.

Hæstv. félmrh. og hæstv. kollegar hans reyna nú af öllum mætti að ná fram breytingum sem munu bitna illa á þessu fólki. Áður en vikið er að fiskvinnslufólkinu sjálfu ber að huga að þeim aðstæðum sem fiskvinnsla og íslenskur sjávarútvegur á Íslandi býr nú við.

Í fyrsta lagi ber að minnast á verulegar verðlækkanir á okkar helstu bolfisksafurðum. Í öðru lagi hefur gengið verið útvegnum afskaplega óhagstætt og í þriðja lagi er ljóst að um harðnandi samkeppni er þar að ræða, og þá sérstaklega frá Kínverjum sem kaupa gífurlegt magn til vinnslu á heilfrystu bolfiskshráefni sem sérstaklega kemur frá rússneskum frystitogaraúterðum. Vinnulaunakostnaður er margfalt lægri hvort sem er hjá rússneskum frystitogaraútgerðum í samanburði við íslenskar, eða kínverskum fiskvinnslum í samanburði við íslenskar fiskvinnslur.

Það er eðlilegt að hæstv. félmrh. svari spurningu minni: Hvað á fiskvinnslufólk að gera í þeim tilfellum þegar 30 daga hámarkinu er náð hjá einstökum fiskvinnslufyrirtækjum? Jú, starfsfólkið hættir í vinnslunni, skráir sig á atvinnuleysisskrá. Það er það sem mun gerast. Það sem mun einnig gerast er að vinnuveitandinn stendur nokkrum dögum seinna með kannski fullt hús af fiski og jafnvel ekkert starfsfólk.

Virðulegur forseti. Þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar er glórulaust og á ekki við. Ég vona innilega að hv. þingmenn stjórnarflokkanna geri sér betur grein fyrir málinu eftir þær ræður sem hér hafa verið fluttar og setji sig í spor þeirra sem hlut eiga að máli. Þessar 65–70 millj. eru kannski ekki stórar í samanburði við fjárlagafrv. í heild sinni og þessar milljónir eru ekki ýkja burðugar í samanburði við útgjöld ríkissjóðs, t.d. til utanríkismála sem nú eru að nálgast 6 milljarða kr. En þær eru sannarlega stórar og mikilvægar fyrir þá fáu vinnandi þegna sem hér er vegið að.

[11:17]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er lagt fram, um breytingu á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, er eitt skrefið á þeirri vegferð Framsfl. bæði að svíkja kosningaloforð sín og að vega að því fólki sem hefur erfiðasta stöðu í þjóðfélaginu. Það er með endemum hvernig hægt er dag eftir dag að leggja fram hverja tillöguna á fætur annarri, hvert frv. á fætur öðru sem vegur að kjörum fólks. Við ræddum í gær um öryrkjana, hvernig þeir hefðu verið sviknir um 500 millj. kr. sem hafði annars verið gert samkomulag um skömmu fyrir kosningar. Við vorum að afgreiða fjárlög þar sem sparnaður og aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar áttu fyrst og fremst að bitna á atvinnulausu fólki með því að skerða rétt þeirra til atvinnuleysisbóta fyrstu þrjá dagana í atvinnuleysi. Það átti að beita aðhaldsaðgerðum gagnvart sjúklingum með því að hækka komugjöld á heilbrigðisstofnunum og hjá sérfræðingum. Það átti að beita aðhaldsaðgerðum gagnvart sjúklingum sem þurfa að kaupa sér lyf með því að hækka hlut þeirra í lyfjakostnaði. Já, það eru þessi bökin sem eiga að bera aðhaldsaðgerðir og sparnaðaraðgerðir þessarar ríkisstjórnar og það frv. sem hér er lagt fram er eitt skrefið á þeirri vegferð.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson rakti ítarlega hvernig þetta lýtur að fiskvinnslufólkinu og þeim kjarasamningum sem þessi þáttur í frv. snýr að en upphaflega var þetta þríhliða samningur á milli ríkisvaldsins, atvinnurekenda og samtaka launafólks, samtaka fiskvinnslufólks. Nú kemur ríkisstjórnin með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar og rýfur einhliða þessa samningsgjörð.

Fiskvinnslan vítt og breitt um landið hefur nú átt nokkuð undir högg að sækja hvað varðar rekstrarskilyrði. Vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og áherslunnar þar hefur gengið hækkað verulega og lánskjör fara einnig versnandi. Fiskvinnslan stendur eins og annað atvinnulíf í landinu, frammi fyrir boðuðum stórum vaxtahækkunum og gengið hefur þegar, óraunhæft hátt gengi sem keyrt er upp á væntingum í kringum stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, komið hart niður á útflutningsgreinum eins og fiskvinnslunni. Í fréttum sem komu í fjölmiðlum fyrir skömmu, m.a. í Ríkisútvarpinu 28. nóvember sl., var greint frá því að verðmæti útfluttra sjávarafurða væri 9% minna núna fyrstu tíu mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Og hver er ástæðan? Ástæðan er m.a. versnandi samkeppniskjör, lækkun á erlendum mörkuðum en ekki síst óraunhæft hátt gengi, gengi á íslensku krónunni sem hentar engan veginn við íslenskar efnahagsaðstæður eins og þær eru í dag og hljóta að skerða samkeppnisstöðu og rekstrarafkomu þessara fiskvinnslufyrirtækja.

Fiskvinnslan og sjávarútvegurinn byggjast á því að sækja þessi verðmæti út á miðin til sjávarins og eru þar af leiðandi líka bæði háð veðri og ýmsum náttúrufarslegum skilyrðum sem enginn fær við ráðið. Þetta höfum við búið við árum og öldum saman. Og til þess að tryggja bæði afkomu og atvinnuöryggi fiskvinnslufólks og líka rekstrarstöðu fyrirtækjanna var sá samningur gerður að Atvinnuleysistryggingasjóður kæmi hér að og tryggði annars vegar rekstrarstöðu fyrirtækjanna og hins vegar líka atvinnuöryggi og tekjur fiskvinnslufólksins. Fiskvinnslufyrirtækin hafa samkvæmt þessum samningi fengið um 70% af föstum launum ef þau hafa lent í því að ekki væri hráefni fyrir hendi og fiskvinnslufólk hefði þá annars verið sent heim tekjulaust ef þessir samningar hefðu ekki komið til.

Ég tel, virðulegi forseti, að gagnvart rekstraröryggi þessara fyrirtækja, ekki aðeins fiskvinnslu sem er án fiskveiðiheimildar heldur líka gagnvart þessum litlu og meðalstóru fiskvinnslufyrirtækjum í landinu, ekki síst þeim fiskvinnslufyrirtækjum sem eru á Norðvesturlandi, Norðurlandi, Suðvesturlandi og Norðausturlandi, geti það skipt sköpum hvort þeim tekst að halda rekstri gangandi. Þau hafa treyst á þetta sem lið í því að halda uppi rekstrarafkomu fyrirtækjanna og að vega að þessum atvinnurekstri eins einhliða og hér er gert er fullkomlega ábyrgðarlaust. Ég tek undir þau orð sem hér hafa verið sögð af hv. þingmönnum Ögmundi Jónassyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Grétari Mar Jónssyni að þessum lögum verður að breyta. Þessu frv. sem hér er lagt fram verður að breyta. Það er mikill hroki og mikil vanþekking hjá hæstv. ráðherra ef hann telur að það séu eðlileg vinnubrögð að keyra svona viðtækar breytingar á kjarasamningum, atvinnuumhverfi heillar atvinnugreinar og kjörum og réttindum fiskvinnslufólks, í gegnum Alþingi á þrem dögum samráðslaust við aðila vinnumarkaðarins. Hæstv. ráðherra sagði að haft hefði verið nokkurt samráð við samtök vinnuveitenda, samtök atvinnurekenda sem þarna lúta að. Við heyrðum hv. þm. Ögmund Jónasson vitna í það sem Arnar Sigurmundsson sagði um þetta, fullkomið ósamráð og brot á þeim samningum sem þessi atvinnugrein hefur búið við. Og við heyrðum hvað samtök launafólks segja, að verið sé

að skera upp herör gagnvart launþegahreyfingunni og væntanlegum kjarasamningum og réttindum fólks. Það er því fullkominn hroki og dómgreindarleysi að keyra þetta mál inn í þingið með þessum hætti og ætlast til þess að það verði afgreitt á 3–4 dögum.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að hér er verið að svíkja samninga með einhliða hætti. Hér er verið að stefna rekstraröryggi fiskvinnslufyrirtækja vítt og breitt um landið í aukna tvísýnu og er hún þó ærin fyrir vegna stefnu ríkisstjórnarinnar almennt í þeirri umgjörð sem hún skapar útflutningsatvinnugreinunum og síðast en ekki síst er verið að vega með harkalegum hætti að kjörum og atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Ég vona svo sannarlega að Alþingi sjái hvað hér er á ferðinni og taki ekki í mál að afgreiða lög með þeim hætti sem hér er farið fram á.

[11:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Stjórnmál snúast kannski fyrst og fremst um hugmyndir, hvaða sýn menn hafa á samfélagið og hvernig menn vilja sjá samfélagið þróast. Það hefur verið mjög eftirtektarvert að fylgjast með þeirri forgangsröðun sem birst hefur hjá hæstv. ríkisstjórn núna við afgreiðslu þessara fjárlaga. Það er nefnilega stórmerkileg setning sem er að finna í greinargerð frv. sem við hér ræðum en þar segir, með leyfi forseta:

„Að venju byggist síðarnefnda frumvarpið meðal annars á ákveðnum forsendum um tekjur og gjöld sem taka mið af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum."

Það er einmitt þarna sem maður staldrar við þegar maður skoðar þær leiðir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara við að leita eftir sparnaði hjá ríkissjóði. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, og ekki þá kannski síst við hæstv. félmrh. þar sem hann hefur ekki verið lengi á þingi, að það þykir við hæfi að hæstv. ráðherrar sitji í stólum sínum meðan mál þeirra eru rædd og veiti athygli þeim ræðumönnum sem eru að fjalla um þau mál sem þeir leggja hér fyrir. Þannig að mér þætti við hæfi, virðulegi forseti, að óskað yrði eftir því að hæstv. félmrh. sæti í stólnum sínum rétt á meðan þessi umræða færi fram og reyndi að fylgjast með þeim atriðum sem gerðar eru athugasemdir við.

Virðulegi forseti. Það sem ég var að nefna hér er að það merkilega við þetta allt saman er sú stefnubirting og forgangsröðum sem birtist við afgreiðslu á þessum fjárlögum og frumvörpum þeim tengdum þar sem hæstv. ráðherra segir í greinargerð með frv. sínu að þetta sé allt í samræmi við stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum. Það er vitaskuld að bera í bakkafullan lækinn að fjalla um það sem við ræddum í gær, þ.e. öryrkja og það að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um að efna tvo þriðju af þeim samningi. Það er umræða sem allir þekkja en er vissulega ákveðið birtingarform á þeirri forgangsröðun sem ríkisstjórnin hefur á sínum málum.

Allir þekkja líka þá hækkun sem ætlunin er að láta eiga sér stað á komugjöldum á sjúkrahúsum og heilsugæslu. Hér er það fiskvinnslufólk sem er undir. Hæstv. ráðherra var spurður að því í andsvari áðan á hverjum þessi skerðing upp á 65–70 millj. kr. muni bitna ef mat fjmrn. er rétt, þ.e. skerðing til greiðslna við þær aðstæður sem frv. lýsir. Hæstv. ráðherra svaraði því til að hún muni líklega bitna á fyrirtækjum. Ég vil leyfa mér að mótmæla því af því að þessar greiðslur í vinnustöðvunum vegna hráefnisskorts hafa gert það að verkum að fólk sem ella hefði verið hægt að senda heim launalaust fær núna laun í þessum vinnustöðvunum. Það er því fyrst og fremst verið að vega að því fólki. Fyrirtækin hafa komið til móts við 35% af launagreiðslunum vegna þess að það hafa komið 65% á móti en þegar þær eru felldar brott er mun líklegra að fyrirtækin dragi sig til baka og fólk *fái ekki greitt í vinnustöðvunum nema þær* eigi sér stað. Þessi aðgerð er því fyrst og fremst gagnvart fiskvinnslufólki. Þessa forgangsröðun, virðulegi forseti, sem dregur fram stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum erum við að rekast á aftur og aftur. Ég gæti haldið langa ræðu um þá merku stefnu þar sem ríkissjóður hefur þanist út umfram öll velsæmismörk á undanförnum missirum og augljóst að menn hafa algerlega misst tökin á efnahagsmálunum, það er sérumræða. Hér er aðeins lítið birtingarform þess stefnuleysis sem kannski birtist í stærri myndinni þegar menn sjá hvernig ríkissjóður hefur þanist út, því að þetta er vitaskuld meira hipsumhaps hvar borið er niður, og þá helst gagnvart fólki sem má síst við því.

Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að það hefði mátt leita víðar eftir þessum 60–70 milljón kr. sparnaði en í launakjörum fiskvinnslufólks.

Hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi það í gær að mikið lægi við að endurnýja bílaflota ráðherranna. Ekki veit ég hvaða fjárhæðir þar eru á ferðinni en það hefði sjálfsagt mátt skoða það í samhengi við þetta. Það er reyndar mjög margt í þessu sem menn eiga eftir að fara vandlega yfir.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Ögmundur Jónason sögðu áðan, að það hlýtur að teljast mikil bjartsýni hjá hæstv. ráðherra að telja að það sé hægt að fara með þetta mál á þeim skamma tíma sem eftir er þar til áætluð þingfrestun gengur í garð, það hlýtur að vera mikil bjartsýni að ætla sér að koma þessu máli í gegn fyrir hana.

Hér er kannski ekki um háar fjárhæðir að ræða sem er ekki aðalatriðið, heldur fyrst og fremst sú forgangsröðun, sú pólitík sem birtist í því að vega að þessu fólki. Maður hlýtur að spyrja: Af hverju eru það alltaf skjólstæðingar velferðarkerfisins sem þurfa að líða fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar fyrst og síðast? Meira að segja hæstv. ríkisstjórn sem ég taldi og flestir töldu að hefði verið að gera virkilega góða hluti — þó að það hafi kannski ekki verið tilviljun að það var í aðdraganda kosninga sem samkomulagið við öryrkjana var gert — og mál sem flestir hefðu talið að ætti að teljast ríkisstjórninni til tekna, að þegar á reynir stendur hún ekki við það samkomulag sem gert var. Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, hvernig þessari ríkisstjórn er að takast upp.

Mig langar í þessu samhengi aðeins að velta því upp hvort það ákvæði sem er núna að finna í 3. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla frá 1. maí 1979, sem á reyndar rót sína að rekja til ársins 1957 eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á, og gengur út á það að verði fiskiðjuver eða fyrirtæki fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem hráefnisskorti, verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klst. á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Eins og hér hefur komið fram á þetta ákvæði rót sína að rekja til ársins 1957. Þá voru vitaskuld allt aðrar aðstæður uppi í sjávarútvegi en eru í dag. Þá voru menn kannski almennt þeirrar skoðunar að þeir réðu ekki við náttúruna og það sem hún gæfi af sér sem gæti leitt til þess að senda

yrði fólk heim vegna hráefnisskorts. Ég held að sú hugsun og sú hugmynd hafi alveg átt rétt á sér á þeim tíma en nú eru breyttar aðstæður í sjávarútvegi vegna þess að öðruvísi fiskveiðistjórnarkerfi hefur verið tekið upp sem gerir það að verkum að fyrirtæki sem eru í fiskvinnslu geta mörg hver, því miður ekki öll, ráðið því að miklu leyti hvenær menn ná sér í tilteknar aflaheimildir. Það er því hægt að stjórna vinnslunni miklu betur en áður sem er eitt af því sem hefur verið talið fiskveiðistjórnarkerfinu til tekna. Þess vegna hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort þetta ákvæði eigi við í dag, hvort ekki sé rétt að skoða það vandlega að fella það brott í ljósi breyttra aðstæðna.

Ég held að það hljóti að vera eitthvað sem hæstv. ráðherra og hans fólk verði að leggjast yfir vegna þess að þær skerðingar sem hér er verið að leggja til að ráðast í, þó að þær séu nú ekki að slá kerfið af í einu vetfangi eins og hér hefur komið fram, en hæstv. ráðherra orðaði það sem svo að „að þessu sinni" verði ekki gengið lengra en raun ber vitni. Það mátti ráða í orð hans að þetta væri aðeins fyrra skrefið af tveimur að því að leggja þetta kerfi niður. Ég held að það sé mikilvægt að hæstv. ráðherra upplýsi hvort sá skilningur minn og án efa fleiri sem á hann hlýddu sé réttur að markmiðið sé að leggja þessar greiðslur niður.

Það má vel færa góð og gild rök fyrir því að verið sé að mismuna atvinnugreinum með þessu en á hinn bóginn er þessi mismunun, ef svo má að orði komast, komin vegna kjarasamninga, þríhliða samninga, og það er ekki við hæfi að fella það brott einhliða a.m.k. að hluta eins og hér er ætlunin.

Ég hef, virðulegi forseti, farið í örstuttu máli lauslega yfir það mál sem hér liggur fyrir, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Við erum að ræða þetta mál við 1. umr., við erum að fara yfir þá almennu stefnumótun sem birtist í þessu máli gagnvart fólkinu í landinu, þeirri forgangsröðun sem ríkisstjórnin telur mikilvægt að halda til haga að vega helst að þeim sem minnst mega sín. Þetta mál á eftir að fá mjög vandaða og góða meðferð í félmn. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á í ræðu sinni er tímalengd umræðna takmörkuð við 1. umr. en í 2. og 3. umr. er hægt að fara miklum mun betur og vandlegar yfir málið, komi þetta mál einhvern tíma úr nefnd. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti, þegar þetta mál verður skoðað og hann stendur frammi fyrir þeim veruleika að hann er að stefna kjarasamningum og viðræðum í uppnám með þessum aðgerðum, að draga það til baka, nema hugmyndin hafi aldrei verið sú að þetta eigi að fara í gegn heldur eigi að bjóða upp á þegar nær dregur að þetta verði dregið til baka, hver veit um það?

En ég vil ítreka það, virðulegi forseti, að ég mótmæli því harðlega að það skuli helst vera skjólstæðingar velferðarkerfisins sem þurfa að bera hallann af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það finnst mér ekki vera við hæfi, hvorki nú né nokkru sinni.

[11:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst að sú umræða sem hér fer fram hafi nú þegar sýnt fram á það að ríkisstjórnin og Framsfl. eru undarlega oft í því hlutverki hér í sölum Alþingis að gera atlögu að þeim sem síst skyldi, tekjulága fólkinu í samfélaginu, öryrkjum og fólki sem á mest undir að staðið sé við bakið á því. Það er auðvitað dapurlegt.

En þetta mál sem við ræðum hér er á ýmsan hátt merkilegt. Þegar verkalýðshreyfingin hefur verið að berjast fyrir framförum og réttindum til handa verkafólki hafa ýmis ljón verið á þeim vegi. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minnti á lög um rétt fólks til uppsagnarfrests sem munu hafa verið samþykkt fyrst 1957 en eru að stofni til núna frá 1979 og voru lögfest á sjálfan verkalýðsdaginn 1979. Í þeim lögum, sem eru mikil réttindabót verkafólks í landinu hvað varðar rétt til uppsagnarfrests og atvinnuréttinda af fleira tagi, er ein grein sem er í raun og veru orsakavaldurinn fyrir þeim lögum um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna fiskvinnslufólks sem hér er verið að ræða, það er 3. gr. í fyrrnefndum lögum. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir."

Þetta þýddi að atvinnurekendur sem stóðu frammi fyrir hráefnisleysi eða einhverju öðru sem hér er nefnt gátu sent fólk heim án launa. Og í framhaldi af þessum lögum er í raun og veru tilkoma þess frv. sem hér er verið að ræða í dag.

Af hverju skyldi það hafa verið? Vegna þess að atvinnurekendur í fiskvinnslu voru í aðalatriðum þeir einu sem notuðu þetta ákvæði til þess að senda fólk heim kauplaust. Þess vegna berst verkalýðshreyfingin fyrir því að tekið verði á þessu máli. Þess vegna verða lögin til sem hér eru til umræðu.

Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn sé að fara kolöfuga leið að því sem hún ætlar sér hér að gera. Ef taka á á þessu máli á að taka á lögunum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests því á skal að ósi stemma og það þarf ekki þessi lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks ef það hefur sömu atvinnuréttindi og annað fólk í landinu.

Ég er þeirrar skoðunar og ég hvet til þess að í hv. nefnd óski menn eftir því að farið verði farið yfir það og fengin skýrsla frá Lagastofnun Háskólans eða öðrum sambærilegum aðilum hvort 3. gr. í lögunum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests standist jafnræðisreglu, að það sé verið að taka út einstaka hópa í þjóðfélaginu og gera þá réttminni gagnvart almennum reglum sem eru í gildi heldur en aðra. Mér finnst að það sé löngu kominn tími til þess að atvinnurekendur standi hver við hliðina á öðrum, standi jafnræðislega í sömu sporum hvort sem þeir eru að reka fiskvinnslu eða önnur fyrirtæki í þessu landi. Ef hið opinbera telur að það þurfi að hjálpa einhverjum atvinnurekendum af einhverjum sérstökum ástæðum til þess að reka sín fyrirtæki, er miklu nær að fara aðrar leiðir til þess heldur en þá sem hér er farin að taka fyrst réttindi af einhverjum hópum í samfélaginu og koma svo með einhver önnur lög til þess að reyna að lappa upp á ástandið eins og hér hefur í raun og veru verið gert. Mitt innlegg inn í umræðuna er að menn fáist við orsökina og upphaf þess að þessi lög hafa orðið til og reyni að stefna að því með umfjölluninni að fella þau úr gildi.

[11:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég hefði talið miklu vænlegra fyrir málið að farið væri fram með það í meira samráði við þá aðila sem málið varðar. Það er óskiljanlegt að ætla að keyra málið í gegnum þingið á nokkrum dögum án nokkurs samráðs við

aðila að heitið geti. Við erum að tala um undirstöðuatvinnugrein landsmanna. Sjávarútvegurinn skapar vel yfir 60% af gjaldeyristekjum og ég hefði talið að menn ættu að vanda til lagasetningar sem skiptir svona mikilvæga útflutningsgrein svo miklu máli.

Ég ræddi við starfsmann Starfsgreinasambandsins, Kristján Bragason, og fékk bréf frá honum, m.a. með upplýsingum um hvernig þetta mál horfir við launþegahreyfingunni. Með leyfi forseta vil ég fá að grípa niður í ágæta punkta sem hann sendi mér, svohljóðandi:

„Samkvæmt kjarasamningum fiskvinnslufólks eru tvær aðferðir til að senda fólk heim vegna hráefnisleysis. Það er annars vegar þriggja daga reglan, starfsfólk heldur fastakaupi án bónuss og álaga fyrir dagvinnu þótt það sé án vinnu en fyrirtæki fær greiddar atvinnuleysisbætur upp í launakostnaðinn. Síðan er það fjögurra vikna reglan, rekstrarstöðvun tilkynnt með fjögurra vikna fyrirvara og að þeim tíma liðnum stöðvast vinnsla og launagreiðslur falla niður.“

Sú regla er einungis möguleg ef búist er við lengri rekstrarstöðvun en til tveggja vikna. Starfsfólk er sent heim á atvinnuleysisbætur sem eru mun lægri en föst dagvinna, sem er um 93 þús. kr. á mánuði, en fullar bætur eru um 68 þús. kr. Fiskvinnslufólk verður því af um 25 þús. kr. í laun á mánuði.

„Tillaga ráðherra gengur út á það að skerða möguleika fyrirtækja til að nýta sér þriggja daga regluna sem er að okkar mati hagstæðari fyrir fiskvinnslufólk. Ef meiri takmarkanir verða settar á fiskvinnslufyrirtækin mun það leiða til þess að menn loki fyrirtækjunum sínum í lengri tíma en áður og sendi allt starfsfólk sitt á atvinnuleysisbætur, þ.e. nota fjögurra vikna regluna. Það er því ekki greinilegt hvernig slíkt muni leiða til sparnaðar fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.“

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi hugleitt þennan möguleika, að þetta muni þá leiða til þess að menn loki fyrirtækjunum lengur eins og fram kemur í bréfi Kristjáns Bragasonar hjá Starfsgreinasambandinu. Er þá kannski möguleiki að þetta muni ekki leiða til sparnaðar þegar öllu verður á botninn hvolft? Hvað sem því líður, frú forseti, sýnir þetta frv. ákveðið skilningsleysi gagnvart undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Menn fara hér fram og ætla að keyra í gegn frv. á nokkrum dögum án nokkurs samstarfs. Það hefði verið miklu nær fyrir málið að leita upplýsinga, t.d. hjá Samtökum atvinnulífsins um hvernig þetta mál horfir við þeim, og ég tala nú ekki um fiskvinnslu án útgerðar. Það eru oft fiskvinnslur án útgerðar sem eiga mest á hættu að lenda illa úti ef reglunum verður breytt. Þetta skilningsleysi kemur víða fram hjá stjórnvöldum. Við sjáum t.d. að menntamálayfirvöld á Íslandi telja enga þörf á því að starfrækja fiskvinnsluskóla. Það er alveg ótrúlegt og þegar það á að fjalla um lagasetningu sem varðar starfsfólk í þessari vinnslu sem skiptir þjóðarbúið miklu máli á að koma því með einhverri flýtimeðferð í gegnum þingið, rétt til að spara 70 millj. eða hver sú upphæð er því að þessi upphæð skiptir í raun ekki öllu máli fyrir efnahagslífið í heild sinni. Það er hins vegar hætta á því eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanna að þetta muni stefna kjarasamningum í hættu og gera þá erfiðari fyrir upphæð sem er ekki hærri en raun ber vitni. Þess vegna skora ég á hæstv. félmrh. að gefa þessu máli betri tíma og vanda frekar til þess.

[11:52]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 427. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 593.

Friðlýst svæði, 425. mál, fsp. ArnbS, þskj. 591.

Hrefnuveiðar, 424. mál, fsp. JÁ, þskj. 590.

Skaðleg efni og efnavara, 423. mál, fsp. KolH, þskj. 589.

Þjóðgarðar og friðlýst svæði, 426. mál, fsp. ArnbS, þskj. 592.

[11:52]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég sperrti aðeins eyrun fyrr í umræðunni þegar hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhanna Sigurðardóttir, beindi orðum til hæstv. félmrh. í ljósi þess að hann væri nýliði hér í þinginu og hefði þar af leiðandi ekki mikla reynslu. Af því að mér er farið eins og ráðherranum, að vera hér nýliði og reynslulítill, vildi ég hlusta á það hvaða skilaboð kæmu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur með alla sína miklu starfsreynslu í þinginu og auðvitað líka sem fyrrv. félmrh.

Það vakti nokkra athygli mína í þeim orðaskiptum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hæstv. félmrh. að það virtist vera eitthvað viðkvæmt að vitna til reynsluleysis ráðherrans í þinginu. Hann gat þess sérstaklega að hann hefði starfað í kringum þingið áður og hefði því talsverða reynslu og vísaði athugasemdum þingmannsins afdráttarlaust á bug. Ég verð að játa að það olli mér nokkrum vonbrigðum því að ábendingar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur held ég að eigi fyllilega við í þessu máli, þær að það að koma inn með þetta frv. þegar sex dagar eru eftir af þingi hlýtur að kalla á nokkra umræðu.

Með gildum rökum hefur verið bent á, m.a. af hv. 2. þm. Norðvest. Jóhanni Ársælssyni, að hér kunni ákvæði í frv. að fara gegn jafnræðisreglu milli starfsgreina. Það er auðvitað álitaefni sem hlýtur að vera full ástæða til að fara mjög vandlega yfir.

Sömuleiðis er um að ræða frv. sem varðar atvinnuöryggi og kjör þúsunda manna í landinu. Í þriðja lagi er um að ræða frv. sem varðar kjarasamninga og við erum núna í aðdraganda kjarasamninga og frv. virðist vekja nokkuð hörð viðbrögð Starfsgreinasambandsins sem er það stéttarfélag sem í hlut á. Að öllu þessu virtu hljóta allir réttsýnir menn að sjá að til þess að fara yfir slík álitaefni og mál sem varðar svo brýna hagsmuni og brýna þætti í lífskjörum þúsunda manna eins og hér um ræðir þarf meira en sex daga. Það segir í frv. að lögin öðlist þegar gildi.

Virðulegi forseti. Frá því að ég kom í þingið hefur verið til umfjöllunar ítrekað að hér hafi verið sett lög sem hafi gengið gegn stjórnarskránni, lög um lífskjör þúsunda manna, í þeim tveimur tilfellum raunar öryrkja sem ekki var vandað betur til í þinginu en svo að þau gengu gegn sjálfri stjórnarskránni, voru dæmd ómerk og kölluðu á aukaútgjöld, hinn síðari dómur upp á einn og hálfan milljarð á fjáraukalögum á sl. hausti.

Ég vil segja það, virðulegur forseti, að ég hafði bundið ákveðnar vonir við að ný kynslóð þingmanna, eins og hæstv. félmrh., hefði metnað til þess að bæta almennt þau vinnubrögð sem verið hafa við lagasetningu í þinginu og reyna að þróa það áfram eins og þær kynslóðir sem hafa farið á undan okkur, enda hygg ég að hér sé talsvert betur unnið að lagasetningu nú en fyrir aðeins örfáum árum. Til þess að vanda til lagasetningarinnar sér það hver maður að ekki dugar að koma hlaupandi inn eftir að búið er að afgreiða fjárlagafrv. og ætla að fá vandaða umfjöllun um mikilsvert mál á sex dögum og láta svo lögin öðlast þegar gildi. Ég held, virðulegur forseti, að menn verði að temja sér agaðri, skipulagðari og vandaðri vinnubrögð ef þeir ætla sér að sitja

á þjóðþinginu og setja lög um lífskjör annarra manna og starfskjör heilla atvinnugreina.

Það er síðan sjálfstætt áhyggjuefni að þó að hæstv. ráðherra hafi flutt rök fyrir því að hér kunni að vera efnislegar ástæður fyrir því að gera þessar breytingar og að breytingarnar kunni að vera meira í anda ýmissa nútímasjónarmiða verður ekki fram hjá því horft að frv. er ekki samið með það að markmiði. Frv. er samið með það að markmiði að stoppa upp í einhvern ímyndaðan afgang í fjárlagafrv. sem afgreitt var í gær og bjarga þar inn eins og 70 millj., eins og lífið liggi nú við, virðulegur forseti, að bjarga 70 millj. kr. á fjárlögum íslenska ríkisins fyrir næsta ár. Er það svo, virðulegur forseti? Fjárlög íslenska ríkisins eru upp á liðlega 280 þús. millj. kr. Og það hafa ekki verið vandkvæði á því í þinginu að afgreiða aukafjárlög upp á 17 þús. millj. kr. fyrir eitt ár. Engar athugasemdir hafa verið gerðar við það þó að síðan hafi á ríkisreikningi komið viðbótarskuldbindingar og í lokafjárlögum enn fleiri skuldbindingar, og breytingarnar frá fjárlögum til niðurstöðu hafi verið 35 þús. millj. Þess vegna, virðulegur forseti, verð ég að segja að ég get ekki séð að fyrir því séu neinir brýnir eða aðkallandi hagsmunir að menn flýti sér svo við lagasetningu, eins og hér er ætlunin, um mál sem varðar lífskjör þúsunda manna. Það getur ekki skipt sköpum hvort þessi sparnaðaraðgerð upp á 6 millj. kr. á mánuði komi til framkvæmda þremur mánuðum fyrr eða síðar. En það getur skipt sköpum að þingið gangi kirfilega úr skugga um að frv. standist jafnræðisreglu, að atvinnuöryggi þess fólks sem í hlut á sé tryggt og að það sé samkomulag um málið við aðila vinnumarkaðarins. Þessi atriði þurfa menn að hafa tíma til að fara yfir og fjalla vandlega um auk þess sem hér í umræðunni hefur auðvitað rækilega verið vakin athygli á því að ef menn ætla að taka þennan þátt og breyta á þennan hátt sé full ástæða til þess að skoða 3. gr. laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Þau lög sem hér eru til umfjöllunar, breyting á lögum nr. 51/1995, verða ekki tekin úr samhengi við það og ég fullyrði, virðulegur forseti, að það er ekki hægt að gera það svo að vel sé á sex dögum. Hversu greindir, snjallir og duglegir sem hv. stjórnarþingmenn í félmn. kunna að vera hafa þeir einfaldlega ekki tíma til þess að fara yfir þetta frv. svo að sómi sé að fyrir þingið.

[12:01]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Eins og skýrt hefur komið fram er verið að ræða um frv. til laga um breytingu á greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Það er alveg greinilegt í mínum huga að enn og aftur, því miður, eru menn að narta í tekjur þeirra sem minnst hafa.

Í 1. gr. b. í frv. segir, með leyfi forseta:

„... skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu tveimur dögunum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní og fyrstu tveimur dögunum á tímabilinu 1. júlí til 31. desember ...“

Þarna er eins og skýrt hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. verið að fjölga launalausum dögum úr tveimur í fjóra meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur. Jafnframt er ætlunin eins og kemur fram hér í c-lið og d-lið að fækka greiðsludögum til þeirra sem missa vinnu vegna vinnslustöðvunar.

Menn hafa aðeins verið að velta því upp hvaða áhrif þetta muni hafa á gerð kjarasamninga á næsta ári. Sá er hér stendur mun væntanlega fyrir hönd Starfsmannafélags ríkisstofnana taka þátt í næstu kjarasamningum og ég fullyrði að þetta mun að sjálfsögðu hafa áhrif. Þetta mun hafa áhrif á okkur. Við getum ekki sætt okkur við eða réttara sagt, Starfsmannafélag ríkisstofnana mun ekki sætta sig við að á sama tíma og menn eru að leita eftir 150 þús. kr. lágmarkslaunum fyrir félagsmenn sína í næstu samningum þá komi skerðing á launum fiskvinnslufólks eða atvinnuleysisbótum.

Ég hef það á tilfinningunni að hér séu menn að búa til vandamál fyrir næstu samningagerð væntanlega til að setja ríkið í einhverja betri samningsstöðu. En það er alveg á hreinu að þetta frv. frá hæstv. félmrh. setur kjarasamningana í uppnám.

Mér er alltaf illa við það þegar menn eru að búa sér til vandamál svo ég var að velta því fyrir mér að venda mínu kvæði í kross og gefa hæstv. félmrh. alvöruvandamál, svona smájólapakka sem ég hefði viljað að hann mundi snúa sér að og reyna að leysa á næstu vikum en draga þetta frv. frekar til baka. Ég er að tala um vandamál eins af þeim sem minna mega sín. Það er Ásdís Jónsdóttir sem á barn með Goldenhar-heilkenni. Þessi kona hefur þvælst í kerfinu fram og til baka milli ríkis og sveitarfélaga. Hvorugur aðilinn vill taka á þessu máli. Það er að vísu misjafnt eftir sveitarfélögum, því miður, en það er alveg skýrt samkvæmt lögum að þessi kona á að njóta aðstoðar frá ríkinu. Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að senda hæstv. félmrh. með þetta alvöruvandamál heim í von um að hann taki á því sem fyrst.

[12:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Því hefur verið haldið fram að með þeim breytingum sem hér hefur verið lagt til að gerðar verði á lögum nr. 51/1995 sé verið að kollvarpa núverandi kerfi og gera samninga um kauptryggingar ómögulegar. Þessu hafna ég.

Breytingar þær sem hér er lagt til að verði gerðar á lögunum ganga ekki eins langt og hefði mátt hugsa sér. Ýmsar útfærslur voru skoðaðar í aðdraganda að þessu frv. sem gengu mun lengra en hér er lagt til, m.a. kom til álita að leggja þetta kerfi alfarið af. Það var hins vegar mat mitt að slíkar breytingar mundu ganga of nærri núverandi kerfi og erfitt kynni að vera fyrir fyrirtæki að nýta sér það í samningum um kauptryggingar. Markmiðið var að ná fram aukinni skilvirkni í kerfinu og um leið sparnaði þó þannig að tryggt væri að fyrirtæki í fiskvinnslu gætu nýtt sér greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði þegar hráefnisskortur er sannanlega fyrir hendi svo að komast megi hjá uppsögnum.

Ég get því ekki verið sammála þeirri fullyrðingu að verið sé að kollvarpa kerfinu með þeim breytingum sem hér eru kynntar. Þvert á móti er með þessum tillögum tryggt að ákvæði kjarasamninga um kauptryggingar geta haldið sér að því marki sem hér er lagt til. Kerfið er í grundvallaratriðum hið sama þó dögum sem greiðsla er innt af hendi hafi fækkað. Vonir standa þó til að fyrirtækin sjái sér fært að greiða laun fyrir þá daga sem ekki er greitt fyrir úr sjóðnum, enda eru þessir dagar á sitt hvorum árshelmingnum. Hér er því ekki um inngrip í kjarasamninga að ræða og samningar um þessi efni geta haldið áfram ef vilji er fyrir hendi. Aðilar á vinnumarkaði og einkum fyrirtæki í fiskvinnslu verða hins

vegar að meta það sjálf hvort þau hyggjast nýta sér heimild til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli þessara laga. Minnt er á að allt að 77 millj. kr. er hægt að ráðstafa á næsta ári í slíkar greiðslur til fiskvinnslustöðva samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum.

Þá má benda á að tiltölulega fá fyrirtæki sækja um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði í fleiri en 30 daga á ári hverju. Á þessu ári eru það um 15 af 98 fyrirtækjum. Leikur nokkur grunur á að sum fyrirtækjanna hafi litið á það sem sjálfsagðan hluta af rekstri sínum að sækja um greiðslur í sjóðinn á meðan flest fyrirtækjanna hafa kosið að sækja í sjóðinn í samræmi við tilgang laganna og kauptryggingarsamninga. Er því markmiðið, eins og ítrekað hefur komið fram, að auka skilvirkni og eftirlit í því skyni að tryggja að fiskvinnslufyrirtækin sitji við sama borð í þessu efni og nýti sér þessa heimild á sambærilegum forsendum.

Hæstv. forseti. Almennt má segja að sú stefna hafi verið ríkjandi að dregið er úr sértækum stuðningi við einstakar atvinnugreinar. Slíkur stuðningur mismunar fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og er ekki heppilegur í því umhverfi sem við búum við.

Hæstv. forseti. Frv. sem hér hefur verið lagt fram gerir ráð fyrir að hægt sé að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem upp koma hjá einstökum fyrirtækjum og á einstökum stöðum. Slík heimild er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum. Því er það svo að þó að dögum sem greitt er fyrir sé fækkað úr 60 í 30 þá verður hægt að veita undanþágu frá þeirri reglu í sérstökum tilvikum. Það er eðlilegt að tekið sé mið af samfélagslegum og byggðalegum aðstæðum þegar slík tilvik eru metin. Ég ítreka að félmrn. mun leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins um efni reglugerðar og legg áherslu á að samstaða náist milli aðila um þessa útfærslu sem og annað sem setja þarf í reglugerð.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja að það hefur verið gagnrýnt hér hve seint þetta mál kemur fram. Það er vissulega rétt að gott hefði verið að fá málið fyrr fram á Alþingi. Staðreyndin er sú að við undirbúning þessa máls var þess freistað að gera frv. þannig úr garði sem mest sátt næðist um það. Við þá vinnu komu fram gagnlegar ábendingar frá forsvarsmönnum Samtaka fiskvinnslustöðva þó ekki hafi verið hægt að taka fullt tillit til þeirra allra frekar en almennt gerist.

[12:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Eitt það furðulegasta við þennan málflutning hæstv. félmrh. er að hann lítur á þetta sem einhvers konar umbætur, einhvers konar „reform" í sínu ráðuneyti og sínum málaflokki þegar það er ljóst af athugasemdum við frv. að eingöngu er um niðurskurð á ríkisútgjöldum að ræða. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrumvarpi er stefnt að samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs ... Þær breytingar sem lagðar eru til ... með frumvarpi þessu eru liðir í þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum."

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. segir að með frv. náist fram sparnaður um 65–70 millj. kr. á ári.

Skilvirkni og eftirlit telur hæstv. félmrh. að sé ástæðan fyrir þessum frumvarpsflutningi sínum. En hér er ósköp einfaldlega um hráan og beinan niðurskurð að ræða og hann kemur eins og það er nú furðulegt og grátlegt og ömurlegt fyrir menn eins og hæstv. félmrh. sem í kosningabaráttunni og á fyrstu dögum í starfi sínu gaf fyrirheit um annað í störfum sínum — allur þessi niðurskurður hæstv. ríkisstjórnar kemur niður á kjarasamningi við öryrkja, á fiskvinnslufólki og á atvinnulausum. Það voru breiðu bökin. Hæstv. félmrh. og hinn mikli félagshyggjumaður sem var í framboði í Reykjavík gaf sig þá út fyrir annað og á fyrstu dögum ráðherraveru sinnar gaf sig líka út fyrir annað. Þetta er það sem hann hefur verið píndur til að standa við. Þetta er það sem hann á að taka á bakið frá fjmrh. og samstarfsflokknum.

Ég held að það sé bara ósköp einfaldlega heiðarlegast að segja það að hann er til neyddur. Hann á að koma hér og vera eins og sá hundur af sundi dreginn sem hann í raun og veru pólitískt er. En hann á ekki að stilla sér upp sem einhverjum reformista og umbótamanni.

[12:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að hafna alfarið þeirri fullyrðingu að verið sé að leiðrétta einhverja samkeppnisaðstöðu fyrirtækja með þessari lagasetningu. Mér finnst það bara hrein og klár vitleysa að halda því fram og ég sé engin rök fyrir því að óbreytt lög séu að hefta einhverja samkeppni. Það má vel færa fyrir því fullgild rök að þessi breyting muni einmitt auka mun þeirra fyrirtækja sem hafa yfir kvóta að ráða og þeirra fyrirtækja sem hafa ekki yfir kvóta að ráða, fiskvinnslu í tengslum við útgerð.

Frú forseti. Ég bar upp spurningu fyrr í ræðu minni. Í bréfi Kristjáns Bragasonar frá Starfsgreinasambandinu komu fram áhyggjur um að þessar breytingar gætu leitt til þess að fiskvinnslur sem glímdu við hráefnisskort hættu við að nýta sér þessa skemmri lokun sem núgildandi lög bjóða upp á, þ.e. þriggja daga regluna og það muni frekar leiða til þess að fyrirtæki loki í lengri tíma. Ég hefði haft hug á því að hæstv. ráðherra svaraði því hvort þessi lagasetning gæti leitt til þess að fiskvinnslur sem glíma við erfiðleika vegna hráefnisskorts muni frekar loka í lengri tíma og þá muni jafnvel kostnaðurinn verða enn meiri en er við núgildandi lög.

[12:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ítrekað hefur komið fram í máli mínu í dag þá tel ég að með þeim breytingum sem hér er lagt til að verði gerðar á þessum lögum sé ekki verið að kollvarpa því kerfi sem í gildi hefur verið og að ekki sé um grundvallarbreytingar að ræða.

[12:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér virðist hafa komið fram í máli hæstv. ráðherra að hann vilji leita samráðs við verkalýðshreyfinguna um þau atriði sem frv. þetta snertir. Hann vill leita samráðs við verkalýðshreyfinguna um ákvæði í öðrum lögum frá 1959, sem var breytt aftur 1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Ég tel að það þurfi að fella niður þá grein, 3. gr., og ég hygg að það hafi ekki verið skoðað í tengslum við að setja þetta frv. saman. Ég held að við þurfum líka að skoða hvort þetta sé ekki úrelt ákvæði og hvort um sé að ræða ákvæði sem stangast á við það jafnræði sem við viljum að fólk búi við og getið er um í stjórnarskránni, að það gildi einhver sérákvæði um fiskvinnslufólk.

Af því að sá vilji hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra vil ég spyrja hann hvort hann sé ekki reiðubúinn til að fresta afgreiðslu á þessu máli fyrir jól þannig að eðlilegt svigrúm gefist til að ræða við verkalýðshreyfinguna í heild og breidd

um þetta mál með það í huga að ná samkomulagi um breytingar sem hugsanlega eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir misnotkun á þessum lögum. Þannig mundu menn afgreiða þetta mál í fullu samkomulagi við verkalýðshreyfinguna út frá réttum forsendum.

Að vísu skil ég ekki hvernig hæstv. ráðherra ætlar að ná fram tugmilljóna króna sparnaði án þess að það komi niður á kjörum fiskvinnslufólks. Það þyrfti t.d. að ræða við verkalýðshreyfinguna. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann væri reiðubúinn til samkomulags um að fresta afgreiðslu þessa máls fram yfir jólin þannig að svigrúm gefist til að ræða við verkalýðshreyfinguna um breytingar á þessum lögum.

[12:17]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég hef áður sagt við umræðuna tel ég að ástæða kunni að vera til, ef verkalýðshreyfingin óskar þess, að setjast sérstaklega yfir það verkefni að endurskoða þau lög sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert að umtalsefni. Ég tel hins vegar að þetta sé sitt hvort verkefnið og tel að við eigum að sammælast um að afgreiða frv. sem hér hefur verið lagt fram sem lög frá Alþingi.

[12:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra er greinilega staðráðinn í að keyra þetta mál í gegnum þingið með þeim stutta fyrirvara sem við höfum gagnrýnt. Það er miður. Ég tel ótvíræð tengsl á milli þeirrar lagagreinar sem ég nefndi, úr öðrum lögum sem ráðherrann er tilbúinn að láta endurskoða í heild sinni, og þessa frv.

En úr því að ráðherrann er svo ákveðinn í að afgreiða þetta mál fyrir jólahlé þá spyr ég hann hvort hann sé tilbúinn, á þeim fáu dögum sem eftir lifa, að kalla sérstaklega til sín fulltrúa Starfsgreinasambandsins og aðila vinnumarkaðarins út frá þeim markmiðum sem við höfum verið að lýsa, þ.e. að ná fram breytingum á lögunum sem sniðu af þá ágalla að hægt sé að misnota þessi lög. Aðilar málsins kæmu að þessu borði á þeim skamma tíma sem við höfum fram að jólaleyfi og í störfum okkar í félmn. væri hægt að taka mið af því, ef hæstv. ráðherra nær samkomulagi við verkalýðshreyfinguna um breytingar sem allir aðilar eru sáttir við.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn til að kalla á sinn fund þá aðila sem við þessa löggjöf eiga að búa, á þeirri forsendu og með það að markmiði að kjör fiskvinnslufólks verði ekki rýrð eða atvinnuöryggi þess stefnt í hættu heldur einungis fyllt í þær glufur í lagasetningunni sem bjóða upp á misnotkun á ákvæðum laganna?

[12:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að ræða við verkalýðshreyfinguna um öll þau framfaramál sem við getum náð saman um og hef reyndar átt ágætt samstarf við verkalýðshreyfinguna um mörg ágæt mál. (Gripið fram í.) Hins vegar tel ég að þessi tvö mál séu ekki tengd með þeim hætti sem hér hefur verið rætt og legg áherslu á að það mál sem hér er til umræðu fái þá þinglegu meðferð sem það á skilið.

[12:20]

Mörður Árnason:

Forseti. Það vekur nokkra athygli hversu þögull hæstv. félmrh. er um undirbúning þessa máls og hugsanlegt framhald á því. Hann hefur í umræðunni verið spurður í þaula um það hvaða samráð hann hafi haft við þá sem tengjast þessu máli mest, fyrir utan almenning og þingmenn, annars vegar forustumenn fiskvinnslustöðvanna og hins vegar forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, sérstaklega þá sem eru í forsvari fyrir fiskvinnslufólk.

Ekki er hægt að skilja ráðherrann öðruvísi en að ekkert samráð hafi verið haft við atvinnurekendur og launamenn í þessu efni og ekkert samráð eigi að hafa. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef það er misskilningur minn. En mér heyrist, t.d. af andsvörum hans við ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að hann hyggist ekki taka neins konar frumkvæði að því að kalla til forustumenn verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda um þetta mál meðan það er til meðferðar í þinginu en sé hins vegar almennt og ótímabundið reiðubúinn til samræðna við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur og hvern sem er um almenn framfaramál í samfélaginu, þ.e. reiðubúinn til að taka þátt í einhvers konar málfundum um landsins gagn og nauðsynjar, sem er auðvitað lofsvert út af fyrir sig. Þetta bið ég hæstv. ráðherra að leiðrétta, hafi þetta verið misskilningur minn.

Í öðru lagi, forseti, hefur hæstv. félmrh. við þessa umræðu ekki svarað endurteknum spurningum um tilgang frv. Hann hefur sjálfur haldið því fram að tilgangur frv. sé að auka skilvirkni og eftirlit í því máli sem um er að ræða.

Hann hefur einnig sagt, sem er athyglisvert orðalag, að það leiki nokkur grunur á því að fyrirtæki hafi misnotað ákvæði í þeim lögum sem hér er verið að breyta. Auðvitað er það þannig þegar þingmaður, hvað þá ráðherra, segir slíkt í ræðustól Alþingis um menn úti í samfélaginu, sem geta hér ekki borið hönd fyrir höfuð sér, að honum er skylt að ræða þetta mál frekar og skýra fyrir þingheimi og þjóðinni hvernig þessi misnotkun fer fram. Honum ber að skýra hvaða grunur leiki hér á, hvort hér er verið að brjóta lögin og af hverju lögregla eða aðrir eftirlitsmenn hafi þá ekki farið í það mál. Hér er höndlað með fé almennings, greiðslur skattborgara í ríkissjóð, og það er skylda framkvæmdarvaldsins, ráðherra sem hér situr í hliðarsal og ræðir við embættismenn sína, að fylgjast með því að þeim peningum sé vel varið. Það er skylda framkvæmdarvaldsins að sletta ekki fram einhverjum dylgjum heldur að rökstyðja mál sitt þegar hann fjallar um forustumenn fiskvinnslunnar í landinu. Það bið ég hann að gera.

Ég hef áður heyrt grunsemdir af þessu tagi. Þær hafa ekki komið úr ræðustól Alþingis heldur verið nefndar í blöðum eða einkasamræðum og eru alvarlegt mál. Ef það er það sem ráðherra meinar með þessu frv., að moka í einhverjar gryfjur í lögunum sem geta valdið þessum brotum sem hann sakar forustumenn fiskvinnslunnar í landinu um, þá er sjálfsagt að hjálpa honum til þess. En hann verður þá að skýra okkur frá því hvaða gryfjur þetta eru, hvernig menn hafa nýtt sér þær til að brjóta af sér með þessum hætti, hvort hann hefur dæmi um það og hvernig á því stendur að hann hefur ekki sent þær ábendingar til lögreglunnar sem á að höndla með lögbrot í landinu og koma hinum meintu brotamönnum í hendur dómstólum.

Það vekur hins vegar athygli að hæstv. félmrh. hefur ekki fjallað neitt um þær spurningar sem beint hefur verið til hans um tilgang þessara lagabreytinga sem sprottnar eru af fyrstu efnisgrein greinargerðarinnar við lagafrv., athugasemdum við lagafrumvarp þetta, eins og þar stendur. Vegna þess að þetta virðist ekki hæstv. ráðherra ljóst þá hlýt ég að lesa þessa grein alla, sem ég reyndi að tæpa á áðan í stuttu andsvari.

Þá hefði mér nægt það svar sem félmrh. hefði getað veitt ef honum hefði þóknast að gera það. En nú gefst frekari tími til umræðu hér og ég skal lesa hana alla.

Fyrsta efnisgreinin er svona, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Að venju byggist síðarnefnda frumvarpið meðal annars á ákveðnum forsendum um tekjur og gjöld sem taka mið af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum."

Þetta frv. er sem sagt bein afleiðing af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum.

Svona heldur þetta áfram:

„Í fjárlagafrumvarpi er stefnt að samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs ..."

Ég endurtek: samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs. Þetta frv. sem hæstv. félmrh. flytur er því flutt undir þeim gunnfána að draga skuli saman í útgjöldum ríkissjóðs, herra forseti. Það á að draga saman í útgjöldum ríkissjóðs og þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég held áfram með 1. kafla greinargerðarinnar:

„... en mikilvægt er að hann" — þ.e. samdráttur í útgjöldum ríkissjóðs — „megi fram ganga í því skyni að viðhalda stöðugleika og treysta stöðu efnahagslífsins." — Þetta eru ljóðrænar klisjur sem hafðar eru í öllum frumvörpum um þessar mundir.

Ég held áfram að vitna í 1. kafla athugasemdanna:

„Þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með frumvarpi þessu" — og ég vek athygli á því sem eftir kemur — „eru liðir í þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum."

Þetta segir ríkisstjórnin hæstv. um tilgang frv., að þetta sé stoðfrumvarp við fjárlagafrv. þar sem stefnt er að samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs og að þær breytingar sem lagðar eru til með frv. séu liðir — liðir í fleirtölu — í þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Virðulegi forseti. Það er ágætur siður, sem ég hef komið mér upp, þegar maður byrjar að kynna sér stjórnarfrumvörp að lesa umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þar er sem betur fer ekki aðeins um það að ræða að fjárlagaskrifstofan meti þann kostnað sem frv. hefur í för með sér heldur fer hún aðeins yfir frv. og gefur því ofurlítinn efnislegan útdrátt til að geta metið þennan kostnað. Ég nota þær umsagnir stundum, og kannski aðrir þingmenn, sem eins konar inngang, eins konar útdrátt úr frumvarpinu.

Það er fróðlegt að sjá hvað fjárlagaskrifstofa fjmrn. segir um hið meinta eftirlit og skilvirkni sem hæstv. félmrh. telur að sé megintilgangur þessa frv.

Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, forseti sæll, um það frv. sem hér hefur verið lagt fyrir er svona, með leyfi forseta:

„Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks" — er fyrirsögnin. Síðan segir:

„Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 en þar er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Lagt er til að heimilt verði að greiða dagpeninga fyrir starfsmann sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar allt að 20 greiðsludaga í stað 30 og aldrei lengur en 30 greiðsludaga í stað 60 á hverju almanaksári. Enn fremur er lagt til að dagpeningar verði ekki greiddir fyrir tvo fyrstu daga hvors árshelmings."

Ég geri hér smáhlé á tilvitnuninni. Hér kemur mjög skýrt fram hvernig á að draga saman í útgjöldum ríkissjóðs og hvernig á að fylgja fram þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Jú, hlutur hæstv. félmrh. í þessu göfuga starfi ríkisstjórnarinnar er sá að greiða dagpeninga fyrir starfsmann sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar aðeins í 20 greiðsludaga í stað 30 — það er sem sé mikill samdráttur í útgjöldum ríkissjóðs — og aldrei lengur en 30 greiðsludaga í stað 60 á hverju almanaksári. En þar næst einmitt fram hið göfuga markmið ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Næst kemur í umsögn smákafli um skilvirkni og eftirlit og hann er svona, með leyfi forseta:

„Þá eru lagðar til" — ég vek athygli á orðalaginu „þá". Þetta orðalag er sérstaklega notað í íslensku ritmáli til þess að koma að aukaatriðum, koma að efni sem er svona utan við aðalefni og meginkjarna þess máls sem um er rætt. — „Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem skýra þær reglur er gilda um tilkynningu og umsókn fyrirtækja er rétt eiga á greiðslum samkvæmt lögunum og breytingar sem leiða til aukins eftirlits."

Það er sem sé í þriðja eða fjórða lagi svona meðfram því að fylgja fram markmiðum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum sem hæstv. félmrh. hefur tekist að skjóta inn nokkrum breytingum sem skýra þær reglur er gilda um tilkynningu og umsókn fyrirtækja er rétt eiga á greiðslum samkvæmt lögunum og um breytingar sem leiða til aukins eftirlits.

Síðan kemur hin gullvæga lokasetning um samdrátt í ríkisútgjöldum með því að fækka greiðsludögum fyrir starfsmann sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar úr 30 í 20 og um sparnaðinn sem felst í því að aldrei skuli borgaðir meira en 30 greiðsludagar í stað 60 sem áður voru. Og það er svona frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, virðulegi forseti:

„Gert er ráð fyrir að frumvarpið ásamt auknu eftirliti leiði til lækkunar útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nemur um 65–70 millj. kr. á ári."

Það er hið mikla herfang sem hæstv. félmrh. getur komið með, hreykinn og glaður, í Stjórnarráðið eftir að hafa farið með þetta frv. og fengið þann tilskilda meiri hluta sem hér stendur ráðherrum alltaf til reiðu á þinginu, sama hvað þeir bera fram, hversu nánasarlegir og smáskitlegir þeir eru í að fylgja markmiðum sínum um samdrátt ríkisútgjalda þegar kemur að öryrkjum og atvinnulausum og fiskvinnslufólki. Það eru 65–70 millj. kr. sem á sem sé að fá með því að fækka dögunum úr 60 í 30, virðulegi forseti, greiðsludögum þess starfsmanns sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar og að hafa þá aldrei — ja, það er best að ég lesi þetta aftur, af því að ég er nú farinn að ruglast í þessu, úr umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Lagt er til að heimilt verði að greiða dagpeninga fyrir starfsmann sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar allt að 20 greiðsludaga í stað 30 og aldrei lengur en 30 greiðsludaga í stað 60 á hverju almanaksári."

[12:33]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Flestum spurningum hv. þm. Marðar Árnasonar hefur þegar verið svarað við þessa umræðu.

Hvað varðar hins vegar þau orð mín, sem hv. þm. gerir að umtalsefni, að nokkur grunur leiki á að sum fyrirtækjanna hafi litið á það sem sjálfsagðan hlut í rekstri sínum að sækja um greiðslur úr sjóðnum meðan flest þeirra hafi kosið að sækja í hann í samræmi við tilgang laganna, er það að segja að þessi ályktun, hæstv. forseti, er dregin af því að með auknu eftirliti Vinnumálastofnunar með framkvæmd laganna á undanförnum missirum hefur það gerst að ásókn í þessar greiðslur hefur minnkað að nokkrum mun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (aldurstengd örorkuuppbót). — Þskj. 574.

[12:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að stíga fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Þetta er gert í fullu samræmi við samkomulag sem handsalað var við forustumenn Öryrkjabandalags Íslands hinn 25. mars sl.

Samkomulagið var gert í framhaldi af formlegum og óformlegum viðræðum heilbr.- og trmrh. og forsvarsmanna Öryrkjabandalags Íslands. Viðræðurnar höfðu staðið í u.þ.b. heilt ár eða frá því í febrúar 2002. Í þeim viðræðum lagði Öryrkjabandalagið sérstaka áherslu á að sérstaða þeirra sem yngstir eru metnir öryrkjar yrði bætt. Þetta samkomulag var einnig gert í tilefni Evrópuárs fatlaðra.

Samkvæmt samkomulaginu var lagt til að skipaður yrði starfshópur sem gera ætti endanlegar tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar og útfæra með því samkomulagið endanlega sem taka á gildi 1. jan. 2004. Markmið starfshópsins var sömuleiðis að auka möguleika öryrkja til atvinnuþátttöku.

Í samkomulaginu sem handsalað var var gert ráð fyrir að starfshópurinn skyldi miða störf sín við framangreint samkomulag sem fól í sér eftirfarandi meginþætti:

Að stíga fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Að tryggja að þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fengju þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins sem nemi allt að tvöföldun grunnlífeyri.

Að tryggja að þeir sem verði öryrkjar síðar á lífsleiðinni fengju hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri þannig að þeir sem verði öryrkjar 67 ára fengju grunnlífeyri sem næmi sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins og hækkunin kæmi til framkvæmda 1. jan. 2004.

Í samkomulaginu fólst sömuleiðis að starfsendurhæfing öryrkja verði efld og taki mið af þeim margvíslegu möguleikum sem nú hafa skapast með breyttum atvinnuháttum. Er þetta gert til að ýta undir og opna möguleika öryrkja til að taka þátt í atvinnulífinu á sínum forsendum. Samkomulagið fól líka í sér það sem menn vilja gleyma, vitandi eða óafvitandi, þá samþykkt ríkisstjórnarinnar að kostnaður við breytingarnar skyldi verða um einn milljarður kr. Virðulegi forseti. Þetta eru staðreyndir þessa máls.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um almannatryggingar og gerir ráð fyrir nýrri 15. gr. í lögin sem fjallar um aldurstengda örorkuuppbót sem greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri, fullan slysaörorkulífeyri og endurhæfingarlífeyri. Aldurstengda örorkuuppbótin lýtur sömu reglum og örorkulífeyrir varðandi búsetutíma, örorkumat og skerðingu vegna tekna. Fjárhæð uppbótar miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki eða uppfyllti skilyrði endurhæfingarlífeyris. Gert er ráð fyrir að mánaðarleg fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar verði hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri, þ.e. hlutfall af 20.630 kr. og miðist við fæðingardag. Er hlutfallið 100% þegar öryrki er 18 og 19 ára en lækkar frá 20 ára aldri til og með 66 ára.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. jan. 2004 og gildi um umsóknir sem berast Tryggingastofnun ríkisins eftir þann tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem sótt hafa um eða fá greiddan örorkulífeyri, fullan slysaörorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins við gildistöku laganna, fái aldurstengda örorkuuppbót án þess að þurfa að sækja sérstaklega um uppbótina hjá stofnuninni.

Að lokum er gert ráð fyrir að eftir 1. júlí 2004 verði lagt mat á það hvernig til hafi tekist við að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Kostnaður ríkissjóðs af frv. verður samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um einn milljarður kr. og því til viðbótar er um 10 millj. kr. tímabundinn kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins við að innleiða hinn nýja lífeyri.

Virðulegi forseti. Hér er verið að stíga stærsta framfaraspor í málefnum öryrkja sem stigið hefur verið um langt árabil. Það er því mjög miður að reynt skuli hafa verið að snúa þessum sigri öryrkjanna upp í það sem ég hef kallað svikabrigsl. Þetta eru ein mestu framfaraspor í málefnum öryrkja vegna þess að hér er verið að innleiða kerfisbreytingu þar sem sérstakt tillit er tekið til þess hvenær menn verða öryrkjar. Sú viðurkenning og þeir fjármunir sem renna til þessa hóps, sem hefur goldið örorku sinnar, er í sjálfu sér stórt skref fram á við í réttindabaráttu öryrkja. Sú hugmyndafræði að miða bæturnar í dag við greiningaraldur öryrkjans er réttlát og með þeirri hugmynd er lagður grunnur að bættum hag öryrkja til framtíðar á grundvelli þess hvenær hann eða hún var greind öryrki.

Þetta er líka framfaraspor vegna þess að í kerfisbreytingunni felst að rofin eru hin sjálfvirku tengsl sem lengi hafa verið milli þeirra bótafjárhæða almannatrygginga sem runnið hafa nokkuð jafnt til elli- og örorkulífeyrisþega í landinu. Kerfisbreytingin felur með öðrum orðum í sér að nú tekst okkur að lyfta grettistaki fyrir tiltekinn hóp þeirra sem illa standa í stað þess að dreifa takmörkuðum fjármunum til allra. Þetta gerum við vegna þess að það liggur í augum uppi. Aðstæður þeirra sem greinast öryrkjar á unga aldri eru nefnilega í öllum atriðum frábrugðnar aðstæðum þess sem hefur verið virkur á vinnumarkaði allt sitt líf.

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að hafa þetta hugfast þegar við ræðum þetta samkomulag. Þegar við formaður Öryrkjabandalags Íslands byrjuðum að ræða saman um hvernig bæta mætti hag öryrkja sérstaklega þá byrjuðum við á núllpunkti. Við byrjuðum á núllpunkti og enduðum í milljarði að þessu sinni. Sá árangur er sigur að mínu mati en ekki svik. Ég hafði áður lýst því yfir að ég vildi bæta samskiptin við Öryrkjabandalagið af því að mér er ljóst að þeirra tæki eru takmörkuð í réttindabaráttunni. Þetta er ástæðan fyrir því að formaður Öryrkjabandalagsins og ég fórum að tala saman og þetta varð niðurstaðan.

Það hefur verið ríkur vilji til þess síðustu missirin að bæta hag öryrkja og það getur enginn haldið öðru fram en að hagur þeirra hafi vænkast verulega og er afar brýnt að menn hugsi um þetta samhengi þegar þeir ræða um þann milljarð sem nú rennur til öryrkja og mest til þeirra sem metnir voru ungir öryrkjar.

Virðulegi forseti. Hvað erum við að tala um hér? Hvernig hafa kjör öryrkja breyst og hvernig verða þau að þessu frv. samþykktu?

Það er talað um að ég hafi svikið öryrkja og að við framsóknarmenn höfum svikið þá. Hvað eru menn þá að tala um? Förum aðeins yfir dæmi um 75% öryrkja sem er greindur öryrki 18 ára gamall til að varpa ljósi á þá miklu breytingu sem verður á hag þessa hóps.

Á árinu 2000 var 75% öryrki sem er 18 ára gamall með 72.855 kr. á mánuði í bætur. Ári síðar var hann með 80 þús. kr. í bætur. Árið 2002 var þessi upphæð tæpar 90 þús. kr. Í ár erum við að tala um 98 þús. kr. og eftir 1. janúar, eða þegar frv. verður að lögum, þá erum við að tala um stökk upp í 126 þús. kr. á mánuði. Það er þetta samhengi sem við erum tala um. Við erum að tala um beina hækkun bóta í þessu sambandi upp á 74% hækkun frá árinu 2000. Sami maður fær rúmlega 40% hærri bætur en hann fékk árið 2002. Við erum að tala um að þessi bótaflokkar hafi hækkað um 58% frá árinu 2001 og við erum að tala um að þeir hafi hækkað um 74% frá árinu 2000.

Virðulegi forseti. Að mínu mati er þetta sigur fyrir öryrkjann. Þetta er sigur fyrir öryrkjana sem greindir voru öryrkjar á unga aldri.

Virðulegi forseti. Það eru ekki aðeins bótaflokkarnir sem hér um ræðir sem hafa verið hækkaðir. Fyrir utan þær miklu breytingar hefur á sama tíma verið dregið verulega úr áhrifum atvinnutekna á bætur þess hóps sem við erum hér m.a. að tala um.

Frá miðju ári 2001 skertu aðeins 60% af tekjum öryrkja tekjutrygginguna en skerðingin var áður krónu fyrir krónu. Breytingin gagnaðist sérstaklega þeim sem höfðu einhverjar atvinnutekjur. Frá 1. janúar í fyrra var hagur þessa hóps enn bættur þegar hlutfallið var enn lækkað í 45%. Í þriðja lagi var enn dregið úr skerðingu bótanna þegar áhrifin á tekjutryggingaraukann voru lækkuð í 67% í 45%. Hér eru þrjár aðgerðir sem bæta hag öryrkjanna enn frekar og enn umfram þær miklu prósentutölur sem ég nefndi.

Virðulegi forseti. Ég hef tekið sterkt til orða um það hve grábölvað mér þykir, sem tryggingaráðherra, að sitja undir svikabrigslum í ljósi þessara staðreynda, og mér sem ráðherra í ríkisstjórn sem hefur beitt sér fyrir þessum miklu breytingum þykir afar leitt að þurfa að standa í þeim flokkspólitíska slag sem rekinn hefur verið innan og utan Alþingis síðustu dagana.

Þær miklu hækkanir sem ég hef gert hér að umtalsefni og breytingin á kjörum öryrkja kom líka fram sem umtalsverð kaupmáttaraukning bóta umfram kaupmátt launa. Ef við tökum valdatíma okkar framsóknarmanna í ríkisstjórn og trmrn. þá hefur vísitala allra bóta hækkað um 46% frá árinu 1995 á móti 34% hækkun kaupmáttar launa. Ef við skoðum málið síðustu missiri hefur kaupmáttur launa aukist um 10% frá árinu 2000, bætur grunnlífeyris og tekjutryggingar hafa hækkað nokkuð umfram kaupmátt launa en kaupmáttur allra bótaflokka örorkulífeyrisþegans sem hér er tekinn sem dæmi og verst stendur hefur aukist um rúmlega 24% samkvæmt tölum fjmrn. Þetta er fjórðungshækkun kaupmáttar þessara bóta síðustu missiri, breyting langt umfram kaupmátt launa og enginn trmrh., engin ríkisstjórn í seinni tíð getur státað af árangri á borð við þennan. Ég kalla þetta ekki svik. Ég kalla þetta sigur fyrir öryrkja og ég hygg að flestir muni túlka það þannig þegar frá líður.

Það hefur verið seilst langt til að koma höggi á heilbr.- og trmrh. í þessu máli að mínu mati. Það hefur verið gert með því að reyna að telja mönnum trú um hugmyndir sem reifaðar voru á undirbúningsstigi málsins, að það hafi verið undirritað samkomulag, að einhliða túlkun talsmanna öryrkja áður en farið var að ræða útfærslu málsins, sérsamkomulagið, að útreikningur á þessum hugmyndum sé hið eina rétta kostnaðarmat og svo mætti lengi telja. Það hefur verið snúið út úr þessu máli á alla enda og kanta eins og þjóðin hefur getað fylgst með undanfarið. Mér finnst það mjög miður. Ég undirstrikaði sérstaklega eftir að samkomulagið var gert að það ætti eftir að útfæra það í krónum og aurum. Ég sé það nú að mestu mistök mín í málinu, bæði gagnvart samstarfsmönnum mínum og öryrkjunum sjálfum, sem ég hef sérstaklega í huga í þessu sambandi, eru kannski þau að hafa ekki gengið frá öllum lausum endum í málinu í upphafi. Ég viðurkenni að það hefði mátt standa öðruvísi að málinu tæknilega en það breytir því ekki að sérstakur starfshópur átti að útfæra samkomulagið og þann starfshóp skipaði ég 6. maí. Starfshópurinn fékk það hlutverk að útfæra hina endanlegu tæknilegu útfærslu málsins. Hann fékk það hlutverk m.a. að kanna hvort aldurstengdar greiðslur ættu líka að ná til endurlífeyris, til slysaörorkulífeyris, hvort það skyldi vera fyrsta örorkumat eða örorkumat endurhæfingarlífeyris sem ráða ætti því hvenær viðkomandi teldist öryrki eða hvernig aldurstengingin yrði útfærð. Það er afar mikilvægt að halda því til haga vegna þess að forsendurnar skipta öllu máli um útkomuna úr því reikningsdæmi sem að endingu verður sett upp til að meta endanlegan kostnað við samkomulagið.

Það skiptir t.d. máli hvort miðað er við 10 ára aldursbil, 5 ára aldursbil eða að auka framlagið til yngstu öryrkjanna ár fyrir ár. Það liggur í hlutarins eðli að þegar við reiknum í öllum atriðum með því sem hagstæðast er fyrir öryrkjann verður kostnaðurinn meiri. Það segir sig sjálft og almennt séð held ég að allir vildu gera það. En í þessum áfanga höfðum við rúman milljarð til skiptanna og ekki meira. Þar við situr að sinni.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að halda því fram að allt hafi verið klappað og klárt þegar starfshópurinn tók við sem átti að útfæra samkomulagið þann 6. maí. Útreikningar sem gerðir voru í febrúar og apríl hafa í þessu sambandi enga merkingu þar sem samkomulagið var óútfært af starfshópnum og hér mátti ekki gleyma því að samkomulagið átti að kosta rúman milljarð kr. Við töluðum um rúman milljarð vegna vitneskjunnar um að kostnaðarútreikningarnir eru í

fyrsta lagi háðir forsendum sem menn gefa sér og í öðru lagi er kostnaðurinn háður upplýsingum um hvenær menn eru fyrst greindir öryrkjar. Á því hvílir reiknimerkið. Í þessu sambandi þarf ekki annað en vitna til þess sem Tryggingastofnun ríkisins vekur athygli á þegar hún er beðin að útfæra leið A, B eða D. Hvað segir Tryggingastofnun? Hverjir eru fyrirvararnir við útreikningana sem hv. þm. Helga Hjörvar og öðrum talsmönnum stjórnarandstöðunnar utan þings og innan, þeim sem hafa rætt um málið hér er fullkunnugt um? Tryggingastofnun segir orðrétt í flestum kostnaðarmötum sínum, með leyfi forseta:

„Athuga ber að niðurstöðu þessa verður að skoða í því ljósi að gögn um aldur öryrkja við fyrsta 75% örorkumat eru enn ekki yfirfarin nema að litlum hluta og skapar það því ákveðna óvissu í kostnaðarútreikningi."

Þetta er hinn almenni fyrirvari um kostnaðarútreikninginn frá Tryggingastofnun ríkisins. Gögn um aldur öryrkja við fyrsta 75% örorkumat eru aðeins yfirfarin að hluta og skapa því óvissu um kostnaðarútreikninginn.

Af hverju kjósa þeir sem vita mest og best að útreikningar samkomulagsins hvíla einmitt á aldursákvörðuninni að byggja málflutning sinn á því að hér sé um einfalt reikningsdæmi að ræða þrátt fyrir þessa yfirlýstu fyrirvara?

Virðulegi forseti. Ég endurtek að aldrei hefur hagur þess hóps öryrkja sem við vildum ná til sérstaklega verið bættur eins og nú er gert með þeim milljarði sem á að verja til þessarar réttarbótar. Ég ítreka að gefnu tilefni að samkomulagið sem gert var snerist um fimm punkta.

Í fyrsta lagi var handsalað að nú yrði stigið fyrsta skrefið til að viðurkenna þá sérstöðu sem einkennir aðstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Við það er staðið með frv.

Í öðru lagi var það handsalað að þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fái umtalsverða hækkun bóta sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyris. Við það er staðið samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu.

Í þriðja lagi var handsalað að þessi breyting kæmi til framkvæmda 1. janúar 2004. Við það verður væntanlega staðið ef þetta frv. verður samþykkt í þinginu sem ég vona svo sannarlega að verði áður en við ljúkum þinginu fyrir jól.

Í fjórða lagi var handsöluð sú mikla kerfisbreyting til framtíðar sem ég skýrði hér að framan. Við hana er staðið í þessu frv.

Í fimmta lagi var handsalað að breytingin skyldi kosta rúman milljarð kr. Við það er einnig staðið. Ég vísa því yfirlýsingum um að ég hafi svikið þetta samkomulag alfarið á bug. Ég er að tala um yfirlýsingar talsmanna þeirra félagasamtaka sem auglýst hafa núna undanfarið gegn mér og það gildir um stjórnarandstæðinga innan þings og utan sem hafa vænt mig um svik í þessu efni.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta frv., þetta samkomulag er sigur fyrir öryrkja. Það er risaskref í þeirra réttindabaráttu en þeirri réttindabaráttu lýkur auðvitað ekki með þessu skrefi. Hún heldur áfram og ég hef sagt það að ég vonist til þess að þegar stormurinn gengur yfir og menn fara að greina þetta mál í réttu samhengi, sjái menn hversu mikill sigur þetta er.

[12:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar eru meðallaun Íslendinga 250 þús. kr. núna. Það er sem sagt fjöldi manna með 300 þús. kr. á mánuði. Það fólk, samkvæmt upplýsingum á heimasíðum nokkurra lífeyrissjóða, fær um 60% af launum sem lífeyri, sem sagt 200 þús. kr. Þrítugur öryrki með 200 þús. kr. í lífeyri plús 25 þús. kr. fyrir hvert barn, fær 12 þús. kr. til viðbótar samkvæmt þessu samkomulagi. Finnst hæstv. ráðherra það eðlilegt?

Önnur spurning: Telur hæstv. ráðherra að endurtekin atlaga og árásir Öryrkjabandalagsins kunni að slæva vilja stjórnvalda og skattgreiðenda til að bæta kjör öryrkja í framtíðinni?

[12:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók það skýrt fram í framsöguræðu minni að frv. sem hér er flutt er til þess að bæta hag yngstu öryrkjanna sem hafa ekki unnið sér inn lífeyrisréttindi. Það kunna að vera einhver dæmi um meiri tekjur en það breytir ekki því megininntaki frv. að það er verið að bæta hag þeirra sem verst eru settir.

Ég tel mig hafa svarað seinni spurningunni í lok ræðu minnar. Réttindabarátta öryrkja heldur áfram. Þessi stormur gengur yfir og ég vonast til þess að við getum unnið með Öryrkjabandalaginu í framtíðinni og ég tel það einboðið.

[12:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þar sem lífeyrir frá lífeyrissjóðum skerðir ekki örorkulífeyri frá Tryggingastofnun né þessa uppbót sem hér er gert ráð fyrir, þá er þessu gusað á alla öryrkja alveg sama hvaða lífeyri þeir hafa, líka hátekjulífeyrisþega sem eru þó nokkrir eins og ég nefndi. Í stað þess að bæta þar sem er raunverulegur vandi, hjá fólki sem ekki fær framreikning í lífeyrissjóði og hefði mátt láta fá 20 þús. kr. hvern einasta. Það hefði verið miklu ódýrara og miklu sanngjarnara og miklu betri lausn og ég mun vinna að því í heilbrn. þar sem þetta mál fer til umræðu að fá þessu breytt í þá veru. Þá fer kostnaðurinn úr milljarði niður í sennilega 500 millj. (**ÖJ**: Sjálfstfl. talar.)

[12:57]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál snýst ekki um það hvort öryrkjar hafa há eða lág laun eins og hv. þm. Pétur Blöndal lætur í veðri vaka heldur snýst þetta mál um hvort orð skuli standa. En mig langaði að spyrja um þessa skerðingartöflu sem fylgir frv.: Hver útbjó þessa töflu sem fylgir 2. gr. og hvenær sá hæstv. heilbrrh. þessa töflu fyrst? Vegna þess að hann ræddi um að hann hefði verið í samstarfshópi með öryrkjum um útfærslu á þessum tillögum og þessum samningi svokölluðum sem virðist ekki halda nokkuð, þá vil ég spyrja hann hvort hann hafi kynnt þessa nýju töflu fyrir öryrkjum.

[12:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Framlagning frv. er á mína ábyrgð. Taflan er unnin í mínu ráðuneyti og Öryrkjabandalaginu var kunnugt um það að ég mundi leggja frv. svona fram. Ég tilkynnti þeim það að sjálfsögðu. En hins vegar láðist mér áðan í framsöguræðu minni að biðja um að frv. yrði vísað til heilbr.- og trn. og ég vona að það brjóti ekki í bága við þingsköp að gera það hér með.

[12:59]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú höfum við fengið að heyra það að þessi tafla hafi verið unnin í heilbrrn. og á ábyrgð hæstv. heilbrrh. Þá er önnur spurning: Hver ber ábyrgðina á töflunni frá því í

apríl sl. sem sýnir að það skuli greiða öryrkjum 500 millj. kr. hærri upphæð en samkvæmt töflunni sem fylgir þessu frv.? Er það líka á ábyrgð hæstv. ráðherra? Ber hann einhverja ábyrgð á þeirri töflu? Það væri gott að fá skýr svör um það hver beri ábyrgðina á þeirri töflu og sérstaklega hvers vegna hún hafi ekki komið fram fyrr en löngu eftir kosningar. Var það líka gert með vilja hæstv. heilbrrh.?

[13:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi ekki hlustað nógu vel á framsöguræðu mína. Ég rakti undirbúning þessa máls í framsöguræðunni. Ég rakti að þarna (Gripið fram í.) hefðu menn verið að velta fyrir sér ýmsum hugmyndum. Það var ákveðið að skipa starfshóp og ég gerði það 9. apríl. Hins vegar gengu hugmyndir á milli ráðuneytisins og Tryggingastofnunar áður til undirbúnings því starfi. Þau mál liggja skýrt fyrir. Það er alveg ljóst og það kom fram í framsöguræðu minni hvernig að því var staðið.

[13:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hófst skattlagning á lífeyrisþega, á strípaðar bætur lífeyrisþega þannig að allir þeir sem eru bara með lágmarkslífeyri borga af honum skatt. Í dag er það svo og því spyr ég hæstv. ráðherra. Hann er að setja 1 milljarð í viðbótarörorkuuppbót. Má ekki segja að þegar búið er að taka skattinn af því þá séu um 400 millj. að koma aftur í ríkissjóð af þessum milljarði þannig að raunútgjöld ríkissjóðs vegna þessara breytinga séu ekki nema um 600 millj.? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefði hann ekki getað staðið við útreikninginn sem um var talað í upphafi við Öryrkjabandalagið í ljósi þess að verið er að taka 40% af þessu aftur inn í ríkissjóð í skatt?

[13:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur tekið upp umræðu um skattleysismörk undir þessu máli. Að sjálfsögðu kann að vera að þessar viðbótarbætur verði skattlagðar á einhvern hátt eins og allar aðrar bætur. En það er bara önnur umræða. Það er umræða um skattleysismörk sem hefur verið tekin hér og hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum pólitíska umræðu síðustu ára. Það er í rauninni önnur hlið á þessum teningi. Hitt finnst mér meginmálið, að bæturnar skulu hækkaðar fyrir þá sem þurfa mest á þeim að halda að mínu mati. Það finnst mér grundvallaratriðið. Síðan (Forseti hringir.) gætum við tekið umræðu um skattleysismörkin.

[13:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ljósi þessa: Hver eru raunútgjöld ríkissjóðs vegna þessa frv.? Eru þau milljarður eða eru þau 600 millj.? Hefði verið hægt að standa fyllilega við loforðið við Öryrkjabandalagið innan þess fjármagns sem hæstv. ráðherra talar um hér, milljarðinn, því að auðvitað vitum við að þetta er yfir skattleysismörkum og það er verið að taka fullan skatt af þessum greiðslum. Við skulum bara horfa á það hver eru raunútgjöld ríkissjóðs vegna þessa frv. Hversu há eru þau? Ég spyr hæstv. ráðherra. Eru þau milljarður eða eru þau eitthvað minna miðað við skattlagningu á þessu öllu saman?

[13:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek það að hér er um aðra hlið á teningnum að ræða. Ég hef ekki tölur um það í rauninni og það hefur ekki verið reiknað út hve mikið af þessum tekjum skilar sér aftur í ríkissjóð í sköttum. Ef við viljum breyta skattleysismörkum þá er það önnur ákvörðun. (Gripið fram í.) Mér finnst í rauninni meginmáli skipta og endurtek það að þarna er um verulegar hækkanir bóta að ræða og það hlýtur að koma öryrkjunum sem þrengst hafa til góða. Það er alveg ljóst. (Gripið fram í.)

[13:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að undanförnu hefur mikið verið rætt um samning ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalag Íslands. Sannast sagna hefði ég trúað að hæstv. ráðherra vildi að sú umræða væri að baki og vildi einskorða umræðuna við það frv. sem hér liggur fyrir þingi. En það er öðru nær. Þeir sem hefðu trúað því að ráðherrann mundi reyna að bera klæði á vopn vita nú hver sannleikurinn er.

Hann hefur umræðuna á því að beina hörðum skotum að forsvarsmönnum öryrkja. Hann sakar þá um að taka þátt í flokkspólitískri aðför að sér. Finnst hæstv. ráðherra það óeðlilegt þótt forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands veki athygli þjóðarinnar á því að ríkisstjórnin skuli ekki standa við gerðan samning? Það er þeirra mat og það (Forseti hringir.) er eðlilegt að þeir segi það og skýri frá því. Finnst hæstv. ráðherra það óeðlilegt?

[13:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. Ögmundur Jónasson leggi dálítið frílega út af mínum orðum vegna þess að í lok ræðu minnar sagði ég að þegar þessi stormur væri liðinn, og ég vona að hann gangi yfir, héldi réttindabarátta öryrkja áfram og ég er tilbúinn til að taka þátt í henni. Meiri árás hef ég ekki gert á Öryrkjabandalagið. En það er náttúrlega alveg ljóst að það hefur verið hart tekist á í þessu máli. Það hefur verið mikil auglýsingaherferð. Við framsóknarmenn höfum verið nefndir í þeirri herferð. En ég mun ekki láta það til frambúðar trufla mig.

[13:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þessum auglýsingum hefur verið sagt að orð skuli standa og samningar skuli virtir. Ég er ekki að leggja frílega út af ummælum hæstv. ráðherra. Hann vísaði í flokkspólitískan slag sem rekinn hafi verið innan og utan Alþingis og sagði að reynt hefði verið að snúa sigri öryrkja upp í svikabrigsl í sinn garð. Það var þetta sem hæstv. ráðherra sagði.

Nú hef ég iðulega staðið í kjarasamningum og ég veit það mjög vel að ef ekki væri staðið við tiltekin ákvæði samninga og gagnaðilinn segði að önnur ákvæði í samningunum væru svo mikils virði að við skyldum þegja um hitt þá er ég hræddur um að það kæmi svipur á einhvern. En nákvæmlega þessi eru skilaboðin til Öryrkjasambands Íslands. Það er verið að segja þessu fólki að það eigi að vera þakklátt fyrir það (Forseti hringir.) sem það fái. Meira að segja var einn þingmaður og hæstv. ráðherra svo (Forseti hringir.) smekklegur að segja að þeir skyldu biðja guð um að hjálpa sér því þeir vissu ekki hvað þeir gerðu, ættu að vera þakklátir (Forseti hringir.) og *hvað vildi þetta fólk eiginlega upp á dekk.*

[13:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt tilvitnun sem hv. þm. fór með í ræðu mína. Ég sagði að það hefði verið rætt um svik í þessu sambandi innan þings og utan. Það er alveg rétt. Í því fellst enginn sérstakur áfellisdómur á Öryrkjabandalagið. Þeir hafa verið með mikla auglýsingaherferð. Það er hluti af þeim stormi sem ég nefndi. Stormurinn er saman settur af þessari auglýsingaherferð og umræðum sem hafa verið innan þings og utan.

Ég endurtek að þarna var samkomulag um tiltekin atriði og við stöndum við það samkomulag. Ef þarna hefði verið um formlegan kjarasamning að ræða — öryrkjar gera ekki formlegan kjarasamning — hefði hann að sjálfsögðu verið undirritaður og gengið frá honum á þann hátt.

[Fundarhlé. — 13:10]

[13:32]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að það hefur verið ætlun mín hér að ræða efnislega um atriði þessa frv., gagnsemi þess og nauðsyn að ýmsu leyti, en eftir að hafa heyrt hina kindarlegu ræðu sem hæstv. heilbrrh. flutti hér við framlagningu málsins er algerlega óhjákvæmilegt að við förum bara aftur yfir samningsmálið við Öryrkjabandalagið. Ég ítreka að ég taldi að það hefði verið nóg að gert í því efni en ég skal alveg fara með hæstv. ráðherranum einu sinni enn í gegnum það.

Það var stórbrotið að fylgjast með hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsa hinum gríðarlegu lífskjörum sem öryrkjar á Íslandi búa við í valdatíð Framsfl. og þeim miklu og almennu kjarabótum sem þeir hafa notið og hvernig smjörið drýpur þar af hverju strái, þökk sé Framsfl. En þau orð og þær ræður allar, eða eintal, dæma sig auðvitað algerlega sjálfar því almenningur í þessu landi þekkir það einhvers staðar í kringum sig, af fjölskyldu sinni eða vinum og kunningjum, hver kjör öryrkjum eru og hafa verið búin. Um það hafa verið gerðar ítarlegar fræðilegar rannsóknir, m.a. af Stefáni Ólafssyni, prófessor við Háskóla Íslands, Hörpu Njálsdóttur og ýmsum öðrum fræðimönnum sem hafa varpað ágætu ljósi á þá þróun hin síðustu ár. Hversu svo sem reiknimeistararnir í heilbrrn. búa til hentug viðmiðunarár og prósentutölur fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. er það bara staðreynd málsins að Hæstiréttur Íslands hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að þau lífskjör sem hv. Framsfl. bjó öryrkjum stönguðust á við grundvallarmannréttindi, um það yrði að úrskurða og grípa til aðgerða svo að Mannréttindadómstóll Evrópu þyrfti ekki að hlutast til um að lágmarkslífskjör í landinu væru virt.

Nei, virðulegur forseti, það er ekki ástæða til að æsa sig mikið yfir þessum orðum ráðherrans og maður verður bara að hafa ákveðinn skilning á vandræðum hans eftir allan vandræðaganginn hér í aðdraganda.

Ég játa að ég átti síst af öllu von á því að heyra hæstv. heilbrrh. fara í föt Péturs Blöndals og halda hér ræður um gríðarlegar hækkanir og hin miklu lífskjör. Það vantaði bara ofurlaun öryrkjanna svo hann næði Pétri (**Gripið fram í:** Háttvirtum.) alveg fullkomlega. Og því síður átti ég von á því að hæstv. heilbrrh. færi í fötin hæstv. landbrh., Guðna Ágústssonar, og bæði hér menn um að fyrirgefa forustu Öryrkjabandalagsins framgöngu hennar í málinu. Og ég átti síst af öllu von á því að hæstv. heilbrrh. gerði formann Öryrkjabandalagsins að ómerkingi og brigslaði honum um að vera hér að ljúga um það samkomulag sem gert var í mars sl. Það var ekki hægt að skilja orð ráðherrans öðruvísi en svo að forusta Öryrkjabandalagsins væri hér með óheilindum og í einhverjum flokkspólitískum slag við ráðherrann sem væri að efna samkomulagið þvert gegn því sem Öryrkjabandalagið hefur lýst yfir. Í því efni geta bara ekki báðir verið að segja satt. Það er svo einfalt, annar hvor hefur á röngu að standa.

Og það er rétt að muna að það voru ekki hinar miklu prósentuhækkanir til öryrkja sem réðu ferð hjá Framsfl. í mars. Það voru prósentur Framsfl. því það var fyrst þegar flokkurinn var kominn niður í 8% í skoðanakönnunum í aðdraganda kosninga sem það sást færi til þess að fá inn einhverja fjármuni til að bæta kjör öryrkja. Framganga flokksins hafði fram að því verið með þeim hætti að í tvígang hefur þurft að reka þá upp í Hæstarétt til að ná fram sjálfsögðum réttarbótum fyrir öryrkja.

Virðulegur forseti. Allur málflutningur í þessu máli sýnist mér helgast nokkuð af því hvaða afstöðu menn hafa til öryrkja og til lífeyrisgreiðslna. Mér sýnist hún nokkurn veginn skiptast eftir því hvort menn líta svo á að lífeyristekjur öryrkja séu tekjur sem þeir hafa sem frjálsbornir menn í lýðfrjálsu landi á grundvelli borgaralegra réttinda sinna eða hvort menn líta svo á að hér sé um að ræða ölmusu handa þeim sem minna mega sín.

Hæstv. heilbrrh. sagði áðan: Öryrkjar gera ekki kjarasamninga. Hvernig er því þá háttað, hæstv. heilbrrh.? Það verður ekki skilið öðruvísi en svo að öryrkjar þiggi kjör sín af hæstv. heilbrrh. og þær fjárhæðir sem honum hentar að skammta hverju sinni, alveg óháð því um hvað samið var. Þessi grundvallarmunur á viðhorfi hefur auðvitað margoft áður komið fram. Hann kom margoft fram þegar fjallað var um tengingu örorkubóta við tekjur maka. Þá var í þeirri umræðu mjög tekist á um mannréttindi, um grundvallaratriði í stjórnarfari og um það hvort þeir sem verða öryrkjar eigi réttindi og geti gert kröfur. Það var álit stjórnarmeirihlutans að svo væri ekki, að menn ættu ekki sjálfstæðan rétt til lágmarksframfærslu og það þurfti Hæstarétt Íslands til að úrskurða um að þar hafði stjórnarmeirihlutinn á röngu að standa.

Sá samningur sem gerður var og handsalaður við heilbrrh. í Þjóðmenningarhúsinu 25. mars sl. var alveg skýr. Hann var um það að hér ætti þetta frv. að liggja fyrir, upp á hækkun upp á 20.600 kr. á mánuði fyrir þá sem verða öryrkjar 18 ára eða yngri og lækka síðan um 421 kr. fyrir hvert ár til 67 ára aldurs. Þessi túlkun kom fram í kvöldfréttum útvarpsins þann sama dag að afloknum blaðamannafundi hæstv. heilbrrh. og embættismanna ráðuneytisins með blaðamönnum útvarps og Morgunblaðsins og þessi skilningur og þessi útfærsla er birt í Morgunblaðinu daginn eftir og þar er m.a. þeim sem verður öryrki 56 ára tilgreint nákvæmlega hvaða bótafjárhæðar hann muni njóta þegar þetta ágæta frv. heilbrrh. muni koma fram.

Það er síðan sagt í fréttatilkynningunni að kostnaður við þetta verði rúmur milljarður. Það var ekki sagt í fréttatilkynningunni að mörkin á samkomulaginu væru að það mætti ekki fara yfir þúsund milljónir. Það var aldrei sagt neitt um það. Enda gilda efnisatriði samningsins. Og sá starfshópur sem hæstv. ráðherra fól að fara í málið og skila inn frv. lagði líka fram drög að frv. sem fólu það í sér að samningurinn

yrði efndur að $^2/_3$ nú um áramótin og $^1/_3$ áramótin þar á eftir en það frv. fékk ekki náð hjá stjórnarmeirihlutanum.

Hæstv. heilbrrh. hefur ekki viljað sýna okkur tillögur síns eigin starfshóps í málinu. Og af hverju vill hæstv. heilbrrh. ekki sýna okkur þær? Af hverju ber heilbrrn. fyrir sig upplýsingalög og neitar okkur um tillögur starfshópsins að því lagafrumvarpi sem hér átti að vera til umfjöllunar? Nú, vegna þess að það er feimnismál, af því að starfshópurinn leggur auðvitað til að samningurinn verði uppfylltur, að vísu í tveimur áföngum.

Þegar skoðaðar eru heimildir liggur fyrir að áður en samningurinn var gerður í Þjóðmenningarhúsinu var komið kostnaðarmat frá Tryggingastofnun og sömuleiðis frá formanni Öryrkjabandalagsins, í báðum tilfellum upp á rúman milljarð, og mér þætti vænt um ef hæstv. heilbrrh. upplýsti okkur um það hvaða fjárhæð var á kostnaðarmati þeirrar útfærslu sem gerð var 17. mars sl., þ.e. 10 dögum fyrir samkomulagið. Þegar svo búið var að gera breytingar frá þeirri útfærslu og fram að handsalinu í Þjóðmenningarhúsinu urðu á henni nokkrar breytingar og heilbrrn. tilkynnti Tryggingastofnun 9. apríl um samkomulagið í þeirri breyttu mynd. Svo fer embættismaður heilbr.- og trmrn. bara yfir það lið fyrir lið hvernig þetta samkomulag sé og biður um að fá útreikningana á því hvað það kostar. Þeir útreikningar koma inn í ráðuneytið 11. apríl.

Ég fullyrði, virðulegur forseti, að hæstv. heilbrrh. var alveg ljóst að kostnaðurinn við þetta samkomulag væri vel rúmlega milljarður þó að ég ætli ekki að rengja hann um hitt, að hann hafi kannski ekki séð útreikningana sjálfa fyrr en í ágúst. Það er þá mikil handvömm hjá embættismönnum heilbrrn. ef þeir kalla sérstaklega eftir útreikningum vegna þess að það liggi á þeim fyrir fjárlagagerð og liggja svo með þá á skrifborðinu sínu í nærri hálft ár.

Nei, virðulegur forseti, það er engum blöðum um það að fletta um hvað samið var. Spurningin er bara hvernig menn líta á slíkt samkomulag. Það er alveg greinilegt hvernig hæstv. heilbrrh. og stjórnarmeirihlutinn líta á það. Þetta er ekki samningur við fólk um kjör þess sem efna ber og virða eftir efni samkomulagsins og greiða fyrir það sem það kostar. Nei, þetta er velgjörningur við þá sem minna mega sín. Og hvað maður skammtar í það er undir valdsmönnunum einum komið. Um það hefur samningsaðilinn ekkert að segja því hann er ekki virtur þess að eiga neinn samningsrétt, heldur á hann allt sitt undir ákvörðunum ráðamanna sem svo segja honum rétt fyrir kosningar að þeir ætli að hækka launin hans svo og svo mikið um alla framtíð, virðulegur forseti, hækka ævikjör hans svo og svo mikið um alla framtíð, bara ef þeir kjósi þá. Þegar menn svo sýna þeim traust, handsala við þá samkomulag, álykta til stuðnings þeim aftur og aftur, og eflaust margir úr röðum öryrkja og ættingja þeirra og aðstandenda, vina og kunningja, ljá þessum góðu mönnum lið sitt koma þeir hér í ræðustól Alþingis og segja: Nei, öryrkjar gera ekki kjarasamninga. Samkomulagið sem við handsöluðum í mars ber ekki að virða nema að þeirri fjárhæð sem við töldum að það mundi þá kosta en létum að vísu ógert að segja fólki frá fyrir kosningar að hefði nokkuð breyst.

Ég held að hæstv. heilbrrh. verði að svara ýmsum spurningum sem að þessu lúta. Ein er sú hvenær það kostnaðarmat var gert sem liggur til grundvallar því frv. sem hann hefur nú lagt fram. Hvaða dagsetning er á því kostnaðarmati frá Tryggingastofnun og getum við fengið að sjá það? Var eitthvert kostnaðarmat á einhverri annarri útfærslu gert frá því í byrjun apríl og fram í nóvember? Var kostnaðarmat á einhverri annarri útfærslu gert? Virðulegur forseti. Getum við fengið að sjá tillögur starfshóps hæstv. heilbrrh. að því frv. sem hér ætti að vera til umræðu? Eða á að leyna þingið tillögum þess starfshóps sem hér hefur verið deilt um? Og af hverju á þá að leyna þingið þeim tillögum? Og hæstv. heilbrrh.: Hvenær upplýstu þeir samstarfsmenn yðar í ríkisstjórn um það hver kostnaður við þennan samning yrði? Er það rétt að því hafi verið haldið leyndu fyrir samstarfsflokknum og samstarfsmönnum í ríkisstjórn þar til í lok nóvember? Og hvernig stendur þá á því, hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson, að þér gerðuð mönnum ekki grein fyrir þeirri erfiðu stöðu sem þér voruð í að hafa samið um ákveðin skýr atriði sem reynast kosta meira en ætlað var og að þér hefðuð ekki fjárveitingu fyrir því.

En fyrst og fremst þetta: Hvers vegna fáum við ekki það frv. sem hér ætti að vera til umfjöllunar, þ.e. tillögur starfshóps hæstv. heilbrrh. sem skipaður var á grundvelli samkomulagsins. Ef virða á samkomulagið, hljóta menn að þurfa að virða tillögur þess starfshóps sem skipaður var á grundvelli þess, og það hljóta þá að vera tillögur þess starfshóps sem hér liggja fyrir. Og ég treysti því að hv. heilbr.- og trn. fái tillögur starfshópsins til umfjöllunar sem og þau kostnaðarmöt og bréfaskipti sem verið hafa, því ég tel að þau muni leiða algerlega í ljós, rétt eins og bréf heilbrrn. frá 9. apríl gerir, að það var aðeins samið um eina og aðeins eina útfærslu. Það að kostnaðurinn reyndist vera meiri en ætlað var hefur hent fyrr í samningum við ýmsa hópa í samfélaginu um kaup og kjör en samningana á samt að efna. Og stjórnarmeirihlutinn á að láta hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson hafa fjárheimildir til að efna þetta samkomulag. Svo einfalt er það.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef tækifæri til að taka til máls síðar í þessari umræðu og mun þá svara spurningum hv. þm. En aðeins eitt atriði sem mér finnst hv. þm. hafa lagt út af orðum mínum á annan veg heldur en meiningin var hjá mér, hann sagði að ég hefði sagt að öryrkjar gerðu ekki kjarasamninga. Auðvitað eru bætur kjör öryrkja, það er alveg ljóst. Og ég hef ekki gert að umræðuefni hér lífeyrisréttindi eða önnur réttindi sem öryrkjar hafa, en bætur eru kjör öryrkja, það er ljóst. En kannski, og það sagði ég líka, hefði verið betra eftir á að hyggja að hafa form á samkomulaginu öðruvísi en það var. Það var yfirlýsing sem gefin var út af okkar hálfu. Það sagði ég líka í minni ræðu.

Það er alrangt að ég hafi verið að bera ósannindi á formann Öryrkjabandalagsins, ég var ekkert að því. Hann er þeirrar skoðunar að samkomulagið hefði átt að útfæra á annan hátt, það er alveg ljóst, en ég hef ekki borið honum nein ósannindi á brýn. Ég vil bara að það komi fram. Og ég tel auðvitað að grundvallarartiðið sé að bætur eru kjör öryrkja. Ég hafna öllum ölmusuhugsunarhætti sem hv. þm. er að bera upp á mig í þessu sambandi. Það er alveg ljóst. Og það er engin ástæða til þess að taka upp umræðuna á þessum nótum.

[13:50]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því ef hæstv. heilbrrh. ætlar að svara þeim spurningum sem ég hef hér fram sett síðar í umræðunni, því ég hef spurt þeirra áður án þess að fá við þeim svör. Það verður hins vegar ekkert fram hjá því horft

að hæstv. heilbrrh. sagði hér bara ósköp einfaldlega orðrétt: Öryrkjar gera ekki kjarasamninga. Og ég er feginn því að hann dregur til baka þá yfirlýsingu og vill túlka meiningar sínar með öðrum hætti.

En þegar ég segi að hann rengi formann Öryrkjabandalagsins, þá er það auðvitað svo. Formaður Öryrkjabandalagsins hefur sagt það alveg skýrt að það hafi verið samið um þessa einu útfærslu og það beri að efna hana. Og ef hæstv. heilbrrh. játar það í þessu andsvari að hann hafi staðið óhönduglega að verki og honum hafi orðið á ýmis mistök í ferli málsins, m.a. við að ganga frá lausum endum, þá hlýt ég að spyrja: Hver á að borga fyrir þau mistök ráðherrans, ríkisstjórnin eða öryrkjarnir?

[13:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það að ég hef ekki verið að væna neinn um ósannindi. Það eru skiptar skoðanir um það með hvaða hætti á að útfæra þetta samkomulag. Það er alveg ljóst. Það eru skiptar skoðanir en ég er ekki að bera ósannindi upp á neinn. Það er meginmunur þar á þó að það séu skiptar skoðanir um málið. En eitt lá þó alla vega ljóst fyrir í samkomulaginu, við höfðum milljarð til þess að framkvæma þetta. Það lá ljóst fyrir þegar samkomulagið var gert og við erum að framkvæma það sem stóð í því. En það er alveg ljóst að þær skoðanir voru uppi að samkomulagið ætti að framkvæma á annan hátt. Þess vegna er þessi deila uppi og þess vegna segi ég: Það hefði verið betra að ganga frá þessum með formlegri hætti. Það kom fram í framsöguræðu minni. Ég endurtek það.

[13:53]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrrh. er alltaf að skipta um skoðun í málinu, vegna þess að hér í þinginu í síðustu viku sagði hann ekki að samkomulagið hefði takmarkast við þúsund milljónir. Þá sagði hæstv. heilbrrh. að samkomulagið kostaði 1.500 milljónir á ári og af því að hann hefði bara 1.000 milljónir til ráðstöfunar á næsta ári, þá mundi hann láta $^2/_3$ hluta koma til framkvæmda núna 1. janúar og síðari helminginn 1. janúar 2005 og bæta þá þeim 500 milljónum við sem á vantaði. En það frv. liggur ekki hér. Það var niðurstaða starfshópsins sem skipaður var á grundvelli samkomulagsins og sú niðurstaða og þær tillögur eru leyndó. Það má enginn sjá þær, lok, lok og læs og allt í stáli.

[13:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir þrem dögum ræddum við frv. til fjárlaga og þá fór ég í andsvar við hv. þm. Helga Hjörvar. Þá hljóp hann úr salnum í miðju andsvari. Ég ætla að vona að hann geri það ekki núna og skirrist ekki við málefnalega umræðu þar sem honum virðist líka best slagsmál, markaðssetning, at og deilur um samninga á eða ekki.

Vandinn sem um er að ræða eru þeir öryrkjar sem ekki ná framreikningi í lífeyrissjóði. Þeir eru sárafáir. Eftir þrjú ár á vinnumarkaði fá menn framreikning, myndarlegan, herra forseti.

Ég vil spyrja hv. þm. hvers vegna Öryrkjabandalagið er að gusa þessari viðbót á alla öryrkja í stað þess að einbeita kröftum sínum að þeim sem fá ekki framreikning og hægt yrði þá að gera betur við og er miklu ódýrara. Ég nefni sem dæmi að meðallaun Íslendinga eru 250 þús. kr. Ef slíkur fer á lífeyri og á tvö börn fær hann 150 þús. kr. úr lífeyrissjóðnum, 60%. Hann fær 20 þús. kr. lágmark úr Tryggingastofnun og þá er hann kominn í 170 þús. Hann fær 44 þús. kr. úr lífeyrissjóðnum og Tryggingastofnun fyrir tvö börn. Hann er sem sagt kominn með 214 þús. kr. í lífeyri. Hér á að bæta við 12 þúsund kalli í viðbót, ef hann er tvítugur, og hann er þá kominn með 226 þús. kr. á mánuði. Er ástæða til þess að vera að bæta þetta, ég spyr? Væri ekki nær að snúa sér að þeim öryrkjum sem virkilega þurfa á því að halda og fá ekki framreikning í lífeyrissjóði og gera jafnvel almennilega við þá?

[13:55]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Já, virðulegur forseti. Mér fer nú við þetta andsvar hv. þm. Péturs Blöndals líkt og þegar hann veitti mér andsvar í fjárlagaumræðunni að mér sýnist ekki vera miklar forsendur til þess að fjalla um svo yfirgrips- og efnismikilar breytingar á þeim hugmyndum og tillögum sem hér liggja fyrir með þeim hætti sem þingmaðurinn hv. hyggst fyrir í stuttum tveggja mínútna andsvörum. En ég treysti því að hv. þm. Pétur Blöndal komi hugmyndum sínum á framfæri í heilbr.- og trn. þingsins og þar gefist góður tími eins og vert er við lagasetningu hverju sinni til þess að láta fara fram þær rannsóknir og athuganir og kannanir sem efni eru til varðandi þessar hugmyndir og menn geti þá metið kosti og galla þeirra og borið saman við þetta fyrirkomulag. Grundvallarhugmyndin á bak við þetta fyrirkomulag, sem við þekkjum raunar frá sumum nágrannalanda okkar, er einfaldlega sú að þeim sem ungir verða öryrkjar hefur ekki unnist tími til þess að ávinna sér lífeyrisréttindi. Því er er rétt að mæta þeim sérstaklega og síðan trappist það niður, ef svo má segja, ár frá ári eftir því sem líður fram á ævina. En auðvitað er málið að ýmsu leyti flóknara en það. Sumir eru lengur í námi en til 18 ára aldurs. Sumir hafa ekki lífeyrisréttindi og þar fram eftir götunum.

En, eins og ég segi, virðulegur forseti, það er ekki af óvirðingu við þingmanninn, heldur einfaldlega vegna þess að ég tel að hér séu ekki forsendur til efnislegrar umfjöllunar um þessar viðamiklu breytingartillögur sem hann er hér að boða.

[13:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kvað við allt annan og nýjan tón, sáttatón. Ég er mjög ánægður með það. Og ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að taka í þessa sáttarhönd og búa til almennilegt kerfi, ekki svona vitleysu, kerfi sem tekur á þeim vanda sem um er að ræða, þ.e. hjá öryrkjum sem ekki ná framreikningi í lífeyrissjóði af því að þeir hafa ekki starfað í þrjú ár. Þeir eru miklu færri. Og það er hægt að gera betur við þá með þessum peningum heldur en að gusa þessu á alla, líka þá sem eru komnir með framreikning, því flestir Íslendingar, sem betur fer, eru komnir með framreikning í lífeyrissjóði þegar þeir verða öryrkjar.

[13:58]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvernig gleðilegum atburði hefur verið snúið í andhverfu sína. Síðasta vor fögnuðu forustumenn öryrkja stórkostlegum árangri í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum lífeyrisþega, öryrkja. Þeir gerðu samkomulag við heilbrrh. sem staðfest var af ríkisstjórninni um að aðgreina lífeyri öryrkja og ellilífeyrisþega og leggja sérstaklega áherslu á að bæta lífeyri þeirra sem verða öryrkjar ungir. Og þetta tókst. Ráðherra og forustumenn

öryrkja handsöluðu samkomulag sem aðilar voru sammála um að ætti að kosta einn milljarð kr. á ári, til viðbótar 2,8 milljörðum kr. sem fer í lífeyri til öryrkja gegnum almannatryggingakerfið. Þetta er stórkostlegur árangur, enda voru forustumenn öryrkja himinglaðir. Og það mátti ekki ráða af öðru en þeir væru nokkuð sáttir við þá upphæð sem rætt var um, einn milljarð króna.

Nú spyr ég hv. þm. Helga Hjörvar: Hvað hefur breyst? Hvers vegna er hann óánægður með að staðið er við samkomulag um að bæta kjör yngri öryrkja verulega, um að aðgreina örorkulífeyri frá ellilífeyri og að sá milljarður sem samið var um sé til skila kominn? Gerði Öryrkjabandalagið e.t.v. samkomulag um einn milljarð vitandi að vinnuplagg það sem var til umfjöllunar þá um útdeilingu milljarðsins kostaði meira? Hvernig voru útreikningar Öryrkjabandalagsins sjálfs? Fengu þeir annað út í sínum útreikningi en þann milljarð sem er á borðinu? Og ef svo var, hvers vegna gerðu þeir ekki athugasemdir við það? Það er nefnilega svo að þegar gerðir eru samningar þá er reiknað út hvað er til skiptanna. Og ábyrgir samningsaðilar gera athugasemdir ef eitthvað stemmir ekki þegar samkomulag er annars vegar. Og þetta bendir til þess að þar var samkomulagið um einn milljarð sem um var samið, fyrst og síðast. Útfærslan var síðari tíma verkefni.

[14:00]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ásta Möller þekkir nú betur samninga um kaup og kjör en svo að þar sé samið um að það eigi að veita tiltekna fjárhæð í allar þær kjarabætur sem um er samið í viðkomandi kjarasamningi. Þannig gengur það ekki fyrir sig. Það var ekki samið um neinn milljarð eins og margoft hefur komið fram og hv. þm. veit, heldur sagði í fréttatilkynningu heilbrrh. að kostnaður við samkomulagið yrði rúmur milljarður. Þá voru tölurnar sem menn voru að vinna með einhvers staðar á bilinu 1.200–1.400 millj. kr. Þær urðu síðan við nákvæma útreikninga Tryggingastofnunar að 1.528,8 millj. kr. samkvæmt þeirri útfærslu sem heilbrrn. sagði Tryggingastofnun í bréfi 9. apríl að samið hefði verið um. Sennilega hafa fáir forustumenn í kjarasamningum meiri reynslu af því en hv. þm. Ásta Möller að samningsaðilinn, íslenska ríkið, standi uppi með það að gerðum kjarasamningi að kostnaðurinn við þann kjarasamning reynist vera miklu meiri en menn ætluðu þegar þeir gerðu hann, því sannarlega hefur hv. þm. Ásta Möller sjálf náð árangri í þá veru í sínum störfum.

[14:02]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega hef ég reynslu af því að gera kjarasamninga og í kjarasamningum er einmitt annað tveggja lagt til grundvallar, annaðhvort er samið um ákveðna upphæð og útfærslan kemur síðar, eða ákveðna útfærslu og upphæðin kemur síðar. Ég vona að hv. þm. Helgi Hjörvar sé að hlusta á mig. Í þessu tilviki var það upphæðin sem lá frammi og var lögð til grundvallar. Útfærsluna átti að vinna síðar til þess að hún passaði inn í þennan milljarð.

Ég segi það enn og aftur – það er með ólíkindum hvernig hlutum er snúið við. Það sem var gleðilegur atburður í vor er orðinn þvílík hörmung. Það er algjörlega horft fram hjá því að árangur Öryrkjabandalagsins fyrir skjólstæðinga sína er með ólíkindum góður. Fyrir þremur árum, árið 2000, var grunnlífeyririnn sem þeir höfðu til skiptanna um 70.000. kr. Í dag eftir 1. janúar verður hann 128.000 kr. Til hamingju með það.

[14:03]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Víst var samningurinn 25. mars ákaflega mikið ánægjuefni og á aðalfundi Öryrkjabandalagsins talaði ég fyrir því að menn lofuðu og prísuðu ríkisstjórn Íslands og hæstv. heilbrrh. fyrir það framtak. Ég hef líka gert það hér í ræðustól á Alþingi. Þess sárari vonbrigði voru það auðvitað að komast að því að það ætti ekki að standa við samkomulagið, því eins og hv. þm. Ásta Möller veit þá var ekki samið um neinn milljarð þó að ráðherra tilgreindi rúman milljarð sem áætlaðan kostnað í fréttatilkynningunni, enda trúi ég því að hér væru allir pallar fullir af hjúkrunarfræðingum ef kostnaðarmatið á kjarasamningum þeirra hefði verið haft sem pottlok ofan á kjarabætur hjúkrunarfræðinga á síðustu árum, virðulegur forseti.

[14:04]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 428. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 594.

[14:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða hér breytingu á lögum um almannatryggingar eins og öllum ætti að vera kunnugt og ætla ég að leggja aðeins inn í þá umræðu nokkra þætti.

Hv. þm. Helgi Hjörvar, þm. Samf., hefur farið ágætlega yfir þetta mál í sinni ræðu og rætt um samninginn og samkomulagið við öryrkja og hvernig það var efnt og ætla ég ekki að fara að endurtaka það sem hann sagði, heldur koma aðeins að öðrum vinkli á þessu máli. Ég get þó ekki annað í upphafi máls míns, vegna orða hæstv. ráðherra í framsögu fyrir hádegið um alla kjarabótina sem hæstv. ríkisstjórn hefur rétt lífeyrisþegum, en minnt á það að lífeyrisþegar hafa sótt þessar réttarbætur meira og minna gegnum dómstóla eða þá með því að hóta dómstólaleiðinni. Það hefur ýmislegt gengið á áður en hæstv. ríkisstjórn tók sig til og leiðrétti að einhverju leyti þeirra kjör.

Vissulega var verið að semja um útfærslu. Við þekkjum það öll sem höfum verið að vinna í málaflokki lífeyrisþega. Við þekkjum baráttu Öryrkjabandalagsins fyrir þessum breyttu greiðslum til öryrkja og hvernig þær voru reiknaðar út. Það er auðvitað útfærslan sem var verið að semja um. Síðan voru það útreikningarnir sem komu í kjölfarið og ætla ég ekki að gera þá frekar að umræðuefni.

Mig langar að vekja athygli á því hver staða öryrkja er í tíð þessarar ríkisstjórnar. Fyrir tilkomu ríkisstjórna Davíðs Oddssonar, þessara þriggja síðustu, þeirrar sem nú situr og hinna tveggja, greiddu lífeyrisþegar ekki skatta af lægstu bótum almannatrygginga, af strípuðum bótum eins og það er kallað. Í dag eru menn að greiða um 150 þús. kr. á ári í skatt, sem eru tvöfaldar mánaðargreiðslur til öryrkja miðað við strípaðar bætur, tvöfaldar greiðslur á ári sem ríkissjóður tekur til baka af kjarabótinni sem menn hafa verið að fá, vegna þess að skattleysismörkin hafa staðið í stað, þau hafa ekki fylgt. Eins og ég benti á í andsvari áðan kemur þessi aldurstengda örorkuuppbót sem er verið að leggja til í þessu frv. ofan á þær bætur sem lífeyrisþeginn er með í dag og er að borga skatt af. Þannig að af þessum milljarði sem ríkisstjórnin ætlar að láta í þennan málaflokk, í þessar bætur, fara 40% aftur í ríkissjóð. Það eru því ekki nema 600 millj. kr. sem í raun er verið að greiða til þessa málaflokks, því hitt er tekið til baka.

Ég get því ekki séð annað en að hægt hefði verið að standa við samkomulagið við öryrkjana frá 25. mars með þessari upphæð ef það hefðu verið raunútgjöld ríkissjóðs sem menn ætluðu í þetta, einn milljarð.

Hvað fá þeir öryrkjar sem við erum að tala um í mánaðargreiðslur? Hafa menn kynnt sér það? Hér er verið að tala um að tvöfalda grunnlífeyri hjá þeim öryrkjum sem urðu öryrkjar 18 ára og 19 ára og síðan er ákveðin línuleg lækkun út frá því. Öryrkjar sem ekki hafa getað unnið sér inn nein lífeyrisréttindi, sem verða öryrkjar þetta ungir og eiga aldrei kost á því að bæta kjör sín, geta ekki verið á vinnumarkaði og munu aldrei geta aukið tekjur sínar að neinu leyti, eru gjörsamlega bundnir við það að hafa framfæri sitt af örorkugreiðslunum frá almannatryggingunum. Sá öryrki er með rúmar 20.000 kr. í dag í grunnlífeyri og með 39.493 kr. í tekjutryggingu. Þetta eru rúmar 60.000 kr. á mánuði sem þessi lífeyrisþegi sem býr ekki einn er með í grunnlífeyri á tekjutryggingu í dag og getur ekki aukið þær tekjur. Hann gæti átt rétt á uppbót ef hann er með mikil útgjöld vegna heilsufars, umönnunar eða annað sem varðar fötlun hans eða sjúkdóm, sem væri þá matsatriði, en það kemur þá bara upp á móti kostnaði sem viðkomandi hefur vegna heilsufarsins. Það eru því mjög lágar upphæðir sem fólk í þessum sporum er með til framfærslu.

Ég er alveg sannfærð um að það kemur brtt. í nefndinni sem verður í þá veru sem Öryrkjabandalagið hafði til viðmiðunar þegar samkomulagið var gert. Samf. og fulltrúar okkar í heilbr.- og trn. munu að sjálfsögðu leggja fram slíka brtt. Sú brtt. mun alveg geta staðist vegna þess að raunútgjöld ríkissjóðs eru undir einum milljarði í þeirri breytingu, raunkostnaður ríkissjóðs, skattgreiðenda, er undir einum milljarði þegar búið er að taka skatta af þessari upphæð. Það er því vel hægt að leggja fram þær tillögur án þess að það þurfi að koma nokkrar breytingar fram í fjárlagafrv. eða á fjáraukalögum.

Við erum þeirrar skoðunar að orð skuli standa og munum leggja okkar af mörkum til þess og leggja fram brtt. í þessa veru.

Við vitum hvar þessi ríkisstjórn sér matarholur í sparnaðinum til þess að geta skilað afgangi af ríkissjóði. Það er í þessu frv. þar sem ekki er staðið við útfærsluna sem rædd var við Öryrkjabandalagið, það er verið að skerða réttindi fatlaðra til bílakaupa, verið að breyta tímabilinu sem menn geta endurnýjað bílana sína frá fjórum árum upp í sex og það á að fara að hækka þjónustugjöldin í heilbrigðiskerfinu. Þarna eru nú matarholurnar hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar eins og þær hafa verið undanfarin átta ár. Hún hefur alltaf vitað hvert hún á að sækja peninginn, í vasa þeirra sem hafa minnst.

Vissulega verður kallað eftir því í heilbr.- og trn. að fá þessa pappíra sem liggja fyrir í heilbrrn. frá starfshópnum. Það hlýtur að verða gert. Þau gögn hljóta að verða lögð fram í nefndinni, um kostnaðarmatið, um útreikningana frá starfshópnum. Það hlýtur að vera hið eðlilegasta mál.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna er miðað við einstaklinga sem verða öryrkjar 18 ára? Nú er það svo í almannatryggingalögunum að örorkulífeyrisgreiðslur miðast við 16 ára aldur, þá hefjast þær. Hvers vegna er hér miðað við 18 ára aldur? Hvers konar greiðslur á þá að greiða öryrkja sem er 16–18 ára? Á hann að vera með sömu bætur og greiddar eru í dag eða fær sá öryrki enga hækkun frá 16–18 ára? Það vantar svör við því. Ég hef ekki heyrt það koma fram í þessari umræðu hvar þessi hópur á að lenda. Á hann að vera með 60 þús. kr., herra forseti, er það meiningin? Og á síðan að fara að hækka eftir að hann er orðinn 18 ára?

Ég verð að segja að það er löngu tímabært að lífeyrisþegar komi að sinni kjarabaráttu, að sínum kjaramálum. Ég minni á það að Samf. hefur ítrekað verið með þingmál í þinginu, um afkomutryggingu, þar sem lagt er til að lífeyrisþegar komi beint að sínum kjaramálum við ríkið. Ég minni á það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið 1. flm. þessa máls og ötull talsmaður þess að komið verði hér á afkomutryggingu og Samf. öll, enda var það baráttumál okkar bæði í síðustu kosningum og í kosningunum þar á undan, að komið yrði á þessari afkomutryggingu. Þá gætu lífeyrisþegar komið beint að sínum kjaramálum.

Ég spyr hæstv. ráðherra, í ljósi þess að raunútgjöld ríkissjóðs af þessari breytingu eins og Öryrkjabandalagið lagði úfærsluna fram í samkomulaginu 25. mars, í ljósi þess að það kostar ekki yfir milljarð þegar ríkið er búið að hirða skattinn af öryrkjunum sem fá þessar greiðslur: Er hæstv. ráðherra þá tilbúinn að breyta þessari töflu sem er inni í 2. gr., þar sem línulega hækkunin er mun lægri en gert var ráð fyrir í útfærslu Öryrkjabandalagsins, er hann tilbúinn til að leiðrétta það? Því það er alveg ljóst að raunútgjöld ríkissjóðs eru undir milljarði þegar skatturinn er farinn af. Ég hvet hæstv. ráðherra, því ég veit að hann er allur af vilja gerður í þessu máli, að koma með brtt. sjálfur svo hún verði samþykkt, því það er alveg öruggt að sú brtt. mun koma fram í nefndinni af fulltrúum Samf. Við munum leggja það fram að staðið verði við það samkomulag sem gert var 25. mars og þá útfærslu sem var til umræðu.

Herra forseti. Ég hef ekki meiru við þetta að bæta, en vil þó samt í lokin minna á það að almannatryggingalögin sem við erum að ræða breytingu á, eru að grunni til frá 1971. Það er orðið löngu tímabært að skoða þau í heild. Við höfum verið að fá hér inn í þingið mörg hundruð breytingar á þessum lögum og það er aldrei horft á lagasetninguna í heild. Lögin eru orðin þannig á ská og skjön að það er ekki boðlegt og greinarnar margar hverjar eru orðnar þannig að það er ekki hægt að skilja þær fyrir nokkurn mann. Það er varla að starfsfólkið sem þarf að vinna eftir lögunum skilji þau, lagagreinarnar eru orðnar svo flóknar. Og hér er verið að bæta við enn fleiri greinum sem flækja lögin enn þá meira. Það þarf því að skoða lögin í heild, þó svo hæstv. ráðherra hafi komið hér í tvígang með hreingerningu eða verið að snyrta til ýmsa annmarka á lögunum, gamlar klausur sem eru löngu orðnar úreltar. Það er ekki nóg, það þarf að skoða lögin í heild og það þarf að gera þau þannig að þau séu samngjörn og réttlát og komi þeim til góða sem þurfa að treysta á velferðarkerfið, sem þurfa að draga fram lífið af þeim greiðslum sem þaðan koma. Við verðum að tryggja að öryggisnet velferðarþjónustunnar sé það þéttriðið að fólk falli ekki niður um möskvana.

[14:18]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Það liggur nærri að þetta sé beint framhald af umræðu undanfarinna daga um fjárlög ríkisins, svo samofið er þetta frv. afgreiðslu þeirra laga.

Frú forseti. Í ár er ár fatlaðra. Í tilefni þess og til að undirbúa komu þessa árs voru í aðdragandanum og á síðasta ári viðræður, bæði formlegar og óformlegar, á milli Öryrkja-

bandalagsins og heilbrrh. um hvernig ætti að halda upp á þetta ár með einhverjum þeim hætti sem kæmi öryrkjum til góða. Samkomulag sem gert var og sem frv. hér á að taka til, eða ætti að taka til, er árangur og niðurstaða þeirra viðræðna. Öryrkjabandalagið lagði ríka áherslu á að bæta kjör yngstu öryrkjanna, þeirra sem ekki hafa átt neina möguleika eða litla til þess að vera úti á vinnumarkaðnum og afla sér réttinda í lífeyrissjóði. Ég tel að þar hafi Öryrkjabandalagið haft réttmætar og góðar áherslur því það er þessi hópur, yngsti hópurinn, sem hefur hvað minnst réttindi og hefur átt hvað erfiðust lífskjör, þ.e. þeir sem hafa orðið að vera eingöngu á bótum frá almannatryggingum.

Því var það fyrir okkur öll, og ekki síst fyrir öryrkja, ánægjulegur viðburður að samkomulag skyldi nást, mest fyrir yngstu öryrkjana, kjarabætur sem komu öllum til góða en sem áttu að minnka ár frá ári og falla alveg út við 67 ára aldur. Þetta samkomulag var undirritað með viðhöfn í Þjóðmenningarhúsinu þann 25. mars sl.

Samkomulagið er ígildi kjarasamnings fyrir öryrkja því að öryrkjar eru ekki í þeirri stöðu að geta gengið til kjarasamninga með sama hætti og verkafólk úti á hinum almenna vinnumarkaði eða opinberir starfsmenn. Þeir hafa ekki þann rétt sem launafólk hefur og þeir hafa fram til þessa orðið að berjast hörðum höndum fyrir bættum kjörum, eða bættum hærri greiðslum, en það er alfarið í höndum viðkomandi ríkisstjórnar að hafa áhrif á það hver kjörin eru. Þess vegna var það ekki síður mikilvægur árangur í réttindabaráttu öryrkja að ná þessu samkomulagi.

Fulltrúar Öryrkjabandalagsins hefðu aldrei handsalað þetta samkomulag nema vegna þess að það var vitað hvað í því fólst. Það var vitað að mestu bæturnar færu til yngstu öryrkjanna og rynnu svo út við 67 ára aldur. Það var líka vitað hvernig dreifingin átti að vera og að kostnaðurinn yrði rúmur milljarður króna. Þegar gengið var frá samningnum var Tryggingastofnun ríkisins búin að reikna það út að með því að fara eftir almannatryggingalögunum og taka tillit til þeirra sem yngstir eru, sem eru 16 ára en ekki 18 ára eins og segir í þeirri töflu sem frv. tekur til, væri upphæðin rúmir 1,5 milljarðar. Það var á grundvelli þessarar upphæðar sem Öryrkjabandalagið handsalaði samninginn og taldi að miklar bætur væru að honum, það miklar að ásættanlegar væru. Og ég verð að segja, frú forseti, að vissulega er frv. sem slíkt, þ.e. hugmyndin í frv. er góðra gjalda verð og það sem Öryrkjabandalagið stendur að en af því að þetta er ígildi kjarasamnings er ekki staðið við þann hluta sem Öryrkjabandalagið taldi sig vera að handsala á þessum merka degi.

Þess vegna snýst þessi gleðilegi atburður upp í hörmulega meðferð og það er alveg sama hvernig hæstv. heilbrrh. reynir að komast frá þessu, það er ekki hægt að tala um að staðið hafi verið við samninginn og að frv. endurspegli algjörlega það sem handsalið gerði ráð fyrir. Þótt launataflan sé ekki hér í krónum talin eru það þessar línulegu greiðslur, hvernig þær eiga að lækka, sem skipta máli.

Og ég verð að segja, frú forseti, að öryrkja munar um 500 millj. kr. Það skiptir máli hvort útreikningarnir gefa öryrkjum 1 milljarð, eins og búið er að samþykkja í fjárlagafrv., eða hvort handsalið var upp á 1,5 milljarða. Það er um það sem við erum að takast á í þessu frv.

Það var búið að reikna það út að það ætti að draga úr aldurstengdu örorkubótunum um 2,04% fyrir hvert ár. Þetta skerðir aldurstengdu örorkubæturnar um rúmar 400 kr. fyrir hvert ár, örorkuuppbótin af þessu aldurstengda er þá rúmar 20 þús. fyrir yngsta hópinn og deyr út um 67 ára, er þá alveg hreint lokið, en miðað við þessa mismunandi útreikninga munar 500 millj.

Eins vil ég nefna það að tímasetning þessa samkomulags, undirritunin, situr í okkur, hæstv. forseti. Hún situr í okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar fyrir það að þarna fór fram gjörningur sem hafði örugglega áhrif í kosningabaráttunni og fyrir vikið naut Framsfl. bæði trúnaðar og trausts sem skilaði sér sem gott veganesti inn í kosningarnar. Hvort sem tímasetningin var tilviljun eða ekki er þetta staðreynd. Og ég tel víst að fjölmargir öryrkjar og aðrir sem hafa fylgst með kjörum þeirra hafi litið til Framsfl. með nokkru trausti um að staðið yrði við þetta samkomulag og þá hugsanlega greitt flokknum atkvæði sitt. Aðdragandinn er þessi og því er ekki síður alvarlegt að núna skuli þessu samkomulagi vera rift eins og mörgum öðrum kosningaloforðum sem Framsfl. stóð fyrir og hefur ekki staðið við eftir því sem liðið er á árið.

Frú forseti. Í upphafi máls hæstv. heilbr.- og trmrh. komu fram ásakanir á hendur forustu Öryrkjabandalagsins um að það gengi erinda stjórnarandstöðunnar. Ég mótmæli þessum ummælum (Gripið fram í.) því Öryrkjabandalagið hefur staðið fast á sínu máli og það ver rétt sinn og þær kjarabætur sem handsalið hljóðaði upp á.

Ég tel að í rauninni sé ríkisstjórnin búin að afgreiða þetta frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Hún gerði það með afgreiðslu fjárlagafrv. í gær því að það á eingöngu að setja í það 1 milljarð. Eingöngu segi ég, en það er auðvitað mjög góð upphæð og töluverð kjarabót fyrir öryrkja en það er ekki nema $^2/_3$ af samkomulaginu sem gert var.

Ég vil taka það fram að það er rétt að kalla eftir niðurstöðu starfshópsins inn til heilbr.- og trn., að fá þá töflu sem lá fyrir þegar samkomulagið var handsalað og útreikningar Tryggingastofnunar ríkisins lágu fyrir á því samkomulagi sem a.m.k. Öryrkjabandalagið taldi sig vera að ganga frá. Ummæli hæstv. heilbrrh., m.a. á þingi, var ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að hann hafi talið að það vantaði þennan hálfa milljarð til þess endanlega að ganga frá samkomulaginu.

Frú forseti. Það sem mér finnst einnig alvarlegt í þessu frv. er að ekki skuli þá koma alveg skýrt fram með meira afgerandi hætti að það eigi að taka upp viðræður við öryrkja, það eigi að endurskoða þessar greiðslur, um mitt næsta ár. Það er ljóður að það komi ekki skýrar fram að það eigi að greiða það sem upp á vantar að ári liðnu, þ.e. frá árinu 2005. Eins og gengið er frá þessu frv. er það ekki fast í hendi að málinu verði lokið eins og öryrkjar töldu sig vera að ganga frá samkomulaginu.

Ég ætla að vona að í hv. heilbr.- og trn. fáist leiðrétting á þeim taxta sem hér kemur fram — ég kalla þetta taxta — þeirri prósentulækkun sem hér kemur fram í 2. gr. á greiðslum til öryrkja, að breytingar náist á þessari uppbyggingu í takt við það sem öryrkjar töldu sig vera að semja um. Svo vona ég að það náist skýrari mynd á hvernig þetta ferli hefur verið allt saman og að það verði þá ljóst hvernig eigi að ljúka málinu. Eins vona ég að hið fyrsta verði teknar upp áframhaldandi viðræður á milli öryrkja og hæstv. ráðherra þannig að áfram megi vinna að kjarabótum fyrir þeirra hönd og það þurfi ekki að bíða fram á mitt næsta ár eftir endurmati á þessum greiðslum, heldur geti umræður farið strax fram. Það er á svo mörgum sviðum, frú forseti, sem þarf að bæta

kjör öryrkja og ég tel að það sé rétt að nota það sem eftir lifir af þessu ári, ári fatlaðra, til að hefja áframhaldandi viðræður og þær standi fram á næsta ár.

[14:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þuríður Backman gerir lítið úr þeim mikilvægu markmiðum sem ríkisstjórnin er að ná. Meginmarkmiðið með þessu frv. og það mikilvægasta er að með því er stigið fyrsta skrefið til viðurkenningar á margvíslegri sérstöðu ungs fólks sem verður öryrkjar. Til að ná þessu markmiði var ákveðið að verja til þessa málaflokks 1 milljarði kr. Við það er fullkomlega staðið.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Þuríði Backman hvort hún geti ekki verið sammála mér um að mikið hafi áunnist í þessum málaflokki sé litið til kjara þeirra sem urðu 75% öryrkjar 18 ára gamlir áður fyrr. Árið 2000 var 18 ára 75% öryrki með 72.855 kr. í bætur á mánuði. Ári síðar var hann kominn í 80.000 kr. Árið 2002 var þessi upphæð tæpar 90.000 kr. Í ár erum við að tala um 98.000 kr. og eftir 1. janúar, um leið og frv. verður að lögum, er upphæðin komin upp í 126.000 kr. úr 72.855 kr. Ég spyr hv. þm. Þuríði Backman: Hefur ekki mikið áunnist?

[14:36]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Vissulega hefur nokkuð áunnist. En ég bið hv. þm. að hlusta eftir þeim upphæðum sem hér voru nefndar og óska þess að hv. þingmenn líti í eigin barm og velti fyrir sér hvort þetta séu þau kjör sem þeir telji mannsæmandi og hvort þetta séu kjör sem við teljum að launafólk og öryrkjar eigi að hafa sér til viðurværis.

Ég sagði að ég vildi ekki gera lítið úr því samkomulagi sem var gert, þ.e. hugmyndafræðinni. Ég tel að þetta sé stórt skref í réttindabaráttu öryrkja, að bæta kjör þeirra sem yngstir verða öryrkjar. En því miður breyttist þessi gleðilegi viðburður, sem við hefðum öll getað verið ánægð með, í átök um réttindabaráttu og launakjör öryrkja þegar ekki var staðið við gefin fyrirheit, að hafa upphæðina hærri, þ.e. hafa forsendur útreikninganna aðrar en eru í frumvarpinu. Ef öryrkja munar um milljarð í dag, sem þá munar um, þá munar þá enn frekar um einn og hálfan milljarð. Við tökumst hér á um þennan hálfa milljarð.

[14:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hv. þm. Þuríður Backman ræðir mikið um 1,5 milljarða en það var alltaf gengið út frá því að um væri að ræða allt að 1 milljarði. Menn ættu að fagna því.

Ég vil spyrja hv. þm. aftur hvort hún telji þó ekki miklar bætur hafa áunnist síðustu ár í ljósi þess að vísitölur allra bóta hafa hækkað um 46% frá árinu 1995 en kaupmáttur launa hefur hækkað um 34%. Þarna hefur verið komið verulega til móts við þennan hóp.

Það má kannski segja að alltaf megi gera betur. En það er í raun verið að stíga þessi skref í stórum stökkum. Síðustu missiri hefur kaupmáttur launa aukist, um 10% frá árinu 2000, þ.e. síðustu þrjú ár, en bætur grunnlífeyris og tekjutryggingar hafa hækkað nokkuð umfram kaupmátt launa. Kaupmáttur allra bótaflokka örorkulífeyrisþegans, sem tekið hefur verið dæmi um og hæstv. ráðherra greindi frá í ræðu sinni fyrr í dag, hefur aukist um 24% og þetta eru tölur frá fjmrn.

Þetta er fjórðungshækkun kaupmáttar þessara bóta síðustu missiri. Þetta er breyting langt umfram kaupmátt launa. Enginn tryggingamálaráðherra og engin ríkisstjórn í seinni tíð getur státað af öðrum eins árangri. Ég vona að hv. þm. Þuríður Backman geti tekið undir það með mér.

[14:39]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar litið er til tekna öryrkja og annarra þeirra sem fá laun og bætur úr almannatryggingum er mjög vafasamt að nota prósentuhækkanir sem rökstuðning. Ef við erum að tala um lágar bætur þarf ekki mikið í krónum talið til að geta veifað hér háum prósentum.

Ég er ekki að gera lítið úr samkomulaginu sem gert var og hugmyndafræðinni á bak við það en ég vil leyfa mér að vitna, með leyfi forseta, í orð hæstv. heilbrrh. Jóns Kristjánssonar í grein í Morgunblaðinu:

„Jón Kristjánsson segir í samtali við Morgunblaðið að áætlað hafi verið að verja í þetta einum milljarði króna, og gert ráð fyrir því í fjárlögum. Þegar nefnd sem starfaði að málinu mat kostnaðinn hafi komið í ljós að það vantaði 500 milljónir upp á. „Það þýðir það að 1. janúar 2004 getum við ekki farið í nema tvo þriðju. Síðan er meiningin, og ég vona að það takist um það samkomulag, að 2005 komi afgangurinn til framkvæmda ... Það var í samræmi við þá kostnaðaráætlun sem lá fyrir þegar það var gert."

Um þennan hálfa milljarð tökumst við hér á og ég tel að þrátt fyrir að þessi grunnhækkun liggi hér fyrir, þá hafi hin upphaflega áætlun verið nokkuð sem við hefðum öll getað staðið að. Við hefðum fyrir löngu síðan átt að bæta kjör yngstu örorkuþeganna. Þar er þörfin mest þó að hún sé mikil hjá öllum öðrum öryrkjum.

[14:42]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja beint út af þeim orðum sem hv. þm. Þuríður Backman endaði á áðan, þar sem hún talaði um kjör yngstu öryrkjanna. Ég vona að hv. þm. sé ekki að misskilja frv. sem hér liggur frammi fyrir þinginu. Hér er verið að tvöfalda grunnlífeyri yngstu öryrkjanna. Ef hv. þm. telur það ekki vera mikinn árangur í sjálfu sér þá er það hennar mat en við framsóknarmenn teljum að hér sé um mikinn árangur að ræða.

Ég vil nú fara aftur í tímann, svona 7–8 mánuði. Fyrir um 7–8 mánuðum voru kosningar og ég og hv. þm. Þuríður Backman höfum kosningabaráttu í Norðaust. ásamt hæstv. heilbr.- og trmrh. Jóni Kristjánssyni. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hún hafi einhvern tímann heyrt okkur framsóknarmenn tala um 1,5 milljarða kr. í þeirri kosningabaráttu. Það hefur mátt skilja af málflutningi hv. þingmanns að við hefðum þá lofað 1,5 milljörðum kr. Það er rangt ef hún ætlar áfram að halda því fram. Við lofuðum alla tíð 1.000 millj. kr. og tvöföldun á grunnlífeyri yngstu öryrkjanna. Ég held að við þurfum að fá þetta á hreint, hvort við framsóknarmenn höfum þar svikið gefin loforð í kosningabaráttunni.

Hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar er tíðrætt um kosningasvik og kosningabrellur. En staðreyndin er sú að við lofuðum alla tíð 1.000 millj. kr. til öryrkja og tvöföldun á grunnlífeyri yngstu öryrkjanna og við það verður staðið.

[14:43]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er staðið við það að tvöfalda grunnlífeyri yngstu öryrkjanna. Það er nákvæmlega samkvæmt því samkomulagi sem öryrkjar gengu út frá. En það er þessi línulaga tafla, þ.e. hvernig draga á úr þessari tvöföldun á grunnlífeyri

þeirra sem verða yngstir öryrkjar þar til öryrkjar eru orðnir 67 ára, sem við tökumst á um. (Gripið fram í.) Þar vantar þennan hálfa milljarð.

Hvað er rúmur milljarður? Hvað er rúmur milljarður? (**BJJ:** Ekki 1,5 milljarðar kr.) Er það 1,1 milljarður kr.? Er það 1,2 milljarðar kr.? Hvað er rúmur milljarður þegar hv. þingmenn Framsfl. vissu að útreikningar Tryggingastofnunar ríkisins voru upp á 1,5 milljarða kr.? Það var sú niðurstaða sem Tryggingastofnun ríkisins hafði fengið með því að reikna 16 og 17 ára unglinga með í dæmið. Ég spyr því: Hvað er rúmur milljarður?

Ég heyrði hv. þingmenn og frambjóðendur Framsfl. aldrei segja 1,5 milljarða kr. Ég heyrði það aldrei. En hvað er rúmur milljarður? Þýddi það ekki að það var ekki alveg búið að ganga frá útreikningum eða töldu þeir sig vera óbundna af þessu? Þessar tölur lágu a.m.k. fyrir. Þeir höfðu kannski ekki kynnt sér það en eins og ég sagði áðan verður farið yfir tímasetningar og það hvenær hv. frambjóðendur vissu af réttum tölum.

[14:46]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að játa það hér að við framsóknarmenn lofuðum milljarði í þennan málaflokk fyrir kosningar (Gripið fram í.) Við lofuðum aldrei 1.500 millj. og þannig er það. (Gripið fram í)

Hins vegar hélt hv. þm. því fram áðan að frambjóðendur og þingmenn hafi vitað um útreikninga Tryggingastofnunar ríkisins upp á 1,5 milljarða. Það er rangt og það hefur oft komið fram í þessari umræðu. En það er með þennan málflutning eins og allt annað í þessari umræðu að hér er öllu snúið á hvolf. Við sem ærleg lofuðum öryrkjum 1 milljarði fyrir kosningar erum hér gerð að ómerkingum í orðum hv. stjórnarandstæðinga. En ég segi enn og aftur. Það er rangt. Við lofuðum 1.000 millj. og við það verður staðið.

En svo er það önnur saga að auðvitað viljum við halda áfram að bæta kjör öryrkja og ég vil vinna að því. En því miður er það málflutningur stjórnarandstöðunnar sem má skilja þannig að framsóknarmenn hafi í aðdraganda kosninga lofað 1.500 millj. til öryrkja. Það er rangt. Við lofuðum (**JBjarn:** Að standa við samkomulagið.) milljarði. Við lofuðum að standa við samkomulagið. Það er rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, enda verður grunnlífeyrir yngstu öryrkjanna tvöfaldaður. Upp á það hljóðaði samkomulagið. Svo verða kjör þeirra sem eldri eru einnig bætt. (Gripið fram í.)

[14:47]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. frambjóðendur Framsfl. lofuðu að standa við samkomulagið, þ.e. ekki bara grunnlífeyri yngstu örorkuþeganna heldur nær samkomulagið til allra öryrkja frá 16 ára og til 67 ára aldurs, og þar skeikar þessum hálfa milljarði.

Í greinargerð sem Tryggingastofnunin vann og birtist 10. apríl (**Gripið fram í:** Ertu að segja að við höfum ...?) vegna samkomulagsins sem heilbrrn. gerði við Öryrkjabandalag Íslands kemur fram þessi ákveðna upphæð sem við erum alltaf að nefna hérna, 1 milljarður 528 millj. og þá eru 16 og 17 ára unglingar teknir með. Hvort þeir hv. þm. sem hér eru í salnum og frambjóðendur Framsfl. í síðustu kosningum hafi haft þessa tölu á hreinu get ég ekki sagt um. En þetta lá fyrir og það er það sem máli skiptir, hvort sem þeir vissu það eða ekki. (Gripið fram í.) Það var þá annarra að upplýsa þá um hvað þetta þýddi og það var og er auðvitað Framsóknarflokksins að standa við orð sín, standa við samkomulagið og vinna þannig að því á þessu ári, frá því í mars sl. og þar til fjárlagafrv. var afgreitt, að inn kæmi það fjármagn sem þurfti til þess að standa við samkomulagið.

[14:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Stjórnmál snúast um forgangsröðun. Ég vona að íslenska þjóðin hafi fylgst vel með hvað hefur verið að gerast í íslenskum stjórnmálum á undanförnum dögum. Ríkisstjórnin er í enn eitt skiptið komin í hávaðadeilur við öryrkja landsins, við öryrkja af öllu fólki.

Ég skil einfaldlega ekki af hverju núverandi ríkisstjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., standa ekki við umrætt samkomulag við öryrkja. Þetta er í raun afskaplega einfalt. Fyrir kosningarnar í vor lá meira að segja fyrir að samkomulag við öryrkja mundi kosta um 1,5 milljarða kr. Nú kemur í ljós að ríkisstjórnarflokkarnir með Framsfl. í fararbroddi ætla einungis að uppfylla samkomulagið að hluta. Þeir ætla að snuða öryrkjana um 500 milljónir.

Nú hefur hæstv. heilbrrh. sagt í viðtali við Morgunblaðið að hann hafi reynt að fá 500 milljónir til viðbótar til að hægt yrði að standa við upphaflegt fyrirkomulag. Það er einfaldlega játning þess að núverandi upphæð er ekki í samræmi við samkomulagið. Samkomulagið hefur því verið svikið.

Pacta sunt servanta eða orð skulu standa er lykilþáttur í mannlegum samskiptum og ekki síst í stjórnmálum. Fjármagnið til að standa við samkomulag við öryrkja eins og það var í upphafi hugsað er svo sannarlega til staðar en ekki viljinn. Af hverju viljum við ekki leggja alla okkar krafta í að koma til móts við okkar minnstu bræður? Það þarf enginn að segja mér að ekki sé svigrúm í ríkissjóði til að gera vel við þennan hóp einstaklinga sem hvað mest þarf á því að halda.

Ríkið er með um 280 milljarða kr. á milli handanna. Þetta eru gríðarlega miklir peningar. Ríkið mun á næsta ári vera með um 100 milljörðum kr. meira á milli handanna en það hafði árið 1997. Í hinni pólitísku forgangsröðun eiga öryrkjar að vera mjög ofarlega á lista, svo einfalt er það. Við þurfum að átta okkur á hlutverki ríkisvaldsins og eitt af því fáa sem nánast allir stjórnmálamenn geta verið sammála um er að ríkisvaldið eigi að koma til móts við öryrkja þessa lands þannig að þeir geti lifað mannsæmandi lífi. Við skulum ekki gleyma því að umræddar bætur eru ígildi launa viðkomandi fólks og snerta því að öllu leyti kjör þess.

Í skýrslu Hagstofu Íslands um félags- og heilbrigðismál frá árinu 2003 sést að útgjöld vegna öryrkja á hvern íbúa eru minnst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Svo að tölurnar séu sambærilegar eru þær birtar á jafnvirðismælikvarða eða á PPP og sýna þær að Ísland ver um þriðjungi minna til öryrkja á hvern íbúa en Danir verja til málaflokksins, þriðjungi minna en Danir þrátt fyrir að í Danmörku sé minna hlutfall þeirra sem eru á aldursbilinu 18–64 ára á slíkum bótum. Séu útgjöld Íslendinga vegna öryrkja borin saman við hin Norðurlöndin sést að Norðmenn verja um helmingi hærri upphæð til málaflokksins en Íslendingar og Svíar og Finnar verja um 10–20% meira en við gerum.

Þessi samanburður og þessar tölur sýna að Íslendingar eru eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða þegar kemur að útgjöldum vegna öryrkja á hvern íbúa. Þessi samanburður sýnir forgangsröðun núverandi ríkisstjórnar.

[14:54]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú allsérkennileg ræða hjá hv. þm.

Það liggur fyrir að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur á undanförnum árum hækkað mjög bætur til öryrkja. Þetta samkomulag og frv. sem við erum að ræða hér gerir það að verkum að þær bætur hækka enn frekar. Fyrir liggur að bætur einhleyps öryrkja sem metinn var 75% öryrki 18 ára gamall hafa hækkað frá árinu 2000, bara frá árinu 2000, um 74% þegar þetta samkomulag verður að fullu komið til framkvæmda. Hækkunin frá 2001 er 58% og hækkunin frá árinu í fyrra, miðað við bæturnar eins og þær verða á næsta ári, eru 41%. Getur hv. þm. verið óánægður með þessa þróun? (**ÁRJ:** Við hvaða bótaflokka er miðað?) 36% hækkun á grunnlífeyri. (**ÁRJ:** Bara grunn. Hann er nú bara brot ...) Það er verið að hækka grunnlífeyri örorkubóta, úr 2,8 milljörðum í 3,8 milljarða. Hvenær skyldu jafnaðarmenn á Íslandi hafa náð þvílíkum árangri í að bæta hag öryrkja? Hvenær skyldi það hafa verið? Ætli það hafi verið þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var heilbrigðisráðherra eða fyrrverandi formaður Alþfl., Sighvatur Björgvinsson? Var þá gósentíð öryrkjanna?

Staðreyndin er einfaldlega sú, hæstv. forseti, að hagur öryrkja hefur aldrei verið betri en einmitt nú í tíð ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl.

[14:56]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrir mér er þetta mál ósköp einfalt. Þetta snýst um samkomulag sem ríkisstjórnin gerði við öryrkja en hún er núna að svíkja. Öryrkjabandalagið hefur kallað eftir efndum þessa samkomulags (**Gripið fram í:** Hvað bull er þetta?) Morgunblaðið hefur kallað eftir efndum þessa samkomulags. DV hefur kallað eftir efndum þessa samkomulags og við í stjórnarandstöðunni og í Samfylkingunni köllum eftir efndum þessa samkomulags.

Varðandi stöðu öryrkja á Íslandi þá held ég að bæði Helgi Hjörvar og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafi komið afskaplega vel inn á hana og mér finnst óþarfi að endurtaka það. Engu að síður vil ég hnykkja á því að þessi samanburður sem ég er að tala um er samanburður við hin Norðurlöndin og hann sýnir einfaldlega að við erum eftirbátar hinna Norðurlandanna. Ég er sannfærður um að við getum gert betur við þennan hóp einstaklinga í samfélagi okkar sé pólitískur vilji fyrir því. Og þá eigum við að gera það.

[14:57]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki voru svörin betri hjá hv. þm. en í ræðu hans. Fyrir liggur að bætur og óskertar mánaðargreiðslur til örorkulífeyrisþega hafa á næsta ári, miðað við þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv., hækkað um 135% frá árinu 1995. Það er sama hvernig hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir reynir að hjálpa þingmanninum að skilja þetta, það virðist ekki ganga.

Hvenær hafa öryrkjar haft það betra á Íslandi en akkúrat um þessar mundir? Aldrei. Og það er fyrir utan það hvað kaupmáttur örorkubóta hefur vaxið á þessu tímabili. Það er óhrekjanleg staðreynd að kaupmáttur örorkubóta og hagur öryrkja hefur aldrei verið betri en einmitt á starfstímabili núverandi ríkisstjórnar frá 1995. Það eiga menn að muna og menn eiga að viðurkenna það, hæstv. forseti.

[14:59]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er einkennilegur málflutningur. Ef ég skil hv. þm. rétt telur hann að ekki megi gera betur við öryrkja, ástandið sé það gott. Ég er honum einfaldlega ósammála. Ég tel að hægt sé að gera betur við öryrkja, ég tala nú ekki um það þegar menn eru búnir að lofa því með samkomulagi og það síðan svikið.

Ég vil bara minna á tvær tölur til að sýna þetta mál í ákveðnu samhengi. Ég kom inn á fyrri töluna í máli mínu og hún er afskaplega merkileg að mínu viti, þ.e. að ríkisvaldið mun á næsta ári vera með 100 milljörðum kr. meira á milli handanna en það hafði 1997, 100 milljörðum kr. meira. Þetta er gríðarleg upphæð. Eru menn að segja mér að það sé ekki svigrúm í þessum tölum og í hinum 280 milljarða kr. fjárlögum fyrir 500 milljónir til öryrkja til viðbótar?

Aðra tölu langar mig að nefna og hún snertir framtíðina. Í áætlun fjmrn. um ríkisbúskapinn til ársins 2007 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkisins aukist um 40 milljarða frá fjárlögum næsta árs og verði þá tæpum 100 milljörðum kr. hærri en árið 2000. Þið sjáið hvaða tölu við erum að ræða um. Hv. þm. eru að snuða öryrkja af öllu fólki um 500 millj. Þetta sýnir einfaldlega pólitíska forgangsröðun ykkar og ég er henni afskaplega og mikið ósammála.

[15:00]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Mikið hefur verið rætt um málefni öryrkja en minnst um málefni þeirra öryrkja sem fá ekki neitt, þeirra öryrkja sem metnir eru með 49% örorku eða minna. Þeir fá hvorki úr lífeyrissjóði, almannatryggingum eða yfirleitt nokkurn skapaðan hlut. Þeir fá ekki barnabætur, bifreiðastyrki, lán til bifreiðakaupa eða annað slíkt. (Gripið fram í.) Þeir fá ekki örorkustyrk, hv. þm. Fólk þarf að ná 50% örorku til þess. Við skulum hafa þetta á hreinu.

Ef tekjutapið væri í hlutfalli við örorkumatið þá er þetta fólk að tapa nærri helmingi af tekjum sínum án þess að nokkur bæti því það upp. Öryrkjabandalagið er ekki að berjast fyrir þessu fólki, enda hefur það ekki áhuga á smælingjum, það hefur bara áhuga á hátekjufólki eins og öll baráttan fyrir Hæstarétti gengur út á.

Annar vandi í lífeyriskerfi okkar er að við erum með mjög vitlaust örorkumat. Það fer eftir læknisfræðilegri örorku. Alla mína ævi, ef ég hefði orðið öryrki, misst mátt í fótunum og þurft að sitja í hjólastól, hefði ég ekki tapað krónu af tekjum mínum, frú forseti, ekki krónu. En ég hefði fengið örorkustyrk, örorkubætur og annað slíkt og notið alls kerfisins. Það er ekkert samhengi á milli tekjutapsins og örorkumatsins. Það er náttúrlega alveg út í hött. Þessu verður að breyta. Þetta er allt of dýrt kerfi og allt of ósanngjarnt, líka fyrir þá sem metnir eru með litla örorku og fá ekki neitt en tapa hugsanlega tekjum, t.d. margir geðfatlaðir.

Maður nokkur, frú forseti, átti kommóðu. Hann vantaði sokka einn daginn. Hann fór í eina skúffuna, fann einn sokk og sagði: Ósköp er ég nú fátækur, ég á bara einn sokk. Í hinum skúffunum var fullt af sokkum. Hann leit bara í eina skúffuna. Svo fór hann að gera ráðstafanir. Hann keypti helling af sokkum. Svona þróum við velferðarkerfið, frú forseti. Svona þróum við velferðarkerfið.

Við lítum alltaf á einn þátt og látum sem við vitum ekki um allt hitt. Lífeyrissjóðirnir vinna eins og Tryggingastofnun sé ekki til og Tryggingastofnun vinnur eins og lífeyrissjóðirnir séu ekki til. Farið á heimasíður þessara fyrirbæra, þessara

stofnana. Þar er ekki orð um hitt kerfið. Tryggingastofnun eyðir ekki orði á lífeyrissjóðina svo að maður tali nú ekki um sjúkrasjóðina, húsaleigubæturnar, lánasjóðinn og öll þessi kerfi. Ekkert þeirra veit af hinu, ekkert. Það er sem sagt bara einn sokkur til og við eigum voðalega bágt.

Frú forseti. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að þeir sem eru ungir öryrkjar fá 126 þús. kr. á mánuði í lífeyri eftir þessa breytingu. Mig langar að líta á taxta Eflingar í því samhengi. Í því stéttarfélagi eru margir og kannski megnið af því fólki sem vinnur á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Vita hv. þingmenn hver hæsti taxtinn þar er? Hann er 128 þús. kr. Hann er 2 þús. kr. hærri en það sem ungi öryrkinn sem aldrei hefur unnið fær. Þetta er raunverulegt fólk. Ég veit um eitt hjúkrunarheimili þar sem einn er á þessum háu tekjum, með 128 þús. kr. Hinir eru á allt niður í 98 þús. kr. En viðkomandi þarf að borga í lífeyrissjóð 5 þús. kr., í stéttarfélag nærri 2 þús. kr. (Gripið fram í.) Hann borgar 7 þús. kr. af þessum 128 þús. kr. háu tekjum á meðan öryrkinn borgar hvorugt og er með 126 þús. kr. *Öryrkinn er með hærri tekjur en sá sem* er vinnandi allan daginn og þarf að borga barnaheimilisgjöld fyrir börnin sín. Þetta vinnandi fólk borgar með sköttum sínum það kerfi sem við erum að búa til og er eflaust mjög ánægt með það. Ég ætla að fara í gegnum nokkur dæmi.

Við skulum gefa okkur að einhver sé með þennan hæsta taxta, 128 þús. kr. taxta Eflingar. Annar sem vinnur við hliðina á honum er með 128 þús. kr. líka og verður öryrki. Sá fær úr Lífeyrissjóði Eflingar 70 þús. kr. Síðan fær hann frá Tryggingastofnun 58 þús. Hann er kominn með 128 þús. kr. í lífeyri frá lífeyrissjóðnum og Tryggingastofnun. Eins og ég gat um áðan borgar hann af þeim tekjum hvorki í stéttarfélag né í lífeyrissjóð. Ef hann á þrjú börn, sá sem varð öryrki, fær hann 7 þús. kr. fyrir hvert barn úr lífeyrissjóðnum og 15 þús. frá Tryggingastofnun. Hann fær 22 þús. fyrir hvert barn eða 66 þús. til viðbótar. Það fékk hann ekki þegar hann var að vinna á háu launanum, 128 þús. kr. Hann er þannig kominn upp í 194 þús. kr. í lífeyri. Svo á hann að fá 12 þús. kr. samkvæmt þessu fína samkomulagi sem hæstv. heilbrrh. gerði við Öryrkjabandalagið, sem ég ætla að kalla hæstvirt líka. *Þá er hann kominn upp í 206 þús. kr. en var með 128* þús. kr. Hvað skyldi sá sem er með 128 þús. kr. og heldur áfram að vinna hugsa þegar hann borgar skatta sem fara í þetta? *Hann þarf að borga barnaheimili sem öryrkinn gerir* ekki því að hann er heima, 20 þús. kr. á barn, kannski á hann eitt barn á barnaheimili.

Nú skulum við taka almennilegt dæmi. Meðallaun Íslendinga eru 250 þús. kr. Tökum einn slíkan, einn sem er með meðallaun Íslendinga samkvæmt upplýsingum á heimasíðu kjararannsóknarnefndar sem kannar þúsundir manna. Hann fær samkvæmt upplýsingum á heimasíðum nokkurra lífeyrissjóða um 57–66% af launum. Gefum okkur að hann fái 60%, 150 þús. kr. í lífeyri á mánuði. Hann fær auk þess örorkulífeyri frá Tryggingastofnun því að hann skerðist ekki vegna lífeyris frá lífeyrissjóðunum. Hann er því með 170 þús. kr. í lífeyri. Fínt. Ég mundi segja þokkalegt. En svo fær hann, ef hann á þrjú börn, 66 þús. kr. eins og hinn. Þá er hann kominn upp í 236 þús. í bætur. Ef þessi maður er þrítugur þá fær hann líka 12 þús. kr. til viðbótar við 236 þús. kr., þá fær hann 248 þús. kr. Hvað eru menn að gera, frú forseti?

Nú skulum við taka iðnaðarmann eða stjórnanda með 350 þús. kr. Þeir eru nokkrir líka samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar. Ef hann verður öryrki, þá fær hann 210 þús. kr. í örorkulífeyri og það er alls ekki sjaldgæft. Sjómenn eru með það almennt. Hann fær 20 þús. kr. óskertar í örorkulífeyri í dag þannig að hann er með 230 þús. kr. í lífeyri, örorkulífeyri og það er sagt að hann eigi bágt enda sagt að allir öryrkjar eigi bágt. Það er erfitt að missa mátt í fótum en fjárhagslegt tjón er ekki endilega mikið. Ef hann á þrjú börn þá fær hann 66 þús. kr., þá er hann kominn upp í 296 þús. kr. í bætur. Og svo á hann að fá 12 þús. kr. líka, ef hann er þrítugur, þá er hann kominn upp í 308 þús. í bætur.

Þetta má kannski ekki segja, ég veit það ekki. Þetta er kannski ljótt. Ég kalla þetta ekki lágar tekjur. Ég hugsa t.d. að margir félagsmenn í BSRB, en helmingurinn nær tæplega 200 þús. kr. á mánuði en þeir að borga þessi ósköp, hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB. (**ÖJ:** Borga hvaða ósköp?) Þeir eru að borga 308 þús. kr. í bætur og 12 þús. kr. í viðbót, milljarðinn. Samkomulagið gekk út á að setja ætti milljarð á alla. Öryrkjabandalagið stóð að því, háttvirt eða hæstvirt, þ.e. 100 þús. kr. á hvern einasta öryrkja í landinu. Öryrkjar eru 10 þúsund. Þeir voru 5 þúsund fyrir 10 árum, þeir hafa tvöfaldast síðan þá. Kannski vegna þess að bæturnar eru svo góðar, ég veit það ekki.

Milljarðurinn gerir 100 þús. kr. á hvern einasta öryrkja í landinu, 8 þús. kr. *á mánuði á hvern einasta öryrkja ef* því yrði dreift jafnt á alla. Og hvað gerist? Hæstv. heilbr.- og trmrh. fær óbótaskammir. Það eru birtar auglýsingar um að menn eigi að standa við samkomulag og ég veit ekki hvað. Menn eru í hasarslag og voða gaman, markaðssetningin á fullu. Verkalýðsfélögin og Öryrkjabandalagið borga það. Þetta samkomulag kostar 4 þús. kr. á hvern einasta Íslending, að litlu börnunum og gamla fólkinu meðtöldu. Svo vanþakka menn þetta eins og það sé bara ljótt að gera þetta. Ríkisstjórnin er ljóti karlinn að setja 100 þús. kr. á hvern öryrkja.

Ég sé að fulltrúi Öryrkjabandalagsins er horfinn af vettvangi. Það er ekki skrýtið. Þetta er ótrúlegt. Þetta eru ótrúlegar árásir. Menn eru að deila um samkomulag hér og þar og ég veit ekki hvað. Þetta eru formsatriði en þeir þakka ekki einu einasta orði það sem gert er. Ekki einu einasta orði. Ríkisstjórnin er bara ljóti karlinn. Ég er ljóti karlinn og hæstv. heilbr.- og trmrh., ég ætla ekki að lýsa því hvernig ráðist hefur verið á þann mann.

Þetta gengur út á slaginn. Það er meira gaman að vera í slag en að koma með skynsamlega lausn. Vandinn, frú forseti, er hjá þeim öryrkjum sem ekki ná framreikningi í lífeyrissjóði, sem ekki hafa unnið í þrjú ár á vinnumarkaði. *Þar er vandinn. Af hverju snúum við ekki ofan af vandanum,* af hverju bætum við ekki kjör þeirra? Segjum að sá sem ekki nær 20 þús. kr. í framreikningi skuli fá 20 þús. kr. eða það sem á vantar. Það mundi kosta miklu minna og væri miklu betra og skynsamlegra. Það mundi ekki leggjast jafnþungt á skattgreiðendur og það mundi bæta kjör þessa sérstaka hóps miklu betur í stað þess að gusa þessu á alla þá sem eru tiltölulega vel settir.

Ég mun leggja til í hv. heilbr.- og trn. að menn skoði þennan möguleika. Ég vil að það verði reiknað út hvað þetta muni kosta. Það er hægt að gera betur við þetta fólk ef menn skoða alla kommóðuna í einu. Ég ætla að biðja hv. þingmenn að hætta að kíkja í eina skúffu í einu og sjá bara einn sokk.

[15:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að það megi breyta ýmsu í velferðarkerfinu. En ég vil leyfa mér

að minna hann á að hann er búinn að vera í stjórnarmeirihluta í þó nokkuð mörg ár. Er árangurinn ekki meiri af hans eigin verkum og hans ákvörðunum? Er þetta áfellisdómur yfir hans eigin verkum sem hann felldi í ræðu sinni?

Ég vil mótmæla því sérstaklega að Öryrkjabandalagið hugsi eingöngu um hálaunað fólk eða hátekjuöryrkja. Ég er ekki sammála því.

Hv. þm. Pétur Blöndal kvartar yfir því að svokallaðir hálaunaöryrkjar fái þessar aldurstengdu öryrkjabætur ef ég skil hann rétt. Hann vill að þeir fái þær ekki. En mér finnst ekki sanngjarnt að draga öryrkja út í umræðunni þegar rætt er um greiðslu úr lífeyrissjóðum, að þeir fái greiðslur úr lífeyrissjóði. En hvað með alla aðra? Hvað með okkur alþingismenn sem fáum háar greiðslur úr lífeyrissjóðnum og aðra hálaunamenn sem fá mjög háar greiðslur úr lífeyrissjóðnum? Við fáum t.d. ellistyrk þegar við verðum komnir á vissan aldur. En grunnlífeyrir skerðist ekki og það á jafnt við um öryrkja sem og þá sem eiga von á að fá háar greiðslur úr lífeyrissjóði. En það er ekki sanngjarnt að taka öryrkjana eina og sér og fjalla um þetta eins og hálaunaöryrkjar séu sérstakt vandamál í samfélaginu.

[15:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrir þremur árum eyddi ég hálfum degi uppi í Öryrkjabandalagi með formanni þess félags og reyndi að koma honum í skilning um að til væru öryrkjar sem fengju ekki neitt og til væru öryrkjar sem fengju jafnvel of mikið og einstaka öryrkjar sem svindluðu á kerfinu. Hann vildi ekki ræða það neitt sérstaklega. Hann fór bara í mál út af hátekjufólkinu. Hann hefur engan áhuga á þessu.

Ég hef unnið að þessu verkefni öllum stundum. Ég bjó til sérstaka heimasíðu, baetur.is, til að kortleggja velferðarkerfið. Það var enginn áhugi neins staðar. Menn hafa engan áhuga á að skoða kommóðuna alla af því að það ruggar bátnum. Það er bara þannig. Ég er að vona að þetta síðasta útspil geri það að verkum að menn fari loks í að skoða kommóðuna. Ég hef ekki haft þau áhrif á Alþingi að menn hafi hlustað mikið á mig, hvorki í þessum málum né öðrum. Ég tæki undir það að menn færu virkilega að endurskoða kerfið og líta á alla þætti, t.d. lánasjóðinn og húsaleigubæturnar. Það hefur enginn minnst á að húsaleigubæturnar sem allt í einu komu til viðbótar við allt hitt væru kjarabót fyrir öryrkja. Ég hef aldrei heyrt talað um það.

Það er fullt af bótum sem koma alls staðar frá. Það eru barnabætur í skattalögum sem við þekkjum. Öryrkjar fá þær líka. Það er ríkisábyrgð á meðlögum, það er ekki annars staðar. Það er mikið verk óunnið og mér þykir ágætt ef þingmenn eru loksins farnir að sjá að gera þurfi eitthvað í þessu. Ég hef verið að benda á þetta í 10–20 ár.

[15:16]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum núna frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum. Ég tel að hér sé um að ræða stærsta framfaraskref í málefnum öryrkja og ég fagna því mjög.

Fram fóru viðræður hæstv. heilbr.- og trmrh. og forsvarsmanna Öryrkjabandalagsins og í þeim viðræðum lögðu forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands áherslu á sérstöðu þeirra sem yngstir verða öryrkjar og vildu bæta hag þeirra sérstaklega. Þær áherslur Öryrkjabandalagsins eru einmitt meginmarkmið frv. eða það að stíga fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Frú forseti. Ég tel rétt að fara örstutt í gegnum dæmi um greiðslur almannatrygginga til einhleyps öryrkja sem metinn var 75% öryrki 18 ára. Árið 2000 var heildarupphæðin tæplega 73 þús. kr. Fjórum árum síðar eða árið 2004, ef þetta frv. nær fram að ganga, verður þessi upphæð um 127 þús. kr. á mánuði. Þetta er hækkun upp á 74%. Þetta þykir mér ánægjuleg þróun og ég veit að sagan mun skilgreina þennan áfanga sem sigur.

Mig langar að nota tækifærið hér og ítreka þá fimm punkta sem samkomulag hæstv. heilbrrh. og Öryrkjabandalagsins snerist um.

Í fyrsta lagi var handsalað að nú yrði stigið fyrsta skrefið til að viðurkenna þá sérstöðu sem einkennir aðstæður þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Við það er staðið.

Í öðru lagi var handsalað að þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fái umtalsverða hækkun bóta sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyris. Við það er staðið samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu.

Í þriðja lagi var handsalað að þessi breyting kæmi til framkvæmda 1. janúar 2004. Við það verður staðið.

Í fjórða lagi var handsöluð sú mikilvæga kerfisbreyting til framtíðar sem fjallar um aldurstengingu örorkubóta. Við hana er staðið í þessu frv.

Í fimmta og síðasta lagi var handsalað að breytingin skyldi kosta rúman milljarð kr. Við það er staðið.

Frú forseti. Ég vil að lokum ítreka að hér er verið að stíga stórt skref í hagsmunabaráttu öryrkja. Hæstv. heilbrrh. hefur verið allur af vilja gerður til að koma til móts við málstað öryrkja. Réttindabarátta öryrkja heldur áfram, engum dettur annað í hug, og treysti ég engum betur en hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni til að leiða þá baráttu.

[15:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég að víkja að nauðsynlegum leiðréttingum. Hér var fullyrt fyrir mínútu eða svo að staðið hafi verið við samninginn við Öryrkjabandalag Íslands. Það er ekki rétt. Það var vissulega handsalað samkomulag og það varð samkomulag um að stefna að því að viðurkenna sérstaklega sérstöðu ungra öryrkja og að stíga skyldi fyrsta skrefið í þá átt (**Gripið fram í:** Var það ekki gert?) með þessum samningi. Það var ekki staðið við það hvernig að því skyldi ... (**Gripið fram í:** Var það ekki gert?) Nei, það var ekki gert. Það var ekki staðið við samninginn.

Á að fara í gegnum þessar lygar Framsfl. eina ferðina enn? Þeir eru kallandi og gasprandi hér fram í þingræður manna og ættu nú að sjá sóma sinn í að hafa sig hæga þegar þeir eru að brjóta samning á öryrkjum. Þeir ættu nú að sjá sóma sinn í því. Það er búið að upplýsa það hvernig þetta samkomulag var. Það átti að tvöfalda grunnlífeyrinn. Færa hann úr 20.600 kr. í 41.200 kr. Síðan átti að koma skerðing um 421 kr. fyrir hvert ár að 67 ára aldri. Frá þessu var greint eftir að samningurinn var gerður í fréttum útvarpsins og í fréttum Morgunblaðsins. Þetta er staðreynd.

Síðan er Framsfl. alltaf að reyna að ljúga sig út úr þessu máli með því að segja að áætluð heildarupphæð upp á rúman milljarð hafi verið inntak samningsins. Það er ekki rétt. Það er rangt og það er lygi.

Ég veit ekki fyrir hvað það var sem Framsfl. fékk auglýsingaverðlaun. Fyrir auglýsingabrellu eða var kannski verið

að verðlauna flokkinn fyrir sviksemi? Mér finnst það dapurlegt hlutskipti fyrir stjórnmálamenn að þurfa að verja þessi svik á Alþingi. Mér finnst það dapurlegt. Sannast sagna hefði ég trúað því að menn mundu sjá sóma sinn í því að reyna að víkja þessu til hliðar og reyna að horfa fram á veginn og viðurkenna svikin í stað þess að koma hér hver á fætur öðrum og reyna að ljúga upp á Öryrkjabandalagið og forsvarsmenn þess því að það eru menn að gera. Þetta eru lygar og ósannindi sem farið er með í þingsalnum.

Síðan þarf að leiðrétta hv. þm. Pétur H. Blöndal um þær upphæðir sem öryrkjar fá. Öryrki sem aldrei hefur farið út á vinnumarkað hefur núna um 95 þús. kr. og fer hæst í 115 þús. eftir því sem ég kemst næst. Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um miklu hærri upphæðir. Reyndar var málflutningur hv. þm. með slíkum eindæmum að það er varla hægt að ræða það vegna þess að hann er að færa þjóðfélagsumræðuna langt aftur í aldir. Reyndar var íslenskt samfélag miklu siðaðra en svo að það liti nokkurn tíma svo á að þeir sem slösuðust eða veiktust væru einhverjir þurfalingar á framfæri hinna. Hann er að tala um launafólk sem vinni fyrir þessu fólki. Þá hafa væntanlega hátekjumennirnir og ofurtekjumennirnir með milljónir á mánuði væntanlega flesta öryrkjana á framfæri sínu? Er það ekki? Hafa þeir ekki flesta öryrkja á sínu framfæri, ofurlaunamennirnir í fjármálageiranum sem hafa klórað til sín milljónirnar á mánuði? Það eru þeir menn sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er að vorkenna.

Síðan er það sokkakenning Sjálfstæðisflokksins. Hún er stórkostlegust af öllu finnst mér (**Gripið fram í:** Ekki Sjálfstæðisflokksins.) Ekki Sjálfstæðisflokksins, það er ágætt að heyra það. Það er sokkakenning hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hann er að hvetja til þess að við lítum heildstætt á málið vegna þess að hann veit um mann sem einhvern tíma fann bara einn sokk í skúffunni og hélt að hann ætti ekki fleiri. Svo leitaði hann í fleiri skúffum og fann fleiri sokka. Þannig er það náttúrlega með fátæku öryrkjana. Eiga þeir ekki bara fullt af sokkum? Eru þeir nokkuð fátækir?

Hvers konar sendingar eru þetta til öryrkja á Íslandi? Hvers konar umræða er þetta? Ég hefði haldið að stjórnarsinnar hefðu sig hæga hér og sæju sóma sinn í því að vera ekki að reyna að bera ósannindi á forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands, sem þeir hafa gert hér hver á fætur öðrum. Það er dapurlegt að vita til þess að ungir þingmenn sem eru að koma hingað inn á þing fara með ósannindi til að reyna að verja sinn ráðherra.

Það var gerður samningur um að hækka um helming grunnlífeyri, skerða síðan línulega eftir hverju ári um 421 kr. Menn ræddu hvers vegna þetta væri heppilegt fyrirkomulag, þ.e. að hafa línulega skerðingu jafna. Menn ræddu það og það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. heilbrrh. staðfestir það ekki að það hafi verið rætt milli hans og formanns Öryrkjabandalagsins að heppilegt væri að hafa jafna línulega skerðingu til að reyna að koma í veg fyrir eða draga úr hvata til þess að tekjulítið fólk reyndi að forða sér yfir á örorku heldur reyndi fyrir sér eins lengi og unnt væri á vinnumarkaði. Þetta var rætt. Þetta var hugsunin á bak við samkomulagið.

Ég hef kynnt mér þetta samkomulag líka. Ég gerði það sl. vor. Ég ræddi þá við forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands og þeir höfðu samband við mig ýmsir og væntanlega fulltrúa úr öðrum flokkum. Menn sögðu sem svo að þetta væri undarleg tímasetning á undirskrift í Þjóðmenningarhúsi landsmanna rétt fyrir kosningar. En menn ákváðu að stíga upp úr hinum pólitísku skotgröfum vegna þess að þeir væru að ná mjög mikilvægum árangri með þessum samningi og menn fögnuðu honum. Ég gerði það.

Mér finnst hugsunin á bak við þennan samning vera mjög góð. Í fyrsta lagi finnst mér gott að skera á tengslin milli aðskiljanlegra hópa innan almannatryggingakerfisins. Þar er í allt of ríkum mæli byggt á alhæfingum. Að setja í eina spyrðu alla öryrkja og alla aldraða svo dæmi sé tekið eða þessa vegna alla öryrkja. Það er staðreynd, eins og bent hefur verið á við umræður um þessi mál, að kjör öryrkja eru tryggð á mismunandi vegu. Þannig fá margir öryrkjar sem hafa verið starfandi á vinnumarkaði framreiknaðan lífeyrisrétt sem skiptir verulegu máli.

En það er ekki allt fengið með því vegna þess að jafnvel þótt lífeyrisréttur þinn sé framreiknaður og verði sambærilegur við það sem þú hefðir að loknum vinnudegi þá er það yfirleitt ekki nema um 60% af tekjum. Það getur verið meira, getur verið hærra, getur verið 80%, jafnvel hærra. En hin almenna regla er þessi. Sums staðar er þetta minna. Sums staðar er þak hjá einhverjum lífeyrissjóðnum, um 60% af tekjum. Það sem um er að ræða þá fyrir öryrkjann sem fær framreikning úr lífeyrissjóði er að vera ekki aðeins síðustu æviárin heldur alla ævina með slíkar tekjur. Þess vegna þarf að koma viðbótarframlag til sögunnar.

En það sem er gott í þessu samkomulagi er að horft er fyrst til þess sem aldrei fer út á vinnumarkað og fær engan slíkan framreikning. Þetta er gott. Síðan kemur framlag til annarra einnig en eftir þessari línulegu reglu. Mér finnst þetta mjög góð hugsun og góður samningur og þess vegna fagnaði ég honum.

Sannast sagna var það þannig þar til fyrir örfáum dögum að ekki komst hnífurinn á milli formanns Öryrkjabandalags Íslands og hæstv. heilbrrh. Þeir voru fullkomlega samstiga í öllum sínum yfirlýsingum. Það er ekki fyrr en núna á síðustu metrunum að menn eru farnir að túlka málin á mismunandi vegu. Þá eru menn skyndilega farnir að hengja sig í upphæðina, áætlaðan tilkostnað við samninginn en ekki útfærsluna og samninginn sjálfan eins og eðlilegt er að gera.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Helga Hjörvars að iðulega eru gerðir kjarasamningar sem byggja á röngu kostnaðarmati. Það hefur hins vegar ekki það í för með sér að menn standi ekki við kjarasamninginn og virði hann ekki. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri að kjarasamningur sé ekkert annað en kostnaðarmat. Kjarasamningur fjallar um innihald og útfærslur, upphæðir til einstaklinga. Ef menn byggja á röngu kostnaðarmati þá leiðrétta menn kostnaðarmatið en ekki samninginn með því að brjóta hann. Um það snýst þetta mál.

Eins og ég segi og ég ítreka það, alveg fram undir það síðasta bar hæstv. heilbrrh. og forsvarsmönnum Öryrkjabandalagsins fullkomlega saman í yfirlýsingum sínum. Það eina sem menn eru að fara fram á er að menn leiðrétti þessar mistúlkanir. En það sem gerir menn reiða innan þings sem utan er náttúrlega í fyrsta lagi að verið er að brjóta samning sem er óafsakanlegt undir öllum kringumstæðum. En að það skuli gert með þessum hætti, undirritað og básúnað og auglýst rétt fyrir kosningar og síðan brotið að þeim loknum, það gerir málið enn þá verra og það veldur þessari reiði.

Það hefði verið fróðlegt að fá umræður um það hver staða öryrkja almennt er. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hóf hér mikinn lestur um hver dýrir öryrkjar væru samfélaginu og hvaða byrðar launafólk yrði að bera þeirra vegna. Mér fannst þetta

sannast sagna mjög ógeðfelldur lestur. Mér fannst það. Ég held að samfélagið almennt líti ekki svona á. Ef einhver veikist eða heftist eða eitthvað kemur fyrir sem gerist nú í allflestum fjölskyldum þá tökum við sameiginlega á því máli og þar er ekki um neinar ölmusur að ræða, alls ekki. Enda þegar horft er til þeirra sem hafa samið um þessi mál og öryrkja almennt þá þurfa þeir ekki á neinni slíkri vorkunnsemi að halda.

Það er hins vegar staðreynd að öryrki, fatlaður maður eða veikur, þarf að bera margvíslegan tilkostnað sem aðrir þurfa ekki að bera þannig að í rauninni væri ekkert óeðlilegt að hinn fatlaði maður hefði meiri tekjur en sá sem ekki á við slíka fötlun að stríða. Tilkostnaður hans er meiri.

En það sem við erum að tala um hér eru í rauninni agnarsmáar upphæðir. Það þekkjum við öll þegar við förum og tökum bensín á bílinn eða förum út í búð að versla eða þegar fólk þarf að borga húsaleiguna sína, að þá eru þetta ekki miklar tekjur sem einstaklingur fær sem ekki hefur farið út á vinnumarkað og kemur til með að fá 115 þús. kr. á mánuði. Þetta eru ekki miklir peningar sem verið er að óskapast yfir.

Mér finnst það svolítið undarlegt að ríkisstjórn sem gumar af fjárlagafrv. sem samþykkt var hér í gær og á að skila í tekjuafgang 6 þús. 770 millj. kr., ef ég man rétt, skuli ekki slá örlítið af þessum tekjuafgangi, eigum við að segja um 528 millj., og leiðrétta þannig þetta mál. Það er enn þá tími til stefnu.

[15:35]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson flutt langa ræðu í miklum hneykslunartón þannig að það mætti ætla að hér væru stjórnarliðar að fara fram með einhverjum óskaplegum skepnuskap gagnvart þeim hópi fólks sem hann hefur verið að tala upp í eyrun á. Hver skyldi nú þessi mikli skepnuskapur vera sem hv. þm. er svo hneykslaður á að hann getur varla staðið hér í stólnum án þess að stökkva upp fyrir púltið, eins og hann stundum gerir þegar honum tekst vel til og liggur mikið á hjarta?

Skepnuskapurinn er sá að það er verið að bæta kjör þessa hóps um 1 milljarð kr., það er verið að færa fé til þessa hóps í auknum mæli úr ríkissjóði. Og við erum í öðrum verkum til þess að halda saman fjárlögum til þess að geta afgreitt þau með þeim hætti að efnahagslegum stöðugleika verði viðhaldið. Til að viðbótin verði varanlegur kaupmáttur erum við að skera niður á sumum sviðum. Við erum t.d. að skera niður í framkvæmdum til vegamála um 1.522 millj. kr., m.a. til þess að geta gert þetta mögulegt. Við erum að færa til peninga úr vegagerð til öryrkja, og hv. þm. sér það ekki.

Hann sér bara það sem hann vildi sjá. Hann sér ekki það góða sem er verið að gera, hann sér bara þá öfugu mynd sem hann býr til hér í ræðustólnum og bölsótast út af.

Ég vil segja, herra forseti, og minna hv. þingmann á að sá hópur sem mest hækkar við þessa breytingu er kominn með um 126 þús. kr. á mánuði þegar allt er saman talið. Sá hópur hefur hækkað á þeim tíma sem Framsfl. hefur farið með heilbr.- og trmrn., frá 1995, um 135%, þ.e. um 73 þús. kr. á mánuði.

[15:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákveðinn tilkostnaður sem fylgir því að geta talist mannréttindasamfélag. Á Íslandi er sá tilkostnaður ekki nægjanlegur. Við verjum hugsanlega of miklu fé til ýmissa mála. Ég hef efasemdir um ýmsa þætti í utanríkismálum. Ég hef sjálfur ýmsar efasemdir um samgöngumál, hefði viljað fá peninga fremur inn í ýmsa aðra þætti. Og ofar öllu öðru vildi ég treysta og styrkja betur stöðu öryrkja á Íslandi og þeirra sem hafa minnsta peninga, ég tala nú ekki um atvinnulausa. Við höfum tekist hér á um í þingsölum hvernig eigi að búa að atvinnulausu fólki. Það er verið að skerða kjör þess fólks.

Ég hef sagt það áður, og ítrekað, að ég fagnaði samningnum sem gerður var við Öryrkjabandalag Íslands. Ég tel hann mikið framfaraskref. Ég gagnrýni hins vegar það að samningurinn komi ekki til framkvæmda að fullu, að orð standi ekki. Um það eru menn að deila. Menn eru ekki að bölsótast út í þessar milljónir sem koma inn í þennan málaflokk, menn fagna þeim. Menn vildu hafa þær fleiri.

Ég lagði til áðan að tekjuafgangurinn af ríkissjóði, sem mun að öllum líkindum verða 6.770 millj. kr., verði lækkaður um 528 millj. þannig að ríkisstjórnin standi við samninginn sem gerður var við Öryrkjabandalag Íslands. Um það standa þessar deilur.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar menn eru að greina mál af þessu tagi eiga menn alltaf að leggja áhersluna á aðalatriði málsins en ekki gleyma sér í aukaatriðum og draga athyglina frá aðalatriðum með því að setja sjálfir fram sínar óskir sem ganga lengra. Það er gamalt trikk í því þegar menn vilja gera lítið úr því sem vel til tekst eins og gerðist í þessu máli. Það hefur ekki í annan tíma náðst betra samkomulag milli ríkisvalds og Öryrkjabandalagsins til að bæta hag öryrkja. Aldrei. Ég skora á hv. þingmann að benda mér á það dæmi ef það er til, hvenær ein ríkisstjórn hefur með einni aðgerð bætt kjör þessa hóps meira. Ég vil segja, herra forseti: Það hefur aldrei fyrr verið gert svona mikið átak eins og nú.

Við getum svo haft skoðanir á því hver fyrir sig að menn vilji ganga lengra. Ég heyri að hv. þm. segir að hann vildi ganga lengra. Það efa ég ekki að hann mæli af heilum hug. Ég get sagt líka fyrir mitt leyti: Ég vil ganga lengra. Ég lít ekki svo á að við höfum lokið því verki að bæta kjör öryrkja á Íslandi. Ég lít svo á að hér sé aðeins um að ræða áfanga á langri leið. En á þeim átta árum sem liðin eru síðan við tókum við forræði þessa málaflokks hefur vel til tekist og kjör öryrkja hafa verið bætt á þeim tíma mjög mikið og mér er til efs að hægt sé að finna annað tímabil þar sem kjör þeirra hafa verið bætt meira en á þessu tímabili.

Ég get sagt, herra forseti, að ég er alveg sammála því sjónarmiði sem hér hefur komið fram í ræðustól, og víðar, að menn eigi að stefna að því að halda áfram að bæta kjör öryrkja eftir þeim hugmyndum sem Öryrkjabandalagið hefur sett niður. Ég styð þær hugmyndir. Ég vil vinna að því að uppfylla þær til fulls. En það er bara þannig með óskir hagsmunasamtaka að þær ná ekki alltaf fram að ganga í einu vetfangi.

[15:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekkert að tala um óskir eða hugmyndir öryrkja eða Öryrkjabandalagsins. Við erum að tala um samning sem Öryrkjabandalagið gerði við ríkisstjórina. Það var ekki staðið við þennan samning og það er aðalatriðið. Þegar hv. þm. segir að við skulum hafa aðalatriði málsins í huga er það aðalatriðið að kjarasamningurinn sé virtur, að staðið verði við samninginn.

Síðan væri áhugavert að skoða hlutfallslega hlutdeild öryrkja í þjóðarauðnum á Íslandi, að hvaða marki öryrkjar hafa fengið kjarabætur með hliðsjón af öðrum stéttum. Við skulum skoða skattlagningu tekna þeirra. Eigum við að skoða lyfjakostnaðinn? Eigum við að skoða álögur á sjúklinga? Eigum við skoða þær breytingar er urðu við hlutafélagavæðingu útvarps og sjónvarps, þegar hætt var að styðja öryrkja og eldri borgara varðandi afnotagjöld? Eigum við ekki að skoða alla myndina, eigum við ekki að taka upp skúffukenningu hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem minnti okkur á manninn sem fann bara einn sokk í einni skúffu, að það kynni að leynast eitthvað í öðrum skúffum? Eigum við ekki að hafa allan pistilinn undir og skoða hvernig staða öryrkja og kjör þeirra hafa þróast með tilliti til annarra á Íslandi?

Við gætum t.d. litið á bankageirann, fjármálageirann, og kjör þeirra sem stýra þar för. Við skulum bara leggjast hér í samanburðarfræðin, ég er reiðubúinn til þess.

Aðalatriði málsins er þetta: Orð skulu standa. Það á að virða gerða samninga. Það hefur ríkisstjórnin ekki gert. Þetta er mergurinn málsins.

[15:44]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða frv. *til* breytinga á lögum um almannatryggingar sem til er komið vegna samkomulags sem ríkisstjórnin og hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði fyrir hennar hönd við Öryrkjabandalagið, þ.e. formann þeirra *samtaka fyrir* þeirra hönd.

Það er merkilegt við þessar umræður, hæstv. forseti, að því hefur verið haldið fram að þetta samkomulag hafi verið einhver kosningabrella. Hæstv. heilbrrh. hafi skyndilega dottið í hug að semja við formann Öryrkjabandalagsins um hækkun örorkubóta, einn, tveir og þrír, rétt fyrir kosningar.

Hvernig skyldi þetta hafa verið, hæstv. forseti? Það höfðu staðið yfir viðræður á milli Öryrkjabandalags Íslands og hæstv. heilbr.- og trmrh. frá því í febrúar 2002. Er það kosningabrella Framsfl.? Þetta er líklega það aumlegasta í málflutningi stjórnarandstöðunnar og hv. þingmanna hennar.

Hvað fólst í þessum samningi? Það liggur fyrir að á þessu tímabili, frá því í febrúar 2002 og fram í mars 2003 þegar þetta samkomulag var gert, gengu á milli manna ýmsar hugmyndir. Formaður Öryrkjabandalagsins kom t.d. til hæstv. heilbrrh. með hugmyndir um að bæta kjör öryrkja um 600–700 millj. kr. Hvar eru hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem vilja að staðið verði við það samkomulag að settar verði 600–700 millj. kr. í að bæta grunnlífeyri öryrkja?

Hæstv. forseti. Menn greinir á um hvað fólst í þessu samkomulagi. Svo virðist sem gjörvöll stjórnarandstaðan hafi legið á gægjum í viðræðum hæstv. heilbrrh. og formanns Öryrkjabandalagsins. Þar hafi menn hver um annan þveran staðið og hlerað og heyrt að það ætti að greiða öryrkjum 1.528,8 millj. kr. Hvaðan fá menn þessar 1.528,8 millj. kr.? *Frá Tryggingastofnun.* Af hverju? Af *því* að það *var* verið að reikna út eina af þeim hugmyndum sem starfshópurinn kom með.

Ég vek athygli hv. þingmanna á því að starfshópurinn lagði til að þessi hækkun tæki gildi 1. janúar 2005 en ekki 2004. Hefur einhver hv. þm. lagt til að þetta frv. tæki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2005 af því að það hafi verið í einhverju samkomulagi við Öryrkjabandalag Íslands? (**ÖJ:** Var það í samkomulaginu?) Voru 1.528,8 millj. kr. í samkomulaginu? Heyrði hv. þm. það þegar hann lá á hleri? Auðvitað heyrði hann það ekki. Nú kemur hver hv. þm. stjórnarandstöðunnar um annan þveran í pontu og vitnar um að hann hafi legið á hleri og gægjum og heyrt 1.528,8 millj. kr. Það er hin heilaga tala.

Það væri ekki úr vegi, hæstv. forseti, að líta á hvað felst í þessu samkomulagi. Hvað felst í þessu samkomulagi?

1. Stigið verði fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Er staðið við það? Já, þetta frv. er einmitt til þess að standa við það.

2. Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fá þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyrisins.

Hvað er verið að gera í þessu frv., hæstv. forseti? Er ekki verið að gera það að verkum að um næstu áramót muni grunnlífeyrir yngstu öryrkjanna, þeirra sem yngstir urðu öryrkjar, tvöfaldast? Geta menn verið að væla yfir því, hæstv. forseti? Geta menn verið að kvarta yfir því? (**ÖJ:** Á að biðja guð að hjálpa þeim?) Já, hv. þm., það væri nær að biðja guð að hjálpa þeim (**ÖJ:** Og vera þakklátir fyrir það sem að þeim er rétt.) sem sýna þess háttar framkomu. Ég mun koma frekar að því síðar í ræðu minni.

3. Þeir sem verða öryrkjar síðar á lífsleiðinni fá hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri, þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fá grunnlífeyri sem nemur sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins.

Hvað þýðir þetta, hæstv. forseti? Ég heyrði einn hv. þm. tala um að þetta þýddi einhverja línulega lækkun. Hvar kemur það fram í þeim gögnum sem lögð voru fram um þetta samkomulag? Hvar kemur það fram, hæstv. forseti? Það hefur kannski komið fram þegar hv. þingmenn lágu á gægjum og hleruðu að það ætti að vera einhver línuleg lækkun (**Gripið fram í:** Það er í blaðinu.) og koma nú og vitna um það.

4. Hækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

Þess vegna er akkúrat verið að leggja þetta frv. fram núna rétt fyrir jól þannig að hægt sé að afgreiða þetta mál fyrir jólin þannig að hækkun grunnlífeyris komi til framkvæmda 1. janúar 2004.

Í samkomulaginu eru síðan önnur atriði, m.a. um starfshæfingu öryrkja og fleira sem kannski er ekki ástæða til að rekja af þessu tilefni.

Þá kemur að næstu spurningu, hæstv. forseti. Hefur þessi starfshópur sem menn vitna svo til lokið störfum? Hefur hann lokið störfum? Hefur einhver séð álit frá þessum starfshóp? *Hér eru menn að vitna í starfshóp sem er enn að störfum.* Það er svolítið sérkennilegt, hæstv. forseti.

Eins og ég gat um áðan gerði starfshópurinn ýmsar tillögur og varpaði fram ýmsum hugmyndum um útfærslur á þessu samkomulagi. Þær voru ýmsar reiknaðar og m.a. lagði starfshópurinn til, eins og ég gat um áðan, að þessar tillögur kæmu til framkvæmda 1. janúar 2005. Það er sem betur fer enginn sem styður það og berst gegn okkur framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum í því.

Það sem skiptir mestu máli, hæstv. forseti, er að hér er um að ræða mestu réttarbætur öryrkja í áratugi. Það er einfaldast í þessu sambandi, hæstv. forseti, að nefna tölur, krónur og aura, þannig að menn skilji í eitt skipti fyrir öll hvað ríkisstjórnin er að gera og hvernig hún vill bæta hag öryrkja.

Í fyrsta lagi má benda á að einhleypur öryrki sem var metinn 75% öryrki 18 ára var með 17.594 kr. í grunnlífeyri árið 2000. Á næsta ári verður sami öryrki með 42.498 í grunnlífeyri. Heildargreiðslur almannatrygginga til þessa öryrkja voru 72.855 kr. árið 2000. Þær verða 126.547 kr. á næsta ári. Hækkunin frá árinu 2000 er 74%. Frá árinu 2001 er hækkunin 58%. Frá síðasta ári er hækkunin 41%. Hvernig geta hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar talað um að það sé ekki verið að bæta hag öryrkja (**LB:** Hver hefur sagt það?) og það sé verið að svíkja samkomulag öryrkja? (**Gripið fram í:** Það er annað mál.) Hvernig geta hv. þingmenn haldið því fram?

Fyrir utan þessar hækkanir, hæstv. forseti, hefur verið dregið verulega úr áhrifum atvinnutekna til skerðingar á bótagreiðslum öryrkja. Frá miðju ári koma einungis 60% af atvinnutekjum öryrkja til skerðingar á tekjutryggingu í staðinn fyrir 100% áður. Þá er sömuleiðis dregið úr áhrifum tekna á skerðingu bótagreiðslna frá 1. janúar 2002 með því að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingarauka úr 67% í 45%.

Það liggur fyrir að í tíð þessarar ríkisstjórnar, frá árinu 1995, hefur vísitala, kaupmáttur ef hægt er að tala um það, allra bóta hækkað um 46% frá árinu 1995. Kaupmáttur launa hefur á sama tíma hækkað um 34%. Kaupmáttur launa hefur aukist um 10% frá árinu 2000. Kaupmáttur allra bótaþega örorkulífeyrisþega hefur hækkað um rúmlega 24% á síðustu missirum. Það er fjórðungshækkun og enn eru menn að tala um að það sé verið að svíkja öryrkja.

Það er auðvitað hægt, eins og gert hefur verið í þessari umræðu, að rekja þær hækkanir sem átt hafa sér stað á greiðslum til öryrkja á síðustu missirum og árum. Til að mynda hafa bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til einhleyps örorkulífeyrisþega, hækkað frá árinu 1995 um 135%, frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum. Svo leyfa hv. þingmenn sér að segja að ríkisstjórnarflokkarnir séu í stöðugu stríði við öryrkja. Hvers lags bull er þetta, hæstv. forseti? (Gripið fram í.) Hvers lags bull er þetta?

Það liggur fyrir að öryrki sem var með 52.382 kr. á árinu 1995 verður með 126.547 kr. á næsta ári svo fremi sem stjórnarandstaðan kemur ekki í veg fyrir afgreiðslu þessa frv. á hinu háa Alþingi. 126.547 kr. og svo er mönnum brigslað um svik. 135% hækkun frá árinu 1995 á rúmum tveimur kjörtímabilum.

Það væri auðvitað gaman, hæstv. forseti, ef hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hefðu yfir einhverju að státa og samanburð sem væri þeim í vil. En því fer auðvitað fjarri. Málflutningur þeirra á hinu háa Alþingi er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Kannski gekk hann lengst í gær þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, fyrrv. heilbrrh., fór að agnúast út í þetta samkomulag hæstv. heilbrrh. og öryrkja, þennan milljarð sem setja á aukalega til hækkunar grunnlífeyris. Þá vissi ég, hæstv. forseti, ekki hvort ég ætti að hlæja eða gráta svo ég segi bara alveg eins og er.

Því hefur verið haldið fram af hv. þm. stjórnarandstöðunnar að það sé alltaf verið að draga saman í heilbrigðiskerfinu, málefnum fatlaðra, almannatryggingakerfinu. En hvað kemur í ljós ef við skoðum til að mynda afgreiðslu fjárlaganna í gær, hæstv. forseti? Í heilbrigðiskerfið á næsta ári verður varið 10 milljörðum meira en á þessu ári. Hækkunin nemur 10 milljörðum kr. Og hvað gerðu hv. þm. stjórnarandstöðunnar þegar verið var að afgreiða fjárlagafrv. í gær? Stóðu þeir að þessari hækkun? Nei, þeir treystu sér ekki til þess að styðja það frv. Skyldu hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa greitt atkvæði með fjárlagafrv. sem fól í sér hækkun grunnlífeyris öryrkja um 1 milljarð kr., 1.000 millj.? Nei, hv. þm. stjórnarandstöðunnar gátu ekki samþykkt það frv.

Hvað gerðu hv. þm. stjórnarandstöðunnar þegar verið var að afgreiða fjárlagafrv. í gær sem gerði ráð fyrir hækkun til málefna fatlaðra um 350 millj. kr.? Skyldu þeir hafa stutt það fjárlagafrv.? Nei. Þeir sögðust ekki geta stutt það fjárlagafrv., sex ný sambýli á næsta ári á höfuðborgarsvæðinu og hv. þm. stjórnarandstöðunnar gátu ekki einu sinni stutt fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir þessari hækkun. (**ÖJ:** Að uppistöðu minni hækkun.) Það sem skiptir máli er þetta, hæstv. forseti, að á næsta ári verður varið 3,8 milljörðum kr. til grunnlífeyris örorkubóta. Það voru 2,8 milljarðar kr. á þessu ári. 1 milljarður kr., 1.000 millj. kr., ekki 10% hækkun, ekki 20% hækkun, ekki 30% hækkun heldur 36% hækkun. Geta hv. þm. nefnt einhver dæmi um annan eins áfanga í réttindabaráttu öryrkja á síðustu áratugum? Nei, og nú eru hv. þm. stjórnarandstöðunnar steinrunnir í salnum og af hverju er það? (**ÖJ:** Þetta er svo góð ræða.) Vegna þess að þeir hafa ekki yfir nokkru að státa. (**Gripið fram í:** Frábær málflutningur.) Það er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að það er þessi ríkisstjórn, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem setið hefur við völd frá árinu 1995 sem hefur gert hvað mest til að bæta kjör öryrkja eins og ég hef rakið í þessari ræðu minni. (**Gripið fram í:** Talaðu svolítið um öryrkja ...)

Það er stundum sagt, hæstv. forseti, að laun heimsins séu vanþakklæti. Hvert er óhæfuverkið sem ríkisstjórnin hefur unnið gagnvart öryrkjum að þessu sinni? Hvaða níðingsverk er það sem stjórnarandstaðan talar svo mikið um? (**Gripið fram í:** Að svíkja samninginn.) Jú, níðingsverkið er það að bæta 1.000 millj. kr. við grunnlífeyri örorkubóta. Ekki gátu hv. þm. stjórnarandstöðunnar greitt atkvæði með fjárlagafrv. sem fól það í sér í gær. Það var sagt á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og það er rétt. Það er á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokkanna og það eru þeir flokkar og hv. þm. stjórnarflokkanna sem eru að bæta hag öryrkjanna. Stjórnarandstaðan og hv. þm. hennar eiga engan þátt í því máli.

[16:05]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. þm. Guðjón Ólaf Jónsson, sem talaði á undan mér, á að það eru fleiri en stjórnarandstaðan sem eru hneykslaðir á framkomu Framsfl. í þessu máli. Framsóknarmenn um allt land hafa lýst yfir hneykslan á því hvernig hæstv. landbrh. hegðaði sér við atkvæðagreiðslu. Ekki nóg með það heldur hafa ungir framsóknarmenn í Skagafirði ályktað sérstaklega um það að þessi samningur við öryrkja hafi ekki verið uppfylltur. Hv. þm. ætti að gæta að því að það eru ekki bara stjórnarandstæðingar heldur ungir framsóknarmenn í því héraði sem hæstv. heilbrrh. er upprunninn sem telja að samningurinn hafi verið svikinn og þið sitjið uppi með það.

[16:06]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa sérstaklega yfir ánægju minni með það hvað hv. þm. er vel upplýstur um ætterni og uppruna hæstv. heilbrrh. og ég mundi nú hvetja þingmanninn til þess að kynna sér betur störf hæstv. ráðherra áður en hann flytur hér langar ræður. Sér í lagi hlýt ég að lýsa yfir ánægju minni með það að hv. þm. skuli fylgjast jafn vel með störfum Félags ungra framsóknarmanna í sínu kjördæmi og raun ber

vitni. Það er athyglisvert og ég vona að hann geri það áfram.

[16:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sérstakan áhuga á ungum framsóknarmönnum í Skagafirði og ég hef sérstakan áhuga á því að bjóða þeim í Frjálslynda flokkinn vegna þess að það er vart hægt að sitja í Framsfl. lengur, þar eru eilíf svik. Meira að segja öryrkjar eru sviknir. Hvað er hægt að ganga langt? Ungir framsóknarmenn hafa líka ályktað sérstaklega um þetta og mér finnst áhugavert að heyra hvað hv. þm. hefur um það að segja að hans eigin flokksmenn séu það hneykslaðir að þeir eru farnir að ályktа og telja að hæstv. heilbrrh. sé dreginn áfram af íhaldsmönnum og ráði ekki við eitt né neitt heldur sé bara dreginn áfram og það sé Geir Haarde sem dragi hann áfram á frjálshyggjubraut.

[16:07]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað sérstakt ánægjuefni eins og ég gat um áðan að hv. þm. hafi svona mikinn áhuga á félagsskap ungra framsóknarmanna í sínu kjördæmi. Ég veit að vísu ekki hvort hv. þm. uppfyllir þau aldursmörk sem eru í þeim félagsskap en hann er alltjent velkominn í Framsóknarfélag Skagafjarðar ef ekki vill betur.

[16:08]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar samningar eru gerðir á hinum frjálsa vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera liggja launataxtar fyrir. Það má líta á þetta samkomulag sem gert var milli Öryrkjabandalagsins og heilbrrh. sem samkomulag um kjör og útfærsluna á því hvernig eigi að greiða eða draga úr bótum til öryrkja eftir aldri sem nokkurs konar launataxta. Útfærslan á skerðingu aldurstengdra örorkubóta lá fyrir og því var hægt að handsala þetta samkomulag á þeirri forsendu einni, þó svo að það væri eingöngu talað um rúman milljarð, vegna þess að forsendurnar lágu fyrir.

Hæstv. heilbrrh. sagði á Alþingi 26. nóvember að einungis yrði staðið við $^2/_3$ samkomulagsins 1. janúar 2004 og muni afgangurinn koma til framkvæmda ári síðar. Hann sem sagt viðurkenndi að það væri eingöngu verið að standa við $^2/_3$ samkomulagsins.

[16:09]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gaman þegar hv. þm. stjórnarandstöðunnar halda áfram að vitna um gægjur sínar. Það styttist mjög í það að við fáum jólasveina í bæinn og þar er líklega fremstur Gluggagægir. Þessi málflutningur hv. þm. stjórnarandstöðunnar ber vott um það að það styttist til jóla og jafnvel (**Gripið fram í:** Ungra framsóknarmanna í Skagafirði?) — það verða líka jól hjá ungum framsóknarmönnum í Skagafirði og jafnvel hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni.

[16:10]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður gátu hv. þm. ekki legið á gægjum, þá vissum við betur. En við hlustuðum á orð hæstv. ráðherra þegar hann lýsti þessu yfir á hinu háa Alþingi og það er verið að brjóta það samkomulag sem gert var. Þetta var kosningaloforð Framsfl. að standa við samkomulagið og það var gengið út frá því af hendi Öryrkjabandalagsins að þetta yrði línuleg skerðing, það yrði 2,04% á ári sem svarar 421 kr. hvert aldursár. Mér finnst varhugavert af hv. þm. Framsfl. að grobba hér af prósentutölu hvað varðar bætur til öryrkja. Við skulum horfa á upphæðirnar. Það er hægt að blekkja með prósentum.

[16:11]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér heyrðist hv. þm. vera að bera af sér þær sakir að hún hefði legið á gægjum, gat þess að þá vissu hv. þm. betur. Það er auðvitað alveg rétt. Það er einmitt kjarni þessa máls að hv. þm. stjórnarandstöðunnar vita ekkert um málið. Ég fór yfir samkomulag hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar við Öryrkjabandalag Íslands lið fyrir lið áðan og munurinn á málflutningi hv. stjórnarþingmanna í salnum og hv. stjórnarandstæðinga er sá að stjórnarandstæðingar hafa ekkert farið yfir samkomulagið. Málflutningur þeirra byggist á allt öðrum forsendum eins og þeim hentar, lýðskrumið sjálft.

[16:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að mörgu leyti mjög fróðlegt að fá tækifæri til að skyggnast inn í sálarlíf ungra framsóknarmanna. Það er hins vegar ekkert mjög skemmtileg lífsreynsla að fylgjast með því hvernig þeir reyna að búa til nýjan sannleika með því að breyta staðreyndum máls.

Það kemur mér ekkert á óvart að samningaviðræður hafi staðið í langan tíma við Öryrkjabandalag Íslands. Það er staðhæft að það hafi verið frá því í febrúar árið 2002. Það má ætla að allkirfilega hafi verið gengið frá samkomulagi sem tekur hálft annað ár að smíða. Og það þurfti engar gægjur, hv. þm., vegna þess að í Morgunblaðinu og í Ríkisútvarpinu voru forsendur samningsins kynntar í tölum, nákvæmlega, grunnlífeyrir átti að hækka úr 20.600 kr. í 41.200 kr. og síðan átti að skerða þessa upphæð um 421 kr. á ári. Það var greint frá þessu í fjölmiðlum. Hefur þingmaðurinn virkilega ekki kynnt sér málið?

[16:13]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt munurinn sem er á þingmönnum stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna. Hann er sá að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa ekki kynnt sér málið. Hvað er svona voðalegt við þetta samkomulag, hæstv. forseti? Er það að örorkubæturnar hækka um 135% á næsta ári frá árinu 1995? Er það öll skelfingin? Er það það sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hræðast? Hvað er það sem gerir það að verkum að hv. þm. geta ekki komið hér og stutt heilbrrh. í þessu máli og tekið á því af fullum krafti með ríkisstjórninni að bæta hag öryrkja eins og hún hefur gert samfellt frá árinu 1995?

[16:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega mikill útúrsnúningur en ég er að beina ákveðinni spurningu til hv. þm. Í fyrsta lagi það sem hann kallar gægjur, þegar venjulegt fólk opnar fyrir útvarp eða les blöð, flettir Morgunblaðinu. Það eru ekki meiri gægjur en svo. Þar kom fram að grunnlífeyrir ætti samkvæmt samningnum — ekki fréttatilkynningu ráðuneyta heldur samningnum að hækka um þær krónur sem ég nefndi áðan. Það var líka greint frá því hver skerðingin ætti að vera. Hefur þingmaðurinn ekki kynnt sér þetta? Hefur hann ekki kynnt sér efni málsins áður en hann fer í ræðustól með þetta tal um gægjur?

Ég nefndi einnig að ég hefði átt viðræður við forsvarsmenn Öryrkjabandalagsins eftir að frá þessu var greint eins og margir gerðu til þess að reyna að átta sig á því hvað þarna væri á ferðinni. En strax eftir að samningurinn var undirritaður frammi fyrir fjölmiðlum landsins í Þjóðmenningarhúsinu, var rækilega greint frá þessum forsendum í fjölmiðlum. Hefur þingmaðurinn virkilega ekki kynnt sér málið betur en þetta?

[16:15]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna beraði hv. þm. sig fyrst þegar hann talaði um að það hefði verið undirritað eitthvert samkomulag milli Öryrkjabandalags Íslands og hæstv. heilbrrh. Hvar er það undirritaða samkomulag? (**Gripið fram í:** Handsalað.) Er það handsalað eða er það undirritað, hæstv. forseti? (Gripið fram í.) Er það handsalað eða undirritað? Hv. þm. heldur því fram að það hafi verið undirritað samkomulag milli Öryrkjabandalag Íslands og hæstv. heilbrrh. (**ÖJ:** Hefurðu kynnt þér þessar tölur?) Ég hef auðvitað kynnt mér þessar tölur, hv. þm., og ég veit að á næsta ári hækka bætur, grunnlífeyrir örorkubóta um 1 milljarð kr., úr 2,8 milljörðum kr. í 3,8. Getur hv. þm. verið óánægður með það? (**ÖJ:** Nei, ég vil bara hafa það meira og láta ...)

[16:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aumkunarvert að hlusta á hv. varaþm. Guðjón Ólaf Jónsson vera að reyna að kjafta sig út úr því hvernig framsóknarmenn hafa svikið þetta samkomulag við öryrkjana. Hann er hér með stærilæti, derring og útúrsnúninga þegar Framsfl. er búinn að hafa níu ár til að bæta kjör öryrkja og í góðærinu. (Gripið fram í.) Hvað hefur gerst, herra forseti? Það sem hefur gerst er það (Gripið fram í.) að öryrkjar hafa þurft að sækja allar þessar kjarabætur gegnum dómstólana. Það ætti lögmaðurinn að vita. Í gegnum dómstóla þurftu þeir að sækja þær. Allir flokkar lofuðu því fyrir kosningar að standa við útfærslu Öryrkjabandalagsins á því að hækka grunnlífeyri til öryrkja. Allir flokkar og Framsfl. líka, en hann er að svíkja (Gripið fram í.) það núna, því miður. Það verðið þið bara að skilja að því miður eru þeir að svíkja þetta.

[16:17]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað hlægilegt þegar hv. þingmenn halda því fram að ríkisstjórnin hafi verið pínd með dómum Hæstaréttar til að hækka grunnlífeyri örorkubóta um 135% á rúmum tveimur kjörtímabilum. Þetta er algjörlega fyrir utan og algerlega ótengt dómum Hæstaréttar Íslands, algjörlega. En þetta er bara enn eitt dæmi, hæstv. forseti, um þann málflutning sem hér hefur verið í gangi. Hann er auðvitað fyrir neðan allar hellur, hæstv. forseti, og það verður að segja það alveg eins og er að framganga og framkoma hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar í þessu máli er örkuml heilbrigðrar skynsemi.

[16:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Áfram heldur hv. varaþm. með derringinn, og hann kannast ekki við dóma Hæstaréttar í öryrkjamálum, ég er alveg gáttuð á því að hlusta á hv. þm., lögmanninn, tala svona. Áðan í ræðu sinni talaði hann um greiðslur öryrkja aðeins út frá einum bótaflokki. Auðvitað hafa greiðslur hækkað og munu auðvitað hækka ef tvöfalda á grunnlífeyri en það er ekki hægt að miða eingöngu við hann. Og að vera að stæra sig af því að hafa lækkað skerðingarnar á tekjutryggingaraukanum úr 67%, sem var náttúrlega fyrir neðan allar hellur, niður í 45% og það er einmitt bótaflokkurinn sem menn urðu að setja á vegna dóms Hæstaréttar. Þetta er fyrir neðan allar hellur og allur málflutningur hv. varaþm. Guðjóns Ólafs Jónssonar hefur varla riðið við einteyming.

[16:20]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn standa hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar kviknaktir í þessum umræðum. Að hv. þm. skuli halda því fram að dómar Hæstaréttar hafi snúist um grunnframfærslu öryrkja er rangt. Þeir snerust um tekjutengingu en ekki um grunnframfærslu og það er ótrúlegt að hv. þm. sem er búin að sitja þetta lengi á þingi skuli ekki vita betur. (**ÁRJ:** Þetta snerist um kjarabætur.) Þetta er auðvitað fyrir neðan allar hellur, hæstv. forseti, og er lýsandi dæmi um þann málflutning sem stjórnarandstaðan hefur haft í þessu máli.

[16:20]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við erum að ræða breytingar á lögum um almannatryggingar og þetta mál fjallar um kjör öryrkja og þá sérstaklega um kjör ungra öryrkja. Það er athyglisvert að sjá ekki hæstv. landbrh. í salnum því að hann lét hér dólgslega við atkvæðagreiðslu um ... (Gripið fram í.) Ja, hann lét skoðun sína sérstaklega í ljós og ég vil leyfa mér að segja að hann hafi látið dólgslega í garð öryrkja við atkvæðagreiðslu fjárlaga. Það mætti halda að hann hafi haldið námskeið fyrir unga varaþingmenn Framsfl. vegna þess að umræðan hér hefur í raun ekki verið mjög málefnaleg af hálfu framsóknarmanna. Ég vil leyfa mér að segja það, og vegna forsögu þessa máls sem hér er til umræðu, þá væri miklu nær að ræða um heilindi Framsfl.

Þess ber að geta að það eru fleiri en við í Frjálslynda flokknum sem erum farin að efast um heilindi Framsfl. vegna þess að við sjáum það að hæstv. heilbrrh. er að ganga á bak samkomulagsins og ungir framsóknarmenn í Skagafirði sjá þetta líka. Það má lesa það í nýjasta Feyki, fréttablaði á Norðurlandi vestra, að þeir hafa samið sérstaka ályktun um þetta og ég vil fá að vitna í þessa ályktun, með leyfi herra forseta:

„Stjórn ungra framsóknarmanna í Skagafirði lýsir yfir miklum vonbrigðum með að samkomulag heilbrigðisráðherra og Öryrkjabandalags Íslands skuli ekki koma til framkvæmda að fullu um komandi áramót. Skorað er á þingmenn Framsóknarflokksins að standa vörð um samkomulagið og koma þar með í veg fyrir að ungir öryrkjar verði fórnarlömb frjálshyggjumeinloku fjármálaráðherra."

Með öðrum orðum: Ungir framsóknarmenn í Skagafirði segja það að hv. þingmenn Framsfl. séu dregnir áfram af frjálshyggjumeinloku. Það fer heldur ekki milli mála að ungir framsóknarmenn í Skagafirði telja að það sé verið að svíkja samkomulagið sem hæstv. heilbrrh. handsalaði við formann Öryrkjabandalagsins, Garðar Sverrisson. Hvernig má það vera að hæstv. heilbrrh. skuli ganga á bak orða sinna og svíkja samkomulag sem hann handsalaði? Hvernig stendur á því að hann gerir það? Maður veltir þessu óneitanlega fyrir sér. Hæstv. heilbrrh. var það ánægður með samkomulagið að hann sá ástæðu til að rita grein um það í Morgunblaðið þar sem hann gerði rækilega grein fyrir því hve þetta væri

gott samkomulag og ég vil fá að grípa niður í grein hans frá 27. mars, með leyfi herra forseta:

„Á blaðamannafundinum í fyrradag var spurt hvort samkomulagið nú væri nokkuð annað en rétt og slétt kosningabomba. Ekkert er eðlilegra en fréttamenn spyrji spurninga af þessu tagi í aðdraganda kosninga. Það sem athyglisvert var á fundinum með blaðamönnum var að báðir aðilar, bæði sá sem þetta ritar og Garðar Sverrisson, formaður ÖBÍ, lýstu yfir að þannig bæri ekki að skilja niðurstöðuna og báðir sögðumst við sannfærðir um að enginn stjórnmálaflokkanna mundi einn eða í samráði við aðra flokka reyna að rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið."

Nú liggur fyrir í fjárlagafrv. sem samþykkt var í gær að hæstv. heilbrrh. greiddi sjálfur atkvæði með því að samkomulagið við öryrkja yrði ekki efnt. Eina vörn hæstv. ráðherra fyrir að efna ekki umrætt samkomulag er að hann hafi ekki vitað hvað samkomulagið kostaði. Hann segist ekki hafa vitað af því fyrr en í ágúst. Hvernig má það vera?

Nú liggur fyrir að ráðuneyti hæstv. ráðherra Jóns Kristjánssonar, heilbr.- og trmrn., hafði undir höndum útreikninga vegna samningsins við öryrkja þann 10. apríl sl. eða um hálfum mánuði eftir að hæstv. ráðherra talar um að samkomulagið sé alls engin kosningabomba. Og ég spurði hæstv. ráðherra í dag hver bæri ábyrgð á þessu kostnaðarmati sem gert var fyrir heilbr.- og trmrn. 10. apríl. Ég fékk engin svör um það hver bæri ábyrgð á því og það væri þá ákaflega gott að fá að heyra það í lokaræðu hæstv. heilbrrh. hver bæri ábyrgð á þessu. En nú virðist þetta bara vera marklaust plagg sem hafi enga merkingu í málinu.

Menn hafa komið hér hver á eftir öðrum undanfarna daga og hæla manneskjunni Jóni Kristjánssyni og ég skal ekki draga það í efa að hann sé mjög góður drengur. Ég kannast við margt hans fólk og þekki það að góðu einu. Samt sem áður hlýtur framganga hæstv. ráðherra í þessu máli að vekja upp alvarlega spurningu um hvort hæstv. ráðherra sé hæfur til að gegna svo mikilvægu starfi sem embætti ráðherra. Ég er farinn að drag það alvarlega í efa, hæstv. ráðherra. Framganga hans í þessu máli er langt frá því að vera traustvekjandi. Það er alls ekki traustvekjandi að skrifa eða handsala samning upp á 1.500 millj. kr. og halda að hann sé 500 millj. kr. lægri. Það er ekki traustvekjandi.

Ég er nýliði á þinginu og ég spyr því: Ætli það séu fleiri dæmi um það að ráðherrar skrifi upp á samning og viti ekkert hvað þeir eru að skrifa undir eða handsali samninga eins og hér hefur komið fram? Og það er heldur ekki traustvekjandi fyrir hæstv. ráðherra þegar það liggur ljóst fyrir að útreikningar vegna samkomulagsins við öryrkja hafi verið tiltækir í ráðuneyti hans sjálfs frá 10. apríl en hann fréttir ekki af útreikningunum fyrr en í ágúst, ef marka má fréttaflutning Fréttablaðsins. Hann fréttir í rauninni ekki af þeim fyrr en fjórum mánuðum eftir að þeir liggja fyrir í ráðuneytinu. Þetta er ekki mjög traustvekjandi.

Ef við skoðum þessa útreikninga og hvað þeir þýða í raun, þá má segja að ef maður er greindur öryrki 43 ára, þá er aldurstengdur örorkulífeyrir 50% samkvæmt samkomulaginu sem gert var við öryrkja og hæstv. ráðherra skrifaði um í Morgunblaðinu en við það, eins og þeir segja ungir framsóknarmenn í Skagafirði, að hann er dreginn áfram af frjálshyggjuöflunum þá verður þetta að 10% aldurstengdum örorkulífeyri.

Þess ber að geta að samningurinn við öryrkja var Framsfl. ofarlega í huga í kosningabaráttunni síðastliðið vor og þeim mun undarlegra að ráðherra hafi ekki leitað eftir því hvað samningurinn kostaði í raun og veru. Þetta er alls ekki traustvekjandi stjórnsýsla.

[16:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma að í síðari ræðu minni. Það hefur einkum verið rætt um kostnaðarmötin, dagsetningar, hvenær kostnaðarmöt voru gerð, hvort það hafi verið gerð kostnaðarmöt á fleiri útfærslum og hvernig upplýsingar hafi borist um málin.

Eins og fram hefur komið var þetta mál lengi í undirbúningi. Viðræður höfðu farið fram á mörgum sviðum milli ráðuneytisins, mín persónulega, og Öryrkjabandalagsins. Ýmsum leiðum hefur verið velt upp óformlega í þeirri umræðu, eins og hefur komið fram hér í dag. Hins vegar er það alveg rétt að við staðnæmdumst við þá leið sem tveir hv. þm., Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s., og hv. 9. þm. Reykv. n., Helgi Hjörvar, gerðu grein fyrir. Við horfðum mikið til línulegrar útfærslu og það er sú leið sem var kostnaðarmetin.

Eftir að ég skipaði starfshóp 9. maí fékk ég upplýsingar um það í ágúst að sú leið sem starfshópurinn var vissulega að skoða mundi kosta 1.528 millj. Það breytir því ekki að samkomulagið sem ég kynnti ríkisstjórninni og samkomulagið sem ég er að uppfylla með þessu frv. gerði ráð fyrir 1 milljarði kr.

Mér þótti skylt að láta á það reyna hvort það væri möguleiki að fara þessa leið og mér þótti einnig skylt að velta upp þeim hugmyndum að fara hana 1. janúar 2005. Þær leiðir voru ræddar í starfshópnum. Það er ekkert leyndarmál. Þó að engin formleg niðurstaða liggi fyrir frá starfshópnum voru þær leiðir ræddar, eins og ég gerði grein fyrir í umræðum á Alþingi. Ég hef nefnilega ekki reynt að draga neina fjöður yfir þetta mál. Það breytir því samt ekki að samkomulagið sem var handsalað og kynnt 25. mars reiknaði með 1 milljarði króna í þetta og útfærslan átti síðan að vera í höndum starfshóps sem tók til starfa 9. maí. Starfshópurinn ræddi þessa línulegu útfærslu, ýmsa möguleika á henni og m.a. að taka hana þá í gildi 1. janúar 2005. Sú varð ekki niðurstaðan og ég lagði fram frv. í samræmi við þær upphæðir sem eru í samkomulaginu. Hins vegar eru meginatriðin í samkomulaginu þau að taka upp aldurstengdar örorkubætur og taka fyrsta skref í að koma til móts við yngstu öryrkjana. Það eru meginatriði samkomulagsins. Ég lét reyna á það og ræddi hvort hægt væri að ganga lengra og nota þessa línulegu útfærslu. Það er ekkert leyndarmál og ég þarf ekkert að draga fjöður yfir það í þessu sambandi. Ég tel að þetta svari spurningum þeim sem hv. þm. Helgi Hjörvar beindi til mín.

Stundum hafa í þessari umræðu fallið orð um lygi og svik og hv. þm. Ögmundur Jónasson fer stundum mikinn. Hv. þm. fór fljótlega úr þessum ham í ræðu sinni og fór í þann sanngjarna ham sem hann er oft í, þann ham sem hefur yfirleitt snúið að mér í samskiptum okkar, og þau hafa verið góð. Hann sagði: Hugsunin er mjög góð í þessum samningi. Hann fór viðurkenningarorðum um samkomulagið og ég þakka honum fyrir það þó að hann dytti í það að hafa nokkur stóryrði í upphafi máls síns.

Eitt vil ég alveg frábiðja mér. Ég hef hvorki logið upp á Öryrkjabandalagið né neinn annan. Öryrkjabandalagið er að berjast fyrir hagsmunum sínum og það mun halda því

áfram. Ég hef ekki logið neinu upp á það, ég kannast ekki við það. Ég vonast satt að segja til að ég eigi við það áfram gott samstarf þegar, eins og ég sagði, þetta frv. er komið í gegn, sem það verður að gera auðvitað fyrir áramót til þess að við getum greitt út þann milljarð sem er í fjárlögunum og til að við getum komið þessum kjarabótum í framkvæmd.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s., spurði mig hvers vegna væri miðað við 18 ára aldur í frv. Þetta var rætt í starfshópnum, það var rætt um hvort það ætti að miða við 16 ára aldur en frá því var horfið vegna þess að unglingar 16–18 ára eru á framfæri foreldra og foreldrarnir fá umönnunarbætur. Ég varð ekki var við það í starfshópnum að þetta atriði væri kjarni málsins, það var ekki deilt um þetta. Menn fóru þá leið að neðri mörkin væru 18 ára aldur en þetta var ekki í miðju átakanna.

Síðan er það varðandi raunútgjöld ríkissjóðs af þessu máli. Eins og kom fram í andsvari hjá mér fyrr í dag er þar verið að tala um skattleysismörk eins og á við um allar bætur. Það má þá alveg segja það sama um raunútgjöld varðandi t.d. ellilífeyri. Þá má yfirfæra það á alla bótaflokka ef það ætti að fara þessa leið þannig að þar er um annað mál að ræða.

Ágúst Ólafur Ágústsson, hv. 10. þm. Reykv. s., ræddi um stöðu okkar í alþjóðlegum samanburði. Það er oft erfitt að bera okkur saman við aðra vegna þess að það er svo misjafnt hvort félagsleg útgjöld eru tekin inn í tryggingaútgjöldin. Ég held að heppilegasti og sanngjarnasti samanburðurinn sé ef velferðarútgjöldin eru lögð saman vegna félagsmála, vegna tryggingamála, og þá liggjum við um miðju Norðurlandanna. Það er rétt að Danir og Svíar eru hærri en við en við liggjum nálægt miðju.

Aðalatriðið finnst mér í þessu máli að hér er verið að bæta, eins og margoft hefur komið fram í dag, kjör öryrkja. Það finnst mér meginmálið varðandi þetta og ekki síður að með þessu frv. er verið að uppfylla það mikla baráttumál Öryrkjabandalagsins að taka upp aldurstengdar örorkubætur. Það finnst mér afar mikilvægt varðandi það mál sem hér er til umræðu og ég er stoltur af því að hafa tekið þátt í að hrinda því baráttumáli í framkvæmd. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem sagði — og sneri þá sanngirninni að hæstv. ráðherra hér — að hugsunin væri mjög góð í þessu frv. Mér þykir vænt um þau ummæli og ég vil vinna áfram að baráttumálum öryrkja á þeim nótum.

[16:41]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er í þessari umræðu eins og stundum þegar menn lenda í miklum vandræðum eða sjálfheldu að það rekst hvað á annars horn, líkt og nú í málflutningi hæstv. heilbrrh. Hann segir okkur í dag að hann hafi gert samning um 1.000 millj. kr. Í síðustu viku kom hann hingað og sagði okkur að hann hefði gert samning og samningurinn mundi kosta 1.500 millj. kr. Núna segir hæstv. ráðherra að það sé rétt að bara ein útfærsla hafi verið á borðinu og bara ein útfærsla hafi verið kostnaðarreiknuð og hún hafi verið kostnaðarreiknuð fyrir kosningar en undanfarna daga hefur stjórnarliðið verið að segja okkur að þetta hafi bara verið ein af mörgum mögulegum útfærslum.

Nú kemur ráðherrann loksins og viðurkennir að þær voru ekkert margar. Það var aðeins ein útfærsla og hún kostar 1.500 millj. kr. og þann samning, þá útfærslu og það ígildi kjarasamnings, eiga menn að hafa döngun í sér til að efna en segja ekki eitt eina vikuna og annað aðra vikuna.

[16:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að starfshópurinn hallaðist að þessari línulegu útfærslu sem hv. þm. hafa gert grein fyrir. Hins vegar breytir það því ekki að samkomulagið sem var kynnt fyrir ríkisstjórn var upp á 1 milljarð kr. Það samkomulag er verið að uppfylla.

Hins vegar hefur það komið fram að starfshópurinn fjallaði um þessa útfærslu og ég lét reyna á hvort hægt væri að fara þessa leið strax í því fjárlagafrv. sem við vorum að samþykkja. Þegar svo reyndist ekki ákvað ég að leggja fram frv. með þeim meginatriðum sem eru í því, aldurstengingu örorkubóta og tvöföldun fyrir yngstu öryrkjana, en miðað við þá upphæð sem var í samkomulaginu.

Síðan, eins og kom fram í framsöguræðu minni, á enn þá eftir að reikna út aldurstenginguna. Ekki eru enn þá öll kurl komin til grafar en það verður vissulega gert.

[16:44]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eflaust hægur vandi að fá hæstv. heilbrrh. útskrift af hans eigin ræðu hér í þinginu í síðustu viku þegar hann sagði: Samningurinn kostar 1.500 millj. kr. Nú kemur hann og segir: Samningurinn kostaði 1.000 millj. kr., samningurinn var um 1.000 millj. kr.

Það er bara ekki rétt, virðulegur forseti. Menn eiga að fara með rétt mál hér, auk þess sem samningurinn gerði ráð fyrir því að starfshópur ráðherrans sjálfs mundi gera tillögur um útfærslu samkomulagsins og sú tillaga liggur ekki hér fyrir, heldur er búið að henda henni í ruslið og með þeim hætti ganga í öðru lagi gegn efni samningsins. Hér er komið eitthvert afsláttarfrumvarp sem ráðherranum hefur verið náðarsamlegast hleypt í gegn með í ríkisstjórninni.

[16:46]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar staðreyndir hafa verið margendurteknar. Málið er ekki eins flókið og það er lagt út hér í umræðunni. Samkomulagið sem var kynnt fyrir ríkisstjórn gerði ráð fyrir 1 milljarði kr. í kostnað, eða rúmum 1 milljarði.

Kostnaðarmat á útfærslu við þessa línulegu leið, sem mér var kynnt í ágúst, hljóðaði upp á 1,5 milljarða kr. Ég held að það verði að gera greinarmun á þessum meginatriðum. Það er verið að uppfylla samkomulagið en það er ekki verið að fara þá leið sem var verið að kostnaðarmeta. Það er meginmunur á þessu.

[16:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni að samskipti okkar hafa yfirleitt verið mjög góð, enda deilum við grundvallarhugmyndum og -hugsjónum varðandi velferðarþjónustuna og uppbyggingu hennar. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi að mörgu leyti staðið sig afar vel hvað þetta snertir.

Í þessu tiltekna máli er ég hins vegar mjög ósáttur við hæstv. ráðherra, og ég er mjög ósáttur við Framsfl. og framgöngu hans í þessum málum. Það hefur komið fram að samningur var gerður við Öryrkjabandalag Íslands. Hæstv. ráðherra staðfesti fyrir stundu að menn hefðu staðnæmst við tiltekna leið. Frá þessari leið var greint í fjölmiðlum, í Morgunblaðinu og í Ríkisútvarpinu, um hvað grunnlífeyrir ætti að hækka og hvernig skerðingu ætti að haga fram til 67 ára aldurs. Það var greint frá forsendum samningsins. Það

sem síðar átti eftir að koma í ljós var að kostnaðarmat á þessum samningi reyndist vera rangt.

Nú upplýsir hæstv. ráðherra okkur um að til hafi staðið að íhuga aðrar dagsetningar en þjóðinni var greint frá í Þjóðmenningarhúsinu í marslok. Þá spyr ég um framkomu gagnvart kjósendum vegna þess að þetta mál snýr ekki einvörðungu að Öryrkjabandalagi Íslands. Það snýr einnig að kjósendum í alþingiskosningunum vorið 2003.

Og er það rétt sem hæstv. ráðherra var að upplýsa okkur um hérna áðan, eða misheyrði ég það, að menn hafi eftir alla auglýsingamennskuna í kringum þennan samning verið að íhuga að breyta dagsetningum?

[16:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginatriðið í þessu máli er að 25. mars var kynnt samkomulag við öryrkja sem hafði verið samþykkt í ríkisstjórn Íslands og sagt að samkomulagið tæki gildi 1. janúar 2004 og að í það ætti að verja 1 milljarði kr. Það er það sem við erum að framkvæma.

Eftir það er fjallað, m.a. í starfshópi og í óformlegum viðræðum, um ákveðna útfærslu á þessum aldurstengdu örorkubótum. Um það snýst málið. Það er ekki verið að svíkja neitt en þarna er ákveðin útfærsla sem kostar meiri fjármuni. Hins vegar er kjarni þessa máls sá að öll atriði samkomulagsins eru uppfyllt og til þess er varið 1 milljarði kr. sem er stórkostlegur árangur fyrir réttindabaráttu öryrkja í þessu landi. Ég held að í sjálfu sér sé ekki deilt um það og því ber auðvitað að fagna. Ég er stoltur af að hafa tekið þátt í að koma þessu mikla baráttumáli öryrkja um kerfisbreytingu í höfn sem vonandi verður á næstu dögum.

[16:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér getur hæstv. ráðherra verið stoltur af því að hafa náð árangri við að bæta kjör öryrkja, og auðvitað samgleðjumst við öll yfir því. Hins vegar hefur það ekki verið gert á þann hátt sem samið var um. Við þær umræður sem fram hafa farið um þetta mál hef ég ekki sannfærst um annað en að staðhæfingar forsvarsmanna Öryrkjabandalags Íslands séu réttar. Það var ekki samið um upphæðina, það var samið um kerfisbreytingar og hvernig að þeim skyldi staðið. Við það samkomulag, við þann samning, er ekki staðið.

Ég beini gagnrýni minni fyrst og fremst að Framsfl. vegna þessa samningsrofs. Það var hann sem kynnti þetta, ekki aðeins Öryrkjabandalagi Íslands heldur þjóðinni allri fyrir síðustu alþingiskosningar. Ég vona að hann eigi einhvern tíma eftir að axla pólitíska ábyrgð á því verki.

[16:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu var þetta samkomulag, sem er stórkostlegur áfangi í réttindabaráttu öryrkja, rætt í kosningabaráttunni. Það gerðu fleiri en framsóknarmenn. En ég kannast ekki við að í kosningabaráttunni hafi verið lofað í þetta meiri fjármunum en 1 milljarði kr. eins og samkomulagið gerði ráð fyrir. Þetta samkomulag var gert 25. mars, eftir langar viðræður eins og hér hefur komið fram, og það var að sjálfsögðu til umræðu. Ég vísa því á bug að hér hafi verið um einhverja kosningabrellu að ræða.

[16:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að svara fyrirspurn úr ræðu minni hér fyrr í dag varðandi 16–18 ára öryrkja. Hæstv. ráðherra svarar því til að foreldrar öryrkja sem eru á því aldursbili fái umönnunargreiðslur. En það eru ekkert allir endilega með foreldra sem fá umönnunargreiðslur. Samkvæmt almannatryggingalögunum eru örorkulífeyrisgreiðslurnar frá 16 ára aldri, og það er ekki gert ráð fyrir því í þessari lagasetningu að 16 og 17 ára öryrkjar fái neina kjarabót.

Við vitum að allar þessar breytingar á almannatryggingalögunum undanfarið hafa leitt af sér, margar hverjar, alls konar göt og glufur. Ég held að hér sé verið að ganga fram hjá ákveðnum hópi öryrkja því að 16 og 17 ára öryrkjar, sem eiga rétt á örorkulífeyrisgreiðslum frá almannatryggingunum samkvæmt lögunum, fá ekki neina kjarabót samkvæmt þessu.

Ég fer fram á það, herra forseti, að það verði skoðað í nefndinni. Það er fullkomlega óeðlilegt ef það er verið að gera svona kjarabætur, sem þetta vissulega er — við erum alveg sammála um að þetta eru vissar kjarabætur, verulegar fyrir þá sem fá mest — að þarna skuli vera hópur sem ekki fær neitt. Mér finnst full ástæða til að skoða það.

[16:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í seinni ræðu minni um þetta mál. Í sjálfu sér voru ekki deilur um þetta en ég er alls ekkert á móti því og veit auðvitað að hv. heilbr.- og trn. kallar eftir skýringum á þessu máli þegar það fer þangað og verður unnið þar.

Ég endurtek rökstuðninginn fyrir þessu og það að þetta mál var ekki í brennipunkti þeirra átaka sem urðu síðar um málið.

[16:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að það voru ekki deilur um þetta og þetta hefur ekki komið til tals fyrr en núna. Ég held að þarna hafi bara orðið ákveðin mistök því að samkvæmt lögunum er verið að greiða þessar bætur frá 16 ára aldri og ég tel fulla ástæðu til að þetta sé skoðað. Ég held að þarna hafi hópur gleymst og það er full ástæða til að hann fái sömu réttarbætur og 18 og 19 ára öryrkjar.

Ég tel fulla ástæðu til að skoða þetta og minni á að ekki fá allir aðstandendur umönnunargreiðslur vegna þessa hóps.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:58.

45. FUNDUR

mánudaginn 8. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 418. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 410. mál, þskj. 558. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 411. mál, þskj. 559. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, stjfrv., 418. mál, þskj. 574. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umferðarlög, stjfrv., 419. mál, þskj. 575. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 420. mál, þskj. 578. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frv., 417. mál, þskj. 573. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.
[13:01]

Útbýting þingskjala:

Gerendur í kynferðisafbrotamálum, 432. mál, beiðni GÖg o.fl. um skýrslu, þskj. 598.
Lestrarerfiðleikar, 431. mál, fsp. ArnbS, þskj. 597.
Niðurgreiðslur á rafhitun, 429. mál, fsp. KLM, þskj. 595.
Umfjöllun um vetnisáform, 430. mál, fsp. HjÁ, þskj. 596.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (erfðablöndun). — Þskj. 418.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Tímabundin ráðning starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (EES-reglur). — Þskj. 558.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Starfsmenn í hlutastörfum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (EES-reglur). — Þskj. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (aldurstengd örorkuuppbót). — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 419. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 575.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, frh. 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (tímabundin vinnslustöðvun o.fl.). — Þskj. 578.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[13:04]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eðlilegast og heppilegast væri að þetta frv. verði dregið til baka á þessu stigi málsins. Hér er um að ræða lög sem byggja á þríhliða samkomulagi verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisvalds og í sjálfu sér stríðir þetta gegn kjarasamningum ef frv. verður að lögum. Lágmarkskrafa er að leitað verði eftir samkomulagi og samráði við verkalýðshreyfinguna um þetta frv. Í trausti þess að það verði gert, greiðum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði atkvæði með því að málið gangi til 2. umr.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. DrH o.fl., 417. mál (sauðfjárbændur). — Þskj. 573.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:07.

---

46. FUNDUR

miðvikudaginn 10. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Verklag við fjárlagagerð, fsp. HHj, 325. mál, þskj. 376.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúklinga, fsp. MF, 262. mál, þskj. 295.

Til samgönguráðherra:

3. Beint millilandaflug frá Akureyri, fsp. HlH, 396. mál, þskj. 532.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Fjárflutningar, fsp. SigurjÞ, 415. mál, þskj. 570.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá friðarverðlaunanefndinni í Seúl.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, 324. mál, nál. utanrmn., þskj. 604.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 417. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 600.

Kirkjugripir, 434. mál, þáltill. ÖB, þskj. 602.

Kornrækt á Íslandi, 433. mál, þáltill. ÖB, þskj. 599.

Umferðarlög, 419. mál, nál. allshn., þskj. 601.

Beint millilandaflug frá Akureyri.

Fsp. HlH, 396. mál. — Þskj. 532.

[10:34]

Fyrirspyrjandi (Hlynur Hallsson):

Herra forseti. Sl. vor hóf Grænlandsflug beint áætlunarflug milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Það var gert með stuttum fyrirvara og án mikillar markaðssetningar. Fólk af Norðurlandi gerði sér vonir um að þetta væri aðeins byrjunin á reglulegu áætlunarflugi beint frá Akureyri til Evrópu og tók þessu flugi fagnandi.

Fyrir nokkrum dögum hætti flugfélagið þessu áætlunarflugi. Sú ákvörðun var tekin með enn styttri fyrirvara. Á þeim sjö mánuðum sem Grænlandsflug bauð upp á beint flug tvisvar í viku nýttu tæplega 8 þús. farþegar sér að fljúga með félaginu þessa flugleið. Um 90% af flugmiðunum var seldur af ferðaskrifstofum á Akureyri og mikill meiri hluti farþeganna kom af Norðurlandi en aðeins lítill hluti frá Kaupmannahöfn. Þessa tölur segja okkur að þrátt fyrir litla markaðssetningu á Norðurlandi og stuttan fyrirvara tóku Norðlendingar þessu flugi fegins hendi og nýttu sér það óspart. Bókanir fyrir næsta ár bentu til þess að mikil aukning yrði og fólk var bjartsýnt á að þetta flug væri komið til að vera. Þar sem engin markaðssetning fór hins vegar fram í Skandinavíu hvað þá Evrópu komu sárafáir farþegar þaðan.

Akureyri er gjarnan nefndur höfuðstaður Norðurlands með alþjóðlegan háskóla, öflugt atvinnulíf, blómlegt menningarlíf og ört vaxandi ferðaþjónustu og þarf á beinni tengingu við umheiminn að halda. Beinu áætlunarflugi fyrir farþega og fraktflutninga. Stór sjávarútvegsfyrirtæki á Akureyri gætu flutt út beint frá Akureyri á markaði í Evrópu. Það er óeðlilegt að allt millilandaflug fari fram um einn flugvöll á suðvesturhorni landsins. Það ætti öllum að vera enn ljósara eftir þessa tilraun sem að flestra mati tókst vel en endaði afar skyndilega.

Aðilar ferðaþjónustu á Norðurlandi ásamt fulltrúa frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og bæjarstjóra Akureyrar hafa verið í sambandi við Maersk Air í Danmörku um að það flugfélag taki við flugi milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Jákvæð svör hafa borist en með þeim skilyrðum að heimamenn séu tilbúnir að taka áhættuna af tapi fyrsta árið og greiði það ef af yrði. Ef öflugt markaðsstarf færi í gang í Danmörku og nálægum mörkuðum eins og Svíþjóð og Þýskalandi er áætlað að fjöldi þátttakenda fyrsta árið gæti orðið um 15–17 þús. Þetta er ekki eingöngu mikilvægt samgöngumál fyrir íbúa og fyrirtæki á Norður- og Austurlandi heldur einnig byggðamál. Því spyr ég hæstv. samgrh. tveggja spurninga sem ég veit ekki hvort ég hef tíma til að lesa upp aftur en þær eru skriflegar á blaði.

[10:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Hlynur Hallsson spyr í fyrsta lagi: Hyggjast stjórnvöld kanna leiðir til að stuðla að beinu millilandaflugi frá Akureyri í ljósi þess að flugfélagið Grænlandsflug er að hætta slíku flugi?

Svar mitt er svohljóðandi: Millilandaflug verður ekki stundað nema fyrir því séu rekstrarlegar forsendur. Stjórnvöld hafa ekki í hyggju að beita beinum styrkjum eða sértækum aðgerðum til að millilandaflug verði stundað frá Akureyri. Telji flugfélag, hvaða nafn sem það ber, markaðslegar forsendur fyrir millilandaflugi frá Akureyri munu stjórnvöld fagna því og greiða götu þess félags sem mest má vera samanber þá fyrirgreiðslu við Air Greenland þegar það félag fékk öll þau leyfi og undanþágur sem það óskaði.

Ekki má gleyma því að samgrn. stóð styrkan vörð um hagsmuni Akureyringa með því að leyfa þetta flug án þess að um væri að ræða sömu gagnkvæmni réttinda samkvæmt loftferðasamningi við Dani sem þó hefði undir venjulegum kringumstæðum verið forsenda sem ekki hefði verið vikið frá. Því er ekki að neita að afgreiðsla þess var óvenjuleg og skapaði óánægju hjá íslenskum flugfélögum sem eiga

ekki sömu möguleika á flugi til Grænlands. Því miður telur umrætt félag ekki vera markaðslegar forsendur fyrir fluginu og eru það mönnum vissulega vonbrigði.

Ríkisstyrkt millilandaflug þekkist ekki á Evrópska efnahagssvæðinu mér vitanlega og er í grundvallaratriðum óheimilt. Ef heimildir væru fyrir hendi er augljóst að ekki væri unnt að styrkja bara einn aðila meðan aðrir fengju ekki neitt. Ég treysti því hins vegar að þeir sem á þessum markaði starfa komi fram með lausnir sem geri millilandaflug frá öðrum stöðum en Keflavík fýsilegt, samanber flug LTU til Egilsstaða tvö undanfarin sumur.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir opinberum styrkjum til markaðssetningar á slíku flugi í því skyni að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni ef áhugasamir aðilar finnast til að sjá um flugreksturinn?

Aðgerðir stjórnvalda hafa leitt til þess m.a. og ekki síst aðgerðir atvinnugreinarinnar að gistinóttum á landsbyggðinni hefur fjölgað. Fyrstu níu mánuði þessa árs hefur hótelgistinóttum á landsbyggðinni fjölgað um 8%. Á milli áranna 2001 og 2002 fjölgaði gistinóttum á landsbyggðinni um 8,7% en á Norðurlandi eystra var fjölgunin 16,2% en á þeim tíma var flug Grænlandsflugs til Akureyrar ekki hafið.

Varðandi spurningu hv. þm. vil ég benda á það samstarf sem Ferðamálaráð Íslands býður upp á þegar kemur að markaðssetningu á erlendri grundu. Það er ekki um beina opinbera styrki að ræða heldur er verkefni þar sem hagsmunaaðilar ganga til samstarfs við Ferðamálaráð um markaðsverkefni erlendis. Markaðssetning á verkefni sem þessu fellur vel að þeim ramma sem samstarf getur náðst um. Fyrir þá sem ekki þekkja til, felst samstarfið í því að Ferðamálaráð leggur fram jafnháa upphæð þeirri sem viðkomandi hagsmunaaðili leggur í tiltekna markaðsaðgerð. Þau verkefni sem samstarf varð um á síðasta ári hafa gengið vel og eru menn almennt sammála því að þetta form hafi sannað ágæti sitt.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá því í fyrra hvað skilyrði samstarfsverkefna varðar og geta áhugasamir kynnt sér þær breytingar á heimasíðu Ferðamálaráðs.

[10:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum með tvo flugvelli utan Keflavíkur sem geta tekið við millilandaflugi. Það er mjög mikilvægt að nýta þá flugvelli vel, umfram það sem okkur hefur tekist fram til þessa, á Akureyri og Egilsstöðum. Það er mikið byggðahagsmunamál að fá beint millilandaflug til þessara tveggja staða. Það er forsenda til þess að halda áfram að efla ferðaþjónustuna út um land og ekki síður væri reglubundið flug mjög mikill stuðningur við sjávarútveginn og beinan útflutning á ferskum fiski. Það er óþolandi ef það hvílir á viðkomandi sveitarfélögum að vera með baktryggingu til þess að fá ný flugfélög inn á svæðið. Ég hef lagt það til, herra forseti, að koma til móts við þá aðila sem vilja hefja beint flug og líta á það sem byggðaaðgerð að fella niður flugvallaskatt á þessum tveimur flugvöllum.

[10:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Seint mun ég taka þátt í því að styðja ríkisstyrkt millilandaflug. Hins vegar er hægt með öðrum hætti að ýta undir það að millilandaflug geti verið reglulega milli staða eins og Akureyrar og útlanda og Egilsstaða og útlanda.

Eitt af því sem hæstv. samgrh. hefur tekist vel upp með er að afla aukins fjármagns til þess að kynna Ísland á erlendri grund. Það er ekki síst vegna þessa í kjölfar atburðanna í september 2001 sem gistinóttum á Íslandi og farþegum til Íslands hefur fjölgað. Ég held að það sem ætti að gera í tilvikum eins og þessum sé að setja aukið fjármagn í að kynna staði eins og Akureyri erlendis og kynna þá möguleika sem felast í ferðum þangað, reyna að nota einstætt umhverfi Akureyrar til þess að laða farþega frá Evrópu. Það er ekki ríkisstyrkur. Það eru ekki sértækar aðgerðir, það eru almennar aðgerðir og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að beita sér fyrir slíku.

[10:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að spyrja um beint millilandaflug frá Akureyri til útlanda og opinbera styrki til markaðssetningar. Ég verð að segja það að ef rekstraraðilar telja rekstrarforsendur fyrir slíku flugi, hljóta þeir að eiga kost á að sækja um það markaðsfé, þær 320 millj. kr. sem hæstv. ráðherra hefur sett til markaðssetningar, ef þeir hafa tök á því að setja fjármagn á móti eins og þær reglur eru í dag sem varða þetta fé til markaðssetningar. Rekstraraðilar hljóta því að geta sótt í það fé ef þeir hafa tök á því að setja sambærilegar upphæðir á móti eins og önnur ferðaþjónusta.

[10:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. Hlynur Hallsson hefur stofnað til mjög mikilvægrar umræðu um samgöngur á Íslandi og samgöngur við útlönd. Það vakti athygli mína að hæstv. ráðherra sagði að ríkisstyrkir í millilandaflugi tíðkuðust ekki í Evrópu. Það má hins vegar styrkja samgöngur með ýmsu móti og ég vek athygli á því að stuðningur og niðurgreiðslur við samgöngur eru miklu meiri en menn gera sér almennt grein fyrir. Ég minnist þess þegar ríkisstyrkir voru nánast afnumdir í sjóflutningum hér á landi, þá færðist þessi stuðningur einfaldlega upp á landið og liggur í vegakerfinu. Út á það ganga, eftir því sem mér skilst, spurningar hv. þm. Hlyns Hallssonar, með hvaða hætti stjórnvöld geta komið að stuðningi með beinum og óbeinum hætti. Út á það ganga þessar spurningar og væri fróðlegt að heyra nánari skýringar hæstv. ráðherra í svari hans hér á eftir.

[10:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu og ráðherra fyrir svörin. Fjárfestingar í ferðaþjónustu á landsbyggðinni hafa verið mjög miklar á undanförnum árum og það er gífurlega mikilvægt að betri nýting náist á þeim stofnkostaði sem þar hefur verið lagt í.

Bæði Ferðamálaráð og samgrn. hafa horft mjög til þess að styrkja markaðsstarfið utan háanna og það er mjög mikilvægt. Nú hafa menn farið að líta meira til þess að nýta vetrartímann og tímann utan háanna og við höfum fengið þær fréttir að Norræna muni hefja vetrarsiglingar eftir áramótin sem er afar mikilvægt í þessu samhengi. Ef Maersk Air mun núna koma inn á þennan markað — ég vona svo sannarlega að það verði þá fyrir utan háönnina — er komið meira inn í þessa ferðaþjónustu sem mun skipta verulegu máli.

[10:47]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þakkir til hv. fyrirspyrjanda og hæstv. samgrh. fyrir þetta mál. Það fer ekkert á milli mála að það flug sem hér um ræðir skiptir mjög miklu máli,

sérstaklega fyrir Eyjafjarðarsvæðið en var auðvitað kærkomin viðbót fyrir ferðaþjónustuna í landinu í heild. Framboð á sætum til og frá landinu hefur aukist gríðarlega mikið á undanförnum árum. Ég vakti athygli á því á ferðamálaráðstefnu sem var haldin í Mývatnssveit í haust að þessi aukning hefur valdið því að líklega og örugglega hefur aldrei verið jafnmikið sætaframboð í millilandaflugi hér á landi og stefnir í að sé á þessu ári og verði á því næsta. Ferðamálaráð og samgrn. hafa veitt stuðning við markaðsátakið, sérstaklega vegna flugsins á Egilsstaði en einnig var veittur stuðningur við markaðsátak sem markaðsskrifstofan á Norðurlandi efndi til. Hluti af því var auðvitað það prógramm sem menn sáu fyrir sér að gæti gerst í kringum þetta flug til Akureyrar. Þess vegna eru það auðvitað mikil vonbrigði að þeir sem stóðu fyrir þessu flugi, eigendur Grænlandsflugs, treystu sér ekki til að halda því áfram.

[10:48]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það voru okkur að sjálfsögðu mikil vonbrigði þegar Grænlandsflug ákvað að hætta beinu flugi milli Akureyrar og Kaupmannahafnar, sérstaklega vegna þess að við höfðum ýmsir átt fundi með forustumönnum flugfélagsins og þeir fullvissuðu okkur um að ef þeir fengju heimild til þess að fljúga fram í októbermánuð á næsta ári yrði ekkert því til fyrirstöðu að fluginu yrði haldið áfram. Grænlandsflug fékk greitt fyrir málum sínum hér á landi eins og flugfélagið taldi nauðsynlegt til þess að það gæti haldið áfram flugi sínu. Þess vegna olli þetta okkur vonbrigðum.

Ég vil í annan stað segja að ef hugmyndin er sú að greiða sérstaklega með markaðsátaki fyrir beinu flugi milli Akureyrar og Kaupmannahafnar, sem ég er út af fyrir sig hlynntur, hljóta allir að standa þar jafnt að vígi. Þá hljóta slíkir styrkir að vera kynntir opinberlega þannig að allir eigi kost á því að sækja um þá og auðvitað get ég ekki fallist á að erlend flugfélög verði látin sitja fyrir styrkjum en íslensk flugfélög eigi ekki kost á samsvarandi þjónustu.

[10:50]

Fyrirspyrjandi (Hlynur Hallsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og þakka hv. þingmönnum fyrir góðar umræður og stuðninginn við málið. Ég vil ítreka að ég er ekki að leggja til að hér verði ríkisstyrkt millilandaflug, það er fjarri mér, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti réttilega á og reyndar fleiri. Þetta er hins vegar grundvallarmál og það er hægt að styðja við markaðssetningu á þessu flugi án þess að til beinna ríkisstyrkja komi.

Ferðaþjónustuaðilar á Norðurlandi binda miklar vonir við það að Maersk Air sem er danskt flugfélag taki upp áætlunarflug til Akureyrar. Þeir þekkja aðstæður á Akureyri, þeir hafa flogið fyrir Grænlandsflug og þeir fljúga núna níu sinnum í viku til Færeyja frá Danmörku og flugmenn þeirra eru þjálfaðir í erfiðum aðstæðum. Málið snýst í raun og veru um það hvort ferðaþjónustuaðilar á Norðurlandi geta tryggt að ekki verði hallarekstur á fluginu fyrsta árið. Það er auðvitað mjög mikilvægt að vel takist til á fyrsta árinu. Eins og hv. þm. Þuríður Backman benti á er óþolandi að sveitarfélög þurfi að ganga í ábyrgð eins og hefur einmitt verið fyrir austan. Það hefði þurft að ganga í ábyrgð fyrir flugfélagið LTU.

Fólk á Norðurlandi bindur hins vegar miklar vonir við að það komist á reglulegt beint flug. Auðvitað væri óskandi að það væri íslenskt flugfélag sem tæki þetta að sér og maður spyr sig af hverju Flugleiðir, sem heita reyndar ekki Flugleiðir lengur heldur Icelandair, fljúga 30 ferðir á viku til Kaupmannahafnar en enga frá Akureyri. Ég mundi gjarnan vilja fá svör við þessu, herra forseti.

[10:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu get ég ekki svarað fyrir flugfélögin sem þjóna landinu en þetta er gagnleg umræða og ég er feginn að heyra að hv. þm. átta sig á því að ríkisstyrkir til millilandaflugs eru ekki á dagskrá og ekki framkvæmanlegir.

Það liggur fyrir að öll landkynning, jafnöflug og hún hefur verið síðustu missirin, nýtist í öllum flutningaleiðum til og frá landinu. Almenn landkynning nýtist Norrænu vegna siglinga til og frá landinu og almenn öflug landkynning nýtist öllum flugfélögunum. Þau eru nokkuð mörg, það eru ein sex eða sjö flugfélög sem fljúga hingað til landsins með erlenda ferðamenn yfir háönnina. Mikilvægast fyrir okkur er að hin almenna landkynning sé öflug og góð því að mikill hluti af viðskiptum við flugfélögin í dag fer fram á netinu. Fólk pantar með mjög skömmum fyrirvara og velur sér hagstæðustu kostina í flugi. Flugfélag sem vill fljúga til Akureyrar á að geta nýtt sér þetta.

Ég vara hins vegar mjög eindregið við því að sveitarfélög eða einhverjir aðrir aðilar, áhugasamir um eflingu ferðaþjónustu á tilteknum landshlutum, taki að sér fyrir fram að greiða halla af flutningum til landsins. Ég held að það sé ekki skynsamlegt. Við Íslendingar búum við betri samgöngur í flugi en margar aðrar þjóðir og 300 þús. íbúar hér hafa alveg feiknarlega góðar flugsamgöngur til og frá landinu. Ég held að það verði að líta til þess. En ég fagna aukningu í flutningum og vona svo sannarlega að Akureyringum takist að sannfæra menn um að fljúga milli Kaupmannahafnar og Akureyrar ef það eru rekstrarlegar forsendur.

Endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúklinga.

Fsp. MF, 262. mál. — Þskj. 295.

[10:55]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil tveimur árum hófst í Kópavogi starfsemi endurhæfingardeildar fyrir krabbameinssjúklinga. Þar er um að ræða göngudeild. Má reyndar segja að að hluta til sé þar rekin dagdeildarstarfsemi þar sem margir sjúklingar dvelja nokkra klukkutíma á deildinni dag hvern. Landspítali – háskólasjúkrahús stendur að göngudeildinni en þar starfa iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar og aðstoðarfólk þeirra auk þess sem annað fagfólk kemur frá spítalanum eftir þörfum, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, næringarráðgjafar o.fl. Þeir einstaklingar sem koma á göngudeildina eiga það flestir sameiginlegt að þurfa líkamlegan, andlegan og félagslegan stuðning eftir erfiða lyfjameðferð, atvinnumissi og því miður er stundum um félagslega einangrun að ræða sem fylgir því að fá erfiðan, langvinnan sjúkdóm þar sem þrekleysi, bólgur, verkir, hreyfiskerðing og útlitsbreyting, hármissir og sterabólgur eru fylgikvillar og í einstaka tilvikum fylgir einnig breyting á persónuleika viðkomandi sjúklings.

Göngudeild fyrir krabbameinssjúklinga sem staðsett er í fallegu umhverfi í Kópavogi hefur fyrir löngu sannað tilverurétt sinn. Þarna er unnið merkilegt brautryðjendastarf,

sjúkraþjálfun og markviss iðjuþjálfun ásamt því að mynda félagsleg tengsl milli sjúklinga sem eru að fást við sambærileg vandamál, fylgikvilla og afleiðingar sjúkdóms. Ekki síst hefur þeim tekist vel að byggja upp brotna einstaklinga og hjálpa þeim við að takast á við lífið í breyttu umhverfi. Þarna er aldeilis frábært starfsfólk en staðsetning endurhæfingardeildarinnar á einnig þátt í því hversu vel hefur til tekist með þessa sérhæfðu en þó fjölþættu starfsemi. Útivera og göngur, ræktun og hvaðeina sem fallegt umhverfi býður upp á er liður í því að byggja sjúklingana upp að nýju ásamt því heimilislega umhverfi sem starfsfólkinu hefur tekist að skapa innan dyra.

Í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Þuríði Backman á síðasta þingi sagði hæstv. ráðherra að ekki hefði verið tekin endanleg ákvörðun um staðsetningu endurhæfingardeildarinnar og eftir því sem ég best veit ríkir þar enn óvissa. Ég er sannfærð um að starfseminni verður ekki fundinn betri staður og hagsmunum krabbameinssjúklinga er borgið í þessu starfsumhverfi með svo frábæru starfsfólki. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu endurhæfingardeildar krabbameinssjúklinga í Kópavogi og ef svo er, á hvern hátt?

2. Verður áframhaldandi starfsemi tryggð á þeim stað sem hún er, þ.e. í Kópavogi?

[10:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurk. hefur beint til mín fyrirspurn í tveimur liðum um endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúklinga. Fyrst er spurt:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu endurhæfingardeildar krabbameinssjúklinga í Kópavogi og ef svo er, á hvern hátt?

Með aukinni tíðni krabbameina og auknum möguleikum á lækningu er þörf á endurhæfingu fyrir þennan hóp vaxandi. Endurhæfingin sannar æ betur gildi sitt og aukning hefur orðið á þeirri þjónustu undanfarna mánuði hér á landi. Mér er kunnugt um að margir þeir sem sótt hafa þjónustu á endurhæfingardeildinni í Kópavogi hafa verið mjög sáttir við hana og lýst mikilli ánægju með faglega þáttinn. Því voru lagðar 2 millj. kr. fyrir skemmstu í að efla þar starfsmannaþáttinn. Stjórnendur endurhæfingarsviðs líta svo á að starfsemin sé mjög nauðsynlegur þáttur meðferðar og vægi hennar muni aukast á komandi árum í takt við þróun annarrar meðferðar og bættar lífslíkur. Sama þróun á sér stað víða um lönd og er skemmst að minnast fréttar um spá Svía um sífellt stækkandi hóp krabbameinssjúklinga í sænsku samfélagi á komandi árum. Svíar telja að aukin útgjöld til þessa málaflokks séu óumflýjanleg. Rétt er að benda á að skipulögð endurhæfingarþjónusta við þennan hóp á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er til þess að gera nýhafin og hefur þörfum hópsins ekki verið mætt til fulls enn þá. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir þennan sjúklingahóp og jafnframt miklir hagsmunir í húfi fyrir íslenskt samfélag.

Önnur spurning þingmannsins er svohljóðandi: Verður áframhaldandi starfsemi tryggð á þeim stað sem hún er, þ.e. í Kópavogi?

Starfseminni er vel fyrir komið þar sem hún er nú og ekki eru fyrirhugaðar verulegar breytingar á því á næstunni. Eins og kunnugt er seldi ríkið nýverið Kópavogsbæ landið þar sem þessi þjónusta er nú til húsa. Í þeim samningum var tryggt að þessi starfsemi gæti haldið áfram í því húsi þar sem endurhæfingardeildin er nú, a.m.k. til nokkurra ára. Stjórnendur endurhæfingarsviðs telja svo alls ekki nauðsynlegt að binda endurhæfingu krabbameinssjúkra við núverandi staðsetningu í Kópavogi en þeim mun mikilvægara er að horfa á umfang verksins til framtíðar og hvernig því verði best komið innan ramma Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ákvarðanir um staðsetningu hinna ýmsu starfseininga sjúkrahússins munu hafa mikil áhrif á allt endurhæfingarstarf á spítalanum að krabbameinsendurhæfingunni í Kópavogi meðtalinni.

Virðulegi forseti. Mér er vel ljós þörfin fyrir endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúka og tel að á komandi árum muni reynast nauðsynlegt að byggja þennan þátt upp enn betur en nú hefur verið gert. Stefnumótun í málefnum endurhæfingar er brýn því nú er verið að sinna endurhæfingu víða um land en sérhæfing í þessum málaflokki er mikilvæg.

Ég tel að endurhæfingu krabbameinssjúkra sé vel fyrir komið innan vébanda Landspítala – háskólasjúkrahúss og að húsnæðið í Kópavogi henti starfseminni vel sem stendur. Eins og áður hefur komið fram vil ég þó ekki útiloka breytingar á skipulagi eða starfsemi því framþróun í þessum málaflokki er mjög ör.

[11:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hreyfir hér mjög þýðingarmiklu máli. Það fer fram afar góð starfsemi á göngudeildinni og staðsetningin er frábær þannig að æskilegt væri að byggt yrði á þessari starfsemi áfram.

Sjúklingar með þennan sjúkdóm þurfa á miklum stuðningi að halda og gegnir endurhæfingardeildin þar meðal annars stóru hlutverki. En mestu skiptir að tilboð sem þessi séu vel kynnt, að sjúklingar fái alltaf að vita hvaða aðstoð og aðhlynning er í boði bæði heilsufars- og félagslega. Það á að vera regla að þegar fólk veikist og kemur til meðferðar fái það jafnframt allar upplýsingar um mögulega aðstoð og stuðning. Því miður hefur orðið misbrestur þar á þó að mér sé jafnframt kunnugt um hve mikið af afbragðsfólki vinnur í þessum geira og við þessi þýðingarmiklu störf. En ég hvet ráðherrann til að tryggja upplýsingaflæði á sem bestan hátt.

[11:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Varðandi þá starfsemi sem hér er fjallað um, endurhæfingu krabbameinssjúklinga, er mjög mikilvægt að horfa til framtíðar og með tilliti til áframhaldandi uppbyggingar. En það verður að hafa þá sýn ljósa hið fyrsta. Það má ekki koma til að vegna skipulagsbreytinga innan Landspítala – háskólasjúkrahúss séu að koma upp hugmyndir um að færa þessa starfsemi inn á yfirfyllta Grensásdeildina eins og komið hefur fram. Það verður að hugsa til þess að þeir einstaklingar sem fá þjónustu á endurhæfingardeildum þurfa vegna síns sjúkdóms ákveðið umhverfi og það umhverfi hafa þeir í Kópavoginum. Ég vil minna á að þarna er göngudeild. Þarna er líknardeild. Það stóð til að opna þarna dagdeild sem því miður var hætt við að opna. Það var opnuð húðdeild í staðinn. Ég tel að það væri mikill sómi að því ef hæstv. heilbrrh. beitti sér fyrir því að þær byggingar sem (Forseti hringir.) enn standa þarna uppi og tilheyrðu gamla Kópavogshælinu verði nýttar sem framtíðarhúsnæði fyrir samhæfða endurhæfingu og þjálfun fyrir krabbameinssjúklinga.

[11:04]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég vil lýsa því yfir að lýsingar hennar á starfseminni á göngudeildinni í Kópavogi fyrir krabbameinssjúklinga eru allar sannar. Þetta er rétt. Ég hef kynnt mér þessa starfsemi. Ég hef einnig rætt við einstaklinga sem hafa notið þessarar þjónustu. Endurhæfingin sem þarna fer fram skiptir þessa einstaklinga verulega miklu máli, ekki eingöngu til að ná upp líkamlegum styrk á ný heldur ekki síður að ná félagslegri og andlegri hæfni á ný. Þarna hafa þessir einstaklingar haft tækifæri til þess að ráða ráðum sínum sín á milli og styrkja hverjir aðra. Sú endurhæfing er virkilega mikilvæg og styður við þá faglegu endurhæfingu sem fer þarna fram.

Það má kannski einu gilda hvort þessi starfsemi fari fram í Kópavogi eða annars staðar. Hún hefur virkað mjög vel í Kópavogi og kannski er ekki ástæða til þess að breyta því. En umhverfið þar hefur nýst afar vel.

[11:05]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls en einnig hæstv. ráðherra fyrir viðhorf hans í garð þeirrar starfsemi sem er á göngudeild fyrir krabbameinssjúklinga í Kópavogi. Reyndar hefur líka komið fram í störfum hans jákvæðni gagnvart þessari starfsemi og uppbyggingu hennar. En ég verð að viðurkenna að miðað við þær fjárveitingar sem Landspítali – háskólasjúkrahús fær í rekstur á næsta ári þá óttast ég að þarna verði skorið niður. Tiltölulega lítið fjármagn hefur farið í þessa afmörkuðu frumkvöðlastarfsemi eins merkileg og hún er.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að það er aukin tíðni krabbameina bæði hér á landi og erlendis. En við búum líka við auknar lífslíkur. Þeir sem fá þennan sjúkdóm eru miklu betur settir í nú en var bara fyrir örfáum árum. Hins vegar kalla erfiðleikarnir við að takast á við sjúkdóminn, við breytta sjálfsmynd og allt sem erfiðri lyfjameðferð, geislameðferð, fylgir á endurhæfingu, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller. Það kallar á endurhæfingu, ekki bara þessa líkamlegu heldur líka andlega uppbyggingu og þjálfun í því að taka þátt í samfélaginu aftur með breytta sjálfsmynd og í breyttu umhverfi.

Ég treysti því að hæstv. ráðherra sem hefur verið þessari starfsemi afar velviljaður leggi sitt lóð á vogarskálar starfseminnar þannig að hún megi vaxa og dafna. Umhverfi hennar í Kópavogi skiptir afar miklu máli. Yndislegt umhverfi endurhæfingardeildarinnar skiptir mjög miklu máli fyrir þann hluta iðjuþjálfunar sem fer fram utan dyra.

[11:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu. Hún er jákvæð og málefnaleg um þetta mikilvæga málefni.

Ég vil taka það fram að sjálfsagt er að skoða kynningarmálin eða koma því til skila að sjúklingar, þeir sem glíma við þennan erfiða sjúkdóm, fái upplýsingar um þau úrræði sem þeir hafa til endurhæfingar.

Ég endurtek það sem ég sagði að ekki stendur til núna að flytja þessa starfsemi annað. Hún er góð þar sem hún er í Kópavogi. Hins vegar, eins og kom fram í svari mínu, er ekkert hægt að útiloka um alla framtíð að það kunni ekki að verða einhverjar breytingar vegna þess að við komum vonandi að því einhvern tíma að byggja upp Landspítalann. Núna er starfandi nefnd sem er að semja við Reykjavíkurborg um skipulag á landspítalalóðinni. Sú vinna er nokkuð langt komin. En í framhaldi af því þurfa menn að vinna áfram að framtíðaruppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss og marka þar stefnu til enn lengri tíma.

Ég endurtek að engar breytingar eru fram undan núna á þessari starfsemi eða staðsetningu hennar. Ég undirstrika það sem ég sagði í svari mínu um mikilvægi hennar. Ég tel það vera mjög mikið.

Um fundarstjórn.

Viðvera forsætisráðherra.

[11:10]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp um fundarstjórn forseta vegna þess að til fundar var boðað á Alþingi Íslendinga kl. 10.30 í morgun. Fyrsta mál á dagskrá var fyrirspurn mín til hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar sem taka átti fyrir nú fyrir hádegi, en ég hygg að þetta sé síðasti fyrirspurnadagurinn fyrir jól á Alþingi.

Virðulegur forseti. Nú eru liðnar 40 mínútur eða um það bil ein kennslustund í grunnskóla og hæstv. forsrh. hefur enn ekki látið sjá sig. Hvað veldur óstundvísi forsrh. eða virðingarleysi hans fyrir tíma annarra og tíma löggjafarþingsins er mér ekki alveg ljóst. Fyrst var ég upplýstur um að fyrirspurnin yrði tekin fyrir sem mál nr. 2 á dagskránni. En það var ekki gert og nú hafa þegar verið rædd tvö mál á dagskránni. Það verður fundarhlé hygg ég kl. hálftólf og dagskrá ákveðin um önnur mál frá kl. hálftvö.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki í hyggju að láta bjóða mér það að hæstv. forsrh. þegi af sér fyrirspurnina með því að sýna þá óvirðingu og þann almenna skort á mannasiðum að mæta ekki þegar honum ber að mæta.

Virðulegur forseti. Ég óska eftir því að náð verði í hæstv. forsrh. núna vegna þess að samkvæmt dagskrá fundarins á hann að vera hér til andsvara vegna fyrirspurnar frá mér og ég hef í hyggju að flytja þá fyrirspurn núna, virðulegur forseti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill upplýsa að gert er ráð fyrir því að forsrh. komi til fundarins eftir nokkrar mínútur samkvæmt nýjustu upplýsingum sem forseta hafa borist. Verður þingmaðurinn að una við það að forseti taki tillit til þess að aðstæður hæstv. forsrh. hafa valdið því að hann gat ekki verið hér á þeim tíma sem gert var ráð fyrir enda er algengt að hnikað sé til dagskrá þegar sérstakar aðstæður krefjast.)

Sá þingmaður sem hér stendur skal gjarnan unna forseta þess ef virðulegur forseti vill þá upplýsa þann þingmann sem hér stendur um hvaða lögmætu forföll valda þeirri óstundvísi sem hér um ræðir.

(**Forseti** (BÁ)**:** Ég get ekki upplýst um það. En eins og ég segi þá hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá forsrh. á staðinn og samkvæmt upplýsingum sem forseta bárust er hann væntanlegur upp úr korter yfir ellefu og verður þingmaðurinn að una við það.)

Virðulegur forseti. Ég óska þá eftir því að gert verði fundarhlé í þessar nokkru mínútur.

(**Forseti** (BÁ)**:** Það verður ekki orðið við þeirri beiðni.)

Fjárflutningar.

Fsp. SigurjÞ, 415. mál. — Þskj. 570.

[11:13]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég er með spurningar til hæstv. landbrh. í framhaldi af því að hann hefur beitt sér svo mjög fyrir fækkun sláturhúsa í landinu. Það hefur Framsfl. gert ásamt Sjálfstfl. með svokallaðri ríkishagræðingu í landbúnaði og varið til þess a.m.k. 170 millj. kr. af almannafé í fjáraukalögum þessa árs. Stendur til að verja meira fjármagni til þessa verkefnis? Í framhaldi af því spyr ég:

1. Hversu háa styrki er Byggðastofnun ætlað að veita sláturleyfishöfum til kaupa á nútímalegri fjárflutningatækjum, sbr. tilmæli ríkisstjórnar til Byggðastofnunar?

2. Munu aðrir en sláturleyfishafar geta sótt um slíka styrki?

Nú hafa fleiri en sláturleyfishafar séð um flutninga og þess vegna væri fróðlegt að vita hvort þeir geti einnig sótt um styrki til Byggðastofnunar.

Herra forseti. Þetta ráðslag ríkisstjórnarinnar gefur til kynna að enn ríki svonefndur sovétkúltúr á fleiri sviðum en á sviði olíuviðskipta. Hvaða hagræðing er í því að slátra öllu fé í svokölluðum útflutningssláturhúsum þar sem kostnaður við slátrun er hærri vegna þess að þau þurfa að yfirstíga ýmsar kröfur sem eru í raun ekkert annað en viðskiptahindranir?

Einn mjög slæmur fylgifiskur fækkunar sláturhúsa er mikil hætta á illri meðferð dýra. Ég hef fengið það staðfest hjá bændum að kjöt hefur verið verðfellt vegna þess að það hefur verið marið og illa farið eftir 12–14 tíma ferðalag landshorna á milli. Ætli hæstv. landbrh. hafi ekkert hugað að meðferð dýra þegar hann tók ákvörðun um fækkun sláturhúsa? Því spyr ég hann eftirfarandi spurninga:

3. Hversu mörg lömb drápust á leið til sláturhúsa í sláturtíðinni árin 2000, 2001, 2002 og 2003?

4. Þurfa þeir sem flytja sláturfé landshorna á milli að afla sér starfsleyfis?

5. Eru fjárflutningavagnar skoðaðir og ákveðinn hámarksfjöldi dýra sem flytja má í einu?

6. Hversu margar úttektir voru gerðar á fjárflutningavögnum í síðustu sláturtíð og hversu margar athugasemdir voru gerðar við þá?

7. Eru gerðar kröfur um að brynna sauðfé sem tekur lengur en átta tíma að flytja til slátrunar?

8. Hvernig er háttað eftirliti með flutningi sláturfjár að öðru leyti?

Ég vonast til þess að fá að heyra skýr svör frá hæstv. ráðherra og ef hann telur að pottur sé brotinn í þessum málum vona ég að hann tali skýrt um það hvernig hann hyggst bæta ástandið. Hér er um mikilvægt dýraverndarmál að ræða og skiptir það einnig miklu máli fyrir ímynd sauðfjárræktar í landinu.

[11:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi segja að það er enginn áhugi í sjálfu sér hjá þeim sem hér stendur eða ríkisstjórn að fækka sláturhúsum. Við stöndum að vísu frammi fyrir því að Evróputilskipun um hvernig sláturhúsin skuli vera gengur hér í gildi 2008.

Hins vegar eru sláturhúsin alfarið á höndum bændanna og þeir fara með þau. Sláturhúsin hafa verið í miklum vandræðum, ekki síst af því að mörg þeirra hafa farið illa út úr rekstri og orðið gjaldþrota og bændurnir hafa ekki fengið afurðir sínar greiddar. Niðurstaða þeirra er að þau séu of mörg og of illa stödd. Þess vegna var þessi peningur án nokkurra skilyrða lagður til hagræðingar, ekki síst til að bændurnir fengju öruggari greiðslur og að sláturkostnaður, sem hér er hærri en gerist og gengur, lækkaði. Sá var tilgangurinn.

Hvað fyrstu spurningarnar tvær varðar, um styrki sem Byggðastofnun veitir og um hverjir fái þá styrki, vil ég hér segja að það er alfarið mál Byggðastofnunar. Hún fer með það mál sjálf og ég get þess vegna ekki svarað því öðruvísi en að það er á hennar valdi.

Hversu mörg lömb drápust á leið til sláturhúsa í sláturtíðinni frá 2000 til 2003 — um það eru ekki til neinar tiltækar tölur. Ég lét mína menn hafa samband við nokkur sláturhús og dýralækna sem fylgjast mjög með þessu og þeir segja ekki algengt að það sé mikið um dauða. Alltaf drepast einhver lömb af einhverjum ástæðum. Ég man frá því þegar ég var drengur að stundum köfnuðu lömb á leið til sláturhúsa. Þetta var vond dýrameðferð og tek ég undir það með hv. þingmanni en nú er ekki troðið á bílana eins og áður fyrr. Ég get hér sagt að þetta er atriði sem auðvitað þarf að skrá og fara betur yfir og það verður gert, haldið utan um þessar tölur. Ég er hins vegar sannfærður um að með þessum miklu flutningum og stóru bílum hafi orðið nokkru stærri slys en við þekktum áður þegar bílar ultu í þessum fjárflutningum. Það hefur gerst, kannski einn bíll á hausti. Það er alvarlegur hlutur og alltaf ömurlegt þegar slíkt gerist. Því miður eru ekki til staðar tölur um hvað mörg lömb hafa drepist. Þó hafa dýralæknar fylgst nokkuð með því og einn og einn er farinn að skrá það niður. Ég tek undir að ég held að það sé eðlilegt verkefni næstu ára að skylda hlutaðeigendur til að skrá dauðsföllin niður þannig að tölurnar séu tiltækar og hægt að fylgjast með þróun í þeim efnum.

Þurfa þeir sem flytja sláturfé landshorna á milli að afla sér sláturleyfis?

Í 4. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73/2001, er ákveðið að almennt rekstrarleyfi Vegagerðarinnar þurfi til að stunda fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni. Vegagerðinni er heimilt, á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur, að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem eðli starfseminnar gefur tilefni til. Ekkert leyfi þarf til flutninga í eigin þágu.

Eru fjárflutningavagnar skoðaðir og ákveðinn hámarksfjöldi dýra sem flytja má?

Á skoðunarstöðvum fer fram almenn skoðun á fjárflutningavögnum líkt og öðrum flutninga- og ökutækjum í reglugerð um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum. Einnig er það samkvæmt reglugerðum, þar eru ákvæði um útbúnað fjárflutningabíla. Í reglugerðinni eru ekki skýr ákvæði um fjölda sláturfjár sem flytja má samtímis með sama flutningatæki. Reglugerð þessi er nú í endurskoðun hjá umhvrn. með reglugerð um eftirlit því að umhvrh. fer með dýraverndina, eins og hv. þm. þekkir. Í reglugerð um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra eru í viðauka C ákvæði um stíurými við flutninga á landi þannig að ákveðnar reglur gilda.

Hve margar úttektir voru gerðar á fjárflutningavögnum?

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um fjölda úttekta og fjölda athugasemda en dýralæknar og sláturhússtjórar fylgjast mjög vel með þessum vögnum og skoða jafnvel vagnana

daglega þegar þeir koma með fé, að því er sláturhúsamenn segja mér.

Eru gerðar kröfur um að brynna sauðfé sem tekur lengur en átta tíma að flytja til slátrunar?

Í 6. gr. reglugerðar um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum er kveðið á um að taki flutningur lengri tíma en tólf klukkustundir skuli sjá dýrum fyrir nægu fóðri og vatni til drykkjar. Það er þó engin leið hér sem er farin svo löng en fé er brynnt í sláturhúsi.

Hvernig er háttað eftirliti með flutningi sláturfjár að öðru leyti? (Forseti. hringir.)

Héraðsdýralæknar — hæstv. forseti, ég er að ljúka máli mínu — og aðrir dýralæknar líta eftir ástandi sauðfjár og gera athugasemdir ef tilefni er til. Á vegum yfirkjötmats er nú unnið að athugun á streitu hjá sláturfé, m.a. af völdum flutnings og áhrifa hennar á kjötgæði, ekki síst vegna þess sem hv. þm. minntist á, að flutningar eru orðnir lengri en áður var.

[11:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál hér upp.

Hann vakti athygli á því að ríkið breytir, annaðhvort beint eða í gegnum stofnanir sínar, staðsetningu sláturhúsa í landinu. Nú er svo komið að á Vesturlandi er ekkert sláturhús í rekstri nema það tókst að vísu að koma því aftur af stað í Búðardal.

Í þeirri hagræðingarskýrslu sem unnin var var ekki tekið tillit til flutningskostnaðar þessar gríðarlegu vegalengdir sem eru komnar í flutningi sláturfjár. Ráðherra upplýsti einnig að það er engin skráning á meðferð fjár, hvort um slys eða dauða er kannski að ræða. (Gripið fram í.) Já, en engin formleg skráning. Þegar spurt er um tölur eða úttekt á því hvernig þessir flutningar koma út er engin skráning til.

Ég spyr: Hvernig er lögum um dýravernd framfylgt hvað þetta varðar?

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra verður að endurskoða þessi mál.

[11:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er nokkuð umhendis fyrir hæstv. ráðherra að fylgja þessum málum vel eftir vegna þess að þau falla að verulegu leyti undir annan ráðherra. Ég minnist þess að á sínum tíma var lögð talsverð áhersla á það hjá dýraverndarsamtökum að setja skýrar reglur um meðferð sláturdýra á leið til sláturstaðar, og það er undir umhvrn.

Ég hvet hv. þm. Sigurjón Þórðarson til þess að leggja fram fyrirspurnir af þessu tagi til hæstv. umhvrh. Ástæðan er að mér sýnist sem hér sé töluvert brot í pottinum. Eins og hv. þm. Jón Bjarnason bendir á eru engar formlegar skráningar og það virðist ekkert formlegt eftirlit skráð niður á flutningavögnum, og sömuleiðis virðist mér sem það sé ekki alveg ljóst að sauðfé sem er verið að flytja til slátrunar sé brynnt með þeim hætti sem ætti að gera.

Herra forseti. Ef við ætlum okkur að framleiða það sem kallað er vistvænt, hvað þá lífrænt, lambakjöt verða hlutir eins og þessir að vera algjörlega klárir.

[11:25]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. landbrh. að hann bæri litla ábyrgð á fækkun sláturhúsa, þetta væri vegna Evróputilskipana. Það ber þá að segja frá því að í Evrópusambandinu er heimilt að slátra heima. Ég get ekki séð að það fái staðist að hæstv. landbrh. skýli sér á bak við einhverjar tilskipanir Evrópusambandsins. (**ÖS:** Hann er Evrópusinni að verða.) Já.

En málið er að reglur sem fjalla um flutning á búfé til slátrunar eru orðnar mjög gamlar, frá 1958, og síðan var endurbót 1968. Þær eru þá 45 og 35 ára gamlar og það er löngu orðið tímabært að endurskoða þær, sérstaklega í ljósi þess að sú stjórn sem hér ríkir hefur staðið fyrir ríkishagræðingu og fækkun sláturhúsa. Mér er óskiljanlegt að menn skuli ekki hugsa fyrir því að búfé sé þá flutt lengri leið og það þurfi að huga að flutningi þess með öðrum hætti en gert hefur verið.

Ég hef skýrslur frá bónda, meira að segja frá Vestfjörðum, og þar kemur fram að tíundi hluti skepnanna hefur meiðst á leið til slátrunar. Þó að hæstv. landbrh. hafi ekki getað aflað sér neinna gagna um hversu illa er farið með fé er deginum ljósara að það þurfa að fara fram endurbætur á þessum reglum.

Hvað varðar það að þetta sé verkefni á sviði umhvrh. er það ekki alveg ljóst vegna þess að lög um búfjárhald segja að landbrh. hafi á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi. Ég get því ekki séð betur en að hæstv. landbrh. beri einnig ábyrgð á þessu.

[11:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef engan áhuga á að skjóta mér undan þeirri ábyrgð sem ég ber. Ég vil samt segja hér að ég hygg að hv. þingmenn geti farið á vettvang, heimsótt sláturhúsin og komist að niðurstöðu um það að þar er mikill vilji og vakað vel yfir dýraverndinni og gerðar heilmiklar kröfur til flutningatækjanna og fylgst með því öllu. Ég hygg að þetta sé ekki í neinum stórkostlegum vandræðum þó að ég taki undir það sem hér hefur komið fram. Sjálfsagður hlutur er að halda utan um þessar skráningar, og lítið mál.

Ég hygg að það fari allvel um fé í þessum nýju stóru vögnum sem flytja það til sláturhúsanna. Það er að vísu dálítið sérstakt að við erum að flytja það lengri leið. Samgöngurnar hafa batnað, rekstur sláturhúsanna er mjög erfiður og menn hafa tapað á því. Þau verða gjaldþrota og fara úr rekstri.

Auðvitað er þetta mjög sérstakt, það er verið að setja blessuð litlu lömbin upp á stóran flutningavagn og flytja þau á milli héraða, svona eins og um skemmtiferð væri að ræða, og svo endar það með þessum skelfilega hætti sem við þekkjum, að þau deyja í lok ferðarinnar. (**Gripið fram í:** Þar sem lömbin þagna.)

Ég þakka þessa umræðu og við umhvrh. erum í góðu samstarfi um þetta, og okkar fólk, og leggjum mikið upp úr dýraverndinni og góðri meðferð dýranna. Þau sláturhús sem ég þekki, og forráðamenn þeirra, gera einnig miklar kröfur, m.a. til farartækjanna. Dýralæknar skoða farartækin, þess vegna eftir hverja ferð. Réttarstjórinn t.d. hjá Sláturfélagi Suðurlands segir mér að hann greini ekki meiri streitu hjá lömbum sem koma langt að en stutt. Þau hvílast yfir nótt. En þetta er auðvitað stórt verkefni og ýmislegt í kringum þetta er í endurskoðun, bæði í mínu ráðuneyti og eins hvað dýraverndina varðar hjá umhvrh. Við munum fylgja því áfram eftir eins og okkur ber að gera.

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu.

[11:29]

Útbýting þingskjals:
Erfðafjárskattur, 435. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 605.

Verklag við fjárlagagerð.

Fsp. HHj, 325. mál. — Þskj. 376.

[11:29]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að byrja á að fagna því að hæstv. forsrh. skuli loks vera mættur til fundarins, ekki nema 50 mínútum of seint og má um hæstv. forsrh. segja eins og aukafjárveitingarnar til Landspítalans að seint koma sumir en koma þó.

Hér er til umfjöllunar fjárlagaferlið sem ég hef verið að kynnast á þessu haustþingi og hefur á köflum verið grátbroslegt. Þannig gerist það á haustmánuðum að fjárln. sendir frá sér auglýsingu í landsmálablöðin, og kannski líka Útvarp Matthildi, þar sem forstöðumenn ríkisstofnana eru sérstaklega boðnir velkomnir að sækja fundi nefndarinnar. Á sama tíma sendir fjmrn. út fyrir hönd ríkisstjórnarinnar bréf til sömu forstöðumanna, og kannski líka nefndrar útvarpsstöðvar, *og tilkynnir að forstöðumönnum ríkisstofnana* sé stranglega bannað að heimsækja fjárln. Það sýnir hvernig hver höndin virðist vera upp á móti annarri í fjárlagaferlinu og lítið samráð haft í stjórnarmeirihlutanum.

Það er út af fyrir sig áhyggjuefni hvers vegna það er svona mikil leynd og pukur yfir stöðu einstakra stofnana ríkisins og veldur áhyggjum um að fjárlögin séu ekki nægilega nákvæm. Hitt veldur þó meiri áhyggjum, virðulegi forseti, að framkvæmdarvaldið skuli fara með stofnanir ríkisins eins og þær séu einkamál þess. Margar þessara stofnana starfa samkvæmt lögum settum af Alþingi og það er lögbundin skylda opinberra embættismanna að upplýsa þingið ef þannig liggur í málum að þeim er ekki gert kleift að uppfylla þau lög sem sett hafa verið af framkvæmdarvaldinu. Það er alvarlegt ef þeim er meinað það.

Ég kannaði hins vegar sérstaklega hversu langt ríkisstjórnin hefði gengið í því efni að banna stofnunum að tala við fjárln. og kallaði eftir því hvort hingað í Alþingi hefði borist bréf. Í ljós kom að frá forsrn. kom sending til Alþingis þar sem Alþingi er bent á þessa samþykkt ríkisstjórnarinnar og það beðið um að koma því á framfæri við undirstofnanir sínar, þ.e. þá Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis, að þinginu sjálfu sé óheimilt að tala við sína eigin fjárln. og að Ríkisendurskoðun sem starfar sérstaklega með fjárln. sé óheimilt að tala við fjárln. Ég hallast að því að hér hljóti að vera einhver mistök á ferðinni því það er alveg skýrt af stjórnarskrá lýðveldisins að hér er þrískipting ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þegar við skoðum þingskapalögin, nr. 55/1991, er í 2. mgr. 10. gr. alveg skýrt að það er forsn. þingsins sem fer með fjárreiður þess. Við setningu laga um fjárreiður ríkisins var gerð sérstök breyting á lögunum í meðförum þingsins til að tryggja sjálfstæði þess hvað varðar fjárveitingar og inn var sett 21. gr. þeirra laga, sem eru nr. 88/1997. 4. mgr. áréttar að forsn. fer með forræðið í þessu máli, og sömuleiðis 3. gr. laga nr. 86/1997. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hér hafi orðið einhver mistök eða hvaða valdheimildir hann hafi haft til að senda Alþingi þetta erindi.

[11:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn um verklag við fjárlagagerð, með leyfi forseta:

Á grundvelli hvaða lagaheimilda byggjast tilmæli forsætisráðuneytisins til Alþingis um verklag við fjárlagagerð, einkum er varðar samskipti Alþingis og stofnana þess við fjárlaganefnd, frá 28. október 2003? Með hvaða hætti samrýmast þau 2. mgr. 10. gr. laga um þingsköp Alþingis, 4. mgr. 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins, 2. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun?

Því er til að svara að samkvæmt 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins sem þarna er vitnað til skal frv. til fjárlaga samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frv. vera gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun. Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjmrn. eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

Í upphafi síðasta áratugar var að erlendri fyrirmynd tekið upp nýtt skipulag við undirbúning og mótun fjárlaga hér á landi sem kallað hefur verið rammafjárlög. Hugsun að baki þeim er að tryggja að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar verði ráðandi þáttur í fjárlagagerðinni og að auka ábyrgð annarra þátttakenda í fjárlagagerðinni á ráðstöfun þeirra takmörkuðu fjármuna sem fyrir hendi eru á hverjum tíma. Ríkisstjórnin markar í upphafi fjárlagagerðar stefnu í ríkisfjármálunum, ákveður heildarútgjöld og skiptingu þeirra á ráðuneyti, þ.e. útgjaldarammana, en ráðuneytunum er látið eftir að útfæra *nánar hvernig fénu er varið til einstakra stofnana og verkefna.*

Áður en rammafjárlög komu til sögunnar annaðist fjmrn. svo til allan eða öllu leyti undirbúning og mótun fjárlagafrv. Tilkoma rammafjárlaga hefur haft í för með sér að hiti og þungi fjárlagagerðarinnar hefur í auknum mæli færst út til fagráðuneytanna. Það er óhætt að segja að nú bera allir ráðherrar í ríkisstjórninni raunverulega ábyrgð á fjárlagafrv. og fjárlögunum en ekki einugis fjmrh. eins og fram að þeim tíma var gjarnan reyndin. Ábyrgð hvers ráðherra á að heildarútgjöld ráðuneytis hans fari ekki umfram þann útgjaldaramma sem ríkisstjórnin hefur ákveðið er grundvallaratriði með þessu verklagi við fjárlagagerð. Því hefur verið viðtekin venja að ríkisstjórnin samþykki í kjölfar framlagningar fjárlagafrv. á Alþingi að ráðuneyti og stofnanir leiti ekki beint til fjárln. með erindi um aukin útgjöld. Það er jafnframt viðtekin venja að slík erindi eru tekin til afgreiðslu *í ráðherranefnd um ríkisfjármál og tillögur um nauðsynlegar* breytingar sendar fjárln. í nafni ríkisstjórnarinnar.

Forsn. Alþingis gerir hvert ár tillögur um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess samkvæmt ákvæðum þingskapa innan þess frests sem almennt gildir og sendir forsrh. Það er því afar eðlilegt og í samræmi við fyrrgreint vinnulag við fjárlagagerð að forsrn. framsendi bréf fjmrn. um áðurnefnda samþykkt ríkisstjórnar til skrifstofu Alþingis þar sem mælst er til þess að Alþingi komi þeim upplýsingum á framfæri við stofnanir sínar. Þetta verklag á samskiptum ráðuneyta og stofnana þeirra við fjárln. Alþingis er veigamikil forsenda þess að rammarnir haldi eftir að frv. er lagt fyrir þing.

Í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á fjárlagaferlinu og birtist í apríl 2001 segir svo, með leyfi forseta:

„Hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hefur almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk

ríkisstjórnarinnar. Hins vegar nær skipulagið ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Sú heildarsýn og agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing."

Alltaf hefur þó legið fyrir og ætti ekki að þurfa að undirstrika að fjárln. getur átt frumkvæði að því að kalla á sinn fund stjórnendur einstakra ráðuneyta eða stofnana til yfirferðar um fjármál þeirra. Tilvitnun í þrískiptingu ríkisvaldsins þegar menn eru að huga að stofnun og rekstri Alþingis er auðvitað út í bláinn. Þrískipting ríkisvaldsins gildir um lagasetninguna, dómsvaldið og framkvæmdarvaldið en ekki um rekstur húsnæðis, skrifstofu eða stofnana Alþingis. Þetta er grundvallarmisskilningur sem ætti ekki að þurfa að leiðrétta í þessum sal. Ég kenndi lögfræði, þar á meðal stjórnskipun, ungu fólki í Verslunarskólanum og það vissi betur um þessa þætti en menn sem meira að segja eru sestir inn á hið háa Alþingi.

[11:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. forsrh. svaraði ekki fyrirspurn hv. þingmanns. Hann tók ekki fram á grundvelli hvaða lagaheimilda tilmæli ráðuneytisins til Alþingis, m.a. um þess eigin stofnanir, byggðust. Hæstv. forsrh. virðist ekki skilja þá þrískiptingu sem hann telur aðra misskilja. Hann skilur það ekki að hlutverk framkvæmdarvaldsins við fjárlagagerðina er að leggja fram frv. Þegar það frv. er síðan komið til löggjafarvaldsins og fjárveitingavaldsins er hlutverk þess að þvælast ekki fyrir því sem gert er á þess vegum og það verður að segja hæstv. forsrh. að vissulega er það stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem ræður við frumvarpsgerðina en ekki við fjárlagagerðina sjálfa. Þar er það Alþingi sem samkvæmt íslensku stjórnarskránni og hugmyndum annarra um þrískiptingu valdsins allt aftur á 18. öld og raunar aftur til Markúsar Túllíusar Cícerós á að ráða því.

[11:39]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta að þó að ríkisstjórnin setji sér ramma um það hvernig hún leggur fram fjárlög er sá rammi samþykktur af framkvæmdarvaldinu og er notaður til grundvallar frv. sem ríkisstjórnin sem handhafi framkvæmdarvaldsins leggur fyrir Alþingi. Eftir að frv. er komið inn í Alþingi og hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir því er málið í höndum Alþingis, ekki í höndum ríkisstjórnarinnar sem slíkrar. Alþingi ber ábyrgð á því, í nánu samráði við ríkisstjórnina í sjálfu sér og gagnkvæmt. Það er mjög mikilvægt að halda þessu til haga.

Varðandi þær bréfaskriftir sem hér hefur verið fjallað um legg ég áherslu á að stjórnvöld, ráðherra og ríkisstjórn, sjái að sér og gæti þess að fyrir næstu fjárlagagerð hendi ekki að sjálfstæði stofnana og hluta stofnana og félaga sem hér eiga hlut að máli verði ekki virt.

[11:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi orðaskipti hafa verið afar athyglisverð. Á liðnum árum höfum við þingmenn haft miklar áhyggjur af því hvað skilin á milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins eru að verða óskýr og þau hafa orðið óskýrari eftir því sem þessi ríkisstjórn hefur setið lengur.

Hæstv. forsrh. er klókur maður og mjög skýr og hann veit yfirleitt hvað hann er að segja. Þegar ég sit í þessum sal og hlusta á svörin hans til hv. þingmanns vaknar hjá mér spurningin hvort það sé virkilega rétt að hæstv. forsrh. finnist eðlilegt að framkvæmdarvaldið ráði yfir Alþingi eftir að frv. er komið inn, í lagasetningu um fjárlög og stýri því hvað af fjárlögunum renni til Alþingis og stofnana þess.

[11:41]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það verður æ erfiðara að skilja þessa umræðu. Ég hef eins og margir aðrir fylgst með dagskrá fjárln. vegna þess að hún er birt á netinu og þótt ég sitji ekki í nefndinni hef ég séð að fjárln. hefur verið önnum kafin í allt haust. Og hvað hefur hún verið að gera meira og minna alla þessa daga? Hún hefur verið að taka á móti gestum, hún hefur verið að taka á móti fulltrúum; fulltrúum stofnana, fulltrúum ráðuneyta og fulltrúum fleiri aðila. Sjálfur sit ég í tveimur nefndum. Fyrir þessar nefndir hafa komið fulltrúar m.a. ráðuneytanna, fulltrúar stofnananna til þess að ræða málin. Samt tala menn eins og það sé búið að taka öll völd af þessum stofnunum og koma í veg fyrir að þær fái að ræða við Alþingi. Það er ekki þannig.

Eins og hæstv. forsrh. vakti réttilega athygli á áðan getur fjárln. auðvitað haft frumkvæði að því að kalla til þær stofnanir sem hún vill og mér sýnast menn hafa gert það alveg eins og þeir hafa gert undanfarin ár. Ég skil ekki tilefni þessarar umræðu. Þetta er óskiljanlegt.

[11:42]

Páll Magnússon:

Hæstv. forseti. Það hefur mikið áunnist í nýskipan í ríkisrekstri frá árinu 1999. Rammafjárlögin skipa þar auðvitað mikilvægt hlutverk. En fleira hefur gerst, m.a. afnám æviráðningar ríkisstarfsmanna og fleira mætti nefna eins og hæstv. forsrh. fór yfir. Ég tel fullkomlega eðlilegt að þau tilmæli sem ríkisstjórnin sendir til stofnana berist einnig stofnunum Alþingis enda er, eins og hæstv. forsrh. rakti, afar mikilvægt að sá rammi haldi sem ríkisstjórnin vinnur eftir við gerð fjárlagafrv.

[11:43]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði áðan um að á fund fjárl. hafa komið fulltrúar ýmissa stofnana í haust. Sumir komu fyrir eigið frumkvæði þrátt fyrir að hafa verið bannað það bréflega en aðrir komu vegna þess að minni hlutinn í fjárln. fór fram á að þeir yrðu kallaðir til fundar við fjárln. Talsmenn sumra þeirra áréttuðu að þeir hefðu til þessa komið þrátt fyrir að hafa fengið munnlegt bann við því frá framkvæmdarvaldinu. Þeir þökkuðu fyrir að fá þetta boð frá minni hlutanum nú um að mega koma. Þetta er skýringin á því að við höfum verið upptekin við að taka á móti fulltrúum stofnana en því miður allt of seint og fengum við of lítinn tíma í það vegna þessa bréfs sem út fór.

[11:45]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að fjárln. hefur verið upptekin við að taka á móti ýmsum aðilum, aðallega fulltrúum sveitarstjórna og frjálsra félagasamtaka og þeim sem ekki hafa fengið bréf frá hæstv. ríkisstjórn.

Það sem okkur þótti óskiljanlegt var hve fáir komu frá stofnunum og þá fórum við að leita eftir skýringunni og komumst að þessu. Við kölluðum þessar stofnanir til okkar og það var full þörf á því, hv. þm., að heyra í forsvarsmönnum þeirra og hvað þeir höfðu lagt fram í fjárlagabeiðnum

og hvernig þeim leist á þær tillögur sem komið höfðu frá fagráðuneytum.

En vegna þess að hæstv. forsrh. var hér að sneypa þingmenn, að þeir vissu ekki um hvað málin snerust, og það getur verið ósköp eðlilegt að nýir þingmenn viti það ekki, þá vil ég biðja hæstv. forsrh. að segja mér þannig að ég hafi það bara á hreinu: Hvar liggur fjárveitingavaldið? Hvar liggur það?

[11:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þóttu dálítið merkileg þau orð sem féllu hér hjá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, að stofnanir hefðu komið til fundar við fjárln. í boði minni hluta fjárln. Það er auðvitað ekki svo, heldur koma menn sér saman um það í fjárln. hverjir eru boðaðir til fundar. Tillögurnar geta hugsanlega komið frá minni hlutanum í upphafi en hugsanlega líka frá meiri hlutanum og það er nú þannig í langflestum tilfellum. En um þetta er samráð innan nefndarinnar og stofnanir og aðilar kallaðir til fundar með nefndinni í fullkomnu samkomulagi og samráði og ég reikna alveg með því að það verði svoleiðis áfram eins og hefur verið hingað til.

[11:47]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Jafnvel í grunnskólum landsins þurfa nemendur að gera grein fyrir því hvers vegna þeir koma of seint og biðjast afsökunar á því. Ég treysti því að forsrh. nýti til þess sína síðari ræðu.

En um það mál sem hér hefur verið til umfjöllunar verður að harma að það skuli ekki bara vera játað af forsrh. sem mistök, heldur skuli hann halda því fram að hér sé eðlilegt verklag á ferðinni því það er auðvitað fjarri því eðlilegt og kom vel í ljós í máli hans að hæstv. ríkisstjórnin hefur engar valdheimildir til að banna opinberum embættismönnum að leita til Alþingis.

Nú veit ég ekki hvaða einkunn hæstv. forsrh. fékk í lögfræði. En þegar hann fjallar hér um þrískiptingu ríkisvaldsins þá vil ég, óskólagenginn maðurinn, fá að benda hæstv. forsrh. á að Alþingi og Ríkisendurskoðun hafa eftirlitshlutverki að gegna með framkvæmdarvaldinu. Og hið mikilvæga er ef lögum sem Alþingi hefur sett er ekki framfylgt, að þá komi opinberir embættismenn ríkisins því á framfæri við Alþingi og við nefndir þess, fjárln. meðal annars. Og það er sérstaklega mikilvægt og tryggt í 3. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, að Ríkisendurskoðun sé algerlega óháð framkvæmdarvaldinu, ráðuneytunum, og þurfi ekkert undir þau að sækja. Þess vegna hefur ríkisendurskoðandi líka tekið undir með því sem við höfum hér sett fram, að þetta erindi eigi ekkert erindi til hans og endursent það til forseta Alþingis með þeim orðum að „heyra megi hann erkibiskups boðskap en ráðinn sé hann að hafa hann að engu".

[11:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Forsætisráðherrann fékk 11,99 á embættisprófi í lögfræði, sem er góð 1. einkunn, ef það vekur áhuga þingmannsins. Skiptir ekki öllu máli hér.

Hins vegar er það sem upp úr stendur í þessu máli þetta, að menn eru að tala um þrígreiningu ríkisvaldsins og jafnframt vilja þeir um leið og þeir tala um það leggja sitt af mörkum til að reyna að brjóta niður innra skipulag framkvæmdarvaldsins. Þeir vilja endilega koma málum þannig fyrir að ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið, geti ekki beitt sér fyrir samræmingu og forgangsröðun með eðlilegum hætti í rammafjárlögum án þess að tilteknir forstöðumenn, sem una sínum hlut illa, reyni að sprengja það upp með því að mæta óumbeðnir á fund fjárln. Auðvitað fer illa á því. Það er endilega ekki víst að þeir aðilar séu að fara fyrir þeim þörfum sem mikilvægastar eru. Það er framkvæmdarvaldsins, það er ríkisstjórnarinnar, og það eiga menn að skilja, að hafa umsjón með því. Og það er ekki viðeigandi að einstakir forstöðumenn séu að reyna að ota sínum tota og brjóta það skipulag sem þar gildir.

Á hinn bóginn gengur það, og það liggur fyrir og það vita allir menn og þarf ekki að hártoga það, að Alþingi getur síðan hvenær sem er, og fjárln., kallað hvern sem er fyrir sig með þeim hætti sem jafnan hefur verið gert.

Ég byrjaði á því að horfa hér á þingstörf 1973 sem þingfréttaritari Morgunblaðsins og síðan í sambærilegu embætti hjá Ríkisútvarpinu, og ég sé ekki að það hafi breytt nokkrum sköpuðum hlut þetta eilífa tal um að framkvæmdarvaldið sé að vaða yfir Alþingi. Það var iðulega það sem ég hlustaði á það frá þessum palli hér fyrir 30 árum. Þetta hefur ekki breyst að nokkrum hluta til. Það eina sem má þó segja er að framkvæmdarvaldið hefur veikst. Það er búið að setja margföld lög eins og upplýsingalög, stjórnsýslulög, allt í þeim tilgangi að veikja framkvæmdarvaldið. Á sama tíma hefur vald Alþingis sem betur fer aukist.

Fundi slitið kl. 11:51.

---

47. FUNDUR

miðvikudaginn 10. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 428. mál, þskj. 594. — 1. umr.

2. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., stjfrv., 191. mál, þskj. 193. — 3. umr.

3. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 593. — 1. umr.

4. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 359. mál, þskj. 478. — Fyrri umr.

5. Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 360. mál, þskj. 479. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 332. mál, nál. utanrmn., þskj. 603.

Kælimiðlar, 438. mál, fsp. KolH, þskj. 608.

Olweus-átak gegn einelti í grunnskólum, 439. mál, fsp. SKK, þskj. 609.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594.

[13:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Meginatriði þessa frv. er að lagt er til að tekin verði upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta. Þá er lagt til að auknir verði möguleikar á því að koma byggðarlögum til aðstoðar við úthlutun sérstakra aflaheimilda vegna óvæntra skerðinga aflaheimilda skipa sem þaðan eru gerð út og landa afla sínum þar. Samhliða þessu er lagt til að á tveimur næstu árum verði dregið úr úthlutun sérstakra aflaheimilda til krókaaflamarksbáta og sérheimildum Byggðastofnunar til úthlutunar aflaheimilda og þær heimildir falli síðan niður að fimm árum liðnum. Að lokum er lagt til að nokkur rýmkun verði gerð á heimild til tegundatilfærslu.

Í b-lið 3. gr. frv. er ákvæði um línuívilnun og er lagt til að hún verði tekin upp við veiðar dagróðrabáta. Línuívilnun tekur til veiða á þorski, ýsu og steinbít og takmarkast ekki við ákveðna stærð báta eða skipa en skilyrði þess að skip njóti línuívilnunar eru þessi:

1. Að línan sé beitt í landi.
2. Að róður standi ekki lengur en sólarhring.
3. Að aflanum sé landað þar sem línan er tekin um borð.
4. Að sjálfvirkt tilkynningarkerfi virki um borð í bátnum.

Línuívilnun í þorski takmarkast við 3.375 lestir sem eru 16% af áætluðum þorskafla dagróðrabáta á árinu 2002. Þessi afli skiptist á fjögur þriggja mánaða tímabil með hliðsjón af veiðum á línu á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuveiðum og gefin verður út tilkynning um að ívilnunin falli niður frá ákveðnum degi þegar séð verður að viðmiðunarafli er að nást. Ekki er gert ráð fyrir að hámark verði sett fyrir fram á ýsu og steinbít en að heimilt verði að setja þeim veiðum takmörk með sama hætti og veiðum á þorski sé talin til þess ástæða.

Gert er ráð fyrir því að þessar breytingar taki gildi 1. febrúar 2004 varðandi ýsu og steinbít en í þorski við upphaf næsta fiskveiðiárs.

Í 1. gr. frv. segir að afli og áætlaður afli vegna línuívilnunar komi til frádráttar áður en leyfilegum heildarafla er skipt milli einstakra skipa á grundvelli aflahlutdeildar þeirra. Jafnframt er til samræmis áréttað í þessari grein að sama gildi um svonefndan jöfnunarsjóð samkvæmt 9. gr. a eins og í raun kemur fram í þeirri grein. Samhliða því að tekin verði upp sérstök línuívilnun er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á úthlutun sérstakra potta sem úthlutað hefur verið ýmist til að styrkja ákveðin byggðarlög eða ákveðinn flokk báta:

Í fyrsta lagi verði felld niður sú 1.500 lesta takmörkun sem er á heimild ráðherra til að úthluta sérstökum byggðakvóta samkvæmt 1. mgr. 9. gr. og heimildin miðuð við þann hluta sem ekki hefur verið nýttur til að bæta skipum skerðingu í aflaheimildum.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna hefur ráðherra til ráðstöfunar 12 þús. lestir af botnfiski til að mæta fyrirsjáanlegum áföllum sem útgerðir kunna að verða fyrir vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Heimild þessari hefur einkum verið beitt til að bæta skipum skerðingar sem orðið hafa í skel- og rækjuveiðum og eru á þessu ári notaðar 4.300 lestir í því skyni auk þess sem heimild til úthlutunar til stuðnings byggðarlögum á allt að 1.500 lestum hefur verið nýtt á þessu og síðasta fiskveiðiári. Heimildir eru samkvæmt núgildandi ákvæði bundnar við byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Í frv. er sambærilegt ákvæði bundið við minni byggðarlög sem háð eru botnfiskveiðum en heimildin aftur á móti rýmkuð þannig að hún taki einnig til byggðarlaga sem verða fyrir því að aflaheimildir flytjist úr byggðarlaginu, enda hafi sá flutningur haft veruleg áhrif á atvinnuástandið í því byggðarlagi. Hafa skal samráð við Byggðastofnun um slíkar aðgerðir og er eðlilegt að líta beri til annarra aðgerða sem gripið hefur verið til til að efla byggðarlögin þegar ákvarðanir eru teknar.

Í öðru lagi er lagt til að heimildir ráðherra til úthlutunar aflaheimilda til krókaaflamarksbáta minnki um helming frá yfirstandandi fiskveiðiári til ársins 2004/2005 og loks aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006. Í ljósi þess að lagt er til að heimildin falli síðan niður þykir fara betur á því að ákvæðið sé gert að bráðabirgðaákvæði.

Loks er í þriðja lagi lagt til að heimild Byggðastofnunar til að úthluta árlega 1.500 lestum til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi verði minnkuð um helming frá yfirstandandi fiskveiðiári til ársins 2004/2005, aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006 og falli síðan niður. Þá er lagt til að þessi sérstaka heimild falli niður eftir fiskveiðiárið 2005/2006 en flytjist ekki til ráðuneytisins eins og kveðið er á um í gildandi ákvæði. Þykir það eðlilegt miðað við þá breytingu sem lagt er til að gerð verði í 2. gr. frv.

Að lokum er lagt til í 3. gr. þessa frv. að rýmka megi heimild til tegundatilfærslu þannig að hún takmarkist ekki við 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks fiskiskips eins og kveðið er á um í núgildandi ákvæði. Tilgangur með slíkri breytingu er sá að geta brugðist við því í þeim tilvikum sem einhverrar tegundar tekur að gæta í meira mæli í afla skipa en við hefði mátt búast. Má hér sem dæmi nefna að langa og keila eru í mjög mismunandi miklum mæli meðafli við línuveiðar. Með því að hækka viðmiðunarmörkin í þeim tegundum mætti mæta slíkum sveiflum.

Að lokum, herra forseti, má segja hvað varðar helstu efnisatriði frv. að sá stuðningur sem á undanförnum árum hefur verið notaður til að styðja byggðarlög sem hafa verið í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi er nú í meira mæli gerður almennur en sértækur með línuívilnuninni en jafnframt er í frv. skerpt á því á hvaða hátt hægt er að hjálpa minni byggðarlögum og byggðarlögum sem verða fyrir snöggum skerðingum á aflaheimildum eða lönduðum afla og hafa mikil áhrif á atvinnuástandið. Það er gert á markvissari hátt og ætti þar af leiðandi að ná betur þeim markmiðum sem leitast er við að ná.

Að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

[13:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú virðist þessi línuívilnun vera á kostnað byggðakvótans og þess vegna væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig hann sjái fyrir sér fiskvinnslur á stöðum eins og Hofsósi þar sem forsenda fyrir þeim hefur verið byggðakvóti og hvernig hann sjái fyrir sér t.d. útgerð á þessum stöðum og fiskvinnslu. Hefur þetta verið hugsað eða hefur verið bara hlaupið til með þessu frv. og gert eitthvað, eins og mann grunar?

[13:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er röng ályktun sem hv. þm. dregur af frv., að línuívilnun sé á kostnað byggðakvótanna. Eftir sem áður verða mjög verulegar heimildir til þess að styðja við byggðarlög sem eru í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og alls ekki ólíklegt, miklu frekar líklegt, að staðir eins og Hofsós verði skoðaðir sérstaklega þegar kemur að því að nýta heimildir 9. gr. Það er auðvitað ekki hægt að fullyrða um það nákvæmlega á þessu stigi. Það fer eftir aðstæðum sem uppi verða á þeim tíma sem málið verður skoðað ef Alþingi samþykkir frv.

[13:40]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þá misskilið frv. ef þetta á ekki að verða á kostnað byggðakvótans en mér sýnist það samt vera augljóst og ég sé ekki hvernig hæstv. ráðherra getur lesið annað út úr frv. Línuívilnun er á kostnað annars útgerðarhóps líka, og það eru dagabátarnir. Ég vil þá spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig hann sjái fyrir sér rekstur dagabáta ef það á að fækka dögum enn frekar frá því sem nú er. Telur hann að þarna eigi að grípa heimildir af dagabátum og færa í þessa línuívilnun? Finnst honum það rétt forgangsröð?

[13:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar menn reyna að draga svona ályktanir eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerir verður hann að skoða þær heimildir sem í frv. eru, og í lögunum verða ef Alþingi samþykkir, og ráðherra hefur í höndunum til þess að bregðast við ákveðnum aðstæðum. Ef hann skoðar þær út frá því og tekur tillit til 9. gr. (Gripið fram í.) er augljóst að það eru meiri heimildir til þess að styðja byggðirnar en áður var. Hins vegar hefur þetta frv. ekkert að gera með dagabátana og ekki er verið að leggja til neinar breytingar á gildandi löggjöf hvað dagabátana varðar með þessu frv.

[13:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. sjútvrh. heldur uppburðarlítill þegar hann flutti þetta erindi sitt og minnti mig dálítið á Vilhjálm Egilsson, fyrrverandi þingmann, sem muldraði svona ofan í barm sér þegar hann vildi koma málum hratt og örugglega í gegn. En erindi mitt, virðulegi forseti, var ekki að rifja það upp heldur kannski fyrst og fremst að meginatriði þessa frv. er að leggja til að tekin verði upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta, enda sé lína beitt í landi. Niðurstaðan af þessu er fyrst og fremst sú að aflaheimildir færast til ákveðinna landsvæða, í þessu tilviki Vestfjarða, og til tiltekinna báta. Því vil ég beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.: Er hagkvæmara að gera út af þessu landsvæði en annars staðar og eru þau skip sem færa á aflaheimildir til betur til þess fallin en önnur skip að veiða við Íslandsstrendur?

Ástæðan fyrir því að ég ber þessa spurningu upp er fyrst og fremst sú að það kemur ekkert fram í greinargerð með frv. hver tilgangurinn er eða hvaða röksemdafærsla býr að baki. Það kemur aðeins fram að þetta skuli gert.

[13:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekki ónýtt að taka Vilhjálm Egilsson sér til fyrirmyndar og ég held að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gæti bætt sig heilmikið ef hann gerði það. Varðandi hins vegar spurningu hv. þingmanns er ekki verið að meta hagkvæmni útgerða í þessu frv. Það er verið að styrkja hinar veikari byggðir og, eins og fram kom í máli mínu, verið að breyta þeim styrkmöguleikum sem þar eru.

Auðvitað felast í þessu frv. möguleikar fyrir þá sem vilja haga útgerð sinni á þann hátt sem þar er verið að fjalla um. Þeir sem síðan kjósa að gera það á einhvern annan hátt hafa ekki þessa möguleika. Það sem liggur þarna á bak við er að það er ekki einungis verið að fjalla um útgerðirnar sjálfar heldur er verið að fjalla um byggðarlögin sem slík og það er jafnframt verið að styrkja þá möguleika sem fólk hefur til þess að stunda atvinnu í landi við beitingu eins og fram hefur komið í umræðunni fram að þessu. Á þeim forsendum er það einskorðað við þá báta sem beita í landi.

[13:44]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég get ekki bent á neinn sérstakan þingmann sem gæti bjargað hæstv. sjútvrh. frá þessu tiltekna máli. En aðeins um það sem hæstv. ráðherra sagði, ég held að veruleikinn í þessu máli sé fyrst og fremst sá að ríkisstjórnin hefur ekki lengur tök á þeim þingmeirihluta sem styður hana. Hún þoldi ekki þá pressu sem upp kom vegna umræðu um línuívilnun og þess vegna varð hún að fylgja því sem nokkrir hv. þm. kröfðust, þ.e. að færa aflaheimildir til Vestfjarða. Það segir kannski meira um stöðu ríkisstjórnarinnar en nokkuð annað. Það að reyna að hengja þetta á að það eigi að bjarga einhverjum byggðarlögum með þessu er vitaskuld fásinna því að þetta kemur aðeins nokkrum byggðarlögum til góða.

Virðulegi forseti. Veruleikinn er sá að ríkisstjórnin hefur veikst verulega og tilteknir þingmenn hafa haldið henni í gíslingu. Þess vegna kemur hæstv. ráðherra hér upp og neyðist til að leggja þetta fram, reyndar þvert gegn vilja sínum, tel ég. En hæstv. sjútvrh. munar ekki mikið um að mæta með frv. þrátt fyrir það.

[13:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að síðasta ræða hv. þm. ætti betur heima í dægurmálaþáttum ljósvakamiðlanna en í sölum Alþingis. (***Gripið fram í:*** Ég skil þig vel að vilja ...) Ég legg mat á orð hans í því ljósi og ætla ekkert að fjalla meira um þau hér.

[13:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti fyrir mér trúverðugleika bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórnar í fiskveiðistjórnarmálum. Í kosningabaráttunni lofaði Sjálfstfl. línuívilnun án þess að það kæmi niður á byggðakvótum eða neinu slíku eins og Guðmundur Halldórsson sem fékk þessa tillögu samþykkta á flokksþingi sjálfstæðismanna hefur lýst. Framsfl. lofaði aukningu í byggðakvóta og í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að auka byggðakvóta og taka upp línuívilnun.

Í þessu frv. er verið að skera niður byggðakvótana enda hafa þeir verið fleinn í holdi Landssambands íslenskra útvegsmanna og annarra stórútgerða. Það er farið eftir óskum þeirra hvað það varðar. Síðan er tekin upp svona sýndarlínuívilnun sem er ákveðið form af beitningu þannig að einn bátur getur verið á línuívilnun þennan mánuðinn en á öðruvísi aflaheimildum hinn mánuðinn.

[13:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór nokkurn veginn rétt með forsögu málsins. Um þetta var fjallað í kosningabaráttunni og Sjálfstfl. hafði góð orð um að koma línuívilnun á enda var

hún samþykkt á landsfundi flokksins. Frá þeim degi hafa allar mínar yfirlýsingar um línuívilnun gengið út á það að henni yrði komið á.

En þegar svona breytingar eru gerðar hljóta þær að hafa áhrif á aðrar aðgerðir sem við beitum til þess að styrkja byggðirnar. Þá hlýtur að koma til þess að þær séu skoðaðar og jafnvel breytt eins og hér er lagt til.

En það er ekki verið að minnka möguleikana til þess að styrkja byggðir með byggðakvótum í frv. Þvert á móti verða þeir möguleikar meiri en þeir voru áður og markvissari. Það er í sjálfu sér jákvætt og ætti að verða til þess að okkur takist betur að hjálpa þeim byggðum sem ég veit að hv. þm. vill reynast vel.

[13:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að við viljum reynast þeim vel.

En þetta heitir nú bara hreinlega að snúa hlutunum á haus, að flytja hér frv. um stórfellda lækkun á byggðakvóta og segja svo að það sé ekki lækkun á byggðakvóta.

Ég skil ekki hvernig hæstv. sjútvrh. ætlar að komast í gegnum þetta mál með svona málflutningi. Kannski gleypir Framsókn við svona einföldum málflutningi. Það á eftir að koma í ljós. En flokkssamþykkt Framsfl. og orð í kosningabaráttunni voru alveg ljós, þ.e. aukning á byggðakvóta.

Ef niðurskurður á byggðakvóta um nokkur þúsund tonn er ekki niðurskurður á byggðakvóta þá skil ég ekki íslenskt mál. Ég held að það væri virkileg þörf á því að hæstv. sjútvrh. talaði bara hreint íslenskt mál og kæmi hlutunum beint frá sér en væri ekki að snúa þeim svona á haus eins og hann hefur verið að gera hér. (**Gripið fram í:** Og stinga hausnum í steininn.) Já, og stinga hausnum í steininn.

[13:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að létt er yfir hv. þingmönnum. En ég veit nú eiginlega ekki hvor er á haus, hv. þm. eða ég, miðað við málflutning hans. (Gripið fram í.) Ég held bara að hv. þm. geri sér ekki grein fyrir 9. gr. og virkni hennar. Ég held að hann þurfi að kynna sér hvernig hún hefur verið notuð undanfarin ár, hvernig hún er í lögunum og hvernig frv. gerir ráð fyrir að henni verði breytt. Þá mun hann átta sig á því að það sem ég hef verið að segja hér er hárrétt og algjörlega í takt við frv. og að báðir stjórnarflokkarnir standa mjög vel við kosningaloforð sín. (**JBjarn:** Trúir Framsókn þessu?)

[13:50]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Þingforseti. Ég hefði viljað að ráðherra útskýrði fyrir okkur til að byrja með, áður en lengra er haldið, það sem er í athugasemdum frv. um 3. gr. Þar er talað um að rýmka heimild til tegundatilfærslu þannig að hún takmarkist ekki við 2% af heildaraflaverðmæti. Það væri mjög gott fyrir þingheim og alla að hann útskýrði hvernig þessi tilfærsla er í dag og hvernig hún verður eftir breytingar. Það er ekki talað um hvernig hún á að vera. En það er mjög nauðsynlegt að það verði útskýrt hvernig þetta á að vera.

[13:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að svara hv. þm. Grétari Mar Jónssyni.

Í 10. gr. fiskveiðistjórnarlaganna er gert ráð fyrir því að hægt sé að færa á milli tegunda allt að 5% af heildarverðmæti botnfisksaflamarks skipsins en þó ekki í þorsk. Hins vegar má ekki færa í eina tegund nema 2% af heildarverðmæti botnfisksaflamarks skipsins. Það sem verið er að leggja til með greininni er að ráðherra geti lyft þessu 2% þaki þannig að hægt verði að flytja meira í eina tegund en 2% af heildarverðmætinu og geti það þar af leiðandi farið í allt að 5% af heildarverðmætinu.

Þessi takmörkun kom til vegna þess að brögð voru að því að verið var að færa mikið yfir í eina tegund. Það kom fram í karfa og grálúðu á sínum tíma. Núna er staðan hins vegar sú að keila og langa eru í kvóta. Þær koma í mjög mismunandi miklu magni sem meðafli. Til þess að bregðast við því er þessi breyting lögð til.

[13:52]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Þingforseti. Ég hefði viljað sjá þig koma með dæmi um breytingu á t.d. 100 tonnum þannig að menn áttuðu sig á því út á hvað þetta hefur gengið og hvaða breytingar þú ert að leggja til.

Ég mun svo halda ræðu á eftir og ræða um efni þessa frv. betur. En mér finnst að þetta þurfi að koma fram með einhverju konkret dæmi um hvernig þessi tegundatilfærsla á sér stað.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þm. á að honum ber ævinlega að víkja máli sínu til forseta eða fundarins en ekki einstakra þingmanna.)

[13:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við tökum dæmi af heildarverðmæti 100 tonna þá er takmörkunin í dag við 5% af því eða verðmæti 5 tonna sem má færa yfir í aðrar tegundir. Það gætu þá verið 2% af keilu eða 2 tonn af keilu og 2 tonn af löngu gætu verið hluti af þessum 5 tonnum. En ef þessi breyting verður þá hefur ráðherra heimild til þess að lyfta takmörkunum á einstökum tegundum, eins og þessum tegundum, þannig að það gætu orðið 5 tonn af keilu eða 5 tonn af löngu sem mætti færa til eða einhver önnur samsetning á þessu, 3 eða 2 eða 2,5 tonn. (Gripið fram í.)

[13:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. er mættur með línuívilnunina sína. Það leit nú ekki þannig út í sumar og haust að hann ætlaði sér það. En hann virðist hafa afturábakgíra eins og hinir ráðherrarnir í ríkisstjórninni því að þeir eru meira og minna í afturábakgírunum þessa dagana. Hæstv. heilbrrh. ruglaðist nú á gírunum í töluverðan tíma um daginn og endaði svo í aftur á bak og braut öxulinn. Fjmrh. virðist ólmur ætla að blanda sér í leikinn. Hann er kominn með sjómannaafsláttinn og það að breyta ráðningarkjörum starfsmanna ríkisins. Ég spái því að hann eigi eftir að fara í afturábakgírana líka. Það verður tignarlegt að sjá tilþrifin hjá honum. En félmrh. bókstaflega reykspólaði í aftur á bak núna í gær og í morgun. (Gripið fram í.) Og kannski verður meira.

Hvaða sýning er þetta eiginlega hjá ríkisstjórninni og ráðherrunum? Það virðist vera orðinn plagsiður að menn æði hér inn á völlinn með einhver mál og bakki svo á fullri ferð frá þeim aftur. Er þetta eitthvað til að hafa gaman af? Mér þykir ekki neitt gaman að þessu. En það getur vel verið að Spaugstofan finni eitthvað út úr því í framhaldinu hvað sé hægt að gera úr þessu öllu saman. Er þetta kannski tilraunverkefni hjá ríkisstjórninni, einhvers konar þrautakóngskeppni eða hvað

það nú heitir í dag, hverjir komast af? Mér finnst einhvern veginn að þetta sé orðið of mikið til þess að þetta geti verið tilviljun. Menn hafa greinilega hengt hverjir á aðra einhverja poka sem allir verða að hlaupa með og það fer nú svona.

Það væri auðvitað vert að ræða meira um þetta. En það er annað hér á dagskrá. Það er þessi línuívilnun. Það var mikil umræða um sjávarútvegsmálin fyrir kosningarnar í vor. Það þarf kannski ekki að rifja það upp í þessum sal hvers vegna stjórnarflokkarnir lofuðu línuívilnun. Kjósendur voru óánægðir með sjávarútvegsstefnuna. Þeir voru óánægðir með afleiðingar hennar, afleiðingar af eignarhaldinu á kvótanum eins og það kemur niður í byggðum landsins. Ýmsir stuðningsmenn stjórnarflokkanna ætluðu hugsanlega jafnvel að kjósa einhverja aðra flokka, létu það í veðri vaka a.m.k. og þess vegna varð að gera eitthvað. Meira um það á eftir.

Eignarhaldið á kvótanum er stærsta samkeppnishindrun sögunnar í þessu landi og það virkar eins og 400–500 milljarða eigið fé inn í útgerðarfyrirtækin gagnvart þeim sem eiga í samkeppni við þau fyrirtæki sem eru í útgerð. Þeir sem hugsanlega vilja inn í útgerð þurfa að glíma við þennan vanda sem ríkið hefur lagt á eins og gert hefur verið. Milljarðar streymdu í vasa þeirra sem voru á staðnum þegar úthlutunin fór fram og þeir hafa getað hlaupið í burtu með þessa milljarða. Þeir hafa gert það sumir en margir geta það enn og munu gera það ef engu verður breytt. Það finnst hæstv. forsrh. allt í fína lagi. Hann liggur ekki andvaka yfir því lesandi Passíusálmana eða ritningargreinar þó að hann beri auðvitað ábyrgð á því mest allra manna ásamt Halldóri Ásgrímssyni að þetta eignarhaldskerfi er við líði og hefur verið varið af þessari ríkisstjórn og þeim félögum með kjafti og klóm þó að þjóðin hafi áttað sig á því hvar fiskur liggur undir steini og hverjar afleiðingar af þessari einkavæðingu þjóðarauðlindarinnar eru.

Þær eru m.a. að engin nýliðun er í útgerð á Íslandi. Það þýðir einfaldlega að engin framtíð er fyrir byggðarlögin í landinu. Það er engin framtíð í byggðarlagi sem byggir á fyrirkomulagi þar sem engin nýliðun getur komið til.

Þetta skilur fólkið í sjávarbyggðunum. Þess vegna voru menn í vandræðum með kjósendurna í vor. Fólk er farið að skilja þetta núna. Um tíma rugluðust menn dálítið í ríminu út af því að haft var gat á kerfinu. Það var svona verið að smokra smábátamönnum inn í kerfið. Nýliðunin fór þar fram. Það var ekki í samræmi við aðalreglurnar í kerfinu. Nei, það var gert til þess að ekki yrði auðn í sjávarbyggðunum, svo að menn fengju ekki að sjá framan í kerfið og hvernig það virkaði nákvæmlega.

En nú stefnir allt í það menn fái að sjá það. Það er verið að skella í lás hvað alla nýliðun varðar í þessari grein. Þetta sló ryki í augu fólks um tíma en núna eru fleiri farnir að skilja þetta eins og ég sagði áðan. Já, það vantaði stuðning. Fólkið ætlaði ekki að kjósa stjórnarflokkana í sama mæli og áður.

Hvað gerðu menn þá? Jú, menn fundu þrjú snjallræði. Það fyrsta var línuívilnun strax í haust. Og menn gengu um og útlistuðu fyrir fólki hvernig þetta mundi bjarga byggðarlögunum og alveg sérstaklega fyrir vestan, það urðu margir varir við það. Annað var forkaupsréttur sveitarfélaga á veiðiheimildum. Það var kannski ekki talað jafnmikið um það og ég sé ekki að neitt sé minnst á þennan forkaupsrétt í frv. hæstv. ráðherra. Og það væri gaman að því að hann færi yfir það á eftir hvort sú stefnumörkun sé bara í vinnslu og komi síðar fram, eða hvort ekki hafi verið nógur þrýstingur á að stjórnarflokkarnir stæðu við það kosningaloforð að setja forkaupsrétt sveitarfélaganna í eitthvað betra form en hann er í dag. Auðvitað vissu ríkisstjórnarflokkarnir að það yrði þras um línuívilnunina en það þurfti að vinna kosningar og það mátti ekki spara neitt til þess, það var allt í voða. Og þá ákvað forsætisráðherrann að koma með þriðja snjallræðið sem voru 30 þúsund tonn í soðið handa LÍÚ. Og ég segi LÍÚ vegna þess hvernig þeim 30 þúsund tonnum var úthlutað. Þeim var úthlutað í eignasafnið hjá þeim sem fyrir eru í greininni. Það getur vel verið að einhverjum finnist það sjálfsagt en mér finnst það ekki. Mér finnst það ekki sjálfsagt. En þetta átti að vera til þess að friðþægja háttvirtum LÍÚ-mönnum að fá þessi 30 þúsund tonn. Og LÍÚ gapti og gleypti, það stóð ekki á því. En sjaldan launar kálfur ofeldið því þeir þögðu ekki lengi, bara þangað til búið var að úthluta þeim þessum 30 þúsund tonnum. Það var hljótt um þá þangað til. En þegar það var búið hófu þeir sönginn á móti línuívilnuninni og nú góla þeir hæst af öllum mönnum og heimta réttlæti.

Hvernig réttlæti skyldu þeir vilja fá? Jú, þeir vilja fá réttlæti innan klúbbsins. Réttlæti fyrir þá sem eru í klúbbnum sem á að fá úthlutað aðgangi að fiskimiðunum við Ísland. Þar skal ríkja réttlæti á milli þeirra sem eru í klúbbnum, en ekki gagnvart hinum sem eru utan hans og vildu gjarnan stunda þennan atvinnuveg. Það hefur verið og er hlutverk Samf. að berjast fyrir jafnræði og sanngjörnum leikreglum í landinu og þar á meðal í sjávarútvegi og ekki bara innan klúbbsins sem fær núna úthlutað veiðirétti, heldur almennt. Því deilan um línuívilnun snýst ekki um það hvort mismuna eigi innan hóps þessara útvöldu. Það er ekki alvörudeila um réttlæti.

„Orð skulu standa" voru kjörorð fundar sem haldinn var á Ísafirði. Þá var vísað til þessara kosningaloforða sem voru gefin til að kaupa sér stuðning kjósendanna í vor, stuðnings þeirra sem efuðust um réttlæti og visku stjórnarherranna, efuðust um stefnu sem felst í því að taka atvinnuréttindi fólksins í sjávarbyggðunum og gera þau að einokunarrétti útgerðarmanna, að einkavæða þjóðarauðlindina án þess að lýsa því nokkurn tímann yfir að það stæði til og reyna svo að festa eignarhaldið í sessi með öllum ráðum, m.a. með því að gera fleiri að eigendum auðlindarinnar, eins og smábátamenn, og það hefur auðvitað tekist. Ýmsir af þeim sem voru hvað harðastir andstæðingar eignarhaldsins í smábátaútgerðinni hafa snúist heilan hring, jafnvel skipt um flokka út af því, þeir sofna nefnilega betur á kvöldin hugsandi um það að ef þeir þurfi að hætta í útgerðinni þá geti þeir selt kvótann. Og það er kannski skiljanlegt stundum að menn horfi meira á eigin hag en byggðarlagsins sem þeir búa í því að hagur byggðarlagsins til framtíðar á ekki heima í slíkum hugrenningum á koddanum hjá útgerðarmönnum úti um landið. Og hagur byggðarlaga eða landshluta á ekki heldur heima á hluthafafundum í Eimskip eða slíkum fyrirtækjum, þegar spekúlantarnir telja hag sínum best borgið með því að selja Kaldbaki eða einhverjum öðrum hlutinn sinn og Íslandsmið með. Eða í framtíðinni þegar farið verður að selja erlendum fyrirtækjum Íslandsmið því það mun koma að því. Við erum búin að sjá hvert arður auðlindarinnar rennur með þessu fyrirkomulagi. Hann rennur til þeirra sem hafa krumluna á kvótanum.

Í alþjóðaviðskiptum komandi ára er alveg ljóst að verði Íslandsmið áfram til sölu, þá komast heilu landshlutarnir og að lokum landið allt í stöðu kvótalausa sjávarplássins. Þetta eru ekkert spámannleg orð, þetta er bara þróunin. Við munum ekki fara aftur út úr þeirri alþjóðlegu þróun sem við

erum inni í hvað varðar eignarhald á fyrirtækjum á Íslandi. Þar verður ekki snúið aftur. Ætli menn að hafa eignarhaldið á auðlindinni í höndum fyrirtækjanna í sjávarútvegi þá mun það að lokum verða skiptimynt á alþjóðlegum markaði. Menn geta haldið öðru fram en það er mín sannfæring að þannig verði það. Já, í alþjóðaviðskiptum komandi ára er alveg ljóst að verði Íslandsmið áfram til sölu þá mun þetta fara svona. Og þá munu menn ekki vera að horfa í einhver byggðarlög á Íslandi þegar einkaeignarhaldið hefur fullkomlega náð tökum.

Við samfylkingarmenn höfum boðað stefnu sem byggist á því að koma á jafnræði til að nýta auðlindina í stað þeirrar einokunar sem gildir. Í því felst atvinnufrelsi fyrir byggðarlögin og fólkið sem þar býr. Allir sem vilja stunda útgerð sitja þá við sama borð gagnvart því að nýta auðlindina. Í vor var þessu svarað með innantómum slagorðum um að við ætluðum að leggja sjávarbyggðirnar í rúst og atvinnugreinina bara í heilu lagi. En það er ríkjandi stefna sem veldur því að fólkið hefur misst trúna á framtíð sjávarútvegsbyggðanna í landinu. Hver ætti svo sem að trúa á framtíð byggðarlaga þar sem atvinnugreinin er í hers höndum af þessu tagi? Það getur enginn stofnað nýja útgerð hér á landi. Það kostar sex- til sjöfalt meira en áður, eingöngu vegna veiðiheimildakaupanna.

Um hvað snýst svo þessi línuívilnun sem við erum að ræða hér? Er hún barátta fyrir atvinnufrelsi og réttlæti? Nei, það eru bara þeir sem eiga Íslandsmiðin núna sem eiga að fá viðbót. Engir aðrir. Er hún stórfelld mismunun eins og LÍÚ og ýmsir aðrir halda fram þessa dagana? Nei, en hún færir veiðirétt á milli útgerða og þar með á milli byggðarlaga. Sum af þeim byggðarlögum sem standa höllum fæti fá meiri heimildir en einhver sem líka standa höllum fæti tapa frá sér heimildum. Og það þurfa menn að fara yfir í nefndinni og skoða.

Það er ýmislegt í þessu frv. sem vert er að tala um. Þessi tegund af línuívilnun er ekki hluti af neinni stefnu til að ganga betur um lífríkið eða fiskstofnana eins og við höfum margir haldið fram í sölum Alþingis í gegnum tíðina að ætti að gera, og ég hef margoft talað fyrir því að menn skoði það að hafa ívilnun, veiðarfæraívilnun sem byggist á slíku þar sem menn horfi á það hvernig veiðarfæri fara með botninn, með lífríkið, hvernig þau fara með fiskinn og aðrar tegundir en þær sem verið er að veiða. Og þannig þróuðu menn upp kerfi þar sem hægt væri að hafa áhrif á útgerðina, á það hvernig menn veiða fisk.

Það var a.m.k. ætlun mín þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom með sitt frv. að við settumst yfir það, vegna þess að okkur sýndist hann vera einn á báti og væri að setja traust sitt á stjórnarandstöðuna að einhverju leyti, að setjast yfir það frv. með honum og velta því fyrir okkur hvort hægt væri að ná fram einhverjum breytingum á þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem einhver glóra væri í. Svo langt komst málið aldrei því að sú umræða fór aldrei fram. Hæstv. ráðherra kom með sína tillögu og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur dregið tillöguna sem hann flutti sem breytingartillögu við mál sem lá inni í nefndinni til baka og hefur hana kannski svona með í umræðunni um það sem hæstv. ráðherra er kominn með hér núna.

En skyldi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vera ánægður með tillögur hæstv. sjútvrh.? Hann hlýtur að koma að því á eftir, en ég sé að það er æðimargt öðruvísi í frv. ráðherrans en í breytingartillögu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar við málið sem lá inni á Alþingi. Það er bæði það sem er í frv. hæstv. ráðherra og það sem er þar ekki og er í tillögu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Það er t.d. ekki neitt um dagabátana í frv. hæstv. ráðherra. Það er í tillögu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þeirra báta bíður ekkert annað en að verða úti á heiðinni, verða sem sagt veiðiheimildalausir með tímanum, ef svo heldur fram sem horfir og lögin standa óbreytt sem um þann flokk gilda.

Línuívilnun gagnvart þorskveiðum sem hæstv. ráðherra er að boða hér er svona eins konar ólympískar veiðar. Gefið verður rásmerki á einhverjum mánaðamótum og svo eiga menn að veiða og veiða og veiða þangað til Fiskistofa segir stopp og hæstv. ráðherra flautar af, og svo verður aftur flautað til leiks við einhver önnur mánaðamót. Í umræðum hér var talað um það af hæstv. sjútvrh. og fleirum að það væru mjög óheppileg sóknarhvetjandi áhrif af svona fyrirbrigði eins og þessu. Hæstv. ráðherra leggur þetta nú samt til.

Nú er líka verið að flytja byggðakvótann sem framsóknarmenn ætluðu að hækka mikið samkvæmt kosningaloforðunum, það á að leggja hann niður og leggja byggðakvótann undir hæstv. sjútvrh. sem hefur ekki verið sá sem hefur mest hælt byggðakvótum á undanförnum árum og er þá ekki tekið mjög djúpt í árinni. En hæstv. ráðherra verður sem sagt byggðakvótaráðherra samkvæmt þessu.

Síðan er það skerðingin á krókaaflamarksbátunum. Ég er nú hræddur um þegar menn átta sig á því hvað er þar á ferðinni að þá muni hvína í einhvers staðar. En hér er verið að taka af viðbætur sem voru settar til þessa hóps þegar hann var skertur verulega fyrir stuttu síðan. Þannig er bæði verið að gefa og taka í þessu frv. Ekki var það í tillögum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Og tegundatilfærslan var þar ekki heldur sem hæstv. ráðherra er að mæla fyrir núna þar sem menn galdra eina tegund og búa til úr henni aðra, sem ég hef aldrei skilið og hef aldrei áttað mig á að í kerfi þar sem menn geta haft viðskipti að sinni vild með tegundir þá skuli þeir þurfa að hafa leyfi til þess að búa til einhverja allt aðra tegund úr þeim fiski sem þeir koma með að landi. Þetta er furðulegt fyrirbrigði. En hæstv. ráðherra hefur greinilega fundið fyrir því að einhverjir þyrftu á þessu að halda og komið með það hér inn.

Það hefði líka verið gaman að ræða um það, og við gerum það auðvitað í nefndinni, hvort ekki ætti bara að vinda sér í það að taka einhverjar tegundir út úr kvótanum. Ég held að það væri góð umræða til þess að fara fram í nefndinni.

Hæstv. forseti. Þetta frv. er svo sem ekki merkilegt í röð endalausra breytinga sem hafa verið gerðar í gegnum tíðina á þessu kerfi. Þær eru gerðar vegna þess að stefnan er byggð á óréttlæti og mismunun. Henni hefur verið þröngvað fram undir fölskum formerkjum og henni er stöðugt mótmælt. Þess vegna eru stjórnvöld að hrekjast undan og lofa bótum en þau verja samt alltaf grundvöll óréttlætisins sem er í kerfinu. Það verður ekki minni ófriður um stjórn fiskveiða þó að þetta mál verði samþykkt.

[14:14]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hérna er í raun inni tiltölulega einfalt. Þetta er frv. um það að búa til 16% línuívilnun. Það er svona grunnhugmyndin. Þetta er mál sem búið er að ræða fram og til baka og ég hygg að flestir landsmenn hafi skoðun á málinu, a.m.k. þeir sem koma nálægt sjávarútvegi, og ég hélt, virðulegi forseti, að hv. þingmenn hefðu allir ákveðnar skoðanir á þessu máli, væru með því, á móti því, með efasemdir eða eitthvað annað.

En nú hef ég hlustað á hv. 2. þm. Norðvest., Jóhann Ársælsson, sem hefur setið í sjútvn. öll þau ár sem hann hefur verið á Alþingi. Ég gat ekki áttað mig á því hvaða skoðun hv. þm. hefði á þessu máli. Ræða hv. þm. var svona fréttaskýring og vil ég vekja athygli fjölmiðlamanna sem hér eru á því að hér er kominn fréttaskýrandi og sestur á þing. Kannski er laust aukastarf við fréttaskýringar á einhverjum fjölmiðli, því að hv. þm. fór yfir það að: Kosningabaráttan gekk nú svona og svona, hún var svona á Vestfjörðum og einhvern veginn öðruvísi annars staðar og menn voru að ræða um þessa hluti þar svona og þá brást Sjálfstfl. við svona, og allt gekk þetta nú svona fyrir sig.

Svo varð fréttaskýrandinn skyndilega svolítið sár og bitur, hann breyttist úr fréttaskýranda í sáran og bitran frambjóðanda sem skammaði kjósendur í Norðvest. því að þeir hefðu bitið á agnið og fylgt Sjálfstfl. og öðrum sem töluðu fyrir línuívilnun og þeir ættu nú bara að skammast sín, heyrðist mér einna helst.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. mjög einfaldrar spurningar sem mundi greiða mjög fyrir þingstörfum — eins og stundum er nú sagt í þessum sal — og auðvelda okkur sem þurfum að fara að setjast yfir málið í sjútvn. þegar málinu verður vísað þangað: Hver er afstaða hv. þm.? Styður hann línuívilnun?

[14:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég hef oft haldið því fram sem ég fór yfir hér áðan að það ætti að taka upp ívilnun til þess að koma til móts við kröfur um það að ganga betur um lífríkið og fiskstofnana. Það er ekki verið að gera það í þessu tilfelli.

Ég er ekki tilbúinn að lýsa yfir stuðningi við þetta mál í dag. Ég fór yfir það hvaða munur væri á þessu frv. og því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti í nefndinni hjá okkur. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það í andsvari, hv. þm. hefur örugglega hlustað áðan.

Mér er það alveg ljóst að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson þarf að ná fram þessu línuívilnunarmáli, því að allt var lagt undir á Vestfjörðum að það yrði gert og ríkisstjórnin fékk nú aldeilis að engjast í málinu í haust þar sem henni var þröngvað áfram til þess að klára það. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að það stæði ekki til að gera neitt í þessu fyrir áramót. Hann hefur greinilega snúið við blaðinu vegna mikils þrýstings.

Það á eftir að fara fram umræða í nefndinni, við eigum eftir að fá yfirferð á því hvernig þetta kemur út og hvernig það sem fylgir með kemur út, því að það er ekki eins og bara sé verið að tala um línuívilnun. Það er verið að tala um öll hin atriðin sem ég nefndi flest áðan og við eigum eftir að fara betur yfir í þessari umræðu.

[14:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þolinmóður maður og tel það ekkert eftir mér að reyna að knýja fram afstöðu hv. þm. þó að ég þurfi að gera það í rólegheitunum í þessari umræðu.

En þá liggur það fyrir. Hv. þm. segist ekki styðja þessa útfærslu á línuívilnun og segir að það ætti að taka upp ívilnun til þess að ganga betur um fiskstofnana. Einnig sagði hann að tillaga hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar væri miklu betri. Hvað átti hv. þm. við, hvað var í þeirri tillögu sem benti til þess að líklegra væri að gengið yrði miklu betur um fiskstofnana? Ég held að það væri mjög gott að við fengjum að heyra útskýringar hv. þm. aðeins betur um þetta mál vegna þess að mér finnst það skipta miklu máli að hv. þm. geti haft klára stefnu í máli sem hefur verið rætt fram og aftur í umræðum um stjórn fiskveiða. Ég held t.d. að flestir gætu staðið upp umhugsunarlaust og sagt afstöðu sína t.d. varðandi fyrningarleið eða sóknarmark eða hefðu skoðanir á grundvallaratriðum og grundvallarhugtökum í fiskveiðistjórnarumræðunni. Ég hélt, virðulegi forseti, eitt andartak að sá reyndi þingmaður, sá reyndi nefndarmaður í sjútvn. gæti svarað: Já, ég er fylgjandi línuívilnun. Ég vil hins vegar hafa pínulítið öðruvísi útfærslu — eða: Nei, ég er ekki fylgjandi línuívilnun þar sem ég tel að hún leiði til einhvers sem ég vil ekki hafa.

En það var ekki þannig, heldur fór hér af stað pínulítil tilraun til þess að komast hjá því að svara mjög einfaldri spurningu. Ég ítreka það að ég er þolinmóður maður og vil gjarnan gefa hv. þm. tækifæri til þess að feta sig smám saman inn á það að svara einföldum spurningum.

[14:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég taldi mig hafa svarað þessari einföldu spurningu. Ég hef oft farið yfir það hér í sölum Alþingis að ég er stuðningsmaður línuívilnunar ásamt öðrum slíkum reglum sem eru teknar upp til þess að þróa betri umgang við lífríkið og fiskstofnana. Þetta er ekki partur af því. Hér hafa menn ekki verið að taka á málum með þeim hætti.

Ég sagði aldrei að útfærsla Kristins H. Gunnarssonar væri miklu betri en þessi, það er bara rangt. Ég fór hins vegar yfir það að tillögur hans hefðu verið æðimikið öðruvísi heldur en það sem hér er til umræðu. Ég sagði líka að ég hefði aldrei fengið tækifæri. Ég hef svo sem ekki heldur fengið tækifæri til þess að fara yfir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hvaða möguleikar væru til þess að breyta og hafa áhrif á þær tillögur sem liggja fyrir. Ég hef hins vegar ekki látið mér detta það í hug að ég fengi sömu tækifæri, eins og mér datt svona augnablik í hug að ég fengi, ef menn þyrftu á atbeina stjórnarandstöðunnar að halda til þess að hafa áhrif á tillögurnar eins og þær eru núna.

Ég tel því ekki líklegt — en lengi skal manninn reyna — og yfir það förum við í nefndinni hvaða breytingar er hægt að fá fram á þessu og hvað menn eru þá tilbúnir að gera. Ég mundi styðja línuívilnun ef hún væri hluti af því að ganga betur um lífríkið með því að þróa upp ívilnun til hinna ýmsu veiðarfæra eftir því hvernig umgangurinn um lífríkið er vegna þeirra. Ég skal alltaf standa við það.

[14:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson á sæti í sjútvn. Mig langar því að spyrja hann hvort hann hafi sama skilning á því eins og ég við lestur á frv. hvort það sé ekki ákveðin hætta á því að þessi línuívilnun verði einmitt á kostnað byggðakvótans og dagabáta.

Hvað varðar hv. stjórnarþingmann Einar Kristin Guðfinnsson að krefja okkur um afstöðu hér og nú varðandi kosningaloforð Sjálfstfl. sem þeir hafa reynt til hins ýtrasta að svíkja í haust og hafa verið píndir til að koma fram með á síðustu dögum þingsins. Mér finnst það sérstakt. Það hafa margir í stjórnarliðinu hringsnúist og ég er ekki viss hvernig þeir muni í rauninni kjósa, hvað þá t.d. forseti þingsins, hann hefur hringsnúist í þessu máli og fleiri.

[14:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, auðvitað er þetta á kostnað byggðakvóta. Það liggur fyrir í frv. að það er verið að leggja af byggðakvótann sem Framsókn ætlaði að hækka þessi ósköp fyrir kosningarnar. Það er ekki hægt að orða það þannig að það sé á kostnað dagabátanna, það er ekki minnst á þá þarna, það er bara gert ráð fyrir því að þeir haldi áfram að missa veiðirétt í lögunum sem gilda um þá.

Þetta er hins vegar auðsjáanlega á kostnað krókaaflamarksbátanna. Það er gert ráð fyrir beinni skerðingu hjá þeim á næstunni. Ég held að það þurfi töluverða umræðu líka hvort það sé eðlilegt að þannig verði á málunum tekið. Það er því bæði verið að gefa og taka, eins og ég sagði áðan, og mér finnst í sjálfu sér að það sé æðimargt sem þurfi að fara yfir. Ég vona að við fáum tækifæri til þess í nefndinni að fara vel yfir þetta með þeim sem eiga hlut að máli, öllum helstu hagsmunaaðilunum hvað varðar þetta mál svo að menn viti a.m.k. hver áhrifin verða. Það er greinilegt að menn hafa gert sér í hugarlund að veruleg vandamál gætu komið upp vegna útfærslunnar.

Sums staðar eru menn með stórar tölur uppi um það hvað þeir tapi miklum veiðiheimildum á þessu. Ég held að það væri gagnlegt fyrir nefndina að fara yfir það og sjá það betur. Þær tölur sem sjútvn. fékk að heyra í haust í ferð sinni um Suðurland voru svo háar að það er ástæða til þess að fara yfir það hvort þær hafi verið réttar og nýjar tölur eru komnar frá sömu mönnum sem þarf að fara yfir líka.

[14:25]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þetta frv. er fyrst og fremst lagt fram til þess að finna leið til að leysa ríkisstjórnarflokkana, Sjálfstfl. og Framsfl., út úr ákveðnum ógöngum sem þeir komu sér í í vor í kosningabaráttunni þar sem Sjálfstfl. gekk til kosninga og lofaði línuívilnun og rak þá kosningabaráttu býsna hart, a.m.k. í sumum landshlutum, línuívilnun sem átti ekki að koma niður á öðrum jöfnunaraðgerðum í stjórn fiskveiða eins og byggðatengingum eða byggðakvótum, heldur átti að vera sjálfstæð aðgerð eins og þá var lofað. Hins vegar höfum við kosningaloforð Framsfl. sem lutu að aukningu á byggðakvótum.

Stjórnarflokkarnir komust í gegnum kosningabaráttuna með því að halda þessu fram. Andstæðingum línuívilnunar í Sjálfstfl. var skipað að halda sig á mottunni fram yfir kosningar því að það yrði hvort eð er ekkert gert sem kæmi sér illa fyrir þá. Þannig var öllum þessum hóp haldið hljóðum þangað til kosningar voru afstaðnar.

Síðan höfum við fylgst með hverri uppákomunni á fætur annarri í sumar þar sem stjórnarflokkarnir bundu í stjórnarsáttmálanum að það skyldi bæði taka upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta, það skyldi auka byggðakvóta og það skyldi líka styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila. Einnig átti að binda í stjórnarskrá að auðlindir sjávar væru sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta á allt saman eftir að koma fram.

Það sem er kannski markverðast nú er að þetta frv. tekur bara á einum þættinum út frá ákveðnum forsendum, þ.e. línuívilnun eftir mjög kyndugum reglum, en á móti eru skornir niður byggðakvótarnir sem Framsókn barðist fyrir og ekki sér neins staðar staf um að það eigi að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaganna, sem var þó kannski eitt af því skynsamlega sem var lagt til í kosningabaráttunni, að styrkja möguleika sveitarfélaganna til þess að koma inn í núverandi kerfi, eins og það var, og komast yfir fiskveiðiheimildirnar. Á margan hátt var það kannski eitt það skynsamlegasta sem sagt var. En það bólar ekki á þeim efndum.

Virðulegi forseti. Það er rétt að taka fram að við erum hér fyrst og fremst að fjalla um vandræðagang ríkisstjórnarflokkanna, um það hvernig á að taka á kosningaloforðum sem þeir voru með, sem voru í senn bæði þverstæð innan flokka og milli flokka.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur alveg skýra stefnu í sjávarútvegsmálum og hefur gefið út í litlum bæklingi útfærða stefnu um hvernig við viljum sjá stefnunni í sjávarútvegsmálum breytt. Meginmarkmið í þeirri stefnu eru, eins og til er vitnað í þessum stefnumiðum okkar, þessu litla kveri með stefnumiðum í sjávarútvegsmálum, með leyfi forseta:

„Að tryggja í verki sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum og réttláta skiptingu afrakstursins.

Að gera grundvallarbreytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu 20 árum.

Að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og efla vistvænar veiðar.

Að skapa forsendur til að treysta búsetu við sjávarsíðuna.

Að tryggja atvinnuöryggi og kjör fiskverkafólks og sjómanna.

Að stuðla að betra jafnvægi og réttlátari leikreglum í samskiptum helstu aðila innan sjávarútvegsins, þ.e. útgerðar, fiskvinnslu, verkafólks og sjómanna, sjávarbyggða og samfélagsins alls.

Að stuðla þannig að nauðsynlegum kerfisbreytingum og aðgerðum að stöðugleiki verði tryggður og hæfilegur aðlögunartími gefist."

Þetta eru þær forsendur sem við leggjum upp, virðulegi forseti, og er rakið hér ítarlega hvernig megi ná þessum markmiðum. Þegar bornar eru á borð breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum hljótum við einmitt að meta þær út frá stefnumiðum okkar.

Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða stendur, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Vinstri hreyfingin – grænt framboð krefst þess að markmið laganna standi og nýtingarréttur sjávarbyggðanna sé virtur. Sanngirni ríki í skiptingu þjóðarauðs og vistvæn sjónarmið í veiðum og vinnslu ráði ferð í íslenskum sjávarútvegi. Framsal eða brask með kvóta verði óheimilt og sjávarjarðir fái skilgreindan útræðisrétt. Með því að byggðatengja hluta fiskveiðiréttindanna tryggjum við framtíð sjávarplássanna og atvinnuöryggi fiskverkafólks og sjómanna. Búseta við sjávarsíðuna hefur byggst upp vegna nálægðar við gjöful fiskimið og íbúum þeirra ber rétturinn til að nýta þau. Fiskveiðistjórn sem beitt er til styrkingar búsetu verður að fela í sér byggðatengingu auðlindarinnar og kröfu um að aflinn fari til vinnslu í byggðunum sem njóta þessara réttinda. Með því að efla strandveiðiflotann og auka fullvinnslu og bæta nýtingu þess hráefnis sem veitt er og kemur að landi treystum við búsetu í sjávarbyggðunum og þannig getum við

einnig stuðlað að bættri umgengni við auðlindina og notkun vistvænna veiðarfæra.

Það er vissulega löngu tímabært að taka mið af líffræðilegum forsendum við stjórn fiskveiða og val á veiðarfærum. Sú staðreynd er sorgleg að sáralitlar rannsóknir liggja fyrir sem byggja má líffræðilega stjórn fiskveiða á. En það er vitað og sjómenn þekkja það að áhrif mismunandi veiðarfæra og veiðiaðferða geta verið mikil en það er deilt um hver þau eru. Það er því afar brýnt að stórauka rannsóknir á þessum þáttum áður en menn fara að gera einhverjar skyndibreytingar, órökstuddar eða lítt rökstuddar, í vali og meðferð veiðarfæra. Við höfum allt of lítinn grunn, sorglega lítinn grunn, að byggja á hvað þetta varðar í einni stærstu atvinnugrein okkar og í meðferð einnar dýrustu auðlindar okkar sem fiskurinn í hafinu meðfram ströndum landsins er.

Þetta held ég að sé stóra málið í sjálfu sér. Þarna þarf að gera stórátak þannig að við getum á grunni reynslu og vísinda beitt þeim veiðarfærum og fiskveiðiaðferðum sem passa hvað best í þeim tilvikum sem um er að ræða hverju sinni við veiðar og á veiðisvæðum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur vel litið á línuívilnun sem einn lið í endurskoðun til vistvænni veiða. En það er mikilvægt að sú aukning veiðiheimilda sem geti komið í formi línuívilnunar sé bæði byggð á vísindalegum og reynslulegum forsendum og einnig það að sú aukning verði byggðatengd og auki atvinnuöryggi sjómanna, beitningamanna og annars landverkafólks, svo og fiskvinnslunnar í viðkomandi byggðarlögum. Þótt framseljanlegur kvóti sem má braska með, selja á milli skipa eða byggðarlaga, sé aukinn með línuívilnun treystir það ekkert byggð. Hann treystir ekkert atvinnuöryggi í landi, síður en svo.

Mér sýnist að með þeirri breytingu sem hér er lögð til í frv. hæstv. sjútvrh. sé í rauninni verið að fæla burtu þá litlu byggðatengingu eða þau litlu áhrif sem sveitarstjórnir, sveitarfélög og hið opinbera hafði í gegnum byggðakvóta til þess að færa byggðum tímabundnar veiðiheimildir. Það er verið að taka þá tengingu af. Línutvöföldunin eða línuaukningin fer ekki til sveitarfélaganna. Hún fer ekki til íbúanna sem búa í landi. Hún fer til einstaklinganna sem eiga skipin. Atvinnuöryggi, öryggi byggðanna sjálfra, öryggi íbúanna, verður síst betra eftir þessar breytingar eins og þær liggja nú fyrir.

Ef það á að fara út í línuívilnun, þ.e. að auka þátt línubáta með þeim kyndugu og kúnstugu reglum sem hér eru gerðar tillögur um, hefði ég viljað sjá leið til að byggðatengja þessa ívilnun þannig að hún kæmi íbúunum, íbúum viðkomandi byggða, til góða, styrkti og yki öryggi þeirra því það er það sem um er að tefla.

Ég átta mig ekki á öllum þáttum þessa frv. enda hefur komið fram í umræðunni að hæstv. sjútvrh. er einstaklega lagið að setja saman frv. sem eru illskiljanleg eða óskiljanleg venjulegu fólki. Er það kannski hluti af taktíkinni í þessu? Bátur sem fer á veiðar á grundvelli þessarar línuívilnunar, beitir í landi og er innan við 24 tíma á sjó og landar svo aflanum í viðkomandi byggð getur sett aflann upp á bíl sem ekur honum til Dalvíkur t.d. þótt honum sé landað á Patreksfirði, alveg jafnt, það er bara aukin heimild af því að það var línuívilnun. Sjáið hvað þetta er vitlaust. Og getur sama skip, sami bátur, beitt einn mánuð í landi og verið á línuívilnun, farið svo næsta mánuð eitthvað annað, til Hríseyjar eða Grindavíkur eða á marga aðra góða staði, og gert það an út og verið ekki á línuívilnun? Hvaða atvinnuöryggi er að fá fyrir byggðirnar ef bátur getur rokkað til og frá þannig að tengingin við byggðirnar er kannski rofin enn þá meira en var? Sá litli byggðakvóti sem var notaður til þess að stoppa í verstu göt kvótakerfisins, verstu afleiðingar, eða möguleikar til þess, er skertur nema hluti af honum er færður til ráðherra. Við verðum að styrkja framkvæmdarvaldið.

Það er nánast sama hvar maður kemur, þetta er meira eða minna lítið skiljanlegt. Ég verð að leyfa mér að vitna hérna til vísu sem mér barst vegna orðaskipta við hæstv. sjútvrh. hér áðan þegar ég, ásamt fleirum, skildi alls ekki hvað sjávarútvegsráðherrann átti við, enda upplifðum við það svo að hann vissi ekki heldur hvað hann væri að segja. Og þá fengum við þessa vísu sem mig langar að fara með, með leyfi forseta:

Við upplifun þeirri hugur hraus
Hóla-Jóns svo skulfu beinin. [Það var nú ekki alveg rétt.]
Ráðherrann öfugan hefur haus
og höfðinu stingur ofan í steininn.

Já, ég held að þetta sé í nokkrum góðum mergjuðum setningum nokkuð satt um þetta frv. (**Gripið fram í:** Og Jón.) Og vísan er eftir forseta. Hugmyndafræðin er ágæt en hæstv. sjútvrh. gaf tilefnið.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé margt fleira sem þurfi að athuga hér. Hér hefur verið minnst á dagabátana sem ekki eru hluti af frv. en eru engu að síður hluti af þeim flota og þeim atvinnuvegi sem við erum að ræða. Dagabátana er núna verið að skerða. Þeir voru 23 dagar fyrir einu ári. Og næsta haust þegar þessi ímyndaða línuívilnun kemur til framkvæmda eiga dagabátarnir að vera komnir niður í 18 daga. (**Gripið fram í:** 19.) Næsta haust 18. Það er í rauninni verið að skera þennan bátaflota niður. Það er tilfærsla annars vegar innan bátaflotans og hins vegar eru þá líka möguleikar fyrir stærri skip, stór skip, að fara á línuveiðar einhvern hluta á árinu og hirða upp þessi fáu tonn sem sett eru í línuívilnun.

Hér er bara verið að færa á milli flota og menn geta velt fyrir sér hversu sanngjarnt það er. Vafalaust munu þeir sem fá þessa möguleika fagna því en hinir sem upplifa skerðingu munu náttúrlega ekki fagna. Alvarlegast er þó að þessi aðgerð er ekki til að auka atvinnuöryggi fólks í byggðunum. Hún er ekki til þess. Það er verið að færa heimildirnar á báta, á einstaklinga. Þær heimildir sem voru samt inni í byggðakvótunum og núna er verið að skerða og færa það sem eftir er meira inn til ráðherrans voru þó á vissan hátt, þótt takmarkaðar væru, til styrktar atvinnulífi í byggðunum og var hægt að setja skilyrði fyrir því að afli sem bærist á land yrði unninn þar með einum eða öðrum hætti. Nú er verið að skerða það þannig að hvað varðar atvinnuöryggi fólksins í landinu er þetta afturför, ef eitthvað er. Það held ég að menn verði að hafa skýrt fyrir sér þegar tekið verður á þessu máli í nefnd.

Virðulegi forrseti. Ég ætla svo ekki að fara meira yfir það hvernig Sjálfstfl. og Framsfl. eru nú á handahlaupum við annars vegar að standa við kosningaloforðin sín og hins vegar að svíkja þau sem þeir gera núna jöfnum höndum sitt á hvað. Ég býst við að báðir flokkarnir upplifi að þeir séu núna að svíkja þau kosningaloforð sem þeir gáfu, annar með aukningu byggðakvótans og hinn með línuívilnun sem átti að vera óháð byggðakvóta, þannig að ég hugsa að þeir kjósendur þeirra sem tóku eitthvert mark á þessu á sínum tíma sjái ekki fram á annað en að báðir flokkarnir séu þar að svíkja þá.

Virðulegi forseti. Þetta mál kemur svo til sjútvn. sem ég á aðild að, fæ að fylgjast þar með málum og fjalla um þau. Þá gefast vafalaust fleiri skýringar á því sem hér er. Fyrst og síðast sýnist mér þetta endurspegla vandræðagang af hálfu stjórnarflokkanna varðandi kosningaloforð sem var aldrei ætlunin að standa við enda er ekki staðið við þau í sjálfu sér með þessu. Hins vegar sýnast mér þær tillögur sem hér eru lagðar fram ekki miða að því að auka atvinnuöryggi íbúanna á þeim svæðum sem um var að ræða. Áfram verður jafnfrjálst að aka burt með fiskinn þótt hann komi að landi í viðkomandi höfn. Íbúarnir þar eru jafnótryggir og áður, ótryggari ef eitthvað er, því byggðakvótarnir sem þeir þó fengu — menn geta haft sína skoðun á þessum byggðakvótum, og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að hluti af fiskveiðiheimildunum eigi að vera byggðatengdur, fastur, en ekki bara sem kvóti frá ári til árs — hafa reynst ákveðin sárabót. Þetta er núna verið að skerða með frv. og færa það sem eftir er í auknum mæli undir ráðherravaldið. Eins og málið lítur út núna sýnist mér ekki vera mikill búhnykkur að þessum breytingum til atvinnuöryggis búsetu í landinu.

[14:46]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að menn hafa mikið verið að rifja upp söguna er kannski skemmtilegra að hafa hana nokkuð rétta. Ég vil rifja það upp með hv. þm. að Framsfl. var með á sinni stefnuskrá fyrir síðustu kosningar bæði að auka byggðakvóta og að taka upp línuívilnun. Í stjórnarsáttmála er kveðið á um það að kanna kosti þess m.a. að auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrabáta fyrir línu. Og það er það sem verið er að koma til móts við með þessu frv.

Hv. þm. talar mikið um að það sé í raun verið að leggja niður byggðakvóta og byggðaaðgerðir með þessu frv., sem er ekki rétt. Hann talar um að það sé verið að færa allt valdið til hæstv. sjútvrh., en það hefur verið ákveðið áður að sá pottur sem var hjá Byggðastofnun og hefur verið kallaður byggðastofnunarpottur fari til hæstv. sjútvrh. til úthlutunar. Hins vegar, eins og hv. þm. hefur séð, er ákvæði í frv. þess efnis að þetta skuli gert í samráði við Byggðastofnun ef um úthlutun er að ræða til byggðarlaga sem verða fyrir áföllum.

Ég vil aðeins rifja það upp að 12.000 tonnin skv. 9. gr. eru nýtt núna að hálfu, það eru því upp undir 6.000 tonn til og byggðapottarnir eru samtals 5.300 tonn. Hv. þm. vill njörva allt niður, ég hef löngu gert mér grein fyrir því, í sambandi við sjávarútvegsmál. Hann vill skipta heimildunum niður á byggðarlögin og þar skulu þau vera, hvað sem tautar og raular. Það er engin hugsun varðandi það að það skipti máli að eiga öflug fyrirtæki og öfluga einstaklinga sem hafa dug til þess að reka fyrirtækin með hagnaði. Það er eitthvað sem hv. þm. hjá Vinstri grænum þekkja ekki.

[14:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. viðskrh. er náttúrlega mjög upptekin af gróðanum og er náttúrlega enn þá í himinljóma yfir gróða bankanna. (Gripið fram í.) Ég er sammála því að við þurfum að eiga sterk sjávarútvegsfyrirtæki en við þurfum líka að eiga íbúa í landi sem hafa atvinnuöryggi í sjávarplássunum, ekki aðeins á Vestfjörðum og Norðurlandi heldur alls staðar á landinu, þeir eiga líka sinn rétt til þessarar auðlindar. Það má ekki kasta rýrð á þá eins og hæstv. viðskrh. er að gera. Það eru ekki bara útgerðirnar sem eiga þennan rétt heldur íbúar landsins líka, íbúar viðkomandi byggðarlaga. Þeir hafa verið hlunnfarnir eins og kom rækilega fram í áherslum hæstv. ráðherra.

Ég er ekki innanbúðarmaður hjá Framsfl. eða Sjálfstfl., samþykktum sjálfstæðismanna eða samþykktum framsóknarmanna. Ég sé hins vegar í viðtali við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem er í Framsfl. og formaður sjútvrn., að hann segist vera mjög ósáttur við þær yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. að beita byggðapottunum til þess að ná fram línuívilnun. Það hefur ekkert að gera með það hvort þeir séu vel eða illa nýttir núna, ef þeir eru ónýttir eins og hæstv. ráðherra upplýsti, að ákveðinn hluti af byggðapottunum sé ónýttur. Ég tel að það væri fyllilega þörf fyrir þá víða og ætti að kanna það hvort ekki sé ástæða til þess að úthluta þessum byggðakvótum heldur en að liggja á þeim, því þörfin er vissulega brýn og sýnir að þeir sem þar hafa um að véla fylgist ekki nógu vel með erfiðu ástandi í mörgum byggðarlögum. Það væri ástæða til þess að úthluta þessum pottum, virðulegi forseti.

[14:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. að það er þörf fyrir byggðakvóta. Þess vegna er ákvæði í frv. þess efnis að hafa a.m.k. heimild til þess að halda áfram að úthluta heimildum í tengslum við áföll sem kunna að verða í byggðarlögunum. Það vona ég að hv. þm. hafi áttað sig á og hafi lesið.

Vegna atvinnuöryggisins sem hv. þm. talar um, vildu áreiðanlega allir þingmenn geta tryggt það að fólkið í landinu hefði vinnu. En það er nú einu sinni þannig að það er því miður ekki hægt að tryggja nokkra hluti. Og það að verkalýðsleiðtogar hafa núna ályktað og tjáð sig á móti þessu frv. vegna þess að þeir óttast um rekstrargrundvöll stóru fyrirtækjanna í byggðarlögunum segir sína sögu. Það er í rauninni nýjung að verkalýðshreyfingin virðist vera að átta sig betur og betur á því hvers virði þessi fyrirtæki eru. Ef farið yrði eftir stefnu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og vinstri grænna í sjávarútvegsmálum væri ekki nokkurt rekstraröryggi fyrir þau fyrirtæki sem þurfa að byggja afkomu sína á því að hafa sterka markaði og hafa vöru til afhendingar í hverri einustu viku allt árið um kring.

[14:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rekstraröryggi fyrirtækjanna og atvinnuöryggi byggðanna. Þess er nú skemmst að minnast og hriktir enn í mörgum byggðarlögum vegna þess að peningamarkaðurinn, fjármálastofnanir slá eign sinni á útgerð vítt og breitt um landið þar sem arður hlutabréfanna ræður einn ferð. Það hriktir í. En það er stefna sem hæstv. viðskrh. vill standa að, tvö til þrjú, í hæsta lagi fjögur stór fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu sem sitja með allan kvótann. Það má vel vera að þau verði sterk. En byggðin vítt og breitt um landið sem hefur átt hlut að því að skapa þessa auðlind og á frumburðarrétt til hennar hefur ekki styrkst. Ég veit ekki, virðulegur forseti, úr hvaða glerhúsi hæstv. viðskrh. kemur ef hún fylgist ekki með hvernig byggðin hér vestur og norður um, sem hefur byggst á útgerðum sem hafa sótt fiskinn út fyrir ströndum landsins, hefur veikst á undanförnum árum vegna þeirrar stefnu sem hæstv. viðskrh. var að tala fyrir, nokkrum stórum og sterkum fyrirtækjum. Þessi stefna fer ekki saman, en gæði samfélagsins, þjóðarframleiðslan, þarf

ekki að minnka þó svo að þessar byggðir haldi rétti sínum til fiskvinnslu og fiskveiða.

[14:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins bregðast við því sem fram kom í ræðu þingmannsins varðandi flutning á fiski á milli verstöðva. Ég er almennt á þeirri skoðun að styðjast eigi við markaðslögmál í þessum viðskiptum eins og öðrum og tölur um flutning á afla milli verstöðva sýna að það er kerfi sem að mörgu leyti gengur upp. Ég get tekið það svæði sem ég þekki hvað best, sem eru Vestfirðir. Þar kemur fram, ef við skoðum þessar tölur, að yfir 80% af þeim afla sem landað er í vestfirskum höfnum er unnið í verstöðvum í fjórðungnum. Þannig að þó að það kunni að vera einhver tilfærsla á fiski eða flutningur á milli hafna, er það ekki út fyrir fjórðunginn. Langstærsti hluti þess sem landað er á þessu svæði er því unninn á sama svæði.

Ef við tökum bolfiskinn sérstaklega út úr er hlutfallið aðeins lægra, eða um 75%. Á móti kemur svo að til Vestfjarða er fluttur fiskur alveg eins og flutt er frá Vestfjörðum til annarra hafna eftir því hvar fiskkaupendurnir eru. Ef við tökum það með, sem ég hef reyndar ekki tölur yfir, er hlutfallið því í raun hærra.

Í sjálfu sér finnst mér þessar tölur sýna að þetta markaðskerfi gengur ekkert sérstaklega gegn a.m.k. þessum byggðarlögum hvað varðar ráðstöfun fiskafla og engin ástæða til að setja einhverjar kvaðir um vinnslu hans.

Ég vil þó segja það varðandi byggðakvótann, það eru heimildir sem eru í eðli sínu öðruvísi. Ég tel eðlilegt, vegna þess að þær afmarkast ekki bara við útgerð heldur líka aðra þá sem starfa í atvinnugreininni, að setja skorður við flutningi á þeim afla.

[14:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að hluta tekið undir þau sjónarmið hv. þm. að það sé alveg eðlilegt að hluti af aflanum sem berst að landi geti verið og sé á markaði og fari þangað sem best er boðið. En jafnmikilvægt er í hverju byggðarlagi að tryggður sé réttur til þess að allur aflinn sé ekki fluttur burt, því það er engan veginn sanngjarnt að það sé bara útgerðaraðilinn sem eigi allan réttinn til fiskjarins. Íbúarnir sem hafa átt þátt í að byggja upp viðkomandi stað og hafa átt þátt í að byggja upp verðmæti fiskjarins, eiga líka rétt. Útgerðaraðilinn getur ekki átt allan þann rétt. En við verðum líka að láta eðlilega hagræðingu og markaðssjónarmið fá sitt rými, en ekki á kostnað alls.

Hv. þm. kom inn á byggðakvótann sem hefur haft það hlutverk á vissan hátt að tryggja a.m.k. áhrif byggðarinnar á meðferð aflans, bæði veiðar og vinnslu. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. mundi skoða það hvort hægt væri að veita sveitarfélögunum þessa línuívilnun sem úthluta þessu svo með einhverjum skilyrðum. Þetta gæti í ákveðnum tilfellum farið svipaða leið og byggðakvótinn er núna með stýringu á þessa veiðiaðferð, sem getur verið allt gott að segja um í ákveðnum tilvikum, að það sé hvatt til þessara veiðiaðferða frekar en annarra og það sé þá að bestu manna yfirsýn. Er hugsanlegt að gera þær breytingar á línuívilnunarmálunum?

[14:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Línuívilnun er bundin við veiðarfæri en ekki stað. Ég tel því ekki eðlilegt að setja takmarkanir af ráðstöfun afla sem veiðist með ívilnuninni umfram almenn skilyrði um ráðstöfun afla, fyrir utan byggðakvótann sem er auðvitað af öðru tagi eins og ég gat um áðan.

Ég get tekið undir sumt af því sem fram kom í máli hv. þm. Það er rétt að minna á að það er samkomulag um það og það er í lögum að veiðiheimildir eru ekki eign útgerðarmanna. Það er meira að segja tekið fram að þær séu sameign þjóðarinnar. Það er samkomulag t.d. milli stjórnarflokkanna um að setja ákvæði um þetta eignarhald í stjórnarskrá Íslands einmitt til að undirstrika það að veiðiheimildir eru ekki eign útgerðarmanna. Þeir hafa þær hins vegar til afnota og hafa haft mikið forræði á því hvernig þeim er ráðstafað eins og almennt gengur og gerist í atvinnurekstri.

En vandkvæðin sem hafa verið uppi og menn hafa oft tekist á um, eru að hagsmunirnir eru fleiri en hagsmunir útgerðarmanna og þeir fara ekki alltaf saman. Útgerðarmaður getur tekið ákvörðun sem gagnast honum best, en gengur gegn hagsmunum annarra, svo sem þeirra sem vinna við atvinnugreinina í landi eða á sjó og eru launþegar. Sá átakaflötur er enn til staðar og menn hafa ekki náð tökum á að leysa þannig að verði friðsamleg sambúð að þessu leytinu til. Þegar samþjöppunin hefur verið eins mikil og raun ber vitni á veiðiheimildum höfum við mörg dæmi um að hagsmunir fólks í þeim byggðarlögum hafi liðið fyrir ákvarðanir einstakra útgerðarmanna.

[15:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mun væntanlega koma á eftir og fara ítarlegar í þær tillögur sem hér eru lagðar fram af hæstv. ráðherra. En þær eru mjög ólíkar þeim tillögum sem hv. þm. lagði fram í sjútvn. og í grundvallaratriðum ólíkar. Þær hugmyndir sem hv. þm. lagði þar fram fannst mér á ýmsan hátt vera, ef hægt er að segja það í þessu samhengi, hugsanlega skynsamlegri, þ.e. ef nota má það orð í þessari umræðu.

Ég vil líka heyra hvaða orðum hv. þm. fer um byggðakvóta sem hv. þm. hefur nú barist fyrir og viljað í raun eiga til þess að bæta upp í verstu göt kvótakerfisins, þó svo að það sé engan veginn varanlegt fiskveiðistjórnarkerfi að stoppa í það tímabundið með slíkum kvótum. Engu að síður hefur hv. þm. lagt þunga áherslu á þetta, bæði í málflutningi sínum og í kosningabaráttunni og áhersla á byggðakvótann speglast í stefnu Framsfl. Hún felur í sér vissa tryggingu byggðanna, íbúanna. En hvað svo sem hæstv. sjútvrh. segir er verið að skerða þetta með frv. Það er verið að skerða þá möguleika að ráðstafa byggðakvótum til sveitarfélaga eða til útgerða eða vinnslustöðva þó svo hluti af þeim fari síðan til ráðherrans.

Ég bíð spenntur eftir því að heyra ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um það hvernig hann ber þessa tillögu saman við stefnu Framsfl. og þær tillögur sem hv. þm. lagði fram í sjútvn.

[15:03]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Mér hefur þótt dapurlegt að fylgjast með vandræðagangi ríkisstjórnarflokkanna í þessu svokallaða línuívilnunarmáli. Augljóst hefur verið allt frá því skömmu eftir kosningar í vor að flokkarnir ætluðu sér ekki að standa við gefin loforð um að sjávarbyggðum landsins yrðu færðar auknar veiðiheimildir með svokallaðri línuívilnun, þar sem bátar og jafnvel skip sem veiddu með línu áttu að fá 20% uppbót á kvóta sína í þorski og 50% uppbót á kvóta

sína í svokölluðum aukategundum á borð við ýsu, steinbít og ufsa, ef þeir notuðu línu við veiðarnar.

Það er of langt mál að rekja allan loforðaflaum frambjóðenda og kosningasmala stjórnarflokkanna varðandi línuívilnun fyrir kosningarnar í vor en auðvelt er að finna margar greinar og ummæli þar sem loforð þeirra um línuívilnun komu skýrt fram.

Hér má nefna ekki ómerkari menn en sjálfan forsrh. Davíð Oddsson, hæstv. samgrh. Sturlu Böðvarsson og hæstv. forseta Alþingis Halldór Blöndal og einnig hv. þm. Hjálmar Árnason, bara svo dæmi séu tekin, frú forseti. Allir þessir virðulegu herramenn fóru niðrandi orðum um sjávarútvegsstefnu Frjálsl. á meðan þeir hófu til skýjanna eigin umhyggju fyrir málefnum hinna dreifðu sjávarbyggða og þeir hömruðu á því hve ábyrgir þeirra eigin flokkar áttu að vera í fiskveiðistjórnarmálum.

Það þurfti svo ekki að koma á óvart að miklar vöflur komu á hæstv. sjútvrh. eftir að honum varð ljóst að ríkisstjórnarmeirihlutinn hafði skrimt í alþingiskosningunum og að hann yrði krafinn efnda á loforðaflaum kosningabaráttunnar. Þjóðin varð þess brátt áskynja að hæstv. sjútvrh. og raunar ríkisstjórnin öll hefði lítinn áhuga á að efna loforðin um línuívilnun og að þau kæmu til framkvæmda í haust eins og meira að segja hæstv. forsrh. hafði gefið út með tilþrifum þar sem hann fór um á blankskóm og milli beitningaskúra á Ísafirði í lok apríl þegar kosningabaráttan var í hámarki og skoðanakannanir bentu til þess að báðir ríkisstjórnarflokkarnir mundu gjalda afhroð í kosningunum.

Frú forseti. Ég ætla ekki að eyða dýrmætum ræðutíma í að rekja þann línuívilnunarfarsa sem við höfum orðið vitni að hjá stjórnarflokkunum nú í haust. Ég vil þó minna á að fólk í hinum dreifðu sjávarbyggðum gleymdi ekki loforðinu eins og berlega kom í ljós á fjölmennum opnum fundi sem haldinn var á Ísafirði í september. Þar voru mættir þingmenn allra flokka úr mínu kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, og allir töluðu fjálglega um að setja á bæði línuívilnun og einnig svokallað gólf í fjölda sóknardaga hjá smábátum sem róa með handfærum yfir sumartímann þannig að fjöldi sóknardaga hjá þessum bátum yrði aldrei færri en 23 dagar á hverju fiskveiðiári eins og þeir voru í ár, sl. fiskveiðiár. Eina undantekningin var kannski hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson sem var mjög loðinn og óskýr í málflutningi sínum. (**Gripið fram í:** Hann er það alltaf.)

Mig langar að benda virðulegum þingheimi á að allar framsöguræður þingmanna og einnig svör við spurningum sem fram komu á þessum fundi er að finna á heimasíðu Frjálslynda flokksins, xf.is.

Þrátt fyrir að mikill þrýstingur hafi myndast bæði á ríkisstjórn og þingmenn stjórnarflokkanna um að standa við gefin loforð um línuívilnun þá hefur verið átakanlegt að verða vitni að því að þarna fylgdi nánast enginn hugur máli. Hæstv. sjútvrh., sem hefði átt að láta blóðið renna sér til skyldunnar og efna það loforð sem er að finna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, hélt að sér höndum og gekk reyndar þannig frá málum og lýsti því yfir að línuívilnunin kæmi ekki til framkvæmda fyrr en kannski á næsta ári. Hann sýndi engin lífsmerki í málinu. Það var ekki fyrr en eini þingmaður stjórnarflokkanna sem hefur sýnt staðfestu í þessu máli, eini þingmaður stjórnarflokkanna sem virðist taka loforð þessara flokka úr kosningabaráttunni alvarlega — hér á ég við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sem jafnframt er varaformaður sjútvn. — það var ekki fyrr en hann hafði kynnt frv. sitt um línuívilnun í sjútvn. og allt útlit var fyrir að meiri hluti Alþingis mundi styðja það að þá fyrst sá hæstv. sjútvrh. sæng sína upp reidda. Honum hafði verið stillt upp við vegg af sjútvn. Alþingis og reyndar meiri hluta þingsins. Þá fyrst, ekki fyrr en í lok síðustu viku reyndist hæstv. sjútvrh. með lífsmarki. Hann lagði fram frv. um línuívilnun sem í dag er tekið til 1. umr. á Alþingi.

Frú forseti. Ég tel að þetta frv. hæstv. sjútvrh. sé meingallað og til þess fallið að stórauka deilur um sjávarútvegsmál hér á landi og var vart á bætandi eftir 20 ára misklíð vegna kvótakerfisins sem hefur klofið þjóðina í fylkingar og valdið bæði biturð og sundrungu.

Hæstv. sjútvrh. vill haga málum þannig að afli og áætlaður afli vegna línuívilnunar dagróðrabáta verði dreginn frá þeim heildarkvóta sem ákveðinn er fyrir hvert fiskveiðiár áður en afgangi kvótans er skipt á milli skipa. Afli vegna línuívilnunar á sem sagt ekki að koma sem viðbót við það sem menn vilja að sé ákveðið í kvóta á grundvelli fremur brokkgengra vísinda eins og dæmin hafa sannað heldur skal þessi afli tekinn af heildinni. Þetta tel ég, frú forseti, að gangi þvert á þær væntingar sem flestir höfðu um línuívilnun enda hafa talsmenn hennar ávallt talað um að línuívilnunaraflann ætti ekki að taka frá neinum heldur kæmi hann sem viðbót. Forsvarsmenn stjórnarflokkanna hafa hingað til ekki haft fyrir því að leiðrétta þetta enda sennilega líklegt til óvinsælda ef upp hefði komist um að taka ætti línuívilnunaraflann af heimildum annarra. Bara þetta atriði mun nægja til hatrammra deilna um línuívilnun.

Síðan vill hæstv. sjútrh. skerða svokallaða byggðakvóta til smábáta sem stunda veiðar með krókum næstu tvö fiskveiðiár og nota þá í pott sem á að duga fyrir þeim afla sem áætlað er að veiðist með línuívilnun. Þetta á eftir að valda deilum enda minntist enginn á það að til stæði að afnema byggðakvóta til að koma línuvilnun á þegar loforðin voru gefin fyrir kosningar.

Ég vil líka vekja athygli á því að engar stærðartakmarkanir eru samkvæmt frv. hæstv. sjútvrh. hvað varðar dagróðrabáta sem veiða með línu og eiga að njóta línuívilnunar. Einu skilyrðin samkvæmt frv. eru að bátar stundi róðra sem vari ekki lengur en 24 klukkustundir eða einn sólarhring hver róður og að línan eigi að vera handbeitt og stokkuð upp í landi. Ég tel að þetta muni leiða til þess að stórir bátar sem geta stundað jafnt úthafsveiðar með línu og línuveiðar nálagt ströndinni muni taka til sín verulegan hluta af þeim afla sem áætlaður er í línuívilnunina. Stærri bátar geta róið þegar veður eru það vælynd að smábátaflotinn kemst ekki á sjó. Nútímaúthafslínuskip geta verið að í mjög vondum veðrum og það er erfitt að sjá að útgerðir þessara skipa muni ekki bara breyta búnaði sínum þannig að beitningavélum um borð í þeim verði lagt til hliðar en í staðinn róið með handbeitta línubala. Það væri hægðarleikur að stunda slíka dagróðra til að mynda frá hinum ýmsu höfnum meðfram ströndinni þar sem stutt er á gjöful fiskimið. Menn eru, að ég held, tilbúnir til að leggja ýmislegt á sig til að fá 16% uppbót á þorskkvótann og kannski ótakmarkaða uppbót af ýsu og steinbít.

Það má sem sagt leiða líkur að því að þessi línuívilnun muni ekki gagnast smábátaflotanum og þar með minni sjávarbyggðunum nema að hluta þar sem línufloti stóru útgerðarfyrirtækjanna muni gera út á fyrirhugaða línuívilnun nái hún fram að ganga með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. leggur til. Það verður mjög ójafn leikur ef smábátar eiga kannski

að fara að keppa við rúmlega 200 tonna línuveiðiskip. Það býður sennilega þeirri hættu heim að smábátasjómenn fari að róa í slæmum veðrum í samkeppni við úthafsveiðiskipin.

Ég vil líka benda á að línutrillur sem nota svokallaða beitutrekt við veiðar sínar virðast ekki falla undir skilgreiningu þeirra báta sem eiga að fá að notfæra sér línuívilnun. Það verð ég að segja, frú forseti, að er með hreinum ólíkindum. Talsmenn smábátaeigenda hafa einnig með réttu nú þegar bent á að þetta dæmi stóran hluta smábáta til að mynda á Norðurlandi og Austfjörðum og einnig við suður- og suðvesturströndina sjálfkrafa úr leik þegar kemur að línuívilnun.

Frú forseti. Ég vil einnig fá að nota tækifærið til að lýsa yfir undrun minni á því að hæstv. sjútvrh. noti nú tækifærið og auki þann prósentuhluta sem nota má í svokallaða tegundatilfærslu, þ.e. að einni fisktegund í kvóta sé breytt í aðra samkvæmt ákveðnum reiknistuðlum, en þó ekki í þorsk. Hér reynir hæstv. ráðherra að mínu mati að nota tækifærið til að gefa kvótaeigendum dagsins í dag færi á að breyta til að mynda ýsukvótum sem nóg er til af í aðrar tegundir eins og karfa og grálúðu. Þetta mun fyrst og fremst gagnast stórútgerðinni sem gerir út á úthafsveiðiskip. Það er eftirsóknarvert nú að breyta ýsukvótanum í eitthvað annað. Verð á ýsu er lágt og kvótinn á ýsu hefur verið stórlega aukinn og raunar er vandséð að hann veiðist á fiskveiðiárinu. Hér er á ferðinni enn eitt dæmið um fáránleika kvótakerfisins og ég fæ ekki séð að þessi hringlandaháttur með tegundatilfærslu eigi heima í frv. um línuívilnun.

Virðulegi forseti. Ég vil að auki benda á enn einn galla við frv. hæstv. sjútvrh. Hann varðar atriði sem miklu mikilvægara hefði verið að taka á en þessa svokölluðu tegundatilfærslu. Það er mál sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á áðan. Þar er um að ræða dagafjölda svokallaðra sóknardagabáta sem róa með handfærum yfir sumartímann. Þetta eru um 300 bátar sem hver um sig hafði 21 sóknardag til umráða á síðasta fiskveiðiári. Dögum þessara báta hefur fækkað um 10% undanfarin ár. Þessi þróun mun halda áfram ef ekkert verður að gert þannig að á næsta ári stefnir í að dagar á hvern bát verði aðeins 18. Við í Frjálsl. höfum lagt til að sett verði í lög að fjöldi sóknardaga þessara krókabáta fari aldrei niður fyrir 23 daga árlega og að þeim verði fjölgað um einn fyrir hverja 20 þús. tonna aukningu í þorskkvóta.

Við teljum mjög mikilvægt að verja afkomugrundvöll þessa bátaflota sem stundar vistvænar veiðar sem hafa lítil sem engin áhrif á fiskstofnana og skapa mikla vinnu víða um land yfir sumartímann. Ekki er minnst einu orði á þessa báta í því frv. sem hæstv. sjútvrh. leggur fram og því er augljóst í mínum augum að hann vill að þessi floti verði fyrir frekari skerðingu í framtíðinni eflaust til að búa til það sem hann vill sennilega kalla svigrúm fyrir línuívilnun.

Frú forseti. Sú staðreynd að ekkert er gert til að rétta hlut sóknardagabátanna mun valda mikilli sundrungu í röðum smábátasjómanna. Þeir sem gera út dagabáta í dag munu varla sætta sig við áframhaldandi skerðingu sem bætist ofan á gæftaleysi á síðasta ári á sama tíma og smábátasjómenn sem róa með línu eiga að fá uppbót.

Virðulegi forseti. Framkomið línuívilnunarfrv. hæstv. sjútvrh. er ómögulegt hvernig sem á það er litið og sá grunur læðist óneitanlega að manni að ráðherrann og ráðgjafar hans hafi vísvitandi soðið saman lagafrv. sem þeir vita fyrir fram að muni ekki ganga upp heldur einungis hleypa öllu í háaloft þannig að þeir geti komið til baka eftir einhver missiri og sagt við þjóðina: „Þarna sjáið þið. Þessi línuívilnunarhugmynd er ómöguleg."

Við í Frjálslynda flokknum höfum aldrei stutt þessa línuívilnun. Hún er hugarfóstur stjórnarflokkanna sem báðir notuðu hana óspart sem beitu fyrir kjósendur sína í kosningabaráttunni og settu að lokum í stjórnarsáttmála sinn í vor. Stefna Frjálslynda flokksins var að fara allt aðra leið svo að hinar dreifðu sjávarbyggðir mættu ná aftur vopnum sínum og nýtingarrétti á hinum dýrmætu fiskimiðum sem eru lífæð mannlífs úti á landi. Við hefðum frekar viljað að svokallaðar aukategundir yrðu teknar út úr kvóta þegar strandveiðiflotinn er annars vegar. Þar er átt við tegundir eins og þær sem ég vék að áðan, ýsu, steinbít, ufsa og keilu. Með strandveiðiflota er átt við þau skip sem landa fersku hráefni til vinnslu í landi. Þetta hefði verið mun vænlegri leið en sú uppskrift að hatrömmum illdeilum með miðstýringu ríkisvaldsins á atvinnurétti fólksins í landinu sem hæstv. sjútvrh. hefur nú lagt fyrir hið háa Alþingi.

[15:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að óska hv. þm. Steinunni K. Pétursdóttur til hamingju með jómfrúrræðuna. Ég hef út af fyrir sig ýmislegt að athuga við forsögu málsins eins og hún var sett fram í ræðunni en ég ætla ekki að elta ólar við það hér.

Mér finnst hins vegar mjög ánægjulegt að afstaða hv. þm. og flokks hennar kemur skýrt fram í ræðunni. Frjálslyndi flokkurinn styður ekki línuívilnun og vill fara aðrar leiðir. Mér er enn þá, eftir að hafa hlustað á tvo ræðumenn Samf., ekki ljós afstaða Samf. til málsins.

[15:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðuleg forseti. Efnislega er frv. sem við ræðum í meginatriðum tiltölulega einfalt. Þetta er tillaga um að koma á svokallaðri línuívilnun. Það er gert með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í frumvarpstextanum sjálfum og felur í aðalatriðum í sér að sett er á línuívilnun sem nemur 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra báta sem geta nýtt sér línuívilnun.

Þetta er í raun ekki flókin útfærsla og er þess vegna tiltölulega einfalt að taka afstöðu til hennar. Frv. er í rökréttu samhengi og framhaldi af þeim tillögum sem samþykktar voru innan beggja stjórnarflokkanna, bæði Framsfl. og Sjálfstfl. Af því að talað hefur verið um að þetta hafi verið gert í panikástandi fyrir kosningar þá vil ég vekja athygli á því að hvað Sjálfstfl. áhærir — ég man ekki dagsetningarnar varðandi Framsfl. en aðrir geta örugglega betur upplýst um það — var þetta einfaldlega hluti af þeirri stefnumótun sem fer fram annað hvert ár á landsfundum Sjálfstfl. Þar kom þessi hugmynd upp og var þar samþykkt. Þessi stefnumótun var samþykkt á landsfundinum í fyrri hluta marsmánaðar og er þess vegna hluti af þeirri sjávarútvegsstefnu sem Sjálfstfl. fylgdi og lagði síðan áherslu á í kosningabaráttu sinni. Þetta ratáði síðan inn í stjórnarsáttmála eins og margoft hefur komið fram.

Síðan hefur það verið vikulegur atburður að menn hafa spurt: Hvenær kemur línuívilnunin? Ætlið þið að standa við þetta? Nú liggur það fyrir. Frv. er komið fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þannig að það er búið að framfylgja þessu með eðlilegum og bærilegum hætti og það ætti þó a.m.k. að liggja fyrir.

Þessi hugmynd gengur fyrst og fremst út á að skapa sterkari stöðu fyrir landsbyggðina og minni sjávarbyggðir. Þegar við skoðum fiskveiðistjórnarkerfið, sem hefur auðvitað verið mjög umdeilt, sést að menn hafa byggt inn í það ýmsa þætti til að treysta stöðu minni byggðarlaga. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara yfir það en af því að menn hafa sérstaklega rætt um byggðakvótana þá er hér gert ráð fyrir byggðakvótum í breyttri mynd og jafnframt línuívilnun. Hvort tveggja er viðleitni til að treysta stöðu byggðanna.

Ég held að það sé mikill misskilningur sem menn hafa haldið fram upp á síðkastið að það sé vilji fyrir því að láta sem ekkert sé gagnvart byggðunum við sjávarsíðuna. Það er einfaldlega ekki þannig. Það þarf ekki annað en lesa stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar til að sjá að í sjávarútvegskaflanum er einmitt litið til hagsmuna byggðanna. Þeir sem núna láta hæst og mótmæla hvað harðast hugmyndum um línuívilnun hefðu átt að lesa þetta ákvæði stjórnarsáttmálans til að gera sér grein fyrir því að þessi ríkisstjórn vill standa þannig að málum að komið sé til móts við hagsmuni og þarfir minni byggða, m.a. með hugmyndum um línuívilnun.

Menn hafa líka verið að gera gys að því að þetta sé fornaldarleg hugsun og talað um línuívilnun til að halda úti dagróðrabátum sem beita línu í landi. Menn segja: Ætlið þið að krefjast þess að menn fari að handflaka eða krefjast þess að menn taki upp steinaldarvinnubrögð? Þetta er auðvitað fráleitt. Í þessu endurspeglast sá veruleiki sem blasir við í tugum verstöðva og minni byggðarlögum um allt land þar sem beitning í landi er snar þáttur í atvinnulífinu og mjög mikilvægur. Við erum einfaldlega að segja að við viljum ýta undir þennan hluta atvinnulífsins með þeim hætti sem hér er gert. Við teljum nauðsynlegt, til að treysta stöðu minni byggðarlaganna, að búa um málin eins og við gerum í þessu frv.

Eins og ég sagði áðan höfum við beitt bæði byggðakvóta og ýmsum öðrum úrræðum. Menn hafa velt fyrir sér hvort með þessu frv. eigi að trappa út byggðakvótanum í staðinn fyrir línuívilnun. Það er ekki þannig. Það sjá menn auðvitað ef frv. er lesið. Hér er um að ræða tvo algerlega aðskilda hluti. Við erum að vísu að hverfa frá þeim byggðapottum sem áður voru en ég trúi ekki að það hafi verið það sem vakti fyrir mönnum sem vildu slík úrræði fyrir byggðirnar, að velja slíka byggðapotta. Það hefur aldrei komið fram, hvergi nokkurs staðar sem mér er kunnugt um. Það kæmi mér mikið á óvart ef einhver aðhylltist þau sjónarmið.

Með þessu frv. er í fyrsta lagi komið á línuívilnun. Það er gert í tveimur áföngum, 1. febrúar nk. og síðan 1. september. Það er smám saman verið að eyða út þessum gömlu byggðapottum, þó þannig að menn hafi aðlögunartíma. Þeir sem eru háðastir þessu eiga því ekki að verða fyrir alvarlegum búsifjum fyrir þeirra hluta sakir. Síðan er gert ráð fyrir því og gerðar breytingar á 9. gr. laganna, sem að mínu mati eru til bóta vegna þess að þar er reynt að setja niður með miklu skilmerkilegri hætti hvernig menn ætla að hafa úrræðin, hvaða úrræði menn ætla að hafa til að bregðast við tilteknum aðstæðum sem eru nánar settar niður í textanum.

Við vitum ekki nákvæmlega á þessari stundu hversu mikið, hve oft og hve viðurhlutamikið það verður, þurfi menn að grípa til þessara úrræða. Vonandi sem minnst. Vonandi verða sem fæst byggðarlög í þeim vanda. Við vitum hins vegar að þessar aðstæður eru fyrir hendi og kunna að verða fyrir hendi í byggðarlögum sem við vitum ekki í dag hver verða. Þess vegna þurfa þessi úrræði að vera svona. Annars vegar er um að ræða minni byggðarlög sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og eru háðar veiðum á bolfiski. Með öðrum orðum er greinilega tekið mið af byggðarlögum sem eru háð þessum veiðum, ekki eins og við höfum séð gerast, að byggðarlög sem eru hreint ekki háð þessum veiðum hafi fengið það sem menn kalla byggðakvóta.

Fyrrverandi hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti t.d. réttilega á veikleika í þeim byggðaúthlutunum sem hafa átt sér stað, að þær hafi á margan hátt verið ómarkvissar og farið til byggðarlaga sem áttu hreint ekkert erindi í þennan byggðapott. Þau voru einfaldlega að eyða áhrifum af honum fyrir þau byggðarlög sem þurftu virkilega á að halda. Einnig hefur verið rætt um byggðarlög sem urðu fyrir óvæntri skerðingu af heildaraflaheimildum fiskiskipa. Við þekkjum auðvitað um dæmi úr forsögunni þar sem þetta hefur gerst, að byggðarlög hafi hreinlega tæmst af veiðiheimildum og misst rétt til veiðanna. Við erum einfaldlega að setja þessar heimildir þarna inn.

Ég vil t.d. vekja athygli á því að Samf., í hugmyndum sínum og frv. varðandi fiskveiðistjórn, gerði alltaf ráð fyrir úrræðum til byggðakvóta í þeirri hugsun, einfaldlega vegna þess að þeir vissu að uppboðskerfi þeirra gæti leitt til þess að einn góðan veðurdag gætu byggðarlög staðið uppi algerlega án veiðiréttar.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Ég á von á að um þetta mál geti tekist allbærilegt samkomulag þrátt fyrir sérkennileg viðbrögð manna úr stjórnarandstöðunni sem hafa verið að hnýta í þetta frv. Það sýnir að fyrir stjórnarandstæðingum vakti fyrst og fremst að reyna að koma pólitískum hælkrók á ríkisstjórnina. Þeir hafa engan sérstakan áhuga á að rétta hlut þessara byggðarlaga með leiðum af þessu tagi. Þeir sögðu í Fréttablaðinu 5. desember, á föstudaginn var, að þeir vildu koma á línuívilnun. Því var lýst m.a. yfir af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að hann reiknaði með að Samf. styddi línuívilnunartillögur sem þá var verið að ræða um. Þær gengu í raun lengra. Síðan flutti hann loðna ræðu áðan þar sem ekki var hægt að finna nákvæmlega hvaða skoðun hann hefði.

Ef eitthvað er að marka þau viðbrögð sem fram komu á fyrri stigum þessarar umræðu þá hlýtur að mega ætla að um þetta mál geti tekist sæmileg samstaða þrátt fyrir allt. Við ættum þess vegna að geta afgreitt frv. með bærilegum hætti á skömmum tíma. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt. Það er gert ráð fyrir því að hluti þessarar tillögu komi til framkvæmda strax 1. febrúar og það er ljóst að ef það á að takast verður þetta mál að klárast fyrir jólin.

[15:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir ágæta ræðu og hlýjan hug í garð minni sjávarbyggða.

Í máli hæstv. sjútvrh. kom fram að þetta frv. beindist ekki að því að skerða byggðakvóta til að auka við línuívilnun eða koma á línuívilnun. Hann sagði að það ætti ekki heldur að minnka rétt dagabáta til að sækja sjó. Þess vegna spyr ég hv. þm. hvort hann væri ekki tilbúinn að leggjast á sveif með okkur í Frjálslynda flokknum við að það verði gert skýrt í lögunum að svo verði ekki, að sett verði gólf í dagakerfið, 23 daga gólf.

Á fundi á Ísafirði kom fram að hv. þm. væri fylgjandi því að koma á gólfi. Er þá ekki rétt að þessi lög verði skýr? Þá getum við í Frjálsl. stutt þetta heils hugar, verði þetta ekki á kostnað byggðakvótans og dagabátanna.

[15:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með að hv. þm. hefur skilið það alveg rétt að hér er um að ræða tvö sjálfstæð mál, þ.e. annars vegar línuívilnunin og hins vegar þau úrræði sem kveðið er á um í 2. gr. þessa frv., vegna þess að borið hefur við upp á síðkastið að menn hafi verið að reyna að rugla þessu málum saman og reyna að gera lítið úr áhrifum línuívilnunarinnar. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, þá sjáum við ekki alveg á þessari stundu hvernig menn ætla að nýta þær heimildir sem þarna er verið að opna á, það verður auðvitað að leiða dálítið af eðli máls. En aðalatriðið er að hv. þm. áttar sig alveg á því sem er kjarni málsins, að hér er um að ræða tvo aðskilda hluti og að ekki er verið að eyða út einu til þess að koma öðru fyrir.

Varðandi dagakerfið þá er það alveg rétt að ég hef verið mikill áhugamaður um það að viðhalda dagakerfinu og tel að það skipti miklu máli að það sé gert. Við höfum verið að styrkja það heilmikið á undanförnum árum, m.a. með því að koma á klukkustundakerfinu, m.a. með því að búa til framsalsmöguleika, þannig að út af fyrir sig er það kerfi að mínu mati miklu sterkara núna en oft áður.

Ég lýsti því yfir á fundinum á Ísafirði og get gert það aftur að ég vil standa að því að koma á gólfi í þessu kerfi. En ég lýsti því jafnframt yfir, og ég held að ég hafi gert það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og oftar en þrisvar eins og hv. þm. vonandi man, að til þess að það væri hægt þyrftum við jafnframt að setja á reglur um sóknartakmarkanir þessara báta. Það sem ég var m.a. að vísa til var sú vinna sem var unnin á síðasta vetri sem gekk út á það að um leið og menn færu í það að reyna að búa til samkomulag um gólf í dagana þá væri líka um leið gengið þannig frá því að þetta leiddi ekki til aukinnar sóknar bátanna. Við vitum að það sem hefur verið að gerast er að menn hafa verið að kaupa stærri vélar og stækka þessa báta og auka sóknargetu þeirra og það sjá auðvitað allir að það gengur ekki og ekki síst smábátasjómenn sem hafa líka hugleitt þetta mál mjög mikið. Menn verða að átta sig á því að slíkt kerfi mun að lokum sprengja sjálft sig innan frá og þess vegna er mjög mikilvægt að gengið sé frá þessum málum öllum í heild sinni. Það reyndist hins vegar, því miður, ekki tóm til þess áður en þetta frv. var lagt fram þannig að það er um tómt mál að tala að við ljúkum því fyrir áramót.

[15:32]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að ég spurði hv. þm. þessara spurninga var sú að þetta er ekki skýrt í frv. Það er gefið til kynna, og hv. þm. Jóhann Ársælsson skildi þetta á sömu lund og ég, að þessi línuívilnun væri að einhverju leyti á kostnað byggðakvótans. Það verður þá að koma skýrt fram í texta frv. að svo verði ekki.

En varðandi það að þorskstofninum verði einhver hætta búin af stærri vélum í smábátum, þá ber þess að geta að í Færeyjum er jafnvel verið að hugsa um þetta og hann tók ekki illa í það, einn stórútgerðarmaður í Færeyjum, að gefa smábátaveiðina að miklu leyti frjálsa. Ein afleiðingin af kvótakerfinu er náttúrlega sú að fólk er farið að hugsa með röngum hætti um auðlegðina, að halda það að fiskur sem drepinn er við Vestmannaeyjar eigi að dragast frá kvóta á Bakkafirði er hrein og klár vitleysa. Það væri fróðlegt að heyra m.a. afstöðu hv. þm. hvort honum finnist það eðlilegt. Er ekki rétt að taka þetta kerfi til endurskoðunar eins og við frjálslyndir höfum ítrekað bent á? Það stenst ekkert líffræðilega að draga fisk sem er drepinn við Vestmannaeyjar frá kvóta t.d. á Austurlandi, á miðum þar. Þetta er bara þvæla. Menn verða að fara að horfast í augu við það að taka þetta kerfi í heild sinni til endurskoðunar. En ég vil að hv. þm. svari því skýrt: Er verið að skerða byggðakvótann eða er ekki verið að skerða byggðakvótann?

[15:34]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af spurningu hv. þm. þá vil ég segja það, eins og ég margoft hef tekið fram, að það liggur auðvitað fyrir og það stendur í þessum texta að það verði smám saman horfið frá þessum byggðapottum eins og þeir hafa verið. Við erum hins vegar að setja í lög, (Gripið fram í.) það er verið að taka út, eins og ég segi, og það þarf ekki annað en að lesa þennan texta, það sést alveg, að það er verið að taka út þessa (Gripið fram í.) byggðapotta eins og þeir hafa verið. En það sem ég var einfaldlega að segja og skiptir öllu máli í þessu sambandi er að verið er að gera byggðakvótaúthlutanir miklu markvissari. Verið er að setja inn í lögin ákvæði um það með hvaða hætti beita eigi byggðaúthlutunum, einfaldlega vegna þess að við höfðum þá reynslu og var bent á það hér í þingsölum að byggðakvótaúthlutanirnar stæðu ekki undir nafni. Þær væru að fara m.a. til byggðarlaga sem hefðu bara ekkert með þær að gera. Gleggsta dæmið er þetta fræga dæmi um Akureyri, stærsta kvótabæ landsins, sem fékk 5 tonn og olli bara tómum vandræðum.

Menn eru því einfaldlega að segja hér: Við þurfum að skilgreina þetta upp á nýtt. Við erum að setja niður önnur markmið, skýr markmið, og það er það sem er verið að gera í þessum lögum.

Mér fannst, virðulegi forseti, að í fyrra andsvari sínu hefði hv. þm. skilið þetta en ég veit ekki hvort ég hef ruglað hann, en hann er greinilega farinn að misskilja þetta aftur núna við það að ég kom í þetta litla andsvar mitt.

Varðandi dagakerfið þá hef ég margsagt það og get sagt það enn og aftur hér á þessum degi að ég tel að það sé algerlega um tómt mál að tala að við getum verið með sóknarstýrt kerfi nema stjórna um leið flotanum. Þess vegna hef ég verið mjög harður á því að samfara því að við erum að fara í endurskoðun á dagakerfinu sem slíku þá verðum við líka að hyggja að flotastýringunni og það var það sem menn voru að gera á síðasta vetri. Það vantaði ekki mikið upp á að menn næðu saman og ég hef þess vegna hvatt til þess að menn héldu áfram þeim viðræðum og reyndu að ná samkomulagi og sátt í því máli. En forsendan er sem sagt þessi: Það verður að vera flotastýring í þessu kerfi.

[15:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði áðan að ég hefði haldið loðna ræðu. Mér fannst nú sumt í ræðu hans dálítið loðið og ég hefði gjarnan viljað að hv. þm. hefði farið yfir sumt af því sem virðist orka tvímælis í frv. og vera a.m.k. dálítið mikið öðruvísi en það sem við vorum að skoða í nefndinni frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni.

Ég vil fyrst segja að það að færa byggðapottana alla inn í 12 þúsund tonnin hjá ráðherranum þýðir að það er bókstaflega sagt í textanum að nota eigi afganginn af þeim 12 þúsund tonnum til þessara hluta.

Nú spyr ég: Ef fiskifræðingar finna ekki meira af loðnu núna og það þarf að nota þann pott sem þarna er um að ræða til þess að bæta flotanum þar upp, eins og hefur verið gert

áður, eða ef einhverjar aðrar tegundir hverfa, hvað þá? Hvað verður þá mikill afgangur? Halda menn að þetta sé ótæmandi pottur eða hvað?

Síðan held ég að það verði að muna almennilega eftir því að það er ekkert um dagabátana í frv. ráðherrans. Svo langar mig til þess að hv. þm. fari yfir það hvort hann sé ánægður með þetta fyrirkomulag, að það skuli vera ólympískar veiðar hvað varðar þorskinn í línuveiðum, það eigi bara að blása til sóknar einn daginn og svo af annan daginn þegar potturinn er búinn í það og það skiptið.

Síðan er eitt enn: Er hv. þm. ánægður með að það skuli einungis vera þeir sem beita með höndunum í landi en ekki þeir sem stokka upp þar sem notaðar eru beitningatrektir? Er ekki uppstokkun alveg jafngóð handavinna í landi og beitning? Hvað með tegundatilfærsluna? Ég vissi ekki betur en hv. þm. hefði staðið að því að reyna að losna við hana.

[15:38]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði mig að því hvort ég væri ánægður með það fyrirkomulag sem er hérna varðandi þorskinn. Það er einfaldlega þannig eins og við vitum að þetta mál er á margan hátt vandasamt og um það er ágreiningur, m.a. í mínum flokki. Við verðum auðvitað að reyna að ná saman um þetta mál og við vitum það að áhyggjuefni ekki síst útgerðarmanna og sjómanna og þeirra sem hafa núna verið að mótmæla þessu fyrirkomulag, hefur lotið að þorskinum. Menn hafa haft áhyggjur af því að línuívilnunin leiddi til þess að þessir línubátar væru að taka til sín meira af þorski en menn gætu unað við.

Ég hygg t.d. að forustumenn sjómannahreyfingarinnar, forustumenn LÍÚ, fólkið í Vestmannaeyjum sem hefur verið að mótmæla hér upp á síðkastið, hafi m.a. haft áhyggjur af þessu. Þess vegna var það viðleitni af hálfu ríkisstjórnarflokkanna til þess að koma til móts við þessar áhyggjur að setja inn þennan pott. Ég féllst á það og tók undir með það. Og ég held að það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frv., að skipta árinu niður í fjögur tímabil og setja potta inn í hvert tímabil í samræmi við veiðireynsluna árið á undan, sé fullkomlega viðunandi niðurstaða.

Ég vil spyrja hv. þm.: Telur hann, í ljósi þess að hann hefur áður lýst yfir stuðningi við frv. sem ekki fól í sér þennan pott í þorskinum, að það sé úrslitaatriði um að hann geti hugsanlega ekki stutt þetta frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram að hann telur að það eigi ekki að vera nein takmörk fyrir því hvað menn geti teygt til sín í þorskinum í svona línuívilnun? Er það það sem hann telur að hafi fyrst og fremst misfarist í þeim breytingum sem eru á þessu frv. miðað við það frv. sem hann lýsti yfir sérstökum stuðningi við í blöðunum fyrir sína hönd og síns flokks? Það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir.

Er það kannski það sem hv. þm. segir núna að geri það að verkum að hann geti ekki stutt frv. eða að hann sé a.m.k. með vomur varðandi þetta frv., að hann telur að það hefði átt að hafa þetta opið hvað þorskinn áhrærir? Það væri gaman að heyra svar við því.

[15:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæst. forseti. Mér fannst þetta nú hálfloðin ræða, ég verð að segja það. (Gripið fram í.) Ég get bara sagt það að auðvitað er þetta klúður. Það eru ólympískar veiðar sem á að hleypa af stað í fjórum hálfleikjum yfir árið, það á að blása til sóknar fjórum sinnum á ári og síðan á að blása af fjórum sinnum á ári þegar búið er að ná þessu.

Hvað halda menn að gerist þarna? Það gerist ekkert annað en það að þeir sem ætla að nýta þetta munu hamast eins og þeir geta, róa í öllum veðrum og reyna að djöflast til þess að ná sem mestu út úr þessu. Auðvitað er þetta klúður og auðvitað er miklu skárra að hafa einhverja almenna reglu heldur en hluti eins og þetta.

Svo spurði ég hv. þm. um ýmislegt annað sem hann ekki svaraði, m.a. hvort hann væri ánægður með það að ekki væru þarna inni veiðar með beitningatrektum, og það er auðvitað fjölmargt sem þyrfti að skoða. Hvað með tegundatilfærsluna? Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi beitt sér gegn henni eða staðið fyrir því að losna við eða draga verulega úr tegundatilfærslunni. Hún er komin þarna inn aftur. Hvernig stendur á því? Er hv. þm. ángæður með það?

Ég held að það sé kannski einhver von um það að farið verði yfir þetta í nefndinni og það hafði ég von um með fyrra málið sem um var rætt, að við gætum farið yfir það og fengið tækifæri til þess að hafa áhrif á heildarniðurstöðu í málinu. Það virðast vera minnkandi líkur á því þegar hér er komið stjfrv. En það skal þó á það reynt inni í nefndinni og hv. þm. er kannski tilbúinn til þess að setjast með okkur í stjórnarandstöðunni yfir möguleika á breytingum á þessu. Það væri ágætt að fá svör við því hér hvort það er svo eða hvort það eru bara samningar innan ríkisstjóranrinnar sem hér gilda eins og venjulega hefur verið.

[15:43]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt. Við höfum verið að gera breytingar í þá átt sem hv. þm. sagði varðandi tegundatilfærsluna og ég studdi það og hafði forustu um það á vissan hátt innan nefndarinnar þegar málið kom þangað inn og ég tel að þær breytingar hafi verið fyrir allra hluta sakir mjög skynsamlegar. (**Gripið fram í:** Ertu þá óánægður?) Nei, hins vegar er það þannig, virðulegi forseti, að nú eru uppi aðstæður sem gera það að verkum að menn telja að það kalli á heimild til handa hæstv. sjútvrh. til þess að ... (**Gripið fram í:** Er það til bóta í málinu?) Hér er heimild til handa hæstv. sjútvrh. til þess að víkja frá við sérstakar aðstæður og það er það sem verið er að gera þarna. Það er ekki verið að breyta almennt út frá tegundatilfærslunni, það er eingöngnu verið að opna þessar heimildir þegar nauðsynlegt er.

Hv. þm. fór aðeins yfir það sem hann hefur kallað ólympískar veiðar í þorski og felur það í sér að þarna er verið að opna á línuívilnun upp á 16% með þaki sem er þó gert með þeim hætti að það er skipt niður, eins og ég nefndi áðan, yfir árið. Hv. þm. virðist hafa mikið á móti þessu. Og af því að ég veit að hv. þm. getur ekki komið hér í annað andsvar, þá tel ég að hv. þm. sé með öðrum orðum að gefa til kynna að hann telji að það sé það sem er að þessu frv. Það sé það sem geri það að verkum að hann eigi erfiðara með að styðja þetta frv. en það frv. sem áður hafði verið rætt um í umræðunni.

Þetta finnast mér dálítið mikil tíðindi vegna þess að ég tel sjálfur að þetta hafi verið viðleitni til þess að koma til móts við gagnrýni sem uppi er og uppi hefur verið. Þetta var ekki endilega mín tillaga en þetta var hins vegar niðurstaða til þess að koma til móts við ákveðna gagnrýni og ég stend við það.

[15:44]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 418. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 612.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 614.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 613.

Læknismál í Austurbyggð, 440. mál, fsp. KLM, þskj. 610.

Rækjuveiðar, 441. mál, fsp. KLM, þskj. 611.

Starfsemi lögreglunnar í Reykjavík, 229. mál, svar dómsmrh., þskj. 458.

[15:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. sem beðið hefur verið eftir með óþreyju nokkuð lengi og fagnaðarefni að það er komið til umræðu í þingsölum. Ég vil byrja á að víkja að einum þætti í málinu sem ekki hefur komið til umræðu í dag en ég tel veigamikinn og eina af ástæðunum fyrir því að menn lögðu af stað út í þann leiðangur að tala fyrir ívilnun á línuveiðum. Það eru þau áhrif að veiðar á línu gefa af sér mjög gott hráefni. Menn veiða yfir höfuð tiltölulega gott hráefni og þegar það er bundið við það að menn komi daglega að landi stuðla þeir að því að fiskur sé veiddur með þeim hætti að hráefnið verði sem allra best. Það er sjálfstæður þáttur í málinu.

Í öðru lagi stuðla menn að því að ná fiskinum úr hafinu með þeim hætti að veiðin dreifist eftir stofninum en sé ekki einbeitt að tiltekinni stærð eða tilteknir einstaklingar valdir úr stofninum. Það skiptir líka máli. Menn þekkja þá umræðu sem verið hefur hér undanfarna mánuði um hugsanleg áhrif á erfðir og stærð í fiski með því að beina veiði mjög stíft á stærstu einstaklingana. Ég hygg að það sé skynsamlegt að reyna að stuðla þannig að veiðunum að þær dreifist jafnt á stofninn, óháð stærð þannig að sem minnst áhrif á heildina verði af þeim.

Í þriðja lagi eru umhverfisáhrif. Veiðarfæri á línu hafa ekki áhrif á umhverfið, hvorki botninn né annað, sem er auðvitað nauðsynlegur þáttur í umhverfi fyrir veiðunum því að það er það sem skapar aðstæðurnar fyrir fiskinn og þess vegna er hann á þeim stað þar sem hann er veiddur. Það er æskilegt að veiða úr hafinu fisk með veiðarfærum með þeim hætti að menn spilli sem minnst því umhverfi sem fiskurinn er í.

Í fjórða lagi vil ég nefna að það skiptir líka máli að við erum að veiða með veiðarfærum þar sem fiskurinn í raun og veru bítur sig á, en ekki með veiðarfærum sem fiskurinn er fangaður í eins og stórvirkum flottrollum eða stórvirkum botntrollum sem ná að sópa saman öllum fiski yfir stórt svæði. Það eru minni líkur á að menn gangi nærri fiskstofninum með veiðum af þessu tagi heldur en t.d. með flotvörpu og stórvirkum botnvörpum. Öll þessi atriði skipta máli er lúta að fiskstofninum, vernd hans og umhverfinu. Ég held að menn megi ekki vanmeta þann þátt í þeirri ákvörðun að menn velja að stuðla að auknum veiðum á línu.

Við skulum líka muna eftir því að veiðar á línu hafa aukist á undanförnum tveimur áratugum þannig að um 9% af þorskinum voru veidd á línu á sínum tíma en eru í dag um 20%. Það er auðvitað einhver ástæða fyrir því. Við sjáum t.d. að á síðustu árum hefur verið mikill vöxtur í veiði með stórum bátum og beitningarvélum og það er vegna þess að þessir bátar hafa veitt vel, veitt gott hráefni og veiðarnar verið hagkvæmar. Það hefur líka verið mikil þróun á þessu veiðarfæri. Línan þróast eins og önnur veiðarfæri og bæði gerð hennar og beita hefur breyst verulega á undanförnum árum þannig að menn ná betri árangri með því veiðarfæri en áður var. Ég vil undirstrika þennan þátt í málinu, umhverfisþáttinn, og það sem kalla má kannski fiskifræðilega þáttinn. Hann skiptir líka verulegu máli og stendur sem röksemd á bak við þessa leið.

Hinn þátturinn sem skiptir auðvitað miklu máli og hefur mest verið ræddur í dag er byggðaþátturinn. Menn eru auðvitað að bregðast við ákveðnum aðstæðum sem koma upp víða um land vegna þess kerfis sem menn styðjast við. Það hefur verið mikil samþjöppun á veiðiheimildum á undanförnum árum, sérstaklega frá 1995–1996, þá hefur þróunin verið mjög hröð og það hefur leitt af sér miklar breytingar í atvinnumálum margra byggðarlaga vegna tilfærslu veiðiheimilda. Það má nefna mörg dæmi um það sem mönnum eru sjálfsagt í fersku minni, t.d. flutning á veiðiheimildum frá Sandgerði upp á Akranes, flutning á veiðiheimildum frá Ísafirði til Akureyrar, flutning á veiðiheimildum frá Bolungarvík til Grindavíkur eða frá Hólmavík til Akureyrar eða frá Raufarhöfn til Akureyrar og fleiri dæmi má nefna af þessum toga. Menn hafa verið að glíma við afleiðingarnar af þessari tilfærslu sem koma þá best fram í ástandinu í atvinnumálum á hverjum stað. Við þekkjum umræðuna í sumar um stöðu atvinnumála á Raufarhöfn og auðvitað var ástæðan sú að breytingar urðu á veiðiheimildum og staðsetningu þeirra. Við þekkjum dæmi víðar á Austurlandi, eins og t.d. á Breiðdalsvík þar sem menn hafa glímt við afleiðingarnar af þessari tilfærslu. Það er ekki hægt fyrir stjórnvöld eða stjórnmálaflokka að firra sig ábyrgð á þessari stöðu sem kemur upp vegna þess að menn hafa með lögum leyft þeim sem hafa veiðiheimildirnar undir höndum að flytja þær fram og til baka eftir því sem þeim þykir skynsamlegast á hverjum tíma. Afleiðingarnar koma fram hjá öðrum sem ekki eru útgerðarmenn, svo sem fólki sem vinnur í landi eða á sjó sem launþegar. Það hefur áhrif á atvinnu þess. Menn missa jafnvel atvinnuna og menn eru þá að reyna að bregðast við þessari stöðu með einhverjum úrræðum. Þau hafa að mörgu leyti verið fátækleg og mér finnst að menn hafi enn þá ekki komið fram með verulega kröftugt andsvar við þessari breytingu. Ef það er stefna stjórnvalda að stuðla að samþjöppuninni, vegna þess að hún sé í sjálfu sér æskileg fyrir þjóðarbúið í heild, verða menn líka að hafa stefnu til að bregðast við gagnvart því fólki sem samþjöppunin bitnar á. Það er ekki bara ávinningur af henni, það er líka tap og það fer ekki alltaf upp úr sama vasa og ávinningurinn lendir í. Mér finnst að menn eigi að halda áfram að ræða um þessi viðbrögð og finna betri úrræði í framtíðinni en menn hafa stuðst við hingað til.

Umræðan um línuívilnun fyrir síðustu kosningar var auðvitað mikið til viðbrögð við þessari stöðu og hún var mjög sterk og áberandi í þeim byggðarlögum þar sem menn höfðu séð afleiðingarnar af samþjöppuninni. Þess vegna féll tillöguflutningurinn í góðan jarðveg, fólk sá í tillögunum og stefnu flokkanna sem hana báru fram úrræði sem var til þess fallið að styrkja atvinnulega stöðu þess á nýjan leik. Þess vegna eiga menn auðvitað að hrinda þessu sem allra fyrst í framkvæmd.

Það má segja að menn séu þá með þrjú úrræði í dag til þess að bregðast við ókostum kerfisins sem við styðjumst

við. Það eru í fyrsta lagi byggðakvótarnir sem menn hafa smám saman komið upp og eru núna um 5.300 tonn í þremur aðskildum pottum. Það eru í öðru lagi veiðar handfærabáta, svonefndra dagabáta, sem veiða milli 10 og 11 þús. tonn af þorski á ári og það er í þriðja lagi þessi leið, línuívilnun, sem skilar möguleikum á aukinni veiði án þess að menn þurfi þá beinlínis að kaupa veiðiheimildir til þess að geta stundað veiðarnar.

Ef þessar tillögur ná fram að ganga hvað línuívilnun varðar í frv. tel ég að menn hafi efnt þau loforð sem þeir settu fram fyrir kosningarnar í öllum meginatriðum hvað þann þátt málsins varðar. Ég tel að menn þurfi að halda áfram að styrkja byggðakvótana, auka þá og setja skýrari reglur um ráðstöfun þeirra því að margt í framkvæmdinni hefur verið með þeim hætti að það er ekki til þess fallið að skapa sátt um að fara þá leið. Við þekkjum dæmi bæði frá úthlutun frá síðasta hausti og í desember sl. sem var gölluð að mörgu leyti. Og það nær engri átt að koma upp úrræðum eins og byggðakvóta og dreifa þeim síðan í smáum skömmtum um allt land, t.d. til verstöðva eins og Akureyrar sem hefur aukið hlut sinn í heildaraflamarki landsmanna á þessum tíma, kannski um 80–90%, og eru með um 16–17% af öllum veiðiheimildum landsmanna. Það er engin þörf fyrir byggðakvóta á þeim stað eða í Vestmannaeyjum þar sem eru milli 9 og 10% af veiðiheimildum landsmanna. Útdeilingar af þessum toga og fleiri dæmi skyld þessu hafa verið til þess fallin að skapa úlfúð um byggðakvótana. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að menn setji skýrari reglur í löggjöfina um það hvernig eigi að ráðstafa þessum heimildum þannig að menn nái þeim markmiðum sem þeir ætla að ná með því að hafa þau fyrir hendi.

Í þessu frv. er að hluta til gengið til móts við þessi sjónarmið mín. Ef menn bera saman núgildandi ákvæði í lögum um byggðakvóta og þau ákvæði sem verða í 9. gr. laganna, samkvæmt 2. gr. frv., eru þau nákvæmari. Það er vissulega spor í rétta átt en hins vegar eru mörg matsatriði eftir sem áður í frumvarpstextanum sem ég tel nauðsynlegt að við förum yfir í meðferð sjútvn. til þess að skýra það frekar og tryggja þá að menn séu samstiga í þeim markmiðum sem þeir vilja ná með því að fara þessa leið.

Hvað varðar dagabátana er ekki tekið á þeim í þessu frv. enda má segja að línuívilnun og dagabátar séu ekki sama málið og engin nauðsyn að þau mál fari saman. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi að gera það. Menn eru með sjálfvirka fækkun sóknareininga í dagakerfinu sem mun ganga af því kerfi dauðu ef ekki verður gripið í taumana. Það var lagt af stað með það fyrir fjórum árum þannig að það yrðu 23 dagar. Þeir eru nú orðnir 18 og ef við skoðum þann afla sem bátarnir hafa veitt á undanförnum árum sjáum við að það er að komast stöðugleiki í þessar veiðar. Á síðasta fiskveiðiári var veiði dagabáta um þúsund tonnum minni en á veiðiárinu þar á undan, þ.e. um 10 þús. tonn, og ég tel að við eigum að vinna að því að breyta löggjöfinni þannig að það verði stöðugleiki í þessu kerfi eins og öðrum hlutum kerfisins og miðist þá við það sem hefur verið að undanförnu. Til þess þarf að breyta þessu ákvæði, fella það út sem fækkar dögum sjálfvirkt og setja gólf í löggjöfina.

Ég er reyndar á þeirri skoðun að það sé nauðsynlegt að ráðherra hafi heimild til þess að setja takmarkanir á vélarafl handfærabáta til að tryggja að hann geti gripið til ráðstafana ef honum sýnist á hverjum tíma sem sóknarkrafturinn sé að vaxa og veiðin þar af leiðandi í kjölfarið. Ég tel að við verðum að taka á þessu með dagabátana í vetur hvort sem við gerum það samhliða afgreiðslu þessa frv. eða síðar á þessu þingi. En ef við náum því fram sýnist mér að við gætum verið búin að ná sæmilegri lendingu í öllum þessum atriðum sem við ætlum að hafa sem úrræði meðan við styðjumst við kvótakerfið í þessari mynd, þ.e. handfæraveiðar, línuívilnun og byggðakvóta. Ég held að það séu möguleikar á því að menn nái sæmilegri niðurstöðu fyrir vorið í öllum þessum atriðum, og frv. er spor í rétta átt.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að þingflokksfundir eiga að hefjast eftir tvær mínútur. Þingmaðurinn á enn eftir sex og hálfa mínútu af ræðutíma sínum og tveir hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. þm. þannig að ég þarf að biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni. Hann getur gert það innan 2–3 mínútna ef hann vill finna hentugri stað í ræðu sinni eða núna ef hann vill.)

Ég held að það sé ágætt að gera það núna.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 401. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 615.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 328. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 617.

Úrvinnslugjald, 400. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 618.

Virðisaukaskattur, 11. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 616.

[Fundarhlé. — 16:00]

[18:16]

Kristinn H. Gunnarsson (frh.):

Herra forseti. Það voru fáein atriði sem ég átti eftir að koma inn á þegar ég gerði hlé á ræðu minni vegna þingflokksfunda og vil því ljúka henni núna með fáeinum orðum.

Ég hafði aðeins farið yfir þau úrræði sem menn hafa komið sér upp til þess að bregðast við aðstæðum í einstökum byggðarlögum, breytingum í atvinnumálum til hins verra vegna tilflutnings veiðiheimilda, sem mörg dæmi eru um vegna hinnar miklu samþjöppunar sem verið hefur hin síðustu ár. Það nýjasta í því er línuívilnun að hluti af rökstuðningi fyrir henni er af þessum toga. Ég vil vekja athygli á því hversu lítil áhrif línuívilnun hefur í heild sinni á sjávarútveginn. Í raun og veru hefur hún miklu minni áhrif en hin árlega ákvörðun um hámark á einstökum fiskstofnum, en þær ákvarðanir breytast frá ári til árs eins og t.d. með þorskinn og hafa miklu meiri efnahagsleg áhrif á stöðu einstakra fyrirtækja en þessi ákvörðun um línuívilnun. Í henni getur falist um 6 þús. tonna afli af ýsu, steinbít og þorski. Það er rétt liðlega 1% af aflaheimildum landsmanna og það er t.d. aðeins um $^1/_6$ þeirra áhrifa sem urðu þegar dregið var úr þorskveiðum um 30 þús. tonn. Síðan þarf að gera samanburð á þessum áhrifum og t.d. breytingum á veiðum í ýsu um 20 þús. tonn og aukningu í þorski aftur um 30 þús. tonn. Línuívilnunin hefur því í raun og veru sáralítil áhrif á stöðu fyrirtækjanna sem eru í aflamarkskerfinu.

Varðandi byggðakvótana sem ég tel að þurfi að skoða vandlega í nefnd, umfram það sem komið hefur fram hjá mér áður um það efni, vil ég vekja athygli á því að með því að leggja til að leggja niður ákveðna byggðakvóta samkvæmt ákvæði til bráðabirgða sem Byggðastofnun hefur haft, um 1.500 tonn, var sjö ára ákvæði og svo hins vegar 2.300 tonn inni í krókaaflamarksbátunum sem er í 9. gr., verða menn að gæta þess að breytingar verði ekki með þeim hætti að

það raski þeim forsendum sem þeir sem hafa notið þessara úthlutana hafa gert ráð fyrir. Ég vil t.d. geta þess að þeir sem hafa fengið kvóta úr krókaaflamarkspottinum, ýsu og steinbít, máttu vænta þess eða a.m.k. töldu sig mega vænta þess við upphaflega úthlutun, þó að hún sé frá ári til árs, að um væri að ræða fimm ára ákvörðun og nú er aðeins liðinn helmingur þess tíma.

Eins er með byggðakvótann hinn eldri, 1.500 tonn. Hann var sjö ára ákvæði til samræmis við annað ákvæði í lögunum um 3.000 tonna toll sem nú er orðinn varanlegur inni í 9. gr. og er ekki lagt til að verði lagður niður. Auðvitað hafa þeir staðir sem hafa fengið úthlutað kvóta úr þessu gert ráð fyrir því að geta notið þess í þennan tíma. Það verður að gæta þess að menn séu ekki að gera breytingar sem raska tilteknum forsendum byggðar á ákvörðunum þessara úthlutana.

Ég vil svo, herra forseti, geta þess um 9. gr. að meginákvæði hennar er að hafa 12 þús. tonn af óslægðum botnfiski í þorskígildum til að bregðast við verulegum breytingum í aflamarki einstakra tegunda. Það er meginatriðið. Nú er lagt til að auk þess geti ráðherra ákveðið að eftirstöðvum aflaheimilda, með öðrum orðum að það að setja þessa byggðakvóta þarna inn geri það að verkum að þeir verða víkjandi á eftir hinu fyrra markmiði. Þess vegna er engin vissa fyrir því hversu mikið af 12 þús. tonnunum verði ráðstafað á hverju ári til þess að mæta breytingum í aflamarki á einstökum tegundum og hversu mikið verði eftir til þess að bregðast við því sem byggðakvóta er ætlað að mæta. Þarna er því um að ræða breytingar á stöðu sem ég held að við þurfum að skoða vandlega í meðförum nefndarinnar.

Ég held að ég láti þessu lokið, herra forseti. Ég hef farið yfir helstu atriði frv. og legg áherslu á að frá sjónarhóli þeirra sem mjög er umhugað um að núverandi kerfi verði fyrir sem minnstum breytingum, ætti það að vera keppikefli þeirra að stuðla að því að úrræði eins og línuívilnun og byggðakvótar verði sem árangursríkust því að það stuðlar að friði um kerfið og er þeim í hag. Þess vegna er ég mjög undrandi á þeim ályktunum sem fram koma frá helstu hagsmunaaðilum fyrir óbreyttu kerfi því að það er eins og þeir líti svo á að þetta vegi eitthvað að þeirra hagsmunum þegar það gagnstæða er í raun niðurstaðan. Ég tel að það sem mundi fyrst og fremst skapa óöryggi um framtíðina hjá þeim sem starfa í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi ef menn hafa ekki úrræði til að bregðast við aðstæðum sem víða koma upp og skapa helst úlfúð um kerfið. Mér finnst því vera mikil skammsýni fólgin í þeirri afstöðu sem við höfum mátt hlýða á frá hagsmunasamtökum eins og LÍÚ og helstu sjómannasamtökunum. Ég verð að segja, herra forseti, að ég átta mig ekki alveg á því hvað vakir fyrir þeim, sérstaklega í ljósi þess að þessi hagsmunasamtök höfðu ekkert við málið að athuga í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Þau fjölluðu um áherslur stjórnmálaflokkanna í sjávarútvegsmálum eins og eðlilegt er, en sögðu ekki eitt orð um línuívilnun. Það var því ekki hægt að skilja þögn þeirra um það mál öðruvísi en þeir styddu það. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart hvernig hagsmunasamtök hafa brugðist við nú að afloknum kosningum.

[18:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom inn á það í seinni hluta ræðu sinnar að verið væri að skerða núverandi byggðakvóta alla vega í því formi sem þeir eru. Eins og frv. lítur nú út eru ákveðnir bátaflokkar úti og aflamarksbátarnir verða skertir og annað óréttlæti sem núv. frv. gengur út á. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann óttist ekki að það verði allsherjardeila innan báta- og strandveiðiflotans ef ekki verður þarna nein breyting á. Bæði hvað varðar línuívilnunina eins og hún er, þessar beitningarreglur og þessi skipting á árið og aðrar slíkar reglur sem maður sér ekki að lúti beint að hinum vistvæna hluta veiðanna, ef það eru rök í málinu á sú takmörkun sem þarna er sett inn í sjálfu sér lítið skylt við það.

Það verður einnig að horfa á stöðu dagabátana í þessu samhengi þó að þeir séu ekki hluti af frv. eins og það er lagt fram hér. Mun hv. þm., sem starfandi formaður sjútvn., beita sér fyrir því að málefni dagabátanna og krókaaflamarksbátanna verði tekin inn í umræðuna í sjútvn., að þeirra hlutur skerðist ekki sjálfkrafa vegna breytinga sem boðaðar eru í frv?

[18:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi málefni dagabátanna þá verður það mál rætt í nefndinni. Ég get fullvissað þingmanninn um að við munum gefa okkur tíma til að fara yfir það.

Í öðru lagi varðandi skerðingu á byggðakvóta, hvort um hana sé að ræða í frv., þá er það ekki alveg ljóst. Það er ekki víst að svo sé, en vegna þess að það er ekki alveg ljóst var settur við það ákveðinn fyrirvari af hálfu míns þingflokks við yfirferð málsins og það verður skoðað í nefndinni.

Ef við leggjum saman þau lagaákvæði sem á að fella brott og hafa að geyma sérstakar úthlutanir, þá eru það 1.500 tonn frá 1999 sem Byggðastofnun hefur ráðstafað, 2.300 tonn í krókaaflamarkskerfinu og síðan önnur 1.500 tonn sem eru inni í 9. gr. Ef við leggjum þetta saman þá eru þetta 5.300 tonn. Inni í 9. gr. eru 12.000 þorskígildistonn. Fyrst er ráðstafað til þess að mæta áföllum vegna aflabrests í einstökum tegundum og eftir því sem mig minnir, er ráðstafað í það *núna innan við 6.000 tonnum, 5.700 ef ég man rétt, með fyrirvara.* Miðað við það eru eftirstöðvarnar meiri eða svipaðar og það sem verið er að fella niður. Í sjálfu sér má því komast að þeirri niðurstöðu að þetta sé sambærilegt, a.m.k. miðað við síðustu tölur.

Varðandi beitninguna er ýmislegt í þeirri framkvæmd sem við skoðum í nefndinni en ég vek athygli á því að það er dálítið velt fyrir sér túlkun og menn hljóta auðvitað að skoða málefni þeirra sem ekki beinlínis beita í landi heldur leggja línu með trekt. Það er ekki alveg ljóst af frumvarpstextanum hvort slíkir bátar falla undir regluna eða ekki. Það er eitthvað sem við hljótum að skoða.

[18:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það væri afar nauðsynlegt að þetta frv. kæmi á skiljanlegu mannamáli fram því menn eru að reyna að lesa í það. Reyndur þingmaður eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er að velta fyrir sér hvað standi í frumvarpstextanum. Það er náttúrlega alveg óþolandi að hæstv. sjútvrh. skuli vera með þetta svona óljóst.

Það er heimild fyrir ákveðnu magni af byggðakvóta samanlagt þó að honum sé ekki öllum ráðstafað núna. Að bera saman tölur í frv. miðað við ráðstafaðan byggðakvóta er því ekki það sama og hver heimildin er nú, því mér sýnist fyrst og fremst verið að skerða heimildina. Er byggðakvótinn þá eðlilega nýttur í dag miðað við þær heimildir sem liggja fyrir?

Í lokin: Telur hv. þm. að skilyrði stjórnarsáttmálans séu uppfyllt með því að auka byggðakvótann eins og stendur skýrum stöfum í stjórnarsáttmálanum að skuli gera?

[18:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ekki skýr loforð um það í stjórnarsáttmálanum að auka byggðakvóta heldur er það tekið til athugunar hvort það skuli gert. Ég legg áherslu á það að þegar menn eru við þetta tækifæri að breyta lagaákvæðum um byggðakvóta að það leiði ekki til minnkunar. Það er alveg ljóst að það væri ekki í þeim anda sem stjórnarsáttmálinn er. Það þarf ekki að gera kröfu um það núna að byggðakvótinn verði aukinn eða það ákveðið hvort hann verði aukinn því að það er nóg eftir af kjörtímabilinu til þess að fara betur yfir það, ég teldi það því annað mál. Aðalatriðið er að við séum ekki að draga saman seglin í þessum efnum (**Gripið fram í:** Það er verið að því.) og hitt að við setjum skýrari reglur svo að við náum betri árangri með ráðstöfun þessa kvóta en við höfum gert og við erum alveg tilbúnir til þess að fara ofan í þá vinnu.

[18:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að forvitnast um það hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hvort hann sé sáttur við þessar breytingar, að demba öllum byggðakvótanum á 9. gr., inn í þau 12 þús. tonn sem þar eru og hann verði þar afgangsstærð. Þannig yrði það, samkvæmt þeim reglum sem þar gilda. Ef loðnuveiðarnar bregðast t.d. núna þá verður 9. gr. notuð til þess að bæta þar úr. Við vitum hvernig hörpudiskstofninn er og fleira getur komið til en þetta. Þannig er ekki á vísan að róa í þessu máli.

Auk þess skal öllu vísað heim til ráðherrans og nú er allt í einu sá maður sem mest hefur talað gegn byggðakvóta, hæstv. sjútvrh., að verða byggðakvótamálaráðherra ríkisstjórnarinnar. Mér finnast það heldur skrýtin skipti.

Síðan langar mig að heyra frá hv. þm. hvernig honum líst á ákvæðin um þorskinn, að þarna skuli vera ólympískar veiðar á þorskinum. Ég sé ekki annað en það verði hið versta fyrirbrigði eigi að standa þannig að málum.

Í þriðja lagi langar mig að segja um skerðingu krókaaflabátanna að mér finnst ekki ásættanlegt að menn komi núna, þegar menn hafa gert ráð fyrir þessu og þetta verið í lögum, og kasti þessu út. Ég átta mig ekki nákvæmlega á því með hvaða hætti það kemur út fyrir þau byggðarlög sem þar eiga hlut að máli.

[18:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það geti alveg rúmast að hafa öll ákvæði um byggðakvóta innan sömu greinarinnar. Það er að sumu leyti framför í því að setja þau inn í 9. gr. í stað þess að hafa þau í bráðabirgðaákvæðum, þá eru þau ákvæði orðin miklu varanlegri. Það er í sjálfu sér ekkert við það að athuga að færa ákvæðin inn í 9. gr.

Það sem ég legg áherslu á er að við þessu breytingu gæti menn þess að ekki sé verið að minnka þá kvóta sem við höfum haft þannig að breytingin sé ekki til þess að draga saman seglin í þessum efnum.

Ég legg líka áherslu á að við gætum þess við þessa breytingu að raska ekki högum í einstökum byggðarlögum sem hafa treyst mjög á byggðakvóta. Ég get nefnt staði eins og Breiðdalsvík, Bíldudal eða Þingeyri. Þó að menn viti að byggðakvóta sé ekki úthlutað nema til takmarkaðs tíma, fimm ára, eins og þarna var, ég get nefnt Hofsós og fleiri staði, þá verðum við að gæta þess að kippa ekki fótunum undan því atvinnulífi sem er á þessum stöðum. Menn verða að geta gengið út frá því sem vísu að þeir geti búið við svipaðar aðstæður áfram og verið hafa, a.m.k. getur það ekki verið markmið breytinganna að slá undan mönnum fæturna í þessum veiku byggðarlögum.

Hvað varðar ákvæðið um þorskinn þá verð ég að viðurkenna að ég hefði talið betra að hafa ekki hámarksákvæði og að þetta væri bara eins og í ýsunni og steinbítnum. Það er hlutur sem við munum ræða en í svona máli eru auðvitað mörg sjónarmið. Menn þurfa að ná sameiginlegri niðurstöðu þannig að oft er sameiginleg niðurstaða öðruvísi en maður gæti hugsað sér. Ég mun a.m.k. fylgja því eftir í gegnum þingið að þetta ákvæði nái fram að ganga, fremur en að ekkert ákvæði geri það.

[18:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hv. þm. gleypti nú greinilega öngulinn. Hann vildi þetta frekar en ekkert.

Hv. þm. sagði að það væri að sumu leyti framför að fara með þetta inn í 9. gr. Ég vil bara benda á að grunnur 9. gr. er þannig að ef eitthvað verulegt kemur upp á hvað varðar veiðar úr einstökum tegundum þá geta allar aflaheimildir í 9. gr. bara gufað upp. Þá eru menn ekki vel staddir með þá hluti sem þarna eru.

Síðan langaði mig til þess að spyrja um þessa tegundatilfærslu. Mér finnst undarlegt að sá draugur skuli dúkka upp í þessu máli. Er hv. þm. sáttur við að menn fari aftur að auka þar við?

[18:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Ég tek alveg undir það hjá hv. þm., og á því vakti ég athygli í minni ræðu, að eins og 9. gr. er og gert er ráð fyrir að hún verði eftir breytinguna er meginþunginn á að bregðast við samdrætti í afla einstakra tegunda. Þess vegna lagði ég áherslu á að við skoðuðum þetta mál með því hugarfari að draga ekki saman það magn sem ætlað er til byggðakvótaaðgerða. Það verður auðvitað að tryggja að þar sé ekki verið að draga saman seglin.

Hvað varðar tegundatilfærsluna þá hef ég ekki skoðað það nægilega mikið til að ég geti gefið afdráttarlaust álit á því. Við munum skoða það í nefndinni. Ég vonast til að við getum sameinast um að gera það vandlega og tryggja að þar verði engar þær breytingar sem ekki eru æskilegar.

[18:37]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að hann vék ekki að þeirri staðreynd að línuívilnunin í frv. hæstv. sjútvrh. Árna M. Mathiesens nær ekki til línubáta sem róa með svokallaða trekt. Okkur er kunnugt um að línutrillur sem róa með trekt skapa jafnmikla atvinnu í landi og bátar þar sem beitt er í landi, balarnir.

Því spyr ég hv. þm. Kristin H. Gunnarsson: Er hér um yfirsjón að ræða við frumvarpsgerðina þar sem þetta hreinlega gleymdist? Ef ekki, hver er þá ástæðan fyrir því að frv. nær ekki til trektarbátanna?

[18:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal svo sem ekki segja hvað fyrir mönnum vakti þegar þeir sömdu frv. Ég kom ekki að því.

En frumvarpstextinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða úr höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð."

Mér finnst ekki alveg ljóst hvort þetta rúmar þá báta sem gera út með svokallaðri trekt eða ekki. Það er nokkuð sem við verðum að ræða og kynna okkur í nefndinni og fara yfir með ráðuneytinu. En ég vek athygli á því að samþykktir flokkanna sem standa að því að leggja málið fram eru annars vegar hjá Sjálfstfl. þannig að línuívilnun nái til dagróðrabáta og hins vegar hjá Framsfl., að hún nái hún til báta sem róa með línu sem beitt er í landi eða stokkuð upp þar.

Ef við því skiljum þennan texta þannig að þetta nái ekki til báta með trekt þá er frumvarpstextinn þrengri en báðar samþykktirnar. Ég tel að það vaki varla fyrir mönnum þannig að mér finnst líklegt að textinn eigi að skiljast þannig að hann rúmi þá báta sem róa með trekt.

En við munum ganga úr skugga um þetta í nefndarstarfinu.

[18:40]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki betur séð í umræddu frv. en að í b-lið 3. gr. þess sé talað um línuveiðar dagróðrabáta sem beita línu í landi. Með öðrum orðum stendur hér skýrt í þessu frv. að einungis sé átt við báta þar sem línan er beitt í landi. Það fer ekkert á milli mála.

Því þætti mér afskaplega vænt um það ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gæti svarað mér því af hverju hæstv. sjútvrh. kemur fram með frv. sem einungis tekur til dagróðrabáta sem stunda veiðar á línu sem beitt er í landi.

[18:41]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sjútvrh. á þskj. 594, um breytingar á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Þetta er í raun annað frv. sem hæstv. sjútvrh. leggur nú fram um breytingar á þessum sömu lögum. Frumvarpið hefur verið kynnt sem svokallað línuívilnunarfrumvarp en línuívilnun, til hluta dagróðrabáta, er einungis lítill hluti af efni frv. Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. kynnti málið í framsögu sinni þannig að meginhluti frv. væri línuívilnun. En þegar maður fer yfir þetta og les frv. eins og það liggur fyrir er línuívilnun varla meginhluti frv.

Það hefur verið mikið rætt um línuívilnun frá því að stjórnarflokkarnir lögðu á hana áherslu og lofuðu henni í kosningum í vor. Þó að þingið hafi staðið vel á þriðja mánuð þá hefur ekkert bólað á efndum þessa kosningaloforðs fyrr en nú.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hæstv. sjútvrh. hefur ekki verið fylgjandi ívilnun til dagróðrabáta með línu og í raun dregið lappirnar í að efna þetta kosningaloforð sem margir halda þó fram að hafi fleytt stjórnarflokkunum áfram til stjórnarsetu að afloknum síðustu kosningum.

Öll munum við viðtöl við hæstv. ráðherra þar sem hann hefur sagt að ekkert liggi á að efna þetta kosningaloforð og við mættum vænta frv. um málið á næsta ári. Það er reyndar undarlegt með flest kosningaloforða stjórnarflokkanna. Það virðist frekar regla en undantekning að efna þau ekki. Menn draga alla vega lappirnar við að efna þau. Nægir þar að nefna samninginn við öryrkjana, lækkun skatta og Héðinsfjarðargöng, svo eitthvað sé nefnt.

Nú er loks komið fram frv., eftir að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sitjandi formaður sjútvn., lagði fram brtt. við frv. um Verkefnasjóð sjávarútvegsins, sem ráðherra setti fram fyrir nokkru og ég ræddi um áðan. Það er pínlegt að horfa á hæstv. ráðherra halda því fram að tillögur þingmannsins um tilhögun á línuívilnun í sjútvn. hafi ekkert að segja eða gera með frv. sem nú kemur frá ráðherra. Allir sem fylgst hafa með málinu vita að eftir að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram tillögur sínar og ýmsir stjórnarliðar lýstu við þær stuðningi eða jákvæðu hugarfari var ekki um annað að ræða fyrir hæstv. ráðherra en að kasta fram frv. í talsvert breyttri mynd frá tillögum þingmannsins um sama efni. Frumvarp ráðherrans fjallar, eins og áður sagði, að hluta um línuívilnun en ekki síður um svokallaðan byggðakvóta og tegundatilfærslu í kvóta.

Ég minnist þess ekki að frambjóðendur stjórnarflokkanna hafi í kosningabaráttunni spyrt saman loforð sín um línuívilnun og byggðakvóta. Því kemur á óvart að sjá þessi óskyldu atriði spyrt saman í frv. ráðherrans en er þó í anda þess sem hann hefur sagt eftir kosningar.

Ég held að öllum sem fylgst hafa með málinu sé ljóst að hæstv. sjútvrh. leggur fram frv. í einhvers konar nauðvörn gagnvart þeim tillögum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram í sjútvn. Kjósendur hljóta að sjá þetta, þeir eru ekki fávitar og það eru hv. þm. ekki heldur. Það er þó talsvert mikill munur á tillögunum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram í sjútvn. og frv. hæstv. sjútvrh.

Hér hefur ekki verið spurt um leynisamkomulag sem talað hefur verið um í fjölmiðlum varðandi ísprósentu, að ástæðan fyrir því að talað er um 16% línuívilnun núna en ekki 20% sé að einhvers konar samkomulag sé í gangi sem ekki sé búið að segja frá um að ísprósenta í afla sem landað er af dagróðrabátum megi fara úr 3% í 7% og þannig sjái menn fyrir sér að einhvern veginn verði þessi ívilnun meiri.

En lítum aðeins á efnisatriði frv. Hér leggur hæstv. ráðherra í raun til enn einar sértæku aðgerðirnar í úthlutun aflaheimilda úr okkar sameiginlegu auðlind. Tillögur hans ganga klárt og kvitt út á það að taka frá aflaheimildir til að mæta þeirri ívilnun sem hann leggur til og minnka þannig þann pott sem eftir verður til almennrar úthlutunar eins og núverandi lög um stjórn fiskveiða gera ráð fyrir. Það er nokkuð erfitt að sjá hvernig tillögur ráðherrans nú samræmast þeim málflutningi sem hann og helstu stuðningsmenn núverandi kvótakerfis hafa haft uppi um að leikreglur verði að vera skýrar, það sama eigi að gilda fyrir alla og ekki megi hræra í kerfinu með sífelldum breytingum á lagaramma sem unnið væri eftir. Og höfum í huga að fram eru komin tvö frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða á þessum tæpu þremur mánuðum sem þing hefur setið eftir kosningar.

Í raun er þetta ekkert nýtt. Fiskveiðistjórnarkerfið tekur sífelldum breytingum. Það er sífellt verið að plástra og bæta þannig að í raun er þetta farið að minna mann á sjóstakk sem er bæði rifinn og götóttur og reynt að tjasla saman með garni eða líma bætur yfir það versta en þeim sem í honum er og er á sjónum líður bölvanlega í honum vegna þess að hann er illa blautur og stakkurinn nær ekki að sinna því hlutverki sem hann er gerður fyrir.

2. gr. í frv. eins og það liggur fyrir, byggðakvóti. Hann dúkkar allt í einu upp í frv. um línuívilnun. Maður veltir

fyrir sér hvort hæstv. ráðherra hafi hugsað sem svo þegar hann sat niðri í ráðuneyti og sá fram á að hann yrði að leggja fram frv. um línuívilnun að kannski væri eins gott að henda þessu fram með byggðakvótann líka. Byggðakvótinn færi væntanlega í taugarnar á framsóknarmönnum og það væri kannski rétt bara að henda honum þarna inn líka og sjá til hvernig færi ef honum væri blandað saman við þessa línuívilnun sem hæstv. ráðherra hefur ekki verið hrifinn af frá því að hún var samþykkt á landsfundi Sjálfstfl.

Samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru hefur ráðherra 12 þús. tonn af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta sérstökum áföllum. Þetta er í 9. gr. laganna og nú er verið að leggja til að innan þessara 12 þús. tonna verði allur byggðakvótinn. Þetta hefur verið þannig að af 12 þús. þorskígildistonnum hafa 1.500 tonn verið eyrnamerkt til að úthluta í samráði við Byggðastofnun til stuðnings byggðum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, eins og það er orðað.

Frv. hæstv. sjútvrh. breytir þessu með þeim hætti að hann má nota allt það sem ekki verður notað af 12 þús. tonna ígildunum til að mæta verulegum breytingum á aflamarki einstakra tegunda til stuðnings byggðum í vandræðum. Heimildin er því útvíkkuð talsvert og einnig gerð breyting á þeim ástæðum sem kallað geta á úthlutun.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði í framsögu sinni að eftir af þessum 12 þús. tonnum nú fyrir þetta fiskveiðiár væru 6.200 tonn. Það vekur athygli mína að lögin taka að mestu leyti gildi 1. september á næsta ári og því er ekki óeðlilegt að spurt sé, úr því að 6.200 tonn eru eftir af þessum 12 þús. tonnum og hefur ekki verið úthlutað til þess sem lögin hafa heimilað hingað til, hvort hæstv. ráðherra hafi hugsað sér að taka þess 6.200 tonn, eða hluta af þeim, og deila út á þessu fiskveiðiári eða hvort þau bíði fram til 1. september, jafnvel verði ekki hróflað við þeim og þau verði eftir þegar fiskveiðiárinu lýkur.

Í frv. ráðherra segir, með leyfi forseta, að ráðherra geti „ákveðið að eftirstöðvum aflaheimilda, sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl., eða hluta þeirra, verði ráðstafað í samráði við Byggðastofnun til stuðnings byggðarlögum þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski.

b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum."

Nú veltir maður fyrir sér, virðulegi forseti, hvort þetta orðalag sé nægilega skýrt í frv. eins og það liggur fyrir. Við vitum öll hvernig svokölluðum ráðherrakvóta hefur verið deilt út um landið. Ég þarf ekki að fara lengra en í Vatnsleysustrandarhrepp þar sem ég bý, sveitarfélag sem að mestu leyti uppfyllir þau skilyrði sem sett voru fyrir því að fá hluta af þessum kvóta en vegna þess að Vatnsleysustrandarhreppur er utan byggðakorts Evrópusambandsins kemur hann ekki til greina og fær ekki úthlutað. Nú vill svo til að Gerðahreppur og Sandgerði eru líka á þessu sama svæði og eru þar af leiðandi utan þessa byggðakorts Evrópusambandsins en þrátt fyrir það fá þau byggðakvóta. Þegar spurt hefur verið eftir hefur ekki verið neitt um svör. Annars vegar er byggðakortið notað til að segja að þrátt fyrir að sveitarfélagið, eða útgerðir þar, uppfylli skilyrði fá þau ekki byggðakvóta og hins vegar er sagt að byggðakortið skipti engu máli úr því að „mér finnst" þessi sveitarfélög þurfa á byggðakvóta að halda.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í tegundatilfærsluna. Hér er verið að rýmka þær heimildir til tegundatilfærslu innan tegunda talsvert frá því sem verið hefur. Ég held að ég hafi skilið hæstv. ráðherra rétt þegar hann sagði að þetta gæti þó aldrei orðið meira en 5%, eins og stendur í lögunum í dag um heildartilfærslu, en það mætti vaxa úr 2% innan tegundar eins og það er núna upp í þá 5% eins og það er fyrir allar tegundir í samsettum kvóta.

Ég hef reyndar aldrei skilið, frekar en hv. þm. Jóhann Ársælsson, hvernig í ósköpunum það getur verið í lagi í því kerfi sem við búum við að veiða eina fisktegund og setja til þess kvóta af annarri fisktegund. Okkur hefur verið sagt að þessi vísindi sem fiskveiðistjórnarkerfi okkar byggir á séu þó það nákvæm að það skipti máli hvort það séu þúsund tonn til eða frá í tegund. Þess vegna getur maður ómögulega skilið, eins og núna þegar nóg er til af ýsukvóta, að það megi breyta honum í talsvert stórum stíl, og í meiri stíl en áður, yfir í karfa, yfir í steinbít eða yfir í aðrar tegundir þar sem kvóti dugir ekki fyrir þeirri veiði sem menn sjá fram á.

Síðan komum við að 3. gr. Þá erum við loksins komin að svokallaðri línuívilnun. Hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir því í frv. sínu að dagróðrabátar sem beita línu í landi og landa afla innan 24 klukkustunda frá upphafi veiðiferðar megi landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Vegna þeirrar spurningar sem kom fram áðan frá hv. þm. Gunnari Örlygssyni varðandi 3. gr. frv., hvort það eigi eingöngu við um báta sem beita línu í landi, sé ég ekki betur en það standi skýrum stöfum í frv. og óska eftir því að hæstv. ráðherra svari okkur því hvort það sé ekki réttur skilningur að hér sé eingöngu verið að tala um báta sem beita línu í landi og fara með balana þannig um borð en ekki um trektarbáta sem svo eru kallaðir.

Í þessu frv. er sett þak á þorskinn þannig að til þessarar línuívilnunar er ráðstafað 3.375 lestum af óslægðum þorski. Það er rétt að vekja athygli á því að leiguverðmæti þessa afla á kvótaleigumarkaði — ég leitaði mér upplýsinga um það í morgun — eru um 405 millj. kr., þ.e. rétturinn bara til að sækja þessi kíló af þorski einu sinni úr hafinu. Varanlegt verðmæti þessara tonna sem þarna um ræðir er rúmir 4 milljarðar kr. Við erum ekkert að tala um litla hagsmuni þar sem eru 3.375 tonn af þorski. Þetta eru miklar fjárupphæðir sem hæstv. ráðherra gerir tillögu um að notaðar verði til sértækra aðgerða til styrktar einu takmörkuðu formi útgerðar. Lái mér hver sem vill þó að ég standi hér undrandi eftir að hafa hlustað á messur um að ekki megi vera með mikið af sértækum aðgerðum eða hygla einum útgerðarmanni eða bátaformi umfram annað.

Það er ekki gert ráð fyrir því að þak sé sett á tonnafjölda í ýsu og steinbít en ráðherra heldur þó þeim möguleika opnum í frv. sínu. Það er því svolítið erfitt að leggja heildarmat á verðmæti þeirra aflaheimilda sem hér um ræðir en vænta má að þetta leiguverðmæti sé vart undir 600 millj. kr. á ári, eins og það liggur fyrir í frv. ráðherrans. Það er í raun sá árlegi styrkur sem ráðherra leggur til að þeir línubátar fái sem beita í landi og stunda dagróðra. Þá erum við bara að tala um línubátana sem beita línuna í landi en ekki trektarbátana.

Síðan hefur komið fram í umræðunni og það er alveg rétt, virðulegi forseti, að frv. gerir ráð fyrir að skipta árinu í fjögur tímabil, skipta ívilnun í þorski á þessi tímabil í ljósi reynslunnar. Það er alveg ljóst að það fyrirkomulag sem þarna er

lagt til mun leiða til keppnisveiða. Allir sem vettlingi geta valdið og fallið geta að reglu ráðherra munu hefja kapphlaup um þau verðmæti sem þarna eru í boði. 405 millj. í leigu á kvóta eru ekkert litlir peningar. Það er ekki nema eðlilegt að þetta gerist því að það er akkúrat það sem hæstv. ráðherra er að bjóða upp á.

Eigendur og útgerðarmenn stærri báta munu skoða í fullri alvöru hvort vænlegt geti verið að taka þátt í þessu kapphlaupi og því mun reynslan aftur í tímann hafa lítið að segja um hvernig þessum veiðum verður háttað ef frv. hæstv. ráðherra verður að lögum.

Ég hugsa til þess með talsverðum kvíða ef raunin verður sú að þetta verði kapphlaup milli stærri og smærri báta, sérstaklega í skammdeginu þegar allra veðra er von. Ég skil satt að segja ekki hvernig ráðherranum dettur í hug að ætla að bjóða upp á þetta form af ólympískum veiðum eins og útgerðarmenn hafa kallað það svo oft þegar talað er um einhvers konar sókn. Það er í algjörri andstöðu við allt það sem hæstv. ráðherra hefur sagt áður um stjórn fiskveiða.

Varðandi 4. gr. er ráðherrann að leggja til að svokallaður byggðastofnunarkvóti verði lagður af á tveimur árum, minnki fyrst um helming og eyðist síðan alveg út. Línuívilnun sem lögð er til í frv. á síðan að taka gildi 1. september á næsta ári í þorski, en í ýsu og steinbít þann 1. febrúar. Ég lýsi satt að segja undrun minni á því ef ráðherra ætlar þinginu að afgreiða þetta mál á örfáum dögum, eins og mér sýnist raunin. Þetta mál hlýtur að vera stærra og vandasamara en svo að hægt sé að skófla því í gegnum þingið með þeim hætti sem í stefnir og væri í raun öllum sem mundu afgreiða það þannig til vansa. Málið fer nú til sjútvn. þar sem ég vona að það fái vandaða málsmeðferð. En ég sé ekki betur en að hér séu í raun lögin öll um stjórn fiskveiða undir þegar málið kemur til kasta sjútvn. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur gefið upp boltann með það með brtt. sinni við frv. um breytingu á stjórn fiskveiða sem varðaði Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Ég get því engan veginn útilokað það þegar málið gengur til sjútvn. að fram komi brtt. við fleiri greinar í þessum lögum en hér er lagt til. Miðað við hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig hlýtur að vera bæði eðlilegt og sjálfsagt að menn noti tækifærið fyrst búið er að opna lögin um stjórn fiskveiða og skoði hvort ekki sé með einum eða öðrum hætti hægt að gera þau sanngjarnari, réttlátari og þannig úr garði að þau mismuni ekki íbúum á Íslandi eftir því hvort þeir voru í útgerð á ákveðnu tímabili, hvort þeir hafi átt feður sem voru í útgerð á ákveðnu tímabili eða af öðrum undarlegum ástæðum.

[19:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín tveimur spurningum. Önnur var um hvort ég hygðist ráðstafa því sem hann kallaði óráðstafaðan hluta af 12 þús. tonnunum í 9. gr. laganna á þessu fiskveiðiári. Því er til að svara að því sem ekki var notað vegna fyrirsjáanlegs aflasamdráttar var úthlutað á önnur skip eftir aflahlutdeild þeirra. Því sem eftir var hefur þegar verið ráðstafað á þessu fiskveiðiári.

Síðan spurði hann hvort ívilnunin tæki einungis til báta sem beittu í landi. Því er til að svara: Já, þetta tekur einungis til dagróðrabáta sem beita í landi og taka línuna beitta um borð. Nokkrar mismunandi aðferðir eru notaðar við að beita úti á sjó og er ekki um það að ræða að ívilnunin gildi um þær aðferðir.

Það kom mér svolítið á óvart í ræðu hv. þm. hversu gagnrýninn hann var á tegundatilfærsluna. Eitt af því sem talið hefur verið skipta máli í fiskveiðistjórnarkerfi eins og við erum með er að fyrir hendi sé tiltekinn sveigjanleiki. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég tel að skipti máli. Það hefur verið skýrt hvers vegna það er inni í frv. en hv. þm. og reyndar fleiri þingmenn hafa kosið að líta fram hjá því, þ.e. varðandi keiluna og lönguna.

Enn einn hv. þm. Samf. hefur komið hér í ræðustól og ég er enn ekki algjörlega viss um afstöðu Samf. í málinu. Ég verð að segja það, herra forseti.

[19:02]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af síðustu ummælum hæstv. sjútvrh. þá vill þannig til að í síðustu viku þegar þingmenn Sjálfstfl. voru spurðir að því hvort þeir væru fylgjandi línuívilnun þá gat enginn þeirra svarað. Það var vegna þess að fram var komin hugmynd frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um línuívilnun. Þeir gátu ekki svarað því, ekki einu sinni hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.)

Núna þegar þeir eru spurðir að því hvort þeir séu fylgjandi línuívilnun þá svara þeir nánast allir sem einn að þeir séu það, eftir að frv. ráðherrans kom fram. Það virðist því gerast í fleiri flokkum en Samf. að menn velti fyrir sér hvort þeir styðji línuívilnun eða ekki. (**Sjútvrh.:** Þið eruð sem sagt að velta þessu fyrir ykkur.)

Varðandi 6.200 tonnin sem ráðherra talaði um að ekki hefðu farið til skipa sem misst hefðu aflahlutdeild og væri búið að úthluta nú á önnur skip þá hlýtur maður að velta fyrir sér: Þegar byggðakvótinn er kominn inn í þessi 12 þús. tonn, verður þá eitthvert þak á honum? Ef til þess kemur að verulegur aflabrestur verði t.d. í kolmunna og þarf að úthluta einhverju af þessum 12 þús. tonnum, gengur það þá á byggðakvótann þannig að hann geti í sjálfu sér orðið enginn? Eða á hinn veginn: Ef ekki þarf að úthluta mikið úr þessum 12 þús. tonnum, verður þá hægt að úthluta 6 þús., 7 þús., 8 þús. eða 9 þús. tonnum í byggðakvóta? Við hljótum að þurfa að fá svör við því.

Það eru komin svör frá ráðherranum um beitninguna í landi og þarf ekki að hafa mörg orð um það. En varðandi það sem hann sagði um tegundatilfærsluna þá er ég sammála hæstv. ráðherra um að það þarf, miðað við kerfið sem nú er, einhverja tegundatilfærslu. En 2%, eins og hún hefur verið í ákveðinni tegund, held ég að sé kappnóg og algjör óþarfi að auka hana frá því sem nú er.

[19:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að heyra skoðun hv. þm. á tegundatilfærslunni og á því að 2% væru kappnóg. Það gæti verið áhugavert fyrir einhverja af kjósendum hans í Suðurk. að heyra það.

Það hefur hins vegar legið ljóst fyrir hvað mig varðar og að ég held gervallan þingflokk Sjálfstfl. að Sjálfstfl. mundi standa að línuívilnun frá því að hún var samþykkt á landsfundi flokksins eins og nefnt hefur verið hér nokkrum sinnum í umræðunni. (**Gripið fram í:** Í haust.) Nei, sl. vetur í mars, hv. þm.

Hins vegar er athyglisvert að velta fyrir sér spurningum hv. þm. um hvernig eigi að ráðstafa 12 þús. tonnunum ef þessar aðstæðurnar eða hinar kæmu upp. Ég minnist þess að fyrrum leiðtogi lífs hv. þm., Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrv. formaður Alþfl., sagði a.m.k. einu sinni og sennilega

hefur hann sagt það oftar, að maður eigi aldrei að svara ef-spurningum. Þessar spurningar eru ef-spurningar og eru það flóknar að það er engin leið að svara þeim hér og því hvernig þetta verður gert. Þó er hægt að segja að það verður reynt að fara með þessar heimildir af ábyrgð þannig að þær nýtist þeim sem þær eiga að nýtast og jafnframt samfélaginu öllu. Það á ekki að mismuna, eins og gefið hefur verið í skyn að gert hafi verið. Tilgangur þessa frv. er að gera ráðstöfun þessara aflaheimilda markvissari til að þær nái betur þeim tilgangi sem þeim er ætlað að ná.

[19:06]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. er nánast vorkunn að standa hér og tala fyrir línuívilnun eins og hann þarf að gera.

Hann sagði að Sjálfstfl. stæði allur að því að samþykkja línuívilnun og þá veltir maður fyrir sér spurningunni: Hvaða línuívilnun? Nú á þetta frv. eftir að fara til sjútvn. Ég heyrði ekki betur en starfandi formaður sjútvn. boðaði að hann mundi koma með talsvert viðamiklar brtt. við þetta frv. í nefndinni. Sem dæmi má nefna að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði að menn hlytu að ræða í nefndinni hvort við færum að velta fyrir okkur dagabátunum og hvort gólf yrði sett í þetta, með 23 daga. Það er ekki í frv. ráðherrans.

Það eru fleiri atriði sem hv. starfandi formaður sjútvn. nefndi í ræðu sinni, t.d. trektarbátana. Hann taldi, ef ég man rétt, að það væri nánast víst að í frv. væri bæði gert ráð fyrir bátum sem beittu í landi og eins smábátunum með trektirnar.

Nú hefur hæstv. ráðherra svarað því hreint út að um það sé ekki að ræða. Textinn, eins og hann stendur í frv., nær eingöngu til báta sem beita í landi. Munu sjálfstæðismenn styðja það þegar fram kemur brtt. í sjútvn. að þetta gildi um trektarbátana líka?

Svona gætum við haldið áfram talsvert lengur vegna þess að línuívilnun framsóknarmanna og línuívilnun sjálfstæðismannanna er hvor sín línuívilnunin. Þegar spurt er hvort menn styðji þetta eða styðji þetta ekki þá fer það alveg eftir því hvort spurt er um línuívilnun framsóknarmanna eða línuívilnun sjálfstæðismanna.

[19:08]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 418. mál, brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 632.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 312. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 619.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál, nál. iðnn., þskj. 626.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 254. mál, nál. sjútvn., þskj. 628; brtt. sjútvn., þskj. 629.

Íslenski állinn, 437. mál, fsp. ÖS, þskj. 607.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 446. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 630.

Rannsóknir og veiðar á háfum, 436. mál, fsp. ÖS, þskj. 606.

Stjórn fiskveiða, 255. mál, nál. sjútvn., þskj. 627.

Tekjuskattur og eignarskattur, 445. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 625.

[Fundarhlé. — 19:09]

[19:43]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um frv. um línuívilnun sem virðist fara fyrir brjóstið á mörgum og margir vera áhyggjufullir út af. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa miklar áhyggjur af þessu máli. Þetta er hámark 3.300 tonn af þorski, steinbít og ýsu. Mér sýnist ýsukvótinn vera það mikill í ár að það sé ólíklegt að hann verði allur veiddur. Ekki kannski út af því að ekki sé hægt að veiða hann heldur er verð á ýsu mjög lágt og í sögulegu lágmarki og þess vegna þarf ekki að reikna með því að menn leggi sig mikið eftir því að veiða ýsukvótann, enda er ýsuveiði út um allan heim, Norðmenn, Færeyingar, Danir í Norðursjónum og víðar eru að veiða mikið af ýsu. Sama má segja um steinbítinn, það er ekki líklegt að kvótinn í honum náist á árinu.

Mér finnst menn hafa of miklar áhyggjur af þessu, ég tala nú ekki um í ljósi þess að verið er að skerða byggðastofnunarkvóta úr 1.500 tonnum niður í 750 sem kemur á móti þessu, plús auðvitað 16% ef hann er veiddur á línu. Síðan er verið að skerða dagabáta úr 21 degi niður í 19 sem ætla má að þýði samdrátt í veiðum hjá þeim upp á um 1.500 tonn þannig að það er ekki mikið sem vantar upp á að það sé búið að núlla þetta. Síðan eru stórir bátar sem koma hugsanlega til með að veiða eitthvað af þessum afla, þ.e. skip sem eru á aflamarki og það má reikna með því að þau veiði eitthvað af þessum kvóta þannig að þeir sem eru að verja aflamarkskerfið sitt þurfa ekki að mínu mati að hafa miklar áhyggjur. Ég sé ekki að það fjölgi mikið atvinnutækifærum á Bolungarvík og ef það verður, þá mun það bitna á Þingeyri og stöðum sem hafa fengið byggðakvóta.

Það sem er furðulegt í þessu frv. er að bátar með trekt eiga ekki að vera inni í þessari línuívilnun og maður veltir vöngum yfir því hvers vegna það er. Það er stór hluti af bátum sem notar trekt og stokkar upp í landi þannig að ýmislegt er sérkennilegt við þessa framsetningu í frv.

Ég spyr: Hvenær á að nota ráðherrakvóta eins og atvinnuástand er á Suðurnesjum? Þegar um 6.000 tonn í ráðherrakvóta eru ónotuð spyr maður: Hvað þarf að gerast svo ástæða sé til að nota ráðherrakvótann þegar 500–600 manns eru komnir á atvinnuleysisskrá og fjölgar ört? Ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að nota þennan kvóta á svæðum eins og Suðurnesjum þegar staðan er svona.

Framsókn lofaði því að auka byggðakvóta. Þetta er náttúrlega þeirra stíll, virðist vera, eftir kosningar að þeir svíkja hvert kosningaloforðið á fætur öðru.

Það er eitt sem ég tók eftir sem ekki hefur verið talað um hérna og það er að verið er að tengja þetta við tilkynningarskyldu skipa. Öryggismál sjómanna hafa verið með þeim hætti að sjálfvirk tilkynningarskylda hefur verið tekin í gagnið á mörgum skipum. Nú á að fara að nota það til veiðieftirlits og það er hlutur sem ég er mjög ósáttur við og tel ekki vera af því góða og muni jafnvel leiða til einhvers konar misnotkunar á tilkynningarskyldunni.

Það sem er hættulegast við þetta frv. að mínu mati er tegundatilfærslan, 5% af heildaraflaverðmæti, sem á bara að vera 5% af heildarþoskígildismagni sem hvert skip er búið að veiða á hverjum tíma. Að fara með það úr 2% upp í 5% og gera það í skjóli þess að menn þurfa að geta breytt í löngu og keilu, er auðvitað fáránlegt því að þetta þýðir einfaldlega það að skip sem veiðir 4.000 þorskígildistonn hefur breytingarétt upp á 5%, talað er um að þeir geti t.d. leigt inn á sig 200 tonn af ýsu og breytt því í 400 tonn af karfa, svo gott sem. Það gefur augaleið, þegar menn eru að tala um ábyrga fiskveiðistefnu og eitthvað í þeim dúr, að það er náttúrlega ekki rétta leiðin fyrir utan það að ef 10 skip

gera þetta þá erum við komin í 4 þúsund tonn og ef 40 skip gera þetta þá erum við komin í fjórum sinnum það.

Það sem ég hef áhyggjur af er fiskveiðistefnan eða stjórnin sem við búum við í dag, að færa 500 milljarða fáum útvöldum í gjöf, að afhenda fáum útvöldum allan fiskinn í sjónum hringinn í kringum Ísland, það er hættulegt. Og það er það sem byggðirnar í þessu landi líða fyrir í dag og fólkið sem í þeim býr. Það er hlutur sem þarf að hafa áhyggjur af. Þetta er stærsti ríkisstyrkur sem veittur hefur verið á byggðu bóli, að afhenda einni atvinnugrein 500 milljarða, og svo horfum við upp á það að skuldir sjávarútvegsins hafa aldrei verið meiri en þær eru í dag, 220–230 milljarðar, og ástand á fiskstofnunum er langt frá því að vera viðunandi samkvæmt því sem Hafrannsóknastofnun heldur fram.

Við í Frjálslynda flokknum höfum ekki mælt með línuívilnun. Við höfum viljað taka út aukategundir. Við höfum viljað taka keilu og löngu út úr kvóta, skötusel og helst ýsu og ufsa líka. Það væri allt í lagi, það væri engin hætta, það gerðist ekkert alvarlegt við það. Við höfum líka viljað breyta því sem snýr að veiðum og vinnslu. Við höfum viljað aðskilja veiðar og vinnslu og ég held að það væri líka búbót fyrir byggðir landsins ef það væri gert, og að þeim væri tryggður aðgangur að hráefni sem fá hæsta verð á mörkuðum erlendis. Og auðvitað viljum við að allur fiskur fari í gegnum fiskmarkað. Þetta er það sem við höfum viljað en því miður sýnist manni að þetta frv. verði engin lausn og sé engin lausn til eins eða neins.

[19:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki að ástæðulausu sem hv. þm. Grétar Mar Jónsson hefur áhyggjur af því að tegundatilfærslan færist of mikið yfir í eina tegund og í þessu tilfelli, eins og hann talar um, karfann því það hefur gerst áður. Og það er alls ekki meiningin með því að fá þessa heimild til að lyfta takmarkinu af tilteknum tegundum að breyta þessu í karfanum. Hugsunin á bak við það er sú staða sem komin er upp í löngu og keilu. Við það að hún var sett í kvóta, hefur orðið ákveðin verndun þar og það verður til þess að hún fer að gefa sig betur og hún er að veiðast heldur skár á línu en áður var og þess vegna koma upp svona vandamál. Þess vegna þurfum við að hafa sveigjanleika í kerfinu og þetta er gert til þess að hægt sé að mæta slíkum aðstæðum sem upp koma þegar stofnar eru að ná sér betur á strik og kvótarnir verða þá tímabundið í ósamræmi við það hvernig tegundin er að gera sig í veiðinni.

[19:52]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur aldrei verið meira brottkast á keilu og löngu en einmitt núna eftir að þetta var sett í kvóta og það getur vel verið að þetta lini þær þjáningar að einhverjum hluta en þetta á við og verður sjálfsagt í öðrum tegundum líka. Það er ekki hægt að vera með sína aðferðina á hvorri tegundinni. En ég veit reyndar ekki hvernig ráðherrann ætlar að útfæra það. Það hefur ekki komið fram.

En það sem við erum að velta okkur upp úr og það sem við höfum áhyggjur af — veiðimagnið er ekkert til að hafa áhyggjur af — við erum að horfa upp á að í kolmunna er verið að henda meðafla upp á 3–4 þúsund tonn á ári að lágmarki í bolfiski og það þykir ekkert mál þó að því sé landað með í bræðslu og tekið fram hjá kvóta og ekki borgaður kvóti fyrir það. Þannig að það sem ég var að tala um að taka út úr kvóta eins og löngu, keilu og skötusel og helst ýsu og ufsa er ekkert stórmál þótt það yrði gert og gefin frjáls veiði á því.

[19:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert vandamál að hafa mismunandi hámark á tegundunum í tegundatilfærslunni og við munum útfæra það á mjög skikkanlegan hátt. En hins vegar það sem hv. þm. nefndi varðandi kolmunnann og ufsaveiðarnar og meðafla þar, þá hefur það verið rannsakað mjög gaumgæfilega á síðustu mánuðum af eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar og það er alveg hverfandi sem er af afla í öðrum tegundum í þessu. Langt, langt frá því sem verið er að halda fram og ég held að við þurfum ekki að hafa stórar áhyggjur af því. Ef það breytist aftur, þá þarf auðvitað að skoða það upp á nýtt og til þess eru eftirlitsmennirnir, að sjá hvort aðstæður breytast, að fylgjast með því sem er að breytast og þá verður brugðist við nýjum aðstæðum á sama hátt og við höfum gert varðandi kolmunnann, vegna veiðarfæranna, vegna svæðanna og kolmunnaskipin fá ekki að fara með trollið inn á sömu svæði og þau fengu áður, m.a. vegna þess að við höfum áhyggjur af þessu. En staðan í þessum málum í dag er ekki slík að við þurfum að hafa stórar áhyggjur.

[19:55]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki betur en við í sjútvn. höfum fengið upplýsingar um það frá Fiskistofu að það væri á bilinu einhvers staðar 3–4 þúsund tonn sem væri meðafli hjá þessum skipum eða væri áætlað að væri meðafli á þessu fiskveiðiári þannig að það er vissulega ástæða til þess að skoða það betur.

[19:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Öll umræðan sem fram hefur farið um þetta frv. sem höfum rætt í allan dag hefur gengið út á það og einnig viðbrögð hagsmunaaðila, að verði það frv. sem hér liggur fyrir að lögum feli það í sér tilfærslu veiðiheimilda frá einu svæði yfir á annað. Eins og útgerðarmunstrin eru í dag þá eru menn fyrst og fremst að tala um að það sé tilfærsla á aflaheimildum til Vestfjarða fyrst og síðast, enda hafa Vestfjarðaþingmenn, þ.e. þingmenn sem koma frá Vestfjörðum og tilheyra gamla Vestfjarðakjördæminu, kannski talað hæst og mest fyrir þessum breytingum. Og það er kannski ástæða til þess hér og nú að óska þeim til hamingju með það að hafa þvingað ríkisstjórnina til þess að gera þetta. Þeir hafa barist einarðlega fyrir þessu.

Eins og málið lítur út eða virðist líta út mun það, verði frv. að lögum, fela í sér að aflaheimildir verða færðar frá öðrum svæðum en Vestfjörðum til Vestfjarða.

En það er samt ýmislegt í þessu, virðulegi forseti, sem gerir það að verkum að það er kannski ástæða til þess að skoða það örlítið frekar þó að ég telji að þessi hugsun búi að baki frv. og er algerlega andvígur því og tel ekki sérstaka ástæðu til að færa aflaheimildir sérstaklega til Vestfjarða frá öðrum svæðum, þá breytir það ekki því að við lestur frv. og greinargerðarinnar skýtur upp þeirri hugsun að þetta þurfi ekki endilega að vera niðurstaðan því að í frv. er hvergi að finna nokkrar takmarkanir á því hversu stór skip mega vera sem stunda línuveiðar. Þessi breyting gæti hugsanlega leitt til þess að stærri skip færu að beita í landi og róa þannig að þau rúmist innan þessara 24 tíma. Það er alls ekki hægt að útiloka það og eins það að ef það gerist, þá er hugsanlegt að verið sé

að etja saman stærri og smærri skipum í ólympískar veiðar við Íslandsstrendur við mismunandi aðstæður. Það hlýtur að vera eitthvað sem menn verða að hugleiða mjög vandlega hvort er skynsamlegt því að það þekkja þeir þingmenn sem hér sitja og flestir sem hafa fylgst með sjávarútvegi undanfarin missiri að útgerðarmenn hafa verið, margir hverjir, mjög séðir að nýta sér þau tækifæri sem kerfið býður upp á. Ég á bágt með að trúa öðru þar sem ég a.m.k. kem ekki auga á neinar stærðartakmarkanir á þeim skipum sem mega stunda þessar veiðar og engar takmarkanir í reynd, enda segir í athugasemdum við frv., með leyfi forseta:

„Enda þótt notað sé orðið dagróðrabátur venju samkvæmt takmarkast þessi heimild ekki við ákveðna stærð skipa."

Hér er augljóslega verið að tala um það að þeim sem vilja gera út á þetta frv., ef svo má að orði komast, er það heimilt svo framarlega sem þeir uppfylla skilyrði um tímatakmörkin og beita í landi. Þannig að vel má vera að svo kunni að fara að sú hugmynd sem býr að baki þessu frv., þ.e. að færa auknar aflaheimildir á Vestfirði, gangi ekki eftir. Ég held að ekki sé hægt að útiloka það þegar maður les þetta frv. yfir og horfir til sögunnar og þess hvernig útgerðarmenn hafa nýtt sér þá möguleika sem upp hafa komið í gegnum tíðina. Um þetta vil ég að sjálfsögðu ekkert fullyrða en við lestur þessa frv. virðist mér þetta liggja fyrir.

Í annan stað vil ég líka benda á að mjög líklegt er að þetta muni leiða til hækkunar á kvótaverði. Það eru einfaldlega meiri verðmæti falin í því að fá að veiða 1,16 kíló af fiski í staðinn fyrir 1 kíló og mjög líklegt að það muni leiða til hækkunar á verði einfaldlega vegna þess að menn eru að ná sér í meiri verðmæti en áður. Ég held að ekki þurfi neinn sérstakan hagfræðing til þess að draga þá ályktun að þetta muni leiða til þeirrar niðurstöðu.

Það þarf því ekki að koma á óvart þó að menn hafi kannski ekki úttalað sig hér í þaula um hvaða afstöðu þeir hafa til málsins þegar efni þess er jafnóskýrt og raun ber vitni. Hugsanlega hafa menn verið á villigötum þegar þeir hafa verið að fullyrða hér mjög víða að þetta muni leiða til þess að aflaheimildir færist á Vestfirði. Hugsanlega hafa þeir verið á villigötum í þeirri umræðu. En það breytir ekki hinu að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson eru kannski þeir þingmenn sem hafa í reynd knúið hæstv. sjútvrh. til þess að leggja þetta fram að því er virðist þvert gegn vilja sínum, a.m.k. ef marka má fyrri yfirlýsingar frá hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Við í Samfylkingunni höfum talað fyrir ýmsu í sjávarútvegsmálum en einkum höfum við bent á tvennt í þessu samhengi. Við höfum gert athugasemdir við eignarhaldið á kvóta, varanlegt eignarhald á kvóta. Það þekkja menn í þessari umræðu og ég ætla ekki að fara frekar í hana.

Eins höfum við lagt mikla áherslu á jafnræði, þ.e. að menn hafi jafnt tækifæri og að ekki sé sífellt verið að fikta í kerfinu, beita sértækum aðgerðum í þágu sumra á kostnað annarra. Þetta er rauði þráðurinn í þeim málflutningi sem við höfum haft uppi þó að ýmsir hafi haft athugasemdir við þær útfærslur sem við síðan höfum sett fram í hugmyndum okkar. Þetta er í reynd grunnstef okkar. Við höfum lagt á það ríka áherslu að breyting á lögunum gefi byggðarlögum sem hafa verið svipt ákveðnum tækifærum tækifæri á ný. Hér erum við að tala um það sem vegur þyngst hringinn í kringum landið. Því er ekki nema von að víða um landið hafi menn miklar áhyggjur af þeirri aðgerð sem hér á að ráðast í, kannski ekki síst vegna þess að í hvert skipti sem kvótakerfið hefur verið opnað á ákveðinn hátt þá hafa menn farið af fullum þunga í þá opnun og oftar en ekki veitt mun meira en efni eða áætlanir hafa staðið til. Við munum vel hverjar veiðar t.d. smábáta voru hér við upphaf kvótakerfisins og síðan hverjar þær eru orðnar í dag og það hefur að sjálfsögðu verið tilfærsla frá einum bátaflokk yfir til annars.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þarf þetta því ekki að koma neitt sérstaklega á óvart í ljósi alls þessa og í ljósi þess að kannski hafa menn verið fullfljótir á sér við að draga ályktun um hvað þessi breyting kann að hafa í för með sér. Eins hafa menn kannski ekki fullkannað hvaða tækifæri kunna að liggja í þessum breytingum. Þó vil ég segja að ef það er þannig að niðurstaðan verði sú að hér verði einhvers konar ólympísk keppni milli stórra og smárra báta um að nýta þann kvóta sem veiða má með ívilnun á þeim tímabilum sem skilgreind eru þá líst mér ekki vel á það. Ég held að það sé ekki hyggilegt hér við Íslandsstrendur norður í Atlantshafi. Það tel ég ekki vera. Eins og ég segi og margir hafa sagt hér í dag þá eru menn kannski ekki alveg með það á hreinu hvaða afleiðingar eða hvaða þróun kann að hljótast af því að þetta frv. verði að lögum.

Virðulegi forseti. Fyrr í dag fór ég í andsvar við hæstv. sjútvrh. sökum þess að ég benti á að ég tel að ástæða þess að frv. er komið hér fram sé sú að þeir þrír hv. þingmenn sem ég nefndi knúðu ríkisstjórnina til þess að leggja það fram. Ég sagði það líka að það væru augljós merki þess að hæstv. ríkisstjórn væri veikari nú en áður þegar ekki stærri hópur hv. þm. gæti knúið ríkisstjórnina til þess að leggja frv. af þessum toga fram.

Hæstv. ráðherra mótmælti þessum fullyrðingum mínum harðlega og taldi þær eiga heima í fjölmiðlum eða dægurmálaþáttum, ef ég man það sem hæstv. ráðherra sagði rétt, þó að ég hafi kannski ekki gert mér far um að muna það nákvæmlega. Ég held þó að ég sé ekki langt frá því sem hæstv. ráðherra sagði.

Af þeim sökum, virðulegi forseti, fór ég yfir yfirlýsingar hæstv. ráðherra í fjölmiðlum til þess að reyna að rifja upp hver afstaða hans hefur verið og hvað hæstv. ráðherra hefur sagt um þessi mál. Kannski var ég að draga fram hver afstaða hans hefur verið og hvort hér sé verið að bera hæstv. ráðherra röngum sökum þegar því er haldið fram að hann hafi verið knúinn til þess að leggja þetta hér fram þvert á sinn vilja.

Ég ætla að byrja á Ríkisútvarpinu 10. júlí 2003, með leyfi forseta:

„Árni" — þ.e. hæstv. sjútvrh. — „segir engu slegið föstu um það í stjórnarsáttmála að auka skuli byggðakvóta eða taka upp línuívilnun, slíkt hafi ekki heldur verið uppi á teningnum í stefnuræðu forsætisráðherra."

Með öðrum orðum, hæstv. ráðherra heldur því fram að engu sé slegið föstu um línuívilnun 10. júlí sl. í Ríkisútvarpinu og að það hafi heldur ekki komið fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. Ég hef hins vegar ekki heyrt hæstv. ráðherra halda þessu fram síðar. En hér er þetta a.m.k. í útprentun af þessari frétt.

Síðan leyfi ég mér að halda áfram að fara yfir yfirlýsingar hæstv. ráðherra því þegar hæstv. ráðherra var í andsvari, virðulegi forseti, þá hafði ég á tilfinningunni — og vel má vera að það hafi verið rangt hjá mér — að menn gerðu kannski ekkert miklar kröfur til hæstv. ráðherra, hann mætti segja svona nokkurn veginn það sem honum fyndist og svo

kæmi hann með það sem honum væri uppálagt að koma með þegar það ætti við.

Virðulegi forseti. Í ljósvakahandriti um Stöð 2 frá 8. ágúst 2003 segir, með leyfi forseta:

„Þá telur hann" — þ.e. hæstv. sjútvrh. — „kosta of miklar breytingar á veiðum næsta fiskveiðiárs" — þ.e. fiskveiðiársins sem byrjaði 1. september 2003 — „til að ráðlegt sé að Alþingi skapi svigrúm fyrir línuívilnun á miðju fiskveiðiári."

Með öðrum orðum telur hæstv. ráðherra það alveg af og frá að breyta lögum á miðju fiskveiðiári.

Við þurfum ekki að fara mörgum orðum um það hvaða tímabil við erum að upplifa núna í þessum efnum þannig að út úr þessari yfirlýsingu hefur hæstv. ráðherra a.m.k. þurft að bakka.

Síðan segir hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu 9. ágúst 2003 að hann telji að ekki verði hægt að koma á línuívilnun fyrr en í fyrsta lagi 1. september árið 2004. En í frv. sem hér liggur fyrir á línuívilnunin að taka gildi 1. febrúar 2004 en línuívilnun gagnvart þorski 1. september 2004. Þessi yfirlýsing heldur því ekki heldur.

Sams konar yfirlýsing er höfð eftir hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu 17. ágúst 2003. Þar vísar hann til þess að þetta muni ekki geta tekið gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. september 2004.

Svo segir hæstv. sjútvrh. í Morgunblaðinu 16. september 2003 að það yrði óskynsamlegt að gera breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu á miðju fiskveiðiári.

Svo segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Menn hafa réttilega bent á að áður hafi verið gerðar breytingar á miðju fiskveiðiári en þrátt fyrir það er skynsamlegra að gera breytingar við upphaf fiskveiðiárs."

Virðulegi forseti. Um miðjan september virðist hafa verið mikið að gerast hjá hæstv. sjútvrh. því að 15. september gefur hann hverja yfirlýsinguna á fætur annarri í öllum fjölmiðlum. Í Ríkisútvarpinu segir hæstv. ráðherra að línuívilnun verði tilbúin 1. september 2004. Í Ríkisútvarpinu sama dag, reyndar tíu tímum síðar, var sagt, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra segir ríkisstjórnina einhuga í því hvernig standa á að línuívilnun fyrir smábáta. Frumvarp verði lagt fram í haust sem taki gildi í byrjun næsta fiskveiðiárs, 1. september 2004."

Svona hafa yfirlýsingar hæstv. ráðherra verið í gegnum tíðina.

En svo stingur sér inn í umræðuna hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og segir, með leyfi forseta:

„Allir ráðherrar í ríkisstjórninni eiga ekki annarra kosta völ en að fara að samþykkt ríkisstjórnarinnar. Ef einn ráðherra ætla að vinna eitthvað eða gera eitthvað annað þá á hann að segja upp vist sinni sjálfur. Það þarf enginn að segja honum það. Þannig að ég er þess fullviss að Árni Mathiesen fer að stefnu ríkisstjórnar hvort sem honum líkar það nú betur eða verr."

Síðan segir hæstv. sjútvrh. í sama fréttatíma, með leyfi forseta:

„Ég hef auðvitað tekið þetta mál upp í ríkisstjórninni og þar voru engar athugasemdir gerðar við þá aðferðafræði sem að ég beitti í þessu máli. Þvert á móti, það voru allir sammála" — þ.e. öll hæstv. ríkisstjórn — „um það að það væri rétt að fara í málið á þennan hátt og að stefna að því að leggja fram frumvarp á næsta þingi og fá það samþykkt og að síðan taki lögin gildi 1. september 2004."

Virðulegi forseti. Svona eru allar yfirlýsingar hæstv. ráðherra sem ég leit á í dag. Nú spyr ég hæstv. ráðherra fullum fetum. Ég ætla að hlífa hæstv. ráðherra við að lesa yfir restina af því sem ég er hér með. Heldur hæstv. ráðherra því enn þá fram eftir þennan upplestur og eftir að hafa lagt annað til hliðar sem þessu tilheyrir að hann hafi gert þetta af fúsum og frjálsum vilja þó að því sé haldið fram í ræðustól Alþingis að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin hafi verið knúin til þess af þeim þremur hv. þm. sem ég hér hef vitnað til og hafa barist einarðlega fyrir þessu máli og gert það þannig að ástæða er til þess að óska þeim til hamingju? Heldur hæstv. ráðherra þá því enn þá fram að hann hafi gert þetta af fúsum og frjálsum vilja?

Ef hæstv. ráðherra heldur því fram er hann einnig að segja að yfirlýsingar hans, þær sem ég rakti, virðulegi forseti, allt frá 7. júlí, hafi verið algerlega ómarktækar.

Hæstv. ráðherra leyfir sér síðan að koma í ræðustól þegar þetta er sagt og þetta er fullyrt og halda því fram að hér sé aðeins um að ræða þvælu sem eigi heima í dægurmálaþáttum. Eftir þetta, virðulegi forseti, held ég að hæstv. ráðherra ætti alveg að láta það eiga sig að vera í dægurmálaþáttum eða segja þá miklum mun minna.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það að þeir þrír hv. þm. sem ég hef vísað til hafa knúið ríkisstjórnina til þess að leggja þetta frv. fram. Það er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að mótmæla því enda liggur það alveg fyrir.

Í upphafi máls míns velti ég því hins vegar fyrir mér hvort þau markmið sem hinir þrír hv. þm. stefndu að og vildu ná fram með framlagningu þessa frv. náist fram með þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir. Ég treysti mér ekki til þess að svara því hér. Mér virðist sem svo að frv. opni mjög fyrir það að allir geti stundað línuveiðar að uppfylltum þessum tveimur skilyrðum og mér hugnast það ekki ef niðurstaða þessa máls verður sú að þessum bátaflokkum, annars vegar þeim sem mér hefur skilist að sé verið að reyna að ívilna, þ.e. smábátum, og stærri skipum verði stefnt saman til þess að veiða tiltekinn tonnafjölda á tilteknu tímabili í einhvers konar kapphlaupi. Af því hef ég miklar áhyggjur því ég held að það sé afar hættulegt ef smábátum verður stefnt í þann farveg að stunda slíkar veiðar.

[20:16]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerir málflutningi mínum hátt undir höfði í ræðu sinni og hefur farið býsna vel yfir það sem ég hef verið að segja um þessi mál á undanförnum mánuðum. Eiginlega stendur bara eitt upp úr af því sem hann segir og ekki hefur staðist nákvæmlega upp á dag eins og ég hef sagt, þ.e. að í frv. er gert ráð fyrir því að að hluta til taki það gildi á miðju fiskveiðiári, þ.e. að ýsan og steinbíturinn taki gildi 1. febrúar nk. ef frv. verður samþykkt. Nú er ekki útséð um það hvort frv. verður samþykkt áður en þing fer í jólaleyfi og ef þing fer í jólaleyfi án þess að frv. verði samþykkt tekur þessi hluti frv. ekki gildi 1. febrúar nk., eða ég geri ekki ráð fyrir því.

Þegar ég sagði að því væri ekki slegið föstu í stjórnarsáttmálanum eða stefnuræðunni að taka skyldi upp línuívilnun fór ég með rétt mál, því er á hvorugum staðnum slegið föstu. Hins vegar var þetta samþykkt á landsfundi Sjálfstfl. og frá þeim degi hef ég sagt að væri ég sjútvrh. mundi ég leggja fram frv. um línuívilnun. Ég stend líka við það að það að gera breytingar á miðju fiskveiðiári er ekki eins skynsamlegt

og að láta breytingarnar taka gildi í upphafi fiskveiðiárs. Ég hef hins vegar þó nokkrum sinnum breytt kvótum á miðju fiskveiðiári, eins og bent hefur verið á af hv. þingmönnum, og mér sýnist að í þessu tilfelli muni það væntanlega ekki hafa mikinn skaða í för með sér þótt það sé gert varðandi ýsuna og steinbítinn. Nokkrir hv. þm. eru mér sammála um það þannig að það eitt stendur eftir, gildistakan á ýsunni og steinbítnum. Frv. kom fram í haust eins og ég sagði að það mundi gera.

[20:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitt markmið með umræðum af þessu tagi er að skýra afstöðu manna til þeirra mála sem við erum að fjalla um hverju sinni. Það er auðvitað það sem við erum m.a. að reyna að gera með því að skiptast á skoðunum í þinginu, bæði í ræðum okkar og andsvörum.

Ég átti ekki von á því í sjálfu sér þegar ég gekk til þessarar umræðu að örlög mín yrðu þau að reyna að fá að skýra svolítið stefnu Samf. í málinu en mér leikur hins vegar óskapleg forvitni á að vita hver afstaða Samf. er. Mér finnst málið þess eðlis að eftir 1. umr. verði að liggja fyrir hver afstaða flokkanna er. Það er búið að ræða málið svo mikið í þessu samhengi að ég hélt að það ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir. Nokkrir þingmenn Samf. hafa rætt það og núna heyrðist mér reyndar í frammíkalli, loksins, sem stefnan væri skýr. Ef ég heyrði hv. þm. Mörð Árnason rétt sagði hann: „Við erum auðvitað á móti þessu rugli." Var ekki svo? (**MÁ:** Jú, á móti þessu rugli.) Á móti þessu rugli, já, þá liggur það loksins fyrir. Ef þetta hefði legið fyrir fyrr hefði ég getað sparað mér þessa ferð hér upp. Þá liggur það fyrir að hv. þm. Mörður Árnason talar fyrir hönd Samf. og segir að þau séu á móti þessu rugli og gerir þá í þessum töluðu orðum hv. þm. Jóhann Ársælsson að algerum ómerkingi en hann lýsti því yfir að Samf. styddi línuívilnun. Ég ætlaði hins vegar (Gripið fram í.) að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvort eitthvað hefði breyst, hvað það væri þá sem hefði breyst, frá því að hv. þm. lýsti því yfir að Samf. styddi línuívilnun. Ég hef verið að reyna að fá það upp úr krafsinu hver afstaða Samf. væri, hvort hún væri enn þá sú sama eða hvort hún hefði breyst vegna þess að mér hefur fundist umræðan af þeirra hálfu vera frekar gagnrýnin gagnvart línuívilnuninni og þess vegna hef ég í huga mér verið að draga þá ályktun að líklega væru þau orðin frekar andsnúin þessu. Hv. þm. Mörður Árnason hefur staðfest það en nú vildi ég gjarnan að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, hann getur svarað í þessu andsvari, upplýsti okkur um hvort er hið sanna.

[20:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði mjög skilmerkilega um að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefði verið gerður að ómerkingi en það er aðeins í málflutningi eins í þessum þingsal sem steinn hefur ekki staðið yfir steini og það er hjá hæstv. sjútvrh.

Ég vil þó segja, af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur verið duglegur að koma hér upp og spyrja menn út úr, að ég sagði í ræðu minni að ef skilningur minn á afstöðu flestra væri réttur, þótt hann gengi jafnvel ekki upp — ég þori ekki að fullyrða það — ef hugmyndin gengur út á það að færa aflaheimildir frá öðrum landshlutum en Vestfjörðum til Vestfjarða er ég andvígur málinu. Ég sagði hins vegar einnig að ég áttaði mig kannski ekki alveg nákvæmlega á því hvert innihald frv. væri og reyndi að kalla eftir því í þessari umræðu hvert innihaldið er. Ég get hins vegar tekið undir með hv. þm. Merði Árnasyni, ég er andvígur þessu frv. eins og það liggur fyrir en hugsanlega — ég vil ekki útiloka það eftir vandlegan lestur á frv. — þýðir það annað en flestir telja. Það er ekki hægt að útiloka það heldur. Vandi okkar, að standa frammi fyrir þessu frv. og taka afstöðu til þess, er kannski meiri en hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vill vera láta.

Að lokum vil ég segja það, virðulegi forseti, að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur aldrei lýst því yfir að Samf. styddi línuívilnun. Hann hefur ekki gert það. Það liggur fyrir, (Gripið fram í.) hann hefur aldrei lýst því yfir fullum fetum að þingflokkur Samf. styðji málið. (Gripið fram í.)

[20:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson lýsti því yfir að hann reiknaði með að Samf. styddi (**LB:** Hann reiknaði ...) þetta frv. (**Gripið fram í:** Já, já.) sem þarna var verið að ræða um. Hv. þm. skautaði hins vegar mjög fimlega fram hjá því að svara einföldum spurningum. Hann sagði „ef" og „kannski", „þá gæti verið að ég styddi ef það þyddi en ef það þyddi eitthvað annað" (Gripið fram í.) en hv. þm. á auðvitað alveg nákvæmlega að vita hvaða afleiðingar lagasetning um línuívilnun hefur. Það þýðir ekki fyrir hv. þingmann að láta eins og það hafi orðið einhver kúvending á einni nóttu um áhrifin af línuívilnun. Það lá alveg fyrir og við ræddum það ítarlega í kosningabaráttunni þannig að hv. þm. verður einfaldlega að skýra afstöðu sína til þessa máls.

Ég sagði í dag að það væri enginn vandi fyrir mig t.d. að segja: Ég er andsnúinn fyrningarleiðinni vegna þess að mér er ljóst hvað hún þýðir. (**LB:** Það er ekkert ...) Hv. þm. getur hins vegar ekki hlaupið svona frá þessu máli. Hann verður að skýra afstöðu sína og síns flokks og það verður að gerast með öðrum hætti en með einu frammíkalli sem er reyndar skýrasti málflutningur Samf. hér í dag, í allan heila dag, þetta eina frammíkall. Það út af fyrir sig ber að virða. En ég var að kalla eftir afstöðu og hv. þm. hefur hér þinglegt tækifæri til að svara þessum málum og skýra afstöðu sína betur en hann hefur gert. Hér liggur fyrir frv. um línuívilnun. Það lá fyrir annað frv. um línuívilnun. Þá stóð ekki á þingmönnum Samf. að lýsa yfir hollustu sinni við það. Ég spyr: Hvað hefur breyst? Hvað er öðruvísi efnislega sem gerir það að verkum að hv. þm. kemst skyndilega í þennan mikla vanda sem virtist ekki hafa verið fyrir hendi þegar málin voru rædd á fyrri stigum?

[20:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að vandi minn er ekki mikill. Vandi minn er ekki neinn. Það er mjög auðvelt að svara þessu og það hef ég margoft gert. Ég hef sagt: Ég er andvígur því sem ég hef talið markmið þessa frv. Ég hef hins vegar lesið það vandlega yfir og komist að því að ég er ekki endilega viss um ... (**Gripið fram í:** ... veiðiréttinn.) ... að flytja veiðirétt af öðrum landsvæðum yfir á Vestfirði. Ég hef verið andvígur slíkri aðgerð, já. Ég hef sagt það margoft. En ég segi kannski það sama og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði í ræðu sinni í dag. Ég skrifaði það niður. Hann sagði að það væru „mörg matsatriði eftir sem áður í frumvarpstextanum sem ég tel nauðsynlegt að við förum yfir". Þetta sagði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Af því að hv. þm. hefur talað fyrir þessu og hefur kannski verið meira ofan í þessum málum en ég ætla ég að leyfa mér að taka undir með hv. þingmanni hvað þetta varðar. Hv.

þm. er ekki alveg með það á hreinu hvað þetta þýðir. Ég er heldur ekki alveg með það á hreinu hvað þetta þýðir en eini maðurinn sem virðist vera með þetta á hreinu er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson.

Og ég verð að segja það líka að það er ólíkt auðveldara fyrir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að taka afstöðu til fyrningarleiðar því það er nokkuð skýrt hvað í henni felst. En hvað í þessu felst, virðulegi forseti, er langt frá því að vera skýrt, eins og ég skil það.

[20:26]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, svokölluð línuívilnun sem menn eiga dálítið erfitt með að bera fram, og sumir held ég að skilji ekki alveg hvað þýðir. (**Gripið fram í:** Það fer eftir því hvað ...) En ýmsir hafa gefið sig fram á undanförnum missirum og tjáð sig um það að þeir væru mjög á móti ívilnun þessari. Sumir þeirra sem tjá sig eru þeirrar gerðar að ég hirði lítið um þegar þeir snúa að mér en einn er sá hópur sem ég hef mikið dálæti á og tel til mikilla vina minna og sem hafa mjög tjáð sig gegn slíkri mismunun en það er Samband ungra sjálfstæðismanna. (Gripið fram í.)

Ég ætla að segja að það geta verið mjög réttlætanleg sjónarmið að menn séu á móti mismununum, alls kyns ívilnunum, og það sem ég þekki til þess góða fólks sem er í forustu ungra sjálfstæðismanna — þekki það að góðu einu — veit ég og vona að þegar það er sjálfu sér samkvæmt treysti ég og trúi að það muni einbeita sér að því að kynna sér málið, sérstaklega stóru ívilnunina í fiskveiðistjórn Íslendinga. Þegar það er búið að kynna sér það til hlítar langar mig mikið til að ræða við þetta góða fólk.

Þetta mál hefur kannski margar hliðar, virðulegi forseti, en mín hlið á þessu máli er mjög einföld og ég skal fara yfir hana nokkrum orðum. Á landsfundi Sjálfstfl. í haust var þessi samþykkt gerð. Í kosningabaráttunni í vor höfðum við þetta á oddinum mjög vegna þess að rökin fyrir samþykktinni lágu fyrst og fremst og nær eingöngu í því að með þeirri yfirlýsingu vildi flokkurinn styðja sjávarbyggðir Íslands. (**Gripið fram í:** Á Vestfjörðum.) Vildi styðja sjávabyggðir Íslands á Vestfjörðum svo sem annars staðar. Ég er í engum vafa um að þessi yfirlýsing og sú hugsun sem á bak við lá var flokknum mjög veigamikil í þessum kosningum. (Gripið fram í.) Ég hef ekki efast um að það ætti að misskilja á einhvern hátt yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í stjórnarsáttmála um það að hún vildi stuðla að þessu og ætlaði sér að gera það. Ég hef haldið því fram í ræðum og riti, alls staðar þar sem þetta hefur verið rætt í fjölmiðlum og annars staðar, að að sjálfsögðu tryði ég því að við mundum gera þetta og ég ætla að leggja mig allan fram til að styðja málið. Þannig lítur málið út frá mínum bæjardyrum, þannig stend ég hér, virðulegi forseti, til að lýsa yfir miklum stuðningi og ánægju með þetta frv.

Það hefur hins vegar komið fram að sumir hafa önnur sjónarmið, eins og ég nefndi áðan. Menn hafa mótmælt þessu mjög harðlega og þar hefur gengið fremst í flokki stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna. Eins og ég þekki þennan veruleika voru einmitt flestir úr þeirri stjórn á þeim sama landsfundi og ég nefndi áðan þar sem samþykktin var gerð. Þeir beittu sér mjög gegn hlutunum. Þeir töpuðu. (**Gripið fram í:** Það var búið að ákveða það.) (**ÖS:** Er það deild í Sjálfstfl.?) Þeir töpuðu. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Vinir mínir í salnum tala svo mikið saman og eru svo ánægðir að þeir hafa truflað dálítið ræðu mína. Ég vil fá lengingu á henni ef ég þarf að hlusta svo mjög á tal þeirra. (**ÖS:** Þú talar tvisvar.) (Gripið fram í.)

Þeir sem voru andvígir þessu frv. innan Sjálfstfl. kusu að þegja í kosningabaráttunni. Þeir sögðu ekkert þegar flokkurinn og forustan lýstu yfir stuðningi og ætluðu að gera þessa samþykkt að sinni. En eftir kosningar, eftir að ríkisstjórnin hafði komið með sína sáttmála, hófu þeir baráttu sína og hafa verið óvægnir síðan, fundið þessu flest til foráttu. Síðustu fréttirnar eru þær að jafnvel fiskvinnslan riði til falls. Forseti lýðveldisins mátti heyra það á Dalvík fyrir nokkrum dögum að þetta væri hin mesta vá sem yfir þá hefði komið nýlega. Það er mjög slæmt, virðulegi forseti, þegar menn fara að taka svona mál þessum tökum eins og stjórn LÍÚ hefur gert á undanförnum mánuðum. Það er mjög slæmt þó að það sé mikið prinsippmál og hafi mikla þýðingu pólitískt, þá er þetta ákaflega lítið mál varðandi fiskveiðistjórnina. Sáralítið eins og allir vita sem lesa þetta frv.

Það er þó eitt sem ég hef tekið eftir í umræðunni frá forustu LÍÚ sem vekur athygli mína. Ég las það í Morgunblaðinu að einn þeirra, sem ekki er hvað lágværastur, talaði um að menn ættu að sýna sanngirni. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Sanngirni. Þetta orð var ekki til hér áður fyrr. (**Gripið fram í:** Ekki í LÍÚ?) Ég minnist áranna 1984–1990 þegar valdníðslan náði hæð fjallanna, þá var þetta orð ekki til. Ég veit ekki hvort það hafi einhverja þýðingu núna en ég hlýt að fagna því, vegna þess að það er mjög brýnt og þýðingarmikið að stjórn LÍÚ taki virkan þátt í því að það sem fyrir okkur liggur varðandi fiskveiðistjórnina er það að við höfum ekki náð þeim árangri sem við trúðum. Það liggur fyrir að hvergi þar sem ICES hefur verið að stjórna bolfiskveiðunum höfum við náð árangri. Það liggur líka fyrir að um allt Norður-Atlantshafið eru vísindamenn í stórum stíl, meira að segja stjórn ICES sjálf, að komast að þeirri niðurstöðu að það sé eitthvað stórkostlegt að og hættan á því að við séum að framkvæma hér úrkynjun er vaxandi hjá vísindamönnum. Mjög margir eru farnir að taka undir það að menn verði að fara að skoða þessa hluti. Það liggur því fyrir þjóðþinginu á Íslandi og öllum öðrum þjóðum við Norður-Atlantshaf að endurskoða þær aðferðir sem við eigum að nota við fiskveiðistjórn.

LÍÚ, Landssamband ísl. útvegsmanna, er handhafi veiðiréttindanna og það hefur aldrei staðið annað til en að íslensk útgerð sé handhafi veiðiréttindanna. Stjórnvöld bera hins vegar ábyrgð á náttúru Íslands, þessari náttúru sem varðar okkur öll, þessari náttúru sem fæðir okkur og klæðir og skiptir öllu máli hvernig við meðhöndlum. Það skiptir því máli hvaða veiðarfæri við notum, hvernig við notum þau og hvenær við notum þau. Það er ljóst að við þurfum að þræða þessa slóð af mikilli nákvæmni, mikilli gerhygli og við verðum að vanda okkur og við verðum að leita allra leiða til að ná meiri árangri en við höfum náð til þessa. Það er viðfangsefnið. Þess vegna vona ég að svona hávaði eins og hefur verið í þjóðfélaginu út af þessu tiltölulega litla máli sé undantekning og menn átti sig á því að það þýðir ekki annað fyrir stjórnvöld en að feta sig áfram. Hið æskilega og hið rétta væri að handhafar veiðiréttindanna eða sóknarréttindanna, hvað sem við köllum það, séu með í því og átti sig á því að þetta er ekki rifrildi heldur hlutur sem allir verða að leggja sig fram um. Það er nefnilega umgengnin við þessa náttúru sem skiptir okkur öllu máli og þetta frv. er lítið skref í að viðurkenna, þó að hið pólitíska fororð hefði verið skipting landsbyggðanna megum við ekki gleyma því að við

erum líka að styrkja þarna línuveiðarnar sem mjög margir hafa mælt með að væri hið rétta, veiðarfæri sem eru ekki stærðarveljandi, veiðarfæri sem ekki raska náttúru botnsins þar sem fiskarnir lifa.

Þessi umræða í dag, virðulegur forseti, hefur verið dálítið skondin fyrir minn smekk. Mér hefur komið dálítið á óvart frammistaða og ummæli stjórnarandstöðunnar um þessa ívilnun. Stundum þegar ég hlusta á ræður hv. þm. og vina minna og samþingsmanna í Norðvesturkjördæmi, þeirra hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og hv. þm. Jóns Bjarnasonar þá hvarflar hugurinn til æsku minnar heima á Flateyri. Þegar ég var ungur drengur að alast þar upp bjó þar ágætismaður sem var þeirrar náttúru, virðulegi forseti, að því lengur sem hann talaði þeim mun ótrúlegra var að nokkur maður vissi hvað hann vildi sagt hafa. Þannig er nú með þessi ræðuhöld þeirra í dag. Alveg er mér fyrirmunað að vita hver skoðun þeirra er á málinu. Þó fannst mér merkilegast af öllu í dag þegar ung virðuleg þingkona frá Frjálsl. kom og hélt sína ágætu jómfrúrræðu. En þar sagði virðulegi ungi þingmaðurinn að Frjálsl. ætlaði ekki að styðja og teldi fráleitt að styðja svona mál sem þar að auki mundi valda miklum deilum, hatrömmum deilum. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað hefur komið fyrir þann ágæta flokk Frjálsl. þegar hann hættir að styðja mál um breytingar á fiskveiðistjórninni sem vekja deilur? Eru þeir bara hættir? Má maður treysta því að þeir séu hættir? Eru þeir búnir að leggja flokkinn niður? Þá getur maður sagt eins og skáldið Steinn Steinarr þegar hann orti um hinn dána flokk, Kommúnistaflokk Íslands in memoriam, sic transit gloria mundi (**Gripið fram í:** Mundi ég segja.) mundi ég kannski segja, já. Það verður fróðlegt, virðulegi forseti, og ég býst við því að það eigi eftir að hlægja mig ef það kemur í ljós innan nokkurra sólarhringa að Frjálsl. ætli að greiða atkvæði gegn þessu frv. Það gæti orðið nokkuð gaman að því.

Ég ætla að taka það sérstaklega fram að ég ætla að fá að fagna 3. gr. þessa frv. mjög mikið, sem er hin aukna tegundatilfærsla. Ég ætla að fagna þeirri stefnubreytingu sem þarna er hjá hæstv. sjútvrh. Það hefur verið mikið harðlífi gagnvart þessum hlutum hjá sjútvrn. á undanförnum árum. Ég sé að þarna er mjög mikil stefnubreyting og ég fagna henni mjög. Eins og allir vita er ákvörðun um þessar aukategundir meira og minna ágiskun. Það eru engin vísindi sem liggja á bak við þetta. Allir vita þetta þó að sumir kjósi að þykjast ekki vita það. Ég vona því að hæstv. sjútvrh. nýti þessa heimild mjög ríflega þegar hún er komin í ný lög. Sérstaklega er þörf á því gagnvart löngunni og keilunni, fráleitt eins og það er í dag. Ég vona að hann hafi þetta ríflegt, svona 10–20%. Þess þarf og menn eiga að vera liðlegir í þessu og eiga að hjálpa útgerðinni eins og hún stendur, sérstaklega stórútgerðinni sem þarf mjög á þessu að halda.

Um byggðakvóta hefur verið töluvert rætt á þinginu bæði nú og fyrr. Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að stjórnvöld hverju sinni, skiptir ekki máli hvaða flokkar það eru, komist ekki hjá því að hafa lögin þannig að stjórnvöldin eigi völ á því að beita lögunum til þess að hjálpa ýmsum landsvæðum eða litlum byggðarlögum sem lenda í miklum vanda út af fiskveiðiheimildum eða sóknarheimildum. Ég held að sú heimild eigi að vera til og sjútvrh. á að hafa hana. Hann getur kannski úthlutað henni í samráði við félmrh. Það kann að vera ágætt. En heimildin á að vera til og verður að vera til. Ég er ekki viss um að það þurfi að taka þær heimildir af neinum öðrum. Þær geta bara verið viðbót. Það eru engin vísindi í þessu sem segja að svo megi ekki vera.

Ég held líka, virðulegi forseti, að þessar heimildir miðað við reynsluna sem við höfum fengið væru best komnar þannig að ráðherrar úthlutuðu þeim til vinnslustöðva í viðkomandi byggðum. Þá mundu þær nýtast best og þeir gætu haft þetta á valdi sínu. Þá gætum við treyst því að það kæmi atvinnu viðkomandi byggðarlags til góða.

Ég tel líka rétt, virðulegi forseti, áður en ég lýk máli mínu, að geta þess að ég hafði við orð fyrir rúmri viku síðan, opinberlega, að ég sæi ekki að sjútvrn. hefði lyft litla fingri til að þoka þessu máli áfram eins og sagt hafði verið, þ.e. að undirbúa þessa línuívilnun. Þegar ég fór síðan í sjútvrn. og fór að kynna mér málið og ræða við hæstv. sjútvrh. og hans menn, komst ég að því að þeir hefðu unnið meira í þessu máli og voru komnir lengra áleiðis en ég hugði og það er rétt að geta þess hér og segja frá því að þannig var það.

[20:42]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti fallegt mál eins og hans er von og vísa, en það sem mér finnst standa eftir og mig vantar svar við er hvort hv. þm. styður frv. eins og það liggur fyrir í óbreyttri mynd. Styður hv. þm. það að smábátar með beitningatrekt séu utan ívilnunar? Styður hv. þm. það að stærri skip geti farið í þetta kapphlaup við þau smærri? Telur hann eðlilegt að færa 3.375 tonn af leiguverðmæti upp á 405 millj. milli útgerða með lögum eins og þessum? Telur hann sjálfsagt og eðlilegt að byggðakvótinn geti horfið úr 9. gr. ef nota þarf 12 þús. tonnin til að bæta mönnum mikla breytingu á aflamarki eins og gert er ráð fyrir? Ég verð víst að geyma fleiri spurningar af því að andsvarið er ein mínúta.

[20:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að það væri alveg skýrt þegar ég sagði að ég styddi þetta mál og fagnaði því. Ég hélt að allir skildu hvað það þýddi þegar menn styðja mál og fagna því, þá þyrfti ekki að spyrja neins. Það er vitað mál og það vita allir, virðulegi forseti, að þegar stjfrv. er lagt fram rétt fyrir jól og það er stefnan að gera það að lögum, er auðvitað búið að semja um það. Vita það ekki allir? Auðvitað er búið að semja um það og auðvitað styð ég frv. óbreytt.

Ég hélt hins vegar ræðu áðan um það hvernig ég teldi að best væri staðið að styrkingu byggðanna. Félagslegi kvótinn væri gerður og ríkisstjórnin ætti alltaf að hafa það á valdi sínu. Ég persónulega tel að ekki þyrfti að taka þetta af neinum. Það mætti taka þetta úr hafinu þess vegna þó það þyki guðlast í augum annarra.

[20:44]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. færði okkur fréttir. Það er búið að semja um málið. Málinu verður væntanlega vísað til hv. sjútvn. sem hefst handa við það í fyrramálið á fundi að velta því fyrir sér, en til hvers? Það er búið að semja um málið. Spurning sem vert væri að spyrja hv. þm. að er: Kemur frv. til með að enda eins og það er núna eða er búið að semja um einhverjar brtt. sem væntanlega eru frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og boðaðar hafa verið í umræðum?

Annað sem vert er að spyrja um er: Telur hv. þm. miðað við þá þingreynslu sem hann hefur og stærð þessa máls að eðlilegt sé að keyra það í gegn tveimur dögum fyrir jól? Að málið sé ekki stærra en svo að hægt sé að klára það á tveimur

dögum án þess að leita eftir umsögn hagsmunaaðila eða fara yfir málið eins og það liggur?

Varðandi tegundatilfærsluna lýsti ég því í ræðu að ég væri ekki sammála því að auka hana og þingmaðurinn sagði að hann vildi að hún væri aukin. Ég held að það sé full ástæða til þess að við sjáum keilu, löngu og skötusel tekin út úr kvóta núna miðað við fiskirí.

[20:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Menn ættu að vita að þegar stjfrv. er lagt fram er það lagt fram vegna þess að búið er að samþykkja það í báðum þingflokkum ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Ekki með fyrirvara?) Ég veit ekki til þess að þar hafi verið neinir fyrirvarar.

Hins vegar skulu menn átta sig á því að þegar tíminn er naumur er ákaflega ótrúlegt að miklar breytingar verði á frumvörpum. Það er ekki útilokað að gera breytingar á frumvörpum og auðvitað geta verið fyrirvarar og mönnum er heimilt að setja þá. En mér finnst ákaflega ósennilegt að það komi til mikilla breytinga. Mér finnst það þó að ég viti það ekki. Auðvitað fer sjútvn. yfir það.

Ég ítreka stuðning minn við 3. gr. frv. og ég vona að hæstv. sjútvrh. beiti því mjög rýmilega. Það er mjög mikil þörf á að hafa þetta rúmt fyrir útgerðina svo að það gangi betur hjá þeim.

[20:47]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. þingforseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson skal ekki að reikna með því að Frjálslyndi flokkurinn sé týndur. Hann á eftir að finna vel fyrir okkur, bæði nú og í næstu framtíð.

Ívilnun er eitt, byggðakvóti er annað og tegundatilfærsla er það þriðja. Þetta er allt í sama frumvarpinu. Það hlýtur að gefa augaleið að menn koma með tillögur um aðra hluti í þetta frv. líka, breytingar, tilfærslur og annað.

Frjálslyndi flokkurinn vill að aukategundir fari úr kvóta, langa, keila, skötuselur og helst ufsi og ýsa. Þá fyrst værum við að styrkja byggðirnar í landinu og gefa fólki smá von á nýjan leik.

En það er eitt sem mig langar í restina að spyrja þig að, hv. þm. Einar Oddur: Viltu botn í dagabátana?

(**Forseti** (BÁ): Forseti bendir þingmönnum á að ávarpa annaðhvort forseta eða þingheim en ekki einstaka þingmenn.)

[20:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var nú aldrei ætlunin að Frjálslyndi flokkurinn væri týndur. Ég hafði engin orð um það. Sumir þeirra eru þannig að þeir týnast trauðla.

En ég velti því fyrir mér, úr því að þeir telja það rök í málinu að styðja ekki breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem vektu hatrammar deilur, hvort þeir séu hættir, hvort þeir hafi lagt niður störf og ætli sér ekki að starfa áfram. Þetta hefur verið aðalmálið. Flokkurinn var byggður utan um þetta mál, fyrir utan skáldið Sverri Hermannsson.

Ef þeir ætla að hætta að tala um fiskveiðistjórn af því að það megi ekki vekja deilur þá skil ég ekki hvað þeir ætla að gera. Þess vegna spurði ég: Eru þeir hættir eða má treysta því, virðulegi forseti?

[20:49]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Þingforseti. Hv. þm. leikur sér að því að snúa út úr, ekki í fyrsta skipti. Svo svarar hann ekki þeim spurningum sem hann er beðinn um að svara. Styður hann botn í dagabátana, að dagabátarnir hafi botn, 23 daga? (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn hefur botn.)

Það er ljóst að þingmaðurinn hefur botn en vill hann styðja botn fyrir dagabáta?

[20:50]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í þessari tímaþröng, þegar menn hafa bara nokkrar sekúndur, geta þeir ekki svarað öllum spurningum. (Gripið fram í.) Hins vegar eru, virðulegur forseti, til eftir mig tilvitnanir í mörgum ræðum og ritum og í margri umræðunni á þinginu þar sem ég hef sagt nauðsynlegt og æskilegt að eitthvert lágmark væri fyrir dagabátana. Það væri mjög nauðsynlegt. Ég hef alltaf verið reiðubúinn að leggja mitt fram til þess að það takist. Mér hefur ekki tekist það frekar en öðrum hingað til en ummæli mín liggja fyrir. Að sjálfsögðu er sannfæring mín sú að nauðsynlegt sé að ná þessu þannig að menn séu öruggir um að stefna ekki niður í ekki neitt, eins og gerir í núgildandi lögum.

[20:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. og teldi gott að hann upplýsti í þingsal hvort hann hafi samþykkt þá skerðingu sem sett var á krókaaflamarksbátana í þessu frv. Ég held því fram að úr því að hann er búinn að taka þátt í samningum um þetta þá hafi verið tekist á um það líka hvort setja ætti botn í dagakerfið. Varla hafa menn gleymt því.

Ég spyr: Var hann líka samþykkur því að bátar sem nota trektir við beitningu yrðu út undan? Hefur hv. þm. tekið þátt í að semja um alla þessa hluti?

[20:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég bjóst við því að hv. þm. Jóhann Ársælsson mundi nota ræðutíma sinn í að skýra fyrir mér það sem ég hafði ekki skilið í staðinn fyrir að nota tækifærið til að spyrja mig að því sem ég var búinn að svara. Ég var búinn að svara mjög skýrt. Þetta stjórnarfrumvarp liggur fyrir með stuðningi mínum, virðulegi forseti. Ég hef lýst því yfir og líka sagt frá því að ég hafi tekið þátt í samningum um að gera það að veruleika.

Það er ekki þar með sagt að frv. sé allt eftir mínum óskum. Þetta vita allir, virðulegur forseti. Menn gera ekki svona hluti öðruvísi en að ná samkomulagi. Samkomulagið er aðalatriðið vegna þess að það er pólitísk og byggðaleg nauðsyn að ná saman um þennan áfanga.

[20:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi hlustað á ræðu mína í dag. Þar fór ég yfir afstöðu mína til þessa máls. Hún fer ekkert á milli mála. Ég tel að það eigi að vera hv. þm. alveg ljóst að línuívilnun var ekki á stefnuskrá Samf. fyrir þessar kosningar heldur var hún á stefnuskrá Sjálfstfl. og Framsfl. Þegar menn heimta síðan stuðning við einhvern bastarð sem þeir hafa samið um í bakherbergjum stjórnarflokkanna þá geta þeir ekki átt von á því að við hrópum húrra fyrir því öllu saman.

Þótt við höfum viljað skoða það frv. sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson lagði fram, sem er í fjölmörgum atriðum allt

öðruvísi en það frv. sem liggur hér fyrir, þá höfðum við ekki einu sinni tækifæri til að ræða við hv. þm. um hvaða breytingar þyrfti að gera á því ef stjórnarandstaðan ætti að taka málið upp á sína arma, eins og þá virtist standa til. Menn hljóta að sjá að það er munur á þessum málum.

[20:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðalmunurinn á tillögu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og tillögu ríkisstjórnarinnar er að í tillögu Kristins var gert ráð fyrir meiri ívilnun í aukategundunum, í ýsu og steinbít. Ef það er þannig, virðulegur forseti, að Samf. eða virðulegur þm. Jóhann Ársælsson geti ekki stutt þetta mál vegna þess að það vanti meiri ívilnun í ýsu og steinbít þá fer ég að skilja hann. Gaman að vita það.

En ég hef fyrir framan mig yfirlýsingar hans, sem voru prentaðar og dreift um allt Ísland, um að hann styddi línuívilnun og treysti því að Samfylkingin mundi fylgja honum. (**Gripið fram í:** Nei, nei nei.) Það stendur hér. Virðulegur forseti, hann reiknaði með því. Hann treysti því ekki en hann reiknaði með því. Það var allur munurinn þar á. Hann reiknaði með því, blessaður.

[20:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að þetta væri sáralítið frv. og skildi ekki í öllum þessum hávaða og látum í stórútgerðinni og öðrum aðilum. Það skyldi ekki vera svo að þetta sé bara leikrit því hvað skyldi einkenna þetta frv.? Það er niðurskurður á byggðakvóta. Hverjir hafa verið á móti byggðakvótanum? Stórútgerðin. Í frv. er niðurskurður á afla krókaaflamarksbáta. Hver hefur verið á móti krókaaflamarksbátum? Stórútgerðin. Í kjölfarið kemur útrýming smábátaflotans, niðurskurður á dögum niður í 18 á tímabilinu. Þar bætist upp þessi tonnafjöldi sem hugsanlega kemur í línuívilnunina. Hver hefur verið á móti þessum flota? Einmitt, stórútgerðin. Hvaða skip eru það sem helst geta sölsað undir sig þessa línuívilnun? Það eru einmitt millistór skip, stærri skip, sem geta farið á línu og sölsað það undir sig.

Hefur ekki hvarflað að þingmönnum að líklega er þetta allt leikrit eins og venjulega, frumvarpið kokkað af stórútgerðinni og síðan er sett á svið þetta leikrit sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson leikur hlutverk í?

[20:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður mjög ánægjulegt fyrir forustu LÍÚ að fylgjast með þessum umræðum seinna í nótt eða fyrramálið og komast að því að hún hafi kokkað þetta allt saman og sett þetta á svið. Þetta er hennar eigið frumvarp og þannig vill hún hafa þetta. Nú veit hún það að hún hefur búið þetta til. Það hlýtur að vera niðurstaðan, virðulegur forseti, því að þeir taka eflaust mark á hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Þá vita þeir að þetta er svona, allt frá LÍÚ, og mótmæli þeirra eru bara hluti af leikriti.

En, virðulegur forseti, ég er náttúrlega áfram jafnnær um það hvort þingflokkur Vinstri grænna styður línuívilnun eða ekki. Þeir hafa lýst því yfir á prenti að þeir væru mjög fylgjandi línuívilnun og vistvænum veiðum. Ég bíð spenntur eftir að sjá atkvæðagreiðsluna og hvort þeir styðja þetta mál eða ekki.

[20:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er góður leikari. Ég vitnaði fyrst og fremst í orð þingmannsins sjálfs. Hann sagði að þetta væri sáralítið frumvarp en um það væri þyrlað gríðarlegu moldviðri og við hefðum heyrt í fjölmiðlum undanfarið yfirlýsingar svo stórkostlegar að halda mætti að heimsendir væri í nánd. En þetta eru bara örfá tonn sem er verið að taka af dagabátunum, þau ein sér.

Ég er því ekki viss um, virðulegi forseti, að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ríði feitum ... (**Gripið fram í:** Hverju?) ... hesti — ég ætlaði að fara að segja gelti — um Vestfirði ef þetta frv. fer óbreytt í gegn. Ég bara skora á hv. þm. að styðja þá sem vilja gera breytingar á þessu frv. þannig að það verði að einhverju gagni varðandi krókaaflamarksbátana, dagabátana, og það að línuívilnun verði í raun línuívilnun og hluti af byggðatengdri og vistvænni fiskveiðistjórn.

[20:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er trúlegt að það verði eins og fyrri daginn, að ég eigi eftir að valda vinstri grænum miklum vonbrigðum. (**JBjarn:** Nei, það kemur ekki þannig út.) Ég mun í þessu máli ekki styðja þá frekar en í neinu öðru enda vita þeir ekki sjálfir hvað þeir vilja.

Það er ekki svo að ég hafi þetta jafnskýrt og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sem sagði áðan að hann yrði á móti þessu máli ef það yrði til þess að aflaheimildir færu til Vestfjarða. Hins vegar gæti þetta allt snúist við, (Gripið fram í.) ef þetta færi ekki til Vestfjarða þá gæti vel verið að hann styddi það. Þetta verður eflaust prentað í jólablaði Skutuls, blaðs kratanna á Vestfjörðum. Þetta verður jólaglaðningurinn þeirra og ég þarf ekki að útskýra það frekar.

Ég spyr enn einu sinni: Ætli nokkur á Íslandi viti enn hvaða stefnu eða meiningar hv. þm. Jón Bjarnason hefur í þessu máli?

[21:00]

Útbýting þingskjals:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 447. mál, frv. HBl o.fl., þskj. 635.

[21:01]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Umræðan um það frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, hefur um margt verið merkileg og sérstök í senn. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Hæstv. ráðherra er væntanlega í hliðarsölum að hvíla sig örlítið á umræðunni og ekki skrýtið því á miklu hefur gengið hér í dag. En við treystum því, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé í húsinu, er það ekki rétt?

(**Forseti** (BÁ): Ráðherra er í húsinu.)

Já, við skulum ekki gera athugasemdir við það þótt hæstv. ráðherra vilji dvelja einhvers staðar í hliðarsölum, hann er væntanlega ekki langt undan ef hann telur ástæðu til þess að taka þátt í umræðunni á eftir.

Það kom margt merkilegt fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann kom víða við að vanda og lýsti yfir miklum stuðningi og mikilli ánægju með það frv. sem hér er lagt fram. Hann fór örlítið yfir það hvernig þetta frv. hefði orðið til. Og ég held að rétt sé að taka undir með nokkrum hv. þm. sem hafa óskað sérstaklega ákveðnum hv. þm. Vestfirðinga til hamingju með árangurinn. Það kom mjög glögglega fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hann lítur á sig sem mikinn sigurvegara í þessu

máli og það er augljóst mál miðað við málflutning hv. þm. að hann lítur á hæstv. sjútvrh. sem tapara í málinu. Hæstv. sjútvrh. hafi ekki náð að halda fingrum sínum kyrrum, vegna þess að hv. þm. sagðist hafa sagt að ekki hafi verið lyft fingri til þess að leysa málið fyrir viku síðan, en síðan hafi hv. þm. átt leið að því er virtist algerlega óundirbúið í sjútvrn. og þá hafi komið í ljós að þar var búið að vinna miklu meira en hv. þm. hélt. Það var sem sagt byrjað að eiga við frv. í þessa átt og hv. þm. tilkynnti það að hann hefði síðan tekið þátt í því að semja um það hvernig frv. yrði og hefði að því er mér skildist og ég held þeim hv. þm. sem hér hlustuðu á, unnið fullan sigur í málinu.

Það er ekkert skrýtið. Hv. þm. rifjaði upp hvernig þetta hefði orðið til. Hann sagði okkur það, sem ekki vorum á þeim merka fundi, landsfundi Sjálfstfl., að þar hefði þetta mál verið samþykkt í upphafi og síðan hefði það verið notað mjög af nokkrum frambjóðendum flokksins í síðustu kosningabaráttu. En hv. þm. sagði hins vegar einnig að þeir sem hefðu verið á móti og hefðu orðið undir á landsfundinum, hefðu valið þá leið að þegja um málið í kosningabaráttunni.

Herra forseti. Ég verð að vitna í þessu máli. Hv. þm. fer algjörlega með rétt mál vegna þess að í mínu kjördæmi minnist ég þess ekki að á nokkrum einasta fundi hafi einn einasti frambjóðandi stjórnarflokkanna nokkurn tímann nefnt þetta mál, enda kæmi mér það mjög á óvart ef einhver þeirra hv. þm. sem kosnir voru í því kjördæmi styddi þetta mál, nema með svipuðum þvingunum og væntanlega hefur verið beitt gagnvart hæstv. sjútvrh. Því ég á erfitt með að trúa því að hæstv. sjútvrh. sé a.m.k. mikill aðdáandi þessa máls.

Það er líklega rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að að ýmsu leyti er þetta mál kannski lítið og skiptir litlu. En það er nú oft þannig að það sem byrjar smátt getur orðið ógnarstórt. Og það er auðvitað alveg ljóst hvaða stefnu verið er að taka með þessu frv. Það er t.d. verið að segja að það sé ákveðinn útgerðarflokkur sem eigi að njóta alveg sérstakra forréttinda, þ.e. frumstæðasti pátturinn í sjávarútvegi þjóðarinnar þegar beitt er með höndum í landi, svo takmarkað skal það vera. Og spurningin er þá sú: Má ekki búast við því að haldið verði áfram í þessa átt? Eða treystir hæstv. sjútvrh. sér til þess að fullyrða að þetta verði síðasta skrefið sem stigið verði í þessa átt þar sem þessi sérstaki útgerðarflokkur fær alveg sérstaka meðhöndlun og er þá væntanlega hvati til þess að fleiri leiti á þessi mið?

Við getum auðvitað haldið áfram að velta því fyrir okkur hvert gæti þá verið næsta skref. (**Gripið fram í:** Árabátar.) Ja, það er ekki víst, hv. þm., að það yrði næsta skref að fara í árabáta, en maður gæti séð það fyrir sér að það yrði síðasta skrefið, að þetta endaði þar. Ef eitthvert samhengi væri í hlutunum hjá ríkisstjórninni og ríkisstjórnin væri með einhverja stefnu sem hún væri að framfylgja, þá væri þetta fyrsta skrefið, en síðasta skrefið yrði væntanlega árabátar. Og þá værum við líklega komin nógu langt aftur til þess að ýmsir hv. þm. sem hafa ekki (Gripið fram í.) stutt mörg mál gætu farið að styðja slíkt. Þá værum við líklega komin það langt aftur á bak. Og þá er hins vegar spurningin: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart þjóðarbúinu almennt? Er hæstv. sjútvrh. t.d. algjörlega klár á því að þetta frv. skili auknum verðmætum í þjóðarbúið, er það algerlega kristaltært? Eða gæti verið að það væri alveg ljóst í huga hæstv. ráðherra að því væri þveröfugt farið, það væri væntanlega verið að minnka verðmæti til þjóðarbúsins?

Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra því það getur ekki annað verið með tilliti til hinnar vönduðu vinnu sem væntanlega hefur farið fram í sjútvrh. eftir vitnun hv. þm. Einars Odds, en að búið sé að vinna þar miklu lengur en hv. þm. grunaði fyrir viku, að það sé búið að fara yfir alla þessa þætti og það sé auðvitað búið að meta áhrif frv. á þjóðarbúskapinn, t.d. það hversu margir menn vinna við beitningu á Íslandi í dag. Hvað má búast við að margir hafi vinnu af því eftir þessa breytingu? Hve mikið aflaverðmæti kemur að landi frá þessum útgerðarflokki í dag og hve mikið verður það eftir þessa breytingu? Og hvaða breytingu orsakar þetta hjá öðrum útgerðarflokkum? Hversu mörg eru þau störf sem væntanlega er ætlunin með þessu frv. að færa til Vestfjarða einhvers staðar annars staðar frá? Hvernig mun það bitna á sjávarbyggðunum í landinu öðrum en þeim sem fá hugsanlega einhver störf til viðbótar?

Miðað við þetta er verið að taka þau einhvers staðar annars staðar. Þess vegna er ekki einu sinni verið að framkvæma það sem þessir frambjóðendur sem töldu það væntanlega hagnast sér í sínum kjördæmum í vor, töluðu um, línuívilnun. Vegna þess að ég man ekki betur en flestir þeir hv. þm. sem ég hef heyrt minnast á ívilnunina hafi talað um það fram undir þetta að hún hafi átt að vera viðbót í kerfið. Þetta ætti ekki að taka af nokkrum aðila. Svo kemur frv. fram og þá kemur auðvitað í ljós að verið er að taka þetta einhvers staðar. Það er ekkert verið að bæta þessu við.

Það var því ekkert skrýtið þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór svo fljótlega í ræðu sinni að tala um það að aflamarkskerfið væri raunverulega ómögulegt, þetta væri ómögulegt kerfi. Og þetta væri líklega fyrsta skrefið, en svo stoppaði hann, ég veit ekki hvað hv. þm. ætlaði að segja. Fyrsta skrefið í hvaða átt? Ja, kannski í átt að árabátunum? Hver veit. En hann áttaði sig, hv. þm., og stoppaði og talaði síðan um það að þetta væri til að styrkja línuveiðarnar. En er það svo víst, hæstv. sjútvrh., að verið sé að styðja og styrkja allar línuveiðar? Mér hefur skilist af umræðunni í dag og af lestri þessa frv. að það sé ansi takmarkað hvað verið er að styrkja línuveiðar almennt. Það er eingöngu verið að styrkja frumstæðustu línuveiðarnar. Víðar nær það ekki, sýnist mér, í þessu frv.

Herra forseti. Það er auðvitað margt fleira sem er athyglisvert í þessu og kom fram bara í ræðum síðustu hv. þingmanna og í andsvörum við ræður þeirra. M.a. kom það fram hjá hæstv. sjútvrh. að það væri aðeins eitt sem ekki væri í fullu samræmi við það sem hæstv. ráðherra hefði sagt á undanförnum mánuðum og það er að gildistakan varðandi ívilnun á ýsu og steinbít yrði 1. febrúar en ekki 1. september 2004, eins og hæstv. ráðherra hefur margoft sagt, að ekki ætti að breyta neinu fyrr en 1. september 2004. Síðan bætti hæstv. ráðherra því við að ef frv. yrði ekki samþykkt fyrir jól þá yrði þessi ívilnun ekki 1. febrúar 2004. Það er því alveg nauðsynlegt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það sé ekki ætlun ríkisstjórnarinnar með því samkomulagi sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson upplýsti þingheim um áðan, hvort það væri ekki hluti af samkomulaginu að keyra þetta í gegnum þingið fyrir jól, eða hvort það hafi verið röng upplifun hjá mér þegar hæstv. ráðherra sagði að það gætti svona örlítillar vonar um að kannski mætti tefja frv. fram yfir jól þannig að þessi ósköp dyndu ekki yfir strax 1. febrúar, heldur vonandi einhvern tímann síðar.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gerði svolítið af því í dag að fara upp í andsvörum og óska eftir því að menn töluðu skýrt, og stóð síðan ekkert mikið í því sjálfur að tala mjög

skýrt. Og það væri auðvitað skemmtilegt ef hv. þm. heyrði til mín og gæti svarað því hér á eftir, hvort afstaða hv. þm. sé mjög skýr í málinu, þ.e. hvort hv. þm. styður frv. algjörlega óbreytt eða hvort hann hafi haft einhvern örlítinn fyrirvara við frv. Og þegar ég minnist á fyrirvara þá kemur það upp í huga minn sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að hann vissi ekki til þess að það væri neinn fyrirvari almennt hjá stjórnarflokkunum við þetta frv. Það er auðvitað allt annað en ýmsir hv. þm. Framsfl. hafa sagt í fjölmiðlum. Og það er auðvitað alveg nauðsynlegt af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur alltaf verið að spyrja um skýra afstöðu. Það væri ekki ónýtt að fá skýra afstöðu Framsfl. í málinu. Er Framsfl. tilbúinn til að styðja þetta frv. óbreytt eða er einhver önnur afstaða í Framsfl. heldur en í Sjálfstfl.? Ég leyfi mér reyndar að efast um það að hann sé yfirleitt í Sjálfstfl. en eins og búið er að berja hann til í Sjálfstfl.? Hvort Framsfl. er algjörlega sammála því eður ei?

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að rifja örlítið upp þetta mál og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson aðstoðaði mig örlítið við það en það eru samt okkur atriði sem komið hafa fram í fjölmiðlum á undanförnum vikum og mánuðum sem ég held að nauðsynlegt sé að rifja aðeins hér upp. Það gerðist t.d. hinn 10. júlí í Ríkisútvarpinu að fjallað er um afstöðu hæstv. sjútvrh. og þar segir, með leyfi forseta:

„Árni [þ.e. hæstv. sjútvrh.] segir engu slegið föstu um það í stjórnarsáttmála að auka skuli byggðakvóta eða taka upp línuívilnun, slíkt hafi ekki heldur verið upp á teningnum í stefnuræðu forsætisráðherra."

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er að sjálfsögðu látinn bregðast við þessu og segir í sömu frétt sem var í Ríkisútvarpinu hinn 10. júlí, með leyfi forseta:

„Og ég bendi á varðandi línuívilnunina að hún hefur verið samþykkt á flokksþingum beggja stjórnarflokkanna og þó að sjávarútvegsráðherra hafi verið á móti því í sínum flokki þá ber honum auðvitað að hrinda því í framkvæmd sem hans flokksmenn hafa samþykkt og sem ríkisstjórnin hefur náð saman um."

Ég verð ekki var við það, herra forseti, í fréttinni að hæstv. sjútvrh. beri það til baka að hæstv. ráðherra hafi verið á móti línuívilnun í sínum flokki. Og hafi hæstv. ráðherra verið á móti línuívilnun í sínum flokki væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvað breyst hafi annað en að það séu samþykktir víða sem hafi sett hann í þá stöðu að þurfa leggja fram og mæla fyrir því frv. sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Áfram er haldið. Hinn 8. ágúst í fréttum í Ríkisútvarpinu varðandi þetta sama mál, þegar búið er að vitna nokkuð í hv. þm. Kristin H. Gunnarsson um að það sé ágreiningur um málið, segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Nei, ég hef nú ekki orðið var við ágreining á milli stjórnarflokkanna. Í þessari ákvarðanatöku hef ég haft samráð við formann Framsóknarflokksins um hvernig að þessu er staðið og ekki orðið var við það hjá honum að hann telji að ég sé að brjóta stjórnarsáttmálann."

En hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafði gefið það til kynna í fréttum áður að hæstv. sjútvrh. væri líklega að brjóta stjórnarsáttmálann því þetta kæmi allt saman mjög skýrt fram þar, þrátt fyrir það sem hann hafði sagt í frétt nokkru áður og haft eftir hæstv. sjútvrh. að slíkt væri alls ekki til staðar í stjórnarsáttmálanum.

Þann 17. ágúst sl. er einnig fjallað um þetta mál í Morgunblaðinu. Það er á margan hátt býsna fróðlegt sem haft er eftir hæstv. sjútvrh. þar. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef úthluta á til að styrkja byggðirnar geta verið rök fyrir því að úthluta eigi til dagróðrabáta, sem landi þá í heimahöfn og beitt sé í landi, þannig að vinna skapist í landi. Þá má líka setja skilyrði um það að aflinn verði einnig unninn í heimabyggðinni."

Þetta var haft eftir hæstv. sjútvrh. þann 17. ágúst. Ég sé ekki að allt það sem hæstv. nefnir þarna sé í því frv. sem hér liggur fyrir. Fróðlegt væri að heyra skýringar hæstv. ráðherra á því hvort hann hafi skipt um skoðun frá því hann sagði þetta í Morgunblaðinu þann 17. ágúst eða hvort samkomulagið sem náðst hefur um málið hafi þvingað hann til þess að fara aðrar leiðir. En í sama viðtali segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Þeir sem vilja halda sig við byggðasjónarmiðið" – það hafa auðvitað verið meginrökin fyrir þessu frumvarpi, byggðasjónarmiðin – „þurfa þá líka að færa rök fyrir því af hverju dagróðrabátar, sem nota önnur veiðarfæri, eigi ekki að fá ívilnun líka. Þá væri kannski réttara að tala um þetta sem byggðaívilnun. Ef menn setjast niður og skoða öll þau álitamál, sem í svona ívilnun felast er það alveg augljóst að menn þurfa að gefa sér góðan tíma til að fara yfir málið og meta þessa kosti."

Ég held að það sé margt til í þessari tilvitnun hæstv. sjútvrh. Því spyr ég: Finnst hæstv. ráðherra það boðlegt eftir að hafa fært þessi ljómandi rök fyrir því að menn verði nú heldur betur að vanda sig við málið að ætla að keyra frv. í gegnum Alþingi á tveimur dögum? Hvernig á að vera hægt að ígrunda allar þessar hliðar vandlega ef ekki má gefa sér meiri tíma til þess að vinna í málinu? (**HBl:** Ef menn eru vel að sér eiga þeir ...)

Það er rétt, hv. þm., ef allur þingheimur, ég tala nú ekki um sjútvn., væri vel að sér í þessu öllu saman. En ég hef trú á því að flestir þingmenn séu að sjá ýmislegt af þessu í fyrsta skipti og hafi nefnt ýmislegt annað í línuívilnun en hér kemur fram.

Herra forseti, áfram með tilvitnanir. Þann 15. september sl. er Ríkisútvarpið enn að fjalla um línuívilnun sem kemur væntanlega mörgum á óvart. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra segir ríkisstjórnina einhuga í því hvernig standa á að línuívilnun fyrir smábáta. Frumvarp verði lagt fram í haust sem taki gildi í byrjun næsta fiskveiðiárs, 1. september 2004."

Mikill var einhugurinn í ríkisstjórninni og hann hefur náð langt, því hér er frv. sem segir allt annað. Í sama fréttatíma, herra forseti, er rætt við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Þar er ekki verið að skafa af hlutunum frekar en fyrri daginn, því það er eiginlega sagt nokkuð kurteislega að ef hæstv. sjútvrh. fari ekki að drífa sig í þessu, sé ekki annað að gera fyrir hann en að kveðja stólinn.

Enn segir hæstv. sjútvrh. í þessari sömu frétt og er að vitna til ríkisstjórnarinnar:

„Það voru allir sammála um það, að það væri rétt að fara í málið á þennan hátt og að stefna að því að leggja fram frumvarp á næsta þingi og fá það samþykkt og að síðan taki lögin gildi 1. september 2004."

Þarna kemur sama dagsetningin fyrir enn og aftur. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. skýri fyrir okkur hvernig á því standi að þrír þingmenn af Vestfjörðum geti beygt heila ríkisstjórn. Hvers konar styrkur er í ríkisstjórn sem er haldið í gíslingu þriggja þingmanna? Væri ekki ráð að

kanna hvar það endar ef haldið verður áfram á sömu braut? Það skyldi þó ekki vera styttra í árabátinn en ýmsir halda?

Herra forseti. Þann 15. september er einnig fjallað um málið í sjónvarpi. Þar kemur býsna merkileg tilvitnun, því í fréttinni segir:

„Hins vegar nefndi sjávarútvegsráðherra mun lægra hlutfall á fundi sínum með formanni Smábátafélagsins Eldingar síðastliðinn vetur en þá ræddi hann um 1% línuívilnun."

Kæmi ekki á óvart þótt hæstv. ráðherra hefði verið ánægðari með að leggja slíkt frv. fram heldur en það sem hann hefur lent í að mæla fyrir í dag.

Herra forseti. Fljótt líður tíminn og því verður ekki hægt að vitna mikið meira í hæstv. sjútvrh. En eins og þingheimur heyrir eru tilvitnanirnar hver annarri skemmtilegri og merkilegri. Þann 5. desember segir hæstv. ráðherra í sjónvarpinu, með leyfi forseta:

„Það hefur út af fyrir sig ekkert breyst annað en það að við fundum aðferð sem við gátum sæst á."

Það er ekkert annað, herra forseti. Aðferðin sem fannst var að hæstv. sjútvrh. hefur þurft að bakka með nær allt saman, og ekki bara hæstv. *ráðherra heldur ríkisstjórnin* eins og hún leggur sig vegna þriggja þingmanna frá Vestfjörðum. Herra forseti. Mikill er máttur Vestfjarðaþingmanna og hefði hann mátt vera slíkur áður því þá væri kannski betra ástand víða á Vestfjörðum en nú er. En það er notað sem helsti rökstuðningur fyrir því að sýna okkur þessi ósköp sem í þessu frv. eru.

[21:21]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur farið yfir ummæli mín á svipaðan hátt og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Honum hef ég svarað áður varðandi frétt frá 10. júlí, svarað áður hvað varðar dagsetninguna. Hv. þm. talar um frétt þar sem að ég hafi sagt við einn af forsvarsmönnum smábátaeigenda að 1% línuívilnun væri inn í myndinni. Ég vil segja við hv. þm. að hann á ekki að taka mark á öllu því sem hann fréttir og öllu því sem hann heyrir í fréttum. (Gripið fram í.)

Í sambandi við það sem hv. þm. segir að það eigi að afgreiða frv. á stuttum tíma og að ég hafi sagt að það þyrfti að vinna það vel, þá eru fjórir mánuðir liðnir frá því að þau ummæli féllu og það má vinna heilmikið á þeim tíma til þess að fá góða niðurstöðu eins og menn sjá á þinggögnum sínum. Þá spyr *ég á móti*, þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson lýsti yfir stuðningi við línuívilnunina fyrir hönd Samfylkingarinnar eða við formið sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var með í huga, virtist tíminn ekki skipta voðalega miklu máli, virtist vera allt í lagi að afgreiða það fyrir jólaleyfi, þá þurfti ekkert að liggja mikið yfir málinu.

Varðandi það sem hv. þm. spurði um, *möguleika sem* ég nefndi í sambandi við löndun í heimahöfn og að vinna aflann í heimahöfn, voru það að sjálfsögðu hlutir sem komu til greina og voru athugaðir í vinnunni í ráðuneytinu, en þegar til kom kallaði þetta á meira eftirlitsbákn en ég taldi skynsamlegt.

Að síðustu, herra forseti, talaði hv. þm. um hvaða áhrif þetta mundi hafa á þjóðarbúið og ýmsar hagstærðir. Það verður að benda honum á það að hér er verið að veita mönnum möguleika. Það er erfitt að sjá fyrir nákvæmlega hvernig menn munu nýta möguleikann en það hefur auðvitað áhrif á hagstærðir þær sem hann var að nefna.

[21:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er verið að skapa möguleika, en það eru ýmsar tölur samt sem áður ljósar í þessu og við skulum ekki ímynda okkur að þessi smuga sem hæstv. ráðherra leggur til verði ekki nýtt í botn. Það er spurning hverjir muni gera það því það eru ýmsir möguleikar. Við höfum séð það að þegar svona er gert kallar það á ýmsar tækninýjungar og ekki ólíklegt að menn muni leita ýmissa tækninýjunga til þess að reyna að komast í þann afla sem þarna er verið að opna kapphlaup í á þriggja mánaða fresti.

Herra forseti. Það er eiginlega nauðsynlegt að spyrja hæstv. sjútvrh. aftur varðandi störfin og hvaða áhrif tillögurnar geta væntanlega haft á það hvernig atvinna eða atvinnumöguleikar muni færast til á landinu. Ráðuneytið hlýtur, eftir látlausa fjögurra mánaða vinnu eins og hægt var að skilja á orðum hæstv. ráðherra, að hafa velt því fyrir sér hvaða áhrif þetta geti haft á byggðarlögin. Það hefur auðvitað legið í loftinu, það er verið að færa störf til Vestfjarða. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaðan verða þessi störf flutt? Hversu mikla atvinnu er verið að færa á milli landshluta eða sjávarbyggða? Hvaða hug hefur hæstv. ráðherra á því að bæta þeim sjávarbyggðum, sem misjafnlega standa, þau störf sem væntanlega er verið að flytja á milli með þessari tillögu?

Þannig mætti halda áfram. En, herra forseti, ég held áfram í seinna andsvari.

[21:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eiginlega sama svarið hvað störfin varðar á einstökum stöðum og ég nefndi áðan. Það eru möguleikar og ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um það hvernig þeir muni þróast. Það fer eftir því hvernig þeir verða nýttir eins og ég sagði áðan. Ef þetta verður með jafnri dreifingu getur vel verið að það hafi sáralítil áhrif á það hvernig störf dreifast á milli byggðarlaga.

Hins vegar var athyglisvert að heyra það sem hv. þm. sagði um að þetta gæti ýtt undir tækninýjungar. Það er auðvitað jákvætt í sjálfu sér og gæti vel verið aukainnskot í okkar annars ágæta hagvöxt.

[21:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, tækninýjungar gætu auðvitað átt sér stað, *m.a. með því að ýmsir ágætir frumkvöðlar og hönnuðir* færu að hanna beitningarvél í landi, því það kemur ekki fram í frumvarpinu að það muni hafa nein áhrif. Ef menn gætu hannað beitningarvél í landi gætu þeir trúlega aukið afköst sín mjög mikið og þyrftu kannski ekki að standa í kapphlaupinu jafnlengi, því það væri búið að ná þeim afla sem sóst var eftir á *miklum mun skemmri tíma en menn gera* ráð fyrir.

Hæstv. ráðherra virtist jafnvel vera að ýja að því að það gæti verið rangt hjá hv. þm. Vestfirðinga sem hafa talið sig vera að vinna hér mikla sigra, því hæstv. ráðherra lét þá von í ljós, ef ég heyrði rétt, að þetta mundi dreifast miklum mun jafnar um landið en hv. þm. Vestfirðinga vonast eftir.

Herra forseti. Alvarleikinn í þessu máli er auðvitað sá að hæstv. sjútvrh. hefur á undanförnum árum verið að tala fyrir því að hann væri að berjast fyrir því að gera sjávarútveginn að alvörumatvælaframleiðslugrein. Með tillögum eins og hér liggja fyrir er verið að fara í þveröfuga átt. Það er

verið að bæta við útgerðarflokk, sem er hvað frumstæðastur og þróunin hefur verið hvað minnst í, á kostnað hinna sem hafa verið að skapa stöðugleika í atvinnugreininni. Ég vona, herra forseti, að hæstv. ráðherra sjái að sér og komi með frv. fljótlega eftir áramótin sem vinni gegn þeim ósköpum sem hér eru, eða við getum slegist í lið saman og komið í veg fyrir það að þessi ósköp verði þjóðinni gefin í jólagjöf. (**Sjútvrh.:** Hv. þm. talar svo skýrt.)

[21:28]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Umræðan í dag um frv. sem er á dagskrá, þ.e. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, með öllum síðari breytingum sem hafa orðið frá 15. maí 1990, hefur náttúrlega um margt verið mjög athyglisverð. Umræðan hófst í kosningabaráttunni, hófst á landsfundum Sjálfstfl. og Framsfl. þar sem menn töldu sig þurfa að gera einhverja bragarbót á fiskveiðistjórnarkerfinu til að koma til móts við gagnrýni og óánægju sem ríkti. Stjórnarflokkarnir gengu til kosninga með mjög slæma samvisku og reyndu allt hvað þeir gátu til að kaupa sér hylli kjósenda á einn eða annan hátt, hvort sem það var með loforðum í þá átt sem við erum að ræða hér, skattalækkunum, eða byggingum hist og her eins og áður hefur verið sagt. Það var öllu lofað á vinstri og hægri hönd, fram fyrir sig og í allar áttir.

Virðulegi forseti. Við höfum við umræðu um fjárlög og ýmislegt annað sem hefur verið á dagskrá í desember og á eftir að verða sem eftir lifir þings fram að jólaleyfi, fjallað um hin sviknu kosningaloforð sjálfstæðismanna og framsóknarmanna og þau loforð sem þeir ætla að reyna að standa við þó að ekki sé notað nema eitt orð, í þessu tilfelli línuívilnun. Allir sem fylgst hafa með stjórnmálum á Íslandi hafa auðvitað fylgst með því hvernig kaupin hafa verið gerð á eyrinni hvað þetta varðar til þess að fá hæstv. sjútvrh. til þess að lyfta litla putta, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði eitt sinn um hæstv. sjútvrh., þ.e. að hann hefði ekki lyft litla putta til að gera eitt eða neitt í þeim málum sem hér var lofað.

Þessi umræða hefur um margt verið fróðleg. Hún hefur líka verið töluverð um sjávarútvegsmál almennt. Hér hefur verið vitnað í ýmislegt af því sem sagt hefur verið í aðdraganda kosninga og um línuívilnun og fiskveiðistjórnarkerfið almennt. Mér finnst alltaf nauðsynlegt, virðulegur forseti, að rifja upp 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, þegar rætt er um sjávarútvegsmál, hvort sem það er á hinu háa Alþingi eða úti á meðal almennings. Í 1. gr. laganna stendur, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ — Þetta er göfugt markmið. — „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“ — Þetta er líka mjög göfugt og gott markmið. — „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Þetta er líka mjög göfugt. Svo hafa menn rifist og deilt í háa herrans tíð um túlkun á þessari grein, t.d. hér í dag. Nokkrir stjórnarþingmenn vitnuðu m.a. í það að fiskurinn í sjónum væri sameign okkar o.s.frv. Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að í kosningabaráttunni hefði verið mikil umræða um þetta. 30 þús. tonn duttu allt í einu niður af himninum og ofan í sjóinn og voru til úthlutunar í einni ræðu hæstv. forsrh. á Akureyri. Þegar hæstv. forsrh. fór á fund í Vestmannaeyjum var lofað að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga á kvóta. Kem ég kannski að því á eftir.

Ég sem er nýr maður í sjútvn. hef lagt mig fram um að sækja hina ýmsu fundi sem ég hef átt kost á til þess að hluta á menn ræða um sjávarútvegsmál og það hefur verið um margt mjög fróðlegt. Ég sótti t.d. landsfund Landssambands íslenskra útvegsmanna og hlustaði þar á mörg fróðleg erindi. Ég hlustaði þar líka á menn segja að sennilega væri kvótakerfið svo á milli tanna fólks vegna þess að landið væri svo lítið, nálægðin væri svo mikil, að menn vissu allt um alla. Einn ágætur maður á þessum fundi vonaðist til þess að einhvern tímann yrðu fundnar upp töflur við öfund. Þá mundi þetta allt saman skána. Það kom fram með öðrum orðum að gagnrýni á fiskveiðistjórnarkerfið væri fyrst og fremst sprottin af öfund. Það kom líka fram hjá mönnum að breytingar á eignarhaldi fyrirtækja hafa valdið miklum deilum, samþjöppun veiðiheimilda og uppsagnir starfsfólks sem þá áttu sér stað t.d. á Raufarhöfn og Seyðisfirði. Auðvitað magnar þetta allt upp umræðu um kvótakerfið.

Það sem ég vildi sagt hafa, virðulegi forseti, er að það er mjög alvarlegt að við skulum enn þann dag í dag árið 2003 vera með þannig fiskveiðistjórnarkerfi að það veldur miklum deilum. Það er mjög alvarlegt að alltaf sé verið að rífast um þetta kerfi höfuðatvinnuvegs þjóðarinnar. Þess vegna hef ég sagt, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt að reyna að skapa þá mestu sátt sem hægt er um fiskveiðistjórnarkerfið þó að auðvitað sé barnaskapur að halda að einhvern tímann verði hægt að skapa algjöra sátt um það. En það þarf að sníða ýmsa vankanta af þessu kerfi sem jafnframt hefur samt sem áður marga kosti. (**Gripið fram í:** Nú?) Það hefur þá. Það hefur alltaf komið fram úr mínum munni. Við getum borið okkur saman við nálæg lönd og annað slíkt en það eru ókostir í kerfinu sem fólki blöskrar. Ég hef stundum sagt að það sem verst er og mest er gagnrýnt megi kalla hin þrjú B, þ.e. brask, byggðaröskun og brottkast.

Það er oft sagt, þó margir andmæli því, varðandi ýmislegt sem hefur gengið á á landsbyggðinni, t.d. íbúafækkun og annað slíkt, að sjávarútvegsstefnan, fiskveiðistjórnarkerfið hafi valdið þar miklu um. Nú ætla ég ekki að taka svo djúpt í árinni og segja að það sé algjör valdur að því. Það er alls ekki svo, en stór orsakavaldur. Landsbyggð er nefnilega ekki sama og landsbyggð í raun og veru.

Virðulegi forseti. Maður verður var við mikinn mun þegar maður fer vítt og breitt um landið, ræðir við fólk, kynnir sér staðhætti og kynnir sér hvernig kaupin gerast á eyrinni, ef svo má að orði komast, í sambandi við íslenskan sjávarútveg. Ef ég fer bara í mitt kjördæmi þá er mikill munur á því hvort við erum að ræða um Akureyri eða Fjarðabyggð eða t.d. Raufarhöfn eða Hrísey hvað fiskveiðistjórnarkerfið varðar. Þar er mikill munur á. Sum byggðarlög eiga í mikilli varnarbaráttu vegna þess að fiskveiðiheimildir hafa verið fluttar í burtu, jafnvel verið seldar burtu með einni undirskrift eins og stundum hefur verið sagt og eftir standa íbúar byggðarlaganna með eignir sínar sem oft og tíðum eru lífsstarfið, verðlausar eftir þetta. Þetta er það versta sem getur gerst í þessu kerfi.

Virðulegur forseti. Stuðningsmenn kerfisins hafa stundum sagt að þetta flytjist til annarra og efli þá og það er vissulega þannig. Þetta er að mínu mati einn höfuðókosturinn við þetta kerfi, virðulegi forseti, og nægir þar að nefna áföll sem dunið hafa yfir t.d. Raufarhöfn á liðnu sumri þó svo að vonandi sé verið að snúa þar vörn í sókn. Það er nú

kannski meira vegna slembilukku, vegna þeirra sem komu til staðarins til að vinna þar áfram. Við höfum fylgst með baráttu Seyðfirðinga. Þar átti að hætta fiskvinnslu, leggja niður fiskvinnslu. Sveitarfélagið fer í hörkubaráttu sem endar með því að það tekur þátt í að kaupa kvótann til baka fyrir mörg hundruð milljónir vafalaust. Ég kann ekki að nefna töluna. Barátta bæjaryfirvalda á Seyðisfirði fyrir að verja störfin heima var hetjuleg. Það eru ekki neinar smáræðis upphæðir, virðulegur forseti, sem verið er að tala um í þessu sambandi. Ég get einnig nefnt þá varnarbaráttu sem hefur átt sér stað á Vopnafirði þar sem sveitarfélagið er mjög mikið innviklað í rekstur fyrirtækisins þar og barðist hetjulega líka í sumar til að kaupa til baka hlutabréfin sem seld voru Tanga fyrir rúman milljarð króna. Þetta er lítið sveitarfélag.

Sveitarstjórnarmenn á Vopnafirði gerðu sér grein fyrir því hvað mundi gerast ef þetta gengi eftir. En það er svo, virðulegi forseti, að kannski hafa ekki öll sveitarfélög eða allar sveitarstjórnir þann kraft eða þann grunn að gera það sem gert hefur verið á Seyðisfirði og Vopnafirði.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara yfir það sem auðvitað snýr líka að íslenskum sjávarútvegi, þ.e. þær miklu breytingar sem eru að verða á mörkuðum erlendis í sambandi við markaðssókn okkar. Við megum ekki eingöngu hugsa um kerfið til að sækja fiskinn og sem við deilum töluvert um eins og ég hef nefnt. Við verðum líka sem Íslendingar, sem þjóð, að snúa okkur að því og fylgjast með því hvað er að gerast á mörkuðunum. Það gerir það kannski að verkum að menn verða að endurskoða stefnu sína reglulega, stefnu í sjávarútvegsmálum og fiskveiðistjórnarmálum. Menn verða að skoða hvað er að gerast.

Það er staðreynd að samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs er að versna. Það er þannig. Það er ekki bara sterk staða gjaldmiðla sem því veldur. Launakostnaður, olíukostnaður og flutningskostnaður er miklu meiri en við þekkjum annars staðar. Það er staðreynd, virðulegi forseti, að sjófrystur karfi er jafnvel fluttur út frá Íslandi alla leið til Kína og unninn þar. Þar er launakostnaður 7.500 kr. á mánuði. Fiskurinn er svo fluttur aftur á Evrópumarkað í samkeppni við okkur. Á þessum fundum sem ég hef vitnað til hefur verið sýnt hvernig fyrirtæki, t.d. Findus sem er mjög stórt í sölu á sjávarafurðum, selja fisk frá Kína sem kemur héðan frá Íslandi þar sem nánast enginn munur er á nema tveir litlir stafir aftan á umbúðunum. Þetta segi ég aðeins, virðulegi forseti, vegna þess að þetta þurfum við að hafa í huga. Við verðum að halda vöku okkar gagnvart því að þessi ógn, sem ég vil kalla svo, frá Kína ryðst inn á markaði sem við höfum verið að byggja upp og erum á. Forskot okkar hvað varðar gæði er því t.d. mikið að minnka. Hvað gerist svo ef Rússar og Evrópusambandið gera nýjan tollasamning og Rússafiskurinn, sem er fluttur og seldur til Kína, unninn þar og kemur aftur til Evrópu með tolli, er samt ódýrari? Hvað gerist ef Evrópusambandið og Rússar gera nýjan tollasamning?

Ég er með öðrum að segja, virðulegi forseti, að í fiskveiðistjórnarkerfi okkar, sem veldur þessum miklu deilum í þjóðfélaginu, eru kostir. En þar eru líka töluverðir gallar. Það er synd að aldrei skuli takast að ná um það meiri sátt að búa til kerfi sem hvað mest sátt verður um, fiskveiðistjórnarkerfi til langframa en ekki til árs í senn eins og núna. Það hefur m.a. komið fram í umræðu um markaðssetningu okkar á fiski og sölu út að stöðugt og jafnt framboð okkar gefur mikið forskot á t.d. Norðmenn sem virðast alltaf vera í ólympískum veiðum svo notuð séu orð sem hálfpartinn á að fara að taka upp núna og ég ætla að koma að hér á eftir, annaðhvort núna eða í seinni ræðu um frv. sem til umræðu er. Það virðist nefnilega eiga að fara út í ólympískt kapphlaup við að ná í svo og svo mikinn afla. Það er það sem við höfum haft mikið fram yfir Norðmenn.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins í lokin að fara inn á frv. sem til umræðu er. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er hér og vil nota tækifærið fyrst til að spyrja hann einnar spurningar, þ.e. um b-lið 2. gr. þar sem talað er um það sem hann hefur leyfi til að úthluta krókaaflamarksbátum sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta, eins og hér stendur, með leyfi forseta:

„Á fiskveiðiárinu 2005–2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti ...“

Já, þar er þetta skorið niður um helming.

Ég vil t.d. spyrja um staði eins og Bolungarvík, Flateyri og Tálknafjörð vegna þess að mér skilst að þar sé mjög mikil útgerð krókaaflamarksbáta. Hver verður skerðingin á þessum þremur stöðum t.d. við það að þessi grein verður fullkomlega komin til framkvæmda eins og hér er gert ráð fyrir? Í athugasemdum með frv. segir að það eigi að taka þetta burt í tveimur áföngum. Mig langar að fá upplýsingar um það. Svo virðist vera að á þessum stöðum sem eru töluvert þekktir fyrir smábátaútgerð og línubáta muni töluvert skerðast. Mig langar að heyra þær tölur frá hæstv. ráðherra vegna þess að á nýlegri ferð minni á þessu svæði hef ég heyrt ákveðna tölu. Þarna verður kapphlaup um að ná í þessi 3.375 tonn eða hvað það nú er ársfjórðungslega eða rúm 800 tonn á hverjum ársfjórðungi.

Segjum að veður á Vestfjörðum verði válynd og gefi ekki til sjósóknar og þeir nái ekki í upphafi þess ársfjórðungs að róa og sækja þennan afla en aðrir nái við betri aðstæður til sjósóknar að fiska vel. Hæstv. sjútvrh. fer upp í brú og hringir vafalaust bjöllu til marks um að kapphlaupinu sé lokið á þeim ársfjórðungi en hver verður þá ávinningurinn?

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. sjútvrh.: Hér er að hluta verið að taka upp sóknardagakerfi. Er hann á þeirri skoðun að það sé til framdráttar? Mig minnir að ég hafi heyrt talað um að menn sæju ýmsa vankanta á sóknardagakerfinu, m.a. fyrir kosningar. Sá sem hér stendur gerir það reyndar líka. En þarna er í raun efnt til kapphlaups eða kappróðurs á hverjum ársfjórðungi til að sækja þennan afla til að vera þátttakendur í þessari 16% ívilnun.

Í þriðja lagi finnst mér grábölvað við þetta frv. og kannski einna verst að byggðakvótinn skuli lagður niður eins og hér er boðað með breytingu á 9. gr. Ég vil hafa ákveðið magn kvóta tekið til ráðstöfunar í byggðakvóta eins og gert hefur verið. Ég er ekki sammála hæstv. sjútvrh. um að alls staðar spretti illdeilur og læti út af ráðstöfun byggðakvóta. Hins vegar hefur stundum læðst að mér sá grunur að hæstv. sjútvrh. og margir í hans flokki séu ánægðir með það þegar deilur rísa vegna byggðakvóta. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Hægt er að nefna byggðarlög þar sem mikil sátt hefur verið um byggðakvóta. Ég og hv. þm. Halldór Blöndal sátum fundi þingmanna kjördæmisins og hlustuðum á hvernig fulltrúar Breiðdalshrepps lýstu því hvernig byggðakvótinn til þeirra hefði verið algjör guðsgjöf, ef svo má að orði komast. Þeir hafa enga tryggingu fyrir því að fá þennan kvóta. Þegar hæstv. sjútvrh. sagði áðan að hann væri búinn að úthluta öllu samkvæmt 9. gr. í desember, þegar jafnskammt er liðið á fiskveiðiárið og raun ber vitni, verð ég að segja eins og er,

herra forseti, að mér fannst staðfest að þarna hefði vitlaus leið verið valin.

Spurning mín til hæstv. sjútvrh. í lokin er einfaldlega: Hvað ætlar hæstv. sjútvrh. að gera það sem eftir lifir af þessu fiskveiðiári ef einhver áföll koma upp í ákveðnum byggðarlögum, eða verður loðnubrestur eða rækjubrestur? Hvernig á að bregðast við því þegar búið er að tæma 9. gr., ef svo má að orði komast?

[21:48]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið fyrr í umræðunni er hér um möguleika að ræða. Það fer eftir því hvernig þeir verða nýttir hvaða áhrif þeir hafa á einstök byggðarlög. Þess vegna er mjög erfitt að reikna það út fyrir hvert byggðarlag fyrir sig. Byggðapottarnir eru hins vegar ekki lagðir niður í einu vetfangi heldur í áföngum til að aðilar geti lagað sig að nýjum aðstæðum. Auðvitað verður að minna á það í leiðinni að það verða möguleikar í 9. gr. til að veita byggðakvóta. Því er alls ekkert verið að leggja byggðakvóta niður með þessu frv.

Hins vegar hefur það alltaf verið svo, með þá potta sem um er að ræða, að þeir hafa verið heimildir til ráðherra. Þeim hefur alltaf, enda beinlínis ætlast til þess í fiskveiðistjórnarlögunum, verið ráðstafað í upphafi fiskveiðiárs en ekki þegar líður á árið.

Hv. þm. nefndi kapphlaup. Hann hafði áhyggjur af kapphlaupi og ólympískum veiðum í sóknarkerfi. Það er auðvitað rétt hjá honum að það er sá vankantur sem þessum kerfum fylgir. Hins vegar tel ég skynsamlegri leið að setja þak á þennan hátt fremur en hafa ívilnunina algjörlega opna. Ég tel að það sé ábyrgari fiskveiðistjórn að gera þetta þannig. Vonandi bera menn gæfu til að ganga skikkanlega um þessa heimild og þennan möguleika öllum til hagsbóta.

[21:50]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að svara strax spurningu minni vegna krókaaflamarksbátanna. Það verður vonandi farið yfir það í sjútvn. á morgun hvaða áhrif þetta hefur á einstök byggðarlög.

Ef upplýsingar mínar eru réttar, hæstv. sjútvrh., eru í Bolungarvík, á Flateyri og Tálknafirði, þ.e. um 400 tonn á hverjum stað, uppbót sem kemur til krókaaflamarksbáta sem á að leggja niður á næstu tveimur fiskveiðiárum. Þar munu 1.200 tonn fara út, þ.e. dragast frá þessum stöðum við þessa breytingu. Þeir munu fá að taka þátt í þessu 16% kapphlaupi. Ef þeir eiga að halda sínum hlut er eins gott að í janúar, febrúar og mars verði gott veður og þeir geti tekið þátt í þessum kappróðri á við aðra, kannski í kappi við aðra við suðurströndina þar sem veður eru betri en norðanátt og vitlaust veður fyrir vestan eða norðan. Þá er eins gott að þeir hafi gott veður til að fara í þetta kapphlaup og ná í þessi 800 tonn eða hvað það verður á hverjum ársfjórðungi, áður en aðrir klára þau.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég sé ekki alveg ávinninginn fyrir þessa staði ef svo fer.

Ég kem í seinna andsvari mínu að byggðakvótanum.

[21:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Línuívilnunaraflaheimildunum verður dreift hlutfallslega miðað við það hvernig dagróðrabátaaflinn dreifðist á árið 2002. Þannig ættu að vera sömu möguleikar til að ná í þessa viðbót eins og menn höfðu til þess að veiða undir þeim kringumstæðum sem voru árið 2002. Þannig þarf ekki að auka sóknina ef sóknin er hlutfallslega sú sama og hún var árið 2002. Þá ætti viðbótin að dreifast hlutfallslega eins á þann afla sem tekst að veiða.

[21:53]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á flutning hæstv. sjútvrh. á málinu fyrr í dag, þær tíu mínútur sem það tók. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki hlustað á allar ræður sem hér hafa verið fluttar í dag. Ég ætla að kynna mér það betur sem hann var að tala um en vil spyrja hvort ég sé nokkuð að misskilja það mál, að það verði fráteknar heimildir til þessara staða. (**Sjútvrh.:** Ég er búinn með mín andsvör.) Nei, það er rétt. Við komum kannski að því í seinni ræðu minni á eftir.

[21:54]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að hlusta á samfylkingarmenn ræða um kvótakerfið og fiskveiðistjórnarkerfið. Ég vil rifja það upp fyrir hv. þingmönnum að það var Samf. sem reið um héruð í aðdraganda síðustu kosninga og ræddi um að hún vildi fyrna veiðiheimildirnar á fimm til tíu árum. Hún vildi fyrna veiðiheimildir Samherja, ÚA, Tanga á Vopnafirði, sem hv. þm. varð tíðrætt um hér áðan, Eskju, Síldarvinnslunnar, Þormóðs ramma og fleiri fyrirtækja. Þá var í tísku að nota orðið sægreifar og mála dálítið dökka mynd af forsvarsmönnum þessara fyrirtækja og átti að sigla á þau mið að fella ríkisstjórnina á þessu máli.

Ég vil spyrja hv. þm. um stefnu Samf. í sjávarútvegsmálum. Er það ekki rétt að stefna Samf. er enn sú að fyrna veiðiheimildir þessara fyrirtækja á fimm til tíu árum? (**Gripið fram í:** Nei, tíu.)

Þá vil ég spyrja hv. þm.: Hvað verður um atvinnuöryggi þeirra einstaklinga sem vinna við þessi fyrirtæki? Heldur hv. þm. að þetta mundi ekki hafa í för með sér neina byggðaröskun, að fyrna kvóta af þessum öflugu fyrirtækjum? Ég fullyrði að ef við ætluðum að fyrna kvóta af þessum fyrirtækjum sem mörg hver eru í kjördæmi hv. þm. þá yrði ekkert til sem héti stöðugleiki og efnahagslífið mundi taka mikla dýfu. Það fullyrði ég. Ég vona svo sannarlega að Samf. sé búin að skipta um skoðun í kvótamálinu.

[21:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsfl., ræðir hér um stöðugleika. (**BJJ:** Á kvótasviðinu.) Hver var stöðugleikinn í sumar á Raufarhöfn, af því að við komum úr sama kjördæmi? Hver var stöðugleikinn síðla sumars á Seyðisfirði? Hver var stöðugleikinn í sumar á Vopnafirði? Hvað kostaði það Vopnfirðinga að kaupa eignarhaldið á fyrirtækinu aftur til baka? Hvað kostaði það og hver var stöðugleikinn þar?

Eigum við að fara aftur í stöðuleikann í þeim ágæta bæ Siglufirði ekki alls fyrir löngu (Gripið fram í.) þegar menn voru að missa eignarhaldið á fyrirtæki í bænum og fram fór ákveðin söfnun á hlutabréfum? (**Gripið fram í:** Þórshöfn.) Það þurfti að kaupa til baka hlutina. Hver væri stöðugleikinn í þeim ágæta bæ ef menn sem höfðu haft eignarhaldið í þessu fyrirtæki hefðu ekki tekið sig til og keypt það til baka? Hver hefði stöðugleikinn verið ef þau áform sem þá voru, þar sem átti m.a. að nota mikla kvótapeninga sem komu út úr öðru

kvótafyrirtæki, hefðu gengið eftir? Hver hefði stöðugleikinn verið í því byggðarlagi? Ég spyr.

[21:58]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virðist hafa slegið á frekar viðkvæman streng í hjarta hv. þm. Kristjáns L. Möllers. Það er ljóst að stefna Samf. er að fyrna allan kvóta af Útgerðarfélagi Akureyrar og þeim fyrirtækjum sem hafa byggt upp myndarlega landvinnslu á mörgum stöðum um allt land.

Ég spyr á móti: Hvað verður um atvinnuöryggi þess fólks sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum? Ég get frætt hv. þm. um eitt, að stöðugleikinn á þeim stöðum sem hv. þm. nefndi áðan hefði ekki orðið meiri ef menn hefðu ætlað að fyrna veiðiheimildir á þeim stöðum. Það er alveg á hreinu. Ég vil bara að hv. þm. svari mér því hver stefna Samf. er í kvótamálum. Hann svaraði því ekki í fyrra andsvari og nú vil ég fá að vita um stefnu Samf. í sjávarútvegsmálum.

[21:59]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er skrýtið þegar framsóknarmenn vilja ekki ræða um þau byggðarlög sem hér hefur verið talað um og þingmenn Norðaust. hafa töluvert þurft að funda út af og ræða við áhyggjufulla sveitarstjórnarmenn á þessum stöðum. Það er eðlilegt að framsóknarmenn vilji ekki ræða þessi mál.

Framsóknarmenn hafa oft á tíðum nuddað sér upp við það að vera landsbyggðarflokkur. Framsfl. hefur ekki sýnt það í verki, hæstv. forseti, með því að láta hlutina dankast eins og gert hefur verið og skapað þá stöðu sem ég sagði fyrr að er eitt það allra versta við núverandi kvótakerfi, þ.e. að menn geta með einni undirskrift selt í burtu veiðiheimildir og eftir standa íbúar jafnvel eignalausir. Eignaupptaka.

[22:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller ræddi um sóknarkerfi og kvótakerfi og ég tel rétt að það komi skýrt fram að sóknarkerfi og sóknarkerfi er ekki endilega það sama. Við höfum ágætt sóknarkerfi á dagabátum, ég held að það sé ágætlega útfært, en ég sé ýmsa ágalla á því sóknarkerfi sem boðað er í því frv. sem við erum að ræða. En vel útfært sóknarkerfi eins og í Færeyjum hefur skilað gríðarlegum árangri. Þar hefur afli tvöfaldast, botnfisksaflinn, síðan kerfið var tekið upp og þar er ekkert brottkast. Hér er gífurlegt brottkast á Íslandsmiðum. Og vísindamenn hafa betri gögn vegna þess að þar er ekkert brottkast en þar sem stofnstærð er ákvörðuð út frá aldri í afla þá er mjög mikilvægt að menn hafi rétta mynd af aflanum. Ef t.d. smáfiski er hent, eins og er hér, þá leiðir það til þess að vísindamenn ákvarða ranga niðurstöðu út úr reiknilíkönum sínum, þ.e. þeir áætla að það sé of lítil nýliðun í stofninum. Þess vegna er mjög mikilvægt að leita allra leiða til þess að allur afli komi í land, ekki aðeins vegna þess að við erum að bjarga verðmætum, heldur einnig vegna þess að þá fáum við miklu réttari mynd af því hvernig stofninn er og hversu stór hann er. Ég tel að við höfum ekki góða mynd af því hér með því að henda tíunda hverjum þorski í hafið á ný.

[22:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú ekki svo margt sem kom fram sem eingöngu var beint til mín, en ég gerði að umtalsefni og gerði athugasemdir við það sóknarkerfi sem við erum að taka hér upp að hluta.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég tók auðvitað eftir því í kosningabaráttunni að fulltrúum Frjálsl. var tíðrætt um sóknarkerfi Færeyinga, að það hafi gefið góða raun. Miðað við það sem ég hef kynnt mér um fiskveiðistjórnarkerfið í Færeyjum og lesið mér til um og aflað mér upplýsinga um þá er ég ekki svo viss um, virðulegi forseti, að Færeyingar geti byggt upp á sóknarkerfi mjög lengi í viðbót. Ég held einfaldlega að þegar þeir fóru að stýra sínum veiðum eftir hið mikla hrun sem þar var þá hafi verið mjög lítið af skipum í Færeyjum miðað við það sem áður var. Og ég held að á færeysku miðunum hafi líka verið mikil náttúruleg uppsveifla í fiskstofnum. Þess vegna hafi þetta gengið svo vel þar sem raun ber vitni. En ég óttast það að Færeyingar þurfi að svissa frá sínu kerfi yfir í aflamarkskerfi eða einhverja aðra útfærslu. Vonandi hafa þeir þá til hliðsjónar þá vankanta sem við ræðum hér um í okkar kerfi. En ég óttast það, virðulegi forseti, að Færeyingar muni ekki geta byggt upp á sínu sóknarkerfi lengi.

[22:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að ég var þar á ferð og flutti fyrirlestra með fráfarandi sjávarútvegsráðherra Færeyinga og ég hef ekki heyrt þessar áhyggjur sem hv. þm. var að tala um og þeir hafa engan hug, Færeyingar, á að taka upp annað en sóknarkerfi. Og meira að segja, ég var að vitna í það fyrr í dag í andsvari, Ole Olsen, sem er einn stærsti útgerðarmaðurinn þar, ræddi m.a. um það að taka upp frjálsar veiðar smábáta, vegna þess að hann taldi að þeir stæðu ekkert í mikilli samkeppni beint við sig, stórútgerðarmann, og þessir smábátar hefðu tiltölulega lítil áhrif á stofnstærð þorsks.

Ég held að við ættum að skoða það hve nágrönnum okkar hefur tekist vel upp og skoða það í alvöru. Kerfið sem við búum við hefur skilað okkur helmingi færri þorskum á land en fyrir daga kerfisins.

[22:05]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að minnast á ræðu sem flutt var hér fyrr í dag, en það var mjög leitt að heyra jafnágætan, vandaðan, virðulegan og háttvísan þingmann og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson snúa út úr ræðu hv. þm. Steinunnar Kristínar Pétursdóttur sem var flytja sína fyrstu ræðu hér, jómfrúrræðu. Hv. þm. var sökuð um það að vera andvíg línuívilnun. Það kom aldrei fram í ræðu hennar. Og það er mjög leitt að heyra jafnreyndan og ágætan þingmann, sem hv. 9. þm. Norðvest. er, snúa út úr fyrstu ræðu hv. þm. Steinunnar Kristínar Pétursdóttur. En hún sagði að við í Frjálsl. hefðum aldrei stutt línuívilnun. Það er alveg rétt hjá henni. Línuívilnun er hugarfóstur stjórnarflokkanna sem báðir samþykktu á landsfundi og notuðu óspart sem beitu fyrir kjósendur. Þetta var það sem hún sagði.

Það er líka annað. Menn hafa verið að krefja þingmenn Samf. um afstöðu þeirra til línuívilnunar. Ég vil leyfa mér að krefja hv. þm. Hjálmar Árnason um hver afstaða hans er. Ég gat ekki lesið betur í Fréttablaðinu fyrr í vikunni en að hann væri andvígur línuívilnun. Hún væri bara óþörf vegna þess að Kínverjar hefðu komið því til leiðar út af þeirra ódýra vinnuafli að það væri mun hagstæðara nú en áður að veiða fisk á króka og þess vegna væri óþarfi að fara í línuívilnun. Það væri því mjög áhugavert að heyra hvort hv. þm. Hjálmar Árnason hafi snúið við blaðinu.

Engu að síður tel ég að fagna beri þessu frv., sérstaklega í ljósi þess að núna er einu kosningaloforðinu færra sem stjórnarflokkarnir hafa svikið. En eftir standa þó nokkur svikin kosningaloforð, ríkisstjórnin hefur hækkað skatta en ekki lækkað skatta og nú er hún að boða enn eina skattahækkunina, skattahækkun á sjómenn, það á að taka af þeim sjómannaafsláttinn. Við getum farið hér yfir fleiri svik. Það eru Héðinsfjarðargöngin og 500 milljónirnar sem hafðar eru af öryrkjum. Það átti að gera sérstaklega vel við húskaupendur, þeim var lofað 90% lánum, en í staðinn er verið að boða skerðingu á vaxtabótum.

Herra forseti. Við í Frjálsl. styðjum alls ekki línuívilnun ef hún verður á kostnað dagabáta og byggðakvóta. Ég vonast til þess að þetta frv. taki breytingum í nefnd svo tryggt verði að hvorki dagabátar né byggðakvótinn skerðist. Hvers vegna á ekki að skerða byggðakvótann? Þess ber að geta að við í Frjálsl. höfum aldrei verið neinir sérstakir talsmenn byggðakvóta en á meðan þetta óréttláta kvótakerfi er við lýði verður að tryggja að byggðakvótarnir verði óskertir. Núna fá staðir sem liggja vel að fiskimiðum ekki að njóta nálægðar sinnar við miðin, heldur er búið að skekkja samkeppnisstöðu sjávarútvegsfyrirtækja með stjórnvaldsaðgerðum sem miða að því að færa þeim sem fyrir eru í greininni óveiddan fisk til eignar um aldur og ævi.

Herra forseti. Ég ætla að taka undir með hv. þm. Jóhanni Árælssyni sem benti á fyrr í umræðunni að verið væri að færa þeim sem fyrir eru í greininni eigið fé upp á mörg hundruð milljarða. Það gefur augaleið að þetta leiðir aðeins til eins, það er engin nýliðun í greininni og að stór fyrirtæki verða stærri. Byggðakvótinn hefur verið plástur á vont kerfi og nú er línuívilnun að verða enn einn plásturinn. Og ekki skánar kerfið.

En hvað ætlar meiri hlutinn á hinu háa Alþingi að gera? Að bæta vont kerfi með því að rífa annan plástur, þ.e. byggðakvótann, til þess að líma yfir nýtt sár sem kvótakerfið hefur skilið eftir sig. Í málflutningi stjórnarliða hefur reyndar verið mjög óljóst hvort skerða eigi byggðakvótann eða ekki. Ef frv. er lesið liggur það ljóst fyrir að skerða eigi byggðakvótann en í málflutningi þeirra er samt eitthvert annað hljóð.

En hvað mun gerast við tilflutninginn á þessum plástrum? Hvað mun gerast ef byggðakvótinn verður skertur? Ég mun lýsa því hér með því að grípa niður í bréf frá Ágústi V. Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Kolku, sem er fiskvinnsla sem nýlega var komið á legg en hún er ekki í tengslum við útgerð og hefur notið góðs af byggðakvótanum. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það er klárt að framtíð Kolku er mjög óljós ef það á að taka byggðakvótann og setja í nýjan pott. Ég vona að þingmenn hafi þá gæfu að semja ekki yfir okkur ný lög sem eyðileggja það starf sem hafið er á Hofsósi, heldur styrki okkur og fleiri sem eru að gera sitt besta til að halda atvinnu í byggðum þar sem gráðugir útgerðarmenn hafa selt kvótann frá og eru að reyna að taka byggðakvótann frá okkur."

Herra forseti. Í frv. kemur fram að hæstv. ráðherra skuli úthluta veiðiheimildum en ekki Byggðastofnun og að hlutur hennar sem á að úthluta minnki. Ég skil ekki hvers vegna verið er að minnka hlutann sem Byggðastofnun á að úthluta, stofnun sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Ég tel að Byggðastofnun sé síður en svo verr fallin til þess verks og sérstaklega í ljósi þess að sjútvrh. var í sumar sem leið átalinn fyrir mjög lélega stjórnsýslu við úthlutun byggðakvóta af umboðsmanni Alþingis.

Ég held að við verðum að horfast í augu við það að okkar heimsfræga fiskveiðikerfi er mjög lélegt og að línuívilnun og byggðakvóti er ekkert annað en lélegur plástur á ónýtu kerfi. En hvað er að þessu íslenska kerfi? Ég ræddi hér fyrr í máli mínu að það kemur í veg fyrir nýliðun en veigamesti galli þess er þó sá að þorskaflinn núna er helmingi minni en fyrir daga kerfisins. Það er eitthvað að þessu kerfi. Hvers vegna erum við að halda í kerfi sem skilar okkur helmingi færri þorskum á land en fyrir daga kerfisins? Menn verða að fara að svara þeirri spurningu.

Í upphafi kvótakerfisins var gefið í skyn af Hafrannsóknastofnun að þorskaflinn yrði á bilinu 400–500 tonn ef farið yrði að ráðum Hafró. Aflinn nú, 20 árum síðar, er rétt rúm 200 þúsund tonn og hefur jafnvel verið enn minni hér fyrir skömmu.

Annað sem gerst hefur með þessu kvótakerfi, sem er mjög alvarlegt, er að það hefur búið til glæpamenn. Það er verið að setja vinnandi fólk í mjög erfiða stöðu. Fyrir ekki svo ýkja löngu var íslenskur skipstjóri dæmdur til einnar milljónar króna sektar í ríkissjóð fyrir að henda 53 dauðum þorskum í sjóinn. Dómurinn er allsérstakur, sérstaklega vegna þess að við, sem höfum eitthvað kynnt okkur sjávarútveg, vitum að brottkast er gífurlegt vandamál. Þess vegna ættum við að leita annarra leiða en að beita refsivendi, nær væri að reyna að lagfæra kerfi sem hvetur til brottkasts, en könnun frá Gallup hefur m.a. sýnt að tíunda hverjum þorski er hent aftur í sjóinn. Og svo er annað sem er að þessu kerfi og það er að æ færri sjá bjarta framtíð í að vinna í sjávarútvegi. Það eru æ færri sem hefja nám í greininni. Nemum í Stýrimannaskólanum hefur fækkað, og það er nú svo undarlegt að það er búið að loka báðum fiskvinnsluskólum landsins. Það er ótrúlegt hjá þjóð þar sem yfir 60% af útflutningsverðmætum koma frá þessari atvinnugrein, að menn skuli loka báðum fiskvinnsluskólunum. Mér finnst þetta undarlegt.

Það væri ákaflega fróðlegt að heyra hvað hæstv. sjútvrh. finnst um þetta. Finnst honum þetta bara í lagi? Það er enginn að læra hvernig á að gera að fiski og meðhöndla afla. Löndun fram hjá vigt, brottkast og rangar aflaskýrslur verða til þess, eins og ég rakti hér fyrr í andsvari, að vísindamenn setja rangar tölur inn í reiknilíkönin sem eru síðan notuð við veiðiráðgjöf. Annað sem kvótakerfið hefur gert, það hefur mengað hugarfar landsmanna. Það er allsérstakt að menn í þessari umræðu telja, að ef einhver fær veiðiheimild fyrir vestan og á Ísafirði þá sé verið að taka frá einhverjum í Vestmannaeyjum. Það er mjög undarleg líffræði að halda það t.d. að ýsa sem er veidd við Vestmannaeyjar eigi að dragast frá veiðiheimildum í Eyjafirði. Það stenst ekki við nánari skoðun.

Ég tel að við verðum að skoða aðrar leiðir með opnum huga og miklu betri fiskveiðiráðgjöf. Það er bara della að fara út í þetta. Færeyingar hættu að nota kvótakerfið árið 1996 og nota í staðinn sóknarkerfi. Þeim vegnar miklum mun betur. Þar hefur botnfisksafli tvöfaldast en hér hefur hann orðið helmingi minni eftir að við tókum upp kvótakerfið.

Við höfum séð að kvótakerfið hefur ekki skilað okkur nokkrum sköpuðum hlut nema illdeilum og byggðaröskun. Er þá ekki kominn tími til að skoða aðrar leiðir og skoða leiðir sem hafa gengið eftir, svo sem í Færeyjum? Er nokkurt vit í öðru?

Ég get ekki annað séð en að við ættum að skoða í alvöru að fara aðrar leiðir og hætta þessum plástrum.

[22:17]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 88. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 633; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 634.

[22:17]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Meginatriði þessa frv. er að lagt er til að tekin verði upp svokölluð línuívilnun fyrir dagróðrabáta, enda sé línu beitt í landi.

Sjávarútvegsmál voru mikið í umræðunni fyrir síðustu kosningar. Stjórnarandstaðan fór mikinn í umræðunni og stjórnarandstöðuflokkarnir áttu það allir sameiginlegt að vilja fyrna aflaheimildir og úthluta þeim upp á nýtt. Miðað við þá umræðu sem hefur átt sér stað í dag og orðaskipti á milli mín og hv. þm. Kristjáns L. Möllers, fullyrði ég enn og aftur að ef sú stefna hefði orðið ofan á væri mikil ringulreið og óvissa í íslensku þjóðfélagi. Sú mikla fyrning sem lögð var til hefði gert stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins trúlega gjaldþrota á nokkrum árum, fyrirtæki sem eru kjölfestan í mörgum byggðarlögum landsins og þúsundir manna vinna við. Framsfl. og Sjálfstfl. töluðu fyrir aukinni sátt um íslenskan sjávarútveg og var ýmislegt lagt til í þeim efnum og hér er ein birtingarmynd þeirra fyrirheita, svokölluð línuívilnun. Ég vil leggja áherslu á að hér er verið að tala um fjöregg þjóðarinnar, þjóðarauðlindina, sjávarútveg, þann atvinnuveg sem færir þjóðarbúinu tugi milljarða á ári hverju og ég prísa mig sælan yfir því að Samf., Vinstri grænir og Frjálsfl. fengu ekki brautargengi til þess að leggja sjávarútveginn og þar með landsbyggðina og efnahag landsins í rúst.

En það sem ég vil leggja áherslu á, hæstv. forseti, í máli mínu er hinn svokallaði byggðakvóti. Það stendur skýrt í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða til dæmis með því að kanna kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila, að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar þeirra, takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins, auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrabáta með línu. Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.“ Þar með lýkur tilvitnun, hæstv. forseti.

Ég vil ítreka það að samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir má ekki skerða heildarúthlutun byggðakvótans og ég vænti þess að það frv. sem hér er til umræðu muni ekki skerða heildarúthlutun á byggðakvóta.

Við horfum til þess að byggðakvóti hefur haft úrslitaáhrif á tilvist margra byggðarlaga á landsbyggðinni. Við getum tekið skýr dæmi um það. Á Breiðdalsvík er til að mynda rekið öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem byggir tilvist sína á úthlutuðum byggðakvóta. Á Hofsósi er rekið fyrirtæki sem byggir tilvist sína á byggðakvóta, fyrirtæki sem hefur 20 manns í vinnu og dæmin eru fleiri. Bakkafjörður, Þingeyri, Bíldudalur, Flateyri og fleiri byggðarlög sem byggja m.a. tilvist sína á úthlutuðum byggðakvóta. Ég legg áherslu á að það frv. sem hér er til umræðu má alls ekki leiða það af sér að byggðakvóti skerðist.

Annars er mikilvægt að halda því til haga að hér erum við að tala um undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Ég hlýddi á mál hv. þm. Jóns Bjarnasonar í dag, því miður er hann ekki hér, en mörgum stjórnarandstöðuþingmönnum hefur verið tíðrætt um að það sé mjög mikið óöryggi í atvinnumálum starfsmanna sjávarútvegsfyrirtækja. Ég fullyrði enn og aftur að sú leið sem stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu til með fyrningu aflaheimilda á þau fyrirtæki sem eru nú þegar í greininni, hefði sett hvern einasta starfsmann í fiskvinnslu í mikla óvissu um sína framtíð á vinnumarkaði. Það er víst. Ég vil hrósa Frjálsl. og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir það að hafa talað mjög skýrt um hver þeirra stefna sé í sjávarútvegsmálum.

Í andsvari áðan við hv. þm. Kristján L. Möller spurði ég hann í fjórgang hver stefna Samf. væri í sjávarútvegsmálum. Fyrir kosningar, eins og ég hef áður sagt, reið Samf. um héruð og lagði til að veiðiheimildir fyrirtækjanna yrðu fyrndar í áföngum, á 10–20 árum var oft rætt um á fundum sem ég sat á með hv. þm., m.a. Einari Má Sigurðarsyni og Kristjáni Möller. Ég endurtek því spurningar mínar: Er það vilji Samfylkingarinnar, gott að það liggi fyrir, að kvóti til að mynda fyrirtækja eins og Samherja, Útgerðarfélags Akureyrar, Tanga á Vopnafirði, Eskju, Síldarvinnslunnar, Þormóðs ramma – Sæbergs, þar sem þúsundir manna vinna og byggja sína lífsafkomu á því að fyrirtækin gangi vel og hafi trausta tilveru í lagaumhverfinu, verði tekinn til baka? Samkvæmt þeim málflutningi sem stjórnarandstaðan lagði til fyrir kosningar, er alveg ljóst að hér værum við trúlega að ræða um hversu há fyrningarprósentan ætti að vera til þess að skerða aflaheimildarnar af þessum fyrirtækjum. Ég spyr enn og aftur: Hver er stefna Samf. í þessu máli?

Ég ítreka það að hér er verið að efna fyrirheit sem við gáfum fyrir síðustu kosningar, að taka upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta. Því miður heyrist mér að hv. stjórnarandstaða ætli ekki að styðja okkur stjórnarliða í þessu máli sem mun styrkja sjávarbyggðir víða um land. En ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frumvarp.

[22:24]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Birki Jón Jónsson, að ef það verður breyting á fiskveiðistjórnarkerfinu eða breyting á einhverju, sé fólk í fiskvinnslu í lausu lofti með störf sín. Hvernig hefur þetta verið eftir kosningar á Raufarhöfn, Þórshöfn, Seyðisfirði, Vopnafirði og fleiri stöðum? Hvar er atvinnuöryggið hjá fólkinu þar? Ertu alveg gjörsamlega ... ég vil nú ekki segja ... ætlaði nú ekki (**Gripið fram í:** Genginn af göflunum.) genginn af göflunum með þetta? Ég bara á ekki til eitt einasta orð. Atvinnuástand hefur verið í upplausn hjá þessu fólki eftir kosningar, þrátt fyrir öll loforðin ykkar.

Það er verið að skerða byggðakvótann í frv. sem liggur fyrir og við erum að ræða núna. Það er verið að skerða byggðakvóta og það er einmitt eitt af kosningaloforðunum ykkar að bæta við byggðakvóta en ekki að svíkja eða skerða hann. Málflutningurinn er með ólíkindum og ég bara verð að lýsa furðu minni á honum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann.)

(**Gripið fram í:** Var hann ekki að því?)

[22:25]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fór hér mikinn, eðli málsins samkvæmt, enda hefur þetta verið eitt af höfuðáherslumálum Frjálsl. til þessa og verður að ég tel um alla eilífð. En ég

vil svara þeim spurningum sem hv. þm. varpaði fram um atvinnuöryggi fólks almennt. Ég vil byrja á því að minna hann á að það hefur alla tíð verið óöryggi í atvinnumálum, fyrir tíð kvótakerfisins, menn fylgdu bátum sínum út úr heilu sveitarfélögunum og eftir stóð fólkið. Það er ekkert nýtt.

Ég vil spyrja hv. þm.: Telur hann að ef við förum leið Frjálsl. í þessu máli að við séum þá að auka atvinnurétt þeirra þúsunda manna sem starfa í þessum fyrirtækjum hringinn í kringum landið? Erum við ekki að ógna því atvinnuöryggi sem það fólk býr við ef við ætlum að ganga gegn þeim fyrirtækjum sem nú þegar reka myndarlegan sjávarútveg og hafa þróað íslenskan sjávarútveg svo að fyrirmynd er að? Það er horft til Íslands. Ég nefni sem dæmi fiskvinnslu Samherja á Dalvík. Heldur hv. þm. að atvinnuöryggi fólksins, til að mynda á Dalvík í fiskvinnslunni hjá Samherja, yrði meira ef við mundum leggja það til að fyrna kvóta Samherja á, hvað eigum við að segja, 10–15 árum? Mundi atvinnuöryggið aukast við það?

[22:27]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get bara sagt það eitt að fólk gat byrjað aftur þó einhver útgerð færi á hausinn eða sigldi burt á sínum tíma fyrir daga kvótakerfisins. Það var ekki búið að taka vonina frá fólki. Það gat farið að veiða fisk og stóð jafnfætis öðrum með að veiða fisk. Menn þurftu kannski að kaupa sér báta, en það gat byrjað. Það var ekki búið að afhenda fáum útvöldum auðlind þjóðarinnar til ráðstöfunar eins og hefur verið gert í dag, fyrir um 500 milljarða. Það er það sem er að í okkar samfélagi númer eitt. Það er ekki hægt að setja þessi mál upp með þeim hætti eins og hv. þm. gerir. Þetta er mesta eignatilfærsla Íslandssögunnar og það verður aldrei sátt um hana, menn þurfa ekki að láta sér detta það í hug.

[22:28]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. kom akkúrat með lykilorðið hér áðan þegar við fórum að tala um hver veruleikinn var fyrir daga kvótakerfisins, þegar fyrirtæki fóru á hausinn. Það er málið. Fyrirtæki fóru nefnilega unnvörpum á hausinn fyrir tíð kvótakerfisins. Hvaða áhrif hafði það á efnahag landsins? Hvaða áhrif hafði það á bankastarfsemi í landinu? Ég held að menn verði að líta á söguna.

Ég segi: Íslenskur sjávarútvegur er myndarlega rekinn í dag og ég mun ekki standa að aðför að fólki sem vinnur við íslenskan sjávarútveg eða þeim sem reka fiskvinnslufyrirtæki og gera það vel. (**GMJ:** Það er enginn að tala um ...)

[22:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með tvær spurningar. Önnur hljóðar svo: Hv. þm. Birkir J. Jónsson er efnilegur ungur maður. Hvað finnst honum um það að það er búið að loka fyrir nýliðun í greininni? Dæmin sýna það. Finnst honum það vera björt framtíð fyrir atvinnugreinina?

Hin spurningin snýr að því hvort hann muni styðja gólf í dagabáta þannig að þeir fari aldrei undir 23 daga. Það er tillaga okkar í Frjálsl. og fleiri. Mun hann styðja þetta? Ég veit að það eru margir á Siglufirði og Fljótum sem bíða eftir því hvert svar hans verður. Ég hef trú á því að hann muni styðja þetta eins og mörg önnur góð mál, 23 dagar og nýliðun í útgerð. Þú sem ungur og efnilegur maður: Hvað finnst þér um það að núverandi kerfi býður ekki upp á nýliðun? Læt þetta duga í bili.

(**Forseti** (HBl): Ég vil áminna hv. þm. um það eins og ég tók fram áður að ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða þingheims.)

[22:31]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. beindi fyrirspurnum til mín. Ég skal fúslega viðurkenna að kvótakerfið er ekki einhver fullkomnun. Það hefur ókosti og trúlega getum við verið sammála um að nýliðun í greininni mætti vera meiri. Við getum verið sammála um það. En það sem stjórnarflokkarnir lögðu af mörkum í kosningabaráttunni í umræðunni um sjávarútvegskerfið var að reyna að skapa meiri sátt um það kerfi. Við töluðum fyrir línuívilnun, takmörkun á framsali og öðru í þeim dúr. Við erum að reyna að bæta það kerfi sem við búum við sem ég segi að sé gott. Aðrar þjóðir horfa til okkar kerfis (**GMJ:** Það er kjaftæði.) og hvernig það er rekið.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru rekin með hagnaði. Það er af sem áður var, fyrir daga kvótakerfisins, ég segi það aftur, þegar vart leið sá mánuður að fiskvinnslufyrirtæki færi ekki á hausinn. (Gripið fram í.) Hvaða áhrif hafði það á rekstur bankakerfisins í landinu og þau kjör sem bankar gátu veitt viðskiptavinum sínum? Þetta fór allt á einhvern afskriftareikning. Einhvern veginn urðu þeir að hala inn á þann afskriftareikning. Ég segi því: Það kerfi sem við búum við í dag er mjög gott. Það er þjóðhagslega hagkvæmt. En ég tek undir með hv. þingmönnum þegar þeir segja að það sé ekki fullkomið. En hvenær munum við skapa kerfi sem algjör sátt ríkir um? Hvenær munum við skapa kerfi um þjóðarauðlindina, sem fiskveiðarnar eru? Sá dagur mun aldrei koma. Ég óska enn og aftur eftir stefnu Samf. í sjávarútvegsmálum. Hún hefur ekki enn komið fram við þessa umræðu.

[22:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. þm. á að hann svaraði ekki seinni spurningu minni. Ég spurði hvort hann styddi tillögu okkar í Frjálsl. um að ekki verði farið niður fyrir 23 sóknardaga fyrir dagabátana. Ég veit að það er beðið eftir þessu. Margir bíða eftir því að heyra hvað hann hefur að segja um þetta. Ég veit að hann er sanngjarn og vill byggð sinni á Siglufirði og í Fljótum vel. Margir munu efalaust bíða eftir að heyra hvað hann hefur að segja um þetta mál.

Hitt er annað mál að það er enginn að horfa til aðferða okkar Íslendinga. Ég fór til Færeyja. Þeir líta nú ekki við okkar kerfi. Ég var á ferð um Bretlandseyjar og gat ekki heyrt að nokkur maður horfði hingað. Þetta er einhver mýta sem við lesum í Morgunblaðinu af ferðalögum ágæts doktors Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um heiminn og ... (**Gripið fram í:** Bretar eru ekki með fiskveiðistefnu.) Þetta er bara ... (**Gripið fram í:** Þeir eru í ESB.) þetta er bara della, það er ekki rétt.

[22:34]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki hægt að ætlast til þess að ég fari í einnar mínútu andsvari í atriði er lúta (Gripið fram í.) að bátum á sóknarmarki. Ég get gert grein fyrir þeirri afstöðu minni hér síðar. (Gripið fram í.)

Þrátt fyrir allt er það staðreynd að við Íslendingar erum eina þjóðin, eða alla vega ein af fáum, sem borgar ekki með sjávarútvegi sínum og íslenskur sjávarútvegur er rekinn með miklum blóma (Gripið fram í.) og ég mun ekki stuðla að því

að leggja þennan atvinnuveg í rúst. (**SigurjÞ:** Hvað með 23 dagana?)

[22:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. hefur staðið hér lengi í andsvörum við eigin ræðu og lýst eftir stefnu Samf. í sjávarútvegsmálum. Það er óþarfi að lýsa eftir henni. Hún liggur fyrir. (**BJJ:** Hver er hún?) Ef hv. þm. á við hver sé stefna Samf. í málefnum fiskveiðistjórnar þá er hún sú og hefur verið nokkuð lengi að við styðjum aflamarkið, sem almennt kerfi. Það er einmitt kerfið sem hv. þm. talar um að aðrir líti til af áhuga. En við viljum eyða gjafakvótakerfinu með þeirri leið sem kallast fyrningarleið. Sú leið yrði farin í áföngum til að raska sem minnst atvinnuháttum og rekstri fyrirtækjanna. Þetta er ósköp einfalt og hefur legið fyrir lengi.

Um það erum við ekki að ræða núna. Núna erum við að ræða um þetta drullumall sem menn hafa komið sér saman um í frv. til laga um línuívilnun og fleira. Hv. þm. eyddi allri ræðu sinni í að tala um byggðakvóta. Hann talaði ekkert um línuívilnunina og ég lýsi eftir afstöðu hans t.d. til beitningarákvæðanna í þessu ágæta frv. Hver er afstaða hans til þess sem er eitt af meginmálunum, hið opna ákvæði í 3. gr. um að ráðherra geti rýmkað heimild til tegundatilfærslu? Það er ekki neitt hámark á henni einu sinni.

Þessu vakti hv. þm. máls á, sem hér hefur verið ranglega ásökuð, hv. þm. Steinunn Pétursdóttir, í hinni ágætu jómfrúrræðu sinni í dag. Hún vakti athygli á því að þetta væri hluti LÍÚ af herfanginu. Þetta væri einmitt það sem LÍÚ fengi fyrir sinn snúð, tegundatilfærslu sem ætti eftir að moka tugmilljónum ef ekki milljörðum til þeirra vegna þess að Vestfjarðaþingmenn voru með uppsteyt, með sína karla og beitningarmenn í landi. Hvað segir hv. þm. um þetta?

[22:37]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lýsti því yfir í ræðu minni áðan að ég styddi það frv. sem hér liggur fyrir. Ég bið hv. þm. um að lesa frv. og þá veit hann skoðun mína í því máli.

En hvað um það. Ég reyndi áðan að fá hv. þm. Kristján Lúðvík Möller til að segja mér frá stefnu Samf. í sjávarútvegsmálum. Ég vil þakka Merði Árnasyni fyrir að koma hreint og beint fram og segja að Samf. vilji skerða aflaheimildir sjávarútvegsfyrirtækja í landinu.

Þær eru hlýlegar kveðjurnar sem starfsfólk t.d. Samherja á Akureyri eða Útgerðarfélags Akureyrar fá frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, sem er tíðrætt um byggðastefnu. Ég vil spyrja: Hvaða áhrif halda hv. þm. Samf. að þær tillögur, sem þeir leggja til hvað varðar skerðingu á aflahlutdeild fyrirtækja í landinu, hafi t.d. á íbúaþróun í Fjarðabyggð, á Akureyri eða fleiri stöðum? (**GMJ:** Þú gleymir Raufarhöfn.) (Forseti hringir.) Halda hv. þm. að þetta verði þeim byggðarlögum til góðs? Ég segi enn og aftur: Ég óska eftir því að Samf. tali skýrt í málefnum sjávarútvegsins. Það á hreinu að hún ætlar að fara fyrningarleiðina líkt og þau sögðu í kosningunum í vor (Gripið fram í.) og ég fagna því að sú stefna liggur hér fyrir.

[22:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. vill að ég tali skýrt. Ég hef talað skýrt. Hann þarf ekki að óska eftir því frekar. Hann þarf hins vegar sjálfur að tala skýrt.

Miðað við núverandi kerfi gæti hið góða fyrirtæki hér í Reykjavík, Grandi hf., keypt upp aflaheimildir Samherja og farið með þær suður. Hvað ætlar hv. þm. þá að gera? Ætlar hann þá í línuívilnun? Ætlar hann í tegundatilfærslu? Eða ætlar hann í byggðakvóta fyrir Akureyringa? Hann verður að svara þessu.

Það er sérkennilegt og eiginlega ömurlegt að heyra ungan þingmann tala með þeim gífuryrðum sem hann hefur gert um fyrningarleiðina og stefnu Samf., sérstaklega vegna þess að það hefur hann eftir ágætum manni úr kjördæmi sínu, framkvæmdastjóra Samherja, sem svona talaði fyrir kosningar og varð sér þá til skammar en seinna að athlægi þegar hann sjálfur hafði meira og minna lagt niður fiskvinnslu og útgerð á ýmsum stöðum sem hér voru taldir upp. Hv. þm. sem þó er úr sama kjördæmi hefur hvorki svarað Kristjáni L. Möller né öðrum mönnum varðandi þau mál.

[22:40]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka enn og aftur að stefna Samf. í málefnum sjávarútvegsins er orðin skýr. Ég býð ykkur velkomin til Akureyrar. Þið getið haldið fundi með starfsmönnum fiskvinnslufyrirtækjanna ÚA og Samherja. Komið aftur til Akureyrar og segið starfsfólki þessara fiskvinnslufyrirtækja að þið ætlið að kippa forsendum alls rekstrar undan þeim fyrirtækjum sem það starfar hjá. Við skulum sjá hvaða móttökur Samf. fær þegar hún kemur undan sauðagærunni. Hvaða móttökur mun hún fá hjá því fólki sem vinnur hjá þessum ágætu fyrirtækjum? (**GMJ:** Far þú og tala við fólkið á Raufarhöfn.)

[22:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Síðustu ræður úr ræðustól Alþingis fá mig til að velta fyrir mér hvað mönnum gangi eiginlega til. Stefna Samf. hefur legið fyrir. Hún hefur lengi legið fyrir. Það þingmál sem við höfum flutt undanfarin ár segir allt um það sem hv. þm. Birkir J. Jónsson var að spyrja um. En hann hefur fyrir sið að ganga upp í ræðustólinn og spyrja sífellt aftur og aftur eftir stefnu sem liggur fyrir. Þurfa menn svar við því hvort sólin komi upp á morgun? Ég verð að segja það eins og er, að ef menn ætla að eyða tíma sínum á hv. Alþingi í að spyrja eftir því sem sett hefur verið fram með svo skýrum hætti sem stefna Samf. — hún liggur fyrir í skjölum Alþingis og kom fram í aðdraganda síðustu kosninga — þá erum við að eyða tíma okkar til ónýtis og einskis.

Svo vil ég líka segja að ég hef eiginlega aldrei hlustað á nokkurn mann tala um vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi af þvílíkri lítilsvirðingu sem mér fannst gert áðan, að halda því fram að þau, bestu fyrirtækin í landinu og með duglegustu stjórnendurna, þurfi á forréttindum að halda til að fá þrifist. Því hefur verið haldið fram að þeir þurfi áfram að vera undir pilsfaldi ríkisvaldsins sem hefur verið að skenkja til þeirra virði upp á 400–500 milljarða í eigið fé. Menn verða að horfast í augu við það að aðrir sem ætla að komast inn í greinina þurfa að keppa við þessi fyrirtæki. (**Gripið fram í:** Hvað með HB?) Það er alveg sama hvaða fyrirtæki við tökum í þessu landi. Öll þau sem eru á þessum kvóta og hafa fengið þessar gjafaúthlutanir hafa samkeppnisforskot sem ríkið gaf þeim í tannfé.

Við í Samf. höfum alla tíð sagt að það eigi að gilda jafnræðisleikreglur í sjávarútveginum eins og hjá öðrum fyrirtækjum. Það er ekki bara að menn hafi gefið þetta í tannfé

heldur er kerfið þannig uppbyggt að það er ekki nokkur vegur fyrir menn að stofna til nýrrar útgerðar.

Ég verð að segja að mér finnst hlutverk þingmanna Vestfirðinga, eða svo hafa þeir verið kallaðir í gegnum tíðina, í þessu máli öllu saman eins og hlutverk nytsama sakleysingjans. Þeir hafa talað þannig í gegnum árin að ég a.m.k. stóð í þeirri meiningu að þeir væru á móti þessu kerfi. Árum saman stóð ég í þeirri meiningu að þeir væru á móti þessu kerfi. En smám saman fer maður að átta sig á því að þeir styðja þær ríkisstjórnir sem haldið hafa kerfinu uppi.

Út á hvað gengur þetta allt saman? Fyrst átti að reyna að fá eitthvað af smábátakvóta og eitthvað af veiðiréttindum handa smábátum til að fylla upp í skörðin sem kerfið hjó í byggðarlögin. Hve lengi dugði það? Það dugði ekkert óskaplega lengi. Þá voru búnir til byggðapottar til að bæta stöðu smábáta sem menn höfðu haft í gegn að fengju veiðiréttindi.

Ég bið menn enn einu sinni að litast um í huga sér í kringum landið. Ef kvótakerfið hefði fengið að ganga sinn gang og menn hefðu ekki komið með smábátagatið í kerfið og menn hefðu ekki komið með þessa potta, hvar stæðu þá byggðarlögin allt í kringum landið? Það væri auðn um allar strandir. Það væru örfá byggðarlög sem stæðu eftir. Þetta er það sem kvótakerfið gerir með eignarhaldi á veiðiréttinum. Það er ekki eignarhald í venjulegum skilningi í nokkurri annarri atvinnugrein með þeim hætti sem í þessari og þar erum við að tala um þjóðarauðlind sem allir hafa talað um og töluðu um á meðan verið var að koma kerfinu á eins og þjóðin ætti hana, en þá voru menn í raun og veru að einkavæða, einokunarvæða þessa atvinnugrein. Það var verið að taka atvinnuréttindin af fólkinu í byggðarlögunum. Þetta er það sem menn hafa verið að gera. Og ef einhverjir hafa verið í sauðargæru þá eru það þeir sem hafa staðið fyrir þessu kerfi. Ég segi alveg eins og er að mér finnst, og ég endurtek það, mér finnst eins og að þingmenn Vestfirðinga hafi haft þarna sérstakt hlutverk. Þeir hafi verið nytsamir sakleysingjar. Þeir hafa barist fyrir bótum á kerfið. Ég held nefnilega að ef kerfið hefði fengið að ganga sinn gang í fáein ár í upphafi tímans, þá hefði þetta hrunið miklu fyrr en það mun gera. En eignarhaldið mun koma í bakið á mönnum, það er ég sannfærður um, einfaldlega vegna þess að ef það fær að halda áfram þá mun það fara þannig að að lokum mun það verða viðurkennt alfarið sem eignarréttur og hvað gerist þá? Þá verður ekkert svona byggðabix eftir eða eitt né neitt. Það verða til örfá, jafnvel hægt að telja á fingrum annarrar handar, fyrirtæki í landinu sem eiga Íslandsmið og selja aðganginn að Íslandsmiðum. (Gripið fram í.) Þau munu ekki verða í útgerð sjálf, það borgar sig ekki. Það er nefnilega búið að sýna sig, það þarf ekki annað en fylgjast með þessu kerfi, hvernig það hefur gengið fyrir sig, þeir sem eiga kvótann fá arðinn. Hinir verða bara eins og skurðgröfukarlar sem veiða fiskinn. Þannig er framtíðin í þessu.

Ég er líka sannfærður um að það mun ekki halda mjög lengi að útlendingar komist ekki inn í þessa atvinnugrein eins og aðrar á Íslandi. Ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að útlendingar komist inn í íslenskan sjávarútveg en á meðan eignarhaldið á auðlindinni er í höndum útgerðarmanna með þeim hætti sem við sjáum það þá get ég ekki samþykkt það einfaldlega vegna þess að arðurinn mun renna úr landinu ef þannig verður að málum staðið.

Ég verð að segja alveg eins og er og ég kem þá að því aftur, ég tók sérstaklega eftir því að hinn ungi og efnilegi þingmaður, Birkir Jón Jónsson, hafði lært frasana sem útgerðarmennirnir settu af stað fyrir kosningar um að allt færi í rúst, það yrði ringulreið og gjaldþrot og svo fengum við þennan feril sem kom á eftir strax eftir kosningar, að þá hófust tilfæringarnar, einhverjar tilfæringar sem þeir hafa líklega frestað sem gátu tekið ákvarðanirnar. Við vitum það alveg, sem höfum fylgst með þessu, að menn munu sjá byggðarlög veslast upp og útgerðarsögu þeirra taka enda. Við þurfum ekki að fara langt til þess að sjá slík byggðarlög hér. Við getum svo sem farið aftur í tímann og menn geta bent á eitthvað sem hafi gerst áður í landinu hvað það varðar. En það var bara ekki eins og það er núna. Núna þurfa menn sex- til sjöfalt eigið fé miðað við það sem áður var til þess að komast inn í útgerð. Og hafi menn sex- til sjöfalt eigið fá þá er því betur varið í annað. Nei, hæstv. forseti. Við erum í sömu sporum.

Ég spurði ýmissa spurninga í dag. Ég fékk svar við fáum þeirra. Ég spurði t.d. eftir forkaupsrétti sveitarfélaganna, af hverju það væri ekki í þessu frv. Hæstv. ráðherra sleppti því að fara yfir það. Af hverju bæjarútgerðirnar væru ekki með í þessu. Þær voru boðaðar líka fyrir kosningar. Svo er náttúrlega umhugsunarefni líka af hverju hér er ekki frv. um það að setja inn í stjórnarskrá eignarhaldið á auðlindinni eins og Framsókn boðaði fyrir kosningar. Hvar er það kosningaloforð?

Ég held að ástæða væri til þess að fá svör við því núna því þetta hlýtur að vera stefnumarkandi, þetta er stefna ríkisstjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum. Þetta frv., línuívilnunin, er stefna ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum, að halda óbreyttu kerfi og koma svo með þessa línuívilnun eins og hún lítur hér út. Við eigum auðvitað eftir að fara yfir frv. í sjútvn. og það getur orðið spennandi og ég vona sannarlega að við fáum tækifæri til þess að ræða við þá sem eiga hlut að máli. Svo getum við haldið þessari umræðu áfram við 2. umr.

[22:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði áðan hvort menn þyrftu svar við því hvort sólin komi upp á morgun og var þá að vísa í stefnu Samfylkingarinnar. Ég verð að viðurkenna að mér finnast þetta eiginlega vera ummæli kvöldsins.

Ég hef gert það að leik mínum að fylgjast með ræðumönnum Samfylkingarinnar fjalla um þetta frv. og ef við förum svona örlítið yfir línuna, hvað hafa þeir sagt? Þegar menn hafa reynt að greina skoðanir hv. þm. Jóhanns Ársælssonar á þessu frv. þá hafa þeir helst komist að þeirri niðurstöðu að hann styðji ekki þetta frv. vegna þess að hann vilji minni línuívilnun á ýsu og steinbít. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson segir hér hreint og klárt og er afskaplega hreinskilinn í því að ef Vestfirðingar hagnist á þessu frv. þá sé hann á móti því. Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson hvort hann sé sammála samflokksmanni sínum í þessu. Því samflokksmaður hans sagði hvað eftir annað að ef Vestfirðingar högnuðust á þessu frv. þá væri hann á móti því, og ég vil fá að vita hvort hv. þm. Jóhann Ársælsson er sammála því.

Höldum áfram. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson, hvað segir hann? Hann segir að hér sé verið að bæta frumstæðasta útgerðarflokkinn, þ.e. smábátasjómenn. Hv. þm. Kristján Möller talaði um áðan ... (Gripið fram í.) Ég tók ágætlega eftir þessu og skrifaði niður, hv. þm. Mörður Árnason. Hann sagði hér og upplýsti okkur að aflamarkskerfið hafi

kosti, eins og maðurinn væri að segja einhverjar fréttir, en hann talaði ekkert um frv. í sínum ræðum, ekki neitt, og hljóp svo undan þjóðnýtingarstefnu Samfylkingarinnar, þessari svokölluðu fyrningarleið sem hv. þm. Mörður Árnason gekkst þó við í ræðu, en notaði tækifærið og kallaði frv. sem hér er drullumall, svo ég vitni beint í hans orð. Og hann talaði um það sem einn helsta gallann ef fyrirtæki gætu keypt hvert af öðru. Hver var hans lausn? Jú, uppboðskerfið.

[22:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt eitt augnablik að hv. þm. ætlaði í andsvar við mig en hann virðist hafa hugsað sér að fara í andsvör við einhverja aðra úr þingflokknum líka.

Ég verð að segja alveg eins og er að það sem mér varð að orði — ég verð að viðurkenna að ég verð svolítið pirraður á því að menn séu sífellt að ganga upp í ræðustól til að spyrja spurninga sem þeir vita nákvæmlega svörin við, þar sem við höfum lagt fram frv. hvað eftir annað í þinginu og farið yfir það hvað við viljum og hv. þm. kallaði hér þjóðnýtingarstefnu. Það er dálítið gaman að því að hv. þm. skuli taka sér það orð í munn ef við viljum taka aftur til þjóðarinnar eignarhaldið á auðlind hennar, að þá ætli menn í ræðustól á Alþingi að kalla það þjóðnýtingu. Er það virkilega svo að það sé yfirleitt hægt að þjóðnýta þjóðareign? Og hvað hefur þá gerst á undan? Er hv. þm. að segja það hér, og ég vil að hann svari því, hæstv. forseti, að það sé búið að einkavæða þjóðarauðlindina? Eiga þeir sem eru núna atvinnurekendur í sjávarútvegi þjóðarauðlindina? Er það þá þannig að ef við ætlum að breyta þessu, þá þurfum við að framkvæma þjóðnýtingu? Ég held að þetta sé grundvallarspurning sem væri nær að ræða heldur en fara að ræða ræður annarra þingmanna í andsvari við mig.

[22:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hv. þm. einnar spurningar og hver var sú spurning? Ég spurði hvort hann væri sammála samflokksmanni sínum í því að ef Vestfirðingar hagnast á þessu frv. að þá sé hann á móti. Ég vil gjarnan fá svar við því.

Varðandi þjóðnýtingarstefnuna þá snýst málið um það að Samfylkingin ætlar að taka veiðiréttindi af fyrirtækjum, af einstaklingum sem hafa keypt þau dýrum dómum. Rökin eru þau sem hér hafa komið fram að það sé verið að ná í einhvern svokallaðan gjafakvóta sem stenst enga skoðun, en gefum okkur umræðunnar vegna að það væri rétt að hér væri um gjafakvóta að ræða, þá eru flestir þeir sem fengu slíka úthlutun fyrir löngu farnir úr greininni. Og það var athyglisvert í ferð sjútvn. þegar ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson ásamt öðrum komum í sjávarútvegsfyrirtæki og þeir aðilar sem standa í þessum rekstri reyndu að útskýra fyrir viðkomandi þingmönnum að ef farið yrði í það að taka þær aflaheimildir sem þeir væru búnir að fjárfesta í dýrum dómum, þá væri vonlaust að reka þessi fyrirtæki og þá væri ansi illa komið fyrir þeim byggðarlögum sem byggja afkomu sína á þessum fyrirtækjum. Þetta er ekkert annað en gamaldags sósíalismi og skelfilegt að slíkt sé uppi í stefnu stjórnmálaflokka.

Hins vegar er hv. þm. Jóhann Ársælsson gamall alþýðubandalagsmaður og ég veit að það hljómar vel að taka hluti til ríkisins og útdeila þeim aftur með einhverjum hætti. En spurning mín er þessi, og ég veit að það fór í taugarnar á hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að ég skyldi leyfa mér að vitna í þingmenn Samfylkingarinnar, ég leyfði mér að vitna í orð þeirra í ræðum hér í kvöld, en ég spyr hv. þm. aftur í lok míns andsvars: Er hann sammála hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni þegar hann segir að hann sé á móti frv. ef Vestfirðingar muni hagnast á því?

[22:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það sem ég hef sagt um línuívilnun. Ef hún á að vera, þá á hún að vera á forsendum lífríkisins. (Gripið fram í.) Og ég er á þeirri skoðun að það eigi að þróa þannig kerfi hér. Mér finnst ekki nein ástæða til þess að búa til reglur sem ívilna einu byggðarlagi fram yfir annað í landinu (**GÞÞ:** Ertu sammála þingmanninum?) og allar tillögur Samfylkingarinnar eru unnar út frá jafnræðissjónarmiðum og þannig er okkar frv. En það vakti athygli mína að hv. þm. smokraði sér fram hjá þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hann um þjóðnýtinguna. Er það virkilega svo að hv. þm. líti þannig á að hér sé búið að einkavæða auðlindina og að útgerðarmenn eigi Íslandsmið og það sé þá þjóðnýting ef menn breyti kerfinu? Er hv. þm. tilbúinn að koma og standa við þessi orð sín hér? Hann getur fengið orðið hérna og farið yfir þetta mál. Mér finnst það vera býsna langt gengið þegar menn ganga um og tala um þjóðarauðlindina með þeim hætti sem hv. þm. gerir. Tala um að það væri þjóðnýting að koma á reglum þar sem menn gæta jafnræðis til þess að leyfa aðgang að þessari auðlind þar sem atvinnurekendur gætu staðið hlið við hlið í samkeppninni um það að nýta hana. Ég held að það væri bara ágætt að hv. þm. færi yfir það hér. Hver er þessi eignarstaða? Hver er eignarstaðan?

[22:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið fjallað um þetta frv. í dag og ljóst er að um það ríkir mjög mikill ágreiningur, bæði innan þings og utan. Slíkt er jafnan fylgifiskur bótasaumsfrumvarpa af því tagi sem við erum að verða vitni að, þar sem ósátt ríkir um sjálfan grundvöllinn en reynt að bregðast við þeim vanda sem upp kemur hverju sinni líkt og menn setja plástur á sár.

Það sem ég vildi gera að umræðuefni er dagurinn eftir þennan dag, hverjar verða afleiðingarnar og hvernig verður tekið á þeim? Hvað verður til að mynda um byggðakvótann sem fyrirsjáanlega verður skertur og færður frá Byggðastofnun undir sjútvrh.? Hver verður framtíð dagabáta? Ljóst er að þeirra hlutur verður einnig skertur þótt ekki sé um það að finna ákvæði í þessum lögum. Allt er þetta samhengi sem verður að hafa í huga þegar gengið er til atkvæða um þetta frv. Og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á framhaldið hvað þetta snertir, að þar verði tekið á vandaðan hátt á málum.

Í þeim fáu orðum sem ég ætla að hafa um þetta mál vil ég aðeins víkja að fullyrðingum sem komu fram í máli hv. þm. Framsfl., Birkis Jóns Jónssonar, þar sem hann vísað til sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og sagðist óttast að hún, ef kæmi til framkvæmda, mundi grafa undan atvinnuöryggi í greininni. Hann hrósaði að vísu Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir að hafa skýra stefnu og tala skýrt og ég vil segja það að þótt menn kunni að greina á um þessa stefnu þá verðum við aldrei sökuð um að setja fram sjónarmiðastefnu sem grefur undan atvinnuöryggi í sjávarútvegi. Um er að ræða tillögur sem settar eru fram af mikilli varfærni og hófsemi og reyndar hafa þær verið

gagnrýndar fyrir það og við gagnrýnd fyrir það að fara of hægt í sakirnar. Í grundvallaratriðum byggist stefnan á því að endurskipuleggja sjávarútveginn til að tryggja eignarhald þjóðarinnar, það verði gert á 20 árum, um verði að ræða svokallaða fyrningu þar sem þriðjungur aflaheimilda fari á markað á landsvísu og þriðjungur gangi til byggðarlaga og verði bundinn við sjávarbyggðir umhverfis landið en við skiptingu veiðiréttindanna milli sveitarfélaganna verði byggt á vægi sjávarútvegs, veiða og vinnslu í atvinnulífi viðkomandi sjávarbyggða. Síðasta þriðjungnum ætlum við að vera hjá þeim fyrirtækjum sem hafa aflaheimildirnar nú með höndum en gegn umsömdu gjaldi.

Þetta er í grófum dráttum sú stefna sem við höfum sett fram og við að hlýða á þessar umræður kemur upp í hugann hve mikilvægt er að taka á þessum málum í grundvallaratriðum í stað þess að ráðast í bótasaum af því tagi sem þetta frv. er hluti af.

Ég legg áherslu á, herra forseti, að við staðnæmumst ekki við afgreiðslu þessa frv. sem slíks en hyggjum einnig að eftirmálunum og vöndum þar vel til verka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (matsreglur, EES-reglur). — Þskj. 593. [23:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Um haustið 2000 var hafist handa á vegum fjármálaráðuneytisins að endurskoða lög nr. 144/1994 með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á vettvangi Evrópusambandsins. Frv. sem hér er flutt er liður í þeirri endurskoðunarvinnu.

Með þessu frv. er lagt til að félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB frá 27. september 2001 um breytingu á fjórðu og sjöundu félagatilskipun og bankatilskipuninni að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana, verði innleidd. Tilskipunin sem þetta frv. byggir á felur í sér að vikið er frá kröfu 32. gr. fjórðu tilskipunar nr. 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, þ.e. félaga með takmarkaðri ábyrgð, um að liðir ársreiknings séu metnir á grundvelli meginreglunnar um innkaupsverð eða kostnaðarverð. Undanþágu frá þessari reglu er þó að finna í 33. gr. tilskipunarinnar er heimilar endurmat eigna með tilliti til áhrifa verðbólgu á þá liði sem sýndir eru í ársreikningi og verðbólgureikningsskil á Íslandi byggðust á meðan þau voru við lýði. Samkvæmt tilskipuninni er þess krafist að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila, sem á ensku er kallað „fair value accounting", fyrir tiltekna fjármálagerninga til að fjármálaupplýsingar fyrirtækja í aðildarríkjum ESB séu samanburðarhæfar. Aðildarríkin skulu heimila öllum félögum eða flokkum félaga sem starfa samkvæmt fyrrnefndum tilskipunum að taka upp þetta kerfi, bæði fyrir ársreikninga og samstæðureikninga, svo og samstæðureikninga eingöngu.

Vegna aðildar Íslands að EES-samningnum er skylt að innleiða þessa tilskipun í ársreikningalög. Þessi tilskipun er liður í vinnu Evrópusambandsins við að koma á samræmi milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla og tilskipana ESB um reikningsskil og er jafnframt liður í þeirri vinnu að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Ég legg að svo mæltu til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 359. mál (alþjóðlegir reikningsskilastaðlar). — Þskj. 478.

og

Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 360. mál (fjarsala á fjármálaþjónustu). — Þskj. 479. [23:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með fyrri þáltill. sem hæstv. forseti hefur gert grein fyrir, þ.e. um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og að fella inn í samninginn reglugerð um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla er gerð grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni. Það kemur fram á fylgiskjali með henni. En hvað varðar efnisatriði þessa máls nægir að nefna það að hér er fjallað um að taka skuli upp alþjóðlega staðla á sviði reikningsskila á innri markaði Evrópusambandsins með það fyrir augum að samræma fjárhagslegt uppgjör og upplýsingar um fjárhagslega stöðu fyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Samræmd reikningsskil stuðla að auknu gagnsæi og auðvelda samanburð á milli ársreikninga fyrirtækja í öllum löndum og afar mikilvægt er að það sé gert með samræmdum hætti.

Fjmrn. vinnur nú að gerð frv. um innleiðingu þessara reglna og þýðingarmiðstöð utanrrn. vinnur að þýðingu þessara reikningsskilastaðla, en þeir eru miklir að vexti og mikil vinna samfara þýðingu þeirra.

Seinni þáltill. fjallar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilskipun um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Það er með sama hætti gerð grein fyrir efni þeirrar ákvörðunar í tillögunni og kemur fram á fylgiskjali með henni.

Hvað varðar efnisatriði þá fjallar þessi tilskipun um neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu. Er þessari tilskipun ætlað að styrkja réttarstöðu neytenda við fjarsölu á fjármálaþjónustu, m.a. með því að kveða á um rétt neytenda til að falla frá fjarsölusamningi um kaup á fjármálaþjónustu.

Iðn.- og viðskrn. er að vinna að gerð frv. um innleiðingu þessara reglna og munu frv. um þessi mál bæði verða lögð fram á Alþingi þegar þau eru tilbúin. Skapast hefur sú venja að þessi mál fara til utanrmn. til umfjöllunar til þess að Alþingi geti fylgst sem best með því sem þarna er að gerast.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessum tillögum báðum vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:12]

Útbýting þingskjala:

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 420. mál, nál. félmn., þskj. 640.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 410. mál, nál. félmn., þskj. 639.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Ársreikningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (matsreglur, EES-reglur). — Þskj. 593.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 359. mál (alþjóðlegir reikningsskilastaðlar). — Þskj. 478.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 360. mál (fjarsala á fjármálaþjónustu). — Þskj. 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 3. umr.

Stjfrv., 191. mál (meðferð hlutafjár). — Þskj. 193.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:16]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, HBl, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KHG, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StB, VS, ÖS.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, BBj, BH, EMS, GMJ, GÁS, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JóhS, KJúl, KÓ, KLM, SP, StP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 641).

Fundi slitið kl. 23:17.

---

48. FUNDUR

fimmtudaginn 11. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Gerendur í kynferðisafbrotamálum, beiðni um skýrslu, 432. mál, þskj. 598. *Hvort leyfð skuli.*

2. Almannatryggingar, stjfrv., 418. mál, þskj. 574, nál. 612 og 631, brtt. 632. — 2. umr.

3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frv., 417. mál, þskj. 573, nál. 600. — 2. umr.

4. Umferðarlög, stjfrv., 419. mál, þskj. 575, nál. 601. — 2. umr.

5. Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, stjtill., 324. mál, þskj. 375, nál. 604. — Síðari umr.

6. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 332. mál, þskj. 384, nál. 603. — Síðari umr.

7. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frv., 447. mál, þskj. 635. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 88. mál, þskj. 88, nál. 633, brtt. 634. — 2. umr.

9. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 312. mál, þskj. 358, nál. 619. — 2. umr.

10. Úrvinnslugjald, stjfrv., 400. mál, þskj. 536, nál. 618. — 2. umr.

11. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 328. mál, þskj. 380, nál. 617. — 2. umr.

12. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 11, nál. 616. — 2. umr.

13. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 401. mál, þskj. 539, nál. 615. — 2. umr.

14. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 304. mál, þskj. 349, nál. 614. — 2. umr.

15. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 306. mál, þskj. 351, nál. 626. — 2. umr.

16. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 254. mál, þskj. 274, nál. 628, brtt. 629. — 2. umr.

17. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 255. mál, þskj. 275, nál. 627. — 2. umr.

18. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 410. mál, þskj. 558, nál. 639. — 2. umr.

19. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 420. mál, þskj. 578, nál. 640. — 2. umr.

20. Jarðgöng undir Vaðlaheiði, þáltill., 421. mál, þskj. 579. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Davíð Oddsson forsrh.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
[10:07]

Útbýting þingskjals:
Almannatryggingar, 418. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 631.

Gerendur í kynferðisafbrotamálum.

Beiðni GÖg o.fl. um skýrslu, 432. mál. — Þskj. 598.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:08]
Beiðni leyfð til dómsmrh. með 52 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:09]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, ÞBack, ÖS.

2 þm. (KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EOK, GHH, GHall, GÖg, HHj, JÁ, MÁ, SP, VS) fjarstaddir.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 418. mál (aldurstengd örorkuuppbót). — Þskj. 574, nál. 612 og 631, brtt. 632.
[10:10]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta hv. heilbr.- og trn. um 418. mál sem er frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögunum. Á fund nefndarinnar vegna þessa máls komu þeir gestir sem taldir eru upp í nál., bæði frá heilbrrn. og Tryggingastofnun, og auk þess fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands, Garðar Sverrisson og Valgerður Ósk Guðjónsdóttir, auk Halldórs Gunnarssonar frá Þroskahjálp. Tveir embættismannanna úr ráðuneytinu voru skipaðir í nefnd þá sem falið var að útfæra og handsala samkomulag heilbr.- og trmrh. og formanns Öryrkjabandalagsins frá 25. mars sl. Það samkomulag fjallaði m.a. um tvöföldun á grunnlífeyri þeirra sem yrðu öryrkjar ungir að árum. Embættismennirnir greindu frá því að nefndin hefði ekki náð að funda nema tvisvar og hún hefði heldur ekki náð að skila neinum tillögum til ráðherra en að ýmsar útfærslur hefðu verið ræddar á þessum tveimur fundum nefndarinnar. Þeir kváðu nefndinni hafa verið falið að útfæra samkomulagið með það að leiðarljósi að koma sem best til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og hafa því ekki átt sömu valkosti og sömu möguleika og jafnaldrarnir til að búa í haginn fyrir framtíðina. Þeir greindu líka frá því að nefndin hefði fyrst komið saman í septembermánuði sl. en þá hafi auk annarra gagna legið fyrir útreikningar frá Tryggingastofnun ríkisins sem einn embættismannanna hafði beðið um að fá í kjölfar umfjöllunar í tímariti Öryrkjabandalagsins um tiltekna útfærsluleið. Sá útreikningur Tryggingastofnunar nam 1,5 milljörðum kr. Embættismennirnir greindu jafnframt frá því að þeim hefði hins vegar verið gert að halda útfærslum sínum innan fjárhagsramma samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 25. mars sl. sem var 1 milljarður kr. og áætlaður kostnaður Tryggingastofnunar vegna þessa frv. nemur rétt rúmlega þeirri fjárhæð. En frv. leggur til að aldurstengd örorkuuppbót verði tekin upp og hún felur í sér að fjárhæð uppbótarinnar miðast við þann aldur þegar einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki samkvæmt 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. almannatryggingalaga eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laganna um félagslega aðstoð.

Frv. miðar að því að bæta hag þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Þeir hafa oft ekki hafið störf á vinnumarkaði, ýmist vegna ungs aldurs eða skólagöngu, og hafa þar af leiðandi ekki haft sömu tækifæri til að öðlast framreiknuð réttindi í lífeyrissjóðum, eins og sumir þeirra sem eldri eru, eða búa með atvinnutekjum í haginn fyrir framtíðina.

Á fundi nefndarinnar var nokkuð fjallað um stöðu öryrkja yngri en 18 ára. Í 1. mgr. 12. gr. almannatryggingalaga kemur fram að einstaklingar á aldrinum 16–67 ára eiga, að uppfylltum lagaskilyrðum, rétt á örorkulífeyri. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að greiðslur aldurstengdrar örorkuuppbótar geti fyrst hafist við 18 ára aldur. Við umfjöllun málsins kom fram hjá fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að eðlilegt þætti að miða við 18 ára aldursmörkin, sem er lögræðisaldur. Foreldrar eru forsjár- og framfærsluskyldir með börnum sínum undir lögræðisaldri og því eiga ekki sömu sjónarmið við um þá sem eru á þessu aldursbili og þá sem eru orðnir 18 ára og lögráða. Það kom líka fram að framkvæmdin hjá Tryggingastofnun ríkisins er sú að barn á aldrinum 16–17 ára sem metið hefur verið sem öryrki getur ásamt foreldrum sínum valið hvort það fær örorkulífeyri eða umönnunarbætur, og valið ræðst síðan af því hvort kemur hagstæðara út fyrir viðkomandi. Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þetta sjónarmið og rökin sem þar eru á bak við.

Meiri hluti nefndarinnar fagnar líka því skrefi sem stigið er með frumvarpinu til viðurkenningar á sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og þeim kjarabótum sem frumvarpið tryggir þeim. Örorkulífeyrir, sem nú er 20.630 kr., hækkar með aldurstengingunni um 100% hjá þeim sem verða 75% öryrkjar 18 og 19 ára og verður því árið

2004 42.498 kr., að meðtalinni lögbundinni verðlagshækkun sem kemur til framkvæmda þann 1. janúar nk. Aldurstengda örorkuuppbótin lækkar svo hlutfallslega eins og fram kemur í 2. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins því síðar á lífsleiðinni sem menn verða öryrkjar. Að viðbættri tekjutryggingu og tekjutryggingarauka þýðir þessi lagabreyting að öryrkjum á aldursbilinu 18–19 ára eru tryggðar greiðslur frá Tryggingastofnun að fjárhæð 108.350 kr. á mánuði. Innifaldar í þeirri fjárhæð eru 2 þús. kr. hækkun á tekjutryggingu og 2 þús. kr. hækkun á tekjutryggingarauka sem koma til framkvæmda 1. janúar nk. samkvæmt reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga. Við þetta getur síðan bæst heimilisuppbót þannig að samtals geta greiðslur til öryrkja á þessu aldursbili numið rúmum 126 þús. kr. frá 1. janúar nk.

Meiri hluti hv. heilbr.- og trn. vill líka minna á aðrar nýlegar breytingar til hækkunar á bótum almannatrygginga til öryrkja. Verulega hefur verið dregið úr áhrifum atvinnutekna til lækkunar á bótagreiðslum en frá miðju ári 2001 eru einungis 60% af atvinnutekjum öryrkja lögð til grundvallar, jafnt við útreikning á tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót, en var áður 100%. Áhrif tekna til skerðingar á tekjutryggingarauka hafa jafnframt verið minnkuð úr 67% í 45%.

Það kemur fram í athugasemdum með frv. að eftir 1. júlí nk. er fyrirhugað að meta hvernig til hafi tekist við að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Meiri hluti heilbr.- og trn. leggur áherslu á að við það mat verði sérstaklega skoðað mismunandi fjárhagsleg afkoma ungra öyrkja með tilliti til þess hvort þeir hafa náð að eignast framreiknaðan rétt til örokulífeyris frá lífeyrissjóði.

Herra forseti. Meiri hluti heilbr.- og trn. mælir með því að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

[10:17]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að búist er við atkvæðagreiðslu klukkan sex í dag.

[10:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í 1. umr. um þetta mál benti ég á að hér væri verið að bæta fólki, öllum, háð aldri en óháð því hvort fólkið hefði fengið framreikning í lífeyrissjóði og að örugglega væri til fjöldi dæma þar sem fólk er með framreikning í lífeyrissjóði og fær þessa viðbót.

Ég vil spyrja hv. framsögumann meiri hlutans Jónínu Bjartmarz hvort hún telji eðlilegt að hanna lífeyriskerfið þannig að fólk með fullan framreikning fái viðbót núna en svo eru aðrir skertir sem verða öryrkjar seinna og fá ekki framreikning. Þeir sem t.d. hefja störf þrítugir og verða strax öryrkjar eftir nám eru skertir samkvæmt þessum hugmyndum og fá samt ekki framreikning. Svo geta verið aðrir, 23 ára og búnir að vinna í þrjú ár t.d. sem sjómenn. Þeir fá fullan framreikning, fá mjög góðan lífeyri. Þeir fá þessa viðbót nánast óskerta. Telur hv. þm. eðlilegt að hanna velferðarkerfið svona?

[10:19]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. það sem við ræðum er niðurstaða úr samkomulagi sem formaður Öryrkjabandalags Íslands gerði við hæstv. heilbr.- og trmrh. og það varð niðurstaða þeirra og viðræðna sem þar höfðu átt sér stað að með því að ráðstafa þeim milljarði sem samkomulagið gengur út á á þennan hátt, eins og frv. gerir ráð fyrir, væri best komið til móts við þarfir þeirra sem verða öryrkjar ungir að árum.

Hins vegar á fundi hv. heilbr.- og trn. var þessi spurning m.a. borin upp við þá sem sátu í starfshópnum og áttu að útfæra þetta en náðu ekki að skila tillögum til ráðherra, hvort það hefði sérstaklega verið skoðað að sumir í þessum hópi nytu framreiknaðra lífeyrisréttinda og aðrir ekki. Það kom fram í svörum gesta á fundi nefndarinnar að það hafði ekki sérstaklega verið gert. Hins vegar óskuðum við eftir á þeim fundi að fá upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um þá öryrkja og hversu margir þeir væru sem ættu engan framreiknaðan rétt í lífeyrissjóði. En nú sem við stöndum hér og umræðan er hafin hafa okkur ekki enn þá borist þær upplýsingar.

Hins vegar kemur í ljós í töflu sem okkur barst, þar sem öryrkjarnir eru annars vegar aldursgreindir og aldursflokkaðir, síðan er meðaltal og fjöldi þeirra sem eru með tilteknar fjárhæðir í greiðslur frá lífeyrissjóðum, að það er fyrst við 30 ára aldurinn sem þeir ná um 20 þús. kr. En þetta eru bara meðaltalstölur.

Eins og ég sagði leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að við endurskoðun í sumar verði þessu sérstakar gætur gefnar.

[10:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Telur hv. þm. Jónína Bjartmarz eðlilegt að samkomulag tveggja aðila sem greinilega hafa ekki vit á þessum málum, sem greinilega vita ekki hvernig velferðarkerfið er uppbyggt, vita ekki að lífeyrissjóðirnir eru með framreikning og að fólk sem er 25 ára getur verið með fullan framreikning, telur hún að samkomulag milli slíkra aðila sem ekki hafa meira vit á þessu en þetta eigi að móta velferðarkerfið?

Síðan er það spurningin um þessar upplýsingar sem við fengum frá heilbrrn. Það kom svo reyndar seinna í ljós að þær voru bara fyrir einstaklinga. Þar kemur í ljós að gífurlegur fjöldi öryrkja er á aldursbilinu 15–20 ára. Þeir eru 1.500, miklu fleiri en í aldursbilunum sem koma á eftir. Hvað er að gerast? vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar. Hvað er að gerast varðandi það að nánast skuli vera tvöfalt fleiri öryrkjar á þessum unga aldri, 15–20 ára, heldur en á aldursbilunum 20–25, 25–30 ára o.s.frv. Þetta voru mjög sláandi upplýsingar sem við fengum frá Tryggingastofnun.

[10:22]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig þess ekki umkomna, öfugt við hv. þm. Pétur H. Blöndal, að leggja mat og dóm á vit og þekkingu þeir sem unnu þetta frv. Hins vegar er ljóst að þær upplýsingar sem hann vísar til lágu ekki fyrir hjá þeirri nefnd sem falið var að útfæra frv. Það kom skýrt fram á fundum nefndarinnar. Eins og ég greindi frá í fyrra svari mínu við andsvari hv. þm. liggja þær upplýsingar enn ekki fyrir hversu margir þeir öryrkjar eru sem eiga engan framreiknaðan rétt í lífeyrissjóð.

Hins vegar heyrist mér á hv. þm. að honum sé í mun að þeir öryrkjar sem verst standa og minnstar tekjur hafa til ráðstöfunar njóti sem mest af þeim milljarði sem hér er verið að ráðstafa til öryrkja. Ég get svo sannarlega tekið undir þau sjónarmið og ég vænti þess að í endurskoðuninni sem fram fer í sumar þegar lagt verður mat á það hvernig til hafi tekist

þá verði m.a. kannað, eins og meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á, hverjir eiga ekki neinn rétt í lífeyrissjóð. Ég geri ráð fyrir að horft verði til þess ef einhverjar breytingar verða gerðar á þessu frv.

[10:24]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við fengum bréf sent frá Öryrkjabandalaginu. Það stefnir í enn ein málaferlin ef að líkum lætur.

Í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Aðalstjórn Öryrkjabandalagsins felur framkvæmdastjórn bandalagsins að fara þess á leit við Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann að hann vinni greinargerð um lagalega stöðu þess samkomulags sem ríkisstjórn Íslands gerði við Öryrkjabandalagið þann 25. mars."

Ég get ekki séð annað en að það stefni í annað öryrkjamál. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Ef ríkisstjórnin tapar nú þessu máli líka, mun ríkisstjórnin taka ábyrgð á málinu, pólitíska ábyrgð? Er þá ekki rétt að hæstv. heilbrrh. taki pólitíska ábyrgð á málinu og segi af sér í kjölfarið ef hann tapar nú þessu máli?

[10:25]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Hvað ef, hv. þm.? Það er erfitt að svara því. Hv. þm. les hér upp, herra forseti, bréf sem þingmönnum barst frá Öryrkjabandalaginu þar sem þeir lýsa því yfir að þeir hafi samþykkt einróma á fundi sínum að fela tilteknum lögmanni að kanna þetta. Ég geri ekki nokkrar athugasemdir við það. En ég vil segja fyrir mína parta að ég sé ekki að forsendur séu fyrir neinum málarekstri hvað varðar þetta samkomulag og það mál sem við erum að ræða hér. En eins og ég segi, öryrkjar og lögmaður þeirra eru fullkomlega frjálsir að því hvað þeir bera undir dómstóla.

[10:26]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta heilbr.- og trn.

25. mars sl. gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkomulag við formann Öryrkjabandalagsins um hækkun grunnlífeyris öryrkja. Um er að ræða margra ára baráttumál Öryrkjabandalagsins þar sem áhersla var lögð á hækkun grunnlífeyris fyrir þá sem yngstir verða öryrkjar. Í fréttatilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um samkomulagið frá 25. mars 2003, samanber fylgiskjal VI í framkomnu nefndaráliti, kom fram að hækkunin skyldi taka gildi 1. janúar 2004. Einnig kom fram að ríkisstjórnin hefði samþykkt samkomulagið á fundi þennan sama dag og jafnframt að gert væri ráð fyrir að skipaður yrði starfshópur sem gerði endanlegar tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar í samræmi við samkomulagið sem fæli í sér eftirfarandi:

Stigið yrði fyrsta skrefið til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.

Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fengju þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins sem næmi allt að tvöföldun grunnlífeyris.

Þeir sem verða öryrkjar seinna á lífsleiðinni fengju hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri, þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fengju grunnlífeyri sem næmi sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þá kom jafnframt fram í fréttatilkynningunni að samkvæmt útreikningum sérfræðinga ráðuneytisins yrði kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytinguna rúmur 1 milljarður kr. á ári. Í útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins, samanber fylgiskjal XII, var hins vegar gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa að upphæð 1.528,8 millj. kr. en þar var einnig skoðaður möguleiki á að 16–17 ára bótaþegar yrðu teknir með.

Talsverðar deilur hafa orðið um hvað hafi falist í samkomulagi heilbrigðisráðherra og Öryrkjabandalagsins. Því er rétt að athuga hvað fjölmiðlar sögðu felast í samkomulaginu eftir blaðamannafund heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formanns Öryrkjabandalagsins sem haldinn var 25. mars 2003.

Í umfjöllun Morgunblaðsins 26. mars 2003, samanber fylgiskjal III, daginn eftir blaðamannafundinn segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samkomulaginu nemur hækkunin/lækkunin rúmum 400 kr. fyrir hvert ár á aldursskeiðinu 18–67 ára, eftir því hvenær viðkomandi er metinn til örorku. Sá sem verður öryrki 18 ára eða yngri fær í dag 20.630 kr. í grunnlífeyri en fengi samkvæmt samkomulaginu 41.260 kr. Sá sem verður fyrir örorku 56–57 ára gamall fengi rúmlega 4 þús. kr. hækkun, 46–47 ára fengi rúmlega 8 þús. og sá sem er 36–37 fengi tæpar 13 þús. Sá sem metinn er til örorku 26–27 ára fengi tæpar 17 þús. og hjá yngsta hópnum er hækkunin sem fyrr segir tæpar 21 þús. kr."

Samkvæmt frumvarpinu mun hins vegar 56 ára öryrki fá aldurstengda örorkuuppbót sem nemur 516 kr. en hefði fengið rúmar 4 þús. kr. ef samkomulaginu hefði verið fylgt eftir.

Ekki er heldur samræmi milli frumvarpsins og umfjöllunar Ríkisútvarpsins um samkomulagið frá 25. mars 2003, samanber fylgiskjal VII. Í frétt Ríkisútvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Grunnlífeyrir þeirra sem verða öryrkjar 67 ára verður sá sami og hjá ellilífeyrisþegum. Hann hækkar hins vegar um rúmar 400 krónur á ári og verður hærri því yngri sem viðkomandi missir starfsorkuna."

Svipað kom fram í fréttum Stöðvar 2, samanber fylgiskjal VIII, 25. mars 2003 en þar var sagt, með leyfi forseta:

„Grunnlífeyrir þeirra sem verða fyrir örorku 18 ára og yngri hækkar um 20 þús. kr. eða tvöfaldast frá því sem nú er. Hækkunin verður minni í réttu hlutfalli við aldur öryrkja sem nemur rúmum 400 kr. fyrir hvert aldursár uns grunnlífeyri ellilífeyris er náð við 67 ára aldur."

Þessum skilningi Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2 var ekki mótmælt af hálfu ráðherra eða ríkisstjórnarflokkanna en ljóst er að framlagt frv. er ekki í samræmi við lýsingar fjölmiðlanna á samkomulaginu eftir blaðamannafund heilbr.- og trmrh. og formanns Öryrkjabandalagsins.

Samkvæmt frv. lækkar aldurstengd örorkuuppbót talsvert meira en um rúmar 400 kr. fyrir hvert aldursbil. Samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og því samkomulagi sem Öryrkjabandalagið, Morgunblaðið, Ríkisútvarpið og Stöð 2 töldu að hefði komist á á milli heilbrrh. og Öryrkjabandalagsins átti 44 ára gamall öryrki að fá aldurstengda örorkuuppbót að upphæð 9.684 kr. en samkvæmt frv. fær viðkomandi einungis 1.032 kr.

Í frétt í Morgunblaðinu 28. nóvember 2003, samanber fylgiskjal V, kom fram skilningur heilbr.- og trmrh. á samkomulaginu. Þar stóð m.a., með leyfi forseta:

„Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp til að útfæra breytingarnar og gera endanlegar tillögur að breytingum á lögum. Fór hópurinn m.a. yfir kostnað við breytingarnar og fékk ráðherra nýtt kostnaðarmat í hendur þar sem í ljós kom að heildarkostnaðurinn er talinn um 1.500 milljónir kr.

Niðurstaðan var því sú að sögn ráðherra að greiða þyrfti hækkanirnar sem um var samið í áföngum, 66% koma til greiðslu um næstu áramót og afgangurinn ári síðar."

Í sömu frétt Morgunblaðsins er haft eftir ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég stend að fullu við það sem ég vissi réttast þá [þegar samkomulagið var gert]. Síðan hef ég einsett mér að uppfylla samkomulagið. Við munum breyta lögum í samræmi við það sem samkomulagið kveður á um, við munum borga strax um áramótin það sem samkomulagið hljóðaði upp á þegar það var gert og greiða síðan viðbótina. Kerfisbreytingin verður lögfest og hún er komin til að vera."

Í frétt Morgunblaðsins frá 27. nóvember sl., samanber fylgiskjal IV, kemur fram, með leyfi forseta:

„Í ræðu Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra á Alþingi kom fram að einungis verður staðið við tvo þriðju samkomulagsins 1. janúar 2004, og muni afgangurinn koma til framkvæmda ári síðar.

Jón Kristjánsson segir í samtali við Morgunblaðið að áætlað hafi verið að verja í þetta einum milljarði króna, og gert ráð fyrir því í fjárlögum. Þegar nefnd sem starfaði að málinu mat kostnaðinn hafi komið í ljós að það vantaði 500 milljónir upp á. „Það þýðir það að 1. janúar [2004] getum við ekki farið í nema tvo þriðju. Síðan er meiningin, og ég vona að það takist um það samkomulag, að 2005 komi afgangurinn til framkvæmda," segir Jón. Hann segir að heimildir á fjárlögum séu eingöngu fyrir einum milljarði sem samkomulagið gerði ráð fyrir. „Það var í samræmi við þá kostnaðaráætlun sem lá fyrir þegar það var gert.""

Af ummælum ráðherra er ljóst að hann taldi samkomulagið lúta að fyrirkomulagi sem gerði ráð fyrir 421 kr. lækkun fyrir hvert aldursbil og sem kostaði þar af leiðandi 1.528,8 millj. kr. en ekki 1.058 millj. kr. eins og fyrirliggjandi frv. hans hljóðar upp á.

Skilningur heilbr.- og trmrh. á efni samkomulagsins kom einnig í ljós í umræðum um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 á Alþingi 25. nóvember sl. en þar sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Samkomulagið markaði tímamót að því leyti að þar er um breytt kerfi að ræða. Eins og hv. þm. gat um vinnur nefnd að útfærslu þessa samkomulags og mun væntanlega ljúka því verki á næstu dögum. Miðað við þær heimildir sem ég hef þarf hins vegar að áfangaskipta þessu samkomulagi. En það stendur ekki til annað en að standa við það eins og það stendur. Hins vegar gæti þurft að áfangaskipta því þannig að fyrsti áfangi tæki gildi 1. jan. 2004, eins og stendur í samkomulaginu, og síðan verði framhaldið fært í lög og menn meti stöðuna þegar líður á árið í ljósi reynslunnar og hvernig menn uppfylli samkomulagið."

Það er því ljóst að ráðherra lítur svo á að hann sé að framfylgja samkomulaginu í áföngum án þess að um áfangaskiptinguna hefði verið samið. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins kom skýrt fram að hækkun samkvæmt samkomulaginu skyldi koma til framkvæmda 1. janúar 2004. Það er hins vegar svikið með frv.

Á fundi heilbr.- og trmn. var óskað eftir að fá tillögur starfshóps ráðuneytisins til þess að sjá hvað var haft til hliðsjónar við samningu frv. Þar sögðu embættismenn ráðuneytisins að ekki hefðu verið gerðar formlegar tillögur til ráðherra vegna málsins. Það er ekki í samræmi við þær upplýsingar sem hafa komið fram í þinginu, m.a. í ræðu heilbr.- og trmrh. frá 4. desember 2003, en þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Varðandi það hvaða tillögur starfshópurinn sem ég skipaði í byrjun maí skilaði þá skilaði hann til mín drögum og hugmyndum. Starfshópurinn hafði hugmyndir að þessari leið sem hv. þm. lýsti hér."

Í frv. er gert ráð fyrir að aldurstengd örorkubót verði fyrst greidd við 18 ára aldur þrátt fyrir að í 1. mgr. 12. gr. almannatryggingalaga komi fram að einstaklingar á aldrinum 16–67 ára eigi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum rétt á örorkulífeyri og stangast frv. því á við ákvæði gildandi laga. Á fundi heilbr.- og trn. kom fram að 16–17 ára öryrkjar eru allstór hópur, eða 100 piltar og 70 stúlkur. Þrátt fyrir að lögræðislögunum hafi verið breytt fyrir nokkrum árum hefur fyrirkomulagi fyrir þennan hóp ekki verið breytt í almannatryggingakerfinu. Á fundi nefndarinnar kom jafnframt fram að framkvæmdin hjá Tryggingastofnun er þannig að 16–17 ára barn sem metið hefur verið öryrki getur ásamt foreldrum sínum valið hvort það fær örorkubætur eða hvort greiddar eru umönnunarbætur til foreldra þess með því. Ekki verður séð af frv. að foreldrar og börn geti valið þessa leið. Það er alvarlegt ef það er rétt að þau séu svipt þessum möguleika.

Þegar heildarútgjöld vegna samkomulagsins eru skoðuð kemur í ljós að kostnaður ríkissjóðs vegna frv. nemur 1.050 millj. kr. en samkvæmt upphaflegu samkomulagi hefði það numið 1.528,8 millj. kr. Ef málið er skoðað nánar sést hins vegar að raunútgjöldin næmu aðeins 645 millj. Þar sem tekjuskattur er 38,54% yrðu samanlagðar tekjuskattsgreiðslur lífeyrisþeganna 405 millj. kr.

Ef staðið hefði verið við upphaflegt samkomulag og tekjuskattsgreiðslur dregnar frá hefðu raunútgjöld ríkissjóðs því orðið um 940 millj. þar sem tekjuskattur hefði orðið um 590 millj. Því verður ekki annað séð en að svigrúm ætti að vera til að standa að fullu við upphaflegt samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands, en fulltrúar ríkisstjórnarinnar á Alþingi felldu tillögur þess efnis við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 2004.

Minni hlutinn mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali en undir þetta álit skrifa Guðrún Ögmundsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Önundur S. Björnsson og Þuríður Backman.

Herra forseti. Mig langar aðeins að bæta hér við. Í stuttu máli snýst brtt. sem liggur hér fyrir á þskj. 632 um að hafa þá skerðingarreglu sem við teljum að hafi falist í samkomulaginu, og fjölmiðlar í raun og veru staðfesta að geri það. Sú leið lækkar aldurstengda örorkubót um 421 kr. fyrir hvert árabil og sú leið mun kosta 1.528,8 millj. kr.

Herra forseti. Þetta mál snýst í mínum huga í raun um tvennt. Hið fyrra er að standa við gerða samninga. Hið seinna er almenn forgangsröðun í þágu þeirra sem minna mega sín. Í skýrslu Hagstofu Íslands um félags- og heilbrigðismál frá árinu 2003 sést að útgjöld vegna öryrkja á hvern íbúa eru minnst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Svo tölurnar séu sambærilegar eru þær birtar á jafnvirðismælikvarða eða á

PPP og sýna þær að Ísland ver um þriðjungi minna til öryrkja á hvern íbúa en t.d. Danir verja til málaflokksins. Við verjum þriðjungi minna en Danir þrátt fyrir að í Danmörku sé lægra hlutfall þeirra sem eru á aldursbilinu 18–64 ára á slíkum bótum. Séu útgjöld Íslendinga vegna öryrkja borin saman við hin Norðurlöndin sést að Norðmenn verja um helmingi hærri upphæð til málaflokksins en Íslendingar, og Svíar og Finnar verja 10–20% meira en við gerum.

Við eigum að gera betur við öryrkja þessa lands og við eigum að standa við gerða samninga.

[10:41]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þingmanns og vegna nál. minni hluta heilbrn. þar sem kemur fram að öryrkjar sem eru á aldursbilinu 16–17 ára séu 170, 100 piltar og 70 stúlkur, vildi ég gjarnan koma að leiðréttingu um þetta. Þessu var slegið fram af embættismanni ráðuneytisins á fundi með heilbr.- og trn. en hins vegar barst okkur í nefndinni staðfesting frá Tryggingastofnun á því að þessir einstaklingar eru ekki nema 64. Það eru ekki nema 64 einstaklingar á aldursbilinu 16–17 ára.

Í nál. minni hlutans segir að það verði ekki séð af frv. að foreldrar og börn geti valið þessa leið, hvort þeir velja örorkulífeyrinn eða umönnunarbætur eftir því hvort kemur betur út. Þá vil ég fá að vekja athygli, herra forseti, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar á því að frv. nær ekki til þeirra sem eru á aldursbilinu 16–17 ára. Það nær eingöngu til þeirra einstaklinga sem eru orðnir lögráða þannig að það er ekki um val þar að ræða. Þeir geta ekki valið umönnunarbætur, herra forseti.

[10:42]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz kom inn á eru þessar tölur byggðar á upplýsingum frá embættismönnum ráðuneytisins sem voru kallaðir fyrir heilbr.- og trn. Það sem við erum í rauninni að hnykkja á í minnihlutaáliti heilbr.- og trn. er að við þurfum að huga að þessum sérstaka hópi, 16–17 ára öryrkjum. Reyndar veit ég að það er skilningur innan heilbr.- og trn. fyrir því að vera á varðbergi gagnvart þessum hópi en við teljum afskaplega mikilvægt að bregðast við því. Það eru ákveðnar brotalamir á löggjöfinni eftir að lögræðislögunum var breytt. Það eru þessi millibilsár sem um er að ræða og við þurfum að hafa það í huga í allri lagasetningu og sérstaklega þegar við erum að tala um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni hvernig sú lagabreyting muni snerta viðkomandi aldursflokk.

[10:43]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að draga þessa umræðu á langinn en vegna orða hv. þingmanns áðan þar sem hann lagði í ræðu sinni áherslu á að þeir sem verst stæðu og byggju við bágust kjörin nytu sem mest þeirra úrræða sem verið væri að grípa til og þeirra auknu fjárframlaga leikur mér forvitni á að vita hver afstaða hv. þingmanns er til þess að þeir sem ekki eiga framreiknaðan eða neinn rétt úr lífeyrissjóði njóti betur en aðrir og meira af þessum háu fjárframlögum sem verið er að leggja inn til Tryggingastofnunar vegna þessa frv. Í upplýsingum sem við erum nýbúin að fá kemur fram að það eru 5.513 örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem eru ekki með nokkurn rétt í lífeyrissjóði. Þetta er einmitt það sem meiri hluti nefndarinnar bendir á í nál. sínu, að þetta eru þeir sem við þurfum sérstaklega að gefa gaum við endurskoðunina sem segir í greinargerðinni að eigi að fara fram næsta vor.

Fram kemur að af þessum 5.513 eru 1.647 20 ára og yngri þegar þeir voru fyrst metnir til örorku eða uppfylltu skilyrði endurhæfingarlífeyris.

[10:44]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz um að við þurfum að sjálfsögðu að líta til þeirra raunbóta sem um er að ræða og við þurfum að taka tillit til framreikninga á lífeyrissjóði. Ég veit ekki betur en að Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, hafi tekið undir það á fundi heilbr.- og trn. að hann væri alveg til í að skoða þann möguleika hvernig framreikningur í lífeyrissjóði snertir öryrkjana. Hann hafði hugmyndir um að þetta væri ekki sérstaklega stór hópur sem nyti eins góðs og margir hafa sagt.

Ég get að sjálfsögðu tekið undir að við eigum að forgangsraða í þágu þeirra sem mest þurfa á því að halda. Við vitum að ríkissjóður er ekki ótakmörkuð auðlind. Þess vegna fagna ég því að við munum skoða í framtíðinni í heilbr.- og trn. stöðu bótaþega, hvort sem er öryrkja eða annarra bótaþega í heild sinni og hvernig raunkjör þeirra eru. Maður getur ekki annað en tekið undir þau orð.

Þetta mál snýst að sjálfsögðu um annað. Það snýst um samkomulag sem ráðherra gerði við Öryrkjabandalagið. Við höfum bent á að það samkomulag hafi verið brotið í samræmi við hvernig fjölmiðlar og aðrir hafa túlkað það. Þetta samkomulag og þetta mál snýst einnig um forgangsröðun okkar í pólitíkinni. Við í minni hlutanum teljum að svigrúm hafi verið til að standa við þetta samkomulag. Við teljum að svigrúm hafi verið til að bæta þessum 500 millj. við en ekki að áfangaskipta samkomulaginu eins og ráðherra talaði um. Við teljum að það hefði verið fullmögulegt ef pólitískur vilji hefði verið fyrir því. Svo var ekki.

[10:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur gert mjög vel grein fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. hvað varðar það mál sem við fjöllum um, þ.e. breytingar á almannatryggingum vegna aldurstengdrar örorkuuppbótar. Hefur þó nokkuð verið fjallað um málið og þá sérstaklega fram að þessu í tengslum við afgreiðslu fjárlaga því að þar var tekist á um þær upphæðir sem fram koma í skerðingartöflu sem við erum enn að takast á um við afgreiðslu þessa máls. Það er rétt að taka fram að ég lýsi ánægju yfir þeirri kerfisbreytingu sem komið er á með þessu frv., þ.e. að hækka bætur til þeirra sem yngstir verða öryrkjar. Þetta er réttlætismál og því ánægjulegt að af þessari kerfisbreytingu hafi orðið og það á ári fatlaðra. Fjármagnið sem við höfum til úthlutunar á fjárlögum er takmarkað en það er forgangsröðunin sem skiptir máli og þá er mikilvægt að horfa til þess hóps sem öryrkjar fylla og fær lífeyri úr ríkissjóði, þ.e. frá Tryggingastofnun ríkisins, eins og verið er að gera núna. Það er samt ekki allt þegar litið er til framtíðar því að vissulega þarf að hækka raunbætur til öryrkja til að bæta kjör þeirra almennt en það er fyrir utan það frv. sem við fjöllum um í dag.

Þegar farið er yfir þetta mál má segja að orð standi gegn orði. Hér er fjallað um pólitískan heiður heilbrrh. því að eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson fór yfir áðan hafa yfirlýsingar, fréttatilkynningar, fréttir í blöðum og ljósvökum undirstrikað og staðfest skilning forustumanna Öryrkjabandalagsins á því hvað Öryrkjabandalagið taldi sig vera að handsala með samkomulaginu í Þjóðmenningarhúsinu þann 25. mars 2003. Þar var ekki bara fjallað um tvöföldun á greiðslu til yngstu öryrkjanna og að sú upphæð *félli út við 67 ára aldur, heldur var þar verið að handsala* ákveðna kjarabót sem var byggð að ég tel með mjög sanngjörnum hætti, þ.e. línulaga skerðingu í prósentum og með ákveðinni krónutölu, þ.e. 421 kr., sem átti að lækka við hvert aldursár frá yngstu öryrkjunum til 67 ára. Hér fór ekkert á milli mála. Fjölmiðlarnir tóku þetta beint upp af fundinum í Þjóðmenningarhúsinu. Þessum fréttum var ekki mótmælt og síðan var það ljóst í umræðu um fjárlögin að hæstv. heilbrrh. hafði verið þessarar skoðunar en taldi að þar sem hann fengi ekki frekara framlag inn í fjárlögin til þessa málaflokks yrði að tvískipta greiðslunum. Það eru ekki margir dagar síðan þessi yfirlýsing kom fram.

Því miður, herra forseti, samkvæmt því frv. sem hér liggur frammi vantar hálfan milljarð upp á að standa við þetta samkomulag og það tekur til 18 ára og eldri en ekki 16 ára eins og gert var ráð fyrir. Á bak við þessa breytingu liggja ákveðin rök, að það sé rétt að miða aldurstengingar við þann aldur sem unglingar verða sjálfráða, 18 ára aldur, en það stangast eins og bent hefur verið á á við lög um almannatryggingar. Örorkubætur má samkvæmt lögunum greiða frá 16 ára aldri. Þetta var með upphæðina.

Eins voru mikil vonbrigði að ekki skyldi koma fram í frv. að þar sem ekki væri hægt að uppfylla samkomulagið að fullu yrði tekið tillit til $^1/_3$ hluta af samkomulaginu og stefnt að því að greiða þá upphæð fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005. Sú afdráttarlausa yfirlýsing er ekki gefin í frv., heldur á að endurskoða vel hvernig þessar bætur koma út til öryrkja og eins eru uppi hugmyndir um að skoða það sérstaklega með tilliti til þess hvort yngstu öryrkjarnir fái bætur úr lífeyrissjóði, hvort þá eigi að taka tillit til þess og hugsanlega að skerða þær bætur sem hér er verið að lögfesta. Það á eftir að koma í ljós hvað kemur út úr endurskoðuninni en þessi ferill allur er mér og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Öryrkjabandalaginu og fleirum mikil vonbrigði. Það sem átti að verða ánægjulegur atburður hefur snúist upp í þá kjarabaráttu fyrir öryrkja sem raun ber vitni og ég sé ekki annað en að málin hafi þróast þannig að Framsfl. hafi hreinlega ekki staðið í ístaðinu, hafi ekki staðið vaktina frá því í mars sl., og ekki fylgt því eftir af nægri hörku að 1,5 milljarðar kæmu fram í frv. og yrðu afgreiddir á fjárlögum þessa árs. Það er ekki nóg að vera með pólitískar yfirlýsingar og áherslur, gefa fyrirheit og loforð ef því er svo ekki fylgt eftir við samstarfsflokkinn og séð til þess að það skili sér inn í fjárlögin.

Við erum alltaf og stöðugt að forgangsraða við afgreiðslu fjárlaga og ég er ekki í neinum vafa um að vel hefði verið hægt að koma á aldurstengdri örorkuuppbót eins og lofað hafði verið, ég tala nú ekki um þegar búið er að sýna með útreikningum hversu há upphæð hefði skilað sér aftur til ríkissjóðs miðað við þá reglu sem nú er í gildi hvað varðar skattlagningu örorkulífeyris. Rúmur hálfur milljarður hefði skilað sér aftur í ríkissjóð. Þegar upp er staðið og allt til tekið hefðu þetta ekki verið útlát fyrir ríkissjóð nema upp á tæpan milljarð þótt 1,5 milljarðar hefðu verið settir í þetta. Þetta er spurning um pólitískan vilja og vilja til að standa við gefin loforð. Því höfum við sameinast um það í minni hluta heilbr.- og trn. og stjórnarandstöðunni að flytja brtt. sem er samhljóða því samkomulagi sem nefnt var við handsal samkomulagsins. Við leggjum til að staðið verði við samkomulagið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það væri hægt að fara yfir ýmsa þætti og rekja yfirlýsingar og staðfesta *enn frekar stöðu og málflutning* Öryrkjabandalagsins en ég tel að flestallt hafi komið fram, bæði í máli hv. þm. sem hér greindi frá nál. minni hlutans og eins við umræðu um fjárlögin fyrir skömmu.

[10:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða breytingu á lögum um almannatryggingar. Málið er komið til 2. umr. og langar mig aðeins til að koma inn á nokkur atriði sem ég nefndi við 1. umr. málsins. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson fór mjög ítarlega yfir málið þegar hann fylgdi úr hlaði áliti frá minni hluta heilbr.- og trn. sem þingmenn Samf. standa að. Það álit sýnir mjög glögglega hvernig þetta mál hefur þróast, hverju var lofað í upphafi, hverju var lofað fyrir kosningar, og síðan hverjar efndir þeirra loforða eru nú þegar við stöndum frammi fyrir því að þetta frv. er komið inn í þingið. Ég ætla, herra forseti, ekki að rekja það í smáatriðum, enda var farið mjög rækilega yfir það í framsögunni hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni og þeir sem vilja kynna sér hvernig þessum málum var háttað geta þá farið yfir nál.

Hér erum við vissulega að viðurkenna sérstöðu öryrkja. Mjög margir þeirra, sérstaklega þeir sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, eiga aldrei kost á því að vinna sér inn neitt í lífeyrissjóð og hafa margir hverjir engin tök á því að auka tekjur sínar umfram þær greiðslur sem þeir fá úr almannatryggingunum. Það er fullkomlega eðlilegt að líta til þess í greiðslum frá velferðarkerfinu og vissulega voru flestir flokkar með þetta á stefnuskrá sinni fyrir kosningar. Samf. barðist fyrir því að koma á þessu fyrirkomulagi sem Öryrkjabandalagið hafði barist fyrir og kynnt mjög rækilega og það átti ekki að hafa farið fram hjá neinum hvað fólst í þessari leið Öryrkjabandalagsins, enda er alveg ljóst að það fór ekki fram hjá Framsfl. fyrir kosningar, a.m.k. eru skýrar útlistanir frétta frá því fyrir kosningar á því hvað þetta samkomulag við heilbrrh. fæli í sér. Það eru ítarlegar útskýringar í blöðum, í sjónvarpi, í fréttatímum um hvað þetta þýddi en núna, þegar við stöndum frammi fyrir þessu stjórnarfrv., er alls ekki verið að fara þá leið sem stjórnarliðar kynntu fyrir kosningar. Maður veltir fyrir sér hvort þetta hafi verið hluti af verðlaunaverkefninu fyrir hina snilldarlegu kosningaherferð Framsfl., þessi leið sem fyrst er kynnt á þennan hátt og síðan efnd með hinum hættinum, þ.e. vanefnd sem er réttara orð.

Herra forseti. Ég gerði að umtalsefni við 1. umr. um málið hlut 16–18 ára öryrkja. Vissulega eru foreldrar framfærsluskyldir til 18 ára aldurs barns. Hér segir að fram hafi komið í nefndinni að öryrki sem er 16–18 ára og foreldrar hans geti valið hvort greiddar séu umönnunarbætur til foreldra eða hvort örorkubætur eru greiddar öryrkjanum. Í umræðunni áðan kom fram að það eru 64 öryrkjar, 16–18 ára, sem fá greiðslur.

Ég spyr, herra forseti, þá sem sátu í nefndinni og fjölluðu um þetta mál: Var athugað hvort kæmi betur út, umönnunarbæturnar eða örorkugreiðslurnar, miðað við sömu hækkun

og 18 ára? Ég spyr þá sem sátu í nefndinni vegna þess að ég sit ekki í henni sjálf. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það hvort kannað hafi verið í nefndinni og það skoðað hvort kæmi betur út, umönnunargreiðslur til foreldra eða örorkugreiðslur, miðað við hækkunina sem kemur til þeirra 18 ára, þannig að menn hefðu þá a.m.k. kost á því að taka hærri greiðslurnar. Ef örorkugreiðslur koma betur út en umönnunargreiðslur, þ.e. 18 ára greiðslurnar ef þær væru heimilaðar til þessara 64 sem eru undir 18 ára aldri og eru öryrkjar, ættu þeir að geta valið þær. Það væri fróðlegt að fá að heyra um það.

Hér hafa stjórnarliðar hreykt sér af því hvað þeir hafa gert til að bæta stöðu öryrkja á undanförnum árum. Eitt af því sem menn nefna er minnkunin á skerðingunni á tekjutryggingaraukanum. Það var eitt af því sem við gagnrýndum harðlega en tekjutryggingaraukinn kom inn í lögin eftir öryrkjadóminn, og skerðingarákvæðið þar var hærra en nokkurs staðar annars staðar í almannatryggingalögunum, 67% skerðing. Það var alls ekki óeðlilegt að breyta því, enda var samkomulag í nefndinni um að breyta því niður í 45% á síðasta vetri. Þetta þóttu óheyrilega há skerðingarmörk, 67% af tekjutryggingaraukanum, og ástæðulaust að hreykja sér af því þegar menn eru síðan að vanefna loforð við öryrkja frá því fyrir kosningar.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið iðinn við það að ræða um þennan hóp sem verður út undan, þ.e. þá sem eru metnir 49% öryrkjar og eru ekki með neinar kjarabætur. Hv. þm. Pétur Blöndal er ekki í salnum þannig að ég á kannski ekki að vera að gagnrýna það sem hann hefur sagt hér en ég get ekki orða bundist. Ég furða mig á því þegar stjórnarþingmaður eins og Pétur Blöndal sem hefur öll tök á því að koma breytingum sínum á framfæri og jafnvel vinna þeim fylgi innan sinna raða skuli þá ekki hafa komið með brtt. inn í þingið um þennan hóp öryrkja, 49% öryrkja sem ekki fá neina kjarabót. Hv. þm. er ekki hér til svara en það væri fróðlegt að fá upplýsingar hjá honum hvers vegna hann kemur þá ekki með þessa lagabreytingu inn í þingið.

Það hefur komið fram í umræðunni að það kostar innan við milljarð að standa að fullu við samkomulagið við öryrkja, þ.e. raunkostnaður ríkissjóðs er lægri en milljarður, miðað við það að 38,54% af þessari greiðslu koma aftur inn í ríkissjóð. Þetta er allt saman skattlagt. Skattar eru lagðir á öryrkja, þeir fóru að borga skatta í tíð stjórnarsamstarfs Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir borguðu ekki skatta áður vegna þess að þá voru greiðslurnar undir skattleysismörkum en skattleysismörkin hafa ekki fylgt þessum greiðslum. Raunkostnaður ríkissjóðs af því að standa að fullu við samkomulagið, miðað við það að stór hluti fjárins kemur aftur til ríkissjóðs, er ekki nema 939.109 þús. kr. Það er hálfnöturlegt, svona rétt fyrir jólin, að ekki skuli hafa verið hægt að standa við þetta samkomulag að fullu þegar raunkostnaðurinn er undir milljarði.

Auðvitað eigum við að standa þannig að velferðarkerfinu að vel sé gert við þá sem geta ekki sannanlega framfleytt sér eða bætt við tekjur sínar á nokkurn hátt, eins og þeir sem hafa orðið öryrkjar ungir standa margir hverjir frammi fyrir.

Nú er komin yfirlýsing, kom í fréttum í gærkvöldi og í bréfi frá Öryrkjabandalaginu, að það ætli að leita réttar síns í gegnum dómstóla. Það er ekki í fyrsta sinn sem öryrkjar fara þá leið. Það hefur verið svo með Öryrkjabandalagið og núv. ríkisstjórn að það hefur þurft að leita réttar síns oftar en einu sinni fyrir dómstólum og jafnvel ekki fengið leiðréttingu nema með hótunum um að fara dómstólaleiðina. Ég minni á málsóknina sem þurfti að hóta vegna reglunnar um að öryrki sem bjó með börnum sínum fengi ekki heimilisuppbót vegna þess að hann var talinn hafa hag af því að búa með börnum sínum. Það er náttúrlega fáránleg túlkun og var síðan leiðrétt hér.

Hæstv. ráðherra talaði um það í fjölmiðlum, áður en þetta mál kom hér inn, og viðurkenndi að þetta samkomulag sem hann var búinn að lýsa yfir að hann mundi styðja að fullu kostaði meira en hann gat fengið út úr ríkissjóði til að efna loforðið, og þá talaði hann um að það yrði efnt í áföngum. Nú spyr ég, herra forseti, þá sem sátu í nefndinni: Hvar eru áfangarnir? Eru þeir í þessu frv., áfangarnir sem hæstv. ráðherra hefur rætt um í fjölmiðlum og hefur verið talað um hér? Hvernig stendur á því að þessir áfangar eru ekki í frv. ef menn ætla að standa við þetta loforð í áföngum? Hvers vegna kemur þá ekki inn í frv. hvernig menn ætla að standa við loforðið, og hvenær? Er ekkert að marka það sem er sagt, það sem ráðamenn ríkisstjórnarinnar segja opinberlega um málið?

Hæstv. ráðherra talaði um að það yrði staðið við síðari áfangann af loforðinu á næsta ári. Ég sé ekki nein merki um það í frv.

Hv. þm. Samf. í heilbr.- og trn. hafa lagt fram brtt. þar sem lagt er til að staðið verði við loforðið eins og það var upprunalega og töflunni í 2. gr. breytt til samræmis við útreikninga Öryrkjabandalagsins og loforðið sem hæstv. ráðherra gaf því fyrir kosningar. Enn hafa stjórnarliðar tök á því að samþykkja þetta loforð, standa við loforðið sem þeir gáfu. Hér er aðeins verið að standa við tvo þriðju samkomulagsins í frv. en menn hafa enn tök á að standa við það að fullu ef þeir samþykkja brtt. þingmanna Samf. um þetta mál.

Í umræðunni kom fram að það ætti að endurskoða frv. í vor. Hvers vegna þarf endurskoðun í vor? Hvers vegna er ekki staðið við þetta núna strax? Ég spyr, herra forseti. Og ég spyr líka: Hvenær ætla menn að fara í að endurskoða almannatryggingalögin í heild? Lög eiga að vera skýr og almannatryggingalögin eru alls ekki skýr, þau eru mjög ruglingsleg og þvælukennd. Með öllum þeim breytingum sem hafa verið gerðar á þeim er oft erfitt að skilja margar greinar þeirra. Ég nefni t.d. 17. gr. um tekjutrygginguna. Hún er nánast óskiljanleg, hún er svo þvælukennd.

Það er rétt sem sagt hefur verið hér, það á að standa við gerða samninga og sérstaklega ef menn gera svona samninga fyrir kosningar og fá þá sem eiga að heyra undir þessa samninga, plata þá, til þess að styðja sig, og svíkja þá svo þegar þeir koma aftur til þings eftir kosningar. Það er náttúrlega ekki nokkur framkoma.

Það kom líka fram áðan í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að útgjöld okkar til öryrkja eru minnst af öllum Norðurlandaþjóðunum miðað við PPP-útreikninga og við greiðum hér þriðjungi minna til öryrkja en Danir. Við, þessi ríka þjóð, gerum ekki betur við okkar fólk en þetta. Við erum eftirbátar allra Norðurlandaþjóðanna hvað þetta varðar. Það er eitthvað sem við eigum ekki að láta vera viðvarandi þannig að ég tel að við eigum að standa við þessa samninga, það kostar ekki meira en milljarð í raun að standa við loforðið frá því í vor. Ég hvet svo stjórnvöld til að fara í þá vinnu sem þarf að fara í við að endurskoða almannatryggingalögin í heild sinni. Mörgum sinnum hefur verið ráðist í þá vinnu en hún hefur aldrei skilað neinu, alveg frá 1971, en frá þeim tíma eru þessi lög að grunni til. Þau hafa ekki verið skoðuð í heild síðan þá. Þó að hér hafi verið farið í einhverjar smá-

skammtasnyrtingar dugar það ekki til, við þurfum að horfa á allan pakkann.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð *mín fleiri en* vonast til þess að ég fái svör við þeim fyrirspurnum sem ég lagði fram til nefndarmanna í heilbr.- og trn.

[11:14]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir beindi til okkar sem sitjum í heilbr.- og trn. tilteknum spurningum. Ein spurning hennar laut að því hvort við hefðum sérstaklega skoðað það í nefndinni hvort það kæmi betur út fyrir þá sem væru 16 og 17 ára að fara á örokulífeyri með tilliti til þess að þeir nytu þá góðs af þessu frv. Enn og aftur ætla ég, herra forseti, að leitast við að leiðrétta þann misskilning sem líka gætir í nál. minni hluta heilbr.- og trn. að þeir sem eru 16 og 17 ára geti, og foreldrar þeirra, valið örorkulífeyrinn eða umönnunarbæturnar. Frv. tekur einungis til þeirra sem eru 18 ára og eldri. Þess vegna er ekkert um val fyrir þá að ræða. Þeir sem frv. tekur til eru lögráða en hvorki framfærslu- né forsjárskyldir af foreldrum sínum.

Þarna er misskilningur í nál. minni hluta heilbr.- og trn. og sama misskilnings sýnist mér gæta hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Hv. þm. vék líka að því hvers vegna væri þörf á endurskoðun í vor. Í greinargerð með frv. segir að þá sé ætlunin að meta hvernig til hafi tekist með það að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Það er tilgangurinn með þessu frv., það var tilgangurinn með samþykkt ríkisstjórnarinnar að veita milljarð til þess og það var tilgangurinn með samkomulagi formanns Öryrkjabandalagsins og hæstv. heilbr.- og trmrh.

Hins vegar hefur verið upplýst í umræðunni að stór hluti þessara einstaklinga nýtur ekki neins framreiknaðs lífeyrissjóðs, hefur engar greiðslur úr lífeyrissjóði, og ég held að almennt í heilbr.- og trn. séu menn á því að það sé brýn þörf á að skoða þetta í vor og sjá hvort ekki sé sérstök ástæða til að flokka eftir þessu þá sem hafa réttinn og hina sem hafa hann ekki til að tryggja að þeir sem minnst hafa njóti mests.

[11:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hér sé enginn misskilningur á ferðinni. Ég taldi að menn ætluðu að taka málið upp í vor til þess að standa að fullu við samkomulagið. Ég gat ekki skilið annað hjá hæstv. ráðherra en að hann ætlaði að taka málið upp í vor til þess. Það sem ég var að segja var að ég teldi þá að menn ættu að vera með þau ákvæði í frv. nú þegar, hvernig menn ætla að standa við það samkomulag ef þeir ætla þá að gera það.

Varðandi þennan hóp, 16–18 ára, var ég að spyrja hvort ekki væri hægt að hafa heimild fyrir þessa ólögráða öryrkja sem eru á framfærslu foreldra sinna til þess að þeir fái sambærilegar greiðslur og þeir sem eru 18 ára og ef menn teldu síðan ástæðu til að fara frekar umönnunargreiðsluleiðina hefðu þeir möguleika á því. Það var spurningin sem ég varpaði fram, hvort það hefði ekki verið skoðað, og þá hefði verið hægt að setja inn í frv. þá heimild. Það gæti jafnvel komið betur út fyrir þennan hóp fólks á þessu aldursbili. Við vitum að kostnaður getur verið meiri en fyrir þá sem yngri eru einmitt á þessu aldursbili.

[11:17]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nál. meiri hluta heilbr.- og trn. er rakin þessi umræða sem var á fundi nefndarinnar um þá einstaklinga sem eru 16 og 17 ára og við ræddum aðstöðu þeirra gagnvart frv. Þá kom það fram hjá þeim gestum sem voru á fundi nefndarinnar, bæði frá heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnun, að þetta væri tiltekinn fjöldi, sagt að það væru 170 einstaklingar og nú hefur komið í ljós að þeir eru ekki nema 64 miðað við síðustu mánaðamót og verður 61 í þessum mánuði. Þeir eru sem betur fer ekki fleiri en þeir búa við þá sérstöðu. Vegna þess að þeir eru ekki orðnir lögráða og foreldrarnir eru framfærsluskyldir og forsjárskyldir með þeim í það heila geta þeir og foreldrar þeirra valið um leiðir.

Það fer svo eftir því hvort viðkomandi einstaklingur er í skóla eða hvort hann er í námi hvor leiðin kemur betur út fyrir hann, líka vegna þess að umönnunarbæturnar eru ekki skattskyldar öfugt við örorkulífeyrinn ef hann nær því þá með því sem ofan á leggst að tekinn sé af honum skattur. Þetta var skoðað ítarlega og meiri hluti nefndarinnar féllst á að það væru engin rök fyrir því að þetta frv. næði líka til þeirra sem væru á barnsaldri og nytu framfærslu foreldra sinna og forsjárskyldu. Sjónarmiðið á bak við frv. er að takmarka það við 18 ára aldur.

[11:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún virðist vera eitthvað ruglingsleg, þessi umræða, og kannski er einhver misskilningur á ferðinni. Það sem ég var að tala um hér með 16–17 ára er að ef þeir hafa heimild til þess að fá hækkunina eins og 18 ára gætu þeir valið þá leið ef hún kæmi betur út en umönnunarbæturnar. Ég er að fara fram á það hérna að menn skoði það vegna þess að ég tel enga ástæðu til að þessi hópur sitji eftir. Hann á í dag kost á því að velja umönnunargreiðslur eða örorkugreiðslur því að samkvæmt lögunum er örorkulífeyrir greiddur frá 16 ára aldri. Í dag getur hann valið. Ef hann fengi sömu hækkun og 18 ára, tvöfaldan grunnlífeyri, gæti jafnvel komið betur út fyrir hann en fyrr að velja örorkulífeyrisgreiðslurnar. Það er þetta sem ég er að spyrjast fyrir um. Sem betur fer er þetta ekki nema 61 einstaklingur og því frekar ætti að vera hægt að taka á þessu. Það virðast ekki vera það háar greiðslur sem það fæli í sér að heimila að greiddur verði þessi tvöfaldi grunnlífeyrir til þessa hóps ef það kæmi betur út fyrir hann.

[11:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að menn ræði efnisþætti þessa frv. og það hefur verið gert rækilega af hálfu fulltrúa í heilbr.- og trn. þingsins og ég vísa til sjónarmiða sem fram hafa komið hjá hv. þm. Þuríði Backman um það efni. Í mínum huga, herra forseti, snýst frv. fyrst og fremst um Framsfl. og framkomu hans gagnvart Öryrkjabandalagi Íslands og gagnvart kjósendum við síðustu alþingiskosningar. Um það snýst þetta mál að uppistöðu til vegna þess að frv. byggir á samkomulagi, eða ætti að byggja á samkomulagi, sem gert var í aðdraganda síðustu alþingiskosninga.

Um hvað snýst þetta mál? Í fyrsta lagi vísa ég til ítarlegrar greinargerðar frá minni hluta heilbr.- og trn. þar sem tildrög frv. og þessa máls alls eru ítarlega rakin og vísað í fylgigögn. Málið snýst um það í grófum dráttum að gert er samkomulag hinn 25. mars árið 2003. Frá því samkomu-

lagi er greint ítarlega í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Efnisþættir samkomulagsins eru þar rækilega tíundaðir.

Í umfjöllun Morgunblaðsins frá 26. mars, daginn eftir að samningurinn er handsalaður eða gerður í Þjóðmenningarhúsinu frammi fyrir fjölmiðlum, segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samkomulaginu nemur hækkunin/lækkunin rúmum 400 krónum fyrir hvert ár á aldursskeiðinu 18–67 ára, eftir því hvenær viðkomandi er metinn til örorku. Sá sem verður öryrki 18 ára eða yngri fær í dag 20.630 kr. í grunnlífeyri en fengi samkvæmt samkomulaginu 41.260 kr.

Sá sem verður fyrir örorku 56–7 ára gamall fengi rúmlega 4 þúsund króna hækkun, 46–7 ára fengi rúmlega 8 þúsund og sá sem er 36–7 tæpar þrettán þúsund. Sá sem metinn er til örorku 26–7 ára fengi tæpar 17 þúsund og hjá yngsta hópnum er hækkunin sem fyrr segir tæpar 21 þúsund kr."

Samkvæmt því frv. sem við erum hér með til umfjöllunar mun hins vegar 56 ára öryrki fá aldurstengda örorkuuppbót sem nemur 516 kr. en hefði fengið rúmar 4 þús. kr. ef samkomulaginu hefði verið fylgt eftir.

Ekki er heldur samræmi á milli frv. og umfjöllunar Ríkisútvarpsins um samkomulagið frá 25. mars 2003 og er vísað til þess í fylgiskjölum með minnihlutaálitinu. Í frétt Ríkisútvarpsins sagði, með leyfi forseta:

„Grunnlífeyrir þeirra sem verða öryrkjar 67 ára verður sá sami og hjá ellilífeyrisþegum. Hann hækkar hins vegar um rúmar 400 krónur á ári og verður hærri því yngri sem viðkomandi missir starfsorkuna."

Svipað kom fram í fréttum Stöðvar 2. Þar sagði í fréttum 25. mars, með leyfi forseta:

„Grunnlífeyrir til þeirra sem verða fyrir örorku 18 ára og yngri hækkar um 20 þúsund krónur eða tvöfaldast frá því sem nú er. Hækkunin verður minni í réttu hlutfalli við aldur öryrkja sem nemur rúmum 400 krónum fyrir hvert aldursár uns grunnlífeyri ellilífeyris er náð við 67 ára aldur."

Ég ætla ekki að rekja þetta nánar. Það hefur verið gert af öðrum talsmönnum stjórnarandstöðunnar en ég vísa til þess að í fylgiskjölum með nál. þeirra er m.a. birt bréf frá heilbrrn. sem einnig var sent fyrir kosningar, 9. apríl, þar sem þetta er allt saman staðfest. Þar er vísað í fyrri útreikninga sem Tryggingastofnun var falið að framkvæma fyrir hönd ráðuneytisins en í bréfinu segir m.a. og hér er vísað í nýja útreikninga sem stofnunin er beðin um, með leyfi forseta:

„Sú breytta mynd á grunnlífeyri öryrkja, sem samkomulagið gerir ráð fyrir, er tvöföldun lífeyrisupphæðar, þ.e. 2 x 20.630 kr., fyrir þá sem greinast með örorku 18 ára, sem lækkar um 421 kr. fyrir hvert aldursár öryrkjans m.v. hvenær hann er greindur með örorku. Meðfylgjandi tafla skýrir þetta betur." Síðan er tafla sem byggir á þessu. Þetta liggur allt ljóst fyrir. Það er gert samkomulag um þessi efnisatriði. Síðan kemur fréttatilkynning og þar byrjar blekkingaleikurinn. Síðan kemur fréttatilkynning frá heilbrrn. með kostnaðarmati á þessum samningi þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmd hans kosti rúman milljarð króna. Það er allt annar handleggur. Það er kostnaðarmat. En þetta er samningurinn og efnisatriði hans.

Hvers vegna beini ég spjótum mínum að Framsfl. sérstaklega en ekki ríkisstjórninni allri? Auðvitað er hún ábyrg fyrir þessum málarekstri öllum. Hún er það. En ég beini sjónum mínum fyrst og fremst að Framsfl. vegna þess að þetta var liður í kosningabaráttu flokksins. Hann var ekki aðeins að tala til Öryrkjabandalags Íslands. Hann var að tala við kjósendur, hann beindi orðum sínum til kjósenda í aðdraganda alþingiskosninga. Þess vegna segi ég, og ítreka það sem ég áður hef sagt um þetta mál, að það er alltaf rangt að brjóta gerðan samning. En í ofanálag er brotinn samningur við þessar aðstæður. Við hér innan þings erum ekki ein um þetta sjónarmið. Talsmenn Öryrkjabandalagsins eru ekki einir um þetta sjónarmið. Málgögn sem þess vegna fylgja ríkisstjórninni að málum hafa tekið undir þennan málflutning og ég ætla að leyfa mér að vísa í leiðara Morgunblaðsins frá 27. nóvember sl. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fram kom í máli Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra á Alþingi í fyrradag að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að standa strax um áramótin við samkomulag það, sem gert var við Öryrkjabandalag Íslands í mars síðastliðnum um hækkun á grunnlífeyri öryrkja og breytingar á kerfi örorkulífeyris. Samkvæmt samkomulaginu á m.a. að aldurstengja örorkubætur og þannig u.þ.b. tvöfalda bætur til þeirra, sem yngstir verða öryrkjar.

Jón Kristjánsson segir nú að samkomulagið verði efnt í áföngum, þar sem hækkun bótanna kosti meira en þann milljarð, sem ætlaður er til þess að efna samkomulagið í fjárlagafrumvarpinu."

Síðar segir enn í leiðara Morgunblaðsins frá 27. nóvember, með leyfi forseta:

„Í sömu grein tók Jón Kristjánsson fram að samkomulagið væri ekki útspil vegna komandi kosninga. Engu að síður vitnuðu þingmenn stjórnarflokkanna beggja, einkum Framsóknarflokksins, til þess í greinum og ræðum í vor að eitt af kosningaloforðunum væri að efna samkomulagið.

Stjórnmálamenn, sem í vor töldu ríkissjóð hafa nægt svigrúm, þannig að bæði væri hægt að lofa að lækka skatta og heita öryrkjum brýnum kjarabótum, geta ekki verið þekktir fyrir að seinka nú efndum loforða sinna — og raunar undirskrifaðs samkomulags. Þetta er spurning um trúverðugleika stjórnmálamanna gagnvart kjósendum sínum. Orð eiga að standa."

Þetta hefur hljómað og endurómað á öldum ljósvakans síðustu daga frá Öryrkjabandalagi Íslands og aðildarfélögum þess. Orð skulu standa. Það gera þau ekki í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Og ég lýsi enn furðu yfir málflutningi talsmanna Framsfl. í þessu máli. Þeir láta í veðri vaka að í einu og öllu sé staðið við það samkomulag sem gert var í marsmánuði við Öryrkjabandalag Íslands. Það er ekki gert og það er staðfest í skjölum sem liggja fyrir og hér hefur verið vísað til. Það var aldrei hrakið og því var aldrei mótmælt sem fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins, Stöðvar 2, Morgunblaðsins og annarra fjölmiðla daginn eftir hinn margrómaða fréttamannafund í Þjóðmenningarhúsinu þar sem í kastljósi fjölmiðlanna var greint frá samningnum sem Framsfl. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gerði við Öryrkjabandalag Íslands. Þetta er mergurinn málsins.

Vissulega er það rétt að efnisatriði þeirra lagafrv. sem koma fyrir Alþingi á að skoða á málefnalegan hátt og gaumgæfa vel. Og það á að sjálfsögðu við um þetta frv. Þess vegna, og ég ítreka það sem ég áður hef sagt í þessum ræðustól, gerði sl. vor og hef aftur og ítrekað sagt, fagna ég þeim kerfisbreytingum sem verið er að ráðast í. Ég geri það. Mér finnast þær bera vott um framfarahug og vera mjög til góðs. Það breytir ekki hinu að samningur gagnvart Öryrkjabandalagi Íslands hefur verið brotinn og það eiga talsmenn ríkisstjórnarinnar og sérstaklega forsvarsmenn Framsfl. að viðurkenna. Eða stendur virkilega til að knýja Öryrkjabandalag Íslands aftur til að taka baráttumál sín til dómstóla?

Í gær samþykkti aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fundur aðalstjórnar ÖBÍ, haldinn miðvikudaginn 10. desember 2003, samþykkir eftirfarandi:

Aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands felur framkvæmdastjórn bandalagsins að fara þess á leit við Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann að hann vinni greinargerð um lagalega stöðu þess samkomulags sem ríkisstjórn Íslands gerði við Öryrkjabandalagið þann 25. mars sl.

Tilefni samþykktarinnar eru þau samningsbrot sem fyrir liggja og sá ásetningur Öryrkjabandalagsins að leita allra leiða til að samningurinn megi koma til fullra framkvæmda á þann eina hátt sem aðilar urðu ásáttir um og margvísleg gögn málsins staðfesta.

Öryrkjabandalag Íslands harmar að þurfa enn á ný að láta reyna á lagalegan rétt öryrkja gagnvart ríkisstjórn Íslands."

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð að sinni um þetta lagafrv. Ég ítreka að þær kerfisbreytingar sem hér eru boðaðar tel ég vera jákvæðar og mikilvægt framfaraspor, ég ítreka það, en harma jafnframt og gagnrýni hástöfum tvískinnung sem fram kemur í málflutningi Framsfl. og tilraunir til að verja samningsrof á samningi sem gerður var við Öryrkjabandalag Íslands í aðdraganda kosninganna sl. vor.

[11:35]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gefur mér fullt tilefni til þess að andmæla málflutningi hans. Ég ætla að ítreka það að hefði hv. þm. lagt eyrun betur við kosningaloforðum okkar framsóknarmanna þá sögðu allir frambjóðendur flokksins og líka frambjóðendur hins stjórnarflokksins í kosningabaráttunni í vor að ætlunin væri samkvæmt samkomulaginu að tvöfalda allt að því örorkulífeyri yngstu öryrkjanna og verja til þess 1 milljarði kr. — allt að því tvöfalda örorkulífeyri yngstu öryrkjanna og verja til þess 1 milljarði kr. Tilvísun hv. þm. í Morgunblaðsfrétt um 400 kr. milli aldursstiga eru ekki upplýsingar sem komu frá hæstv. heilbr.- og trmrh. Það má ætla helst, fyrst þær eru ekki þaðan, að þær upplýsingar séu frá formanni Öryrkjabandalagsins. Það lá ekki fyrir á þeim tímapunkti þegar formaður Öryrkjabandalagsins útfærir þessa hugsun sína, að þetta séu 400 kr. á aldursbil, hver kostnaðurinn við þá útfærslu er. Hefði hv. þm. Ögmundur Jónasson setið fund í heilbr.- og trn. þegar fjallað var um málið í vikunni þá hefði það líka komið í ljós og þá vissi hann það núna og væri ekki að fara með þetta svona staðlaust að útreikningurinn sem nam 1,5 milljörðum kr. var gerður af Tryggingastofnun ríkisins löngu eftir að þetta samkomulag var gert að beiðni ákveðins embættismanns sem sat í nefndinni. Þetta var gert í byrjun apríl en nefndin kom aldrei til fundar fyrr en í septembermánuði á þessu ári. Þetta var ekki einu sinni útreikningur sem var beðið um af hálfu nefndarinnar.

Þegar talað er um 400 kr., þegar verið var að ganga frá samkomulaginu, þá lá enginn útreikningur fyrir hvað sú útfærsla á milli aldursstiga mundi kosta. Loforðið og samkomulagið gengur út á 1 milljarð kr.

[11:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta mál verða verra og verra. Hér er verið að staðfesta að hafðar hafa verið í frammi blekkingar gagnvart kjósendum. Hér er verið að staðfesta það vegna þess að ég var ekki aðeins að vísa í frétt eins fjölmiðils, ég var að vísa í fréttir Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2 um hvað samningurinn færði öryrkjum í kjarabætur. Og fyrst þessu er mótmælt núna, hvers vegna í ósköpunum var þetta ekki leiðrétt gagnvart kjósendum sl. vor í aðdraganda kosninganna? Þar var þetta rækilega tíundað í fjölmiðlum og þá mótmælti Framsfl. ekki.

Herra forseti. Ég vísaði líka í gögn frá sjálfu heilbrrn. frá 9. apríl þar sem þeim tilmælum er beint til Tryggingastofnunar að reikna út tilkostnaðinn við samkomulagið með tilvísan í nákvæmlega þessar tölur, þ.e. tvöföldun á 20 þús. 630 kr. í grunnlífeyri fyrir þá yngstu og með skerðingu sem nemi 421 kr. fyrir hvert ár til 67 ára aldurs. Ég er að vísa í gögn ráðuneytisins. Ef vinnubrögðin eru þessi, með slíkum ósannindablekkingahætti, þá er ég hræddur um að þetta kosti lengri umræðu en ég hafði áður talið. Ef menn ætla að halda áfram og koma hér í andsvari upp í ræðustól með ósannindi þá er mér öllum lokið.

Herra forseti. Hér er verið að staðfesta það að kjósendur hafi verið blekktir í vor. Því var ekki andmælt af Framsfl. að það væru staðlausir stafir sem birtust í Morgunblaðinu eða ósannindi sem höfð væru uppi af hálfu Ríkisútvarpsins eða Stöðvar 2. Ég spyr hv. þm. í andsvari öðru sinni: Hvers vegna var þetta ekki leiðrétt?

[11:39]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkomulagið gengur út á það að allt að því tvöfalda grunnlífeyri yngstu öryrkjanna og verja til þess 1 milljarði kr. Út á annað gekk samkomulagið ekki. Útfærsluleiðin og fylgiskjalið í nefndaráliti minni hlutans lá ekki fyrir þegar samkomulagið var gert. Beðið var um útreikning á því af tileknum embættismanni í heilbrrn. en ekki sem gögn fyrir nefndina sem tók ekki til starfa fyrr en í september. Hann bað um þetta upp á sitt eindæmi til að reikna út hvað það kostaði að hafa 400 kr. hækkun á milli aldursbila. Það er sannleikurinn í málinu. Loforðið var upp á milljarð. Það var ekki búið að reikna út hvað 400 kr. á aldursbilum kostuðu þegar það var lagt fram. Síðan kom í ljós að það nam umfram þessum milljarði. Við skulum hafa það sem sannara reynist í málinu. Ég vona að hv. þm. Ögmundur Jónasson leggi við hlustirnar með það út á hvað loforðið gekk. Það voru engir kjósendur blekktir. Lofað var milljarði og það var staðið við milljarðinn til þeirra öryrkja sem yngstir eru þegar þeir verða öryrkjar.

[11:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sagt var í þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum að það væri óskandi að almættið hjálpaði öryrkjum og talsmönnum þeirra, þeir vissu ekki hvað þeir gerðu. Ég vona að almættið hjálpi Framsfl. Því miður óttast ég að flokkurinn og talsmenn hans viti hvað þeir eru að gera og það finnst mér óhuggulegt.

[11:41]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum vikum hefur verið dálítið sérstakt að fylgjast með umræðunni um það samkomulag sem hæstv. heilbrrh. gerði við Öryrkjabandalagið 25. mars á þessu ári, ekki síst vegna þess að upplýsingarnar sem koma frá Alþingi og koma frá félagssamtökum eru misvísandi og ekki síst vegna þess að hér hafa verið höfð mjög stór orð uppi,

bæði af hálfu þeirra sem verja útfærslu hæstv. ríkisstjórnar á samkomulaginu en einnig frá hinum aðilunum.

Því verður ekki á móti mælt að það samkomulag sem gert var 25. mars er eitthvert stærsta framfaraspor sem stigið hefur verið í kjaramálum öryrkja. Því verður ekki á móti mælt. Ég býst við að ég hafi ekki verið ein um það að fagna því sérstaklega að svona ætti að standa að málum, að eftir áralanga baráttu Öryrkjabandalagsins væri loksins að nást niðurstaða um þennan þátt í kjarabaráttu þeirra. Það fór ekkert á milli mála að ætlunin var þá að þetta samkomulag yrði að fullu framkvæmt 1. janúar nk. og menn lögðu þá fram þá tölu að kostnaðurinn næmi hugsanlega rúmum milljarði. Það kemur hins vegar í ljós þegar farið er að skoða samkomulagið, útfæra það nánar, að kostnaðurinn er meiri. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur sagt að hann treysti sér ekki eða hafi ekki heimildir til að efna nema tvo þriðju þessa samkomulags á næsta ári. Hann hefur ekki heimildir ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans til þess að efna samkomulagið að fullu. En hæstv. ráðherra sagði eftir að samkomulagið var gert, með leyfi forseta:

„Ég hef tröllatrú á því að hver sem ríkisstjórnin verður sem tekur við að loknum kosningum, að þeir standi við þetta samkomulag. Ég hef enga trú á því að hver sem ríkisstjórnin verður, að þeir vilji hefja styrjöld við Öryrkjabandalagið."

Þetta voru orð hæstv. ráðherra og ég er sannfærð um að hann sagði þetta í þeirri góðu trú að hann héldi að sú ríkisstjórn sem við tæki stæði við samkomulagið að fullu. En það má virða hæstv. ráðherra það til vorkunnar að hann þekkir ekki sitt heimafólk. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að þetta sé eingöngu Framsfl. Það er langt í frá. Að vísu voru það ráðherrar Framsfl. sem komu að langstærstum hluta að því að móta þetta samkomulag. Á Evrópuári fatlaðra er það þannig að málin eru að stærstum hluta í höndum félmrh. En það æxlaðist hins vegar þannig að heilbrrh. var sá sem gekk til samninga sem skiptu sköpum fyrir öryrkja þessa lands. Um það hljóta allir að vera sammála að þar var stigið heillaskref þennan dag. En ekki hafði nokkrum manni síðan dottið í hug varðandi þá ríkisstjórn sem sat á þeim tíma að hæstv. ráðherra hefði ekki bakhjarla í þeirri ríkisstjórn eins og síðar kemur á daginn. Hæstv. ráðherra á ekki bakhjarla, hugsanlega ekki í sínum flokki en alls ekki í Sjálfstfl. virðist vera. Meira að segja er það svo að einn hv. þm. og fulltrúi í heilbr.- og trn. kemur hér í andsvar við hv. formann heilbr.- og trn. til þess að draga í efa að þeir sem hafi útfært þetta frv. séu hæfir til þess að gera það.

Það hefur hingað til eða fram á þennan dag verið eina framlag Sjálfstfl. í þessa umræðu að þeir sem stóðu að því að útfæra frv. kynnu bara ekkert til verka. (**DrH:** ... í umræðunni á laugardaginn.) Í dag er þetta eina framlag Sjálfstfl., hv. þm. Drífa Hjartardóttir. Í dag er það þannig. Og þetta frv. er til umræðu í dag, niðurstaða heilbr.- og trn., og þar kemur einn fulltrúi Sjálfstfl. úr heilbr.- og trn. í andsvar við formann heilbr.- og trn. Í raun og veru finnst mér öll umræðan um málið hafa einkennst dálítið af því að þeir sem þurfa að standa í forsvari fyrir það, sem er auðvitað hæstv. heilbr.- og trmrh. og nú formaður heilbr.- og trn., standi bara pínulítið einir. Ég er alveg sannfærð um það miðað við öll þau viðtöl, sem fara má yfir í nefndaráliti minni hlutans, sem tekin voru við hæstv. heilbr.- og trmrh. að það var ætlun hans að standa að fullu við samkomulagið. Og hann hefur lýst því yfir að það eigi eftir að uppfylla $^1/_3$ af því samkomulagi sem gert var. Og það hefur komið fram hjá formanni Öryrkjabandalagsins að það sé enginn ágreiningur milli hæstv. heilbr.- og trmrh. og hans um hvað þetta samkomulag kosti. En alla vega stöndum við frammi fyrir því að niðurstaða meiri hluta Alþingis er að standa ekki við samkomulagið sem má horfa á sem kjarasamning. Það samkomulag sem gert var 25. mars er kjarasamningur, er hluti af kjarasamningi Öryrkjabandalagsins. Það er niðurstaðan að standa ekki að fullu við hann þrátt fyrir að hér hafi gefist tækifæri til þess af því að hér hafa verið fluttar tillögur um að standa við samkomulagið að fullu og þær upphæðir sem það felur í sér.

Í raun og veru stendur ágreiningurinn bara um það. Hann stendur ekki um það að þarna er um mikið framfaraspor að ræða. Ég held að það sé þverpólitísk samstaða um það sem samkomulagið fól í sér á sínum tíma. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um það að stjórnarandstaðan telur að standa eigi að fullu við samkomulagið og það hefði átt, ef ekki hefði verið hægt að breyta forgangsröðuninni í fjárlögum, að taka af þeim tekjuafgangi sem fjárlög næsta árs sýna til þess að standa við gefin loforð, og við tökum í raun og veru undir áskorun Öryrkjabandalagsins um það að orð skuli standa.

Það er hins vegar eitt atriði í frv. sem hér hefur aðeins verið rætt og það eru kjör öryrkja sem eru 16 og 17 ára vegna þess að í lögum um almannatryggingar er talað um lífeyri til þeirra öryrkja sem eru á aldursbilinu 16–67 ára. Breytingar hafa ekki verið gerðar á almannatryggingalöggjöfinni í samræmi við breytingar á sjálfræðisaldri sem gerðar voru fyrir nokkrum árum og framfærsluskylda foreldra er nú á börnum upp að 18 ára aldri en var 16 ára áður. Það eru auðvitað fleiri lög sem þarf að taka í gegn og breyta í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á sjálfræðisaldrinum. En þeir öryrkjar, 16 og 17 ára, fá ekki samkvæmt frv. þá hækkun sem lögð er til. Hins vegar er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm., formanni heilbr.- og trn., að foreldrar eða framfærendur þeirra barna, þeir sem hafa framfærsluskyldu gagnvart einstaklingi 16 og 17 ára, það eru 64 einstaklingar sem eru á þessum aldri sem eru öryrkjar, hafa val hvort þeir taka umönnunarlaun eða örorkulífeyri. Örorkulífeyririnn er rétt rúm 20 þúsund og hann mun ekki hækka nema það sem áður er kveðið á um í lögum. Hann mun ekki taka þessa hækkun sem 18 ára öryrkjar fá og hins vegar eru umönnunarlaunin. Ég hefði talið eðlilegt að í tengslum við þetta frv. hefði verið gerð lagabreyting á almannatryggingalöggjöfinni þar sem kjör þessara einstaklinga, 16 og 17 ára, væru sérstaklega tekin fyrir og það væri þá fellt út alfarið, það væri bara um þessi umönnunarlaun að ræða og að teknu tilliti til, eins og Ingibjörg Georgsdóttir, sérfræðingur Tryggingastofnunar, hefur ítrekað bent á, framfærsluskyldu, heimilisaðstæðna eða félagslegra aðstæðna en ekki eingöngu sjúkdóms eða fötlunar þannig að umönnunarlaunin væru hækkuð í samræmi við það og þá auðvitað að teknu tilliti til náms til að mynda í framhaldsskóla. Það er því töluverð vinna eftir hjá heilbr.- og trn., tel ég vera, að fara í endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni sérstaklega gagnvart þeim öryrkjum sem eru 16 og 17 ára gamlir.

Ég er hér með greiðsluseðil sem er útborgun til 17 ára einstaklings 1. desember 2003. Hann er öryrki, algerlega blindur, og fær í örorkulífeyri 20.630 kr. Þessi lífeyrir mun hækka hjá honum í apríl þegar hann nær 18 ára aldri. Tekjutryggingin er 39.493, tekjutryggingarauki er 15.089. Síðan kemur desemberuppbótin. Hún er upp á 11.848 og desemberuppbót tekjutryggingarauka er 4.527. Þetta gera 91.587 kr. En af þessu eru hins vegar dregnir skattar upp á rúmlega

8.400 kr. Útborguð laun eru 83.106 kr. og frá áramótum eru það 907.957 kr. Það eru tekjur þessa einstaklings allt þetta ár og þar með taldar tekjurnar 1. desember. Þessi einstaklingur mun fá hækkun og sú hækkun er vissulega til bóta en þeir sem verða í hans sporum, sem sagt 16 og 17 ára gamlir, eftir 1. janúar munu verða með þær tekjur sem hér eru gefnar upp sé þessi leið valin en ekki umönnunarlaunin. Þetta þarf sannarlega að taka til endurskoðunar. Af þessum tekjum eru greiddar 28 þús. kr. í húsaleigu fyrir 40 fermetra húsnæði. Síðan á þessi 17 ára einstaklingur náttúrlega eftir að nota peninga í fæði og klæði og það sem ungt fólk á hans aldri vill gjarnan njóta og ég tala nú ekki um ósköpin ef honum dytti í hug að fara í framhaldsskóla og borga þann kostnað, þannig að það er alveg ljóst að tekjur þessa hóps einstaklinga, þ.e. öryrkja sem eru 16–17 ára, verður að taka sérstaklega til endurskoðunar. Og það hefði þurft að gera núna um leið og frv. var lagt fram. Ég átti ekki sæti í heilbr.- og trn. þann tíma sem frv. var til umfjöllunar. Það tók tiltölulega stuttan tíma. Reyndar hefur umræðan svo sem farið fram áður við afgreiðslu fjárlaga. Ég tek hins vegar undir hvert orð sem í nál. minni hluta heilbrn. stendur og þakka hv. þm. sem mælti fyrir því áliti fyrir skörulegan málflutning.

Ég vil aðeins að lokum segja þetta. Það hefur komið fram og það man hver einasti þingmaður og sjálfsagt býsna margir kjósendur líka að í baráttu sinni á síðustu tveimur árum fjallaði Öryrkjabandalagið mikið um það að ástæða væri til þess að öryrkjar og eldri borgarar færu í framboð til þess að framfylgja sínum kjörum inni á Alþingi vegna þess að stjórnvöld hefðu ekki staðið í stykkinu.

Samkomulagið sem gert var 25. mars og menn ætluðu að stæði varð til þess, eftir því sem formaður Öryrkjabandalagsins hefur margítrekað sagt, að þeir ákváðu að halda sig til hlés í kosningabaráttunni. Þeir fögnuðu því sérstaklega sem stærsta framfaramáli í kjarabaráttu öryrkja á undanförnum árum og að lengra hefðu aðrir ekki komist hjá grannþjóðunum, sem við berum okkur gjarnan saman við, með baráttumál sín á ári fatlaðra. Það er því eins og köld vatnsgusa að ekki skuli vera staðið við það samkomulag sem gert var og það skuli jafnvel vera gert með ákveðinni forherðingu, þ.e. að neita því þegar útreikningar samkomulagsins liggja fyrir að þeir séu réttir. Það gerir þó hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki. Hann hefur ítrekað sagt: Það er verið að efna $^2/_3$ þessa samkomulags, $^1/_3$ er eftir, en því miður hefur hann ekki getað sagt að það verði efnt um þar næstu áramót heldur að hann geri sér vonir um það. Við styðjum þá kerfisbreytingu sem gerð var en við getum ekki stutt þá útfærslu sem er á henni einfaldlega vegna þess að hún er röng, hún er ekki í samræmi við það samkomulag sem gert var.

[11:58]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma í andsvar við hv. þm. Margréti Frímannsdóttur vegna þeirra orða sem féllu fyrr í ræðu hennar. Það var að við sjálfstæðismenn tækjum ekki þátt í þessari umræðu. Við gerðum það svo sannarlega hér á laugardaginn og höfum gert það í nefndinni. Ég skrifa undir þetta álit og ég vil meina, og stend við það, að það var alltaf ákveðið að setja 1 milljarð í þetta samkomulag og við það hefur fyllilega verið staðið.

Aðalatriðið í þessu máli er það að verið er að hækka grunnlífeyri til öryrkja, sérstaklega yngstu öryrkjanna til að bæta hag þeirra. Samráðsnefndinni sem skipuð var síðasta vor var falið að útfæra samkomulagið innan þessa ramma, innan þess ramma sem er 1 milljarður kr., og við það hefur verið fyllilega staðið.

Það er mjög einkennilegt í allri þessari umræðu þegar verið er að bæta í þennan málaflokk 1 milljarði kr., hann fer úr 2,8 milljörðum í 3,8 milljarða, að þá skuli vera látið svona því það er fyllilega staðið við samkomulagið. Ég man ekki betur og bara veit það að Sjálfstfl. nefndi alltaf 1 milljarð. Ef pólitíkusar hafa ætlað sér að setja 1,5 milljarða í þennan málaflokk hefðu þeir alveg örugglega látið það heyrast í kosningabaráttunni en það var ekki. Það var 1 milljarður og við það hefur verið staðið.

En ég tel líka að það sé eitt sem er mjög mikilvægt að verði gert. Það er að skoða eftir 1. júlí 2004 hvernig til hefur tekist og þá leggjum við í meiri hlutanum áherslu á að sérstakt mat verði lagt á og skoðað mismunandi fjárhagsleg afkoma þeirra sem verða öryrkjar ungir að árum með tilliti til þess hvort þeir hafa eignast framreiknaðan rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum.

[12:00]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram af okkur í allri þessari umræðu að við fögnum þeirri kerfisbreytingu sem gerð var og þeirri kjarabót sem samkomulaginu var ætlað að vera fyrir unga öryrkja. Um það er ekki ágreiningur. Það er ágreiningur um útfærsluna. Það er ágreiningur um hvernig staðið er við samkomulagið. Er það skoðun hv. þm. að hv. þm. gæti gert kjarasamning og síðan sagt: Fyrirgefðu, ég ætla bara að borga $^2/_3$ af því sem felst í kjarasamningnum? Í mínum huga er samkomulagið sem gert var við öryrkja þeirra kjarasamningur. Þeir hafa engan annan samningsrétt og þurfa að leita til stjórnvalda á hverjum tíma og stjórnvöld gerðu kjarasamning að þessu leyti við Öryrkjabandalagið og við hann á að standa. Ég sagði, hv. þm., að í umræðunni í dag hefðu ekki fleiri sjálfstæðismenn tekið til máls en hv. þm. Pétur Blöndal sem kom hér einungis til þess að hreyta því út úr sér að þeir sem hefðu unnið frv. eða væru að vinna eftir þessu samkomulagi vissu ekki um hvað þeir væru að tala. Það var allur stuðningurinn sem kom frá samstarfsflokknum sem ég tel að hafi komið í veg fyrir að staðið var við þetta samkomulag því það er ekki nokkur vafi í mínum huga að hæstv. heilbrrh. hafði fullan vilja til þess.

[12:02]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka að það var aldrei um annað að ræða en 1 milljarð. Það er allverulega há upphæð og verið að auka úr 2,8 milljörðum í 3,8 milljarða í þennan málaflokk. Ég tel þetta ekki vera kjarasamning. Ég lít öðrum augum á kjarasamning en samkomulag. Við samkomulagið hefur fyllilega verið staðið.

[12:03]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður áfram ágreiningur milli mín og hv. þm. um að hér sé ekki um kjarasamning að ræða. Kjör öryrkja felast í samkomulagi sem þeir gera hverju sinni við stjórnvöld. Þeir treystu því að orð stæðu og ég met það svo og man það þannig, hv. þm., að í kosningabaráttunni notuðu þingmenn stjórnarflokkanna þetta mjög mikið, í fjölmiðlum og alls staðar. Það er hægt að fletta því upp alveg sérstaklega. Þeir töluðu ekki mikið um fjármagnið sem færi í samkomulagið. Rúmur milljarður stendur hins vegar í samkomulaginu og þá hafa hv. þm. líklega notað þau orð. En samkomulagið

var ykkar aðall, hv. þm. stjórnarflokkanna, í kosningabaráttunni. Við það hefur ekki verið staðið. Hæstv. ráðherra var beygður á síðustu dögunum við samþykkt fjárlaga. Við þetta var ekki staðið frekar en svo mörg önnur kosningaloforð sem hv. þm. gáfu gleiðbrosandi í kosningabaráttunni.

[12:04]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Í mínum huga snýst þetta mál ekki eingöngu um kjör öryrkja heldur einnig og ekki síður um heilindi stjórnmálamanna og heilindi Framsfl. Það er athyglisvert að það er enginn framsóknarmaður í salnum og ég skil það ósköp vel að þeir skuli skammast sín fyrir þetta. (**DrH:** Þú ert líka bara einn úr Frjálsl.) Við erum líka heldur færri og þetta er líka frv. sem er á forræði framsóknarmanna og þeir skammast sín svo fyrir það að þeir láta ekki einu sinni sjá sig í salnum til að reyna að verja það. Hv. þm. Jónína Bjartmarz reyndi það áðan og er nú flúin úr salnum. Mér finnst þetta vera athyglisvert. Hér er verið að ræða kjör öryrkja og framsóknarmenn sýna þessu ekki meiri áhuga en svo að þeir láta ekki sjá sig hérna.

Auðvitað eiga orð manna að standa þó svo framsóknarmenn séu farnir að trúa öðru og hafi annað í heiðri þessa dagana. Þeir lofa auknum byggðakvótum en nú stendur til að skerða þá, lofa gerð ganga, Héðinsfjarðarganga. Það var bara fyrir kosningar og búið eftir kosningar. Þeir lofuðu að gera sérstaklega vel við húskaupendur, lofuðu 90% lánum en síðar í dag stendur til að skerða vaxtabætur hjá því fólki sem þeir lofuðu 90% lánum. Þeir lofuðu að lækka skatta en nú er verið að hækka skatta. Það er verið að hækka skatta og boða enn meiri skattahækkanir, nú síðast á sjómenn. En steininn tekur þó úr nú og ég skil vel að framsóknarmenn láti ekki sjá sig. Nú eru þeir að svíkja handsalaðan samning við öryrkja og málið snýst einfaldlega um það að hafa af öryrkjum 500 millj. kr. sem búið var að lofa.

Ráðherra Framsfl. hafði skreytt sig með formanni Öryrkjabandalagsins og látið birta myndir af sér í fjölmiðlum, ekki bara einum, mörgum, og hann handsalaði samning á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu og í frétt af þessum fræga fundi kemur fram að þeir skilja samninginn með sama hætti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. skildi samninginn með nákvæmlega sama hætti og Garðar Sverrisson. Það er að hækkun eða lækkun nemi rúmum 400 kr. fyrir hvert aldursskeið á bilinu 18–67 ára. Þess ber að geta að formaður Öryrkjabandalagsins, Garðar Sverrisson, hefur ekki breytt í neinu sínum skilningi á þessum orðum og loforðum sem gefin voru í Þjóðmenningarhúsinu en það hefur hins vegar hæstv. heilbr.- og trmrh. gert. Hann skilur þetta með allt öðrum hætti núna.

Öryrkjabandalagið hefur reynt að fá ríkisstjórnina ofan af því að svíkja samkomulagið en aðeins uppskorið dónaskap af hálfu varaformanns Framsfl., hæstv. landbrh. Það er athyglisvert að framsóknarmenn gátu skreytt sig með formanni Öryrkjabandalagsins fyrir kosningar en eftir kosningar, hvað gera þeir þá? Þeir senda þeim óviðurkvæmileg skeyti úr þingsölum. Hvar eru þessi slagorð núna: „Velferð fyrir alla“ og „Manngildi ofar auðgildi“? Það er gefið lítið fyrir þau. Það hefur komið í ljós að heilbr.- og trmrn. vissi nákvæmlega hvað samningur hæstv. ráðherra og forsvarsmanna Öryrkjabandalagsins kostaði. Það hefur margoft komið fram í dag. Það kom fram í kostnaðarmati frá 10. apríl, mánuði fyrir kosningar. Hvers vegna kom það aldrei fram í umræðunni fyrir kosningar að þetta kostaði mun meira en ríkisstjórnin gat staðið við?

Það er mín skoðun að ráðherra sem handsalar samning hátíðlega og skreytir sig með honum í kosningabaráttu eigi að segja af sér ef hann svíkur samkomulagið. Mér finnst ekki að ráðherra sem svíkur handsalað samkomulag við öryrkja eigi að gegna áfram embætti. Ég tala nú ekki um ef það kemur í ljós á næstu missirum að hann verði dæmdur af dómstólum landsins fyrir að efna ekki samkomulagið við öryrkja, þá finnst mér að hann eigi skilyrðislaust að segja af sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. DrH o.fl., 417. mál (sauðfjárbændur). — Þskj. 573, nál. 600.

[12:10]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum frá meiri hluta landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er landbúnaðarráðherra heimilað að semja við bændur sem eru 64 ára eða eldri um að þeir fái beingreiðslur út á greiðslumark sitt án þess að framleiða kindakjöt. Samningarnir gilda til 31. desember 2007, en þá rennur út gildandi sauðfjársamningur milli bænda og ríkisins.

Meiri hlutinn telur frumvarpið til þess fallið að auka sveigjanleika í greininni og laga framleiðsluna að markaðnum. Þá sé með því komið til móts við ákveðinn aldurshóp bænda sem vill mögulega hætta eða taka sér hlé frá búskap.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Inngangsmálsliður 1. gr. orðist svo: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins og undir þetta nefndarálit rita háttvirtir þingmenn Drífa Hjartardóttir, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson, Dagný Jónsdóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 419. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 575, nál. 601.

[12:13]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. allshn. um 419. mál, breytingu á umferðarlögum.

Með frumvarpinu er lagt til að mál sem varða umferð og eftirlit með ökutækjum verði flutt frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Eftirlit með framkvæmd

umferðarlaga og yfirstjórn Umferðarstofu heyri því framvegis undir samgönguráðuneyti.

Nefndin telur eðlilegt að umferðarmál heyri undir það ráðuneyti sem ábyrgð ber á vegamálum og tekur sérstaklega fram að afskipti lögreglu vegna brota á umferðarlögum og slysa í umferðinni breytast ekki frekar en rannsókn og saksókn í slíkum málum.

Hv. allshn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Undir þetta rita hv. þm. sem þar greinir, Bjarni Benediktsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jónína Bjartmarz, Birgir Ármannsson, Sigurjón Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 324. mál (sæfiefni). — Þskj. 375, nál. 604.

[12:14]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. utanrmn. á þskj. 604, 324. mál, um till. til þál. um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, um breytingu á II. viðauka.

Nefndin hefur fengið á sinn fund þá gesti sem greinir í nefndarálitinu og fjallað um málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem ég nefndi til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar nr. 1896/2000 frá 7. september 2000.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Nefndin vekur athygli á því að heildaryfirsýn skortir yfir efnin sem tilskipunin nær til, einkum hvar þau eru í notkun. Kerfisbundin flokkun og skráning sæfiefna mun því verða til bóta en upplýsingaöflun, rannsóknir og skráning mun kosta töluvert fé.

Herra forseti. Hv. utanrmn. leggur til að þessi tillaga verði samþykkt og undir hana rita auk frsm. sem hér stendur hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður nefndarinnar, Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Einar K. Guðfinnsson, Dagný Jónsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 332. mál (öryggi vöru). — Þskj. 384, nál. 603.

[12:16]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli enn og aftur fyrir nefndaráliti frá hv. utanrmn., 332. mál á þskj. 603, þáltill. um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003, um breytingar á II. viðauka við EES-samninginn.

Vegna þessa máls fékk nefndin á sinn fund gesti frá utanrrn., Löggildingarstofu, Neytendasamtökunum og Samtökum atvinnulífsins sem eru tilgreindir í nefndarálitinu.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Nefndin bendir á að einhver kostnaðarauki mun fylgja breyttri löggjöf, einkum hvað varðar starfsemi Löggildingarstofu.

Hv. utanrmn. leggur til að þessi tillaga verði samþykkt og undir hana rita, auk frsm. sem hér stendur, hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir formaður, Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Einar K. Guðfinnsson, Dagný Jónsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:18]

[14:07]

Útbýting þingskjala:

Áfengisauglýsingar, 444. mál, fsp. MÁ, þskj. 622.

Átak til atvinnusköpunar, 448. mál, fsp. KLM, þskj. 637.

Fórnarlamba- og vitnavernd, 443. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 620.

Rannsókn flugslysa, 451. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 644.

Tekjuskattur og eignarskattur, 88. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 636; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 642.

Undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts, 449. mál, fsp. MF, þskj. 638.

Veiting ríkisborgararéttar, 450. mál, frv. allshn., þskj. 643.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 447. mál. — Þskj. 635.

[14:13]

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Frv. er flutt af þingmönnum allra þingflokka. Fjórir flm. eiga sæti í forsn., auk mín hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz og Þuríður Backman en hv. þm. Sigurjón Þórðarson gegnir nú formennsku í þingflokki Frjálsl. í fjarveru hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar.

Með frv. þessu er steypt saman í einn bálk lagaákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Samhliða eru svo gerðar nokkrar lagfæringar og sett nýmæli um þessi réttindi auk þess sem iðgjaldahlutfallið er hækkað.

Ljóst er að alþingismanna- og ráðherradeildir innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins standa ekki undir þeim skuldbindingum sem þær bera með núverandi iðgjaldafyrirkomulagi. Virðist ekki gerlegt að gera þar breytingu á nema með miklu framlagi ríkissjóðs og stórhækkuðu iðgjaldahlutfalli. Raunar er vafasamt að tala um „deildirnar" sem sérstaka lífeyris- eða eftirlaunasjóði heldur er hér í raun og veru um hreint gegnumstreymi úr ríkissjóði að ræða. Því hefur það sjónarmið verið lagt til grundvallar í frumvarpi þessu að falla frá sjóðmyndun um eftirlaunaskuldbindingar fyrir alþingismenn og ráðherra, svo og aðra sem lög þessi taka

til, en taka þess í stað upp gegnumstreymiskerfi. Slíkt kerfi gildir nú um forseta Íslands og einnig hæstaréttardómara. Því þykir fara vel á því að fella saman í einn lagabálk eftirlaunakerfi fyrir þessa æðstu handhafa ríkisvalds, forseta, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara.

Eftirlaunadeildir alþingismanna og ráðherra innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verða lagðar niður og árlegar greiðslur til fyrrverandi alþingismanna og ráðherra, sem komið hafa úr þeim sjóði, færðar yfir á ríkissjóð. Forseti Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómarar greiði af launum sínum eins og aðrir launþegar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og myndi þar almennan lífeyrisrétt samkvæmt lögum um sjóðinn og koma greiðslur samkvæmt þeim lögum til frádráttar greiðslum ríkissjóðs.

Í ljósi þess að réttur samkvæmt frumvarpinu til lífeyrisgreiðslna er nokkru betri en almennt tíðkast er iðgjaldahlutfallið hækkað frá því sem nú er, úr 4% af föstum launum, eins og það er hjá þorra launþega, í 5% af heildarlaunum.

Samhliða þessari skipulagsbreytingu á greiðslu eftirlauna eru gerðar nokkrar lagfæringar á eftirlaunaréttindum, m.a. til einföldunar. Slíkar efnisbreytingar er þessar helstar:

a. Réttindaávinnsla alþingismanna verður jöfn á hverju þingári, 3%, en ekki breytileg frá 1,7% upp í 5% eins og nú er. Ef skoðuð er tafla á bls. 13 í frv. sést að einungis um skamman tíma bæta þessar tillögur rétt alþingismanna, ég man ekki hvort það eru 5 eða 6 ár, 1 eða 2 ár, en hins vegar skerðist réttur alþingismanna til eftirlauna samkvæmt þessu frv. miðað við núgildandi rétt þangað til þingmaður hefur setið á Alþingi í 17, eða raunar nær 18 ár. Þá er um skerðingu á rétti alþingismanna til eftirlauna að ræða. Ég vek athygli á því að undir þetta fellur þorri alþingismanna eins og menn sjá ef þeir fletta upp í þingtíðindum og athuga hversu lengi alþingismenn hafa að meðaltali setið á Alþingi. Hér er eins og áður gert ráð fyrir því að hámarksréttur verði 70% af þingfararkaupi eins og það er ákveðið af Kjaradómi.

b. Réttindaávinnsla ráðherra er óbreytt, 6% á hverju ári í embætti, en hámark er fært til samræmis við rétt þingmanna, þ.e. þeir geta fengið eftirlaun að hámarki 70% en það hefur verið 50% fram að þessu.

c. Almennur lífeyrisaldur fyrir alþingismenn, ráðherra og hæstaréttardómara er óbreyttur, 65 ár. Sérregla hefur gilt um alþingismenn sem eru að hætta á þingi, þ.e. 61 árs aldur. Það aldursmark er lækkað um eitt ár, niður í 60 ár, og enn fremur látið gilda um ráðherra sem láta af störfum, ef þeir uppfylla þau skilyrði sem í frv. segir.

Eins og hv. þm. vita hefur svokölluð 95-ára-regla gilt fyrir alþingismenn. Hvert þingár hefur gilt tvöfalt á móti því sem annars staðar er þannig að þeir þingmenn sem setið hafa 17,5 ár á þingi hafa átt rétt á að fá eftirlaun sextugir. Nú er því haldið svo að ef þingmenn hafa verið á þingi 16 ár eiga þeir rétt á eftirlaunum sextugir og síðan niður í 55 ár, en viðkomandi þingmaður verður að hafa setið á Alþingi í 26 ár til að ná þeim rétti. Það á auðvitað við um mjög fáa þingmenn að þeir hafi 55 ára að aldri setið 26 ár á þingi.

Nú vil ég lýsa helstu nýmælum í frv.:

Myndaður er sérstakur réttur fyrir alþingismenn og ráðherra, sem gegnt hafa forustuhlutverki í stjórnmálum um langan tíma, til að hverfa af vettvangi þjóðmála og fara á eftirlaun fyrr en annars er heimilt í stað þess að leita sér starfs á vinnumarkaði. Eins og áður segir eru hér sett mörkin við 16 ár um alþingismenn, byrjar þá og fer upp í 26 ár. Menn geta fengið þá eftirlaun hið fyrsta 55 ára að aldri. Um ráðherra er reglan sú að þeir geta tekið eftirlaun sextugir ef þeir hafa setið sex ár í ráðherrastóli og 55 ára ef þeir hafa setið í ráðherrastóli í 11 ár. Ef þeir hafa setið fimm ár í ráðherrastóli gildir hin almenna regla að eftirlaunaréttur kviknar þegar þeir verða 65 ára. Ljóst er að um tiltölulega fáa einstaklinga er að ræða miðað við þann fjölda sem nýtur lífeyrisgreiðslna. Jafnframt eru sett ákvæði sem skerða þessar greiðslur fram að 65 ára aldri ef sá sem þeirra nýtur tekur við öðru starfi. Það er nýmæli. Hér er gert ráð fyrir að skerðingin geti orðið 6% á ári. Ef maður t.d. gegnir öðru starfi sextugur verður skerðingin 36% og getur farið upp í 60%. Hér er m.a. haft í huga að þessi skipan mála geti auðveldað eðlilega endurnýjun í stjórnmálum og dregið úr þeirri tilhneigingu að fyrrverandi forustumenn á þeim vettvangi sæki í embætti í stjórnkerfinu til þess að ljúka starfsferli sínum.

Sett eru sérákvæði um eftirlaun forsætisráðherra. Réttindaávinnsla og hlutfall verður hið sama og hjá forseta Íslands en fyrirkomulag eftirlaunaréttarins verður að öðru leyti svipað og hjá öðrum ráðherrum. Er þá nauðsynlegt að hafa í huga að hv. þm. átti sig á því að samkvæmt Kjaradómi eru laun forseta Íslands 1.460.156 kr. en laun forsrh. 871.085. Eðlilegt þykir að um þennan valdamesta embættismann landsins og þann sem mest hvílir á gildi að þessu leyti sömu reglur og um forseta Íslands þó að hér sé ekki lagt til að minnka það launahlutfall sem hefur verið á milli þessara tveggja æðstu embættismanna þjóðarinnar. Ég hygg að ef menn horfa á þessi mál með sanngirni geti þeir fallist á að ekki sé óeðlilegt að bera þessi tvö embætti saman að þessu leyti.

Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, í því skyni að jafna aðstöðu formanna stjórnmálaflokkanna þannig að þeir formenn, sem ekki eru jafnframt ráðherrar, hafi álag á þingfararkaup, 50%. Til samanburðar vil ég minna á að það álag sem leggst á þingfararkaup hjá ráðherrum, öðrum en forsrh., er 80%. Við vitum öll hér í þingsölum að mikið álag er á formönnum stjórnmálaflokka þó að þeir séu ekki ráðherrar og er eðlilegt að við komum til móts við það sjónarmið að þeir gegni lykilhlutverki í lýðveldis- og lýðræðisuppbyggingu þjóðarinnar með því að þeir fái nokkra uppbót á laun sín sem alþingismenn. Ég tel að það sé hollara fyrir okkur öll, og fyrir þjóðfélagið líka, að þessi launauppbót sé opinber og gagnsæ en að alþingismenn reyni ekki að fara í kringum hlutina með því að biðja um hærri framlög til stjórnmálaflokka og greiða formönnum sínum í gegnum þá hærri laun. Ég tel með öðrum orðum að með því að hafa þennan hátt á séum við að vinna að því að gera þjóðfélag okkar heilbrigðara og vinna að því að fólk úti á mörkinni geti áttað sig á því eftir hvaða reglum og eftir hvaða skilmálum æðstu stjórnmálamenn þjóðarinnar vinna.

Hér er gert ráð fyrir að formenn þingflokka, varaforsetar Alþingis og formenn þingnefnda fái 20% álag en fram að þessu hafa þessir alþingismenn fengið 15% álag svo að hér er einungis um hækkun úr 15% í 20% að tefla. Auðvitað má deila um það hver hin rétta hlutfallstala sé að lokum en það var talið rétt að hækka um 5% til þessara einstaklinga.

Loks eru sett almenn ákvæði um eftirlaunarétt hæstaréttardómara. Þau fela m.a. í sér rétt fyrir dómara, sem gegnt hafa störfum í Hæstarétti í a.m.k. tólf ár, til að komast á eftirlaun nokkru fyrr en áður hefur verið tíðkað. Flestir dómarar Hæstaréttar hafa fram að þessu setið í dómnum fram yfir 65 ára aldur og hafa þá fengið lausn frá störfum

„án óskar" eins og það er orðað í dómstólalögum og haldið fullum embættislaunum til æviloka samkvæmt túlkun á 61. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessu frumvarpi er ekki hróflað við þeirri framkvæmd heldur tekur það til þeirra dómara sem ekki njóta hennar.

Eftirlaunaréttur þeirra sem lög þessi taka til, forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, er nú rýmri en almennt tíðkast. Á það sér þá skýringu að þetta eru æðstu opinber embætti og störf í þjóðfélaginu og vandasöm eftir því. Forseti Íslands og alþingismenn þiggja umboð sitt til starfa beint frá þjóðinni í almennum kosningum og sækja endurnýjun þess, forseti Íslands á fjögurra ára fresti en þingmenn ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Sama gildir í raun og veru um ráðherra. Það er því lýðræðisleg nauðsyn að svo sé búið að þessum embættum og störfum að það hvetji til þátttöku í stjórnmálum og að þeir sem verja meginhluta starfsævi sinnar til stjórnmálastarfa á opinberum vettvangi og gegna þar trúnaðar- og forustustörfum geti dregið sig í hlé og vikið fyrir yngra fólki án þess að hætta fjárhagslegri afkomu sinni. Það er líka mikilsvert í lýðræðisþjóðfélagi að ungt efnisfólk gefi kost á sér til stjórnmálastarfa og þurfi ekki að tefla hag sínum í tvísýnu með því þótt um tíma bjóðist betur launuð störf á vinnumarkaði. Svo virðist sem starfstími manna í stjórnmálum sé að styttast eftir því sem samfélagið verður opnara og margþættara og fjölmiðlun meiri og skarpari. Við því er eðlilegt að bregðast, m.a. með því að gera þeim sem lengi hafa verið í forustustörfum í stjórnmálum kleift að hverfa af vettvangi með sæmilegu öryggi og án þess að þeir þurfi að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins voru eftirlaunagreiðslur til þeirra sem falla undir ákvæði þessa frumvarps um 300 millj. kr. á árinu 2002. Skiptust þær þannig að til fyrrverandi forseta og maka forseta voru greiddar 21,6 millj. kr., til fyrrverandi ráðherra 30 millj. kr., til fyrrverandi alþingismanna 196 millj. kr. og til fyrrverandi hæstaréttardómara 52,4 millj. kr. Greiðslum til fyrrverandi ráðherra og alþingismanna úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins var mætt með jafnháu framlagi úr ríkissjóði en iðgjöld voru notuð til eignamyndunar. Ljóst er því að engin breyting verður í byrjun á greiðslum úr ríkissjóði við þá breytingu sem frumvarpið felur í sér. Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins lækkar sem nemur þeim greiðslum sem nú munu falla beint á ríkissjóð. Breytingar sem í frumvarpinu felast munu því koma fram á löngum tíma.

Ég skal þá víkja að einstökum greinum frumvarpsins eftir því sem ástæða er til.

Eðlilegt þykir að þeir sem njóta réttar samkvæmt lögum þessum greiði hærra iðgjald til lífeyrissjóðsins en aðrir launþegar því að réttur þeirra er betri. Er iðgjaldahlutfallið ákveðið í 1. gr. 5% en meginregla í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er 4%. Mótframlag ríkissjóðs er hins vegar hið sama og gildir almennt um A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en það er nú 11,5%. Með iðgjaldagreiðslum þessum stofnast réttindi í A-deildinni og þegar til lífeyrisgreiðslna kemur koma þær greiðslur til frádráttar eftirlaunum úr ríkissjóði. Hins vegar þarf að breyta samþykktum A-deildar LSR, eins og heimild er til í 6. mgr. 13. gr. laga um sjóðinn, til þess að viðbótariðgjaldið nýtist til ávinnslu réttinda samkvæmt reglum sjóðsins.

Iðgjöld eru miðuð við heildarlaun eins og meginregla er í A-deild LSR. Það felur í sér að einingar og álag á föst laun og aðrar greiðslur, sem teljast til launa, verða stofn iðgjaldagreiðslu.

Þá er rétt að nefna að aðeins þær greiðslur úr A-deild sem byggjast á iðgjaldagreiðslu og réttindaávinnslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins koma til frádráttar en ekki aðrar lífeyrisgreiðslur sem menn kunna að eiga rétt á úr A-deildinni fyrir önnur störf.

Í 2. og 3. gr. eru ákvæði um forseta Íslands og maka hans en þau eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um ráðherra. Þar eru aðallega tvenns konar nýmæli. Hið fyrra er í 3. tölul. 4. gr. en þar segir að fyrrverandi ráðherra sem hefur gegnt embætti í hálft annað kjörtímabil, eða sex ár, geti tekið eftirlaun 60 ára og hafi hann gegnt ráðherraembætti lengur geti hann lækkað eftirlaunaaldurinn jafnt og þétt niður í 55 ár eftir 11 ár í embætti ráðherra. Hér liggur til grundvallar það sjónarmið að gera forustumönnum í þjóðmálum, eins og ráðherrar eru tvímælalaust, kleift að hverfa úr stjórnmálum eftir langan feril í forustusveit og stuðla þannig að eðlilegri endurnýjun. Hér er eðli máls samkvæmt aðeins um fáa forustumenn að tefla. Réttindi samkvæmt 3. tölul. 4. gr. eru ekki háð því að fyrrverandi ráðherrar hverfi beint úr ráðherrastól á eftirlaun, eða biðlaun og eftirlaun, eins og samkvæmt 2. tölul. Þannig getur fyrrverandi ráðherra sem gegnt hefur embætti samtals í sex ár t.d. átt sæti á Alþingi um nokkurn tíma eftir að ráðherradómi hans lýkur þar til réttur hans til eftirlauna samkvæmt þessum tölulið verður virkur eða hann kýs að nýta sér þennan rétt en eins og hv. alþingismenn vita geta alþingismenn ekki notið eftirlaunaréttar sem ráðherrar fyrr en þeir láta af þingmennsku og raunar ekki fyrr en sex mánuðum síðar, þ.e. eftir að þingmenn hætta að taka biðlaun. Forseti Íslands fær heldur ekki eftirlaun sem alþingismaður eða ráðherra.

Síðara atriðið sem varðar ráðherra og ég vil nefna sérstaklega er það nýmæli að setja sérstakar reglur um forsætisráðherra. Forsætisráðherra er á hverjum tíma hinn pólitíski leiðtogi þjóðarinnar, eins og ég sagði áður, og fer með valdamesta embætti landsins. Því þykir eðlilegt að um hann gildi sérregla sem sé nokkru hagstæðari en fyrir aðra ráðherra. Eftirlaun verða 60% af heildarlaunum forsætisráðherra, þ.e. ráðherralaunum og þingfararkaupi, eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef fyrrverandi forsætisráðherra hefur gegnt embættinu lengur en eitt kjörtímabil, þ.e. lengur en fjögur ár, verða eftirlaunin 70%, og 80% hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil, þ.e. átta ár. Er það hámark eftirlaunaréttar samkvæmt þessari grein.

Það er þó skilyrði réttar samkvæmt greininni að forsætisráðherra hafi setið í embætti í a.m.k. eitt ár.

Svo getur átt við um fyrrverandi forsætisráðherra að hann hafi auk þess að veita ríkisstjórn forustu setið sem ráðherra í ríkisstjórnum annarra. Þykir eðlilegt að þeir sem annars eiga rétt samkvæmt þessari grein geti notið þeirra ráðherrastarfa að einhverju leyti kjósi þeir að fá eftirlaun sem fyrrverandi forsætisráðherrar. Er hér miðað við að í samanlagðan ráðherratíma í árum talinn, annan en sem forsætisráðherra, megi deila með þremur og bæta útkomunni við þann tíma sem hann hefur gegnt embætti forsætisráðherra.

Ég vil líka nefna eitt atriði til viðbótar um rétt ráðherra en hann felst í því að hafi fyrrverandi ráðherra öðlast rétt til eftirlauna og hann hyggst hverfa af vettvangi stjórnmála á hann jafnframt rétt til að gera virk réttindi sín til eftirlauna fyrir þingmennsku. Þetta gildir líka í hina áttina, þ.e. ef

þingmaður hefur öðlast rétt til eftirlauna og hyggst hætta getur hann gert virkan eftirlaunarétt sinn sem ráðherra þótt það væri að öðrum kosti ekki heimilt. Fyrrverandi ráðherrar hafa margir hverjir beðið eftirlauna þótt þeir væru hættir á þingi og farnir að taka eftirlaun sem alþingismenn því að sá réttur hefur fram að þessu verið bundinn við 65 ár. Það er hins vegar eðlilegt að þetta geti farið saman.

Um eftirlaun alþingismanna er í megindráttum hið sama að segja og um aldursmark eftirlauna ráðherra.

Í 3. tölul. 8. gr. segir að fyrrverandi alþingismönnum sem setið hafa á Alþingi í samtals 16 ár eða lengur, fjögur kjörtímabil eða lengur, sé heimilt að hverfa af vettvangi stjórnmála sextugir og til viðbótar nemur lækkunin sem svarar einu ári fyrir hver tvö ár á Alþingi umfram 16 ár og samsvarandi fyrri hluta úr ári. Lækkunin verður aldrei meiri en tíu ár og aldursmarkið því aldrei lægra en 55 ár. Hafi alþingismaður t.d. setið á þingi í 18 ár á hann samkvæmt frumvarpinu rétt á því að láta af þingmennsku 59 ára og taka eftirlaun en hámarksrétturinn kviknar eftir 26 ára þingsetu, eins og ég sagði áður. Gæti það því nýst þeim þingmönnum til fulls sem sætu samfellt á þingi frá 29 ára aldri. Þeir eru hins vegar sárafáir í sögu Alþingis til þessa. Ákvæði þessa töluliðar mun því aðeins taka til fárra alþingismanna, þeirra sem lengst hafa átt sæti á Alþingi og að jafnaði valist til forustustarfa. Nú sem stendur hafa aðeins níu þingmenn átt sæti á Alþingi í 16 ár eða lengur. Af þeim alþingismönnum sem hafa verið kjörnir nýir til Alþingis síðustu 50 ár, frá kosningunum 1953, hafa 57 setið samtals lengur en 16 ár á þingi, en aðeins hluti þeirra, 17, hefur hætt þingmennsku fyrir sextugsaldur. Af þeim 17 hafa níu horfið þegar til annarra og ábyrgðarmikilla embætta en sumir hætt vegna örorku eða sjúkdóma.

Réttindaávinnsla alþingismanna samkvæmt frumvarpinu er í samræmi við það sem almennt tíðkast nú í lífeyriskerfinu, þ.e. jöfn allan tímann. Prósentan er hærri en hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem helgast af sérstöðu hinna þjóðkjörnu fulltrúa.

Ávinnsla samkvæmt frumvarpinu er betri fyrstu árin en nokkru lakari eftir u.þ.b. tvö full kjörtímabil, átta ár. Mestu munar eftir 15 ár, 5%, en síðan minnkar munurinn og jafnast eftir 18 ár. Eftir það er ávinnslan hagstæðari samkvæmt frumvarpinu.

Eins og fram kemur í 3. mgr. er hámark eftirlaunaréttar 70% og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Í V. kafla frumvarpsins, þ.e. 15. gr., eru sett hliðstæð ákvæði um hæstaréttardómara og eru í III. og IV. kafla frumvarpsins um ráðherra og alþingismenn. Aldursmark fyrir eftirlaun hæstaréttardómara er 65 ár en dómara, sem hefur verið við réttinn í a.m.k. tólf ár, er veitt heimild til að hverfa úr starfi 60 ára að aldri og fá þannig eftirlaun fyrr en almennt aldursmark segir.

Ég vek sérstaka athygli á 16. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni eiga eftirlifandi makar rétt til makalífeyris við andlát þeirra sem lög þessi munu taka til eða eftirlaunaþega samkvæmt þeim. Meginatriðið hér er það að þá fær maki greiðslur eins og segir í 17. gr. laga um A-deild LSR, maki nýtur fulls makalífeyris í þrjú ár og hálfs makalífeyris, 50%, í tvö ár en þá fellur makalífeyrir niður nema við viss skilyrði, t.d. örorku eða ef börn innan 22 ára aldurs koma til. Makanum eru tryggð sem lágmarksréttindi hálf eftirlaun ævilangt en greiðslurnar frá LSR koma til frádráttar meðan þeirra nýtur við. Þó er gert ráð fyrir að hann skerðist ef makinn hefur aðrar launatekjur sem nokkru nemur, og hann fellur niður ef makinn hefur laun sem eru þreföld upphæð þess makalífeyris er hann ætti rétt til.

Ég vil vekja athygli á því að sá réttur til 20% af eftirlaunum sem makar dáinna alþingismanna hafa nú fellur niður. Sú regla fellur niður eins og er um aðra opinbera starfsmenn.

Í 18. og 19. gr. eru settar reglur um að enginn geti notið eftirlaunagreiðslu samkvæmt lögunum meðan hann er í starfi sem lögin taka til og jafnframt að eftirlaun skerðist taki menn eftirlaun fyrir 65 ára aldur en hverfi eigi að síður til nýrra starfa. Er skerðingin 0,5% fyrir hvern mánuð, eða 6% á ári. Taki t.d. fyrrverandi ráðherra eða alþingismaður, sem ætti rétt til eftirlauna eftir tólf ára setu í embætti, þ.e. við 55 ára aldur, þegar við nýju starfi verður skerðingin 60% fram að 65 ára aldri. Sama á við ef réttur til eftirlauna stofnast meðan maður er í starfi. Þetta er nýmæli en engin slík skerðingarákvæði er að finna í núgildandi lögum.

Þegar frumvarp þetta verður að lögum falla eldri lög og lagaákvæði um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna úr gildi, sbr. 21. gr. Eigi að síður er þeim sem öðlast hafa betri rétt samkvæmt þeim lögum tryggt að þeir geti notið hans ef þeir svo kjósa. Ljóst er að eldri réttur alþingismanna sem setið hafa á þingi tvö til fjögur kjörtímabil er hagstæðari en samkvæmt frumvarpinu, svo og réttur til makalífeyris að nokkru leyti. Ekkert er því til fyrirstöðu að maki leiti réttar samkvæmt eldri lögum þó að eftirlaunagreiðslur hafi farið eftir ákvæðum þessa frumvarps ef hann á við. Hins vegar er girt fyrir að þeir sem þegar hafa hafið töku eftirlauna geti leitað réttar samkvæmt þessu frumvarpi ef hann er hagstæðari. Er eðlilegast að um það séu skýrar reglur.

Miðað er við að þeir alþingismenn sem kjörnir voru í fyrsta sinn 10. maí sl. falli einvörðungu undir ákvæði frumvarpsins, svo stutt sem um er liðið frá kosningunum, en geti ekki leitað betri réttar samkvæmt eldri lögum.

Í frumvarpinu er auk þessa heildarákvæðis um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara að finna breytingar á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað. Meginbreytingin er sú að þeir alþingismenn sem jafnframt eru formenn stjórnmálaflokka sem hafa fengið a.m.k. þrjá þingmenn kosna á Alþingi eiga rétt til álags á þingfararkaup, 50%, en eins og ég áður sagði er með þessari breytingu verið að jafna aðstöðu forustumanna í stjórnmálum og það tel ég mikilsvert. Breytingin mun í raun þýða að formenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi fá verulega hærri greiðslur en alþingismenn almennt. Ráðherrar hafa nú um 80% álag á þingfararkaup og forsætisráðherra nær tvöfalt þingfararkaup, og því þykir þessi breyting hófleg. Þá er jafnframt lagt til að hækka álag sem formenn þingflokka og formenn nefnda hafa úr 15% í 20%. Þá er enn fremur lagt til að biðlaunaréttur stofnist hjá ráðherrum þegar þeir hafa verið skipaðir í embætti eins og hjá alþingismönnum sem tekið hafa fast sæti á Alþingi. Verður hann þrír mánuðir en hafi ráðherra setið í embætti í eitt ár eða lengur er rétturinn sex mánuðir. Eins og þessi regla er núna, byggð á nærri hálfrar aldar gömlum launalögum, er biðlaunaréttur ráðherra miklu þrengri en biðlaunaréttur alþingismanna. Er hvort tveggja að hann fylgir ekki föstum ráðherralaunum og að til hans stofnast ekki fyrr en eftir tvö ár í embætti. Um biðlaunagreiðslur þessar gilda svo ákvæði 13. gr. þingfararkaupslaganna um sams konar skerðingu þeirra ef sá sem þeirra nýtur tekur við launuðu starfi.

Ég vil benda á að eins og ástandið er núna getur sú staða komið upp að ráðherra njóti minni réttar til biðlauna en aðstoðarmaður hans sem nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Ég vil svo að lokum segja að með frv. þessu hefur skýrst sú mynd sem er á launum og kjörum elstu embættismanna og fulltrúa þjóðarinnar. Á undanförnum árum hafa orðið ýmsar breytingar á þessum málum. Ég get nefnt skattmeðferð á launum forseta Íslands, lög um Kjaradóm og kjaranefnd og lög um þingfararkaup og þingfararkostnað. Þessar breytingar hafa komið í áföngum en allar horft til þess að gera skipulag þessara mála skýrara og gegnsærra, eins og stundum er sagt. Að vissu leyti má líta á þetta frumvarp sem síðasta skref í þeirri endurskoðun.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

[14:45]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Halldór Blöndal hvort fyrir liggi tryggingafræðilegt mat á kostnaði við þau auknu lífeyrisréttindi sem í frv. felast. Við höfum ekki haft mikinn tíma til að skoða það og ég er óvanur tölum og lífeyrisréttindum af þessu tagi en mér sýnist að þarna geti einstaka menn verið að ávinna sér í aukin lífeyrisréttindi allt að 100 millj. kr., allt að 100 millj. kr. fyrir einn mann, og ég spyr hv. þm. Halldór Blöndal hvort það geti í raun verið og hver sé þá heildarkostnaðurinn.

[14:46]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mat liggur ekki fyrir en ég vil benda hv. þm. á að hér er síður en svo um það að ræða, eins og ég sagði í ræðu minni, að alþingismenn geti gengið út frá því að hin nýja skipan hækki eftirlaun þeirra. Þvert á móti má búast við því að mikill fjöldi alþingismanna muni eftir löggildingu þessa frv. búa við lakari lífeyrisrétt en nú er.

Hitt er rétt, ef hv. þm. er að spyrja um það, að hér er verið að greiða fyrir því að ráðherrar og þingmenn eftir mjög langa þingsetu geti notið eftirlauna nokkru fyrr en nú er og að sjálfsögðu vegur það upp á móti því sem ég sagði um að eftirlaunaréttur annarra þingmanna skerðist.

Ég vil líka benda hv. þm. á að hér er gert ráð fyrir því að hækka iðgjaldagreiðslur alþingismanna um 25%, um fjórðung, úr 4% í 5%, til að mæta því að eftirlaunaréttur alþingismanna er ríkari en almennt gerist.

[14:48]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að ítreka þá spurningu hvort það geti verið rétt að hér auki einstaka menn lífeyrisrétt sinn, lífeyrisrétt eins manns, um allt að 100 millj. kr. Getur það verið?

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. Halldór Blöndal hvort hann telji að það geti gengið að Alþingi skili þessu frv. sem lögum frá Alþingi án þess að fyrir liggi það kostnaðarmat sem ég spurði eftir.

Í þriðja lagi spyr ég hvort hv. þm. Halldór Blöndal, sem jafnframt er forseti Alþingis, teldi ekki — allra vegna sem sitja á Alþingi og í ríkisstjórn — að á því færi betur að ákvörðun um þessi efni væri falin öðrum aðilum en okkur sjálfum, svo sem eins og Kjaradómi.

[14:49]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt liggur tryggingafræðilegt mat ekki fyrir og ekki liggur heldur fyrir hvort einhver hæstv. ráðherra kjósi að segja af sér eins og nú standa sakir þannig að erfitt er að giska á það hvort einhver réttur geti kviknað að þessu leyti, en það hef ég ekki metið.

Ég vil á hinn bóginn segja við hv. þingmann að ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að alþingismenn eigi sjálfir að ákveða laun sín og kjör með lögum, eins og var hér áður fyrr þegar ég settist á Alþingi í fyrsta skipti, en skjóta þeirri ábyrgð ekki til Kjaradóms. Nú hafa verið í gildi lög um laun hæstaréttardómara, forseta, alþingismanna og ráðherra. Þau eru ákveðin af Kjaradómi en hins vegar hafa eftirlaunin verið ákveðin með lögum svo að það er óhjákvæmilegt fyrir Alþingi að taka á því máli. Ég tel rétt að Alþingi setji um þetta lög og það er af þeim sökum sem ég flyt frv.

[14:50]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. þingforseti. Ég treysti mér ekki til að styðja þetta frv. út af stöðu stjórnvalda gagnvart öryrkjum, gagnvart atvinnulausum og öðrum sem minna mega sín. Mér finnst ekki rétt að auka réttindi þingmanna, og kannski sérstaklega ráðherra, á meðan ekki er betur staðið að gagnvart þeim sem minna mega sín í samfélaginu.

[14:51]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að víkja orðum mínum að öðrum þingmálum en ég ítreka það sem ég sagði áðan, hér er ekki um það að ræða að þingmenn geti almennt gengið út frá því að þeir fái meiri rétt samkvæmt þessu frv. en þeir hafa samkvæmt núgildandi lögum. Þar að auki vil ég ítreka það sem ég sagði áðan og liggur beint fyrir að lífeyrisiðgjaldagreiðslur þingmanna munu hækka um 25% samkvæmt frv. og ekki getum við sagt að það séu kjarabætur sem þegar komi til framkvæmda.

[14:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrst almennt um álitamál sem hér kom upp um hver eigi að ákvarða kjör þingmanna og ráðherra. Ég er þeirrar skoðunar að heppilegasta fyrirkomulagið væri að þingið sjálft tæki um þetta ákvörðun og menn síðan stæðu eða féllu með sannfæringu sinni og ákvörðunum. Þannig er þetta hins vegar ekki. Kjaradómi hefur verið falið þetta hlutverk og mun ég víkja að því síðar.

Það er vissulega mikilvægt verkefni að taka lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra til endurskoðunar og á þeim tímapunkti stöndum við. Nú er spurningin í hvaða átt menn vilja halda, áfram eða aftur á bak. Í því frv. sem hér liggur fyrir felst yfirlýsing um það að í stað þess að halda inn í framtíðina er stefnan tekin í afturhaldsátt. Þetta frv. er tímaskekkja, minjar um kerfi misskiptingar og sérréttinda. Í ríkjum austan tjalds birtust forréttindi valdastéttanna m.a. í svokölluðum dollarabúðum. Þar versluðu menn á sérkjörum. Þetta frv. er dollarabúð íslenska lífeyriskerfisins.

Það er alveg rétt sem sagt hefur verið að í frv. er sitthvað til eðlilegrar samræmingar frá því sem nú er og í þeim skilningi til bóta. Því fer þó fjarri að það eigi við um frv. í heild sinni. Ég spyr: Nú, þegar við endurskoðum lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra, hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að halda með þennan hóp og reyndar alla strolluna sem nú er að finna í einni spyrðu, alþingismenn, ráðherra og hæstaréttardómara, inn í lífeyrissjóði sem þessum aðilum standa opnir? Hvers vegna getur þetta fólk ekki verið á lífeyriskjörum sambærilegum þeim sem aðrir búa við? Hvað

er svona sérstakt við það að vera þingmaður? Hvað er svona sérstakt við það að vera ráðherra? Hvað er svona sérstakt við það að vera hæstaréttardómari? Það er ekkert sérstakt við það annað en að þessum hópum eru sköpuð sérréttindi sem engin rök eru fyrir.

Ávinnsla lífeyrisréttinda samkvæmt frv. er færð í samræmt hlutfall. Það hlutfall er hins vegar hærra en gerist almennt í lífeyrissjóðum landsins. Réttur til töku eftirlauna skapast einnig fyrr en almennt gerist án þess að fyrir því séu nokkur rök sem ég get tekið mark á. Í ofanálag er þess að geta að mismunun í þessu efni er veruleg og aukin á milli þingmanna almennt annars vegar og ráðherra hins vegar. Ráðherrarnir ávinna sér rétt til eftirlauna fyrr en þingmenn, og allur hópurinn, ráðherrar og þingmenn, öðlast réttindi til lífeyristöku fyrr en almennt gerist á launamarkaði. Hafi þingmaður eða ráðherra gegnt starfi sínu nægilega lengi getur hann farið á lífeyri 55 ára gamall.

Varðandi breytingar á launakjörum samkvæmt frv. vil ég lýsa tvennu yfir. Ég tel að menn geti ekki bæði sleppt og haldið, annars vegar falið Kjaradómi að ákvarða kjör þingmanna og ráðherra en verið síðan stöðugt með hönd Alþingis á lofti til að smyrja þar ofan á. Það hefur verið gert með óheyrilegu álagi á kaup ráðherra, 80% ofan á þingfararkaupið, það hefur verið gert með álagi á nefndar- og þingflokksformenn upp á 15% sem nú stendur til að hækka í 20%, að ógleymdum 40 þús. kr. starfskostnaðinum sem ákveðinn var á sínum tíma, upphæð sem nú er orðin talsvert hærri, upphæð sem alþingismenn samþykktu að þeim væri heimilt að taka sem laun, í fyrstu skattlaus — það var síðan lagað — en þessi greiðsla, starfskostnaður tekinn út í formi launa, er nokkuð sem mér hefur aldrei fundist standast, hvað þá með formenn stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu sem nú eiga að fá 50% álag ofan á þingfararkaupið, 50% hækkun.

Mér finnst í sjálfu sér ekki rangt með hliðsjón af þeim kjörum sem ráðherrum eru búin að eitthvert samræmi sé á milli þessara aðila. Það er ekki þetta sem í sjálfu sér er óeðlilegt, að mínu mati. Það er hins vegar viðmiðunarramminn, það eru ráðherrakjörin, 80 prósentin ofan á þingfararkaupið, sem þeim hefur verið skammtað, það er óeðlilegt en ekki hitt að reynt sé að leita einhvers samræmis innan þessa ramma. Það er samræmið í þeim hópi sem á sæti í þessum sal sem verið er að raska og ég gagnrýni harkalega. Mér finnst óeðlilegur sá munur sem er gerður á milli þeirra sem þiggja þingfararkaup almennt og þeirra sem gegna formennsku í nefndum, eru formenn þingflokka eða gegna öðrum vegtyllum á vegum þingsins. Þessi munur finnst mér óeðlilegur og ég hef ekki komið auga á rökin fyrir honum. Reyndar kem ég ekki auga á rök fyrir mörgum hlutum í þessu frv. Ég tel það vera óeðlilegt og óásættanlegt frá upphafi til enda. Vinnubrögðin eru auk þess röng, að dengja þessu fyrirvaralítið inn á Alþingi í flýtiafgreiðslu.

Herra forseti. Það má ekki gerast að þjóðin þurfi að óttast myrkrið þegar Alþingi Íslendinga er annars vegar, að í skjóli myrkurs sé flýtifrv. hraðað í gegnum Alþingi eins og nú virðist eiga að gerast. Það er ekki góður svipur á því að kynna þetta frv. í svartasta skammdeginu, nú rétt fyrir jólin. Þetta eru krásir sem þjóðin mun ekki kunna að meta. Þær munu ekki falla í kramið. Þær gera það ekki utan Alþingis og vonandi ekki heldur innan veggja þess. Ég mun greiða atkvæði gegn frv.

[14:59]

Flm. (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson lagði upp úr því að það væri samræmi á milli ábyrgðar og launa í þeim hópi sem er hér í þessum sal en á hinn bóginn virtist hann misskilja að það væri ákveðið með þessu frv. hver laun forsrh. og annarra ráðherra væru. Laun þeirra eru ákveðin af Kjaradómi en ekki með þessu frv. (Gripið fram í.) Með hliðsjón af þessum misskilningi og eftir að hann hefur verið leiðréttur leiðréttist um leið ýmislegt annað sem hv. þm. sagði.

[15:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt skal vera rétt. Ef það er staðreynd að ráðherrakjörin séu ákvörðuð af Kjaradómi leiðrétti ég þau ummæli mín. Hins vegar er hitt rétt, og það stenst, að aðrar greiðslur hafa verið ákveðnar í þessum sal. Ég nefndi 40 þús. kr. alræmdu. Ég nefni líka kjörin sem nefndarformönnum og þingflokksformönnum eru búin og ég nefni þær ákvarðanir sem hér er verið að taka um laun formanna stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu. Ef eitt á að gilda um ákvörðun ráðherralauna, hvers vegna er hið sama ekki látið gilda þá um allan hópinn?

Ég legg áherslu á að ég tel óeðlilegt að auka á launamisréttið og kjaramisréttið innan þingsins. Það er mjög persónubundið hvernig menn vinna og þeir sem rækja starf sitt vel eru að öllum stundum hvort sem þeir hafa fengið einhverjar vegtyllur til að sinna á vegum þingsins eður ei án þess að ég ætli að gera lítið úr þeim verkefnum. En ég tel þetta óeðlilegt.

Upp úr stendur, og við skulum ekki gleyma því, að hér erum við með til umfjöllunar þingmál sem á að festa í sessi sérréttindi alþingismanna í lífeyrismálum í stað þess að fara með Alþingi inn í framtíðina á sambærilegum lífeyriskjörum og landsmönnum almennt eru búin.

[15:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur gert góða grein fyrir máli þessu af hálfu flm. og mun ég ekki rekja einstök atriði í málinu.

Við höfum stundum heyrt þegar mál snúa að þinginu, þingmönnum eða ráðherrum eða öðrum slíkum, að menn segja sín á milli: Jú, það er margt gott í þessu máli og margt sanngjarnt en þetta er ekki rétti tíminn til að færa málið fram.

Nú höfum við heyrt í fréttum að jafnvel ýmsir forsvarsmenn á vinnumarkaði hafa sagt sem svo að þetta frv. sé þess eðlis að það geti raskað horfum í kjarasamningum. Ef menn telja að þetta frv. geti haft áhrif á slíka hluti, eins og almenna kjarasamninga, verð ég að segja að þetta mál núna hlýtur að koma fram á algjörlega hárréttum tíma. Það væri a.m.k. miklu óeðlilegra ef mál er þannig vaxið eins og menn eru að lýsa því — kannski að lítt skoðuðu máli — að það kæmi eftir lok kjarasamninga, þegar kjarasamningar hefðu verið undirritaðir, frágengnir og um þá greidd atkvæði. Nú liggur þetta mál á borðinu fyrir fram áður en til kjarasamninga kemur. Og ég hygg að þegar menn munu skoða málið betur og hafa haft tíma til að fara í gegnum það komi á daginn að hér er ekki um mál að ræða sem snertir almenna kjarasamninga í landinu. Hér er ekki um það að ræða að verið sé að gera almennar launabreytingar í þágu þingmanna. Launabreytingar af því tagi gerir Kjaradómur, ekki þingmenn sjálfir. Hér hafa ýmis viðhorf verið uppi í þeim efnum eins og komu til að mynda

fram hjá síðasta hv. ræðumanni, Ögmundi Jónassyni, um að réttast væri að þingmenn gerðu þetta sjálfir. Þingmenn gerðu þetta áður. Það endaði í sprengingum og kröfum um að þingmenn væru ekki að skammta sér sjálfir úr hnefa, heldur að til þess kæmu hlutlausir, óháðir aðilar. Sú varð niðurstaðan eftir mikið uppþot í tengslum við kjaramál þingmanna. Sá tími er löngu liðinn og þess vegna horfa menn kannski til baka og segja sem svo: Ja, það er rétt að þingmenn geri þetta sjálfir, og eru þá búnir að loka þessum hring.

Af hverju segi ég að það sé engin ástæða til að líta svo á að þetta mál snerti almennt kjarasamninga í landinu? Ég er ekki að segja verkalýðshreyfingunni fyrir verkum nema síður sé. Hún á auðvitað að horfa á málið og taka sínar ákvarðanir í þeim efnum.

Ég nefndi þetta með hina almennu reglu um Kjaradóm sem ákveður almennar launabreytingar þingmanna. Ef við skoðum hins vegar þetta mál og kostnaðarsetjum það til næsta árs mun almennur kostnaður af því vera, ef frá er talin þessi aukning á 15% og 20% álaginu, sem ég hef ekki nákvæmlega útreiknaða, vera í kringum 6 millj. kr. á ári, útgjaldaaukningin. Hugsanlega er hinn þátturinn sem ég nefndi annað eins þannig að um er að ræða frv. sem hefur í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð á næsta ári upp á 10–12 millj. kr. ef allt er talið. Það er umfang málsins gagnvart ríkissjóði í fyrstunni. Þegar það er skoðað hygg ég að menn fari að velta fyrir sér hvort geti verið að mál af því tagi eigi að velta öllum kjarasamningum í landinu. Er það virkilega svo að það eigi að velta öllum kjarasamningum í landinu?

Stór orð hafa verið látin falla um að sérstaklega sé verið að hygla leiðtogum stjórnarandstöðu og þá eru nöfn þeirra manna sem tengjast þeim stöðum dregin fram í dagsljósið. Það er algjörlega röng framsetning. Slík breyting hefur ekkert með nöfn þessara manna að gera. Forustumenn í stjórnarandstöðu eru yfirleitt kosnir af flokkum sínum til tveggja ára í senn eða svo, ekki lengur, og ekki er algengt að menn sitji mjög lengi í þeim störfum, eins og kunnugt er, því að þau eru erfið og umdeild í öllum flokkum.

En hvað er þá hér um að ræða, hvað eru menn að gera hér? Menn eru að svara sjónarmiðum sem uppi hafa verið um langa hríð, að það væri í raun lýðræðisleg sanngirniskrafa að það væri minni munur á forustumönnum stjórnarliða, 12 ráðherrum, en tveimur eða þremur leiðtogum stjórnarandstöðu, almennt talað. Það gildir um alla þá flokka sem eru staddir í slíkum stöðum, og eins og við þekkjum úr íslenskri sögu skiptast menn á setu í stjórn og stjórnarandstöðu.

Til lengri tíma horft hljóta menn að segja og samþykkja að með þessari breytingu séu menn að fallast á sanngjarna, lýðræðislega kröfu um að minnka aðstöðumun stjórnar og stjórnarandstöðu. Það hefur ekkert að gera með þau nöfn sem skipa þau embætti á hverjum tíma. Auðvitað er freistandi að setja nöfn í ramma, þau auðvitað skýra mynd.

Hér hefur verið talað um forsrh. sérstaklega og það er eðlilegt og sjálfsagt. Sú regla hins vegar sem nú er tekin upp er miðuð við það fyrirkomulag sem gildir um forseta Íslands, að vísu með launagrundvöll sem er um helmingi lægri eða svo gott sem. Ég hygg að sú breyting hafi verið tekin upp þá Kristján Eldjárn lét af forsetaembætti. Það væri algjörlega fráleitt af okkur að segja: Hér er verið að taka upp Kristjáns Eldjárns regluna. Það hafði ekkert með persónu hans að gera þó að tíminn væri sá. Verið er að taka upp almennar reglur sem gilda um forseta landsins til frambúðar og þannig hljóta menn að horfa til þessara þátta.

Hér er ákveðið að iðgjöld þingmanna skuli hækka um 25%, greiðslan, úr 4% í 5%. Þó á sér ekki stað nein almenn launabreyting til hækkunar fyrir þingmenn, engin. Makalífeyrir þingmanna er skertur og að því leyti til færður í átt til sömu aðferðar og gildir í hinu almenna lífeyrissjóðakerfi.

Í dag getur þingmaður sem verður sextugur hætt samkvæmt 95-ára-reglunni og þó að hann sé í öðru starfi, vel launuðu öðru starfi, fær hann fullar þingmannsgreiðslur frá 60 ára aldri. Með frv. er þessu breytt. Greiðslur vegna lífeyris viðkomandi alþingismanns eru reiknaðar niður um tiltekna prósentu á hverju ári fyrir þann árafjölda sem vantar upp á það að þingmaður sé orðinn 65 ára. Þarna er um skerðingu að ræða þó að kannski menn horfi ekki til þess. Þetta er sú regla sem gildir í hinu almenna lífeyriskerfi, það er verið að færa þennan þátt til samræmis við þann þátt.

Þegar menn horfa á umfang þessa máls og skoða það og horfa til þátta af sanngirni, líta til embætta, ekki manna, horfa til frambúðar og horfa til þess að hér er um opna, gagnsæja og lýðræðislega ákvörðun að ræða hygg ég að viðbrögðin verði önnur en kunna að verða í fljótheitum. Ég er ekkert undrandi á viðbrögðum forustumanna verkalýðshreyfingarinnar og ég gagnrýni hana ekki. Fyrst þegar maður ber þetta frv. augum slær það mann með þessum hætti en þegar menn skoða frv. betur, skoða kosti þess, þær breytingar sem um er að ræða, hygg ég að flestum muni þykja að þarna gildi sanngirnisþættir en ekki aðrir þættir.

Auðvitað kunna menn einnig að fara í að reikna með tryggingafræðilegum hætti lífeyrisgreiðslur og -réttindi manna. Það eru sjálfsagt til formúlur um það en þær lúta reyndar sjaldnast að stjórnmálamönnum af einhverjum ástæðum. Ég var nú bara hér við borðið að skrifa hjá mér um menn sem hefði sjálfsagt verið hægt að reikna hátt til eftirlaunagreiðslna. Ólafur Thors forsrh. naut eftirlauna í eitt ár, Bjarni Benediktsson forsrh. naut engra eftirlauna, Ólafur Jóhannesson forsrh. naut engra eftirlauna, Geir Hallgrímsson forsrh. naut engra eftirlauna, Gunnar Thoroddsen forsrh. naut engra eftirlauna. Þetta kemur bara upp í huga minn. Það er vegna þess að þessir menn endast ekkert mjög vel. Þetta er slítandi starf, þannig er það. Ef menn hefðu til að mynda í þessum efnum áhyggjur af þeim sem hér stendur get ég þeim til huggunar sagt að báðir afar hans dóu fyrir sextugt og faðir hans dó 63ja þannig að menn geta bara borið góðar vonir í brjósti um að hann verði ekki mjög þungur baggi á framtíðinni. Ég segi þetta frekar til gamans en annars, þó að það væri ekki neitt gamanmál reyndar hvað þessir nánu forfeður mínir lifðu stutt.

En svona er þetta, reglur af þessu tagi segja ekki alla sögu. Við erum hér með óvenjuslítandi störf. Það sjáum við meira og meira og ég hef reyndar haft vissar áhyggjur af því hvað menn hverfa héðan úr þingsalnum, reyndir stjórnmálamenn. Reyndir, hæfir og sterkir stjórnmálamenn hafa tilhneigingu til að hverfa héðan úr þingsalnum fljótt með alla sína góðu reynslu að baki sem kemur mönnum til góða, hvort sem þeir starfa í stjórn eða stjórnarandstöðu. Með vissum hætti eru menn að skapa hér líkari skilyrði gagnvart slíkum aðilum og gilda í öðrum löndum þannig að þar er einnig um samræmingarþátt að ræða.

Þetta mál er ekki afgreitt í skjóli nætur. Þessu máli er ekki hraðað á einum, tveimur klukkutímum í gegnum þingið. Það er ekki gert og stóð ekki til. Þetta mál, þegar menn hafa kynnt sér það, liggur fyrir eins og opin bók. Það eru engin leynd réttindi í þessu máli, engin. Það hlýtur að hafa heilmikla

þýðingu fyrir menn sem horfa á afgreiðslu málsins.

[15:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér er komið fram frv. á Alþingi Íslendinga sem kom fyrst fyrir mín augu fyrir tæpum sólarhring og ég verð að segja að það lítur út í mínum huga eins og að ásetningur þeirra sem sömdu það og voru hvatamenn að því að það var lagt hér fram hafi verið sá að ekki verði talað neitt voðalega mikið í málinu.

Ég leyfi mér að gagnrýna málsmeðferðina og þessi vinnubrögð. Ég hefði óskað þess að hægt hefði verið að semja þetta mál í nefnd sem í hefðu átt sæti þingmenn úr öllum flokkum. Ég hefði vel getað séð fyrir mér að stjórnarandstöðuþingmaður færi fyrir slíkri nefnd. Ég tel mjög mikilvægt að þegar vélað er um þessi mál sé það gert í samvinnu og einingu okkar í milli.

Mér finnst sem sagt tímasetning þessarar framlagningar orka tvímælis og ekki bara það, mér finnst hún hroðalega vanhugsuð. Ef við gefum okkur að Alþingi eigi yfir höfuð að fjalla um kaup og kjör alþingismanna hlýtur málið að eiga að leggjast fram af því þingi sem er að ljúka störfum en ekki af nýju þingi sem þar með er að véla um sín eigin kjör. Það er réttlætanlegra í mínum huga að þing sem er að ljúka störfum fjalli um þing sem enn er ekki búið að kjósa og þess vegna er eðlilegt í mínum huga að gagnrýna þessa tímasetningu og halda því fram að málið hefði átt að koma fram sl. vor.

Hvers vegna hvöttu hæstv. forsrh. eða hæstv. forseti Alþingis ekki til þess að málið yrði lagt fram þá? Í mínum huga liggur það alveg ljóst fyrir. Það hlýtur að hafa verið vegna þess að þá voru kosningar í nánd. Núna er hins vegar langt í kosningar og þeir sem sitja á ráðherrastólum núna og eiga frumkvæði að því að leggja frv. fram treysta því að kjósendur þeirra verði búnir að gleyma þessum gjörningi næst þegar kosið verður. Ég el þá von í brjósti að svo verði ekki og tel fulla ástæðu til að skrifa þennan gjörning á bak við eyrun og þessi ámælisverðu vinnubrögð sem mér finnast vera. Ég get sagt fyrir mig að mér finnst það afskaplega óþægilegt að þingmenn séu settir í þá stöðu að fjalla um eigin kjör á þeim nótum sem hér er lagt upp með. Ég er ekki sammála þeim sem hafa sagt að svo eigi að vera. Við þekkjum hina almennu reglu á vinnumarkaði, þegar fólk semur um kaup sín og kjör við vinnuveitendur sína velur það til þess fulltrúa úr eigin hópi. Það er auðvitað heilbrigður og lýðræðislegur framgangsmáti og réttari í mínum huga en sá að fólk véli um kaup sín og kjör einhliða eða án samninga. Ég veit ósköp vel að Kjaradómur ákveður upphæðirnar sem eru á bak við laun þingmanna og ráðherra en hér erum við engu að síður að fjalla um kjör þessara starfsmanna, þessara stétta.

Telji menn sig þurfa að gera þetta svona vil ég líka gera þá kröfu að málið þoli umræðu og hægt sé að standa keikur og verja efnisatriði þess. Telji menn sig geta varið allt sem í þessu plaggi stendur sem hér er nú til umræðu ættu þeir að geta varið það fram í rauðan dauðann, í eina viku, í einn mánuð eða lengur ef því væri að skipta. Þeir þurfa ekki svartasta skammdegið síðustu tvo dagana af þingstörfum til að skutla málinu í gegn. Ef menn búast við stormi vegna málsins og þeir hafa hreinan skjöld og góðan málstað að verja ættu þeir að geta staðið af sér storminn þó að hann standi eitthvað lengur en örfáar klukkustundir.

Efnisatriði frv. eru mér ekki öll að skapi. Ég get auðveldlega stutt það sem mér sýnist horfa til betri vegar, og þar á ég fyrst og fremst við tímabærar breytingar á ávinnslu lífeyrisréttinda. En, frú forseti, ég er mótfallin þeirri stéttaskiptingu sem verið er að staðfesta og auka með því að breikka enn launabilið á milli ráðherra og almennra þingmanna, auk þess sem verið er að stækka þá bitlinga sem þingmönnum geta mögulega staðið til boða samhliða þingstörfum, sérstaklega þingmönnum stjórnarflokkanna eftir að núverandi ríkisstjórn lagði niður þá annars skynsamlegu leið að skipta formennsku þingnefnda á milli þingmanna stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka. Slíkt var við lýði á kjörtímabilinu 1995–1999 eftir því sem ég best man og ég hefði talið fulla ástæðu til þess að framlengja slíka reglu en ekki afnema.

Ég geri líka athugasemd við aukinn eftirlaunarétt ráðherra og þá tillögu að formenn stjórnmálaflokka fái 50% hækkun á þingfararkaup sitt eftir þessum leiðum. Ég er ósammála hv. 1. flm. frv., Halldóri Blöndal, að því leyti og tel að stjórnmálaflokkarnir sjálfir geti vel ákveðið hvað formönnum þeirra er greitt fyrir formannsstarfið. Stjórnmálaflokkarnir fá hvort eð er framlög sín úr ríkissjóði, sem ég tel eðlilegt og lýðræðislegt, og ég sé ekki að það skipti máli hvort peningarnir til formanna koma sem laun frá Alþingi eða sem laun frá flokkunum sjálfum. Ég teldi hið síðarnefnda réttara.

Ein af spurningunum sem vakna við lestur frv., virðulegi forseti, er þessi: Fyrir hvað er hugmyndin að greiða mönnum með þessum tillögum? Er hér um að ræða greiðslu fyrir vinnuframlag? Þegar ég skoða málið sýnist mér það ekki vera. Mér sýnist hugsunin fremur tengd því að verið sé að launa fólki einhvers konar status, greiða því eftir stöðu en ekki vinnuframlagi.

Við vitum öll sem hér erum inni að það er mikið starf að vera þingmaður ætli maður að sinna því af samviskusemi. Við vitum líka að það tekur allan þann tíma sem við höfum til ráðstöfunar, og það skiptir ekki máli hvort við erum ráðherrar í þeim efnum eða óbreyttir þingmenn, vinnuframlagið er í öllum tilfellum afar mikið. Sólarhringurinn er ekkert lengri hjá ráðherrum eða formönnum en hjá þeim sem enga titla bera.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé misráðið að breikka launamuninn svona á milli okkar, þessara 63 þjóðkjörnu fulltrúa, sem kosin erum til löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Við erum kjörin til að sitja hér í fjögur ár í senn. Við eigum ekki stólana, við fáum heimild þjóðarinnar til að tylla okkur á þá í fjögur ár í senn. Meiri er réttur okkar ekki.

Frú forseti. Mér finnst alveg sanngjarnt að þingmenn séu vel launaðir á meðan á þingsetu þeirra stendur, og þegar ég segi vel launaðir meina ég að þeir geti séð sómasamlega fyrir sér og sínum og staðið straum af þeim kostnaði sem hlýst af starfinu. Hann er mjög mikill, reyndar talsvert meiri en mann órar fyrir að óreyndu. En við þurfum ekki að safna sjóðum og það er ekki sanngjarnt að við gerum kröfu um að þjóðin greiði okkur fyrir slíkt.

Það mál sem okkur er gert að fjalla um hér byggir að mínu mati á óréttlátum grunni. Ég gagnrýni harðlega hversu stuttan tíma við fáum til að fjalla um það og ég gagnrýni tilurð þess og fæðingu og get þess vegna ekki stutt það.

[15:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef hlustað með athygli á ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og vil þess vegna spyrja hana hvort þessi ræða hafi verið gagnrýni á störf og afstöðu eins af flm. þessa frv., hv. þm. Þuríðar Backman, fulltrúa Vinstri

hreyfingarinnar – græns framboðs í forsn., og jafnframt hvort þetta sé gagnrýni á störf og afstöðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem því miður er utan þings í dag.

[15:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Báðum spurningum hv. þm. svara ég neitandi. Gagnrýni mín og sú ræða sem ég flutti er eingöngu flutt af minni persónulegu sannfæringu og hún er ekki gagnrýni á störf þeirra þingmanna sem hv. þm. nefndi. Ég hef reyndar ekki átt skoðanaskipti um þetta mál við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sem, eins og hv. þm. réttilega getur um, er utan þings þessa stundina. Auðvitað hefur málið verið rætt eins og hægt hefur verið í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og í öðrum þingflokkum, en allt of lítið. Við höfum haft allt of lítil tækifæri til þess að eiga skoðanaskipti um þetta mál.

Þau orð sem ég viðhafði í ræðu minni eru eingöngu sprottin af minni innri sannfæringu og þeim er ekki ætlað að vera nokkur gagnrýni á sjónarmið annarra þingmanna til þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 88, nál. 633, 636 og 642, brtt. 634.

[15:23]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson, Maríönnu Jónasdóttur, Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson, Elmar Hallgrímsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigþrúði Ármann frá Verslunarráði, Guðmund Bjarnason og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Eirík Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Skúla Magnússon, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Skattstofu Reykjaneesumdæmis, Ríkisendurskoðun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Skattstofu Reykjavíkur, ríkisskattstjóra, fjölskylduráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skattstofu Vesturlandsumdæmis.

Frú forseti. Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru fjórar. Lagt er til að viðmiðunarfjárhæðir laganna hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins um 2,5%. Þá er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott. Lagt er til að álagning sérstaks tekjuskatts verði framlengd um tvö ár, jafnframt því sem skatturinn verði lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005. Loks er í frumvarpinu lögð til lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5%. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins á þessi breyting að taka þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 16. október 2003 í máli nr. 549/2002, sem féll eftir að frumvarpið var lagt fram, komu upp efasemdir um stjórnskipulegt gildi ákvæðisins þar sem gert væri ráð fyrir að bætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 yrðu reiknaðar á grundvelli hins nýja ákvæðis en ekki á grundvelli þeirra lagareglna sem voru í gildi þegar vaxtagjöldin féllu til. Var á það bent að ákvæðið gæti hugsanlega falið í sér íþyngjandi afturvirka skerðingu sem ekki er hægt að útiloka að bryti í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár Íslands um bann við afturvirkni skattalaga og/eða ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

Vegna þessara efasemda fól fjármálaráðuneytið Skúla Magnússyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, að gefa lögfræðilegt álit á stjórnskipulegu gildi ákvæðisins. Skúli dregur niðurstöður sínar saman í lok álitsins. Þar segir eftirfarandi:

„1. Líta verður á vaxtabætur sem einhliða greiðslur ríkisins til eigenda og byggjenda íbúðarhúsnæðis. Vaxtabætur eru því hvorki skattur né skattafsláttur, skattaendurgreiðsla eða skattahagræði. Þá standa vaxtabætur ekki í slíku sambandi við skattkerfið eða skattgreiðslur að rétt sé að telja þær til skatts. Á bann 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, við afturvirkni skattalaga, því ekki við um það frumvarp sem fjallað hefur verið um.

2. Vaxtabætur grundvallast ekki á greiðslum eða vinnuframlagi þeirra sem þiggja bæturnar. Af þessum sökum kemur almennt ekki til greina að telja rétt til vaxtabóta til eignar samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, andstætt t.d. lífeyrisréttindum. Þessi niðurstaða á þó aðeins ótvírætt við um rétt til vaxtabóta sem ekki er orðinn gjaldkræfur eða er enn ekki tekinn að myndast.

3. Vaxtabætur sem þegar eru orðnar gjaldkræfar falla ótvírætt undir eignarréttarhugtak 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er meira vafamál hvernig fari um rétt til vaxtabóta sem tekinn er að myndast, er ekki að fullu orðinn til eða gjaldkræfur. Með hliðsjón af því að unnt er að áætla fjárhæð vaxtabóta fyrir þann tíma sem liðinn er með nokkurri vissu, mega rétthafar vaxtabóta almennt treysta því að þeir fái greiddar bætur samkvæmt gildandi reglum við lok álagningar næsta árs. Haggar það ekki þessari niðurstöðu að síðari tíma atvik geta leitt til einhverra breytinga á fjárhæð bótanna. Með hliðsjón af þeim grunnrökum eignarréttarákvæðisins að tryggja öryggi um fjárhagslega hagsmuni manna verður því að telja hagsmuni sem þessa til eignar í skilningi ákvæðisins. Sú skerðing á vaxtabótum fyrir árið 2003 sem ráðgerð er með frumvarpinu verður því að samrýmast eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

4. Dómar Hæstaréttar benda til þess að eignarréttarvernd réttar til vaxtabóta, sem enn er ekki orðinn til að fullu, sé minni en endanlegs eða jafnvel gjaldkræfs réttar. Ef t.d. litið er svo á að slíkur réttur til vaxtabóta njóti sambærilegrar verndar og óvirk lífeyrisréttindi benda fordæmi Hæstaréttar til þess að heimilt sé að skerða þessi réttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði lúta að meginstefnu að

því að skerðing sé málefnaleg, jafnræðis sé gætt og skerðing gangi ekki lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að. Svipuð sjónarmið leiða af 1. gr. 1. viðauka samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

5. Sú efnislega skerðing sem lögð er til á vaxtabótum fullnægir kröfum eignarréttarákvæðisins um að vera málefnaleg og í samræmi við jafnræði. Er löggjafanum þannig ótvírætt heimilt að lækka vaxtabætur til samræmis við breytt vaxtaumhverfi og hvetja þannig íbúðareigendur til minni skuldsetningar, ef hann telur þetta þjóna almannahagsmunum. Gildistökuákvæði frumvarpsins, sem kveður á um að skerðing vaxtabóta skuli ná til ársins 2003, getur hins vegar ekki talist þjóna því markmiði að hvetja íbúðareigendur til minni skuldsetningar heimilanna. Þvert á móti er skerðingin á greiðslum fyrir árið 2003 til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafa íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Með hliðsjón af því að regla frumvarpsins um afturvirka skerðingu bóta sýnist hvorki nauðsynleg né yfirleitt til þess fallin til að ná yfirlýstu markmiði frumvarpsins verður að draga í efa að frumvarpið standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, ef aðeins er litið til þessa markmiðs.

6. Með hliðsjón af athugasemdum í frumvarpi til fjárlaga er ljóst að gildistökureglu 2. málsliðar 13. gr. frumvarpsins er einnig ætlað að ná markmiðum í efnahagsstefnu ríkisins. Mat á því hvort þessum markmiðum megi ná með öðrum og minna íþyngjandi hætti er að meginstefnu á forræði löggjafans. Hér verður þó að líta til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum, og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Að virtum tölulegum upplýsingum verður að telja það verulega íþyngjandi skerðingu að einstaklingur sem átti rétt á hámarksvaxtabótum fyrir árið 2003 missi nálega allan þennan rétt með lagasetningu sem fram fer í lok þess árs þótt þær reglur sem gilt hafa allan þorrann af árinu hafi gefið annað til kynna. Svo viðurhlutamikil skerðing hjá tiltölulega fámennum hópi verður að mínu mati ekki réttlætt með vísan til almennra efnahagslegra markmiða. Er því hætta á að dómstólar teldu umrædda skerðingu andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing hefur verið veruleg."

Svo mörg voru þau orð, frú forseti, í áliti Skúla Magnússonar, dósents við lagadeild Háskólans.

Með hliðsjón af þessum niðurstöðum lagði fjármálaráðuneytið til við nefndina að ákvæði d-liðar 5. gr. um lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5% yrði ekki beitt við álagningu 2004 heldur yrði þess í stað sett inn nýtt ákvæði þess efnis að vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skyldu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna. Slík flöt 10% skerðing taldi ráðuneytið að fullnægði þeim skilyrðum sem sett eru fram í áliti Skúla, þ.e. að skerðingin væri almenn, þ.e. hún kæmi niður á mörgum og varðaði litla fjárhagslega hagsmuni þeirra sem fyrir henni yrðu.

Að fengnu áliti Skúla óskaði nefndin eftir sjálfstæðu lögfræðiáliti frá Eiríki Tómassyni, prófessor við Háskóla Íslands. Var Eiríkur jafnframt beðinn um álit á breytingartillögu ráðuneytisins auk þess sem honum var afhent álit Skúla Magnússonar. Í niðurstöðukafla Eiríks segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, er niðurstaða mín sú að sá réttur til vaxtabóta á árinu 2004, sem þegar hefur myndast að verulegu leyti, teljist til eignarréttinda í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Það sem mælir fyrst og fremst með því að unnt sé að skerða þennan rétt með lögum er að vaxtabæturnar hafa ekki verið endanlega ákvarðaðar og eru því síður fallnar í gjalddaga. Þegar svo stendur á og um er að ræða bætur, sem fólgnar eru í einhliða framlögum ríkisins, verða þeir, sem hlut eiga að máli, oftast nær að sætta sig við skerðinguna, enda sé hún málefnaleg og taki til allra þeirra sem eins stendur á um. Það styður jafnframt að skerðing af þessum toga sé stjórnskipulega gild að hún sé almenns eðlis og fremur lítilvæg fyrir þá sem hana þurfa að þola.

Með skírskotun til þessa er það álit mitt að það brjóti væntanlega í bága við stjórnarskrána að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi. Ástæðurnar eru þær, sem raktar eru á bls. 17 í áliti Skúla Magnússonar, þ.e. að skerðingin geti varla talist almenn, þar sem hún myndi bitna á tiltölulega fáum af þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem um yrði að ræða viðurhlutamikla skerðingu hjá flestum þeirra.

Öðru máli gegnir um þá hugmynd að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum. Slík skerðing væri almenns eðlis og skerðing bótanna auk þess fremur lítilvæg hjá hverjum og einum þeirra sem hana þyrftu að þola.

Það er þó ekki unnt að fullyrða með óyggjandi hætti að skerðing af þessu tagi yrði talin stjórnskipulega gild. Þótt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki beitt um afturvirka skerðingu á vaxtabótum, er ekki útilokað að dómstólar myndu horfa til sömu sjónarmiða og færð hafa verið fyrir banni við afturvirkum skattalögum við úrlausn á því hvort slík skerðing stæðist í ljósi eignarréttarákvæðisins í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ástæðan fyrir því eru hin nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið.

Þá má nefna tvö atriði til viðbótar sem gætu leitt til þessarar niðurstöðu. Í fyrsta lagi sú staðreynd að langt er liðið á árið og þar af leiðandi hafa flest þau atriði, sem ráða útreikningi vaxtabóta á næsta ári, þegar átt sér stað. Jafnframt hafa þeir, sem hlut eiga að máli, lítið svigrúm til þess að bregðast við skerðingunni, samanber ummæli Hæstaréttar í dómi sínum 24. október 2002, þar sem vísað er til þess að sá, sem taldi á sér brotinn rétt vegna breytinga á lífeyrisréttindum, hafi haft „alla aðstöðu og forsendur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka afstöðu til þeirra." Í öðru lagi kann það að hafa eitthvað að segja að eitt af þeim markmiðum, sem fært hefur verið fyrir skerðingu vaxtabóta, þ.e. að draga úr skuldsetningu heimilanna, næst ekki með því að skerða bæturnar á afturvirkan hátt.

Þrátt fyrir þetta er það álit mitt að líkur séu á því að íslenskir dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2004 með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, sé stjórnskipulega gild. Fyrir utan þau rök að um sé að ræða almenna og tiltölulega lítilfjörlega skerðingu á bótunum hygg ég að tillitið til þess að játa löggjafanum verulegu svigrúmi, til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum

ríkisins, muni vega þar þungt. Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að *réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða*, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána."

Svo mörg voru þau orð, frú forseti.

Það er álit meiri hluta nefndarinnar að líkur séu á því að skerðing vaxtabóta vegna vaxtagjalda á árinu 2003 við álagningu á árinu 2004 á grundvelli d-liðar 5. gr. frumvarpsins kunni að vera stjórnskipulega ógild þar sem hún gæti farið í bága við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Álit þetta byggist einkum á því að skerðingin bitnar á tiltölulega fámennum hópi og getur haft umtalsverða fjárhagslega þýðingu fyrir einstaka bótaþega sem fyrir henni verða. Auk þess byggist þessi afstaða á þeim ályktunum sem draga má af dómi Hæstaréttar frá 16. október sl.

Að áliti meiri hlutans gegnir öðru máli um flata 10% skerðingu vaxtabóta sem taki til allra sem þiggja vaxtabætur enda snertir slík skerðing tiltölulega litla fjárhagslega hagsmuni hvers og eins. Sú niðurstaða er í samræmi við framangreind lögfræðiálit. Þeir fyrirvarar sem Eiríkur gerir í áliti sínu eru eðlilegir þegar litið er til þess að ekki er við skýr dómafordæmi að styðjast.

Lækkun vaxtabóta á árinu 2004 er liður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og forsendum fjárlagafrumvarpsins um aukið aðhald í ríkisfjármálum árið 2004 með það að markmiði að halda aftur af innlendri eftirspurn og varðveita efnahagslegan stöðuleika nú þegar nýtt hagvaxtarskeið er hafið. Slíkt aðhald bætir hag allra, einnig þeirra sem þiggja vaxtabætur. Liður í því er lækkun ríkisútgjalda með sérstökum aðgerðum, þar með talin lækkun vaxtabóta. Það er afdráttarlaust álit meiri hlutans að játa verði löggjafanum verulegt svigrúm til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum ríkisins og að dómstólum beri að skýra allan vafa að því leyti löggjafanum í hag. Þessu sjónarmiði til stuðnings má meðal annars vísa til fyrrgreindra orða Eiríks Tómassonar.

Í umræðum í nefndinni setti ég fram það sjónarmið að *álagning hátekjuskatts sem falla átti niður 1. janúar nk. kynni* með sömu rökum að fela í sér ólögmæta afturvirkni þar sem laun byggjast á liðnum atburðum, t.d. ráðningarsamningum og sölu á hugverkum o.s.frv. sem talið hefur verið stjórnskipulega gilt hingað til.

Ég nefndi einnig í nefndinni að ýmiss konar aðrar tekjur, t.d. leigutekjur sem hugsanlega hafa verið seldar þriðja aðila og eru fastar fram í framtíðina og byggja á einum afmörkuðum atburði í fortíðinni, gerðu það að verkum að ef þetta ætti að vera andstætt stjórnarskránni væri það andstætt stjórnarskránni að hækka skatta, t.d. fjármagnstekjuskatt á leigutekjur, þar til samningurinn væri liðinn eftir 10 eða 20 ár. Sömuleiðis má líta svo á að vaxtatekjur af skuldabréfum, sem oft eru til langs tíma, jafnvel óverðtryggðar, byggi á einum gerningi í fortíðinni og ef fjármagnstekjuskattur yrði hækkaður á þær tekjur, þá með sömu rökum, ætti það að vera andstætt stjórnarskránni. Það byggir nefnilega á einum atburði í fortíðinni og raskar eign manna í framtíðinni. Ég tel að það sem hefur verið talið heimilt hingað til, t.d. að hækka skatta á leigu, að hækka skatta á fjármagnstekjur, að leggja á hátekjuskatt innan mjög stutts tíma — það er búið að gera það aftur og aftur því að hátekjuskatturinn hefur alltaf verið til skamms tíma, eins, tveggja eða þriggja ára, og hann hefur verið framlengdur við flest áramót — sé heimilt. Ef þetta atriði, að leggja 10% skatt á þessar tekjur með greiðslu þegar þær falla til, er ekki heimilt, er andstætt stjórnarskránni, er hitt enn síður heimilt vegna þess að þar er um að ræða tekjur sem *menn hafa af eigin vinnu og er í mínum huga meiri eign* en bætur sem menn fá frá ríkissjóði, þ.e. frá öðru fólki.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 10. gr. frumvarpsins. Lagt er til að *kveðið verði skýrar á um heimildir ríkisskattstjóra* til að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. 89. gr. laganna um framtals- og skattlagningarstað.

Þetta er spurningin um að það sé hægt að sameina framtöl eigenda einkafyrirtækja og einkafyrirtækjanna sjálfra.

2. Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að vaxtabætur á árinu 2004, vegna vaxtagjalda á árinu 2003, verði 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna. Þessi breyting er lögð til samhliða tillögu um að lækkun á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta úr 7% í 5,5% komi ekki til framkvæmda fyrr en við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004.

Þannig er náð fram þeim athugasemdum og þeim fyrirvörum sem menn hafa haft við að þetta ákvæði standist stjórnarskrá.

3. Lagðar eru til þrjár breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði d-liðar 5. gr. frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 2004 og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004. Í öðru lagi er lagt til að 10. gr. frumvarpsins öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu og endurákvörðun eftir gildistöku ákvæðisins. Í þriðja lagi er lagt til að hið nýja ákvæði til bráðabirgða öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003, þ.e. að það skuli skerðast um 10%.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður, Kristinn H. Gunnarsson. Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson og Páll Magnússon.

[15:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þeir eru ekki deigir menn sem skipa meiri hluta í hv. efh.- og viðskn. og það verður seint sagt um hv. formanninn að hann sé hræddur þegar kemur að stórræðum sem snúa að stjórnarskránni.

Það hafa þegar orðið miklar deilur um hið upphaflega ákvæði sem lagt var til varðandi vaxtabætur. Stjórnarandstaðan *reyndist hafa rétt fyrir sér um að það hjó svo nærri* stjórnarskránni að menn eru núna allir sammála um það, m.a. er hv. þm. Pétur H. Blöndal á þeirri skoðun að hin upphaflega gerð hafi ekki staðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Það má reyndar færa rök að því að hún hafi brotið tvö ákvæði hennar.

Nú blasir það við að hv. þm. stjórnarliðsins hafa lagt fram nýtt ákvæði og lögfræðiálit tveggja manna liggja fyrir. Annar þeirra, Skúli Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, virðist bersýnilega þeirrar skoðunar að þetta ákvæði sé í samræmi við stjórnarskrána. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það séu töluvert minni líkur á því að þessi gerð breytinganna

sé á svig við stjóranrskrána en hin upphaflega. Hins vegar er ekki hægt að líta fram hjá því, frú forseti, að Eiríkur Tómasson, prófessor við Háskóla Íslands, telur ekki unnt að fullyrða með óyggjandi hætti að skerðing af þessu tagi standist stjórnarskrána.

Hann segir blátt áfram og beinlínis, með leyfi forseta:

„Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána."

Það ríkir vafi á þessu máli, frú forseti, og við þingmenn getum ekki leyft okkur að taka slíka áhættu. Þess vegna spyr ég hv. þm.: Hvers vegna í ósköpunum eru þeir að leggja fram tillögu sem enn þá er mögulegt að sé ekki í samræmi við stjórnarskrá?

[15:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði á fundi nefndarinnar að væri í mínum huga einhver vafi á að þetta ákvæði mundi brjóta stjórnarskrána þá skyldi stjórnarskráin njóta vafans. Þannig var með fyrra ákvæðið. Ég tel það mjög virðingarvert að fjmrn. og nefndin öll féllst á að breyta skyldi því ákvæði sem menn töldu áður stangast á við stjórnarskrána og leggja til nýtt ákvæði. Það ákvæði er í samræmi við álit beggja lögfræðinganna.

Reyndar segir annar þeirra — ef ég ætti að gefa svona álit þá mundi ég segja nákvæmlega það sama — að það sé ekki unnt að útiloka að ákvæðið brjóti stjórnarskrána vegna þeirra breytinga sem stöðugt er verið að gera á stjórnarskránni með túlkunum Hæstaréttar. Ég vil benda á að þetta frv. var lagt fram áður en Hæstiréttur felldi dóm 16. október sem breytti skoðun manna á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þess vegna er ekkert skrýtið að hann láti fylgja varnaðarorð til að verja sig til framtíðar.

Hvers vegna leggjum við þetta fram? Við leggjum þetta fram til að sýna að fjárlögin séu með miklum afgangi og það verði ekki hvikað frá þeirri stefnu að halda uppi aga í fjárlögum. Það eru skilaboð til atvinnulífsins og þjóðarinnar allrar, að fjárlögin eigi að vera með afgangi og stuðla að jöfnuði og stöðugleika í þjóðfélaginu. Það kemur öllum til góða og ekki síst þeim sem njóta þessara vaxtabóta.

[15:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal erum sammála um meginatriðin sem hann taldi upp í lok svars síns. Við erum sammála um að fjárlögin eigi að vera með afgangi. Við erum sammála um að það eigi að beita fyllsta aga og aðhaldi í ríkisfjármálum. Spurningin er: Hvaða leiðir viljum við fara til að ná þessu markmiði?

Ég og hv. þm. erum líka sammála um að ef vafi leiki á um að eitthvert ákvæði frumvarpa standist stjórnarskrána þá eigi stjórnarskráin að njóta vafans. Hv. þm. lét þau orð falla rétt í þessu. En það blasir við að svo virðist sem hv. þm. og þingmenn meiri hlutans telji leika vafa á því hvort ákvæðið standist fullkomlega stjórnarskrána. Hvers vegna? Þeir rekja ákveðna fyrirvara prófessors við Háskóla Íslands og segja, með leyfi forseta:

„Þeir fyrirvarar sem Eiríkur gerir í áliti sínu eru eðlilegir þegar litið er til þess að ekki er við skýr dómafordæmi að styðjast."

Með öðrum orðum er hugsanlegt að dómar mundu fara með öðrum hætti. Prófessorinn rekur það í áliti sínu sem þeir gera að sínu. Þótt líkurnar séu miklu minni á því en gagnvart fyrri gerð breytinganna þá er ekki hægt að útiloka það. Því spyr ég hv. Pétur H. Blöndal: Telur hann ekki réttast að sleppa þessu ákvæði og finna frekar leiðir til þess að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessu nemur? Væri það ekki að láta stjórnarskrána njóta vafans?

Við erum sammála um að það eigi að gera en mér virðist ósamræmi milli fullyrðingar hv. þm. og þess sem kemur fram í nál.

[15:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tiltók áðan í ræðu minni nokkur dæmi þar sem ég tel að stjórnarskráin sé frekar brotin en með þessu ákvæði. Ég tel þannig að skattlagning vaxtabóta um 10% á almennan hátt, hjá nokkuð stórum hóp, sé minna brot á stjórnarskránni en að skattleggja t.d. leigutekjur og vaxtatekjur eða tekjur manna sem nýbúnir eru að segja upp starfi sínu í bænum og farnir að vinna við Kárahnjúkavirkjun fyrir hærri laun í trausti þess að hátekjuskatturinn félli niður. Svo er hann bara settur á aftur eftir tvær vikur.

Ég tel að ef menn ætla að túlka stjórnarskrána svona þröngt sé ekki hægt að hækka neina skatta til framtíðar, ekki fyrr en eftir 10–20 ár. Það væri ekki hægt að hækka fjármagnstekjuskatt fyrr en eftir 10–20 ár af því að fjöldi samninga er bundinn í 10–20 ár með vexti. Ég hugsa að hv. þingmenn Samf., sem vilja t.d. hækka fjármagnstekjuskatt, yrðu heldur óhressir með það ef þeir mættu það ekki.

Ég tel nefnilega að orð lögfræðingsins í seinna lögfræðiálitinu séu ekkert annað en vísun til þess að Hæstiréttur hefur á undanförnum árum breytt grundvelli þess sem við vinnum með, þ.e. stjórnarskránni. Hæstiréttur hefur ítrekað breytt skoðun manna á stjórnarskránni og áhrifum hennar. Það er eins og maður standi á ísjaka sem ruggar og viti í rauninni ekki hvert hann stefnir. Þannig er staðan í dag. Ef menn ætla að gera ráð fyrir öllum möguleikum sem hugsanlega verða í dómum Hæstaréttar þá er ekki víst að menn geti lagt fram nein frumvörp um eitt eða neitt.

Ég tel að líkurnar séu afskaplega litlar þó að prófessorar við háskólann þurfi að setja slíka fyrirvara í álit sitt.

[15:53]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur verið rakið kom fram við meðferð málsins í hv. efh.- og viðskn. að fyrstu hugmyndir ríkisstjórnarinnar stóðust ekki ákvæði stjórnarskrárinnar að mati hæfustu manna. Þær hugmyndir sem hér eru til meðferðar hafa verið metnar á þann veg að enginn treystir sér til að fullyrða að þær standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Mig langaði að nefna, vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals, að ég held að við eigum ekki að ræða þetta á grunni þess hvort um meira eða minna brot gegn stjórnarskránni sé að ræða. Annaðhvort standast hugmyndir ákvæði stjórnarskrárinnar eða ekki. Það er einfaldlega þannig. Það sem hér er umdeilt er hvort heimilt sé að skerða bætur afturvirkt á þann hátt sem hugmyndin er að gera.

Það kom einnig fram hjá lögmönnum, prófessor og dósent, að ef komið væri fram yfir áramót væri ljóst að ekki mætti skerða þetta afturvirkt. Ríkisstjórnin er að skáka í því skjólinu að enn séu 20 dagar eftir af árinu og í því ljósi sé þeim hugsanlega heimilt að skerða þessar bætur afturvirkt eins og hér er lagt til.

Mig langaði að spyrja hv. þm. hvort ekki hefði verið eðlilegra að leita annarra leiða við að ná þeim markmiðum, þ.e. sparnaði í ríkissjóði, en að tefla á tæpasta vað gagnvart stjórnarskránni. Ég hefði sjálfur talið að ríkisstjórnin hlyti að vera búin að fá nóg af málsóknum hinna og þessara í samfélaginu vegna meintra brota á stjórnarskránni.

[15:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru nokkurn veginn sömu spurningar og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bar fram. Ég ætla því ekki að svara þeim öllum út í hörgul.

Báðir lögfræðingarnir komust að þeirri niðurstöðu að þetta mundi standast stjórnskipulega þó að annar þeirra segi ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir sé svo vegið að réttaröryggi þeirra sem fyrir skerðingu verða að hún brjóti í bága við stjórnarskrána. Hann getur ekki útilokað það. Ég hugsa að það fylgi vegna nýjustu dóma Hæstaréttar. Ég vil benda á að frv. var lagt fram áður en dómur féll og hefði málið verið afgreitt þá hefði sennilega ekki verið fjallað um það með þessum hætti. Eftir að dómur féll 16. október breyttist skoðun manna á þessu máli.

Það getur verið að Hæstiréttur felli nýjan dóm sem breyti aftur skoðunum manna. Þess vegna getur prófessorinn ekki annað en haft þann fyrirvara, að ekki sé hægt að útiloka að dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að þetta brjóti stjórnarskrána en mjög miklar líkur séu á að þetta standist stjórnarskrána.

Ég nefndi það dæmi áðan að þetta ákvæði, þessi 10% skattur á vaxtabætur — þegar þær koma til greiðslu á árinu, þær eru ekki komnar til greiðslu, ekki einu sinni í lok janúar eða maí — sem yrði staðgreiddur á þeim tíma, mundi ekki brjóta gegn stjórnarskrá frekar en hátekjuskatturinn sem lagður er á 1. janúar eða hækkun á fjármagnstekjuskatti, ef mönnum dytti það í hug einhvern tímann.

Ef þetta á að brjóta stjórnarskrána þá þurfa menn að fara að athuga ýmislegt annað og þá ætti nú Samf. að endurskoða stefnu sína í að hækka fjármagnstekjuskatt.

[15:57]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við urðum vör við þennan misskilning hv. þm. Péturs Blöndals í nefndinni þar sem hann ruglar saman skattálögum sem eru ýmist framvirkar eða afturvirkar.

En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins í þessu er einfaldlega sá að stjórnarskráin hefur það hlutverk að halda aftur af valdhöfunum gagnvart fólkinu í landinu, að verja fólkið í landinu. Nú hafa a.m.k. í fjórgang fallið dómar þar sem núv. ríkisstjórn hefur verið dæmd, a.m.k. fjórum sinnum, fyrir að ganga gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í þessu tilviki er farið á ystu nöf. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það hvort þetta standist eður ei en það er ljóst að allir eru sammála um að farið sé á ystu nöf.

Óhjákvæmilega vaknar sú spurning: Hvers vegna er farið á ystu nöf gagnvart stjórnarskránni í stað þess að leita annarra leiða? Svör hv. þm. eru fyrst og fremst þau að vonandi haldi þetta. Það er fyrst og fremst það sem hv. þm. hefur sagt í ræðustól. Vonandi að þetta haldi. Það eru þau svör sem við fáum við fyrirspurnum okkar sem eru alveg í samræmi við niðurstöðu þeirra lögfræðinga sem komu fyrir nefndina.

Eftir stendur spurningin: Hvers vegna leitar ríkisstjórnin ekki annarra leiða til að ná þeirri niðurstöðu sem hún vill ná í fjárlögum en að tefla á tæpasta vað gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar? Það er sú spurning sem hv. þm. á að svara en ekki að snúa út úr eins og hann gerði í svari sínu áðan.

[15:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér leiðist í rökræðum þar sem menn tala um að einhver misskilji, rugli saman o.s.frv. Svoleiðis orðalag finnst mér ekki vera málefnalegt. (Gripið fram í.)

En svo segir hv. þm. að við séum að ganga á ystu nöf og að við vonumst til, eða ég vonist til þess, að þetta standist stjórnarskrána. Það er ekki rétt. Mín sannfæring er sú að þetta standist stjórnarskrána. Ef þetta stenst ekki stjórnarskrána þá er ýmislegt annað sem stenst ekki stjórnarskrána sem ég er að samþykkja, t.d. hækkun á hátekjuskatti sem hv. þm. samþykkir væntanlega líka.

Mín sannfæring er sú — hv. þm. getur ekki gert mér upp sannfæringu — að þetta standist stjórnarskrána og ef það geri það ekki þurfum við að endurskoða mjög margt í skattlagningu, herra forseti. Þetta er því ekki spurning um að ég vonist til eins eða neins. Þetta er heldur ekki spurning um að ég telji mig á ystu nöf, engan veginn.

Ég leyfi mér að lesa upp, herra forseti, niðurlagið í áliti Eiríks Tómassonar, sem segir svo:

„Þrátt fyrir þetta er það álit mitt að líkur séu á því að íslenskir dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2004 með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, sé stjórnskipulega gild."

Þetta segir prófessorinn í áliti sínu. (**LB:** Að líkur séu á því.) Já, ég er búinn að svara því. Þar er hann að tryggja sig fyrir því að Hæstiréttur breyti enn einu sinni túlkun sinni á stjórnarskránni.

[16:01]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn. í þessu máli þar sem verið er að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en undir álitið ritar ásamt mér hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Meginbreytingar í þessu frv. eru í fyrsta lagi að breyta á viðmiðunarfjárhæðum vegna tekjuskatts og eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta og eiga þær að hækka í samræmi við áætlaðar verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eða um 2,5%.

Í öðru lagi, eins og hér hefur komið fram, að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta lækkar úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum. Þetta ákvæði, eins og meiri hlutinn leggur það til, tekur gildi ári síðar en áformað var í frv. Ríkisstjórnin féll frá þessum áformum þar sem verulegar líkur voru á að breytingin stæðist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Í stað þess er nú lögð til 10% flöt skerðing

á útgreiddar vaxtabætur sem umtalsverð hætta er á að brjóti einnig í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Í þriðja lagi er um að ræða að sérstakur tekjuskattur, sem átti að falla niður um áramótin, verður lækkaður í 4% á árinu 2004 og gert ráð fyrir að hann lækki í 2% árið 2005 og falli síðan brott, en samkvæmt ákvæðum núgildandi laga, eins og áður sagði, átti hann að falla niður um næstu áramót. Það er því erfitt að sjá hvaða afturvirkni er fólgin í þessu varðandi hátekjuskattinn, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi hér í orðaskiptum sínum við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson áðan, vegna þess að hann kemur raunverulega ekki til framkvæmda fyrr en árið 2005 vegna tekna árið 2004. Engu að síður er náttúrlega alveg ljóst, herra forseti, að sjálfstæðismenn og þar með Pétur Blöndal, lofuðu kjósendum því að afnema þennan hátekjuskatt eða a.m.k. ekki að framlengja hann eins og þeir nú eru að gera. Það er eitt af því ásamt mörgu fleiru sem þeir lofuðu kjósendum en eru ótt og títt að svíkja eins og við höfum orðið vitni að þessa rúmu tvo mánuði sem þingið hefur starfað hér frá kosningum.

Í fjórða lagi er verið að fella á brott ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög.

Það er alveg ljóst að þessar breytingar í frumvarpinu fela í sér skattahækkanir og verulega skerðingu á vaxtabótum og ástæða til þess að rifja það upp að í fjárlagafrv. er gripið til ýmissa ráðstafana sem koma hart niður á heimilunum í landinu og fela í sér ýmsar skattahækkanir í einu eða öðru formi upp á 3,7 milljarða kr. Það er heimilunum í landinu sem einkum er ætlað að bera þessar byrðar. Þær birtast í því að vaxtabætur eru lækkaðar um 600 millj. kr., almennur tekjuskattur hækkaður um 600 millj. kr. með afnámi frádráttar vegna séreignarsparnaðar, í hækkun á bensíni um 600 millj. kr., atvinnuleysisbætur eru lækkaðar um 170 millj. kr., sjúkratryggingar lækkaðar um 740 millj. kr. með auknum álögum á sjúklinga, og fleira mætti til telja, herra forseti, í þeim álögum á einstaklinga og heimili sem stjórnarflokkarnir standa að þessa dagana þvert á það sem þeir lofuðu í kosningunum, og er auðvitað eitt af þeim frumvörpum sem við ræðum hér.

Ég vil þá, virðulegi forseti, gera grein fyrir afstöðu okkar í minni hlutanum, en við leggjumst gegn því að miða breytingar á viðmiðunarfjárhæðum vegna tekjuskatts og eignarskatts, eins og hækkun persónuafsláttar, svo og barnabætur og vaxtabætur einungis við áætlaðar verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eða um 2,5%. Áætlað er að launavísitalan hækki á næsta ári um 5% og ef tekið væri mið af taxtahækkunum samkvæmt samningi Flóabandalagsins ætti að hækka þessar viðmiðunarfjárhæðir um 3,15%, en ekki 2,5% og um 5% en ekki 2,5% ef tekið væri mið af launavísitölu. Því er ljóst, herra forseti, að um er að ræða skattahækkun sem felur í sér að skattbyrði tekjuskattsins eykst. Því til viðbótar, eins og ég nefndi áðan, hækkar almennur tekjuskattur um 600 millj. kr. með afnámi frádráttar vegna séreignarsparnaðar.

Hér er ástæða til þess að vitna til þess að bæði Seðlabankinn og Samtök atvinnulífsins, ef ég man rétt, staðfesta það sem ég sagði áðan að hér er um skattahækkun að ræða með því að miða þessa mikilvægu þætti einungis við verðlagsforsendur fjárlagafrv. en ekki launabreytingar. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem snúa að kjörum fjölskyldunnar á næsta ári, eins og persónuafsláttur inn, barnabæturnar og vaxtabæturnar svo dæmi sé tekið.

Í áliti Seðlabankans um skerðingu á skattleysismörkum er vísað til þess að kaupmáttur skattleysismarka hafi fallið miðað við verðlag, og segir síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Ótvírætt er hins vegar að þessi háttur á ákvörðun skattleysismarka bætir hag ríkissjóðs sem er æskilegt við núverandi aðstæður. Seðlabankinn telur því þessa breytingu gagnlega þótt aðrar tekjuöflunaraðferðir gætu komið að sama gagni."

Í álitinu er einmitt vísað í það hvernig kaupmáttur skattleysismarka hefur verið að falla miðað við verðlag og dregin upp tafla sem sýnir það, sem við fórum nokkuð yfir í kosningabaráttunni, að stjórnarflokkarnir hafa á umliðnum árum verið að skerða skattleysismörkin til þess að geta lækkað skatta á fyrirtækin og þá sem betra hafa það í þjóðfélaginu eins og fjármagnseigendur með því að frysta eða hækka lítið skattleysismörkin til þess að hafa svigrúm til þess að lækka skatta á þá sem betra hafa það.

Síðan segja þeir varðandi sérstaka tekjuskattinn að hann hafi ekki: „skilað ríkinu háum fjárhæðum eins og sjá má á meðfylgjandi töflu en eins og hinn almenni tekjuskattur skilar hann auknum tekjum þegar skattleysismörk hækka minna en tekjur. Því hefði verið heppilegt að mat hefði fylgt frv. á því hve mikið tekjutap ríkisins verður af þessari breytingu miðað við að ella hefðu skattleysismörk gagnvart hátekjuskatti fylgt verðlagi og álagningarhlutfalli verið haldið óbreyttu."

ASÍ segir um þessa breytingu á viðmiðunarfjárhæðum, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hafa viðmiðunarfjárhæðir laganna hækkað í samræmi við umsamdar taxtahækkanir skv. kjarasamningum. Nú eru kjarasamningar lausir og slík viðmiðun því vandfundin en ef viðmiðunarfjárhæðirnar hækka í samræmi við áætlaðar breytingar á verðlagi er verið að auka skattbyrði almenns launafólks umfram það sem verið hefði skv. þeim reglum sem áður giltu. Á slíka breytingu getur ASÍ ekki fallist. Eðlilegra er að viðmiðunarfjárhæðirnar hækki í samræmi við forsendur fjárlaga um áætlaðar launabreytingar."

Það er vísað til þess í útreikningum sem ég fékk frá ASÍ að verið sé að hafa nálega 400 millj. kr. af launafólki með því að miða viðmiðunarfjárhæðir einungis við 2,5% í stað 3,15%, eins og var í samningi Flóabandalagsins og það er verið að hafa af fólki 1.540 millj. kr. með því að miða þessar fjárhæðir við 2,5%, í stað 5%.

Það er ástæða til þess, herra forseti, að vitna líka í það sem Samtök atvinnulífsins segja um þessa 2,5% breytingu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þessar forsendur fela í sér að skattbyrði tekjuskattsins eykst og má sem dæmi nefna að skattbyrði 250 þús. kr. mánaðarlauna eykst um 0,25%."

Þetta er því staðfest, herra forseti, í gögnum sem nefndinni bárust að verið er að auka nokkuð skattbyrðina sem er raunverulega hefð og regla hjá þessari ríkisstjórn gegnum árin með því að halda niðri skattleysismörkunum.

Herra forseti. Ég ætla að víkja að vaxtabótunum, en mestur tími nefndarinnar fór í að ræða þau umdeildu ákvæði sem ríkisstjórnin áformar, þ.e. að skerða vaxtabætur með afturvirkum íþyngjandi hætti. Þessi áform ríkisstjórnarinnar hafa sannarlega mætt mikilli andstöðu verkalýðshreyfingarinnar og hafa BSRB og ASÍ ályktað harðlega gegn þeim.

Það er ljóst að þessi skerðing mun bitna mjög harkalega á þeim sem skuldugastir eru vegna húsnæðiskaupa, og fyrstu áform ríkisstjórnarinnar sem birtust í frumvarpinu voru að leggja til að lækkun á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af skuld-

um til útreiknings vaxtabóta færi úr 7% í 5,5%. Ríkisstjórnin heldur sig vissulega við þau áform, herra forseti, en frestar þeim um eitt ár. Og það er ástæða til þess — af því að hún féll ekki alveg frá þessum áformum, herra forseti — að víkja að rökunum sem sett eru fyrir þessari breytingu, vegna þess að þau voru afar hæpin.

Þar er tínt til að frá því að núverandi viðmiðunarmörk voru sett hafi raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Nefnt er að á árinu 1993 hafi raunvextir af húsbréfum verið 6%, en frá þeim tíma hafi vextir lækkað umtalsvert og séu húsbréfavextir nú 5%. En það er ekki minnst á það, virðulegi forseti, að vextir af eignaríbúðum þeirra sem eru innan tiltekinna tekjumarka hafa hækkað verulega frá árinu 1998 þegar félagslega eignaríbúðakerfið var lagt niður, úr 2,4% í 5,6%, sem sagt yfir þau 5% sem ríkisstjórnin er að miða við þegar hún gengur út frá því að á þeirri forsendu að raunvextir hafi lækkað sé eðlilegt að breyta vaxtabótunum eins og hún gerir hér. Auk þess eru vextir í húsbréfakerfinu fastir en ekki breytilegir þannig að stór hluti íbúðareigenda er með langtímavexti yfir 5% sem breytast ekki eins og ríkisstjórnin er að gefa til kynna. Ég fékk yfirlit, eða efh.- og viðskn., frá Íbúðalánasjóði einmitt um það hver fjöldi þeirra væri sem væri með vexti yfir 5% og það er verulegur fjöldi. Það eru einungis 3.769 lántakendur húsbréfalána með 5% vexti en rúmlega 56 þúsund lántakenda eru með vexti yfir 5%, þar af tæplega 9 þúsund með 6% vexti samkvæmt upplýsingum sem óskað var eftir frá Íbúðalánasjóði. Þetta fólk verður náttúrlega fyrir verulegri skerðingu þegar verið er að lækka þetta þak úr 7% í 5,5%. Þess vegna, herra forseti, er það beinlínis rangt sem hér er sagt og þær forsendur sem ríkisstjórnin teflir fram fyrir þessum breytingum þegar stór hluti fólks er með sín lán á kjörum sem eru vel yfir 5% og stór hluti eða um níu þús. manns með 6% vexti samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram hjá Íbúðalánasjóði. Í raun er það ótækt, herra forseti, að fjmrn. skuli setja fram svona villandi upplýsingar í greinargerðinni sem rökstuðning fyrir þeim breytingum sem verið er að gera.

Úr því að við erum að ræða þessa breytingu sem ríkisstjórnin er að gera má líka vitna til þess, út frá þeirri forsendu að meðalvaxtagjöld hafi lækkað svo mikið og þess vegna sé óhætt að lækka þetta þak, að meðalvaxtagjöld hafa hækkað en ekki lækkað. Það kemur fram í útreikningum sem efh.- og viðskn. kallaði eftir hjá fjmrn. Þannig voru meðalvaxtagjöld hjóna á árinu 1995 481 þús. en eru núna 592 þús., hjá einstæðum foreldrum voru þau 282 þús. en eru núna 397 þús. og hjá einstaklingum voru meðalvaxtagjöldin 273 þús. en eru 340 þús. Þetta sýnir að hér eru rangfærslur settar fram, mjög villandi, herra forseti, sem ber að gagnrýna vegna þess að þetta eru þau rök sem hæstv. fjmrh. setur fram fyrir þessari breytingu.

Það er líka ástæða til að nefna að samkvæmt rökunum í lögfræðiáliti Skúla Magnússonar er um að ræða fámennan hóp sem verður fyrir umræddri skerðingu á vaxtabótunum, einungis 4.000 manns. Áform ríkisstjórnarinnar eru um að lækka þakið úr 7% í 5,5% og það er nefnt að þessi hópur eða einstaklingar innan hans gætu orðið fyrir verulegri skerðingu, ef ég man rétt voru tiltekin 130 þús. í því sambandi. Þær tölur komu hins vegar aldrei upp á borðið hjá efh.- og viðskn. og það gæti verið um miklar skerðingar hjá einstaklingum að ræða, eins og fjmrn. tiltók þegar það féll frá því að þessi breyting kæmi til á næsta ári. Það sem við fengum í hendurnar frá fjmrn. var að með fyrri áformunum, um að miða við 5,5% af skuldum í stað 7% af skuldum, var tekið dæmi af hjónum með meðalvaxtabætur og tekjur á bilinu 3–4 millj. og eignarskattsstofn upp á 2–3 millj. og sagt að meðalskerðingin á vaxtabótunum væri 17 þús. kr. Þegar ráðuneytið frestaði fyrri áformum um eitt ár var allt í einu farið að tiltaka að þarna gæti verið um verulega skerðingu á fámennum hópi að ræða og ráðuneytið tiltók tugi þúsunda og allt upp í 120–130 þús. hjá einstaklingum. Það er t.d. tekið fram í gögnum frá fjmrn. að skerðingin á meðalvaxtabótum einstaklinga, með því að fara úr 5,5% í 7% af skuldum, gæti verið um 5 þús. kr., og ef tekjur væru á bilinu 2–3 millj. væri meðalskerðingin um 9 þús. kr. Við fengum allt aðrar tölur meðan ráðuneytið hélt til streitu að láta fyrri leiðina taka gildi strax, sem það síðan féll frá vegna þess að það fékk tvö álit í hausinn sem sýndu að það væri líklega að brjóta stjórnarskrána. Þá fór ráðuneytið allt í einu að tína upp úr hatti að þarna hefðu einstaklingar getað orðið fyrir skerðingu sem væri um 130 þús. kr. Þetta eru afar sérstæð vinnubrögð af hálfu fjmrn., herra forseti.

ASÍ bendir á í umsögn sinni að ekki sé hægt að fallast á þau rök sem teflt er fram í frv. því að ef vextir lækka lækka einfaldlega vaxtagjöldin og þar með vaxtabæturnar. Auk þess var það nefnt í umsögninni að margt benti til þess að vextir fari hækkandi.

Við fulltrúar Samf. í efh.- og viðskn. bentum fljótlega á að það væri afar líklegt að sú leið sem ríkisstjórnin væri að fara með skerðingu á vaxtabótunum, sem væri íþyngjandi afturvirk skerðing, stæðist ekki stjórnarskrána. Því óskuðum við eftir því formlega til efh.- og viðskn. með bréfi sem við skrifuðum formanni nefndarinnar, dags. 19. nóv., að efh.- og viðskn. léti vinna sjálfstætt lögfræðiálit um það hvort hætta væri á því að þetta ákvæði mundi skerða stjórnarskrána. Fjmrn. fór sjálft í þá breytingu þegar því varð ljóst að efh.- og viðskn. ætlaði að kalla eftir því að Lagastofnun háskólans yrði fengin til að gefa lögfræðiálit þannig að tvö lögfræðiálit voru unnin um málið.

Nú hefur komið á daginn að niðurstaða lögfræðingsins sem fjmrn. kallaði til, Skúla Magnússonar dósents við lagadeild Háskóla Íslands, var sú að hætta væri á því að dómstólar teldu skerðinguna andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eiríkur Tómasson prófessor, sem vann álitið fyrir efh.- og viðskn. um málið, komst að þeirri niðurstöðu að það bryti væntanlega í bága við stjórnarskrána að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í frv.

Herra forseti. Það er eins og þessi ríkisstjórn geti ekki beitt valdi sínu án þess að rekast með einum eða öðrum hætti á stjórnarskrána. Það er aftur og ítrekað, herra forseti, sem þarf að fara vel og vandlega yfir frumvörp ríkisstjórnarinnar út frá þeirri forsendu. Hér erum við að fjalla um það, herra forseti, að ríkisstjórnin er eina ferðina enn uppvís að því að ætla að leiða í lög ákvæði — nú fyrir skulduga einstaklinga — sem líklegt er að brjóti stjórnarskrána. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki lært lexíu sína þótt hún hafi á stuttum tíma ítrekað fengið úrskurð dómstóla um stjórnarskrárbrot, nú síðast í októbermánuði vegna brota á 77. gr. stjórnarskrárinnar gagnvart öryrkjum. Þess vegna hélt maður að ríkisstjórnin mundi nú passa sig frekar á því að þau mál sem hún kemur hér með fyrir þingið væru skotheld gagnvart því að brjóta ekki stjórnarskrána.

Hv. þm. Pétur Blöndal, formaður efh.- og viðskn., tíundaði það hér að þetta mál hefði verið lagt fram áður en

dómstólar kváðu upp úrskurð sinn í októbermánuði vegna brota á 77. gr. stjórnarskrárinnar gagnvart öryrkjum. Þess heldur hefðu ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir átt að skoða þessa leið, ekki bara það sem þeir ætluðu í frv. eins og það var lagt fram heldur líka gagnvart síðari leiðinni sem ég ætla að koma nánar að rétt strax.

Hæstiréttur komst að því í októbermánuði að hinni umdeildu skerðingarreglu gagnvart öryrkjum yrði ekki beitt afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma þegar réttur til bóta stofnaðist og að þessi kröfuréttindi nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Það er ástæða til þess að bera þennan dóm saman við áform ríkisstjórnarinnar nú. Varðandi síðari leiðina, um 10% regluna, skerðinguna á útgreiddum vaxtabótum, er alveg ljóst nú, þegar við erum komin vel inn í desembermánuð, að öll atvik hafa gerst sem myndað hafa kröfuna eða réttindi til vaxtabóta á næsta ári vegna vaxtagjalda sem féllu til á þessu ári, og ég held því fram að krafan stofnist þegar vaxtagjöldin falla til. Það er akkúrat eins og segir í þessum dómi Hæstaréttar að hinni umdeildu skerðingarreglu yrði ekki beitt afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma þegar réttur til bóta stofnaðist. Það er grundvallaratriði hvenær réttur til bóta stofnaðist, og réttur til vaxtabóta sem koma til útgreiðslu á næsta ári hefur stofnast á þessu ári og öll þau atvik hafa komið fram núna í desembermánuði sem mynda réttinn til þeirra bóta.

Síðan er full ástæða til að skoða líka í þessu samhengi mál Hæstaréttar frá 28. maí 2003. Þar var deilt um ákvæði laga er skerti afturvirkt skattaívilnun sem fólst í skattafslætti vegna hlutabréfakaupa. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú að lagaákvæðið, að virtum þeim sjónarmiðum sem rakin voru í dómnum, fæli í sér afturvirkni sem bryti í bága við 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þeirri tillögu sem nú er lögð til af hálfu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á að skerða útgreiddar vaxtabætur hjá öllum sem rétt eiga til vaxtabóta um 10% á árinu 2003. Eiríkur Tómasson prófessor gaf nefndinni álit sitt á þessari breyttu tillögu ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða hans var sú að líkur væru á því að íslenskir dómstólar mundu komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2003, með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim sem rétt áttu á bótum samkvæmt núgildandi lögum, væri stjórnskipulega gild. Í lok álitsins kemur þó fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána."

Engu að síður ætla stjórnarflokkarnir að fara fram með þessa breytingu og greinilega, herra forseti, beita afli sínu og valdi hér í þinginu til þess að gera þetta ákvæði að lögum.

Fyrsti minni hluti tekur undir það sem segir í lokaorðum Eiríks Tómassonar enda ljóst að réttaröryggi fær sífellt aukið vægi í dómum Hæstaréttar. Það var það sem Eiríkur Tómasson tók mjög fram í nefndinni, einmitt það að réttaröryggi fengi sífellt aukið vægi í dómum Hæstaréttar og það er einmitt það sem hann vitnar til í lokaorðum sínum.

Þrátt fyrir að Skúli Magnússon dósent hafi ekki fjallað um nýju útfærsluna í áliti sínu kom þó fram hjá honum á fundi nefndarinnar að þótt líklegt væri að hún stæðist væri ekki hægt að útiloka að sú tillaga gengi gegn stjórnarskránni, þ.e. þessi nýja útfærsla sem hér á að fara að lögfesta.

Það er ástæða til þess að halda því til haga, ítreka það sem ég sagði áðan, að það var aldrei í meðförum nefndarinnar á fyrri útfærslunni, sem nú er seinkað um eitt ár, gefið í skyn að sú leið gæti skert svo mikið vaxtabæturnar eins og nú er verið að halda fram. Hér er blað frá fjmrn. sem telur að hámarksskerðing vaxtabóta, miðað við 5,5% vaxtaprósentu á árinu 2003, geti orðið yfir 100 þús. hjá einstaklingi, hjá einstæðum foreldrum 131 þús. og hjá hjónum 163 þús. Þetta eru tölur sem voru aldrei nefndar í nefndinni — og það veit ég að formaðurinn, sem hér situr getur vitnað um — fyrr en þetta var dregið til baka. (**PHB:** Menn vita ...)

Síðan kemur fram hjá fjmrn. úttekt sem var beðið um í nefndinni, Vaxtabætur, álagning 2004, og þar er miðað við 5,5% vaxtaprósentu, eins og á að taka gildi eftir ár, og síðan þessa 10% skerðingu sem á að taka gildi vegna vaxtagjalda á þessu ári og útgreiddra vaxtabóta á næsta ári. Þar kemur fram hvernig meðalvaxtagjöld og meðalvaxtabætur verða miðað við þessa breytingu, og báðar leiðirnar eru mjög ámóta, herra forseti.

Ef þessir útreikningar eru réttir þá getur skerðingin í einhverjum tilvikum verið alveg upp í 163 þús. hjá hjónum. Þeir vita þá hvaða sendingu þeir eiga von á frá ríkis... (Gripið fram í.) Nei, ekki þessi skerðing, næsta skerðing sem á að taka gildi á árinu 2005 vegna vaxtagjalda 2004, vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki fallið frá þeirri útfærslu. Það er alveg ljóst. Þá hlýtur það að standa sem fjmrn. hélt fram og Skúli Magnússon byggði álit sitt á, að skerðingin gæti orðið svo gífurleg hjá einstaklingum að hún gæti skipt heimili máli upp á um annað hundrað þúsund og það hefur fjmrn. staðfest hér. Þá er það sendingin sem heimilin geta átt von á á næsta ári vegna vaxtagjalda sem stofnast til á næsta ári vegna greiddra vaxtabóta þá á árinu 2005.

Það er alveg ljóst, herra forseti, og því skal skýrt haldið til haga, að ríkisstjórnin ætlar að taka verulega áhættu á því að ganga gegn stjórnarskránni með því að keyra þetta ákvæði í gegn og lögfesta það. Reyndar var ekki annað skilið af því sem fram kom hjá Eiríki Tómassyni prófessor en að umtalsverð hætta væri á að nýja útfærslan gengi gegn stjórnarskránni. Þetta kom nú bara fram í nefndinni og þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því, eins og formaður efh.- og viðskn. gerir hér, maðurinn sem hélt því fram í nefndinni og hefur alltaf haldið því fram að stjórnarskráin ætti að njóta vafans, ef hann væri fyrir hendi.

Hvað sagði Eiríkur Tómasson aðspurður í nefndinni? Hann sagði að þingmenn ættu ekki að standa að lagasetningu ef vafi léki á að hún stæðist stjórnarskrána. Það voru hans orð. Eiríkur Tómasson segir það beinlínis í áliti sínu, herra forseti, að það sé ekki útilokað — hann segir það í lokin. Hans orð voru þau að umtalsverð hætta væri á að þetta nýja ákvæði bryti gegn stjórnarskránni. Þegar hann segir að þingmenn eigi ekki að standa að lagasetningu ef vafi leikur á að hún standist stjórnarskrána þá segir hann að ekki sé unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með því að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána. Það þýðir ekkert annað í mínum huga, herra forseti, en að vafi leiki á því að þetta ákvæði sem hér á að keyra í gegn standist stjórnarskrána. Það verður fróðlegt að sjá hvort einhverjir stjórnarliðar ætla

að láta stjórnarskrána njóta vafans við atkvæðagreiðslu um þetta mál.

Í áliti Skúla Magnússonar kemur fram að mat á því hvort ná megi markmiðum frumvarpsins með öðrum og minna íþyngjandi hætti sé að meginstefnu til á forræði löggjafans. Líta verði líka til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Þrátt fyrir þetta er athyglisvert að í áliti Skúla kemur fram að skerðingin á greiðslum fyrir árið 2003 sé til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafi íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Í áliti hans kemur einnig fram að í byrjun desember 2003 muni þau atvik vera að miklu leyti komin fram sem ráða fjárhæð vaxtabóta. Orðrétt segir síðan, með leyfi forseta:

„Er það álit mitt að rétthafar vaxtabóta megi almennt treysta því að þeir fái greiddar vaxtabætur fyrir þann tíma ársins sem liðinn er samkvæmt þeim reglum sem hafa verið í gildi á árinu.

Samkvæmt framangreindu er það álit mitt að réttur til vaxtabóta fyrir þann hluta ársins 2003, sem liðinn er, njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Haggar það ekki stjórnskipulegri vernd þessa réttar þótt hann verði ekki að fullu ákveðinn og endanlegur fyrr en í árslok 2003 og ekki gjaldkræfur fyrr en við lok álagningar á árinu 2004."

Síðan er tekið fram að það atriði kunni að leiða til þess að löggjafanum sé játað rýmri heimildum við skerðingu þessa réttar.

Það er athyglisvert að Skúli Magnússon tók beinlínis fram að ef þetta ákvæði verður lögfest hálfum mánuði seinna en nú á að gera þá væri engum vafa undirorpið að það standist ekki stjórnarskrána. Hann segir það líka hér, herra forseti, sem ég ætla að vitna aftur til, með leyfi forseta:

„Haggar það ekki stjórnskipulegri vernd þessa réttar þótt hann verði ekki að fullu ákveðinn og endanlegur fyrr en í árslok 2003 og ekki gjaldkræfur fyrr en við lok álagningar á árinu 2004."

Auk þess kemur fram í áliti Skúla að ekki sé útilokað að réttur til vaxtabóta, sem þegar er tekinn að myndast, falli undir eignarréttarhugtak ákvæðisins þótt rétturinn sé ekki endanlega orðinn til eða virkur. Orðrétt segir síðan í álitinu, með leyfi forseta:

„Styðst það við þau rök, sem áður greinir, að rétthafi bóta getur með nokkurri nákvæmni áætlað fjárhæð þeirra bóta sem hann mun eiga rétt á fyrir það tímabil sem liðið er."

Herra forseti. Fólk á að geta treyst því að þær ráðstafanir sem það hefur gert um fjármál sín haldi og ekki sé gripið til afturvirkra skerðinga. Fólk gerir áætlanir. Margt fólk hefur gert áætlanir á þessu ári. Það hefur gert greiðsluáætlanir sem gerðar eru nú í bönkum og lánastofnunum fyrir fólk. Þegar þar er reiknuð út árlega greiðslubyrði hjá fólki eða mánaðarlega greiðslubyrði, er teknar með í þá útreikninga þær vaxtabætur sem falla til vegna vaxtagjalda af þeim lánum sem stofnað hefur verið til. Hér er því verið að raska verulega fjárhagsáætlunum sem fólk hefur gert.

Ég vitna líka til þess, herra forseti, að í áliti Eiríks Tómassonar er því einnig lýst að réttur til vaxtabóta á árinu 2004, sem þegar hefur myndast að verulegu leyti, teljist til eignarréttinda í skilningi stjórnarskrárinnar.

Þessi sjónarmið sem ég hef hér lýst eru ótvíræð rök sem styðja þau sjónarmið 1. minni hluta að atvikin sem mynda réttinn hafi þegar orðið og að réttindi stofnist þegar vaxtagjöldin falli til. Afar líklegt er því að skerðing á þeim réttindum gangi gegn stjórnarskránni, ekki síst þegar vel er liðið á desembermánuð og öll helstu atvik komin fram sem ráða fjárhæð vaxtabóta. Hér er því um íþyngjandi afturvirkt ákvæði að ræða og umtalsverð hætta á að það gangi gegn stjórnarskránni.

Í þeim tveimur lögfræðiálitum sem liggja fyrir í málinu er ljóst að skiptar skoðanir eru um hvort og þá að hve miklu leyti vaxtabætur tengjast skattkerfinu eða séu hluti af því. Þannig heldur Skúli Magnússon því fram í sínu áliti að 77. gr. stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skatta eigi ekki við um þá breytingu sem frumvarpið gerði ráð fyrir varðandi skerðingu vaxtabóta. Telur hann að ekkert beint samband sé milli álagningar skatta og greiðslu vaxtabóta. og hans rök, álit og vafamál sem koma fram í hans áliti byggjast fyrst og fremst á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Eiríkur Tómasson telur aftur á móti að vaxtabætur séu hluti af skattkerfinu. Hann vitnar til hæstaréttardóma þar sem Hæstiréttur hafi skýrt ákvæði 77. gr. um bann við afturvirkni skattalaga á þann veg að breyting á frádráttarheimild, sem leiðir til hærri skattgreiðslu, falli undir ákvæðið sé sú breyting gerð með afturvirkum hætti. Er það skoðun Eiríks að hin nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið kunni, ásamt öðrum atriðum, að hafa áhrif á úrlausn dómstóla á því hvort afturvirk skerðing bótanna, eins og hún er ráðgerð, teljist stjórnskipulega gild.

Hann segir einnig í áliti sínu að mælt sé fyrir um vaxtabætur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og bæturnar ákvarðaðar á grundvelli upplýsinga í skattframtali um leið og álagning skatta fer fram. Þótt vaxtabætur taki fyrst og fremst mið af vaxtagjöldum framteljenda eru þeim sett takmörk sem miðast nánar tiltekið við tekjur og eignir framteljenda. Jafnframt sé kveðið á um að bótunum verði m.a. skuldajafnað á móti sköttum og öðrum gjöldum. Telur Eiríkur Tómasson að vaxtabæturnar séu nokkurs konar framhald á vaxtafrádrættinum sem áður tíðkaðist, áður en vaxtabæturnar komu til.

Það hlýtur einnig að vega þungt um íþyngjandi afturvirk ákvæði frumvarpsins að stór hópur skuldugra einstaklinga hefur nýtt sér ákvæði um fyrirframgreiðslu vaxtabóta og þegar fengið þær greiddar vegna vaxtagjalda sem falla til á árinu 2003. Ég trúi því ekki að hæstv. dómsmrh. sem hér gengur í salinn ætli að standa að því að brjóta stjórnarskrána með þeim hætti sem við höfum verið að fara yfir. Ég býst við að hæstv. dómsmrh. sé kominn hingað úr ráðuneyti sínu til þess að hlýða á málflutning okkar sem höldum því fram að ráðherrann hafi nokkrar áhyggjur af þeirri leið sem hér á að fara, þ.e. að tefla á tæpasta vað varðandi stjórnarskrána og að hann sé að vega og meta atkvæði sitt sem hér á að falla til á eftir eða morgun, þ.e. hvernig hann ætli að verja því. Það er afar skynsamlegt hjá hæstv. dómsmrh. að hlaupa ekkert hér til og greiða atkvæði án þess að hafa hugsað málið og í blindni greiða þessu atkvæði sem líklegt er að brjóti stjórnarskrána.

Herra forseti. Það hlýtur að vera mjög alvarlegt gagnvart þeim 3.000 einstaklingum sem hafa fengið fyrir fram greiddar vaxtabætur á þessu ári vegna vaxtagjalda sem féllu til á þessu ári að eiga að endurgreiða þær að hluta til í ágústmánuði, um þau 10% sem á að fara að skerða þær um. Þetta eru vaxtabætur sem þeir þegar hafa fengið greiddar upp í hendurnar.

Hverjir eru þessir 3.000 einstaklingar? Hverjir geta fengið fyrir fram greiddar vaxtabætur? Það eru þeir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Það er unga fólkið sem svona á að fara með. Það hefur fengið vaxtabæturnar greiddar, er væntanlega búið að eyða þeim annaðhvort til þess að greiða niður lán sín eða á annan hátt. En þetta á að endurgreiðast. Þetta viðurkenndu nú báðir lögfræðingarnir, herra forseti, að styddi við það að hér gæti verið um stjórnarskrárbrot að ræða.

En þessara 3.000 einstaklinga bíður nú, ef þetta ákvæði nær fram að ganga, að endurgreiða 10% af þeim vaxtabótum sem þeir hafa fengið á þessu ári vegna áfallinna vaxtagjalda á árinu. Um gæti verið að ræða 26 þús. kr. hjá hjónum, 20 þús. hjá einstæðu foreldri og um 16 þús. kr. hjá einstaklingi.

Herra forseti. Varðandi þennan þátt frv. vil ég segja að 1. minni hlutinn átelur ríkisstjórnina harðlega fyrir að ætla að skerða vaxtabætur um 600 millj. kr. á næsta ári, ekki síst í ljósi þess að umtalsverð áhætta er þar tekin að eina ferðina enn sé verið að ganga í berhögg við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki er ólíklegt að einhver þeirra yfir 50 þúsund einstaklinga sem eru rétthafar vaxtabóta vegna vaxtagjalda sem falla til á þessu ári og gert er að sæta íþyngjandi afturvirkum fjárhagslegum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar leiti réttar síns fyrir dómstólum. Það er alls ekki ólíklegt, herra forseti, að einhver af þessum 50 þúsund einstaklingum láti á það reyna fyrir dómstólunum hvort verið sé að ganga á rétt hans með þeirri skerðingu sem hér á að ganga yfir rétt fyrir jólin.

Ég verð að segja það líka, herra forseti, að það er ámælisvert að þegar komin er ný útfærsla á skerðingu á vaxtabótum þá lætur meiri hlutinn ekki svo lítið að leita til aðila eins og ASÍ eða BSRB um hvað þeir segja við þessari nýju útfærslu. Við gengum nokkuð hart eftir því við meiri hluta efh.- og viðskn. að a.m.k. fulltrúar ASÍ og BSRB yrðu kallaðir fyrir nefndina til þess að við fengjum að heyra álit hinni á þeirri nýju útfærslu sem þeir ætla að beita varðandi skerðinguna. En ekki var við því orðið. Það var einungis við því orðið að senda ASÍ þessa breytingartillögu eftir að málið var tekið út úr nefndinni. Í dag barst okkur umsögn Alþýðusambandsins um þessa nýju skerðingu, þessa 10% skerðingu. Skal ég nú ekki tefja fundinn, herra forseti, með því að lesa allt bréfið. En þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands leggst gegn þeirri tillögu að draga úr vaxtabótum um 10% til að auka skatttekjur ríkissjóðs, þar sem slík skerðing vaxtabóta hefði í för með sér auknar skattgreiðslur þeirra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Sérstaklega vill Alþýðusambandið gera athugasemd við þá fyrirætlan að láta ákvæðið gilda með afturvirkum hætti og hafa þannig áhrif á skattgreiðslur rúmlega 34.000 einstaklinga til hækkunar. Slíkt er ekki með nokkru móti ásættanlegt."

Ég vil vekja athygli á því að hér er sagt 34.000 einstaklingar. Ég talaði um yfir 50.000 áðan en hjón eru talin sem einn aðili í þessum tölum og út frá því er rætt um 34.000 einstaklinga. Í þeim tölum sem ég nefni, yfir 50.000 sem eru reyndar um 56.000, eru einstaklingarnir taldir hver fyrir sig en ekki gert eins og af hálfu ASÍ.

Varðandi hátekjuskattinn, sem ég ætla að víkja að næst, vil ég segja að til stendur að lækka hátekjuskatt í áföngum og fella hann loks brott. Þar eru enn ein svik sjálfstæðismanna við kjósendur. Þeir lofuðu að skatturinn yrði ekki framlengdur um þessi áramót eins og til stóð. Í stað þess að fella hann brott verður hann 4% á næsta ári. Hann á að lækka á þar næsta ári og síðan að falla brott samkvæmt þeim áformum sem ríkisstjórnin hefur nú uppi. En 1. minni hluti ítrekar þá skoðun sína að það er ekki forgangsverkefni að fella niður hátekjuskattinn meðan persónuafsláttur, barnabætur og vaxtabætur eru skertar. Ríkisstjórnin er að auka skattbyrði almenns launafólks með því að breyta viðmiðunarfjárhæðum í skattalögum einungis í samræmi við áætlað verðlag, eins og ég kom inn á áðan í upphafi máls míns.

Ástæða er til að halda til haga að á tíu ára tímabili, frá árinu 1993 til 2002, þegar litið er til tekjuskatts einstaklinga, hefur ríkisstjórnin gegnumgangandi yfirleitt miðað við neysluverðsvísitölu eða verðlagsvísitölu en ekki launavísitölu. Hefði verið miðað við launavísitölu hefðu vaxtabæturnar, persónuafslátturinn og barnabæturnar orðið 29% hærri en þegar miðað er við vísitölu neysluverðs eins og þessi ríkisstjórn hefur gert. Þar er því um 29% mun að ræða.

Varðandi hátekjuskattinn þá eru þetta um 1.773 millj. kr., sýnist mér, sem ríkisstjórnin eða fjmrn. gerir ráð fyrir vegna álagningar hans á árinu 2003. Spurt var hvað ríkissjóður hefði í tekjur ef tekjumark í hátekjuskatti yrði hækkað. Mörgum finnst það afar lágt, sérstaklega hjá einstaklingum, um 340 þús. kr. og tvöfalt það hjá hjónum, sem er kannski bærilegt. Það er ekki mjög hátt hjá einstaklingum, um 340 þús. kr. En það mundi skerða tekjur ríkissjóðs, sem eru um 1.700 millj. kr., um 1 milljarð kr.

Ég þarf ekki að fara í aðrar breytingar, herra forseti. Lagt er til að fella á brott ákvæði laga um alþjóðleg viðskiptafélög, sem við styðjum. Auk þess eru lagðar til breytingar sem fela í sér einföldun á skatteftirliti og einföldun á skattaframkvæmdinni, sem við styðjum einnig. Aðrar breytingar eru til að leiðrétta mistök, m.a. tilvísanir í gildandi lögum sem leiða til þess að ekki er samræmi í heildarskattlagningu, þ.e. skattlagningu félaga og einstaklinga, að því er varðar samlagsfélög og sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila annars vegar og samlaga, samtaka og annarra lögaðila hins vegar. Það ber okkur auðvitað að styðja.

Það er ástæða til þess í lokin, herra forseti, að vísa í umsögn fjölskylduráðs. Fjölskylduráð er ráð sem þessi ríkisstjórn kom á fót, ef ég man rétt, til þess að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar í málefnum sem snerta fjölskylduna, m.a. varðandi skattabreytingar, varðandi skerðingar á vaxtabótum, barnabótum o.s.frv.

Ég ætla að lesa upp það sem fjölskylduráð segir um þessa fyrirætlan ríkisstjórnarinnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjölskylduráð telur að þessi áform [þ.e. að draga úr vaxtabótum] muni íþyngja mörgum heimilum sem hafi reiknað með a.m.k. jafnháum vaxtabótum og þegar það gerði húsnæðiskaup sín. Fjölskylduráð telur að stjórnvöld eigi að setja sér þau almennu markmið gagnvart fjölskyldufólki, að fjölskyldur geti gert langtímaáætlanir um fjármögnun húsnæðiskostnaðar. Fjölskylduráð telur mjög óeðlilegt að kynna með þessum hætti breytingar á skattstofnum og útreikningum skatta sem geta með þeim hætti kollvarpað áætlunum fólks í húsnæðismálum og þannig stefnt fjárhagslegri stöðu þeirra í mikinn vanda.

Þá bendir fjölskylduráð á að þessi breyting getur íþyngt verulega fjölskyldufólki með þunga greiðslubyrði og háar skuldir.

Fjölskylduráð telur að þau markmið sem stjórnvöld hafa kynnt um hækkun lána til húsnæðismála fari ekki saman við lækkun vaxtabóta.

Fjölskylduráð mælir því gegn þessari breytingu á frumvarpinu."

Ég hygg að ríkisstjórnin hafi ekki sent þetta mál til fjölskylduráðs til umsagnar, eins og hún á að gera samkvæmt lögum. Hún sendir ekkert mál til fjölskylduráðs. (**PHB:** En Verslunarráðið?) Verslunarráðið er allt annar handleggur. Verslunarráð fær hvað eina sem hér kemur á borð þingmanna til umsagnar. Hér skrifar formaður fjölskylduráðs undir álitið, Drífa Sigfúsdóttir. Að því er ég best veit þá kannast hún a.m.k. vel við Framsfl. En þeir fara greinilega ekki eftir því sem hún segir, þó að hún sé með góðar og gagnlegar ábendingar til þeirra um að ráðast ekki með þessum hætti á kjör fólks í landinu.

Herra forseti. Niðurstaða okkar í 1. minni hluta nefndarinnar er sú að við munum greiða atkvæði gegn frv. í heild sinni vegna ákvæðanna um íþyngjandi afturvirkni vaxtabóta, sem veruleg hætta er á að standist ekki stjórnarskrána. 1. minni hluti ætlar það harðlega auk þess sem verið er að þyngja skattbyrði almenns launafólks með því að færa viðmiðunarfjárhæðir skattalaga einungis til samræmis við verðlagsbreytingar, eins og ákvæði skattalaga um persónuafslátt, barna- og vaxtabætur.

[16:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ýmislegt við ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að athuga.

Í fyrsta lagi varðandi það að fjölskylduráð hafi ekki fengið þetta til umsagnar. Þannig er að hver einasti þingmaður hefði getað lagt til að það fengi frv. til umsagnar, það er opið. Þingmenn bæta iðulega við aðilum til umsagnar. Ég ætla að minna hv. þm. á það í framtíðinni að senda fjölskylduráði frumvörp til umsagnar.

Hv. þm. gat um að sú hugsun sem væri í frv. og á að taka gildi í ársbyrjun 2005 væri íþyngjandi. Hún er aðallega íþyngjandi fyrir hátekjufólk vegna þess að hátekjufólk kaupir stórar eignir og fær þar af leiðandi bankalán með hærri vöxtum og borgar þar af leiðandi hærri vexti sem hlutfall af skuldum. Það er aðallega hátekjufólk sem hitt verður fyrir með þeirri reglu.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um hugmynd mína um hátekjuskattinn vil ég segja þetta: Segjum að maður nokkur ákveði að hefja vinnu uppi í Kárahnjúkavirkjun eða hugsar um það með fjölskyldu sinni. Konan hans segir: Þú getur farið þangað af því að hátekjuskatturinn fellur niður, þú ert með 50 þús. kr. meira á mánuði. Hann ákveður þetta í byrjun desember að ráða sig í vinnu við Kárahnjúka, fjarri fjölskyldu, fjarri skemmtunum og öðru slíku í bænum. Síðan er allt í einu settur á hann hátekjuskattur þannig að honum er refsað fyrir þá ákvörðun sem hann áður hafði tekið. Hann þarf að borga hátekjuskatt. Ef það sem við erum að ræða hér er óheimilt þá er þetta enn frekar óheimilt. Ég tel reyndar að hvort tveggja sé í samræmi við stjórnarskrána en ég bendi hv. þm. á að það er ýmislegt sem ekki má ef ekki má gera það sem við leggjum til í þessu frv. með þessari brtt.

[16:55]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki þennan málflutning. Ég óskaði eftir því að þetta frv. yrði sent til fjölskylduráðs. Ég var að lesa upp úr umsögninni sem við fengum frá fjölskylduráði. Ég legg það ávallt til ef um er að ræða eitthvað sem snertir heimilin í landinu að fjölskylduráð fái eitthvað um það að segja. Ég hygg að ég sé ein af fáum þingmönnum sem það gera.

Ég var að gagnrýna að ríkisstjórnin sendi ekki málið til umsagnar til fjölskylduráðs eins og hún á að gera samkvæmt lögum. Við skulum muna það í sameiningu hér eftir, ég og hv. þm., að í hvert einasta skipti sem við fáum mál sem snertir fjölskylduna þá fái fjölskylduráð viðkomandi frv.

Ég minni hv. þm. á, af því að hann hefur tækifæri til þess, þ.e. hann fær frumvörp til skoðunar í þingflokki sínum áður en þau eru lögð fyrir þingið, að spyrjast fyrir um það í þingflokki sínum hvort frumvörp, sem lúta að skerðingum á kjörum heimilanna eða einstaklinganna, hafi farið til fjölskylduráðs. Þetta var skrýtin ábending hjá hv. þm.

Varðandi hátekjuskattinn þá átti hann að falla niður um næstkomandi áramót. (Gripið fram í.) Ekki er við okkur í stjórnarandstöðunni að sakast að svo verður ekki. Þar er við hans eigin ráðherra og hans eigin þingflokk að sakast. Þeir stóðu ekki við það sem þeir sögðu í kosningabaráttunni, að það ætti að leggja niður hátekjuskattinn. Maðurinn sem hv. þm. var að vísa til og nefna dæmi um á ekkert sökótt við okkur í stjórnarandstöðunni. Hann á fyrst og fremst eitthvað sökótt við Sjálfstfl. sem sveik loforð um að afnema hátekjuskattinn eins og hann sveik önnur loforð. Hann lofaði að tímasetja í upphafi þessa þings í haust skattalækkanir en hann hefur ekki gert það, a.m.k. ekki enn þá. Hann talaði ekki um að hans fyrsta verk yrði að skerða vaxtabætur.

Allt það sem hv. þm. nefndi ætti hann fyrst og fremst að ræða á þingflokksfundi hjá sjálfstæðismönnum en ekki í þingsalnum.

[16:57]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðja hv. þm. afsökunar varðandi fjölskylduráð og misskilning í því sambandi. En það vill svo til að þegar ég er búinn að hlusta á ræðu í 10–15 mínútur þá dofnar athygli mín þvílíkt að ég hætti að taka eftir. Þannig er með flest fólk. Þess vegna eru svona langar ræður ekkert voðalega skilvirkar.

Varðandi hátekjuskattinn. Vissulega lofuðum við að afnema hann en við fengum bara ekki meiri hluta á þingi. Þess vegna urðum við að sætta okkur við að fara í samsteypustjórn og sætta okkur við það sem sá flokkur sem fór í samsteypustjórn með okkur vildi og hvaða stefnu hann hafði. Málamiðlunin varð sú að skatturinn yrði felldur niður á tveimur árum, stiglækkandi. Það er svona ákveðið skref í þá átt að fella þetta alveg niður.

En talandi um hátekjuskattinn þá tekur fólk ákvarðanir í fortíðinni sem eru svo skattlagðar í framtíðinni, t.d. um að ráða sig á skip eða að ráða sig við Kárahnjúkavirkjun. Sú ákvörðun er gerð ómöguleg með skattlagningu með nákvæmlega sömu rökum og hv. þm. er að segja að þessi breyting brjóti stjórnarskrána. Ég tel að hvorugt geri það.

Ég vil benda á eftirfarandi sem Eiríkur Tómasson nefnir í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Jafnframt hafa þeir, sem hlut eiga að máli, lítið svigrúm til þess að bregðast við skerðingunni, sbr. ummæli Hæstaréttar í dómi sínum 24. október 2002, þar sem vísað er til þess að sá, sem taldi á sér brotinn rétt vegna breytinga á lífeyrisréttindum, hafi haft „alla aðstöðu og forsendur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka afstöðu til þeirra.""

Eitthvað liggur fyrir og menn eru búnir að taka ákvarðanir í fortíðinni, nákvæmlega eins og maðurinn sem fer í Kárahnjúkavirkjun. Hann var búinn að gera ráð fyrir því að hann fengi þessi laun í janúar, febrúar og mars með þeim sköttum sem eru í gildi. Svo er sköttunum breytt og allt í einu kemur hátekjuskattur.

Það sem ég er að segja er að þeim rökum sem hv. þm. beitir á bætur má nákvæmlega eins beita á aðrar tekjur. Með sömu rökum má í raun enga skatta leggja á, ekki nema með mjög löngum fyrirvara, með eins til tíu ára fyrirvara.

[16:59]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst af orðum hv. þm. að hann hefur miklu meiri áhyggjur af hátekjumönnum en lágtekjumönnum. Við erum hér fyrst og fremst að ræða skerðingu á vaxtabótum en hann kemur alltaf inn á hátekjuskattinn og teflir fram rökum um að ekki eigi að vera hér hátekjuskattur.

Varðandi vaxtabæturnar og skerðinguna sem nú er áformuð þá er um að ræða flata skerðingu sem gengur yfir alla, jafnt þá sem hafa litlar tekjur og þá sem hafa háar tekjur. Þetta fólk hefur gert áætlanir eins og hv. þm. nefndi varðandi fólkið með hátekjuskattinn. Það hefur gert greiðsluáætlanir, eins og það á að gera lögum samkvæmt þegar það sækir um greiðslumat. Því er öllu kollvarpað vegna þess að greiðslubyrðin sem er reiknuð út í bönkunum miðast við að viðkomandi fái vaxtabætur og þar með lægri greiðslubyrði.

Nú ætlar hv. þm. að standa að því skerða kjör þessa fólks um 10% af útgreiddum vaxtabótum á næsta ári, herra forseti, sem hefur fengið vaxtabæturnar greiddar fyrir fram. Það er fyrst og fremst fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn. Það er komið með vaxtabæturnar í hendurnar og hefur væntanlega látið þær ganga upp í greiðslu eða afborgun af láni. Nú ætlar hv. þm. að standa að því að þetta fólk skili aftur inn í ríkissjóð 10% af því sem það fékk greitt út.

Þetta er til háborinnar skammar fyrir þessa ríkisstjórn. Hv. þm. skal huga vel að því að það er næsta víst að einhver mun leita með þetta mál til dómstóla. Þá skal hann rifja upp það sem hann sagði, hv. þm., að stjórnarskráin eigi að njóta vafans, ef einhver er. Þarna leikur verulegur vafi á og eins og Eiríkur Tómasson prófessor sagði á fundinum er umtalsverð áhætta á ferðinni, að það gæti verið um að ræða brot á stjórnarskránni.

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Andlát íslensks drengs í Hollandi, 358. mál, svar dómsmrh., þskj. 621.

Evrópska efnahagssvæðið og íslenskur vinnumarkaður, 345. mál, svar utanrrh., þskj. 459.

Vetnisráð, 452. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 645.

[17:02]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og ég tala fyrir áliti 2. minni hluta.

Eins og fram hefur komið við umræðuna og í grg. sem fylgir frv. er þar tekið á fjórum meginþáttum auk minni háttar kerfisbreytinga sem varða skattheimtu og framkvæmd hennar og samstaða var um.

Efnisþættirnir eru í fyrsta lagi að viðmiðunarfjárhæðir laganna, þ.e. fjárhæðir vegna tekjuskatts, eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta, eru hækkaðar samkvæmt verðlagsforsendum fjárlagafrv. fyrir komandi ár eða um 2,5%. Nauðsynlegt er að þær fjárhæðir komi til endurskoðunar með hliðsjón af kjarasamningum því að eðlilegt er að þessar bætur taki mið af umsömdum launahækkunum en að lágmarki hækki þær þó aldrei minna en almennar verðlagsbreytingar.

Í öðru lagi var upphaflega gert ráð fyrir því í frumvarpinu að útreikningi vaxtabóta yrði breytt á þann veg að hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum átti að breytast úr 7% í 5,5%. Þetta er sá þáttur frumvarpsins sem hefur vakið mestar deilur og framkallað mesta gagnrýni.

Fyrir það fyrsta kom fram gagnrýni frá verkalýðshreyfingunni og vísa ég þar í álitsgerðir heildarsamtaka launafólks, bæði ASÍ og BSRB, sem í álitsgerð sinni studdist við ályktun nýafstaðins þings bandalagsins. Þá er rétt að vísa í eindregin mótmæli fjölskylduráðs gegn skerðingu vaxtabóta.

Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Fram kemur í frumvarpinu að lagt er til að útreikningum vaxtabóta verði breytt með það að markmiði að draga úr frekari skuldsetningu heimilanna í landinu. Fjölskylduráð telur að þessi áform, þ.e. að draga úr vaxtabótum, muni íþyngja mörgum heimilum sem hafi reiknað með a.m.k. jafnháum vaxtabótum og þegar það gerði húsnæðiskaup sín. Fjölskylduráð telur að stjórnvöld eigi að setja sér þau almennu markmið gagnvart fjölskyldufólki, að fjölskyldur geti gert langtímaáætlanir um fjármögnun húsnæðiskostnaðar. Fjölskylduráð telur mjög óeðlilegt að kynna með þessum hætti breytingar á skattstofnum og útreikningum skatta sem geta með þeim hætti kollvarpað áætlunum fólks í húsnæðismálum og þannig stefnt fjárhagslegri stöðu þeirra í mikinn vanda. Þá bendir fjölskylduráð á að þessi breyting getur íþyngt verulega fjölskyldufólki með þunga greiðslubyrði og háar skuldir. Fjölskylduráð telur að þau markmið sem stjórnvöld hafa kynnt um hækkun lána til húsnæðismála fari ekki saman við lækkun vaxtabóta. Fjölskylduráð mælir því gegn þessari breytingu í frumvarpinu."

Þetta lýtur að almennri gagnrýni á skerðingu á vaxtabótum. Á hinn bóginn var gagnrýnt með hvaða hætti þetta skyldi gerast, þ.e. að færa hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5%. Þar var bent á að skerðingin kæmi til framkvæmda með afturvirkum hætti, þ.e. við álagningu ársins 2004 vegna vaxtagjalda liðins árs, ársins 2003. Í efh.- og viðskn. komu upp efasemdir um að afturvirkt ákvæði í skattalögum stæðist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Tveir fulltrúar í nefndinni, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir, óskuðu formlega eftir að leitað yrði álits hjá Lagastofnun Háskóla Íslands um stjórnarskrárleg og lagaleg álitaefni sem tengdust frumvarpinu og var þetta í samræmi við vilja fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd.

Tvö álit bárust frá Háskóla Íslands, annars vegar frá Skúla Magnússyni, dósent við lagadeild háskólans. Hann skilaði áliti sínu til fjmrn. 28. nóvember og síðar barst álitsgerð frá Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands.

Frá því er skemmst að segja að álit Skúla Magnússonar um þessa fyrstu tillögu sem fyrir lá var á þann veg að hætta væri á því að lagabreytingin, ef hún kæmi til framkvæmda, stæðist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Meginhugsunin var sú að þar sem um væri að ræða afturvirka ráðstöfun, sem

tæki til takamarkaðs hóps, þá kynni þetta að verða túlkað fyrir dómstólum sem upptaka á eign, eignarupptaka.

Nú voru góð ráð dýr og ný tillaga kom fram frá ríkisstjórninni. Í stað þess að skerða vaxtabætur hjá afmörkuðum hópi var brugðið á það ráð að ná fram þeim niðurskurði, þeim sparnaði í vaxtabótakerfinu sem nemur 600 millj. kr., með öðrum hætti og almennari. Fram kom tillaga um að skerða vaxtabætur allra sem þeirra nytu um 10%, eða eins og segir í brtt. stjórnarmeirihlutans, með leyfi forseta:

„Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna."

Það var gagnvart þessu sem Eiríkur Tómasson, prófessor í lögum, beindi sjónum sínum þegar hann grandskoðaði lögin og tillögur stjórnarinnar. Hann komst að þeirri almennu niðurstöðu, þeirri meginniðurstöðu að slík breyting á lögunum mundi standast stjórnarskrá, það var hans almenna sjónarmið. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér fannst þau rök sem færð voru fram þar að lútandi vera allsannfærandi.

Hins vegar er á það að líta að í niðurlagi greinargerðar sinnar setur hann ákveðinn fyrirvara hvað þetta varðar.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána."

Ég sé ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á þeim varnaðarorðum sem koma fram í álitsgerð lagaprófessorsins og legg áherslu á það, þannig að farið sé rétt með áherslur hans. Hann telur lagabreytinguna standast stjórnarskrá en setur þennan ákveðna fyrirvara. Mér hefur fundist þessi rökstuðningur vera allsannfærandi.

Hins vegar finnst mér það sjónarmið líka sannfærandi — og það er hlutur sem Alþingi þarf að vega og meta — að þegar vafi leikur á að lög standist stjórnarskrá beri að láta stjórnarskrá njóta vafans. Menn þurfa að velta þessu fyrir sér.

Andstaða mín við þessi lög eða þennan hluta laganna byggist hins vegar fyrst og fremst á niðurskurði á vaxtabótunum. Ég tel vissulega koma til álita að taka vaxtabótakerfið allt til uppstokkunar og endurskoðunar. Ég set ekki loku fyrir að það kunni að verða niðurstaða að vaxtabætur verði skertar en þá í samhengi við aðrar skattkerfisbreytingar sem tryggi láglauna- og millitekjuhópum sem eru að koma sér upp húsnæði eða leigja húsnæði, sambærileg kjör eða betri en þeir áður hafa haft. Þetta er afstaða mín til þessa þáttar frv., þ.e. skerðingar á vaxtabótum. Ég er andvígur þeim, ég er andvígur skerðingu upp á 600 milljónir og vísa til þess að ekki er ráðist í aðrar skattkerfisbreytingar sem kæmu þá til móts við láglauna- og millitekjuhópa í þjóðfélaginu.

Þetta var annar stóri efnisþátturinn í frv., fyrsti var viðmiðunarfjárhæðirnar, annar var skerðingin á vaxtabótunum. Í þriðja lagi er um það að ræða að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld úr skattalögunum. Jafnframt var boðað frv. frá viðskrh. um afnám laga um alþjóðleg viðskiptafélög. Frumvarpið er reyndar á dagskrá þingsins og það frv. styð ég heils hugar að öðru leyti en því að ég er mjög ósáttur við að dagsetningu um gildistöku þeirra laga er frestað frá því sem upphaflega er ráð fyrir gert, frá 1. janúar nk. til 1. mars. Ég hef ekki fundið nein sannfærandi rök fyrir því að fallast eigi á slíka frestun og að því lýtur fyrirvari minn í því máli og mun ég gera grein fyrir honum þegar þar að kemur.

Hvað varðar þessi viðskiptafélög er þetta tilraunastarfsemi sem er unnin í samkrulli við Verslunarráð Íslands, ég vek athygli forseta þingsins á því að þar er um að ræða samstarfsverkefni Verslunarráðsins og viðskrn. sem hefur kostað íslenska skattgreiðendur tugi milljóna króna, skilað litlum sem engum árangri, kannski sem betur fer, því að um er að ræða að mínu mati ósiðlega tilraun til þess sem kallað er andfélagsleg skattasamkeppni. Þar vísa ég í tilraunir sem unnar eru á vegum Efnahags- og framfarastofnunar OECD. (*Gripið fram í.*) *Já, andfélagsleg skattasamkeppni, þar sem* ríki keppast um að fá fyrirtæki til sín með því að skapa þeim skattaskjól og hættan er sú að ef öll ríki eru knúin út á þá braut muni það til lengri tíma litið grafa undan velferðarþjónustunni sem sköttum er ætlað að fjármagna. (Gripið fram í.) Nú heyrði ég ekki framm'ikall hv. formanns efh.- og viðskn. (**PHB:** Minnka BSRB.) Minnka BSRB, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. — Það muni grafa undan velferðarsamfélaginu. Þetta er tilraun eða verkefni sem unnið er á vegum OECD að reyna að koma í veg fyrir slíkt, koma í veg fyrir þessi skattaskjól og undanskotssvæði hvort sem þau eru á Gíbraltar, Ermarsundinu, Karíbahafi eða annars staðar. Reyndar Sviss og Lúxemborg líka sem hafa verið gagnrýnd af hálfu þessa verkefnis. Það hefur verið viðurkennt af hálfu hæstv. viðskrh. þegar ég hef tekið slíkt upp á þingi og flutt um það þingmál, að gagnrýni á alþjóðleg viðskiptafélög hafi komið fram úr þeim búðum. Ég fagna því þeim þætti frv. að leggja eigi þessi alþjóðlegu viskiptafélög af.

Í fjórða lagi, og vísa ég þá til fjórða meginþáttar frv., er gert ráð fyrir að framlengja sérstakan tekjuskatt sem í daglegu tali er jafnan vísað til sem hátekjuskatts. Það á að framlengja þennan skatt um tvö ár. Því ber að fagna enda er þetta í samræmi við þau markmið sem æskilegt er að skattalög byggi á, þ.e. að þau séu til tekjujöfnunar ekki síður en til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur jafnan verið opin fyrir þeirri hugmynd að taka skattkerfið allt til endurskoðunar en þá skuli það gert með það að markmiði að gera kerfið réttlátara og markvissara, en þó jafnan með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlega fjármuni til að standa straum af kostnaði við velferðarþjónustu landsmanna.

Hvað þennan þátt frv. snertir er ég honum sammála. Ég er sammála þeim þætti frv. að framlengja hinn svokallaða hátekjuskatt en legg áherslu á að það kann vel að renna upp sá tími að við leggjum það sérstaka þrep af en þá verði það gert í sambandi við heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni sem gengi út á að gera skattkerfið allt markvissara, gera skatttheimtuna markvissari, gera kerfið auðveldara í framkvæmd en jafnframt stuðla að hinum tveimur þáttunum sem ég tel vera mikilvægast af öllu, að stuðla að jöfnuði í þjóðfélaginu og tryggja og treysta tekjustofna hins opinbera.

Okkur voru í dag að berast enn fleiri álitsgerðir og mótmæli gegn frumvarpinu. Alþýðusamband Íslands hefur sent umsögn um brtt. stjórnarmeirihlutans varðandi vaxtabæturnar. Áður hafði Alþýðusambandið mótmælt prósentu- eða hlutfallsbreytingunni úr 7% í 5,5% á niðurskurði vaxtabótanna og nú ganga þessi síðustu mótmæli eða álitsgerð Alþýðusambandsins út á að andmæla einnig 10% flötum niðurskurði á vaxtabótunum. Reyndar er talað um þetta sem skattahækkun. Ég hefði haft annan hátt á og talað um þetta sem skerðingu á stuðningi en ekki skattahækkun, hefði

nálgast málið frá þeirri hlið en engu að síður eru menn að sjálfsögðu að tala um sama hlutinn.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til frv. Í örfáum setningum byggir gagnrýni mín á frv. á því að viðmiðunarupphæðir bótafjárupphæða hækka einvörðungu í tengslum við fjárlög. Ég tel sýnt að þær upphæðir þurfi að taka til endurskoðunar með hliðsjón af kjarasamningum því að ég tel að þessar upphæðir eigi að taka mið af almennum umsömdum hækkunum.

Í öðru lagi mótmæli ég niðurskurði á vaxtabótum um 600 millj. kr. Ég geri það fyrst og fremst á þeirri forsendu að um er að ræða skerðingu á kjörum en vek þó athygli á þeim fyrirvara sem lögspekingar sem leitað var til, bæði af hálfu fjmrn. og einnig af hálfu efh.- og viðskn., hafa gert. Annar var fenginn til af hálfu ráðuneytisins, hinn af hálfu nefndarinnar og vek ég athygli á varnaðarorðum sem fram hafa komið frá þessum aðilum.

Í þriðja lagi er ég því hlynntur að hin alþjóðlegu viðskiptafélög verði afnumin eða heimildir til þeirra verði numdar brott úr lögum.

Í fjórða lagi er ég því hlynntur að svokallaður hátekjuskattur, sérstakur tekjuskattur eins og hann nefnist á lagamáli, skuli numinn brott úr lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 2. umr.

Stjfrv., 312. mál (brottfall laga o.fl.). — Þskj. 358, nál. 619.

[17:21]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum, nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu.

Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Kauphöll Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að útgáfu starfsleyfa til alþjóðlegra viðskiptafélaga verði hætt frá og með 1. janúar 2004 og að starfsleyfi félaga sem þegar hafa fengið starfsleyfi falli úr gildi 1. janúar 2008 samhliða því að lögin falla úr gildi.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af lögunum og röksemda sem tíundaðar eru í greinargerð lýsir nefndin sig fylgjandi frumvarpinu. Nefndin telur þó rétt að að gefa markaðnum ráðrúm til að átta sig á breytingunum og leggur því til að ekki verði tekið fyrir útgáfu nýrra starfsleyfa fyrr en 1. mars 2004.

Þetta er gert vegna þess að menn geta verið að sækja um slík leyfi allt til áramóta og þá er óeðlilegt að ráðuneytinu gefist ekki tóm til að afgreiða viðkomandi umsóknir ef einhverjar skyldu berast. Þarna er því tekið mið af því að eðlilegur gangur sé á vinnslu slíkra leyfa.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Í stað dagsetningarnar „31. desember 2003“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1. mars 2004.“

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara við breytingartillöguna. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson, Páll Magnússon, Lúðvík Bergvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[17:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að gera grein fyrir fyrirvara á undirskrift minni undir nál. Reyndar hefur komið fram skýring á því í umræðu um fyrra mál.

Fyrirvari minn, og mér er kunnugt um að fyrirvari hv. þm., núv. hæstv. forseta þingsins, Jóhönnu Sigurðardóttur lýtur að dagsetningu eða breytingu sem gerð var á dagsetningu um gildistöku frv. Í stað þess að það kæmi til framkvæmda 1. janúar nk. er gildistökunni frestað til mars. Þetta var skýrt af hálfu formanns efh.- og viðskn., hv. þm. Péturs H. Blöndals, í því ljósi að ráðuneytinu yrði að gefast tóm til að vísa mönnum frá eða þá væntanlega veita leyfi sem heimilt er að gera fram til þessa tíma.

Ég hef ekki fengið neinar viðhlítandi skýringar á því hvers vegna þetta er gert og þetta er fyrirvari minn á stuðningi við frv. Hins vegar fagna ég því heils hugar að menn skuli hafa fallið frá þessu spillingarverkefni viðskrn. og Verslunarráðsins. Þetta var eins konar samvinnuverkefni þeirra aðila sem hefur kostað íslenska skattborgara sennilega um 50 millj. kr., ég held ég muni það rétt. Ég veit ekki hvort hæstv. dómsmrh. býr yfir þeim upplýsingum um þetta efni en ég held að það hafi verið um 50 millj. kr. sem þetta samstarfsverkefni þeirra aðila hefur kostað skattborgarana. En það gekk út á að bjóða fyrirtækjum sem hér vildu setjast að sérstök vildarkjör. Vissulega voru alls kyns skýringar hafðar uppi um það og menn hafa verið að hvetja til þess að fara út á þá braut. Öfgafullir markaðshyggjumenn sem hafa komið til landsins hafa verið að hvetja Íslendinga til þess að gera Ísland að skattaskjóli og þetta var eins konar tilraunaverkefni, svona sprotafyrirtæki sem átti að kanna grundvöllinn í þessu efni.

En við fengum ákúrur frá OECD, Efnhags- og framfarastofnuninni. Þeim var beint til viðskrn. sem hefur þurft að svara fyrir þetta mál aftur og ítrekað hér í þingsal og nú hefur það borið þann árangur að ákveðið er að fella þessa heimild úr landslögum. Það er mikið fagnaðarefni.

[17:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég var fjarstaddur afgreiðslu málsins en hef margoft tekið þátt í umfjöllun um alþjóðleg viðskiptafélög, bæði í þinginu þegar sett voru í lög ákvæði sem heimiluðu þau á sínum tíma, sömuleiðis tók ég virkan þátt í umræðu um málið í hv. efh.- og viðskn.

Á sínum tíma var því haldið fram að með því að búa til sérstaka skattaglufu í formi alþjóðlegra viðskiptafélaga væri hægt að laða hingað til lands fjölmörg erlend fyrirtæki. Talið var að ekki væri óvarlegt að gera ráð fyrir að tilvist laga um slík félög mundi seiða hingað til lands 50–200 fyrirtæki. Menn áætluðu að velta þessara fyrirtækja yrði 25–100 milljarðar á ári. Þeir sem voru helstu talsmenn þeirra laga

ætluðu að tekjur ríkisins af þessu yrðu 12–100 millj. kr. á ári, beinar tekjur en óbeinar á bilinu 150–1.500 millj. kr.

Frú forseti. Nú er ég ekki alveg klár á því hversu mikinn hagnað íslenska ríkið hefur haft af þessum félögum í skatttekjur. Hitt veit ég að það hefur haft ærinn kostnað. Hæstv. viðskrh. á þeim tíma, Finnur Ingólfsson, lagði til það sérkennilega fyrirkomulag að ríkið mundi styrkja Verslunarráð Íslands sérstaklega til þess að kynna hin alþjóðlegu viðskiptafélög. Verslunarráði var fengin í hendur töluvert há upphæð á hverju ári til að kynna starfsemi þessara félaga og reyna að fá hingað til lands fyrirtæki sem ættu að notfæra sér umrædda glufu. Það sem þarna var að gerast í reynd, frú forseti, var að Verslunarráði Íslands var falið að auglýsa á alþjóðlega vísu sérstaka skattaglufu sem búin var til hérna.

Ein af ástæðunum og líklegast eina ástæðan, fyrir utan það hversu misheppnað þetta reyndist vera, fyrir því að hæstv. núv. viðskrh. kemur og leggur fram frv. um að afnema þessi viðskiptafélög liggur líka fyrir. Það sem ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson sögðum í umræðum ár eftir ár hefur reynst vera rétt. Komið hefur á daginn að skattanefnd OECD telur að glufur í skattalögum af þessu tagi séu ákaflega óæskilegar og fyrir lá að ef þessi lagabálkur hefði ekki verið felldur niður hefði Ísland að öllum líkindum verið sett á svartan lista yfir hinar svokölluðu skattaparadísir. Víðs vegar um heim hafa ríkisstjórnir verið að setja upp einhvers konar leiðir fyrir fyrirtæki til þess að geta sniðgengið skatta. Þetta eru yfirleitt ríkisstjórnir landa eins og Cayman-eyja, Jómfrúreyja, og einhverra ríkja sem eru á allt öðru þróunarstigi en við að því er viðskiptalífið áhrærir. Það kom auðvitað í ljós að þetta gekk ekki upp. Ísland var við það að komast á svartan lista hjá OECD yfir þessu óskabarni Verslunarráðsins.

Það er óhjákvæmilegt að rifja upp hvað það er sem Verslunarráðið fékk til þess að sinna þessu. Á árunum 1999–2002 reiknast mér til að Verslunarráðið hafi samtals fengið 36,3 millj. kr. til þess að kynna þetta. Og hver er afraksturinn, frú forseti?

Það kemur fram í grg. með frv. að vegna rekstrarársins 2002 voru fimm félög í starfsemi. Með öðrum orðum: Verslunarráðið fékk í ríkisstyrk fyrir hvert félag sem nú er í starfsemi ríflega 7 millj. kr. Eða er það ekki svo, frú forseti, að það megi líta svo á að með þessum sérkennilegu lögum og þeim ákvæðum sem samþykkt voru í fjárlögum ár hvert frá árinu 1999 hafi hið opinbera í reynd verið að samþykkja niðurgreiðslu á rekstri Verslunarráðsins? Má ekki líta svo á að með því að afnema þessi lög og með því að hætta þar með fjárstyrk til Verslunarráðsins sé loksins verið að gera það sem við töldum vera kominn tíma á fyrir lifandis löngu, að afnema ríkisstyrk til Verslunarráðsins?

Ég lít á mig sem nokkuð góðan vin Verslunarráðsins. Ég tel að sá frjálslyndisandi sem þar svífur yfir vötnum hafi að ýmsu leyti haft jákvæð áhrif. Ég taldi hins vegar alltaf að þarna væru menn á röngum brautum og mér blæðir í augum þegar ég horfi til baka, frú forseti, og sé það að Verslunarráðið hefur fengið 36 millj. kr. til þess að annast kynningu á þessum félögum, sem reyndist einskis nýt. Og það sem verst var er að það hefur legið fyrir um allnokkurra ára skeið að þetta bar ekki nokkurn árangur. Það voru engin fyrirtæki að koma til Íslands til þess að notfæra sé þessa glufu í íslenskum skattalögum. Samt gerðist það ár eftir ár að verið var að afhenda Verslunarráðinu töluvert magn af peningum til þess að annast kynningu á þessu.

Nú ætla ég ekki að elta ólar við framkvæmdarvaldið í þessu máli og spyrjast fyrir um með hvaða hætti Verslunarráðið eyddi þessu fé, en ég vil þó fyrir þingtíðindin a.m.k. lesa hér upp þær upplýsingar sem okkur í efh.- og viðskn. bárust. Þær bera það með sér að árið 1999 voru veittar samtals 15 milljónir til að kosta kynningu alþjóðlegra viðskiptafélaga. Þar af fékk Verslunarráð Íslands 12 milljónir. Árið 2000 fékk Verslunarráðið líka 12 milljónir. Árið 2001 var aðeins byrjað að draga úr þessu, þá fékk Verslunarráðið 7,3 millj. kr.

Maður skyldi ætla, frú forseti, að þegar hér var komið sögu hefðu menn séð það að þessi starfsemi bar ekki nokkurn árangur og það var hrein peningaeyðsla að kasta fjármagni til kynningar á einhverju sem engan árangur bar. Þó gerðist það að í fyrra, árið 2002, fékk Verslunarráðið 5 millj. kr. Mér er ekki kunnugt um að á þessu ári hafi nokkuð runnið til Verslunarráðsins, en ég læt þess getið að það var sérstök starfsleyfisnefnd sem vann í tengslum við þessi alþjóðlegu viðskiptafélög. Og afraksturinn, fimm félög, ja, það voru einhver fleiri sem hún fjallaði um, en það eru fimm félög starfandi og þessi nefnd fékk 5,7 millj. kr. til rekstrar síns, þannig að það má segja að það hafi kostað milljónkall á hvert félag sem nú er í rekstri. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, frú forseti, en mér finnst þetta vera gott dæmi um það hvernig ekki á að fara með peninga skattborgaranna.

Hv. formaður efh.- og viðskn., Pétur H. Blöndal, eins og reyndar svo margir í þeirri ágætu nefnd, hefur farið fjálgum orðum um nauðsyn þess að sýna aga í ríkisrekstri. Hv. þm. Pétur Blöndal hélt nokkrar ræður í dag þar sem hann lýsti því yfir að tiltekin umdeilanleg aðgerð ríkisstjórnarinnar, sem tengist vaxtabótum, væri vegna þess að menn vildu halda uppi aga. Er það til marks um aga þegar menn fleygja næstum því 50 millj. kr. í svona fullkomlega vonlaust fyrirbæri? (Gripið fram í.)

Það má auðvitað segja, frú forseti, að þetta hefði verið tilraunarinnar virði í upphafi. Auðvitað er eðlilegt að gera því skóna að menn hafi talið að þetta væri unnt, þarna væri unnt að ná einhverjum viðskiptum til landsins. En það kom í ljós strax á fyrstu missirum eftir gildistöku þessara laga að þarna var ekki eftir neinu að slægjast. Þarna var um að ræða starfsemi sem ríkisstjórnir litu heldur svona hornauga, og auðvitað sást það fyrir lifandis löngu að þetta væri hít. Samt sem áður héldu menn áfram að kosta starfsmann hjá Verslunarráði Íslands til þess að kynna það sem ekkert var og engu skilaði. Þetta er ekki til marks um að vel sé farið með peninga hins opinbera.

Þetta ætti hv. þm. Pétur H. Blöndal einmitt að skoða og hafa í huga þegar hann er að tala um aga í ríkisrekstri (Gripið fram í.) og með látæði sínu og bendingum gefur hv. þm. til kynna að hann hafi gert það, en herra minn trúr, það tók hann fjögur ár að sjá ljósið. Það tók Sál miklu skemmri tíma að sjá ljósið. Kannski var það bara elding sem hann varð fyrir á veginum til Damaskus, en það var sannarlega ekki elding sem kom niður í höfuð þeirra í meiri hlutanum í efh.- og viðskn., ja, hún hefur þá verið æðilengi á leiðinni eða fjögur ár, því að það hefur komið í ljós á líftíma þessara laga að þau hafa engu skilað. Þetta hefur verið hrein peningaeyðsla.

En ég vil óska hv. þingmönnum stjórnarliðsins til hamingju með það að hafa loksins farið að ráðum mínum og hv. þm. Ögmundar Jónassonar og annarra í stjórnarandstöðunni sem bentu á þetta árum saman. Þarna, frú forseti, hefði Pétur H. Blöndal — ef hann hefði hlustað – getað sparað u.þ.b. 50 millj. kr. En við skulum samt sem áður vona að þeim

hafi ekki verið eytt algerlega til einskis og það má alla vega hugga sig við það að þær hafa styrkt Verslunarráð Íslands í göfugum leiðangri sínum til þess að koma á auknu frjálslyndi í viðskiptum Íslands. En ég er hræddur um að þetta sé ekki nægilega gott fordæmi, frú forseti.

[17:37]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi í tilefni af nokkrum ummælum hv. 1. þm. Reykv. n. gera nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi held ég að rétt sé að hafa í huga að kynningarstarf fyrir Íslands hönd á einstökum möguleikum hér, hvort sem er í ferðaþjónustu, á fjárfestingu hér eða útflutningsstarfsemi héðan, er langtímaverkefni og kostar mikið. Það lá fyrir þegar lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin höfðu verið samþykkt að það þyrfti með einhverjum hætti að vekja athygli erlendis á þessu félagaformi hér og það var mat þeirra aðila sem að þessu komu, málið var fyrst og fremst á forræði viðskrh., að það væri heppilegt að semja við Verslunarráð Íslands um að taka að sér verulegan þátt kynningarstarfsins þó að aðrir þættir, eins og t.d. stjórnsýsluþátturinn, væri að sjálfsögðu hjá ráðuneytinu.

Þetta byggði auðvitað á því að Verslunarráð, vegna eðlis síns og starfsemi, hafði ýmis þau tengsl og aðgang að sambærilegum samtökum erlendis, sem m.a. fást við verkefni af þessu tagi. Það þótti einfaldlega hagkvæmara og skynsamlegra að Verslunarráð sæi um þetta heldur en að kynningarstarfsemin væri rekin úr ráðuneytinu. Það hefði auðvitað verið hægt að ráða starfsmenn í ráðuneytið til þess að sinna þessu en það var hins vegar ákveðið að útvista verkefnið, ef svo má segja.

Síðan varðandi þær upphæðir sem þarna er um að ræða þá var Verslunarráðinu auðvitað skylt að gera ráðuneytinu á hverjum tíma nákvæma grein fyrir því hvernig þeim fjármunum var ráðstafað. Og ég get fullyrt (Forseti hringir.) að þeir fjármunir sem runnu til Verslunarráðsins til þessa verkefnis voru allir nýttir og meira til í þessa kynningarstarfsemi, þannig að ekki var um styrk að ræða.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við mál hv. þm. Birgis Ármannssonar. Mér finnst ekkert skrýtið að Verslunarráðið skyldi nýta sér þetta færi fyrst það á annað borð gafst. Ég geri heldur engar athugasemdir við það að verkefni af þessu tagi sé, eins og hann nefnir það „útvistað" á góðri íslensku, úti í bæ. En það sem ég geri auðvitað athugasemdir við er að þessum peningum var afskaplega illa varið. Það kom mjög snemma í ljós að þessi vinna skilaði engu. Það má vel verja það að fyrst að menn á annað borð lögðu í þessa sjóferð árið 1999 þá hefði verið varið fjármunum til kynningar og hugsanlega árið 2000. En það kom bara í ljós að þetta skilaði engum árangri og ég held að það hljóti að mega draga þá ályktun að á árunum þar á eftir var þessu bókstaflega á glæ kastað.

Það sem skiptir langmestu máli, virðulegi forseti, er það að árinu áður en þessi lög voru samþykkt þá samþykkti ráðherraráð OECD skýrslu um aðgerðir sem áttu að miða að því að stemma stigu við opnun skattaglufa af þessu tagi. En ríkisstjórn Íslands lét það eins og vind um eyru þjóta, samþykkti lög sem voru klárlega í andstöðu við þessa skýrslu OECD og tilmæli. Það var ekki fyrr en það vofði yfir sú hótun að Ísland yrði sett á svartan lista sem þessi fáránlegu lög voru afnumin, eins og við erum að gera hér.

Virðulegi forseti. Ég er alveg sannfærður um það að þeir ágætu menn sem voru hjá Verslunarráði Íslands hafa ferðast vítt og breitt um heiminn á kostnað ríkisins til þess að kynna þessi lög. En það skilaði engum árangri. (Forseti hringir.)

Ég hef lokið máli mínu þó að það sé enn þá tími eftir samkvæmt klukkunni.

[17:42]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem ég tel rétt að árétta. Vegna ummæla hv. þm. 1. Reykv. n. um tilefni lagasetningarinnar get ég upplýst það að þegar þessi löggjöf fór á skrið og var undirbúin hér á landi þá voru menn að horfa til afar nálægra landa og nýlegra lagasetninga þar, eins og t.d. um eignarhaldsfélög í Danmörku, sem voru sett með 0% skatt, eignarhaldsfélög í Hollandi og ýmiss konar sérreglna á Írlandi. Það var horft til þessara landa og menn hugsuðu með sér: Þarna eru okkar næstu nágrannar að ná verulegum árangri við að laða til sín fjárfestingu á þessum sviðum. Við verðum að finna leið til þess að komast inn í þetta, vera með, taka þátt í skattalegri samkeppni sem ég, ólíkt hv. þm. Ögmundi Jónassyni, tel að sé staðreynd og verði áfram staðreynd og ég tel að sé á margan hátt æskileg, vegna þess að frelsi í milliríkjaviðskiptum, fjármagnsflutningum og öðru gefur fyrirtækjum kost til þess að staðsetja sig þar sem hagstætt er að vera, auðvitað eru fleiri atriði en skattar sem þar koma til, en ég held að það sé afskaplega æskilegt að skattaleg samkeppni sé fyrir hendi á alþjóðavettvangi.

Varðandi það hvers vegna þetta félagaform var ekki nýtt betur hér þá er hugsanlega möguleiki á að koma betur að þeirri umræðu síðar. En ég vil þó geta þess að Verslunarráð Íslands gerði margítrekað athugasemdir við það, þegar reynsla var farin að koma á lögin, að skilyrðin samkvæmt lögunum (Forseti hringir.) og samkvæmt túlkun stjórnvalda væru of þröng þannig að formið nýttist ekki þeim sem það átti að nýtast.

[17:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef það er þannig að ekkert gagn hafi verið að þessum lögum, en kynning á þeim var í höndum Verslunarráðsins, má draga þá ályktun af orðum hv. þm. að Verslunarráðið hafi ekki staðið sig í stykkinu? (**Gripið fram í:** Nei.)

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að elta frekari ólar við málflutning hv. þm. Ég er að mörgu leyti sammála því að þetta hafi verið áhættunnar virði í upphafi. Ég tel hins vegar að reynslan hafi tiltölulega skjótt sýnt að þetta gengi ekki. Þar með var hrein peningasóun að halda áfram að kosta þessa kynningu.

Ég vil að lokum benda á, virðulegi forseti, að í athugasemdum með frv. segir að Eftirlitsstofnun EFTA hafi um nokkurt skeið haft lögin til skoðunar á þeim grundvelli að þau fælu hugsanlega í sér óheimilan ríkisstyrk. Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort þar hafi verið átt við Verslunarráð Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Stjfrv., 400. mál (net, umbúðir o.fl.). — Þskj. 536, nál. 618.

[17:46]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. efh.- og viðskn. um um frv. til laga um breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti eins og fram kemur á þskj. 618.

Þá óskaði nefndin umsagnar umhvn. um málið og fylgir umsögn hennar áliti þessu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur. Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu samkvæmt ábendingu umhverfisnefndar, samanber umsögn hennar um frumvarpið.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa lítillega úr umsögn hv. umhvn., en þar segir:

„Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða III þannig að úrvinnslugjaldi á veiðarfæri er frestað um eitt ár en ákvæði sömu greinar um að leggja skuli úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir er fellt brott. Telur nefndin að með því sé frestunin á því að leiða þennan vöruflokk í lög orðin ótímabundin. Nefndin leggur til að þessu verði breytt þar sem hún telur rétt að miðað sé við tiltekinn tímafrest og er lagt til að miðað verði við að úrvinnslugjald verði lagt á þessa vöruflokka frá 1. janúar 2005. Jafnframt eru lagðar til lagfæringar á ákvæðinu þar sem óþarfi er að tiltaka í ákvæði til bráðabirgða að leggja skuli úrvinnslugjald á heyrúlluplast frá 1. janúar 2004 því að lögin skulu öðlast gildi frá og með þeim tíma og heyrúlluplastið fellur þar undir. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Leggja skal úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum og pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005."

Þetta er breyting sem hv. efh.- og viðskn. gerir að sinni tillögu að tilmælum hv. umhvn.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármansson, Páll Magnússon, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 328. mál (trúnaðarlæknir). — Þskj. 380, nál. 617.

[17:49]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneytinu og Hauk Hafsteinsson frá Landssambandi lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að trúnaðarlæknir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins meti orkutap sjóðfélaga í stað tryggingayfirlæknis. Með breytingunni er framkvæmd þessa mats færð til samræmis við það sem tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Páll Magnússon, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Frv. MÞH o.fl., 11. mál (hljóðbækur). — Þskj. 11, nál. 616.

[17:51]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu og Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Ríkisútvarpinu, Alþýðusambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, ríkisskattstjóra, Neytendasamtökunum og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að virðisaukaskattur af hljóðbókum verði lækkaður úr 24,5% í 14% sem er sama skatthlutfall og leggst á bækur almennt. Sanngirnisrök styðja þessa breytingu.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Önnur miðar að því að skýra nánar hvað átt sé við með hljóðbók þannig að það valdi ekki vafa í framkvæmd. Lagt er til að ákvæðið verði takmarkað við hljóðupptökur af lestri bóka sem í ákvæðinu greinir. Jafnframt þykir rétt að gildistaka frumvarpsins falli saman við uppgjörstímabil virðisaukaskattsins og er því lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar næstkomandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum breytingum:

1. Efnisliður 1. gr. orðist svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.

2. 2. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Frú forseti. Ég vil benda á að um er að ræða frv. sem flutt er af stjórnarandstöðunni en meiri hluti efh.- og viðskn. taldi málið vera heillaspor. Hér er um að ræða að sá hluti þjóðarinnar sem ekki getur notið bóka sem bera lægri virðisaukaskatt, þ.e. blindir og aldraðir, fái að njóta lægri virðisaukaskatts af hljóðsnældum og diskum þar sem bækur eru lesnar. Fram kom hjá fjármálaráðuneytinu að nokkur vandi væri að aðgreina slíka diska frá öðrum. En það er eins og víðar, að það er erfitt um vik.

Rökstuðningurinn fyrir breytingunni er sá að hljóðbækur séu félagslegt atriði fyrir þá sem ekki hafa fulla sjón. Þar af leiðandi ættu menn að hafa það í huga, þeir aðilar sem vilja

víkka skattinn út á geisladiska almennt, en það stendur ekki til.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson, Páll Magnússon, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson.

[17:54]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Frú forseti. Ég vil fá að nota þetta tækifæri til að þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir þann góða hljómgrunn sem þetta frv. hlaut þar. Eins og fram hefur komið teljum við lækkun virðisaukaskatts á hljóðbækur mikið réttlætismál fyrir þá sem hlut eiga að máli. Með því er dregið úr mismunun milli fatlaðra og ófatlaðra. Við í Frjálsl. fögnum því að við virðumst deila þessu sjónarmiði með hv. efh.- og viðskn. og væntanlega meiri hluta Alþingis.

Þær brtt. sem fram hafa komið við frv. eru fullkomlega ásættanlegar af okkar hálfu. Þær eru eingöngu til þess fallnar að valda ekki vafa í framkvæmd laganna. Við vonumst til þess að lög þessi muni verða þess valdandi að útgáfa hljóðbóka muni aukast til hagsbóta fyrir þá sem blindir eru og sjónskertir auk þeirra sem njóta þess að hlusta á góðan lestur góðra bóka.

[17:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Líkt og sá þingmaður sem talaði hér á undan, hv. þm. Steinunn K. Pétursdóttir, vil ég lýsa ánægju minni með afgreiðslu efh.- og viðskn. á frv. hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, Helga Hjörvars og Kolbrúnar Halldórsdóttur.

Ég held að þetta sé ákaflega mikið réttlætismál. Hér er verið að flytja hljóðbækur úr efra þrepi virðisaukaskatts niður í lægra þrepið. Að þessu frv. samþykktu verður einungis greiddur 14% virðisaukaskattur af hljóðbókum og það er framfaraspor.

Útgáfa hljóðbóka er að aukast í löndunum í kringum okkur, í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Þær eru ekki einungis notaðar af blindum, sjóndöprum og öldruðu fólki heldur eru hljóðbækur í vaxandi mæli aðferð til að hlýða á og njóta góðra ritverka. Hljóðbækurnar hafa það umfram hið ritaða orð að listamaður sem les bókina upp getur stundum bætt nýrri vídd við verk sem þó er ákaflega gott fyrir. Það má ætla, ef miðað er við notkun hljóðbóka í löndum eins og Svíþjóð, Þýskalandi og Bretlandi, ef notkun hér á landi er álíka og þar, að fast að 1.500 manns mundu notfæra sér þennan möguleika.

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim ágætu hv. þingmönnum sem afgreiddu þetta mál í efh.- og viðskn. Sjálfur á ég þar sæti en var annars staðar á vegum þingsins þegar það var afgreitt. Hér er um að ræða framfaramál og ég vildi óska að það yrði til þess að þeir hv. þingmenn sem samþykktu málið í nefndinni mundu innan tíðar stíga enn lengra skref. Nú er það svo að það er á stefnuskrá tveggja stjórnmálaflokka, Samf. og Sjálfstfl., að lækka virðisaukaskatt af bókum enn frekar. Ég tel því að það væri heillaspor að í framhaldi af þessu mundu menn, þegar vindur fram kjörtímabilinu, ráðast í að fella niður virðisaukaskatt af bókum, jafnt þeim sem hafa að geyma ritað orð sem talað.

[17:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið. Ég fagna afgreiðslu efh.- og viðskn. á þessu máli og tel hafa verið stigið skref í sanngirnisátt. Eins og málum hefur verið háttað hafa hljóðbækur af þessu tagi verið hærra skattlagðar, í hærra þrepi, en ritaðar bækur. Í sjálfu sér var ekkert sem mælti með því að hlutunum væri þannig fyrir komið. Við flutningsmenn þessa frv. litum því svo á að hér væri um leiðréttingu að ræða. Það er leiðrétting sem kemur afskaplega mörgum mjög vel.

Það ber einnig að hafa í huga að notkun hljóðbóka hefur aukist talsvert mikið. Framleiðsla þeirra er meiri en nokkurn óraði fyrir þegar þessi framleiðsla fór af stað. Það verður að segjast eins og er, að útgefendur kappkosta að gefa sem flestar nýjar bækur sem koma út á íslensku og íslenskar bækur á hljóðbókum jafnframt. Ég sé ekki annað en að hér sé að verða mikil vakning í þessum efnum og að hljóðbækur séu að opna fólki leið að bókmenntum okkar sem áður átti þær ekki greiðar.

Ég fagna því sérstaklega að efh.- og viðskn. skuli hafa tekið þennan pól í hæðina, þ.e. hlýtt á þau rök sem fylgdu þessu máli úr hlaði og lýsi yfir afskaplega mikilli ánægju með að svona skyldi hafa verið tekið á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 418. mál (aldurstengd örorkuuppbót). — Þskj. 574, nál. 612 og 631, brtt. 632.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:03]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við í Samf. fögnum þeirri jákvæðu kerfisbreytingu sem felst í aldurstengdri örorkuuppbót. Hins vegar teljum við ekki að það sé verið að uppfylla það samkomulag sem hæstv. heilbrrh. gerði við Öryrkjabandalag Íslands þann 25. mars sl. Í raun eru einungis tveir aðilar í samfélaginu sem telja framlagt frumvarp hæstv. heilbrrh. uppfylla samkomulagið og það eru Framsfl. og Sjálfstfl. Hagsmunasamtök og nánast allir fjölmiðlar landsins hafa hvatt ríkisstjórnarflokkana til að uppfylla samkomulagið í anda þeirrar brtt. sem minni hluti heilbrn. hefur lagt fram. Hæstv. heilbrrh. hefur meira að segja viðurkennt að með þeirri fjárhæð sem frv. felur í sé einungis verið að uppfylla $^2/_3$ samkomulagsins og hefur hann talað um áfangaskiptingu samkomulags sem alls ekki átti að vera áfangaskipt.

Ef meiri hluti Alþingis fellir brtt. minni hlutans munu þingmenn Samf. vísa allri ábyrgð á útfærslu þessa máls á ríkisstjórnarflokkana og sitja hjá við afgreiðslu frv.

[18:04]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hera forseti. Við erum að greiða atkvæði um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fögnum auðvitað þeirri kerfisbreytingu sem hér er verið að gera en eins og

margoft hefur komið fram teljum við að þær upphæðir eða prósentubreytingar sem fram koma í 2. gr. séu ekki samkvæmt því samkomulagi sem byggt var á og í raun hafi hæstv. heilbr.- og trmrh. viðurkennt það í þingsal að þetta væru $^2/_3$ af því samkomulagi sem samið var um.

Því leggjum við í minni hluta heilbr.- og trn. fram brtt. sem tekur mið af því samkomulagi sem gert var milli Öryrkjabandalagsins og hæstv. heilbrrh. Ég vona svo sannarlega að þingheimur taki undir þá brtt. og standi með öryrkjum í þessu máli og fari að vilja meiri hluta þjóðarinnar í þessu máli.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PM, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, PHB, RG, SigurjÞ, StP, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[18:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það kerfi sem hér er tekið upp er það vitlaust að ég sem tryggingafræðingur get ekki stutt það. Ég hefði viljað hafa allt annað kerfi sem hefði bæði verið ódýrara og það hefði líka mátt gera betur við þá öryrkja sem eru verst settir. Ég sit því hjá.

Brtt. 632 felld með 32:26 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BjörgvS, DO, GMJ, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖS.
1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÁF, DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Frv. DrH o.fl., 417. mál (sauðfjárbændur). — Þskj. 573, nál. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]
Brtt. í nál. 600 samþ. með 55 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
8 þm. (BjörgvS, DO, GÞÞ, GÖg, GÖrl, HHj, MÁ, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (HHj, JÁ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 419. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 575, nál. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Breyting á II. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 324. mál (sæfiefni). — Þskj. 375, nál. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 654).

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 332. mál (öryggi vöru). — Þskj. 384, nál. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 655).

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 447. mál. — Þskj. 635.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖS.
3 þm. (HlH, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 88, nál. 633, 636 og 642, brtt. 634.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[18:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Með frv. er verið að þyngja skattbyrði almenns launafólks með því að færa viðmiðunarfjárhæðir skattalaga einungis til samræmis við verðlagsbreytingar eins og ákvæði skattalaga um persónuafslátt og barna- og vaxtabætur. Það munu þingmenn Samf. ekki styðja. Þingmenn Samf. greiða atkvæði gegn skerðingu á vaxtabótum sem er í d-lið 5. gr. en tvö lögfræðiálit staðfestu að færu á svig við stjórnarskrána og ríkisstjórnin því rekin til baka með að það ákvæði taki gildi nú, eins og áformað var, en ríkisstjórnin ætlar að lögfesta að það taki gildi á árinu 2005.

Við munum síðan sitja hjá við framlengingu á hátekjuskattinum. Loks munum við greiða atkvæði gegn nýrri útfærslu á skerðingu vaxtabóta, eða 10% skerðingu á útgreiddum vaxtabótum á næsta ári vegna vaxtagjalda þessa árs sem fram kemur í ákv. til brb. Þar liggur fyrir lögfræðiálit sem staðfestir að umtalsverð hætta sé á því að stjórnarliðar séu að ganga gegn stjórnarskránni.

[18:13]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í þessu frv. er tekið á ýmsum þáttum skattalaga og horfa sumar breytingar til góðs, aðrar eru ámælisverðar og sumar stórvarasamar. Þar vil ég sérstaklega nefna skerðingu á vaxtabótum upp á 600 millj. kr. Þetta er gert gegn mótmælum víðs vegar að úr samfélaginu og vísa ég þar til nær gervallrar verkalýðshreyfingarinnar sem hefur varað við þessum kerfisbreytingum.

Hins vegar nefndi ég að það væri sitthvað sem horfði til framfara. Það er gott að við skulum nema úr gildi ákvæði sem heimila alþjóðleg viðskiptafélög. Það er samstarfsverkefni viðskrn. og Verslunarráðsins sem hefur kostað skattgreiðendur tugi milljóna en ekki skilað neinum árangri, sem kannski er til góðs vegna þess að það er ósiðlegt athæfi sem í þessu felst.

Um atriði sem við styðjum í þessu frv. vil ég sérstaklega nefna framlengingu á sérstökum tekjuskatti sem í daglegu tali er vísað til sem hátekjuskatts. Það ákvæði laganna styðjum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

5. gr., inngmgr. og a–c-liðir, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MF, RG, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DO, GÖg, GÖrl, KLM, MÁ, SigurjÞ, SP) fjarstaddir.

5. gr., d-liður, samþ. með 32:25 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

5. gr., e–f-liðir, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DO, GÖg, GÖrl, JGunn, MÁ, SP) fjarstaddir.

6.–9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JBjarn, KJúl, KolH, KLM, LB, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (DO, GMJ, GÖg, GÖrl, JGunn, MF, MÁ, RG, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 634,1 (ný 10. gr.) samþ. með 57:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: GMJ.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 634,2 samþ. með 32:25 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (DO, GMJ, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HlH, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÖJ.
22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 634,3 (inngmgr. og 1.–3. málsl. nýrrar 13. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DO, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 634,3 (4. málsl. nýrrar 13. gr.) samþ. með 32:25 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (DO, EMS, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 312. mál (brottfall laga o.fl.). — Þskj. 358, nál. 619.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 619 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, RG, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DO, GÓJ, GÖg, GÖrl, MÁ, SP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 400. mál (net, umbúðir o.fl.). — Þskj. 536, nál. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 618 (ný 3. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
4.–12. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 328. mál (trúnaðarlæknir). — Þskj. 380, nál. 617.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Frv. MÞH o.fl., 11. mál (hljóðbækur). — Þskj. 11, nál. 616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Brtt. í nál. 616,1 (ný efnismgr. 1. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 616,2 (ný 2. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 18:23]

[22:58]

Útbýting þingskjala:
Alþjóðleg viðskiptafélög, 312. mál, þskj. 657.
Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, 457. mál, fsp. GunnB, þskj. 652.
Hjálpartæki fatlaðra, 389. mál, svar heilbrrh., þskj. 623.
Lyfjakostnaður, 310. mál, svar heilbrrh., þskj. 624.
Nýsköpunarkvóti, 456. mál, fsp. ÖS, þskj. 651.
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 454. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 648.
Selastofnar við Ísland, 455. mál, fsp. ÖS, þskj. 650.
Skattlagning bótasjóða tryggingafélaganna, 226. mál, svar fjmrh., þskj. 649.
Skatttekjur og skattfrjálsir vegna stofnunar einkahlutafélaga, 105. mál, svar fjmrh., þskj. 646.
Tollalög, 460. mál, frv. landbn., þskj. 662.
Uppsögn af hálfu atvinnurekenda, 453. mál, þáltill. BH og RG, þskj. 647.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (trúnaðarlæknir, aðildarskilyrði). — Þskj. 539, nál. 615.

[22:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneytinu, Hauk Hafsteinsson frá Landssambandi lífeyrissjóða og Elsu B. Friðfinnsdóttur og Helgu B. Ingimundardóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Lagt er til að trúnaðarlæknir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins meti orkutap sjóðfélaga í stað tryggingayfirlæknis. Með breytingunni er framkvæmd þessa mats færð til samræmis við það sem tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.

Þá er í frumvarpinu lögð til breyting á aðildarskilyrðum að sjóðnum. Breytingin hefði í för með sér að frá og með 1. janúar 2004 gætu launagreiðendur, sem reka þjónustu sem ekki eru að fullu í eigu ríkis eða sveitarfélaga, ekki óskað eftir því að greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Álit nefndarinnar er að heildstæða skoðun þurfi á aðildarskilyrðum sjóðsins áður en slík breyting er gerð. Hyggst nefndin vinna að því síðar.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

2. gr. falli brott.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson, Páll

Magnússon, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 304. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 349, nál. 614.

[23:01]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Pál Gunnar Pálsson og Stefán Svavarsson frá Fjármálaeftirlitinu og Guðjón Rúnarsson frá samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunarinnar, Ríkisendurskoðun, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu, samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi löggiltra endurskoðenda, Landssamtökum lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra sparisjóða, Seðlabanka Íslands, Kauphöll Íslands hf., Samtökum atvinnulífsins, Verslunarráði Íslands og ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á einstökum álagningarhlutföllum og lágmarksgjöldum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald hækki um rúm 11%. Þessar tillögur byggjast á skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs.

Nefndin vekur athygli á því að í athugasemdum við frumvarpið segir að álagningarhlutföll séu hækkuð en lágmarksgjöld séu óbreytt. Þetta er ekki alls kostar rétt þar sem í frumvarpinu er ekki lögð til hækkun álagningarhlutfalls af iðgjöldum vátryggingafélaga eða rekstrartekjum verðbréfamiðstöðva. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir hækkun á lágmarksgjöldum verðbréfafyrirtækja og jafnframt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Birgir Ármannsson, Páll Magnússon, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 2. umr.

Stjfrv., 306. mál. — Þskj. 351, nál. 626.

[23:03]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Þórð Skúlason, Jón Jónsson og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa borist umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtökum iðnaðarins, Norðurorku, Rafmagnsveitum ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun og Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er ætlunin að samræma sérákvæði ýmissa laga á orkusviði um skyldu orkufyrirtækjanna til greiðslu fasteignaskatta svo að hún verði eins og fyrir þá breytingu sem gerð var á 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með 3. gr. laga nr. 78/2001. Með breytingunni voru hita- og rafveitur með einkaleyfi til starfsemi samkvæmt lögunum undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga með sama hætti og Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og jarðboranir ríkisins. Fyrirmyndin er fengin úr lögum um Landsvirkjun og hefur nefndin verið upplýst um að framkvæmd þeirra hefur verið sú að greitt er af öllum metnum fasteignum samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna þó að í ákvæðinu séu einungis húseignir tilgreindar.

Nefndin telur texta frumvarpsins ekki nægilega skýran miðað við þau markmið að orkufyrirtækin skuli greiða fasteignaskatta af öllum metnum fasteignum samkvæmt lögum um mat á fasteignum eins og framkvæmdin var áður en orkulögunum var breytt og leggur því til að talað verði um fasteignir í frumvarpinu í stað húseigna. Nefndin tekur skýrt fram að ætlunin með frumvarpi þessu er að endurheimta það réttarástand sem var fyrir gildistöku laga nr. 78/2001. Því ber að skýra þær greinar sem frumvarpi þessu er ætlað að breyta á þann veg að skylda til greiðslu fasteignagjalda nái einungis til eigna sem skylt var að greiða fasteignagjöld af fyrir gildistöku laga nr. 78/2001 og eigna sem eru fullkomlega sambærilegar en eru til komnar eftir gildistöku þeirra. Seinni breytingin varðar einungis samræmingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „húseignum“ í 1. mgr. og í stað sama orðs í öðrum ákvæðum frumvarpsins komi: fasteignum.

2. Við 3. gr. Í stað orðsins „svohljóðandi“ komi: er verður 2. málsl., svohljóðandi.

Einar Oddur Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hlynur Hallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Bjarni Benediktsson, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurjón Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson.

[23:07]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður iðnn., hefur gert grein fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, eins og það heitir. Hann hefur farið vel í gegnum það nál. sem fyrir liggur og brtt. sem því fylgja, þar sem í stað orðsins „húseign“ komi „fasteign“. Hann hefur farið ágætlega yfir það sem rætt var í nefndinni, m.a. við fjölmarga gesti svo sem frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og aðra. Við, fulltrúar Samf. í iðnn., erum á þessu nál. og þarf ekki að orðlengja um það. Við stöndum að brtt. og erum þeim sammála.

[23:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni þá stöndum við þingmenn Samf. sem sátum fundi iðnn. þar sem þetta mál var til umræðu að þessu nál., enda fullkomlega eðlilegt að hafa samræmi í þessum lögum, að notað verði orðið „fasteign" í staðinn fyrir „húseign" þegar um skattgreiðslur orkufyrirtækja er að ræða.

Ég taldi að það hefði einnig átt að breyta lögum um Landsvirkjun og hafa sambærilegt orðalag og hér á að vera. Lögin um Landsvirkjun ættu að vera skýr og í takt við þá framkvæmd sem er varðandi greiðslur Landsvirkjunar af fasteignum sínum. Það varð reyndar niðurstaðan í nefndinni að svo yrði ekki en ég hefði talið það eðlilegt. Það er mjög mikilvægt að lög séu skýr og segi nákvæmlega fyrir um hvernig þessum málum skuli háttað. Ég hefði talið eðlilegt að einnig þeim yrði breytt. Ég tel að menn verði að huga að því, ef lög um Landsvirkjun verða skoðuð á næstunni eða á næstu árum, að færa þau til sama vegar, þ.e. að orðalagið verði einnig samræmt í þeim lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (rannsóknir og nýsköpun). — Þskj. 274, nál. 628, brtt. 629.

[23:10]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Hermann B. Haraldsson og Þorstein Mána Árnason frá Félagi dagabátaeigenda, Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Einar Kristjánsson útgerðarmann, Grétar Guðlaugsson útgerðarmann og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Rannsóknamiðstöð Íslands, Félagi dagabátaeigenda, Landssambandi smábátaeigenda, Fiskistofu, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafrannsóknastofnuninni.

Tvær efnisbreytingar felast í frumvarpinu. Lagt er til að ráðstöfun fjár úr sjóði vegna ólögmæts sjávarafla takmarkist ekki við hafrannsóknir og eftirlit eins og nú er heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa fé til nýsköpunar á sviði sjávarútvegs. Þá er lagt til að Fiskistofu verði heimilað að beita leyfissviptingum vegna vanskila á greiðslum vegna ólögmæts afla.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Hina fyrri má meðal annars rekja til þess að samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 255. mál, sem liggur fyrir þinginu og nefndin afgreiddi samhliða þessu máli er lagt til að andvirði hins svokallaða hafróafla renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins sem hér er mælt fyrir. Við þessa breytingu mun fjárstreymi sjóðsins aukast til mikilla muna. Það er mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að skýrar reglur gildi um úthlutun úr sjóðnum og að eðlilegt sé að skipuð verði stjórn yfir sjóðnum sem geri tillögur til ráðherra um úthlutun. Leggur nefndin til breytingartillögur í þessa veru. Mælist nefndin jafnframt til þess að reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum verði kynntar fyrir nefndinni áður en þær taka gildi.

Seinni breytingartillaga nefndarinnar hefur það að markmiði að kveða skýrar á um í hvaða tilvikum beita skuli leyfissviptingum vegna vanskila á greiðslu vegna ólögmæts sjávarafla, auk þess sem tekið er fram að leyfissviptingu skuli einnig beita þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, nema eigendaskiptin hafi orðið við nauðungarsölu eða við gjaldþrotaskipti. Loks er mælt fyrir um heimild Fiskistofu til leyfissviptingar standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller og Grétar Mar Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir nál. rita hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kjartan Ólafsson, Páll Magnússon, Grétar Mar Jónsson, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson og Kristján L. Möller.

Brtt. er að finna á þskj. 629. Þær eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Við 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Ráðherra setur reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.

2. Í stað efnismálsliðar 4. gr. komi: Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni."

[23:16]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi segja frá því að skoðun mín er sú að þessi 5% hafróafli hefði þurft að vera 10% og áhafnir skipa og útgerð hefðu þurft að fá helminginn af því aflaverðmæti sem kæmi fyrir þann fisk sem landað er hjá Hafró. Ég held að það hefði verið til góða, dregið úr brottkasti og stuðlað að því að þessi fiskur kæmi fremur á land. Ég tel of mikið brottkast enn þá. Það hefði verið hægt að laga það með því að hækka prósentuna úr 5% í 10%, sem menn mættu koma með fyrir utan kvóta og menn gætu fengið helminginn af því aflaverðmæti til sín.

Að öðru leyti hef ég ekki neinu við að bæta um þetta frv. Í 1. umr. komu helstu sjónarmiðin fram sem ástæða var að vekja athygli á.

[23:17]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjónarmið þingmannsins komu fram í nefndinni, eins og hann greindi frá. Mér finnast þau eðlileg. Þessi hafróafli er tilraun, undir bráðabirgðaákvæði í lögunum og kveðið á um skiptingu andvirðis aflans í þeim. Það er

eðlilegt, ef ákveðið verður að gera þetta að varanlegu ákvæði, að líta á alla þætti málsins, m.a. þá sem þingmaðurinn gat um.

[23:18]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Nú er hafin 2. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um gjald fyrir ólögmætan sjávarafla. Ég er sem áheyrnarfulltrúi í nefndinni samþykkur nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að því að ég tel að ólögmætur sjávarafli verði í sjálfu sér að skoðast sem sektargreiðslur. Hin almenna regla með sektargreiðslur er að þær renna beint í ríkissjóð en ekki í sérstakan útdeilingarsjóð á vegum ráðherra. Ég vildi bara láta sjónarmið mitt koma fram varðandi þetta atriði.

Þetta frv. tengist síðan öðru frv. Þau renna saman þessi tvö frv. sem lúta annars vegar að breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla og hins vegar breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. varðandi hinn svokallaða hafróafla, afla sem heimilt er að landa utan aflaheimilda. Það var samþykkt, að mig minnir, á síðasta þingi að þær greiðslur rynnu til Hafrannsóknastofnunar. Það er verið að breyta því nú þannig að það renni í sérstakan sjóð, Verkefnasjóð, sem fái víðtækara hlutverk en renni ekki einungis til starfsemi Hafrannsóknastofnunar og rannsókna, til skilgreindra verkefna. Þessi ólögmæti sjávarafli, svokallaður hafróafli eða meðafli á að renna í þennan Verkefnasjóð sjávarútvegsins, sem mig minnir að hann heiti.

Á hverju ári má búast við að fé í þennan sjóð geti numið nokkrum hundruðum millj. kr. Það er í sjálfu sér ekki fyrirsjáanlegt hversu mikið það verður. Það verða a.m.k. nokkur hundruð milljóna kr. Ég tel óeðlilegt að slíkur sjóður sé vistaður í ráðuneyti, hjá framkvæmdarvaldinu. Ég tel að það sé ekki eðlilegt. Ráðuneytin eiga að framfylgja ráðstöfun fjár sem ákveðin er með samþykkt Alþingis á fjárlögum, það er verkefni ráðuneytanna við ráðstöfun fjár. Að mínu viti er ekki gert ráð fyrir því og ekki heldur æskilegt að í ráðuneytunum sé safnað í sjóði með eigin tekjustofna til ráðstöfunar á vegum ráðuneytanna sjálfra. Ég tel þetta óeðlilegt. Þetta er sennilega einsdæmi, mér er a.m.k. ekki kunnugt um aðra slíka sjóði með svo miklu fé, sem ekki er til sérstök reglugerð um ráðstöfun á eða til sérstök skipulagsskrá um. Slíkur sjóður ætti að vera vistaður utan ráðuneytanna og með stjórn samkvæmt lögum og reglugerðum eins og tíðkast. Í upphaflega frv. var bara gert ráð fyrir því að þetta væri sjóður sem safnaðist inn á og yrði til ráðstöfunar af hálfu ráðherra. Það var vægast sagt afar óeðlilegt.

Hún er til bóta, sú breyting sem hér er lögð til, að þessi sjóður fái sérstaka ráðgefandi stjórn og þess sé krafist að um hann séu settar skýrar reglur sem kveði á um starfshætti hans, ráðstöfun fjár, hvernig skuli sækja um í hann og þess háttar. Það er til bóta. Engu að síður er það skoðun mín og mat að það samræmist illa fjárreiðulögum og lögum um starfshætti ráðuneyta að sjóðir séu vistaðir með þessum hætti, án sérstakra laga eða reglugerða og án sérstakrar skipulagsskrár.

Ég vil bara láta það koma fram. Í því felst ekki vantraust í einu eða neinu á þá sem eiga að fara með málefni sjóðsins. Ég tel aðeins að stjórnsýsluleg staða hans eigi að vera önnur.

Þó að ekki sé búið að mæla fyrir nál. fyrir seinna frv. um stjórn fiskveiða þá er Verkefnasjóður sjávarútvegsins hér til umræðu. Ég vil láta koma fram að ég tek sérstaklega undir það sem stendur í nál. sem mælt verður fyrir á eftir, að nákvæm úttekt verði gerð á þessum hafróafla og því hvernig til hefur tekist, að það liggi skýrt fyrir og unnin verði skýrsla um samsetningu þessa afla, verðmæti hans og hvernig hefur til tekist á allan hátt. Það kom fram í nefndinni að það liggur ekki fyrir. Það hefur ekki verið unnið skipulega að gagnaöflun varðandi þetta ákvæði um meðaflann. Það er mjög brýnt að gera þá úttekt og því sé fylgt rækilega eftir, ekki bara gerð úttekt heldur sé stöðugt eftirlit með framgangi mála og séð til þess að þetta þjóni tilgangi sínum.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta fyrirvara mína við bæði þessi frumvörp koma fram. Annars vegar varðandi sektargreiðslurnar, að eðlilegra væri að þær rynnu beint í ríkissjóð. Hins vegar að svona stór verkefnasjóður, með nokkurra hundraða millj. kr. ársveltu, eigi að fá sérstök lög, sérstaka reglugerð eða skipulagsskrá og vistast utan ráðuneytis þannig að stjórnsýsluleg staða hans sé ljós.

[23:26]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í framsögu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar fyrir nál. sjútvn. sem hér liggur fyrir, að fulltrúar Samf. í nefndinni skrifuðu undir það með fyrirvara. Ég ætla að gera grein fyrir þeim fyrirvara í stuttu máli.

Hér er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður sem nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Þegar frv. kom fram var ekki kveðið á um með hvaða hætti ætti að kjósa þessum sjóði stjórn eða eftir hvaða reglum hann ætti í raun að vinna og sammæltust sjávarútvegsnefndarmenn um að flytja brtt. eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði grein fyrir, sem hljóðar svo:

„Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Ráðherra setur reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum."

Um þetta urðu talsverðar umræður, hvort rétt væri að kveða skýrar að orði og ganga á einhvern hátt betur frá því hvernig þessi stjórn yrði skipuð og hvaða reglur ættu að gilda. En niðurstaðan varð sú að sett var í nál. það mat nefndarinnar að nauðsynlegt væri að skýrar reglur giltu um úthlutun úr sjóðnum og eðlilegt þætti að skipuð yrði yfir hann stjórn sem gerði tillögur til ráðherra um úthlutun. Nefndin leggur til í brtt. að þetta verði gert. En í nál. mælumst við jafnframt til þess að þegar reglur hafi verið settar um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum verði þær kynntar fyrir sjútvn. áður en þær taka gildi.

Í trausti þessa skrifum við, fulltrúar Samf. í nefndinni, undir nál. Við skrifum undir með þessum fyrirvara, í trausti þess að þetta verði gert og leggjum til að frv. verði samþykkt.

[23:28]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Hér hafa þingmenn gert grein fyrir fyrirvörum sínum. Ég vil taka fram að mér finnast þeir fyrirvarar eðlilegir. Mér finnast þau sjónarmið sem hv. þm. Jón Bjarnason og Jón Gunnarsson gerðu grein fyrir vera eðlileg. Við tókum undir þau og gerðum þau að skoðun nefndarinnar. Segja má að um þetta ríki ekki mikill ágreiningur. Ráðherra lagði fram frv. þar sem hann breytir forminu yfir í formlegan sjóð, einmitt vegna þess að það þykir ekki eðlilegt fyrirkomulag að ráðstöfun fjár sé á hans hendi án þess að það sé með skýrum og formlegum hætti.

Nefndin bætti um betur og setti inn í frv. ákvæði um að stjórn skyldi vera yfir sjóðnum og að ráðherra setti henni reglur þar sem kveðið væri á um hvernig standa ætti að úthlutun, hversu margir stjórnarmenn væru o.s.frv.

Þá tókum við líka undir það sjónarmið sem fram kom í nefndinni frá hv. þingmönnum sem hér hafa talað, að rétt væri að kynna fyrir sjútvn. hugmyndir ráðherra um stjórn og úthlutun áður en þær taka gildi til að nefndarmönnum gefist kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um þau drög sem ráðherrann kemur til með að leggja fram.

Ég vildi, herra forseti, árétta þetta, að þau sjónarmið sem hér hefur verið gerð grein fyrir njóta stuðnings í nefndinni. Ég vænti þess að þau nái fram að ganga með góðu samstarfi allra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (hafrannsóknaafli, þorskeldiskvóti). — Þskj. 275, nál. 627.

[23:30]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti sjútvn. á þskj. 627 við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Hermann B. Haraldsson og Þorstein Mána Árnason frá Félagi dagabátaeigenda, Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Einar Kristjánsson og Grétar Guðlaugsson útgerðarmenn og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Rannsóknamiðstöð Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafrannsóknastofnuninni.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Lagt er til að andvirði svonefnds hafróafla, sem runnið hefur beint til Hafrannsóknastofnunarinnar, renni eftirleiðis í sama sjóð og gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þá er lagt til að heimilt verði að flytja eftirstöðvar af svonefndum þorskeldiskvóta frá fiskveiðiárinu 2002/2003 til fiskveiðiársins 2003/2004.

Heimild til löndunar hafróafla umfram aflamark samkvæmt ákvæði XXIX til bráðabirgða í lögum um stjórn fiskveiða rennur út í lok næsta fiskveiðiárs, þ.e. 2004/2005, komi ekki til framlengingar af hálfu Alþingis. Nefndin mælist því til þess að ráðherra leggi fyrir nefndina á komandi haustþingi skýrslu um þau áhrif sem þessi heimild hefur haft, hversu margir hafa nýtt sér hana, hversu miklum afla hefur verið landað á grundvelli hennar o.s.frv. Jafnframt mælist nefndin til þess að ráðherra leggi mat á það í skýrslunni hvort ástæða sé til þess að hækka prósentuhlutfall þessarar heimildar, lækka það eða jafnvel að fella heimildina niður. Loks verði lagt mat á það hvort rétt sé að auka hlut áhafnar í verðmæti þessa afla eða breyta aðferð við ákvörðun endurgjalds til þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller og Grétar Mar Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Hv. þm. Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir nál. rita hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kjartan Ólafsson, Páll Magnússon, Grétar Mar Jónsson, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson og Kristján L. Möller.

[23:34]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Á sama hátt og ég gerði í fyrra máli vil ég gera stutta grein fyrir þeim fyrirvara sem fulltrúar Samf. í sjútvn. hafa við nál. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var að mæla fyrir.

Segja má að um sé að ræða sams konar fyrirvara og í hinu fyrra máli, þ.e. að við viljum sjá tillögur um með hvaða hætti stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins verður skipuð og hvaða reglur koma til með að gilda þar um úthlutun.

Það er ljóst að þegar hinn svokallaði hafróafli fer í þennan sjóð ásamt gjaldi fyrir ólögmætan afla verður um mikla fjármuni að ræða. Það má jafnvel ætla að árlega gætu runnið í þennan sjóð, miðað við óbreytt umfang, um 300 millj. kr. Með samþykkt þessa frv. munu fjármunir sem runnið hafa beint til Hafrannsóknastofnunar ekki gera það lengur. Því er alveg ljóst að fjármunir Hafrannsóknastofnunar munu dragast saman á ársgrundvelli.

Varðandi reglur sjóðsins viljum við sjá að Hafrannsóknastofnun geti sótt í þennan sjóð vegna rannsókna, hvort sem um er að ræða rannsóknir á loðnu í Norðurhöfum, sértækar veiðarfærarannsóknir eða rannsóknir á lífríki hafsins. Reglurnar gætu jafnvel verið með einhverjum þeim hætti að Hafró gæti átt forgang í einhvern hluta sjóðsins.

Það verður mikil breyting í sjálfu sér þegar 150–190 millj. kr. koma ekki lengur inn í sjóði Hafró í gegnum þetta gjald heldur fara beint inn í Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Eins og ég gat um í upphafi skrifum við undir nál. með fyrirvara og vonumst til að sú skýrsla sem við fáum um þetta mál þegar þar að kemur verði mjög ítarleg. Jafnframt vonumst við til að reglurnar sem sjútvrh. kemur til með að kynna okkur um úthlutun úr sjóðnum og skipan stjórnar hans verði skýrar og greinargóðar þannig að allt liggi fyrir áður en byrjað verður að úthluta úr sjóðnum.

[23:36]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða nál. um frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ég er með fyrirvara á því líkt og í síðasta máli sem hér var á dagskrá. Verkefnasjóður sjávarútvegsins, sem í gætu safnast nokkur hundruð millj. kr., ætti að vistast utan ráðuneytis og vera með skýra stjórnsýslulega stöðu. Sú breyting sem gerð er á er til bóta, að hann fái stjórn og skýrar úthlutunarreglur og að þær verði kynntar sjútvn.

Ég tel einnig eðlilegt að hlutverk sjóðsins verði rýmkað, að hann geti komið að fleiri verkefnum en þeim sem unnin eru á vegum Hafrannsóknastofnunar. Mig minnir að þetta fyrirkomulag hafi aðeins verið við lýði í eitt ár þannig að þetta hefur sem slíkt ekki komið beint að rekstri Hafrannsóknastofnunar til langs tíma. Þetta hefur sjálfsagt fyrst og fremst farið í ákveðin verkefni. Það þarf að sjálfsögðu að huga vandlega að fjárhag Hafrannsóknastofnunar. Ég vil leggja áherslu á hversu skammt við erum komin í rannsóknum á notkun veiðarfæra og öðru sem lýtur að veiðum og nýtingu á fiski með mismunandi veiðiaðferðum. Við erum þar skammt á veg komin, sorglega skammt reyndar. Ég tel að þar sé verkefni sem mætti njóta viss forgangs.

Annars sjáum við bara hvernig þetta þróast. Ég ítreka að það þarf að fylgjast með því hvernig ákvæði um meðafla kemur til með að virka. Menn þurfa að fylgjast með löndun meðafla og skiptingu þess fjár, samsetningu aflans og hvernig þetta kemur út gagnvart flotanum. Eru allir með í þessu og þá með hvaða hætti? Mikilvægt er að nákvæm skráning á því fari fram. Þannig er hægt að nýta þetta sem stýritæki og meta hvort gera þurfi á þessu breytingar. Það er ekki hægt nema nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um hvernig tekst til og framvindu málsins í framkvæmd.

[23:39]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Eins og heyra má hefur ríkt allgóð samstaða um afgreiðslu þessa máls líkt og hins fyrra sem ég mælti fyrir áðan. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nefndarmönnum í sjútvn. fyrir samstarfið. Ég tel að það hafi gengið afar vel í haust og skilað m.a. ágætum nefndarálitum í þessum málum.

Ég vek athygli á að í þessum nýja sjóði eru gerðar breytingar, einkum tvær sem mér finnst ástæða til að taka sérstaklega fram. Í fyrsta lagi er bætt við nýju sviði varðandi ráðstöfun fjárins. Það mun ekki lengur takmarkast við hafrannsóknir og eftirlit eins og verið hefur, heldur bætist við nýsköpun á sviði sjávarútvegs.

Í öðru lagi mun fé úr sjóðnum ekki einvörðungu renna til Hafrannsóknastofnunar heldur er opið fyrir aðra vísindamenn að sækja um fé úr sjóðnum til að standa straum af rannsóknum sínum. Það er ákaflega þýðingarmikið að við opnum farveg fyrir vísindamenn og fræðimenn á þessu sviði sem starfa utan Hafrannsóknastofnunar. Ég tel sérstaka ástæða til að vekja athygli á þessu og fagna þessum breytingum.

Hinu er ekki að neita að það fé sem hefur verið til ráðstöfunar undanfarið rúmt ár hefur runnið í verulegum mæli til Hafrannsóknastofnunar og fjármagnað ákveðna þætti í starfsemi hennar. Ég tel að breytingar á ráðstöfun fjárins megi ekki gera það hratt að veigamikil verkefni hjá Hafrannsóknastofnun líði fyrir. Allt verður þetta að gerast með eðlilegum hætti þannig að skiptin gerist farsællega.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, vegna þess sem hér kom fram í máli hv. þingmanna sem gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum, sem ég tek undir. Ég hygg að allgóð samstaða ríki um þau í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:42]

Útbýting þingskjala:

Stjórn fiskveiða, 428. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 663.

Þingsköp Alþingis, 458. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 660.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (EES-reglur). — Þskj. 558, nál. 639.

[23:43]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um tímabundna ráðningu starfsmanna á þskj. 639.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Gylfi Kristinsson, Hermann Sæmundsson og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir frá félagsmálaráðuneyti, Þórhallur Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneyti, Birgir Björn Sigurjónsson og Friðrik Friðriksson frá Reykjavíkurborg, Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Samtökum atvinnulífsins, Magnús M. Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Gísli Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Erna Guðmundsdóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingólfur Sverrisson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurður Óli Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eiríkur Jónsson frá Kennarasambandi Íslands. Einnig bárust nefndinni umsagnir um málið frá Birgi Birni Sigurjónssyni, Reykjavíkurborg og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á tilskipun 1999/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga, Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild hafa gert og sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Markmið frumvarpsins koma fram í 2. gr. og byggjast á ákvæðum rammasamningsins.

Samningar hafa ekki tekist á vinnumarkaðnum um innleiðingu á þessu efni rammasamningsins, þótt samningaumleitanir hafi staðið í nokkurn tíma, og verður vart hjá því komist lengur að innleiða það með lögum.

Nefndarmönnum virðist komið til móts við helstu sjónarmið aðila vinnumarkaðarins í frumvarpinu og þess gætt svo sem kostur er að raska ekki jafnvægi á vinnumarkaðnum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að félagsmálaráðherra muni beita sér fyrir skipun samstarfshóps sem athugi hvernig tímabundnum ráðningarsamningum er háttað á íslenskum vinnumarkaði áður en frekari reglur verði settar um þá í lögum. Nefndin telur þetta mjög jákvætt og mun leggja áherslu á að þessu verði fylgt vel eftir.

Nefndin telur að frumvarpið geti tryggt betur en nú er gert hag þeirra sem ráðnir eru tímabundið. Í d-lið 2. mgr. 1. gr. kemur fram að frumvarpið gildi ekki um embættismenn. Nefndin mælir því með að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem koma fram í nál. á þskj. 639.

Undir álitið rita hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Gunnar Örlygsson.

Við afgreiðslu málsins sat hv. þm. Ögmundur Jónasson á fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

[23:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að geta þess, vegna framsöguræðunnar sem flutt var fyrir þessu nál., að fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem voru lesnir upp, sem skrifuðu undir þetta álit, skrifuðu allir undir álitið með fyrirvara. Ég heyrði ekki að það hefði komið fram hjá hv. þm. og framsögumanni nefndarinnar.

Þegar þetta mál kom til 1. umr. urðu um það allmiklar umræður og efni frv., sérstaklega varðandi 1. gr. þess. Hún var verulega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni enda full ástæða til vegna þess að ... er ég ekki með rétt mál?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Við fjöllum um 18. mál á dagskrá, Tímabundin ráðning starfsmanna.)

Þá er ég hér undir vitlausum dagskrárlið. Ég biðst afsökunar á því. Ég hélt að við værum komin aðeins lengra í dagskránni.

[23:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. um tímabundna ráðningu starfsmanna. Þetta frv., eða öllu heldur drög þessa frv. hafa verið í smíðum í alllangan tíma og verið haft samráð við málsaðila, bæði af hálfu fulltrúa launafólks og við atvinnurekendur. Það hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið beggja vegna borðsins. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við þetta frv. og fagna þeim vinnubrögðum sem hafa verið í frammi höfð við samningu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (tímabundin vinnslustöðvun o.fl.). — Þskj. 578, nál. 640.

[23:49]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, á þskj. 640.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Aðalstein Á. Baldursson og Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands, Halldór Grönvold frá ASÍ og Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Eftir fund nefndarinnar með áðurgreindum aðilum 9. desember 2003 barst nefndinni boð um samkomulag sem tekist hafði á milli félagsmálaráðherra, fulltrúa Samtaka fiskvinnslustöðva og fulltrúa Starfsgreinasambands Íslands, og hefur nefndin tekið tillit til samkomulagsins í áliti þessu.

Nefndin leggur áherslu á að fram fari vinna við endurskoðun laga nr. 19/1979 og þá helst 3. gr. þeirra í samstarfi félagsmálaráðuneytis, Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka fiskvinnslustöðva.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fylgja á nál. þessu.

Undir nál. skrifa hv. þm. Hjálmar Árnason, Guðlaugur Þ. Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Helgi Hjörvar, með fyrirvara, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, og Gunnar Örlygsson, með fyrirvara.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

[23:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vona að ég sé að tala undir því dagskrármáli sem ég ætlaði að tala undir áðan. Nú er vel liðið á kvöld þannig að það verður að afsaka það. Svona mistök geta átt sér stað.

Eins og fram kom hjá framsögumanni nefndarinnar skrifum við í stjórnarandstöðunni undir þetta álit með fyrirvara sem ég ætla að gera nánari grein fyrir.

Það varð mikil umræða um þetta mál þegar það kom til 1. umr. og ærin ástæða til. Þær breytingar sem fram komu í 1. gr. þessa frv. höfðu sætt mikilli gagnrýni af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni og þeirra sem við þessar breytingar eiga að búa, þ.e. Samtaka fiskvinnslustöðva og Starfsgreinasambandsins. Það var full ástæða til þess að hæstv. ráðherra leitaði samkomulags í málinu áður en það kæmi til 2. umr. Hæstv. ráðherra gerði það og er ástæða til að þakka hæstv. ráðherra fyrir. Hann hvattur til þess að af okkur við 1. umr. málsins. Við töldum farsælast fyrir framgang málsins að slíkt yrði gert.

Lagasetningin frá 1995 var til komin til að höggva á hnút sem í kjaradeilu við fiskvinnslufólk og viðsemjendur þeirra á því ári. Þess vegna gekk auðvitað ekki að hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnin ætlaði sér með þessu frv. að breyta einhliða samningum sem þá voru gerðir með valdboði.

Eftir að hæstv. ráðherra náði samkomulagi við Samtök fiskvinnslustöðva og fulltrúa frá Starfsgreinasambandinu er ljóst að það er bærileg sátt í málinu. Það er þó ekki þannig úr garði gert að við í stjórnarandstöðunni, a.m.k. fulltrúar Samf., treystum okkur til að skrifa undir það fyrirvaralaust. Ágreiningsatriðin voru aðallega varðandi heildardagafjöldann á ári sem greitt er fyrir, þ.e. mismuninn á atvinnuleysisbótum og launum fiskvinnslufólks. Hugmyndin var sú að það færi úr 60 dögum í 30 daga og síðan að fyrirtækin tækju á sig að greiða laun til fiskvinnslufólks í hráefnisstoppi fyrstu fjóra dagana í stað tveggja.

Að vísu náðist ekki samkomulag um að breyta þriðja atriðinu, um að vinnslustopp gæti varað samfellt í 20 daga í stað 30 daga. Við heyrðum það hjá fulltrúa Starfsgreinasambandsins, sem mætti á fund nefndarinnar eftir að samkomulagið var í höfn, að hann hefði einnig viljað sjá breytingar á því ákvæði.

Varðandi ákvæðin í 2. og 3. gr. frv., um að auka eftirlit með framkvæmdinni, bæta hana, auka skilvirkni og koma í veg fyrir misnotkun, sem menn telja að sé fyrir hendi, á þessu fyrirkomulagi sem tryggt hefur bærilegt atvinnuöryggi og kjör fiskvinnslufólks á síðustu árum, þá hygg ég að segja megi að enginn mótmæli því að framkvæmdin verði sérstaklega skoðuð. Það verður bara til góðs að auka eftirlit og skilvirkni og bæta framkvæmdina þannig að við gerum ekki ágreining um það.

Spurningin snýst um hvort þær breytingar, sem hér eru gerðar og við styðjum í framhaldi af því samkomulagi sem gert var, dugi til að skerða ekki kjör fiskvinnslufólks. Þar hef ég miklar efasemdir. Reyndar kom fram á fundi efh.- og viðskn. hjá fulltrúa Starfsgreinasambandsins að eftir sem áður, þrátt fyrir þessar lagfæringar, geti þetta þýtt kjaraskerðingu fyrir einhverja. Mér skilst á fulltrúum Starfsgreinasambandsins að þeir treysti mjög á tvennt, þ.e. að þessi mál verði tekin upp í kjarasamningum og að menn skoði kauptrygginguna betur.

Það er ákveðin hætta á því, sem menn óttast nokkuð, að fiskvinnslustöðvar fari í auknum mæli að beita svokallaðri fjögurra vikna reglu. Samkvæmt henni er hægt að senda fiskvinnslufólk heim með fjögurra vikna fyrirvara. Reynslan er sú að þegar það hefur verið gert þá er það oft ekki í stuttan tíma heldur til lengri tíma og allt upp undir ár. Ég heyrði á fulltrúum Starfsgreinasambandsins að þeir vilja fá betri tryggingu fyrir þessu og munu væntanlega taka það upp í kjarasamningum. Það var hluti af þessu samkomulagi sem komist var að en í því segir orðrétt:

„Jafnframt munu þeir beita sér fyrir því að unnið verði að framkvæmd í kjarasamningi um kauptryggingar sem byggi á ofangreindum lögum.“

Þetta er hluti af þessu samkomulagi, ef ég skil málið rétt. Það eru sem sagt Samtök fiskvinnslustöðva og Starfsgreinasambandið sem hafa væntanlega sett þetta á blað. Það er treyst verulega á að í kjarasamningum verði sest yfir þann möguleika sem enn virðist á að kjör og atvinnuöryggi fiskvinnslufólks skerðist og honum lokað alveg sérstaklega.

Annað atriði leggja fulltrúar Starfsgreinasambandsins einnig mikla áherslu á og það kemur fram í nál. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega um það. Í nál. félmn. segir:

„Nefndin leggur áherslu á að fram fari vinna við endurskoðun laga nr. 19/1979 og þá helst 3. gr. þeirra í samstarfi félagsmálaráðuneytis, Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka fiskvinnslustöðva."

Verkalýðshreyfingunni og Starfsgreinasambandinu er þessi grein verulegur þyrnir í augum. Þetta er gamalt ákvæði sem fyrst kom inn árið 1957 eða 1958 og er enn í endurskoðaðri löggjöf frá 1979, þ.e. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Fulltrúi Starfsgreinasambandsins leggur mikla áherslu á að ákvæði sem þar er inni, varðandi hráefnisskort, fari út. Við í stjórnarandstöðunni tökum undir það með honum að þetta sé orðið úrelt ákvæði. Það er ekki hægt að *jafna því við önnur ákvæði í 3. gr. þar sem talað er um* ófyrirsjáanleg áföll, svo sem vegna bruna eða skipstapa. Það er bara ekki hægt að bera bruna eða skipstapa saman við hráefnisskort og ætti ekki að setja undir sama hatt í þessari grein.

Það er lögð mikil áhersla á að þessi grein eða sá hluti sem lýtur að hráefnisskorti falli brott. Það er auðvitað mikið undir hæstv. ráðherra komið að farið verði í endurskoðun á þessum lögum með það að markmiði að reyna að ná samkomulagi um að ákvæðið um hráefnisskortinn falli út úr þessari grein. Ég held að það gangi ekki, virðulegi forseti, að hafa svona sérákvæði um fiskvinnslufólk og atvinnuöryggi þeirra.

Maður staldrar orðið við það, eins og maður gerir stundum þegar ríkisstjórnin kemur með frumvörp inn í þingið, hvort menn séu á jaðri stjórnarskrárinnar þegar þeir setja svona sérákvæði, sem eru í gildi núna 50 árum seinna, við allt aðrar aðstæður en uppi voru fyrir hálfri öld, að hafa slíkt sérákvæði inni fyrir fiskvinnslufólk.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því: Er ekki alveg klárt að markmiðið með þessari endurskoðun, sem verið er að fara í á þessum lögum, sérstaklega 3. gr. hennar, miðist við það að tryggja atvinnuöryggi eða uppsagnarfrest fólks í fiskvinnslu með sama hætti og hjá öðrum launþegum þannig að þetta varðandi hráefnisskortinn falli brott?

Ég þarf út af fyrir sig, virðulegi forseti, ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta frv. Ég gekk nokkuð eftir því og fékk greiðar upplýsingar um það í félmrn. hve mörg fyrirtæki væru stopp vegna hráefnisskorts sem færi yfir 45 daga, því að það er komið í brtt. að í stað 60 daga eru dagarnir 45. Það eru alls ekki mörg fyrirtæki miðað við reynsluna, þau voru 15 árið 2000, 14 árið 2002 og 7 fyrirtæki á fyrstu 11 mánuðum þessa árs. Að vísu er desember ekki liðinn og vantar þær tölur fyrir árið 2003 svo þar gæti fjölgað nokkuð, en það eru sem sagt örfá fyrirtæki sem hafa farið yfir þessa 45 daga, yfirleitt lítil fyrirtæki með 1–6 starfsmenn, en engu að síður er þetta fólk sem gæti þurft að búa við kjaraskerðingu ef ekki væri betur frá málum gengið en verið er að gera með þessum brtt.

Við fórum yfir það bæði við 1. umr. málsins og eins í nefndinni að kjaraskerðing getur orðið veruleg, eða kannski frá 130 þús. kr. niður í meðaltal sem greitt er vegna atvinnuleysisbóta, 65 þús. kr., við erum því að tala um helming. Einnig óttast menn svolítið að það verði farið í auknum mæli að beita fjögurra vikna reglunni.

Ég óskaði eftir því að ráðuneytið upplýsti um það hve mörg fyrirtæki, sem væru í ráðningarsambandi við fiskvinnslufólk, hefðu beitt þessari fjögurra vikna reglu og um það fengust engar upplýsingar. Ráðuneytið telur að það þurfi að skoða það mál miklu betur og telur sig þurfa tíma til þess að skoða það. Það hefði auðvitað verið æskilegt að við hefðum eitthvert mat á því hve líkurnar væru miklar á því að þessari fjögurra vikna reglu væri beitt. En ég virði það alveg sem fram kom hjá fulltrúum ráðuneytisins að það taki tíma að skoða það. Ég vænti þess að þeirri vinnu verði haldið áfram vegna þess að ég held að það væri bæði gagnlegt fyrir ráðuneytið og Samtök fiskvinnslustöðva og Starfsgreinasambandið að það lægi fyrir, ekki síst ef menn eru að fara inn í kjarasamninga þar sem á að taka þetta frekar upp varðandi kauptrygginguna. Ég hvet því hæstv. ráðherra til þess að láta þá vinnu halda áfram í ráðuneytinu að skoða það þó að það taki einhvern smátíma og við munum ekki fá niðurstöðu áður en þetta frv. verður að lögum.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, að mig undraði nokkuð þegar ég gekk eftir því við fulltrúa ráðuneytisins á fundi félmn. að það hafði engin athugun verið gerð á því í ráðuneytinu, áður en þetta frv. var lagt á borðið, hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á kjör fiskvinnslufólks. Ég held að það sé afar mikilvægt að menn leggi mat á það þegar þeir eru að koma inn með þessar breytingar.

Einu furðaði ég mig líka á, að sparnaðurinn samkvæmt frv. átti að vera 65–70 millj. kr. miðað við að fyrri áform hæstv. félmrh. næðu fram að ganga, en eftir það samkomulag sem hæstv. ráðherra náði og þær breytingar sem voru gerðar til þess að draga úr þeim skerðingum sem fiskvinnslufólk getur orðið fyrir og til þess að tryggja betur atvinnuöryggi þess og líka til að draga úr kostnaði fyrirtækjanna, höfðu þessar breytingar einungis í för með sér að frv. sem spara átti 65–70 millj. kr. sparaði 52 millj. kr. eftir breytingarnar. Við erum því að tala um kannski 12–16 millj. kr.

Það var upplýst í nefndinni að skiptingin á sparnaðinum mundi í fyrsta lagi koma niður á skerðingu á kjörum fiskvinnslufólks, í öðru lagi er reiknað með einhverjum sparnaði vegna herts eftirlits og bættri framkvæmd og í þriðja lagi kom fram hjá fulltrúa Samtaka fiskvinnslunnar að tveir dagar, sem fyrirtæki ættu samkvæmt frv. að taka á sig bótalaust í hráefnisstoppi, að hver dagur þýddi 10 millj. kr. Nú er búið að fækka þessum dögum sem fyrirtækið tekur á sig niður í einn og það þýðir 10 millj. kr. hver dagur. Það standa þá einungis eftir 5–6 millj. kr. sem koma fram í minni sparnaði vegna þess að það átti frekar að tryggja það að fiskvinnslufólk yrði ekki fyrir skerðingu. Vera má að það séu það margir sem eru á tímabilinu 30–45 dagar, að það sé einhver skýring þar á.

Virðulegi forseti. Ég beindi spurningum til hæstv. ráðherra sem ég vænti þess að fá svör við. Ég vil líka segja það í lokin að ég fagna því að hæstv. ráðherra féll frá því að breyta atvinnuleysistryggingarlögunum, eins og til stóð, að skerða fyrstu þrjá dagana í atvinnuleysi. Það kom alveg glögglega fram hjá fulltrúa Starfsgreinasambandsins að sú yfirlýsing

ráðherra átti sinn þátt í því að það náðist sátt í deilunni sem þar var uppi.

Ég vil nota tækifærið í lokin, af því að við erum að ræða kjör fiskvinnslufólks og við erum að ræða kjör atvinnulausra, að minna á, virðulegi forseti, að ég átti orðastað við hæstv. ráðherra hér í lok október, um fsp. sem ég beindi til ráðherra vegna þess að það hefur verið vinna í gangi í upp undir heilt ár á vegum ráðuneytis hans og forsrn. einnig, sem átti að leggja fram tillögur um úrbætur í málefnum fátækra. Þegar hæstv. ráðherra svaraði fsp. minni um mánaðamótin október/nóvember, upplýsti hæstv. ráðherra að tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í málefnum fátækra mundu liggja fyrir um miðjan nóvembermánuð. Nú er að koma miður desembermánuður og þingið að fara heim og þess vegna finnst mér ekki úr vegi í þessari umræðu að inna ráðherrann eftir því hvað dvelji að ekki sjáist þær tillögur sem hann boðaði til þess að bæta kjör atvinnulausra. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra upplýsi okkur við þessa umræðu um hvað líði því að leggja fram í þinginu skýrsluna sem þriggja eða fjögurra manna ráðherranefnd er að vinna að um stöðu fátækra og tillögum til úrbóta.

[00:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. en í lögum um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks er að finna ákvæði, sem á sínum tíma voru lögfest til að styrkja fiskvinnsluna í landinu og þá ekki síst til að stuðla að atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Þannig var heimilt og er heimilt samkvæmt þessum lögum að greiða fiskvinnslufólki úr Atvinnuleysistryggingasjóði í 60 daga á ári hverju, komi til vinnslustöðvunar vegna hráefnisskorts eða annarra sambærilegra orsaka. Það voru reyndar tveir dagar undanskildir og gengu tillögur hæstv. félmrh. út á það að fækka þeim dögum sem heimilt er að greiða til fiskvinnslufólks úr 60 í 30, og greiðslulausir dagar fara þá úr tveimur upp í fjóra.

Hvaða máli skiptir það fyrir fiskvinnslufólkið? Jú, með þessu fyrirkomulagi fengu einstaklingarnir greiddar atvinnuleysisbæturnar, atvinnurekandinn sneri sér til Atvinnuleysistryggingasjóðs og fékk þær greiðslur og síðan var greitt ofanálag það sem upp á vantaði til að fólk næði sínum föstu kjörum. Sem áður segir var þetta gert til þess að styrkja stöðu fiskvinnslufólks.

Þegar hugmyndir komu fram um að raska við þessu bárust mjög hávær mótmæli bæði frá samtökum fiskvinnslufólks innan Starfsgreinasambandsins en einnig úr röðum atvinnurekenda.

Við tókum þetta til umfjöllunar í þinginu og þetta kom til kasta félmn. þingsins. Þangað komu fulltrúar beggja aðila sem ég vísaði til og að lokum náðist þríhliða samkomulag á milli hæstv. félmrh. annars vegar og samningsaðila á vinnumarkaði hins vegar, og ber að fagna því sérstaklega.

Hvers vegna skiptir máli að þetta er þríhliða samkomulag? Vegna þess að í deilumálum milli þessara aðila, atvinnurekenda í fiskvinnslu og fiskvinnslufólksins hefur iðulega verið skírskotað til laga nr. 19/1979.

Þar segir í 3. gr., með leyfi forseta:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir."

Með öðrum orðum kaupið fellur niður en ráðningarsambandið varir.

Þetta hefur fiskvinnslufólk og samningamenn þess, fulltrúar þess, verið mjög ósáttir við og vilja fá endurskoðun á þessum lögum og vilja að ráðuneytið og hæstv. félmrh. komi þar að málum. Það þarf hins vegar að gerast í tengslum við kjarasamninga vegna þess að ef þessum lögum er breytt þarf hugsanlega að gera breytingar á kjarasamningum einnig.

Ég vil að það komi fram, vegna þess að það er skírskotað mjög rækilega til þess í grg. með frv., að það sé sett fram, í og með til þess að tryggja að lögin séu ekki misnotuð. Að hluta til er þetta sparnaðarráðstöfun, að hluta til er þetta sagt vera til að þrengja allar skilgreiningar í lögunum, til að koma í veg fyrir misnotkun.

Það kom fram af hálfu beggja aðila á vinnumarkaði mjög ríkur vilji til þess að koma í veg fyrir hvers kyns misnotkun á þessum lögum og á það lögðu aðilarnir mjög ríka áherslu. En málflutningur minn er mjög í sömu veru og hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, við höfum verið mjög samstiga í þessu máli. Okkar fyrirvari lýtur í rauninni að því að leggja áherslu á að málið verði til lykta leitt við samningaborð og af hálfu hæstv. félmrh., vegna þess að um er að ræða þríhliða samkomulag þessara aðila.

Að öðru leyti fagna ég því að þessi niðurstaða skuli hafa náðst og ég fagna því einnig að frv. um skerðingu á þremur fyrstu dögum í atvinnuleysi skuli hafa verið dregið til baka. Þessi tvö mál hljótum við og hlutum við að skoða sem eina heild og er það hið besta mál að farsæl niðurstaða skuli hafa náðst í málinu.

[00:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. félmn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í þetta mál og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni fyrir umræðuna í kvöld.

Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum og ég vil, hæstv. forseti, reyna að svara þeim.

Í fyrsta lagi varðandi hina svokölluðu fjögurra vikna reglu, sem er almenn regla vegna verkafólks, er, eins og fram hefur komið í máli hv. þm., um að ræða reglu sem aðilar hafa samið um í kauptryggingarhluta kjarasamninga. Þetta er sem sé hluti samninga og viðtekin venja á íslenskum vinnumarkaði að samtök aðila vinnumarkaðarins beri ábyrgð á efni samninganna og fylgist sjálfir með framkvæmd þeirra.

Ég vil hins vegar ítreka þann vilja minn í þessu efni sem og í því sem varðar 3. gr. laga nr. 19/1979, sem líka hefur orðið hér að umfjöllunarefni, að ég hef lýst vilja mínum til þess að setjast yfir það mál með aðilum vinnumarkaðarins og við ræddum það á umræddum sátta- og samningafundi í gær að það mundum við gera og að sjálfsögðu verður við það staðið.

Aðeins hefur verið komið inn á, hæstv. forseti, í máli hv. þm. sparnaðinn sem af þessum breytingum mun hljótast. Það er rétt sem hefur komið fram að við það frv. sem lagt var hér fram við 1. umr. var gert ráð fyrir að sparnaður af því gæti orðið á bilinu 60–70 millj. kr. Við þær breytingar sem nú er lagðar til í frv., verði þær að lögum, má gera ráð fyrir að sparnaðurinn verði 40–50 millj. kr. Innbyggður sparnaður í kerfinu á þessu ári virðist hins vegar gróflega áætlað geta

numið á bilinu 40–50 millj. kr. frá því sem fjárlög ársins í ár gera ráð fyrir. Samanlagður sparnaður í kerfinu á milli ára gæti því — og ég ítreka, gróflega áætlað, numið á bilinu 80–100 millj. kr.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði, hæstv. forseti, einnig að umtalsefni mál sem hún spurði mig um fyrr í vetur og varðar þá vinnu sem hefur á forræði forsrn. farið fram vegna málefna fátækra. Það er rétt hjá hv. þm. að ég sagði í þingumræðu í vetur að vænta mætti niðurstöðu þessa hóps innan fáeinna daga. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér nú hefur sú vinna dregist nokkuð. Hins vegar mun vera unnið að lokadrögum þeirrar skýrslu þannig að jafnvel þótt það hljómi líkt og fyrir mánuði má nú vænta niðurstöðu þessarar vinnu á næstu dögum.

[00:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, sem voru nokkuð skýr. Ég hefði þó kosið að fá skýrara svar varðandi endurskoðunina sem ráðherra lýsir yfir í ræðustól að hann muni fylgja fast eftir, þ.e. lögin frá 1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests. Ég innti ráðherrann eftir því hvort markmiðið með þeirri endurskoðun væri ekki að fella brott ákvæðið í 3. gr. sem lýtur að hráefnisskorti þannig að fiskvinnslufólk sitji við sama borð og aðrir launþegar varðandi uppsagnarfrest. Ráðherrann tjáði sig ekki um það en ég hefði viljað fá skýrari svör vegna þess að fulltrúar fiskvinnslufólks leggja geysilega mikið upp úr því að ná sátt og niðurstöðu í því máli, og ég tel að hæstv. ráðherra hljóti að fylgja því fast eftir þar sem þetta er liður í þessu samkomulagi.

Varðandi niðurstöðu nefndar um aðgerðir gegn fátækt þá er það rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta er svipað svar og ég fékk um mánaðamótin október/nóvember. Þá var það reyndar svo að fulltrúi ráðuneytisins, sem var með það svar á sínum borðum, spurði hvort ég gæti ekki beðið í örfáa daga vegna þess að niðurstöðu væri að vænta á allra næstu dögum. Það var í byrjun nóvember svo að þetta er auðvitað svipað svar nú og þá kom fram. En ráðherrann upplýsir að niðurstöðu sé að vænta á næstu dögum. Því miður verður þingið þá væntanlega farið heim, en ég treysti því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að málið verði tekið til umræðu strax og við komum úr jólaleyfi (Forseti hringir.) vegna þess að það er brýnt að ræða stöðu þessara hópa og aðgerðir til úrbóta strax eftir jól.

[00:20]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það enn og aftur að það er vilji minn, eins og ég hef lýst, að taka upp þau mál sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert að umtalsefni, lögin nr. 19/1979 og fjögurra vikna regluna svokölluðu. Ég vil hins vegar ekki lýsa yfir hver ég telji að verði afdrif þeirrar vinnu, þar þarf að fara fram samráð og samvinna, þríhliða samvinna, eins og lýst var úr þessum ræðustól fyrr í kvöld, aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Í þá vinnu verður farið en hver niðurstaðan verður eða afdrif málsins treysti ég mér ekki til þess að spá fyrir um á þessari stundu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng undir Vaðlaheiði, fyrri umr.

Þáltill. HlH o.fl., 421. mál. — Þskj. 579.

[00:21]

Flm. (Hlynur Hallsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þáltill. þess efnis að Alþingi feli hæstv. samgrh. að kanna til hlítar, í samráði við heimamenn, grundvöll þess að ráðast í gerð jarðganga undir Vaðlaheiði. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Sigurjón Þórðarson og Þuríður Backman, og kann ég þeim bestu þakkir fyrir það.

Góðar samgöngur eru lífæð nútímasamfélags og forsenda farsællar byggðaþróunar. Samgöngur eiga að tryggja aðgengi að vörum og þjónustu, auðvelda samskipti og tengsl manna á milli og gera fólki kleift að búa þar sem hugur þess stendur til. Tenging Akureyrar og Þingeyjarsýslu er hagsmunamál fyrir íbúa á þessu stóra svæði. Eyjafjörðurinn og Suður-Þingeyjarsýsla eru nú þegar eitt atvinnu- og menningarsvæði og með bættum samgöngum er hægt að auðvelda öll samskipti til muna.

Samgöngukerfið hefur tekið miklum breytingum hér á landi á síðustu áratugum og víða skipt sköpum um þróun byggða og atvinnulífs. Ekki síst hefur gerð jarðganga breytt miklu fyrir heilu byggðarlögin, tengt saman bæi og stækkað atvinnusvæði. Gott dæmi um þetta eru Ólafsfjarðargöng.

Eyþing, sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslu, hefur beitt sér mjög fyrir því að hafinn verði undirbúningur fyrir gerð jarðganga undir Vaðlaheiði og stofnað hefur verið félag sem ber nafnið Greið leið hf., sem vinnur að framgangi málsins.

Samgöngur um Eyjafjörð og frá honum til allra átta ráða ekki síst miklu um það hvort tekst að efla Akureyri sem höfuðstað Norðurlands sem bæði stjórnvöld og almenningur virðast telja æskilegt. Það var mikil samgöngubót fyrir tveimur áratugum þegar vegurinn um Víkurskarð austur um í Þingeyjarsýslu kom í staðinn fyrir illfæran, brattan og krókóttan veg yfir Vaðlaheiði. Það var árið 1983. Umferð um Víkurskarðsveginn hefur aukist mikið á síðustu árum, að meðaltali 6% árlega og er það mun meira en landsmeðaltal. Meðalumferð um Víkurskarð var 931 bíll á dag árið 2002, það eru 500–600 bílar að jafnaði á dag að vetrinum, en umferðin er mun meiri á sumrin eða um og yfir 2.000 bílar á dag. Gera má ráð fyrir að umferð aukist mikið um Víkurskarð á næstu árum. Vaðlaheiðargöng mundu stytta þjóðveg nr. 1 á milli Austurlands og Eyjafjarðar um 6–8% og milli Akureyrar og Húsavíkur um 15–20%.

Mikilvægt er að hafist verði nú þegar handa við að undirbúa verkefnið og setja það á samgönguáætlun, sem verður endurskoðuð á næsta ári. Ef það reynist arðbært og skynsamlegt er raunhæft að áætla að hægt verði að hefjast handa við gerð Vaðlaheiðarganga ekki síðar en árið 2009.

Hugmyndir hafa verið uppi um að byggja og reka göng undir Vaðlaheiði í svokallaðri einkaframkvæmd. Þar hefur m.a. verið vísað til Hvalfjarðarganga sem voru byggð og eru rekin af hlutafélagi með lítilli aðstoð eða aðkomu ríkisins. Ríkið er þó hluthafi og sá auk þess um og kostaði tengingu jarðganganna við þjóðvegakerfið. Skoða þarf hvort þetta sé hagkvæm leið. Veggjöld eru ekki sérlega vinsæl en geta þó orðið til þess að flýta fyrir framkvæmdum. Í þessu samhengi er einnig hægt að hugsa sér að tekið verði gjald af þeim sem kjósa að fara um göngin en framkvæmdin gæti þó verið á

vegum ríkisins. Það er vitað að ríkisvaldið hefur aðgang að hagstæðari lánum til verkefna en einkaaðilar og þegar vaxtakostnaður er stór hluti af rekstrarkostnaði getur sá þáttur skipt miklu máli um arðsemi.

Það er margt sem þarf að skoða í sambandi við Vaðlaheiðargöng. Frumathugun hefur farið fram hjá Vegagerðinni og í skýrslu sem unnin var af Hreini Haraldssyni og Kristínu H. Sigurbjörnsdóttur kemur fram að gert er ráð fyrir að byggja tvíbreið göng, rúmlega 7 km löng. Framkvæmdartími er áætlaður um þrjú ár. Kostnaður við byggingu jarðganga er áætlaður 4,3 milljarðar kr. og er kostnaður við rannsóknir, hönnun og eftirlit meðtalinn.

Í skýrslu Vegagerðarinnar eru reiknuð út fjögur dæmi um mismunandi þátttöku ríkisins í stofnkostnaði til að finna út hvað veggjaldið þyrfti að vera hátt til að göngin borgi sig upp á mismunandi tíma. Ef ríkið greiðir 50% af stofnkostnaði ganganna, þ.e. 2.180 millj. kr., og miðað er við 15 ára lánstíma þyrfti gjald fyrir fólksbíl að vera um 630 kr. með virðisaukaskatti og gjald fyrir flutningabíl um 2.200 kr. Miðað við lánstíma í 30 ár yrði gjald fyrir fólksbíl að vera um 450 kr. og gjald fyrir flutningabíl um 1.575 kr. með virðisaukaskatti.

Hugmyndin um Vaðlaheiðargöng hefur fengið byr undir báða vængi með athugun og niðurstöðum Jóns Þorvaldar Heiðarssonar hagfræðings sem hann kynnti á ráðstefnu Byggðarannsóknastofnunar á Akureyri þann 28. nóvember sl. um samgöngubætur, samfélag og byggð. Jón Þorvaldur skrifaði MS-ritgerð um Vaðlaheiðargöng með það að markmiði að varpa ljósi á hvað slík göng kostuðu ríkissjóð ef þau yrðu gerð í einkaframkvæmd, en einnig kannaði hann hvort raunhæft væri að gera tvenn göng og jafnframt hvort arðvænlegt væri að gera meðalstóra virkjun samhliða Vaðlaheiðargöngum. Við athuganir sínar lagði Jón Þorvaldur m.a. til grundvallar umferðarspá, orkuverðsspá og tímasetningu framkvæmda.

Þessar hugmyndir eru athyglisverðar. Göng sem lægju undir heiðina allmiklu sunnar en gert var ráð fyrir í frumskoðun Vegagerðarinnar og önnur í framhaldinu undir Vaglafjall handan Fnjóskár. Í tengslum við þá leið setur Jón Þorvaldur fram nýstárlega hugmynd um 10–18 MW virkjun í Vaðlaheiði og telur að það gæti orðið hagkvæmur kostur. Hugmyndin er innlegg í umræðuna, en mikið skortir þó á rannsóknir til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir arðsemi og ekki síst umhverfisáhrifum slíkrar framkvæmdar.

Þessi þáltill. miðar að því að sett verði í gang ferli sem svari t.d. eftirfarandi spurningum:

Hvaða áhrif munu Vaðlaheiðargöng hafa á Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu sem eitt atvinnusvæði?

Eru möguleikar á sameiningu sveitarfélaga með tilkomu ganga?

Munu göng hafa áhrif á skólamál, aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu?

Hvað með flugsamgöngur, munu göng styrkja grundvöll fyrir beinu flugi frá Akureyri til útlanda?

Hvaða áhrif hafa göng á ferðamennsku almennt?

Hvaða áhrif munu göng hafa á Vaglaskóg sem útivistarsvæði og sumarbústaðabyggð, t.d. í Fnjóskadal?

Nú er það svo að mikið er talað um jarðgöng hér og þar. Ég er ekki talsmaður þess að við borum göt í gegnum öll fjöll hvar sem þau eru. Við getum lært af frændum okkar Færeyingum sem fóru heldur geyst í jarðgangagerð. Það er óþarfi að gera sömu mistökin oft. En það er hins vegar full ástæða til að kanna málið. Ef jarðgöng í gegnum Vaðlaheiði reynast arðbær og skynsamleg fjárfesting er rétt að hefja undirbúning framkvæmda. Það yrði hluti af heildarstefnumörkun á sviði samgangna í landinu.

Mörg brýn verkefni í samgöngumálum bíða úrlausnar. Eitt af þeim er að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1. Forgangsverkefni í jarðgangamálum eru svo Siglufjarðargöng. Göng undir Vaðlaheiði eiga að komast á dagskrá á næstu árum ef menn telja það hagkvæmt.

Það gætir oft leiðindamisskilnings, sem beitt er gegn okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að við séum á móti öllum virkjunum. Svo er auðvitað alls ekki. Við erum hlynnt arðbærum, umhverfisvænum rennslisvirkjunum sem ekki hafa í för með sér óafturkræfan skaða fyrir náttúruna. Hvort virkjun á þessum stað fellur undir þá skilgreiningu þarf að skoða vandlega. Að loknum þeim rannsóknum er hægt að taka ákvörðun.

Jarðgöng undir Vaðlaheiði gætu orðið mikil samgöngubót og lyftistöng fyrir atvinnulíf á aðliggjandi svæðum. Þau gætu stytt vegalengdir um 15–22 km eftir því hvaða leið yrði farin. Þau mundu auka umferðaröryggi til muna. Ljóst er að miklu verki er ólokið við undirbúning og útfærslu hugmynda um jarðgangagerð undir Vaðlaheiði. Mikilvægt er að hefjast handa við það verkefni hið fyrsta. Að því miðar þessi tillaga.

[00:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð um þessa ágætu tillögu um Vaðlaheiðargöng þar sem ég er einn af flutningsmönnum hennar og tel að hér sé um ákaflega gott mál að ræða.

Í greinargerð kemur fram að æskilegt sé að kanna grundvöllinn fyrir jarðagangagerð undir Vaðlaheiði samfara samgönguáætlun sem verður endurskoðuð á næsta ári. Ég held að það væri mjög til bóta að menn skoðuðu þetta nokkuð hratt og örugglega.

Í þeirri jarðgangaáætlun sem nú er í gildi er einmitt getið um Vaðlaheiðargöng sem einn af þeim kostum sem næst komi til skoðunar á eftir þeim þrennum göngum sem nú eru á dagskrá. Möguleikarnir á að gera göng undir Vaðlaheiði með einkaframkvæmd eru nokkuð miklir þar sem umferðin er mikil um Víkurskarð og Vaðlaheiðargöng tækju við henni.

Víkurskarðið er oft leiðinlegt yfir vetrartímann og verður stundum ófært. Það er ekki síður huglæg hindrun fyrir þá sem þurfa að fara þar um vegna þess hversu brött og erfið leiðin er. Yfir vetrartímann, þegar fólk þarf að ferðast um Víkurskarðið í hálku og erfiðu veðri, þá dregur það auðvitað mjög úr hugrekki fólks að þurfa að takast á við þennan fjallveg. Ég held því að þarna sé um mikið framfaramál að ræða og mjög nauðsynlegt að kanna hversu hagkvæm þessi jarðgöng yrðu og möguleikann á að taka þar veggjald til að vega upp á móti kostnaði.

Nýlega hefur komið fram, eins og framsögumaður nefndi, hjá ungum manni, Jóni Þorvaldi Hreiðarssyni, að þarna muni hugsanlega vera möguleiki á virkjun samfara jarðgangagerð. Það er auðvitað afar spennandi kostur og hugsanlegt að orkufyrirtæki í landinu væru tilbúin að koma að þeirri athugun. Þetta svæði er á orkuveitusvæði Rariks og ég veit til þess að þar er mikill áhugi á frekari orkuöflun með virkjunum þar sem Rarik stæði fyrir framkvæmdum. Ég held að þetta sé eitt af því sem þeir mundu gjarnan vilja leggja lið sitt.

Þarna er um töluverða styttingu á vegalengdum að ræða, a.m.k. 15 km styttingu vegalengdarinnar til Austurlands og Þingeyjarsýslna. Fyrir Húsvíkinga hefði þetta mikil áhrif hvað þá varðar vegna tengingar við Akureyri. Sé horft til framtíðar sjá menn náttúrlega fram á að nýta orkuna sem við eigum á Þeistareykjum. Þá mun væntanlega byggjast upp stóriðja á Húsavík og þörfin fyrir góðar samgöngur milli Akureyrar og Húsavíkur aukast enn meira.

Þetta er mikið framfaramál af mörgum ástæðum eins og framsögumaður fór yfir. Ég vildi sérstaklega nefna umferðaröryggið sem er eitt af því sem gert hefur verið átak í á undanförnum árum og verið ráðist í miklar framkvæmdir, m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru oft eingöngu rökstuddar með því að verið sé að auka umferðaröryggi. Þarna væri tvímælalaust um það að ræða.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, hæstv. forseti, en vona að samgn. taki þessari tillögu vel og afgreiði hana sem fyrst.

[00:37]

Flm. (Hlynur Hallsson):

Frú forseti. Ég þakka meðflutningsmanni *mínum*, hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, fyrir góð orð um þessa tillögu.

Ég ítreka hversu mikilvægt er að nú þegar hefjist nánari könnun á hagkvæmni Vaðlaheiðarganga. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir íbúa í Eyjafirði og í Þingeyjarsýslum og einnig íbúa á Héraði, að þjóðvegur 1 verði styttur og gerður öruggari. Eflaust eru til margar útfærslur á þessum hugmyndum og því ekki seinna vænna að hefjast strax handa við rannsóknir og undirbúning.

Ef sú ákvörðun verður tekin að ráðast í gerð jarðganga undir Vaðlaheiði er nokkuð ljóst að ekki verður hafist handa við verkefnið fyrr en eftir nokkur ár, sumir hafa talað um árið 2009. Það eru mörg brýn verkefni á samgönguáætlun og Siglufjarðargöng eru næst á dagskrá í jarðgangamálum. Það er hins vegar afar mikilvægt, til að efla Akureyri sem höfuðstað Norðurlands, að fólk eigi greiða leið milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu. Þess vegna vona ég að málið fái skjóta afgreiðslu í meðförum þingsins og legg til að því verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:39.

---

49. FUNDUR

föstudaginn 12. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd Landspítala -- háskólasjúkrahúss til fjögurra ára, frá 22. des. 2003, skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 97 28. des. 1990, um heilbrigðisþjónustu.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2005, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni..

3. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 401. mál, þskj. 539, nál. 615. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 304. mál, þskj. 349, nál. 614. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 306. mál, þskj. 351, nál. 626. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 254. mál, þskj. 274, nál. 628, brtt. 629. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 255. mál, þskj. 275, nál. 627. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 410. mál, þskj. 558, nál. 639. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 420. mál, þskj. 578, nál. 640. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Jarðgöng undir Vaðlaheiði, þáltill., 421. mál, þskj. 579. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, skýrsla, 454. mál, þskj. 648. — Ein umr.

12. Almannatryggingar, stjfrv., 418. mál, þskj. 574. — 3. umr.

13. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frv., 417. mál, þskj. 653. — 3. umr.

14. Umferðarlög, stjfrv., 419. mál, þskj. 575. — 3. umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 88. mál, þskj. 656. — 3. umr.

16. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 312. mál, þskj. 657. — 3. umr.

17. Úrvinnslugjald, stjfrv., 400. mál, þskj. 658. — 3. umr.

18. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, stjfrv., 328. mál, þskj. 380. — 3. umr.

19. Virðisaukaskattur, frv., 11. mál, þskj. 659. — 3. umr.

20. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 428. mál, þskj. 594, nál. 663. — 2. umr.

21. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 450. mál, þskj. 643. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

22. Tollalög, frv., 460. mál, þskj. 662. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Tómas Ingi Olrich menntmrh.

Fjarvistarleyfi:
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun útifundar á Austurvelli 11. desember 2003.

Tilkynning um afturköllun þingmáls.

[10:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fyrirspurn á þskj. 651, 456. mál þingsins, er kölluð aftur. Hún var til sjútvrh. um nýsköpunarkvóta.

Tilkynning um dagskrá.

[10:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan fjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Málshefjandi er hv. þm. Jónína Bjartmarz. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:06]

Útbýting þingskjala:

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 186. mál, nál. allshn., þskj. 664; brtt. allshn., þskj. 665.

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, ein umr.

Skýrsla iðnrh., 454. mál. — Þskj. 648.

[10:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég legg hér með fram til umræðu skýrslu verkefnisstjórnar um 1. áfanga rammaáætlunar.

Með vaxandi orkuþörf samhliða ótta um loftslagsbreytingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda verður endurnýjanleg orka verðmætari. Æskilegt verður að nýta slíkar orkulindir svo fremi það sé gert á sjálfbæran og vistvænan hátt. Jafnframt vex þörf manna fyrir útivist og tilvist ósnortinnar náttúru sem mótvægis við þéttbýlt manngert umhverfi.

Með virkjun jarðhita til húshitunar og vatnsafls og jarðgufu til raforkuframleiðslu hafa Íslendingar náð að draga verulega úr notkun eldsneytis og geta nú státað af einu hæsta hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap iðnvæddra þjóða. Samt er verulegur hluti vatnsafls og jarðhita enn óvirkjaður. Fáar þjóðir eiga jafnmikið óvirkjað af þessum orkulindum. Við höfum hins vegar svigrúm til að velja þá kosti sem best henta frá sjónarhóli hagkvæmni og umhverfisverndar. Árið 2002 nam raforkuvinnsla úr vatnsafli um 7.000 gígavattstundum en tæknilega hagkvæm orkugeta í vatnsafli er talin um 37.000 gígavattstundir raforku á ári. Meiri óvissa er um tæknilega hagkvæma orkugetu jarðhita til raforkuframleiðslu en hún er talin að lágmarki um 30.000 gígavattstundir á ári. Árið 2002 nam raforkuvinnsla úr jarðhita 1.400 gígavattstundum.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „Á leið til sjálfbærrar þróunar" skipaði umhverfisráðherra árið 1993 starfshóp um umhverfismál, iðnþróun og orkumál. Honum var falið að skilgreina sjálfbæra þróun í þessum málaflokki og setja honum markmið til skemmri og lengri tíma. Jafnframt var honum falið að gera framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum til aldamóta. Starfshópurinn skilaði áliti sínu í mars 1995. Þar var lagt til að gerð yrði rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsaflsins í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Þessi starfshópur var einn af sjö en hinir tóku á samsvarandi hátt fyrir aðra málaflokka. Í árslok 1995 setti umhverfisráðherra á fót starfshóp sem fékk það verkefni að setja saman drög að framkvæmdaáætlun sem yrði samþykkt af ríkisstjórn og byggð á skýrslum hópanna sjö. Niðurstaða faghópsins var lögð fyrir umhverfisþing 1996 þar sem hún var rædd og farið yfir athugasemdir í fjórum starfshópum. Að teknu tilliti til athugasemda var samin framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í ríkisstjórn í febrúar 1997 og nefnd „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta". Þar var gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.

Samkvæmt fyrrgreindri samþykkt ríkisstjórnarinnar hófst iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra handa við undirbúning áætlunarinnar. Málið snerti þó fleiri ráðherra, svo sem forsætisráðherra vegna byggðamála og málefna þjóðlendna, samgönguráðherra vegna samgangna og ferðamennsku, landbúnaðarráðherra vegna landnota og menntamálaráðherra vegna menningararfleifðar. Stefna og verklag voru mörkuð með greinargerð iðnaðarráðherra Maður – nýting – náttúra, dagsett 8. mars 1999 og málið kynnt í ríkisstjórn.

Í greinargerð iðnaðarráðherra segir, með leyfi forseta:

„Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti sé lagður grundvöllur að forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi."

Skipulag undirbúningsvinnu að rammaáætlun var í senn hugsað þannig að innan þess rúmaðist fagleg vinna sem best yrði unnin í faghópum en auk þess almennur samráðsvettvangur almennings og allra þeirra sem eðlilegt væri að kæmu að málinu. Enn fremur var nauðsynlegt að öflug heildarstjórn mótaði áætlunina og skipulag hennar og beindi hinni faglegu vinnu í réttan farveg en stæði jafnframt fyrir samráði og kynningu með skipulegum hætti. Samkvæmt þessu var skipulagið þríþætt, verkefnisstjórn, faghópar og samráðsvettvangur.

Í verkefnisstjórn, 1. áfanga, sátu 16 manns. Á vegum hennar störfuðu fjórir faghópar og í hverjum þeirra voru átta til fjórtán manns. Í allri vinnu var viðhaft opið samráðsferli. Landvernd annaðist samráðsvettvang verkefnisstjórnar, faghópa, stofnana, fyrirtækja, samtaka og almennings, með heimasíðu um verkefnið, kynningu á opnum fundum, útgáfustarfsemi og upplýsingamiðlun til fjölmiðla.

Þegar verkefnisstjórnin hóf störf vorið 1999 setti hún sér það markmið að ljúka 1. áfanga rammaáætlunar í ársbyrjun 2003 með mati og samanburði á 20–25 virkjunarkostum vatnsafls og jarðvarma. Þar yrði fjallað um helstu kosti á virkjun vatnsafls í jökulám á hálendinu og jarðvarma á háhitasvæðum nærri byggð.

Eitt fyrsta verkefni stjórnarinnar var að hrinda af stað gagnaöflun fyrir matsferlið, bæði um virkjunarhugmyndirnar sjálfar og náttúrufar viðkomandi svæða. Í tengslum við það verkefni tók Náttúrufræðistofnun að sér að vinna tilraunaverkefni sem miðaði að því að þróa aðferðir til að skrá og meta náttúruverndargildi fyrirhugaðra virkjunarsvæða.

Áður en vinna við mat á mismunandi virkjunarkostum hófst snerist starf verkefnisstjórnar og faghópa um þróun

aðferða sem beita mætti í matinu og um val á viðföngum og viðmiðun. Áhersla var lögð á skýrt og gagnsætt verklag og vinnureglur. Opin umfjöllun um aðferðafræðina var víðtæk með opnum málþingum og sérstökum fundum með orkufyrirtækjum og stofnunum sem málið varðar sérstaklega. Lýsingu á aðferðafræði faghópa er að finna í skýrslu verkefnisstjórnar og viðaukum við hana.

Gögn um virkjunarkosti voru lögð fyrir fjóra faghópa verkefnisstjórnar. Þeir mátu gögnin hver frá sínum sjónarhóli og skiluðu niðurstöðum til verkefnisstjórnar. Einn faghópur fjallaði um náttúrufar og minjar, annar um útivist og hlunnindi, sá þriðji um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun og sá fjórði um hagkvæmni og arðsemi virkjunarkosta. Aðferðafræðin við mat á virkjunarkostum er nýmæli hérlendis. Við mat á náttúrufari er byggt á alþjóðlegum aðferðum og viðmiðum, en aðferðafræðin þróuð og staðfærð í faghópum rammaáætlunar. Verkefnisstjórnin samþætti niðurstöðurnar og flokkaði innbyrðis. Leggja ber sérstaka áherslu á að mat og flokkun eru gerð með samanburði einstakra virkjunarkosta, en ekki er lagður sérstakur mælikvarði á hvern virkjunarkost.

Vinnu við 1. áfanga áætlunarinnar er nú lokið og hefur niðurstöðum verið skilað í skýrslu verkefnisstjórnar og viðaukum. Aðferðafræði og vinnulag við skýrsluna er tvímælalaust fallin til að stuðla að upplýstri umræðu og sátt um val virkjunarkosta og þar með um mikilvægar forsendur í viðkvæmri þjóðmálaumræðu, eins og til var stofnað þegar ríkisstjórnin ákvað að hefja vinnu við rammaáætlun. Niðurstöður skýrslunnar leggja einnig til forsendur sem ekki hafa áður verið aðgengilegar til að kanna heildstætt marga kosti samtímis við undirbúning nýrrar virkjunar.

Á grundvelli mats faghópa hefur verkefnisstjórnin í 1. áfanga flokkað 35 virkjunarhugmyndir til raforkuframleiðslu í fimm flokka A–E eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi. Um þessa flokkun eru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum um umhverfisáhrif, en einnig um heildarhagnað og arðsemi þar sem frumáætlanir um tilhögun eru skammt á veg komnar. Ætla má að virkjanir sem falla undir flokka A og B í umhverfisáhrifum verði síður umdeildar. Þar má nefna jarðvarmavirkjanir, svo sem í Bjarnarflagi, á Hellisheiði og á Reykjanesi. Af vatnsaflsvirkjunum má nefna Núpsvirkjun, Urriðafossvirkjun og Hólmsárvirkjun, hins vegar má gera ráð fyrir meiri ágreiningi um virkjanir í flokkum umhverfisáhrifa D og E. Nefna má jarðvarmavirkjanir á Torfajökulssvæðinu og vatnsaflsvirkjanir í Jökulsá á Fjöllum og Markarfljóti.

Telja verður eðlilegt á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar að undirbúningur nýrra virkjana beinist á næstunni að virkjanakostum sem falla undir flokka umhverfisáhrifa A–C. Ekki er þó hægt að útiloka nýtingu virkjanakosta sem falla í flokka umhverfisáhrifa D og E þegar til lengri tíma er litið. Ákvörðun um nýtingu þeirra kosta verður ekki tekin án frekari gagnaöflunar og rannsókna.

Hæstv. forseti. Niðurstöður rammaáætlunar koma að margvíslegu gagni. Þær nýtast t.d. stjórnvöldum sem grunnur að stefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum, iðnrh. við að marka stefnu um frumrannsóknir ríkisins í orkumálum og við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa nýrra virkjana, umhvrh. við gerð náttúruverndaráætlunar sem hann skal lögum samkvæmt leggja fyrir Alþingi á fimm ára fresti, í fyrsta sinn í vetur, stjórnvöldum við mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana, stjórnvöldum og sveitarfélögum við skipulagsvinnu af ýmsum toga, orkufyrirtækjum og Orkustofnun til að velja vænlega virkjunarkosti, stjórnvöldum, orkufyrirtækjum og öðrum til rannsókna á umhverfi og náttúru landsins í framtíðinni með aðferðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands þróaði í vinnu vegna rammaáætlunar.

Áætlað er að heildarkostnaður við 1. áfanga rammaáætlunar verði 555 millj. kr., þar af hefur um 280 millj. kr. verið varið til rannsókna á náttúrufari og háhitasvæðum. Orkusjóður greiðir stærstan hluta heildarkostnaðar, en kostnaður er að öðru leyti borinn upp af fjárveitingu til Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Auk þess hafa orkufyrirtækin Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja lagt verkefninu til gögn, vinnu og fjármuni.

Herra forseti. Með þessum niðurstöðum hefur verkefnisstjórn náð því markmiði sem henni var falið að leggja grundvöll að, 1. áfanga í forgangsröðun virkjanakosta. Hafa verður þó í huga að þekking á virkjunarkostum sem teknir voru til skoðunar er í mörgum tilvikum ekki fullnægjandi. Það var því mikilvægt að afla frekari þekkingar um þessa virkjunarkosti og endurmeta þá. Þá eru fjölmargar virkjunarhugmyndir sem enn hafa ekki verið kannaðar en nauðsynlegt er að taka inn í myndina til að fá heildstætt yfirlit yfir möguleika til orkuöflunar með vatnsafli og jarðvarma. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður áfram unnið að frekari rannsóknum á virkjunarkostum sem koma til álita nú, en of lítið er vitað um og mörgum öðrum ókönnuðum kostum sem nauðsynlegt er að fjalla um í 2. áfanga um rammaáætlun. Aðferðafræði og verklag hafa verið mótuð í 1. áfanga rammaáætlunar. Því er gert ráð fyrir að vinna við 2. áfanga verði einfaldari í framkvæmd og henni verði stýrt af nýrri, fámennari verkefnisstjórn.

[10:21]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með að við ræðum hér rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma og finnum til þess tíma mitt í jólaönninni í þinginu vegna þess að þetta er eitt af stóru málunum í mati á virkjunarkostum, en stóra málið er hvaða stöðu þessi skýrsla á að fá. Hvort ríkisstjórnin gefur henni það vægi í ákvarðanatöku sem er svo mikilvægt að hún fái. Það er stóra málið í umræðunni um þessa skýrslu.

Það eru ríkar ástæður til að fagna skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunarinnar. Í fyrsta lagi vegna þess að með skýrslunni fæst í fyrsta sinn heildstætt yfirlit þar sem er að finna samanburð á mörgum virkjunarhugmyndum, þar sem bæði er litið til arðsemi, en fyrst og fremst til áhrifa á umhverfið. Yfirlit sem án efa mun stuðla að upplýstri umræðu um virkjanir og náttúruvernd og sem vonandi verður til þess að betri sátt geti náðst um val á virkjunarkostum í framtíðinni.

Í öðru lagi ber að fagna því að í þessari skýrslu er á vissan hátt sýnilegur árangur af leiðtogafundinum í Rio de Janeiro 1992, og jafnframt af störfum nefndar sem Gro Harlem Brundtland stýrði og skilaði skýrslu sem lagði grunninn að hugmyndum um sjálfbæra þróun. Í kjölfar ráðstefnunnar í Ríó, sem svo sannarlega markaði tímamót í umræðum um umhverfismál, voru settir á laggirnar fjölmargir starfshópar hér á landi, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, til að móta hugmyndir um aðgerðir til að ná þessum markmiðum. Meðal annars var nefnd sem umhvrh. skipaði 1993, sem ég tel að hafi verið formaður Samf. Össur Skarphéðinsson miðað við ártalið, og skilaði niðurstöðu árið 1995 þar sem hugmyndir um rammaáætlun litu fyrst dagsins ljós.

Í þriðja lagi vil ég lýsa ánægju minni vegna þess að vinna við rammaáætlun hefur leitt til þess að nú hefur með kerfisbundnum hætti verið leitast við að kortleggja íslenska náttúru og með þeim vinnubrögðum hefur náðst heildstæðari sýn á náttúrufar landsins. Og ég vil enn á ný minna á hve mikil áhersla var lögð á það á umhverfisþingi hér í haust að við ættum að leggja alla áherslu á kortlagningu landsins og kortagerð við vinnuna til framtíðar á öllum sviðum umhverfisstarfanna.

Samfylkingin hefur mörg undanfarin ár mælt fyrir vinnubrögðum af þessu tagi og þessi skýrsla bæði undirstrikar og staðfestir að sú stefna er farsæl. Það er vissulega margt óunnið í þessum efnum, en mér sýnist augljóst að nú verði ekki aftur snúið og með tíð og tíma eignumst við afar gagnlegt yfirlit yfir náttúru landsins.

Ég er líka ánægð með yfirlýsingu umhvrh. og iðnrh. um að eðlilegt sé að beina undirbúningi nýrra virkjana á næstu árum að þeim kostum sem samkvæmt niðurstöðum 1. áfanga rammaáætlunar hafa minnst umhverfisáhrif. Það er mjög mikilvægt. Ég ætlast til þess að orkufyrirtækin í landinu hafi þetta í huga þegar þau undirbúa frekari aukningu í rafvæðingu landsins.

Ég vil árétta að það verður að líta til fyrirvara sem gerðir eru í skýrslunni við virkjunarkosti eins og Skaftárveitu, Brennisteinsfjöll og Grændal. Við verðum að standa saman um að skoða þessa þætti sérstaklega.

Hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, nefndi það í umræðunni að ekki væri hægt að útiloka kosti í D og E matinu, en ég segi: Við verðum að láta framtíðinni það eftir að meta þá viðkvæmu kosti vegna þess að það er mjög breytt hugarfar í dag frá því fyrir 10 árum, fyrir 20 árum, og við í nútímanum megum ekki rasa um ráð fram.

Þó skýrsla um 1. áfanga sé vissulega gagnlegt skjal, er vinnu við rammaáætlun ekki lokið. Eins og fram kemur í skýrslunni þarf að afla betri upplýsinga um ýmsa kosti sem komi til skoðunar í þessu mati. Enn eru fjölmargir kostir sem ekki hafa verið metnir. Í ljósi reynslunnar af 1. áfanga tel ég augljóst að vinnu við verkefnið verði haldið áfram. Ég hvet því bæði iðnrh. og umhvrh. til að hefja þegar undirbúning að því að hægt verði að byrja rannsóknir og undirbúning sem eru forsenda þess að hægt verði að ljúka við 2. áfanga rammaáætlunarinnar. Og vinnu af því tagi sem hér er lýst á að sjálfsögðu að viðhafa jafnframt við mat á umhverfisáhrifum, en það er mál sem við erum með fyrir þingið núna og erum með til skoðunar í umhvn.

Við Íslendingar höfum lengi látið í veðri vaka að orkuauðlindir okkar væru svo að segja óþrjótandi. Vissulega sýnir skýrslan að verulegir möguleikar eru til að auka raforkuframleiðslu í landinu og jafnframt taka ríkt tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Niðurstöður rammaáætlunar benda til þess að hugsanlega megi tvöfalda raforkuframleiðsluna án þess að gengið verði á þau svæði þar sem orkuvinnsla veldur mestum skaða á náttúruverðmætum og möguleikum til útivistar. En mér finnst skýrslan einnig leiða í ljós að jarðvarma- og vatnsorkuauðlindirnar eru ekki óþrjótandi. Það verður því að gæta varfærni og sýna hóf við nýtingu þeirra, eins og annarra takmarkaðra auðlinda. Ekki síst ef við viljum standa vörð um aðra og ekki síður mikilvæga auðlind þjóðarinnar, nefnilega lítt snortna náttúru og víðerni á hálendi landsins.

Skýrslan er ágætur vísir á virkjunarkosti sem líklega má nýta án þess að skaða náttúru og landslag og útivistarhagsmuni. Í mínum huga er skýrslan einnig vísir á svæði sem augljóslega eru svo verðmæt að þau ber að vernda frá framkvæmdum sem gætu spillt þeim. Á hálendinu beinir skýrslan athyglinni sérstaklega að verndargildi Jökulsár á Fjöllum, Markarfljóts og Torfajökulssvæðinu. Í grennd við höfuðborgina, í sjálfu landnámi Ingólfs, sýnist mér augljóst að taka verði til gaumgæfilegrar athugunar hvort ekki sé ástæða til að treysta verndun svæða eins og Brennisteinsfjalla og Grændals.

Virðulegi forseti. Að lokum sé ég ástæðu til að þakka þeim stóra hópi fólks sem í liðlega fjögur ár hefur lagt sig fram svo ljúka mætti þessum áfanga. Ekki síst vil ég þakka formanni verkefnisstjórnar, Sveinbirni Björnssyni, sem hefur stýrt þessu vandasama verkefni í höfn með svo ágætum árangri. Ekki má heldur gleyma hlutdeild Landverndar í þessu viðfangsefni, en samtökin hafa undanfarin fjögur ár skapað vettvang samráðs og umræðu um rammaáætlun, en það tel ég vera forsendu þess að hægt sé að ná sátt um verkefni af þessu tagi.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að áformað er að atkvæðagreiðsla fari fram um kl. hálftvö.)

[10:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur farið vel yfir málið af hálfu okkar samfylkingarmanna og benti á það að hér hefur orðið sýnilegur árangur af Ríófundinum og vinnunni undir stjórn Gro Harlem Brundtland og benti á það að Samfylkingin hefur margoft talað fyrir vinnubrögðum eins og hér hefur verið beitt og lagði áherslu á það að beina sjónum sínum að kortum sem hafa sem minnst umhverfisrask eða umhverfisáhrif.

Herra forseti. Náðst hefur frábær árangur með þessum niðurstöðum í 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, því hér er komin aðferðafræði eða tæki til að vinna með til að raða nýtingunni. Þarna er ekki á ferðinni endanlegt mat á verndargildi eða áhrifum virkjunar, heldur er hér um röðun að ræða og ef einn kostur fer út úr röðinni, þarf að vinna áætlunina að nýju þannig að röðunin breytist. En tækið til þess er hér komið og ég fagna því. Það er mjög mikilvægt.

Við höfum í fyrsta sinn nú með þessari rammaáætlun tök á að ná heildarsýn yfir þessi mál. Við auðveldum með því stefnumótun og undirbúning á náttúruverndaráætlun eins og hæstv. ráðherra benti hér á. En spurningin er auðvitað þessi: Hver verður staða þessarar rammaáætlunar, hvaða stöðu á hún að hafa? Það er auðvitað pólitísk spurning. Noregur fór þessa leið fyrir 20 árum og í kjölfar þess friðuðu þeir ár sem röðuðust þannig. En nú er umræðan um að ýmsar áætlanir um framkvæmdir fari í umhverfismat og í ljósi þess ætti þá ekki þessi rammaáætlun að fara í umhverfismat? Væri það ekki eðlilegt? Hér erum við bara með 1. hluta áætlunarinnar og vinnunni er alls ekki lokið eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á. En aðferðafræðin er fyrir hendi og ætti ekki að nota sams konar aðferðafræði, þ.e. að fá tölulegar niðurstöður við t.d. að meta umhverfisáhrif? Þetta er mjög athyglisverð aðferð og ástæða til þess að kanna hvort við getum ekki notað þessa sömu aðferð til þess að meta umhverfisáhrif.

Herra forseti. Tími minn er senn á þrotum, en ég vil ljúka máli mínu á því að þakka þessum stóra hópi sem vann þetta góða verk kærlega fyrir þeirra störf og ítreka það að hér erum við komin með mjög mikilvægt tæki. En pólitíska spurningin er: Hvaða stöðu á þessi rammaáætlun að hafa?

[10:33]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Að lokið verði við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þannig að heildstætt yfirlit fáist yfir nýtingarmöguleika landsmanna á þeim miklu verðmætum sem felast í beislun orku. Orkulindir hvers landsvæðis verði nýttar af skynsemi til að byggja upp atvinnu og efla mannlíf. Áhersla verði lögð á að saman fari nýting orkulindanna og náttúruvernd. Stefnt skal að frekari áföngum í vetnisvæðingu þjóðarinnar og að í framtíðinni byggist orkunotkun landsmanna á endurnýtanlegum orkugjöfum og verði þannig sjálfbær."

Í dag ræðum við niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, en sú vinna hófst í apríl 1999. Markmiðið með þessari áætlun er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti til raforkuframleiðslu, bæði á sviði vatnsafls og háhita með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru og menningarminjar, svo og hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Á undanförnum árum hafa orku- og virkjanamál verði í brennidepli í íslenskri þjóðmálaumræðu og nú standa yfir við Kárahnjúka mestu framkvæmdir í sögu þjóðarinnar. Nýting orkulinda landsins veitir heimilunum yl og rafmagn og er grunnurinn að verulegum vaxandi útflutningsiðnaði. Íslensk náttúra verður líka sífellt mikilvægari í efnahagslegum skilningi þar sem hún er helsta aðdráttarafl erlendra ferðamanna sem sækja landið heim. Blómlegt efnahagslíf á grunni þessara auðlinda ásamt skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins hefur gert okkur kleift að byggja upp hér á landi öflugt nútímavelferðarþjóðfélag sem stenst fyllilega samanburð við það besta sem þekkist í veröldinni í dag.

Okkur Íslendingum þykir vænt um landið okkar. Við erum meðvituð um hve viðkvæmt það er fyrir hvers kyns áhrifum sem fylgja þeim umsvifum sem landsmenn standa fyrir á hverjum tíma. Íslenska þjóðin hefur í gegnum aldirnar verið mjög háð náttúru landsins, veðurfari, hitastigi, hafstraumum, fallvötnum og vindum. Segja má að það sé fyrst á síðustu öld sem við höfum eignast tækni og verkþekkingu til að beisla þá orku sem býr í náttúru landsins og þá um leið gert það að verkum að okkur finnst við ekki eins háð henni eins og áður var. Þegar grannt er skoðað ber þó allt að sama brunni, áfram verðum við háð duttlungum náttúruaflanna. Jarðskjálftar, eldgos, snjóflóð og ástand fiskstofnana minnir á þetta. Okkur er trúað til þess að nýta landið, gögn þess og gæði, og skila því til komandi kynslóða í ekki verra ástandi og helst betra en þegar okkar kynslóð tók við.

Sjálfbær þróun er og verður eitt aðalmarkmið í umhverfismálum hér á Íslandi og um víða veröld. Við þurfum að hafa í huga að umhverfismál í veröldinni allri hafa áhrif á okkur hér á Íslandi. Nægir í því sambandi að nefna loftslagsbreytingar sem mikið hafa verið til umræðu að undanförnu. En sýnt er að áhrifa þeirra mun fyrst gæta á norðlægum slóðum. Við eigum því mikið undir því hér á landi að aðrar þjóðir sinni umhverfismálum af kostgæfni. Við erum hluti af hinu alþjóðlega umhverfi hvað þetta snertir og þurfum þess vegna að vanda okkur líka.

Nýting auðlinda og umhverfismál hafa orðið eitt helsta viðfangsefni ríkja heimsins á undanförnum áratugum. Maðurinn hefur nú víðtæk áhrif á helstu undirstöður lífríkisins og efna- og orkuhringrás jarðarinnar. Röskun veðurfars og vistkerfa kann að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar og skapa erfiðan vanda fyrir komandi kynslóðir. Við Íslendingar erum lítill hluti af stórri heild og það skiptir okkur óendanlega miklu máli hvernig aðrar þjóðir standa að verki í þessum efnum. Það sem gerist annars staðar á jörðinni hefur svo sannarlega áhrif á náttúru og veðurfar hér hjá okkur.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008 hefur verið lengi í undirbúningi. Hún verður væntanlega lögð fram á Alþingi áður en þingstörfum lýkur núna fyrir jólin. Það er mikilvægt að skoða saman hvernig staðið skuli að náttúruvernd og nýtingu auðlinda landsins. Þess er að vænta að mat og samanburður rammaáætlunar á náttúrufarsverðmætum tiltekinna svæða geti gagnast við gerð næstu náttúruverndaráætlunar. Samspil umhverfislegra, félagslegra og hagrænna þátta gera það að verkum að mikilvægt er að staðarvals- og umhverfisrannsóknir og skipulagsmál á líklegum iðjusvæðum verði unnin í samræmi við áform um orkunýtingu.

Í skýrslunni um rammaáætlun kemur skýrt fram að upplýsingar um virkjunarsvæði og tilhögun virkjunar sem byggt var á við mat í 1. áfanga, voru mjög mismunandi og þekking á virkjunarkostum sem teknir voru til skoðunar eru í ýmsum tilvikum ekki fullnægjandi. Þetta verður að hafa í huga og jafnframt að efla rannsóknir til þess að á hverjum tíma sé byggt á bestu fáanlegum upplýsingum þegar teknar eru ákvarðanir um næstu skref í virkjanamálum.

Það er mikið fagnaðarefni að vinnu við 1. áfanga rammaáætlunar er lokið og niðurstöður þeirra liggja fyrir í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Þessi vinna mun nýtast á margvíslegan hátt sem grunnur fyrir mat á umhverfisáhrifum í frumáætlun virkjana, bæði hvað snertir helstu umhverfisáhrif þeirra og hagkvæmni. Stjórnvöld geta nýtt niðurstöðurnar sem grundvöll í áframhaldandi stefnumótunarvinnu og forgangsröðun verkefna.

Ég nefndi fyrr í ræðu minni að þessi vinna nýtist einnig við mat á náttúrufarsverðmætum tiltekinna svæða við gerð næstu náttúruverndaráætlunar. Niðurstöðurnar nýtast líka stjórnvöldum við mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana og margs konar skipulagsvinnu ríkis og sveitarfélaga. Áætlunin gefur vísbendingar um hagkvæma virkjunarkosti og náttúruverðmæti sem gagnast munu sveitarfélögunum við ákvarðanir um nýtingu lands. Aðferðir Náttúrufræðistofnunar sem hún hefur þróað í þessu vinnuferli nýtast við rannsóknir á umhverfi og náttúru landsins til framtíðar. Orkufyrirtækin og Orkustofnun munu nýta sér upplýsingarnar með margvíslegum hætti.

Að lokum, herra forseti, legg ég áherslu á að rannsóknir verði auknar með það í huga að aukin þekking skili sér í þá veru að staðið verði að orkunýtingu á skynsamlegan og sjálfbæran hátt. Rammaáætlun er tímamóta- og undirstöðugagn í þeirri vinnu sem fram undan er.

[10:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér fara fram og þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram um niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar og sú skýrsla hefur nú verið gefin út í þingskjali og er það vel. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum ævinlega hvatt til þess að fagmannlega sé staðið að vinnu við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og ég fagna þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Hún er afar

vönduð og ég held að sú vinna sem unnin hefur verið við að finna upp þessa aðferðafræði sé ómetanleg. Og ég fagna því að hæstv. iðnrh. skuli hafa tekið hvatningu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem fólst í því að óska eftir utandagskrárumræðu um málið um leið og við sáum að skýrslan var komin, þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa tekið þessari hvatningu og að hún skuli hafa lagt þetta fram í þinginu með þeim hætti sem hún hefur nú gert og fylgt þessu máli úr hlaði.

Vikið hefur verið að því að hér sé í raun og veru um að ræða ákveðið áframhald í vinnu stjórnvalda sem hefur leitt af stóru umhverfisverndarráðstefnunni sem haldin var í Ríó 1992 og það er alveg rétt, þetta er þáttur sem við getum ekki slitið frá því ferli, grundvallaratriði í því að búa til stefnumótun um sjálfbæra þróun í samfélagi okkar.

Það er kannski ekki allt gott sem hér er á ferðinni, því hvorki í ræðu hæstv. ráðherra né í þingskjalinu sem fylgir skýrslunni, þskj. 648, eru gefin fyrirheit um eiginlegan status þessarar vinnu, þ.e. formlega stöðu rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það er ekki ljóst hvort niðurstöðurnar eru hugsaðar sem bindandi viðmiðanir fyrir stjórnvöld eða orkufyrirtæki, það virðist miklu frekar standa einhvers konar vilji til þess að rammaáætlunin verði leiðbeinandi plagg sem hafa megi til hliðsjónar þegar stjórnvöldum passar. Þessi afstaða er að mínu mati nokkur vonbrigði. Hér er búið að leggja gífurlega vinnu í að finna aðferðir til að meta virkjanakosti. Fjórir faghópar hafa lagt mikið af mörkum og án þess að rýrð sé kastað á nokkurn held ég að faghópur I sem mat náttúruverðmætin hafi unnið þarna þrekvirki og ég hef, eins og ég sagði áðan, lýst ánægju með það að hér hafi verið faglega unnið í alla staði.

En nú virðist stefna í það sem ég óttaðist að þær niðurstöður sem hér liggja fyrir eigi ekki að vera bindandi á nokkurn hátt fyrir stjórnvöld. Það er sannarlega ekki í samræmi við fyrirmyndina að þessari rammaáætlun en við höfum sótt fyrirmyndina til Noregs því þegar Norðmenn lögðu í þessa vinnu sína, að búa til rammaáætlun fyrir sig, þá fóru þeir aðra leið en hér virðist eiga að fara. Norðmenn gáfu sinni skýrslu og sínum niðurstöðum mikið vægi.

Niðurstöðurnar fengu afar vandaða og mikla umfjöllun í norska Stórþinginu. Þar var fjallað um niðurstöðurnar á afar vandaðan hátt og á endanum voru þær endanlega gerðar lagalega bindandi fyrir norsk stjórnvöld. Þar var niðurstöðunum skipt upp í fjóra flokka. Í fyrsta lagi flokk virkjanakosta sem mátti bjóða í sem talið var að væri ásættanlegt út frá öllum sjónarmiðum. Í öðru lagi flokkur sem var settur til hliðar vegna þess að ónóg gögn voru til staðar til að taka um það ákvarðanir. Í þriðja lagi kostur sem mögulega mætti virkja í fjarlægri framtíð en væri alls ekki til reiðu fyrr en gengið væri verulega á það sem var í flokki eitt. Loks var fjórði flokkurinn friðlýsingar.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað sjá slíkt hér. Ég hefði viljað sjá það að við hefðum getað fylgt Norðmönnum alla leið. Því ef við gerum það ekki, þá sé ég ekki annað en ákveðin hætta sé á því að þessi rándýra, mikla, vandaða og mikilvæga vinna sé unnin fyrir gýg. Ég lýsi t.d. vonbrigðum mínum með að þegar hæstv. umhvrh. leggur fram náttúruverndaráætlunina sem kynnt var á umhverfisþingi nýverið, þá er okkur tilkynnt að lagt sé til að friðlýsa 14 svæði í nánustu framtíð samkvæmt þessari áætlun. Það vekur óneitanlega athygli að ekkert þeirra 14 svæða snertir á nokkurn hátt hagsmuni orkufyrirtækja. Ég spyr og tel að stjórnvöld þurfi að svara okkur því: Er ætlunin að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar verði einungis höfð til hliðsjónar þegar það passar stjórnvöldum? Og ef það passar ekki stóriðjusinnuðum stjórnvöldum eins og nú ráða ríkjum á Íslandi, þá verður þetta plagg bara upp á punt. Ég bið, virðulegi forseti, um að svo verði ekki.

Eitt af því sem vekur sérstaka athygli þegar skýrslan er skoðuð er hversu fátæklegir kostir eru eftir til að virkja í vatnsaflinu. Ég nefndi stóriðjustefnu stjórnvalda rétt áðan og sannleikurinn er sá að stóriðjustefnan hefur orðið til þess að einungis tvö umtalsverð vatnsföll eru eftir á listanum yfir óvirkjaðar ár, þ.e. Jökulsá á Fjöllum og Hvítá í Árnessýslu. Ég spyr: Ætla menn að virkja þær? Ég sé ekki betur en hérna sé um að ræða talsvert minna magn, minna orkumagn í vatnsafli, en menn hafa talið hingað til. Við skulum fara aðeins yfir þetta. Við erum búin að virkja 7.000 gwst. í lok árs 2002. Við erum með á bls. 41 í skýrslunni samanburðarvirkjanir svokallaðar sem eru þær virkjanir sem nú eru í pípunum. Þær eru með orkugetu upp á 6.140 gwst. á ári og síðan erum við með metið í 1. áfanga á sömu blaðsíðu í skýrslunni, bls. 41, virkjanir upp á 10.474 gwst. á ári. Þetta gera samtals 23.614 gwst. Síðan er gert ráð fyrir að skoðað verði í 2. áfangaramma áætlunarinnar sem getið er um á bls. 73 í skýrslunni virkjanir upp á 7.000 gwst. og þá erum við að tala um í heildina 30.000 gwst. í virkjanlegu vatnsafli á Íslandi. Og má ég þá benda á að í þeim pakka er Jökulsá á Fjöllum með 4.000 gwst., Hvítá í Árnessýslu með 2.000 gwst., þannig að ef við drögum þær 6.000 gwst. frá þessum 30.000, þá eigum við bara eftir 24.000. Ef maður tekur síðan frá þessum 24.000 gwst. Jökulsá á Fjöllum og Hvítá í Árnessýslu, þá eru kannski í heildina eftir til ráðstöfunar mögulega 11.000 gwst. Þetta er miklu, miklu lægri tala en talað hefur verið um hingað til að væri eftir óráðstafað í vatnsafli. Við höfum hingað til talað um 20.000–30.000 gwst.

Ég sé ekki annað en þegar rýnt er í skýrsluna að það sé mikið ofmat bæði hjá hæstv. iðnrh. og hv. þm. formanni umhvn. sem hér talaði áðan, að umtalsvert magn sé eftir af óráðstöfuðu vatnsafli. Það er ekki svo. Eða hvaða ár eru þetta sem um er að ræða t.d. í 2. áfanganum ef á að skoða hann sérstaklega? Þá er verið að skrapa saman ám sem geta gefið okkur afl upp á um 60 gwst. á ári, 100, 270 er algengt. Þetta eru smáár og á þessum lista eru helstu laxveiðiár Íslands. Hérna er t.d. Selá í Vopnafirði. Hér er líka Eystri-Rangá, Vatnsdalsá í Forsæludal og Hvítá í Árnessýslu, bæði efri og neðri hluti. Ég spyr því, virðulegi forseti, hversu raunhæft er þetta afl sem hér er ævinlega talað um að við eigum eftir óvirkjað í vatnsaflinu? Og svo gengur hæstv. iðnrh. hér um og stærir sig af vetnisáætlun ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Hjálmar Árnason gerir það bæði hér á landi og í útlöndum, talar um að fara að flytja út orku með jarðstreng. Hvar ætla menn að fá orkuna í þann útflutning? Hvað er það sem menn eru búnir að ráðstafa í stækkun álvers í Straumsvík, stækkun álvers á Grundartanga, stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga? Nei, virðulegur forseti, hér er ekki allt sem sýnist.

Ég sé að tíma mínum er lokið en átti mjög margt eftir ósagt. Orkulindir okkar eru sannarlega ekki óþrjótandi, en það er samt þörf á að þakka þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og hvetja hæstv. stjórnvöld til að taka það alvarlega sem hér stendur.

[10:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur verið einstaklega jákvæð. Það er mér mjög mikils virði að hv. þingmenn hafa tekið þessari skýrslu vel og þeirri vinnu sem lögð hefur verið fram af vísindamönnum okkar. Það segir okkur að við eigum mikilhæfa vísindamenn og ég er einstaklega þakklát því fólki sem hefur lagt á sig mikla vinnu til að niðurstaða hafi náðst og þá alveg sérstaklega vil ég nefna formann verkefnisstjórnar, Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi háskólarektor, sem hefur haldið utan um þetta starf. Þessi vinna er í raun einstök á heimsvísu og hún gefur okkur svo miklar upplýsingar sem nýtast á margan hátt eins og ég nefndi í ræðu minni áðan. Það að við getum farið út í svona vinnu frekar en aðrar þjóðir er vegna þess að við eigum svo margt og mikið óvirkjað. Norðmenn fóru í svipaða vinnu miklu síðar miðað við hvað þeir voru búnir að virkja. Þess vegna er það ekki alveg sambærilegt sem við höfum verið að gera og það sem gert var í Noregi.

En það er rétt sem fram hefur komið að sú vinna var mikið til umfjöllunar í þinginu og endaði með því að ákveðnir kostir voru í raun afskrifaðir sem virkjanakostir. En ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem sagði að við ættum að láta framtíðinni eftir að meta kosti D–E og ég tel ekki að við sem sitjum á Alþingi núna eigum í rauninni að taka ákvörðun til allrar framtíðar hvað þessi mál varðar. Umhverfismál fá meiri athygli og lögð er meiri áhersla á þann málaflokk nú en áður og þannig mun það eflaust þróast áfram. En hins vegar verðum við Íslendingar alltaf að hafa það í huga að þetta er ein af okkar auðlindum sem hefur gert það að verkum að við erum sú þjóð sem er á meðal ríkustu þjóða heims og velmegun er hér mikil. Það er ein af ástæðum þess að okkur hefur tekist að byggja upp þjóðfélag okkar eins og raun ber vitni, okkur hefur lánast að nýta orkuauðlindir okkar.

Hvað er eftir óvirkjað? spurði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og henni finnst það vera miklu minna en kannski mörgum öðrum. Þarna verður áfram ágreiningur. En hins vegar er sú skýrsla sem liggur fyrir grundvöllur að meiri sátt í sambandi við þennan viðkvæma málaflokk að mínu mati og ég held að við getum öll verið sammála um það vegna þess að þarna liggja fyrir gríðarlega miklar upplýsingar.

Hv. þm. nefndi vetnið og þá miklu möguleika sem við sjáum fyrir okkur í sambandi við vetnisvæðingu og nú er Ísland orðið á meðal þjóða sem eru að vinna að framtíðarmarkmiðum í þeim efnum og það er mikils virði. Þó að við séum að reisa núna Kárahnjúkavirkjun vegna ákveðinnar starfsemi er enginn kominn til með að segja það og fullyrða að við munum halda áfram að framleiða ál um alla framtíð. Það er ekki víst. Það má alveg hugsa sér að breytingar geti orðið þegar við horfum til áratuga í þá átt að ál verði ekki lengur framleitt á Íslandi, heldur verði sú orka sem fæst með Kárahnjúkavirkjun og mörgum öðrum virkjunum nýtt á allt annan hátt. Samningar sem gerðir eru við þau fyrirtæki sem framleiða ál eru tímabundnir og útiloka það svo sannarlega ekki að sú orka verði nýtt á annan hátt til framtíðar. Ég vil að það komi fram.

Þetta er tímamótaplagg sem hér liggur fyrir og gefur okkur gríðarlegar upplýsingar til að vinna úr til framtíðar og ég fór yfir það í ræðu minni áðan á hvern hátt það gæti verið m.a. og það skiptir ekki litlu máli.

Einnig var lögð áhersla á að vinna yrði hafin við næsta áfanga og það verður gert. Einnig á eftir að afla frekari upplýsinga í sambandi við þær virkjanir sem eru til meðferðar í þessari skýrslu eins og fram kemur, því það er gerður fyrirvari um ýmsar niðurstöður vegna þess að viðbótarupplýsingar þurfi til þess að kveða þar upp einhvern lokadóm. En ég þakka umræðuna.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 21. og 22. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 418. mál (aldurstengd örorkuuppbót). — Þskj. 574.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. DrH o.fl., 417. mál (sauðfjárbændur). — Þskj. 653.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 419. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 575.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 656.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 3. umr.

Stjfrv., 312. mál (brottfall laga o.fl.). — Þskj. 657.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Stjfrv., 400. mál (net, umbúðir o.fl.). — Þskj. 658.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 328. mál (trúnaðarlæknir). — Þskj. 380.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Frv. MÞH o.fl., 11. mál (hljóðbækur). — Þskj. 659.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 450. mál. — Þskj. 643.

[11:05]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Allshn. hafa borist 26 umsóknir um ríkisborgararétt á 130. löggjafarþingi, en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum. Nefndin leggur til að 19 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni og vísa ég um nöfn þeirra til þingskjalsins sem liggur frammi. Nefndin leggur til að öllum þeim sem þar eru taldir upp, sem eru 19 talsins eins og áður segir, verði veittur ríkisborgararéttur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. landbn., 460. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 662.

[11:06]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, frá landbn.

1. gr. verði þannig, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 3. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:

Af landbúnaðarvörum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og sendar eru tímabundið hingað til lands til aðvinnslu samkvæmt nánari skilyrðum þessa tölulíðar. Vörurnar skulu endursendar úr landi að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

Landbúnaðarráðherra getur veitt lögaðilum, sem stunda umfangsmikla fullvinnslu í atvinnuskyni á innfluttum landbúnaðarvörum til endurútflutnings, heimild til tímabundins innflutnings landbúnaðarvara samkvæmt þessum tölulið.

Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa tölulíðar skal innflytjandi greiða toll af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I með lögum þessum.

Leyfishafi skal greiða kostnað við tolleftirlit með vörum sem fluttar eru tímabundið til landsins samkvæmt þessum tölulið.

Landbúnaðarráðherra skal afturkalla leyfi skv. 2. mgr. þessa tölulíðar fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmdina.

Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings til aðvinnslu samkvæmt þessum tölulið, m.a. um það hverjir geti sótt um undanþágu, aðgreiningu innflutts hráefnis til vinnslu fullunninna vara fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings, nýtingarhlutfall hráefnis við vinnslu, lágmarkskröfur um bókhald leyfishafa og upplýsingagjöf leyfishafa til landbúnaðarráðherra og tollyfirvalda. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda."

2. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur komið upp sú krafa að erlent landbúnaðarhráefni sem ber magntoll, A1-toll, verði flutt til landsins til aðvinnslu eingöngu og að lokinni aðvinnslu verði varan, sem unnin hefur verið úr hráefninu, flutt úr landi. Tilgangur slíkrar starfsemi er að flytja inn hráefni til fullvinnslu og skapa þannig verðmætaaukningu með því að auka gæði vörunnar og viðskiptavirði. Starfsemi af þessu tagi mun ekki raska því kerfi sem starfrækt er á grundvelli laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem innflutningur fyrir innanlandsmarkað mun áfram verða háður gildandi reglum sem eiga að tryggja að jafnræði ríki í samkeppni milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu. Þá er innflutningur landbúnaðarafurða samkvæmt frumvarpinu háður almennum reglum sem gilda á hverjum tíma um innflutning landbúnaðarafurða, svo sem reglum um varnir gegn dýrasjúkdómum og varnir gegn því að sýktar afurðir berist til landsins.

Við gerð frumvarpsins var höfð hliðsjón af ákvæðum í norskum tollskrárlögum um sama efni, sbr. c-lið 10. tölul.

14. gr. í almennum kafla tollskrárlaganna, nr. 2107 frá 1985 og reglugerð nr. 27 frá 1999.

Herra forseti. Með frumvarpinu er lagt til að tímabundinn innflutningur á hráefni og efnivörum sem flokkast sem landbúnaðarvörur og bera magntoll, A1-toll, til aðvinnslu verði heimilaður. Heimildin er bundin því skilyrði að hinar innfluttu landbúnaðarvörur verði fluttar úr landi að aðvinnslu lokinni. Í greininni er áskilið að endurútflutningur afurða, sem unnar hafa verið úr innfluttu hráefni samkvæmt þessari grein, skuli eiga sér stað innan sex mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra veiti tilteknum lögaðilum leyfi til tímabundins innflutnings samkvæmt ákvæðinu, þ.e. þeim sem stunda í atvinnuskyni umfangmikla fullvinnslu á innfluttum landbúnaðarafurðum til endurútflutnings. Með þessu skilyrði er leitast við að tryggja að þeir sem njóti undanþágu samkvæmt ákvæðinu stundi stöðuga starfsemi og reglulegan útflutning. Leyfi samkvæmt ákvæðinu skal ekki veitt til tímabundins innflutnings stakra sendinga eða vegna tímabundinnar starfsemi.

Verði vara ekki flutt úr landi innan sex mánaða frá komudegi flutningsfars skal tollur greiddur af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I með tollalögum með sama hætti og að um innflutning eftir almennum reglum hafi verið að ræða. Málið snýst um að flytja vöruna inn og flytja hana aftur út innan tiltekins tímafrests sem er sex mánuðir. Eftir það taka við almennar reglur varðandi innflutning, þ.e. fullur tollur samkvæmt tollskrá.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til þess að afturkalla leyfi samkvæmt þessari grein fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmd leyfisins. Í greininni er veitt undanþága frá meginreglum um greiðslu tolls af innfluttum vörum og þess vegna ber að skýra skilyrði hennar þröngt.

Það er mælt fyrir um að landbúnaðarráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings landbúnaðarhráefna til aðvinnslu og endurútflutnings. Skilyrðin lúta m.a. að aðgreiningu innflutts hráefnis fyrir innanlandsmarkað og hráefnis til útflutnings og lágmarkskröfum til bókhalds leyfishafa, m.a. með bókhaldslega aðgreiningu í huga, og upplýsingagjöf hans til landbúnaðarráðuneytis og tollyfirvalda. Þessi skilyrði miða að því að unnt verði að staðreyna það magn landbúnaðarhráefna sem flutt er inn tímabundið til aðvinnslu og það magn sem flutt er úr landi aftur. Það er einungis útflutt magn sem nýtur undanþágu að teknu tilliti til eðlilegs úrgangs sem fellur til við framleiðsluna. Þá skal landbúnaðarráðherra setja fram viðmiðunarreglur varðandi eðlilegt magn úrgangs miðað við hlutaðeigandi aðvinnslu. Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um önnur framkvæmdaratriði við inn- og útflutning, svo sem viðeigandi skýrslugjöf til tollyfirvalda vegna inn- og útfluttra sendinga. Jafnframt er landbúnaðarráðherra veitt heimild til þess að setja það skilyrði fyrir lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjalda að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu þeirra. Þá er það gert að skilyrði leyfisveitingar að leyfishafi greiði kostnað af nauðsynlegu tolleftirliti vegna starfsemi hans.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr.

[11:13]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þetta frv. um breytingu á tollalögum á að snúa alfarið að mjög afmörkuðu verkefni, afmörkuðu máli sem var flutt á síðasta eða næstsíðasta þingi, þ.e. í fyrravetur og laut það að innflutningi á ákveðnu magni af hreindýrakjöti frá Grænlandi til þess að það mætti vinna og svo selja á erlendum mörkuðum. Þetta kjöt átti ekki að fara á innlendan markað. Þetta átti ekki á neinn hátt að tengjast sölu á hreindýrakjöti á íslenskum markaði. Þetta var hreinlega bara iðnaðarmál þannig vaxið að flytja inn kjöt frá Grænlandi, vinna það og selja það svo áfram bæði til þess að njóta þeirra tollfríðinda sem hv. frsm. Drífa Hjartardóttir. gerði hér grein fyrir og einnig til þess að uppfylla lög sem lúta að heilbrigðismálum og innflutningi á hráu kjöti.

Síðan kom í ljós að þessi lög, sem voru unnin á mikilli hraðferð fyrir ári síðan undir lok þings, voru fjarri því að vera tæknilega nægilega vel unnin og á það var bent í þeirri umræðu, enda hefur það komið á daginn. Þess vegna er verið að flytja þetta frv., fyrst og fremst til þess að árétta þá beinu tæknilegu galla sem voru á frv. sem var samþykkt fyrir ári. Efnislega á þetta frv. því ekki að taka til neinna nýrra þátta, heldur leiðrétta tæknigalla sem voru á afgreiðslu þess. Það vil ég að komi alveg skýrt fram, að þetta frv. á ekki að færa í sér neinar auknar eða nýjar heimildir hvað þetta varðar heldur að leiðrétta tæknigalla á samþykktum lögum.

Ég vil vekja athygli á því sem stendur í 1. gr., 2. málsl.:

„Vörurnar skulu endursendar úr landi að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.“

Sem sagt. Það er skýrt kveðið á um það að vörurnar eiga ekki að fara á innlendan markað. Það er forsendan fyrir allri þessari lagasmíð.

Þess vegna er það svolítið út úr kú að setja næstu grein. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal innflytjandi greiða toll af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I með lögum þessum.“

Að mínu mati eiga þessi ákvæði í raun ekki við, vegna þess að það á skilyrðislaust að flytja þetta úr landi en ekki greiða af því toll. Þetta er því plástur ofan á plástur án þess að á málinu sé beint tekið.

Eitt vil ég líka benda á í þessu varðandi tollameðferðina. Það sem þarf að taka á, sé kjötið búið að vera ákveðinn tíma í landinu og ekki farið úr því aftur, þá skulu falla niður þessi tollfríðindi og þá skuli greiða af því toll. Engu að síður skal kjötið síðan fara úr landi. En þá er jafnvel búið að vinna kjötið, það er orðið unnin kjötvara. Þá er það komið í annan tollaflokk og í rauninni orðið önnur vara en þegar það var flutt inn til landsins. Þess vegna finnst mér mikilvægt að sú lögskýring fylgi með, helst í texta, að tollameðferðin lýtur að vörunni í því formi og þeim tollaflokki sem hún var í þegar hún kom inn til landsins, en það verði ekki breyting á tollaflokknum þó að það sé búið að vinna vöruna, úrbeina hana og annað þvíumlíkt. Varan sé í sama tollaflokki og þegar hún kemur inn til landsins til þess að við séum ekki enn að flækja þetta mál. Ég bið hv. þm. Drífu Hjartardóttur, framsögumann landbn., að kanna hvort hnykkja þurfi eitthvað frekar á því orðalagi svo að varan fari ekki að skipta um tollaflokk bara við það að lenda í þessari bið.

Virðulegi forseti. Þarna eru gríðarleg vandkvæði á ferðinni. Það var skilningur á því sjónarmiði að það mætti flytja

inn kjöt frá Grænlandi með þessum hætti, vinna það og selja áfram á erlenda markaði, þar væri um iðnað og atvinnustarfsemi að ræða sem var fullur skilningur á, en að þetta ætti ekki að fara með í samkeppni við innlent hreindýrakjöt hér á landi, ætti ekki að laumast aftan að þeim markaði né heldur að brjóta aðrar reglur sem lúta að innflutningi og neyslu á hráu erlendu kjöti.

Inni í þessu fyrirtæki má búast við að verði bæði vinnsla á grænlensku kjöti og innlendu kjöti. Það er því mikilvægt að finna góðan aðskilnað á því.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en það þarf að tryggja að markmiðinu með þessum lögum sé fylgt. Ætlunin er að það sé heimild til að flytja inn ákveðið magn af hreindýrakjöti frá Grænlandi, það njóti þeirra tollfríðinda að vera að koma inn í landið til vinnslu og sé flutt úr landi sem unnin vara. Það fari úr landi en ekki inn á innlendan markað eða að hægt verði að komast aftan að íslenskri tollalöggjöf hvað varðar innflutning á matvörum.

Ég vona svo að þetta gangi upp hjá Húsvíkingum.

[11:20]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að málið varðar mjög tæknileg atriði sem er útfærsla á þeim heimildum sem landbrh. voru fengnar sl. vor með breytingum á tollalögum og hvernig á að útfæra heimildina til vinnslu hér og skylduna til að flytja hráefnið út. Meginmarkmið með þessu frv. er að tryggja, undir reglugerðarákvæði, að hægt sé bæði að veita leyfið og fylgjast vel með þessu. En það er alveg ljóst að ef varan verður ekki flutt úr landi innan þess tímafrests sem gefinn er, sem er sex mánuðir, þarf innflytjandi að greiða tolla samkvæmt tollskrá. Þannig er það ef um hreindýrakjötið er að ræða, sem við erum að ræða hér þó það sé ekki nefnt í frv., sem er flutt inn til vinnslu og út aftur. En ef það verður ekki gert þarf innflytjandinn að greiða 30% verðtoll og 1.014 kr. á hvert kíló. En almenna reglan er sú að það er öllum heimilt að flytja inn kjöt og aðrar landbúnaðarvörur ef uppruni og heilbrigðisvottorð er fullnægjandi með fullum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Aðalatriði þessa máls er að þarna er verið að veita heimild til þess að vinna úr hreindýrakjötinu til fullvinnslu og það á að flytja það kjöt út aftur, það á ekki að koma á innanlandsmarkað.

[11:23]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til glöggvunar á þessu máli, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, varðandi atriðið um innflutning og útflutning og að reglugerð væri í þá veru að ekki væri að rugla hér saman reytum annars vegar innanlandsmarkaður og það sem er flutt út aftur, segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Það er mælt fyrir um að landbúnaðarráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði [er] lúta m.a. að aðgreiningu innflutts hráefnis fyrir innanlandsmarkað og hráefnis til útflutnings. [...] Þessi skilyrði miða að því að unnt verði að staðreyna það magn landbúnaðarhráefna sem flutt er inn tímabundið til aðvinnslu og það magn sem flutt er úr landi aftur. Það er einungis útflutt magn sem nýtur undanþágu að teknu tilliti til eðlilegs úrgangs sem fellur til við framleiðsluna.“

Það liggur því alveg ljóst fyrir að ef þetta er ekki flutt út aftur er lagður tollur á heildarþunga vörunnar án þess að hún hafi verið úrbeinuð eða unnin, sem er líklega rúmlega 50% sem fellur til. Hv. þm. Jón Bjarnason er því hér með þankagang um að þetta haldi ekki nógu vel, en það er hins vegar alveg skýrt tekið fram í greinargerðinni að tollar eru það miklir á þessa vöru og leggjast á þunga hennar svo að það svarar ekki kostnaði að vinna þetta innan lands með þeim hætti sem hér er skýrt kveðið á um.

[11:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skiljum þetta nokkuð rétt og eins, ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Málið er einfaldlega það að þetta snýst ekkert um hvort upphæð á tollunum sé að vernda, hvetja eða stöðva inn- eða útflutning á þessari vöru, þetta snýst um að lögin séu sjálfum sér samkvæm, taki á því sem á að taka og ætlunin er að taka á. Þetta snýst fyrst og fremst um það. Ef það þarf ekki að hnykkja á þessu með frekari orðum eru það skilaboð til landbrh. varðandi reglugerðina og hvernig flutningsmenn skilja málið að ætlunin er að þetta fari þessa tæknilegu leið. Upphæðir á tollum eða krónum og aurum í því sambandi skipta þar ekki máli. Lögin eiga að vera skýr og reglugerðin á að vera skýr svo að það séu engin áhöld um framkvæmd þessa máls.

[11:26]

Útbýting þingskjala:

Hlutafélög, 459. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 661.

Stjórn fiskveiða, 428. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 666.

[11:26]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég kem hér eingöngu til þess að lýsa yfir stuðningi og ánægju minni með það að hv. landbn. og flm. landbn., hv. þm. Drífa Hjartardóttir, skuli flytja þetta frv. til laga sem er, eins og hér hefur komið fram, til þess að tryggja eða skjóta frekari stoðum undir reglugerðarákvæði gagnvart því að flytja inn landbúnaðarvörur til úrvinnslu, að öllum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir innflutningi, til þess að vinna úr því og flytja aftur úr landi og skapa þar með vinnu og skjóta frekari stoðum undir þau fyrirtæki sem hafa með þetta að gera.

Það hefur komið fram, virðulegur forseti, að það sé verið að tala um hreindýrakjötið sem við töluðum um fyrir ári síðan sem verið er að flytja inn frá Grænlandi til þess að vinna það á Húsavík og flytja út aftur. Ég styð því þetta frv., með þeim fyrirvörum sem venja er að hafa fyrir máli sem flutt eru í fyrsta skipti. Ég á ekki sæti í landbn. en er áhugamaður um þetta og studdi frv. fyrir ári síðan og er áfram áhugamaður um að þetta sé hægt, að við skjótum frekari stoðum undir það og gefum fyrirtækjum á þessu sviði, eins og á Húsavík, kost á því að flytja inn vöru, í þessu tilviki hreindýrakjöt frá Grænlandi eins og ég sagði áðan, og vinna úr því til útflutnings. Þess vegna styð ég þetta frv. með þeim fyrirvörum sem ég áskil mér en þakka landbn. fyrir að hafa tekið málið upp og flutt það hingað inn.

[11:28]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er verið að leggja fram frv. um breytingu á tollalögum sem snýr að því að gera fyrirtækjum í matvælavinnslu möguleika á því að fullvinna matvæli úr hráefni sem kemur erlendis frá og senda það svo unnið úr landi aftur. Það er gengið út frá því að þetta sé gert til þess að

auðvelda fyrirtækjum eins og fyrirtækinu á Húsavík sem er byrjað að fullvinna hreindýrakjöt sem veidd eru í Grænlandi, flutt til Húsavíkur, unnið þar og flutt úr landi. Þetta tel ég af hinu góða.

Til þess að auðvelda þessa vinnu og koma upp þessari atvinnustarfsemi er það kjöt sem flutt er inn og út aftur ekki tollað. Það er vinnslan sem við erum að horfa til og sem virðisauka hér á landi.

Hér er líka gert ráð fyrir því að öll vara skuli vera flutt úr landi innan sex mánaða, en verði hún ekki flutt úr landi eigi að tolla hana og auk þess að leggja á hana ákveðið gjald. Það kemur ekki skýrt fram í þessum lögum, það heyrir undir önnur lög hversu mikið magn af ákveðnum vörutegundum, landbúnaðarvörum, megi flytja inn undir ákveðnum tollnúmerum. Þetta á við um m.a. villidýrakjöt og hreindýrakjöt í ákveðnu magni. Það kemur ekki fram í þessu frv., en þar sem það er talað opið um þetta hér vil ég benda á það að á Austurlandi hefur verið að byggjast upp töluverð atvinna og það mikilvæg atvinna á svæðinu sem snýr að hreindýraveiðum, það þarf leiðsögumenn, það þarf bílsjóra og það þarf töluverða þjónustu í kringum þessar veiðar. Veiðarnar sem eru stundaðar hérna, villtar veiðar, er ekki hægt að líkja saman við slátrun á þeim dýrum í Grænlandi sem hér er verið að flytja inn, þar sem eru ræktuð dýr og raunar farið með þau eins og sauðfé. Því hlýtur íslenska hreindýrakjötið alltaf að vera dýrt kjöt.

Ég vil koma því inn í þessa umræðu að það sé skoðað mjög vandlega og alltaf haft í huga að við séum ekki að hleypa inn í landið hreindýrakjöti í harðri samkeppni við þann markað sem við búum við í dag og muna eftir því að við viljum stunda vandaðar veiðar, við viljum hafa leiðsögumenn, við viljum að það sé farið eftir þeim lögum og reglum sem hafa verið settar um veiðarnar. Það er hætta á því, tel ég, að ef það verður samkeppni á markaðnum við ódýrara innflutt kjöt, fari menn að fara fram hjá núgildandi reglum og reyna að gera veiðarnar ódýrari. Það kemur þá niður á *þeirri fagmennsku sem nú er viðhöfð við veiðarnar.*

[11:32]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að verið er að byggja upp betri stoð undir reglugerðarsmíði hjá ráðuneytinu, þannig að hægt sé að fylgjast betur með þessari vinnslu og að hún geti farið fram. Þetta er eingöngu til þess að flytja inn kjötið til úrvinnslu og til útflutnings aftur en þar fyrir utan er, eins og kom fram hjá hv. þm. Þuríði Backman, ákveðinn tollkvóti sem er fyrir slíka vöru og það er boðið í hann. Mig minnir að það séu 12 tonn á ári. Þetta er alls ekki sett til höfuðs þeirri mikilvægu og merkilegu atvinnustarfsemi sem er á Austurlandi og snýr að hreindýraveiðimönnum og öllu því sem fylgir þeim veiðum, því það er mjög mikilvægt að hún fái að blómstra og sé látin í friði þannig að þetta á ekki að trufla hana neitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:34]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 428. mál, brtt. GMJ og JBjarn, þskj. 667.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594, nál. 663 og 666, brtt. 667.

[11:35]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. sjútvn. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem er að finna á þskj. 598. Í frv. eru aðallega þrjú efnisatriði. Í fyrsta lagi er lagt til að taka upp svonefnda línuívilnun með þeim hætti sem þar er kveðið á um. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi byggðakvóta. Í þriðja lagi eru breytingar á ákvæðum gildandi laga um tegundatilfærslu.

Nefndin hefur farið ofan í öll þessi atriði og skilað af sér áliti og verður gerð grein fyrir því af hálfu meiri hluta og væntanlega einnig af hálfu minni hluta nefndarinnar.

Ég vil taka fram áður en lengra er haldið að umrædd línuívilnun er breyting sem gerir þeim kleift sem róa með línu beitta úr landi að veiða þá viðbót til veiða umfram þær heimildir sem þeir hafa um 16%. Áætla má áhrifin af þessari breytingu þannig að í þorski séu þau um 3.375 tonn á ári sem veiðin muni aukast, í steinbít um 1.000 tonn og í ýsu um 1.500 tonn. Þetta eru því tæplega 6.000 tonn af fiski eða liðlega 5.000 þorskígildi. Þetta er rétt liðlega 1% af þeim aflaheimildum sem úthlutað er til veiða á tegundum á Íslandsmiðum, en það munu vera liðlega 400.000 þorskígildi sem eru til ráðstöfunar að jafnaði á ári hverju. Breytingin er því ákaflega lítil mæld sem hlutfall af heildinni þannig að ljóst er að hún raskar í engu því fyrirkomulagi sem er með aflamarkskerfinu.

Í öðru lagi er rétt að taka fram að árlegar breytingar á því magni sem veiða má úr hverri tegund sem er kvótabundin eru margfalt meiri en umrædd línuívilnun, þannig að þeir sem velta því fyrir sér hvaða áhrif það kunni að hafa að taka upp línuívilnun á þá sem hafa starfað í kerfinu sjá með þessu að þau eru ákaflega lítil. Áhrifin sem skapa óvissu um *rekstrarforsendur fyrirtækja í aflamarkskerfinu eru fyrst og* fremst hinar árlegu breytingar á því magni sem veiða má úr hverri tegund. Þannig má segja t.d. að þegar ákveðið var að draga saman veiðar á þorski um 30.000 tonn þá hafi það verið sex sinnum meiri breyting á afkomu og stöðu þeirra fyrirtækja sem studdust mjög við veiðar á þorski heldur en sú breyting sem hér er lögð til.

Það sama má segja þegar ákveðið var að auka við veiðar á þorski á þessu fiskveiðiári um 30.000 tonn þá fólst í því mikill ávinningur fyrir þau fyrirtæki sem í hlut eiga. Ávinningurinn nemur því miklu hærri fjárhæðum en því sem kann að hafa áhrif með línuívilnun, eða a.m.k. sex sinnum meira.

Síðan má nefna breytingar á öðrum botnfisktegundum eins og ýsu. Búið er að auka veiðiheimildir á ýsu mjög mikið og efnahagslegur ávinningur af þeirri breytingu er margfaldur á við þann ávinning sem á sér stað með línuívilnun gagnvart þeim sem hennar njóta.

Ég vil því leggja áherslu á að breytingin sem slík er smávægileg í heildarkerfinu og ávinningurinn er mjög hóflegur í samanburði við það sem gerist þegar menn breyta árlega því magni sem veiða má samkvæmt bestu upplýsingum hverju sinni.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, þannig að menn gætu sett þessar breytingar í rétt samhengi. Mönnum hættir stundum til í umræðu um sjávarútvegsmál að gera meira úr hlutum en efni standa til og ég neita því ekki að mér hafa

fundist ýmsar yfirlýsingar sem gengið hafa á opinberum vettvangi um þetta mál af hálfu þeirra sem eru andsnúnir breytingunni bera það með sér að þeir eru að gera þýðingu hennar miklu meiri en nokkur efni standa til.

Á hinn bóginn er engin ástæða til að draga fjöður yfir það eða gera lítið úr því að öll breytingin hefur töluverð áhrif til góðs fyrir þá sem njóta hennar og til þess er tillagan auðvitað lögð fram. Menn vilja styrkja þetta form, menn vilja beina útgerð í ríkari mæli en verið hefur með þessum tiltekna hætti af því að fyrir því eru rök eins og ég gat um í ræðu minni við 1. umr. málsins og óþarfi að endurtaka þau nú.

Meiri hluti sjútvn. gerir ekki breytingar á efnisatriðum frv. sem lúta að línuívilnun og leggur til að þau verði lögfest í þeim búningi eins og sést í frv.

Þá vil ég víkja að byggðakvótunum. Í frv. er gerð breyting á fyrirkomulagi þeirra frá því sem er í gildandi lögum. Það eru þrjú lagaákvæði sem hafa að geyma ákvæði um byggðakvóta. Í fyrsta lagi 1.500 tonna ákvæði í bráðabirgðaákvæði í lögunum sem færir Byggðastofnun heimild til að úthluta 1.500 tonnum árlega í sjö ár og af þeim eru fjögur ár liðin og fimmta yfirstandandi. Í öðru lagi eru ákvæði í 9. gr. laganna um 2.300 tonna heimildir til krókaaflamarksbáta í ýsu, ufsa og steinbít. Í þriðja lagi er einnig að finna í 9. gr. laganna 1.500 tonna ákvæði til sjútvrh. Ef við leggjum þetta saman eru þetta samtals 5.300 tonn í þremur mismunandi fiskveiðitegundum, nokkru minna í þorskígildum mælt.

Lagt er til í frv. að allar þessar heimildir fari inn í 9. gr. laganna og reiknist af þeim en ákvæði 9. gr. hafa að geyma í fyrsta lagi fyrirmæli um að sjútvrh. sé heimilt til að mæta aflabresti í einstökum tegundum að ráðstafa af þeim 12.000 tonnum sem þar er greint frá til að jafna þær sveiflur. Í frv. er síðan lagt til að til viðbótar hafi ráðherra heimild til að verja eftirstöðvum til minni byggðarlaga og til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu.

Meiri hluti sjútvn. gerir tillögu um að breyta þessu ákvæði frv. þannig að þegar 9. gr. er skoðuð í samhengi eru okkar tillögur þannig að í 9. gr. verði kveðið á um það að hæstv. sjútvrh. verji þessum 12.000 þorskígildum sem þar eru til tveggja atriða. Í fyrsta lagi til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda og í öðru lagi til stuðnings byggðarlögum í samráði við Byggðastofnun, annars vegar til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á bolfiski og hins vegar til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.

Efnisatriði 9. gr. verða tvíþætt og jafnrétthá þannig að ljóst er að þýðing byggðaúthlutunar hefur verið styrkt í 9. gr. með brtt. meiri hluta sjútvn.

Ef við skoðum málið í samhengi að teknu tilliti til þessara tillagna, má segja að þær aflaheimildir sem menn hafa til umráða til þess að mæta áföllum í byggðarlögum, munu ekki verða minni en eru í gildandi lögum heldur meiri. Miðað við að undanfarin ár hefur liðlega 5.000 þorskígildum verið varið árlega til þess að mæta aflabresti, þá verða tæplega 7.000 tonn eftir í 9. gr. til þess að ráðstafa til byggðarlaga sem eru um 1.500 tonnum meiri heimildir í þorskígildum talið en í þeim heimildum sem verið er að leggja til að verði lagðar niður.

Mögulegt er að því gefnu að engu þurfi að verja til aflabrests, ef við horfum til framtíðar er ekki hægt að útiloka að það ástand geti komið upp þó að við vitum það ekki, en gerist það einhvern tímann að ekki þurfi að verja neinu til þess að mæta aflabresti í einstökum tegundum, þá eru til ráðstöfunar til byggðarlaga 12.000 tonnin öll, sem eru þá aukning frá gildandi ákvæðum 9. gr. um 10.500 tonn, en er í gildandi lögum takmörkuð við 1.500 tonn af þessum heimildum 9. gr. Þannig gæti mesta mögulega ráðstöfun til byggðarlaga verið um liðlega 5.000 þorskígildum meiri en við höfum í dag í gildandi ákvæðum laga.

Það er því alveg augljóst mál að eftir þessar breytingar sem meiri hluti sjútvn. gerir á frv. þá er verið að auka það magn sem er til ráðstöfunar til að verja til byggðarlaga, a.m.k. 1.500 tonnum og allt upp í 5.000 tonn við þau skilyrði sem ég gat um að gætu komið upp þó að það sé auðvitað ekki fast í hendi.

En niðurstaðan er sú að breytingin hvað varðar byggðakvótana er jákvæð, það er ekki verið að draga saman seglin í þeim efnum, heldur þvert á móti skapa svigrúm til þess að geta aukið við þær úthlutanir.

Í öðru lagi leggur meiri hluti sjútvn. til við ráðherra að stofnaður verði sérstakur starfshópur, með aðild m.a. Byggðastofnunar og fulltrúa úr þeim byggðarlögum sem hafa treyst mjög á byggðakvóta, sem muni undirbúa málið fyrir hæstv. sjútvrh. og gera tillögur um fyrirkomulag úthlutunar á byggðakvótum. Þannig að það á að vera alveg ljóst að menn koma að þessu máli og það er einbeittur ásetningur meiri hlutans að þessi kerfisbreyting leiði ekki til neinna breytinga á því sem verið hefur að öðru leyti en því að þegar almennar aðstæður breytast geta úthlutanir auðvitað breyst eins og alltaf hefur legið fyrir. Það er því ekkert nýtt í því.

Þannig að þegar allt er lagt saman held ég að menn geti verið nokkuð vissir um að þær breytingar sem verða muni verða til aukningar og leiða til þess að styrkja stöðu byggðarlaga.

Í þriðja lagi er ákvæði um tegundatilfærslur. Lagt er til í frv. að rýmka þær í einstökum tegundum, úr 2% og gætu farið upp í 5% eins og er almenna hámarkið í gildandi lögum, og meiri hluti nefndarinnar leggur ekki til breytingar á þessu ákvæði frv. og leggur til að það verði samþykkt. Þó er nauðsynlegt að taka fram að okkur þykir rétt að fylgjast með framvindu á því hvernig þetta ákvæði verður notað. Hugsanlega kann að verða nauðsynlegt að grípa í taumana og reisa skorður við því hversu miklu verður breytt í einstakar tegundir, því það er augljóst mál að gefið er út heildaraflamark í hverri og einni tegund út frá því hvað talið er að heimilt sé eða skynsamlegt að veiða úr viðkomandi stofni og þá er ekki gott að hafa svigrúm til þess að menn geti veitt umtalsvert magn umfram það því það gengur þá auðvitað á forsendur þeirrar ákvörðunar. Því áskiljum við okkur rétt til þess að fylgjast með þessu og að leggja til að gripið verði inn í þessa heimild til takmörkunar ef okkur sýnist að tegundatilfærslan ætli að leiða til þess að veiðar í einstakri tegund verði verulega umfram það sem lagt er til eða ákveðið á hverju ári.

Herra forseti. Ég hef þá farið yfir helstu atriðin í áliti meiri hluta sjútvn. og það er að öðru leyti að finna á þskj. 663.

Til viðbótar við þá brtt. á 9. gr. laganna eða 2. gr. frv. sem ég hef kynnt eru tvær aðrar brtt. sem ég tel rétt að geta um og gerð er grein fyrir í nál. Þær eru meira til þess að

skýra ákvæðin frekar og koma í veg fyrir misskilning. Sú fyrri varðar 2. gr. frv., staflið a, þar sem segir:

„Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski."

Þar leggur meiri hlutinn til að skjóta inn orðunum „eða vinnslu" þannig að ákvæðið hljóði þá svo:

„Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á bolfiski."

Okkur þykir þetta rétt til þess að taka af öll tvímæli um skilning á ákvæðinu svo ekki komi til þess að einstök byggðarlög, þar sem vinnsla á bolfiski er ríkur þáttur í atvinnulífinu en veiðar eru kannski ekki fyrir hendi eða ákaflega lítill þáttur, verði undanskilin við ákvörðun byggðakvóta, sem auðvitað er ekki meiningin og því er þessi tillaga flutt svo ekki komi til misskilnings hvað það varðar.

Í öðru lagi leggjum til að fella brott úr 3. gr. frv., staflið b, sem fjallar um línuívilnunina sjálfa, þrjú orð sem er að finna í næstsíðasta málslið stafliðar b, en þar segir með leyfi forseta: „Þá getur ráðherra með sama hætti ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar ..." Við leggjum til að orðin „með sama hætti" falli niður, þannig að það orðist þá svona, með leyfi forseta: „Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar ..." Því það er ekki gert ráð fyrir því að þetta fyrirkomulag verði með nákvæmlega sama hætti og því ekki eðlilegt að vísa til þess með þessu orðalagi.

Herra forseti. Ég held ég fjölyrði ekki meira um þetta nál. Undir það rita auk mín Einar K. Guðfinnsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kjartan Ólafsson og Guðjón Ólafur Jónsson.

[11:54]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum hér frv. til laga um stjórn fiskveiða og það línuívilnunarfrumvarp sem hér hefur verið á dagskrá. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður sjútvn., hefur gert grein fyrir nál. meiri hluta nefndarinnar. Ég á eftir að ræða þetta mál í ræðu minni á eftir, en hér í stuttu andsvari langar mig til að spyrja hv. þm. út í nál. meiri hlutans, vegna þess að í því segir á einum stað, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu takmarkast ívilnunin við dagróðrabáta sem beita línu í landi og er þeim heimilt að landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra."

Þarna les maður út úr þessu að 16% séu ekki eingöngu í þorski heldur líka ýsu og steinbít. Annars staðar segir hins vegar í nefndarálitinu:

„Ekki eru hins vegar sett takmörk á afla í ýsu og steinbít en þó mælt fyrir um heimild ráðherra" o.s.frv.

Hvort atriðið er það í nál. meiri hlutans sem fara á eftir gagnvart lögskýringum seinni tíma?

[11:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það á að fara eftir þeim báðum. Það er eðlilegt. Í fyrsta lagi varðandi 16%. Þar er kveðið á um það hversu miklu menn mega landa umfram aflamarkið í hverri veiðiferð. Í öðru lagi vísar seinni tilvitnunin til þess að ráðherra er heimilt að setja hámark á það magn sem þannig er heimilt að veiða umfram aflamark, en það er átt við heildina hjá öllum þeim sem njóta ákvæðisins en ekki einstaka útgerðarmenn.

[11:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta andsvar og svör hv. formanns sjútvn. mun ég ræða betur á eftir og fara betur í þegar meiri tími gefst til. En á þeirri mínútu sem ég á hér eftir þá vil ég spyrja hv. þm. út í það vegna þess að honum er tíðrætt um það og reynir að telja okkur trú um það að byggðakvótaákvæðið sé styrkt í þessu þrátt fyrir að það fari út úr lögunum. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Hvað gerist ef sjútvrh. þarf að úthluta fljótlega stórum hluta af hámarkinu skv. 9. gr. vegna aflabrests í einhverri tegund eins og gerst hefur einmitt núna í Breiðafirði, er þá gulltryggt að restinni verði ekki úthlutað strax til þeirra samkvæmt aflamarki?

[11:57]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákvæðin eru bæði jafnrétthá. Þannig að þegar talin er þörf á að nýta þau bæði verður það gert og það verður ekki gengið á úthlutun byggðakvóta umfram þörf. Við höfum tilteknar forsendur fyrir okkur. Menn hafa verið að ráðstafa 5.300 tonnum í þessa veru og menn munu úthluta því magni meðan aðstæður eru með þeim hætti sem rökstuddi úthlutunina í upphafi. Auðvitað úthluta menn ekki byggðakvótum til byggðarlaga þegar þær forsendur eru fallnar brott sem gera það að verkum að menn telja nauðsynlegt að úthluta þangað kvótum. En meðan þær standa verður farið í meginatriðum eftir því sem við höfum stuðst við. Þannig að það er engin ástæða til að ætla að gengið verði á þessa úthlutun. Hv. þm. er kannski að velta fyrir sér hvað gerist ef eitthvað óvænt verður um einstakar fisktegundir þannig að þörfin fyrir úthlutun til bóta vegna aflabrests eykst skyndilega mikið, en þá er því til að svara að við því verður að bregðast sérstaklega, menn verða þá að taka sérstaka ákvörðun í þeim tilvikum til þess að bregðast við þeim nýja vanda.

[11:58]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði hér fyrir nál. meiri hluta sjútvn. og lagði til í sinni ræðu að frv. yrði lögfest í þeirri mynd sem það hefur nú verið lagt fram. Það eru ekki ýkja margir dagar síðan sami hv. þm. lagði fram tillögur í sjútvn. um sama mál sem voru allt öðruvísi en þær tillögur sem sjútvrh. leggur fram í frv. sínu hér. Tillögur hv. þm. gengu mun lengra en fram kemur í frv. í flestum greinum og því verð ég að spyrja þingmanninn: Er það virkilega svo að hann sé ánægður með það frv. sem hér liggur fyrir? Ég leyfi mér að kalla það drullumall. Hér er verið að malla saman byggðakvóta, tegundatilfærslu og línuívilnun og með þeim hætti að það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir hver verða örlög byggðakvótans, hvernig verður þessi línuívilnun, en allir sjá hver tilgangurinn er með tegundatilfærslunni.

Því verð ég að spyrja hv. þm.: Er það virkilega svo að hann sé ánægður með frv. eins og það liggur fyrir? Og telur hann að lengra verði ekki gengið?

[12:00]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekkert viss um það að lengra verði ekki gengið einhvern tímann síðar. Við skulum ekki útiloka það að menn haldi áfram að skoða hluti af þessu tagi. En í þessari lotu er þetta ágætur áfangi. Ég lýsti því strax og

frv. kom fram að ég teldi það ásættanlegt hvað þann þátt frv. varðar sem lýtur að línuívilnun. Það er ekki svo mjög frábrugðið þeim tillögum sem ég hafði lagt fram í sjútvn. Fyrst og fremst eru það lægri prósentur, 16% í stað 20 sem er megintillagan í því.

Herra forseti. Ég vil segja að það er verulegur ávinningur af því að fá þetta fram. Það er ávinningur fyrir þann hóp útgerðarmanna og þá staði sem menn voru að hugsa um þegar þeir voru að berjast fyrir þessu máli í upphafi. Það á sér langan aðdraganda. Sveitarfélög á Vestfjörðum tóku þetta mál upp á sína arma og gerðu samþykkt um það í mars árið 2002. Þeirra samþykkt var að ívilnun yrði 20% á allar tegundir. Það verður að segjast eins og er að munurinn á þeirri tillögu og niðurstöðunni í frv. er ekkert ýkja mikill. Það er ekki slíkur munur að ástæða sé til að standa ekki að málinu.

Í öðru lagi hafa samtök smábátasjómanna barist fyrir þessu máli með 20% ívilnun á þorsk og 50% á aðrar tegundir. Þetta eru þau sjónarmið sem menn hafa haft í þessu máli og flokkarnir tóku upp sem standa að ríkisstjórninni. Ég vil því segja hvað þetta mál varðar að þetta er ásættanleg niðurstaða og það sagði ég strax.

[12:02]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að það kemur fram með skýrum hætti hjá hv. þm. að hann sætti sig við frv. eins og það er núna og ekki sé von á neinum breytingartillögum við það milli 2. og 3. umr. og hér séum við því í umræðunni á eftir að ræða um endanlega mynd frv., þá endanlegu mynd sem menn leggja til að Alþingi samþykki og verði að lögum.

Þingmaðurinn talaði um að þetta mundi gagnast vel þeim útgerðum og stöðum þar sem línuívilnunin yrði notuð. Ég verð að spyrja hv. þm.: Veit hann í raun miðað við efni frv. og þau tök sem eru á línuívilnun í frv. hvar þessi afli mun lenda? Miðað við að opnað er á allar stærðir báta og að í raun geta allir farið í þetta kapphlaup um línuívilnunina, hefur þingmaðurinn þá í raun nokkra hugmynd um hvort þessi línuívilnunarkvóti muni lenda á Vestfjörðum, Austfjörðum, Suðurnesjum, eða einhvers staðar annars staðar? Eins og þetta er lagt upp í frv. get ég ekki séð hvernig í ósköpunum þeim markmiðum verður náð með þessu frv. sem hv. þm. hefur lýst og talað fjálglega fyrir, þ.e. að styrkja byggð á Vestfjörðum og hjálpa þar smábátaflotanum og ég lýsi undrun minni á því að menn leggi fram svona frv. sem sagt er að eigi að ná ákveðnum markmiðum, en það er engin trygging í frv. sjálfu að það geti náð markmiðunum.

[12:04]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn getur sagt með vissu hvar þessi aukning lendir nákvæmlega eftir stöðum. Menn geta stuðst við fortíðina og reynt að gera sér grein fyrir því hvernig aflinn hefur dreifst samkvæmt sóknarmunstrinu sem þá var og spáð síðan um hvað líklegt er að verði. Miðað við fortíðina er ljóst að tillagan hefur aldrei verið bundin við staði. Hún hefur verið bundin við veiðarfæri og það er eina afmörkunin sem menn hafa haft í málinu að afmarka ívilnunina við veiðarfæri, ekki við staði og ekki við stærð báta og ekki við veiðislóðir. Menn vita hins vegar hvar línuveiði er öflug á landinu og geta því áætlað að líklegra sé að ávinningurinn lendi þar en annars staðar.

Það landsvæði sem líklega mun njóta mest góðs af þessari breytingu eru Suðurnes. Það getur hv. þm. kynnt sér. (Gripið fram í.)

Í öðru lagi er líklegt að Vestfirðir njóti mjög góðs af þessu.

Í þriðja lagi eru það Snæfellsnes og Eyjafjörður. Þessi fjögur svæði standa upp úr þegar maður skoðar dreifingu á línuafla hjá þeim sem ekki hafa róið með beitningavélar.

Mér finnst líklegt að þessi ávinningur lendi á þessum stöðum. En auðvitað geta menn breytt sínu útgerðarmunstri. Menn sem hafa til þessa gert út á önnur veiðarfæri geta ákveðið að fara að róa á línu vegna þessarar breytingar. Við getum engu spáð um hvernig sú þróun verður.

[12:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. eins og það kemur úr nefnd af hálfu meiri hlutans staðfestir það sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sagt, að vandinn er ranglátt fiskveiðistjórnarkerfi og það þarf að vinna upp frá grunni. Við höfum lagt fram tillögur um hvernig það megi gera þannig að það treysti bæði atvinnuveginn, atvinnuöryggi fólks og gæði vinnslunnar og efli trausta útgerð. Þetta er hreinn bótasaumur á gallað kerfi.

Ég vil spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson: Er það ekki rétt skilið hjá mér að heildarbyggðakvótinn eða kvótinn samanlagður sem bæði ráðherra og Byggðastofnun hafa til úthlutunar til að grípa inn í, þ.e. annars vegar sértækar aðgerðir gagnvart veiðum eða vinnslu eða þá vegna náttúruhamfara sem slíkra, sé í dag 12 þús. plús 1.500 plús 1.500 tonn, eða samtals 15 þús. tonn? Er það ekki rétt skilið hjá mér að það sé þannig í dag að þetta sé til úthlutunar, að heimildin hljóði upp á það? Og er það ekki líka rétt skilið hjá mér að að tveimur árum liðnum verða þessar heildaraflaheimildir sem eru núna 15 þús. tonn komnar niður í 12 þús. tonn? Er það ekki rétt skilið hjá mér að þessar heimildir sem við erum þarna að tala um, 12 þús. plús 1.500 plús 1.500, samtals 15 þús. tonn í byggðakvóta, verði komnar niður í 12 þús. tonn til úthlutunar eftir tvö ár samkvæmt frv.?

[12:08]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. Jón Bjarnason flaskar á í samlagningu sinni er að í þeim 12 þús. þorskígildum í 9. gr. sem hann er að gera ráð fyrir þá hefur stærstum hluta þess verið úthlutað til aflamarksbáta, ekki varið til aflabrests og ekki varið til byggðaúthlutunar. Á því verður breyting og sú breyting gerir það að verkum að heildaráhrifin verða jákvæð í þeim skilningi að það magn sem menn hafa til ráðstöfunar til úthlutunar til byggðakvóta mun aukast. Það er meginbreytingin á því sem meiri hluti sjútvn. leggur til. Eins og hv. þm. kannski man þá setti ég fyrirvara við málið og reyndar fleiri úr mínum þingflokki eftir fyrstu skoðun því mönnum sýndist að svo gæti farið að byggðakvótinn mundi minnka ef farið yrði að tillögu frv. Eftir athugun málsins og breytingartillögur sem við flytjum mun það ekki gerast heldur hið gagnstæða, þ.e. það magn sem ráðstafað er til byggðakvóta mun aukast. Þess vegna er það grundvallarbreyting hvað þennan þátt málsins varðar.

Ég vil að öðru leyti taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Við erum í tilteknu kerfi sem er mjög gallað og að mínu mati meingallað. Alvarlegar afleiðingar hljótast af því. Auðvitað eru ýmsir kostir í því líka. Við skulum ekki horfa

fram hjá því. En það eru alvarlegir gallar á því og menn eru að velta fyrir sér hvernig eigi að taka á þeim göllum. Ég hef viljað miklu róttækari leiðir til þess að komast fram hjá þessum ágöllum og inn í skaplegra kerfi. Það er ekki stuðningur við það í þjóðfélaginu í dag að skipta um kerfi í fiskveiðum. Þess vegna hef ég valið að reyna að vinna að því að breyta gildandi kerfi, reyna að bæta það þannig að við tökum á þessum ágöllum og gerum þá þolanlegri. Það má kalla bótasaum. Ég hef svo sem gert það stundum líka, sagt að þetta væri eins og að bæta götótta flík. En það er þó til bóta, herra forseti. (**JBjarn:** En gatið er áfram undir.)

[12:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gatið er áfram undir þó menn bæti bót ofan á bót. Það breytir því ekki og ég tek undir það með hv. þm.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson staðfesti það sem ég sagði, að heimildin nú til úthlutunar er 15 þús. tonn þó svo að 12 þús. tonnin séu með ákveðnum reglum skert til ákveðinna verka. En heildarheimildin hljóðar upp á 15 þús. tonn í dag. Hv. þm. staðfesti það og það verður skorið niður í 12 þús. tonn á tveimur árum og jafnframt verður úthlutunarreglum eða möguleikum til ráðstöfunar breytt. En niðurskurður á byggðakvóta í heild eða heimildinni liggur fyrir og ég vil benda hæstv. forseta á að þetta gengur þvert á það sem framsóknarmenn lofuðu. Þeir lofuðu aukningu í heimildum til byggðakvóta. Það var heldur ekki í kosningaloforðum Sjálfstfl. að taka upp línuívilnun á kostnað heimildar til byggðakvóta.

[12:11]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú eiginlega um og ó að fara að kenna gömlum skólameistara einfalda samlagningu í reikningi. Ég ætla þó að gera eina tilraun á 50 sekúndum.

Í gildandi lögum eru 1.500 tonn í bráðabirgðaákvæði. Það eru 2.300 tonn í 3. mgr. 9. gr. Svo eru í öðrum ákvæðum 9. gr. 1.500 tonn. Samtals eru þetta 5.300 tonn í ýmsum tegundum.

Seinni 1.500 tonnin eru hluti af 12 þús. pottinum sem hv. þingmanni verður tíðrætt um. Þar segir að við megum aldrei verja meira en 1.500 tonnum af þessum 12 þús. til byggðaaðgerða. Þess vegna höfum við hámark í gildandi lögum upp á 5.300 tonn. Eftir breytingarnar þá er það hámark sem við megum nota til byggðaúthlutunar 12 þús. allur potturinn.

Þar sem ráðstafað er samkvæmt tveimur ákvæðum báðum jafnréttháum þá er það sem við höfum til byggðaúthlutunar miðað við aflabrest síðustu ára tæplega 7 þús. tonn. Við erum því að auka byggðakvótann um 1.500 tonn, herra forseti, með þessari breytingu.

Umræðu frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:14]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 667. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594, nál. 663 og 666, brtt. 667.

[12:14]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Sjútvn. hefur lokið umfjöllun sinni um hið svokallaða línuívilnunarmál og afraksturinn af þeirri vinnu er hér lagður fram. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur farið yfir nál. meiri hlutans en ég fer yfir nál. minni hlutans í málinu.

Nefndin leitaði upplýsinga eftir föngum um áhrif þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu á þeim stutta tíma sem gafst til umfjöllunar um málið. Rætt var við fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar. Nefndinni gafst ekki sá tími sem hefði þurft til að hafa samráð við hagsmunaaðila. Við umfjöllun í nefndinni kom þó mjög skýrt í ljós að málið er afar illa undirbúið af hendi sjávarútvegsráðuneytisins.

Þegar fulltrúar helstu hagsmunaaðila komu á fund nefndarinnar var þeim gert að tala fyrir máli sínu að viðstöddum öðrum hagsmunaaðilum sem hafa mjög andstæðar skoðanir á málinu. Þetta er nýjung í starfi sjávarútvegsnefndar sem féll í fremur grýttan jarðveg hjá fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Vélstjórafélagsins sem allir gengu af fundinum í mótmælaskyni og mótmæltu því að vera settir í þá aðstöðu að þurfa að ræða þessi mál í stórum hópi, vildu fá að ræða beint við nefndina. Hv. formaður nefndarinnar vildi ekki fallast á að gert yrði fundarhlé til að reyna að lægja þær öldur sem þarna risu strax. Nefndin ræddi síðan við þá sem eftir sátu sem voru fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og dagabáta. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskvinnslu án útgerðar.

Allir hagsmunaaðilar sem nefndin ræddi við og fékk umsagnir frá lögðust gegn því að málið yrði afgreitt, að frátöldum fulltrúa ASÍ sem tók ekki afstöðu til þess en sagði skoðanir skiptar hjá sínu fólki.

Við umfjöllun nefndarinnar um einstakar greinar frumvarpsins kom í ljós að meiri hlutinn hugðist taka málið óbreytt út úr nefndinni að undanskilinni einni orðalagsbreytingu auk þeirrar breytingar að gera jafnsetta ráðstöfun 9. gr. vegna aflabrests og atvinnuvanda í byggðarlögum vegna skorts á veiðiheimildum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór yfir sinn skilning á því hvað þarna hefði verið gert í ræðu sinni áðan. Ég held að full ástæða sé til að óska eftir því að hæstv. sjútvrh., sem ég vona að heyri mál mitt, fari yfir það á eftir hvort hann hafi nákvæmlega sama skilning á því hvernig fara eigi með aflaheimildir 1. gr. eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði grein fyrir í ræðu sinni.

Það er skoðun minni hlutans að málið sé allt vanreifað og stórgallað. Hleypa á af stað kapphlaupi vegna línuívilnunar í þorski fjórum sinnum á ári. Ráðherra á svo að ákveða hvort ástæða þykir til að hafa sama hátt á vegna annarra tegunda í ívilnuninni. Það er sem sagt allt saman óljóst, allt í óvissu um það hvernig verði farið með aðrar tegundir og menn gætu svo sem staðið frammi fyrir því að það yrði einhvers konar boðhlaup eða kapphlaup um þær tegundir með sama hætti og þorskinn. Þetta er allt sett í hendur ráðherra, eins og reyndar

allt sem í frv. er, að þar er verið að setja alla hluti í hendur hæstv. sjútvrh.

Byggðakvóti yrði lagður af á tveim árum samkvæmt frumvarpinu. Í stað hans yrði öllum aðgerðum vegna vanda sjávarbyggða beint inn í 12.000 tonna pott skv. 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða og öll framkvæmd sett undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra sem hefur reyndar lýst sig almennt andvígan byggðakvóta. Það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann. Það er álit minni hlutans að veruleg hætta sé á því að aflaheimildir sem falla undir byggðakvóta nú glatist úr byggðarlögum sem hafa þurft sárlega á þeim að halda.

Við fengum umsögn frá forstjóra Byggðastofnunar um málið. Ég sé ástæðu til þess, með leyfi hæstv. forseta, að fara yfir hana ef ég finn hana í gögnum mínum. Ég ætla ekki að lesa hana alla, en með leyfi forseta, að vitna í hana þar sem stendur:

„Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar svokallaðan byggðakvóta frá árinu 1999. Í samræmi við heimild í lögunum um stjórn fiskveiða hefur Byggðastofnun úthlutað byggðakvóta á rekstraraðila í 11 byggðarlögum víðsvegar um landið. Þrjú þessara byggðarlaga eru á Vestfjörðum, tvö á Norðurlandi og sex á Austurlandi. Samdar voru sérstakar reglur um val á þeim byggðarlögum sem til greina komu við úthlutunina. Reglurnar voru þannig úr garði gerðar að þær tryggðu sem best að þau byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi fengju byggðakvóta til samræmis við vanda þeirra. Það er mat Byggðastofnunar að áhrif þess byggðakvóta sem stofnunin hefur haft til ráðstöfunar séu almennt séð jákvæð. Einkum á þetta við í þeim sveitarfélögum þar sem náðst hefur bærileg samstaða um úthlutun heimildanna. Það má þó vissulega finna dæmi þar sem ekki hefur tekist jafn vel til. Það er þó ljóst að þar sem hér er einungis um að ræða 1.500 þorskígildistonn þá vega þau ekki þungt í heildaratvinnusköpun á landsbyggðinni. Áætluð margfeldisáhrif þessarar úthlutunar eru þrefalt fjórföld ef miðað er við þá samninga sem gerðir voru og reynsluna af þeim. Umboðsmaður Alþingis hefur gert nokkrar athugasemdir við aðferðir við úthlutunina en það er álit Byggðastofnunar að þær séu smávægilegar og auðvelt að laga úthlutun að þeim."

Og svo segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að svo miklu leyti sem úthlutun byggðakvóta er hugsuð sem byggðaaðgerð er það álit undirritaðs [þ.e. forstjóra Byggðastofnunar] að eðlilegt sé að stofnunin hafi hana með höndum. Til þess á hún að hafa öll verkfæri og upplýsingar undir höndum, auk reynslu af framkvæmdinni. Það er einnig álit undirritaðs að eftirsjá verði að þeim heimildum til úthlutunar byggðakvóta sem stofnunin hefur haft í ljósi dæma um augljós jákvæð áhrif af úthlutun hans.

Að lokum skal það enn og aftur áréttað að stofnunin hefur ekki haft ráðrúm til þess að gera faglega úttekt á þýðingu einstakra þátta frumvarpsins ..."

Ég verð að segja alveg eins og er að það er ekki gaman fyrir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, fyrrverandi formann stjórnar Byggðastofnunar, að þurfa að bera það hér inn í hv. Alþingi að taka byggðakvótann af Byggðastofnun og fela hann í hendur þeim manni sem hæst hefur haft gegn byggðakvóta og gera hann að aðalpáfanum í því hvernig farið verður með þau mál í framtíðinni, þ.e. hæstv. sjútvrh.

Afnám byggðakvótans og skerðing, ég kalla þetta afnám byggðakvótans vegna þess að eðlisbreyting 9. gr., sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti hérna áðan, er öll undir þeim formerkjum hversu mikið verði til ráðstöfunar þegar saman eru lögð þau vandamál sem steðja að byggðarlögunum vegna kvótaskorts og þess vanda sem verður vegna aflabrests og sá vandi getur orðið býsna stór. Það hafa menn séð í gegnum tíðina. Þess vegna var potturinn 12.000 tonn og ekki minna, vegna þess að menn reiknuðu með því að það þyrfti á verulegum aflaheimildum að halda. Og þó að hv. þm. sé að gera sér vonir um að einhver afgangur verði til staðar, þá veit það enginn maður í dag. Sú óvissa sem verður til með þeim breytingum sem hér er lagt í er greinilega verulega mikil.

Afnám byggðakvótans og skerðingar á aflaheimildum krókabáta sem felast í frumvarpinu virðast á ýmsum stöðum geta orðið umtalsvert meiri en hugsanleg línuívilnun miðað við veiðar á síðustu árum. Við höfum tölur sem sanna þetta. Það er t.d. um að ræða 360 tonn í krókaaflamarkspottinum til Bolungarvíkur á síðustu árum. Það eru 400 tonn til Tálknafjarðar á síðustu árum. Ef þessir staðir mundu veiða svipað á línu núna í framhaldinu eins og þeir hafa gert á síðustu árum, þá munu þeir ekki fá upp í þá skerðingu sem verður vegna bara þessa potts. Ekki er með nokkru móti hægt að átta sig á því hvernig áhrifin verða af þeim potti, því það getur enginn séð fyrr en farið verður yfir málin í heild, fyrr en fyrir liggur hvað verður mikið sem þarf að nota út af aflabresti, hvað það verður mikið sem hægt verður að nota vegna byggðavandamálanna og hvernig það dreifist. Það getur enginn svarað því núna að sú skerðing sem kemur á Bolungarvík eða Tálknafjörð verði bætt nokkurn skapaðan hlut. Hver treystir sér til að fullyrða það á grundvelli þeirra gagna sem liggja hér fyrir? Ég er alveg sannfærður um að það getur enginn.

Á meðan málið hefur ekki verið skýrt betur virðist staða byggðarlaga sem hafa haft byggðakvóta eða umtalsverðar veiðiheimildir í byggðapotti krókaaflamarksbáta í algeru uppnámi. Það er sérstök ástæða til að gagnrýna að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar um hvaða heimildir verða til ráðstöfunar fyrir einstök byggðarlög sem hafa þurft að treysta á úrræðin sem nú á að leggja af.

Þá bendir minni hlutinn á að bátar sem nota beitningatrektir fá ekki ívilnun þótt slíkar veiðar séu í raun mjög sambærilegar við aðrar línuveiðar og mikil spurning er hvort jafnræðis sé gætt með því að sniðganga þann flokk báta fyrst línuívilnun er á annað borð komið á.

Ástæða er til að minna á að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði til í þeirri tillögu sem hann lagði fram í sjútvn. að þeir bátar yrðu með í þessu. Það er eitt af því sem hv. þm. hefur orðið að gefast upp við, að koma því á. Því er nú verr og miður.

Ekki er tekið á málefnum dagabáta í frumvarpinu en skerðing á veiðirétti þeirra er nú þegar mikil. Bátarnir höfðu 23 daga áður en 19 nú og stefnir hratt í að útgerð margra þeirra leggist af á næstu árum. Slíkt hefði mikil byggðaleg áhrif vegna þeirrar staðreyndar að engin nýliðun er í útgerð fiskiskipa við Ísland.

Samkvæmt frumvarpinu yrði ráðherra gefin heimild til verulegrar aukningar á svokallaðri tegundatilfærslu sem felst í því að útgerðarmenn mega breyta einni fisktegund í aðra. Þetta er afar umdeilt fyrirkomulag. Auk þess hafa úrræði til að koma með aukaafla að landi verið rýmkuð nýlega með svokölluðum hafróafla. Nýting tegundatilfærslu hefur stundum orðið til þess að ákveðin tegund hefur ekki verið fullnýtt

og einnig hefur hún leitt til þess að meira hefur verið veitt af einstökum tegundum en Hafrannsóknastofnunin hefur ráðlagt. Þarna virðist sem LÍÚ-forustan hafi fengið eitthvað smávegis fyrir sinn snúð eins og venjulega þegar eitthvað er gert hér á vegum hæstv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum.

Ég veit ekki betur en að í nefndinni hafi verið mikil samstaða um það á sínum tíma að draga úr þessum hundakúnstum og sjónhverfingum að breyta einni fisktegund í aðra með þeim hætti sem þarna er verið að gera. Og svo eru verulegir möguleikar til staðar og sveigjanleiki í kerfinu, fyrir utan viðskiptin með aflaheimildir sem eru galopin.

Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu línuívilnun í aðdraganda síðustu kosninga. Sjávarútvegsráðherra lýsti því margsinnis yfir í sumar að hann þyrfti drjúgan tíma til að undirbúa málið. Þrýstingur frá starfandi formanni sjávarútvegsnefndar Alþingis virðist hafa valdið því að ráðherrann kastar nú algerlega vanbúnu máli fram til umfjöllunar á Alþingi.

Minni hlutinn átelur harðlega þessi vinnubrögð við undirbúning málsins og leggst gegn samþykkt þess.

Það var í raun og veru enginn annar kostur fyrir okkur í minni hlutanum eftir að hafa farið yfir málið í nefndinni en að leggjast gegn því. Það kom enginn á fund nefndarinnar, ekki einn einasti aðili sem var ekki á móti málinu, nema aðilinn frá ASÍ sem lýsti því að skiptar skoðanir væru þar hjá þeirra fólki. Allir sem hafa sent okkur umsagnir hafa lagst gegn málinu. Og meira að segja þeir sem hafa barist fyrir línuívilnun, þ.e. Landssamband smábátaeigenda, leggjast gegn málinu í þeirri mynd sem það liggur hér fyrir. Þarf meira til þess að sanna fyrir mönnum að hér hafi ekki verið starfað nógu vel að því sem á að gera? Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst ýmislegt benda til að þessi ákvörðun um línuívilnun geti farið illa, að þeim sem á að hygla með þessu, úr því verði miklu minna en menn ætla.

Sú knappa úthlutun í þorski til línuívilnunar sem liggur fyrir að verði mun örugglega þýða að mikið kapphlaup verður um veiðar á línu undir þessum ákvæðum. Þar mun tapast mikið fjármagn í raun og veru. Það verður tap af því að hafa þá samkeppni með þeim hætti sem þarna er verið að efna til. Síðan eigum við alveg eftir að sjá hvernig hæstv. sjútvrh. muni útfæra þetta, því það er allt í hendi hans gagnvart öðrum tegundum. Hann getur tekið ákvörðun um að setja eitthvert hámark á hinar tegundirnar líka og búa þess vegna til einhverja aðra startdaga til að stoppa veiðar af þar.

Þetta er allt saman í hinu mesta skötulíki og ég óttast að við sitjum uppi með það í þeim byggðarlögum sem menn hafa verið að bjarga á undanförnum árum með þessu byggðabixi öllu saman, þessum pottum og því sem hefur verið í gangi, að fara þurfi í nýjar björgunaraðgerðir, niðurstaðan verði bara þannig. Línuívilnunin fari eitthvert allt annað. Skerðingin, það vita allir hvar hún lendir. Hún lendir hjá þeim sem eru með pottana, það vita menn þó alveg. En hvert línuívilnunin fer, það veit enginn. Og þó svo að menn hafi veitt mikið á línu sums staðar, þá getur vel verið að einhverjir aðrir blandi sér í leikinn þegar kvóti er kominn í spilið og stórir og afkastamiklir bátar geta komið þar við sögu. Og sá pottur yrði fljótur að fjúka.

Mér finnst, hæstv. forseti, að hér hafi menn ákveðið að standa við orð sín með nokkuð sérkennilegum hætti. Ég held að það hafi ekki verið þetta sem menn voru að biðja um sem börðust fyrir línuívilnun. Ég held að Hvatarkonur í Reykjavík hafi ekki áttað sig á því að þetta væri það sem þær voru að berjast fyrir þegar þær studdu tillögu á fundi Sjálfstfl. í vor eða vetur leið, þegar Guðmundur Halldórsson bar fram tillögu sína og fékk við hana stuðning. Ég held að Guðmundur, sem væri nú fróðlegt að fá umsögn hjá um þetta mál, hljóti a.m.k. að verða fyrir vonbrigðum með þennan afkomanda sinn sem lítur dagsins ljós hér á Alþingi í dag.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, hæstv. forseti. Sú línuívilnun sem hér er til umræðu er því miður með því bragði að mjög erfitt er að átta sig á hverjum hún mun koma til góða, en það eru verulegir váboðar á lofti gagnvart þeim sem hafa þurft á aðstoð að halda á undanförnum árum.

[12:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson beindi til mín einni spurningu, hvort ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, starfandi formaður sjútvn. og frsm. nál. meiri hlutans, værum sammála varðandi byggðakvótann. Ég átti þess reyndar ekki kost að heyra alla ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, en það sem ég heyrði af henni og það sem hann sagði um byggðakvótana var í fullkomnu samræmi við nál. Og ef ég leyfi mér að draga þá ályktun að annað sem hann sagði hafi verið það líka, er ég fullkomlega sammála honum í því efni. Ég vil bæta því við, vegna þess sem kom fram hjá hv. þm., að með því að leggja til samþykkt þessa frv., er ekki ætlunin að setja eitthvert brot í þá aðstoð sem við höfum verið að veita hinum veikari byggðum. Þvert á móti er ætlunin að styrkja þær betur en áður og það er algjörlega ástæðulaust fyrir þær byggðir sem hafa notið þessarar aðstoðar að hafa áhyggjur af því að þeirra hlutur verði ekki skoðaður með sama velvilja og áður hefur verið gert og reynt að koma til móts við þær að teknu tilliti til breyttra aðstæðna. Ég geri mér vonir um að þegar frv. hefur verið samþykkt munum við vera með öflugri byggðir, þá er ég að tala um þær byggðir sem hafa verið til umræðu í þessu samhengi. Þær verði sterkari, atvinnulífið verði sterkara, sjávarútvegurinn verði sterkari og þær muni eiga bjartari framtíð fyrir sér en menn hafa almennt talið að þær hefðu fram til þessa.

[12:37]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að hæstv. ráðherra skuli staðfesta að skilningur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á því sem stendur í frv. sé réttur. Það segir mér það að þeir hljóti að hafa talað saman um þetta mál og ég vonast til þess að eitthvað annað komi ekki í ljós. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. skuli finna til ábyrgðar sinnar með nýjum hætti. Hann er farinn að tala allt öðruvísi um byggðakvóta og úthlutanir á aflaheimildum vegna vanda í byggðarlögum en hann hefur gert og gerir sér greinilega grein fyrir því að hann hefur tekið að sér vandasamt og mikilsvert hlutverk, að reyna að bjarga byggðarlögum sem þetta kerfi sem hann styður með öllum ráðum er að leggja í rúst. Það er auðvitað umhugsunarefni að það skuli vera þannig og ætti a.m.k. að vera fleirum umhugsunarefni en það virðist vera og hefur verið í gegnum tíðina í sölum hv. Alþingis.

[12:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hv. þm. að hann var ekki tilbúinn til þess að styðja frv. og lagði sérstaka áherslu á forsenduna fyrir því að hann var ekki tilbúinn til þess, hann teldi málið vera illa undirbúið og að ekki hefði

gefist nægur tími til þess að vinna málið í nefnd. Þrátt fyrir það var hv. þm. tilbúinn til þess að styðja það og lýsti því yfir að hann mundi styðja það og sagði að hann teldi tryggt eða öruggt (**Gripið fram í:** Reiknaði með.) reiknaði með að Samf. mundi fylgja honum í því að styðja þær hugmyndir sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafði lagt fram, sem að vísu ganga í sömu átt og verið er að fjalla um í þessu frv. Þá þurfti hann ekki mikinn tíma til þess að vinna það og taldi greinilega að það lægi alveg gríðarlega mikill og langur og vandaður undirbúningur að baki þeim tillögum sem þar voru lagðar fram. Svo kemur hann hingað upp og er á móti frv. Það var reyndar athyglisvert í 1. umr. að það tók mjög langan tíma fyrir hv. þm. sem fylgdust með umræðunni að átta sig á því hver væri hin raunverulega afstaða Samf. Það voru mjög mismunandi og misvísandi áherslur í málflutningi hv. þm. Samf., ég held að það geti enginn velkst í neinum vafa um það. Það virðist vera orðið þannig að Samf. kemur sér örsjaldan saman um mál og yfirleitt endar það með því að hún kemur sér saman um það að vera á móti. Hún er næstum því að verða eins og vinstri grænir í þessu, að vera bara á móti af því þeir koma sér ekki saman um annað. (**JBjarn:** Bíddu nú við, nú ertu ómálefnalegur.)

[12:41]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það geti ekki komið hæstv. sjútvrh. á óvart þó Samf. sé á móti þeirri stefnu sem er rekin í sjávarútvegsmálum. Það höfum við verið alla tíð. Hæstv. ráðherra vísar til þess að ég sagði á einhverri stundu að ég reiknaði með því að það gæri verið að Samf. mundi styðja þingmál frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Ég hef útskýrt það. Kristinn H. Gunnarsson var með því frv. greinilega að leita stuðnings hjá stjórnarandstöðunni við hugmyndir um einhverjar breytingar í þessa áttina. Ég reiknaði alltaf með því að við fengjum tækifæri til þess að fjalla um málið og hafa áhrif á það við umfjöllun þess ef við ættum að styðja það. Það kom aldrei til þess, því hæstv. ráðherra óttaðist það mjög og kom inn í þingið með sitt frv. eftir að hitt hafði verið lagt fram. Allir vita framhaldið. Þegar við förum að fara yfir frv. í nefndinni og hlusta á hagsmunaaðila og heyrum hvernig þetta er allt saman. Það týnast mál út úr þessu frv. Það bólar ekkert á dagabátum í þessu frv. Það bólar ekkert á því að menn sem nota beitningatrekt fái að vera með í þessari línuívilnun. Það kemur bara í ljós að byggðakvótinn er lagður niður og Framsfl. gleypir það. Hæstv. sjútvrh. er orðinn byggðakvótamálaráðherra Framsfl. og situr uppi með það. Það á eftir að koma í ljós eftir yfirlýsingar hæstv. ráðherra hversu vel hann reynist í því hlutverki. En það er sannarlega hlutverk sem maður hélt ekki að hann hefði mjög mikinn áhuga á eða ánægju af að taka að sér, miðað við yfirlýsingar hans um þau mál á undanförnum árum. En við bíðum og sjáum.

[12:43]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við það sem fram kemur í nál. minni hluta og kom fram í ræðu hv. þm. varðandi nýjung í starfi sjútvn. sem er talin vera sú að nokkrir aðilar voru boðaðir saman inn á fund sjútvn. til að gefa álit sitt á málinu. Þarna var um að ræða sex aðila í útgerð sem voru boðaðir saman og síðan var ákveðið að boða saman þá aðila sem eru í vinnslu og tengjast henni. Þetta er ekki nýjung. Ég vil bara árétta það. Það hafa oft áður verið boðaðir saman á fund sjútvn. fleiri en einn aðili. Ég skal ekki segja hvort þeir hafi verið sex saman, ég hef ekki gáð að því, en þetta er ekki nýjung.

Í öðru lagi get ég bent á reynslu annarra nefnda, t.d. efh.- og viðskn., þar sem margir umsagnaraðilar hafa verið boðaðir saman til að gefa sína umsögn og ræða um tiltekin umdeild mál. Þessu hefur verið beitt sérstaklega þegar um er að ræða umdeild mál, umsagnaraðilar gefa sitt álit og aðrir umsagnaraðilar geta brugðist við því. Mér finnst einkennilegt að finna að því, því þeir umsagnaraðilar sem þarna eru sérstaklega tilgreindir hafa ekki verið feimnir við að segja sína skoðun á frv. opinberlega. Það getur því ekki verið að þeir hafi ekki viljað að einhverjir væru inni meðan þeir segðu sitt álit. Það er bara fráleitt, enda geta umsagnaraðilar ekki ráðið því hvort þeir fá að hitta sjútvn. saman eða hver í sínu lagi. Það er ekki þeirra að ákveða það. Þeim gefst kostur á að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir áliti sínu og auðvitað verða þeir að standa fyrir því og rökstyðja það.

[12:45]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég sagði um þetta mál og stendur í greinargerðinni er það að þetta er nýjung í starfi sjútvn. Ég man ekki eftir því að þessum aðilum hafi verið steypt saman. Og ég segi líka og sagði að þessi nýjung féll í fremur grýttan jarðveg hjá fulltrúunum og þeir gengu af fundinum. Er eitthvað um það að þræta? Þetta tókst sem sagt ekki vel, varð til þess að sjútvn. gat ekki rætt við þessa aðila. Það stendur eftir. Ég er ekkert að halda því fram að þetta hafi ekki verið gert hér í þinginu í öðrum nefndum, en ég hafði hins vegar fyrir mitt leyti efasemdir strax og ég sá hvernig hópurinn var samansettur sem kom inn að það yrði svona sæmilegur friður til að fara yfir málið með þessum hætti. Það fór eins og það fór. Það er búið að prófa það og ég tel að það sé engin ástæða til þess að reyna það neitt aftur, en ég harma það að menn skyldu ekki fá betra tækifæri til að tala við þá aðila sem þarna voru mættir. En svona fór sem sagt um sjóferð þá.

[12:46]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einfaldlega ljóst að það var ekki vandinn hversu margir aðilar voru saman komnir, það var ekki vandinn að sex aðilar væru saman komnir, enda gengu þeir fjórir saman út. Það hefur því ekki verið fjöldinn sem setti þá út af sporinu. Þess vegna vil ég andmæla því að það hafi á einhvern hátt verið óeðlilegt að standa þannig að málum í sjútvn. að boða saman alla þá aðila sem tengdust útgerð til að gefa sitt álit á þessu máli. Fleira vil ég ekki segja um það mál.

Varðandi ummæli hv. þm. um að það væri mitt hlutskipti að leggja til að taka af Byggðastofnun þann 1.500 tonna kvóta sen hún hefur haft til úthlutunar, þá er það misskilningur. Það var lögfest í ákv. til brb. XXVI fyrir nærri tveimur árum að færa forræði þess kvóta yfir til sjútvrh. Það mun gerast í lok fiskveiðiársins 2005/2006 að óbreyttu ákvæði. Þannig að það var búið að taka þá pólitísku ákvörðun að færa forræði úthlutunarinnar til sjútvrh. á öllum þessum kvótum og það var gert með þeim rökum að hann væri ráðherra málaflokksins og eðlilegt væri að hann bæri ábyrgð á úthlutun og sæi um það, en til þess að tryggja þau sjónarmið sem þurfa

að liggja að baki úthlutun til byggðarlaga, er kveðið á um það að haft verði samráð við Byggðastofnun um það mál.

Í þriðja lagi langar mig að vísa til þess sem fram kom í máli þingmannsins varðandi aflabrest. Það eru 12.000 tonn í 9. gr. sem eiga m.a. samkvæmt tillögu meiri hlutans að mæta aflabresti og vissulega getur hann stundum orðið mikill og við þekkjum það að fyrir löngu síðan var aflabrestur í loðnu sem var bættur upp með 12.000 tonnum af þorski, sem reyndar varð síðan varanlegt og var aldrei skilað aftur. En ég hygg að ef menn skoða lagaákvæðið sjái þeir að það er sniðið að minni háttar aflabresti og ef upp kemur síðar aflabrestur í uppsjávarfisktegundum eins og loðnu, þá þurfi sérstakar ráðstafanir til að bregðast við því.

[12:49]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri ráð að menn reyndu þá að skilgreina betur hvað þeir eiga við með meiri háttar aflabresti því það skiptir mjög miklu máli. Það er nefnilega svo að ef menn ætla sér að nota stóran hluta, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er búinn að vera að lýsa hér, af þeim heimildum sem eru í 12. gr. til þess að styrkja byggðarlög, þá er ekki hægt að gera það með þeim hætti að það sveiflist eitthvað verulega til milli ára, það verður að vera mögulegt að horfa til lengri tíma. Og þess vegna er það sem þessir byggðapottar hafa verið ákveðnir til tiltekins árafjölda að menn hafa ekki séð að það gengi óðruvísi ef ætti á annað borð að ganga í lið með þessum byggðarlögum. Og þess vegna hljóta menn að þurfa að fá þessa skilgreiningu á hreint. Ég er reyndar á þeirri skoðun að það þurfi bókstaflega að skoða það vandlega, ef þetta á að virka með þeim hætti sem menn hafa talað hér um þetta, að skipta þessum 12.000 tonnum með einhverjum hætti þannig að það sé ljóst hvert lágmarkið sé vegna byggðarlaganna og að menn verði hreinlega að horfast í augu við það að skerðingar vegna aflabrests sem fara yfir ákveðin heildarmörk verði að bæta með öðrum hætti.

Ég held að menn verði að fara yfir þetta því það svigrúm sem nú er til staðar getur fokið á auga lifandi bragði. Það voru, eins og hv. þm. hélt fram í sinni ræðu áðan, ekki eftir nema 1.500 tonn til viðbótar við það sem var áður í byggðapottunum ef þannig er reiknað. Og hvað þarf að gerast til þess? Við erum áfram með skerðinguna á aflaheimildum vegna hörpudisks og gætum við ekki fengið á okkur einhverjar álíka skerðingar í einhverri annarri tegund?

[12:51]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 461. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 668.

[12:51]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs verði aldrei færri en 23, og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla á fiskveiðiárinu umfram 230 þúsund tonn."

Hæstv. forseti. Ég stend að minnihlutaáliti sem komið hefur fram um þetta frv. en ég neita því ekki að það kemur manni spánskt fyrir sjónir, svona nýgræðingi sem kemur hér og er búinn að vera bara í nokkra daga við störf á þinginu, að frv. um línuívilnun, um byggðakvóta, um tegundatilfærslu, ég hefði haldið að þetta ætti að vera í þremur frv. en ekki einu. Það er dálítið ruglingslegt fyrir okkur sem erum blautir á bak við eyrun í þessum störfum hér að fást við þetta. En þetta frv. er raunverulega um þrjú óskyld mál, þó svo auðvitað megi alltaf tengja þetta saman og ég er kannski að bæta við því fjórða með breytingartillögunni.

En, herra forseti, á fund sjútvn. komu fulltrúar allra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og hafa komið á fundi nefndarinnar út af þessu, ekki bara í gær, en þeir voru allir óánægðir og allir höfnuðu frv. eins og það lítur út nú, hvort sem það voru dagabátakarlar, Landssamband smábátaeigenda, útvegsmenn, sjómannasamtökin, Sjómannasambandið, Farmanna- og fiskimannasambandið, Vélstjórafélagið og þess vegna finnst manni dálítið sérkennilegt að menn skuli vera að keyra málið í gegnum þingið núna svona illa úr garði gjört.

Í mínum huga er þetta ekkert stórmál. Þarna er ekki um mikinn afla að ræða. Þetta er ekki það að hægt sé raunverulega að setja allan sjávarútveg í stríð út af þessu. En það er kannski verið að reyna að leiða athyglina frá öllum öðrum málum í sjávarútvegi eins og sjálfu fiskveiðistjórnarkerfinu, sem er auðvitað það sem við þurfum að hafa verulegar áhyggjur af, að afhenda fáum útvöldum auðlindina gefins, að afhenda 500 milljarða til handa fáum og skilja byggðirnar hringinn í kringum landið án veiðiheimilda, án atvinnu, í verðlausum húsum og í hálfgerðum átthagafjötrum. Fólkið kemst jafnvel ekki burtu þó að það vilji fara, færa sig á mölina, færa sig á höfuðborgarsvæðið. Þetta er auðvitað miklu meira mál og verra og það er það sem við þurfum að beita okkur fyrir í framtíðinni og breyta sem fyrst.

[12:56]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. að menn eru með þrjú atriði í frv. sem öll að vísu tengjast saman gegnum löggjöfina um stjórn fiskveiða en eru hvert af sínu tagi. Og tillaga hans bætir hinu fjórða við. Það er ekkert að því, herra forseti. Mér finnst það bara eðlilegt og sjálfsagt að menn taki þau atriði upp til umræðu sem tengjast þeim lögum sem eru undir hverju sinni. Þannig að það er engin ástæða til að gera athugasemdir við það.

Ég vil bara aðeins geta þess að málefni dagabátasjómanna hafa verið mikið til umræðu innan sjútvn. og innan meiri hluta hennar og það var niðurstaða okkar núna í tengslum við umræðu um þetta frv. því það mál var til umræðu síðustu daga að ekki væri unnt að þessu sinni að leggja fram tillögu frá meiri hluta sjútvn. um framtíðarskipan í málefnum dagabátaeigenda. Þannig að það verður ekki tekið upp af okkar hálfu að þessu sinni en unnið áfram að því og við leggjum áherslu á að því máli verði hraðað þannig að niðurstaða megi liggja fyrir sem allra fyrst í þeim efnum.

Ég vil svo nota þetta tækifæri og þakka hv. þingmönnum og öðrum þingmönnum í stjórnarandstöðunni fyrir samvinnu í sjútvn. á þessu hausti. Vinnan hefur gengið vel og þó að við höfum fengið stórt mál eins og línuívilnun og unnið það á stuttum tíma, þá gekk það ákaflega vel og ég hygg að það sé mjög vel unnið af nefndinni. Ég vil þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar fyrir þeirra framlag í því.

[12:58]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að það hefði verið og er lítið mál að bæta inn og ég vona það að stjórnarþingmenn sjái að sér og styðji breytingartillögu mína við frv. Þetta er floti sem hefur verið afskiptur og hefur mest átt undir högg að sækja í fiskveiðistjórnarkerfinu. Maður hefur alltaf haft það á tilfinningunni að þetta sé sá floti sem stjórnvöld vilji helst losna við. Þarna eru menn á sókn eins og allir aðrir ættu að vera við íslenskar fiskveiðar, með sama móti og Færeyingar gera sem eru að ná góðum árangri í sinni fiskveiðistjórn, sennilega þeirri bestu í heiminum í dag. Við erum alltaf að minnka okkar hlut í svona sóknardagakerfi. En það væri betur að við tækjum það upp í fiskveiðistjórnarkerfinu okkar.

[12:59]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara láta það koma fram að mér er mjög annt um dagabátakerfið. Á sínum tíma þegar Valdimarsdómurinn féll í desember 1998 var ég formaður sjútvn. og þing var kallað saman í janúarbyrjun 1999 til þess að bregðast við dóminum. Þá var lagt fram frv. frá ríkisstjórninni sem gerði það að verkum að allar veiðar færu undir aflamarkskerfi. Við eyddum miklum tíma í janúarmánuði 1999 að ná samstöðu um aðra útfærslu fyrir handfærakerfið og það tókst að ná samkomulagi um það og útkoman varð það dagabátakerfi sem menn þekkja síðan. Reyndar voru fyrstu tillögur um að árleg fækkun daga ætti að vera 25%, en það tókst að fá því breytt þannig að það er aðeins 10%.

Mér finnst ástæða til þess að halda þessu til haga til þess að draga það fram að stjórnarflokkarnir komust að þeirri niðurstöðu að þeir vildu frekar hafa handfæraveiðarnar í þessu kerfi en undir aflamarkskerfi. Og það er mikill vilji til þess innan stjórnarflokkanna að reyna að ná samkomulagi um breytingar á kerfinu sem geti gert það að verkum að menn geti búið við það í því formi sem menn hafa unnið á undanförnum árum.

[13:00]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því og þess vegna geri mér kannski meiri vonir um að fá stuðning við þessa breytingartillögu mína þannig að það geti orðið að lögum núna að botn hjá dagabátunum verði sá að þeir verði aldrei með færri en 23 sóknardaga.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

[14:12]

Útbýting þingskjala:

Fullnusta refsingar, 465. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 673.

Lögmenn, 463. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 671.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 462. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 670.

Siglingastofnun Íslands, 467. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 675.

Umferðarlög, 464. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 672.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (trúnaðarlæknir, aðildarskilyrði). — Þskj. 539, nál. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 615 (2. gr. falli brott) samþ. með 46 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 304. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 349, nál. 614.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 306. mál. — Þskj. 351, nál. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Brtt. í nál. 626,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 626,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (rannsóknir og nýsköpun). — Þskj. 274, nál. 628, brtt. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]

Brtt. 629,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 629,2 (ný 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (hafrannsóknaafli, þorskeldiskvóti). — Þskj. 275, nál. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Tímabundin ráðning starfsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (EES-reglur). — Þskj. 558, nál. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 639,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 639,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 639,3 samþ. með 48 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, frh. 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (tímabundin vinnslustöðvun o.fl.). — Þskj. 578, nál. 640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
Brtt. í nál. 640,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Jarðgöng undir Vaðlaheiði, frh. fyrri umr.

Þáltill. HlH o.fl., 421. mál. — Þskj. 579.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 418. mál (aldurstengd örorkuuppbót). — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:23]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er stigið stórt skref í þá átt að bæta kjör öryrkja. (**Landbrh.**: Gott að heyra.) Fyrir Framsfl. er þetta hins vegar dapurlegur vitnisburður um svikin kosningaloforð. Á þeirri forsendu að samningurinn sem gerður var við Öryrkjabandalag Íslands er svikinn og hann ekki efndur með þessu frv. getum við ekki veitt því stuðning okkar og munum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[14:24]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram fögnum við í Samf. þeirri kerfisbreytingu sem felst í þessari aldurstengdu örorkubót sem er ákveðin kjarabót fyrir öryrkja. Hins vegar teljum við og ekki einungis við heldur mýmargir aðilar í þessu samfélagi að ekki sé verið að uppfylla það samkomulag sem gert var við Öryrkjabandalagið. Þess vegna munum við sitja hjá.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÁ, GÓJ, JBjart, KHG, MS, SAÞ, SKK, PM, StB, TIO, VS, SÞorg, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl.

25 þm. (GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, GMJ, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, HlH, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, StP) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÁS, GÖg, GunnB, HjÁ, JóhS, JónK, SP, ÁF, ÁRJ, DO, EOK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:25]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að tryggja öryrkjum þessa lands mestu réttarbætur sem þeir hafa fengið í áratugi. Hér stendur stjórnarandstaðan enn einu sinni berstrípuð í þessu máli eftir allt lýðskrumið og treystir sér ekki til þess að samþykkja þessar miklu réttarbætur. Það er gott og hollt fyrir öryrkja þessa lands að vita það. Ég segi já. (**ÖJ**: Framsókn á að skammast sín.)

[14:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að fylgjast með stjórnarandstöðunni í þessu máli. Þeir tala hér réttilega um að þetta séu einar bestu bætur ef ekki þær mestu sem öryrkjar hafa nokkurn tímann fengið. En ef allir greiddu atkvæði eins og stjórnarandstaðan hér í dag þá fengju öryrkjar engar bætur og ég vek athygli á því. Þingmaðurinn segir já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 687).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Frv. DrH o.fl., 417. mál (sauðfjárbændur). — Þskj. 653.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HlH, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁF, ÁRJ, DO, EKG, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, HjÁ, JóhS, JónK, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 688).

Umferðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 419. mál (yfirstjórn málaflokksins). — Þskj. 575.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁF, ÁRJ, BjarnB, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HjÁ, JóhS, JónK, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 689).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 88. mál (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.
23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, HHj, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁF, ÁRJ, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HjÁ, JóhS, JónK, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 690).

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 312. mál (brottfall laga o.fl.). — Þskj. 657.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (AKG, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, GÓJ, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, HjÁ, JóhS, JónK, MS, SigurjÞ, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 691).

Úrvinnslugjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 400. mál (net, umbúðir o.fl.). — Þskj. 658.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁF, ÁRJ, BÁ, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HjÁ, JóhS, JónK, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 692).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 328. mál (trúnaðarlæknir). — Þskj. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁF, ÁRJ, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, HjÁ, JóhS, JónK, SigurjÞ, SP, StP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 693).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Frv. MÞH o.fl., 11. mál (hljóðbækur). — Þskj. 659.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁF, ÁRJ, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HjÁ, JóhS, JónK, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 694).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 450. mál. — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 460. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594, nál. 663 og 666, brtt. 667.

[14:34]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þetta er í raun í annað skiptið á stuttum tíma sem lagt er fram frv. til breytinga á þeim lögum, en í gær samþykktum við einmitt breytingar á lögum um stjórn fiskveiða hvað varðaði hinn svokallaða hafróafla.

Ég er nýr á Alþingi og hef ekki vanist þeim störfum sem hér eru nema að litlu leyti enn þá, en það verður þó að segjast alveg eins og er að þegar við ræddum frv. til laga um breytingu á lögum hvað varðaði hafróaflann, þá leist mér ákaflega vel á hvernig sjútvn. starfaði. Það frv. og þau frumvörp sem við vorum að ræða þar saman fengu ákaflega vandaða málsmeðferð og við kölluðum til okkar fjölda aðila til að leita álits þeirra á því frv. sem fyrir lá og einnig sendum við frv. út til enn þá fleiri til að fá umsagnir þeirra um hvernig þeim litist á þær breytingar sem þar voru lagðar fram. Síðan ræddi nefndin þau frv. í þaula og komst að sameiginlegri niðurstöðu á nefndaráliti sem lagt var fyrir hér í gær og búið er að greiða atkvæði um núna og sú breyting verður að lögum.

Hvað það mál varðar sem við ræðum nú, svokallað línuívilnunarfrumvarp, þá er allt annað mál uppi. Málið var lagt fram á Alþingi 6. desember fyrir rétt um sex dögum. 1. umr. fór fram 10. desember, ekki í gær, heldur daginn áður. Það var í fyrradag sem við byrjuðum að ræða þetta mikla mál sem fjallar um línuívilnun. Framsögumaður meiri hluta sjútvn. gerði grein fyrir nefndaráliti meiri hlutans og tók sérstaklega fram að málið hefði fengið mjög vandaða og ítarlega meðferð í nefndinni. En miðað við reynslu mína af nefndarstörfum og því að taka þátt í samstarfi hóps manna þá er ég algjörlega ósammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um að málið hafi fengið vandaða umfjöllun í sjútvn.

Það hljóta allir að sjá að mál sem lagt er fyrir á þingi 6. desember, kemur til 1. umr. og er vísað til nefndar í fyrradag getur ekki undir neinum kringumstæðum hafa fengið vandaða umfjöllun í nefndinni. Enda urðum við minnihlutamenn fljótlega varir við það í sjútvn. að það stóð ekki til, hæstv. forseti, að ræða málið mikið vegna þess að eins og upplýstist í 1. umr. voru stjórnarflokkarnir búnir að semja um það sín í milli, þeir voru búnir að semja um það sem ég hef leyft mér að kalla drullumall sem þeir leggja hér fram, og því minna sem um það yrði rætt, þeim mun betra.

Við munum öll aðdraganda þessa máls. Línuívilnun er tiltölulega nýtt orð í íslensku. Það var ekki fyrr en einhvern tímann í kringum síðustu kosningar sem þetta orð kom upp og var mikið notað, línuívilnun. Maður heyrði þetta klingja síðustu dagana fyrir kosningar sí og æ og ég verð að viðurkenna að í fyrsta skipti sem ég heyrði þetta orð þá áttaði ég mig ekki almennilega á hvað það þýddi. En fljótlega gerði ég mér þó grein fyrir því vegna þess að þeir sem voru að bjóða sig fram í nafni Sjálfstfl. og Framsfl. gengu mjög digurbarkalega fram, sérstaklega í Norðvest., og lýstu því fjálglega hvað þetta orð þýddi, hvað *línuívilnun* þýddi. Hún þýddi það að þeir bátar sem væru með línu, reru á línu — það talaði enginn um þá sem beittu í landi eða beitningatrektir eða eitthvað slíkt, heldur bara báta sem væru með línu, gerðu út á línu, að kvóti þeirra ætti að verða drýgri en kvóti annarra báta. Út á það gekk málið. Fljótlega fengum við skýringu á því að þorskur ætti ekki að vera alveg eins drjúgur og aðrar tegundir. Í raun ætti fimmti hver þorskur sem kæmi á línuna ekki að teljast til kvóta en í ýsu og steinbít var allt annað uppi. Þar var boðið til veislu, þar átti bara annar hver fiskur sem á línuna kæmi að teljast til kvóta, að því gefnu, svo við höldum öllu til haga og förum rétt með, að þeir væru jafnþungir og jafnstórir sem á krókana kæmu.

Síðan var kosið. Við munum öll þá miklu umræðu sem varð eftir kosningar um hvort ætti að standa nokkuð við þetta kosningaloforð frekar en önnur kosningaloforð stjórnarflokkanna. Efnt var til stórra og mikilla funda og aftur var það í Norðvest., og verður nú einhver hissa, að efnt var til stórs fundar á Ísafirði undir fororðinu „orð skulu standa" og þar var gengið eftir því hvort eitthvað væri að marka þetta loforð stjórnarflokkanna fyrir kosningar. Eftir því sem maður heyrði í fréttum, af því ég komst nú ekki á þann fund sjálfur, var niðurstaða þess fundar að standa ætti við þetta.

Síðan þekkjum við öll sem erum hér í salnum þann hráskinnaleik sem hófst. Menn fóru að velta því fyrir sér hvort strax í haust þýddi þetta haust eða næsta haust og menn fóru að velta því fyrir sér hvort nokkur ástæða væri til að standa við þetta loforð nú á þessu ári eins og stjórnarflokkarnir höfðu þó lofað fyrir kosningar. Hæstv. sjútvrh. sagði það í mörgum viðtölum og var vitnað til þess ítrekað í 2. umr. að hann sagðist ekki ætla að leggja fram frv. á þessu þingi heldur yrði frv. lagt fram síðar og þessi ívilnun, sem hann reyndar hafði áður sjálfur lýst sig andvígan, tæki gildi 1. september

á næsta ári. Það væri eiginlega ekki hægt að standa í því að vera breyta svona reglum á miðju fiskveiðiári.

Ekki voru allir stjórnarliðar mjög ánægðir með þær yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. Og fljótlega kom upp orðrómur um að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson úr Norðvest. ætlaði sér að koma fram með eigið frv. um þetta ef hæstv. sjútvrh. hlýddi ekki og kæmi með frv. eins og hann hefði lofað. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var það heppinn eða lánssamur að ráðherra lagði fram frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, frumvarpið sem ég minntist áðan á í upphafi máls míns um hafróafla. Þar með var búið að opna leið fyrir hv. þm. til að viðra hugmyndir sínar um línuívilnun án þess þó að þurfa að leggja fram sérstakt frv. um það.

Í sjútvn. komu tillögur. Tillögur komu til breytinga á frv. sem lagt var fram um hafróafla. Þær brtt. snerust ekkert um hafróaflann. Þær snerust ekkert um verkefnasjóð sjávarútvegsins. Nei, tillögurnar sem komu frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni snerust um þrennt. Þær snerust um svokallaða línuívilnun, þær snerust um dagabátana og þær snerust um með hvaða hætti skyldi vigta óslægðan afla af dagabátum.

Ég held að rétt sé til að halda til haga hvað menn voru að ræða (**KHG:** Af öllum bátum.) — af öllum bátum í sjútvn. þegar tillögurnar komu fram. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa fyrstu tillögu sem við nefndarmenn í sjútvn. sáum um línuívilnun. Þetta var lagt fram skriflega af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og hann vildi breyta 10. gr. í fiskveiðistjórnarlögunum. Hann vildi að á eftir 5. mgr. kæmu tvær nýjar mgr. sem orðuðust svo, með leyfi forseta:

„Afli dagróðrabáta, sem veiða með fiskilínu, telst aðeins að hluta til aflamarks, enda er línan beitt eða stokkuð í landi."

20% línuívilnun lagði hv. þm. til. Og einnig lagði hv. þm. til að allir bátar sem beittu línu í landi eða stokkuðu línu í landi og væru með trekt á sínu fiskiríi, fengju þessa ívilnun. Hann vildi líka bæta við, með leyfi forseta:

„Þorskur telst að 80% til aflamarks eða krókaaflamarks en aðrar fisktegundir að hálfu."

Þarna kemur kosningaloforðið sem við vorum að tala um áðan. 20% línuívilnun í þorski en allar aðrar tegundir sem á línuna kæmu 50% ívilnun.

Síðan heldur tillagan áfram: „Ráðherra er heimilt að hækka hlutfallið í einstakri tegund, ef nauðsynlegt er talið með ákvörðun skv. 3. gr. að lækka heildarafla í viðkomandi tegund eða að draga úr heildarveiði á línu, en þó verði hlutfallið aldrei hærra en 80%."

Ég hef þurft að lesa þessa setningu nokkrum sinnum til að skilja hana, en í stuttu máli snýst hún um það að ef hæstv. sjútvrh. litist þannig á að 50% línuívilnun væri of mikil í hinum tegundunum, þá gæti hann lyft þessu hlutfalli upp í 80% eins og í þorskinum, að það væri ekki nema 20% ívilnun. Þarna var hv. þm. að efna kosningaloforð. Þarna var hv. þm. að leggja fram tillögu um línuívilnun akkúrat eins og hún var rædd í kosningabaráttunni og akkúrat eins og hún var skýrð eftir kosningar af þeim sem höfðu farið fram með það loforð.

En það var fleira sem hafði verið lofað í kosningabaráttunni. Svokölluðum dagabátum hafði verið lofað að það kæmi gólf í lágmarksfjölda daga. Þeir þyrftu ekki að una við það ástand sem þeir væru í nú. Þannig að þingmaðurinn leggur fram tillögu um breytingu við 6. gr. sem ég les, með leyfi forseta:

„a. í stað 1.–5. málsliða 2. mgr. komi: Leyfilegir sóknardagar skulu vera 23. Ráðherra er heimilt að takmarka vélarafl handfærabáta í því skyni að heildarsóknarmáttur vaxi ekki frá því sem nú er.

b. við 4. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að flytja allt að 20% af sóknardögum báts frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta."

Þarna kemur fram tillaga um að sett verði gólf í dagabátana og þeir fái að róa 23 daga á ári. Það vill svo til að hv. þm. Grétar Mar Jónsson og hv. þm. Jón Bjarnason eru með brtt. við frv. við þessa umræðu um akkúrat það sama, þ.e. að sett verði gólf í dagabátana, að þeir megi róa í 23 daga, og ég mun, hæstv. forseti, fylgjast með því með mikilli athygli hvernig hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson greiðir atkvæði þegar sú tillaga kemur til atkvæðagreiðslu.

Til að eyða ekki tíma þingmanna ætla ég að sleppa því að lesa tillöguna sem hv. þm. var með um vigtun á óslægðum afla en það gæti að einhverju leyti snúist um ísprósentu eða slíka hluti og kem ég að því síðar í ræðu minni.

Hvað varðar frv. sem liggur fyrir eins og það var lagt fram til umræðunnar, þá vita allir sem hér eru og tóku þátt í umræðunni um hvað það snýst og er kannski óþarfi að fara yfir það í neinum smáatriðum. En það sem er öðruvísi í frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram er það að áður en kemur til úthlutunar á afla til báta í aflamarkskerfinu, þá dregur hann frá væntanlegan afla í línuívilnun. Í tillögum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar var gert ráð fyrir því að þessi afli bættist við og yrði, eins og oft hefur verið sagt og margoft haldið fram, þar af leiðandi ekki tekinn frá neinum öðrum.

En hvað birtist svo í frv. hæstv. sjútvrh. til laga um breytingar á stjórn fiskveiða með það í huga að koma á línuívilnun? Það eru stórkostlegar breytingar á byggðakvótanum. Farið er að blanda saman loforði stjórnarflokkanna um línuívilnun við ákvæðin um byggðakvótann. Og, hv. þingmenn, þetta er ekkert lítil breyting sem verið er að leggja til. Það er í raun verið að leggja það til og staðfesta það að allir svokallaðir byggðapottar færist frá Byggðastofnun og sjútvrh., það sem hann hafði þar og úthlutaði í samráði við Byggðastofnun, það færist í raun allt undir sjútvrh. og verði hluti af þeim 12.000 tonnum sem 9. gr. hefur kveðið á um að hann mætti ráðstafa til báta sem verða fyrir sérstöku áfalli vegna skerts aflamarks í einhverri tegund. Hingað til hefur ráðherrann haft samkvæmt þessari grein 12.000 tonn til þessara nota. Þar hafa líka verið eyrnamerkt 1.500 tonn sem nota ætti sem byggðakvóta.

Með þeim tillögum sem hér liggja fyrir er lagt til að hætta að eyrnamerkja byggðakvóta. Á tveimur árum verður hætt að eyrnamerkja sérstaklega einhvern ákveðinn fjölda tonna í byggðakvóta. Og ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, miðað við þær umræður sem ég hlustaði á fyrir kosningar og miðað við þær umræður sem ég hef hlustað á eftir kosningar, milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, um að ekki kæmi til greina af hálfu framsóknarmanna að draga úr eða minnka að einhverju leyti hinn svokallað byggðakvóta, þá er maður algjörlega kjaftstopp þegar maður sér í þessu frv. lagt til að byggðakvótanum eins og við höfum þekkt hann sé nánast eytt með öllu.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði í framsögu sinni fyrir nál. að þessu væri öfugt farið, verið væri að auka við byggðakvótann. Það væri í raun með því frv. sem hér er verið að auka við byggðakvótann. Í nál. sem hv. þm. talaði fyrir segir, með leyfi forseta:

„Samhliða upptöku línuívilnunar til dagróðrabáta er lagt til að aflaheimildir sem ráðherra hefur haft til úthlutunar

til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta, skv. 3. mgr. 9. gr., verði skertar í tveimur áföngum og loks aflagðar í lok fiskveiðiársins 2005/2006. Með sama hætti er lagt til að aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi verði aflagðar í tveimur áföngum.“

Þarna stendur þetta á skýrri íslensku að skerða skuli byggðakvótann sem ráðherrann hefur haft og leggja skuli af byggðakvótann sem Byggðastofnun hefur haft, enda vitnaði hv. þm. Jóhann Ársælsson í ágætri ræðu áðan einmitt í umsögn Byggðastofnunar þar sem þeir lýstu yfir áhyggjum sínum af því að þetta væri að færast í það horf sem hér segir.

Þegar maður las yfir nál. meiri hlutans varð maður svolítið hissa og, virðulegi forseti, hissari og hissari, eins og krakkarnir segja stundum, eftir því sem leið á lesturinn. Því sumt af því sem þarna kemur fram eru hrein öfugmæli og annað eru orðalagsbreytingar sem í raun innihalda engar breytingar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Verði ákvæði frumvarpsins samþykkt óbreytt getur sú staða komið upp að engar eða litlar aflaheimildir verði til ráðstöfunar til að mæta vanda byggðarlaga af öðrum orsökum. Meiri hluti nefndar innar leggur því til breytingartillögu sem ætlað er að treysta stöðu minni byggðarlaga sem lenda í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háðar eru veiðum og vinnslu á bolfiski. Breytingartillögunni er enn fremur ætlað að styrkja byggðarlög sem orðið hafa fyrir skyndilegum skerðingum á aflaheimildum sínum.“

Hverju er meiri hluti sjútvn. að breyta þarna? Jú, í 9. gr. sagði samkvæmt því frv. til laga sem lagt var fram hér að ráðherra hefði þessi 12.000 tonn sem hefur verið margrætt um hér og þar var talað um að ráðherra hefði heimild til að ákveða að ráðstafa eftirstöðvum af aflaheimildunum þegar hann væri búinn að úthluta til bátanna sem lent hefðu í sérstökum vandræðum vegna skerðingar á aflamarki, þá hefði hann heimild til að ráðstafa í samráði við Byggðastofnun hluta af þessum heimildum til stuðnings byggðarlögum og síðan var það skilgreint með hvaða hætti það ætti að vera. Það sem meiri hluti sjútvn. er í raun að leggja til varðandi þessi 12.000 tonn sem eiga að innihalda allan byggðakvótann líka, og ég margspurði einmitt út í þetta atriði á fundum sjútvn., ég spurði hv. þm. Kristin H. Gunnarsson að því hvort það væri réttur skilningur hjá þeim sem hér stendur að sjútvrh. hefði 12.000 tonn og hann mundi nýta hluta af þessum 12.000 tonnum eða þau öll til þess að bæta bátum aflamarksskerðingar vegna sérstakra áfalla, og þá gæti sú staða komið upp að það yrði ekkert eftir í byggðakvótanum. Það var nú frekar fátt um svör en þó, eins og þetta lá þá, gat sú staða komið upp. En með þessari breytingartillögu sem meiri hlutinn er með hér, þá stillir hann upp, jafnsettu, heimild sjútvrh. til þess að bæta mönnum skerðingu á aflamarki vegna sérstakra áfalla og heimild sjútvrh. til að bæta byggðunum áföll sem byggðirnar hefðu orðið fyrir, en það er ekkert sem segir hve stór hluti fer í hvort verkefni.

Ég innti sérstaklega eftir því á fundum nefndarinnar hvort ekki væri verið að ræða um að setja í þetta einhvers konar gólf eða þak á hvora ráðstöfun fyrir sig en því var svarað að það stæði ekki til. Það stæði ekki til að eyrnamerkja hluta af þessum 12.000 tonnum sem byggðakvóta.

Því er mér það algjörlega óskiljanlegt að meiri hluti sjútvn. haldi því fram að þær tillögur sem hér eru fram settar styrki byggðakvótann eins og við þekkjum hann.

Öfugmælin sem koma fram í nál. meiri hlutans, með leyfi forseta, en þar segir:

„Markmið línuívilnunar með þessu frumvarpi og með breyttu fyrirkomulagi byggðakvótans er að styrkja og efla útgerð og fiskvinnslu í sjávarbyggðum, þ.m.t. þeim byggðum sem hafa fengið sérstaka úthlutun í formi byggðakvóta.“ — Með því að taka af þeim byggðakvótann, með því að skerða byggðakvótann og taka hann af þeim er verið að styrkja sérstaklega stöðu þeirra með því að gefa þeim séns á því að taka þátt í kapphlaupi um línuívilnun. — „Með breytingartillögunni vill meiri hlutinn styrkja grundvöll byggðakvótans og gera hann markvissari.“ — Hvernig leggur meiri hlutinn til að byggðakvótinn verði styrktur? Jú, með því að skerða hann og með því að leggja hann niður. Hvernig leggur meiri hlutinn til að byggðakvótinn verði markvissari? Með því að færa hann alfarið undir sjútvrh. sem hefur heimild til að ráðstafa honum til byggða. Vegna þess að í breytingartillögu meiri hlutans segir:

„Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:“ — Og síðan kemur að hann geti ráðstafað þessu til báta sem orðið hafa fyrir breytingu á aflamarki og byggðarlaga. Það stendur að hann geti ráðstafað þessum kvóta, það segir ekkert um að hann skuli ráðstafa þessum kvóta. Og ef hv. meirihlutamenn í sjútvn. meina eitthvað með því sem þeir eru að segja, þá hlyti að standa þarna í breytingartillögunni að sjútvrh. skuli nota þessar 12.000 lestir til þess að bæta bátum upp verulegar breytingar á aflamarki, eða til að bæta byggðum upp þær breytingar sem þær verða fyrir vegna samdráttar í aflaheimildum.

Ég fór í upphafi máls míns yfir málsmeðferðina eins og hún var í nefndinni. Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir það þegar fulltrúar frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandinu, Vélstjórafélaginu, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi dagabáta, komu allir til okkar í einum hóp, var öllum boðið að borðinu til okkar í einum hóp, og þar áttu þessir aðilar, sem hafa í flestum málum hvað þetta varðar kannski misjafnar skoðanir á því sem fram var lagt, að fara að lýsa fyrir nefndinni og hver öðrum áliti sínu á því frv. sem fyrir lá.

Ég held þó miðað við þær umsagnir sem okkur bárust í gærkvöldi og í morgun og miðað við þau orð sem við höfum heyrt höfð eftir forsvarsmönnum þessara samtaka, eigi þau þó það sameiginlegt að þau eru öll á móti frv. eins og það liggur fyrir.

Öll, hvert einasta samband, hver einasti hópur sem hefur vit og þekkingu á því sem hér er lagt fram, er á móti þessu. (**KHG:** Ekki ASÍ. Ekki starfsmenn ...) Fulltrúi ASÍ kom á fundinn til okkar. Það kom kippa til okkar, fulltrúi frá ASÍ, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, þessir þrír komu til okkar í einu. Samtök fiskvinnslu án útgerðar voru algjörlega andvíg þessu. Samtök fiskvinnslustöðva vöruðu okkur eindregið við að leggja út í þetta forað og Arnar Sigurmundsson sem kom til nefndarinnar sagði: „Í guðanna bænum, hv. þm., hafið vit á því að afgreiða þetta ekki fyrir jól, andið djúpt, takið ykkur tíma og skoðið þetta í alvöru hvaða áhrif þetta hefur.“ (**KHG:** ... talar sem Eyjamaður.) Full trúi ASÍ, Ólafur Darri, sagði við okkur á fundinum að hann gæti í raun og veru ekki lýst einni skoðun vegna þess að þetta hefði ekki verið tekið fyrir. Aftur

á móti vissi hann að öll sjómannafélög innan ASÍ væru á móti þessu. Hann sagði að sérsamböndin og landverkafólkið hefðu verið að funda og niðurstaða þar hefði engin orðið, það hefði ekki verið ákveðið að álykta eitt eða neitt, væntanlega vegna þess að skoðanir hefðu verið mjög skiptar. Það gæti vel verið, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að þú fyndir eitt eða tvö samtök landverkafólks á Vestfjörðum sem teldu enn að verið væri að bæta hag byggðanna á Vestfjörðum, en ég held, að ef menn mundu gefa sér tíma, sem hv. sjútvn. hefur ekki gert, til að kynna sér innihald frv. eins og það er, kæmust þeir kannski á einhverja aðra skoðun.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hv. þm. á að ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins, en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann. Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.)

Hæstv. forseti. Ég biðst velvirðingar á því að hafa ávarpað hv. þm. beint, en okkur sem komum ný til alþingisstarfa er ekki orðið tamt enn þá að rífast við mann sem situr úti í sal á móti manni í gegnum mann sem situr fyrir aftan mann eða tala beint til fundarins þegar viðkomandi þingmaður er beint fyrir framan mann. En ég skal reyna eins og ég mögulega get að fylgja þessum þingsköpum.

(**Forseti** (HBl): Hér má læra háttvísi.)

Í andsvari áðan þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kynnti okkur nál. meiri hluta sjútvn., lýsti hv. þm. því yfir að hann væri ánægður með drögin að frv. sem lægju fyrir eða frv. til laga með þeim breytingum sem sjútvn. hefði gert og lagði til að þingheimur samþykkti frv. eins og það lægi fyrir án þess að á því yrðu gerðar nokkrar breytingar.

Nú vil ég, með leyfi forseta, fá að vitna í og lesa upp úr viðtali við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem birtist í Fréttablaðinu í gær, 11. desember, og lái mér hver sem vill þó ég átti mig ekki alveg á hvernig hlutirnir liggja, þegar ég fer yfir og les það sem haft er eftir þingmanninum í Fréttablaðinu í gær og hlusta svo á hv. þm. daginn eftir leggja til í þingsal Alþingis í raun allt aðra hluti en hann talaði um í gær. Með leyfi forseta, fyrirsögn og millifyrirsögn er:

Framsóknarmenn standa vörð um byggðakvótann. Kristinn H. Gunnarsson með nokkra fyrirvara við frumvarp um línuívilnun. Óvíst að sjávarútvegsráðherra nái málinu í gegn vegna andstöðu í báðum stjórnarflokkunum.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„„Ég mun standa vörð um byggðakvótann," segir Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður Framsóknarflokks um boðað frumvarp sjávarútvegsráðherra um að tekin verði upp 16% línuívilnun á afla dagróðrabóta."

Ég mun standa vörð um byggðakvótann. Ég minni hv. þm. á það sem ég sagði áðan um byggðakvóta. Áfram með tilvitnun, með leyfi forseta:

„Kristinn segir að skerðing byggðakvóta gangi ekki upp, því eins og komi fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eigi að auka byggðakvótann samhliða því að taka upp línuívilnun. Þá vitnar hann til þeirra orða Halldórs Ásgrímssonar formanns Framsóknarflokksins, í Fréttablaðinu í sumar, að það væri brot á stjórnarsáttmála að fella niður byggðakvóta."

Hæstv. forseti. Ég var að lesa upp úr nál. þar sem segir með hvaða hætti skuli skerða byggðakvótann og með hvaða hætti skuli leggja niður byggðakvótann. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir akkúrat öfugt við það í viðtali í Fréttablaðinu í gær.

Áfram með tilvitnun úr grein Fréttablaðsins, með leyfi forseta:

„Þingflokkur framsóknarmanna var með fyrirvara um byggðakvótann. Þá tel ég að línubátar sem róa með beitningartrekt verði einnig að fá línuívilnun."

Í gær taldi hv. þm. að línubátar sem reru með beitningartrekt þyrftu líka að fá línuívilnun. Í dag stendur hv. þm. í ræðustól Alþingis og leggur til að menn samþykki frv. sem hann talar fyrir og segist vera ánægður með að öllu leyti og ekki sé að vænta neinna breytinga milli umræðna á því frv. sem hér liggur fyrir. En í gær var ekki hægt að samþykkja svona frv. ef trektarbátarnir eða bátarnir sem nota beitningartrekt væru ekki inni í þessu. Lái mér hver sem vill þó ég sé hálfringlaður í því hverju skal trúa.

Áfram úr grein Fréttablaðsins, með leyfi forseta:

„„Loks verður að leysa vanda dagabátanna sem hafa verið skertir svo mjög að grundvöllur til reksturs þeirra er brostinn," segir Kristinn sem segist að því gefnu" — þ.e. að það sé staðið vörð um trektarbátana, dagabátana og byggðakvótann — „muni styðja frumvarp sjávarútvegsráðherra."

Því er ekki undarlegt, hæstv. forseti, þó spurt sé: Megum við vænta þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson styðji frv. sjútvrh. þegar það kemur til atkvæða væntanlega síðar í dag, þar sem ekkert af þeim atriðum sem hann talar um í Fréttablaðinu í gær koma fram í frumvarpinu.

Annar hv. þm. Framsfl., Hjálmar Árnason, hefur einnig tjáð sig í blöðunum um línuívilnun. (Gripið fram í.) Hv. þm. Hjálmar Árnason segir í Fréttablaðinu þann 9. desember, þremur dögum eftir að frv. hæstv. sjútvrh. kom fram og daginn áður en 1. umr. var um frv. í þinginu, með leyfi forseta:

Kínverjar gerðu línuívilnun óþarfa, er fyrirsögnin á grein hv. þm. Áfram, með leyfi forseta:

„„Þökk sé Kínverjum að línuívilnun til styrktar byggð er óþörf. Eftir að markaðir fyrir sjófrystan fisk hrundu fáum við 70 þús. tonn af fiski til vinnslu í landi," segir Hjálmar Árnason þingflokksformaður Framsóknarflokks um þá breyttu stöðu í sjávarútvegi sem er vegna þess að Kínverjar hafa valdið verðfalli á freðfiskmörkuðum. Afleiðingin hefur orðið sú að útgerð frystitogara hefur orðið harkalega úti og fjölda togara hefur verið snúið til ísfiskveiða.

Hjálmar hefur lýst sig andsnúinn línuívilnun og talaði gegn henni á þingflokksfundi Framsóknarflokks á föstudag þegar kynnt var samkomulag forsætisráðherra og Vestfjarðaþingmannanna Einars Odds Kristjánssonar og Einars Kristins Guðfinnssonar um að tekin verði upp 16% línuívilnun."

Þetta segir hv. þm. í samtali við Fréttablaðið þann 9. desember, fyrir örfáum dögum, að hann styðji ekki línuívilnun og telji hana óþarfa. En það er annað sem kemur fram í viðtalinu við hv. þm. Hjálmar Árnason. Ég spurði einmitt um það atriði í 1. umr. og fékk engin svör, hvorki frá hæstv. sjútvrh. né hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. En hér segir í viðtalinu við hv. þm. Hjálmar Árnason, með leyfi forseta:

„Baksamningur þeirra félaga" — þ.e. Vestfjarðaþingmanna og hæstv. forsrh. — „var ekki kynntur en hann gerir ráð fyrir að 4% til viðbótar náist með því að auka úr 3% í 7% það hlutfall sem draga má frá lönduðum afla vegna íss."

Þarna, hæstv. forseti, dúkka allt í einu upp þessi 4% sem vantar upp á 16%. Þarna dúkka allt í einu upp uppbætur í einhvers konar baksamkomulagi til þess að ívilnunin geti orðið 20% fyrir línubáta hvar sem er á landinu ef þeir beita í landi.

Hv. þm. heldur áfram, með leyfi forseta:

„Ég vil sjá hver samfélagsleg áhrif af þessu verða," segir Hjálmar.

Undir mynd af hv. þm. stendur: „Er andvígur línuívilnun og telur hana ekki hafa neina sérstaka þýðingu fyrir landsbyggðina."

Svo mörg voru þau orð.

Það eru fleiri hv. stjórnarþingmenn sem lýst hafa afstöðu sinni opinberlega í þessu máli. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson úr Suðurk. talaði á bæjarstjórnarfundi í Vestmannaeyjum ekkert alls fyrir löngu og ræða hans var birt í Fréttum, netmiðli í Vestmannaeyjum, þar sem hann eggjar félaga sína í bæjarstjórn lögeggjan að berjast fyrir því að ekki verði tekin upp línuívilnun. Hann lýsir sig algjörlega andvígan því að tekin verði upp svona ívilnun. Á þessum netmiðli er meira að segja hægt að hlusta á ræðu hv. þm. eins og hún var flutt á bæjarstjórnarfundinum, því þeir taka upp ræðurnar þar og var hún spiluð í Útvarpi Vestmannaeyja. Ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég hlustaði á hv. þm. leist mér vel á það sem ég heyrði. Þarna talaði maður af sannfæringu. Þarna talaði maður af tilfinningahita. Og þarna talaði maður af sannfæringarkrafti við félaga sína um að nú skyldu þeir allir standa saman og verjast þessari vá sem verið væri að kokka með þessari línuívilnun. Það verður jafnframt fróðlegt, hæstv. forseti, að fylgjast með því hvort hv. þm. Guðjón Hjörleifsson tekur þátt í umræðum um þetta mál á hinu háa Alþingi, eða með hvaða hætti ...

Forseti (HBl)**:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort komið sé að lokum ræðu hans?)

Virðulegi forseti. Ég get lokið ræðu minni á tveimur til þremur mínútum.

Ég var kominn þar í ræðu minni að ég sagði að það yrði fróðlegt að fylgjast með því hvernig stjórnarþingmenn sem hafa tjáð sig opinberlega í blöðum og öðrum miðlum greiða svo atkvæði þegar þeir koma hingað og setjast í stólana sem alþingismenn. Með því verður fylgst.

Ég fór yfir það í upphafi máls míns að allir þeir sem sendu okkur skriflegar umsagnir um þetta frv. voru á móti því. Nánast allir sem töluðu við nefndina voru líka á móti því. Hæstv. forseti, ég minni á að frv. kemur fram 6. desember, fyrir tæpum sex dögum, og fór til 1. umr. þann 10. desember, því skil ég ekki þennan flumbrugang og á hverju liggur, því *við höfum óskað eftir því í nefndinni að farið væri yfir* og reiknað út hvaða áhrif þessi breyting hefði á einmitt þessar byggðir á Vestfjörðum sem hv. þm. segjast sérstaklega vera að gæta hagsmuna fyrir, hvaða áhrif frv. sem hér liggur fyrir hefði á þær. En það má ekki gefa því tíma að skoða það og reikna það út og reyna að komast að því svo að menn taki ákvörðun með opin augun um hvort þetta sé það sem þeir vilja eða ekki.

Hæstv. forseti. Ég hef möguleika á að koma hér aftur *síðar í umræðunni og mun væntanlega nýta mér þann rétt.*

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:15]

[16:05]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003, 34. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 681.

Framkvæmd flugmálaáætlunar 2002, 472. mál, skýrsla samgrh., þskj. 695.

Gjafsókn, 468. mál, fsp. GÓJ, þskj. 676.

Gjafsókn á stjórnsýslustigi, 466. mál, þáltill. GÓJ o.fl., þskj. 674.

Selir, 469. mál, fsp. ÖS, þskj. 677.

Styrkir til atvinnumála kvenna, 383. mál, svar félmrh., þskj. 669.

Tekjutap sveitarfélaga, 322. mál, svar félmrh., þskj. 678.

Umræður utan dagskrár.

Sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík.

[16:07]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík geymir úttekt Ríkisendurskoðunar á rekstri og árangri af sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala sem endanlega var ráðist í á vormánuðum árið 2000.

Sú niðurstaða skýrslunnar að fjárhagslegur ávinningur hafi ekki orðið hefur vakið mesta athygli og verið slegið upp í fyrirsögnum. En ef skýrslan er lesin kemur í ljós að megininntak hennar eru ábendingar um hvað megi bæta svo kostir sameiningarinnar nýtist til fulls og hvað sé óunnið við að nýta þá möguleika sem hið nýja fyrirkomulag gefur. Í skýrslunni sjálfri segir að henni sé ætlað að veita ábendingar um hvað þurfi að leggja áherslu á í áframhaldandi uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Margt af því sem bent er á er vissulega þegar að finna í framkvæmd, annað er vel á veg komið og sumt jafnvel á lokastigi, t.d. kostnaðargreining læknisverka, en annað á langt í land og kallar á stórauknar fjárheimildir Alþingis.

Þörfin fyrir að endurskilgreina hlutverk og verksvið Landspítala – háskólasjúkrahúss er eitt af því sem bent er á í skýrslunni. Lögð er áhersla á að móta stefnu fyrir spítalann þar sem helstu spurningum um framtíð hans sé svarað og á þörfina fyrir að skilgreina hlutverk hans innan heilbrigðiskerfisins í heild. Sjúkrahúsið þarf að vera hlekkur í samfelldri og heildstæðri þjónustu við sjúklinga þar sem sérhver aðili innan kerfisins hefur skýrt verksvið og sinnir því sem hann er hæfastur til. Vinnu við þessa stefnumótun og *hlutverk innan heilbrigðisþjónustunnar* hefur hæstv. heilbrrh. þegar hrundið af stað með aðkomu fulltrúa stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka hér á þingi. Í vinnu að endurskoðun heilbrigðisþjónustulaganna ætla ég að m.a. verði horft til samþættingar og samstarfs innan og á milli heilbrigðisstofnana og skilgreiningar og þjónustu heilsugæslunnar annars vegar og sérfræðiþjónustunnar hins vegar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er auk annars áréttuð nauðsyn þess að forsendur fyrir aðstreymi sjúklinga séu skýrar og að *liður í því sé að skýra hlutverkaskiptingu dag- og* göngudeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss og sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Sumir þeirra eru því miður enn beggja vegna borðsins, bæði starfandi á sjúkrahúsum og á stofum úti í bæ. Því skapast oft hagsmunaárekstur þegar ákvörðun er tekin um hvert sjúklingi er beint auk þess sem þetta getur leitt til þess að afkastageta Landspítalans sé vannýtt á tilteknum sviðum. Í ljósi þess hversu mikilvægt er fyrir aukna hagkvæmni í rekstri sjúkrahússins að geta fært *sem mest af rekstri legudeilda á dag- og göngudeildir* er sérstaklega mikilvægt að stjórn þess hafi meiri áhrif á hvaða verkefni berast til þessara deilda.

Framleiðslumælingu og kostnaðargreiningu er í skýrslunni gefinn mjög góður gaumur. Til grundvallar ákvörðunum um verkaskiptingu þurfa í hverju tilviki að liggja málefnalegar ástæður, þar með talin gæða- og hagkvæmnisrök, en forsenda þeirra er kostnaðargreining einstakra verka og þjónustu á heilbrigðissviði. Undanfarin ár hefur verið unnið á Landspítala – háskólasjúkrahúsi að því að kostnaðargreina öll læknisverk með svokallaðri DRG-greiningu og sér brátt fyrir endann á þeirri vinnu. Þessi kostnaðargreining hefur margþætt gildi, m.a. má nota hana til að greina hvaða læknisverk eru unnin á hagkvæman hátt og hver ekki, og líka til að bera skilvirkni og kostnað á Landspítalanum saman við önnur sjúkrahús auk þess sem hún er nauðsynleg forsenda mats á hagkvæmni og ákvörðunum um hverjum skuli falið að vinna verk og veita heilbrigðisþjónustu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er lögð áhersla á að þessi vinna nýtist vel við ákvarðanir um verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu. Þar segir jafnframt að tryggja þurfi að öll þjónusta á sjúkrahúsinu og í heilbrigðiskerfinu í heild sé kostnaðargreind, ekki aðeins læknisverk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Herra forseti. Um árabil hefur staðið til að byggja upp rafræna sjúkraskrá og samtengja skráningu upplýsinga í heilbrigðiskerfinu en undirbúningur þessa verkefnis hefur farið fram innan ramma íslenska upplýsingasamfélagsins auk þess sem Landspítalinn og Heilsugæslan í Reykjavík hafa unnið að undirbúningi hvor á sínu sviði. Ég ætla að óumdeilt sé að mikið hagræði verði af slíku kerfi fyrir skráningu, miðlun og nýtingu upplýsinga. Það er auk þess til þess fallið að koma í veg fyrir tvíverknað, tryggja öruggari, betri og greiðari þjónustu við sjúklinga og auka alla skilvirkni innan heilbrigðisþjónustunnar. Við uppbyggingu slíks kerfis þarf auðvitað að tryggja, eins og oft hefur verið rætt á hinu háa Alþingi, öryggi sjúklinga og takmörkun aðgangs með tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

Slíkt kerfi innan Landspítala – háskólasjúkrahúss, segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, er ein forsenda þróunar kerfisbundinna gæðamælikvarða sem hafi orðið útundan á Landspítalanum á undanförnum árum en þó sé nauðsynlegur þáttur í upplýsingagjöf sjúkrahússins að geta sýnt fram á gæði þjónustunnar með reglubundnum hætti. Það sem helst hindrar þetta eru ófullnægjandi rafræn upplýsingakerfi sjúkrahússins og heilbrigðiskerfisins í heild. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er betri grundvöllur fyrir málefnalega umræðu um heilbrigðismál en yfirleitt stendur til boða. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig hann ætli að fylgja henni eftir.

[16:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Umræðu um Landspítala – háskólasjúkrahús ber að fagna og ég þakka formanni heilbr.- og trmn. Alþingis fyrir að taka málið upp með þeim hætti sem hér er gert. Hér er fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar um sameiningu spítalanna sem nú eru Landspítali – háskólasjúkrahús. Hún er um margt merkileg, mest fyrir þær sakir að hún sýnir að spítalinn er almennt séð góð stofnun. Þar starfar afar hæft starfsfólk sem veitir góða þjónustu, langtum betri þjónustu en veitt er til að mynda í Bretlandi sem að mestu er tekið til samanburðar.

Í umræðum um skýrsluna, sem fram að þessu hafa verið takmarkaðar, hefur borið mest á að sameiningin hafi ekki verið nægilega vel undirbúin. Það má færa rök fyrir þeirri skoðun en það má líka færa gildari rök fyrir að kominn hafi verið tími til að hætta að tala um sameininguna, láta af skýrslum með úttektum og láta verkin tala. Það er það sem gert var. Allar skýrslurnar, álitin og allar hugmyndir sérfræðinganna sem rannsökuðu kosti og galla sameiningar sögðu það sama: Það ber að sameina spítalana. Með sameiningunni hafa sérgreinar styrkst, spítalinn stendur sterkari en áður í faglegum skilningi. Það er ekki vafi í mínum huga um að til framtíðar höfum við lagt grunn að góðum spítala sem veitt getur sjúklingum þá þjónustu sem við Íslendingar gerum kröfu til.

Við höfum einnig lagt grunninn að öflugri kennslu- og rannsóknastofnun. Við höfum lagt grunn að landspítala sem getur borið sig saman við sambærilegar stofnanir í öðrum löndum, spítala sem veitir góða þjónustu og tryggir að við getum boðið sérhæfðum heilbrigðisstarfsmönnum upp á krefjandi aðstæður. Það kemur í veg fyrir að við missum okkar besta fólk til annarra landa.

Virðulegi forseti. Spurt er hvernig heilbrrh. hyggist fylgja skýrslu Ríkisendurskoðunar eftir. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. hefur nefnd þegar tekið til starfa sem á að skilgreina hlutverk spítalans í heilbrigðisþjónustunni. Henni er gert að skila áliti sínu eftir fimm mánuði. Í henni eru alþingismenn, sérfræðingar og fulltrúar spítalans, svo einhverjir séu nefndir. Sú nefnd fer m.a. ofan í öll þau atriði sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og þarfnast nánari skýringa eða skilgreininga við.

Landspítali – háskólasjúkrahús er ekki eyland þó að hann sé þungamiðja þjónustunnar við þá sem eru alvarlega sjúkir. Hann er ekki eyland af því að það sem gerist annars staðar í heilbrigðisþjónustunni hefur vitaskuld áhrif á umfang starfseminnar á spítalanum. Á þetta bendir Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni. Þjónusta heilsugæslunnar dróst t.d. tímabundið saman á höfuðborgarsvæðinu. Það jók auðvitað álagið á spítalann. Vaxandi þörf fyrir hjúkrunarrýmum aldraðra hefur komið niður á spítalanum og því sem kallað hefur verið fráflæðisvandi hans og fjallað er um í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Virðulegi forseti. Við höfum tekið á mörgum þeim þáttum sem nefndir eru í skýrslunni. Stórátak hefur verið gert í því síðustu missirin að bæta þjónustu heilsugæslunnar og beina mönnum þangað enda æskilegt að þar sé fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Samningur hefur verið gerður við Læknavaktina og þjónusta hennar efld. Átak hefur verið gert í heimaþjónustu, í uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða og þannig mætti lengi telja. Á næsta ári verjum við heilum milljarði í þrjár nýjar stöðvar heilsugæslunnar, allt til að létta á spítalanum og beina fólki frá bráðadeildum inn í heilsugæsluna með það fyrir augum að fínstilla það viðkvæma gangverk sem við köllum heilbrigðiskerfi.

Stefnumótunarvinnan sem Ríkisendurskoðun lýsir eftir er hafin og hefur algjöran forgang. Það þarf að efla dag- og göngudeildarþjónustu spítalans enn frekar og er unnið af fullum krafti í að skipuleggja húsnæðismál spítalans til framtíðar. Kostnaðargreining er í mikilli framsókn á vettvangi hans og á að ljúka árið 2005.

Herra forseti. Því er ekki að leyna að veikleiki heilbrigðisstofnana mörg undanfarin ár felst í því að stjórnendum þeirra gengur illa að halda rekstrinum innan fjárheimilda sem við á Alþingi ákveðum. Þetta gildir líka um Landspítala – háskólasjúkrahús, eins og ég hef áður gert að umtalsefni

í þessum stól. Launaþróunin og lyfjakostnaður veldur miklu þar um.

Á tímabilinu 1998–2003 voru fjárheimildir til launahækkana í heilbrigðiskerfinu í heild 54%. Samkvæmt reikningi varð raunin 62% hækkun launa á tímabilinu. Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði á þessu tímabili um 50% og neysluverðsvísitalan um 24%. (Forseti hringir.) Þó að ég dragi þetta sérstaklega fram þá er ég ekki að leggja til launalækkun starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni. Ég kem nánar að því máli síðar í seinni ræðu minni.

[16:18]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að við skulum ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar um Landspítala – háskólasjúkrahús. Það er einnig fagnaðarefni að hæstv. heilbrrh. skuli hafa skipað nefnd til að fara yfir þessi mál og skilgreina hlutverk spítalans í heilbrigðiskerfinu. Segja mætti að tími hafi verið til kominn og hefði mátt gera fyrir löngu.

Herra forseti. Fæst af því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar er nýtt. Það hefur blasað við mörgum mjög lengi. Hæstv. ráðherra minntist á að algengt væri og regla við afgreiðslu fjáraukalaga að afgreiddir væru fjármunir til þessarar stofnunar. Herra forseti. Það lá ljóst fyrir þegar við afgreiddum fjárlög fyrir næsta ár að þannig yrði það. Það kemur þess vegna engum á óvart að nú skuli boðaður niðurskurður á spítalanum. Það mun að sjálfsögðu skerða þjónustu stofnunarinnar. Þess vegna má vænta þess að fjáraukalög fyrir næsta ár fari að sjá dagsins ljós á fyrstu dögum næsta árs, þ.e. hvað í þeim verður. Því verður ekki trúað að allar þær tillögur sem fram hafa verið lagðar verði látnar fram ganga.

Það er einnig ljóst, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. hafði skýrslu Ríkisendurskoðunar undir höndum þegar hann fór í lokaslaginn vegna fjárlaganna fyrir árið 2004. Því miður var ekki hljómgrunnur fyrir því í ríkisstjórnarmeirihlutanum að bregðast við því sem allir sáu og allir vissu að þyrfti að gera.

Herra forseti. Það er auðvitað fagnaðarefni að nú sé komin enn ein nefndin til að skoða þetta mál. Við skulum vona að sú nefnd starfi stutt en skili árangri sem duga muni lengur en flestar tillögur sem komið hafa frá öðrum nefndum um þetta mál.

[16:20]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér utan dagskrár sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Eftir árið 1991 var farið að ræða ýmsar leiðir til að auka skilvirkni sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Var þá velt upp ýmsum möguleikum og rætt um hvað ætti að sameina og hvernig. Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að undirbúningur hafi ekki verið nægilega markviss. Hvorki var gerð tímasett framkvæmdar- né kostnaðaráætlun og ekki voru sett markmið um hverju ætti að ná fram með sameiningunni. En viljinn var fyrir hendi og í verkið var ráðist.

Með sameiningu spítalanna varð til stærsti vinnustaður landsins, með um 5 þúsund starfsmenn, starfsmenn sem hafa það að markmiði að þjóna sjúklingum á sem skilvirkastan hátt. Spítalinn er á heimsmælikvarða hvað gæði þjónustu snertir.

Ljóst er að ýmsar aðgerðir sem tengdust sameiningunni voru til þess fallnar að lækka kostnað. Lagðar hafa verið af vaktir, störfum fækkað með sameiningu deilda og dregið úr yfirvinnu. En þrátt fyrir þetta þá kemur fram í skýrslunni að gæði þjónustunnar eru meiri en í Bretlandi. Sjúkrahús í Bretlandi voru til samanburðar.

Þess var vænst að sameiningin leiddi til sparnaðar. Það hefur enn ekki tekist en sameiningin gefur sjálfsagt ýmis sóknarfæri til sparnaðar. Það eru aðeins þrjú ár síðan þetta verkefni hófst.

Virðulegi forseti. Meginhugmyndin um sameiningu var að færa á einn stað sambærilegar deildir sem nytu góðs af því að kraftar þeirra væru sameinaðir. Hins vegar má spyrja hvort öll sú starfsemi sem nú fer fram innan sjúkrahússins eigi heima á hátækni- og bráðasjúkrahúsi eins og spítalinn skilgreinir sig.

[16:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Sameining Landspítala og Borgarspítala var og er enn umdeilanleg. Nú hefur Ríkisendurskoðun skilað af sér góðri skýrslu um hvernig til hefur tekist á mismunandi sviðum og hvað vantar á að sameiningin skili tilætluðum árangri og sé erfiðisins virði.

Mikil orka og kostnaður hefur farið í að sameina sjúkrahúsin. Þeir þættir voru frá upphafi vanmetnir og hefur það því miður komið niður á almennri þjónustu sjúkrahússins. Sameiningin er sögð hafa styrkt þjónustu við sjúklinga og eflt kennslu- og rannsóknarstarf. En hún leiddi ekki til sparnaðar eins og vænst hafði verið. Sameiningin, eins og ég sagði, kostaði sitt.

Ríkisendurskoðun kemst einnig að því að afköst spítalans hafi ekki aukist frá 1990–2002 en starfsmönnum hafi fækkað um 250. Talað er um að framleiðni á hvern starfsmanna hafi aukist. Það má einnig orða svo að álag á hvern starfsmann hafi aukist. Ég tel mikilvægt, herra forseti, að fylgst sé grannt með því hvort álag sé ekki orðið of mikið á ákveðnar starfsstéttir og deildir.

Nokkurt jafnvægi virðist vera að komast á starfsemi sjúkrahússins því að afköst hafa aukist á þessu ári. Talið er að svo hefði orðið áfram ef fjárframlög til sjúkrahússins hefðu tekið mið af rekstrarafkomu þessa árs og fjárþörf sjúkrahússins miðað við óbreytta starfsemi. Stjórnendum spítalans er gert að spara það háar fjárhæðir að frekara aðhald í rekstri nægir ekki til að láta enda ná saman. Skerðing á þjónustu er því eina leiðin sem þeir geta farið og hafa stjórnendur brugðist hratt við og lagt fram tilögur um hvernig þeir telji hægt að halda rekstri innan fjárlaga án þess að skerða bráðaþjónustuna. Samkvæmt fréttum hafa bæði hæstv. heilbrrh. og fjmrh. samþykkt áætlunina.

Hvert á sú heilbrigðisþjónusta að fara sem veitt hefur verið fram til þessa á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og á nú að taka út úr rekstrinum? Verður hún lögð niður? Verður hún færð yfir á sveitarfélögin, á önnur sjúkrahús eða einkareknar stofnanir? (Forseti hringir.) Sjúklingar gufa ekki upp, herra forseti. Þeir eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi af því að þeir þurfa á þjónustu að halda.

[16:24]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, fyrir að færa þetta mál til umræðu á Alþingi.

Sameining spítalanna hefur ekki enn skilað þeirri fjárhagslegu hagræðingu sem vænst var. Launakostnaður hefur aukist um tæpa 4 milljarða kr. frá því sem var er sjúkrahúsin störfuðu hvort í sínu lagi. Sé annar kostnaður tekinn með

í reikninginn kemur í ljós að rekstur sjúkrahúsanna hefur samtals aukist um 7 milljarða kr. Hins vegar er rétt að taka fram að svo virðist sem gæði þjónustunnar sem Landspítali – háskólasjúkrahús veitir séu meiri en þjónustu sjúkrahúsa í Bretlandi sem notuð eru til samanburðar í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Verulegt áhyggjuefni er þó, herra forseti, að fjárheimildir Landspítala – háskólasjúkrahúss eru í engu samræmi við útgjöld og stjórnendur spítalans eru ekki öfundsverðir af því að standa frammi fyrir því á hverju ári að endar nái ekki saman í rekstrinum. Þau ráð sem grípa þarf til eru ávallt þau sömu, fækkun starfsfólks og lokun deilda. Þessar aðgerðir bitna vitanlega helst á þeirri þjónustu sem sjúklingar þarfnast.

Herra forseti. Hver er þá ávinningurinn af sameiningunni eins og staðan er í dag? Hafa þau markmið náðst sem stefnt var að? Þeim spurningum er vandsvarað þar sem svo virðist sem markmiðin fyrir sameiningu hafi ekki verið sett nægjanlega skýrt fram áður en hafist var handa. Stefnumótunin á að vera á ábyrgð stjórnvalda og hún verður að vera skýr, ekki síst þegar jafnmiklir fjármunir eru í húfi og í heilbrigðiskerfinu.

Ég er þess fullviss að Landspítali – háskólasjúkrahús getur bætt starfsemi sína á ýmsum sviðum frá því sem nú er. Ég tel að útfærslan á stefnumótuninni, þ.e. forgangsröðun og framkvæmd hennar, ætti að vera í höndum fagaðila innan heilbrigðiskerfisins sjálfs. Uppi hafa verið hugmyndir um einkavæðingu á þessu sviði. Við í Frjálsl. tökum ekki undir þau sjónarmið að einkavæðing leiði sjálfkrafa til hagkvæmni í rekstri.

[16:26]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Landspítali – háskólasjúkrahús geldur þess stundum að vera endastöðin í heilbrigðisþjónustunni, spítalinn sem tekur við því sem aðrir gera ekki, spítalinn sem ávallt tekur við því sem vísað er á hann, spítalinn sem við gerum kröfu til að sinni bæði kennslu og rannsóknum. Það liggur í kröfunum sem við gerum til spítalans og í stöðu og skilgreiningu hans í heilbrigðisþjónustunni að það er nánast útilokað að áætla í upphafi árs útgjöldin sem falla þar til. Þess vegna verður hann oft fyrir ómálefnalegri gagnrýni. Ég segi ómálefnalegri vegna þess að ég veit að starfsfólk og stjórnendur spítalans standa sig oft vel og er kunnugt um þann góða árangur sem menn hafa náð víða á spítalanum.

Með því að halda á lofti faglegum ávinningi af sameiningu sérgreina er ég ekki að drepa umræðunni um fjárhagsvanda á dreif, fjarri því. Við verðum alltaf að hugsa um hvernig við verjum því fé sem við höfum til ráðstöfunar.

Herra forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram það mat að ávinningur og áhrif sameiningar hafi ekki komið fram nema að hluta. Bent er á að sóknarfærin séu til staðar, bæði hvað varðar þjónustu og starfsemi almennt og einnig í hagræðingu í rekstri sjúkrahússins. Við verðum einnig að hugsa um hvernig ástandið væri ef spítalarnir hefðu ekki verið sameinaðir. Ég er ansi hrædd um að við mundum þá horfa upp á enn verri stöðu en nú er uppi.

[16:28]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Við umfjöllun um sameiningu sjúkrahúsanna ber að hafa í huga að úttektin var gerð á þeim áður en sameiningarferlinu var að fullu lokið. Breytingaferlið stendur í raun enn yfir, samanber þau átök sem nú eiga sér stað vegna banns við starfsemi á einkastofu samhliða yfirlæknisstöðu. Undirbúningur sameiningarinnar var ekki markviss, bæði vantaði tíma- og kostnaðaráætlun og aldrei var áætlað fjármagn til að standa straum af breytingum sem óhjákvæmilega fylgja sameiningu.

Í skýrslunni kemur fram að teknar hafi verið upp nýjungar í gæðastjórnun, svonefnd DRG-flokkun, til að meta starfsemi og þjónustu sjúkrahússins og hvernig fé verði best varið innan þess. Fær sjúkrahúsið sérstakt hrós frá erlendum matsaðilum fyrir hve vel hefur til tekist. Kerfið er nýkomið í notkun en mun væntanlega skila sér með tímanum.

Landspítalinn fær einnig háa einkunn fyrir góða þjónustu og sjúklingum þess reiðir í flestum tilfellum betur af en sjúklingum á bresku háskólasjúkrahúsunum sem til viðmiðunar voru.

Við endurskoðun og stefnumótun fyrir sjúkrahúsið hljótum við að spyrja okkur hvað þröngar skorður, sem heilbrigðisstofnunum víða um land eru settar, þýða fyrir rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þær þurfa að draga saman seglin og loka deildum tímabundið. Það hefur í för með sér að sjúklingar leita til Reykjavíkur, oft í dýrari þjónustu og sjúkrarými en fyrir hendi eru á heimaslóð.

Skýrsluna er hægt að nýta á uppbyggilegan hátt en á meðan unnið er að endurskipulagningu starfseminnar er ábyrgðarhluti að skapa stofnuninni ekki tækifæri og skilyrði til að veita landsmönnum þá þjónustu sem þeir þurfa.

[16:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, fyrir að taka þetta mál upp. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með umræðum um þessi mál að rekstrarkostnaður Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur aukist verulega á undanförnum árum. Rekstrarkostnaður fyrirrennara þess spítala var um 19 milljarðar kr. árið 1999 en árið 2002 hafði sá kostnaður hækkað um 7 milljarða kr., var kominn í 26 milljarða kr. Einnig er þekkt vandamál, ekki bara hjá þessum spítala heldur í heilbrigðiskerfinu öllu, að aðilar þar eiga erfitt með að haldast innan fjárheimilda.

Það fer ekki fram hjá neinum og er mikilvægt að halda því til haga í umræðunni að menn eru almennt sammála um að við eigum gott heilbrigðiskerfi. Hér er um að ræða góðan spítala. Það má því segja að sá vandi sem við okkur blasir sé af betra taginu, ef þannig má að orði komast.

Það liggur hins vegar fyrir ef við skoðum þessa þróun framlaga til heilbrigðismála að þau hafa frá árinu 1970 farið úr 3,2% af vergri landsframleiðslu í 8% nýlega. Ef við skoðum opinber heilbrigðisútgjöld á mann, hækkunina frá árunum 1980–1998, þá hafa þau hækkað um 61%.

Það verður að hafa í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar að við erum ung þjóð og að öllum líkindum mun þessi kostnaður aukast, bæði vegna þess að þjóðin eldist og sem betur fer er endalaus eftirspurn eftir útgjöldum til heilbrigðismála út af tækniframförum. Það skiptir hins vegar máli að við höldum vel á spöðunum og tökum á þessum málum eins og öðrum. Í þessu máli er mikilvægt að kaupandinn, við sjálf, ríkið, hafi eitthvert val, alveg eins og þeir sem þjónustunnar njóta. Í því sambandi er einkarekstur ekkert bannorð. (Forseti hringir.) Aðalatriðið er þetta: Góð þjónusta og gott heilbrigðiskerfi fyrir alla er markmið okkar og við verðum að leita allra leiða til að ná því markmiði.

[16:33]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík sýnir að það er ekki endilega stærðin sem skapar rekstrarhagkvæmni heldur getur hún verið háð öðrum atriðum. En þarna er unnið vandað og gott starf.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz spurði hæstv. heilbrrh. hvernig hann hygðist fylgja eftir þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir. Það er von að hv. þm. spyrji. Einmitt þessa dagana, jafnvel þessa stundina, eru haldnir neyðarfundir, bráðafundir á Landspítalanum um hvernig megi bregðast við fjárvöntun starfseminnar. Þar er skoðað hvaða þætti er hægt að skera burt af þessari góðu starfsemi og hvað er hægt að hafa áfram.

Þegar málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss voru til umræðu og umfjöllunar í fjárln. lagði ég ríka áherslu á að fjárveitingar til Landspítalans yrðu auknar miðað við það fé sem forstjórinn kvað þurfa til að halda óbreyttri starfsemi. Þá var nefnt að 1.400 millj. kr. þyrfti til að halda óbreyttri starfsemi á næsta ári. Þegar fjárlög voru afgreidd úr fjárln. taldi ég fullkomlega óábyrgt að afgreiða fjárlög með þeim hætti að skilinn yrði eftir óafgreiddur pakki sem lægi fyrir og allir vissu um. Ég mótmælti því og greiddi atkvæði gegn því að fjárlög væru afgreidd af nefndinni af því ábyrgðarleysi sem meiri hluti nefndarinnar sýndi undir stjórn framsóknarmannsins, hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, og sjálfstæðismannsins, varaformanns fjárln., hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar.

Það er mjög eðlilegt að framsóknarmaðurinn, hv. þm. Jónína Bjartmarz, spyrji: Hvernig á að fylgja málinu eftir? Hún hefði getað spurt mig strax í fjárln. og stutt þá tillögu sem ég lagði þar fram. Þá stæðum við ekki frammi fyrir þessum vanda, neyðarfundum á spítalanum þessa dagana.

[16:35]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni. Síðast en ekki síst þakka ég hæstv. ráðherra fyrir góð svör.

Það er alveg ljóst að þau sóknarfæri sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar verða ekki nýtt nema með atbeina Alþingis og stuðningi þingsins við þær leiðir sem skýrslan bendir á til að fullkomna þetta, þ.e. gera Landspítala – háskólasjúkrahús að þeirri stofnun sem stefnt var að.

Þessi skýrsla er að mínu mati betri grundvöllur fyrir málefnalega umræðu um heilbrigðismál en oftast er til staðar. *Ég tel að þeirri vinnu sem í hana var lögð, tvö heil ársverk* eða svo, verði að stærstum hluta kastað á glæ ef menn ætla alltaf að láta við það sitja í umræðunni að kasta því fram að fjárhagslegan ávinning af sameiningunni skorti.

Hvað varðar fjárhagslegan ávinning af sameiningunni megum við ekki gleyma því að meginmarkmiðin með henni á sínum tíma voru að stemma stigu við þeim kostnaðarhækkunum umfram fjárheimildir sem voru árvissar hjá sjúkrahúsunum tveimur, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölunum. Ástæður þeirrar hækkunar á sínum tíma hafa ekkert breyst, þ.e. fjölgun sjúklinga, aukin eftirspurn, stöðug fjölgun fólks á höfuðborgarsvæðinu, hærri meðalaldur, hærra lyfjaverð, ný tækni og framfarir í læknavísindum. Margt af þessu var, er og verður áfram viðfangsefni í heilbrigðiskerfinu.

Að viðbættum þeim vanda sem þá var við að etja fóru launahækkanir langt umfram það sem stjórnvöld gerðu ráð fyrir að yrðu áhrif kjarasamninga. Svo ég taki dæmi þá var gert ráð fyrir því að laun lækna mundu hækka um 30% en raunin varð sú að laun þeirra hækkuðu um 43% samkvæmt skýrslunni. Gert var ráð fyrir því að laun hjúkrunarkvenna mundu hækka um 18% en þau hækkuðu, hvert ársverk í hjúkrun, upp í 33%.

Það er náttúrlega ljóst að launahækkanir umfram mat á kostnaðaráhrifum kjarasamninga hljóta að leiða af sér vandamál við rekstur stofnunar eins og Landspítalans.

[16:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrst af öllu vil ég þakka ágæta umræðu og málefnalega um þetta stóra mál.

Í öðru lagi vil ég taka fram að sameiningin er langt komin. Afköst spítalans hafa aukist á þessu ári og ég er viss um að sameiningin fer að skila sér í sparnaði, sem hún hefur ekki gert enn. Hún hefur fram að þessu haft í för með sér kostnað en hún mun skila sér í sparnaði.

Varðandi fjárhagsstöðu spítalans um þessar mundir vil ég leiðrétta þann misskilning að verið sé að skera niður til spítalans. Við bættum 1.100 millj. kr. til spítalans á yfirstandandi ári, umfram verðlagsþróun, við bættum 500 millj. kr. inn í grunninn fyrir næsta ár. Við lögðum til 2.330 millj. kr. aukafjárveitingu til spítalans 2002 og erum með 1.900 millj. kr. aukafjárveitingu til spítalans á þessu ári. Þetta gera 5.800 millj. kr. síðan 2002. Ef þetta er niðurskurður þá veit *ég ekki hvað niðurskurður er.*

Hitt er annað mál að það er við vandamál að glíma. Menn skyldu hafa í huga það sem ég og fjmrh. höfum sagt um þessi mál þessa dagana, að það er misskilningur að við stimplum tillögur. Við höfum sagt: Þið verðið að laga ykkur að þessari fjárveitingu á tveimur árum. Þess vegna er stjórn og framkvæmdastjórn spítalans að leita leiða til að hagræða án þess að stefna þjónustu spítalans í voða, til að laga sig að þessum fjárveitingum á tveimur árum. Það er kjarni málsins.

Spítalinn er fimm þúsund manna vinnustaður með útgjöld upp á 25 milljarða kr. Menn verða að hafa þessar stærðir í huga þegar talað er um málefni spítalans.

Tilhögun þingfundar.

[16:40]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að ekki er gert ráð fyrir fleiri atkvæðagreiðslum í kvöld. Eitt mál er eftir á dagskrá, stjórn fiskveiða. *Til stendur að ljúka þeirri umræðu í kvöld.* Fundur hefst samkvæmt áætlun í fyrramálið klukkan tíu.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594, nál. 663 og 666, brtt. 667.

[16:41]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Frv. sem við ræðum hér við 2. umr. hefur fengið nafnið línuívilnunarfrumvarpið þó að það taki til annarra óskyldra mála eins og tegundatilfærslu. En línuívilnun og byggðakvótar eru hins vegar skyld málefni og

hægt að ræða þau saman í þessu samhengi. Það er einmitt það sem ég hyggst gera í þessari umferð og rifja upp málið eins og það kom upp í einum spreng núna á síðustu dögum þingsins fyrir jól.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram brtt. við frv. í meðförum hv. sjútvn. og sýndi þar ákveðnar tillögur í þessa átt. Það varð til þess, að manni virðist, að hæstv. sjútvrh. lyfti litla putta, svo notuð séu orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem sagði í blaðaviðtali að sjútvrh. hefði ekki gert svo lítið sem lyfta litla putta til að vinna að undirbúningi þessa máls.

Það er auðvitað mjög skrýtið en athyglisvert og jafnframt dálítið skemmtilegt að ég lagði fyrir fulltrúa sjútvrn. á nefndarfundi — sem ég ætla að gera að umtalsefni á eftir — spurningu um hvenær undirbúningur að því frv. sem hér er hafi hafist í sjútvrn. Svarið við þessari spurningu þótti ástæða til að setja feitletrað á blað, í mars árið 2003.

Virðulegi forseti. Vafalaust geta verið skiptar skoðanir um hvenær vinna hefst við frumvarp. Vinna getur að sjálfsögðu hafa hafist við frv. á landsfundi Sjálfstfl., þegar Guðmundur Halldórsson frá Bolungarvík var búinn að flytja tillögu um línuívilnun á landsfundi Sjálfstfl., tillögu sem var flutt í sjávarútvegsnefnd landsfundarins og felld þar, að því er sagt er eftir töluvert langan umþóttunartíma fram að atkvæðagreiðslu vegna þess að það þurfti að safna saman landsfundarfulltrúum inn í nefndina til að greiða atkvæði. En þá endurflutti þessi mikli baráttujaxl frá Bolungarvík tillöguna á landsfundinum sjálfum. Þar var tillaga um þetta samþykkt.

Sumir landsfundarfulltrúar Sjálfstfl. hafa sagt að tillagan hafi hlotið samþykki kvenfólksins á landsfundinum og nokkrum landsfundarfulltrúum úr sjávarbyggðum Vestfjarða. En, virðulegi forseti, sá sem hér stendur getur ekki útlistað það sem gerist á landsfundi Sjálfstfl. nema það sem landsfundarfulltrúar hafa sagt frá og maður hefur lesið um í blöðum. Það var mjög skrýtið að fylgjast með þeirri umræðu og hvernig þurfti að endurflytja málið á landsfundinum sjálfum til að koma því í gegn. Að mér skilst var mikill ágreiningur í Sjálfstfl. um þetta mál.

Þetta var einn af þáttunum í sjávarútvegsumræðu kosningabaráttunnar í apríl og maí. Þessi tillaga var notuð í ákveðnu kjördæmi, veifað fyrir framan menn að það ætti að taka upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta þar sem línu væri beitt í landi o.s.frv. Þessu var aðallega veifað í umræddu kjördæmi og viti menn. Töluvert margir bitu á þá línu, þó að hún væri handbeitt á landsfundi Sjálfstfl. og þar á undan á landsfundi B-deildarinnar, eða Framsfl., var víst búið að samþykkja þetta líka. (**Gripið fram í:** Fór hún í trektina?) Þetta fór ekki í gegnum trektina, það var nefnilega málið. Þarna var þetta samþykkt og málinu veifað og það sett inn í stjórnarsáttmálann, að taka skyldi upp línuívilnun. Það er kannski það eina sem stendur eftir í frv. sem hér er til umræðu. Þar er einu sinni, tvisvar eða þrisvar nefnt orðið línuívilnun. En það er ekki mikið annað sem stendur eftir, virðulegi forseti.

Á næsta fundi hæstv. forsrh., formanns Sjálfstfl., var sjávarútvegsumræðan töluvert mikil. Sá fundur var haldinn í Vestmannaeyjum. „Á ferð um landið" minnir mig að fundaherferðin hafi verið kölluð. Þar var hæstv. forsrh. og lofaði að það yrði tekið til endurskoðunar að festa í sessi forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga á kvóta. Það var líka sett í stjórnarsáttmálann. En það er ekkert verið að ræða um það núna. Hins vegar hafa fulltrúar nokkurra sveitarfélaga rætt við ýmsa ráðherra í ríkisstjórn Íslands um þetta forkaupsréttarákvæði. Eins og áður hefur komið fram eru nokkur sveitarfélög í mikilli vörn við það að halda meirihlutavaldi á hlutabréfum í viðkomandi fyrirtækjum heima í héraði, vernda störfin, vernda fyrirtækin og halda þeim áfram gangandi í viðkomandi byggðarlagi.

Í þessu sambandi nægir að nefna hetjulega baráttu sveitarstjórnarmanna í Vopnafirði. Það sveitarfélag hefur staðið í því upp á síðkastið að kaupa til baka ákveðinn fjölda af hlutabréfum fyrir rúmar 1.000 millj. kr., fyrir rúman 1 milljarð kr. Það er ekki lítið mál, virðulegi forseti, fyrir lítið sveitarfélag sem þarf að búa við þá tekjustofna sem sveitarfélögum í landinu eru skammtaðir í dag og nægja engan veginn fyrir venjubundnum rekstri, hvað þá að taka þátt í sjávarútvegsspilinu.

Þetta vildi ég aðeins rifja upp í upphafi, virðulegi forseti, enda er þetta aðdragandinn að því að nokkrir stjórnarþingmenn ganga fram af miklum krafti og fá ríkisstjórnina til að standa við gefin loforð og stjórnarsáttmála. Auðvitað ber að taka ofan af fyrir hv. þingmönnum sem það gera. (**Gripið fram í:** Ofan af?) Taka ofan hattinn fyrir þeim mönnum. Ég ætla ekki að taka af það sem þar er undir. Auðvitað ber að fagna því að til séu aðilar í stjórnarflokkunum, hv. þingmenn, sem berjast fyrir því að loforð skuli standa. Þar með er ekki endilega sagt að það sem kemur út úr því, moðsuðan í þessu frv., sé það besta.

Virðulegi forseti. Það eru auðvitað mikil vonbrigði að málum skuli þannig háttað. En þetta sýnir náttúrlega í hnotskurn hvernig menn þurfa að umgangast þennan mikilvæga lagabálk um stjórn fiskveiða. Það er erfiðleikum bundið og ljóst að deilur eru í þjóðfélaginu um þennan málaflokk. Það er auðvitað mjög slæmt mál, að í höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar skuli alltaf vera svo miklar deilur um þetta. Það hvernig þetta kom út í hv. sjútvn. í gær endurspeglaði vel hvað hér er um að vera. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara í það.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að þetta frv. væri mikil vonbrigði og því ekki hægt að styðja það á neinn hátt, eins og fram kemur í nál. minni hlutans sem ég skrifa upp á ásamt öðrum. Fyrir því eru margar ástæður. Ein ástæðan er sú að hér hefur hæstv. sjútvrh. tekist að koma byggðakvótunum, sem þarna voru inni, fyrir kattarnef, þ.e. með því að þeir leggist niður og fari inn í 9. gr. eins og hér er gert ráð fyrir. Krókaaflamarkspotturinn verður líka lagður niður og eftir stendur 9. gr. með þau 12 þús. tonn sem þar voru áður. Þau tonn í hinum ýmsu fisktegundum sem verið hafa í þessum tveimur byggðapottum og krókaaflamarkspottinum falla niður. Einmitt þar held ég að hæstv. sjútvrh. fagni sigri.

Virðulegi forseti. Það hefur allt of oft komið í ljós að Sjálfstfl. hefur ekki viljað neina byggðakvóta eða byggðapotta. Sjálfstæðismenn hafa margir hverjir, með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar, ekki verið óánægðir með að í nokkrum sveitarfélögum hafa orðið miklar deilur um úthlutun á byggðakvóta. Þannig hefur það verið, en það er lítið rætt um þá staði þar sem mikil og góð sátt hefur verið um úthlutun á byggðakvótum, þessum fáu tonnum sem þar eru inni. Nægir t.d. að nefna Breiðdalsvík, Ólafsfjörð og Þingeyri þar sem sátt hefur verið um úthlutun á byggðatengdum kvóta. Sá kvóti hefur verið notaður til að tvöfalda og jafnvel meira en tvöfalda það aflamark sem kemur að landi frá aðilum

sem þar fiska og vinna á viðkomandi svæðum. Það hefur auðvitað verið mikil lyftistöng fyrir þessi litlu byggðarlög.

Mér er ákaflega minnisstætt, virðulegi forseti, þegar sveitarstjóri og oddviti sveitarstjórnar Breiðdalsvíkur komu á fund þingmanna Norðaust. í kjördæmavikunni. Þeir lýstu því þá hvernig byggðakvótinn, sem verður lagður niður núna samkvæmt þessu frv., var algjör guðsgjöf fyrir sjávarútveginn sem þar er stundaður. Mér er líka mjög minnisstæð, og nefni til stuðnings máli mínu andstöðu sjálfstæðismanna við byggðakvóta og að þeir vilji helst sjá hann fara, óánægja hv. þm. Halldórs Blöndals á þeim fundi þar sem fulltrúar Breiðdalsvíkur lýstu því hve mikil sátt var um þetta og hvað þetta hefði gengið vel. Hv. þm. spurði strax út í byggðarlög þar sem deilur voru um úthlutun á byggðakvóta.

Því miður er byggðakvótinn farinn úr þessum lagatextum, þau ákvæði sem um hann giltu, hvort sem það voru bráðabirgðaákvæði eða önnur ákvæði. Hæstv. sjútvrh. er ekki skyldugur til að úthluta þessu eins og gert hefur verið undanfarin ár heldur er þetta í 9. gr. Eins og komið hefur fram á fundum sjútvn. er búið að úthluta öllum kvóta skv. 9. gr. fyrir þetta fiskveiðistjórnarár. Það er ekkert eftir til að bregðast við atvikum á hinum ýmsu smærri stöðum við sjávarsíðuna. Það er ekkert eftir af honum. Það er búið að deila honum öllum út.

Ef þetta verður framtíðin, þrátt fyrir fögur orð í nál. meiri hlutans, þá óttast ég hana. Ég treysti ekki Sjálfstfl. og hæstv. sjútvrh. til að meðhöndla þennan kvóta gagnvart hinum minni byggðum sem treysta á byggðakvóta. Það er aumt að þetta frv. hafi komið fram til þess að stúta þeim möguleikum sem ég hef gert að umtalsefni og ætla að fara aðeins betur yfir.

Virðulegi forseti. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. fiskveiðistjórnarlaganna er ákveðin heimild í reglugerð um ráðstöfun til krókaaflamarksbáta, þ.e. allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa. Hvað verður um þennan pott, virðulegi forseti, eftir samþykkt frv.? Þessi pottur verður lagður niður. Hverjir tapa, hverjir hafa haft úr þeim potti á því fiskveiðistjórnarári sem nú er hafið? Við skulum fara yfir það lið fyrir lið.

Ein af þeim spurningum sem ég lagði fyrir fulltrúa sjútvrn. var um þennan pott. Það var beðið um útlistingu á þessu. Virðulegi forseti. Vegna flýtimeðferðar, kapphlaupsins um þetta kappróðrafrumvarp, gafst sjútvrn. ekki tími til að svara þessu eins vel og ég býst við að þeir hefðu viljað gera. Hvað þetta varðar höfum við t.d. ekki sundurliðun á þeim tegundum sem ég nefndi áðan. En við höfum heildarúthlutunina í þorskígildum. Förum yfir þau byggðarlög sem munu tapa þessum heimildum:

Bakkafjörður fékk úthlutun fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003 en hefur einhverra hluta vegna ekkert árið 2003/2004.

Bolungarvík, sá góði staður. Krókaaflamarksbátar þar fá tæp 360 tonn á þessu fiskveiðiári. Hafa haft 400 tonn undanfarin tvö. Bolvíkingar munu missa þessi 360 tonn.

Breiðdalsvík mun missa 3,3 tonn úr þessum potti. Það er ekki mjög mikið en Breiðdalsvík missir 181 tonn úr byggðastofnunarpottinum.

Förum á Drangsnes sem mun tapa úr pottinum rúmum 88 tonnum, Flateyri mun tapa 361 tonni vegna þessa, Ísafjörður mun tapa 62 tonnum, Ólafsvík 200 tonnum, Sandgerði 4,8 tonnum, Stöðvarfjörður mun tapa tæpum 30 tonnum, Suðureyri hefur ekki fengið úthlutun þetta ár en Tálknafjörður er með 400 tonn.

Förum næst, virðulegi forseti, yfir þá spurningu sem ég lagði fyrir ráðuneytið. Hún var um úthlutun aflaheimilda samkvæmt bráðabirgðaákvæði XXVII laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þ.e. um byggðastofnunarúthlutunina ef svo má að orði komast. Við reynum að skilgreina þetta svona, seinna kem ég að svokölluðum ráðherrakvóta.

Bakkafjörður mun tapa af 72 tonnum vegna þess að greinin mun falla niður og þetta mun fara í 9. gr. Og áfram, virðulegi forseti, er ég að tala í þorskígildum.

Borgarfjörður eystri tapar 112 tonnum, Breiðdalsvík 181 tonni, eins og ég sagði áðan, Fáskrúðsfjörður mun tapa 113 tonnum, Grímsey 92 tonnum, Hofsós 114 tonnum, Kaldrananeshreppur 63 tonnum, Seyðisfjörður 67 tonnum, Stöðvarfjörður 94 tonnum, Vesturbyggð 205 tonnum og á Þingeyri munu 387 tonn hverfa af byggðastofnunarkvótanum vegna þess að menn eru, ja ég vil segja að fikta í þessu öllu og út úr því verður sá óskapnaður sem þetta frv. er orðið.

Þetta er mikill ókostur við frv. að mínu mati en ekki sá eini. Ef við förum aðeins yfir þetta, virðulegi forseti, og tökum dæmi þá tapar Bolungarvík eins og ég sagði áður 360 tonnum frá krókaaflamarksbátunum og Bolungarvíkurkaupstaður mun tapa 66 tonnum úr svokölluðum ráðherrakvóta, byggðakvótanum sem tengdur er við ráðherrann og við köllum stundum ráðherrakvóta, þar eru 66 tonn. Ef við förum yfir það, virðulegi forseti, hvað Bolvíkingar veiddu á síðasta ári á línu, ég held ég fari örugglega rétt með ef ég verð ekki lengi að finna þau blöð að Bolvíkingar hafi veitt á línu á síðasta fiskveiðistjórnarári 1.739 tonn af þorski. Þeir munu með öðrum orðum, virðulegi forseti, tapa þeim afla og hafa rétt til þess að fara í kappróðurinn til að ná í 16 prósentin. Upp á móti því sem þarna hverfur verða þeir að hefja þá kappróðra sem verða leyfðir með 16% hámarkinu í þorski, sem ég ætla að koma að síðar hvernig sett verður niður, hvernig það kapphlaup verður sett niður og skipt eftir ársfjórðungum.

Þingeyri og Ísafjörður tekin saman munu tapa í byggðastofnunarpottinum 387 tonnum. Það er sem sagt úthlutað úr byggðastofnunarpottinum til Þingeyrar.

Ráðherrakvótinn á Ísafjörð og Þingeyri er 118 tonn. Krókaaflamarkshlutinn er 62 tonn eins og áður hefur komið fram gagnvart Ísafirði. Þarna eru samtals 570 tonn sem hverfa burt úr umræddu sveitarfélagi vegna þess að byggðastofnunarpottarnir tveir, krókaaflamarkspotturinn einn, eru lagðir niður í þessu dæmi.

Á Tálknafirði verða þetta 415 tonn, í Grímsey 96 tonn. Ef við förum aftur yfir í Norðvest., þýðir þetta að í Vesturbyggð munu tapast 281 tonn. Á Breiðdalsvík tapast 210 tonn, Borgarfirði eystri samtals 131 tonn, Stöðvarfirði 123 tonn samtals og svona má lengi halda áfram.

Þetta er sem sagt það sem menn þurfa að fórna til að koma frv. í gegn og línuívilnunarhugtakinu, að festa það í fiskveiðistjórnarlögin.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að í svörum við nokkrum spurningum sem ég beindi til ráðuneytisins er því miður ekki að hafa þá sundurliðun sem óskað var eftir og geri ég í raun og veru ekki athugasemdir við það vegna þess hve tíminn var skammur, en ein af þeim spurningum sem ég lagði fyrir var svohljóðandi:

Hver verður skipting á þeim 3.375 tonnum sem er þakið í þorskkvótanum eftir ársfjórðungum, þ.e. vegna þess að

í frv. segir: „Línuívilnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002."

Svar ráðuneytisins er eftirfarandi:

Í september til nóvember verða veidd 27,7% af þessum afla, eða 936 tonn. Í desember, janúar og febrúar verður hlutfallið 34,1%, eða 1.151 tonn. Í mars, apríl og maí verða veidd 24,7%, eða 835 lestir. Og í júní, júlí og ágúst 13,4%, eða 453 tonn.

Þetta er ansi athyglisvert, virðulegi forseti, miðað við það sem ég hef áður sagt og nefnt byggðarlög á Vestfjörðum, Norðurlandi og fyrir austan og það borið saman við þessi tímabil þegar við höfum það í huga að ekki gefur alltaf á þessum stöðum yfir vetrarmánuðina til að fara á sjó. Hverjir verða þá möguleikarnir í kapphlaupinu um 16 prósentin á hverjum ársfjórðungi? Hverjir verða möguleikar hinna ýmsu útgerðarstaða til að ná í „sinn hluta" af 16 prósentunum? Í desember, janúar og febrúar verður stærsti hlutinn veiddur eða 1.151 tonn. Það mun þá væntanlega verða þannig að 1. desember mun sjútvrh. ræsa þessa kappróðra með því að slá niður flaggi eða flauta til leiks eins og á sjómannadaginn þegar kappróður hefst og síðan munu menn fara að róa og róa og eflaust mun veðrið spila þar inn í og hamla sjósókn hjá mjög mörgum aðilum.

Segjum sem svo, virðulegi forseti, að veður verði vond fyrir vestan og fyrir norðan en gott fyrir sunnan sem oft gerist nú í desember, janúar og febrúar, og það hamli sjósókn á þessum svæðum en áfram verði hægt að róa annars staðar frá landi þar sem veður er gott, þá verður það frekar ójafnt hlutskipti eftir landsfjórðungum að ná sér í þessa 16% ívilnun. Það mun með öðrum orðum, virðulegi forseti, vera þannig að veðurguðirnir munu stjórna töluvert miklu um þá sjósókn og hverjir eigi möguleika á að njóta ávaxtanna ef svo má að orði komast.

Það er því, virðulegi forseti, ákveðin hætta á að sjómenn í Bolungarvík, Þingeyri og Ísafirði, Tálknafirði, Grímsey og Vesturbyggð geti ekki stundað sjóinn vegna veðurs á við aðra sjómenn annars staðar á landinu. Það gæti orðið þannig að þegar sjútvrh. flautaði næst og segði að hámarkinu væri náð á tímabilinu, hefðu sjómenn á þessum svæðum jafnvel ekkert komist á sjó og þessi pottur verði bara búinn. Þá gætu menn bara sagt: Sorrý, sorrý. Hæstv. sjútvrh. getur sagt að hann stjórni ekki veðurfarinu, sem betur fer náttúrlega, og hann geti ekki stjórnað því hvenær menn fari á sjó. Þannig mun þetta spilast út.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, er verið að taka upp ákveðið sóknardagakerfi og þetta mun líka geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir hinar ýmsu stærðir af bátum þar sem þeir stærri geta farið á sjó þegar þeir minni þurfa að vera eftir í höfn og komast ekki vegna veðurs. Og það getur líka verið, virðulegi forseti, að ýmsir sjómenn á minni bátum muni hefja róður og fara í róður til að taka þátt í kapphlaupinu um 16 prósentin, taka því kapphlaupi að ná í sinn hluta úr pottinum, og þá ætla ég rétt að vona, virðulegi forseti, að þeir komi allir aftur. Nægir í þessu sambandi, virðulegi forseti, að nefna dæmi um dagabátana áður en sú ágæta breyting var gerð sem ég studdi, að breyta yfir í klukkustundir, að það gerðist að bátar sem voru farnir á sjó og voru komnir fram yfir þrjár klukkustundir og gátu ekki meldað sig til baka, að veður breyttist en menn héldu áfram að reyna að nýta daginn, róa og fiska. Sumir bátar, a.m.k. man ég eftir einu tilviki, komu ekki aftur í höfn. Sem betur fer varð mannbjörg.

Það er ákaflega mikilvægt að rifja þetta upp, virðulegur forseti, vegna þess að ég tel að sú breyting sem var gerð á þessu dagakerfi, sama hvaða skoðun menn hafa á því, hafi verið réttlát aðgerð, að breyta því yfir í klukkutíma eins og gert var, þó ekki væri nema bara út af umræddu atviki.

Ég sé ekki ástæðu til að fara í gegnum önnur atriði, virðulegi forseti, í þeim spurningum sem við fulltrúar Samf. lögðum fram á fundinum vegna þess að sum svörin voru þannig að ekki er hægt að lesa þau upp. Það þarf að reikna þau svolítið út, eins og t.d. um leiguverð og söluverð á þessum 3.375 tonnum, af þessari 16% ívilnun, vegna þess að auðvitað er það ákveðin hætta eða möguleiki, betra að kalla það bara möguleika, að vegna þessara 16% muni aðilar taka sig til og taka þátt í lotteríinu, í þessu lottóspili, sjávarútvegsspili. Það gefur mönnum auðvitað möguleika á að selja burt frá sér kannski 10%, 15%, jafnvel 16% af kvóta sínum og treysta á að þeir geti aflað jafnmargra tonna með því að taka þátt í því sjávarútvegsspili.

Virðulegi forseti. Ég held að farið hafi verið yfir allar umsagnir og heimsóknir á fundi sjávarútvegsnefndar og það verður að segjast alveg eins og er að þetta frv. fékk mjög slæmar móttökur. Allir sem komu á fund nefndarinnar lögðust gegn frv. Og mér er það ákaflega minnisstætt þegar fulltrúar frá Landssambandi smábátaeigenda komu á fundinn og formaður félagsins las upp úr tölvu sinni bréf það sem hann hafði skrifað til nefndarinnar. Það er mjög eftirminnilegt, ég ætla ekki að lesa það bréf upp hér. Og af því ég heyrði áðan að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður sjútvn., talaði um að ASÍ hefði ekki lagst gegn frv., það getur vel verið að það megi túlka það þannig, en ASÍ lýsti því svo að þeir tækju ekki slíka afstöðu en vissu að það væru deildar meiningar innan sambandsins. Það er heldur ekki hægt að segja að þeir hafi lýst yfir stuðningi en það má kannski segja að það sé rétt, virðulegur forseti, að þeir hafi ekki verið jafnharðir í afstöðu sinni og aðrir sem komu á fund nefndarinnar. Svo er líka með umsagnir frá öðrum aðilum eins og Byggðastofnun og fleirum að það verður bara að segjast alveg eins og er, virðulegur forseti, að það var alveg með ólíkindum hvað þetta frv. fékk slæma einkunn.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, sem gerði grein fyrir nál. minni hluta sjútvn., að mér þótti það mjög miður, og það er náttúrlega dæmi um hvernig málið var unnið og hve tíminn var lítill, að því skuli hafa verið hagað þannig í sjútvn. að fjölmargir fulltrúar ólíkra hagsmunasamtaka, skulum við segja, áttu að koma á fundinn á sama tíma. Og það er bara svo, virðulegi forseti, þó að það takist vafalaust í mörgum öðrum nefndum að menn vilji vinna sér í haginn og taka marga umsagnaraðila inn á einum og sama fundinum, þá var það ekki hægt á þessum fundi, enda kom það á daginn að fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna gengu af fundi án þess að sjútvn. gæti heyrt álit þeirra á frv. Sama var um fulltrúa frá Sjómannasambandinu og Farmanna- og fiskimannasambandinu, að vísu fór sá ágæti formaður síðastur, og frá Vélstjórafélagi Íslands en Helgi Laxdal lét þau orð falla að þarna ættu þeir allir samleið.

Ég hefði mjög gjarnan viljað fá að eiga viðræður og heyra álit fulltrúa Landssambands íslenskra útvegsmanna á þessu frv. og á ýmsu öðru sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi

í dag. Á ég þá auðvitað sérstaklega við markaðsmál og það sem er að gerast á markaðnum úti í heimi gagnvart íslenskum sjávarútvegi í samkeppni við margumræddan Kínafisk eða önnur lönd sem sum hver eru með, eins og fram hefur komið, ríkisstyrktan sjávarútveg. Ég vil segja það enn einu sinni, ég sagði það við 1. umr., virðulegi forseti, að sú vá sem í raun og veru steðjar að íslenskum sjávarútvegi er töluvert mikil frá mörkuðum erlendis, frá Kínafiskinum sem er jafnvel veiddur á Íslandsmiðum, seldur heill til Kína, unninn þar og fluttur aftur inn á Evrópumarkað í samkeppni við okkar afurðir í nákvæmlega eins umbúðum og verið er að selja okkar íslenska fisk, en aftan á pökkunum er sex punkta letur eða eitthvað svoleiðis sem aðgreinir hvort hann kemur frá Íslandi eða annars staðar frá.

Og ég sagði það líka hér, virðulegi forseti, að ef svo fer að Rússar og Evrópusambandið gera nýjan tollasamning þá er ég mjög hræddur fyrir hönd íslenskra fiskútflytjenda í þeirri samkeppni, vegna þess að þessi Rússafiskur sem fer til Kína og er unninn þar kemur þó með tollum þar inn en er samt miklu ódýrari.

Þetta segi ég vegna þess að þetta hefur verið á fleygiferð og mikið að breytast síðustu misseri og er stöðugt mikið að breytast. Þetta atriði hefði sjútvn. auðvitað þurft að ræða á formlegan hátt við og fá lýsingu á frá þeim sem standa í þeirri grein, sama hvort það er Landssamband íslenskra útvegsmanna þar sem félagsmenn þeirra, margir hverjir, eru farnir að selja fisk sinn beint sjálfir, eða fiskútflytjendur, eins og við fengum reyndar að heyra í nefndinni frá minni fiskútflytjendum, þeirra sem eru án útgerðar, hvernig þeir lýstu því hve þar væri margt að breytast, þá er það auðvitað mjög alvarlegt mál og full þörf á því að á hinu háa Alþingi, í sal Alþingis eða í sjútvn., verði tekin upp umræða sem allra fyrst um þetta mál og það kynnt og komið á fundi með þeim aðilum sem það varðar.

Ég vil segja það í lokin, virðulegi forseti, að ég vil hvetja hv. þm., formann sjútvn., Kristin H. Gunnarsson, til þess að stuðla að því að slíkur fundur verði haldinn í sjútvn. þar sem við gefum þessum aðilum kost á að koma til fundar og kynna fyrir okkur þau atriði sem þeir eru að fjalla um og þau atriði sem þeir hafa verið að ræða um á sínum fundum sem ég hlustaði á með athygli, m.a. á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna þar sem ég var eini þingmaðurinn sem mætti, eða á fundi sem útgerðarmenn á Norðurlandi héldu á Akureyri sem var mjög fjölmennur, sem var líka ákaflega fróðlegur. Ég segi þetta aðeins, virðulegi forseti, vegna þess að ég hef gert í því að sækja þessa fundi sem nýr maður í sjútvn. og til að kynna mér þessa hluti frá öllum hliðum. Ég hvet hv. formann sjútvn. vegna þess að hann situr hér, sem ég auðvitað þakka fyrir, að hv. þm. skuli sitja yfir þessari umræðu allri, að fylgja sínu máli eftir, ég hvet hann til þess að efna til slíks fundar vegna þess að ég hygg að sjávarútvegsnefndarfólk allt hafi mjög gott af því að fá fyrirlestur og fá lýsingu á þessu eins og það er, vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að vera vel meðvitaður um það sem þar er að gerast og fá að fylgjast með þeim hlutum sem eru að breytast mjög hratt og eru á fleygiferð, sem getur kannski verið mesta ógnin fyrir íslenskan sjávarútveg, fyrir utan ýmislegt annað sem steðjar að eins og heitur sjór fyrir norðan og hræðsla um að loðnuveiðar muni ganga illa o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir nokkrum atriðum, kannski í töluvert löngu máli, fyrir því að ég get ekki stutt það frv. sem hér er lagt fram. Á því eru miklir vankantar sem ég treysti mér ekki til að styðja og gerð hefur verið grein fyrir hér að við styðjum ekki.

[17:24]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir og þarf kannski ekki að fara yfir það í löngu máli að stuðningur við línuívilnun er mjög víðtækur í þjóðfélaginu. Hún er baráttumál hjá þeim samtökum sem hv. þm. nefndi til sögunnar eins og Landssambandi smábátaeigenda. Hún er baráttumál sveitarfélaga á Vestfjörðum og línuívilnun er samþykkt tveggja stjórnmálaflokka. Það þarf því enginn að velkjast í vafa um að það er verulegur stuðningur við þetta mál. Ég get verið sammála þeim sem benda á að sá málflutningur sem stjórnarflokkarnir höfðu uppi skiptir verulegu máli, einmitt vegna þess að þetta atriði nýtur stuðnings.

Það þýðir því lítið að reyna að breiða yfir þessa staðreynd með því að nefna það að einstakir umsagnaraðilar geri athugasemdir við einstök atriði málsins. Það breytir því ekki að stuðningurinn við málið í heild eða það að taka upp línuívilnun er mjög mikill.

Ég vil aðeins nefna það sem fram kom hjá hv. þm. vegna breytinga á fyrirkomulagi um byggðakvóta að lögin eru almennt heimildalög. Nánast allt í lögunum er þannig ákveðið að mælt er þannig fyrir um að ráðherra hafi heimild, eins og 10. gr. sem er aðalgrein laganna, hún er eingöngu heimild. Hún veitir heimild til þess að undanskilja hluta af aflamarki og undirmáli. Hún veitir heimild til að veiða umfram aflamark upp að 5% o.s.frv. En í 9. gr., sem verður sú grein sem ber uppi þessar sérstöku aðgerðir, er aftur á móti kveðið á um skyldu. Sú grein mun hefjast á því að á hverju fiskveiðiári skuli ráðherra hafa til ráðstöfunar, þannig að þar er hið gagnstæða upp á teningnum einmitt til að undirstrika alvöru málsins.

[17:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég dreg ekki þá ályktun að þessi hugmynd stjórnarflokkanna hafi víðtækan stuðning. Þó svo að stjórnarflokkarnir hafi getað skóflað til sín eitthvað af atkvæðum út á þessi loforð sem voru fjölmörg í kosningabaráttunni og eins og ég hef áður sagt spilað ýmsu út til vinstri og hægri og fram fyrir sig og aftur fyrir sig í atkvæðakaupum, þá er ég ekki svo viss um að þetta sé eins víðtækur stuðningur og menn halda, þó svo víðtækur stuðningur hafi vafalaust orðið til þess að skila fleiri atkvæðum í kassann hjá sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum e.t.v. í Norðvesturkjördæmi.

Það er svo aftur alveg hárrétt, virðulegur forseti, ég vildi segja það hér vegna þess að ég gleymdi því áðan, að mér þótti það mjög merkilegt í kosningabaráttunni, af því að ég gerði hér að umtalsefni samtök, að Landssamtök íslenskra útvegsmanna og fleiri hjóluðu nú ekki mikið fyrir kosningar í gagnrýni á þessa hugmynd stjórnarflokkanna um línuívilnun, sem var náttúrlega mjög sérstakt mál. Ég dreg því í efa hvað áhuginn er mikill, e.t.v. er það rangt hjá mér, en ég er alveg viss um að það er ekki mikill áhugi í þeim sjávarbyggðum sem ég hef hér gert að umtalsefni og farið yfir, kvóta sem þar eru, hvort sem það er byggðakvóti Byggðastofnunar, ráðherrakvótinn eða krókaaflamarkskvótinn, ég er ekki svo viss um þegar allt kemur til alls að það sé eins mikill áhugi, á þeim stöðum sem missa mest, fyrir þessari línuívilnun eins

og hún er hér sett upp með þeim takmörkunum sem þar eru. Og með byggðakvótann ætla ég að ítreka það sem ég sagði áðan, vegna þess að ég hygg að ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson höfum í gegnum tíðina haft töluverðan áhuga á byggðakvóta og þeim aðgerðum sem þar eru gerðar, sem hafa verið sérmerktar og ekki hægt að selja frá sér heldur nýttar á staðnum, að ég treysti ekki núv. hæstv. sjútvrh. til þess að úthluta byggðatengdum kvótum miðað við 9. gr. að þeir fari hér út, sama hvort það er heimildarákvæði eða hvað sem hefur verið nýtt undanfarin ár.

[17:29]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákvæði núgildandi laga um hvenær grípa skuli til úthlutunar sérstakra veiðiheimilda eru afar fátækleg. Þar segir bara almennum orðum við þær aðstæður þegar byggðarlög hafa orðið fyrir samdrætti í sjávarútvegi og það hefur skapað vanda. Í frv. og tillögu meiri hlutans er að finna miklu nákvæmari skilgreiningar á því hvenær grípa eigi til þessara aðgerða og við hvaða atriði eigi þá að styðjast við það mat. Ég tel að þessar breytingar séu mjög til bóta, skýri málið, þannig að menn viti miklu frekar að hverju þeir ganga. Ég er því ekki sammála þingmanninum í því að við séum að stíga eitthvert skref aftur á bak, þvert á móti erum við að styrkja þetta. Við erum að styrkja það að menn geti vænst þess að fá veiðiheimildir við þær aðstæður sem skilgreiningin nær til.

Ég vil svo aðeins segja vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. varðandi heimsókn fjögurra hagsmunasamtaka sem kusu að flytja mál sitt í mjög stuttu máli. Það er ekki í sjálfu sér, eins og þingmaðurinn orðaði það, að vinna sér í haginn að hafa marga umsagnaraðila samtímis inni. Það er gert til þess að þeir geti hlýtt hver á annars mál og brugðist við því og komið á framfæri athugasemdum sínum og leiðrétt málflutning annars aðila ef þeir telja að þess þurfi við. Þetta er nauðsynlegt að gera í málum sem eru mjög umdeild, sem þetta mál er, meðal hagsmunaaðila. Ég taldi því algjörlega nauðsynlegt að þessir útvegsmannahagsmunahópar væru samtímis inni þannig að hver gæti talað að hinum áheyrandi.

[17:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara gagnvart þessu síðasta, það er engu við það að bæta. Það var miður að Landssamband íslenskra útvegsmanna og verkalýðsfélögin sem komu á nefndarfund gengu á dyr og ekki var hægt að hlusta á málflutning þeirra og röksemdafærslu fyrir þessu frv. Þau voru náttúrlega á móti því. Ég ítreka það sem ég sagði að ég held að það sýni okkur að það mun ekki vera hægt að gera þetta svoleiðis, vegna þess að þannig hagsmunir eru í húfi gagnvart þessum aðilum, það ólíkir, að menn vilja stundum eiga samtöl í nefnd þar sem rætt er beint og í trúnaði við nefndina, ekki að öðrum viðstöddum.

Ég sagði áðan og ítreka það að þrátt fyrir góðan vilja hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um byggðakvóta, sem ég held að við eigum sameiginlegan, er hér stigið skref til baka þar sem farið er út úr þessu atriði, tekið út úr lögum eins og það er og hefur verið þó allt of lítið sé, það verður ekki hægt þannig. Við erum því háð ýmsum duttlungum hæstv. sjútvrh. hvernig þetta verður gert, skilgreiningunni, hvernig á að úthluta þessu o.s.frv. Mér finnst miður eins og kom fram í ræðu minni, að svo sé.

Hv. þm. sat í stjórn Byggðastofnunar, að mig minnir, þegar byggðastofnunarkvótanum var úthlutað sem var gert til fimm ára, en er nú samt sem áður úthlutað í hvert skipti, t.d. 387 tonnin sem hafa verið undanfarin fimm fiskveiðiár á Þingeyri, að menn þurfa ekki nema bara hugsa til þess staðar og þeirra erfiðleika sem þar voru á sínum tíma. Byggðakvótinn sem þar var settur niður var mjög mikilvægur og hefur algjörlega snúið málum þar til betri vegar. Við höfum enga tryggingu eftir það að hæstv. sjútvrh. úthluti slíkum kvótum í framtíðinni á staði eins og Þingeyri og aðra sem eiga við erfiðleika að etja í atvinnulífi.

[17:33]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem lýtur að ákvæðum annars vegar um svokallaða línuívilnun og hins vegar um svokallaða byggðakvóta. Ég vil leyfa mér í upphafi að vitna til orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar frá því í dag í andsvari við mig þar sem hann viðurkenndi að að hans mati væri núverandi fiskveiðistjórnarkerfi meingallað, á því væru miklir annmarkar þó svo að á því fyndust reyndar líka nokkrir kostir, og viðurkenndi að frv. sem hér er verið að fjalla um mætti líta á sem bót á göt þessara meingölluðu laga um stjórn fiskveiða. Ég held að þessi staðfesting hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar segi kannski meira en margt annað um það sem hér er verið að gera.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram mjög skýra stefnu í sjávarútvegsmálum. Hún leggur til að í grundvallaratriðum sé breytt frá því kerfi sem nú er. Það gengur ekki og skapar stöðugt ósætti að setja bót ofan á bót á kerfi sem er vitlaust í grunninn eins og það kerfi sem við búum við. Það er ranglátt í grunninn og tekur ekki á þeim grundvallaratriðum sem það á að taka.

Þess vegna höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt fram tillögur um stjórn fiskveiða. Þær kveða í fyrsta lagi á um að tryggja í verki sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum og réttláta skiptingu afrakstursins og að gera grundvallarbreytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu 20 árum t.d. til að hafa sem viðmiðun. Aðalatriðið er að taka ákvörðun um kerfisbreytinguna og koma henni af stað. Við viljum bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og efla vistvænar veiðar. Við viljum skapa forsendur til að treysta búsetu við sjávarsíðuna, tryggja atvinnuöryggi og kjör fiskverkafólks og sjómanna og stuðla að betra jafnvægi og réttlátari leikreglum í samskiptum við helstu aðila innan sjávarútvegsins, þ.e. útgerðar, fiskvinnslu, verkafólks, sjómanna, sjávarbyggða og samfélagsins alls. Það er, virðulegi forseti, ekki hægt að taka út einn aðila úr þessum hópi og láta hann hafa vald til þess að véla um atvinnuöryggi fólks og þessa auðlind okkar. Við viljum standa að nauðsynlegum kerfisbreytingum og aðgerðum þannig að stöðugleiki verði tryggður og hæfilegur aðlögunartími gefist. Þetta eru okkar markmið til að vinna út frá.

Því leggjum við til að veiðiheimildunum verði deilt út í áföngum. Þriðjungur komi til byggðanna og verði tengdur byggðunum og ráðstafað þaðan, þriðjungur geti farið á almennt uppboð til þess að tryggja endurnýjun og tryggja aðgang markaðarins að því að koma að nýtingu þessarar auðlindar, hluti veiðiheimildanna er líka á hafsvæðum sem ekki er heldur hægt að binda beint við ákveðna byggð, og þriðjungur verði tengdur þeim flota sem nú hefur þær og

fyrir þær komi hóflegt gjald. Þetta gerist í áföngum, hægt en ákveðið, þannig að allir fái haldið sínum hlut og aðlagi sig þeim breytingum til að tryggja bæði stöðugleika, öryggi og hagkvæmni í greininni.

Virðulegi forseti. Í umræðum um stefnu okkar hefur það einmitt komið fram, ekki síst í kosningabaráttunni í vor, í umræðunni sem þá var um sjávarútvegsmál, að menn voru ekki allir hlynntir þessu, sumir vildu fá að halda þeim heimildum sem þeir hafa núna og halda óbreyttu kerfi og færðu fyrir því rök, öðrum fannst þessar tillögur okkar ganga of hægt, en einróma var samt sagt að þetta væri framkvæmanlegt og þetta mundi ekki valda neinum kollsteypum, þetta væri kerfi sem hefði sínar forsendur og væri alveg fullkomlega framkvæmanlegt.

Það er út frá þessum sjónarmiðum, út frá þessum stefnumiðum okkar sem við metum þær tillögur sem fram koma í fiskveiðistjórnarmálum.

Ég vil líka benda á það, virðulegi forseti, að í umræðunni um vistvænar veiðar og um sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar, um bætta umgengni við hráefnið og hvernig það berst að landi sem ferskast, höfum við lagt áherslu á að efla strandveiðiflotann. Við leggjum til í okkar tillögum að tekið sé tillit til veiðarfæra í útdeilingu á aflaheimildum, þannig að hæst standi afli tekinn á handfæri, næst komi afli á línu og þá afli í önnur kyrrstæð veiðarfæri og svo afli í veiðarfæri sem dregin eru eftir botninum. Þannig er eðlilegt að okkar mati að veiðiaðferðir fái sinn veiðistuðul. Við teljum að að því eigi að stefna. Þetta er í okkar stefnuskrá og hefur verið, virðulegi forseti.

Því miður liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar eða rannsóknir um áhrif hinna mismunandi veiðarfæra á lífríkið, meðferð fisksins og umgengnina við náttúruauðlindina. Það verður bara að segjast hér að ég harma það hve lítið hefur verð unnið að veiðarfærarannsóknum. Það hafa komið fram tillögur um það á Alþingi. Ég minnist mjög ítarlegrar tillögu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti á sínum tíma varðandi veiðarfæraransóknir, en allt of lítið hefur verið gert af því að rannsaka þetta. Þegar við í sjútvn. fengum til okkar forstöðumann Hafrannsóknastofnunar í gær og spurðum hvað lægi fyrir innan stofnunarinnar sem mætti byggja á, tölulega séð, varðandi áhrif hinna mismunandi veiðarfæra, varð hann að upplýsa að það lægi ekkert tölulega fyrir, menn væru með mat og sæju ýmislegt og skynsemin segði og reynslan segði að við hinar og þessar aðstæður skemmdu veiðarfærin hitt og þetta, bæði fisk og umhverfi. En tölulegt mat, sem þyrfti að vera til grundvallar til þess að taka vísindalegar og vel grundaðar ákvarðanir, lægi því miður ekki fyrir.

Þetta tel ég vera mikinn veikleika á okkar stærsta atvinnuvegi, sjávarútveginum, okkar stærstu auðlind, að þessar rannsóknir skuli ekki vera komnar lengra á veg.

Ég vil leggja áherslu á að þetta er að mínu mati eitt af forgangsatriðum, að rannsaka áhrif veiðarfæra á lífríkið, á auðlindina, á hráefnið, nýtingu þess og meðferð, alla þætti sem að þessu lúta og þær veiðiaðstæður sem þar gætu verið á hverjum stað, við gætum því í raun beitt veiðiaðferðum til skýringar í þá veru ef þetta lægi fyrir.

Frv. sem hér liggur fyrir um að taka upp línuívilnun og skerða á móti og breyta þeirri umgjörð sem hefur verið í kringum úthlutun á byggðakvótum, er svo sem ekki mikið að segja um. Þetta er ekkert gríðarlegt stórmál í sjálfu sér. Þarna eru eitthvað um 3.375 tonn, mjög nákvæmt lagt til, sem má færa yfir í þessa línuívilnun. Það er ekki stór aflahluti ef maður lítur annars vegar á heildarveiðiheimildir upp á liðlega 200 þúsund tonn í þorski, ellegar ef maður lítur á þá ónákvæmni sem er varðandi mat og mælingu á þeim afla sem berst að landi. Við heyrum um bolfisk sem berst í stór troll á kolmunnaveiðunum, þar eru menn að nefna hærri tölu en hér er um að ræða, það er annað mál, virðulegi forseti, við höfum engar tölulegar upplýsingar eða rannsóknir um það hvað er að berast í gegnum þessi troll. Menn giska á að það sé ekki undir 3.000–4.000 tonnum á ári, en þar liggja heldur engar óyggjandi tölur fyrir.

Svona má áfram telja. Óöryggið sem liggur að baki þessum aflatölum eða mælingum á þeim afla sem berst að landi er gríðarlega mikill. Þess vegna er þessi tonnafjöldi stórmál í heildinni hvað það varðar. Hins vegar þegar farið er að grípa inn í stjórn fiskveiða með þessum hætti að hreyfa til innan flotans, eins og hér er verið að gera, og hreyfa til byggðakvóta, fer ekki hjá því að það hljóti að geta snert einstök byggðarlög, bæði breytingar á reglum um úthlutun á byggðakvótanum og lækkun á heildarheimildum byggðakvóta og einnig hvar þessi línuívilnun kæmi niður, hvar hún mundi nýtast og hvar hún mundi valda skerðingu á móti.

Ég gagnrýndi það í sjútvn. að það væri allt of lítið athugað og allt of illa unnið hvernig þessi breyting kæmi niður því þótt hún sé ekki stór í heildina skiptir það minni byggðarlögin vítt og breitt um landið gríðarlegu máli hvernig hvert og eitt þeirra kemur út úr þessu. Og það fannst mér einmitt, virðulegur forseti, að hefði átt að skoðast í nefndinni og að nefndinni hefði borið skylda til þess að kanna það mjög ítarlega áður en hún legði fram þessar breytingar sem hér er verið að tala um. Þetta gagnrýndi ég og tel þetta einn af stórum veikleikum þessa frv. að menn vita ekki og hafa ekki reynt að leggja neitt sérstakt mat á hverjar afleiðingarnar eru eða hvernig þetta kemur út.

Einnig er vert að minnast á að þarna er ekki tekið heildstætt á bátaflotanum sem nánast hefði átt að vera skylda nefndarinnar að gera þegar verið er að taka þetta atriði fyrir, að taka þennan bátaflota heildstætt sem við erum að fjalla um og stundar strandveiðar. En því miður eru dagabátar, bátar sem eru á sóknarmarki, skildir út undan í þessum aðgerðum, og verra en það því eins og nú horfir með reglur um þá er verið að skera þá niður við trog. Þeir eru að fara úr 23 dögum og eiga að vera komnir niður í 18 daga næsta haust ef þær reglur gilda áfram sem nú eru og sá afli sem þar tapast eða það sem rýrnar er kannski nokkuð jafnt á við það sem nú er að færast inn í línutvöföldunina eða línuívilnunina.

Þessi bátafloti stendur því frammi fyrir því að hann sé að þurrkast út, því framtíðin er ótrygg, veðhæfni þessarar útgerðar minnkar þegar dögunum fækkar þannig að staða hennar er mjög ótrygg. Ég tel það styrk í fiskveiðum okkar að vera með sem fjölbreyttastan flota, svo fremi sem það er hagkvæmt og hentugt að sækja þessa auðlind. Fjölbreytni í flotanum og margbreytileiki og að sem flestir eigi þar aðgang að til þess að veiða tel ég að sé styrkur. Eftir því sem veiðiheimildirnar færast á færri hendur á einsleitnari flota, þeim mun viðkvæmari verðum við fyrir sveiflum og öryggi byggða og atvinnuvegarins minnkar. Mér finnst þetta vera annar aðalljóður á því frv. sem hér er verið að flytja.

Það er einmitt ágætt að vitna til umsagnar Landssambands smábátaeigenda sem maður gæti haldið að frv. hefði fyrst og fremst átt að höfða til, að þeir gagnrýna hvernig að því er staðið. Þeir telja reyndar að ekki eigi að bæta þeim afla sem

settur er í línuívilnun ofan á heildaraflaheimildirnar, heldur eigi hann að koma til frádráttar sem er alveg eins og tillaga eða mjög lík þeirri sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og formaður sjútvn. lagði fram sem sína tillögu inn í sjútvn. Ég skil það sjónarmið sem þar liggur til grundvallar og þeir gagnrýna að þetta skuli ekki vera gert og einnig þessar sérkennilegu reglur sem lúta að beitningu. Ef menn eru að taka upp vistvænni veiðar og telja að veiðarnar sjálfar stuðli að betri umgengni við auðlindina og menn komi með betra hráefni að landi, eru það í sjálfu sér ekki rök að vera að takmarka hvað varðar beitninguna. Þetta gagnrýna þeir hjá Landssambandi smábátaeigenda og skilja ekki beint rökin á bak við það.

Þá gagnrýna þeir afar harðlega að ekki skuli vera tekið á dagabátunum í þessum aðgerðum og þeir gjörsamlega skildir eftir nánast í verri stöðu en áður.

Síðast en ekki síst er líka gagnrýnt að línuívilnun sé að koma í staðinn fyrir byggðakvótann og ráðstöfun hans. Að vísu er verið að færa og rýmka heimildir á þeim 12.000 tonna byggðakvóta eða ráðstöfunarkvóta sem var hjá sjútvrh. en þeir kvótar sem annars voru og ætlaðir til byggðaaðgerða eru skornir niður í áföngum þannig að heildarheimildin minnkar.

Þetta er þvert á kosningaloforðin sem þessir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., gáfu fyrir kosningar. Sjálfstfl. lýsti því yfir að línuívilnunin ætti ekki að koma á móti og ætti ekki að verða á kostnað byggðakvótanna og í kosningaloforðum Framsfl. og í stjórnarsáttmálanum stendur að þær breytingar sem gerðar verði á fiskveiðistjórnarkerfinu eigi að auka byggðakvóta.

Það eru önnur atriði sem voru líka í viðkomandi stjórnarsáttmála og væri fróðlegt að vita hvað líður en það var hvernig ætti að tryggja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila að aflaheimildum til að styrkja stöðu sveitarfélaganna, því ef eitthvað er í þessu frv. þá er verið að færa það vald eða þau verkefni sem bæði Byggðastofnun hafði í byggðalegu tilliti og eins sveitarfélögin í gegnum byggðakvótana, þ.e. ráðstöfun á þeim kvótum. Það er verið að færa þetta algjörlega undir ráðherra þó svo að í breytingartillögum sé gert ráð fyrir að Byggðastofnun komi þar að sem umsagnaraðili. En þarna er í rauninni verið að færa þær byggðaheimildir sem voru annars vegar til ráðherra og hins vegar yfir á línubátana. Og þetta er í rauninni þvert gegn þeirri stefnu sem þeir hafa haft í frammi sem hafa verið að halda fram hlut byggðakvóta.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að þær aðgerðir sem komi í fiskveiðistjórn verði til að treysta byggð og að tengja eigi við byggðina hluta af þeim aflaheimildum sem hægt er að losa úr fiskveiðistjórnarkerfinu. Við höfum útfærðar tillögur en við getum líka fallist á að hafa skilning og sjónarmið fyrir áföngum í þessum efnum.

Það sem við leggjum áherslu á er að fiskveiðistjórn sé beitt til styrkingar búsetu og hún verði að fela í sér byggðatengingu auðlindarinnar og kröfu um að aflinn fari til vinnslu í byggðunum sem njóta þessara réttinda. Með því að efla strandveiðiflotann og auka fiskvinnslu og bæta nýtingu þess hráefnis sem veitt er og kemur að landi, treystum við búsetu í sjávarbyggðunum og þannig getum við einnig stuðlað að bættri umgengni við auðlindina og notkun vistvænni veiða.

Línuívilnun getur verið einn liður í endurskoðun til vistvænni veiða, eins og kemur fram í okkar stefnuskrá, sem ég hef kynnt áður, en það er mikilægt að sú aukning veiðiheimilda verði byggðatengd og verði til að skapa aukið öryggi hjá íbúunum í landi, fiskvinnslufólkinu og íbúunum sem eiga allt sitt undir þessari auðlind, en sé ekki falin bara í hendur eiganda viðkomandi útgerðar eins og hér er einmitt lagt til. Það er ekki byggðavænleg aðgerð. Aðgerðirnar verða að stuðla að auknu atvinnuöryggi sjómanna, beitningamanna og annars landverkafólks, og svo fiskvinnslunnar í viðkomandi byggðarlögum.

Virðulegi forseti. Ég hef vitnað til umsagnar Landssambands smábátaeigenda. Allar umsagnir sem bárust til nefndarinnar voru á þann veg að mál þetta væri of illa unnið til þess að fara út úr nefndinni, á því væru miklir meinbugir í útfærslu, það væri hroðvirknislega unnið og ýmis önnur atriði sem menn gátu ekki fallist á eins og að þarna væri verið að skipta á línuívilnun og byggðakvótum og útfærslan á línuívilnuninni væri líka óásættanleg.

Vissulega mun þessi útfærsla sem hér er verið að leggja til af hálfu meiri hlutans koma einhverjum bátum til góða og það liggur alveg fyrir. En það er ófyrirsjáanlegt enn þá hvernig þetta kemur út í heild sinni. Það sem mér sýnist vera mjög mikilvægt í framhaldinu, verði frv. samþykkt á Alþingi, er að fylgjast með hvaða afleiðingar þetta hefur. Það er augljóst að það eru miklar deilur um málið þótt það sé ekki stórt í sniðum hvað varðar heildarveiðiheimildir á þorski. Engu að síður hefur það valdið miklum deilum og má nánast líkja því við að menn séu að setja á svið leikrit í þeim efnum, því það er fjarri því að þetta frv. sé að steypa einhverjum stórútgerðum. Það er fjarri því, þannig að leiksvið stórútgerðanna í þessu máli er mjög ósannfærandi og hefði verið skynsamlegra að mínu mati hjá þeim að draga eitthvað úr hástemmdum leikrænum tilburðum í þessum efnum. Það passar ekki, þetta er ekki af þeirri stærðargráðu að það gefi tilefni til þess. Þeir leikrænu tilburðir sem þeir hafa haft í frammi passa því engan veginn inn í þessa umræðu og sýnir kannski bara á hvaða plani umræðan er af þeirra hálfu.

En útfærslan á þessu skiptir hin einstöku litlu byggðarlög máli. Breyting á byggðakvótum og ráðstöfun þeirra og einnig tilfærsla innan flotans, skerðing á krókaaflamarksbátunum og staða dagabátanna, hvaða áhrif þetta hefur á strandveiðiflotann og veiðar og vinnslu og atvinnuöryggi hinna einstöku byggða. Það er það sem skiptir mestu máli í því sem við erum að fjalla um og ég tel að málið hefði átt að vinnast miklu betur og sjá hvert menn væru að stefna til þess að það væri tækt til áframhaldandi umræðu í þinginu.

[17:57]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram undir lok ræðu hv. þm. að þetta mál er ekki af þeirri stærðargráðu að það steypi undan stórútgerðinni eins og hv. þm. orðaði það. Ég lagði einmitt áherslu á umfang málsins í framsögu minni, að draga það fram svo að mönnum mætti vera ljóst að hér er ekki um stórvægilega hluti að ræða í heildina tekið sem verið er að fjalla um í þessu frv. þó svo að menn séu meðvitaðir um að það munar um það hjá þeim sem þess njóta.

Ég vil aðeins bregðast við því sem fram kom áður í ræðunni að verið væri að skera dagabátana niður við trog. Til þess að taka af allan vafa svo ekki verði misskilið, þá er í þessu frv. ekki verið að grípa til neinna aðgerða gagnvart dagabátum. Í því felast engar aðgerðir sem skaða hagsmuni þess flota. Þvert á móti tekur meiri hluti sjútvn. fram að það sé ekki komin niðurstaða um tillögur um framtíðarskipulag

veiða hjá þessum flota og hvetur til þess að málinu verði hraðað. Í því felst einmitt sú afstaða að menn gera sér ljóst að það fyrirkomulag sem er getur ekki verið til frambúðar og að verið er að leita að samkomulagi um breytingar sem geta skapað stöðugleika fyrir þennan flokk útgerðarinnar því hann er mjög mikilvægur sem hluti af viðbragðskerfi sem við setjum í lög til að bregðast við slæmum afleiðingum af kvótakerfinu.

[17:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að dagabátarnir eru ekki hluti af þessu frv. enda sagði ég líka einmitt að svo væri. Hins vegar lagði ég áherslu á að við erum að fjalla um strandveiðiflotann í þessu frv. og möguleika hans og dagabátarnir eru mikilvægur hluti af honum. Og fari fram sem horfir, óbreytt ástand eða óbreytt ákvæði hvað viðvíkur dagabátunum, er verið að gera þeim nánast mjög örðugt með að halda úti sínum rekstri áfram, því stöðugur niðurskurður á dögum þýðir náttúrlega bara aukið rekstraróöryggi og minni hagkvæmni. Þannig að ég tel það skylt að við hefðum átt að taka á þeim líka og þess vegna flyt ég ásamt hv. þm. Grétari Mar Jónssyni brtt. við þetta frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs verði aldrei færri en 23, og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla á fiskveiðiárinu umfram 230 þúsund tonn."

Þannig tryggjum við áfram hlut dagabátanna og að verði aukning í fiskveiðiheimildum þá eigi þeir þar líka möguleika á að styrkja sinn hlut sem er réttlætismál. Ég tel því, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt þegar við vinnum að málum sem snerta strandveiðiflotann í heild, að við eigum og okkur beri skylda til að taka á málum hans ekki hvað síst hvað varðar dagabátana. Þess vegna legg ég áherslu á að þessi tillaga komi hér inn og verði samþykkt.

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Beiðslisgreining, 475. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 700.

Listasafn Samúels Jónssonar, 471. mál, fsp. GÓJ, þskj. 680.

Rjúpnaveiðar veiðikortshafa, 470. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 679.

Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, 473. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 698.

Varðveisla hella í Rangárvallasýslu, 474. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 699.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:03]

[18:04]

Útbýting þingskjala:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 447. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 696; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 697.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 410. mál, brtt. GÞÞ, þskj. 701.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. mál.

Fundi slitið kl. 18:06.

50. FUNDUR

laugardaginn 13. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 428. mál, þskj. 594, nál. 663 og 666, brtt. 667. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frv., 447. mál, þskj. 635, nál. 696, brtt. 697 og 702. — 2. umr.

3. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 401. mál, þskj. 682. — 3. umr.

4. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 304. mál, þskj. 349. — 3. umr.

5. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 306. mál, þskj. 683, nál. 626. — 3. umr.

6. Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, stjfrv., 254. mál, þskj. 684. — 3. umr.

7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 255. mál, þskj. 275. — 3. umr.

8. Tímabundin ráðning starfsmanna, stjfrv., 410. mál, þskj. 685, brtt. 701. — 3. umr.

9. Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, stjfrv., 420. mál, þskj. 686. — 3. umr.

10. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 450. mál, þskj. 643. — 2. umr.

11. Tollalög, frv., 460. mál, þskj. 662. — 2. umr.

12. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 186. mál, þskj. 188, nál. 664, brtt. 665. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning um afturköllun þingmáls.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

475. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 700 til landbrh. um beiðslisgreiningu, hefur verið kölluð aftur.

[10:02]

Útbýting þingskjals:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 447. mál, brtt. ÞBack, þskj. 702.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:04]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 702. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, HBl, HlH, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KolH, KHG, MS, MF, PM, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, KJúl, KLM, LB, MÁ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BJJ, DO, EOK, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, JóhS, KÓ, PHB, RG, SigurjÞ, SP, StP, TIO) fjarstaddir.

Athugasemdir um störf þingsins.
Málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss.

[10:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum dögum voru fjárlög næsta árs afgreidd frá Alþingi. Í umræðunni um þau bentu þingmenn Samf. ítrekað á afleiðingar þess að fjárveitingar til Landspítala – háskólasjúkrahúss væru allt of lágar miðað við þá þjónustu sem spítalinn veitir. Stjórnarandstaðan sagði að þessi niðurstaða þýddi að grípa þyrfti til fjöldauppsagna og að draga þyrfti verulega úr þjónustunni, þar á meðal bráðaþjónustu og mikilvægum þáttum eins og allri endurhæfingarstarfsemi spítalans. Meiri hlutinn samþykkti engu að síður niðurskurð á fjárveitingum til spítalans miðað við það sem er í ár og ákvað meðvitað að skerða þjónustuna og stefna á fjöldauppsagnir starfsfólks.

Nú blasir við að tæplega 200 manns verður sagt upp störfum og að þjónusta spítalans, þessarar lykilstofnunar heilbrigðiskerfisins, verður verulega skert, jafnvel að um óbætanlegt tjón á starfsemi hennar verði að ræða. Nefnd er að störfum sem hæstv. heilbrrh. skipaði og á hún að gera tillögur um starfsemi spítalans. Það hefði verið eðlilegt að fjárveitingar til hans hefðu verið miðaðar við áætlanir stjórnenda spítalans þar til pólitískar ákvarðanir liggja fyrir um það hvert hlutverk og starf þessarar mikilvægu stofnunar er. En það var ekki gert, heldur stuðst við einhliða ákvörðun meiri hluta Alþingis um að skerða framlögin án tillits til þeirrar þjónustu sem þar er veitt. Ábyrgðin á því að verið er að segja upp tæplega 200 manns og skerða þjónustuna liggur ekki hjá stjórnarnefnd Ríkisspítala. Hún liggur hér, hjá fulltrúum meiri hluta Alþingis.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver var ástæða þess að ekki var farið að tillögum stjórnenda spítalans þar til nefnd um hlutverk hans hefði lokið störfum og hægt væri að taka pólitíska ábyrgð á starfsemi og verksviði spítalans?

[10:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er rétt að fjárlög eru nýafgreidd. Þar voru afgreidd fjárframlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss og samkvæmt fjárlögunum er varanlega bætt í rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss 500 millj. kr. Á yfirstandandi ári var bætt inn í rekstrargrunninn 1.100 millj. kr. varanlega. Á yfirstandandi ári eru 1.900 millj. kr. í aukafjárveitingu til spítalans. Á árinu 2002 voru aukafjárveitingar til hans 2.300 millj. kr.

Það er alveg rétt að spítalinn kynnti meiri fjárþörf en þetta. Þetta er samt ákvörðun í fjárlögum. Ég hef tilkynnt spítalanum að þeir verði að laga sig að þessum fjárveitingum en þeir geti gert það á tveimur árum. Það er ekkert annað í spilunum núna. Það er mjög áríðandi að spítalinn geti lagað sig að þessum fjárveitingum og ég tel möguleika á því án þess að stefna í voða þeirri þjónustu sem þar er. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að fylgst sé með þessari framvindu og ég hef beðið vinnuhóp fjmrn. hjá okkur í heilbrrn. og í fjárln. að fylgjast með þeirri framvindu, hvernig hún verður þegar kemur fram á árið.

[10:09]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef verið heima vegna veikinda þannig að ég hef verið að hlusta á fjölmiðla í þessu máli varðandi Ríkisspítalana. Það sem mér finnst eiginlega standa upp úr umræðunni er að greinilega eru stjórnarnefnd og læknar Ríkisspítala farnir að sjá um alla stefnumótunarvinnu fyrir ríkisstjórnina.

Auðvitað eiga slíkar tillögur að koma héðan úr þinginu og auðvitað á stefnumótunin að gerast hér. Hún á að gerast í ráðuneytinu og það þarf þá að fara yfir hvar þessi aukning hefur verið svona mikil á sl. árum. Við erum enn samt sem áður bara að tala um viðbætur samkvæmt því sem hér hefur verið sagt.

Það gengur ekki að vera með einhverjar handahófskenndar ákvarðanir. Það gengur heldur ekki að við tökum alla stoðþjónustu á spítölum úr sambandi. Stoðþjónustan hefur gert það að verkum að hægt er að fækka legudögunum. Er það það sem við viljum sjá? Aldeilis ekki, tel ég, þannig að mér finnst að við verðum aðeins að fara að hugsa um það sem er að gerast hér. Mér finnst það alvarlegt mál ef stefnumótunin er ekki hjá hinu pólitíska valdi, heldur hjá stjórnarnefndinni. Það er mjög alvarlegt mál ef loka á Arnarholti, endurhæfingardeild krabbameinssjúklinga og ef loka á fyrir alla glasafrjóvgun. Ef umræðan hefði verið á þessu plani í fjárlagaumræðunni er ég ansi hrædd um að það hefði verið eitthvað annað upp á teningnum.

Herra forseti. Við verðum að gera svo vel að skoða þessi mál.

[10:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrr í þessari viku voru formenn fimm stærstu verkalýðsfélaganna sem eiga félaga starfandi á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi boðaðir á fund stjórnar spítalanna. Þetta voru SFR, sjúkraliðar, Efling, hjúkrunarfræðingar og læknar. Þeim var sagt að eftir afgreiðslu fjárlaga væri sýnt að segja þyrfti upp 200 manns á komandi ári og ég segi, herra forseti: Þessar uppsagnir eru á ábyrgð ráðherra ríkisstjórnarinnar og þess stjórnarmeirihluta sem hún styðst við.

Þegar fólk fær uppsagnarbréfið í hendur skulu menn hugsa til ríkisstjórnarinnar. Þegar fólk fær ekki aðhlynningu eða aðstoð á bráðamóttöku Landspítalans skulu menn hugsa til ríkisstjórnarinnar og þess stjórnarmeirihluta sem hún styðst við. Þegar fólk fær ekki sjúkraþjálfun skulu menn hugsa til ríkisstjórnarinnar. Þegar fólk verður fast á biðlistum og fær ekki bót meina sinna, missirum saman, skulu menn hugsa til ríkisstjórnarinnar.

Þetta er yfirveguð ákvörðun frá hennar hendi. Allir vita að Sjálfstfl. heldur um pyngjuna en sú spurning sem brennur á allra vörum er: Hversu lengi ætlar Framsfl. að láta bjóða sér þessa niðurlægingu?

[10:13]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. heilbrrh. að nýlega voru samþykkt fjárlög fyrir næsta ár. Það er líka rétt hjá hæstv. ráðherra að stofnunin stendur frammi fyrir þeim vanda að mæta þeirri samþykkt sem þar var gerð. En það er einnig rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ríkisstjórnarmeirihlutinn vissi nákvæmlega hvað hann var að gera þegar fjárlög voru samþykkt. Það var farið nákvæmlega yfir þau mál. Í fjárln. var hins vegar ekki farið nákvæmlega yfir það hvernig ætti að mæta þeim vanda. Það var lokað á allt eins og þingheimur man fyrir 3. umr. fjárlagafrv. þegar allar þessar upplýsingar lágu fyrir. Það vissu allir hvað þeir voru að gera. Það var hins vegar athyglisvert hjá hæstv. heilbrrh. þegar hann sagði áðan að hann hefði tjáð stofnuninni að hún ætti að laga sig að þessum fjárveitingum á tveimur árum. Hæstv.

ráðherra er þar með að segja að stofnunina eigi að reka með halla á árinu 2004 og er nauðsynlegt, hæstv. heilbrrh., að það verði skýrt hversu mikill sá halli eigi að vera á árinu 2004 þannig að við höfum nákvæmlega þær heimildir sem stofnunin hefur fengið um hallarekstur. Það segir okkur, herra forseti, að búið er að ákveða nú þegar að það verði fjármunir á fjáraukalögum næsta árs og er þess vegna ekki skrýtið þó að spurt sé í leiðara Morgunblaðsins í morgun hvenær þessu eigi að linna. Þeir sem standa fyrir utan standa agndofa yfir því að ár eftir ár skuli þetta gerast, ár eftir ár, og þess vegna skulda þeir stjórnmálamenn sem að þessu standa þjóðinni skýringar á því hvernig á því stendur að stofnunin er sífellt sett í þennan vanda.

Viðtal við formann Læknafélagsins er fróðleg lesning þar sem hann varar við afleiðingum þess ef menn halda hráskinnaleiknum áfram. Ár eftir ár er stofnunin sett í sama vanda og það mun að sjálfsögðu ekki þýða neitt annað en að skorið verði af þjónustu stofnunarinnar. Það er líka athyglisvert í samhengi við það sem hæstv. heilbrrh. sagði við umræðurnar í gær; stofnunin er ekki eyland. Það sem skorið er niður hjá þessari stofnun mun bitna á öðrum stofnunum eða kalla á aukinn kostnað þeirra.

[10:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að spítalinn verði að laga sig að þeim fjárveitingum sem hann fékk á fjárlögum. *Hann er að vísa pólitískri stefnumótun á starfsmenn spítalans.* Það var auðvitað alveg ljóst að þegar 1,5 milljarði var ekki úthlutað til spítalans við fjárlagaafgreiðsluna yrði að skera niður þjónustu. Voru menn ekki búnir að gera það upp við sig í stjórnarliðinu þegar þeir ákváðu að það ætti að skera niður þjónustu á spítalanum hvað ætti að skera niður? Það er pólitísk ákvörðun að hætta að veita þjónustu og veita minna fé til spítalans.

Það er svo sannarlega enginn sparnaður að þeim niðurskurði sem spítalinn stendur frammi fyrir. Hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir aðra þætti í rekstri ríkisins? Uppsagnir 200 manns þýða auðvitað útgjöld fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Lengri biðlistar kalla á aukin útgjöld fyrir Tryggingastofnun ríkisins, fyrir sjúklingana sjálfa, fyrir félagslega kerfið og heilsugæsluna. Það verða útgjöld hjá sérfræðilæknisþjónustunni o.s.frv. Hvað hafa menn verið að hugsa?

Það þarf að koma fram í umræðunni hvað menn ætluðu að skera niður. Hvað ætlaði ríkisstjórnin að gera í þessum málum? Ég vísa á ummæli formanns Læknafélagsins. Hann segir að þetta muni valda stórfelldum skaða í starfi spítalans. Óbætanlegum skaða. Þetta er háskólasjúkrahúsið okkar. *Það mun skaða stórfelldlega heilbrigðismenntun í landinu* að skera niður þjónustuna. Og ég segi: Hversu lengi á þetta að ganga svona með Landspítala – háskólasjúkrahús? Þetta er að verða sagan endalausa með þennan spítala, það á sífellt að skera niður þjónustu til þess að reka spítalann með óbreytta fjárveitingu og menn eru ekki tilbúnir að segja hvað hægt er að skera niður.

[10:18]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þegar fjárln. afgreiddi fjárlagafrv. til 3. umr. mótmælti ég, greiddi atkvæði gegn því og sagði að frv. væri ekki tækt til 3. umr., það skildi eftir óafgreidda hluti eins og m.a. fjárvöntun Landspítala – háskólasjúkrahúss og það lægi nákvæmlega fyrir frá forstöðumanni sjúkrahússins hvað vantaði til þess að halda rekstrinum óbreyttum. Ég taldi þetta afar óábyrga framkomu af hálfu meiri hlutans, mótmælti því og greiddi atkvæði gegn því í fjárln. Nú stöndum við frammi fyrir þessum orðna hlut og verið er að boða til stórfelldra uppsagna og skera niður starfsemi. Þetta var allt vitað og okkur var sagt þetta allt saman í fjárln. þannig að okkur kemur þetta ekki á óvart. Og nú talar hæstv. heilbrrh. um að það megi semja við sjúkrahúsið um að stefna í halla á næstu tveimur árum. Hver gefur þá heimild? Það var ekki tekið fyrir í fjárln. og ráðherra hefur ekki einu sinni heimild til slíks, allra síst meðan þing starfar.

Virðulegi forseti. Þetta er meint aðgerð gagnvart Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar í að skapa svigrúm fyrir þessar stórfelldu skattalækkanir sínar sem var lofað í kosningabaráttunni, stórfelldar skattalækkanir sem verða að koma niður á velferðarþjónustunni. Þetta lá fyrir og liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Ég krefst þess hér að fjárln. taki málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss inn í nefndina og ræði fjárhag sjúkrahússins, fjárvöntun og hvernig eigi að bregðast við. Ef á að gera það með lántökum eða heimildum til að efna til skulda er það fjárln. og Alþingis að heimila það. Ég krefst þess hér í heyranda hljóði að málið fari til fjárln. Við *höfum svigrúm. Úr því að Alþingi á að standa til mánudags* höfum við svigrúm til þess núna yfir helgina. Tökum á þessu máli eins og menn.

[10:20]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Það er aldeilis stuð á félaga mínum, hv. þm. Jóni Bjarnasyni, í morgunsárið (**JBjarn:** ... líka í stuð.) en ég hvet fólk til þess, hv. þingmenn og aðra, að spara stóru orðin í þessari umræðu þar til endanlegar tillögur liggja fyrir um það hvernig Landspítalinn ætlar að haga starfsemi sinni á næsta ári. Ég ítreka hér að það er rangt að verið sé að skerða fjárheimildir Landspítalans. Það er rangt. (Gripið fram í.) Ég vísa í orð hæstv. heilbrrh. hér áðan um það mál. Það er allt annað mál að tala um fjárþörf en fjárheimildir. Það er allt annað mál og ég bið menn að hafa það í huga.

Það er ljóst að illa hefur gengið að halda utan um rekstur inn á Landspítalanum á síðustu árum. Rekstraráætlun sem sjúkrahúsið lagði upp með á þessu ári gerði ráð fyrir tæplega 400 millj. kr. halla. Hvernig endaði árið, eða hvernig útlit er fyrir það? Það er útlit fyrir að það verði tæpir tveir milljarðar. Það sýnir okkur að illa hefur gengið að halda utan um þennan rekstur. Það er nauðsynlegt að gera þar betur svo að takist að halda utan um reksturinn þannig að við lendum ekki í sömu sporum og t.d. Svíar eru að lenda í núna á sínum stóru sjúkrahúsum, að ráðast í stórfelldan niðurskurð *á starfseminni. Hér er um stórt mál að ræða* og ég er fullviss um að allir aðilar málsins munu taka á því af fullri ábyrgð.

Hvað það varðar að kalla saman fund fjárln. til að fjalla um málið minni ég á að fjárln. hélt fund í gær þar sem við fjölluðum um málefni Landspítalans. Nefndin hefur látið þessi mál til sín taka og við munum að sjálfsögðu fara yfir þau eftir áramót þegar þing kemur aftur saman. Ég vildi bara minna á að nefndin fundaði um málefni spítalans í gær þannig að ég sé enga þörf á því að kalla nefndina saman núna í bláenda (**JBjarn:** Ekki ...) lokastarfa þingsins að þessu sinni. Ég ítreka að það er ekki um það að ræða að fjárlög ársins 2004 geri ráð fyrir skerðingu á fjárheimildum Landspítalans frá því sem verið hefur.

[10:22]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið talað um niðurskurð til spítalans. Þó liggur það fyrir, eins og fram kom í máli hæstv. heilbrrh., að fjárveitingar til spítalans hafa á undanförnum árum verið að aukast. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að þær hafa aukist ár frá ári og búið er að bæta inn í fjárveitingar til spítalanna verulegum upphæðum á hverju einasta ári, varanlega. Hér er ekki bara um það að ræða að menn hafi brugðist við aðsteðjandi vanda og sett fram peninga í fjáraukalögum heldur er búið að stækka rammann, það er búið að leggja fram meiri peninga í þennan rekstur.

Það hefur m.a. komið fram í skýrslum alþjóðlegra stofnana á borð við OECD að framlög okkar til heilbrigðismála eru með því hæsta sem þekkist í heiminum hvernig sem á þau mál er litið. Þá verða menn að svara einfaldri spurningu, virðulegi forseti, ekki síst stjórnarandstaðan: Er það krafa stjórnarandstöðunnar hérna að það eigi að auka enn framlög til heilbrigðismála almennt? Eða er það skoðun stjórnarandstöðunnar að það eigi að fara í stefnumótunarvinnu til þess að tryggja að við getum nýtt þessa peninga innan þess ramma sem við höfum? Þessari spurningu var alls ekki svarað hér áðan. Stjórnarandstaðan talaði út og suður. Einn hv. þm. talaði áðan um að stefnumótunin þyrfti að fara fram einhvers staðar annars staðar. Hvað var hv. þm. þá að segja? Að það ætti að laga starfsemi spítalans að fjárveitingunum en það ætti ekki hins vegar að gera það á vettvangi stjórnarnefndarinnar heldur einhvern veginn öðruvísi? Ég held að hv. þingmenn verði að svara þessum spurningum skýrt. (Gripið fram í.) Það þýðir ekki einfaldlega að koma hér ár eftir ár í öllum málum af hálfu stjórnarandstöðunnar og heimta meiri pening en taka aldrei á hinni pólitísku stefnumótun. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Það þýðir ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar að vera alltaf stikkfrí í allri pólitískri umræðu og krefjast bara aukinna útgjalda. (Gripið fram í.) Það er billegur málflutningur. (**ÖJ:** Þetta er ábyrgðarlaust hjal.)

[10:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal svara hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Já, það á að fara í stefnumótunarvinnu og það er það sem við höfum krafist í stjórnarandstöðunni á undanförnum árum, ekki bara núna heldur á undanförnum árum. Hæstv. ráðherra skipaði nýverið nefnd sem á m.a. að gera tillögur um það hvert skuli vera hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þegar þeirri vinnu verður lokið hefði verið eðlilegt að endurskoða fjárveitingar með tilliti til þeirra ákvarðana sem eru teknar um það hvert skal vera hlutverk spítalans. Stjórnendur spítalans hafa ítrekað kallað eftir því að stjórnvöld ákveði og segi með skýrum hætti hvað það er sem þar á að vinna, hver verkefnin skuli vera. Svörin hafa ekki komið. Og nú, þegar hæstv. ráðherra hefur skipað þessa nefnd, er ekki beðið.

Auðvitað er þetta niðurskurður miðað við þá þjónustu sem hefur verið veitt. Auðvitað er það niðurskurður vegna þess að það er verið að ákveða að draga úr þjónustunni, það er verið að ákveða að skerða þá þjónustu sem sjúkrahúsið hefur veitt á undanförnum árum og stjórnendum er ætlað að loka endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúka í Kópavogi. Stjórnendum er ætlað að loka Arnarholti. Stjórnendum er ætlað að draga úr bráðamóttökunni. Ábyrgðin á að vera þeirra. (Gripið fram í.) Nei. Þetta er pólitísk ákvörðun, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. (Gripið fram í.) Það er pólitísk ákvörðun hver á að vinna hvaða verkefni á stofnunum heilbrrn. Hv. þm. meiri hlutans hafa ekki þorað á undanförnum árum að takast á við þessa pólitísku ábyrgð. Það er kominn tími til að henni verði vísað til ykkar, hv. þingmenn.

[10:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla að biðja hv. þingmenn að sitja á sér vegna þess að hér er ekki um stórar stefnumarkandi ákvarðanir að ræða. Hér er um að ræða hagræðingaraðgerðir á stærstu stofnun landsins sem telur 5.000 manna starfslið og er með um 25 milljarða króna útgjöld. Ef það væri um slíkar ákvarðanir að ræða að loka, hætta starfsemi eða taka upp innritunargjöld fer sú stefnumörkun auðvitað fram í ráðuneytinu en hér er ekki um slíkt að ræða. Hér er verið að tala um hagræðingaraðgerðir sem lúta að því að laga sig að þeim fjárveitingum sem spítalinn hefur.

Mér finnst undarlegt að heyra í sömu þingmönnunum og voru á landsfundi Samf. og hlýddu á ræður um að það væru nógir peningar í heilbrigðiskerfinu, það þyrfti bara að ráðstafa þeim öðruvísi. Nógir peningar, sögðu þeir. Hvar eru þeir þingmenn núna (Gripið fram í.) sem kalla á meiri útgjöld, hvar eru þeir þingmenn núna? (**EMS:** Hvar er stefnan?) (**Gripið fram í:** Í heilbrigðismálunum?) (**Gripið fram í:** Hvar er stefnan?) (Gripið fram í.) Stefnan er mótuð í ráðuneytinu, stefnan er að mótast varðandi Landspítala – háskólasjúkrahús í nefnd sem hv. 1. þm. Suðurk. á aðild að. (**Gripið fram í:** Akkúrat.) (**Gripið fram í:** Það veitir ekki af.) Hvar eru þeir þingmenn núna sem segja að það séu nógir peningar í þessu kerfi? (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Það séu nógir peningar og þurfi bara að ráðstafa þeim öðruvísi?

Þessir sömu þingmenn bregðast með þessum hætti hér við hagræðingaraðgerðum sem geta vissulega verið sársaukafullar (**ÖJ:** Á bráðamóttökunni?) en þær eru nauðsynlegar. (**ÖJ:** Hagræðing á bráðamóttöku?) Það er rangt sem hér hefur verið haldið fram að það eigi að leggja niður þjónustu á bráðamóttöku. (**ÖJ:** ... að segja það.) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (HBl)**:** Mér þykir sjálfsagt að leyfa það að hv. þingmenn láti geðbrigði sín í ljósi.)

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 2. umr.

Frv. HBl o.fl., 447. mál. — Þskj. 635, nál. 696, brtt. 697 og 702.

[10:29]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara frá meiri hluta allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson frá fjármálaráðuneyti og Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Frumvarpinu er ætlað að steypa saman í einn lagabálk ákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, þ.e. framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að eftirlaun verði framvegis greidd beint úr

ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og verið hefur. Iðgjaldahlutfall þeirra sem eiga rétt á eftirlaunum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er hækkað úr 4% af föstum launum í 5% af heildarlaunum. Þetta er gert í ljósi þess að réttur til lífeyrisgreiðslna samkvæmt frumvarpinu er nokkru betri en almennt gerist.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, þskj. 697, og helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lögfest verði ákvæði þess efnis að eftir að þeir sem lögin taka til hafa náð fullum réttindum samkvæmt þeim falli niður skylda þeirra til greiðslu iðgjalda. Þá er lögð til smávægileg breyting á orðalagi 2. mgr. 1. gr.

2. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði 10. gr. sem kveður á um að réttur til greiðslna úr ríkissjóði falli niður ef þingsetu lýkur fyrir 40 ára aldur.

3. Gerð er tillaga um breytingu á 14. gr. til þess að hnykkja á því að varaþingmenn skuli greiða 5% af launum sínum fyrir þingsetuna til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þar sem fleiri launaliðir en þingfararkaup geta talist til heildarlauna varaþingmanns. Þetta er orðalagsbreyting aðeins til þess að hnykkja á þeirri merkingu sem lögð var í upphafi í ákvæðið.

4. Lögð er til sú leiðrétting á 15. gr. að fellt verði niður ákvæði um makalífeyri í 5. mgr. þar sem hvergi er vísað til hans annars staðar í greininni.

5. Þá eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 22. gr. Annars vegar er lögð til orðalagsbreyting til að hnykkja á efnisatriði greinarinnar um að sá sem hefur öðlast rétt samkvæmt eldri lögum geti tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim. Hins vegar er lagt til að almennum lagaskilareglum verði beitt um ákvæði frumvarpsins og því er gerð tillaga um að lokamálsliður 1. mgr., þess efnis að eldri lög geti ekki gilt um alþingismenn sem voru kosnir til Alþingis í fyrsta sinn 10. maí 2003, verði felldur brott.

6. Lagt er til að gerðar verði breytingar á 23. gr. þess efnis að ekki verði hróflað við álagi varaforseta Alþingis, formanna þingnefnda og formanna þingflokka að þessu sinni þannig að það verði áfram 15%. Þá er lagt til að sömu reglur gildi um þá alþingismenn sem eru formenn stjórnmálaflokka sem hafa hlotið a.m.k. þrjá þingmenn kjörna, og eru ekki jafnframt ráðherrar, og formenn þingnefnda, þingflokka, sérnefnda og varaformenn fastanefnda þess efnis að enginn geti fengið nema eina álagsgreiðslu samkvæmt ákvæðum þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að tekið verði til athugunar hvort gera skuli breytingar á lögum um Kjaradóm þannig að hann geti framvegis ákvarðað álag á þingfararkaup í stað þess að sú ákvörðun sé í höndum þingmanna sjálfra. Meiri hlutinn telur eðlilegt að í ljósi þess að Kjaradómur ákveður samkvæmt gildandi lögum þingfararkaup ákveði hann einnig kjör þingmanna í heild sinni. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að skoða þurfi sérstaklega hverjir eigi að fá slíkt álag greitt og hvort greiða skuli álagsgreiðslur til einstakra alþingismanna fyrir að sinna fleiri trúnaðarstörfum en einu fyrir stjórnmálaflokk hverju sinni.

[10:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum og slegið á hver kostnaðurinn er varðandi frv. Ég hef ekki heyrt af því að það hafi verið gerðir útreikningar fyrir allshn. þingsins en ég trúi því ekki heldur að hæstv. forsrh. slái á tölur út í loftið og held að það hljóti að liggja einhverjir útreikningar á bak við. Þess vegna finnst mér rétt að spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson hvort hann hafi heyrt af þessum útreikningum og hafi þá undir höndum sem hæstv. forsrh. virðist hafa látið gera ítrekað.

[10:35]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get greint frá því að ég hef ekki undir höndum neina útreikninga sem hv. þm. vísar til að hafi verið í umræðunni. Hins vegar get ég greint frá því að ég hef sem formaður allshn. óskað eftir því að það verði reiknað út hversu mikið eftirlaunaskuldbinding ríkisins eykst við frv. eins og það liggur fyrir með þeim brtt. allshn. sem ég var að fara yfir.

[10:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrrakvöld fullyrti hæstv. forsrh. að frv. fæli í sér 6 millj. kr. aukinn kostnað fyrir ríkissjóð og í gærkvöld var hann kominn niður í 2 millj. (**Gripið fram í:** 1–2.) Já, 1–2 millj. (**Gripið fram í:** 3.) Í framhaldinu er rétt að spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson hvora áætlunina hann telji réttari. Ég hef enga trú á því að hæstv. forsrh. fari með fleipur og sé bara að slá þessum tölum út í loftið. Mér finnst ekki ólíklegt að hv. þm. Bjarni Benediktsson hafi frétt af þessum útreikningum hæstv. forsrh. og ég óska eftir því að hann upplýsi hvora áætlunina hann telji réttari, þessa frá í fyrrakvöld eða frá því í gærkvöld.

[10:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hálfspaugilegt að hv. þm. ætlist til þess (**Gripið fram í:** Ertu ekki formaður?) að ég fari að leggja mat á þær tölur sem aðrir hv. þm. hafa komið fram með í umræðunni. Ég held að það væri eðlilegast og réttast fyrir þingmanninn að beina fyrirspurnum um þær tölur til þeirra sem komu með þær fram. Það er algerlega fráleitt að ætlast til þess að ég sem hef ekki tekið þátt í umræðum um þær tölur leggi mat á það hvernig þær hafa verið.

Hins vegar vil ég koma því að í þessari umræðu að það er í sjálfu sér ágætt ef menn vilja í umræðu um áhrif þessa frv. á útgreiðslur úr ríkissjóði eða áhrif þeirra á eftirlaunaskuldbindingar ríkisins fara að reikna það út hvað gerist á næstu árum hvað varðar útstreymi úr ríkissjóði. (Gripið fram í.) Hins vegar tel ég langeðlilegast að við það að meta þessi áhrif taki menn frekar til skoðunar hver áhrifin verða á eftirlaunaskuldbindingar ríkisins til lengri tíma litið. Ef um er að ræða auknar álögur á ríkissjóð vegna frv. væri það eins og að horfa einungis á afborganirnar sem falla til á næsta ári að skoða mál einungis eitt til tvö ár fram í tímann í stað þess að skoða hver heildarskuldbindingin er. Það er það sem ég hef óskað eftir að verði reiknað út fyrir mig. (**Gripið fram í:** Hvenær kemur það?) Það verður í dag.

[10:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg dæmalaus laugardagsmorgunn. Hér á að keyra í gegn með meirihlutavaldi stórkostlegar úrbætur. Fyrir utan breytingarnar á lífeyrisrétti sem er að finna í frv. var í frv. kauphækkun til 22 af 63 þingmönnum. Það urðu gífurleg viðbrögð í þjóðfélaginu og við minnumst þess að viðbrögð hafa orðið við ýmsu í þjóðfélaginu á liðnum vikum. Við erum almannavaldið. Við höfum

a.m.k., þótt ekki væri annað, átt að hlusta á það en við höfum líka fengið að heyra viðbrögð ráðamanna við þeim viðbrögðum. Við höfum fengið að heyra það í fjölmiðlum að á viðbrögðunum í þjóðfélaginu tekur maður ekki mark núna af því að núna hentar það ekki. Það væri gaman að rifja upp á þessari stundu ýmis önnur viðbrögð þegar þjóðinni var illa við það sem aðrir ráðamenn voru að gera á peningamarkaði.

Í upphafi þings á þessum laugardagsmorgni hlustum við á að það eru stórmál í uppnámi í þjóðfélaginu, uppsagnir á spítölum og annars staðar, en það sem liggur á á þessum laugardagsmorgni, daginn eftir áætluð þinglok, er að keyra í gegn mál sem engin ástæða er til að flýta sér með og sem við hefðum átt eins og fólk að setjast yfir, vinna með og skoða hvað er hægt og ásættanlegt að gera saman. Þess vegna er þessi laugardagsmorgunn alveg dæmalaus, hann undirstrikar það sem hefur auðvitað verið ljóst í langan tíma, að menn eru gjörsamlega búnir að glata því að hafa skilning á því við hvaða aðstæður maður vinnur saman og hvenær maður setur fram frv. stjórnarflokkanna og keyrir það í gegn með valdi sínu. Þetta var ekki þannig frv. Þetta var ekki stjórnarfrv. sem maður setur fram og hlustar á sjónarmið hinna og ákveður svo hvort maður afgreiðir eða ekki. Nei, þetta mál var öðruvísi vaxið og ég ætla, herra forseti, að fara aðeins yfir það.

Á miðvikudegi kl. 4 þar sem til umfjöllunar á þingflokksfundum eru síðustu mál fyrir jól, afstaða þingmanna til þingmála og atkvæðagreiðslu, kemur til þingflokkanna frv. um breytingu á lífeyrisrétti. Enginn hefur komið að undirbúningi málsins, enginn hefur tekið þátt í því að skoða hvaða mál ættu að fara inn í þetta frv. Eiga það að vera þau sem þarna er að finna? Hefðu önnur átt að koma þar til?

Sumt er ágætt í þessu máli ef það væri skoðað, jafnvel lagfært, annað óásættanlegt. Formenn hafa fallist á að þessi mál komi til skoðunar þingflokka og þess vegna tökum við málið til skoðunar, að sjálfsögðu. Það eru strax sterk viðbrögð í okkar þingflokki. Menn skilja ekki að svona mál komi inn á miðvikudegi þegar þinginu á að ljúka á föstudegi og það sé ætlast til að því verði lokið fyrir jól. Það er fráleitt. Það er vilji til að vinna með svona frv. á komandi vikum og skoða hvaða samstaða gæti náðst um frv. og það sem þar er að finna, að fá almennileg vinnubrögð og meta hlutina saman. Það er gróf yfirferð yfir málin við þessar aðstæður og það eru strax sterk viðbrögð um að þarna verði kostnaður að koma fram. Það eru líka strax viðbrögð um að málið sé mikið álitamál.

Samt næst sú niðurstaða að skoða málið og ég var ein þeirra sem töldu rétt að hittast, skoða málið og kanna hvort unnt væri að ná samstöðu um að nota lengri tíma í málið eins og ég hef átt að venjast þegar um er að ræða umbætur í þinghaldinu eða aðrar breytingar sem þingið hefur farið í varðandi umhverfi, stöðu eða kjör þingmanna.

Ég verð að lýsa því, virðulegi forseti, að ég er mjög ósátt við þau viðbrögð sem urðu um leið og við komum með þessi mál inn í nefndina. Ég er mjög ósátt við það hvaða vinnubrögð er verið að taka upp, núna, um það hvernig við vinnum að málefnum þingmanna.

Þegar ljóst varð að það væri of mikill ágreiningur til að hægt væri að vinna með þetta mál og ná niðurstöðu um að fara með það fram á þessum dögum, að við gætum engan veginn stutt það í þeim búningi sem það var sett fram, er bara ákveðið að fara fram með það sem meirihlutamál. Þá breytist málið eins og hendi sé veifað úr því að eiga að vera sameiginlegt mál allra flokka í það að vera meirihlutamál. Auðvitað kunnu þessir stjórnarflokkar ekkert að vinna saman að máli eða skoða hvort mál gæti verið sameiginlegt. Það kom alveg í ljós um leið og við hittumst í annað sinn. Þá sögðu menn: Nú ætlum við að kynna brtt. meiri hlutans. Hvaða meiri hluta? spurðum við sem höfðum fallist á að skoða mál sem átti að kanna hvort gæti verið samstaða um eða hægt að ná niðurstöðu um á milli flokka. Hvaða meiri hluta?

Virðulegi forseti. Það er ekki ásættanlegt að haldið sé eins á málum og búið er að gera í þessu máli. Samstaða sem menn vildu ná náðist ekki og þá er brotið blað í þingsögunni með því að fara fram með svona mál með meirihlutavaldi. Ekkert minna. Ég ætla að fara aðeins yfir það hvernig áður hefur verið unnið með svipuð mál. Ég er búin að taka oft þátt í því sem þingflokksformaður til margra ára á Alþingi Íslendinga.

Það var frábært að vinna undir leiðsögn Ólafs G. Einarssonar að ýmsu því sem horft hefur til framfara á Alþingi á liðnum árum. Þar var einmitt unnið saman, einn frá hverjum flokki, allt tekið upp á borðið þar sem sjónarmið allra naut sín og skoðað hvað væri hægt að gera, hvað væri ásættanlegt, og sameiginlegri niðurstöðu náð. Þetta voru góð vinnubrögð sem oft hafa leitt til þess að við höfum náð árangri í vinnubrögðum á þinginu, skapað nýtt umhverfi á ýmsan hátt og jafnvel einhverjar úrbætur í því sem hefur snúið að þingmönnum.

Á kjörtímabilinu 1995–1999 átti að reyna að fara í breytingar á starfsumhverfi þingmanna og breyta t.d. þingsköpunum og öðru sem hefði mátt betur fara og til framtíðar horfði. Þá var líka búið að ná allgóðum árangri með umtalsverðar breytingar á því sem skipti máli laust fyrir kosningarnar 1999 og ánægja í flestum þingflokkum með það sem þar átti að breytast í starfsumhverfi okkar. Nei, þá var því máli sópað út af borðinu. Af hverju? Það var ekki hægt að ná samstöðu um allt. Það mátti ekki taka það sem var samstaða um og gera þær áfangabreytingar. Nei, þá var ágreiningurinn meiri á milli stjórnarflokkanna sjálfra og engin leið að ná því fram að við sameinuðumst um þær úrbætur sem samstaða væri um og tækjum það skref. Nei, öllu var sópað út af borðinu og hefur ekki sést síðan. Sópað út af borðinu eftir allmikla vinnu og hefur ekki sést síðan. Þó eru liðin rúm fjögur ár.

Núna er komið inn með mál sem snýr að kjörum þingmanna og má jafna við nákvæmlega þessi vinnubrögð. Þá er það kannað á rúmlega hálfum sólarhring hvort hægt sé að ná samstöðu um málið og þegar það er ljóst að svo er ekki er það afgreitt sem meirihlutamál. Ég gagnrýni þetta harðlega. Svona á ekki að vinna og við eigum ekki að senda skilaboð frá Alþingi um að svona ætlum við að gera núna fyrir okkur. Göngum við í kringum einiberjarunn. Nú eru jól hjá okkur og við ætlum að gera þetta fyrir suma okkar þingmenn, aðallega helst ráðherra okkar, og okkur er alveg sama hvað þið þarna fyrir utan hafið um það að segja þó að þið hafið sjálf verið í einhverri réttindabaráttu.

Svona eigum við ekki að haga okkur. Nei, við eigum að taka lengri tíma í málið. Auðvitað átti kostnaður að liggja fyrir og hann var það fyrsta sem við spurðum um. Er hægt að fá að vita hvaða kostnaður fylgir þessu máli? Fulltrúi fjmrn. sagði nei, það er ekki hægt. Það tekur marga daga. Það er hugsanlega hægt í næstu viku. Hægt er að slá kannski á það hvað þetta þýðir fyrir þá sem eru núna á þingi ef hægt er að

áætla hvað þeir sitji lengi. Það er ekki hægt varðandi þá sem eiga eftir að taka sæti á Alþingi.

Það er grundvallaratriðið. Auðvitað má spá í það hvernig hlutirnir hafa verið fram að þessu en það var alveg ljóst þar sem við sátum á fundi að ekki er hægt að koma með svör við þessu. Fyrst og fremst lögðum við áherslu á hvort hægt væri að ná samstöðu um að vinna með frv. í janúar og afgreiða það í febrúar. Nei, það var ekki hægt eins og hér hefur komið fram. Þá fórum við þrátt fyrir það í yfirferð á málinu til að skoða hvað í því fælist vegna þess að það var alls ekki ljóst fyrr en við settumst yfir málið í nefnd. Engan veginn var þekking á því þegar það kom til þingflokkanna, eingöngu gróf yfirferð á því hver meginatriði frv. væru.

Eftir að við vorum búin að fara yfir málið, skoða hvað í því fælist og taka það fyrir á nokkrum fundum í þingflokknum var alveg ljóst að við þær aðstæður með svona vinnubrögðum og varðandi þær megináherslur sem stjórnarliðið lagði og prinsippin sem þar var að finna mundum við ekki ná samstöðu um málið.

Er þetta sem ég er hér að segja þá nöldur í stjórnarandstöðu? Er það sem ég er að segja bara eitthvað ómerkilegt af því að við höfum ekki fengið eitthvað í gegn sem við vildum? Svarið er nei. Það sem ég er að segja er að viðhafa á vinnubrögð á Alþingi sem eru ásættanleg. Við erum nefnilega hér að skoða það, á Alþingi Íslendinga, að færa okkur í eftirlaunagreiðslum og ýmsum hlunnindum inn á það sem þekkist í nágrannalöndunum. Þegar við skoðum hvernig þessi mál eru vaxin í nágrannalöndunum er líka ljóst að í frv. felst betri réttur, virðulegi forseti — það væri ágætt ef þeir sem ætla að vera í hliðarsal halli hurðinni þannig að þeir sem sitja í sal og vilja hlýða á ræðu mína geti gert það. Þessi réttur sem hér um ræðir er fyrst og fremst sambærilegur við það sem gerist í Þýskalandi. Í öllum hinum tilfellunum er rétturinn meiri en full ástæða er til að skoða þetta. Það er full ástæða til þess að nefnd sem vill úrbætur í þessu máli taki það upp á borðið. Hvernig er þetta í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og allri Evrópu ef því er að skipta? Þess vegna óskaði ég eftir því áður en við byrjuðum með málið með hringingu til nefndarritara að það yrði kannað gróflega hvernig þetta væri annars staðar. Það var aldrei tekið fyrir í nefndinni. Að sjálfsögðu ekki. Það var ekki tími til þess. Það átti að afgreiða málið á tveimur dögum.

Hvernig er þetta þá gert annars staðar þar sem eru orðnar talsvert miklar umbætur og breytingar í umhverfi þingsins? Tökum Noreg fyrir. Þar voru gerðar viðamiklar breytingar í síðasta júnímánuði og mestu breytingarnar, ef ég hef skilið málið rétt, lutu að stöðu hæstv. forseta. Ráðherrarnir voru ekki aðalmálið heldur forseti þingsins, enda hefur forseti þingsins þar þá stöðu sem forseti á Alþingi Íslendinga ætti líka að hafa. Hann er æðsta valdið vegna þess að þingið er æðsta valdið í þeim demókratísku löndum sem við berum okkur saman við.

Hvernig gerðu þeir þetta í Noregi? Þeir settu starfshóp allra flokka á laggir í janúar árið 2000. Hver var settur sem formaður? Forseti eins þingsins, Uvdalsþingsins, fulltrúi frá stjórnarandstöðunni, og leiddi starfið til enda. Þar er tekið á öllum þáttum. Það er ekki verið að velja út úr það sem er hentugt að breyta núna fyrir mig eða þig. Tekið er á öllum þáttum. Það er tekið á launanum. Það er tekið á réttindunum, eftirlaunaréttinum, starfsgreiðslunum, álagsgreiðslunum og þar þekkjast líka greiðslur til formanna þingflokka. En hvernig gera þeir það? Jú, þeir segja: Stjórnarandstöðuflokkar eru ekki með sömu aðstöðu og stjórnarflokkar. Stjórnarflokkar hafa alla sérfræðiþekkingu inni í ráðuneytum sem þeir þurfa. Stjórnarflokkar hafa aðstöðu sem er gjörólík stjórnarandstöðunni og þess vegna segja þeir: Við hækkum grunnframlag til stjórnmálaflokkanna um 50–100%, til stjórnarandstöðuflokkanna. Og þar greiða flokkarnir sjálfir formönnum sínum. Hægri flokkurinn greiðir sínum formanni sem er í stjórnarandstöðu ráðherralaun. Verkamannaflokkurinn greiðir sínum formanni 70 þús. norskar kr. á ári. Ekkert af þessu eigum við möguleika á að skoða. Vinnubrögð eins og þau gerast best eigum við ekki möguleika á að viðhafa hér á Alþingi Íslendinga. Nei, hér er það einhver annar og við vitum ekki enn þá, virðulegi forseti, hver samdi frv. Það hefur ekki fengist svar við því. Fyrir okkur var lagt fullbúið frv., við féllumst á að skoða það sem við hefðum e.t.v. ekki átt að gera og sem ég var þó talsmaður fyrir í mínum flokki af því að ég var þvílíkt barn að trúa því að það væri hægt að ná samstöðu um að skoða þessi mál áfram. Við erum ekki að ljúka þingi og þaðan af síður kjörtímabili. Það er bara að koma jólahlé og við gætum unnið með þetta mál til vors, meira að segja á næsta þingi, a.m.k. til vors ef við erum að hugsa um hagsmuni einhvers sérstaks.

Virðulegi forseti. Ég hef greint frá því hvernig þetta mál blasir við mér, hvernig þetta mál blasir við Samf. Við höfðum alveg viljað fara í að skoða alhliða stöðu þingmanna. Við höfum lengi viljað skoða breytingar á þingsköpunum og þorað að taka á þeim. Það er enginn vilji fyrir því. Þetta eru vond vinnubrögð. Þetta eru vinnubrögð þeirra sem kunna ekkert annað en að vera í meiri hluta og beita valdinu. Ég harma það að svona skyldi vera farið með annars ágætan möguleika á því að setjast saman yfir mál, ná einhverjum framförum og úrbótum því margt þyrfti að gera, jafnvel annað en það sem er í þessu frv.

[10:57]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur gefur tilefni til fjölda athugasemda. Ég get ekki heyrt betur en að þingmaðurinn sé í öllum meginatriðum sammála frv. en það sem kom í veg fyrir að hún gæti staðið að þessu máli í nefndinni hafi fyrst og fremst verið einhver ákvarðanafælni.

Þingmanninum varð tíðrætt um meiri hlutann og vald hans. Erindi mitt hingað er fyrst og fremst að gera athugasemd við það sem hún heldur fram, að af formanninum hafi verið lagðar fram í nefndinni brtt. meiri hlutans. Mig langar að biðja hv. þm. að kannast við það að a.m.k. þrjár af þeim brtt. sem lagðar eru fram núna voru unnar í samvinnu við hana og fulltrúa flokks hennar í nefndinni. Þá langar mig að nefna í fyrsta lagi brtt. 1 sem er kennd við tiltekinn hv. þm. í flokki hennar og brtt. 5 og 6. Hv. formaður allshn. reyndi ítrekað (Gripið fram í.) að ná sátt í nefndinni um brtt. og á löngum fundum nefndarinnar var öll áhersla lögð á það.

[10:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega fyrir neðan beltisstað, þetta andsvar, en af því að hv. þm. var að tala um ákvæðið sem væri kennt við þingmann á hún við ákvæði sem á við þá sem eru búnir að sitja lengi í ríkisstjórn, sem á t.d. við um formanninn hennar, þegar menn eru búnir að greiða mjög lengi í lífeyrissjóð án þess að ná lengur réttindum út á greiðslur sínar. Það er auðvitað erfiðast fyrir þá sem sitja í ríkisstjórn vegna þess að það eru svo háar fjárhæðir.

Við komum með fjölmargar spurningar inn í nefndina og gagnrýndum strax nokkra þætti. Þegar við komum svo á næsta fund lagði vissulega formaður fram tillögu eða kynnti að hann mundi koma með brtt. sem hann var viss um að yrði sátt um, brtt. meiri hlutans, og það var fyrir háværa gagnrýni okkar að hann bakkaði með það og sagði: Nei, nei, nei, ég var bara að flýta fyrir.

Það er hárrétt sem ég hef sagt hér og það stendur.

[11:00]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. allshn. sat á löngum fundum út af þessu máli. Formaður nefndarinnar, Bjarni Benediktsson, fór yfir ákvæði greinarinnar með okkur, hinum nefndarmönnunum, lið fyrir lið. Hver einasta grein var rædd, reynt var að ná samkomulagi um það hvaða breytingar hv. þm. í nefndinni vildu gera á frv. Hluti af þeim brtt. sem hér eru inni kom frá hv. þingmönnum Samf. í nefndinni. Án þess að við nefnum nein nöfn í þessu sambandi sem er alveg óþarfi er alveg ljóst að þingmenn Samf. í allshn. lögðu áherslu á tilteknar breytingar og héldu því opnu alveg þangað til á síðasta fundi að hugsanlega næðist sátt um það að Samf. stæði að þessu máli. Tillagan sem hv. formaður lagði fram var tillaga frá honum. Hún var ekki í nafni meiri hlutans og þar var formaður allshn. búinn að safna saman öllu því sem fram hafði komið á fundum nefndarinnar.

[11:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allir í Samf. kannast við það að við fórum inn í nefndina með miklar athugasemdir um að skoða málið og vita hvað í því fælist. Við vorum með miklar spurningar til fulltrúa fjmrn. og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Álitamál okkar kom skýrt fram og ég hef ekkert haft um það að segja hvort það var byggt á þeim álitamálum eða ekki að tillögur formannsins komu fram. Ég er að greina frá því hvernig hann orðaði brtt. sem eru í sjálfu sér aukaatriði annað en þær undirstrika þessa gífurlegu meirihlutahugsun.

Síðan ætla ég, virðulegi forseti, að segja við hv. þingmann: Margt er hægt að leggja Rannveigu Guðmundsdóttur til lasts en ekki nokkur maður mundi gera henni upp ákvarðanafælni.

[11:02]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi verður það að vera alveg skýrt í þessari umræðu að tillögur til breytinga á frv. sem voru til umræðu í nefndinni voru mínar tillögur. Þetta frv. fékk mjög vandlega yfirferð í nefndinni, mun vandaðri og ítarlegri en oft gerist með frv. í nefndum. Þegar upp var staðið og í ljós kom að ekki náðist saman með öllum nefndarmönnum voru það einungis örfá atriði sem stóðu út af borðinu. Búið var að leggja mikla vinnu í að ná nefndinni saman um öll atriði frv. þannig að ég hafna öllum yfirlýsingum um að þetta mál hafi verið unnið með einhverjum meirihlutabrag. Það er fjarri sanni. Samanburður við önnur ríki lá fyrir nefndinni. Hann var ekki tekinn til sérstakrar umræðu en blasti við öllum nefndarmönnum sem kynntu sér þær niðurstöður að með frv. erum við ekki að gera annað en færast nær framkvæmdinni eins og hún þekkist í þeim ríkjum sem við viljum bera okkur saman við.

[11:03]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir að koma hingað og greina frá því að hann flytti sínar eigin tillögur. Ég hef ekkert meira um þennan tillöguflutning að segja. Það er hárrétt að við fórum yfir hverja grein með fulltrúum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og með fulltrúa fjmrn. Við komum strax með athugasemdir við allar greinar. Við vildum vita hvar málið lægi, hverju væri hægt að breyta og hverju ekki.

Það var ákveðið prinsippmál sem alls ekki mátti breyta og það var alveg ljóst frá upphafi að ef það yrði þannig mundi á því steyta. Það var ljóst frá upphafi. Við skulum hafa það á hreinu.

[11:04]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur í þessari umræðu fyrst og fremst vikið máli sínu að vinnubrögðum nefndarinnar. Nú síðast þegar hún kom hér upp vék hún máli sínu að því að það væru ákveðin atriði sem steytt hefði á þannig að ég sakna þess auðvitað þegar hún kemur hér upp og ræðir frv. eins og það liggur fyrir þinginu að hún skuli þá ekki taka til umfjöllunar þau efnisatriði frv. sem hún er svona ósátt við.

Öll áherslan er á vinnubrögð nefndarinnar og ég stend hér upp og segi: Vinnubrögð nefndarinnar voru eins góð og þau máttu vera. Það lá fyrir frá upphafi þegar frv. kom fram að það naut stuðnings formanna allra flokka og stuðnings þingmanna úr öllum flokkum. Það lá fyrir og var síðast staðfest af einum flm. frv. sem situr með hv. þm. í flokki að þetta mál yrði unnið með miklu hraði í nefndinni og hér á þinginu. Þetta lá fyrir og það var vitneskja um þetta hjá formönnum allra flokka og hjá þingmönnum þeirra flokka sem studdu frv., þingmönnum allra flokka.

[11:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég hef talað um það hvernig vinnubrögð eigi að vera ef menn ætla að reyna að ná sátt og ná niðurstöðu um jafnviðkvæm mál og hér voru dregin upp á borð. Ég geri mér grein fyrir því og gerði mér grein fyrir því þegar við vorum í nefndinni að að sjálfsögðu hefðum við ekki átt að taka þátt í þessari vinnu. Það er grundvallarmunur á því að koma inn með frv. þar sem var einn frá hverjum flokki sem féllst á að flytja það á grundvelli þess að þetta ætti að vera samvinnumál eða, eins og ég hef greint frá, þegar menn byrja saman, einn frá hverjum flokki, að skoða mál. Ég hélt að við værum að fara saman í þannig vinnu og þess vegna kom ég inn á fund og sagði: Málinu er lokið. Það næst ekki niðurstaða í því. Málinu er lokið. Og ég var þvílíkt barn eftir öll þess ár á þingi og eftir að hafa kynnst svona vel þessum meiri hluta að ég hélt að málinu væri lokið.

Nei, því var ekki lokið. Þá ætlum við áfram með það af því að við erum meiri hlutinn. Þetta er það sem ég er að draga fram. Þetta er aðalatriðið.

[11:07]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur var merkileg. Þetta mál var kynnt sem þverpólitískt mál, var kynnt þannig í fjölmiðlum og á þingi og við 1. umr. gerði Samf. enga athugasemd við það.

Gagnrýni hv. þingmanns á málsmeðferð er auðvitað gagnrýni á Össur Skarphéðinsson, formann Samf. og hv. þm. Það

lýsir vel ástandinu innan Samf. Það gerðist síðan að fólk úti í bæ sem telur sig hafa meira vit á þingstörfum Samf. en kjörnir þingfulltrúar hennar tók völdin í þingflokki Samf. og sneri hverjum þingmanninum við á fætur öðrum. Hingað kom kona í húsið og rassskellti þingmenn fram eftir nóttu. Það má auðvitað lesa í orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur þegar hún talar um að annars staðar fái stjórnmálaflokkarnir greiðslur sem þeir geti síðan greitt formanni sínum hvort sem hann situr innan þings eða utan. Um það snýst þetta mál.

[11:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Oft höfum við þingmenn rætt um það að gera úrbætur. Sumt af því sem var í frv. er meðal þess sem við höfum rætt. Það vissi formaður minn. Hann hefur heyrt mig segja það, sumt af því, ekki allt sem var þarna.

Ég hef verið talsmaður þess undanfarin 2–3 ár að það yrði farið í að skoða ýmis mál þessu tengd, ekki endilega það sem kom í frv. stjórnarflokkanna en ýmislegt því tengt. (**Gripið fram í:** Stjórnarflokkanna?) (**Gripið fram í:** Er þetta stjórnarfrv.?) Stjórnarflokkanna, þeir sömdu frv. (**Gripið fram í:** Síðan hvenær?) (**Gripið fram í:** Hverjir sömdu frv.?) Stjórnarflokkarnir.

Virðulegur forseti. Tekur þetta tíma af mínum tíma? (**Gripið fram í:** Hverjir sömdu frv.?) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Á ekki að svara andsvörum?) Jú, jú, ef ég fæ tækifæri til þess. Ég hef verið talsmaður fyrir því að við færum saman í svona vinnu og það var meira að segja rætt manna á meðal fyrir síðustu kosningar að reynt yrði að skoða það að semja frv. af þeim sem sátu á þingi þar sem allir kæmu að því fyrir kosningar, síðan yrði vinnu við frv. haldið áfram eftir kosningar. Hér erum við að tala um mál sem dettur inn á borð og á að afgreiða á tveimur dögum.

[11:09]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit eiginlega ekki hverjum hv. þm. var að svara, hún var ekki að svara mér. Það væri fróðlegt að vita og heyra hana svara þeirri gagnrýni sem ég kom fram með að hringlandaháttur Samf. felist í því að verkalýðsforingjar úti í bæ, allir skráðir í Samf., hóti öllu illu og að kona sem birtist á fimmtudagskvöldinu í þinghúsinu og tók hvern þingmann Samf. á fætur öðrum út í horn, séu það fólk sem hafi tekið völdin í þingflokki Samf. (Gripið fram í.) Þannig var það bara. Þetta auðvitað þykist þið ekki kannast við en á þetta horfði allur þingheimur. Og þegar hv. þm. dregur það fram hvernig það er erlendis, að stjórnmálaflokkarnir geti greitt formanni sínum laun og álag burt séð frá því hvort hann situr á þingi eða ekki, kemur sannleikurinn í málinu í ljós. (**Gripið fram í:** ... þessi kona?)

[11:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef engu að svara þessum þingmanni, engu. Þetta er ekki svaravert. Þau andsvör sem ég hef fengið hér (**Gripið fram í:** Samfylkingarkona.) eru fráleit. Ég hef farið mjög vel yfir þetta mál og mér finnst það alvarlegt. Þetta mál er alvarlegt (Gripið fram í.) og ég hef engu að svara þessum þingmanni eins og ... (**Gripið fram í:** Styður þingmaður frv.?) Ég mun ekki styðja þetta frv. (**Gripið fram í:** Gott að það kom fram.)

[11:11]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það eftir þessa ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með Samf. í málinu. Samf. er búin að funda kvölds og morgna og jafnvel næturlangt um málið og um það hvort hún muni styðja frv. Síðan kemur hv. þm. hingað upp og gerir okkur grein fyrir þeim athugasemdum sem hún hefur við frv. og niðurstaðan er sú að hún hefur engar athugasemdir við frv. Hún hefur einungis athugasemdir við verklagið.

Þetta var dæmalaus ræða og rýr í roðinu. Ég hlýt að gera athugasemdir við það að hv. þingmaður haldi því fram að formenn stjórnmálaflokkanna hafi fallist á það að málið kæmi til skoðunar. Þetta er bara rangt. Formenn stjórnmálaflokkanna gerðu með sér samkomulag um það að leggja málið fram með þessum hætti, ekki að það kæmi til skoðunar. Ef það er brotið blað í þingsögunni lýtur það að því að formenn einstakra stjórnmálaflokka ætli sér að hlaupa undan máli sem þeir höfðu samþykkt að yrði lagt fram, og einstakir þingmenn sömuleiðis.

[11:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram í máli mínu hvaða athugasemdir ég hef gert við þetta mál, og ég gerði þær hér í upphafi. Þetta er mjög stórt mál og ég skil vel að stjórnarmeirihlutanum líði illa og sé að reyna að gera þetta að einhverju „flippmáli". Ég skil það alveg og geri engar athugasemdir við það.

Þingmaðurinn sat með mér í allshn. Hann veit allt um það hvað við fórum yfir þar, hann veit alveg hvað það var sem við gerðum athugasemdir við ... (**SKK:** Ég hef ekki hugmynd um það.) En leiðinlegt, við skulum tala saman.

Virðulegi forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að þó að formenn flokka hafi fallist á að leggja fram frv. mundi okkar formaður aldrei ákveða að svona ætti frv. að fara í gegn fyrir okkar hönd, aldrei.

[11:13]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það breytir því ekki, hv. þm., að hér hafa ekki verið færðar fram neinar efnislegar athugasemdir við frv. Það vantaði ekki stóryrðin þegar við vorum að ræða málin í nefndinni. Hv. þm. gerði efnislegar athugasemdir við frv. en kýs hins vegar að nefna þær ekki hér. Ég get upplýst að það er alveg hárrétt sem hv. þm. Páll Magnússon hefur upplýst, þingmaðurinn ræddi það að gerðar yrðu breytingar á frv. til að tryggja að formenn stjórnmálaflokka sem ekki sætu á þingi fengju samt sem áður þá uppbót sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar kýs hv. þm. að gera ekki grein fyrir þessari efnislegu athugasemd sinni hér í þingsalnum, heldur lætur við sitja að gera það í nefndinni.

Eftir stendur að hv. þm. gerir engar efnislegar athugasemdir við frv. heldur einungis verklagið.

[11:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli hv. þingmanna á því sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði, að sú er hér stendur hafi verið með stóryrði í nefndinni. Það er hárrétt. Það er hárrétt að það voru gerðar harkalegar athugasemdir í nefndinni, ekki við það sem hann greinir frá heldur almennt við það sem var ásteytingarsteinn milli okkar. Það er í takt

við þá yfirlýsingu mína hér. Ég fór í þessa vinnu á grundvelli þess að annaðhvort næðist niðurstaða í þetta mál eða það lægi. Að öðrum kosti fer ég heldur ekki í umfjöllun um einstakar greinar. Málinu var lokið af minni hálfu þegar ljóst varð að við næðum ekki niðurstöðu í nefndinni og það er í takt við þá afstöðu sem ég tíunda hér ekki greinar í þessu sem er nú orðið stjórnarfrv.

[11:16]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það mátti ráða af svörum hv. þm. Bjarna Benediktssonar að ég væri að spyrja rangan mann, ég ætti frekar að spyrja hæstv. forsrh. út í útreikninga hans sem komu fram ítrekað í sjónvarpinu. Ég leyfi mér þá að bera upp spurninguna á ný við hæstv. forsrh. Liggja þessir útreikningar fyrir um 1–2 millj. sem kostnað af frv. og þessar 6 millj. sem voru nefndar í fyrrakvöld? Mér finnst rétt að hæstv. forsrh. greini frá þessu og upplýsi okkur sem erum að fjalla um frv. um þessa útreikninga. Ef þeir eru ekki til, og mann grunar að þessu hafi verið slegið fram, er það mjög óábyrgt af valdamesta manni þjóðarinnar að koma fram í fjölmiðlum og slá fram svona tölum til að villa fólki sýn þegar verið er að ræða mál sem varðar kjör æðstu embættismanna þjóðarinnar.

Hvað sem því líður erum við að ræða þetta frv. Það er oft talað um að æðstu stjórnmálamenn og embættismenn þjóðarinnar eigi að vera vel launaðir vegna mikilvægra starfa sinna. Auðvitað má færa góð og gild rök fyrir því að æðstu embættismenn þjóðarinnar þurfi há og góð laun, sérstaklega alþingismenn og ráðherrar sem setja lög og reglur fyrir þjóðfélagið. Einnig má halda því fram með góðum rökum að það eigi að tryggja þingmönnum, ráðherrum og æðstu embættismönnum góðan og öruggan lífeyri. Ég er því fylgjandi enda var ég á þessu frv. en vildi fá að sjá ákveðnar breytingar á því.

Ýmis rök hafa verið notuð fyrir því hvers vegna valdamenn skuli hafa há laun. Þau sem hafa verið einna mest áberandi í gegnum tíðina eru að til þess að fá gott og hæft fólk í ábyrgðarstörf þurfi að vera eftirsóknarvert að sækja í slík störf. Jafnvel hafa heyrst þau rök að þetta séu of lág laun til þess að besta fólkið sækist eftir þingmennsku.

Ég er þeim sjónarmiðum ekki fyllilega sammála þar sem laun okkar alþingismanna eru ágæt og starfskjör einnig. Ég tel að annar þáttur sé mikilvægari fyrir mann sem sækist eftir því að verða alþingismaður. Það er miklu mikilvægara að fólk hafi einhverjar hugsjónir og vilji breyta þjóðfélaginu til hins betra. Ég er ekki endilega viss um að við fengjum helmingi betri alþingismenn ef við tvöfölduðum kaupið eða fengjum fjórfalt betri alþingismenn ef við fjórfölduðum kaupið. Ég tel aðalatriðið vera að fá fólk til starfa á Alþingi sem er sanngjarnt og hefur hugsjónir.

Í því máli sem við erum að fjalla um hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum með einstaka alþingismenn og tel þá alls ekki hafa staðið með eðlilegum hætti að framgangi frv. Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann allshn., og mér finnst hann ekki hafa unnið af fullri sanngirni í málinu, sanngirni sem má ætla að góður alþingismaður reyni að tileinka sér í málflutningi og verkum á þinginu. Forsenda þess að málið um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og hæstaréttardómara var flutt var sú að það væri flutt af öllum þingflokkum til að sátt næðist um það meðal þingflokka og það var samþykkt af öllum þingflokkum, Framsfl., Frjálsl., Sjálfstfl., Samf. og Vinstri grænum.

Ég tel að formaður allshn. hafi starfað af heilindum og sanngirni í málinu framan af en þegar það var útséð um að eining næðist um málið sýndi hann af sér fádæma óbilgirni og flaustur við að ætla að keyra málið í gegnum nefndina. Með öðrum orðum tel ég að hv. formaður allshn. hafi sett verulega niður með framgöngu sinni í þessu máli.

Hv. formaður allshn. má ekki gleyma þeirri forsendu að frv. var lagt fram af öllum þingflokkum með því fororði að sátt væri um málið. Ég vil árétta að kjör okkar sem vinnum í þágu almennings eiga að vera öllum kunn. Það á ekki að vera launungarmál hver launin eru. Sama á við um ýmsa aðra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir almenning, svo sem forsvarsmenn launafólks sem hafa látið í ljósi óánægju sína með það frv. sem við erum hér að fjalla um.

Því hefur verið haldið fram að ýmsir þessir forustumenn launþegahreyfingarinnar sem hafa látið hvað ófriðlegast í þeirri umræðu í þjóðfélaginu sem hefur farið fram hafi talsvert hærri laun en þingmenn. Ég veit í sjálfu sér ekki hver sannleikurinn er í þeim efnum en mér finnst að við ættum ekki að fara í neinar grafgötur með það og ég leiði að því getum að ýmsir aðrir hv. þm., svo sem hv. þm. Ögmundur Jónasson, séu mér sammála í þessu máli.

Auðvitað á almenningur fullan rétt á upplýsingum um kjör þeirra, rétt eins og upplýsingum um kjör okkar sem störfum á hinu háa Alþingi. Okkur í allshn. þingsins væri einnig fengur að því að fá beina tillögu um hvernig þessum lífeyrisréttindum væri best fyrir komið frá ýmsum forustumönnum launþegahreyfingarinnar sem margir hverjir sitja í stjórnum lífeyrissjóða og eru sérfræðingar á þessu sviði. Ég gæti trúað því að þeir hefðu ýmislegt gagnlegt fram að færa í þessu máli. Hverjum þeim sem kynnir sér núverandi kerfi er fullljóst að ýmislegt má betur fara í því.

Herra forseti. Hvað sem því líður tel ég að þessi umræða um laun og kjör alþingismanna sé ágætisumræða og mér finnst að það þurfi ekki að drífa hana af í einhverjum hvelli og afgreiða málið. Við sem störfum í þágu almennings ættum að gefa okkur góðan tíma í að hlusta á hvað þjóðin hefur að segja um kjör okkar. Við ættum að taka mið af því og einnig að færa sanngirnisrök fyrir ákvörðun okkar. Það sem fólk hefur á tilfinningunni við flýtiafgreiðslu á hinu háa Alþingi er að verið sé að fela þessa umræðu og koma í veg fyrir hana. Ég tel hollt fyrir þjóðfélagið og Alþingi Íslendinga að taka góðan tíma í slíka umræðu, taka góðan tíma í að ræða hver launin og eftirlaunin ættu að vera. Ég tel að alþingismenn eigi ekki að vera hræddir við að ræða kjör sín í þinginu frammi fyrir alþjóð sem við störfum fyrir.

Herra forseti. Það er ýmislegt sem horfir til bóta í því frv. sem við erum að fjalla um og á það sérstaklega við um lífeyrisrétt þingmanna en samkvæmt frv. ávinna þingmenn sér jafnar lífeyrisgreiðslur fyrir hvert ár sem þeir eru þingmenn, þ.e. 3% á ári. Í gildandi lögum myndast rétturinn til eftirlauna í stökkum, minnst fyrst, eykst síðan og minnkar aftur. Ég tel að þessar breytingar og ýmsar aðrar breytingar í frv. séu til mikilla bóta.

Ég tel einnig að það sé til mikilla bóta að stjórnmálamenn sem eru í eldlínunni geti hætt snemma og með nokkurri sæmd. Í gegnum tíðina hefur gömlum stjórnmálamönnum verið komið í ýmis embætti í stjórnsýslunni og jafnvel eru dæmi um að ný störf hafi verið búin til fyrir uppgjafastjórnmálamenn. Stundum hefur þetta hreinlega orðið baggi

á ýmsum stofnunum. Ekki er það endilega vegna þess að uppgjafastjórnmálamenn hafi ekki skilað góðu dagsverki á nýjum starfsvettvangi, síður en svo. Sannleikurinn er sá að persónur hafa verið orðnar umdeildar vegna þess að þær hafa lagt sig af heilum hug í átök á sviði stjórnmála og þau hafa fylgt þeim inn á nýjan vinnustað. Í sambandi við Seðlabankann hefur oft heyrst að þessi eða hinn bankastjórinn sé ekki þar vegna eigin verðleika heldur eingöngu vegna flokkstengsla.

Með þessari umræðu er ég ekki að kasta rýrð á stjórnmálamenn sem hætta á vettvangi stjórnmálanna eða gefa í skyn að þeir geti ekki tekið til hendinni á nýjum vettvangi. Ég hef þess vegna verið því mjög fylgjandi að t.d. hæstv. forsrh., sveitungi minn úr Skerjafirðinum, Davíð Oddsson, geti komist á öruggan lífeyri þó að hann hverfi af vettvangi stjórnmálanna, ekki eldri en hann er nú. Ég er því fylgjandi. Og ég þori alveg að rökstyðja það.

Hvaða álit sem fólk hefur á persónunni, því sem hæstv. forsrh. hefur gert og hvernig stjórnmálaferill hans hefur verið, finnst mér — og ég stend við það — að valdamesti maður þjóðarinnar eigi rétt á góðum eftirlaunum og geti hætt snemma í sínu pólitíska starfi. Það stend ég við. Mér finnst að mörgu leyti ósanngjarnt að tala um þetta frv. sem eitthvert starfslokafrv. Davíðs Oddssonar. Ég er fylgjandi þessu ákvæði. Engu að síður tel ég að þjóðfélagið hafi hag af því að hæstv. forsrh. hætti störfum sem allra fyrst en það er þó óvíst að betra taki við fyrst um sinn. Það er mál margra — og ég er sammála því — að hæstv. forsrh. sé búinn að vera of lengi í starfi og ég er reiðubúinn að leggja mitt litla lóð á vogarskálina til þess að tryggja að hann geti hætt sem fyrst með sæmd og öruggar lífeyrisgreiðslur. Ég sé ekki eftir þeim peningum úr ríkissjóði. Ég held að fjármunum hafi verið varið í annað eins. Ég teldi það vera mjög til framdráttar fyrir þjóðina þar sem menn sjá ýmis merki um að löng stjórnarseta sé farin að hafa óholl áhrif á þjóðlífið. Og það má sjá ýmis merki þess í frv. að við alþingismenn erum farnir að missa sjónar á hlutverki stjórnvalda. Það ákvæði sem ég hef verið hvað harðastur gegn í þessu frv. og lýsi mig þess vegna mótfallinn frv. sem ég flyt sjálfur er það að ég tel það algjörlega óásættanlegt að stjórnvöld séu að hafa með beinum hætti afskipti af innri störfum stjórnmálaflokka. Ég tel það algjörlega óásættanlegt að launa formenn stjórnmálaflokka, það ákvæði er óásættanlegt. Það á ekki rétt á sér. Og ég held að aðrir alþingismenn hér inni ættu að vera þessu sammála.

Ég mun leggja fram brtt. við frv. vegna þess að það samrýmist ekki hlutverki stjórnvalda að hafa bein afskipti inn í störf stjórnmálaflokka. Við umfjöllun um frv. í allshn. kristallaðist það æ skýrara í huga mínum að þetta ákvæði gengur ekki upp og það verður að fella það brott. Fleiri eru mér sammála. Það má lesa um það á heimasíðu Heimdallar að þeir eru mjög ósáttir við þetta ákvæði. Ég held að þeir sem eru eldri í Sjálfstfl. ættu að hlusta á ungliðana einu sinni. Ég legg ekki til að það verði gert í hvert skipti sem þeir setja eitthvað á heimasíðuna því að þá væri voðinn vís. En þetta ákvæði í frv. er með ólíkindum.

Formaður nefndarinnar féllst ekki á þá ósk mína að þessu ákvæði yrði breytt og sagði að eina leiðin til þess að álagsgreiðslur til formanna stjórnmálaflokka færu út úr frv. væri sú að allir nefndarmenn styddu frv. Það væri leiðin til þess að þetta ákvæði færi út. Svo undarlega sem það hljómar átti þetta ákvæði um greiðslu til formanna stjórnmálaflokkanna að vera svipa á fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna til að styðja frv. Ef allir hefðu sagst styðja frv. hefði þetta ákvæði fallið út, greiðslur til formanna stjórnmálaflokkanna. Og ég óska eftir því að formaður allshn. útskýri eilítið þessa afstöðu sína. Mér er hún algjörlega óskiljanleg.

Í lokin, herra forseti, vil ég taka fram enn á ný að okkur liggur ekkert á að ljúka þessari umræðu nú og gera frv. að lögum. Við eigum að vanda til verksins. Ég botna ekkert í því hvers vegna ekki má ræða svo umdeilt mál í þaula og skapa betri frið um það í þjóðfélaginu. Sem flm. frv. taldi ég mjög eðlilegt að vinnubrögð og kostnaður vegna þess lægi fyrir áður en það yrði að lögum en slíkar tölur liggja ekki fyrir nú og ófyrirséð að slíkt liggi fyrir áður en frv. verður að lögum. Slík afgreiðsla er óásættanleg.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli alþingismanna á því að það má búast við atkvæðagreiðslu hvenær sem er þar sem hv. þm. hefur lýst því yfir að hann muni leggja fram brtt. við frv. og þá þarf að leita afbrigða til þess að brtt. megi koma fram.)

[11:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í þjóðfélaginu eru uppi háværar kröfur um hagræðingu og það er ljóst að Alþingi hefur brugðist vel við þeim kröfum því að nú eru það flutningsmennirnir sem rífa niður frv. Þetta mun örugglega spara heilmikla vinnu í framtíðinni.

Vegna þeirra spurninga sem hv. þm. spurði mig um þær tölur sem ég nefndi er talnagrundvöllurinn tvíþættur. Annars vegar eru þau fjárútlát sem menn geta séð fyrir að ríkissjóði verði beitt fyrir á næsta ári eða allra næstu árum og hins vegar þær skuldbindingar sem geta fallið á ríkissjóð á löngu árabili. Síðari þátturinn er flóknari að reikna út eins og eftirlaunaskuldir líka yfirleitt eru.

Hinn þátturinn, eftir þær breytingar ef samþykktar verða frá meiri hluta allshn., liggur núna á bilinu frá núll upp í 2–3 millj. kr. á ári.

[11:32]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Skil ég hæstv. forsrh. rétt, er þá eingöngu verið að ræða um lífeyrisskuldbindingar? Frv. felur í sér miklu hærri kostnað, það gefur augaleið. Ég hélt að nánast hvert mannsbarn sem hefur lokið grunnskólaprófi í stærðfræði sæi að frv. felur í sér mun meiri kostnað en 1–2 millj. eða 6 millj. Ég veit ekki hvor talan er nær lagi. Var þá eingöngu verið að fjalla um lífeyrisskuldbindingar á næsta ári, 2004, í umræddri frétt?

[11:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það sem ég var að reyna að segja er þetta: Annars vegar er um að ræða bara bein útgjöld sem falla á ríkissjóð á næsta ári eða næstu árum, og þau eru mjög óveruleg vegna þess að það eru bæði plúsar og mínusar. Menn geta séð útgjöld upp á 3–6 millj. vegna tiltekinna atriða í frv. en síðar koma til frádráttar aðrir þættir sem leiða til lækkunar.

Hinn þátturinn, lífeyrisskuldbindingar sem falla til á löngu árabili, er ágiskunarefni. Lífeyrisskuldbindingarnar eru reyndar háðar mjög mörgum mismunandi forsendum. Við sáum það til að mynda þegar sveitarfélögin samþykktu kjarasamninga kennara. Það var ekki reiknað út fyrr en löngu seinna að vegna þeirra samninga féllu lífeyrisskuldbindingar á ríkið sem námu mörgum milljörðum króna í einu vetfangi.

Ríkið var ekki kallað til vegna þeirra samninga. Hv. formaður allshn. hefur leitað eftir því að fá einhvers konar mat tryggingafræðinga í þessum efnum. Við skulum vona að það berist sem allra fyrst inn í umræðuna.

[11:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Það verður fróðlegt að bera þær upplýsingar sem komu fram í fréttatímunum frá hæstv. forsrh. saman við þá útreikninga sem mér skilst á hv. formanni allshn. að við fáum síðar í dag, þ.e. ef ég skildi hann rétt. Það verður fróðlegt að bera þetta saman og sjá hver endanleg niðurstaða verður. En ég stend fastur á því að þegar menn ætla að gera frv. að lögum eiga þeir nokkurn veginn að gera sér grein fyrir kostnaðinum fyrir fram.

[11:34]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlýtur að teljast nokkuð sérkennileg staða að hv. þm. sem er flm. þessa frv. lýsir því nú yfir að hann sé því andsnúinn. Ég hef reynt að botna eitthvað í hugarheimi hv. þm. og tel kannski að það sé best gert með því að lesa upp úr ræðu hans frá 13. október 2003. Þar segir hv. þm., með leyfi hæstv. forseta: „Bla, bla, bla."

Nú spyr ég hv. þm: Má búast við því að hv. þm. sem í dag er andsnúinn frv. verði stuðningsmaður þess á morgun? (**Gripið fram í:** ... málefni?)

[11:35]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst afar sérstakt að hlýða á hv. þingmann. Mér finnst hann oft með mjög ómálefnaleg svör og andsvör. Um daginn sagði hann að við værum á hleri, nú talar hann um hugarheim og svo snýr hann út úr ræðu. Þetta er ekki svaravert.

Ég er búinn að segja að ég styð frv. ef ég fæ þessa grein út um greiðslur til formanna stjórnmálaflokka og við það stend ég. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. sé mér sammála um að þær greiðslur séu óeðlilegar.

[11:36]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þm. ekki svara spurningunni. Má búast við því að hv. þm. styðji frv. á morgun og verði kannski andsnúinn því á mánudag? Það verður kannski dagaspursmál eftir því hvenær atkvæði verða greidd um frv. í þinginu hver afstaða hv. þm. er. Hvernig datt hv. þm. í hug að flytja eitthvert frv. sem hann hafði ekki hugmynd um hvaða kostnaðarafleiðingar hefði í för með sér fyrir ríkissjóð?

[11:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég taldi að þessar kostnaðargreiðslur lægju fyrir við endanlega afgreiðslu frv. Ég er búinn að lýsa afstöðu minni til frv. og ég stend við hana. Ég tel að hv. þm. ætti að reyna að komast að kjarna málsins í staðinn fyrir að vera með þetta orðaval, tala um að liggja á hleri og hugarheim manna. Það mætti halda að hann hefði verið í læri hjá varaformanni Framsfl., hæstv. landbrh. (**Gripið fram í:** Lambalæri?)

[11:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson telur að ég hafi sem formaður allshn. sýnt af mér mikla óbilgirni við afgreiðslu málsins í nefndinni. Þá vil ég bara draga það fram í hverju óbilgirni mín fólst að mati þingmannsins þannig að það sé þingheimi alveg ljóst. Hún fólst í því að leggja til að frv. færi úr nefndinni í því formi hvað álag til formanna stjórnmálaflokkanna snertir sem þingmaðurinn sjálfur lagði til í upphafi sem meðflutningsmaður frv. Hann hefur nú opinberlega greint frá því að hann hafi verið meðflutningsmaður á frv. sem hann var efnislega ósammála. Hvernig á maður síðan að koma hér upp og standa undir því að maður hafi sýnt af sér óbilgirni með því að halda þingmanninum að frv. eins og hann lagði það sjálfur fram? Ég verð að segja að maður stendur algerlega á gati gagnvart þessari umræðu og ég held að þetta skýri sig allt sjálft þegar menn kynna sér málið.

[11:39]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel rétt að upplýsa þingheim um það að frv. breyttist í meðförum nefndarinnar. Ég taldi, og tel enn, að frv. verði miklu betra ef við fellum þetta ákvæði út. Mér finnst óbilgirni að þegar flutningsmaður tillögu kemur með eina brtt. sem er alger grundvallarafstaða til málsins sé ekki hlustað. Það er algerlega óásættanlegt að Alþingi og stjórnvöld hafi bein afskipti af störfum stjórnmálaflokka, hvernig formenn og trúnaðarmenn í stjórnmálaflokkum eru launaðir. Ég stend við það. Mér finnst það vera mjög eðlileg afstaða og ég botna í rauninni ekkert í hv. þm. að vera mér ekki sammála. Ungir sjálfstæðismenn í Heimdalli hafa ályktað um þetta mál og ég held að hann ætti að kynna sér það.

[11:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin sem menn standa frammi fyrir hvað það atriði snertir sem hv. þm. vék að nú síðast er þessi: Er eðlilegt að greitt sé álag til formanna stjórnmálaflokka sem sitja á þingi en eru ekki í ráðherrastólum? Það atriði er tekið til nokkuð ítarlegrar umfjöllunar í frv. og afstaða meiri hluta nefndarinnar var sú að svarið við spurningunni væri já. Það væri eðlilegt.

Þegar þingmaðurinn sem meðflutningsmaður að frv. lagði frv. fram svaraði hann þessari spurningu játandi þannig að mér þykir eðlilegt að hann komi hingað upp og greini frá því hvert hans svar sé við þessari grundvallarspurningu. Finnst honum eðlilegt að formenn stjórnmálaflokka sem sitja á þingi og eru ekki í ráðherrastólum fái greitt álag á þingfararkaup sitt eða fái með einhverjum öðrum hætti viðbótargreiðslur við þingfararkaup eins og það er ákvarðað af Kjaradómi? Þetta er ákveðið grundvallaratriði.

Mér þykir afar einkennilegt að þingmaðurinn skuli nú skyndilega hafa slegist í hóp með Heimdalli og lýsi því yfir að það væri betra ef fleiri þingmenn kynntu sér ályktanir þeirra um hvernig haga beri sér í þessum málum.

[11:41]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óeðlilegt að stjórnvöld launi formönnum stjórnmálaflokka. Ég fer ekkert ofan af því. Ég tel að stjórnvöld eigi ekki að gera það. Ef á að launa formönnum stjórnmálaflokka sérstaklega eiga sjálfir stjórnmálaflokkarnir að gera það. Það er miklu eðlilegra og ég er sammála Heimdalli þar. Ég stend við það.

Mér finnst miklum mun eðlilegra að styrkja með beinum hætti stjórnmálaflokka í stað þess að launa forustumönnum,

trúnaðarmönnum. Hvað verður í næsta frv., gjaldkeri eða eitthvað þess kyns? Ég fullyrði að þetta ákvæði er algjörlega óeðlilegt (Gripið fram í.) og það er óforsvaranlegt að það sé í lögum.

[11:43]

Sigurrós Þorgrímsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend upp vegna þess að mér finnst mjög ómaklega vegið að formanni nefndarinnar. Ég sat í nefndinni þegar þetta var til umræðu og eins og þeim er kunnugt sem þar sátu var farið yfir hverja einustu grein og það var hlustað á alla í nefndinni, hvað við vildum gera og hverju við vildum breyta.

Auðvitað kom formaðurinn með tillögu í nefndina. Mér hefði þótt mjög einkennilegt ef formaður nefndar hefði ekki lagt fram tillögur í nefnd eins og hann gerði.

Varðandi þessa einu grein sem hv. þm. og flutningsmaður frv., Sigurjón Þórðarson, leggur til að verði breytt kom hann með það á síðustu stund málsins og vildi láta flytja þetta niður í núll. Þá var honum boðið að koma bara með brtt. eða setja það inn í álit. Hann þáði það ekki og ákvað að vera ekki með á þessu nál.

Að gagnrýna formanninn eins og hér hefur verið gert finnst mér ómaklegt því að hann fór svo vel í gegnum málið og stóð sig með prýði.

[11:44]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það að hann hafi staðið sig með prýði framan af. En lokaafgreiðsla málsins er algjörlega óásættanleg, að ætla að nota þetta ákvæði sem svipu á stjórnarandstöðuflokkana, ef þeir ganga ekki að þessari mjög óeðlilegu greiðslu til formanna stjórnmálaflokka, ef þeir styðja ekki frv. í heild sinni, falli þetta út. Það gengur ekki upp að nota þetta ákvæði sem svipu. Ég skil það ekki og ég óska eftir því að formaður allshn. skýri þessa afstöðu sína. Staðan var sú að ef allir mundu styðja frv. mundi þetta ákvæði falla út og ef svo er ekki yrði það inni. Ég skil þetta ekki. Mér finnst þetta bara vitleysa.

[11:45]

Sigurrós Þorgrímsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar þessi umræða kom upp var búið að gefa fundarhlé og fundarhlé og aftur fundarhlé, eins og hv. þm. veit sjálfur. Þú kemur með það á síðustu stund að þú viljir láta fella þetta niður í núll. Þá var Samf. búin að tilkynna að hún vildi ekki vera með og þá var bara eftir meiri hlutinn. Við vildum halda inni þessum 50%. Þér var alveg fullkomlega leyfilegt að koma með brtt. eða setja fram sérálit í nál. svo að þetta er enn þá ósanngjarnt.

(**Forseti** (JBjart): Forseti vill minna hv. þingmann á hvernig hún ávarpar aðra hv. þm.)

[11:46]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að þessi umræða og ræða hv. þingmanns undirstriki það að þetta er flókið. Við verðum að taka meiri tíma í að skoða málið. Þessar greiðslur eru mjög umdeildar, einnig í Sjálfstfl., og ég held að það færi miklu betur á því að við tækjum þann tíma sem þarf í málið og reyndum að skapa betri sátt um það í þjóðfélaginu, fara m.a. yfir kostnaðinn. Það er furðulegt að standa í þessum sporum hér nú og fjalla um frv. án þess að vita nokkuð hvað það kostar.

Í fyrrakvöld var af valdamesta manni þjóðarinnar slegið á að þetta kostaði 6 millj., svo er það hrokkið niður í 1–2. Ég veit ekki hver kostnaðurinn verður en það væri mjög fróðlegt að bera þessar tölur saman við endanlega útkomu sem við eigum von á í útreikningum hér í dag eða næstu daga. Ég tel að okkur liggi ekkert á að afgreiða þetta mál, það eigi að fara í góða umræðu og aftur inn í nefndina og skoðast mun betur.

[11:47]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson segir í Fréttablaðinu í dag um það mál sem hér er rætt, með leyfi forseta: „Mér finnst ég hafa verið hafður að fífli." Þessi hv. þm. flutti þetta mál, talaði fyrir því í fjölmiðlum og hefur nú lagst gegn því, fyrst og fremst vegna ákvæðis um 50% álag á formenn stjórnarandstöðuflokka.

Þá er spurt: Hver hafði hv. þingmann að fífli? Það hlýtur að hafa verið formaður Frjálsl. sem samþykkti framlagningu frv. fyrir hönd Frjálsl.

[11:48]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur ekki á óvart að fá þetta frá framsóknarmönnum. Þessi umræða þeirra er mjög ómálefnaleg. Ég skil hana í rauninni ekki. Hvað er verið að spyrja um? (Gripið fram í.) Um einhverja fréttagrein í blaði sem ég hef ekki lesið. Þetta er alveg með ólíkindum. Erum við að ræða frv. eða hvað er verið að tala um?

[11:48]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vitnaði í Fréttablaðið orðrétt þar sem haft er eftir hv. þm.: „Mér finnst ég hafa verið hafður að fífli." (Gripið fram í.) Hv. þm. verður að verða sér úti um blaðið. Spurningin er einföld: Hver hafði hv. þingmann að fífli? Var það formaður Frjálsl. sem samþykkti framlagningu málsins?

Svo er mikilvægt að spyrja einnig, hæstv. forseti, í ljósi þessarar umræðu: Af hverju flutti hv. þm. málið með þessu ákvæði inni í frv. upphaflega?

[11:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég flutti frv. vegna þess að ég taldi að þetta ætti að vinnast vel og í sátt allra flokka á þingi. Ég tel áfram að svo eigi að vera og ég tel að við eigum að gefa okkur góðan tíma í að ræða þetta. Ég held að þessi ummæli sem hv. þm. er að ræða um hér hafi verið sögð eitthvað í ljósi þess að mér var misboðið með þátttöku í nefndarstarfinu. Þá á ég við að meiri hlutinn lætur okkur taka þátt í einhverju leikriti í allshn. Ég hefði talið miklu nær fyrir þennan vinnustað, hið háa Alþingi, að við færum í málefnalega umræðu í nefndum þingsins í staðinn fyrir að taka þátt í einhverjum meirihlutaleik.

Það skiptir máli að það sé friður um kjör okkar og æðstu embættismanna þjóðarinnar, ég tel það, og ég tel að hv. þm. sé mér sammála og þess vegna eigi þetta mál að fá góða umfjöllun.

[11:50]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til að skýra afstöðu mína til málsins í ljósi stöðu þess eins og það er nú og mæla fyrir brtt. sem ég flyt á sérstöku þskj.

Þegar verið er að gera breytingar á eftirlaunum æðstu embættismanna þjóðarinnar er eðlilegt að forsn. flytji slík mál. Til mín var því leitað sem fulltrúa í forsn. um meðflutning á frv. Um frv. sem lúta beint að þingmönnum sjálfum

þarf að nást þverpólitísk samstaða. Því er eðlilegt að auk fulltrúa í forsn. hafi verið leitað til fulltrúa þess flokks sem ekki á sæti í forsn.

Ég er hlynnt því meginefni frv. að samræma og steypa í ein lög ákvæðum um lífeyris- og eftirlaunaréttindi æðstu handhafa löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds. Ákvæði um að opna þann möguleika að þeir sem hafi staðið mjög lengi í eldlínu stjórnmálanna geti farið nokkru fyrr á eftirlaun en áður hefur verið tel ég sömuleiðis skynsamlegt. Ég legg áherslu á að þar er aðeins verið að tala um tilvik sem eðli málsins samkvæmt eru sárafá.

Um það má hins vegar deila hvar setja eigi viðmiðunarmörk af þessu tagi, bæði hvað varðar aldur og upphæðir. Stuðningur minn við þetta frv. og meginefni þess veldur því að ég stend að flutningi þess með þremur öðrum félögum mínum úr forsn. og undir forustu forseta þingsins, Halldórs Blöndals. Með því að standa að flutningi málsins og sjá til þess að það komist til umfjöllunar á Alþingi var ég að leggja því lið að málið kæmist á dagskrá og fengi þinglega meðferð. Ég hafði hins vegar, eins og aðrir hv. þm., afar skamman tíma til að skoða einstök efnisatriði málsins og hafði reyndar strax fyrirvara á nokkrum þeirra. Það voru mér því mikil vonbrigði að ekki tókst í allshn. að ná samstöðu um afgreiðslu málsins og gera á frv. breytingar sem sættu menn betur við efni þess og lægði öldur í kringum málið.

Ég tek undir það efni í nál. meiri hluta hv. allshn. þar sem nefndin leggur jafnframt áherslu á að tekið verði til athugunar hvort gera skuli breytingar á lögum um Kjaradóm þannig að hann geti framvegis ákvarðað álag á þingfararkaup í stað þess að sú ákvörðun sé í höndum þingmanna sjálfra. Ég tek undir það álit meiri hluta allshn. að það sé eðlilegt að Kjaradómur ákveði samkvæmt gildandi lögum um þingfararkaup einnig kjör þingmanna í heild sinni. Undir þetta tek ég. Ég tel rétt að allir þeir þættir sem snúa að grunnlaunum og þá álagsgreiðslum séu á sömu hendi og það verði skoðað hvort ekki sé rétt að flytja þetta til Kjaradóms.

Ég tel einnig mikilvægt að það verði skoðað hvernig kjörum æðstu embættismanna annars staðar á Norðurlöndunum sé háttað og hvernig greiðslur til þeirra fari fram, ekki eingöngu að upphæðir séu bornar saman heldur hvaða fyrirkomulag sé á greiðslum til æðstu embættismanna annars staðar á Norðurlöndunum og að við tökum tillit til þess í okkar lagaumhverfi.

Frú forseti. Ég hef því ákveðið að flytja brtt. við það atriði sem varðar álag á laun til forustumanna stjórnmálaflokkanna, þeirra sem ekki eru jafnframt ráðherrar. Meiri hlutinn leggur til að fallið verði frá hugmyndum um að hækka álagsgreiðslur til forustumanna fastanefnda úr 15% í 20% og tel ég það rétt. Varðandi þetta ákvæði í frv. tel ég að um of sé verið að auka launabilið milli þingmanna og því er ég mjög sátt við þessa brtt. Fyrir því eru vissulega rök að óeðlilegt geti talist að forustumenn stjórnarandstöðu á hverjum tíma, sem þetta atriði snýr yfirleitt fyrst og fremst að, fái ekki slíkt álag á laun þegar allstór hópur þingmanna og ráðherra fær slíkar kaupgreiðslur. Ég tel þó réttast að fallið verði frá þessum áformum að sinni og Kjaradómi verði falið að meta þetta atriði sérstaklega. Til vara flyt ég tillögu um að þetta álag verði lækkað til jafns við það sem formenn þingnefnda og formenn þingflokka og forsætisnefndarmenn fá samkvæmt gildandi lögum og gerð er tillaga um í brtt. meiri hluta allshn. að verði áfram. Ég tel mikið álitamál hvort slíkar álagsgreiðslur til formanna stjórnmálaflokkanna eigi að koma í gegnum þingið og hvort ekki sé rétt að skoða það mjög gaumgæfilega hvort slíkar greiðslur, við getum kallað það álagsgreiðslur, komi ekki sérstaklega í gegnum framlög til stjórnmálaflokkanna og að við eflum lýðræðið og lýðræðisumræðu í landinu og styrkjum stöðu formanna stjórnarandstöðuflokkanna með þeim hætti að auka framlög til stjórnmálaflokkanna og þannig efla það lýðræði sem við viljum búa við. Ég tel að þar megum við læra mikið af nágrannalöndum okkar og það sé að mörgu leyti til vansa hvernig búið hefur verið að stjórnarandstöðuflokkunum fram að þessu. Okkur ber að efla allt það sem lýtur að frjálsri umræðu og það gerist í gegnum stjórnarandstöðuflokkana á hverjum tíma. Ég tel því rétt, miðað við að ekki náðist um þetta samkomulag í allshn., að ég geri við frv. brtt. en ég tel rétt að skoða þetta vel og hafa til samanburðar það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum.

Frv. hefur bæði kosti og galla en ég met það svo að lífeyrissjóðsbreytingin vegi þyngra en aðrar breytingar sem fram koma í frv., bæði til lækkunar og hækkunar lífeyrisréttinda og eins hvað varðar álagsgreiðslur þingmanna. Á þeim forsendum var ég meðflm. forsn. en að sjálfsögðu á frv. að fá eðlilega þinglega meðferð og að unnið verði að því nú við 2. umr. að ná sátt um ýmsa þætti sem umdeildastir eru í frv.

Frú forseti. Það var alveg ljóst frá upphafi, frá því að ég fékk frv. fyrst í hendurnar, á miðvikudaginn var — og það á við um aðra þingmenn í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — bæði hvað varðar undirbúning að frv. og eins eftir að málið kom inn til þingflokksins að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mundi aldrei standa að afgreiðslu frv. óbreyttu. Það var einnig ljóst að algjör andstaða var við frv. í okkar röðum þannig að það á ekki að koma neinum á óvart. Þingflokkurinn gaf aldrei fyrirheit um að styðja frv. í óbreyttri mynd, eða styðja frv. yfirleitt. Eins og ég lýsti í upphafi gerði ég þetta sem fulltrúi í forsn. og á þeirri forsendu sem ég lýsti hér áður.

Frv. er að nokkru leyti byggt á því fyrirkomulagi sem viðhaft er í nágrannalöndum okkar, þ.e. þeim löndum sem næst standa að stjórnmálahefðum og stjórnskipan. Ég tel að það sé ámælisvert að vinna ekki þverpólitískt að breytingum á kjörum æðstu embættismanna ríkisins og þá er ég að vísa til þess að ég tel þennan aðdraganda að frv. ámælisverðan. Sem þing eigum við að viðhafa þau vinnubrögð að geta skipað nefnd — það má vera í upphafi kjörtímabils — sem hefur það formlega hlutverk að skoða kaup og kjör. Hún getur unnið í fullum trúnaði en hún á ekki að skila af sér fyrr en nokkur sátt er orðin innan nefndarinnar og auðvitað á að gefa sér tíma í hinu hv. Alþingi til að fjalla svo um þær tillögur sem koma frá nefndinni. Hér á aldrei að vera nein launung á ferð. Allt á að vera opið og við eigum að vera menn til að taka þeirri gagnrýni sem fram kemur og gera þær breytingar ef þarf við vinnslu málsins. Auðvitað er best að öll ákvæði um kaup og kjör séu ekki í höndum þingsins. Þá er ég að tala um þessar álagsgreiðslur. Ég teldi best að þær væru í annarra höndum. Það þarf að gefa sér tíma til að fara yfir kostnað og samanburð á tillögum sambærilegra kjara annars staðar á Norðurlöndunum og skoða hvernig þessum málum er þar fyrir komið.

Frú forseti. Ég mun í samræmi við þá meginafstöðu sem ég hef hér lýst greiða hinni almennu kerfisbreytingu atkvæði, þ.e. styðja greinar 1–22 með þeirri undantekningu þó að ég mun sitja hjá við ákvæði 6. gr. Um þá grein hef ég haft fyrirvara frá upphafi. Afdrif brtt. minnar við 22. gr. munu

svo ráða úrslitum um endanlega afstöðu mína til málsins.

[12:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að það er orðið afar dapurlegt að hlýða á fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna koma hér upp á harðahlaupum frá því máli sem þeir tóku þátt í að undirbúa, máli sem er lagt fram með samþykki formanna allra flokkanna og með flutningsmönnum úr öllum þingflokkum að fengnu samþykki allra þingflokka.

Varðandi það helsta efnisatriði sem hv. þm. gerði athugasemd við, greiðslur til formanna stjórnmálaflokka sem sæti eiga á þingi, ganga þau rök ekki upp sem bent er á, að það eigi að vísa því yfir til stjórnmálaflokkanna að ákveða að greiða álag. Þeir hafa ákveðið að gera það ekki og þrátt fyrir auknar fjárveitingar í nýsamþykktum fjárlögum hafa þeir ákveðið að gera það ekki, heldur þvert á móti ákveðið að leggja þetta fram svona eins og það er. Brtt. sem gerðar eru á frv. gera það að verkum að frv. gengur skemur en lagt var til. Hvernig geta menn sagt hér úr ræðustól, ekki bara hv. þm. Þuríður Backman heldur fleiri þingmenn stjórnarandstöðunnar: Ég ætla ekki að styðja frv. sem gengur skemur en frv. sem ég lagði til? Ætla menn virkilega að halda því fram að nokkur maður trúi þessu?

Ég tel mig alveg átta mig á því í hvaða stöðu hv. þm. Þuríður Backman er. Hún er í þeirri einkennilegu stöðu að vera flm. að máli sem formaður hennar samþykkir, sem þingflokkur hennar samþykkir en hleypur síðan frá og skilur hana eftir með ábyrgðina. (**ÖJ:** Er þetta línuívilnunarmaðurinn?) Hún á alla mína samúð, að sitja í þingflokki með slíkum mönnum.

[12:05]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hélt að ég hefði tekið það alveg skýrt fram í upphafi að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs veitti þessu máli aldrei brautargengi. Það kom aldrei samþykkt frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það var vitað frá upphafi, við undirbúning þessa máls. Það er þó alveg ljóst að formaður þingflokks Vinstri grænna kom að því máli en ég ætla ekki og get ekki fyrir hans hönd rætt það á hvaða stigi hann skildi við málið. Þegar það kom fullbúið í mínar hendur þennan sama dag og það var kynnt í þingflokkunum var alveg ljóst að það yrði aldrei stuðningur við málið í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það var alveg ljóst enda kom enginn stuðningur frá þingflokksfundinum. Aftur á móti tók ég þá ákvörðun að vera meðflutningsmaður á þeim forsendum sem ég gerði sem fulltrúi í forsn. til að fá umfjöllun um málið í þinginu enda erum við að fjalla um það núna og höfum möguleika á að breyta því. Ég er hlynnt þeim kerfisbreytingum að færa lífeyrissjóðsgreiðslurnar og að koma þeim úr þeim sérsjóðum sem þeir voru í og færa lífeyrisréttindi alþingismanna vegna æðstu embættismanna þjóðarinnar undir einn hatt. Það vita þeir sem óskuðu eftir því að forsn. öll var með. Það var minn stuðningur við frv. en fyrirvari við aðra þætti.

[12:07]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ákaflega skýrt mál. Formaður Vinstri grænna studdi málið og styður væntanlega enn — eða hvað? Málið er lagt fram á þeirri forsendu að allir stjórnmálaflokkar standi að því. Öðruvísi hefði það ekki verið lagt fram með öllum þessum flm. Það þarf enginn að telja þingheimi trú um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi ekki stutt þetta mál. Það er ekki hægt að vera flm. að máli á þeim grundvelli að menn styðji ekki einstök ákvæði frv. ef gagnrýni kemur fram á þau opinberlega. Það er ekki hægt. (**ÖJ:** Enn ein framsóknarósvífnin.) Það er ekki hægt. Það sem mér virðist, í ljósi þessara skýringa sem hér hafa komið fram, vera á ferðinni er einhver togstreita eða valdabarátta milli formanns flokksins, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, og hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Það virðist eins og hann hafi barist heiftarlega gegn því innan flokksins að hv. formaður flokksins, Steingrímur J. Sigfússon, fái 50% álag á þingfararkaup sitt eins og ég tel eðlilegt að formenn stjórnmálaflokka fái ef þeir eru ekki ráðherrar. Það hefur lengi verið rætt í hópi þingmanna að bæta kjör formanna stjórnmálaflokkanna og löngum verið stuðningur við það viðhorf. En það virðist vera eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sé sérstakur baráttumaður gegn bættum kjörum formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og það má ætla að það séu sömu vandamál innan Vinstri grænna og eru innan Samf. og við sáum koma fram í umræðum fyrr á þessum morgni. (**ÖJ:** Ósatt.)

[12:10]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að hlaupa frá einstökum atriðum þessa máls vegna einhvers utanaðkomandi þrýstings. Ég hafði þennan fyrirvara á og það er alveg ljóst hvers vegna ég var meðflutningsmaður á þessu frv. sem fulltrúi í forsn. Ég tek það fram og tek undir það að ástæða er til að styrkja stöðu stjórnarandstöðuflokkanna pólitískt, þ.e. með hærri framlögum til flokkanna, þannig að starf þeirra geti verið öflugra. Ég tel líka að það eigi að bæta stöðu formanna stjórnarandstöðuflokkanna þannig að þeir standi betur að vígi gagnvart ráðherrum og öðrum þeim í forustu stjórnarliða sem hafa miklu betri aðstöðu en formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa. Ég nefndi líka áðan að ég tel rétt að skoða hvort þessi framlög til að styrkja stöðu formannanna eigi þá ekki að koma í gegnum framlögin til flokkanna eins og verið er að eyrnamerkja til flokkanna, almennt, vegna kjördæmabreytinga, og nýr liður gæti bæst við vegna formanna flokkanna. Það má skoða hvort ekki sé hægt að styrkja stöðu þeirra í gegnum þau framlög. (Gripið fram í.) En nú er þetta kerfi í gangi hér á þingi. Það er verið að greiða ... (**Gripið fram í:** Þið hafið haft mörg tækifæri til að gera það.) Framlögin eru það lág að við höfum ekki klipið af þeim, frú forseti.

Það var vitað að ekki yrði stuðningur frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það var ljóst, og það var líka ljóst hvers vegna ég var meðflutningsmaður á þessu máli þannig að ég er ekki að hlaupa frá einu eða neinu.

[12:12]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frv. til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara sem flutt er af hv. þingmönnum, fulltrúum allra þingflokka á Alþingi. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með framvindu þessa máls allt frá því að það kom fram á Alþingi fyrr í þessari viku og það má segja að að vissu leyti hafi atburðarásin verið sérkennileg svo ekki sé dýpra tekið í árinni.

Ljóst er að grundvöllur þess að þetta mál var flutt á Alþingi er samkomulag milli forustumanna stjórnmálaflokkanna sem

eiga þingflokka á Alþingi. Annars hefði málið væntanlega aldrei komið fram með þeim hætti sem það liggur hér fyrir. Málið fór í gegnum alla þingflokka og flm. eru, eins og fram hefur komið, hv. þm. úr öllum þingflokkum.

Eftir að málið kom fram og frv. var dreift í þingsölum hefur verið athyglisvert að fylgjast með hvernig því hefur reitt af, bæði innan þingflokka og í þingnefnd. Það er ljóst að stjórnarandstaðan á Alþingi hefur algjörlega fallið á prófinu í þessu máli. Ef við förum aðeins yfir það í nokkrum atriðum er ljóst að hv. þm. Samf. hreinlega hrukku af hjörunum eins og maður segir stundum þegar fólk fer á taugum í einstökum málum. Það var mikið uppnám í þingflokki Samf., augljóslega. Það urðum við vör við sem vorum í þinghúsinu og fylgdumst með hvernig lífið gekk fyrir sig þessa daga. Mér virðist sem aðilar utan Alþingis hafi algjörlega tekið völdin í þingflokki Samf. og þar á ég við annars vegar forustu verkalýðshreyfingarinnar þar sem um er að ræða félaga í Samf. sem tjáðu sig opinberlega í fréttum og annars staðar og áttu greinilega samskipti við einstaka þingmenn um málið og eins virðist mér sem varaformaður flokksins sem hér gekk út og inn á tímabili og átti viðræður við þingmenn hafi hreinlega gripið í taumana og tekið völdin í þingflokknum.

Mér þykir leitt, virðulegur forseti, að upplifa það að eitt helsta vandamál sem mér virtist á tímabili hrjá Samf., þ.e. ákveðinn ótrúverðugleiki sem mér fannst blasa við í störfum þeirra, hefur þvegist illa af þeim, a.m.k. í þessu máli. Það verður að segja eins og er að það eru vonbrigði vegna þess að auðvitað er mikilvægt að einstakir stjórnmálaflokkar og þingflokkar starfi þannig að hægt sé að treysta störfum þeirra.

Ég vil hins vegar taka fram að mér virðist sem einn hv. þm. úr þingflokki Samf., þ.e. Guðmundur Árni Stefánsson, sem flytur málið ásamt fleirum, ætli að standa í fæturna og fylgja því eftir til enda eins og fram hefur komið í viðtölum við hann. Ég verð bara að segja eins og mér býr í brjósti að mér finnst hv. þm. maður að meiri að standa í fæturna og fylgja málinu eftir sem hann hefur hér flutt inn sem meðflutningsmaður að frv. til laga.

Það hefur einnig verið athyglisvert að fylgjast með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hvernig framganga þeirra hefur verið. Eins og fram hefur komið byggir tilvist frv. á samkomulagi milli formanna flokkanna og það hefur komið fram í fréttum og viðtölum að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, virðist vera að hlaupa frá samkomulaginu, eða það er mitt mat á þeim viðtölum sem hafa komið fram við hann. Hins vegar hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson verið sjálfum sér samkvæmur. Hann hefur í hvert einasta skipti sem hér hefur komið til umræðu eitthvert mál er varðar þingmenn eða ráðherra eða aðra forustumenn þjóðarinnar snúist algjörlega öndverður og mælt mjög gegn öllum málum sem hafa komið fram á því sviði. Því má segja að hann hafi verið sjálfum sér samkvæmur í þessu efni.

Hv. þm. Þuríður Backman sem er meðflutningsmaður að þessu máli hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til þess. Mér finnst hún koma fram með málefnalegum hætti. Mér finnst rétt að gefa henni þá einkunn og það verður athyglisvert að fylgjast með því hvort hún muni fylgja málinu þegar á reynir við afgreiðslu þess.

Ef við snúum okkur síðan að Frjálsl. hefur kannski athyglisverðasta framgangan verið hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni sem er búinn að lýsa því yfir að hann muni ekki styðja þetta mál sem hann sjálfur flytur. Hann hefur sem sagt komið alveg skýrt fram með það. Ég verð að segja að mér finnst framganga hv. þingmanns vera athyglisverð og ég hygg að það að lýsa því svona skýrt yfir að viðkomandi þingmaður muni ekki fylgja máli sínu eftir sem hann flytur sjálfur muni hanga sem myllusteinn um háls hans til framtíðar. Það er ekki mjög algengt hér á Alþingi að flm. mála lýsi því yfir áður en lokið hefur verið við umfjöllun um mál að þeir muni ekki styðja það. Þetta vildi ég rétt hlaupa yfir, hæstv. forseti. Mér finnst eðlilegt að gera það eftir þá atburðarás sem hér hefur verið í umfjöllun um þetta mál.

Ef ég held mig aðeins lengur við hv. stjórnarandstöðuna er ljóst að hlutskipti hennar hér á síðustu dögum þingsins fyrir jól er mjög sérkennilegt. Eftir alla umræðuna sem fór fram um hið svonefnda öryrkjamál var athyglisvert að fylgjast með því í gær þegar það var tekið til lokaafgreiðslu að stjórnarandstaðan treysti sér ekki til þess að standa að því að kjör öryrkja yrðu bætt sem nemur einum milljarði króna og gerðar ákveðnar kerfisbreytingar á lögunum sem fyrst og fremst koma til hagsbóta þeim öryrkjum sem verða öryrkjar á unga aldri. Mér fannst mjög athyglisvert að upplifa það að stjórnarandstaðan treysti sér ekki til að standa að því að bæta kjör öryrkja með þessum hætti.

Það þarf ekki að eyða lengri tíma í að fara yfir þetta mál sem hér er til umræðu. Ef maður setur þetta í myndlíkingu má segja að stjórnarandstaðan minni á hóp af fiðurfé sem tvístrast í allar áttir þegar áreiti verður. Það er sú mynd sem stendur í mínum huga og ég ætla að leyfa henni að vera þannig, það kannski léttir manni í sinni.

Síðan varð umræða fyrr í morgun um heilbrigðismál. Þar gagnrýndi Samf. harðlega að ekki skyldi veitt meira fjármagn til heilbrigðismála eftir að flokkurinn hafði tekið þá afstöðu á landsfundi sínum að nægt fé væri veitt til heilbrigðismála, það þyrfti einungis að nýta það betur. Það er margt athyglisvert, virðulegur forseti, sem hefur fram komið í umræðu hér á Alþingi á síðustu dögum fyrir þinghlé. Það er kannski eins og oft vill verða en ég hef farið yfir nokkur atriði sem það snertir.

Ef ég sný mér síðan að frv. efnislega sem hér er til umræðu er ljóst að það felur í sér ýmis ákvæði sem ég tel mjög eðlilegt að lögfesta og ég tel eðlilegt að ljúka afgreiðslu á því máli núna fyrir jólahlé. Eitt sérstakt efni frv. hefur verið hér til umræðu, þ.e. greiðslur til formanna stjórnmálaflokka sem eru ekki ráðherrar, þ.e. eins og staðan er í dag formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Afstaða mín er sú að það sé sanngjarnt og eðlilegt að þessir aðilar njóti betri kjara en almennir þingmenn. Mér finnst það bara eðlilegt. Við höfum fylgst með þeim ágætu félögum okkar, formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, og upplifað það að þeir hafa lagt af mörkum mjög mikla vinnu. Á þeim er mikið álag í allri þeirri umræðu sem á sér stað um stjórnmál og ýmis þau störf sem fylgja. Mér finnst mjög eðlilegt að þessir aðilar njóti álags á laun sín og ég mun styðja að það verði með þeim hætti sem fyrir liggur í því frv. sem hér er til umræðu. Ég tel líka að þau ákvæði sem fjalla um eftirlaun í frv. séu til bóta og ég tel eðlilegt líka að frv. verði afgreitt með þeim hætti sem fyrir liggur.

Miðað við umræðuna eins og hún hefur verið í fjölmiðlum að undanförnu og af hálfu ýmissa aðila í þjóðfélaginu held ég að við þurfum að halda því til haga, sem við auðvitað vitum, að með þessu frv. er ekki verið að hækka laun almennra þingmanna. Ég tel að við hv. þm. sem erum hér að störfum á Alþingi eigum að sameinast um að halda því

til haga og leiðrétta þann misskilning sem greinilega hefur verið uppi í þjóðfélaginu að verið sé að hækka laun almennra þingmanna. Það er ekki svo. Það er mál sem við ættum að geta staðið saman um að halda til haga og sjá til þess að réttar upplýsingar komi fram í umræðunni (Gripið fram í.) með þeim brtt. sem hér liggja fyrir og eins og málið er rætt í þessari umræðu. Ég lýsi mig reiðubúinn til að ræða við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur eftir að ég hef lokið ræðu minni en óska eftir því að fá frið til að flytja ræðu mína núna. Við skulum bara ræða saman á eftir. Ég ítreka að ekki er verið að hækka laun almennra þingmanna en þarna er um að ræða formenn þessara stjórnarandstöðuflokka.

Ég vil síðan í lokin taka undir það sem kemur fram í nál. meiri hluta allshn., þ.e. að Kjaradómi verði falið að ákvarða greiðslur til þeirra þingmanna sem gegna sérstökum trúnaðar- og ábyrgðarstörfum á Alþingi. Ég tel það eðlilegt og styð þá breytingu sem meiri hlutinn leggur til í nál. sínu og vil enda mál mitt á því að segja að ég tel engin rök til þess að fresta afgreiðslu þessa máls. Ég tel að það liggi mjög ljóst fyrir. Það er búið að vinna það vel í allshn. og þess vegna styð ég að málið verði tekið til lokaafgreiðslu áður en hv. Alþingi lýkur störfum fyrir jól.

[12:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Síðasti hv. ræðumaður hélt því fram að ekki hefði staðið til að hækka laun einstakra þingmanna. Þó gerði frv. við fyrstu gerð ráð fyrir að 22 af 51 sléttum þingmanni fengju hækkun með hækkun álags úr 15% í 20%. Það hefði t.d. þýtt að laun eins hv. þm. sem nú situr í forsetastóli hefðu hækkað um 45 þús., úr álagi sem var u.þ.b. 135 þús. kr. í álag sem er 180 þús. kr. Nú er búið að ákveða að benda Kjaradómi á að hækka þetta vegna þess að menn treysta sér ekki til þess að gera það hér í þinginu, og það er auðvitað hróss vert.

Erindi mitt í ræðustólinn var þó þetta fyrst og fremst: Skildi ég hv. þm., formann fjárln. og fleira, rétt að það væri sérstök aðfinnsla hjá honum að þingmenn Samf. hlustuðu og hefðu samráð við forustu verkalýðshreyfingarinnar?

[12:25]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns hef ég ekki lýst því að ég hafi neitt við það að athuga. Það er engin aðfinnsla af minni hálfu hvernig samskipti þingflokkur Samf. hefur við forustu verkalýðshreyfingarinnar, það er algjörlega mál hans sjálfs. Ég var einungis að lýsa hvernig ég upplifði hér atburðarásina eins og hún var síðustu daga en ég ætla ekki að skipta mér af því hvernig samskipti eru á milli þessara aðila. Þeir hafa þau bara eins og þeim sýnist hverju sinni og ég ætla ekki að blanda mér í það.

[12:26]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta svar. Ef nefnilega einhver flokkur er frægur hér á þinginu fyrir ýmislegt klandur og klúður í samráði er það Framsfl. Það er sami Framsfl., hinn hvikuli og óstöðugi flokkur, og braut á samkomulagi sínu við öryrkjahreyfinguna, það er sami Framsfl. og hér ætlaði að standa fyrir því að skera niður atvinnuleysisbætur og ráðast að kjörum fiskverkafólks. Sem betur fer bar forusta verkalýðshreyfingarinnar gæfu til að snúa þessum hvikula, óstöðuga og ómálefnalega flokki frá hinum síðari illverkum sínum þó að hið fyrsta stæði honum til háðungar um langan aldur.

[12:26]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi öryrkjamálið sem við köllum svo er eins og ég sagði í ræðu minni athyglisvert að stjórnarandstaðan skuli ekki hafa treyst sér til þess að standa að því með stjórnarliðum á Alþingi að bæta kjör öryrkja sem nemur einum milljarði króna. Það er mjög sérkennilegt og ég veit ekki hvernig maður á að orða það frekar en stjórnarandstaðan verður auðvitað að eiga það við sig. Ég vil hins vegar halda því til haga að stjórnarandstaðan treystir sér ekki til að ganga þennan veg þannig að stjórnarliðar hér eiga heiðurinn af því að hafa bætt kjör öryrkja í landinu um einn milljarð króna. Við erum að sjálfsögðu stolt af því.

[12:27]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði um uppnám í Samf. og setti eitthvað út á vinnubrögð hennar. Það sem er alvarlegt í þessu máli eru vinnubrögð stjórnarmeirihlutans sem myndast í þessu máli og hvernig hann hélt á sínum málum í nefndinni. Það er alveg ljóst að málið var ekki kostnaðargreint sem er algjörlega óásættanlegt af hálfu Samf., hraðinn var þar slíkur að það kallaði á að menn vissu nánast ekki hvað þeir væru að samþykkja ef þeir ætluðu að keyra þetta núna í gegnum þingið. Þess vegna bað Samf. strax á fyrsta fundi allshn. um að málið yrði skoðað ítarlega enda er þetta grundvallaratriði sem við eigum að vanda okkur við. Síðan er rétt að taka fram að framlagning máls þýðir ekki að flm. fái svokallaða „blankó“ ávísun um málið. Hin eðlilega þingmeðferð er að málið fái umræðu í nefndinni og taki væntanlega breytingum sem flm. eru oftar en ekki flm. að.

Að lokum er rétt að það komi hérna fram að í nefndinni, allshn. sem ég sat í, gerði minni hlutinn fjölda athugasemda varðandi efnisatriði frv. Það voru gerðar athugasemdir um hvort þingmenn gætu fengið tvöfalt álag, um hvernig Kjaradómur ætti að koma að þessu og hvernig við ættum að haga þessu með iðgjaldið. En það er alveg ljóst að það voru tvö efnisatriði sem stjórnarmeirihlutinn, fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni sagði að það mundi brjóta á og það voru þau ákvæði sem snertu formann þeirra, Davíð Oddsson, hv. þm. og hæstv. forsrh. — þeir sögðu að 80% reglu forsrh. og 55 ára reglu forsrh. yrði ekki haggað. Það er rétt í málinu og þeir sögðu að það mundi brotna á þessu. (**KHG:** ... forsrh. ...)

[12:29]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég á ekki sæti í allshn. þannig að ég get ekki tjáð mig um það sem þar fór fram en ég ætla ekkert að setja út á lýsingar hv. þingmanns í þeim efnum. Ég hins vegar treysti mjög vel fulltrúum stjórnarliða sem þar vinna og sérstaklega formanni nefndarinnar sem hefur að mínu mati stýrt þessu máli mjög vel.

Hvað þýðir að heimila framlagningu máls? Það er eitthvað sem hver þingflokkur verður að eiga við sig en ég verð hins vegar að segja að það er mjög athyglisvert að flm. máls eins og í þessu tilfelli skuli lýsa því yfir áður en málið hefur hlotið lokaafgreiðslu að þeir muni ekki standa að því. Ég vil halda því til haga hér og það er auðvitað mjög sérkennilegt og gerist varla á Alþingi nema í algjörum undantekningartilfellum. Ég man reyndar ekki eftir slíku tilfelli eftir að ég byrjaði störf hér.

[12:30]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum fyrst og fremst að tala um tvenns konar hluti, þ.e. vinnubrögð og síðan efnisatriði málsins. Það er alveg ljóst að málið kallar á ítarlegri umræðu og við í Samf. höfum bent á það. Nú hefur málsmetandi aðili sem tekið er mark á í kjarasamningum bent á allt aðrar tölur en t.d. hæstv. forsrh. hefur gert. Við teljum það einfaldlega vera góð vinnubrögð. Ég trúi því ekki að hv. þm. Magnús Stefánsson sem er formaður fjárln. styðji svona vinnubrögð, svona hraða í jafnstóru og mikilvægu máli og þetta er.

En það er alveg merkilegt í umræðunni að flestir stjórnarliðar sem hafa tekið þátt í henni tala eins og þeir hafi allir setið í allshn. og eru að fullyrða um eitt og annað sem þar fór fram. Ýmsar getgátur eru út í hött, t.d. hverjir hafi komið að ákvarðanatöku hjá einstökum flokkum. Ég ráðlegg fólki að kynna sér málið aðeins betur án þess að vera með hálfkveðnar vísur í jafnmikilvægu máli og þetta er. (**Gripið fram í:** Samfylking á flótta.)

[12:31]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað varðar vinnubrögð í nefndum þá tók ég fram að ég treysti mjög vel þeim fulltrúum sem sitja í allshn. til að vinna málið eins og vera ber og ég tel að svo sé. Ég hef ekki verið að lýsa neinni atburðarás í allshn., ég tók fram að ég á ekki sæti þar og legg ekki mat á það sem þar hefur farið fram.

En hinu sem varðar ákvarðanir einstakra flokka í málinu lýsti ég í ræðu minni hvernig ég upplifði það hér hvernig afstaða í Samf. breyttist eftir því sem leið á tímann og ég lýsti því hvernig ég upplifði það og lagði mat á það hvaða aðilar höfðu helst áhrif á hvaða afstöðu Samf. tekur í þessu máli. Það var bara eins og ég upplifði það og ég hef lýst því.

[12:32]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi orðum sínum að mér og því að ég væri andvígur frv. núna. Ég veit nú að ég hefði ekki átt að skrifa upp á frv. nema með fyrirvara. Ég gerði ákveðin mistök og ég viðurkenni það. Og ég vil kenna um reynsluleysi mínu, ég er að hefja störf hér og þetta er mitt fyrsta skeið sem stjórnmálamaður og ég viðurkenni að hafa gert mistök.

En ég vil þá spyrja þennan hv. reynslumikla formann fjárln. hvort ekki sé gott og æskilegt að frv. verði kostnaðarmetið áður en það fer frá nefndinni. Mér finnst það vera eðlileg krafa og okkur liggi ekkert á í þessu máli. Ég sé ekkert sem kallar á að við klárum það einn, tveir og þrír. Ég held að það sé um að gera að fara vel yfir frv. og komast að sanngjarnri niðurstöðu og ég trúi því að við getum þá staðið saman að því þegar botn er kominn í það. Lífeyrissjóðsmál eru flókin og það þarf að fara yfir þetta.

[12:34]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, ég skal alveg virða það sem hv. þm. sagði, að hann hafi gert mistök og kennir þar um reynsluleysi. Ég skal alveg virða það og tek það bara eins og það er. Hins vegar liggur veruleikinn á borðinu og honum verður ekki breytt.

Hvað varðar kostnaðarmat frv. er það auðvitað rétt að það ber að leggja fram kostnaðarmat og það er gert við stjórnarfrv., alltaf gert þegar stjórnarfrv. eru lögð fram. Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur farið yfir málið og hæstv. forsrh. hefur gert það einnig og ég hef engu við það að bæta og tek þær skýringar sem þeir hafa lagt upp með í málinu góðar og gildar og ætla ekki að fara að ræða það nánar.

[12:35]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. um að veruleikinn liggi á borðinu. Kostnaðarmatið er ekki komið fram og ég tel að við eigum ekki að flýta okkur, heldur fara vel yfir málið. Þetta hefur valdið deilum og ég tel að við sem erum hér inni og störfum í þágu þjóðarinnar eigum að reyna að setja niður þær deilur og færa þá sanngirnisrök fyrir þessum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum, og kjarabótum fyrir þingmenn. Mér finnst það ekkert óeðlilegt. Og við eigum að ræða þetta í þaula. Helst hefði ég viljað að við hefðum komið með sameiginlegt álit frá allshn., ég stend við það og var tilbúinn til að leggja minn skerf af mörkum.

[12:36]

Hlynur Hallsson:

Frú forseti. Hér eru til umræðu stóraukin eftirlaunaréttindi hæstv. ráðherra. Ég er á móti þessu lagafrumvarpi. Fyrir því er afar einföld skýring og skýr ástæða. Ég tel að sömu reglur eigi að gilda um alþingismenn og ráðherra annars vegar og annað launafólk í landinu hins vegar. Það er afar skiljanlegt að íslensku þjóðinni sé ekki hlátur í hug nú rétt fyrir jólin að þurfa að horfa upp á það að samningar við öryrkja séu sviknir og aðeins uppfylltir að hluta, að fjöldauppsagnir blasi við á sjúkrahúsunum, að hæstv. ríkisstjórn geri ítrekaðar tilraunir til að hafa atvinnuleysisbætur af fólki. Allt er þetta gert til að spara. En þegar kemur að þeim sjálfum gildir allt annað mat. Ekki ætla ég að lasta það að menn lesi upp úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar. En er ekki kominn tími til að menn leggi Passíusálmana frá sér og líti í eigin barm, sýni í verki góðan hug sinn?

Umræðan hefur snúist að miklu leyti um hvað þessi lagabreyting muni kosta. Hæstv. forsrh. hefur sagt að lagabreytingin muni kosta ríkissjóð aðeins 6 milljónir á næsta ári, síðan koma einhverjar tölur um 0–2 milljónir, en ég spyr: Hvað mun hún kosta á þarnæsta ári og árinu þar á eftir? Ég er ansi hræddur um að þar séu upphæðirnar mun hærri svo um munar.

Það sem mér er þó efst í huga er hvaða það muni kosta íslenska þjóð ef Alþingi sýnir ekki vilja í verki til að draga úr stéttaskiptingu í landinu í stað þess að treysta hana í sessi. Um það snúast deilurnar um frv. Með því eru alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum búin sérréttindi í lífeyriskjörum. Verið er að auka stéttaskiptingu í þinginu og í þjóðfélaginu.

Ég tek undir að á þessum málum hafi þurft að taka. En skoðun mín er sú að stefna eigi með þessa hópa inn í almenna lífeyrissjóði sem standa þeim opnir, þannig að við sitjum öll við sama borð innan þings sem utan. Þetta frv. gengur því miður í þveröfuga átt.

Frú forseti. Þess vegna ætla ég að greiða atkvæði gegn frv.

[12:39]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ágætt að hv. þm. hafi skýra afstöðu til frv. Nú situr hv. þm. á Alþingi í forföllum formanns síns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem er í felum norður í Þistilfirði. Í frv. þessu er lagt til, eins og

hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lengi barist fyrir, að formenn stjórnmálaflokkanna á þingi fái sérstakt launaálag ef þeir eru ekki jafnframt ráðherrar. Nú spyr ég hv. þm.: Er hann á móti þessari kauphækkun til formanns síns?

[12:40]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er á móti því. Svarið er einfalt. Já.

[12:40]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá liggur það fyrir að hv. þm. hefur bæði farið í bakið á hv. samþingmanni sínum í kjördæminu, Þuríði Backman, og ekki síður hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hans helsta baráttumáli á þinginu, sem eru bætt kjör formanna stjórnarandstöðuflokkanna. (**Gripið fram í:** En sú ...) Og það hlýtur að vera svolítið sérstakt. (**KolH:** Þetta er ómaklegt, fullkomlega ómaklegt.)

[12:40]

Hlynur Hallsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér líður meira svona eins og á einhverri málfundaræfingu í Morfís. Ég veit ekki hvað svona málflutningur á að þýða. (**Gripið fram í:** Þetta er hjá Framsókn.) Hjá Framsóknarflokknum? (**Gripið fram í:** Framsóknarflokkurinn ...) *En mér þótti afar einkennilegt af hv. þm. að koma hér og halda því fram að aðalkeppikefli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á þessu þingi væri að hækka laun formanna flokkanna. Hvaða bull er þetta? Þetta er fullkomið bull. Og hv. þm. veit það auðvitað.*

Ég tók fram að það er alveg sjálfsagt mál að athuga lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra og þá á auðvitað alltaf að skoða starfskjör þingmanna, jafnt formanna sem annarra. En í þessu máli er ég ekki að koma í bakið á neinum, hv. þm. Við ákváðum það í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við tækjum hvert og eitt persónulega afstöðu í málinu og afstaða *mín* var alveg skýr frá upphafi. Þannig liggur málið fyrir, frú forseti.

[12:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil taka fram varðandi það mál sem við nú ræðum að ég sit sem áheyrnarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í allshn. Fyrsta verk mitt á fundi nefndarinnar þegar þetta var tekið til umræðu var að óska formlega eftir því að afgreiðslu málsins yrði frestað, það yrði kostnaðarmetið og yrði síðan unnið í janúar og febrúar og tekið þá til endanlegrar afgreiðslu þingsins þegar menn teldu málið hafa fengið fullnaðarmeðferð í nefndinni. Þessari formlegu tillögu minni í nefndinni var hafnað af formanni nefndarinnar.

Í afgreiðslu málsins og vinnslu þess í nefndinni var afstaða mín til þess alveg ljós. Hún kom fram í ræðu minni við 1. umr. málsins. Í ljósi þess hélt ég mig talsvert til hlés í umræðum um málið í nefndinni og tók ekki beinan þátt í gerð brtt. á sama hátt og hv. þingmenn Samf. gerðu eins og komið hefur fram við umræðuna. Ég taldi ekki ástæðu til þess þar sem afstaða mín lægi ljós fyrir.

Hver var þessi afstaða mín sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. málsins? Hún var í nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi tímasetningin. Ég gagnrýndi tímasetningu framlagningarinnar því ég tel það ekki forsvaranlegt að á meðan 1.400 milljónir vantar til að halda óbreyttum rekstri eða óbreyttu þjónustustigi á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og ríkisstjórnin ætlar að horfa upp á það að hundruðum starfsmanna þar verði sagt upp, þá leggi menn fram frv. á Alþingi sem hækkar til muna eftirlaunarétt ráðherra í ríkisstjórninni.

Ég tel heldur ekki forsvaranlegt að þegar ríkisstjórnin hefur nýverið gengið á bak orða sinna varðandi samkomulag það sem gert var við öryrkja fyrir kosningar og neitar að greiða þær 500 milljónir sem á vantar til að samkomulagið verði efnt að fullu, þá sé lagt fram frv. af því tagi sem hér um ræðir.

Ég tel einnig í ljósi þess hlálega leiðangurs sem Framsfl. er nýkominn úr, sneypulegur með skottið á milli lappanna eftir að hafa ætlað að gera aðför að atvinnulausu fólki, að ekki sé forsvaranlegt að leggja fram frv. af því tagi sem hér um ræðir. Að ekki sé talað um yfirlýsingar hæstv. forsrh. í garð þeirra sem hafa verið að skammta sér ofurlaun í atvinnulífinu í nafni mikils hagnaðar banka og fjármálastofnana. Af þessum sökum tel ég ekki forsvaranlegt að lagt sé fram frv. á Alþingi af þessu tagi.

Ég orðaði það svo við 1. umr. að það væri auðvitað alltaf erfitt að leggja fram frv. af þessu tagi sem fjallaði um kaup og kjör þingmanna, en kannski sýnu erfiðast að gera það í upphafi nýs kjörtímabils þegar menn eru að véla um eigin kjör, en ekki þess þings sem enn er ekki kosið. Ég teldi því heppilegra, og ítreka það hér, að mál af þessu tagi væru rædd í lok kjörtímabils þannig að menn séu ekki sýnilega að véla um eigin kjör, heldur kjör þeirra þingmanna sem fyrirsjáanlega yrðu kosnir í næstu kosningum.

Ég tel þann örstutta tíma sem þinginu hefur verið ætlað að fjalla um þetta mál vera ámælisverð vinnubrögð. Ég lýsi því yfir að ef menn geta staðið heilir á bak við mál af því tagi sem hér er lagt fram, skipti ekki máli hversu lengi þeir ákveða að standa að baki því eða verja það í augum almennings. Maður sem getur varið þetta mál með ræðum sínum og framgöngu sinni í einn sólarhring eða tvo, getur staðið á bak við svona mál í einn mánuð eða tvo, eða eitt ár, eða svo *lengi sem hann sjálfur kýs að standa á bak við málið og verja* það. Þess vegna er það fullkomlega óábyrgt að heimila ekki eðlilega umfjöllun um þetta mál og gefa því þann eðlilega tímaramma sem stærð þess útheimtir.

Varðandi efnisatriði málsins er afstaða mín til þeirra misjöfn, mér eru þau ekki öll að skapi. Ég hef lýst því yfir að ég geti stutt það sem horfi til betri vegar, það varðar fyrst og fremst breytingar á ávinnslu lífeyrisréttinda. Að öðru leyti hef ég lýst mig ósamþykka þeirri stéttaskiptingu sem mér finnst vera fólgin í frumvarpinu að mörgu leyti, bæði hvað varðar kjör almennt og ekki síður eftirlaunakjör.

Varðandi það sem hér hefur komið fram um vinnubrögðin, vil ég lýsa því að ég er sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem lýsti í sinni ræðu heilbrigðum vinnubrögðum við mál af því tagi sem hér er til umfjöllunar. Hún lýsti heilbrigðum vinnubrögðum fyrri ára varðandi svona mál. Hún lýsti vinnubrögðum sem ég tel til fyrirmyndar sem litast af samvinnu og samstöðu, sem litast af vilja manna til þess að ná samstöðu um mál og hafa um þau einingu. Hér hefur ekki verið slíku til að dreifa, menn hafa hreinlega ekki gefið sér þann tíma sem til hefði þurft í slíkt.

Mér hefur virst bera á því á seinni árum að ný og verri vinnubrögð séu viðhöfð af þeirri ríkisstjórn sem nú situr, vinnubrögð sem lituð eru af hroka þess eða þeirra sem hafa farið með valdið of lengi. Hér er um prýðisdæmi að ræða, skólabókardæmi nánast um það hvernig menn geta látið valdið spilla sér, því hér sýnist mér að um hafi vélað

hrokafullir karlar sem hafa ekki gætt sanngirni í því hvernig málið er orðið til, hvernig það er lagt fram, hafa ekki lagt á sig neitt varðandi það að hér verði samvinna eða eindrægni eða samstaða um málið. Ég tek undir það sem hefur verið gagnrýnt í þessum vinnubrögðum.

Því hefur verið haldið fram af formanni allsherjarnefndar, hv. þm. Bjarna Benediktssyni, að málið hafi notið stuðnings formanna allra flokka. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og reyndar líka hv. þm. Magnús Stefánsson hafa talað um að samkomulag hafi verið gert við formenn stjórnmálaflokkanna um málið. Virðulegur forseti. Í mínum huga er þetta ekki svona. Samkomulag var það ekki og stuðningi var ekki heitið umfram það sem hver og einn einstaklingur getur lofað fyrir sig, raunar lá ljóst fyrir strax á fyrstu stigum að andstaða væri við málið í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Sú andstaða var skýrð á yfirvegaðan og málefnalegan hátt af þeirri sem hér stendur og af hv. þm. Ögmundi Jónassyni við 1. umr. þessa máls. Á þeim tíma sem rætt var við formenn stjórnmálaflokkanna um málið lá ekkert fyrir um þá flýtimeðferð sem hér hefur verið viðhöfð, eða að ekki yrði lagt kostnaðarmat á málið. Ekkert lá fyrir um hvaða breytingar meiri hlutinn yrði tilbúinn til að gera á málinu við þessa þinglegu meðferð sem nú hefur staðið allt of stutt og ekkert lá fyrir um stuðning þingflokkanna við málið. Ég leyfi mér að halda því fram að því sé ranglega haldið fram að um samkomulag hafi verið að ræða, þó því hafi aldrei verið neitað að formaður flokksins, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafi fengið vitneskju um að málið væri í vinnslu.

Virðulegur forseti. Ég lít svo á að það eigi eftir að upplýsa hverjir sömdu þetta frumvarp. Óskað var eftir vitneskju um það í allsherjarnefndinni, en um það barst engin vitneskja. Það var eingöngu sagt að málið hafi ekki verið samið í fjármálaráðuneytinu. Mér finnst óeðlilegt, virðulegur forseti, að þingmenn fái ekki að vita hver stendur á bak við samningu þessa frumvarps. Hver upphugsaði það? Hver er hönnuður þeirrar hugmyndafræði sem kemur fram í því? Og hverjum datt í hug að kynna þetta mál fullbúið meðflutningsmönnum sínum án þess að þeir fengju að gera nokkrar breytingar eða lagfæringar á málinu, nánast einu andartaki áður en því var dreift á þinginu?

Virðulegur forseti. Það þarf enginn að furða sig á því sem hér hefur gerst á síðustu dögum varðandi þetta mál, í ljósi þess hvernig málið er orðið til, í ljósi þess hvernig það er kynnt og í ljósi þess hvernig þrýst hefur verið á um afgreiðslu þess.

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir ályktun sem gerð var á útifundi á Austurvelli 11. desember 2003 og send hefur verið þingmönnum og ég vil mótmæla ummælum hæstv. forsrh. sem gerði lítið úr því fólki sem safnaðist saman, nokkrum hundruðum saman, og hélt því fram að hér væri ekki einu sinni starfslið einhverrar skrifstofu úti í bæ. Ummæli af því tagi sem hæstv. forsrh. viðhafði í sjónvarpsfréttum um þetta fólk sem þar stóð og tjáði okkur þingmönnum tilfinningar sínar eru ekki sæmandi.

Ályktun sú sem samþykkt var á þessum útifundi, þar sem mótmælt var harðlega þessu frv., á fullan rétt á sér. Ég tek undir þá kröfu sem fundurinn samþykkti, að þetta mál eigi að draga til baka og við eigum að falla frá þessum áformum, setja málið í annan farveg, vinna það á öðrum nótum og reyna að ná samstöðu um þau mál sem hægt er að ná samstöðu um.

[12:54]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Frumvarpið sem hér liggur fyrir er að mínu mati klæðskerasaumað fyrir þá ríkisstjórn sem hér situr. Áður en ég fer ofan í efnisatriði málsins vil ég gera grein fyrir því að frá fyrsta degi þessa frv. hef ég verið á móti því. Ástæðan fyrir því að ég er á móti frv. er fyrst og fremst sú að hér er um grundvallaratriði að ræða að mínu mati, að þingmenn, ráðherrar, dómarar og aðrir njóti sömu lífeyriskjara og annað fólk í landinu. Ég hef rætt þetta mál í þaula, m.a. við reynslumikla þingmenn. Það sem virðist standa upp úr í þeim samræðum er fyrst og fremst það að ástæða þess að þingmenn og aðrir embættismenn njóti sérkjara er varða lífeyrissjóðsmál sé vegna þess að erfitt sé fyrir þá að finna önnur störf eftir að störfum þeirra lýkur.

Ég hef starfað í fiskverkun. Ég hef starfað á mörgum skipum, smáum og stórum. Ég get ekki betur séð en að einmitt þetta fólk, fiskverkunarfólk, sjómenn og aðrir launamenn í landinu búi við nákvæmlega sama óöryggi og þeir þingmenn sem ljúka störfum á hinu háa Alþingi. Við erum með frjálst framsal í sjávarútvegi þar sem atvinnuöryggi þeirra sem starfa í greininni er afskaplega bágborið. Við erum með starfsfólk á Keflavíkurflugvelli sem veit ekki nákvæmlega hvað bíður þeirra. Hver eru réttindi þessa fólks umfram okkur? Þetta er ástæðan fyrir því að ég hef frá fyrsta degi verið andsnúinn þessu frv.

Efnisatriði frv. eru að mínu mati tvíþætt: Í fyrsta lagi er verið að tala um aukin lífeyrissjóðsréttindi og hef ég gert grein fyrir máli mínu þar. Í annan stað er verið að tala um kauphækkanir hjá ákveðnum aðilum úr röðum þingmanna og ráðherra. Ég man ekki betur en að fyrir sex mánuðum hafi laun okkar hækkað um 10%. Núna, sex mánuðum síðar, er verið að tala um kauphækkun hjá ákveðnum aðilum upp að 50% og hjá öðrum um 5% eða svo.

Mér finnst mjög athyglisvert í þessu frv. og það sem mér finnst standa hæst, frú forseti, er að ákvæðið um kjör forsrh. er eftirfarandi:

„Ef fyrrverandi forsætisráðherra“ — ég leyfi mér að lesa úr frv., frú forseti. — „hefur gegnt embættinu lengur en eitt kjörtímabil, þ.e. lengur en fjögur ár, verða eftirlaunin 70% og 80% hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.“

Þetta finnst mér standa hæst í þessu frumvarpi. Það segir áfram í frumvarpinu að fyrrverandi forsætisráðherra njóti þessara lífeyrissjóðskjara um leið og hann nær 55 ára aldri hafi hann starfað sem forsætisráðherra lengur en átta ár.

Þetta finnst mér einkennilegt. Ég veit ekki hve gamall hæstv. forsrh. Davíð Oddsson er nákvæmlega í dag, en þetta segir mér að ef hann er 55 ára, ef við leyfum okkur aðeins að geta í eyðurnar, þýðir það að samkvæmt þessu fær hann 80% af núverandi launum ef hann hættir sem forsrh. og biðtíma lýkur sem eru sex mánuðir, þau fimm eða tíu ár sem annars hefðu ekki orðið. Þetta eru miklir peningar.

Ég get ekki betur séð en að sá maður sem í heilagri reiði sinni gekk í Búnaðarbankann og tók þar út peninga sína fyrir þær sakir að ákveðnir aðilar í bankaumhverfinu á Íslandi voru að veita sér ákveðin réttindi er varða kaupréttarsamninga, sé í þessu frv. að hygla sjálfum sér svo tugum milljóna skiptir. Það er mitt álit.

Í ljósi alls þessa, frú forseti, tilkynni ég hér með að ég mun ekki greiða atkvæði með þessu frumvarpi.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 447. mál, brtt. BjarnB, þskj. 704.

Fölsuð myndverk, 476. mál, fsp. ÖS, þskj. 703.

[13:35]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem nú er til umræðu hefur valdið hörðum viðbrögðum úti í samfélaginu en einnig á göngum Alþingis. Frá upphafi var afstaða mín ljós: Ég get ekki samvisku minnar vegna stutt þessar gífurlegu kjarabætur sem þingmenn, og sérstaklega ráðherrar í þessari ríkisstjórn, ætla að skammta sjálfum sér í skjóli myrkurs í svartasta skammdeginu rétt fyrir jólin. Mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna embættismenn þjóðarinnar þurfa á sérkjörum að halda hvað varðar eftirlaunaréttindi, sérkjörum sem almenningi, kjósendum, er ekki ætlað að njóta. Þeim ellilífeyrisþegum sem unnið hafa á hinum almenna vinnumarkaði alla sína starfsævi, er gert að framfleyta sér með smánarlegum lífeyri í samanburði við það sem hér um ræðir, upphæðum sem aðeins er örsmátt brot af því sem embættismönnum verður greitt nái þetta frv. að verða að lögum í óbreyttri mynd.

Ég get ekki, herra forseti, annað en velt því fyrir mér hvers vegna þau lífeyriskjör sem öðrum landsmönnum eru búin séu ekki nægjanlega góð fyrir þá sem í þessum sal sitja og starfa. Séu lífeyrisréttindi annarra það lök að þau séu til að mynda ráðherrum ekki samboðin, er þá ekki rétt að bæta þau kjör þannig að allir megi sáttir við una? Er virkilega þörf á því að embættismenn safni í digra sjóði eftir að vinnudegi þeirra lýkur? Ég get ekki skilið hvers vegna þeir sem margföld laun verkamanna hafa á starfsævi sinni þurfi á enn meira fé að halda eftir að þeir setjast í helgan stein, herra forseti. Maður skyldi ætla að þeir sem um ræðir í þessu frv. ættu að hafa tök á því að leggja fyrir til elliáranna.

Komið hefur fram að fyrrv. þingmönnum og ráðherrum gangi illa að fá önnur störf eftir að þingsetu lýkur og að því sé brýnt að þeir geti hafið töku eftirlauna fyrr en almennt gerist. Ætla má að þeim 200 starfsmönnum Landspítalans sem nú standa frammi fyrir því að verða atvinnulausir muni einnig ganga illa að fá önnur störf. Nýlega var rúmlega 100 starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli sagt upp störfum og þeir missa lífibrauð sitt nú eftir áramótin. Síðustu mánuði höfum við fengið stöðugar fregnir af fiskvinnslufólki í þorpum úti á landi sem hefur verið að missa vinnuna. Þetta eru bara nokkur dæmi. Hvar á allt þetta fólk að fá vinnu? Til hvaða ráða getur þetta fólk gripið, fólk sem stefnir nú hraðbyri í atvinnuleysi, virðulegi forseti? Því er auðsvarað fyrir hönd þeirra sem ekki fá vinnu: Það fólk neyðist til að skrá sig atvinnulaust hjá vinnumiðlun og þiggja bætur, heilar 77.449 kr. á mánuði, þar til önnur störf bjóðast. Það væri kannski athugandi fyrir fyrrverandi þingmenn og ráðherra að kanna þann möguleika, herra forseti, eigi þeir í erfiðleikum með að finna önnur störf.

Á hinn bóginn sætir það furðu minni að fólk sem hefur þingreynslu skuli ekki vera eftirsóttara á vinnumarkaðnum en raun ber vitni. Þarna er á ferðinni fólk með dýrmæta reynslu, mikla innsýn í þjóðfélagsmál, fyrir utan að vera mjög frambærilegt, langflest a.m.k., vel máli farið og svo mætti lengi telja. Ég tel að þarna séu sóknarfæri fyrir mörg fyrirtæki í einkageiranum að finna bæði hæfa og dýrmæta starfskrafta sem vert væri að skoða nánar. Hér á landi er nánast litið á fyrrum þingmenn sem holdsveikir væru og það er með ólíkindum að þeir skuli ekki geta fundið sér störf á almennum vinnumarkaði en verða í staðinn nánast að sníkja út störf á vegum ríkisins meðal sinna gömlu kollega í pólitík, eins og langleiðina er viðurkennt í greinargerðinni sem fylgir þessu makalausa frv.

Herra forseti. Ég furða mig á því að hér á landi skuli fyrrverandi stjórnmálamenn ekki njóta dýrmætrar reynslu sinnar sem fulltrúar þjóðarinnar á hinu háa Alþingi þegar kemur að samkeppni um störf á hinum almenna vinnumarkaði. Mér er kunnugt um að á meðal nágranna okkar á Norðurlöndunum sé álitið eftirsóknarvert meðal fyrirtækja að njóta starfskrafta þeirra sem setið hafa á þingum viðkomandi þjóða. Fyrrverandi stjórnmálamenn eru taldir búa yfir einstakri reynslu og fyrirtæki sjá sér hag í að njóta starfskrafta þeirra og ráða, enda er það svo, herra forseti, að með réttu er oftast um mjög frambærilega einstaklinga að ræða sem búa yfir góðum hæfileikum. Og þeir búa einnig yfir reynslu og þekkingu.

Ég ítreka enn og aftur að forkólfar í íslensku atvinnulífi ættu í auknum mæli að beina, fordómalaust, sjónum sínum að þeim sem setið hafa og sitja á hinu háa Alþingi í leit sinni að góðum starfskröftum til framtíðar.

Herra forseti. Lagt er til í þessu frv. að hækka laun þeirra formanna stjórnmálaflokka sem ekki gegna ráðherraembætti um 50%, um tæpar 220 þús. kr. á mánuði, eða rúmlega 2,6 millj. kr. á ári. Þessar kjarabætur eru að mínu mati, herra forseti, fyrir neðan allt velsæmi. Krefjist launþegar örfárra prósentna launahækkana í kjaraviðræðum sínum er þeim sagt af forkólfum núverandi ríkisstjórnar og fólki á þeirra vegum að þá fari allt á annan endann. Mér þykir fróðlegt að ekki skuli vera útlit fyrir kollsteypur við þessar kjarabætur til valinna alþingismanna sem merkilegt nokk eru einnig formenn flokka sinna.

Því er ekki að leyna að formaður míns flokks, Guðjón A. Kristjánsson, mundi njóta góðs af þessari hækkun. Mín skoðun er hins vegar sú að með þessari tillögu sé Alþingi að hlutast til um innra starf flokks míns og tel ég það óeðlilegt. Eðlilegra þætti mér að hver og einn þingflokkur tæki ákvörðun um álagsgreiðslur til formanna sinna og stæði sjálfur straum af þeim kostnaði, eftir því sem efni og aðstæður leyfðu, í stað þess að lög væru sett um það á Alþingi að láta skattgreiðendur borga brúsann.

Það er ekki hlutverk Alþingis að launa forustufólki einstakra stjórnmálaafla. Miklu frekar ætti Alþingi að auka fjárframlög til stjórnmálaflokka og jafnframt skylda þá með lögum til að opinbera reikninga sína. Þá væri komið á þörfu aðhaldi gegn því að stjórnmálaflokkar létu þrönga hagsmunahópa eða fyrirtæki með annarleg markmið styðja sig með milljónagjöfum eins og grunur leikur á að eigi sér stað í dag. Opinberun bókhalds flokkanna mundi einnig leiða fyrir sjónir kjósenda hvort forustumenn þeirra nytu einhverra fríðinda, og þá hverra. Það er sjálfsögð krafa í opnu lýðræðisþjóðfélagi að stjórnmálaflokkar opinberi reikningsskil sín. Frjálsl. hefur gert þetta frá upphafi. Við höfum ekkert að fela, herra forseti, og við höfnum því að stjórnmálamenn geti umbunað sjálfum sér á kostnað skattborgaranna með jafnósvífnum hætti og stefnir í að raunin verði nú með þessu umdeilda frv. sem mér sýnist á öllu að verði að lögum innan fárra daga. Ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt.

[13:43]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna ummæla sem hv. þm. Steinunn Pétursdóttir lét falla um þetta frv. Hv. þm. sagði að hér væri um að ræða kjarabætur fyrir þingmenn og ráðherra sem þingmenn væru að skammta sér, eins og fram kom í ræðunni. Ég vil bara taka það fram þannig að því sé haldið til haga að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir kjarabótum fyrir alla þingmenn, eins og það er fram sett. Verði það að lögum munu meira að segja útgreidd laun til einstakra þingmanna lækka lítillega.

Ég vil líka benda á að í meðförum allshn. var gerð sú breyting á frv. að álag til varaforseta og formanna nefnda verður ekki hækkað. Þetta hefur þá raunhæfu þýðingu að þær kjarabætur sem samkvæmt frv. eins og það var lagt fram hefði náð til 22 alþingismanna ná nú einungis til þriggja alþingismanna. Ég tel mjög mikilvægt að þetta komi fram í þessari umræðu (Gripið fram í.) og því sé haldið til haga þegar menn eru að tala um að hér sé um að ræða verulegar kjarabætur fyrir alla þingmenn. (**Gripið fram í:** ... hvernig stendur á því ... formenn flokkanna ...?) Svo er ekki.

[13:45]

Steinunn K. Pétursdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að gera mér svo skilmerkilega ljóst hvað í þessu frv. felst. Ég lít hins vegar svo á að aukin lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra séu kjarabætur. Ef hann vill orða það öðruvísi má hann það mín vegna en þetta er mín skoðun.

[13:47]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Heimild til afbrigða er sett inn í þingsköp til þess að hægt sé að koma til móts við sérkennilegar aðstæður, mikla þörf á flýti og hraða. Meginregla þingskapa um að nokkur tími skuli líða frá því að mál er lagt fram og áður en það er tekið til umræðu er til þess að þingmenn hafi allir tíma til að kynna sér málið og til að almenningur, það fólk sem við störfum fyrir, hafi líka tíma til að kynna sér þau mál sem hér eru til umræðu. Þessi tillaga vekur furðu, þessi brtt. frá formanni allshn., og ég sé ekki ástæðu til að veita henni brautargengi með afbrigðum áður en ég hef haft tækifæri til að kynna mér hana. Ég vil gjarnan, ágæti forseti, að formanninum gefist tækifæri til þess að skýra hvers vegna hann setur þessa tillögu fram áður en leitað verður afbrigða.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill geta þess að það er óheimilt að gera grein fyrir tillögum áður en þær hafa verið teknar á dagskrá þannig að við verðum nú að leita afbrigða.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 704. — Afbrigði samþ. með 28:9 atkv. og sögðu

já: BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StB, TIO.

nei: EMS, GÖrl, HHj, JÁ, KJúl, MF, MÁ, StP, ÖJ.

7 þm. (ÁÓÁ, ÁF, GÖg, HlH, LB, RG, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÁS, GunnB, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SAÞ, SP, VS, ÖS) fjarstaddir.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og ætla ekki að hafa mörg orð um það á þessu stigi. Menn hafa staðnæmst við ýmsa þætti frv., kannski hafa fyrst og fremst þeir þættir sem lúta að kjaramálum og launamálum og breytingum á þeim vakið mesta umræðu og gagnrýni í þjóðfélaginu almennt. Ég lét það koma fram við 1. umr. um frv. að ég teldi Alþingi vera komið út á hálar brautir varðandi ákvörðun um kjör þingmanna og ráðherra yfirleitt, menn gætu ekki bæði sleppt og haldið, falið Kjaradómi ákvörðunarvald en jafnframt haft afskipti af kjörunum innan veggja þingsins, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel að hér þurfi að vera mjög skýrar línur. Ég hef áður flutt þingmál um breytingu á þessu fyrirkomulagi og mun gera það að nýju á komandi ári.

Varðandi launakjörin almennt hefur það komið fram í máli mínu og annarra að sá munur sem er á kjörum innan veggja þingsins sé óeðlilega mikill. Þar vísa ég sérstaklega í kjör ráðherra sem hafa 80% ofan á þingfararkaupið. En ég hef jafnframt sagt að í því samhengi hafi mér ekki fundist óeðlilegt að skoða kjör formanna allra stjórnmálaflokka á þingi. Og mér finnst hafa verið ómaklega vegið að þeim og gefið í skyn að flokkar hafi verið keyptir til fylgis við frv. á þessum forsendum. Ég leyfi mér að fullyrða að formönnum stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþingi, öllum sem einum, hefur fundist þessi þáttur umræðunnar slæmur vegna þess að þeir hafa ekki verið að berjast fyrir eigin kjörum. Þeim hefur meira að segja fundist óþægilegt að þessum þáttum skuli hafa verið blandað inn í umræðu um breytingar á lífeyriskjörum þingmanna og ráðherra. Mér finnst hafa verið ómaklega að þeim vegið í þessari umræðu að þessu leyti. Ég vil að þetta komi fram, og þessi afstaða mín til launamála hér innan þingsins. Það er ljóst að þau þarf að taka til rækilegrar uppstokkunar.

Herra forseti. Í ljósi ummæla nokkurra ræðumanna frá stjórnarflokkunum við þessa umræðu, um að samkomulag hafi verið á milli allra flokka á þingi um þetta frv. og afgreiðslu þess, vil ég upplýsa eftirfarandi: Það er rétt sem sagt hefur verið að forsvarsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna var af hálfu þeirra sem undirbjuggu málið kynnt að það væri í vinnslu og þeir upplýstir um helstu efnisatriði frv. Jafnframt voru þeir beðnir um að gæta algers trúnaðar um málið. Af þeirri ástæðu einni er fráleitt að tala um að málið hafi verið unnið í samvinnu allra stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi eða að gert hafi verið eitthvert samkomulag um afgreiðslu þess. Til þess hefði að sjálfsögðu þurft að kynna málið, ræða það og kanna viðbrögð þingmanna. Það var ekki gert enda, eins og áður sagði, beðið um að gætt yrði ýtrasta trúnaðar. Það sem meira er, af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kom fram skýrt og greinilega að í okkar röðum í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kæmi fram mikil andstaða við frv. ef það yrði lagt fram. Það eru síðan vonbrigði hvernig málið hefur þróast hér í þinginu því það er eitt að leggja frv. fram og að standa að slíku og svo er hitt, hvernig málið er meðhöndlað og hvers konar afgreiðslu það hlýtur. Vísa ég þar í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman.

[13:55]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. s. fór ekki mjög mikið efnislega í frv. í þessari umræðu. Meðal þeirra mála sem hefur þó borið hvað hæst í gagnrýninni á frv. er ákvæði sem snýr að lífeyrisgreiðslum til forsrh. þar sem gert er ráð fyrir að þær verði gerðar sambærilegar og á við um forseta Íslands, þó með þeirri undantekningu að sjálfsögðu að um yrði að ræða helmingi lægri greiðslur en eftirlaunahlutfallið sambærilegt.

Nú langar mig til að spyrja hv. þingmann hver sé skoðun hans á þessu, hvort hann telji óeðlilegt að eftirlaunagreiðslur til forsrh. séu með þessum hætti sambærilegar við eftirlaunagreiðslur til forsetans, hvort hann telji eðlilegt að þær séu á margan hátt lakari en gilda um hæstaréttardómara.

Ég held að það væri gott fyrir umræðuna — hv. þm. hefur verið mjög gagnrýninn á þetta frv. svo vægt sé til orða tekið — að afstaða hans til þessara þátta liggi fyrir við þessa umræðu.

[13:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með hliðsjón af kjörum almennt í landinu tel ég laun forsetans og forsætisráðherrans óeðlilega há. Ég tel að þeir eigi að greiða í lífeyrissjóði eins og allir aðrir þegnar þessa lands, sitja við nákvæmlega sama borð og allir aðrir þegnar þessa lands og búa við sömu lífeyriskjör og öðrum eru búin.

[13:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði sérstaklega hvort hv. þm. væri þeirrar skoðunar að þetta ákvæði frv. um að gera embætti forsrh. jafnsett embætti forseta Íslands, nema að því leytinu að greiðslurnar væru helmingi lægri vegna þess að launin sem miðað er við eru helmingi hærri hjá forsetanum, væri eðlilegt. Telur hann eðlilegt eða óeðlilegt að færa þetta hlutfall til jafns við hlutfall forsetans? Svar hv. þingmanns var það að hann teldi að báðir ættu að greiða inn í lífeyrissjóði. Ég vil þá spyrja hv. þingmann hvort vænta megi við þessa umræðu eða þá við 3. umr. breytingartillagna í þá veru að hverfa frá þessu fyrirkomulagi líka hjá forseta Íslands eða hvort hv. þm. telur eðlilegt að þau mál séu einfaldlega ekki rædd í samhengi.

[13:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég væri reiðubúinn að taka öll þessi lífeyrismál til skoðunar á komandi ári en ekki í því samhengi sem hér á sér stað. Ég ítreka það sem ég áður sagði, mér finnst eðlilegt að menn sitji við sama borð, það eigi við um forseta og dómara og forsrh. og þingmenn, þeir sitji við sama borð og fólk gerir almennt í þessu landi. Það er mín skoðun.

[13:58]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er með hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eins og aðra hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna, þeir eru að reyna að hlaupa frá málinu eins hratt og þeir geta. Það er þó eitt atriði sem vakti athygli mína í ræðu hv. þm. og það var varðandi laun formanna stjórnmálaflokka. Mér heyrðist hv. þingmaður vera sammála því baráttumáli formanns síns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að formenn stjórnmálaflokka sem ekki eru jafnframt ráðherrar fái sérstakt álag á þingfararkaup. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm.: Hvað telur hann eðlilegt að slíkt álag sé hátt fyrir formenn stjórnarandstöðuflokkanna og þar með sinn eigin formann?

[13:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Máltækið segir: Margur heldur mig sig. Og hv. þm. er að ætla formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hugsanir sem eru greinilega að kveikja í hans eigin kolli. Þetta er ómaklegt.

Ég hef sagt það skýrt og greinilega í ræðum mínum að ég tel það kjarabil sem verið er að búa þingmönnum og ráðherrum óeðlilegt og ég hef gagnrýnt það álag sem er greitt ofan á þingfararkaupið til hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni. Ég hefði viljað draga stórlega úr þessu ef það yfirleitt á að vera nokkur kjaramunur. Ég teldi eðlilegt að hér væru allir á sömu kjörum. Ég sagði hins vegar að í þessu samhengi þætti mér ekki óeðlilegt að litið væri til formanna stjórnarandstöðuflokkanna þannig að þeir fengju eitthvert hlutfall eða eitthvert brot af því sem ráðherrar fá í sinn hlut. (**Landbrh.**: Hvað hátt?) Er þetta ekki alveg skýr afstaða? (**Landbrh.**: Nei.) Þetta er ekki skýr afstaða? Ég skal þá taka til máls hér að nýju og ræða þetta frv. rækilega til að upplýsa hæstv. landbrh. um málið. Það væri fróðlegt að fá hann líka hingað í ræðustól. Ég man ekki eftir því að hann hafi tjáð sig um þetta. (Gripið fram í.) Eigum við ekki bara að fara í að skoða frv. með tilliti til þeirra lífeyriskjara sem verið er að búa hæstv. landbrh. Guðna Ágústssyni? (**Gripið fram í:** Það er búið ...) Hver veit nema þetta sé klæðskerasniðið af hálfu utanrrh. til að losna við Guðna Ágústsson, varaformann flokksins, úr embætti? Eigum við ekki bara að líta á þetta?

[14:01]

Guðjón Ólafur Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú spurning sem ég lagði fyrir hv. þm. var afskaplega einföld: Hvað telur hv. þm. að formaður stjórnmálaflokks, sem ekki er jafnframt ráðherra, eigi að hafa mikið álag á þingfararkaup sitt? Þetta er afskaplega einföld spurning og snýr auðvitað að því hvað hv. þm. ætlar að ganga langt í að styðja sinn ágæta formann, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, í þessu baráttumáli hans.

[14:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, þetta er ósköp einföld spurning en hún er líka mjög einfeldningsleg í ljósi þess sem hér hefur verið sagt og í ljósi þess sem ég hef sagt um kjörin hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Hvað ...?)

Ég tel eðlilegt að allir sem eiga sæti á Alþingi, hvort sem þeir sitja á ráðherrabekk eða úti í sal, eigi að vera á nákvæmlega sama kaupi. Það er mín afstaða. (**Gripið fram í:** Hvað ...?) (**Gripið fram í:** 80% ofan á ...)

[14:02]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég hef í umræðum um þetta mál fyrr í dag greint frá því að ég hafi sem formaður allshn. óskað eftir því að reiknað yrði út af sérfræðingum hvaða áhrif frv., eins og það liggur fyrir þinginu með brtt. allshn., hefði á eftirlaunaskuldbindingar ríkisins.

Mér hefur nú borist svarið og því er verið að dreifa til þingmanna. Ég ætla að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Talnakönnun hf. hefur að beiðni yðar metið hvaða áhrif frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara hafi á lífeyrisréttindi

þessara hópa. Miðað er við frumvarpið með breytingartillögum allsherjarnefndar.

Tími til útreikninga var afar skammur og ekki gafst færi á að fara yfir útreikninga með sama hætti og gert er til dæmis við úttekt á eftirlaunasjóðum. Tryggingafræðilegar forsendur eru þær sömu og gert er við úttekt á lífeyrisskuldbindingum vegna alþingismanna, ráðherra og annarra þeirra sem frumvarpið tekur til. Núvirt er miðað við 2% ávöxtun, en það er í samræmi við reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um núvirðingu þegar réttindin miðast við laun eftirmanna. Miðað er við dánarlíkur áranna 1996–2000 og danskar örorkulíkur.

Til grundvallar matinu er miðað við alla þá sem áttu réttindi til lífeyris um síðustu áramót. Annars vegar lá fyrir úttekt frá vorinu 2003 um réttindin eins og þau voru þá og hins vegar var metið í samræmi við réttindin eins og þau koma fram í frumvarpinu.

Meginatriði við útreikninginn er forsendan um það hvenær menn muni fara á lífeyri. Við úttektina síðastliðið vor er reiknað með því að allir þeir sem ekki eru þegar farnir á lífeyri muni hefja töku lífeyris 65 ára. Við mat á frumvarpinu eru tekin tvö tilvik:

a. Kannað er hvaða áhrif það hefur ef allir hætta við fyrsta tækifæri sem þeir geta, og þá miðað við að þeir muni á þeim aldri hafa uppfyllt skilyrði laganna til þess að hætta, jafnvel þó að þeir hafi ekki uppfyllt þau nú þegar.

b. Í hinu tilvikinu er reiknað með því að menn hætti almennt 60 ára gamlir, ef þeir uppfylla skilyrði til þess um síðustu áramót, en þeir sem ekki hafa þegar unnið sér inn réttindi til þess að hætta fyrir 65 ára aldur hætti 65 ára. Þessi tilvik ættu að gefa hugmynd um efri og neðri mörk á breytingu á eftirlaunaskuldbindingunni. Vegna þess að menn hafa rétt á að velja þann rétt sem hagstæðastur er, nýr eða gamall, er í þessum útreikningi gert ráð fyrir því að allir velji sinn besta rétt.

Niðurstöður eru sem hér segir:

Hjá alþingismönnum og ráðherrum hækkar ellilífeyrisréttur almennt en í flestum tilvikum minnkar réttur til makalífeyris. Gert var ráð fyrir því að þegar rétthafar hafi valið rétt eftir nýjum eða eldri lögum að bæði elli- og makalífeyrisréttur sé eftir sömu reglum. Hjá hæstaréttardómurum er hækkunin vegna rýmri réttinda maka til lífeyris.

Áfallin eftirlaunaskuldbinding vegna alþingismanna hækkar um 4,1% miðað við að þeir hætti við fyrsta tækifæri, en ef aðeins er miðað við þá sem ekki eru þegar komnir á eftirlaun hækkar hún um 8,5%.

Ef miðað er við að alþingismenn hætti almennt 65 ára lækkar skuldbinding vegna þeirra um 3,1%, en ef aðeins er miðað við þá sem ekki eru þegar komnir á eftirlaun lækkar hún um 7,0%.

Áfallin eftirlaunaskuldbinding vegna ráðherra hækkar um 23,9% miðað við að þeir hætti við fyrsta tækifæri, en ef aðeins er miðað við þá sem ekki eru þegar komnir á eftirlaun hækkar hún um 38,8%.

Ef miðað er við að ráðherrar hætti almennt 65 ára (nema þeir sem þegar hafa unnið sér rétt til þess að hætta fyrr) hækkar skuldbinding vegna þeirra um 7,5%, en ef aðeins er miðað við þá sem ekki eru þegar komnir á eftirlaun hækkar hún um 11,9%.

Áfallin eftirlaunaskuldbinding vegna hæstaréttardómara hækkar um 5,0%, en ef aðeins er miðað við þá sem ekki eru þegar komnir á eftirlaun hækkar hún um 8,5%.

Ekki er reiknað með að þessi breyting hafi áhrif á eftirlaun forseta Íslands.

Í árslok 2002 voru áfallnar eftirlaunaskuldbindingar í heild vegna þessara hópa sem hér segir í millj. kr.

Alþingismenn alls 4.185 milljónir, breyting verst 172 milljónir, breyting best mínus 130 milljónir.

Ráðherrar 883 milljónir alls, breyting verst 211 milljónir, breyting best 66 milljónir.

Hæstaréttardómarar alls 1.135 milljónir, breyting verst 57 milljónir, breyting best 57 milljónir.

Embætti forseta Íslands alls 398 milljónir, breyting verst 0, breyting best 0.

Alls 6.601 milljón, breyting verst alls 439 milljónir, breyting best alls mínus 7 milljónir.

Breyting í versta tilviki 6,7% til hækkunar, í besta tilfellinu mínus 0,1%.

Alls eru því hækkanir vegna þessa frumvarps á áfallinni lífeyrisskuldbindingu ríkisins á bilinu 0 til tæplega 7%.

Ítrekaðir eru fyrirvarar vegna þessara útreikninga."

Nú liggur fyrir mat sérfróðra aðila á áhrifum frv. eins og það liggur fyrir þinginu með brtt. frá allshn. Niðurstöðurnar eru, eins og ég var að fara yfir, að áfallin eftirlaunaskuldbinding er frá því að vera mínus 0,1% við bestu aðstæður — þegar talað er um bestu aðstæður er verið að horfa frá sjónarmiðum ríkissjóðs. Í versta falli — þá er verið að taka versta mögulega tilvik, og ég ítreka það sem kemur fram í bréfinu að í því tilviki er gert ráð fyrir því að allir hætti við fyrsta tækifæri sem þeir geta og miðað við að þeir muni á þeim aldri hafa uppfyllt skilyrði laganna til þess að hætta, jafnvel þó að þeir hafi ekki uppfyllt þau nú þegar — eykst skuldbindingin um tæp 7%.

Umræðan um áhrif laganna í fjárhagslegu tilliti, eins og menn hafa tekið hana hingað til, hefði kannski fyrst og fremst átt að snúast um þetta. Ég verð að segja að miðað við sleggjudómana sem hafa fallið í fjölmiðlum og hafa að hluta til borist inn á þingið eru áhrifin að mínu mati mjög hófleg.

Hins vegar hlýtur maður að gera kröfu til þeirra sem ekki hafa getað tekið afstöðu til frv. á þeirri forsendu að ekki hafi legið fyrir hver áhrifin yrðu fyrir ríkissjóð að þeir taki nú skýrari afstöðu, og maður hlýtur að gera ráð fyrir því, hafi þeir haft þann fyrirvara að þetta lægi ekki fyrir, að þeir styðji frv.

[14:10]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir skjót viðbrögð. Þetta er lýsandi dæmi um kraft ungra manna.

En ég tek eftir einu í yfirlitinu frá Talnakönnun hf. þar sem einstakir embættismenn eru listaðir niður, að það er ekki talað sérstaklega um forsrh. í þessari niðurröðun. Því er það spurning mín til hv. þm. Bjarna Benediktssonar hvort hægt sé að koma því við að það verði sérstakur liður fyrir forsrh. í þessum útreikningum.

[14:11]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frv. eru fjórir hópar sem frv. hefur fyrst og fremst áhrif á. Það er verið að fjalla um alþingismenn, ráðherra, hæstaréttardómara og embætti forseta Íslands. Kaflarnir í frv. eru alveg klárir hvað þetta snertir. Af þeirri ástæðu hefur samantektin verið byggð á þessu.

Eflaust er hægt að fara út í endalausa útreikninga á áhrifum frv. fyrir einstaka aðila. En ég hef talið að það mundi ekki gagnast í þeirri umræðu sem við erum að reyna að taka hér.

[14:12]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu fræga frv. eru sérákvæði bæði um forseta Íslands og forsrh., eins og ég get skilið það. Ég er ekki að biðja hv. þm. Bjarna Benediktsson um að fara í mikla vinnu þegar ég nefni til sögunnar þá beiðni mína að þessi tiltekni liður um forsrh. verði reiknaður sérstaklega. Ég ítreka enn og aftur beiðni mína þess efnis.

[14:13]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Ég vil bæta því við í þessa umræðu að að sjálfsögðu eru forsætisráðherrar í ráðherratölunni og hafa þannig áhrif á þann lið að hluta til.

Það sem mér heyrist þingmaðurinn vera að óska eftir er að farið verði út í það að meta dánarlíkur þeirra forsætisráðherra, fyrrverandi og núverandi, sem ekki hafa tekið ellilífeyri nú þegar. Ég skil ekki hvernig það ætti mögulega að geta gagnast okkur sérstaklega í umræðunni um þetta frv. eins og það liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Eigum við að kalla inn ...?)

[14:13]

Páll Magnússon:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér hefur verið lagt fram á Alþingi er fyrir margt athyglisvert. Það er athyglisvert sem slíkt og ekki síður hefur verið fróðlegt að fylgjast með áhrifum þess innan Alþingis sem utan.

Fyrst vil ég víkja að innihaldi frv. Ég styð eindregið efni þess. Með þessum tillögum er verið að taka á vandamáli sem löngum hefur verið rætt, er öllum ljóst og oftlega hefur verið hvatt til að leyst yrði. Starfskjör alþingismanna eiga ekki að vera með þeim hætti að þau dragi úr vilja hæfra manna og kvenna til að takast á við þau.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, svaraði spurningum fréttamanns Ríkisútvarpsins um þetta frv. þegar það kom fram. Hann taldi að um æskilega þróun væri að ræða sem varðaði heilbrigði lýðræðis og heilbrigði stjórnkerfisins. Hann benti á að fyrir fólk í góðum störfum og á góðri leið í starfsframa sínum þyrfti að vera ljóst að það gæti lokið störfum í stjórnmálum yngra að árum en nú er í stað þess að búa þyrfti til sendiherrastöður eða útvega þeim störf hjá hinu opinbera, eins og allt of algengt hefur verið. (**Gripið fram í:** Nú?)

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson sagði að frv. gæti verið heilbrigt fyrir hið pólitíska líf í landinu sem og stjórnsýsluna. Það varðaði heilbrigði lýðræðisins og varðaði heilbrigði stjórnkerfisins sem væri stærra mál en samanburður á milli stétta á einhverju einstöku tímabili. Ég er algjörlega sammála þessu hreinskilna áliti. Það hefur reynst vandamál fyrir stjórnmálamenn að hætta störfum á Alþingi án þess að komast í önnur störf síðustu ár starfsævinnar. Þetta hefur annars vegar leitt af sér takmarkaða endurnýjun í forustusveit íslenskra stjórnmála og hins vegar ásókn stjórnmálamanna í stjórnunarstöður hjá hinu opinbera.

Þetta frv. varðar ekki nema að afar litlu leyti almenn launakjör þingmanna. Þannig eru þingmenn ekki að skammta sér hærri laun. Gagnrýni um slíkt er á misskilningi byggð.

Viðbrögð við þessu frv. hafa að mörgu leyti verið fyrirsjáanleg. Þó verð ég að segja að viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar hafa verið ómálefnalegri en ég átti von á. Þeir útreikningar sem Alþýðusamband Íslands lagði opinberlega fram og fjölmiðlar hafa vitnað til sem útreikninga ASÍ á starfslokasamningi forsrh. eru makalausir. Ég verð að segja það, herra forseti, að ef þetta eru dæmi um vinnubrögð hagfræðinga Alþýðusambandsins hljóta aðrir útreikningar þeirra í framtíðinni að verða teknir með miklum fyrirvörum. Í þessu tilfelli búa menn sér til forsendur sem standast enga skoðun í þeim eina tilgangi að reikna sig upp í sem hæsta upphæð, gefa sér ávöxtun upp á 10%, að núverandi forsrh. láti nú af störfum sem ráðherra og fari ekki til annarra starfa, lifi til áttræðs o.s.frv.

Eini tilgangurinn virðist vera að koma pólitísku höggi á hæstv. forsrh. Í umræðu síðustu daga hefur enda komið í ljós að forusta Alþýðusambandsins er öll eins og hún leggur sig skráð í Samf. og telur sig greinilega vera betur til þess fallna að stýra pólitískum áherslum flokksins og störfum hans á Alþingi en kjörnir þingmenn flokksins.

Þá vil ég aðeins víkja að framgöngu stjórnarandstöðunnar í málinu. Eins og fram hefur komið var þetta mál upphaflega borið fram af fulltrúum allra þingflokka hér á Alþingi. Mikilvægara er að það var borið fram eftir að samkomulag náðist á milli formanna stjórnmálaflokkanna sem þingfulltrúa eiga hér á Alþingi. En það er misjafnt hvernig stjórnmálamenn bregðast við þegar þeir þurfa að bera einhverja ábyrgð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð virðist ætla að skilja flm. málsins eftir eina og yfirgefna. Það liggur þó fyrir að flm. kom að málinu miklu seinna en formaður flokksins, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem hefur um nokkurt skeið þekkt málið og samþykkt framlagningu þess. Það kom fram í viðtali við hann í fréttum Ríkisútvarpsins í gær. En formaðurinn var fljótur að flýja frá málinu og hafði frekar horn í síðu þess. Stórmenni þar á ferð.

Frjálsl. er algjörlega ringlaður í málinu. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson flutti málið fyrir hönd flokksins og kynnti það vígreifur í fjölmiðlum á fimmtudagskvöld. Nú styður hann málið ekki og leggst gegn eigin máli, ekki af því að því hafi verið breytt — nei, af því að því hefur ekki verið breytt. Hver á að skilja svona málflutning? Hv. þm. hefur flúið frá málinu. Hann er pólitískur flóttamaður á Alþingi. Hv. þm. var spurður að því fyrr í umræðunni af hverju hann hefði flutt málið upphaflega þrátt fyrir að vera mótfallinn því efnislega. Engin svör bárust.

Síðan er það Samf. Hún hefur haft það eitt að markmiði, síðan hún varð til, að verða stór. Og vissulega hefur hún orðið stór en lítið hefur hún þroskast. (**BH:** Framsfl. ...) Í fyrrakvöld mætti hingað í þinghúsið varaformaður Samf. utan úr bæ og tók hvern þingmanninn á fætur öðrum og rassskellti eins og litla krakka. (**BH:** Hann var ...) Þessi samhenti flokkur, sem forusta hans lýsti svo að loknum landsfundi, er klofinn í herðar niður. Og þingmenn hans töldu sig reiðubúna að takast á við landstjórn. Það er vonandi að einhverjir hv. þm. flokksins hafi manndóm í sér til að standa við samkomulag stjórnmálaflokkanna.

Spunadoktorar Samf. gripu til sinna ráða þegar þetta ástand var uppi í Samf. Og hver voru viðbrögðin? Jú, hér var efnt til umræðu um störf þingsins í upphafi þingfundar og fram streymdu fjórir hv. þm. Samf. til að ræða um fjárlög, sem samþykkt voru í síðustu viku. Hvað hafa margir hv. þm. Samf. tekið þátt í umræðunni í dag? Einn hefur kvatt sér

hljóðs um málið. (Gripið fram í.) Það hefur lítið farið fyrir Samf. í umræðunni og ég skora á formann Samf., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að mæta hér til leiks og taka þátt í umræðunni.

Það var dæmalaus ræða sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutti í morgun. (Gripið fram í.) Hv. þm. lét að því liggja að hér lægi fyrir stjórnarfrv., meirihlutafrv. þingflokka Framsfl. og Sjálfstfl. En það vill nú svo til að einn hv. þm. Samf. er meðflutningsmaður málsins, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Og það er þá að skilja á orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að sá ágæti þingmaður hafi gengið til liðs við stjórnarflokkana því að af öllum málflutningi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur mátti skilja að þetta væri mál meiri hlutans á Alþingi.

Það kom einnig fram í umræðunni fyrr í dag að það væri vilji Samf. að álagsgreiðslur til formanna stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu færu fram óháð því hvort viðkomandi væri þingmaður eða ekki. Það er auðvitað mergurinn málsins. Hann blasir hér við í þingsölum, sá mikli klofningur sem einkennir Samf., þau miklu átök sem nú eru milli varaformannsins, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og formannsins, Össurar Skarphéðinssonar. Samf. skiptist í fylkingar á þinginu, og er öllum ljóst.

Hæstv. forseti. Þetta þingmál hefur varpað skýru ljósi á stöðu þingflokkanna á hv. Alþingi. Hér ríkir algjör glundroði í stjórnarandstöðunni sem lætur stjórnast af konum og verkalýðsforingjum úti í bæ. Það sem verra er, (**Gripið fram í:** Konum?) stjórnarandstaðan stendur ekki við orð sín ... (**Gripið fram í:** ... konur?) Já, það er ágætt að útskýra þetta vegna þess að hin konan sem ég vitna til er að sjálfsögðu Margrét Sverrisdóttir sem, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tók þingmenn sína í stjórnarandstöðunni og tuktaði þá til.

Það sem verra er, stjórnarandstaðan stendur ekki við orð sín. Á hana er ekki treystandi. (**ÖJ:** Farðu nú að fara í ...)

[14:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í miklum málfundarleikjum við varaþingmenn Framsfl. Það kom fram í umræðunni áðan að ég teldi að ég hefði gert mistök við að setja nafn mitt við þetta frv. án fyrirvara og ef þú hefur misst af því endurtek ég það hér og nú.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti áminnir þingmann um að ávarpa ekki þingmann beint.)

Ég vil að það komi skýrt fram ef þú hefur misst af því hér fyrr í umræðunni.

[14:22]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hv. þm. skuli játa á sig þessi mistök. Ég fór yfir það í morgun að hv. þm. lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu að hann hefði verið hafður að fífli. Ég spurði hv. þingmann hver hefði haft hann að fífli. Var það formaður Frjálsl. sem samþykkti framlagningu þessa máls en dvelur nú erlendis? Nú gefst hv. þingmanni, sem hlýtur að hafa lesið viðtalið í Fréttablaðinu sem hann kannaðist ekkert við í morgun, tækifæri til að svara því. Hver hafði hann að fífli í málinu?

[14:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er búinn að svara þessu fyrr hér í umræðunni. Ég ítreka að ég ætla ekki að taka þátt á málfundarleik hérna með þessum ungu mönnum.

Málið er að ég tel, og fullyrði það, að allshn. hafi keyrt þetta mál í gegn án þess að fara ítarlega yfir það og reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi. Við það stend ég. Ég orðaði það eflaust með slíkum hætti við fréttamenn í gær að mér fyndist maður vera hafður að fífli með því að taka þátt í svona fundastarfi. Ég stend við það.

[14:24]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn skýtur hv. þm. sér undan því að svara hver hafði hann að fífli. Hver hafði hv. þingmann að fífli? (**SigurjÞ:** Ég er búinn að svara þessu.) Nei, nei, þú svaraðir því ekki neitt. Það svar kemur auðvitað ekki enda liggur það alveg beint við. Það var formaður Frjálsl. Samkomulag lá fyrir, það hefur ítrekað komið fram. (Gripið fram í.) Það kynnti hv. þm. í fjölmiðlum á fimmtudagskvöld, það lá fyrir samkomulag milli allra stjórnmálaflokka á Alþingi, formanna þeirra, um að leggja málið fram. Þess vegna hlýtur hv. þm. að hafa tekið að sér að vera meðflutningsmaður þess. Hann áttar sig síðan á því að hann er á móti málinu, hv. þingmaður.

Eftir stendur auðvitað ósvarað: Hver hafði hv. þm. að fífli?

[14:25]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. þingforseti. Í Frjálsl. hafa menn frelsi til að hafa skoðanir og jafnvel skipta um skoðun ef svo ber undir. En það er annað en virðist vera með blessaðan Framsfl., þar virðast allir vera skikkaðir til þess að hafa sömu skoðun og ekki komast upp með neitt múður eða mas eða að láta heilbrigða skynsemi ráða í málum.

[14:25]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gleðilegt að hv. þm. Grétar Mar Jónsson skuli taka þátt í umræðunni. Ég vil nota tækifærið til að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi ekkert heyrt í formanninum ágæta, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, og hver viðbrögð hans séu við því að þingflokkur Frjálsl. skuli leggjast alfarið gegn frv. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafði samþykkt að hér yrði lagt fram.

[14:26]

Grétar Mar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í Frjálsl. höfum við frelsi til að hafa skoðanir, við þurfum ekki að greiða atkvæði eins og formaður flokksins hverju sinni. Við höfum þann kost, a.m.k. fram yfir framsóknarmenn, að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir. (**Gripið fram í:** ... stjórnarflokks ...)

[14:26]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frjálsl. hefur greinilega tamið sér að svara ekki þeim spurningum sem til þingmanna hans er beint. Hann svaraði þessu í engu. Hefur hv. þm. heyrt eitthvað af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni? (**GMJ:** Ég ...) Styður formaður Frjálsl. frv. eins og það liggur fyrir? Það væri ágætt fyrir okkur að fá það fram hér í umræðunni.

[14:27]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem við héldum allir, þegar það var lagt fram, að væri þverpólitískt, að allir fimm stjórnmálaflokkarnir stæðu að því. Því trúðum við og okkur var sagt það. Það er einhver meiningarmunur um það núna en það breytir ekki innihaldi frv. Ég leit þannig á að um samkomulagsmál væri að ræða og auðvitað styð ég frv. heils hugar. En ég vil geta þess, virðulegi forseti, að skoðun mín hefur mjög lengi verið sú að við ættum að ganga lengra en við gerum núna. Ég hef trúað því mjög lengi að rétt væri að forusta stjórnarandstöðunnar hefði að öllu leyti status ráðherra. Það væri mjög nauðsynlegt til að tryggja störf í þinginu og tryggja það að stjórnarandstaðan gæti gegnt því mikilvæga hlutverki sem hún hefur í þingræðisríki. Ég er því sannfærður um að með samþykkt frv. erum við að stíga skref í þá átt, en er líka sannfærður um að það er rétt hjá mér að forusta stjórnarandstöðunnar á að hafa sama status, sömu laun og sömu starfsaðstöðu og ráðherrar. Ég vona að þegar menn velta þessu fyrir sér og gera það af mikilli alvöru sjái þeir að það yrði til mikils gagns fyrir starf á Alþingi, fyrir lýðræðið á Íslandi.

Mér finnst mjög óviðeigandi, virðulegi forseti, að menn séu að persónugera þetta við þá þrjá hv. þingmenn sem gegna þessum störfum núna. Það er mjög ómaklegt. Þetta á að sjálfsögðu við alla stjórnmálaflokka og enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér með það, enginn veit hver gegnir þessu starfi í framtíðinni né heldur hvaða stjórnmálaflokkar eru í stjórnarandstöðu. Þetta er almennt ákvæði til að tryggja betri störf og að stjórnarandstaðan sé betur í stakk búin til að rækja sitt starf. En mér hefur fundist vanta mjög á það þann tíma sem ég hef setið á Alþingi.

Hér hefur líka verið rætt um stöðu ráðherra og sérstaklega um stöðu hæstv. forsrh. Ég tel því rétt að sú skoðun mín komi fram, virðulegi forseti, sem ég hef alltaf haft að forsætisráðherra Íslands eigi alltaf að hafa hæst laun allra þeirra sem eru á launaskrá lýðveldisins. Alltaf og undantekningarlaust. Ég er einnig þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að það sé fráleitt að sá aðili sem hefur gegnt störfum forsrh. hafi verri aðstöðu en t.d. hæstaréttardómarar sem ganga nú frá sínum störfum með 100% laun, sem mér finnst eðlilegt að forsrh. sem hefur gegnt því starfi lengi hafi. Mér finnst mjög eðlilegt og sjálfsagt að svo sé.

Það vakti vonbrigði hjá mér, virðulegi forseti, í umræðunni það litla smáupphlaup sem varð hér í fyrradag. Ég ræddi töluvert við það fólk sem var fyrir framan þinghúsið og komst að því að þetta voru hin elskulegustu ungmenni sem höfðu gaman af og voru fegin því þegar ég reyndi að upplýsa þau um hvað málið snerist, en þeim var ekki kunnugt um það áður en þau hófu mótmælin.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að í fjárlögum erum við að styrkja hagdeild Alþýðusambands Íslands með um 10 millj. kr. Ég tel brýnt að bæta verulega við það því það er náttúrlega alveg ófært að Alþýðusamband Íslands geri sig sekt um að koma með aðra eins vitleysu, aðra eins bullreikninga og þeir, því miður, gáfu blöðunum upp og sýndu almenningi fyrir nokkrum dögum. Það er nauðsynlegt að styrkja þetta, a.m.k. tvöfalda eða þrefalda framlagið til hagdeildarinnar svo við getum verið örugg um að svona gerist ekki aftur. Það má bara ekki gerast.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að við fjöllum um mál sem er til þess að efla starfið á þinginu, tryggja betri vinnubrögð á Alþingi. Það má alls ekki og er ekki viðeigandi að vera að persónugera það á nokkurn hátt, hvort sem það eru stjórnarandstöðuþingmenn eða stjórnarþingmenn. Þetta er hugsað til þess að efla og bæta starfið á Alþingi. Og ég vil líka segja, virðulegi forseti, að þó að það sé nokkur tíska hér á landi að menn séu með kersknistal um alþingismenn og sumum þyki það dálítið gaman þá er það mín reynsla, og ég vona að það sé flestra, að þetta er bara í nösunum á mönnum. Ég hef t.d. aldrei, virðulegi forseti, kynnst nema sérstaklega mikilli elsku, hjálpsemi og vinättu frá öllum þeim fjölda fólks sem ég hef kynnst í starfi mínu sem alþingismaður og ég vona að reynsluheimur flestra sé þannig líka.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að láta það í ljós að fremur ánægjulegt er að hlusta á hvernig hv. þm., Vestfirðingurinn Einar Oddur Kristjánsson, setur fram mál sitt. Ég kem hérna bara til að lýsa yfir ánægju minni með þær upplýsingar sem hann setti fram vegna þess að ég var svo áhyggjufull þegar ég hlýddi á ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þegar hann spurði hvort óeðlilegt væri að forsrh. fengi 80% eins og forseti Íslands og hæstaréttardómarar. En nú hefur komið fram að ekki halda allir þingmenn Sjálfstfl. að verið sé að samræma 80% við hæstaréttardómara því að það eru aðeins þeir sem eru stutt í starfi sem hæstaréttardómarar og hætta fyrir aldur sem fá 80% hlutfall vegna þess að það er í lögum að hæstaréttardómarar fái 100% laun ef þeir hafa verið í starfi í 12 ár og ef þeir hætta um sextugt.

Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir hvað við erum að ræða um í frv. og út af orðum hv. þm. má auðvitað ætla svo að hann telji að forsrh. ætti þá að fá 100% laun, en ekki er talað um það í frv. Einnig má hugsa sér og setja fram spurninguna: Ef verið er að samræma svona mikið, af hverju teljum við þá ekki eðlilegt að forseti Íslands sem verður sextugur og er búinn að sitja þrjú kjörtímabil eða 12 ár fái full laun? Það er frekar óþægilegt, eins og umræðan fer fram og ég tek undir það með þingmanninum, og afskaplega ómálefnalegt lengst af ef maður hefur svo í ofanálag á tilfinningunni að þingmenn sem fara annaðhvort í ræðu eða andsvör viti ekki um hvað frv. fjallar. Ég er því eiginlega að hæla þingmanninum.

[14:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat þess, að ég ætla mjög skýrt, að persónulega vildi ég ganga lengra en þetta frv. kveður á um. Ég vona að allur þingheimur hafi veitt því athygli.

Það er þannig, virðulegi forseti, að þegar hæstaréttardómari fær lausn frá starfi eru honum tryggð full laun og það er tryggt á grundvelli 61. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig er það í framkvæmd að þeir hafa full laun. Ég hef lýst þeirri skoðun minni, hún er alveg skýr, að hafi maður starfað langan tíma sem forsrh. þá sé það brýnt að hann geti með fullri reisn gengið frá starfinu á fullum launum. Það er mín persónulega skoðun.

[14:36]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Fróðlegt hefur verið og eftirtektarvert að sitja í salnum í dag og hlýða á þá umræðu sem hér hefur farið fram. Við það kemur manni kannski í reynd ekki neitt á óvart að á sveimi í samfélaginu séu miklar ranghugmyndir um það frv. sem við ræðum. Og það er sá veruleiki sem er

einfaldlega staðreynd, því miður, og e.t.v. er það sökum þess að þingið hefur ekki staðið sig í umræðunni. Þingið hefur ekki verið að ræða grundvallaratriði. Þingið hefur ekki verið að ræða hvers vegna þingmenn og ráðherrar eiga að hafa betri eftirlaunakjör en aðrir. Þingið hefur ekki verið að ræða þau grundvallaratriði, heldur hafa menn komið hér upp hver á fætur öðrum, æpt og gólað svik og annað í þeim dúr þar sem því miður málflutningur framsóknarmanna hefur verið þesslegur að ekki er einu sinni ástæða til að víkja að honum í umræðunni. Hann hefur verið svo skelfilegur.

Hingað hafa hv. þingmenn komið hver á fætur öðrum og lýst því yfir að samkomulag hafi náðst sem síðan hafi verið svikið. Enginn þessara hv. þm. var á vettvangi, enginn þeirra er aðili að þessu samkomulagi. Enginn þeirra hv. þm. veit nokkuð um hvað fram fór nema einhverjir hafi sagt þeim eitthvað. Af hverju taka menn svona stórt upp í sig? Af hverju dæma menn svona hart án þess að hafa í reynd nokkuð fyrir sér? Það er alveg með hreinum ólíkindum hvernig menn hafa hegðað sér og margir hverjir, virðulegi forseti, hafa að mínu viti frekar litið á þetta sem einhvers konar Morfís-keppni í stað þess að fjalla um málið. Ég held að tveir þingmenn sem ég hef hlýtt á, og hef þó setið hér í allan dag, hafi fjallað um og gert mjög vel grein fyrir afstöðu sinni. Það er hv. varaþm. Steingríms J. Sigfússonar, Hlynur Hallsson, og eins hv. þm. Steinunn Pétursdóttir sem gerði vel grein fyrir máli sínu. Aðrir hafa einnig gert það og ætla ég ekki að gera lítið úr því. En þau ræddu grundvallaratriðið og þau ræddu af hverju þau væru á móti þessu. En það hefur verið alveg skelfilegt að hlýða á marga hv. þingmenn.

Spurningin sem við stöndum kannski frammi fyrir er hvort það sé einfaldlega herkostnaðurinn af lýðræðinu að þurfa að greiða hv. þingmönnum og ráðherrum hærri eftirlaun en öðrum. Er það sökum þess að þegar menn gefa sig í störf eins og þessi taka menn afstöðu og eins og umræðan hefur verið eiga þeir oft og tíðum mjög erfitt um vik þegar þeir fara héðan út. Hv. þm. Steinunn Pétursdóttir fór einmitt ágætlega yfir þetta og benti réttilega á að víða annars staðar væri þetta öðruvísi. Það væri þannig að fyrrverandi hv. þingmenn væru margir hverjir mjög eftirsóttir í störf en svo er ekki hér. Kannski eru þetta viðbrögð við því að almenningsálitið er dálítið þannig að þeir sem hafa setið á Alþingi eru allt að því holdsveikir þegar kemur að því að fá vinnu í samfélaginu.

En það getur einnig verið spurning hvort þingmenn eigi bara ekki að standa eins og aðrir og njóta eftirlauna eins og aðrir og taka þá þátt í þeirri baráttu sem fram fer á vinnumarkaði. Í sjálfu sér hefur ekki mikil umræða farið fram um þetta sem er þó vitaskuld aðalatriðið, þ.e. hvers vegna þingmenn og ráðherrar eru með betri eftirlaunakjör en aðrir. Hver er forsendan fyrir því að þeir eru með slík kjör? Þetta er einmitt umræða sem hefði miklu frekar átt að fara fram heldur en þau ósköp sem margir stóðu fyrir.

Það er líka að koma fram sem við höfðum ekki áður, og hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., lagði fram og hafi hann þakkir fyrir það — við fengum það hins vegar fram í allshn. að ekki væri hægt að leggja þessar tölur fram enda eru þær lagðar fram með miklum fyrirvara — að það frv. sem við ræðum er fyrst og fremst ráðherrafrv. Verið er að auka mun milli þingmanna og ráðherra. Þetta er fyrst og fremst ráðherrafrv. Eru hv. þingmenn almennt þeirrar skoðunar að ástæða sé til að gera meiri mun á eftirlaunakjörum þingmanna og ráðherra? Og þá spyr maður einnig: Hvers vegna? Hvers vegna er nauðsynlegt að gera þennan mun? Ég held að nauðsynlegt væri, og við hefðum einmitt átt að nota tækifærið hér og nú, að ræða þessa hluti og gefa okkur tíma til þess. En þetta virkar dálítið á fólkið í landinu þannig að við séum að lauma þessu í gegn í skjóli nætur og það er ekki gott vegna þess að þetta er umræða sem þarf að fara fram. Þetta er umræða sem skiptir miklu máli fyrir lýðræðið, skiptir miklu máli fyrir stjórnmálin í landinu að þetta fari fram en alls ekki á þeim nótum sem hv. þingmenn Framsóknar hafa stundað hér, sem ég ætla ekki að víkja frekar að í máli mínu enda fyrir neðan öll velsæmismörk.

Við hljótum einnig að spyrja í þessu samhengi hvort ástæða sé til að menn hefðu rætt og gefið sér tóm til þess hversu lengi menn eiga að sitja í embætti. Ég held að það skipti líka miklu máli. Ef maður horfir á þá ríkisstjórn sem nú situr sem er alveg þorrin öllum hugmyndum og hugmyndafræði, þá er það spurning hvort eina forsendan fyrir setu hennar og samstarfs hennar sé sú að menn vilji halda í völdin valdanna vegna. Það er einnig mjög slæmt að menn komist ekki út úr starfi sínu ef menn vilja hætta.

Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að þeir sem hafa gegnt embætti forsrh. eigi að eiga möguleika á því að hætta með reisn. Það er skoðun mín. Ég tel að sá sem hefur gegnt embætti forsrh. í átta ár eigi að geta hætt með reisn. Það er klárlega skoðun mín. Ég held að Spaugstofan hafi tekið það ágætlega þegar hún setti það þannig upp að fjmrh. hefði verið rekinn úr starfi og hann mætti síðan þar sem hann var að gera grein fyrir sér á einhverri vinnumiðlun. Svarið var einfaldlega það að engin eftirspurn er eftir fjármálaráðherrum í vinnu.

Ég held, virðulegi forseti, að þó að þetta hafi verið sett upp með þessum hætti þá sé mikill sannleikur í þessu og þetta eigi ekki síður við um forsrh. Það er erfitt fyrir forsrh. við svipaðar eða sambærilegar aðstæður að ganga út. Ég segi einnig: Maður sem hefur gefið sig í vinnu fyrir þjóðina og menn geta haft hvaða skoðun sem er á því, viljum við sjá slíka menn ganga um, sækjandi um störf eða er það kannski lausnin hjá okkur að við mundum hóta þjóðinni því að fjölga sendiráðum svo við getum komið fleirum fyrir? (**Gripið fram í:** Formanni ...) Ég held að hv. þingmenn þekki það allir að þetta hefur verið gert og hefur ekkert verið bundið við neina tiltekna flokka. Þetta er í raun og veru það sem ég tel að umræðan hefði átt að snúast um, hefði átt að vera kjarni málsins. Það er sú umræða sem hefði átt að fara fram hér og við hefðum átt að vera óhrædd að taka hana. En því miður hafa menn valið þá leið að keyra þetta í gegn og gefið sér lítinn tíma til að ræða þau atriði sem eru kjarnaatriði sem hafa gert það að verkum að miklar ranghugmyndir eru á sveimi í samfélaginu um um hvað þetta mál snýst.

Því vil ég segja, virðulegi forseti, ég held að þessi umræða sé þörf, hún sé mjög mikilvæg og ég harma að þingið hafi ekki staðið sig í því að taka þá umræðu á þeim forsendum sem ég tel að hún hefði átt að fara fram á.

[14:44]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er beinlínis fyndið að hlusta á hv. þm. Lúðvík Bergvinsson væla undan þingmönnum Framsfl. Hann er meðal stjórnarandstæðinga sem sitja í salnum daglangt, gjammandi fram í fyrir stjórnarþingmönnum þegar þeir flytja mál sitt. Á það hafa þingmenn horft í mörg ár. Svo þegar þingmenn stjórnarflokkanna leyfa sér að gagnrýna stjórnar-

andstöðuna þá er það fyrir neðan beltisstað, ómálefnalegt og ódrengilegt.

Auðvitað er það skelfilegt fyrir þingmenn Samf. að við, þingmenn Framsfl., skulum draga fram það ástand sem ríkir innan Samf. í dag. Það var ykkar vilji, hv. þm. í Samf., að halda þessu loki á pottinum svo ekki kæmi í ljós að það er allt kraumandi í honum. Enda hafið þið fram til þessa lítið tekið þátt í umræðunni og haft meiri áhuga á fjárlagafrv. sem afgreitt var.

(**Forseti** (HBl)**:** Það á ekki að tala í 2. persónu til þingmanna heldur á að beina orðum sínum til hæstv. forseta.)

Þakka þér fyrir ábendingu þessa, hæstv. forseti. Ég skal reyna að halda mig við þingsköpin.

Það liggur fyrir að formenn allra stjórnmálaflokkanna stóðu að framlagningu þessa máls. Það liggur fyrir. Það liggur einnig fyrir að tveir hv. þingmenn Samf. sem hér hafa tekið til máls í umræðunni lýsa sig fylgjandi efni frv. í öllum meginatriðum. Þeir þora bara ekki að styðja það. Af hverju skyldu þessir hv. þingmenn ekki þora að styðja mál sem þeir eru efnislega sammála? Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafa bæði farið yfir málið, lýst sig efnislega fylgjandi því, fylgjandi þeirri þróun sem hér er verið að marka en þora ekki að styðja það. (**RG:** Þetta er rangt.) Og það er auðvitað vegna þess að verkalýðsforingjarnir úti í bæ hræddu líftóruna úr hv. þingmönnum. Innkoma Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, varaformanns Samf., á fimmtudagskvöldið hafði þau áhrif að hv. þingmenn þora ekki að fylgja málinu eftir.

[14:47]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Kannski er ekki miklu við þá umræðu að bæta sem fram hefur farið í dag. Ég held þó að hún hafi þjónað þeim tilgangi að skýra nokkuð um hvað þetta mál fjallar. En mig langar aðeins, sem einn af flutningsmönnum þessa frv., að víkja örfáum orðum að aðdragandanum sem ég held þó að almenn sátt sé orðin um í þessum þingsal, herra forseti. Hann er sá að það var fullt samkomulag milli formanna stjórnmálaflokkanna um að leggja þetta frv. fram.

Meðal þeirra var líka full sátt um að það yrðu fulltrúar flokkanna í forsætisnefnd sem stæðu að flutningi þessa frv. En sá flokkur sem ekki á fulltrúa í forsætisnefnd, þ.e. Frjálsl., átti að standa að því líka og þar af leiðandi bættist sá þingmaður við.

Ég spyr mig, þegar ítrekað hefur komið fram í umræðunni að þetta samkomulag hafi legið fyrir: Um hvað var samkomulagið? Var það bara um að frv. skyldi lagt fram? Samkomulagið hlýtur að hafa verið um efnisatriði þess. Þá hlýtur maður að spyrja: Hver eru þau meginefnisatriði sem frv. lýtur að?

Frv. lýtur í fyrsta lagi að því að samræma eftirlaun forsrh. við hæstaréttardómara og forseta lýðveldisins. Það er eitt af meginprinsippunum í þessu máli. Það er eitt af prinsippunum sem meiri hluti allshn. vildi standa við og var ekki tilbúinn að breyta. Okkur fannst rétt að það væri samræmi í kjörum þessara manna.

Annað prinsippið var 55 ára aldursmarkið. Mér heyrist sem hv. þm. í þessum sal séu almennt sammála um það líka. Ég vil taka undir orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þegar hann sagði að hann vildi að forsætisráðherra sem setið hefði í átta ár gæti hætt með reisn. Ég vil líka að þingmenn geti horfið frá sínum störfum með reisn en þurfi ekki að vera eins og beiningamenn og líða fyrir að hafa setið á þingi og haft þar skoðanir. Ég held að um þessi efnisatriði hafi verið nokkuð góð sátt í allshn.

Það var líka nokkur sátt um það í allshn., sem hlýtur að hafa verið eitt af þeim efnisatriðum sem formenn stjórnmálaflokkanna voru sammála um þegar þeir samþykktu að leggja frv. fram, að formennirnir ættu að fá 50% álag á þingfararkaupið.

Þetta eru þrjú eða fjögur helstu efnisatriði frv. Samkomulagið hlýtur að hafa gengið út á það. 50% álag til formanna stjórnmálaflokkanna. Hvað er það svo sem stendur út af borðinu í allshn.? Það vekur furðu. Annars vegar benda fulltrúar Samf., sem setið hafa á löngum fundum með öðrum í nefndinni, á hvað það er í frv. sem þau geta ekki sætt sig við. Við förum yfir frv. lið fyrir lið og reynum að ná sátt um það. Eins og brtt. bera með sér var sátt um öll þau atriði, a.m.k. fjögur atriði af þeim fimm, sem brtt. ganga út á. Hvað stendur þá út af borðinu, þegar samkomulag formanna flokkanna er um þetta 50% álag? Það sem stendur út af borðinu, að mér skilst eftir þessa umræðu og af málflutningi samfylkingarþingmanna í allshn., er fyrst og fremst það að málið þurfi að bíða vegna þess að kostnaðargreining liggi ekki fyrir.

Nú hefur hv. formaður allshn. greint frá þeim útreikningum sem beðið var um og þar kemur í ljós að við erum að tala um 0–7%. Mig langar að minna á að á fundi allshn. kom þetta skýrt fram. Ég spurði sérstaklega fulltrúa frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hvort það væri fyrirsjáanlegt, miðað við að verið væri að skerða rétt til makalífeyris, að þetta mundi auka skuldbindingar ríkisins. Hann sagði nei. Það er ekki fyrirsjáanlegt að þær hækki neitt. Það erum við einmitt að fá staðfest núna. Þetta heyrðu fulltrúar Samf. í allshn. alveg eins og við hin. En eins og ég hélt fram í andsvari fyrr í dag þá get ég ekki séð að neinn efnislegur ágreiningur hafi verið um þetta frv. Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði hér, að ég skil Samf. mætavel. Hún á alla mína samúð fyrir að vera ekki samstæðari og fyrir þann þrýsting sem hún varð fyrir úti í bæ sem varð til þess að hv. þingmenn Samf. þorðu ekki að taka afstöðu til þessa frv.

Því hefur verið haldið fram af einhverjum úr þessum ræðustól fyrr í dag að þingmenn Samf. séu á móti málinu. Ég ætla ekki að útiloka það að aðrir en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson styðji þetta frv. áður en upp er staðið. En af því sem þingmenn Samf. í allshn. sögðu mátti merkja að þeir höfðu ekki allan þingflokkinn á bak við sig í málinu. Það útilokar hins vegar ekki að fleiri en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson greiði atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni. Eins og ég sagði áðan þá ætla ég ekki að útiloka að svo sé.

Fyrst og fremst fagna ég þessari umræðu. Ég vona að eitthvað af henni skili sér út í samfélagið og hún hafi orðið til að leiðrétta þann geysilega misskilning sem orðið hefur. Það eru ekki margir dagar síðan við lásum fyrirsagnir í einhverjum af prentmiðlunum um að þingmenn væru að tryggja sér 50% launahækkun. Hvaða kjör eru þingmenn að tryggja sér með þessu frv.? Þeir eru að tryggja sér launalækkun. Laun þingmanna eru að lækka um 1%. Ég vona að það nái eyrum þeirra sem hæst hafa haft um þessar geysilegu kjarabætur þingmanna.

Ein ástæðan fyrir því, þegar ljóst var að sundrung ríkti um þetta frv. og stjórnarandstöðuflokkarnir ætluðu eða ætluðu ekki, það var ekki alveg ljóst með suma þeirra, að standa

við að afgreiða málið úr nefndinni, að ég lagði allt kapp á það að þetta frv. yrði afgreitt og kæmi til umræðu í þingsal var að gefa kost á að leiðrétta hinn mikla misskilning á efni þess. Það var ekki nokkur ástæða til að láta það liggja í nefnd eins og einhvern glæp eða eitthvað sem þingmenn og þingið þyrftu að skammast sín fyrir. Í frv. voru ákveðin meginprinsipp sem allir höfðu verið sammála um þegar það var lagt fram og í því voru engar kjarabætur til þingmanna og eru engar kjarabætur til þingmanna. Lífeyrissjóðsprósenta okkar, iðgjaldið í lífeyrissjóðinn var hækkað og það er að hluta til til að standa undir heldur betri lífeyriskjörum en aðrir fá.

Ég ætla ekki að gagnrýna innra starf flokkanna á þingi, hvernig einstakir flokkar vinna og hvernig þeim er stjórnað. Ég ætla ekki að fara út í slíkt. Ég sat á fundum allshn. og er ekki til vitnis um hverjir komu að málum, utanaðkomandi, til að stýra eða ekki að stýra þessum flokkum. Það leit samt einhvern veginn þannig út að fleiri en einn formaður stýrðu Samf., einn á dagvakt og annar á næturvakt, neyðarvakt eða hvað það skal kalla.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni en mér gefst kannski tilefni til að bregðast við andsvörum.

[14:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaða tilgang það hefur að bregðast við þeim ræðum sem stjórnarliðarnir flytja í dag. Ég reyndi að fara í gegnum þessi mál í framsögu minni í morgun. Meginatriði þessa máls er að við höfum verið ákveðin í því, alltaf þegar upp hefur komið umræða um að taka á þessum málum, að gera eins og hingað til, að vera samferða í því hvað við tækjum upp, hverju við breyttum og hvað við kæmumst að niðurstöðu um. Það er meginmálið. Hér hafa menn bent á að Samf. hafi kom með mjög margar fyrirspurnir til fulltrúa lífeyrissjóðsins og fulltrúa fjmrn. sem komu á fund nefndarinnar.

Samf. kom með spurningar sem leiddu í ljós það sem enginn hafði vitað áður, að það er greitt tvisvar sinnum 15% álag hjá þingmönnum, sem hafði verið grundvallaratriði þegar það mál var sett á. Þótt upp kæmi ósætti þegar þetta mál kom inn í þingflokkinn um hvernig það bæri að, tilbúið frv. sem við ættum að taka afstöðu til í stað þess að fara saman í vinnu við svona þingmál, talaði ég fyrir því, sem ég hefði eflaust ekki átt að gera, að við skoðuðum hvað væri í þessu frv. og hverju við gætum fengið breytt. Af því að hér hefur aftur og aftur verið talað um hlutföllin, þá fórum við aldrei neitt í 6. gr. Samstaðan og samfylgdin í þessu máli var ekki meiri en svo að það kom fram að ekki mátti hreyfa við 6. gr. sem laut að forsrh. Hér er málið þannig að þingmenn fá 70% og gerð tillaga um að forsrh. fái 80% og hæstaréttardómarar, sem eru stutt í starfi, fái 80%, að ráðherrar fái miklu hærra hlutfall, 70% í stað 50% áður á ráðherrahliðinni. Þetta fórum við aldrei í og reyndi ekki á það.

[14:57]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mergurinn málsins er sá að samkomulag formanna flokkanna gekk út á tiltekin efnisatriði sem öll eru í þessu frv. Í vinnu allshn., alla þá tíma sem við sátum á fundi, vorum við að reyna að ná fram málamiðlun. Þetta voru ekki eingöngu athugasemdir sem fulltrúar Samf. gerðu á fundi allshn. Það var farið yfir greinar frv. lið fyrir lið og formaður allshn. listaði niður það sem stóð út af borðinu til þess að við næðum fram tiltekinni sátt. Við fórum yfir hverja einustu grein í frv.

Samfylkingarmenn bentu á að þeir vildu fá tiltekin atriði lagfærð. Þær breytingar skiluðu sér inn í brtt. sem meiri hlutinn leggur fram og ég varð ekki vör við það, þegar upp var staðið, að það steytti á neinu sérstöku. Hins vegar sögðu fulltrúar flokksins að þeir næðu ekki samstöðu innan þingflokks síns um að standa að þessu máli.

[14:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem þingmaðurinn sagði. Það var samstaða um að leggja málið fram. Við höfum hins vegar verið að kynnast alveg nýrri túlkun á þeirri orðanotkun í dag. Samstaða um að leggja mál fram á þingi til skoðunar og meðferðar virðist þýða að það eigi að standa að því sem meiri hlutinn vill. Það er hárrétt að við fórum yfir málið. Ég lýsti því í morgun. En það er líka rétt að þetta var ekki mál sem menn áttu að koma sér saman um. Þetta var mál sem ekki mátti hrófla við ákveðnum þætti í, hvað þá að mögulegt væri að við fengjum tíma til að skoða hvað fleira við vildum hugsanlega fá inn í frv. af þessu tagi. Það er mergurinn málsins.

Ég lagði mjög að félögum mínum að við færum í þessa vinnu, þrátt fyrir að frá upphafi væru miklar gagnrýnisraddir um að málið kæmi með þessum hætti í frv. sem enginn veit enn þá hver vann. Ég verð að segja að ég var svo mikið barn, þrátt fyrir þingreynslu mína, að ég taldi að þegar ljóst væri að ekki næðist niðurstaða í málinu þá lægi málið. Þess vegna hef ég sagt að frá þeirri stundu varð það að meirihlutamáli.

Ég held að ég þurfi ekki að skýra þetta út oftar, virðulegi forseti, en orð hv. þm. gáfu mér tilefni til að árétta þetta.

[15:00]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að endurtaka það enn og aftur að samkomulag formanna flokkanna laut ekki bara að því að leggja málið fram. Það laut að efnisatriðum frv. sem ég fór yfir í ræðu minni. En þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir getur haldið því fram að það hafi komið henni á óvart að málið skyldi ekki liggja þegar þau guggnuðu á því að fylgja málinu eftir kemur það mér óskaplega mikið á óvart vegna þess að hafi formenn flokkanna og þar á meðal formaður Samfylkingarinnar verið áfram um það að ná fram þessum breytingum sem frv. á að fylgja og ef flokksmenn hans voru ekki menn til að koma því út úr nefndinni og inn í þingið var þó hægt að treysta á okkur, meiri hlutann í allshn., til að klára málið. Ég veit ekki hvaðan sú hugsun kemur að ef minni hlutinn, í þessu tilviki eins og hann skipaðist í allshn., lætur sér detta í hug að málið eigi að daga þar uppi, að það eigi þá að gera það en meiri hlutinn hafi ekkert með það að segja. Við vorum að styðja m.a. það sem formaður hennar flokks, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hafði samþykkt að kæmi fram í frv. og lagabreytingu sem hann studdi.

[15:01]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þegar sýnt þótti að þjóð þeirri sem bjó í því landi sem kallað var Lýðræðislega lýðveldið Þýskaland og ríkisstjórn þess ríkis kom ekki saman og sýnt þótti að þjóðin fengi ekki að skipta um ríkisstjórn lagði Bertolt Brecht það til að ríkisstjórnin skipti um þjóð. Þessi saga kemur upp í hugann þegar maður heyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og hv.

þm. Jónínu Bjartmarz tala um almenning, um fjölmiðlana, um verkalýðsforingjana, að hugsanlega séu þessir þingmenn svo óánægðir með almenning og kjósendur í landinu að þeir ættu að skipta um þjóð, kannski fara á annað þing og leita sér að skárri þjóð.

Auðvitað segir í fréttum af þessum viðbrögðum að þetta séu almennar hækkanir. Þetta eru ekki hækkanir upp á 50% eins og má með einbeittum brotavilja skilja á fyrirsögn Fréttablaðsins frá því í fyrradag, hygg ég að það hafi verið. En þetta eru auðvitað miklar almennar launahækkanir til ráðherra, forseta þingsins og sérstaklega til forsrh. Eins og frv. leit út í byrjun eru þetta töluverðar hækkanir, 4% hækkun til þeirra 22 af 51 þingmanni sem eru jafnari en aðrir á Alþingi. Þannig var það. Samtals eru því sennilega 25 af 51 sem í upphaflegri gerð frv. áttu að hækka í beinum launum.

Það er kannski rétt að hv. þm. Jónína Bjartmarz geri okkur grein fyrir því hvað það var, herra forseti, sem kom þingmanninum og meiri hlutanum í nefnd þeirri sem hún sat í og fjallaði um þetta frv. til þess að lækka þessar kjarabætur frá 20% og aftur niður í 15%, kjarabætur sem menn þiggja ýmist sem einfalt álag eða sem tvöfalt álag og eru þar með orðnir 130% þingmenn á þinginu og ætluðu að hækka sig enn þá meira, upp í 140%.

[15:03]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að leitast við að svara og finnst ekki svaraverð orð hv. þm. Marðar Árnasonar um að ég hafi með orðum mínum verið að kasta rýrð á almenning eða verkalýðsforingjana. Ég veit ekki til þess að ég hafi gert það í ræðu minni og finnst það ekki svaravert. En hvað varðar það að við höfum fallið frá þessu með 15% þá var almenn samstaða um það, líka meðal fulltrúa Samfylkingarinnar í allshn. Það voru allir sammála um það að hækka ekki 15% í 20%. Menn höfðu ekki verið að biðja um launahækkanir. Það var ekki bara að meiri hlutinn legði það til, það voru allir sammála um að svo væri til að við gætum haldið okkur við meginprinsippin í frv. sem var ekki að hækka launakjör þingmanna og eru ekki að hækka launakjör þingmanna. Það var misskilningur sem fór út í samfélagið.

[15:04]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var enginn misskilningur sem fór út í samfélagið að það ætti að hækka álagið á yfirstéttina í þinginu um 5%. Það stóð í því frv. sem sett var fram og ég hygg að hv. þm. Jónína Bjartmarz sé einn af flutningsmönnum þess ef ég man rétt. Hún hefur ekki svarað því hvers vegna þetta var lækkað. Var það kannski vegna þess að það stóð ótti af fjölmiðlum og af verkalýðsforingjum og af almenningi, þeim sem vissulega var ekki umræddur af hv. þm. Jónínu Bjartmarz heldur af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í þeim tón að það hefði verið ungt fólk sem væri að mótmæla úti á torgi? Það væru einhverjir tíu unglingar sem hefðu áhuga á þessu máli í samfélaginu. Ef það er þannig, þá er Bleik brugðið.

[15:05]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrðist hv. þm. Mörður Árnason vera að bakka með einhver orð sem hann hafði eignað mér, orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, svo að ég legg til að hann biðjist afsökunar á því. En varðandi það að fallið hafi verið fallið frá því að hækka álagið úr 15% í 20%, þá ætla ég bara að endurtaka það sem ég sagði áðan. Það var almenn samstaða um það í nefndinni hjá fulltrúum allra flokka að hækka þetta ekki úr 15% í 20%. Hins vegar, ég veit ekki, herra forseti, hvort það var viljandi eða óviljandi, lét hv. þm. Mörður Árnason að því liggja áðan að sumir þingmenn væru með þrefalt álag. Ég ætla að leiðrétta það. Það er undir engum kringumstæðum þannig og það sem ég ætla líka að árétta er að með greininni sem lýtur að breytingum á lögunum um þingfararkaup og þingfararkostnað er einungis verið að festa í lög þá framkvæmd sem hefur verið árum og áratugum saman, líka þegar fulltrúar þeirra flokka sem nú eru í stjórnarandstöðu voru í meiri hluta í þinginu og gegndu formennsku í nefndum. Það er því enginn munur á. Nú erum við bara að fá inn í lagabókstafinn það sem unnið hefur verið eftir í þinginu og kjör sem menn hafa starfað eftir árum saman.

[15:07]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það hefur verið nokkuð fróðlegt að fylgjast með umræðunni í dag. Ég vil spyrja hvort formaður allshn. sé ekki örugglega viðstaddur. (**Gripið fram í:** Jú.) Já, ljómandi, þakka þér fyrir, hv. þm. Bjarni Benediktsson. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðunni í dag, hún hefur sumpart minnt mann á sandkassa eða róluvöll þar sem menn hafa verið að saka hverja aðra um að standa í lappirnar eða standa ekki í lappirnar. Ég held að það sé sama hvaða skoðanir menn hafa á efnisatriðum málsins og hvort menn eru fylgjandi frv. eða andstæðir því, megi mönnum nú vera ljóst eftir þau viðbrögð sem það hefur hlotið í samfélaginu að í því er að mörgu leyti verið að sigla gegn straumi tímans og verið að sigla gegn hinni almennu þróun í kjaramálum, á launamarkaði og í lífeyrismálum sem verið hefur á undanförnum árum og áratugum. Við höfum hvarvetna verið að leitast við að draga úr ýmiss konar sérreglum og sérréttindum, duldum launakjörum, flytja þau inn í hin almennu launakjör. Við höfum verið að reyna að komast frá uppsöfnuðum skuldum gegnumstreymissjóðanna inn í söfnunarsjóði til þess að mynda ekki með ákvörðunum okkar skuldir langt inn í framtíðina og sl. tíu ár hefur mönnum gefist kostur á því að leggja af launum sínum fé í séreignarsjóði, hin síðari ár með sérstökum skattfríðindum. Tekjuháu fólki eins og alþingismönnum og ráðherrum hefur auðvitað gefist kostur á því að leggja umtalsverðar fjárhæðir með þeim hætti til hliðar sem standa þeim síðan til ráðstöfunar þegar sextugsaldri er náð. Með þessum hætti held ég að allir hafi séð hina almennu þróun í kjaramálum og lífeyrismálum og sama, eins og ég sagði áður, hvort menn fylgja þessu frv. eða eru því andvígir hygg ég að menn hljóti að sjá að það frv. sem hér er lagt fram lýtur ekki í þessa átt heldur meira í þá átt sem snýst til fortíðar um það að safna upp frekari lífeyrisskuldbindingum í gegnumstreymissjóði og auka enn dulin réttindi manna og launakjör. Það ætti þess vegna ekki að koma mönnum neitt á óvart þó að viðbrögðin utan húss hafi verið harkaleg. Ég held að það sé alveg óhætt að segja að þó að sumir kunni að vera stoltir af því að standa ölduna þegar siglt er gegn straumi tímans, þá kunni stundum að vera skynsamlegra að snúa skipi sínu í þá átt sem straumurinn liggur.

Ég vil þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir hans nefndarálit. Við 1. umr. málsins á fimmtudaginn voru þrjú atriði sem ég dró sérstaklega fram í þessu frv. og spurði forseta Alþingis eftir. Fyrsta atriðið var um það hvort hann teldi ekki að betur færi á því, hæstv. forseti, að Kjaradómur

fjallaði um þessa þætti í kjaramálum alþingismanna eins og um þingfararkaupið sjálft, hvort ekki færi betur á því að Kjaradómur tæki þær ákvarðanir þannig að menn sætu ekki með þann kaleik í þessum sal að ákveða sjálfir sín eigin laun og réttindi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég biðst afsökunar á að þurfa að grípa inn í ræðu hv. þm. en það var 2. þm. Norðaust. sem var 1. flm. málsins en ekki forseti Alþingis.)

Það er rétt en það er kannski ástæða til þess að benda þeim sem ekki þekkja til þingskapa á að hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, og hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, eru einmitt sama persónan í augnablikinu.

Þegar ég nú sé nefndarálit meiri hluta allshn. vil ég fagna því að þar er tekið undir þessi sjónarmið sem hv. 2. þm. Norðaust. Halldór Blöndal deildi ekki með mér við 1. umr. en meiri hlutinn segir að Kjaradómur eigi eða ætti að fjalla um þá þætti sem lúta að álagsgreiðslum ef ég hef skilið nefndarálitið rétt. Ég vil spyrja hv. formann allshn. hvort hann telji ekki að sömu rök eigi í raun og veru við um lífeyrisþáttinn í kjörum alþingismanna og hvort það sé ekki einfaldlega hreinlegt og rétt að öll kjör alþingismanna séu ákvörðuð á einum stað en ekki á tveimur eins og nú er.

Í öðru lagi spurði ég eftir því, og það hefur verið eitt af helstu gagnrýnisatriðunum við þetta frv., hvort verið gæti, þrátt fyrir þá miklu umræðu sem verið hefur undanfarið í samfélaginu um starfslokasamninga og ýmsa aðra samninga, að hér væri verið að veita einstökum mönnum óhóflegar fjárhæðir í réttindum allt að 100 millj. kr. eins og mér sýndist þá vera og hv. 2. þm. Norðaust. staðfesti að svo kynni að vera ef ýtrustu réttindi væru tekin.

Þá komum við að þriðja atriðinu sem ég gerði athugasemdir við strax á fimmtudag. Það var að kostnaðarmat lá ekki fyrir og ég spurði hv. 2. þm. Norðaust. Halldór Blöndal að því hvort hann teldi að boðlegt væri að afgreiða frv. án þess að kostnaðarmatið lægi fyrir og taldi hv. 2. þm. Norðaust. Halldór Blöndal að svo væri. En ég fagna því að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., hefur ekki talið að það sé boðlegt að afgreiða frv. um kjör okkar sjálfra sem ekki lægi fyrir kostnaðarmat og hafi líka í þessu breytt út frá þeim yfirlýsingum sem komu frá hv. 2. þm. Norðaust. Halldóri Blöndal við 1. umr. Þetta kostnaðarmat sýnir okkur að kostnaðurinn er ekki um það bil núll eða 0% eins og margir stjórnarliðar hafa verið að halda fram í umræðunni síðustu daga. Það sýnir að kostnaðurinn hleypur einhvers staðar frá því að vera í rauninni aðeins í fræðilegu tilfelli 0 en síðan á fimmta hundrað millj. kr. í versta tilfelli sem er auðvitað líka fræðilegt tilfelli. Ef gera má ráð fyrir að menn nýti sér réttindi sín fremur en ekki er sanngjarnt að ætla, miðað við það grófa mat sem hér liggur fyrir, að kostnaðurinn við þetta verði 300 millj. kr. Það eru engar smáar fjárhæðir, það eru ekki 1 eða 2 millj. kr., það eru ekki 6 millj. kr. eins og hæstv. forsrh. hefur verið að tala um, 300 millj. kr. er hvorki meira né minna en nettókostnaðurinn af því að uppfylla öryrkjasamkomulagið á næsta ári. Það er bara nákvæmlega nettókostnaðurinn við það að standa við samkomulagið við Öryrkjabandalag Íslands á næsta ári. 300 millj. kr. Það eru verulegir fjármunir. Það er vert að halda því til haga að þetta kostnaðarmat á auðvitað aðeins við um þá þingmenn og ráðherra sem nú sitja en frv. hefur líka í för með sér skuldbindingar vegna þeirra sem síðar koma inn.

Ég hygg hins vegar að skuldbindingar vegna alþingismanna séu óverulegar og vil spyrja hv. formann allshn. hvort ekki sé hægt að fá upplýsingar um það hve stóran hluta af auknum skuldbindingum vegna alþingismanna megi rekja til embættis forseta Alþingis, og ég legg áherslu á að það er til embættis forseta Alþingis en ekki persónunnar sem því gegnir, og tek undir með þeim sem hér hafa talað um að menn persónugeri ekki málið með neinum hætti. Hvort hægt er að verða við þessu veit ég ekki en ég óska hér með eftir því.

Hitt er svo alveg ljóst að frv. og 6. gr. þess felur í sér alveg sérstakar ívilnanir til embættis forsrh. og verið er að segja með frv. að það eigi að hafa svipaða stöðu og embætti forseta Íslands. Embætti forseta Íslands er í því kostnaðarmati sem hv. þm. Bjarni Benediktsson kynnti áðan sérgreint. Það er sérgreint og það liggur fyrir hver kostnaðurinn við embætti forseta Íslands er. Það er alveg augljóst og það veit hver maður að Talnakönnun hefur, samkvæmt því sem hv. þm. Bjarni Benediktsson las upp, reiknað nákvæmlega út hver kostnaðurinn er, hver skuldbindingin er vegna frv., við embætti forsrh. Og vegna þess að það hafa verið miklar deilur um hver kostnaðurinn við embætti forsrh. verði vegna þessa frv. tel ég að það sé algerlega nauðsynlegt að kallað verði eftir þeim upplýsingum og Talnakönnun láti hv. þm. Bjarna Benediktssyni þær í té því að þær liggja klárlega fyrir.

Ég vil þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir hve skörulega hann gekk fram í því að ná í þetta kostnaðarmat en ég varð sannarlega fyrir vonbrigðum þegar hann í andsvörum við annan hv. þm. reyndi að snúa sig út úr því að leggja fram kostnaðarmatið hvað varðar embætti forsrh. því að hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði að það væri ekki hægt vegna þess að þá yrði að upplýsa um hver væri áætlaður lífaldur þeirra sem því embætti hefðu gegnt eða gegndu, en það er aldeilis alveg fráleitur útúrsnúningur og hv. þm. Bjarni Benediktsson veit betur. Í þeim forsendum sem hann sjálfur las upp í þeirri sömu ræðu eru forsendur þessara útreikninga meðallífslíkur fólks á árabilinu 1996–2000 og það er ekkert persónulegt við það. Þegar Talnakönnun hefur reiknað út mögulegan kostnað við embætti forsrh. þá hefur hún stuðst við meðallífslíkur fólks á árunum 1996–2000. Ég tel einfaldlega allra hluta vegna mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir í umræðunni vegna þess að annars staðar í samfélaginu hefur tölum upp í 240 millj. kr. verið flaggað í tengslum við embætti forsrh. og ef þær eru eitthvað lægri, sem virðist, kannski nær 100 millj. eins og ég giskaði á við 1. umr. eða jafnvel enn lægri, hlýtur það að skipta máli við umfjöllun um frv. að það liggi fyrir. Og ég trúi því og treysti að hv. þm. Bjarni Benediktsson beiti sér jafnskörulega fyrir því að koma fram með þennan þátt kostnaðarmatsins eins og hann gerði í því að ná fram kostnaðarmatinu sjálfu og trúi ekki öðru en hæstv. forsrh. stuðli að því og leggi áherslu á að upplýsingum um kostnað vegna embættis forsrh. verði ekki leynt.

[15:20]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum og gerðar athugasemdir við málflutning minn fyrr í dag. Fyrst aðeins varðandi það sem segir í nefndarálitinu, að meiri hlutinn telji eðlilegt í ljósi þess að Kjaradómur ákveði samkvæmt gildandi lögum þingfararkaup ákveði hann einnig kjör þingmanna í heild sinni. Með þessu orðalagi var fyrst og fremst átt við álagsgreiðslurnar, enda hafa þær komið sérstaklega til umfjöllunar. En ég tel að það sé ekkert

ólíklegt, ef svo fer sem nefndin leggur til, að það verði tekið til athugunar hvort gera skuli breytingar á lögunum um Kjaradóm, að það verði tekið til athugunar um leið hvort Kjaradómur eigi með réttu að ákveða heildarlaunin. En nefndin var fyrst og fremst að vísa til álagsgreiðslnanna.

Varðandi forsrh. þá hefur ekki verið reiknað sérstaklega út hve stóran hlut hann á í þessum 211 millj. sem í versta falli geta fallið á sem aukinn eftirlaunaskuldbinding en mér skilst samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið munnlega að embætti forsrh. sé innan við helmingur af tölunni.

[15:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. formanns allshn., Bjarna Benediktssonar, um að til greina komi að vísa lífeyrisþætti í kjörum alþingismanna til Kjaradóms eins og öðrum þáttum í kjörum þeirra með nýjum lögum um Kjaradóm. Ég tel að það færi einfaldlega betur á því og ég tel að það færi betur á því að menn féllu frá því að keyra í gegn það frv. sem hér liggur fyrir og færu einfaldlega þá leiðina.

En um það að ekki liggi fyrir útreikningur á lífeyrisskuldbindingum vegna embættis forsrh. þá er það einfaldlega ekki rétt vegna þess að það stendur í forsendunum sem hv. þm. las að reiknað hafi verið út fyrir hvern og einn hver kostnaðurinn yrði og það hefur þá verið gert sérstaklega fyrir forsrh. og embætti forsrh. er þá hluti af samtölunni og það hlýtur bara að vera hægt að kalla eftir henni, en verði það ekki gert hljótum við að líta svo á að innan við helmingur þýði að kostnaðar vegna embættis forsrh. sé 110 millj. kr. og sú tala stendur þangað til leiðrétting hefur borist frá formanni allshn.

[15:23]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég hef greint frá hefur það ekki verið tekið sérstaklega út og birtist ekki í þeim útreikningum sem nú liggja fyrir þinginu hver kostnaðurinn er vegna forsrh. og þess vegna held ég að það sé ekki rétt að draga neinar ályktanir umfram það sem ég sagði. Ég hef bara fengið það upplýst munnlega að það er innan við helmingur. Og hvort þingmaðurinn kýs að líta þannig á að það séu 110 millj. eða 70 millj. verður hann að eiga við sig.

Hér hefur einnig aðeins komið til tals að utan þings hafi menn verið að geta sér til um að kostnaðurinn gæti numið allt að 240 millj. og ég held að það sé þá ágætt fyrir þá aðila að kynna sér þessar niðurstöður sem birtast í útreikningunum og horfa þá til þess að í allra versta falli, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar vék að sem er bara svona fræðilegur möguleiki, aukast skuldbindingarnar um 211 millj. og ekki bara vegna starfandi forsrh. heldur vegna allra ráðherra sem ekki eru enn þá farnir á eftirlaun, allra þeirra ráðherra.

[15:24]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi síður þurfa að vera í ræðustól Alþingis með getgátur um embætti forsrh. Ég vildi óska þess að við gætum bara sýnt því meiri virðingu en svo. Þessi tala eins og hv. formaður allshn., Bjarni Benediktsson, staðfesti er auðvitað hluti af samtölunni og þó að hún hafi ekki verið tekin sérstaklega út ætti ekki að vera ofverk hv. formanns allshn. að kalla eftir þeirri tölu þannig að hægt sé að taka hana sérstaklega út og hún liggi hér á borðinu og málið sé hreint og opið. Það hlýtur að vera allra hagur. En ég mótmæli því að 300 millj. kr. kostnaður sé óverulegur kostnaður. Ég mótmæli þeirri fullyrðingu hv. þm. Bjarna Benediktssonar að 300 millj. kr. séu óverulegur kostnaður. Ég tel að 300 millj. kr. séu verulegir fjármunir og það hafi ekki almennt verið álitið svo að lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra hafi hingað til verið vanhaldin.

[15:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. styður aukið gagnsæi og ég geri það sömuleiðis. Ég spyr hann: Telur hann óeðlilegt að horfast í augu við það að alþingismannadeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er í reynd gegnumstreymi og í þessum hugmyndum er einmitt tekið mið af því? Þá vil ég spyrja hann hvort hann vilji hafa það kerfi sem haft hefur verið hingað til að þingmenn og ráðherrar séu gerðir að sendiherrum og forstjórum ríkisstofnana og þannig sé komið með eins konar atvinnuleysistryggingu fyrir þá. Hvort ekki sé miklu betra að horfast í augu við hvað menn eru að gera.

Þá vil ég spyrja hann að því hvort hann viti ekki að þessi skuldbinding er varanleg til lengri tíma, til 40 ára en ekki eins árs skuldbinding eins og meintur samningur við Öryrkjabandalagið, sem ég segi að hafi ekki átt sér stað eins og hv. þm. heldur fram, þar sem sá samningur kostar 300 millj. eða 600 millj. á einu ári, hvort ekki sé munur þar á. Og varðandi það að sigla með straumnum þá vil ég spyrja hv. þm. hvort hann eigi við sína eigin samflokksmenn sem sigldu með straumnum þegar verkalýðshreyfingin myndaði straum.

[15:27]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er orðið frekar dapurlegt að sjá hvað hv. þm. Pétur Blöndal er orðinn hlýðinn og undirgefinn samflokksmönnum sínum í seinni tíð því að sá straumur tímans sem sá sem hér stendur ræddi um var ekki verkalýðsforustan eða viðbrögð hennar. Straumur tímans sem hér var vísað til var þróunin í kjaramálum og í lífeyrissjóðunum á síðustu árum og áratugum sem hefur verið að mörgu leyti mjög farsæl og okkur hefur tekist að byggja upp mjög öfluga lífeyrissjóði. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur verið sérstakur talsmaður þess og talað gegn því að menn safni sífellt stærri skuldbindingum í gegnumstreymissjóðum og skuldsetji þannig komandi kynslóðir og mér finnst athyglisvert að hv. þm. Pétur Blöndal skuli ekki fjalla um það við umfjöllun þessa máls.

[15:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. skirrist alltaf við málefnalega umræðu við mig. Núna er hann kominn í andsvar við mig. Ég hélt að ég væri í andsvari við hv. þm. Hann svaraði engum af spurningunum sem ég spurði hann, hvort hann teldi eðlilegt að menn leystu vandamál atvinnulausra fyrrverandi stjórnmálamanna með sendiherrastöðum eða embættum hjá ríkisstofnunum og slíku og hvort hann teldi ekki eðlilegt að horfast í augu við það að alþingismannadeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er í reynd og hefur verið gegnumstreymisdeild alla tíð. Ég kann ekki við það, frú forseti, þegar menn fara í andsvar við þann sem er í andsvörum við þá.

[15:28]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur spurt eftir því hvort ekki sé skárra að samþykkja þetta frv. heldur en að ráða menn, greinilega ekki vegna hæfni þeirra heldur vegna þess að þeir séu fyrrverandi stjórnmálamenn, í ýmsar stöður, svo sem forstjórastöður ríkisfyrirtækja, sendiherrastöður og aðrar slíkar stöður. Ég segi bara við hv. þm. Pétur Blöndal að svo má böl bæta að benda á annað verra.

[15:29]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem í ræðustól til þess að gera athugasemdir við þann málflutning sem fram kom hjá hv. þm. Helga Hjörvar. Hann byrjaði á því að fara yfir mikilvægi þess að fyrirhugaðar álagsgreiðslur til formanna stjórnmálaflokka sem sitja á þingi mætti ekki persónugera við þá aðila sem um teflir og fjallaði um hversu óheppilegt væri að stilla málum upp með þeim hætti. Lunginn í ræðu hans snerist hins vegar um það hvaða réttindi embætti forsrh. mundi ávinna sér og sá málflutningur snerist í rauninni, og það veit þingmaðurinn, fyrst og fremst að einni ákveðinni persónu þannig að þingmaðurinn var að mæla gegn því að umræðunni yrði hagað með tilteknum hætti en gerði það síðan sjálfur í hinu orðinu.

[15:31]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eingöngu til að leiðrétta misminni hv. þm. sem hélt því fram að ég hefði verið uppi með getgátur um það hvaða kostnaður hlytist af þessu frv. í einstökum atriðum sem varðaði einstaka ráðherra. Í ræðu minni tók ég fram að það lægi ekki fyrir tryggingafræðilegt mat og að enn fremur lægju ekki frammi upplýsingar um það hvort einhverjir ráðherrar kynnu að segja af sér eða hætta þingmennsku. Það var því ekki á mínu færi að vera með neinar slíkar ágiskanir enda hef ég ekki verið með þær en geri að öðru leyti ekki athugasemdir við misminni hv. þm.

[15:32]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa miklar getgátur um þau réttindi sem menn ávinna sér með þeim hætti sem hér er lagður til. Stærstur hluti þeirra liggur einfaldlega í því að réttindi forsrh. lúta að því að sá sem gegnir embættinu fær að taka eftirlaun 55 ára í stað þess að taka þau 65 ára, hafi viðkomandi setið í embættinu í tiltekinn tíma. Það þýðir einfaldlega tíu ár á 80% launum í versta tilfelli. Það eitt og sér eru um 80 millj. kr. Þess utan bætir frv. verulega eftirlaunarétt eftir 65 ára aldur og því alveg ljóst að í ýtrasta tilfelli er um 100 millj. kr. að ræða eins og fram kom í ræðu minni við 1. umr. En ólíkt því sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hélt fram áðan þá beindi ég því ekki að einstakri persónu heldur að embætti forsrh.

[15:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara í getgátur um það hversu lengi einstakir menn kunni að vera forsrh. í framtíðinni. Ég vil á hinn bóginn ítreka það sem hefur verið margsagt áður að í þessu frv. er því slegið föstu að forsrh. skuli fá eftirlaun með sambærilegum hætti og forseti Íslands. Forsrh. er æðsti og valdamesti maður landsins, sá sem mest reynir á, og við teljum ýmsir að það sé eðlilegt að hann njóti að þessu leyti ekki verri kjara hlutfallslega en forseti lýðveldisins en þá verður að hafa í huga að forseti lýðveldisins er með nær helmingi hærri laun. Við erum því síður en svo að tryggja forsrh. sambærileg laun við forseta í krónum talið, einungis að reiknireglan sé hin sama.

[15:34]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sannarlega pólitískt sjónarmið hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og mörgum hans félögum að gera eigi með þessum hætti sérstaklega við embætti forsrh. með þessu frv. Ég ítreka að stjórnarmeirihlutinn sem þetta mál flytur kalli eftir þeim hluta kostnaðarmatsins sem hér var kynntur sem lýtur að embætti forsrh. þannig að það liggi einfaldlega fyrir hvað sú skoðun stjórnarmeirihlutans kostar nákvæmlega svo að hægt sé að ræða hana með málefnalegum hætti í þinginu og taka til hennar afstöðu en sú umræða þurfi ekki að byggjast á getgátum. Ég spyr: Hvers vegna þennan feluleik, virðulegur forseti? Hvers vegna þennan feluleik með það hvað embætti forsrh. kostar í frv. þessu?

[15:35]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í tvígang hef ég flutt frv. á Alþingi sem miða að því að þingmenn hafi sömu lífeyrisréttindi og meginhluti annarra landsmanna og er það í samræmi við það sjónarmið að þingmenn hafi sömu lífeyrisréttindi og sömu réttindi og það fólk sem kýs þá til þings. Þetta hef ég talið mjög mikilvægt og tek þar undir sjónarmið hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

Þessi frv. gengu út á það að metin yrðu til fjár þau lífeyrisréttindi og önnur réttindi sem þingmenn hafa og að launin hækkuðu sem því nemur, sem kemur náttúrlega út á eitt fyrir ríkissjóð. Þá kæmi líka í ljós hver launin eru raunverulega.

Ef við horfum yfir landslag handhafa ríkisvaldsins er það mjög margbreytilegt. Í fyrsta lagi erum við með hæstaréttardómara sem hafa mjög góð lífeyrisréttindi, 80%, jafnvel 100% ef þeim er sagt upp eða hætta með öðrum hætti. Þá erum við með forseta lýðveldisins sem er með 80% eftir að hann hefur þriðja kjörtímabilið. Laun hans voru lengi vel skattfrjáls, frú forseti. Það er mjög athyglisvert því að hann var ekki bara skattfrjáls af tekjum sínum heldur líka neyslu og maki hans var sömuleiðis skattfrjáls um allan heim, einnig af tekjum og neyslu. Hann borgaði ekki virðisaukaskatt, olíugjald eða neitt annað sem borgarar þessa lands þurfa að borga. Þá höfum við haft forsrh. sem var sem þingmaður með hámark 70% á lífeyrisgreiðslur en sem ráðherra var hann með hámark 50%, frú forseti. Það þarf því ekki að liggja lengi yfir þessum lífeyrisréttindum til að sjá að af þessum þremur handhöfum ríkisvaldsins er forsrh. langverst settur.

Varðandi frv. sem við erum að ræða er ýmislegt í því til bóta að mínu mati. Lífeyrisrétturinn er gerður gegnsærri, menn taka mið af því sem raunveruleikinn segir um það að alþingismannadeild og ráðherradeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru í reynd gegnumstreymissjóðir og það er horfst í augu við það og gert raunverulegt. Auk þess eru þessi réttindi öll sett í einn lagabálk þannig að þau verða gegnsærri og greinilegri.

Hingað til hafa menn haft það kerfi hér á landi að sumir ráðherrar og sumir þingmenn sem hætta störfum taka við sendiherrastörfum eða forstjórastöðum ríkisstofnana, kannski vegna verðleika og kannski vegna þess að verið

er að bæta þeim upp ákveðið atvinnuleysi og atvinnumissi. Ég tel miklu heiðarlegra og gegnsærra að það sé gert með annaðhvort biðlaunum eða lífeyrisgreiðslum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, sérstaklega hjá þeim sem eru komnir á efri aldur og eiga erfitt með að fá vinnu vegna starfs síns. Hver vill hafa fyrrv. ráðherra vinnandi sem fulltrúa á skrifstofu hjá sér?

Þá er í frv. gert ráð fyrir því að formenn stjórnarandstöðuflokkanna fái 50% hækkun á þingfararkaupinu. Þegar ég heyrði þetta fyrst var ég mjög mikið á móti því. En svo verða menn að gera sér grein fyrir því að stjórnmálaflokkarnir fá styrki frá Alþingi og gætu þar af leiðandi greitt þessum formönnum sínum beint og gera það hugsanlega. Þar er aftur verið að fela eitthvað. Þess vegna tel ég heiðarlegra og gegnsærra að þetta sé uppi á borðinu, fyrir utan það að það er greinilega geysimikil vinna fólgin í því að vera formaður flokks, sem maður hefur orðið var við þegar maður er að reyna að koma saman fundum þar sem þessir menn eiga að geta mætt.

Frv. gagnvart þingmönnum er í reynd lækkun. Það er lækkun um 1% af launum þar sem iðgjald í lífeyrissjóð hækkar úr 4% í 5%. Þegar ég tala um lífeyrissjóð er ég að tala um að menn borgi í hann í gegnum þennan gegnumstreymissjóð sem alþingismannadeildin er í reynd. Þannig mun hinn almenni þingmaður, sem afleiðing af þessu frv., sjá lækkun upp á um það bil 3.500 kr. á mánuði, ekki voðalega stór tala, en engu að síður um 50 þús. kr. á ári. Það eru áhrif þessa frv. á hinn almenna þingmann, hann mun sjá lækkun og ég hef ekki heyrt neinn þingmann kvarta undan því. Auk þess er makalífeyrisréttur lagaður eitthvað. Það hefur lítið komið fram í umræðunni að varaþingmenn sem koma inn í stuttan tíma kostuðu einu sinni óskaplega mikið í makalífeyri. Þeir kostuðu 1,7 millj. kr. fyrir tvær vikur, makalífeyrisréttirnir, þar sem maki þeirra var allt í einu kominn með 20% af þingfararkaupi sem makalífeyrir til æviloka ef þingmaðurinn féll frá, þingmaður sem sat inni í tvær vikur

(**Forseti** (HBl)**:** Einn dag.)

og einn dag. Sat þá á þingi í tvær vikur og einn dag.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið afsökunar, ég ætlaði að segja í einn dag, sem dæmi er um.)

Í einn dag, já. Þetta voru því óskaplega há laun fyrir stuttan tíma. En þetta er búið að laga að einhverju leyti og í þessu frv. er þetta lagað enn frekar. Að þessu samanteknu, þar sem um er að ræða skerðingu hjá þingmönnum velflestum og gegnsærri lífeyrisrétt þessara handhafa ríkisvaldsins sem gerir það hugsanlega mögulegt, herra forseti, að laga kerfið í þá veru sem ég hef lagt til, þá skil ég þetta frv. Ég er engan veginn sáttur við kerfið, mér finnst kerfið bera vott um ákveðinn aristókratahugsunarhátt, þar sem einhverjir hópar manna eigi að hafa sérstök kjör í þjóðfélaginu sem ég er andsnúinn.

Það sem er slæmt við þetta frv. er að það kom inn með mjög stuttum fyrirvara, var ekki rætt og hefur þar af leiðandi valdið mjög miklum misskilningi í þjóðfélaginu. Almenningur horfði á þessa 50% hækkun og hélt að hv. þingheimur væri allur að hækka laun sín um 50% sem er eitthvað allt annað en reyndin, þar sem um er að ræða skerðingu með frv.

Það er dálítið vandmeðfarið hvernig þingmenn ákveða kjör sín og laun. Einu sinni ákváðu þeir þetta sjálfir og þá var það stöðugt gagnrýnt. Svo var því vísað til dómskerfisins með því að búa til Kjaradóm sem ákvað launin og hann er alltaf gagnrýndur og gerði þau mistök að mínu mati að hækka launin daginn eftir kosningar um 30% í staðinn fyrir að gera það tímanlega þannig að væntanlegir frambjóðendur vissu hvað þeirra biði. Mér þótti það mjög óþægilegt, herra forseti. Á þessu er til ein lausn sem ég hef bent á. Hún er sú að fráfarandi þing ákveði tímanlega, segjum einu og hálfu ári fyrir kosningar, hver laun komandi þings verði, þ.e. næsta kjörtímabils. Ég mundi vilja að það væri ákveðin krónutala í laun og venjuleg lífeyrisréttindi, menn gætu bara fengið lífeyrisrétt hjá þeim lífeyrissjóðum, hinum almennu, sem vilja taka við þeim, Lífeyrissjóði verslunarmanna eða bara nefna það. (**Gripið fram í:** LSR.) LSR er náttúrlega með ákveðinni ríkistryggingu þannig að ég verð ekki hrifinn af því ef þingmenn borguðu þangað inn því að það er ekki hinn almenni lífeyrissjóður hjá þjóðinni. Þetta hefði í för með sér að ef einhver teldi, t.d. forstöðumenn verkalýðsfélaga, sem margir hverjir eru afskaplega færir, ef þeir teldu að þetta væru há laun þá gætu þeir bara boðið sig fram til þings og séð til hvort kjósendur teldu þá vænlega til að stýra landinu. Ef þingmenn ákveða kjör næsta þings mjög há vex þar af leiðandi samkeppnin um stöðuna þannig að þeir geta hugsanlega misst sæti sitt ef þeir ákveða kjörin mjög há. Það getur nú vel verið að einhverjir þingmenn mundu jafnvel vilja hafa kjörin um 100 þúsund kr. til að tryggja sig í sessi svo að þeir misstu nú örugglega ekki þingsætið, þ.e. ef þeir teldu að þeir væru ekki nægilega hæfir, því að þetta byggist allt á því að þjóðin velji hæfasta fólkið til þings í prófkjörum og í kosningum.

Ég vil, herra forseti, að Alþingi skoði þessar leiðir.

Herra forseti. Hlutur fulltrúa Alþýðusambands Íslands í þessari deilu er með ólíkindum. Þeir leyfa sér að koma fram með útreikninga sem sýna mínus 4% raunávöxtun til allrar framtíðar. Á hverju byggja þeir? Þeir byggja á því að laun ríkisstarfsmanna hafa hækkað um 8% á ári síðustu átta árin umfram verðlag. Mjög gott, þökk sé styrkri stjórn ríkisstjórnarinnar, þökk sé mjög styrkri stjórn hæstv. forsrh. Þeir leyfa sér að skoða líka laun þingmanna sem hafa hækkað um 10% umfram verðlag á þessum tíma samkvæmt útreikningum þeirra. Þeir nota sem sagt mjög góðan árangur hæstv. forsrh. við stjórn landsins til að klekkja á kjörum hans. Sjaldan launar kálfurinn ofeldið, það verð ég að segja. Ég hefði talið að hæstv. forsrh. sem hefur stýrt þjóðinni í gegnum mesta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar frá 1991 fengi einhver verðlaun fyrir það í hugum þessara manna. Nei, þeir sjá ofsjónum yfir því að hann fái sambærileg lífeyrisréttindi og hinir handhafar ríkisvaldsins, þ.e. hæstaréttardómarar og forseti lýðveldisins. Hann er ekki með sömu laun og forsetinn, nei nei, langt í frá. Þegar skattfrelsið var afnumið af forseta lýðveldisins kom nefnilega í ljós að hann var í reynd með tvöfalt hærri laun þó að Kjaradómur hafi dæmt honum svipuð laun — vegna skattfrelsisins — og sá launamunur er enn.

Við erum að tala um að hæstv. forsrh. fái rétt rúmlega helming af þeim lífeyriskjörum sem forseti lýðveldisins hefur en þó sömu prósentu. Hann er bara með miklu lægri laun en forseti lýðveldisins, rétt rúmlega helming af launum forsetans.

Svo gerist það að ýmsir verkalýðsforingjar úti í bæ efna til mótmæla gegn þessari lækkun á launum þingmanna og hækkun á launum ráðherra, boða til útifundar og hóta að segja sig úr vissum þingflokkum ef ekki verður farið að vilja þeirra. (**Gripið fram í:** Þingflokkum?) Vissum flokkum, já,

þeir eru ekki í þingflokki enda hafa þeir ekki viljað taka þessi kjör sem þingmönnum eru boðin.

Hvað eru þessir menn að gera? Þeir eru að hafa áhrif á sannfæringu þingmanna. Ég spyr: Eiga virkilega verkalýðsforingjar úti í bæ að ákveða laun þingmanna, herra forseti, og sín eigin laun líka, sem þeir gera? Laun þingmanna eru uppi á borðinu en þeirra eigin laun liggja alls ekki uppi á borðinu og þeir hafa meira að segja neitað að svara hver þau eru. Er þetta það sem við viljum, er þetta gagnsæið sem við viljum?

Svo að ég falli í þá gryfju að vera ekki eins málefnalegur og ég reyni nú að vera finnst mér þessi staða minna mig á mink sem ræðst inn í hænsnabú. Kjúklingarnir flögra um allt, inn í öll skúmaskot, af því að minkurinn — þ.e. verkalýðsforinginn og verkalýðsforingjarnir — er kominn inn í hænsnabúið sem er Samf. og Vinstri grænir. Þar flögra kjúklingarnir um allt í leit að skjóli og eru logandi hræddir því að þeim hefur verið hótað að ef einn þeirra greiði atkvæði með þessu frv., ef einn þeirra fylgi sannfæringu sinni, skuli verkalýðsforustan, ekki verkalýðshreyfingin, þar eru sjálfstæðismenn að sjálfsögðu, segja sig úr þessum ákveðna flokki. Mér finnst þetta mjög alvarlegt, herra forseti.

Varðandi þetta frv. sem við ræðum hér verð ég að segja að það er í sjálfu sér ekki breyting á núverandi kerfi sem ég er — eins og ég gat um — andsnúinn. Það gerir það samt gagnsærra og einfaldara og gerir það auk þess auðveldara að breyta því ef þingheimur skyldi vilja það. Þess vegna styð ég það, líka vegna þess að mér finnst óeðlilegt að forsrh. sé með 50% hámark á lífeyrisrétti á meðan forseti lýðveldisins er ekki með slík takmörk á sínum lífeyrisrétti. Ég vil að þessir þrír handhafar ríkisvaldsins séu með sambærileg lífeyrisréttindi, hver sem þau eru.

[15:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil bæta örfáum orðum inn í þessa umræðu sem er búin að standa drjúglanga stund og hefur varpað skýru ljósi á afstöðu flestra flokka til þessa máls þótt vissulega skorti enn dálítið á að mönnum sé ljós afstaða Samf. til málsins, efnislega. Þeim mun skýrar hafa talsmenn þeirra í umræðunni gert grein fyrir formlegum fyrirvörum eða athugasemdum um vinnubrögð sem út af fyrir sig er ágætt að menn dragi inn í umræðuna en er auðvitað aldrei aðalatriði málsins heldur efnið sem er til umræðu.

Það er tvennt sem menn hafa einkum rætt um og hefur mátt sjá í umfjöllun um málið að þar hefur athyglin líka beinst að þeim atriðum sérstaklega umfram önnur. Ég vil aðeins fara yfir þau.

Fyrra atriðið er eftirlaunakjör forsrh., eða fyrrverandi forsrh. framtíðarinnar. Birtar hafa verið tölur sem eru eignaðar Alþýðusambandi Íslands um að kostnaðurinn við þessa breytingu verði um 240 millj. kr. gagnvart þeim sem nú situr sem forsrh. Og ég verð að segja alveg eins og er að þegar ég sá þessar tölur fannst mér að eitthvað hlyti að hafa vantað inn í útreikningsformúluna sem menn nota til þess að áætla kostnað. Það getur bara ekki staðist að fjárhæðirnar hlaupi á svona háum tölum gagnvart einum einstaklingi sem þar að auki er nú orðinn nokkuð fullorðinn. Enda kemur í ljós þegar þetta er áætlað að beiðni allshn. af Talnakönnun hf. að kostnaðurinn við ráðherrahópinn allan, ekki bara núverandi forsrh. heldur alla ráðherra, núverandi og fyrrverandi, auðvitað með ákveðnum fyrirvörum eins og gengur og gert er grein fyrir í bréfinu, geti mestur orðið 211 millj. kr. Það er lægri upphæð en þær 240 millj. kr. sem Alþýðusamband Íslands er að ætla að verði vegna eins manns.

Þá verðum við að hafa í huga að núverandi forsrh. er einn í nokkuð stórum hópi þannig að það má ætla að hlutur hans í þessari áætlun sé ekki nema brot, ég veit ekki hversu hátt brot, það kemur ekki fram, en bara miðað við fjöldann mundi ég halda að það væri frekar lítið brot ... (**Gripið fram í:** .... helmingur.) þannig að kostnaður vegna hans er — ja, mundi ég halda — alveg örugglega undir 100 millj., ég mundi segja kannski nær 50 millj. ef ég ætti að reyna að giska á það sem ég hef þó ekki forsendur til. Ég get eiginlega ekki gefið mér ágiskun með neinni sæmilegri vissu annað en að ég veit að það er aðeins brot af þessari tölu. Þetta liggur fyrir. Og mér finnst rétt að draga það sérstaklega fram vegna þess að menn hafa kosið, sérstaklega í opinberri umfjöllun fjölmiðla, að persónugera málið sem er mjög ósanngjarnt í svona máli sem fjallar um almenn réttindi. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um það efni að það er ekki rétt og ekki sanngjarnt að ræða þessi mál út frá einstökum persónum. Hér er um að ræða framtíðarskipan fyrir hóp manna og það mun verða breyting á því hverjir sitja í þessum stöðum, bæði fljótlega og svo þar á eftir, eins og menn þekkja í pólitíkinni þannig að það er ekki hægt að vega og meta svona efnisbreytingar út frá einni persónu.

Ef við skoðum útreikninga ASÍ til fulls segja þeir að kostnaðurinn við þessa einu persónu sé 502 millj., eftirlaunaskuldbindingin. Ég ryndi aðeins í blaðið sem greindi frá þessu og skoðaði forsendurnar og þær reiknuðu með 80% af launum sem væru um 716 þús. kr. á mánuði. Það þýðir um 8,6 millj. kr. á ári. Hvað er þá viðkomandi maður lengi að taka út 502 millj.? Því var haldið fram að það þyrfti að leggja til hliðar 502 millj. inn á bók til þess að eiga fyrir eftirlaunaskuldbindingum núverandi forsrh. Ef við skoðum þessar forsendur sjáum við að það er gert ráð fyrir að greiða 8,6 millj. kr. á ári. Það þýðir að hann þarf að taka út eftirlaun í 58 ár til þess að ná að taka út þessar 502 millj. Það er nú nokkuð mikið, herra forseti. (Gripið fram í.) Og það stangast nokkuð á við upplýsingar forsrh. um væntanlegan lífaldur sinn. Ef við gerum ráð fyrir því að forsrh. fari á eftirlaun á næsta ári, sem ég ætla ekkert að ýja að en við skulum bara gefa okkur að hann geri það, hefur hann töku lífeyris 56 ára gamall. Hann á þá 502 millj. í sjóði fyrir eftirlaunaskuldbindingum sínum í 58 ár þannig að hann getur greitt sér þessi laun þangað til hann verður 114 ára gamall. Ég segi nú, herra forseti, hvernig í ósköpunum getur heil deild sem kallar sig hagdeild Alþýðusambands Íslands látið frá sér fara svona vitlausa útreikninga? Ég tek undir það með varaformanni fjárln. að við eigum að skoða hvort ekki sé rétt að hækka fjárveitingar við hagdeildina til þess að auka líkurnar á því að við fáum ekki svona vitlausa útreikninga þaðan aftur. (Gripið fram í.)

Ég vil bæta því við að ég vil treysta því og hef haft ástæðu til þess að treysta því lengst af að hagdeild Alþýðusambands Íslands sé virðuleg stofnun innan sambandsins, skipuð fólki sem vill láta taka störf sín alvarlega en ekki vera þátttakendur í einhverjum pólitískum ólgusjó. Og ég ætla bara að vona að menn láti sér þessi mistök að kenningu verða og hætti að framleiða útreikninga í pólitísku skyni til þess að hafa áhrif á þingmenn í tilteknum flokki eða flokkum. Ef þeir ætla sér að hafa áhrif á alþingismenn almennt til breytinga á málum, sem mér finnst auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að verkalýðshreyfingin á hverjum tíma reyni að gera eftir því

sem skoðanir hennar standa til, verða menn að styðjast við upplýsingar sem eru sannar og réttar og byggðar á eðlilegum forsendum. Felst þó ekki í þessum orðum mínum að ég útiloki að forsrh. geti orðið 114 ára gamall. Mér finnst það hins vegar ekki líklegt.

Þetta vildi ég draga fram, herra forseti, þannig að það færi ekki á milli mála að þessar upplýsingar sem hér hafa verið lagðar inn í umræðuna af formanni allshn. gera það að verkum að þær upplýsingar sem menn hafa haft í umræðunni síðustu daga, sendar frá Alþýðusambandi Íslands, eru ekki á neinum rökum reistar. Það er rétt að menn ræði þá málið, bæði þetta atriði frv. og önnur, á þeim upplýsingum sem reynast sannar og réttar.

Hitt atriðið sem menn hafa beint spjótum sínum að er hvort greiða eigi formönnum stjórnmálaflokka álag á þingfararkaup séu þeir ekki jafnframt ráðherrar. Á því geta menn haft skiptar skoðanir. Ég sé ekkert athugavert við það að sumir hafi þá skoðun að þetta eigi ekki að gera og aðrir hafi þá skoðun að þetta eigi að gera. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að þetta sé sjálfsagt og eðlilegt. Um þetta hafa þingmenn rætt í mörg ár. Það get ég upplýst enda hef ég tekið þátt í þeim samtölum.

Ég hef verið þess hvetjandi í gegnum árin að menn lögleiddu þessa hluti til að gera formönnum stjórnmálaflokkanna, sérstaklega formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, kleift að sinna starfi sínu af fullum þunga. Það að vera formaður í stjórnmálaflokki í stjórnarandstöðu er ekki lítið verk. Það er ekkert minna verk en að vera ráðherra. Það held ég að menn geti gengið úr skugga um með einfaldri athugun málsins, líka þingmenn Vinstri grænna. Ég er ekki í vafa um að formaður þeirra hefur lagt mikið á sig í gegnum tíðina og unnið langa daga og fram á nætur við að sinna hlutverki sínu sem einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar. Þeir mættu muna það þegar þeir taka afstöðu að það er rétt að sá sem er í þeirri stöðu njóti þeirra kjara að á engan hátt sé hægt að brigsla honum um að efnahagslegar aðstæður ráði skoðunum hans.

Ég vil spyrja hina sem eru þeirrar skoðunar að það eigi ekki að greiða álag: Telja þeir þingmenn að þegar mál skipast þannig að flokkur þeirra fer í ríkisstjórn og formaður flokksins verður ráðherra eigi hann ekki að taka við þeim ráðherralaunum? Eru menn að halda því fram? Það hljóta menn að verða að gera ef þeir ætla að vera samkvæmir sjálfum sér. Það er ekki hægt að halda því fram að ósanngjarnt og óeðlilegt sé að formaður í stjórnarandstöðuflokki fái ekki álag á þingfararkaup en það sé eðlilegt ef hann er ráðherra og vinnur starfið sem slíkur. Starfið er jafnt eftir sem áður. Það fullyrði ég og bið þá sem eru annarrar skoðunar að koma upp og gera grein fyrir því á hvern hátt þeir telja starf formanns stjórnmálaflokks veigaminna í stjórnarandstöðu, svo veigalítið að það verðskuldi ekki álag á þingfararkaup. Þetta vildi ég biðja menn að hugleiða og færa rök fyrir þannig að við gætum fengið öll rökin upp á borðið, með eða á móti. Mín afstaða er alveg klár. Ég mun eindregið styðja þetta ákvæði og greiða atkvæði gegn brtt. sem rýra áhrif þess.

Ég vil líka benda á það sem ekki hefur komið fram í umræðunni, að ákvæðið er auðvitað ekki bundið við formenn í stjórnarandstöðuflokki. Auðvitað getur, eins og dæmi eru um í fortíðinni, formaður stjórnmálaflokks sem er í ríkisstjórn kosið að sitja utan ríkisstjórnar. Og það er ekkert að því ef sá formaður velur það hlutskipti að sinna starfi sínu sem formaður flokks en vera ekki jafnframt ráðherra. Það eru til dæmi um það. Við þekkjum það úr Framsfl., fyrrv. formann Framsfl., Hermann Jónasson, sem kaus stundum að vera ekki í ríkisstjórn sem flokkurinn átti aðild að.

Herra forseti. Þriðja atriðið sem ég vildi reifa í þessari umræðu varðar trúverðugleika flokkanna sem standa að þessu máli. Ég verð að segja, herra forseti, að mér hefur fundist nokkuð dapurlegt að sjá hvernig menn hafa brugðist við eftir að málið var lagt fram í ljósi aðdraganda þess. Allir flokkar komu að málinu. Formenn allra flokka komu að málinu. Það var samið og efnisatriðin ákveðin með þeim. Það er vegna þeirra stuðnings sem málið er lagt fram og vegna þeirra stuðnings sem þingmenn þeirra ákveða að styðja það að málið sé lagt fram. Það er á þeim forsendum sem málið er t.d. kynnt fyrir okkur í þingflokki framsóknarmanna. Þetta er ekki ríkisstjórnarfrumvarp, þetta er þingmannafrumvarp. Okkur er kynnt málið þannig að allir flokkar standi að því, allir formenn styðji það og það verði samþykkt í öllum þingflokkum, sem reyndin varð og málið var lagt fram.

Síðan þegar umræðan í þjóðfélaginu er komin í gang fer að gerast nokkuð sem ég átti ekki von á að sjá. Þá fer að koma í ljós að einstakir flutningsmenn málsins eru með fyrirvara. Það kemur hvergi fram í málinu sem dreift var á borð þingmanna að fyrirvarar séu af hálfu einstakra flutningsmanna við einstök efnisatriði málsins. Hvers vegna gera menn ekki grein fyrir fyrirvörum sínum við framlagningu málsins? Ég vil svara þeirri spurningu sjálfur. Það er vegna þess að fyrirvararnir voru ekki fyrir hendi. Þeir komu til seinna þegar menn fóru að bregðast við utanaðkomandi þrýstingi.

Við sjáum í hvaða stöðu málið er gagnvart Vinstri grænum og Frjálsl. Þessir flokkar hafa algjörlega snúist gegn málinu að öðru leyti en því að einn flutningsmanna, hv. þm. Þuríður Backman, ætlar að styðja flest efnisatriði málsins en þó ekki öll.

Hvað er hér á ferðinni? Hér hafa utanaðkomandi aðilar haft áhrif á þingmenn sem voru búnir að taka afstöðu í málinu og ákveða að flytja málið. Þeir draga til baka stuðning sinn og fara að tala gegn því. Ég velti fyrir mér: Hvernig á að vera hægt að vinna með þessum flokkum í ríkisstjórn? Gerum okkur í hugarlund að stjórnarandstaðan hefði fengið meiri hluta á þingi í kosningunum 10. maí og að þessir þrír flokkar hefðu myndað ríkisstjórn. Þeir hefðu komið sér saman um að flytja þingmál, þetta eða eitthvert annað. Svo þegar búið er að flytja málið og sýna það færu að koma viðbrögð frá hagsmunaðilum eða einhverjum sem væru óánægðir með einstök efnisatriði. Á hverju eiga menn von sem eru með slíkum flokkum í ríkisstjórn? Þeir geta alveg eins átt von á að flutningurinn breytist yfir í fyrirvaratengdan flutning, að flestir þingmenn flokkanna snúist gegn málinu og áður en menn vita af væri mál, jafnvel stjfrv., löngu fokið út í veður og vind áður en það kæmi til 1. umr.

Þessi reynsla hefur dæmt þessa tvo flokka algjörlega úr leik um sinn. Þeir eru ekki hæfir til að vera í ríkisstjórn af því að þeir geta ekki fylgt málum eftir frá upphafi til enda.

Tökum nú Samf. (Gripið fram í.) Hér sjáum við einn hv. þm. Samf. Það er ekki svo illa komið fyrir henni sem þessum tveimur flokkum, ekki enn þá. Það skýrist á eftir hvernig þeir ætla að taka á þessu máli. Við vitum þó að þeir stóðu að því að undirbúa málið. Formaður þeirra stóð að því að samþykkja að leggja málið fram. Þeir lögðu til flutningsmann og þingflokkur þeirra samþykkti að leggja málið fram. Mönnum var alveg ljóst að ætlunin var að afgreiða málið á tiltölulega skömmum tíma.

Hvað gerist? Hér rísa allt í einu upp menn í þjóðfélaginu og hóta að segja sig úr Samf. ef frv. verði að lögum eða jafnvel ef Samf. styður málið eða jafnvel ef aðeins einn þingmaður Samf. styður málið. Þá fer allt í böggling. Það endar með því að Samf. dregur stuðning sinn til baka í allshn. Við vitum svo sem ekki hvernig línur liggja innan þess þingflokks varðandi málið.

Fyrsti talsmaður flokksins í málinu, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, kom með mjög merkilegt innlegg í umræðuna í morgun. Hún hélt því fram að Samf. hefði aldrei samþykkt að styðja málið, aðeins samþykkt að leggja það fram. Ég fer að velta fyrir mér: Bíddu við, hvað ef við værum í ríkisstjórn með Samf. og við værum að leggja fram mál sem við vissum að yrði umdeilt, t.d. í sjávarútvegsmálum, þar gæti verið eitthvað til að tala um? Við ætluðum kannski að gera einhverjar breytingar, kannski línuívilnun eða eitthvað svoleiðis, og flokkarnir væru búnir að ná saman um slíkt. Þá yrði lagt fram stjfrv. Svo kæmi LÍÚ eða einhverjir slíkir kappar og færu að yggla sig og segja: Við hótum að segja okkur úr Samf. Þá væri bara allt fokið út, stjfrv. búið, enginn meiri hluti fyrir hendi.(**Gripið fram í:** Eins og hænsnahópur.) Hér tala menn um hænsnahóp, ég veit ekki hvað menn eiga við með því. (**JBjarn:** Framsóknarflokkinn.) En ég velti því fyrir mér: Er hægt að vera í ríkisstjórn með slíkum flokki?

Mér finnst þetta ekki spurning um efnisatriði málsins, þau eru meira og minna útrædd. Þetta er orðin spurning um trúverðugleika stjórnarandstöðuflokkanna. Eru það flokkar sem ætla að vera í stjórnarandstöðu og hafa ákveðið að vera í stjórnarandstöðu af því að það er svo þægilegt líf, menn þurfa aldrei að axla neina ábyrgð og aldrei að styðja nein mál sem þeir eru ekki að öllu leyti sáttir við. Menn geta bara alltaf verið á móti öllu, alltaf. (**Landbrh.:** Um hvað er þessi Samfylking?) Eða ætla menn að verða stórir og verða ríkisstjórnarflokkur? Samf. stendur í þeim sporum að menn bíða eftir svarinu. Hvar ætlar hún að lenda í þessu máli?

Það er makalaust að heyra uppleggið hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem snerist um tvennt. Í fyrsta lagi snerist það um að koma höggi á formann flokksins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það var upplýst í umræðunni að aðalkrafan frá þingmanninum var að ákvæðinu um álag til formanna stjórnmálaflokka yrði breytt þannig að formaðurinn gæti fengið álag þó að hann sæti ekki á þingi. Auðvitað er þessi krafa hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur ekkert annað en árás á formann Samf., hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það hljóta allir að sjá að í þessu endurspeglast valdabarátta innan flokksins þar sem vegið er að formanni flokksins.

Í öðru lagi var það aðalatriðið í málflutningi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að vega að öðrum þingmanni en hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Hún var að vega að keppinaut sínum um oddvitasæti í Suðvesturkjördæmi, hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, formanni Alþfl. Hann er til enn þá. Hann gæti kannski farið að bjóða fram aftur. Kannski verður atkvæðagreiðslan í þingflokki Samf. þannig á eftir að væntanlegur þingflokkur Alþfl. styðji málið. Hver veit?

Mér fannst þetta ómaklegur málflutningur í garð þessara tveggja þingmanna, hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og Össurar Skarphéðinssonar. Ég bíð spenntur eftir því að sjá hvaða vegferð Samf. ætlar sér á næstu árum. Ætlar hún sér að halda áfram á þeirri braut að reyna að verða flokkur sem yrði til einhvers gagns í þjóðfélaginu eða ætlar hún að verða hópur, eins og kallað var fram í áðan, af tiltekinni tegund?

Herra forseti. Ég held að ég bæti ekki meiru við umræðuna af minni hálfu. Ég vonast til að sem fyrst skýrist hvernig atkvæði í þessu máli falla á eftir.

[16:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef grun um að margir samflokksþingmenn hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hafi haft svolítið gaman af þessari ræðu og fundist jafnvel koma úr hörðustu átt, þ.e. úr munni nákvæmlega þessa hv. þm., sú gagnrýni að það sé sérstaklega ámælisvert að fylgja ekki flokkssamþykktum og flokksaga. Það hefur nú ekki alltaf átt við um hv. þm. Kristin H. Gunnarsson.

Hins vegar vil ég leiðrétta eitt í máli hans. Hann fullyrðir að gert hafi verið samkomulag um þetta mál og hvernig það yrði afgreitt á þinginu. Þetta er rangt, þetta eru ósannindi. Ég spyr: Hvernig er hægt að gera samkomulag ef menn eru jafnframt bundnir trúnaði um að segja ekki frá innihaldi frv.? Er hægt að gera samkomulag fyrir hönd fólks sem ekki er sýnt málið? Er það þetta sem hv. þm. stærir sig af? Gerir þetta Framsfl. hæfan í stjórnarsamstarf við Sjálfstfl., að menn hlýði í blindni því sem þeim er skipað að gera?

Nú er ég farinn að skilja hvers vegna hægt er að brjóta á öryrkjum. Nú er ég farinn að skilja hvers vegna Framsfl. er góður samstarfsflokkur Sjálfstfl. Hann gerir allt sem honum er skipað að gera.

[16:15]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi málefni öryrkja sem hér hafa mikið verið til umræðu og bætur til þeirra þá er nú sannast sagna niðurstaða þess máls sú að þeir hefðu ekki fengið neinar kjarabætur á þessu þingi ef allir þingmenn aðrir hefðu tekið sömu afstöðu og þingmenn Vinstri grænna og annarra stjórnarandstöðuþingmanna. Þeir gátu ekki stutt þá tillögu sem við greiddum atkvæði um í gær um að bæta kjör öryrkja um 1 milljarð kr. Þeir gátu ekki stutt hana heldur sátu hjá. Ef allir aðrir hefðu fylgt fordæmi þeirra hefði sá hópur sem þeir hafa talað svo mikið fyrir ekki fengið eina einustu bót sinna mála. Það var mikil reisn eða hitt þó heldur yfir þessum ágætu flokkum. (**Gripið fram í:** Heyr.)

[16:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Heyr", kalla framsóknarþingmennirnir sem brutu samning á öryrkjum og felldu tillögu frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um 500 millj. kr. framlag til þess að staðið yrði við þennan samning. Framsfl. felldi þá tillögu.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að sér finnist ógeðfellt að persónugera þetta mál. Síðan talar hann náttúrlega fyrst og fremst um persónur. Og það er ekkert óeðlilegt. Þetta snýst um persónur. Þetta snýst um ráðherra og þá einstaklinga sem gegna þessum störfum.

Það er t.d. staðreynd að gert er ráð fyrir því að hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, verði forsætisráðherra næsta haust. Finnst hv. þm. það eðlilegt að honum séu búin þau lífeyriskjör að eftir eitt ár í starfi fái hann 60% af forsætisráðherralaunum til æviloka? Við erum að tala um rúmlega hálfa milljón á mánuði. Við erum að tala um 540 þús. á mánuði sem hæstv. ráðherra, Halldór Ásgrímsson, mun fá. Finnst hv. þm. Framsfl. þetta vera eðlilegt og réttlátt eða fylgir hann bara skipunum (Forseti hringir.) í hlýðni.

[16:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég styð frv. og efnisatriði þess þannig að svar mitt er alveg skýrt í þeim efnum.

Ég spyr aftur á móti hv. þm. Ögmund Jónasson: Ætlar hann að velja menn inn í embætti forsætisráðherra á næstu árum út frá þessu ákvæði? Hvaða menn eru það sem falla undir þá kategóríu í hans huga að þeir verðskuldi þessa reglu? Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon yrði einhvern tíma forsætisráðherra, hvaða eftirlaun finnst honum eðlilegt að greiða honum?

Svona getur hv. þm. ekki talað. Það er alveg ljóst.

Ég vil beina annarri spurningu til þingmannsins: Finnst honum eðlilegt að Alþingi sé að greiða formanni BSRB laun? Finnst honum það eðlilegt? Hann hefur ákveðið af því að hann er bæði þingmaður og formaður BSRB að taka ekki laun sem formaður BSRB. Það er út af fyrir sig virðingarverð afstaða út frá ákveðnu sjónarmiði. En annað sjónarhorn á það mál er að með þessu er Alþingi að greiða honum laun og gera honum kleift að vera formaður BSRB.

[16:18]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá að svara hérna nokkru sem kom fram í ræðu hv. þm. og láta það koma alveg skýrt fram að formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs samþykkti að leggja málið fram. Hann þekkti hugmyndafræðina á bak við málið og vildi að það fengi þinglega meðferð.

Hann gerði í aðdraganda málsins grein fyrir því að það væri alveg ljóst að innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingflokksins, væri ekki fullur stuðningur við málið og að ljóst væri að það væri andstaða við málið. Á undirbúningsstiginu og þegar búið var að kynna málið í þingflokkunum var því alveg ljóst og kom skýrt fram að andstaða væri innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við málið þannig að við erum ekkert að hlaupa frá einu eða neinu. Ég er búin að gera grein fyrir því hvers vegna ég studdi það með því að vera meðflutningsmaður málsins. Ég ætla ekki að endurtaka það hér enda er tíminn búinn.

[16:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg skýrt. Frumvarpið var flutt með stuðningi formanns Vinstri grænna. Ákvæði um 50% álag til formanna stjórnmálaflokkanna er flutt með stuðningi hans og stuðningi þess flutningsmanns sem er úr hans flokki. Þetta er alveg kýrskýrt.

Þó svo að þingmenn hans eigin flokks kjósi nú að hlaupa frá stuðningi við þetta ákvæði þá get ég alveg fullyrt það að formaður Vinstri grænna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hefur fullan stuðning þingmanna Framsfl. til að ná þessu fram.

[16:21]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að hlaupa frá einhverju sem búið er að lýsa yfir að ekki sé stuðningur við. Þá er ekki verið að hlaupa frá málinu. Það rétta er að Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, gerði grein fyrir því að ekki væri stuðningur við málið þannig að það er enginn að hlaupa frá því. Þannig stendur það.

Málið var unnið í fullum trúnaði meðal formanna flokkanna. Steingrímur J. Sigfússon heldur fullan trúnað. Þess vegna vissi hvorki þingflokkurinn né ég um málið fyrr en umræddan miðvikudag að það var kynnt fyrir mér og þingflokknum.

Ég vil endurtaka að það eru ákveðnar forsendur fyrir því að ég er meðflutningsmaður. En það verður að vera alveg ljóst að við erum ekki að hlaupa frá málinu af því að ekki var stuðningur við það innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við svíkjum því ekki neitt.

[16:21]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að því í ræðu sinni að Frjálsl. væri ótrúverðugur stjórnmálaflokkur.

Ég spyr hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort honum finnist það ótrúverðugt að þrír þingmenn Frjálsl. hafi frá upphafi verið andsnúnir þessu frv. Fjórði þingmaðurinn í þingflokki Frjálsl., hv. þm. Sigurjón Þórðarson, hefur endurskoðað hug sinn í málinu og þó sýnt það æðruleysi, eftir að hafa skoðað efnisinnihald frv. betur og greint kjarnann frá hisminu í þessu máli, að segja að það sé rangt.

Enn og aftur vík ég að þessum ótrúverðugleika eða trúverðugleika. Ég legg það í dóm þjóðarinnar hverjir eru trúverðugir og hverjir ekki. Þingflokkur Frjálsl. er alfarið á móti frv. og ég spyr þjóðina og hv. þm.: (**Gripið fram í:** *Sigurjón flytur það.*) *Hvort er trúverðugra fólk sem er á móti* þessum jólapökkum til ráðamanna þjóðarinnar núna í svartasta skammdeginu eða það fólk sem er andsnúið þeim?

[16:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki komið fram áður í þessari umræðu að þrír af fjórum þingmönnum Frjálsl. hafi verið andsnúnir málinu frá upphafi. Ég vil segja um það, herra forseti, að mér finnst ólíklegt að Frjálsl. leggi til flutningsmann á málið ef meiri hluti þingflokksins er á móti málinu. Á einhverju stigi hljóta menn að hafa ákveðið að leggja málið fram og það hlotið blessun þingflokksins.

Ég vil segja, herra forseti, að ekki batnar trúverðugleiki Frjálsl. við þessar upplýsingar því það dregur fram að formaður flokksins sem vann að málinu, samþykkti málið, stendur að flutningi þess, hefur engan stuðning í sínum flokki lengur við það. (Gripið fram í.)

[16:24]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál var ekki rætt efnislega í þingflokki Frjálsl. Það hef ég tekið fram áður. Það sem skiptir máli í þessu varðandi trúverðugleika stjórnmálamanna og þingmanna almennt er ekki það sem Kristinn H. Gunnarsson er að tala um í þessu tilliti, þ.e. hvernig störf þingflokks Frjálsl. voru í þessu tiltekna máli heldur á að leggja það í dóm fólks, bæði hér inni og allrar þjóðarinnar, hvort menn séu með eða á móti þessu frv. Um það snýst trúverðugleikinn í þessu máli, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

[16:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú koma enn nýjar upplýsingar inn í umræðuna. Nú er upplýst að þingflokkur Frjálsl. ræddi málið aldrei efnislega, (**GÁS:** Þetta er að snúa út úr.) tók aldrei málið fyrir til að ræða efnisatriði þess og móta sér afstöðu um það. Þetta eru alveg nýjar upplýsingar. Ég verð að segja, herra forseti, að það eykur ekkert trúverðugleika flokksins ef þingflokkurinn í svona stóru máli, svona mikilsverðu máli

eins og hann metur það núna, hefur ekki einu sinni haft fyrir því að ræða það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 594, nál. 663 og 666, brtt. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:28]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er að koma til atkvæða svokölluð línuívilnun stjórnarflokkanna. Í nefndarstarfinu kom fram að málið er afar illa undirbúið enda þvingað fram með þrýstingi frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Með frv. er verið að leggja af svokallaðan byggðakvóta og byggðapotta sem hafa verið undanfarin ár. Allri meðferð slíkra mála er nú vísað til hæstv. sjútvrh. sem er nú ekki frægastur fyrir það að vilja yfirleitt hafa neina byggðapotta í gangi eða byggðakvóta. Það var engin leið að átta sig á því í nefndarstarfinu hvaða áhrif þessar breytingar mundu hafa í hinum ýmsu byggðarlögum sem þurft hafa að reiða sig á aflaheimildir úr byggðapottum undanfarinna ára. Þeir verða sem sagt uppurnir á næstu tveimur árum.

Þeir sem veiða með beitningatrektum eru líka skildir eftir og ekki hafðir með í þessari línuívilnun. Það er ekkert tekið á málefnum dagabáta. Það er svo að allir utan einn þeirra aðila sem veittu umsögn um málið lögðust gegn þessari tillögu sem hér liggur fyrir. Meira að segja höfundar og aðalbaráttuaðilarnir fyrir línuívilnun, þ.e. forsvarsmenn smábátaeigenda, leggjast gegn þessu máli í þeirri mynd sem það liggur núna fyrir. Samfylkingin mun greiða atkvæði gegn öllum greinum þessa máls eins og það liggur fyrir og gegn málinu í heild að lokum.

[16:30]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er að koma til 2. umr. og atkvæðagreiðslu frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sem lýtur fyrst og fremst að línuívilnun og skerðingu á heimildum um byggðakvóta.

Það kom fram í umræðunum hjá hv. formanni sjútvn. að hann samsinnti málflutningi mínum um að hér væri ein bótin enn á annars götótt og meingallað fiskveiðistjórnarkerfi. Þetta fiskveiðistjórnarkerfi er mjög ranglátt og þessar stöðugu tilfæringar, ein bót á aðra án þess að taka á meginþætti þess verður alltaf handahófskennt og marklítið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill taka upp allt fiskveiðistjórnarkerfið og breyta því í grundvallaratriðum sem tryggir bæði rétt byggðanna, íbúanna, útgerðarinnar og einnig meðferð auðlindarinnar. Þetta vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð gera og hefur lagt fram ítarlegar tillögur í því sambandi.

Hér er verið að gera tillögur um ákveðna sýndarlínuívilnun sem þýðir tilfærslur á veiðiheimildum innan bátaflotans og skerðingu á heimildum til Byggðastofnunar til sérstakra ráðstafana fyrir einstakar byggðir sem lenda í vandræðum vegna fiskveiðistjórnarkerfisins og vegna náttúruhamfara og annars slíks. Verið er að skerða þessar heimildir þvert á gefin kosningaloforð sem hljóðuðu upp á það annars vegar að taka upp óskilyrta línuívilnun og hins vegar að auka byggðakvótana. Ríkisstjórnarflokkarnir eru því að svíkja bæði sín kosningaloforð með þessum bótasaumi.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur í sjálfu sér stutt línuívilnun sem lið í endurskoðun til vistvænni veiða en þá er líka mikilvægt að sú endurskoðun og þær veiðiheimildir verði byggðatengdar og verði til stuðnings atvinnulífinu í byggðunum, landverkafólki, fiskvinnslunum og einnig útgerðinni. Við hefðum viljað sjá þessar aðgerðir byggðatengdar. En framseljanlegur kvóti, þó að hann sé aukinn með línuívilnun, styrkir ekki atvinnu í byggðunum.

Virðulegi forseti. Þetta er bótasaumur á lélegt og mjög slæmt fiskveiðistjórnarkerfi og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitjum hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[16:33]

Einar K. Guðfinnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Frv. sem við erum að fara að greiða atkvæði um er afar skynsamleg málamiðlun í mjög umdeildu máli. Allt síðastliðið haust og reyndar síðasta sumar var því haldið fram af andstæðingum ríkisstjórnarflokkanna að við mundum heykjast á því að leggja fram frv. um línuívilnun og svíkja þetta loforð. Vitaskuld var það aldrei svo, heldur er það þannig að hér liggur frv. fyrir og við erum núna að fullnusta þau loforð sem við gáfum.

Þetta er skynsamleg málamiðlun og það er athyglisvert að stjórnarandstæðingar létu í veðri vaka í upphafi þessarar umræðu að þeir hygðust styðja línuívilnunina, styðja frv. um línuívilnun, en þegar til kastanna kom treystu þeir sér ekki til þess frekar en í öðrum umdeildum málum sem við erum einmitt að ræða í dag.

Brtt. 667, inngmgr. og efnismgr. til og með „færri en 23“, kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 667, síðari hluti efnismgr., kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 31:21 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.

nei: ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖS.

6 þm. (GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 663,1 (nýr a-liður 2. gr.) samþ. með 31:21 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.

nei: ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖS.

5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKG, EMS, GHj, GÖrl, HjÁ, SP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.
nei: ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖS.
5 þm. (HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKG, EMS, GHj, GÖrl, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 663,2 samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.
nei: ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖS.
6 þm. (GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.
nei: ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖS.
6 þm. (GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.
nei: ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖS.
6 þm. (GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57:1 atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: GMJ.

5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 2. umr.

Frv. HBl o.fl., 447. mál. — Þskj. 635, nál. 696, brtt. 697, 702 og 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:36]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Samfylkingin féllst á að þetta mál yrði lagt fram til þinglegrar meðferðar en í því felst ekki óútfyllt ávísun á skilyrðislausan stuðning við frv. óbreytt. Samfylkingin getur undir engum kringumstæðum sætt sig við að mál á borð við það sem hér er til umræðu sé keyrt fram án þess að tækifæri gefist til málamiðlana og skoðunar á álitamálum sem upp koma í vinnu málsins.

Hingað til hafa slík mál verið unnin í starfsnefnd þingflokksformanna og gefinn sá tími sem þarf til að vinna málið og skoða alla þætti þess og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Nú hefur meiri hlutinn rofið þessa hefð og keyrir málið áfram sem stjórnarliðamál. Í ljósi þess getur þingflokkur Samfylkingarinnar ekki stutt þetta mál og vísar allri ábyrgð á því á hendur ríkisstjórninni.

[16:37]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmæla þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð í meðferð þessa lagafrv. Af okkar hálfu var formlega farið fram á að afgreiðslu málsins yrði frestað. Þeirri kröfu var hafnað.

Af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur komið skýr afstaða til frv. og hefur það verið harðlega gagnrýnt á ýmsum forsendum. Eindregin andstaða úr röðum þingflokks VG hefur verið öllum málsaðilum ljós frá upphafi og því ósatt að um samkomulag hafi verið að ræða. Ég tel að með þessu lagafrv. sé verið að treysta misrétti í sessi og það er stefnt í afturhaldsátt. Ég harma þá niðurstöðu.

Brtt. 697,1 samþ. með 33:6 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: GMJ, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÖJ.
17 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKG, EMS, GHj, GÖrl, HjÁ, SP, StP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33:13 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.

12 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 32:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
12 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

7.–9. gr. samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 697,2 samþ. með 33:10 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, StP, ÖJ.
14 þm. (ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

11.–13. gr. samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 697,3 samþ. með 33:8 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: GMJ, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, StP, ÖJ.
16 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, LB, SP) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 697,4 samþ. með 33:8 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: GMJ, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, StP, ÖJ.
17 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

16.–21. gr. samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.
nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.
11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 697,5 samþ. með 33:8 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.

nei: GMJ, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, StP, ÖJ.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 704 samþ. með 31:8 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.

nei: GMJ, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, StP, ÖJ.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKG, BBj, EMS, GHH, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 33:14 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.

11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 697,6.a samþ. með 33:4 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, TIO, VS, ÞBack.

nei: GMJ, GÖrl, SigurjÞ, StP.

21 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

Brtt. 702, aðaltillaga, felld með 34:5 atkv. og sögðu

já: HlH, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StP, StB, TIO, VS.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það eru vissulega rök fyrir að bæta kjör formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Ég tel að réttast sé að falla frá sérstökum álagsgreiðslum að sinni og fela þess í stað Kjaradómi að meta þetta atriði sérstaklega eða með hvaða hætti styrkja megi stöðu formanna stjórnarandstöðuflokkanna og færa hana nær kjörum forustumanna stjórnarflokkanna.

Herra forseti. Hvað varðar álagsgreiðslur fyrir ákveðin embætti alþingismanna tel ég rétt að Kjaradómi verði einnig falið að úrskurða álagsgreiðslur eins og sjálft þingfararkaupið.

[16:43]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að stjórnarandstaðan á hinu háa Alþingi hefur verið óvenju máttlítil og slöpp á þessu haustþingi og hringlandaháttur einkennt öll hennar störf eins og menn hafa kannski helst orðið varir við núna síðast í þessu máli.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. er að gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Hv. þm. er að gera grein fyrir atkvæði sínu. Ég tel að álag til formanna þeirra flokka sem ekki eru í ríkisstjórn geti bætt hér nokkuð úr og bætt vinnubrögð stjórnarandstöðunnar og það er með þá veiku von í brjósti, hæstv. forseti, sem ég segi nei.

Brtt. 702, varatillaga, felld með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÞBack.

nei: ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir 50% álagsgreiðslum til formanna þingflokka í stjórnarandstöðu og þeirra sem ekki eiga ráðherra sem formenn. Ég tel að það sé nokkuð bratt í farið að koma inn með nýtt ákvæði með 50% álagi og tel að hér sé einnig verið að skapa meiri mun á milli þingmanna. Ég tel því rétt að farin sé sú leið að hafa sömu álagsgreiðslur á formenn stjórnarandstöðuflokkanna eins og aðrar álagsgreiðslur sem eru viðhafðar hjá varaforsetum og nefndarmönnum.

Brtt. 697,6.b samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞBack.

nei: GMJ, GÖrl, HlH, JBjarn, KolH, StP, ÖJ.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AKG, EMS, GHj, HHj, HjÁ, SP, TIO) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 31:14 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.

12 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, LB, MF, RG, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, SP, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38:5 atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞBack, ÖS.
nei: HlH, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÖJ.
13 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, RG, StP) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AKG, EMS, GMJ, GHj, HjÁ, SP, TIO) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 3. umr.

Stjfrv., 401. mál (trúnaðarlæknir, aðildarskilyrði). — Þskj. 682.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:47]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, JÁ, KHG, MF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 707).

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 304. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 349.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:47]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (AKG, EMS, GMJ, GHj, HjÁ, JÁ, MF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 708).

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 3. umr.

Stjfrv., 306. mál. — Þskj. 683, nál. 626.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:48]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, JÁ, KHG, MF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 709).

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (rannsóknir og nýsköpun). — Þskj. 684.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:48]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (GMJ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (AKG, EMS, GHj, HjÁ, JÁ, MF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 710).

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 255. mál (hafrannsóknaafli, þorskeldiskvóti). — Þskj. 275.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (AKG, BjarnB, EMS, GMJ, GHj, HjÁ, JÁ, LB, MF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 711).

Tímabundin ráðning starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (EES-reglur). — Þskj. 685, brtt. 701.

[16:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. er tæknileg og breytir engu um efnisatriði frv. Hún er bara til að skýra annan málsliðinn í 1. mgr. 5. gr. og þar bætist inn „hverju sinni". Í raun er þar verið að vísa í tímabundnar ráðningar, eins og þær hafa tíðkast hjá sveitarfélögunum þar sem menn hafa verið ráðnir í fjögur ár í senn. Það mátti misskilja textann þannig að einungis mætti endurtaka þá ráðningu einu sinni. En með þessari brtt. er tekinn af allur vafi um slíkt. Menn geta því ráðið, eins og þeir hafa ráðið áður, bæjarstjóra og aðra embættismenn hvað eftir annað til fjögurra ára. Þess vegna bætist, virðulegi forseti, „hverju sinni" við 2. málslið 1. mgr. 5. gr.

[16:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tel að frv. verði skýrara með þessum hætti og styð þessa breytingu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

Brtt. 701 samþ. með 54 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (AKG, EKG, EMS, GHj, HjÁ, JÁ, MF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 712).

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (tímabundin vinnslustöðvun o.fl.). — Þskj. 686.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (AKG, BH, EKG, EMS, GHj, HjÁ, JÁ, MF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þeim fyrirvörum sem ég lýsti við 2. umr. þessa máls, sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka, en snerta sérstaklega 1. gr. frv. segi ég já við frv. í heild.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 713).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 450. mál. — Þskj. 643.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tollalög, 2. umr.

Frv. landbn., 460. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 2. umr.

Frv. HBl o.fl., 186. mál (breytt kjördæmaskipan o.fl.). — Þskj. 188, nál. 664, brtt. 665.

[16:54]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í frumvarpinu er lagt til að reglur um þingfararkostnað, þ.e. húsnæðis- og dvalarkostnað, alþingismanna sem búsettir eru á Suðurnesjum verði þær sömu og gilda um aðra þingmenn Suðurkjördæmis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Ég ætla að fara yfir þær helstu, með leyfi forseta:

1. Lagt er til að tekinn verði af allur vafi um það hvaða svæði falla undir hugtakið „Reykjavík og nágrenni“ með því að tilgreina í staðinn Reykjavíkurkjördæmi suður og norður og Suðvesturkjördæmi.

2. Lagt er til að um rétt alþingismanna til launa í fæðingar- og foreldraorlofi fari samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.“

Að öðru leyti tel ég að nál. skýri sig sjálft. Ég ætla ekki að fara yfir það í smáatriðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:56]

Brtt. 665,1 (ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 665,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 665,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GMJ, GÓJ, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HlH, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PM, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, VS, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (RG) greiddi ekki atkv.

12 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GHj, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, MF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 16:57.

---

51. FUNDUR

mánudaginn 15. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss til fjögurra ára, frá 22. des. 2003, skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 97 28. des. 1990, um heilbrigðisþjónustu.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2005, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

3. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 461. mál, þskj. 668. — Ein umr.

4. Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frv., 447. mál, þskj. 706. — 3. umr.

5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 428. mál, þskj. 705, brtt. 667. — 3. umr.

6. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 450. mál, þskj. 643. — 3. umr.

7. Tollalög, frv., 460. mál, þskj. 662. — 3. umr.

8. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 186. mál, þskj. 714. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni.

[Fundarhlé. — 10:05]

[11:31]

Útbýting þingskjala:

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 447. mál, brtt. ÞBack, þskj. 717.

Ferðakostnaður sjúklinga, 388. mál, svar heilbrrh., þskj. 715.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, 477. mál, stjtill. (umhvrh.), þskj. 716.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 717. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss til fjögurra ára, frá 22. des. 2003, skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 97 28. des. 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Þórir Kjartansson verkfræðingur (A),
Margrét S. Björnsdóttir framkvæmdastjóri (B),
Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur (A),
Margrét Sverrisdóttir framkvæmdastjóri (B).

Varamenn:
Auður Guðmundsdóttir markaðsstjóri (A),
Ari Skúlason framkvæmdastjóri (B),
Sigríður Finsen hagfræðingur (A),
Svandís Svavarsdóttir táknmálsfræðingur (B).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja

ára frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2005, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jón G. Friðjónsson prófessor (A),
Ragnheiður Sigurjónsdóttir forstöðukona (B),
Magdalena Sigurðardóttir skólafulltrúi (A).

Varamenn:
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir kennari (A),
Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður (B),
Ólafía Ingólfsdóttir skrifstofumaður (A).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 461. mál. — Þskj. 668.

[11:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 12. desember 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 2004."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:36]

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÓJ, GÞÞ, GunnB, KolH, LB, PM, SP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 719).

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 3. umr.

Frv. HBl o.fl., 447. mál. — Þskj. 706, brtt. 717.

[11:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna og hæstaréttardómara sem er 447. mál þingsins. Tillagan er á þskj. 717 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 21. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lög þessi koma þó eigi til framkvæmda fyrr en nefnd sem Alþingi kýs með fulltrúum allra þingflokka hefur farið yfir ákvæði þeirra í því skyni að ná sátt um þau, skilað Alþingi tillögum og þingið tekið afstöðu til þeirra."

Herra forseti. Eftir alla þá umfjöllun sem hefur verið á stuttum tíma á Alþingi um málið þá staðfestir sú umfjöllun það sem margoft kom fram að undirbúningur málsins var ekki nægilegur og málið í heild þarfnast í raun ítarlegrar og miklu meiri skoðunar en sá tími og það ráðrúm sem okkur var gefið til að fjalla um það og afgreiða á Alþingi hefur leyft. Harkaleg gagnrýni hefur komið fram á ýmsa liði frv. og ég tel að sú gagnrýni sé að mörgu leyti rétt. Ég tek sérstaklega undir gagnrýni á vinnubrögð, þ.e. að ekki var að þessu sinni skipuð þverpólitísk nefnd eins og áður hefur oft verið gert til að fara yfir þá liði sem teknir eru fyrir í frv. Margir hverjir eru til bóta og ég held að þingheimur geti í sjálfu sér tekið undir margt af því sem er í frv. En eins og staðið var að undirbúningi málsins og sá tími sem málinu er gefinn á Alþingi tel ég rétt að þar sem enn eru mikil álitaefni uppi sé í rauninni algerlega óviðunandi að keyra það í gegn eins og á að gera og afgreiða í dag. Ég tel að sá tími sem hefur liðið, þ.e. bara gærdagurinn, hafi raunar upplýst margt fyrir þjóðinni hvað í frv. er. Ég tel að lengri tími mundi skýra málið enn frekar og því tel ég mikilvægt að þingið fái eðlilegt ráðrúm til að kynna sér alla þætti málsins og ná um það sátt ef nokkur kostur er og það fái góða og eðlilega kynningu í þjóðfélaginu eins og ég tel rétt vera um mál af þessu tagi hvað varðar kaup og kjör þingmanna, eftirlaunarétt. Þetta á allt að liggja fyrir og að afgreiddu þessu frv. þá gerir það það, en þetta á ekki að vera neitt launungarmál. Ég tel þetta í raun og veru leið sem við getum farið til að vinna betur að málinu.

[11:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman, sem er ein af fimm flytjendum málsins og mun væntanlega samþykkja það þegar það kemur til atkvæðagreiðslu, leggur fram tillögu um að eftir að Alþingi er búið að samþykkja tillöguna sé hún samt ekki samþykkt. Þetta er alveg með ólíkindum. Það á að taka málið aftur upp einhvern tíma seinna og segja: Þetta er allt í plati. Við eigum að samþykkja lögin aftur. Hvers lags lagasetning er þetta, herra forseti?

[11:42]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi tillaga er ekkert í neinu plati. Ég taldi mig hafa upplýsingar um að hægt væri að fresta gildistöku máls á því stigi sem við stöndum nú og því legg ég fram þessa brtt., ekki í neinu plati og ekki í neinni sýndarmennsku heldur taldi ég mig hafa upplýsingar um að hægt væri að fara þessa leið og því legg ég hana fram.

[11:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillagan gengur út á það að við lögin bætist ákveðin grein. Hér verða lögin samþykkt væntanlega með tilstuðlan flutningsmanns sem mun samþykkja sína eigin tillögu, nema hvað, en í greininni stendur: „Lög þessi koma þó eigi til framkvæmda fyrr en nefnd sem Alþingi kýs með fulltrúum allra þingflokka hefur farið yfir ákvæði þeirra í því skyni að ná sátt um þau, skilað Alþingi tillögum og þingið tekið afstöðu til þeirra."

Það á að samþykkja frv. aftur eftir að það er orðið að lögum, landslögum í landinu. Hvað á þetta að þýða?

[11:43]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er vel læs en ég tel mig hafa skýrt mál mitt þegar ég mælti fyrir brtt. og tel engu við bætandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 428. mál (línuívilnun o.fl.). — Þskj. 705, brtt. 667.

[11:44]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er verið að taka til lokaafgreiðslu frv. sem hefur fengið viðurnefnið línuívilnunarfrv. sem er þó algert sýndarfrv. hvað það varðar, því að taka á upp furðulega útfærslu af línuívilnun gegn því að skerða síðan heimildir til sértækra aðgerða í úthlutun byggðakvóta sem er þvert á gefin loforð. Við hv. þingmenn, sá sem hér stendur og hv. þm. Grétar Mar Jónsson, berum fram brtt. við lokaafgreiðslu frv. sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs verði aldrei færri en 23, og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla á fiskveiðiárinu umfram 230 þúsund tonn."

Staðan er sú, virðulegi forseti, að í því frv. sem verið er að afgreiða á að færa til aflaheimildir innan bátaflotans en einn floti, smábátar sem eru á sóknardagakerfi, er gersamlega skilinn eftir útundan í þessari meðferð. Fyrir liggur gagnvart þeim að sóknardögum er stöðugt að fækka. Þeir voru 23 í fyrra og við fulla gildistöku laganna 1. september á næsta ári má búast við að þeir verði komnir í 18 að óbreyttu. Með þeim aðgerðum sem þar stefnir í er verið að stefna tilveru þess flota, smábátaflotans, í verulega tvísýnu og reyndar mjög alvarlega tvísýnu. Ég tel að taka hefði átt á málum þess flota um leið og tryggja honum eðlilegan rekstrargrundvöll líka því að fjölbreytt útgerðarmunstur er styrkur í sjávarútvegi.

Þess vegna leggjum við til, virðulegi forseti, þessa brtt. og óskum eftir að hún fái góðar undirtektir upp á að tryggja stöðu umræddra flota. Hv. varaformaður sjútvn. Kristinn H. Gunnarsson, sem er starfandi formaður, var einmitt með tilsvarandi tillögu í sjútvn. en þó ekki alveg fullkomlega eins og þessa. Því er ljóst að hv. þm. er ljós sá vandi sem steðjar að sóknardagabátakerfinu og því afar brýnt að á þeim sé tekið.

Ég vil leggja þetta fram. Það er rétt kannski í lokin af því að þingið er að fara í jólaleyfi að vekja athygli á því sem er að gerast í sjávarútveginum þar sem nú berast fréttir um að Brim, sem var fórnarlamb í þeim miklu uppstokkunum í einkavæðingu á Landsbankanum og síðan uppstokkun á fjármálamarkaðnum, á nú að bjóða til sölu samkvæmt fréttum. Þá vitum við að þær sjávarbyggðir sem eiga allt sitt undir þeim fyrirtækjum eiga allt sitt undir hvernig sú framvinda verður. Ég treysti því og skora á hæstv. ríkisstjórn að fylgast með, standa vörð um byggðirnar hvort sem það er Akranes, Skagaströnd, Akureyri eða hverjar þær byggðir sem núna eru undir í baráttunni um Brim. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að láta ekki gerast neitt í jólaleyfinu sem getur stefnt atvinnulífi, byggð og búsetu og sjávarútveginum vítt og breitt um landið í hættu en vissulega er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þróun mála í sjávarútveginum.

[11:48]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að málefni dagabáta er ekki til lykta leitt. Stjórnarmeirihlutinn hefur farið yfir það mál í sínum hópi alveg eins og sjútvn. hefur rætt málið í sínum hópi og það er niðurstaða okkar að leggja ekki til að þessu sinni breytingar á því fyrirkomulagi, heldur að halda áfram að vinna að lausn þess, ná niðurstöðu sem getur tryggt jafnvægi í afla á þeim bátaflota. Það er nauðsynlegt að okkar mati að skoða frekar tillögur sem fram hafa komið um að tengja saman sóknardaga og vélarafl í því skyni að ná æskilegu jafnvægi og koma í veg fyrir vaxandi sóknarmátt á komandi árum. Stefna okkar er sú að vinna hratt að tillögugerð í þessu máli án þess þó að við getum sagt fyrir um hvenær vænta megi niðurstöðu úr því en við stefnum að því að það geti orðið á þessum vetri.

[11:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna í sjálfu sér áhuga hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á að taka á málefnum dagabátanna. Ég vek athygli á því að það kom skýrt fram í sjútvn. að sú staða sem þeir standa nú frammi fyrir stefnir tilveru þessa flota í hættu. Það að veiðidögum fækkar stöðugt þýðir að enn þá verra verður að halda rekstrargrundvelli fyrir þessa báta og sömuleiðis minnkar veðhæfni þeirra, bæði í rekstri og fasteignum, þannig að óöryggi þessa flota er gríðarlegt. Hver dagur og hver vika sem líður án þess að á málum þeirra sé tekið eykur á óöryggi þeirra og skerðir möguleika bæði til lengri og skemmri tíma. Þess vegna legg ég áherslu á það, virðulegi forseti, að okkur eigi ekkert að vera að vanbúnaði að taka afstöðu til þessa máls þegar í stað. Það liggur fyrir í þessari tillögu sem við flytjum, hv. þm. Grétar Mar Jónsson og sá sem hér talar. Tillagan er skýr, setjum gólf í sóknardagakerfi þannig að þeir verði ekki færri en a.m.k. 23.

[11:51]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að samkvæmt gildandi lögum og þessu frv. ætla menn að styðjast við einkum þrjú úrræði til að bregðast við vanda sem upp kann að koma í einstökum byggðarlögum vegna tilfærslu á aflaheimildum. Það er í fyrsta lagi með byggðakvótum — frv. eins og það lítur nú út, eftir 2. umr., tryggir þá stöðu sem byggðakvótar hafa haft og mælir reyndar nákvæmar fyrir um það hvernig þeim skuli úthlutað þannig að við teljum þá breytingu vera til bóta. Í öðru lagi að tekin verði upp línuívilnun sem er með þeim hætti sem fram kemur í frv. Og í þriðja lagi að handfærabátakerfið verði áfram við lýði. Unnið er að því að ná niðurstöðu um framtíðarfyrirkomulag þess þannig að þegar allt þetta er komið í höfn teljum við að við búum við sæmileg úrræði til þess að bregðast við vanda sem upp kann að koma í einstökum byggðarlögum.

[11:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þessi línuívilnun sem hér er verið að leggja til er veruleg sýndarmennska þar sem sá fiskur sem má færast til línubátanna samkvæmt þessari tillögu er

kannski svipaður að magni og dagabátarnir missa á þremur árum með skerðingu á dögum. Það er allt og sumt. Stærð málsins er þessi. Auk þess er verið að skerða heildarheimildir til ráðstöfunar í sértækum aðgerðum eins og byggðakvótum.

Ég tel að það eigi að afgreiða málefni dagabátanna hér um leið og við afgreiðum málefni þessa flota sem siglir við hlið dagabátanna. Ég legg áherslu á að sú tillaga liggur fyrir. Verði hún ekki samþykkt, sem ég vona reyndar að verði, verður þetta eitt fyrsta mál sem við tökum fyrir og afgreiðum eftir jól.

[11:53]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Bara tiltölulega fá orð um málið. Við fórum nokkuð vel yfir það við 2. umr. en þá hafði komið fram að hv. starfandi formaður sjútvn. ætlaði að ræða þetta mál á milli umræðna í nefndinni. Við stóðum a.m.k. í þeirri meiningu, nefndarmenn, að það stæði til. Síðan fengum við þveröfug skilaboð fljótlega, að af því yrði ekkert. Ég tel það miður því að í þeim orðum hv. þingmanns var fólgið að farið yrði yfir þau atriði sem mest hefur verið gagnrýnt að ekki væru í frv., annars vegar að þeir bátar sem veiða með beitningatrektum eru ekki taldir þarna með og hins vegar er ekki tekið á málefnum dagabáta í frv.

Það hefur greinilega orðið ásteytingarsteinn milli stjórnarliða um þetta mál og ekki verið efni til þess á því stigi að ræða það áfram í sjútvn. Ég tel það miður og nú er svo komið að það frv. sem hér á að samþykkja er ekki stutt af neinum þeim aðilum sem hafa barist fyrir línuívilnun. Það stendur hins vegar ekki á yfirlýsingum frá þeim sem eru á móti henni og slíkar yfirlýsingar hafa komið úr öllum áttum.

Það eru fjölmargir gallar á því fyrirkomulagi sem menn hugsa sér að hafa þarna, og verstur gallinn er sá sem er fólginn í kapphlaupi sem á að efna til um þann þorsk sem á að vera í þessari ívilnun. Síðan er reyndar ákveði um það að hæstv. sjútvrh. geti tekið upp sams konar viðmiðanir við hinar tvær tegundirnar. Það er alveg sérstakt umhugsunarefni af hverju, úr því að menn eru með línuívilnun á annað borð, þarf að setja hana í gegnum hv. Alþingi. Hvers vegna í ósköpunum eru bara þrjár tegundir þar inni? Tegundir eins og t.d. keila og langa eru ekki inni í þessu. Hefði verið einhver ofrausn að hafa þær með úr því að menn á annað borð fóru af stað með þetta?

Þegar þeir sem mest hafa barist fyrir því að koma á línuívilnun snúast gegn þessari niðurstöðu sem liggur fyrir, eins og Landssamband smábátaeigenda, eru kannski ekki mörg rök orðin eftir í hv. Alþingi fyrir því að lemja málið í gegn. Síðan koma yfirlýsingar frá hv. starfandi formanni sjútvn. um að það eigi að halda áfram að vinna í málum sem ekki tókst að ná niðurstöðu um í nefndinni eða hjá ríkisstjórnarflokkunum fyrir þessa afgreiðslu. Hvað er þá eftir? Jú, það er eftir að menn geti farið að nýta sér línuívilnunina gagnvart öðrum tegundum en þorski fyrr á komandi ári en annars væri. Það er þá sá plús sem kemur út úr þessu frv.

Vonandi fer þetta ekki eins illa og mér finnst efni til að halda að geri. Það kemur auðvitað reynsla á það því að auðséð er að stjórnarliðar ætla sér að lemja þetta mál í gegn.

Einnig liggur fyrir ein brtt. frá hv. þm. Grétari Mar Jónssyni og Jóni Bjarnasyni um að setja gólf í dagabáta. Það er auðvitað jákvætt að kippa ekki fótunum undan þeirri útgerð og það var einmitt rætt í nefndinni og við töldum að hv. starfandi formaður nefndarinnar ætlaði að taka á á milli umræðna en ekki verður af því og þess vegna verða greidd atkvæði um þessa brtt. núna. Ég er á því að það sé rétt að samþykkja að setja botn í dagabátakerfið. Menn þurfa að muna eftir því að á meðan engin nýliðun getur farið fram í sjávarbyggðum landsins eins og nú háttar til og hefur verið undanfarin mörg ár er það ábyrgðarhluti að kippa grundvellinum undan núverandi smábátaútgerð eins og verið er að gera með gildandi lögum þar sem veiðiréttur þeirra rýrnar um 10% á ári. Við munum því, samfylkingarmenn, styðja fyrri hluta þeirrar tillögu sem þarna er á ferðinni en í seinni hlutanum er gert ráð fyrir því að veiðiheimildir aukist eftir því sem hugsanlega væri bætt við veiðiheimildir í þorski í framtíðinni og við teljum ekki rétt að ganga svo langt núna að taka þá ákvörðun. Það er heldur engin ástæða til. Að mínu viti er ekkert sem bendir til þess að sá floti geti ekki unað bærilega við botn sem væri upp á 23 daga með því fyrirkomulagi sem hefur verið núna á undanförnum árum. Ég held að það sé rétt að láta reyna á það. Þetta eru í eðli sínu sóknarstýrðar veiðar og ef bætt verður við veiðiheimildir er það væntanlega vegna þess að það er meiri þorskur á miðunum og þessi floti mun þá veiða meira með þeim sóknartakmörkunum sem fyrir hendi eru. Þess vegna munum við sitja hjá við síðari hluta tillögunnar en greiða fyrri hluta hennar atkvæði okkar.

[11:59]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að það hafi verið gefið út af mér eða öðrum að á milli 2. og 3. umr. í sjútvn. yrði rætt um málefni dagabáta. Þvert á móti lýsti ég þeirri niðurstöðu stjórnarmeirihlutans þegar við tókum málið út fyrir 2. umr. málsins að niðurstaða okkar væri að taka ekki á því máli við afgreiðslu þessa frv., heldur yrði það áfram til umræðu innan stjórnarflokkanna. Ég kannast ekki við þær yfirlýsingar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson lagði mér í munn með óbeinum hætti hér. Ég vil bara bera það til baka.

Ég bendi á að afstaða þingmanna Samf. til tillögu þingmanns Frjálsl. lýsir því auðvitað að menn eru ekki búnir að ræða nægilega mikið um málið til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það er ljóst að annar flokkurinn vill setja frekari sóknartakmarkanir en er að finna í gildandi lögum en hinn flokkurinn vill hafa möguleika á að auka veiðitímann með vaxandi heildarafla þannig að það endurspeglar bara að málið er ekki komið til fullrar niðurstöðu í þingsölum.

[12:01]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem lá fyrir, að ég taldi, kannski er það einhver misskilningur, var að hv. þm. hafði góð orð um að við mundum hittast í nefndinni milli 2. og 3. umr. Síðan varð ekkert af því og ég taldi þá að það ætti að ræða þau atriði sem menn hefðu helst verið að fást við sem ekki væru í þessu frv., þ.e. málefni bátanna sem nota beitningatrektir og þeirra báta sem eru á dagakerfi.

Það kann að hafa verið misskilningur hjá mér að hv. þm. hafi viljað ræða seinna atriðið, þá er það bara þannig, en alla vega stóð til að ræða hitt atriðið. Það er alveg á hreinu og ég bið hv. þm. að bera það til baka líka ef það hefur ekki staðið til.

[12:02]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þar sem ég hafði ekki aðstæður til þess að taka þátt í 2. umr. um frv. sem hér er til umræðu þarf ég að

koma nokkrum athugasemdum á framfæri og ræða nokkuð þetta mál.

Það er eðlilegt að taka undir það sem fram kemur í áliti minni hluta sjútvn. að ljóst er að tímaskortur hefur mjög háð störfum nefndarinnar. Það var m.a. ekki hægt að halda fundi með öllum þeim hagsmunaaðilum sem tengjast málinu, sumir hverjir býsna náið. Það er einnig vert að vekja athygli á því að svo var ýmsum hagsmunaaðilum misboðið á fundum nefndarinnar að þeir gengu af fundinum. Tel ég, herra forseti, að slíkt hafi ekki gerst mjög oft í þingsögunni að svo sé gengið fram af mönnum að áður en raunveruleg umræða hefst í nefnd um mál gangi menn af fundum nefndarinnar. En í störfum sjútvn. virtist það vera vilji meiri hluta nefndarinnar að hefja málfund á fundi nefndarinnar milli ýmissa hagsmunaaðila. Fulltrúar ýmissa samtaka sem þarna voru komnir í þeim göfuga tilgangi að eiga trúnaðarviðræður við nefndarmenn og upplýsa þá um það sem mikilvægast var í málinu, að þeirra mati, voru boðaðir með ýmsum öðrum hagsmunasamtökum á fundinn. Þar af leiðandi töldu þeir sig ekki geta flutt mál sitt við eðlilegar aðstæður og gengu af fundi. Þetta voru ekki eingöngu, getum við sagt, hagsmunaaðilar sem voru öðrum megin vegna þess að þarna voru annars vegar fulltrúar útgerðarmanna og hins vegar fulltrúar sjómanna sem var misboðið það fundarform sem upp á var boðið og svo hart þurfti að ganga fram í málinu að ekki var hægt að veita þeim svigrúm sem þess æsktu, eins og fram á var farið af minni hluta, að reyna að halda fund með viðkomandi aðilum og gefa örlítinn tíma í það. Það var ekki hægt, herra forseti, af þeirri einföldu ástæðu að hraðinn þurfti að vera svo mikill. Þrátt fyrir að unnist hafi tími frá því að þessi ósköp dundu yfir, sem hefði verið hægt að nýta til þess að koma þessum fundum á, var sá frestur ekki nýttur til þess.

Það er eðlilegt, herra forseti, að við þetta séu gerðar athugasemdir og ég vona að þetta sé ekki það fordæmi sem menn ætla að fara eftir í nefndastörfum, að ekki sé hægt að gefa sér tíma til að ræða við þá aðila sem þess æskja og boðaðir hafa verið á fund þingnefnda.

Það er víðar undir þetta tekið vegna þess að í fylgiskjali í bréfi til sjútvn. frá forstjóra Byggðastofnunar, sem farið var fram á að færi yfir þetta mál frá ýmsum hliðum, segir í lok bréfsins, með leyfi forseta:

„Að lokum skal það enn og aftur áréttað að stofnunin hefur ekki haft ráðrúm til þess að gera faglega úttekt á þýðingu einstakra þátta frumvarpsins og ber að skoða þessar stuttorðu athugasemdir í því ljósi.“

Það er því víðar en í störfum nefndarinnar sem skort hefur tíma til þess að fara yfir málið sem er í raun og veru með ólíkindum því að það er ekki eins og málið sé nýtt. Það er ekki eins og menn hafi verið að uppgötva þetta merkilega fyrirbæri, línuívilnun, á síðustu dögum. Það er búið að hanga yfir hæstv. sjútvrh. alveg frá því að hópur manna náði þessu í gegn á landsfundi Sjálfstfl. og síðan voru svipaðar samþykktir gerðar í sysurflokknum skömmu síðar. Þessir sysurflokkar hafa því legið með þetta á sér og staðfest þetta í stjórnarsáttmála að línuívilnun skyldi upp tekin. Það hefði því ekki átt að keyra þetta mál í gegnum þingið með slíku offorsi eins og í ljós hefur komið. Enda kemur það fram í áliti minni hluta sjútvn. að málið sé allt vanreifað og stórgallað og bent á ýmis atriði því til staðfestingar sem þarf auðvitað ekki að fara yfir. En það vekur sérstaka athygli að hinir miklu línuívilnunaráhugamenn hafa ekki einu sinni náð að skila frv. inn í þingið þannig að um raunverulega línuívilnun sé að ræða því að það er auðvitað farið í það, eins og ég sagði við 1. umr., að velja úr alfrumstæðasta þáttinn í línuútgerðinni og láta það eingöngu koma þeim til góða.

Herra forseti. Það er ekkert sérkennilegt að hæstv. sjútvrh. bregðist við þessu í Morgunblaðinu í morgun. Þar kemur hæstv. ráðherra líklega með einu skýringuna sem hægt er að bjóða upp á í þessu máli, af hverju þessi leið hafi verið valin. Hæstv. sjútvrh. áttar sig auðvitað á því að ef fara hefði átt aðra leið hefði hæstv. ráðherra þurft að koma upp slíku eftirlitskerfi að annað eins hefur líklega aldrei sést hér á landi. Hæstv. ráðherra velur þessa leið af þeirri einföldu ástæðu, og það eru einu rökin sem hafa komið fram í þessu máli af hverju þessi leið sé farin, að það þurfi ekki að setja upp sérstaka eftirlitsstofnun með kerfinu en eitthvert eftirlit verður að sjálfsögðu að vera á því. Ég er sammála hæstv. sjútvrh. að það eftirlit verður miklu einfaldara en ef farin hefði verið önnur leið. En þetta sýnir hversu vandmeðfarin þessi leið er að hæstv. ráðherra áttar sig á því að setja þarf upp eftirlitskerfi ef menn ætla að fara hana.

En skýring hæstv. ráðherra, herra forseti, er ekki síður athyglisverð á því af hverju þessi ósköp eru hér í þingsalnum. Það er ekki að sjá að það sé mikil sannfæring hjá hæstv. ráðherra í þessu viðtali frekar en fyrri daginn gagnvart þessu máli því að hæstv. ráðherra segir, sem legið hefur ljóst fyrir má segja í öllu þessu máli, að hæstv. ráðherra sé neyddur til að koma með málið inn í salinn. Það er auðvitað vegna þess að það hefur farið í gegnum flokkssamþykktir sysurflokkanna og þess vegna verður hæstv. ráðherra að koma með það hingað inn. En ég trúi því að hæstv. ráðherra hafi valið þessa leið og látið semja frv. á þennan hátt, eins og það er nú allt saman sérkennilegt og undarlegt, því að hæstv. ráðherra hafi treyst á það að þingheimur léti ekki slíkt rugl fara hér í gegn. Hæstv. ráðherra hefur væntanlega treyst því að það væri nægjanleg þekking fyrir í sjútvn. til að þessi vitleysa yrði stoppuð. En því miður varð hæstv. ráðherra ekki að ósk sinni og sjútvn. hefur með meirihlutavaldi keyrt þetta í gegn á ofsahraða, m.a. með því að ryðja út af fundum sínum misgóðum mönnum með það sem þeir buðu upp á. Ég verð að segja að ... (**KHG:** Var mönnum rutt út? Ég bið þingmanninn að rökstyðja þetta.) Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, það er kannski fullsterkt til orða tekið að mönnum hafi verið rutt út en mönnum var misboðið af gjörningum meiri hlutans og hv. þm. sem starfandi formaður nefndarinnar hefur væntanlega haft hönd í bagga með að bjóða upp á slíkt málfundarform sem þarna var boðið upp á svo að ekki var hægt að láta þær umræður fara fram sem menn töldu að verið væri að bjóða upp á með því fyrirkomulagi sem þar var.

Herra forseti. Það er eðlilegt að víkja einnig að því að það er ekki einlitur hópur sem hefur gert athugasemdir við frv. Ég var að tala um að hæstv. ráðherra hafi trúlega átt þá ósk heitasta að sjútvn. áttaði sig á því hvað hér væri á ferðinni og mundi þess vegna stoppa málið eða a.m.k. gefa sér nægan tíma til þess að fara yfir alla efnisþætti og gera á því verulegar breytingar. Það liggur t.d. ljóst fyrir að trillukarlarnir, sá hópur sem þetta átti allt saman að vera fyrir, hafna frv. Sú breyting hefur orðið hjá Landssambandi smábátaeigenda að þeir hafna alfarið frv. Það er merkilegt, eins og kom fram í fjölmiðlum, að þegar forvígismenn Landssambands smábátaeigenda sem höfðu fagnað því að frv. væri fram komið og töldu að hér væri á ferðinni línuívilnun eins og sysurflokkarnir höfðu boðað í kosningabaráttunni, fóru að lesa frv. sem hæstv. ráðherra gerði ráð fyrir og væntanlega

hv. þm. sem sitja í sjútvn., komst Landssamband smábátaeigenda auðvitað að þeirri niðurstöðu að þetta frv. væri svo gallað að þeir höfnuðu því.

Maðurinn sem hefur verið stimplaður sem upphafsmaður málsins, Guðmundur Halldórsson formaður Eldingar, félags smábátaeigenda á norðanverðum Vestfjörðum, hefur einnig ýmislegt um þetta frv. að segja og segir í Morgunblaðinu, laugardaginn 13. desember, með leyfi forseta:

„Það var aldrei mín stefna að útiloka stærri báta eða þá sem nota beitningatrektir.“

Hann hafði aldrei ætlast til þess. Það er því spurning, hæstv. sjútvrh., hvort hér sé raunverulega verið að standa við landsfundarsamþykktir systurflokkanna, hvort hér sé ekki um svo gallað frv. að ræða að það nái því ekki einu sinni.

Herra forseti. Það er eðlilegt að vitna sérstaklega til þess sem kemur við það byggðarlag sem er líklega hvað mest háð smábátum. Ég taldi að það ágæta byggðarlag ætti nokkra vini í þingsalnum, en ég á auðvitað við Grímsey. Hvað kemur í ljós þegar rætt er við menn í Grímsey? Það hefur ekki verið beitt línu í Grímsey í tíu ár. Þar nota allir beitningatrektir. Þróunin í línuveiðum í Grímsey er komin lengra en frv. gerir ráð fyrir. Frv. er sem sagt eingöngu að hygla þeim sem ekki hafa tekið neinni þróun í línuveiðum og því eru Grímseyingar skildir eftir úti í kuldanum. Töldu ýmsir að nægur væri kuldinn samt í eynni þannig að ekki þyrfti að auka á hann með þessu háttalagi. Ýmsir hafa bent á að það séu allt að 100 tonn sem tekin eru frá Grímseyingum með þessu frv. Þess vegna er eðlilegt að hæstv. sjútvrh. sé oft og tíðum að taka undir með þeim sem eru að gagnrýna frv. vegna þess að ljóst er að það er verið að taka af ýmsum það sem verið er að bæta á aðra. Það er sérkennilegt að þrátt fyrir að málið hafi farið í gegnum nefnd liggja ekki enn svör fyrir um það hvað verið er að taka af hverjum, hvernig þetta komi niður á einstökum byggðarlögum. Það er alveg sérstakt að áhugamenn um að bæta og efla sjávarbyggðir á landinu skuli styðja þetta frv. án þess að slíkt liggi fyrir. Það skyldi þó ekki vera, eins og einn ágætur maður benti mér á, að þeir sem væru líklega helst styrktir með þessu frv. væru flutningaaðilar, þeir sem væru að flytja fiskinn sem ýmsir af þessum ágætu bátum koma með að landi, sem eru að keyra hann þvers og kruss um landið vegna þess að því miður eru líkur á því að allt of lítið af þeim afla sem þessir bátar munu koma með að landi verði unninn í þeim byggðarlögum sem honum verður landað í. Því miður, vegna þess að ég taldi og hæstv. ráðherra taldi í viðtölum að einn meginrökstuðningurinn fyrir því að bera fram slíkt frv. um línuívilnun væri að auka almennt vinnu í sjávarbyggðum landsins. En það virðast vera líkur á því að verið sé að minnka hana ef eitthvað er og væri hægt að nefna mýmörg dæmi um það.

En greinilegt er að byggðarlag eins og Grímsey á ekki upp á pallborðið lengur m.a. hjá mörgum hv. stjórnarþingmönnum miðað við þetta frv. sem allar líkur eru á, að því er virðist, að svo sterk séu handjárnin í þessu máli í stjórnarliðinu að það muni keyra frv. í gegn, þrátt fyrir að ljóst sé að fjöldi stjórnarþingmanna fylgir ekki sannfæringu sinni í málinu. Það er grafalvarlegur hlutur ef það mun gerast. (**Gripið fram í.:** ... Vestmannaeyjar?) Við gætum auðvitað líka farið í Vestmannaeyjar ef á þyrfti að halda vegna þess að við gætum tekið hverja sjávarbyggð á fætur annarri hringinn í kringum landið. En ég tók Grímsey sem dæmi, hv. þm., vegna þess að það er sláandi hvernig frv. kemur við byggðina þar. Maður hefði ætlað að ef á annað borð væri verið að fara með sértækar aðgerðir fyrir hinar smærri sjávarbyggðir sem byggja sitt á smábátaútgerð, væri a.m.k. horft til byggðarlags eins og Grímseyjar. Það verður að segjast eins og er að það er eiginlega lágmarkskrafa að þannig sé að málum staðið en því miður virðist það ekki vera þegar horft er á frv. sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Það er með ólíkindum, eins og ég fór yfir við 1. umr., að þrír hv. þm. af einum landshluta skuli geta náð slíkum árangri. Auðvitað er rétt að óska þeim hv. þingmönnum sérstaklega til hamingju. Þeir hafa náð ótrúlegum árangri. Það er umhugsunarefni fyrir þingmenn annarra landshluta að það virðist ætíð svo, þegar krukkað er í skipulagið á stjórn fiskveiða, að fara þurfi í sértækar aðgerðir vegna Vestfjarða. Það er mjög sérstakt. Ég býst við að Vestfirðingar fari að velta því fyrir sér hvort það sé verið að gera þeim gott með þessum sífelldu sértæku aðgerðum.

Ég ber a.m.k. þá von í brjósti að hv. þingmenn í stjórnarliðinu fari fljótlega að segja stopp og sjái að það sé ekki hægt að ganga mikið lengra fyrir lítinn hluta landsins. Menn hljóta að þurfa að horfa heildstætt á málið og velta fyrir sér hvað er best fyrir þjóðarbúið. Ég er sannfærður um að fyrir Vestfirði er miklu betra að standa öðruvísi að málum en að nota plástra sem þennan. Nú held ég að hægt sé að segja að gripið sé til sértækustu aðgerðarinnar, fyrir hvað minnstan hóp, í sögu laga um stjórn fiskveiða hér á landi. Þetta er líklega minnsti hópurinn sem fengið hefur sértæka aðstoð.

Herra forseti. Ég spurði, þegar 1. umr. fór fram, hver væri staða Framsfl. í málinu. Ég hef verið að leita eftir því. Ég hef fengið nokkrar blaðaúrklippur sem skýra það að einhverju leyti en benda til þess, sérstaklega eftir að sjútvn. hefur afgreitt málið með tilstuðlan hv. framsóknarþingmanna þar, að klofningur sé í Framsfl. um málið. Eins og þingheimur veit hefur orðið breyting á því hver situr þar í formannsstól en það virðist ekki breytast í þeim ágæta flokki að formaður þingflokksins virðist ekki alltaf hafa sömu skoðanir í sjávarútvegsmálum og meginhluti þingflokksins. Formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Hjálmar Árnason, hefur í fjölmiðlum sagt að hann sé alfarið á móti línuívilnun.

Herra forseti. Það eru á margan hátt skemmtilegt sjónarmið sem hv. þm. setur fram gagnvart því frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram. Í Fréttablaðinu sagði m.a.:

„„Þökk sé Kínverjum að línuívilnun til styrktar byggð er óþörf. Eftir að markaðir fyrir sjófrystan fisk hrundu fáum við 70 þús. tonn af fiski til vinnslu í landi,“ sagði Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsfl.“

„Hv. þm. hefur lýst sig andsnúinn línuívilnun og talað gegn henni á þingflokksfundi Framsfl. á föstudag,“ segir í Eyjafréttum. Nú ber alveg nýtt við, að fjölmiðill skuli hafa svo góðar heimildir um það sem sagt er á þingflokksfundum Framsfl. Ég trúi því að hv. þm., sem hefur sem betur fer risið upp af veikindum og er hér hraustur mjög að sjá í þingsölum, muni að sjálfsögðu sýna það í atkvæðagreiðslu á eftir. Það væri ekki verra ef hv. þm. tæki þátt í umræðunum og lýsti fyrir okkur skoðunum sínum varðandi línuívilnun.

Ég held að það sjónarhorn sem hann hefur bent á í þessu máli eigi fullt erindi í þingsal þó að hv. þm. hafi miklar áhyggjur af því, eins og mér barst á minnisblaði, að ýsan kólni, sem væntanlega hefur verið veidd á línu og komi hugsanlega til með að telja í línuívilnun. Ég get lofað hv. þm. því að ég mun ekki hafa af honum þessa ágætu línuýsu. Ég hugsa mér að næra mig á henni sjálfur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem mér voru bornar í ræðustólinn er alveg

ljóst að ýsan er ætíð góð, hvort sem hún er veidd á færi eða á línu og hvort sem um er að ræða línuívilnun eður ei.

Herra forseti. Mér hefur verið nokkuð tíðrætt um vandræðaganginn á hæstv. sjútvrh. í þessu máli. Menn hafa tekið eftir því að hæstv. ráðherra hefur átt í miklum vanda. Víða hefur verið fjallað um það, m.a. í fjölmiðlum.

Hæstv. ráðherra er kominn í salinn og er mun skemmtilegra að sjá hann í eigin persónu. Ég hef meginhluta ræðu minnar þurft að horfa á hann á svarthvítri mynd, sem er að vísu býsna góð. Ég sé það þegar ég ber hana saman við andlitið á hæstv. ráðherra að myndin nær nokkuð andlitsfallinu og má vart á milli sjá hvort fegurra er þegar maður ber þá saman.

Herra forseti. Rétt að lokum. Þetta vandræðamál hefur því miður ratað inn í þingsal í gegnum sjútvn. með miklum hraða og bægslagangi án þess að málið fengi þá meðferð sem það þurfti. Ekki hefur verið rætt við þá aðila sem talið var nauðsynlegt að ræða við til að kanna mætti allar hliðar málsins. Ljóst er að hæstv. ráðherra hefur ekki orðið að ósk sinni. Sjútvn. gaf sér ekki tíma til að kynna sér málið svo vel að nefndarmenn sæju að málið væri það gallað að það væri ekki hæft til afgreiðslu á þingi. Allar líkur virðast því á því, herra forseti, að handjárnaðir stjórnarliðar muni keyra þetta mál í gegn. Við verðum að vona að það hafi sem minnst skaðleg áhrif.

Því miður, herra forseti, er ég hræddur um að áhrifin verði ekki til góðs og við þurfum enn einu sinni að krukka í fiskveiðistjórnina. Það er ekki tilviljun, herra forseti, að ég tala um að krukka í hana. Það væri miklu frekar þörf á að skoða þetta heildstætt og reyna að ná sem mestri sátt um málið. Með svona krukki er að sjálfsögðu farin þveröfug leið og ókyrrð og óánægja þeirra sem vinna innan kerfisins og hafa verið að laga sig að því verður auðvitað stöðugt meiri.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið og vonast til að hv. þingmenn fái að njóta ýsu í hádeginu.

[12:25]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér er eiginlega hálfmisboðið með þessari ræðu hv. þm. Aðra eins þvælu hef ég ekki heyrt lengi úr ræðustól.

Ég vil fyrst spyrja: Hvaða hagsmunaaðilar óskuðu eftir fundi sjútvn. og fengu ekki að koma á fund hennar? Hv. þm. sagði að það hefði ekki verið hægt að halda fundi með hagsmunaaðilum sem tengdust málinu býsna náið. Hvaða aðilar voru það sem vildu koma sjálfir eða einstakir nefndarmenn vildu að kæmu og fengu ekki að koma? Ég kannast ekki við það. Ég bið hv. þm. að færa rök fyrir þessari fullyrðingu sinni.

Í öðru lagi kom ræðumaður inn á að hagsmunaaðilum sem komu á fundinn hefði verið misboðið og gengið af fundi. Þeim var væntanlega misboðið vegna ákvarðana formanns nefndarinnar. Ég vísa þessu á bug. Ég er búinn að svara þessu ítrekað við 2. umr. um málið. Mér er dálítið misboðið að hv. þm. Einar Már Sigurðarson skuli áfram fara með sömu fullyrðingar og búið er að reka til baka í 2. umr. um málið.

Þeir fulltrúar sem gengu á dyr gerðu það, eftir því sem skilja mátti á umræðu um málið í fjölmiðlum eftir á, vegna þess að þeim líkaði ekki við einhvern úr hópi annarra umsagnaraðila og hagsmunaaðila sem voru samtímis á fundinum. Það lá fyrir þegar boðað var til fundarins um morguninn hverjir væru boðaðir saman og enginn fulltrúi úr sjútvn. gerði athugasemd við það. Enda er alsiða að menn boði marga skylda aðila saman til að veita umsögn um mál, sérstaklega þegar mál eru umdeild þannig að þeir geti komið skoðunum sínum á framfæri við nefndina og aðrir hagsmunaaðilar brugðist við þeim skoðunum á sama fundi. Þess eru mörg dæmi og hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur sjálfur tekið þátt í slíkum fundum.

[12:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér að hv. þm. gefi ræðum mínum einkunnir. Þannig eigum við ekki að starfa. En ef ég hef misboðið hv. þm. þá eigum við nokkuð sameiginlegt, að hafa misboðið einhverjum. Ég held að það sé alveg ljóst að hv. þm. sem starfandi formaður nefndarinnar misbauð augljóslega ýmsum gestum nefndarinnar.

Það er rétt hjá hv. þm., að ég hef tekið þátt í fundum þar sem margir hagsmunaaðilar hafa komið saman og mál verið rædd. En ég kannast ekki við að ef hagsmunaaðilar hafi gert athugasemdir við það þá hafi menn ekki orðið við slíkri beiðni.

Í nál. sjútvn. kemur fram, með leyfi forseta:

„Starfandi formaður nefndarinnar hafnaði ósk minni hlutans um fundarhlé til að bera klæði á vopnin."

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson neitaði minni hlutanum um fundarhlé til að hægt væri að bera klæði á vopnin. Hvað er það annað en að beita meirihluta- eða formannavaldi til að minni hlutinn komi ekki fram eðlilegum óskum um að geta átt eðlileg samskipti við þá aðila sem nefndin kallar til sín. Þetta eru ekki vinnubrögð sem vert er af hv. þm. að verja í þingsalnum. Það er augljóst að meiri hlutinn hafði engan áhuga á að ræða við hagsmunaaðila nema í skötulíki. Þetta sýnir og sannar að það var enginn vilji til að fara efnislega yfir málið eða yfir höfuð að taka nokkurt mark á því sem menn sögðu á fundi nefndarinnar.

Það er eðlilegt þegar hagsmunaaðilar upplifa slíkt að þeir gangi af fundum nefndarinnar. Það hlýtur auðvitað að vera umhugsunarefni fyrir hv. þm., sem var formaður nefndarinnar þegar fundað var um málið, að velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að misbjóða svo gestum í nefndum að þeir gangi af fundi. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort það sé ekki hægt að gera bragarbót á slíkum heimsóknum þannig að slíkt gerist ekki. Ég vona að hv. þm. ætli ekki að stefna að því að fæla frá sér gesti með þessu háttalagi framvegis.

[12:30]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni hv. þm. á að hann hefur tekið þátt í fundi fleiri en einnar nefndar samtímis með fjölmörgum aðilum í mjög umdeildu máli einmitt vegna þess að talið var rétt að hagsmunaaðilar gætu skýrt sjónarmið sín fyrir nefndinni að öðrum hagsmunaaðilum áheyrandi, enda er það eðlilegt. Þeir hagsmunaaðilar sem hv. þm. er hér að vísa til að hafi ekki nýtt sér það boð sem þeir fengu um að gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins á fundi nefndarinnar hafa ekki verið feimnir við að gera grein fyrir afstöðu sinni á opinberum vettvangi. Þeir hafa ekki þurft að eiga einhver trúnaðarsamtöl við menn til að koma þeim skoðunum sínum á framfæri, enda er engin sérstök ástæða til þess að hagsmunaaðilar greini frá afstöðu sinni til máls í sérstökum trúnaði gagnvart öðrum hagsmunaaðilum. Þeir eiga auðvitað rétt á því eins og aðrir sem koma á fund þingnefnda að trúnaður sé um það sem þar fer fram innan dyra. En það

er engin ástæða til þess að trúnaður ríki af þeirra hálfu um sjónarmið til máls gagnvart öðrum hagsmunaaðilum, þvert á móti. Það er ekki hlutverk einstakra hagsmunaaðila, jafnvel þó að þeir heiti LÍÚ, að ráða því hverjir sitji á fundum sjútvn. og geri grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þessi málflutningur hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar fráleitur í þessu máli. Hann er hér ítrekað að reyna að vega að mér persónulega þegar hann veit að það sem að baki liggur eru illindi á milli einstakra manna innan LÍÚ og Landssambands smábátaeigenda ef marka má það sem fram hefur komið á opinberum vettvangi. En það kom ekki fram í nefndinni. Þeir sem gengu á dyr gerðu ekki grein fyrir því hvers vegna þeir gerðu það.

[12:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg augljóst mál að hv. þm. tekur þetta til sín persónulega. Slíkt var alls ekki ætlun mín því að hér var ég að ræða vinnubrögð (**KHG:** Þú ert ítrekað búinn að vega að mér persónulega.) en ekki hv. þm. persónulega. Það er allt annar handleggur. Þegar við deilum og erum ekki sammála í máli og erum ekki sammála um vinnubrögð þá kemur það persónunni sem slíkri að sjálfsögðu ekkert við.

Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að ég hef setið fundi þar sem jafnvel fleiri en ein nefnd hefur komið saman þar sem fjöldi hagsmunaaðila hefur mætt og menn settu upp málfund. Það hefur hins vegar aldrei gerst á slíkum fundum að hagsmunaaðilar eða þeir sem kallaðir hafa verið til hafi gert athugasemdir við slíkt. Þarna virðist það hafa gerst að hagsmunaaðilar hafi gert athugasemdir við fundarformið og það gerist að minni hlutinn fer fram á að gert sé fundarhlé til þess að reyna að leysa málið. Við því er ekki orðið.

Mér finnst því sýnu alvarlegra hvernig komið er fram við minni hluta nefndarinnar. Að nefndin sem slík skuli ekki geta náð saman um hvernig þessum heimsóknum er háttað er auðvitað ekki til fyrirmyndar. (**KHG:** Minni hlutinn gerði enga athugasemd.) Ég er að lesa, hv. þm., úr nefndaráliti minni hluta sjútvn. Ég var að sjálfsögðu ekki á fundinum þannig að ég get ekki deilt við hv. þm. um hvað gerðist á honum því að hann sat á fundinum. Ég er að lesa úr nefndaráliti og það stendur í nefndarálitinu að ekki hafi verið orðið við ósk minni hlutans um fundarhlé. Ég hlýt að trúa því sem stendur í nefndarálitinu. Ég tók ekki eftir því og gat því miður ekki, eins og ég sagði áðan, verið við alla 2. umr. En ég hef ekki tekið eftir því að hv. þingmaður eða aðrir hv. þm. sem sitja í sjútvn. hafi gert athugasemdir við þessa setningu.

Ef þessi setning er röng, og ég hef byggt málflutning minn að stórum hluta til varðandi þessar athugasemdir sem ég hef gert við störf nefndarinnar á þeirri setningu, þá hefði ég talið að það ætti að vera búið að koma fram í umræðunni áður. Ég verð því að líta svo á að þessi setning sé rétt og þar af leiðandi sé gagnrýni mín á rökum reist. (Gripið fram í.)

[12:34]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. þingforseti. Frv. sem við ræðum núna tekur ekki á dagabátum. Þess vegna höfum við lagt fram breytingartillögu við frv., sá sem hér stendur og hv. þm. Jón Bjarnason.

Það er nauðsynlegt að það komi botn hjá dagabátunum. Þá á að skilja eftir. Ég held að það sé það sem stendur alla vega í mínum huga út af í þessum breytingum núna og ég tel það nauðsynlegast að þeir fái ákveðna 23 daga í botn og við leggjum það til.

Það má segja um línuívilnunartillöguna sjálfa að þar er ekki höfð inni trekt. Notkun á trekt við að leggja línuna og að beita í gegnum trekt er ekki með.

Það er svo verra við þetta og kannski það versta að verið er að leggja af byggðakvóta upp á 3.000 tonn. Það er nánast verið að núllstilla þessa breytingu. Þakið í þorskinum upp á 3.300 tonn sem á að koma með línuívilnun er raunverulega tekið til baka með því að skerða byggðakvótana.

Það versta við frv. er sjálfsagt tegundatilfærslan. Þar er gefinn möguleiki á því að fara aftur upp í 5% af veiddum afla í þorskígildum talið og gefur það t.d. skipi sem veiðir 4.000 þorskígildistonn möguleika á því að leigja til sín 200 tonn af ýsu og breyta því í 400 tonn af karfa svona um það bil. Það mundi þýða, þ.e. ef 40 skip gerðu þetta mundu þetta verða kannski 16.000 tonn. Þeir sem nýttu sér þennan möguleika gætu breytt í 16.000 tonn af karfa og farið þar af leiðandi upp í 50% umfram það sem tillögur Hafrannsóknastofnunar segja um veiðar úr karfakvótanum. Þetta er því í raun alvarlegt og kannski það versta við frv. Að öðru leyti má segja að þetta sé ekki mikil breyting og kannski hafa sumir verið óþarflega hræddir vegna breytingarinnar.

En segja má að það sé kannski spaugilegt sem gerðist þegar við í sjútvn. fengum hagsmunaaðila á fund til okkar og LÍÚ fulltrúarnir gengu strax út. Þá fóru strax á eftir fulltrúar Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Vélstjórafélagsins. Maður hefði nú haldið að þeir gætu rætt sín mál sjálfir eftir að LÍÚ var farið.

Allir sem komu á fund sjútvn. til að segja álit sitt á frv. voru á móti því og þegar Landssamband smábátaeigenda lýsti yfir afstöðu sinni þá spyr maður sig: Til hvers er verið að þessu?

Í mínum huga er þetta lítils háttar tilfærsla til þess að friða þingmenn af Vestfjörðum og bjarga raunverulega ríkisstjórninni frá þessu klúðri sem komið var upp. Svo verður auðvitað að vera en sýnir að það eru mikil vandamál á stjórnarheimilinu sem menn ætla ekki að komast almennilega frá.

Varðandi það sem gerðist í sjútvn. að mönnum hefði verið boðið öllum að koma saman þá veit ég ekki til þess að við höfum verið spurðir að því. Þetta var ákvörðun starfandi formanns nefndarinnar og við höfðum ekkert um það að segja, ekki fyrr en fyrrnefndir aðilar gengu af fundi nefndarinnar. Það var ekki orðið við ósk hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að gera fundarhlé og reyna að bera klæði á vopnin þannig að menn gætu gefið álit sitt á þessu.

Ég hef miklu meiri áhyggjur af stöðu sjávarbyggða á Íslandi vegna fiskveiðistjórnarkerfisins sjálfs. Ég hef margsagt það og segi enn að það er það sem við þurfum að breyta og laga. Við þurfum að hætta með þetta gjafakvótakerfi. Við þurfum að ná til baka veiðiheimildunum. Við höfum afhent fáum útvöldum, stjórnvöld hafa afhent fáum útvöldum veiðiheimildir fyrir um 500 milljarða. Á því þurfum við að ná tangarhaldi aftur. Það er ekki hægt að sætta sig við að fáir útvaldir eigi allan fiskinn í sjónum og aðrir megi éta það sem úti frýs.

[12:40]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Um hvað á fiskveiðistjórn að snúast? Það er von að maður spyrji sig þegar maður les þetta frv. Það

eru ýmis ákvæði í frv. sem eru beinlínis á móti ábyrgri fiskveiðistjórn.

Þar vil ég fyrst nefna tegundatilfærsluna. Við tölum um og menn rífast mikið yfir 1,5% af þorskstofninum. En þessi tegundatilfærsla er beinlínis andstæð ábyrgri fiskveiðistjórn. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna menn eru að auka tegundatilfærsluna. Snýst þessi fiskveiðistjórn ekki um vernd, fiskvernd? Um hvað snýst þetta ákvæði?

Það er von að maður spyrji vegna þess að þetta ákvæði er ekki í samræmi við nokkra fiskvernd. Ég skil það ekki og það væri mjög fróðlegt að heyra hæstv. sjútvrh. útskýra hvernig þessi tegundatilfærsla komi á nokkurn hátt fiskvernd við. Ég skil það ekki og ég efast um að nokkur maður geti skilið það ef hann setur sig inn í málin.

Hvað sem því líður er frv. sem hér er til umræðu meingallað, ekki bara að þessu leyti heldur að mörgu öðru leyti. Það er verið að taka af byggðakvóta. Hvað svo sem menn segja hérna má lesa það í frv. að verið er að taka þá af. Í öðru lagi er þetta enn ein skóbótin á handónýtt kerfi. Þetta er kerfi sem skilar okkur helmingi minni afla en fyrir daga kerfisins.

Hvað erum við að halda upp á þetta? Er ekki kominn tími til að velta öðrum leiðum fyrir sér? Ég mundi segja það. Menn verða að fara að nota skynsemina og leita annarra leiða. Mér er það bara óskiljanlegt að menn skuli standa í því að halda í kerfi sem hvetur til brottkasts og sóunar. Síðan koma inn ákvæði eins og tegundatilfærslan sem er algjörlega fráleit, meira að segja út frá forsendum sjálfs kerfisins.

Eitt verður að ítreka enn og aftur í umræðu um fiskvernd eða fiskveiðistjórn og kvótakerfi og allt þetta bull sem búið er að koma þjóðinni í og það er að brottkastið leiðir til þess að við vanmetum ákveðna hluta stofnsins. Við vanmetum það í stofninum sem er hent. Það sem gerist núna þegar smáfiski er hent er að við vanmetum magn smáfisks í stofninum sem þýðir að við erum alltaf að vanmeta nýliðunina.

Ég vil bara enn og aftur ítreka að þessi tegundatilfærsla er algjörlega fráleit. Það er stórundarlegt að menn sem vilja kenna sig við ábyrga fiskveiðistjórn skuli hafa þetta í frv. Þeir færa þetta úr 2% í 5% og flengjast síðan út um allan heim og segja: „Þetta er besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi.“ Þetta er bara hrein og klár della.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]

Brtt. 667, inngmgr. og efnismgr. til og með „færri en 23“, felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GMJ, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP, ÞBack.

nei: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, TIO.

12 þm. (BJJ, DrH, EKG, EMS, GÞÞ, GunnB, KJúl, KolH, LB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Verið er að greiða atkvæði um tillögu þar sem gert er ráð fyrir að sett verði gólf í hinu svokallaða dagabátakerfi og var löngu tímabært að gera það. Lögin eru þannig úr garði gerð að aflaheimildir þar skerðast árlega um 10% og það stefnir mjög hratt í að grundvelli verði kippt undan þeirri útgerð allri. Þess vegna munum við samfylkingarmenn styðja fyrri hluta þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir.

Síðari hlutinn fjallar um að síðan verði bætt við eftir því sem fiskstofnar hressast. Það teljum við að sé ofrausn á þessari stundu.

Brtt. 667, síðari hluti efnismgr., kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 29:22 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, TIO, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GMJ, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, StP.

3 þm. (HlH, JBjarn, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÞÞ, GunnB, KolH, LB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:49]

Guðjón Hjörleifsson:

Herra forseti. Frumvarpið um línuívilnun er hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna. Lengi má deila um prósentur línuívilnunar en 16% línuívilnun varð niðurstaðan. Ég er mjög sáttur við þá breytingu að útdeildum byggðakvóta í núverandi mynd skuli lagður á á tveimur árum en í stað þess hafi hæstv. sjútvrh. heimild til úthlutunar vegna sértækra aðgerða. Ég er jafnframt mjög sáttur við að þak sé sett á línuívilnun í þorski, 3.375 tonn. Ég treysti á að viðunandi þak vegna línuívilnunar verði sett á ýsu og steinbít á þessu fiskveiðiári. Þess vegna segi ég já. [12:50]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það frv. sem við greiðum atkvæði um er illa undirbúið sem m.a. hefur það í för með sér að byggðakvótar og uppbót til krókaaflamarksbáta er afnumin. Við þær breytingar munu m.a. byggðarlög eins og Ísafjörður tapa 600 tonnum, Bolungarvík rúmum 420 tonnum, Tálknafjörður 415 tonnum, Vesturbyggð tapar 281 tonni, Stöðvarfjörður tapar 123 tonnum og svona má lengi telja. Sjómenn þessara byggðarlaga og annarra munu nú þurfa að hefja kappróður til að freista þess að ná í hlut af hinni 16% línuívilnun áður en hæstv. sjútvrh. mun stöðva þá kappróðra hvers ársfjórðungs.

Herra forseti. Þetta er illa unnið frv. sem gengur gegn hagsmunum mjög margra byggðarlaga á einn eða annan hátt og því greiði ég atkvæði gegn frv. [12:51]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Með þessu frv. eru stjórnvöld að etja sjómönnum landsins saman undir því yfirskyni að verið sé að bæta handónýtt fiskveiðistjórnarkerfi, kerfi sem skilar okkur helmingi minni afla en fyrir daga kerfisins. Í frv. felst skerðing á byggðakvóta og dagabátar fá enga tryggingu fyrir lágmarksfjölda daga. Og meira að segja er í frv. ákvæði sem stríðir beinlínis á móti fiskvernd og þá á ég við út frá forsendum kerfisins sjálfs. Þess vegna segjum við í Frjálslynda flokknum nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 720).

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frh. 3. umr.

Frv. HBl o.fl., 447. mál. — Þskj. 706, brtt. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:54]

Brtt. 717 felld með 29:7 atkv. og sögðu

já: GMJ, HlH, JBjarn, SigurjÞ, StP, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, TIO, VS.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÞÞ, GunnB, KolH, LB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Í tillögu hv. þm. Þuríðar Backman birtist í raun sú leið sem við í þingflokki Samf. vildum að farin yrði við gerð þessa frv. Meðal annars af þeim sökum að ekki var fallist á að skoða málið betur getur Samf. ekki stutt það frv. sem hér er til umræðu.

Hins vegar, virðulegi forseti, lít ég svo á að slíka vinnu á borð við þá sem hér er lögð til verði að framkvæma áður en frv. verður að lögum. Ég tel það ekki tækt að löggjafarþing Íslendinga samþykki að vinna undirbúningsvinnu að gerð frv. eftir að frv. er samþykkt og því munum við sitja hjá við þessa tillögu þótt hugsunin og sá vilji sem í henni kemur fram sé vissulega góðra gjalda verður.

Frv. samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, TIO, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GMJ, GÖrl, HHj, HlH, JóhS, JBjarn, KJúl, MÁ, SigurjÞ, StP, ÖJ.

11 þm. (ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JGunn, KLM, MF, RG, ÞBack) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÞÞ, GunnB, KolH, LB, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:54]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég styð megininntak frv., þ.e. að samræma lífeyrisiðgjaldagreiðslur æðstu embættismanna þjóðarinnar og leggja niður sérdeildir alþingismanna og ráðherra innan sjóðsins. Við önnur ákvæði frv. hafði ég almennan fyrirvara. Það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að ekki skyldi hafa náðst sátt um afgreiðslu frv. í meðförum þingsins og málinu gefinn sá tími sem stjórnarandstaðan hefur óskað eftir og hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kolbrún Halldórsdóttir, lét bóka í hv. allshn.

Við 2. umr. flutti ég tvær brtt. sem lutu að álagsgreiðslum til formanna stjórnmálaflokka, þ.e. þeirra sem ekki eru jafnframt ráðherrar. Að þeim báðum felldum og þeirri sem ég flutti við 3. umr. tel ég mig ekki bundna af því að styðja frv. í heild og sit því hjá við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég tel að svo lengi sem einhver ákvæði um laun og kjör þingmanna eru á hendi Alþingis beri að vinna að þeim málum með skipan þverpólitískrar nefndar þingmanna en ekki með þeim hætti sem nú er gert til undirbúnings þessa frv.

[12:55]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Ég hef frá fyrstu stundu verið andsnúinn því frv. sem hér er til umræðu. Afstaða mín hefur aldrei tekið breytingum í þeirri miklu umfjöllun sem hér hefur átt sér stað. Ég er á móti þeirri grundvallarhugsun að ráðamenn þjóðarinnar njóti sérstakra lífeyrisréttinda umfram annað fólk í landinu. Slík hugsun stríðir gegn grundvallarhugsun ólíkra trúarbragða þar sem án tvímæla er kveðið á um jafnrétti manna á milli. Ég er einnig alfarið á móti því að laun einstakra ráðamanna hækki samkvæmt frv. Hér er sérstaklega talað um hækkun til handa formönnum stjórnmálaflokka.

Virðulegi forseti. Til jöfnunar á fjárreiðum stjórnmálaflokka vil ég frekar sjá breytingar á lögum í þá áttina að stjórnmálaflokkar opni bækur sínar, að allir stjórnmálaflokkar sýni með afgerandi og heiðarlegum hætti hvernig fjárreiðum þeirra er háttað. Með því móti næst sú jafnaðarhugsun fram sem liggur að baki þessum tiltekna þætti frv. Nýverið voru fjárveitingar til stjórnmálaflokka auknar. Einmitt í ljósi slíkra breytinga er það álit mitt að auknar álögur til handa formönnum stjórnmálaflokka skuli ákveðnar innan hvers og eins þingflokks fyrir sig. Með þær hugsjónir að leiðarljósi mun ég ekki greiða atkvæði með frv.

[12:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. hefur verið kynnt sem nauðsynleg endurskoðun á lífeyrisréttindum þingmanna, ráðherra og hæstaréttardómara. Á slíkri endurskoðun var full þörf. Ýmsir telja að vel hafi tekist til. Umframréttindi þingmanna gagnvart landsmönnum almennt eru jafnvel réttlætt með því að margir þeirra verði fyrir skerðingu frá því sem nú er þótt enginn reyni að halda slíku fram um ráðherra enda eru þeim búin sérstök vildarkjör með þessari lagasetningu. Mín skoðun er sú að lífeyrisréttindi alþingismanna, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands eigi að lúta sömu meginlögmálum og landsmenn almennt búa við. Það er ekki gert með frv. Þvert á móti er fest í sessi mismunun og misrétti. Ég greiði atkvæði gegn frv. og stéttaskiptingarhugsun sem það byggir á.

[12:58]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Þegar farið var af stað með frv. var lagt upp með að það væri í samstarfi allra stjórnmálaflokka. Ég taldi og tel enn að ef heiðarlega væri staðið að málum hefðu allir flokkar áhrif á þær breytingar sem yrðu á frv. Sú varð ekki raunin í allshn. þingsins. Í stað þess fóru fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í meirihlutaleik, samþykktu sínar brtt. og tóku í engu tillit til óska minni hlutans. Ég lít því svo á að frv. sé alfarið á ábyrgð stjórnarflokkanna og segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 721).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 450. mál. — Þskj. 643.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:59]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÞÞ, GunnB, HHj, KolH, LB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 722).

Tollalög, 3. umr.

Frv. landbn., 460. mál (landbúnaðarhráefni). — Þskj. 662.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:00]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, HlH, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
8 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÞÞ, GunnB, KolH, LB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 723).

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 3. umr.

Frv. HBl o.fl., 186. mál (breytt kjördæmaskipan o.fl.). — Þskj. 714.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:00]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GHH, GMJ, GHj, GÓJ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, HlH, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StP, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BJJ, DrH, EKG, GÞÞ, GunnB, HHj, JóhS, JGunn, KolH, LB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 724).

[13:00]

Útbýting þingskjals:
Flatey á Mýrum, 478. mál, fsp. ÞBack, þskj. 718.

Jólakveðjur.

[13:01]

Forseti (Halldór Blöndal):
Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Ég færi alþingismönnum öllum svo og starfsfólki Alþingis þakkir mínar fyrir gott samstarf á haustþinginu og óska öllum gleðilegrar og farsællar jólahátíðar og farsæls nýárs. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[13:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:
Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf á þessu haustþingi og hlý orð í garð okkar alþingismanna. Ég óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vil einnig þakka starfsfólki Alþingis fyrir ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er að líða og óska því gleðilegrar jólahátíðar.
Ég bið hv. alþingismenn að taka undir óskir mínar til forseta Alþingis og starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum.

[13:02]

Forseti (Halldór Blöndal):
Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. n. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.
Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingmanna og starfsfólks Alþingis.

Þingfrestun.

[13:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 12. desember 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 2004.

Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2003.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."
Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, er frestað.
Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 13:03.

52. FUNDUR

miðvikudaginn 28. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Til umhverfisráðherra:

2. Úreltar búvélar, fsp. RG, 256. mál, þskj. 284.
3. Förgun úreltra og ónýtra skipa, fsp. GHall, 357. mál, þskj. 476.
4. Megináherslur íslenskra stjórnvalda í Barentsráðinu, fsp. KolH, 380. mál, þskj. 506.
5. Friðun rjúpu, fsp. SigurjÞ, 392. mál, þskj. 524.
6. Skattar á vistvæn ökutæki, fsp. ÖS, 398. mál, þskj. 534.
7. Vatnajökulsþjóðgarður, fsp. BjörgvS, 403. mál, þskj. 542.
8. Skaðleg efni og efnavara, fsp. KolH, 423. mál, þskj. 589.
9. Þjóðgarðar og friðlýst svæði, fsp. ArnbS, 426. mál, þskj. 592.

Til samgönguráðherra:

10. Auglýsingar í tölvupósti, fsp. BjörgvS, 365. mál, þskj. 484.
11. Öryggi vegfarenda á Kleifaheiði, fsp. GAK, 414. mál, þskj. 569.

Til viðskiptaráðherra:

12. Kostnaður við að stofna fyrirtæki, fsp. ÖS, 393. mál, þskj. 529.
13. Neytendastarf, fsp. BjörgvS, 422. mál, þskj. 581.

Til fjármálaráðherra:

14. Undanþága frá virðisaukaskatti, fsp. GAK, 416. mál, þskj. 572.

Til heilbrigðisráðherra:

15. Læknismál í Austurbyggð, fsp. KLM, 440. mál, þskj. 610.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Líknarfélaginu Stoð og Fangastoð.
Erindi frá Múrarafélagi Reykjavíkur.
Erindi frá stjórn læknadeildar Háskóla Íslands.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 28. janúar 2004, kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 21. janúar 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.“

Fundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna og býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis. Ég óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Jafnframt sendi ég landsmönnum öllum mínar bestu nýársóskir.

Ég vona að hlé það sem verið hefur á reglulegum fundum Alþingis hafi nýst alþingismönnum vel til fundahalda í kjördæmum sínum og til annarra samskipta við kjósendur. Ég á von á því að það skili sér í störfum Alþingis.

Minning Ásgeirs Bjarnasonar.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ásgeir Bjarnason, fyrrverandi alþingismaður og bóndi í Ásgarði, andaðist 29. desember í Sjúkrahúsi Akraness. Hann var 89 ára að aldri.

Ásgeir Bjarnason var fæddur 6. september 1914 í Ásgarði í Hvammssveit í Dalasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Bjarni Jensson bóndi og hreppstjóri og Salbjörg Ásgeirsdóttir ljósmóðir og húsmóðir í Ásgarði. Ásgeir lauk héraðsskólaprófi í Reykholti 1934 og búfræðiprófi á Hólum 1937. Eftir það fór hann til framhaldsnáms í Noregi og lauk prófi í búfræðiskóla ríkisins í Sem 1940. Á árunum 1940–1942 var hann starfsmaður við tilraunastöð búnaðarháskólans í Ási í Noregi og síðan við frærannsóknastofnun í nágrenni Stokkhólms. Heim til Íslands kom hann síðla árs 1942 eftir hættuför, krókaleiðir vegna styrjaldar. Árið 1943 hóf hann búskap í Ásgarði og var bóndi þar fjóra áratugi til 1983.

Ásgeiri Bjarnasyni voru falin ýmis trúnaðarstörf. Hann var í hreppsnefnd Hvammshrepps 1945–1950 og 1956–1978, hreppstjóri Hvammshrepps 1956–1984, formaður Búnaðarsambands Dalamanna frá stofnun þess 1947 til 1974 og fulltrúi þess á búnaðarþingi 1950–1986. Hann var fulltrúi á fundum Stéttarsambands bænda 1947–1969 og formaður Búnaðarfélags Íslands 1971–1987. Í alþingiskosningunum 1949 var hann í kjöri fyrir Framsóknarflokkinn í Dalasýslu og var kjörinn þingmaður. Hann var þingmaður Dalamanna 1949–1959 og þingmaður Vesturlandskjördæmis 1959–1978, sat á 31 þingi alls. Hann var 2. varaforseti efri deildar Alþingis 1971–1973, forseti efri deildar 1973–1974 og forseti sameinaðs þings 1974–1978. Hann átti sæti í Norðurlandaráði 1954–1956, 1960–1967 og 1974–1978. Hann var endurskoðandi Brunabótafélags Íslands 1950–1994, í tryggingaráði 1963–1974 og í bankaráði Búnaðarbanka Íslands 1965–1968. Margt er hér ótalið af trúnaðarstörfum sem hann gegndi.

Ásgeir Bjarnason var hógvær að eðlisfari, barst aldrei mikið á. Hann var framar öðru ræktunarmaður, góður bóndi, höfðingi heim að sækja og vildi hvers manns vanda leysa. Mannkostir hans duldust ekki þeim sem höfðu af honum kynni. Sýslungar hans völdu hann og hvöttu til forustustarfa

út á við. Á Alþingi og í samtökum bænda naut hann trausts og virðingar. Þar studdi hann ýmist eða hafði forgöngu um framfaramál landsbyggðarinnar. Hann bjó að áratuga reynslu við þingstörf þegar hann tók við forsetastörfum á Alþingi, var réttlátur og öruggur stjórnandi funda. Ásgeir Bjarnason var trygglyndur og traustur drengskaparmaður.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Ásgeirs Bjarnasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Þingmennskuafsal Tómasar Inga Olrichs.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Tómasi Inga Olrich, dags. 30. desember sl.:

„Það tilkynnist með bréfi þessu að frá og með næstu áramótum afsala ég mér þingmennsku. Ég þakka alþingismönnum og starfsmönnum þingsins gott samstarf og samvinnu þann tíma sem ég hef átt sæti á Alþingi. Um leið og ég árna Alþingi heilla í störfum vænti ég góðs samstarfs við alþingismenn á nýjum starfsvettvangi.

Tómas Ingi Olrich."

Samkvæmt bréfi þessu verður Arnbjörg Sveinsdóttir 6. þm. Norðaust. Hún hefur áður setið á Alþingi tvö kjörtímabil og er því hagvön hér í þingsölum. Ég býð hana velkomna til starfa.

Við brotthvarf Tómasar Inga Olrichs af þingi færi ég honum þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið á Alþingi. Hann sat á þingferli sínum í iðnn., menntmn., umhvn., heilbr.- og trn., fjárln. og sérnefnd um stjórnarskrármál tvívegis. Lengst sat hann í utanrmn., þar af formaður hennar 1998–2002 þegar hann tók við ráðherrastörfum. Þá sat hann í Íslandsdeild NATO-þingsins og Íslandsdeild ÖSE-þingsins og var um skeið formaður þeirra.

Persónulega þakka ég Tómasi Inga Olrich vináttu, náið samstarf og langa samfylgd í stjórnmálum og veit að ég mæli fyrir munn allra þingmanna þegar ég þakka honum ánægjuleg kynni og gott samstarf sem skilur eftir góðar minningar. Við njótum starfskrafta hans, reynslu og þekkingar í öðru mikilvægu starfi. Ég óska honum allra heilla á þeim vettvangi.

Mannabreytingar í nefndum.

[13:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna um mannabreytingar í nefndum:

„Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á skipan þingmanna Sjálfstæðisflokksins í fastanefndir og alþjóðanefndir Alþingis, sbr. 16. gr. þingskapa:

Arnbjörg Sveinsdóttir tekur sæti Þorgerðar K. Gunnarsdóttur í allshn. og samgn., svo og sæti varamanns í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Guðmundur Hallvarðsson tekur sæti Þorgerðar K. Gunnarsdóttur í iðnn.

Sólveig Pétursdóttir tekur sæti Þorgerðar K. Gunnarsdóttur í kjörbn.

Arnbjörg Sveinsdóttir kemur í stað Guðmundar Hallvarðssonar í fjárln.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Einar K. Guðfinnsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Þetta bréf er dagsett 28. janúar 2004.

Breyting á stjórn þingflokks Samfylkingarinnar.

[13:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur tilkynning um að Margrét Frímannsdóttir hafi verið kjörin formaður þingflokks Samfylkingarinnar í stað Bryndísar Hlöðversdóttur á þingflokksfundi í gær og er þetta bréf dags. 28. janúar.

[13:41]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 481. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 750.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál, þskj. 683.

Byggðakvóti, 390. mál, svar iðnrh., þskj. 732.

Eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, 447. mál, þskj. 706.

Fjarnám, 384. mál, svar menntmrh., þskj. 731.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 417. mál, þskj. 653.

Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, 254. mál, þskj. 684.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, 420. mál, þskj. 686.

Íslenskur hugbúnaður, 377. mál, svar menntmrh., þskj. 730.

Lestrarerfiðleikar, 431. mál, svar menntmrh., þskj. 737.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 401. mál, þskj. 682.

Rannsóknir og veiðar á háfum, 436. mál, svar sjútvrh., þskj. 738.

Rækjuveiðar, 441. mál, svar sjútvrh., þskj. 726.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 479. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 729.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, 482. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 754.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 480. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 746.

Stefnumótun í æskulýðs- og tómstundamálum, 296. mál, svar menntmrh., þskj. 736.

Stjórn fiskveiða, 428. mál, þskj. 705.

Stjórn fiskveiða, 485. mál, frv. GMJ og JBjarn, þskj. 757.

Tekjuskattur og eignarskattur, 88. mál, þskj. 656.

Tímabundin ráðning starfsmanna, 410. mál, þskj. 685.

Úrvinnslugjald, 400. mál, þskj. 658.

Virðisaukaskattur, 11. mál, þskj. 659.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 186. mál, þskj. 714.

Æskulýðs- og tómstundamál, 295. mál, svar menntmrh., þskj. 725.

Tilkynning um dagskrá.

[13:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan hálffjögur í dag fer fram umræða utan dagskrár um ástandið í Írak. Málshefjandi er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Ég vil taka fram að búast má við að þingfundi verði fram haldið kl. 6 þegar þingflokksfundum lýkur svo að hægt sé að svara þeim fyrirspurnum sem eru á dagskrá.

Úreltar búvélar.

Fsp. RG, 256. mál. — Þskj. 284.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Alveg er það einstakt að ferðast um landið okkar, fara um blómlegar byggðir og ekki spillir fyrir ef fjallasýn er fögur. Ég er sannfærð um að það er ekkert sem gerir jafnmikið fyrir líkama og sál og að fara um landið. Og það er alveg stórkostlegt þegar maður er að ferðast að sjá hvílíkar breytingar hafa orðið í landinu á síðustu 20–30 árum. Sérstaklega er ég þar að vísa til þess sem hefur verið að gerast í sveitum. Það er alveg til fyrirmyndar hvernig þróast hefur að byggja upp, halda við býlum, breyta umhverfinu og það er oft aðdáunarvert að sjá hús í sveitum, heimreiðir og umhverfi þeirra. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta sem mér finnst svo mikils virði þegar ég er á ferð um landið.

Því miður er þetta ekki alls staðar eins. Það er alltaf bakhlið á öllum peningum, líka þessum. Og þannig er að víða á venjulegum bæjum, og ég undirstrika það að þessi tillaga á við venjulega sveitabæi, hér er ekki verið að tala um sérstaka skussa. Á venjulegum bæjum má sjá mjög víða ryðguð úrelt landbúnaðartæki, mörg í túnfæti, í hlaði eða við heimreiðina, já jafnvel mörg á sama bænum. Þetta er mikið lýti, þetta er lýti fyrir býlið og þetta er lýti fyrir landið. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig á þessu standi og ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það er afskaplega erfitt fyrir lítið býli að losa sig við þessa tegund af úrgangi. Það er eiginlega hægt að gefa sér að það sé ekki unnt. Venjulegur bóndi hefur ekki bolmagn til að losa sig við þessi tæki og við vitum hve erfitt hefur verið víða í sveitum síðustu ár. Margar umræður hafa farið fram í þessum ræðustól um hve hrakað hefur fjárhag ekki síst fjárbændanna í landinu og það hlýtur að vera þannig að við eigum að velta fyrir okkur hvað unnt sé að gera.

Þess vegna ber ég fram þessar tvær spurningar: Hefur umhverfisráðuneytið kannað hvernig unnt væri að aðstoða bændur við að fjarlægja úreltar búvinnuvélar og önnur landbúnaðartæki sem víða má sjá við tún og bæjarhlöð? Er ástæða til sérstaks hreinsunarátaks í sveitum vegna slíkra úreltra véla og tækja?

[13:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur umhverfisráðuneytið kannað hvernig unnt væri að aðstoða bændur við að fjarlægja úreltar búvinnuvélar og önnur landbúnaðartæki sem víða má sjá við tún og bæjarhlöð?"

Því er til að svara að ráðuneytið hefur tekið þátt í þriggja ára átaksverkefni á vegum landbrn. Fegurri sveitir, sem lauk í lok árs 2002. Þar var lögð áhersla á hreinsun í sveitum landsins. Tilgangur verkefnisins var m.a. að koma í veg fyrir mengun og bæta ásýnd dreifbýlisins og ímynd þess. Við framkvæmd verkefnisins kom fram hvar búvélar höfðu hlaðist upp í sveitum og reynt var að safna þeim saman ásamt öðru brotajárni á einn stað og tengja við ferðir fyrirtækja sem safna brotajárni, þ.e. Furu og Hringrásar.

Stjórn verkefnisins sendi út bréf til búnaðarfélaga og -sambanda með leiðbeiningum um hvernig hægt væri að aðstoða bændur við að koma frá sér gömlum búvélum. Ekki er vitað um heildarmagn úreltra búvinnuvéla og annarra landbúnaðartækja sem safnað var saman en talið er að hér hafi verið um verulega hreinsun að ræða.

Í öðru lagi er spurt: „Er ástæða til sérstaks hreinsunarátaks í sveitum vegna slíkra úreltra véla og tækja?"

Því er til að svara, eins og fram kom í svari við fyrstu spurningunni, að slíkt hreinsunarátak hefur einmitt nýverið staðið yfir og er nýlokið. En það leikur hins vegar ekki vafi á því að víða þarf að taka til hendinni í framtíðinni. Það er verkefni sveitarfélaga lögum samkvæmt að annast þessi mál. Þau hafa víða staðið fyrir hreinsunarátaki og hafa mörg hver árlegan hreinsunardag að vori þar sem skipulagðar eru leiðir til þess að auðvelda íbúum að losa sig við úrgang, þar á meðal brotajárn. Búvinnuvélar og landbúnaðartæki hafa sem slík ekki verið tekin upp í lög um úrvinnslugjald með þeirri undantekningu að búvinnuvélar og landbúnaðartæki sem skilgreind eru sem gjaldskyld ökutæki samkvæmt lögum um bifreiðagjald, en þar er t.d. um að ræða dráttarvélar sem ná meiri hraða en 30 km á klst. svo og rafgeymar og hjólbarðar, en markmið laga um úrvinnslugjald er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Hugsanlega munu búvinnuvélar almennt og önnur landbúnaðartæki verða sett undir lögin þegar fram líða stundir. Það mun þó ekki, ef til kemur, taka á uppsöfnuðum vanda heldur koma í veg fyrir að hann aukist.

[13:50]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda, Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að taka upp þetta mál í þingsal og eins vil ég þakka fyrir svör hæstv. umhvrh. þar sem hún minntist á verkefnið sem var við lýði í nokkur ár, Fegurri sveitir, sem var á forræði hæstv. landbrh. og ég sem páv. forseti Kvenfélagasambands Íslands átti þátt í að koma því verkefni af stað og það verkefni var mjög gott. Þar var ráðinn verkefnisstjóri sem fór um allt land og ræddi við sveitarfélögin, við bændur og það var gert mjög mikið átak.

Ég vil minna á annað átak sem var gert til þess að koma ónýtum húsum fyrir. Það var átak eftir jarðskjálftana 2000 á Suðurlandi, þá var tækifærið notað. En auðvitað þarf að koma þessum ónýtu tækjum einhvers staðar fyrir. En ég vil minna á að bara úrvinnslugjaldið sem bændur þurfa að borga núna fyrir rúlluplastið er 40–50 millj. kr. skattur á bændur.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð að heyra að hreinsunarátak hafi farið í gang 2002. Ég er hins vegar nokkuð hugsi yfir því að eftir að þessi fyrirspurn mín kom fram fékk ég bæði bréf og upphringingar frá bændum, m.a. bréf þar sem bóndi sagði mér að það þyrfti að gera meira en að reyna að losa í burtu þessi úreltu tæki. Það væri líka afskaplega

ömurlegt að búa og gera vel við sitt býli en á næsta bæ væri kannski alveg hörmulegt allt útlit og allt í fári, eins og hann lýsti fyrir mér. Það þarf því kannski að gera svolítið betur en hér er sagt.

Ég skil málið þannig að það hafi verið safnað saman tækjum, reynt að hafa þau á sem fæstum stöðum og þar með er náttúrlega kominn þessi uppsafnaði vandi. Ég hef litið svo á að það sé mjög erfitt fyrir sveitarfélögin að standa ein að þessu. Í þéttbýlinu eru ákvæði um það í flestum bæjarmálasamþykktum að ef einhver fer mjög illa með lóð sína eða stendur ekki við þær reglur sem hann á að undirgangast getur bæjarfélagið látið lagfæra það sem er ábótavant á kostnað eiganda. Ég geri mér grein fyrir því að það þýðir ekkert að gera þetta á kostnað eigenda. Ég spyr: Hver mun borga fyrir að þessi tæki verði flutt af uppsöfnunarstöðum? Og ég spyr líka: Var farið í alla landsfjórðunga með þetta átak? Ég er nokkuð hugsi yfir því sem ég sá í fyrrasumar á ferð minni og vegna þeirra upphringinga sem ég hef fengið eftir að fyrirspurnin kom fram.

[13:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og hér hefur komið fram hefur verið átak í gangi, einmitt átak af því tagi sem fyrirspyrjandinn er að kalla eftir. Hvort það hafi verið í öllum landshlutum, þá býst ég við því þó að ég hafi ekki upplýsingar um það á reiðum höndum, en alla vega fengu búnaðarsambönd bréf um átakið og það var mikið samráð um allt land, svo ég býst við því að það hafi náð til allra landshluta.

Almennt séð á mengarinn að borga, þ.e. sá sem mengar eða safnar dóti í kringum sig á að standa fyrir því að koma því í förgun, það er hin almenna nálgun í slíkum málum. Það er hægt að hjálpa til eins og hér hefur verið gert með átaki en það er ekki hægt að varpa ábyrgðinni yfir á ríkið. Aðilar, bæði bændur og aðrir, verða að sjá um að koma sínu rusli, hvort sem það eru búvinnuvélar eða annað, í förgun, oft með hjálp sveitarfélaga en almennt má segja að mengarinn borgi.

Varðandi það sem kom fram um rúllubaggana og það gjald sem hefur verið lagt á bændur þá er það gjald sem hefur skapast nokkuð góð samstaða um í þinginu, er hluti af úrvinnslugjaldinu svokallaða þar sem mengarinn borgar. Verið er að setja gjald á vöru til að hægt sé að safna í sjóð til að standa undir endurvinnslu á ákveðnum tegundum af rusli. Auðvitað finnst fólki þetta ankannalegt í fyrstu en síðan skapast yfirleitt mjög mikil samstaða um slíkar leiðir og það hefur verið mikil samstaða um spilliefnagjaldið sem er gjaldtaka af sama tagi og fellur núna á rúllubaggaplastið.

Förgun úreltra og ónýtra skipa.

Fsp. GHall, 357. mál. — Þskj. 476.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Um áramót 2000–2001 kom í ljós, frá umhverfisnefnd Hafnasambands sveitarfélaga sem hafði þá gengist fyrir könnun á langlegu- og reiðuleysisskipum í höfnum á Íslandi, að á þeim tíma var 161 skip, að brúttóþyngd tæp 37 þús. tonn, ónotað, ónýtt, úrelt og lá í höfnum landsins. Það hlýtur því að vakna upp spurning varðandi allan þann kostnað sem af þessum skipum hlýst, sem taka upp dýr og kostnaðarsöm hafnarmannvirki og legupláss í höfnum auk þess sem viðkomandi hafnir hafa orðið fyrir verulegum útgjöldum vegna þessa. Ekkert hefur verið gert í þessu máli, hvorki af hálfu Hafnasambands sveitarfélaga, hafnanna sjálfra né af hálfu umhvrn. Því hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki sé eðlilegt að taka þessu máli taki og létta á kostnaði vegna þessara úreltu og óhagkvæmu skipa, vegna þess að það virðist ekki liggja ljóst fyrir hver beri ábyrgð eða hver eigi að sinna því, hver eigi að sjá um að koma þessum skipum úr höfn svo að þau taki ekki dýr viðlegupláss í höfnum landsins.

Þess vegna hef ég lagt fyrir hæstv. umhvrh. svohljóðandi fyrirspurn:

„Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til förgunar úreltum og ónýtum skipum sem liggja mörg hver í reiðileysi í höfnum landsins?“

[13:57]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Því er til að svara varðandi þessa fyrirspurn að töluvert vandamál hefur skapast vegna skipa sem eru í óreiðu í höfnum og fjörum og þetta er vandamál sem verður að taka á. Fyrir liggja tvær skýrslur opinberra aðila þar sem vandamálinu er lýst og gerðar eru tillögur um úrbætur.

Vegna þessarar forsögu er lagt til í frv. til laga um verndun hafs og stranda, sem er til umfjöllunar núna hjá umhvn. Alþingis, að umhvrh. skuli í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgrh., Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða í þessu tilviki og um kostnað er af því leiðir. Skal áætlunin liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda hálfu ári síðar og skal hreinsuninni lokið fyrir árslok 2008. Þannig gæfust nokkur ár til að taka á þessu máli. Þetta er það sem lagt hefur verið til að verði gert og ég vona að þetta frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi og að í framhaldinu verði tekið á málinu. Ég verð því að segja að mér finnst fulldjúpt í árinni tekið að segja að umhvrn. hafi ekkert gert, það hafa verið gerðar skýrslur og það liggur fyrir stefnumótun í frv. sem er til meðhöndlunar á Alþingi og ég vona að það ákvæði nái fram að ganga.

Þetta er hins vegar nokkuð flókið mál, það er mjög dýrt að farga þessum ónýtu og úreltu skipum og fjölmargir aðilar hafa því miður eins og á svo mörgum öðrum sviðum verið óábyrgir og ekki komið skipum sínum í förgun eftir að þau eru orðin ónýt eða ónothæf. Sumir hafa farið í gjaldþrot o.s.frv. og hafa ekki burði til þess og mér skilst að sum skip hafi hreinlega verið skilin eftir í höfnum og menn bara labbað í burtu. Þetta er auðvitað óábyrg framkoma má segja. Þetta er svipað og ef menn mundu bara skilja bílana sína eftir hvar sem er og ekki koma þeim til förgunar. Þá er kallað á ríkið og það beðið um aðstoð og sjálfsagt þarf að aðstoða í þessu tilviki, þetta er fortíðarvandi. Þetta tengist að einhverju leyti svarinu við fyrirspurninni sem kom áðan frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og laut að gömlum búvélum. En ég held að málið sé í ágætisfarvegi og með samþykkt frv. sem liggur fyrir um verndun hafs og stranda er kominn farvegur til að leysa málið.

[14:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem fram hefur komið í þessari umræðu að þetta er heilmikið vandamál. Þetta er mikill kostnaður fyrir hafnirnar og það er alveg ljóst mál

að ef fram heldur sem horfir er hættan sú að þetta verði kostnaður sem leggist á útgerðina. Ég hef hins vegar lagt fram frv. um að heimila það að þessi skip verði dregin út á haf og þeim sökkt, og áður en komi til þess verði þau að sjálfsögðu hreinsuð af öllum mengandi efnum. Það er einfaldlega þannig að samkvæmt Ospar-samkomulaginu er gert ráð fyrir því að þetta sé heimilt, út þetta ár.

Því miður ákvað Alþingi hins vegar, að mínu mati fyrir tóm mistök og tóma vitleysu, að gera reglurnar strangari hér á landi. Á sínum tíma, árið 1998, var lagt fram frv. þar sem gert var ráð fyrir því að þessi heimild yrði til staðar út árið 2004, eins og Ospar-samkomulagið gerir ráð fyrir, en í fljótfærni og tómri vitleysu og hugsunarleysi ákváðum við hins vegar að koma í veg fyrir það. Þess vegna er þetta mikla vandamál til staðar. Við eigum að sjálfsögðu að reyna að taka ofan af þessum kúf, taka upp þessa heimild og hafa það þannig, eins og hjá öðrum siðmenntuðum þjóðum, að við höfum þá heimild út árið að draga skipin á sæ út, sökkva þeim og losa okkur þannig við þennan mikla kúf og þetta vandamál sem hér er um að ræða.

[14:01]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. þingforseti. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson var að tala um í þessu máli. Það er ekkert að því að sökkva þeim skipum sem eru orðin ónýt þegar búið er að taka úr þeim mengandi efni eins og olíur, bæði af vélum og tönkum. Þar fyrir utan laðast að þessu fiskur þegar þetta er komið í hafið og búið að sökkva þessu. Þetta verða ágætir fiskiblettir.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér tóku til máls og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hafi ég tekið of djúpt í árinni hefur það kannski verið vegna þess að aðilar hafa gefið sig fram sem reka slippstöðvar á Íslandi og verið tilbúnir til þess að taka skip í slipp og höggva þau upp. Ég held að það sé bæði atvinnu- og tekjuskapandi og væri þar af leiðandi hægt að vinna þessu máli farveg með þeim hætti.

Hins vegar tek ég alveg undir það sem hér kom fram hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, við höfum oft séð myndir frá ýmsum löndum, teknar neðan sjávar af skipum sem liggja á hafsbotni. Þetta virkar eins og uppeldisstöðvar fyrir fisk. Ég er þess vegna að því leyti ekki ósammála hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það eigi að draga þessi skip á haf út, finna þeim ákveðinn kirkjugarð með ströndum fram þar sem þau gætu nýst til þessa.

Það sem ég átti einfaldlega við þegar ég sagði að mér fyndist lítið hafa verið gert er það, eins og ég sagði áðan, að ég tel óeðlilegt að ekki skuli vera haft samband við þessar slippstöðvar. Við höfum séð dæmi um það að skip hafi verið hoggið niður. Ég nefni t.d. Sandey, sanddæluskipið, það var hoggið niður og selt í brotajárn. Það sem ég einfaldlega bendi á er að það er allt of dýrt fyrir þjóðfélagið að þessi skip sem eru 161 og 37 þús. tonna skuli taka upp svo mörg viðlegupláss sem kallar jafnvel á meiri og óarðbæra fjárfestingu í höfnum en til þarf. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að tekið sé á þessu máli. Vissulega eru skýrslugerðir allar af hinu góða en ég tel bara tímabært að nú verði verkin látin tala í þessu máli.

[14:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og hér kemur fram eru allir sammála um að þetta er mikið vandamál. Það er bara spurning hvernig eigi að taka á því og hvað við eigum að borga mikið fyrir það. Það hefur komið fram að sumum finnst að það eigi að draga þessi skip á haf út, hreinsa þau fyrst reyndar sem auðvitað væri alger krafa og sökkva þeim síðan, en um þá leið hefur ekki verið samstaða. Það hefur t.d. ekki verið stefna okkar í umhvrn. að vilja gera það. Við höfum mjög sterka og góða ímynd hér gagnvart umhverfi hafsins, að verja hreinleika hafsins. Ég tel a.m.k. ekki að það mundi styrkja þá ímynd að draga þessi skip á haf út og sökkva þeim í skipakirkjugarði.

Það hefur ekki verið samstaða um þá leið og ef ég man rétt var þetta tekið út úr frv. á sínum tíma á þinginu. Sú leið sem við viljum fara kemur fram í fyrra svari mínu um að þingið samþykki að standa svona að þessu, að ákveðnir aðilar geri áætlun um lausnir í þessu. Sú áætlun er tímasett og framkvæmdum á að vera lokið fyrir árslok 2008. Þá er þingið búið að samþykkja þessa stefnumótun í lögum og eftirleikurinn miklu auðveldari, að fá fjármagn til að gera þetta. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að aðilar hafa gefið sig fram sem eru tilbúnir í þetta verkefni. Það kostar bara geysilega mikla peninga. Og það er þá eðlilegt að löggjafinn tali skýrt í þessu máli eins og við erum að leggja til í frv. og samþykki að taka á því. Þá er væntanlega hægt að fjármagna það í framhaldinu, væntanlega á fjárlögum þó að of snemmt sé að kveða upp úr um það. (Gripið fram í.)

Meginákherslur íslenskra stjórnvalda í Barentsráðinu.

Fsp. KolH, 380. mál. — Þskj. 506.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Í haust þegar þingmenn voru almennt að búa sig undir það að þing kæmi saman mátti í fjölmiðlum lesa athyglisverðar fréttir um ferðalög hæstv. umhvrh. norður til Svíþjóðar þar sem hún átti m.a. fundi með umhverfisráðherrum hinna Norðurlandanna í Luleå og í krafti embættis síns sem samstarfsráðherra Norðurlandanna kynnti hún áherslur Íslands í norrænu samstarfi á umhverfissviðinu á næsta ári, þ.e. 2004, þegar Ísland tæki við formennsku í samstarfinu.

Ýmislegt fróðlegt mun hafa borið á góma, m.a. áhrif loftslagsbreytinga og mengunar á norðurheimskautssvæðið og gildi þjóðgarða og friðlýstra svæða á norðurslóðum. Þegar heim var komið gaf umhvrn. út fréttatilkynningu sem sagði frá því hvernig norrænu umhverfisráðherrarnir hefðu rætt þá ógn sem steðjar að vegna kvikasilfurs sem borist getur langar leiðir frá fjarlægum uppsprettum og safnast upp í lífríkinu á norðurheimskautssvæðinu og því hvernig Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi þeirra ríkja sem þrýsta á um alþjóðlegar aðgerðir á þessu sviði. Einnig var fjallað um stuðning norrænu ríkjanna við uppbyggingarstarf á umhverfissviðinu í Eystrasaltsríkjunum og í Norðvestur-Rússlandi.

Allt vakti þetta sérstaka athygli þeirrar sem hér stendur og ber að fagna því þegar íslensk stjórnvöld beita sér á sýnilegan hátt í erlendu samstarfi á sviði umhverfismála. Á

hitt ber að líta að málflutningur íslenskra stjórnvalda þarf auðvitað að vera trúverðugur, heilsteyptur og sannur hvort sem er innan lands eða utan. Á það hefur þeirri sem hér stendur oft þótt skorta, og stefnumið ríkisstjórnarinnar hafa oft og tíðum farið betur í orði en á borði.

Það er markmið og stefna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að dýpka umræðuna um umhverfismál og við gerum þá kröfu til stjórnvalda að framganga þeirra í þessum málaflokki sé trúverðug, sönn og öflug.

Það eru nokkuð margar vikur frá því að þessari fyrirspurn sem hér um ræðir var dreift á þingskjali og í millitíðinni hefur það gerst að stjórnvöld hafa birt stefnu sína eða formennskuáætlun í sérstökum heftum sem bera fínar yfirskriftir á borð við Auðlindir Norðurlanda og Auðlegð Norðurlanda. Þar eru greinargerðir um alla þá málaflokka sem stjórnvöld ætla að leggja áherslu á svo það er ekki vitlaust að fá að heyra í stuttu og hnitmiðuðu máli frá hæstv. umhvrh. hér hverjar megináherslurnar verði á umhverfissviðinu.

Loks verð ég að taka það fram, virðulegur forseti, að nokkurs misskilnings gætti af minni hálfu þegar þessi fyrirspurn var samin og borin upp. Hann vil ég gjarnan leiðrétta. Það er að sjálfsögðu formennskan í Norrænu ráðherranefndinni sem íslensk stjórnvöld eru að taka að sér og spurningin er því þessi: Hverjar verða megináherslur íslenskra stjórnvalda í norrænu samstarfi á umhverfissviði þegar Ísland tekur við formennsku þar?

[14:10]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi þá fyrirspurn sem hér er borin fram er því til að svara að Ísland er núna í formennsku í norræna samstarfinu. Formennskuáætlun okkar ber yfirskriftina Auðlindir Norðurlanda — lýðræði, menning, náttúra. Mál sem tengjast náttúru og auðlindum náttúrunnar eru sem sagt meðal þriggja megináherslusviða áætlunarinnar.

Innan þessa áherslusviðs er tekið á mjög mörgum mikilvægum viðfangsefnum, svo sem verndun hafsins, öryggi matvæla, heilnæmi sjávarafurða, vetni, endurnýjanlegum orkulindum og gildi þjóðgarða og friðlýstra svæða svo eitthvað sé nefnt.

Það er kannski ekki hægt að gera þessu öllu skil í stuttu svari en mig langar aðeins að ræða hér um málefni hafsins. Það er mikið hagsmunamál fyrir Norðurlöndin, ekki bara fyrir Íslendinga og okkur, þjóðirnar sem lifum af auðlindum hafsins í ríkum mæli, heldur er það hagsmunamál allra Norðurlanda að við verjum hreinleika hafsins og nýtum auðlindir þess með sjálfbærum hætti. Fiskveiðar eru ekki það eina sem hefur áhrif á auðlindir hafsins. Þar skipta mjög margir aðrir umhverfisþættir miklu máli. Eins og hér kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda er það alls kyns mengun, þar á meðal kvikasilfursmengun og þrávirk lífræn efni, það eru loftslagsbreytingar af mannavöldum sem geta haft gífurlega mikil áhrif í framtíðinni, áhrif veiðarfæra á sjávarbotn og alls kyns aðrir þættir. Umhvrn. og sjútvrn. munu taka höndum saman í tilefni af formennskuáætlun Íslands og halda hér ráðstefnu 2.–4. júní um málefni hafsins. Þar verður rætt um varnir gegn mengun sjávar, loftslagsvernd og hvernig hægt sé að þróa aðferðir til að stýra nýtingu sjávar þannig að tillit sé tekið til allra þátta lífríkisins, þ.e. svokölluð vistkerfisnálgun.

Um þessar mundir hefur verið mikil vinna á vettvangi hafsins. Það er að hefjast úttekt á umhverfisástandi í hafinu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem er eitt af því sem samþykkt var í Jóhannesarborg á sínum tíma. Evrópusambandið er að marka nýja samþætta stefnu um málefni hafsins og Norðurskautsráðið sömuleiðis þannig að það er upplagt fyrir okkur Íslendinga að halda þessa ráðstefnu hér í byrjun júní til að fara yfir þessi mál. Að mínu viti er líka brýnt að ræða á þessari ráðstefnu loftslagsmálin af því að við fáum skýrslu í haust á vettvangi Norðurskautsráðsins um loftslagsmál á norðurskautssvæðinu sem hafa áhrif á hafstrauma hugsanlega og önnur slík mál. Það er mikilvægt að mínu viti að fara yfir þessi mál núna í vor, m.a. í samhengi við að við fáum skýrslu á vettvangi Norðurskautsráðsins í haust.

Við munum einnig halda hér ráðstefnu í haust um gildi friðlýstra svæða og þjóðgarða, gildi þessara svæða á náttúruvernd og hvernig það tengist heilsu fólks, vellíðan og lífsgæðum. Þá ráðstefnu munum við halda með frjálsum félagasamtökum og ég bind vonir við að hún verði ansi spennandi og öflug.

Varðandi formennskuáætlun okkar vil ég líka draga fram að við viljum auka þetta vestnorræna samstarf og þar viljum við bæði auka það milli vestnorrænu landanna, þ.e. Íslands, Færeyja og Grænlands, en þar fyrir utan við önnur ríki sem liggja í kringum Norður-Atlantshafið, þ.e. héruð í Kanada eins og Nunavut og Nunavik og Labrador og Nýfundnaland, sem sagt þau sem liggja að Norður-Atlantshafinu í Kanada, og skosku eyjarnar, Írland og írsku eyjarnar. Þetta samstarf er hafið. Það er óburðugt eins og er og þarf að móta stefnu um það og efla það. Það samstarf mun að sjálfsögðu lúta að því hvernig við getum varið hreinleika Norður-Atlantshafsins og stundað nýtingu á því með sjálfbærum hætti til framtíðar. Þetta er alveg ný áhersla sem ég held að sé mjög spennandi að sjá hvernig spilast úr. Þetta er ekki hugsað sem eitthvert andsvar við áherslunni á Eystrasaltsríkin sem hafa verið í brennidepli síðustu 10–12 árin heldur er þetta hugsað til að loka þessu nærsvæðasamstarfi til vesturs.

[14:15]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það var margt ákaflega áhugavert sem kom fram um stefnuna hjá hæstv. umhvrh. Það gladdi mig að hæstv. ráðherra tekur þátt í að halda hér ráðstefnu í júní um verndun hafsins. Ég vil þess vegna brýna sérstaklega fyrir hæstv. ráðherra að leggja mikla áherslu á að halda áfram því starfi sem Íslendingar hófu á alþjóðvettvangi, þ.e. að berjast gegn losun lífrænna þrávirkra efna. Við vitum að norðurhöf eru eins konar kuldagildra sem safnar að sér slíkum efnum.

Nú eru tilefnin ærnari en áður. Borist hafa fregnir af því að lax sem alinn er á norðurslóðum og fóðraður á hráefni sem kemur úr uppsjávarfiskum sem eru í norðurhöfum hefur töluvert meira af slíkum efnum í sér en lax annars staðar. Við höfum alltaf varað við því að það þurfi að berjast gegn mengun af þessu tagi og mér finnst, virðulegi forseti, eins og áhersla Íslendinga á þetta mál hafi heldur dvínað á síðustu árum.

[14:17]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. umhvrh. kom hér og lýsti áformum sínum, auðvitað í stuttu máli. Það væri kannski ástæða til að gefa ráðherranum færi á því að gera það í lengra máli. Það vekur athygli að hæstv. umhvrh. ætlar sem forustumaður í norrænu samstarfi að beita sér fyrir því að haldin verði ráðstefna í júní um verndun hafsins og um loftslag á norðurslóðum eða loftslag í heiminum og áhrif breytinganna á norðurslóðum. Það er gott og ég hlakka til að fá boð á þá ráðstefnu.

En ég óska þess að hæstv. umhvrh. noti líka þann tíma sem hún kann að eiga hér eftir til þess að skýra fyrir okkur fyrir hvaða ráðstöfunum hún hyggst beita sér í loftslagsaðgerðum meðan við förum með þetta dýrmæta hlutverk að vera í forustu fyrir hinu norræna samstarfi, vegna þess að hingað til hefur ekki verið sýnt neitt frumkvæði af hálfu Íslendinga undir stjórn hæstv. umhvrh. og kominn er tími til þess að það gerist í alþjóðlegu samhengi.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör og þakka þá bæklinga sem hafa verið gefnir út af ríkisstjórninni um þessa formennskuáætlun þó að mér finnist reyndar afar óljóst um mörg þau atriði sem þar eru tíunduð.

Ég get tekið undir orð hv. þm. sem hér hafa tekið þátt í umræðunni að áhersla íslenskra stjórnvalda á umhverfismálin hefur verið á hafinu fyrst og síðast. Nú köllum við eftir því að aukin áhersla verði lögð á loftslagsmálin. Ég fagna því ef íslensk stjórnvöld ætla að fara að ræða það á þessum samstarfsvettvangi hvert gildi þjóðgarðar og friðlýst svæði hafi á norðurslóðum. En þá mundi ég líka gjarnan vilja sjá frekari útfærslu á þeim hugmyndum sem íslensk stjórnvöld ætla að tala fyrir á þessum vettvangi. Mér finnst alveg tímabært, þegar þessi formennskuáætlun er kynnt, að farið sé betur ofan í saumana á þeim atriðum sem stjórnvöld hyggjast leggja áherslu á.

Það er auðvitað alveg satt og menn sem sitja í þessum sal eru sammála um það, að norræn samvinna er gífurlega mikilvæg og ekki hvað síst á umhverfissviðinu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur einlægt haldið þessari norrænu samvinnu á lofti sem fyrirmynd samvinnu þjóðríkja og við höfum viljað auka veg hennar sem mest, ekki hvað síst sem mótvægi við áhrif Evrópusambandsins á löndin. Auk þess að brýna íslensk stjórnvöld til þess að tala skýrt og hnitmiðað og vera öflug og kraftmikil í umræðunni sem fram undan er undir formennsku Íslands vil ég líka hvetja umhverfisverndarsinnaða fjölmiðla til að fylgja íslenskum stjórnvöldum eftir í þeirri för sem nú er hafin. Ég treysti því að fjölmiðlar sjái ástæðu til þess að beina í auknum mæli sjónum að íslenskum stjórnvöldum og því hvernig þau tala fyrir okkar hönd á erlendum vettvangi, ekki hvað síst þegar umhverfismálin eru annars vegar.

[14:20]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þessi síðustu orð um að mikilvægt sé að fjölmiðlar fylgist með því sem við erum að gera á erlendum vettvangi í umhverfismálum. Mjög óskandi væri að það væri gert meira af því þar sem við erum að gera mjög öfluga hluti þar að mínu mati.

Ég vil aðeins fá að koma inn á það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði um eftirfylgni okkar í málefnum hafsins sem lúta að þrávirkum lífrænum efnum. Það var sagt hér að áhuginn hefði eitthvað dvínað. Það er alls ekki svo. Það er mikill misskilningur. Það hefur verið mikill áhugi á þessum málum. Við höfum sett málefni hafsins í forgang í erlendum samskiptum okkar. Þar hafa málefni hafsins og loftslagsbreytingar verið efst á baugi. Við tókum þátt í þessu frá upphafi, eins og hv. þm. þekkir mjög vel. Það var Ísland sem kom því fyrst í texta á alþjóðavettvangi að gera ætti alþjóðasamning gegn þrávirkum lífrænum efnum. Það var engin önnur þjóð sem gerði það fyrst. Það vorum við sem vorum fyrst. Nú er sem sagt kominn alþjóðasamningur á, kenndur við Stokkhólm, og við vinnum auðvitað áfram að þessum málum. Áhuginn hefur sko alls ekkert dvínað.

Einn okkar besti samningamaður, einn besti samningamaður landsins, fullyrði ég, Halldór Þorgeirsson í umhvrn., er núna formaður í nefnd á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem mun leiða starf varðandi hvernig á að taka á manngerðum efnum eða svokölluðum „chemicals". Við erum því aldeilis ekki að missa áhugann á þessum málum.

Við höfum líka verið að vinna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að því að koma upp úttektum á stöðu umhverfismála hafsins, mengun hafsins, og það er verið að vinna að því á fullu. Ráðuneytisstjórinn er nýkominn heim úr slíkri ferð til Bandaríkjanna til að ýta á eftir því máli. Áhugi okkar er svo sannarlega til staðar.

Það er ekki heldur rétt sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni að við hefðum ekki haft neitt frumkvæði í loftslagsmálum. Ég vil benda á vetni og það sem hefur farið fram á þeim vettvangi. Íslendingar vildu ganga lengra en aðrar þjóðir í Jóhannesarborg varðandi endurnýjaða orku. Ég bara vísa í það sem við gerðum þar.

Friðun rjúpu.

Fsp. SigurjÞ, 392. mál. — Þskj. 524.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Síðan ég hóf störf á Alþingi hef ég óskað eftir svörum ráðherra við nokkrum spurningum um stjórnsýslu þeirra. Yfirleitt hafa fljótlega borist ágæt svör við þeim spurningum sem ég hef borið upp og ég þakka það. Því miður eru tvær undantekningar á þessu, þ.e. varðandi spurningar sem ég beindi til hæstv. umhvrh. um veiðibann á rjúpu og spurningar sem ég beindi til hæstv. landbrh. um flutning á sláturfé landshorna á milli.

Hæstv. landbrh. gaf mér svar sem var beinlínis rangt. Ekki ætla ég hæstv. landbrh. að hann hafi ætlað sér að svara með þeim hætti — ég tel að hann hafi svarað eftir bestu vitund — heldur megi kenna ókunnugleika hans um.

Ég bar fyrst upp spurningar um hvaða vísindaleg gögn hafi legið til grundvallar alfriðun rjúpunnar í þrjú ár, í júlí sl. skömmu eftir að hæstv. umhvrh. ákvað að friða rjúpuna. Ég bar ekki upp spurningarnar af einskærum áhuga á skotveiðum heldur þótti mér sem félagsmanni í Fuglaverndarfélagi Íslands áhugavert að fá vísindaleg gögn um ástand rjúpnastofnsins. Eftir talsverða eftirgangsmuni bárust mér svör, en ekki fyrr en milli jóla og nýárs, við þeim spurningum sem ég spurði um í júlí. Spurningarnar voru, með leyfi forseta:

„1. Hver var árangur alfriðunar rjúpnastofnsins á griðasvæði rjúpunnar í kringum Reykjavík? Hefur friðunin frá 1999 og stækkun svæðisins árið 2002 skilað marktækri fjölgun rjúpna á friðaða svæðinu?"

Svarið sem ég fékk í lok ársins ber með sér að ekki sé marktæk fjölgun á friðaða svæðinu.

Síðan spurði ég:

„2. Er núverandi lágmark rjúpnastofnsins tölfræðilega lægra en fyrri lágmörk stofnsins?"

Svarið sem ég fékk í lok ársins var að núverandi lágmark sé ekki tölfræðilega lægra en fyrri lágmörk.

Í framhaldi þess hvað umhvrn. er seint að svara nokkrum einföldum spurningum þjóðkjörins fulltrúa — það svarar þeim í rauninni út í hött, þegar maður spyr um vísindaleg gögn þá er bent á blaðagreinar, álit Bændasamtakanna og ég veit ekki hvað — í framhaldinu af því spyr ég, með leyfi forseta:

„3. Hversu mörg erindi bárust umhverfisráðuneytinu í júní, júlí og ágúst sl. þar sem óskað var eftir skriflegu svari? Hve mörgum þeirra erinda hefur ráðuneytið séð sér fært að svara?"

Eftir að hafa skoðað þau svör sem bárust frá umhvrn. er fullljóst að þriggja ára veiðibann er ákveðið á mjög veikum vísindalegum grunni. Ef hæstv. umhvrh. er enn þeirrar skoðunar að rjúpnastofninn sé í hættu þá ber að stórefla rannsóknir. Þau gögn sem liggja fyrir sýna einfaldlega að núverandi lágmark stofnsins er ekki marktækt lægra en fyrri lágmörk.

[14:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér eru þrjár spurningar lagðar til grundvallar. Ég kýs að svara fyrstu tveimur spurningunum saman.

Samkvæmt talningum Náttúrufræðistofnunar Íslands á tveimur talningarstöðum innan friðaða svæðisins mældist 50–55% fjölgun rjúpna á svæðinu árið 2003. Á öðru svæðinu fór fjöldinn úr 20 körrum í 31, þ.e. 55% aukning, og á hinu úr 30 körrum í 45, þ.e. 50% aukning. Þetta er svipaður vaxtarhraði og hann verður mestur hjá rjúpnastofninum.

Hins vegar sýndu talningar kyrrstöðu eða verulega fækkun í fjölda rjúpna á talningarstöðum utan við friðaða svæðið. Á talningarsvæðum á Suðurlandi og Vesturlandi, í næsta nágrenni við hið friðaða svæði, var kyrrstaða, þ.e. á Suðurlandi, en veruleg fækkun á Vesturlandi. Þannig fækkaði körrum um 35%, 39% og 78% á þremur stórum talningarsvæðum á Vesturlandi. Fækkunin er sérstaklega mikil á Mýrum en þar hefur fjöldinn farið úr 71 karra í átta á fjórum árum, þ.e. nífaldur munur. Þessi munur á stofnbreytingum innan og utan við hið friðaða svæði styrkir okkur í þeirri trú að veiðibann geti leitt til stærri rjúpnastofns.

Varðandi fyrirspurn um hvort núverandi lágmark rjúpnastofnsins væri tölfræðilegra lægra en fyrri lágmörk stofnsins þá er það rétt sem kom hérna fram hjá hv. fyrirspyrjanda að svör bárust seint við þeirri fyrirspurn. Við gengum eftir svörum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands af því að þau höfðu ekki borist okkur með hinum svörunum sem hv. þm. bað um.

Þeir svara því svo til í bréfi til okkar, með leyfi virðulegs forseta:

„Því miður láðist að svara einni spurningu er ráðuneytið beindi til Náttúrufræðistofnunar og er beðist velvirðingar á því."

Þetta svar kemur því talsvert seinna inn. En því er til að svara þar, og það er bein tilvitnun í þetta bréf sem hv. þm. hefur fengið, með leyfi forseta:

„Loks var spurt hvort núverandi lágmark rjúpnastofnsins væri tölfræðilega marktækt lægra en fyrri lágmörk stofnsins.

Því er fyrst til að svara að þegar Náttúrufræðistofnun talar um að rjúpnastofninn sé í lágmarki þá er ekki einungis verið að vísa til náttúrulegra sveiflna stofnsins þar sem fjór- til tífaldur munur er á mergð rjúpna í lágmarks- og hámarksárum. Hér er fyrst og fremst verið að vísa til þess að undanfarin ár hefur að jafnaði verið mun minna af rjúpum en fyrir nokkrum áratugum. Mælikvarðinn er sílækkandi stofn vísitölu fyrir rjúpur sl. 50 ár eða svo.

Erfitt er að beita einföldum tölfræðilegum aðferðum á þessi gögn, en þau benda eindregið til þess að rjúpnastofninn fari stöðugt minnkandi. Undanfarin missiri hefur Reiknifræðistofa Háskólans unnið að því í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands að prófa flókin stærðfræðilíkön til að reyna að lýsa sem best þeim breytingum sem orðið hafa á rjúpnastofninum undanfarna áratugi, svokallaða GAM-greiningu. Þar eð þessi vinna stendur nú yfir er ekki tímabært að fjalla frekar um niðurstöður þessarar greiningar en ætlunin er að skýra frá niðurstöðum hennar í skýrslu vorið 2004. Þar verður jafnframt fjallað um niðurstöður vöktunar rjúpnastofnsins sl. ár."

Varðandi síðustu fyrirspurn hv. þm., um hversu mörg erindi bárust umhvrn. í júní, júlí og ágúst sl. þar sem óskað var eftir skriflegu svari og hve mörgum þeirra erinda ráðuneytið hafi séð sér fært að svara, þá er því til að svara að ráðuneytinu barst ein formleg fyrirspurn um málefni rjúpunnar í júní, júlí og ágúst og ein í september þar sem óskað var eftir skriflegum svörum og hefur þeim verið svarað. Auk þess hefur ráðuneytinu borist fjöldi óformlegra fyrirspurna sem svarað hefur verið munnlega, með tölvupósti eða viðræðum við viðkomandi. Ég vona því að sé búið að svara öllum fyrirspurnum hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um rjúpnamálin. Það er að mínu mati réttmæt gagnrýni að þetta svar hefur borist seint. En það er vegna þess að ráðuneytið hafði ekki fengið svör frá Náttúrufræðistofnun á tilsettum tíma. Það er svo sem ekkert sem er til eftirbreytni. En þetta eru skýringarnar.

[14:30]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um vísindi sem hér virðast í uppsiglingu á þinginu og tel raunar að á þessu stigi málsins séu þær ekki þarfar. Það er hins vegar skiljanlegt að sá hv. þm. sem hér spurðist fyrir sé pirraður vegna þessa máls vegna þess að nokkuð skorti á nægilega stillingu í umhvrn. þegar bannið var sett í sumar.

Hingað er ég hins vegar kominn til að fagna því að hv. formaður umhvn. hefur lýst því yfir á fundi nefndarinnar að umhvn. ætli að taka þetta mál fyrir á nýjan hátt og athuga lausnir þar sem ég tel að náttúran verði að vera í fyrsta sæti, rjúpan og fálkinn. Ég skora á hæstv. umhvrh. að ganga í þann leik með okkur og hraða vinnu þeirrar nefndar sem hún hefur sett af stað í þessum málum þannig að í sumar eða haust verði hægt að taka upplýsta ákvörðun um framhaldið. Ekkert verður auðvitað eins og áður í þessum efnum en bann er ekki endilega leiðin til frambúðar.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Á sínum tíma tók ég sem umhvrh. ákaflega umdeilda ákvörðun um að stytta veiðitíma rjúpu. Sú ákvörðun byggðist á vísbendingum sem hæpið var að kalla vísindalegar en voru þó vísbendingar. Mér sýnist sem þær rannsóknir sem sú ákvörðun hratt af stað hafi síðan leitt í ljós mýmargar staðfestingar á því að það sem menn héldu fram, t.d. prófessor Arnór Garðarsson á þeim tíma, hefði við rök að styðjast.

En mig langar, af því að ég held að það sé þarft í þessari umræðu, að spyrja hæstv. umhvrh. hvort það sé ekki rétt að nú liggi fyrir, bæði í Noregi og á Íslandi, næsta ótvíræðar vísbendingar um að veiðar geti haft mjög marktæk áhrif á

stofn rjúpu, þar með ef óbreytt veiðiálag er, þegar stofn er í djúpri niðursveiflu, þ.e. haft veruleg áhrif á stofnstærðina.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil nota tækifærið og hvetja enn og aftur til rannsókna á rjúpnastofninum. Það er ómögulegt að byggja ákvarðanir á einhverju tilfinningalegu mati á því hvert ástand rjúpnastofnsins er. Við sjáum að röksemdafærsla sjálfrar Náttúrufræðistofnunar er mjög veik í þessu máli. Í fyrsta lagi telja þeir að með sölubanni dragi úr veiðiálagi stofnsins um 50–70%. Gott og vel, það má vera. Ég ætla ekki að rengja þá í því. En þá segja þeir að það samsvari því að veiðitímabilið sé stytt um heila viku. Ég ætla ekki að rengja þá um það. Þetta gæti verið rétt mat hjá þeim, ég ætla ekki að rengja þá um það. En hver er síðan niðurstaðan? Það er ekki einhver millivegur eða tillaga um að sjá til. Lagt er til fimm ára veiðibann. Það sjá allir að ekkert samræmi er í þessari röksemdafærslu og bannið er síðan stytt í þrjú ár.

Ég hvet enn og aftur til rannsókna á rjúpnastofninum þannig að menn séu ekki að efna til deilna í þjóðfélaginu um nytjar á þessum fugli. Í stað þess ættu menn að koma með haldbærar röksemdir.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér hefur komið fram að bann er ekki leiðin til frambúðar. Ég tek undir það. Bann er ekki leiðin til frambúðar. Hins vegar var ekki hægt að sitja með hendur í skauti og horfa upp á það sem átti sér stað með hliðsjón af öllum rannsóknargögnum um ástand rjúpnastofnsins. Nú er nefnd að störfum sem mun skila af sér tillögum og það er að mínu mati öruggt að þegar skotveiðar hefjast verða þær ekki í nákvæmlega sama formi og þær hafa verið. Þar mun eitthvert annað form koma til.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hvort veiðarnar hefðu marktæk áhrif og nefndi m.a. Noreg í því sambandi. Þá hefur verið talað um það á Náttúrufræðistofnun um skeið að veiðarnar hefðu engin sérstök áhrif. Það var þeirra mat á sínum tíma. Það mat hefur breyst. Þeir telja nú að veiðarnar hafi marktæk áhrif og þess vegna þurfi að grípa til veiðibanns og leyfa stofninum að vera í friði fyrir veiðum í ákveðinn tíma.

Varðandi það sem fram kom um rannsóknirnar hjá hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, þá tek ég undir það að auðvitað þarf að rannsaka rjúpnastofninn. Við erum að gera það. Ég tek undir það en samþykki alls ekki það sem kom í framhaldinu hjá hv. þm., að við höfum byggt þessa ákvörðun á tilfinningalegu mati og ekki sterkri röksemdafærslu. Ég er algerlega andsnúin því að fallast á þau orð. Ákvörðunin var einmitt ekki byggð á tilfinningum. Hún var byggð á niðurstöðum rannsókna og mati okkar færustu sérfræðinga. Ég frábið mér að sitja undir því að þetta hafi verið byggt á tilfinningum. Ég er mikill stuðningsmaður skotveiða en ekki án tillits til ástands stofnanna. Eins og ástandið var þurfti að grípa til veiðibanns þannig að fyrir því voru full rök.

Skattar á vistvæn ökutæki.

Fsp. ÖS, 398. mál. — Þskj. 534.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég varpa fram tveimur spurningum til hæstv. umhvrh. um afstöðu hennar til að fella niður skatta á vistvæn ökutæki. Ástæðan er sú að eins og við vitum eru samgöngur vaxandi uppspretta gríðarlegrar mengunar í formi losunar á gróðurhúsalofttegundum. Þessar lofttegundir verða eins konar hitagildrur sem koma í veg fyrir að hiti geisli út frá jörðinni. Við það hlýnar andrúmsloftið með afleiðingum sem hugsanlega gætu leitt til búseturöskunar á ýmsum svæðum á norðurhveli jarðar, m.a. leitt til þess að stoðum verði kippt undan fiskimiðum við Ísland.

Hér á Íslandi hefur samgöngutækjum, bifreiðum, fjölgað gríðarlega, fjölgað um um það bil 80% milli áranna 1980 og 2000 á sama tíma og íbúum landsins hefur einungis fjölgað um 24%. Við sjáum að uppi eru vísbendingar um miklar samgöngubætur og allt bendir til þess að samgöngur muni aukast og þar af leiðandi losun á þessum gróðurhúsalofttegundum.

Reyndar er spá íslensku ríkisstjórnarinnar sú að frá 1990–2010 muni losun aukast um 40%. Við höfum svo axlað alþjóðlegar skuldbindingar um að draga úr þeirri losun með virkum hætti. Spurningin er: Með hvaða hætti gerum við það?

Um allan heim binda menn vonir við að hægt sé að breyta samgöngumáta okkar þannig að í staðinn fyrir að nota þessar hefðbundnu bílvélar sem byggjast á bruna eldsneytis af jarðefnatoga mundu menn í staðinn taka upp mengunarlausa orkugjafa. Við Íslendingar erum einstaklega vel í sveit settir að þessu leyti. Við höfum mikla innlenda tækni til að búa til og nýta vetni og erum líklega í fararbroddi á því sviði. Við höfum líka orkugjafa sem hægt er að beita til að framleiða mengunarlaust innlent vetni. Það er sérstaða okkar. Allar aðrar þjóðir sem þurfa að framleiða það sem við getum kallað vistvænt eldsneyti þurfa að beita til þess hráefnum sem leiðir til þess að það fellur alltaf til einhvers konar mengun.

Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri siðferðileg skylda til að taka þarna frumkvæði. Við eigum að gera allt sem við getum til að ryðja brautina fyrir vistvæn ökutæki. Það sem helst hefur komið í veg fyrir að það sé hægt, virðulegur forseti, er mikill kostnaður við að búa til dreifistöðvar en jafnframt eru ökutækin sjálf ákaflega dýr. Nú hillir hins vegar undir það að hraðfleyg tæknin leiði til þess að eftir árið 2010 verði hafin fjöldaframleiðsla á slíkum ökutækjum. Verð þeirra mun lækka en samt sem áður verði það mjög hátt miðað við hefðbundin ökutæki. Leiðin til að draga úr þeim mun er að fella niður opinber gjöld af þeim. Því hef ég varpað þessum spurningum fram til hæstv. umhvrh. Telur hún ráðlegt, til að ýta undir notkun vistvænna ökutækja, að stjórnvöld beiti sér fyrir niðurfellingu opinberra gjalda af þeim?

[14:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvort umhvrh. telji vænlegt að ýta undir notkun vistvænna ökutækja með hagrænum stjórntækjum, svo sem breytingum á opinberum gjöldum og öðrum aðgerðum? Svarið við þeirri spurningu er: Já, ég tel það vænlegt.

Eins og þingmönnum er ljóst kemur um þriðjungur losunar gróðurhúsaloftegunda frá samgöngum. Bílaumferð hefur

einnig mikil áhrif á loftgæði í þéttbýli og þar með á lífsgæði þjóðarinnar. Bílum fer ört fjölgandi og því nauðsynlegt að sporna við mengun með þeim tækjum sem tiltæk eru. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar, sem samþykkt var árið 2002, eru sett þau markmið að íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft, loftmengun af völdum umferðar verði haldið í lágmarki og dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að hún verði umtalsvert lægri innan nokkurra ára en hún er í dag. Ein af lykilaðgerðunum sem tiltækar eru til að ná þessu markmiði er að nota hreinna eldsneyti og umhverfisvænni farartæki. Í því sambandi er ein leiðin að markmiðinu eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Gjöld á eldsneyti taki mið af mengun sem af því hlýst. Þannig verði t.d. gjöld á hreinni dísilolíu minni en á meira mengandi eldsneyti og gjöld á metani og vetni enn minni. Gjöld og skattlagning á einkabílum og öðrum farartækjum verði einnig með þeim hætti að hagkvæmara verði að reka sparneytna bíla en orkufrekari og að bílar sem noti „hreint" eldsneyti beri minnstu gjöldin."

Umferðin er einnig mikilvæg þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda eins og hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Í stefnumörkuninni um sjálfbæra þróun er stefnt að því að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis, þar segir m.a.:

„Dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með almennum aðgerðum og með breytingum á skattlagningu á dísilbílum sem leiði til aukningar í innflutningi á slíkum bílum til einkanota. Núverandi kerfi þungaskatts verði a.m.k. að hluta til breytt yfir í olíugjaldskerfi. Með því mun skapast efnahagslegur hvati til eldsneytissparnaðar. Gjaldtöku verði stillt af þannig að hlutfallslega hagkvæmara verði að reka litla dísilbíla en nú er. Stuðlað verði enn frekar að auknum innflutningi á sparneytnari bílum með breytingum á vörugjaldi af bifreiðum."

Töluvert hefur þegar verið gert á þessu sviði. M.a. hafa ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, verið undanþegin vörugjaldi. Ökutæki sem nota innlenda orkugjafa greiða 50% lægri þungaskatt. Einnig hefur hluti virðisaukaskatts vegna umhverfisvænna hópbifreiða sem uppfylla tiltekin skilyrði verið endurgreiddur. Ef stefnumið ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga er ljóst að halda þarf áfram á þeirri braut og skoða til hvaða frekari aðgerða megi grípa.

Nú er starfandi á vegum iðnrn. samráðsnefnd ráðuneyta sem vinnur að heildstæðri úttækt og mótun stefnu í orkumálum samgangna hér á landi. Flest bendir til að kerfisbreyting muni verða á orkunotkun samgangna á næstu áratugum, t.d. með nýrri tækni við rafbíla og vetnisvæðingu farartækja og skipa. Megintilgangur vinnu nefndarinnar er að ráðuneyti orkumála, umhverfismála, fjármála, samgangna og sjávarútvegs fái yfirsýn yfir stöðu og framvindu í orkumálum samgangna og geti mótað stefnu hér á landi í þessum efnum til framtíðar. Mér er kunnugt um það að samstarf ráðuneytanna hefur einkum beinst að vetnismálum enda felur vetni í sér mikla möguleika.

Virðulegur forseti. Hv. þm. spyr einnig í b-lið spurningar sinnar um hugsanlegar aðgerðir, t.d. í tengslum við bílastæði og jarðgöng. Þar felast að mínu mati möguleikar. Mér er kunnugt um að yfirvöld í Ósló hafa ákveðið að veita vistvænum ökutækjum sérstök kjör til að hvetja til þess að fleiri kaupi sér slíka bíla. Mér vitanlega er gjaldskylda á bílastæðum eða bílastæðahúsum bæði í sveitarfélögunum Akureyri og Reykjavík. Ég tel að þar séu möguleikar sem hugsanlega væri hægt að nýta.

Virðulegi forseti. Ég er þess fullviss að miklar breytingar eru fram undan í orkumálum samgangna. Það er mikilvægt að við Íslendingar séum vakandi yfir þeirri þróun og stuðlum að því að hún nái fram að ganga eins vel og hægt er.

[14:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afar mikilvægu máli. Út af fyrir sig er ég ánægð með hversu jákvæðar undirtektir fyrirspurnin fær hjá hæstv. umhvrh. En það liggur fyrir og telst sannreynt að gífurlegar loftslagsbreytingar hafa orðið á norðurslóð. Loftslagsbreytingar eru tvöfalt hraðari á norðurslóð en annars staðar í Evrópu. Það er furðulegt til þess að hugsa, miðað við það hve lengi þær upplýsingar hafa legið fyrir, að ekki skuli þegar hafa verið brugðist við á einhvern hátt. Það er óumdeilt að það er í umferðinni sem við á Íslandi getum gert breytingar. Þar getum við haft veruleg áhrif. Við notum bílinn meira en aðrar þjóðir og það er í umferðinni, með minni umferð eða annars konar umferð, sem við getum sýnt vilja í verki. Það er dálítið skrýtið hve lítið hefur gerst og enn ekkert áþreifanlegt hvað varðar dísilbílana þótt áformin hafi verið góð.

[14:45]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel að þessi umræða sé ákaflega þörf og út af fyrir sig er ástæða til að fagna jákvæðum undirtektum hæstv. umhvrh. Það er hins vegar svo með aðgerðir á þessu sviði, í einmitt skattamálum og í gjaldamálum, að þær geta öðru fremur orðið til þess að vekja áhuga almennings og þeirra sem að málunum koma á hlutunum með því að búa til þessa hagrænu hvata. En þá verður að gera það á ákveðinn hátt. Þá þýðir ekki að láta það malla í samráðsnefndum ráðuneyta daginn út og inn.

Dæmi eru um þetta í Íslandssögunni, í stjórnmálasögunni. Dæmi er t.d. það að í upphafi tölvubyltingar felldi Ragnar Arnalds, sem þá var fjmrh., niður söluskatt, sem þá svo hét, á tölvum og tölvubúnaði. Það tókst feikilega vel. En hann gerði það auðvitað með miklum bravúr, Ragnar, eins og hans var vandi og endaði sína farsælu þingtíð í þingflokki Samfylkingarinnar og er þar með einn af forverum okkar sem hér stöndum.

Það er svona sem á að vinna þetta en ekki láta þetta malla í nefndum, ágæti forseti.

[14:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég get ekki á mér setið. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja athygli á því að samflokksmaður minn, fyrrv. hv. þm. Ragnar Arnalds, hefur komið við sögu í málefnum skyldum þessu hér. Ég vil líka nota tækifærið og vekja athygli á því að annar samflokksmaður minn, fyrrv. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, vakti máls á þeim atriðum sem hér eru til umræðu, þ.e. niðurfellingu skatta á vistvæn ökutæki, fyrir einum sex eða átta árum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft það á stefnuskrá sinni frá stofnun að gjöld af þessu tagi skuli felld niður, og að almennt skuli leitað hagrænna leiða í þessum efnum. Við höfum reynt að styðja við góð áform ríkisstjórnarinnar sem koma fram bæði í samgönguáætlun til ársins 2012 og einnig í stefnumörkun um sjálfbæra þróun. En við köllum eftir

aðgerðum. Það nægir ekki að koma með þær aðgerðir sem lúta að dísilbílunum. Við viljum aðgerðir á sviði vistvænna ökutækja, t.d. reiðhjóla. Við höfum flutt þingmál í þeim efnum. Nú verður bara að bretta upp ermar og sjá til þess að verkin tali.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Það gleður mig að frétta að Ragnar Arnalds skuli vera flokksbróðir hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Hann kom að þessu máli. Ef maður ætti að fara að tína upp alla þá sem hafa vel að þessu komið þá mætti t.d. nefna hv. þm. Framsfl. Hjálmar Árnason og marga fleiri.

Það sem skiptir máli, virðulegi forseti, er að dáðir fylgi orðum. Mér fannst átakanlegt að heyra svar hæstv. ráðherra. Auðvitað vantar ekki góðan vilja hjá hæstv. ráðherra. En þetta voru þó einungis orð. Þetta voru einungis stefnumið. Stefnt skal að því að gera hitt og þetta og sú stefna var mótuð fyrir nokkrum árum. En hvernig á að gera það? Með einhverjum aðgerðum sem lúta aðallega að því að gera mönnum kleift að halda áfram að kaupa bíla sem eru knúnir hefðbundnu eldsneyti, kaupa dísilbíla og sparneytnari bíla. Það hillir undir gegnumbrot að því er tækni varðar. Það er skammt til þess að menn fari að fjöldaframleiða vetnisbíla. DaimlerChrysler áætlar að gera það upp úr árinu 2010. Þá mun verðið lækka verulega. En til þess að gefa almenningi hvata til að kaupa slíka bíla þá verða þeir að vera á sambærilegu verði við hin hefðbundnu ökutæki og það verður ekki hægt fyrsta kastið nema með því að fella niður þessi opinberu gjöld sem nefnd eru í fyrirspurn minni. Mér finnst auðvitað dapurlegt að heyra að hæstv. ráðherra áformar ekki að taka upp tillögur um það.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að það er veittur 50% afsláttur af þungaskatti á bílum sem knúnir eru mengunarlausu eldsneyti og til skamms tíma var veittur 120 þús. kr. afsláttur af vörugjaldi á þessum bílum. En hann t.d. féll niður núna um áramótin og það sýnir afturför hjá þessari ríkisstjórn í þessum málum en ekki framför. Það er dapurlegt að ríkisstjórnin skuli ekki vera framsýnni í þessum efnum.

[14:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og ég reyndi að koma á framfæri í svari mínu áðan þá hafa verið tekin ákveðin mjög vel skilgreind skref. Það er búið að undanþiggja vörugjaldi ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa svo sem rafhreyfli eða vetni og ökutæki sem nota innlenda orkugjafa greiða 50% lægri þungaskatt og hluti virðisaukaskatts vegna umhverfisvænna hópbifreiða sem uppfylla tiltekin skilyrði hefur verið endurgreiddur. Það er því búið að stíga mjög góð skref að þessu leyti. En það er rétt að gera þarf meira og ætlunin er að gera meira.

Hér var sagt að þessi mál væru að malla í samráðsnefnd. Ég vil nú ekki orða það svo. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt nefndarstarf sem á sér stað um orkumál í samgöngum undir forustu iðnrn. Hins vegar þurfa menn að viðhafa ákveðið samráð þegar gera á miklar breytingar.

Þess er auðvelt að minnast að hér hefur verið rætt um olíugjald. Það fór inn í þingið á sínum tíma, dagaði uppi. Ég tel að það gæti verið mjög gott skref að fara í olíugjaldsbreytingar og það er eiginlega má segja forsendan fyrir því að við náum þessum markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér um sjálfbæra þróun að fjölga hér dísilbílum.

Ég tel því að við séum að gera góða hluti. Við höfum farið í gegnum stefnumörkun. Ríkið hefur sett stefnu. Mig langar líka að nefna hér að borgin hefur verið með framsýna stefnumótun á þessu sviði. Og af því að hér er hæstv. samgrh. þá hefur samgrn. markað mjög metnaðarfulla stefnu varðandi umhverfismál í samgöngugeiranum. Ég held því að við séum á réttri leið. En að sjálfsögðu er þetta verkefni ekki búið og munum við taka mörg fleiri skref í framtíðinni.

Vatnajökulsþjóðgarður.

Fsp. BjörgvS, 403. mál. — Þskj. 542.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. umhvrh. hvað líði áformum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í ljósi þess að fengin er niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu og í öðru lagi um hvort rekstur Jöklasetursins á Hornafirði sem einnar af miðstöðvum þjóðgarðsins sé til skoðunar í því samhengi.

Fyrirhuguð stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er mjög mikilvæg aðgerð í mörgu tilliti og eitt mikilvægasta mál byggðanna á Suðausturlandi og reyndar atvinnulega fyrir öll sveitarfélögin sjö sem eiga land að jöklinum, enda hefur þjóðgarðurinn í för með sér mörg stór tækifæri í ferðaþjónustu auk fjölda fastra starfa við vörslu og viðgang Vatnajökulsþjóðgarðs. Ferðaþjónustan kemur til með að eflast mjög og hafa margir leitt líkur að því að með tímanum mundi öflug starfsemi í kringum þjóðgarðinn verða til íbúafjölgunar og fjölbreyttara mannlífs og atvinnulífs á svæðunum sem honum tengjast. Þá munu íbúar í dreifbýlinu fá mörg verkefni við það að bæta aðgengi að náttúruperlunni Vatnajökli. Tenging jöklaseturs við háskólasetur í Nýheimum á Hornafirði mundi einnig opna ótal möguleika fyrir öflugt rannsóknar- og háskólastarf ýmiss konar á svæðinu og þá ekki síst í tengslum við þær frumherjabúðir sem tekið hafa til starfa í Nýheimunum þar sem byggð hefur verið upp fyrsta flokks aðstaða fyrir fræðimenn til að stunda störf sín.

Virðulegi forseti. Til þess að ná sem mestu út úr stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir byggðir og mannlíf á Suðausturlandi er brýnt að tengja stofnun þjóðgarðsins vel við Jöklasetrið og Jöklasafnið á Hornafirði með það að markmiði að gera Jöklasetrið að einni af meginmiðstöðvum hins nýja Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í Jöklasetrinu yrði t.d. veitt fræðsla og upplýsingagjöf og boðið upp á afþreyingu í máli og myndum eins og jöklasýningin undanfarin ár gerir nú. Með þessu yrði tryggður fastur opinber rekstrarstyrkur til Jöklasetursins sem er algjör forsenda þess að verkefnið nái að eflast og dafna og ná frekari fótfestu. Í framhaldi af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og jöklaseturs ætti síðan að setja markmiðið á að koma á fót Jöklamiðstöð Íslands sem verði miðstöð jökulrannsókna á Íslandi í framtíðinni, enda verði lagður góður grunnur að slíkri miðstöð með þjóðgarði og jöklasetri. En einnig og ekki síður er um stórbrotið skref í náttúruvernd þessa einstaka svæðis að ræða og þar sem fyrir liggur úrskurður óbyggðanefndar um þjóðlendulínur í Austur-Skaftafellssýslu er óvissu þar að lútandi eytt. Því er brýnt að hraða stofnun þjóðgarðsins sem

allra mest enda eru væntingar fólks þar eystra miklar í því sambandi.

Því spyr ég hæstv. umhvrh. eftirfarandi spurninga:

„Hvað líður áformum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í ljósi þess að fengin er niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu? Er rekstur Jöklasetursins á Hornafirði sem miðstöðvar þjóðgarðsins til skoðunar í því samhengi?"

[14:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt:

„Hvað líður áformum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í ljósi þess að fengin er niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu?"

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar 26. september 2000 um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var skipuð nefnd til þess að skoða möguleikann á stofnun þjóðgarðs sem næði til jökulsins og núverandi þjóðgarðs í Skaftafelli og Lakagígasvæðisins. Í kjölfar tillagna nefndarinnar árið 2002 var Umhverfisstofnun falið í samræmi við lög um náttúruvernd að hefja undirbúning að stofnun þjóðgarðsins. Á sama tíma var skipuð tólf manna ráðgjafarnefnd sem skipuð er fulltrúum allra sveitarstjórna sem land eiga að jöklinum ásamt fulltrúum í ferðaþjónustu og fleiri aðilum sem málið varðar.

Umhverfisstofnun og ráðgjafarnefndin hafa unnið ötullega undanfarna mánuði að undirbúningi málsins og fjallað um þætti eins og afmörkun þjóðgarðsins, drög að reglugerð fyrir þjóðgarðinn, skipulag og stjórn þjóðgarðsins. Ráðgjafarnefndin stefnir að því að skila tillögum sínum til Umhverfisstofnunar í mars og mun stofnunin yfirfara tillögurnar og gera endanlegar tillögur til ráðuneytisins um stofnun þjóðgarðsins. Þessi mál eru því í mjög mikilli vinnslu og ganga ágætlega.

Í fyrirspurn hv. þm. kemur fram að það sé fengin niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu. Varðandi þetta atriði vil ég draga það fram að að mínu mati er sú niðurstaða ekki fengin, þ.e. á jöklinum eru sjö sveitarfélög, ef ég man rétt. Það eru fjögur að norðanverðu og þrjú að sunnanverðu. Niðurstaða er fengin gagnvart eignarhaldi á þessu svæði einungis í sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði. Reyndar er í gangi núna ferli sem lýtur að Skaftárhreppi og Ásahreppi sem eru að sunnanverðu. En ferlið er ekki hafið að norðanverðu. Eignarhaldið er því ekki enn þá útkljáð á öllum jöklinum, einungis í einu sveitarfélagi. Því er eiginlega of snemmt að segja nákvæmlega um hvernig það þróast. Þó eru komnar mjög sterkar vísbendingar með úrskurði óbyggðanefndar um að ríkið eigi sjálfan jökulinn, jökulhettuna, miðað við úrskurðinn sem fallið hefur.

Seinni spurningin var:

„Er rekstur Jöklasetursins á Hornafirði sem miðstöðvar þjóðgarðsins til skoðunar í því samhengi?"

Því er til að svara að þar sem ráðuneytið hefur ekki fengið tillögur Umhverfisstofnunar og ráðgjafarnefndin er enn að störfum þá get ég ekki sagt til um það á þessari stundu hvort Jöklasetrið á Hornafirði sé til skoðunar sem miðstöð þjóðgarðsins. Það sem ég hins vegar veit og blasir við er að Jöklasetrið mun að sjálfsögðu tengjast þessum þjóðgarði mjög sterkt af því að þarna verður stærsti jökull Íslands þjóðgarður og Jöklasetrið snýst auðvitað um þann jökul. Að sjálfsögðu verða geysilega sterk tengsl milli þessa seturs og þjóðgarðsins þegar þar að kemur.

Hins vegar veit ég að það hefur verið til umræðu í nefndinni að hugsanlega — og ég segi hugsanlega því að það hafa ekki enn þá komið tillögur til okkar — að hugsanlega er hægt að sjá fyrir sér nokkrar jafnsettar miðstöðvar í kringum jökulinn, þjónustumiðstöðvar. Það væri þá ekki um einhverja eina aðalmiðstöð að ræða. Nú þegar hefur skapast eitthvert tog bæði innan sveitarfélaga og milli sveitarfélaga um hvar hugsanleg aðalmiðstöð eigi að liggja. Við erum ekki að taka neinar ákvarðanir á þessari stundu um slík mál og verið getur að engin slík ákvörðun verði tekin, það verði enginn einn staður aðalstaðurinn. Það verði margir jafnréttháir staðir og margar jafnréttháar þjónustumiðstöðvar settar á laggirnar. Að mínu mati er því þetta tog ótímabært og eðlilegra að reyna að viðhalda þeirri samstöðu sem hefur ríkt um málið í kringum jökulinn og hefur verið mjög ánægjuleg og skoða hvaða tillögur koma. Ferlið er sem sagt í fullum gangi og gengur vel en þetta er geysilega flókið mál og margt sem á eftir að skoða eins og t.d. eignarhald.

[15:01]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er á dagskrá. Eins og hæstv. umhvrh. er kunnugt hef ég mjög mikinn metnað fyrir hönd Náttúrurannsóknastöðvarinnar í Mývatnssveit sem er sjálfstæð rannsóknastofnun. Nú eru 30 ár síðan hún var sett á laggirnar og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki sé kominn tími til þess að fylgja eftir þeim hugmyndum sem stóðu að baki stofnun þessarar rannsóknastöðvar. Það er að sjálfsögðu algerlega út í hött að hugsa sér að það sé nægilegt að vera með einhverjar þjónustumiðstöðvar hringinn í kringum jökulinn eins og kerti sem öllum sé fjarstýrt frá Reykjavík. Það sem við Norðlendingar erum að hugsa um er að þessi náttúrurannsóknastöð taki að sér rannsóknir á svæðinu norðan Vatnajökuls og skriðjöklunum sömuleiðis sem næra Jökulsá á Fjöllum. Þegar talað er um þjóðgarð norður þar hlýtur maður að leggja fram þá kröfu að þeim þjóðgarði sé stjórnað af heimamönnum.

[15:02]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að þetta mál sé komið á dagskrá. Vatnajökull er stærsti jökull í Evrópu, ekki aðeins á Íslandi, og eitt virkasta eldfjallasvæði sem til er í öllum heiminum. Þetta er afar mikilvægt svæði, afar merkilegt svæði og afskaplega falleg og stórbrotin náttúra. Þetta stóra verkefni er mjög mikilvægt fyrir öll sveitarfélögin sem eiga land að jöklinum hringinn í kringum hann.

Ég vil taka undir það sem hér kom fram að þetta mál má ekki fara í einhverja togstreitu. Ég vil leggja áherslu á það eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson að nýta aðstöðuna sem komin er fyrir norðan. Ég tek undir með hæstv. forseta þingsins og einnig Nýheimum að nýtt verði sú aðstaða sem er á Höfn í Hornafirði. Það er brýnt að styrkja stoðir rannsóknastöðvar og verkefna úti á landi og ég legg mikla áherslu á að verkefni sem verða í kringum Vatnajökul verði í kringum jökulinn, ekki fjarstýrð að sunnan.

[15:03]

Mörður Árnason:

Forseti. Áætlunin um þjóðgarð á Vatnajökli er eitthvað það besta sem fram hefur komið í þjóðgarðamálum og náttúruvernd á síðari árum. Mér þykir hörmulegt að heyra að þessi áætlun og þetta verk stefni í að verða bitbein manna fyrir norðan, sunnan, vestan og austan jökulinn sem ætla sér nú að fá bita af einhverri köku sem þeir telja að þarna standi til boða. Það er auðvitað eðlilegt að reka þjóðgarð af þessu tagi í tengslum við þá sem næst búa en ég hlýt að óska sérstakrar skýringar á því hvaða merkingu orðið „heimamenn"

hefur í tengslum við þjóðgarða á jökli, og þar að auki væri fróðlegt að vita síðan hvenær hv. þm. Halldór Blöndal varð Norðlendingur sem hann taldi sig vera áðan, hæstv. forseti.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Skaftafell er einhver glæsilegasti og skemmtilegasti þjóðgarður sem ég hef komið í. Það er jafnframt á döfinni að gera þjóðgarð úr jökulhettunni sjálfri. En eins og þingheimur veit er starfandi nefnd um friðlýsingu og stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Ég tel að það eigi að steypa öllum þessum þremur svæðum í einn stóran þjóðgarð sem væri einsdæmi á heimsmælikvarða. Ég tel að þá yrði engin togstreita milli þeirra sem búa á mismunandi stöðum umhverfis jökulinn. Þá væri ein yfirstjórn yfir þjóðgarðinum þar sem öll sveitarfélögin kæmu að en jafnframt væru stöðvar eins og sú sem hv. þm. Halldór Blöndal reifaði áðan og það væri sömuleiðis þjóðgarðsvörður á Höfn í Hornafirði svo að hægt væri að stýra mismunandi svæðum úr mismunandi fjórðungum sem að þessum mikla þjóðgarði mundu liggja. Ég tel því enga ástæðu til þess að ætla að það verði einhver togstreita, þá væri hægt að sætta þetta allt saman.

[15:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrirspurnina og fagna ákveðnum þáttum í svari hæstv. umhvrh. Það er auðvitað gott að það skuli vera að nálgast einhver lausn í þessu máli að Vatnajökulsþjóðgarður verði á endanum þjóðgarður þó svo hafa verði í huga að jökulhettan sjálf þarfnast ekki eiginlegrar verndar. Hún verndar sig sjálf. Það sem skiptir mestu máli um uppbyggingu þessa þjóðgarðs eru svæðin í kringum jökulinn þar sem hinar eiginlegu náttúruminjar sem þarfnast verndar er að finna. Þess vegna skiptir verulegu máli að þessar umræður séu á faglegum nótum og við ræðum um það af alvöru að Vatnajökulsþjóðgarður komi til með á komandi árum að teygja sig í kringum kragann, allan þennan dýrmæta kraga sem umlykur jökulhettuna og auðvitað norður fyrir jökulinn þó svo að það svæði verði ævinlega yfirskyggt af þeim gífurlegu náttúruspjöllum sem nú standa yfir á hálendinu norðan Vatnajökuls. Þar á ég auðvitað við skrímslið Kárahnjúkavirkjun.

[15:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta eru mjög ágætar umræður sem hér fara fram um Vatnajökulsþjóðgarð og eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi er starfandi nefnd um þjóðgarð norðan Vatnajökuls og afskaplega áhugavert að tengja þessi svæði saman.

Hér hefur komið fram í umræðu og verið ýjað að því að menn séu farnir að togast á um hvernig eigi að stjórna þessum þjóðgarði og hverjir eigi að koma að því. Ég vara sérstaklega við því að menn séu að ýfa upp slíkar umræður vegna þess að við sem höfum farið um svæðið til þess að kynna okkur málefnin og kynna okkur náttúrufar svæðisins höfum ekki orðið vör við það af hendi heimamanna að verið sé að slást um einhverja hluti. Menn eru að ræða þetta. Það er mikið umræðuferli í gangi og samráð sem á auðvitað að vera. En ef menn halda að það sé hægt að ýfa upp einhver sárindi milli heimamanna til þess að hafa afsökun fyrir því að flytja málið allt til Reykjavíkur, er það mikill misskilningur.

[15:08]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu um Vatnajökulsþjóðgarð og tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að hér geti orðið einn af glæsilegri þjóðgörðum veraldar. Menn hafa nálgast umræðuna dálítið út frá þjóðgarðinum sem rannsóknarfyrirbrigði en það er líka rétt að vekja athygli á því að þjóðgarðinum viljum við koma upp til þess að vernda svæði til þess að hægt sé að stunda þar rannsóknir en ekki síst til þess að fólk geti notið þeirrar náttúrufegurðar sem þar er.

Hins vegar er umræða um það hvernig og hvaðan eigi að stjórna þjónustu, hvort heldur er rannsóknum eða vegna ferðamanna, hvort sú stjórnun fer fram fyrir sunnan, fyrir norðan, sunnan jökla, norðan jökla eða suður í Reykjavík í rauninni ekki meginatriðið. Aðalatriðið er að verkefnið er að verða að raunveruleika og heimamenn eru að sjálfsögðu langsamlega best til þess fallnir hvort sem þeir búa norðan eða sunnan jökla og ég efast ekki um að þar muni takast gott samstarf og staðsetning einstakra þjónustustöðva á að vera endanlega í höndum heimamanna.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá líflegu umræðu sem var í þingsal um þetta mikilvæga mál okkar landsmanna allra sem snertir þó sérstaklega íbúana í þeim sjö sveitarfélögum sem liggja að jöklinum og eiga land þar að. Ég tek undir með hæstv. umhvrh. um leið og ég þakka fyrir svar hennar og fagna því að það styttist í að nefndin skili af sér og þetta mikla verkefni verði að veruleika. Með tilliti til náttúruverndar, byggðar og mannlífs á svæðunum í kringum jökulinn tek ég eindregið undir það að að sjálfsögðu eiga að vera nokkrar jafnsettar rannsóknar- og þjónustumiðstöðvar í kringum jökulinn, að þeim sé vel dreift, réttlátlega og af sanngirni þannig að þeir sem hagsmuna eiga þar mestra að gæta í atvinnulegu tilliti njóti þess í sem ríkustum mæli og skiptir ekki öllu máli hvaða nafn þær bera.

Ég spurði sérstaklega um Jöklasetrið til að fá það fram hjá hæstv. umhvrh. hvort það væri ekki örugglega tryggt og öruggt að það væri inni í myndinni sem ein af meginrannsóknar- og þjónustumiðstöðvum í kringum fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð. Það er ákaflega mikilvægt því að reynslan af Jöklasetrinu, þær sýningar sem þar hafa verið settar upp hafa tekist ákaflega vel og á fjórða þúsund manns hafa keypt sig inn á sýningarnar, skoðað þær og barið augum og fræðst þar mjög um þá merkilegu sögu sem er að finna í kringum þennan stóra og glæsilega jökul. Í því samhengi er nauðsynlegt að byggja á því góða sem fyrir er og nýta þá vitneskju og þá fjármuni sem heimamenn og hið opinbera hefur þegar lagt í að hlúa að þessari starfsemi á Hornafirði sem Jöklasetrið er og byggja á því líka að því leytinu sem ég nefndi áðan í fyrirspurn minni og stefna að því að þar verði sérstök Jöklamiðstöð Íslands stofnsett til rannsókna og til að nýta þá miklu þekkingu sem á svæðinu er.

[15:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og við var að búast hafa þingmenn geysilega mikinn áhuga á þessu máli og erfitt að ræða það í svona knöppu formi. Það má segja að þetta séu eiginlega tvö mál sem tengjast samt órjúfanlega, þ.e. jökulhettan sjálf sem búið er að taka pólitíska ákvörðun um að verði

þjóðgarður og ríkisstjórnin samþykkti fyrir nokkru síðan. Sú vinna er komin nokkuð langt á veg og við fáum bráðlega tillögur um hvernig á að standa frekar að málum.

Svo er það hitt málið. Það er nefnd undir forustu Magnúsar Jóhannessonar, ráðuneytisstjóra í umhvrn., þar sem nokkrir þingmenn sitja einnig sem hafa m.a. tekið til máls í þessari umræðu. Sú nefnd er að skoða þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls og hefur líka verið að starfa með miklum myndarskap upp á síðkastið.

Ég á von á því að í framtíðinni endi öll þessi vinna á því, og það er minn draumur, að við verðum með einn stóran þjóðgarð, þ.e. Vatnajökul með Skeiðarársand til sjávar að sunnan sem er órjúfanlegur hluti af þessum náttúrufyrirbærum sem Vatnajökull er og síðan svæðið norðan jökulsins sem nær með Jökulsá á Fjöllum niður til hafs að norðanverðu gegnum Jökulsárgljúfrin. Þetta er sú mynd sem ég sé fyrir mér og nær yfir geysilega stórt svæði og er náttúrufyrirbrigði sem teygir sig á milli stranda. Vegna þess að þetta er svo stórt í sniðum býst ég við að það verði vilji til þess að setja sérlög um þennan stóra þjóðgarð, og það skapast mest samstaða um hann ef heimamenn stjórna þjóðgarðinum. Þarna eru mörg sveitarfélög og margir hagsmunaaðilar og það verður að skapa mjög mikla samstöðu um hugmynd sem þessa og þá verða heimamenn að hafa stjórn á þessum málum.

Varðandi hvar þjónustumiðstöðvarnar eiga að vera, það er búið að tína til jöklasetur í rannsóknastöðinni á Mývatni og fleiri staði, tel ég að við getum fundið lausn á því með nokkrum jafnréttháum stöðvum en við erum ekki komin það langt með málið að geta valið þær á þessari stundu en það kemur að því.

[15:14]

Útbýting þingskjala:

Fjarlækningar, 487. mál, fsp. RG, þskj. 759.
Íslensk farskip, 484. mál, þáltill. SigurjÞ o.fl., þskj. 756.
Rafræn sjúkraskrá, 486. mál, fsp. RG, þskj. 758.

Skaðleg efni og efnavara.

Fsp. KolH, 423. mál. — Þskj. 589.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Fyrir skemmstu var haldinn fundur á vegum Umhverfisstofnunar um nýja löggjöf Evrópusambandsins um kemísk efni. Þar voru flutt athyglisverð erindi, annað af Sydsel Dyekjær og hitt af Sigurbjörgu Gísladóttur, forstöðumanni hjá Umhverfisstofnun. Í þessum erindum kom fram ýmis fróðleikur sem er kveikjan að þeim tveimur fyrirspurnum sem ég hef hér lagt fyrir hæstv. umhvrh.

Mikill fjöldi kemískra efna er í almennri notkun í samfélagi okkar. Mörg þessara efna hafið gengið í gegnum strangar vísindalegar prófanir en þúsundir þeirra hafa aldrei verið prófuð á vísindalegan hátt. Þess vegna er sáralítið vitað um áhrifin sem þau geta haft á heilsufar manna eða umhverfið.

Notkun kemískra efna hefur margfaldast undanfarna áratugi. Árið 1930 er áætlað að heimsnotkun þeirra hafi verið um ein milljón tonna á ári en í dag er sú notkun komin upp í 400 milljónir tonna á ári. Og þó þessi efni séu fundin upp til að auðvelda okkur lífið og auka þægindi okkar í velmegunarsamfélaginu vitum við ekki hvaða neikvæðu áhrif eiga eftir að koma í ljós í umhverfinu eða hvaða heilsubresti á síðar meir eftir að rekja til þessara efna. Á téðum fundi sagði Sigurbjörg Gísladóttir frá því að íslensk lög og reglur sem gilda um notkun kemískra efna séu að stofni til frá árinu 1968 og hafi lítið breyst síðan. Þau séu á engan hátt fullnægjandi miðað við kröfur tímans í dag, kannski vegna þess að Umhverfisstofnun hefur takmarkaðar heimildir til að afla sér upplýsinga um þessi efni.

Í máli Sigurbjargar kom fram að um 30 þúsund efni séu markaðssett í meira magni en einu tonni í Evrópu árlega. Af öllum þessum efnum, 30 þúsund, hafa aðeins um 140 verið tekin til sérstakrar skoðunar á síðustu 10 árum vegna gruns um að þau skaði umhverfið eða séu heilsuspillandi. Evrópusambandið virðist nú hafa viðurkennt vandann. Þar liggur fyrir tillaga að nýrri löggjöf sem gengur undir nafninu REACH. Hún felur í sér tillögur um að efnaframleiðendur verði ábyrgir fyrir því að efni séu skráð og metin undir strangara eftirliti en verið hefur.

Nú hafa efnaframleiðendur hins vegar snúist gegn þessari viðleitni yfirvalda og risið upp til varnar hagsmunum sínum og því miður hefur þeim tekist að útvatna upphaflegar tillögur talsvert mikið. Upphaflegt markmið var auðvitað að vernda heilsu og umhverfi og stuðla að sjálfbærri þróun en nú virðist sem sóðarnir innan iðnaðarins séu ráðandi um stefnumörkunina. Frá þessu greindi Sydsel Dyekjær á téðum fundi.

Afstaða Norðurlandanna hefur verið til fyrirmyndar í þessum efnum. Þar eru mörg iðnfyrirtæki sem standa sig vel og norræn umhverfisverndarsamtök hafa undanfarið tekið saman skýrslu um sjónarmið slíkra fyrirmyndarfyrirtækja til að undirbyggja málflutning sinn innan Evrópusambandsins, enda ætla þau að freista þess að sannfæra evrópska stjórnmálamenn um að endurvekja þurfi þær góðu hugmyndir og þann góða ásetning sem var að finna í upphaflegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

En nú spyr ég, virðulegi forseti, hæstv. umhvrh. um þær aðgerðir sem stjórnvöld hér á landi beita til að takmarka notkun skaðlegra efna og sömuleiðis um hver afstaða íslenskra stjórnvalda er til Evrópulöggjafarinnar væntanlegu.

[15:18]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi það hvaða aðgerðir stjórnvöld beita hér á landi til að takmarka notkun skaðlegra efna og efnavara og hvernig er háttað eftirliti með notkun slíkra efna þá er því til að svara að sala og dreifing eiturefna er algjörlega bönnuð á almennum markaði en leyfð í iðnaði. Sala eiturefna er bundin leyfi umhvrh. Þeir sem nota eiturefni að staðaldri við störf sín þurfa leyfi frá Vinnueftirliti ríkisins. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga getur heimilað einstakar afgreiðslur eiturefna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki með því að gefa út eiturbeiðnir. Innflutningur er áritunarskyldur.

Varnarefni eru bönnuð nema þau hafi verið sérstaklega skráð hér á landi, þ.e. fengist hafi leyfi til innflutnings, framleiðslu, sölu og notkunar. Í undantekningartilvikum, þ.e. þegar upp koma sérstök vandamál, eru veittar tímabundnar og skilyrtar undanþágur til innflutnings og notkunar óskráðra efna. Hættulegustu varnarefnin eru eingöngu heimiluð til notkunar fyrir fagmenn. Sala hættulegustu varnarefnanna er bundin leyfi umhvrh. Innflutningur er áritunarskyldur.

Ósoneyðandi efni og tiltekin efni sem valda gróðurhúsaáhrifum eru bönnuð eða takmörkuð í samræmi við ákvæði reglugerða. Ráðherra getur veitt tímabundnar undanþágur í ákveðnum tilvikum. Innflutningur ósoneyðandi efna er áritunarskyldur.

Ýmis önnur efni eru takmörkuð sérstaklega með reglugerðum. Undir þessar takmarkanir fellur stór hópur efna sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, geta valdið stökkbreytingum eða haft áhrif á æxlun. Einnig eru ýmsar sérreglur um takmarkanir á notkun efna við notkunarsvið. Einnig eru í vissum tilvikum bönn eða takmarkanir á því hvaða efni eða hvaða magn er heimilt að nota í tilteknar vörutegundir, svo sem snyrtivörur. Í sumum tilvikum er notkun takmörkuð fyrir almenning en leyfð fyrir fagmenn og í iðnaði.

Eftirlit með framkvæmdinni tekur mið af því að fylgjast með því að ekki séu á markaði eða fari á markað efni sem óheimilt er að selja eða nota. Einnig að meðferð, notkunarleiðbeiningar, innihaldslýsingar og aðrar upplýsingar um efni og vörur séu í lagi og að leyfi séu fyrir hendi þegar við á. Eftirlit er hjá Vinnueftirliti ríkisins ef um vinnustað er að ræða, hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga þegar um er að ræða sölu og dreifingu vöru og einnig innan fyrirtækja sem heilbrigðiseftirlitið veitir starfsleyfi.

Eftirlit með innflutningi er hjá Umhverfisstofnun í samvinnu við tollyfirvöld. Áritun innflutningsleyfa er hjá Umhverfisstofnun að hluta og að hluta hjá Vinnueftirliti ríkisins, þ.e. sé um að ræða varnarefni í landbúnaði og garðyrkju og önnur eiturefni sem notuð eru á vinnustöðum. Í þeim tilvikum þar sem innflutningur er háður kvótatakmörkunum er eftirlitið hjá Umhverfisstofnun.

Virðulegur forseti. Í öðru lagi er spurt: „Hver er afstaða stjórnvalda til væntanlegrar löggjafar ESB sem gengur undir nafninu REACH og hver verða helstu áhersluatriði þeirrar löggjafar?“

Því er til að svara að íslensk stjórnvöld gera ráð fyrir því að taka upp væntanlega löggjöf ESB um efni og efnavörur, enda verður þar væntanlega margt til bóta miðað við þá löggjöf sem í gildi er í dag og Ísland hefur tekið upp. Á þessu stigi liggur löggjöfin þó aðeins fyrir í drögum framkvæmdastjórnarinnar og eiga drögin eftir að fara til umfjöllunar í Evrópuþinginu og ráðherraráðinu. Nýja löggjöfin eins og hún liggur fyrir í dag í drögum, nær yfir þá löggjöf sem í dag skiptist í tilskipanir um takmarkanir og bönn, flokkun og merkingar og mat á áhættu af nýjum og skráðum efnum.

Ein af stóru breytingunum er að ábyrgð á framkvæmd færist í auknum mæli frá stjórnvöldum yfir á hendur iðnaðarins. Sett verður á laggirnar efnastofnun Evrópu sem mun sjá um þátt framkvæmdastjórnarinnar í framkvæmd löggjafarinnar. Umhvrn. vinnur nú að endurskoðun laga um eiturefni og hættuleg efni og munu endurskoðuð lög fjalla um efni og efnavöru í víðara samhengi. Í væntanlegri löggjöf mun verða tekið tillit til væntanlegra breytinga á Evrópulöggjöfinni eftir því sem efni standa til, jafnframt því sem leitast verður við að bæta yfirsýn stjórnvalda yfir notkun skaðlegra efna í landinu og styrkja lagaheimildir sem snúa að notkun skiptireglunnar og varúðarreglunnar með það að markmiði að vernda umhverfið og auka öryggi og heilsu notenda hættulegra efna.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Það er kannski illa gert að setja fram fyrirspurn sem krefst viðamikils og flókins svars í þessu formi þar sem veitt eru munnleg svör þannig að ég vil biðjast afsökunar á því að hafa gert hæstv. ráðherra erfitt fyrir með að koma öllu svari sínu að á þessum stutta tíma. En það er alveg greinilegt að íslensk stjórnvöld verða að fylgjast gaumgæfilega með því sem er að gerast í Evrópu og að reyna það sem þau geta eftir fremsta megni að hafa áhrif á það að löggjöfin sem verið er að koma á þar verði ekki útvötnuð af framleiðendum eins og ég gat um í upphafi máls míns.

Það er líka verulega mikilvægt að íslensk stjórnvöld standi vörð um og auki og efli þá fræðslu sem mögulegt er að hafa hér á landi hvað varðar notkun þessara efna því hér er um að ræða efni sem fólk innbyrðir eða nýtir. Þessi efni eru í almennri notkun og við vitum að efni eru flókin vara. Nöfnin á þeim eru flókin. Það er erfitt fyrir neytendur að læra að meta og leggja á minnið hver þeirra eru talin vera krabbameinsvaldandi og hver ekki. Og við vitum það öll sjálf að þó svo við höfum heyrt eitt eða annað í þessum efnum stöldrum við kannski sjaldnast við þegar við erum stödd í verslun til að spyrja okkur sjálf hvort viðkomandi vara innihaldi einhver efni sem einhvern tímann hefur verið varað við að gætu verið heilsuspillandi. Ég tel því ábyrgð íslenskra stjórnvalda í þessum efnum vera afskaplega mikla og hvet íslensk stjórnvöld til þess að hafa vakandi auga með því sem er að gerast á þessum vettvangi í Evrópu og að taka til hendinni og efla hér alla fræðslu og sjá til þess að neytendur séu upplýstir og neytendasamtök geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað.

[15:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil bæta því við svarið sem ég gaf áðan að norrænu umhverfisráðherrarnir halda sameiginlega fundi, morgunfundi, áður en umhverfisráðherrar Evrópusambandsins hittast á sínum fundum í Evrópusambandinu og REACH var tekið upp á síðasta fundi norrænu umhverfisráðherranna og þar var það mál rætt. Það er alveg ljóst að Ísland ásamt hinum norrænu löndunum styður frekar harða línu í þessum málum og við reynum að fylgjast með eins og okkur er fært.

Eins og ég tók fram fyrr í dag í tilefni af annarri fyrirspurn höfum við Íslendingar reynt að leggja okkar af mörkum varðandi vinnu sem tengist REACH, eða hættulegum skaðlegum efnum (chemicals). Og ég tel ástæðu til þess að taka það upp hér aftur að Halldór Þorgeirsson, skrifstofustjóri í umhvrn., er formaður nefndar á vegum UNEP eða Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem er að koma með tillögur til UNEP eða til Sameinuðu þjóðanna um hvernig taka á alþjóðlega á þessum skaðlegu efnum. Við erum því að lána okkar besta mann, samningamann, sem við höfum í umhvrn. má segja á þessu sviði í þessa vinnu. Þannig að við getum verið nokkuð stolt af því. Það er auðvitað erfitt að segja að við getum haft mjög mikil áhrif þannig af því að formaður þarf að taka tillit til allra hagsmuna, en ég tel að við munum geta fylgst enn betur með þessu máli af því að það verður fulltrúi Íslands sem mun leiða þetta starf á alþjóðavettvangi.

[Fundarhlé. — 15:26]

Umræður utan dagskrár.

Staðan í Írak.

[15:31]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Nú er það komið á daginn sem margan grunaði. Engin gereyðingarvopn er að finna í Írak. Hver sérfræðingurinn af öðrum staðfestir nú að þrátt fyrir saumnálarleit í heila níu mánuði finnist engin merki þess að stjórn Saddams Husseins hafi haft undir höndum gereyðingarvopn né heldur að framleiðsla slíkra vopna væri gerleg eða í undirbúningi í landinu. Síðast viðurkenndi sjálfur utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Colin Powell, að þetta væri veruleiki hlutanna.

Þetta eru auðvitað stórtíðindi sem óhjákvæmilegt er að taka til umræðu á hinu háa Alþingi, ekki síst vegna þess að meintur ótti við gereyðingarvopnaframleiðslu Íraka var meginforsenda og langstærsta ástæða þess að sú umdeilda ákvörðun var tekin að fara inn í Írak þann 20. mars á síðasta ári. Nú virðist óumdeilt að sú ástæða heldur ekki og var ekki á rökum reist.

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með ráðamönnum, ekki síst hér á landi, sem hafa hangið á hálmstráum í þessum efnum og fram undir það síðasta forðast að horfast í augu við veruleikann. Þannig hefur hæstv. utanrrh. fullyrt í viðtali eftir viðtal að hann væri sannfærður um að þessi vopn væri þarna að finna, það væri eingöngu spurning um hvenær en ekki hvort. Hæstv. ráðherrann taldi sig á dögunum hafa komist í feitt þegar fréttir birtust þess efnis að danskir og íslenskir eftirlits- og leitarmenn hefðu fundið vopn sem innihéldu dularfullan vökva. Heimssögulegur atburður, sagði ráðherra þá. Fljótlega kom þó í ljós að þessi vopnafundur stóð hreint ekki undir því nafni.

Það var loks í fjölmiðlum í fyrrakvöld að greina mátti veikburða tilraunir utanrrh. til að viðurkenna staðreyndir. Þar sagði hann loks í viðtali við Stöð 2 að svo virtist sem stórveldin hefðu gert of mikið úr gereyðingarvopnum Íraka. Þegar hann var í framhaldinu spurður hvort hann hefði stutt árásina hefði hann vitað af því að engin slík vopn væri að finna þá svaraði ráðherrann: Ég skal ekkert um það segja.

Fyrir innrásina var hæstv. utanrrh. þó öllu skýrmæltari. Í umræðum á hinu háa Alþingi þann 27. janúar á síðasta ári sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að vera krafa okkar Íslendinga eins og annarra að þeir afvopnist. Það er krafa Sameinuðu þjóðanna.

Hins vegar ef í ljós kemur að hann býr ekki yfir gjöreyðingarvopnum, þá er málið væntanlega leyst."

Svo mörg voru þau orð. Ef Saddam býr ekki yfir gjöreyðingarvopnum þá er málið væntanlega leyst, sagði ráðherrann. Það liggur því alveg kristaltært fyrir að meint tilvist gereyðingarvopna var það atriði sem öllu skipti. Innrásin virðist því hafa verið byggð á misskilningi samkvæmt skilgreiningu ráðherrans sjálfs frá þeim tíma.

Því er það seinni tíma afsökun hjá íslenskum ráðamönnum þegar þeir segja að innrás í Írak hafi verið réttlætanleg eingöngu til þess að koma harðstjóranum Saddam Hussein frá völdum. Það var aldrei meginatriði málsins enda hafði þessi harðstjóri setið áratugum saman. Að auki benti ýmislegt til þess að dagar hans sem einræðisherra hefðu senn verið taldir án innrásar. Það hefur nefnilega komið á daginn að stjórnkerfi hans var allt í molum, her hans illa vopnum búinn, baráttuvilji lítill og trúnaður við harðstjórann hverfandi. Undirstrikun þessa var þegar hann var í bókstaflegri merkingu dreginn upp úr holu, þrotinn kröftum.

Vissulega var nauðsynlegt að koma þessum illvirkja undir manna hendur. En voru ekki aðrar leiðir en vopnuð innrás skynsamlegri, eins og Sameinuðu þjóðirnar lögðu mikla áherslu á? Ef innrás í annað ríki er réttlætt með því að koma frá harðstjórum sem kúga fólk sitt og myrða þýðir það ekki að óhjákvæmilegt er að leggja drög að frekari aðgerðum í þessa veru? Er það ætlun lýðræðisríkja að halda áfram á sömu braut, fara inn í Norður-Kóreu eða ýmis ríki Asíu og Afríku? Hvað með Íran, sem hæstv. ráðherra er nú nýkominn úr heimsókn frá, þar sem menn hafa óttast að framleidd séu gereyðingarvopn og mannréttindi eru sannarlega fótum troðin? Hvernig ætla menn að halda þessari línu óbreyttri?

Afleiðingar innrásarinnar í Írak eru okkur öllum kunnar og þær eru skelfilegar, ástand mála er þar í miklum ólestri, mannfall hermanna, mannfall óbreyttra borgara og mannfall í hjálparsveitum er mikið. Enginn er óhultur.

Oddvitar ríkisstjórnarinnar skáka gjarnan í því skjóli að þegar réttmæt gagnrýni kemur fram á algera fylgispekt þeirra við Bush-stjórnina þá séum við jafnaðarmenn og aðrir gagnrýnendur óvinir Bandaríkjanna. Þetta er fjarri lagi. Ég ber mikla virðingu fyrir Bandaríkjunum og vil viðhalda áralangri vináttu þessara ríkja. Það breytir því ekki að réttmæt og hörð gagnrýni á Bush-stjórnina á fullan rétt á sér. Það sem meira er, meiri hluti almennings deilir þeim skoðunum með mér. Það skyldi þó aldrei fara svo að á þessu yrðu breytingar síðar á þessu ári, í nóvember þegar Bandaríkjamenn kjósa sér nýjan forseta sem hefði þá hugsanlega allt aðrar áherslur í alþjóðamálum, í Íraksmálum. Hvað gera ráðamenn á Íslandi þá? Taka þeir U-beygju með nýjum stjórnvöldum þar vestra?

Herra forseti. Klukkunni verður auðvitað ekki snúið aftur. Það er gert sem gert hefur verið. Nú gildir hins vegar að reyna að vinna sem best úr ástandinu og kalla sem flesta að verki. Uppbyggingarstarfið verður að halda áfram með samstarfi við alþjóðasamfélagið og heimamenn. Hins vegar er mikilvægt, frú forseti, að í stjórnmálum horfist menn í augu við gjörðir sínar og taki dómi sögunnar. Sú stund er nú runnin upp hér á hinu háa Alþingi.

Því spyr ég hæstv. utanrrh.: Er hann nú loks reiðubúinn til að viðurkenna hið óumflýjanlega, að fylgispekt íslensku ríkisstjórnarinnar við Bush-stjórnina, við innrásina í Írak fyrr á þessu ári, hafi verið mistök?

[15:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það liggur ljóst fyrir að það voru ýmsar ástæður fyrir aðgerðunum í Írak á sínum tíma. Grunnurinn var vissulega gereyðingarvopnin en allt atferli stjórnar Saddams Husseins var ógnun við alþjóðlegan og svæðisbundinn frið og stöðugleika. Ítrekaðar ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna voru virtar að vettugi, það er staðreynd. Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni og vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna voru torvelduð störfin, svo ekki sé meira sagt. Svívirðileg og kerfisbundin mannréttindabrot voru framin allt þar til ógnarstjórnin féll. Það liggur líka fyrir að styrkir voru greiddir af ógnarstjórninni til fjölskyldna hryðjuverkamanna sem framið höfðu sjálfsmorðsárásir.

Það voru því margar ástæður fyrir þessum aðgerðum. Það er ekki eins og þetta hafi verið gert í skyndingu. Það höfðu staðið yfir deilur milli Íraks og Sameinuðu þjóðanna um tíu ára skeið. Það lá fyrir og það er óumdeilt að gereyðingarvopn

voru til í lok Persaflóastríðsins. Það hefur verið margstaðfest og það liggur fyrir.

Það sem liggur hins vegar ekki fyrir er hvað varð um þessi vopn. Það er enn ekki upplýst. En það er óumdeilt að heimsfriðnum stóð ógn af þessari stjórn. Því hefur verið haldið fram að breska ríkisstjórnin og sú bandaríska — kannski nú síðast sú breska — hafi beitt blekkingum í þessu sambandi. Það hefur nú verið staðfest með svokallaðri Hutton-skýrslu að svo var ekki, að breska ríkisstjórnin var í góðri trú. Það lágu fyrir upplýsingar um það frá bresku leyniþjónustunni.

Margt bendir hins vegar til þess að hættan hafi verið ýkt, það liggur alveg ljóst fyrir. En var ástæða til þess og var það afsakanlegt að láta þennan harðstjóra komast upp með að vanvirða alþjóðasamfélagið og vilja alþjóðasamfélagsins í hið óendanlega? Hv. þm. segir núna: Hann hefði sennilega bara farið frá, það var nú allt að bila hjá honum og hefði sennilega ekkert þurft að gera. Ja, mikil er trú hans.

Þeir sem gagnrýna mest innrás Bandaríkjanna og Breta voru líka miklir andstæðingar viðskiptabannsins. Þeir vildu trúa því, sem er mjög gott að trúa, að þetta leysist allt af sjálfu sér. Trú þeirra er mikil. Ég er ekki sammála því.

En ég er sammála hv. þm. um að nú skulum við horfa fram á veginn. Við skulum horfa til enduruppbyggingar Íraks og við skulum horfa til framtíðar þess fólks sem þar býr (**SJS:** Sem enn er á lífi.) og við skulum vona að slíkir harðstjórar komist þar ekki aftur til valda.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem er yfirleitt mjög órótt undir ræðum annarra um þetta mál, veit vel að harðstjórinn — sem ég segi nú ekki að hann hafi stutt en hann gagnrýndi hann ekki mjög mikið hér á Alþingi — myrti hundruð þúsunda manna. Það voru skelfileg grimmdarverk og ábyrgð alþjóðasamfélagsins er mikil í því sambandi. (**MÁ:** Steingrímur ábyrgur bara fyrir því?)

En nú er þessi maður kominn frá — og fleirum er órótt hér inni. Við skulum taka undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Það er það sem skiptir meginmáli. Við skulum horfa til framtíðar og við skulum taka þátt í að byggja upp þetta samfélag og bera okkar ábyrgð í því sambandi. Þar eru vonandi kosningar fram undan og það er vilji alþjóðasamfélagsins og Bandaríkjanna að Írakar taki sem fyrst yfir stjórn landsins og það er það sem skiptir meginmáli.

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er held ég ekki of djúpt í árinni tekið að segja að sú spilaborg blekkinga og lyga sem byggð var upp af Bandaríkjamönnum og fylgismönnum þeirra í aðdraganda innrásarinnar í Írak sé endanlega að hrynja þessa dagana. Vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna, Hans Blix og El Baradei, hafa nú getað tjáð sig um stöðu mála í aðdraganda þess að þeir voru látnir taka pokann sinn og fara út úr Írak. Vopnaeftirlitsmaður Bandaríkjastjórnar sjálfrar, David Kay, sem sagði af sér síðastliðinn föstudag og síðast en ekki síst Colin Powell sjálfur í nýlegri heimsókn til Georgíu, allir þessir menn hafa átt þátt í að blása síðustu spilunum um koll. Það finnast engin gereyðingarvopn í Írak þrátt fyrir linnulausa leit með ærnum tilkostnaði í níu mánuði. Það sem meira er: Leitin nú staðfestir að vopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna á tíunda áratugnum skilaði miklum árangri. Írakar hafa að öllum líkindum losað sig við öll eldri sýkla- og efnavopn sem voru frá því fyrir Persaflóastríðið 1991 strax á fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar. Síðast en ekki síst segir David Kay að engar raunhæfar áætlanir hafi legið fyrir um framleiðslu slíkra vopna hvað þá annað.

Sem sagt, vopnaeftirlitið skilaði miklum árangri. Það fékk þó ekki meiri tíma. Beitt var blekkingum til þess að láta menn halda að umheiminum stafaði ógn af Írak. Því var t.d. logið að Írakar hafi reynt að kaupa kjarnakleyf efni í Afríku. Ásakanir um tengsl við al Kaída samtökin hafa allar reynst úr lausu lofti gripnar.

Það væri langskásti kosturinn fyrir formenn stjórnarflokkanna á Íslandi að viðurkenna mistökin og biðja þing og þjóð afsökunar í leiðinni og taka Ísland út af lista þeirra ríkja sem studdu þessar aðgerðir. Mín vegna mega þeir félagar brjótast áfram um í fylgispektardíki Bandaríkjastjórnar og sökkva þar dýpra og dýpra. En það sem verra er er að þeir draga orðstír þjóðarinnar niður með sér og því mótmæli ég.

[15:44]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Enn og aftur er umræða um Írak í þingsölum. Hverjar eru staðreyndir þess máls?

Saddam Hussein braut þá skilmála sem hann gekkst undir eftir fyrra Persaflóastríðið. Saddam Hussein braut samþykktir hinna Sameinuðu þjóða ítrekað. Saddam Hussein kúgaði og myrti íraskа þjóð. Forsendurnar voru sambærilegar og voru til staðar í Bosníustríðinu, sem Samfylkingin studdi, nema hvað að Saddam braut mun fleiri samþykktir og var mun blóðþyrstari en Mílosevic var nokkurn tíma.

Afleiðingar stríðsins eru í stórum dráttum þessar: Harðstjórn Saddams Husseins hefur verið komið frá og nú er verið að vinna að lýðræðislegum kosningum í landinu. Það er vægast sagt fátítt í þessum heimshluta að slíkt stjórnarfar sé til staðar. Ríki eins og Líbía og Íran eru nú að bjóðast til að gefa eftir gjöreyðingarvopnauppbyggingu sína og eru það góðar fréttir fyrir heimsbyggðina. Stríð eru hörmuleg og því verður ekki haldið fram að öðruvísi hafi verið með þetta stríð. Mikil vinna er fram undan við að byggja Írak upp, það sama á t.d. við um Kosovo og önnur svæði þar sem átök hafa geisað.

Virðulegi forseti. Heimspressan bíður ekki í ofvæni eftir niðurstöðu þeirrar umræðu sem hér fer fram í þingsölum. En það er nokkuð sem er athyglisvert í pólitísku samhengi hér á landi. Á undanförnum áratugum hafa þrír af fjórum flokkum á Íslandi stutt ábyrga stefnu í öryggis- og varnarmálum. Það hefur breyst. Nú hafa báðir vinstri flokkarnir á Íslandi tekið upp áherslur gamla Alþýðubandalagsins í þessum málaflokki. Það endurspeglast m.a. í því að Samf. tefldi í fullri alvöru fram forsætisráðherraefni fyrir síðustu kosningar sem hafði það stefnumál að taka Ísland af lista hinna staðföstu þjóða. Það er án nokkurs vafa eitt vitlausasta stefnumál í sögu íslenskra stjórnmála.

Það er kaldhæðnislegt að fylgjast með Samf. ráðast af alefli á Tony Blair í ljósi þess að það fólk hélt sérstakt samkvæmi á krá á Seltjarnarnesi til að fagna því að sá breski stjórnmálamaður hefði náð kjöri. Er það einsdæmi að stjórnmálaflokkar haldi formlegt boð til að fagna árangri stjórnmálamanna í öðrum löndum.

Flokksmenn Samf. hafa hvað eftir annað lýst því yfir að þá langi til að verða eins og Tony Blair, nútímalegir jafnaðarmenn eins og það er kallað.

Virðulegi forseti. Niðurstaðan er sú að þingmenn Samf. eru gamaldags alþýðubandalagsmenn.

[15:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Frjálsl. mótmælti því harðlega að Ísland styddi árás á Írak. Ísland var meðal þeirra 30 landa sem lýstu því opinberlega yfir að þau vildu taka þátt í afvopnun Íraka. Ákvörðun um beinan stuðning íslensku þjóðarinnar við árásina á Írak var tekin á NATO-fundinum í Prag af hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni og hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni án nokkurs samráðs við Alþingi. Í Prag hikuðu þessir háu herrar ekki við að lofa 300 millj. kr. framlagi af íslensku skattfé til aðgerða í Írak auk þess að flytja hergögn.

Frú forseti. Það er nauðsynlegt að þeir sem tóku ákvörðun um stuðning Íslands við árásina á Írak rifji upp þann eið íslensku þjóðarinnar að bera aldrei vopn á aðrar þjóðir. Meginforsendur fyrir árásinni, meint eign Íraka á gereyðingarvopnum, eru nú brostnar þar sem sá sem leitt hefur vopnaleitina til skamms tíma hefur gefið út þá yfirlýsingu að mjög ólíklegt sé að efnavopn hafi verið framleidd í stórum stíl eftir 1990. Sjálfur utanríkisráðherra Bandaríkjanna hefur tekið undir þær efasemdir.

Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa oftsinnis gefið stórkarlalegar yfirlýsingar um réttmæti árásarinnar en þó hefur dregið úr þeim upp á síðkastið eftir að ljóst er orðið að ófriðurinn hefur dregist á langinn og engin gereyðingarvopn finnast í Írak. Réttlæting á stuðningi við árásina hefur lagst æ þyngra á hæstv. utanrrh. og honum er órótt. Þegar fréttir bárust af meintum fundi íslenskrar sveitar á efnavopnum talaði hann sigri hrósandi um heimsviðburð og var greinilega létt. Hæstv. utanrrh. missti þó gleði sína jafnharðan þegar í ljós kom að engin efnavopn var að finna.

Það er orðið löngu tímabært að þessir háu herrar hætti að reyna að réttlæta árásina, komi síðan fram og biðji þjóðina afsökunar í stað þess að verja kröftum sínum í það að byggja upp Írak og stuðla að lýðræði í þessu stríðshrjáða landi.

[15:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Alvarlegir atburðir eru að gerast í Írak og spurning vaknar um hver okkar ábyrgð sé núna. Fyrir jólin mótmæltu þúsundir kvenna, þar á meðal fyrrverandi dómarar og ráðherrar, nýrri reglugerð ríkisráðsins um að staða og réttindi kvenna muni framvegis ráðast heima í héraði. Óttast er að á mörgum svæðum muni lög múslima, nefnd sharia, gilda um samskipti kynjanna. Þetta eru sömu lög og hjá talibanastjórninni í Afganistan með þeirri undirokun og réttindaleysi kvenna sem heimurinn þá horfði ráðþrota á.

Í fjóra áratugi hafa írakskar konur búið við nútímalegustu lög múslimaheimsins um menntun, jafnrétti og sjálfstæði, og Írak setti fyrst arabalanda lög um launajafnrétti. Þarna hafa starfað mjög öflug kvennasamtök. Einræðisherrann Saddam hreyfði ekki við réttindum kvenna.

Formælendur mótmælendanna sýndu harkaleg viðbrögð. Réttindin okkar voru ekki fullkomin, sögðu þær, en nú verða írakskar fjölskyldur sendar til baka til miðalda. Við verðum sendar heim og dyrunum lokað. Eiginmenn munu geta kastað konunum á dyr að geðþótta og þeim verður heimilað að eiga fjórar, fimm, sex konur. Allir sem kallast klerkar munu geta sett dómstól í húsi sínu og kveðið á um giftingar, skilnaði og réttindi okkar. Ákall írakskra kvenna er að þetta verði að stöðva.

Paul Bremer landstjóri mun eiga að staðfesta svona breytingar. Við hann eru nú bundnar vonir þó að enginn viti hvað gerist eftir 30. júní. En ég spyr: Hver er ábyrgð okkar sem tókum þátt í og studdum innrásina og þá væntanlega eftirleikinn? Kemur okkur við hvort þessar breytingar ganga eftir? Og ég spyr hæstv. utanrrh.: Mun Ísland láta heyra í sér um þetta alvarlega mál?

[15:52]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Saddam Hussein harðstjóri hafði árum og áratugum saman sent SÞ og alþjóðasamfélaginu langt nef, og ég spyr: Hversu lengi átti hann að halda áfram að gera það og viðhalda ógn í heiminum? Margir þeir sömu og voru afdráttarlausustu andstæðingar hernaðaríhlutunar í Írak voru líka áköfustu gagnrýnendur viðskiptaþvingananna sem írakska þjóðin varð fyrir vegna þessa sama harðstjóra.

Hvað vildu þessir menn gera? Það komu aldrei neinar raunhæfar tillögur frá þessum aðilum. Ég minni líka á að þau ríki sem hvað ákafast lögðust gegn hernaðaríhlutuninni voru meðal bestu viðskiptaaðila þessa sama harðstjóra.

En við vorum ekki, frú forseti, aðilar að þessari hernaðaríhlutun eins og látið hefur verið að liggja, og látið er að liggja. Við studdum það að lögum yrði komið yfir einn alræmdasta harðstjóra mannkynssögunnar, sem beitt hafði eigin þjóð svívirðilegri kúgun og ofbeldi áratugum saman, og við studdum og skuldbundum okkur til að styðja uppbygginguna í Írak að hernaðaríhlutuninni lokinni. Og sífellt eru fleiri þjóðir að bætast í þann hóp og það er að nást um það efld alþjóðleg samstaða.

Það hefur jú komið í ljós að upplýsingarnar sem stuðst var við í margra ára löngum aðdraganda þessara hernaðaríhlutana, upplýsingar um gereyðingarvopn Íraka, virðast ekki hafa verið reistar á traustum heimildum en þetta voru upplýsingar, ekki bara frá leyniþjónustum Breta og Bandaríkjamanna heldur frá fjölmörgum öðrum þjóðum, og skýrslur vopnaeftirlitsmanna studdu þær ávallt. Þær studdu ávallt þær upplýsingar að það væri sterk ástæða til að ætla að Írakar réðu yfir gereyðingarvopnum.

Við þurfum, þessi litla þjóð, áfram að reiða okkur á upplýsingar frá leyniþjónustum þessara ríkja og annarra helstu bandalagsríkja okkar en stjórnvöld þar þurfa augljóslega að endurskoða vinnubrögð sín, öflun og úrvinnslu upplýsinga. En ég held þrátt fyrir allt, frú forseti, að það horfi núna bjartar fyrir írösku þjóðinni en hefur gert áratugum saman.

[15:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það veit hvert mannsbarn að meginástæða þess að Bandaríkin og Bretland réðust inn í Írak var sú að þau voru þess fullviss að stjórnvöld í Bagdad byggju yfir gereyðingarvopnum. Hvert mannsbarn í víðri veröld veit það nema kannski hæstv. forsrh. ríkisstjórnar Íslands, Davíð Oddsson, sem í yfirheyrslu DV í gær stendur svo glaður og svo ánægður með þá ákvörðun sína að styðja aðgerðir Bandaríkjamanna í Írak. Þar segir þessi leiðtogi íslensku ríkisstjórnarinnar ekki orð um gereyðingarvopn, aðalatriðið hafi alltaf verið það að koma harðstjóra frá völdum. Það er eins og ráðherrann hafi verið á tunglinu, sambandslaus síðasta ár, slík er órafjarlægðin sem þessar yfirlýsingar hans eru frá umfjöllunum fjölmiðla og ríkisstjórna heims um stríðið og ástæður þess.

Nei, íslenskir stjórnarherrar töldu sig þess umkomna að setja íslenska þjóð á listann yfir hina staðföstu vini herskárrar Bandaríkjastjórnar, sérstaka stuðningsmenn þeirra sem

ætluðu að sölsa undir olíulindir Íraka undir fölsku flaggi og sjá stórfyrirtækjum sínum og risaverktökum fyrir arðsömum verkefnum að aflokinni eyðileggingunni.

En hvar var virðingin fyrir viðurkenndum samskiptareglum þjóða á alþjóðavettvangi? Sennilega líka á tunglinu, virðulegi forseti, eða einhvers staðar þaðan af fjær úti í geimnum. Það virðist eins og virðing hæstvirtra ráðherra fyrir írakskri þjóð sé slíka óravegu í burtu frá öllum raunveruleika. Eða telja hæstv. ráðherrar í alvöru framkvæmanlegt að koma á lýðræði í stríðshrjáðu landi kúgaðrar þjóðar sem á sér enga hefð eða sögu sem getur gert henni kleift að innleiða vestrænt lýðræði á þann hátt sem sumir hafa viljað blekkja þjóðir heims til að trúa að sé hægt að gera sisona, næstum því eins og að drekka vatn? Allt það sem verið er að gera írakskri þjóð er gert með þvingun og vopnavaldi, þjóðin lifir nú með gapandi bandaríska byssukjafta yfir höfði sér, a.m.k. jafnóttaslegin um framtíð sína og áður.

Nei, frú forseti, stríð gegn hryðjuverkum var aldrei hugsað sem tæki til að koma kúgaðri þjóð til hjálpar.

[15:57]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Í 23 ár réði völdum í Írak einhver mesti harðstjóri sögunnar, einræðisherra sem var þekktur fyrir miskunnarleysi sitt og grimmd, bæði gagnvart eigin þjóð og öðrum.

Í kjölfar Flóabardaga voru Írökum settir vopnahlésskilmálar árið 1991 og samkvæmt þeim skyldu þeir afvopnast, sú var krafa alþjóðasamfélagsins. Eftir áralöng átök við Íraka samþykkti öryggisráðið í nóvember árið 2002 ályktun nr. 1441. Þessi ályktun var lokaviðvörun til Íraka um að afvopnast. En sem fyrr létu Írakar sér ekki segjast þrátt fyrir að fyrir lægi að það varðaði valdbeitingu að fara gegn þessari lokaviðvörun. (**Gripið fram í:** Hvar eru vopnin?)

Nú deila menn um það hvort rétt hafi verið lesið úr þeim upplýsingum sem safnað hafði verið um hernaðarlega stöðu Íraks. Því er haldið fram að fyrirliggjandi gögn hafi ekki gefið tilefni til að óttast um tilvist efna- og gereyðingarvopna í landinu. Í þeirri umræðu má ekki gleymast að árin 1992, 1995, 1996 og 1997 hafði Saddam Hussein gefið yfirlýsingar um að hann ætti ekki efnavopn. Engu að síður voru þær yfirlýsingar hraktar í hvert skipti fyrir sig. Síðast árið 1997 fundu eftirlitsmenn útbúnað til að framleiða taugagas. Írakar höfðu átt og þeir höfðu beitt efnavopnum. Talið er að Saddam Hussein og ógnarstjórn hans hafi drepið 35 þús. manns með þessum hætti.

Það sem stendur upp úr í þessu máli er að Írak hafði alls ekki sýnt fram á að landið hefði afvopnast og það er ódýrt fyrir menn að koma hér upp nú, þegar ógnarstjórninni hefur verið hrundið, og segja: Að öllum líkindum höfðu þeir eytt öllum sínum vopnum. Það lá alls ekki fyrir þegar innrásin var framkvæmd og það gagnast ekki mönnum heldur að koma hér upp og segja að Saddam Hussein hefði að öllum líkindum farið frá völdum í ljósi þeirra upplýsinga sem við nú höfum. (**Gripið fram í:** Hvar eru þá vopnin?)

[15:59]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Á vormánuðum síðasta árs var íslenska þjóðin dregin með beinum hætti inn í atburðarás sem valdið hefur allri heimsbyggðinni mikilli hryggð. Stríðsárás Bandaríkjamanna, Breta og fleiri þjóða, þar á meðal Íslendinga, var hafin á fölskum forsendum. Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Íslands hafa opinberlega gefið í skyn að eign Íraka á gereyðingarvopnum sé ekki raunin.

Sögulegur harmleikur hefur átt sér stað, harmleikur sem skilur eftir sig aukið hatur milli tveggja ólíkra menningarheima, harmleikur þar sem þúsundir óbreyttra borgara hafa týnt lífi. Aldrei hefur heimsbyggðinni staðið meiri ógn af hryðjuverkastarfsemi en nú eftir óréttmæta árás á Írak. Öll heimsbyggðin hefur tapað á ofbeldinu, ofbeldi sem við Íslendingar stóðum á bak við ásamt Bandaríkjamönnum, Bretum og nokkrum þjóðum til viðbótar.

Frú forseti. Að svo komnu hefur hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson engan málstað annan en þann að Írakar hafi búið yfir gereyðingarvopnum í stríði sínu við Írani fyrir margt löngu. Hér er um ónýtan málstað að ræða og ljóst að hæstv. ráðherra leitar ákaft að minnsta tilefni til að réttlæta afdrifaríkar gjörðir sínar á síðasta ári. Bandaríkjamenn beittu Japani gereyðingarvopnum í seinni heimsstyrjöldinni. Atómsprengju var varpað á heila borg. Hundruð þúsunda borgara týndu lífi á örskömmum tíma. Hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. eiga að sýna iðrun sína í verki og biðja íslenska þjóð afsökunar á þætti sínum í þeim mikla harmleik sem hrundið var af stað snemma á síðasta ári.

[16:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Það er erfitt að átta sig á hæstv. utanrrh. um þessar mundir. Hann segir það hafa verið rétta ákvörðun af ríkisstjórn Íslands að gera þjóðina að yfirlýstum stuðningsaðila innrásarinnar í Írak. Jú, tilgangurinn var göfugur, munum við, að uppræta hin stórhættulegu gereyðingarvopn Íraka og steypa grimmum harðstjóra af stóli. En nú hafa menn haft góðan tíma til þess að leita að vopnunum og allir, nema e.t.v. hæstv. utanrrh., orðnir fullvissir um að þau eru ekki til. Einræðisherrann illræmdi var dreginn upp úr holu sinni og bíður nú dóms fyrir verk sín. En þótt Saddam Hussein hafi vissulega verið illræmdur var hin raunverulega ástæða innrásarinnar, gereyðingarvopnin, ekki til staðar. Og það er áfellisdómur yfir þeim sem hófu þetta stríð að forsendur þess voru á brauðfótum. Hver ber ábyrgð á því ástandi sem nú ríkir í Írak? Hvað finnst hæstv. utanrrh. Íslands um þá stöðu sem þar er uppi nú? Hvað finnst honum um það að atvinnuleysi er um 50% í landinu, að 60% þjóðarinnar eru undir fátæktarmörkum og verðbólga gríðarleg í kjölfar stríðsins?

Börn í Írak fara ekki í skóla. Þau fara á sorphaugana í leit að æti. Og nú kann hæstv. utanrrh. að svara því til að íslenskir peningar hafi farið í uppbyggingarstarf í Írak. En hvert hafa þeir farið? Hversu hátt hlutfall þeirra hefur farið í hina skrípalegu vopnaleit sem greinilega átti að bjarga andliti þeirra ríkisstjórna sem tóku þátt í vitleysunni? Hæstv. utanrrh. hefur talað um heimsviðburð í því samhengi.

Virðulegi forseti. Hinn eini sanni heimsviðburður er hið ömurlega ástand sem innrásarþjóðirnar hafa kallað yfir þetta hrjáða ríki. Og ríkisstjórn Íslands ber ábyrgð á því ástandi eins og aðrir sem studdu stríðsreksturinn. Spurningin er: Hvernig ætlar hann að útskýra það fyrir þjóðinni að þessi ömurlegi leiðangur hafi verið réttlætanlegur? Það hefur ekki tekist enn og þegar jafnvel stofnanir bandarískra hersins á borð við Army War College hafa viðurkennt að innrásin hafi verið herfræðileg mistök fer að verða örðugt fyrir ríkisstjórn Íslands annað en að viðurkenna mistök sín í þessu efni.

[16:03]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Styrjaldir fela í sér hörmungar. Um það er enginn ágreiningur. En þegar orsakir og afleiðingar styrjalda eru ræddar spretta upp ýmis álitamál. Íraksmálið snýst ekki eingöngu um það hvort til séu eða hafi verið gereyðingarvopn í Írak. Umræðan snýst, og hlýtur líka að snúast, um þann mikla harðstjóra, ekki einhvern harðstjóra, heldur einn mesta harðstjóra veraldarsögunnar sem þar hafði sölsað undir sig völdin. Umræðan hlýtur líka að snúast um það að þessi sami harðstjóri hafi ítrekað hunsað samþykktir og vilja alþjóðasamfélagsins. (**SJS:** Að vísu ...)

Þessi umræða hlýtur líka að snúast um það að þessi harðstjóri hafi þurrkað út heilu þorpin sinna eigin landsmanna. Myndir af látnum mæðrum með látin börn sín í fjallaþorpum í Írak ljúga ekki. (Gripið fram í.) Þær sitja eftir. Mikil er ábyrgð þess harðstjóra. En samábyrgð alþjóðasamfélagsins hlýtur líka að vera mikil gagnvart þessu ástandi. Samábyrgðin er vitaskuld mikil, sambærileg við þá ábyrgð sem alþjóðasamfélagið vildi axla í síðari heimsstyrjöldinni þegar það réðist inn í Þýskaland til þess að hrekja þar burt annan harðstjóra, þekktan úr veraldarsögunni, sem einnig hafði staðið að því að útrýma heilu þjóðarbrotunum innan sinna eigin raða.

Grundvallarspurningin, frú forseti, hlýtur líka að vera þessi: Hvað viljum við gera nú? Viljum við snúa sögunni við og hleypa harðstjóranum aftur að valdastóli sínum svo hann megi taka upp fyrri iðju? Eða viljum við taka þátt í því með alþjóðasamfélaginu að byggja þar upp nýtt Írak með alþjóðasamfélaginu fyrir fólkið í Írak? (Gripið fram í.) Ég styð a.m.k. síðari leiðina, frú forseti.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Fyrst tvær setningar um merkileg innlegg fulltrúa Sjálfstfl. við þessa umræðu. Þeir eru gjörsamlega úti á túni, frú forseti, kaþólskari en páfinn, harðari en haukarnir í Pentagon og blanda síðan orðræðuna með aulafyndni um Samf. Ekki meira um það.

Ég þakka hæstv. utanrrh. þessi orðaskipti. Ég kannski trúði því aldrei innst inni að hann kæmi hér og yrði maður að meiri og viðurkenndi mistök sín, kæmi hingað og sæi ljósið. Það gerði hann ekki þó að auðvitað mætti greina hjá honum ákveðna iðrun þegar hann orðaði það sem svo að sennilega hefði ógnin verið ýkt. En þá brá hann sér í hinn búninginn sem er hinn nýi og fór yfir það að harðstjórann Saddam Hussein hefði þurft að fjarlægja. Ég tek alveg sannarlega undir það. En réttlætir það innrás nokkurra ríkja í annað ríki? Og það dugar ekki, frú forseti, að skáka í skjóli SÞ í þessum efnum því að SÞ lögðu ekki blessun sína yfir þetta innrásarstríð. Höldum því til haga í þessari umræðu. Og rifjum það einnig upp að ríkin eru því miður fleiri, og fleiri harðstjórarnir á þessu svæði og víðar í heiminum.

Af því að ég nefndi Íran til sögunnar hér og hæstv. ráðherra er nýkominn þaðan er rétt að geta þess að Íranir hafa heldur betur fengið á sig samþykktar ályktanir SÞ vegna sannarlegra möguleika þeirra á framleiðslu gereyðingarvopna. Hefði innrás verið réttlætanleg í því tilfelli? Svo ég nefni ekki Gaddafi Líbýuforseta forðum daga, hefði ekki verið rétt undir sömu formerkjum að ráðast þar inn? Hvar ber okkur að stöðva ef svona er í pottinn búið?

Þess vegna höfum við hafnað því að einstök ríki geti tekið sér lögregluvald í heiminum með þessum hætti í blóra og í andstöðu við samfélag SÞ. Það er kjarni þessa máls.

Og ég ítreka og árétta beiðni mína til hæstv. utanrrh. að hann verði nú maður og meiri og segi: Já, þetta voru mistök.

[16:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Sem betur fer stöðum við Íslendingar ekki í þeim sporum að þurfa að senda hermenn í þessar aðgerðir. En það var hlutskipti forsætisráðherra Bretlands, Tonys Blairs, að taka slíka ákvörðun. Trúa þingmenn Samf. því að það hafi verið þeim manni sem er kjörinn með lýðræðislegum hætti og er mjög merkur stjórnmálamaður mjög auðveld ákvörðun og hann hafi gert það af einhverri léttúð? (**Gripið fram í:** Þú ert ekki Blair.) Og hann hafi ... Ég geri mér grein fyrir því að ég er ekki Blair. En það var hann sem stóð í þeim sporum, en í þeim sporum stóð íslenska ríkisstjórnin ekki. Það er út í hött þegar þingmenn Samf. tala hér eins og Íslendingar hafi staðið í þeim sporum og tekið þvílíkar ákvarðanir. Mér dettur ekki í hug að forsætisráðherra Bretlands hafi gert það af einhverri léttúð og hafi gert það til þess að vera í einhverjum þykjustuleik. Hann gerði það að sjálfsögðu vegna þess að hann trúði því, eins og við í ríkisstjórn Íslands, að heimsfriði og heimsbyggðinni stæði ógn af þessum manni, á grundvelli ályktana SÞ. Það var það sem hann trúði og trúir því enn. (Gripið fram í.) Beiðni Bandaríkjamanna og Breta ... Þú skalt tala á Stöð 2 á morgnana, það er nóg fyrir þig. (Gripið fram í.) Það væri gott ef frú forseti mundi einhvern tímann biðja þessa menn sem veita aldrei frið fyrir ræðumenn við svipaðar aðstæður að taka tillit til þeirra. Það eru ákveðnir menn hér í þingsalnum sem fara þar fremstir. Og vil ég fá framlengingu á mínum tíma út á brot þessara aðila á þingsköpum. (**MÁ:** Er hann að tala um ...?)

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég bið um þögn í salnum, leyfa hæstv. utanrrh. að ljúka máli sínu.)

Ég þakka, virðulegi forseti, fyrir það að fá að ljúka máli mínu.

En þetta eru staðreyndir málsins. Við Íslendingar vorum beðnir um stuðning í þessu sambandi af helstu bandamönnum okkar á sviði öryggismála. Samf. vildi segja nei. Engan slíkan stuðning. Engan móralskan stuðning. Ríkisstjórn Íslands sagði: Já, við veitum slíkan móralskan stuðning á grundvelli ályktana SÞ.

Þá liggur það fyrir. Þið vilduð ekki gera það. Við vildum gera það. (**GÁS:** Ekki Samf.) Ég taldi það rétt þá og ég tel það rétt enn.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil líka minna hæstv. utanrrh. á að hann á að ávarpa forseta en ekki einstaka þingmenn.)

[Fundarhlé. — 16:11]

Þjóðgarðar og friðlýst svæði.

Fsp. ArnbS, 426. mál. — Þskj. 592.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Á grundvelli laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, eru starfræktir þrír þjóðgarðar hér á landi auk þjóðgarðsins á Þingvöllum sem starfar samkvæmt sérstökum lögum og heyrir undir forsrn. Þjóðgarðarnir þrír eru

þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, þjóðgarðurinn í Skaftafelli og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum. Auk þess hafa verið skilgreind og friðlýst fjölmörg friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar og svæði skilgreind vegna húsa eða verndar. Einnig er til friðun með sérlögum og á það við t.d. um Mývatns- og Laxársvæðið og Breiðafjörð.

Fyrri spurning mín til hæstv. umhvrh. snýr að því hvernig núverandi stjórnkerfi þjóðgarða og friðlýstra svæða er háttað nú.

Seinni spurning mín til hæstv. umhvrh. er svohljóðandi: Eru á döfinni breytingar á stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæða?

Hæstv. forseti. Unnið hefur verið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á vegum Umhverfisstofnunar og nefnd á vegum umhvrn. vinnur að tillögum að stofnun þjóðgarðs fyrir norðan Vatnajökul. Í ljósi þess að nú er enn gert ráð fyrir fleiri þjóðgörðum og aukinni starfsemi á sviði náttúruverndar og þjóðgarða, hljóta að vakna spurningar um stjórnun á þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.

Í fyrsta lagi er spurning hvort huga ætti að nýrri stofnun sem staðsett yrði á landsbyggðinni og hefði með málefni þjóðgarða og verndarsvæða að gera. Í öðru lagi mætti huga að einkavæðingu á rekstri þjóðgarða. Og í þriðja lagi hlýtur að vera ástæða til að huga að því með hvaða hætti sveitarstjórnir og aðrir heimamenn komi að stjórnun, rekstri og stefnumótun um málefni þjóðgarða.

Roger Crofts er fyrrverandi framkvæmdastjóri náttúruverndarstofnunar Skotlands og situr nú í stjórn alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna. Hann hefur reyndar einnig starfað hér á landi um langt árabil sem ráðgjafi um landgræðslu og náttúruvernd. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu í desember benti hann á að í stjórn þjóðgarðs sem tengist Vatnajökli ætti að velja á lýðræðislegan hátt fulltrúa sem endurspegla helstu hagsmuni sem í húfi eru, bæði hagsmuni sveitarfélaga og þjóðarinnar allrar. Hann hefur bent á að í Skotlandi koma heimamenn að yfirstjórn þjóðgarða en síðan er stjórn í hverjum garði fyrir sig. Þar eru heimamenn m.a. valdir með beinni kosningu.

Ég tel afar mikilvægt með tilliti til náttúruverndargildis þjóðgarða, auk hagsmuna ferðaþjónustunnar í landinu, að til komi staðarþekking þeirra er búa í og við þjóðgarða. Staðbundin þekking bænda og menningarminjar skapa ýmsa möguleika í ferðaþjónustu eins og dæmin sanna. Án þess að kasta rýrð á þá sem nú starfa við þjóðgarða held ég að það sé óumdeilt að þekking og tilfinning fyrir ábyrgð þeirra sem næst búa hlýtur að vera dýrmæt fyrir starfsemi þjóðgarða.

[18:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er spurt: „Hvernig er stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæða háttað?"

Því er til að svara að skv. 28. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, hefur Umhverfisstofnun umsjón með náttúruverndarsvæðum nema annað sé tekið fram í lögum. Náttúruverndarsvæði eru í fyrsta lagi friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti. Í öðru lagi svæði á náttúruminjaskrá. Og í þriðja lagi svæði sem njóta verndunar samkvæmt sérlögum vegna náttúru og landslags. Á náttúruverndarsvæðum starfa landverðir og aðrir starfsmenn og er hlutverk þeirra m.a. að sjá um eftirlit og fræðslu.

Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðunum undanskildum. Er þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur svæðanna sem umhvrh. staðfestir. Umhverfisstofnun hefur síðan eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar. Samningur sem þessi hefur til að mynda verið gerður milli Umhverfisstofnunar og Ísafjarðarbæjar um umsjón og rekstur friðlandsins á Hornströndum.

Sveitarfélög geta óskað eftir því að tiltekin landsvæði sem ætlað er til útivistar og almenningsnota verði lýst fólkvangur og er rekstur hans þá í þeirra höndum. Sveitarfélög sem standa að rekstri fólkvangs skulu gera með sér samvinnusamning og stofna samvinnunefnd sem starfar í samráði við Umhverfisstofnun.

Í náttúruverndarlögum er gert ráð fyrir að stjórnun þjóðgarða sé ávallt í höndum ríkisins og verði ekki framseld til annarra. Hins vegar er ráðherra heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða. Hlutverk ráðgjafarnefndar er m.a. að veita Umhverfisstofnun ráðgjöf og vera til samráðs um skipulag og uppbyggingu og rekstur þjóðgarða og skapa tengsl við skipulag utan þjóðgarðsins.

Ráðgjafarnefndir í þjóðgörðum eru skipaðar fulltrúum sveitarfélaga og ferðamálasamtaka landshlutanna. Ráðgjafarnefndir hafa einnig starfað við nokkur friðlönd og þar sitja fulltrúar landeigenda og hagsmunaaðila ásamt fulltrúum sveitarfélaga.

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem forstjóri Umhverfisstofnunar ræður. Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða og gera tillögur til Umhverfisstofnunar um rekstur þeirra.

Í öðru lagi er spurt, virðulegur forseti: „Eru á döfinni breytingar á stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæða?"

Því er til að svara að engar formlegar ákvarðanir hafa verið teknar um að leggja til breytingar á reglum um stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæða. Undanfarin missiri hefur hins vegar verið vaxandi umræða um að ábyrgð heimamanna á rekstri og stjórn þessara svæða verði aukin, m.a. af hálfu þeirrar er hér stendur. Heimamenn hafa líka haft áhuga á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi og taka þátt í ákvarðanatöku.

Mér er kunnugt um að þessi mál hafa verið talsvert mikið til umræðu í starfi tveggja nefnda sem ég hef skipað og eru nú að störfum, þ.e. annars vegar nefndar sem skipuð var til að aðstoða okkur að undirbúa stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hins vegar nefndar sem á að kanna möguleika á stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls. Ég tel þessi sjónarmið mjög skiljanleg og vil taka þau til nánari skoðunar og styð þau af því ég hef alltaf talið að heimamenn ættu að koma meira að stjórn þessara svæða en nú er.

Vegna stærðar fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs og umfangs þess verkefnis tel ég líklegt að tekið verði að einhverju leyti tillit til þessara sjónarmiða í framhaldinu við stofnun þjóðgarðsins, þó ekki hafi verið teknar neinar ákvarðanir um það enn þá.

Í starfi mínu sem umhverfisráðherra hef ég lagt áherslu á að Umhverfisstofnun sé í mjög góðu samráði og samstarfi við heimamenn. Borið hefur svolítið á því í gegnum tíðina að heimamenn hafi verið ósáttir við stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæða en mér finnst eins og það sé að taka breytingum og það sé meiri sátt um þjóðgarðana í dag en verið hefur um langt skeið. Ég tel því, virðulegur forseti, líklegt t.d. varðandi nýjan Vatnajökulsþjóðgarð og tengd svæði, sem yrði mjög

stór þjóðgarður eins og við höfum rætt fyrr í dag, að sett yrðu sérlög um þann þjóðgarð og stjórn heimamanna, þannig að það yrði stjórn með öðru fyrirkomulagi en við sjáum í dag á þeim þjóðgörðum sem við rekum. M.a. af þeim sökum, ef kemur til lagafrumvarps, er ljóst að það tekur nokkurn tíma að undirbúa slíkt mál og það mundi þá kannski vera ár eða lengri tími í það að slík lög kæmu inn af því að málið er þannig vaxið, það er það flókið og kemur ekki hér inn á næstu dögum.

[18:09]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Áfram ræðum við um þjóðgarða og mikilvægi þeirra fyrir atvinnulíf, mannlíf, náttúruvernd og hvers konar uppbyggingu einstakra svæða á landinu. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda, Arnbjörgu Sveinsdóttur, og hæstv. ráðherra að það er mjög mikilvægt að tryggja aukna ábyrgð íbúa einstakra sveitarfélaga sem að viðkomandi þjóðgörðum liggja bæði að rekstri og uppbyggingu og stjórn þjóðgarðanna. Það er náttúrlega best gert í gegnum réttkjörna fulltrúa íbúa sveitarfélaganna sem eru sveitarstjórnarmenn. Hvet ég hæstv. ráðherra til að hraða allri vinnu við slíka lagasetningu sem mundi tryggja það, sérstaklega í því ljósi að við blasir stofnun á nýjum stórum og mikilvægum þjóðgarði sem er Vatnajökulsþjóðgarður, til að tryggja aðkomu heimamanna að stjórn hans og til að ná sem mestri sátt um uppbyggingu, þjónustu og rannsóknarmiðstöð í kringum hann.

[18:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil aðeins hægja hér á ferðinni og segja í þessari umræðu að Náttúruvernd ríkisins hefur ævinlega leitast við að hafa sem öflugast, best og mest samstarf við heimamenn varðandi þjóðgarða á Íslandi. Það hefur gengið misbrösuglega. Náttúruvernd ríkisins hefur verið lögð niður og er nú deild í Umhverfisstofnun. Það er fagstofnunin okkar sem samkvæmt lögum á að annast faglega umsjón þjóðgarðanna.

Ég vara við þeirri umræðu sem hér er að fara í gang vegna þess að þó svo að við viljum öll efla atvinnu sem fólk getur haft af þjóðgörðunum og efla styrk heimabyggða í sambandi við þjóðgarðana, þá er ekki endilega komið að því að fara að búa til einhverja nýja stofnun eða skilja Umhverfisstofnun eftir með kannski aðeins einn lítinn þjóðgarð, Snæfellsjökul. Það er búið að gera nóga aðför að Náttúruvernd ríkisins að ekki sé farið að tala hér um það nánast að leggja hana niður.

[18:12]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það er þrennt sem ég vil leggja inn í umræðuna. Í fyrsta lagi tel ég nauðsynlegt að það sé alveg skýrt af hálfu löggjafans og yfirvalda umhverfismála að þegar þjóðgarðar eru stofnaðir þurfi þau lönd sem undir þá eru lagðir ekki að vera alfarið í ríkiseigu.

Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög brýnt, ég tala þar af reynslu sem gamall umhverfisráðherra, að heimamenn komi í ákaflega ríkum mæli að stjórn þjóðgarða og friðlýstra svæða. Mestu árekstrarnir sem ég lenti í sem umhverfisráðherra voru einmitt út af því að heimamenn komu ekki í nægilega ríkum mæli að stjórn ýmissa þjóðgarða.

Í þriðja lagi vil ég varpa fram þeirri hugmynd til hæstv. ráðherra, fyrst hún áformar að setja sérstök lög um hinn nýja stóra þjóðgarð sem við höfum verið að ræða í dag, að sá hluti þjóðarinnar sem býr í Reykjavík eigi líka með einhverjum hætti aðkomu að stjórn þjóðgarðsins. Hér er um svo víðfeðmt flæmi að ræða að ég held að við verðum að fara fram á það.

[18:13]

Mörður Árnason:

Forseti. Þau sveitarfélög og forsvarsmenn þess atvinnurekstrar sem næstur er þjóðgörðum hljóta að eiga nokkurn rétt til þess að hafa um það að segja hvernig rekstri hans er hagað þó að þeir taki ekki ákvörðun sem stjórnarmenn. Ég sé ekki betur en að innan ramma þeirra laga sem nú gilda og hæstv. umhvrh. taldi fram áðan sé hægt að koma við allmiklu samráði af þessu tagi.

Ég vil hins vegar gera, eins og ég reyndar gerði fyrr í dag, athugasemd við notkun manna á orðinu heimamenn. Hvað eiga menn við t.d. um Vatnajökulsþjóðgarð? Eiga menn við þá sem búa í nágrenni skriðjöklanna nákvæmlega? Eiga menn við öll þau sveitarfélög sem eiga þarna land að? Hverjir eru heimamenn í raun og veru að hálendi Íslands og öðrum náttúruperlum þess og að íslenskri náttúru? Það erum við öll. Það er ekki hægt að undanskilja Vestfirðinga eða Reykvíkinga eða einhverja aðra landsmenn frá því. Við berum öll ábyrgð á þessu landi og eigum öll að eiga hlut að stjórn þjóðgarða og rekstri þeirra þó að auðvitað séu sumir jafnari en aðrir í því, þeir sem næstir búa og eiga hagsmuna að gæta.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni og sérstaklega ráðherra fyrir svörin og einnig hversu góðan skilning hún hefur haft á því að það þyrfti að hafa mikið og gott samráð við heimamenn við ákvörðunartöku í þessum stóru málum. Það er alveg ljóst að í þeim sveitarfélögum þar sem þjóðgarðar og friðlýst svæði eru hafa menn mjög miklar skoðanir á þessum málum, enda skerða slíkar friðlýsingar í sumum tilfellum athafnafrelsi manna og margt sem kemur þar til.

Ég varpaði fram þeirri hugmynd að setja af stað nýja stofnun, sem staðsett yrði á landsbyggðinni, sem hefði með málefni þjóðgarða og verndarsvæða að gera og þá á ég við allra þeirra, ekki eingöngu þessa nýja þjóðgarðs sem menn ræða nú og verið er að íhuga heldur væru þessi málefni tekin frá Umhverfisstofnun og ný stofnun sæi um þennan málaflokk. Ég held að þarna sé komið kjörið tækifæri til að standa við markmið stjórnvalda um að ný starfsemi á vegum ríkisins skuli staðsett á landsbyggðinni því að ný stofnun sem væri með þennan málaflokk á auðvitað betur heima úti á landi. (**Gripið fram í:** Af hverju?) Þeir sem búið hafa í nábýli við þjóðgarða hafa í mörgum tilfellum ekkert verið sérstaklega ánægðir með nábýlið og því mætti breyta ef heimamenn tækju á sig ábyrgð varðandi stjórn. Heimamenn telja að stundum ráði félagasamtök í Reykjavík meiru en þeir sem búa í eða við verndarsvæði og tortryggni heimamanna, t.d. í Mývatnssveit, byggist á slæmri (Forseti hringir.) reynslu varðandi skipulagsmál. Þjóðgarðar eru ein tegund (Forseti hringir.) landnýtingar og það er eðlilegt að íbúar komi þar að.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti beinir því til ræðumanna að virða ræðutímann.)

[18:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við höfum ekki nein áform um það í umhvrn. að stofna nýja stofnun sem tæki yfir þjóðgarða

og friðlýst svæði. Það eru engin áform um slíkt. Hins vegar skynja ég málefni Vatnajökulsþjóðgarðs og svæða norðan hans þannig að það væri málinu í hag að heimamenn kæmu mjög ríkt að stjórn slíks þjóðgarðs.

Varðandi það að hraða lagasetningu þá tel ég að þetta mál þurfi að skoða vel. Við munum því ekki sjá, að mínu mati, neitt frv. hér á næstunni. Málið er ekki nógu þroskað til þess, því miður.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vildi hægja aðeins á. Ég heyrði að sjónarmiðin sem komu fram í ræðu hennar voru þau að það væri nú kannski ekki svo að það ætti að stofna nýtt stjórnarfyrirkomulag á þessum þjóðgarði. Ég held að það sé eðlilegt að við skoðum það mjög vel að gera það. Ég deili því ekki alveg þeim hugmyndum að það blasi við að við eigum að hafa sama stjórnkerfi á þessum þjóðgarði eins og hinum sem fyrir eru. Það má segja að hann sé öðruvísi fyrir margra hluta sakir. Hann er mjög, mjög stór. Hann nær yfir mjög mikið landflæmi og það eru svo mörg sveitarfélög sem hafa aðkomu. Það eru sjö sveitarfélög í kringum Vatnajökul og 50 einkajarðir líklega þannig að þetta mál er bara þannig vaxið að ég held að það sé náttúruvernd í hag að heimamenn komi mjög sterkt að stjórn þessa þjóðgarðs. Að öðrum kosti held ég að togstreita skapist og málið nái ekki fram að ganga og þá er ekkert unnið með því. Ég er því mjög opin fyrir því að skoða hvernig heimamenn geti komið að stjórn þessa þjóðgarðs jafnvel með sérlögum.

Auglýsingar í tölvupósti.

Fsp. BjörgvS, 365. mál. — Þskj. 484.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til samgrh. um auglýsingar í tölvupósti, þ.e. hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir lagasetningu til þess að setja skorður við óumbeðnum sendingum auglýsinga í tölvupósti.

Nýlega settu bresk stjórnvöld lög um að óheimilt sé að senda óumbeðinn auglýsingatölvupóst. Með þessu móti hyggjast stjórnvöld stemma stigu við flóði svonefnds ruslpósts sem flestir notendur tölvupóstsins þekkja af illri raun en hann flæðir svo tugum og hundruðum skiptir yfir notendur dag hvern. Samkvæmt löggjöfinni bresku á sá sem sendir tölvupóst af þessu tagi yfir höfði sér að verða dæmdur til 5 þúsund punda sektar, eða á sjöunda hundrað þúsund íslenskar kr., eða ótakmarkaða refsingu kviðdóms. Þó liggur fangelsisdómur ekki við broti af þessu tagi samkvæmt löggjöfinni bresku.

Á sömu vegferð eru áströlsk stjórnvöld og setja sambærileg lög til að vinna gegn þessum vanda netverja. Vandinn er hins vegar sá að mikið af þessum pósti kemur erlendis frá og því næðu íslensk lög ekki yfir slíkar sendingar frekar en bresk lög og áströlsk ná yfir sendingar utan þeirra landamæra. Til dæmis kom í ljós samkvæmt ástralskri könnun að aðeins 0,5% slíkra sendinga til ástralskra notenda eru upprunnin í Ástralíu.

Það er hins vegar mikilvægt í þessu máli að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi þjóðanna til að sporna við ruslpóstinum og fylgja í kjölfar þeirra sem slík lög hafa sett og í því ljósi skora ég á hæstv. samgrh. að kanna kosti og galla slíkrar lagasetningar hið fyrsta.

Fjöldamargt má nefna til stuðnings því að mikilvægt sé að kanna kosti slíkrar lagasetningar, t.d. eru tveir þriðju hlutar tölvupósts óumbeðnar auglýsingar og samkvæmt nýjustu gögnum breska fyrirtækisins MessageLabs sem sérhæfir sig í síun tölvupósts var ruslpóstur 62,7% alls tölvupósts til notenda í desember og á bilinu 50–60% í mánuðinum þar á undan. Þessar tölur sýna svart á hvítu hvernig ruslpósturinn vex að umfangi frá mánuði til mánaðar og fram kemur í frétt í New Scientist að sums staðar eru hlutföllin enn þá hærri.

Líklega er rétta leiðin að setja lög á póstveitur um að þær síi ruslpóst frá almennum pósti en fyrir okkur Íslendinga væri best að sú síun væri erlendis, þ.e. að þessi umferð væri ekki á tengingarnar til og frá landinu. Þá má einnig nefna að gagnaflutningur í dreifðum byggðum landsins er oft það hægvirkur að ruslsendingar gera íbúum illa eða ekki kleift að nýta netið í t.d. námi og starfi. Notendur verða að geta krafist þess að þjónustuveitur séu ekki að miðla ruslpósti til þeirra líkt og hægt er að skrá slíka hluti hjá póstinum.

Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. samgrh., með leyfi forseta:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagasetningu til þess að setja skorður við óumbeðnum sendingum auglýsinga í tölvupósti?

[18:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Fyrst er því til að svara vegna fyrirspurnar hv. þm. að megnið af óumbeðnum sendingum auglýsinga í tölvupósti, svokölluðum ruslpósti, berst til okkar erlendis frá með örfáum undantekningum, eins og fram kom raunar hjá fyrirspyrjanda. Netið er ekki bara upplýsingaveita og aðgangsgátt. Það er líka farvegur sölumennskunnar. Þó er það svo að sumt af þessum pósti viljum við fá og annað ekki. Þannig verður hluti af vandanum skilgreiningin sjálf.

Talið er að um þriðjungur alls pósts um netið sé þessarar gerðar og þetta hlutfall getur orðið miklu hærra þegar verið er að að reyna að ná til ákveðinna hópa. Til að mynda gæti þetta hlutfall orðið allt að 80% af pósti til háskólanemenda samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið frá Háskóla Íslands. Svíar hafa mælt 65% aukningu í ruslpósti frá ársbyrjun 2002. Ruslpósturinn kostar ómælt fé sem leggst fyrst og fremst á móttakandann. Þessi kostnaður felst m.a. í kostnaði vegna tapaðra vinnustunda við flokkun ruslpósts frá öðrum pósti og kostnaði vegna aukinnar bandvíddar auk þess sem ruslpóstur opnar leiðir fyrir annað vafasamt efni sem fyrirtæki vilja ekki fá inn í tölvukerfin.

Um ruslpóstinn má finna nokkur dreifð ákvæði í íslenskum lögum, þ.e. í 28. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, í 14. gr. laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, og að lokum þau ákvæði íslenskra laga sem sérstaklega lúta að þessu í 46. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Samkvæmt 46. gr. fjarskiptalaganna er notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts fyrir beina markaðssetningu einungis heimil þegar áskrifandi hefur veitt samþykki sitt fyrir fram. Þrátt fyrir þetta ákvæði er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send hafi

viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun. Að öðru leyti en hér segir eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra sem óska ekki eftir að taka á móti þeim. Þessi grein er í samræmi við 13. gr. persónuverndartilskipunar Evrópusambandsins.

Það sýnir vel vandann sem við er að etja að þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að móttakandi póstsins geti andmælt notkun póstfangsins til markaðssetningar þá ráðleggja sérfræðingar á þessu sviði frá því að það sé gert þar sem það sýni sendandanum að póstfangið sé virkt og þá verður það verðmætara í skiptum við aðra í svipaðri markaðssetningu. Úrræðið virðist felast í því að eyða póstinum eða notkun ruslasíu eða sambærilegrar þjónustu frá internetsþjónustu. Hér á landi sem erlendis starfa fjölmargir við það eitt að hanna hugbúnað og/eða síur til þess að halda ruslpósti utangarðs.

Vandinn er því vissulega fyrir hendi og ekki auðveldur viðureignar.

Hv. þm. spurði, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagasetningu til þess að setja skorður við óumbeðnum sendingum auglýsinga í tölvupósti?"

Þær lagaheimildir sem nefndar voru hér í upphafi duga ágætlega gagnvart pósti af innlendum uppruna. En gagnvart pósti erlendis frá breyta þær litlu. Grundvallaratriðið hér er að vandinn er að mestu utan seilingar íslenskrar löggjafar. Innlendi þátturinn virðist hverfandi lítill. Eina úrræðið er hnattræn samvinna til að takast á við að takmarka og uppræta ósómann. Innan Evrópusambandsins er verið að koma á koppinn stofnun til þess að annast net- og upplýsingaöryggi, European Network and Information Security Agency, skammstafað ENISA. Stofnuninni er ætlað að samræma aðgerðir innan Evrópusambandsins á þessu sviði og þar með varðandi ruslpóst.

Samgönguráðuneytið er nú að huga að þátttöku Íslendinga í stofnuninni. Ráðuneytið hefur falið Póst- og fjarskiptastofnun að hafa yfirumsjón með öryggismálum í fjarskiptum og upplýsingatækni þar sem í ríkara mæli þarf að huga að rafrænum samskiptum í heild í stað rafrænna fjarskipta eins og hingað til. Stofnunin hefur nýverið ráðið starfsmann til að sinna þessum málaflokki sérstaklega. Svarið við spurningunni er því að ekki sé tilefni til að bregðast við þessum vanda með lagasetningu eins og er. En ég vil alls ekki útiloka það og ráðuneytið mun fylgjast grannt með þessu og reyna að tryggja hagsmuni notenda netsins eins og kostur er.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir málefnalega umræðu um þetta mál af því að eins og fram kom í máli hans og mínu í upphafi umræðunnar þá rænir ruslpósturinn miklum tíma frá notendum póstsins, sem eru orðnir fjöldamargir og ef ekki flestir á vinnumarkaði, og teppir mikilvægar boðleiðir á netinu, sérstaklega fyrir þá sem hafa ekki yfir mestu bandvíddinni að ráða og eiga ekki kost vegna búsetu sinnar á því að hafa aðgang að bestu boðleiðunum. Með aðgangi að internetinu er ekki einungis um að ræða aðgengi að afþreyingu og skemmtun heldur er þetta bókstaflega aðgengi að nýjum tækifærum í námi og menntun hvers konar og ekki síst í margvíslegri starfsemi. Fyrir einherja hvers konar og íbúa landsbyggðarinnar sem afla sér menntunar fyrst og fremst í gegnum fjarnám og slíka nýbreytni í menntakerfi okkar, sem held ég að verði nú seint fulllofað sem ný tækifæri fyrir þá sem vilja afla sér menntunar og búa fjarri höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki kost á að sækja sér menntun hingað, þá held ég að ákaflega mikilvægt sé að hnykkja verulega á þeirri lagasetningu sem er að finna í lagagreininni sem hæstv. samgrh. nefndi hér áðan með því t.d. að skoða hvort ekki beri að taka upp sektir ef menn brjóta gegn lögum þessum, eins og Bretarnir gera. Það eru mjög háar sektir hjá þeim. Það ætti að hafa talsverðan fælingarmátt. Eins og allir vita virkar slík lagasetning ekki ef engin viðurlög liggja við broti gegn henni, eins og reynd málsins er í dag. Ég hvet hæstv. samgrh. til að endurskoða hvort ekki beri að leita leiða til að herða verulega á henni.

[18:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að upplýsingatæknin og notkun netsins eru hreint ævintýri, ekki síst fyrir okkur Íslendinga sem búum tiltölulega afskekkt, fámenn þjóð í stóru landi. Kostirnir við netið og notkun þess eru fjölmargir. Þess vegna þurfum við Íslendingar bæði að vera vel á verði við að nýta okkur tæknina, skapa þessi skilyrði, og líka huga að því að vandamálum sé bægt frá eins og það sem hér er til umfjöllunar, ruslpósturinn svokallaði. En það er nú þannig með blessaða tæknina að hún bjargar okkur stundum. Og nú les ég það á netinu, svo ég auglýsi nú netið, á mbl.is, að Bill Gates, sá merki frömuður í upplýsingatækninni, hafi sagt frá því á fundi með fulltrúum ríkisstjórna arabalandanna í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, að ruslpóstur verði ekki lengur vandamál árið 2005. Bill Gates ætlar að vera búinn að leysa þetta á næsta ári. Þá verði búið að smíða svo öflugar síur að þessu verði öllu meira og minna bægt frá. Við getum því alið þá von í brjósti að tölvuspekingarnir hjá Microsoft leysi þetta fyrir okkur að einhverju leyti. Engu að síður mun ég, eins og ég sagði fyrr í svari við fyrirspurn hv. þm., tryggja það að ráðuneytið og Póst- og fjarskiptastofnun, sem við höfum falið að fylgjast með öryggi á netinu, fylgist með þessu og finni leiðir. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessi varnaðarorð sem hann hafði hér uppi, því við þurfum að tryggja umferðina á netinu sem allra best.

Öryggi vegfarenda á Kleifaheiði.

Fsp. GAK, 414. mál. — Þskj. 569.

[18:32]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Öryggi vegfarenda á þjóðvegum er vissulega að aukast. Það eykst í hvert sinn sem slysastaðir eru lagfærðir með fækkun einbreiðra brúa eða nýjum vegaköflum þar sem áður voru blindhæðir eða hættulegar beygjur. Að þessum lagfæringum er unnið samkvæmt áætlun á hverjum tíma svo sem fjárveitingar leyfa. En af nógu er að taka í fækkun áhættu- og slysastaða.

Fyrirspurnin sem ég ber fram snýr hins vegar sérstaklega að öryggi vegfarenda á nýlegum vegi yfir Kleifaheiði. Það hefur vakið athygli og er til fyrirmyndar að vegrið eru sett strax í verklok, t.d. á Vatnaheiði og Bröttubrekku, svo tvö dæmi séu nefnd, Brattabrekkan er nú reyndar ekkert brött lengur, þar sem gengið var frá vegriðum við verklok og

vegrið sett á um leið og verkið var klárað. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að á Vestfjörðum virðist mér að málum sé hagað talsvert öðruvísi. Þar hafa ágætar vegaframkvæmdir verið kláraðar eins og t.d. á Kleifaheiði. Þar er auðvitað stefnt að því að minnka veghalla á ákveðnum köflum með því að dreifa hallanum og létta þannig umferð yfir vegina. Þetta er mjög gott og við auðvitað mjög ánægðir með það sem gert hefur verið.

En það sem hefur vakið athygli Vestfirðinga og m.a. þess sem hér stendur, er að það er ekki sami frágangsmáti á vegaframkvæmdum inni í fjórðungnum miðað við þau tvö dæmi sem ég var að nefna, annars vegar um Vatnaheiði og hins vegar um Bröttubrekku þar sem vegaframkvæmdin er kláruð með öryggishandriðum. Svo hagar til á Kleifaheiði t.d. á sunnanverðri heiðinni að þar er samfelldur halli niður og tiltölulega bratt út af veginum öðrum megin. Þar er ekkert veghandrið komið eftir því sem ég best veit. Það má auðvitað nefna fleiri staði. Á Steingrímsfjarðarheiði er nýlegur vegur í Skötufirði þar sem ekki er búið að setja veghandrið á ýmsa kafla þar sem mjög bratt er út af vegstæðinu o.s.frv. Þess vegna hljóðar þessi fyrirspurn sem ég beini til hæstv. samgrh. svo:

1. Hvað líður lagfæringum á veginum yfir Kleifaheiði til að auka öryggi vegfarenda?

2. Hefur verið samið um að setja vegrið á heiðinni og ef svo er, hvenær verður það gert?

Ég minni á umferðaröryggisáætlun þar sem beinlínis er vikið að hinum hættulegu stöðum til aukins umferðaröryggis.

[18:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr: „Hvað líður lagfæringum á veginum yfir Kleifaheiði til að auka öryggi vegfarenda?"

Núverandi vegur um Kleifaheiði er frá árunum 2000–2002 og því að mestu nýr. Við gerð þessa vegar var öryggi vegfarenda aukið verulega frá því sem var á eldri vegi, t.d. með breikkun hans og minnkuðum halla og lagfæringum á beygjum. Hönnun vegarins, þar á meðal uppsetning vegriða, var í samræmi við þær hönnunarforsendur sem Vegagerðin hefur sett að teknu tilliti til aðstæðna m.a. vegna vetrarþjónustu. Kröfur um vetrarþjónustu eru mismunandi eftir umferð. Kröfur í þeim flokki sem Kleifaheiði fellur í gerir ráð fyrir að flestar brekkur á heiðinni séu hálkuvarðar þegar flughálka myndast, en annars aðeins beygjur í Bárðargili og Seljagili. Þetta er erfitt verkefni og tímafrekt í hvert sinn sem hálka myndast. Eðlilegt er að líta á leiðina yfir Kleifaheiði í samhengi við aðrar leiðir í nágrenni Patreksfjarðar, sérstaklega leiðina til Bílduldals um Mikladal sem er í 369 metrum yfir sjó og Hálfdán sem er í 500 metrum. Á þessum fjallvegum eru brattari brekkur, mjórri vegir og meiri umferð, sérstaklega á morgnana. Því hafa þessir vegir forgang þegar hálka myndast og mundi það sama eiga við um uppsetningu vegriða.

Rétt er að benda á það að frá því að nýi vegurinn yfir Kleifaheiði var tekinn í notkun hefur veðurfari verið þannig háttað að mikið hefur verið um hálku og oft mjög mikla hálku á þessu svæði. Síðasta haust var aðstaða til hálkuvarna á Patreksfirði og nágrenni bætt með nýjum sanddreifara og rúmgóðri sandgeymslu þar.

Í reglum Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að hálkuverja flestar beygjur á Kleifaheiði í flughálku. Þegar hálka er minni er aðeins gert ráð fyrir að hálkuverja beygjurnar í Bárðargili og Seljagili. Svör þessi eru byggð á upplýsingum frá Vegagerðinni.

Í annan stað spyr hv. þm.: „Hefur verið samið um að setja vegrið á heiðinni og ef svo er, hvenær verður það gert?"

Svar mitt er þetta: Vegurinn um Kleifaheiði fer hæst í um 410 metra hæð yfir sjó og er víða nokkuð hátt fram af vegkanti. Umferð um hann er lítil og því ekki gert ráð fyrir vegriði nema í undantekningartilfellum. Vegrið hefur verið sett upp á einum stuttum kafla á heiðinni. Til álita getur komið að setja vegrið á fleiri staði með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst af veginum, einkum að vetrarlagi, en um það hefur ekki verið tekin ákvörðun.

Rétt er að benda á að hefðbundin vegrið sem byggð eru á bjálkum skapa ákveðið vandamál við snjómokstur. Bæði safna þau snjó inn á veginn og eins er ekki hægt að henda eins miklu af snjó eða ryðja út af veginum eins og hægt er þegar vegkantar eru fríir. Í gangi eru tilraunir, ég vil vekja sérstaka athygli á því, með nýja gerð vegriða sem byggð eru úr rörum. Með þeim minnkuðu þessi vandamál, en enn er verið að gera tilraun með þau og því ekki hægt að meta það á þessu stigi.

Þess ber að geta að staðlar sem hönnun vega byggir á eru í endurskoðun og þar á meðal gerð og uppsetning vegriða. Með breytingum á stöðlum með meiri kröfum um vetrarþjónustu og með betri vegum þarf því að sjálfsögðu að taka tillit til þessara ábendinga sem fram koma í fyrirspurn hv. þm. og ég tel það alveg einsýnt að það þurfi sem víðast að setja upp vegrið þar sem aðstæður gefa tilefni til að gera það. En við vitum að víða á fjallvegum er oft erfitt á vetrum þegar mikil snjókoma er og hvassviðri, þannig að vegriðin geta skapað erfiðar aðstæður fyrir þá sem þurfa að sinna vetrarþjónustunni.

En ég tek undir með hv. þm. að það þarf við hönnun vega að gera ráð fyrir þessum öryggisaðgerðum, og það er gert, en miðað við umferð og þær reglur sem Vegagerðin setur um hönnun veganna.

[18:40]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og vil í lokin hvetja til þess að hugað verði sérstaklega að því að setja vegrið á ýmsa vegi á Vestfjörðum. Eins og hæstv. ráðherra gat réttilega um hefur veðurfari verið þannig háttað t.d. á síðasta vetri að það gat verið mikil hálkumyndun á fjallvegum og það hagar reyndar einnig svo til nú.

Því miður hefur sums staðar ekki verið brugðist við fyrr en slysin hafa orðið og er hægt að nefna t.d. Gemlufallsheiði í því sambandi þar sem beinlínis varð dauðaslys áður en vegriði var komið þar upp. Ég ætla sannarlega að vona að það verði ekki slys á þeim vegaköflum á Vestfjörðum sem mér finnst skorta verulega á að sé nægilegt umferðaröryggi á með því að setja vegrið. Ég hef veitt athygli þeim vegriðum sem sett eru upp á Bröttubrekku þar sem notuð eru rör í staðinn fyrir það sem áður var og eru vonandi minna til trafala vegna snjóa.

Ég vil hvetja hæstv. samgrh. til þess að vinna vel að því að þessi mál fái betri framkvæmd. Mér finnst eins og öðruvísi sé staðið að framkvæmdum á Vestfjörðum en annars staðar á landinu og tel mig hafa nefnt dæmi um framkvæmdir sem ekki er lokið með endanlegum frágangi eins og vegriðum.

Í 8. atriði umferðaröryggisáætlunar segir, með leyfi forseta:

„Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Jafnframt þarf að bæta umhverfi vega, en ein aðalorsök umferðarslysa á þjóðvegum er útafakstur og þá ræður umhverfi vegarins úrslitum um hve alvarlegar afleiðingarnar verða."

Þetta held ég að sé algjörlega rétt og tel að það þurfi að gera átak í þessum málum.

[18:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig ekki gefið neinar yfirlýsingar um það hvort aðrar reglur gildi um uppsetningu vegriða á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Þó vil ég segja að það er lögð mikil áhersla á það hjá Vegagerðinni við hönnun vega, gerð útboðslýsinga og verklýsinga að samræmis sé gætt. Það skiptir mjög miklu máli að það sé gætt samræmis hvað þetta varðar og það gildir auðvitað um alla þætti.

Hins vegar háttar þannig til á Vestfjörðum að þar eru geysilega erfiðir fjallvegir og aðstæður til vegagerðar erfiðari en víða annars staðar. Þess vegna þarf að taka tillit til þess og gæta þess við hönnun vega að setja upp öryggisbúnað eins og vegriðin.

En ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn. Hún vekur athygli og umræðu um mjög þarfar umferðaröryggisaðgerðir og beinir væntanlega augum hv. þingmanna til þess að það eru stöðugt meiri kröfur gerðar til umferðarmannvirkja, sem er eðlilegt, en það kostar mikla fjármuni. Við þurfum að sameinast um það í þinginu að beina sem mestum fjármunum í þann farveg að byggja upp góða vegi og örugga.

Kostnaður við að stofna fyrirtæki.

Fsp. ÖS, 393. mál. — Þskj. 529.

[18:44]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það skiptir miklu máli fyrir atvinnulíf sérhverrar þjóðar að hægt sé að virkja þann nýsköpunarkraft og frumkvöðulsþrótt sem býr með sérhverri þjóð. Það vill svo til að það liggur fyrir að nýsköpunarþrótturinn hjá Íslendingum er ansi mikill. Alþjóðleg könnun, sem var gerð m.a. með þátttöku Háskólans í Reykjavík, sýndi að 11,3% íslensku þjóðarinnar eða einn af hverjum níu telst virkur í því sem flokka má sem frumkvöðlastarfsemi. Í sömu könnun kom líka í ljós að nánast helmingur af þjóðinni telur sig hafa hæfileika og kunnáttu til þess að stofna fyrirtæki. Þetta skiptir ákaflega miklu máli og er þróttur sem við þurfum að virkja.

Þegar gerð var könnun á því af hálfu Alþjóðabankans hversu mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til þess að stofna fyrirtæki á Íslandi var Ísland ekki einu sinni tekið með í þeim samanburði. Verslunarráð Íslands á hins vegar hrós skilið fyrir að hafa gert bragarbót á þessu vegna þess að Verslunarráðið gerði könnun og samanburð á stöðu Íslands í þessu varðandi önnur lönd. Sú könnun leiddi þá gleðilegu niðurstöðu í ljós að stjórnsýslan á Íslandi er með þeim hætti að hún veldur litlum hindrunum að því er varðar stofnun fyrirtækja. Skrifræðið hér á landi í kringum það að stofna fyrirtæki er með allra minnsta móti. Þannig tekur ekki nema einn dag að sækja um skráningu hjá ríkisskattstjóra og það tekur átta daga að fá virðisaukaskattsnúmer hjá skattstjóra. Það er töluvert minna en í ýmsum öðrum ríkjum sem við berum okkur saman við, þó að vísu sé að draga þarna saman með okkur og öðrum ríkjum. Það vekur t.d. eftirtekt að þetta er miklu flóknara í löndum eins og Frakklandi og Þýskalandi. Þar, einkum og sér í lagi í Þýskalandi, sjáum við að það dregur úr þróttinum í atvinnulífinu. Það stafar ekki síst af því að það er erfitt fyrir t.d. ungt fólk að stofna fyrirtæki í kringum viðskiptahugmyndir sínar.

Hér á landi bagar það hins vegar að það kostar mun meira að skrá einkahlutafélög en annars staðar. Það kostar hér 86 þús. kr., sem er 3,7% af landsframleiðslu á mann, en í sumum öðrum ríkjum eins og Danmörku, Svíþjóð og Bandaríkjunum er það miklu minna, eða frá 0% upp í 0,7% af landsframleiðslu á mann.

Þess vegna varpa ég fram þessum spurningum: Hvað veldur því að kostnaðurinn við að stofna fyrirtæki hér á landi er svo hár sem raun ber vitni? Og ég spyr jafnframt hæstv. viðskrh. hvort uppi séu áform af hennar hálfu eða annarra stjórnvalda til þess að draga úr þessum kostnaði.

[18:48]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson leggur fram fyrirspurn til viðskrh. um kostnað við að stofna fyrirtæki. Svarið er svohljóðandi, hæstv. forseti:

Kostnaður við að stofna fyrirtæki í ríkjum Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunar Evrópu, OECD, hefur verið misjafn og geta ýmsar skýringar verið á því, m.a. sögulegar. Er kostnaðurinn nú lægri en hér í nokkrum OECD-landanna en þau eru nú 30 talsins. Fyrst og fremst má hér líta til skráningargjalda sem renna til hins opinbera en grundvöllur slíkra gjalda hér á landi er lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Fyrir allmörgum árum hækkuðu gjöld vegna skráningar hlutafélaga hér á landi úr 8 þús. kr. í 11 þús. kr., síðan í einu lagi upp í 100 þús. kr. og þar með talsvert umfram verðbólgu. Eftir að viðskrn. hafði skrifað fjmrn. bréf allnokkru síðar og lagt til að gjöld fyrir skráningu hlutafélaga og einkahlutafélaga yrðu lækkuð voru gjöld vegna skráningar einkahlutafélaga lækkuð úr 100 þús. kr. í 75 þús. kr. en gjöld vegna hlutafélaga voru hins vegar samtímis hækkuð úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Síðan hafa gjöld vegna skráningar þessara félaga haldist óbreytt um nokkurra ára skeið og þar með farið lækkandi í reynd.

Hvað varðar svar við spurningu nr. 2 vil ég taka eftirfarandi fram: Viðskrn. hefur ekki gert frekari tillögur til fjmrn. um lækkun skráningargjalda hér á landi en að framan greinir og hefur ekki uppi áform þar að lútandi á næstunni. Helst má spyrja hvort gjöld fyrir skráningu hlutafélaga ættu að vera helmingi hærri en gjöld vegna skráningar einkahlutafélaga. Þess skal getið til mótvægis við hugmyndir um lækkun gjaldanna að raddir hafa komið fram, m.a. á hv. Alþingi, um að skráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga hér á landi séu fleiri en góðu hófi gegni og ein leiðin til að sporna við slíku sé að hafa gjöldin há, m.a. til að sporna við kennitöluflakki en stofnuð eru ný félög í ýmsum tilgangi og fá þau nýja kennitölu.

Við mat viðskrn. á því hvort gera eigi tillögur um lækkun skráningargjalda er haft sérstaklega í huga að til skamms tíma, a.m.k., hefur þurft að setja 150 þús. kr. tryggingu af hálfu opinberra aðila, einkum skattyfirvalda, þegar félög

hafa verið send til gjaldþrotaskipta og hlýst af því talsverður kostnaður. Ýmis annar kostnaður leggst og til hjá opinberum aðilum, ekki einungis vegna skráningar félaga heldur nýrrar löggjafar á sviði eiginlegs félagaréttar, svo og á sviði ársreikninga og bókhalds, t.d. í kjölfar fjármálahneyksla erlendis.

Þess má geta hér að á Evrópska efnahagssvæðinu hafa verið settar reglur um Evrópufélög er gera evrópskum félögum, m.a. íslenskum, auðveldara og ódýrara að starfa saman. Jafnframt er unnið að reglum um samruna félaga í mismunandi ríkjum, einnig án þess að taka þurfi félög til skipta í einu ríki og stofna þau í öðru ríki, svo og að reglum um flutning skráðrar skrifstofu milli ríkja, en þær geta einkum gagnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Félagaskrár verða gerðar rafrænar á efnahagssvæðinu og gildir slíkt bæði um sendingu gagna til skránna og öflun gagna úr þeim. Þá verða settar reglur um fleiri tegundir evrópskra félaga til að auðvelda samstarf aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

Af Íslands hálfu er tekið þátt í vinnu þessari til að greiða fyrir starfsemi fyrirtækja á svæðinu, m.a. með lægri tilkostnaði.

Það skiptir máli fyrir þá sem stofna einkahlutafélög hvaða kröfur eru gerðar til lágmarksfjárhæðar hlutafjár. Eru strangari kröfur gerðar til lágmarksfjárhæðar hlutafjár í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Til samanburðar var hins vegar nefnt að í Bretlandi er ekkert lágmark, sérkröfur um meira lágmarksfé kunna að vera gerðar fyrir sérstök fyrirtæki, t.d. banka.

Þetta var nú það sem ég vildi segja, hæstv. forseti, sem svar við fyrirspurn hv. þingmanns.

[18:53]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. þm. Reykv. n., Össuri Skarphéðinssyni, fyrir þessa fyrirspurn sem ég held að sé góð og umræða um hana sömuleiðis.

Ég er þeirrar skoðunar að gjöld vegna stofnunar fyrirtækja eigi að vera eins lág og mögulegt er. Við eigum að reyna að haga löggjöfinni þannig að þröskuldar fyrir aðila sem ætla að hasla sér völl í viðskiptalífinu eigi að vera eins lágir og mögulegt er og ýmis formleg skráningargjöld vegna þeirra eigi að vera lægri en nú er. Það kostar 84.980 kr. að stofna einkahlutafélag í dag og það kostar 159.980 kr. að stofna hlutafélag. Þetta er bara fyrir skráningu hjá hlutafélagaskrá eða fyrirtækjaskrá og þessar fjárhæðir eru miklu hærri en nemur þeirri þjónustu sem þessar stofnanir veita.

Ég veit ekki, og það væri ágætt að fá svör við því frá hæstv. viðskrh., af hverju það kostar meira að skrá hlutafélag en einkahlutafélag. Ég legg á það áherslu að ég tel að þessar fjárhæðir eigi ekki að nema hærri upphæð en þeirri þjónustu sem veitt er og kostnaði við hana.

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vekur eftirtekt á þeirri staðreynd að kostnaðurinn sem stjórnsýslan tekur á sig við skráningu félaga er að öllum líkindum töluvert lægri en sú upphæð sem stofnendurnir þurfa að greiða.

Ég man ekki betur, þegar við vorum að samþykkja hér lög um aukatekjur ríkissjóðs, en að þá hafi leiðarhnoðað verið að þeir sem greiddu tiltekin gjöld tækju á sig kostnaðinn sem hið opinbera ber af viðkomandi þjónustu. Það er alveg ljóst af því sem hæstv. ráðherra segir að það er ólíklegt að það hafi nákvæmlega verið leiðarljósið varðandi þetta tiltekna mál.

Það er alveg ljóst að það eykur velmegun og bætir samkeppnisstöðu að ryðja burt hindrunum við það að fólk, sérstaklega ungt fólk, eigi kost á því að stofna fyrirtæki. Við sjáum í þeim löndum sem við berum okkur yfirleitt saman við að þar hefur þróunin verið sú á síðustu árum að ríkin hafa lækkað umtalsvert gjöld vegna skráningar nýrra fyrirtækja. Það er ástæðan fyrir því að í mjög mörgum löndum eru þau töluvert lægri. Í því yfirliti sem Verslunarráð Íslands hefur tekið saman er sýnt fram á að Ísland er þriðja hæst af þeim tólf ríkjum sem í því er að finna og maður getur séð þetta á ágætum vef Verslunarráðs Íslands.

Ég fagna því þó að í máli hæstv. ráðherra virtist a.m.k. birtast fyrirheit um að þessi gjöld yrðu ekki hækkuð heldur látin standa í stað og þar með mun raunlækkun þeirra halda áfram. Ég tel hins vegar að það sé mikilvægt til þess að virkja þann þrótt sem birtist m.a. í þeirri könnun sem ég nefndi hér áðan að ryðja burt þessari hindrun.

[18:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það er mikilvægt að nýta þann mikla frumkvöðlakraft sem ríkir með þjóðinni, og ekki síst með unga fólkinu. Ég held að þar sé mikinn vaxtarbrodd að finna í okkar atvinnulífi og gæti nefnt þó nokkur dæmi um slíkt sem er ánægjulegt.

En eins og ég sagði í svari mínu er hér í raun um mál að ræða sem fellur undir lög um aukatekjur ríkissjóðs og ég ætla ekkert að fullyrða að það geti ekki verið um það að ræða að þarna sé verið að taka skatt af einstaklingum, að þetta sé ekki nákvæmlega sá kostnaður sem til fellur í tengslum við það að skrá félög, hvort sem um hlutafélög eða einkahlutafélög er að ræða. Ég vil þó halda því til haga að það er ekki bara kostnaður við að skrá, það er ákveðið utanumhald sem einnig kostar peninga.

En mér finnst ég fá dálítið misvísandi skilaboð frá hv. þingmönnum Samf. vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur oft haft um það mörg orð hér á hv. Alþingi að það sé allt of mikið um skráningu t.d. einkahlutafélaga. Og það er ekki annað að heyra á henni en að hún vilji helst að þetta sé bara dýrara til þess að vera ekki að skrá svona mörg einkahlutafélög. Eins og ég segi, það eru misvísandi skilaboð sem mér berast frá hv. þingmönnum Samf. í þessum efnum.

Ég er miklu meira sammála hv. þingmanni og formanni Samf., Össuri Skarphéðinssyni, þegar hann í raun vekur athygli á mikilvægi þess að fólk geti, án allt of mikils kostnaðar og fyrirhafnar og vandræða, skráð félög því að það er það sem allt byggir á, að við séum hér með öflugt atvinnulíf.

Neytendastarf.

Fsp. BjörgvS, 422. mál. — Þskj. 581.

[18:59]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. iðn.- og viðskrh. hvort ráðherra hafi fyrirætlanir um að efla neytendastarf hérlendis, t.d. með auknum fjárframlögum til þess, í öðru lagi með því að styrkja neytendasvið Samkeppnisstofnunar, í þriðja lagi með stofnun embættis umboðsmanns

neytenda og í fjórða lagi með samningi við Neytendasamtökin um tiltekin verkefni á neytendasviði.

Neytendavernd er lítil á Íslandi þó að samkeppnislög, Neytendasamtökin og ýmislegt fleira bæti sannarlega úr. Því er mikilvægt að til komi lagalegar úrbætur á réttarstöðu neytenda og brotið verði í blað í réttindum almennings gagnvart verslun og þjónustu hvers konar og ekki síður að framlög verði aukin verulega til neytendaverndar hérlendis. Þá er ekki síður mikilvægt að efla neytendasvið Samkeppnisstofnunar sem er fjársvelt og illa haldið af íslenskum stjórnvöldum.

Undanfarna mánuði og missiri hefur mikið verið rætt um samráð stórfyrirtækja, samþjöppun og meinta aðför stórfyrirtækjanna að lífskjörum almennings á Íslandi með samráði og fákeppni. Hér er lúxusverð á matvælum. Tryggingar eru með því hæsta sem þekkist. Bankarnir eru með himinháa vexti á sama tíma og þeir raka að sér gróða. Og lítið virðist fara fyrir raunverulegri samkeppni á mörgum sviðum samfélagsins þrátt fyrir einkavæðingu og breytt samfélagsform.

Við Íslendingar búum við agnarsmáan markað og því er hættan af fákeppninni himinhrópandi á flestum sviðum. Við þessari þróun verður að bregðast með því að efla t.d. Samkeppnisstofnun og neytendasvið hennar, og neytendavernd almennt og hvers konar. Það er t.d. sterk hefð fyrir góðri neytendavernd á Norðurlöndunum og til dæmis um það er að þar eru starfandi sérstakir embættismenn, umboðsmenn neytenda, auk neytendastofnenda á vegum hins opinbera og kraftmikilla frjálsra félagasamtaka í formi neytendasamtaka. Neytendasamtökin íslensku hafa t.d. lengi óskað eftir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns neytenda hérlendis en stjórnvöld hafa hafnað því fram að þessu og telja að Samkeppnisstofnun gegni þessu hlutverki.

Ég tel mikilvægt að embætti umboðsmanns neytenda verði sett á stofn og er það brýnn þáttur í að efla neytendavernd á Íslandi sem er eina norræna ríkið sem er ekki með sérstakt embætti umboðsmanns neytenda.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. viðsk.- og iðnrh., sem ég gat um hér í upphafi:

Hefur ráðherra fyrirætlanir um eftirfarandi:

a. að efla neytendavernd með því að auka fjárframlög til hennar?

b. með því að styrkja neytendasvið Samkeppnisstofnunar?

c. með stofnun embættis umboðsmanns neytenda?

d. með samningi við Neytendasamtökin um tiltekin verkefni á neytendasviði?

[19:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 581 hefur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson beint til mín fyrirspurn í fjórum liðum. Svörin eru þessi:

Í fyrsta lagi hefur á undanförnum árum verið unnið stórvirki með setningu löggjafar til hagsbóta fyrir neytendur. Í minni ráðherratíð hafa verið sett lög um þjónustukaup, ný lög um lausafjárkaup, lög um fjármálafyrirtæki og samkeppnislög voru endurskoðuð og styrkt árið 2000. Þá má geta þess að fyrir Alþingi liggur frumvarp til nýrra laga um vátryggingasamninga og væntanlegt er frumvarp til breytinga á samkeppnislögum. Öll þessi löggjöf er til að skýra og bæta réttarstöðu neytenda.

Undir viðskrn. heyra þrjár stofnanir sem sinna einstökum þáttum neytendaverndar: Samkeppnisstofnun, Löggildingarstofa og Fjármálaeftirlit. Sífellt er unnið að því að styrkja þessar stofnanir og efla þær. Starfsemi þeirra er í stöðugri endurskoðun með það fyrir augum að gera þær betur í stakk búnar m.a. til að sinna kröfum neytenda um bætta neytendavernd. Viðskrh. ákveður ekki auknar fjárveitingar til einstakra málaflokka. Það vald er í höndum Alþingis.

Þá skal þess sérstaklega getið að í ráðherratíð minni hef ég reynt að styðja við bakið á Neytendasamtökunum en sjálfsagt er hér sem annars staðar að þeir sem góðum málum sinna vildu gjarnan fá meira úr að spila í starfi sínu.

Í öðru lagi er spurt hvort styrkja eigi neytendasvið Samkeppnisstofnunar. Innri skipulagsmál Samkeppnisstofnunar eru á valdsviði stjórnenda hennar. Hjá Samkeppnisstofnun er starfandi sérstök neytendamáladeild. Þar starfar einn viðskiptafræðingur og einn lögfræðingur. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með gagnsæi markaðarins, þ.e. atriðum sem snúa að verðmerkingum og verðkönnunum. Ísland tók við formennsku í norrænu samstarfi um neytendamál í upphafi þessa árs og munu fulltrúar Samkeppnisstofnunar leiða þar nefndarstarf í tveimur nefndum og vonandi mun sú vinna skila árangri til framtíðar.

Í þriðja lagi er spurt hvort fyrirætlanir séu um að stofna embætti umboðsmanns neytenda. Ég hef áður sagt í þessum ræðustól að í reynd hafi það ekki verið á dagskrá. En skipulag neytendamála er og þarf að vera í stöðugri endurskoðun og þess vegna hlýtur sá kostur að koma til skoðunar eins og aðrir kostir til að tryggja öryggi neytenda. Samkeppnisstofnun hefur framfylgt, á sama hátt og neytendastofnanir Norðurlandanna, ýmsum sérlögum sem taka til verndar neytenda og sett hafa verið í samræmi við skuldbindingar á grundvelli EES-samningsins. Má þar nefna lög um neytendalán, lög um alferðir, lög um húsgöngu og fjarsölu og lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Samkeppnisstofnun tekur þátt í samstarfi neytendastofnana Norðurlanda og er að hluta til aðili að samstarfi umboðsmanna neytenda.

Að lokum er spurt um samning viðskrn. við Neytendasamtökin um tiltekin verkefni á neytendasviði. Því er til að svara að á fjárlögum undanfarinna ára hafa Neytendasamtökunum verið ætlaðar 8,5 millj. kr. á ári til neytendastarfs. Þessu til viðbótar hefur viðskrn. sérstaklega styrkt starfsemina með 1,5 millj. kr. framlagi á árinu 2003. Í þjónustusamningi viðskrn. og Neytendasamtakanna er kveðið á um að viðskrn. taki að sér að styðja leiðbeiningaþjónustu, kvörtunarþjónustu, skrifstofuhald og umsýslu fyrir úrskurðarnefndir.

Ég tel mjög mikilvægt að til séu í landinu öflug og óháð og frjáls félagasamtök sem veita stjórnvöldum virkt aðhald á sviði neytendamála. Ákveðin takmörk eru þó eðlilega fyrir því hversu langt stjórnvöld geta gengið með samningum um ýmiss konar stjórnsýsluverkefni við frjáls félagasamtök án þess að það komi niður á starfsemi þeirra og rétti þeirra til þess að vera öflug gagnrýnisrödd á stjórnvöld eins og megintilgangur grasrótarsamtaka er og á að vera. Einnig verður að hafa í huga að viðskiptamenn þeirrar þjónustu sem þannig hefur verið samið um að Neytendasamtökin annist, gera í sífellt vaxandi mæli auknar kröfur um ákveðið hlutleysi af hálfu þeirra sem veita ráðgjöf og því er erfitt að þræða hinn gullna meðalveg í þessu sambandi. Í framtíðinni mun því vera nauðsynlegt fyrir samtök á borð við Neytendasamtökin og önnur grasrótarsamtök að taka til umræðu hvernig þau vilja byggjast upp í framtíðinni. Slík stefnumótunarvinna kynni að varpa betur ljósi á eðli og kjarna starfsemi samtakanna sem frjáls vettvangs neytenda til skoðanaskipta fremur en að þau verði byggð upp til að taka að sér sífellt fleiri

stjórnsýsluverkefni. Einnig mundi það skýra hvort og hvernig samtök hér á landi sem koma að málefnum neytenda vilja starfa saman í framtíðinni að framgangi neytendaverndar almennt. Ég tel einnig að öflugt neytendastarf sé nauðsynlegt af opinberri hálfu og að skipulag þeirrar starfsemi sé í stöðugri endurskoðun. Að því hefur verið unnið í viðskrn. og að því verður unnið í náinni framtíð.

[19:07]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég skil ekki hvað hæstv. ráðherra var að meina með síðustu tveimur mínútunum í svari sínu þar sem hún var að kenna Neytendasamtökunum að vera til. Ég vona að henni gefist á eftir tími til að skýra það betur. En það er þrennt sem ég vil segja.

Í fyrsta lagi held ég að reynslan af neytendasviði Samkeppnisstofnunar, einum viðskiptafræðingi og einum lögfræðingi, sé ekki nógu góð og augljóst sé að einhvers konar nýja stjórnsýslu þurfi til að taka utan um neytendamálin. Ég skil ekki heldur af hverju hæstv. ráðherra, sem ég veit að hefur einlægan og góðan áhuga á neytendamálum og er hlynnt þessum málaflokki, spekúlerar ekki meira í umboðsmanni neytenda.

Í öðru lagi. Í hennar tíð hefur upphæð framlaga, þ.e. samkvæmt samningum við Neytendasamtökin, hækkað. Það er þó ekki meira en svo að upphæðin er núna 10 millj. kr. en rekstur kvörtunar- og upplýsingaþjónustu Neytendasamtakanna, sem er mjög þörf starfsemi af þeirra hálfu, kostar 26 millj. kr.

Í þriðja lagi verð ég að segja, vegna umræðunnar áðan, að það er leiðinlegt þegar jafnvænir ráðherrar og hæstv. viðskrh. kemur upp, hefur síðasta orðið (Forseti hringir.) og notar það til að fara með augljósar rangfærslur um afstöðu þingmanna eins og Jóhönnu Sigurðardóttur, sem bar saman skattamál á sínum tíma (Forseti hringir.) en barðist auðvitað ekki gegn stofnun hlutafélaga.

(**Forseti** (JBjart): Forseti vill enn og aftur áminna hv. þm. Mörð Árnason um að halda sig innan tilskilins ræðutíma en fara ekki ítrekað út yfir þau mörk.)

[19:09]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þm. umræðurnar um þessi brýnu mál. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að sá kostur væri vissulega til skoðunar að kanna hvort stofna ætti sérstakt embætti umboðsmanns neytenda. Það var hið jákvæða við hennar svör en það er augljóst að ástandið hér er í himinhrópandi andstöðu við þá yfirlýsingu hennar að öflugt neytendastarf væri nauðsynlegt og brýnt fyrir samfélagið. Allur samanburður við önnur Norðurlönd, þau lönd sem við hljótum að bera okkur saman við um fyrirkomulag málefna eins og öflugs neytendastarfs, er okkur í óhag. Við erum þar langt á eftir og langur vegur frá því að við getum með nokkrum hætti upplifað þar einhverja samsvörun í fyrirkomulagi þeirra mála.

Það er mjög mikilvægt að gengið verði lengra í því að veita framlög til neytendamála og sérstaklega í að skoða stofnun embættis umboðsmanns neytenda. Ég ætla hér í lokin, með leyfi forseta, að vitna í ályktun frá þingi Neytendasamtakanna í maí 2002 um það mál:

„Umboðsmaður neytenda hefur einnig það hlutverk að setja almenna viðmiðunarreglu í viðskiptum, auk þess sem hann gegnir hlutverki sáttasemjara í ágreiningsmálum neytenda við hagsmunaaðila. Umboðsmaður getur farið með mál fyrir dómstóla þar sem hann ver hagsmuni neytenda að eigin frumkvæði eða fylgir þeim málum eftir. Umboðsmaður neytenda tryggir þannig að eðlilegar og sanngjarnar leikreglur ríki á markaði og farið sé eftir þeim leikreglum sem í gildi eru.“

Í þessum fáu orðum úr ályktun þings Neytendasamtakanna kemur skýrt og glöggt fram að mikilvægt er að slíku embætti verði fyrir komið hið fyrsta og skora ég á hæstv. viðskrh. að ganga lengra en að kanna þá kosti og lýsa því yfir að sá kostur sé til skoðunar og hefja frekar undirbúning þess máls strax.

[19:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við berum okkur oft saman við Norðurlönd og vinnum mikið með öðrum Norðurlöndum. Í mörgum tilfellum erum við með svipað fyrirkomulag í stjórnsýslu okkar en á því eru þó ákveðnar undantekningar. Ég tel ekki að þó að það fyrirkomulag sé á öðrum Norðurlöndum að þar starfi umboðsmaður sé þar með alveg sjálfsagt að við höfum slíkt fyrirkomulag hér á Íslandi. Það hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um slíkt en ég hef ekki útilokað neitt til framtíðar.

Hvað varðar það sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni þá var það skætingur sem mér fannst ekki eiga rétt á sér. Ég sagði ekkert ljótt um Neytendasamtökin. Ég lagði áherslu á að þau þyrftu að vera öflug, óháð og frjáls og það ætti að heyrast öflug gagnrýnisrödd og þar yrði að vera hlutleysi og þess vegna þyrftu þessi samtök að varast að byggjast upp á þann veg að þau taki að sér sífellt fleiri stjórnsýsluverkefni. Það gerir þau háðari, þ.e. skerðir hlutleysi þeirra gagnvart stjórnvöldum. Það var nú allt og sumt.

Hvað varðar innri málefni Samkeppnisstofnunar og hvernig fjármunum er deilt innan stofnunarinnar á milli deilda þá eru það hlutir sem ég hef ekki afskipti af. Stofnunin starfar að sjálfsögðu sjálfstætt. En ég geri ráð fyrir því að þessi stofnun eins og svo margar aðrar hafi þörf fyrir frekari fjárveitingar af hálfu Alþingis og ætti ekki í miklum erfiðleikum með að koma þeim fjármunum í lóg.

Undanþága frá virðisaukaskatti.

Fsp. GAK, 416. mál. — Þskj. 572.

[19:14]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það hagar svo til um þessar mundir að um 20 ár eru liðin síðan framseljanlegt kvótakerfi var tekið upp á Íslandi. Allan þennan tíma hafa handhafar aflaheimildanna leigt frá sér og selt aflaheimildir. Aflaheimildirnar hafa gengið kaupum og sölum og aflamarkið verið leigt innan fiskveiðiársins.

Ég hef sett fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh.:

„Hvar í lögum er að finna heimild til þess að viðskipti með aflaheimildir séu undanþegin virðisaukaskatti eins og viðgengist hefur undanfarin ár?“

Ég hef farið yfir lög um virðisaukaskatt og ekki fundið beina lagalega tilvitnun um að heimilt sé að standa að málum eins og raun hefur verið á undanfarin ár. Nú kunna ýmsar lagasetningar á ýmsum tímum varðandi stjórn fiskveiða og aðrar lagasetningar, sem snúa að skattalögum og

virðisaukaskatti, að hafa áhrif á það hvernig með málið er farið. En hvar sú beina tilvitnun er í lögum sem heimilar að virðisaukaskattur sé ekki inni í þessum viðskiptum hef ég ekki áttað mig á.

Með leyfi forseta langar mig að vitna í bók sem heitir Stjórnkerfi fiskveiða í nærmynd eftir Guðbjörn Jónsson sem skýrir þetta mál kannski með tiltölulega einföldum hætti.

Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 140, eftir nokkuð mikla úttekt á málinu og er m.a. vitnað í bréf ríkisskattstjóra frá því í júlí 2002, um breytilega túlkun á meðferð virðisaukaskatts. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sá sem selur veiðiheimild þarf ekki að skrá né skila virðisaukaskatti.

Kaupi fiskvinnsla veiðiheimild, ber henni að skrá kaupin til skila á virðisaukaskatti.

En kaupi útgerð veiðiskips veiðiheimild er henni óheimilt að skrá kaupin í virðisauka. Þar með er augljóst að útgerð veiðiskips fær ekki að færa þennan kostnað sem innskatt, til mótvægis móti útskatti af tekjum."

Nú hagar svo til, virðulegi forseti, að næstkomandi fiskveiðiáramót fer útgerðin að greiða afkomutengt auðlindagjald. Ég spyr því hæstv. fjmrh. einnig: Hvaða áhrif mun það hafa varðandi virðisaukaskatt af aflaheimildum?

[19:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Skattskylda samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nær til hvers konar vöru og þjónustu svo og vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, nema hún sé sérstaklega undanþegin.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt er sala og útleiga skipa undanþegin skattskyldri veltu. Í framkvæmd hefur ríkisskattstjóri allt frá a.m.k. árinu 1990 túlkað þetta lagaákvæði þannig að það taki jafnframt til aflahlutdeildar sem seld er með skipi eða leigð með skipi. Sú afstaða var m.a. ítrekuð 1998 varðandi svonefnt kvótaþing og hugsanlega virðisaukaskattsskyldu þess. Niðurstaða ríkisskattstjóra í því efni var sú að stofnunin ætti ekki að innheimta virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem hún veitir.

Rétt er að bæta því við, virðulegi forseti, að lagarök þykja standa til þess að sama gildi um það tilvik þegar aflakvóti er seldur eða leigður sérstaklega, hvort sem það er um lengri eða skemmri tíma. Ljóst er að aflahlutdeild samkvæmt löggjöf um stjórn fiskveiða er í ýmsum tilvikum aðalverðmæti fiskiskips, og skip getur verið nánast verðlaust sem atvinnutæki til fiskveiða þegar það er án veiðiheimilda. Löggjöf um stjórn fiskveiða byggir á því að veiðiheimildir samkvæmt lögunum séu réttindi sem bundin skuli ákveðnu skipi. Þannig er meginregla að aflakvóti fiskiskips fylgir við eigendaskipti þess.

Samkvæmt framansögðu er það því álit fjmrn. og þess sem hér stendur, sem og ríkisskattstjóra, að á grundvelli tilvitnaðs 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt beri ekki að reikna útskatt á sölu eða leigu aflakvóta, hvort sem hann er seldur eða leigður sérstaklega um lengri eða skemmri tíma, eða seldur eða leigður með skipi.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um hvort afkomutengt veiðigjald sem ætlunin er að hefji hér innreið sína frá upphafi næsta fiskveiðiárs hafi hér einhver áhrif hygg ég ekki að svo muni vera, ég held að það sé algjörlega ótengt mál.

[19:20]

Fyrirspyrjandi (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör en finnst þau engan veginn fullnægjandi.

Það er einfaldlega þannig í framkvæmd að aflaheimildir eru seldar án skipa nánast á hverjum einasta degi og örugglega leigðar oftar en seldar. Og þær eru ekki leigðar með skipum, þær eru leigðar sérstaklega eða seldar sérstaklega. Mér finnst því að sú túlkun, virðulegur forseti, að tengja þetta við 12. gr., 1. mgr. 6. tölul., þegar talað er um sölu og leigu skipa sem sé undanþegin virðisaukaskatti, eigi þá að gilda líka um aflaheimildir. Ég tel að þarna sé verið að fara mjög frjálslega með þessa lagaheimild.

Það er alls ekki svo að veiðiheimildir fylgi alltaf skipum. Skip eru seld stundum án veiðiheimilda, nánast veiðiheimildalaus yfirleitt og oft með sárafá eða engin kíló í aflaheimildum. Mér finnast þau rök sem hæstv. fjmrh. færði hér fyrir þessari ákvörðun sem tekin hefur verið í stjórnkerfinu, um að virðisaukaskattur ætti ekki að vera inni í þessum viðskiptum, hæpin. Ég verð að segja það, virðulegur forseti.

Þá spyr ég einnig í framhaldinu: Hvers vegna á þá fiskvinnslan, ef hún leigir aflaheimild og lætur síðan tonn á móti tonni til útgerðar, að skila virðisauka, eins og kemur fram í bréfi ríkisskattstjóra frá því í júlí 2002, en hins vegar ef fiskiskip leigir á það ekki að fá að skila virðisauka og fá innskatt?

[19:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sem fram kemur hér við þessa umræðu og fyrirspurnir hv. þingmanns sé það að hann er bara ekki sammála þeirri túlkun sem tíðkast hefur varðandi þessi atriði og vill þá ... (**GAK:** Að lagatúlkunin sé vafasöm.) Hann telur að lagatúlkunin sé vafasöm. Við erum greinilega ekki sammála um það en þar við situr, held ég, að óbreyttum lögum. Menn verða þá að hugsa upp önnur úrræði ef þeir vilja fá þessari framkvæmd breytt. Henni verður ekki breytt að óbreyttum lögum, hygg ég.

[19:23]

Útbýting þingskjala:

Aðstæður heimilislausra, 499. mál, fsp. JóhS, þskj. 771.

Búsetuleyfi og dvalarleyfi útlendinga, 488. mál, fsp. GÖg, þskj. 760.

Fjármálafyrirtæki, 483. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 755.

Fylgiréttargjald á listaverk, 507. mál, fsp. KolH, þskj. 779.

Fölsun listaverka, 506. mál, fsp. KolH, þskj. 778.

Gjaldþrot fyrirtækja, 505. mál, fsp. GMJ, þskj. 777.

Hugbúnaðarkerfi ríkisins, 498. mál, fsp. JóhS, þskj. 770.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, 496. mál, fsp. MÁ, þskj. 768.

Notkun hættulegra efna við virkjunarframkvæmdir, 502. mál, fsp. KolH, þskj. 774.

Ofbeldi í fíkniefnaheiminum, 500. mál, fsp. JóhS, þskj. 772.

Opnun Þjóðminjasafns Íslands, 497. mál, fsp. MÁ, þskj. 769.

Rafræn þjónusta, 490. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 762.

Samræmd stúdentspróf, 489. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 761.

Stafræn gögn í heilbrigðiskerfinu, 495. mál, fsp. MÁ, þskj. 767.

Veiðar og rannsóknir á túnfiski, 492. mál, fsp. ÖS, þskj. 764.

Veiðitilraunir og rannsóknir erlendra aðila við Ísland, 491. mál, fsp. ÖS, þskj. 763.

Viðurkenning starfsnáms á Norðurlöndum, 494. mál, fsp. MÁ, þskj. 766.

Viðvörunarskeyti umframafla, 504. mál, fsp. GMJ, þskj. 776.

Þjóðarleikvangurinn í Laugardal, 493. mál, fsp. MÁ, þskj. 765.

Þriggja fasa rafmagn, 503. mál, fsp. DrH, þskj. 775.

Út af dagskrá var tekið 15. mál.

Fundi slitið kl. 19:26.

---

53. FUNDUR

fimmtudaginn 29. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Heilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra.
2. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670. — 1. umr.
3. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671. — 1. umr.
4. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672. — 1. umr.
5. Fullnusta refsingar, stjfrv., 465. mál, þskj. 673. — 1. umr.
6. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 644. — 1. umr.
7. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 467. mál, þskj. 675. — 1. umr.
8. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 613. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Rétt er að vekja athygli á því að umræður um fyrsta dagskrármálið, heilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrrh., hefjast klukkan hálftvö að loknu hádegishléi og munu standa í tæpa tvo tíma.

Athugasemdir um störf þingsins.

Störf þingnefnda.

[10:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Enda þótt sjálft þinghaldið hafi legið niðri frá því fyrir hátíðar er ekki þar með sagt að þingmenn séu ekki að störfum og er eðlilegt að þingnefndir komi saman til funda þegar þess er óskað og þörf krefur. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta þingsins og forsætisnefndar á því að í tveimur tilvikum hefur ekki getað orðið af fundum sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs óskaði eftir í janúar. Í öðru tilvikinu var um það að ræða að hv. þm. Jón Bjarnason óskaði eftir því að fjárln. kæmi saman til að ræða niðurskurðinn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Hæstv. heilbrrh. hafði þá vísað gagnrýni sem fram hafði komið m.a. til fjárln., hann gæti sig hvergi hrært vegna ákvarðana sem þar hefðu verið teknar. Ekki var orðið við þeirri beiðni að kalla nefndina saman.

Hitt málið lýtur að efh.- og viðskn. Alþingis. Þar var nefndin vissulega kölluð saman en hins vegar var aldrei rætt við fjölmarga gesti sem kallaðir höfðu verið á fund nefndarinnar sem boðað hafði verið til samkvæmt beiðni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Ástæðan voru harðvítugar deilur sem blossuðu upp um hæfi formanns nefndarinnar og að lokum hvort honum væri heimilt að sitja fundi nefndarinnar. Ég harma það að deilur um form hér í þinginu verði til þess að mikilvæg og aðkallandi viðfangsefni, eins og málefni sparisjóðanna í landinu óneitanlega er um þessar mundir, hverfi í skuggann. Ég tel að í þessu tilviki hafi verið of langt gengið og vangaveltur um form og fyrirkomulag drepið á dreif umræðu um mikilvægt málefni.

Herra forseti. Það er eðlilegt að gera alvarlegar athugasemdir við störf þingsins, þegar þjóðfélagið bókstaflega logar í deilum, að þá geti þingið ekki komið saman eða þingnefndir, þær séu óstarfhæfar vegna deilna um form.

[10:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mikil umræða hefur farið fram um hæfi þingmanna og sérstaklega um hæfi minnar persónu. Ég vil benda á að hv. þm. Helgi Hjörvar gætir hagsmuna t.d. öryrkja og þykir ekkert að því og ég hef ekkert við það að athuga. Það eru margir aðrir þingmenn sem eru að gæta hagsmuna. Þeir eru kosnir á þing til þess og ég er þess vegna ekki vanhæfur.

Ég vil benda á að við sameiningu SPRON og KB-banka voru samningar þar um undirritaðir fyrir jól. Þeir samningar eru búnir og gerðir þannig að ég hef enga hagsmuni lengur af því hver er staða sparisjóðanna almennt. Ég er ekki stofnfjáreigandi í öðrum sparisjóðum og fundurinn sem átti að halda átti að fjalla um stöðu annarra sparisjóða í kjölfarið. Það var mjög miður að ekki var hægt að ræða þetta og ekki hefur tekist að ræða það enn þá vegna formsatriða þar sem menn hengja sig í form.

Ég vil benda á að allur málatilbúnaðurinn, allt sem sagt hefur verið er ómálefnalegt og hefur ekki verið rökstutt, t.d. varðandi fjárhagslega hagsmuni mína. Ég vil bara segja það að ég hefði meiri hagsmuni af því að SPRON starfaði áfram sem sparisjóður, ég er þar í stjórn og stjórnarlaunin gefa 900 þús. kr. á ári eftir skatt. Ég hefði meiri hagnað af því að SPRON starfaði áfram sem sparisjóður en ekki hlutafélag því að ég verð að hverfa úr stjórninni eftir hlutafjárvæðinguna.

Ég mundi græða meira á því. Það er því alveg furðulegur málatilbúnaður að vera að núa mér því um nasir að ég hafi fjárhagslega hagsmuni af þessu. (**Gripið fram í:** Þú græðir ekki nóg?) Það sem um er að ræða er að ég hef pólitíska hagsmuni af þessu máli og sem betur fer eru þingmenn að berjast fyrir ýmsum málum og mega gjarnan gera það mín vegna og eiga að gera það. Til þess erum við kjörin á þing að gæta hagsmuna þess fólks sem kýs okkur og m.a. er ég að gæta hagsmuna stofnfjáreigenda og annarra, t.d. bænda sem eiga í mjólkursamlögum, og ég er líka að gæta hagsmuna skattgreiðenda. Ég er að berjast fyrir því að lækka skatta og það er ýmislegt sem ég er að berjast fyrir og ég tel mig hafa fullt leyfi til þess og er ekki vanhæfur til þess.

[10:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það verður að taka á þeirri alvarlegu stöðu sem komin er upp í störfum þingsins og koma hér verkum í gang. Sparisjóðir landsins bíða eftir því að þing komi saman eða þingið taki á málum. Við óskuðum eftir fundi í efh.- viðskn. til þess að taka upp mál sparisjóðanna þar. Það berast áskoranir frá stjórnum sparisjóða og sveitarfélaga um allt land, ákall til Alþingis um að tryggja og standa vörð um sparisjóðina vítt og breitt um landið en efh.- og viðskn. spilar sig stikkfrí í tæknilegum atriðum.

Virðulegi forseti. Enn fremur vil ég minna hér á að hinn 16. janúar sl. ritaði ég formanni fjárln. bréf þar sem óg óskaði eftir fundi í nefndinni hið allra fyrsta til að ræða fjárvöntun heilbrigðiskerfisins og þá sérstaklega þá alvarlegu stöðu sem Landspítali – háskólasjúkrahús stendur frammi fyrir.

Þegar fjárln. afgreiddi fjárlagafrv. til 3. umr. mótmælti ég því og kvað frv. ekki tækt til lokaafgreiðslu þar sem ekki væri tekið á augljósri fjárvöntun Landspítala – háskólasjúkrahúss til að halda óbreyttri starfsemi. Fulltrúar stjórnarmeirihlutans héldu því þá fram að nægjanlegt fjármagn væri veitt til sjúkrahússins til þess að þjónustan gæti þróast með eðlilegum hætti og að ekki kæmi til skerðingar starfsemi vegna fjárskorts. Þá væri og til þess séð að kostnaðarhlutdeild sjúklinga ykist ekki. Nú er allt annað komið á daginn og fyrir dyrum standa fjöldauppsagnir starfsfólks og stórfelld skerðing þjónustu.

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. vísaði á fjárlög og fjárln. og Alþingi hvað fjárlög varðaði og möguleika sinn til breytinga hér á. Við höfum fengið ákall frá öllum stærstu samtökum landsins meðal launþega og þeirra sem starfa að almannaheill. Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Læknafélag Íslands, Geðhjálp, Landssamband eldri borgara, Landssamtök hjartasjúkra, Umhyggja, Öryrkjabandalag Íslands kalla á viðbrögð og við fáum ekki fund í fjárln.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir liðsinni hæstv. forseta í þessu máli.

(**Forseti** (HBl)**:** Vegna ummæla hv. þm. vil ég minna á að samkvæmt 2. mgr. 15. gr. þingskapa segir:

„Formanni nefndar er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna og taka á dagskrá þau mál sem tilgreind eru.")

[10:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst afar sérkennilegt að hv. þm. Pétur Blöndal skuli nota tíma sinn hér til þess að halda varnarræðu um hæfi sitt til þess að gegna formennsku í efh.- og viðskn. í þessu tiltekna máli í stað þess að lýsa hér yfir að hann muni auðvitað þegar í stað boða til fundar í nefndinni til þess að fjalla um þetta mál og þar á þingmaðurinn auðvitað að víkja sæti. Það eru flestir sem sjá það nema hv. þm. sjálfur að hann hefur persónulegra og fjárhagslegra hagsmuna að gæta í þessu máli og í því reynir virkilega á siðferði þingmannsins sjálfs að segja sig frá málinu þegar trúverðugleiki hans er dreginn í efa. Og það er alveg ljóst að trúverðugleiki hv. þm. er dreginn í efa í þessu máli.

Það er auðvitað aðkallandi að fjalla um þetta mál. Það er ein og hálf vika, ef ég man rétt, síðan hæstv. forseti kvað upp úrskurð sinn í þessu máli og ég spyr því: Hvað dvelur hv. þm. að boða til fundar í þessu máli og fjalla um það? Núna, sennilega 10. febrúar er boðað til fundar hjá forustu SPRON til þess að fjalla um málið og við verðum að hafa fengið tækifæri til þess að ræða það í efh.- og viðskn. og e.t.v. að flytja frv. um málið til þess að reyna að snúa við þeirri þróun sem er að gerast varðandi sparisjóðina um land allt ef þessi áform ganga eftir varðandi SPRON og KB-banka. Ég hvet því hv. þm. til þess að boða þegar í stað til fundar og sjá sóma sinn í því að víkja sem formaður þegar um þetta mál er fjallað í efh.- og viðskn.

[10:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel það ekki vera formsatriði þegar verið er að ræða um vanhæfi þingmanna. Hér í þinginu hafa verið settar mjög strangar reglur um vanhæfi annarra sem kosnir eru, t.d. til sveitarstjórna, og mér finnst að menn gætu haft svolítið auga á þeim reglum sem þar voru settar.

Ég verð að segja það alveg eins og er að það var mér mikið undrunarefni þegar hv. þm. Pétur Blöndal ákvað að taka sæti og bjóða sig fram til stjórnar í SPRON. Og hvers vegna? Vegna þess að þessi sami hv. þm. í umræðum um viðskiptabanka og sparisjóði fyrir tveimur árum var að lýsa því hvers konar völd væru færð í hendur þeim sem sætu þarna í stjórn. Og hann sagði efnislega á þá leið að hann þyrði varla að segja það hvers konar völd þessir menn fengju í hendur, hvað þyrfti að borga þeim til að taka ákvörðunina um að selja. Þetta sagði hv. þm., ekki orðrétt en efnislega hér í ræðustól. Ég var þess vegna mjög undrandi á því að þessi sami þingmaður skyldi taka sæti í stjórn SPRON eins og hann gerði og nú hefur þessi stjórn SPRON setið yfir því að semja um það á annað ár hvað ætti að borga þeim, ekki kannski í peningum, það veit ég ekkert um, heldur í völdum og áhrifum eftir að búið er að gera þennan sparisjóð að hlutafélagi. Þetta er nákvæmlega hættan sem er fyrir hendi með þessu fyrirkomulagi þar sem stofnfjáreigendum er gefið það í hendur að selja aðganginn að sparisjóðunum og það hefur hv. þm. verið að gera. Ég get ekki tekið gildar þær röksemdir sem hv. þm. hefur lagt hér fram og mér finnst það ekki við hæfi að þingmenn taki að sér hlutverk af þessu tagi vitandi fyrir fram hvers konar fyrirbrigði það var.

[10:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að stjórnarandstaðan fimbulfambar hér mjög um vanhæfi hv. þm. Péturs H. Blöndals án þess að nefna með einu einasta orði þær reglur sem þar kynnu að liggja til grundvallar. Ég hef hlustað með athygli á þessar umræður og það hefur hvergi komið fram að menn séu að styðjast við lög eða reglur um það að hv. þm. sé vanhæfur.

Nú vill svo til að við hv. þm. Pétur Blöndal erum afar ósammála í þessu sparisjóðsmáli. Ég er mjög ósammála honum. En ég efast ekki eina sekúndu um það að hv. þm. getur stjórnað efh.- og viðskn. með prýðilegum hætti, kallað til sín fólk til þess að upplýsa þetta mál.

Það er auðvitað ekkert sem meinar hv. þm. að stjórna þessari nefnd og koma á þessum fundi nema ef það væri ofríki stjórnarandstöðunnar sem hefur verið að reyna að koma í veg fyrir það að efnisleg umræða um þetta mál gæti farið fram þannig að hægt væri að varpa ljósi á það. Ég tek alveg undir það, tek m.a. undir með hv. 9. þm. Reykv. suður, um það að það er mjög mikilvægt að menn hætti að þvælast um í þessum formsatriðum og reyni frekar að snúa sér að því að upplýsa málið og reyna að varpa ljósi á það. Ég er alveg sammála því að þetta er mjög stórt mál. Þetta er mál sem varðar mjög mikla hagsmuni og ég tel að það skipti mjög miklu máli að það sé þannig að sparisjóðahópurinn geti staðið sameinaður á eftir, en ég held hins vegar að það þjóni ekki þeim tilgangi að reyna að koma í veg fyrir það að við getum tekið þessa umræðu. Það er mjög mikilvægt að umræðan geti farið fram. Það er mjög mikilvægt að efh.- og viðskn. komi saman. Það er mjög mikilvægt að hún geti kallað til sín gesti sína og það er mjög mikilvægt að komið verði í veg fyrir það að stjórnarandstaðan með ofbeldi sínu komi í veg fyrir að fólk sem er komið m.a. utan af landi geti hitt þingmenn og rætt þessi mál, varpað ljósi á þau og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þess vegna hvet ég stjórnarandstöðuna til þess að láta af þessum ljóta og leiða ósið sínum og opna frekar á möguleikana á því að þingmenn og hagsmunaaðilar geti hist á fundi í efh.- og viðskn. og rætt þessi mál.

Varðandi athugasemd hv. þm. Jóns Bjarnasonar um heilbrigðismálin þá vek ég athygli á því að í dag er fyrirhugaður tveggja tíma fundur í þinginu um heilbrigðismál og ég vil líkja vekja athygli á því (Forseti hringir.) að það voru ekki síst við stjórnarliðar sem hvöttum mjög til þess að sú umræða gæti farið fram strax í dag þannig að okkur var síst að vanbúnaði að eiga þessa umræðu.

[10:45]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Í þessari umræðu finnst mér mikilvægt að árétta nokkur atriði. Í fyrsta lagi er það ekki hlutverk Alþingis eða einstakra nefnda þingsins að kveða upp úr um það hvað eru gildandi lög í landinu. Það er hlutverk stjórnvalda og eftir atvikum dómstóla að leysa úr slíkum deilumálum þegar upp koma.

Alþingi hefur ekki stöðu stjórnvalds, hvorki í þessu sparisjóðamáli né öðrum málum og Alþingi hefur heldur ekki stöðu dómsvalds. Þær reglur sem gilda um hæfi í stjórnsýslunni og eftir atvikum hjá dómstólunum eiga ekki við á Alþingi. Á Alþingi gilda sérreglur um hæfi. Þær eru tæmandi taldar í 4. mgr. 64. gr. þingskapa þar sem segir að enginn þingmaður megi greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín. Þar með eru hæfisreglurnar tæmandi taldar. Um aðrar vanhæfisástæður en nákvæmlega þessar er ekki að ræða, miðað við þingsköp.

Þess vegna er umræðan eins og hún hefur þróast á undanförnum dögum af hálfu sumra hv. þm. afar villandi, vegna þess að menn geta haft ýmsar skoðanir á afstöðu hv. þm. Péturs Blöndals í málefnum sparisjóðanna, menn geta haft mismunandi sjónarmið um það hvernig og hvort Alþingi á yfir höfuð að koma eitthvað að löggjöf um fjármálafyrirtæki í tilefni af kaupum Kaupþings Búnaðarbanka á Spron. En hæfisreglurnar eru algjörlega utan við þetta mál og við eigum ekki að þurfa að eyða meiri tíma eða kröftum í að ræða þær, við eigum að snúa okkur að því að ræða efnisatriði málsins. Við kunnum að hafa ólíkar skoðanir á þeim, en við eigum að snúa okkur að því. Við eigum ekki að eyða kröftunum í formsatriðin.

[10:47]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram og hefur farið fram m.a. í fjölmiðlum hefur að mínu mati verið algjörlega ótrúleg vegna þess að allt tal um vanhæfi hv. þm. Péturs Blöndals í þeim málum sem við erum að ræða og meðferð fyrir efh.- og viðskn. er náttúrlega fullkomlega út úr kortinu að mínu mati. Reglur um vanhæfi eru algjörlega skýrar og ef það er einhver þingmaður hér inni sem ætti að vita það er það hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur komið að slíkum vanhæfismálum áður.

Ég tel að hv. þm. og málshefjandi Ögmundur Jónasson ætti að beina þessum athugasemdum fyrst og fremst til þingmanna Samfylkingarinnar, kannski helst til hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, sem hefur farið mest fram í þessu máli. Mér finnst sá málflutningur sem hann hefur haldið fram og þingmenn Samfylkingarinnar, eins og ég sagði, vera með algjörum ólíkindum og maður veit ekki til hvers hann á að leiða. Ef þær reglur og þau sjónarmið sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson berst fyrir tækju gildi mundum við væntanlega standa uppi með það að Alþingi yrði óstarfhæft. Ég get ekki séð, miðað við þann málflutning sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur talað hér fyrir, að hv. þm. Helgi Hjörvar gæti talað máli öryrkja. Það sama má segja um málflutning hv. málshefjanda um málefni opinberra starfsmanna eða hv. þm. Kristjáns Möllers um málefni Siglfirðinga og svo mætti lengi telja.

Þetta tal allt um meint vanhæfi hv. þm. Péturs Blöndals er því að mínu mati fjarstæða og ef þessi málflutningur og þetta tal næði fram að ganga og þær hugmyndir sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa haft í frammi í málinu sætum við uppi með Alþingi sem löggjafarsamkomu þar sem einungis munkar sætu í þingstólum.

[10:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða sem vert er að taka betur í betra tómi, en mikilvægt er að við gerum greinarmun á persónulegum hagsmunum annars vegar og almennum hagsmunum hins vegar. Ég er að beina orðum mínum jafnt til þingmanna Samfylkingarinnar sem til hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Ég vil vekja athygli á bókun sem ég gerði í hv. efh.- og viðskn. og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefði að mínu áliti átt að hlífa nefndarmönnum við því að standa frammi fyrir umræðu um hæfi sitt til að stjórna fundi nefndarinnar þegar hún fjallar um málefni SPRON í ljósi þeirra persónulega hagsmuna sem hann hefur óvefengjanlega í því máli. Ég fyrir mitt leyti lýsti yfir að mér þætti eðlilegt að hann viki sem verkstjóri nefndarinnar í málinu að eigin frumkvæði og harma að því skuli hafa verið skotið á frest og stefnt inn í farveg þar sem hætt er við að það festist í tæknilegum álitamálum. Mestu skiptir að málefni sparisjóðanna fái vandaða og málefnalega umfjöllun í þingnefndinni og í kjölfarið skjóta og þinglega meðferð."

Þetta er afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Ég verð að segja það, herra forseti, að það er alvarlegur hlutur að krefjast þess að maður víki sem formaður nefndar, og ég vil að það komi fram að að þessu máli undanskildu hefur Pétur H. Blöndal haldið mjög vel á málum sem formaður efh.- og viðskn. En ég ítreka að hann hefði átt að hlífa okkur við þessu — að eigin frumkvæði.

En að við gerum þá kröfu eða samþykkjum að hann víki úr formannsstóli eða fái ekki að sækja fundi nefndarinnar finnst mér ólýðræðislegt og ótækt. Við eigum að taka þessa almennu umræðu í þinginu. En að kjósa sparisjóðina og málefni þeirra til að flækja okkur í tæknilegum álitamálum finnst mér gagnrýnivert, og því beini ég til þingmanna Samfylkingarinnar.

[10:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði í bókun sinni að nefndin væri að fjalla um málefni SPRON. Svo er ekki. Hann bað um fund til að fjalla um afleiðingar þess sem gerðist hjá SPRON fyrir aðra sparisjóði, og ég var tilbúinn til að ræða það.

Málefni SPRON eru í eðlilegum farvegi hjá Fjármálaeftirliti og Samkeppnisstofnun og bíður ákvörðunar hluthafafundar hjá Kaupþingi og stofnfjáreigendafundar hjá SPRON.

Varðandi það að vísa mönnum úr nefnd þá er það náttúrlega mjög alvarlegur hlutur og ég vara menn við því. Hugsið þið ykkur, hv. þm., herra forseti, að meiri hluti nefndarinnar samþykki að vísa minni hlutanum úr nefndinni af því að hann er óþægilegur. (**Gripið fram í:** Þér hefur dottið það í hug?) Mér hefur ekki einu sinni dottið það í hug, herra forseti.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði um fé án hirðis, sem ég hef margoft nefnt. Ég barðist á móti þessum lögum. En það er ekki þar með sagt að ég telji að aðrir séu hæfari til að fara með þetta fé en ég. Ég geri mér þó alla vega grein fyrir hættunum sem þessu fé fylgir, bæði varðandi úthlutanir og eins varðandi valdið sem peningarnir veita. Ég taldi mér því skylt að fara í stjórn SPRON til þess að gæta hagsmuna stofnfjáreigenda.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar um að það hafi ekki verið haldinn fundur. Það var haldinn fundur, það náðist tími hjá öllum nefndarmönnum. En vegna dagskrártillögu Samfylkingarinnar, formsatriðis, varð að aflýsa þeim fundi. Síðan þá hef ég verið að leita færis að boða nýjan fund því að ég er áhugamaður um að fá að heyra í þeim gestum sem komu á fundinn. Það hefur bara ekki tekist. Varaformaður nefndarinnar er erlendis þessa viku, hv. þm. Kristinn Gunnarsson, og hann óskaði eftir því að fá að vera með á þessum fundi. Í síðustu viku voru framsóknarmenn með þingflokksfund á Suðurlandi og svona hefur þetta gengið, það hefur ekki tekist að halda fund vegna þess að Samfylkingin stóð fyrir því að útiloka síðasta fund.

[10:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkvæmt 3. mgr. 50. gr. skulu umræður um störf þingsins eigi standa lengur en 20 mínútur, en eins og á stendur tel ég rétt að gefa þingflokksformanni Frjálsl. tækifæri til að segja sína skoðun.

[10:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem við erum að ræða, undir athugasemdum um störf þingsins, var til umfjöllunar á þingi árið 2002, þ.e. deilan um sparisjóðina. Þar var tekin ákvörðun um að setja svokallaðar yfirtökuvarnir varðandi sparisjóðina. Ég tel að umræða okkar eigi að snúast um það sem nú stefnir í með sparisjóðina.

Ég tek hins vegar undir ummæli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að það væri eðlilegt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að athuga sína stöðu í þessu máli sem formaður nefndarinnar.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 1. umr.

Stjfrv., 462. mál. — Þskj. 670.

[10:55]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Dómsmrn. hefur um nokkurt skeið talið að gera þurfi víðtækar endurbætur á gildandi lögum um þessa starfsgrein. Félag fasteignasala hefur líka ítrekað látið í ljós sömu skoðun. Ýmis mál sem upp hafa komið á síðustu missirum hafa rennt enn frekari stoðum undir nauðsyn þess að endurbæta löggjöf á þessu sviði, einkum eftirlitsreglurnar.

Fyrstu lögin um sölu fasteigna voru lög nr. 47/1938, en þá var kveðið svo á í lögum að binda heimildir til sölu fasteigna fyrir aðra við sérstakt opinbert leyfi. Hefur svo verið æ síðan. Í stað þeirra komu lög nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, en með þeim var fyrst mælt fyrir um heimildir til að halda námskeið til undirbúnings prófraun fasteignasala. Þá var fyrst mælt fyrir um skyldu fasteignasala til þess að hafa tryggingar vegna tjóns sem þeir eða starfsmenn þeirra kynnu að valda í starfi sínu auk þess sem settar voru ítarlegri reglur en áður giltu um störf þeirra og starfsháttu.

Þessum lögum var breytt með gildandi lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Í þeim var m.a. í fyrsta sinn kveðið á um að fyrirtækjasala félli undir einkarétt fasteignasala, reglur settar um útibú fasteignasala og ýmsar tilfæringar gerðar á reglum um söluyfirlit.

Það þarf að hafa í huga við skipan reglna um milligöngu um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa að viðskiptin eru afar þýðingarmikil, hvort sem litið er á þau frá þjóðhagslegu sjónarhorni eða þeirra einstaklinga og lögaðila sem standa að viðskiptunum hverju sinni. Svo tekið sé dæmi um fasteignakaup þá snúast þau nánast alltaf um aleigu fólks og stundum lögaðila og líka drjúgan hluta af framtíðartekjum viðkomandi. Það er þess vegna afar brýnt að allt regluverkið sem gildir um þessi viðskipti sé sem skýrast.

Eftirtalin atriði í gildandi reglum þarfnast breytinga:

Nokkuð hefur tíðkast að fasteignasölur séu undir eignarráðum og reknar af mönnum sem ekki hafa til þess leyfi. Fasteignasalinn sem hefur löggildingu er í ýmsum tilvikum starfsmaður eigandans og lýtur boðvaldi hans sem vinnuveitanda en það dregur úr möguleikum hans til þess að koma fram sem sjálfstæður milliliður sem hefur lögbundnum skyldum að gegna bæði gagnvart kaupanda og seljanda. Ljóst er að reglur gildandi laga um útibú eru ekki í takt við þarfir markaðarins og að ýmsu leyti sniðgengnar. Bent hefur verið á að gera verði meiri kröfur til þeirra sem fá löggildingu sem fasteignasalar, bæði um starfsreynslu og menntun.

Þá samræmist það ekki reglum um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, sem á að taka til tjóns sem hann og starfsmenn hans valda af gáleysi, hve mikið kveður að verksamningum í þessari grein. Leiðrétta þarf lágmarksfjárhæðir starfsábyrgðartryggingar til samræmis við aukna áhættu sem leiðir af stækkandi fyrirtækjum í greininni. Söluyfirlit, sem getur haft mikla þýðingu við að veita kaupanda upplýsingar um eiginleika og ástand fasteignar, hefur ekki öðlast þá stöðu sem æskilegt er. Er því brýn þörf á að styrkja reglur um söluyfirlit, efni þess og skylduna til að útbúa það og kynna væntanlegum tilboðsgjöfum í fasteignir. Taka þarf einnig af skarið um hver skylda fasteignasala sé um öflun upplýsinga í söluyfirlit.

Engar reglur eru í gildandi lögum um meðferð fasteignasala á fé viðskiptamanna. Er þetta bagalegt þar sem algengt er að fasteignasalar hafi umtalsverða fjármuni viðskiptamanna sinna undir höndum. Er brýnt að setja reglur um meðferð þeirra á slíku vörslufé.

Reglur um eftirlit með starfsemi fasteignasala eru ófullnægjandi. Gildandi lög gera ráð fyrir að dómsmrn. hafi með höndum eftirlitið. Þó skortir með öllu heimildir í lögum um framkvæmd eftirlitsins og reglur um viðbrögð við brotum fasteignasala á skyldum sínum eru rýrar að efni til. Það er óheppilegt almennt séð en einkum í ljósi þess hve miklir hagsmunir eru í húfi í fasteignaviðskiptum. Það er því brýnt að hafa í lögum reglur sem heimila eftirlitsaðila að bregðast skjótt við til þess að forða áföllum.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um skaðabótaábyrgð fasteignasala og reglur gildandi laga um refsiverð brot í starfsemi fasteignasala tiltaka aðeins að sérstaklega upptalin brot séu refsiverð en hafa ekki að geyma neitt almennt ákvæði um refsinæmi brota á lögunum.

Vinna við frv. hófst í ársbyrjun 2003. Við gerð þess hefur verið haft samráð við Félag fasteignasala um atriði sem félagið taldi að bæta þyrfti úr, en einnig var fundað með fulltrúum þriggja stærstu vátryggingafélaganna hér á landi í því skyni að ræða starfsábyrgðatryggingar fasteignasala. Þegar fyrstu drög frv. lágu fyrir, þ.e. texti greina, var það kynnt á samráðsfundi með hópi fasteignasala. Félagið kom að sjónarmiðum sínum á þessu stigi og var leitast við að taka tillit til þeirra að því leyti sem kostur var áður en heildardrög að frv. voru send til kynningar á vegum dómsmrn. Þegar þau lágu fyrir voru þau send nálægt 20 aðilum sem ætla má að hefðu sérstakra hagsmuna að gæta. Athugasemdir bárust frá nokkrum þeirra og er gerð grein fyrir viðbrögðum og ábendingum í almennum hluta athugasemda með frv. M.a. er lýst með rökstuddum hætti hvaða afstaða var tekin til athugasemdanna. Unnt var að fallast á fjölda athugasemda og ábendinga.

Meginefni frv. og helstu brtt. bera það með sér að leitast er við að taka á öllum þeim þáttum sem gagnrýndir hafa verið í gildandi lögum sem gerð var grein fyrir hér að framan.

Frv. er í sex köflum. Efni þess og helstu brtt. eru að lagt er til að heiti laganna verði breytt og þau nefnd lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Í I. kafla er lagt til að orðin „í atvinnuskyni“ í gildandi lögum verði felld niður. Öðrum en fasteignasölum yrði því bannað að hafa milligöngu um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra. Ástæðan er sú að illmögulegt hefur reynst að afmarka skýrlega hver mörk þessarar reglu eru. Er lagt til að sömu skipan verði komið á aftur og gilti samkvæmt lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, og lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938.

Þá er lagt til að hnykkt verði á því að ákvæði laganna gildi þegar fasteignasali tekur að sér að hafa milligöngu um viðskipti með fasteignir fyrir þá sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna og svo þegar lögmenn selja einstakar fasteignir í tengslum við lögmannsstörf þeirra. Eftirlitsreglur frv. taka þó ekki til slíkra einstakra starfa lögmanna. Lagt er til að heimild í 3. mgr. 2. gr. um að synja megi manni um löggildingu ef hann hefur gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga verði þrengd þannig að hún eigi aðeins við ef maður hefur hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum tiltekinna kafla laganna, þ.e. kafla sem taka til fjármunabrota eða brota sem tengjast skjalafalsi o.fl.

Þá er lagt til að skilyrði því sem gilt hefur um búsforræði fasteignasala verði breytt og samræmt því skilyrði sem gildir um lögmenn sama efnis. Lagt er til að gerðar verði auknar kröfur til þeirra sem þreyta vilja prófraun fasteignasala, þ.e. að gerð verði krafa um a.m.k. 12 mánaða starfsreynslu áður en prófraun er þreytt, að hann þurfi að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun að mati prófnefndar og hann þurfi að hafa setið námskeið til undirbúnings prófrauninni.

Þá eru gerðar tillögur um breytingar á tilnefningum í prófnefnd, aðra skipan á starfsábyrgðartryggingum en nú gilda, m.a. um hækkun þeirra í takt við hækkun þeirra í takt við fjölda starfsmanna.

Loks eru gerðar tillögur um breytingar á reglum um eignarhald á fasteignasölum, útibúum, að starfsábyrgðartrygging eigi að taka til þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala og ýmis önnur atriði.

Í II. kafla lúta brtt. einkum að þremur meginatriðum. Þær eru þessar:

Í fyrsta lagi eru gerðar reglur um söluyfirlit í því skyni að styrkja stöðu þess bæði til að tryggja að það verði örugglega alltaf gert og til þess að styrkja það efnislega. Til viðbótar því má nefna að gerð er tillaga um nýtt ákvæði sem bætt er við 3. mgr. 11. gr., um efni söluyfirlits við sölu fyrirtækja, en ekkert slíkt ákvæði er í gildandi lögum.

Í öðru lagi eru lagðar til ýmsar lagfæringar á gildandi reglum um störf og starfsháttu fasteignasala, svo og skyldur þeirra við upplýsingaöflun vegna söluyfirlits og ábyrgð þeirra á réttmæti upplýsinganna.

Í þriðja lagi eru reglur um vörslu fjárreikninga, þ.e. um skyldur fasteignasala til þess að varðveita fé viðskiptamanna sinna á sérstökum reikningi. Er mælt fyrir um að fjármunir á slíkum reikningum séu eign viðskiptamanna, þeir njóti vaxta af fjármunum og staða innstæðunnar sé tryggð við hugsanleg gjaldþrotaskipti á búi fasteignasalans.

Í III. kafla eru tillögur um veigamiklar breytingar, þ.e. að fasteignasölum verði skylt að eiga aðild að Félagi fasteignasala og því verði ákveðið veigamikið hlutverk í lögunum. Lagt er til að sett verði á fót stjórnsýslunefnd, eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, sem starfi í tengslum við félagið og á kostnað þess. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með fasteignasölum í starfi þeirra. Nefndin hefur ríkar skyldur til eftirlits og heimildir til viðbragða ef rökstuddur grunur er um að fasteignasali hafi brotið af sér í störfum sínum. Nefndin getur veitt áminningu. Hún getur svipt fasteignasala löggildingu tímabundið og hún getur krafist lokunar á starfsstöð hans.

Ákvörðunum nefndarinnar sem hér hefur verið getið um má skjóta til ráðherra sem æðra stjórnvalds samkvæmt ákvæðum frv. Ráðherra getur m.a. ákveðið að svipting löggildingar skuli vera varanleg. Eftirlit nefndarinnar er tvenns

konar, þ.e. reglulegt eftirlit sem þó er ekki oftar en þriðja hvert ár og eftirlit sem ákveðið er sérstaklega, ýmist að gefnu tilefni eða ekki.

Auk þessa felst eftirlit nefndarinnar í því að fasteignasalar eiga að skila til hennar vottorði endurskoðanda um að meðferð þeirra á fé viðskiptamanna hafi verið í samræm við lög og reglur um vörslu fjárreikninga. Eftirlitsreglurnar og ákvæði um kostnað af eftirlitinu samrýmast ákvæðum laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999. Markmiðið er að eftirlitið verði framkvæmt þannig að þeir fasteignasalar sem hafa sín mál í lagi verði almennt ekki varir við eftirlitsnefndina en nefndin hafi virk tækifæri til rannsókna og aðgerða þegar rökstuddur grunur er um að fasteignasali hafi ekki risið undir þeirri miklu ábyrgð sem þessari umsýslu fylgir.

Í V. kafla er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að grundvöllur skaðabótaábyrgðar fasteignasala sé sakarreglan. Einnig er lagt til að mælt verði fyrir um það með almennum hætti að brot á ákvæðum laganna, ef frv. verður samþykkt á Alþingi, varði sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til meðferðar í hv. allshn.

[11:06]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir. Hér er um gríðarlega mikla réttarbót að ræða og í raun ekkert nema gott um þetta mál að segja. Það er staðreynd.

Ég mun ekki fara yfir einstaka kafla í frv. en vil minna á ýmislegt í því. Með þessu frv. erum við að leggja lóð á vogarskálina og stuðla að því að fá heildarlöggjöf varðandi fasteignir og fasteignakaup.

Á síðasta þingi var gengið frá frv. til laga um fasteignakaup. Það var líka gríðarleg bót varðandi réttarsamband kaupenda og seljenda. En í því frv., sem var til meðferðar hjá hv. allshn., var einnig kafli um svokallaðar ástandsskýrslur fasteigna. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að geyma þann kafla. Þá vinnu vantar enn upp á og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, hann gæti jafnvel svarað því í lokin, hvar sú vinna er stödd. Viðar Már Matthíasson prófessor vann það frv. ásamt því sem hér er. Á það var minnst í niðurstöðu nefndarinnar og í nefndaráliti að þetta væri eitt af því sem ætti líka að hraða. Það væri mjög gott að fá það upplýst. Það er einnig mjög brýnt mál en við sáum að það var stærra en ætlað var og vildum reyna að nýta betur þá reynslu sem hefur fengist hefur í Noregi og víðar og það er mál sem nefndin þyrfti að skoða í framhaldi af þessu.

Ég fagna því hve hratt hefur verið unnið í þessu máli. Ef vinna við þetta frv. hefur byrjað árið 2003 þá er þetta mjög vel af sér vikið.

Ég fagna einnig nýmæli í frv. Ég minnist þess ekki í svona máli að í greinargerð séu færðar athugasemdir þeirra sem fóru yfir málið á vinnslustigi. Þar koma fram athugasemdir frá fasteignasölum, frá ASÍ, frá Neytendasamtökunum o.s.frv. Það er gríðarlega gott að hafa þær til hliðsjónar og mun vafalítið hjálpa nefndinni talsvert við ákveðna vinnu. Bæði gætum við fengið umsagnir fyrr eða hreinlega fengið þessa aðila sem gesti til nefndarinnar. Ég vil meina að þetta nýmæli væri mikilvægt að taka upp í stærri málum sem eru liður í heildarlöggjöf. Ég fagna þessu nýmæli. Þetta gefur í raun mjög góða yfirsýn og maður hefur líka á tilfinningunni að allt sé uppi á borðinu. Ég er ánægð með þau vinnubrögð dómsmrn. að setja slíkt í greinargerð.

Við eigum eftir að fara yfir frv., þetta er bara 1. umr. Við eigum eftir að fara yfir frv. í allshn. Okkar bíður það skemmtilega verkefni og jafnframt að skoða um leið hvernig þetta kemur í samhengi við lögin um fasteignakaupin. Við munum þá skoða ástandsskýrslurnar og úttektina á því húsnæði sem er verið að kaupa.

Undanfarið hefur staða fasteignasala talsvert verið í umræðunni og komið upp mörg leiðindamál þeim tengd í fjölmiðlum. Þessi hópur er oftast að höndla með aleigu fólks. Hér á landi er rík hefð fyrir því að eiga sitt húsnæði. Og þó að húsnæði sé með góðum lánum er fólk að setja allt sem það á í þau kaup. Ég ætla að láta þetta nægja að sinni og hlakka til vinnu í allshn. við þetta mál.

[11:12]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur dómsmrh. lagt fram frv. til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa á þskj. 670.

Ég vil byrja á að fagna þessu frv. sérstaklega. Ég tel að þessi lagasetning sé af hinu góða og að hugsunin í frv. sé rétt. Um er að ræða mjög mikilvæga starfsgrein. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir almenning enda er þetta starfsgrein sem sýslar með lífssparnað almennings, framtíðareignir, sparnað og einnig skuldir almennings.

Í frv. er mjög margt til bóta og án efa verður farið vel yfir þetta mál í allshn. Ég vil þó koma inn á nokkur atriði sem ég tel vert að skoða nánar. Ég vil nefna fjögur þeirra hér.

Í fyrsta lagi er í 19. gr. frv. kveðið á um sérstaka eftirlitsnefnd sem starfi í tengslum við Félag fasteignasala. Þessi eftirlitsnefnd á að hafa ríkar skyldur og ætlast er til að Félag fasteignasala beri kostnað af störfum nefndarinnar. Af þessu hef ég nokkrar áhyggjur miðað við hinar ríku skyldur sem nefndin mun hafa. Gera má ráð fyrir að þetta eftirlit verði töluvert kostnaðarsamt og tel ég rétt að ríkisvaldið leggi til fé til að standa straum af hluta þessa kostnaðar til að tryggja lágmarksskilvirkni nefndarinnar. Eins og áður hefur komið fram eru gríðarlegir hagsmunir neytenda í húfi og ríkisvaldið er að sjálfsögðu fulltrúi þeirra. Að öðrum kosti fellur töluverður kostnaður á greinina sjálfa eigi eftirlitsnefndin að geta uppfyllt skyldur sínar að fullu, eins og við gerum kröfu um. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að hér sé verið að velta of miklum kostnaði yfir á starfsgreinina sem gæti leitt til þess að árangurinn verði ekki eins og til er ætlast í lögunum.

Í öðru lagi vil ég nefna að ég tel rétt að við svona lagasetningu, sem er mjög af hinu góða, verði tekin alvöruskref í menntunarmálum fasteignasala. Í frv. er stefnt í rétta átt, t.d. með kröfu um stúdentspróf eða sambærilega menntun en mér finnst að gera megi enn ríkari kröfur um verklega reynslu í lögunum en gert er ráð fyrir í frv.

Í öðru starfsnámi er gerð krafa um lengri tíma undir handleiðslu meistara. Ég tel rétt að hið sama eigi við um þessa starfsgrein. Skoða ætti betur að áður en fólk geti leyst út löggildingarskírteini sín hafi það góða reynslu fyrir og eftir nám. Í þessu sambandi hafa verið nefndir 18 mánuðir fyrir próf og 18 mánuðir eftir próf. Mér finnst að úr því að fara á út í þessa lagasetningu þá eigum við að skoða af fullri alvöru hvort 12 mánaða verkleg reynsla nægi. Hér eru miklir hagsmunir almennings í húfi. Þetta er mikilvæg starfsemi. Við verðum að gera til hennar meiri kröfur og það á að gera þetta myndarlega. Við þurfum að gera kröfu um vandaða menntun og mikla reynslu til að tryggja fagmennsku. Við gerum slíkar

kröfur til annarra starfsgreina og það ætti ekki síður að gilda um þessa starfsgrein. Það eru hagsmunir starfsgreinarinnar og einnig hagsmunir neytenda.

Í þriðja lagi vil ég nefna stuttlega að mér finnst við eigum að skoða hvort sjálfsagt sé að lögmenn öðlist þessi réttindi sjálfkrafa, hvort þeir eigi ekki að taka prófið eða hvort gera eigi til þeirra kröfu um einhverja verklega reynslu áður en þeir geta hafið slík störf. Mér finnst vert að skoða það. Á þetta hefur verið bent af Félagi fasteignasala og það þarf að skoða, sérstaklega í ljósi þess að nú er verið að leggja mun ríkari skyldur á fasteignasala hvað varðar upplýsingagjöf. Mér finnst rétt að við skoðum það nánar.

Í fjórða lagi vil ég líka nefna að mér finnst rétt að skoða einnig hvort ekki sé rétt að byggingaraðilum sem selja fasteignir sé gert skylt að kalla á aðkomu fasteignasala á fyrri stigum máls en gert er ráð fyrir í frv., fasteignasalarnir kæmu þar að kauptilboðum og tilboðsgerð og inn í kaupsamningana á fyrri stigum til að tryggja rétt neytendanna og þá faglegu og vönduðu meðferð sem við erum að gera kröfur um.

Það eru miklar skyldur, bæði faglegar og fjárhagslegar, sem lagðar eru á Félag fasteignasala með þessari lagasetningu. Ég tel því mjög mikilvægt að vinna í góðu samráði við félagið við vinnslu málsins.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns tel ég hugsunina í frv. þessu afar góða. En góð hugsun er ekki nóg því að þessi lög og einstakar greinar þess skipta miklu máli fyrir nánustu framtíð. Því er mikilvægt að vel sé til vandað og að góð sátt ríki um þau. Að lokum vil ég þakka þá miklu og hröðu vinnu sem lögð hefur verið í undirbúning þessa mikilvæga máls.

[11:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hinar góðu undirtektir þingmanna við frv. og tek undir með þeim að það hefur verið vel að verki staðið við gerð frv. og ánægjulegt að þingmenn kunna að meta það hvernig að því verki hefur verið staðið.

Einnig vakti það athygli mína að það var talið til ágætis frv. að það hefði verið sent til umsagnar hjá aðilum á því stigi sem það var í höndum ráðuneytisins. Það er að sjálfsögðu alltaf umdeilanlegt hvernig að slíkum málum skuli staðið því að oft vilja þingnefndir sjálfar náttúrlega stýra því hvernig leitað er umsagna og hafa forgöngu um það. En hér er þetta gert. Ég tel að þetta sé nú kannski frekar undantekning heldur en algild regla við afgreiðslu mála af þessu tagi.

Ég vil aðeins segja út af ástandsskýrslunum að það er mál sem þarf að athuga og gott er að nefndin komi með sína þekkingu inn í það með reynslu sinni af því sem var á síðasta þingi. Í 11. gr. frv., eins og sjá má, er fjallað um svokölluð söluyfirlit. Eins og þingmenn sjá á bls. 42 í greinargerðinni er þar m.a. fjallað um þetta, með leyfi forseta:

„Þá er lagt til að bætt verði inn lið í söluyfirlit, þ.e. j-lið 2. mgr. frumvarpsins, en þar er lögð sú skylda á fasteignasala að hann sjái til þess að önnur atriði um fasteignina sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið, komi þar fram. Ástæða þessa er sú að fyrir kemur að ástandsskýrslur séu gerðar um fasteignir, t.d. í tilefni af væntanlegri sölu þeirra. Séu slíkar skýrslur til um fasteign, þótt ekki séu þær nýjar, er eðlilegt að skylt sé að kynna þær fyrir væntanlegum tilboðsgjafa eða a.m.k. upplýsa hann um tilvist þeirra, enda getur mikilsverðar upplýsingar verið þar að finna um ástand eignarinnar og annað sem máli getur skipt."

Þarna er vikið að þessum skýrslum. Það styrkir náttúrlega seljandann að hafa slíkar skýrslur og hafa þær þannig að þær veiti upplýsingar um raunverulega stöðu eignarinnar. Ég tel því að þarna sé verið að árétta mikilvægi þessara skýrslna en fagna því ef nefndin tekur þetta sérstaklega til athugunar og umræðu.

Varðandi það sem fram kom í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur þá hef ég í sjálfu sér ekki neitt um þau atriði að segja. Mér finnst alveg sjálfsagt að allshn. skoði þá þætti sem hún nefndi. Þetta eru þau álitamál sem menn þurfa að hafa í huga þegar þeir fara yfir frv. og ég vænti þess að í meðförum nefndarinnar komi einnig fram önnur álitaefni sem nefndin telur sér skylt og nauðsynlegt að fara yfir. Ég legg það í hendur nefndarinnar að fjalla um slík efnisatriði og vonandi næst um þau öll góð samstaða í nefndinni áður en yfir lýkur.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta hefur nú verið ákaflega hjartnæm stund, þ.e. umræðan um þetta frv. Búið er að fara svo hlýlegum orðum um það að það hálfa væri nóg. Ekki ætla ég nú að fara að spilla gleðinni. Ég dreg síst úr því að þörf er á því að taka á þessum málum. Eins og því miður fréttir á undanförnum vikum, mánuðum og missirum hafa borið með sér eru allt of mikil brögð að því að hlutir séu ekki í lagi þegar þessi miklu verðmæti sem tengjast t.d. fasteignaviðskiptum fara um hendur þeirra sem með þau sýsla. Að því leyti, að sjálfsögðu, er mjög þarft og gott að fá vel unnið frv. sem ég hef svo sem enga þekkingu til að agnúast út í eða setja út á. Ég treysti því að það sé vel og vandlega undirbúið enda hafa þar glöggir menn um vélað og heilmikil undirbúningsvinna er að baki, meira að segja er búið að senda frv. út til einhvers konar forumsagna til nokkurra aðila.

Þó eru auðvitað nokkur atriði sem hlýtur að mega velta aðeins upp og það ætla ég að leyfa mér að gera, ekki síst af því að ég sit ekki í hv. þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar. Þar tel ég mig sjá bæði kost og kannski löst eða a.m.k. umdeilanlegri atriði í frv.

Ég held að eitt stærsta og þarfasta ákvæðið sé nýmæli 17. gr. um vörslufjárreikninga og í raun vekur það undrun þegar maður fer að hugleiða það hvers vegna í ósköpunum sú skipan hefur ekki verið við lýði að mönnum væri skylt að halda þeim fjármunum sem þeir taka við frá öðrum og hafa undir höndum tímabundið, vegna þess að þeir eru að koma á fasteignaviðskiptum eða fyrirtækja- eða skipakaupum, aðgreindum frá eigin fjárhag. En þannig mun það ekki hafa verið, öfugt við t.d. lögmenn sem hafa slíkar kvaðir á sér. Eftir því sem manni hefur sýnst af mörgum þeim málum þar sem um misferli eða fjárdrátt hefur verið að ræða í tengslum við fasteignaviðskipti þá hefur það einmitt tengst því að menn hafa freistast til þess að taka sér fé annarra að láni tímabundið, væntanlega með það í huga að þeir mundu ráða við að skila því aftur áður en nokkuð kæmist upp. En svo hefur það ekki gengið eftir. Það að hafa þetta algerlega aðskilið á sérstökum reikningum og hafa það ótvíræða lagaskyldu hlýtur að teljast þarna til mikilla bóta.

Hitt atriðið, herra forseti, sem ég hef staldrað aðeins við er fyrirkomulag varðandi eftirlit með fasteignaviðskiptum. Hér er valin sú leið, sem sjálfsagt eru ýmis gild rök fyrir, að setja það eftirlit í hendur á félagi, í raun eftirlitsnefnd félagsskaparins sem í hlut á. Í III. kafla frv. er með öðrum orðum gengið þannig frá í fyrsta lagi að fasteignasalar skulu

hafa með sér félag sem nefnist Félag fasteignasala og er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn. Hér er sem sagt allt í einu komin í frv. tillaga um skylduaðild að félagsskap og er það nokkuð athyglisvert í sjálfu sér, ekki síst af því að það er flutt af hæstv. dómsmrh. Birni Bjarnasyni.

Nú minnir mig að ég hafi oft orðið vitni að umræðum og tekið þátt í umræðum þar sem menn hafa haft allt á hornum sér út í fyrirbærið skylduaðild að þessu eða hinu og svo sem ekki að ósekju því að einn af grundvallarhornsteinum frelsisins er jú að mönnum sé frjálst að velja sér aðild að félögum eða að vera ekki í þeim. Þess vegna hlýtur að þurfa að fara vandlega yfir það hvort þetta er í fyrsta lagi réttlætanlegt, hvort þetta stenst, og þá í öðru lagi hvort þetta sé besta fyrirkomulagið varðandi þetta eftirlit.

Ég tek það skýrt fram að ég er ekki í þeim hópi sem á í neinum sérstökum erfiðleikum með að skylduaðild geti átt rétt á sér, enda liggi svo brýnir hagsmunir á bak við að réttlætanlegt sé að leggja slíkar kvaðir á menn. Það út af fyrir sig, að mínu mati, þarf ekki endilega að eiga við hér vegna þess að það er alveg hægt að hugsa sér að koma þessu eftirliti fyrir öðruvísi, t.d. með því að hafa opinbert eftirlit, þ.e. að hið opinbera annist eftirlitið og það sé ekki í höndum félagsmannanna sjálfra eða félagsskapar þeirra. Sú leið er valin í fjármálaheiminum. Þar er opinbert eftirlit, Fjármálaeftirlitið. Það er ekki félag viðskiptabanka og verðbréfafyrirtækja og annarra slíkra aðila sem kemur á eftirlitsnefnd til að annast eftirlit á þann hátt að menn hafi þannig lagað séð eftirlit með sjálfum sér, heldur öfugt. Sama er að segja um Samkeppnisstofnun, samkeppnisyfirvöld og samkeppniseftirlit. Það er ekki í höndum einhvers konar félagsskapar þeirra sem í hlut eiga heldur er þar um opinbert eftirlit að ræða. Auðvitað er stutt úr Fjármálaeftirlitinu, sem m.a. tók yfir verkefni Vátryggingaeftirlitsins á sínum tíma, yfir í það að hafa eftirlit með fasteignaviðskiptum. Það er ekkert löng leið þar á milli og hefði auðvitað alveg getað komið til greina að þetta eftirlit væri deild þar.

En hér er sem sagt valin sú athyglisverða leið að hafa skylduaðild að Félagi fasteignasala og það er rökstutt og ágætlega að mínu mati með því að svo brýnir hagsmunir séu í húfi að koma við þessu eftirliti og tryggja að þetta fari allt saman vel fram að það réttlæti skylduaðildina. Ég tel þetta mikilsvert fordæmi og áhugavert og verður örugglega oft til þess vitnað í framtíðinni.

Um þessa hluti hefur iðulega verið deilt harkalega og mál hafa gengið til dómstóla út af slíkum hlutum, t.d. skylduaðild að félögum leigubílstjóra, sendiferðabílstjóra eða öðru slíku. Það hefur verið rökstutt af stjórnvöldum að réttlætanlegt gæti verið að viðhafa þar skylduaðild vegna þess að mikilvægir almannahagsmunir væru fólgnir í þeirri stjórnsýslu sem færi fram í gegnum félögin eða þeirri skipulagningu mála sem færi fram í gegnum það að um slíkan félagsskap væri að ræða og menn öðluðust réttindi í gegnum félagið.

Þá vil ég sérstaklega víkja að því hvernig þetta er orðað í 1. málslið 18. gr. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Fasteignasalar skulu hafa með sér félag sem nefnist Félag fasteignasala. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn."

Án þess að hafa hugsað þetta mikið og vera jafnlögfróður og þeir snillingar sem hafa samið þetta frv. þá hefði ég leitað annarra leiða varðandi orðalag í þessum efnum og reynt að binda skylduaðildina með beinum hætti við þau réttindi sem menn öðluðust gegnum félagsaðildina þannig að það væri í sjálfu sér svo að menn gætu staðið utan félagsins. En þá yrðu þeir af þeim réttindum sem fylgja því að vera félagsbundnir og falla undir eftirlitið o.s.frv.

Nú kunna menn að segja að þetta komi út á eitt og það út af fyrir sig getur verið svo. En orðalagið gæti þarna skipt máli, þ.e. að það væri algjörlega á hreinu að tengingin við skylduaðildina væru þau réttindi sem menn öðluðust þar með. Fyrir því eru sem sagt gild rök að fara þá leið.

Ég geri ráð fyrir því að hv. allshn. muni athuga þetta mjög rækilega og tryggja að hér sé alveg róið fyrir hverja vík og engar gryfjur í málinu. Þetta er þó að mörgu leyti fyrirkomulag sem má velta fyrir sér og hafa jafnvel efasemdir um. Það sést líka af því t.d. að ráðherra gefur út löggildinguna, ráðherra gefur út starfsleyfin, en nefnd samtaka þeirra sem í hlut eiga, eftirlitsnefnd Félags fasteignasala getur hins vegar ógilt löggildinguna og tekið af mönnum, að vísu tímabundið, þá löggildingu sem ráðherra hefur gefið út. Það vald er því í raun framselt með þeim hætti til eftirlitsnefndarinnar, ef ég hef áttað mig rétt á þessu. Það er að vísu eingöngu gert ráð fyrir tímabundinni sviptingu og það er málskotsréttur til ráðherra þannig að sjálfsagt stenst málið í því ljósi. En þetta er fremur óvenjulegt sýnist mér engu að síður. Hvers vegna í sjálfu sér þetta fyrirkomulag er valið og hentar þá væntanlega betur þessari tegund viðskipta en ýmsum öðrum, treysti ég mér svo sem ekki til að fara mikið út í. Ég hef ekki þaullesið rökstuðninginn fyrir því nægjanlega til þess.

Herra forseti. Ég vona að þessar vangaveltur mínar sem leikmanns hafi ekki spillt ánægjunni yfir því að menn skulu vera komnir með þetta frv. í hendur og þessari hjartnæmu stund sem hér hefur verið í umræðum um það, en það helgast að sjálfsögðu af því að það er auðvitað mikil ánægja með að til standi að reyna að koma þessum málum í betra horf en verið hefur að undanförnu. Það er eiginlega ekki hægt að segja annað en að stétt fasteignasala hafi orðið fyrir verulegum álitshnekki á undanförnum mánuðum vegna þess hversu oft þar hafa komið upp vafasöm mál.

[11:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um að frv. sé mikil réttarbót. Það eru vissulega miklir hagsmunir almennings í húfi og sömuleiðis, sem hefur kannski ekki komið fram, eru hagsmunir fasteignasala líka mjög ríkir þ.e. að þær reglur sem um starfsemi þeirra gilda séu skýrar, ekki síst í ljósi þeirra áfalla sem sú stétt hefur orðið fyrir að undanförnu.

Mig langar til að víkja að einu atriði sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í ræðu sinni, ágætri ábendingu og málefnalegri sem ég tel að við í hv. allshn. eigum að taka til skoðunar. Það er skipan þessarar eftirlitsnefndar sem vikið er að í III. kafla frv. Þar er gert ráð fyrir að Félag fasteignasala tilnefni tvo nefndarmenn. Ég get alveg tekið undir að ég get hugsanlega séð það fyrirkomulag hentugra fyrir mér þannig að aðrir óháðir aðilar skipi slíka nefnd, svo sem einn löggiltur endurskoðandi og einn lögmaður ásamt þeim aðila sem hæstv. dómsmrh. mun tilnefna. Við sjáum t.d. í 21. gr. að þessari eftirlitsnefnd er, samkvæmt frv., heimilað að hafa eftirlit og fara í bókhald og önnur skjöl hjá fasteignasölum og það kann að skjóta skökku við að fasteignasalar sem hugsanlega verða tilnefndir í eftirlitsnefndina af hálfu Félags fasteignasala hafi aðgang að bókhaldi og skjölum hjá samkeppnisaðilum sínum. Það má vel vera að úr þessu megi bæta og ég hygg að við í hv. allshn. munum taka þetta atriði sérstaklega til skoðunar.

[11:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek út af fyrir sig undir það með hv. þingmanni að eitt af því sem þarna er eðlilegt að athuga er skipan eftirlitsnefndarinnar, hvernig í hana er skipað. Það skiptir vissulega máli og þau sjónarmið geta verið uppi að það sé betra að það séu alveg utanaðkomandi aðilar heldur en einhverjir félagsmenn úr Félagi fasteignasala sem þarna gætu komið til sem þessir tveir af þremur fulltrúum í nefndinni.

Hitt er svo auðvitað álitamál hvort viðhafa eigi þetta fyrirkomulag og hversu víðtækt valdsvið eigi að fela þeirri nefnd. Þegar maður hugsar þetta er þarna verið að setja á fót nefnd sem hefur mjög afgerandi vald, ekki bara til að kanna gögn og sækja sér upplýsingar heldur hefur hún áminningar- og agavald og getur svipt menn löggildingu. Hún getur að eigin frumkvæði leitað eftir atbeina lögreglu til að loka starfsstöð þannig að þarna er um mjög sterka stöðu nefndarinnar að ræða og minnir á, umdeildar að vísu, heimildir samkeppnisyfirvalda og skattsins og fleiri aðila til að fara inn í starfandi fyrirtæki og sækja sér upplýsingar, beita síðan viðurlögum og refsingum. Nefndinni er því falið mjög mikilvægt hlutverk og það hlýtur að þurfa að skoða hvort tveggja vandlega, bæði skipan hennar sem og hversu víðtækt valdsvið hún á að hafa ef menn sem sagt ætla að koma því á sem þarna er lagt til á annað borð. Annar möguleiki væri t.d. venjubundið opinbert eftirlit sem er algjörlega óháð utanaðkomandi gagnvart þeim félagsskap sem í hlut á.

[11:36]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ástæðurnar fyrir því að hér er lagt til að komið verði á slíkri eftirlitsnefnd og hún hafi tiltölulega ríkar heimildir til þess að hafa eftirlit með starfsemi fasteignasala séu einmitt þau atriði sem hér hafa verið nefnd og komið hafa upp í umræðunni upp á síðkastið. Hér er um mjög mikilvæga hagsmuni að ræða. Fasteignasalar véla með aleigu fólks og það er mjög mikilvægt að starfsemi þeirra fari að lögum og eftirlit sé haft með því að menn fari að reglum. Ég get ekki séð að opinbert eftirlit, af því að vikið var að því, sé endilega heppilegra en eftirlit manna sem starfa í einkageiranum. Þetta atriði og þær heimildir sem eftirlitsnefndin kemur til með að hafa verði frv. að lögum verður allt tekið til málefnalegrar umfjöllunar í hv. allshn.

[11:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar víkja að 18. gr. Það er rétt að þar er gert ráð fyrir að menn séu skyldaðir til að ganga í þetta félag enda er um lögbundnar skyldur félagsins að ræða. Og það er lykilatriði sem menn verða að hafa í huga þegar þeir fjalla um skylduaðild að félögum að í landslögum sé tekið fram um hvaða málefni þessi félög eiga að fjalla og þess vegna sé unnt að mæla fyrir því í lögum að um lögbundna aðild að félögunum sé að ræða. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga og þegar litið er á lokamgr. 18. gr. kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Félagi fasteignasala er heimilt að starfrækja í öðru skyni en mælt er fyrir um í lögum þessum, svo sem til þess að sinna símenntun félagsmanna eða starfsmanna þeirra, sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem fasteignasölum er frjálst að eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins."

Þetta er gert til að menn átti sig á því að þarna er alveg um lögbundið hlutverk að ræða og þess vegna eru menn skyldaðir til aðildar að félaginu.

Síðan er það líka rökstutt ítarlega í greinargerð með frv., m.a. á bls. 46 um III. kafla frv., hvers vegna þessi leið er valin. Hún er valin til þess að tryggja enn betur en ella væri öryggi í umræddum viðskiptum og öryggi í slíku starfsumhverfi. Þess vegna er lagt til við Alþingi að þessi leið verði samþykkt. Eins og fram hefur komið á þetta mál vafalaust eftir að verða mikið rætt í nefndinni. Það er mikill áhugi á því eins og hér hefur fram komið og ég vænti þess að menn fari yfir þetta og skýri þá ef einhver vafaatriði eru í þessu tilliti. Frá sjónarmiði mínu sem er eindreginn talsmaður frjálsrar félagsaðildar er þetta ekki neitt brot á þeirri hugmyndafræði eða þeim hugsjónum sem við höfum sem viljum standa vörð um mannréttindi manna og rétt þeirra til að taka ekki þátt í félögum nema þegar staðið er að því með þeim hætti sem hér er gert. Það er algerlega í samræmi við allar reglur sem um þessi mál gilda þegar rætt er um þau frá mannréttindasjónarmiðum.

[11:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér datt í hug að það kynni að bjóða upp á líflegar umræður að nefna aðeins þetta atriði með skylduaðildina. Ég ætla samt ekki að vera með neina stríðni uppi í þeim efnum en sögulega og pólitískt er samt skemmtilegt að ræða hér um frv. sem flutt er af hæstv. dómsmrh. Birni Bjarnasyni sem gerir ráð fyrir skylduaðild af þessu tagi að félagi. Hæstv. ráðherra hefur nú útskýrt afstöðu sína til þess og reyndar tel ég að það sé út af fyrir sig fráleitt að leggja einhverja flokkspólitíska merkingu eða ætla að afstaða manna til grundvallarfrelsisreglna eins og félagafrelsisákvæða eigi að ráðast af flokkspólitík. Oft voru hins vegar uppi í umræðum tilhneigingar til þess og sjálfstæðismenn fóru gjarnan mikinn gegn ýmsum félögum þar sem um skylduaðild var að ræða. Þar var á bak við ákveðinn pólitískur tilgangur að mínu mati, að ýmiss konar félagasamtök sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna, bæði á vinnumarkaði og víðar, hafa byggt á slíkri aðild. Menn hafa verið í ákveðnum pólitískum leiðangri til að grafa undan slíku, hafa túlkað félagafrelsisákvæði mjög þröngt og afdráttarlaust, jafnvel ekki fallist á að þegar ríkir almannahagsmunir eru bundnir því að slíkir hlutir séu í formi félagsaðildar og skylduaðildar hafi það átt að halda.

Ég hef aðallega kannski vakið athygli á því að hér er um að ræða vel rökstudda niðurstöðu þar sem lögbundnar skyldur eru bundnar við félagsaðildina og það tel ég fullkomlega standast. Þess vegna er ég alls ekki að leggjast gegn því að þetta fyrirkomulag verði hér við haft en bendi þó á að fleiri leiðir eru mögulegar. Eins og við sjáum þegar við skoðum þetta annars staðar á Norðurlöndunum eru farnar mismunandi leiðir hvað varðar eftirlit með fasteignaviðskiptum í einstökum löndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögmenn, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (lögmannsréttindi, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 671.

[11:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum. Tilefni frv. eru ábendingar sem borist hafa um atriði sem betur mega fara í ljósi framkvæmdarinnar. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum vegna innleiðingar á EES-gerðum sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt EES-samningnum. Um það er fjallað í 1. gr. frv. þar sem lagt er til að gildissvið laganna verði rýmkað þannig að þau taki einnig til erlendra lögmanna sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Lagt er til að dómsmrh. setji nánari reglur um starfsemi slíkra lögmanna hér á landi, þar á meðal um réttindi þeirra og skyldur.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að veiting lögmannsréttinda verði ekki lengur bundin við þá sem ljúka embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands. Á móti kemur að gerðar eru auknar kröfur til þeirra sem sækja um að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi, sbr. 4. og 5. gr. frv. Þeir þurfi auk þess að standast sérstaka prófraun, afla sér starfsreynslu, annaðhvort sem lögmannsfulltrúar eða starfsmenn tiltekinna embætta ríkisins.

Í 6. gr. frv. eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna sem fjallar um skilyrði þess að öðlast réttindi til að verða hæstaréttarlögmaður. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á fjölda og eðli þeirra mála sem umsækjandi hefur flutt fyrir héraðsdómi. Í öðru lagi verði lagt niður það fyrirkomulag að leita þurfi samþykkis sérstakrar prófnefndar hvort mál sé tækt sem prófmál heldur sýni umsækjandi fram á að með prófraun sé hann hæfur til að öðlast réttindin. Gert er ráð fyrir að prófraunin felist í munnlegum flutningi fjögurra mála, þar af tveggja einkamála fyrir fimm eða sjö dómurum Hæstaréttar. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meti svo hvort viðkomandi hafi staðist prófraunina. Lögð er áhersla á að tilgangur prófraunar sé að prófa málflutningshæfi lögmanns og að jafnaður verði aðgangur lögmanna að hæstaréttarlögmannsréttindum.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 12.–17. gr. laganna sbr. 7.–12. gr. frv. sem snúa að þeim tilvikum þegar lögmaður hyggst ekki nýta réttindi sín til lögmannsstarfa eða uppfyllir ekki lengur skilyrði til þess að njóta réttindanna. Gert er ráð fyrir því að lögmaður geti lagt réttindi sín inn til ráðuneytisins og þau verði lýst óvirk í stað þess að hann afsali sér réttindum sínum eins og nú er. Einnig er gert ráð fyrir því að réttindi lögmanns geti í tilteknum tilvikum verið felld niður bæði tímabundið og ótímabundið, þau geti fallið sjálfkrafa niður eða lögmaður verið sviptur réttindum sínum. Um þetta er ítarlega fjallað í almennum athugasemdum við frv. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða notkun titilsins lögmaður þegar fengin hefur verið undanþága frá skilyrðunum um skrifstofu opna almenningi, vörslufjárreikning og starfsábyrgðartryggingu. Í frv. eru enn fremur lagðar til breytingar er lúta að eftirlitsskyldu Lögmannafélags Íslands og er lögð til sú breyting að félagið getur krafið lögmann um greiðslu kostnaðar við rannsókn á fjárreiðum hans, sbr. 8. gr. frv.

Aðrar breytingar sem nefna má eru að gert er ráð fyrir að skýrar verði kveðið á um skyldu lögmanns til að hafa sérstakan vörslufjárreikning. Einnig verði lögfest sú skylda lögmanns að senda Lögmannafélagi Íslands fjárvörsluyfirlýsingu og upplýsingar um verðbréf í hans vörslu og skal hvort tveggja staðfest af löggiltum endurskoðanda. Loks er nýmæli um að úrskurðarnefnd lögmanna geti ef sérstaklega stendur á ákveðið að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra sbr. 17. gr. frv. Gert er ráð fyrir að málagjaldið renni til nefndarinnar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[11:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Frekar nýlega voru sett á laggirnar svokölluð lögmannanámskeið sem lögfræðingar verða að þreyta ætli þeir sér að starfa sem lögmenn. Í 4. gr. fyrirliggjandi frv. um breytingar á 6. gr. laganna er gert að skilyrði fyrir því að mega sitja umrætt lögmannanámskeið að lögfræðingur hafi unnið í a.m.k. sex mánuði sem fulltrúi lögmanns eða í eitt ár sem aðstoðarmaður dómara, fulltrúa, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík eða sýslumanns að lokinni útskrift. Þetta nýmæli vekur upp nokkrar spurningar.

Útskrifaðir lögfræðingar eiga í dag það allir sammerkt að hafa lokið fimm ára námi frá Háskóla Íslands. Aðeins læknar hafa lengra nám að baki en lögfræðingar. Laganemar þurfa einnig á meðan á námi stendur að vinna lögfræðitengd störf, svokallaðan kúrsus, að lágmarki í tvo mánuði. Flestir laganemar vinna hins vegar störf tengd náminu í meira en eitt sumar og hafa því töluverða starfsreynslu við útskrift, hafandi ýmist starfað á lögmannsstofum eða hjá hinu opinbera. Nýútskrifaðir lögfræðingar hafa því nú þegar haft kynni af þeim störfum sem þeim er ætlað að vinna.

Eins og staðan er núna eru laganemar í fimm ár í laganáminu. Þeir þurfa nú þegar að afla sér sérstakrar starfsreynslu undir handleiðslu lögmanna á meðan á náminu stendur og ætli þeir sér að verða lögmenn þurfa þeir að fara aftur í nám eftir útskrift í tæpt hálft ár og taka svokallað lögmannanámskeið. Það eru því fá fagleg rök til þess að bæta enn frekar við vinnuskyldu að lokinni útskrift.

Ég held að ný kynslóð lögfræðinga komi vel undirbúin á vinnumarkaðinn. Lagadeildin hefur tekið miklum breytingum og býður upp á enn breiðari menntun en áður. Lögfræðingar dagsins í dag koma því sterkir út á vinnumarkað að loknu löngu námi. Það er einnig ljóst að starfssvið lögmanna eykst sífellt og hafa ný svið verið að opnast fyrir lögmönnum svo sem hjá fyrirtækjum og í alþjóðasamskiptum stjórnvalda.

Menn hafa verið að spá atvinnuleysi meðal lögmanna í meira en 30 ár. Þrátt fyrir mikla fjölgun í stéttinni hefur sú spá aldrei ræst. Áhrif þessa ákvæðis sem ég er að tala um hér yrðu hins vegar að líkindum þau að færri lögfræðingar störfuðu við lögmennsku en ella, enda virðast í fljótu bragði helstu rökin fyrir þessu ákvæði lögmannafrumvarpsins vera einfaldlega að vernda þá sem þegar starfa við lögmennsku.

Í yfirlýsingu Orators, félags laganema, kemur fram að í 90 ára sögu íslenskrar lagakennslu og veitingu lögmannsréttinda hefur hingað til ekki þótt vera þörf á að gera starfsreynslu að skilyrði fyrir öflun lögmannsréttinda. Hér er einfaldlega verið að gera fólki það erfiðara að óþörfu að öðlast lögmannsréttindi. Það er verið að vernda stéttina og í raun ber

þetta keim af því að verið sé að búa til ódýrt vinnuafl úr nýútskrifuðum lögfræðingum.

Það skýtur einnig óneitanlega skökku við að ætla með þessu ákvæði frv. að takmarka nýliðun í lögmannastéttina á sama tíma og frv. gerir ráð fyrir í fyrsta skipti í sögu Íslands að aðrir skólar en Háskóli Íslands geti útskrifað lögfræðinga. Frumvarpið opnar möguleika manna til að verða lögfræðingar en þrengir um leið möguleika þeirra til að öðlast lögmannsréttindi. Það vekur jafnframt spurningar um réttmæti ákvæðisins þegar lagadeild Háskóla Íslands hefur metið þörf á lögfræðingum mikla og hefur m.a. ákveðið að lágmarkseinkunn í almennri lögfræði skuli vera 6 en ekki 7 til þess að fjölga þeim sem ljúka prófi sem lögfræðingar.

Í frv. er gildistaka þessara breytinga einnig óljós verði þær samþykktar. Hvernig mun þetta nýja skilyrði um starfsreynslu snerta þá sem eru nú þegar í námi? Verði frv. samþykkt óbreytt verður að telja að þá sé verið að koma allillilega aftan að þeim einstaklingum sem hófu laganámið að ákveðnum reglum og forsendum gefnum.

Herra forseti. Í fyrirliggjandi frv. er einnig tekið á þeirri staðreynd að fleiri en ein lagadeild eru nú starfræktar á Íslandi. Þess má m.a. sjá merki í 4. gr. frv. þar sem skilyrði fyrir að fá að taka lögmannanámskeiðið er m.a. að viðkomandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntmrn. samkvæmt lögum um háskóla. Skilyrðið yrði þá ekki lengur eingöngu bundið við lagadeild Háskóla Íslands, en reyndar er nú þegar heimild til staðar í núgildandi lögum um að leggja megi að jöfnu sambærileg próf frá öðrum háskóla ef sérstök prófnefnd samþykkir það.

Ég vil byrja á að fagna auknum valmöguleikum stúdenta og laganema á Íslandi. Samkeppnin er af hinu góða og nú þegar má merkja jákvæðar breytingar á lagadeild Háskóla Íslands í kjölfar aukinnar samkeppni. En þó verður að gera ákveðnar kröfur til hinna nýju skóla alveg eins og kröfur eru gerðar til Háskóla Íslands. Það má ekki slaka á kröfunum eingöngu sakir þess að menn eru ánægðir með hið nýja framtak.

Lögfræðingar gegna veigamiklu hlutverki og þeir starfa stöðugt á fleiri sviðum samfélagsins. Lögfræðingar starfa hjá ríki, sveitarfélögum og einkaaðilum. Þáttur þeirra í stjórnsýslunni er stór og þeim eru fengin ábyrgðarhlutverk í samfélaginu. Þeir einir geta orðið lögmenn sem veitir þeim síðan einnig ákveðnar skyldur og réttindi. Lögmenn eru það sem kallað er opinberir sýslumenn. Það verður því að viðurkenna ákveðna sérstöðu laganámsins vegna þessa.

Það er jafnframt réttmæt krafa þeirra sem nema lög við nýja háskóla að þeir standi jafnfætis laganemum Háskóla Íslands, að þeir séu jafn vel í stakk búnir til að takast á við lögfræðistörf að lokinni útskrift og að þeir eigi jafnmikla möguleika á því að standast lögmannanámskeiðið að loknu námi og þeir séu samkeppnishæfir að loknu námi.

Það er því mikilvægt að fá þá aðila inn í umræðuna sem besta þekkingu hafa á lagakennslu og laganámi, þ.e. háskólana sjálfa. Ég hlakka því til að heyra í viðkomandi lagadeildum og fá jafnvel forsvarsmenn deildanna á fund allshn. og heyra hugmyndir þeirra um hvað þeir telji felast í orðunum fullnaðarnám í lögfræði og þá sérstaklega út frá því laganámi sem þeir bjóða upp á eða stefna að því að bjóða upp á í framtíðinni.

[11:54]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að frv. það sem hér er til umræðu, frv. til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, með síðari breytingum, er ákaflega mikil réttarbót og því ber að fagna að hæstv. dómsmrh. hafi lagt það fram í þeirri mynd sem það er hér og hefur verið kynnt svo ágætlega.

Frumvarpið og efnisatriði þess er eins og ég sagði mikil réttarbót fyrir lögmenn og fyrir laganema og ekki síður fyrir lagadeildir háskólanna í landinu og því ber sérstaklega að fagna. Ég vil vekja athygli á að í því er mjög mikilvægt nýmæli og líklega eitthvert merkilegasta nýmælið í þessu frv., þ.e. í a-lið 4. gr. Þar eru lagadeildir allra háskóla á Íslandi í fyrsta skipti í réttarsögunni jafnsettar sem þýðir það að komið er á fullkomnu jafnræði milli lagadeildanna. Það þýðir jafnframt að laganemar við einstakar lagadeildir eru jafnsettir nú, þ.e. verði frv. að lögum, og þetta er gríðarleg réttarbót fyrir þá og mikið framfaraskref í löggjöfinni að þessu leyti.

Ég vil líka nefna að það er mikilvægt og mjög ánægjulegt nýmæli í 6. gr. frv. sem fjallar um skilyrði þess að menn geti aflað sér málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti. Eins og kerfið var hér áður fyrr var sérstök nefnd sem tók ákvarðanir um það hvaða mál teldust vera slík að umfangi að þau gætu talist prófmál fyrir Hæstarétti. Í þeirri nefnd sat m.a. lögmaður sem tók ákvörðun um það gagnvart sínum samkeppnisaðilum hvort þeir gætu aflað sér málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti. Hér er komin á miklu eðlilegri og sanngjarnari regla en áður var sem gerir það að verkum að það er Hæstiréttur Íslands með dómaraskipan sinni sem ákveður það í rauninni hvort einstök mál teljist slík að umfangi að þau geti talist prófmál.

Mig langar til þess að víkja að b-lið 4. gr. sem varðar skilyrði þess að menn geti aflað sér málflutningsréttinda í héraði. Skilyrði til þess að afla sér málflutningsréttinda í héraði hafa á síðustu árum verið hert mjög verulega. Við munum það að hér áður fyrr í hinu svokallaða gamla kerfi var staðan þannig að útskrifaðir lögfræðingar frá Háskóla Íslands gátu aflað sér málflutningsréttinda með því að flytja fjögur prófmál undir handleiðslu lögmanns fyrir héraðsdómstólunum, en skilyrðin voru síðan hert mjög verulega fyrir nokkrum árum þegar komið var á svokölluðu lögmannanámskeiði eða námskeiði til öflunar málflutningsréttinda. Þá var útskrifuðum lögfræðingum gert skylt að sækja námskeið, sem reyndar var skyldumæting á, öfugt við það sem verið hefur í háskólanum, tiltölulega þungt námskeið sem lauk með prófraun til öflunar málflutningsréttindanna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að öflun málflutningsréttinda skiptir mjög miklu máli fyrir atvinnumöguleika nýútskrifaðra lögfræðinga og ég tel að það sé mjög mikilvægt að þeir þröskuldar sem settir eru fyrir einstaklinga til að afla sér atvinnuréttinda hvort sem er fyrir dómstólum eða annars staðar, eigi að vera eins lágir og mögulegt er. Þeir lögfræðingar sem útskrifast í dag hafa í minnsta lagi lokið fimm ára háskólanámi. Útskrifaðir lögfræðingar hafa líka töluverða starfsreynslu og þurfa að ljúka henni meðfram námi sínu. Það er í minnsta lagi tveir mánuðir en langflestir sem ljúka námi frá lagadeildunum hafa starfað á lögmannsstofum, hjá dómstólunum eða öðrum aðilum í mun lengri tíma en tvo mánuði. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir þetta fólk að það hafi sem greiðastan aðgang að stéttinni og það hafa

komið fram, eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson benti á, ábendingar frá Orator, félagi laganema, um að það sé mikilvægt að endurskoða b-lið 4. gr. frv. sem kveður á um það að skilyrði þess að menn geti aflað sér málflutningsréttinda á námskeiði séu þau að menn hafi öðlast starfsreynslu, ýmist sex mánuði hjá lögmanni eða eitt ár sem fulltrúar ríkissaksóknara, lögreglustjóra eða annarra opinberra aðila.

Ég tel að það sé vert að huga að því að fella þetta skilyrði niður og hef tjáð mig um það áður og ég vona að hv. þm. í hv. allshn. taki undir það með mér. Ég tel að með slíkri breytingu yrði þetta góða frv., ég vil taka fram þetta mjög góða frv., enn betra. Og menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að dregið sé svo verulega úr kröfum til lögfræðinga sem þreyta þessa prófraun um starfsreynslu ef þetta skilyrði verður fellt niður vegna þess að við erum einungis að tala um heimildir útskrifaðra lögfræðinga til þess að sækja námskeiðið og þreyta prófraun. Því er alveg ljóst að meðan þeir sækja námskeiðið a.m.k. þeir sem eru komnir í vinnu og flestir sem fara í þetta námskeið hafa starfað um nokkurra mánaða skeið áður en að prófrauninni kemur. Ég tel því að við eigum að standa vörð um réttindi nýútskrifaðra lögfræðinga, eins og sannarlega er gert í frv., en lækka þá þröskulda sem nú þegar eru í löggjöfinni og í þessu frv. til að komast inn í lögmannastéttina. Ég tel að það ætti að breyta þessu ákvæði laganna, ég tel að það væri frv., sem er annars mjög gott, til framdráttar og bóta og vona að félagar mínir í allshn. taki það atriði til athugunar.

Að öðru leyti fagna ég því að þetta frv. sé komið fram á því formi sem það er. Það er vel unnið og er eins og ég sagði áðan mikið framfaraskref og réttarbót á þessu sviði laganna.

[12:02]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir við frv. og þau atriði sem vakið var máls á komu í sjálfu sér ekki á óvart. Það er greinilegt að það er vilji í allshn. að taka b-lið 4. gr. laganna til sérstakrar skoðunar og fagna ég því í sjálfu sér að menn leggi vinnu í að fara yfir einstök atriði frv. og meta hvort þar sé rétt að málum staðið eins og vera ber í þingnefndum.

Það kom fram í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar að þetta kynni að koma sérstaklega illa við þá sem eru að útskrifast núna. Ef menn ætla að breyta þessu eða líta á þetta sérstaklega þá er náttúrlega líka hægt að setja inn bráðabirgðaákvæði á þann veg að það sé einhver aðdragandi að því að slíkar reglur séu lögfestar. Ef menn telja ástæðulaust að hafa þetta almennt í lögunum verður tekin afstaða til þess og væntanlega rökstutt af nefndinni eftir að hún hefur farið yfir málið.

Ég tel í sjálfu sér að aðalatriðið í 4. gr. frv. sé að það sé viðurkennt að sá sem hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, hafi rétt til þess að þreyta prófið og hafi rétt til þess að öðlast lögmannsréttindi. Ég hef undrast það að menn hafi sett jafnmiklar deilur á um það efni eins og við höfum orðið vitni að. Það segir, með leyfi forseta, í greinargerð um 4. gr. frv.:

„Þar sem Háskóli Íslands er ekki lengur eini háskólinn á Íslandi sem kennir lögfræði þykir rétt að leggja til þá breytingu á framangreindum 4. tölul. að þeir uppfylli skilyrðið sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneytinu samkvæmt lögum um háskóla."

Síðan segir: „Með orðinu fullnaðarnám í lögfræði" — og það er skilgreint í greinargerðinni hvað þar er átt við — „er vísað til þess að viðkomandi hafi lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn- og framhaldsgráðu eða embættisprófi, og því ekki nægilegt til þess að uppfylla skilyrðið að hafa lokið grunnnámi í annarri grein en lögfræði þótt viðkomandi hafi lokið meistaraprófi í lögfræði."

Þarna er sett ákveðin skilgreining á því hvað felst í fullnaðarnámi, menn verða að hafa samfellu í grunnnámi og viðbótarnámi til þess að ljúka þessu fullnaðarnámi. Það dugar ekki að hafa lokið grunnnámi í einni grein og taka síðan meistarapróf í lögfræði. Það dugar ekki sem fullnaðarnám samkvæmt þessu. Hins vegar er ekki farið út í það í þessu frv. enda tel ég að það sé andstætt háskólalöggjöfinni að fara að skipta sér nánar af því hvernig einstakar lagadeildir haga náminu og hvað þær leggja áherslu á í menntun nemenda sinna. En ég get tekið undir með hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni að auðvitað kann það að verða til fróðleiks fyrir hv. allshn. að hún fái upplýsingar um það og geri sér grein fyrir því en ég lít svo á að lögum samkvæmt sé það alls ekki hlutverk löggjafans að hlutast til um innri málefni háskóla á þann veg að segja skólanum fyrir verkum varðandi námskrár sínar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 464. mál (öryggi barna, gjöld, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 672.

[12:06]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987. Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á umferðarlögum sem lúta m.a. að bættu umferðaröryggi. Lagt er til í 3. gr. frv. lögfesting á því að eftirlit með aksturs- og hvíldartíma tiltekinna atvinnubílstjóra verði í höndum sérstakra embættismanna á vegum Vegagerðarinnar sem sjá um eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns. Lagt er til að lögreglumönnum og eftirlitsmönnum Vegagerðar sé heimilt að stöðva ökutæki í þeim tilgangi að skoða upplýsingar sem er að finna í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða þær upplýsingar sem þar eru varðveittar með öðrum hætti.

Eins og kunnugt er hafa staðið deilur um reglur Evrópusambandsins um aksturs- og hvíldartíma og reynt hefur verið að haga framkvæmd þeirra á Íslandi þannig að skynsamlegt sé miðað við okkar aðstæður. Það er þó staðreynd að hér er svigrúmið lítið til þess að við getum tekið tillit til okkar eigin hagsmuna, ef þannig má að orði komast, þegar litið er á Evrópureglurnar og setningu þeirra. En yfirstjórn þessa málaflokks færist nú með umferðarmálum frá dómsmrn. til samgrn. Umferðarmálin hafa verið í dómsmrn. í rúm 60 ár en eru nú að flytjast til samgrn. og er þetta síðasta frv. sem dómsmrh. flytur um umferðarmál ef að líkum lætur því að reglugerð Stjórnarráðsins hefur verið breytt og málaflokkurinn hefur verið fluttur frá dómsmrn. yfir til samgrn.

Gert er ráð fyrir breytingu á 5. gr. frv. er varðar öryggis- og verndarbúnað barna í bifreiðum samanber 71. gr. umferðarlaga um öryggis- og verndarbúnað. Lagt er til að ekki verði einungis skylt að nota öryggisbelti heldur einnig til að nota annan viðurkenndan öryggisbúnað, svo sem öryggisbelti, barnabílstól eða annan sérstakan búnað sem sérstaklega er ætlaður börnum. Um er að ræða innleiðingu á gerð sem kennd er við Evrópska efnahagssvæðið. Einnig er lagt til að barn sem er lægra en 150 sm á hæð megi ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum loftpúða fyrir framan sætið. Ég legg áherslu á að þetta ákvæði snýr einvörðungu að öryggi barna í umferðinni og verndar þau gegn þeirri hættu sem getur skapast þegar öryggispúðinn blæs upp við árekstur eða af öðrum ástæðum.

Einnig er í frv. miðað að því að leystur verði vandi sem skapast hefur um svokölluð vélknúin hlaupahjól og þau verði talin til reiðhjóla. Vafi hefur ríkt um skilgreiningu slíkra tækja og hvaða reglur ættu að gilda um þau í umferðinni, enda um nýja tegund farartækja að ræða. Lagt er til að ekki megi aka vélknúnum hlaupahjólum á akbrautum enda mundi að öðrum kosti skapast af þeim augljós hætta.

Í 8. gr. frv. er lögð til breyting á tímalengd sviptingar ökuréttar vegna fyrsta ölvunarakstursbrots þannig að hún taki mið af magni vínanda í blóði og lofti. Er það í tilefni þeirrar dómvenju sem skapast hefur og sem staðfest hefur verið af Hæstarétti að í slíkum tilvikum sé beitt lágmarkssviptingu ökuréttar án tillits til vínandamagns í blóði og lofti umrætt sinn. Breytingin er m.a. lögð til vegna ábendinga ríkissaksóknara.

Loks miðar frv. að skilvirkari innheimtu gjalda vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar. Í stað sekta verður lagt gjald á eigendur eða umráðamenn bifreiða vegna vanrækslu á aðalskoðun eða endurskoðun og einfaldar það mjög alla málsmeðferð, en sektarinnheimta er töluvert þyngri í vöfum en innheimta stjórnsýslugjalds.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn. og 2. umr. Þar sem þessi málaflokkur heyrir framvegis undir samgrn. er eðlilegt að hv. samgn. fjalli um málið í þinginu en ekki allshn. sem fjallar um málefni frá dómsmrh.

[12:10]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla að gera örstuttar athugasemdir. Ég veit ekki hvort eigi að fagna einu eða neinu í þingsölum en það sem er verið að gera er að það sem var áður sett í reglugerð er orðið skýrara í lögunum, kannski fyrst og fremst um 1. gr., og áhöld um hvort það eigi að vera í lagatextanum eða í reglugerð t.d. hvað varðar reiðhjólin.

Mig langar að benda á það ánægjulega við þessi litlu rafknúnu hjól. Þetta er náttúrlega afar vistvænn ferðamáti og hentar alveg sérstaklega vel í lítilli borg eins og Reykjavík og úti á landsbyggðinni. Það er því möguleiki fyrir þingmenn að leggja öðrum bílnum og fara á lítið rafknúið hjól.

Það á kannski ekki eftir að vera mikil ánægja með ökuritann. Það var mikil umræða um hann á sínum tíma sem á eflaust eftir að koma upp aftur í hv. allshn. Það er einkenni okkar samfélags að við viljum vinna mjög mikið, en ekki verður um afturvirkni að ræða þannig að það mun eflaust gleðja bílstjóra um margt. Við munum eflaust hitta fulltrúa frá Umferðarstofu og ýmsa aðila vegna málsins. En það er margt til bóta í frv. og ég er voða fegin að sjá að við erum ekki kaþólskari en páfinn með því að leyfa þessi nýju úrræði með rafmagnshjólin sem eru út um alla Evrópu í dag.

[12:12]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil gera að umræðuefni breytingar á lögum nr. 50 frá 30. mars 1987. Nánar tiltekið eru það 3. og 4. gr. þessarar lagabreytingar sem ég vil hefja umræðu um sem fjalla um aksturs- og hvíldartíma. Þar er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að setja reglur um þessi atriði. Hér erum við að fullnægja regluverki Evrópusambandsins og það höfum við gert hingað til.

Það sem ég vil nefna sérstaklega, og kom að hluta fram í framsögu ráðherra, eru séraðstæður á Íslandi hvað þetta varðar, þ.e. okkar land, atvinnuhættir okkar, veðurfar, árstíðir og þeir farmar sem við flytjum. Það þarf að taka tillit til þessa í þeim reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga.

Það þekkist og hefur fengist reynsla hvað þessi lög varðar, til að mynda þegar verið er að aka ferskum fiski milli landshluta og þar sem við erum með dýran farm sem þarf að komast greiðlega milli landshluta þá getur skipt sköpum, ef veðurfar er slæmt, hvort viðkomandi bílstjóri er innan tilsettra marka. Þarna þurfum við að hafa meiri sveigjanleika í þeim reglum sem settar verða og við hljótum að verða að taka tillit til séraðstæðna okkar á Íslandi. Það er útilokað annað en að reyna að ná því fram að taka tillit til séraðstæðna okkar.

Herra forseti. Mikil umræða hefur orðið á Alþingi um flutningskostnað hvað landsbyggðina varðar. Mér sýnist að lögin er varða ökurita muni áfram verða íþyngjandi og til hækkunar á flutningskostnaði hér á landi.

Það má líka leiða hugann að því að við erum að setja í öryggisskyni reglur og taka upp reglur er varða bílstjóra. Við erum ekki að taka upp reglur um önnur störf sem innt eru af hendi með svipuðum hætti hér á landi. Til að mynda eru þeir sem stjórna vinnuvélum ekki háðir þessum tímamörkum. Menn sem stjórna tækjum sem fjöldi fólks vinnur undir, engin tímamörk eru á því hvað slíkir aðilar mega vinna. Það er heldur ekki hægt að hafa eftirlit með því ef menn fara á milli starfa innan sama fyrirtækis, úr starfi sem ekki er ökuritaskylt á ökutæki sem eru ökuritaskyld, eða fara á milli starfa í ólíkum fyrirtækjum. Ég tel því að þarna sé verið að mismuna verulega atvinnugreinum. Við eigum að treysta betur þeim bílstjórum sem hafa tekið próf til sinna starfa til að vega og meta hvað þeir treysta sér að gera í hvert skipti.

Eftirlitið hefur mikinn kostnað í för með sér. Frv. gerir bókstaflega ráð fyrir því að kostnaður Vegagerðarinnar aukist verulega, það kemur fram í grg. með frv. Sá kostnaður verður annaðhvort á ríkissjóði, Vegagerð eða með einum eða öðrum hætti fluttur yfir á flutningskostnaðinn. Í grg. með frv. er ekki komið inn á það hver kostnaðarauki atvinnulífsins verður við þessa breytingu og ég óttast að hann verði umtalsverður eins og ég hef áður komið að.

Hvað varðar eftirlitsiðnaðinn, þá verðum við að vega og meta í hvert skipti hvar við eigum að leggja þungavigt á eftirlitið. Eigum við að leggja meiri vigt á þetta eftirlit en t.d. almennt eftirlit og löggæslu í landinu, eftirlit með fíkniefnum? Við verðum að vega og meta hvað á að leggja miklar fjárhæðir einmitt í þetta. Mig grunar að þessi kostnaður sé býsna hár.

Herra forseti. Ég vona að athugasemdir mínar verði teknar til skoðunar í umfjöllun um frv.

[12:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessum þáttum. Eins og ég vék að í ræðu minni er þetta álitaefni sem við stöndum frammi fyrir. Við erum að innleiða og þurfum að fara eftir alþjóðaskuldbindingum sem við höfum gengist undir með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu annars vegar og hins vegar þarf að taka tillit til sérstakra aðstæðna í landi okkar. Sjálfsagt mun samgn. fara yfir þetta enn og aftur og þingmenn hafa oft fjallað um þetta mál.

Ég tel að í þeirri umfjöllun þurfi einnig að líta til þeirra þátta sem hv. þm. nefndi. Ef það er verið að mismuna mönnum eftir því hvaða tæki þeir stjórna hverju sinni þá þarf að skoða það. Okkur sem höfum eftirlitsskyldum að gegna varðandi þessa þætti, t.d. við stórframkvæmdir, hafa borist kvartanir. Menn telja að þar séu menn að vinna á tækjum án þess að hafa réttindi til þess. Einhverjar kröfur eru gerðar á því sviði eins og annars staðar.

Ég tel einnig að samgn. eigi, þegar hún fjallar um þetta mál, að fara yfir slysatíðni og átta sig á því hvað hefur komið upp í umferðinni á undanförnum árum varðandi þá bíla sem þarna eiga sérstaklega hlut að máli. Það þarf að kanna. Auðvitað eru þessar reglur ekki settar að tilefnislausu. Þær eru settar til að koma í veg fyrir slys og draga úr hættu á slysum og auka öryggi í umferðinni. Mér finnst sjálfsagt fyrir samgn. að fara yfir þá þætti líka og fá sérfróða menn til viðræðna við sig um það. Er það svo þegar litið er á umferðarmál hér á landi að slys séu tíðari hjá þeim stóru bílum sem lúta þessum reglum eða ekki? Fara þarf ofan í þetta. Nú er komin ákveðin reynsla til að miða við þegar við fjöllum um þessi mál. Ég er þess fullviss að litið verði til allra þessara þátta í yfirferð samgn. Það er ekki tilviljun að ég skuli nefna þetta sérstaklega í ræðu minni þegar ég flyt frv. Ég tel fullt tilefni til þess enn og aftur að huga að þessum málum með hliðsjón af okkar sérstöku hagsmunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullnusta refsingar, 1. umr.

Stjfrv., 465. mál. — Þskj. 673.

[12:20]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um fullnustu refsingar. Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga er varða fullnustu refsinga. Miðar frv. bæði að því að gera gildandi ákvæði skýrari og ítarlegri og að lagastoð ýmissa atriða er varða fullnustu refsinga verði styrkt, á það ekki síst við um ákvæði um ýmis réttindi og skyldur fanga.

Í frv. eru lögð til ýmis nýmæli og breytingar og vísast um það til almennra athugasemda með frv. Snúa þær bæði að starfsfólki fangelsa, þeim sem þar eru vistaðir og gestum þeirra. Lagt er til að fangaverðir og annað starfsfólk fangelsa sé bundið þagnarskyldu áþekkri þeirri sem lögreglumenn hlíta, sbr. 8. gr. frv. Enn fremur er lagt til að fangaverðir hafi heimild til valdbeitingar ef nauðsyn krefur, sbr. 7. gr. frv., en aldrei megi ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Einnig hér er fyrirmyndin sótt til lögreglulaga.

Þá eru lögð til ákvæði til að stemma stigu við smygli á munum og efnum til fanga sem honum er óheimilt að hafa í fangelsi. Því miður kveður töluvert að slíkri háttsemi og er það vitaskuld bagalegt, bæði með tilliti til fangelsissamfélagsins í heild, tilgangs refsivistar og öryggis í fangelsum. Til lausnar á vandanum er í fyrsta lagi lagt til að heimilt verði að leita á þeim sem heimsækja fanga og að láta þá gangast undir líkamsrannsókn, sbr. 33. gr. frv. Munir eða efni sem finnast á gestum skuli vera í vörslu fangelsis á meðan á heimsókn stendur en ef varsla slíkra muna eða efna er refsiverð er lagt til að fangelsisyfirvöldum verði heimilt að leggja hald á þessi efni og muni.

Í 84. gr. frv. gert ráð fyrir að smygl verði refsiverð háttsemi þannig að smyglið verði gestum ekki án áhættu.

Í III. kafla frv. hefur verið leitast við að gera réttindum og skyldum fanga skýr skil. Þar er m.a. lögð til lögfesting á ítarlegum ákvæðum um símtöl og bréfaskriftir. Þá lúta nokkur ákvæði eingöngu að réttindum fanga, þ.e. rétti þeirra til að njóta útiveru, iðka tómstundir, aðgangi að hreinlætisaðstöðu og aðgangi að fjölmiðli til að fylgjast með gangi þjóðmála, rétti til að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags o.fl., sbr. 38.–41. gr. frv.

Í 42. gr. eru talin upp þau tæki sem fanga er leyfilegt að hafa í klefa sínum. Allt miðar þetta að því að marka skýran lagaramma um fangelsisvistina, föngum og fangelsisyfirvöldum til hagsbóta.

Um leyfi úr fangelsi er fjallað í IV. kafla frv. Gert er ráð fyrir að fangi fái ekki leyfi nema í undantekningartilvikum og að lögfest verði þau tilvik þegar fangi á rétt á leyfi. Fangi getur fengið leyfi til að heimsækja fjölskyldu eða vini ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun sbr. 43. gr. Þá eru ákvæði um leyfi vegna veikinda nákominna ættingja, jarðarfarar, kistulagningar, fæðingar, skírnar o.fl. í 44. gr. frv. Ekki er um grundvallarbreytingar að ræða frá því sem nú gildir samkvæmt reglugerð.

Auk þessara tilvika getur fangi fengið leyfi til að stunda nám eða starfsþjálfun sbr. 45. gr. Um skilyrði og sjónarmið fyrir veitingu leyfis er fjallað í 46. gr. Vert er að geta þess að leyfi fanga til dvalar utan fangelsis skulu almennt vera án fylgdar fangavarða nema hann hafi verið dæmdur fyrir alvarleg afbrot eða háttsemi hans í fangelsi gefið tilefni til að fangaverðir fylgi honum í leyfi.

Nýmæli er í frv. um leit í fangaklefa og leit á fanga sbr. 53. og 54. gr. Um líkamsrannsókn er fjallað í 55. gr. Gert er ráð fyrir að læknir eða hjúkrunarfræðingur annist líkamsrannsókn og skal ákvörðun um hana tekin með rökstuddri bókun. Í frv. eru fleiri ákvæði er varða heilsugæslu fanga og hlutverk heilbrigðisstétta. Ekki er þó gert ráð fyrir breytingum frá núgildandi lögum og framkvæmd.

Ýmis önnur ákvæði eru í frv. sem miða m.a. að því að gera réttarstöðu fanga skýrari. Á þetta m.a. við um haldlagningu og eignaupptöku og önnur úrræði sem eru íþyngjandi í garð fanga en nauðsynleg til að gæta öryggis og góðrar reglu í fangelsi. Nokkur álit umboðsmanns Alþingis hafa sýnt að um vandameðfarinn málaflokk er að ræða og hefur verið höfð hliðsjón af þeim þar sem við á við gerð frv.

Nýmæli er í 56. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir sérstakri heimild til haldlagningar á munum sem finnast á föngum eða í fangaklefum. Annað nýmæli varðar heimild forstöðumanns fangelsis til að gera upptæka muni eða peninga sem smyglað hefur verið inn í fangelsi sem ekki eru eign grandalauss

þriðja manns. Að öðrum kosti þarf fangelsi að geyma um árabil alls konar muni og peninga sem hafa komist ólöglega inn í fangelsi.

Þá er fjallað um samfélagsþjónustu og reynslulausn í VI. g VII. kafla frv. Ekki eru lagðar efnisbreytingar að neinu marki á núgildandi ákvæðum um samfélagsþjónustu enda hefur það fyrirkomulag sem ríkir hér á landi reynst ágætlega og því ekkert tilefni til að leggja til breytingar þar á.

Þá er lagt til að ákvæði almennra hegningarlaga um reynslulausn verði nær óbreytt færð í lög með fullnustu refsinga. Þau þykja betur eiga heima í slíkum lögum ef samþykkt verða. Ekki er um teljandi efnisbreytingar að ræða.

Loks er lagt til að ákvæðum almennra hegningarlaga um fullnustu fésekta verði skipað í lög um fullnustu refsinga. Má þá segja að þeirri endurskipan lagaákvæða um fullnustu sem gerð var við setningu laga um fangelsi og fangavist árið 1998 sé lokið.

Herra forseti. Ég læt hér staðar numið þótt hægt væri að nefna mörg fleiri atriði úr þessu lagafrv. en um þau nýmæli ætla ég ekki að fjalla frekar en vísa til grg. með frv. og legg að lokum til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[12:26]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um fullnustu refsinga á þskj. 673.

Frv. sem hér liggur fyrir á eftir að skapa mikla umræðu í allshn. og mikil vinna á eftir að fara fram við frv. Bæði á eftir að ræða við gesti, fá álit þeirra og umsagnir sem við sjáum strax í hendi okkar að verða ekki allar með allra jákvæðasta móti. Það er augljóst.

Ég minni á ágreining milli Fangelsismálastofnunar og dómstólaráðs um samfélagsþjónustuna. Það er eitt af því sem nefndin þarf að ræða. Það er náttúrlega afar mikilvægt að þessi nýja allshn. fari t.d. á Litla-Hraun og í fangelsin og skoði þar aðstæður. Ef við skoðum aðeins 3. gr. þá er hún mjög lýsandi fyrir aðstæður á Litla-Hrauni.

Þar stendur:

„Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg."

Þetta er spurning um aðstæður í tilteknu fangelsi og er kannski verið að lögfesta það sem við vildum helst ekki sjá. Þá er spurning um þetta nýja fangelsi sem er verið að tala um að byggja hér í Reykjavík.

En það eru nokkur atriði og aðallega nýmæli sem mig langar að fara yfir. Við erum bara rétt að byrja vinnslu málsins og alltaf erfitt við 1. umr. að ræða annað en það sem manni finnst augljóst. Annað bíður þess sem kemur út úr umræðunni í nefndinni og frá þeim gestum sem við munum fá.

Mér finnst líka augljóst við lestur þessa frv. að við þurfum að greina fangelsi niður í öryggisfangelsi, aðrar tegundir fangelsa o.s.frv. Ég held að það sé hluti þeirrar vinnu sem við verðum að fara í. Það eiga ekki allir heima í öryggisfangelsi eins og Litla-Hraun er.

Varðandi fangaverðina er verið að sækja fyrirmyndina í störf lögreglunnar og eitt af því sem við þurfum að ræða mjög vel í nefndinni er nám, bæði innihald námsins, endurmenntun og nám fangavarða. Ef það er verið að breyta því starfi í ígildi lögreglustarfs þá verðum við að skoða það heildstætt. Það eru sérstök lög um lögregluna, um nám og annað sem að henni lýtur. Það þurfum við að skoða í samhengi og gera þau ákvæði fyllri og tryggja að endurmenntun geti þá hafist við fyrstu hentugleika fyrir þann hóp.

Ef við byrjum bara á athugasemdunum þá er einmitt vísað dálítið í danskar fyrirmyndir varðandi fangelsin. Danir eru einmitt með svokölluð vistheimilisfangelsi, þ.e. fangelsi með mjög frjálsu sniði þar sem fangar elda sjálfir mat sinn þannig að vinnuframlag þeirra í fangelsinu gengur til heimilisins. Ef við skoðum punkt nr. 2 á bls. 20 í frv. um störf og nám fanga þá þurfum við líka að skoða það að þetta megi ekki vera svona ofboðslega letjandi eins og mér finnst það vera hér. Við þurfum að skoða það.

Ef við lítum á heilbrigðisþjónustuna finnst mér líka afar mikilvægt, og mér finnst að allshn. ætti að skoða það, hvort ekki eigi að hefja meðferð við upphaf fangelsisvistar, hvort það yrði ekki farsælla og sú umræða hefur staðið í þinginu margoft og mál hafa verið flutt m.a. af fyrrv. hv. þm. Katrínu Fjeldsted. Það er eitt af því sem þarf að skoða.

Það er mjög gott að heimildin með túlkana er komin í lögin því það hefur fyrst og fremst verið nýtt í lögum um heilbrigðisþjónustu. Þetta þarf auðvitað að taka til annarra laga líka. Einnig þarf að skoða sérstaklega skráningu persónuupplýsinga og við munum ræða það við Persónuvernd hvort einhverjir hættupunktar séu í þessu.

Ég geri líka verulegar athugasemdir við líkamsleitina. Við þurfum að greina á milli þeirra sem eldri eru og þeirra sem eru yngri en 18 ára varðandi líkamsleit á börnum og ungmennum. Svo er spurning hvort við eigum hreinlega að skoða það að vera með gestaaðstöðu sem yrði þá þannig að hún væri hreinlega með ákveðin skilrúm ef fólk velur svo að vilja ekki láta leita á sér. Það er spurning hvort við verðum ekki að koma okkur upp einhverjum valkostum í slíku. Ég held að þeir sem hafa farið í heimsókn á Litla-Hraun séu kannski dálítið markeraðir af því að hafa verið þarna og setji þetta dálítið fyrir sig. Það er því spurning að bjóða upp á þessa valkosti. Hins vegar þurfum við að hindra það fyrst og fremst að eiturlyf komist í fangelsið. Það er auðvitað númer eitt, tvö og þrjú. En það er líka spurning hvort leita þurfi á öllum eða ekki. Þetta er alltaf spurning um hina hárfínu línu. Þetta er alltaf viðkvæmt mál og mikil inngrip. Við þurfum því að skoða ýmsar lausnir á þessu.

Svo er það haldlagning, eignaupptaka og innri reglur fangelsisins. Það er auðvitað kveðið á um það hér hvað má vera. Viðurlögum hefur t.d. verið beitt og straffi. Ég kann ekki alveg að fara með þessar tölur. Ég held að það séu 40 geisladiskar. Segjum það. En þá eru mjög hert viðurlög ef einhver er með 45 geisladiska, þá eru viðurlög við því. Því þarf að skoða þessar reglur í fangelsunum, þ.e. hvernig þeim er beitt. En það er kannski líka gott við frv. að verið er að taka úr reglugerð og setja í lögin. Það gerir þetta miklu gegnsærra. Það er mikill kostur. Því er mikilvægt að semja handbók eða eitthvað slíkt um agaviðurlög, haldlagningu og annað. Það er mjög mikilvægt því þetta er eilíft deilumál í fangelsunum. Þetta þarf verulega að skoða.

Svo er það spurningin um leyfi til dvalar utan fangelsis. Það er gert örlítið gegnsærra hér. En ef við tengjum þetta við reynslulausnina þá þurfum við í nefndinni að fá kortlagningu hjá Fangelsismálastofnun á því hvernig þeirri vinnu er háttað þegar fólk kemur út og er undir ákveðnu eftirliti, þ.e. hvaða kröfu eigi að setja, hvort ekki eigi að vera ríkari krafa um vinnuna en t.d. áfengisneyslu. Ég vil því gjarnan, og mun gera það í nefndinni, kalla eftir þessu hjá Fangelsismálastofnun. Við höfum rætt við yfirmenn þar

um reynslulausnina en ég held að eitthvað þurfi að hnykkja á þessu hér eða alla vega ákveða hvað af slíkum þáttum ætti að fara í reglugerð.

Eins og ég segi þá vakna mjög margar spurningar og varúðarbjöllur hringja dálítið mikið hjá mér. En þetta er ekkert sem við ræðum ekki í nefndinni og við getum alltaf kallað menn fyrir hana þannig að kannski verður meiri umræða hér við 2. umr. eftir því hvernig vinnunni vindur fram í nefndinni. Þó hringir allt of mörgum bjöllum við ákveðna þætti. En við skoðum það bara.

[12:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir ágæta ræðu og þann áhuga sem hún sýnir þessum málaflokki. Það er rétt sem fram kom í máli hennar að það er náttúrlega gífurlega mikilvægt atriði þegar menn líta á þetta frv. að það er verið að taka ákvæði úr reglugerðum og setja í lagatexta. Þá gefst í fyrsta sinn tækifæri á Alþingi að ræða þessi mál og einnig í hv. allshn. Mörg af þessum málum eru þess eðlis að eðlilegt er að nefndin kalli sem flesta fyrir sig, heyri sjónarmið, fari yfir þau atriði sem fram koma og skoði hvern einasta þátt. Ég tel að e.t.v. sé höfuðgildi þess að flytja þetta frv. að þá er hægt að fjalla um mál sem hafa verið til umræðu og menn hafa verið að velta fyrir sér en kannski ekki talið sig hafa aðgang að af því að þau hafa verið í reglugerðum sem hafa verið settar af ráðuneytinu og þess vegna ekki farið í gegnum þær umræður sem þetta frv. mun fara í gegnum, bæði í þingsalnum og einnig sérstaklega í allshn. Það er og mikilvægt, eins og þingmaðurinn vakti máls á, að hafa þennan höfuðpunkt í málinu í huga þegar um það er fjallað.

Á pólitískum vettvangi hefur ekki farið fram mikil umræða um þessi mál. Menn hafa sett reglur og starfað samkvæmt reglum. Það kemur líka fram í frv. að umboðsmaður Alþingis hefur gert ýmsar athugasemdir við framkvæmd þessara mála og eitt af því sem leiddi til þess að farið var út í að semja frv. var að taka heildstætt á málunum í löggjöf og gefa færi á því að ræða málið á þeim forsendum á hinu háa Alþingi. Það er mjög mikilvægt að hv. allshn. taki málið þeim tökum eins og fram hefur komið. Ég veit af viðræðum við formann nefndarinnar að hann hefur að sjálfsögðu fullan hug á því að nefndin taki þetta til sem bestrar skoðunar.

Ég tel hins vegar að brýnt sé að reyna að ljúka þessu á tiltölulega skömmum tíma því að málið vekur ákveðnar væntingar. Það breytir aðstæðum fjölda manns og snertir persónulega hagi mjög margra, of margra kannski þegar við lítum til þess hvað við erum að fjalla hér um. Ég tel því brýnt að menn reyni að ljúka meðferð málsins á tiltölulega skömmum tíma og að engin óvissa verði um þennan mikla og viðkvæma málaflokk í of langan tíma. Þess vegna hvet ég til þess, ef kostur er, að nefndin hafi þetta sem forgangsmál þeirra stóru mála sem verið er að ræða í dag. Hvað sem líður fasteignasölumálinu sem er mikilvægt þá held ég að þetta sé mál sem ætti að taka til skjótrar meðferðar. Nefndin þarf líka að leita umsagnar því að sá er munur á þessu frv. og frv. um fasteignasalana sem var sent út til umsagnar eins og fram hefur komið að þetta frv. hefur ekki farið í þá umsögn sem eðlilegt er að nefndin leiti eftir. Hún þarf einnig að kalla til sín menn til þess að fjalla um það. Nefndin á því mikla vinna fyrir höndum í þessu máli.

Ég vil leggja áherslu á að að sjálfsögðu er töluvert svigrúm fyrir nefndina til að taka afstöðu til sumra þessara atriða eins og alltaf er. En í öðrum felast ákveðin grunnsjónarmið sem verður að sjálfsögðu að hafa í huga þegar fjallað er um mál af þessum toga. Ég tel t.d. að það sé grunnsjónarmið sem eigi að taka tillit til að hafa ákvörðun um samfélagsþjónustu í höndum framkvæmdarvaldsins frekar en í höndum dómstólanna. En um þetta má deila. Ég tel að menn fái það fram í allshn. þegar þeir fara yfir þessi mál og muni átta sig á því að sú reynsla sem við höfum fengið af samfélagsþjónustunni á undanförnum árum segi okkur að það sé ekkert endilega skynsamlegt að færa þetta úr höndum fangelsisyfirvaldanna yfir til dómstólanna þó að hér hafi líka verið skrifaðar ágætar lögfræðilegar ritgerðir um þann þátt. Það eru svona mál sem ég hvet nefndina eindregið til að skoða.

Ég tek einnig undir með hv. þm. varðandi nám fangavarða. Þar sé ég fyrir mér að líta eigi sérstaklega til t.d. Lögregluskólans. Lögregluskóli ríkisins er mjög öflug stofnun og starfar á vettvangi dómsmrn. Hann hefur sérstöku hlutverki að gegna og sérstöðu í skólakerfinu vegna þess hverju hann er að sinna. Mér finnst að nefndin ætti t.d. að huga sérstaklega að því í viðræðum sínum að kanna hvort ekki sé unnt að líta til Lögregluskólans varðandi nám fangavarða. Og fyrst líka er verið að færa verksvið fangavarða og heimildir þeirra meira í átt við það sem tíðkast í starfi lögreglumanna þá býr Lögregluskólinn yfir mikilli reynslu í að veita þjálfun og kenna mönnum meðferð þess valds sem um er að ræða. Ég skora því á nefndina að gefa sér góðan tíma, en ekki of langan, til þess að fara yfir málið. Ég tel mjög mikils virði ef við gætum stefnt að því að ljúka málinu á vorþinginu þannig að engin óvissa ríkti um þetta. Sú réttarstaða sem um er að ræða, þær ábendingar sem við höfum fengið frá umboðsmanni og allt það starfsumhverfi sem hér er um rætt er líka hvati til þess að gera það. Ég legg enn á ný til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:41]

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 462. mál. — Þskj. 670.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (lögmannsréttindi, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 671.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 464. mál (öryggi barna, gjöld, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 672.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fullnusta refsingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 465. mál. — Þskj. 673.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Heilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra.

[13:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar. Umræðan skiptist í þrjár umferðir og mun standa í tæpar tvær klukkustundir. Í fyrstu umferð hefur ráðherra 12 mínútur, talsmenn annarra þingflokka átta mínútur. Í 2. og 3. umferð hafa ræðumenn fimm mínútur hver til umráða. Við lok umræðunnar hefur ráðherra fimm mínútur til andsvara.

[13:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég fagna þessu tækifæri til að ræða um heilbrigðismál og tel mikilvægt að byrja þá umræðu á því að taka fram nokkur atriði um íslenska heilbrigðiskerfið.

Það má segja að það sé tvennt sem einkennir íslensku heilbrigðisþjónustuna. Hún er í fyrsta lagi mjög góð í alþjóðlegum samanburði. Í öðru lagi byggist hún á færu fagfólki og í þriðja lagi er aðgengi hér og réttur sjúklinga til þjónustu með því besta sem gerist. Hér eru fleiri læknar á hverja 100 þús. íbúa en gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndunum þar sem staða þessa máls er hvað best. Læknisheimsóknir á íbúa eru hér fleiri en annars staðar á Norðurlöndum. Við Íslendingar erum ávallt meðal fyrstu þjóða til að taka upp nýjustu lyf. Hér er algengara og umfram allt almennara en annars staðar að fólk fari í flóknar læknisaðgerðir og hér er almennara en annars staðar að boðið sé upp á dýrar aðgerðir þar sem aðrar þjóðir nota ódýrari úrræði. Niðurstaðan er að óvíða eru lífslíkur betri en hér. Barnadauði hér er hvað lægstur í heimi og það er sannfæring mín að almenn þjónusta við sjúklinga er hér með mesta móti. Þetta hefur hvað eftir annað verið staðfest í alþjóðlegum samanburði.

Stjórnarandstaðan reynir stundum að draga upp þá mynd að upplausn og stefnuleysi ríki í heilbrigðisþjónustunni. Þið kannist við þá umræðu. Sú leiðsögn sem stefna mín byggist á felst í að heilbrigðisþjónustan á að vera réttlát, leiðin að læknum og hjúkrunarfólki á að vera öllum auðveld, heilbrigðisþjónustan á að byggja á samábyrgð þegnanna. Hún á að mestu leyti að vera kostuð af almannafé og þeir sem hafa mesta þörf fyrir þjónustuna eiga að ganga fyrir. Þessi stefna er stefna sem stjórnmálamenn hafa markað í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem samþykkt var á Alþingi í maí 2001.

Virðulegi forseti. Við getum ekki rætt um heilbrigðismál án þess að málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss skipi stóran sess þeirrar umræðu. Umræðan undanfarna daga og vikur hefur að mörgu leyti verið gagnleg en jafnframt hefur borið töluvert á upphrópunum og jafnvel rangfærslum sem þarft er og gagnlegt að leiðrétta. Umræðan um fjármál Landspítalans – háskólasjúkrahúss, sem áður var Ríkisspítali og Borgarspítali, er alls ekki ný af nálinni. Ég hef tekið þátt í þeirri umræðu árum saman og get því borið tölurnar núna saman við fyrri tíma. Því fer fjarri að aðstæður nú séu allt aðrar og verri en áður. Ég vil því í upphafi gera grein fyrir þróun fjárveitinganna eins og þær blasa við.

Landspítali – háskólasjúkrahús er stærsta heilbrigðisstofnun landsins, tæplega níu sinnum stærri en sú heilbrigðisstofnun sem kemur næst að umfangi. Sjúkrahúsið tekur til sín ríflega fimmtung þess fjár sem í ár er varið til heilbrigðis- og tryggingamála og þriðjung þess fjár sem varið er til heilbrigðismála. Á tímabilinu 1998 til ársins 2003 hækkuðu framlög til sjúkrahússins um tæpa 9 milljarða kr., eða um 61%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 24% og launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna um 50%. Hin síðustu ár hefur háum fjárhæðum verið varið til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins og sömuleiðis hefur mjög háum fjárhæðum verið varið til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sjúkrahússins. Styrking rekstrargrunns sjúkrahússins nemur samtals um 3 milljörðum kr. frá árinu 2000. Þar af nemur styrking rekstrargrunnsins um 1.600 millj. kr. í ár og á síðasta ári. Aukafjárveitingar til sjúkrahússins nema samtals um 5 milljörðum kr. frá árinu 2000, þar af um 2.400 millj. kr. síðustu tvö árin.

Herra forseti. Þrátt fyrir að verulegu fé hafi verið varið til að styrkja rekstur sjúkrahússins hin síðustu ár og til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda er staðreyndin sú að fjárveiting yfirstandandi árs nægir ekki til að mæta óbreyttu umfangi eins og það var á nýliðnu ári. Við blasir að stjórnendur sjúkrahússins þurfa að ná niður rekstrargjöldum sjúkrahússins um 1.100–1.400 millj. kr. Gengið er út frá því að þessu markmiði verði náð á næstu tveimur árum.

Þegar rætt er um ástæður fjárhagsvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss er nauðsynlegt að hafa þetta í huga. Eftirspurn eftir þjónustu hefur aukist en hún ræðst m.a. af framboði á nýrri tækni. Bráðameðferðum hefur fjölgað og kapp hefur verið lagt á styttingu biðlista. Til að mæta auknum afköstum hefur starfsliði sjúkrahússins verið fjölgað umfram samþykktir í fjárlögum. Launaútgjöld hafa aukist umfram verðlagsbætur fjárlaga. Mestu munar um breytta samsetningu vinnuaflsins og launaskrið en einnig hefur vinnumagn aukist og launatengd gjöld hafa hækkað. Ekki hefur tekist að mæta kostnaðarauka samfara stofnanasamningum og launaskriði.

Á undanförnum árum hafa útgjöld vegna lyfja og lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvara aukist langt umfram fjárveitingar sem hækka í takt við almennt verðlag. Umræður um fjárhagsvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss eru árviss viðburður og gildir það sama um forvera þess mikilvæga sjúkrahúss, þ.e. Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur, áður Borgarspítala. Margsinnis hefur verið gripið til

þess ráðs að fela hinum ýmsu nefndum og vinnuhópum að yfirfara fjármál og rekstur sjúkrahússins. Hafa niðurstöður og álit þessara fjölmörgu nefnda jafnan orðið til þess að rekstrargrunnur þess hefur verið styrktur og háum fjárhæðum hefur verið varið til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla. Að lokinni hverri þessara athugana á fjárhagsstöðu sjúkrahússins hafa menn staðið í þeirri trú að fjárframlög væru nú loksins í takt við rekstrarumfangið.

Sjaldan hafa liðið margir mánuðir þar til ástæða hefur þótt til að skoða erfiða fjárhagsstöðu sjúkrahússins að nýju. Með vísan til þessa er ekki óeðlilegt að stjórnvöldum þyki nú rétt að staldra við og skoða hvort ekki megi ná jafnvægi í fjármálum sjúkrahúsins með því að hagræða í rekstrinum. Það er engin nýlunda að bæði stofnanir ríkisins og fyrirtæki úti á hinum frjálsa markaði leiti leiða til að hagræða í starfsemi sinni. Það er eðli góðs rekstrar að stjórnendur leitist á hverjum tíma við að fá sem mest afköst og sem mest gæði fyrir það fé sem til er kostað.

Nokkrar af fyrirhuguðum hagræðingaraðgerðum á Landspítalanum hafa sætt gagnrýni. Ég hef í viðræðum mínum við stjórnendur spítalans lagt á það áherslu að öryggi sjúklinga sé vel tryggt og að allar ákvarðanir hafi það meginmarkmið að ná fram hámarkssparnaði með sem minnstum óþægindum fyrir sjúklinga og starfsmenn. Ég vænti þess að framkvæmdastjórn spítalans og stjórnarnefnd hafi þessi sjónarmið í huga þegar þeir gegna sínu erfiða hlutverki sem ekki er hér öfundsvert, að hagræða í rekstri spítalans. Ég tel að stjórnendur og starfsfólk hafi tekið á þessum málum af mikilli ábyrgð.

Virðulegi forseti. Það hefur verið kallað eftir skýrri stefnumörkun af hálfu heilbrigðisyfirvalda í málefnum spítalans. Stefnan er skýr. Landspítali – háskólasjúkrahús er helsta bráðasjúkrahús landsins og tekur á móti sjúklingum með brýn vandamál sem krefjast úrlausnar strax. Hann er sérhæfðasta sjúkrahús landsins og innan veggja hans eru framkvæmdar allar flóknustu og erfiðustu aðgerðir og meðferðir sem í boði eru hér á landi. Hann er háskólasjúkrahús og ber ábyrgð á kennslu heilbrigðisstétta, þróun heilbrigðisvísinda og rannsóknarstarfi á sviði heilbrigðisþjónustu. Útfærsla þessarar stefnu í smærri atriðum er að sjálfsögðu á hendi stjórnarnefndar og framkvæmdastjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss sem falið hefur verið það vandasama verkefni. Þannig hefur þessi verkaskipting verið í áraraðir. Ég fullyrði að það er þjóðarsátt um þessa stefnu og hún hefur ekki verið rofin.

Stjórnendur sjúkrahússins hafa óskað eftir því að fá nánari fyrirmæli frá ráðuneytinu um ákveðna þætti starfanna og er sjálfsagt að skoða það frekar. Í þeim tilgangi hef ég skipað sérstaka nefnd sem hefur verið til umfjöllunar að undanförnu, en nefndinni er ætlað að skerpa skil á milli heilsugæslu, sjúkrahúsa, sjálfstætt starfandi sérfræðinga og heilbrigðisstofnana. Þessi nefnd leysir þó hvorki spítalann né ráðuneytið undan þeim skyldum sínum sem vikið er að hér að framan. Það má gera ráð fyrir að nefndin skili tillögum sem kunna að hafa í för með sér einhvern tilflutning verkefna. Það er þó ekki skynsamlegt á þessu stigi að gera ráð fyrir að þeim breytingum fylgi verulegur sparnaður fyrir þjóðarbúið í heild.

Það hefur verið gagnrýnt að undanförnu að nú skuli gripið til hagræðingaraðgerða en ekki beðið eftir niðurstöðu verkaskiptinganefndarinnar svokölluðu. Það væri hins vegar óábyrgt að mínu mati að grípa ekki til aðgerða nú þegar ef ætlunin er að ná niður kostnaði á þessu ári og það er óábyrgt að því leyti að óvissan í þessu efni fer verst með starfsmenn sjúkrahússins og skapar þá óvissu sem því fylgir. Henni verður að eyða. Það er mun gagnlegra að fara í aðgerðir strax því að þær yrðu að sjálfsögðu mun erfiðari síðar á árinu. Það er öllum ljóst að óvissan er slæm og eins og áður segir þarf að kynna aðgerðirnar strax svo að menn geti brugðist við og gert þær ráðstafanir sem þeir telja sig þurfa við.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir nokkrum af þeim atriðum sem efst hafa verið á baugi undanfarna daga og vikur, þar á meðal málefnum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar hafa tíðkast hin breiðu spjót og yfirlýsingar um að heilbrrh. rjúfi nú þjóðarsátt, íslensku heilbrigðiskerfi sé stefnt í voða og fleiri slíkar staðhæfingar hafa heyrst víða en þær eru ekki í samræmi við þær aðgerðir sem kynntar hafa verið. Þær eru vissulega erfiðar og ég geri ekki lítið úr þeim, síður en svo. Það er ætíð erfitt þegar atvinna, þó að ekki sé nema eins eða tveggja eða 50, er undir. En þær eru til þess fallnar að tryggja að við getum áfram veitt þegnum landsins heilbrigðisþjónustu í þeim gæðaflokki sem við teljum vera nauðsynlegan.

Ég endurtek þakkir fyrir þessa umræðu og vænti samstarfs við þingmenn um heilbrigðismálin.

[13:47]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Niðurskurður á starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss og öðrum deildum innan heilbrigðiskerfisins er í vændum. Góðærið flytur heldur undarlegan boðskap. Góðærið leggur til stóra sveðju til niðurskurðar og um leið er atvinnuöryggi hundruða starfsmanna innan heilbrigðissviðsins fært til fórnar. Öllu alvarlegri er sú fórn að skert þjónusta við sjúklinga geti komið hart niður á lífi og heilsu fjölmargra einstaklinga.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að gagnrýna ólík málefni. Þegar gagnrýnt er ber viðkomandi að skoða allar hliðar umræddra málaflokka og það af hlutleysi. Ábyrgð gagnrýnandans á sérstaklega við um stjórnmálamenn sem kjörnir hafa verið með lýðræðislegum hætti til starfa fyrir land og þjóð. Í þessu tiltekna máli sem varðar stórfelldan niðurskurð til heilbrigðismála á Íslandi varpa ég fram mikilli gagnrýni á núverandi stjórnaröfl.

Ég sat opinn fund um heilbrigðismál á dögunum. Til hans var boðað af hálfu stærstu verkalýðsfélaga landsins, stærstu sjúklingasamtaka landsins og Félags eldri borgara. Fundurinn samþykkti ályktun sem framkvæmdarvaldið getur ekki með nokkru móti virt að vettugi.

Ábyrgðar- og metnaðarleysi stjórnarliða í þessum málaflokki verður að víkja sem fyrst. Frjálshyggjan hefur riðið feitum hesti í stjórnartíð núverandi stjórnarflokka. Ofuráhersla hefur verið lögð á peninga- og gróðahugsun. Áherslur á velferðarmál hafa sannarlega ekki verið í forgrunni.

Þegar sjálf stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur ekki skýr fyrirmæli frá ráðuneyti heilbrigðismála um hlutverk sitt er eitthvað mikið að. Sama stofnun hefur gegnt lykilhlutverki á akademísku sviði heilbrigðismála á Íslandi. Hún hefur í raun verið leiðandi á því sviði. Hér er um að ræða hlutverk sem leiðir af sér uppsprettu þróunar, þekkingar og framfara innan heilbrigðisvísinda á Íslandi. Í dag hefur stofnunin ekki skýr fyrirmæli um hlutverk sitt. Hvernig í ósköpunum á stofnunin að geta starfað með eðlilegum hætti þegar slíku grundvallaratriði er ábótavant?

Herra forseti. Stjórn heilbrigðismála á Íslandi er í molum. Yfirmennirnir eru leikmenn Framsfl. og Sjálfstfl. sem

hafa farið með framkvæmdarvaldið í hartnær áratug. Það vantar ljóslifandi skilgreiningu á hlutverki hinna þriggja meginstoða heilbrigðiskerfisins. Stoðirnar eru í réttri röð heilsugæslan, sérfræðiþjónustan og sjúkrahúsin. Nothæfa skilgreiningu hafa stjórnvöld ekki lagt fram. Skilvirkni kerfisins er hræðileg.

Við erum komin á 21. öldina og enn höfum við ekki tölvuvætt heilbrigðiskerfið. Hér er átt við að enn vantar rafrænt upplýsingakerfi sem nær til allra stoða heilbrigðiskerfisins. Á mannamáli má segja: Sjúklingur sem hefur farið í skoðun á fyrsta viðkomustað, heilsugæslunni, og er áfram vísað til sérfræðings úti í bæ á ekki að þurfa að margendurtaka sömu tugguna um heilsu sína. Með öðrum orðum: Læknir á að hafa upplýsingar um líðan og skoðun sjúklings á rafrænu upplýsingakerfi innan sjö daga frá komu hans. Allir sem örlítið vit hafa á viðskiptum gera sér grein fyrir því að tvíverknaður er sóun á fjármunum. Bagaleg skilvirkni heilbrigðiskerfisins er meinið. Í stað þess að ráðast á rót vandans og uppræta meinið sem veldur himinháum útgjöldum til heilbrigðismála er ráðist harkalega á hundruð starfsmanna Landspítala – háskólasjúkrahúss og líf fjölda sjúkra einstaklinga sett í hættu. Enn og aftur er röð verkefna röng.

Gagnvart stjórnarliðum snýst þetta um peninga, það get ég skilið. En blinda þeirra er þvílík að þeir halda virkilega að aukin fjárframlög til heilbrigðismála séu vegna of mikils fjölda starfsmanna eða of vandaðrar þjónustu. Hér eru menn sannarlega á villigötum. Fyrst er að tölvuvæða kerfið og sjá hver árangurinn verður af því. Þá ber einnig að skilgreina nákvæmlega, án nokkurs fums eða vanmáttar, hvað hinum ólíku stoðum heilbrigðissviðsins ber að gera.

Ég hef metnað til að skoða þessi mál ítarlega. Ég hef rætt við tíu einstaklinga úr hópi sjúklinga og starfsmanna innan geirans. Ég er sannfærður um að hrapalleg mistök munu eiga sér stað ef ekki verður staldrað við og af hlutleysi skoðað hvað veldur auknum útgjöldum til heilbrigðisþjónustunnar.

Í þessari stuttu ræðu get ég ekki rætt málið til hlítar. Ég hefði getað farið inn á mismunandi þjónustu til ólíkra sjúklingahópa, m.a. aldraðra, hjartveikra, krabbameinssjúkra, geðfatlaðra og annarra. Ég hefði getað rætt um áherslur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem, með Gro Harlem Brundtland í fararbroddi, lagði m.a. ofuráherslu á mikilvægi gjaldfrjálsrar heilsugæslu og að allir menn hefðu aðgang að henni sem fyrsta viðkomustað sjúklings innan heilbrigðisviðsins.

Ég vil sjá umræðu okkar á milli um ranga útreikninga hins opinbera á raunkostnaði heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Það liggur í augum uppi að innan rangra útreikninga er að finna gjöld sem lúta að félagsmálum en ekki heilbrigðismálum. Víða er mikla bresti að finna, bresti sem hægt er að laga og það án nokkurs aukakostnaðar. Með skipulagningu, metnaði og áræði þeirra sem áhuga hafa á bættum kjörum og heilsu allra landsmanna mun það takast. Það er létt verk fyrir stjórnarandstöðuflokkana að fella pólitískar keilur í gagnrýni sinni á heilbrigðiskerfið. Það sem skiptir máli er hins vegar að metnaður okkar allra á hinu háa Alþingi endurspeglist í vinnunni að bættu velferðarkerfi.

Ég legg til að hæstv. heilbrrh. skipi þverpólitíska nefnd skipaða fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum, þar sem alhliða stefnumótun og uppstokkun á rekstrarstjórnun heilbrigðismála á Íslandi verður endurmótuð. Ég legg til að leitað verði til Norðmanna, Svía og Dana. Þeir hafa reynslu af slíkum breytingum og vita hvað ber að varast. Samfara þessum tillögum legg ég til að framkvæmdarvaldið fresti niðurskurði til heilbrigðismála um sinn, þ.e. þangað til möguleikar á skynsamlegri hagræðingu hafa litið dagsins ljós.

[13:54]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Umræðan um heilbrigðismál hefur verið áberandi að undanförnu. Það kemur ekki á óvart.

Í upphafi máls míns er rétt að fara aðeins yfir þá kostnaðarþróun sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir á umliðnum árum. Það hefur komið fram hvað eftir annað að menn hafa ætlað að tölur OECD um kostnað af heilbrigðismálum á Íslandi séu rangar. Síðustu vikur hafa margsinnis komið í blöðum fullyrðingar um það. Sérstaklega hefur einn valinkunnur sómamaður haft forustu um það, fyrrverandi landlæknir, að hér væri um miklar villur að ræða, allt upp í eitt og hálft prósent af vergri landsframleiðslu. Af þeim ástæðum hefur fjmrn. haft samband við OECD, farið mjög nákvæmlega yfir þau uppgjör og niðurstaðan er alveg skýr: Uppgjör Íslands á heilbrigðiskostnaði er nákvæmlega réttur. Hann er nákvæmlega eins framreiknaður og í öllum öðrum hinum ríku þjóðum Evrópu. Það er engin villa þar í. Það eru hreinar kerlingabækur að halda því fram að við séum að rugla saman heilbrigðismálum og félagsmálum, eins og margsinnis hefur komið fram, nú síðast í ræðu síðasta ræðumanns. Þetta er einfaldlega rangt.

OECD breytti reglum sínum árið 2000 til að gera þetta ítarlegra en áður. Og upplýsingarnar um Ísland eru nákvæmlega réttar. Síðustu tölur um Ísland eru að við erum að eyða 9,88% af landsframleiðslu til heilbrigðismála. Það er fjórða hæsta talan í heiminum. Önnur hæsta talan í Evrópu. Þetta er athyglisvert og menn þurfa að átta sig á þessum staðreyndum. Evrópa er mjög sambærileg við Ísland að öllu leyti varðandi það hvernig við stöndum að heilbrigðismálum. Helstu frávikin eru þau að á Íslandi er hlutur sjúklinga mun lægri en í öðrum Evrópuríkjum. Í Evrópuríkjum er þetta rétt um 2% af vergri landsframleiðslu og hefur verið þannig um margra ára skeið. Síðustu tölur frá Íslandi sýna að hlutur sjúklinga er 1,53%, mun lægri.

Menn þurfa jafnframt að átta sig á því, sem er náttúrlega langstærsta frávikið ef við ætlum að meta þessar tölur, að Íslendingar eru langyngstir hinna ríku þjóða heimsins. Langyngstir. (**SJS:** Þeir búa nú líka á Íslandi.) Þeir búa flestir á Íslandi og kemur nú ekki á óvart, þeir eru ekki svo ungir þess vegna. Þeir eru það vegna þess að fæðingartala hefur verið mjög há hér um langan aldur. Íslendingar eru þó að eldast. Þeir voru að eldast á síðasta á ári. Eldri borgurum, miðað við 65 ára, fjölgaði um 2,4% á síðasta ári. Þrátt fyrir þetta erum við mun yngri þjóð en Svíar sem við margsinnis berum okkur saman við, líklega eru 15–18 ár þangað til við náum þeirri aldurssamsetningu þjóðarinnar sem Svíar búa við í dag.

Þetta verða menn að hafa í huga. Kostnaður í heilbrigðisþjónustunni fer mjög vaxandi eftir aldurssamsetningu. Það er talið að kostnaður við eldri borgara, þ.e. 65 ára og eldri miðað við heildina, sé þrisvar til fjórum sinnum hærri, sem er eðlilegt. Kostnaðurinn verður alltaf meiri og meiri og í mörgum tilfellum langmestur á síðasta aldursári fólks, síðasta ársins sem við lifum.

Þetta er kostnaður sem við vitum að mun koma yfir okkur í auknum mæli á næstu árum. Þess vegna er talan 9,88%, nýjasta talan miðað við landsframleiðslu, óhugnanleg fyrir

okkur Íslendinga. Hún segir okkur að við verðum að átta okkur á því hvar við stöndum og því að heilbrigðisþjónusta okkar getur ekki verið jafnskilvirk og sums staðar annars staðar í Evrópu því miklu eldri þjóðir ná sambærilegum árangri og við þrátt fyrir að þeir séu miklu eldri, sbr. Þjóðverja, Svía, Frakka o.s.frv. Þetta verðum við að taka með í reikninginn. Þetta er staðreyndin sem við verðum að gera okkur grein fyrir.

Hins vegar liggur fyrir að tölur OECD eru óyggjandi um að á síðustu 10 árum hefur engin þjóð í heiminum aukið framlög sín til heilbrigðismála jafnmikið og Íslendingar. Engin. Þetta eru óyggjandi staðreyndir. Árið 1995 vorum við að koma út úr efnahagsvandræðum. Þá vorum við í 11. sæti í heiminum og 9. sæti í Evrópu. Við vorum strax árið 2000 komin í fjórða sætið í heiminum, annað sæti í Evrópu. Þetta eru staðreyndir. Hverju er þetta að þakka? Hvernig stendur á þessu? Þetta er vegna þess að við höfum búið við mjög blómlegt efnahagslíf. Það er ástæðan. Þess vegna höfum við getað aukið framlög til heilbrigðismála meira en nokkur önnur þjóð í Evrópu. (Gripið fram í.) Staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir er þessi: Við höfum verið að auka samneysluna meira en aðrar Evrópuþjóðir, að meðaltali um rúm 3% á undanförnum árum.

Þegar við lögðum stefnuna í ríkisfjármálunum fram nú í október þá gerðum við það á mjög skilvirkan hátt. Menn tóku eftir því og fóru í gegnum það. Ég gat ekki betur séð en að allir væru samþykkir þeirri stefnu og teldu hana ábyrga, við værum að fara inn í mjög mikið fjárfestingatímabil, værum að leggja nýjar stoðir að íslensku efnahagslífi og þess vegna þyrfti ríkið, til þess að vernda vinnumarkaðinn í heild, að gæta sín gríðarlega vel. Þess vegna var niðurstaðan sú að í langtímaáætlun okkar í ríkisfjármálum yrðum við að gæta mjög hófs varðandi vöxt samneyslunnar. Þar var mörkuð sú stefna sem skiptir öllu máli og er rauður þráður í því sem við verðum að gera á næstu árum, að hemja samneysluna, halda henni innan við 2% að hámarki að raungildi, virðulegur forseti — að raungildi.

Skyldi einhver ætla, herra forseti, að þetta sé vondur kostur. Svo er alls ekki. Ef menn skoða hagvaxtarspár fyrir Evrópu á næstu árum þá eru afar fáar þjóðir heimsins sem geta með nokkurri vissu tryggt sjálfum sér það að á næstu þrem árum að samneyslan geti vaxið að raungildi um 2%. Það ætlum við okkur að gera og teljum okkur hafa forsendur til að gera, að halda samneyslunni niðri, að hún vaxi ekki um 3% eins og á undanförnum árum heldur um 2%. Þetta skiptir öllu máli. Það skiptir öllu máli þegar þjóðfélag fjárfestir jafnrosalega og Íslendingar munu gera á næstu árum að ríkið gæti sín, ríkið gæti að efnahagslífinu sem stendur undir þessu öllu saman.

Efnahagslífið hefur blómgast svo mjög á undanförnum árum að okkur hefur verið fært að auka heilbrigðisþjónustuna á Íslandi og leggja meiri fjármuni til hennar en nokkur önnur þjóð í Evrópu. Þetta efnahagslíf verðum við að vernda og þess vegna verðum við að gæta hófs í meðferð opinberra fjármuna. Rauði þráðurinn, meginstefið á næstu árum er að gæta þessa. Þetta er ekki vondur kostur, heldur góður kostur. Það er skýlaus vilji og skylda stjórnvalda að fara eftir þessari áætlun, að gæta sín í útþenslu ríkisins svo að rými verði fyrir framleiðsluna, að hún geti haldið áfram svo að við þjóðum ekki hættunni heim. Við gætum heildarhagsmuna vinnumarkaðarins.

[14:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef alltaf gaman af því að fylgjast með tilþrifum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. En ég held að starfsmönnum Landspítala – háskólsjúkrahúss og þeim sem leita þangað þjónustu, lækningar og aðhlynningar sé ekkert sérstaklega skemmt.

Ég held að einhver óskammfeilnasta yfirlýsing, einhver grófasta skrumskæling á sannleikanum sem heyrst hefur frá ráðherrum í einni ríkisstjórn hafi verið þegar því var lýst yfir fyrir fáeinum dögum að ríkisstjórnin mundi standa við bakið á stjórnendum Landspítala – háskólasjúkrahúss við niðurskurð á þjónustu. Með öðrum orðum, þegar stjórnendur spítalans lokuðu deildum og skertu þjónustu mættu þeir treysta því að ríkisstjórnin mundi ekki bregðast þeim. Hún mundi standa sem klettur að baki starfsmannastjóra þegar uppsagnarbréfin yrðu send út.

Mig langar til að vitna í frásögn Morgunblaðsins daginn eftir að fulltrúar launafólks komu að máli við heilbrrh. að afloknum fundi á þriðja hundrað trúnaðarmanna á sjúkrahúsinu. Þeir höfðu komið saman til þess að mótmæla fjöldauppsögnum og harkalegasta niðurskurði á þjónustu í sögu spítalans.

Morgunblaðið vitnar í hæstv. fjármálaráðherra landsins, Geir H. Haarde, af þessu tilefni á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Geir tekur fram að ríkisstjórnin styðji við bakið á stjórnendum spítalans í sparnaðaraðgerðunum. „Ég tel, að því er ég best fæ séð, að þeir hafi staðið afar vel og fagmannlega að þessu," segir hann. „Mér sýnist að aðgerðirnar séu minni að umfangi en margir höfðu talið.""

Þannig metur hæstv. fjmrh. stöðuna og talar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um aðgerðir sem m.a. fela eftirfarandi í sér: Líknardeild sjúkrahússins er í uppnámi. Endurhæfing fyrir fjölfatlaða og krabbameinssjúklinga verður lögð niður og alls óvíst um framtíð þeirrar þjónustu. Verið er að segja upp starfsfólki á geðdeildum með þeim afleiðingum að þjónusta þar verður dregin saman. Rætt er um að loka bráðamóttöku fyrir hjartasjúklinga, vistmönnum í Arnarholti, þar sem er langdvalardeild fyrir 40 geðsjúklinga, er haldið í óvissu um hvort heimili þeirra verður lagt niður og hvað þeirra bíður þá. Fram hefur komið að öll svið sjúkrahússins verða fyrir aðhaldsaðgerðunum, það starfsfólk sem eftir verður mun finna fyrir meira vinnuálagi og sjúklingar fyrir skertri þjónustu. Hreingerningarnar, sem eru undirstöðuþáttur í starfsemi sjúkrahússins, verða minnkaðar um 10%. Áður hefur verið þrengt að hreingerningafólki en nú skal það gert í alvöru.

Á döfinni er að fækka um tvö hundruð störfum á Landspítalanum en skerðingin tekur til miklu fleiri og vísa ég þar í orð Einars Oddssonar, formanns starfsmannaráðs Landspítalans, sem segir í viðtali við DV á dögunum að skerðingin taki til fimm hundruð manns, sem er 12% af mannaflanum.

Svo er að skilja á Geir H. Haarde, hæstv. fjmrh., að allt þetta beri vott um einstaklega fagmannleg vinnubrögð. En ég spyr: Fagmannleg vinnubrögð í þágu hverra? Ekki þeirra sem starfa við að lækna og hjúkra veiku fólki. Ekki er þetta í þágu skattborgarans eða þeirra sem eiga að greiða fyrir þjónustu því kostnaðurinn af niðurskurðinum mun koma fram annars staðar í þjóðfélaginu. Aðhaldsaðgerðirnar, segja formenn tveggja stórra stéttarfélaga í Morgunblaðsgrein í gær, munu leiða til aukins kostnaðar og allra síst er fagmannlega að

verki staðið fyrir hönd sjúklinga sem verða fyrir stórskertri þjónustu.

En fyrir hina sem hagnast á þessari handstýrðu kreppu kann að vera ástæða til að hrósa vinnubrögðunum. Ég hef velt því fyrir mér hvort það virkilega geti verið að samanburðarskýrslan sem gerð var í sumar á sjúkrahúsum í Bretlandi annars vegar og á Landspítalanum hins vegar hafi verið gerð með það í huga að finna ástæðu fyrir niðurskurði. Valin voru sjúkrahús á erlendri grundu sem hafa verið í löngu svelti. Sýnt var fram á að þar sé unnið fyrir minni kostnað en hér, þess látið ógetið að þjónustan er líka lakari, spítalarnir bresku skila minni árangri. Menn staðnæmdust einvörðungu við hinn peningalega samanburð og þóttust þar finna réttlætingu fyrir niðurskurði.

Sama gildir um OECD-tölurnar sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vék að. Það er rétt sem hann sagði að Ólafur Ólafsson, formaður eldri borgara í Reykjavík, hefur verið óþreytandi að sýna fram á að tölur við kostnað af heilbrigðiskerfinu eru lægri en fjmrn. hefur viljað láta í veðri vaka. Ólafur hefur margoft bent á, og það höfum við einnig gert í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að í tilkostnaði okkar sé kostnaður við öldrun og félagsleg málefni sem önnur lönd hafa ekki í sínum tölum um heilbrigðisþjónustuna.

En hvers vegna skiptir þetta máli? Hvers vegna skiptir þessi talnasamanburður máli? Hann skiptir máli vegna þess að á talnagögnum af þessu tagi byggja markaðssinnar kröfu sína um niðurskurð. Og hvers vegna vilja þeir niðurskurð? Þeir vilja koma þjónustunni út fyrir veggi sjúkrahúsanna og út á markaðstorgið.

Undir þessi sjónarmið tók Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., í sjónvarpsviðtali í gær. Hann sagði að menn mættu ekki gleyma því að til væru sérfræðingar utan veggja sjúkrahúsanna sem gætu sinnt þjónustu sem ýtt væri þaðan út. Hann sagði að menn væru að gera mjög áhugaverðar tilraunir í heilbrigðiskerfinu og það yrði haldið áfram á þeirri braut. Formaður Framsfl. lagði áherslu á að hann væri endurskoðandi að mennt og gaf í skyn að hann bæri skynbragð á þessa hluti.

En fróðlegt væri að vita hvers vegna gengur eins illa og raun ber vitni að fá úttekt á þessum tilraunum ríkisstjórnarinnar um samhengið á milli gæða og tilkostnaðar. Þar sem sá samanburður á annað borð hefur verið gerður hefur ákveðin formúla komið í ljós. Laun plús rekstrarkostnaður er minni en laun plús rekstrarkostnaður plús hagnaður. Svo einfalt er það mál. Og ég spyr hvort endurskoðandi, sem ekki viðurkennir þetta, hljóti ekki að hafa eitthvert óhreint mjöl í sínum pólitíska poka.

Reyndar sagði formaður Framsfl., sem jafnframt er utanríkisráðherra landsins, að sín reynsla væri sú að ef starfsmenn utanrrn. veiktust erlendis væri þeirra fyrsta hugsun að komast heim. Og nú spyr ég: Er þetta þá ekki kerfi sem okkur ber að varðveita og bæta í stað þess að brjóta það niður? Ef við ráðumst í samanburð við erlend sjúkrahús eigum við þá ekki að líta á það sem vel er gert, eigum við ekki að fagna afrekum okkar fólks í stað þess að grafa undan því og veikja þjónustuna?

Ef það er rétt sem hæstv. heilbrrh. sagði í Kastljósi sjónvarpsins í fyrradag, að biðlistar væru að styttast, er það ekki gott? Getur það virkilega verið verkefnið núna að lengja þessa biðlista?

Og aftur að talinu um fagmannleg vinnubrögð og tilraunir til þess að koma pólitískri ábyrgð yfir á herðar starfsmanna sjúkrahússins þá langar mig til að vitna í viðtal við Magnús Pétursson, forstjóra Landspítalans, í DV fyrir réttri viku. Hann segir alveg ljóst vera að miðað við þá þjónustu sem spítalinn væri að veita og af honum væri vænst þá dugi ekki fjárveitingarnar.

Orðrétt segir hann, með leyfi forseta:

„Ég er sannfærður um að öryggið verður minna en það var. Það verður gengið nær öryggismörkum varðandi gæslu sjúklinga sem liggja á spítalanum. Biðlistar kunna að lengjast eftir hjartaþræðingu og öðrum aðgerðum, og bið eftir þjónustu á slysa- og bráðasviði lengist að öllum líkindum."

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. sagði í fyrrnefndu sjónvarpsviðtali að nú væri mál að kostnaðargreina verkþætti sjúkrahússins, væntanlega til þess að auðveldara væri að ákveða hvar ætti að byggja upp og hvar ætti að skera niður. En átti ekki að gera þetta fyrst, ákveða síðan framhaldið?

Ríkisstjórnin hefur sýnt vítavert ábyrgðarleysi gagnvart sjúkrahúsinu, starfsmönnum þess og að sjálfsögðu þeim sem sjúkrahúsið á að þjóna, veiku fólki. Hv. þm. Jónína Bjartmarz, formaður heilbr.- og trn. Alþingis, hefur ljómað af hamingju yfir þessum ráðstöfunum og segir þjóðarsátt um heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er rétt. En það ríkir engin þjóðarsátt um aðför ríkisstjórnarinnar að heilbrigðisþjónustunni. Um það ber merki sú alda sem risið hefur í landinu af hálfu samtaka sjúklinga og verkalýðshreyfingar, sú alda hefur aldrei risið eins hátt og nú ber raun vitni.

[14:10]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ekkert mál hefur risið eins hátt í umræðu síðustu daga og heilbrigðismálin og staða þeirra hefur skapað verulegt óöryggi víða meðal þjóðarinnar. Þegar við sjáum hins vegar hér á ráðherrabekki er ekki hægt að finna að sami uggur ríki meðal ráðherra, þá er ekki hægt að finna að sömu tilfinningar ríki þar. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvar er hæstv. fjmrh.? Hvers vegna lætur hann hæstv. heilbrrh. sitja einan uppi með þessa stöðu?

Virðulegi forseti. Í síðustu viku hlustaði ég á íslenskan yfirlækni tala af 25 ára reynslu um sænska heilbrigðiskerfið. Boðskaður hans var þessi: Það þarf að ríkja traust milli þeirra sem stýra heilbrigðismálum og þeirra sem vinna innan heilbrigðiskerfisins. Stjórnmálamennirnir verða að þora að taka pólitíska ábyrgð en kasta ekki vandanum yfir á starfsmenn kerfisins.

En ríkisstjórn Íslands fælist hins vegar pólitíska ábyrgð í heilbrigðismálunum. Það sést best á þeirri stöðu sem nú er komin upp á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Þar er vanda, sem var löngu fyrirsjáanlegur, fleygt af afli í fang stjórnenda og starfsmanna. Ríkisstjórnin, eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu, hefur aldrei tekið sér það verk fyrir hendur að skilgreina og ákveða nákvæmlega hvaða verkefnum spítalinn skuli sinna og hvaða verkefnum skuli sinnt af öðrum. Stjórnendur, sem hafa að mörgu leyti staðið sig afburða vel á síðustu missirum, eru látnir taka þessar pólitísku ákvarðanir. Starfsmenn spítalans, sem hafa unnið frábært starf, eru látnir taka afleiðingunum.

Virðulegi forseti. Þetta er það sem er kallað kreppustjórnun sem er ekkert annað en afleiðing pólitísks stefnuleysis. Það er fyrst núna, röskum átta árum eftir að Framsfl. tók við stöðu heilbrigðismála og eftir að núv. ríkisstjórn tók við

völdum, að sett er niður nefnd til þess að skilgreina verkefni Landspítalans, FSA og afmarka það hlutverk sem sjálfstætt starfandi læknar eiga að gegna.

Auðvitað er það þannig, eins og hér hefur komið fram, að verk nefndarinnar hlýtur að vera alger forsenda þess að ljóst sé hvaða verkefni eiga að vera í höndum spítalans og hvaða verkefni á að vinna annars staðar. Þess vegna tekur Samf. að sjálfsögðu undir þá kröfu sem hefur komið fram að ákvörðunum um niðurskurð verði frestað þangað til niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Það er alrangt sem hæstv. ráðherra segir, að það væri pólitískt ábyrgðarleysi að gera það. Það væri einmitt dæmi um skilvirk vinnubrögð og pólitíska ábyrgð að bíða eftir því að nefndin skili af sér — eða er hún bara upp á punt, virðulegi forseti?

Dæmin um brotalamir í heilbrigðiskerfinu eru mörg þó að kerfið sé að mörgu leyti gott. Nýlegt dæmi er lýsing hæstv. heilbrrh. á stöðunni í lyfjamálum. Milli áranna 1999 og 2002 jókst lyfjakostnaður um 49%. Hann jókst langminnst á Heilbrigðisstofnun Akraness, eða um 13%, en um 102% þar sem hann jókst mest.

Formaður lyfjahóps gaf þá skýringu að árangur Skagamanna fælist í virku lyfjastarfi og faglegu eftirliti. Og nú kemur lyfjahópur ráðherra með 25 tillögur að úrbótum. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað hefði mátt spara marga milljarða ef hæstv. ráðherra hefði farið að viðvörunarorðum stjórnarandstöðunnar og hrint verkefni af þessu tagi af stað fyrir átta árum?

Menn hafa drepið hér á heilsugæslu. Hún er undirstaða heilbrigðiskerfisins. Fjárfesting í henni skilar sér margfalt í sparnaði í efri lögum kerfisins. En fjöldi landsmanna er án heimilislæknis. Það er heilt hverfi í Reykjavík þar sem er engin heilsugæslustöð þrátt fyrir loforð sem svikin hafa verið árum saman. Í Hafnarfirði eru fimm þúsund manns án heilsugæslu. Þeir sem ekki hafa greiðan aðgang að heilsugæslu leita í dýrari úrræði, það vita menn. Kostnaðurinn af þessari skammsýni gagnvart heilsugæslunni hleypur þess vegna á milljörðum árlega.

Það er líka sorglegt, virðulegi forseti, að í dag er að koma fram vísir að tvöföldu kerfi í landinu. Ég vil nefna þrennt sérstaklega.

Í fyrsta lagi þær þúsundir sem hafa ekki greiðan aðgang að heilsugæslu og neyðast þess vegna til að borga miklu meira fyrir þá þjónustu sem þeir sækja.

Í öðru lagi lýsti fyrrverandi aðstoðarmaður hæstv. heilbrrh., Elsa Friðfinnsdóttir, því ítarlega í blaðagrein hvernig tvöfalt kerfi er að koma upp varðandi sérfræðiþjónustu þar sem þeir efnameiri hafa meiri völ á þjónustu en hinir.

Í þriðja lagi fjölgar þeim Íslendingum sem veigra sér við að leita aðstoðar vegna fjárskorts. Við þetta er ekki hægt að búa. Ef þetta er ekki dæmi um tvöfalt kerfi heiti ég ekki Össur.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan þarf líka að tala í lausnum, við getum ekki bara bent á það sem aflaga fer. Samf. hefur bent á að það er ákaflega brýnt að skoða leiðir til að byggja upp hjúkrunarheimili. Vandi allt of margra eldri borgara er leystur á hátæknisjúkrahúsum sem er margfalt dýrara. Við viljum skoða breytingar á stjórnkerfi til að efla mannúð kerfisins og til að bæta nýtni þess.

Dæmi: Í hvert skipti sem er skorið niður velkjast geðfatlaðir milli allt að fimm aðila. Málefni þeirra verða að vera á einni hendi. Samf. vill líka auka nýtni og mannúð með því að efla heimaþjónustu, heimahjúkrun, uppbyggingu göngudeilda og koma upp öflugum sjúkrahótelum. Samhliða slíkum aðgerðum var hægt að fækka sjúkrahúsrýmum í Svíþjóð um tugi prósenta.

Virðulegi forseti. Samf. hefur sett sér fjórar forsendur fyrir breytingum í heilbrigðiskerfinu. Í fyrsta lagi að aðgengi allra landsmanna sé óháð efnahag, í öðru lagi að þjónusta við sjúklinga fari batanandi, í þriðja lagi að beinn kostnaður sjúklinga aukist ekki og í fjórða lagi að fjármunir hins opinbera séu nýttir eins vel og kostur er.

Markmið okkar í hnotskurn eru að bæta heilbrigðisþjónustuna miðað við svipað hlutfall af landsframleiðslu og þar með að bæta nýtingu fjármagns, að fjárfesta í rannsóknum og þróun heilbrigðisgeirans og að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustunni óháð efnahag.

Samf. hefur lýst sig reiðubúna til að taka þátt í því að endurbæta heilbrigðiskerfið með opnum huga, t.d. hvað varðar fjármögnunarleiðir og ólík rekstrarform. Á landsfundi sínum ákvað Samf. að loka ekki fyrir fram á þann möguleika að samhliða opinberum rekstri geti einkarekstur átt sér stað í kerfinu.

Auðvitað er einkarekstur ekkert töfraorð, einkarekstur leysir ekki allan vanda. (**ÖJ:** Hann er dýrari.) En það er ekki hægt að hafna honum fyrir fram, hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem einni af aðferðum kerfisins svo fremi það sé tryggt að hann skapi ekki tvöfalt kerfi, svo fremi það sé tryggt að allir hafi möguleika á fyrsta flokks þjónustu án tillits til efnahags, svo fremi það sé tryggt að hann lúti sömu kröfum og reglum og þær stofnanir sem eru reknar af opinberum aðilum. Ég segi það, virðulegi forseti, ekki síst við hv. þm. Ögmund Jónasson að rekstrarformið getur ekki verið aðalatriði svo fremi að markmiðinu um jafnrétti til heilsu sé náð.

Með leyfi virðulegs forseta vil ég rifja hér upp orð aðstoðarlandlæknis, Matthíasar Halldórssonar, sem sagði í erindi fyrir skömmu:

„Heildarniðurstaða mín er því sú að leiða megi að því líkur að einkarekstur á ákveðnum þáttum heilbrigðisþjónustunnar og nýting á markaðslögmálum geti bætt þjónustuna og gert hana hagkvæmari. En til þess þurfum við að setja gagnsæja staðla í samvinnu beggja aðila, kaupanda og seljanda.“

Nú ætla ég ekki að ásaka hv. þm. Ögmund Jónasson um það að vera gamall kommúnisti en ég ætla að rifja upp orð gamals kommúnista sem einu sinni stýrði Kína, Dengs Xiaopings: „Það skiptir ekki máli hvernig kötturinn er á litinn svo fremi sem hann veiðir mýs.“

Ef það er hægt að veiða mýs með mismunandi rekstrarformum gera menn það.

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn viljum áframhaldandi þjóðarsátt um heilbrigðismál og við bjóðum fram starfskrafta okkar í þeim efnum. Mér finnst hins vegar að þessa dagana kjósi ríkisstjórnin fremur að fara um heilbrigðiskerfið eins og fílar í glervörubúð og hún leggur í svo hraðan niðurskurð að hann er ekki gerlegur á einu ári án þess að skerða þjónustu og skapa óöryggi fyrir íbúa landsins. Það á ekki að láta starfsmenn og sjúklinga gjalda fyrir margra ára stefnu- og fyrirhyggjuleysi stjórnmálamanna.

Hér á hinu háa Alþingi þurfum við að ná sátt eins og ríkir meðal þjóðarinnar um það grundvallaratriði að aðgengi að heilbrigðiskerfinu verði alltaf óháð efnahag.

[14:21]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég ætla nú að byrja á því að taka það fram að mér finnst það heldur ósmekklegt af formanni Samf. að leggja að jöfnu menn og mýs, mýs og sjúklinga, en á þeim orðum verður hann að bera ábyrgð sjálfur.

En mig langar að byrja á því að leiðrétta þann misskilning að það sé verið að skera niður fjárveitingar til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Fjárveitingar til Landspítalans eru ákvarðaðar í fjárlögum og framlög ríkisins til reksturs sjúkrahússins samkvæmt þeim eru 24,8 milljarðar kr. Stjórn sjúkrahússins hafði hins vegar áætlað að óbreyttur rekstur mundi kosta 1,4 milljörðum meira, en henni er nú gert að gera þær breytingar á rekstraráformum sínum að kostnaðurinn nemi fjárlagatölunni, 24,8 milljörðum kr.

Markmiðið með sameiningu sjúkrahúsanna var að samræma og samþjappa sjúkrahúsþjónustu og reka hagkvæmari einingar en áður hafði verið gert. Það er einmitt það sem verið er að gera núna, að draga reksturinn saman, þjappa honum saman til að ná út hagkvæmari einingum.

Landspítalinn er rekinn á 19 stöðum, vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið, og bráðamóttökur fyrir sjúklinga eru reknar á fimm stöðum. Í greinargerð stjórnar læknaráðsins frá því í desember er m.a. bent á óhagræðið af þessu. Sama á við um rannsóknastofur í blóðmeinafræði, meinaefnafræði og myndgreiningu sem allar eru reknar á tveimur stöðum en ekki á einum stað. Sameining eldhúsanna er annað mál og til viðbótar má nefna dauðhreinsunardeildir sem eru reknar á þremur stöðum.

Ef það var ekki eitt meginmarkmiðið með sameiningu sjúkrahúsanna að stækka þessar rekstrareiningar og fækka þeim til að ná fram aukinni rekstrarhagkvæmni, m.a. með lækkun launakostnaðar og fækkun starfsmanna, veit ég ekki hver tilgangurinn með sameiningunni var. Þessar aðgerðir eru auðvitað bæði erfiðar og þær eru sársaukafullar. En það segir sig sjálft að aðgerðir sem draga úr launakostnaði ná hvergi sparnaði að heitið geti því að 70% af rekstrarkostnaði sjúkrahússins eru laun og starfsmannatengdur kostnaður, samtals um 18,2 milljarðar kr.

Þó að starfsmenn sjúkrahússins telji nær 5 þús. manns munar auðvitað geysilega um þessi 200 ársverk sem verið er að fækka um núna. Þeim verður bæði náð með uppsögnum og samdrætti í vöktum og yfirvinnu en það þýðir líka að sjálfsögðu kjaraskerðingu sem mun koma við meira og minna 550 starfsmenn.

Í umræðu um aðhaldsgerðir á Landspítalanum verður að gæta þess að tala ekki um sjúkrahúsið Landspítala – háskólasjúkrahús sem eitthvert eyland í heilbrigðisþjónustunni. Meginstoðir heilbrigðisþjónustu okkar eru þrjár:

Landspítali – háskólasjúkrahús, endastöðin í heilbrigðiskerfinu sem veitir bráðaþjónustu sem engum getur vísað frá og tekur við öllum erfiðustu sjúkdóms- og slysatilvikunum og annast auk þess menntun heilbrigðisstétta.

Önnur stoðin er heilsugæslan sem á að geta sinnt allt að 80–90% af heilbrigðisþjónustuþörf landsmanna.

Þriðja stoðin er sérfræðiþjónusta utan sjúkrahúsa sem aðallega er veitt af sjálfstætt starfandi læknum.

Þessar þrjár stoðir hljótum við í allri umræðu alltaf að meta og skoða heildstætt og leitast við að tryggja að hver og ein þeirra geti sinnt sínu geysimikilvæga hlutverki og ávallt með gæði og hagkvæmni þjónustunnar að leiðarljósi, byggt á kostnaðargreiningu.

Á sama tíma og Landspítalanum er gert að gæta aðhalds í rekstri, herða á sameiningarferlin, eins og einhver kallaði það, er verið að gera sjúkrahúsinu það betur kleift með því að efla bæði þjónustu heilsugæslunnar hér á höfuðborgarsvæðinu og fjölga hjúkrunarrýmum. Þessa sér mjög glöggt stað í fjárlögunum og þar sjáum við líka áherslur þessarar ríkisstjórnar. Framlög til byggingar og reksturs nýrra hjúkrunarrýma eru aukin um nær milljarð króna og framlög til eflingar heilsugæslunnar um hálfan milljarð.

Í þessum áherslum sést stefna okkar framsóknarmanna í hnotskurn, það er að standa vörð um þessar þrjár meginstoðir heilbrigðiskerfisins, sem ég hef þegar gert grein fyrir, og tryggja uppbyggingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og nægjanlegan fjölda hjúkrunarrýma, m.a. þannig að Landspítali – háskólasjúkrahús geti sinnt meginhlutverki sínu sem bráðasjúkrahús og sem kennslustofnun.

Mér hefur oft og tíðum fundist góður taktur á milli stefnu okkar framsóknarmanna í heilbrigðismálum og Samf., stærsta stjórnarandstöðuflokksins hér á Alþingi. Í ræðu formanns þess flokks á landsfundi, svokallaðri hátíðarræðu, rétt fyrir þremur mánuðum, sýndi þetta sig að vissu leyti þó að hann missti taktinn í öðru. Formaðurinn sagði þar að Samf. þyrfti með opnum huga að skoða breytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu. Þau orð var ekki hægt að skilja öðruvísi en sem breytta stefnu Samf. um að hætta að láta pólitískan rétttrúnað og heiti rekstrarforma ráða för, og er ekki nema gott um það að segja, en jafnframt var ekki hægt að skilja þau orð öðruvísi en sem yfirlýsingu um stuðning við þá grónu stefnu okkar framsóknarmanna að tryggja jafnan aðgang allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og búsetu, en láta fordómalaust mat á gæðum þjónustunnar og hagkvæmni ráða vali á því rekstrarformi sem ákveðið er hverju sinni.

Á hinn bóginn kom mér á óvart og eflaust mörgum öðrum sú yfirlýsing formanns Samf. að fjárskortur væri ekki vandamál í heilbrigðisþjónustu, ekki síst í ljósi þess að margir hv. þm. flokksins hafa ítrekað, bæði fyrir og eftir landsfundinn, ekki bara reynt að leiðrétta og túlka á annan hátt orð formannsins heldur líka talað um fjárvöntun á ákveðnum sviðum.

Þá spyr ég: Ef heilbrigðisþjónustuna í heildina skortir ekki fé, hvar á þá að færa á milli? Af hverjum á að taka núna? Eigum við að fara að taka frá heilsugæslunni eða eigum við að fara að taka frá öldrunarþjónustunni? Og menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir í því sem þeir segja.

Raunveruleikinn sem við horfumst í augu við er sá að við þurfum að auka fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar til að ljúka uppbyggingu heilsugæslunnar hér á höfuðborgarsvæðinu, til að geta mætt þörfum hratt vaxandi fjölda aldraðra í samfélaginu, bæði fyrir hjúkrunarrými og aðra öldrunarþjónustu, og síðast en ekki síst þurfum við að gera Landspítala – háskólasjúkrahúsi kleift að fullnýta sameiningu sjúkrahúsanna og ná fram þeirri hagræðingu sem við stefndum að í upphafi.

Með eflingu heilsugæslunnar og fjölgun hjúkrunarrýma léttum við álagi af Landspítalnum og styrkjum þar með getu sjúkrahússins til að standa vörð um meginhlutverk sitt sem bráðasjúkrahúss og sem kennslustofnun heilbrigðisstétta. Þetta samhengi hlutanna verður að hafa í huga í allri umræðu um heilbrigðismál.

Ég nefndi áðan og vísaði bæði í greinargerð stjórnar læknaráðs Landspítala – háskólasjúkrahúss frá því í desember og líka til greinargerðar framkvæmdastjórnar Landspít-

alans og nefndi dæmi um deildir og rekstur sjúkrahússins sem eru reknar á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, bráðamóttökur, dauðhreinsideildir og aðra starfsemi. Mergurinn málsins er sá að þessi dæmi sýna það einna gleggst að við þurfum aukið fjármagn í stofnkostnað til að ná fram til fulls hagræðingunni af sameiningu sjúkrahúsanna. Þess vegna þurfum við nú, sem ávallt, að gæta fyllsta aðhalds í rekstrinum.

Herra forseti. Á fundi heilbr.- og trn. í morgun voru fulltrúar framkvæmdastjórnar Landspítala spurðir hvort aðhaldsgerðir stjórnar sjúkrahússins ógnuðu öryggi sjúklinga. Það var sérstaklega spurt um bráðamóttöku brjóstverkja við Hringbraut. Þeir upplýstu m.a. að fyrst í desembermánuði sl. var byrjað að hjartaþræða um helgar og því verði haldið áfram. Það verður haldið áfram að hjartaþræða um helgar. Það eina sem ætlunin er að breyta er að móttaka sjúklinga verður í Fossvogi og eftir atvikum verða þeir sjúklingar sem þurfa hjartaþræðingu fluttir á Hringbrautina og bakvaktin, sem annast hjartaþræðinguna áfram sem hingað til, verður kölluð út þegar það á við. Á sama tíma og sjúklingar eru fluttir á milli er hægt að kalla út bakvaktina eins og hefur verið gert síðan um helgar í desember.

Þjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana verður heldur ekki skert og hún verður ekki flutt. Það eina sem lagt verður niður til viðbótar bakvakt félagsráðgjafa, sem enda getur illa sinnt hlutverki sínu nema í dagvinnu, er sérstök vakt hjúkrunarfræðings að deginum til í miðri viku, ekki á öðrum tímum, og hafa fjölmargir starfsmenn slysadeildarinnar á liðnum árum öðlast þekkingu og reynslu á þessu sérsviði en eru eftir sem áður að starfa að þessum málum og þeir munu halda því áfram. Það á ekki að skerða starfsemi skurðdeilda og það verður haldið áfram að stytta biðlistana.

[14:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti, með yðar leyfi:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Svo er fyrir mælt í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu sem tekur til heilsugæslu og heilbrigðiseftirlits, rannsókna, lækninga og hjúkrunar á sjúkrahúsum, endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

Þetta er réttur okkar allra, tryggður í lögum. Heilbrigðisráðherra á að sjá til þess að þessi þjónusta sé okkur veitt og að allir Íslendingar skuli vera jafnir fyrir lögunum og njóta mannréttinda án tillits til efnahags. Réttur fólks til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði verður ekki löglega af því tekinn með niðurskurði á fjármagni og þjónustu sem skal vera eins góð og þekking og reynsla leyfir.

Undir þessum áherslum er heilbrigðisráðherra skylt að starfa. Honum er því mikill vandi á höndum að fylgja eftir þeirri stefnu sem forustumennirnir í ríkisstjórninni heimta. Að skera niður þá þjónustu sem vissulega kostar mikið fé, en hefur líka sýnt sig að vera góð fyrir fólkið sem þarf á því að halda að fá þjónustu á besta sjúkrahúsi landsins, þar sem best þekking og tækni er til staðar. Hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin geta ekki leyft sér að forgangsraða lífi og lækningu.

Fagstéttir verða að leggja það til sem til sparnaðar getur orðið án þess að það þýði verri þjónustu sem hættir lífi og limum. Það er mín skoðun að innan þess ramma sem ég hef lýst megi vissulega beita aðhaldi í útgjöldum. Til þess að beita faglegu aðhaldi þarf kostnaðargreining að liggja fyrir og útiloka þarf að sömu verk séu tví- og þríunnin með sama sjúkling, ef til vill vegna þess að upplýsingakerfi heilbrigðisþjónustunnar um viðkomandi sjúkling er ekki aðgengilegt milli allra þjónustustiga í kerfinu.

Ég hef lýst því viðhorfi við fjárlagaumræðu í þinginu að þótt ég sé hlynntur aðhaldi og góðri nýtingu á þeim fjármunum sem fara í heilbrigðismál er ég ekki stuðningsmaður þess að skerða nauðsynlega þjónustu við sjúka, aldraða og öryrkja. Þurfi auknar tekjur til þess að viðhalda góðri þjónustu við áðurnefnda þjóðfélagsþegna vel ég hiklaust að auka fé til ríkisins.

Á undanförnum árum hafa viðfangsefni hátæknisjúkrahúsa vaxið, fyrst og fremst vegna hærri aldurs fólks og nýrra meðferðarmöguleika. Til þess að bregðast við þessu þarf starfsfólk og fjármuni.

Stjórnendum spítalans er gert að lækka rekstrarkostnað hans um 1.400 milljónir á þessu og næsta ári. Þar af á þessu ári um 700 milljónir.

Framlag ríkissjóðs til reksturs Landspítala – háskólasjúkrahúss er samkvæmt fjárlögum 24,8 milljarðar króna. Stjórnendur spítalans töldu sig þurfa 1,4 milljarða að auki til að halda rekstri spítalans eins og hann var á síðasta ári, en ríkisstjórnin hafnaði frekari fjárveitingum og lagðist gegn tillögum stjórnarandstöðunnar sem vildi koma til móts við fjárhagsvandann við afgreiðslu fjárlaga.

Laun og starfsmannatengdur kostnaður hefur numið um 70% af útgjöldum spítalans og því er ljóst að ekki er unnt að spara hundruð milljóna án þess að draga úr launakostnaði og fækka starfsfólki. Áætlað er að fjöldauppsagnir fækki ársverkum um 200 og nái til 500–600 manns. Fljótfærnislegar fjöldauppsagnir að kröfu ríkisstjórnarinnar sýna ráðleysi.

Samdráttur í starfsmannahaldi kemur að sjálfsögðu niður á allri þjónustu spítalans sem mun versna eftir því sem samdrátturinn eykst. Verri þjónusta er í andstöðu við lagaleg réttindi sjúklinga eins og ég gerði grein fyrir í upphafi ræðu minnar.

Tvær nefndir, skipaðar fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna, hafa fjallað sérstaklega um stöðu og framtíð spítalans. Önnur nefndin á að skilgreina hlutverk stóru sjúkrahúsanna. Hinni er falið að hafa tilsjón með rekstri spítalans. Starfsfólk spítalans hefur réttilega bent á að æskilegt hefði verið að bíða með sparnaðaraðgerðir þar til niðurstöður þessara nefnda lægju fyrir.

Lyfjakostnaður hefur verið um 16% af heildarútgjöldum Landspítala – háskólasjúkrahúss og nam 2,5 milljörðum króna á síðasta ári. Hækkaði um 250 milljónir frá árinu 2002 eða um 11,3%. Skýringin felst í aukinni lyfjanotkun og nýjum og dýrum lyfjum. Dýrust er lyfjameðferð við krabbameini enda um nýjustu og dýrustu lyf að ræða þar. Talið er að dýr og ný lyf skýri þriðjung af auknum kostnaði við lyfjanotkun. Nú er stefnt að því að lækka lyfjakostnað í heilbrigðisþjónustu almennt með betri lyfjastýringu og vali á lyfjum í innkaupum sjúkrahúsa. Sparnaður í lyfjanotkun ætti að nást án skertrar þjónustu við sjúka.

Verði haldið áfram þeim hörðu aðgerðum sem boðaðar eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verður þjónusta við sjúklinga skert og öryggi þeirra ógnað. Fyrirsjáanlegt er að bráðaþjónusta minnkar og sérhæfð þjónusta við sjúklinga skerðist. Aðgengi að sjúkrahúsinu verður lakara. Þá er ljóst að niðurskurðurinn mun líklega valda vísindastarfi Landspítala – háskólasjúkrahúss óbætanlegum skaða.

Stofnun á borð við Landspítala – háskólasjúkrahús þarf að hlúa vel að starfsfólki sínu því mikil samkeppni er um hæft starfsfólk, ekki aðeins innan lands heldur einnig við útlönd.

Komið hefur fram að biðlistar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafi styst og er það vel. Næsta víst er að biðlistarnir lengjast á ný vegna samdráttar í allri starfsemi haldi stjórnvöld aðhorinni áfram.

Pólitískan vilja skortir til að marka stefnu um hlutverk og fjármögnun spítalans þar sem tillögur sérhæfðs starfsfólks eru lagðar til grundvallar. Langtímamarkmiðin eru óskýr og enginn sýnilegur árangur af sameiningunni á sínum tíma, samanber skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Landspítali – háskólasjúkrahús er í dag þróað hátæknisjúkrahús sem við megum vera stolt af. Heilbrigðiskerfi okkar stenst alþjóðlegan samanburð. Almenningur krefst þess að þessari aðför að starfseminni verði hætt.

[14:36]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Heilbrigðismálin hafa verið í brennidepli þjóðmálaumræðunnar á síðustu vikum og mánuðum. Tilefni þeirrar umræðu hefur fyrst og fremst verið fjárframlög til heilbrigðismála og hvernig á að forgangsraða innan kerfisins og einstakra stofnana. Það er mjög eðlilegt að fólk láti sig þessi mál varða því það skiptir svo sannarlega miklu máli að vel sé að verki staðið í þessum málaflokki sem tekur til sín langstærsta hlutann af útgjöldum ríkisins. Við Íslendingar búum svo sannarlega við mjög góða heilbrigðisþjónustu sem við erum stolt af. En það er ekki þar með sagt að hún sé hafin yfir gagnrýni. Það er augljóst að okkur ber skylda til að nýta sem allra best þá fjármuni sem varið er til heilbrigðismála, en fjárframlög til þeirra hafa aukist mjög á undanförnum árum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur um áratuga skeið lagt mikla áherslu á að nýta beri í miklu ríkara mæli en gert er kosti einkarekstrar í heilbrigðisþjónustunni. Þeirri umræðu hefur fram til þessa ekki verið vel tekið af vinstri flokkunum á Alþingi. Jafnan hefur verið hrópað „úlfur, úlfur" og því haldið fram að þar með væri verið að búa til tvöfalt kerfi, annað fyrir ríka og hitt fyrir fátæka o.s.frv., sem er alrangt. Menn hafa hliðrað sér hjá því að ræða þessi mál opið og fordómalaust, snúið út úr hugtakanotkun og þess háttar og ekki viljað ræða í alvöru hlutverk ríkisins í heilbrigðisþjónustunni frá þessum sjónarhóli. (**ÖJ:** Ger þú það þá.) Augljóst er að ríkið á að bjóða út verk í þessum málaflokki eins og öðrum alls staðar þar sem því verður við komið til þess að nýta fjármuni betur, spara og hagræða. Það hafa þær þjóðir gert sem við berum okkur jafnan saman við, eins og t.d. bæði Norðmenn og Svíar sem eru komnir miklu lengra í þessum efnum en við. Ísland hefur hreinlega dregist aftur úr umræðunni miðað við aðrar þjóðir í því að nýta kosti einkareksturs í heilbrigðismálum. Nú virðist þó vera að rofa til og fleiri að vakna til vitundar um að hugmyndir okkar sjálfstæðismanna eru allrar athygli verðar.

Alþýðusamband Íslands gaf út í mars sl. skýrslu sem ber yfirskriftina „Velferð fyrir alla — áherslur og framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í velferðarmálum". Þar eru mjög athyglisverðar hugmyndir um fjölbreyttari rekstrarform í heilsugæslunni og tekið undir sjálfstæðan rekstur heilsugæslustöðva eins og í Lágmúla og Salahverfi í Kópavogi, en þá stöð er verið að opna nú um helgina. Nefnt er að æskilegt sé að fjölga valmöguleikum í þjónustutilboðum og reifað að nýta megi einkarekstur við frekari útfærslu á því. Nú hefur Samfylkingin einnig tekið undir hugmyndir Sjálfstfl. svo að ætla má að unnt ætti að vera að ná meiri sátt og samstöðu í framtíðinni um breytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustunni.

Málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss eru aðaltilefni umræðunnar að þessu sinni. Því miður hefur sú umræða verið um of í upphrópunarstíl, margt verið ofsagt og þjónar helst þeim tilgangi að hræða fólk og koma því inn að þar sé allt í kaldakoli vegna sparnaðar og hagræðingarkrafna ríkisins og þess að ætlast sé til þess að sjúkrahúsið haldi sig innan fjárlaga.

Í nóvember sl. lauk Ríkisendurskoðun stjórnsýsluendurskoðun á sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Mjög athyglisverðar niðurstöður og ábendingar er að finna í skýrslunni, m.a. erlendur samanburður um afköst í þjónustu, gæði, skilvirkni og kostnað. Stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss styðjast greinilega mjög við þessa skýrslu í tillögum sínum um sparnað og hagræðingu í rekstri spítalans og er það vel. Stefnumótun spítalans og hlutverk hans til framtíðar er þáttur sem alltaf þarf að vera í skoðun, enn fremur samspil heilsugæslu, sjúkrahúsþjónustu, sérfræðiþjónustu og annarrar þjónustu, t.d. við aldraða og geðfatlaða.

Við vitum að á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru fjölmargir langlegusjúklingar, bæði aldraðir og geðsjúklingar sem eiga betur heima annars staðar en á hátæknisjúkrahúsi, t.d. á hjúkrunarheimilum og sambýlum. Markvisst er unnið að því að fjölga þeim úrræðum. Á morgun verða Vífilstaðir formlega opnaðir sem bæta úr brýnni þörf og létta á Landspítalanum. Og á þessu ári er áformað að taka í notkun 160 ný hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Biðlistar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafa einnig styst, þó að öðru hafi verið haldið fram.

Heilsugæsluna ber einnig að efla enn frekar. Og það er ánægjulegt að aukinn áhugi er hjá læknum að starfa innan hennar sem er breyting frá því sem var fyrir ekki svo löngu.

[14:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Samkvæmt afgreiðslu fjárlaga fyrir Landspítala – háskólasjúkrahúss skortir vel á annan milljarð til að halda uppi óbreyttum rekstri á þessu ári eins og hér hefur komið fram og sömuleiðis í afgreiðslu fjárlaga. Stofnuninni er nú gert að aðlaga rekstrinn að skertu rekstrarumhverfi og aðferðin til þess er sett á hendur stjórnenda spítalans.

Það telst til góðra stjórnarhátta í opinberum rekstri svo og öðrum að skoða starfsemi hverrar stofnunar með tilliti til þess hvort verið sé að sinna lögboðnum verkefnum, hvort vel sé farið með opinbert fé og hvort spara megi á einhverjum sviðum. Þetta hafa sjúkra- og heilbrigðisstofnanir verið að gera undanfarin ár og hver einasti starfsmaður hefur tekið á sig ábyrgð í þeim efnum. Og þegar litið er til starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa starfsmenn sjúkrahússins lagt á sig ómælda vinnu vegna sameiningar tveggja sjúkrahúsa og auk þess tekið þátt í flutningi, endurskipulagningu og sparnaði af mikilli fórnfýsi. Mjög margir hafa talið að þegar ró kæmist á sameiningarferlið gætu menn farið að beina kröftum sínum að uppbyggilegra starfi en að fást stöðugt við nær óyfirstíganlegar kröfur um sparnað og meira vinnuálag.

Rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss er skilvirkur. Afköst sjúkrahússins á árunum 1999–2002 voru óbreytt eftir sameininguna, þrátt fyrir að starfsmönnum hafi fækkað á

þessu tímabili um 250 og það á tímabilinu þar sem sameiningarferlið stóð sem hæst. En nú hafa afköstin aukist sem merkja má í styttri biðlistum. Þetta er mikill árangur.

Herra forseti. Á föstu verðlagi hefur rekstrarkostnaður Landspítala – háskólasjúkrahúss staðið í stað frá sameiningu sjúkrahúsanna. Er hægt að gera meiri sparnaðarkröfur en þetta? Sérstaklega þegar kostnaðinum vegna sameiningarinnar var ekki mætt á fjárlögum eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs margbentu á og Ríkisendurskoðun hefur staðfest í skýrslu sinni.

Hvað er það í rekstri sjúkrahússins sem kallar á slíkan niðurskurð á þjónustu eins og gert er í dag? Hvaða þjónustu er verið að veita í dag umfram það sem getur talist eðlileg þjónusta innan veggja sjúkrahússins? Hvers vegna er það lagt á stjórnendur sjúkrahússins að leggja fram áætlun um skerta þjónustu þegar skipuð hefur verið sérstök nefnd til að leggja fram tillögur um endurskilgreiningu verksviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss? Nefndin á að skila af sér á vordögum. Hvers vegna er umtalsverðum breytingum á þjónustu sjúkrahússins ekki frestað þar til nefndin hefur skilað af sér áliti svo allar breytingar séu a.m.k. samstilltar?

Herra forseti. Fyrir utan mikilvægi Landspítalans sem eina hátæknisjúkrahús landsins þá er hann einnig fjölmennasti vinnustaður landsins. Niðurskurður á starfsemi sjúkrahússins kemur því ekki eingöngu niður á þjónustustigi heldur einnig kjörum og atvinnumöguleikum fjölda fólks, bæði fag- og ófaglærðra. Launakostnaður er um 70% af rekstrarkostnaði sjúkrahússins og því á að grípa til þess ráðs að segja upp starfsfólki.

Nú þegar hafa 52 einstaklingar fengið uppsagnarbréf en alls mun fækka um 200 ársverk á þessu ári. En þau snerta enn fleiri einstaklinga en þessi 200 ársverk segja til um. 550 einstaklingar verða fyrir skerðingu á kjörum vegna skipulagsbreytinga, 550 einstaklingar þar fyrir utan. En ef halda á til streitu að skerða þjónustustig sjúkrahússins verður að fækka enn um 200 ársverk á næsta ári.

Hvert fara þessir einstaklingar til vinnu? Hvar er vinnumarkaðurinn og hvert á sú heilbrigðisþjónusta að fara sem veitt hefur verið fram til þessa á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og skerða á í dag?

Herra forseti. Það er ljóst að niðurskurðurinn kemur harðast niður á allri stoðþjónustu en niðurskurður á þessu sviði hlýtur að rýra gæði annarrar þjónustu stofnunarinnar. Spurningin er: Hvaða þjónustustig viljum við hafa í heilbrigðisþjónustunni? Og þegar einstakar aðgerðir eru skoðaðar sem á að fara í núna er ljóst að sérstaka gagnrýni hefur fengið að skerða eigi þjónustu neyðarmóttökunnar, loka bráðamóttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og að skerða þjónustu í Arnarholti og í Kópavogi.

Herra forseti. Þó að áhersla þessarar umræðu sé á þjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss þá er rekstrarvandi annarra heilbrigðisstofnana ekki minni og í raun í réttu hlutfalli við vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er því verið að draga úr þjónustu innan heilbrigðisstofnana um allt land. Hvert verður henni vísað og höfum við betri og ódýrari lausnir en við höfum í dag?

Herra forseti. Það verður að gera úttekt á því hvort til séu úrræði fyrir þá sjúklinga og þá starfsemi sem koma á út úr rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss og það verður að gera á því könnun hvort sparnaðurinn sé í raun sparnaður þegar á heildina er litið. Eða er verið að þrengja að rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss til að flýta fyrir einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni?

[14:47]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru allir sammála um að Landspítali – háskólasjúkrahús sé hátæknisjúkrahús og bráðasjúkrahús. Það er ekki einfalt mál fyrir sjúkrastofnun að skera niður um 1,4 milljarða á tveimur árum. Nú er verið að skera niður um helming af þessari fjárhæð. Þetta er flókið, sérstaklega í ljósi þess að stefnumörkunin er ekki tilbúin.

Mikið hefur verið rætt um hvort hægt hefði verið að bíða með ýmsar tillögur þar til skýrsla nefndarinnar sem á að skoða og skilgreina hlutverk stóru sjúkrahúsanna hefur lokið vinnu sinni. En það var valið að gera það ekki. Ég er hins vegar ein af þeim sem segja að það hefði átt að bíða með sumar tillögurnar þar til skýrslan væri tilbúin.

Kostnaðargreining á þjónustu er langt komin og erfitt getur verið að snúa til baka með sumar aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í. Það þarf líka að skoða tengslin við nágrannasjúkrahúsin í þessu samhengi og hlutverk þeirra.

Mér segir svo hugur að þegar umræða og atkvæðagreiðsla var um fjárlögin hefðu þingmenn kannski greitt atkvæði á annan veg ef umræður hefðu snúist um neyðarmóttöku, Arnarholt, krabbameinssjúka, endurhæfingu, Teig, stoðþjónustu o.s.frv. Umræðan er komin á þá braut nú og snýst orðið um það hvort spítalinn sé kominn að öryggismörkum. Margir sérfræðingar vilja meina svo, ekki síst vegna áætlunar um lokun bráðamóttöku fyrir hjartasjúklinga um helgar en sennilega verður horfið frá því þó að Landspítalinn sé bráðasjúkrahús, en hv. þm. Jónína Bjartmarz upplýsti umræðu úr heilbrn. áðan í sínu máli.

Það var hiti í umræðum vegna skerðingar á neyðarmóttöku. Fyrri hugmyndin var að setja hana á kvennadeild. Sem betur fer var frá því horfið enda umræða sem farið var í gegnum við upphaf og skipulag neyðarmóttökunnar. Þetta tvennt fór á engan hátt saman og nú verður neyðarmóttakan á sínum stað og ber að fagna því. Númer eitt, tvö og þrjú er að þessi þjónusta verði til staðar því að hún er gríðarlega mikilvæg og greinilegt að búið er að sammælast um það.

Þegar niðurskurðurinn er skoðaður heildstætt kemur í ljós að það eru tvö svið sem verða sérstaklega illa úti, geðsvið og endurhæfing. Af þeim 200 ársverkum sem eru skorin niður eru 75 á þessu sviði. Það er verulegt áhyggjuefni. Eru geðsjúkdómar annars flokks sjúkdómar og af hverju er það? Hafa þeir sem glíma við erfiða geðsjúkdóma verri málsvara, eru þeir ekki nógu hávaðasamir?

Ef einstakar tillögur eru skoðaðar þá er Arnarholt efst á blaði. Arnarholt er búið að vera heimili fólks í fjölda ára, kannski vegna þess að engin úrræði hafi verið til fyrir þá sem þar búa. Það voru sumir hverjir fluttir frá Kleppi, á þá að flytja þá þangað aftur? Það gengur auðvitað ekki. Það viðurkenna allir að þetta er eitt af viðkvæmu málunum í sparnaðaraðgerðunum og við erum að tala um afar viðkvæman hóp sem verður að tryggja öruggan samastað. Þetta þarf að leysa því að óöryggi er eitt af því versta sem kemur fyrir þennan hóp sem þarna dvelur.

Virðulegur forseti. Það hefur lengi loðað við að skera niður á geðsviði, samkvæmt upplýsingum Geðhjálpar, og það hefur fækkað um 110 rúm frá 1996. Ekki vegna þess að geðsjúkdómum hafi fækkað, ekki held ég það.

Hvað með Teig? Það er hluti deildar út frá geðdeild sem

hefur verið skorið af með manni og mús og ég held að enginn hafi tekið eftir því.

Endurhæfingardeildin í Kópavogi fyrir fjölfatlaða, er auðvitað mál sem stendur í fólki. Hvar eiga þeir sem þar eru að fá endurhæfingu, hvaða úrræði á að finna vegna þeirra sem þar eru? Þau mál eru í skoðun hjá stjórn Ríkisspítalanna.

Hvað með alla stoðþjónustu? Þjónustu sem hefur gert það að verkum að hægt er að stytta legudaga til að minnka kostnað, til að styðja fólk aftur út í lífið, styðja aðstandendur, foreldra, vera brú milli kerfa, til að fá aðra þjónustu? Þannig mætti lengi telja. Þetta er allt að hverfa.

Stefnumörkun verður að flýta, skilgreina, færa starfsemi milli kerfa og tryggja þjónustu.

Herra forseti. Fólkið í landinu velkist ekki í vafa þegar það er spurt hvernig eigi að forgangsraða, í hvað skatttekjurnar eiga að fara. Þar eru heilbrigðismál í fyrsta sæti. Við eigum að taka mark á því og setja þessi mál í það sæti og axla ábyrgðina sem því fylgir. Hún er að sjálfsögðu mikil, við þurfum að skoða heildstætt heilsugæslusjúkrahús sérfræðinga. Verkefnið er ekki einfalt og ábyrgðin er mikil.

[14:52]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Pólitískir andstæðingar okkar hafa mjög svo haldið því á lofti undanfarið að stefnuleysi ríki í heilbrigðismálum, að hér ríki stjórnleysi og að kerfið sé í lamasessi. Að halda því fram er fásinna.

Er ekki skýr stefna að efla heilsugæsluna, beina fólki frekar þangað en inn á rándýr hátæknisjúkrahús? Einnig á að fjölga hjúkrunarrýmum þannig að aldraðir fái inni á hjúkrunarheimilum í stað þess að liggja á sjúkrahúsum. Þetta er allt spurning um forgangsröðun og ég tel að hæstv. ráðherra og stjórnvöld séu að forgangsraða rétt.

Herra forseti. Svo virðist sem einhverjir telji að einfalt sé að draga úr háskólaþætti spítalastarfsins. Það er misskilningur, því að með þeirri ákvörðun væri komið í veg fyrir framþróun starfanna og þjónustan mundi fljótt staðna. Háskólaþátturinn er dýr, við þurfum að vita betur hversu dýr hann er. En það er fásinna að tala eins og hann sé léttvægur þáttur í starfseminni.

Landspítali – háskólasjúkrahús og háskólinn hafa leitast við á undanförnum árum að skilgreina betur hvernig samstarfi þessara stofnana skuli háttað. Er það gert með það að leiðarsljósi að samþætting klínískra starfa og háskólastarf efli báða þættina. Ég tel mikilvægt að halda áfram á þessari braut og legg kapp á að verja starfsemi tengda kennslu, rannsóknum og vísindum á spítalanum eins og mögulegt er.

Þessir þættir verða þó að taka þátt í hagræðingunni og sparnaðarkrafan nær líka til þeirra. Mikilvægt er að þessi hagræðing takist í sátt því að einnig hér þarf að forðast að skerða nauðsynlega starfsemi. Til framtíðar má velta því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að þessum hluta starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss skuli vera tryggðir fjármunir í gegnum heilbr.- og trmrn.

[14:55]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Frjálsl. vill öflugt velferðar- og heilbrigðiskerfi sem allir landsmenn eiga jafnan aðgang að. Það er einkenni ríkra þjóða að þær hafa efni á því að verja hærra hlutfalli af sinni landsframleiðslu til heilbrigðisþjónustu. Á tímum efnahagslegrar velmegunar ætti að vera hægt að styrkja og bæta heilbrigðisþjónustu í stað þess að skera hana niður eins og stjórnvöld vilja gera nú.

Eru þetta sömu herrar og boðuðu hér brosandi fyrir síðustu kosningar „Velferð fyrir alla"? Eru þetta sömu herrar og birtu loforð um að tryggja öllum aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og eyða biðlistum?

Við höfum alla burði til að vera í fremstu röð í að lækna sjúka þegar vel árar. Það er ekki boðlegt að ræða um það í fullri alvöru að skerða starfshlutfall um 600 starfsmanna Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er einnig óhuggulegt að ræða um það í fullri alvöru að skerða bráðaþjónustu þar sem um líf og dauða landsmanna er að tefla.

Herra forseti. Það er athyglisvert að verða vitni að sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þær virðast alltaf lenda á málaflokkum sem heyra undir ráðherra Framsfl. Það á sérstaklega við um einn ráðherrann, sem virðist vera laminn áfram í mjög óvinsælar aðgerðir, en það er hæstv. heilbrrh., Jón Kristjánsson. Núna á hann að skera niður á einu bretti 700 millj. kr. á Landspítalanum, en í haust sem leið var hann settur í það ömurlega hlutskipti að svíkja handsalaðan samning við öryrkja sem hann hafði skreytt sig með í kosningabaráttunni.

Auðvitað ber hæstv. heilbrrh. ábyrgð á ástandinu með stefnuleysi og ráðaleysi sínu og Framsfl. allur vegna þess að hann hefur ráðið þessu ráðuneyti í talsverðan tíma.

Til að gæta allrar sanngirni er það ekki einhlítt að ráðuneyti framsóknarmanna þurfi að skera verulega niður. Utanríkisráðuneyti formanns flokksins bólgnar út og að öllum líkindum mun sú þróun halda áfram vegna taumlauss metnaðar til þess að eiga fulltrúa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það eru nægir peningar þar.

Svo má minna á að varaformaður flokksins fékk sérstaka heimild til þess að greiða a.m.k. 170 millj. kr. til þess að loka minni sláturhúsum, allt gert í nafni einhverrar öfugsnúinnar ríkishagræðingar. Eru þetta merki um stefnu Framsfl., „Fólk í fyrirrúmi"?

Hvernig ætli standi á fjárhagsvanda Landspítalans? Ég er ekki sammála helsta talsmanni Sjálfstfl. í velferðarmálum, hv. þm. Pétri H. Blöndal, um að það megi einna helst rekja fjárhagsvandann til dýrrar og slakrar stjórnunar á Landspítalanum. Ég tel að fjárhagsvandann megi fyrst og fremst rekja til aukins launakostnaðar og stefnuleysis yfirvalda.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að laun á Landspítalanum hafa hækkað umfram önnur laun í landinu. Auðvitað munar um þessar hækkanir sérstaklega í ljósi þess, eins og fram hefur komið í umræðunni, að um 70% af kostnaði spítalanna er launakostnaður.

Hver ber ábyrgð á þessum launahækkunum? Hver samdi um þessar launahækkanir? Hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde, ber mesta ábyrgð á því. Í raun ber hæstv. heilbrrh., sem situr uppi með skömmina af niðurskurðinum, minni ábyrgð á ástandinu. Það er óneitanlega óábyrgt hjá hæstv. fjmrh. að stofna til mikilla útgjalda hjá sjúkrahúsunum án þess að gera ráð fyrir auknum fjárframlögum til þeirra.

Herra forseti. Við skipulagningu heilbrigðiskerfisins þarf einkum að huga að þremur þáttum. Í fyrsta lagi að þeim sem nota þjónustuna, sjúklingunum, starfsfólki heilbrigðiskerfisins og skattgreiðendum. Við í Frjálsl. leggjumst alls ekki gegn því að það sé gætt ýtrustu hagsýni og sparnaðar í heilbrigðiskerfinu. Það má eflaust spara þar sem víðar og ná fram hagræðingu og jafnvel betri stjórnun, eins og áðurnefndur sérfræðingur í velferðarmálum hefur bent á. Fulltrúi Frjálsl.

í stjórn Landspítalans mun styðja allar skynsamlegar sparnaðartillögur og leita leiða með starfsfólki að hagkvæmum rekstri.

Við í Frjálsl. erum hins vegar alfarið á móti áhlaupi ríkisstjórnarinnar á Landspítalann. Krafan um þennan gríðarmikla sparnað á einu bretti er ekkert annað en aðför að Landspítalanum sem ógnar atvinnuöryggi starfsfólks og skerðir verulega þjónustu við sjúklinga. Við teljum mun árangursríkara fyrir kerfið að fá fólk í lið með sér, fá starfsfólk Landspítalans í lið með stjórnvöldum að vinna sameiginlega að sparnaðaraðgerðum sem skerða ekki þá þjónustu sem veitt er. En í stað þess að gera það er þessum aðgerðum nánast teflt gegn starfsfólkinu.

Að lokum vil ég nefna vegna orða hæstv. heilbrrh. um að heilbrigðisþjónustan sé góð og að hæfileikaríkt starfsfólk starfi við heilbrigðisþjónustuna. Ég er sammála hæstv. ráðherra. Ég vil spyrja ráðherra hvort það sé einhver þörf á að breyta því. Ég segi nei. En nú virðast breyttir tímar hjá Framsfl. Það er ekki lengur fólk í fyrirrúmi. Nú er það utanríkisþjónustan.

[15:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við eigum gott heilbrigðiskerfi. Heilbrigðismál eru og verða stöðugt umfjöllunarefni á Alþingi, í ríkisstjórn og í þjóðfélagsumræðunni. Það er óumflýjanlegt. Metnaður okkar allra er að allir landsmenn búi við jafnrétti og valfrelsi og njóti fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem tök er á að veita á hverjum tíma. Ríkisvaldið á að tryggja öllum landsmönnum þennan rétt og bera ábyrgð á fjármögnun heilbrigðisþjónustu. Fagleg umræða, ekki síður en fjármálaleg, á að vera sífellt í umræðunni. En sú umræða á að vera yfirveguð. Þess hefur kannski ekki gætt í dag hjá ýmsum háttvirtum þingmönnum.

Ég vildi aðeins nefna, til að ekki spretti nokkur misskilningur af orðum hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur varðandi fatlaða einstaklinga í Kópavogi, að það er ekki verið að loka á þá starfsemi. Unnið er að því að þeir einstaklingar búi áfram á staðnum, fái þjónustu sem þeir hafa fengið og leyst verði úr þeirra málum. Að þessu er unnið í samráði við Þroskahjálp. Þar er unnið eftir fullkomlega réttum verkferlum og ekki í andstöðu við Þroskahjálp eða aðra sem koma að hagsmunum fatlaðra sem þar búa.

Hæstv. forseti. Í umræðu sem þessari hljótum við að velta fyrir okkur ábyrgð stjórnenda sjúkrastofnana. Við hljótum einnig að krefjast þess að stjórnendur standi undir þeirri ábyrgð sem þeir hafa tekið á sig, þ.e. gagnvart sjúklingum, gagnvart starfsmönnum og gagnvart fjárlögum. Það er augljóst að ef stöðugleiki á að skapast í rekstri heilbrigðisstofnana verður að vera til staðar markviss áætlanagerð um fjármál og starfsemi þeirrar stofnunar sem um ræðir. Öll sú óvissa sem skapast þegar búið er að gefa í umfram heimildir á miðju ári og síðan upphlaup vegna aðhaldsaðgerða, með tilheyrandi fjölmiðlaumræðu um áramót, er auðvitað vond fyrir sjúklinga. Hún er vond fyrir starfsfólk og það er vont fyrir fólk að hafa þetta yfir sér. Mjög vont.

Stjórnendur heilbrigðisstofnana bera ábyrgð á áætlanagerð og eftirfylgni áætlana eins og vera ber. Maður hrekkur því við þegar starfsfólk er ráðið til heilbrigðisstofnana og í miklum mæli án þess að fjárheimildir séu fyrir þeim ráðningum. Ráðningar í 113 stöðugildi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á síðasta ári segja sína sögu. Nú er verið að tala um uppsagnir.

Snýr spurningin að því hvernig stjórnkerfi heilbrigðisstofnana er samsett? Er hugsanlegt að stjórnunarleg lagskipting sé svo mikil að mönnum sé ófært að tala saman í gegnum fjögur til sex lög af stjórnendum? Hvernig stendur á að þrátt fyrir að stjórnendur spítalans leggi fram áætlanir um reksturinn þá skuli þeim nær ómögulegt að fara eftir eigin áætlunum? Maður hlýtur að spyrja þessara spurninga. Eða eru það einhverjar aðrar spurningar sem við eigum að spyrja? Kannski um tölvuvæðingu, eins og nefnt var fyrr í umræðunni. Það má vel vera. Þetta eru spurningar sem við verðum að spyrja okkur.

Auðvitað er það mikið og erfitt verk að reka sjúkrastofnanir. Þar þarf að huga að starfsmannahaldi og kjarasamningum. Miðlægir kjarasamningar eru gerðir þar sem stjórnendur spítalans hafa sinn fulltrúa og geta því haft áhrif. Fjárveitingar til spítalans eru því hækkaðar samkvæmt þeim samningum. Síðan eru gerðir starfsmannasamningar umfram þessa samninga, framgangssamningar innan stofnunarinnar. Ef menn gera slíka samninga þá hljóta þeir að ætla að hagræða þar á móti. Þar er um hækkanir að ræða til lækna og hjúkrunarfólks, en reyndar ekki til þeirra ófaglærðu.

Það þarf einnig að huga að verkferlum. Við sameiningu Borgarspítala og Landspítala var gert ráð fyrir að hægt væri að hagræða, auk þess að efla faglegan styrkleika. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í nóvember var gert ráð fyrir að vegna sameiningar spítalans yrði fækkað um 15 vaktalínur og að sparast mundu 130 millj. kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að fækka hefði mátt um 20 vaktalínur til viðbótar og spara 100–150 millj. kr. Sú niðurstaða var sameiginleg hjá stjórnendum Landspítala – háskólasjúkrahúss og Ríkisendurskoðunar. Við hljótum því að spyrja: Af hverju var ekki tekist á við þá fækkun þurfi að koma til hagræðingar til þess að sjálfsögð samlegðaráhrif vegna sameiningar komi fram?

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er sammála því að íslenska heilbrigðiskerfið sé í grunninn mjög gott. Ég get gert mörg af orðum hæstv. heilbrrh. Jóns Kristjánssonar í upphafi þessarar umræðu um það atriði að mínum. En hvað hefur mönnum þótt gott við íslenska heilbrigðiskerfið? Jú, sú staðreynd að þetta er í grunninn norrænt samábyrgt opinbert heilbrigðiskerfi. Það hefur staðið öllum opið — hefur staðið, segi ég — án tillits til efnahags. Hér hafa menn ekki þurft að kaupa sér tryggingar. Menn hafa ekki þurft að vera auðmenn til þess að fá hér fyrsta flokks þjónustu. Það er einmitt þetta eðli íslenska heilbrigðiskerfisins sem nú er ógnað og markvisst grafið undan því af ýmsum öflum, því miður. Endalaust tal um botnlausa hít, um stjórnlausan kostnað og ósanngjarnan samanburð við heilbrigðisútgjöld annarra þjóða, hvaða tilgangi þjónar það öðrum en þeim að sannfæra þjóðina um að við séum með of dýrt kerfi og því verði að breyta?

Þetta heyrðist í ræðuhöldum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem fór mikinn með bráðabirgðatölur frá OECD og telur samkvæmt þeim að útgjöldin séu komin upp í 9,8% af vergri landsframleiðslu. Ég segi bara: Hvað með það? Hvað með það þó Ísland sé þarna með fjórða hæsta hlutfallið? Hvað með það þó að Ísland sé við hliðina á löndum eins og Kanada, Hollandi, Frakklandi, Ástralíu, Danmörku, Svíþjóð og öðrum slíkum, þegar kemur að útgjöldum til heilbrigðismála, heildarútgjöldum, bæði því sem hið opin-

bera greiðir og því sem sjúklingarnir greiða? Ekki nokkur skapaður hlutur. Þar viljum við vera.

Að tala um að við séum ung þjóð segir ekki nema hálfa sögu. Við erum líka fámenn þjóð í stóru landi. Við höfum byggt hér upp fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu, tekið sérhæfðar aðgerðir inn í landið á undanförnum árum o.s.frv. Verðum við ekki að sætta okkur við það? Er nokkuð nema eðlilegt að útgjöldin séu hér, sem hlutfall af þjóðartekjum, á svipuðu róli og í löndum í kringum okkur, löndum með sambærileg lífskjör sem við viljum gjarnan bera okkur saman við?

Það er rangt og kannski mesta blekkingin af þessu öllu að þau útgjöld hafi aukist stjórnlaust. Ég mótmæli tali af því tagi, hvort sem það kemur frá formanni Samf. á landsfundi þess flokks, hér í ræðustóli áðan þegar vitnað er í Deng Xiaoping, talað um mislita ketti á músaveiðum, eða þó það komi frá varaformanni fjárln. Það er ekki rétt að útgjöldin séu að þessu leyti á nokkurn hátt óeðlileg á Íslandi miðað við þær kröfur sem við gerum til þessarar þjónustu og það hversu góð hún er í aðalatriðum.

Það sem er mikið umhugsunarefni, herra forseti, er harkan sem sýnd er af hálfu stjórnarflokkanna í garð heilbrigðiskerfisins og heilbrigðisstéttanna. Sú óbilgirni og sú harka sem hefur verið sýnd í málinu núna undanfarnar vikur, að skella allri skuldinni á stjórnendur í heilbrigðiskerfinu og láta eins og ríkisstjórnin og meiri hluti hennar sé stikkfrí bara með því að loka fjárlögum sem bersýnilega eru óraunhæf miðað við þá þjónustu sem menn ætlast til að fá út úr þessu kerfi. Þar er pólitískt verið að undirbúa skattalækkunarleiðangur ríkisstjórnarinnar. Það á að ýta verkefnunum út úr hinu samábyrga heilbrigðiskerfi yfir á herðar notendanna, yfir í einkageirann. Þjóðhagslega verður enginn sparnaður af því. Hins vegar gröfum við undan því samábyrga velferðarkerfi sem við þykjumst öll standa vörð um og mærum í ræðum, og hæstv. heilbrrh. gerir hér eins og aðrir.

Góð heilsugæsla og gott heilbrigði er stór hluti af þeim nútímalífsgæðum sem við viljum búa okkur og þjóðinni. Þá eigum við líka að vera menn til að leggja þannig til málaflokksins að þetta gangi eftir.

[15:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Það má gera miklu betur í heilbrigðiskerfi þjóðarinnar. Það er hins vegar ekki við starfsfólk heilbrigðiskerfisins að sakast heldur stjórnmálamennina sem setja kerfinu ramma og reglur.

Það er ljóst að hvorki heildarstefna né framtíðarsýn í heilbrigðismálum finnst meðal núverandi valdhafa. Einn daginn á að loka þessari deild en þann næsta er hætt við að loka henni. Stundum á að flytja þessa starfsemi og stundum ekki. Skipaðar eru nefndir sem fá síðan ekki að skila af sér áður en ráðist er í sársaukafullar aðgerðir sem snerta umfjöllunarefni nefndanna. Allar þessir fréttir bera vott um aðeins einn hlut: Algert stefnuleysi íslenskra stjórnvalda í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Svona haga sér aðeins óábyrg stjórnvöld sem vita ekki hvert þau vilja stefna. Óviss framtíð og handahófskenndur niðurskurður er raunveruleiki sem sitjandi ríkisstjórn býður bæði sjúklingum og starfsfólki upp á. Það blasir við að núgildandi kerfi með tímabundnum plástrum gengur engan veginn upp. Þegar plástrar eru rifnir of snemma af er oft hætta á sýkingu.

Hlutverk stjórnmálamanna er ekki einungis að útdeila skattpeningum, heldur ber okkur að móta skýra heildarsýn og þann ramma sem við viljum sjá velferðarkerfi okkar starfa innan.

Þrátt fyrir talsvert fjármagn í heilbrigðiskerfinu eru alvarlegar brotalamir á því. Málefni geðsjúkra eru í uppnámi ár eftir ár vegna fjárskorts. Biðtími eftir hjúkrunarrými er á annað ár. Fjárskortur er því sums staðar mikið vandamál. En meginvandi heilbrigðiskerfisins er þó sá að kerfið virkar ekki og dreifingu fjármagnsins er ábótavant. Þar hafa stjórnvöld brugðist og þetta hefur Samf. bent á. Vandi heilbrigðiskerfisins er ekki óyfirstíganlegur og Samf. er reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að leysa hann.

Fjölmarga hluti þarf að skoða þegar kemur að endurbótum. Það þarf að skilgreina ítarlega hvert hlutverk einstakra heilbrigðisstofnana á að vera. Úrræði á sviði heimahjúkrunar og göngudeilda ber að stórefla. Við eigum að setja okkur þau pólitíska markmið að fólk geti forðast sjúkrahúsvist í lengstu lög.

Efling heilsugæslunnar og flutningur verkefna til sveitarfélaga eru einnig lausnir sem ber að skoða. Við þurfum jafnframt að fjölga hjúkrunarheimilum enda eru nú á annað hundrað einstaklinga á sjúkrahúsum sem eiga þar ekki heima.

Samf. mun beita sér fyrir nýjum leiðum og fjölbreyttari rekstrarformum, m.a. einkarekstri og þjónustusamningum. Þetta er ekki einkavæðing. Samf. er ekki að tala fyrir einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu þar sem forgangur hinn efnuðu er tryggður, heldur hagkvæmum rekstri þar sem aðgangurinn að þjónustunni er óháður efnahag. (**ÖJ:** Hvað segir Verslunarráðið við því?)

Kerfi fastra fjárlaga fyrir heilbrigðisstofnanir þarf endurskoðunar við. Fjármagnið þarf að fylgja sjúklingnum í mun meiri mæli en gert er nú. Reyndar hefur núverandi ríkisstjórn svikið Háskóla Íslands um svipaða aðferðafræði þar sem fjármagn átti að fylgja nemendum en nú kemur í ljós að það vantar peninga fyrir mörg hundruð nemendur. Það er ljóst að lausnirnar eru þarna úti. Þetta er bara spurning um pólitískan kjark og áhuga á málaflokknum. Hvorugt hefur sitjandi ríkisstjórn haft undanfarinn áratug og skortir allt frumkvæði og hugrekki á því sviði. Aðgerðir undanfarinna daga á Landspítalanum staðfesta þetta. Máttlaus ræða hæstv. heilbrrh. staðfestir þetta einnig. Í henni var ekki bent á neinar lausnir og enga framtíðarsýn að finna.

Eitt er víst. Sitjandi stjórnarflokkar hafa haft næg tækifæri til að bregðast við þeim vandamálum sem plagað hafa íslenskt heilbrigðiskerfi í allt of langan tíma. Við þurfum heildarstefnu og við þurfum kjark.

[15:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og vil koma að örfáum atriðum sem voru til umræðu hér á undan.

Hér hafa íslensk sjúkrahús verið borin saman við erlend. Við höfum rætt um það hver hlutur okkar sé í alþjóðlegum samanburði. Það er rétt að við erum í félagsskap þjóða varðandi framlög til heilbrigðismála sem við viljum vera í félagsskap með, það er alveg ljóst. Okkar framlög, ef ríkisútgjöldin eru tekin, eru 9,8% af vergri landsframleiðslu. Ef öll útgjöldin eru tekin föllum við niður í 9,2%. Þetta eru staðreyndir þess máls. Við viljum vera með þessum

þjóðum, það er alveg rétt. Með Norðurlandaþjóðunum, með nágrannaþjóðum okkar.

Varðandi pólitíska ábyrgð og ábyrgð starfsmanna Landspítalans þá er alveg ljóst að ríkisstjórnin ber hina pólitísku ábyrgð, þess vegna erum við að tala um þessi mál hér. Þess vegna er ég sem heilbrigðisráðherra að tala um þessi mál við ykkur. Við þurfum ekkert að fara í grafgötur með það. En hins vegar verða starfsmenn spítalans að fá svigrúm til þess að fara yfir sín mál og fara yfir það hvar þessar aðgerðir koma minnst niður. Mér finnst það vera rétt en það hefur ekkert með hina pólitísku ábyrgð að gera. Ríkisstjórnin hlýtur að bera hana og ég sem heilbrigðisráðherra, ég skýt mér ekki undan því.

Komið hefur verið inn á ýmislegt í þessari umræðu varðandi spítalann. Það hefur verið komið inn á tölvuvæðingu spítalans og kostnaðargreiningu. Ég tel að taka þurfi á í þeim efnum, bæði í tölvuvæðingunni og kostnaðargreiningin er í gangi og henni mun ljúka á næsta ári og þá tel ég rétt að fara yfir fjármögnun spítalans og hvort við ættum að taka upp nýjar leiðir í henni.

Hér hefur heilbrigðisþjónustan verið rædd í víðu samhengi, hjúkrunarheimili, heilsugæsla og sérfræðiþjónusta. Þetta eru hinar stoðirnar í heilbrigðisþjónustunni. Það eru stórframkvæmdir í öllum þessum greinum. Við erum, eins og fram hefur komið, að taka í notkun ný hjúkrunarrými fyrir aldraða. Við erum að taka í notkun núna fyrir helgi meira að segja eitt hjúkrunarheimili og eina heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu þar sem skórinn hefur kreppt að í þeim málum. Þetta er ekki nóg en það hafa ekki um árabil verið jafnmiklar framkvæmdir í þeim málum.

Það er alveg rétt að við getum notað meiri peninga í þetta en mér heyrðist Samfylkingin halda því fram á aðalfundi sínum að ekki þyrfti meiri peninga. En hv. síðasti ræðumaður talaði um að það vantaði peninga í hinar ýmsu greinar. Hvers lags stefna er þetta? Er þetta einhver stefna? Menn eru að auglýsa eftir stefnu hér en ég sé ekki að þarna sé um neina stefnu að ræða.

Kynnt hefur verið átak varðandi það að setja skýrar reglur til að hamla gegn vaxandi lyfjakostnaði. Við kynntum á blaðamannafundi núna í vikunni álit starfshóps varðandi það sem var mjög ítarlegt. (**Gripið fram í:** Eftir átta ár.) Ég var ekki byrjaður fyrir átta árum, hv. þm., en þetta er áríðandi verkefni.

En þrátt fyrir þessar aðgerðir nú megum við ekki gleyma því að horfa til framtíðar um málefni spítalans. Spítalinn hefur náð miklum árangri í alþjóðlegum samanburði og samanburður við bresk sjúkrahús er að mörgu leyti villandi. Spítalinn hefur náð miklu betri árangri í mörgum greinum en bresk sjúkrahús og við skulum ekki láta þann samanburð rugla okkur.

Við þurfum að ljúka sameiningunni, spítalinn hefur orðið sterkari við sameininguna, faglega sterkari. Það er ekkert deilt um það. Og ég er sannfærður um að spítalinn mun njóta sameiningarinnar í framtíðinni í sparnaði. En aðalatriðið er að ljúka henni og undirbúa ákvarðanir um hvort eða hvenær við sameinum spítalann á einum stað. Það er nauðsynlegt og við megum ekki sleppa hendinni af því framtíðarmarkmiði.

Rannsókn flugslysa, 1. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 644.

[15:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um rannsókn flugslysa.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um rannsóknir flugslysa. Það var lagt fram á 128. löggjafarþingi en náði því miður ekki fram að ganga á því þingi.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á frv., einkum að því er varðar ákvæði III. og IV. kafla frv. um meðferð og birtingu gagna sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar við rannsókn mála. Breytingarnar sem koma fram í frv. voru unnar af starfshópi sem ráðuneytið skipaði í maí sl. til þess að skila áliti og tillögum varðandi aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum.

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að honum er ætlað að hafa að leiðarljósi þróun mála á alþjóðavettvangi og það markmið flugslysarannsókna að auka öryggi í flugi. Hin mikla umræða í þjóðfélaginu á undanförnum árum um rannsóknir flugslysa leiddi til þess að ég taldi brýnt og tímabært að taka gildandi löggjöf um rannsókn flugslysa til endurskoðunar og í því ljósi er þetta frv. flutt.

Markmið flugslysarannsókna miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að auknu öryggi í flugi. Í frv. er lögð áhersla á þau meginmarkmið.

Rannsóknarnefnd flugslysa fer með flugslysarannsóknir hér á landi í samræmi við skuldbindingar í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Rannsóknarnefndin gerir skýrslur um niðurstöður sínar og skal gera tillögur til Flugmálastjórnar Íslands og til annarra viðeigandi aðila um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsóknir á flugslysum gefa tilefni til.

Rannsóknarnefnd flugslysa er í rannsóknum sínum óháð öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin ákveður sjálf hvenær efni er til rannsóknar á flugslysum og er í núgildandi lögum engin aðkoma ráðherra að rannsókn flugslysa og ráðherra getur ekki krafist endurupptöku. Nefndin getur hins vegar sagt sig frá rannsókn og þá skipar ráðherra nýja rannsóknarnefnd vegna tiltekins slyss.

Í frv. er lagt til að rannsóknarnefnd flugslysa verði skipuð þremur mönnum í stað fimm í gildandi lögum. Stjórnskipulagi flugslysarannsókna verður breytt og sjálfstæði nefndarinnar verður treyst í sessi með því að skipa henni forstöðumann er annist daglegan rekstur nefndarinnar, stjórni rannsóknarverkefnum og verði rannsóknarstjóri hennar. Sem rannsóknarstjóri verður forstöðumaðurinn ábyrgur fyrir stjórnun á vettvangi flugslysa.

Í frv. er fjallað um tilkynningar um slys og um framkvæmd rannsóknar. Þá er fjallað um skýrslur rannsóknarnefndar flugslysa sem skulu greina orsakaþætti slysa í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig.

Helstu nýmæli önnur sem frv. hefur að geyma eru:

Í fyrsta lagi að þrátt fyrir meginregluna um að rannsóknarnefndin ákveði sjálf hvenær tilefni er til rannsóknar flugslyss er gert ráð fyrir að samgrh. geti falið rannsóknarnefndinni að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið, auk þess sem hann getur falið nefndinni að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi án þess að það tengist flugslysi. Samkvæmt núgildandi lögum hefur

ráðherra í raun engar heimildir til þess að fela nefndinni að endurupptaka mál eins og þekkt er.

Í öðru lagi má nefna að rannsókn flugslysa skuli jafnframt ná til þess hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um flugslys og hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum, sem er nýmæli.

Í þriðja lagi eru nefndinni gefnar rýmri heimildir til að krefjast þess að fá í sína vörslu upptökur og skráningar svo og önnur gögn sem varða loftför, áhafnir þeirra og umferð loftfara auk þess sem heimilt er að krefjast framlagningar gagna sem varða rannsókn flugslysa.

Í fjórða lagi að við aflestur og afritun samskipta sem fram koma á upptökum, og rannsóknarnefndin getur krafist að fá í sína vörslu, ber að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja fyllsta trúnað vegna upplýsinga sem þar koma fram.

Í fimmta lagi að kveðið er á um heimild dómstóla til að mæla fyrir um takmarkaðan aðgang að gögnum hjá rannsóknarnefndinni ef gagnanna verður ekki aflað með öðrum hætti og ætla má að úrslit máls velti á gögnunum. Sú heimild nær ekki til aðgangs að aðila- og vitnaskýrslum sem teknar eru á vegum nefndarinnar og tekur eingöngu til endurrits af upptökum sem gerðar eru í tilefni af rannsókn flugslysa.

Í sjötta lagi að kveðið er á um sérstaka þagnarskyldu nefndarinnar og þeirra sem starfa fyrir hana.

Í sjöunda lagi að heimilt verði að fela rannsóknaryfirvöldum annars ríkis að annast rannsókn flugslysa á íslensku yfirráðasvæði að hluta eða öllu leyti. Þetta getur átt við þegar önnur ríki hafa verulega hagsmuni af rannsókn máls eða hún verði fyrirsjáanlega svo yfirgripsmikil að rannsóknarnefnd flugslysa hafi ekki aðstöðu til að annast hana.

Hæstv. forseti. Ég hef í stuttu máli rakið meginatriði og nýmæli frv. til laga um rannsókn flugslysa. Ég tel ekki þörf á að fara ítarlegar í einstök atriði frv. þar sem ég mælti fyrir því á síðasta ári og gerði þá grein fyrir efnisatriðum þess sem hægt er að kynna sér frá þeim tíma.

Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um rannsókn flugslysa, þingmál sem kom fram á síðasta þingi eins og fram kom hjá hæstv. samgrh. í ræðu hans hér á undan. Þegar málið kom fram sl. vetur gerði fulltrúi Samf. nokkrar athugasemdir sem hann taldi að þyrfti að skoða. Þetta er heildarendurskoðun á lögunum og ég tel að flest af því sem hér kemur fram sé til bóta eftir að hafa rennt yfir það.

En það eru nokkur atriði sem nefnd voru sl. vetur sem nefndin ætti að huga að, m.a. hvort ekki ætti að gera samning milli Flugmálastjórnar og rannsóknarnefndar flugslysa til að skilja þar á milli, að gerður yrði samningur um samskipti þessara tveggja aðila þannig að það væri alveg ljóst í hverju þau fælust.

Síðan hefði auðvitað mátt koma fram í greinargerðinni hvers vegna farið var í þessa ítarlegu vinnu því að við vitum auðvitað að farið var í þessa vinnu vegna mikillar umræðu um flugöryggismál vegna alvarlegs slyss sem varð við Reykjavík. Það hefði alveg mátt geta þess í greinargerðinni.

Annað sem við gerðum athugasemd við, og reyndar hefur verið gerð breyting í þá átt í frv., er varðandi meðferð og birtingu gagna. Bent var á að e.t.v. þyrfti að skoða 19. gr. Þar er búið að gera einhverjar breytingar en við þurfum kannski að fhuga það nánar í nefndinni. Ég á eftir að koma að þessari vinnu í nefndinni þannig að ég get líka komið því á framfæri þar. En það væri ástæða til að hafa samræmi milli þess hvaða gögn er heimilt að veita aðgang að og hvað ekki og horfa þá e.t.v. til annarra landa. Eins og frv. var birt í fyrra var að mörgu leyti þröngur aðgangur að ýmsu sem í öðrum löndum er greiður aðgangur að hvað varðar slíkar rannsóknir.

Hæstv. ráðherra er búinn að fara svona lauslega yfir málið og ég held að ég hafi litlu við það að bæta en mun auðvitað koma að þessu máli og spyrjast fyrir um ýmsa þætti, svo sem eins og 19. gr. Ég fagna því að farið hafi verið í þessa heildarendurskoðun og vonast til þess að málið verði afgreitt úr nefndinni að þessu sinni og þá með þeim breytingum sem nefndin telur ástæðu til að gera á því, ef það kemur fram í nefndinni að ástæða sé til þess.

[15:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektir við þetta frv. Ég er viss um að hv. samgn. mun fara rækilega yfir efnisatriði þess og kalla fyrir nefndina þá sem best þekkja og eru starfandi á þessum vettvangi þannig að sem traustust vinna geti komið út úr henni og sem mest sátt geti orðið um þá löggjöf sem hér er verið að vinna að.

Hv. þm. gat þess réttilega að það urðu nokkrar deilur um 19. gr., en sá starfshópur sem fékk frv. til meðferðar á síðasta ári fór mjög rækilega yfir það og það voru kallaðir fleiri að þeirri vinnu en áður höfðu verið, m.a. talsmenn flugmanna. Ég tel að um þessa niðurstöðu hafi orðið góð sátt og tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda sem komu m.a. fram í samgn. á síðasta þingi.

Ég vænti þess að afgreiðslu frv. megi hraða með eðlilegum hætti og afgreiða það frá þinginu áður en langt um líður. En ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnaleg viðbrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 467. mál (siglingavernd, kóðar, gjaldtaka). — Þskj. 675.

[15:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Markmið frv. er að fela Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd siglingaverndar hér á landi, að heimila stofnuninni að birta skýringartexta við alþjóðasamninga, svokallaða kóða, á ensku á heimasíðu sinni og loks að styrkja gjaldtökuheimildir stofnunarinnar.

Þriðjudaginn 27. janúar sl. lagði ég fyrir ríkisstjórn frv. til laga um siglingavernd sem miðað er við að taki gildi eigi síðar en 1. júlí 2004. Þann dag taka gildi nýjar reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um siglingavernd. Reglunum er ætlað að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ógnanir sem þjóðfélaginu gætu stafað af skipum í alþjóðasiglingum og höfnum sem þjóna þeim.

Í frv. er gert ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands annist framkvæmd siglingaverndar hér á landi. Því er hér lagt til að bæta því inn í lista 3. gr. laganna þar sem talin eru verkefni Siglingastofnunar. Ég mun gera nánari grein fyrir þeim

skuldbindingum og ráðstöfunum sem siglingavernd felur í sér og hvernig er staðið að innleiðingu þeirra hér á landi þegar mælt verður fyrir frv. hér í þinginu um siglingavernd sem vonandi verður fljótlega. Hér er þó fyrst og fremst verið að breyta lögunum um Siglingastofnun og fela henni þetta verkefni.

Á undanförnum árum og áratugum hefur þróun alþjóðlegra reglna á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar miðað að því að minnka umfang texta alþjóðasamninga og vísa þess í stað í aðrar gerðir, einkum svokallaða kóða, sem eru skuldbindandi. Þessar breytingar munu þó ekki fela í sér breytingar á íslenskri lagahefð, sem er nú nauðsynlegt að taka sérstaklega fram, um birtingu stjórnvaldserinda. Í þessu felst töluvert hagræði við að halda utan um þessa samninga sem eðlilegt er að nýta sér við birtingu þeirra.

Með frv. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands birti á heimasíðu sinni alþjóðasamninga þá sem Ísland er aðili að á sviði siglinga, auk þess sem þeir verða birtir í C-deild Stjórnartíðinda eins og lög gera ráð fyrir, sbr. lög nr. 23/1943.

Nýmælin í frv. felast einkum í því að lagt er til að stofnuninni verði heimilt að birta á ensku alla gildandi viðauka og kóða svokallaða sem útfæra samningana og uppfæri þá jafnóðum og þeir breytast, sem gerist býsna oft. Hér er um að ræða sérfræðitexta sem einungis varða mjög fáa einstaklinga á landinu öllu en umfang kóða þessara er hins vegar a.m.k. 6.400 blaðsíður og eru uppfærðir með tilheyrandi breytingum á tveggja ára fresti. Það gefur augaleið að miklir fjármunir sparast við þýðingu þar sem fyrrnefndar blaðsíður taka oft breytingum.

Rétt er að benda á að þessi leið til birtingar alþjóðlegra kóða og viðauka við alþjóðasamninga á sér fyrirmyndir í t.d. loftferðalögunum og lyfjalögum. Jafnframt má geta þess að í frv. umhvrh. um verndun hafs og stranda sem lagt var fram í þinginu fyrir jól er lagt til að birta kóða og reglur um flutning hættulegs varnings með skipum með tilvísun í enskar útgáfur efnislista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Auk framangreindra atriða miðar frv. að því að styrkja gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar. Lagt er til að ákvæði um gjaldtöku stofnunarinnar verði gerð skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hefur heimild til að taka gjald. Í frv. er miðað við að Siglingastofnun sé og verði fjármögnuð með þjónustugjöldum, auk framlaga úr ríkissjóði. Gjöld samkvæmt 1.–3. tölul. frv. eru þjónustugjöld og taka því mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og mega gjöld ekki vera hærri en nemur þeim kostnaði.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn. til meðferðar.

[15:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel þetta frv. nauðsynlegt og að eðlilegt sé að fram komi þau atriði sem hér eru á ferðinni, a.m.k. tveir fyrstu liðirnir af þremur, og kannski sá þriðji líka en hef aðeins um hann fyrirvara. Það er eðlilegt að Siglingastofnun hafi það hlutverk sem talað er hér um í sambandi við siglingavernd við landið. Ég hef þó við það þann fyrirvara að mér hefur sýnst á þeim fréttum sem ég hef heyrt að það megi gera ráð fyrir gífurlegum kostnaði sem geti fylgt þegar þar að kemur vegna skelfingarinnar sem hefur gripið um sig eftir árásina á Ameríku 11. september fyrir rúmum tveimur árum. Ég hef verið að vona að menn gætu kannski dregið úr þeim viðbúnaði sem að hefur stefnt hvað þetta varðar. Það er sannarlega ástæða til að velta þessum hlutum dálítið betur fyrir sér, held ég, en hefur verið gert. Kannski höfum við enga leið til að komast undan hinu mikla eftirliti sem í stefnir vegna þeirra alþjóðasamninga sem við erum bundin í. Þeir munu kosta mikla fjármuni, örugglega, og spurningin er auðvitað hversu langt við þurfum að ganga hér á þessu eylandi og hvort það sé ástæða til þess að við göngum jafnlangt og þjóðir sem búa við aðrar aðstæður þar sem miklu fleira fólk býr og þar sem landið sjálft er ekki mikil vörn í raun og veru eða hafið í kringum landið eins og hér er.

Ég ætlaði fyrst og fremst að nefna þriðja liðinn, þann sem kallast að styrkja gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar. Þar er á ferðinni örugglega tilraun til að sjá til þess að Siglingastofnun hafi allar hendur á því að innheimta næga fjármuni vegna eftirlits með skipum og skoðun á skipum og ég hef grun um að ástæðan fyrir því að þetta kemur núna svona fram sé sú að hæstv. ráðherra sé búinn að gera sér grein fyrir því að þær breytingar sem hann hefur ákveðið að hefja við eftirlit á skipum muni kosta verulega mikla peninga og að stofnunin þurfi á því að halda að verja sig gagnvart þeim sem munu gagnrýna þetta.

Það er búið að ákveða að einkavæða skoðun á skipum og eftirlit. Það virðist ætla að fara heldur óbjörgulega af stað. Siglingastofnun er t.d. búin að hækka gjaldskrá sína og gerði það núna á síðasta hausti, fyrir jólin, er nærri búin að tvöfalda gjaldskrá skoðunarmanna. Og til hvers? Örugglega vegna þess að einkaaðilar eiga að taka við skoðuninni á næstu dögum. Útseldur tími á skoðunarmanni kostaði um 2.300 kr. en búið er að hækka hann upp í 4.500 kr., á sama tíma og búið er að taka ákvörðun um að einkavæða þetta og að aðrir skulu skoða.

Ég gæti svo sem haft æðilangt mál um það hvers konar fyrirbrigði er komið þarna á stað. Þetta er algjörlega tvöfalt kerfi sem búið er að setja upp. Siglingastofnun á að halda áfram að fylgjast með nýbyggingu skipa en hún framselur þetta eftirlit til einkaaðila úti í bæ og gerir ekki kröfu um að krafist verði faglegrar þekkingar á þessu sviði. Það er t.d. gert ráð fyrir því að skipstjóralærðir menn, sem ég ber mikla virðingu fyrir, geti fylgst með smíði skipa þó að þeir hafi ekkert til þess lært, svo ég taki dæmi úr því sem stofnunin er búin að taka ákvörðun um að verði gert. Kerfið verður tvöfalt hvað varðar eftirlit með breytingum á skipum og það er alveg augljóst að það stefnir í mjög aukinn kostnað útgerðarmanna vegna þessa eftirlits.

Það er líka augljóst að það mun draga úr öryggi þessa eftirlits sem um er að ræða. Auðvitað hlýtur það að gerast þegar menn eru búnir að tvöfalda eftirlitið með þeim hætti sem þarna er gert og kippa úr sambandi því eftirliti sem var t.d. með nýsmíðum, að ekki sé gerð krafa um að það sé á höndum manna með faglega þekkingu á þessu sviði.

Ég gat ekki að mér gert vegna þessa tækifæris til viðbragða að bregðast við. Ég veit að hæstv. ráðherra er þegar farinn að fá viðbrögð við þessum breytingum sem hann hefur staðið fyrir að yrðu gerðar, og eru að fara að ríða yfir næstu dagana, og þess vegna varð ég að nefna þetta hér. Ég bara bið hæstv. ráðherra að velta þessu svolítið betur fyrir sér og láta skoða hvað er eiginlega á ferðinni. Það er t.d. þegar orðið ljóst að kostnaður bara þeirra sem gera út í nágrenni höfuðborgarsvæðisins margfaldast vegna þess kostnaðar sem búið er að ákveða að innheimta af stofnuninni sem mun halda

áfram að innheimta helminginn af gjaldinu sem hún hafði áður þrátt fyrir að það eigi að fela öðrum eftirlitið og skoðunina. Síðan hefur hún eftirlit með þessum eftirlitsaðilum sem þarna eru á ferðinni og innheimtir sérreikning fyrir allt saman. Ég hef af þessu áhyggjur og mér finnst að hæstv. ráðherra hafi látið plata sig út í fen sem hann eigi örugglega eftir að engjast í í svolítinn tíma. Ég skora á hæstv. ráðherra að vera maður að meiri og stöðva þetta af þangað til hann er búinn að átta sig á því hvort þetta yfirleitt gangi. Hann mun auðvitað þurfa að svara fyrir þessa, sem ég tel, vitleysu sem þarna er á ferðinni.

Það þarf líka að gá að því hvað aðrir þurfa að borga. Það er ekki nóg að gá að því hvað ríkið borgar, eða þarf að borga. Hér eru á ferðinni alveg klárlega miklar álögur á útgerðarmenn í landinu fram yfir það sem hefur verið fram að þessu. Það er verið að stofna í voða eftirliti sem hefur ekki einu sinni verið nógu gott fram að þessu, hvað þá að það verði það eftir að menn eru búnir að fara svona að eins og þarna stefnir í.

Þetta vildi ég aðeins segja af því að Siglingastofnun fær hér tækifæri til þess, eins og sagt er, að styrkja innheimtu gjalda af þessu tilefni, klárlega að mínu viti, sem ég nefni til. Ég ætla samt að halda í vonina um að menn skoði þetta betur en ég ætla að endurtaka það sem ég hef áður sagt við hæstv. ráðherra út af þessu máli, ekki þó við þetta tækifæri. Siglingastofnun Íslands hefur aldrei staðið undir nafni sem eftirlitsaðili með byggingu og eftirliti á skipum. Hún hefur aldrei gert faglegar kröfur til þeirra sem hafa átt að bera ábyrgð á því að smíða skip. Hún hefur aldrei gert kröfu um að menn hefðu réttindi í þeirri grein til þess að standa fyrir þeim framkvæmdum sem þar er um að ræða. Þetta er sambærileg iðngrein við t.d. byggingariðnaðinn í landinu. Þar gera menn faglegar kröfur um meistararéttindi og nám af öllu tagi á bak við slíkar byggingar. Í skipasmíðum hefur þessi krafa aldrei verið og að stofnunin skyldi vera látin fara út í það að einkavæða eftirlit með skipum án þess að það væri einu sinni búið að taka á þessum þáttum er auðvitað þeim sem yfir þessu tróna sem stjórnendur til algerrar skammar. Og mér finnst að ýmislegt bendi til þess að þeir fái að súpa af því eitthvert seyði.

[15:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996. Eins og fram hefur komið er verið að gera breytingar á verkefnum og skjóta lagastoð undir skyldur, starfsemi og gjaldtöku stofnunarinnar.

Varðandi eftirlitið og framkvæmd þess þá kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni áðan, þá á eftir að koma annað frv. í þingið um siglingu og hafnavernd þar sem tekið verður á ábyrgð og skyldum og munum við þá ræða það. En ég verð að taka undir áhyggjur hv. þm. Jóhanns Ársælssonar af því hvernig Siglingastofnun hefur framselt eftirlitshlutverk sitt og hvernig því öllu saman er háttað og benda á hættuna á því að þarna geti orðið alvarlegar afleiðingar ef menn taka ekki á þessu. Ég vonast til þess að heyra í hæstv. ráðherra um þennan þátt áður en umræðunni lýkur því að heyra það að eftirlit t.d. með nýsmíði á skipum sé ekki í höndum fagmanna er áhyggjuefni. Ég vil benda á að fagmaður í þessum efnum talaði á undan mér, hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem er skipasmiður og veit um hvað hann er að tala.

Mig langar til að koma að verkefni Siglingastofnunar sem líka er verið að fjalla um hér og það er hvernig á að haga birtingu á ákveðnum kóðum sem eru tæknilegs eðlis og varða aðeins takmarkaðan hóp manna. Eins og fram hefur komið er ætlast til þess að kóðarnir, sem eru mjög umfangsmiklir, verði birtir á heimasíðu Siglingastofnunar og er heimild til þess að birta þá á ensku og því ekki þýðingarskylda á þeim.

Ég get fyllilega tekið undir að mér finnst stundum vera gengið of langt í þýðingarskyldunni hjá okkur eins og t.d. í lyfjamálunum þar sem þýðingarskylda er t.d. á leiðbeiningum á lyfjum sem eru aðeins notaðar innan sjúkrahúsa. Hér er greinilega um þannig efni að ræða sem fagmenn þurfa að kynna sér. Þeir hljóta að vera vel að sér á því tungumáli sem hér um ræðir, þ.e. enskunni. Þetta er eðlilegt, sérstaklega í ljósi þess að stöðugt er verið að gera breytingar á þessum kóðum. Ég get tekið undir að eðlilegt sé að gera þá breytingu á lögunum að menn geti sett inn á heimasíðuna allar þessar upplýsingar. Það er einmitt vísað til þess í greinargerðinni að í nágrannalöndum okkar eru kóðarnir ekki þýddir, t.d. í Danmörku, heldur birtir á ensku, ég get því alveg fyllilega tekið undir það. Ég fer fram á það við hæstv. ráðherra að hann athugi alvarlega þessa þætti sem hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á. Við munum auðvitað taka á þessu í samgn. þegar málið kemur þangað því að þarna eru greinilega þættir sem geta haft alvarlegar afleiðingar.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það mál sem við erum að ræða eigi fullan rétt á sér í þeim búningi sem það er og það sé að mestu leyti til bóta. Hins vegar er sú umræða sem hér hefur farið fram um gjaldtöku og eftirlit Siglingastofnunar annars vegar og einkaaðila hins vegar, eftir að þeim hefur verið falið það hlutverk — ég óttast dálítið að við séum að búa til tvöfalt kerfi, við séum að búa til eftirlit með eftirlitinu. Ég tel að það þurfi að fara mjög varlega í því hvert við stefnum í þeim efnum. Það er mjög auðvelt að tvöfalda kostnaðareftirlit með skipum úr landi ef þetta á að ganga fram með þeim hætti að sérstakar eftirlitsstofnanir og skoðanastofur fylgi eftirlitinu eftir og síðan eigi Siglingastofnun að koma og taka það út með hærri gjaldtöku eins og hér er verið að opna gjaldtökuheimildir fyrir. Ég vil því vara við því að við göngum fram með að taka upp eftirlit og síðan eftirlit með eftirlitinu sem, þegar niðurstaðan er fengin, er orðið dýrara og jafnvel ekkert skilvirkara.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að Siglingastofnun og siglingastofnunarmenn, eftirlitsmenn, hefðu litla reynslu eða takmarkaða þekkingu á eftirlitinu, verð ég að segja að af minni reynslu við að hafa bæði verið við byggingu skips annars vegar í Japan og hins vegar við endurbyggingu í Póllandi, að ég varð ekki var við annað en að þeir menn sem komu frá Siglingstofnun að taka út skipin og fylgjast með hvernig að væri staðið stæðu vel að sínum störfum. Það er ekki þar með sagt að ég fullyrði að sá framgangur og það eftirlit sem framkvæmt var hafi að öllu leyti verið nauðsynlegt því að þykktarmælingar á skipum og úttekt á suðum er ekki flókið. Þykktarmælingar eru tiltölulega einfaldar og síðan eru teknar sérstakar ljósmyndir af suðum o.s.frv. Það ætti því að vera hægt að ganga að þessum upplýsingum, skoða þær og sannreyna. Eins og eftirlitið kom mér fyrir sjónir tel ég að því hafi verið ágætlega sinnt af siglingastofnunarmönnum. Ég skal ekki fullyrða um þann þátt málsins sem snýr að byggingu plastskipa úr plastgerðarefnum og um þekkingargrunn þar. Ég hef heyrt ýmsar sögur af því að menn væru ekki mjög sáttir við hvernig það eftirlit

hefði gengið fyrir sig og væri mjög fróðlegt að fara í gegnum það.

Samgn. fær þetta mál til umfjöllunar og við getum vissulega tekið til umræðu þar þau mál sem við teljum snúa að þeim þætti sem hér er opnað á varðandi gjaldtökuna og hvort hér sé í raun og veru verið að opna á heimildir til tvöfaldrar gjaldtöku sem ég vara alveg sérstaklega við. Að öðru leyti held ég að það frv. sem hæstv. samgrh. mælti fyrir sé eðlilegt. Varðandi þýðingarskylduna tel ég rétt að auðvelda þá framsetningu með því að vera ekki að þýða kóða sem eru vissulega að taka mjög miklum og örum breytingum.

[15:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég má til með að skýra betur hvað ég átti við af því að ég tel að hv. þm. hafi misskilið hvað ég var að fara. Ég var ekki að setja út á fagþekkingu eða störf þeirra sem hafa unnið fyrir Siglingastofnun við skoðun á skipum. Ég var að benda á að mér er kunnugt um að Siglingastofnun ætlar ekki að gera þær kröfur til skoðunarmanna sem verða hjá einkavæddu skoðunarstofunum að þeir hafi fagþekkingu á sviði skipasmíða og það finnst mér mjög vont.

Hins vegar benti ég á að Siglingastofnun hefði aldrei gert þá kröfu til skipasmíðastöðva í landinu að þeir sem þar bæru ábyrgð á framkvæmdum hefðu faglega þekkingu. Það var það sem ég átti við svo að það misskiljist nú ekki og hefði þurft að taka á því máli áður en menn fóru í þann leiðangur sem þeir eru komnir í núna, að einkavæða þetta allt saman. Mér finnst afskaplega dapurlegt að þurfa að tala um þessa hluti því mér finnst að hið opinbera beri ábyrgð á því að faglegri þekkingu og vilja manna til þess að læra skipasmíðar á Íslandi og halda uppi þeirri atvinnugrein hafi hrakað, að hið opinbera beri raunverulega ábyrgð á því að virðing fyrir þessari atvinnugrein hefur ekki verið sem skyldi. Það skal engan undra þar sem engar kröfur eru gerðar af hendi hins opinbera og engar sambærilegar kröfur til þessarar iðngreinar og þær sem gerðar eru t.d. til byggingariðnaðarins í landinu þó að þetta séu fullkomlega sambærilegar iðngreinar. Svo kemur hæstv. ráðherra og einkavæðir eftirlitið með þessu.

[16:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. Eins og við var að búast blönduðust inn í umræðuna umræður um væntanlegt frv. um siglingavernd og svo aftur umræður um frv. sem er þegar orðið að lögum, þ.e. um eftirlit með skipum sem lagði grundvöllinn að þeim breytingum sem hv. þm. Jóhann Ársælsson vakti athygli á og felur það í sér að heimild er til þess að fela einkaaðilum eftirlit með skipum.

Það sem hér hefur komið fram og ég vil sérstaklega hafa orð á er í fyrsta lagi að það er hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að fram undan er að tryggja framkvæmd siglinga og hafnaverndar, en þetta frv. sem hér er til umræðu er aðdragandi þess þar sem verið er að fela Siglingastofnun Íslands að fara með málefni sem lúta að siglingaverndinni og hafnaverndinni.

Hins vegar er alveg ljóst, eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að væntanlega verða gerðar miklar kröfur vegna ákvarðana Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem fela það í sér að teknar skuli upp mjög strangar reglur um aðgang að höfnum og aðgang að skipum sem eru í millilandasiglingum. Ég mun ekki fara nákvæmlega út í það vegna þess að ég mun fá tækifæri síðar til þess að fara ofan í þau mál. En ég dreg enga dul á að þar er verið að tala um heilmikinn kostnað sem hafnirnar og útgerðirnar sem stunda millilandasiglingar verða fyrir og við þurfum að sjálfsögðu að reyna að aðlaga þær aðgerðir okkar aðstæðum.

Ég vil segja það samt að ég tel að það sé algerlega óhjákvæmilegt fyrir okkur að standa þannig að þeim aðgerðum í höfnunum og gagnvart skipunum að þar skapist ekki einhverjar áhyggjur eða ótti annarra þjóða, svo sem eins og þeirra sem við siglum til, að hér séu hlutirnir ekki í lagi vegna þess að stjórnvöld hafi sett svo slakar reglur og það geti leitt til þess að skip sem sigla héðan fái ekki að koma í höfn hjá öðrum þjóðum. Sú hætta er fyrir hendi ef við stöndum ekki með sannfærandi hætti að þessum málum, setjum ekki reglur sem eru trúverðugar, setjum ekki reglur sem eru í samræmi við þessar alþjóðlegu kröfur.

Ég lít svo á að við þurfum að vanda þetta mjög mikið. Þingið fær, og þá væntanlega samgn., gott tækifæri til þess að fara ofan í þau mál þegar þar að kemur.

En ég legg á það mikla áherslu að það hefur mikla þýðingu fyrir okkur að Siglingastofnun fái tækifæri til þess að undirbúa þetta vel. Hún er nú þegar búin að vinna mjög hart að því. Sérstakur stýrihópur hefur starfað í þessu fyrir ráðuneytið og er að leggja upp regluverkið. Og Siglingastofnun er að vinna að handbók vegna þessa alls.

Allt er þetta á fleygiferð og vonandi tekst okkur að afgreiða þetta frv. sem allra fyrst og síðan að afgreiða frv. um siglingaverndina.

Ég bara tek undir það hins vegar sem hefur komið hér fram að við þurfum að gæta okkar á því að leggja ekki of mikinn kostnað á án þess þó að við drögum úr þessu öryggi.

Hvað varðar það sem síðan blandaðist inn í þessa umræðu um gjaldtöku vegna eftirlits með skipum og þær fullyrðingar að verið sé að setja upp tvöfalt kerfi og draga úr öryggi vil ég segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi vísa ég því algerlega á bug að við séum að gera breytingar á framkvæmd eftirlits með skipum sem dregur úr öryggi. Það er ekki þannig. Við Íslendingar gerum miklar kröfur til þeirra sem reka útgerð og það er töluvert eftirlit í gangi. Við þurfum hins vegar auðvitað að gæta okkar á því að hafa eftirlitið ekki of flókið, og umræður á bryggjunum í dag og svona á almannafæri eru oft á þann veg að við séum með allt of flókið eftirlitskerfi. Þær breytingar sem ég hef staðið fyrir hvað varðar eftirlit með skipum lúta að því að einfalda þetta kerfi, skapa skilyrði til þess að þau fyrirtæki sem sinna margs konar eftirliti í dag geti líka tekið að sér eftirlit með skipum þannig að útgerðarfyrirtækin geti samið við skoðunarstofur um allt það eftirlit sem viðkomandi skoðunarstofur sjá um á margs konar sviði og ná þar af leiðandi hagstæðari samningum en ella, lægri kostnaði og minni fyrirhöfn, án þess að gengið sé á öryggið.

Þá kem ég að því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði hér. Ég tók alveg sérstaklega eftir því og það veldur mér nokkrum áhyggjum að þingmaðurinn skuli taka þannig til orða að Siglingastofnun hafi aldrei staðið undir nafni. Ég kannast ekki við það. Og það er ranglega ályktað hjá hv. þingmanni að með því að leyfa einkaaðilum að sinna eftirliti með skipum á vegum skoðunarstofa sé verið að draga úr kröfum. Samkvæmt reglunum er gert ráð fyrir því að skoðunarstofur sem fá leyfi hjá Siglingastofnun til þess að sinna eftirliti með skipum verði að hafa í þjónustu sinni tæknimenntaða

menn sem uppfylla tiltekin skilyrði um menntun til þess að geta borið ábyrgð á eftirliti með skipum. Ef eitthvað er erum við frekar að auka þessar kröfur. Sem betur fer hefur það nú verið þannig í gegnum tíðina, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni hér, að við höfum haft á að skipa ágætu fólki hjá Siglingastofnun, vel menntuðu fólki sem hefur sinnt þessu eftirliti. En skoðunarstofunum verður gert skylt að hafa í þjónustu sinni menntaða starfsmenn til þess að fylgjast með og hafa á hendi það eftirlit sem um er að ræða. Það er auðvitað grundvallaratriði.

Það er ekki verið að koma á neinu tvöföldu kerfi eins og hér var nefnt. Hins vegar er verið að færa þetta eftirlit með skipum til einkaaðila eða skoðunarstofa. Eftir sem áður, eins og eðlilegt er, mun Siglingastofnunin hafa eftirlit með skoðunarstofunum og veita þeim leyfi til starfs. Það er óhjákvæmilegt, það er ekki hægt að hleypa þessu algerlega út á guð og gaddinn.

Ég met það svo að þó að nokkur hækkun hafi orðið á kostnaði við þetta eftirlit hjá útgerðarmönnum nú um áramótin hafi það verið óhjákvæmilegt vegna þess að það hafði ekki verið hækkað í eðlilegu samhengi við verðlagsþróun. Það er ekkert eðlilegt að ríkissjóður, skattgreiðendur, standi straum af kostnaði fyrir útvegsmenn vegna þess eftirlits sem alþjóðareglur segja fyrir um að eigi að viðhafa. Það er bara þannig. Þess vegna var nauðsynlegt að þetta eftirlitsgjald hækkaði nú um síðustu áramót, það var óhjákvæmilegt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég bjóst við þessari umræðu. Hún á eftir að halda áfram, held ég, um siglingaverndina og hafnaverndina og það er af hinu góða. Við þurfum að fara mjög vandlega yfir þessi mál og tryggja að við sjáum svo um að skip okkar Íslendinga sem siglingaþjóðar eigi greiðan aðgang að höfnum annarra landa og að við förum vandlega eftir þeim reglum sem eru settar af Alþjóðasiglingamálastofnuninni án þess að við leggjum í óþarfan kostnað.

[16:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að hann væri að einfalda kerfið, það væri ekki verið að tvöfalda það. Hvað er það þegar Siglingastofnun þarf að koma aftur á staðinn og skoða upp á nýtt skipin sem einkavæddu stofurnar hafa skoðað? Er það ekki tvöföldun á eftirlitinu? Síðan sagði hæstv. ráðherra að það væri ekki verið að draga úr kröfunum um menntun og fagþekkingu. En það verður ekki gerð krafa um fagþekkingu á sviði skipasmíða til þeirra eftirlitsmanna sem eiga að hafa eftirlit með skipasmíðunum. Það get ég ekki litið á öðruvísi en sé verið að draga úr kröfunni. Ég er ekkert að draga úr því að menn geti haft ágætisþekkingu til þess að skoða búnað skipa og það sem þeim fylgir að öðru leyti en það er ekki þolandi, finnst mér, að ekki sé borin meiri virðing fyrir hinni faglegu þekkingu á sviði skipasmíða en svo að einhverjir aðrir en þeir sem hafa þá þekkingu eigi að hafa eftirlit með smíðinni og taka hana út. Ég held að menn muni lenda í vandræðum með þetta.

Svo sagði hæstv. ráðherra að hann hefði áhyggjur af því að ég hefði sagt að Siglingastofnun hefði ekki staðið undir nafni. Siglingastofnun hefur ekki staðið undir nafni vegna þess að stjórnvöld í þessu landi hafa aldrei séð til þess að virðing væri borin fyrir faglegri þekkingu í eftirlitshlutverki stofnunarinnar. Engin krafa hefur verið gerð um það að menn hefðu faglega þekkingu sem standa t.d. fyrir smíði skipa.

[16:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum ekki að fjalla um réttindamálefni skipasmiða eða annarra iðngreina þannig að það er erfitt að fara inn í þessa umræðu núna.

Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði hér áður, lögin um eftirlit með skipum og það frv. sem hér er til umfjöllunar og svo framkvæmdin, það að verið er að fela skoðunarstofum eftirlit með skipum, felur ekki í sér að það sé verið að draga úr kröfum eða tefla öryggi á tæpt vað. Það er fjarri öllu lagi.

Ég sagði hér fyrr að sú kerfisbreyting sem felur það í sér að skoðunarstofunum verði heimilt að hafa eftirlit með skipum felur í sér þær kröfur til skoðunarfyrirtækjanna að þau hafi yfir að ráða fólki með þekkingu á þessum hlutum. Það er gerð sérstök krafa til þess að þar sé um að ræða háskólapróf, hjá þeim aðilum sem bera ábyrgð á eftirlitinu. Ég tel að þarna sé vel fyrir öllu séð.

Hitt er annað mál að það kann vel að vera að það þurfi að fara yfir þá hluti hvort það eigi að gera meiri kröfur til þeirra sem sjá um byggingu skipa, ég vil ekki hafna því á þessu stigi út af fyrir sig. En aðalatriðið er að það sé tryggt að þeir sem smíða skip skili verki sem er fullnægjandi að mati manna sem hafa til þess bæra þekkingu að meta það. Út á það gengur það eftirlitskerfi sem við höfum verið að byggja upp og munum byggja upp.

[16:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að enginn bakari yrði ráðinn, með fullri virðingu fyrir þeirri iðngrein, til þess að hafa eftirlit með eða taka að sér að vera byggingarfulltrúi í neinu sveitarfélagi og mér finnst ekki að neinn skipstjóri eigi að taka það að sér að hafa eftirlit með smíði skipa, svo ég taki bara dæmi um það sem þarna er á ferðinni. Mér finnst að menn þurfi að bera meiri virðingu fyrir faglegri þekkingu og námi í landinu en hefur verið gert hvað varðar skipasmíðar og eftirlit með skipum. Mér finnst að hæstv. ráðherra hefði þurft að fara svolítið betur ofan í þessi mál áður en hann lagði í þessa göngu og sjá til þess að þar væri vel að öllu staðið og gáð.

Ég ætla ekki að gleyma að nefna aftur hækkunina á þessum gjöldum. Hæstv. ráðherra kallar þetta nokkra hækkun. En ef ég er með réttar tölur hefur t.d. útseld vinna hjá skoðunarmanni hækkað úr 2.300 kr. eða 2.400 kr. upp í 4.500 kr. Ég segi eins og er: Mér finnst þetta býsna meira en nokkur hækkun og dálítið undarlegt að hana skuli bera upp einmitt þegar einkavæðingin er að renna úr hlaði. Þeirri hugsun slær að manni að það hafi átt að létta þeim aðeins róðurinn sem ættu fyrir höndum að skrifa reikninga fyrir eftirlit í hinum einkavæddu skoðunarstofum.

Allt er þetta með þeim hætti að það er full ástæða til að taka umræðu um það. Ég gerði reyndar tilraun til þess að vara hæstv. ráðherra við þessu og að hann þyrfti að gá að sér í þessum málum. Gerði það í fyrra þegar þetta frv. var til umræðu sem nú er orðið að lögum, en það hefur greinilega ekki borið nægjanlegan árangur.

[16:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur alveg fyrir af minni hálfu að það frv. sem við fjöllum um og varðar siglingaverndina, um það er ekki deilt og ég er ekki að deila við hv. þm. Jóhann Ársælsson um það. Hins vegar kemur hann í andsvar vegna þess að hann vill koma að aðvörunarorðum um kostnað við eftirlit með skipum og ég get tekið undir það að við þurfum

að gæta hófs í því. En það liggur alveg ljóst fyrir af minni hálfu að það er ekki eðlilegt að skattborgarar niðurgreiði eftirlit með skipum, grundvallaratvinnuvegi okkar, sjávarútvegi, þegar við erum að fylgja alþjóðlegum reglum um sjóhæfni og aðra þætti sem lúta að öryggismálum sjófarenda. Ég tel að það væri því frekar óeðlilegt ef við létum ekki viðkomandi útgerðir greiða eðlilegan kostnað fyrir það eftirlit.

Ég held að þegar á allt er litið sé kostnaður útgerðanna vegna skipaeftirlitsins smávægilegur miðað við annað sem þar fellur til. En auðvitað safnast þegar saman kemur. Ég tel að samgrn. hafi lagt sig mjög fram við að reyna að tryggja að kostnaður útvegsins yrði hóflegur en sanngjarn þegar kemur að þeim hlutum sem varða eftirlit með skipunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:19]

Útbýting þingskjala:

Afskriftir viðskiptabankanna, 515. mál, fsp. JóhS, þskj. 787.

Aukatekjur ríkissjóðs, 509. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 781.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 514. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 786.

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, 508. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 780.

Helgarlokun bráðamóttöku Landspítalans, 510. mál, fsp. JóhS, þskj. 782.

Kostnaðarhlutdeild sjúklinga, 516. mál, fsp. JóhS, þskj. 788.

Uppbygging og rekstur meðferðarstofnana, 512. mál, fsp. EKG, þskj. 784.

Útgáfa rita um sögu stjórnarráðsins 1964–2004, 511. mál, fsp. MÁ, þskj. 783.

Verðmyndun á grænmeti, 501. mál, fsp. JóhS, þskj. 773.

Verktaka starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu, 513. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 785.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (ELS-tíðindi). — Þskj. 613.

[16:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda, á þskj. 613, 442. mál þingsins.

Á grundvelli löggjafar um einkaleyfi, vörumerki og hönnun hefur Einkaleyfastofan gefið út svokölluð ELS-tíðindi sem hafa að geyma allar tilkynningar varðandi umsóknir og skráningu hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Um prentaða útgáfu er að ræða, en frá árinu 2001 hefur Einkaleyfastofan samhliða birt ELS-tíðindi á netinu. Á vefsíðu stofunnar er reyndar að finna tölublöð af þessum tíðindum allt frá árinu 1990. Reynslan af útgáfu tíðindanna á netinu hefur verið góð.

Með frv. þessu eru lagðar til breytingar á framangreindum lögum þannig að heimilt sé að gefa ELS-tíðindi eingöngu út á rafrænan hátt og dreifa þeim á netinu. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð fer birting sambærilegra tíðinda nú þegar fram með rafrænum hætti. Þá má nefna að á árinu 2002 var heimilað með lögum að gefa Lögbirtingablað út með rafrænum hætti.

Í greinargerð með frv. til þeirra laga segir m.a., með leyfi forseta:

„Rafræn miðlun upplýsinga er í senn skilvirk og ódýr leið til að koma upplýsingum á framfæri, auk þess sem hún er betur til þess fallin að ná því markmiði birtingar að efni, sem á erindi við allan almenning, verði kunnugt og aðgengilegt.“

Ég tel að sömu rök eigi við um útgáfu ELS-tíðinda og útgáfu Lögbirtingablaðs í rafrænu formi.

Eftir að útgáfa ELS-tíðinda verður eingöngu rafræn geta þeir sem þess óska áfram keypt útprentun af tíðindunum gegn greiðslu kostnaðar af útprentun þeirra og sendingu. Ekki er búist við mörgum óskum um slíkt og jafnframt að þeim óskum muni fara fækkandi og leggjast af er tímar líða fram. Kostnaður við útgáfu ELS-tíðinda er talinn munu lækka um 1,5 millj. kr. á ári, auk þess sem tíðindin berast notendum fyrr en ella. Rafræn birting er auk þess umhverfisvæn.

Ekki er gert ráð fyrir neinum viðbótarkostnaði úr ríkissjóði vegna frv. heldur lækkun útgáfukostnaðar Einkaleyfastofu, eins og áður segir. Væri frv. ekki lagt fram mundi útgáfukostnaður stofunnar hins vegar aukast til muna. Einkum yrði það vegna gildistöku alþjóðasamnings um alþjóðlega skráningu hönnunar 23. desember 2003 sem yrði virk 1. apríl 2004, en viðbót á birtu efni mundi þá leiða til þess að líma þyrfti ELS-tíðindin í stað þess að hefta þau.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. Í frv. er stefnt að gildistöku laganna 1. mars 2004, en bent skal á að 1. apríl 2004 væri í lagi sem gildistökudagur, þ.e. sá dagur þegar gildistaka alþjóðasamningsins um skráningu hönnunar yrði virk. Gæti þingnefndin íhugað þetta.

[16:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Bara nokkur orð um frv. til laga sem hér kemur fram í stuttum bandormi. Ég get ekki annað en lýst stuðningi við málið. Þar sem ég á sæti í iðnn. vildi ég lýsa því yfir að ég geti ekki séð annað en að í þessu máli sé fólgin bæði hagkvæmni og sparnaður og ekki nema til hagræðis fyrir þá sem þurfa á þeim upplýsingum að halda sem eru í ELS-tíðindunum, og menn ættu að fá tíðindin fyrr. Þeir sem vilja fá þetta í prentuðu formi geta fengi útprentun eins og hæstv. ráðherra benti á. Ég get því ekki séð annað en að verið sé að fylgja tíðarandanum og taka tæknina til notkunar á sem hagkvæmastan hátt. Ég lýsi því stuðningi við þetta ágæta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

54. FUNDUR

mánudaginn 2. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. þingskapa.

2. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 644. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 467. mál, þskj. 675. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 613. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, beiðni um skýrslu, 508. mál, þskj. 780. *Hvort leyfð skuli.*

6. Erfðafjárskattur, stjfrv., 435. mál, þskj. 605. — 1. umr.

7. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 746. — 1. umr.

8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 445. mál, þskj. 625. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Aldarafmæli þingræðis og heimastjórnar.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Þess var minnst í gær að 100 ár voru þá liðin frá því að fyrsti íslenski ráðherrann, Hannes Hafstein, tók til starfa. Þau tímamót marka upphaf Stjórnarráðs Íslands og framfarasóknar á öllum sviðum þjóðlífsins síðustu 100 árin. Þessi tímamót eru einnig markverð í sögu Alþingis því að á þessum degi, 1. febrúar 1904, var þingræðisreglan innleidd í stjórnskipan okkar, þ.e. sú regla að ráðherrar og ríkisstjórn sitji ekki í trássi við vilja meiri hluta Alþingis. Á hana reyndi þegar 1909 og þá reglu teljum við til grundvallarreglna þó að ekki sé hún skýrlega skrifuð í stjórnarskrána.

Ég minntist þess með nokkrum ávarpsorðum við upphaf þingfundar 3. október að þá voru liðin 100 ár frá því að heimastjórnarlögin voru staðfest af konungi. Í dag færi ég ríkisstjórn og Stjórnarráði Íslands árnaðaróskir Alþingis á þessum merku tímamótum.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum fyrsta dagskrárlið og atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um breytingar á eignarhaldi í sjávarútvegi. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason en hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðamál ráðherra, 334. mál, svar forsrh., þskj. 741.

Fjármál hins opinbera, 413. mál, svar fjmrh., þskj. 740.

Fjármálaeftirlitið, 518. mál, þáltill. JBjarn og ÖJ, þskj. 790.

Húsafriðunarsjóður, 381. mál, svar menntmrh., þskj. 727.

Söfnunarkassar, 519. mál, fsp. ÖJ, þskj. 791.

Veiðar og verkun grásleppu, 517. mál, fsp. JBjarn, þskj. 789.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fjárfestingar Landssímans.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek auðvitað undir árnaðaróskir til ríkisstjórnar og okkar allra í tilefni af stórafmælishátíðarhöldum. Það er gott að hafa eitthvað til að gleðjast yfir og eyða tímanum í svona í svartasta skammdeginu og lyfta sér upp í leiðinni.

Ég ætla að beina orðum mínum til hæstv. fjmrh. sem fer nú með málefni Landssímans, þ.e. fer með eignarhald ríkisins á Landssímanum samkvæmt nýlegri breytingu. Það eru tveir atburðir í framgöngu Langssímans að undanförnu sem ég vil ræða við þann ráðherra sem fer með eigendavaldið nánast alfarið í þessu fyrirtæki. Annar eru nýlegar ákvarðanir Landssímans um að kaupa í búlgarska símafyrirtækinu og gera það þannig að keyptur verður eignarhlutur í eignarhaldsfélaginu Carrera sem er að meiri hluta í eigu einstaklings og Síminn verður þar sem sagt minnihlutameðeigandi í þessari fjárfestingu í Búlgaríu. Upplýst er að kaupverðið eða hlutafjárframlag Símans verði um 300 millj. kr. Hinn er sú ákvörðun Landssímans að fara út í það sem kallað er á fínu máli endurmörkun eða „rebranding" á erlendum málum og samkvæmt upplýsingum sérfræðinga eða mati sérfræðinga, t.d. sem birtist í viðskiptakálfi Morgunblaðsins fimmtudaginn 22. janúar, er hér um mörg hundruð millj. kr. kostnað að ræða hjá þeim tveimur fyrirtækjum sem í þetta hafa ráðist að undanförnu, þ.e. KB-banka og hins vegar Landssímanum. Það er upplýst að svissneskt ráðgjafarfyrirtæki hefur nú vit fyrir Landssímanum íslenska og kannski er hluti af ráðgjöfinni sá að fjárfesta í fjarskiptakerfum erlendra þjóða. Þetta er fyrirtækið sem ekki hefur mörg ár í röð getað séð af 35 millj. kr. til að lagfæra fjarskiptamál í Norður-Þingeyjarsýslu. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er þessi fjárfestingarstefna með samþykki ríkisstjórnarinnar? (Forseti hringir.) Er hún uppáskrifuð af hæstv. fjmrh.? Hvað finnst honum um þetta fyrirtæki eða þetta tiltæki, skulum við segja?

[15:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Landssíminn er framsækið fyrirtæki sem er í höndum nútímalega þenkjandi stjórnenda og ég geri enga athugasemd við það þó að þeir færi sér í nyt nýjar aðferðir við að efla fyrirtækið eins og t.d. það að fara út í svokallaða endurmörkun. Ég hef reyndar ekkert vit á því og hef ekki kynnt mér það út í hörgul, en ég treysti stjórnendunum til þess að taka ekki annað en skynsamlegar ákvarðanir hvað það varðar.

Varðandi fjárfestingu fyrirtækisins erlendis er það að sjálfsögðu ákvörðun sem tekin er af stjórnendum og alveg áreiðanlega í umboði stjórnar félagsins. Ég held að þetta sé til marks um það að fyrirtæki eins og Síminn getur átt mjög góða framtíð ekki bara á fjarskiptamarkaði innan lands heldur einnig með því að fjárfesta og færa út kvíarnar að einhverju leyti til annarra landa þar sem hann getur boðið

upp á tækniþekkingu og sérfræðiþekkingu, sem e.t.v. er ekki á boðstólum í landi eins og Búlgaríu geri ég ráð fyrir. Ég hef því engar athugasemdir gert við það heldur og treysti því að þar sé vel og skynsamlega að málum staðið. Hins vegar styttist vonandi í því að ráðherrar á Alþingi fái fyrirspurnir um einstakar fjárfestingarákvarðanir fyrirtækisins Landssímans vegna þess að slík starfsemi á að sjálfsögðu betur heima í höndum einkaaðila en ríkisins.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er örugglega mjög framsækið og mjög nútímalegt að stjórnendurnir taki ofan bindið og haldi blaðamannafundi á skautasvellinu. Það er mjög nútímalegt og framsækið. Og það er auðvitað ekki nútímalegt og ekki framsækið að líta svo á að þetta fyrirtæki með náttúrulega einokun í fjarskiptum í landinu sem ríkið á 97, 98, 99% í eða hvað það nú er, hafi nokkrum minnstu skyldum að gegna við t.d. íbúa hinna dreifðu byggða. Það er greinilega úreltur hugsunarháttur og það er upp á hann skrifað af ríkisstjórn Íslands. Það er alveg greinilega það sem hér er á ferðinni. Hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin geta ekki notað það sem afsökun að þetta sé bara mál stjórnar fyrirtækisins. Í venjulegum fyrirtækjum móta eigendurnir meginlínur um fjárfestingarstefnu fyrirtækjanna og að sjálfsögðu getur hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin, ef hún vill svo vel við hafa, gefið fyrirtækinu almenna leiðsögn um það hvar áherslurnar eigi að liggja en þær liggja greinilega ekki lengur á Íslandi og eru ekki fólgnar í skyldum við viðskiptavinina hér í gegnum árin (Forseti hringir.) heldur einhvers staðar í útlöndum. Og hvar verður borið niður næst, hæstv. fjmrh.? Eru kannski einhverjar hugmyndir (Forseti hringir.) um það að fara til Afríku eða Kína?

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er furðulegur tónn í málflutningi þingmannsins. Hann virðist gefa sér það að fjárfestingar í útlöndum hafi óhjákvæmilega í för með sér að þjónusta innan lands versni og þetta sé bara til marks um byggðafjandsamlega afstöðu Símans sem gegni ekki skyldum sínum innan lands. Ég hafna þessu algerlega. Ég tel að þetta sé algerlega rangt og ekki minnsti fótur fyrir því að draga ályktanir með þessum hætti eins og hv. þm. hefur gert.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Síminn er sterkt fyrirtæki með geysilega öflugan eigin fjárhag og það sem við höfum ítrekað bent á er að eigi sú ógæfa fyrir mönnum að liggja að einkavæða þetta svið eins og önnur og búa hér til ríkisvædda fákeppni eins og skollið hefur hér á á hverju sviðinu á fætur öðru, þá skiptir þó talsverðu máli hvernig Síminn skilur við áður en hann fer úr opinberri eigu, hvaða fjárfesting hefur áður átt sér stað í grunnfjarskiptanetinu til þess að allir landsmenn sitji þar við sem bestan kost. Síminn neitar því ár eftir ár eftir ár að ráðast í smávægilegar fjárfestingar til að koma t.d. fjarskiptamálum á norðausturhorni landsins í lag. Símann neitar byggðarlögum sem eru með færri en 500 íbúa um að tengjast ADSL-kerfinu. Þetta eru dæmi um ákvarðanir sem Síminn hefur tekið og ég tel að stjórnvöld ættu að segja honum fyrir verkum. Og það hafa ekki allir leiðangrar verið til fjár, hæstv. fjmrh. Það er akkúrat þetta fyrirtæki sem nýháeffað fór í glæfrafjárfestingar undir forustu nýrra stjórnenda, sem Sjálfstfl. tróð þangað inn, og töpuðu 300–500 millj. kr. á því.

Skipan nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi.

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. setti á nefnd um íslenskt viðskiptaumhverfi í síðustu viku. Eftir því sem ég skil best á sú nefndarskipan rætur í ríkisstjórnarsamþykkt. Um þessa nefndarskipan er allt gott að segja. Þessi nefnd hefur það verkefni að ræða stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og hvernig bregðast megi við aukinni samþjöppun o.s.frv., mál sem er mjög ofarlega á baugi í íslensku samfélagi í dag. Það sem hins vegar vekur sérstaka athygli er skipan þessarar nefndar. Í henni eiga sjö einstaklingar sæti. Þrír koma frá háskólasamfélaginu og svo skipta stjórnarflokkarnir hinum fjórum sín á milli. Þar eru á ferðinni þrír aðstoðarmenn ráðherra núverandi eða fyrrverandi og yfirlýstur framsóknarmaður utan af Nesi. Ég spyr hæstv. viðskrh. hvernig á því stendur þegar jafnveigamikil nefnd er saman sett að ekki skuli vera kallaðir til liðsinnis aðilar vinnumarkaðarins, sem eru jú hinir virku í atvinnulífi hvort heldur um er að ræða fulltrúa verkalýðshreyfingar ellegar Samtaka atvinnulífsins. Einnig kalla ég sérstaklega eftir því hvernig á því standi að ekki sé leitað eftir tilnefningu frá stjórnarandstöðu í þessu stóra máli þannig að leita hefði mátt samráðs hjá henni um að ná um það tiltölulega víðtæku samkomulagi ef við á að bregðast vegna þróunar íslensks atvinnulífs. Þessi nefndarskipan er því með gamla laginu og því miður vekur hún tortryggni og er ekki til þess lagin að skapa um þetta víðtæka sátt til þess að koma þessum mikilvægu málum fram. Ég leita eftir skýringum, herra forseti.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er vandasamt að skipa nefnd þannig að allir séu sáttir, ég geri mér fulla grein fyrir því. Hins vegar fannst mér að mér tækist nokkuð vel til í sambandi við nefndarskipanina og er ákaflega sátt við hvernig þessu lyktaði af hálfu viðskrn.

Hv. þm. talar um að hér sé allt með gamla laginu, mér finnst það nú alls ekki vera vegna þess að hér eru þekktir einstaklingar sem hafa getið sér gott orð, t.d. í viðskiptalífinu og í Háskóla Íslands. Formaður er Gylfi Magnússon dósent og þykir mér fengur að því að hafa fengið hann til þessara starfa.

Ég veit ekki hvernig hv. þm. hefði viljað hafa þetta með nýja laginu, ég hefði nú talið að það væri frekar af gamla laginu að kalla til fulltrúa frá öllum flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi. Það hefði vissulega getað komið til greina en niðurstaðan varð sú að gera það ekki.

Hvað varðar aðila vinnumarkaðarins getur verið að það hefði mátt hugsa sér þetta þannig að fulltrúar hefðu verið tilnefndir frá ýmsum samtökum eins og ASÍ, Verslunarráði, Samtökum atvinnulífsins og þar fram eftir götunum. En sú leið var ekki farin heldur var fólkið valið vegna þeirra kosta sem það hefur yfir að búa. Ég vænti mikils af nefndarstarfinu og tel að þó svo að stjórnarandstaðan eigi ekki fulltrúa í nefndinni sé ekki ólíklegt að það geti náðst samstaða um einhvers konar niðurstöðu þegar þar að kemur. Það á eftir að koma í ljós hver niðurstaða nefndarinnar verður, það hefur að sjálfsögðu ekki verið ákveðið neitt fyrir fram um

hana, heldur verður forvitnilegt að sjá hvernig nefndin telur rétt að bregðast við þeirri samþjöppun sem orðið hefur í viðskiptalífinu.

En aðalatriðið er að viðskiptalífið njóti trausts.

[15:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það gefur augaleið að hvort sem það er samkvæmt gamla laginu eða nýja laginu að þeir hafa dottið af himnum ofan Orri Hauksson, Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsrh., og Páll Magnússon, aðstoðarmaður viðskrh. Þeir eru auðvitað samkvæmt gamla laginu, hér eru gömlu helmingaskiptin á ferðinni eins og fyrri daginn og gerir nefndina því miður um margt ómerka áður en hún hefur störf — með fullri virðingu fyrir þeim ágætu þremur einstaklingum sem koma frá háskólasamfélaginu. En að engum skyldi koma til hugar að leita eftir tilnefningum eða hugmyndum frá aðilum vinnumarkaðarins er algjörlega út úr korti og þessi nefnd á að fjalla um viðskiptaumhverfi atvinnulífsins.

Ég segi bara eins og er, herra forseti, að auðvitað hefði verið skynsamlegt og eðlilegt og sjálfsagt, bæði samkvæmt nýja laginu og gamla laginu, að stjórnarandstaðan kæmi hér að. En það er ekki háttur núv. ríkisstjórnar, gamla helmingaskiptaklíkan á að ráða för og hún gerir það í þessu máli eins og öðrum.

[15:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst broslegt að heyra hv. þm., formann Alþýðuflokksins, tala um helmingaskiptareglu. Hver hefur gengið lengra í sambandi við helmingaskiptingu en einmitt Alþýðuflokkurinn og Sjálfstfl. þegar þeir gátu ekki komið sér saman um formann í nefnd og það var svokölluð tvíhöfða nefnd sem þá var að störfum. Er hægt að ganga lengra í því að viðhafa þessa svokölluðu helmingaskiptareglu?

Ég er sannfærð um að ef hv. þm. hefði haft þá aðstöðu að sitja í ríkisstjórn núna hefði hann viljað hafa samráð við samstarfsflokkinn um hverjir skipuðu slíka nefnd og það er ekkert launungarmál að það var gert í þessu tilfelli.

Ég endurtek það að nefndin er vel skipuð körlum og konum og ég vænti mikils af því starfi sem fram undan er.

[15:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Mikil er trú hæstv. ráðherra, það verður að segjast eins og er. Og kastað er steinum úr glerhúsi því að hæstv. ráðherra, og raunar ráðherrar Framsfl. yfir línuna, eru svoleiðis búnir að raða á jötuna í ríkiskerfinu, hægri vinstri, upp og niður, á þessum tæplega níu árum sem liðin eru frá því að þeir komust að kjötkötlunum, að menn eru — ja, ég segi ekki meir. (**Gripið fram í:** Nei, það er gott.)

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mig rámar eitthvað í að Alþýðuflokkurinn hafi átt aðild að ríkisstjórn fyrir ekki svo mörgum árum og að nánast allir ráðherrarnir úr ríkisstjórninni hafi farið í ákveðin embætti úti í bæ. Það er hægt að telja þá upp, Karl og Eið, fyrrv. hv. þm. og ráðherra. Ég held því að þessi ferð hv. þm. í pontuna hafi verið honum lítið til framdráttar.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna á að það ber að nefna menn fullu nafni.)

Fiskvinnsluskólar.

[15:20]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Nú er búið að leggja niður báða fiskvinnsluskóla landsins en þeir hafa gegnt gríðarlega mikilvægu hlutverki í að mennta hæfa stjórnendur í sjávarútvegsfyrirtækjum landsmanna. Þeir sem starfa við stjórnun í helstu atvinnugrein landsmanna í sjávarútvegi, svo sem framleiðslustjórar, verkstjórar og gæðastjórar, hafa lokið námi frá þessum skólum.

Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki sé rétt að endurvekja fiskvinnslunám, t.d. á Dalvík, eða hvort jafnvel beri að endurvekja það í tengslum við nám á fiskeldisbraut í Hólaskóla. En öll aðstaða er fyrir hendi á Dalvík og námið er gríðarlega mikilvægt. Ég tel það í rauninni skrýtna forgangsröðun sem við erum að horfa fram á að í helstu útflutningsgrein þjóðarinnar er ekkert nám í gæðastjórnun eða verklegri þjálfun, þegar við horfum upp á að það fer fram nám í mörgum skólum, gott ef ekki fjórum skólum, í lögfræði, en ekkert í verkstjórn og gæðastjórn í helstu útflutningsgrein landsmanna.

Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort hún telji ekki rétt að fara yfir þessi mál og skoða hvort ekki eigi að hefja nám á ný í fiskvinnsluskólanum, t.d. á Dalvík.

[15:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spyr hvort ekki sé rétt að fara yfir málefnin sem hann ræddi um í spurningu sinni varðandi fiskvinnslumál og fiskvinnslunám. Málið er að það er einmitt verið að fara yfir þessi mál í ráðuneytinu og reynt að gera það í sem mestri heild og þá um leið í tengslum og í samvinnu við atvinnulífið.

Ég vil ekki draga sérstaklega fram einn stað umfram annan sem gæti komið til álita við að byggja upp slíkt nám, þ.e. ef við komumst að þeirri niðurstöðu að við ætlum að fara í að byggja upp slíkt nám. Dalvík er góður staður eins og hver annar góður útgerðarstaður og að sjálfsögðu kemur allt til álita.

[15:23]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin því að ég tel gríðarlega mikilvægt að endurnýjun eigi sér stað í þessum störfum. Við getum ekki horft upp á að ekki verði nein endurnýjun gæðastjóra og framleiðslustjóra í þessum fyrirtækjum, þaðan sem helmingur útflutningstekna Íslendinga kemur. Menn verða að fara að horfa fram á rétta forgangsröðun í menntun landsmanna. Það gengur ekki að sjá atvinnugreinina drabbast niður í menntunarlegu tilliti. Það er kominn tími til að skoða þennan málaflokk og ég vonast til að hæstv. menntmrh. hraði þessari vinnu vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Málefni Þjóðminjasafns.

[15:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Nú er haldið upp á 100 ára afmæli heimastjórnar. Þá er rétt að minnast þess líka að þegar stofnað var lýðveldi á Íslandi gaf þjóðin sjálfri sér gjöf sem var Safnahúsið við Suðurgötu þar sem Þjóðminjasafnið er nú. Nú á 100 ára

afmælinu hefur það verið lokað í fjögur ár og sex mánuði upp á dag eða í níu missiri.

Björn Bjarnason, hæstv. menntmrh. á þeim tíma, sagði 28. nóv. 1997 að húsið yrði opnað árið 2000. Á Þorláksmessu 1997 sagði hann að það yrði opnað 17. júní árið 2000. Þann 13. febrúar 1999 sagði sá sami að það yrði opnað 17. júní 2001. Á skilti sem stóð í byrjun aldarinnar við Þjóðminjasafnið við Suðurgötu stóð að það yrði opnað 1. desember 2002. Tómas Ingi Olrich, sem héðan er farinn en var menntmrh., hann sagði 1. febrúar 2003 að safnið yrði opnað sumardaginn fyrsta, 22. apríl 2004. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, núv. hæstv. menntmrh., sagði í Morgunblaðinu nú 30. janúar að safnið yrði opnað „síðar á árinu", með leyfi forseta.

Ég spyr: Liggur virkilega engin dagsetning fyrir eftir fimm ár og sex mánuði um það hvenær á að opna þetta hús? Á að opna það í vor, á að opna það í sumar, á að opna það í haust, við veturnætur, á jólaföstu, á gamlársdag? Er það virkilega þannig að í menntmrn., hjá hæstv. nýviðteknum ráðherra, liggi ekki fyrir nein dagsetning eða nein áform um það hvenær þetta safn verður opnað á ný?

[15:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Eins og hv. þm. Mörður Árnason gat réttilega um kom fram í viðtali við mig í Morgunblaðinu að ég hefði frestað því að opna Þjóðminjasafnið. Það var búið að ákveða að það yrði opnað 22. apríl, á sumardaginn fyrsta. Ef ég hefði haldið í þá dagsetningu hefði ég einfaldlega farið út í að eyðileggja mjög merkar fornminjar því að hvorki skápar né fleira er tilbúið. Við erum að fá skápa. Ég veit vel að hv. þm. er vel að sér í þessum efnum og fylgist greinilega vel með málefnum Þjóðminjasafnsins. Þar af leiðandi hlýtur hann að vita að það eru mjög mikilvægir skápar sem þarf að smíða utan um þá fornmuni sem við ætlum að sýna í Þjóðminjasafninu. Þeir skápar koma því miður ekki fyrr en í byrjun júní. Að öllu samanlögðu taldi ég því rétt að fresta opnuninni. Það mesta sem ég get fullyrt í þeim efnum er að hún verður í sumar, en því miður eftir 17. júní. (Gripið fram í.)

[15:27]

Mörður Árnason:

Forseti. Það hefur náttúrlega legið fyrir í fimm ár og sex mánuði að það þyrfti að smíða skápa utan um forngripina í Þjóðminjasafninu.

Ég fagna því auðvitað sem nýrri yfirlýsingu í málinu að þetta verði opnað í sumar, þ.e. á tímabilinu frá sumardeginum fyrsta til fyrsta vetrardags. Ég tel að vísu að hæstv. menntmrh. þurfi að hugsa sinn gang með það aðeins betur, því að ferðaþjónustan þarf auðvitað að fá að vita hvenær þetta verður opnað og starfsmennirnir þurfa að vita það. Ég lýsi furðu minni á því að ekki skuli liggja fyrir betri dagsetning en þetta en fagna þó þeirri takmörkun og afmörkun sem hér er komin fram.

[15:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er gott að við getum fagnað því saman, ég og hv. þm. Mörður Árnason, að við sjáum fram á að geta opnað Þjóðminjasafnið.

Þegar Þjóðminjasafnið var byggt á sínum tíma á sjötta áratugnum, í kringum 1955 eða 1958, þegar það var steypt upp og smíðað átti aldeilis að smíða húsið til lengri tíma. En þegar verið er að gera þetta merka hús upp kemur m.a. fram að efri hæð hússins hefur verið smíðuð í frosti. Þetta átti að standa í miklu lengri tíma. Fyrsta hæðin er ekki járnbundin. Verkið var því eðli málsins samkvæmt miklu viðameira og stærra en við gerðum ráð fyrir og það vita þeir sem eru unnendur gamalla húsa að slík verk verða oft mun stærri en gert er ráð fyrir í byrjun.

[15:29]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er stundum þannig að menn glata hinu sögulega minni og ekki er ljóst hvernig staðið er að smíði og byggingu húsa úr fortíðinni. Um þetta hús er nánast allt ljóst. Það var ákveðið 1944, það er ekki eldra. Sögulegar heimildir frá þeim tíma eru nokkuð glöggar, þrátt fyrir allt, og það var auðvitað ljóst að hægt var að gera áætlun um þetta og haga þessu öðruvísi en hæstv. menntamálaráðherrar Sjálfstfl. hafa haft gæfu til að gera með sífelldum frestunum o.s.frv.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. menntmrh.: Er ástæða þessarar frestunaróvissu kannski sú að ekkert fé er veitt á fjárlögum til að opna safnið og aðeins almenn fjárveiting fyrir hendi? Í framhaldi af því spyr ég: Hvernig gengur að fá þá aukafjárveitingu sem þarf til til að opna safnið síðar á árinu eða í sumar eins og hún hefur lofað?

[15:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er ekki rétt. Það eru nægir fjármunir til til að geta opnað safnið með reisn. En ég lít svo á að með þessari munnlegu fyrirspurn hv. þm. Marðar Árnasonar, þ.e. svörum mínum við henni, muni hann koma til með að draga til baka skriflega fyrirspurn sína um sama efni sem nú liggur fyrir í Alþingi.

Samkeppnisstaða háskóla.

[15:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Síðustu tvo daga hafa verið í fréttum ummæli Runólfs Ágústssonar, rektors Viðskiptaháskólans á Bifröst, sem hann viðhafði við útskrift nemenda frá skólanum í fyrradag. Þar gerði Runólfur að umræðuefni svokallaða samkeppnisstöðu háskóla á Íslandi, sem hann kýs að kalla alþjóðleg þekkingarfyrirtæki. Rektorinn hagaði máli sínu þannig að skilja mátti að sjálfseignarstofnanir bæru verulega skarðan hlut frá borði hvað varðar fjárframlög hins opinbera til starfsemi þeirra.

Þessi ummæli hafa verið gagnrýnd í fjölmiðlum og því haldið fram að framsetning rektorsins hafi verið villandi og gefið ranga mynd af raunverulegum fjárframlögum til skólanna. Undir þá gagnrýni vil ég taka.

Meðal þess sem fram kom í máli rektorsins var að framlögum til rannsókna væri misskipt á milli háskólastofnana sem reknar eru alfarið af opinberu fé og hinna sem hafa auk fjárframlaga frá ríkinu heimild til að innheimta skólagjöld af nemendum sínum. Í því sambandi fór rektorinn ranglega með tölur úr fjárlagafrv. um framlög til rannsókna í íslenskum háskólum. Það vita allir sem vilja vita að sjálfseignarstofnanirnar hafa ekki enn rannsóknarsamning við hið opinbera eins og t.d. Háskóla Íslands.

Í tilefni af þessum ummælum langar mig til að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig þessum framlögum sé í raun háttað. Hvert er árlegt framlag hins opinbera á nemanda vegna kennslu í lögfræði og viðskiptagreinum, annars vegar í Háskóla Íslands og hins vegar í sjálfseignarstofnunum eins og

háskólanum á Bifröst? Hvað útheimtir nám í lögfræði og viðskiptagreinum háar fjárhæðir á hvern nemanda samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins? Hvar í röðinni eru framlögin til lögfræðinema og viðskiptafræðinema samanborið við hina átta námsflokkana sem eru í líkani ráðuneytisins?

[15:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þetta eru óundirbúnar fyrirspurnir. Ég hef því ekki allar þessar nákvæmu tölur til taks. Það væri sjálfsagt mál að svara þeim nánar í skriflegri fyrirspurn. Ég skal reyna að fara yfir þetta eins og ég get og mig rekur minni til. En fjárhæðirnar sem hinn ágæti rektor, Runólfur Ágústsson, setur fram í máli sínu eru ekki fjarri sanni. Á hinn bóginn má segja að það sé ekki að öllu leyti sanngjarnt af þeim ágæta rektor að bera saman þessa tölu við Háskóla Íslands, háskóla sem hefur miklu víðfeðmara hlutverk en Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur í dag. Það eru miklu fleiri námsflokkar og fleiri greinar sem falla undir Háskóla Íslands og þar af leiðandi fara hærri fjárhæðir þar á hvern nemanda, þegar allt er tekið með, í Háskóla Íslands.

Varðandi þær fjárhæðir sem eru m.a. í fjárlögum varðandi rannsóknir þá vil ég undirstrika að enn er ekki búið að klára rannsóknarsamning, t.d. við Háskólann í Reykjavík, hvað þá kennslusamning, og ekki heldur við Bifröst. Við erum búin að klára samninga við Háskóla Íslands, kennslu- og rannsóknarsamninga. Það var gert fyrir jól. Við erum að vinna að hinum samningunum núna og væntum góðs samstarfs af hálfu þeirra sem við komum til með að skipta við.

Það er líka ljóst að það er stefna Vísinda- og tækniráðs að auka samkeppni í rannsóknum og vísindum. Að sjálfsögðu mun menntmrn. stuðla að því að þeirri stefnu verði framfylgt.

[15:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er kannski ósanngjarnt að ætlast til að hæstv. menntmrh. komi með tölur í óundirbúnum fyrirspurnum. Ég mun hugleiða hvort ég breyti þessum spurningum yfir í skriflegar fyrirspurnir til að fá þessar tölur fram. En hitt er auðvitað afar mikilvægt, að við getum rætt um þessi mál efnislega.

Það er mjög villandi þegar málsmetandi menn koma með yfirlýsingar af því tagi sem tekist er á um í fjölmiðlum núna. Ég hefði viljað heyra hæstv. menntmrn. hrekja þær staðhæfingar. Það er beinlínis rangt sem Runólfur Ágústsson sagði í fréttum í gær eða fyrradag, að á fjárlögum séu ætlaðir 3,3 milljarðar kr. í rannsóknir og af þeim 3,3 milljörðum kr. sem Alþingi veiti til rannsókna við íslenska háskóla renni eingöngu 35 millj. kr. til sjálfseignarstofnana á háskólastigi en restin fari til hina opinberu háskóla. Þessi fullyrðing er röng. Það er greinilegt að hér inni í eru allar sértekjur þessara háskóla. Það er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. menntmrh. hreki svona fullyrðingar en taki ekki undir þær.

[15:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan eru þær fjárhæðir sem Runólfur Ágústsson gat um ekki fjarri sanni. En þegar við tölum t.d. um fjárhæðir til Háskóla Íslands þá verðum við líka að hugsa um hvaða peningar eru settir í rannsóknir þar og hversu hár hluti rannsóknarpeninganna sem fara til Háskóla Íslands renna í raun til kennsluþáttarins. Það geta verið allt að því 30–40%. Það er alltaf erfitt að bera svona tölur saman en heildarfjárhæðirnar til háskólanna eru svipaðar því sem Runólfur Ágústsson setur fram.

Ég ítreka að þótt við viljum stuðla að því að efla frekari samkeppni í rannsóknum og vísindum þá, eðli málsins samkvæmt og vegna áratuga reynslu þess háskóla, kemur Háskóla Íslands alltaf til með að vera sterkari og standa betur að vígi en aðrir háskólar vegna þeirrar reynslu sem hann hefur meðal starfsmanna og vegna þess sem hann hefur með í farteskinu upp á framtíðina að gera. En samkeppni mun komast á í rannsóknum.

[15:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vona að hæstv. menntmrh. hafi lög að mæla þegar hún segir að Háskóli Íslands muni ævinlega njóta reynslu sinnar og þeirrar sögu sem hann byggir á. Það er nauðsynlegt að maður finni að stjórnvöld standi vörð um þann þjóðarskóla sem Háskóli Íslands er. En satt að segja virðist hann eiga undir högg að sækja í þeirri umræðu sem fram hefur farið.

Máli mínu til staðfestingar vil ég geta þess að tölur frá Stúdentaráði sem bárust þingmönnum ekki alls fyrir löngu gefa til kynna að Háskólinn í Reykjavík hafi úr að spila 53% hærri fjárhæð á hvern laganema en Háskóli Íslands hefur til umráða. Þarna er verið að leggja saman það sem kemur í gegnum fjárlögin annars vegar og hins vegar í gegnum skólagjöldin. Svo virðist sem stjórnvöld séu að svelta Háskóla Íslands út á þá braut að taka skólagjöld og ég tel að slíkt sé til mikils vansa fyrir stjórnvöld og íslenska þjóð.

Áherslur í byggðamálum.

[15:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er skoðun mín og reyndar margra annarra að nú stefni í frekara ójafnvægi í byggðamálum og hafi gert um nokkurt skeið. Við höfum flutt þáltill. um það mál, bæði í fyrra og aftur í haust. Ég tók grannt eftir því er hæstv. utanrrh. orðaði það svo fyrir nokkru síðan að nú væri komið að norðvesturhluta landsins hvað varðar áherslur í byggðamálum.

Síðustu fréttir af málum tengdum byggðamálum eru af nýsköpunarverkefni sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Þar kom ýmislegt á óvart, þ.e. hvernig þeim fjármunum var deilt niður. Ég hafði satt að segja ímyndað mér að hvert tækifæri yrði notað til að reyna að jafna eitthvað stöðuna í byggðamálum.

Auðvitað sjá allir að fjármunir hafa í miklum mæli streymt til austurhluta landsins á undanförnum árum. Þar fara nú fram mestu framkvæmdir í sögu ríkisins í orkuiðnaðarmálum. Þar er búið að taka ákvarðanir um að grafa ekki færri en þrenn jarðgöng. Byggðaáætlun var með sérstaka áherslu á þann hluta landsins og allt gott um það að segja. En þetta þýðir, sem ætti að hafa verið mönnum ljóst fyrir löngu síðan, að það þarf að taka á varðandi suma aðra hluti landsins.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvaða verkefni eða ráðstafanir eru í undirbúningi til að taka á þeim vanda sem í stefnir? Ég sé fulla ástæðu til að spyrja eftir þessu. Ég minni á orð hæstv. utanrrh. hvað þetta varðar.

[15:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst ágætt að fá að svara þessu vegna þess að hv. þm. hefur verið með aðdróttanir í fjölmiðlum þess efnis að um pólitíska úthlutun hafi verið að ræða varðandi úthlutun Byggðastofnunar þegar úthlutað var 350 millj. kr. til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni. Hið rétta er að að þeim málum var unnið faglega og engin afskipti af úthlutuninni af minni hálfu. Það að Norðausturkjördæmi skyldi fá margar úthlutanir er eingöngu komið til af því að þaðan hafa borist góðar umsóknir.

Að sjálfsögðu sinnum við í ýmsum aðgerðum sem varða önnur kjördæmi og aðra landshluta. Það má t.d. nefna, sem er nýjung, að í tengslum við byggðaáætlun hefur iðnrn. gert samninga við önnur fagráðuneyti á ýmsum sviðum, menntmrn. og samgrn. og fleiri. Í þeim samningum er t.d. mjög mikið um fjárveitingar til Norðvesturkjördæmis. Ég get þó ekki talið það allt saman upp en ég reikna með að hv. þm. sé sérstaklega að horfa til þess kjördæmis. Það er staðreynd.

Eins má geta þess að það er verið að vinna að byggðaáætlun fyrir Vestfirði með sérstakri áherslu á Ísafjörð. Út úr því hefur margt mjög áhugavert komið. Þar hjálpaði til að heimamenn höfðu unnið eigin byggðaáætlun og á henni byggjum við þessa áætlun. Á Ísafirði eru t.d. í gangi klasaverkefni sem er gott mál og fleira gæti ég nefnt, bæði á sviði ferðamála og menntamála.

[15:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kann ekki við að mér sé gert það upp að hafa verið með einhverjar aðdróttanir. Ég hef bara sagt það sem satt er, hvernig þessi mál horfa við mér. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra og Byggðastofnun hafa ekki gert neinar sérstakar ráðstafanir til að úthlutanir yrðu í takt við það sem í stefnir á landinu og hefur gert um tíma.

Ég hef ekki látið að því liggja að hæstv. ráðherra hafi haft afskipti af þeim úthlutunum sem fram fóru. Ég held því hins vegar fram að hæstv. ráðherra þurfi að grípa öll tækifæri sem möguleg eru til að rétta af þann halla sem í stefnir. Það yrðu auðvitað, ef saman yrði tekið, býsna stórar fjárhæðir sem á vantar á undanförnum árum. Því þarf að taka á og ég hygg að margir séu sammála um það sem hafa fylgst með því hvernig þessum fjármunum hefur verið deilt niður á verkefni.

[15:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. er í raun að biðja um að ekki verði fyrst og fremst unnið faglega þegar hann talar um að það hefði átt að nota þetta tækifæri til að taka þátt í fyrirtækjum, væntanlega í hans kjördæmi. Ég get ekki ætlast til þess af Byggðastofnun að hún kaupi hlut í fyrirtækjum nema hún hafi trú á að þau fyrirtæki eigi framtíð fyrir sér og hafi rekstrargrundvöll. Í þessu tilfelli var gengið út frá þeim forsendum.

Í tengslum við Norðvesturkjördæmi má nefna að um 100 millj. kr. fara í verkefni þar vegna sölu Steinullarverksmiðjunnar. Eftir að ég tók við embætti iðn.- og viðskrn. var Byggðastofnun flutt út á land, hún var flutt á Sauðárkrók, sem er í hans kjördæmi. Þannig mætti lengi telja. Það er því misskilningur ef hv. þm. heldur að það sé ekki horft á landið allt þegar um byggðamál er að ræða.

[15:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er alltaf vont ef einhver misskilningur er á ferðinni. Mér finnst hins vegar ekki neinn misskilningur fólginn í að sjá hvernig þessir fjármunir hafa dreifst á landið. Það þarf ekki að fara lengi yfir málin til að sjá hversu mikið hefur hallað á hvað byggðamál varðar á undanförnum árum.

Ég hef ekki verið að biðja um að ekki verði farið faglega í málin en það hlýtur að vera hægt að úthluta faglega fjármunum á þetta landsvæði alveg eins og norðausturhluta landsins. Ég veit ekki betur en að margir tugir fyrirtækja hafi sótt um, t.d. í þessu verkefni þó að ég ætli ekki að gera það að aðalatriði málsins. Aðalatriðið er að menn komi auga á þann vanda sem uppi er og taki á honum. Ég skora á hæstv. ráðherra að láta virkilega til sín taka. Hún mætti hafa orð tilvonandi forsrh. til viðmiðunar hvað það varðar, að nú sé komið að þessum hluta landsins.

[15:47]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kem auga á vanda víða. Mér finnst þó að við megum ekki vera svo upptekin af því að horfa á vandann að við sjáum ekki allt það jákvæða sem er að gerast á landsbyggðinni. Mér finnst að hv. þm. sé með málflutningi sínum að ýta svolítið undir þá umræðu að vandamálin séu meiri en raun ber vitni. Það finnst mér ekki eiga að vera hlutverk þingmanna, að tala landsbyggðina niður, eins og stundum heyrist. Þar er gríðarlega margt jákvætt að gerast. Ég tel að við séum búin að ná botninum hvað flóttann frá landsbyggðinni varðar. Fram undan tel ég að sé miklu frekar uppbygging.

Rannsókn flugslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 467. mál (siglingavernd, kóðar, gjaldtaka). — Þskj. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (ELS-tíðindi). — Þskj. 613.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Breytingar á eignarhaldi í sjávarútvegi.

[15:51]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Sala Landsbankans á útgerðarrisanum Brimi, sem samanstóð af Útgerðarfélagi Akureyringa, Skagstrendingi og útgerðarfélagi Haraldar Böðvarssonar á Akranesi vakti miklar umræður. Gríðarleg óvissa ríkti um lyktir málsins, einkum á þeim stöðum sem hlut áttu að máli.

Sjávarútvegurinn stendur nú fyrir meira en 60% af heildarútflutningsverðmætum þjóðarinnar. Hér var vélað um 12% af allri kvótaeigninni, setja á uppboð um áttunda hluta af öllum Íslandsmiðum. Hér var því um stórmál þjóðarinnar allrar að ræða.

Fyrir rúmu ári keypti Eimskipafélag Íslands Útgerðarfélag Akureyringa, Harald Böðvarsson og Skagstrending og stofnaði útgerðarfélagið Brim. Stjórnendur Eimskips lýstu yfir að þessi kaup væru ekki gerð með stundargróða í huga heldur væri þetta liður í langtímaáformum fyrirtækisins.

En þessi ákvörðun stóð ekki lengi. Einkavæddur Landsbanki, sem hafði verið seldur á spottpris, gleypti á einni nóttu Eimskip. Hinir nýju eigendur vissu hvar fjármagn var að finna, þ.e. í sjávarútvegsfyrirtækjum Eimskips. Landsbankinn var með flest þessara sjávarútvegsfyrirtækja í viðskiptum og vissi nákvæmlega hver eigna- og rekstrarstaða þeirra var. Þar á bæ vissu menn líka að þeir hefðu visst kverkatak á atvinnuveginum og viðkomandi sjávarbyggðum. Þeir gátu nánast skammtað sér það söluverð sem þeim sýndist. Þeir réðu líka lánskjörum kaupendanna.

Árangurinn lét ekki á sér standa. Með sölu á Skagstrendingi, Útgerðarfélagi Akureyringa og Haraldi Böðvarssyni drógu eigendur Landsbankans í hreinan gróða eftir skatta, eftir nokkurra vikna eign á þessum fyrirtækjum, um 3 milljarða kr.

„Hugsum fyrst og fremst um hagsmuni hluthafa," segir flennifyrirsögn Fréttablaðsins 19. okt. á síðasta ári. Þar var vitnað í viðtal við nýráðinn stjórnarformann Eimskips.

Fyrir nokkrum árum gekk sú bylgja yfir að sjávarútvegsfyrirtæki þyrftu að vera svo stór og sterk að þau gætu boðið sig á almennum hlutabréfamarkaði og sótt þar með áhættufjármagn í greinina. Í reynd var þetta þannig að þau stærri, sem höfðu aðgang að lánsfé, keyptu hin minni upp. Það kom ekkert nýtt fjármagn inn. Skuldirnar hlóðust upp í sjávarútveginum á nýjan leik eftir að aflaheimildirnar höfðu verið gefnar útgerðinni á sínum tíma til að styrkja eiginfjárstöðu hennar.

Herra forseti. Að sækja 3 milljarða kr. á örfáum dögum er ekki að fá eðlilegan arð af eignum sínum. Þetta er rán. Í stað þess að eigendur Landsbankans kæmu með nýtt fjármagn inn í sjávarútveginn og styrktu samkeppnisstöðu hans er hann á örfáum dögum blóðmjólkaður og peningarnir fluttir úr landi og virðast nú dúkka upp í kaupum á búlgarska símanum. Hvert fyrirtækið á fætur öðru er á harðahlaupum að forða sér af opnum hlutabréfamarkaði og loka á innbrot eða rán eins og átti sér stað í skjóli ranglátra laga við kaup og sölu á sjávarútvegsfyrirtækjum Brims. Söluferli Brims hefur sýnt flesta galla þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við búum við.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að beina eftirtöldum spurningum til hæstv. sjútvrh.:

Hefur ráðuneytið látið gera úttekt á því hversu mikið fjármagn var tekið út úr sjávarútveginum við sölu Landsbankans á sjávarútvegsfyrirtækjum Brims? Hve mikið jukust skuldir sjávarútvegsins við þær sölur einar sér?

Hvernig voru þessi kaup fjármögnuð? Ef þau eru fjármögnuð með erlendu lánsfé þýða þau enn meira álag á gengi krónunnar og skerta samkeppnisstöðu sjávarútvegsins. Hver er eiginlega heildarskuldastaða sjávarútvegsins í dag?

Hvernig hyggst ráðherra eða ríkisstjórn bregðast við til að styrkja samkeppnisstöðu útflutningsgreina sjávarútvegsins og verja atvinnuveginn gegn innrásum af því tagi sem Landsbankinn beitti við að soga fjármagn út úr fyrirtækjum Brims?

Hefur ráðuneytið lagt mat á hvaða áhrif þessi viðskipti hafa á atvinnuöryggi fólks í sjávarútvegi og framtíð minni útgerðarfyrirtækja?

Virðulegi forseti. Við sölu Brims kom berlega í ljós hið mikla óöryggi sem íbúar sjávarbyggðanna búa við í núverandi kvótakerfi fiskveiða. Því leyfi ég mér að spyrja: Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins sem miði að því að færa aukinn ráðstöfunarrétt aflaheimilda til byggðanna og styrkja þar með og efla atvinnu og búsetu í sjávarbyggðunum?

[15:56]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mun nota ræðutíma minn til að reifa að nokkru sjónarmið mín til þeirra álitaefna sem hér eru uppi. Fái háttvirtur málshefjandi ekki nægjanlega glögga mynd eða góð svör við þeim spurningum sem hann hefur lagt fram í dag bendi ég honum á að leggja fram fyrirspurnir á því þinglega formi sem gert er ráð fyrir til að bera fram fyrirspurnir. Umræður utan dagskrár eru ekki til þess að ráðherrar svari röð af fyrirspurnum frá þingmönnum heldur til þess að menn geti rætt málin og reifað sjónarmið sín hvað þau varðar. Fyrirspurnatíminn er fyrir fyrirspurnir og sjálfsagt að svara þeim þar.

Hins vegar er ljóst, herra forseti, að meiri breytingar hafa orðið á íslensku atvinnulífi á undanförnum mánuðum og missirum en við höfum upplifað í mörg ár og jafnvel í áratugi. Angi þessara breytinga var salan á sjávarútvegsfyrirtækjum Brims sem fór fram fyrir ekki svo löngu síðan.

Það er rétt sem kom fram hjá háttvirtum málshefjanda að menn höfðu áhyggjur af atvinnuöryggi og rekstraröryggi þessara fyrirtækja meðan á því ferli stóð. Hins vegar hefur niðurstaðan sýnt að kannski var minni ástæða til að hafa áhyggjur af því sem kæmi í kjölfarið á sölu fyrirtækjanna. Staðan er reyndar sú að að því er best verður séð hefur atvinnuöryggi þeirra sem hjá þessum fyrirtækjum starfa á engan hátt raskast. Þeir sem þar hafa fjárfest virðast hafa langtímasjónarmið í fjárfestingum sínum og ætla sér að standa að rekstri fyrirtækjanna. Hér er um að ræða mjög traust fyrirtæki sem eiga sér langa sögu og eru í góðum rekstri. Þar af leiðandi er engin ástæða til að hafa áhyggjur af

því að sá rekstur væri betur kominn á annan hátt eða einhvers staðar annars staðar en hann er í dag.

Ástæða er til að ætla að þessi fyrirtæki muni þróast í framtíðinni í takt við það sem gerist í sjávarútvegi innan lands og því sem gerist í sjávarútvegi erlendis, kannski ekki síst miðað við hvað gerist í sjávarútvegi erlendis miðað við þá erlendu samkeppni sem við höfum orðið vör við á undanförnum mánuðum.

Hins vegar er líka ljóst að eitt af því sem hafði afgerandi áhrif á það hvernig þessi kaup fóru fram eru þær takmarkanir sem eru á hámarkskvótaeign hjá einu fyrirtæki eða skyldum fyrirtækjum. Það má bæði sjá á því hverjir tóku þátt í þessum viðskiptum og buðu í fyrirtækin þegar það ferli fór fram hjá Landsbankanum. Eins er áberandi hverjir ekki tóku þátt í þessu ferli og hverjir buðu ekki.

Ljóst er að kaupverð fyrirtækjanna mun hafa áhrif á rekstur þeirra og mun gera mjög miklar kröfur til þeirra sem þeim rekstri stjórna um að reksturinn verði arðsamur. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla að þessi fyrirtæki standi ekki undir þeirri kröfu og þeir sem hafa fjárfest fái ekki arð af eignum sínum á eðlilegan hátt og á eðlilegum tíma. Skylda stjórnvalda verður eftir sem áður að ganga þannig frá málum að hagstætt verði að fjárfesta í sjávarútvegi í framtíðinni sem hingað til. Ekki er að sjá af niðurstöðu þessa máls að menn séu feimnir við að fjárfesta í sjávarútvegi á Íslandi.

Ég hef hins vegar áhyggjur af því sem óbeint tengist þessu, að sjávarútvegsfyrirtæki hafa farið úr Kauphöllinni, og þá er ég ekki endilega að tala um fyrirtækin sem þarna voru til sölu heldur önnur fyrirtæki og þá er verið að hverfa frá fjármögnun í gegnum hlutabréfamarkaðinn í fjármögnun í gegnum einkafyrirtæki sem eru mjög skuldsett með lánum hjá bönkum. Þetta getur haft áhrif á þá hugsun sem ríkir í rekstrinum, þá langtímahugsun sem hefur skipt svo miklu máli hvað varðar ábyrgð útgerðarinnar í fiskveiðistjórninni, ábyrgð í umgengni við auðlindina og þann aga sem Kauphöllin veitir fyrirtækjum sem þar eru skráð. Það eru því þessir hlutir, herra forseti, sem ég hef áhyggjur af en hins vegar verð ég að segja að þeir aðilar sem þarna hafa komið að hafa áður sýnt að þeir eru þess trausts verðir að hafa langtímahagsmuni þjóðarinnar og auðlindarinnar í huga.

[16:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við samfylkingarmenn erum andvígir því fyrirkomulagi sem er á eignarrétti veiðiréttar en við óskum þeim góðs gengis sem fengu aflaheimildirnar í hendur. Þeir bera ekki ábyrgð á því fyrirkomulagi sem gildir. Kaupverðið segir okkur hins vegar þær fréttir að nú sé horft til upplausnarverðmætis fyrirtækjanna ekki síður en rekstrarniðurstöðu.

Forsvarsmenn stórra útgerðarfyrirtækja hafa talið sig óhulta fyrir þessum vanda en eru það ekki lengur. Það eru mikil tíðindi því að rótgróin starfsemi gæti orðið í hættu og þurft að láta undan.

Fjáraflamenn hafa nú nýjan akur að plægja, þurfa bara samstarf við sterka fjármálastofnun og þá mega hlutafjáreigendur í sjávarútvegsfyrirtækjum búast við upplausnarverði í bréfum sínum. Óvissan sem andstæðingar Samf. spáðu ef stefnunni yrði breytt við síðustu kosningar hefur skekið mörg byggðarlög að undanförnu og mun gera það áfram og nú líka á stöðum þar sem hún gerði það ekki fyrr.

Þessa dagana er minnst afreka þeirra manna sem færðu íslensku þjóðinni frjálsræði og framfarir fyrir 100 árum. Ég er ekki í vafa um fyrir hvaða afrek þeir stjórnmálamenn sem nú eru á dögum verða frægastir eftir næstu 100 ár, verði sú einkavæðing á mikilvægustu auðlindum landsins sem fram hefur farið með blekkingum látin standa. Það glapræði verður slíkur minnisvarði um ystu öfgar frjálshyggjunnar á okkar dögum að allt annað mun þykja lítilsvert og það mun ekki síst þykja merki um vanþróað lýðræði þessara tíma að valdamenn kæra sig kollótta og fara sínu fram gegn skýrum og staðföstum vilja fólksins í landinu. Eftirmæli þeirra verða vond og það góða sem þeir líka gerðu mun hverfa í skuggann af þessu.

[16:04]

Grétar Mar Jónsson:

Hæstv. forseti. Íslenska fiskveiðistjórnarkerfið leiðir það af sér vegna framsalsins að atvinnuréttur fólks hvar sem er í landinu er í algerri óvissu, hvort sem er á Akureyri, Seyðisfirði, Sandgerði eða annars staðar. Þeim sem á stærri útgerðarstöðum búa ætti að vera þetta ljóst. Að afhenda fáum útvöldum allan fiskinn í sjónum umhverfis landið er mesta brjálæði Íslandssögunnar. Um það bil 500 milljarðar króna hafa verið gefnir fáum útvöldum og aðrir mega éta það sem úti frýs. Fólkið sem bjó til veiðireynslu fyrir sægreifana situr eftir í verðlausum eignum hringinn í kringum landið. Hetjur hafsins og hermenn þjóðarinnar sem hafa menntað sig til sjómannastarfa hafa ekki að neinu að hverfa. Helmingur sjómanna eru leiguliðar með einum eða öðrum hætti.

Árangur af fiskveiðistjórnarkerfinu er ekki neitt til að hæla sér af. Skuldir upp á 220–230 milljarða hjá sjávarútvegsfyrirtækjum og margir skulda í hlutabréfum í sömu fyrirtækjum háar upphæðir. Ástand fiskstofnanna er í sögulegu lágmarki að mati Hafrannsóknastofnunar. Að stela lífsbjörginni frá fólkinu í landinu á eftir að leiða af sér harða baráttu, sennilega hörðustu baráttu í sögu þjóðarinnar. Það er enginn öruggur. Þess vegna verður að breyta um stjórn fiskveiða með góðu eða illu. Rekstur Fiskistofu kostar 650 millj. kr. til að verja fiskinn í sjónum fyrir sægreifunum. Á sama tíma er verið að setja 157 millj. kr. til fíkniefnalögreglunnar sem ætlar að berjast gegn mesta böli æskunnar og verja framtíð Íslands. Er þörfin svona mikil fyrir að verja kvótakerfið að stjórnvöld verði að verja til þess fjórfalt meiri fjármunum en til fíkniefnavarna? Verða menn ekki að staldra við og hugsa sinn gang upp á nýtt? Er ekki kominn tími til að snúa af villu vegar? Maður spyr: Hvað ætla stjórnarflokkarnir að halda þessu brjálæði lengi áfram?

[16:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ærið áhyggjuefni sem hv. málshefjandi kom inn á að sjávarútvegurinn er, með nýlegum eignabreytingum í fyrirtækjum og með því að Eimskipafélagið eða Burðarás gegnum Landsbankann hverfur út úr sjávarútveginum með um 20 milljarða króna, að hnýta sér umtalsverðar auknar skuldabyrðar. Stór hluti þessa kaupverðs sem þarna var reitt fram á fáeinum sólarhringum til handa fyrri eigendum endar á herðum þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem keyptu sem skuldir, og eru þó rekstrarskilyrði sjávarútvegsins býsna þung fyrir um þessar mundir með sterku gengi krónunnar, með háum vöxtum og með heldur veikari stöðu á mörkuðum en verið hefur um skeið. Auðvitað bitna þessar almennu efnahagsaðstæður á fleiri greinum eins og ferðaþjónustu, samkeppnisiðnaði og möguleikum til nýsköpunar í atvinnulífi en vandi sjávarútvegsins er ekki betri né minni fyrir það.

Ég vil taka fram að kaupendurnir nú eru traustir aðilar og að sjálfsögðu vonar maður allt hið besta fyrir þeirra hönd og þeirra byggðarlaga sem þarna áttu í hlut en þessir nýliðnu atburðir eru okkur auðvitað aðeins enn ein áminningin um að meðan það fyrirkomulag er við lýði varðandi stjórn fiskveiða, að á sé kvótakerfi með fullkomlega frjálsu framsali veiðiheimilda án nokkurrar tengingar við byggðirnar án þess að nokkurt umtalsvert öryggisnet sé undir þessu hvað varðar hinn lífsnauðsynlega aðgöngumiða að auðlindinni, verður þetta viðvarandi ástand og á ekki að þurfa að koma neinum á óvart. Það má helst segja að það sé nýtt í stöðunni nú að jafnvel stærstu staðirnir eins og Akureyri og Akranes vakna upp við það að ekki einu sinni þeir eru öryggir í þessu kerfi. Þegar farið er að horfa fyrst og fremst til upplausnarvirðis fyrirtækjanna, innanfitunnar í þeim, er ekki von á góðu, herra forseti. Ég held því að menn verði að sjá þessa hluti í samhengi og svara því hvort þeir vilja hafa þetta svona um aldur og ævi, hafa þetta sverð hangandi í loftinu yfir byggðarlögunum og íbúum þess eða gera þar einhverjar breytingar á.

[16:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á því er enginn vafi að niðurstaðan varðandi uppskiptingu hins mikla sjávarútvegsfyrirtækis Brims varð fyrir byggðirnir í Norðvesturkjördæmi betur viðunandi en margir óttuðust. Á Akranesi voru kaup Granda á Haraldi Böðvarssyni unnin að frumkvæði og í samráði við heimamenn, eigendur og stjórn þess fyrirtækis. Kaup Fiskiðjunnar Skagfirðings á Skagstrendingi er einnig unnin í sátt við heimamenn og forsvarsmenn fyrirtækisins hafa undirritað skuldbindandi yfirlýsingu um öfluga áframhaldandi starfsemi á Hólmavík og Skagaströnd, auk þess sem Höfðahreppur á Skagaströnd hefur með sölu sinni á hlutabréfum í Eimskip gríðarlega sterka fjárhagslega stöðu.

Það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að það eru þrjú fyrirtæki sem nú standa að rekstri einingar sem áður var á einni hendi. Það er athyglisvert í ljósi umræðunnar sem farið hefur fram um samþjöppun í sjávarútvegi. Brim var með um 12% allra veiðiheimilda á sinni hendi. Nú er sá veiðiréttur hjá þremur fyrirtækjum.

Við vitum því miður að það eru mýmörg ljót dæmi úr fortíðinni um að uppstokkun og eignabreytingar hafa leitt til þess að kvóti hefur flust úr byggð. Atvinnustarfsemin hefur veikst í kjölfarið með tilheyrandi byggðaflótta og vandræðum. Það er því eðlilegt að sú óvissa sem hefur verið í kringum þessar eignabreytingar hafi valdið kvíða. Við eigum hins vegar ekki að ætla annað en að menn ætli að standa við fyrirætlanir sínar og áfram verði haldið uppi öflugri atvinnustarfsemi með sem líkustum hætti á þessum stöðum líkt og gefið hefur verið fyrirheit um.

Þetta leiðir hins vegar í ljós að það er beint samband á milli kvótaþróunar, atvinnutekna og byggðaþróunar í byggðum landsins. Það þýðir ekkert að reyna að halda öðru fram. Menn eru víðs vegar um landið að reyna að verja burðarfyrirtækin í sjávarútveginum til að treysta stöðu byggðanna sinna. Jafnvel staðir sem eiga að mörgu öðru að hverfa gera sér það ljóst að veikari sjávarútvegur veikir byggðirnar. Það er mjög mikilvægur lærdómur sem við drögum af þessari umræðu. Ég held að hún hafi varpað að mörgu leyti nýju ljósi á þá umræðu sem farið hefur fram um sjávarútveginn og byggðirnar og brýnir okkur í því að reyna að treysta þær stoðir sem undir þessum byggðum eru og fjölga þeim svo að menn séu ekki jafnháðir sjávarútveginum og verið hefur.

[16:11]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Kemur okkur það við þegar fyrirtæki eru seld eða keypt á hinum frjálsa markaði? Er einhver ástæða til að ræða slíkt á Alþingi? Mitt svar er já, þegar verið er að ráðstafa stórum hluta af aflaheimildum á Íslandsmiðum um leið og sala á sér stað.

Óvenjustór hluti aflaheimilda á Íslandsmiðum var boðinn til kaups nýlega, nánar tiltekið tæp 11% af heildarkvóta. Það gerðist þegar Eimskip ákvað að selja hæstbjóðanda eignir sínar í sjávarútvegi.

Fyrirtæki ganga kaupum og sölum í öllum greinum atvinnulífs og vandséð að slíkar sölur fyrirtækja verði fundarefni í sölum Alþingis í hvert skipti. En þegar um er að ræða sölu á fyrirtækjum sem eru meginburðarstoðir atvinnulífs á hverjum stað fyrir sig er ekki undarlegt þó að staldrað sé við og spurt: Hvað á að taka við ef starfsemi slíks fyrirtækis er flutt í burtu og ekkert kemur í staðinn? Berum við einhverja ábyrgð á því að fasteignir þeirra sem búa á þessum stöðum hrynja í verði um leið og íbúar leita leiða til að flytja í burtu? Berum við einhverja ábyrgð á því að tekjur þessara sveitarfélaga hrynja og rekstur þeirra þar með gerður nánast ómögulegur. Það hljótum við að gera, virðulegi forseti, og því getum við ekki vikið okkur undan því að ræða málið af alvöru.

Ég er ekki að halda því fram að aflaheimildir verði fluttar í burtu í framhaldi af sölu Brims á HB, Skagstrendingi og ÚA. En við höfum öll séð og heyrt blendin viðbrögð heimamanna við sölunni og óttinn er vissulega fyrir hendi.

Við sem störfum á hinu háa Alþingi hljótum að þurfa að taka vandaða umræðu og ítarlega skoðun á hvernig hægt sé að koma til móts við byggðarlög sem hafa lent í þeirri stöðu að aflaheimildir hafa verið seldar og fluttar í burtu. Við höfum mörg dæmi um slíkt og nægir að nefna Sandgerði í því tilefni. Fylgismenn núverandi kerfis hafa sagt að þeir sem missi geti alltaf keypt til baka en við sem fylgdumst með sölu á Brimi vitum að Sandgerðingum var í raun ekki heimilað að gera raunverulegt tilboð í þann kvóta sem þaðan hafði flust á Akranes.

Hróp og köll, virðulegi forseti, og tveggja mínútna andarteppuræður á Alþingi leysa ekki vandann. Við verðum að leita annarra leiða.

[16:13]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Nú liggur fyrir hverjir keyptu sjávarútvegsrisann Brim. Tíminn einn mun leiða í ljós hver framvindan verður í rekstri Haraldar Böðvarssonar, Skagstrendings og Útgerðarfélags Akureyringa. Það sem stendur eftir er sú umræða sem fram fór meðan á söluferlinu stóð. Umræðan var á margan hátt athyglisverð því að í henni kristölluðust nokkrir af alvarlegustu vanköntum núverandi kvótakerfis.

Í fyrsta lagi minnti umræðan vel á það gríðarlega ójafnræði sem ríkir í atvinnugreininni, þ.e. á milli stöðu útgerðaraðila sem ráða yfir miklum veiðiheimildum annars vegar og hins vegar fólksins sem býr á viðkomandi stöðum og á lífsviðurværi sitt og eignir að meira eða minna leyti undir því að útgerðarfyrirtækin séu áfram á staðnum, en ræður engu þar um.

Í öðru lagi minnir kvótaverðið í þessum tilteknu viðskiptum óneitanlega á þá staðreynd að ungir, kraftmiklir einstaklingar sem í marga áratugi, fyrir daga kvótakerfisins, voru helstu drifkraftar í íslenskri útgerð eiga enga möguleika á innkomu í greinina nema vera milljarðamæringar.

Í þriðja lagi ber að nefna hlut íslenskra bankastofnana í hinum illræmda viðskiptaleik sem framsalsrétturinn hefur alið af sér. Í fyrstu voru það einstaklingar sem högnuðust stórum á sölu aflaheimilda og brotthvarfi sínu frá íslenskri útgerð. Í dag hafa bankarnir tekið við færinu á þeim bænum. Íslenskar bankastofnanir og fjármálafyrirtæki hafa með lagni náð að sölsa undir sig þorra þeirrar framlegðar sem íslenskur sjávarútvegur rís undir.

Að teknu tilliti til þessara alvarlegu vankanta má ljóst vera að sátt um framseljanlegt kvótakerfi er ekki í sjónmáli. Reynt hefur verið að leita leiða til sátta án nokkurs árangurs. Sátt um íslenska fiskveiðistjórn mun ekki líta dagsins ljós fyrr en stjórnarliðar viðurkenna stærstu mistök íslenskrar stjórnmálasögu, þegar framsalsrétturinn var lögleiddur fyrir rúmum áratug. Mistökin hafa kostað íslenska þjóð hundruð milljarða íslenskra króna á þeim tíma sem liðinn er.

[16:15]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er eðlilegt að þessi mál beri á góma hér á Alþingi. Það eru mikil tíðindi þegar jafnöflugt og sterkt fyrirtæki og Brim er leyst upp og boðið út í þrem pörtum. Það er ekki launungarmál að við á Akureyri bundum miklar vonir við það fyrirtæki sem var alhliða fyrirtæki í sjávarútvegi og stóð fyrir margvíslegri rannsóknar- og þróunarstarfsemi, bæði hér innan lands og erlendis, og þess vegna var það mikil ákvörðun að tvístra því fyrirtæki með þeim hætti sem gert var. Leikurinn er þannig að þeir sem eiga fyrirtækin ráða hvað þeir gera við þau en auðvitað hljóta menn sem bera mikla ábyrgð að taka á sig þær þjóðfélagslegu skyldur sem slíku fylgir.

Á hinn bóginn eru það góðar fréttir að Guðmundur Kristjánsson og þeir feðgar hafa ævinlega staðið vel að sínum málum og sinni útgerð, og þeim fylgir mikið traust. Við skulum ekki gleyma því að Útgerðarfélag Akureyringa var vel rekið og öflugt fyrirtæki sem stendur fyllilega undir þeim vonum sem til þess hafa verið gerðar og því trausti sem til þess var gert, sem með öðru sýnir að Eimskipafélag Íslands var mjög vel rekið fyrirtæki.

Ég vil líka vekja athygli á því að mikil og öflug fyrirtæki skapa mikið atvinnuöryggi í sínum byggðarlögum. Við sjáum þetta við Eyjafjörð. Við sjáum þetta á stöðum eins og í Fjarðabyggð. Við sjáum þetta á Stöðvarfirði. Og það er auðvitað svo að ef menn vilja leggja fé sitt í sjávarútvegsfyrirtæki verða þeir líka að eiga von á því að fá greitt andvirði þeirra ef þeir vilja selja.

Ég hygg að þegar á heildina er litið hafi salan á Brimi tekist vel en ég ítreka það sem ég áður sagði að ég sakna þessa sterka fyrirtækis sem var á Akureyri því margir bundu við það miklar vonir, eðlilega, eins og að því hafði verið staðið.

[16:18]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla síður en svo að álasa kaupendum að þessum fyrirtækjum Brims og ég óska þeim allra heilla í rekstri þessara mikilvægu sjávarútvegsfyrirtækja. Hinu vil ég vekja athygli á og ítreka að við þessa sölu voru teknir nærri 3 milljarðar króna út úr þessu fyrirtæki án þess að nokkuð hafi verið lagt inn í það á móti. Á nokkurra daga eign Landsbankans á þessu fyrirtæki voru hirtir nærri 3 milljarðar króna og það eru óábyrg vinnubrögð, og það er rán að mínu mati. Þetta tel ég að hæstv. sjútvrh. hafi ekki skilið til fulls þegar hann kom í ræðustól og gat litlu svarað nema lauslegum vangaveltum um þessi mál án þess að geta leitt hugann nokkuð að því sem brennur á þessum atvinnuvegi og þjóðinni allri.

Það gerir hins vegar útgerð Guðmundar Runólfssonar í Grundarfirði. Í Fréttablaðinu 23. janúar sl. segir framkvæmdastjórinn, Guðmundur Smári Guðmundsson, með leyfi forseta:

„„Gróðafíknin, sem lýsir sér í því að ná sem mestum hagnaði á sem skemmstum tíma, skaðar fyrirtækin þegar til lengri tíma er litið. Hugmyndafræði excel-kynslóðarinnar um hagræðingu og sameiningar og að leggja niður sem flest fyrirtæki í kringum landið gengur að okkar mati ekki upp," segir Guðmundur Smári.

Hann segir að miklu ráði hagur Grundarfjarðar og fjölskyldan hafi viljað forðast að fyrirtækið lenti í höndum þeirra sem fyrst og fremst hugsuðu um skammtímagróða.

„Við vildum ekki að fyrirtækið lenti inni í ferli sem við réðum ekkert við," segir Guðmundur Smári." — Enn fremur segir hann að að sjálfsögðu þurfi að vera arður af veiðum og vinnslu en það sé ekki síður mikilvægt að störfin haldist í heimabyggð, ótrufluð af excel-kynslóðinni.

Virðulegi forseti. Það er virkilegt áhyggjuefni að fyrirtæki hvert af öðru skuli hlaupa eins og fætur toga ef þau mögulega geta út af hlutabréfamarkaðnum til að verða ekki gleypt af viðskiptabönkum sínum.

[16:20]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég get nú ekki annað en óskað þess að hv. þm. Jón Bjarnason hlusti meira á Guðmund Smára Guðmundsson en hann hefur gert hingað til (**JBjarn:** Þú ættir að hlusta á hann.) ... heldur en hann hefur gert hingað til. Ég hlusta alltaf á hann. (Gripið fram í.) Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði hvort okkur kæmi þetta við. Og auðvitað var rétt svarið hjá honum: Okkur kemur þetta við. Þess vegna höfum við hér á hv. Alþingi sett um þetta lög og reglur, og þau lög og þær reglur eru að virka. Það sjáum við á því sem hér er um að ræða.

Það hefur mikið verið talað um upplausnarverð, en upplausnarverðið kom bara afskaplega lítið við sögu því þessi fyrirtæki voru seld miðað við rekstrarniðurstöðu og þau geta staðið undir þessum kaupum miðað við sinn rekstur. Hins vegar hefur verið blandað inn í þetta öðrum málum hér eins og Fiskistofu, rekstrarkostnaður Fiskistofu borinn saman við eiturlyfjalögregluna. Það er eins og hv. þm. Grétar Mar Jónsson telji að Fiskistofa geri ekkert annað en eltast við brotlega sjómenn. Það er margt annað sem þar fer fram og verið að sýsla en að eltast við þá sem eru brotlegir. Og hann nefndi einnig ástand fiskstofnanna. Við höfum bara aldrei veitt meira og aldrei tekið meira úr auðlindinni en núna síðustu árin. Og ástand fiskstofna er í jafnvægi eða á uppleið í langflestum tilfellum.

Framsalið hefur líka komið við sögu hér. Framsalið er einmitt það sem hefur leitt til hagræðingarinnar. Framsalið hefur verið drifkraftur í okkar kerfi. Og ef við skoðum það núna er ekki verið að framselja heimildir, það er ekki einu sinni verið að selja skip. Það er verið að selja fyrirtæki.

Og hverju hefur þetta skilað okkur? Við höfum ekki tapað hundruðum milljóna eins og einhver var að tala um, við höfum skapað hundruð milljóna með því kerfi sem hér hefur verið. Við höfum skapað milljarða með því kerfi sem hér hefur verið við lýði.

Og einhver spurði: Hvað stendur eftir? Jú, hann taldi að það væri umræðan sem stæði eftir. Nei, það er rangt. Það sem stendur eftir er það (Gripið fram í.) að við erum með þrjú stór (Gripið fram í.) — viltu leyfa mér að hafa orðið, herra þingmaður? Það sem stendur eftir er að við erum með þrjú öflug fyrirtæki og öflugt sjávarútvegskerfi sem skilar þjóðinni miklum arði, herra forseti.

Um fundarstjórn.

Breytingar á eignarhaldi í sjávarútvegi.

[16:23]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hér hafa menn verið að ræða eitt af þeim málum sem mest er tekist á um í íslenskum samtíma. Hér er um að ræða mál sem harðar deilur hafa sprottið um og það tengist rótum íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins. Hér hafa fulltrúar allra flokka talað, frú forseti, nema eins. Er það virkilega þannig að Framsfl. hafi ekki skoðun á þessu máli? Eða valda einhverjir aðrir hagsmunir því að þingmenn Framsfl. taka hér ekki til máls?

Virðulegi forseti. Ég treysti því að ekki hafi það verið vegna þess að forseti hafi komið í veg fyrir að hv. þm. Framsfl. töluðu hér. En þá liggur það fyrir að þingmenn Framsfl. hafa ekki skoðun á þessum uppskiptum í sjávarútveginum. Og er það þannig að Framsfl. sé skoðanalaus á svona máli sem segja má að sé kjarninn í fiskveiðistjórn á Íslandi? Ekki trúi ég því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem jafnan hefur haft dug og kraft til þess að láta í sér heyra um þessi mál, sé múlbundinn af forustumönnum sínum eða þá einhverjum forustumönnum utan þingsins.

[16:24]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég var ekki hissa á því að formaður Samf. endaði ræðu sína á því að vitna til forustumanna utan þings, svo nærtækt dæmi höfum við í huga um áhrif þeirra á afstöðu þingmanna Samf.

Ég vil aðeins gera grein fyrir því, úr því að það kom til umræðu að ég tók ekki til máls í þessari utandagskrárumræðu ef hæstv. forseti gerir ekki athugasemdir við það.

Það stóð til að ég talaði. Ég hafði fallist á það að tala fyrir hönd flokksins í þessari umræðu en mér var sagt að umræðan byrjaði klukkan fjögur. Og þegar ég kom hér klukkan fjögur, því ég hafði öðrum störfum að sinna, var ræðu framsögumanns og ræðu ráðherra lokið og mér fannst eiginlega ómögulegt að fara inn í umræðuna án þess að vita hvað þeir hefðu haft fram að færa í málinu.

Hitt er annað að ég hef miklar skoðanir í þessu máli og ég hygg að menn geti ekki borið mér það á brýn að hafa verið feiminn við að koma þeim á framfæri.

[16:25]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það velkist enginn í vafa um það hér í þessum sölum að hv. þm. hefur sterkar skoðanir á því máli sem hér er um að ræða. En nú hefur hann upplýst það að hann er í reynd eini þingmaður Framsfl. sem hefur slíkar skoðanir.

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 508. mál. — Þskj. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]

Beiðni leyfð til forsrh. með 33 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 605.

[16:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um erfðafjárskatt sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi lög um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

Erfðafé hefur lengi verið talið eðlilegur skattstofn í þróuðum ríkjum og á sér langa sögu hér á landi. Sama er að segja um önnur aðildarríki OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, en þar er þessi skattur alls staðar lagður á nema í tveimur af 30 aðildarríkjum.

Fyrir þessari skattlagningu liggja ýmis rök varðandi yfirfærslu fjár milli kynslóða en almennt talið er erfðafjárskatturinn vitaskuld einungis ein leið af mörgum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er meginreglan sú að skattskyldar tekjur teljast hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Sérreglur um greiðslu erfðafjárskatts af tilteknum verðmætum sem skattaðilum hlotnast eru því undantekning frá þessari meginreglu.

Þannig segir í 4. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að til skattskyldra tekna teljist:

„Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir ...“ Þá kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. sömu laga þar sem talið er upp hvað ekki telst til tekna að þar á meðal er „Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.“

Meðal þeirra atriða sem hafa verið gagnrýnd í núgildandi lögum um erfðafjárskatt er skortur á skýrum reglum um ákvörðun gjaldstofns til erfðafjárskatts. Mest ber þó á gagnrýni á skatthlutfallið sjálft sem fer stighækkandi eftir hæð gjaldstofns og sifjatengslum og getur orðið allt að 45%. Ljóst er að stighækkandi skattur getur skapað ákveðna hættu á ýmiss konar ráðstöfunum fyrir andlát arfleifanda með það fyrir augum að draga úr skatti eða minnka skattstofninn, og síðan er að sjálfsögðu almennt talið að háir jaðarskattar ýti undir skattundandrátt.

Í gildandi lögum eru matskenndar heimildir fyrir ráðherra til að undanþiggja ákveðna aðila greiðslu erfðafjárskatts. Þannig hefur ráðherra samkvæmt gildandi lögum heimild til að undanþiggja greiðslu erfðafjárskatts eins og um maka eða

sambýlismann væri að ræða „annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður". Þessi heimild hefur reynst afar erfið í framkvæmd, svo matskennd sem hún er. Þá greiða kirkjur, opinberir sjóðir, líknar- og menningarstofnanir og félög ekki erfðafjárskatt. Í mörgum tilvikum er ekki augljóst hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir umræddri undanþágu.

Málsmeðferðarreglur erfðafjárskatts, sem og álagning, eftirlit og innheimta hans, hafa verið mjög frábrugðnar því sem almennt gildir um aðra skatta. Álagning og innheimta skattsins hefur alfarið verið á hendi sýslumanna, en eins konar viðbótareftirlit hjá skattstjórum og Ríkisendurskoðun. Þannig hafa skattstjórar haft það hlutverk að yfirfara erfðafjárskýrslur að lokinni innheimtu skattsins, jafnframt því að gera sýslumönnum viðvart hafi einhverju verið ábótavant við álagninguna. Að öðru leyti hafa skattyfirvöld ekki komið að álagningu og eftirliti með erfðafjárskattinum og hafa ágreiningsmál milli aðila ekki verið kæranleg til yfirskattanefndar eins og gildir um aðra skatta.

Ég vil þá, virðulegur forseti, gera grein fyrir nokkrum helstu breytingum sem í frumvarpinu felast.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru það erfingjar sem eru skattskyldir, þ.e. þeir er taka við arfi, gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna.

Samkvæmt gildandi lögum eru maki og sambýlismaður eða sambýliskona undanþegin greiðslu erfðafjárskatts. Jafnframt er í gildandi lögum gert ráð fyrir heimild ráðherra til að undanþiggja greiðslu erfðafjárskatts með þeim hætti sem ég rakti hér áðan. Sama gildir um undanþágu frá greiðslu skattsins fyrir tiltekna aðila sem taldir eru upp í gildandi lögum.

Í frumvarpi því sem nú er til umræðu er lagt til að heimildir ráðherra til að undanþiggja þessa aðila greiðslu erfðafjárskatts verði felldar brott. Maki og sambýlismaður eða sambýliskona verða þó áfram undanþegin greiðslu erfðafjárskatts. Samfara þeim lækkunum skatthlutfallsins sem lagðar eru til í frumvarpinu er talið að ekki séu lengur forsendur fyrir sérstökum undanþágum sem verið hafa í gildi hingað til auk þess sem það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd að meta framangreind skilyrði fyrir undanþágu. Mun breytingin leiða til þess að fyrrgreindir aðilar greiði framvegis 10% erfðafjárskatt.

Í frumvarpinu er erfingjum skipað í tvo flokka í stað þriggja áður samkvæmt gildandi lögum.

Skipan í skattflokka byggist á skyldleika erfingja og arfleifanda og er skatthlutfallið mishátt eftir flokkum. Í a-flokki eru niðjar arfleifanda, kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn og niðjar þeirra, svo og þeir bréferfingjar sem arfleifandi hefur ráðstafað fé til samkvæmt heimild í 35. gr. erfðalaga, þ.e. þegar hann á skylduerfingja á lífi. Í b-flokki eru síðan aðrir en þeir sem falla undir a-flokk, þ.e. foreldrar hins látna og niðjar þeirra, þar á meðal systkin hins látna, afi og amma og börn þeirra, þar á meðal kjörbörn og svo fjarskyldari erfingjar og óskyldir.

Tvær veigamestu breytingar frumvarpsins eru annars vegar veruleg lækkun skatthlutfallsins og hins vegar hækkun skattfrelsismarka. Þannig er gert ráð fyrir að af erfðafé í a-flokki skuli greiða 5% erfðafjárskatt, í stað 5–10% í núgildandi reglum, og af erfðafé í b-flokki skuli greiða 10% erfðafjárskatt, í stað 15–45% skatts samkvæmt gildandi lögum. Ræðst skattfjárhæðin af skyldleika erfingja við arfleifanda. Skatturinn er því hærri eftir því sem skyldleikinn er firnari. Slíkar reglur eru réttlættar út frá erfðaréttarlegum sjónarmiðum, þ.e. með vísan til þess að erfðaréttur fjarskyldari ættingja er veikari en erfðaréttur náskyldra.

Samkvæmt gildandi lögum er skatthlutfall þeirra erfingja sem falla munu undir a-flokk samkvæmt þessu frumvarpi 5% á gjaldstofn undir 830 þús. kr. sem hækkar um 1% fyrir hverjar 830 þús. kr. umfram það mark þar til 4,1 millj. kr. eignamarki er náð. Af eignum umfram það greiðist 10% skattur. Í gildandi lögum fer skatthlutfall þeirra erfingja sem falla munu undir b-flokk stighækkandi miðað við 830 þús. kr. eignabil fyrir hver tvö prósent frá 15% upp í 25% þar til 4,1 millj. kr. eignamarkinu er náð. En sem fyrr segir er tillaga frumvarpsins sú að allir þeir erfingjar sem samkvæmt gildandi lögum falla undir c-flokk verði skattlagðir með erfingjum í b-flokki. Í c-flokki samkvæmt gildandi lögum er skatthlutfallið á bilinu 30–45% miðað við 830 þús. kr. eignabil fyrir hver þrjú prósent. Það þýðir að erfðafjárskattur af eignum umfram 4,1 millj. kr. í c-flokki er 45% samkvæmt gildandi lögum. Nái frumvarpið fram að ganga munu þessir aðilar greiða 10% erfðafjárskatt eftir breytinguna. Af þessu sést að tillaga frumvarpsins gerir ráð fyrir að verulega verði dregið úr jaðaráhrifum erfðafjárskattsins enda eru þau óvenjumikil í gildandi kerfi.

Er þá í frumvarpinu miðað við að heildarskattfrelsismörk í hverju dánarbúi verði 1 millj. kr. og að erfðafjárskattur verði eingöngu lagður á þá fjárhæð sem er umfram viðmiðunarmörkin. Í dag eru skattfrelsismörkin afar lág, eða einungis 60 þús. krónur. Þá er skatturinn lagður á alla fjárhæðina sé hún hærri en 60 þús. kr., en ekki einungis það sem umfram er. Skattfrelsismörkin hækka sem sagt úr 60 þús. kr. upp í 1 millj.

Samhliða verulegri lækkun skatthlutfallsins og hækkun skattfrelsismarkanna er horfið frá ýmsum undanþágum sem verið hafa í lögunum og ég áður rakti. Há skatthlutföll vekja ávallt upp kröfur um undantekningarreglur á ýmsum sviðum. Með þeirri lækkun og einföldun á skattlagningunni sem lögð er til með frumvarpinu ætti að vera svigrúm til þess að afnema undanþágur frá greiðslu erfðafjárskatts sem verið hafa í gildi án þess að það komi of þungt niður á þeim aðilum sem hafa getað nýtt sér þær til þessa.

Í frumvarpinu eru ítarlegri ákvæði um gjaldstofn erfðafjárskatts en verið hafa samkvæmt gildandi lögum, án þess að um breikkun skattstofnsins sé að ræða. Þá eru sett skýrari ákvæði um við hvaða tímamark skuli ákveða gjaldstofninn. Meginreglan verði að við ákvörðun gjaldstofns skuli miðað við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Frá þeirri meginreglu eru fjórar undantekningar sambærilegar þeim sem eru í gildandi lögum. Ein undanþágan varðar fasteignir en þær skulu taldar á fasteignamatsverði. Hins vegar er tekið upp mikilvægt nýmæli varðandi fasteignir sem felur það í sér að sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 90/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi erfðafjárskýrslu matsgjörð sem ekki er eldri en fjögurra vikna gömul.

Í frumvarpinu eru lagðar til ítarlegri reglur um málsmeðferð en er að finna í gildandi lögum. Annars vegar eru reglur um hlutverk sýslumanns við ákvörðun á erfðafjárskatti og hins vegar um eftirlitshlutverk skattstjóra. Þá er lögð til

sú meginbreyting að ekki er gert ráð fyrir sérstöku eftirliti Ríkisendurskoðunar. Þess í stað er kveðið skýrar á um allt eftirlit skattstjóra. Gert er ráð fyrir að skattstjóri endurákvarði erfðafjárskatt komi fram nýjar eignir eða verðmæti við eftirlit hans í stað sýslumanns eftir gildandi lögum. Miðað er við að skattstjóri ljúki yfirferð sinni eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 40 dögum eftir að honum barst erfðafjárskýrsla frá sýslumanni. Engin slík ákvæði um málshraða er að finna í gildandi lögum, en með þessu er leitast við að ljúka þessum málum sem fyrst. Skattstjóra ber eftir sem áður að gera viðkomandi sýslumanni viðvart komi fram nýjar eignir sem ekki lágu fyrir í upphafi þar sem nauðsynlegt er að taka upp skiptin í slíkum tilvikum, sbr. lög um skipti á dánarbúum o.fl.

Í frumvarpinu eru einnig ítarleg ákvæði um gjalddaga erfðafjárskatts og viðurlög sé skatturinn ekki greiddur á réttum tíma, sem og endurgreiðslu oftekins erfðafjárskatts og kæruheimild til yfirskattanefndar, en hvort tveggja er nýjung.

Virðulegi forseti. Tekjur ríkissjóðs af erfðaskatti sveiflast talsvert milli ára. Erfitt er að leggja mat á tekjur af þessum skatti af nákvæmni. Tekjur af þessum skattstofni á síðasta ári, árið 2003, verða að líkindum u.þ.b. 800 millj. kr. þegar öll kurl verða komin til grafar.

Erfitt er að meta með nákvæmni áhrif breytingartillagna frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs, m.a. vegna ónógra upplýsinga um skiptingu skatttekna eftir gjaldflokkum í gildandi kerfi. Það má þó gera ráð fyrir því að ríkissjóður verði af ríflega helmingi núverandi tekna miðað við óbreyttan skattstofn. Í frv. felst því skattalækkun sem nemur u.þ.b. 400 millj. kr. á ári.

Ég vil nú leyfa mér að leggja til, virðulegi forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og jafnframt til hv. efh.- og viðskn.

[16:41]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Um efni þessa máls vil ég segja það að í öllum helstu atriðum er Samf. samþykk þessu frv. Áður en ég kem þó að efni frv. vil ég fara nokkrum orðum um þann kostnað sem af því hlýst.

Mér finnst dálítið merkilegt, miðað við það að við höfum á síðustu árum verið að samþykkja á fjárlögum töluverðar upphæðir til þess að væða fjmrn. betri tölvukerfum og nákvæmari tækjum til þess að geta haldið skýrslur og útreikninga, að það gerist tiltölulega oft á seinni mánuðum og missirum, þegar við þingmenn vörpum fram spurningum til hæstv. fjmrh., að svörin sem við fáum eru þess eðlis að þau fela nánast ekkert efnislegt í sér og ástæðan sem gefin er upp er sú að ekki séu til gögn yfir málið. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að vekja sérstaka eftirtekt á þessu eða mótmæla því. Mér finnst það samt skrýtið.

Nú gerist það þegar við hlýðum á hæstv. fjmrh. reifa kostnað af þessu frv. að í ljós kemur að gögnin sem hæstv. ráðherra hefur undir höndum í ráðuneytinu eru þess eðlis að það er erfitt fyrir hann að gera glögga grein fyrir því hvað þetta frv. kostar. Hæstv. ráðherra var einn af þeim sem tók ákvörðun um það á sínum tíma að leggja ekki fram frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar nema á þeim væri nokkuð nákvæm kostnaðargreining. Hæstv. ráðherra telur að tekjurnar sem ríkissjóður hefur árlega fengið af frv. séu í kringum 800 millj. og hann sagði jafnframt að það mætti gera ráð fyrir því að þetta frv., yrði það samþykkt, leiddi til þess að helmingur þeirra tekni félli niður. Það reiknar hann út að séu 400 millj. kr., og færa mætti rök að því miðað við þær upplýsingar sem fram komu í máli hans að það væri eilítið meira. Í frv. kemur hins vegar fram að það kunni að vera ekki nema 300 millj. Mér þætti vænt um það ef hæstv. ráðherra gæti skýrt örlítið þennan mun sem þessar upplýsingar hlaupa þarna á. Þetta er þó ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er að það er í fyrsta lagi verið að einfalda kerfið, og ég fagna því. Ég er alveg sammála því sem hæstv. ráðherra sagði, að stighækkandi skatthlutfall, eins og hæstv. ráðherra gat um, gefur ekki af sér skilvirka skattaumsýslu né skilvirk skattskil.

Í öðru lagi er ég líka sammála því að það eigi að lækka sjálft skatthlutfallið. Þegar einstaklingur deyr og leifir arfi hagnast sá sem við honum tekur, eignir hans og tekjur aukast. Þetta hefur verið metið með þeim hætti að það sé verjanlegt að skattleggja það. Í reynd er hæstv. fjmrh. að taka hér upp annað viðmið, annað grundvallaratriði, og ég get í sjálfu sér alveg fallist á það grundvallaratriði líka.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé áform hans eða ætlun ríkisstjórnarinnar á næstu árum að fella þennan skatt alveg brott. Mín ályktun af því grundvallaratriði sem hæstv. ráðherra leggur sem undirstöðu að sínu máli, má þá ekki líka draga þá ályktun að fella ætti burtu með sömu röksemdafærslu gjöld eins og t.d. stimpilgjöld?

Ég vek máls á þessu, virðulegi forseti, vegna þess að Samf. hefur lýst þeirri skoðun að menn eigi að feta sig að því að fella þau gjöld niður. Mér sýnist að þau séu með vissum hætti eðlislík að því leytinu til að verið er að skattleggja yfirfærslu á eignum. Ég vildi gjarnan þegar og ef hæstv. ráðherra sér ástæðu til að koma síðar upp í umræðuna, að hann færi nokkrum orðum um þetta því að hér er a.m.k. um grundvallaratriði að ræða sem varðar tiltekinn hluta skatttekna ríkisins þó smár sé.

Ég hef sem sagt lýst þeirri skoðun að ég tel að málið sé ágætt. Auðvitað er það svo að Samf. hefur haft aðrar áherslur varðandi skattalækkanir. Við höfum talið að brýnast í þeim efnum væri að lækka virðisaukaskatt á matvælum, lækka lægra þrepið niður í 7%. Um það höfum við flutt þingmál og ég hef reyndar talið að það væri þokkaleg samstaða meðal þorra þingmanna um að ráðast í slíkt ef á annað borð er borð fyrir báru hjá ríkinu.

Ég hlýt auðvitað líka að vekja eftirtekt á því, frú forseti, að kostnaðurinn sem hér fellur á ríkissjóð og þær tekjur sem hann lætur frá sér með annarri hendi verður ef að líkum lætur gerð tillaga um síðar í dag að verði tekinn aftur tvöfalt eða þrefalt. Ég á þá við það þingmál sem rætt verður og tengist sjómannaafslættinum sem er á dagskrá hér síðar. Þannig að þó að hæstv. ríkisstjórn sé að gera tillögu um smávægilegt tap á skatttekjum er í reynd verið að gera ráð fyrir því að á tilteknum afmörkuðum hópi þegnanna hækki skattur síðar í dag eða að gerð verði tillaga um það.

Það sem ég vildi gera athugasemdir við varðandi þetta frv. er að í gildandi lögum er heimild til þess að fella niður erfðafjárskatt við sérstakar aðstæður. Það er talið upp í lögum t.d. ef um er að ræða sambúð fólks sem sætir örorku og síðan er talað um svipaðar aðrar aðstæður. Ég er þeirrar skoðunar að fjmrh. eigi að hafa heimild til að gera slíkt. Ekki ætla ég að fara að rifja upp of persónuleg dæmi en mig langar samt að segja það við hv. þingheim að við höfum séð í blöðum nýlega fara af stað söfnun handa börnum vestur á fjörðum sem urðu fyrir því óláni og ógæfu að hafa á undanförnum árum misst báða foreldra sína. Ég ímynda mér, virðulegi forseti, að það væri miskunnsamara og þægilegra fyrir þá

sem hafa með skattheimtu að gera að það væri áfram heimild í lögum til þess að koma til móts við fólk við alveg sérstakar aðstæður eins og ég hef skilið að þessi heimild sem nú er verið að fella niður næði yfir í þessu tiltekna tilviki, án þess að ég ætli að ræða það frekar.

Sömuleiðis er það þannig að líknarfélög hafa verið undanþegin erfðafjárskatti. Það hefur mér hugnast ákaflega vel. Mér finnst það ákaflega göfugt þegar fólk sem náð hefur að safna einhverjum eigum og hverfur úr þessum heimi yfir í aðra og æðri, lætur það verða sitt síðasta verk að að ánafna líknarfélögum sem vinna í göfugum tilgangi þann arf eða hluta þess arfs sem hinn látni leifir. Ég tel að það eigi að ýta undir slíkt og því spyr ég hæstv. ráðherra af hverju honum er svo brátt að fella þetta ágæta ákvæði í burtu.

Sömuleiðis þegar ég les þetta frv. er ég ekki að öllu leyti sáttur við orðanotkun í því. Ég misskil kannski, virðulegi forseti, efnislega það sem segir í 2. gr. þar sem hugtök eru skilgreind en hví er ekki talað þar um þá sem eru í staðfestri samvist? Þar er rætt um sambýlismann, þann sem stofnað hefur til sambúðar við einstakling (**Gripið fram í:** Það er í 4. gr.) af gagnstæðu kyni. Mér er kunnugt um það, það kemur í 4. gr., en þar er talað um staðfesta samvist og reyndar líka í grg. En ég velti því samt fyrir mér hvort ekki hefði átt að taka það með skeleggari hætti hérna vegna þess að það liggur fyrir ákveðinn lagaskilningur í öðrum lögum og mér finnst einhvern veginn eins og grg. sé rituð með það í huga.

Fleiri smærri dæmi gæti ég nefnt en ekki að það skipti nokkru máli, t.d. þegar ég les saman 2. gr. a og b og velti fyrir mér hvernig menn ætli að skilgreina maka og sambýlisfólk með sitt hvorum hætti, en þetta er nú bitamunur en ekki fjár sem við förum yfir í nefndinni.

Almennt segi ég það að þetta er ágætismál. Þetta er réttlætismál. Þetta er kannski ekki forgangsmál miðað við þær áherslur sem við í Samf. höfum lagt í þessum efnum en ég tel að þegar búið er að fara yfir það og skjóta undir smávægilega leka sem ég sé á frv. þá geti Samf. stutt það.

[16:51]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég fagna framkomnu frv. og þakka ráðherra fyrir það.

Fyrir ári síðan lagði undirritaður ásamt nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. og einum þingmanni Framsfl. fram frv. af svipuðum toga, um að lækka erfðafjárskatt niður í flatan skatt, 5%, þannig að hann dygði fyrir kostnaði á skiptum búanna.

Það frv. náði ekki fram að ganga en lækkun erfðafjárskatts var sett inn í stefnumál Sjálfstfl. fyrir síðustu þingkosningar, hann var einn flokka sem kom með það. Síðan var þetta sett inn í stjórnarsáttmála og er nú verið að leggja frv. fram. Þetta er annað frv. sem ríkisstjórnin leggur fram varðandi skattalækkanir. Hið fyrra var á haustmissiri um sérstakan tekjuskatt eða hátekjuskatt, sem var lækkaður úr 5% í 4% og hverfur síðan út á næstu tveimur árum. Þetta er frv. númer tvö í skattalækkunarferli ríkisstjórnarinnar.

Þetta er mikið réttlætismál eins og talað var um áðan og það er kannski aðallega út af því að verið er að skatta hér fjármuni aftur, tvískatta, verið er að skatta fjármuni sem þegar er búið að greiða skatt af. Með þessu móti, það sem er breytt núna, er þetta einfaldað og undanþágum fækkað og málið gert miklu einfaldara. Eins og ráðherra kom inn á eru einungis tvö þrep, þ.e. 5% þrep þar sem tengsl eru mjög náin, með leyfi forseta, þá stendur hér í 5. gr. a-lið:

„Af arfi, sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum 35. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, skal greiða 5% erfðafjárskatt."

Af öllum öðrum tengslum er gert ráð fyrir 10% erfðafjárskatti og frítekjumarkið eða skattleysismörk verða ein milljón í báðum tilvikum.

Síðan er annað mjög mikilvægt ákvæði hér, með leyfi forseta, sem kemur fram í 9. gr., 2. málsgr. c-liðar, og það varðar eignir sem fólk getur erft kannski úti á landi í afskekktum byggðum, en þar stendur:

„Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi slík matsgjörð, sem ekki er eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum staflið."

Þetta er mikið réttlætismál fyrir fólk sem hefur erft slíkar eignir sem hafa orðið byrði þar sem ekki hefur verið hægt að koma þeim í verð og þurft að greiða af þeim skatt sem er langt ofan markaðsvirðis. Ég fagna því þessu ákvæði sérstaklega.

Síðan eru nokkur ákvæði sem eru hert viðurlög við undanskotum og öðru í þessu máli. Ef fólk er að reyna að skjóta undan þá eru refsiákvæðin stíf og ég er sammála því.

Í öðrum ríkjum, OECD-ríkjum t.d., er gert ráð fyrir að erfðafjárskattur sé af svipuðum stofni og tekjuskattur og er litið á hann sem slíkan. Erfðafjárskattar eru háir í þessum löndum, t.d. í Bandaríkjunum eru þeir mjög háir. Það er nú svo að einhvern veginn nær fé að fara í skjól hvort sem það eru fjármunir eða sauðfé, það leitar alltaf skjóls undan áreiti eða veðri og vindum, og þá stofna menn minningarsjóði, eða á frummálinu Trust Funds eða Memorial Funds þar sem erfingarnir skipa sjálfum sér í stjórn viðkomandi sjóðs og starfa og þiggja þar há stjórnarlaun. Það eru því til ýmsar aðferðir til að fara í kringum þetta.

Með því frv. sem hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram mun undanskotum fækka. Hvað þýðir það ef við lækkum skatta og fækkum undanskotum, gerum málið einfaldara? Jú, tekjur ríkissjóðs aukast allt í einu. Það er svo sérkennilegt. Það hefur gerst varðandi tekjuskatt á fyrirtæki, sem er nærtækasta dæmið. En hugsunin er sú að þetta muni duga fyrir kostnaði við skipti á búum.

Í dag er þetta þannig að þetta eru þrjú þrep, eins og hæstv. fjmrh. kom inn á áðan, það er þrep sem mjög fljótlega er komið upp í 10% við nánustu sifjar, í 2. flokki upp í 25% og í 3. flokki upp í 45%. Það eru til mörg dæmi sem geta verið erfið í þessu máli, eins og eitt dæmi sem ég veit um að fjarskyldur ættingi erfði íbúð eftir frænku sína og að henni látinni erfði hana ung frænka hennar og þá var orðið lítið eftir af íbúðinni þegar búið var að borga erfðafjárskattinn af þessu í tvígang, upp í 45%. Öll slík dæmi verða náttúrlega þurrkuð út með þessum nýju lögum.

Þessi skattur á eftir að aukast því að Íslendingar eru alltaf að verða ríkari og ríkari þjóð þannig að það eru alltaf meiri og meiri fjármunir sem verða fluttir á milli kynslóða. Ég er kannski ósammála mati fjmrn. að þetta séu 300–400 milljónir. Ég vil segja það og það er mín kenning og það getur vel verið að hún sé röng að skatttekjur ríkissjóðs vegna þess arna munu ekkert minnka, því eins og við vitum er reynt að fara í kringum lögin í dag og skipta ekki búum strax heldur

láta þau vera í svona hægagangi eða lausagangi í einhvern tíma og skipta þeim síðan síðar þegar lítið er orðið eftir til þess að draga úr greiðslu á erfðafjárskatti. Með þessari nýju skattprósentu held ég að svo verði ekki. Þar af leiðandi er það mín skoðun að tekjutap ríkissjóðs verði ekkert.

Að öðru leyti vil ég segja það að ég fagna þessu frv. enn og aftur og vil þakka fjmrh. fyrir að setja þetta hér fram og mun eðlilega styðja málið af heilum hug.

[17:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Gunnar I. Birgisson kemur hér upp og gleðst yfir því að hæstv. ríkisstjórn skuli nú hafa lagt fram tvö skattalækkunarfrumvörp. Hv. þm. rifjar það upp að þetta hafi verið samþykkt á landsfundi Sjálfstfl. og nú sé verið að efna þau loforð.

Frú forseti. Ég man ekki betur en að runa skattalækkunarhugmynda hafi verið samþykkt á landsfundi Sjálfstfl. Og hvað höfum við séð síðan? Hv. þm. talar um að hátekjuskatturinn hafi verið lækkaður. Hvað var gert hér fyrir jól varðandi hátekjuskattinn? Hann var framlengdur. Með atkvæði hv. þingmanns var verið að framlengja hátekjuskattinn. Út af fyrir sig sýti ég það ekki, síður en svo. En hv. þm. ætti að fara sér hægt í því að berja sér mjög á brjóst yfir því tiltekna máli.

Það er alveg rétt að hér er verið að taka skatt og hreinsa þau lög sem tengjast erfðafjárskatti. En ansi er það nú lítið sem hér er verið að lækka skatta um miðað við alla milljarðana sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa talað um.

Og má ég, frú forseti, nota þetta tækifæri til þess að hressa aðeins upp á minni hv. þm. Gunnars Birgissonar og rifja það upp að hér fyrir jólin samþykkti ríkisstjórnin tvær skattahækkanir? Hún samþykkti hækkun á þungaskatti og hún samþykkti hækkun á sérstöku bensíngjaldi. Þær skattahækkanir gerðu auðvitað miklu meira en að ná yfir það lítilræði sem hér er verið að gera.

Í annan stað, frú forseti, er ég líka ósammála því sem hv. þm. sagði um að hér á landi væri hægt að stofna minningarsjóði, Trust Funds eins og kallað er, og skjóta þannig undan fjármunum. Ég held að það sé ekki nein sérstök þörf á að taka burt undanþáguna sem er í núgildandi lögum vegna þessa. Ég er þeirrar skoðunar að sú undanþága eigi að vera til staðar til þess að fólk geti arfleitt Krabbameinsfélagið og önnur líknarfélög. Það er allt annað en þeir sjóðir sem hv. þm. talar um.

[17:02]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að ríkisstjórnin er að efna skattalækkunarloforð sín, það er byrjunin. Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson situr í efh.- og viðskn. ásamt mér og fleirum vil ég nefna að á haustþinginu var lögfest að hátekjuskattur mundi lækka úr 5% í 4% og síðan detta út á næstu tveimur árum. Þá dettur hann út. Hæstv. fjmrh., hæstv. forseti, hefur tjáð sig með þeim hætti að í tengslum við kjarasamninga munu aðrar skattalækkanir verða ræddar.

Það er misskilningur hjá hv. þingmanni að ríkisstjórnin hafi verið að hækka þungaskatt og bensíngjald. Þau gjöld voru færð að því verðlagi. Einungis þessi skattahækkun sem hv. þm. kallar svo var í raun og veru skattalækkun. Fjmrn. láðist að færa þetta upp ár frá ári og það var gert núna fyrir þriggja ára tímabil í einu. Það er oft betra að taka verðlagsbreytingar strax á milli ára og hækka samkvæmt þeim til að hafa sama verðlag. Ef maður reiknar á sama verðlagi þungaskattinn og bensíngjaldið er það lægra en það var fyrir þremur árum. Þetta veit hv. þm. mjög vel.

Ég var ekki að tala um það, hæstv. forseti, með Trust Funds að við vildum gera það hér á landi, heldur hefur það einungis verið gert erlendis og er ekki þörf á því að slíkt frv. verði hér lagt fram.

[17:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur rökhugsunina í lagi, yfirleitt. Mér fannst hann ekki hafa hana núna. Og mér fannst honum ekki fara vel í munni að reyna að tala svo að skattahækkanir væru í reynd skattalækkanir. Við getum hins vegar orðið sammála um það, ég og hv. þm., að Munchhausen reif sig líka upp úr díkinu á hárinu eins og hv. þm. var að reyna að gera núna varðandi þau brigsl sem Sjálfstfl. hefur auðvitað orðið uppvís að varðandi skattalækkunarhugmyndir sínar. Ég hef ekki hugmynd um með hvaða hætti Sjálfstfl. mun efna loforð sín. Það kemur í ljós. Ég ætla ekki að útiloka að þegar þetta kjörtímabil er úti hafi flokkurinn staðið við loforð sín. Ég vil láta flokkinn njóta velvildar vafans.

Hitt þótti mér mikilvægara og merkilegra, að heyra hv. þingmann, sem er í innsta kjarna Sjálfstfl., lýsa því yfir að í komandi kjarasamningum ætti að lækka skatta. Ég hafði ekki heyrt svo afdráttarlaust talað af hálfu þingmanna Sjálfstfl., en það eru auðvitað nokkur tíðindi þegar einn af þeim sem hugsa um fjármál Sjálfstfl. og býr til stefnu í þeim efnum kemur hingað og lýsir því yfir að í þeim kjarasamningum sem nú eru að hefjast eigi að ráðast í stórfelldar skattalækkanir. Gæti hv. þm. upplýst okkur meira um hvers konar skattalækkanir það eru og um hversu mikið eigi að lækka skatta í þeim kjarasamningum sem nú eru að hefjast?

[17:05]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðasta atriðið sem hv. þm. kom inn á. Hann hefur væntanlega hlustað á orð fjmrh. eins og ég þar sem hann tók fram að í tengslum við næstu kjarasamninga mundu menn kíkja á frekari skattalækkanir.

Sjálfstfl. hefur venjulega staðið við loforð sín varðandi skattalækkanir. Hann mun gera það væntanlega á þessu kjörtímabili sem hann hefur gert hin fyrri. Ég get alveg róað hv. þingmann niður með því máli. Varðandi þungaskatt og bensíngjaldið, til að fara í gegnum það enn og aftur, var það einungis hækkað til að ná sama verðgildi þess eins og var þremur árum áður og var það tæplega, það vantaði á. Það var því skattalækkun en ekki skattahækkun.

Ég fagna því ef Samf. ætlar að styðja þetta frv. með ríkisstjórninni. Og ég segi: Batnandi mönnum er best að lifa.

[17:07]

Útbýting þingskjals:

Styrkveitingar til eldis sjávardýra, 189. mál, svar sjútvrh., þskj. 739.

[17:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessa skattalækkunarsamkeppni sem ríkir milli Sjálfstfl. og Samf. því að á þeim bæjum virðist það mesti glæpur sem hægt er að drýgja að keyra ekki niður skattbyrðina í landinu. Og mér finnst skorta mjög á að menn setji röksemdir sínar fram á heildstæðan hátt vegna þess að á því máli eru að sjálfsögðu tvær hliðar. Það má aldrei gleyma að spyrja til hvers skattar

eru lagðir á þjóðina. Skattar eru m.a. lagðir á þjóðina til þess að fjármagna velferðarþjónustuna og dreifa byrðunum á réttlátan hátt í samfélaginu. Það er samhengi á milli skattalækkunaráforma ríkisstjórnarinnar og niðurskurðar t.d. á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Það er samhengi þar á milli. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hristir höfuðið vegna þess að hann og hans nótar í Sjálfstfl. eru að sjálfsögðu á því að umbylta heilbrigðiskerfinu og einkavæða það, óháð því hvort til eru peningar eða ekki. Hann vill koma þeirri þjónustu sem rekin er innan veggja sjúkrahúsanna, hins almenna heilbrigðiskerfis, út á markaðstorgið.

En það er samhengi á milli skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar og niðurskurðaráforma. Það er staðreynd. Sjálfstfl. lofaði því fyrir síðustu kosningar að færa skattbyrðina niður um tæpa 30 milljarða kr. á ári hverju. Ég man ekki hvert skattalækkunarloforð Samf. var, gott ef það var ekki upp á 15 milljarða. Og Framsókn var einhvers staðar þarna á milli.

Hvað er byrjað að gera? Að hverju erum við að verða vitni núna þessa dagana? Það er búið að segja upp 50 einstaklingum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Það er búið að taka ákvörðun um að skerða kjör 500 manns til viðbótar. Og við erum að fá núna fréttir úr þeirri stofnun sem vekja óhug í samfélaginu. Það er verið að svipta 40 geðsjúklinga á Arnarholti heimili sínu. Það er búið að hóta þessu fólki að loka heimilinu án þess að gefa nokkra vísbendingu um hvað verði um fólkið. Líknardeild Landspítalans er skilin eftir í uppnámi. Endurhæfing fyrir fjölfatlaða og krabbameinssjúklinga verður lögð niður og það er alls óvíst um framhaldið. Það er verið að segja upp starfsfólki á geðdeildum með þeim afleiðingum að þjónustan þar verður dregin saman. Okkur er sagt að öll svið sjúkrahússins verði fyrir þessari niðurskurðarsveðju. 10% samdráttur í þrifum. Það er verið að segja upp hreingerningarfólkinu líka.

Og hvers vegna vek ég máls á þessu, hæstv. forseti? Vegna þess að það er samhengi á milli frv. af því tagi sem hér er til umræðu og þessara ráðstafana. Það er samhengi þar á milli.

Hér eru gerðar ýmsar tillögur sem sumar hverjar eru til góðs, um breytingu á lögum um erfðafjárskatt. Menn eiga eftir að setjast yfir þær að sjálfsögðu. En þetta er jafnframt frv. þar sem lagt er til að rýra tekjur ríkissjóðs um 300–400 millj. kr. á ári hverju. Og það er gert með því að færa skattleysismörkin upp úr 60 þús. kr. í eina milljón, að falla frá stighækkandi skatti og taka upp tvö skattþrep, 5% og 10%.

Hv. þm. Gunnar Birgisson sagði að hér væri um tvísköttun að ræða, að erfðafjárskattur væri dæmi um tvísköttun. Samkvæmt mínum skilningi er þetta rangt. Skatturinn er lagður á vegna þess að nýir eigendur, jafnvel þótt þeir séu skyldir fyrri eiganda, eru að fá eignina í sínar hendur. Nýir eigendur eru með öðrum orðum að koma til sögunnar.

Hér hafa við umræðuna ýmsar greinar frv. verið ræddar og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í slíkar umræður. Ég vil þó taka undir ábendingu sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni varðandi heimildir ráðherra þar sem um er að ræða sérstakar ástæður. Í greinargerð frv. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum eru maki og sambýlismaður eða sambýliskona undanþegin greiðslu erfðafjárskatts og eru ekki lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi. Jafnframt er í gildandi lögum gert ráð fyrir heimild ráðherra til að undanþiggja greiðslu erfðafjárskatts „annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður“.“

Ég vil taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það kann að orka mjög tvímælis að nema þetta heimildarákvæði brott úr lögunum.

Hv. þm. Gunnar Birgisson telur að í ljósi þess að ætla megi að þessi framkvæmd á erfðafjárskattslögunum verði skilvirkari en þau lög sem við búum við núna muni tekjur ríkissjóðs rýrna minna en ætla má samkvæmt mati fjmrn. Þetta vitum við að sjálfsögðu ekki. Hins vegar er þarna um að ræða beinar tillögur um verulegar skattalækkanir eins og ég gat um áðan, bæði með stórhækkun skattleysismarkanna og sjálfrar skattprósentunnar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. nánar á þessu stigi. Það á eftir að fara til nefndar þar sem aðskiljanlegir aðilar verða kallaðir til og farið rækilega í saumana á hverri grein. En ég legg áherslu á upphafsorð mín, við megum aldrei gleyma því að skattar eru lagðir á þjóðina til þess m.a. að fjármagna velferðarþjónustuna. Skattar eru misjafnlega réttlátir. Þeir eru það. Skattar geta verið réttlátir og ranglátir eftir atvikum.

Samkvæmt mínum skilningi er erfðafjárskattur ekki ranglátur skattur. Ég áskil mér rétt til að skoða þetta frv. nánar en vildi engu að síður koma þessum almennu sjónarmiðum inn í umræðuna á þessu stigi.

[17:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að skattar voru mikið til umræðu fyrir síðustu kosningar og Samf. lagði fram tillögur sínar um skattbreytingar. Þær tillögur voru allar unnar út frá þeim sjónarmiðum sem Samf. hefur í skattamálum, þ.e. að skattar eru auðvitað hluti af velferðarkerfinu í landinu. Það hvernig skattar eru innheimtir skiptir miklu máli og hvers konar skattar eru lagðir á.

Við höfum lagt áherslu á að þær breytingar sem verða verði almenningi í landinu, launþegum, millitekjufólki og öðrum launþegum, til lækkunar á álögum og t.d. matarskattur og slíkir skattar verði lækkaðir og að hluta til verði gengið til baka með þær breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum sem eru barnafólki mjög þungar í skauti. Þessi atriði voru öll lögð til grundvallar þeim tillögum sem við höfum lagt til.

Hvað varðar erfðafjárskattinn væri að mínu viti betra að ganga þá götu til enda og leggja hann af. Það er ekki vegna þess að þeir sem fá fjármunina til sín séu ekki að fá ákveðin verðmæti í sinn hlut en við vitum að í gegnum tíðina hefur það verið þannig að sá sem vill að verðmætin komist til ættingja síns eða einhvers annars getur gripið til ýmissa ráða til að láta það gerast sé skattaumhverfið ekki eins og það þarf að vera. Ég tel því að það sé skynsamlegt að breyta þessum erfðafjárskatti en mér finnst það ekki forgangsmál í skattamálum. Ég verð að segja það að ég undrast þá forgangsröðun sem hefur orðið á skattamálum hjá ríkisstjórninni að þessu leyti.

[17:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er búinn að fylgjast nokkuð vel með umræðum það sem af er þinginu eða frá síðustu kosningum. Mér finnst að umræða Samf. um skattamál hafi einkennst af því að hvetja Sjálfstfl. til að standa við loforð sín um að skerða tekjur ríkissjóðs um 30 milljarða kr. á ári. Samfylkingin lagði fram almennar tillögur um skattalækkanir upp

á, ef ég man rétt, 15 milljarða kr. Þær tillögur voru ekki útfærðar að öðru leyti að því er ég minnist. Ég hef varað við því að ráðist verði í mjög umfangsmiklar skattalækkanir án þess að séð sé fyrir endann á því hvernig þetta komi til með að bitna á velferðarþjónustunni.

En ég er sammála hv. þm. að því leyti að skattar eru misréttlátir. Ég sagði það sjálfur áðan. Auðvitað ber okkur að stefna að skattkerfi sem jafnar byrðunum en staðreyndin er að nú er ríkisstjórnin bráðum búin að selja það sem selt verður af eignum þjóðarinnar, alla vega í bráð. Verði í ofanálag samþykktar mjög stórtækar skattalækkanir mun það óhjákvæmilega bitna á þeirri þjónustu sem veitt er á vegum hins opinbera. Þá þurfum við að ræða hvar við viljum bregða niðurskurðarsveðjunni.

Ég er ekki reiðubúinn að ljá máls á slíku, alla vega ekki í heilbrigðisþjónustunni eða í hinu félagslega kerfi. En þangað beinir ríkisstjórnin sjónum sínum. Dæmin sanna það því miður.

[17:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað spyrja menn eftir þeim loforðum sem gefin voru í kosningunum. Það er nauðsynlegt fyrir stjórnarandstöðuna að vita hvað er fram undan hvað varðar skattalækkanir. Ég hef hins vegar sagt það áður hér í ræðustól að ég trúi því ekki að ef menn þurfa að velja á milli þess að standa við loforð um skattalækkanir og standa við yfirlýsingarnar um ábyrgð í fjármálum ríkisins þá velji þeir ekki síðari kostinn þegar þar að kemur. Ég trúi ekki öðru.

Ég tel ekkert óeðlilegt við að menn fái upp á borðið hvað er fram undan þannig að hægt sé að ræða um það og fara nákvæmlega yfir það. Þannig gætu menn gert sér grein fyrir þeim vandamálum sem hugsanlega væru fram undan og séð skýrt hvaða afleiðingar verða af þeim skattalækkunum sem menn hafa lofað. Þetta finnst mér mikilvægt og tel þess vegna að það þurfi að spyrja grimmt eftir fyrirætlunum um skattalækkanir, spyrja ríkisstjórnina í þaula um það, til þess að þessi umræða geti farið fram og menn lendi ekki í einhverjum ógöngum þegar kemur að því að ákvarðanir verða teknar um skattalækkanir, að þá hafi ekki verið farið nákvæmlega yfir það hverjar afleiðingarnar muni verða. Til að geta valið á milli þess að svíkja annað hvort loforðið verða menn auðvitað að vita hver niðurstaðan verður.

[17:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað skiptir það máli fyrir pólitískt siðferði í landinu að stjórnmálaflokkar efni loforð sín eða séu sjálfum sér samkvæmir. Það er alveg rétt og slíkt ber að virða. Hins vegar get ég trúað hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir þeirri persónulegu skoðun minni að ég vona að Sjálfstfl. efni sem allra minnst af kosningaloforðum sínum, sérstaklega þau sem lúta að heilbrigðisþjónustunni í landinu. Hana vilja þeir einkavæða. Þeir vilja koma henni út á markaðinn og þar er samhengi á milli skattalækkunaráformanna. Það á að ýta þjónustunni út fyrir veggi sjúkrahúsanna, markaðsvæða hana og láta síðan einstaklingana borga beint, borga brúsann. Í stað þess að greitt sé af samneyslunni almennt verður það hinn sjúki sem kæmi til með að axla byrðarnar.

Það er vert að hafa í huga að jafnan þegar þjóðin hefur verið spurð um þetta beint, hvorn kostinn hún velji, sjúklingaálögurnar, greiðslur sjúklinga, eða fjármögnun úr almannasjóðum, þá er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fylgjandi því að velferðarþjónustan í landinu, þar með heilbrigðiskerfið, verði fjármagnað með skattfé.

[17:23]

Dagný Jónsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér hér að víkja að því máli sem hér er á dagskrá. Ég fagna breytingum á frv. til laga um erfðafjárskatt. Það er ljóst að gallar gildandi kerfis eru ýmsir og ber þar auðvitað hæst skatthlutfallið sjálft sem fer stighækkandi eftir hæð gjaldstofns og sifjatengslum og getur orðið allt að 45%. Það er ljóst að slík hækkun á skatti dregur úr skilvirkni, skapar hættu á ýmiss konar ráðstöfunum fyrir andlát arfleifanda og einnig sýnir reynslan að háir jaðarskattar ýta undir undanskot.

Í gildandi lögum er jafnframt sá galli að skattstofn hefur ekki verið nægilega skýr og í mörgum tilvikum hafa skilyrði fyrir undanþágum verið mjög óljós.

Tvær stærstu breytingar frv. eru í fyrsta lagi veruleg lækkun skatthlutfalls og í öðru lagi hækkun skattfrelsismarka. Þannig munu greiðslur fara allt niður í 5% í a-flokki en í b-flokki 10% skattur, sem áður gat farið í allt að 45%.

Heildarskattleysismörkin í hverju dánarbúi munu hækka verulega, þ.e. úr 60 þús. kr. í 1 millj. kr. Vert er að taka fram að erfðafjárskattur verður eingöngu lagður á þá fjárhæð sem er umfram viðmiðunarmörk.

Einnig vil ég geta þess að breyting í c-lið 9. gr. er mikið réttlætismál og þá sérstaklega fyrir landsbyggðina.

Frv. mun án efa skila greiðendum erfðafjárskatts um 400 millj. kr. á ári samkvæmt upplýsingum í framsögu hæstv. fjmrh. og ber að fagna slíkri skattalækkun. Einnig má gera ráð fyrir því að nú, þegar reglurnar verða skýrari og réttlátari, muni undanskotum fækka. Því má búast við að tekjur ríkissjóðs aukist og nái að vega upp tekjutapið. Upp úr stendur því að lögin eru einfölduð og koma þeim sem hlut eiga að máli til góða.

Að svo stöddu ætla ég ekki að fara nánar í frv. Ég mun ræða það í hv. efh.- og viðskn. Ég vil þó taka fram hér að lokum varðandi orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar að í fjárlögum þessa árs er um 9% aukning á framlögum til velferðarmála. Við vitum öll að þörfin er meiri og ég geri ekki lítið úr því. En þó er mikilvægast að halda til að haga að áðurnefndur málaflokkur er í forgangi hjá ríkisstjórninni.

[17:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið í umræðunni og mér sýnist að frv. ætti að geta fengið nokkuð greiða leið í gegnum þingið.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson beindi til mín nokkrum spurningum. Hann taldi ósamræmi í þeim upplýsingum sem ég veitti varðandi hugsanlegt tekjutap af þessu frv., miðað við það sem fram kemur í frv. sjálfu. En í kostnaðarumsögn ráðuneytisins sem birtist með frv. er talað um 300–400 millj. kr. og er enginn misskilningur með það eða misræmi á milli þess sem ég sagði í ræðu minni og þess sem þar segir.

Hitt er svo annað mál, sem hann gerði einnig að umtalsefni og ég gat um í framsögu minni, að það er mjög erfitt að meta þetta. Það er mjög erfitt að áætla þennan skatt frá ári til árs vegna þess að það þarf ekki annað en að einn eða tveir mjög efnaðir einstaklingar falli frá til að hafa mikil áhrif á innheimtu skattsins. Við höfum því vaðið fyrir neðan okkur í þessari áætlun og teljum að þetta geti verið um helmingurinn

af því sem innheimst hefur af þessum skatti á undanförnum árum, 300 millj. kr. eða kannski öllu heldur 400 millj. kr., sem væri skattalækkunin sem í þessu máli felst.

Hv. þm. spurði hvort ég gæti séð fyrir mér að þessi skattur félli alveg niður eftir einhver ár. Ég get vissulega gert það. Ég get vissulega séð það fyrir mér þó að okkur hafi þótt það fullstór biti í þetta sinn enda þarf að forgangsraða í þessum efnum eins og öðrum þegar breytingar á skattalögum og skattalækkanir eru tímasettar.

Síðan er það spurningin um undanþágurnar sem hér hefur verið vikið að. Undanþágan í gildandi lögum er gagnvart öðru sambúðarformi heldur en ef um er að ræða maka eða sambýlismann. Það stendur í lögunum í dag að ráðherra geti heimilað að undanþiggja greiðslu erfðafjárskatts annars konar sambúðarform ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður. Sem sagt ef fólk býr saman, hugsanlega börn með foreldrum sínum og andlát ber að þannig að foreldrarnir erfa börnin sín t.d., þá er með þessum ákvæðum hægt að koma þar til móts miðað við núgildandi reglur en þó þannig að aðstæður verða að vera eins og hér er lýst, varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður. Þessi heimild er því ekki bara matskennd, hún er mjög opin og erfið meðferðar. Þetta segi ég bara vegna þess að ég hef reynslu af því að beita þessari heimild. (Gripið fram í.) Og ég held að það sé betra og eðlilegra að vera ekki með of opnar undanþágur, sérstaklega þegar verið er að lækka skattinn um helming eða jafnvel enn meira. Í svona tilvikum sé eðlilegast að allir borgi bara sín 5% eða 10% eftir atvikum.

Sama á þar með við um undanþágurnar sem í dag gilda um kirkjur, líknarfélög og þess háttar. Þar er verið að undanþiggja skatti starfsemi sem ella hefði borgað 45% í skatt. Nú erum við að tala um að leggja á slíka starfsemi 10% skatt og ég geri ekki ráð fyrir að það fari með fjárhag neinna slíkra aðila sem eru að fá arf þó að þeir borgi 10% af honum í ríkissjóð.

Þetta er sem sagt hugsað til einföldunar og samræmingar en ég geri ekki ráð fyrir því að þarna sé einhver stórfelldur tekjustofn á ferðinni, en einmitt óvissan í kringum svona hluti gerir það að verkum að það getur verið mjög erfitt að áætla tekjurnar af þessum skatti. Auðvitað mun skattheimtan af þeim þætti sem nú er undanþeginn eitthvað aukast þó að hún muni í heild dragast verulega saman vegna þess að stærsti liðurinn í þessu máli er að sjálfsögðu skatturinn sem kemur af arfi beinna niðja fólks og þar er verið að lækka hann um helming. Ég held því að það sé ekkert áhorfsmál að hér er myndarleg skattalækkun á ferðinni.

Ég vil að öðrum kosti beina því til hv. efh.- og viðskn. að fara yfir önnur álitamál sem hér kunna að vera. Vissulega er það svo að í frv. af þessu tagi geta verið fjölmörg álitamál. Eitt er t.d. tímasetningin, hvenær eiga slík lög að taka gildi? Eiga þau að gera það 1. júlí eins og frv. gerir ráð fyrir, eða jafnvel eitthvað fyrr? Það er eitt af álitamálunum, og svo mætti lengi telja.

En það er líka mikilvægt í þessu máli að verið er að samræma málsmeðferðarreglurnar því sem almennt gildir í skattamálum á Íslandi. Það er verið að opna möguleika fyrir fólk á kæruleiðum til yfirskattanefndar og fella þetta almennt inn í þá farvegi sem fyrir hendi eru í skattkerfi okkar. Sama er að segja um þann möguleika að endurgreiða oftekinn skatt sem um gilda sérstök lög á Íslandi en sem ekki hafa náð til erfðafjárskattsins. Við erum því auðvitað að koma þessu öllu saman í miklu nútímalegri búning og laga þetta að þeim kröfum sem almennt eru gerðar í dag til fyrirkomulags á skattheimtu.

Það er því margt um þetta segja annað en bara skattalækkunina sem í þessu felst, ég held að þetta verði orðin miklu nútímalegri og betri löggjöf í framkvæmd en við höfum áður búið við á þessu sviði.

[17:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt af því sem hæstv. ráðherra sagði er góðra gjalda vert og ég skil þann hugsanagang sem hæstv. ráðherra beitir þegar hann er að færa rök fyrir því að fella eigi brott þær undanþágur sem ég hef nú heldur mælt fyrir að verði áfram haldið í lögunum. Ég geri ráð fyrir því að Samf. muni bera fram breytingartillögu við lögin sem einmitt miði að því.

Herra forseti. Í tilefni þeirra ummæla sem hv. þm. Gunnar Birgisson viðhafði hér fyrr í dag langar mig til þess að varpa spurningu til hæstv. ráðherra. Hv. þm. Gunnar Birgisson er einn af trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar í efh.- og viðskn. og hlýtur auðvitað að tala af þekkingu og nokkru viti þegar hann ræðir hér um að það eigi að fara í skattalækkanir í tengslum við þá kjarasamninga sem núna eru hafnir. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Er það svo að fyrir utan þá skattalækkun sem felst í því frv. sem við hér ræðum sé ríkisstjórnin að áforma að bjóða skattalækkanir af einhverju tagi í tengslum við þá kjarasamninga sem nú eru byrjaðir?

[17:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur legið fyrir mjög lengi, alveg frá því að ríkisstjórnin var mynduð, hvað hún hygðist fyrir varðandi skattalækkanir. Og það er alveg sama hvað menn segja hér í þinginu um það, þetta hefur legið fyrir í stjórnarsáttmálanum og af hálfu oddvita ríkisstjórnarinnar um langa hríð. Það sem við blasir í þeim efnum er að ríkisstjórnin ætlar sér að lögfesta í krafti meiri hluta síns á Alþingi tilteknar lagabreytingar varðandi tekjuskatt, eignarskatt og e.t.v. virðisaukaskatt þegar fyrir liggur niðurstaða varðandi kjarasamningana. Þetta stendur allt í stjórnarsáttmálanum. Og þegar niðurstaða liggur fyrir varðandi þá samninga er hægt að flytja þessi þingmál inn í þingið og lögfesta þau jafnvel þó svo að ekki kæmi allt til framkvæmda samtímis. Það væri hægt að hugsa sér að í þessum lögum yrðu tilteknar dagsetningar þar sem þetta kæmi til framkvæmda í áföngum.

Allt er þetta þekkt og hefur oft komið fram áður af minni hálfu og annarra og er náttúrlega sama aðferðin og notuð var á árunum 1997–1999 þegar lögfestar voru skattalækkanir sem komu þá til framkvæmda.

Ég geri mér vonir um að þetta mál skýrist kannski með þeim hætti á næstunni að við gætum séð slíkt frv. eða slík frv. verða að lögum á þessu þingi í vor. Um það get ég að sjálfsögðu ekkert fullyrt en það væri von mín og óskastaðan í málinu, held ég.

[17:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ákaflega mikilvægar yfirlýsingar sem hér hafa gengið af munni hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann stefni að því að loknum kjarasamningum, þegar niðurstaða þeirra liggur fyrir, að leggja hér fram frumvörp sem eiga að hafa í för með sér þær stór-

felldu skattalækkanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur lofað og sérstaklega Sjálfstfl.

Það er auðvitað mikilvægt að þetta liggi fyrir í aðdraganda kjarasamninga en ekki að þeim loknum. Það hlýtur að skipta miklu máli, og ég spyr hæstv. ráðherra: Hversu miklum fjárhæðum munu þessar skattalækkanir nema ef vilji hans nær fram að ganga á þessu þingi?

[17:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að fara nánar út í þá sálma við þetta tækifæri. Þetta mun koma með eðlilegum hætti inn í þingið þegar þessi mál verða fullbúin af hendi ríkisstjórnarinnar en eins og ég segi, vonandi verður það fyrr en síðar.

[17:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég var farinn að velta því fyrir mér hvort ég fengi ekki orðið í þessari umræðu. Hér eru menn farnir að ræða um kjarasamninga í véfréttastíl. Ég hef heyrt það hjá fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar að hún sé ekki að fara inn í samninga um skattamál, verkalýðshreyfingin sé fyrst og fremst að fara í samninga um laun og kjör. Og ég tel að ef menn ætla að fara í slíkar umræður hljóti allir aðilar á vinnumarkaði að vera kallaðir þar til. Það gerðist ekki í samningunum 1997 sem hæstv. fjmrh. vísaði hér til.

Ég vek athygli á því að verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur verið að finna til samstöðu að undanförnu gegn áformum ríkisstjórnarinnar um stórfelldan niðurskurð í velferðarkerfinu. Það er verið að segja upp tugum og hundruðum einstaklinga á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, verið er að skerða kjör hjá á sjötta hundrað manns og það stendur til að svipta 200–300 manns atvinnu sinni. Ég held að þegar menn fara hér út í þessar gamalkunnu hótanir um stórfelldar skattalækkanir hljóti þeir að taka þá umræðu líka hvað þeir ætli að gera við vistmenn í Arnarholti, 40 geðsjúklinga sem ríkisstjórnin hótar að reka út á gaddinn. Hvað ætla menn að gera við stoðþjónustuna við krabbameinssjúka? Hvað ætla menn að gera við líknardeildina á Landspítala – háskólasjúkrahúsi?

Það þýðir ekkert að ræða þessar skattalækkunarhótanir án þess að ræða einnig um útgjöldin og fyrirhugaðan niðurskurð ríkisstjórnarinnar í velferðarþjónustunni á sjúkrahúsum landsins. Þetta er umræða sem hæstv. fjmrh. hefur skotið sér undan að taka en við hljótum að ræða einnig í þessu samhengi.

Fyrir nokkrum dögum komu fulltrúar allra helstu verkalýðssamtaka í landinu saman til fundar í Austurbæ í Reykjavík. Það voru fulltrúar frá ASÍ, BHM, BSRB, Kennarasambandi Íslands, læknasamtökunum, Öryrkjabandalagi Íslands og nánast öllum sjúklingasamtökum í landinu sem stóðu þar sameiginlega að ályktun gegn niðurskurðaráformum og ekki bara áformum heldur ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Og það stendur til, eftir því sem mér er tjáð, að afhenda ályktun þessa fundar í Stjórnarráðinu klukkan hálftvö á morgun.

Fyrst farið er að vísa til verkalýðshreyfingar og kjarasamninga og kjara almennt þá skulum við taka þessa umræðu einnig vegna þess að í tengslum við skatta þarf að ræða útgjöld og þjónustu.

[17:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur lengi legið fyrir að þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin fyrirhugar yrðu gerðar í tengslum við kjarasamninga, enda er það mjög eðlilegt. Ef skattar eru lækkaðir á hæstu laun hljóta þau sömu laun ekki að þurfa eins miklar kjarabætur og lægstu laun. Og þá er líka hægt að bæta lægstu launin umfram hæstu launin, sem lengi hefur verið markmið.

Varðandi ummæli hv. þm. um Landspítala – háskólasjúkrahús þá nefnir hann 50 uppsagnir, að í kringum 50 manns hafi fengið uppsagnir. Það kann að vera rétt. Það er 1% af fjölda starfsmanna. Ég nefni í þessu sambandi að á síðasta ári var stöðugildum fjölgað í því fyrirtæki um 113 þannig að verið er að segja upp helmingnum af aukningu síðasta árs.

Einnig vil ég benda á það að sá spítali hefur fengið umtalsverða hækkun á fjárlögum hvert einasta ár svo nemur milljörðum, mörgum, mörgum milljörðum. Það er því varla hægt að tala um samdrátt, verið er að minnka aukninguna ef eitthvað er.

[17:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur ef hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að ég telji það vera eitthvert bannorð að ræða skatta í tengslum við kjarasamninga. Ég var að vísa til þess að það væri þá æskilegt að gera það í tengslum við samninga við launaþegahreyfinguna í heild sinni. Ég var *jafnframt* að vekja athygli á því að samtök launafólks í landinu hafa fundið til samstöðu að undanförnu vegna áforma ríkisstjórnarinnar í því sem hv. þm. kallar fyrirtækið Landspítala – háskólasjúkrahús, sem er stærsta sjúkrahús landsins og okkar mesta velferðarstofnun. Þar er verið að skerða kjör, bæði reka fólk og skerða kjör hjá hátt á sjötta hundrað manns og tekur til 12% starfsmanna.

Ég var einnig að nefna nokkur dæmi um hvernig niðurskurðurinn bitnar á þjónustunni á geðsjúkum í Arnarholti svo dæmi sé tekið, á krabbameinssjúkum á líknardeildinni og þrifum á spítalanum. Það á að draga þau saman um 10% og þar hefur verið þrengt mjög að á undanförnum árum. Búið er að bjóða út þriðjunginn, eftir því sem ég kemst næst, af þrifum á spítalanum og það hefur yfirleitt haft í för með sér mikla kjaraskerðingu fyrir starfsfólkið sem sinnir þessum verkum og nú á enn að þrengja að.

Það er alveg rétt að meiri fjármunum er varið til Landspítalans en var fyrir einhverjum árum eða missirum og við verjum miklu, miklu meira en við gerðum fyrir 10 árum, 20 árum, 50 árum og 100 árum, en menn hafa verið að bæta þessa þjónustu og laga hana að þörfum fólks. (Forseti hringir.) Nú er hins vegar verið að skerða þessa þjónustu með fyrrgreindum afleiðingum.

[17:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjónustu sem nýbúið er að auka er verið að skerða. Þjónustu, sem var aukin á síðasta ári, er verið að skerða. Í heild sinni er verið að segja upp 50 manns en á síðasta ári bættust við 113 stöðugildi hjá þessu fyrirtæki.

Ég vil nefna í þessu sambandi að það er verið að segja upp verslunarfólki í Reykjavík, því miður. Það komu fréttir um að verið er að segja upp 20 manns hjá verktakafyrirtæki á Suðurnesjum. Það er sennilega miklu stærri hluti af starfsmönnum þess fyrirtækis, og það kveinar enginn undan því.

[17:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að menn kveini alltaf undan því þegar fólki er sagt upp störfum, og það er alvarlegur hlutur að missa vinnu sína. (Gripið fram í.)

Það sem verið er að vekja athygli á er að með þessum uppsögnum og með þessari skerðingu á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, sem tekur til 12% vinnuaflsins, er verið að skerða stórlega þjónustu við sjúkt fólk, og þjónusta á sjúkrahúsi er lækningar, hjúkrun og aðhlynning. Menn hafa verið að lesa um það í blöðunum og fylgst með því í fréttum að líknardeild sjúkrahússins er í uppnámi, endurhæfing fyrir fjölfatlaða og krabbameinssjúklinga verður lögð niður. Það er engin ákvörðun tekin um framhaldið, hvort hún verður einkavædd eða hvað yfirleitt verður um þá þjónustu. Það er búið að segja fjörutíu geðsjúkum einstaklingum í Arnarholti að heimili þeirra verði lagt niður, án þess að nokkrar vísbendingar séu um framhaldið. Þetta eru staðreyndirnar.

Síðan kemur talsmaður Sjálfstfl. í almannatryggingum og velferðarmálum hingað upp, og talar um þetta „fyrirtæki", þessi mál og þennan alvarlega niðurskurð af svo ótrúlegri léttúð og ábyrgðarleysi að það hálfa væri nóg.

Hins vegar er það staðreynd að núv. ríkisstjórn er að framkvæma samkvæmt þeim yfirlýsingum og þeim orðum sem vella upp úr hv. þm. Pétri H. Blöndal, því miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, fjárfestingar o.fl.). — Þskj. 746.

[17:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frumvarpið er fjórþætt.

Í fyrsta lagi er lagt til að skilyrði um starfsstöð hér á landi vegna þeirra aðila er veita viðtöku iðgjaldi vegna viðbótartryggingaverndar verði afnumið.

Í öðru lagi er innleidd tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.

Í þriðja lagi eru í frv. ákvæði er snúa að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Loks er lagt til að ákvæði um dreifingu innlána lífeyrissjóða hjá innlánsstofnunum verði breytt.

Mun ég nú víkja nánar að hverju efnisatriði fyrir sig.

Samkvæmt núgildandi lögum er viðskiptabönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum heimilt að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd, enda hafi viðkomandi fyrirtæki starfsstöð hér á landi. Þetta fyrirkomulag stangast hins vegar á við túlkun Evrópudómstólsins á 49. gr. Rómarsáttmálans og þar af leiðandi 36. gr. EES-samningsins um frjálsa þjónustustarfsemi. Þannig þykir núgildandi skilyrði um starfsstöð fjárvörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar hér á landi brjóta í bága við 36. gr. EES-samningsins um frelsi ríkisborgara aðildarríkja ESB og EFTA til að veita þjónustu.

Í frv. er því lagt til að erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, verði, að uppfylltum vissum skilyrðum, heimilt að veita þjónustu skv. II. kafla laganna, þ.e. að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd.

Í frv. er vísað til ákvæða laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og byggt á þeirri aðferðafræði sem þar er mótuð varðandi heimildir og hlutverk Fjármálaeftirlitsins gagnvart erlendum aðilum er veita fjármálaþjónustu hér á landi. Í frv. er lagt til að fjmrh. geti sett nánari reglur um með hvaða hætti rétthöfum skuli tryggðar upplýsingar um skilmála samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd, svo sem um efni þeirra, form og áunnin réttindi.

Með frv. er í öðru lagi lagt til að innleidd verði ákvæði 6. og 7. gr. tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast milli aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmið tilskipunarinnar er að standa vörð um réttindi félaga sem flytja frá einu aðildarríki til annars í lífeyriskerfum og stuðla þannig að því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsum flutningum launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga innan bandalagsins.

Ákvæðið í frv. tekur til réttinda launþega sem koma hingað til lands til starfa frá höfuðstöðvum sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt ákvæðinu skal þeim heimilt að greiða áfram til þess lífeyriskerfis sem þeir eiga aðild að með sama hætti og þeim væri heimilt ef þeir öfluðu teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru að því tilskildu að lífeyriskerfið falli ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Í þessu sambandi er rétt að árétta að hinn skyldubundni hluti lífeyrisréttinda í íslenskum lífeyrissjóðum, samanber ákvæði I. kafla laganna, fellur undir reglugerð 1408/71/EBE og þar af leiðandi ekki undir tilskipun nr. 98/49/EB.

Í þriðja lagi er með frv. þessu lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem skilgreindir eru í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum. Með nýjum lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor, voru gerðar breytingar á þýðingu hugtaksins „verðbréfasjóður" og það þrengt frá því sem áður var. Þannig nær hugtakið „verðbréfasjóður" ekki yfir nýja tegund sjóða með rýmri fjárfestingarheimildir, þ.e. fjárfestingarsjóði, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hérlendis. Umrædd breyting hefur áhrif á túlkun ákvæða laganna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem rétt þykir að bregðast við.

Áður en lengra er haldið er rétt að víkja aðeins nánar að muninum á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Samkvæmt fyrrnefndum lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði merkir hugtakið „verðbréfasjóður" nú sjóð með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu sem stofnaður er og rekinn af rekstrarfélagi og gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda að eignum sjóðsins.

Í athugasemdum með frv. því er síðar varð að lögum, nr. 30/2003, kemur m.a. fram að verðbréfasjóður uppfylli öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Þá segir enn fremur í athugasemdun-

um að verðbréfasjóður sé ekki vogunarsjóður með frjálslegar fjárfestingarheimildir. Til að koma í veg fyrir mikla áhættu sé verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum í öðru en skráðum verðbréfum á skipulegum verðbréfamarkaði. Að sama skapi séu ítarlegar kröfur um áhættudreifingu í fjárfestingarstefnukafla verðbréfasjóðalaga.

Samkvæmt fyrrnefndum lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði merkir fjárfestingarsjóður hins vegar sjóð með starfsleyfi en án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Slíkir sjóðir gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Fjárfestingarsjóðir uppfylla ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geta því ekki markaðssett skilríki sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Um markaðssetningu fjárfestingarsjóða í öðru ríki fer því eftir lögum þess ríkis.

Fjárfestingarsjóðir geta verið í tvenns konar formi. Þeir geta verið stofnaðir og reknir af rekstrarfélagi, líkt og verðbréfasjóðir, eða verið reknir í hlutafélagsformi. Ólíkt verðbréfasjóðum geta viðskiptavinir í fjárfestingarsjóðum ekki innleyst skírteini sín án fyrirvara.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru mun áhættusamari en verðbréfasjóða, m.a. hvað varðar ótakmarkaðar heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, minni áhættudreifingu og heimildir til lántöku að tilteknu marki.

Samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 36. gr. lífeyrislaganna kemur fram að lífeyrissjóði sé heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Samkvæmt lífeyrislögunum er lífeyrissjóðum heimilt að eiga allt að 25% af hlutdeildarskírteinum, útgefnum af sama verðbréfasjóði, en þó má samanlögð eign lífeyrissjóðs í verðbréfum, útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samsteypunni, ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins. Í fyrrnefndum 7. tölulið er hins vegar ekki vikið að heimildum til fjárfestinga í fjárfestingarsjóðum. Að óbreyttum lögum falla heimildir til fjárfestinga í fjárfestingarsjóðum undir 8. tölulið 36. gr., þ.e. um önnur verðbréf, og eftir atvikum 6. tölulið sömu greinar, um hlutabréf fyrirtækja. Telja verður það of þröngar skorður miðað við eðli fjárfestingarsjóðanna.

Í samræmi við það sem að framan er rakið er með frv. þessu lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum. Í ljósi þess að um áhættusamari sjóðaafurð er að ræða, sem nýtur ekki skilyrðislausrar innlausnarskyldu að kröfu eigenda sjóðs, er lagt til að heimildir til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutum sama fjárfestingarsjóðs, eða einstakrar deildar hans, verði þrengri en gildir um verðbréfasjóði. Þykir hæfilegt að miða við 15% í því efni.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, vildi ég vekja athygli á því að á sl. missirum hafa vaknað spurningar um hvernig túlka beri 5. mgr. 36. gr. lífeyrislaganna og hvort innlán falli undir þá reglu að samanlögð eign sjóðs í verðbréfum, útgefnum af sama aðila eða aðilum, sem tilheyra sömu samsteypunni, skuli ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins. Rök hníga til þess að túlka beri umrædda lagagrein með þeim hætti að takmarkanir 5. mgr. 36. gr. laganna nái einnig til innlána. Bent hefur verið á að það sé erfiðleikum háð að dreifa innlánum á tíu aðila í ljósi þess hve fáar innlánsstofnanir eru hérlendis. Verður að telja varhugavert með tilliti til áhættudreifingar að lífeyrissjóðum sé heimilt að fela innlán sjóðs eingöngu einni lánastofnun eða sparisjóði. Til samanburðar skal bent á að skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er miðað við 20% vegna innlána, þ.e. verðbréfasjóðum er ekki heimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Í frv. þessu er lagt til að lífeyrissjóði verði óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama banka eða sparisjóðs.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir helstu efnisatriðum þessa frv., virðulegi forseti, og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:59]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Í 4. gr. frv., sem hér liggur fyrir, er kveðið á um takmarkanir á hlutdeildareign lífeyrissjóða í fjárfestingarsjóðum, bönkum eða sparisjóðsdeildum. Ég vil beina spurningu til hæstv. fjmrh. hvort 4. gr. megi skilja sem svo að lífeyrissjóðum sé óheimilt að taka höndum saman og stofna banka.

Eftir þau umskipti sem orðið hafa á fjármálamarkaði, þar ber hæst að nefna sölu ríkisbankanna á liðnum árum og í kjölfarið ótrúlegan hagnað þeirra bankastofnana sem nú eru á markaði, er útlit fyrir enn frekari samþjöppun á íslenskum bankamarkaði. Með tilliti til aðstæðna tel ég mikilvægt að lífeyrissjóðirnir skoði gaumgæfilega möguleika sinn til útrásar á bankamarkaði. Hér vitna ég til viðlíkrar bankastofnunar og gamli Alþýðubankinn var. Ég tel að slík útrás lífeyrissjóðanna mundi koma taumhaldi á þá frjálshyggju sem einkennir markaðinn og tryggja eðlileg kjör allra landsmanna á nauðsynlegri þjónustu sem bankaþjónustan er. Ég tel íslenskan bankamarkað þarfnast þess aðhalds sem felast mundi í rekstri bankastofnunar sem með dreifðri eignaraðild mundi tryggja sínum eigendum viðunandi kjör, nefnilega öllum landsmönnum.

[18:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég held ekki að hægt sé að lesa það út úr þessari 4. gr. frv. sem hv. þm. sagði. En ég geri nú ráð fyrir að almenn túlkun á lögunum í heild, eins og þau eru núna og ekki er verið að breyta með þessu, sé sú að það falli ekki undir verksvið lífeyrissjóðanna að stofna banka.

[18:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum hér snýr m.a. að starfsemi lífeyrissjóða. Í lögunum um starfsemi lífeyrissjóða er þeim ætlað hlutverk og þeim í raun markað hver fjárfestingarstefna þeirra megi vera. Í 37. gr. eru talin upp nokkur atriði sem lífeyrissjóðum er heimilt að fjárfesta í, svo sem ríkisvíxlar, skuldabréf, með innlánum í banka og sparisjóði o.s.frv.

Nú hagar svo til, virðulegi forseti, að talsverðar líkur eru á því að hinir starfandi sparisjóðir í landinu verði jafnvel keyptir upp af bönkum ef svo heldur fram sem horfir. Frjálsl. hefur lagt fram frv. á hv. Alþingi um að stöðva þá vegferð sem þar hefur verið lagt af stað með. Við vitum svo sem ekkert hvaða afgreiðslu það mál fær eða hvort önnur mál koma hér inn sem tengjast því. Ef við gefum okkur það að sú vegferð sem núna virðist vera heimil í lögum um sparisjóði og menn virðast ætla að stefna til, að koma þeim í söluferli undir bankastofnanir í landinu, held ég að orðið sé meira en tímabært, virðulegi forseti, að fara að velta því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að útvíkka starfsemi lífeyrissjóðanna. Það

mætti hugsa sér að þeim yrði ekki lengur skömmtuð sú fjárfestingarstefna eða útlánastefna og ávöxtun síns fjár eins og hér er greint í þessum lögum, og verið að marka nánar í því frv. sem við núna erum að ræða, heldur gæti jafnvel komið til víðtækari starfsemi. Menn þurfa þá að velta fyrir sér hvort lífeyrissjóðirnir sem starfa vítt og breitt um landið fengju víðtækara hlutverk til lánastarfsemi en þeir hafa í dag. Í dag mega lífeyrissjóðir lána félagsmönnum sínum til fasteignakaupa og það er auðvitað einn þáttur sem kannski þyrfti að ræða, sérstaklega með tilliti til stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka heimildir til lántakenda í húsnæðiskerfinu og hækka það lánshlutfall. Þegar lífeyrissjóðunum eru svo sett hér takmörk í þessum lögum um það hversu hátt þeir megi fara í lánshlutfalli sínu til eigin félagsmanna, þ.e. greiðendanna í lífeyrissjóðnum sem eiga rétt á að taka lán í lífeyrissjóðnum, er heimildin enn skertari. Ef ég man rétt er í lögunum um lífeyrissjóði núna heimild um það að lífeyrissjóðirnir megi eingöngu lána upp að 65% af fasteignamati. Mér sýnist stefna til þess að það verði verulegur munur á því, enda segir í 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. að lífeyrissjóði sé heimilt að ávaxta fé sitt „í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði ...".

Það er auðvitað mjög margt, virðulegi forseti, sem getur verið að breytast núna í þjóðfélagi okkar varðandi lánastarfsemi og starfsemi á lánamarkaðnum annars vegar, og einnig er það sem snýr að möguleikum fólks til lántöku er varðar t.d. íbúðarhúsnæði. Lífeyrissjóðirnir hafa haft það lánahlutverk sem hér er markað við 65%. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, virðulegi forseti, við þessa umræðu og tel að það þurfi að skoða heimildir lífeyrissjóðanna til lánastarfsemi, m.a. til lánahlutfalls til eigin félagsmanna, og hvort ekki þurfi þá að skoða einnig heimildir lífeyrissjóðanna til þess hversu hátt hlutfall þeir megi lána til félagsmanna sinna varðandi fasteignir í tengslum við þær breytingar sem þegar hafa verið boðaðar af ríkisstjórninni um húsnæðislánin. Það er jú hlutverk lífeyrissjóðanna bæði að lána til félagsmanna sinna en þó sérstaklega að ávaxta fé sjóðanna. Það er meginmarkmið þeirra að ávaxta fé lífeyrissjóðanna þannig að þeir geti tryggt félögum í lífeyrissjóðnum eðlileg og sanngjörn lífeyrisréttindi að starfsævi lokinni.

Mér sýnist þetta spila inn í þessi mál öllsömul þannig að sú spurning sem hér kom fram hjá hv. þm. Gunnari Örlygssyni áðan um það hvort það væri eðlilegt að lífeyrissjóðir gætu stofnað til víðtækrar bankastarfsemi eigi fullan rétt á sér í umræðunni eins og hún er í dag. Hvernig sjá menn fyrir sér ef bankar kaupa upp sparisjóði landsmanna vítt og breitt um landið? Á þá að koma hér upp ofurvald tveggja eða þriggja bankastofnana er varðar viðskiptakjör venjulegs fólks? Hvers vegna mega þá ekki lífeyrissjóðirnir hugsanlega koma inn í almenna lánastarfsemi, í fyrsta lagi til sjóðfélaga sinna og svo jafnvel víðtækara en það?

Ég held að menn verði að hafa þessa spurningu í huga og þess vegna kom ég hér upp, virðulegi forseti, til að koma með þetta sjónarmið betur inn í umræðuna. Ég held að menn verði að spyrja sig þessarar spurningar. Það er verið að breyta lánastarfseminni í landinu. Við sjáum hvert getur stefnt með sparisjóðina. Við vitum stefnumótunina varðandi það að hækka lánshlutfall í húsnæðislánakerfinu. Og allt hefur þetta auðvitað áhrif á þær heimildir sem lífeyrissjóðirnir hafa til þess að ávaxta sitt fé. Og eigi veitir nú af fyrir framtíðina að lífeyrissjóðirnir hafi þá bestu möguleika til að ávaxta sitt fé sem kostur er því í því er jú falið það að lífeyrissjóðirnir geti orðið sjálfbærir með það að tryggja fólki lífeyri. Allir í þessum sal hljóta að vera sammála um að það er auðvitað mjög mikilvægt og mikilvægasta hlutverk lífeyrissjóðanna að þeir hafi möguleika til þess að ávaxta sitt fé á þann besta hátt sem þeir telja á hverjum tíma.

Ég vildi varpa þessu hér inn í umræðuna. Og þó að þetta viðhorf hafi ekki verið rætt hér almennt þegar fjmrh. mælti fyrir þessu máli vildi ég ekki láta umræðuna líða án þess að þetta kæmi fram. Það getur vissulega dregið til fákeppnissamkeppni nokkurra stórra bankastofnana sem komi til með að eignast sparisjóðina. Og hvað þá með hlutverk lífeyrissjóðanna? Eiga þeim að vera sett algjör takmörk, eða eiga þeir að fá víðtækari heimildir til að lána félagsmönnum sínum, eða jafnvel bara til almennrar lánastarfsemi þar sem þeim er gert kleift að tryggja sitt fé og ávaxta á þann besta hátt sem þeir telja á hverjum tíma?

Það er alveg ljóst að lífeyrissjóðirnir sem starfa vítt og breitt um landið kunna að líta öðrum augum á ávöxtunina miðað við sitt landsvæði og þar sem þeir starfa, alveg eins og við höfum kannski talið að sparisjóðirnir gerðu að hluta til.

Ég held, virðulegi forseti, að það frv. sem við erum hér að ræða, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með þeim breytingum sem þeir eru að leggja til, og einnig löggjöfin eins og hún er, eins og ég hef vakið athygli á, gefi fullt tilefni til þess að ræða þetta mál í víðara samhengi, ekki síst ef svo illa skyldi fara að sparisjóðirnir rötuðu allir undir eignaraðild bankanna. Fyrir því er auðvitað mikill vilji hjá sumum þingmönnum hér á hv. Alþingi.

Ég vil beina því til hæstv. fjmrh. að hann hugleiði það sem ég hef verið að segja. Ég vonast til þess að þau viðhorf sem ég hef reifað komi til umræðu í hv. nefnd þegar þessi mál verða tekin til skoðunar. Mér finnst ekki einboðið að málið haldi áfram í þeim farvegi sem það hefur verið í og það séu sett takmörk á það hvernig lífeyrissjóðirnir geta best ávaxtað sitt fé. Það er jú hlutverk þeirra að búa til sterkan möguleika fyrir launafólkið í þessu landi til að hafa afkomu á elliárunum. Og það á ekki að setja fótinn fyrir það að lífeyrissjóðirnir geti farið þær leiðir á hverjum tíma sem þeir telja bestar og öruggastar til þess að tryggja það. Það hlýtur að vera hlutverk okkar hér á Alþingi að reyna að horfa til þess og velta upp öllum möguleikum sem koma fram og geta komið til álita í þessu sambandi.

[18:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir þrem til fjórum áratugum var mikill skortur á lánsfé á Íslandi. Neikvæðir vextir brenndu upp innstæður í bönkum. Þá voru stofnaðir bankar. Þá voru stofnaðir sparisjóðir. Og þá voru meira að segja stofnaðir lífeyrissjóðir, ekki til þess að veita lífeyri, heldur til þess að nálgast lánsfé. Aðalhlutverk lífeyrissjóðanna fyrst til að byrja með, því miður, var að útvega sjóðfélögunum lánsfé. Það var meira að segja markmiðið með stofnun þeirra. Og líka sparisjóðanna, herra forseti.

Þetta hefur breyst. Nú er allt yfirfljótandi í peningum. Það er ekki lengur þörf á því að stofna banka, sparisjóð eða lífeyrissjóð til þess að nálgast lánsfé. Það sem við horfum upp á í dag er afleiðing af þeirri breytingu sem ég held að sé mjög jákvæð, að fólk geti fengið lán hvar sem er.

Ég vil minna hv. þingmann á það að stærstu hluthafar í Íslandsbanka, Kaupþingi, og meira að segja einn stór hluthafi

í Landsbankanum, eru lífeyrissjóðir. Lífeyrissjóðirnir eru þegar, herra forseti, í bankastarfsemi sem stórir hluthafar. Þeir ráða meira að segja stórum hluta stjórnar Íslandsbanka, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og fleiri.

Varðandi það að lána til sjóðfélaga sinna eru 65% mörkin einmitt sett til þess að gæta öryggis. Og ég vil minna á það að fyrir nokkrum árum ákváðu stjórnir lífeyrissjóðanna að fjárfesta mikið í útlöndum en gættu ekki að sér sem skyldi og töpuðu miklu. Ég held að það sé ágætt að hafa ákveðin öryggismörk fyrir þá og ég vil minna á að margir lífeyrissjóðir hafa brennt sig illilega á því að lána til fyrirtækja í heimabyggð. Því miður.

[18:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki mikið við mál hv. þm. Péturs Blöndals að athuga varðandi upplýsingar hans um útvegun lánsfjár á sínum tíma. Ég held hins vegar að sú staða gæti alveg verið að koma upp aftur hér á landi.

Mér er fyllilega kunnugt um það, hv. þm., að í hinum dreifðu byggðum Íslands hafa menn ekki sömu möguleika og á höfuðborgarsvæðinu til að fá lánsfé í bankastofnunum til framkvæmda hvort sem er til húsbygginga eða annars. Þar er mikill munur á, virðulegur forseti. Það liggur m.a. í því að bankastofnanir hafa á undanförnum árum — þá er ég að tala um hina stóru viðskiptabanka — horft sérstaklega til þess að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu væri öruggara og líklegra til að hækka í gegnum árin og skárra að eiga þar hlutdeild en í hinu breytilega húsnæðisverði úti á landi, sem hefur tengst aðgerðum stjórnvalda, m.a fiskveiðistjórnarkerfinu svo að eitthvað sé nefnt.

Það liggur því fyrir, virðulegi forseti, að það er allt annað mál að nálgast lánsfé úti á landi en hér í Reykjavík.

Það er eitt sem hins vegar kom mér á óvart í máli hv. þm., sem ég vissi ekki. Ég tel að hann viti það sjálfsagt betur en ég, þ.e. að hér sé allt yfirfljótandi í peningum, líka peningum sem enginn á.

[18:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að eftir að bandarískir auðmenn keyptu ríkisskuldabréf á Íslandi hafi sú breyting orðið á að hér varð allt yfirfljótandi í peningum. Bandarískir auðmenn hafa þannig lækkað vexti fyrir lágtekjufólk á Íslandi, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Það er rétt hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að landsbyggðarfólk hefur ekki sömu möguleika til lánsfjár og fólk á Reykjavíkursvæðinu. Það er vegna þess að að ríkisbankarnir brugðust. Ríkisbankarnir, sem hefðu átt að lána til landsbyggðarinnar, skrúfuðu að mestu fyrir þau útlán, hefur mér verið tjáð. Þá vantaði staðbundna þekkingu, herra forseti. Þá vantaði staðbundna þekkingu sem sparisjóðirnir búa yfir. Það er mjög verðmæt þekking. Það er þekking þess sem veit að hann Gunnar borgar aldrei lán en Jóna borgar alltaf öll lán sem hún tekur. Þá þekkingu eiga bankarnir í Reykjavík, sem núna sitja uppi með gnótt fjár, að nýta sér til að koma peningum til landsbyggðarinnar, koma út peningum sem þeir geta ekki komið út hérna í Reykjavík. *En til þess þurfa þeir* þessa staðbundnu þekkingu sem sparisjóðirnir búa yfir. Þetta eiga þeir að gera annaðhvort með samvinnu við sparisjóðina eða með yfirtöku á þeim.

Ég átti von á því að fundur, sem boðaður var í hv. efh.- og viðskn. að beiðni hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem ég féllst fúslega á, mundi leiða í ljós möguleikann á slíku. Af þeim fundi hefur ekki getað orðið. Hann verður í fyrramálið.

[18:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu nema um tvær til þrjár mínútur. Mig langaði að taka undir margt sem fram kom í máli háttvirtra þingmanna Frjálsl. um mikilvægi þess að taka lífeyrislöggjöfina almennt upp, þ.e. varðandi starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, og skoða hana í ljósi breyttra aðstæðna.

Ég vil þó byrja á að leiðrétta hv. þm. Pétur H. Blöndal sem gefur í skyn að ríkisbankarnir hafi, vegna skorts á þekkingu á staðbundnum aðstæðum, skrúfað fyrir lán til landsbyggðarinnar. Það sem gerðist var að innan veggja þeirra stofnana hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting á undanförnum árum, eftir að þeir voru gerðir að hlutafélögum. Þeim var gert að hámarka arð sinn í öllum ákvörðunum sem teknar voru. Þá voru öll hin félagslegu viðhorf látin víkja.

Varðandi hina amerísku auðmenn sem komið hafa láglaunafólki til hjálpar að mati hv. þm. Péturs H. Blöndals þá hefur það verið á ýmsa vegu. Þannig voru það íslenskir bankar sem keyptu út bandaríska áhættufjárfesta fyrir 6 þús. millj. kr., held ég, þegar deCODE fyrirtækið kom til starfa fyrir nokkrum árum. Þannig er allur gangur á þessum hlutum.

Ég hef líka heyrt þessu hreyft, eftir að braskarar náðu völdum í íslenska bankakerfinu, að það væri ráð að almenningur í landinu tæki til sinna ráða og beitti m.a. lífeyrissjóðum sínum til að endurreisa banka og fjármálastofnanir sem raunverulega mundu þjóna fólkinu en væru ekki gerðir að féþúfu fyrir fjárgróðamenn. Fólki er farið að blöskra það sem hér er að gerast í samfélaginu almennt.

Ég held líka, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti á áðan, að þessi krafa eða lögþvingun í lífeyrislöggjöfinni, sú krafa að lífeyrissjóðirnir ráðist aðeins í fjárfestingar sem gefa hámarksávöxtun hverju sinni, sé afskaplega varhugaverð. Þetta er ástæðan fyrir því að hlutafélagaformið er ekki talið henta í margs konar mikilvægri stoðþjónustu í þjóðfélaginu, símafyrirtækjum, veitufyrirtækjum o.s.frv. Það hefur sýnt sig á erlendri grundu að þegar gefur á bátinn hjá slíkum stofnunum þá flýja fjárfestarnir. Þeir eru alltaf að hámarka arðinn eins og hann gefst best á hverjum tíma. Þeir fara þá frá þessum fyrirtækjum og iðulega hefur orðið hrun hjá fyrirtækjum af þessu tagi. Ég bendi á Vivendi í Frakklandi og gæti tekið fjölmörg önnur dæmi um slíkt.

Sama gildir náttúrlega um lífeyrissjóðina, sem margir sjá fyrir sér sem fjárfesta og eigendur í ýmsum stofnunum og starfsemi sem áður var á vegum opinberra aðila. Vegna þessa lagaákvæðis um hámarksarð, að þeim beri að sækjast eftir hámarksarði hverju sinni, eru þeir mjög ótraustir eigendur.

Ég tel að þessi mál verði að skoða til mjög langs tíma. Þannig vegnar okkur aðeins vel í þessu landi að hagkerfið plumi sig. Ef það gerir það ekki þá munu lífeyrissjóðirnir ekki gera það heldur og þá munu lífeyrisþegar framtíðarinnar ekki fá lífeyri sinn. Til þess að hagkerfið plumi sig þá þarf að gæta að því að kröfur fjármálakerfisins séu ekki reistar of hátt, að vaxtastigið sé ekki keyrt úr hófi fram. Þetta gildir bæði gagnvart heimilum en einnig gagnvart fyrirtækjunum. Lífeyrissjóðirnir, sem eru orðnir þetta veigamikill þáttur í efnahags- og fjármálakerfi okkar, verða að hugsa á ábyrgan hátt til langs tíma litið. Þess vegna eru ákvæði af þessu tagi afskaplega varasöm.

Varðandi sjóðfélagalánin vil ég upplýsa hv. þm. Pétur H. Blöndal um að þetta hefur reynst öruggasta fjárfesting lífeyrissjóðanna, að veita sjóðfélögum lán. Þetta hefur reynst besta fjárfestingin fyrir ávöxtun lífeyrissjóðanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:25.

---

55. FUNDUR

þriðjudaginn 3. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Erfðafjárskattur, stjfrv., 435. mál, þskj. 605. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 746. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716. — Fyrri umr.
4. Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
5. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.
6. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 114. mál, þskj. 114. — Fyrri umr.
7. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Fyrri umr.
8. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165. — 1. umr.
9. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 164. mál, þskj. 166. — 1. umr.
10. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 278. mál, þskj. 314. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 520. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 794.

Bið eftir heyrnartækjum, 536. mál, fsp. JóhS, þskj. 811.

Fjarskiptakostnaður ráðuneyta og ríkisfyrirtækja, 331. mál, svar fjmrh., þskj. 744.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 521. mál, fsp. ÁF, þskj. 796.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 522. mál, fsp. ÁF, þskj. 797.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 523. mál, fsp. ÁF, þskj. 798.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 524. mál, fsp. ÁF, þskj. 799.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 528. mál, fsp. ÁF, þskj. 803.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 529. mál, fsp. ÁF, þskj. 804.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 530. mál, fsp. ÁF, þskj. 805.

Fjöldi fanga, 538. mál, fsp. GÖg, þskj. 813.

Gleraugnakostnaður barna, 535. mál, fsp. JóhS, þskj. 810.

Húsnæðiskostnaður ráðuneyta, 352. mál, svar forsrh., þskj. 728.

Lúða, skata og hákarl, 533. mál, fsp. ÖS, þskj. 808.

Raforka við Skjálfanda, 537. mál, fsp. MÁ, þskj. 812.

Rannsóknahús við Háskólann á Akureyri, 250. mál, svar fjmrh., þskj. 743.

Speglunaraðgerðir í hnjám, 532. mál, fsp. RG, þskj. 807.

Viðmiðunarreglur fyrir byggingar framhaldsskóla, 534. mál, fsp. KLM, þskj. 809.

Þungmálmar og þrávirk lífræn efni í hafinu, 531. mál, fsp. ÖS, þskj. 806.

Athugasemdir um störf þingsins.

Boðun til ríkisráðsfundar.

[13:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni þeirra ummæla og frétta sem voru í fjölmiðlum í gærdag og í blöðum í morgun um hinn umdeilda ríkisráðsfund vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann telji að eðlilegt sé samkvæmt stjórnarskrá að boða til fundar í ríkisráði án þess að forseti lýðveldisins sé látinn vita fyrir fram um þann fund. Mér finnst, virðulegi forseti, þessi umræða sem verið hefur um þennan umrædda ríkisráðsfund bera nokkurn keim af deilum milli hæstv. forsrh. og forseta lýðveldisins, kannski frá fyrri tíð, um það get ég ekki sagt. En ég hefði viljað heyra svör hæstv. ráðherra við þessari spurningu.

[13:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi boðun ríkisráðsfundar var nákvæmlega í samræmi við stjórnskipunarreglur og venjur ríkisins, ekki að nokkru leyti frábrugðin þeim. Það er þannig til að mynda þegar handhafar forsetavalds staðfesta lög í fjarveru forseta sem þeir hafa gert, ekki tugum sinnum heldur hundruðum sinnum. Þá er aldrei við þau tækifæri haft samband við forsetann eða forsetaskrifstofuna. Það eru mikilvægustu verkefni forsetans að staðfesta lög. Og þegar ákveðið er að halda ríkisráðsfund vegna 1. febrúar, reglugerðar um Stjórnarráðið sem átti 100 ára afmæli þann dag, er að sjálfsögðu haft samband við handhafa forsetavalds sem gegna stöðu forsetans. Allt annað er alveg fráleitt og þá sérstaklega að halda því fram að það sé einhver regla að hafa samband við forseta fjarverandi.

Við fengum bréf, handhafar, frá forseta Íslands, faxað bréf eftir lokun kl. 8 að kvöldi föstudags 23. janúar, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til handhafa forsetavalds.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, fer til Bandaríkjanna í embættiserindum sunnudaginn 25. janúar nk. Brottför er frá Keflavíkurflugvelli kl. 17 með flugi FI 633. Dagskrá í New York er frá 25.–30. janúar. Í framhaldinu verður forseti í einkaerindum og verður heimkoma tilkynnt síðar.“

Ég sá þetta bréf á mánudegi. Ég hafði ekki hugmynd um að forseti Íslands væri að fara til útlanda. Hann hafði ekki rætt það við forsrn. Hann vissi mjög vel um 1. febrúar, enda kom það fram í áramótaávarpi hans eins og menn vita þannig að þetta upphlaup núna er algerlega út í himinblámann.

[13:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Tvær af þeim mörgu spurningum sem enn er ósvarað í þessu máli, og hæstv. forsrh. eða forseti sjálfur getur svarað, eru þessar:

1. Hvenær var boðað til nefnds ríkisráðsfundar?

2. Hvaða brýna ástæða lá til þess að til hans var boðað?

Má svo bæta við þriðju spurningunni af því að forseti sæll hefur sagt í fjölmiðlum að sjálfsagt hafi verið að hafa ríkisráðsfund á þessum degi: Er það ríkisráðið sem á afmæli eða er það einhver annar sem á afmæli? Ríkisráðið varð til við stjórnarskrána 1944 að því er mér var kennt. Ég vil beina þeirri spurningu til forseta þingsins hvort það sé rangt.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Við fengum lýðveldi 1944, hv. þingmaður, og þess vegna var fyrsti ríkisráðsfundur hins íslenska lýðveldis haldinn á árinu 1944.

Ég vil í annan stað segja vegna ummæla hv. þingmanns að að öllu leyti var eðlilega staðið að boðun þessa ríkisráðsfundar. Það hefur aldrei komið fyrir þann tíma sem ég hef verið forseti Alþingis og ég hygg aldrei áður — ég hef spurst fyrir um það hjá öðrum handhöfum forsetavalds hvort það hafi nokkru sinni komið fyrir að þeir hafi séð ástæðu til þess að hringja í forseta sem er erlendis eða hann séð ástæðu til að hringja í þá til þess að tala um það hvernig með vald forseta sé farið. Það hefur aldrei verið gert. Enda eru það handhafar forsetavaldsins sem fara með það á hverjum tíma og þegar forseti hefur horfið úr landi eru það forsrh., forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. segir í niðurlagi þessa bréfs sem mér barst undir kl. 8 á föstudagskvöldi — þá var það faxað til Alþingis en ritari minn vinnur ekki um helgar og ég var fyrir norðan og fékk ekki af þessu að vita fyrr en á mánudegi eftir að forseti hafði horfið úr landi:

„Dagskrá í New York er frá 25.–30. janúar. Í framhaldinu verður forseti í einkaerindum og verður heimkoma tilkynnt síðar."

Það er forsrh. sem boðar til ríkisráðsfundar og ef ég átti að taka það til mín, þá spurningu hvort viðeigandi væri að ríkisráð kæmi saman til þess að minnast þess að 100 ár voru liðin síðan þingræði var komið á á Íslandi (**SJS:** Ha?), þykir mér vænt um að lýsa því yfir í þessu húsi að mér finnst tilefni til þess að við gerum okkur dagamun og hittumst og ríkisráðið haldi hátíðarfund í tilefni af því að þingræði var komið hér á fyrir 100 árum.

[13:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess sem hér hefur verið upplýst, bæði af hæstv. forsrh. og hæstv. forseta þingsins, mætti nú spyrja: Úr því að það lá fyrir að forsetinn var í einkaerindum eftir 30. janúar, hvers vegna var honum þá ekki gert viðvart? Varla hafa þau einkaerindi verið það bráð að hann þyrfti að sinna þeim ef til ríkisráðsfundar kæmi, enda hefur forsetinn sjálfur lýst því yfir að honum hefði ekki verið neitt að vanbúnaði að koma til landsins. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna var hann ekki látinn vita úr því að hann var kominn í einkaerindi eftir 30. janúar?

[13:41]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil fyrir hönd þingheims þakka forseta hina glöggu ræðu sem hann flutti hér áðan. Ég virði ýmis þau viðhorf sem þar komu fram og væri ánægjulegt að ríkisráðið kæmi saman í tilefni af ýmsum hátíðlegum viðburðum í sögu lands og þjóðar. Spurningu minni hefur þó enn ekki verið svarað. Hvenær var fundurinn boðaður? Hvenær var fundurinn ákveðinn? Hvenær var hann boðaður?

[13:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef staðið fyrir því að boða ríkisráðsfundi nokkrum sinnum, sennilega 30 sinnum eða svo á þessum ferli. Þegar ríkisráðsfundir eru ekki í tengslum við gamlárskvöld boðar forsrh. þá með tiltölulega skömmum fyrirvara eða öllu heldur leggur til boðun þeirra með tiltölulega skömmum fyrirvara. Í þessu tilviki var fundur boðaður þegar ljóst var að samkomulag milli ráðuneyta um nýja reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands var tilbúið. Fyrr var ekki fundurinn boðaður en hann var boðaður með tiltölulega skömmum fyrirvara.

Ef menn eru að halda því hér fram í þekkingarleysi sínu, sem hefur verið í fjölmiðlum nokkurn veginn algjört, að það eigi að kalla forseta heim fyrir 7 mínútna ríkisráðsfund ber með sama hætti í hvert skipti sem handhafar skrifa upp á lög að hafa samband við forseta og biðja hann um að skjótast heim. Þessi athöfn var á engan hátt öðruvísi athöfn handhafa forsetavalds en sú að skrifa upp á lög, staðfesta lög sem er mikilvægasta skylda forseta Íslands. Hér er búið að snúa allri spurningunni á haus. Hví var ekki haft samband við forseta Íslands? Hin raunverulega spurning er þessi samkvæmt þessum bréfum: Hví kaus forseti að vera erlendis í einkaerindum 1. febrúar, á 100 ára afmæli stjórnarráðs og þingræðisins? Svo vil ég spyrja: Hví í ósköpunum gerir Samf. það glappaskot að taka þetta vitlausa mál upp á sínar herðar? (**Gripið fram í:** Ha?)

Erfðafjárskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 605.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, fjárfestingar o.fl.). — Þskj. 746.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 13:46]

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, fyrri umr.

Stjtill., 477. mál. — Þskj. 716.

[14:19]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008. Þáltill. hefur verið unnin á grundvelli 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, sem kveður á um að umhvrh. skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Þáltill. felur í sér stefnumótun til framtíðar og að ákveðin verði forgangsröðun á verkefnum sem vinna skal að á næstu fimm árum hvað varðar verndun svæða, en með gerð hennar er brotið blað í sögu náttúruverndar á Íslandi.

Með náttúruverndaráætlun er lagður grundvöllur að markvissari verndun náttúru Íslands en áður hefur tíðkast. Markar hún fyrsta skrefið í þá átt að koma á fót skipulögðu neti verndarsvæða hér á landi sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunnum um náttúru Íslands og hins vegar á faglegu mati á verndargildi þeirra.

Lagt er til í náttúruverndaráætlun að stigin verði markvissari skref í friðlýsingu svæða á næstu fimm árum en gert hefur verið áður. Nokkur verkefni ber hæst í náttúruvernd á þessu tímabili. Komið verði á heildstæðu neti verndaðra fuglasvæða með alþjóðlegt verndargildi, unnið verði að stækkun tveggja núverandi þjóðgarða og undirbúin verði stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarsvæða sem tengjast honum, en ákvörðun um Vatnajökulsþjóðgarð hefur þegar verið tekin af ríkisstjórn. Að auki verður unnið að friðlýsingu nokkurra svæða þar sem er að finna sjaldgæfar plöntutegundir, náttúrulegan birkiskóg og tveggja svæða með sérstæðum jarðmyndunum.

Áður en ég fer yfir þau svæði sem lagt er til að verði í forgangi í starfi okkar næstu fimm árin vil ég byrja á að fara stuttlega yfir þá faglegu vinnu sem staðið hefur yfir í um fjögur ár og það samráð sem átt hefur sér stað. Mikilvægt er að haft sé í huga að nú er verið að gera náttúruverndaráætlun í fyrsta sinn og því um leið verið að móta ákveðið ferli. Í ferlinu hefur mörgum aðilum verið gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum og ábendingum að en unnið verður að útfærslu áætlunarinnar í nánu samráði við hagsmunaaðila.

Áætlunin var unnin í tveimur meginátföngum. Fyrst var unnin ítarleg tillaga að náttúruverndaráætlun á vegum Umhverfisstofnunar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar fagstofnanir þar sem gerð var tillaga um verndun 77 svæða sem ætti að tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu, verndun helstu flokka jarðminja, mikilvægustu birkiskóga landsins og mikilvægra vatnakerfa. Í endanlegri tillögu Umhverfisstofnunar sem ber heitið Náttúruverndaráætlun, aðferðafræði – Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, er lagt til að 75 svæði verði vernduð, en þar er hins vegar ekki að finna forgangsröðun á þeirri vinnu sem fram þarf að fara varðandi verndun svæðanna. Tillögunum hefur verið dreift til þingmanna og gefa þær góða heildarmynd af stöðu mála.

Síðari áfangi verksins fólst í ítarlegri yfirferð ráðuneytisins á tillögum Umhverfisstofnunar og með því mótun náttúruverndaráætlunar til næstu fimm ára fyrir tímabilið 2004–2008. Hef ég heimsótt og kynnt mér nær öll svæðin 75 sem er að finna í tillögum Umhverfisstofnunar og fundað á mörgum svæðanna með heimamönnum um mögulega verndun þeirra. Í kjölfar þess voru drög að náttúruverndaráætlun 2004–2008 unnin í umhvrn. en drögin hafa að geyma 14 svæði af þeim 75 sem tillögur Umhverfisstofnunar höfðu að geyma. Drög að tillögu til náttúruverndaráætlunar voru að lokum lögð fram til kynningar og umræðu á umhverfisþingi sem haldið var 14. og 15. október 2003 en það sækja m.a. alþingismenn, fulltrúar stofnana ríkisins og sveitarfélaga og fulltrúar atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni. Markmiðið með þessari kynningu var að skapa umræðu um áætlunina sjálfa og náttúrúvernd á Íslandi sem og að gefa þátttakendum á umhverfisþingi tækifæri til að hafa áhrif á gerð náttúruverndaráætlunar 2004–2008.

Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi forsendur liggja að baki við val á svæðum til verndunar og stundum er um að ræða samspil margra þátta. Lögð voru tiltekin viðföng til grundvallar, svo sem líffræðileg fjölbreytni, jarðfræðileg fjölbreytni, landslag og menningarminjar og þau metin út frá verndarviðmiðum, svo sem hvort sjaldgæfar tegundir lífvera finnist á svæðinu, hvort svæðið sé óvenjutegundaríkt eða viðkvæmt fyrir röskun, hvort það sé nauðsynlegt til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda eða mikilvægt fyrir viðhald náttúrlegra þróunarferla, hvort það hafi alþjóðlegt verndargildi eða sé einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta. Ákvörðun var tekin um að vinna að nokkrum stórum verkefnum í náttúruvernd á tímabilinu 2004–2008, eins og fram hefur komið.

Lagt er til að komið verði á heildstæðu neti verndaðra fuglasvæða með alþjóðlegt verndargildi. Lögð verður áhersla á að vinna að verndun tveggja af stærstu bjargfuglabyggðum landsins en það eru Látrabjarg – Rauðisandur og Vestmannaeyjar. Einnig að koma á neti friðaðra svæða til að stuðla að verndun tveggja tegunda sjaldgæfra fugla, þ.e. flórgoða og hafarnar, tveggja tegunda fargesta, þ.e. margæsa og rauðbrystinga og að lokum heiðagæsa. Þau svæði sem talin eru mikilvæg til að stuðla að verndun þessara fugla eru Álftanes – Akrar – Löngufjörur, en það eru mikilvæg varpsvæði hafarnarins svo og margæsa og rauðbrystinga sem hafa viðdvöl hér á landi. Álftanes – Skerjafjörður er mikilvægt fyrir margæs og rauðbrysting. Lagt er til að svæði í Austara-Eylendinu og í Öxarfirði verði verndað vegna mikilvægis þess fyrir flórgoða sem er á válista. Nái verndunin fram mun um 80% flórgoðastofnsins eiga öruggt varpland. Í Guðlaugstungum – Árnestungum verpa allt að 2000 pör heiðagæsa og telst svæðið alþjóðlega mikilvægt varpland fyrir tegundina.

Ég legg einnig til að unnið verði að stækkun núverandi þjóðgarða, þ.e. í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli. Lagt er til að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um allt að 78 ferkílómetra þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Stækkunin nái einkum til lands austan við núverandi þjóðgarðsmörk þannig að Meiðavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmörk hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs. Einnig að þjóðgarðurinn í Skaftafelli verði stækkaður um nálægt 730 ferkílómetra svo að hann nái yfir allan Skeiðarársand til sjávar.

Einnig er kveðið á um það í þáltill. að áfram verði unnið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarsvæða sem munu tengjast honum á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá 26. september árið 2000.

Að lokum legg ég til að unnið verði að verndun nokkurra svæða þar sem er að finna sjaldgæfar plöntutegundir,

náttúrulegan birkiskóg og sérstæðar jarðmyndanir. Svæðin Látraströnd – Náttfaravík og Njarðvík – Loðmundarfjörður hafa mikið verndargildi vegna þess að þetta eru þau tvö svæði á landinu þar sem flestar tegundir sjaldgæfra plöntutegunda er að finna. Einn skógur varð fyrir valinu en það er Vatnshornsskógur í Skorradalshreppi, en hann er lítt snortinn gamall birkiskógur. Tvö svæði voru valin vegna þess að þar er að finna mikilvægar jarðfræðiminjar en það eru Geysir í Haukadal, en brýnt er að koma verndun hans í örugga höfn, og Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg, en það svæði er einstakt á heimsvísu. Þar má sjá framhald úthafshryggs á þurru landi þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur.

Ég tel mikilvægt að það sé alveg skýrt að framkvæmd málsins eftir umfjöllun á Alþingi mun taka mið af umfangsmiklu samráði við viðkomandi landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Verndun eða friðlýsing svæðis krefst töluverðrar undirbúningsvinnu ef tryggja á að verndunin skili árangri. Hana þarf að vinna í sem mestri sátt við heimamenn og hún þarf að falla sem best að áætlunum um aðra landnotkun.

Samkvæmt náttúruverndarlögum skiptast friðlýst svæði í fimm flokka eftir eðli, tilgangi og markmiði verndunar. Það eru þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti, tegundir lífvera og búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi og fólkvangar.

Í einstökum friðlýsingum eru settar reglur um landnotkun eftir því hvaða áhrif hún hefur á hið verndaða svæði. Verndun svæðis vegna einstakra lífvera og líffræðilegrar fjölbreytni þarf þannig að fullnægja þörfum viðkomandi tegunda til vaxtar og viðkomu en um leið er hægt að stunda aðra landnotkun sem ekki fer gegn markmiðum verndunarinnar. Stofnun þjóðgarðs er í eðli sínu þannig að nokkuð strangar reglur gilda um aðra landnotkun þar sem meginmarkmið með stofnun þjóðgarða er að veita fólki aðgang að svæðum þar sem náttúra landsins fær að þróast eftir eigin lögmálum án verulegrar íhlutunar mannsins. Á öðrum svæðum þarf friðlýsing ekki að koma í veg fyrir aðra landnotkun ef hún gengur ekki í berhögg við tilgang og markmið verndunarinnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að vinna við undirbúning friðlýsinga verður í höndum Umhverfisstofnunar sem lögum samkvæmt er að gera drög að verndunarákvæðum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í drögunum verður afmörkun svæðanna nánar útfærð en gert er í þeirri náttúruverndaráætlun sem nú er til umræðu og þar verða skilmálar settir fram og útfærðir.

Vinna við drög að verndun svæðis mun krefjast mikils samráðs við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila. Áhersla verður lögð á að kynning og samráð fari eins snemma af stað og hægt er og skilgreindir verði þeir aðilar sem telja sig hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Mikil áhersla verður lögð á að sátt náist um verndunina enda er það grunnurinn að því að hún nái þeim markmiðum sem að er stefnt.

Ég vil leggja áherslu á að einn helsti ávinningurinn af gerð náttúruverndaráætlunar er að lögð er fram skýrari og heildstæðari stefnumörkun við náttúruvernd á grundvelli faglegra sjónarmiða en sést hefur fyrr. Annar ávinningur er efling lýðræðislegrar umræðu um náttúruvernd og framkvæmd hennar. Metinn hefur verið lauslega kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar fyrir þau 14 svæði sem áætlunin tekur til. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 148 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 32 millj. kr. þegar verndun allra 14 svæðanna lýkur. Kostnaðaráætlunin tekur ekki til kostnaðar vegna framkvæmda við Vatnajökulsþjóðgarð og tengdra svæða en áætlanir um kostnað vegna þess liggur ekki fyrir.

Síðasta sumar skoðaði ég nær öll svæðin 75 sem eru í tillögu Umhverfisstofnunar, eins og áður sagði, og ræddi við hagsmunaaðila. Miklar umræður voru einnig um drög að náttúruverndaráætlun á umhverfisþingi sem haldið var á haustdögum. Mín tilfinning, virðulegur forseti, er sú að almennt séu menn jákvæðir og fagni þeirri umræðu sem tillaga að náttúruverndaráætlun 2004–2008 hefur skapað.

Virðulegur forseti. Ég hef farið yfir meginþætti till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008 og legg til að þáltill. verði að lokinni fyrri umr. vísað til síðari umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[14:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra út í þessa verndun. Mér finnst óljóst hvað hún felur í sér, hvaða takmörk þessi verndun setur t.d. landnýtingu. Það þarf að koma skýrt fram. Við erum ekki bara að merkja svæði á kort til þess að merkja þau heldur hlýtur það að hafa einhverja merkingu að taka svæði frá og vernda þau. Mér finnst þetta ákaflega óljóst.

Ég held að við verðum að hafa fleira í huga þegar við tökum svæði og verndum þau, merkjum þau sem friðland. Það þarf náttúrlega að hugsa fyrir því hvernig verndunin takmarkar landnotkun. Þar þarf líka að forgangsraða. Ákveðin svæði eru mikilvægari en önnur náttúrufarslega, mér detta strax í hug t.d. Surtsey, Þjórsárver og Mývatn. Ég veit ekki betur en að það sé beit í Þjórsárverum. Kannski er ekkert við það að athuga en það er verra að enn er óljóst um virkjun á þessu svæði. Það er sagt að það eigi ekki að skaða þetta svæði en menn eru enn að deila um hvernig virkjunum eigi að vera háttað í kringum Þjórsárver.

Ég tel mjög mikilvægt að forgangsraða þessum verkefnum og að lagaleg vernd verði í samræmi við náttúrufarslegt gildi svæðanna.

[14:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi spurning lýsir nákvæmlega því sem við þurfum að fara í gegnum. Hér spyr hv. þm.: Hvað felur þessi áætlun í sér? Það er óljóst hvaða reglur eiga að gilda varðandi verndina, hvað má gera og hvað ekki. Því er ekki hægt að svara á þessari stundu.

Í þeirri náttúruverndaráætlun sem við erum að ræða núna, um þessi svæði, er þingið einungis að fjalla um hvort við erum að velja rétt svæði í stefnumótun okkar. Þegar þingið er því búið að samþykkja þessa áætlun, sem ég vona að verði gert í vor, hefur það gefið grænt ljós á að við vinnum á næstu fimm árum að því að ná fram verndun á þessum svæðum. Við vinnum fyrst á þeim en ekki einhverjum öðrum. Reyndar eru nokkur önnur svæði í slíku ferli nú þegar og auðvitað hættum við því ekki að vinna í þeim.

Við afgreiðslu þessa máls mun þingið ekki að segja hvað megi gera á hverju svæði. Þingið á ekki að segja hvar mörk eiga að liggja á hverju svæði, hve stór eða lítil svæðin sem á að vernda verði. Allt það ferli er eftir. Það mun taka fimm ár. Kannski tekur það fleiri ár en við vonum að við náum þessum svæðum í gegn á fimm árum.

Við þurfum að setjast niður yfir hvert einasta svæði og ræða við sveitarstjórnarmenn, landeigendur og aðra hags-

munaaðila til að móta reglurnar á svæðunum. Þinginu er ekki ætlað að vernda þessi svæði, það er miklu lengra og ítarlegra ferli en þingið getur tekist á við núna. Þingið er einungis að samþykkja þessa stefnumótun af því að hér er um þáltill. að ræða, svipaða og vegáætlun, skógræktaráætlun og annað slíkt.

[14:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. umhvrh. hefur lýst því að það plagg sem hún leggur hér fram sé stefna. Mér finnst þetta plagg að mörgu leyti gott. Mér finnst tímabært að unnið sé með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur lýst.

Sum af þeim svæðum sem kunna að verða friðlýst eða lögð undir þjóðgarða gætu í framtíðinni kallað á sérstök lög en hér er um stefnu að ræða. Ég er, eins og hæstv. ráðherra og margir hv. þm. vita, ákafur stuðningsmaður þess að land sé tekið frá og gert að þjóðgörðum.

Fyrir liggur að ég og nokkrir aðrir háttvirtir þingmenn störfum í sérstakri nefnd sem hæstv. ráðherra skipaði til að gera tillögur um þjóðgarð norðan Vatnajökuls. Margt bendir til að sú nefnd ljúki störfum á allra næstu vikum. Það verður a.m.k. örugglega, að því er ég hygg, áður en þetta þing lýkur störfum. Það er jafnframt ljóst að þessi metnaðarfulla áætlun verður ekki samþykkt af þinginu fyrr en undir lok þessa þingvetrar.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Ef það fer svo, sem ég lýsi hér sem skoðun minni, að nefnd hæstv. ráðherra um þjóðgarð norðan Vatnajökuls skili af sér á næstu vikum, mundi hún þá vera reiðubúin til að greiða fyrir því að í meðförum þingsins yrðu þær tillögur teknar upp í stefnumótunina sem birtist í lokagerð þessa plaggs þegar þing hefur um það vélað?

Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. ráðherra hefur sagt að það þurfi að öllum líkindum sérlög um það svæði. Ég leggst alls ekki gegn því. En hér er um stefnumótun að ræða og ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort þær tillögur gætu komið inn í þessa áætlun sem hluti af þeirri framtíðarsýn sem ráðherrann skilur eftir sig.

[14:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þennan góða anda sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemur með inn varðandi þessa áætlun. Þetta er sá andi sem ég hef fundið bæði frá stjórn og stjórnarandstæðingum og frjálsum félagasamtökum. Mönnum þykir þessi náttúruverndaráætlun vera rétt skref.

Varðandi vinnuna sem lýtur að svæðum norðan Vatnajökuls þá er henni haldið til haga í þeirri náttúruverndaráætlun sem við erum að fjalla um. Þar er haldið til haga þessum 14 nýju svæðum, líka vinnu við Vatnajökulsþjóðgarð og svæðum tengdum honum, þ.e. svæðum sem hv. þm. og fleiri aðilar hafa verið að skoða síðustu missirin. Þessi vinna er því nú þegar inni í náttúruverndaráætluninni, þeirri stefnumótun sem við erum að fjalla um. Hana vantar því ekki inn í plaggið.

Ef hv. þm. á hins vegar við að niðurstaða nefndarinnar, verði hún nægilega skýr og fellur inn í áætlunina, geti komið þar inn sem texti þá á ég erfitt með að sjá fyrir mér að það geti gengið upp. Eins og hv. þm. hefur bent á, og ég deili þeirri sýn með honum, þá á ég von á að um ákveðin svæði þurfi sérlög, líklega um Vatnajökulsþjóðgarð og svæðin norðan Vatnajökulsþjóðgarðs, sem sagt stækkaðan Vatnajökulsþjóðgarð. Það er miklu meiri vinna en svo að okkur takist að ljúka henni á þessu vorþingi.

Ég tel að það sé það mikil vinna í þessari náttúruverndaráætlun að ekki væri æskilegt að bæta við í hana lagasmíð. Ég held að málið sé ekki nógu þroskað til þess. Ég held því að það verði að bíða til næsta haustþings eða síðar, því miður.

[14:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að að öllum líkindum og örugglega muni þessu þingi ekki gefast tóm til að setja lög sem byggjast mundu á tillögum sem hugsanlega koma frá þeirri nefnd sem vélar um svæðið norðan Vatnajökuls. En hæstv. ráðherra hefur í svari við spurningum frá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni lagt þunga áherslu á að hér sé um stefnumótun að ræða. Hæstv. ráðherra á t.d. eftir að semja við sveitarfélög í kjördæmi sínu sem hafa yfir mikilvægum fjörum að ráða sem eru griðlönd tiltekinna fuglategunda.

Það sem ég er að segja er að það ætti a.m.k. með einhverjum hætti að taka inn í lokagerð þessarar áætlunar skýra vísun í þau lönd sem nefndin vill leggja undir þjóðgarð norðan Vatnajökuls, svo fremi sem ráðherra verður því sammála.

Ég hygg, virðulegi forseti, að okkar öflugu talsmenn í umhverfismálum muni fara mjúkum og jákvæðum en þó gagnrýnum höndum um þessa tillögu og það er hugsanlegt að við munum gera viðaukatillögur sem mundu lúta að slíku.

[14:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tillögu þeirri sem við fjöllum um hér kemur fram í III. lið, Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, að áfram verði unnið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarsvæða sem munu tengjast honum á grundvelli ályktunar Alþingis. Stefnumótunin er því sú að við höldum að sjálfsögðu áfram með það mál og leggjum áherslu á að það sé í forgangi ásamt hinum 14 svæðunum.

Ég býst við því að hv. þm. sé að vísa til þess hvort hægt sé að tilgreina það svæði með einhverjum mörkum. Ég á erfitt með að segja hvort það er hægt eða ekki, það fer eftir því hve sammála nefndin verður í niðurstöðu sinni og hve mikil samstaða skapast um slík mörk á þinginu. Sjálfsagt getur umhvn. skoðað það í umfjöllun um málið þegar það kemur inn í umhvn.

En ég bíð mjög spennt eftir tillögum þessarar nefndar og á von á að þær verði góðar, miðað við það sem ég hef heyrt hingað til.

[14:41]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. um náttúruverndaráætlun sem við ræðum hér er augljóslega mjög metnaðarfullt plagg. Þegar við lesum tillögugreinina sjálfa blasir það við. Hún felur í fyrsta lagi í sér tillögu um friðlýsingu á 14 svæðum á landinu. Markmiðið er stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi.

Þetta er augljóslega verkefni sem einhver hlýtur að verða að bera ábyrgð á í daglegri umgengni og sjá til að áformunum verði framfylgt. Ég vek athygli á því að þetta er gríðarlega mikið mál.

Þess vegna langar mig fyrst og fremst til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hún hefur séð fyrir sér aðkomu einstakra stofnana að málinu. Í athugasemdum við tillöguna eru nefndar tvær stofnanir, þ.e. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Hins vegar sakna ég þess að í þessu mikla plaggi eru hvergi nefndar náttúrustofur á landsbyggðinni. Þó sýnist mér augljóst mál að hér sé um að ræða verkefni sem falla mjög vel að því sem við höfum verið að reyna að gera með uppbyggingu náttúrustofa. Mörg okkar hafa talið að efla þyrfti hlut náttúrustofanna og heilmikil barátta hefur verið háð fyrir því að reyna að fá fjármagn til þeirra og tryggja að náttúrustofurnar komi að stærri verkefnum sem falla vel að verksviði þeirra. Þess vegna, virðulegi forseti, sakna ég þess að sjá ekki í þessum merka og ítarlega texta neina skírskotun til þessara stofnana.

Ég vona að að baki hafi legið sú hugsun að þessar náttúrustofur, sem starfa á landsbyggðinni og eru vísindastofnanir á landsbyggðinni þar sem gerðar eru miklar faglegar og vísindalegar kröfur, fengju hlutverk í þessu verkefni. Hér er um að ræða landsvæði sem eru næst þessum stofum og þess vegna langeðlilegast að þær sinni þessu hlutverki.

[14:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í náttúruverndarlögunum kemur skýrt fram að Umhverfisstofnun fari með undirbúning að verndun og friðlýsingu svæða. Þegar þreifingar um að vernda svæði eiga sér stað á milli aðila hafa menn hins vegar samráð við sem flesta aðila og auðvitað þá sem eru skilgreindir hagsmunaaðilar.

Náttúrustofurnar búa yfir talsverðri þekkingu, mjög mikilli á mörgum sviðum, þannig að mér finnst blasa við að við þær verði haft samráð, þ.e. við náttúrustofur á viðkomandi landsvæðum þegar fjallað er um verndun svæðanna.

Fjölmargir aðilar koma að þessu samráði. Það eru landeigendur og sveitarfélögin. Það geta verið veiðiréttarfélög, umhverfisverndarsamtök, náttúrustofur og sjálfsagt fleiri aðilar sem ég gleymi að telja upp hér. Að mínu mati er aðalatriðið, þegar farið er í að vernda svæði, að umræða fari fram um af hverju eigi að vernda svæðið og hvaða ógnir steðja að því. Hvernig mætum við þeim og setjum upp skynsamar reglur á tilteknu svæði þannig að sem víðtækust sátt náist um þær reglur?

Að mínu mati er mjög slæmt þegar togast er á um reglurnar á svæðunum. Hv. þm. þekkir það t.d. ágætlega varðandi ref og mink í Hornstrandafriðlandi. Það er óþægilegt hve mikið menn hafa deilt um það. Reyndar er það ákvæði sérstaklega í skoðun í nefnd. Ég hef því lagt mjög mikla áherslu á samráð og þar koma náttúrustofurnar að mínu mati að sem samráðsaðili.

[14:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samráðið er út af fyrir sig gott og gilt og hagsmunaaðilar eru sjálfsagðir í því samráðsferli en ég lít hins vegar ekki svo á að náttúrustofur séu í eðli sínu samráðsaðilar eða hagsmunaaðilar eins og t.d. veiðiréttarfélög sem áðan voru nefnd til sögunnar. Náttúrustofurnar eru vísindastofnanir sem starfa úti á vettvangnum, sem starfa úti í byggðunum. Að mínu mati er það algjör grundvallarspurning hvort það sé hugmyndin að náttúrustofurnar fái þetta eðlilega hlutverk, hið vísindalega hlutverk, hlutverk sem mér sýnist að að öðru leyti sé falið Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Ég vil láta það koma mjög skýrt fram og ég lét það koma fram í mínum þingflokki að ég er eindregið þeirrar skoðunar að þarna eigi að auka vægi náttúrustofanna og að þær eigi að hafa þetta vísindalega hlutverk, þær eigi að hafa þetta eftirlitshlutverk. Það er langsamlega lógískast. Ef við viljum á annað borð byggja upp þessa vísindalegu þekkingu úti um landið sem ég hygg að við viljum langflest gera verðum við auðvitað að skapa þessum stofum eðlileg verkefni og það gerum við með því t.d. að fela þeim stór verkefni á borð við þau að hafa afskipti af náttúruverndaráætlun þeirra.

[14:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Menn þurfa þá að skilgreina hvað þeir vilja nákvæmlega að náttúrustofurnar geri. Hér sagði hv. þm. að náttúrustofurnar ættu að hafa vísindahlutverk varðandi verndunina og eftirlitshlutverk varðandi verndunina. Það er alveg tvennt ólíkt þannig að það verður þá að skilgreina nákvæmlega hvað náttúrustofurnar eiga að gera ef þær eiga að hafa hlutverk en að sjálfsögðu verða þær í samráði.

Um þessar mundir er samstarf á milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar og náttúrustofanna samkvæmt samningi þannig að þessir aðilar hafa fundað til þess að ræða samstarf sitt. Ég vona að virðulegur þingmaður sé að hlusta á svarið sem hann er að biðja um en niðurstaðan er að fara sérstaklega yfir hugsanleg verkefni sem m.a. tengjast friðlýstum svæðum. Þessir aðilar eru núna að ræða það mál, Umhverfisstofnun, Náttúrustofnun Íslands og náttúrustofurnar. En menn verða auðvitað að hafa mjög skýrt fyrir sér hvert hlutverk þeirra verður ef því t.d. fylgja fjármunir o.s.frv.

[14:48]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Það er afar mikilvægt að náttúrustofurnar fái hlutverk og ég endurtek það, fái hlutverk en ekki bara samráð, varðandi þessa miklu áætlun sem hér er á borðum okkar þingmanna.

Ég hef auðvitað heyrt mismunandi skoðanir, sérstaklega sveitarstjórnarmanna, varðandi náttúruverndaráætlunina. Í mjög mörgum tilfellum hefur hún hlotið góð viðbrögð en í vissum tilfellum eru líka nokkrar áhyggjur af því hvað hér muni vera á ferðinni. Ég vil taka sem dæmi Öxarfjörð sem fer undir verndun vegna fugla og er skilgreind hér sem fuglasvæði, búsvæði fugla. Þetta er afar stórt svæði sem skilgreint er, bæði Vestursandur og Austursandur allt frá Lóni austur að Sandá. Mikilvægi svæðisins er til þess að vernda sérstaklega flórgoða. Flórgoðinn er staðsettur á Víkingavatni þar sem talið er vera stærsta flórgoðavarp landsins utan Mývatns.

Þetta er auðvitað ákaflega mikilsvert en í Öxarfirði er einnig háhitasvæði sem sveitarstjórnarmenn hafa haft mikil áform um að nýta sem og heimamenn. Þess vegna eru auðvitað uppi spurningar, bæði í Kelduhverfi og Öxarfirði, um möguleika á því, þegar búið verður að friðlýsa allan Vesturssandinn og Austursandinn, að nýta þetta háhitasvæði nema með einhverjum óskaplega miklum látum og tilfæringum.

[14:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn lýsir líka því viðhorfi að menn halda að hér sé um að ræða einhver flennistór svæði

sem ekkert má gera á í framtíðinni. Það er ekki þannig. Við erum hér með stefnumótun í umfjöllun. Það er ekki búið að negla niður mörk svæðanna. Það eru einungis tillögur til að styðjast við eitthvað. Það er bara 5 km radíus í kringum Geysi, bara hringur. Það þarf að skoða miklu nákvæmara hvaða mörk eru eðlileg og það sama á við um Öxarfjörðinn. Það er ekki þar með sagt að á þessum svæðum sem hafa verið tekin svona út til að setja í forgang varðandi umræðurnar næstu fimm árin megi ekkert gera. Allt samráð á eftir að fara fram. Ég á ekki von á því að það komi til árekstra í Öxarfirði varðandi flórgoðann og hugmyndir manna um nýtingu á því svæði. Menn þurfa að setjast niður með sveitarfélaginu, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum og ræða sig í gegnum það. Jú, við ætlum að vernda flórgoðann, ákveðið svæði hans. Hvernig ætlum við að ná því fram? Getum við hnikað einhverju til ef menn ætla sér að gera eitthvað nákvæmlega á þessu svæði sem gæti ógnað honum? Og hvernig náum við því þá fram?

Ég vara svolítið við því að menn nálgist þessa vinnu með þeim hætti að það eigi að banna mönnum að hreyfa sig um þessi svæði. Það er ekki aðkoman. Þetta heitir í lögunum „friðlýsing", e.t.v. því miður, og það orð hefur valdið mér miklu hugarangri af því að fólk upplifir við friðlýsingu, eitthvað sem er friðað, að það megi ekki gera neitt. Þess vegna hef ég kosið að nota orðið „verndun" miklu frekar. Það lýsir miklu frekar því sem við erum að ná fram með þessari vinnu.

[14:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi verið afskaplega mikilvægt að fá þetta fram, að það kæmi mjög skýrt fram að hér á eftir að fara fram mikið samráðsferli. Markmiðið er þetta, að vernda flórgoðann, en menn eru í sjálfu sér ekki að horfa á friðlýsingu sem slíka sem, eins og hæstv. ráðherra nefndi, hefur á sér mjög sérstaka ímynd gagnvart þeim sem nýta einstök landsvæði þar sem slíkt er uppi.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta. Þetta kemur mjög skýrt fram. Hér á eftir að vinna mikla vinnu til þess að ná einmitt þessu markmiði. Ég vil að auki þakka fyrir þessa ágætu náttúruverndaráætlun. Ég held að hún sé um margt mjög vel unnin og auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því að fram undan er mikil viðbótarvinna.

[14:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari fyrstu náttúruverndaráætlun er verið að lögfesta ákveði um náttúruvernd og ég fagna því mjög eins og aðrir sem það hafa nefnt að við stígum þetta skref. Við í Samf. munum fara í þessa vinnu með mjög jákvæðum hætti í þingnefndinni og vonandi tekst að ljúka áætluninni í vor. En ég ætla líka að lýsa því yfir að mér finnst afar mikilvægt að það verði sátt um svona mál, að það sé hægt að vinna það þannig að allir séu sáttir þegar það fer út úr nefndinni aftur. Það er hins vegar full ástæða til að vera gagnrýninn og skoða hvað betur megi fara þannig að ég er ekki að lýsa yfir stuðningi við öll atriði í þessari áætlun, fyrst og fremst með hvaða hætti við eigum að fara í þessa vinnu.

Til dæmis þarf að kanna hvort samstaða geti orðið um það í nefndinni að gera breytingar, e.t.v. bæta við svæðum ef við teljum það mikilvægt þegar við erum búin að skoða málið.

Náttúruverndaráætlunin byggist fyrst og fremst á Bernarsamningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífssvæða í Evrópu sem er samningur 45 Evrópuríkja, sem og samningnum um líffræðilega fjölbreytni sem er frá 1992. Evrópusambandið byggir sína stefnu á Bernarsamningnum og ef við værum í Evrópusambandinu væri þessi áætlun öðruvísi. Þá væri allt útfært í löggjöf meðan útfærsla þessarar áætlunar verður í reglugerð og í raun og veru erum við að hefja vinnu sem á eftir að taka mörg ár miðað við það. Og það finnst mér vera ókostur þegar ég lít til mikilvægis málsins.

Þessir mikilvægu alþjóðasamningar leggja áherslu á skráningu, vernd og uppbyggingu náttúrulegra vistkerfa, tegunda og búsvæða og hverju aðildarríki ber að koma á fót neti verndarsvæða sem til samans tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar fjölbreytni þess ríkis. Traustar upplýsingar um náttúruvernd og náttúruminjar eiga að liggja til grundvallar hverju svæði og netið á að vera skipulega byggt upp. Það kemur fram í greinargerð þessarar tillögu að breytt hugmyndafræði hefur gefið af sér nýjar vinnuaðferðir við svona svæðisbundna náttúruvernd. Þær byggja á því og byrja á að skilgreina og skrásetja náttúruminjar sem þarfnast verndar og síðan tryggja tiltekna lágmarksvernd og netið með friðlýstum svæðum.

Þrjár stoðir eru lagðar til grundvallar. Í fyrsta lagi eru tegundir lífvera og þau svæði sem við erum að fjalla um hér byggja fyrst og fremst á þeirri stoð. Í öðru lagi vistgerðirnar og ekkert svæðanna tekur mið af þeirri stoð, og í þriðja lagi jarðminjar og það eru tvö svæði tekin inn samkvæmt þeirri stoð, Reykjanes og Geysir. Það hefur auðvitað heilmikið samt verið unnið með vistgerðirnar en það er ljóst að það er mjög mikil vinna fram undan varðandi þær.

Ég minni enn og aftur á mikilvægi grunnkortanna sem alloft hefur verið vísað til í umræðu um þessi mál og að lögð verði áhersla á gerð þeirra. Það hefur komið aftur og aftur fram alls staðar þar sem er verið að fjalla um náttúruvernd og framtíðina.

Í þessari tillögu er farið inn á fjögur svæði eins og hæstv. umhvrh. fór ágætlega yfir, sjö fuglasvæði sem eru ágætlega vel valin sem fyrsta skref. Hér er í raun og veru verið að tryggja lágmarksvernd. Stækkun þjóðgarða í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli er inni sem er gott mál og svo stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom einmitt inn á það hvort það væri möguleiki á því, ef tillögur lægju fyrir, að gera eitthvað í nefndinni. Ég verð að segja að mér finnst að það þurfi a.m.k. að kveða fastar að varðandi Vatnajökulsþjóðgarðinn. Það er frekar vandræðalegt að sagt sé að það eigi að vinna áfram samkvæmt gamalli tillögu meðan við eigum í raun og veru að bíða þess að eitthvað verði formfest sem búið er að koma sér meira eða minna saman um. Við bíðum þess hvaða náttúruverndarsvæði verða innan þessa þjóðgarðs. Við hljótum t.d. að skoða það með Eyjabakkana hvort þeir eigi hugsanlega að koma strax inn hér. Ég hef talið að það þyrfti að breyta þessum texta og jafnvel kveða þannig að að tillagna sé beðið samkvæmt vinnu nefndar um þennan þjóðgarð.

Svo vil ég nefna fjórða svæðið sem byggir á plöntusvæði, gróðurfari og jarðfræði. Þar eru nefnd Geysir í Haukadal og Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Auðvitað eru þetta staðir sem verða fyrir áreiti en það eru önnur svæði mjög mikilvæg sem hefði líka þurft að skoða í þessum efnum.

Ég vek athygli á því að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið með mjög skipulega greiningu á tiltækum upplýsingum til að leggja mat á hvaða tegundir eru í hættu og hverjar sé mikilvægt að vernda, og að flokka jarðminjar á Íslandi

og meta verndarstöðu þeirra. Það er alveg sérstök vinna sem hefur farið fram varðandi þetta, verndun tegunda og svæða og verndun jarðminja. Sömuleiðis hefur Skógrækt ríkisins lagt áherslu á verndun sérstæðra og náttúrulegra birkiskóga. Miðað við þessar forsendur má setja spurningu við Vatnshornsskóginn, hvaða plöntur eða dýr eru í þeim skógi. Vísindaleg aðferð virðist alls ekki lögð til grundvallar einmitt þessum skógi miðað við þau vinnubrögð sem ég hef drepið hérna lauslega á sem auðvitað hefði þurft að fara nánar ofan í nema að það er mjög stuttur tími fyrir ræðurnar.

Ef velja á birkiskóg á að meta hann samkvæmt sömu forsendum og dýralífið og plönturnar og það virðist ekki hafa verið gert.

Af því að ég nefndi að Geysir og Reykjanes eru staðir sem verða fyrir áreiti vil ég sérstaklega nefna Brennisteinsfjöllin sem eru enn þá mikilvægari og eru heildstætt eldvirkt svæði, eldstöðvar og hraun, ósnert, og það er atriði sem við í Samf. viljum gjarnan að litið sé til í vinnu nefndarinnar, og jafnframt Eyjabakkana eins og ég nefndi í sambandi við Vatnajökulsþjóðgarðinn.

Ég hef auðvitað staldrað við það að alla skilgreiningu vantar á friðlýstu svæðunum. Hvernig verndun verður þetta — þetta eru ólík svæði — og hvað má gera á hverju þeirra og hver verða mörk svæðanna? Það kom fram í fyrirspurn hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, og umhvrh. segir að það muni taka fimm ár að skilgreina þessi svæði og eiga allt það samstarf sem þarf til þess. Ég verð að segja að þetta er mjög svifaseint.

Ég ætla í síðari ræðu minni að koma fram með ýmsar athugasemdir sem komu fram á umhverfisþinginu, m.a. að náttúruverndaráætlun á auðvitað alltaf að vera í þróun. Ég sé það fyrir mér að þetta verður auðvitað mjög seinvirkt ef vinnan verður með þessum hætti í hvert skipti sem við tökum á einhverju gagnvart náttúruverndaráætluninni.

[15:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mál það sem við ræðum hér, till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008, er mál sem lengi hefur verið beðið eftir í þingsölum. Samkvæmt 66. gr. náttúruverndarlaga átti að leggja fram þessa náttúruverndaráætlun árið 2002. *Það hefur tekið lengri tíma og hér hefur hún* litið dagsins ljós og ég vil taka það fram að ég get fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fagnað þessu blaði. Þessu blaði segi ég, þetta er doðrantur upp á um 300 síður. Þetta eru tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, náttúruverndaráætlun 2004–2008. Hér í er, má segja, nokkurs konar banki af þeim svæðum sem okkar besta fagfólk telur að njóta eigi friðlýsingar í náttúru Íslands.

Við erum hins vegar ekki að fjalla um þetta plagg í heild sinni, heldur erum við að fjalla um þessa tillögu. Þetta er tillaga hæstv. umhvrh. að 14 svæðum sem skuli vera undirbúin til friðlýsingar á næstum fjórum árum. Þau eru plokkuð út úr þessu stóra riti hér og um þetta plagg má ýmislegt segja. En í heildina fagna ég þeirri vinnu sem búið er að leggja í þetta mál allt saman. Mér finnst alveg til fyrirmyndar að fletta í gegnum þetta mikla rit og að hér getum við haft á einum stað lýsingar á þeim svæðum sem helst koma til greina að verði friðlýst á Íslandi.

Ég nota óhikað orðið friðlýst og friðlýsing og ég harma það að hæstv. umhvrh. skuli vera hrædd við nota það orð því ég held nefnilega að við eigum að taka upp orðræðu sem er skýr, hrein og bein og gengur ansi langt. Ég viðurkenni það að orðið friðlýsing er sterkt orð og það gefur ákveðna mynd í hugum okkar þegar við notum það. En það er mynd sem mér finnst rétt að við framköllum þegar verið er að tala um friðun þeirra svæða sem dýrmætust eru talin í náttúru Íslands. Ég vil ekki að við lítum á friðlýsingar sem eitthvert stundarfyrirbæri þar sem hægt er að færa friðlandsmörk til og frá eftir „smag og behag“, svo slett sé á norrænum tungumálum, enda hafa þau verið okkur þingmönnum töm nú síðustu daga í heimsóknum norrænna þingmanna.

Áður en ég fer í það, virðulegi forseti, að skoða hér einstakar tillögur sem liggja fyrir í tillögu hæstv. ráðherra langar mig til að segja að það umhverfi sem Framsfl. og Sjálfstfl. hafa búið okkur á þessari eyju elds og ísa, þessari náttúruperlu í Norðurhöfum, er með þeim hætti að nýtingarsjónarmið hafa *ævinlega haft forgang fram yfir verndarsjónarmið. Og nýt*ingarsjónarmið þessara flokka eru sannarlega ekki alltaf og sjaldnast í samhljómi við þær skyldur sem okkur eru lagðar á herðar af heimsbyggðinni og samfélagi þjóða, það er að varðveita og vernda þau náttúruauðæfi sem fólgin eru í óraskaðri náttúru Íslands. Ég minni á að við höfum fengið hér til umsjár svæði sem eru einstök frá náttúrunnar hendi á heimsmælikvarða og berum þess vegna alheimsábyrgð á vernd þeirra, viðgangi og varðveislu.

En sjónarmið þeirra flokka sem setið hafa við stjórnvölinn undanfarin ár hafa verið nýtingarsjónarmið og að mér finnst afdönkuð sjónarmið iðnbyltingarinnar um orkufrekan iðnað, og hafa þessir flokkar það á samviskunni að hafa selt stórnotendum raforku sál sína og landið með og það fyrir lítinn pening. Nýtingarsjónarmið af því tagi sem hér hafa verið ráðandi í stjórnartíð þessara flokka og þessarar ríkisstjórnar, já reyndar kannski lengra aftur þegar grannt er skoðað en *á seinni árum hefur málið þó horft aðeins öðruvísi við*, sú stóriðjustefna sem hér hefur verið rekin hefur stungið meira í augun en ella vegna þess að náttúruverndarsjónarmið hafa orðið æ háværari í umræðunni, æ almennari og alþjóðasamningar sem leggja okkur skyldur á herðar hafa orðið virkari og sýnilegri. Umræðan um náttúruvernd á alþjóðlegum vettvangi hefur vaxið til muna bara á síðustu tíu árum frá því að umhverfisfundur Sameinuðu þjóðanna í Ríó var haldinn.

En þegar svona stóriðjusinnuð stjórnvöld eru, mér liggur við að segja þvinguð með lagafyrirmælum til að fara að sinna náttúruverndarmálum, og þá er ég að tala um lagafyrirmælin í náttúruverndarlögunum um náttúruverndaráætlunina, þá fer auðvitað ekki hjá því að menn leggi sérstaklega við eyrun til þess að athuga hvort tónlistin sé nú fögur hér eða hvort hér séu falskir hljómar, hvort eitthvað sé hér hjáróma eða hvort tónarnir séu hljómmiklir og tærir.

Margt sem sagt hefur verið í aðdraganda þessarar náttúruverndaráætlunar og skrifað er í inngang hennar er með þeim hætti í mínum huga að mér finnst ekki þurfa neinar leikfimiæfingar til þess að tortryggja þann ásetning sem hér er látið í veðri vaka að stýri för. Mér finnst allt of mikil áhersla, bara strax í inngangi þessarar áætlunar, vera lögð á nýtingarsjónarmið, á efnahagslegan ábata af nýtingu náttúruauðlinda, og það hvarflar óneitanlega að manni að inngangurinn sem fylgir þessari náttúruverndaráætlun úr hlaði, og þá er ég að tala um hina þykku bók, gæti nánast allt eins verið skrifaður í iðnrn. Og mér finnst það ámælisvert hvernig hæstv. umhvrh. hefur innleitt orðræðu í náttúruverndarmálum sem mér finnst vera mun meira við hæfi iðnrh. en hæstv. umhvrh.

Ég hef oft brýnt hæstv. umhvrh. úr þessum stóli að vera meiri andófsmaður í ríkisstjórninni, standa oftar og betur upp sem málsvari náttúrunnar sem getur ekki talað fyrir sig sjálf.

Ég fagna því að hæstv. umhvrh. skuli hafa í fjölmiðlum síðastliðið sumar oft látið í sér heyra um þau svæði sem hún skoðaði í fylgd embættismanna sinna. Það var virkilega gaman að heyra og finna hvernig hún var uppveðruð af fegurð og mikilfengleik þeirra svæða sem búið var að tilnefna í þessari náttúruverndaráætlun, og þó svo að ég virði alveg þann vilja og þá tilfinningu vil ég samt meina að hér sé fullt af spurningum og vangaveltum sem þarf að hafa uppi.

Ég spyr t.d., og mér finnst það vera mjög veigamikil spurning og mín sjónarmið eru þess eðlis: Hvers vegna í ósköpunum leyfði hæstv. ráðherra sér t.d. ekki þann munað í þeim tillögum sem hún leggur hér fram að leggja það til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað og forðað þannig frá óþolandi ásælni Landsvirkjunar í þá náttúrugersemi? Í framhaldi af því og í sama orðinu langar mig að segja, af því að ég sé að tími minn er á þrotum, ég á eftir að koma hér aftur í síðari ræðu, en megingagnrýni mín á þetta plagg er sú að hér er hvergi nokkurs staðar stigið litlu tá inn á svæði sem maður getur talið að séu hagsmunasvæði orkufyrirtækjanna. Ég hefði viljað sjá hæstv. umhvrh. ganga miklu lengra í plaggi sínu og leyfa sér að voga meiru en hún í raun hefur gert.

[15:10]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna framkominni þáltill. um náttúruverndaráætlun. Tillagan felur í sér stefnumótun til framtíðar og er nákvæmlega fest niður forgangsröðun til næstu fimm ára. Ég vona að með þessari náttúruverndaráætlun séum við að leggja grundvöll að markvissri verndun náttúru Íslands.

Ég hafði ekki hugsað mér að fjalla nákvæmlega um þau svæði sem fjallað er um í þessari áætlun enda mun sú umfjöllun bíða þar til í umhvn. En hins vegar er alveg ljóst að allir hafa sínar skoðanir á því hvaða svæði ættu að vera inni í þessari áætlun. Ég hugsa að það hafi ekki verið auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að grisja úr þeim hátt í 80 svæðum sem Umhverfisstofnun setti á oddinn, en við skulum vona að í framtíðinni haldi áfram að bætast við ný svæði.

Kynning á málinu hefur verið góð en það hefur verið kynnt á fundum um landið þar sem til að mynda sveitarstjórnarmenn hafa fengið góðar útskýringar á því og einnig voru drögin rædd á náttúruverndarþingi.

Ég legg áherslu á það hér og það hefur einnig komið fram í umræðunni að þegar ákveðin svæði eru friðlýst þýðir það alls ekki að ekkert megi gera á þeim svæðum sem fá þá skilgreiningu. Ég vil nefnilega taka undir með hæstv. ráðherra að hugtakið friðlýsing hefur fengið á sig nokkuð óþarfa neikvæðan stimpil, en sumir halda því fram að verið sé að loka svæðum með því að friðlýsa þau, og tek undir það að allt samráð á eftir að fara fram í þessum málum.

Þessi náttúruverndaráætlun er án efa tímamótaplagg í náttúruvernd á Íslandi og markar fyrsta skrefið í þá átt að koma á fót skipulögðu neti verndarsvæða hér á landi. Það byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunnum um náttúru Íslands og hins vegar á faglegu mati á verndargildi þeirra.

Ég vil bara óska eftir góðri umræðu í dag. Ég veit að nefndin á eftir að eyða mörgum fundum í að fjalla um þessi mál á komandi mánuðum og ég vonast til þess að það verði klárað núna á vorþinginu.

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil eins og fleiri hér þakka fyrir það og fagna því að till. til þál. um náttúruverndaráætlun er komin fram og þó fyrr hefði verið. Það hefur legið alllengi fyrir að slíka áætlun ætti að undirbúa og leggja hér fram með reglubundnu millibili eins og lög mæla nú fyrir um og hafa gert um nokkurt árabil.

Allra fyrst verð ég þó að segja að ég er svolítið hugsi yfir þeim umræðum sem hér hafa farið fram um orðið friðlýsingu. Það er eins og menn séu eitthvað að reyna að bakka út úr því að friðlýsing sé friðlýsing. Þetta er það sem ég best veit skýrt, lögformlegt hugtak sem vísar til tiltekinna aðgerða og tiltekins lagaramma sem á ekki að vera neitt feimnismál að ræða um. Það stendur hér skýrum stöfum í sjálfri tillögugreininni, í hausnum: „Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu ...“ Og ég held að menn eigi ekkert að vera að reyna að draga hér eitthvað úr gildi þess sem þarna á að fara að gera. Það á að fara að friðlýsa þessi svæði með því sem í því er fólgið samkvæmt lögum og reglum.

Ég tel að sú undirbúningsvinna sem liggur til grundvallar tillögunni sé afar verðmæt og ég hef áður, bæði á umhverfisþingi og víðar, látið það koma fram að mér finnst mikill fengur að því sem hér hefur verið dregið saman og tel að þær stofnanir sem þar hafa lagt hönd á plóginn, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, eigi heiður skilinn fyrir. Mikil vinna liggur að baki hjá stofnununum og er þeim þó þröngur stakkur skorinn eins og við vitum, sérstaklega Náttúrufræðistofnun Íslands sem hefur alls ekki fengið þær fjárveitingar sem hún hefði þurft til þess að geta sinnt sínum verkefnum eins og æskilegt væri. Engu að síður hefur tekist að vinna mjög mikla og gagnlega undirbúningsvinnu sem er til staðar þegar og ef hugur manna stendur til þess að gera metnaðarfulla hluti í þessum efnum.

Hitt er svo annað, og þar tek ég undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að tillagan sem síðan lítur dagsins ljós er metnaðarminni, eða ekki eins metnaðarfull og maður hefði gjarnan viljað sjá. Það tekur til þess að fleiri og stærri svæði hefðu að mínu mati mátt vera með og sérstakrar feimni virðist hafa gætt við að færa sig inn til landsins. Það er mjög góðra gjalda vert að vernda dýrmæt fuglafriðunarsvæði eða gróðurlönd úti við ströndina, með einni undantekningu helst þar sem eru Guðlaugstungur. En það stingur í augu að það skuli engar af perlum miðhálendisins sem ekki eru nú þegar friðlýstar með einhverjum hætti hljóta náð fyrir augum umhvrh. eða ríkisstjórnarinnar sem ber ábyrgð á tillögunni. Ég gæti t.d. nefnt svæði norðanvert á miðhálendinu, bæði norðan Vatnajökuls, Hofsjökuls og víðar. Svæði umhverfis Langjökul og fleiri hefði að mínu mati mátt skoða þarna.

Ég vil minna á það, virðulegur forseti, að fyrir Alþingi og í umhvn. liggur tillaga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum sem ég flyt ásamt hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Tillagan var rædd fyrir jólaleyfi og fékk mjög góðar undirtektir og eindreginn stuðning þeirra sem tóku þátt í umræðunni. Ég hygg að menn úr öllum eða a.m.k. flestum flokkum hafi tjáð sig. Ég treysti því að umhvn., sem fær væntanlega tillöguna til umfjöllunar, líti á málin öll í samhengi, þar á meðal þessar tillögur sem ærin ástæða er til að ætla að bullandi þingmeirihluti sé fyrir. Þá á auðvitað að leiða hann í ljós og láta slíkt mál fá afgreiðslu. Það gæti gerst annaðhvort með því að

það yrði fellt inn í þessa tillögu eða með því, sem einnig er á dagskrá, að nefnd skili af sér tillögum um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls sem reyndar hefur teygt sig dálítið í kringum Vatnajökul í því starfi. Þar er vissulega Jökulsá á Fjöllum og allt sem tengist Vatnajökli beint, mjög undir, og þó fyrr hefði verið, herra forseti, að það komist á dagskrá í íslenskri náttúruvernd að friðlýsa vatnsföll og vatnasvæði.

Ef það er eitthvað sem ég á sérstaklega að gagnrýna tillöguna fyrir, og upp að vissu marki undirbúningsvinnuna, finnst mér of lítill gaumur hafa verið gefinn að því að taka til skoðunar sem sjálfstæðan þátt að friðlýsa vatnsföll, vatnasvæði og vatnasvið með sínum náttúrulegu rennslisháttum. Það hefur verið stórt gat í umfjöllun um þá hluti hér, allt of mikið, að menn hafa ekki látið vatnsföllin í sínum eigin rétti og af sínu eigin gildi fá nægjanlega athygli. Þetta hafa aðrar þjóðir gert fyrir lifandis löngu þar sem menn hafa að vísu kannski verið stórtækir í því að stífla ár og veita þeim til. Það er langt síðan Svíar ákváðu að þau fjögur stærstu vatnsföll sænsk sem enn renna ótrufluð til sjávar án virkjana, skipaskurða eða timburfleytingarmannvirkja, eða annarra slíkra hluta sem hafa á einhvern hátt raskað þeim, verði ekki snert. Þetta mættum við Íslendingar taka okkur til fyrirmyndar því það gengur á þann stokk sem við eigum yfir höfuð til þess að vernda óraskaðan og í sinni náttúrulegu mynd. Þó að við höfum valið að flytja sérstaklega tillögu um Jökulsá á Fjöllum, og fyrir því eru auðvitað ærin rök, er síður en svo ekki ástæða til að skoða fleiri vatnsföll og vatnasvið með sama hugarfari, t.d. að velja verðmætustu tegundir mismunandi vatnsfalla, þ.e. jökuláa, lindáa og dragáa og friðlýsa þær eftir flokkum sem slíkar. Þá blasir við að Jökulsá á Fjöllum hefur, að Jökulsá á Dal raskaðri, langmest verndargildi allra jökulánna og reyndar tengjast henni stórmerkilegar lindár. Þar má því slá margar flugur í einu höggi. Síðan þarf að friðlýsa dragár sem fá þá að halda sínu náttúrulega eðli með vatnavöxtum og tilheyrandi látum og þorna aftur upp á sumrin.

Það bar á góma í umræðum áðan starf nefndarinnar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls og hvort það mundi ná að fléttast inn í þá vinnu sem er á döfinni. Ég held að það sé ósköp einfalt svar við því. Umhvn. hlýtur að skoða stöðuna eins og hún verður á vordögum þegar að því kemur að afgreiða áætlunina og taka allt inn í hana sem á þangað erindi eftir því sem efni standa þá til.

[15:21]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um þessa ágætu tillögu sem hér er til umfjöllunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008 og friðlýsingu 14 svæða á landinu, en þó ætla ég að víkja að aðeins öðrum þáttum en aðrir hv. þm. hafa vikið að í umræðunni.

Ég lýsi því fyrir mína parta að mér finnst áætlunin góðra gjalda verð, plaggið vera metnaðarfullt og það markmið sem á að nást er náttúrlega mikilvægt, náttúruverndin. Eins og komið hefur fram er um áætlun að ræða eða stefnu eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði áðan, stefnu til framtíðar í náttúruverndarmálum.

Af lestri áætlunarinnar og við skoðun á málinu kemur í ljós að náttúruverndaráætluninni er ætlað að ná til stórra svæða og ég geri ráð fyrir að friðlýsingin muni m.a. ná til svæða sem teljast til eignarlanda. Það kemur reyndar fram þegar farið er yfir áætlunina að það er sundurliðað að einstakar jarðir þarna eða svæði eru í einkaeigu.

Það er líka rétt að friðlýsing þýðir kannski ekki, eins og komið hefur fram, að það megi ekkert gera á þeim svæðum sem undir friðlýsinguna falla og tillagan eða áætlunin nær til. Ég tel hins vegar ljóst að ef áætlunin verður samþykkt eins og hún er og ef henni verður framfylgt sem stefnu til framtíðar, get ég ekki betur séð en með slíku yrði hún til þess að réttindi landeigenda, sem falla undir náttúruverndaráætlunina, yrðu skert. Þá á ég við að nýtingarréttur þeirra á eignarlöndum sínum yrði að einhverjum hluta skertur.

Eignarlönd njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Þá á ég ekki einungis við landið sem slíkt, þ.e. gróðurinn, moldina og grjótið heldur heyra einnig undir eignarréttarákvæðin ýmis hlunnindi, veiðihlunnindi, ítaksréttur og svo mætti lengi telja. Slík réttindi verða ekki tekin af þeim landeigendum sem undir náttúruverndaráætlunina heyra nema með bótum.

Það er ljóst eins og fram hefur komið og ég rakti áðan að hér er um áætlun eða stefnu að ræða. Eins og fram kom í ræðu hæstv. umhvrh. má gera ráð fyrir því að henni verði fylgt eftir með lagasetningu, en ég tel mjög mikilvægt að því sé haldið til haga í umræðunni að réttindi þeirra sem eiga eignarlönd og falla undir þáltill. verði tekin til skoðunar. Það væri mjög upplýsandi fyrir mig og þingið að fá upplýsingar um hvernig hæstv. ráðherra hyggst bregðast við þessum athugasemdum og taka á réttindum landeigenda, verði tillagan að stefnu sem fylgt verður til framtíðar.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hreyfir áhugaverðri hlið þessa máls og alveg ljóst að eftir því sem menn eru metnaðarfyllri og ætla sér að taka stærri svæði undir, hlýtur að reyna í fleiri tilvikum á það að um sé að ræða land í einkaeigu. En mér finnst rétt að minna á að það er ekki endilega svo að í því felist einhver skerðing á eigninni þó að hún sé vernduð eða friðlýst. Iðulega má þvert á móti færa fyrir því gild rök að viðkomandi eign verði ef eitthvað er verðmætari þegar hún hefur öðlast þá stöðu að hún er sérstaklega vernduð með stjórnvaldsaðgerðum. Þess vegna er oft spurning um að menn átti sig á því hvað í þeirri aðgerð sem slíkri er fólgið, og er ekki alveg eins líklegt að viðkomandi eign, ef hún verður áfram í einkaeigu, verði, ef eitthvað er, verðmætari. Langheppilegast er að um þessa hluti náist samkomulag þannig að ekki þurfi að reyna á það hvort til bótagreiðslna þurfi að koma eða annað í þeim dúr, en auðvitað getur ríkið og Alþingi ekki útilokað þann möguleika að stundum, af náttúruverndarástæðum, velji menn þá leið að kaupa land eða bæta mönnum þá mögulegu skerðingu sem kann að verða á eignarrétti þeirra eða afnotarétti og nytjarétti af landinu.

Svo er rétt að minna á það, ég veit ekki hvort það hefur komið fram í umræðunni áður, sjálfsagt hefur það gert það hjá ráðherra, að að sjálfsögðu mun Ísland á komandi árum í þessum efnum fylgja þeim alþjóðlegu viðmiðunum og stöðlum sem nú er unnið samkvæmt frá Alþjóðanáttúruverndarráðinu um mismunandi stig verndunar eftir því hvað í hlut á, allt frá alfriðun af því tagi sem við þekkjum í Surtsey og Eldey, þar sem í raun og veru öll umferð er óheimil nema með sérstökum leyfum o.s.frv. og slík svæði sérstaklega tekin frá til rannsókna og algerrar verndunar, og yfir í einhvers konar fólkvanga eða vægara stig verndunar þar sem á engan hátt er hróflað við hefðbundnum afnotum af landinu.

[15:28]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að það sé rétt að sú vernd sem við erum að tala um eða friðlýsing geti leitt til þess að eignarlönd í einkaeigu verði verðmætari með því að þau verði friðlýst, það getur vel verið. Það getur líka vel verið að með friðlýsingunni verði gengið á stjórnarskrárvarinn rétt landeigenda og ég varpa þessari spurningu fram í umræðunni vegna þess að það er raunhæfur möguleiki að svo geti orðið. Ég nefndi það í ræðu minni að eignarréttarinn verndar ekki einungis landskikann sem slíkan heldur einnig ýmis hlunnindi, ítaksréttindi, veiðirétt og fleira sem fylgir eignarréttinum. Hann kann að verða skertur verði tillagan samþykkt og eftir áætluninni unnið.

Ég bendi á að hér er verið að friðlýsa ýmis svæði þar sem fuglalíf er mikið og blómstrandi og það má vel vera að með slíkri friðlýsingu komi til þess að veiðiréttur eignarréttarhafa á þeim svæðum skerðist. Þess vegna varpa ég fram þessari spurningu: Hefur hæstv. ráðherra svör við því hvernig við slíkri skerðingu verður brugðist, þ.e. ef hún er á annað borð til staðar? Ég er ekki að segja að svo sé. Ég er að segja að það sé raunhæfur möguleiki að slík skerðing geti verið fyrir hendi og varpa því þessu atriði fram í umræðunni vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir þá landeigendur sem í hlut eiga.

[15:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég endaði ræðu mína hér áðan á því að segja að það væri áhyggjuefni að sú leið væri farin með þessa tillögu að í raun og veru væru svæðin sett í reglugerð, og eðli friðunarinnar, á meðan sú leið væri farin í flestum löndum Evrópu að festa þetta ítarlega í lög. Þetta eru sömu áhyggjur og komu fram á umhverfisþinginu í haust. Þá var talað um að alla skilgreiningu vantaði á friðlýstu svæðunum. Hvernig verndun á þetta að vera? Hvað má gera á hverju svæði? Hver verða mörk svæðanna? Og ég talaði um að ferlið væri nokkuð svifaseint þegar það kom fram hjá hæstv. umhvrh. að það gæti tekið fimm ár að ganga frá þessu öllu. Og í ljósi þess að náttúruverndaráætlun er eitthvað sem á sífellt að vera í gangi, sífellt að endurnýjast og það eigi að bæta inn í hana er þetta auðvitað áhyggjuefni.

Mér finnst þessi umræða um friðlýsinguna líka umhugsunarefni. Hvað er verið að friða og hvað er verið að vernda og hvað má gera? Mjög víða er fyrsta hugsunin: Gáum endilega hvað þarf að nýta. Verum viss um að við getum nýtt áður en ákveðið verður hvernig svo eigi að friða afganginn. Ég held að þetta sé afskaplega slæm hugsun í vinnunni sem við erum að fara í. Hún á að vera á hinn veginn. Hvað er það sem við ætlum örugglega að friða? Hvað er það sem við ætlum að geyma komandi kynslóðum? Hvað er það sem við ætlum að vernda? Þá verður ekki hægt að nýta það.

Mér finnst mjög mikilvægt að þótt þessi leið verði farin núna verði hún alls ekki fordæmi fyrir vinnuna í framtíðinni. Þetta er fyrsta náttúruverndaráætlunin og þetta má ekki verða fordæmi fyrir það sem koma skal. Það verður að setja markmið með friðunum og það verður að búa til vöktunarprógrömm og áætlanir ef á að ná þeim árangri sem vænst er með þessari vinnu.

Ég vil gjarnan koma örlítið inn á þá fróðlegu umræðu sem átti sér stað á umhverfisþinginu í haust sem mér fannst mjög fróðlegt að sitja. Mér fannst það afskaplega gott og mér fannst vera heilbrigð og góð umræða þar og öfgalaus, sérstaklega sú um að við ætlum að vera með samfelldan prósess, eitthvað sem á alltaf að vera í gangi. Eitt af því sem var nefnt á umhverfisþinginu var að það þyrfti svæðisskipulag fyrir stóran hluta landsins, það væri í raun ekki til og það væri svo mikill grunnur að réttum og góðum vinnubrögðum. Líka var spurt hvort svæðisskipulag hálendisins mundi fara í umhverfismat. Það er auðvitað hápólitísk en eðlileg spurning um það að viðhafa vönduð vinnubrögð og varðandi spurninguna um það hvað við ætlum að spara og hvað við ætlum að nýta.

Það var talsvert vikið að því að víðernin hjá okkur eru ekki óendanlegt fyrirbrigði, heldur hafa virkjanir og vegir og orkulínur í æ meira mæli verið að þrengja að óspilltum svæðum. Það var talað um að þessi mál væru mjög mikið rædd í Evrópu. Munum það að Evrópa er að mestum hluta manngerð í dag. Menn hugsa að kannski hafi of seint verið farið af stað með umræðu sem nú er of sein í mörgum löndum og á mörgum svæðum. Við eigum þessi svæði eftir. Og við erum að taka umræðuna. Nú reynir á hversu heiðarleg hún verður og hvernig vinnubrögð okkar verða.

Norðmenn hafa til dæmis rannsakað hvað þeir eigi núna af víðerni. Þeir hafa áttað sig á því að menn hafa haldið að þeir ættu miklu meira af óspilltu svæði en það í rauninni er og þeir eru að meta svæði sín í dag. Og hin eðlilega spurning er hvort menn ætla að taka frá svæði eða hvort þeir ætla bara hægt og sígandi að bíta og narta stöðugt í svæðin þar til einn góðan veðurdag að ekkert er eftir eða mjög takmarkað, eða menn vakna upp við það að þeir hafa eyðilagt eitthvað dýrmætt.

Aftur og aftur var á þessu umhverfisþingi rætt um hverju sé ábótavant með grunnkortagerð. Ég gagnrýni harðlega að við skulum ekki hafa sameinast um það og að stjórnarflokkarnir skuli ekki hafa sett það í öndvegi að veita fé til slíkra tækja, að þau vanti núna á 21. öldinni til þess að vinna með og meta náttúruna. Það eru náttúrlega alveg óþolandi vinnubrögð af því að þau eru ein af forsendum þess að almennilega sé haldið á málum.

Mér fannst það vera alveg gegnumgangandi og rauður þráður á þessu þingi að sameiginleg auðlind, vernd og framkvæmd, verði alltaf skoðuð í samhengi. En eins og hér hefur komið fram er það mjög algengt að framkvæmdin sé skoðuð fyrst og hún verður að ganga fyrir. Ég hef talið að með því að vinna þessa náttúruverndaráætlun og með því að setja almennileg lög um mat á umhverfisáhrifum ætlum við héðan í frá að byrja að vinna öðruvísi, af skynsemi og þar sem við þössum það sem þarf að passa.

Líka þetta með landslagið. Landslag hefur ekkert viðmið. Við höfum talað hérna um þessar þrjár stoðir sem lagðar eru til grundvallar og ég notaði fyrri ræðu mína til að fara að mestu leyti yfir það hvað felst í þessari náttúruverndaráætlun. En landslag hefur enga svona stoð. Landslag hefur ekkert viðmið, það vantar alveg faglegan grunn þannig að hægt sé að taka það inn. Samt er landslag eitt helsta tákn landsmanna. Landslag er eitt mikilvægasta tákn Íslands og við getum ekki tekið það inn í svona vinnu, það hefur ekki viðmið. Það er ómælanlegt.

Ég lít svo á að náttúruverndaráætlunin sé óumdeilanlega mikilvæg en ég ætlast þá líka til þess að skipuleg og fagleg vinnubrögð verði viðhöfð og að þetta auðveldi þá alla aðra vinnu líka, svo sem ákvarðanatöku varðandi það að virkja eða virkja ekki sem er stóra spurningin í þessu landi. Þar fyrir utan mætti bæta því við að það þarf líka að skoða það

ef maður svarar því að hugsanlega eigi að virkja. Hvenær á að virkja? Mjög mikið hefur verið um það rætt, m.a. í þeirri nefnd á þinginu sem ég gat um, að það er eftirspurn eftir vatnsafli. Það á eftir að verða eftirspurn eftir vatnsafli til vetnisvæðingar í Evrópu og kannski rennur upp sú stund að orkuframleiðsla á Íslandi verði þýðingarmesti grunnur fyrir vetnisvæðingu Evrópu í framtíðinni. Og hvað ætlum við þá að vera búin að gera?

Þessar spurningar eru mjög vakandi í vinnu sem við erum að fara í. Fyrst og fremst er þetta þó spurning um opið ferli og skýrar reglur strax í upphafi um friðunarsvæði og áætlanir um uppbyggingu og rekstur þannig að það sé alveg ljóst hvað við erum að gera þegar við segjum að við séum að friða en ekki að segja: Hér er svæði, það er friðað, en síðar kemur í ljós hvað það þýðir.

[15:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Það voru nokkur atriði sem ég átti eftir að nefna í þessari umræðu, atriði sem mig langar að draga upp í síðari ræðu minni. Fyrst langar mig þó til að segja það að umhverfisþingið sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnar títt í hér, svo snautlegt sem það var, var haldið á mjög afleitum tíma fyrir þingmenn. Ég var ein þeirra sem voru í fullum önnum í þinginu við að flytja þingmál í grið og erg meðan þessar umræður stóðu sem hv. þm. getur um og ég ætla bara að nota tækifærið og ýta enn á hæstv. umhvrh. með það að passa sig betur í tímasetningum á slíkum þingum. Umhverfisþingið er auðvitað afskaplega þýðingarmikið í allri umræðu um náttúruvernd og það er mjög þýðingarmikið að bæði starfandi fólki og ekki síður þingmönnum og frjálsum félagasamtökum sé gert kleift að sækja þennan umræðuvettvang. Sannleikurinn er sá að það var haldið í miðri viku á vinnutíma fólks og þeir sem sátu þetta þing voru fyrst og fremst embættismenn, opinberir starfsmenn og starfsmenn orkufyrirtækjanna. En ekki náttúruverndarsamtök eða t.d. þingmenn umhverfisnefndar sem, eins og ég segi, voru margir hverjir hér í miklum önnum. Við verðum að sjá til þess að hugmyndafræði okkar gangi upp í verkum okkar. Ef það er hugmyndafræði okkar að hér verði opin og skapandi umræða um náttúruverndarmál verðum við líka að gera hana þannig úr garði, búa hana þannig út, að það sé í alvöru grundvöllur og jarðvegur til þess að fólk taki þátt í henni.

Þessi náttúruverndaráætlun hefur verið opin til umfjöllunar. Fólki var gert mögulegt að gefa umsagnir þegar drögin voru birt í maí. Þá gat fólk sent inn umsagnir. Og ég fagna því. Mér þykir gott að umhvrn. skyldi viðhafa slík vinnubrögð. Svo veit ég náttúrlega að við eigum eftir að fá umsagnir frá umhvn. líka sem trúlega eiga eftir að verða margar og efnismiklar varðandi einstök svæði.

Ég var í ræðu minni áðan komin inn á hagsmuni orkufyrirtækjanna og ég lét í ljósi leiða yfir því að hæstv. umhvrh. skyldi ekki leyfa sér meira í þeim efnum, að fara inn á svæði sem orkufyrirtækin ásælast. Mér finnst alveg sjálfsagt að sá aðili í ríkisstjórninni sem er málsvari náttúrunnar hafi uppi andóf í þeim efnum og reyni allt hvað hún getur til að sjá til þess að hagsmunir náttúrunnar séu í fyrirrúmi, en ekki sé stöðugt lúffað fyrir hagsmunum orkufyrirtækjanna. Ég vona að hæstv. ráðherra svari því hér hvers vegna í ósköpunum ekki hafi verið lagt til í þáltill. að Þjórsárverafriðlandið yrði stækkað. Í tillögu Umhverfisstofnunar er gerð sérstök grein fyrir því að áhugahópur um friðun Þjórsárvera hafi gert tillögu um það eða komið fram með hugmynd um að friðlandið skuli stækkað og í náttúruverndaráætluninni, þessum 300 blaðsíðum sem Umhverfisstofnun skilaði af sér, er gert ráð fyrir því að sú leið verði farin, sama leiðin og áhugahópurinn um verndun Þjórsárvera leggur til. Og ég vil fá að heyra rök hæstv. ráðherra fyrir því hvers vegna ekki var farið eftir þeirri tillögu sem þar var tíunduð þegar lagt var til að Þjórsárverafriðlandið yrði stækkað. Hvers vegna hleypur ráðherrann yfir þessar blaðsíður, 238 og 239, í stóru tillögunum?

Ég vil líka nefna hér hagsmuni orkufyrirtækjanna vegna jarðhitans. Það er auðvitað afar sárt til þess að vita að það er varla til orðið það háhitasvæði á landinu þar sem ekki er búið að sækja um leyfi til rannsóknarborholu. Við vitum það líka að um leið og farið er að bora á svæðunum er um leið búið að raska þeim. Þetta er að gerast hér og nú beint fyrir framan augun á okkur á 21. öldinni þegar maður hefði haldið að sjónarmið náttúruverndar ættu að vera orðin rótfastari og ofar á dagskránni en raun ber vitni hjá þeim stjórnvöldum sem hér fara með völd. Um leið og bor er kominn inn á háthitasvæði, púðinn undir borinn er settur upp, er búið að raska svæðinu. Við vitum ekkert hvernig okkur tekst að reyna að snúa til baka eða vinda ofan af þeim áhrifum sem ein rannsóknarborhola á háhitasvæði hefur.

Ég hefði viljað sjá fleiri háhitasvæði tilgreind í tillögu hæstv. ráðherra. Ég vil t.d. nefna Grændal og Reykjadal. Ég vil nefna Brennisteinsfjöll og Herdísarvík. Þetta eru t.d. svæði sem Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að séu þess eðlis að þau beri að vernda. Það hefur nú verið ásælst í Grændal og ég held að ég muni rétt að það hafi verið eini úrskurður Skipulagsstofnunar sem farið var eftir, þ.e. sem var ekki snúið við. Hann var sem sagt þess eðlis að ekki yrði heimiluð rannsóknarborhola inni í Grændal. Ég held að við höfum hér afskaplega gott tækifæri til þess að vernda hann til frambúðar og ég tel fulla ástæðu til.

Ég held að hv. umhvn. þurfi að fjalla um háhitasvæðin sérstaklega og skoða þessi tvö svæði sem ég hef hér nefnt.

Ég get tekið undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hvað varðar landslagsverndina. Það er auðvitað mjög mikilvægt að við tökum á því máli. Það er alveg viðurkennt í stóru skýrslunni að landslagsvernd hafi í sjálfu sér setið á hakanum, við séum styst komin í því að vernda landslag og taka afstöðu til þess hvernig það verði gert. Ég tel að umhvn. eigi að sýna ákveðna viðleitni í þeim efnum, svara því kalli sem manni finnst vera í áætlun Umhverfisstofnunar, þ.e. hvernig ætlum við að fara með landslagsverndina og hvað getum við gert í þeim efnum núna á þessu tímabili, 2004–2008?

Ég held að það megi minna á ekki bara tillöguna sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. ég ásamt Steingrími J. Sigfússyni, höfum lagt fram um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum heldur höfum við einnig lagt fram tillögu sem liggur fyrir umhvn. til að fjalla um, um stækkun friðlands Þjórsárvera, og ég kem auðvitað til með að óska eftir því í nefndinni að sú tillaga verði tekin til umfjöllunar í tengslum við umræðuna um náttúruverndaráætlun.

Ég vil að það komi fram hér í mínu máli, og það er algjörlega af persónulegum ástæðum, ég fagna því sérstaklega að Rauðasandur skuli vera á tillögu ráðherrans. Ég tel það afar tímabært að Rauðasandur njóti formlegrar verndar og tel þar vera náttúrugersemi á ferðinni sem rétt sé að friðlýsa og sé í raun og veru ekki eftir neinu að bíða með. Rauðasandur

og Látrabjarg er svæði sem mér finnst orðið komið að og ég fagna því sérstaklega að það skuli vera hér á tillögu ráðherrans.

Mig langar til að nefna eitt svæði enn sem ég hefði gjarnan viljað sjá hér og það er Gerpissvæðið, en mér hefur skilist á umræðum heimamanna, þessara títtnefndu heimamanna, að það sé í sjálfu sér komið ansi langt í undirbúningi þar eystra að Gerpissvæðið njóti verndar og verði friðlýst. Ég vil því að það verði skoðað sérstaklega í umhvn. hvort kannski sé komið að þeim tímapunkti heima í héraði að vernda Gerpissvæðið.

Ég held að það sé mikið verk að vinna fyrir hv. umhvn. og ég geri ráð fyrir því að fólk hlakki til að takast á við það, því að ég geri ráð fyrir að við höfum öll verið fremur óþreyjufull, verið farin að bíða eftir því að náttúruverndaráætlun liti dagsins ljós.

[15:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég held að þetta hafi verið eftir atvikum góð umræða og athyglisverð og margt gott komið fram. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur lýst meginsjónarmiðum okkar samfylkingarmanna í umhvn. til þessa máls og ég hef engu sérstöku við það að bæta. Vil þó hnykkja á því með henni að fagna þessu þingmáli sem er eins og áður hefur komið fram nýjung og vonandi upphaf nýrra tíma á ýmsan hátt í náttúruverndinni, og segja um leið og endurtaka enn það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að við þurfum auðvitað að bæta aðferðir okkar og vinnubrögð í þessum efnum.

Hér verður ekki staðið á móti því að málið fari með þeim hætti í gegnum þingið sem hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir, en ég tel að í framtíðinni verði að vanda betur til náttúruverndaráætlananna og að koma þeim þannig fyrir þingið að málin séu undirbúnari, það sé ljósara hvernig stendur á með hvert svæði, hvað þar á að gera, hvers konar friðlýsing þar á að fara fram. Og af því að menn hafa verið að tala um það hugtak hér svolítið út og suður þá verður að hrósa ráðherranum fyrir það að á síðu 3 í greinargerðinni eða í þingskjalinu kemur mjög augljóslega fram hvað átt er við með þessari friðlýsingu. Þar er því lýst að hún geti verið með ýmsu móti. Hún geti í tilviki þjóðgarðs verið þannig að strangar reglur gildi um aðra landnotkun, segir þar, með leyfi forseta: „.... þar sem meginmarkið með stofnun þjóðgarða er að veita fólki aðgang að svæðum þar sem náttúra landsins fær að þróast eftir eigin lögmálum án verulegrar íhlutunar mannsins. Á öðrum svæðum“ — segir þarna enn fremur — „þarf friðlýsing ekki að koma í veg fyrir aðra landnotkun ef hún gengur ekki í berhögg við tilgang og markmið friðunar.“

Þessi margþætta merking orðsins friðlýsing verður náttúrlega til þess að það þarf að vera alveg klárt fyrir þinginu og frá þinginu hvað átt er við í hverju tilviki þegar þessir staðir eru settir á náttúruverndarskrá.

Það þarf líka að vera skýrara í náttúruverndaráætluninni hvað í henni miðast við hina alþjóðlegu reglu sem við förum eftir, og sem okkur væri skylt að setja allt öðruvísi og nákvæmar fram ef við værum aðilar að Evrópusambandinu, og ekki er fyllilega gætt í þessu plaggi. Það verður svo rætt í umhvn. og vonandi bætt við það. Vonandi kemur hæstv. ráðherra líka þegar líður á vorið bæði með gleggri mynd af því sem hún ætlast til að gert verði og jafnvel með fleiri svæði og ekki síst þau svæði í væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði sem eiga erindi hér inn.

Mig langar hins vegar að spyrja hæstv. ráðherra hér í umræðu um þessi mál að öðru sem ég tel að henni sé skylt að upplýsa um eða veita okkur a.m.k. hlutdeild að hugmyndum sínum um — það geri ég m.a. vegna þess að um það var rækilega spurt á enn einum fundinum sem hér verður vitnað til í umræðunni, á kynningarfundi Landverndar um rammaáætlunina um orku, vatnsorku og jarðhita, sem haldinn var fyrir nokkrum dögum — og það er auðvitað um gildi þeirrar áætlunar. Þegar við fáum náttúruverndaráætlun sem m.a. hefur verið gagnrýnd hér fyrir það að taka á sumum hlutum og ekki öðrum, er mikilvægt í almennri umfjöllun um hana að vita hver hugur hæstv. umhvrh. og ríkisstjórnarinnar í heild, hennar og hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnarinnar í heild, sé til rammaáætlunarinnar. Er hún, sem kostaði 555 millj. kr. eða hefur enn kostað 555 millj. kr., sem er dágóð fjárhæð frá skattborgurum, hugsuð sem skrautplagg eða er hún hugsuð til notkunar með einhverjum hætti? Hvaða gildi hyggst ríkisstjórnin leggja til að henni verði veitt?

Þetta er ákaflega mikilvæg spurning og erfitt að fjalla um náttúruvernd og umhverfismál til frambúðar án þess að vita hvaða stefnu hæstv. ríkisstjórn almennt og hæstv. umhvrh. sérstaklega hefur í þessu efni, og ég vil biðja hana að veita þessu máli ofurlítið af tíma sínum á eftir.

Mig langar svo í lokin, um leið og ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir góð vinnubrögð almennt í þessu efni og tel að þetta verði kannski betri minnisvarði um störf hæstv. umhvrh. en ýmislegt annað sem gerst hefur og kannski á eftir að gerast hér í umhverfismálum, að spyrja, vegna þess að það er nefnt sérstaklega í fylgiskjalinu á síðu 5 í þessu plaggi sem hér er lagt fyrir þingið, þar var nefnd Ramsar-áætlunin og þau þrjú svæði sem hafa verið tilnefnd sem Ramsar-svæði og eru öll friðlýst, Mývatn og Laxá, Þjórsárver og Grunnafjörður: Hvað líður þeirri verndaráætlun sem skylt er og rétt að gera um þessi svæði til frambúðar ef þau eiga að haldast sem svæði innan marka þessa samnings?

[15:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessar ágætu umræður sem hér hafa orðið um náttúruverndaráætlunina og mér heyrist svona frekar á þingmönnum að þeir telji æskilegt að klára þetta mál í vor þó að þeir vilji auðvitað skoða málið mjög vel í umhvn. og ég skil það mætavel.

Hér hefur komið fram að e.t.v. ætti að bæta svæðum við. Ég vil frekar vara við því en ef þingnefndin vill bæta svæðum við og samstaða næst um það í nefndinni þá teldi ég æskilegt að einhver önnur svæði yrðu tekin út af því að ég tel að þessi 14 svæði plús Vatnajökulsþjóðgarður og svæði norðan hans eða tengd honum, ég held að þetta sé svo mikil vinna að það sé líklegt að þetta séu frekar of mörg svæði nú þegar heldur en of fá. Ég vil því beina því til nefndarinnar að ef hún ætlar að bæta svæðum við að taka þá einhver önnur út. Ég held að annað sé bara óframkvæmanlegt í vinnunni.

Varðandi aðferðafræðina sem hér er notuð þá er hún sambærileg við þá aðferðafræði sem beitt er við mat á líffríki í Evrópusambandinu, og ég átta mig ekki á þeim umræðum sem hér hafa orðið, eins og að við séum að gera þetta á einhvern annan hátt, af því að við förum eftir þeim reglum sem við höfum fylgst með að farið er eftir annars staðar.

Hér hefur verið spurt: Af hverju Vatnshornsskógur? Það er ein spurningin sem komið hefur fram. En því er til að svara að við vildum hafa einn skóg í þessum tillögum og Vatnshornsskógur er einn vöxtulegasti skógur á Vesturlandi

og það eru mjög fáar skógarleifar af þessum gæðum eftir í landshlutanum þannig að það var val okkar að velja Vatnshornsskóg.

Eftir að við höfðum valið þessi 14 svæði áttum við viðræður m.a. við Náttúrufræðistofnun og stofnunin var mjög ánægð með þau svæði sem voru valin, þannig að okkar helsta rannsóknastofnun almennt hefur lýst sig ánægða með val á svæðum.

Hér hefur líka verið minnst á Brennisteinsfjöll og komið fram í umræðunni, að mér heyrðist, að þau væru mikilvægari en Geysir og Reykjanessvæðið. Ég er nú ekki viss um að ég sé sammála því og er reyndar ekki sammála því, en ég tel að við höfum valið þau tvö svæði úr þeim svæðum sem lúta að jarðminjum sem eru mikilvægust, þ.e. Geysir og Reykjanesið.

Varðandi það að ferlið sé svifaseint þá er það alveg hárrétt að þetta er mjög svifaseint ferli. Það er bara þannig. Og það er vegna þess að það eru svo margir hagsmunaaðilar sem þarf að hafa samband við og ná samkomulagi við. Það er því að mínu mati lítið hægt að gera í því þó að þetta sé svifaseint ferli. Hins vegar er ekki þar með sagt að við náum ekki fram verndun á neinu svæði fyrr en eftir fimm ár, það má vel vera að sum svæði gangi hraðar fyrir sig þar sem menn þurfa að ræða *minna um hlutina*.

Hér hefur líka komið fram hjá þingmönnum að þeir harmi að ráðherrann sem hér stendur hafi ekki viljað nota mikið orðið friðlýsing. Ég vil bara ítreka það að ég hef orðið fyrir þeirri reynslu af ferðum mínum um landið núna í sumar að orðið friðlýsing virðist vera einhvern veginn þannig í hugum landsmanna, sem ég hef hitt í þessum ferðum, að það er algjörlega misskilið. Fólk heldur að ef svæði er friðað þá megi ekkert gera þar en við vitum að það er ekki svo. Hv. þingmenn sem setið hafa í umhvn. og fylgst með náttúruverndarmálum vita að enda þótt svæði sé friðlýst er alls ekki þar með sagt að ekki megi gera neitt þar. Menn hafa viljað ræða hér svolítið um Þjórsárverin og það er þá hægt að tína til að í friðlýsingunni um Þjórsárverin er sérstaklega tekið fram að það megi fara með lón inn í Þjórsárverin að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Menn mega fara þar um ríðandi eftir ákveðnum leiðum, bændur mega stunda þar hefðbundnar nytjar. Það er því alls ekki svo þó að land sé friðlýst að ekki megi gera neitt. Hins vegar upplifir fólk það þannig og þess vegna hef ég kosið að nota frekar orðið verndun sem lýsir því betur í hugum manna hvað við er átt.

Ég vil líka mótmæla því að við förum í þessa vinnu þvinguð af lögum. Það er eins og að við höfum ekki viljað fara í gegnum þessa vinnu nema af því að við séum þvinguð af lögum. Það er alls ekki svo. Þetta er mjög ánægjuleg vinna sem hefur átt sér stað og mjög brýnt að fara í hana. Við höfum því reynt að gera þetta eins vel og okkur hefur frekast verið unnt að gera.

Hér hefur verið spurt: Af hverju eru ekki Þjórsárverin með eða stækkun á Þjórsárverunum, viðbót við Þjórsárverin?

Nú er það svo að Þjórsárverin eru friðlýst, ákveðið svæði í Þjórásárverum er nú þegar friðlýst þannig að það þarf ekkert að friðlýsa það aftur, það er bara friðlýst. Hins vegar hafa komið fram tilögur um viðbótarsvæði við núverandi friðlýsingarmörk. Það viðbótarsvæði skorar ekki eins hátt og annað svæði sem við kusum að taka inn, þ.e. Guðlaugstungur, vegna mikilvægis fyrir heiðagæsina, þannig að það er meginástæðan fyrir því að ekki er tekið viðbótarsvæði í Þjórsárverunum við það svæði sem nú þegar er verndað þar.

Hér hefur líka verið sagt að hvergi sé farið inn á svæði sem eru hagsmunasvæði fyrir orkufyrirtækin. Það er ekki rétt og það hefur nú þegar komið fram í umræðunni að í Öxarfirðinum hafa menn áhyggjur gagnvart orkunýtingu. Þetta er því úr lausu lofti gripið.

Ég vil líka benda á að eitt svæðið er Reykjanestáin og Hitaveita Suðurnesja hefur nú þegar átt fund með mér út af því svæði og þar hafa menn áhyggjur af þessari náttúruverndaráætlun. Þeir upplifa hana eins og því miður allt of margir að það að vernda eigi svæði þýði að ekki megi gera nokkurn skapan hlut, og menn snúast þá til varnar og telja að þetta sé óæskilegt. Það er því mjög brýnt að bæði þingmenn sem eiga eftir að vinna í þessu máli og aðrir sem vilja framgang þessa máls ræði um hlutina eins og þeir eru, og hlutirnir eru þannig að þó að svæði séu vernduð er ekki útilokað að einhver starfsemi sé inni á þeim.

Það hefur líka verið rætt af Steingrími J. Sigfússyni, að *það væri einhver sérstök leimni í tillögunni að færa sig inn* til landsins. Ég hélt að ég hefði svarað þessu á sínum tíma, því þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hv. þm. afbakar umræðuna um Náttúruverndarráð með þessum hætti. Það stendur mjög skýrt í III. lið, Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, að unnið verði áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarsvæða sem munu tengjast honum, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er einmitt í þeirri nefnd sem er að vinna það mál. Ég átta mig því alls ekki á því af hverju í ósköpunum hv. þm. er alltaf að staglast á því að það sé einhver feimni í áætluninni að færa sig inn til landsins. Það á sér enga stoð í raunveruleikanum. Það er einmitt verið að halda til Vatnajökulsþjóðgarði og svæðunum í kringum hann og hv. þm. hefur verið á þessum svæðum með mér og fleirum, þessum stóru svæðum á miðhálendinu. Það er því alveg með ólíkindum af hverju menn geta ekki viðurkennt það sem stendur í plagginu.

Jökulsá á Fjöllum er eitt svæði sem nefndin er einmitt að skoða, það mál er því til skoðunar samkvæmt náttúruverndaráætluninni. Það er alveg skýrt. En við erum ekki að tína til öll þessi svæði norðan Vatnajökuls af því að nefndin er að skoða þau og hefur ekki komið með tillögu til okkar um hvaða svæði það eru, en við eigum von á þeim tillögum bráðlega.

Hv. þm. sagði líka að það vantaði að vernda vatnsföll og vatnasvið. Ég vil líka benda á annað sem vantar inn í áætlunina og er ekkert feimin við það. Það er ekkert svæði í sjó sem er tekið til núna. Ég tel að í næstu áætlun verði tekin til svæði í sjó. En við erum að gera þetta í fyrsta skipti. Við höfum aldrei gert þetta fyrr. Einhvers staðar verður að byrja og við reynum að byrja þar sem við teljum brýnast að fara í að hefja þetta verndunarferli og það eru þessi 14 svæði sem við veljum, 7 fuglasvæði, 2 gróðursvæði, 2 jarðfræðiminjasvæði, stækkun á tveimur þjóðgörðum, einn skóg og svo Vatnajökulsþjóðgarð og svæði tengd honum. Þetta er ekki áætlun sem á að standast um aldur og ævi. Að sjálfsögðu bætast við svæði síðar.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hreyfði máli sem er mjög brýnt að skýra og ræða og það er skerðing á nýtingarrétti, eignarrétti eða þeim réttindum sem landeigendur eiga. Ég vil benda þingmönnum á að í 59. gr. náttúruverndarlaga, sem ber yfirskriftina „Samkomulag næst ekki um friðlýsingu“, kemur fram að ef ekki næst samkomulag er málinu vísað til umhvrh. sem sendir ákveðnum aðilum gögn málsins. Síðan skal þeim sem hagsmuna eiga að gæta vera

gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu, koma að mótmælum og gera bótakröfur til ráðherra innan þriggja mánaða. Það er því gert ráð fyrir að menn geti gert bótakröfur, að sjálfsögðu. Að loknum þeim fresti skal ráðherra taka ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, samanber 64. gr. Það er því opið fyrir eignarnámi. Hins vegar tel ég geysilega óæskilegt af nefnd í þessari stöðu, að þurfa að taka einhver svæði eignarnámi þegar verið er að vernda. Hins vegar er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er ekki hægt að útiloka það heldur, þessi möguleiki verður að vera opinn. Það geta komið upp þannig dæmi og slíkar aðstæður en hingað til hefur þetta ekki komið upp. Ég veit alla vega ekki um neitt dæmi þess að í svona nefndarvinnu hafi þurft að taka land eignarnámi. Ég lenti sjálf í því þegar við opnuðum þjóðgarðinn Snæfellsjökul að það tók mjög langan tíma að kaupa lönd á Snæfellsnesi til að leggja undir þjóðgarðinn, mörg ár, og við kusum að reyna að kaupa upp allt sem við gátum, en að lokum stóð eftir skiki á einni jörðinni sem fólk af ákveðnum ástæðum vildi alls ekki selja og við kusum að hafa þá eignarland inni í þjóðgarði, litla sneið. Það var ekki tekið eignarnámi þannig að þar er eignarland inni í þjóðgarði.

Varðandi það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan þá er ég ekki viss um að ég hafi nákvæmlega skilið það því mér fannst eins og hv. þm. væri að tala um að vinnan núna ætti ekki að vera fordæmi fyrir vinnuna næst, það þurfi að setja fram markmið. En markmiðin eru algerlega skýr í náttúruverndaráætluninni. Við erum að ná fram verndun á ákveðnum svæðum á grundvelli faglegra upplýsinga. Ég held að þessi vinna verði að öllum líkindum fordæmi fyrir vinnuna næst. Ég sé ekki alveg hvernig þessi vinna getur farið fram með öðrum hætti.

Hins vegar er rétt hjá hv. þm. að við nálgumst ekki val á svæðum út frá landslagi að þessu sinni. Hins vegar er ekki þar með sagt að það sé ekki verndað landslag í náttúruverndaráætluninni og það blasir við þegar þessi 14 svæði eru skoðuð, Vatnajökulsþjóðgarður og svæðin norðan hans, að það er geysilega merkilegt landslag á þeim svæðum.

Hv. þm. sagði líka að hér væri um að ræða svæði sem talað væri um að ætti að vernda en síðan væri ekki ljóst hvað það þýddi. Við stöndum í þeim sporum í dag og getum faktískt eiginlega ekki annað að mínu mati. Hér er um stefnumótun að ræða þannig að við verðum að velja svæði sem við viljum gjarnan fá skoðun þingsins á hvort við eigum að halda áfram með og hvort eðlilega sé valið hjá okkur til að geta forgangsraðað vinnunni, þetta er stefnumótun. Við getum ekki komið inn með svæðin og allar reglurnar tilbúnar af því að það tekur svo mikinn tíma og er svo mikið ferli og það er ekki hlutverk þingsins að mínu mati að fara í gegnum það. Það er hlutverk okkar stofnana og að lokum ráðherra að ákvarða um.

Hér kom líka fram spurning varðandi Gerpissvæðið hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Verndun á því svæði er komin lengra en á þessum 14 svæðum sem við erum að fjalla um í náttúruverndaráætluninni. Það mál er komið það langt að búið er að hafa samband við landeigendur sem eru geysilega margir. Það ferli er því komið miklu lengra en á þessum 14 svæðum. Það ber ekki að skilja þessa náttúruverndaráætlun þannig að af því að við veljum 14 svæði, gerum við ekkert í öðrum svæðum sem nú þegar er byrjað á. Við munum halda því öllu áfram og það er alveg hugsanlegt að það verði tekin inn önnur ný svæði sem hér er ekki fjallað um en er mikil sátt um að taka inn, kannski út af hagsmunum sveitarfélaga eða eitthvað slíkt. Það er allt opið í þeim efnum.

Varðandi þá spurningu sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni um gildi rammaáætlunar, þá er rammaáætlun ekki búin, 1. áfangi er búinn. Það er ekki búið að fara í aðra áfanga. Það er ekki búið að meta heildstætt alla virkjunarkosti. Hins vegar höfum við sagt, ég og hæstv. iðnrh., við kynningu á 1. áfanga rammaáætlunar að við beindum því til orkufyrirtækjanna að fara ekki í viðkvæmustu svæðin, þó að það væri heldur ekki útilokað, nema að undangengnum frekari rannsóknum.

Hér var líka spurt um verndaráætlun á Mývatni og mér er kunnugt um að Umhverfisstofnun er komin áleiðis með að skipuleggja þá vinnu en hún er ekki hafin.

[16:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna því sem hæstv. umhvrh. sagði um Gerpissvæðið og um möguleikana á þeim svæðum sem þegar eru í undirbúningi, og að undirbúningur sé kominn langt, að náttúruverndaráætlunin loki ekki fyrir möguleikann á að slíkar friðlýsingar geti átt sér stað samhliða eða til hliðar við svæðin sem eru tilgreind. Það er afar mikilvægt að það hafi komið fram í umræðunni.

Varðandi notkun orða og hugmyndafræðina á bak við friðlýsingar vil ég segja að ein er sú ábyrgð sem umhvrn. vissulega hefur. Hún er sú að uppfræða almenning, skapa umræðu og sjá til þess að fólk sé vel upplýst um náttúruverndarmál. Ef það eru einhver brögð að því að fólk vítt og breitt um landið skilji illa eða misskilji orð eins og friðlýsingu vil ég meina að það sé á ábyrgð umhvrn. og hæstv. umhvrh. að koma í veg fyrir slíkan misskilning, að skýra orðræðuna, að vinna þennan hluta starfs síns, þ.e. fræðslu- og upplýsingamálin þannig að fólk sé með það algerlega á hreinu hvað verið er að tala um þegar við erum að tala um friðlýsingu. Það skiptir verulegu máli að orðaval okkar í þessum efnum sé nákvæmt og það er ekki á ábyrgð neins annars en umhvrn. eða stofnana þess að sjá til þess að svo sé. Ég hvet því hæstv. umhvrh. til að efla þá umræðu og fræðslu og sjá til þess að orðanotkunin verði skýr og gegnsæ og allir viti um hvað verið er að tala.

Svo vil ég segja varðandi það að menn séu svo hræddir við að það megi ekkert gera á svæðunum þó að þau njóti friðlýsingar, þá er það líka þáttur sem umhvrn. á að sjá til að fólk hafi á hreinu, þ.e. hvað friðlýsing þýðir. Hvað felur hún í sér? Hvað er heimilt að gera á friðlýstum svæðum og hvernig ber fólki að haga sér á þeim? Hver er ábyrgð okkar gagnvart þeim og hvernig tryggjum við vernd á svæðunum? En ekki hvernig tryggjum við að menn geti komið inn á friðlýst svæði og ráðskast með það.

[16:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er algerlega sammála hv. þm. um að mikilvægt sé að reyna að skýra þau hugtök sem notuð eru og það höfum við einmitt verið að gera, sérstaklega af því að við fáum þessi viðbrögð. Fólk segir bara: Á að friða hér? Nei takk, kemur ekki til greina. Við viljum geta gert eitthvað hérna í framtíðinni. Við höfum því reynt að upplýsa hlutaðeigandi aðila, ég hef átt mjög marga fundi þar sem við höfum farið í gegnum þessa umræðu með sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, með ungliðasamtökum stjórnmálaflokkanna og fleiri aðilum, en þetta er mjög djúpt inni í þjóðarsálinni að halda að friðun sé þannig að það megi

ekkert gera á svæðinu í þrengsta skilningi. Ég hef reynt að útskýra þetta með því að segja: Friðun er ekki friðun, eins og það hljómar nú fáránlega. En þegar reglur eru settar á svæði sem er friðað eða verndað, eru þær reglur sérsmíðaðar fyrir hvert svæði. Þær eru ekki eins á milli eiginlega neinna tveggja svæða af því að það er svo misjafnt hvað verið er að vernda og svo misjafnt hvernig menn vilja ná henni fram. En ég vil benda hv. þm. á af því að hún tilheyrir stjórnmálaflokki sem á kannski einhverja sök á því að menn upplifi þetta orð, friðun svæðis, þannig að það megi ekki gera neitt á svæðinu. Hér hefur t.d. í langan tíma verið tekist á um Þjórsárverin og ég hef ekki heyrt hv. þm. suma hverja halda því til haga að í friðlýsingarákvæðinu um Þjórsárverin kemur fram þar að það megi setja lón inni í Þjórsárverum með ákveðnum skilyrðum. Með þessu er ég ekki að segja að ég styðji það, alls ekki. Ég hef sagt ákveðna hluti í því sambandi. En mér finnst eðlilegt að benda hv. þm. á að því var ekki haldið til haga af þeim sem harðast gengu fram í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um Þjórsárverin og það hefði verið mjög upplýsandi fyrir þjóðina ef því hefði verið haldið til haga.

[16:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra veit nákvæmlega hvað stendur í friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera. Það stendur, ég held ég muni það orðrétt, að það sé heimilt að setja þar eitthvert lón ef það skerði ekki verndargildi veranna að mati Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar. Og Náttúruvernd ríkisins hefur kveðið upp úr með það, að vegna náttúruverndarsjónarmiða komi lón til með að skerða náttúruverndargildi veranna. Það liggur fyrir ákveðinn úrskurður og umsögn Þjórsárveranefndar í þeim efnum. Það er því algerlega búið að meta landið þannig að það mun aldrei verða heimilað lón inni í Þjórsárverunum fyrir innan friðlandsmörkin vegna þess að það kemur til með að skerða náttúruverndargildi veranna. Þetta eru auðvitað reglur sem eins og hæstv. ráðherra segir réttilega gilda um hvert einstakt svæði, ákveðnir skilmálar sem settir eru þegar svæðin eru friðlýst. Í þessu tilfelli voru þessir skilmálar settir inn, kveðið á um það með gildum úrskurði að náttúruverndargildi Þjórsárvera er skert óhóflega ef þar verður sett inn lón. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að lesa gaumgæfilega það sem segir í tillögu Umhverfisstofnunar á bls. 238 og 239. Þar kemur óyggjandi fram að að mati Umhverfisstofnunar sé umtalsvert gróðurlendi utan núverandi marka friðlandsins sem líta beri á sem hluta af Þjórsárverum. Umhverfisstofnun talar því um að hluti af verunum sé utan friðlandsmarkanna og mælir þess vegna með því að friðlandsmörkin verði stækkuð og segir jafnframt að með breyttum mörkum friðlands muni bætast m.a. við gróðurvinjar á borð við Kjálkaver og Loðnaver sem hvor tveggja séu afar grösugir og mikilvægir varpstaðir, beitilönd og fellistaðir heiðagæsa. Og mér finnst hæstv. umhvrh. skulda þó ekki væri nema heiðagæsinni það fyrir öll þau hreiður sem tekin eru af henni við Kárahnjúka að sjá til þess að hún hafi möguleika á að eiga þau svæði sem möguleg eru í Þjórsárverum.

[16:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er með ólíkindum að hlusta á þennan málflutning. Eins og maður skuldi heiðagæsinni eitthvað þegar hún er í þvílíkum vexti að annað eins hefur aldrei sést. Hv. þm. talar eins og við sjáum fram á síðustu heiðagæsina á landinu. Það er alls ekki þannig.

Ég held að eitthvað hljóti að hafa skolast til hjá hv. þm. varðandi Þjórsárverin af því að hæstv. heilbrrh., þá sitjandi umhvrh., Jón Kristjánsson, kvað upp úrskurð um að ekki mætti hafa lón inni í verunum.

Ég vil líka draga fram að Umhverfisstofnun, þ.e. eftir að búið er að leggja niður Náttúruvernd ríkisins fer Umhverfisstofnun með það vald, hefur sett fram þá skoðun á lóni því sem verið hefur til umræðu, sem er utan við friðlandið í Þjórsárverum, að það muni ekki skerða friðlandið á nokkurn hátt. Það er faglegt mat þeirrar stofnunar. Samt hafa mjög margir, þar á meðal Vinstri hreyfingin – grænt framboð, verið algjörlega andsnúnir því lóni. Maður áttar sig ekki á því. Stundum vill hv. þm. verja sig með Umhverfisstofnun og stundum ekki, bara eftir því hvernig vindar blása.

[16:17]

Útbýting þingskjala:

Dýrahald í atvinnuskyni, 540. mál, fsp. KolH, þskj. 815.

Ferðapunktar, 346. mál, svar fjmrh., þskj. 747.

Mengun frá tímum herstöðvarinnar á Heiðarfjalli, 539. mál, fsp. SJS, þskj. 814.

Safnasjóður, 382. mál, svar menntmrh., þskj. 734.

Skattfrelsi félagsgjalda, 404. mál, svar fjmrh., þskj. 745.

Útflutningsmarkaðir fyrir dilkakjöt, 541. mál, fsp. GHall, þskj. 816.

[16:17]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að segja nokkur orð í tilefni af þessari náttúruverndaráætlun.

Hæstv. ráðherra og ýmsir aðrir leggja mikið upp úr því að stækka þjóðgarða svo og svo mikið og vilja fjölga þeim hingað og þangað um landið. Á hinn bóginn liggur það eftir að búa þannig um þjóðgarðana að sómi sé af. Vil ég í því sambandi, hæstv. forseti, benda á þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Ég lít svo á, miðað við allan þann fjölda ferðamanna sem þar er og miðað við að bundið slitlag er nú komið frá Reykjavík í Öxarfjörð, norður undir Svelting, að búast megi við því að ferðamönnum þar muni fjölga mjög verulega. Voru þó margir fyrir. Á hinn bóginn hefur setið eftir sá hlutur ríkisins að veita nægt fé til að byggja upp viðunandi aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum og líka til þess að hægt sé að gera við þau gömlu hús sem þar eru og hafa vissulega sögulegt gildi og minjagildi, m.a. vegna þess að Sveinn Þórarinsson listmálari var þar á sínum tíma og af ýmsum öðrum ástæðum.

Mér finnst þetta mál ekki eingöngu snúast um að teikna þjóðgarða á landakort til að svara metnaði einstakra ráðherra um að stækka og fjölga þjóðgörðum. Mér finnst þetta líka snúast um hvaða augum við horfum á þjóðgarðana.

Hér hefur verið kvartað undan því síðustu mínúturnar, bæði af hæstv. ráðherra, eins og ég skildi hana, og eins af hv. 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnu Halldórsdóttur, að fólk úti á landi skildi ekki hvað fælist í friðlýsingu. Ef land væri friðlýst mætti ekkert gera.

Hvernig skyldi nú standa á því að þetta hafi misskilist? Fyrir norðan mátti t.d. ekki eyða refum eða mink í þjóðgarðinum þannig að þeir sem höfðu tekist það vandasama verk á hendur að fækka þessum skaðræðiskvikindum urðu að gæta sín á að fara ekki yfir einhverja ímyndaða línu. En dýrin eru fljót að finna út slíkar ímyndaðar línur og kunna

að haga sér eftir því. Enda kemur það á daginn að fuglalíf er langmest þar sem maðurinn er, þar sem mink og ref er eytt. Í því sambandi mætti nefna að skemmtilegt er t.d. að fara um Melrakkasléttu, að Núpskötlu og sjá hversu skiptir um, þegar komið er í heimahagana eða annars staðar, hvar fuglinn heldur sig.

Svo koma auðvitað upp margvísleg vandamál. Heiðagæsinni fjölgar sem betur fer en á hinn bóginn standa Norðlendingar nú frammi fyrir öðru vandamáli, ef ég skil hlutina rétt. Tveir ernir hafa sést upp á síðkastið í Mývatnssveit en ekki eftir nema 40 pör af húsöndum. Fróðlegt væri að vita hvernig hæstv. ráðherra ætlar að fara í það mál. Húsendur verpa ekki annars staðar en einmitt á þessu svæði, kannski við Sandvatn. En ef þeir taka vel til matar síns, þessir ernir, þá veit maður ekki hvernig fer fyrir húsandarstofninum.

Náttúruverndin er auðvitað góðra gjalda verð en í náttúrunni eins og annars staðar á það við sem sagt var í góðu kvæði forðum:

Eitt rekur sig á annars horn eins og í ræðu eftir Vilhjálm Þorn.

Maður veit því ekki alveg alltaf hvernig bregðast á við.

Ég vildi aðallega vekja athygli á því að það verður að búa betur að þjóðgörðunum en gert hefur verið. Að minni hyggju væri rétt að hafa það fyrsta skrefið frekar en að víkka þá út, stækka þá eða stofna nýja.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er vænlegra til þess að auka skilning manna víðs vegar um landið á gildi friðunar og þjóðgarða að þeir séu settir í gæslu heimamanna og heimamenn beri ábyrgð á þeim. Ég held að það sé þarft og nauðsynlegt. Það hefur margkomið í ljós að fjarstýring þjóðgarðanna er ekki holl. Ég vil líka leggja áherslu á að ég álít að rannsóknir innan þjóðgarðanna eigi að vera á ábyrgð stofnunar í héraði sem væri sjálfstæð en ekki fjarstýrt frá Reykjavík. Ég hef lagt áherslu á að Náttúrurannsóknarstöðin í Mývatnssveit verði efld og henni falið þetta hlutverk í Þingeyjarsýslum, þ.e. með því að þeir sem þar vinna búi fyrir norðan, að sú stjórn sem er yfir þeirri stofnun sé skipuð fólki á því svæði, sem hefur áhuga á að vera á því svæði og hefur áhuga á að efla rannsóknir á því svæði. Þar ætti að starfa fólk sem býr þar og vill vera þar og lifa með þeirri náttúru sem það er að rannsaka. Það þarf að skilja hagi og hagsmuni þess fólks sem þar býr. Ég hygg að þannig sé staðið að þessum málum í öðrum löndum. Ég hygg að allir geti verið sammála um að það sé æskilegt.

Á hinn bóginn geri ég mér grein fyrir því að þetta rekur sig á það embættismannaveldi sem hér hefur verið byggt upp syðra. Ég þekki, sem fyrrverandi ráðherra, að við það getur verið erfitt að fást. Það hlýtur þó að vera grundvallarkrafa af hálfu okkar, sem sjáum landið fyrir okkur svo að hvarvetna hafi fólk tækifæri til að hverfa aftur til heimabyggðar sinnar og vinna þar verk, að stuðlað sé að því með eðlilegum hætti.

Menn tala um byggðastefnu. Það er ekki holl byggðastefna að gefa ölmusufé en hitt er holl byggðastefna að þau verk sem falla til á hverjum stað og á hverjum tíma og ríkið kostar séu unnin af fólki á þeim stöðum en ekki úr fjarlægð. Ég held að þetta sé mikið atriði ef við viljum vernda land okkar.

Nú ítreka ég það sem ég hef áður sagt, að það er auðvitað sjálfsagt að vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og sömuleiðis þeir jöklar sem eru innan þess séu sérstakt verndarsvæði og að rannsókn þess fari fram á Náttúrurannsóknarstöðinni í Mývatnssveit, að til þess verði hugsað að rannsóknarmönnum verði gefinn kostur á að vinna þar eins og á Selfossi og ýmsum öðrum stöðum.

[16:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef klárað ræðutíma minn undir þessu máli en kýs að svara hv. þm. í andsvari.

Hv. þm. Halldór Blöndal kom aðallega upp, eftir því sem mér skildist, til að ræða um að náttúruvernd snerist ekki um einhverjar línur á korti heldur þyrftum við að byggja myndarlega upp í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Ég deili þeirri skoðun með honum.

Ég hef verið talsmaður þess að þessi svæði hefðu sjálfstæðan tekjustofn. Að öðrum kosti þarf að taka þetta fjármagn af almennu skattfé borgaranna. Sjálfstfl. hefur ekki verið talsmaður skattahækkana og það erum við heldur ekki en ég hef verið talsmaður þess að þarna yrði sjálfstæður tekjustofn. Þá hefur gistináttagjald helst komið til greina af þeim kostum sem ég hef viljað skoða. Ef tekið er gistináttagjald af gistinóttum í landinu mundi það gefa 150 millj. kr., væri það 100 kr. á nótt. Það yrði aldeilis viðbótarinnspýting í að byggja upp þessi svæði og hafa þar öfluga fræðslu, rannsóknir og aðstöðu, sem ég held að við vildum öll gjarnan sjá. Þrátt fyrir að sett hafi verið umtalsvert viðbótarfé á þessi svæði, sennilega yfir 300 millj. kr. á síðasta kjörtímabili, þarf mun meira fjármagn að koma til.

Það væri áhugavert að heyra hvort hv. þm. er tilbúinn að leggja manni lið við að reyna að ná fram gistináttagjaldi sem sjálfstæðum tekjustofni til þessara svæða.

[16:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alltaf viðkvæðið, að það eigi að skattleggja sérstaklega þá sem fara í Ásbyrgi eða í Jökulsárgljúfur. Ég hélt að hv. þm. ætti nú rætur við bakka hins mikla fljóts Skjálfandafljóts og áttaði sig á að það er erfitt að koma því við að ætla að fara að skattleggja Norðlendinga þegar þeir fara í Ásbyrgi eða Jökulsárgljúfur.

Það er ekki verið að tala um að skattleggja þá sem fara á Þingvöll. Borga Norðlendingar ekki skatt eins og aðrir? Ef hugmyndin er að skattleggja Norðlendinga fyrir að fara á sína reiti er þá ekki rétt að koma fyrst upp sæmilegri aðstöðu í Jökulsárgljúfrin? Menn byrja ekki á því að selja það sem ekki er til. Menn byrja ekki á að skattleggja. Þeir byrja á að búa í haginn til þess að hafa eitthvað að selja. Þá held ég að rétt væri að byrja á að koma heitu vatni í Ásbyrgi þannig að þar verði hægt að búa sæmilega að mönnum og skapa skilyrði fyrir lítið hótel eða herbergi, hafa þar sundlaug og þar fram eftir götunum. Það yrði dýrlegur staður, stórkostlegur staður satt að segja.

Það hefur tekist í Mývatnssveit, vegna þess að þar er aðstaða fyrir hendi, að byggja ferðaþjónustu svo upp að það má búast við að ferðamönnum taki að fjölga þegar í þessum mánuði eða í byrjun næsta mánaðar. Ég held að það sé í lok þessa mánaðar. Mývetningar taka þar nokkurt gjald fyrir svæði sem þeir gæta sjálfir. Kannski ríkið vilji þá líka taka skatt af því að menn fari í Dimmuborgir? Er ekki best að landið umhverfis hringveginn verði allt saman með gjaldmælum áður en búið er að koma almennilegri aðstöðu upp fyrir fólk?

[16:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri að hv. þm. Halldór Blöndal hefur eitthvað misskilið gistináttagjaldið af því að málflutn-

ingur hans gengur allur út á að tala um aðgangseyri að svæðinu. Ég var ekki að tala um það. Hins vegar hef ég ekki lokað fyrir þá hugmynd heldur en hún er miklu erfiðari í framkvæmd af því að það eru mjög fá svæði sem bera aðgangseyri. Það kostar talsvert að innheimta aðgangseyrinn og þá yrði sjálfsagt að girða þessi svæði og ég held að það yrði ákveðið lýti í landslaginu.

Það sem ég er að ræða um er gistináttagjald. Það gistináttagjald yrði lagt á allar gistinætur í landinu um allt land, ekki bara á einhverjum þröngum svæðum, um allt land, bæði á útlendinga og íbúa þessa lands. Það yrði líka lagt á þá sem færu aldrei á þessi svæði þannig að sumum þætti óréttlátt að því leytinu til að það fólk væri látið borga. En þetta er gert mjög víða í öðrum löndum, þetta er gert í Danmörku, umhverfisgjald heitir það þar, þetta er gert í Færeyjum, þetta er gert víða í Bandaríkjunum, Frakklandi og Þýskalandi, ef ég man rétt, og mér finnst þetta spennandi leið.

Ferðaþjónustan hefur hins vegar ekki viljað ljá máls á þessu og unnið gegn því sem ég held að sé reyndar skammsýni. Ég held að ferðaþjónustan muni átta sig á því síðar að það er einmitt henni í hag ef gistináttagjaldið yrði sett á af því að þá gætum við staðið að þessum þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og fjölsóttum ferðamannastöðum með enn þá meiri sóma en í dag.

Ég er sem sagt hér að ræða um gistináttagjaldið en ekki aðgangseyri að einstökum svæðum þó að ég vilji alls ekki útiloka það heldur í framtíðinni. Við þekkjum það mjög víða að slíkt aðgangsgjald er tekið erlendis. Við reyndum þetta í gestastofunni í Skaftafelli og ferðaþjónustan kaus að „bojkottera" eða sem sagt mæta ekki þar inn til þess að mótmæla því gjaldi. Við gáfumst því upp á því, gjaldið var fellt niður en síðan eru þar seldir ýmsir minjagripir og kemur reyndar meira gjald inn þannig.

[16:32]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa misskilið þetta. Það má auðvitað hugsa sér það að leggja einhvern nefskatt á hótel í landinu. Nú er það samt þannig að mörg hótel úti á landi standa ekki undir sér, reksturinn er erfiður vegna þess að ferðamannatíminn er mjög stuttur og af þeim sökum er eðlilegt að ferðaþjónustan standi gegn þessu. Þess vegna held ég að þessi hugmynd sé óraunhæf, algjörlega óraunhæf.

Miklu fremur er ástæða til að velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt kunni að vera að veita stofnstyrki til uppbyggingar ferðaþjónustu víða um land til þess að gera hana samkeppnisfæra og öflugri en hún er fremur en hitt að fara að leggja á hana nýja skatta. Það líst mér ekki á. Ég hélt satt að segja að þessi hugmynd væri löngu dauð og að menn hefðu áttað sig á því að hún gengur ekki upp í okkar strjálbýla landi.

Ef hugmyndir stæðu hins vegar til þess að koma heitu vatni t.d. til Ásbyrgis má auðvitað hugsa sér að ef þar yrðu byggð hótel eða einhver gistihús greiddu þeir eitthvað sérstaklega fyrir þá aðstöðu vegna þess að hún margfaldar möguleika þeirra til að fá fólk til sín.

Ef við færum hér kaupstað úr kaupstað og reyndum að átta okkur á efnahag hótelanna ætli hæstv. ráðherra yrði þá ekki sammála mér um að þetta gistinæturgjald yrði að vera með öfugum formerkjum þannig að ríkið yrði að greiða með hverju herbergi til þess að þetta stæði undir sér og til þess að það aumingja fólk sem er að reyna að taka þennan rekstur að sér gangi ekki of nærri sér?

[16:34]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal fjallaði í ræðu sinni um gildi þjóðgarða fyrir þjóðina og stöðu íbúa í nágrenni þeirra gagnvart þjóðgörðunum og fjallaði um það af mikilli nærfærni og djúpum skilningi.

Hins vegar varpaði hv. þm. fram mjög áleitinni spurningu til þingheims þegar hv. þm. upplýsti að að undanförnu hefðu sést tveir ernir flögra um í Mývatnssveitinni sem er að sjálfsögðu fagnaðarefni og bendir til þess að arnarstofninn sé í vexti. Sá skuggi fylgdi, eftir því sem hv. þm. gaf í skyn, að mér fannst, að ofarlega á matseðli arnarins væri húsönd sem líka er friðaður fugl eins og alþjóð veit. (**Gripið fram í:** Ekki allir.) Eru nú góð ráð dýr — hvor er betri, brúnn eða rauður?

Þar sem ég veit að hv. þm. er mikill náttúruunnandi og hefur kynnt sér afskaplega vel náttúrulíf í Mývatnssveitinni yrði ég honum afskaplega þakklátur ef hann gæti deilt með þingheimi þeim lausnum sem hann sæi á því vandamáli hvernig við getum varið tvær fuglategundir, sem báðar eru friðaðar, en sá vandi blasir við okkur að önnur nærist hugsanlega á hinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

[16:37]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér mæli ég fyrir till. til þál. um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, sem mætti draga saman undir heitinu „starfsnám í framhaldsskólum", en einnig til eflingar og fjölgunar styttri námsbrauta.

Flm. eru gjörvallur þingflokkur Samf. Til að undirstrika það vægi sem þetta mál hefur í stefnu og framsetningu Samf. flytur þingflokkurinn þetta allur, enda er eitt af meginmálum þeirrar framtíðar sem við blasir í menntunarmálum og skólamálum þjóðarinnar að hleypa nýju lífi í og skjóta stoðum undir starfsnám í framhaldsskólum. Það hefur átt verulega undir högg að sækja á undanförnum árum sem dæmin sanna og ég mun koma betur að í framsögu minni á eftir.

Við leggjum hér til að Alþingi álykti að fela starfshópi skipuðum fulltrúum þingflokkanna, Samiðnar, Samtaka iðnaðarins, Iðnnemasambands Íslands, stéttarfélaga framhaldsskólakennara, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandsins og fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna að semja tillögur um átak til að efla iðnnám, listnám og verknám í framhaldsskólum og um stofnun nýrra, styttri námsbrauta til starfsnáms.

Meginmarkmið tillögunnar er að draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum, eyða úreltri aðgreiningu á milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð á verkmenntuðu fólki á atvinnumarkaði. Sérstaklega skal endurskoðað reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna.

Herra forseti. Hér er um að ræða einn af merkilegri þáttum og einn af merkustu þáttum í menningu og mannlífi okkar

Íslendinga. Það má segja að verknám eða iðnnám, eins og við þekkjum það í dag og ræðum um það, sé á svipuðum aldri og heimastjórnin sem við höfum nú fagnað með miklum veisluhöldum og glæsibrag að sumra mati að sé orðin 100 ára.

Við upphaf 20. aldarinnar tók atvinnulífið hér að breytast með þeim hætti að hinar fjölbreyttustu iðngreinar fóru að skjóta rótum og skjóta upp kollinum, og byggðist iðnnám þeirra daga mestmegnis þó á svokölluðu meistarakerfi. Menn komust á samning hjá iðnmeistara sem fyrir var og lærðu iðnina þar. Svo þróaðist það með tímanum út í að menn sátu kvöldskóla eða styttri helgarnámskeið til að afla sér einhverrar bóklegrar þekkingar á faginu einnig sem var af ákaflega skornum skammti framan af.

En það má samt rekja íslenskt iðnnám lengra aftur í tímann. Í bók Helga Guðmundssonar um sögu Iðnnemasambandsins og iðnnemahreyfingarinnar í 100 ár, sem kom út árið 1998, koma margar forvitnilegar og skemmtilegar upplýsingar fram, t.d. að segja megi að fyrsti iðnneminn íslenski, í okkar skilningi þess orðs, hafi verið Jón Jónsson Matthíassonar prests á Hólum árið 1530. Í kjölfar þess að Jón Arason Hólabiskup færði prentlistina til Íslands má segja að sá mæti maður, Jón Jónsson Matthíassonar, hafi verið fyrsti iðnneminn eins og við ræðum um þá í dag. Þar áður höfðu menn numið handverkið af forfeðrum sínum og foreldrum og vinnufélögum heima á býlum sínum.

Eftir 1530 eru ekki mörg söguleg ártöl í sögu iðnmenntunar á Íslandi en undir lok 19. aldarinnar fara hlutirnir að gerast og má segja að þegar fór að hilla undir nýja tíma í atvinnulífi og starfsháttum Íslendinga hafi menn fljótlega farið að gera tilraunir til að bindast einhvers konar stéttar- og hagsmunasamtökum til að styrkja bönd sín og efla hagsmunabaráttu sína. Eru stéttarsamtök prentara frá 2. janúar 1887 talin fyrstu stéttarsamtök sem iðnaðarmenn gera með sér sem verða svo aftur að Hinu íslenska prentarafélagi árið 1897. Það var mjög öflugt iðnaðarmannafélag og eitt það fyrsta. Prentararnir ruddu sem sagt brautina og voru enda á meðal fyrstu formlegu verkmenntamannanna hér á Íslandi.

Upp úr þessu tóku að skjóta upp kollinum hin ýmsu félög og má segja að fyrsta iðnnemafélagið hafi verið stofnað árið 1898. Það bar hið skemmtilega heiti Lukkuvon og var félag skósmíðalærlinga. Það eru fyrstu iðnnemasamtökin sem vitað er um. Þau tóku svo á sig hið endanlega form árið 1944 þegar Iðnnemasamband Íslands var stofnað formlega, þá með fimm félögum sem aðilum og um 200 félagsmönnum, en á örfáum árum urðu félögin 16 og félagsmenn komnir upp í 600. Árið 1949 voru félögin orðin 23, iðnnemar í samtökunum 1.200 og náðu þá yfir $^{2}/_{3}$ allra þeirra iðnnema sem voru í landinu. Uppgangur iðnmenntunar og iðnaðargreinanna, verkmenntagreinanna, var mikill og litríkur á þessum árum og blandaðist mjög inn í flokkastjórnmálin á 2. og 3. áratug síðustu aldar. Má geta þess að Samtök iðnnema voru t.d. meðal þeirra fjögurra aðila sem komu að stofnun Samtaka ungra jafnaðarmanna, svo nátengd voru samtökin flokkastjórnmálum á þeim tíma um þorra ára skeið. Þetta var mjög samofið. Svo börðust vinstri flokkarnir mjög um fylgi þessara samtaka og námsmanna næstu áratugina á eftir þangað til það heillavænlega skref var stigið þegar leið frá seinni heimsstyrjöld að námsmannasamtök skildu við flokkastjórnmálin og tóku á sig form hreinna hagsmunasamtaka félaga sinna og umbjóðenda.

Hér er því um merka og mæta sögu að ræða en undanfarin ár og áratugi hefur hallað verulega undan fæti í iðnnáminu. Það hefur verið hornreka í framhaldsskólakerfi okkar Íslendinga þó að það hafi litið vel út þegar fjölbrautaskólarnir voru stofnaðir, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti árið 1975, Fjölbrautaskóli Suðurlands 1981 o.s.frv. Þá má segja að það hafi verið nokkurs konar ný dögun hjá verkmenntagreinunum þar sem fleiri og öflugri skólar fóru að bjóða nemendum sínum upp á iðn- og verknám með því að samþætta bóknámið og verknámið inn í áfangakerfi sem var metið og sambærilegt á milli skóla. Þá þótti mörgum ástandið ágætt og útlitið gott fyrir verknámsgreinar í íslensku skólakerfi.

Það hefur þó ekki gengið eftir á síðustu árum og hefur iðn- og verknámið verið hornreka í mörgum framhaldsskólum af ákaflega einfaldri ástæðu. Þeir sjá sér ekki fært út frá fjárhagslegum sjónarmiðum að halda iðnnáminu úti. Það er einfaldlega dýrt að gera það, greinarnar oft fámennar, þannig að þetta nám hefur horfið út úr mörgum skólunum. Þar með þjappast margar hinna fámennari greina aðallega á nokkra skóla á höfuðborgarsvæðinu sem kenna þá lungann úr greinunum.

Meginmarkmið þeirrar tillögu sem þingflokkur Samf. leggur fram og mælir fyrir hér í dag, í þeirri brýnu tillögu að efla starfsnámið og fjölga styttri námsbrautum, eru að draga úr brottfalli úr framhaldsskólum, eyða úreltri aðgreiningu á milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð á verkmenntuðu fólki á vinnumarkaði. Sérstaklega leggjum við til að reiknilíkanið sem ég gat um áðan verði endurskoðað til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna til að það standi framgangi verknámsins og iðnnámsins alls ekki fyrir þrifum. Við viljum auka aðsóknina að starfsnámi en aðsókn að því hefur minnkað. Eins og fram kom í fréttum í síðustu viku samkvæmt könnun sem gerð var um t.d. þörf á járnsmíðamenntuðu fólki var útlitið þannig að á næstu árum og áratugum yrði skortur á járniðnaðarmönnum á vinnumarkaði svo hundruðum skipti. Lýsti skólastjóri Iðnskólans því í 10-fréttum sjónvarpsins í síðustu viku yfir þungum áhyggjum af því að þessi þekking væri einfaldlega að hverfa út úr íslensku samfélagi, af íslenskum vinnumarkaði.

Svo er hin hliðin á þessu máli. Ef margar iðngreinar, brýnar, sem er mikil þörf fyrir á íslenskum vinnmarkaði, mismikil eftir því hvers konar uppgangur eða hvort er uppgangur í samfélaginu hverju sinni, hverfa og deyja erum við illa stödd. Það er aftur annað vandamál hvað varðar verknámið líka að oft gengur nemendum illa að fá samning hjá iðnmeisturum. Það er vandamál sem margir forsvarsmenn framhaldsskólanna og verkmenntaskólanna benda á að sé ekki síður til trafala viðgangi og uppbyggingu verknámsins og iðnnámsins, þ.e. að námsmönnum sem það vilja stunda gengur illa að komast á samning sem gerir út um að menn geti stundað þetta nám. Samningur hjá meistara er að sjálfsögðu hinn helmingurinn af iðnnáminu.

Við viljum í þessu sambandi að markviss kynning eigi sér stað á kostum starfsnáms og styttri námsbrauta enda mjög mikilvægt að eyða markvisst þeim mun sem hefur myndast á bóknámi og verknámi í hugum allt of margra á undanförnum árum og áratugum. Verknámið var einfaldlega sett skör lægra en bóknámið án þess að það hafi verið ætlun eða vilji nokkurs. Á árum fyrr var stúdentsprófið mjög í hávegum haft, eins og kannski eðlilegt er, og fólk hvatti börn sín og aðstandendur og afkomendur til að stunda frekar

bóknám. Heldur var verknámið litið hornauga og naut ekki sannmælis, má segja, þótt þetta sé kannski að breytast aftur, a.m.k. vonandi. Við viljum stuðla að því með uppbyggilegri og jákvæðri umræðu um mikilvægi og gildi starfsnáms, svo og styttri námsbrauta hvers konar sem hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum og notið mikilla vinsælda. Þær brautir gera fólki það ljóst að starfsnám hvers konar er ef menn það kjósa einungis áfangi á lengri vegferð. Með tilkomu, eins og meðflutningsmenn mínir munu koma inn á síðar í umræðunni, Tækniháskóla Íslands eftir því sem við berum gæfu til að efla hann er iðnaðarmönnum hvers konar greiður aðgangur að frekari menntun. Ef þeir vilja bæta við greinar sínar og þekkingu og réttindi er þetta einungis áfangi á lengri leið en þannig öðlast þeir mjög öflug og góð réttindi á lífsleiðinni. Í kynningu á iðnnáminu þarf að leggja megináherslu á að það er ekki andstaða langskólanáms og vinna þarf gegn því hvernig skorið er á milli bóknáms og verknáms.

Það er mikilvægt að samsetning náms íslensku þjóðarinnar verði með þeim hætti að uppbyggingu atvinnulífsins standi ekki fyrir þrifum skortur á tækni- og verkmenntuðu fólki. Samsetningin í dag er þannig að margt fólk er ekki með framhaldsskólamenntun en aftur á móti er skortur á háskólamenntuðu fólki. Það er að verða skortur á tækni- og iðnmenntuðu fólki eins og kom skýrt fram í greiningu Lilju Mósesdóttur sem hún kynnti á ráðstefnu Alþýðusambandsins 30. september 2003 undir yfirskriftinni „Atvinna fyrir alla".

Við fjöllum í greinargerðinni um brottfallið og þann mikla vanda sem það er í skólakerfinu. Dæmi um það kemur vel fram í skýrslu menntmrn. um styttingu náms til stúdentsprófs sem kom út í haust. Þar segir, með leyfi forseta, að: „af nemendum á fyrsta námsári í starfsnámi er stærsti hópurinn skólaárið 1997/1998, eða 2.579 einstaklingar, og sá minnsti skólaárið 1993/1994 eða 2.038 einstaklingar. Nemendur sem útskrifast með annað en stúdentspróf eru flestir skólaárið 1997/1998, eða 1.521 einstaklingur, og fæstir 1998/1999 eða 1.390 einstaklingar. Meðalfjöldi nemenda á fyrsta námsári er 2.259 en 1.441 brautskráður nemandi. Sýnir þetta mikinn mun á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því, eða mismun upp á 36% að meðaltali. Sambærilegur mismunur á fjölda nemenda sem hefja nám á stúdentsbrautum og öðrum bóknámsbrautum og ljúka stúdentsprófi er að meðaltali 58%."

Þessar tölur tala sínu máli um hve alvarlegt vandamál brottfallið er úr íslenskum framhaldsskólum og komum við kannski síðar að því í umræðunni, enda líður tíminn hratt.

Starfsmenntunin á í margvíslegum vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að náminu hefur minnkað, að mestu leyti er hætt að kenna verklegar greinar á landsbyggðinni og framboð á starfsmenntun hvers konar hefur minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Auk þess blasir við skortur á iðnaðarmönnum í einstökum greinum á næstu árum, eins og ég dró fram dæmi um áðan um járniðnaðarmennina, og það mun standa íslenskum iðnaði verulega fyrir þrifum og þar með viðgangi og framrás atvinnulífsins.

Tekjurnar verða til í hinum mörgu greinum iðnaðar: stóriðju, byggingariðnaði, matvælaiðnaði o.s.frv. Iðnaðurinn skapar miklar tekjur, eða þrjár af hverjum 10 krónum í landsframleiðslunni, sem sýnir um hve mikla hagsmuni fyrir þjóðarbúið er að tefla fyrir utan svo margt annað sem ég kem kannski betur að síðar í umræðunni.

[16:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að varpa hér fram spurningu til hv. flm. þessarar till. til þál. um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum sem gengur út á það að Alþingi álykti að fela starfshópi sem skipaður er fulltrúum ýmissa aðila að semja tillögur um átak til þess að efla iðnnám, listnám og verknám í framhaldsskólum. Þetta er áhugavert mál og sá sem hér stendur hefur ekki síst áhuga á því vegna þess að hann starfaði m.a. um nokkurt skeið sem kennari við Iðnskólann og þekkir málið ágætlega. Tillagan er ágætlega rökstudd í greinargerð en þegar maður skoðar hana má sjá að hér er verið að leggja til að farið verði í mjög umfangsmikið verkefni. Það á að vinna að tillögum til þess að minnka brottfall úr framhaldsskólum, taka reiknilíkanið sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna til endurskoðunar, fara í samsetningu náms í grunnskólum, auka virðingu fyrir verknáminu, skilgreina þarfir atvinnulífsins og endurskoða iðnmeistaranám, svo fátt eitt sé nefnt.

Ég mundi segja að með yfirskrift þessarar till. til þál. væri kannski dregið heldur úr en bætt í vegna þess að hér er um að ræða kannski fyrst og fremst till. til þál. um endurskoðun á menntakerfinu gjörvöllu. Þess vegna langar mig til að varpa þeirri spurningu fram hvort hv. flm. og þingflokkur Samf. hafi slegið á hversu mikill sá kostnaður verður sem til fellur vegna þessarar skoðunar og hverjir eigi að bera hann.

[16:55]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Samf. hefur síðustu vikur verið að kynna menntasókn Samf. þar sem við leggjum til umfangsmiklar breytingar á menntakerfinu.

Í fyrsta lagi viljum við ráðast í átak á háskólastiginu, í öðru lagi efla starfsmenntunina og í þriðja lagi það sem við köllum nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem hafa grunnskólapróf, hafa ekki lokið framhaldsskólaprófi eða vilja bæta við fyrri menntun sína.

Fyrsti flm. þess væntanlega þingmáls sem við fluttum í fyrra líka er hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Mun hann kannski tæpa á því máli síðar í umræðunni.

Hvað varðar forgangsröðun til eflingar starfsmenntun er fyrst og fremst um skipulags- og hugarfarsbreytingar að ræða. En auðvitað kostar peninga að efla námið til lengri tíma litið. Það er hlutverk þeirrar nefndar sem við leggjum hér til að verði skipuð að kostnaðarmeta þær breytingar sem hún telur að þurfi að gera. Við leggjum nefndinni ekki til neinar niðurstöður fyrir fram og þar af leiðandi er ekki ljóst í hvaða breytingar þarf að ráðast til að gera verulegar og róttækar umbætur svo að starfsmenntun í framhaldsskólakerfinu geti náð vopnum sínum aftur. Kostnaðarmat á framkvæmdunum getur ekki legið fyrir fyrr en búið er að leggja til frá nefndinni hvað þurfi að gera til að efla starfsnámið.

[16:56]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þetta svar. En mig langar þá til að umorða spurningu mína. Það er ljóst að starfshópnum er ætlað mjög umfangsmikið verkefni við endurskoðun á þeim þáttum sem tillagan nær til. Það er ljóst að ef tillagan verður samþykkt þarf þessi starfshópur sem skipaður verður fjölda fólks að fara út í mikla vinnu.

Því spyr ég: Hefur hv. flm. og þingflokkur Samf. lagt það niður fyrir sér eða kannað hver kostnaðurinn við vinnu

nefndarinnar muni vera, hversu mikill þessi kostnaður muni vera?

Í öðru lagi: Hverjum er ætlað að greiða þann kostnað sem til fellur vegna starfa nefndarinnar?

[16:57]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseta. Það kæmi sjálfsagt inn á borðið hjá ráðuneytinu að standa að einhverju leyti skil á þeim kostnaði sem af nefndarstarfinu yrði. En við teljum að hann yrði óverulegur þar sem hér er að ræða um hin ýmsu hagsmunasamtök sem að þessu máli koma, Alþýðusambandið, Samiðn, Iðnnemasambandið o.s.frv. Við munum fara þess á leit við þá sem af fórnfýsi og hugsjón leggjast í þessa miklu og þörfu vinnu með okkur, að efla starfsnám og styttri námsbrautir í framhaldsskólum landsins, að þeir muni gera það með þeim hætti að af hljótist ákaflega lítill kostnaður. Við teljum að sá kostnaður sem af nefndarstarfinu hljótist verði óverulegur þannig að hann þurfi ekki að standa því merka brautryðjenda- og uppbyggingarstarfi sem varðar starfsmenntun og iðnmenntun á Íslandi fyrir þrifum með neinum hætti.

[16:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Hin alvarlegustu mistök okkar í uppbyggingu starfsnáms og skipulagi framhaldsskólans í heild eru brottfallið sem ég ætla að ræða hér stuttlega. Ég held að við eigum að líta á brottfallið sem eina af þeim einkunnum sem skólinn fær á hverjum tíma og í okkar tilviki eigum við að líta á það sem hluta af sjúkdómsgreiningunni.

Frá sjónarmiði hagstjórnar þýðir brottfall úr framhaldsskóla og öðrum skólum að verið er að spilla mannauði og láta vinnutíma fara til ónýtis en við eigum ekki að gleyma því að bak við prósentutölur og súlurit og reiknilíkön er fólk af holdi og blóði, ungt fólk á viðkvæmasta þroskastigi, og fyrir mörgum þessara einstaklinga er það að hætta í skóla persónulegt áfall. Aðrir missa síðan af tækifæri til að þroska sig eðlilega og rækta hæfileika sína.

Mig langar til að líta á þennan brottfallsvanda frá nokkrum hliðum og sjá hvernig hann tengist því ástandi sem starfs- og verknám hjá okkur er nú í. Það eru margar áleitnar spurningar sem vakna við þetta og rannsóknir eru því miður ekki nægjanlegar. Ber þó að þakka það sem gert hefur verið, framlag fræðimanna eins og Jóns Torfa Jónassonar, Kristjönu Blöndal, Gerðar G. Óskarsdóttur, Gests Guðmundssonar, Guðmundar Rúnars Árnasonar, Kristrúnar Ísksdóttur og fleiri.

Ég ætla að rekja hér tölur. Almennt er, síðustu ár, að um 90% af hverjum árgangi fara í framhaldsskóla. Aðeins milli 65 og 70% hvers árgangs útskrifast hins vegar úr framhaldsskóla, ljúka þar prófi samkvæmt OECD-skýrslu frá 1997. Þeir sem ekki fara í framhaldsskóla eru 10% nemenda, um 400 manns af hverjum árgangi, og þegar við leggjum það saman við þau 20–25% nemenda sem ekki ljúka námi í framhaldsskóla, þ.e. sjálfa brottfallstöluna, fáum við 30–35% af hverjum 4 þúsund manna árgangi, þ.e. á milli 1.200 og 1.400 manns sem ekki ljúka neins konar prófi úr framhaldsskóla.

Í þessari könnun var miðað við allt fram til 25 ára aldurs þannig að sú íslenska venja að taka sér hlé í námi hefur ekki áhrif á þessar tölur. Samanburður við aðrar þjóðir í OECD-skýrslunni sýnir að á Íslandi brautskrást um 10–15% færri úr framhaldsskóla en að meðaltali í OECD-löndunum, en þar er hlutfallið um 80%.

Íslenski framhaldsskólinn hefur annars konar sérstöðu. Hér útskrifast miklu færri úr starfsnámi en bóknámi. Hér lýkur um helmingur hvers árgangs framhaldsskólanum með stúdentsprófi en aðeins 15–20% með starfsnámi. Hliðstætt meðaltal í OECD-ríkjum er 37% í almennu námi, í stúdentsnámi eða þvílíku námi, bóknámi, og 42% í starfsnámi. Þetta er afar athyglisverður munur. Hann er þannig að við erum með 50% bóknám, 20% starfsnám, ef við tökum hæstu töluna, og 30% sem ekki ljúka námi í hverjum árgangi, en hjá OECD-ríkjunum eru tölurnar 37%, 42%, en aðeins 21% sem ekki lýkur námi. Það eru sem sé um helmingi fleiri sem útskrifast úr starfsnámi erlendis en hér og þetta gjörólíka hlutfall er auðvitað hluti af þeim vanda sem Lilja Mósesdóttir hefur nýverið bent á og tekið er fram í grg. með þessari þáltill.

Mig langar til að nefna tvenns konar talnastaðreyndir í viðbót úr miklu safni frá þeim fræðimönnum sem áður eru nefndir, talnastaðreyndir sem ég tel að upplýsi þetta mál að nokkru leyti. Annars vegar er sú staðreynd að í því starfsnámi sem þó er í boði virðist skólunum haldast betur á nemendum í starfsnáminu en í bóknáminu. Um 36% þeirra sem hefja starfsnám í framhaldsskóla ljúka því ekki á tilsettum tíma, eru lengur en fjögur ár, hætta eða fara annað. Þetta hljómar mikið og er mikið, 3–4 af hverjum 10.

Tölurnar um bóknámið eru hins vegar enn þá hærri. Þar eru það hvorki meira né minna en 58% sem eru lengur, hætta eða fara annað, næstum 6 af 10. Sumir þeirra fara reyndar í starfsnámið.

Þetta sýnir með mörgu öðru að fjölbreyttara og betra framboð starfsnáms mundi ná til stærri hóps en nú er, fækka þeim sem falla brott, auka menntunarstig í hverjum árgangi og sennilega líka námsvirknina.

Hinar tölurnar sem ég vil nefna úr þessum rannsóknum eru um athyglisverðan kynjamun samkvæmt rannsóknum Jóns Torfa og Kristjönu. Brottfallið er meira hjá piltum en stúlkum. 38% stúlkna af árganginum 1975 kláruðu ekki framhaldsskóla en heil 48% pilta. Hlutfall þeirra sem hafa lokið starfsnámi er hins vegar helmingi meira í karlahópnum, 15% á móti 7. Þetta er athyglisvert og Kristrún Ísaksdóttir vekur sérstaka athygli á því í erindi sem ég styðst hér við að starfsnám sem höfðar til kvenna samkvæmt hefð sé afar fábreytt í framhaldsskólanum. Þá er líka minnt á að ýmislegt hefðbundið kvennastarfsnám er núna komið á háskólastig svo sem hjúkrun.

Hér kynni að vera leið til þess að ná verulegum árangri á skömmum tíma með tiltölulega litlum tilkostnaði, þ.e. að reyna markvisst að bæta framboð starfsnáms með stúlkurnar sérstaklega í huga. Síðan þarf auðvitað að athuga þennan kynjamun betur. Minn grunur er sá að orsökin fyrir þessu geysilega háa hlutfalli pilta án framhaldsskólaprófs, næstum því helmingur af hverjum árgangi, eigi sér líka rætur í ónógu framboði á starfsnámi og rótgrónum fordómum gagnvart því. Það skiptir líka máli að það virðist talið mikilvægara í samfélaginu að stúlkur ljúki námi, piltarnir geti frekar komist af án menntunar. Þetta viðhorf kann að hafa átt einhvern rétt á sér um miðja síðustu öld en á það auðvitað ekki lengur.

Við leggjum til að það sé rannsakað af hverju brottfallið er svona mikið á Íslandi, það er liður í tillögum okkar hér. Það þarf auðvitað að skoða ýmislegt í því. Það kemur í ljós í þeim rannsóknum sem ég nefni, Jóns Torfa og Kristjönu, að brottfallshópurinn skiptist nokkurn veginn í tvennt eftir afstöðu sinni. Annar vegar helmingurinn sem er tiltölulega

ánægður og þykir það ekki hamla sér að hafa fallið brott úr skóla eða aldrei komist í hann, hins vegar helmingurinn sem virðist ekki hafa boðist nám við hæfi í skólanum, og þessi hópur er óánægður og vansæll eftir reynslu sína af skólanum. Hann lítur á það sem persónulegan ósigur að hafa hætt skólagöngu og segir að sér hafi leiðst, að hann hafi ekki séð neinn tilgang með því að halda áfram eða ekki fundið neitt nám við sitt hæfi og verri einkunn getum við varla gefið íslenska skólakerfinu en að þessi stóri hópur segi slíkt um það.

Ég ætla síðar í umræðunni að koma nánar að ýmsum þáttum þessa máls, þó að stuttur tími sé til þess, sérstaklega að fjalla um nýjar kenningar í skóla- og uppeldismálum sem menn kannast við hér á þinginu, hina svokölluðu fjölgreindarkenningu og athuga hvernig hún passar við ástandið í okkar skóla- og menntamálum og það sem við þurfum að gera í þeim efnum.

[17:07]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Við okkur blasir allt of mikið brottfall úr framhaldsskólum landsins. Þannig blasir við okkur að mun færri sækja hér framhaldsskólamenntun en á Norðurlöndunum og má í því sambandi nefna tölur OECD sem segja okkur að á Íslandi eru einungis 60% fólks á aldrinum 25–34 ára með framhaldsskólapróf í samanburði við 86–92% á hinum Norðurlöndunum. Þetta er mikið áhyggjuefni og mikilvægt að grípa til aðgerða til að fjölga fólki með framhaldsskólamenntun, atvinnulífi, samfélaginu og einstaklingunum sjálfum til heilla.

Því er haldið fram af hagfræðingum að takist okkur að fjölga verulega fólki með framhaldsskólamenntun geti það aukið hagvöxt hér á landi umtalsvert. Þetta eru mikilvægar ábendingar sem við höfum ekki efni á að loka eyrunum fyrir og þurfum að finna lausnir til að uppfylla. Framhaldsskólastigið þarf að efla með áherslu á iðn-, verk- og listnám til að tryggja fjölbreytt námsframboð og þannig framboð af einstaklingum með menntun á sviði iðnaðar sem er ekki nægjanlegt í dag, eins og Samtök iðnaðarins t.d. hafa margoft bent á.

Íslenska menntakerfið á að geta brugðist við aukinni eftirspurn eftir fólki með ákveðna sértæka menntun. Sú er ekki raunin í dag og getur á næstu árum komið verulega niður á samkeppnishæfi okkar á alþjóðavettvangi og við okkur blasir skortur á fólki með iðnmenntun á ákveðnum sviðum og hætt er við að mikilvæg þekking hverfi af íslenskum vinnumarkaði. Margvíslegar umbætur þurfa að koma til í framhaldsskólunum, mikil vinna bíður á næstu missirum við að móta nýja framhaldsskólastefnu svo móta megi hér framtíðarsamfélag, byggt á þekkingu og hugviti fólksins í landinu. Uppbygging og áhersla á iðn-, verk- og listnám er snar þáttur í þessu sambandi.

Einn mikilvægur þáttur í uppbyggingu iðn- og verknáms er að góð kynning sé á þessum menntunarmöguleikum í grunnskólunum. Fyrir rúmu ári síðan fengum við í fyrsta sinn tækniháskóla hér á landi. Þar hefur opnast algerlega nýr möguleiki á menntunarleiðum okkar Íslendinga. Loksins erum við komin með skóla á háskólastigi þar sem þeir sem hafa aflað sér ýmissar starfsmenntunar á framhaldsskólastigi geta sótt sér framhaldsmenntun sem eðlilegt framhald af sínu námi og sínu iðnnámi. Þarna er í fyrsta sinn orðinn til möguleiki til menntunar sem ekki byggir eingöngu á bóklegum fögum heldur opnar algerlega nýjar leiðir sem ekki voru áður færar. Þetta finnst mér mikilvægt að líta á í samhengi þegar þessi mál eru rædd og hvað kynningar á náminu varðar, vegna þess að hingað til hefur iðn- og verkmenntun ekki átt sér eðlilegt framhald á háskólastigi eins og þekkist erlendis og því má ætla að ein ástæða þess að ungt fólk sækir heldur í að ljúka bóklegu stúdentsprófi sé að það vilji halda öllum dyrum opnum hvað framtíðarmöguleika varðar. Með tilkomu Tækniháskólans hefur opnast ný leið sem vonandi hefur hvetjandi áhrif á ungt fólk til að sækja sér starfsmenntun á framhaldsskólastigi án þess að telja að það sé að loka einhverjum dyrum. Þetta vinnur allt saman og mikilvægt er að kynna vel þessa nýju og góðu möguleika.

Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja áherslu á að það er ekki andstæða einhvers annars heldur jafngildur hluti menntakerfisins og hvert annað nám, eins og segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Iðnnám þarf að kynna sem áfanga á leið, eftirsóknarverðan áfanga, sem opnar nýjar leiðir og skapar fjölmörg tækifæri á vinnumarkaði til fjölbreyttra og vel launaðra starfa og ekki síður fjölmargar leiðir til áframhaldandi náms. Hvort heldur er tækni- eða háskólanáms."

Þetta hafa nágrannar okkar á Norðurlöndunum gert lengi og með góðum árangri og má sérstaklega líta til Finna í þessu sambandi sem tóku pólitíska ákvörðun um að leggja aukna áherslu á að byggja upp iðn- og tæknimenntun, sem hefur skilað þeim gríðarlega góðum árangri fyrir efnahagslífið eins og vel er þekkt.

Þegar ráðist verður í eflingu iðn-, verk- og listnáms í framhaldsskólunum er mikilvægt að því fylgi nægjanlegt fjármagn. Það þarf að taka hlutina í réttri röð. Ekki er nóg eingöngu að kynna námið og auka virðingu þess þegar aðstaða til kennslu starfsgreina í skólunum tilheyrir forsögulegum tíma. En bent hefur verið á að fjárhagsvandi starfsmenntunar sé að miklu leyti til kominn vegna reiknilíkansins sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Það er því augljóst að þetta reiknilíkan skilar ekki nægjanlegu fjármagni með verknáminu inn í skólana og því mikilvægt að reiknilíkanið verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar með tilliti til starfsmenntunar í framhaldsskólum. Kennsla þessara greina kostar sitt, en við skulum hafa í huga þá fjárfestingu sem í því felst ef okkur tekst með þessari aðgerð að fjölga útskrifuðum nemendum á framhaldsskólastigi og minnka brottfallið.

Í menntamálum er ekkert til sem heitir glatað fé, það skilar sér allt til baka. Og í ljósi spurningar hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem reyndar er farinn úr salnum, þá þætti mér miklu mikilvægari spurning í þessu sambandi að spyrja hvað brottfallið úr framhaldsskólunum kosti íslenskt samfélag. Ég tel að kostnaðurinn við uppbyggingu og eflingu á verknámi sé óverulegur í samanburði við þann kostnað sem hlýst af brottfallinu fyrir samfélagið.

Því miður hefur algjört metnaðarleysi einkennt hæstv. menntamálaráðherra Sjálfstfl. í þessum efnum, sem birtist í þessari vondu stöðu sem iðn-, verk- og listnámið er í. Því vona ég að hæstv. nýskipaður menntmrh. snúi við blaðinu og geri eitthvað í málinu í stað þess að halda hátíðarræður án gjörða, líkt og forverar ráðherrans og samflokksmenn hafa gert hátt í tvo áratugi í menntmrn. með þessum ferlegu afleiðingum.

Iðnnám hefur setið á hakanum allt of lengi og allt of lengi verið afgangsstærð. Íslensk stjórnvöld eiga að reka metnaðarfullt og kraftmikið menntakerfi til að mæta kröfum nútímans

og framtíðarinnar. Til þess að ná þessum markmiðum er efling iðn-, verk- og listnáms í framhaldsskólum nauðsynleg ásamt uppbyggingu Tækniháskólans. Þannig svörum við aðkallandi eftirspurn á sama tíma og við búum í haginn til framtíðar.

[17:14]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu afskaplega mikilvægt mál eins og fram hefur komið hjá hv. þm. sem hér hafa flutt ágætar ræður. Það væri reyndar fróðlegt að láta taka saman hversu margar ræður hafa verið fluttar um þetta efni á hv. Alþingi síðustu 30 árin. Ég leyfi mér að fullyrða að inntak þeirra ræðna um þetta efni sé mjög keimlíkt hjá öllum ræðumönnum, hvar í flokki sem þeir standa. Til viðbótar við slíka samantekt væri fróðlegt að leggja saman líklega nokkra kílómetra af rituðu efni sem birst hefur víða þar sem verið er að fjalla um gildi þess að efla starfsmenntun. Á hátíðisdögum í ræðu og í riti er í rauninni enginn ágreiningur um það háleita og merka markmið sem birtist í þessari þáltill. eins og öllum þeim ræðum og ritum sem um þetta hafa fjallað.

Ég er sammála því sem fram hefur komið og tölur staðfesta, að hvað varðar virðingu og stöðu starfsnáms hefur lítið breyst. Ég er hins vegar ósammála því sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að um væri að kenna metnaðarleysi stjórnvalda allra tíma. Ábyrgðin á þessu er ekki eingöngu stjórnmálamanna og ég hygg að ef draga ætti þá til ábyrgðar væru allir flokkar samábyrgir í því. En starfsnám verður ekki byggt upp af stjórnmálamönnum einum saman.

Við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur því sem ég tel vera meginspurninguna í þessu sambandi: Hvers vegna hefur jafnlítið gerst hvað starfsmennt varðar og raun ber vitni, þrátt fyrir hástemmdar viljayfirlýsingar allra aðila? Það þarf ekki að fara í manngreinarálit með það. Ég kann ekki svarið, enda hygg ég að margþætt svar þurfi til að svara þessari spurningu.

En ég vil vekja athygli á því að í lögum um framhaldsskóla — hér er ekki síst fjallað um framhaldsskóla — er gert ráð fyrir því að ákveðið frumkvæði á þessu stigi komi frá starfsgreinaráði. Hverjir skipa starfsgreinaráðin? Það eru fulltrúar atvinnulífsins, launþegahreyfinga, atvinnurekenda og skóla, þ.e. þeir aðilar sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir að komi að nefndinni að viðbættum stjórnmálamönnum. Aðilar í atvinnulífinu standa, hvort heldur eru atvinnurekendur, launþegar eða starfsmenntaskólar að þessum ráðum. En svo virðist sem frumkvæðið frá starfsgreinaráðunum sé lítið eða ekkert. Þá þurfum við aftur að velta upp spurningu: Hvers vegna er það?

Ég dreg þetta fram, frú forseti, til að reyna að sýna að í rauninni er ekkert í lögum sem hamlar því að þetta frumkvæði komi frá atvinnulífinu. Og þaðan á frumkvæðið að koma.

Á þessu eru margar skýringar. Ein skýringin er örugglega ákveðin hagsmunagæsla. Önnur skýringin er alveg örugglega hin mikla ofurtrú á stúdentum. Áður hefur verið fjallað um gildi umfjöllunar fjölmiðla um útskrift úr framhaldsskólum þar sem áherslan er alltaf á stúdenta. Inntakið er að stúdentar útskrifist. Um leið er lítið gert úr þeim sem eru þó að ljúka hinu verklega námi. Latínu-Gráni gengur sem sagt enn laus, hefur gert í áratugi og tröllríður öllu. Afleiðingin er eins og fram hefur komið að af þeim 90% sem fara úr grunnskóla í framhaldsskóla fara 70% á bóknámsbrautir og 30% á verknámsbrautir, öfugt við það sem er í nágrannaríkjum okkar.

En afleiðingin er líka önnur. Það er hærra brottfall í framhaldsskólum hér en annars staðar. Það er mjög eðlilegt vegna þess að atvinnulífið endurspeglast ekki í framhaldsskólunum. En afleiðingin er líka sú, sem hefur verið haldið fram án þess að ég taki afstöðu til þess, að við séum jafnvel að ofmennta þjóðina, að óeðlilega hátt hlutfall sæki inn í háskólann vegna þess að störfin sem bjóðast eftir slíkt nám eru í takmörkuðu magni og endurspegla ekki nám í framhaldsskólunum. Tæplega 300 þúsund manna þjóð með 11 háskóla. Er það rétt eða rangt? Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess en við þurfum að velta því upp.

Það er líka rétt að benda á ágalla á framsetningu þessarar þingsályktunartillögu þó að ég sé samþykkur markmiðunum og þeim sjónarmiðum sem þar búa að baki. Þessi galli kemur m.a. fram í heiti tillögunnar: Tillaga til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum. Í þessu felst m.a. að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir mannfrekustu atvinnugreininni á Íslandi. Það er ekki gert ráð fyrir henni þarna. Ég hygg að það sé ekki ásetningur, en sú atvinnugrein er þjónustan. Þjónusta alls konar, sem er langsamlegasta mannfrekasta atvinnugrein á Íslandi, er ekki til í skólakerfinu. Hún gleymist oft í þeirri umræðu sem fram fer. Þar kemur fram sama hugsun og býr að baki fullyrðingum um að starfsnám sé dýrara. Ég er ekki sammála því. Þegar menn fullyrða að starfsnám sé dýrara en bóklegt nám eru menn að miða við fræsara, hefilbekki og dýr tæki. En ekki kallar allt starfsnám á dýran tækjabúnað, þar á meðal nám við þjónustugreinarnar.

Á því starfsnámi er til sú útfærsla að bóklegir þættir og kannski tilteknir verklegir þættir fari fram í skóla en síðan fari starfsþjálfun fram eftir ákveðnum vinnubókum í atvinnulífinu, úti í fyrirtækjunum þar sem búnaðurinn er til staðar. Það hefur verið reynt víða erlendis og er sumpart gert í iðnnámi með afskaplega góðum árangri. Það segir sig sjálft ef við ætlum að byggja upp eftirmynd af atvinnulífinu og endurspegla allar atvinnugreinar í framhaldsskólunum þá mun þjóðfélagið aldrei ráða við það, einfaldlega vegna þess að endurnýjun á tækjabúnaði verður mikil. Þetta eru þættir sem þarf að taka vel til skoðunar.

Ég sé að tími minn er að renna út, frú forseti. Ég er sammála þeim markmiðum sem sett eru fram með þessari þáltill. Ég hef samt ákveðnar efasemdir um að það að enn ein nefndin eigi að fjalla um þetta muni skila einhverju. Ég tel að atvinnulífið þurfi að taka sér alvarlegt tak í þessu og setja sér þau háleitu markmið að viðurkenna gildi þess að efla starfsnám. Það eykur verðmætasköpun í samfélaginu og leysir margan vanda.

[17:22]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þátttökuna í umræðunni og þann mikla áhuga sem ég veit að hann hefur á starfsmenntun hvers konar, enda fyrrum skólameistari og áhugamaður um fagið.

Vissulega á frumkvæði og atorka að koma úr öllum áttum, bæði úr atvinnulífinu eins og annars staðar frá. Manni hefur reyndar oft sýnst að þar sé heilmikill áhugi á að efla starfsnám eins og berlega hefur komið í ljós í nokkuð máttugum málflutningi Samtaka iðnaðarins á undanförnum árum og mikilli og öflugri hvatningu þeirra til stjórnvalda um að standa betur að starfsmenntun á Íslandi.

Það verður aldrei fram hjá því litið að rætur vandans, rætur undanhaldsins og þeirrar stöðu starfsnámsins að vera nokkurs konar hornkerling í menntakerfinu, er að rekja til fjárskorts og þess hvernig staðið er að úthlutun á fjármagni til framhaldsskólanna. Margir framhaldsskólar hafa einfaldlega ekki með nokkrum hætti séð kost á að halda úti verknámi, stofna nýjar starfsnámsbrautir og hefja öflugt frumkvöðla- og frumherjastarf í starfsnámi með styttri námsbrautum við þann fjárskort sem skólarnir hafa búið við. Það er einfaldlega miklu ódýrara að standa að bóknáminu en kennslu í þeim starfsnámsgreinum sem útheimta verklega kennslu. Þær krefjast flestar verklegrar kennslu þótt að sjálfsögðu finnist dæmi um annað.

Því spyr ég hv. þm. hvort hann haldi virkilega að fjárskorturinn og skortur á kynningu stjórnvalda á náminu sé ekki rót þess vanda sem starfsnámið á við að etja í skólunum í dag.

[17:25]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka að ég hygg að það sem hv. þm. nefndi sé ekki meginvandinn. Ég vísa til reynslu minnar sem skólameistara í 10 ár með mikinn á huga á að byggja upp starfsnám.

Með einni undantekningu minnist ég þess varla að hafa nokkru sinni setið undir þrýstingi frá atvinnulífinu um að taka inn starfsmenntabrautir. Það var kannski frekar skólinn sem kallaði eftir því hjá atvinnulífinu.

Auðvitað þarf hið margfræga reiknilíkan að vera í stöðugri endurskoðun. Ég hygg að svo sé. Það eru líka ljós í myrkrinu, má segja. Atvinnulífið hefur á síðustu missirum verið að taka við sér. Þannig er t.d. orðið til eitthvað sem heitir Baugsskólinn, með mjög metnaðarfulla námskrá fyrir afgreiðslubrautir og hin ýmsu þrep á því sviði. Sama er með Samkaupsskólann og þar fram eftir götunum.

Ég vil vekja athygli á því að hið opinbera hefur ýmsa starfsnámsskóla en heldur þeim frekar lokuðum. Hvað með ungt fólk sem vill fara í löggæslustörf, verða tollverðir, vinna í bönkum, hjá slökkviliði o.s.frv.? Þess gætir ekki þegar unga fólkið er að velja sér námsbrautir inn í framhaldsskóla. Ég þekki það frá heimabanka mínum á Suðurnesjum að gjaldkerar þar eru fyrrverandi nemendur mínir sem flestir hafa stúdentspróf. En þeir áttu þess aldrei kost að leggja stund á það að verða bankafólk meðan þeir voru í skóla. Fyrir þessa þætti þarf að opna. Það þarf að opna þessa lokuðu ríkis- og hálfríkisskóla, og hleypa þeim inn í framhaldsskólann. Þegar ungar manneskjur koma úr grunnskóla inn í framhaldsskólann þá ætti framhaldsskólinn að endurspegla betur þær greinar atvinnulífs sem eru starfræktar. Þar með á hver og einn frekar að geta fundið sér nám við hæfi og blómstrað, í stað þess að hrekjast úr skólanum sem brottfallsnemandi.

[17:27]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Lokaorð hv. þm. voru í raun ágætis yfirskrift fyrir þá umræðu sem fram fer hér í dag, þ.e. nám við hæfi. Það má auðveldlega leiða líkur að því að þetta himinháa brottfall sé þjóðfélaginu afar dýrt og einstaklingnum dýrkeypt, að fara út í lífið án þess að hafa orðið sér út um starfsréttindi einhvers konar, þó ekki væri nema sem tryggingu og aðgengi að vinnumarkaðnum.

Eins og málum er háttað í nútímanum blasir við að ef menn eru án nokkurra fagréttinda eða án sérhæfingar, hvort sem það er í verslun, þjónustu, iðnaði eða lengra námi, þá eru þeir ekki vel settir þegar harðnar á dalnum. Það fólk missir fyrst atvinnuna. Það er fólkið sem er stendur hvað berskjaldaðast gagnvart öllum hræringum, sviptingum og sveiflum í samfélaginu. Því er mjög áríðandi að búa svo um hnútana í framtíðinni að komandi kynslóðir fari út í lífið meira og minna með réttindi í farteskinu. Það gerir fólki auðveldara að bæta við sig og fara inn á nýjar brautir seinna meir.

Þetta er algjört lykilatriði, virðulegi forseti. Ég tek undir allt sem hv. þm. benti á, að það er sjálfsagt að taka þjónustuna og hinar mörgu greinar hennar og hina lokuðu ríkisskóla, eins og hann kallar það, inn í heildarendurskoðun á starfsnámi og styttri námsbrautum.

En upp úr stendur, og ég ítreka það við hv. þm., að við getum ekki beðið eftir því að frumkvæðið komi utan úr bæ. Við eigum að sjálfsögðu að efla og hvetja atvinnulífið af öllum mætti til að koma að málinu. Frumkvæðið og metnaðurinn á að koma frá stjórnvöldum.

[17:29]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki viss um að ég sé alveg sammála því að frumkvæðið að útfærslu á starfsmenntabrautum eigi að koma frá stjórnvöldum. Stjórnvöld eiga að skapa ytri ramma með löggjöf og með fjárveitingum eins og hér hefur verið rætt. Ef frumkvæðið, áhugi og skilningur á gildi menntunar fyrir atvinnulíf, gildi þess að atvinnulífið sé inni í skólunum, er ekki til staðar hjá atvinnulífinu þá mun starfsmennt aldrei blómstra hér á landi. Það hefur hún hins vegar gert í nágrannalöndum okkar vegna þess að þar er atvinnulífið mjög virkt og situr nánast um framhaldsskólana til að koma sínum starfsgreinum inn í skólana. Það viðurkennir líka námið í launum. Þetta er að byrja að gerast hér eins og ég nefndi varðandi þá skóla sem hafa sprottið upp innan atvinnulífsins á síðustu árum. Með þessu fæst dýrara vinnuafl en verðmætara, sem skilar betri þjónustu og þar af leiðandi betri framlegð í fyrirtækjunum.

Þetta finnst mér vera grundvallaratriði. Ég vil líka vekja athygli á því að á vegum félmrn., í samstarfi við menntmrn., verkalýðsfélög og samtök atvinnulífs og framhaldsskóla, er nýhafið átaksverkefni gegn atvinnuleysi, ekki síst ungs fólks. Þar kemur einnig að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar er m.a. reynt að útfæra stuttar og langar starfsmenntabrautir til að reyna að hvetja unga fólkið í þeirri von að það kunni að finna sig á þessum starfsmenntabrautum sem ekki eru til í skólakerfinu í dag. Það hefur dottið út úr skóla, lent á atvinnuleysisskrá og í gegnum slíkt starfsnám er ætlunin að byggja unga fólkið upp fyrir atvinnulífið eða frekara nám.

[17:31]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, 391. mál, svar viðskrh., þskj. 793.

Fjármálafyrirtæki, 550. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 828.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 547. mál, fsp. AKG, þskj. 825.

Hlutfall matvöru í framfærslukostnaði, 546. mál, fsp. AKG, þskj. 824.

Hrossalitir, 408. mál, svar landbrh., þskj. 753.

Málefni heilabilaðra, 545. mál, fsp. AKG, þskj. 823.

Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, 542. mál, þáltill. KLM o.fl., þskj. 817.

Sjómannaafsláttur, 544. mál, fsp. MÁ, þskj. 822.

[17:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að ræða um nokkuð afmarkaðan hluta þess sem felst í þessari þáltill. um iðn- og verknám.

Það er rétt sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að hér hafa verið haldnar margar ræður um það málefni sem er nú til umræðu. En hann bar blak af stjórnvöldum, það væri ekki við þau að sakast, það væri ekki síður við atvinnulífið.

Ég held að það skili litlu hverjum þetta er meira að kenna, en hitt er þó alveg ljóst að stjórnvöld hafa ekki sýnt verkmenntun og iðnnámi þann skilning sem þurft hefði á undanförnum árum. Ég hef fylgst með því allt frá því að Fjölbrautaskóli Vesturlands var stofnaður fyrir 25–30 árum, ég man það ekki nákvæmlega, vegna þess að þá var iðnskólinn á Akranesi, sem þótti ágætur skóli á þeim tíma, lagður inn í þennan nýja skóla af bæjaryfirvöldum. Menn ætluðu sér að leggja mjög mikla áherslu á iðn- og verknám í skólanum á Akranesi og hafa leitast við að gera það allan þennan tíma. Samt hefur þessi skóli orðið að taka því að þar hefur námsbrautum fækkað, árum saman hefur þurft að leggja þar niður námsbrautir sem áður voru vegna þess að fjármunir til iðn- og verkmenntunar voru af svo skornum skammti, og vegna þess að það var miklu ódýrara að reka aðrar brautir skólans. Þannig hefur þetta verið alveg fram á síðustu tíma. Þess vegna þurfa menn ekki að vera undrandi á því þó að þessum greinum hafi hrakað á sumum stöðum. Það er líka alveg ljóst að það er svæðisbundin eftirspurn eftir iðn- og verknámi. Þar sem tekist hefur vel til þar hefur eftirspurnin verið meiri.

Eitt er það sem mér finnst að menn þurfi að velta vel fyrir sér í þeirri vinnu sem ég satt að segja vona að verði fram undan í því að endurmeta þessa hluti og reyna að koma betri skikkan á þá og það er endurmat á iðn- og verkgreinum, að þar séu menn ævinlega að yfirfara hvernig námið eigi að vera saman sett, og það gerist auðvitað með samstarfi við atvinnulífið, ekki ætla ég að draga úr því. Við höfum séð iðngreinar úreldast og í raun og veru hverfa vegna þess að áhuginn á því að fara í nám í þeim hefur gufað upp og stundum tel ég að þar hafi orðið slys sem ekki hefði þurft að verða. Ég er alveg sannfærður um að hægt hefði verið að standa betur að þeim málum og brautir þyrftu í raun og veru að vera miklu betur skilgreindar fyrir fólk þar sem það fengi einhvers konar skilgreind skírteini fyrir nám sem það gæti haft til sönnunar fyrir námi sínu. Þetta geta líka verið einstaklingsmiðaðir hlutir því að við verðum auðvitað að horfast í augu við það að námsframboð, þekkingarframboð í landinu er alltaf að aukast og það verður meira og meira einstaklingsbundið hvaða þekkingu menn leita eftir. Við þessu þurfa menn auðvitað að bregðast þannig að prófskírteini viðkomandi sé skírteini hans um það hvað hann hefur til brunns að bera á því sviði sem hann hefur aflað sér þekkingar á.

En svo er annar hluti af þessu sem mér finnst skipta miklu máli og hefur ekki verið ræktaður af stjórnvöldum hér á landi, og það er að við krefjumst mismunandi réttinda fyrir fólk eftir því hvaða nám það hefur stundað. Sums staðar er gerð krafa um það að menn hafi stundað eitthvert tiltekið nám. Ég held t.d. að það detti engum í hug að hægt sé að fara að vinna sem rafvirki öðruvísi en að hafa lært það, og enginn keyrir bíl sem meiraprófsbílstjóri öðruvísi en að hafa það meira próf. Þessu er fylgt eftir. Starfsréttindi í ýmsum öðrum greinum eru alls ekki þessu marki brennd. Og nú ætla ég ekki að halda því fram að banna eigi fólki sem ekki hefur farið í gegnum fullt iðnskólanám í einhverjum tilteknum greinum, að vinna í greininni. En þetta er verra en það. Á mörgum sviðum er ekki gerð krafa um að neinn á viðkomandi vinnustað hafi starfsréttindi í greininni, hvað þá meistararéttindi eða eitthvað sambærilegt sem eðlilegt væri að krefjast. Ég held að þarna þurfi menn líka að fara yfir þessi mál og skoða.

Ég held að það megi t.d. alveg færa fram fyrir því gild rök að Fiskvinnsluskólinn hafi lagst niður vegna þess að hvergi er gerð krafa um það að menn hafi þessa þekkingu. Auðvitað finnst manni að það þurfi að vera virkileg þekking á bak við það starf og þá meðferð matvæla sem fram fer t.d. um borð í frystitogurum. En þar vildu menn ekki borga kaupið sem þurfti að borga fyrir það að hafa þar um borð menn sem höfðu lært í Fiskvinnsluskólanum.

Aðrar iðngreinar eru sama marki brenndar sumar, að þar eru ekki gerðar kröfur. Hið opinbera hefur gert upp á milli iðngreina með alveg sérstökum hætti hvað varðar kröfur af þessu tagi. Og enn einu sinni ætla ég að minna á það að sú eftirlitsstofnun ríkisins sem heitir Siglingastofnun ríkisins gerir engar kröfur um meistararéttindi eða starfsréttindi í þeirri grein, heldur annast sjálf ljósmóðurhlutverkið á öllu sem þar er gert, og það er sambærileg iðngrein við byggingariðnaðinn í landinu þar sem slíkar kröfur eru fullkomlega gerðar. Enginn byggingareftirlitsmaður í landinu mundi líða það að það væri ekki meistari sem bæri ábyrgð á því húsi sem hann væri að líta eftir. Þá kröfu gerir Siglingastofnun ríkisins ekki þegar hún er að fylgjast með t.d. skipasmíðum.

Það er því víða sem fara þarf yfir þessa hluti og skoða og það er ekki bara námið sjálft, það er líka það umhverfi sem menn sækja inn í. Menn fara ekki í nám nema þeir sjái tilgang í því og hann hefur stundum vantað.

[17:41]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hér ræðum við tillögu okkar þingmanna Samf. um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum.

Það er rétt sem fram kom í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að tillagan er í raun og veru tillaga um endurskoðun á menntakerfinu, hluta menntakerfisins sem tengist hins vegar stórum hluta menntakerfisins og það er auðvitað full ástæða til þess að farið verði skipulega í það að endurskoða menntakerfið, þó ekki væri nema vegna þess að við höfum setið allt of lengi með hæstv. menntamálaráðherra úr Sjálfstfl. sem hefur því miður skort mjög metnað á þessu sviði.

Hér er fyrst og fremst verið að fjalla um ákveðinn þátt menntakerfisins og hann þarf svo sannarlega að endurskoða. Búið er að benda á nokkra þætti sem eru mjög áberandi þegar við berum okkur saman við aðrar þjóðir. Í fyrsta lagi hið öfuga hlutfall sem er á milli þess hluta sem stundar verknám eða starfsnám hjá okkur og síðan hefðbundið bóknám til stúdentsprófs, og það eru ekki síður hinar ógnvænlegu tölur um brottfall sem skera okkur algjörlega úr í samanburði við aðrar þjóðir.

Það var einnig rétt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að mjög margar ræður hafa verið haldnar um þennan hluta menntakerfisins og skrifaðar hafa verið margar skýrslur og líklega hafa verið lagðar fram mjög margar tillögur um að efla þyrfti starfsnám. Og við höfum oft og tíðum heyrt ræður forsvarsmanna íslenskra stjórnmála á hátíðisdögum um það hversu mikilvægt væri að efla starfsnám. Því miður hafa orðin verið

miklum mun fleiri en verkin og þess vegna stöndum við á þeim stað sem við stöndum í dag. Það er ljóst að þetta er líklega eitt það almikilvægasta sem við þurfum að taka á í íslensku menntakerfi vegna þess að þar sem hallar mest á hjá okkur er námið í framhaldsskólum og þá fyrst og fremst starfsnámið.

Hins vegar er hægt að velta fyrir sér ólíkum leiðum og það er alveg klárt mál að möguleikarnir eru margir til þess að efla starfsnámið. En hins vegar er alveg ljóst, og þess vegna er tillagan auðvitað byggð þannig upp, að það þarf að mynda hóp, það þarf að vera samstillt átak allra aðila sem að þessu koma til þess að árangur náist. Það hafa nefnilega stundum verið samþykktar tillögur og jafnvel verið samþykktir stjórnarsáttmálar þar sem þetta hefur verið markmið en ekkert náðst fram. Og við höfum líka orðið vör við ýmsar ályktanir á þingum ýmissa aðila á vinnumarkaði um að þetta skuli nást en því miður hefur lítið gerst.

Ekki er þó hægt að horfa fram hjá því að á seinni árum hefur orðið veruleg breyting á viðhorfum, m.a. í atvinnulífinu, og þess vegna eru sögur hv. þm. Hjálmars Árnasonar frá þeirri tíð fyrir margt löngu þegar hann var skólameistari kannski ekki alveg í takt við nútímann því að breytingar í atvinnulífinu hafa verið mjög miklar í þessa átt, og hv. þm. nefndi sjálfur dæmi um það að sumir stórir aðilar á vinnumarkaði hafi sjálfir sett upp skóla sem sýnir það að áhuginn er gjörbreyttur, en sem sýnir okkur einnig að hið opinbera skólakerfi hefur dottið úr takti við umhverfið og það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur.

Þess vegna hafa t.d., eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, ýmis vandkvæði komið upp vegna skorts á vinnuafli með ákveðna menntun og ákveðna þekkingu, og það eru ýmsir aðilar farnir að hafa áhyggjur af því að ákveðin starfsmenntun, starfsþekking sem er til staðar í samfélagi hjá okkur í dag, sé hreinlega að hverfa og afleiðingar af því verði mjög uggvænlegar fyrir þróun okkar samfélags. Því er þessi tillaga auðvitað jafntímabær og allar þær tillögur sem komið hafa á undanförnum áratugum í þessa átt.

Það er hins vegar afar sérkennilegt að stærri hluti stjórnarheimilisins, þ.e. Sjálfstfl., skuli nú ekki sýna svo mikilvægu máli meiri áhuga en svo að einn hv. þm. Sjálfstfl., Sigurður Kári Kristjánsson, kemur hér með örlítið andsvar þar sem fyrst og fremst er spurt um kostnað. Fyrst og fremst er spurt um kostnað. Það skyldi þó ekki vera hluti af skýringunni á *því hve lítið hefur gerst í stjórnartíð Sjálfstfl. og setu hans í* menntmrn. að það er ætíð horft aðeins á kostnað við framkvæmd góðra tillagna en ekki hvaða kostnaður hlýst af því að framkvæma ekki slíkar tillögur. Það hefur einmitt verið bent á það hér í umræðunni að það er gífurlegur kostnaður við það hvernig skólakerfið fer með fjölda fólks og nefni ég þá eingöngu brottfallið í því samhengi.

En það er margt fleira sem kemur inn í þetta. Ég kannast við könnun sem að vísu er nokkurra ára gömul sem sýndi að nemendur í 10. bekk höfðu hlutfallslega miklu meiri áhuga á því að fara í margs konar starfsnám en skilaði sér síðan í framhaldsskólunum vegna þess að þá hafði hlutfallið algjörlega breyst. Hlutfall áhugans hins vegar hjá nemendum sem eru að ljúka efsta bekk grunnskólans var mjög svipað og við þekkjum í nágrannalöndum okkar. Skýringin á þessum hlutföllum er ekki sú að áhuginn sé annar hjá nemendunum, heldur er hann örugglega kerfislægur, þ.e. skólakerfið er vitlaust uppbyggt, það eru rangar áherslur í því.

Hv. þm. Hjálmar Árnason benti m.a. á mjög athyglisverðan þátt, hina lokuðu starfsmenntaskóla hins opinbera. Það er afar sérkennilegt hvernig skólakerfið hefur þróast innan hins opinbera geira. Það er ekki bara það að menntakerfið kemur víða við í ráðuneytunum. Það er ekki bara í menntmrn., það er miklum mun víðar í stjórnsýslunni þar sem verið er að stjórna skólum eða hafa yfirumsjón með skólastarfi. Síðan eru reknir litlir starfsmenntaskólar sem eru algjörlega lokaðir nema eftir mjög þröngum leiðum sem eru settar algjörlega út frá því hver þörfin er hverju sinni nákvæmlega í hverri stofnun fyrir sig.

Þetta er ekki það opna skólakerfi sem við viljum sjá. Við viljum auðvitað sjá að allir sitji við sama borð og að áhugi nemandans sé nýttur til hins besta því hann er helsti drifkraftur hvers nemanda gegnum skólakerfið. Og við þurfum að horfa á þessa þætti. Það er mjög athyglisvert þegar við horfum til annarra landa og á þá ríkisstjórn sem við sitjum uppi með núna að skoða hvernig hún hefur oft tekið upp einstaka þætti úr framkvæmdasemi annarra þjóða. Það frægasta var á haustdögum varðandi atvinnuleysistryggingar þegar eingöngu var tekinn út einn þáttur um það hvenær ætti að byrja að greiða atvinnuleysisbætur en ekki væri hægt að horfa til þess hvaða upphæðir ætti að greiða ef þær væru greiddar í nágrannalöndunum.

Sama má raunverulega segja um menntakerfið. Við getum mjög margt lært af nágrannaþjóðum okkar vegna þess að þar hafa flestar ríkisstjórnir áttað sig á því að það er ein mikilvægasta fjárfesting hverrar þjóðar að efla menntakerfi sitt og hækka menntunarstig þjóðarinnar. Það er alveg klárt mál að ef sá hópur sem hér er gerð tillaga um næði saman væri stigið heilladrjúgt skref í þá átt að efla íslenskt menntakerfi og hækka menntunarstig þjóðarinnar.

[17:49]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel að þó að verk verði að fylgja orðum séu orð til alls fyrst. Mér finnst í þessari umræðu þegar hafa komið fram margt athyglisvert sem gæti verið veganesti þeirrar nefndar sem ég tel víst að verði skipuð í framhaldi af tillöguflutningi þessum.

Ætli það sé ekki einkum þrennt sem stendur í vegi fyrir lausn á þessu vandamáli sem ég held að við verðum að viðurkenna að hér sé við að glíma? Ætli það séu ekki ósköp einfaldlega veikleikar í atvinnulífinu, að í stórum hlutum þess eru veik fyrirtæki, eru fyrirtæki ekki fjársterk, búa fyrirtæki *ekki við langa hefð? Þar skortir kannski frá degi til* dags þau langtímamarkmið sem atvinnugreinar í öðrum ríkjum, ekki síst Evrópuríkjunum, hafa sett sér og skynja mjög vel, þar á meðal og ekki síst í menntamálum. Þetta er eins og fram hefur komið í umræðunni sennilega að batna og a.m.k. í sumum starfsgreinaráðunum og í sumum atvinnugreinum er að vaxa, má segja, líflegur áhugi á því að halda uppi þeirri menntun í samstarfi við almannavaldið sem þar þarf. Þar kynni að breytast tónninn.

Í öðru lagi er það sennilega skortur á bæði áhuga og fé frá stjórnvöldum sem kynni að vera um að kenna. Það er auðvitað rétt að kenna má — þetta er ekki flokkslegt vandamál í þrengsta skilningi. Hins vegar er það svo, það er ekkert sem getur breytt því, að síðustu tvo áratugi hefur sami flokkurinn farið með menntmrn. án þess að sést hafi nokkur árangur í þessum efnum. Þeim flokkum sem fóru með málið áður er að vísu sjálfsagt að kenna um ýmislegt en þeir hafa ekki búið við það tiltölulega samfellda framfaraskeið sem hefur verið

á þessum áratugum og sérstaklega þeim síðasta þar sem fé hefur sannarlega verið fyrir hendi en áhugann hefur meira skort.

Ætli þriðja ástæðan fyrir þessum vanda sé ekki ímynd starfsnámsins, skortur á áhuga af einhverjum ástæðum hjá nemendum og hjá aðstandendum þeirra á því sem heitir starfsnám, verknám o.s.frv., á því sem við þyrftum kannski að hafa eitt orð yfir? Vera má að þessi ímyndarvandamál séu hluti af menningarsamfélagi okkar. Vera má að skólamál okkar hér og menntamál séu mótuð af hefðum og viðhorfum frá gömlum tíma, frá miðöldum, hugsanlega allt frá klassískri fornöld, þar sem gerður er ástæðulaus munur á andlegri spekt og líkamlegu athæfi. Vera má að þetta stafi af arfi sem við höfum fengið frá prestaskólum kirkjunnar, fyrstu opinberu menntastofnunum þjóðarinnar, því að við vitum og erum út af fyrir sig stolt af því að skólar sem hér eru til í kringum okkur, Menntaskólinn í Reykjavík eða Háskóli Íslands, eiga sér rætur nokkurn veginn þráðbeint aftur í Skálholtsskóla frá árinu 1056. Þetta er opinberi hlutinn. Hinn óopinberi hluti á miðöldum og allt fram á okkar nútíma í menntakerfi okkar, og raunar hinu evrópska, er sá að menn læri af sjálfum sér frá kynslóð til kynslóðar og séu síðan í einstökum iðnaðargildum þar sem námið er vissulega gott og þarft en fer auðvitað að hagsmunum gildanna sjálfra. Það getur auðvitað verið, þannig að ég vitni nú aftur í þann formála sem ég hér hafði, veikleikinn á starfsgreinaráðum og á því að ábyrgðin sé aðeins sett á atvinnugreinarnar, að frumkvæðið eigi að koma þaðan, að atvinnugreinarnar kunni sumar að hafa takmarkaðan áhuga á því að mönnum sé fjölgað í sínum hópi eða í iðngrein sinni.

Ég held að ein af lausnunum og kannski ein helsta lausnin á þessum ímyndarvanda, fyrir utan þá að búa til hluti eins og skýrar og fallegar útskriftarvenjur, sé að útrýma, sem menn hafa þegar hafið, einokun stúdentshúfunnar eða þessari blætiskenndu afstöðu til stúdentsprófsins. Ég held að einhver hluti lausnarinnar felist í því að við lögum menntakerfi okkar að nýjustu stefnum og straumum, eða nýjustu stefnu og straumi, í uppeldis- og skólamálum sem má telja hiklaust fjölgreindarkenninguna sem hér er sem betur fer að breiðast út. Í sumar var m.a. haldin merkileg ráðstefna um hana en hún er yfirleitt kennd við Howard þann Gardner sem hér var einmitt staddur í sumar. Þessi kenning gerir ráð fyrir því að greindin sé ekki ein saman, heldur skiptist í mörg svið, ein sjö svið eða átta, í fyrsta lagi málgreind, í öðru lagi rök- og stærðfræðigreind — sem eru þau tvö svið sem við höfum yfirleitt miðað við — en þarna koma líka svið eins og rýmisgreind, tónlistargreind, hreyfigreind, félagsgreind, sjálfsþekkingargreind og jafnvel það sem kallað er náttúrugreind. Kenningin miðast við það að hvert greindarsvið sé jafnmerkilegt öðru og að þessi svið þroskist að vísu á ólíkum tíma og með mismunandi hætti hjá hverjum og einum en að þau hangi saman. Ef eitt greindarsvið þróast þroskast hin einnig.

Þetta er auðvitað hlutur sem við þurfum að skoða mjög vandlega, sérstaklega í grunnskólanum og síðan í síðari uppbyggingu menntakerfisins. Því miður var þetta ekki það langt komið að þetta gæti haft áhrif á aðalnámskrána frá 1999 en hins vegar er það fagnaðarefni að í skólamálum í Reykjavík hefur fullt mark verið tekið á þessari nýju stefnu og við hana miðast markmið fræðsluyfirvalda í Reykjavík um einstaklingsmiðað nám í grunnskólum hér í framtíðinni. Þar held ég að sé, á þeim stað a.m.k. í menntakerfi okkar, verið að leggja hornstein að því mannvirki í menntamálum sem kynni að hjálpa okkur í framtíðinni til að leysa þennan mikla vanda í samfélaginu sem þessi umræða hefur snúist um.

[17:57]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram bæði gagnleg og tímabær umræða um starfsmenntir í framhaldsskólum landsins og margt gott verið sagt um stöðu þeirra mála og hvað þurfi að gera til að verja þá stöðu og skjóta nýjum stoðum undir starfsmenntun í landinu. Þessari umræðu er að sjálfsögðu ætlað að verða fyrsta skrefið í viðamikilli og þungri umræðu um þetta mikilvægi menntakerfisins. Þó að margt hafi verið sagt á mörgum árum um starfsmenntir og mikilvægi þess að efla þær í landinu hafa þeim mörgu orðum og þeim orðaflaumi ekki fylgt efndir eða gerðir með neinum hætti. Í þessum geira menntakerfisins er einkavæðing eða einkaskólar ekki lausnin af því að hér sjá menn einfaldlega engan fjárhagslegan hagnað eða grundvöll undir slíkt námi eins og menn sjá með hraðbrautaskólann í Garðabæ og ýmsa aðra sjálfstæða skóla. Þess vegna grunar mann að þar með hafi áhugi Sjálfstfl. á málinu einfaldlega gufað upp. Í áratuga tíð hans í menntmrn. hefur einfaldlega ekkert gerst sem horfir til framfara í verkmenntun um allt of langt skeið.

Það er dapurleg þróun og því blásum við, þingflokkur Samf., allur eins og hann leggur sig, til sóknar í þessum geira menntakerfisins, sem og mörgum öðrum. Við höfum þó sett á oddinn, alveg frá því á haustdögum og raunar frá því í kosningabaráttunni sl. vor, að efla mjög markvisst ástundun, framboð og hvers kyns framrás starfsmennta og styttri námsbrauta í menntakerfinu. Það blasir við að þeir sem eiga ekki kost á því að verða sér út um færni og menntun eru líklegir til að lenda á jaðri þekkingarsamfélags framtíðarinnar og festast þar í fátækt og lægri launum. Menntakerfi framtíðarinnar verður að bjóða upp á sífellda menntun og opinn skóla þar sem einstaklingurinn á kost á að þjálfa upp nýja hæfni til að vera gjaldgengur á vinnumarkaði. Þetta er mjög brýnt og hafa ber í huga að hér á landi, eins og fram kom hér fyrr í umræðunni, ljúka allt að 40% hvers árgangs ekki framhaldsskólanámi samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands. Þessu verður að breyta og tryggja það að þetta fólk hafi aðgang og afli sér menntunar.

Þá ber sérstaklega að geta þingmáls sem fram verður lagt á næstu dögum og hefur aðeins verið tæpt á hér í umræðunni. Það kemur fram í greinargerðinni og ber heitið „Nýtt tækifæri til náms“. Það hefur verið í endurvinnslu síðustu mánuði og missiri undir forustu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og mun líta dagsins ljós á næstu dögum.

Vegna fyrirkomulags í þinginu ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri í bili en minni aftur á það að þetta er einungis fyrsti vísir að mikilli og merkilegri og þarfri umræðu. Hún þarf að eiga sér stað um gildi og mikilvægi starfsmenntunar sem felst ekki síst í viðhorfsbreytingu gagnvart náminu þannig að það verði hvati ungu fólki að sækja ekki síður í starfsmenntir en bóknám. Það mun áreiðanlega og án nokkurs vafa verða til þess að draga verulega úr því ótrúlega háa brottfalli sem einkennir íslenska framhaldsskóla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:01]

Útbýting þingskjals:

Litförótt í íslenska hestakyninu, 409. mál, svar landbrh., þskj. 752.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 163. mál (aldursmark). — Þskj. 165.

og

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 164. mál (framlag til Forvarnasjóðs). — Þskj. 166.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn, 28. mál. — Þskj. 28.

[18:03]

Flm. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. sem ég flyt er tillaga um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

Málið er hluti af fjarskiptakerfi landsmanna, tengist bæði fjarskiptum, öryggismálum og öðrum hagsmunamálum þjóðarinnar. Það snertir ekki hvað síst þau fjarskiptafyrirtæki sem hér eru á markaði og eru að þjónusta, sérstaklega Landssíma Íslands, sem nú er að vísu verið að breyta um nafn á og kalla Símann, og hugmyndir um sölu hans og ráðstöfun þess styrks sem hann hefur yfir að ráða. Þess vegna hef ég óskað eftir því við forseta að hæstv. fjmrh., sem fer með fjármál Landssímans, og hæstv. samgrh., sem fer með fjarskiptamál, verði viðstaddir umræðuna og getið svarað fyrirspurnum.

Virðulegi forseti. Tillagan felur í sér að Alþingi álykti að fela samgrh. að beita sér fyrir því, í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands, að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Með þessari tillögu er svofelld grg.:

„GSM-kerfið hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og almenningur sem og opinberir aðilar treysta á það í æ ríkari mæli. Nokkuð vantar þó upp á að kerfið nái til allra byggða landsins. Þá er það algjörlega undir símrekanda komið hversu hratt brugðist er við bilunum í kerfinu en slíkt getur haft verulega þýðingu í öryggistilliti."

Hér er vitnað í atvik sem kom upp á Fáskrúðsfirði árið 2002, að morgni jóladags, þegar þrumuveður gekk yfir Austfirði og GSM-farsímakerfi Landssímans datt út. Þá skapaðist þar alvarlegt hættuástand að mati heimamanna.

En það er ekki aðeins sem öryggistæki heldur er samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs mjög háð nútímafjarskiptum. Notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar eru nú um 235 þúsund GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Þessi tala er frá árinu 2002–2003 og gæti hafa hækkað.

Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í huga fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort nútíminn hafi haldið þar innreið sína. GSM-símasamband er mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum landsins. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta orðið á að í byggð og á helstu þjóðvegum sé GSM-farsímasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa þessa lands að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum. Annað felur í sér mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru orðin eiga íbúar landsins alls að búa við jafnrétti óháð búsetu hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu og einnig öryggi hennar. Í þessu samhengi verður jafnframt að leggja áherslu á að ekki verði slegið slöku við að efla gæði og öryggi annarrar fjarskiptaþjónustu, svo sem í almenna símkerfinu og NMT-farsímakerfinu.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að tryggja landsmönnum aðgang að GSM-kerfinu í allri byggð og á aðalþjóðvegum, og víða verður það ekki rekið á viðskiptagrunni frekar en mörg önnur almannaþjónusta. Því er nauðsynlegt og eðlilegt að gera þá kröfu að ríkisvaldið tryggi öllum íbúum þjóðarinnar jafnt aðgengi að þessari þjónustu.

Unnt er að tryggja hámarksöryggi og útbreiðslu GSM-farsímakerfisins með ýmsum hætti. Langnærtækast er að fela Landssíma Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu þjóðarinnar, að ráðast í verkið. Með því einu að lækka t.d. arðsemiskröfuna sem gerð er til fyrirtækisins má ná markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Hvað varðar aðra hluthafa í félaginu þarf að vera tryggt að þeir eigi innlausnarrétt á hendur ríkinu á sínum hlutum, verði þessi leið valin.

Hugnist mönnum ekki sú leið sem að framan greinir má tryggja útbreiðslu kerfisins með alþjónustukvöðum, en slíkar kvaðir falla að uppbyggingu þeirra fjarskiptalaga sem nú eru í gildi. Yrði sú leið farin hlýtur að teljast eðlilegt að fela Landssímanum að sjá um að uppfylla slíkar kvaðir, enda rekur fyrirtækið stærstan hluta þess fjarskiptakerfis sem fyrir er í landinu.

Skilgreining GSM-farsímakerfisins sem öryggis- og neyðarkerfis í fjarskiptalögum leiðir til þess að tryggja verður þjónustuna.

Virðulegi forseti. Þessi tillaga var flutt á 128. löggjafarþingi en var ekki útrædd þá og er því endurflutt hér. Tillagan fór samt til hv. samgn. og það bárust allmargar umsagnir um hana. Skemmst er frá því að segja að þær umsagnir voru nánast allar á eina leið, að virkilega var tekið undir tillögurnar og lögð áhersla á að þær næðu fram að ganga, sérstaklega t.d. hvað varðar öryggisþáttinn. Landhelgisgæslan tekur undir að þessi tillaga, nái hún fram að ganga, muni stuðla verulega að öryggi í landinu.

Sveitarfélög víða um land tóku þessa tillögu fyrir og gáfu umsögn og almennt er eindregið mælt með því að tillagan nái fram að ganga. Ég vil nefna Húsavíkurbæ og Þingeyjarsveit. Ég vil nefna Slysavarnafélagið Landsbjörg sem tekur mjög afdráttarlaust undir það að verði GSM-farsímakerfið gert að hluta af öryggiskerfi þjóðarinnar muni það verða til þess að efla mjög öryggi í landinu og starf Landsbjargar, þó svo að GSM-farsímakerfið muni aldrei geta komið í staðinn fyrir eða fullnægt öllum öryggiskröfum í fjarskiptum.

Ég vil nefna Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem mælir mjög eindregið með því að tillagan verði samþykkt, sömuleiðis Grafningshreppur, Súðavíkurhreppur og ekki hvað síst hafa Vestfirðingar lagt þunga áherslu á að efla fjarskiptasambandið. Þetta brennur t.d. mjög heitt á sýslumönnunum á Vestfjörðum og hér er bréf frá sýslumanninum á Patreksfirði þar sem hann hvetur afdráttarlaust og mjög eindregið til eflingar GSM-sambandi á Vestfjarðavegi, veginum um sunnanverða Vestfirði og um Flatey, bæði í atvinnu- og öryggisskyni.

Hér er einnig bréf frá sýslumanninum á Ísafirði sem tekur í sama streng og leggur þunga áherslu á eflingu fjarskiptasambandsins á norðanverðum Vestfjörðum. Þarna eru langir vegarkaflar, langt á milli byggða og þess vegna afar mikilvægt að þar sé gott fjarskiptakerfi. Skemmst er að minnast þess að í því óveðri sem varð skömmu eftir áramótin einmitt á Vestfjörðum féll símasamband út á löngum og stórum kafla á norðanverðum Vestfjörðum og íbúar þar gátu ekki látið vita af sér með neinum hætti.

Það er því alveg ljóst að fyrir íbúa landsins, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum, er þetta eitt af brýnustu hagsmunamálum bæði í öryggis-, samskipta- og atvinnumálum.

Ég vil og líta til Samtaka ferðaþjónustunnar en í umsögn frá þeim stendur einmitt, með leyfi forseta:

„Samtök ferðaþjónustunnar taka undir það grunnsjónarmið sem fram kemur í tillögunni að brýnt er að gott símasamband sé um allt land. Vaxandi fjöldi ferðamanna kýs að ferðast um á eigin vegum og fyrir þá er öryggisþátturinn afar mikilvægur. Benda má á að jafnvel á fjölsóttum ferðamannaslóðum eins og norðan Mýrdalsjökuls og í byggð eins og á sunnanverðum Vestfjörðum er ekki einu sinni samband með hinu svokallaða langdræga NMT-kerfi, hvað þá GSM-síma."

Það er því sama hvar við höfum borið niður með þetta mál, það eru miklar og afdráttarlausar undirtektir bæði frá íbúum og samtökum í atvinnulífinu sem vita að þau eiga mikið undir bæði fjarskiptum og öryggismálum. Það skýtur því skökku við, virðulegi forseti, að þegar við höfum tekið málið upp á Alþingi virðist hæstv. samgrh. gera minnst úr þessum þætti. Þar er vísað til þess að GSM-farsímaþjónustan sé orðin hluti af viðskiptaþáttum og atvinnustarfsemi en ekki hluti af þjónustu og öryggismálum. Þess vegna, þegar hér hefur verið spurt um áætlanir símafyrirtækjanna, sérstaklega Landssímans, áætlanir um uppbyggingu t.d. GSM-farsímaþjónustunnar hefur orðið lítið um svör og sagt að þetta séu viðskiptaleyndarmál eða viðskiptahagsmunir viðkomandi fyrirtækja. Mér finnst, virðulegi forseti, sú afstaða alveg með ólíkindum og með ólíkindum að íslensk stjórnvöld skuli ekki taka á þessu máli og knýja á um uppbyggingu á farsímaþjónustunni.

Í svari sem hæstv. samgrh. gaf hér við umræður 12. mars árið 2003, um eflingu fjarskipta, og sérstaklega GSM-farsímaþjónustunnar, sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Vegna þessarar fsp. sem og margra annarra sem komið hafa fram á Alþingi skal tekið fram, eins og ég hef margítrekað, að Landssími Íslands er hlutafélag sem lýtur reglum einkaréttar og starfar á hörðum samkeppnismarkaði. Réttur þingmanns til upplýsinga nær aðeins til þeirra málefna sem geta talist opinber. Stjórnir hlutafélaga sem eru að hluta eða öllu leyti í eigu ríkisins meta hvaða upplýsingar um rekstur og starfsemi félagsins skuli fara leynt vegna viðskiptahagsmuna þess."

Það er því ljóst að við stöndum þarna föst einmitt á afstöðu ríkisstjórnarinnar og ráðherranna, að þeir telja að uppbygging GSM-farsímaþjónustunnar sé viðskiptaleyndarmál viðkomandi fyrirtækja. Hvernig upplifum við þetta í reynd? Jú, við upplifum það að orðið er stríð á markaðnum á suðvesturhorninu um uppsetningu á GSM-sendum. Í staðinn fyrir að nýta styrkinn og byggja upp sendikerfið eða fjarskiptakerfið um allt land fara þessi tvö fyrirtæki í stríð innbyrðis um það að ná til markaðarins á suðvesturhorninu og þar er komið tvöfalt sendikerfi fyrir GSM-farsímana. Þetta er að mínu viti gjörsamlega óviðunandi og sýnir bara að stjórnvöld virðast ekki gera sér grein fyrir því hvaða hagsmunir eru í húfi fyrir byggð og búsetu og atvinnulíf um allt land.

Því er fyllilega ástæða til þess að þetta mál fái góða meðferð í þinginu. Vilji almennings, vilji íbúanna vítt og breitt um landið um að þessi þjónusta verði efld hefur komið skýrt fram í þeim umsögnum sem borist hafa til samgn. varðandi þetta mál, og sýnir að viljinn er að á þessum málum sé tekið og þetta sé eflt með skipulögðum hætti. Það er óþolandi að á Alþingi skuli ekki fást nein svör um það hvort einhver áætlun er í gangi í raun, einhver markmiðssett áætlun í gangi varðandi uppbyggingu þessarar þjónustu. Það er gjörsamlega óviðunandi.

Hins vegar eru ráðherrarnir meira uppteknir við það að selja Landssímann, selja þetta þjónustufyrirtæki sem á að beita kröftum sínum til þess að byggja upp þetta þjónustukerfi landsmanna. Og það er furðulegt að m.a. Framsfl. skuli styðja þessa stefnu og þessa þróun.

Það er gott að vitna til þess hér að fyrir tveimur árum var gerð Gallup-könnun á viðhorfi landsmanna til sölu Landssímans og þá voru yfir 60% af þjóðinni andvíg því að Landssíminn yrði seldur, vildu hafa hann áfram í opinberri eigu. Þar kom líka skýrt fram að það voru sérstaklega íbúar dreifbýlisins, um 70% af íbúum dreifbýlisins sem vildu að Landssíminn væri í opinberri eigu og styrk hans beitt til þess að efla fjarskiptakerfið.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þessi tillaga fái mjög öfluga meðferð í þinginu.

[18:18]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um mjög gott mál að ræða og ég þakka frummælanda fyrir að hafa borið það upp. En það er brýn nauðsyn á að ýtt verði á eftir Landssímanum að efla GSM-farsímakerfið sem víðast um landið. Ég er sannfærður um að þeir sem ferðast um landið furða sig á að ekki sé haldið áfram af krafti að byggja upp GSM-farsímakerfið. Farsímakerfið eykur öryggi vegfarenda og ætti að vera eðlilegt að GSM-kerfið nái a.m.k. yfir þjóðveg 1, hringveginn.

Einnig eru mjög langir vegarkaflar án farsímasambands, eins og frummælandi, hv. þm. Jón Bjarnason, minntist hér á

að í suðurhluta Vestfjarða er ekkert farsímasamband nema á einum punkti og það er brýn nauðsyn á að koma á farsímasambandi þar, sérstaklega vegna þess að þar er mjög dreifbýlt og mjög langt að fara í annan síma.

GSM-samband er einnig nauðsynlegt fyrir þá sem reka ferðaþjónustu og það er óásættanlegt fyrir ferðaþjónustuaðila að vera ekki í farsímasambandi, það gefur augaleið. Það er bara orðin krafa nútímans fyrir nútímafyrirtæki að vera í farsímasambandi.

Frú forseti. Það vill svo til að ég heyrði ágætt viðtal um daginn sem Ingvi Hrafn Jónsson tók við forstjóra Landssímans, en því var útvarpað á ágætri útvarpsstöð, Útvarpi Sögu. En það var á forstjóranum að heyra að hann væri hvorki tilbúinn í að koma á ADSL-sambandi við fámennar byggðir þar sem byggju færri en 500 íbúar né að koma á bættu farsímaneti nema að fá um það skýr skilaboð frá eigandanum eða þjóðinni, en handhafi þess hlutabréfs sem nýbúið er að færa, sá sem nú heldur á því, er hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde. Og það er spurning hvort við ættum þá að beina þessari þáltill. til hans frekar en hæstv. samgrh. En hann beið eftir þessum skilaboðum, forstjóri Landssímans. Forstjórinn taldi að það væri ekki nægileg arðsemi af því að byggja upp öflugt netsamband við smærri þéttbýlisstaði né að bæta GSM-sambandið á þjóðvegum landsins og þess vegna yrðu skilaboðin að vera skýr frá hæstv. fjmrh. til þess að fjárfestingin skilaði sér.

Ég tel nauðsynlegt að skoða þessa afstöðu forstjórans í samhengi við ýmsar aðrar fjárfestingar sem Landssíminn hefur ráðist í nú upp á síðkastið. Það var upplýst hér á fundi í fyrirspurnatíma fyrr í vikunni að Landssíminn hefði verið að fjárfesta fyrir 300 milljónir í Búlgaríu, í símafyrirtæki sem er í meirihlutaeigu einstaklings. Það má því ráða af orðum forstjórans í útvarpsviðtalinu góða að hann hafi þá líklega fengið um það skýr skilaboð frá eigandanum eða fulltrúa eigandans að fjárfesta í Búlgaríu.

En það leiðir svona hugann að því að það er náttúrlega með ólíkindum að menn skuli fara svona bratt í að fjárfesta í útlöndum þegar það blasir við að byggja þarf upp símkerfið innan lands, sérstaklega í ljósi þess að það er ekki svo langt síðan að fráfarandi forstjóri Landssímans fór með góðar upphæðir úr landi og fjárfesti í hinum og þessum fyrirtækjum, og það fé tapaðist nær allt. Hann var síðan verðlaunaður í lokin með tugmilljóna starfslokasamningi.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst að hæstv. fjmrh. hefði átt að fara hægar í sakirnar með að fara með háar upphæðir úr landi, 300 milljónir. En af orðum forstjóra Landssímans þá er mjög líklegt að hann hafi fengið um það skýr skilaboð, vegna þess að það er ekki hægt að setja upp farsímasendi í Flatey nema fá um það mjög skýr skilaboð, þrátt fyrir það, eins og kom fram áður í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að sýslumaðurinn hafi ítrekað óskað eftir því að fá símasamband á þjóðveginum.

Ég tel það miklu nær að fjárfesta innan lands í staðinn fyrir að fara með háar upphæðir úr landi í ljósi þess hve langt við eigum í land með að koma á góðu farsímasambandi.

En ég ætla að taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar að öðru leyti. Ég tel mjög áhugavert að fá að heyra afstöðu framsóknarmanna í þessu máli en þeir gefa sig stundum út fyrir það að vera landsbyggðarflokkur, og það ríkir oft algjör þögn þegar verið er að ræða bein hagsmunamál landsbyggðarinnar eins og farsímasamband og nettengingu. Ég var fyrir skömmu, fyrir jól, á fundi í Húnaþingi vestra og þá var mönnum tíðrætt um það að koma á betra netsambandi í dreifbýli. Mér finnst þetta vera mál sem skiptir fólk í dreifbýli miklu máli sem og fólk sem er á ferð um landið og fyrir öryggi þeirra sem eru á ferð á vegum landsins.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég kem hér til þess að taka eindregið undir efni þessarar tillögu sem hv. þm. Jón Bjarnason flutti hér um að ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja aðgang landsmanna allra að GSM-farsímakerfinu, og ég hlýt að harma það að hæstv. ráðherrar fjarskiptamála og fjármála, sem var gert sérstaklega viðvart um þessa umræðu, skuli ekki sjá sér fært að vera hér. Það er ærin ástæða til þess að fá tækifæri til skoðanaskipta við hæstv. ríkisstjórn um það hvernig hún heldur á málum þessa fyrirtækis og um þá fjárfestingarstefnu sem þar er rekin eða kannski öllu heldur ekki rekin. Og það er auðvitað algjörlega óþolandi að hæstv. ráðherrar skjóti sér undan því að standa ábyrgir gerða sinna og svara fyrir þær hér á þingi, eftir því sem efni standa til í málum af þessu tagi. Þannig að með fullri virðingu, hæstv. forseti, áskil ég mér allan rétt til þess að halda því máli til haga við betri tækifæri og þó síðar verði þegar ég næ í skottið á hæstv. ráðherrum.

Fyrst vil ég segja það að Landssíminn er í grunninn gott fyrirtæki og Póstur og sími, blessuð sé minning hans, var gott fyrirtæki (Gripið fram í.) og leiddi það af sér að við Íslendingar — já, ekki í sjálfu sér báðar stoðirnar, en þetta opinbera þjónustufyrirtæki okkar, sem þjóðin átti saman og byggði upp á áratugum, skilaði Íslendingum í fremstu röð hvað varðaði tækni og gæði fjarskiptaþjónustu og hún var með því ódýrasta sem þekktist í Evrópu.

Þannig var staðan þegar stjórnvöld illu heilli byrjuðu að vasast í málum fyrirtækisins, hlutafélagavæða það, skipta því upp og síðan stendur hin áformaða einkakvæðing fyrir dyrum. Og mér gremst það að sjá á prenti róg um þetta fyrirtæki og að menn tali eins og það sé sjálfsagður hlutur að níða niður allt það starf sem þarna var unnið. Ég las grein eftir ungan mann, sem vinnur við einhver almannatengsl, þar sem hann er að ræða um áherslubreytingar í rekstri Símans og reyndar fleiri fyrirtækja, og hann tekur útgangspunkt í því að um „morkið ríkisfyrirtæki" hafi verið að ræða. Hvers konar tal er þetta?

En það er auðvitað alveg ljóst að íhaldsmenn, hægri menn, frjálshyggjumenn og þeirra meðreiðarsveinar hafa beitt því talsvert til að undirbúa framkvæmd sinnar pólitíkur að rægja niður starfsemi opinberra stofnana og fyrirtækja. Það hefur verið gert markvisst, íhaldið hefur gert það markvisst. Og það hafa fáir, grátlega fáir orðið til þess að taka upp hanskann fyrir þær stofnanir og þau fyrirtæki sem í hlut hafa átt þó að ærin efni væru til þess.

Auðvitað var ýmislegt sem hefði mátt betur fara í gegnum tíðina í rekstri þessa fyrirtækis. Skárra væri það. Og það er ekki allt fullkomið sem þar hefur verið gert, en mjög margt mjög vel gert. Það er ekki lítið afrek að ná því í stóru og strjálbýlu og fámennu landi að byggja upp nútímafjarskiptakerfi að öllu leyti, að skila okkur í fremstu röð í þeim efnum, en þannig var staðan. Ísland var með allra fyrstu löndum sem byggðu t.d. upp NMT-farsímakerfið, bílasímakerfið, og aftur fór uppbygging farsímakerfisins vel af stað eða GSM-kerfisins. En þar liggur eftir að ljúka verkinu og tryggja öllum landsmönnum og öllum byggðarlögum sambærilega aðstöðu í þeim efnum. Og það er ekkert annað en aumingjaskapur að gera það ekki. Þetta stóra og sterka fyrirtæki ræður leikandi

létt við það. Og það er það sem tillagan gengur í raun og veru út á, að þessu opinbera fyrirtæki verði falið það verkefni að ljúka þessu og koma þessu í gott horf um allt land og það eru ærin rök til þess. Ef menn telja að það skapi vandamál að einhver hluti þessarar uppbyggingar sé minna arðsamur, eða jafnvel alls ekki, en aðrar fjárfestingar, þá er að taka á því, ekki að gefast upp þar með. Þá fara menn ósköp einfaldlega yfir það, meta það, reikna út hversu mikill hinn óarðbæri hluti fjárfestingarinnar er og hvaða fjármunum þarf að bæta Símanum upp til þess að það komi út á sléttu.

Það ber vel í veiði að hér er einn ágætur talsmaður Framsfl., hv. 9. þm. Norðaust., og ég er hér með ályktun frá flokksþingi framsóknarmanna fyrir um tveimur árum þar sem sérstaklega var fjallað um samgöngur á ákaflega fallegan hátt. Þetta mun hafa verið flokksþing 16.–18. mars 2001. Og kannski hefur þessi ályktun verið endurtekin núna síðast, ég yrði ekki hissa á því. En þar er fjallað um samgöngur og þar á meðal fjarskipti. Og hvað segir þar, með leyfi forseta? Jú, þar segir:

„Að allir landsmenn sitji við sama borð hvað varðar gæði og verð dreifikerfis í fjarskiptum og umtalsverðu fjármagni verði varið til uppbyggingar á því. Ekki komi til sölu Landssímans fyrr en tryggt hefur verið að þessi markmið nái fram."

Hvað með þessa ályktun framsóknarmanna? Verða þeir ekki að standa við hana? (**BJJ:** Er búið að selja Símann?) Er ekki Framsókn bundin af ályktun flokksþinga sinna? Ég skyldi ætla það. (**BJJ:** Er búið að selja Símann?) Nei, það verður vonandi beðið með það og farið í þetta átak. Ætlar hv. 9. þm. Norðaust., Birkir Jón Jónsson, að mótmæla því að þetta sé ekki búið, að það þurfi að gera átak í að þétta GSM-kerfið meðfram helstu þjóðvegum og í byggðum landsins og reyndar að taka á fleiri verkefnum eins og ADSL-tengingum í fleiri byggðarlög? Telur hann ekki að það þurfi að bæta fjarskiptamál á norðausturhorni landsins o.s.frv.? Við vitum um þessi verkefni. Þau eru þarna. Hér erum við ekki að tala um nein óheyrileg útgjöld. Ef við værum með breiðbandsvæðinguna með, sem er á stærðargráðunni 1–2 milljarðar kr. mundi Landssíminn leika sér að því. Ef honum væri gefin eftir arðgreiðslan í ríkissjóð í eitt ár þá stæði hann á sléttu eftir þær fjárfestingar. Við leggjum til að í þetta verði farið.

Auðvitað tekur steininn úr ef ríkisstjórnin hefur beinlínis skrifað upp á þá fjárfestingarstefnu Símans sem birtist okkur núna, að verja það að fara frekar með 300 millj. kr. í hreina áhættufjárfestingu, hreina spekúlatíva fjárfestingu í gegnum fyrirtæki sem einkaaðili á að meiri hluta í Búlgaríu. Það er talið brýnna en 35 millj. kr. í úrbætur á fjarskiptakerfinu á norðausturhorninu. Það er talið brýnna en 10 GSM-sendar sem mætti koma upp fyrir sambærilega upphæð. Það er talið brýnna en að færa niður mörkin hvað varðar stærð eða íbúafjölda í byggðarlögum sem njóta ADSL-tenginga.

Svona er þetta. Fyrir þetta finnst mér að ríkisstjórnin eigi að svara. Hæstv. samgrh., sem yfirmaður fjarskiptamálanna, fjármálaráðherra, sem eigandi Símans, og framsóknarmenn, sem aðilar að þessari ríkisstjórn, bera auðvitað fulla ábyrgð á þessu eins og öllu öðru.

Það er geysilega brýnt mál, t.d. fyrir uppbyggingu atvinnulífs úti um landið að fá þessar úrbætur hvað varðar GSM-þjónustuna. Ferðaþjónustuaðilar utan GSM-kerfisins kvarta æ meira undan því að þeir dæmist úr leik vegna þess að fólk vill ógjarnan setja sig niður og taka sér næturstað þar sem það getur ekki notað þessa sjálfsögðu tækni. Þetta er t.d., svo nefnt sé eitt praktískt dæmi, farið að skipta mjög í tvö horn aðstöðu ferðaþjónustunnar á landinu, eftir því hvort hún er á GSM-þjónustusvæði eða ekki. Á þessu á að taka, virðulegur forseti.

[18:33]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram enda er málefnið þarft, þ.e. uppbygging fjarskipta á landsbyggðinni, GSM-kerfis og almennra fjarskipta. Mönnum er tíðrætt um það í þessum sal að þögn framsóknarmanna sé æpandi í þessu máli. Ég held að við höfum verið viðstaddir allar umræður um Landssímann og almennt um Símann — nú er þetta sjaldnast kallað Landssími Íslands lengur heldur Síminn en þeir voru að skipta um nafn um daginn — frá síðustu kosningum. Ég held að við höfum mætt í allar umræður um málefni Landssímans enda eigum við fulltrúa í samgn. Ég sit í samgn. ásamt hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og við erum ekki feimnir við að tjá okkur um málefni Landssímans.

Vissulega er það rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan að til eru flokksþingsályktanir um þá stefnu Framsfl. að byggja upp öflug fjarskipti á landsbyggðinni. Ég hef trú á því að allir stjórnmálaflokkar hafi það á stefnuskrá sinni. Það hlýtur að vera á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar að bæta þau fjarskipti.

Vitanlega tekur það tíma. Ég veit til þess, eftir þá fundi sem ég hef setið í hv. samgn., að samgrn. mun leggja fram svör um hvernig þeirri uppbyggingu verði háttað. Ég held við verðum að gefa okkur tíma til að bíða þess að þau svör komi. Það eru ekki nema átta mánuðir síðan kosningar fóru fram. Ég er nýliði á þingi en ég vil gefa samgrn. og Símanum tækifæri á að sýna áætlanir sínar áður en ég úttala mig eitthvað frekar um þær.

[18:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er virðingarvert hjá hv. þm. að taka þátt í umræðunni og staðfesta þar með tilvist Framsfl. Hún er enn staðreynd hér í þingsölum. Ég dreg ekki í efa góðan hug hv. þm.

Hins vegar hefur vakið mikla athygli að Framsfl. skyldi hverfa frá fyrri stefnu sinni um að einkavæða ekki grunnnet Landssímans eða Símans, halda fyrirtækinu í opinberri eigu og halda áfram að byggja það upp þannig. Það var stefna Framsfl. þangað til fyrir nokkrum árum að Framsfl. lét Sjálfstfl. kúska sig og gekkst inn á það að einkavæða Símann í heilu lagi. Þá voru slegnir þessir varnaglar, að manni virtist, t.d. í þessari flokksályktun sem ég las upp áðan, þ.e. að Síminn yrði þó ekki seldur fyrr en búið væri að verja umtalsverðu fjármagni til uppbyggingar í fjarskiptakerfinu.

Þá er náttúrlega nærtækt að spyrja: Standa málin þannig að Framsfl. setji stopp á að hafist verði handa við einkavæðingu Símans þangað til þessu umtalsverða fjármagni hefur verið varið í uppbyggingu kerfisins? Það væri ákaflega ánægjulegt ef við gætum fengið það staðfest. Ég hef grun um að hæstv. fjmrh. telji sig vera alveg kófsveittan við að undirbúa sölu Landssímans á næstu mánuðum.

Suma grunar að fjárfestingarnir í Búlgaríu séu aðeins forsmekkur þess sem í vændum er, að Síminn renni inn í þá samsteypu eða í þá átt. Þess vegna viljum við gjarnan vita sem fyrst hver hin raunverulega staða málsins er í stjórnarherbúðunum. Það skiptir þrátt fyrir allt miklu máli, burt séð frá pólitískum ágreiningi um einkavæðingu Símans, hvernig hann skilur við ef hann verður einkavæddur. Það hefði strax

lagað stöðuna að okkar mati ef Símanum hefði verið gert að fara í myndarlegt átak við að bæta fjarskiptakerfið áður en hann yrði seldur.

[18:37]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að sé alveg ljóst að við deilum, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sömu áhugamálum hvað varðar uppbyggingu fjarskipta á landsbyggðinni. Báðir stjórnarflokkarnir hafa mikinn áhuga á að byggja upp fjarskipti á landsbyggðinni. Ég hef trú á því að þeir hafi báðir ályktað í þá veru og það sé hluti af stefnu þessara flokka.

Það er ljóst að það er ekki endanlega búið að útfæra sölu Landssímans. Ákveðnir fyrirvarar voru settir fram í því samhengi. Þeir fyrirvarar voru reyndar settir fram af hálfu þingflokks Framsfl. sem þá var, fyrir kosningarnar 2003. Ég hef trú á því að við eigum eftir að fara mjög vel ofan í það hvernig sölu Símans verður háttað og hvaða skilyrði verða sett. Ég dreg enga dul á að ég vil náttúrlega sjá samhliða þeirri sölu að menn fari í mjög metnaðarfulla uppbyggingu á dreifikerfi Símans víða um land.

[18:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar upp er staðið skiptir fyrst og fremst máli hvað menn gera en ekki hvað menn segja. Ég held að þessi umræða færi mér enn frekar heim sanninn fyrir því að það er óhjákvæmilegt að við fáum á þingi rækilega umræðu um hvernig ríkisstjórnin hyggst standa að þessu á næstu mánuðum. Annað er óþolandi.

Eru menn t.d. með það í huga, verði Síminn seldur, að einhver hluti söluandvirðisins verði tekinn frá og settur sem styrkur í fjárfestingar sem stjórnvöld hafa áhuga á að í verði ráðist? Það er ein möguleg leið að segja sem svo: Við ætlum að taka þessa peninga til hliðar og þeim verður varið í að ljúka uppbyggingu GSM-kerfisins, styrkja dreifikerfið þar sem það er of veikt, koma á ljósleiðaratengingum o.s.frv. En sporin hræða hins vegar mjög í þessum efnum.

Ég hef árlega, líklega undanfarin þrjú ár, spurt hæstv. samgrh. hvort ráðist verði í þær úrbætur í fjarskiptamálum á norðausturhorni landsins sem sárlega vantar, sérstaklega að tengja Kópasker og Raufarhöfn betur við grunnnetið. Í fyrra voru gefin góð fyrirheit um að sennilega yrði ráðist í þetta í ár. En þegar ég spurði samgrh. rétt fyrir jólin, eina ferðina enn, brá allt í einu svo við að engu var lofað. Þetta stendur svona rosalega í mönnum, þetta 30–40 millj. kr. verkefni. En það er hægt að fara með 300 millj. kr. til Búlgaríu. Skrifar ríkisstjórnin upp á þetta? Skrifar Framsfl. upp á þetta? Það er von að spurt sé.

Ég held að það verði ekki of oft lögð á það áhersla að menn eru hræddir við þetta í sambandi við einkavæðingu Landssímans, að þjónustan versni á svæðum þar sem viðskiptin eru ekki eins ábatasöm og annars staðar. Hver er reynslan frá Nýja-Sjálandi þegar þeir einkavæddu fjarskipti sín þar? Hún er hörmuleg fyrir landsbyggðina á Nýja-Sjálandi. Öll áhersla er á stóru borgirnar og samkeppnina þar. Dreifikerfið út til sveita mætir afgangi.

[18:41]

Útbýting þingskjala:

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 525. mál, fsp. ÁF, þskj. 800.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 526. mál, fsp. ÁF, þskj. 801.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 527. mál, fsp. ÁF, þskj. 802.

Greiðslumark í sauðfjárrækt, 395. mál, svar landbrh., þskj. 795.

Stimpilgjald, 543. mál, frv. JóhS og MF, þskj. 818.

[18:41]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég vil aðeins taka fram nokkur atriði sem snerta öryggisþætti GSM-farsímakerfisins. Á 128. löggjafarþingi var flutt samsvarandi till. til þál. um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu. Ég var þá meðflutningsmaður þeirrar tillögu.

Ég legg sérstaka áherslu á að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins. Ástæðan er augljós. GSM-kerfið er mjög algengt og í raun og veru það kerfi sem langflestir nota í dag og menn gera ráð fyrir að hafa aðgengi að því. Þetta mismunar því orðið mjög byggðarlögum og því miður treystir fólk það mikið á þetta kerfi að það lendir oft í vandræðum þegar það kemur inn á bletti eða svæði sem GSM-geislarnir ná ekki til. Það á bæði við um þjóðvegi landsins og heil landsvæði, þá nefni ég sérstaklega Norðausturland.

Ég ætla ekki að fara sérstaklega í þætti sem snúa að atvinnu og möguleikum fólks til jafnrar þátttöku í atvinnulífinu, þau tækifæri sem GSM-farsímakerfið bíður upp á í því sambandi. Ég legg áherslu á að það að nota GSM-farsímakerfið sem lið í að styrkja öryggis- og neyðarkerfi landsins.

Í þáltill. í greinargerðinni er gerð grein fyrir einu tilviki sem átti sér stað árið 2002. Í framhaldi af því vil ég vitna til umsagnar sem Slysavarnafélagið Landsbjörg sendi inn vegna fyrri þáltill. sem var samhljóma þessari. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa þá stuttu umsögn:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur fengið til umsagnar þingályktunartillögu um aðgang almennings að GSM-farsímakerfinu.

Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru í dag kallaðar út með GSM-símum, með svokölluðum SMS-boðum. Ljóst er af reynslu okkar af því kerfi að fagna ber hugmyndum um meira og betra rekstraröryggi. Útkallskerfi það sem GSM-kerfið tók við af, hið svokallaða símboðakerfi, tryggði félögum björgunarsveita mun meira öryggi á að komast í útkall. GSM-kerfin eins og þau eru rekin í dag hafa ýmsa kosti við umfram gamla símboðakerfið. En aðalókostur GSM er að ekki er sama drægni til að allar björgunarsveitir landsins geti treyst á að nota það sem fullgilt útkallskerfi."

Þetta finnst mér vera mikilvæg rök fyrir því að styrkja kerfið svo að ekki verði þessi stóru göt í boðkerfinu eða í geislunum, og þó svo að almenna símkerfið og NMT-kerfið sé það kerfi sem notað er sem öryggistæki eru SMS-boðin það sem byggt er á í dag. Ef það er tækni sem er auðveld í notkun og gæti verið örugg tel ég það vera mjög mikilvæg rök fyrir því að halda áfram uppbyggingu þessa kerfis.

[18:46]

Flm. (Jón Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna um þetta mikilsverða mál, um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímaþjónustu í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Ég get rakið enn fleiri stuðningsályktanir við þetta mál. Ég get minnt á ályktun Fjórðungsþings Vestfirðinga sem haldið var í Bolungarvík 30.–31. ágúst sl. þar sem áréttað er

um GSM-farsímaþjónustuna árið 2002, og ályktunin er svo áréttuð aftur árið 2003. Ég get rakið áskorun sýslumannsins á Ísafirði um að GSM-þjónustan og GSM-símasambandið verði tryggt sem víðast af öryggissjónarmiðum. Þar er lögð áhersla á Ísafjörð, Ísafjarðardjúp, Steingrímsfjarðarheiði allt til Hólmavíkur og bent á að þar sé fjarskiptalaust og ekki einu sinni NMT-farsímasamband á öllum þeim leiðum. Ég get bent á umsögn og áskorun Bændasamtaka Íslands sem „styðja það að sjálfsögðu", eins og segir, með leyfi forseta, í umsögn þeirra um að GSM-farsímakerfið verði byggt upp svo fljótt sem auðið er um allt land, en benda reyndar á að mikið vanti enn á að uppfyllt séu öll ákvæði fjarskiptalaga um alþjónustu, gagnaflutningsþjónustu í dreifbýlinu.

Það skortir því verulega á og er þess vegna mikil þversögn að heyra að hæstv. ríkisstjórn er meira umhugað um að Landssími Íslands — sem heitir Landssími Íslands á meðan ekki er búið að breyta nafni hans í lögum, að mínu mati — sé að fara að fjárfesta í Búlgaríu í stað þess að efla þjónustu sína hér á landi. Það eru miklar þversagnir en segir kannski meira en mörg orð um... (**Gripið fram í:** ... ríkisstjórnina?) Ríkisstjórnina, já, Landssími Íslands er í eigu ríkisins eða langmestur hluti (Gripið fram í.) og fjmrh. fer með hlutabréf ríkisins og samgrh. með fjarskiptamálin.

Ég get bent á mjög afdráttarlausa yfirlýsingu frá Borgarfjarðarsveit, Skilamannahreppi, Hörgárbyggð og sveitarfélaginu Skagafirði. Sveitarfélögin allt í kringum landið hafa sem sagt tekið mjög afdráttarlaust undir áskorun um að fjarskiptaþjónusta og GSM-farsímaþjónusta verði efld og styrkt um allt land.

Hins vegar stoppar við þegar kemur að stjórnvöldum. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan, hefur í umræðum á Alþingi um GSM-farsímaþjónustuna hæstv. samgrh. í sínum svörum lagt áherslu á að þetta sé viðskiptamál, mál sem sé viðskiptaleyndarmál viðkomandi fjarskiptafyrirtækja, Landssíma Íslands hf. og Og Vodafone, sem eru aðalfyrirtækin núna, um það hvaða áætlanir þau hafa um uppbyggingu GSM-farsímakerfisins.

En í svari við fyrirspurn minni 11. desember sl. segir í máli hæstv. samgrh., með leyfi forseta:

„Hvorki Landssími Íslands né Og Vodafone hafa uppi frekari áform, eftir upplýsingum ráðuneytisins, um uppbyggingu GSM-dreifikerfisins. Stefna fyrirtækjanna miðast eins og er við styrkingu svæða sem þau þjóna í dag. Það hefur áður komið fram í umræðum í þinginu."

Af hálfu hins opinbera, af hálfu hæstv. samgrh. og fjmrh., sem fara með þessi mál, liggja því ekki fyrir neinar áherslur um uppbyggingu GSM-farsímaþjónustu í landinu og litið á þetta sem viðskiptaleyndarmál, viðskiptamál viðkomandi fyrirtækja.

En lagalega er alveg hægt að fella málið undir alþjónustukvöð Landssímans eða fjarskiptafyrirtækjanna. Ef einhver hluti þessarar þjónustu væri óarðbær gæti orðið að greiða með henni og til þess eru tæki eins og Jöfnunarsjóður, sem símafyrirtækin eiga að greiða í af almennri þjónustu sinni til þess að standa undir þeim þáttum sem þau meta að séu óarðbær, ef gerð er alþjónustukvöð um það. Það er því möguleiki á að taka það inn. Einnig er möguleiki að þetta sé tekið inn annars staðar undir ákvæði laga um sértæka þjónustu, sem líka er heimild fyrir í fjarskiptalögum. Ef menn vilja ekki taka þetta inn sem alþjónustu er líka möguleiki að taka þetta inn sem sértæka þjónustu í sérstökum samningum eða útboðum af hálfu ríkisins ef þetta reynist ekki arðbært. Það eru því fleiri en einn og fleiri en tveir lagalegir möguleikar til að taka þessa þjónustu inn og gera hana lagalega skylda.

Til þess að svo megi verða er alveg hárrétt að það vantar stefnu og ákvörðun af hálfu stjórnvalda og við lýsum eftir henni hér. Það er ekki nóg að hafa um þetta góð orð og góðar áætlanir, heldur eru það jú verkin sem verða að tala í þessu. Ég ítreka það, virðulegi forseti, það er fullkomlega óábyrgt af hálfu stjórnvalda, af hálfu samgönguyfirvalda að vera ekki með skilgreinda stefnu og markmið um uppbyggingu á GSM-farsímaþjónustu í landinu. Ég skora á hv. samgn., þegar hún fær málið til meðferðar að lokinni umræðu, að hún kalli eftir stefnu, eftir ákvörðun um uppbyggingu á GSM-farsímaþjónustu í landinu, enda er samkvæmt tillögunni einmitt ætlað að GSM-farsímaþjónustan verði hluti af almennri öryggis- og farsímaþjónustu í byggð og á aðalþjóðvegum landsins. Það er krafa sem við í nútímasamfélagi eigum að gera og við eigum að beita styrk okkar fjarskiptafyrirtækja, sérstaklega Landssíma Íslands, til að gera þetta og láta af öllum hugmyndum um að senda fjármagn þess úr landi að hluta eða öllu leyti, eins og nú virðast vera uppi.

Ég bendi ítrekað á þær samþykktir sem hafa verið gerðar og fyrirvara sem hafa verið lagðir einmitt á fjárfestingarstefnu Landssíma Íslands, að fyrst snúi menn sér að fjarskiptaþjónustunni hérlendis og reyndar alfarið. Það hljóta að vera þær áherslur sem við eigum að leggja upp með.

Vonandi er Landssíminn ekki að draga úr uppbyggingu á fjarskiptaþjónustu úti um land til þess að undirbúa fyrirtækið undir sölu. Það er umtalað að þar sem Landssíminn telur ekki arðbært, að þeirra mati, að setja upp GSM-senda eða leggja fjarskiptaleiðara, breiðband eða önnur slík fjarskiptasambönd leggi Landssíminn ekki í það. Arðbært út frá hvaða sjónarmiðum? Út frá þeim arðsemissjónarmiðum sem hann setur sjálfur. Þau geta verið það há að viðkomandi framkvæmd sé þess vegna óarðbær að þeirra mati. En það munar um það hvort arðsemiskrafan er 2%, 5%, 15% eða 25%. Það fylgir ekki sögunni hver arðsemiskrafan er sem sett er.

Mér er nær að halda að ef við stilltum arðsemiskröfunni í hóf, í 2%–5%, mundi býsna stór hluti landsins falla undir þessa skilgreiningu. En fari maður í arðsemiskröfu upp á 15%–25%, eins og ég hygg að Landssíminn hafi hug á og er að nokkru leyti kominn í með sína þjónustu, fer þeim svæðum á landinu fækkandi sem arðbært er að reka fjarskiptaþjónustu á, sem skila svona miklum arði. Þegar menn tala um hvað er arðbært er því eins gott að menn segi hvað þeir eigi við með því.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að ég hefði viljað ræða fjármál Landssímans, fjármál fjarskiptamála við hæstv. fjmrh. og hafði óskað eftir því að hann væri viðstaddur til að svara fyrir fjármálastefnu, þá peningastefnu og fjárfestingarstefnu sem Landssími Íslands eða Síminn er nú að leggja upp í undir handarjaðri og á ábyrgð hæstv. fjmrh. Sömuleiðis hefði ég óskað að hæstv. samgrh. hefði verið hér og svarað til um hvernig hann vill stuðla með ábyrgum hætti að uppbyggingu fjarskiptakerfisins og þá sérstaklega GSM-farsímaþjónustunnar sem hér er til umræðu.

Að lokinni umræðu leyfi ég mér að óska eftir því að þáltill. fari til hv. samgn. og fái þar röska, öfluga og hraða meðferð til að þau markmið sem hún setur um að GSM-farsímasamband komist á um allt land, í byggð og á aðalþjóðvegum landsins, verði sem fyrst að raunveruleika. Svo þakka ég umræðurnar sem hafa verið um þetta stórmerka mál.

[18:58]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn, vegna orða hv. þm. Jóns Bjarnasonar um þá ríkisstjórn sem hér er við völd, að minna á að við erum að ræða till. til þál. um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu. Og þegar hv. þm. segist sakna nærveru hæstv. fjmrh. í umræðunni til að ræða fjármál Símans, þá erum við ekki að ræða fjármál Símans. Við erum að ræða um það ágæta mál sem er um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

Á þingi geta menn beint fyrirspurnum til ráðherra og mönnum er það í lófa lagið, en ég get ekki ætlað hæstv. fjmrh. það að hann hafi átt að eiga von á því að undir umræðunni um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu færu menn að ræða sérstaklega fjármál Landssímans.

Mönnum hefur jafnframt verið tíðrætt um fjárfestingarstefnu Landssímans og annað slíkt. Ég tel það vera þannig að Síminn heyri undir stjórn, það er skipuð stjórn yfir Landssíma Íslands, og sú stjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins og þeirri stefnu sem þar er framkvæmd. Ég tel að það sé ekki þannig að framkvæmdastjóri Símans sé á fundum með fjmrh. um einhverjar einstakar aðgerðir í rekstri Landssímans. Þannig er það ekki, heldur lýtur framkvæmdastjóri Landssímans stjórn og hún ber ábyrgð á rekstri Símans. Ég hef enga trú á því að hæstv. fjmrh. hafi nokkuð vélað um einhverjar sérstakar fjárfestingar Símans hingað til.

[19:00]

Flm. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig hagaði til að ég hafði óskað eftir því og þeim skilaboðum hafði verið komið í gær og svo aftur í morgun til hæstv. ráðherra fjármála og samgöngumála um að þetta mál væri hér á dagskrá og ég óskaði eftir því að þeir væru viðstaddir og svöruðu spurningum varðandi fjarskiptamál, fjármál Landssímans og að öðru leyti fjarskiptamálin. Þeir vissu því af þessari umræðu og vissu af ósk minni um þetta. Fjarskiptamálin eru í mínum huga stórmál. Landssímann er jú einn af hornsteinum okkar sem hafa gert okkur að þjóð. Það var lögð gríðarleg áhersla á uppbyggingu Landssímans á undanförnum áratugum og áhersla lögð á að allir íbúar landsins væru í símasambandi og það var talin ein af grunnforsendum fyrir öll samskipti og framþróun byggðar og atvinnulífs hér. Ég vona reyndar að svo verði enn.

Varðandi vangaveltur hv. þingmanns um hlut hæstv. fjmrh. í þessu, þá er það nú svo að Síminn er hlutafélag þar sem hæstv. fjmrh. fer með hlut ríkisins sem er kannski 97 eða 98%, eitthvað á því bilinu, og stjórn er náttúrlega bundin af ákvörðun hluthafafundar um hvað skuli gert, hverjar skuli vera áherslur fyrirtækisins, hver skuli vera fjárfestingarstefnan, hverjar skuli vera allar meginákerslur fyrirtækisins. Stjórnin er náttúrlega bundin af ákvörðun hluthafafundar sem er í hendi hæstv. fjmrh. og þess vegna hlýtur hluthafafundur sem og hæstv. fjmrh. að bera ábyrgð á stefnu Símans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 114. mál. — Þskj. 114.

[19:02]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum.

Flutningsmenn ásamt mér eru aðrir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið varðveiti sjálfstæði sitt og fullveldi og standi utan ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki, bandalög og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku í vestnorrænu og norrænu samstarfi og aðra svæðisbundna samvinnu í okkar heimshluta, þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og starfi Evrópuráðsins.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar."

Það má geta þess strax í upphafi í því sambandi að hæstv. forsrh. hefur verið með þær hugmyndir að setja á fót nefnd sem tæki a.m.k. á þeim þætti málsins sem snýr að tengslum og samskiptum Íslands og Evrópusambandsins. Því miður hefur það ekki komist á koppinn enn þá, en var rætt bæði fyrir síðustu alþingiskosningar og hefur eins verið rætt núna eftir þær að slík nefnd taki til starfa. Og eins og ráða má af anda þessarar tillögu mundum við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að sjálfsögðu fagna slíku.

Við teljum mikilvægt, og það má segja að það sé einn útgangspunktur þessarar tillögu, að það sé eftir atvikum reynt að hafa eins mikla festu í stefnu Íslands að þessu leyti og kostur er. Það er engum til góðs sérstaklega að hafa óljósar áherslur eða hafa þessa hluti meira í lausu lofti en þörf krefur. Ef það er sameiginlegt mat manna og sameiginleg niðurstaða, eða verður a.m.k. niðurstaða meiri hluta sem ég trúi nú að verði, að hagsmunum okkar sé betur borgið án aðildar að Evrópusambandinu í fyrirsjáanlegri framtíð, þá er skynsamlegt að ganga út frá því og ákveða það um sinn að þannig verði það. Það er ákaflega sérkennilegur málflutningur, sem er víða fyrirferðarmikill, að þetta hljóti eiginlega að vera þannig að menn verði að vera með þessa hluti í höndunum upp á hvern einasta dag.

En leiðum aðeins hugann að því hversu gott það sé fyrir atvinnulíf, fyrirtæki, stofnanir, utanríkisþjónustuna eða aðra slíka aðila ef þetta mál er endalaust hangandi í einhverri óvissu. Þó svo að menn gengju ekki lengra en það að segja sem svo að miðað við núverandi aðstæður eins og málin blasa við okkur til næstu fimm ára litið eða svo, þriggja til fimm ára, reiknum við ekki með því að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Við munum því gæta hagsmuna okkar á öðrum grunni, á þeim grunni sem fyrir er eða eftir atvikum með breytingum á honum, og á því verður okkar stefna byggð. Með öðrum orðum að það sé einhver stefnufesta, að reynt sé að innbyggja einhverja stefnufestu í þessi mál.

Það var tvímælalaust það sem vakti fyrir mönnum m.a. með skipun Evrópustefnunefndarinnar á sínum tíma, sem starfaði á níunda áratug síðustu aldar og skilaði merku starfi. Það var viðleitni manna til þess að hafa þau mál í tilteknum farvegi.

Við erum eindregið þeirrar skoðunar, flutningsmenn þessarar tillögu, að utanríkisstefna okkar eigi að byggjast á víðsýni og góðum samskiptum til allra átta. Við eigum að forðast að loka okkur af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það er alveg ljóst að Evrópusambandið þróast um þessar mundir hratt í áttina að ríkjabandalagi eða „Federation", og er nánast sama hvar borið er niður að alls staðar er þróunin í þá átt. Nýjasta nýtt er að Evrópusambandið hyggst nú þvinga stjórnmálaflokka í þeim löndum sem tilheyra Evrópusambandinu til að sameinast undir einn hatt í evrópska stjórnmálaflokka og nota til þess fjárstuðning við stjórnmálalífið að þvinga slíka þróun fram.

Við göngum einnig út frá því sem er, held ég, óumdeild staðreynd að Íslendingum hefur vegnað vel sem sjálfstæðu lýðveldi. Við höfum alla burði til að gera svo áfram. Og við sjáum ekki annað en við getum nýtt okkur kosti þess með svipuðum hætti og við höfum út af fyrir sig gert hingað til, að rækta góð samskipti við nágranna okkar, Norðurlandaþjóðir og aðra, og í allar áttir.

Í ítarlegri greinargerð, frú forseti, er farið nokkuð rækilega yfir þetta mál og það rökstutt. Þar er rætt í sérstökum köflum um þróun alþjóðaviðskipta. Það er rætt sérstaklega og ítarlega um Ísland og Evrópusambandið. Komið inn á það sem ég áður nefndi að óvissa sé í sjálfu sér skaðleg íslenskum hagsmunum, þ.e. að æskilegt sé að reyna að hafa í þessu þá stefnufestu sem kostur er. Það má enginn misskilja það sem svo að þar með ætli menn að loka öllum skilningarvitum og hætta að fylgjast með því sem er að gerast og vera vakandi fyrir breytingum. Af sjálfu leiðir, það er óþarfi að taka slíkt fram, að það að rækta, byggja upp og rækta utanríkistengsl einnar sjálfstæðrar þjóðar er að sjálfsögðu eilífðarverkefni sem lýkur aldrei í eitt skipti fyrir öll.

Í greinargerðinni er farið ítarlega yfir það sem við teljum vera, flutningsmenn, helstu rök bæði með og á móti aðild að Evrópusambandinu og okkar niðurstaða er skýr. Hún er sú að það séu miklu fleiri og meiri ókostir því samfara en það sem vinnist. Það er rökstutt ítarlega í einum átta töluliðum hvað ókostina snertir, hverra fyrirsagnir eru um afsal sjálfstæðis og fullveldis og glataða sérstöðu sem væri fólgin í aðild. Það eru skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar, sem að sjálfsögðu leiða af því að taka upp evruna sem yrði óhjákvæmilegur fylgifiskur aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Það er komið inn á það að hagsmunum sjávarútvegsins yrði fórnað. Þetta yrði áfall fyrir íslenskan landbúnað. Hagsmunir ferðaþjónustu gætu orðið mjög blendnir. Komið er inn á það, sem er nú ekki mjög umdeilt, að í Brussel sé ákvarðanataka ólýðræðisleg. Um sé að ræða fjarlægt og miðstýrt apparat sem valdið mundi færast til héðan að heiman. Bent er á það að Evrópusambandið er tollabandalag og við mundum því lenda inn fyrir vafasama tollmúra. Við mundum t.d. þurfa að taka upp tolla í viðskiptum við lönd sem við eigum tollfrjáls viðskipti við í dag, þ.e. við yrðum ósköp einfaldlega að taka upp allar tollareglur Evrópusambandsins og það er auðvelt að sýna fram á að það mundi í vissum tilvikum þýða versnandi viðskiptakjör, t.d. fyrir fiskafurðir í fjarlægum löndum. Og síðast en ekki síst er komið inn á kostnaðinn sem yrði umtalsverður. Um það hafa menn að vísu mikið deilt og mismunandi útreikningar verið á ferðinni en engum blandast þó neinn hugur um það að Ísland yrði umtalsverður nettógreiðandi inn í Evrópusambandið. Það leiðir af sjálfu þegar skoðuð er þjóðarframleiðslan hér að við yrðum í hópi þeirra ríkja sem yrðu nettógreiðendur inn í kerfið, hvort það yrði af stærðargráðunni 5, 8, 10 eða 12 milljarðar eins og deilt hefur verið um er kannski ástæðulaust að slá neinu föstu um hér.

Síðan er fjallað um nokkur önnur atriði, virðulegur forseti, í greinargerðinni sem ég ætla tímans vegna ekki að orðlengja neitt um. Tillögunni fylgir svo kafli úr stefnuyfirlýsingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þar sem kjarninn í okkar áherslum á sviði utanríkismála kemur fram. Við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að með því að flytja þessa stefnu okkar í alþjóðasamskiptum sem þingmál, þá erum við ekki að ætlast til þess eða að reikna með því að hún fáist hér afgreidd eða samþykkt af þorra þingmanna. Ég held hins vegar að það hafi gildi og væri ágætisfordæmi fyrir aðra að menn leggi utanríkisáherslur sínar fram með þessum hætti, geri grein fyrir þeim, rökstyðji þær, leggi þau spil á borðið, og þá er hægt að takast á um þá hluti. Ég beini því ekki síst til þeirra flokka sem stundum þykjast hafa einhvern einkarétt á því að hafa skoðanir á eða vera opnir fyrir umræðum og hugmyndum um Evrópumál, að þeir mættu kannski líta til þess fordæmis sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur þó gefið með því að leggja sína stefnu hér á borðið, ítarlega rökstudda, og menn geta þá tekist á um hana og verið henni ósammála eða sammála eftir atvikum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 19:12.

---

56. FUNDUR

miðvikudaginn 4. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 114. mál, þskj. 114. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 164. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 550. mál, þskj. 828. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

8. Fjármálafyrirtæki, frv., 483. mál, þskj. 755. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:35]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks framsóknarmanna, Hjálmari Árnasyni, dags. 4. febrúar:

„Þar sem Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, 7. þm. Reykv. n., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varamaður hans, Guðjón Ólafur Jónsson lögmaður, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Guðjón Ólafur Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Framlög til ferðaþjónustu, 291. mál, svar fjmrh., þskj. 742.

Verðbreytingar á vöru og þjónustu, 548. mál, fsp. JóhS, þskj. 826.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 552. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 830.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla stjórnarfrumvarps um fjármálafyrirtæki.

[13:36]

Pétur H. Blöndal:

Hæstv. forseti. 7. mál á dagskrá fundarins er frv. hæstv. viðskrh. um fjármálafyrirtæki sem breytt var í gær. Samkvæmt 36. gr. þingskapa má eigi, nema með samþykki þingsins, taka frv. til umræðu fyrr en liðnar eru a.m.k. tvær nætur frá því er því var útbýtt. Þess vegna mun ætlun hæstv. forseta að fá samþykki þingsins fyrir afbrigðum þannig að þetta mál megi taka á dagskrá. Spurning mín til hæstv. forseta er hvað það er sem rekur á eftir því að þetta frv. verði keyrt áfram með slíkum hraða. Er það fyrirhugaður fundur stofnfjáreigenda SPRON sem halda á nk. þriðjudag, 10. febrúar, til að taka afstöðu til samnings sem stjórnir SPRON og KB-banka hf., þá Kaupþing – Búnaðarbanki hf., gerðu með sér 21. desember 2003 í samræmi við gildandi lög? (**KLM:** Er þingmaðurinn ...?)

Þar sem ég er formaður hv. efh.- og viðskn. sem mun fá þetta mál til umfjöllunar og vil gjarnan greiða fyrir þingstörfum þætti mér vænt um að heyra hugmyndir hæstv. forseta um framgang málsins í samræmi við 2. mgr. 18. gr. þingskapa, hvort hv. nefnd eigi að leita skriflegra umsagna þeirra aðila sem málið varðar og álits lögfræðinga á lagalegum áhrifum þessa frv. svo sem jafnan er gert við vandaða lagasetningu og kveðið er á um í 28. gr.

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þetta er stjfrv. sem flutt er í þeim tilgangi að eyða óvissu um mál sem mjög hefur verið rætt, bæði hér og annars staðar, og því teljum við ástæðu eins og við aðrar slíkar aðstæður til að málinu sé flýtt. Að öðru leyti eru efh.- og viðskn. ekki gefin nein fyrirmæli um það með hvaða hætti nefndin hagar störfum sínum. Þó er það venja í þinginu að þá Alþingi veitir afbrigði með þessum hætti, og ég vænti þess að það verði gert, leitist þingnefnd í framhaldinu við, nema eitthvað sérstakt mæli því í gegn, að veita slíku máli greiða för í gegnum þingið. Það eru að sjálfsögðu engin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða ríkisstjórnarinnar til þingnefndarinnar í þessum efnum og engar leiðbeiningar. Nefndin er fullfær um að ákvarða það sjálf, en þetta eru skýringarnar.

[13:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég er satt að segja hálfhikandi við að blanda mér í innri mál Sjálfstfl. sem hér hafa verið tekin upp. En vegna athugasemda hv. þm. Péturs Blöndals sem er sérstakur forustumaður Sjálfstfl. í efnahagsmálum, áhyggna hans af því að hér sé verið að leggja í vegferð þar sem ekki verður nægilega vandað til lagasetningar, vil ég biðja hann sjálfan að fletta því upp hversu oft hann hefur sjálfur tekið þátt í því að flýta hér málum í gegn.

Varðandi málið sjálft er rétt að rifja það upp að það var fyrir tilverknað hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem hægt var að koma þessu mikilvæga máli á dagskrá á nýjan leik. Það lá ljóst fyrir að ef þingið hefðist ekki að yrði sparisjóðakerfið í landinu einfaldlega eyðilagt. Hæstv. viðskrh. hafði legið í láginni og neitað að hreyfa sig til aðgerða. Það liggur algerlega ljóst fyrir að skilningur Alþingis frá því að Alþingi kláraði málið fyrir tveimur árum var sá að það ætti að treysta stöðu sparisjóðanna í landinu og ekki búa lagaumgjörð með þeim hætti að þeir yrðu muldir niður á tiltölulega skömmum tíma. Hér er því verið að setja undir þennan leka og efnislega förum við yfir það mál á eftir, fulltrúar Samf. Hér miðar málum þó í rétta átt þótt lengra hefði mátt ganga eins og þeir félagar, fulltrúar Sjálfstfl. og Samf., höfðu undirbúið í sinni frumvarpsgerð og hafi þeir þakkir fyrir það. Það er alveg einsýnt að Samf. mun a.m.k. liðka fyrir því að hér geti mál gengið hratt og örugglega en auðvitað vandað fram og að þær nauðsynlegu breytingar nái fram að ganga sem hér eru lagðar til.

[13:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vil ég lýsa því yfir að við viljum gjarnan hraða afgreiðslu þessa máls. Þingflokkurinn óskaði eftir því hinn 27. desember að efh.- og viðskn. yrði kölluð saman til þess að fjalla um þetta mál. Síðan þekkir þingið hvernig nefndin reyndist óstarfhæf. Það var reynt að ná nefndinni saman að nýju 22. janúar en að lokum tókst að boða hlutaðeigandi málsaðila til fundar í þessari viku. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, málið hefur fengið mikla umræðu og það er mikill þrýstingur frá sparisjóðunum í landinu um að óvissu um framtíð þeirra verði eytt. Ég vil af þeim sökum ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns, við styðjum hraða meðferð þessa máls.

[13:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á dagskrá þessa þings síðar í dag er mál um sparisjóðina. Frjálsl. hefur þegar lagt fram frv. um það frestunarákvæði sem við höfum einnig rætt í dag. Við munum á engan hátt leggja stein í götu þess að það mál sem hér verður tekið á dagskrá af hendi ríkisstjórnarinnar fái hraða meðferð en vonumst vissulega til þess að bæði málin verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar í hv. nefnd. Ég tel að þessi mál þoli ekki þá bið að dragast fram yfir 10. febrúar eins og mér fannst hv. þm. Pétur Blöndal jafnvel gefa í skyn að væri hægt að gera í efh.- og viðskn. Ég tel að það sé vilji þingsins að taka á þessum málum og að það eigi að hafa forgang.

[13:43]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég tek undir það að hér er ekki um neitt nýmæli að ræða, að leitað sé afbrigða til að hraða þingmáli. Það hefur margsinnis gerst og er algjörlega í samræmi við þingsköp. Það er þingheimur sem tekur ákvörðun um slíkt. Ég tek enn fremur undir þau sjónarmið að það er mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem lýtur að því máli sem er til umræðu. Sú umræða hefur verið mikil innan þingsins. Hún er mikil utan þingsins og það er mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem fyrst.

Ég tek hins vegar ekki undir þessa persónudýrkun hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um að einhverjir einstaklingar hér ráði því að frumkvæði hafi verið tekið og vil heldur ekki taka þátt í einhverju kapphlaupi um það hvort þeir einstaklingar eða Frjálsl. hafi verið fyrstir. Þetta mál hefur verið til umræðu í þinginu, það er meginatriðið. Hæstv. ríkisstjórn hefur tekið frumkvæðið í málinu. Það liggur fyrir frv. frá hæstv. ríkisstjórn og það er mikilvægt að það fái hraða og góða og málefnalega meðferð á Alþingi sem fyrst.

[13:44]

Pétur H. Blöndal:

Hæstv. forseti. Í samræmi við 2. mgr. 18. gr. þingskapa ber formanni nefndar í samráði við forseta að ákvarða störf nefndarinnar í ákveðnum málum. Nú hef ég heyrt að menn óski eftir mjög hraðri meðferð á þessu máli og ég spyr hæstv. forseta hvort það tengist eitthvað því að haldinn verður stofnfjáreigendafundur í SPRON 10. febrúar, þ.e. eftir sex daga. Ég vil fá svar frá forseta, ekki frá öðrum, um það hvort þetta tengist því að það beri að hraða meðferð málsins þvílíkt í hv. efh.- og viðskn. að ekki sé hægt að senda málið til umsagnar eins og venja er þegar sett eru góð og gegn lög.

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg óþarfi af hv. þingmanni að spyrja forseta út úr með þessum hætti. Þetta er stjfrv. og það er óskað eftir því við þingheim af hálfu þeirra sem flytja málið, ríkisstjórnarinnar, að leitað verði afbrigða. Forseti ber þá ósk undir þingheim. Þetta er ekki að frumkvæði þingforsetans þannig að það er alveg óþarfi að vera að spyrja þingforseta út úr með þeim hætti eins og gert er.

Ég hef fulla trú á því að hv. þm. Pétur Blöndal geti stjórnað fundum efh.- og viðskn., hann er þar hvergi vanhæfur eins og við þekkjum. Menn hafa ruglað saman vanhæfisreglum hér. Það hefur ekkert með það að gera, það er ruglað saman vanhæfisreglum sveitarfélaga við þingið, ég hygg að menn séu komnir út úr því. En þá má heldur ekki, hv. þingmaður, rugla þeim saman við hlutverk forsetans sem er hér að bera upp óskir ríkisstjórnarinnar til þingheims. Þingheimur segir síðan já eða nei. Það er alveg óþarfi að vera að þýfga þingforseta um þetta sérstaklega.

[13:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Það er ekki oft sem ég get tekið undir með hæstv. forsrh. en ég hlýt að gera það í öllum meginatriðum núna.

Ég vil hins vegar vekja alveg sérstaka athygli á því að þessi aðkoma hv. þm. Péturs H. Blöndals í þessari umræðu er talandi dæmi um það vandamál sem við í Samf. höfum verið að vekja athygli á á umliðnum vikum. Nú stendur þingið frammi fyrir því að formaður efh.- og viðskn. er hér í stórum vanda sjálfur því að hann hefur sérstakra persónulegra hagsmuna að gæta í málinu (**PHB:** Viltu sanna það?) og veit ekki hvernig hann á að hreyfa sig. (**PHB:** Viltu sanna það?) Málið er einfaldlega hér ljóslifandi fyrir framan okkur, það vandamál sem á hefur verið bent.

Rétt til að halda því til haga sem ég nefndi áðan, um frumburðarrétt í þessu máli, það er algjört aukaatriði. Ég var eingöngu að fara yfir það til upplýsingar að þeir ágætu hv. þm. hér höfðu frumkvæði að því að taka málið á dagskrá á nýjan leik, og þingflokkur Samf. annars vegar samþykkti það frv. fyrir sitt leyti. Eftir því sem ég best veit til gerði þingflokkur Sjálfstfl. það líka. Síðar sama kvöld gerist það að hæstv. viðskrh., fulltrúi Framsfl., vaknar af værum blundi og býr til sitt frv. sem er minna í sniðum, skulum við segja, en þó þannig að það er samhljóða hinu í nánast einni grein. Það var „copy" og „paste".

Þetta eru allt aukaatriði. Ég fagna því fyrst og síðast að málið er fram komið. (**RG:** ... veita afbrigði?)

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Hv. 3. þm. Reykv. s. óskar að bera af sér sakir.

[13:48]

Pétur H. Blöndal:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að ég væri vanhæfur vegna þess að ég hefði persónulega hagsmuni af þessu máli. Þessu hefur verið haldið fram aftur og aftur með engum rökum. Málið er það að ef SPRON yrði ekki breytt í hlutafélag mundi ég græða meira á því að sitja í stjórn en að selja stofnbréfin mín. Það er nú bara þannig.

Það er fáránlegt að vera að blanda saman pólitískum hagsmunum og því að ég hafi einhverja persónulega hagsmuni. Ég hef vissulega mikla pólitíska hagsmuni af þessu.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, frh. fyrri umr.

Stjtill., 477. mál. — Þskj. 716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]

Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Efling iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aðgangur landsmanna að GSM-farsímakerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn, 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 114. mál. — Þskj. 114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 163. mál (aldursmark). — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 164. mál (framlag til Forvarnasjóðs). — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EOK, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, MÞH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (stofnfjárhlutur í sparisjóði, stjórn sjálfseignarstofnunar o.fl.). — Þskj. 828.

[13:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem er 550. mál þingsins, á þskj. 828.

Upphaf þessa máls má rekja til breytinga á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði árið 2001 þegar sparisjóðir fengu heimild til hlutafélagavæðingar. Þessi heimild til hlutafélagavæðingar var sett í lög í samvinnu við Samband íslenskra sparisjóða. — Hæstv. forseti, er hægt að fá hljóð í salinn?

(**Forseti** (JBjart): Forseti biður þingmenn um að hafa ró í salnum og loka dyrum fram á gang.)

Ég endurtek: Þessi heimild til hlutafélagavæðingar var sett í lög í samvinnu við Samband íslenskra sparisjóða. Lögin voru að mestu að danskri fyrirmynd en Danir höfðu veitt sparisjóðum heimild til hlutafélagavæðingar í lok níunda áratugarins. Rökin að baki hlutafélagavæðingu voru þau að sparisjóðirnir stæðu frammi fyrir virkari samkeppni en áður vegna hlutafélagavæðingar ríkisviðskiptabankanna og endurskipulagningar fjárfestingarlánasjóðakerfisins. Með stækkandi markaði, alþjóðavæðingu og harðnandi samkeppni var þörfin á auknu eigin fé orðin brýnni. Það var því talin forsenda þess að samkeppnisstaða viðskiptabanka og sparisjóða yrði raunverulega jöfnuð að þeir stæðu jafnfætis þegar kæmi að möguleikum á öflun eigin fjár.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Nokkrir sparisjóðir hafa velt fyrir sér hlutafélagavæðingu og tveir sparisjóðir hafa þegar breytt sér í hlutafélög en það eru Sparisjóður Kaupþings og nb.is-sparisjóður. Langmesta athygli hefur hins vegar vakið tilraun SPRON til hlutafélagavæðingar á síðustu 18 mánuðum. Hópur stofnfjáreigenda og Búnaðarbankinn freistuðu þess að kaupa stofnfé í SPRON og ná með þeim hætti yfirráðum yfir sjálfseignarstofnun sem síðan yrði stofnuð við hlutafélagavæðingu.

Þessi áform gengu ekki eftir.

Í desember sl. náðist samkomulag á milli SPRON og KB-banka um að KB-banki yfirtæki SPRON eftir hlutafélagavæðingu með fyrirvara um samþykki fundar stofnfjáreigenda og eftirlitsaðila.

Gagnrýni mín á þennan samning hefur eingöngu lotið að því að gert er ráð fyrir að sjálfseignarstofnunin selji sinn hlut á mun lægra gengi en stofnfjáreigendurnir. Þetta hef ég talið óeðlilegt og að hagsmuna sjálfseignarstofnunarinnar hafi ekki verið gætt.

Því frv. sem hér er til umfjöllunar er ætlað að taka á þessum hagsmunaárekstrum. Það er veikleiki í löggjöfinni að þegar tilboð um yfirtöku berst getur sú hætta skapast að stofnfjáreigendurnir sem stjórna sjálfseignarstofnuninni taki ákvörðun sem þjónar hagsmunum þeirra en ekki hagsmunum sjálfseignarstofnunarinnar.

Þegar hlutafélagavæðingarlögin voru samþykkt á sínum tíma varð nokkur umræða um með hvaða hætti væri best að haga stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Niðurstaðan þá varð sú að enginn væri betur til þess fallinn að stýra þessu fé en þeir sem hefðu lagt sparisjóðnum til fjármagn í gegnum tíðina. Önnur niðurstaða hefði á sínum tíma ekki verið samþykkt af sparisjóðunum.

Á þeim tíma var ekki hugað að því að hagsmunaárekstrar gætu orðið á milli stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunarinnar þegar til yfirtökutilboðs á sparisjóði kæmi. Ekki hefur náðst samstaða um breytingu á þessu fyrirkomulagi fyrr en virðist vera núna.

Sú breyting sem hér er lögð til aftengir hagsmuni stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunar. Þessi breyting hefur engin áhrif á stöðu stofnfjáreigandans sem hluthafa í sparisjóði.

Á árinu 2002 óskaði ég eftir því við Pál Hreinsson, prófessor við Háskóla Íslands, að hann mæti það hvort breyting af þessu tagi stangaðist á við ákvæði stjórnarskrár.

Í greinargerð Páls frá september 2002 segir, með leyfi forseta:

„Helstu einkenni sjálfseignarstofnana eru þau að eignir slíkra stofnana eru ekki háðar eignarráðum einstaklinga eða lögaðila og þeir eiga ekki rétt til ágóða af rekstri sjálfseignarstofnana, heldur er starfsemin öll rekin í þágu ákveðins markmiðs, yfirleitt í þágu mannúðarmála eða í öðrum hliðstæðum tilgangi. Þótt slíkar lagabreytingar hafi þannig áhrif á rétt hluthafa sparisjóðs til þess að kjósa alla menn í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og hafa þannig áhrif á stjórn stofnunarinnar verður ekki séð að þeir eigi stjórnarskrárvarinn rétt til þess. Skal hér áréttað að þeir eiga ekkert eignarréttarlegt tilkall til slíkra sjálfseignarstofnana.

Telja verður því að almenna löggjafanum sé heimilt að breyta fyrirkomulagi á kjöri í stjórn slíkra sjálfseignarstofnana frá þeirri skipan sem ákveðin var með 3. gr. laga nr. 71/2001 og að 72. gr. stjórnarskrárinnar standi því ekki í vegi."

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og ræða hér stuttlega stöðu sparisjóðanna. Sparisjóðir eru hér á landi sem annars staðar staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Þeir hafa sterkar félagslegar rætur og markmiðið með rekstrinum er að stuðla að almannahag. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Sparisjóðir hafa í dag sömu starfsheimildir og viðskiptabankar en sérstaða þeirra er enn mikil. Þeir eru yfirleitt lítil fjármálafyrirtæki í miklum tengslum við sitt nánasta umhverfi. Flestir þeirra starfa einungis á takmörkuðu svæði. Þannig myndast yfirleitt sterkari tengsl við mannlíf og atvinnulíf á starfssvæði sparisjóðsins og meiri nálægð við viðskiptavini en tíðkast meðal annarra fjármálafyrirtækja.

Stofnfjáreigendur leggja sparisjóðnum til stofnfé og eiga rétt á að fá það fé til baka, verðbætt við tilteknar aðstæður. Þeir eiga, ólíkt hluthöfum í hlutafélagi, ekkert tilkall til uppsafnaðs hagnaðar sparisjóðanna. Enginn getur gert tilkall til uppsafnaðs hagnaðar sparisjóðs, en við slit hans rennur afraksturinn til líknar- og menningarmála á starfssvæði hans. Stofnfjáreigendur eiga hins vegar rétt á arði af stofnfé sínu samkvæmt nánari reglum í lögum um fjármálafyrirtæki.

Þetta er meginhugmyndafræðin á bak við sparisjóðina. Hvort þessi hugmyndafræði lifir af í heimi stöðugra umbóta skal ósagt látið. Það verður að koma í ljós. Sparisjóðirnir verða sjálfir að taka sér tak og móta framtíð sína. Þeir mega ekki verða nátttröll sem dagar uppi á fjármálamarkaði. En þetta er undir sparisjóðunum sjálfum komið. Því miður hafa verið miklar innbyrðis deilur innan sparisjóðanna á undanförnum árum. Það er vonandi að sparisjóðirnir beri gæfu til að leysa þær deilur og verði vel í stakk búnir til að veita viðskiptabönkunum fremur öfluga samkeppni á komandi árum.

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess hér að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur haft íslensku fjármálalöggjöfina til skoðunar að undanförnu, m.a. lagaákvæði um sparisjóði. Í þessu frv. mæli ég fyrir einni breytingu sem ESA og viðskrn. eru sammála um að standist EES-samninginn. Önnur ákvæði um sparisjóði sem ESA hefur óskað skýringa á brjóta ekki í bága við EES-samninginn að mati viðskrn. ESA hafa verið sendar ítarlegar, rökstuddar athugasemdir. Á þessu stigi er hins vegar óvíst um framtíð þessa máls.

Hæstv. forseti. Það er ekki markmið mitt með þessu frv. að koma í veg fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóða heldur eingöngu að laga þann veikleika sem er á gildandi lögum. Vissulega er til staðar lagarammi í dag þar sem ítarlega er kveðið á um skyldur stjórnar sparisjóðsins og stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar. Útilokað er á þessu stigi að segja til um hvort samningur SPRON og KB-banka gangi í gegn að óbreyttum lögum. Ég hef sem eftirlitsaðili með sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnurekstur haft efasemdir um að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar sé hæf til að taka ákvörðun í málinu og hvort hún gæti hagsmuna sjálfseignarstofnunarinnar með því að samþykkja að selja hlut sinn í SPRON á genginu 1. Jafnframt er ógjörningur að segja til um viðbrögð Samkeppnisstofnunar og Fjármálaeftirlitsins en báðar þessar stofnanir hafa beina aðkomu að málinu.

Ástæða þess að frv. er lagt fram er að það er sparisjóðum í landinu til framdráttar að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar sé breytt þannig að enginn velkist í vafa um hæfi hennar til að taka ákvarðanir. Hvaða áhrif frv. hefur á sparisjóði getur tíminn einn skorið úr um. Sparisjóðir standa frammi fyrir virkari samkeppni á markaði en nokkru sinni fyrr. Viðskiptabankarnir eru að stækka, lánskjör þeirra og lánshæfismat að batna og þar með geta þeirra til að bjóða viðskiptavinum sínum betri kjör. Við þessu þurfa sparisjóðirnir að bregðast. Sparisjóðirnir þurfa að hafa í huga að hver er sinnar gæfu smiður.

Hvort stofnfjáreigendur í sparisjóðum kjósi að breyta rekstrarformi sparisjóða eftir þessa breytingu verður að koma í ljós. Hvort SPRON-málið hið þriðja mun koma upp á næstu missirum er einnig óvissu háð. En eitt er víst: Ekkert verður eins og áður. Við getum ekki tryggt að sparisjóðirnir verði alltaf til í óbreyttri mynd.

Ég vil einnig gjalda varhuga við því að gerðar verði breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem útiloki breytingar á rekstrarformi sparisjóða og því að gerðar verði breytingar sem óvissa er um hvort standist stjórnarskrárvarin eignarréttindi og ákvæði EES-samningsins.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn. og óska eftir því að það fái skjótan framgang í þinginu.

[14:05]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fá að spyrja hæstv. viðskrh. hvort frv. taki á því tvöfalda verði sem stendur til að greiða fyrir SPRON, því að greiða tvöfalt hærra verð fyrir hlut stofnfjáreigenda miðað við það sem greiða á fyrir sjálfseignarstofnunina. Í máli hæstv. viðskrh. kom fram að hún hefði einmitt gert hvað alvarlegastar athugasemdir við þann þátt þessa máls. Mér hefði þótt mjög eðlilegt að tekið væri sérstaklega á því atriði, sem hæstv. viðskrh. gerði hvað mestar athugasemdir við.

Ég fæ ekki séð að í þessu frv. sé tekið á þessari tvöföldu verðlagningu. Þó getur verið að mér hafi yfirsést það og þess vegna væri ágætt að hæstv. viðskrh. upplýsti mig um hvernig tekið er á því atriði sem hún hefur gert hvað alvarlegastar athugasemdir við.

[14:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að fá að svara þessu í upphafi umræðunnar. Það sem frv. tekur á er að skilið er á milli stofnfjáreigenda annars vegar og sjálfseignarstofnunar hins vegar. Þannig eru það ekki stofnfjáreigendur sem stjórna sjálfseignarstofnuninni og ekki stofnfjáreigendur sem ákveða gengið á sjálfseignarstofnuninni.

Það sem ég hef gagnrýnt allan tímann, frá því að þessi viðskipti voru gerð opinber á milli KB-banka og SPRON, er að það er mismunandi gengi eftir því hvort um er að ræða stofnfé einstaklinga sem orðin eru að hlutabréfum eða hlutabréf sjálfseignarstofnunar. Annars vegar er gengið 2,13 og hins vegar gengið 1. Með þessu frv. er um aðskilnað að ræða. Þannig er sjálfstæð stjórn yfir sjálfseignarstofnuninni sem tekur ákvörðun um hvort hún er tilbúin að selja á genginu 1 og hún hefur ekki hagsmuna að gæta vegna þess að hún á ekki stofnbréf, stjórnin, þ.e. stjórnarmenn. Þetta er meginatriði málsins. Hins vegar er líka ljóst að þegar þessi mál voru síðast til umfjöllunar á hv. Alþingi kom tillaga frá hv. efh.- og viðskn. um breytingar á 74. gr. sem gerir það að verkum að hlutafé stofnfjáreigenda er metið þannig að þeir standi ekki verr að vígi eftir að búið er að selja þeirra hlut en ella. Réttara sagt: Þegar stofnfé er breytt í hlutafé á viðkomandi stofnfjáreigandi ekki að standa verr að vígi en áður. Það var að frumkvæði efh.- og viðskn. sem þessi breyting var gerð og hún hefur vissulega ákveðin áhrif í öllu þessu máli.

[14:08]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessari umræðu um sparisjóðina og því að hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir láti sig varða málefni sparisjóðanna. Hæstv. viðskrh. hefur skipt um skoðun frá því um áramót. Þá taldi hún málið ekki varða stjórnvöld þar sem salan væri eitthvað sem væri að gerast úti á markaðnum, þetta væri allt annar gerningur en stóð til að ætti sér stað sumarið 2002. Þess vegna væri fróðlegt að fá að heyra hæstv. ráðherra segja hvað hefur breyst og hvað er með öðrum hætti nú en sumarið 2002 þegar til stóð að breyta sparisjóðum í hlutafélög.

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kannast ekki við að hafa skipt um skoðun í þessu máli. Þegar þetta var fyrst gert opinbert sagði ég hins vegar að málið bæri að með allt öðrum hætti en það sem gerðist 2002. Ég er enn þeirrar skoðunar vegna þess að í því tilviki voru það fimm einstaklingar ásamt Búnaðarbankanum sem ætluðu að komast yfir SPRON með því að yfirbjóða stofnbréf, kaupa stofnbréf á yfirverði, og ná þannig yfirráðum yfir sjálfseignarstofnuninni, þ.e. ná 81% af eigin fé SPRON undir sig með því að kaupa einungis stofnbréfin á fimmföldu yfirverði.

Í því tilfelli sem nú er um að ræða er farið að lögum, (**SigurjÞ:** Er ekki tvöfalt yfirverð núna?) alla vega fljótt á litið. Ég ætla ekki að fullyrða hvað kemur út úr yfirferð eftirlitsstofnana. Nú er um það að ræða að stofnbréf eru metin samkvæmt 74. gr. og síðan er allt ferlið sýnt, líka viðskiptin sem eiga sér stað eftir að um hlutafé er að ræða í hlutafélagi.

[14:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil benda hæstv. viðskrh. á að stjórn SPRON stendur einhuga á bak við þessa breytingu. Nú er því ekki um neitt að ræða sem hét áður óvinveitt yfirtaka. Meiningin var að tveir þriðju stofnfjáreigenda mundu samþykkja þennan gerning þannig að þeir sem stofnuðu sparisjóðinn og standa vörð um hann mundu líka samþykkja þetta með miklum meiri hluta.

Hæstv. ráðherra sagði rétt áðan að SPRON-málið hið þriðja kæmi upp. Á hún þá við það að þessi lagasetning muni stöðva SPRON-málið annað? Á hún við það að þessi lagasetning sé sett til höfuðs þeim samningi sem gerður var milli SPRON og Kaupþings – Búnaðarbanka hf. 23. desember sl.? Ég vil fá svör við því og eins því hvort meiningin sé að klára lagasetninguna fyrir 10. febrúar. Ég spurði hæstv. forseta að því áðan og hann kom sér undan því að svara. En ég vil fá að vita hvort störf hv. efh.- og viðskn. skuli vera svo hröð að það eigi að afgreiða þetta á fimm dögum. Það þarf ég að vita því að annars vanda ég mig við lagasetninguna og fæ til mín lögfræðinga og leita umsagna.

Varðandi mismunandi verð þá er það afskaplega einfalt. Sá sem kaupir 80% af sjálfseignarstofnuninni fær ekki nema 5% vægi. Hann þarf að ná 97,5% til að geta breytt samþykktum af því að 2,5% sem eftir eru hafa helmings vægi á við 5%. Hann fær aldrei meira en 5%. Þess vegna þarf hann sífellt að bjóða hærra og hærra verð til stofnfjáreigenda því að margir þeirra munu ekkert selja. Þeir eru ekki skyldaðir til að selja. Þetta skýrir af hverju það er mismunandi verð. Ég skil ekki að menn skuli ekki skilja þetta.

[14:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla rétt að vona að hv. formaður efh.- og viðskn. vandi sig alltaf í störfum sínum í efh.- og viðskn. Hann sagðist ætla að vanda sig ef um það væri að ræða að þetta mál ætti ekki að fara hratt í gegn.

Hins vegar er það ekki mitt að kveða upp úr um hvenær þetta frv. verður að lögum. Á hv. Alþingi er það þingheimur sem tekur þá ákvörðun.

Þegar ég segi, eins og ég sagði áðan, að það sem nú er um að vera í sambandi við SPRON sé með allt öðrum hætti

en var sumarið 2002 þá meina ég það. Ég sagði líka áðan, og hef áður sagt, að þessi atlaga — þetta er reyndar ekki atlaga en fyrri aðferðin var atlaga — þ.e. sú aðferð sem nú er beitt er í raun lögum samkvæmt, a.m.k. hvað varðar öll aðalatriði málsins. Við það stend ég þannig að þar erum við hv. þm. allt að því sammála.

Þegar hann talar um sjálfseignarstofnunina eins og hún sé svo lítils virði og þess vegna eðlilegt að kaupa hana á genginu 1 þá er það alls ekki svo. Það eru ákvæði um það í lögunum, fyrst og fremst um það, að á hluthafafundinum, á stofnfundi hlutafélagsins fari sjálfseignarstofnunin með atkvæðisrétt á við eign sína, á við eigið fé. Auk þess getur hún tekið ákvörðun um hversu mikið vægi hún hefur í hlutafélaginu áfram. Ef hv. þm. ætlar að nota það sem skýringu á þessu tilboði upp á 1% til sjálfseignarstofnunarinnar þá er það ekki skýring að mínu mati.

[14:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki enn þá hvort mér beri að hrða störfum þannig að þetta verði að lögum fyrir 10. febrúar þegar fundur stofnfjáreigenda í SPRON tekur ákvörðun sína. Ég vil fá að vita það, (**Gripið fram í:** Það liggur í hlutarins eðli.) því annars mun ég að sjálfsögðu leita umsagna, eins og venjan er í nefndum þingsins um mál sem þar koma inn, og fá til mín lögfræðinga til að leggja mat á þetta. En ef þetta þarf að klárast fyrir 10. febrúar vegna samkomulagsins, þá er það þannig.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að ef hlutaféð er selt út úr sjálfseignarstofnuninni gilda bara venjuleg lög um hlutafélagasparisjóði og þar fer enginn með meira en 5%, þannig að kaupandinn fer bara með 5%. (**Gripið fram í:** Pétur!)

[14:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég náði ekki að svara einu atriði áðan af því sem hv. þm. spurði um, hvort frv. ætti að stöðva þau viðskipti sem fyrirhuguð eru á milli KB-banka og SPRON. Ég svara því þannig að það er ekki sett í lög að þessi viðskipti geti ekki átt sér stað.

Hins vegar sér hv. þm. jafn vel og ég út á hvað frv. gengur. Það útilokar ekki viðskipti en það getur vel verið að þau verði ekki eins áhugaverð af hálfu þessara aðila eftir að frv. verður að lögum. Það væri ekki hægt að setja ákvæði í lög sem útilokuðu að þessi viðskipti ættu sér stað með hreinni lagasetningu um að það mætti ekki.

[14:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. viðskrh. hefur yfirgefið salinn, mér þætti vænt um að hún væri hér.

Þetta mál á sér náttúrlega sögu sem ég mun kannski rekja aðeins í ræðu minni á eftir. En mig langar að spyrja hæstv. viðskrh. einnar lítillar spurningar. Hún hefur í fjölmiðlum lýst því yfir að hugmyndir mínar og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem við höfum lagt fram, séu í andstöðu við EES-samninginn og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. En hæstv. ráðherra hefur á engan hátt útskýrt hvað hún á við.

Mig langaði því að fá skýringar frá hæstv. ráðherra og, ef hægt væri, að ræða þær á málefnalegum grunni en ekki í dylgjuformi sem hæstv. ráðherra hefur haft um þetta í fjölmiðlum.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég ekki með frumvarpsdrögin fyrir framan mig en það var ákvæði í þeim drögum þess efnis að það voru settar skorður við viðskiptum með hlutafé í viðkomandi sparisjóðahlutafélagi í einhver ár, þrjú ár minnir mig, í einni grein frv. Það mundi vera túlkað sem skerðing á frjálsu flæði fjármagns í sambandi við EES-samninginn.

Síðan voru ákvæði í 74. gr. sem varða hugsanlega — ég hef nú aldrei fullyrt neitt um þetta — ég hef sagt að það væru ákveðnar líkur til þess ... (Gripið fram í.) Já, ég hef gefið það í skyn. Í 74. gr. frv. var ákvæði sem varðaði eignarréttarákvæði að mínu mati miðað við þá lögfræðiniðurstöðu sem fékkst fyrir nokkrum árum í tengslum við sparisjóðalöggjöfina. En þetta get ég skoðað allt saman betur á eftir þegar ég kem inn í umræðuna eftir að hv. þm. hefur talað. (Gripið fram í.)

[14:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hefur alltaf fundist ástæða til að taka mark á yfirlýsingum ráðherra, ekki bara þessa hæstv. ráðherra heldur allra. Þeir hafa mikið af starfsfólki í kringum sig sem getur unnið mikla vinnu fyrir þá.

En hæstv. ráðherra kemur hingað upp og verður ber að því að hafa ekki hugmynd um um hvað hún er tala.

Það frv. sem ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sömdum er sex greinar en ekki 74 og það ákvæði sem hæstv. ráðherra vísaði til er þannig að það voru þau skilyrði fyrir því að bréf yrðu seld að öll stjórnin væri sammála og það væri aðlögunarhæfni til þriggja ára. Það voru engin höft á þessu, það mátti selja þessi bréf, skilyrðið var að allir stjórnarmenn væru sammála.

Það er aðeins eitt ákvæði í lögunum sem menn hafa athugasemdir við að því er varðar EES-samninginn, það er hið svokallaða 5% ákvæði um að enginn megi fara með meiri atkvæðisrétt en 5%. ESA er að skoða það. En það ákvæði hefur hæstv. ráðherra ekki áhuga á að taka út. (Forseti hringir.)

Ég vil því segja, virðulegi forseti, að mér finnst það ekki vandaður málflutningur þegar hæstv. ráðherra verður ber að því að hún er ekki einu sinni með það á hreinu að hverju hún er að dylgja í fjölmiðlum.

(**Forseti** (JBjart): Ég vil minna hv. þingmenn á í þessu knappa ræðuformi að halda sig innan tímarammans.)

[14:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara yfir þær — ég vil ekki kalla það árásir — þau orð sem hv. þm. lét falla um mig.

Það sem ég var að tala um í sambandi við 74. gr. er að lögð er til sú breyting í frv. sem skerðir hlut stofnfjáreigenda í SPRON sem hluthafa í sparisjóðnum frá því sem tillögur KB-banka og SPRON gera ráð fyrir. Það er því kominn ákveðinn verðmiði á þessa eign nú. Stofnfjáreigendur máttu gera ráð fyrir að löggjafinn tæki þennan rétt ekki af þeim. Stofnfjárhlutir eru eign í skilningi stjórnarskrár, eins og hv. þm. þekkir, og því leikur vafi á því hvort þessi grein samrýmist stjórnarskrárvörðum eignarrétti stofnfjáreigenda.

Þetta er það sem ég er að tala um í sambandi við 74. gr. Ég sé að hv. þm. hristir höfuðið en þetta er nú það sem ég las í hans drögum að frv.

[14:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég lít ekki svo á að þó að ég hafi kallað eftir skýringum hæstv. ráðherra um það hvað hún átti við með yfirlýsingum sínum í fjölmiðlum felist í því einhverjar árásir. Það er miklu eðlilegra, þegar gefið er í skyn að menn séu ekki að leggja fram hugmyndir sem standast, að útskýrt og skýrt sé hvers vegna þær eru gagnrýndar. En það hefur hins vegar komið augljóslega fram að það stendur ekki steinn yfir steini í gagnrýni hæstv. ráðherra og ætla ég að láta þar staðar numið í þeirri tilteknu umræðu. (Gripið fram í.) En almennt, virðulegi forseti, — ég get vel, ef hæstv. ráðherra vill, farið yfir það að það stendur ekki steinn yfir steini í þeirri gagnrýni sem hæstv. ráðherra setur fram enda eru engin höft á viðskiptin. Auk þess er það rétt hjá hæstv. ráðherra að stofnfjáreign er eign í skilningi eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og við sölu á þeim hefur Fjármálaeftirlitið metið það þannig að það megi selja á yfirverði og hvort sem það er selt á genginu 2,14 eða eftir að hafa uppreiknað um 2,6, 5,6 eða 9,12 eða hvað það er, breytir það engu. (**Gripið fram í:** Hlutafé?) Ég er að tala um stofnfé.

Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal veit bauð hann eða sá hópur sem hann stóð fyrir 5,5 á sínum tíma í stofnfé. Vissulega hefði verið hægt að gera það núna án þess að það hefði verið reiknað upp um 2,6. Þannig að það stendur náttúrlega ekki steinn yfir steini í þessari röksemdafærslu. Ég ætla — bara fyrir hæstv. ráðherra, vegna þess að það vill nú þannig til að ég hef lýst sérstakri ánægju með það að hæstv. ráðherra hafi komið fram með þetta frv. og ekki ætla ég að reyna að ýfa þá samvinnu sem ég held að við hæstv. ráðherra munum eiga í þessu máli og vænti þess — að lýsa því yfir, þó að hæstv. ráðherra hafi ekki viljað gera það, að ég geri fastlega ráð fyrir því að þetta mál sé lagt fram núna í því skyni að það verði orðið að lögum og birt fyrir 10. febrúar. Ef það er ekki dreg ég mjög í efa að það markmið náist að verja sparisjóðakerfið.

Ég tek að þessu leyti undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, að mjög mikilvægt er að hæstv. ráðherra svari því í þessari umræðu hvort vilji ríkisstjórnarinnar standi til þess að þetta verði að lögum og birt á þann hátt sem vera ber fyrir 10. febrúar, vegna þess að kjarninn í umræðunni er sá, að ef SPRON gengur út úr sparisjóðakerfinu er almenn skoðun manna að keðjan verði eftir svo veik að það verði mjög erfitt að halda henni gangandi. Þetta er ein keðja og ef maður slítur þennan hlekk muni hún eiga mjög erfitt.

Þar af leiðandi, ef við höfum sama markmið, að verja sparisjóðasambandið og sparisjóðakerfið eins og það er núna, verður þetta að verða að lögum og birtast fyrir 10. febrúar. Það er því eðlilegt að hæstv. ráðherra gefi yfirlýsingu um það í umræðunni hvort að þessu sé stefnt. Ég held að það sé mikilvægt fyrir þingið og nefndina, því að ef hæstv. ráðherra hefur ekki það markmið er alveg augljóst að þingmenn verða að reyna að beita sér í því skyni að þetta verði orðið að lögum fyrir 10. febrúar og beita þeim reglum sem þeir geta nýtt í því sambandi. En það er mjög mikilvægt fyrir áframhaldandi vinnu að þetta liggi fyrir og hæstv. ráðherra verður að gefa yfirlýsingu um það hvort ríkisstjórnin vilji að þetta verði að lögum fyrir 10. febrúar og birt — eða ekki.

En spurningin er líka þessi: Af hverju eru menn að leggja svona mikið á sig í því skyni að verja þetta kerfi? Af hverju eru menn að flytja frumvörp? Af hverju eru menn að standa í þessari baráttu? Hvað er það í sparisjóðunum sem menn vilja verja?

Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram að sú þróun sem verið hefur, að allt hafi smám saman verið að færast á færri hendur, sé til þess fallin að draga úr samkeppni, sé til þess fallin að takmarka möguleika neytenda til að fá betri kjör, og mjög mikilvægt sé að öflugir aðilar eins og sparisjóðirnir haldi áfram að vera til.

En það eru ekki síðri rök í þessu máli að í sparisjóðunum, þ.e. í sparisjóðakerfinu, eru kannski einu fjármálastofnanirnar sem virkilega einbeita sér að því að styðja við bakið á uppbyggingu á landsbyggðinni. Þar eru stofnanirnar víða hornsteinar í sínum samfélögum. Þess vegna verðum við að verja það, þó ekki sé nema í ljósi þess sem hefur verið að gerast á landsbyggðinni.

Þetta eru því tvenn meginrök fyrir því að við viljum verja sparisjóðakerfið. Ef SPRON fer út úr kerfinu verður það mjög erfitt. Þannig er veruleikinn. Þess vegna snýst baráttan um að þessi lög taki gildi fyrir 10. febrúar.

Ég held að nauðsynlegt sé að ég upplýsi hvernig á því stóð að ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tókum saman höndum til að reyna að skapa þverpólitíska samstöðu til að verja þá hagsmuni sem við töldum þess virði að verja.

Við vorum orðnir úrkula vonar um að hæstv. viðskrh. mundi gera nokkuð í þessum málum. Þegar það varð opinbert að hæstv. viðskrh. hafði sent stjórn SPRON bréf með spurningum þar sem kom fram að svör ættu ekki að berast fyrr en 5. eða 6. febrúar, þ.e. á morgun eða hinn — ég man ekki alveg hvorn daginn það var — varð ljóst að sá tími sem var eftir frá því að svör bærust þar til 10. febrúar rynni upp mundi ekki duga til þess að fara með lagabreytingu í gegnum þingið sem kæmi í veg fyrir þessa sölu.

Framhaldið hins vegar þekkja allir.

Í kjölfar þess að við lögðum hugmyndir okkar fram kom hæstv. viðskrh. fram með sína hugmynd sem er út af fyrir sig ágæt og er í átt að því markmiði sem við vildum ná, að því er við teljum. Þó að hún sé ekki eins vönduð og gangi ekki eins langt teljum við að þetta sé í samræmi við þau markmið sem við stefndum að. (Gripið fram í.) (**GÁS:** ... afsökun ...) Það er mikilvægt að menn geti nýtt sér vinnu annarra, það er ágætt. Það getur verið ágætt og sérstaklega þegar búið er að vinna þessa undirbúningsvinnu. En við sáum fram á að ekkert yrði úr neinu. Þess vegna förum við í málið. Svo kemur á daginn að það er þverpólitísk samstaða í þinginu að ljúka þessu máli. Þá kemur hæstv. ráðherra með sitt mál. Því fögnuðum við. Því ber að fagna og það höfum við gert þannig að þetta liggur fyrir.

Það liggur einnig fyrir í þessu að þegar lögin um fjármálafyrirtæki voru sett 2002 gekk vilji þingsins út á það að tryggja og viðhalda vexti sparisjóðanna, að þeir mundu lifa. Í reynd má segja sem svo að þau markmið hafi ekki náðst og þingið sé að bregðast við því núna, þingið sé að bregðast við því að lagasetningin 2002 hafi ekki verið nægilega vönduð. Það er eðlilegt. En þó held ég að það sé einnig rétt í þessari umræðu, og það hef ég líka sagt í efh.- og viðskn., að þeir forsvarsmenn sem hafa komið fram fyrir hönd SPRON hafa sýnt mikla hugmyndaauðgi á vegferð sinni í því skyni að selja KB-banka SPRON. Ég held að menn hafi ekki órað fyrir þessari leið þegar lögin voru sett. Mig minnir líka að menn hafi gefið yfirlýsingu í þá veru að þetta væri ekki hægt, jafnvel þeir sem að þessu hafa staðið nú, hv. þingmenn.

Það sem mig langaði einnig að koma að í þessari ræðu er að sparisjóðirnir sem slíkir eru ekki einhver rómantísk hugmynd sveipuð góðgerðarblæ. Það er nefnilega síður en svo. Þó að sparisjóðirnir byggi á ákveðnum hugmyndum um þátttöku í uppbyggingu á sínu félagssvæði í samfélagi sínu hafa þeir nefnilega sýnt það undanfarin missiri að þeim hefur verið að vaxa fiskur um hrygg. Þeir hafa til að mynda áunnið sér á ekki löngum tíma markaðshlutdeild í þjónustu við einstaklinga og jafnvel tvöfaldað hana á nokkrum árum. Sparisjóðirnir hafa í dag um það bil 28% markaðshlutdeild í þjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki. Þetta hefur farið vaxandi þannig að við erum ekki að tala um stofnanir á brauðfótum sem þarf að bjarga, síður en svo. Og á sama hátt hafa sparisjóðirnir lokið núna framtíðarstefnumótun sinni, reyndar á sjö árum þar sem menn gengu inn og út. Við þurfum að skapa þessum sparisjóðum það umhverfi að þeir geti lifað og þeir geti tekist á við þá samkeppni og það breytta efnahagsumhverfi sem fram undan er og við erum þegar komin í. Það er okkar hlutverk hér. Ég get tekið undir þau sjónarmið að við megum ekki loka sparisjóðina inni nema tryggja vöxt þeirra og viðgang þannig að þeir verði öflugir aðilar í samkeppni á markaði.

Í þessu frv. hæstv. ráðherra eru nokkur atriði sem þarf að fara mjög vandlega yfir. Við þurfum að reyna að átta okkur á hvort þetta frv. dugi til þess að ná því markmiði sem a.m.k. flestir stefna að, að þetta verði að lögum fyrir 10. febrúar, að sú aðferðafræði sem hefur verið beitt gangi ekki eftir og að þessar yfirtökuvarnir dugi til þess að vernda sparisjóðina. Eitt af því sem verður vitaskuld að svara — réttarástandið núna er sérkennilegt, til að mynda vegna þess að sett hefur verið stjórn yfir sjálfseignarstofnunina — spurningin sem vaknar er hvenær sú stjórn sem hér er kveðið á um að setja á laggirnar muni yfirtaka sjálfseignarstofnunina. Ef það gerist ekki fyrr en eftir 10. febrúar verður enginn til þess að tala máli sjálfseignarstofnunarinnar á stofnfundinum og þá mun það gerast sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði fyrir um, sjálfseignarstofnunin mun fara með 5% atkvæðavægi. Þá mun það gerast vegna þess að þá mun sjálfseignarstofnunin ekki nýta sér þann rétt sem hún hefur á stofnfundi til þess að kveða á um atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. Að því leytinu til stendur ekki steinn yfir steini í því sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur sagt, skýringunni á því af hverju þeir geta selt bréf í sjálfseignarstofnun á genginu 1. Sjálfseignarstofnunin getur á stofnfundi kveðið á um það að hún fari með atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. (**PHB:** Ekki ef hún selur bréfin.) Hún getur kveðið á um það, sjálfseignarstofnunin getur kveðið á um það á stofnfundi hlutafélags (**PHB:** Ekki ef hún selur bréfin.) að hún fari með atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. (**PHB:** Ekki ef hún selur bréfin.) Það er kveðið skýrt á um þetta í 75. gr. (**PHB:** Ekki ef hún selur bréfin.) laga um fjármálafyrirtæki.

Þá vaknar náttúrlega spurningin um hvernig hún ætli að selja hlutabréf í félagi sem ekki er orðið til. Hvernig geta menn selt það sem þeir ekki eiga, hv. þm. Pétur Blöndal? Það er eitthvað sem vert er að takast á við og ræða hér því að hv. þm. hefur manna helst talað um fé án hirðis. Hvað þá með að selja fé án hirðis, hvað þá með að selja það sem maður ekki á? (**Gripið fram í:** Góður.) Það held ég að sé eitthvað sem hv. þingmaður verði að skýra. Vel má vera að í þeirri hugmyndaauðgi sem þeir hafa sýnt við að ná markmiðum sínum hafi þeir fundið það út að með því að selja bréfin áður en félagið er stofnað sé hægt að koma í veg fyrir að sjálfseignarstofnun geti nýtt sér þann rétt sinn að lýsa því yfir á stofnfundi hlutafélags að hún fari með atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. Ef það er rétt að þessi aðferðafræði hafi verið stunduð er heldur betur búið að gjaldfella verðmæti sjálfseignarstofnunarinnar. (**PHB:** Ágætt.) Þá er heldur betur búið að gjaldfella verðmæti sjálfseignarstofnunarinnar, og hvar kemur þá fram þessi góðsemi sem menn lýstu yfir þegar þeir þóttust hafa búið til 6 milljarða sjóðinn? Menn voru þá væntanlega í reynd að selja sjálfseignarstofnunina langt undir markaðsvirði með því að aftengja möguleika stofnunarinnar á því að nýta sér rétt á stofnfundi til að lýsa því yfir að hún ætlaði að fara með atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. Þetta er grafalvarlegt mál ef það er rétt sem hv. þm. hefur kallað hér fram í. Þetta, virðulegi forseti, verður að liggja fyrir.

Á sama hátt, virðulegi forseti, hefði ég viljað sjá eins og er í frv. okkar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar — sem við höfum lýst yfir að við munum ekki leggja fram, a.m.k. ekki að sinni, í ljósi þess sem hér hefur komið fram hjá hæstv. viðskrh. — að afnám 5% reglunnar mundi einnig koma í veg fyrir þetta. Þá væru verðmæti sjálfseignarstofnunarinnar í samræmi við þann atkvæðisrétt og þann eignarhluta og menn gætu farið með atkvæðisrétt sinn. Það var í hugmyndum okkar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Án efa eigum við eftir að rekast á ýmislegt í meðförum þingsins um það hvernig á þessu máli hefur verið haldið. Auðvitað er afar sérstakt að í forustu fyrir efh.- og viðskn. þeirrar löggjafarsamkomu sem er að reyna að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp og tryggja vilja Alþingis frá því að setning laga um fjármálafyrirtæki náði fram að ganga skuli vera einstaklingur sem situr í stjórn SPRON og er einnig stofnfjáreigandi í SPRON. Með úrskurði sínum beindi hæstv. forseti Alþingis því einfaldlega til hv. þingmanns hvort honum þætti rétt að sitja áfram eða ekki, það yrði hann að eiga við siðferðiskennd sína. Ég tek undir það með hæstv. forseta að hv. þm. verður að eiga það við sjálfan sig hvað hann gerir. Ég hef hins vegar ekki trú á því að hv. þingmaður muni standa í vegi fyrir því að frv. verði að lögum fyrir 10. febrúar og birt ef það er vilji ríkisstjórnarinnar. En það kallar náttúrlega á það, virðulegi forseti, að hæstv. viðskrh. gefi þá yfirlýsingu hér að vilji ríkisstjórnarinnar standi til þess að málið verði að lögum fyrir 10. febrúar. Annars verður mjög erfitt að standa við markmiðið um að verja sparisjóðakerfið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta að sinni, enda mikilvægt að málið komist sem fyrst til nefndar. Að sjálfsögðu munum við óska eftir því að fundur í efh.- og viðskn. verði haldinn svo fljótt sem auðið er. Best væri ef hægt yrði að boða til þess fundar strax að lokinni þessari umræðu en að sjálfsögðu er það í höndum formanns nefndarinnar og forustu þingsins hvort af því verður. Enginn velkist í vafa um að það er ekki mikill tími til stefnu og því skiptir miklu máli að menn vinni hratt og vandi sig eins og kostur er. Það er þó nægur tími til að ljúka þessu máli og því vona ég, virðulegi forseti, að sá vilji sem hefur komið fram á hinu háa Alþingi, um að yfirtakan nái ekki fram að ganga, verði að veruleika og vilji lýðræðislega kjörins þings nái fram að ganga.

[14:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gætti nokkurs misskilnings hjá hv. þingmanni varðandi sjálfseignarstofnunina. Í lögum segir, með leyfi forseta:

„Sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skal sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi ...“ Það á sem sagt að stofna sjálfseignarstofnunina áður en breytingin á sér stað og til þess þarf að setja henni stjórn, að sjálfsögðu. Sjálfseignarstofnunin getur farið með 5% eða þá með atkvæðavægi í hlutfalli við hlutafé sitt og það vill svo til að í SPRON eru ákvæði um að hún fari með atkvæðavægi miðað við sitt hlutafé. Þegar hún selur hins vegar hlutafé sitt fær kaupandinn bara 5% fyrir öll hlutabréfin. Það er þetta ákvæði *sem veldur mismunandi verði*. Það er þetta ákvæði, frú forseti, sem veldur mismunandi verði, að kaupandinn skiptir á óskráðum bréfum í SPRON hf. og skráðum bréfum í Kaupþingi, KB-banka, sem eru skráð bæði á Íslandi og í Svíþjóð og eru þar af leiðandi verðmeiri. Auk þess eru kastpeningar upp á 1.000 millj. Skuldabréfin sem eru skráð á markaði gera það að verkum að þetta er betra fyrir sjálfseignarstofnunina, að fá 6 milljarða með þeim hætti. Sá sem kaupir fer bara með 5% og hann þarf að bjóða stofnfjáreigendum svo mikið að hann nái öllum nema kannski 2,5% en þeir eru ekki skyldugir til að selja. Stjórn SPRON getur ekki skyldað þá til að selja. Þetta er mjög alvarlegur misskilningur hjá hv. þingmanni.

Varðandi hagsmunagæslu mína er ég bara orðinn þreyttur á því að sitja undir svona ræðum, áburði ogýjunum og einhverju slíku. Ég hef sagt það að ég hefði sennilega meiri hagsmuni af því að sitja í stjórn SPRON áfram sem sparisjóðs og ég verð efalaust kosinn, reikna ég með, af stofnfjáreigendum og hugsanlega verð ég formaður og þá er ég búinn að græða meira á einu ári en ég græði á stofnbréfunum.

[14:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef menn stunda einhverja leikfimi áður en kemur til stofnfundar hlutafélagsins þá má að sjálfsögðu eyðileggja möguleika sjálfseignarstofnunar eða þeirra sem hafa þessi bréf á hendi til þess að nýta sér atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu má stunda einhverja slíka leikfimi.

Í 75. gr. laga um fjármálafyrirtæki segir einfaldlega að sjálfseignarstofnun geti á stofnfundi ákveðið að fara með atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn.

Hv. þm. Pétur Blöndal, sem hefur það markmið að verða stjórnarformaður í SPRON, verður þá að skýra út hvers vegna sjálfseignarstofnunin getur ekki nýtt sér þennan rétt þegar hlutafélagið verður stofnað. Hvers vegna er sú staða komin upp þegar hlutafélagið er stofnað?

En svo vil ég einnig segja af því að hv. þm. er orðinn svona óskaplega þreyttur og hefur lýst því yfir að hann eigi óskaplega bágt sökum þess að menn draga í efa að það sé skynsamlegt hjá honum, hv. þingmanni, að sitja sem formaður efh.- og viðskn. við þessar aðstæður að þá er það hv. þingmanns að leysa úr því vandamáli og það getur hann gert á mjög einfaldan hátt, hann getur einfaldlega sagt sig frá málinu.

[14:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Sjálfseignarstofnunin mun fara með atkvæðamagn í samræmi við sitt hlutafé á stofnfundinum. Það er ákvæði um það. Hins vegar, þegar tilboð kom í hlutabréfin í SPRON hf. frá KB-bankanum, sem stjórnin mat vera mjög *góðan og tryggði framtíð SPRON* — stjórn SPRON taldi öll að þetta mundi tryggja framtíð SPRON, það gæti starfað áfram og fengi sterkan bakhjarl, starfsfólkið væri tryggt, viðskiptavinirnir væru tryggðir með betri þjónustu — þá var stjórnin einhuga um að ganga að þessu.

Mismunandi verð helgast af því að þegar KB-bankinn kaupir hlutabréfin í SPRON hf. fær hann ekki nema 5% fyrir öll bréfin sem hann kaupir af sjálfseignarstofnuninni, hann fær ekki meira. Þess vegna getur hann ekki borgað mikið meira fyrir það, hann þarf að bjóða meira fyrir restina til að ná í 97,5% sem hann þarf til að geta breytt samþykktum. *Svona eru lögin sett, frú forseti, frá Alþingi, sem við störfum* eftir í dag og stjórn SPRON hefur vandað sig við að fara að lögum.

Varðandi mína hagsmunagæslu, þá vil ég segja í fyrsta lagi að ef mér væri heimilt að segja mig frá málinu, sem ég tel að mér sé ekki heimilt, mundu menn að sjálfsögðu um leið nota það og segja: Bíddu við, hann er að segja sig frá málinu af því að hann er eitthvað vanhæfur. Menn mundu strax gera það, hv. þm. mundi fyrstur manna gera það. Þess vegna get ég ekki sagt mig frá málinu, enda banna þingsköpin það. Ég á að mæta á þingfundi samkvæmt þingsköpum nema nauðsyn banni. Það er engin nauðsyn sem bannar mér það. Og þegar ég sit á nefndarfundi ber mér að stjórna honum. Það stendur í þingsköpum. Menn eiga að lesa þingsköpin betur og fara eftir þeim.

[14:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að elta ólar við þau lokaorð sem hér féllu. Þau eru í engu samræmi við þingvenjur, þau eru í engu samræmi við hefðir til áratuga. Hv. þm. hefur því fundið þetta upp hjá sjálfum sér til þess eins að geta setið sem formaður efh.- og viðskn. og þess vegna verður hann, alveg eins og hæstv. forseti þingsins sagði, að eiga það við sína samvisku að hann sitji þar áfram.

En eftir stendur, virðulegi forseti, og því hefur hv. þm. ekki svarað: *Hvernig stendur á því að sú stjórn sem nú* situr, er búin að ganga svo frá málum að það er búið að selja hlutabréf sem sjálfseignarstofnunin á í SPRON til aðila fyrir fram, áður en félagið er stofnað? Fyrir fram til aðila sem fær aðeins 5% atkvæðavægi ef þetta gengur eftir, því að nú erum við að tala um að reyna að leiðrétta kúrsinn, að breyta lögum til þess að þetta gangi ekki eftir. Hvernig stendur á því að búið er að selja þetta fyrir fram og búa það þannig úr garði að stofnfjáreigendur hafa með því meiri hluta í SPRON hf. og þannig skapað verðmæti fyrir eigin bréf, virðulegi forseti, og þannig gert það að verkum að eigin bréf eru verðmeiri en annarra? Er þetta, virðulegi forseti, til þess fallið að tryggja hagsmuni sjálfseignarstofnunarinnar? Er þetta hagsmunagæslan?

Eru þetta ekki rökin, eru þetta ekki grunnrökin fyrir því að koma þurfi böndum á hv. þm. Pétur Blöndal og fleiri, og breyta lögum þannig að vilji Alþingis nái fram að ganga?

[14:51]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla að leyfa mér að svara hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrst. Hann spurði: Af hverju tekur stjórn SPRON þessa ákvörðun?

Stjórn SPRON er þeirrar skoðunar að lífeyrissjóðirnir muni ekki standast þá samkeppni sem er vaxandi í kerfinu. Hún er þeirrar skoðunar að samkeppni sé að vaxa, það þurfi miklu sterkari bakhjarla varðandi útvegun lánsfjár sem hafi

gott lánshæfismat, og það þurfi miklu sterkari markaðssetningu en sparisjóðirnir verða færir um og það þurfi miklu sterkari tölvukerfi og dýrari.

Allt þetta gerir það að verkum að stjórn SPRON er á þeirri skoðun, öndvert við aðra sparisjóði, suma hverja, ekki alla, að þeir fái ekki staðist til lengdar eftir að þeir misstu af því tækifæri fyrir þremur árum að sameinast um Kaupþing eða sameina Sparisjóðabankann og Kaupþing. Þá hefðu þeir hugsanlega getað lifað af en misklíðin var svo mikil innan húss og mismunandi sjónarmið á því hvort menn lifi af eða ekki að þeir náðu ekki saman, og það er miður. Stjórn SPRON telur hag SPRON langbest borgið með því að sameina SPRON KB-bankanum þar sem KB-bankinn hefur það að markmiði að gera SPRON að öflugasta fyrirtæki á landinu í þjónustu við einstaklinga. Það er markmið þeirra. Og þetta er gott fyrir starfsmennina því að þeir fá aukin verkefni miðað við það sem áður var. Þetta er gott fyrir viðskiptavinina því að þeir fá bæði betri þjónustu, betra tölvukerfi, betri og lægri lán sem sparisjóðirnir geta ekki veitt með lánshæfismati og þeir munu geta boðið upp á betra tölvukerfi. Þess vegna sameinaðist stjórn SPRON um þessa lausn.

Ég ætla að ræða rétt aðeins um uppruna sparisjóðanna. Eins og lífeyrissjóðir og margir fleiri voru þeir stofnaðir á sínum tíma til að afla lánsfjár á markaði þar sem var mikill lánsfjárskortur og -hungur, þar sem voru neikvæðir vextir sem bremsuðu sparnað. Sparisjóðirnir voru stofnaðir til þess að afla lánsfjár, það var ekkert annað göfugt á bak við það. Iðnaðarmenn í Reykjavík stofnuðu SPRON á sínum tíma til þess að fá innlán frá Reykvíkingum til þess að geta byggt íbúðir í Norðurmýrinni af því að bankarnir neituðu að lána til Reykvíkinga af því að það mundi örva fólksflutninga utan af landi.

Sparisjóður vélstjóra var líka stofnaður í sama tilgangi, til að útvega mönnum í þeirri stétt lánsfé til að stunda atvinnurekstur. Sparisjóður verslunarmanna var stofnaður nákvæmlega eins, verslunarsparisjóðurinn, samvinnusparisjóðurinn og alþýðusparisjóðurinn. Ég nefni þessa þrjá síðustu vegna þess að með lögum hefur þeim verið breytt í hlutafélög og við þá breytingu eignuðust stofnfjáreigendur, sem þá höfðu eingöngu lagt fram ábyrgðir, alla sparisjóðina.

Þetta er það fordæmi sem löggjafinn hefur gefið og nú skyldu menn huga að dómi Hæstaréttar í öryrkjamálinu sl. haust. Hann sagði að ef menn ættu kröfu samkvæmt lögum á eitthvað þá væri ekki hægt að setja lög sem skertu þann rétt. Nú er búið að setja lög á Alþingi sem taka í tilfelli SPRON 80% af eignum sparisjóðsins og setja inn í sérstaka stofnun, sjálfseignarstofnun. Menn hafa velt því fyrir sér hvort þetta fái staðist og vísað í öryrkjadóminn, af hverju stofnfjáreigendur eigi ekki allan sparisjóðinn. Þetta er líka spurning. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki bara í stofnskránni?) Í stjórnarskránni? (**Gripið fram í:** Í stofnskránni.) Nei, nei, það stendur bara að þeir fái arð. En þarna var þessu breytt með lögum þannig að stofnfjáreigendur fengu allan sparisjóðinn, og það er fordæmi sem löggjafinn hefur gefið.

Þróunin hefur verið sú að lánskjör hafa verið að batna og lækka, það er orðin krafa um lága vexti á lánum, sem ekki var áður, tölvuvinnslan er orðin gífurlega mikil, markaðssetning, og þetta krefst allt saman stórra eininga. Litlir sparisjóðir geta ekki starfað lengur nema í miklu samfloti, það er útilokað. Sú þróun að krefjast stórra eininga verður ekki stöðvuð með lögum, ég hef enga trú á því, ekki nema við viljum detta aftur til fornaldar í atvinnulífinu. Sparisjóðirnir verða því annaðhvort að vinna mjög náið saman, mjög þröngt og þá með sameiningum eða góðum vilja, sem þeir ekki hafa sýnt, því miður, frú forseti. Það er mikil misklíð, mikið um hrepparíg, mikið af smákóngum innan sparisjóðanna, því miður, ég hef kynnst því sjálfur. Þetta eru vandræði sparisjóðanna í hnotskurn.

Ég vil rétt aðeins nefna eigið fé sparisjóðanna, það er gaman að fara í gegnum það. Eigið fé sparisjóðanna er 20 milljarðar í dag, en þeir græddu 11 milljarða á Kaupþingi einu sér. 11 af þessum 20 milljörðum eru fé sem á síðustu fimm árum hefur myndast með sölu á Kaupþingi. Það er nú allt þetta göfuga fé sem menn eru að tala um. Og það veldur því að sparisjóðirnir hafa getað aukið hlut sinn á markaði. (**Gripið fram í:** Það sýnir bara ...) En þetta gera þeir ekki aftur. (**Gripið fram í:** Það sýnir hvað þeir eru snjallir í viðskiptum.) Já, þeir voru snjallir að kaupa Kaupþing. En þetta gera þeir ekki aftur. (**Gripið fram í:** Heldurðu að það komi ekki fleiri viðskiptatækifæri í lífinu, hvað rugl er þetta?) Þetta munu þeir ekki gera aftur og þetta gerir það að verkum að sú sýndarafkoma sem þeir hafa og sá sýndarstyrkur sem þeir hafa er ekki sem skyldi. (**Gripið fram í:** Hefurðu aldrei ... í framtíðina?)

Nú er gert ráð fyrir því í þessum lögum sem sett voru fyrir þrem árum að mynda sjóð og menn eru almennt ekkert ósáttir við það, mynda sjóð sem enginn á, sem ég er reyndar mjög óhress með af því að það þarf einhver að fara með hann, og þessi sjóður er tekinn af stofnfjáreigendum, þeir hafa myndað hann, þeir fá hann ekki. Sagt er að þeir fái uppreiknað stofnfé, það sé nógu gott ofan í þá. Ókei, þá finnst mér að það eigi að snúa því við, að ef illa gengur eigi þeir að fá greitt stofnfé engu að síður. Ef t.d. sparisjóður fer á hausinn, eins og hefur gerst iðulega, þá fái stofnfjáreigandi sitt hlutafé engu að síður. Og ég mundi leggja til að þingmenn af gæsku sinni settu ríkisábyrgð á stofnfé þannig að stofnfjáreigendur fái stofnfé endurgreitt uppreiknað, óháð afkomu sparisjóðsins, því að þeir geta farið illa og þeir hafa farið illa undanfarið. Það þarf ekki að nefna nema Siglufjörð, Ólafsfjörð, Hornafjörð o.s.frv. Margir sparisjóðir á Vestfjörðum hafa farið illa. Og sparisjóðirnir eru stöðugt að grípa undir, kaupa stofnfé hver í öðrum. Mér skilst að SPRON sé stofnfjáreigandi í fjölda sparisjóða og KB-banki líka. Hann er stærsti stofnfjáreigandi í Sparisjóði Vestfirðinga, skilst mér, KB-bankinn, á 10%.

Ég hef alltaf haft mikinn ímugust á þessu fé sem enginn á og nú er það að koma í ljós. Það mun einhver þurfa að fara með þetta. Það verður einhver að stjórna þessu, hvort sem það eru opinberir starfsmenn hæstv. viðskrh., einhverjir opinberir starfsmenn sem settir verða þarna í stjórn, eða starfsmenn Reykjavíkurborgar eða einhverjir starfsmenn sparisjóðasambandsins eða fulltrúar stofnfjáreigenda. Það er einhver sem þarf að fara með þessa peninga. Það er einhver sem ráðstafar, einhver sem selur hlutabréf og er að kaupa hlutabréf og einhver sem er að úthluta arði, einhver sem er að gefa peninga til menningar- og líknarmála og verður vinsæll fyrir bragðið. Þetta er stórhættulegt, alveg stórhættulegt og þetta er í gangi á fullu. Ég kem inn á það á eftir.

Samningur stjórnar SPRON og KB-banka var gerður 21. desember. Menn vönduðu sig við að fara að lögum. Stjórnarformaður SPRON er afskaplega vandur að virðingu sinni og hann leggst yfir hvert einasta atriði skref fyrir skref. Hann vandaði sig við að fara að lögum í einu og öllu. Markmiðið var í fyrsta lagi að tryggja stöðu SPRON til framtíðar, fyrst og fremst, í öðru lagi að tryggja stöðu starfsfólks og í þriðja

lagi að tryggja stöðu viðskiptavina því að sparisjóðurinn er ekkert annað en starfsfólkið og viðskiptavinirnir. Að síðustu var markmiðið að gæta hagsmuna stofnfjáreigenda þannig að þeir yrðu ekki hlunnfarnir.

Ég hef nefnt þetta með mismunandi verð og tel mig hafa rökstutt það nægilega þannig að ég ætla ekki að nefna það frekar. Það sem hefur breyst frá því að sparisjóðurinn var stofnaður er að nú er allt yfirfljótandi í peningum, frú forseti. Það er vandamál að finna góða skuldara. Þess vegna hafa sparisjóðir ekki það sama vægi fyrir stofnfjáreigendur og þeir höfðu í upphafi. Þess vegna þurfa þeir að breyta algerlega um stefnu. Viðhorfin hafa breyst.

Í stað þess að menn standi í slagsmálum eins og hér hafa átt sér stað á þingi, koma á bönnum og klekkja á stofnfjáreigendum, reyna að hrekkja þá eins og hægt er ættu menn að virða fólkið sem hefur stofnað sparisjóðina. Nú er svo komið að þetta fólk gengur með hauspoka. Það þorir varla að láta sjá sig vegna árása þingmanna á stofnfjáreigendur, þá sem stofnuðu sparisjóðina, þingmanna sem ekki stofnuðu sparisjóði sjálfir, ekki stóðu að þessum atvinnurekstri og ekki veittu ábyrgðir. Ég tel að menn eigi að vinna með stofnfjáreigendum og reyna — það kristallaðist í huga mínum eftir viðræður í efh.- og viðskn. við fulltrúa utan af landi — að nýta staðbundna þekkingu starfsmanna sparisjóðanna, staðbundna þekkingu á hverjum einasta stað.

Starfsmaður sparisjóðanna veit að Gunna borgar alltaf af lánum sínum og að Jón borgar aldrei af sínum lánum. Þessa þekkingu á að nota til að koma út þeim yfirfljótandi peningum sem eru hér í Reykjavík. Þetta þarf að gera með góðu samstarfi viðkomandi sparisjóðs við stóra lánastofnun, stóru bankana, annaðhvort með eignasamruna eða með góðu samkomulagi. Ég tel að þetta væri hægt ef menn létu af smákóngahættinum og þeim endalausu slagsmálum sem eru í gangi, m.a. hér á Alþingi. Alþingi er í raun að setja lög á stofnfjáreigendur.

Samningurinn sem gerður var var háður samþykki Fjármálaeftirlitsins og það á eftir að fara í gegnum það hvort þetta sé ekki allt í samræmi við lög. Sú stofnun sinnir eftirlitshlutverki samkvæmt ákvörðun Alþingis ásamt Samkeppnisstofnun, fólk verður líka að hugsa um samkeppnina. Samningurinn er jafnframt háður samþykki stofnfjáreigendafundar, að sjálfsögðu, í samræmi við lög.

Samningnum var síðan breytt lítillega þannig að sjálfseignarstofnunin eignaðist ekki nema 2 þús. millj. kr. í hlutabréfum í KB-banka. Það var að mínu frumkvæði til þess að minnka valdahættuna. Upphaflega var tilboðið þannig að sjálfseignarstofnunin átti að eiga 6 þús. millj. í KB-banka sem hefði þýtt að hún hefði ráðið heilum manni. Það hefði orðið mjög hættulegt að mínu mati, upp á spillinguna, að mönnum væri hreinlega mútað til að kjósa ákveðna menn í stjórnina, t.d. í valdabaráttu milli Íslendinga og Svía í því fyrirtæki. Til að koma í veg fyrir slíkt reyndi ég að minnka þetta niður í 2 þús. millj. kr. og tókst það. Annað eru hlutabréf og staðgreiðsla sem ekki fylgja völd. Það er gert ráð fyrir því í samþykktum að ekki megi kaupa frekari hlutabréf til að minnka hættuna af því fé sem enginn á, sem ég er mjög vakandi yfir.

Gert er ráð fyrir að sjálfseignarstofnunin dæli út peningum í menningar- og líknarmál, umtalsverðum peningum. Nú skulu menn skoða það, frú forseti, hvaðan þessir peningar koma, þessar 6 þús. millj. kr. Þeir koma ekki úr SPRON. SPRON gæti aldrei með sínum 4 þús. millj. kr. af eigin fé borgað slíka styrki. Ef SPRON gerði það mundi allur hagnaður ársins fara í styrki. Nei, það er KB-banki sem borgar þennan sjóð. Það er KB-banki sem borgar stofnfjáreigendum. Það er KB-banki sem ákveður að gera tilboð á þennan hátt. Önnur tilboð sem við fengum voru ekki eins góð, jafnvel þannig að stofnfjáreigendur hefðu tapað, fengið minna heldur en sjálfseignastofnunin. Kaupandinn ákveður verðið en ekki seljandinn. Ætla menn sér að hjálpa KB-bankanum að lækka verðið til hans út á þetta? Hvað vilja menn gera?

Frv. sem fyrir liggur, frú forseti, er ríkisvæðing sparisjóðanna. Þó að hæstv. ráðherra hafi sagt annað þá þýðir það að engum sparisjóði verður breytt í hlutafélag héðan í frá. Stofnfjáreigendur fara ekki að breyta sparisjóðum sínum í hlutafélög og afhenda fólki sem ekkert hefur komið nálægt sparisjóðsrekstrinum öll völd í fyrirtækinu. Það munu þeir ekki gera. Í SPRON mundu stofnfjáreigendur, ef þeir fylgdu því sem gert er ráð fyrir í þessu nýja frv., eiga 20% hlutafjár, eitt þúsund manns en einhver einn aðili sem opinberir starfsmenn stýra ætti 80% og réði 80%. Það þýðir að stofnfjáreigendur eignuðust hlutabréf sem væru gersamlega óseljanleg. Það vill enginn kaupa slík hlutabréf. Það þekkja þeir sem eru á markaði. Ég hefði ráðlagt hverjum einasta manni í slíkri stöðu að innleysa hlutabréf sín. Með þessum hætti verður engum sparisjóði breytt í hlutafélag nema staðan sé orðin svo slæm að stofnfjáreigendur hafi hvort eð er tapað fé sínu. Hér er talað um að menn geti gert eitthvað og þetta sé ekki skerðing á eignarrétti. Auðvitað er þetta skerðing á eignarrétti. Annars vegar geta menn fengið milljónir fyrir stofnfé sitt, eins og KB-bankinn er að greiða, eða þá verið með verðlausa pappíra. Er það ekki skerðing á eignarrétti? Halda menn virkilega að þetta muni fara hikstalaust í gegn og að gerðum samningum verði breytt þannig að einstaklingar tapi milljónum? Það kemur ekki til.

Frv. mun nokkuð örugglega leiða til þess, ef það verður samþykkt, að samningi SPRON og KB-banka verður rift, þ.e. ef þetta á að gilda fyrir þann samning. Þá kemur upp merkilegur hlutur, frú forseti. Það er búið að tilkynna þennan samning til sænska verðbréfamarkaðarins. Nú vil ég að menn taki eftir. Eitt ákveðið fyrirtæki á sænska verðbréfamarkaðnum er búið að kaupa stærsta sparisjóð Íslands, það var tilkynnt 22. desember, algerlega samkvæmt lögum. Síðan kemur lýðveldið Ísland og breytir lögunum, breytir forsendum samningsins sem gerður var. Hvað halda menn að útlendingar segi við slíku? Hvað halda menn að útlendingar segi þegar kaupsamningi er rift með lögum? Hvers lags álit halda menn að útlendingar hafi á íslensku atvinnulífi og lagaumgjörð ef þetta er hægt? Ég ætla að biðja menn að athuga það. Um leið og þessi lög yrðu samþykkt geri ég ráð fyrir að senda þurfi slíka tilkynningu.

Menn vaða áfram án þess að hugsa um afleiðingar þess sem þeir gera. Þeir ættu að hugsa sig betur um. (**LB:** Menn gerðu það og það er akkúrat málið.) Svo vakna fleiri spurningar. Eins og kunnugt er ber mönnum að aka yfir á grænu ljósi og stöðva við rautt ljós. Ef Alþingi tæki upp á því að breyta þessu þannig að það yrði bannað að aka yfir á grænu en leyfilegt á rauðu og létu það gilda frá 1. desember sl. og sektuðu þá sem keyrðu yfir á grænu, hvernig mundi mönnum lítast á það? Hvar er réttarríkið? Hvar er vernd borgarans fyrir inngripi löggjafans ef gerðir samningar eru gerðir ógildir með lögum, samningar sem væntanlega eru gerðir í samræmi við lög? Varla færi hæstv. viðskrh. að vaða fram með þetta frv. ef hún óttaðist ekki niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins. Hún

er í raun búin að segja að Fjármálaeftirlitið muni ekki geta staðið gegn þessu. Annars væri þetta frv. óþarft, ef menn vissu að Fjármálaeftirlitið setti sig gegn þessu. Þannig er í raun búið að segja að þessi samningur sé algerlega í samræmi við lög, enda vönduðu menn sig við hann. Nú á að taka hann úr sambandi með lögum. Ég ætla að biðja menn að skoða pínulítið hvað þeir eru að gera.

Í kjölfarið koma örugglega skaðabætur. SPRON er búið að leggja út í mikinn kostnað við mat á fyrirtækinu, það er búið að leggja út í mikinn kostnað við samningagerð o.s.frv., margar milljónir. Auðvitað á ríkið að endurgreiða SPRON þær fjárhæðir. Hið sama gildir um KB-banka. Svo koma einstaka stofnfjáreigendur. Þeir geta innleyst stofnfé sitt á uppreiknuðu nafnverði en ekki á því verði sem boðið hafði verið.

Ég vil benda á eitt í sambandi við þetta allt saman. Við erum með fullt af svona fyrirbærum. Við erum með KEA, Bændahöllina, Mjólkursamsöluna og Brunabótafélagið, allt fé sem enginn á en einhver hefur til stofnað. Oftast eru það bændur, meira að segja fátækir bændur sem hafa búið til mikið fé sem enginn á og einhver ráðskast með. KEA var nú síðast að bjóða í ÚA. Þeir eru með 3 þús. millj. kr. í sjóði.

[15:11]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í mínum huga er skýrt að það að vera formaður nefndar á sérsviði gerir ákveðnar kröfur til hv. þingmanna. Við 1. og 2. umr., sérstaklega 1. umr., ber þeim einstaklingi að hlýða á og virða þau sjónarmið sem fram koma í þingsal, fyrst og fremst til að geta gætt hlutleysis við meðferð mála. Það er rík ábyrgð sem hvílir á formanni hverrar nefndar á hv. þingi.

Finnst hv. þm. Pétri Blöndal eða hæstv. forseta að þessa hlutleysis hafi verið gætt í málflutningi hans? Finnst hv. þingmanni, eftir þessa ræðu, að hann geti með góðri samvisku stýrt störfum efh.- og viðskn.?

Hv. þm. lýsti því yfir að þetta frv. væri nánast hneisa sem hæstv. ráðherra hefði vaðið fram með. Ég öfunda ekki þá einstaklinga, hvort sem um er að ræða hv. þingmenn í stjórn eða stjórnarandstöðu, sem eiga eftir að sitja við umfjöllun um frv. sem hér er til umræðu undir stjórn hv. þm. eftir þá ræðu sem hér var flutt. Finnst hv. þm. að hér hafi hlutleysis verið gætt?

[15:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri aldeilis undarlegt ef ég ætti að afsala mér öllum skoðunum og baráttumálum af því að ég gerist formaður nefndar. Það væri aldeilis undarlegt. Það væri mjög undarlegt ef ég mætti ekki berjast fyrir því, að mér sýnist einn gegn öllum öðrum þingmönnum. Það væri undarlegt ef sjónarmið mitt mætti ekki heyrast af því að ég er formaður nefndar. Þetta hef ég aldrei heyrt áður, aldrei nokkurn tíma.

Auðvitað hlusta ég á alla umræðuna. Auðvitað hlusta ég á allt það sem menn segja og auðvitað verð ég í nefndinni, stýri fundi og gef mönnum orðið. Það hefur enginn kvartað undan því að ég hafi ekki gefið mönnum orðið. Hlutverk mitt í nefndinni er eingöngu að kalla hana saman og ég hef lýst því yfir að ég mun gera það hratt og vel og í samræmi við kröfur þingsins. Ég vildi bara vita frá hæstv. ráðherra hve mikið lægi á, hvort það væri 10. febrúar sem um er að ræða og hvort spurningin sé um að ógilda þennan samning eða ekki. Ég hef spurt að því sérstaklega og ég mun flýta störfum nefndarinnar eins og hægt er.

Ég hef líka spurt hvort ég hefði tíma til að leita umsagna eða hvort ég geti kallað til gesti. Þetta er hlutverk mitt og allir nefndarmenn hafa sama vægið í nefndinni. Allir geta tekið til máls og ég held að ég eigi meira bágt að vera í þeirri nefnd en aðrir nefndarmenn eftir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég er nærri viss um að ég verð þar í minni hluta en ekki í meiri hluta þar sem ég muni eitthvað misbeita valdi. Mér finnst þetta ótrúleg umræða. Telja menn virkilega að þingmenn eigi að hætta að berjast fyrir málum sínum? Á hv. þm. Helgi Hjörvar að hætta að berjast fyrir málefnum öryrkja af því að hann hefur hag af því sjálfur?

[15:15]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að við erum með allt aðrar skoðanir á því hvert hlutverk nefndarformanns er á hv. þingi við 1. umr. Ég tel að málið snúist ekki um það hvort hv. þm. Pétur Blöndal á meira bágt en aðrir nefndarmenn. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst ekki heldur um það eins og við höfum mátt hlusta á í dag hvort hv. þm. græðir meira fyrir eða eftir frv. Málið snýst ekki um það. Málið snýst ekki um persónulega hagsmuni hv. þm. (**PHB:** Það er alltaf verið að segja það.) Það gerir það ekki. En hv. þm. hefur lagt lóð sín á vogarskálina til að gera þetta mál að persónulegu baráttumáli sínu. Ég tel að 1. umr. máls sé reifun þess þar sem allar hliðar koma fram. En ræða hv. þm. var beinlínis jarðarför þessa frv. ef hv. þm. mætti ráða.

Eftir þessa ræðu er nauðsynlegt fyrir hv. þm. að gera það upp við sig, hvað sem líður öllum starfsreglum sem hv. þm. vitnar svo gjarnan til, hvort eðlilegt sé að hv. þm. stýri fundum nefndar eftir þessa ræðu.

[15:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekkert í því sem hv. þm. sagði gerir það að verkum að ég sé á einhvern hátt vanhæfur til að vera formaður nefndar. Það hefur iðulega komið fyrir að nefndarmenn hafa mælt fyrir málum og haft sínar skoðanir á málum sem nefndin mun fjalla um. Ég nefni skattamál þar sem nefndarformenn hafa verið mjög hrifnir af ákveðnum málum eða miður hrifnir. Þeir hafa tjáð sig um þau og mega það að sjálfsögðu. Það væri undarlegt ef þingmenn mundu afsala sér skoðanafrelsi við það að verða nefndarformenn. Nefndarformaður er ekkert sérstakt annað en það að hann boðar fundi og stýrir þeim. Hann hefur ekkert vald umfram aðra nefndarmenn að því leyti, ekkert einasta. (**MF:** Þá er þetta þér að ...) Já, ég skil því ekki þessa umræðu, ég skil ekki þá viðkvæmni að eini maðurinn á þinginu sem hefur eitthvað tjáð sig um að hann efist um ágæti frv. sem við erum að ræða, bæði þessa og næsta frv., megi ekki láta skoðanir sínar uppi. Mega skoðanir ekki koma fram, eða hvað? Eru menn hræddir við þær? Eru menn hræddir við það sem ég er að segja, eða hvað?

[15:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mjög mikilvægt að þau sjónarmið sem hv. þm. setti fram skuli hafa verið sett fram strax við 1. umr. Sparisjóðunum hefur vegnað vel. Þeir hafa verið að efla markaðshlutdeild sína og hafa verið að stækka og auka veltu sína mjög mikið. Með öðrum orðum, þetta hafa verið fín fyrirtæki. Þau hafa líka skipt miklu máli á þeim svæðum sem þau hafa starfað á. Og það er ákveðin hugmyndafræði

á bak við starfsemi sparisjóðanna sem við erum fylgjandi og erum að reyna að verja. En hv. þm. opinberaði sína hugmyndafræði mjög vel. Hann gefur nefnilega dauðann og djöfulinn í allt, nema hagsmuni stofnfjáreigenda. Annað skiptir ekki máli. Annað er algjört aukaatriði.

Ef marka má ræðu hv. þm. er sennilega stefna hans að koma allri fjármálastarfsemi undir eitt fyrirtæki. Það gefur ekkert fyrir samkeppnina. Það gefur ekkert fyrir neytendurna. Það gefur ekkert fyrir landsbyggðina. Það gefur ekki neitt fyrir neinn nema hagsmuni stofnfjáreigenda. Og hv. þm. er einn þeirra.

[15:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er ég alveg hættur að skilja. Ef sparisjóðunum vegnar svona vel og allt er í ljómanum, hver er þá vandinn? Af hverju er verið að setja þessi lög? Hver er vandinn? Af hverju má ekki breyta SPRON í hlutafélag og selja það til KB-banka? Hver er vandinn? Ég skil það ekki ef reksturinn gengur svona ljómandi vel.

Nei, ég veit hver vandinn er. Sparisjóðirnir óttast stofnfjáreigendur sína, að þeir muni verða seldir hver á fætur öðrum. Það er það sem menn óttast því stofnfjáreigendur þurfa að tveimur þriðju hlutum að samþykkja breytinguna. Og það eru þeir sem stofnuðu sparisjóðina. Það eru þeir sem ráða þeim samkvæmt lögum. Það eru þeir sem kjósa stjórn og það eru þeir sem samþykkja breytingu. Og ef allt er í sómanum og allt gengur vel, hvað er þá að óttast? Af hverju þarf Sparisjóður vélstjóra að óttast stofnfjáreigendur sína, þá sem stofnuðu þá einu sinni, til þess að ná fram ákveðnum markmiðum? Ég skil það ekki.

Hv. þm. geta kannski upplýst mig um hver vandinn er. Af hverju, ef þetta gengur svona vel, má SPRON ekki fylgja sinni stefnu? Stjórn SPRON telur að þetta sé það besta sem hún geti gert fyrir starfsemi SPRON. Og af hverju má hún ekki gera það eins og hún er einhuga um?

[15:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Kjarninn í starfsemi sparisjóðanna er sá að þeir vinna saman sem ein heild, hæstv. forseti. Þess vegna er hættan sú, ef jafnmikilvægur hlekkur verður tekinn úr keðjunni eins og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er, að aðrir sjóðir muni gefa eftir. Þessir sjóðir byggja á ákveðinni hugmyndafræði sem við viljum verja. Við viljum verja hugmyndafræðina að baki sparisjóðunum. Þeir eru mjög víða hornsteinar í samfélaginu. Við viljum verja þessa hugmyndafræði og þingið hefur lýst því yfir að vilja gera það. Hv. þm. hins vegar með sinni sveit hefur reynt að nýta sér allar glufur í lögunum til að komast fram hjá því eins og fram hefur komið. Það er því með ólíkindum að það megi ekki láta sparisjóðina í friði og tryggja ákveðna samkeppni á fjármálamarkaði.

Hv. þm. spurði: Hvað er að óttast? Einmitt svona menn, hv. þingmenn sem virðast ekki einu sinni tilbúnir til að verja hugmyndafræði sem býr að baki starfsemi sparisjóða sem hafa það að markmiði að efla starfssvæði sitt. Nei, fyrst og fremst er verið að verja hagsmuni þröngs hóps. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég fagna því að í þessari umræðu hafi hv. þm. gert sig beran að þessum sjónarmiðum á jafnskýran hátt og raun ber vitni því það er mikilvægt að vita hvar menn standa.

[15:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og hv. þm. hafi ekki hlustað á alla ræðu mína. Ég sagði að markmið stjórnar SPRON hefði verið að tryggja stöðu SPRON til framtíðar númer eitt, tvö og þrjú. Síðan að gæta hagsmuna starfsmanna, svo viðskiptavina jafnframt og að síðustu að gæta þess að stofnfjáreigendur væru sæmilega sáttir. Það voru markmiðin, í þessari röð. Þetta hefur allt tekist með því samkomulagi sem gert var á undraverðan hátt og ég var virkilega ánægður því við vissum ekki hvaða tilboð við mundum fá, en við settum þessar kröfur fram þegar við leituðum eftir tilboðum frá bönkunum. Þessar kröfur í þessari röð. Og tilboðið frá KB-banka uppfyllti þau öll. Ég ætla ekki að segja hvernig önnur tilboð voru. En í sumum tilboðunum hefðu stofnfjáreigendur fengið minna en sjálfseignarstofnunin og tapað. Það er sem sagt KB-banki sem er að búa til þennan mikla sjóð sem mun veita peninga til menningar- og líknarmála í þeim mæli sem við höfum aldrei séð áður sem menn ætla að eyðileggja núna. Menn ætla að eyðileggja að veitt sé 300–400 millj. kr. á ári til menningar- og líknarmála í Reykjavík. Þeir peningar koma ekki frá SPRON. Þetta er miklu meira en allt eigið fé SPRON. Þeir koma frá KB-banka sem sá sér hag í því að borga þetta.

Varðandi það að sjá glufur í lögum. Menn fóru algjörlega að lögum. Það voru engar glufur. Og að láta sparisjóðinn í friði, hvað eru menn að gera hérna? Eru þeir að láta sparisjóðinn í friði? Láta þeir SPRON í friði? Ó, nei. Og stofnfjáreigendur eru ekki þröngur hópur, hjá SPRON eru þetta 1.100 manns. Það er ekki þröngur hópur.

[15:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég segja um það frv. sem hér er til umræðu að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður frv. svo langt sem það nær.

Inn í þessa umræðu hefur fléttast umræða um framtíð sparisjóðanna almennt í landinu, en einnig hafa sjónir manna sérstaklega beinst að Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, atburðarás og ákvörðunum sem teknar hafa verið þar á bæ. Það hefur m.a. komið fram við umræðuna, af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals, að þar ríki mikill einhugur og þingið sé hugsanlega að ganga gegn vilja stjórnarinnar.

Ég ætla að leyfa mér að segja það vera mikla einföldun að setja málið fram með þessum hætti, vegna þess að innan stjórnar SPRON hafa menn komist að niðurstöðu á mjög mismunandi forsendum. Annars vegar hefur þar verið hópur í sókn fyrir eigin hag og hins vegar hefur verið hópur í vörn fyrir almannahag. Við skulum ekki gleyma því að innan sparisjóðsins í hópi stofnfjárfesta, stofnfjárhafa, eru einstaklingar sem hafa lagt mikið kapp á að gera sem mest úr sínum hlut. Við þekkjum þessa sögu á undanförnum missirum.

Það er vert að fara örfáum orðum um sögu sparisjóðanna. Ég ætla þó ekki að taka meira en tvær til þrjár mínútur til þess. Þeir eiga sér langa og merkilega sögu, hálfrar annarrar aldar sögu. Fyrsti sparisjóðurinn var Sparisjóður búlausra í Skútustaðahreppi, stofnaður 1858. Síðan fjölgaði í hópi sparisjóða. Um þá voru smíðuð lög árið 1915 sem tóku breytingum í áranna rás, 1941, 1985, 1993, 1996, árið 2001, 2002 og síðan erum við að ræða frv. á árinu 2004.

Hvers vegna horfi ég aftur í tímann? Vegna þess að það er athyglisvert við þessi lög og greinargerðir sem fylgja þeim að þar er gegnumgangandi rauður þráður um hlutverk

þessara sjóða, félagslegt mikilvægi sparisjóðanna í landinu. Þar hefur þegar á heildina er litið ekki verið ágreiningur.

Í greinargerð með stjórnarfrv. sem lagt var fram á þingi vorið 2001 segir m.a., með leyfi forseta:

„Sparisjóðir á Íslandi, líkt og annars staðar í Evrópu, eru fyrst og fremst staðbundin fjármálafyrirtæki með sterk tengsl við starfssvæði sitt og nána samvinnu sín á milli. Sparisjóðirnir hafa verið reknir með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki til hámarksarðs fyrir stofnfjáreigendur. Markmiðið með rekstrinum var því að stuðla að almannahag."

Þetta er í greinargerð með stjfrv. á árinu 2001. Þessi félagslegu sjónarmið, þessar félagslegu áherslur, hafa jafnan verið í greinargerðum þeirra frv. sem ég vísaði til hér áðan.

Síðan hafa önnur viðhorf verið að skjóta upp kollinum í seinni tíð og minnast menn þá atburðarásarinnar sumarið 2002 þegar hópur stofnfjárfesta í SPRON vildi gera samkomulag við Búnaðarbankann sem fyrir sitt leyti hafði augastað á SPRON, vildi yfirtaka þá stofnun. Þessir aðilar fengu ekki sínu framgengt þá en hafa síðan stofnað samtök, Samtök stofnfjárfesta. Í þeim munu vera um 100 af 1.100 stofnfjárfestum eða stofnfjárhöfum í SPRON. Fulltrúar þeirra komu m.a. á fund efh.- og viðskn. þingsins nú í vikunni og þar kvað við nokkuð annan tón en í greinargerðum með þeim frv. sem ég vísaði til, því að þar var spurt m.a hver væri drifkraftur vestrænna hagkerfa. Og því var svarað að bragði að það væri hagnaðarvonin. Þetta er sú hugsun sem þar á bæ var uppi og það er athyglisvert að gaumgæfa fréttabréf frá SPRON þar sem fjallað er um atburðarás síðustu vikna.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem nefnd á vegum stjórnar SPRON hefur unnið sleitulaust að því frá síðasta aðalfundi að finna ásættanlega leið fyrir stofnfjáreigendur til að fá hærra verð fyrir stofnbréf sín en uppreiknað kaupverð, auk þess að tryggja sjálfstæði SPRON sem fjármálafyrirtækis, hefur stjórn Starfsmannasjóðsins beðið átekta varðandi frekari aðgerðir í málinu."

Hér er því lýst yfir alveg skýrt og skorinort að unnið verði að því að finna leið til að keyra upp verðið fyrir stofnfjáreigendur á þeirra hlut. Það er ekkert verið að fela markmiðin hér. Hér er það ekki almannahagur sem er hafður að leiðarljósi. Öllum hinum félagslegu sjónarmiðum sem eru sem rauður þráður í lagasmíð um sparisjóði allar götur frá 1915 er vikið til hliðar og hagnaðarvon stofnfjáreigenda höfð að leiðarljósi. Það er í þessu ljósi sem ber að skoða samstöðuna sem myndast innan stjórnar SPRON. Þar er komin skýringin á því að ég segi að menn hafi komist að ákveðinni niðurstöðu, annars vegar í sókn fyrir eigin hag og hins vegar í vörn fyrir almannahag.

Mig langar til þess, með leyfi forseta, að vitna í yfirlýsingu eins stjórnarmanns sem send hefur verið fjölmiðlum, Árna Þórs Sigurðssonar, sem er félagi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og stjórnarmaður í SPRON.

Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar SPRON í dag var rætt um málefni sparisjóðsins í ljósi stjórnarfrumvarps viðskiptaráðherra um fjármálafyrirtæki. Ákveðið var að bíða með ákvarðanir í málinu en undirritaður stjórnarmaður í SPRON taldi hins vegar rétt að ákveða nú þegar að hætta við áform um hlutafélagavæðingu SPRON og lagði af því tilefni fram eftirfarandi bókun:

„Með vísan til þess að viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp sem í raun kemur í veg fyrir löglegan samning SPRON og KB-banka og þess, að SPRON hefur ætíð ætlað sér að vinna í samræmi við lög, tel ég rétt að stjórn SPRON ákveði nú þegar að leggja til hliðar áform um að breyta SPRON í hlutafélag.""

Hér kem ég að aðkomu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þessu máli og þeim áherslum sem hafa verið uppi í málinu af okkar hálfu og eru ekki að taka neinum breytingum núna í hugaræsingi síðustu vikna heldur byggja á stefnu sem við löngum höfum byggt á.

Ég vísaði hér í lagabreytingar vorið 2001 og síðan aftur í lagabreytingar haustið 2002. Árið 2001 voru þær breytingar gerðar á lögum sem þá hétu lög um viðskiptabanka og sparisjóði — þeim var síðar breytt í lög um fjármálafyrirtæki — þá voru þær breytingar gerðar á þessum lögum að heimild var sett í lögin um að breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Við vorum þessu andvíg. Við töldum þetta ekki skynsamlega ráðstöfun og vorum þar ein á báti. En gott og vel. Það náði fram að ganga og síðan leið og beið. Það kemur fram á sumar 2002.

Þá verður hin makalausa uppákoma af hálfu stofnfjárfesta í SPRON að þeir vilja gera samning við Búnaðarbankann sem, eins og ég gat um áðan, vildi yfirtaka SPRON. Verður nú uppi mikil umræða í þjóðfélaginu að nýju. Nú skiptist þingið í tvær meginfylkingar, misstórar mjög. Annars vegar var stjórnarliðið, stjórnarmeirihlutinn og verulegur hluti stjórnarandstöðunnar og hins vegar þau sjónarmið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði áherslu á. Og hver var munurinn á þessum tveimur stefnum?

Ríkisstjórnarflokkarnir og hluti stjórnarandstöðunnar vildu reisa girðingar inn í núverandi lög gegn því að stofnfjárhlutir væru seldir á yfirverði — og gleymdi ég nú lögunum í sæti mínu.

Þessar breytingar voru á 70. gr. laganna sem þá hétu orðið lög um fjármálafyrirtæki. Þar var sett svokallað 5% ákvæði sem snýr að heildaratkvæðamagni í sparisjóði og hins vegar að framsali á virkum stofnfjárhlut, þ.e. hlut umfram 10%, að því einvörðungu væri heimilt að ráðstafa þeim hlut að það væri gert til uppbyggingar sparisjóðanna, sameiningar sparisjóða eða til þess að efla sparisjóði. Þetta voru þær girðingar sem stjórnarmeirihlutinn vildi setja inn í þessi lög og gerði.

Menn sáu hins vegar ekki við hinum herskáu stofnfjáreigendum í SPRON sem fóru síðan aðrar leiðir. Það gerðum við hins vegar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vegna þess að við settum fram lagafrumvarp á þessum tíma þar sem annars vegar var vikið að framsali stofnfjárhluta, að það væri óheimilt nema með — þar gerðum við tillögu um breytingu á 22. gr. laganna. En við vildum einnig láta fella úr gildi þær lagagreinar þar sem kveðið var á um heimild til að breyta sparisjóðunum í hlutafélög, þ.e. a-hluta og b-hluta 37. gr. Sömuleiðis vildum við breyta 72. gr. laganna þar sem fjallað var um þetta efni. Þetta var aðkoma okkar að þessum málum á þessum tíma og hefði sú leið betur verið farin. Þá stæðum við ekki í þessum sporum.

Ríkisstjórnin kann að hafa það sér til málsbóta að innan úr sparisjóðasamfélaginu heyrðust þær raddir að heppilegt væri að hafa ákvæði sem heimiluði sparisjóðunum að umbylta sér í hlutafélög. Þær raddir heyri ég ekki í dag.

Hvað gerist síðan og hver hefur verið atburðarásin núna síðustu vikurnar? Eftir að það varð ljóst hvaða áform eru uppi innan stjórnar SPRON, og það varð ljóst í lok síðasta árs, í desember rétt um hátíðarnar, þá kom þingflokkur Vinstri

hreyfingarinnar – græns framboðs saman og fór fram á það formlega að efh.- og viðskn. þingsins yrði kölluð saman þegar í stað. Þetta var gert fyrir 27. des. sl. (**PHB:** 22. des.) 22. desember mun það hafa verið gert. Nú leiðréttir mig hv. formaður nefndarinnar. (**PHB:** Brást vel við.) Og það var brugðist vel við, segir hv. formaður. Nefndin kom síðan saman eða reyndi að koma saman og ég ætla nú ekki að hafa frekari orð um þann vandræðagang sem fylgdi í kjölfarið því að nefndin reyndist óstarfhæf eins og við þekkjum vegna deilna um form og er það mjög miður.

Það sem við gerðum hins vegar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var að leita álits hlutaðeigandi aðila, hagsmunaaðila. Og hverjir skyldu þeir vera? Jú, það eru sveitarfélögin, það eru fulltrúar sveitarfélaga, einkum á landsbyggðinni. Hjá þeim leituðum við álits. Við leituðum álits inni í sparisjóðasamfélaginu og fórum að spyrjast fyrir um hvað menn vildu að yrði aðhafst.

Það komu fram ýmsar hugmyndir. Af okkar hálfu kom að sjálfsögðu helst til álita að setja að nýju fram þær tillögur um lagabreytingar sem við áður höfðum sett fram, höfðum sett fram haustið 2002, um bann við því að umbreyta sparisjóðum í hlutafélög. Þetta er okkar stefna og við höfum flutt um þetta þingmál.

Önnur hugmynd sem var reifuð innan þingflokksins var að setja ákveðið frestunarákvæði gagnvart þeirri lagaklásúlu í anda þess sem Frjálsl. flutti síðan hér á þingi. Niðurstaða okkar varð hins vegar sú að við skyldum á þessu stigi láta kyrrt liggja vegna þess að við mundum leggja ofurkapp á það að ná þverpólitískri samstöðu um málið því þetta væri stórt mál þar sem menn skyldu forðast að slá sig til riddara. Við höfum núna síðustu daga fengið að kynnast ýmsum afreksmönnum í þessu máli. En við töldum rétt að fara þessa leið, þ.e. hlusta á raddir sparisjóðanna, heyra sjónarmiðin innan úr SPRON, frá stjórn SPRON, frá stjórn sparisjóðanna og frá sveitarfélögunum. Og það var í þessum anda og með þetta í huga sem við vildum að efh.- og viðskn. yrði kölluð saman, þ.e. til þess að heyra þessi sjónarmið, hvort það gæti verið að þær áherslur sem voru uppi af hálfu sparisjóðanna fyrir tveimur árum eða svo kynnu að vera aðrar í dag. Það er mjög slæmt að ekki skyldi hafa getað orðið af þessum fundi fyrr en nú.

Hér stöndum við núna með þessar tillögur frá hálfu ríkisstjórnarinnar. Mér finnst mjög mikilvægt að fá frumvarpið til nefndar og ítarlegrar skoðunar þar. Ég hef hér gert grein fyrir áherslum okkar í þessu máli, hvaða breytingar við vildum helst gera á lögunum. Sú afstaða er óbreytt frá því sem hún var vorið 2001 og óbreytt frá því að við lögðum fram tillögur um lagabreytingar haustið 2002. En við viljum hlusta á sjónarmið annarra og freista þess að ná pólitískri samstöðu um málið.

Um sparisjóðina almennt er það að segja og þá fundi sem þegar hafa verið haldnir að það er mjög mikilvægt að styrkja undirstöðu þeirra. Og varðandi fundina þá kom það sjónarmið fram frá fulltrúum sparisjóðanna almennt að hér væri verið að tefla upp á líf og dauða. Þeir voru mjög samstiga í málflutningi sínum og þar greini ég að sjálfsögðu SPRON-menn eða fulltrúa SPRON frá öðrum sjóðum. Það sem mér finnst vera áhyggjuefni og nokkuð sem ber að vinna að í framtíðinni að reyna að laga er sú gjá sem er orðin milli SPRON annars vegar, Reykvíkinga annars vegar, og landsbyggðarsjóðanna hins vegar. Mér finnst það vera verkefni að reyna að brúa þessa gjá.

Margt athyglisvert var sagt á þessum fundi. Fulltrúi sparisjóða á Vestfjörðum sagðist stundum spyrja sig hvort sparisjóðirnir væru eina opinbera stofnunin eftir í þeim landshluta. Ég skrifa nú ekki upp á þá söguskýringu. En það sem býr að baki þessari yfirlýsingu er merkilegt. Þarna er verið að leggja áherslu á hið félagslega mikilvægi sparisjóðanna. Þeir eru ekki í nokkurri einustu kreppu. Fyrir fáeinum árum var markaðshlutdeild sparisjóðanna á Íslandi um 14%. Nú er hún fjórðungur, 25%. Þeir standa sterkt. Við vorum minnt á það að þegar bankakreppan skall á í Noregi, Svíþjóð reyndar einnig og Kanada — en í Noregi reyndust sparisjóðirnir miklu styrkari en viðskiptabankarnir. Þeir komust út úr kreppunni hálfu öðru ári á undan öðrum fjármálastofnunum. Það segir sína sögu.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsti því yfir í upphafi fundar að við í Frjálsl. mundum ekki leggja neinn stein í götu þess að þetta mál sem við núna ræðum fengi fljóta og skjóta meðferð í þinginu. Ég fer ekkert í launkofa með að viðhorf okkar, þingmanna Frjálsl., er að stöðva beri frekari hlutafjárvæðingu í sparisjóðunum um sinn. Við höfum lagt fram sérstakt mál hér á hv. Alþingi sem ég mun væntanlega mæla fyrir seinna í dag, mál sem kveður á um að taka þá heimild út úr lögum í tvö ár að hægt sé að fara með sparisjóðina inn í hlutafélagsform og þar með að taka einnig úr sambandi það söluferli sem er m.a. tilefni þess máls sem við erum hér að ræða og hæstv. viðskrh. flytur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Aðeins um viðhorf okkar í Frjálsl. til þeirra mála sem snúa almennt að bankastarfsemi, hlutafélagavæðingu og einkavæðingu í landinu. Ég held að það sé rétt að geta þess, virðulegi forseti, í upphafi máls að Frjálsl. taldi, þegar verið var að einkavæða hér bankakerfið, að það ætti að gerast með dreifðri eignaraðild. Við lögðumst ekki beint gegn því að bönkunum yrði breytt í hlutafélög og þeir síðar seldir, ríkið færi út úr bankastarfseminni, heldur lögðum við sérstaka áherslu á að sú eignabreyting og rekstrarfyrirkomulagsbreyting yrði gerð með þeim takmörkunum að hlutafé í bönkunum yrði selt með mjög dreifðri aðild. Við nefndum t.d. 3% í því sambandi og jafnframt að söluheimild á slíku hlutafé væri takmörkuð um 3–5 ár eftir að bönkunum hefði verið breytt í hlutafélag. Við töldum að þessi breyting ætti að gerast hægt en lögðumst ekki gegn henni á sínum tíma.

Þegar hlutafjárvæðingin í bönkunum og stofnunum þeirra og einkavæðing fór hins vegar fram með þeim hætti að þar urðu til sérstakar blokkir sem keyptu bankana, Búnaðarbanka og Landsbanka, og horfið var frá þessari stefnu um dreifða eignaraðild, hvað þá heldur um að það væri nokkur takmörkun á framsali þeirra hluta sem gerðu þá breytingu hægfara, og það var stefnt að því að gera þetta með því ráði að ákveðnir aðilar næðu algjörum yfirtökum í viðkomandi viðskiptastofnunum, Búnaðarbanka annars vegar og Landsbankanum hins vegar, töldum við þá stefnu mjög misráðna. Það er skoðun okkar enn þann dag í dag að á mjög rangan hátt hafi verið farið í það mál allt saman. Reynslan hefur líka sýnt að á undanförnum missirum hefur orðið mikil breyting á starfsemi bankanna sem eru farnir að taka til hendinni og vera með alls konar tilfærslur í þjóðfélagi okkar, með eign fyrirtækja og skipulagi sem ég held að mörgum Íslendingnum finnist að sé eiginlega ekki hlutverk þeirra, þeir séu komnir út fyrir þann ramma sem menn töldu að hinir venjulegu viðskiptabankar okkar ættu að halda sig innan frekar en

að vera í fararbroddi fyrir eignauppskiptum í þjóðfélaginu. Sú hefur þróunin þó orðið.

Í ljósi alls þessa er ekki nema von að við hrökkvum við þegar nú stefnir til þess að stofnað verði hlutafélag um sparisjóðina sem síðan á að selja bönkunum. Þar komum við auðvitað að því máli sem hér er verið að ræða um, SPRON og yfirtöku síðan KB-banka á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem væri stefnumótun um það að leggja niður sparisjóðakerfið í landinu ef eftir gengi. Þess vegna er það algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að það sem kom upp með þeim gjörningi sem gerður var í desember og samningi við KB-banka um að sá banki eignaðist Sparisjóð Reykjavíkur er í andstöðu við þá stefnu sem við höfum viljað sjá í peningamálum og dreifðri eignaraðild hér á landi og í andstöðu við það sem við höfum talið að þyrfti að horfa til, að hér yrði ekki víðtæk samþjöppun á öllum sviðum þjóðfélagsins, samþjöppun sem síðar gæti stefnt til fákeppni. Við þekkjum mörg dæmi um það. Við þekkjum samþjöppunina í sjávarútvegi sem er á fullri ferð og hana má einnig sjá víða annars staðar í þjóðfélaginu.

Það er mjög ánægjulegt, vil ég leyfa mér að segja, að Sjálfstfl. og Samf. skyldu hafa náð saman í vinnu sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Einar Oddur Kristjánsson lögðu í til að koma í veg fyrir að slík ör samþjöppun héldi áfram með uppkaupum á sparisjóðunum í hlutafé og síðan uppkaupum þeirra og þar með niðurlagningu á sparisjóðakerfinu í landinu og hinum dreifðu þjónustustofnunum sem sparisjóðirnir eru og hafa verið fyrir landsbyggð alla í áratugi. Þeir verða það líka vonandi áfram, ef marka má þau viðhorf sem eru uppi á hv. Alþingi í dag þótt hv. þm. Pétur Blöndal hafi í þeim málum einn allt önnur viðhorf, að því er virðist, en þingheimur allur.

Það fór ekkert á milli mála, virðulegi forseti, að þegar síðast var hreyft við lögum um sparisjóðina á Alþingi, 2002, var verið að setja inn í löggjöfina varnir gegn yfirtöku á sparisjóðunum. Það beinlínis stendur í greinargerð með frv. sem mig langar að vitna í, með leyfi forseta:

„Ákvæðum um sparisjóði er breytt til að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða. Þannig er kveðið á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skal heimila framsal á virkum eignarhlut."

Þarf ég að lesa lengra til að draga það fram hver áhersla Alþingis var? Hún var sú að stöðva það að slík yfirtaka gæti átt sér stað.

Það er rangt sem kom hér fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem lét að því liggja að þingmenn Frjálsl. hefðu verið í kapphlaupi við að leggja fram frv. sem stöðvaði samrunaferli sparisjóðanna við önnur fjármálafyrirtæki. Við vorum ekki hér í kapphlaupi við nokkurn einasta mann eða nokkurn þingflokk um það. Við vorum eingöngu að fylgja eftir þeim málum okkar sem við töldum sjálfsögð og eðlileg, þeirri áherslu á stefnu okkar í Frjálsl. að koma í veg fyrir að hér héldi áfram sú öra samþjöppun sem verið hefur á svo mörgum sviðum í þjóðfélaginu, eins og ég hef komið að áður í máli mínu.

Þess vegna tók þingflokkurinn þá ákvörðun áður en þing kom saman að leggja inn frv. sem ég mun mæla fyrir hér síðar í dag um að taka úr sambandi 73.–76. gr. laganna um hlutafélagavæðingu og sölu til 1. janúar 2006, til þess að mönnum gefist ráðrúm til þess að lagfæra löggjöfina og gera hana þannig úr garði eins og ég og hinir þingmenn Frjálsl. stóðum í meiningu um að hefði verið vilji Alþingis árið 2002.

Þess vegna lögðum við þetta frestunarfrumvarp fram. Við sáum ekki að til stæði að setja undir lekann og enginn sagði við okkur í Frjálsl. eitt einasta orð um það að menn væru að vinna að þessu máli. Það eina sem við höfðum heyrt frá hæstv. viðskrh. var að hún hefði skrifað bréf og beðið um skýringar. Menn vita til hvers mun draga hinn 10. febrúar varðandi SPRON-málið. Þess vegna lögðum við þetta frv. fram en ekki í samkeppni við neinn til þess að verða fyrstir til að gera hér eitt eða neitt. Þetta var eingöngu til að koma málinu af stað inni á Alþingi ef aðrir ætluðu ekki að taka á því.

Við lýstum því líka yfir og ég lýsti því yfir sérstaklega í upphafi máls í dag að ef það mál sem hér liggur fyrir af hendi ríkisstjórnarinnar næði þeim tilgangi að stöðva það ferli sem er núna í farvatninu legðumst við alls ekki gegn því og gætum vel hugsað okkur að styðja frv. Það verður þá að ná þeim markmiðum.

Ég verð hins vegar að segja það, virðulegur forseti, að þegar ég er búinn að lesa þessar tvær greinar sem í frv. hæstv. viðskrh. eru sé ég ekki að það nái því markmiði sem við erum að leita að, því að stöðva það ferli að sparisjóðirnir verði gerðir að hlutafélögum og renni síðan inn í aðrar fjármálastofnanir í landinu og þar með verði enn á ný vegið að hinum dreifðu byggðum landsins. Það er búið að gera nóg af því að vega að dreifðum byggðum landsins með þeim aðförum sem hafa verið hér í gildi á undanförnum árum, m.a. í fiskveiðistjórnarkerfinu og öðrum samþjöppunum og einkavinavæðingu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu. Ég held að hæstv. viðskrh. verði að leggja meira af mörkum til þess að stöðva það sem hér á að stöðva heldur en það sem birtist í þessu frv.

Þess vegna vil ég benda á það, virðulegi forseti, að ef allt um þrýtur og menn ná ekki lendingu í því að fá inn í frv. lagfæringar þar sem skýrari áherslur þarf til að lagabreytingin nái þeim markmiðum sem að er stefnt held ég að mönnum væri bara best að samþykkja það frv. sem við höfum lagt hér til um frestun og gefa sér þá meiri tíma til þess að vinna málið. Að öðru leyti er frv. okkar ekki neitt kappsmál. Við viljum bara að það nái þeim tilgangi að koma í veg fyrir það að sparisjóðirnir verði allir keyptir upp á næstu vikum, mánuðum og árum af stærri viðskiptablokkum í landinu, eins og núverandi bönkum. Það er meginmál, virðulegi forseti.

Í greinargerð með frv. hæstv. viðskrh. kemur fram að athugun ESA er ekki komin langt, þ.e. athugasemdir um það hvað standist lög og reglur samkvæmt EES-samningnum. Ekki liggur heldur fyrir hvort stofnunin muni taka skýringar ráðuneytisins gildar. Þar er kannski komin enn ein áherslan á það að frv. þingmanna Frjálsl. verði notað í þeirri biðstöðu sem kann að skapast til þess að hægt verði að taka á þessu máli með fullri sæmd og í þá veru sem ég tel að vilji Alþingis hafi staðið til.

Það fer ekkert á milli mála hvert mikilvægi sparisjóðanna er í landinu fyrir landsbyggðina og fólkið sem þar býr, og er ekki vanþörf á að styrkja þá stöðu víða á landsbyggðinni sem fólk býr við eftir mjög óvissa framtíð um atvinnu sína, m.a. vegna endalausra kvótatilfærslna. Eru nú nýleg dæmi í því efni og voru nýlega rædd í þinginu og þarf ekki að rekja þá sögu nánar. Hv. þm. Jón Bjarnason vakti máls á þeirri umræðu, um söluna á Brimi og hinum stóru sjávarútvegsfyrirtækjum, sem leiddi vonandi í ljós að það er ekki bara í hinum smærri byggðum, hinum dreifðu byggðum Íslands,

sem menn þurfa að óttast, það er líka í hinum stærri og það ætti öllum að vera orðið ljóst.

Stjórnarandstöðunni allri var þetta ljóst fyrir síðustu alþingiskosningar og benti á leiðir til breytinga, þó að þær væru ekki allar nákvæmlega eins útfærðar og menn hefðu misjafnar skoðanir á því hvernig fara ætti að því marki. En ríkisstjórnarflokkunum var það ekki ljóst. Þeir töldu að nauðsynlegt væri að keyra áfram á hinu frjálsa framsali kvótakerfisins.

Það hefur auðvitað sýnt sig að byggðin hefur veikst að mörgu leyti vegna þeirra laga og byggðin mundi enn veikjast ef svo færi fram að sparisjóðirnir rynnu inn í hina stóru banka. (Forseti hringir.) Það er brýn nauðsyn til þess, virðulegi forseti, að ...

(**Forseti** (SP)**:** Forseti spyr hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Nákvæmlega fjórar mínútur og 40 sekúndur.

(**Forseti** (SP)**:** Það stóð til að fresta þingfundi milli klukkan fjögur og fimm. Ef það er stutt eftir getur hv. þm. lokið ræðu sinni.)

Virðulegi forseti. Ég var á fundi með 1. forseta þingsins og þingflokksformönnum. Þar var talað um að fresta fundi klukkan 16.15. Ég veit ekki hvort starfandi forseta hafa borist þau ummæli en ég kom af þeim fundi beint í þennan ræðustól.

(**Forseti** (SP)**:** Forseta er ekki kunnugt um þá tímasetningu en hv. þm. heldur þá áfram ræðu sinni.)

Takk fyrir. Það liggur algjörlega fyrir, virðulegi forseti, að landsbyggðin þarf á því að halda að hlutur hennar sé skoðaður í öllum þeim samþjöppunarmálum sem átt hafa sér stað hér á landi á undanförnum mánuðum og missirum. Ég lít svo á að það sé hlutverk okkar á hv. Alþingi, og fagna því að Sjálfstfl. skuli hafa samþykkt þann vegvísi að það væri æskilegt að taka á því að koma í veg fyrir þessa samþjöppun sem gæti annars orðið varðandi sparisjóðina. Ég fagna því einnig að hæstv. viðskrh. skuli hafa lagt fram þetta frv. og ríkisstjórnin á bak við það því að það sýnir mér að það er ákveðinn vilji til þess að hægja á því geysilega samþjöppunarferli sem verið hefur hér á landi á undanförnum árum og missirum. Menn eru sem sagt að viðurkenna að það þurfi aðeins að horfa til þess hvernig mál hafa þróast í þessu ríki, okkar landi, Íslandi, og að ekki sé hægt að láta hin hörðu viðskiptasjónarmið og hina frjálsu möguleika kvótabrasksins eða annarrar samþjöppunar í þjóðfélaginu leika algjörlega lausum hala og að það sé ekki heldur hægt varðandi sparisjóðina. Ég tek algjörlega undir það sjónarmið og fagna því að það skuli koma fram, að nú sé tími til að staldra við þegar komið er að því að þjappa sparisjóðunum undir eignarhald stærri bankastofnana.

Við í Frjálsl. fögnum því að þetta mál skuli koma fram og vonum að það verði unnið þannig í nefnd að það dugi til þess hlutverks sem því er ætlað, að stöðva frekari samþjöppun á peningavaldi í landinu með því að bankarnir kaupi sparisjóðina.

Það hefur verið minnst hér á upphaf sparisjóðanna, á stofnun þeirra og tilgang, að þeir hafi verið stofnaðir víða til þess m.a. að afla fjár til húsbygginga og til minni fyrirtækja. Það er gott að það hefur orðið hlutskipti sparisjóðanna í gegnum tíðina að halda áfram að vera bakhjarl einstakra viðskiptamanna sinna, einstaklinganna og hinna minni fyrirtækja. Ég fagna því að sparisjóðirnir skuli vera til og hafi á mörgum sviðum og oft verið sá bakhjarl sem byggðirnar hafa treyst á þegar komið hefur til þess að standa með einstaklingum, bæði heima í héraði og einstaklingum til þess að stofna til atvinnureksturs, en það hafa þeir vissulega gert og haft þar mikilvægt hlutverk og munu vonandi hafa áfram, óskertir af yfirstjórn hinna stóru blokka á peningamarkaði hér á landi.

Ég vék að því í upphafi máls míns að ég óttaðist að gengi það eftir að sparisjóðirnir yrðu yfirteknir af bankastofnunum kæmi hér samþjöppun og síðan fákeppni. Það ber vissulega að varast, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál að sinni um það frv. sem hér er lagt fram en tel að frv. það sem mér var sýnt, og ég tel ekki lengur trúnaðarmál, frá hendi hv. þingmanna Einars Odds Kristjánssonar og Lúðvíks Bergvinssonar, nái betur þeim markmiðum sem að er stefnt en frv. ráðherrans. Ég vona að hv. efh.- og viðskn. taki málið til gaumgæfilegrar skoðunar og skirrist ekki við að nota þá frv. Frjálsl. til þess að vinna tíma til að koma málunum í þann farveg ef ekki vill betur til, en varpi ekki slíku tækifæri fyrir róða eingöngu vegna þess að Frjálsl. lagði það fram.

[16:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt sem hv. þm. var að tala um í sambandi við hlutverk sparisjóðanna. Mér finnst full ástæða til þess að hafa áhyggjur af viðskiptaumhverfinu í landinu og að það hljóti að vera eftirsóknarvert að einhverjar fjármálastofnanir séu til í landinu sem starfa á öðrum grundvelli en bankarnir og aðrar fjármálastofnanir gera. Þá vísa ég til þess að það virðist vera orðinn slíkur hluti af starfsemi þessara fjármálafyrirtækja að vera í alls konar verslun með hlutabréf og aðrar eignir og eignabreytingar og annað slíkt, sem fréttastofur hafa verið duglegar að fara yfir og leyfa fólki að fylgjast með, að það hafi verið stærsta hlutverk þeirra og af því hlutverki mest áhrif.

En ég verð að segja að þó að ég fagni þeim frumvörpum sem hér hafa komið fram til þess að reyna að koma í veg fyrir að það verði af því að sparisjóðirnir í landinu bókstaflega leggist af, þá vil ég spyrja hv. þm. hvort hann hafi þá skoðun að sú eðlisbreyting sem orðið hefur eða verður með því að sparisjóðirnir geti breytt sér í hlutafélög, eins og lögin gera ráð fyrir núna, muni í raun og veru eyðileggja þessa sjóði þegar til lengri tíma er litið. Þær stjórnir sem talað er um að kjósa fyrir sjóðina núna verða auðvitað líka eins og núverandi stjórnir uppteknar af þeim fjármunum (Forseti hringir.) sem hægt er að fá fyrir sjóðina eftir að búið er að gera þá að hlutafélögum.

[16:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get lýst því að það er mín skoðun að varast beri að fara með sparisjóðina yfir í hlutafélagsformið vegna þess að ég tel að í lagarammanum, eins og hann er í pottinn búinn, sé ekkert sem komi í veg fyrir samrunann eftir að sparisjóði hefur verið breytt í hlutafélag. Þess vegna lögðum við fram þetta frv. um frestunina svo að tími gæfist þá til þess að fara þannig í löggjöfina og fá fram í henni þann vilja mikils meiri hluta alþingismanna, tel ég vera, að menn vildu ekki að sparisjóðirnir hyrfu af vettvangi og rynnu inn í hinar stærri peningastofnanir. Það tel ég að hafi verið vilji Alþingis á sínum tíma þegar verið var að ræða hér lagabreytingar um varnir vegna yfirtöku sparisjóðanna.

Ég deili því þeim áhyggjum með hv. þm., eins og mér fannst koma fram í máli hans, að ég tel að það sé misfarið

í okkar þjóðfélagi, það stefni til verri möguleika fólks í landinu, verði sparisjóðirnir lagðir niður og renni inn í stærri viðskiptastofnanir.

Það hefur verið sagt í þessum ræðustóli, virðulegi forseti, síðast í dag af hv. þm. Pétri Blöndal, að það væri yfirfljótandi lánsfé í landinu og menn gætu fengið lánað allt það fé sem þeir þyrftu. Þannig er málum ekki háttað, virðulegi forseti, alla vega ekki víða úti á landsbyggðinni. Það er alveg ljóst að bankastofnanir sem hafa höfuðstöðvar sínar í Reykjavík eru ekki tilbúnar að lána fé út á land, m.a. til íbúðakaupa, vegna þess að þeir telja ekki veð í íbúðum úti á landi þess virði að menn vilji lána þangað. Þetta liggur fyrir, virðulegi forseti, og sýnir auðvitað hversu mikil þörf er fyrir sparisjóðina.

[16:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar og var á þeirri skoðun að Alþingi hefði ekki vandað sig nógu vel við setningu þeirra laga sem gilda um þessi efni, hvorki árið 2001, líklega var það 2002 reyndar sem lögin tóku gildi, og síðan við breytinguna sem gerð var í fyrra þegar ný lög voru sett um fjármálafyrirtæki og tóku þar með við hlutverki laganna um fjármálafyrirtæki og sparisjóði, eða ég man nú ekki hvað þau lög hétu sem giltu á undan.

Bent var á það hér í umræðum ítrekað að þessi hætta væri fyrir hendi sem nú hefur sýnt sig. Ég tel reyndar, og tek undir það með hv. þm., að það sé ekki vansalaust að fara með slíkum hraða með mál hér í gegn eins og í stefnir og vil láta það koma fram að mér finnst að það hljóti að þurfa að skoða þann möguleika að fresta málinu, hvort hann er til staðar eða hvort einhver sérstök vandkvæði séu á því að gera það þannig að Alþingi fái betri tíma til þess að fást við þetta mál og það verði ekki enn eitt slysið í vinnubrögðum í þinginu tengt þessum málefnum sparisjóðanna. Mér finnst satt að segja nóg komið og ég segi enn einu sinni: Alþingi tók þá ákvörðun að leyfa breytingu sparisjóðanna í hlutafélög. Með því er verið að gera eðlisbreytingu á sparisjóðunum sem er mikil eðlisbreyting frá þeim lögum sem giltu, þeim var snarbreytt og þar með eðli sparisjóðanna. (Forseti hringir.) Þetta þurfa menn að hafa í huga og fara yfir.

[Fundarhlé. — 16:14]

[17:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ég hafði gert ráðherra viðvart áður en kom að þinghléi að ég óskaði eftir nærveru hennar þegar ég mundi hefja framsögu mína í þessu máli. Ég spyr því hvort hæstv. ráðherra sé einhvers staðar nærstaddur því að ég vil ógjarnan hefja mál mitt fyrr en ráðherrann er komin í salinn.

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil tilkynna að hæstv. ráðherra hefur fengið ábendingu um að þingfundur sé hafinn og óskað hafi verið eftir nærveru hennar og ráðherra er í húsinu.)

Ég vil síður, frú forseti, að klukkan gangi mikið á mig meðan ég þegi í ræðustól.

Virðulegi forseti. Ég skal, í trausti þess að ráðherra birtist á næstu mínútu eða svo, hefja mál mitt.

Ég hygg að flestir séu sammála um það, og það kom reyndar fram á fundinum sem haldinn var í efh.- og viðskn. með fulltrúum SPRON og sparisjóðanna í landinu og fleiri aðilum, að ef þau áform gengju fram sem staðið hafa fyrir dyrum hjá SPRON og KB-banka væri það upphafið að endalokunum. Það sjá auðvitað allir að það mun leiða til aukinnar fákeppni á markaðnum ef það gengur fram, en hlutdeild sparisjóðanna er um 25% í innlánum, var fyrir skömmu 14%. Það er alveg ljóst að stóru risarnir á bankamarkaðnum bíða eftir því að geta gleypt sparisjóðina einn af öðrum, sem mun örugglega verða fljótlega, a.m.k. hvað varðar stærstu sparisjóðina, ef þetta gengur fram. Við erum að tala um 24 sparisjóði sem þjóna um 60–70 þús. viðskiptavinum með starfsmannafjölda upp á 900 manns.

Þess vegna er ástæða til að fagna því frv. sem hefur verið lagt fram þó ýmislegt bendi til að það gangi of skammt og ég vil fara nokkuð inn á það í máli mínu. Í þingmannafrumvarpinu sem var tilbúið þegar hæstv. ráðherra og ríkisstjórn ákváðu að leggja fram þetta mál voru ýmis ákvæði sem ég tel að hefðu reist þær girðingar sem nauðsynlegar eru til að við getum sæmilega treyst því að sparisjóðakerfið í landinu riðaði ekki til falls eða hryndi á einni nóttu eins og hæstv. viðskrh. óttaðist fyrir nokkrum missirum.

Forsvarsmenn Sambands íslenskra sparisjóða sem mættu á fund efh.- og viðskn. nefndu að sú þróun sem gæti farið af stað mundi kollvarpa sparisjóðakerfinu og eyðileggja þá bakhjarla sem sparisjóðakerfið hefur byggt á, eins og Tölvumiðstöðina og Sparisjóðabankann. Starfsemin gæti lamast ef stærstu sparisjóðirnir rynnu inn í stóra bankann. Þetta verður að koma í veg fyrir, ella blasir við aukin samþjöppun og fákeppni sem hefur auðvitað neikvæð áhrif á kjör neytenda og ég býst við því að hæstv. viðskrh. hafi það í huga þegar hún setur fram þetta frv.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er það sem nokkuð var nefnt í umræðunni fyrr í dag en mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram hjá hæstv. ráðherra. Sú spurning lýtur að þeirri stjórn sem hefur verið skipuð yfir sjálfseignarstofnuninni í tengslum við viðskipti SPRON og KB-banka. Það er spurning hvort sú stjórn sem var skipuð í janúar yfir sjálfseignarstofnuninni væntanlegu muni sitja áfram eftir þessa lagasetningu. Það getur auðvitað ráðið úrslitum um hvort SPRON gangi inn í KB-bankann.

Getur hæstv. ráðherra fullvissað okkur í þinginu og okkur sem eigum að fara að fjalla um málið í efh.- og viðskn., sem höfum ekki tök á að ræða við ráðherrann þar, um að öruggt sé að á stofnfundinum 10. febrúar verði kosin stjórn í samræmi við ákvæði 2. gr. frv. sem við erum að fjalla um? Ef svo verður ekki, ef stjórnin situr áfram, sem mér heyrðist á stjórnarformanninum og hv. þm. og formanni efh.- og viðskn., til hvaða ráða mun hæstv. ráðherra grípa þá? Hvaða tök hefur hún á málinu ef stjórnin, sem þegar hefur verið skipuð, situr áfram á stofnfundinum? Ýmsir óttast það og þess vegna bið ég hæstv. ráðherra að fara aðeins nánar yfir það mál og til hvaða ráða hún getur gripið ef sú staða kemur upp.

Ég vil líka ræða ákvæðið sem var í þingmannafrumvarpinu, 74. gr., og ákvæðið sem kom inn í meðförum efh.- og viðskn. þegar við vorum að fjalla um frv. um fjármálafyrirtæki á árinu 2002, eða dúsuna svokölluðu sem sætt hefur mikilli gagnrýni, að stofnfjáreigendur fái mjög mikið í sinn hlut samanborið við t.d. sjálfseignarstofnunina. Viðskrh. tekur ekki undir að breyta þessu, ef ég skil orð hæstv. ráðherra rétt, og ber fyrir sig eignarréttarákvæði í stjórnarskránni. Það er nánast hlálegt, virðulegi forseti, að bera þessi ákvæði fyrir sig þegar í hlut á óeðlilegur hagnaður stofnfjáreigenda, þar sem verið er að færa fámennum hópi mikil verðmæti sem hann getur með engu móti átt tilkall til, því að við höfum

nýlega verið að fjalla um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem voru á ansi gráu svæði. Margir héldu því fram að það væru brot á eignarréttarákvæðunum sem vörðuðu skerðingu á vaxtabótum og ríkisstjórnin stóð að fyrir jólin. Ríkisstjórnin virtist þá ekki hafa miklar áhyggjur af því máli eða þegar hún tvívegis hefur orðið uppvís að því að brjóta stjórnarskrána, t.d. á öryrkjum, og eignarréttarákvæði hennar. En núna allt í einu þegar stofnfjáreigendur eiga í hlut, þar sem þeir eru að fá óeðlilega mikið til sín, hefur ráðherrann áhyggjur af því að ekki sé hægt að breyta þessu af því að það gangi gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég skal ekki útiloka að svo sé en mér finnst full ástæða til þess að ákvæðið sé skoðað og látið á það reyna og að það verði tekið inn í brtt. efh.- og viðskn. við meðferð þessa máls.

Virðulegi forseti. Áður en þessi áform komu upp á borðið í SPRON áttu stofnfjáreigendur 11% í eigin fé bankans en bankinn sjálfur 89%. Eftir breytinguna, gangi hún öll fram, eiga stofnfjáreigendur 33% í staðinn fyrir 11% en sjálfseignarstofnunin 66% af eigin fé í staðinn fyrir að SPRON átti áður 89%. Þeir fá sem sagt þriðjung við þessa breytingu. Það er þetta sem er auðvitað gagnrýnisvert og ég vil koma nánar að í mínu máli.

Við breytinguna á sparisjóði í hlutafélag á árinu 2001 áttu stofnfjáreigendur eingöngu að fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluta sinn og samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fengju í sparisjóðnum skyldi nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna og endurmetið stofnfé skv. 23. gr. laga nr. 113/1996 sem næmi samtals af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Þetta ákvæði átti að tryggja að áætlað verðmæti hlutafjár stofnfjáreigenda væri hið sama og endurmetið stofnfé fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóðsins.

En meiri hluti efh.- og viðskn. lagði til brtt. við meðferð þessa máls sem var á þá leið að við mat á stofnfjárhluta skyldi hafa til hliðsjónar arðsvon stofnfjárhluta skv. 68. gr. annars vegar og arðsvon og áhættu hlutabréfa í sparisjóði hins vegar. Þetta ákvæði tel ég að eigi að hugleiða vel að fella einnig brott.

Við vöruðum við því, fulltrúar Samf. á Alþingi á þessum tíma, að hér væri á ferðinni afar matskennt og opið ákvæði og að með lögfestingu þessa ákvæðis væri verið að auka verðgildi stofnfjárhluta við breytingu á sparisjóði í hlutafé og það gengi gegn grunngildum sem sparisjóðalöggjöfin hafi byggt á um verðgildi stofnfjárhluta sem er nafnverð stofnfjár sem taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs. Ég hygg að þetta hafi komið á daginn.

Þær aðvaranir sem settar voru fram um þetta ákvæði hafa reynst réttar. Það liggur nú fyrir að stofnfjáreigendur muni hagnast með afar óeðlilegum hætti gangi þau áform eftir að Kaupþing – Búnaðarbanki kaupi SPRON sem væntanlega er þó búið að koma í veg fyrir með þessu frv.

KB-banki er reiðubúinn, eða var, að gefa 5,55 fyrir nafnverð stofnfjár sparisjóðsins, eða 3 milljarða kr., en það er athyglisvert að endurskoðunarfyrirtækið PriceWaterhouseCoopers hefur metið verðmæti stofnfjár 1.400 millj. kr., en það var 540 millj. kr. 30. júní sl. Ef þetta ákvæði hefði ekki komið inn, og það upplýstu forsvarsmenn SPRON, hefði matið ekki verið 1.400 millj. kr. hjá PriceWaterhouseCoopers heldur 540 millj. kr.

Síðan er KB-banki reiðubúinn að greiða 3 milljarða kr. fyrir þetta stofnfé en matið á verðmæti á öðru eigin fé sparisjóða breytist einungis úr 4 milljörðum í 6. Þetta er athyglisverð niðurstaða í ljósi þess að ákvæði laganna um að óháður aðili væri fenginn til að meta ákvörðun hlutafjár var til þess að tryggja að sparisjóðsstjórnir gættu ekki hagsmuna stofnfjáreigenda umfram hagsmuni eigin fjár sparisjóðsins.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að sjá að stjórn SPRON hafi verið að gæta hagsmuna sjálfseignarstofnunarinnar með fullnægjandi hætti þegar stofnfjáreigendur fá hlutfallslega miklu hærra verð fyrir sinn hlut en sjálfseignarstofnunin. Það er ástæða til að velta því fyrir sér og spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki eðlilegt að endurmeta aftur af óvilhöllum aðilum verðmæti eigin fjár SPRON, þegar í ljós hefur komið að markaðsvirði SPRON er mun hærra en PriceWaterhouseCoopers hafði áður metið og markaðurinn er tilbúinn að greiða stofnfjáreigendum 1,6 milljarða umfram mat endurskoðunarfyrirtækisins, sem segir manni að verðmæti SPRON er í heild sinni miklu meira en PriceWaterhouseCoopers hefur metið.

Meiri hluti efh.- og viðskn. setti fram þau rök fyrir þessari breytingu, sem hefði fært stofnfjáreigendum mikinn hagnað ef þetta hefði gengið fram, að hún tryggði að stofnfjáreigendur væru jafn vel settir fyrir og eftir hlutafélagavæðingu. Í raun á það bara við þegar stofnfjáreigendur ákveða að eiga hlutabréf sín áfram með tilliti til arðsvonar og áhættu. Þeir sem seldu sinn stofnfjárhluta eftir breytinguna og tækju því tilboði, ef það stendur áfram og þetta gengur fram, fengju að sjálfsögðu miklu meira í sinn hlut en fyrir hlutafélagavæðinguna.

Þetta vildi ég nefna að þurfi að koma til skoðunar í efh.- og viðskn. Formaður stjórnar SPRON segir um þetta ákvæði í gögnum sem lögð hafa verið fyrir efh.- og viðskn., með leyfi forseta:

„Með þessu ákvæði var opnuð leið til að meta stofnfé verðmætara við breytingu á rekstrarformi sparisjóðs — en áður mátti eingöngu miða við framreiknað nafnverð stofnfjárbréfa. Hér var lögfest að heimilt væri að reikna stofnfé hærra verði en framreiknuðu nafnverði. Og í tilviki SPRON, sem hefur verið vel rekinn og greitt góðan arð til stofnfjáreigenda, þýddi þetta skv. óvilhöllu mati sérfróðra aðila, að við breytingu í hlutafélag hækkar verðmæti stofnfjár úr 540 millj. kr. í 1.400 millj. kr. eða 2,6-falt."

Þetta vildi ég nefna við þessa umræðu, herra forseti, og í lokin velta upp einu atriði sem ég vil nefna við hæstv. ráðherra og spyrja hana um. Það handval sem nú fer fram hefur mjög verið gagnrýnt af núverandi stofnfjáreigendum þegar fjölgað er í fulltrúaráði sparisjóðanna. Að vísu upplýsti fulltrúi Sparisjóðs Keflavíkur á fundi efh.- og viðskn. að þeir í Keflavík hefðu beitt sér fyrir því að fram færi útboð þannig að fleiri gátu orðið stofnfjáreigendur en þeir sem valdir voru af fulltrúaráði eða stjórnum sparisjóðanna. Hér er oft um fámennan hóp að ræða sem hefur vald yfir gífurlegu fjármagni sem hann er ekki nema að litlu leyti eigandi að. Út frá viðskiptalegu sjónarmiði og almannahagsmunum er óeðlilegt að stofnfjáreigendur hafi mikil völd í krafti tiltölulega lítils eignarhluta.

Því hefði verið eðlilegt, eins og var í frumvarpi hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að gera einnig tillögu um breytingu á þessu í lögum um fjármálafyrirtæki. Það er afar hæpið að lokaður klúbbur fárra stofnfjáreigenda ráði því hverjir gerast nýir stofnfjáreigendur og langt frá því að vera í samræmi við eðlilega viðskiptahætti og gegnsæi starfsemi fjármálastofnana. Það er því á

allan máta eðlilegt fyrir framgang og vöxt sparisjóðanna í framtíðinni að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur um hverjir geti gerst stofnfjáreigendur í sparisjóðum. Æskilegt er að sem flestir geti gerst stofnfjáreigendur sparisjóða og ekki séu óeðlilegar hindranir þar í vegi.

Því er eðlilegt að bæta við ákvæði um að öllum aðilum með lögheimili á starfssvæði sparisjóðanna skuli boðin þátttaka í stofnfjáraukningu. Auk þess að bæta inn ákvæði þess efnis að áður en sparisjóði verði breytt í hlutafélag skuli stofnfé aukið.

Þetta eru þau tvö meginatriði sem ég vildi bæta við og leggja til að skoðuð verði til viðbótar því ákvæði sem er í frv. ráðherrans. Ég óska að auki eftir svari við því sem ég beindi til ráðherra í upphafi, þ.e. hvort hún geti fullvissað okkur um að ekki sé hægt að ganga fram hjá því ákvæði á stofnfundi 10. febrúar að kosið verði í stjórn í samræmi við frv. sem við fjöllum um.

[17:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög málefnalega ræðu og góða. Hún er greinilega vel inni í málinu eins og búast mátti við.

Ég held að við séum mjög nálægt því að vera sammála í þessu máli. Ég veit að hv. þm. hafði efasemdir um 74. gr. þegar henni var breytt árið 2002, þegar málið var síðast til umfjöllunar, en niðurstaða þingsins var að gera þá breytingu. Í raun má segja að það sé ekki óeðlilegt að stofnfjáreigandi standi ekki verr að vígi eftir að sparisjóði hefur verið breytt í hlutafélag eins og þetta ákvæði kveður á um. En þegar hv. þm. talar um að hlutur stofnfjáreiganda breytist úr 11% upp í 33% er það náttúrlega vegna ákvæðis í lögunum sem gilda í dag, um heimild til hækkunar stofnfjár. Raunin er sú að í dag er arðbært að eiga stofnfé. Áhættan er óneitanlega meiri af því að eiga hlutabréf. Þess vegna er þetta metið svona.

Ég er hins vegar sammála því að þetta mat frá óháðum aðila sem gerði það að verkum að 540 millj. kr. urðu 1.400 millj. kr., er umdeilanlegt. Mér finnst ekki ólíklegt að það verði gerð athugasemd við það af Fjármálaeftirliti vegna þess að fyrir liggur annað mat, þ.e. mat markaðarins. Það eru 3 milljarðar kr.

Varðandi það hvernig farið verður með stjórnina finnst mér nokkuð ljóst, ef þetta frv. verður að lögum, að skipað verði í þá stjórn samkvæmt nýjum lögum. Þannig eru ekki miklar líkur á að þeir sem nú eru í stjórninni verði í hinni nýju stjórn.

[17:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég heyri á máli hæstv. ráðherra að hún hefur skilning á gagnrýni minni á 74. gr. Ég fagna því. Hæstv. ráðherra lýsti sig alls ekki andvíga því að þetta ákvæði yrði skoðað, ef ég skil mál hennar rétt, í meðförum efh.- og viðskn. Ef ég hef misskilið það mun það væntanlega koma fram í öðru andsvari hennar, þ.e. ef hún er alveg andvíg því að breyta þessu. Ella lít ég svo á að ráðherrann sé ekki ósátt við að við skoðum í efh.- og viðskn. að fella brott þetta ákvæði.

Varðandi það sem ég og fleiri hv. þingmenn höfum áhyggjur af, þ.e. að á stofnfundinum sem haldinn verður 10. febrúar verði öruggt að kosið verði í stjórn í samræmi við það frv. sem hér liggur fyrir, enda verði það orðið að lögum þar sem öruggt er að fyrir þessu máli er mikill meiri hluti í þinginu, þá telur ráðherra að kjósa eigi í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar í samræmi við ákvæði í frv. sem við fjöllum um. Annað er væntanlega ólöglegt, virðulegi forseti, ef ég skil mál hæstv. ráðherra rétt. Þá er spurning hvaða úrræði hæstv. ráðherra hefur ef sjálfseignarstofnunin ætlar að beita því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lýst, að segja að hér sé um afturvirkni að ræða og af því að stjórnin hafi verið skipuð í janúarmánuði eigi þessi lög ekki að ná til skipunar þeirrar stjórnar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvaða úrræði hún hefur ef svo fer að á stofnfundinum verði óbreytt skipan stjórnar og ekki kosið til stofnfundar í samræmi við ákvæði þessara laga.

[17:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. veit þá hef ég ýmis úrræði, m.a. vegna þess að ég fer með eftirlit í tengslum við lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri. Ég hef skrifað stjórn sjálfseignarstofnunar SPRON bréf þar sem ég óska eftir svörum við ýmsum spurningum, m.a. um hvernig sú stjórn var skipuð. Ég vænti þess að fá svör við því á morgun.

Ég ætla ekki að segja að ég sé tilbúin að breyta 74. gr. Ég sagði hins vegar að ég hefði ákveðinn skilning á sjónarmiðum hv. þm. sem komu fram síðast þegar málið var til umfjöllunar. Þá var það meirihlutavilji þingsins að breyta ákvæðinu og ég féllst á það þó að það væri ekki í frv. því sem lagt var fram.

Í sambandi við 74. gr. að öðru leyti fellst ég ekki á þær breytingar sem koma fram í drögum að frv. sem hér hefur verið til umfjöllunar þar sem einhverjar líkur eru á því að það ákvæði samrýmist ekki stjórnarskrárvörðum eignarrétti stofnfjáreigenda. Ég vil forðast að taka slíka áhættu eins og skiljanlegt er.

Ýmsum öðrum atriðum kem ég kannski betur að í ræðu minni síðar.

[17:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég geng út frá því að í efh.- og viðskn. verði 74. gr. rædd og skoðað hvort vilji sé fyrir hendi af hálfu nefndarinnar til að breyta því ákvæði, sem ég tel fulla ástæðu til. Í henni felast ákveðnar hættur og í henni felst hvati fyrir stofnfjáreigendur til að vilja selja hlut sinn í sparisjóðunum, ef það stendur til boða að risar á bankamarkaðnum vilji kaupa. Það er ákveðinn hvati í því. Stofnfjáreigendur hafa fyrir nægjanlegan arð af stofnfjárhluta sínum. Það var t.d. upplýst á fundi efh.- og viðskn. að það sé ekki óalgengt að stofnfjáreigendur fái 20% raunávöxtun fyrir stofnfjárhluta sinn. Það ætti að vera alveg nóg, ekki síst í ljósi þess hvernig þeir stofnfjárhlutar eru til komnir. (**PHB:** Líka í Sparisjóði Siglufjarðar?)

Hæstv. ráðherra upplýsir að hún sé þess fullviss að það verði að kjósa í samræmi við ákvæði þessara laga og hún segir líka að hún hafi næg úrræði ef ganga á á svig við lagasetninguna á stofnfundinum 10. febrúar. Við munum auðvitað fara vel yfir þau úrræði sem hæstv. ráðherra hefur í því efni á fundi efh.- og viðskn. Það verður að búa svo um hnútana, virðulegi forseti, að á stofnfundinum verði ekki farið á svig við lögin sem við erum að setja til að koma í veg fyrir hrun sparisjóðanna í landinu.

[17:26]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd EES-samningsins, 551. mál, þáltill. KJúl o.fl., þskj. 829.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins, 549. mál, fsp. JóhS, þskj. 827.

[17:27]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Frv. sem er til umræðu er tiltölulega einfalt að efni. Það er lagt fram til þess að skera á milli sambandsins sem er í gildandi lögum á milli stofnfjáreigenda og þeirrar sjálfseignarstofnunar sem verður til ef sparisjóður er gerður að hlutafélagi. Þeir atburðir sem orðið hafa á síðustu vikum hafa dregið það mjög skýrt fram að stofnfjáreigendur líta fyrst og fremst til eigin hagsmuna við ákvarðanatöku um fjármagn sjálfseignarstofnunarinnar. Það er ljóst í því dæmi sem varðar SPRON að verið er að gera samninga við KB-banka með þeim hætti að nota eigið fé sjálfseignarstofnunar til þess að auka virði stofnfjárbréfa stofnfjáreigenda. Það er verið að flytja verðmæti frá öðru eigin fé sjóðsins til stofnfjáreigenda. Það er það sem er verið að gera. (**PHB:** Nei.) Það er það sem er verið að gera, herra forseti.

Það er með ólíkindum, herra forseti, að sá maður sem hefur frumkvæði að því að úthugsa leiðir til að hlunnfara eigið fé sparisjóðsins annað en það sem er í eigu stofnfjáreigenda skuli vera maður sem situr hér á þingi og hefur staðið að þessari lagasetningu. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst það með ólíkindum. Með þessu eru menn í raun að reyna að taka sér fé sem þeir eiga ekki. Það er kjarni málsins. Það er ástæðan fyrir því að menn bregðast hart við. Mönnum líkar það ekki og það er ekki í samræmi við þau lög sem menn hafa sett. Það er ekki í samræmi við þann tilgang sem lögin þjónuðu. Það liggur ljóst fyrir hvaða hlutverk stofnfjáreigendur hafa í sparisjóðunum. Það liggur ljóst fyrir hvaða fé þeir leggja fram og hvað þeir eiga að fá á móti því. Í dæmi SPRON hafa menn verið að leita að aðferðum til að sækja sér fé umfram það. Það er með ólíkindum, herra forseti, hvað menn hafa gengið langt í því skyni.

Annað atriði sem skiptir mjög miklu máli í þessu er að sparisjóðirnir sem heild eru aðili á samkeppnismarkaði og það er hagur þeirra sem þar eru að kaupa út og fækka þeim sem eru í samkeppni. Það er hagur KB-banka að splundra sparisjóðunum þannig að þeir verði ekki samkeppnisaðili lengur. Ef áform þeirra ganga eftir er búið að veikja sparisjóðakeðjuna sem samkeppnisaðila á fjármagnsmarkaði. Það er alveg ljóst að ef löggjafinn lætur það viðgangast sem ætlað er, að hægt sé að bera fé á stofnfjáreigendur með því fé sem í raun á heima undir öðru eigin fé sparisjóðanna munu fleiri sparisjóðir fylgja á eftir sömu leið. Það eru menn að reyna að koma í veg fyrir og menn vilja verja þessa stöðu, m.a. til að tryggja áframhaldandi samkeppni á fjármagnsmarkaði. Það er nauðsynlegt að taka það fram, herra forseti, þannig að mönnum sé alveg ljóst í hvaða tilgangi verið er að flytja frumvarp af þessu tagi.

Ég vil aðeins fara yfir tildrög þessa máls. Ég tel að áform KB-banka og SPRON-manna séu ólögmæt. Ég tel einsýnt að Fjármálaeftirlitið muni ógilda þau áform. Ég er því á þeirri skoðun að þau muni ekki ná fram að ganga og af þeim ástæðum sé ekki nauðsynlegt að setja lög til að stöðva núverandi áform. Engu að síður er nauðsynlegt að löggjafinn taki af skarið þannig að enginn velkist í vafa um að menn ætla ekki að láta viðgangast að hægt verði að finna leiðir fram hjá lögunum til þess að brjóta þetta niður. Þess vegna er nauðsynlegt að setja skýrara ákvæði, eins og ætlað er með frv., með því að skera í sundur sambandið á milli stofnfjáreigenda annars vegar og yfirstjórnar sjálfseignarstofnunarinnar hins vegar. Eftir þá breytingu má því telja augljóst að þeir sem fara með stjórn sjálfseignarstofnunarinnar muni ekki taka ákvarðanir af því tagi sem fyrirhugað er í þeim samningum sem liggja fyrir varðandi SPRON.

Það sem mér finnst gagnrýni vert í því máli er að stofnfjáreigendum sem í dag, miðað við upplýsingar frá SPRON, eiga um 13,5% af eigin fé sjóðsins miðað við mitt ár í fyrra, er ætlað að fá þriðjung af kaupverðinu eða 33%. Þeir fá aðila til að meta þetta þannig að eigið fé upp á 4 þús. millj. sé að verðmæti 7 þús. og 400 millj. Þar meta þeir stofnfjárhlutann 1.400 millj. eða 19%, þannig að þar hækka þeir 13,5% stofnfjárhlutinn upp í 19%. Þar er verið að færa til verðmæti frá öðru eigin fé sjóðsins yfir til stofnfjáreigenda.

Í öðru lagi er komið með tilboð sem er hærra en þetta metna verð upp á 7 þús. og 400 millj. Það er 9 þús. millj. og öll hækkunin er greidd stofnfjáreigendunum þannig að þeir fá 1.600 millj. til viðbótar við þessar 1.400 millj. eða samtals 3 þús. millj. Þetta er rökstutt með vísan í ákveðna grein, í 74. gr. laganna, og rökstutt með því að þegar sú breyting var gerð þá leiði hún af sér að menn geti gert þetta til að tryggja hlut stofnfjáreigenda.

Ég held að nauðsynlegt sé að fara aðeins yfir þetta svo að því sé a.m.k. haldið til haga því að ég var einn af þeim sem stóð að því að samþykkja þetta frv. á sínum tíma og flytja þá breytingartillögu sem SPRON-menn hafa vísað til til að rökstyðja þessar reiknikúnstir sínar.

Þeir hafa sagt sem svo að við það að breyta stofnfjárbréfi yfir í hlutabréf verði stofnfjáreigendurnir verr settir og þurfi þess vegna að fá meira í sinn hlut til að verða jafnsettir og áður. (**PHB:** Þetta er ekki aðalástæðan.) Þetta hefur verið rökstuðningurinn. (Gripið fram í.) Þetta hefur verið rökstuðningurinn og kemur m.a. fram í grein Guðmundar Haukssonar, þ.e. að menn telja að hlutabréfið sé lakari kostur en stofnfjárbréfið og þess vegna þurfi að bæta þeim það upp með því að fá meira af hlutabréfum í sinn hlut og vísað er til þeirrar breytingartillögu sem var til umræðu í þinginu fyrir rúmu ári.

Til þess að taka af allan vafa í þeim efnum vil ég vitna til nefndarálits meiri hluta efh.- og viðskn., sem dagsett er 6. des. 2002, þar sem meiri hlutinn er reyndar skipaður átta nefndarmönnum af níu.

Þar segir um þessa breytingartillögu, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að tryggja eins og kostur er að stofnfjáreigendur séu jafn vel settir fyrir og eftir hlutafélagavæðingu. Þeirri breytingu sem hér er lögð til er ætlað að ná því markmiði. Til að tryggja að sparisjóðsstjórnir gæti ekki hagsmuna stofnfjáreigenda umfram hagsmuna sjálfseignarfjár sparisjóðsins er lagt til að óháður aðili verði fenginn til að meta ákvörðun hlutafjár."

Þarna kemur skýrt fram í nefndarálitinu að það á að tryggja að stofnfjáreigendurnir séu jafn vel settir, ekki betur settir. Það kemur líka fram að ekki eigi að ganga á annað eigið fé sjóðsins.

Í framsöguræðu þáv. formanns efh.- og viðskn. kemur fram eftirfarandi í ræðu hans um þessa breytingu, með leyfi forseta:

„Þessi breyting gengur ekki út á það að stofnfjáreigendur eigi að eiga eitthvað meira en þeir í sjálfu sér eiga samkvæmt

gildandi lögum eða eitthvað meira heldur en þeir eiga sem stofnfé í sparisjóði heldur einungis að eignin sem þeir fá sé jafngild þeirri sem þeir láta af hendi."

Því er með engu móti hægt að fá út úr þessum skýringum á tillögunni sem þá var lögð fyrir þingið þann skilning sem fram kemur í rökstuðningi SPRON-manna fyrir reiknikúnstum þeirra. Það er ekki hægt að sækja sér rökstuðning í þessa breytingu á 74. gr. laganna fyrir því að hækka hlut stofnfjáreigenda úr 13,5% í 19% af eigin fé sjóðsins. Þess vegna segi ég að þetta eru reiknikúnstir sem ekki eiga sér stoð í lögunum. Ég tel að Fjármálaeftirlitið muni ógilda þær, svo að ég tali nú ekki um framhaldið sem er að búa til eitthvert sérstakt markaðsverð bara á þann hluta hlutabréfanna sem eru í eigu stofnfjáreigenda en ekki þau hlutabréf sem verða í eigu sjálfseignarsjóðsins.

Þetta vildi ég því nefna, herra forseti. Rökstuðningurinn fyrir því að áhættan sé meiri ef menn eiga hlutabréf í staðinn fyrir stofnbréf er út af fyrir sig athyglisverður því að fyrir tveimur árum þegar menn tóku inn í lögin ákvæði um að heimila sparisjóðunum að verða hlutafélög var það gert til þess að gera sparisjóðunum kleift að afla sér eigin fjár með sölu hlutabréfa sem þeim væri ekki mögulegt eins auðveldlega með því að selja stofnbréf. Rökstuðningurinn var sá að ef sparisjóðirnir vildu verða öflug fjármálafyrirtæki í framtíðinni yrðu þeir að verða hlutafélög til þess að geta styrkt sig og sótt sér aukið eigið fé. Í þeim rökstuðningi kom m.a. fram, eins og segir í greinargerð með því frv. sem lagt var fram á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Að öllu jöfnu ættu hlutabréf að vera betri fjárfestingarkostur en stofnfjárbréf litið til lengri tíma. ... Möguleikar hluthafa til að njóta góðrar ávöxtunar eru ekki síst fólgnir í hækkun á verði bréfanna."

Menn lögðu því hlutafjárvæðinguna til vegna þess að það væri betra fyrir sparisjóðina og að hlutabréfin væru betri fjárfestingarkostur en stofnfjárbréfin. En svo þegar núna er verið að rökstyðja málið er það gert út frá því að stofnfjárbréfin séu betri kostur en hlutabréfin og hlutabréfin séu áhættumeiri og þess vegna þurfi menn að fá sérstakar bætur til að mæta þeirri áhættu annars vegar og mæta því að stofnfjárbréfin eiga sér svo góða von um arð og ávöxtun. Rökstuðningurinn eða matið á gildi hlutabréfanna í þessu hefur því á stuttum tíma algjörlega snúist við og það finnst mér mjög athyglisvert. Ég spái því að þessi áform um hlutafjárvæðingu sparisjóðanna séu meira og minna úr sögunni. Ég held að menn sjái að ekki er nauðsynlegt fyrir sparisjóðina að verða að hlutafélögum. Þeim gengur vel að afla sér aukins eigin fjár með sölu stofnfjárbréfa þannig að það er enginn vandi uppi í þeim efnum eins og ætlað var fyrir tveimur árum. Viðhorfin hafa bara breyst á ekki lengri tíma.

Herra forseti. Ég held að huga þurfi að 74. gr. m.a. út frá því að menn hafa verið að hártoga skilninginn á henni. Ég held að við þurfum að tryggja að menn ætli ekki áfram að hártoga ákvæði þeirrar greinar í því skyni að raska hlutföllunum á milli hlutafjárins annars vegar og eigin fjár sparisjóðsins hins vegar, og kannski kunni að vera þörf á því að gera breytingar á greininni þannig að ekki verði með neinu móti hægt að hártoga þessi ákvæði eins og gert hefur verið. Ég held að það þurfi að vera alveg ljóst þannig að ekki verði um það deilt að hlutur stofnfjárbréfa á ekki að breytast við það að skipta yfir í hlutafélag þannig að með þeirri breytingu sæki menn sér ekki fé úr þeim hlut sem annað eigið fé sjóðsins á í raun að fá.

Ég held líka að líta þurfi til þess sem er kannski kjarninn í starfsemi sparisjóðanna og það er dreifð eignaraðild. Dreifð eignaraðild hefur alltaf verið meginatriðið í starfsemi þeirra og ákvæði hefur verið um hana mjög lengi og er enn. Jafnvel eftir að menn heimiluðu að einstakir aðilar gætu átt vaxandi hlut og meira en jafnan, þá eru enn í gildi ákvæði um þak, um 5% atkvæðavægi hvers og eins hluthafa eða stofnfjáreiganda.

Ég held að við þurfum að skoða þessi ákvæði í lögunum til þess að ganga úr skugga um hvort þau virki ekki eins og ætlað er. Ég held að best væri að í lögunum væru ákvæði ekki bara um það ... Herra forseti. Ég heyri að það er annar fundur hérna í þingsalnum þannig að ég geri kannski bara hlé á máli mínu svo að ég trufli hann ekki.

Ég held þá áfram fyrst að þeim fundi er lokið. Ég held að langbest væri að í lögunum væri ekki aðeins ákvæði sem takmarkaði atkvæðavægi einstaks aðila í sparisjóði heldur líka ákvæði sem takmarkaði eignarhlut hvers aðila í sparisjóði. Auðvitað er hætta á því að því verði haldið fram, að sá sem á stóran hlut í sparisjóði, segjum 20% eða 25%, en fær út á það ekki nema 5% atkvæðavægi haldi því fram að með því sé verið að skerða eignarréttindi hans, að hann hafi ekki atkvæðavægi í samræmi við eignarhlut sinn. Ég skal svo sem ekkert fullyrða um hvort það eigi sér einhvern rökstuðning sem dómstólar gætu fallist á sem eiga að kveða upp úr um ágreining um slíka hluti. En til þess að fyrirbyggja slíka togstreitu væri best að hafa mjög skýr ákvæði í lögunum um það.

Í öðru lagi held ég að við eigum að skoða ákvæði tengt þessu um skylda aðila því að það skiptir miklu máli hvernig menn skilja það hverjir geta saman myndað eina heild. Ef þau ákvæði laganna eru skilin mjög rúmt getur það leitt til þess að mjög þröngur hópur getur ráðið mjög stórum hlut atkvæðavægis og jafnvel eignaraðildar í sparisjóði.

Þetta eru þau atriði sem ég held að við þurfum að skoða hvort sem við leiðum þau til lykta í þessari umræðu eða síðar. Þau hafa áhrif á framtíð eða stöðu sparisjóðanna og ekki bara á það hvort einstakir viðskiptabankar geti keypt sparisjóð upp eins og ætlað er með SPRON og gert hann að skúffufyrirtæki í einum viðskiptabankanna sem auðvitað gengur gegn megintilgangi laganna heldur þarf líka að tryggja að þau ákvæði sem lúta að dreifðri eignaraðild séu fullkomlega virk eins og ætlað er.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þessi atriði varðandi frumvarpið og máli því tengdu og læt lokið máli mínu.

[17:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmanni er mikið í nöp við stofnfjáreigendur. Það liggur við að hann líti á þá sem óvini sparisjóðanna. Þetta er með ólíkindum. Að undanförnu hafa margir sparisjóðir lent í vandræðum. Þá hafa þeir leitað til fólks, m.a. annarra sparisjóða, sem gerast stofnfjáreigendur í þeim. KB-banki er stærsti stofnfjáreigandi í Sparisjóði Vestfirðinga. Hann á 10%. SPRON er næststærsti stofnfjáreigandi í Sparisjóði Vestfirðinga. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða hlut hann á. Þetta er til að bjarga stöðu mála, til að menn ráði við KAT-stöðuna. Og ef menn ætla að fara að líta á stofnfjáreigendur sem einhverja óvini sparisjóðanna, þá líst mér illa á stöðuna.

Hv. þm. gerir mikið úr því að verið sé að flytja eigið fé sparisjóðanna til stofnfjáreigenda. Þetta er alrangt. Hver er

það sem borgar 6 þús. millj. inn í sjálfseignarstofnunina? Hver er það sem borgar stofnfjáreigendum 3 þús. millj. í þeirra hlut? Það er ekki SPRON. SPRON á ekki nema 4 þús. millj. í heildareiginfé. Það er KB-bankinn sem borgar þessa peninga inn í sjálfseignarstofnunina. Það er KB-bankinn sem greiðir stofnfjáreigendunum.

Og af hverju fær sjálfseignarstofnunin lægra gengi en stofnfjáreigendur? Ég er búinn að fara í gegnum þetta áður. Það er vegna þess að allar þessar 6 þús. millj. sem KB-bankinn kaupir af sjálfseignarstofnuninni á einu bretti gefa ekki nema 5% atkvæðavægi. Síðan þarf KB-bankinn að vonast til þess að nægilega margir stofnfjáreigendur selji þannig að hann geti einhverju ráðið í fyrirtækinu og til þess þarf hann að bjóða meira. Þetta er afskaplega einfalt. Þetta skilur hver einasti maður. Og það er verið að fjalla um hlutabréfasölu, ekki stofnfé, það er búið að breyta SPRON í hlutafélag.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni að mér sé eitthvað í nöp við stofnfjáreigendur. Ég er að vísu ekki í þeim hópi en ég kannast ekki við það að ég hafi haft neitt horn í síðu þeirra, þvert á móti. Hins vegar get ég sagt að mér er dálítið í nöp við þá sem ætla sér í krafti þess að vera stofnfjáreigendur að hætta að vera stofnfjáreigendur með því að taka til sín fé sem þeir eiga ekki. Þá gera þeir tvennt. Í fyrsta lagi sjá þeir til þess að sparisjóðurinn hættir að vera sparisjóður og verður bara skúffa í viðskiptabanka. Þeir ganga gegn þeim tilgangi laganna að *sjálfseignarstofnunin eigi fyrst og fremst að starfa til þess* að stuðla að vexti og framgangi í starfi sparisjóðsins, ekki í starfi viðskiptabankans KB.

Í öðru lagi er verið að reyna að komast yfir fé sem stofnfjáreigendur eiga ekki. Ég viðurkenni, herra forseti, að mér er dálítið í nöp við menn sem vinna með þeim hætti að ætla að reyna að taka sér fé sem þeir eiga ekki og reyna að eyðileggja starfsemi sparisjóðs sem er í góðum rekstri og er arðbær eins og sést á því að menn eru tilbúnir til að borga meira en tvöfalt eigið fé fyrir sjóðinn. Það er auðvitað vegna þess að starfsemi sparisjóðsins er arðbær og réttlætir að sjóðurinn starfi áfram. Hann er í samkeppni við KB-banka og það er hagur hans að komast yfir sparisjóðinn og losna við hann sem keppinaut.

[17:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki verið að gera SPRON að skúffu í KB-bankanum. Það er markmið KB-bankans að SPRON hf. starfi áfram og verði öflugasta fyrirtæki á fjármálafyrirtækjasviði einstaklingsþjónustu í landinu. (**GAK:** Hún verður ...) Þannig sá stjórn SPRON hag SPRON best borgið í þeim ólgusjó sem við stöndum frammi fyrir og hefur sýnt sig á undanförnum árum að margir sparisjóðir hafa lent í vandræðum út af. Fjöldamargir sparisjóðir, Sparisjóður Siglufjarðar, Ólafsfjarðar, Hornafjarðar o.s.frv., hafa lent í slíkum vandræðum. Öllum hefur verið bjargað með því að aðrir sparisjóðir gerðust stofnfjáreigendur í þeim og keyptu aðra stofnfjáreigendur út. Sumir hafa verið seldir. SPRON á einn sparisjóð, nb.is, sem var keyptur frá Vestfjörðum. Kaupþing á annan sparisjóð, keypti hann frá Vestfjörðum til þess að bjarga stöðu mála þar. Sparisjóðirnir lenda eðli máls samkvæmt öðru hverju í vandræðum og þá þarf að vera hægt að grípa til einhvers stofnfjár. Og ef menn ganga svona fram með neikvæðri umræðu um stofnfé yfirleitt er það ekki gott fyrir sparisjóðina.

Varðandi það að komast yfir fé. Hv. þm. gerir ekki greinarmun á því hvort einhver aðili vill kaupa hlutafé á háu verði, og síhækkandi verði eftir því sem hann þarf að eignast stærri hlut af því að hann fær ekki nema 5% fyrir allan sinn hlut. Hann þarf að kaupa 97,5% svo að hann ráði einhverju. Hann má ekki skilja eftir nema 2,5%. Þess vegna þarf hann að kaupa á alltaf hærra og hærra verði, og þetta er samkvæmt lögum sem hv. þm. samþykkti.

[17:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta. Hv. þm. hefur svo sem ekki komið með neitt nýtt inn í umræðuna í þessum andsvörum frá því sem fram hefur komið í máli hans fyrr í umræðunni.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að hv. þm. er í fararbroddi þeirra sem ætla sér að reyna að auðgast sjálfir í krafti þess að vera stofnfjáreigendur með því að leggja stærsta sparisjóð landsins undir KB-banka. Það er bara kjarni málsins. Hv. þm. er hér að vinna í eigin hag til að auðgast sem mest sjálfur og er í fararbroddi þeirra sem vilja sniðganga gildandi lög. Það finnst mér alveg með ólíkindum eins og ég sagði í ræðu minni, herra forseti. Og ég vænti þess að hv. þingmaður hafi hemil á gróðafíkn sinni í komandi fjárfestingum.

Forseti (Þuríður Backman):

Hv. 3. þm. Reykv. s. óskar að bera af sér sakir.

[17:53]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þetta er í annað skipti í dag sem ég þarf að bera af mér sakir þar sem menn eru að ásaka mig um gróðafíkn og um að ég sé að græða persónulega á þessu máli. Þetta er með ólíkindum. Þetta er algjörlega úr lausu loftið gripið. Menn geta haft hagsmuni af ýmsu. Og ég hef lýst því yfir áður að ef ég settist niður og reiknaði fyndi ég út að ég hefði sennilega meiri fjárhagslega hagsmuni af því að SPRON starfaði áfram sem sparisjóður og ég yrði þar í stjórn, svo ég tali nú ekki um ef ég yrði stjórnarformaður. Ég fæ þar 900 þús. kr. á ári eftir skatt, svo menn viti það. (**ÖJ:** Það eru ekki slæm stjórnarlaun.) Það eru ekki slæm laun, enda enginn sem á þennan sparisjóð. Þetta var ákveðið áður en ég kom þarna inn.

Svona gengur þetta alls staðar. Að menn skuli vera að núa mér þessu um nasir aftur og aftur finnst mér með ólíkindum. Ég er búinn að svara þessu einu sinni áður. Þetta finnst mér ómálefnalegt, frú forseti. Ómálefnalegt. Ég get haft á þessu pólitískan áhuga, og vissulega hag, það getur verið að ég sé að berjast fyrir hag ákveðins fjölda fólks sem hefur lagt fram peninga í sparisjóð, sem hv. þm. hefur ekki gert, og hefur átt þátt í því að byggja upp sparisjóði um allt land, sem hv. þm. hefur ekki gert. Það eru hagsmunir þess fólks sem ég gæti og að fjármunir þess verði ekki fótum troðnir og gerðir að engu.

Forseti (Þuríður Backman):

Hv. 7. þm. Norðvest. óskar að bera af sér sakir.

[17:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru að vísu mjög óljósar sakir sem hv. þm. bar af sér áðan og ég viðurkenni að þær eru kannski ekki alveg mjög ljósar, þær sakir sem á mig voru bornar.

Þó sagði hv. þm. að ég hefði ekki tekið þátt í uppbyggingu sparisjóðanna. Það er rangt því að ég hef verið viðskiptavinur sparisjóðanna í 30 ár og ég býst við að sparisjóðurinn sem ég hef skipt við hafi haft hag af þeim viðskiptum og að sá hagnaður hafi átt þátt í því að byggja upp eigið fé þess sjóðs. Ég vil því halda því til haga að viðskiptavinir sjóðsins eigi kannski hvað mestan þátt í því að byggja upp eigið fé þeirra. Og í lögunum er einmitt ákvæði um að það eigið fé sem þannig er uppbyggt sé ekki eign stofnfjáreigenda nema að hluta til. Og það er það sem hv. þm. Pétur Blöndal er að reyna að breyta með kúnstum sínum, að komast yfir stærri hlut þess eigin fjár en honum ber.

Mér finnst hins vegar með ólíkindum að hann telji það sakir á sig bornar að ég telji framgöngu hans í þessu máli stjórnast af því að hann vilji græða á því. Það finnst mér einkennilegt ef hv. þm. ætlar að halda því fram núna að hann sé ekki í þessum viðskiptum til þess að hagnast á þeim. Í hvaða tilgangi er þá þingmaðurinn í þessum viðskiptum? (**PHB:** Hv. þm. skilur það kannski ekki.) Hann heldur því fram að hann sé í þessum viðskiptum sem stjórnarmaður SPRON til þess að græða á því pólitískt. Er hann þá að styrkja hag sparisjóðsins með því að nota eigið fé sjóðsins í sínum pólitíska tilgangi? Hann verður að átta sig á því, hv. þingmaður, að með svona málflutningi held ég að hann gangi út yfir allt það sem áður hefur fram komið í máli hans, og var nú varla á það bætandi.

[17:56]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að taka þátt í umræðum um sparisjóðina og stöðu þeirra, hlutverk og hvernig megi verja þá, verja stöðu þeirra og hlutverk í þessu samfélagi. Í raun erum við hér að takast á um hugmyndafræði. Við erum að takast á um gildi. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því. Það er verið að takast á um þessa þætti, um það hvort sparisjóðirnir, í þessu tilviki sem við erum hér að ræða, fái að starfa og vera til á grunni hugsjóna um samhjálp og félagshyggju og að krafan um arðsemi eigin fjár til eigenda eða stofnfjárfesta eða ábyrgðarmanna sé ekki drifkraftur sparisjóðsins, heldur þessi þjónusta.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efh.- og viðskn., fór hér mjög ítarlega yfir bæði sögu sparisjóðanna, hlutverk þeirra og þær áherslur sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft í málefnum sparisjóðanna á undanförnum árum. Ég vil þó árétta nokkur atriði.

Víkjum aðeins að sparisjóðunum. Þeir voru stofnaðir snemma á síðustu öld, langflestir, og meginhluti eigin fjár þeirra var í sjálfseign, í reynd almennings þess nærsamfélags sem viðkomandi sparisjóður þjónar. Þeir hafa veitt almenna fjármálaþjónustu á sínu starfssvæði og unnið á grundvelli hugsjóna um eflingu og uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs á heimasvæði sínu. Markmið þeirra hefur ekki verið að hámarka arðgreiðslur til einstakra stofnfjáreigenda, eða ábyrgðarmanna eins og þeir hétu. Afar ströng skilyrði voru sett fyrir starfsleyfum sparisjóðanna. Sparisjóðirnir voru menningar- og þjónustustofnanir og nutu af þeim sökum skattfrelsis allt til ársins 1983. Í samþykktum sparisjóðanna er kveðið á um slit sjóðsins. Aðeins er heimilt að sameina sparisjóðinn öðrum sparisjóði, ekki viðskiptabanka. Þegar skuldir sparisjóðsins hafa verið greiddar vegna slita á starfsemi sparisjóðsins skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum sjóðsins. Þeim eignum er þá kunna að vera eftir skal ráðstafað til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins.

Í þessum ákvæðum endurspeglast sá grundvallarmunur sem er á sparisjóði og hlutafélagsbanka. Hlutafélagsbanki sem starfar eins og hvert annað fyrirtæki sem á hlutfélagsgrunni hugsar fyrst um arð og hag eigenda sinna, eins og við höfum fengið svo oft að heyra á undanförnum dögum. Hlutafélagavæddur sparisjóður er þess vegna ekki til í þessari hugmyndafræði. Og í hugum fólks stendur heitið sparisjóður fyrir þessum gildum. Sé þessum grundvallarmarkmiðum breytt eru jafnframt forsendur brostnar fyrir því að halda peningum saman í nafni viðkomandi sparisjóðs og þá, vilji menn breyta því, ber að leysa hann upp og ráðstafa eignum hans eins og stofnsamþykktir hans kveða á um.

Það er mjög mikilvægt að hafa þetta einmitt skýrt fyrir sér að hugtakið sparisjóður og samþykktir um sparisjóðina leyfa ekki frjálsa, ótakmarkaða innrás inn í peninga viðkomandi sparisjóðs, eignir hans eða viðskiptaumhverfi.

Fyrir nokkrum árum gekk ákveðin hrina yfir þar sem margir sparisjóðir hurfu inn í eða urðu stofninn að útibúi annarra bankastofnana, t.d. Búnaðarbankans eða Landsbankans, og flestir sem þetta gerðu runnu inn í næsta Búnaðarbanka. Þannig fór um öfluga sparisjóði eins og Sparisjóð Akraness, Sparisjóð Dalamanna, Sparisjóð Sauðárkróks svo nokkrir séu nefndir sem hurfu inn í næsta bankaútibú þar sem höfuðstóll þeirra brann upp. Þessar yfirtökur voru gerðar í því ljósi að þessir bankar væru þá að fullu í ríkiseign og enn litið á þá sem þjónustustofnanir fyrir fólk og atvinnulíf en ekki fyrirtæki sem bæri fyrst og fremst að skila hámarksarðsemi til eigenda sinna.

Þetta hafði í sjálfu sér takmarkaða breytingu í för með sér á meðan viðkomandi útibú starfaði eftir gildum sparisjóðanna og naut verulegs sjálfstæðis og sinnti sínu nærumhverfi. En nú er sú staða gjörbreytt. Nú eru flest útibúin orðin valdalitlar afgreiðsludeildir frá miðstýrðum höfuðstöðvum sem geta borið aðra hagsmuni fyrir brjósti en að efla þjónustu við íbúa í fjarlægum héruðum. Þetta höfum við fengið að reyna á síðustu missirum. Hinir stóru bankar gefa lítið fyrir þjónustuskyldur við atvinnulíf og búsetu og hagsmuni fólks úti um hinar dreifðu byggðir.

Mér er nær að halda, virðulegi forseti, að ábyrgðarmenn Sparisjóðs Dalasýslu, þegar hann gekk inn í Búnaðarbankann á grundvelli þess að Búnaðarbankinn væri enn þá ríkisbanki og mundi verða svo og mundi verða þjónustustofnun, ég dreg í efa að þeir sem þar lögðu fjármagn til hafi nokkuð tekið út stofnfjárhlut sinn sem nú er svo kallaður, en var þá kallað ábyrgðir viðkomandi. Ég dreg það stórlega í efa, enda voru þessar stofnanir, þjónustustofnanir byggðar upp á grundvelli ákveðinna hugsjóna og þjónustuskyldna við sitt samfélag. Það var ekki verið að stofna til þess til að hámarka arð viðkomandi ábyrgðarmanna af ábyrgð þeirra í stofnun og rekstri sparisjóðsins.

Hér er því alveg grundvallarmunur á hugmyndafræði, það skulu menn hafa í huga. Menn hafa enga heimild eða leyfi til þess að brjóta þessa hugmyndafræði niður og hirða síðan afraksturinn sem þarna hefur safnast saman. Að mínu viti, virðulegi forseti, yrði þarna um hreinan stuld að ræða gagnvart því sem byggt hefur verið upp á grunni þessara hugsjóna.

Það er alveg hárrétt að þróun á síðustu mánuðum og árum á fjármálamarkaðnum hefur verið með afar einstæðum hætti og fólk nánast verið agndofa yfir hvernig þau mál

hafa þróast. Fólki hefur blöskrað vaxtaokur, há þjónustugjöld og gríðarlegur hagnaður bankanna eftir að þeir voru einkavæddir og seldir sérstaklega. Rætt hefur verið um að fákeppni ráði ríkjum og siðferði í fjármálageiranum sé ekki til trafala. Rætt hefur verið um að æðstu stjórnendur banka skammti sér himinhá laun og fríðindi sem ekki hafa þekkst í íslensku samfélagi fram til þessa.

Virðulegi forseti. Allt var þetta þó fyrirsjáanlegt. Þingmenn Vinstri grænna vöruðu við því að sala bankanna leiddi til græðgisvæðingar peningamarkaðarins og við lögðum til að ríkið ætti einn öflugan þjóðbanka til mótvægis við einkabankana sem tryggði atvinnulífinu og öllum almenningi lágmarksþjónustu óháð búsetu. Því eins og við upplifum nú rækilega þessa dagana bera þessir bankar, einkavæddu og seldu bankar, engar samfélagslegar skyldur, aðeins arður hluthafanna ræður ferð. Gott og vel, en hvers vegna mega þá ekki sparisjóðirnir halda sínum hlut, sparisjóðirnir sem eru ein helsta stoðin við byggð víða um land vegna þess að íbúarnir hafa sjálfir forræði yfir þeim, og sparisjóðurinn er ein helsta trygging fyrir þjónustu á staðnum og lánum til einstaklinga og smærri fyrirtækja? Sparisjóðirnir ætla sér ekki að hasla sér völl á miklum áhættumarkaði, það er ekki hlutverk þeirra. Þeir hafa tækið, þeir þurfa ekki að gera svo háa arðsemiskröfu vegna þess að ætlunin er fyrst og fremst að styrkja samfélagið — ekki að taka peninga út úr þeim til handa eigendunum — fyrst og fremst til að styrkja samfélagið sem þeir eru að þjóna. Bankarnir aftur á móti standa frammi fyrir arðsemiskröfum eigenda sinna og haga þess vegna starfsemi sinni eftir því.

Fyrir um tveim árum var gert áhlaup á sparisjóðina og reynt að brjótast þar inn og sölsa þá undir sig. Því áhlaupi tókst að hrinda með lagasetningu að því er menn héldu. En nú kemur á daginn, eins og reyndar við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðum við í þeirri umræðu, að þær aðgerðir sem þá var gripið til til þess að reyna að stöðva árásina á sparisjóðina mundu engan veginn nægja. Það væri ekki tekið á þeim raunverulegu atriðum sem þyrfti að taka á. Það yrði bara fundin ný leið til þess að komast yfir fjármagn sparisjóðanna, komast yfir viðskipti sparisjóðanna, komast yfir markaðsstöðu sparisjóðanna. Og sú varð raunin.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðumst gegn hlutafélagavæðingu sparisjóðanna. Við vöruðum við því að farið væri inn á þá braut.

Hæstv. viðskrh. sagði í máli sínu fyrr í dag að heimild til hlutafélagavæðingar sparisjóðanna hefði verið sett inn í lögin að ósk þeirra. Allt má svo sem kalla ósk. Vissulega voru þar einhverjir sparisjóðir, einn eða tveir, sem lögðu þunga áherslu á að fá heimild til hlutafélagavæðingar, sparisjóðir sem eru enn að reyna að komast undan hugsjónum og hlutverkum sparisjóðanna sem ég hef einmitt gert hér grein fyrir. Það var fjarri því að þetta væri vilji allra sparisjóða í landinu. En gott og vel, úr því að þetta voru rökin sem þá voru fyrir því að setja inn heimild fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóðanna, þá væri fróðlegt að heyra hver væri meginósk sparisjóðanna nú varðandi þetta ákvæði.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að því í ræðu sinni fyrr í dag að þegar fulltrúar sparisjóðanna, sparisjóðasambandsins, hefðu komið inn á fund efh.- og viðskn. varðandi þetta atriði, hafi það ekki lengur verið ósk þeirra. Og hjá meginþorra þeirra er ósk um að þetta ákvæði um hlutafélagavæðingu verði tekið út. Og raunin er sú, virðulegi forseti, að væri þetta ákvæði tekið út og þeir fengju að starfa á grunni þeirra hugsjóna sem þeir eru byggðir upp á þyrftum við ekki stöðugt, árlega, að vera að taka upp þessi lög til þess að reyna að sparka í horf afleiðingum illa unninna laga, eins og við nú stöndum frammi fyrir og birtist í frv. ríkisstjórnarinnar, að hér er verið að bjarga enn og aftur fyrir horn nokkru sem var fyrirsjáanlegt við lagasetningu fyrir rúmu ári síðan og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentum á að væri algjörlega ófullnægjandi.

Það hefði, virðulegi forseti, betur verið farið að tillögum okkar, en við vöruðum við því að þær lagabreytingar sem Alþingi samþykkti mundu ekki ná að veita sparisjóðunum þá vörn sem að var stefnt og allir virtust vera meira og minna sammála um á hinu háa Alþingi. En nú fyrir jólin var tilkynnt að Kaupþing – Búnaðarbanki hefði keypt SPRON og greiddi stofnfjárfestum hluti sína á yfirverði. Þá virtust þingmenn annarra flokka koma af fjöllum og töldu að nýsett lög ættu að girða fyrir slíkt. En svo reynist ekki vera og sannast þar, því miður, þau varnaðarorð sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfðum uppi. Sparisjóðirnir standa nú berskjaldaðir nái þetta fram að ganga með þeim hætti sem horfir að óbreyttum lögum.

Hægt er að taka undir ritstjórnargrein Morgunblaðsins frá 23. desember sl. sem orðar það svo að komið sé upp nýtt gjafakvótakerfi í sparisjóðunum, vitnað til gjafakvótakerfisins í auðlindum sjávar, í fiskveiðiheimildunum, að nú verði komið upp nýju gjafakvótakerfi í sparisjóðunum, fái þetta að ganga eftir.

Í forustugrein Morgunblaðsins stóð 23. desember sl., með leyfi forseta:

„Fákeppni eykst stórlega í íslenska fjármálakerfinu, þar sem augljóst er að bankarnir þrír munu skipta sparisjóðunum í landinu upp á milli sín og skiptir þá engu, þótt þeir haldi áfram að reka þá um tíma sem sjálfstæðar einingar undir þeirra hatti. Er þetta vilji fólksins?“ — segir í forustugrein Morgunblaðsins.

Virðulegi forseti. Það er alveg klárt að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segja nei, þetta er ekki vilji fólksins.

Sú lagasetning sem Alþingi beitti sér fyrir haustið 2002 virðist því alls ekki ná yfirlýstum markmiðum sínum um að tryggja framtíð og stöðu sparisjóðanna. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs brást þegar við þegar yfirtaka Kaupþings – Búnaðarbanka á SPRON var kunngerð og krafðist fundar í efh.- og viðskn. Alþingis svo að hægt væri að fara yfir lagalegar forsendur sölunnar og þær afleiðingar sem hún hefði í för með sér fyrir sparisjóðina í landinu, næði hún fram að ganga.

Hlutverk sparisjóðanna hefur verið mjög þýðingarmikið í íslensku atvinnulífi og mörgum byggðarlögum afar mikilvæg lyftistöng enda voru þeir settir á stofn með félagslegu átaki, eins og ég hef hér ítarlega rakið. Grunnhugsjón sparisjóðanna, sem menn skulu hafa rækilega hugfast, er að starfa með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum en ekki að hámarka arð stofnfjáreigenda. Markmiðið með rekstri þeirra er því að stuðla að almannahag. Hlutafélagavæddur banki eða hlutafélagavæddur sparisjóður mun hafa mun takmarkaðri samfélagsskyldur eða staðbundnar þjónustukvaðir því að hlutverk hans verður samkvæmt hlutafjárlögum að hámarka arð hluthafanna. Þá er búið að gjörbreyta, verði sparisjóðir hlutafélagavæddir, hugmyndafræðilegum grunni þeirra og þeir eiga þá að mínu viti ekki rétt á að kalla sig sparisjóði og ætti þess vegna að kveða skýrt á um það í

lögum að hlutafélagavæðingarheimild fyrir sparisjóði þýddi það í raun að verið væri að hverfa frá rekstri og starfsemi viðkomandi sparisjóðs.

Virðulegi forseti. Það skortir ekki á yfirlýsingar frá sparisjóðum um allt land, frá sveitarfélögum um allt land, áskorun um að standa vörð um sparisjóðina, hlutverk þeirra, hugsjónir og rekstrarform.

Ég hygg að allir sparisjóðir og sparisjóðsstjórnir um landið hafi sent fram áskorun um að svo verði gert. Sparisjóðasambandið hefur gert það. Sparisjóðirnir, á sameiginlegum fundi 16. janúar 2004, sendu frá sér ályktun þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sparisjóðirnir minna á að þeir eru elstu starfandi fjármálastofnanir á Íslandi. Rekstur þeirra hefur eflst jafnt og þétt og hafa þeir mikilvægu hlutverki að gegna um allt land. Rekstrarform þeirra hefur reynst vel. Því er treyst að stjórnvöld standi við fyrri yfirlýsingu um mikilvægi starfsemi sparisjóða og að lög séu á hverjum tíma í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis."

Yfirlýstur vilji Alþingis hefur ekkert farið á milli mála, a.m.k. eins og hann hefur birst hér í orðum hv. þingmanna, hann er að staðinn verði vörður um sparisjóðina. Og undir þessa áskorun rita allir starfandi sparisjóðir, að undanteknum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Hverju eru þeir að óska eftir? Þeir eru að óska eftir því að þeir fái lagalegt umhverfi til þess að fá að starfa í friði á grunni hugsjóna sinna, þess hlutverks sem þeim var markað í upphafi, þeir séu ekki settir með lögum á altari markaðshyggjunnar og nýfrjálshyggjunnar sem því miður tröllríður nú ríkjum í fjármálaheiminum.

[18:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Alþingi fjallar hér um málefni sparisjóðanna í þriðja sinn á tveimur árum. Upphafið var að einhverjir fulltrúar sparisjóðanna, býsna áhrifamiklir, komu því á framfæri að opna þyrfti þeim möguleika til að breyta sparisjóðunum í hlutafélög. Ég hafði á þessu illan bifur allan tímann. Mér fannst og finnst enn að sú eðlisbreyting sem verður á þessum stofnunum með því geti ekki farið saman við upphafið, þ.e. stofnskrá sparisjóðanna.

Það kom fram í umræðum að við vöruðum við því, ég og fleiri, að leið mundi opnast fyrir stofnfjáreigendur til að selja aðgang að sjóðnum sjálfum, þeim peningum eða verðmætum sem verða til við starfsemi sparisjóðanna. Ég ætla ekki að taka tíma í að fara yfir mikilvægi sparisjóðanna en minni á að eftir að fjármálastofnanir fóru að vinna með þeim hætti sem þær hafa gert síðustu árin eða missirin er enn þá mikilvægara að til séu fjármálastofnanir í þessu landi sem vinna fyrst og fremst að hagsmunum sínum og viðskiptamanna sinna á grundvelli einstaklingsviðskipta en séu ekki uppteknir af braski og samkeppni við sína eigin viðskiptamenn alla daga, eins og bankar og fjármálastofnanir eru að gera.

Mér finnst að Alþingi beri mikla ábyrgð í þessu máli. Satt að segja finnst mér að hv. þm. Pétur Blöndal hafi orðið fyrir óþarflega miklum árásum í sölum Alþingis. Hann hefur farið fyrir þeim sem hafa viljað nota smugur á þessari löggjöf og ég ætla ekki að mæla því bót. Ég hef gagnrýnt hv. þm. fyrir þetta. Hins vegar vil ég segja að það er Alþingi sem ber ábyrgð á þessum smugum. Það er ekki þannig að það hafi ekki verið varað við því að þær væru fyrir hendi. Það var gert fyrir tveimur árum af mér og fleirum og líka fyrir ári síðan þegar fjármálastofnanirnar voru til umræðu. Ég tel fulla ástæðu til að minna á þetta af því að frá þessu var sagt alveg skýrt á þessum tíma. Ég bið um að efh.- og viðskn. fari vel ofan í þetta mál til að menn lendi ekki í að leggja frv. fram fjórða sinnið vegna þess að hér hafi verið kastað til höndum.

Að mínu viti hafa stofnfjáreigendur í SPRON setið yfir því í ár að ná samkomulagi um hvað þeir eigi að fá fyrir að selja aðganginn að sjóðnum. Ég minni á orð hv. þm. Péturs Blöndals í umræðum um þetta mál. Ég spurði hann í andsvari hvað mundi gerast og hvaða hættur væru þarna á ferðinni. Þá sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Síðan er spurning hvað gerist í samningum við stjórn. Ég benti á það áðan að stjórnin verður að samþykkja framsal á hlutum. Þar af leiðandi verður stjórnin á þeim tímapunkti áður en breytt verður í hlutafélag afskaplega valdamikil. Hún hefur þetta allt í hendi sér. Hún gæti t.d. heimilað að einhver stór aðili keypti alla hluthafana út á mjög háu verði og þá er spurningin, ég þori varla að segja það: Hvað borgar hann mikið til stjórnarinnar?"

Þetta, hæstv. forseti, sagði hv. þm. Pétur Blöndal í sölum Alþingis. Ég tel fulla ástæðu til að velta fyrir sér hvað hann var að fara. Hann sagði skýrum orðum að þeir sem færu með völd í þessari stjórn væru í bullandi hættu á að þeim yrði mútað til að taka ákvörðun. Ég held því ekki fram að þeim hafi verið mútað. Ég held því hins vegar fram að þeir hafi staðið í samningaviðræðum til að tryggja hag sinn sem stofnfjáreigendur, til að tryggja hag sinn sem starfsmenn og til að tryggja sér yfirráð í framtíðinni yfir þeim 6 þús. millj. kr. sem samið var um að yrðu eftir í þessari stofnun sem á að verða til.

Þetta er allt saman á ábyrgð Alþingis vegna þess að hér köstuðu menn til höndum við lagasetningu. Það var varað við þessu.

Ég ætla ekki, vegna þess að hér hefur verið óskað eftir því að menn styttu mál sitt, að halda lengri ræðu. Ég vil bara minna á það enn og aftur að það er ekki nóg að berja á einhverjum þingmanni sem hefur tekið að sér vafasamt hlutverk þegar menn bera sjálfir ábyrgðina á að hafa ekki gengið frá málum með þeim hætti að það dugi.

[18:24]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Frumvarpið sem við ræðum snertir framtíð sparisjóðanna í landinu. Þeir gegna gríðarlega miklu hlutverki í fjármálakerfi landsmanna, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Ég fagna þeim sinnaskiptum sem fram hafa komið hjá hæstv. viðskrh., að láta sig varða málefni sparisjóðanna. Hún hefur greinilega skipt um skoðun frá því um áramót. Það er mjög gott og ber að hrósa henni fyrir það. Þá taldi hún að þetta mál varðaði ekki stjórnvöld þar sem salan væri eitthvað sem væri að gerast á markaði. Það er mikið fagnaðarefni að nú skuli hún hafa aðra skoðun á málinu.

Ég tel líka að margir aðrir stjórnarþingmenn hafi skipt um skoðun, m.a. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hann skrifaði mikla og merka grein um málið og mátti helst skilja greinina á þann hátt að hann væri að réttlæta hið tvöfalda verð sem átti að greiða til stofnfjáreigenda, þeir áttu að fá tvöfalt verð fyrir sinn hlut eða samsvarandi því sem átti að greiða fyrir hlut sjálfseignarstofnunarinnar. Mér þótti það mjög undarlegt, sérstaklega í ljósi þess að stofnfjáreigendur fengu margfalda upphæð, miðað við tilboð KB-banka og það sem þeir lögðu í stofnfé SPRON. Það er með ólíkindum að hv. þingmenn skuli reyna að réttlæta þetta tvöfalda verð.

Ég tel að þessa breytingu á viðhorfi stjórnarsinna eða þingmanna stjórnarflokkanna megi einkum rekja til harðrar andstöðu, bæði sveitarfélaga í landinu og sparisjóða allt í kringum landið. Við í Frjálsl. höfum tekið undir þessi varnaðarorð til sparisjóða og sveitarfélaga, um að varhugavert sé að fara út í þessa sölu á SPRON og rífa SPRON úr keðju sparisjóðanna.

Nú hefur komið fram að frv. hæstv. viðskrh. er ætlað að koma í veg fyrir að Kaupþing – Búnaðarbanki geti keypt SPRON og að stofnfjáreigendur geti hagnast á kostnað sjálfseignarstofnunarinnar. Það er mjög mikilvægt.

Ég tel engu að síður að við ættum fremur að samþykkja það frv. sem við í Frjálsl. flytjum hér. Við ættum að láta það njóta forgangs í þinginu. Það frestar því að sparisjóði verði breytt í hlutafélag. Með því verður engum sparisjóði breytt í hlutafélag næstu tvö árin. Þá gæti þingið farið vel yfir löggjöf sparisjóðanna og málin ekki sett í flýtiafgreiðslu. Menn gætu vandað rækilega til lagasetningarinnar og tekið tíma í að búa til vandaða lagasetningu sem gæti farið út í þjóðfélagið. Af því gæti sprottið umræða og sátt um málin. Ég tel að þingheimur ætti að samþykkja tillögur okkar og taka góðan tíma í að fara yfir svo mikilvægt mál sem skiptir byggðirnar um allt land miklu máli.

En þó að sparisjóðirnir séu mikilvægar stofnanir á landsbyggðinni þá tel ég að þeir séu einnig mjög mikilvægir á Reykjavíkursvæðinu. Þeir eru ákveðinn valkostur fyrir minni fyrirtæki og einstaklinga. Ég er sannfærður um að við það að sparisjóðunum verði kippt út af markaðnum muni þrengjast um hag og bankakjör sem minni fyrirtæki og einstaklingar njóta. Ég tel að við eigum ekki að vanmeta það. Við höfum séð að stærri fyrirtæki hafa notið þess að fá lægri vexti. Þau hafa haft aðgang að lánsfé í útlöndum og þess vegna notið samkeppni við erlent lánsfé. Þess vegna tel ég að við verðum að huga sérstaklega vel að kjörum einstaklinga og minni fyrirtækja. Sparisjóðirnir hafa gegnt því hlutverki og þjónað einstaklingum og minni fyrirtækjum ákaflega vel. Ég tel ekkert liggja á að koma á enn meiri fákeppni á þessum bankamarkaði.

Við höfum horft á gríðarlegar sameiningar og breytingar á bankamarkaði á síðustu árum án þess að einstaklingar hafi notið þeirra. Við höfum nýleg dæmi um að þjónustugjöld bankanna eru með þeim hærri á Norðurlöndum ef marka má kannanir Neytendasamtakanna. Ekki ætla ég að draga þær í efa. Auk þess er vaxtamunur mikill.

Síðasta ár var mjög viðburðaríkt í sögu bankanna. Búnaðarbankinn og Landsbankinn voru einkavæddir, eða réttara sagt afhentir. Sjálfstfl., og þá sérstaklega hæstv. forsrh., hafði lofað að þeir yrðu seldir í dreifðri eignaraðild. Öllu var síðan snúið á hvolf. Þá var talað mikið um mikilvægi svokallaðra kjölfestufjárfesta. Allt tal um dreifða eignaraðild var gleymt. Ég tel að við eigum ekki að fækka sparisjóðunum og koma þeim inn í þessar samstæður. Ég held að við ættum að gefa þessu tíma, tvö ár, og fara síðan yfir málið og vanda til löggjafarinnar.

Ríkisbankarnir eru mjög stórir miðað við stærð þjóðarinnar. Aðalrökin fyrir dreifðri eignaraðild að bönkum er að hugsanlega gæti einn sterkur fjármagnseigandi komist yfir banka, takmarkað aðgengi annarra athafnamanna að fjármagni og notað aðstöðuna til að komast yfir fyrirtæki.

Við höfum heyrt gagnrýni af þessu tagi, að menn hafi notað aðstöðu sína, t.d. með Landsbankann, og komist yfir Eimskip með þessum hætti. Við höfum heyrt að bankarnir hafi verið notaðir með þeim hætti sem varað var við og það hafi verið afleiðing þess að menn fóru ekki eftir því sem þeir lofuðu, þ.e. dreifðu eignaraðild. Þeir grófu upp eitthvert orð sem heitir „kjölfestufjárfestir" í bönkunum.

Háværar raddir, miklar áhyggjuraddir, hafa heyrst hjá hæstv. forsrh. um fákeppni og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Við höfum tekið undir það í Frjálsl. að fara að skoða þau mál en ég tel að menn ættu ekki að gleyma fjármálaheiminum og hugsa heldur til þess að með því að fara þá vegferð sem stefndi í með sameiningu KB-banka og SPRON þá hefði orðið enn meiri samþjöppun. Við í Frjálsl. teljum að við eigum að staldra við, bíða með málið um stund, í tvö ár, og gefa okkur góðan tíma til að fara í vandaða umfjöllun um fjármálamarkaðinn.

[18:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég vil segja nokkur orð til viðbótar við þessa umræðu sem hér hefur farið fram, en þeir hafa nú talað á undan mér, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jón Bjarnason, og gert ítarlega grein fyrir aðkomu okkar að þessu máli.

Ég kýs að byrja á að rifja það upp og minna á að hreyft var verulegum efasemdum í tengslum við þann leiðangur sem er upphaf alls þessa máls, þann leiðangur sem menn lögðu upp í á þinginu 2000–2001 að opna á þá leið að breyta sparisjóðum í hlutafélög, sem aldrei skyldi verið hafa. Ég var í þeim hópi sem hafði miklar efasemdir um ágæti þess ráðslags og fannst reyndar alltaf vanta grundvallarumræðuna um það hvort það væri yfir höfuð í samræmi við þann anda og tilganginn með rekstri sparisjóða að blanda þeim saman við rekstur hlutafélaga eða það form sem er ágætt form út af fyrir sig og hentar þar sem það á við. En það gera sparisjóðir líka og sjálfseignarstofnanir eða félagsleg samfélög, félagsleg samtök manna eins og sparisjóðir í eðli sínu eru.

Svo vill til að ég var gestur á ársfundi sparisjóðanna sem haldinn var á árinu 2000. Þá voru þessi mál þar mjög í deiglu. Ég reifaði þar sjónarmið mín og varaði sparisjóðina mjög við því að farið yrði inn á þessa braut og vitnaði til reynslunnar, t.d. í Danmörku og víðar þar sem ekki leið á löngu að í framhaldi af breytingum á nokkrum stórum sparisjóðum í hlutafélög hurfu þeir af yfirborði jarðarinnar sem slíkir. Þar sem menn hafa hins vegar farið aðra leið eins og þá að halda sparisjóðunum sem sparisjóðum og ekki blandað rekstrarformi og lagaumhverfi þeirra á nokkurn hátt saman við hlutafélagabanka þá hafa þeir staðist og eru öflugir víða, t.d. í Þýskalandi, á Spáni og víðar, þó auðvitað séu væringar uppi þar eins og alltaf er í viðskiptaumhverfi sem er á fullri ferð. En þeir hafa a.m.k. haldið þar stórri markaðshlutdeild og ekki verður séð að þetta form hafi staðið þeim fyrir þrifum nema síður sé.

Þvert á móti virðist það vera svo, og það staðfestir reynslan líka hér á landi, að almenningur er mjög sáttur við og velviljaður stofnunum sem byggja á þessum grunni, en í rekstri á Íslandi í dag virðist höfuðmarkmiðið eða eina markmiðið nú vera orðið — samanber hina nýju tíma sem formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., var að ræða uppi í Háskóla, en hann var mjög undrandi og hneykslaður á móralnum sem orðinn væri í atvinnurekstri í landinu (**Gripið fram í:** Og fór svo á skíði.) og fór svo á skíði — gróðinn, hámarksgróði hratt og ekkert annað, sé eina leiðarhnoðan sem menn í atvinnurekstri í dag fara eftir.

Með sparisjóðina er þessu öðruvísi farið. Það eiga allir að vita og hefur aldrei átt að vera neitt vandamál fyrir menn. Þeir eru allt öðruvísi hugsaðir. Stofnfjáreigendur sem hafa þar í byrjun bundist samtökum um að koma sparisjóðunum á fót, annaðhvort eins og það var í byrjun með tilteknum ábyrgðum á bak við starfsemi þeirra og/eða takmörkuðu fé sem lagt er inn í byrjun, hafa aldrei verið hugsaðir sem áhættufjárfestar eða að þeir væru á höttunum eftir skjótfenginni og mikilli ávöxtun af stofnfjáreign sinni eða ábyrgðum sínum sem slíkum, heldur hefur verið höfðað til þess að menn væru að bindast samtökum um að tryggja þessa þjónustu í heimabyggðum sínum og að arðurinn, ef nota á það hugtak, yrði miklu frekar fólginn í starfseminni sjálfri, því sem af henni leiddi, og þá því sem fyrirtækið veitti út í viðkomandi samfélag. Þetta finnst mér, herra forseti, vera ákaflega göfug hugsun og falleg hugsun og mætti vera meira um að menn hugsuðu fyrst um eitthvað annað en sjálfa sig og eigin pyngju, að menn bæru umhyggju fyrir þeirri starfsemi sem í hlut á og þeim byggðarlögum og því fólki sem hún er ætluð til að þjóna. (**Gripið fram í:** Ertu jafnaðarmaður?) Þetta er eitthvað skylt jafnaðarmennsku, já. Jafnvel róttækri jafnaðarmennsku sem er enn betra.

En auðvitað er þessi hugsun mörgum þyrnir í augum. Það er ekkert nýtt heldur, frú forseti, að þessi hugsun sé mönnum mikill þyrnir í augum. Menn hafa verið hér í miklum leiðöngrum og hatast við allt rekstrarform af þessu tagi. Þeir finna því allt til foráttu, spá því feigð, spá því endalaust að það fái ekki staðist, það sé svo ómögulegt borið saman við hin ágætu algóðu hlutafélög sem allt á að fara yfir í.

Ég hef oft leyft mér að kalla þetta ekkert annað en róg um önnur rekstrarform og aðra hugsun í samfélaginu. Því miður hefur þróunin að þessu leyti hér á Íslandi verið afar óhagstæð síðustu 10–15 árin. Þannig hefur t.d. samvinnurekstur í landinu að mestu eða að verulegu leyti liðið undir lok sem er mikill skaði. Samvinnurekstur er býsna umfangsmikill víða í nálægum löndum. Hann er enn þá t.d. með upp undir 20% markaðshlutdeild ef tekin er stærð í verslun og viðskiptum í Svíþjóð. Þar er ýmiss konar samvinnurekstur enn þá býsna umsvifamikill og í mörgum fleiri löndum. En hann hefur látið mjög undan síga hér eins og kunnugt er og menn hafa jafnvel náð á undraskömmum tíma með skipulagsbreytingum og ýmsum æfingum að láta hin merkustu kvenfélög, merkustu samvinnufélög — ég veit nú ekki af hverju mér varð á að nefna hér kvenfélög. En þau eru líka góð og gild — hverfa af yfirborði jarðar og má þar nefna Kaupfélag Eyfirðinga. Það eru alveg undur og stórmerki að það skuli vera horfið á nánast ... (Gripið fram í.) sem slíkt af yfirborði jarðarinnar á örfáum árum. (Gripið fram í.)

En varðandi sparisjóðina lentu menn sem sagt inn á þessa braut hvað sem um það má nú segja. Við því var varað og mér finnst einhvern veginn að það sem síðar hefur gengið eftir sé alveg nákvæmlega það sem maður óttaðist að mundi gerast. Og nú eru menn á harðahlaupum til baka. Nú eru þau veðrabrigði orðin að innan sparisjóða heimsins mælir enginn með þessari leið lengur nema SPRON þá, nema þá ráðandi öfl enn þá í SPRON. Og ég get ekki betur heyrt en að þeir sem voru að einhverju leyti hallir undir þetta innan samtaka sparisjóðanna á árunum í kringum 2000 séu nú allir saman komnir á þá skoðun að best væri auðvitað að losna við þessi ákvæði út úr lögunum og slá skjaldborg um sparisjóðina sem sparisjóði, enda var þetta allt saman tóm vitleysa frá byrjun.

Það má færa fyrir því gild rök að þessi blönduleið sem valin var með lagasetningunni 2002 hefði aldrei getað gengið upp, þ.e. í þeim skilningi að menn gætu rekið hlutafélagavæddan sparisjóð, með stóra sjálfseignarstofnun við hliðina, sem slíkan í óbreyttu formi áfram, einfaldlega vegna þess að ég fæ ekki séð hvernig sú sambúð á að geta gengið upp miðað við þær arðsemiskröfur sem hinum hlutafélagavædda sparisjóði væri ætlað að skila sjálfseignarstofnuninni á bak við o.s.frv. En það er kannski önnur saga.

Síðan kemur áhlaupið á SPRON eins og hér hefur rækilega verið rifjað upp og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Í beinu framhaldi af því lögðum við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs sem þá var fram frumvarp á haustdögum 2002 þar sem við lögðum til að hlutafélagaákvæðamöguleikinn yrði tekinn út úr lögunum og það gert afdráttarlaust að bannað væri að selja stofnfjárhluta á yfirverði, það ætti að halda sig við hinn upprunalega anda laganna um að stofnfjárhluturinn væri þá eingöngu færður upp til verðlags og annað ættu menn ekki kröfu á út úr því sameignarfélagi eða þeirri sjálfseignarstofnun sem sparisjóðirnir í eðli sínu hafa frá byrjun verið hugsaðir til að vera. Hefðu menn nú betur gert þetta og stæðum við þá ekki í þeim sporum hér að þurfa að vandræðast með málin eins og verið hefur undanfarnar vikur.

Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs höfum frá byrjun nálgast þetta mál með því hugarfari og frá þeim sjónarhóli að við viljum standa vörð um sparisjóðina og ekki bara það því við viljum tryggja að þeir geti dafnað sem öflug keðja, sem öflug starfsemi á sínu sviði, sérstaklega sérhæfðir í því að veita almenningi og minni fyrirtækjum góða þjónustu því í því eru þeir góðir og til þess henta þeir vel. Og þeir tryggi þá um leið meiri fjölbreytni, meira aðhald, meiri samkeppni, en ella verður í fjármálaheimi sem er allur að skreppa saman í fákeppniseiningar eins og fleiri svið viðskipta í landinu, undir styrkri handleiðslu Sjálfstfl. En eins og kunnugt er hefur Sjálfstfl. unnið afrek, ef svo má kalla, með meðreiðarsveinum sínum, fyrst Alþýðuflokknum og síðan Framsókn, í því að stórauka fákeppni í íslensku viðskiptalífi. Þetta er staðreynd. Grimm fákeppni hefur skollið hér á, ekki bara undir handleiðslu Sjálfstfl. heldur með beinum tilstyrk ríkisstjórna Sjálfstfl. og samstarfsaðila þeirra á undanförnum árum. Það hefur m.a. gerst í gegnum einkavæðinguna og með fleiri aðferðum.

Herra forseti. Það er afar óheppilegt hvernig deilur um m.a. formleg atriði hér inni í þinginu hafa valdið því að mikill tími hefur farið til spillis. Fyrir lá strax í desember að nú yrði að láta reyna á það, af eða á, hvort menn vildu verja sparisjóðina sem sjálfstæðar einingar í viðskiptalífinu hér. Það var alveg ljóst að ef þetta mál gengi eftir, þ.e. kaup KB-banka á óstofnuðu hlutafélagi um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, yrðu yfirgnæfandi líkur á því að skriða væri að fara af stað sem ekki yrði stöðvuð. (**PHB:** Það er stofnað.) Óstofnuðu þá þegar áformin urðu hljóðbær í desembermánuði. (**PHB:** Það er búið að stofna það.) Það er búið að stofna það núna, já, hv. þm. Pétur Blöndal. Mér er það ljóst. Mér er það kunnugt. En það er náttúrlega ekki búið að taka ákvarðanir fyrir hönd aðila sem ekki er til að lögum enn þá. (**RG:** Lúðvík og Einar bjarga ...) Það er nú ekki þannig. Ætli stofnfjáreigendurnir verði nú ekki að koma saman og skrifa upp á herlegheitin áður en þetta telst stofnað með lögmætum hætti, þ.e. sjálfseignarstofnunin. (Gripið fram í.)

Herra forseti. En því miður, þrátt fyrir að þetta lægi fyrir og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs

óskaði eftir því strax 22. desember, held ég að ég muni rétt, að efh.- og viðskn. kæmi þegar saman, sem er hinn eðlilegi vettvangur til að skoða þessi mál, m.a. vegna þess að strax komu fram mismunandi túlkanir á því hvað fyrir mönnum hefði vakað með breytingartillögum og þegar lögin voru afgreidd hér vorið 2002, gerðist ekkert. Þáverandi nefndarmaður í efh.- og viðskn., núverandi formaður þingflokks Sjálfstfl. var í byrjun með þær túlkanir að það sem þarna stæði til hjá SPRON stríddi algerlega gegn því sem hefði verið andi vinnunnar í efh.- og viðskn. á þeim tíma. Skárra væri það nú þó að Alþingi tæki slíka stöðu alvarlega. Alþingi á að hafa metnað fyrir hönd sjálfs sín til þess að taka tafarlaust á málum ef eitthvað annað er að koma út úr lagasetningu en til stóð og þess vegna var það mjög miður að deilur sem síðan upphófust um formsatriði skyldu valda því að efh.- og viðskn. þingsins var fyrst að koma saman til verka í þessum efnum bara núna fyrir nokkrum dögum. Það er ekki við okkur að sakast a.m.k. sem óskuðum eftir því strax, eins og áður sagði, 22. desember að hún kæmi saman. (Gripið fram í.) Mér finnst að menn sem núna koma hér eins og riddarar á hvítum hestum og telja sig vera að vinna bara einhendis þau afrek að bjarga sparisjóðnum, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, ættu aðeins að minnast þess sem þeir eiga hlut að máli þar, t.d. í efh.- og viðskn. Mér fannst engum til sóma hvernig það mál birtist út á við fyrir þing og þjóð, að þingnefndir væru ekki starfhæfar vikum saman út af átökum eins og þar urðu um hæfi eða ekki hæfi formanns nefndarinnar o.s.frv. Það er nokkuð sem menn eiga að útkljá án þess að það verði á kostnað þess að nefndir þingsins geti starfað.

Við höfum lagt vinnu í það undanfarnar vikur að ræða við aðila þessa máls. Við höfum haldið fundi með stjórn Sambands sparisjóða, við höfum átt fundi með einstökum stjórnum og forsvarsmönnum einstakra sparisjóða og öll okkar vinna hefur miðað að því að reyna að finna færar leiðir til þess að ná upphaflegum markmiðum um það að standa vörð um sparisjóðakeðjuna í landinu. Og þar skiptir allt máli, þ.e. að starfsgrundvöllur sparisjóðanna að lögum sé þannig að þeir geti staðið áfram sem sjálfstæðar einingar og dafnað, að samstarf þeirra haldi og þeim sé búin umgjörð sem dugi þeim í þeim efnum.

Ég tel í raun og veru hlutafélagavæðingarleiðina ófæra fyrir sparisjóðina og ég spái því að þó að þetta standi áfram í lögum muni engum detta í hug að breyta sparisjóði í hlutafélag, einfaldlega vegna þess að það er að mínu mati alveg ófær og fráleit leið. Að vísu væri miklu betra að lögin kvæðu ekki á um þetta, að því leyti erum við alveg sammála og við höfum auðvitað lagt til að þessi hlutafélagaákvæði færu einfaldlega út úr lögunum, þótt ekki væri nema tímabundið eins og Frjálsl. leggur til í frestunarfrv. Þá yrði girt fyrir það að kaup af því tagi sem til standa af hálfu KB-banka og SPRON gengju fram og þá eiga menn ekkert að vera að því, heldur halda sparisjóðunum sem sparisjóðum og ég er viss um að það verður í fyllingu tímans best fyrir þá sjálfa.

Ef skilið verður með algerlega afdráttarlausum hætti á milli annars vegar stofnfjáreigendanna, stofnfjáreignarinnar, þess hlutafélags sem þeir kunna að stofna utan um sjálfa sig, og hins vegar sjálfseignarstofnunarinnar sem auðvitað er að mörgu leyti augljóslega eðlilegur hlutur sýnist manni að heila móverkið hrynji. Það má auðvitað velta fyrir sér af hverju sú leið var ekki farin strax í byrjun, ef þetta átti að gerast á annað borð, að láta almennu lögin um sjálfseignarstofnanir gilda og þann anda sem í þeim er sem er auðvitað sá, af mjög gildum ástæðum, að stofnendur sjálfseignarfélags mega ekki verða síðan stjórnendur þess. Og af hverju er þetta? Það er af augljósum ástæðum. Menn vilja ekki að menn geti blandað þeim hagsmunum saman með því að þeir sem undirbúa og stofna sjálfseignarstofnun geti svo jafnframt stjórnað henni. Það þarf auðvitað ekkert að setja á ræður um hvers vegna og hvaða gildu rök eru fyrir því að halda þessu aðskildu, að það komi algerlega óháðir, sjálfstæðir aðilar með sjálfstætt mat á velferð sjálfseignarstofnunarinnar að henni eftir að hún er orðin til. Þá og því aðeins er að fullu virt hugsunin um (Gripið fram í.) sjálfseignarstofnun — ja, aðrir eru það nú ekki heldur, hv. þm. Pétur Blöndal. Ég held að höfuðtalsmaður hrákapítalismans, Pétur H. Blöndal, ætti stundum að tala af svolítið meiri hógværð um snilldina sem sé fólgin í hlutafélagavæðingu og kapítalískum rekstri. Hv. þm. úthúðar hér alltaf öllu sem byggir á einhverri félagslegri hugsun en talar gjarnan eins og hitt sé algerlega óskeikult, eins og kapítalisminn sé fullkominn, eins og hann geri aldrei vitleysur, eins og þar tapist aldrei fé. Ég held að hv. þingmaður ætti þá að fara yfir Enron-hneykslin og aðra slíka hluti með okkur og ýmis myndarleg gjaldþrot innan lands. Hver eru þau? Það vantar ekki að það hafi verið einkarekstur og hlutafélög, hv. þingmaður.

Maður getur orðið svolítið þreyttur á þessari hráu nálgun hv. þingmanns, satt best að segja, þó að ég ætli ekki að fara að agnúast út í hann hér. Mér finnst hann hafa fengið meira en nógan skammt í dag. Og það verð ég að segja, þó að ég sé oft hjartanlega ósammála hv. þingmanni og mjög iðulega, að mér finnst að við eigum að reyna að umgangast hvert annað með sæmilegri virðingu fyrir ólíkum skoðunum og ólíkum sjónarmiðum. Það vantaði dálítið upp á, fannst mér, að það væri hér fyrr í dag þegar menn áttu orðastað við hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Varðandi frv. sem hér á í hlut má auðvitað velta því síðan fyrir sér hvort það haldi gagnvart því að stöðva þessi fyrirhuguðu kaup á SPRON. Stöðvast þar með sá gjörningur sem þar hefur verið ákveðinn að því tilskildu að þetta verði orðið að lögum áður en endanlegar ákvarðanir stofnfjáreigenda þar hafa verið teknar eða tillögur stjórnarinnar hafa hlotið slíka blessun? Ég held að hv. nefnd þurfi að fara mjög vandlega yfir það ef það er vilji þingsins en það hefur manni skilist að væri, fyrir því væri bullandi meirihlutastuðningur að þessi gjörningur næði ekki fram að ganga. Það á ekki að tala um það neina tæpitungu. Þetta snýst þá um það hvort menn ætli að gera þær ráðstafanir að lögum sem tryggja að vilji þingsins nái fram að ganga. Það á auðvitað ekki að vera neitt að vandræðast með það. Ef það er afstaða manna hér og vilji og fyrir því er meiri hluti gera menn það þannig að það sé ekkert verið að velkjast neitt í vafa um það, það séu engin lagalega grá svæði í því.

Ég skal ekkert um það segja hvort nógu rækilega er um þetta búið í þessum efnum en tel þó að lögskýringar sem kynnu að þurfa að fylgja málinu í nál., t.d. frá efh.- og viðskn., gætu þar átt eftir að skipta máli.

Ég segi svo bara að lokum, frú forseti, að það er að mínu mati gríðarlega mikilvægt að það takist að standa vörð um þó þá fjölbreytni, það aðhald og þá samkeppni sem fólgin er í öflugri og vonandi dafnandi og vaxandi sparisjóðakeðju í viðskiptabankaþjónustu framtíðarinnar. Nóg er nú samt, segi ég bara, þó að sparisjóðirnir með um 28% markaðshlutdeild

í almennri viðskiptabankaþjónustu, þar af vel yfir 30% á landsbyggðinni, hverfi ekki undir líka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 483. mál (breyting sparisjóða í hlutafélög). — Þskj. 755.

[18:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson og Grétar Mar Jónsson.

Frv. er tiltölulega einfalt að gerð. Þetta er frestunarfrv. á ákveðnum lagaákvæðum sem við höfum verið að ræða meira og minna í allan dag undir þeim afbrigðum sem samþykkt voru um að taka fyrir frv. ríkisstjórnarinnar. 1. gr. þess hljóðar svo:

„Á eftir 113. gr. bætist við ný grein, 113. gr. a, svohljóðandi:

Frestun á breytingu sparisjóða í hlutafélög.

Gildistaka 73. gr., 74. gr., 75. gr. og 76. gr. frestast til 1. janúar 2006.

Breyting sparisjóðs í hlutafélag sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt samþykki fyrir skv. 1. mgr. 73. gr. fyrir 1. febrúar 2004 skal teljast lögleg og skal farið með hana eftir ákvæðum þessara laga óháð 1. mgr.“

Síðan segir í 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í greinargerð segir svo:

Það er tilgangur þessa frumvarps að ekki verði gengið lengra í bili með hlutafélagavæðingu sparisjóða og þar með sölu þeirra og sameiningu við önnur fjármálafyrirtæki. Á skömmum tíma hafa orðið mjög miklar breytingar á fjármálamarkaði með einkavæðingu og sameiningu banka og annarra fjármálafyrirtækja. Sú þróun hefur orðið meiri og hraðari en menn hugðu í upphafi þegar stefnt var að mjög dreifðri eignaraðild bankanna. Nú um hríð hafa áhugamenn í hópi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, unnið að því að breyta rekstrinum í hlutafélagsform og selja síðan sparisjóðinn KB-banka, áður Kaupþingi – Búnaðarbanka. Um þessa hlutafélagsvæðingu og fyrirhugaða sölu hafa staðið miklar og harðar deilur. Sparisjóðirnir gegna mjög mikilvægu hlutverki víða um land og hafa sumir starfað á aðra öld, enda elstu starfandi fjármálastofnanir á Íslandi. Ekki fer á milli mála að við setningu laga nr. 161/2002 var ætlunin að setja varnir gegn yfirtöku á sparisjóðum en í greinargerð með frumvarpi til laganna sagði m.a. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákvæðum um sparisjóði er breytt til að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða. Þannig er kveðið á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skal heimila framsal á virkum eignarhlut. Þá er tryggilegar búið um að tengdir stofnfjáreigendur geta ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði. Að lokum er kveðið á um að sparisjóður skuli breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en samruni við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja getur átt sér stað.“

Þetta ferli skal, áður en það verður virkt, vera samþykkt af Fjármálaeftirlitinu. Nú er tímabært að staldra við og þess vegna er þetta frumvarp lagt fram, virðulegi forseti.

Þetta frv. stöðvar frekari hlutafjárvæðingu sparisjóðanna næstu tvö árin og þar með er rúmur tími til að lagfæra lögin um fjármálafyrirtæki. Við höfum í dag, virðulegi forseti, rætt frv. ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var að taka á dagskrá með afbrigðum og það stendur vissulega til að reyna að klára þá lagasetningu fyrir 10. febrúar. Ég vil hins vegar vekja athygli á því í lok ræðu minnar að fari svo að menn nái ekki þeirri lendingu sem menn telja sig þurfa að ná í gerð þess frv. sem hér hefur verið rætt, og reyndar frv. sem áður hefur verið vitnað til og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Lúðvík Bergvinsson unnu að, tel ég einboðið að það verði þá gripið til þess að samþykkja þetta frv. sem hér er, um frestun, þannig að mönnum gefist þá tóm til að vinna lagasetninguna gaumgæfilega og vel, vanda hana og ná fram þeim skýru markmiðum sem Alþingi virðist vera sammála um og virtist vera sammála um þegar lögin voru sett 2002, um að það væri ekki æskilegt að hinar sterku fjármálastofnanir, bankarnir, yfirtækju sparisjóðina og legðu í raun og veru sparisjóðakerfið niður. Ég er algjörlega sammála því að það verði unnið gegn þeirri þróun og þess vegna var þetta frv. samið og lagt hér fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MF, MÁ, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, BH, DO, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjart, KolH, LB, MÞH, MS, RG, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjármálafyrirtæki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (stofnfjárhlutur í sparisjóði, stjórn sjálfseignarstofnunar o.fl.). — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, BH, DO, EOK, GHH, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JóhS, JBjart, KolH, LB, MÞH, RG, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 19:02.

57. FUNDUR

fimmtudaginn 5. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 446. mál, þskj. 630. — 1. umr.
2. Stimpilgjald, frv., 543. mál, þskj. 818. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnu Halldórsdóttur, dags. 4. febrúar sl.:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu vikur af persónulegum ástæðum óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að varamaður minn á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykv. n., Atli Gíslason lögmaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Kjörbréf Atla Gíslasonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Atli Gíslason, 8. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:32]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Atli Gíslason hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Mannabreytingar í nefndum.

[10:32]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Margréti Frímannsdóttur, formanni þingflokks Samf., dags. 4. febrúar sl.:

„Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á skipan þingmanna flokksins í fastanefndir og alþjóðanefndir Alþingis, sbr. 16. gr. þingskapa:

Bryndís Hlöðversdóttir tekur sæti Katrínar Júlíusdóttur í allsherjarnefnd og sæti aðalmanns í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA í stað Össurar Skarphéðinssonar.

Katrín Júlíusdóttir tekur sæti Margrétar Frímannsdóttur í félagsmálanefnd.

Össur Skarphéðinsson verður aðalmaður í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins í stað Margrétar Frímannsdóttur sem verður varamaður þar."

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Skráning nafna í þjóðskrá, 556. mál, fsp. KJúl, þskj. 835.
Útflutningur á lambakjöti, 555. mál, fsp. JÁ, þskj. 834.

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsvandi Háskóla Íslands.

[10:33]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um fjárhagsvanda Háskóla Íslands. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hæstv. menntmrh., Þorgerður K. Gunnarsdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:34]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. „Háskólinn er ekki blankur." Svo mælti nýjum menntmrh. í viðtali við Fréttablaðið í janúar sl. Þetta var merkileg yfirlýsing í ljósi veruleikans sem Háskóli Íslands býr við, þjóðskólinn sjálfur. Staðreyndin er sú að háskólinn þarf að óbreyttu annaðhvort að vísa um 900 nýnemum frá námi næsta haust eða taka upp harkalegar fjöldatakmarkanir. Það er hastarlegur heimanmundur fyrir nýjan ráðherra.

Jú, háskólinn er blankur, hvað sem líður orðum hæstv. ráðherra. Stjórnvöld hafa ekki sinnt ítrekuðum óskum háskólans um auknar greiðslur í takt við fjölgun nemenda. Kennslusamningurinn fyrir árið 2004 breytir þar engu um. Hann hafði hvorki áhrif á fjárveitingu þessa árs né á hámark fjölda virkra nemenda sem nú eru 5.200. Háskólinn spáir að fjöldi virkra nemenda verði að óbreyttu 5.750 haustið 2004 og aukningin svari til um það bil 900 skráðra nýnema.

Háskólinn og háskólastigið allt býr við allt of lág fjárframlög, og skortur á skýrri stefnumörkun bætir ekki stöðuna. Samkvæmt nýjustu skýrslu OECD frá árinu 2003 kemur fram að opinber fjárframlög til háskólastigsins á Íslandi voru einungis um 0,8% af landsframleiðslu á meðan annars staðar á Norðurlöndunum var varið á bilinu 1,2–1,7% til háskólastigsins sem er allt að tvöfalt hærra. Ef íslensk stjórnvöld hefðu svipað hlutfall landsframleiðslu sinnar og aðrar Norðurlandaþjóðir fengi háskólastigið um 4–8 milljörðum kr. meira á ári en það gerir nú. Bilið verður ekki leyst með því að velta fjárhagsvanda skólans yfir á nemendur. Háskólinn er hornreka í menntastefnu Sjálfstfl. Því ætlar Samf. að breyta.

Það var því miður eitt fyrsta verk hæstv. ráðherra að opna á skólagjöld án nokkurra fyrirvara eða skýringa í viðtali við Fréttablaðið. Hún verður að svara því svart á hvítu hvort stefnan sé að leysa vanda Háskóla Íslands í auknum mæli með gjaldtöku af nemendum eða með fjöldatakmörkunum eins og nú blasir við skólanum.

Samf. svarar þessu skýrt. Við viljum ekki taka upp skólagjöld í grunnnámi eða fjöldatakmarkanir til að leysa vanda Háskóla Íslands. Samf. vill þvert á móti forgangsraða í þágu menntunar og auka verulega framlög til háskólastigsins alls.

Það er ekki farsælt þegar hæstv. ráðherra opnar á skólagjöld án þess að skýra hvaða skólastefna býr að baki. Er það til að gera skólann betri með því að auka gagnkvæmar kröfur nemenda og skólans með gjaldtöku? Er það til að ýta undir hraða nemenda í námi eða er stefna Sjálfstfl. sú að fjármagna skólann með gjaldtöku í ljósi lágra framlaga hins opinbera? Þessum spurningum um tilgang og markmið gjaldtöku verður að svara skýrt.

Háskóli Íslands hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Sérstaða hans felst í því að hann er rannsóknarháskóli á

heimsmælikvarða. Á honum hvílir ekki aðeins sú skylda að halda úti kennslu í hinum ólíkustu fögum, heldur líka umfangsmiklum rannsóknum. Á nokkrum árum hefur átt sér stað hrein bylting í bæði meistara- og doktorsnámi við skólann. Nemendafjöldi í framhaldsnámi hefur tólffaldast, úr 100 í 1.204. Þessari glæsilegu þróun verður að mæta með auknum fjárframlögum, en Sjálfstfl. mætir honum með fjársvelti.

Norrænir rannsóknarháskólar sem eru samanburðarhæfir við Háskóla Íslands hvíla á þremur stoðum jafngildum, framlögum til kennslu, framlögum til rannsókna og sértekjum til rannsókna frá fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum í samfélaginu. Í norrænu skólunum kemur ein króna frá ríkinu til rannsókna á móti hverri krónu til kennslu. Hér koma einungis 47 aurar á móti hverri krónu og munurinn er hróplegur. Þróunin hér er öfug við það sem hún ætti að vera þar sem framlög til rannsókna hafa staðið í stað á meðan nemendum fjölgar. Hlutfallið versnar.

Við vanda háskólans verður að bregðast og það hratt og undanbragðalaust. Fjárhagsvandinn og vanhugsuð viðbrögð við honum mega aldrei verða til þess að skerða jafnrétti til náms eða þyngja byrðar námsmanna. Nóg er nú samt. Í þessu ljósi beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh.:

1. Ætlar hæstv. ráðherra að sitja aðgerðalaus gagnvart fjárhagsvanda Háskóla Íslands eða til hvaða ráða hyggst hún grípa?

2. Er það virkilega möguleiki í augum ráðherrans að fjöldatakmarkanir verði teknar upp við deildir háskólans til að mæta fjárhagsvanda skólans?

3. Er það stefna nýs menntmrh. að Háskóli Íslands fái heimild til innheimtu skólagjalda líkt og sjálfseignarskólarnir hafa?

[10:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur beint til mín nokkrum spurningum og ég hyggst reyna að svara þeim eftir bestu getu og vitund.

Hann spyr í fyrsta lagi hvernig menntmrh. hyggist bregðast við fjárhagsvanda Háskóla Íslands.

Framlög til Háskóla Íslands hafa á undanförnum árum verið aukin til muna. Sé miðað við árið 2000 hafa framlög til kennslu og rannsókna á háskólastigi aukist um tæp 50% á föstu verðlagi og á sama tíma hefur fjöldi nemenda á háskólastigi aukist um tæp 43%, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Framlög til kennslu og rannsókna í Háskóla Íslands einum og sér hafa á sama tímabili verið aukin um 34% og nemendum í skólanum hefur fjölgað um 35%. Það er því ekki með neinum rökum hægt að halda því fram að Háskóli Íslands sé hornreka eða að hann sé í einhverju sérstöku fjársvelti, eða hafi verið það á síðustu árum. Þvert á móti hafa framlög til hans verið aukin stórlega rétt eins og til annarra skóla á háskólastigi. Ég vil árétta það að samstarf menntamálayfirvalda og Háskóla Íslands hefur verið með eindæmum gott.

Á þessu ári nema framlög til Háskóla Íslands tæpum 4,2 milljörðum kr. en að auki er varið rúmum hálfum milljarði til ýmissa undirstofnana skólans. Málshefjandi sagði á dögunum í þeim annars ágæta fréttaþætti Speglinum að Samf. stefndi að því að auka framlög til háskólans um 4–8 milljarða og það ætti að gerast á allt að átta árum. Þegar horft er til þess hve mjög framlög til háskólastigsins hafa aukist á síðustu árum erum við þegar byrjuð að framkvæma þetta verk, við erum þegar búin að auka framlög til háskólans um meira en milljarð á hverju ári. Við erum þegar byrjuð á þessu, hv. málshefjandi.

Þegar tekið er tillit til hagvaxtar á síðustu árum er ljóst að við höfum ekki einungis verið að stækka sneiðina af þjóðarframleiðslunni sem rennur til menntamála, heldur er einnig um að ræða stærri sneið af stærri köku, þ.e. þjóðarframleiðslan hér hefur aukist meira og hraðar en innan OECD-ríkjanna og það þýðir einfaldlega, með tilliti til hagvaxtar, að við erum að taka stærri sneið af sífellt stækkandi köku til menntamála.

Samkvæmt samningum og fjárlögum ársins 2003 var gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda yrði 4.500 sem var í samræmi við fyrstu áætlun skólans. Síðar var gerður viðaukasamningur við háskólann þar sem samþykkt var að greiða fyrir 4.950 nemendur í fjáraukalögum ársins 2003 í samræmi við endurskoðaða áætlun skólans. Í fjárlögum ársins 2004 er gert ráð fyrir að greitt verði fyrir 5.200 ársnemendur sem eru 15% fleiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2003. Það er ekki hægt að líta svo á að með því að taka inn fleiri nemendur en gert er ráð fyrir í fjárlögum eigi háskólinn heimtingu á því að fá sjálfkrafa aukin framlög úr ríkissjóði. Jafnvel má velta fyrir sér hvort sú mikla aukning er orðið hefur á fjölda nemenda í skólanum síðasta ár skili sér ekki að einhverju leyti í aukinni stærðarhagkvæmni. Stefna okkar hlýtur að vera sú að fjölga ekki einungis þeim sem útskrifast með háskólapróf heldur jafnframt að gæði háskólamenntunar hér á landi standist ýtrustu kröfur sem gerðar eru í öðrum löndum til háskólanáms. Ég vil geta þess að miðað við árið 2001 erum við næst á eftir Finnum með flesta háskólastúdenta í aldursflokknum 20–24 ára, tæp 44%. Í aldursflokknum 25–29 ára erum við næst á eftir Dönum hvað fjölda varðar þannig að mikill fjöldi íslenskra ungmenna tekur þátt í háskólanámi.

Tímans vegna ætla ég að vinda mér strax í þá spurningu hv. málshefjanda hvort ráðherra telji koma til greina að veita háskólanum heimild til skólagjalda líkt og sjálfseignarskólarnir hafa.

Það er merkileg staðreynd að ekki síst fulltrúar ríkisháskólanna hafa að undanförnu hvatt til þess að tekin yrðu upp skólagjöld. Má þar nefna hinn góða rektor Háskóla Íslands, Pál Skúlason, en einnig hafa á síðustu dögum Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, og einnig prófessor Ágúst Einarsson talað um að háskólinn ætti að íhuga það að fá heimild til skólagjalda.

Þessi umræða er að mörgu leyti sú sama og á sér stað annars staðar í Evrópu. Ég get m.a. vísað til þess sem hefur átt sér stað í Bretlandi. Það sem ég hef ávallt sagt, þegar ég hef verið spurð um afstöðu mína til skólagjalda, er að ég telji að þau séu einn af þeim valkostum sem stjórnmálamenn hljóta að velta fyrir sér á hverjum tíma ef það kann að verða til þess að styrkja starf háskólanna í landinu. Ég er með þessu ekki að segja að ég telji rétt að taka upp skólagjöld. Hins vegar tel ég rétt að við hefjum hér hreinskilna umræðu um kosti jafnt sem galla skólagjalda.

[10:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það sem blasir við hér er að það vantar heildarstefnumótun í málefnum háskólastigsins. Í fyrsta lagi þarf að koma stöðu opinberu háskólanna annars vegar og sjálfseignarstofnunarskólanna hins vegar, hvað varðar t.d. skólagjöld og fjárveitingar, á eðlilegan grunn. Þessa vinnu vantar. Í öðru lagi þarf að móta stefnu um fjöldatakmarkanir hvað varðar einstaka skóla og einstakar brautir, þ.e. í hve

miklum mæli þær verði viðhafðar og hvaða nám standi ætíð opið. Í þriðja lagi vantar meira fé til háskólastigsins.

Ekki síst er það Háskóli Íslands sem er í miklu svelti en það gildir reyndar einnig, og ekkert síður, um Háskólann á Akureyri sem hefur verið í örri uppbyggingu og hefur ekki fengið fjölgun nemenda og mikilvægt hlutverk sitt á sviði fjarkennslu viðurkennt sem skyldi.

Þriðja meginstoð hins opinbera háskólakerfis er svo Kennaraháskólinn með íþróttasvið á Laugarvatni sem gegnir sömuleiðis miðlægu lykilhlutverki í háskólasamfélaginu.

Afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er skýr. Við erum algerlega andvíg skólagjöldum í opinbera skólakerfinu sem við teljum að gegni miðlægu hlutverki í því að tryggja hér fullt jafnrétti til náms. Við teljum að almennar deildir opinberu háskólanna eigi að standa opnar án fjöldatakmarkana og að skólarnir verði að fá viðurkenningu á þeim nemendafjölda sem þar stundar nám hverju sinni. Ég vona að nýskipaður hæstv. menntmrh. gangi hægt um gleðinnar dyr og fari í þessi mál af yfirvegun og laus við kreddu. Ef skólagjöld og fjöldatakmarkanir yrðu tekin upp í hinum almennu háskólum er það ekkert annað en jarðarför fulls jafnréttis til náms án tillits til efnahags. Ég vona að menn langi ekki hér, hvorki menntmrh. né Samf., til að troða götu Tonys Blairs og upphefja þær illvígu deilur sem í Bretlandi standa um þau mál.

[10:46]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu sem er þörf. Mikið hefur verið rætt um fjárþörf Háskóla Íslands og er það ekki óeðlilegt í ljósi þess að menntakerfið verður seint fullmett af fjárframlögum.

Nokkurs misskilnings hefur þó gætt í umræðunni og hafa andstæðingar ríkisstjórnarinnar látið í veðri vaka að fjárframlög til háskólans hafi ekki fylgt þróun nemendafjölda. Það er rangt og nægir að líta á tölur í því samhengi. Á árunum 2000–2003 fjölgaði nemendum við háskólann um tæp 35% og á sama tímabili hækkuðu framlög til kennslu og rannsókna á föstu verðlagi um tæp 34%. Helst þetta því í hendur.

Nú ætla ég alls ekki að halda því fram að háskólinn eigi ekki við einhverja erfiðleika að stríða. Ég veit betur. En við verðum að gera okkur grein fyrir þessari þróun og að hún er í rétta átt. (**Gripið fram í:** Þú ert í öðru liði.) Vandinn sem við horfumst kannski að hluta til í augu við er sá að við erum einungis 290 þús., íbúar í þessu landi. Við viljum halda uppi öflugu menntakerfi sem er opið öllum en hversu langt getum við gengið? Við getum ekki horft fram hjá því að það sem ríkið hefur úr að spila, t.d. í menntamálum, dreifist á marga skóla. Ég segi að það er mikill styrkleiki fyrir okkur sem þjóð að eiga svo marga góða háskóla. Að sama skapi getur það einnig verið okkur erfitt því að við viljum gera vel við þá alla.

Í lokin eitt varðandi skólagjaldaumræðuna. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur, með leyfi forseta:

„Að tryggja [eigi] öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags."

Þetta segir allt sem segja þarf að mínu mati því að skólagjöld samræmast ekki hugmyndinni um jafnrétti til náms.

[10:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að færa þetta mál til utandagskrárumræðu.

Fjölgun nemenda við Háskóla Íslands með tilheyrandi kostnaðaraukningu hefur valdið því að umræða hefur verið nokkuð áberandi um hvort taka skuli upp skólagjöld við Háskóla Íslands. Óhindraður aðgangur allra að menntun án tillits til efnahags og búsetu hafa ávallt verið einkunnarorð Frjálsl. í þessum efnum. Skólagjöld eru fyrst og síðast málefni þjóðfélagsins, þar af leiðandi eru það stjórnmálamennirnir og Alþingi sem að endingu verða að taka ákvörðun um hvernig staðið er að stuðningi við háskólamenntun.

Með auknum fjölda nemenda stendur Háskóli Íslands að mörgu leyti höllum fæti í samkeppni við einkarekna háskóla. Við því er tæplega að búast að skattgreiðendur séu reiðubúnir að greiða sífellt meira til skólans til að hann hafi úr sömu fjármunum að spila á hvern nemanda og einkareknu skólarnir í ljósi þess að þeir síðarnefndu fjármagna sig að talsverðu leyti með sjálfsaflafé og njóta mikilla vinsælda þrátt fyrir það.

Frjálsl. er hlynntur markaðslausnum í rekstri menntastofnana á háskólastigi með þeim formerkjum að tryggt sé að sú menntun sem boðið er upp á í einkareknum skólum standist þær kröfur sem almennt eru gerðar til þess skólastigs. Hins vegar vill Frjálsl. standa vörð um Háskóla Íslands sem ríkisrekinn háskóla og að þar sé jafnræði til náms tryggt. Aðrir geta þá ráðið því hvort þeir borga með sér til séreignarstofnana.

Frú forseti. Það liggur ljóst fyrir að til þess að ríkisskólinn geti séð fyrir jafnræði allra til náms þarf að auka fjárhagsgetu hans með auknum fjárframlögum á fjárlögum. Þau eru nú lægri hér en á Norðurlöndunum. Þar að auki telur Frjálsl. æskilegt að hvetja fyrirtæki til fjárframlaga til háskólastigsins með því að gera framlögin frádráttarbær frá skatti.

[10:50]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Á Háskóla Íslands hvíla miklar skyldur. Hann ber þær skyldur að bjóða sem breiðast akademískt nám, við gerum þær kröfur til hans. Háskóli Íslands er ekki sérhæfður háskóli með þröngt námsframboð. Þaðan koma fræðimenn okkar á sviðum eins og íslensku, raungreinum, tungumálum og stærðfræði, svo að einungis örfáar greinar séu nefndar.

Háskóli Íslands er sameign þjóðarinnar sem við gerum miklar kröfur til að bjóði nám á breiðum vísindalegum grunni. Þessi sérstaða er ekki viðurkennd af stjórnvöldum og því þarf Háskóli Íslands að klípa fjármagn af stærri deildum eins og lagadeild og viðskiptadeild til að standa undir kostnaði við þær minni. Þetta er óviðunandi staða, nema það sé framtíðarstefna stjórnvalda að leggja niður nám í greinum eins og til að mynda stærðfræði, guðfræði og íslensku á háskólastigi. Það þarf að líta á þessar skyldur Háskóla Íslands þegar fjárframlög eru ákveðin. Það þarf að líta á hlutina í samhengi. Vanda minni deilda og skora verður einfaldlega að mæta með sértækum aðgerðum.

Virðulegi forseti. Áður hefur verið vitnað til orða hæstv. menntmrh. í Fréttablaðinu þann 18. janúar sl. þar sem hún hélt því fram að Háskóli Íslands væri ekki blankur. Því verð ég að spyrja hæstv. menntmrh.: Vissi hún ekki að á árunum

2001–2003 var ekki greitt með samtals 590 nemendum sem stunduðu nám við Háskóla Íslands? Það er staðreynd, hv. þm. Dagný Jónsdóttir.

Ég spyr líka ráðherrann: Vissi hún ekki að ekkert samræmi er á milli launastikunnar í reiknilíkani ráðuneytisins og raunkostnaðar skólans vegna launa?

Vandi Háskóla Íslands er augljóslega mikill og blasir við öllum þeim sem það vilja sjá, og fyrirsjáanlegt er að verði sömu stefnu fylgt á vandinn enn eftir að aukast. Fjárhagsvandinn verður ekki leystur með skólagjöldum. Við þurfum framtíðarsýn í menntamálum, ekki reddingar fyrir horn.

[10:52]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Það má segja að sprenging hafi orðið í nemendafjölda á undanförnum árum við Háskóla Íslands. Í fjárlögum ársins 2003 var gert ráð fyrir 4.500 nemendum við háskólann en á fjáraukalögum sama árs var greitt fyrir 4.950 nemendaígildi og á fjárlögum þessa árs er greitt fyrir 5.200 ársnemendur við Háskóla Íslands.

Ríflega 25% fjölgun hefur verið á ársnemendafjölda við Háskóla Íslands frá árinu 2000. Fjárframlög til kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands hafa aukist úr 3,1 milljarði árið 2000 í tæplega 4,2 milljarða fyrir árið 2004, eða 34% aukning á sama verðlagi. Þessi upphæð er 55% af framlögum til kennslu og rannsókna til háskólastigsins í heild í landinu.

Rétt er að benda á að heildarframlög til háskólastigsins voru ríflega 7,7 milljarðar árið 2000 en eru nú 10,4 milljarðar árið 2004 á sama verðlagi, þ.e. 35% aukning fjárframlaga.

Ef framlög til menntamála á Íslandi sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera eru borin saman við önnur lönd stendur Ísland mjög vel og er þetta hlutfall með því hæsta meðal viðmiðunarþjóða. Sama gildir ef það er borið saman sem hlutfall af landsframleiðslu.

Heildarútgjöld til menntastofnana á háskólastigi hafa aukist verulega frá árinu 2000 og stöndum við jafnfætis OECD-ríkjum í þeim efnum.

Árangur menntastefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er m.a. að útskriftarhlutfall úr fræðilegu háskólanámi á Íslandi er það fjórða hæsta meðal OECD-landa miðað við árið 2000, þ.e. tæp 40%, en meðaltal OECD er 30%. Hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem lokið hafa háskólanámi er 25% árið 2001 en meðaltal OECD-landa er 23%, og hlutfall þetta hefur hækkað síðan. (Forseti hringir.) Ef litið er á aldurshópinn 30–34 ára sem lokið hafa háskólanámi árið 2000 er hlutfallið 33% á Íslandi og mun hærra en í öðrum löndum.

[10:55]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar óska hæstv. ráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, alls góðs og farsældar í starfi menntmrh.

Staðreyndin varðandi menntamálin er sú að stefnuleysi ríkir í menntamálum af hálfu núv. ríkisstjórnar, a.m.k. er keyrð önnur stefna en boðuð er.

Í grein sem rektor Háskólans á Akureyri skrifaði í Morgunblaðið 31. janúar sl. segir, með leyfi forseta:

„Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er ekki fjallað um skólagjöld og athygli vekur að þar er nánast eingöngu fjallað um menntamál í samhengi við jafnrétti til náms. Stjórnvöld hafa hins vegar í nokkur ár heimilað einkaháskólum, Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst, að innheimta skólagjöld en ríkisháskólar hafa ekki samsvarandi heimild.“

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingunni er ekki kveðið á um skólagjöld í þessum skólum en í framkvæmd er ekki aðeins verið að heimila eða horfa í gegnum fingur sér við að heimila ákveðnum skólum að taka skólagjöld, heldur er líka verið að þrýsta á ríkisháskólana að taka skólagjöld. Þetta er fullkomin þverstæða og sýnir það stefnuleysi sem hér er á ferð.

Það er því rangt að rektorar ríkisháskólanna hafi farið fram á skólagjöld. Þvert á móti hafa þeir bent á þessa þverstæðu í stefnunni og hún náttúrlega gengur ekki upp. Það er svo einfalt.

Virðulegi forseti. Fram á síðustu ár hefur verið sátt um að aðgengi til náms skyldi vera jafnt og að allir gætu sótt nám í háskólum. (Forseti hringir.) Við eigum að gleðjast yfir auknum fjölda nemenda í háskólunum en ekki vera að lýsa því sem vandræðum.

[10:57]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ýmsir skóla- og fræðimenn hafa velt þeirri spurningu upp hvort hugsast geti að við séum að ofmennta íslensku þjóðina. Menn hafa líka velt upp þeirri spurningu hvort áherslur yfir höfuð í menntakerfi okkar, í samfélaginu öllu, séu réttar. (Gripið fram í.)

Við skulum hafa það í huga að Íslendingar eru ekki nema um 290 þús. talsins en við rekum um 10 háskóla, hvern með sína stjórn, með sinn metnað og sinn vilja. Við hljótum líka að spyrja í tengslum við þetta hvort það sé skynsamleg nýting fjármuna hjá 290 þús. manna þjóð.

Ýmsir hafa velt upp þeirri spurningu hvort smáþjóðin Ísland eigi að hafa eina yfirstjórn yfir háskólastigi en hafa ólíkar deildir staðsettar víða. Þá verða menn líka að svara hversu margar einstakar deildir eigi að vera. Þetta eru spurningar sem vert er að velta fyrir sér þegar við fjöllum um skóla- og menntakerfi okkar Íslendinga.

Vandi háskólastigsins á líka rætur að rekja til framhaldsskólastigsins. Eins og margsinnis hefur komið fram fara um 70% framhaldsskólanemenda í bóklegt nám og stefna á stúdentspróf meðan aðeins 30% fara í starfsnám, öfugt við það sem er í nágrannaríkjum okkar. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að flæði nemenda í gegnum íslenska skólakerfið verður óeðlilegt, a.m.k. í samanburði við nágrannaríki okkar.

Það er mjög mikilvægt að sjá atvinnulífið endurspeglast í framhaldsskóla þannig að nemendur geti sótt í það í stað þess óbeint að vera þrýst upp á háskólastigið á sama tíma og skortur er á nemendum á ýmsum starfsnámsbrautum. Þetta, frú forseti, tel ég að við þurfum að ræða og velta fyrir okkur þegar við erum að fjalla um meintan vanda háskólastigsins.

[10:59]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason staðfesti það sem fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna Samf. í umræðunni og fleiri hv. þingmanna um stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í menntamálum. Hér erum við hins vegar að ræða um vanda Háskóla Íslands og óþarfi að drepa málinu á dreif með slíku tali um menntakerfið í heild sinni þó að ýmsir punktar í ræðu hv. þingmanns hafi vakið athygli og séu umræðuverðir.

Það sama má segja um ræður hv. þingmanna Sjálfstfl. ásamt hæstv. menntmrh. Það er augljóst mál að þar er ekki

áhugi fyrir því að ræða sérstaklega um fjárhagsvanda Háskóla Íslands, heldur er farið með talnagusur eftir einhverjum minnisblöðum einhverra sérfræðinga í menntmrn. þar sem bornar eru saman tölur þvers og kruss og út og suður og enginn botnar neitt í neinu. (Gripið fram í.) Við erum að sjálfsögðu að fjalla um vanda Háskóla Íslands og vandinn er klár. Hann er sá að Háskóli Íslands hefur ekki fengið greitt með öllum þeim nemendum sem þar hafa stundað nám.

Það er einnig ljóst að skortur er á fjármagni vegna rannsókna. Það er ljóst að það er fjárskortur í Háskóla Íslands. Þetta lá allt saman fyrir þegar fjárlög fyrir árið 2004 voru samþykkt. Þetta er ekkert nýtt. Það er hins vegar nauðsynlegt að hvetja hæstv. menntmrh. til að fara nákvæmlega yfir þetta mál, og hæstv. menntmrh. má vita það að hún á bandamenn í Samf. við að bæta stöðu Háskóla Íslands. Þegar hæstv. menntmrh. hefur kynnt sér málið trúi ég því og treysti að það verði tekið á því og að við fáum á haustdögum væna upphæð í fjáraukalögum til að mæta þessum mikla vanda. Vaxtarverkirnir, eins og hæstv. fyrrv. menntmrh. kallaði ástandið, eru til staðar og það á að mæta þeim með því að leysa vandann en ekki með því að auka hann.

[11:01]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér á hinu háa Alþingi má finna fjölmarga stjórnmálamenn sem telja vænlegt til vinsælda að leggja fram kvartanir fyrir hönd opinberra stofnana vegna fjárhagsörðugleika þeirra. Slíkar uppákomur eru orðnar að reglulegum viðburðum í þinginu. Í síðustu viku var rætt um fjárhagsleg málefni Landspítalans – háskólasjúkrahúss og nú er það háskólinn.

Mér er ekki kunnugt um neina ríkisstofnun sem ekki vill fá hærri fjárframlög á fjárlögum til að standa undir starfsemi sinni og við vitum að flestar stofnanir gera á ári hverju kröfur um stærri sneið af kökunni en þær fá. Þingmenn ákveðinna stjórnmálaflokka virðast alltaf vera tilbúnir til þess að taka undir slíkar kröfur.

Menn verða að hafa það í huga að krafan um aukin framlög til stofnana í ríkiskerfinu felur í raun í sér kröfu um skattahækkanir. Ef það á að verða við þeim kröfum sem gerðar eru af hálfu málshefjanda er ljóst að einhvers staðar verður að finna peningana og þar sem þeir vaxa ekki á trjánum er nærtækast að snúa sér að skattgreiðendum, senda þeim reikninginn og krefja þá um stærri hluta launa sinna til ríkisins til að standa undir þessum kröfum. Ég er ekki talsmaður slíkra hugmynda.

Þegar skoðuð er sú aukning sem orðið hefur á síðustu árum á fjárframlögum til menntamála, þar á meðal til Háskóla Íslands, er ótrúlegt að menn skuli leyfa sér að tala um aðgerðaleysi menntmrh. þegar kemur að málaflokknum. Það er einnig umhugsunarvert að hér sé rætt um fjárhagsvanda Háskóla Íslands þegar það liggur fyrir að á tímabilinu 2000–2004 hafa framlög til kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands aukist um 33,8%. Svo leyfa menn sér að tala um fjárhagsvanda og aðgerðaleysi.

Háskóli Íslands þarf, eins og aðrar opinberar stofnanir, að halda sig innan fjárlaga og sníða sér stakk eftir vexti. Telji háskólinn að þau fjárframlög sem skólanum eru veitt á fjárlögum, og aukist hafa ár frá ári, dugi ekki til að veita þá þjónustu sem yfirmenn skólans vilja veita verður skólinn að leita nýrra leiða til fjármögnunar á rekstri sínum, annarra en þeirra að óska endalaust eftir auknum fjárframlögum úr vösum skattgreiðenda.

[11:04]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. og hæstv. menntmrh. fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur átt sér stað um stöðu Háskóla Íslands og framtíðarfjármögnun hans. Ég fagna því sérstaklega, frú forseti, að hæstv. ráðherra er greinilega að draga í land með skólagjöldin. Hún sagði orðrétt: „Ég er með þessu ekki að segja að ég telji rétt að taka upp skólagjöld.“ Þessi yfirlýsing er fagnaðarefni því hún gengur þvert á fyrri yfirlýsingar í Fréttablaðinu um að skólagjöld væru valkostur.

Þá hefur komið í ljós í umræðunni í dag þegar menn eru að bera saman skólaumhverfi fyrri ára að við verðum að líta til þess alþjóðlega umhverfis sem við hrærumst í í dag í allri umræðu um fjármögnun og aðbúnað Háskóla Íslands.

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, hvort ráðherra hafi varið þeim rúma mánuði sem hún hefur verið í embætti til að kynna sér málefni Háskóla Íslands, því hún hefur greinilega ekki mikla þekkingu á afstöðu rektors og yfirmanns Háskóla Íslands til fjárskorts og fjárafla. Þá er rétt að minnast á það í öllu tali um framlög og nemendaþróun og spyrja hæstv. ráðherra: Hefur tólfföldun í meistara- og doktorsnámi Háskóla Íslands orðið til þess að framlög til rannsókna og þess málaflokks í Háskóla Íslands hafa einnig tólffaldast? Ég held að svarið sé nei því að þau hafa staðið í stað. En staðreyndirnar tala sínu máli um hversu alvarleg staðan er og hvernig við Íslendingar höfum gerst eftirbátar annarra þjóða. Sem dæmi má nefna að á Íslandi hafa 27% fólks á aldrinum 25–34 ára lokið háskólaprófi en annars staðar á Norðurlöndunum er það hlutfall yfirleitt 37%. Það þarf að leggja mikla áherslu á það á næstu árum að fjölga einstaklingum sem útskrifast með háskólapróf í hverjum árgangi um allt að 25%. Slík markmið hafa t.d. Finnar sett sér með ótrúlega góðum árangri. Sá árangur náðist af því að þar fylgdu orðum athafnir, fjármunir og forgangsröðun í þágu fjárfestinga í menntamálum.

[11:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Mér þykir afskaplega vænt um að heyra um þennan hlýhug og stuðning sem þingheimur vill sýna Háskóla Íslands og við ætlum að halda áfram á þeirri braut að hlúa að málum og málefnum Háskóla Íslands.

Skólagjöld verða áfram valkostur. Við hljótum sem ábyrgir stjórnmálamenn að ræða þann valkost, kosti hans sem galla. Við hljótum að geta gert það fordómalaust án þess að detta strax niður í einhverjar skotgrafir.

Nokkrar staðreyndir. Framlög til háskólastigsins hafa aukist um tæp 50% á þremur árum. Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað frá árinu 2000 um 43%. Við erum frá árinu 1990 búin að auka heildarframlög til menntamála úr um 4,6%, miðað við verga landsframleiðslu, í 6,4%. Við erum komin langt yfir meðaltal og erum meðal fremstu þjóða í OECD-löndunum varðandi heildarframlög til menntamála. Segið svo að það sé ekki stefna í menntamálum. Ég vil mótmæla því sérstaklega og kröftuglega að hér ríki eitthvert stefnuleysi, enda sýna allar tölur þegar við förum yfir þær að við erum á góðri leið alls staðar þar sem borið er niður, hvort sem það er í háskólamálum eða annars staðar í landinu.

Ég vil í ljósi þeirra orða sem fallið hafa, sérstaklega eftir að hafa fundið þá væntumþykju í garð Háskóla Íslands sem greinilega hvílir yfir þingheimi, lýsa mig reiðubúna til þess að fram fari stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt á málefnum Háskóla Íslands sem hafi það að leiðarljósi að finna leiðir til

þess að vinna úr þeim viðfangsefnum sem blasa við Háskóla Íslands. Fyrir slíkri úttekt mun ég beita mér með það í huga að styrkja og efla Háskóla Íslands enn frekar.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

[11:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna beiðni Alþingis um skýrslu sem hv. þm. Mörður Árnason bar upp og var leyfð. Í umræddri beiðni var óskað eftir skýrslu um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Þegar skýrslubeiðnin kom frá Alþingi fól ráðuneytið skrifstofu Ferðamálaráðs þegar að vinna að undirbúningi skýrslunnar. Eftir að vinna hófst var ljóst að hún væri mun umfangsmeiri og kostnaðarsamari en í fyrstu var talið. Í ljósi þess að hvalveiðar í vísindaskyni hófust seint á síðasta ári er það mat þeirra sem fóru yfir málið að ekki væri líklegt að sú viðamikla könnun sem óskað var eftir gæfi rétta mynd nema hún næði til lengri tíma og til mun stærri hóps en mögulegt væri á þeim takmarkaða tíma sem hefur gefist.

Þá var skoðaður sá möguleiki að nýta þær kannanir sem þegar hafa verið gerðar á þessu sviði en þær reyndust ekki tryggja þær upplýsingar sem óskað var eftir í skýrslubeiðninni. Það er því niðurstaða ráðuneytisins að sú viðamikla könnun sem farið er fram á í beiðninni gæfi ekki rétta mynd ef hún væri gerð núna. Ég taldi því ástæðu til þess að gera Alþingi grein fyrir því hér fremur en að senda inn skýrslu sem ekki svaraði nema hluta af því sem farið var fram á. Ráðuneytið mun fela Ferðamálaráði að halda úti rannsóknum á einstökum þáttum sem hafa áhrif á ferðamennsku í samræmi við skýrslubeiðnina, þar á meðal áhrif vísindaveiða á hvölum, og skila inn skýrslu um það til ráðuneytisins innan þeirra marka sem fært er talið og á þeim tíma sem sérfræðingar ráðuneytisins telja að gefi sem réttasta mynd af málinu.

Að lokum vil ég geta þess að ráðuneytið mun leitast við að veita þeim sem stunda hvalaskoðun, sem hefur verið mikill þáttur í þessari umræðu allri vegna markaðssetningar og kynningarmála, allan þann stuðning sem fært er.

Ég þakka, hæstv. forseti, fyrir það tækifæri sem ég fæ hér til að gera grein fyrir þessu.

[11:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessa athugasemd í umræðum um störf þingsins, því þetta eru auðvitað störf þingsins. Ég segi með honum að mikilvægast er að fá innihald skýrslunnar, mikilvægast er að fá svör við þeim spurningum sem vakna um hvalveiðarnar og áhrif þeirra á ímynd landsins sem ferðamannalands. Það skiptir minna máli hversu lengi er að verið, innan þeirra marka þó að það er ákaflega brýnt að svör við þessu liggi fyrir áður en tekin er ákvörðun um framhald málsins. Ég sakna þess, þó ég ætli ekki að sakast um það, að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera hér til að hlýða á það, en við skulum koma þeim boðum til hans seinna.

Þessi vinna ætti í raun og veru þegar að fara fram og hefði átt að vera hluti af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja hvalveiðar á sínum tíma. Um fjármál og vinnu í kringum þetta má minna á að frá 1999 hefur verið liður á fjárlögum, a.m.k. hófst hann 1999 og er enn 2004, sem heitir því kynduga nafni „Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins". Hann er nú 25 millj. kr. eða 26 millj. kr. á þessu ári og hefur fjárveitingin samtals numið 133 millj. kr. á árunum 1999–2004 og mun vera áróðursdeildin í hvalveiðimálunum. Ekki hefur okkur skort fé til þess að halda uppi þessari kynningu þó lítt hafi gengið. Ég tel að samgrn. skuldi ferðaþjónustunni að hafa uppi aðra kynningu, að kynna sér hvaða áhrif þetta hvalveiðimál allt hefur haft á ferðaþjónustuna og hvaða áhrif það kynni að hafa á framtíð þeirrar mikilvægu atvinnugreinar.

[11:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að upplýsa í upphafi þingfundar um skýrslubeiðni okkar hv. samfylkingarþingmanna. Ég vil taka undir með hv. þm. Merði Árnasyni að það er mjög mikilvægt að fá að vita hvaða áhrif vísindaveiðarnar á hval hafa á ferðaþjónustuna. Það gæti verið mun kostnaðarsamara að halda áfram veiðunum en að taka saman skýrsluna, við vitum það ekki fyrr en búið er að fara í þessa vinnu, fara í þessa úttekt sem við biðjum um í skýrslunni.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á að starfsmenn í ferðaþjónustu, m.a. í Þýskalandi, hafa lýst því yfir á ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs að þeir telja að vísindaveiðar á hval skaði verulega markað okkar í Þýskalandi eða muni gera það, við vitum það ekki. Sömuleiðis hafa aðilar sem stunda ferðaþjónustu í Mývatnssveit líka áhyggjur af þessu vegna hvalaskoðunarinnar frá Húsavík sem gæti verið í húfi. Við vitum að okkar menn í Bandaríkjunum hafa líka verulegar áhyggjur af þessum áframhaldandi hvalveiðum og svona væri lengi hægt að telja saman. Við vitum ekki hvaða áhrif veiðarnar hafa og hvaða áhrif þær munu hafa á þessa mikilvægu atvinnugrein. Þess vegna er mjög mikilvægt að fara í þessa vinnu þó það taki einhvern tíma, það verður þá að hafa það. En það verða að vera komnar niðurstöður um þetta mál áður en menn ákveða að halda áfram vísindaveiðum á hval því að mjög blómleg og vaxandi atvinnugrein, ferðamennskan, er í húfi, ef þetta hefur veruleg áhrif á markaði okkar í ferðaþjónustu.

[11:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hæstv. samgrh. skuli koma og segja frá því að það gangi ekki nógu hratt að klára skýrsluna. En það er dálítið furðulegt eftir að menn hafa verið í mörg ár að undirbúa hvalveiðar og lagt í það gífurlegu vinnu sem hefur verið lýst í sölum Alþingis hvað eftir annað, að það þurfi nú að vanda sig við þetta allt saman, að þá skuli menn ekki vera komnir lengra en svo að þeir séu ekki með málin á hreinu núna. Auðvitað þyrfti að liggja fyrir núna hvort það á að fara að veiða hval í vor.

Það virðist ganga hægt hjá fleirum en hæstv. samgrh. Ég lagði fram fyrirspurn 6. desember um hrefnuveiðar, afurðirnar, hvað væri búið að selja mikið, hvað væri búið að éta mikið. Hæstv. sjútvrh. virðist endilega vilja bíða eftir því hvað menn éta mikið á þorranum til þess að þetta verði nú nákvæmara. (Gripið fram í.) Mér finnst þetta svolítið skrýtið, en þetta er eina skýringin sem ég finn og auðvitað kemur það í ljós.

Ég held að það sé kominn tími til að þeir félagar bretti svolítið upp ermarnar og komist að niðurstöðu nógu snemma til þess að veiðar hefjist á einhverjum skynsamlegum tíma ef

þær eiga á annað borð að hefjast, alla vega að stefnan verði svolítið klárari en hún hefur verið.

[11:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir viðbrögðin við greinargerð minni um störf þingsins vegna skýrslubeiðni.

En vegna þess sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Jóhanni Ársælssyni, vil ég vekja athygli á því að skýrslubeiðnin snerist um áhrifin af þeim vísindaveiðum sem hófust á síðasta ári. Það er því út af fyrir sig ekki langur aðdragandi sem við höfum haft til þess að finna út þau áhrif almennt.

Það er alveg ljóst að um hvalveiðar eru skiptar skoðanir, en það er líka alveg ljóst að innan ferðaþjónustunnar liggur fyrir að menn vildu helst vera lausir við hugsanleg áhrif hvalveiða á ferðaþjónustuna. Við þurfum hins vegar að horfa á þetta í heild sinni. Ég tel gagnlegt að meta þetta og það mun samgrn. að sjálfsögðu gera í góðu samstarfi við skrifstofu Ferðamálaráðs því við þurfum að þekkja markaðinn sem Íslendingar vinna á, bæði hvað þetta varðar og annað. Það höfum við verið að gera í því mikla markaðsstarfi sem við Íslendingar höfum unnið hvað varðar ferðaþjónustuna á vegum ráðuneytis, Ferðamálaráðs, í samstarfi við greinina og það er að skila sér með stóraukningu í fjölda ferðamanna til landsins og er hægt að lesa um það á vefmiðlum, m.a. í dag.

[11:18]

Mörður Árnason:

Forseti. Auðvitað á skýrslan að snúast um áhrifin af þeim hvalveiðum sem fóru fram á síðasta ári. Það var þó ekki svo þröngur skilningur lagður í málið af hálfu þeirra sem um skýrsluna báðu, heldur er auðvitað verið að óska eftir afstöðu þeirra sem gerst þekkja til og svo auðvitað ferðamannanna sjálfra, eftir því sem hægt er að ná í þá, til þeirrar ímyndar sem slíkar hvalveiðar gefa Íslandi sem ferðamannalandi.

Ég reyndar fagna því að hæstv. samgrh. skilur — það kom fram í orðum hans áðan — áhyggjur ferðaþjónustunnar sem satt að segja eru æpandi þegar hlustað er á þá sem þar hafa forustu, af einmitt þessum efnum.

Ég get nefnt það að við fórum nokkrir þingmenn, eins og vandi er til að þingmenn geri á haustin, til New York til að sitja þar Sameinuðuþjóðaþing og ræddum auðvitað við forustumenn í ferðaþjónustu þar á slóðum um íslenska ferðaþjónustu. Það var samdóma álit þeirra að hér væru ákaflega varhugaverð tíðindi á ferð.

Ég vil ítreka það að biðja hæstv. samgrh. að segja félaga sínum, hæstv. sjútvrh., frá þessari umræðu og ítreka þann vilja sem komið hefur fram í stólnum, að ekki verði tekin ákvörðun um frekari vísindaveiðar á hval fyrr en fyrir liggur hversu háttar til um efni þess máls sem skýrsla sú á að fjalla um sem hér er til umræðu.

[11:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi umræða gefa dálítið tilefni til þess að velta nokkuð fyrir sér þeirri þróun sem orðið hefur í störfum þingsins varðandi fyrirspurnir og skýrslubeiðnir af hálfu hv. þm.

Ég er einn þeirra sem hef lagt fyrir hæstv. ráðherra allmargar fyrirspurnir og hef lagt skýrslubeiðnir fyrir ráðherra. Þetta er auðvitað hluti af því þinglega starfi sem við erum öllsömul að rækja og mjög þýðingarmikill þáttur þess. En það fer ekkert á milli mála þegar maður skoðar þetta, án þess að fara neitt vísindalega ofan í það, að fjöldi fyrirspurna hefur aukist mjög mikið. Ýmsar þeirra fyrirspurna sem við sjáum hérna eru gríðarlega viðurhlutamiklar og kalla á mikla vinnu í okkar annars litlu stjórnsýslu.

Það vill þannig til að ég þekki dálítið til varðandi þetta mál sem hérna er sérstaklega verið að ræða og alveg ljóst að sú vinna sem skýrslubeiðnin kallar á er gífurlega mikil og umfangsmikil að öllu leyti og langt umfram getu stjórnsýslunnar sjálfrar. Þar yrðum við að leita eftir aðstoð utan stjórnsýslunnar með því að kalla til sérfræðinga í þessu skyni.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þingið, forsetadæmi þingsins og formenn þingflokka að við veltum þessu aðeins fyrir okkur og gerum okkur grein fyrir því hvaða þróun er að verða. Ég held að umræðan hérna, sem er prýðileg umræða, gefi mér sem formanni þingflokks Sjálfstfl. tilefni til þess að óska eftir því af hálfu þingsins að við fáum eitthvert yfirlit yfir þessa þróun. Ég er ekkert að dæma þróunina, ég er fyrst og fremst að vekja athygli á henni.

Í þessu sambandi vil ég m.a. vekja athygli á því að eftir þeim upplýsingum sem ég fékk í gær er t.d. 50 munnlegum fyrirspurnum ósvarað í þinginu sem er dæmi um það að þetta er að breytast. Vinnuálagið á stjórnsýsluna af okkar hálfu er að aukast og við þurfum einfaldlega að átta okkur á því. Það er alveg ljóst mál að við þurfum t.d. að gera okkur grein fyrir því við afgreiðslu á skýrslubeiðnum og fyrirspurnum til hvers þær muni leiða, hvort það sé yfir höfuð hægt að ljúka vinnu við þær innan tilsetts tíma.

[11:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er svolítið merkilegt að hlusta á hv. þingflokksformann Sjálfstfl. og formann Ferðamálaráðs hálfpartinn agnúast út í það að hér sé verið að spyrjast fyrir um ákveðna hluti, í þessu tilviki um áhrif vísindahvalveiða á ferðaþjónustuna. Ég, herra forseti, hlýt að spyrja: Getur verið að hv. þm., formanni Ferðamálaráðs, þyki þessi skýrslubeiðni ekki nógu merkileg og nógu mikilvæg? Þetta eru grundvallarspurningar um hvernig þjónusta ferðamála muni þróast undir vísindahvalveiðum og hvaða áhrif þær muni hafa á atvinnugreinina.

Það var bent á það áðan í umræðunni að verið er að setja verulega fjármuni á ári hverju í kynningu á að berjast fyrir vísindahvalveiðum. Er ekki full ástæða til þess að setja verulega fjármuni í það að sjá hvernig veiðarnar hafa áhrif á markaði okkar í ferðaþjónustu?

Ég vil minna á það í þessum þingsal að lýðræðið kostar peninga. Það kostar peninga að halda uppi lýðræði, og það er full ástæða til þess að kalla eftir þeim upplýsingum sem við erum að kalla eftir í skýrslubeiðninni og mikilvægt að fá þær upplýsingar sem fyrst vegna þess að því hefur verið lýst yfir af okkar færustu sérfræðingum í ferðaþjónustu að þarna sé verulegt áhyggjuefni á ferðinni.

[11:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir að gera grein fyrir þeirri töf sem hugsanlega getur orðið á skýrsluvinnu samkvæmt beiðni hv. þm. Marðar Árnasonar, þó að það kæmi mér á óvart miðað við þær fullyrðingar sem voru uppi þegar hvalveiðar voru leyfðar í vísindaskyni á sínum tíma, um að þær hefðu engin áhrif á ferðaþjónustuna. Ég satt að segja, eins og margir aðrir, hélt að

þær fullyrðingar væru byggðar á einhverjum vísindalegum úttektum á vegum ráðuneytis.

Hins vegar finnast mér vinnubrögð hæstv. ráðherra, að koma hér og gera grein fyrir stöðu mála, vera til fyrirmyndar um leið og ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að stjórnsýslan ætli að fara í þessa vinnu, því að mér sýnist það fyrst og fremst hans verk að í vinnuna verði farið.

Ég kem hér einnig til að taka undir það með hv. þm. og formanni þingflokks Sjálfstfl. að við þurfum að leggjast í vinnu við að skoða bæði þann fjölda fyrirspurna, munnlegra og skriflegra, sem er lagður fram og fjölda skýrslubeiðna, einfaldlega vegna þess að hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni, sérstaklega, hafa orðið ekki aðra leið til að koma sínum málum á framfæri. Hér liggja þáltill. og frv. sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram, jafnvel allan veturinn, án þess að þeim sé á nokkurn hátt sinnt eða þær komist á dagskrá. Þess vegna er sú leið farin að fjölga fyrirspurnum og fjölga skýrslubeiðnum. Við þurfum að setjast niður og ræða þessi vinnubrögð almennt.

[11:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég trúi því ekki að hv. 4. þm. Reykv. s. sé svona morgunstygg klukkan hálftólf að degi. Ég kom aðeins með örstutta athugasemd, upp á tvær mínútur, þar sem ég fór ekki einu sinni yfir efnisatriði málsins sem var verið að vekja athygli á, heldur notaði ég tilefnið vegna þess að mér fannst vera tilefni til þess að varpa ljósi á að sú þróun hefði verið að gera vart við sig í vaxandi mæli í þinginu að við sæjum aukið vinnuálag á stjórnsýsluna. Það stafar af fjölgun á fyrirspurnum og skýrslubeiðnum og þetta eru að verða flóknari fyrirspurnir og flóknari skýrslubeiðnir sem m.a. leiða til þess sem við erum að ræða, að það er ekki hægt að verða við beiðnunum innan þess tíma sem Alþingi ætlar.

Ég vakti líka athygli á því að nú er svo komið að við erum með stafla af 50 fyrirspurnum sem ekki er búið að svara, sem við viljum gjarnan að hægt sé að svara. Þá þurfum við auðvitað að ræða það, en ekki fara í örlagafylu, virðulegi forseti. Það hlýtur að vera hægt að ræða þessi mál án þess að vera í einhverjum strekkingi þó að hv. þm. kunni að vera morgunstyggir rétt undir hádegi.

Það er alveg rétt að lýðræðið kostar peninga en við þurfum einfaldlega að gera okkur grein fyrir þessu. Bara á meðan þessi litla umræða fór fram á fjórum mínútum bættust við þrjár fyrirspurnir. Einn starfsmaður gekk hér önnum kafinn um salina og bætti í fyrirspurnaflóruna. Það eru því sennilega ekki 50 sem bíða, það eru alla vega 53 núna.

Ég var einfaldlega að vekja athygli á máli sem mér finnst vera vandamál eða viðfangsefni. Þá ber svo við að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s., treystir sér ekki til að fara í efnislega umræðu eins og þingflokksformaður Samf. gerði sannarlega, heldur fer bara í einhverja fýlu og reynir að gera það tortryggilegt að ég veki máls á þessu viðfangsefni.

[Fundarhlé. — 11:29]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Íslensk byggingarlist, 559. mál, fsp. KolH, þskj. 838.

Íslensk leikritun, 561. mál, fsp. KolH, þskj. 840.

Kolmunni, 557. mál, fsp. ÖS o.fl., þskj. 836.

Neyðarmóttaka vegna nauðgana, 560. mál, fsp. KolH, þskj. 839.

Sauðfjársláturhús, 558. mál, fsp. DJ, þskj. 837.

Upplýsingaveitan „Opin menning“, 562. mál, fsp. KolH, þskj. 841.

Útgáfustyrkir Menningarsjóðs, 405. mál, svar menntmrh., þskj. 733.

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Framvinda byggðaáætlunar 2002–2005, 563. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 842.

Íslenski állinn, 437. mál, svar landbrh., þskj. 792.

Stytting þjóðvegar eitt, 553. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 831.

Verndun Mývatns- og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 843.

[20:48]

Útbýting þingskjala:

Fjármálafyrirtæki, 550. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 846; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 847; nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 848; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 849; brtt. GÁS og JóhS, þskj. 850.

Gjafsókn, 468. mál, svar dómsmrh., þskj. 819.

Rafræn stjórnsýsla, 554. mál, fsp. HjÁ, þskj. 833.

Ungir langlegusjúklingar, 237. mál, svar heilbrrh., þskj. 748.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. JóhS og MF, 543. mál (heimildarbréf leiguhúsnæðis). — Þskj. 818.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:49]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 20:50.

---

58. FUNDUR

fimmtudaginn 5. febr.,
að loknum 57. fundi.

Dagskrá:

Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 550. mál, þskj. 828, nál. 846 og 848, brtt. 847, 849 og 850. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Mannabreytingar í nefndum.

[20:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 5. febrúar, frá Einari K. Guðfinnssyni, formanni þingflokks Sjálfstfl.:

„Guðjón Hjörleifsson tekur sæti Árna R. Árnasonar í sjávarútvegsnefnd, og Árni R. Árnason, og nú sem stendur varamaður hans, Kjartan Ólafsson, tekur sæti Guðjóns Hjörleifssonar í menntamálanefnd og sæti Bjarna Benediktssonar í iðnaðarnefnd."

Fjármálafyrirtæki, 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (stofnfjárhlutur í sparisjóði, stjórn sjálfseignarstofnunar o.fl.). — Þskj. 828, nál. 846 og 848, brtt. 847, 849 og 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:52]

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

[20:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. efh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar í dag frv. hæstv. viðskrh. um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, lauk störfum nú fyrir stundu og ég vil leyfa mér að mæla fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar.

Álitið er að finna á þskj. 848 og er svohljóðandi:

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Jón G. Tómasson, stjórnarformann SPRON, Guðmund Hauksson, sparisjóðsstjóra SPRON, Kristján Þorbergsson hrl., Helga Sigurðsson frá KB-banka, Sigurð Hafstein, Jón Sólnes, Hallgrím Jónsson og Gísla Kjartansson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Pál Harðarson frá Kauphöll Íslands og Ragnar Hafliðason og Hannes J. Hafstein frá Fjármálaeftirlitinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á b-lið 2. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 76. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 2. mgr. 70. gr. laganna eru settar hömlur á það að einstakur stofnfjáreigandi eða stofnfjáraðili og aðili sem hann er í nánum tengslum við geti eignast virkan eignarhlut í sparisjóði við framsal stofnfjárhlutar. Til þess þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins og annaðhvort að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og sýnt þyki að slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu verði ekki komið við nema með því að stofnfjáreigandi eignist virkan eignarhlut eða að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu. Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gert þá athugasemd við síðasttalið skilyrði og nokkur önnur ákvæði laganna sem snerta stjórn og eignarhald á sparisjóðum að hugsanlega samræmist þau ekki ákvæðum EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Meiri hlutinn fellst á að sú breyting á b-lið 2. mgr. 70. gr. sem lögð er til með frumvarpinu sé skynsamleg að teknu tilliti til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum og að mjög takmarkaðar líkur séu á að hún geti skaðað hagsmuni íslenskra sparisjóða til langs tíma.

Meiri hlutinn bendir á að þegar breyta á rekstrarformi sparisjóðs þannig að hann verði hlutafélag er skylt að stofna sjálfseignarstofnun sem eignast þann hluta hlutafjárins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda, sbr. 1. mgr. 74. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi ákvæðum mynda stofnfjáreigendur fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar sem svo skipar sjálfseignarstofnuninni stjórn sem í skulu sitja minnst fimm menn úr fulltrúaráðinu, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laganna. Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á skipan stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar. Þegar athugaður er munurinn á stöðu sjálfseignarstofnunar sem hlutafjáreiganda í sparisjóði með lögbundið hlutverk annars vegar og svo stöðu stofnfjáreigenda eftir að sparisjóði er breytt í hlutafélag hins vegar má vænta þeirrar stöðu að hagsmunir þessara aðila fari ekki saman. Til að forðast hagsmunaárekstra á milli þessara aðila og til að tryggja að hagsmuna sjálfseignarstofnunarinnar verði gætt á réttmætan hátt er rétt að skilja á milli stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og þeirra sem eiga stofnfé í sparisjóði við hlutafélagavæðingu. Einnig má benda á þann annmarka sem er á núverandi löggjöf um stjórnun sjálfseignarstofnunarinnar að fulltrúaráð hennar er skipað stofnfjáreigendum í sparisjóði á þeim tímapunkti þegar honum er breytt í hlutafélag og hvergi mælt fyrir um að það geti breyst þó svo að tengsl stofnfjáreigenda við sparisjóðinn og sjálfseignarstofnunina geti rofnað, svo sem við fráfall stofnfjáreiganda og sölu hlutabréfa. Það verður því að telja þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins sjálfseignarstofnuninni til hagsbóta í eðli sínu. Eigendur stofnfjár í sparisjóði þegar honum er breytt í hlutafélag og sjálfseignarstofnun mynduð eiga ekki eignarréttarlegt tilkall til sjálfseignarstofnunarinnar né heldur stjórnarskrárvarinn rétt til að stjórna henni og því er ekki verið að ganga á rétt stofnfjáreigenda eða hluthafa í sparisjóði með þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Meiri hlutinn telur ljóst að hagsmunum sjálfseignarstofnunarinnar verði betur gætt en nú er við að skipan stjórnar hennar sé breytt.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Lagt er til að sú breyting verði gerð á núgildandi 2. mgr. 75. gr. laganna að ákvæði um 5% hámarksatkvæðamagn gildi ekki fyrir sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. laganna.

Lagt er til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt til áréttingar á gildandi rétti og vilja löggjafans um að sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. 76. gr. laganna geti ekki tekið á sig réttindi eða skyldur fyrr en fundur stofnfjáreigenda skv. 73. gr. laganna hefur farið fram og því geti enginn tekið skuldbindandi ákvörðun fyrir slíka stofnun áður.

Þá er lagt til að í stjórn sjálfseignarstofnunar verði tveir fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra í stað tveggja fulltrúa tilnefndra af viðskiptaráðherra og eins fulltrúa sem er tilnefndur af samtökum sparisjóða, eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Áfram er gert ráð fyrir að það sveitarfélag þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu í hlutafélag tilnefni tvo fulltrúa í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Ástæður fyrir þessari breytingartillögu eru að ekki sé eðlilegt út frá samkeppnissjónarmiðum að fulltrúi samtaka sparisjóða sitji í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæði í þeim tilgangi að skýra verkaskiptingu stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og stjórnartíma. En

í því þingskjali þar sem breytingartillögurnar eru prentaðar, þingskjali 849, kemur fram að stjórnin velji sér formann og fari með hagsmuni sjálfseignarstofnunarinnar frá og með fundi stofnfjáreigenda sem kveðið er á um í 73. gr. og að stjórnartími skuli vera fjögur ár, nema annað sé ákveðið í samþykktum, og minnst tveimur mánuðum fyrir lok stjórnartímans skuli formaður stjórnar afla nýrra tilnefninga samkvæmt 1. málsl. þessarar breytingartillögu.

Einnig er lagt til að skýrt sé kveðið á um að rétt skipuð stjórn sjálfseignarstofnunar, skv. 2. mgr. 76. gr., fari að öllu leyti með hagsmuni hennar. Er það nauðsynlegt þar sem lagt er til í frumvarpinu að ákvæði um fulltrúaráð í 3. mgr. 76. gr. laganna verði fellt niður. Stjórn sjálfseignarstofnunar verður því eini aðilinn sem bær er til að taka gildar ákvarðanir fyrir hönd stofnunarinnar. Tekið skal fram að í breytingartillögunum felst ekki breyting frá gildandi rétti að því er varðar það tímamark þegar stjórn sjálfseignarstofnunar verður bær til að taka ákvörðun fyrir hennar hönd og öðlast umboð til að ráðstafa hagsmunum hennar.

Þá er kveðið á um fyrirkomulag undirbúnings við stofnun sjálfseignarstofnunar, í ljósi þess að ekki er lengur ætlunin að stjórn hennar verði kosin á fundi fulltrúaráðs. Þannig er gert ráð fyrir að sparisjóðurinn afli tilnefninga í stjórn stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að framangreindur undirbúningur eigi sér stað áður en ákveðið er á fundi stofnfjáreigenda að breyta sparisjóði í hlutafélag, sbr. 1. mgr. 76. gr. og 73. gr. laganna.

Meiri hlutanum þykir ástæða til að árétta að hann telur gildandi rétt skýran að því er varðar heimildir sjálfseignarstofnunar. Í 1. mgr. 76. gr. laganna kemur fram að sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skuli sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 74. gr. laganna. Í 73. gr. laganna er síðan kveðið á um að fundur stofnfjáreigenda geti ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag. Af því leiðir að sjálfseignarstofnunin hefur hvorki eiginlega starfsemi né verður henni skipuð stjórn sem getur tekið endanlega bindandi ákvarðanir um ráðstöfun hagsmuna stofnunarinnar fyrr en tekin hefur verið gild ákvörðun um að breyta sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. 73. gr. laganna. Síðan fer stjórn stofnunarinnar, þannig skipuð, með atkvæðisrétt á hluthafafundi, sbr. 2. mgr. 75. gr. laganna.

Meiri hlutinn leggur til að gerð verði breyting á 101. gr. laganna þar sem skýrt komi fram að einvörðungu sparisjóðir í hinu hefðbundna rekstrarformi sparisjóða geti sameinast án þess að áður eigi sér stað hlutafélagavæðing þeirra.

Áréttað er að í gildistökuákvæði felst að verði frumvarp þetta að lögum gilda ákvæði 3. gr. þess um sparisjóði þar sem stofnfjáreigendafundur hefur ekki tekið ákvörðun um hlutafélagavæðingu skv. 73. gr. laganna þegar lögin öðlast gildi. Þá munu lögin einnig gilda um þá sparisjóði þar sem ákvörðun um samruna sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess hefur ekki fengið samþykki fundar stofnfjáreigenda, sbr. 1. mgr. 101. gr. laganna. Fyrir liggur að tveimur sparisjóðum hefur þegar verið breytt í hlutafélag, þ.e. nb.is-sparisjóði hf. og Sparisjóði Kaupþings hf. Þykir því rétt að lagabreytingin taki ekki til þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Undir nál. skrifa 5. febrúar 2004 Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson og Dagný Jónsdóttir.

Brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. er síðan að finna á þskj. 849 og þar er gerð nánari grein fyrir því er fram hefur komið í nál.

Ég vil svo að lokum geta þess, herra forseti, að auk þess sem hér er getið um í nál. og fram kemur í brtt. var rætt um önnur atriði, fyrst og fremst um ákvæði 74. gr. laganna, það ákvæði sem fjallar um hvernig meta beri skiptagildi milli stofnfjárbréfa annars vegar og hlutabréfa hins vegar við breytingu á sparisjóði yfir í hlutafélag. Niðurstaða nefndarinnar varð að taka ekki frekar á því máli þar sem fyrir liggur að Fjármálaeftirlitið er að skoða það og ekki þótti rétt að nefndin tæki málið efnislega til athugunar fyrr en Fjármálaeftirlitið hefur fellt sinn úrskurð í því máli.

Þá var einnig rætt um ákvæði laganna um takmörkun á atkvæðisrétti við 5% og um hvernig skilja bæri ákvæði laganna um tengda og skylda aðila. Þessi atriði sem ég hef nefnt verða áfram til umfjöllunar í nefndinni á komandi vikum og var því ákveðið að taka ekki frekar á þeim eða útkljá þau við þessa afgreiðslu núna, við afgreiðslu á því frv. sem við erum hér að skila af okkur til þingsins.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, og vil að lokum þakka samnefndarmönnum mínum og starfsfólki fyrir gott samstarf og mikla vinnu í dag.

[21:06]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem er að finna á þskj. 846, frá minni hluta efh.- og viðskn.

Ég vil rétt aðeins byrja á því að minna hv. þingmenn á hugmyndina um réttarríkið. Upp úr frönsku stjórnarbyltingunni þróuðust hugmyndir manna um réttarríkið og þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þannig skyldi borgarinn verndaður fyrir ofríki ríkisins. Ef ágreiningur reis um framkvæmd laga skyldu dómstólar skera úr um hann.

Hinn 21. desember 2003 skrifuðu stjórnir SPRON og Kaupþings – Búnaðarbanka hf. undir viljayfirlýsingu um eignasamstarf með eðlilegum fyrirvörum og var tilkynnt um hana 22. desember til íslensku og sænsku kauphallanna í samræmi við reglur. Hinn 22. janúar 2004 var undirritaður samningur á milli Kaupþings – Búnaðarbanka hf. og sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins ses. um kaup bankans á öllum þeim hlutum í SPRON hf. sem SPRON-sjóðurinn ses. yrði eigandi að gengi fyrirhuguð breyting á SPRON í hlutafélag eftir. Tilkynnt var um þennan samning 23. janúar til beggja kauphallanna.

Í 1. umr. um frumvarpið sem efnahags- og viðskiptanefnd hafði til umfjöllunar kom ítrekað fram hjá ræðumönnum að frumvarpinu væri stefnt gegn þessum samningum. Sama kom fram hjá viðskiptaráðherra í viðtali í fréttum Ríkissjónvarpsins 4. febrúar. Það ótrúlega er að gerast að Alþingi Íslendinga ætlar að setja sérstök lög til höfuðs einstökum löglega gerðum samningum milli einkaaðila. Þetta er alvarlegt brot á réttarríkinu, herra forseti. Það er dómstóla og eftirlitsstofnana að útkljá ágreining um lögmæti gerninga en ekki löggjafarsamkundunnar. Það gengur ekki að setja svona lög frekar en að setja t.d. lög um að bannað sé að keyra yfir gatnamót á grænu ljósi — í fyrra — að viðlögðum sektum,

þegar menn töldu sig fara að lögum. Slík lagaframkvæmd grefur undan tiltrú manna á réttarríkinu.

Í nefndinni var reynt að fá álit sérfræðinga í lögum á þessum þætti frumvarpsins en enginn fékkst til að gefa álit á þeim skamma tíma sem meiri hluti nefndarinnar gaf til umræðna um málið. Þess vegna liggur ekki fyrir hvort samþykkt frumvarpsins muni leiða til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð vegna ógildingar samninga. Þá gafst enginn tími til að leita umsagna eins og venja er til, herra forseti, þegar vandað er til lagasetningar.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum — og það stefnir allt í það, reyndar með ákveðnum breytingum sem ekki breyta grundvallaratriði — stendur stjórn SPRON frammi fyrir tveimur kostum. Í fyrsta lagi getur hún hætt við fyrirhugaða hlutafélagsvæðingu. Þá verður hún og stjórn sjálfseignarstofnunarinnar SPRON ses. að rifta gerðum samningum við KB-banka hf. og getur við það bakað sér og sjálfseignarstofnuninni skaðabótaábyrgð, jafnvel þó að hún beri fyrir sig breytt lagaumhverfi. Það er í rauninni alveg með ólíkindum, herra forseti, að menn skuli þurfa að rifta gerðum samningum vegna þess að lögum er breytt. Stofnfjáreigendur tapa því sem þeir hefðu mátt vænta af samningunum. Spurning er hvort stjórn SPRON verði einnig skaðabótaskyld gagnvart þeim. Þessa ákvörðun verður að tilkynna KB-banka og hann verður að tilkynna hana áfram til íslensku og sænsku kauphallanna og geta tilefnis, sem er breytt lagaumhverfi sem ógildir gerða löglega samninga. Geta nú hv. þm. hugleitt hvort það muni efla mikið tiltrú erlendra fjárfesta á Íslandi sem góðu lagaumhverfi.

Í öðru lagi getur stjórn SPRON haldið fyrirhugaðri hlutafélagsvæðingu til streitu. Þá lendir hún í lagaóvissu. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar verður ekki kosin aftur eins og fyrirhugað var því að fulltrúaráðið er ekki lengur til. Þá er spurningin hvort núverandi stjórn sjálfseignarstofnunarinnar, sem búið er að skipa og átti að endurkjósa þegar fulltrúaráðið væri til, verði áfram við stjórn og sitji út kjörtímabil sitt sem er venjulega tvö ár. Líklega munu valdhafar túlka stöðuna sér í hag og ný stjórn taka við sem aldrei hefur haft neitt með sparisjóðinn að gera. Aldrei. Þetta er eitthvert fólk sem tveir ráðherrar tilnefna og borgarstjórn Reykjavíkur, einhverjir opinberir starfsmenn væntanlega.

Þá koma upp tveir kostir: Ný stjórn viðurkennir samning fyrri stjórnar við KB-banka. Við það missir hún 80% völd yfir SPRON hf., sem hún ella hefur, og stendur eingöngu í úthlutunum styrkja. Þá munu allir samningar ganga eftir, SPRON hf. verður dótturfyrirtæki KB-banka og framtíð hans tryggð eins og að var stefnt, stofnfjáreigendur sem vilja selja stofnfé sitt og sjálfseignarstofnunin getur úthlutað arði af 6 milljörðum kr., stærsta sjóði til styrkveitinga sem verður til. En þetta er ekki vilji ráðherra eða samtaka sparisjóða enda lægi þá ekki á samþykkt frumvarpsins. Þetta er því mjög ólíkleg niðurstaða. Væntanlega mun ríkisvaldið beita ofríki sínu og láta stjórnina rifta samningunum.

Hinn kosturinn er að ný stjórn rifti samningi fyrri stjórnar við KB-banka eða ógildi hann. Á því eru yfirgnæfandi líkur, enda yfirlýstur vilji ráðherra og meiri hluta þingmanna. Við það bakar hún sjálfseignarstofnuninni hugsanlega skaðabótaábyrgð gagnvart KB-banka en einnig gagnvart stofnfjáreigendum. Hún ræður þá 80% í SPRON hf. og getur gert við sparisjóðinn það sem hana lystir. Hún getur breytt samþykktum og gert hvað sem henni dettur í hug. Hún fær 80% af arði SPRON hf. sem hún ákveður sjálf en hefur miklu minni tekjur en ella vegna þess að eigið fé SPRON er einungis 4 milljarðar kr. og hagnaður að jafnaði einungis 500 millj. kr., stundum að vísu meiri, og ekki væri skynsamlegt að úthluta honum öllum í einu. Stofnfjáreigendur eiga þá hlutabréf sem eru nánast verðlaus. Það mun enginn kaupa hlutabréf í fyrirtæki þar sem einn aðili fer með 80%.

Þeir fá mjög lélegan arð, þeir fá bara 20% af úthlutuðum arði í staðinn fyrir að nú fá þeir allan arðinn. Það er jafnvel hugsanlegt að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar kjósi alla stjórnina yfir SPRON hf., eitthvert fólk sem aldrei hefur komið nálægt sparisjóðnum fær allt í einu gífurleg völd án þess að eiga krónu í fyrirtækinu.

Þar sem seinni kosturinn, b, er mjög líklegur getur stjórn SPRON ekki valið leið 2 og skaðað stofnfjáreigendur með þeim hætti og látið sparisjóðinn í hendur einhverra sem tilnefndir eru af opinberum aðilum. Hún hlýtur því að velja leið 1 þrátt fyrir allar hætturnar sem því fylgja. Hugsanlega getur stjórn SPRON beint hugsanlegu tapi sínu að ríkissjóði. Frumvarpið hefur þegar valdið miklum óróa á meðal starfsmanna og viðskiptamanna SPRON sem sparisjóðurinn tapar á.

Herra forseti. Einstaka sinnum kemur upp neyðarástand svo að beita þarf lögum afturvirkt. Ef afturvirknin veldur fjártjóni er skylt að bæta það. Slíkt neyðarástand kemur ekki upp vegna samninganna á milli SPRON og KB-banka. Það kom fram á fundi nefndarinnar að SPRON mun draga sig út úr öllu samstarfi sparisjóða eftir þá reynslu að fjármunir hans hafa verið notaðir í áróðri gegn honum. Þá úrsögn verður ekki hægt að hindra. Það hvort lögin verða samþykkt og samningurinn gengur eftir eða ekki breytir engu. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum sparisjóða og sveitarfélaga 3. febrúar sl. kom fram að sparisjóðamenn óttast ekki endilega brotthvarf SPRON úr samstarfinu. Þeir segjast munu ráða vel við það en óttast að stofnfjáreigendur annarra stórra sparisjóða fylgi í kjölfarið og þannig hrynji sparisjóðakerfið. Þar sem $^2/_3$ hluta stofnfjáreigenda þarf til að breyta sparisjóði í hlutafélag má orða þetta svo að sparisjóðamenn óttist stofnfjáreigendur sína, því annars þyrftu þeir ekki að óttast neitt. Til að koma í veg fyrir þessi áhrif er nægilegt að hindra aðra sparisjóði í að feta í fótspor SPRON. Slík lagasetning mundi varla skapa skaðabótaskyldu en einhverjir kynnu að halda því fram að jafnræðis væri ekki gætt. Fyrir því er þó fjöldi fordæma, t.d. við breytingar á skatta- og tollalögum. Stundum hafa tollar verið hækkaðir rétt eftir að einn hafði flutt inn bíl og annar átti eftir að flytja inn bíl. Og það þykir allt í lagi. Um þetta er gerð tillaga í sérstöku þingskjali. Þessi lausn kemur í veg fyrir meint hrun sparisjóðakerfisins, veldur ekki skaðabótaskyldu, veikir ekki trú manna á réttarríkinu og varðveitir góðan orðstír íslensks atvinnulífs í augum erlendra fjárfesta.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa brtt. sem er á þskj. 847:

„Við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Við 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 2. gr. taka þó ekki til sjálfseignarstofnana sem stofnaðar hafa verið fyrir gildistöku laganna."

Þetta segir okkur að samningur SPRON fær staðist og að samruninn muni eiga sér stað, stofnfjáreigendur fái sitt greitt, hinn mikli sjóður til menningar- og líknarmála verði myndaður sem mun veita 300–400 milljónir á ári í styrki.

Hann verður ella ekki myndaður. Engin málaferli verða í kjölfarið og ekkert breytist gagnvart sparisjóðunum vegna þess að SPRON ætlar hvort sem er að segja sig úr því samstarfi. Frekari sparisjóðir munu ekki fylgja í kjölfarið því þeir eru ekki búnir að mynda sjálfseignarstofnun. Þetta væri lausn, herra forseti.

Ég vil koma þeim ábendingum til hæstv. viðskrh. að þetta sé lausnin sem mundi leysa allan vanda sem við erum að glíma við, þ.e. fyrirsjáanlegt hrun sparisjóðakerfisins í kjölfarið á breytingu á SPRON vegna þess að aðrir sparisjóðir mundu fylgja í kjölfarið. Við þurfum bara að stöðva hina sparisjóðina.

Herra forseti. Ég á nú enga von á því að hv. þingmenn muni samþykkja þetta því mér sýnist að öll skynsemi sé löngu fokin út í veður og vind.

Sagt hefur verið að viljayfirlýsing stjórnar SPRON, sem hún stóð einhuga á bak við, standist ekki lög. Ef það væri rétt hefði mátt vænta þess að Fjármálaeftirlitið, sem m.a. á að kanna lögmæti gerninga, stöðvaði gerninginn. Það að lögð skuli fram tvö frumvörp á Alþingi til að stöðva þessa samninga, annað meira að segja frá ríkisstjórninni, staðfestir að almennt er óttast að Fjármálaeftirlitið geti ekki stöðvað gerninginn vegna þess að hann er fullkomlega í samræmi við gildandi lög. Lagafrv. sem við erum að fjalla um sannar að samningarnir eru lögmætir. Það verður hins vegar dálítið skrýtið og erfitt fyrir Fjármálaeftirlitið að starfa eftir að Alþingi hefur tekið að sér að leysa úr vanda sem það hefði með réttu átt að úrskurða um. Það er mjög merkileg staða, herra forseti, þegar Alþingi grípur fram fyrir hendur eftirlitsstofnunar sem það hefur búið til. Það gerir frekar lítið úr henni.

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að fara í gegnum uppruna sparisjóða. Meginhluta síðustu aldar var mikill skortur á lánsfé hér á landi. Til að ná í lánsfé voru stofnaðir sparisjóðir og seinna lífeyrissjóðir. Markmið þessara stofnana var fyrst og fremst að ná í lánsfé fyrir ákveðnar stéttir eða landsvæði eða ákveðna hópa, iðnaðarmenn og verslunarmenn. Þetta endurspeglaðist í nöfnum þessara sjóða, samanber Verzlunarsparisjóðurinn, Sparisjóður alþýðu, Samvinnusparisjóðurinn o.s.frv. Stofnendurnir, sem urðu að vera eignamenn, lögðu yfirleitt fram ábyrgðir til að tryggja innlánin en sátu þá fyrir um verkefnin sem lánveitingarnar fjármögnuðu, t.d. íbúðabyggingar. Ég vil nefna að SPRON var stofnað til að tryggja iðnaðarmönnum í Reykjavík verkefni eða lánveitingar til íbúðakaupa eða íbúðabygginga og þannig var öll Norðurmýrin fjármögnuð, með lánveitingum frá SPRON.

Á árunum um 1960–1970 var þremur sparisjóðum breytt í hlutafélög með lögum frá Alþingi. Þetta er mjög merkilegt. Verzlunarsparisjóðnum, Samvinnusparisjóðnum og Sparisjóði alþýðu var breytt í hlutafélög, Verzlunarbankann hf., Samvinnubankann hf. og Alþýðubankann hf. Í öllum tilfellum eignuðust stofnfjáreigendur allan sparisjóðinn sinn. Sumir hafa sagt að þannig hafi Alþingi gefið stofnfjáreigendum merki um að mega vænta þess að eiga sparisjóðinn sinn þrátt fyrir annan skilning í ákvæðum laga. Síðastliðið haust féll dómur í Hæstarétti, öryrkjadómurinn, sem sagði eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar tryggja rétt manna til bóta sem byggðist á eldri lögum og að þann rétt mætti ekki skerða aftur í tímann. Fyrrnefndir aðilar telja að gildandi lög um sparisjóði skerði eignarrétt þeirra því að nú skuli mynduð sjálfseignarstofnun sem taki yfir rjómann af eign sem aðrir fengu óskerta áður. Þetta sé í andstöðu við stjórnarskrána með sama hætti.

Mikil breyting hefur orðið á fjármagnsmarkaði undanfarið. Samkeppni hefur vaxið hröðum skrefum og með henni koma auknar kröfur um tölvuvæðingu og upplýsingakerfi, sterka markaðssetningu og nýverið hefur brotist út samkeppni um lánskjör til einstaklinga. Allt þetta gerir kröfu til stórra eininga með gott lánshæfismat. Sparisjóðirnir hafa unnið nokkuð saman en óeining hefur verið ríkjandi og hrepparígur og einnig hafa verið mjög mismunandi skoðanir á því hver þróunin er og hvort bregðast þurfi við. Þegar sparisjóðirnir seldu frá sér yfirráð yfir Kaupþingi hf., fyrir tveimur til þremur árum, má segja að þeir hafi misst af tækifæri til að snúa bökum saman með sterkan bakhjarl. Stóraukið framboð á lánsfé hefur líka snúið við upprunalegu hlutverki sparisjóðanna og tilgangi þeirra fyrir stofnfjáreigendur, sem var upprunalega að ná í lánsfé. Þetta kunna að vera skýringarnar á breyttri afstöðu stofnfjáreigenda til sparisjóða sinna. Nú þegar allt syndir í peningum, herra forseti, er ekki lengur þörf og þá minnkar stuðningur stofnfjáreigenda við sparisjóðinn sinn. Ljóst er að lagabreytingar af þeim toga sem hér um ræðir stöðva ekki þessa þróun og kunna að verða mjög skaðlegar fyrir sparisjóðina.

Herra forseti. Fram kom á fundum nefndarinnar að sparisjóðirnir hafa hagnast um 11 milljarða kr. á sölu eða uppfærslu á eign sinni í Kaupþingi og Scandinavian Holding. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að eigið fé þeirra er í heild aðeins 20 milljarðar kr., rúmlega helmingurinn kemur frá Kaupþingi. Þetta segir jafnframt að allar rómantískar hugmyndir manna um sparisjóðinn í heiðardalnum og göfugt samfélagslegt fé hans eru úr lausu lofti gripnar. Margir mundu jafnvel kalla þetta braskfé.

Því hefur verið haldið á lofti að stofnfé sé mjög öruggt fé, nánast gulltryggt, og gefi mjög góðan arð. Þetta á að sjálfsögðu við á meðan sparisjóður græðir. Hins vegar eru allt of mörg dæmi þess að illa hafi farið fyrir sparisjóði og er hægt að nefna nýleg dæmi um fréttir af sparisjóðunum á Siglufirði, í Ólafsfirði og á Hornafirði. Þessum sparisjóðum hefur verið bjargað fyrir horn á þann hátt að aðrir sparisjóðir hafa gerst stofnfjáreigendur með umtalsverðan hlut, þ.e. sparisjóðir eru oft stofnfjáreigendur í öðrum sparisjóði. Það er svo spurning hversu lengi slík samhjálp getur gengið því að hún tekur í eigið fé þess sparisjóðs sem bjargar.

Þar sem allur hagnaður sparisjóðs umfram eðlilega ávöxtun stofnfjár fer til að byggja upp sjálfseignarstofnun sem stofnfjáreigandinn á ekki er eðlilegt að ályktað verði í hina áttina. Hvað með sparisjóð sem lendir í vandræðum og verður jafnvel gjaldþrota? Er ekki eðlilegt að stofnfjáreigandinn eigi kröfu til samfélagsins um ávöxtun á fé sitt fyrst samfélagið hirðir arðinn af stofnfé hans? Er ekki eðlilegt að stofnfé sé ríkistryggt? Hér er spurningu varpað fram með þessum rökum. Þetta kann að verða virkilegt mál innan skamms vegna þess að frv. kemur í veg fyrir að sparisjóðirnir geti bjargað sér.

Allur sá vandræðagangur sem frumvarpinu er ætlað að taka á stafar af því að við hlutafélagsvæðingu sparisjóðs er myndaður risasjóður sem gefur þeim sem honum stýra mikil völd yfir miklum fjármunum sem viðkomandi á ekki og enginn á. Talað hefur verið um að hagsmunaárekstur myndist við það að stofnfjáreigendur selja bæði bréf sjálfseignarstofnunarinnar og sjálfs sín. Þessum hagsmunum er ekki kippt í burtu. Þeir eru bara fluttir til fólks sem ekkert á í viðkomandi

sparisjóði. Það þarf ekki einu sinni að taka tillit til annarra stofnfjáreigenda, sem flestir eiga tiltölulega lítilla hagsmuna að gæta eins og í SPRON. Það er alveg með ólíkindum að menn treysti einhverjum fulltrúum ráðherra betur en þeim stofnfjáreigendum, sómafólki, sem hefur byggt upp Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis í áratugi. Það eru miklu meiri hagsmunir sem mæða á þessum örfáu aðilum, fimm manns, sem tilnefndir eru af ráðuneytinu og sveitarfélögum og alveg galopið hvað þeir geta gert við peningana, geta keypt fyrir þá hlutabréf o.s.frv. Allt í einu eru örfáir einstaklingar komnir í þá stöðu að ráðskast með milljarða án þess að eiga þá. Hvað hefur áhrif á þá ákvörðun þessara aðila að kaupa hlutabréf í A hf. fyrir 100 millj. kr. í staðinn fyrir í B hf.? Alltaf er hægt að rökstyðja ákvörðunina. En kannski fylgir stjórnarsæti í A hf. með í kaupunum með stjórnarlaunum og völdum. Svo þarf að ráða forstjóra eða deildarstjóra hjá A hf. Það getur nú verið gaman, herra forseti, sérstaklega ef bróður minn vantar vinnu. Möguleikar á spillingu vaxa mjög. Nú þarf að undirstrika að möguleiki á spillingu er ekki það sama og spilling en þetta kallar á öflugt eftirlitskerfi, og það vantar.

Hagsmunirnir minnka ekki við þessa breytingu, herra forseti, þeir aukast. Vandinn er sá að stjórn sem opinberir aðilar velja á ekki féð og tekur því ekki áhættu með röngum ráðstöfunum frekar en stofnfjáreigendur. En hún mætir ekki árlega hópi fyrrverandi stofnfjáreigenda sem hugsanlega spyrja eins eða annars. Hún verður á vissan hátt ábyrgðarlaus. Þetta er sú hætta sem ávallt fylgir fé sem enginn á því að þar vantar hina hörðu hönd eigandans sem tapar ef mistök eru gerð.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að opinberir framkvæmdaraðilar, ráðherrar og sveitarstjórnir, tilnefni stjórn þeirrar sjálfseignarstofnunar sem myndast við hlutafélagsvæðingu sparisjóðs í stað stofnfjáreigenda. Þetta er algert brotthvarf frá þeirri stefnu núverandi ríkisstjórnar að minnka völd opinberra aðila í atvinnulífinu og kemur illa heim og saman við einkavæðingu ríkisbankanna. Þetta er alveg öfug þróun.

En, herra forseti, það er engin ástæða til að hafa áhyggjur af því vegna þess að það verður engin skynsemi fyrir stofnfjáreigendur að breyta sparisjóði í hlutafélag eftir þessa breytingu á lögunum. Eins og áður var bent á mun sjálfseignarstofnunin SPRON ses. fara með 80% atkvæða í SPRON hf. Með því afli getur hún breytt samþykktum og ráðið allri stjórninni en stofnfjáreigendur fá bréf í hendurnar sem eru nánast verðlaus. Það yrði óðs manns æði fyrir stofnfjáreigendur að afhenda yfirráðin yfir sparisjóðnum sínum einhverju fólki sem opinberir aðilar hafa valið, fólki sem hefur engin tengsl við sparisjóðinn, og fær auk þess ekki nema lítið brot af arðinum og á óseljanleg bréf. Fyrir breytinguna ráða þeir öllu, fá allan arð sem greiddur er út og geta hvenær sem er innleyst stofnfé sitt. Þeim dettur ekki í hug að breyta sparisjóðnum sínum í hlutafélag. Þannig að allur kafli laganna, herra forseti, er orðinn tómt mengi.

En þetta leiðir líka til þess að sparisjóðir geta ekki brugðist við tækifærum, eins og gerðist hjá Sparisjóði Hólahrepps sem fékk mikið verkefni og þurfti mikið aukið stofnfé og fékk, það hefur reyndar verið farið dálítið illa með þessa fjárfestingu en það er önnur saga. Hann gerir það ekki aftur. Hann fær ekki svona fé aftur, það er alveg á hreinu, og aðrir sparisjóðir ekki heldur. En ef þeir lenda í vandræðum geta þeir heldur ekki brugðist við vegna þess að 5% hámark atkvæðavægis, — mikil andúð á stofnfjáreigendum sem komið hefur fram undanfarið hjá fjölda þingmanna, herra forseti, menn hafa talað mjög niður til stofnfjáreigenda í mjög neikvæðum tón, — og auknar kvaðir á stofnfé munu leiða til þess að ekki verður mikill vilji til að fjárfesta í stofnfé. Sá möguleiki sem fólk sá fyrir við hlutafélagsvæðingu SPRON er ekki lengur til staðar. Þetta þýðir mikla og aukna hættu fyrir sparisjóðakerfið. Viðbúið er að innan nokkurra ára muni aftur koma fram nýjar breytingar á lögum þessum og þá til þess að auka veg stofnfjáreigenda, ég spái því, herra forseti, til þess að bjarga kerfinu enn einu sinni.

Alla síðustu öld hefur hrannast upp fé sem enginn á. Sem dæmi má nefna Brunabótafélagið, KEA, Mjólkurbú Flóamanna, Mjólkursamsöluna, Bændahöllina (Hótel Sögu) og sparisjóðina. Það er umhugsunarvert að þetta fé hefur að mestu verið myndað með framlögum bænda, (**JBjarn:** Bændur hafa byggt upp landið) sem búa margir við afar slæm kjör á meðan sjálfseignarstofnanirnar þeirra vaða í peningum, marmara og palísander. Bændur sem stunduðu búskap um miðja síðustu öld greiddu fyrir til dæmis og reistu Bændahöllina með framlögum, herra forseti. Þeir búa núna, komnir á gamals aldur, sumir við mjög lök kjör, lélegan lífeyrissjóð og lágar bætur.

Mig langar til að geta þess að eitt sinn hringdi í mig bóndi, ég er því miður búinn að gleyma nafninu, ég skrifaði það á miða og týndi miðanum. En þessi frægi bóndi sem hringdi í mig sagðist geta lifað á 90 þús. kr. vegna þess að hann þyrfti þess og hann færi svo sem létt með það. Hann átti ekki bíl og hann sagðist ekki kaupa pitsu, það var ekki mikið atriði hjá honum. Þessi bóndi sagðist á árabilinu frá 1950–1960 hafa greitt peninga til Bændahallarinnar og nú langaði hann mikið til að nálgast þessar milljónir sem hann ætti þarna svo hann gæti farið að lifa fyrir eitthvað meira en 90 þús. kr. á mánuði. Þetta er dagsatt. Svona er þetta. Maðurinn sem byggði upp Bændahöllina á sínum tíma verður að lifa á 90 þús. kr. á mánuði. Á sama tíma er eitthvert fólk að reka Bændahöllina, eflaust með góð laun og góð lífeyrisréttindi, og hann fær ekki krónu. Allt er þetta gert í þágu góðs málefnis, göfugs fjár, herra forseti.

Öllu þessu fé stýrir eitthvert fólk. En það á ekkert í þessum sjóðum og hefur því enga hagsmuni af því að fénu sé vel ráðstafað. Það kann hins vegar að hafa óbeina hagsmuni af völdunum sem slíku fé fylgja. Þess vegna er í sjálfu sér ánægjulegt að ekki verði um frekari hlutafélagsvæðingar sparisjóða að ræða. Ég greiddi nefnilega á sínum tíma atkvæði gegn þessu frumvarpi, árið 2001. Ég er því ánægður með það að búið er að eyðileggja hlutafjármöguleikann og uppbyggingu þessara miklu sjóða sem enginn á. Hins vegar hlaut ég að vinna í samræmi við þau lög sem Alþingi hafði samþykkt þó að það hefði myndun slíks risasjóðs í för með sér sem til stóð að skapa með kaupum KB-banka á SPRON, 6.000 milljónir, en nú verður það ekki, herra forseti. Ekki verður um að ræða 400–500 milljónir í styrki til menningar- og líknarmála í Reykjavík og nágrenni. Þökk sé meiri hluta Alþingis, eða öllu Alþingi nema mér einum, sýnist mér. Reyndar tókst mér að draga úr hættunni af völdunum í þessum sjóði með því að minnka hlutabréf í KB-banka úr 6 milljörðum eins og til stóð — 6.000 milljónum, herra forseti, það ræður einu stjórnarsæti í Kaupþingi – Búnaðarbanka. Þetta var fjórði stærsti hluthafinn í því stóra alþjóðlega fyrirtæki og hefði haft óskapleg völd ef komið hefði upp valdabarátta milli Íslendinga og Svía. Og þá eru laxveiðileyfin orðin algjörir smáaurar í því samhengi. En þetta verður væntanlega ekki. Mér tókst sem sagt að lækka

þennan hlut niður í 2 milljarða til þess að draga úr biti valdanna og að restin yrði greidd með peningum og skráðum skuldabréfum. Og það var ekki heimilt að kaupa frekari hlutabréf. Þannig reyndi ég að minnka hættuna af þessum sjóði sem ég geri mér grein fyrir en aðrir virðast ekki gera sér grein fyrir. Svo voru settar inn reglur um styrkveitingar sem áttu að verða umtalsverðar en verða sennilega ekki, reglur sem tryggja eiga gæðaeftirlit með þeim verkefnum sem verða styrkt og er það nýmæli. Ég man ekki til þess að ríkisvaldið sé með gæðaeftirlit á þeim verkefnum sem það styrkir í menningar- og líknarmálum. Þannig var reynt að vinna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem slík uppsöfnun fjár án eiganda getur haft.

Æskilegt væri að hv. þingheimur sneri sér að því að finna eigendur að slíku fé, t.d. bóndann góða sem lifir á 90 þús. kr. á mánuði, segir það svo sem gott en hann vildi gjarnan hafa það betra, í stað þess að skapa sífellt nýja slíka sjóði. Eigandinn fer ætíð betur með fé en sá sem ekki á það fé sem hann stýrir. Eigandinn finnur a.m.k. illilega fyrir því ef hann gerir mistök því að þá tapar hann peningunum sínum sem hinn gerir ekki. Hjá þeim seinni breytist oftast ekki nokkur skapaður hlutur, hann heldur sínum launum, hann heldur sínum lífeyrisrétti þó að hann geri mistök.

[21:39]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að koma að leiðréttingu vegna þess að hv. þm. fer ekki rétt með í nefndaráliti sínu þar sem hann talar um það sem komið hafi fram í fréttatíma í gærkveldi og hefur eftir mér, að ég hafi sagt að þessu frv. sé stefnt gegn þeim samningum sem gerðir hafa verið milli SPRON og KB-banka.

Það sem kemur fram í fréttinni er í fyrsta lagi að fréttamaður segir í yfirskrift fréttarinnar að ég segi að verði frumvarpið að lögum verði minna áhugavert að kaupa sparisjóði og að staða þeirra verði tryggð, sem er reyndar ekki rétt hjá fréttamanni því það sagði ég ekki og hef ekki notað þau orð í þessari umræðu um framtíð sparisjóðanna vegna þess að það er ekki hægt að tryggja framtíð sparisjóðanna með lögum. Það sem ég segi beint er að verði frumvarpið að lögum gerir það minna áhugavert að kaupa sparisjóði. Menn hafi óttast að kaup KB-banka á SPRON mundi valda hruni í sparisjóðakerfinu. Verði frumvarpið að lögum verði öryggi í rekstri sparisjóðanna eitthvert, en þó aldrei 100%.

Þannig að hv. þm. fer ekki rétt með í nefndaráliti sínu og ég vona svo sannarlega hans vegna að annað sem þar kemur fram eigi betur við rök að styðjast en þetta.

[21:41]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég las þetta viðtal og þar stendur að stjórn SPRON standi frammi fyrir miklum ákvörðunum að samþykktum þessum lögum. Stjórn SPRON þarf sem sagt að breyta einhverju í því sem hún er að gera. Það liggur fyrir. Ef þetta er ekki spurningin um það að ráðast á þennan samning milli SPRON og Kaupþings – banka, þá mun hæstv. ráðherra væntanlega samþykkja tillögu mína, eða hvað?

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra lýsi því yfir, ég er búin að spyrja hana mörgum sinnum að því, hvort þetta frv. hafi eitthvað með samninga SPRON og KB-banka að gera, eins og margir þingmenn hafa lýst beint hérna yfir. Og ef ekki, þá liggur ekkert á og þá legg ég til að herra forseti slíti fundi. Þá liggur ekkert á að samþykkja þetta frv. Þá leyfum við bara þeim samningum að fara í gegn ef þetta frv. hefur ekkert með þá að gera. Þá legg ég líka til að hæstv. viðskrh. skori á þingheim að samþykkja tillögu mína sem gengur út á það að SPRON-samningurinn gangi eftir en að aðrir sparisjóðir geti ekki gert það sama, þ.e. að koma í veg fyrir hrun sparisjóðakerfisins, sem sparisjóðirnir bentu á að gæti verið hættulegt, en leyfðu breytinguna á SPRON sem breytir engu því að SPRON ætlar að hætta í samstarfinu hvort sem er. Þannig að lögin breyta engu í því. Ég legg því til að hæstv. ráðherra samþykki þessa tillögu.

[21:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég sagði í viðtali, öðru viðtali, var það að SPRON standi frammi fyrir því að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra laga sem verði í gildi eftir að frv. hefur orðið að lögum. (**PHB:** Einmitt.) Ég geri mér grein fyrir því að þetta frv. hefur ákveðnar breytingar í för með sér, annars hefði það ekki verið lagt fram.

Þegar hv. þm. spyr hvort það hafi eitthvað með það að gera að frv. er lagt fram að uppi voru áform, og eru kannski enn, um viðskipti á milli SPRON og KB-banka, þá sagði ég í gær í lok Kastljóss að það væri ekkert launungarmál að það hefði með það að gera að uppi hafi verið áform um viðskipti á milli SPRON og KB-banka að þetta frv. væri lagt fram. Það væri hins vegar ekki lagt fram til þess beint að koma í veg fyrir þau viðskipti. Það er hins vegar þannig, eins og ég sagði áðan, að SPRON eins og önnur fyrirtæki þurfa að taka mið af lögum og lagaumhverfið breytist með þessu frv. verði það að lögum og það er aðalatriðið.

[21:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú skil ég ekki. Hæstv. ráðherra segir að þessu lagafrv. sé ekki stefnt gegn samningum SPRON og Kaupþings – banka. En samt muni stjórn SPRON þurfa að taka veigamiklar ákvarðanir á grundvelli þessara breyttu laga. Bíðum nú við. Af hverju þarf hún að taka einhverjar ákvarðanir? Hún er búin að gera samning. Hún ætlar bara að framkvæma samninginn. Hún ætlar bara að ganga eftir þeim samningi í samræmi við gildandi lög sem enn eru í gildi einmitt núna klukkan tíu. (**Viðskrh.:** Þeim verður breytt.) Verður breytt, einmitt. Og þá þarf stjórn SPRON að gera eitthvað nýtt. Ég fullyrði að þessum lögum er stefnt gegn þessum samningum og það mun hafa í för með sér að það verður að rifta þeim.

[21:45]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. viðskrh. sýna nokkra dirfsku þegar hún kom hér í pontu og gerði tilraun til að leiðrétta hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ef leiðrétta ætti allt sem þar kom fram geri ég ráð fyrir að umræðan í kvöld mundi taka nokkuð langan tíma.

Ég vil aðeins segja að það var afar sorglegt að hlýða á það að hv. þm. skyldi gefa samstarfsmönnum sínum á hinu háa Alþingi þá einkunn að þar sem þeir hefðu uppi önnur sjónarmið og vildu vernda aðra hagsmuni en hann þá væru

allar hugmyndir um skynsemi roknar út í veður og vind og menn hefðu gefið réttarríkið upp á bátinn. Það er afar sorglegt þegar menn flytja mál sitt með þessum hætti í reynd án þess að færa nokkur rök fyrir máli sínu sem mark er á takandi.

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa mikilli ánægju með það að þetta mál skuli vera komið svo langt. Ég tel mikla hagsmuni felast í því að Alþingi reyni að tryggja að sá vilji sem þingið hafði við setningu laga um fjármálafyrirtæki nái fram að ganga og tryggi að við hliðina á stóru bönkunum þremur sé einn aðili sem veiti þeim harða samkeppni. Það skiptir miklu máli fyrir neytendur að samkeppni sé mikil á fjármálamarkaði og í því skyni er þetta mál lagt fram, þ.e. til þess að tryggja eins og kostur er að sparisjóðirnir fái áfram að vaxa og dafna og að þeir muni veita bönkunum harða samkeppni.

Þá eru ekki síður hagsmunir í því fólgnir að sparisjóðirnir, hinir minni á landsbyggðinni, fái áfram að vera þeir hornsteinar sem þeir eru í sínum samfélögum. Reyndar hefur ríkt mikil sátt um starfsemi sparisjóðanna í mörg ár og sjálfsagt í á annað hundrað ár þar til fyrir tæpum tveimur árum eða svo að gerð var tilraun til að yfirtaka SPRON að undirlagi þess hv. þm. sem hér talaði áðan og nokkurra félaga hans. Fram að þeim tíma hafði ríkt mikil sátt um starfsemi sparisjóðanna.

Virðulegi forseti. Það kom fram í umræðunni í dag, og sú afstaða kom m.a. fram hjá fulltrúum stjórnvalda, að þeir samningar sem sjálfseignarstofnun sem komið hefur verið á laggirnar, hvert svo sem gildi hennar er, hefur gert hafi meira og minna allir verið umboðslausir. Því er afar ólíklegt að frv. sem hér hefur verið flutt muni hafa nokkur áhrif á þá samninga, enda er það ekki hugmyndin. Hér er fyrst og fremst um að ræða frv. til laga um að skorið skuli á milli hagsmuna stofnfjáreigenda annars vegar og stjórnar sjálfseignarstofnunar hins vegar. Það er í reynd kjarni frv. og enginn getur haldið því fram með nokkrum rökum að það sé brot á stjórnskipunarreglu að stofnfjáreigendur skuli ekki geta kosið í stjórn sjálfseignarstofnunar. Það eru ekki nokkur einustu rök fyrir því. Eftir sem áður getur stofnfjárfundur hjá SPRON breytt sér í hlutafélag. Það er engin breyting þar á. Það er aðeins breyting á því hvernig stjórnin er skipuð og hvernig valdi yfir sjálfseignarstofnuninni er háttað.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál eða mikið hér. Ég vil aðeins lýsa yfir mikilli ánægju með það að þetta mál skuli vera komið svona langt, að sá vilji þingsins skuli ná fram að ganga að vernda þá hagsmuni sem ætlað var að vernda með lögum um fjármálafyrirtæki. Ég tel að það takist með þessu frv.

En það breytir ekki hinu að þetta frv. mun ekki tryggja sparisjóðunum neitt áframhaldandi líf eins og þeir hafa lifað hingað til. Það er undir þeim sjálfum komið og þeir verða virkilega að sýna fram á getu sína og hæfni á þeim missirum sem nú eru fram undan í breyttu umhverfi. Það mun reyna á þá. Við höfum hins vegar búið þeim umgjörð sem á að tryggja að þeir geti haldið áfram að vaxa og dafna eins og þeir hafa gert hingað til og það reynir mikið á þá sem ráða ferðinni í þessum stofnunum. En ég er sannfærður um að til lengri tíma litið mun það verða neytendum til hagsbóta, landsbyggðinni til hagsbóta og samfélaginu til hagsbóta að sparisjóðir fái áfram að starfa.

[21:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Sá vandi sem Alþingi hefur verið að glíma við þessa dagana, reyndar um nokkurt skeið, og varðar sparisjóðina í landinu á rót að rekja til lagabreytinga annars vegar á árinu 2001 og hins vegar á árinu 2002. Í fyrra tilvikinu var um að ræða heimild til að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Í síðara tilvikinu var um það að ræða að reistar skyldu girðingar sem kæmu í veg fyrir að stofnfjárhlutir yrðu seldir á yfirverði.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varaði við þessum lagabreytingum. Annars vegar töldum við girðingarnar ekki nægilega traustar, ekki nægilega háar, ekki þjóna þeim tilgangi sem að var stefnt og hins vegar töldum við mjög óráðlegt að opna fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóðanna.

Sjónarmið okkar fengu ekki hljómgrunn á þessum tíma en vankantar á löggjöfinni voru þó komnir í ljós haustið 2002 þegar við fluttum lagafrumvarp sem gerði ráð fyrir tvennu. Annars vegar að afdráttarlaust skyldi kveðið á um að óheimilt væri að selja stofnfjárhluti öðruvísi en á uppfærðu nafnverði og hins vegar að numin skyldu brott úr lögum heimildarákvæði um að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Varnaðarorð okkar höfðu reynst eiga við rök að styðjast og margir urðu til að viðurkenna það þótt ekki fengist frv. okkar samþykkt á þeim tíma.

Við vildum allan tímann standa dyggan vörð um hag stofnfjárhafa í sparisjóðunum. Þeirra hagur er reyndar mjög tryggur. Það er ekki þekkt dæmi þess að þeir hafi tapað fé sínu. Eina dæmið sem kunnugt mun vera um er frá kreppuárinu 1929 þegar Sparisjóðurinn Gullfoss varð gjaldþrota. Arðsemi af stofnfjárhlut hefur yfirleitt verið góð. Hún hefur verið þetta á bilinu 10% – 18%. Við þessu ætluðum við ekki að hrófla. Við ætluðum hins vegar að koma í veg fyrir að stofnfjáreigendur færu að ráðskast með fé sem væri ekki þeirra. Og það er alveg rétt sem bent hefur verið á af talsmönnum margra sparisjóða að sú hætta væri fyrir hendi ef þessi rúlletta væri sett í gang, þetta dómínóspil.

Ég get nefnt t.d. einn sparisjóð þar sem eigið fé nemur 4,2 milljörðum kr. en stofnféð 35 milljónum. Það yrði að sjálfsögðu mikil freisting fyrir stofnfjárhafa að ráðskast með það fé og hagnast sjálfir á kostnað sjóðsins. Það er þetta sem við viljum koma í veg fyrir að gerist.

Við höfum velt því fyrir okkur hvernig standi á því að þessar breytingar sem við vildum gera á lögunum fengu ekki meira fylgi á Alþingi en raun ber vitni. Þá skal stjórnarflokkunum virt það til vorkunnar að beiðni hafði komið frá sparisjóðunum um að opna á þessa heimild. Sú beiðni hafði komið fram á árinu 2001. Nú hefur það hins vegar verið upplýst í umræðunni í efh.- og viðskn. þingsins að þessi beiðni á rót að rekja til þrýstings frá aðeins einum sparisjóði, þ.e. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Hinir sparisjóðirnir í landinu voru aldeilis ekki á þessu máli og þegar gengið var eftir því við þá í dag eða fulltrúa Sambands ísl. sparisjóða sögðu þeir að það væri eindreginn vilji stjórnar sparisjóðanna í landinu að nema þetta ákvæði brott úr lögum. Þetta er upplegg sem við höfum rætt í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs síðustu vikurnar.

Niðurstaða okkar varð hins vegar sú að við skyldum halda okkur til hlés með ýtrustu kröfur okkar með það eitt að leiðarljósi að ná almennri þverpólitískri sátt um þetta mál. Öll okkar vinna og öll okkar viðleitni hefur gengið út á þetta

og þetta eitt. Nú hefur þessi þverpólitíska sátt náðst í efh.- og viðskn. Þar hafa menn úr öllum flokkum á Alþingi sameinast um niðurstöðu sem hér liggur fyrir.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs vill hins vegar gera umtalsverðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki og ég boða hér með frumvarp þar sem tekið verður á ýmsum þáttum þessara laga. En á þessu stigi munum við einskorða stuðning okkar við þá niðurstöðu sem náðist í efh.- og viðskn. í dag. Við munum sitja hjá við aðrar tillögur sem fram hafa komið eða fram kunna að koma varðandi þessa niðurstöðu. Við munum styðja hana eina.

Við teljum tvennt þar í húfi. Það varð samkomulag um vinnulag í nefndinni og við ætlum að virða það. Einnig er á hitt að líta að þegar breytingartillögur koma fram á þessum lögum þarf að sjálfsögðu að ræða þær gaumgæfilega í nefndinni jafnvel þótt menn séu sammála um þær í grundvallaratriðum.

[21:58]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að frv. til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nái fram að ganga og ég styð það heils hugar.

Hér er um að ræða breytingar á lagaákvæðum um sparisjóði. Sögu sparisjóðanna má rekja aftur til miðrar 19. aldar og það má segja að þeir hafi verið stofnaðir í hinum eina sanna ungmennafélagsanda. Markmið þeirra framsæknu frumkvöðla með stofnun sparisjóðanna var fyrst og fremst að stuðla að almannahag, efla heimabyggðir og atvinnulíf.

Í dag þjóna sparisjóðirnir 60–70 þúsund viðskiptavinum og er fjöldi þeirra 24. Fjöldi viðskiptavina er um 25% af viðskiptavinum á einstaklingsmarkaði. Fjöldi starfsmanna sparisjóðanna og tengdra félaga er um 900 og ljóst er að ef sparisjóðirnir fara út af fjármálamarkaðnum munu margir starfsmenn missa vinnuna og það er ekkert óeðlilegt þegar samþjöppun verður á þeim markaði. Þetta gerist í öllum atvinnugreinum þegar slík samþjöppun á sér stað.

Ljóst er að frv. er lagt fram til að eyða mikilli óvissu sem vissulega er um framtíð sparisjóðanna. Með fyrirhugaðri sölu á SPRON til Kaupþings – Búnaðarbanka er ljóst að sparisjóðakerfið er í hættu. Það er í mikilli hættu. Ef annar stór sparisjóður yrði seldur með sama hætti er sparisjóðakerfið hrunið að mínu mati.

Sparisjóðirnir hafa haft Sparisjóðabankann sem sinn Seðlabanka ef svo má að orði komast. Þess vegna hafa minni sparisjóðir getað þjónað töluvert betur í sinni heimabyggð með Sparisjóðabankann sem bakland. Sparisjóðirnir þjóna sennilega best hinum dreifðu byggðum landsins og þjóna þannig að hluta öðrum markaði en aðrar bankastofnanir.

Virðulegi forseti. Ég tel frumvarp hæstv. viðskrh. skynsamlegt. Samsetning á kosningu aðila í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar sem myndast ef sparisjóði er breytt í hlutafélag er með þeim hætti að tveir aðilar eru tilnefndir af sveitarfélagi þar sem sparisjóður á heimilisfesti. Tveir fulltrúar munu tilnefndir af ráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af samtökum sparisjóða. Þessir aðilar þurfa að axla þá ábyrgð sem þeir eru kjörnir til, verði viðkomandi sparisjóður gerður að hlutafélagi. Það er einnig eðlilegt að ekki sé talin þörf á að fulltrúaráð starfi í sjálfseignarstofnunum þegar skilið er á milli stofnfjáreigenda og stjórnar sjálfseignarstofnunar. Stofnfjáreigendur eru ekkert annað en trúnaðarmenn heima í héraði. Það er óeðlilegt að þeir hagnist mikið á því að viðkomandi sparisjóði sé breytt í hlutafélag og hann seldur. Þeir eiga að verja starfsemi sparisjóðs síns, því sparisjóðurinn er einmitt hjarta margra byggðarlaga, sérstaklega á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Það er óeðlilegt að slíkur gjörningur nái fram að ganga. Að mínu mati eru stofnfjáreigendur að selja það sem þeir ekki eiga. Það eru fyrst og fremst viðskiptavinir sparisjóðanna sem hafa byggt þá upp. Ættu þeir ekki frekar að njóta arðsins, þó svo það dæmi sé ekki hægt að reikna? Nær væri að sala færi fram og hagnaður af sölunni, að frádregnu uppreiknuðu verði á stofnfé til stofnfjáraðila, mundi renna til samfélagsins með einhverjum hætti.

Virðulegi forseti. Ég minni einnig á þá miklu óvissu fyrir starfsmenn og fjölmörg byggðarlög sem treysta á sparisjóðina. Því er fagnaðarefni að þetta frv. skuli lagt fram og mikilvægt að það nái fram að ganga. Það er líka alltaf spurning hve mikil samþjöppun á fjármálamarkaði á að vera. Þetta er hættuleg þróun og að mínu mati getur orðið hætta á því að sparisjóðir í dreifðum byggðum verði keyptir upp og breyting á þjónustu yrði ekki í takt við kröfur íbúanna.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að víða í hinum dreifðu byggðum eru sparisjóðir einu stofnanirnar með opna afgreiðslu allan daginn. Víða hafa þeir tekið að sér víðtækt þjónustuhlutverk, t.d. þjónustu við stóru happdrættin, umboð fyrir tryggingafélög, atvinnuleysisskráningu og önnur verk fyrir sveitarstjórnir. Þeim verkefnum hefur fjölgað vegna stækkunar sveitarfélaga, bæði vegna sameininga og annars. Þá er ónefnt hlutverk sparisjóðanna við póstþjónustu sem rutt hefur sér til rúms víða um land og má í því sambandi benda á Vestfirði og fleiri staði.

Virðulegi forseti. Ég starfaði sem gjaldkeri og síðan skrifstofustjóri í Sparisjóði Vestmannaeyja á árunum 1975–1990. Ég er þar sjálfur stofnfjáreigandi. Stofnfé í þeim sparisjóði er samtals 1,5 millj. kr. og dreifist jafnt á 70 aðila. Ég hef ekki litið á þetta sem stóran þátt í efnahag mínum. Ég tel mig því þekkja vel til sparisjóðaumhverfisins og mikilvægis þess í samfélagi okkar. Styrkur sjóðanna er sparisjóðafjölskyldan sem er mikilvæg. Eins og áður hefur komið fram var markmið frumkvöðlanna að stofna sparisjóðina fyrst og fremst til að bæta almannahag, efla heimabyggðir og atvinnulíf.

[22:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er skoðun þingmanna Frjálsl. að koma eigi í veg fyrir að sparisjóðum landsins verði breytt í hlutafélög sem síðan yrðu keypt upp af hinum þremur stóru einkabönkum landsins. Í samræmi við þá skoðun okkar lögðum við fram frv. sem hafði þann eina tilgang að fresta þeim gjörningi sem í farvatninu hefur verið, miðað við þau lög sem nú eru í gildi um fjármálafyrirtæki. Tillögur okkar taka til sparisjóðanna. Við töldum það einföldustu leiðina, að vinna tíma fyrir Alþingi til að vinna löggjöfina vel og vandlega til að ná fram þeim markmiðum sem hafa legið fyrir og sannarlega birst í umræðum í gær. Vilji mikils meiri hluta Alþingis stendur til þess að hafa sparisjóðina áfram sem öflugar rekstrareiningar fyrir fólkið og byggðirnar í landinu.

Mikil vinna hefur verið lögð í það í allan dag að gera þetta frv. úr garði eins og við höfum rætt um, með þeim brtt. sem hér hafa verið kynntar í áliti meiri hluta efh.- og viðskn. Með þeim á að tryggja að frekari samþjöppun fari ekki á fulla ferð í fjármálafyrirtækjunum með því að sparisjóðirnir

verði keyptir upp af öflugri bankastofnunum í landinu. Ég tel að að því leyti nái frumvarpið vonandi þeim tilgangi og get ekki komið auga á annað, miðað við það sem ég hef lesið og skýrt hefur verið út á hv. Alþingi.

Fulltrúi okkar, Gunnar Örlygsson, sat sem áheyrnarfulltrúi í efh.- og viðskn. og er sammála því áliti meiri hlutans sem ég er að ræða hér. Ef þau markmið nást fram sem ég hef lýst í máli mínu þá teljum við að málið sé alla vega komið í höfn í bili. Hins vegar er ljóst, virðulegi forseti, og hefur komið fram í máli framsögumanns meiri hlutans, að samt eru einhver atriði sem þarf að vinna að áfram að áliti þeirra sem að meirihlutaálitinu stóðu. Það kom einnig fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að það væri skoðun hans og félaga hans í Vinstri grænum að koma þyrftu til frekari lagfæringar á löggjöfinni.

Að öllu samanlögðu, virðulegi forseti, hefði mátt vinna tíma með einföldum hætti, með því að samþykkja frestunarákvæði, hvort sem þau voru nákvæmlega til þess tíma sem við lögðum til í Frjálsl., til tveggja ára, eins árs eða einhverra mánaða. Meiri tími hefði þá gefist til að gera löggjöfina þannig úr garði að hún héldi þeim markmiðum sem Alþingi vill ná fram.

Ég vona sannarlega, virðulegi forseti, að þær lagabreytingar sem við erum að gera reynist betur en svo að taka þurfi til við þær aftur til að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur með fyrri lagasetningum. Ég vona sannarlega að þetta verði byggðunum, fólkinu í landinu til heilla, það sem við erum að aðhafast með þessari lagasetningu. Ég lýsi því yfir að við í Frjálsl. munum styðja breytingar meiri hlutans eins og þær liggja fyrir með von um að þær stuðli að þeim markmiðum sem við höfum.

[22:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka hv. þingmönnum fyrir stuðninginn við þetta frv. Ég þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir mikla vinnu við frumvarpið í dag. Ég lýsi stuðningi við þær brtt. sem koma frá nefndinni. Ég vil einnig þakka fyrir þessa umræðu.

Ég vil segja nokkur orð í tilefni af orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan. Hann hafði það eftir forsvarsmönnum sparisjóðanna að þeir hafi í raun ekki kært sig um þá löggjöf sem samþykkt var árið 2001 þegar heimilt var að breyta sparisjóðum í hlutafélög. Ég er mjög óánægð með að heyra það. Samband íslenskra sparisjóða studdi þessa löggjöf og stóð saman að því að sú heimild yrði sett í lög að sparisjóðum yrði breytt í hlutafélög. Þannig er ekki hægt að segja að því hafi verið þvingað upp á sparisjóðina.

Ég lýsi óánægju með það ef öðru er haldið fram af hálfu sparisjóðanna nú. Þeir gerðu ekki athugasemdir við þessa breytingu og studdu hana raunar.

Sparisjóðirnir sem slíkir eru sérstakar stofnanir og það er eðlilegt. Þeir urðu til á þeim tíma þegar ekki var til fjármagn í landinu, fyrir hátt í einni og hálfri öld síðan. Það má að mörgu leyti líkja þeim við kaupfélögin. Kaupfélögin hafa því miður verið að tapa tölunni dálítið, því miður vil ég segja. Við breyttum lögum um samvinnufélög á hv. Alþingi fyrir allmörgum árum, líklega um 15 árum. Kaupfélögum var gert mögulegt að breyta rekstrarforminu í hlutafélagaform. Það varð ekki til að bjarga þeim. Ég geri mér fulla grein fyrir því að sparisjóðunum verður ekki bjargað með löggjöf. Auðvitað fer það fyrst og fremst eftir vilja þeirra til að berjast áfram og hæfni þeirra til þess að taka þátt í samkeppni á fjármálamarkaði, sem eflaust mun fara harðnandi á næstu missirum.

Ég trúi og vona að sparisjóðirnir séu tilbúnir að berjast í þeirri baráttu sem fram undan er. Hún mun harðna. Sparisjóðir eru gríðarlega mikilvægar stofnanir víða um land, sérstaklega í dreifbýlinu. Þess vegna er mikilvægt að þetta fjórða afl verði áfram til en það verður ekki nema forsvarsmönnum sparisjóðanna takist vel til. Það ætla ég rétt að vona að verði.

Ég held að í sjálfu sér sé ekki fleiru við þetta að bæta að sinni. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir stuðning við frv. Hvort við stöndum frammi fyrir því aftur áður en langt um líður að taka upp þessa löggjöf ætla ég ekki að hafa orð um nú en að sjálfsögðu vonast ég til, eins og síðasti hv. ræðumaður, að þessi löggjöf verði bæði sparisjóðunum og okkar fjármálaumhverfi til framdráttar og verði til að samkeppni minnki ekki á markaði. Það er mikilvægt að hún sé til staðar.

En það er þannig með allt sem við erum að fást við á hv. Alþingi að það er aldrei hægt að fullyrða nákvæmlega um framhaldið og hversu lengi lögin standa óbreytt. En hvað varðar vinnu hv. efh.- og viðskn. við þetta frv. þá sýnast mér þær breytingar til bóta sem fram eru komnar. Ég vonast til að málið geti orðið að lögum á þessum sólarhring.

[22:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að sparisjóðunum verður ekki bjargað með lögum. Sparisjóði er hægt að eyðileggja með lögum. Að sjálfsögðu skiptir lagaumhverfi sparisjóða og annarra fjármálastofnana í landinu máli. Reyndar eru sparisjóðirnir á Íslandi ekki á flæðiskeri staddir. Þeir eru að sækja í sig veðrið. Þeir hafa 25% markaðshlutdeild í fjármálalífinu.

Eitt vildi ég leiðrétta hjá hæstv. ráðherra. Ég held að hæstv. ráðherra hafi annaðhvort misskilið eða misheyrt það sem ég sagði. Ég velti því upp hvernig á því stæði að ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir því að heimila sparisjóðunum að breyta sér í hlutafélög á árinu 2001. Ég sagði að ríkisstjórnin hefði það sér til vorkunnar að krafa hefði komið fram um það frá Sambandi íslenskra sparisjóða sem studdu slíka lagabreytingu. Ég var hins vegar að reyna að skýra hvernig á þeirri kröfu stóð, að hún væri fyrst og fremst til komin vegna þrýstings frá einum sparisjóði, þ.e. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Þess vegna tók Samband íslenskra sparisjóða þessa afstöðu. Ég var ekkert að vefengja það nema síður væri.

Síðan vakti ég athygli á því að stjórn Sambands íslenskra sparisjóða er á því máli núna að þetta hafi ekki verið skref til framfara og væri því fylgjandi fyrir sitt leyti að þetta yrði numið brott úr lögum.

[22:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna hefur verið um einhvern misskilning að ræða af minni hálfu og biðst ég afsökunar á því. Ég vil hins vegar segja að mér hafa ekki borist þau skilaboð frá Sambandi sparisjóða að þeir vilji að það ákvæði í lögum, að heimilt sé að breyta sparisjóðum í hlutafélög, verði numið úr

gildi. Það er ég að heyra í fyrsta skipti, ef það er í raun vilji Sambands sparisjóða.

[22:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þurfa menn að fara varlega með orð sín. Það á við um mig sem aðra. Þannig var þetta að sönnu ekki orðað beinlínis af þeirra hálfu. Því var lýst afdráttarlaust yfir að þeir væru því ekki fylgjandi að slík ákvæði væru í lögum. En sú krafa var ekki beinlínis sett fram. Þetta sjónarmið var afdráttarlaust, eins og ég skildi málflutning þeirra í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:19]

Brtt. 850 felld með 30:10 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MF, MÁ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÓJ, GÞÞ, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

7 þm. (AtlG, EOK, GAK, GÖrl, JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er lagt til að í samþykktum sparisjóða verði kveðið á um rétt viðskiptavina sparisjóða til að taka þátt í útboði á nýju stofnfé. Í ljósi breyttra þjóðfélagshátta og sterkra tengsla sparisjóðanna við starfssvæði sín tel ég nauðsynlegt að hverfa frá því að handvalið sé í flokk stofnfjáreigenda við útgáfu á nýju stofnfé.

Hér er með öðrum orðum lagt til að klúbbarnir verði opnaðir. Sem betur fer hafa stærstu sparisjóðirnir, velflestir, opnað á hóp stofnfjáreigenda á liðnum árum en enn þá eru þeir örfáir eftir sem þurfa að taka sig á. Hér er lagt til að festa það í lög þannig að engin ástæða sé til þess að ætla það að einstaklingum og viðskiptamönnum sé mismunað þegar valið er í þennan mikilvæga hóp. Ég segi já.

[22:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Auk þeirra tillagna sem fyrir liggja í þinginu frá meiri hluta efh.- og viðskn. voru rædd önnur atriði eins og ég gat um í framsöguræðu minni. Eitt af þeim lýtur að 66. gr. laganna um fjármálafyrirtæki sem þessi brtt. gerir ráð fyrir að breyta. Það varð niðurstaða meiri hlutans að rétt væri að skoða þessi atriði öll frekar, enda hlutur þeirra til athugunar hjá Fjármálaeftirliti ríkisins og rétt að bíða eftir niðurstöðu þess á því atriði sem lýtur að 74. gr. laganna.

Efh.- og viðskn. mun því halda áfram að hafa þessi lög til umfjöllunar, sérstaklega í ljósi þeirra atriða sem við ákváðum að bíða með og geyma frekari umfjöllun á í nefndinni til næstu vikna. Það er því niðurstaða okkar að leggja til að tillagan verði felld að sinni en skoðuð síðar í vetur.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

2 þm. (HHj, PHB) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÞÞ, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SKK, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 849,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

4 þm. (GÞÞ, HHj, PHB, SKK) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 849,2.a (nýr a-liður 2. gr., verður a-liður 3. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

4 þm. (GÞÞ, HHj, PHB, SKK) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 849,2.b (nýr b-liður 2. gr., verður b-liður 3. gr.) samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

nei: PHB.

3 þm. (GÞÞ, HHj, SKK) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér fjöllum við um það ákvæði að í stjórn sjálfseignarstofnunar sem ræður öllu í sparisjóðunum eftir hluthafavæðinguna skulu skipaðir aðilar af opinberum aðilum, þ.e. tveimur ráðherrum og sveitarstjórnum. Hér er verið að ræða um ríkisvæðingu sem gengur þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur verið að minnka áhrif opinberra aðila í atvinnulífinu.

Hér er enn fremur sú breyting sem veldur því að samningar KB-banka og SPRON geti ekki staðist. Hér er sem sagt verið að ráðast gegn ákveðnum samningi sem gerður hefur verið í samræmi við lög. Þetta er brot á réttarríkinu og ég segi nei.

Brtt. 849,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS,

JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

3 þm. (GÞÞ, HHj, SKK) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, PHB, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 849,4 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

4 þm. (GÞÞ, HHj, PHB, SKK) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

[22:25]

Forseti (Halldór Blöndal):

Á þskj. 847 er brtt. frá minni hluta efh.- og viðskn., Pétri H. Blöndal, og mér þykir eftir atvikum rétt að líta á þá tillögu sem viðaukatillögu og verður hún borin upp sem slík ef ekki er hreyft andmælum og hefst nú atkvæðagreiðslan.

Brtt. 847 (viðaukatillaga) felld með 42:1 atkv. og sögðu

já: PHB.

nei: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

3 þm. (GÞÞ, HHj, SKK) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram hjá hv. efh.- og viðskn. mun SPRON slíta samstarfi við aðra sparisjóði þannig að það er ekki ástæða til að setja lög um það. Þau mundu ekki hafa nein áhrif á það.

Þá er það spurningin um aðra sparisjóði sem fylgja í kjölfarið, hvort hægt sé að stöðva þá. Hér er gert ráð fyrir að stöðva þá sparisjóði án þess að stöðva SPRON hf. og koma þannig í veg fyrir að brotin séu lögmál réttarríkisins sem leiðir til óþarfamálaferla og hugsanlegrar skaðabótakröfu á hendur ríkinu. Ég segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 22:27.

---

59. FUNDUR

fimmtudaginn 5. febr.,
að loknum 58. fundi.

Dagskrá:

Fjármálafyrirtæki, stjfrv., 550. mál, þskj. 828 (með áorðn. breyt. á þskj. 849). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:30]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 45:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÓJ, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

nei: PHB.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BJJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁ, GÖg, HHj, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það kom fram fyrr í umræðu hér á hinu háa þingi að hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að þessum lögum væri ekki beint gegn samningi KB-banka og SPRON. Þar af leiðandi liggur ekkert á að samþykkja frv. sem lög. Það liggur ekkert á, við getum tekið góðan tíma. Við getum hugsanlega haldið fund í hv. efh.- og viðskn. og fengið lögfræðiálit sem nauðsynlegt er við vandaða lagasetningu. Ég segi nei við því að flýta þessu máli.

Fjármálafyrirtæki, 3. umr.

Stjfrv., 550. mál (stofnfjárhlutur í sparisjóði, stjórn sjálfseignarstofnunar o.fl.). — Þskj. 852.

[22:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langar ræður. Ég er ekki hrifinn af því ofbeldi sem stundum tíðkast, að tefja mál með langlokum. Hins vegar bendi ég á að hið ótrúlega er að gerast að Alþingi er að setja lög gegn einum ákveðnum samningi. Það er alveg á hreinu miðað við það sem kom fram áðan að Alþingi telur nauðsynlegt að flýta þessu frv. þvílíkt að klukkan hálfellefu að kvöldi er verið að hefja 3. umr. með afbrigðum. Málið var lagt fram í gær. Þvílíkur er

hraðinn. Það er sem sagt greinilegt að þessu frv. er stefnt gegn ákveðnum samningi sem gerður hefur verið í samræmi við lög og það er með ólíkindum, herra forseti, að slíkt skuli vera að gerast.

Það er grundvallaratriði í réttarríkinu að fólk geti gert samninga í samræmi við gildandi lög án þess að eiga á hættu að löggjafinn komi þar inn ef honum líkar ekki niðurstaðan, taki að sér hlutverk dómsvalds og brjóti þrískiptingu ríkisvaldsins. Ég vara eindregið við þessu. Og ég ætla að vona að hv. þingmenn lendi ekki í þeirri stöðu einhvern tímann seinna á lífsleiðinni að löggjafinn eyðileggi fyrir þeim það sem þeir töldu gert í samræmi við lög og geri það refsivert eftir að þeir hafa gert eitthvað sem þeir töldu að væri í samræmi við lög. Það gæti nefnilega gerst. Réttaróvissan er algjör þegar Alþingi hegðar sér svona.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna bilunar í atkvæðagreiðslukerfinu fer atkvæðagreiðslan fram með handauppréttingu. (**PHB:** Það er von að tölvukerfið klikki.) Ég bið hv. þingmenn sem samþykkja frumvarpið í heild að rétta upp hönd.

Frv. samþ. með 43:1 atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 853).

Fundi slitið kl. 22:35.

60. FUNDUR

mánudaginn 9. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 446. mál, þskj. 630. — 1. umr.
2. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 514. mál, þskj. 786. — 1. umr.
3. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv., 552. mál, þskj. 830. — 1. umr.
4. Aðgerðir gegn fátækt, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Fyrri umr.
5. Almenn hegningarlög, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
6. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Fyrri umr.
7. Skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands, þáltill., 86. mál, þskj. 86. — Fyrri umr.
8. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 100. mál, þskj. 100. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning um kosningu embættismanns fastanefndar.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur tilkynning um að Guðjón Hjörleifsson hafi verið kjörinn formaður sjútvn. á fundi nefndarinnar í dag.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 2003, 567. mál, skýrsla ÍAÞ, þskj. 857.

Fjármálafyrirtæki, 550. mál, þskj. 852.

Olweus-átak gegn einelti í grunnskólum, 439. mál, svar menntmrh., þskj. 735.

Skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar, 385. mál, svar fjmrh., þskj. 821.

Skýrslubeiðnir á Alþingi, 566. mál, fsp. SKK, þskj. 851.

Undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts, 449. mál, svar fjmrh., þskj. 820.

Umræður utan dagskrár.

Loðnurannsóknir og loðnuveiðar.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú fer fram umræða utan dagskrár, um loðnurannsóknir og loðnuveiðar. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:04]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að loðnan er með verðmætustu fiskstofnum við Ísland og auk þess er hún undirstöðufæða annarra tegunda, sérstaklega þorsksins. Kvóti íslenskra skipa er nú útgefinn 497 þús. tonn fyrir fiskveiðiárið en var á síðasta fiskveiðiári 765 þús. tonn, þ.e. hann minnkaði um tæp 270 þús. tonn. Meðalveiði okkar árin 1998–2002 nálgaðist 900 þús. tonn á ári svo það eru mikil og váleg tíðindi ef aflinn verður aðeins um 500 þús. tonn á þessari vertíð sem verður þá minnsti ársafli frá árinu 1991.

Veiðar og vinnsla á loðnu er afar mikilvæg efnahag okkar og afkoma greinarinnar og heildarveiði skiptir miklu máli fyrir fjölda sjómanna, landverkafólk, fjölmörg sveitarfélög og fjölmörg fyrirtæki úti um allt land. Við vitum líka að hlýindin í sjónum hafa breytt miklu um göngu loðnunnar undanfarin ár, enda er loðnan kaldsjávarfiskur og sá fiskstofn sem er viðkvæmastur fyrir þessum umhverfisbreytingum. Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur hefur sagt að það þurfi að endurskoða skipulag loðnurannsókna og hefur tillaga frá honum legið fyrir í rúm tvö ár. Í framhaldi af þessum orðum vil ég því spyrja hæstv. sjútvrh. hvað líði gerð nýs rannsóknarprógramms hvað varðar rannsóknir og eftirlit með loðnustofninum.

Herra forseti. Það þarf að stórauka fjármuni til Hafrannsóknastofnunar til þessa verkefnis, þ.e. að finna út hvaða breytingar eru að verða og finna leiðir til að ná betri og öruggari mælingum á stofnstærð loðnunnar við Ísland. Við getum ekki leyft okkur neitt slugs í þeim efnum. Við verðum að vita með sem mestri vissu hvað óhætt er að veiða úr loðnustofninum ár hvert. Það er dýrt spaug fyrir íslenskt efnahagslíf ef gengið er á stofninn en það er líka dýrt að veiða of lítið, sérstaklega nú þegar veiðar eru bannaðar í Barentshafi og við sitjum ein að markaðnum ef svo má að orði komast. Allri óvissu verður að reyna að eyða í þessum efnum.

Á fundi hv. sjútvn. í sambandi við fjárlagagerð kom fram hjá forstjóra Hafró að fjárlagabeiðnir stofnunarinnar voru skornar niður um 350 millj. kr. af sjútvrn. vegna fjárlaga yfirstandandi árs. Þegar ég gekk eftir því við forstjórann hvernig það kæmi við stofnunina, hvaða verkefni liðu mest fyrir þennan fjárskort, var svar hans stutt og laggott: Loðnurannsóknir fyrir norðan land og veiðarfærarannsóknir.

Herra forseti. Fjárskortur Hafró og allt of lítið úthald nýja rannsóknarskipsins Árna Friðrikssonar kemur niður á okkur núna hvað það varðar að ákveða með bestu hugsanlegri vissu hversu mikið af loðnu er óhætt að veiða á vertíðinni og það er mjög alvarlegt mál. Þetta staðfestist m.a. í mikilli óvissu og mætti jafnvel kalla það hringlandaháttt Hafrannsóknastofnunar og hæstv. sjútvrh. í upphafi þessa árs sem má lýsa svo í stuttu máli:

Útgerðir loðnuskipa beittu sér fyrir og tóku þátt í mikilli og skipulegri leit strax í byrjun þessa árs. Rannsóknarskipið átti að koma á eftir og mæla stofnstærð loðnunnar. Veiðar voru leyfðar í byrjun janúar en síðan stoppaðar frá og með 14. janúar í hálfan mánuð, og loðnuskipum bannaðar veiðar og þeim skipað í land. Rannsóknarskipunum var einnig siglt í land og enginn fylgdist með miðunum. Nokkrum loðnuskipum var síðan leyft að fara aftur á miðin eftir nokkurs konar útdrátt og vakta þau og rannsóknarskipin send þangað á ný eftir viku stopp. Loðnuveiðibannið var síðan stytt um

níu daga og það loks fellt úr gildi 20. janúar sl., sem betur fer segi ég.

Herra forseti. Allur þessi hringlandaháttur er tilkominn vegna þess að stofnmælingar frá því í haust mistókust, m.a. vegna þess að haustleiðangurinn fékkst ekki framlengdur vegna fjárskorts stofnunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég gat um mikilvægi loðnuveiða og loðnustofnsins í upphafi máls míns. Við Íslendingar getum ekki leyft okkur slíka vanrækslu í sambandi við loðnurannsóknir eins og ég hef tekið dæmi um. Því vil ég í lokin hvetja hæstv. sjútvrh. til að beita sér fyrir auknum fjárveitingum til Hafró svo að stofnunin geti skipulagt nýjar aðferðir með meira úthaldi rannsóknarskipa til að fylgjast með stofnstærð og viðgangi loðnustofnsins. Nú er lag til að auka rannsóknir með álagningu veiðigjalds sem kemur næsta haust. Þess vegna spyr ég:

1. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir auknu fé til loðnurannsókna hvað varðar næstu ár?

2. Verður Hafró gert kleift að halda rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni úti næstu 30–40 daga a.m.k. til að fylgjast með loðnugöngum og þá einnig fyrir vestan og norðan land?

Herra forseti. Við skulum vona að við dettum í lukkupottinn að þessu sinni með nýjum og sterkum göngum fyrir vestan og/eða norðan land. Margir eldri loðnusjómenn telja það líklegt og þess vegna er afar mikilvægt að fylgst sé vel með loðnumiðunum á næstu missirum.

[15:09]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er áhugavert umræðuefni sem hv. þm. Kristján L. Möller hefur vakið máls á þó ýmislegt í lýsingum hans sé öðruvísi en ég kannast við. Það er rétt hjá honum að loðnustofninn er afskaplega mikilvægur, bæði sem veiðistofn og ekki síst sem undirstaða fæðu þorsksins. Hins vegar þurfum við að hafa í huga að við höfum upplifað það að með um það bil 10 ára millibili virðist stofninn fara í lægð án þess að það sé nokkuð tengt við veiðarnar. Þess vegna eru menn hugsi og íhugulir yfir því sem er að gerast á miðunum í dag. Auk þess hefur orðið vart við umhverfisbreytingar á undanförnum árum.

Ég kannast ekki við að fyrir liggi nýjar tillögur um prógramm vegna stofnmælinga á loðnunni. Ég kannast hins vegar við að það hafi verið uppi hugmyndir um rannsóknir á öðrum tímum og öðrum stöðum en hafa tengst stofnmælingunum. Stofnmælingarnar hafa í megindráttum verið þannig fram til ársins 2002 að loðnan hefur verið mæld að haustinu til, bæði ungloðnan sem á að vera uppistaða næstu vertíðar og eins sú loðna sem á að vera uppistaða þeirrar vertíðar sem fylgir veturinn eftir. Á þessu hefur hins vegar orðið breyting. Það hefur bæði verið erfiðara að mæla fullorðnu loðnuna sem á að vera uppistaða vetrarvertíðarinnar og eins hafa fengist rýrari og jafnvel engar upplýsingar um ungloðnuna sem á að vera uppistaða næstu vertíðar þar á eftir. Þess vegna hefur þurft að fara í vetrarleiðangra. Þá er einungis hægt að mæla loðnuna sem er uppistaðan í þeirri vertíð sem þá stendur yfir. Mælingarnar stóðu allt fram í mars á sl. ári þar til endanleg mæling fékkst. Þá voru hins vegar ekki til upplýsingar um ungloðnuna sem átti að vera uppistaða vertíðarinnar sem átti að hefjast um sumarið. Því var farið í frekari leiðangra í apríl til þess að finna hana, og gekk það reyndar erfiðlega, en mæling fékkst þó þannig að hægt var að gefa upp upphafskvóta í upphafi vertíðarinnar. Það er í þessu ljósi sem við þurfum að skoða stöðuna. Það hefur verið miklu erfiðara að ná þeim mælingum sem við höfum þurft til að gefa út kvótana. Í janúar var það Hafrannsóknastofnunin sem stóð fyrir þeim leiðangri sem hófst í byrjun janúar. Niðurstöðurnar úr þeim leiðangri voru þær að ekki mældust nema um 130 þús. tonn sem var náttúrlega engan veginn forsvaranleg stærð til þess að veiðar gætu haldið áfram og því var ekki um annað að ræða en að hætta veiðunum meðan frekari rannsóknir færu fram. Þá voru hins vegar strax lögð drög að frekara samstarfi við útgerðirnar og að miðin væru vöktuð þar til loðnan fyndist og Árni Friðriksson gæti farið aftur út að mæla. Þetta tók sem betur fer skamman tíma og loðnuveiðibanninu var þar af leiðandi rift eftir örfáa daga.

Þó að mælingin hafi verið betri var ljóst að ekki náðist fullkomlega utan um það sem var á miðunum og því, eftir að hafa farið yfir málin með sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar, var ákveðið að fara í frekari leiðangur sem væntanlega hefst í dag. Þessi ákvörðun var tekin í síðustu viku og hefur verið í fréttum nú um helgina eftir því sem mér skilst.

Á undanförnum árum hefur mjög mismunandi mikill tími hefur farið í loðnumælingarnar. Hafrannsóknastofnun og stjórnvöld hafa reynt að laga sig að þeim tíma sem þarf og það verður að sjálfsögðu líka gert á þessari vertíð eins og áður. Sem dæmi er rétt að nefna að árið 2002 þurfti 33 úthaldsdaga til að mæla loðnustofninn, en á síðasta ári, árinu 2003, fóru í það 77 dagar. Við sjáum því að þetta er ekkert sem hlaupið er að miðað við þessar aðstæður. Því er algerlega ástæðulaust að vera með einhver stór orð um að vísindamenn Hafrannsóknastofnunar sinni ekki sínu verki, standi slaklega að verki eða að ekki séu nægir fjármunir til þess að sinna svo mikilvægum rannsóknum sem hér er um að ræða. Það er nægjanlegur sveigjanleiki í kerfinu til að svara þeim kröfum sem þarna eru uppi.

Svo er annað mál með heildarfjárveitingar Hafrannsóknastofnunarinnar. Þær eru nú um stundir til rannsókna nokkuð svipaðar og á síðustu árum, heldur meiri en á undanförnum árum, og það er það sem er skynsamlegt, herra forseti, þegar rannsóknir eru auknar, að það sé gert smám saman en ekki í stórum stökkum.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að hefja mál mitt á að fagna því að ákveðið hefur verið að hafrannsóknarskipin fari út á nýjan leik eða að farið verið í nýjan leiðangur. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt, og ekki bara það að farið verði núna til að mæla heldur held ég að ástand loðnugangnanna núna að undanförnu og allar aðstæður kalli á að skipið verði við mælingar næstu þrjár, fjórar vikur og jafnvel alveg fram undir lok vertíðar, einfaldlega vegna þess að miðað við upplýsingar af miðunum þá er hegðan loðnunnar þannig. Nýjar og nýjar göngur eru að koma inn í veiðina á sama tíma og fyrri göngur hverfa eða fara á botninn eins og oft vill verða rétt áður en loðnan gengur upp á grunnið. Eigi að nást einhver heildarmæling þannig að unnt sé á endanum að gefa út sæmilega eða sem réttasta niðurstöðutölu fyrir kvótann verður skipið að vera við mælingar alveg þangað til að ætla má að allur veiðistofn þessa árs sé orðinn mælanlegur eða kominn upp á grunnið.

Það er nú einu sinni þannig að loðnan er dyntóttur fiskur og erfitt viðfangsefni, bæði fyrir fiskifræðinga og iðulega fyrir veiðimenn eins og við þekkjum. Þess vegna er ekkert að því að viðurkenna að stundum eru aðstæður þannig að menn verða að kosta dálitlu til til að fá sem besta niðurstöðu

og öruggasta. Auðvitað vill enginn valda því að gengið verði óhóflega nærri hrygningarstofninum. Að sama skapi er eftir miklu að slægjast ef óhætt reynist að veiða meira en áætlað hefur verið fram að þessu og ekki síst ef vel horfir með veiðar á hrognafylltri loðnu til frystingar á Japansmarkað og frystingar á hrognum.

Útlitið er því að mörgu leyti álitlegt að mati þeirra skipstjóra sem maður hefur samband við. Fyrst og fremst er um það beðið að lagðir verði nægilegir fjármunir og orka í rannsóknir og mælingar alveg þangað til að búið er að fá botn í þau mál eins og hægt verður á þessari vertíð. Ekki veitir nú sjávarútveginum af, virðulegi forseti, eins og afkoman er að þróast þar um þessar mundir, að sæmilega gangi á loðnuvertíðinni.

[15:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. málshefjanda, að loðnuveiðar eru ákaflega mikilvægur atvinnuvegur hér á landi, bæði fyrir starfandi fólk í sjávarútvegi og fyrir þjóðarbúið í heild vegna þeirra tekna sem atvinnugreinin skapar. Það sést líka á því að Alþingi tekur mjög föstum tökum fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar og þeirra málaflokka sem þar heyra undir. Við skulum ekki gleyma því að auk þeirra fjárveitinga sem Alþingi ákveður til Hafrannsóknastofnunar hefur stofnunin fengið verulegt fé úr svonefndum 5% sjóði. Á síðasta ári fékk Hafrannsóknastofnun um 140 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum og það fór að nokkru leyti eða jafnvel að verulegu leyti til rannsókna og þar á meðal loðnurannsókna.

Til marks um það að menn eru vakandi yfir þessu brást Hafrannsóknastofnun mjög skjótt við þeirri gagnrýni sem fram kom um að á skorti um rannsóknir og það var ákveðið að senda loðnurannsóknaskipið til veiða núna í dag, sem bætir verulega úr því sem menn kölluðu eftir.

Í öðru lagi ákvað sjútvn. Alþingis að taka málið fyrir á fundi sínum í morgun og fékk forstjóra stofnunarinnar ásamt Hjálmari Vilhjálmssyni til að fara yfir þetta mál með sjútvn.

Því er alveg ljóst að þessi mál eru tekin mjög alvarlega og hæstv. ráðherra hefur staðið við bakið á Hafrannsóknastofnun í þessu máli.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja áherslu á þá stefnubreytingu sem varð með samþykkt nýrra laga um Verkefnasjóð sjávarútvegsins sem er að opna þennan málaflokk fyrir fleiri vísindamönnum en þeim einum sem starfa hjá Hafrannsóknastofnun. Það er ákaflega mikilvægt á þessu sviði, vísindasviðinu, að aðrir vísindamenn, þeir sem starfa utan ríkisgeirans, eigi aðkomu að þessum málum.

[15:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Loðnuveiðar hafa gengið brösuglega undanfarna mánuði og er ekki laust við að margir hafi þungar áhyggjur af vexti og viðgangi þessa fiskstofns sem er sá stærsti innan íslenskrar lögsögu þegar mælt er í lífþyngd eða tonnatölu. Aðeins hafa veiðst tæplega 100 þús. tonn frá áramótum og það er langt síðan loðnuveiðar hafa gengið jafnilla hér við land.

Ég get tekið undir þá skoðun að blikur geti verið á lofti hvað varðar stöðu loðnustofnsins og okkur beri að fara varlega í nýtingu hans því að færa má mörg rök fyrir því að þessi litli laxfiskur gegni lykilhlutverki í vistkerfi Íslandsmiða.

Á hverju sumri á sér stað mikið ævintýri í hafinu djúpt norður af landinu. Þar fer fram gríðarleg frumframleiðsla í næringarríkum sjó. Bjart er allan sólarhringinn. Mergð krabbadýra nærist á svifi. Þessi krabbadýr eru svo aftur fæða fyrir loðnuna sem liggur í æti, stækkar og fitnar fyrir hrygningargöngu sína sem hefst að haustlagi suður á bóginn í átt að landgrunni Íslands.

Þessi næringarmikli smáfiskur kemur upp að austurströndinni, syndir vestur með suðurströndinni og oftast inn í Faxaflóa og Breiðafjörð, sum árin koma göngur suður yfir Vestfjarðamið og áfram suður inn á firði og flóa vestan lands. Á leið sinni yfir landgrunnið hrygnir loðnan og deyr og hún er mjög mikilvæg fæða fyrir verðmæta nytjastofna eins og þorsk og steinbít. Við megum ekki gleyma því.

Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir að færa megi rök fyrir því að loðnan sé mjög mikilvæg fæða fyrir ýmsa nytjastofna þá er sorglega lítið í hendi sem sannar þetta, því miður, og ég tel að þarna skorti verulega á rannsóknir. Það er skoðun okkar í Frjálsl. að gera verði stórátak í loðnurannsóknum hér við land og veita miklu meiri pening í þessar rannsóknir en hingað til, kannski allt að 100 milljónum árlega næstu fimm árin svo að vel megi vera, til að rannsaka vistkerfi hafsvæðisins norður af Íslandi og hlutverk loðnunnar í íslensku vistkerfi og fyrir nytjastofna við Ísland. Það er ekki einleikið hve illa gengur að byggja upp marga botnfiskstofna hér við land þó að náttúruskilyrði hafi verið hagstæð mörg undanfarin ár. Ég tel að full ástæða sé til að spyrja sig að því hvort hluti af þeirri skýringu geti ekki einmitt legið í því að við erum að taka allt of mikið af loðnu út úr vistkerfinu á hverju ári.

[15:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið stefna hér í mörg ár að skilja eftir 400 þús. tonn af loðnu til hrygningar á hverjum vetri og það þarf nú að vanda sig til þess að það gangi upp. Þess vegna er eðlilegt að menn gæti varúðar þegar ákveðið er hve mikið megi veiða. Afkastageta flotans er gífurlega mikil og ef menn gera vitleysur í lífríkinu í þessu efni þá er ekki víst að þær verði aftur teknar á næstu árum þar á eftir.

Hins vegar er búinn að vera býsna mikill vandræðagangur, ekki bara í mælingum á loðnu heldur líka síld á undanförnum árum, sl. þrjú, fjögur ár. Menn týndu nú síldinni í heil tvö ár og síðan hefur þetta gengið svona með loðnuna síðustu þrjú árin að það hafa verið mikil vandræði að finna út hvað væri mikið af henni.

Við vorum á fundi í sjútvn. í morgun og þar kom fram að helsti sérfræðingur stofnunarinnar í þessum málum telur að fimm ára prógramm þurfi til þess að rétta af þá vitneskju sem stofnunin þarf á að halda til þess að geta gert það sem til er ætlast af henni. Slíkar rannsóknir kosta 70–80 milljónir á ári.

Ég held því að hæstv. ráðherra ætti að spara sjálfur stóru orðin hvað það varðar að þar hafi endilega verið staðið nákvæmlega vel og rétt að málum. Ég held að aðvaranirnar undanfarin ár hafi verið það skýrar að menn verði að taka mark á þeim. Ég segi að það verður frekar að láta loðnuna njóta vafans heldur en útgerðina og lífríkið frekar en hagsmunaaðilana. Þess vegna skil ég vel að menn vilji fara varlega.

En það er líka hægt að gera fullkomlega kröfu um að menn geri það sem vísindamenn telja skynsamlegast í þessu efni við þær rannsóknir sem þurfa að fara fram og það hefur ekki verið gert.

[15:24]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu um loðnuveiðar og loðnurannsóknir.

Á fund sjútvn. í morgun mættu Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, og Hjálmar Vilhjálmsson, leiðangursstjóri loðnurannsókna. Þeir fóru yfir stöðuna í dag, söguna og ýmsar breytingar sem þeir telja að hafi áhrif. Þar má nefna breyttar aðstæður í sjónum en sjór hefur hlýnað mikið, m.a. norðan Vestfjarða, og er töluvert hlýrri en hann hefur verið sl. 25 ár.

Það er mikið fagnaðarefni að hægt var að tryggja viðbótarúthald næstu vikurnar til loðnurannsókna svo að hægt verði að gera áætlun út frá því hve mikið af ungloðnu finnst í þessum rannsóknum.

Virðulegi forseti. Ríkisframlög til rannsókna eru 973 milljónir á þessu ári og með viðbótartekjum, þar með töldum hinum svokallaða Hafrósjóði, eru rúmar 1.100 milljónir til rannsókna. Það er um 20% af heildarframlagi sem fer til rannsókna á uppsjávarfiski. Gert var ráð fyrir að Árni Friðriksson yrði 203 daga á sjó við rannsóknir á þessu ári en vilji stjórnvalda er að úthaldið fari í 220–230 daga.

Loðnuveiðar og loðnuvinnsla er orðin mikilvæg fyrir hinar ýmsu sjávarbyggðir og loðnufrysting og vinnsla á loðnuhrognum eru sá toppur sem hefur átt stóran þátt í jákvæðri afkomu sjávarútvegsfyrirtækja.

Virðulegi forseti. Ég þekki það best sem bæjarstjóri í Vestmannaeyjum til tólf ára hve loðnuveiðar og loðnuvinnsla hafa mikil áhrif á samfélagið. Það kemur glögglega í ljós í rekstri bæjarfélagsins og hafnarsjóðs þegar loðnuveiði gengur ekki eftir sem skyldi.

Virðulegi forseti. Það er eins og með aðrar úthlutaðar aflaheimildir að auðvitað viljum við að þær verði sem mestar hverju sinni. En við þurfum að virða niðurstöður rannsókna og tillögur sérfræðinganna og náttúran á alltaf að njóta vafans. Það hefur verið regla við ákvörðun úthlutunar að skilja eftir 400 þús. tonn af loðnu til hrygningar til að tryggja að stofninn verði ekki í hættu. Allt umfram 400 þús. tonnin er síðan úthlutuð aflaheimild.

Vonandi tekst að ná utan um loðnumælingar ungloðnunnar næstu vikur. Það munar um hvern dag þar til niðurstöður fást og vonandi skila þær jákvæðum árangri.

[15:26]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í raun eru ekki nema u.þ.b. 40 ár síðan Íslendingar hófu að veiða loðnu svo einhverju næmi. Það gerðist í kjölfarið á því að síldarstofninn hrundi. Íslendingar leituðu sér þá að annarri auðlind til þess að nýta. Er óhætt að segja að loðnuveiðar hafi bjargað efnahag íslensku þjóðarinnar á þessum 40 árum.

En á þessum 40 árum hafa líka orðið miklar framfarir í tækni og afkastageta flotans hefur aukist allverulega. Við hljótum því að velta upp ýmsum grundvallarspurningum sem tengjast loðnuveiðum, svo sem eins og hvaða áhrif hafa jafnmiklar loðnuveiðar og raun ber vitni á aðra stofna og þá ekki síst þorskinn. Nú liggur fyrir að miklar væntingar hafa verið um að byggja upp hér öflugri hrygningarstofn þorsks og hefur það því miður gengið afskaplega hægt. Því er ekkert óeðlilegt að spyrja: Getur ástæðan verið sú að við höfum að veiða og sækja í þessa auðlind sem loðnan er með þeim árangri sem raun ber vitni? Getur það verið ástæðan fyrir því að hrygningarstofn þorksins hefur ekki náð sér á strik aftur?

Þetta eru spurningar sem við hljótum að verða að svara, þ.e. hvað áhrif loðnuveiðar hafi á aðra fiskstofna. Við vitum lítið um stærð og útbreiðslu loðnunnar og við vitum lítið í raun um tengsl hennar við aðra stofna og um tengsl einstakra stofna í hafinu. Þetta er alltaf spurning um verðmæti, hvernig við getum náð sem mestum verðmætum af sjávarfangi, hvað við megum og getum veitt mikið úr einum stofni þannig að verðmætin verði sem mest.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort þess megi vænta að við fáum hér umræðu eða stefnumörkun um fjölstofnaúttekt og áhrif einstakra stofna á aðra. Um það vitum við því miður of lítið enn þá.

[15:28]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Að því leytinu til hefur verið ánægjulegt að hlýða á þessa umræðu að mikill einhugur virðist vera í þinginu um að efla þessar rannsóknir og mikill pólitískur vilji fyrir því að þær fari fram þannig að tryggt verði að hægt verði að taka ákvarðanir sem byggi á sem mestri þekkingu. Það virðist því enginn efi í huga nokkurs þess sem tekið hefur þátt í umræðunni að mikilvægt sé að tryggja þessar rannsóknir. Því ber að sjálfsögðu að fagna.

En af því sem hér hefur komið fram er kannski vert að taka undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi um rannsóknir á þessu sviði, þ.e. að við víkkum þær út og treystum öðrum til þess að koma að þeim því mikilvægt er að fleiri taki þátt í þeim. Það tryggir fleiri niðurstöður og meiri og merkari umræðu um málið.

Á sama hátt verða menn einnig að ræða auknar veiðarfærarannsóknir. Það er alveg augljóst og hefur verið nú um langt skeið að menn hafa haft miklar efasemdir um þær afleiðingar sem notkun flottrollsins hefur haft á veiðar á uppsjávarfiskum þannig að það er eitt af því sem við verðum að sjálfsögðu að skoða og fara vandlega yfir.

En það er þó ein spurning sem ég held að hæstv. sjútvrh. verði að svara og það er tilefni þessarar umræðu, og hæstv. ráðherra gerir þinginu kannski grein fyrir því í kjölfar þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, hversu lengi er ætlunin að halda því skipi úti sem nú er að fara til rannsókna því það skiptir máli og jafnvel að það verði sem lengst svo að niðurstöður verði sem bestar?

[15:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við getum öll verið sammála um nauðsyn á traustum og góðum rannsóknum á okkar helstu fiskstofnum og ekki síst á loðnu. Við byggjum nýtingu okkar á auðlindinni á vísindarannsóknum. Því er mikilvægt að almenn sátt sé um að efla rannsóknir á hafinu og á auðlindum þess. Við hljótum líka að spyrja okkur hvort ekki sé ástæða til þess að stærri hluti þess fjármagns sem gengur til vísindarannsókna í landinu fari til þeirra rannsókna.

Eitt meginverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar er að veita ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu veiðistofna. Ráðgjöfin byggir í fyrsta lagi á ákvörðun stofnstærðar, í öðru lagi á spá um þróun stofnstærðar og afraksturs næsta árs og í þriðja lagi nýtingarstefnu til lengri tíma. Að henni er unnið fyrir alla helstu nytjastofna á Íslandsmiðum og það er í samræmi við yfirlýsingar um sjálfbæra nýtingu fiskstofna og beitingu varúðarreglu við stjórn fiskveiða.

Úthald á Árna Friðrikssyni verður líklega 220–230 dagar á þessu ári samkvæmt upplýsingum Jóhanns Sigurjónssonar í sjútvn. í morgun og 20% þess tíma fer til loðnurannsókna.

Spurningar hljóta að vakna í því samhengi um heimahöfn skipsins til að úthaldstíminn nýtist sem best. Skipið þarf að bregðast fljótt við eins og nú árar. Ekki er endilega víst að Reykjavík sé heppilegasta höfnin þegar svo horfir.

Hæstv. forseti. Það er ekki vilji útgerðarmanna og sjómanna að tekin sé óþarfa áhætta varðandi veiðarnar á loðnunni. Það hafa hins vegar heyrst háværar raddir um að halda beri rannsóknaskipunum betur og lengur úti til rannsókna á loðnu.

Þá hafa einnig komið fram tillögur um að með rannsóknaskipunum verði sendir vanir loðnustýrimenn. Það er auðvitað tillaga sem er allrar athygli verð því að reynsla sjómanna hlýtur að vera sérstaklega mikils virði þegar horft er til svo dyntótts fisks sem loðnan er.

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að Árni Friðriksson hefur nú verið sendur aftur af stað til mælinga sem sýnir að það er brugðist við þegar kallið kemur.

[15:33]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þessa umræðu og öðrum þingmönnum sem hafa tekið þátt í henni. Hér kemur fram skýr vilji þingmanna úr öllum flokkum fyrir því að við verðum að auka rannsóknir og fylgjast vel með þessum mikilvæga fiskstofni okkar.

Það vakti hins vegar athygli mína þegar hæstv. sjútvrh. sagðist ekki kannast við nýjar tillögur Hjálmars Vilhjálmssonar að nýjum rannsóknum og nýju rannsóknaprógrammi til að fylgjast með loðnu og loðnuveiðum með tilliti til þeirra breytinga sem eru að verða í sjónum. Ef ég hef virkilega heyrt rétt að svo sé, verð ég að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að þá virðist mér að sambandsleysi sé mjög mikið milli Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn. Er það auðvitað mjög alvarlegt mál ef tillögur frá þessum ágæta fiskifræðingi og sérfræðingi okkar í loðnurannsóknum hafa legið fyrir í 2–3 ár hálfpartinn í salti og séu ekki teknar upp og skoðaðar, það er mjög alvarlegt mál með tilliti til mikilvægis þessara veiða.

Það er staðreynd, virðulegi forseti, að haustmælingar á veiðistofninum hafa mistekist allt frá árinu 1999 að telja og það er m.a. vegna þess að loðnan kemur mjög seint upp að landgrunninu norðan lands, rétt fyrir jól, jafnvel eftir jól þannig að nóvemberleiðangrarnir hafa verið að klikka, ef svo má að orði komast, og mér er kunnugt um að síðasti leiðangur fékkst ekki framlengdur vegna fjárskorts Hafrannsóknastofnunar þegar rannsóknarmenn vildu fara norðar og komast í kaldari sjó. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Ég vil líka, virðulegi forseti, vegna þess að mér fannst hæstv. ráðherra gefa það í skyn að ég væri að gefa í skyn að vísindamenn sinntu ekki sínu verki. Það er alls ekki svo. Ég ber fullt traust til þeirra. Hins vegar þurfa þeir að líða fyrir þann fjárskort sem Hafrannsóknastofnun hefur búið við og hefur komið fram bæði í orðum og kom fram í sjútvn. í morgun að þess vegna hafi þeir ekki gert eins mikið og þeir telja sig hafa þurft.

Herra forseti. Það má eiginlega segja um orð hæstv. sjútvrh. áðan, um að rannsóknaskipið sé að fara út, að orð eru til alls fyrst og áform eru undanfari allra góðra verka.

[15:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er leiðinlegt að hv. þm. Kristján L. Möller skyldi eyða mestu af ræðutíma sínum í seinni ræðu sinni til þess að misskilja mitt mál. Það sem ég sagði var að ég kannaðist ekki við að það væru nýjar tillögur um það hvernig standa ætti að stofnstærðarmælingum loðnustofnsins. Ég kannaðist við tillögur um frekari rannsóknir á loðnustofninum en ekki um það hvernig standa ætti að stofnstærðarmælingunni. Þetta geta verið tveir ólíkir hlutir sem þarna er um að ræða. Það hefur ekki verið vilji til þess að hætta við haustleiðangrana jafnvel þótt þeir hafi frá 2002 ekki gefið okkur það sem við vildum að þeir gæfu okkur.

Ég held hins vegar að það sé óþarfi hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að vera að tala um einhvern vandræðagang. Sérstaklega nefndi hann síldina en eins og komið hefur fram er hún fundin. Síldin er hins vegar miklu langlífari stofn en loðnan þannig að þó að mæling náist ekki eitt árið þar skiptir það ekki eins miklu máli og með loðnuna, enda hefur það ekki haft áhrif á útgáfu á kvóta.

Hann vildi líka gera það sem vísindamenn telja skynsamlegast. Það er auðvitað rétt hjá honum að við eigum að leitast við að gera það, en eins og staðan er í dag hefur Hafrannsóknastofnunin milli 1.100 og 1.200 millj. kr. á ári til rannsókna og af því fer í dag um það bil 20% í uppsjávarfiskana sem er vel umfram þeirra hlut í verðmæti útvegsins þannig að þeir hafa ekki viljað leggja til aðra útdeilingu en þá sem verið hefur hér að undanförnu.

Hversu lengi á Árni Friðriksson að vera úti? Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir um það. Það verður auðvitað tekin ákvörðun um það í samræmi við þann árangur sem fæst af rannsóknunum. Varðandi spurningu um fjölstofnaúttekt, þá hefur slík úttekt verið í gangi mörg undanfarin ár og er að vænta niðurstöðu úr stórri rannsókn á þessu ári sem ég geri ráð fyrir að verði mjög athyglisverð og muni nýtast okkur við stjórn fiskveiða, herra forseti.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (slátrun eldisfisks). — Þskj. 630.

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögin nái til slátrunar á eldisfiski. Gildissvið áðurgildandi laga, nr. 93/1992, um meðferð og vinnslu sjávarafurða, náði til slátrunar á eldisfiski. Því var hins vegar breytt með setningu núgildandi laga, nr. 55/1998. Þar var orðið „slátrun" fellt brott úr 3. gr. Í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum segir að gildissvið frumvarpsins nái ekki til eftirlits með slátrun eldisfisks þar sem slíkt eftirlit sé á valdsviði embættis yfirdýralæknis en ekki sjávarútvegsráðuneytis. Þessu ákvæði var ekki breytt við meðferð þingsins.

Í ljósi þess að óhapp henti nú nýverið í tengslum við slátrun á eldisfiski og jafnframt kom upp óvissa um það hvar skilin liggja á milli eftirlits embættis yfirdýralæknis og eftirlits Fiskistofu sem fer með eftirlit með afurðum alls eldisfisks var nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um verkaskiptingu og ábyrgð og koma í veg fyrir mögulegan tvíverknað. Var málið tekið til umfjöllunar í fiskeldisnefnd sem yfirfór verkferla og tilhögun með það sérstaklega að markmiði að skerpa ábyrgð á eftirlitinu og koma í veg fyrir

tvíverknað og þannig ónauðsynlegan kostnaðarauka við eftirlitið. Er frumvarp þetta í samræmi við álit nefndarinnar og er lagt til að eftirlit Fiskistofu taki til slátrunar alls eldisfisks en þannig næst heildstætt eftirlit með allri slátrun á eldisfiski og vinnsluferlum afurðanna eftir að slátrun er lokið. Jafnframt er lagt til að ráðherra verði fengin sérstök heimild til að setja reglugerð er kveði nánar á um búnað vinnslustöðva er hafi leyfi til slátrunar eldisfisks og um eftirlit með slátrun fisksins.

Herra forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

[15:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að þetta sé heldur til bóta sem hér er lagt til þó að það hafi kannski ekki beinlínis með það óhapp að gera sem hæstv. ráðherra nefndi í framsögu sinni. Það hefði getað gerst þó að þetta hefði heyrt undir ráðuneytið, held ég, því þar var í raun og veru ekki verið að fara eftir þeim reglum sem eru þó í gildi eða áttu að vera í gildi.

Það er auðvitað mikið umhugsunarefni hvernig þessum eldismálum er komið að þau skuli vera undir tveimur ráðuneytum og kannski er þetta skref í þá áttina að breyta því og vonandi gerist það sem allra fyrst. Ég held að það kunni ekki góðri lukku að stýra að halda áfram að vera með þessa hluti undir tveimur ráðuneytum. Reyndar eru þessi mál meira og minna mikið umhugsunarefni, hvernig verkefnin skarast út og suður hjá ráðuneytunum og alveg sérstaklega í eldismálunum. Það eru ekki bara ráðuneytin heldur eru aðrir eftirlitsaðilar í þessu líka. Sveitarfélög eiga að hafa eftirlit með eldisstöðvum undir 200 tonnum og umhvrn. á í raun og veru að hafa eftirlit með þessu líka. Iðnrn. á hlut að máli o.s.frv. Allt er þetta ein flækja sem menn hafa ekki lagt í að greiða úr en ég tel að það sé full ástæða til þess að menn fari að taka á þeim málum sem allra fyrst og koma á einfaldara og skilvirkara skipulagi. Það þarf auðvitað að gerast með breytingu á Stjórnarráðinu og breytingu á ráðuneytunum, það þarf að fækka þeim og setja upp ný ráðuneyti í staðinn en færri. Ég ætla ekki að halda ræðu um það núna. Ég vildi aðeins taka til máls og segja að ég tel það út af fyrir sig jákvætt og í einföldunarátt sem hér kemur fram en við fáum tækifæri til að skoða þetta betur í nefndinni og þar verður það gert og þar munu menn auðvitað velta því fyrir sér hvort einhverjar aðrar endurbætur gætu fylgt þessu við meðferð málsins.

[15:43]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um það frv. sem hér er flutt. Hv. þm. Jóhann Ársælsson, samflokksmaður minn í sjútvn., hefur farið hér í gegnum nokkra þætti sem ég ætla ekki að endurtaka heldur aðeins fara yfir það sem snýr að kostnaði við þetta, en í fylgiskjali og umsögn frá fjmrn. stendur hér, með leyfi forseta:

„Ekki liggur fyrir hvort útgjöld hjá embætti yfirdýralæknis lækki við flutning verkefnisins, en ljóst þykir að útgjöld Fiskistofu gætu aukist eitthvað en það fer þó væntanlega eftir því hvernig verkefnið er skipulagt. Samkvæmt lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir og verður að reikna með því að hugsanlegur útgjaldaauki verði borinn af tekjum af eftirlitsgjaldi."

Ég vildi aðeins ræða þetta vegna þess að það er allt of oft þegar verið er að færa verkefni frá einni ríkisstofnun til annarrar að fjármunir virðast ekki fylgja með og í þessu tilfelli get ég ekki ímyndað mér eitt augnablik að embætti yfirdýralæknis hafi ekki haft kostnað af því að fylgjast með þessu á undanförnum árum og þannig sé hjá embætti yfirdýralæknis gert ráð fyrir einhverjum fjármunum í þetta verkefni. Þá hlýtur það að vera eðlilegt að þeir fjármunir muni annaðhvort lækka eða flytjast yfir. Ég vildi aðeins spyrja hæstv. ráðherra út í það hvort þetta hafi ekki verið skoðað betur vegna þess að það er í raun og veru ekki hægt að una við það alveg steinþegjandi og hljóðalaust og það sé ekki tekið til skoðunar á hinu háa Alþingi við svona mál að kostnaðurinn lækki hjá yfirdýralækni og færist þá yfir til Fiskistofu. Með öðrum orðum eiga ekki að standa eftir ákveðnir peningar hjá yfirdýralækni og síðan verði kostnaðurinn við þetta reiknaður þannig að fyrirtækin sem þurfa á þessari þjónustu að halda verði látin borga eftirlitsgjöld vegna þessa. Var það virkilega ekkert skoðað að þarna mundu fjármunir flytjast á milli eða var það kannski einfaldlega svo að kostnaður yfirdýralæknis eins og hér er gefið í skyn hafi enginn verið og er það þá kannski vegna þess að það hefur ekkert eftirlit verið með þessari starfsemi?

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. leggur hér fram frv. til þess að skjóta byttu undir leka sem fannst í gildandi lögum sem tengjast eldi.

Mig langar hins vegar í örfáum orðum til þess að nota þetta tilefni til að gera að umræðuefni verkaskiptingu ráðuneyta. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi það í ræðu sinni áðan að þetta frv. væri til marks um skörun á milli landbrn. og sjútvrn. að því er varðaði fiskeldið. Nú má kannski halda því fram að sú skörun sé að vissu marki leyst með hinni svokölluðu fiskeldisnefnd sem er við lýði. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, hafandi nokkra reynslu eins og hæstv. sjútvrh. af fiskeldi, að það væri langbest fyrir fiskeldi í landinu að það væri allt tekið saman undir eitt ráðuneyti.

Ég er þeirrar skoðunar að allt fiskeldi ætti að vera undir forsjá hæstv. sjútvrh. Þar eru prýðilegar stofnanir sem eru að komast í fremstu röð í ýmsum þáttum sem tengjast eldi og ég tel það ekkert áhorfsmál að það kæmi sér vel og mundi styrkja t.d. Veiðimálastofnun að vera flutt undir sjútvrn.

Ég tel reyndar líka, virðulegi forseti, að varðandi verkefni landbrn. ætti að skoða hvort ekki mætti flytja sum þeirra annað, eins og skólamálin undir menntmrn., og ég skal nú ekki segja, virðulegi forseti, hvar ætti að setja dýralæknana sem eru eitt af því fáa sem þá er eftir fyrir utan búvörusamninginn. En hví mætti ekki skjóta því undir viðskrn. þar sem mér finnst það allt eins eiga heima?

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, virðulegi forseti, en ég tel sem sagt við hæfi í tilefni af orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og þessu frv. að skýra það að það mætti, ef menn vildu gera stjórnsýsluna skilvirkari og ódýrari, allt eins leggja niður landbrn. og koma öllum verkefnum þess fyrir í öðrum ráðuneytum án þess að þau bæru nokkurn skaða af því. Sum þeirra, eins og fiskeldi, fullyrði ég að mundu eflast að þrótti.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þm., formaður Samf., Össur Skarphéðinsson, eigi að gera landbrh. viðvart áður en

hann flytur svona tímamótaræðu. Hér kom hv. þm. í pontu eiginlega undir því yfirskyni að ræða minni háttar tæknilega lagfæringu á smáfrumvarpi sem sjútvrh. er hér með varðandi sinn hluta af fiskeldismálum, og flutti mikla ræðu um að leggja landbrn. niður. Hún fólst í því að reita hin einstöku verkefni af landbrn., fiskeldismálin yfir til sjútvrh., skólana væntanlega yfir til menntmrn., dýralækna undir viðskrn. ef ég heyrði rétt og svo fram eftir götunum þangað til eiginlega ekkert stóð eftir annað en búvörusamningar, og þá var nú bara eftir að botna vísuna, að leggja landbrn. niður.

Þetta var tímamótaræða, vil ég leyfa mér að segja, og ég geri helst tvenns konar athugasemdir við hana, annars vegar þessa, að vara ekki hæstv. landbrh. við þannig að hann sé hér til svara í þingsalnum þegar fluttar eru tímamótaræður um að leggja hann niður, ef svo má að orði komast. Og í hinu, verð ég nú að segja, er ég ósammála hv. þingmanni að verulegu leyti. Ég hef enga sannfæringu fyrir því endilega að það eigi t.d. að færa rannsóknir og eftirlit með ferskvatnsfiskum og nýtingu vatna og áa yfir í sjútvrn. Mér fyndist það alveg eins geta farið þá yfir í umhvrn. ef það á að fara eitthvað á annað borð, og hefði nú haldið að gamall húsbóndi á þeim bæ léti sér kannski detta í hug að reita eitthvað undir þá annexíu ef það á að fara að lima sundur landbrn. á annað borð. (**Gripið fram í:** ... yfirdýralæknir núna?) Auk þess er dálítið vandamál, þetta með dýralæknana, já. Hvert á að senda þá ef menn ætla að fara að halda hér eitthvert bögglauppboð (Gripið fram í.) á verkefnum — já, já, þeir geta svo sem verið til margra hluta nytsamlegir, dýralæknarnir.

En ég verð að segja sem gamall húsbóndi á öðru óðali, þ.e. í landbrn., að ég vil halda hér uppi vörnum fyrir það ráðuneyti og er ósammála hv. þingmanni.

[15:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er löngu hættur að reyna að aka ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar hingað í þingsal til þess að tala um það sem máli skiptir. Ég gerði enga tilraun til þess að ná í hæstv. landbrh. vegna þess að ég læri af reynslunni. Hún hefur einfaldlega sýnt mér að það er ekki hægt að koma þessum mönnum hingað til þess að tala um það sem máli skiptir.

Hins vegar finnst mér að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, ætti ekki að vera svona fastheldinn á fortíðina eins og ég veit að hann á stundum vanda til. Sú ástæða ein að hann hafi gegnt hlutverki landbrh. og sé gamall húsbóndi í landbrn., eins og hann orðar það, gefur ekkert tilefni til þess að halda hér uppi vörnum fyrir tilvist ráðuneytis ef hægt væri að sýna fram á að það væri óþarft.

Ég sem gamall húsbóndi í umhvrn. hef enga sérstaka löngun til þess að aka verkefnum á það ráðuneyti. Hins vegar gæti ég í löngu máli skýrt út fyrir hv. þingmanni hvernig mér finnst að ætti að fara með eftirlit auðlinda og síðan ákvarðanir um nýtingu þeirra. Þá kynni að vera að við yrðum sammála um það, ég og hv. þingmaður, og hugsanlega mundi umhvrn. njóta góðs af því.

Þegar ég horfi yfir stjórnsýsluna — það var nú verið að staðfesta nýja reglugerð um verkaskiptingu ráðuneyta, eins og frægt er, á liðnum dögum — sýnist mér margt þar ekki vera í takt við tímann. Ég gæti í lengra máli skýrt út hvers vegna ég tel að það mætti hugsanlega leggja þrjú ráðuneyti niður. Eitt af þeim er landbrn. Ég tel að þar séu ýmis verkefni sem væri betur komið annars staðar, ég tel t.d. að menntamálunum og því sem undir þau falla væri betur komið í menntmrn.

Hins vegar segi ég að ég lít á fiskeldi sem framsæknustu atvinnugreinina í landinu. Ég held að hún eigi eftir að færa okkur ómældan auð í búið og ég tel skipta máli að vel sé hlúð að henni. Ég tel að það væri langbest og það mundi nýta rannsóknaratgervi og fjármuni best að hafa allt á einum stað, og sá staður er að mínu viti sjútvrn.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það merkilega við þessa reglugerð sem var gefin út á hátíðisdaginn er að ég hef ekki rekið mig á það enn þá að þar hafi verið framkvæmd ein einasta breyting á Stjórnarráðinu. Ég er sammála hv. þingmönnum um að það er athyglisverður atburður að hann skuli hafa orðið jafnfyrirferðarmikill í umræðum í ljósi þess að þar virðist engin breyting hafa verið gerð.

Það kann vel að vera að hv. þingmaður hafi engan sérstakan áhuga á því að færa verkefni undir umhvrn. en ég gruna hv. þingmann hins vegar um að hafa löngun á því að komast í það ráðuneyti, a.m.k. í eitthvert ráðuneyti. Ég leyfi mér að halda því fram.

Ég er ekki að verja hér landbrn. sem slíkt vegna þess að ég telji að þar eigi allt að vera óbreytt, þaðan af síður vegna þess að ég hafi einhvern tíma komið þar við sögu. Ég samþykki það að að mörgu leyti er óhentugt að atvinnugrein eins og fiskeldi sé á tveimur bæjum. Það er ekki þar með sagt að rétta aðferðin sé t.d. sú að leggja Veiðimálastofnun niður eða flytja hana undir sjútvrn. Hún gæti haft aðrar skírskotanir og tengingar til sjútvrn. ekkert síður en til fiskeldisins.

Ég vil gera miklar breytingar á Stjórnarráðinu og ég er alveg tilbúinn til að stofna ný ráðuneyti. Ég er nefnilega ekkert feiminn við að leggja það til. Ég tel t.d. að það eigi að verða til ferðamálaráðuneyti á Íslandi. Mér finnst fullkomlega fjarstæðukennt að önnur stærsta atvinnugrein landsins í formi gjaldeyrissköpunar skuli eiginlega vera hornreka í samgrn. Ég tel að ef við værum að tala um að stofna aftur atvinnuvegaráðuneyti værum við að ræða um þetta á öðrum forsendum en þeim að taka eitt tiltekið atvinnuvegaráðuneyti, þ.e. landbrn., og leggja það niður. Um landbrn. gildir líka nokkur sérstaða að því leyti að auðlindanýtingin er samþætt inni í því ráðuneyti að verulegu leyti. Þar er landgræðsla, skógrækt og fleira í þeim dúr, reyndar fræðslumálin af sögulegum og sérstökum ástæðum. Ég held að við eigum bara að horfa á það eins og það er. Það þýðir ekki að allt þurfi að vera óbreytt en ég held að það hafi verið heldur gamansöm framsetning hjá hv. þingmanni að gera þetta sisona eins og hann fór yfir hér í ræðu sinni um að sundurlima landbrn.

[15:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Formanni Samf. er ekki gaman í hug þegar hann talar um hæstv. landbrh. og hans ágæta ráðuneyti. Ég tek það alveg skýrt fram, út af fyrri ræðu hv. þingmanns, að ég er með engu móti að sneiða að hæstv. landbrh. Að vísu hefur það hent mig að orða það að lausn á ýmsum vanda ráðuneytisins fælist kannski í því að skipta um ráðherra. Ég er ekki að halda því fram í dag.

Hins vegar hef ég sjálfur reynslu af því að stunda rannsóknir, bæði á sjávarfiskum og fiskum úr fersku vatni. Það var gert á stórri rannsóknastöð í Bretlandi þar sem ég var um fjögurra ára skeið og þar unnu menn jöfnum höndum

að þessu. Þær rannsóknir sem við stunduðum á eldi fiska beindust jöfnum höndum að sandhverfu, þorski — sem við höfðum í vörslu okkar og náðum að koma upp hrygningu á og ala upp seiði og skilgreina ákveðin vandamál sem væntanlega hafa síðar verið leyst, eftir að minni þátttöku í þessu slotaði — en jöfnum höndum unnum við að nokkuð mikilvægum rannsóknum á eldi laxfiska. Það var mín skoðun að rannsóknaratgervi þeirra merku fræðimanna sem ég var með nýttist ákaflega vel með þessum hætti. Ég er líka þeirrar skoðunar að eins og Hafrannsóknastofnunin er að þróast mundi það styrkja laxeldi mjög að eiga kost á að þroskast undir handarjaðri þeirra ágætu manna sem þar eru.

Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvort Veiðimálastofnun eigi að fylgja eða ekki en ég hef verið þeirrar skoðunar að það væri ekki slæmt fyrir þá stofnun, sem mætti vera burðugri, ef hún kæmist undir styrkari stjórn og betra rannsóknarumhverfi sem væri öflugra og víðfeðmara. Það er mín skoðun.

Ég læt þessu svo lokið að þessu sinni, virðulegi forseti.

[15:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta voru afskaplega athyglisverðar umræður um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins og við erum margs fróðari sem á þær hlýddum.

Ég vil hins vegar segja tvennt í framhaldi af þeim. Varðandi spurningu hv. þm. Kristjáns Möllers um gjöldin og tilfærslu þeirra held ég að umsvifin hvað varðar slátrun laxfiska á undanförnum árum hafi ekki verið þess eðlis að hægt sé að telja beinlínis einhvern gjaldapóst til hjá yfirdýralækni, heldur hafi það verk verið unnið meðfram öðrum verkum og þar af leiðandi yrði ekki um það að ræða að þar mundu gjöld lækka þó að tilflutningur yrði á þessu verkefni. Jafnframt mun það auðvitað ráðast af umsvifunum, hversu umsvifamikil slátrunin verður, hvort það er tilefni til þess að gera sérstakar ráðstafanir hjá Fiskistofu hvað þetta varðar. Þá gilda auðvitað um það almenn lög, eins og hv. þm. nefndi.

Hins vegar varðandi það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson og Össur Skarphéðinsson nefndu varðandi verkaskiptingu á milli ráðuneytanna er það svo, miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag og þær breytingar sem við höfum verið að gera á samstarfinu og kemur m.a. fram í þessu frv., að það er afskaplega gott samstarf á milli ráðuneytanna. Sá samstarfsgrundvöllur er í gegnum fiskeldisnefndina og þar eru mál leyst og málum þannig skipað að það er ekki um neinn tvíverknað að ræða á milli þessara ráðuneyta hvað varðar eftirlit og stjórnun. Ég held að þessu sé, eins og það er í dag, nokkuð vel fyrir komið. (Gripið fram í.)

Hins vegar koma auðvitað önnur ráðuneyti að þessu og sveitarfélögin líka þannig að jafnvel þótt þær hugmyndir þeirra næðu fram að ganga að allt fiskeldi væri í einu ráðuneyti þyrftu samt aðrir aðilar að koma að þessu máli varðandi leyfisveitingar og eftirlit. Þá nefni ég sérstaklega sveitarfélögin, Hollustuvernd, heilbrrn. og Siglingastofnun, þá í tilfelli sjókvíaeldisins.

Sú einföldun sem þeir hafa þarna lagt til mundi ekki leysa öll þau vandamál sem þeir taka til. Ég vil undirstrika það góða samstarf sem um þessi mál ríkir milli landbrn. og sjútvrn. og sú staða sem uppi er í dag kallar þess vegna ekki á neinar breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 830.

[16:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu. Frv. þetta er samið í heilbr.- og trmrn. í samvinnu við yfirlækni Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra. Minna má á að samkvæmt fyrrgreindum lögum skal stofnunin m.a. annast hvers konar þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu sem sjónskertir þurfa á að halda. Þar skal jafnframt starfrækja sjónglerjaþjónustu undir stjórn sjóntækjafræðings, halda skrá yfir alla landsmenn sem eru sjónskertir og skráin skal haldin í samráði við landlækni.

Megintilgangur frv. þess sem hér er mælt fyrir er að samræma ákvæði laganna kröfum sem gerðar eru í 77. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, að því er varðar gjaldtöku og veita ráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Frv. felur ekki í sér aukna gjaldtöku á sjúklinga.

Ákvæði frv. fela í sér eftirfarandi breytingar:

Í 1. gr. eru sett skilyrði um að einstaklingur þurfi að vera sjúkratryggður til að fá þjónustu til samræmis við það sem gildir um sambærilega heilbrigðisþjónustu samkvæmt öðrum lögum hér á landi.

Í 2. gr. er orðalag gert skýrara að því er varðar þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta. Ákvæðið felur ekki í sér efnislega breytingu frá núgildandi lögum.

Í 3. gr. er verið að gera ákvæði skýrara að því er varðar gjaldtöku fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir. Kveðið er skýrar á um að stofnunin annist þjónustu við einstaklinga sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar og að þeir skuli greiða gjald samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Er talið rétt að sömu skilyrði gildi um þjónustu stofnunarinnar og gildir um aðra heilbrigðisþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi greiði gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá ráðherra eins og aðrir sem njóta heilbrigðisþjónustu en eru ekki sjúkratryggðir hér á landi.

Í 4. gr. er nýmæli um að ráðherra hafi heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, og fellt er á brott ákvæði um að ráðherra setji stofnuninni starfsreglur.

Virðulegi forseti. Ég hef í fáum orðum gert grein fyrir helstu breytingum á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[16:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. fullyrðir hér að það eigi ekki að auka gjaldtöku, að hér sé einungis verið að styrkja gjaldtökuheimildir ef ég skil hæstv. ráðherra rétt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra varðandi 2. og 3. gr. hvort verið sé að rýmka heimildir og hvort núna sé í gildi reglugerð varðandi 2. gr. Hér er kallað eftir að ráðherra geti sett reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta. Síðan varðandi 3. gr., um hana stendur að það sé talið rétt, með leyfi forseta, að „sömu skilyrði gildi um

þjónustu stofnunarinnar og um aðra heilbrigðisþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi greiði gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá ráðherra".

Það sem vakir fyrir mér er bara að fá fram hjá ráðherra hvort verið sé að rýmka heimildir, hvort um nokkra nýja gjaldtökuheimild sé að ræða þó að hæstv. ráðherra ætli ekki að beita henni núna. Er verið að opna fyrir nýja gjaldtöku eða rýmri heimildir en ráðherrann hefur? Hver er gjaldtakan nú fyrir þessa sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir?

Annars stóð ég aðallega upp til þess að spyrja hæstv. ráðherra út í þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna. Ég hélt satt að segja að þegar hæstv. ráðherra kæmi fram með frv. um breytingu á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra mundi hann á sama tíma beita sér fyrir því að inn kæmi ákvæði sem heimilaði þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna. Við hæstv. ráðherra ræddum þetta mál ekki fyrir margt löngu hér á þingi og hæstv. ráðherra tók mjög jákvætt í það að auka þyrfti þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna.

Það er mikill mismunur gerður á þátttöku hins opinbera í kostnaði vegna heyrnarskerðingar annars vegar og sjónskerðingar hins vegar. Í því felst að mínu viti mikið óréttlæti, enda hefur það komið fram hjá Augnlæknafélagi Íslands að vandamál tengd sjón og heyrn séu jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi og öll heilsuskerðing varðandi sjón og heyrn er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Ég hef á nokkrum þingum flutt þingmál um þetta, frumvörp, og eins og ég nefndi hefur ráðherrann tekið mjög undir þörf þessarar breytingar. Ég minni á að varaþingmaður Framsfl. hefur líka flutt þáltill. um þetta mál þegar hann hefur komið inn á þing.

Það er ekki gengið svo langt í því frv. sem ég er með að setja eigi sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt og einungis miðað við þátttöku ríkisins í gleraugnakostaði barna, ekki allra eins og gildir um tæki vegna heyrnarskerðingar. Sú litla þátttaka sem er nú hjá ríkinu er sú að núgildandi lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur $^1/_3$ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja og miða þar við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á því hverjir teljast sjónskertir. Frá þessu er síðan ein undantekning sem ekki hefur lagastoð en fjárveiting hefur verið veitt á fjárlögum til að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir t.d. algjörlega fallið utan þessa flokks. Það er óskiljanlegt að gert sé upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Það er talið að 12–15% barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu. Það eru um 12 þús. börn. Þau börn sem nú fá einhverja aðstoð frá ríkinu gegnum þá þröngu skilgreiningu sem er fyrir hendi í lögum, þá fjárveitingu sem veitt er á fjárlögum sem ekki hefur lagastoð eða endurgreiðslu af læknisfræðilegum orsökum, eru samtals 1.600–1.700 af þessum 12 þús. sem þurfa á gleraugum að halda.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því oft að skipta um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Það hvílir auðvitað skólaskylda á börnum, og þeim börnum sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki er hættara en öðrum við að lenda í erfiðleikum í námi, jafnvel einelti. Það má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári en samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að bæði systkini, eða öll, noti gleraugu. Ég held að þessi rökstuðningur sem ég hef sett hér fram og kemur fram í því þingmáli sem ég hef nokkrum sinnum flutt hér á þingi ætti að vera nægjanleg rök fyrir því að ríkisstjórnin fari að huga að þessu máli. Það er óþolandi að það sé verið að mismuna í þeirri aðstoð sem ríkið veitir eftir því hvort um er að ræða heyrnarskerðingu eða sjónskerðingu.

Ég vildi nota tækifærið fyrst hæstv. ráðherra er að bera fram þetta mál, auk þeirra spurninga sem ég hef lagt fyrir hann, að inna hann eftir því hvort ráðherrann hafi eitthvað gert í málinu frá því að hann lét þessi orð falla eftir að við ræddum saman fyrir líklega ári. Þá tók hæstv. ráðherra mjög vel í að athuga þetta mál og ég hef trú á því að hæstv. ráðherra vilji fylgja þeim orðum sínum eftir. Það liggur frv. fyrir Alþingi, og er reyndar á dagskrá þessa fundar síðar í dag, og því er hægur vandi fyrir heilbr.- og trn. að fjalla um málið með því að taka upp ákvæðin í því þingmáli sem ég er með og flytja sem brtt. við þetta frv. Ég spyr hæstv. ráðherra um afstöðu hans til þess.

[16:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs aðallega til að fylgja eftir eða koma nánar inn á eitt atriði sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um og taka að öðru leyti að mestu undir málflutning hennar. Ég var að reyna að átta mig hér á ákvæði 2. gr. frv. og kannski sérstaklega skýringum á þeirri grein í greinargerð. Í athugasemd við 2. gr. frv. segir nefnilega, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. frumvarpsins er orðalag 2. mgr. 5. gr. laganna gert skýrara að því er varðar þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta. Ekki er um efnislega breytingu að ræða."

Hvernig hljómar svo þessi 2. gr. frv. sem verið er að gera þarna skýrari, þ.e. 2. mgr. 5. gr. laganna? Hún hljóðar svona, aftur með leyfi forseta:

„Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta að höfðu samráði við stofnunina."

Með leyfi að spyrja, herra forseti: Hvað er verið að gera skýrara með þessu? Hvað var óskýrara en þetta í gildandi lagatexta? Hvers vegna er það þá ekki útskýrt hvað er nákvæmlega verið að gera skýrara með þessu? Er það reglugerðarheimildin? Er það samráðið við stofnunina, eða hvað? Fyrir þann sem les þetta er það nákvæmlega jafnóskýrt og það getur verið. Það er sem sagt í höndum ráðherrans á grundvelli reglugerðarheimildar að útfæra þessar reglur og það eru engar útlistanir gefnar á því hvernig sá praxís er en svona hnýtt aftan við að ekki sé um efnislega breytingu að ræða.

Ég leyfi mér að gagnrýna þessa framsetningu. Ef þarna hafa verið einhverjir hlutir sem voru óskýrir í ákaflega viðkvæmu máli af þessu tagi á að fara yfir það í greinargerð frv. í hverju óskýrleikinn var fólginn, hvaða álitamál voru þar uppi og hvað verið er að skýra með þessari efnisbreytingu. Satt best að segja er hún ekkert ákaflega afdráttarlaus, einfaldlega heimild til að setja reglugerð. Hvað í þeirri reglugerð má svo vera er ekki farið nánar út í. Þetta er ekki að mínu mati alveg eins og á að ganga frá hlutunum ef menn vilja láta þá liggja

hér skýrt fyrir. Alveg eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á, og liggur í hlutarins eðli, er hér um afar mikilvæga þjónustu að ræða þar sem miklu máli skiptir að þannig sé að málum staðið hvað varðar gjaldtöku og reglusetningu að mönnum sé ekki mismunað og þeim standi þessi þjónusta til boða.

Það er mikill frumskógur eins og menn þekkja hér hvernig það er útfært í reglum og hve hátt hlutfall af kostnaði er greitt í hverju tilviki. Og auðvitað úa og grúa almannatryggingalögin af gríðarlegu innbyrðis misræmi í þeim efnum, eins og hér var líka nefnt, mismun sem er gerður á milli heyrnarskertra og sjónskertra, jafnvel farið í manngreinarálit ef svo má að orði komast eftir því af hvaða völdum sjóntruflanirnar eru. Þetta er alþekkt í almannatryggingalögunum þegar kemur t.d. að endurgreiðslu kostnaðar vegna lyfja og ferða. Þá er farið í mjög mikla flokkun á því hvers eðlis veikindin eru og menn geta sem sagt sætt mjög mismunandi meðferð hvað varðar rétt til endurgreiðslna eftir því hvers eðlis veikindin eru, eftir því í hvaða flokki lyfin eru og þar fram eftir götunum.

Það er eðlilegt að menn staldri við þegar reglugerðarheimildir af þessu tagi eru á ferðinni og þeim mun óheppilegra er að hafa þær óskýrar. Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á því af hverju þarf að gera þarna breytingu ef ekkert er á bak við hana annað en þetta sem látið er í veðri vaka, að verið sé að gera einhverja hluti skýrari með þessari breytingu. Ég botna ekki í þessu og bið um nánari útlistanir á því.

[16:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Þær spurningar sem hv. þm. hafa lagt fram í umræðunni eru í fyrsta lagi hvort reglugerð sé í gildi og svo hvað verið sé að gera skýrara með 2. gr.

Tilgangur þessa frv. er að skjóta ótvíræðum lagastoðum undir þær heimildir til gjaldtöku sem í gildi eru og veita heimild um reglugerð. Eins og endurgreiðslu er nú háttað er sótt um hana til Sjónstöðvarinnar og hún byggist á reglum sem Sjónstöðin hefur gefið út en ekki á reglugerð frá ráðherra.

Hitt er svo aftur önnur hlið á málinu sem hv. 2. þm. Reykv. s. kom inn á, hvort taka eigi upp víðtækari endurgreiðslur. Það er alveg rétt að óánægju hefur gætt meðal foreldra barna yngri en 18 ára með að fá ekki endurgreiðslur. Það er ekki kveðið á um það í þessu frv. Ég tek undir að ég hef verið jákvæður varðandi þetta en ég hef ekki treyst mér til að setja það fram á þessu stigi vegna þess að við erum ekki búin að fara yfir þær fjárheimildir sem við höfum og mér finnst rétt að við höfum þetta til skoðunar í ráðuneytinu áfram í tengslum við fjárlagavinnuna sem fram undan er hjá okkur. Ég hef ekki viljað vekja væntingar um þetta nema tryggilega sé frá því gengið að þar séu fjármunir til að sinna þessu. Ég tek þó undir að þarna er um misræmi að ræða og er þeirrar skoðunar áfram að yfir það þurfi að fara. Við munum gera það í ráðuneytinu þegar við förum yfir það hvaða nýjum verkefnum við getum yfirleitt sinnt. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu en við munum fara í þá vinnu á næstu vikum.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Mér er kunnugt um að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er með frv. á dagskrá á eftir sem varðar þetta mál. Ég sé í greinargerð að þar er samkvæmt upplýsingum frá Sjónstöðinni áætlaður 55 millj. kr. kostnaður við þær breytingar sem hún leggur til.

Ég endurtek að ég vil skoða þetta mál í tengslum við það hvaða möguleika við höfum á að taka upp ný verkefni, eða hvort við höfum möguleika til þess. Það er auðvitað þetta og ýmislegt annað sem við þurfum að skoða í því sambandi. Þetta frv. er til þess að skjóta skýrari lagaheimildum undir gjaldtöku og ef orðalag frv. er þannig að hv. þingmönnum gengur illa að botna í því er einboðið að laga það í meðförum heilbr.- og trn. Ég hef ekkert á móti því að það sé þá skýrt hvað menn eiga þarna við.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki alvarlegt umkvörtunarefni en mér finnst að við svona aðstæður ætti einfaldlega að taka það skýrt fram að markmiðið með lagatextanum sé að afla ótvíræðrar lagastoðar fyrir setningu reglugerðar sem ekki hafi verið til staðar. Það er augljós munur á því að byggt hefur verið á reglum stofnunarinnar en eftirleiðis eigi að ástunda það sem er ábyggilega betra verklag og meira í samræmi við þær lagavenjur og framkvæmdir sem nú er verið að reyna að innleiða alls staðar. Það þarf að búa um þetta með ótvíræðum hætti, allt sem snýr að rétti manna til endurgreiðslu kostnaðar og að hér verði því skipað með reglugerð, útgefinni af ráðherra, og þá á það auðvitað að koma fram.

Það er erfitt að lesa orðalagið í frumvarpstextanum öðruvísi en svo að þetta eigi að lúta að einhverjum nýjum reglum um kostnaðinn sjálfan. Þegar svo ekkert kemur fram í greinargerðinni um að aðalbreytingin sé einfaldlega sú að afla lagaheimildar fyrir því að gefa út reglugerð er von að maður staldri við. Þarna er fyrst og fremst um það að ræða að það hefði mátt skýra betur tilgang frv. að þessu leyti í greinargerðinni og það er mín ábending í raun og veru. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við því.

[16:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf hér og það verður auðvitað rækilega farið yfir það í heilbr.- og trn. hvort hér sé verið að afla rýmri heimilda en verið hafa.

Varðandi það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um það sem ég spurði um og er efnisinnihald þess frv. sem er hér síðar á dagskrá, þ.e. að jafna muninn á aðstoð ríkisins vegna sjónskerðingar og heyrnarskerðingar, heyri ég að hæstv. ráðherrann tekur undir þetta með sama hætti og hann gerði hér fyrir einu eða tveimur árum. Mér heyrist á hæstv. ráðherra að ekki hafi verið mikið gert í málinu síðan þau orð féllu.

Ég verð auðvitað að taka orð ráðherra góð og gild um að vinna sé hafin í ráðuneytinu við að skoða það að minnka misræmið sem er hér um að ræða og auka þá litlu þátttöku sem er núna varðandi sjónskerðingu hjá börnum og skoða aukna þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði.

Hér er um verulegan kostnað að ræða. Þau geta kostað upp undir 30 þús. kr., gleraugu sem börn þurfa á að halda, sem er ærin upphæð og ég tala nú ekki um ef fleiri systkini þurfa gleraugu.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé heppilegra að þingið skoði þetta með jákvæðum hætti þannig að ráðherrann fái þá lagastoð sem hann þarf sem yrði þá sett inn í þetta frv. Þá væri auðveldara fyrir hæstv. ráðherra að ná fram fjármagni til þessa verkefnis á næstu fjárlögum. Það skal ekki standa á okkur að aðstoða ráðherrann við að finna fjárveitingar til

þessa. Ég held að margt sé miklu óþarfara sem við greiðum núna í samfélagi okkar heldur en að taka meiri þátt í gleraugnakostnaði barna. Ég spyr ráðherrann hvort hann geti ekki stutt það að við settum lagastoð undir þetta svo að það auðveldaði honum vinnuna í fjárlagagerðinni næsta haust?

[16:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta mál endurtek ég það sem ég sagði í svari mínu við fyrirspurn hv. þingmanns, við munum skoða málið í tengslum við fjárlagavinnuna. Hún er að sjálfsögðu á vettvangi ríkisstjórnarinnar og síðan sér fjárlagafrv. dagsins ljós að hausti. Það er mitt hlutverk að forgangsraða málum innan míns fjárlagaramma.

Ég hlýt að skoða þetta mál með tilliti til þeirra áherslna sem ég flutti hér áðan. Mér finnst það vera meðal þess sem við þurfum að skoða í tengslum við breytingar eða ný verkefni. Það tengist þeirri forgangsröð og þeim fjármunum sem við höfum til úrlausnar en þá vinnu verð ég, samkvæmt eðli máls, að vinna á ríkisstjórnarvettvangnum og síðan kemur það mál til þingsins að vanda.

[16:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hæstv. ráðherra þá svo að þetta mál, að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna, sé það mál sem hæstv. ráðherra vilji setja í forgang. Vinna er hafin í ráðuneytinu til þess að undirbúa það og ráðherra mun, eins og hann getur, reyna að fylgja málinu eftir við næstu fjárlagagerð. Ég fagna þeim svörum og mun auðvitað fylgjast mjög náið með því hvernig þeirri vinnu vindur fram og að við það verði þá staðið að hægt verði við næstu fjárlagagerð að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna, og þá væntanlega flutt um það frv. Ég vil síður að Alþingi felli það frv. sem ég hér er með á dagskrá þar sem ráðherrann talar það jákvætt um að breyta þessu síðar. Ég mun þá ekkert sérstaklega óska eftir því að málið komi til afgreiðslu úr nefnd, heldur gefa ráðherranum tækifæri til þess að vinna málið með þeim hætti sem hann hefur hér lýst yfir.

[16:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. s. er reyndur þingmaður. Hún raðaði málinu hér hér upp í lokin á ræðu sinni. Ég endurtek það sem ég sagði að ég vil skoða þetta mál jákvætt. Við eigum samt eftir að fara yfir það hvaða möguleika við höfum til þess að sinna því. Samkvæmt eðli máls fer fjárlagavinnan fram á þessum mánuðum og við eigum eftir að fara yfir það hvaða nýjum verkefnum við getum sinnt í tryggingakerfinu. Ég tel að þetta mál sé þannig vaxið að það þurfi að skoðast. Við munum fara yfir það án þess að ég vilji segja hér og nú að lausn liggi fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 100. mál (þjónusta við börn, endurgreiðslur). — Þskj. 100.

[16:31]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Við vorum nú rétt að ljúka umræðu um efnisinnihald frv. og ég held að ég láti það nægja sem framsögu fyrir málinu. Ég hef oft áður mælt fyrir frv. á nokkrum þingum. Ég vil því bara flýta fyrir afgreiðslu þessa máls svo að það fari greiðlega til nefndar, hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 44. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 44.

[16:31]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Meginefni frv. felur í sér að brott verði felld sú grein sem nú er tölusett 138. gr. þeirra laga. Sú grein hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Nú hefur opinber starfsmaður gerst sekur um refsilagabrot með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar."

Núgildandi 138. gr. almennra hegningarlaga heimilar því að bæta allt að helmingi við refsingu ef brot er framið í opinberu starfi og ekki mælt fyrir um sérstaka refsingu við því að fremja slíkt brot sem opinber starfsmaður.

Við hv. flutningsmenn frv., en þeir eru auk mín Guðmundur Árni Stefánsson, Katrín Júlíusdóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir, leggjum til að þessi grein falli niður og þar með sú refsihækkunarheimild gagnvart opinberum starfsmönnum sem þar er að finna.

Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að þetta er umdeilt. Við leggjum þessa breytingu hins vegar til að yfirveguðu máli. Við teljum að núgildandi ákvæði mismuni opinberum starfsmönnum. Við leggjum til samræmis sömuleiðis til að refsihækkunarheimild í hlutdeildarbroti opinbers starfsmanns, sem kveðið er á um í 135. gr., verði líka felld niður.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, teljum við flutningsmenn að ákvæðin stangist á við þær reglur sem nú er að finna í stjórnarskrá og í ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins segir í 1. mgr.:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Við flutningsmenn teljum að orðalagið „stöðu að öðru leyti" leiði til að þau lagaákvæði sem ég hef vísað til feli í sér óheimila mismunun eftir því hvort starfsmaður, sem gerist brotlegur, starfar á hinum opinbera markaði eða á almennum vinnumarkaði.

Í 14. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu er að finna svipað ákvæði þar sem lýst er að réttindi þau og frelsi manna sem lýst er í samningum skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits og þar er jafnframt að finna orðalagið „eða annarrar stöðu“. Við flutningsmenn teljum að sömu röksemdir gildi um þetta ákvæði og ég rakti fyrr í máli mínu varðandi jafnræðisákvæði 65. gr.

Það, virðulegi forseti, að ríki eða sveitarfélag greiði laun einstaklings, getur ekki, að dómi flutningsmanna, réttlætt þyngri refsingu. Því teljum við að framangreind ákvæði eigi ekki við.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, fyrri umr.

Þáltill. GÖg o.fl., 85. mál. — Þskj. 85.

[16:36]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Meðflutningsmenn mínir eru Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir og Birkir J. Jónsson.

Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur skulu vera í samræmi við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Íslenskri ættleiðingu skal falið að meta þær umsóknir sem berast og skulu styrkir greiddir eftir að barn er komið til landsins.“

Virðulegur forseti. Hér er um mjög brýnt hagsmunamál foreldra að ræða og löngu tímabært að við skoðum málið heildstætt. Ég verð að segja eins og er, að sjaldan hef ég fengið eins mikil viðbrögð við nokkru máli eins og þessu þegar það kom fyrst fram og eins þegar ég var með það í vinnslu. Hér er líka um talsvert tilfinningamál að ræða.

Það má alltaf ræða um í hvaða formi það eigi að vera, hverjir eigi að sjá um það, hverjir eigi að meta það og hverjir eigi að skoða það, en ég tel afar mikilvægt að Íslensk ættleiðing er þó það félag sem er í rauninni talsmaður þessara einstaklinga og ekki bara það heldur er líka búið að gefa Íslenskri ættleiðingu ákveðna lagastoð í ættleiðingarlögunum. Ráðuneytið vinnur því hvað mest með þeim aðilum þegar verið er að semja við aðrar þjóðir um börn til ættleiðingar hingað til lands. Það er því spurning hvar eigi að koma þessu fyrir varðandi styrkina en það er alltaf opið til umræðu og í rauninni þarf bara að finna lausn sem hæfir öllum.

Greinargerðin tekur á mjög mörgu, aðallega því að á landinu eru um 400 börn og kostnaður við ættleiðingu er mismikill eftir löndum. Hann er í rauninni aldrei undir 1 millj. kr. sem eru gríðarleg fjárútlát fyrir fjölskyldu. Margir hafa viljað meina að þetta sé sá hópur foreldra sem er hvað best staddur í samfélaginu, búinn að koma sér vel fyrir, búinn að prófa allar sínar leiðir, ekki mjög skuldugur o.s.frv. Það sem er hins vegar að gerast og þróunin hefur sýnt okkur, sem ég nefni ekki endilega í greinargerðinni, er að við erum farin að sjá miklu yngri foreldra sækja börn til útlanda. Sá hópur er ekki endilega mjög vel staddur. Það er því spurning um að opna fyrir möguleika á styrkjum. Það þurfa auðvitað ekki allir að sækja um en þetta er spurning um að rétturinn sé til staðar.

Ég lagði fram fsp. sem ég byggði þáltill. á. Þar spurði ég um hvernig ættleiðingum væri háttað annars staðar á Norðurlöndum til í rauninni að fá rök fyrir því að við mundum gera þetta hér á landi. Eftirfarandi kom m.a. fram í svari dómsmálaráðherra, með leyfi forseta:

„a. Að samkvæmt upplýsingum frá félaginu Íslenskri ættleiðingu eiga kjörforeldrar sem fá börn til ættleiðingar frá öðrum löndum ekki kost á styrkjum vegna ættleiðingarinnar úr ríkissjóði.

b. Að samkvæmt upplýsingum sem gefnar eru á heimasíðum ættleiðingarfélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, svo og samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu, fá kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá öðrum ríkjum fjárstyrki vegna ættleiðinganna fyrir hvert barn sem hér segir:“

Í Danmörku árið 2001: 36.154 danskar kr., en rúmar 38.000 danskar kr. árið 2003. Við erum því að tala um 400 þús. kr. styrki þar.

Í Finnlandi árið 2003: 1.900–4.500 evrur eftir því frá hvaða landi barnið var ættleitt, sem er líka mjög skynsamlegt því að það fer eftir löndum hversu dýrt er að sækja börn. Þar erum við að tala um á bilinu 200–450 þús. kr. styrki.

Noregur hefur verið með tæplega 300 þús. kr. styrki.

Svíþjóð um 450 þús. kr. árið 2002 (í október).

Við erum því að tala um verulega bót fyrir þá foreldra sem eru að fara erlendis að sækja börn.

Það auðgar samfélag okkar að fá börn erlendis frá. Það hefur verið viðkvæmt fyrir suma foreldra að tala um að í rauninni væru þeir að bjarga börnum. Það er frekar viðkvæm umræða meðal kjörforeldra, en hvort sem manni líkar betur eða verr þá er auðvitað verið að bjarga börnum samt. Það er auðvitað yndislegt jafnframt því að eignast barn og gefa því ást að vera líka meðvitaður um að því barni hafi verið bjargað. Það er náttúrlega dásamleg tilfinning.

Það á líka við um börn hér heima sem lenda í erfiðum aðstæðum og komast til góðra foreldra, það er það sama. Það er líka verið að bjarga börnum hér á Íslandi þannig að það er ekki bara erlendis.

Skatturinn hefur ekki komið til móts við þetta heldur. Það má auðvitað skoða fullt af möguleikum í þessu. Ástæðan fyrir því að ég kem með málið núna er til þess að kalla fram athugasemdir og umsagnir til að sjá hvað við getum betur gert. Auðvitað mundi ég gjarnan vilja að ráðuneytið ákveddi þetta sjálft og málið væri í höfn því að ég held að þetta sé afar gott þverpólitískt mál og heyri það á þingmönnum sem ég ræði við, þó að þeir hafi ekki verið flutningsmenn málsins nú á þessu þingi.

Verkalýðshreyfingin er æ meira vakandi yfir þessu. Í greinargerðinni er ályktun frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og fleiri verkalýðsfélög hafa komið að málinu. Sjúkrasjóðir eru farnir að styrkja foreldra sem er afar gott vegna þess að kannski þekkja verkalýðsfélögin kjör síns fólks afar vel.

Ég vil því meina að hér sé um brýnt mál að ræða og við eigum vonandi eftir að sjá fjölgun í ættleiðingum barna erlendis frá, ef til vill líka frá öðrum þjóðum en hingað til. Að

þessu máli loknu, virðulegi forseti, óska ég þess að málinu verði vísað til hv. allshn.

[16:44]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, 1. flm. till. til þál. um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, á heiður skilinn fyrir þáltill. sem hér hefur verið flutt og aðrir meðflutningsmenn sem eru fjölmargir. Ég hefði mjög gjarnan viljað skrifa upp á þáltill. en man að ég var ekki heima þegar hún var kynnt.

Ég kem hingað til að lýsa miklum stuðningi við málið en undrast jafnframt að þetta skuli ekki fyrir lifandi löngu vera komið í framkvæmd hjá okkur í því velferðarþjóðfélagi sem við vitum auðvitað að Ísland er þó að okkur greini stundum á um leiðir. En að þetta skuli ekki vera komið til framkvæmda er náttúrlega mjög undarlegt mál, ég tala nú ekki um þegar horft er til þess hvernig nágrannaþjóðir okkar sem við berum okkur mikið við, Norðurlöndin, hafa gert þetta. Ég trúi því að það hafi byrjað fyrr en 2001 þó það komi fram í greinargerð hvernig þetta er árið 2001–2003 eftir löndum. Eins og kom fram hjá hv. flm. geta þetta verið styrkir sem nema frá 170.000–400.000 kr.

Það er undarlegt að við skulum í byrjun árs árið 2004 vera að færa þetta mál í tal hér og að þetta skuli ekki vera fyrir löngu komið til framkvæmda eins og ég sagði áðan. Þetta er að sjálfsögðu mikið sanngirnismál. Eins og hér kemur fram er það vafalaust æðsti draumur allra hjóna að eignast börn en því miður geta það ekki allir á heföbundinn hátt og þó að læknavísindin hafi getað hjálpað mjög mörgum með tæknifrjóvgun og öðru dugar það ekki alltaf til. Þá er gripið til þess ráðs sem hér er fjallað um að foreldrum er gert kleift að ættleiða börn frá útlöndum eða innan lands, en eins og hér kemur líka fram eru það ekkert allt of mörg börn, e.t.v. sem betur fer, á Íslandi sem hægt er að fá til ættleiðingar en það hefur færst mjög í vöxt frá útlöndum og nefnd hér lönd sem talin hafa verið upp og nú sérstaklega frá Kína. Að þetta séu 15–24 börn að meðaltali á ári, eða alls um 400 börn sem ættleidd hafa verið til Íslands er náttúrlega alveg frábært vegna þess að við skulum hafa það í huga líka að það er ekki eingöngu mikil gleði sem það færir þeim foreldrum sem gefst kostur á því að fá að ættleiða barn, heldur hefur líka oft og tíðum í þeim tilfellum viðkomandi barni verið bjargað frá mikill örbirgð í viðkomandi landi og mætti óska sér þess að það væru fleiri börn sem væru eins heppin og þau börn sem hingað hafa verið ættleidd.

Hér er fjallað um þann mikla kostnað sem af þessu hlýst. Talað er um að hann geti verið um ein millj. kr. og ég er viss um að hann er ábyggilega meiri en hér er fjallað um ef allt er tekið til, bæði hvað varðar lögfræði- og dómskostnað, ferðakostnað og annað, uppihald barns o.þ.h. Og við vitum auðvitað og höfum heyrt um dæmi þess að fólk þarf að leggja á sig langt ferðalag, ekki eingöngu annað foreldrið, heldur bæði oft og tíðum og yfirleitt og af þessu hlýst mjög mikill kostnaður. Þess vegna segi ég að það er mikið sanngirnisatriði að þjóðfélagið taki þátt í þessum mikla kostnaði, þó svo hann verði náttúrlega aldrei allur greiddur af viðkomandi ríkisvaldi, en eitthvað í takt við það sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar.

Ég segi þetta kannski líka alveg sérstaklega vegna þess að það má ekki vera þannig að þetta sé eingöngu kleift þeim sem efnameiri eru í þjóðfélaginu. Það verður að sjálfsögðu líka að gera fólki sem hefur minna fé milli handa kleift að geta ættleitt börn. Ég var að hugsa um það meðan hv. þm. var að flytja þetta mál, að hjón sem vilja ættleiða börn og þurfa að leggja út í milljón króna kostnað við það, þurfa að hafa töluvert miklar árstekjur til að eiga eina milljón eftir fyrir utan heföbundinn rekstur heimilisins og annað slíkt til þess að geta tekið þátt í þessu.

Virðulegi forseti. Í raun og veru á ekki að þurfa að hafa mörg orð um það sjálfsagða mál sem hér er flutt, og það er verst að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera hér og hlusta á þessa umræðu vegna þess að lagt er til að dómsmrh. verði falið að setja reglur um þetta. Ég vildi segja við hæstv. dómsmrh. að hann ætti að taka þetta mál upp á arma sína og flytja það til ríkisstjórnarinnar að finna á því flöt sem allra fyrst að setja slíkt styrkjakerfi í gang eins og gert er og vitnað er hér til í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Það kemur auðvitað upp í huga minn, virðulegi forseti, að í þeim þjóðfélögum sem hér eru talin upp hafa jafnaðarmenn að sjálfsögðu ráðið miklu og þeir hafa vafalaust átt sinn þátt í því eins og aðrir flokkar, samstarfsflokkar, að koma þessu á. Hins vegar tek ég líka eftir því að í velferðarþjóðfélaginu Svíþjóð þar sem jafnaðarmenn hafa yfirleitt stjórnað, er þessi styrkur hæstur. Og þó svo að jafnaðarmenn á Íslandi séu dreifðir um alla flokka, eins og við tölum stundum um á hátíðarstundum, vil ég trúa því og treysta að slíkir jafnaðarmenn finnist í ríkisstjórninni í dag og sérstaklega kannski í hæstv. dómsmrh. og vil því segja það enn einu sinni og skora á hann að taka þetta mál upp á arma sína og fylgja því hér út, vegna þess að ég er viss um að fá mál á Alþingi mundu njóta jafnvíðtæks stuðnings og þetta mál ef það kæmi með reglum og fjárlagabeiðni til Alþingis.

Síðan rétt í lokin, virðulegi forseti, vil ég þakka Verkalýðsfélagi Húsavíkur sem hefur sent frá sér ályktun í þessa veru sem er um það að opna augu ráðamanna fyrir því ótrúlega óréttlæti sem viðgengst gagnvart þeim sem vilja ættleiða börn. Þetta er ályktun sem ég tel að mörg fleiri verkalýðsfélög, stéttarfélög og önnur félög ættu að taka til sín og senda frá sér vegna þessa réttlætismáls. En rökstuðningurinn er eins og fram kemur m.a. í ályktun verkalýðsfélagsins sá að heilbrigðiskerfið verður auðvitað fyrir margvíslegum kostnaði vegna barneigna. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að það standi líka að þessum kostnaði og veiti styrki til ættleiðinga eins og hér er fjallað um.

Virðulegi forseti. Ég kem upp til þess að lýsa yfir miklum stuðningi mínum við þetta mál og þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að hafa flutt það inn á Alþingi.

[16:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum hér um till. til þál. um styrki til foreldra til að ættleiða börn frá útlöndum. Hér er um mikið réttlætismál að ræða og ég vil þakka 1. flm. þess, Guðrúnu Ögmundsdóttur, fyrir frumkvæði í þessu máli. Ég tel að efni tillögunnar eigi víðtækan stuðning úti í þjóðfélaginu því það getur hver og einn fullorðinn litið í eigin barm og hugsað til þess hvernig barnleysi kemur við einstaklinga og fjölskyldur og hversu mikilsvert barnalán er hverjum og einum. Það er mjög auðvelt að setja sig í spor þeirra sem þrá að eignast börn en geta það ekki af einhverjum ástæðum og það er mjög ánægjulegt að fylgjast með þeirri tækni sem við búum yfir núna, tækni sem getur hjálpað fjölmörgum til þess að verða barna auðið. En nú háttar þannig til í náttúrunni að ekki er hægt að ráða við alla hluti og það getur verið lausn

fyrir marga foreldra, verðandi foreldra, að eignast barn með þessum hætti, þ.e. ættleiðingu. Við skulum vera þakklát fyrir það að ekki eru mörg börn á Íslandi sem eiga einskis annars úrkosti en að verða ættleidd en að sama skapi tel ég að þau íslensku börn sem eru ættleidd og fá góða foreldra eigi þar láni að fagna rétt eins og þau börn sem verið er að ættleiða frá fjarlægum löndum.

Því miður er ástandið í heiminum þannig að víða ríkir hörmungarástand, sérstaklega fyrir börn og konur, þannig að það er hópur barna sem einskis annars bíður en að vera á stofnunum í reiðileysi eða í umsjá einhverra sem ekki geta talist fjölskylda, hvað þá að eiga foreldra. Það er til þessara landa sem Íslensk ættleiðing hefur leitað og ég tel það mikilvægt að við höfum félagsskap af þessum toga sem leiðbeinir foreldrum og sér um að ættleiðingar frá fjarlægum löndum og heimsálfum séu með réttum og lögmætum hætti. Því þar sem ríkar tilfinningar eru annars vegar er líka gróðavon, og því miður er mikil glæpastarfsemi í kringum ættleiðingar og því er mikilvægt að þeir íslensku foreldrar sem ættleiða börn frá fjarlægum löndum hafi slíkt félag til þess að styðjast við.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Þetta er réttlætismál. Og þar sem við búum á norðlægum slóðum og í flestum tilfellum er verið að ættleiða börn frá öðrum heimsálfum, frá löndum eins og Sri Lanka og Indónesíu og nú Kína, og Suður-Ameríku, þá er þetta kostnaðarsamt ferðalag og að auki hafa mjög margir þessara foreldra haft mikinn kostnað af ýmsum aðgerðum til þess að reyna að eignast barn með eðlilegum hætti áður en kemur til þessa úrræðis. Það er því mikilvægt að þessir foreldrar standi jafnfætis öðrum hvað kostnaðinn varðar a.m.k. Eins og hér hefur komið fram þykir það eðlilegt í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndunum, að styrkja foreldra til þessara ferða og þá erum við eingöngu að tala um útlagðan kostnað varðandi ferðakostnaðinn.

Ég vona að áskorun Verkalýðsfélagsins á Húsavík og annarra verði til þess að styðja þessa þáltill. og að hún komi til afgreiðslu á þinginu en dagi ekki uppi í nefnd og fái ekki afgreiðslu eins og margar þáltill. þingmanna. Þetta er þáltill. af því tagi sem ég skora á stjórnarmeirihlutann að láta fá eðlilegan framgang í nefndinni og afgreiðslu á þinginu.

[16:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Þuríði Backman að vonandi mun stjórnarmeirihlutinn taka vel í þessa prýðilegu tillögu sem flutt er að frumkvæði hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur.

Reynsla undangenginna ára bendir til þess að hv. þm. stjórnarliðsins hafi prýðilegan skilning á þessum málum. Á síðustu árum hefur tekist ákaflega góð samstaða á Alþingi Íslendinga um það að gjörbreyta því umhverfi sem ættleiðingar búa við. Þar hafa lagt gjörva hönd að verki bæði þingmenn stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðsins. Ég vil sérstaklega nefna að það var mikil ánægja ríkjandi meðal þingmanna þegar hér fóru í gegn lög um ættleiðingar sem fólu í sér löngu tímabæra endurskoðun á tiltölulega gömlum og úreltum lögum um ættleiðingar. Mestu skipti þó að öllum líkindum samþykkt Haag-sáttmálans um ættleiðingar. Það gerði allt umhverfi þeirra miklu tryggara en áður og það ferli sem með þeim samningi er bundið í lög á líka að tryggja að ekki sé hægt með nokkrum hætti að vega að hag barnsins. Ég á við, virðulegi forseti, að Haag-sáttmálinn slær nokkuð vel í gadda að það á að vera mjög erfitt að fremja ólögmætt athæfi í tengslum við ættleiðingar. Hins vegar vitum við að því miður, víðs vegar um heim, grípa örvinglaðir foreldrar, væntanlegir, til örþrifaráða eins og þess að greiða með einhverjum hætti fyrir því með fjármagni að fá barn til ættleiðingar.

Það er ekki langt síðan við gátum lesið fregnir um það að í tilteknu landi í Suður-Ameríku væru ansi mörg börn beinlínis keypt eða fólki mútað til þess að fá þau í hendur miðlara sem síðan komu þeim í hendur væntanlegra foreldra. Það er ekki hægt að verja slíkt, þó að maður geti með vissum hætti skilið þær tilfinningar sem búa að baki. En Haag-sáttmálinn brýtur í blað að þessu leyti. Hann á að tryggja það að þau lönd sem eru aðilar að honum geri allt sem þau geta til þess að útiloka slíkt.

Virðulegi forseti. Sömuleiðis vil ég rifja upp að hér tókst árið 1996 ákaflega góð samstaða milli stjórnarandstöðu og þingmanna stjórnarflokkanna um að samþykkja lög sem útilokuðu alla þá mismunun sem þá var hægt að finna í þágildandi lögum og vörðuðu kjörbörn eða ættleidd börn. Í fyrsta lagi var fæðingarorlof lengt um mánuð og til jafns við þá foreldra sem eignuðust börn sín öðruvísi en með ættleiðingum. Sömuleiðis voru felld úr gildi lög sem beinlínis mismunuðu foreldrum hvað lífeyri varðaði eftir því hvort börn þeirra voru ættleidd eða ekki.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir nefndi hér þær ágætu undirtektir sem verkalýðshreyfingin hefur jafnan sýnt málefnum ættleiddra barna og ættleiðandi foreldra. Þá get ég ekki látið hjá líða að geta þess að Samtök almennra lífeyrissjóða breyttu reglum sínum sjálfviljug fyrir nokkrum missirum í þá átt að útrýma allri mismunun sem voru leifar gamals tíma og fólu í sér smávægilega mismunandi kjör að því er varðaði foreldra sem ættleiddu börn.

Það mál sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og aðrir flutningsmenn þessarar þáltill. taka hér upp er ákaflega brýnt og það er sanngjarnt og það er réttlátt. Ég er þeirrar skoðunar að allir sem á annað borð fara í gegnum þá síu sem ættleiðingarlög og alþjóðlegir sáttmálar setja upp og fá leyfi til þess að ættleiða eigi að geta það án þess að kjör þeirra og efnahagslegar aðstæður hindri. Ég tala af nokkurri reynslu, virðulegi forseti. Ég veit sjálfur hvað það er dýrt að fara og sækja barn úr fjarlægum heimsálfum. Það er alveg hárrétt sem kemur fram í greinargerð þessarar tillögu að þetta kostar sennilega vel yfir 1 millj. kr. Það kostaði það a.m.k. 1994 og það kostaði það aftur árið 1998. Líkast til kostar það enn meira í dag.

Nú sé ég að ráðherra ættleiðingarmála, hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason, er kominn í salinn. Þess vegna þykir mér við hæfi að spyrja hæstv. ráðherra, sem hefur látið þetta mál til sín taka, hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að með einhverjum hætti eigi að gera foreldrum auðveldara um vik að ættleiða með því að ríkið komi til móts við þá með einhverjum hætti. Það er fyrst og fremst með tvennum hætti sem það er mögulegt, þ.e. með beinum styrkjum eða með því sem þó er síðri kostur en væri þó ásættanlegur, að með einhverjum hætti væri hægt að nota þetta til frádráttar frá tekjuskattsstofni. Það var á sínum tíma hægt í einstökum skattumdæmum, en ekki lengur.

Af því að hæstv. dómsmrh. er í salnum og þekkir þessi mál finnst mér að það væri ákaflega gott fyrir þessa umræðu ef hæstv. ráðherra mundi segja álit sitt á þessu. Við sem erum í hópi þeirra sem höfum ættleitt lítum auðvitað á hann sem

stuðningsmann í þessum efnum og ef hæstv. ráðherra hefur ekki hlýtt á fyrri hluta ræðu minnar þá er rétt að ég rifji það upp að ég var einmitt að lýsa því hversu vel hefði tekist til með samstöðu milli stjórnarandstöðu og stjórnarmeirihlutans á hinu háa Alþingi í öllu því sem lýtur að málefnum ættleiddra barna og foreldra þeirra.

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu heils hugar og ég hvet til þess að sú samstaða sem hér hefur alltaf ríkt um þessi mál frá því að ég settist a.m.k. á hið háa Alþingi haldi áfram. Ég er sannfærður um að ráðherra ættleiðingarmála muni leggja sína þungu hönd að því verki.

[17:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það þykir gott að ræða á Alþingi um góðu málin. Þau eru fjöldamörg, þ.e. aukning styrkja til háskóla, að bæta kjör aldraðra og öryrkja (**ÖS:** Og stofnfjáreigenda.) og alls konar góð mál sem við ræðum hérna á Alþingi. Það mál sem við ræðum hér er eitt af þessum góðu málum og menn eru mjög hlynntir því að sjálfsögðu. Eins og hv. frummælandi Guðrún Ögmundsdóttir sagði í framsöguræðu sinni er þetta mikið tilfinningamál og þar af leiðandi mjög erfitt til umræðu.

Herra forseti. Um það bil 10% para geta ekki átt börn. Fyrir daga almennra fóstureyðinga var yfirleitt hægt að ættleiða börn á Íslandi. Eftir að fóstureyðingar voru leyfðar að miklu leyti þá hefur það ekki verið hægt og íslenskir foreldrar hafa leitað til útlanda til að ættleiða börn.

Af vissri ástæðu þekki ég persónulega nokkuð ítarlega til slíkra mála og reynsla mín var sú að fólk reyndi fyrst náttúrlega að eiga barn sjálft. Síðan rennur upp fyrir þeim sá napri veruleiki að þau geta ekki átt barn sem er afskaplega erfitt. Það er mjög erfitt, herra forseti, tilfinningalega. Fólk leitar því að öðrum leiðum, t.d. glasafrjóvgun og öðru slíku. Það virðist oft vera síðasta úrræðið að ættleiða barn frá útlöndum. Stundum koma þar inn í ákveðnir fordómar og stundum bara ótti við hið óþekkta.

En þegar þannig er komið málum, herra forseti, er fjárhagsleg staða fjölskyldunnar yfirleitt mjög góð. Fólk er búið að vera barnlaust í þrjú, fjögur, fimm ár að lágmarki, stundum í tíu ár. Staða fjölskyldunnar er mjög góð vegna þess að það er dýrt að ala upp barn þrátt fyrir alla styrki sem ríkið veitir. Það kemur niður á lífskjörum fjölskyldunnar. Þau hjón sem hafa verið tvö saman og baslað í lífsbaráttunni eru yfirleitt mjög vel stæð eftir fjögur, fimm ár, búin að greiða niður skuldir o.s.frv. Þetta er reynsla mín. Þar af leiðandi tel ég ekki þörf á slíkum styrkjum almennt. Það er margt annað, herra forseti, sem við getum styrkt í þjóðfélaginu en einmitt þetta. Eins og ég gat um er mikil þörf í þjóðfélaginu fyrir alls konar góð málefni og ég held að þetta komi tiltölulega aftarlega á þeirri meri.

Það er nefnilega þannig að allur sá kostnaður sem verið er að hlaða á ríkið er greiddur af einhverjum. Það er svo merkilegt. Það er eins og menn átti sig ekki á því. Hann er greiddur af skattgreiðendum. Hann er greiddur af öðrum foreldrum. Hann er greiddur af foreldrum sem þurfa að borga mikla skatta og margir hverjir eru tiltölulega illa settir, herra forseti. Hjón með tvö, þrjú börn eru ekkert best sett í þjóðfélaginu í dag. Það er verið að hlaða aukapinklum á þetta fólk, á foreldra annarra barna. Mér finnst það óþarfi, herra forseti.

Við ættum heldur að huga að stöðu fjölskyldufólks og barnafólks yfirleitt og hvort ekki þurfi létta af þeim álögum. Ég vil því fara mjög varlega í að hlaða pinklum á hrossið. Vel getur verið að ekkert muni um einn og einn stein þegar verið er að klyfja hrossið, en þegar byrðin er orðin svo mikil að hrossið er farið að sligast þá þurfum að huga að því hvort við þurfum ekki að vera varkár í því að bæta á.

Nú kann einhver að segja að til séu nógir peningar og ég heyri það iðulega. En þá gerist það merkilega að þegar skattar eru lækkaðir, t.d. á hagnað af sölu eigna, þá stórvex skatturinn, þá stórvex geta þjóðfélagsins til þess að veita peninga í velferðarkerfið. Það er því ekkert mjög sniðugt, herra forseti, að skattleggja meira. Það er ekki víst að það gefi meiri tekjur þannig að það eru ekki til peningar eins og menn vilja. Ef við skattleggjum of mikið þá fara fyrirtækin til útlanda, láta hagnaðinn myndast þar eða eitthvað slíkt.

Öfuga þróun erum við einmitt að sjá núna, þ.e. að fyrirtæki koma til landsins með atvinnustarfsemi af því að skattarnir eru lágir. Þau auka þar með tekjur íslenska ríkisins og það getur þar af leiðandi stutt fleiri góð málefni. Ég vil því vara við þessu.

Svo hafa glæpastarfsemin og kostnaðurinn líka verið nefnd hérna. Ef ríkið fer að borga þetta í auknum mæli þá minnkar kostnaðarvitund þess sem greiðir og þá eru meiri líkur á því að kostnaðurinn, sem er aðallega lögfræðikostnaður, aukist í útlöndum. Kannski getur verið að lögfræðikostnaðurinn sem núna er kominn yfir milljón í útlöndum, með ferðum reyndar sem eru ekki endilega stærsti kostnaðarliðurinn, hafi vaxið svona vegna þess að ríkin eru farin að styrkja þetta, vegna þess að ríkisvaldið er farið að greiða þetta.

Ég man þá tíð að þetta var miklu ódýrara, miklu ódýrara, ekkert í líkingu við þetta þannig að vel getur verið að það að ríkið greiði þetta valdi verðbólgu, þ.e. önnur ríki, skandinavísku ríkin, valdi því að kostnaðurinn vex öllum til óþurftar.

Allt eru þetta mál sem þarf að ræða mjög í hörgul. Ég held, eins og ég gat um, að staða þessara foreldra sé yfirleitt það góð að við ættum að veita peninga til annarra verkefna í landinu en ekki setja milljónir í svona verkefni.

[17:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo virðist vera að þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal tekur hér til máls um ýmis málefni, eins og við höfum nú reyndar fundið undanfarna daga og missiri, þá kemur fram einhver allt önnur sýn á mál heldur en velflestir þingmenn hafa og sem gengur og gerist í þjóðfélaginu.

Mig rak í rogastans við að hlusta á ræðu hv. þm. og heyra hvernig hann ræðir um þetta. Hann talar um að fjárhagsleg staða barnlausra hjóna geti verið mjög góð eftir þrjú eða fjögur eða fimm ár eða hvað var nú nefnt. Þá ályktun mátti draga að fólk væri búið að byggja upp það fjárhagslega góðan stofn að því munaði bara ekkert um að leggja út þá peninga sem hér er talað um að gætu numið allt að 1 millj. kr. Ég varð því dálítið hissa þegar ég hlustaði á hvernig hv. þm. talaði um þetta, að mér finnst, á frekar glannalegan hátt vegna þess að það er nú svo, virðulegi forseti, að það eru ekkert allir hér í þessu landi sem geta, jafnvel þó að þeir séu barnlausir í þrjú til fimm ár eða hvað það er, önglað saman 1 millj. kr. í svona mál. Hvað þá með þá sem minna hafa milla handanna og hafa kannski lent í ýmsum kostnaði vegna barnleysis árin þar á undan? Þá eru þessir peningar hreinlega ekki til. Hvað á að gera við þá sem hafa minna milli handanna?

[17:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert hissa á því að hv. þm. reki í rogastans af því að hann heldur að peningarnir komi frá guði almáttugum, ríkissjóði, að ríkissjóður leiti bara til guðs og hann bara bæti allt sem bæta þarf.

Þessir peningar eru að sjálfsögðu greiddir af einhverjum, herra forseti. Það er einhver sem greiðir þetta allt saman. Þess vegna þurfum við að fara mjög varlega með það.

Varðandi það að fólk sem er búið að vera barnlaust í fimm ár hafi ekki verið búið að öngla saman eða létta á skuldum sínum sem nemur 1 millj. þá fer maður nú bara að efast um að það geti tekið á sig þær byrðar sem það að ala upp barn hefur í för með sér fjárhagslega. Það er nefnilega töluverður kostnaður fólginn í því að ala upp barn. Og hafi fólk, tveir vinnandi og ekkert barn, ekki náð því að öngla saman þessum kostnaði, sem er hálft bílverð, á fimm árum þá fer maður nú að efast um ýmislegt fleira. Eins og ég segi þá fylgir nefnilega kostnaður því að ala upp barn og þeir sem ætla að ættleiða þurfa að ráða við þann kostnað.

[17:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var reyndar efins um hvort ég ætti að fara í annað andsvar við hv. þm. En vegna þess að ég veit að hann er fljótur að reikna og snöggur að greina tölur langar mig að spyrja hv. þm. hvað fólk þurfi að hafa í tekjur, fyrir utan allan annan rekstur, þar með að kaupa bíl. Barnlaust fólk þarf nú líka að eiga bíl og hér er tekið dæmi um hálft bílverð. Hvað þarf fólk að hafa mikið í laun í eitt eða tvö ár til þess að eiga hreina milljón eftir til þess að geta klofið það sem við erum hér að ræða?

Væntanlega reikna engir þingmenn með því að fjármunir ríkissjóðs komi frá guði almáttugum. Þó margt gott komi þaðan þá er nú ekki svo. En þegar er nú töluverð skattheimta í landinu sem hv. þm. hefur m.a. stuðlað að og samþykkt, t.d. í fjárlögum. Ég er því viss um að mörg matarholan er til til þess að veita úr styrk til málefnis eins og hér er verið að ræða. Það er líka hárrétt að auðvitað verða menn að forgangsraða stundum og velja og hafna. Ég tel að þetta mál sé svo mikið sanngirnismál, svo mikið jafnréttismál, að ekki eigi að bíða með það.

Í lokin, virðulegi forseti, vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði hæstv. dómsmrh. sem hér situr og fer með þessi mál líka, kalla ég eftir því að fá að heyra skoðanir hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar á þessu máli, hvort þetta komi ekki (Forseti hringir.) dálítið við ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli á því að hv. þm. er í andsvari við hv. 3. þm. Reykv. s. en ekki dómsmrh.)

Já, en ég kalla samt eftir að heyra þær skoðanir hér á eftir.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur þegar hlýtt á það.)

[17:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einfalt reikningsdæmi. Hjón sem eru barnlaus í fimm ár, og ef við reiknum með að kostnaðurinn sé milljón þá eru það 200 þús. kr. á ári, það eru þá svona 15–20 þús. kr. á mánuði sem þetta fólk þarf að hafa lagt fyrir. Og hafi það ekki 15–20 þús. kr. á mánuði til að leggja fyrir þá líst mér ekkert á að það fari að ættleiða barn.

[17:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umræður og taka þátt í þeim nema fyrir orð ágætra ræðumanna hér að heyra skoðun mína á málinu.

Mín skoðun á því er þessi: Ég hef unnið að því á undanförnum vikum að styrkja forsendur fyrir starfi Íslenskrar ættleiðingar. Gefin hefur verið út reglugerð og reglur um það að hún sé, má segja, það nálarauga sem menn þurfa að komast í gegnum hér á landi til þess að geta ættleitt börn frá útlöndum. Ég lít svo á að fyrsta skylda dómsmrn. varðandi þessa starfsemi sé að gæta þess að farið sé rétt að öllum leikreglum, staðið við alþjóðlega samninga og þess sé gætt að við séum ekki með framgöngu í þessu máli sem getur ýtt undir ólögmæta starfsemi í öðrum löndum. Því eins og hefur komið fram hér þá er þarna annars vegar um það að ræða að það eru mjög strangar, skýrar reglur og alþjóðasamningar sem gilda og hins vegar vitum við að í heiminum er líka talsvert mikið um ólögmæta starfsemi á þessu sviði sem þarf að huga að. Ég lít á þetta sem frumskyldu dómsmrn. varðandi þennan málaflokk og að það sé skylda þess að líta eftir því að ekkert komi upp sem geti veikt stöðu þeirra sem eru hér á landi og vilja ættleiða börn frá útlöndum sem hægt væri að rekja til þess að menn fari ekki nákvæmlega eftir þessum alþjóðlegu reglum og því kerfi sem komið hefur verið upp til hagsmunagæslu fyrir börnin og alla sem að þessum viðkvæmu málum koma.

Síðan er sá þáttur sem við erum að ræða um hér. Og eins og ég sé þegar ég les þessa ágætu greinargerð með tillögunni, þá er birt í lok hennar ályktun frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur, þar sem segir, ef ég má lesa, með leyfi forseta.

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur hvetur stjórnmálaflokkana sem bjóða fram til Alþingis og væntanlega alþingismenn til að tryggja að bætt verði aðstaða fólks sem leitast við að ættleiða börn frá útlöndum. Heilbrigðiskerfið tekur þátt í margvíslegum kostnaði vegna barneigna, eins og eðlilegt er, en engar ívilnanir eru veittar því fólki sem leitar eftir að ættleiða barn frá útlöndum eins og gert er í nágrannalöndunum. Þó er ljóst að því fylgir umtalsverður kostnaður og ekki á færi láglaunafólks að fara þessa leið. Þátttaka almannatrygginga í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum hlýtur að eiga að vera sjálfsagður hluti velferðarkerfis, ef það á að rísa undir nafni."

Það er við þetta sem ég hef staldrað þegar ég velti þessum málum fyrir mér. Er það svo að það sé við því að búast að dómsmrn., sem fer með þessa reglusmíð alla og eftirlit með því að rétt sé og löglega að öllum málum staðið, eigi að koma þessum þætti sem mér finnst verkalýðsfélagið nefna réttilega að sé hluti af velferðarkerfinu, tryggingakerfinu og því kerfi öllu saman sem menn eiga að njóta jafnræðis í? Og er hægt að sýna fram á það að í þessu kerfi njóti menn ekki jafnræðis eftir því hvaðan þeir fá sín börn? Mér finnst að það eigi að nálgast málið frá þessum sjónarhóli með þessi jafnræðissjónarmið í huga sem við erum hér að framfylgja á öllum sviðum.

Þess vegna er ég ekki, þótt ég fagni því ef þessi tillaga verður samþykkt að menn treysti dómsmrh. fyrir að setja þessar reglur, þeirrar skoðunar að það sé í verkahring dómsmrh. Ég tel að það sé miklu nær að líta til þess þáttar sem Verkalýðsfélagið á Húsavík nefnir og velta því fyrir sér hvort það sé svo að menn njóti ekki jafnræðis sem foreldrar barna í velferðarkerfinu og almannatryggingakerfinu eftir

því hvaðan barnið kemur, og það sé kannski sá punktur sem menn eigi að nota til að nálgast viðfangsefnið í staðinn fyrir að fela það þeim sem á að fylgjast með reglunum. Því það er rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að það er ákveðinn þáttur í þessu sem menn verða að passa sig á, að sprengja ekki upp verð, gera ekki neitt sem raskar þessu kerfi. Ég held að velferðarkerfið okkar og almannatryggingakerfið sé það kerfi sem menn eiga að líta til ef þeir vilja láta skoða þetta sérstaklega og það sé kannski ekki skynsamlegast að beina þessu til dómsmrh.

[17:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins biðja hæstv. dómsmrh. að skýra betur mál sitt. Hvað á hann við þegar hann segir að þetta sé mál sem varði einungis velferðarkerfið? Á hann þá við að ef upp kemur sú staða að einhverjir foreldrar hafi komist í gegnum það ágæta regluverk sem hann stjórnar og fengið heimild til ættleiðingar en telji sig eiga erfitt með að nýta það leyfi sökum efnahagslegra aðstæðna, þá eigi menn að sækja um fátækrastyrk til velferðarkerfisins?

Ég get samþykkt það sem hæstv. ráðherra segir að í sjálfu sér er þetta ekki mál sem beinlínis ætti að varða dómsmrn. Ég er sammála því. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé réttlæti fólgið í því að fólk sem fer í fjarlægar heimsálfur til þess að ættleiða börn sé styrkt með einhverjum hætti. Ég veit af eigin raun hversu feykilega dýrt það er. Ég naut þeirra forréttinda að þurfa ekki að hafa áhyggjur af því af því að ég var í vel launaðri stöðu. En ég get mjög hæglega ímyndað mér að sú staða geti komið upp að láglaunafólki sem einungis vill öðlast þá hamingju sem felst í því að eignast barn og gerir það með þessum hætti af því ekki eru aðrir kostir í stöðunni, verði erfitt að verða sér úti um þessa lífshamingju af fjárhagslegum orsökum. Ég get séð það. Þetta er töluvert þungur baggi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvað á hann nákvæmlega við með orðum sínum?

[17:23]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara því nákvæmlegar en ég gerði í minni ræðu hvað ég á við. Ég tel að eins og kemur fram í þessari ályktun Verkalýðsfélags Húsavíkur þá nálgist menn málið á skynsamlegri hátt en að fela dómsmrh. að fara að sinna þessu máli.

[17:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það vel að hæstv. dómsmrh. sjái þarna eitthvað sem má flokka og skilgreina sem tæknilegan agnúa á málinu. Andi tillögunnar er hins vegar ljós og það er ekkert óeðlilegt þó að ég spyrji hæstv. dómsmrh., sem er æðsti yfirmaður ættleiðingamála, hvaða skoðun hann hafi á málinu að öðru leyti.

[17:24]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með ræðumanni að það er ekkert óeðlilegt að hann spyrji. Ég tel að ég hafi lýst þessari skoðun minni áðan. Ég tel að ef í ljós kemur að menn njóti ekki jafnræðis sem foreldrar hér í landinu eftir því hvaðan þeir fá sín börn þá þurfi að skoða það mál sérstaklega.

[17:25]

Flm. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka mjög fínar og málefnalegar umræður um þessa þáltill. og ég vil taka undir margt sem hv. dómsmrh. sagði um það hvar svona málum er best komið fyrir. Það var auðvitað eitt af því sem ég velktist mjög með þegar ég var með málið í smíðum. En vegna sérstöðu Íslenskrar ættleiðingar sem heyrir undir ættleiðingarlögin og dómsmrn. komst ég að þeirri niðurstöðu að þetta væri alla vega best svona fyrsta kastið. Síðan mætti skoða útfærsluna nánar á Norðurlöndunum, hvort þetta mál ætti að fara undir Tryggingastofnun eða eitthvað annað. Þannig að mér finnst það vera svona örlítið tæknileg úrlausn. En við erum ekki að tala um mikla peninga, við erum að tala um kannski 10–12 milljónir á ári í styrki til foreldra ættleiddra barna.

Ég vil líka taka það fram vegna ræðu hv. þm. Péturs Blöndals að þessi prósess allur tekur auðvitað miklu lengri tíma en tvö, þrjú ár. Við erum yfirleitt að tala um 10–15 ára ferli þegar fólk fer og sækir sín börn. Þá er fólk líka búið að vera í ýmsum mjög kostnaðarsömum aðgerðum. Það er ekki eins og glasafrjóvgun sé ókeypis. Það er því mjög margt sem hangir á þeirri spýtu. En mér var vel kunnugt um viðhorf hv. þm. Ég vissi um það þegar ég ræddi þetta við hann og ég hef alltaf vitað um skoðun hans á þessu máli. Við erum í rauninni ekki að tala um mikla peninga á ári. Aðalatriðið er að við skoðum málið mjög opið í nefndinni og fáum umsagnir um það og að það sé viðurkennt. En ástæðan fyrir því að ég lét skoða Norðurlöndin sérstaklega, það eru auðvitað styrkir miklu víðar, bæði í Þýskalandi, Frakklandi og víðar en af því við höfum viljað hafa okkur inni í þessu norræna velferðarkerfi, það er það sem við höfum viljað mæla okkur við, þá var það ástæðan fyrir því að ég var með samanburðinn þar og kallaði fram þær upplýsingar.

Það er ýmislegt sem ég var ósammála í greiningu hv. þm. Péturs Blöndals um orsakir, af hverju allt í einu urðu svo miklu færri börn á Íslandi til ættleiðingar. Ég veit ekki hvort hann var að taka stórt upp í sig en það var náttúrlega tóm firra, ég vann sjálf á kvennadeildinni í 10 ár, en það hafa á síðustu 40–50 árum ekki verið nema eitt, tvö börn á Íslandi til ættleiðingar á ári. Og mjög mikið af ættleiðingum hefur auðvitað farið í gegnum fjölskyldur og fer þá aðrar leiðir. Það er nú bara einu sinni þannig. Og ég er nú t.d. ein af þeim, ættleidd sjálf. Þetta er oft bæði innan fjölskyldna, innan vinahópa og annað. Við erum auðvitað að tala um óskaplega fá börn, enda afskaplega erfitt í svona litlu samfélagi að láta barnið sitt frá sér og það skulum við alltaf hafa í huga.

En ég vil þakka mjög skemmtilegar og málefnalegar og fínar umræður. Og það væri mjög gaman að fá umsagnir um málið því það er einmitt þetta sem verið er að velkjast í vafa um, hvar sé best að staðsetja þetta. Ég held að maður eigi að byrja á því að staðsetja þetta hjá Íslenskri ættleiðingu, sem síðan gæti þróast út í það að vera inni í tryggingakerfinu eða eitthvað slíkt, og muna að hafa þetta þannig að þeir geti sótt um sem vilja. Ef fólk er gríðarlega efnað er ég ekki viss um að það kærði sig um að sækja um og mundi heldur ekki vilja láta skrá sig og láta kenna sig við slíkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (vátryggingar). — Þskj. 786.

[17:29]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003.

Lög um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn tóku gildi 1. júlí sl. Í 5. gr. laganna er kveðið á um skyldu björgunarsveita til að kaupa slysatryggingar fyrir félagsmenn sína, eignatryggingar fyrir því tjóni sem þær og björgunarsveitarmenn kunna að verða fyrir við æfingar, björgun, leit og gæslu og ábyrgðartryggingar sem ná til tjóns á mönnum, dýrum, munum og umhverfi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á því að ákvæði 5. gr. mun vera of víðtækt og almennt orðað þannig að torvelt reynist að kaupa tryggingar þær sem ákvæðið mælir fyrir um.

Því er lagt til í frumvarpi þessu að ákvæði 5. gr. taki mið af hefðbundnum slysatryggingum, eignatryggingum og ábyrgðartryggingum. Einnig verði kveðið nánar á um einstök atriði í reglugerð, svo sem vátryggingarfjárhæðir.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 86. mál. — Þskj. 86.

[17:30]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipan opinberrar nefndar um öryggi og varnir Íslands. Flutningsmenn eru auk mín hv. þingmenn Samf., Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Rannveig Guðmundsdóttir sem öll eiga sæti í utanrmn. þingsins.

Tillagan felur í sér að kosin verði níu manna nefnd til þess að gera úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála á Íslandi í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á heimsmynd okkar frá lokum kalda stríðsins. Lagt er til að nefndarmenn verði níu og tilnefndir af þingflokkum í samræmi við þingstyrk hvers flokks, þó þannig að hver þingflokkur eigi minnst einn fulltrúa í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar eru í fjórum liðum:

1. Að gera úttekt á stöðu Íslands á alþjóðlegum vettvangi og skilgreina þá vá sem kann að steðja að landinu, hvort sem er óbeint af völdum hernaðar annarra ríkja, af hugsanlegum árásum annarra ríkja, af völdum hryðjuverka eða annars konar ógnana eins og mengunarslysum.

2. Að kanna hvernig sams konar úttekt hefur farið fram í nágrannalöndum okkar, þar á meðal í Noregi og á Írlandi þar sem slíkri úttekt er nýlokið. Tilgangurinn er sá að nýta það sem vel er gert.

3. Að greina stöðu Íslands að alþjóðalögum, þ.e. gildi varnarsamningsins, hlutverk Íslands í Atlantshafsbandalaginu og hlutverk Íslands í Sameinuðu þjóðunum.

4. Að gera tillögur um ráðstafanir innan stjórnkerfisins til þess að tryggja nauðsynlegan viðbúnað og öryggi landsins.

Við flutningsmenn tillögunnar leggjum til að nefndin skili niðurstöðum sínum í formi skýrslu til Alþingis innan árs frá samþykkt þessarar tillögu ef af verður.

Virðulegi forseti. Ég hygg að við getum öll verið sammála um að sjálfstæð og framsýn utanríkisstefna á sviði varnar- og öryggismála þarf að taka mið af nýjum ógnum og nýjum hættum sem kunna að steðja að Íslendingum í breyttri veröld. Hún verður líka að vera í samræmi við önnur meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu, t.d. á sviði viðskipta, menningar og þróunarsamvinnu. Tillagan sem við flytjum hér miðar að því að skapa þverpólitíska sátt um hvernig best er að haga öryggis- og varnarmálum landsins. Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar að það verði best gert með því að slík umræða verði með eins upplýstum og uppbyggilegum hætti og kostur er og á grundvelli þess teljum við að slík þverpólitísk nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka taki til starfa og skili niðurstöðum til löggjafans.

Ég rifja það upp, virðulegi forseti, að árið 1979, fyrir tæpum aldarfjórðungi, skipaði ríkisstjórn Íslands öryggismálanefnd með fulltrúum allra þingflokka. Í skýrslu um utanríkismál frá sama ári segir að verkefni nefndarinnar verði, með leyfi forseta: „að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins". Þessi öryggismálanefnd, sem oft er vísað til í sölum hins háa Alþingis, starfaði í 12 ár. Í henni sátu átta menn tilnefndir af þingflokkunum og nefndin hafði starfsmenn. Henni var falið að gera ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar og við sem hér sitjum minnumst þess að á vegum hennar voru gefin út mörg grundvallarrit sem lögð voru til grundvallar umræðu um málaflokkinn. Ég held að þau hafi verið ein 20 talsins.

Á undanförnum áratug hafa verið gefnar út skýrslur um ákveðin viðfangsefni í utanríkismálum Íslendinga. Ég rifja það upp að árið 1993 skilaði sérstök nefnd skýrslu um öryggis- og varnarmál til utanrrh. eftir að hafa starfað í tæpt ár. Þá hafa á liðnum sjö til átta árum starfað sérstakar nefndir á vegum utanrrn. um tiltekin viðfangsefni, t.d. um áhrif hnattvæðingarinnar og þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum.

Við flutningsmenn þessarar tillögum erum þeirrar skoðunar að fullt tilefni sé til þess að skipa aðra slíka nefnd með þátttöku allra þingflokka, þverpólitíska nefnd sem rannsakar og metur stöðu Íslands með tilliti til öryggis landsins og varnarþarfa. Eins og við getum séð af reynslu öryggismálanefndar á sínum tíma, þá er hægt með slíku samstarfi að skapa grundvöll fyrir almenna umræðu í samfélaginu og við teljum að með því væri stigið skref í átt frá þeirri átakahefð sem hefur markað íslenska umræðu um þennan þátt utanríkisstefnunnar.

Það má segja að verkefnin fyrir slíka nefnd blasi við hvert sem litið er. Almennt má segja að fólk sé enn að átta sig á afleiðingum loka kalda stríðsins, á nýjum ógnum, t.d. af völdum hryðjuverka. Menn eru líka að átta sig á gjörbreyttum valdahlutföllum á alþjóðavettvangi og, að því er virðist, minnkandi gildi hernaðarbandalaga og vaxandi vægi viðskiptasamninga, að ógleymdum öðrum samskiptum ríkja sem stöðugt fara vaxandi eins og t.d. á sviði menningar.

Á næstu árum stækkar Atlantshafsbandalagið. Evrópusambandið stækkar og mun óhjákvæmilega hafa áhrif á stöðu okkar og hagsmunavörslu gagnvart vinaþjóðum jafnt

í vestri og austri. Um leið og NATO stækkar í austur verður staða okkar á vesturjaðri Evrópu sýnilegri og ef til vill erfiðari við að eiga, en eins og kunnugt er hefur aðgerðastjórn Bandaríkjaflota á austanverðu Atlantshafi og þar með yfirstjórn aðgerða á Íslandi, Grænlandi og Azoreyjum verið flutt frá Norfolk í Bandaríkjunum til Stuttgart í Þýskalandi þar sem Evrópuherstjórn Bandaríkjanna situr.

Við vitum líka, virðulegi forseti, að það eru ýmsar viðsjár uppi í þessum efnum. Samningaviðræður við bandarísk stjórnvöld um starfsemi hersins á Keflavíkurflugvelli standa yfir. Það er ekki að heyra að þau séu komin lengra en það sem skilgreina má sem samráðsstig. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að æskilegt væri að það mál væri til lykta leitt áður en nýr forsrh. tekur við störfum 15. september nk. Hins vegar er ekkert sem bendir til þess, eins og málum virðist nú háttað, að hæstv. forsrh. verði að þeirri ósk sinni. Því miður virðist eins og það sé einhver sandur í gangvirkinu í þeim efnum. Þess vegna er óhætt að segja að um framkvæmd varnarsamningsins *í framtíðinni ríkir óvissa og alveg ljóst* að það eru fyrirsjáanlegar breytingar á viðbúnaði Bandaríkjahers hér á landi í náinni framtíð.

Við flutningsmenn teljum sömuleiðis að full ástæða væri fyrir nefndina, ef samþykkt yrði á Alþingi, að skoða stöðu Atlantshafsbandalagsins í ljósi hlutverks þess í deilum og átökum umliðinna missira. Hægt er að færa rök fyrir því að NATO virðist skipta minna máli en áður á alþjóðlegum vettvangi. Það gegndi hvorki hlutverki í stríðinu í Afganistan né í Írak. Í baráttunni gegn margs konar hryðjuverkahópum virðist hlutverk þess líka vera óljóst. Atlantshafsbandalagið er ekki sterk stofnun sem slík en hins vegar óhætt að fullyrða að að því standa feikilega sterk herveldi. Enn sem komið er virðist hins vegar varnar- og öryggisstöð Evrópusambandsins aðallega gegna táknrænu hlutverki og það er merkilegt að fylgjast með því að aðildarríkjunum hefur reynst erfitt að koma á fót hinu 60 þúsund manna hraðliði þrátt fyrir samkomulag þar um.

Staða Íslands í þessari deiglu sem herlauss lands á jaðri Evrópu er sérstök. Hún virðist veik en samt felast í henni tækifæri, jafnt í sérstöðu okkar sem í hefðbundnu samstarfi og einnig á nýjum sviðum og jafnvel í fjarlægum heimsálfum.

Virðulegi forseti. Við flutningsmenn teljum að Ísland hafi margt fram að færa á alþjóðlegum vettvangi, auk þess sem segir sig sjálft, að vera herlaust smáríki, eiga aðild að NATO og vera eitt af auðugustu löndum veraldar. Þess vegna er nauðsynlegt að utanríkisstefnan í heild sinni sé hvort tveggja *í senn metnaðarfull og raunsæ.*

Á liðnum missirum hefur mikil áhersla verið lögð á þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum. Það er mat flutningsmanna að gera þurfi skýran greinarmun á friðargæsluverkefnum, sem eru í raun verkefni herliðs, og svo uppbyggingarstarfi í kjölfar ófriðar. Fjöldi frjálsra félagasamtaka um allan heim starfar að mannúðarmálum með ýmsum hætti. Samtök eins og Rauði krossinn eru sérhæfð í að veita aðstoð á átakasvæðum eða eftir náttúruhamfarir. Aðrar stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og þróunarsamvinnustofnanir ýmissa landa eru best til þess fallnar að skipuleggja og standa fyrir uppbyggingarstarfi á sviði menntunar, heilsugæslu og annarra verkefna sem miða að því að styrkja innviði þjóða og ríkja að loknum átökum.

Það má færa rök fyrir því að það sé æskilegt og tímabært að skilgreina verkefni Íslensku friðargæslunnar betur og marka stefnu sem tekur tillit til annarrar starfsemi íslenska ríkisins og líka þess sem skilgreina má sem íslenska mannúðarstarfssemi erlendis. Þá á ég við starfsemi mannúðarsamtaka okkar sem sem betur fer leggja víða gjörva hönd að verki. Við þurfum að breyta þeim hugsunarhætti, ekki síst hjá okkur sjálfum, að Íslendingar séu aðeins að gera eitthvað af því að þrýst sé á það erlendis frá á að Íslendingar leggi sitt af mörkum, t.d. á vettvangi NATO. Við þurfum sem sjálfstæð og fullvalda þjóð sjálf að hafa frumkvæði að aðgerðum í samræmi við stefnu okkar og markmið.

Virðulegi forseti. Við sem flytjum þáltill. teljum löngu tímabært að skoða öryggismál í mun víðara samhengi en við höfum gert. Öryggismál Íslands snúast ekki eingöngu um hvort hér séu táknrænar varnir heldur einnig um það hvað við Íslendingar getum sjálfir lagt af mörkum. Það þarf að sýna frumkvæði en það frumkvæði verður að byggjast á vel ígrundaðri utanríkisstefnu. Við teljum að þverpólitísk nefnd um öryggismál sem fengi það verkefni að meta stöðu Íslands í upphafi 21. aldarinnar væri mikilvægt skref í þá átt. Starf slíkrar nefndar gæti stuðlað að opinni umræðu um þessi mál og vakið æ fleiri til vitundar um mikilvægi þeirra.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til hv. utanrmn.

[17:44]

Útbýting þingskjala:

Búsetuleyfi og dvalarleyfi útlendinga, 488. mál, svar dómsmrh., þskj. 832.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 565. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 844.

Málefni aldraða, 570. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 860.

Siglingavernd, 569. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 859.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 17:45.

---

61. FUNDUR

þriðjudaginn 10. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 446. mál, þskj. 630. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 514. mál, þskj. 786. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv., 552. mál, þskj. 830. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Almenn hegningarlög, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, þáltill., 85. mál, þskj. 85. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands, þáltill., 86. mál, þskj. 86. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 100. mál, þskj. 100. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Aðgerðir gegn fátækt, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Fyrri umr.

9. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Fyrri umr.

10. Erlendar starfsmannaleigur, þáltill., 125. mál, þskj. 125. — Fyrri umr.

11. Almenn hegningarlög, frv., 138. mál, þskj. 138. — 1. umr.

12. Ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Fyrri umr.

13. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.

14. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.

15. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 278. mál, þskj. 314. — Fyrri umr.

16. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 166. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.

17. Réttindi sjúklinga, frv., 202. mál, þskj. 209. — 1. umr.

18. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216. — Fyrri umr.

19. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 207. mál, þskj. 218. — Fyrri umr.

20. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 208. mál, þskj. 219. — Fyrri umr.

21. Innheimtulög, frv., 223. mál, þskj. 236. — 1. umr.

22. Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, þáltill., 225. mál, þskj. 245. — Fyrri umr.

23. Almenn hegningarlög, frv., 247. mál, þskj. 267. — 1. umr.

24. Áfengis- og vímuefnameðferð, þáltill., 248. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.

25. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 257. mál, þskj. 285. — 1. umr.

26. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 259. mál, þskj. 292. — 1. umr.

27. Samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, tryggingа- og félagsmálum, þáltill., 268. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.

28. Sýslur, þáltill., 269. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.

29. Úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, þáltill., 272. mál, þskj. 308. — Fyrri umr.

30. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 276. mál, þskj. 312. — 1. umr.

31. Stjórnarskipunarlög, frv., 279. mál, þskj. 315. — 1. umr.

32. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 284. mál, þskj. 322. — Fyrri umr.

33. Umboðsmaður barna, frv., 287. mál, þskj. 332. — 1. umr.

34. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, þáltill., 300. mál, þskj. 345. — Fyrri umr.

35. Háskóli á Vestfjörðum, þáltill., 317. mál, þskj. 363. — Fyrri umr.

36. Lyfjatjónstrygging, frv., 201. mál, þskj. 208. — 1. umr.

37. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 273. mál, þskj. 309. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón Ólafur Jónsson, 7. þm. Reykv. n.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 8. þm. Reykv. s., Guðmundi Hallvarðssyni, dags. 9. febrúar:

„Þar sem ég get ekki sökum læknismeðferðar sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykv. s., Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s."

Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur tekið sæti á Alþingi áður og er boðin velkomin til starfa á nýjan leik.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fæðingarþjónusta, 394. mál, svar heilbrrh., þskj. 749.

Kælimiðlar, 438. mál, svar umhvrh., þskj. 845.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, 572. mál, þáltill. BÁ o.fl., þskj. 862.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, 571. mál, þáltill. BÁ o.fl., þskj. 861.

Starfslokasamningar sl. 10 ár, 299. mál, svar fjmrh., þskj. 854.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins, 406. mál, svar landbrh., þskj. 751.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna svars við fyrirspurn frá mér og hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem barst á borð okkar þingmanna í gær. Þetta er svar við fyrirspurn um skattgreiðslur í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og vekur svarið satt best að segja nokkra furðu í ljósi fjölmiðlaumfjöllunar um sama mál akkúrat sömu daga. Ein af spurningunum sem lögð er fyrir ráðuneytið er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hver eru helstu álitamál og vandamál sem uppi eru eða upp kunna að koma að mati fjármálaráðuneytisins í sambandi við skattalega meðferð mála í fyrrgreindum tilvikum og tengd umsvifum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar í heild?"

Ráðuneytið svarar, með leyfi forseta:

„Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar ..."

Engu að síður er það svo að í fjölmiðlum nákvæmlega sömu daga er verið að kvarta undan því af hálfu forsvarsmanna sveitarfélaga á Héraði að útsvarsgreiðslur skili sér ekki til sveitarfélaganna nema í örlitlum mæli, að örlitlu

leyti miðað við umfang launagreiðslna á svæðinu og það sem vera ætti með réttum hætti. Það vekur einnig athygli að ráðuneytið treystir sér ekki til að veita neinar upplýsingar í svari sínu um þær skatttekjur sem þegar eru til komnar vegna launagreiðslna á þessu svæði alveg frá því um mitt sl. sumar. Það er skiljanlegt, herra forseti, úr því að svo er, að t.d. engar útsvarstekjur séu farnar að skila sér til sveitarfélaganna svo að heitið geti. Hvernig stendur á því að fjmrn. skuli eftir sem áður láta eins og allt sé þarna í lagi, eins og engin vandamál séu uppi? Svarið er bersýnilega rangt, herra forseti. Svarið *er rangt og það er ámælisvert að fjmrn. skuli reyna að fegra* stöðu mála með þessum hætti sem þarna er augljóslega að gerast.

Ég hvet menn til þess að kynna sér t.d. það sem forsvarsmenn sveitarfélaganna og lögmaður þeirra hafa látið frá sér fara í fjölmiðlum um þetta efni undanfarna daga.

Ég fer því fram á það að forseti þingsins hlutist til um það við fjmrn. að við fáum nýtt og rétt svar við fyrirspurninni.

[13:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú háttar þannig til að hæstv. fjmrh. er með fjarvistarleyfi í dag en þessum tilmælum verður til hans komið.

[13:36]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vegna svarsins sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason fengu varðandi skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar er rétt að minna á að í tengslum við þessar miklu framkvæmdir hafði sveitarfélagið samskipti við Hagstofu Íslands varðandi heimilisfesti erlendra starfsmanna sem kæmu að vinnu við Kárahnjúkavirkjun. Það var samþykkt af hálfu hlutaðeigandi yfirvalda að lögheimilisskráning mætti vera í vinnubúðum á virkjunarsvæðinu.

Nú eru 800–900 manns starfandi á svæðinu. Ég veit ekki nákvæman fjölda þeirra sem vinna hjá fyrirtækinu Impregilo en 80% þeirra eru af erlendu bergi brotnir. Þar af leiðandi er vitað að þarna er fjöldi manns sem hefur ekki lögheimili hér eða hefur alla vega ekki skilað sér til skráningar í sveitarfélagið Norður-Hérað. Útsvar hefur ekki skilað sér af tekjum þessara manna og sveitarfélagið hefur ítrekað beðið um að fá þarna leiðréttingu eða alla vega útskýringar á því hvers vegna málin standa eins og þau eru. Mér finnst það, herra forseti, grafalvarlegt mál ef þetta á að fá að ganga svona áfram. Nógu umdeild er þessi mikla virkjun og þau náttúruspjöll sem af henni hljótast þó að við bætum ekki ofan á þá framkvæmd svívirðu af því tagi sem hugsanlega er hér á ferð, þ.e. að erlend fyrirtæki geti verið með starfsmenn í vinnu og ekki skilað þeim sköttum til ríkisins og sveitarfélagsins sem þeim ber.

[13:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt ef hv. þm. una ekki svari sem þeir fá að þeir leiti eftir skýringum á því og það var mjög eðlilegt að hv. málshefjandi leitaði eftir því að hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur. (Gripið fram í.) Nú hafði hæstv. fjmrh. ekki fengið boð um að til stæði að taka upp þessa umræðu. Honum hafði ekki verið gert viðvart um að þessi umræða stæði til og hann hafði lögmætt fjarvistarleyfi frá fundinum í dag og gat þess vegna ekki komið hingað til fundarins. Ég hafði samband við hæstv. fjmrh. nú skömmu fyrir þennan fund þegar mér var ljóst hvað til stæði og það var auðvitað ljóst mál að á þeim skamma tíma gat hann ekki komið til fundarins, enda hefur hann, eins og ég sagði áðan, lögmætt fjarvistarleyfi.

Það er mjög gott að við eigum þess kost í upphafi fundarins að ræða mál af þessu tagi. En það er mikilvægt fyrir niðurstöðu umræðunnar, mjög mikilvægt til þess að umræðan skili einhverju og mjög mikilvægt til þess að umræðan hafi einhvern tilgang, að sá hæstv. ráðherra sem orðin beinast að sé a.m.k. viðstaddur og geti hlýtt á umræðurnar og tekið þátt í þeim.

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. 5. þm. Norðaust. hefði átt að gæta þess áður en hann hóf þessa umræðu að hæstv. ráðherra gæti verið hér til staðar til þess að taka þátt í umræðunni. Þetta er efnislegt mál sem þarf væntanlega að fá einhverjar skýringar við eins og hv. þm. ber þetta upp. Það verður ekki gert nema hæstv. ráðherra hafi aðstæður til þess og geti verið hér viðstaddur þegar svona háttar til.

[13:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. sem talaði *síðast að það er eðlilegt að þingmenn sem eru ósáttir við þau* svör sem berast frá ráðuneytum taki það upp hér og krefjist nánari skýringa. Einnig verð ég að taka undir það að eðlilegt væri og betra fyrir okkur ef hæstv. fjmrh. væri á staðnum og við fengjum hans skýringar á málinu.

En varðandi þær fréttir sem hafa verið að berast og þann mun sem er á svörum fjmrn. og fréttum sem koma að austan og við höfum séð í fjölmiðlum núna, sérstaklega undanfarna daga, þá er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að taka þetta til umræðu á þingi, taka þetta upp annaðhvort utan dagskrár eða sem sérstakt þingmál, þ.e. skattgreiðslur erlendra einstaklinga sem vinna hér á landi. Ef rétt reynist að þau mál séu í algerum ólestri, algerlega ófrágengin, þá verður ekki við það unað. Það er eðlilegt að sveitarstjórnarmenn og sveitarstjórar á viðkomandi svæði sem hafa borið upp kvartanir sínar til allra aðila eins og fram kemur í fréttum, leiti til okkar um það að málin séu tekin upp og frá þeim sé gengið þannig að um eðlilegar skattgreiðslur sé að ræða til sveitarfélaganna því þarna starfa svo margir erlendir menn.

Fyrir stuttu hlustaði ég á viðtal við Vinnumiðlun Austurlands. Þar kom fram að þeir hafa gert ítrekaðar athugasemdir við það að Íslendingar fái ekki vinnu þarna, að Íslendingar séu ekki ráðnir til vinnu. Og ef það tengist skattamálunum er eðlilegt að það blandist inn í umræðuna hér. Ég tel sjálfsagt, virðulegi forseti, að við tökum þetta mál upp utan dagskrár.

[13:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau tilmæli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hóf þessa umræðu að fjmrh. gefi fullnægjandi skýringar á því hvernig þessum málum er háttað. Ég minnist þess ekki, hæstv. forseti, að sú staða hafi komið upp áður hér á landi að sveitarfélögum hafi ekki borist skattgreiðslur vegna erlendra starfsmanna sem vinna hér á landi og því er hér um nokkurt nýmæli að ræða. Ég minnist þess ekki að þetta hafi komið fyrir áður. Það er eðlilegt að fjmrh. gefi okkur nákvæmar skýringar á því hvernig á þessu einstaka máli standi. (**Landbrh.:** Hann er ekki hér.) Ég sé það.

[13:43]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur verið svo um hríð að sveitarstjórnarmenn á Austurlandi, a.m.k. í sumum sveitarfélögum, hafa talið að útsvarstekjur þeirra hafi ekki borist með eðlilegum hætti frá verktökum á Kárahnjúkasvæðinu. Slíkt er að sjálfsögðu óviðunandi og eðlilegt að fylgst sé með því að hin erlendu félög standi við skuldbindingar sínar og fari eftir íslenskum lögum. Mér finnst ástæðulaust hér á Alþingi að gera veður út af því þó að hæstv. fjmrh. sé ekki við. Hann hefur svarað mjög skýrt hvernig þessi mál eru vaxin. Hitt þarf ekki að taka fram, hvorki í hans svari né á Alþingi, að erlendum verktökum ber að vinna og starfa samkvæmt íslenskum lögum og auðvitað er óhjákvæmilegt að því sé fylgt eftir að þeir standi full skil á beingreiðslum sem þeir taka af starfsmönnum sínum, vörslusköttum, eins og önnur fyrirtæki. Ef upp á það vantar er það auðvitað mjög ámælisvert og þarf ekki að hafa um það fleiri orð.

[13:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál, skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar, liggur fyrir sem þingmál, þ.e. fyrirspurn okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og við henni er svo komið svar.

En þetta svar stemmir ekki við raunveruleikann og er þess vegna ekki rétt. Í upphafi svarsins segir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Erlendir starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun eru skattskyldir hér á landi af þeim launum sem þeir fá greidd fyrir vinnu sína þar. Gildir þá einu hvort þeir eru starfsmenn samningsverktaka eða undirverktaka, hvort þeir eru ráðnir af verktakanum sjálfum eða af starfsmannaleigum ...“

Þetta er skýrt. Einnig segir í svari hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna annarra framkvæmda af þessari stærðargráðu.“

Hvað höfum við svo í Fréttablaðinu, virðulegi forseti? Þar stendur, með leyfi forseta:

„„Við höfum kvartað við alla þá sem eru málsmetandi á þessu sviði, það er ríkisskattstjóra, skattstjórann í Reykjavík, skattstjórann á Egilsstöðum og nú síðast fjármálaráðherra,“ sagði Jónas Þór Jóhannsson, sveitarstjóri Norður-Héraðs um útsvarsgreiðslur til sveitarfélagsins svo og Fljótsdals vegna erlendra verkamanna við Kárahnjúkavirkjun. Jónas Þór sagði að um 40 manns væru nú á skrá vegna úrsvars. Erlendir verkamenn á svæðinu væru hins vegar sagðir um 500 talsins.“

Þessi kvörtun var komin til fjmrh. áður en þessu svari var dreift. Þessu svari var dreift í þinginu í gær. Þessi viðbrögð og þessi svör hæstv. fjmrh. eru því samkvæmt þessu tvennu röng, a.m.k. eins og það birtist hér. Í fyrsta lagi er það skýlaus krafa þingsins að fá rétt svör og í öðru lagi er þetta mál greinilega í miklum ólestri og væri vert að á því fengist líka þegar í stað lausn.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þingheimur er í reynd að ræða tvö óskyld mál. Annars vegar með hvaða hætti hæstv. fjmrh. svarar fyrirspurnum gagnvart þinginu og hins vegar um skattgreiðslurnar sjálfar. Þetta er hins vegar ekki utandagskrárumræða um skattgreiðslurnar þó að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafi boðað það fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að eftir slíkri umræðu verði leitað.

Það sem hér um ræðir er að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kvartar, með réttu, undan því með hvaða hætti hæstv. fjmrh. svarar fyrirspurn. Hv. þm. hafa lagt fram tiltekna fyrirspurn um ákveðið efni og í svari hæstv. fjmrh. kemur fram að ekkert vandamál sé í gangi varðandi þetta tiltekna efni. Þó liggur fyrir að sveitarstjórar tveggja sveitarfélaga og lögmenn þeirra hafa leitað til ráðuneytisins um þetta mál og alveg ljóst að vandi er á okkar höndum og ráðuneytisins vegna málsins. En hæstv. fjmrh. gefur rangt svar.

Því miður er þetta ekki eina svarið sem hæstv. fjmrh. leggur með þessum hætti fyrir þingið. Við þingmenn Samf. höfum tveimur sinnum á þessum vetri orðið fyrir því að fá svör sem innihalda ekkert nema loftið eitt, tómið, þegar við höfum lagt fram fullkomlega eðlilegar spurningar.

Virðulegi forseti. Ég vil hins vegar geta þess, þó að hæstv. fjmrh. sé fjarstaddur, að málið kom upp í umræðu í efh.- og viðskn. á sínum tíma. Það var sérstaklega eftir þessu gengið og reyndar komu ákveðin svör frá ráðuneytinu þá. Þá spurðum við einmitt um tvísköttunarsamninga við Ítalíu og fram kom að þeim yrði ekki lokið fyrr en sennilega eftir nokkur ár. Það er því ljóst að hér er eitthvað á ferli sem þarf að taka fast á. Það er alveg ljóst að þær greiðslur sem eiga með réttu að berast eru ekki að berast fullar til íslenskra stjórnvalda. Á því þarf að taka og því að boðað hefur verið í þessari umræðu að óskað verði eftir sérstakri viðræðu við hæstv. fjmrh. um það efni.

[13:49]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Tilefni umræðunnar er greinilega það að hæstv. ráðherra hefur svarað skriflegri fyrirspurn frá hv. þm. Vinstri grænna. Þeir gera athugasemd við það svar og beina því til hæstv. forseta og ég heyri ekki betur en hæstv. forseti hafi móttekið það svar og ekkert við það að athuga.

Síðan gerist það að ekki einn, ekki tveir heldur þrír hv. þm. Vinstri grænna og svona einn og hálfur þingmaður Samf. fara í efnislega umræðu um málið. Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að þar sem upplýst hefur verið að hæstv. fjmrh. hefur fjarvistarleyfi, hefur eðlilega fjarvist, finnst mér óeðlilegt og ódrengilegt að fara í efnislega umræðu um málið. Til þess er annar vettvangur.

(**Forseti** (GÁS): Forseti veltir aðeins vöngum með þessa hálfu þingmenn, en það er nú aukaatriði.)

[13:50]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og ég rakti áðan er hæstv. fjmrh. ekki til staðar til að ræða um svarið sem hefur verið til umræðu. Þar með getum við ekki komist að neinni efnislegri niðurstöðu um málið.

Þó verð ég að vekja athygli á því sem mér finnst vera kjarni málsins þegar maður les í gegnum svarið sem ég hef verið að gera undir umræðunni. Það sem kemur fram í svari hæstv. ráðherra er að það gilda mjög skýrar reglur um skattskyldu þeirra starfsmanna sem vinna við Kárahnjúka. Það eru mjög skýrar reglur, hinar íslensku reglur sem við þekkjum. Ef menn skila ekki þessum sköttum er hægt að beita við því viðurlögum. Það er það sem hæstv. ráðherra hefur greinilega verið að vísa til annars staðar í svarinu þegar

hann segir að ekki séu uppi álitamál. Það er auðvitað ekkert álitamál að um þetta gilda íslensk lög. Það eru mjög hörð úrræði sem gripið er til. Það er ekki tilviljun að þetta er stundum í daglegu tali kallað „rimlagjöldin", ef menn ekki skila staðgreiðslugjöldunum, og ríkið hefur öll þau úrræði sem það vill beita til að tryggja að þessir peningar skili sér. Það er augljóslega þetta sem svarið kveður á um. Í fyrsta lagi að vekja athygli á þeim skýru íslensku reglum sem gilda og að fara skuli með þetta eins og um íslenskt fyrirtæki væri að ræða sem starfar á íslenskum markaði, og að það er ekkert vandamál því samfara að fjmrn. getur með sama hætti og það innheimtir gjöld af íslenskum fyrirtækjum innheimt gjöld af þessu erlenda fyrirtæki.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það væri fróðlegt að vita í framhjáhlaupi hvort starfið sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur tekið að sér er ólaunað og í sjálfboðavinnu, að vera alveg sérstakur siðameistari yfir umræðum.

Ég tel að umræðan sé á allan hátt á réttum stað. Ég vek athygli þeirra sem hafa tjáð sig um hana að þetta er ekki utandagskrárumræða. Ég er ekki að leggja spurningar fyrir hæstv. fjmrh. Ég er að gera athugasemdir við störf þingsins vegna þess að það eru villandi upplýsingar reiddar fram í svari frá einu af ráðuneytunum.

Að sjálfsögðu bað ég skrifstofu þingsins um að gera hæstv. fjmrh. aðvart um að ég mundi taka þetta hér upp. En úr því að hann er með fjarvist (Gripið fram í.) og getur ekki gegnt sínum þingskyldum, hæstv. ráðherra Árni Mathiesen, bið ég menn að hafa það í huga, ef ég mætti fá frið, að það er að sjálfsögðu jafngilt að taka þetta hér upp, enda hefur forseti þegar ákveðið að koma ábendingunum áfram til hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Af hverju ...?)

Auðvitað geta menn lent í efnisumræðu tengdri álitamálinu þegar það er á annað borð komið upp á borðið.

Ég vissi ekki að hæstv. sjútvrh. væri þetta svona óskaplega viðkvæmt. Ég held að hann ætti að reyna að halda sig við síldina en vera ekki uppi á heiðum.

Herra forseti. Það er alveg augljóst mál að hér eru miklar brotalamir á. Samkvæmt skráningu sveitarfélaganna eru aðeins 40 af 500 erlendum starfsmönnum þar á skrá og farnir að greiða til sveitarfélagsins. Hvar eru hinir 460 skráðir? Hvert borga þeir skatta eða borga þeir enga skatta? Hvernig stendur á því að ráðuneytið getur ekkert sagt í svari sínu um þær tekjur sem þegar hafa til fallið? Er það kannski vegna þess að þær eru lítið farnar að skila sér? Hvar eiga þeir heima, þessir menn sem eru að krókna úr kulda og fá loftin ofan í höfuðið uppi við Kárahnjúka þessa dagana?

Þetta er kannski ekki alveg í eins fínu lagi og ætla mætti af svarinu. Ég endurtek því óskir mínar um að fjmrn. verði beðið um að endurvinna svarið. Það reynir þá á hvort við því verður brugðist. Ef ekki, munum við að sjálfsögðu fylgja málinu eftir.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (slátrun eldisfisks). — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (vátryggingar). — Þskj. 786.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 44. mál (brot í opinberu starfi). — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖg o.fl., 85. mál. — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Skipan nefndar um öryggi og varnir Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 86. mál. — Þskj. 86.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 100. mál (þjónusta við börn, endurgreiðslur). — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aðgerðir gegn fátækt, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

[13:58]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um aðgerðir gegn fátækt sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samf.

Tillagan felur í sér að ríkisstjórnin grípi til aðgerða til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Í því skyni á samkvæmt þáltill. að skipa nefnd með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks. Nefndin skal gera tillögur til úrbóta sem miði við að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Það er kveðið á um það í tillögugreininni að sérstaklega skuli höfð hliðsjón af þeim aðgerðum til að vinna bug á fátækt sem lagðar eru til í skýrslu ASÍ, Velferð fyrir alla, frá mars 2003, einkum hækkun atvinnuleysisbóta og lægstu samsettu bóta lífeyrisþega. Minni ég á í því sambandi að ASÍ kynnti þessa skýrslu rétt fyrir kosningar þar sem formenn allra flokka eða forustumenn sátu fyrir svörum og þar voru kynntar sérstakar bráðaaðgerðir sem grípa þurfti til þá þegar að mati ASÍ. Forsvarsmenn flokkanna, sem í mörgum tilvikum voru formenn flokkanna, tóku mjög undir að það þyrfti að framkvæma þessar aðgerðir. Niðurstöðu nefndarinnar ásamt nauðsynlegum lagabreytingum skal leggja fyrir Alþingi á haustþingi 2004.

Það er ástæða til að rifja upp að fyrir 2–3 árum flutti ég ásamt fleiri þingmönnum tillögu um að félmrh. yrði falið að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi með það að markmiði að leggja fram tillögur til úrbóta til þess að treysta öryggisnetið. Þessi tillaga nú er í breyttri mynd. Hún er um beinar aðgerðir gegn fátækt og er við það miðað að frá því að sú tillaga var lögð fram um að gerð yrði úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar hafa komið fram margvíslegar upplýsingar sem rökstyðja það að það er töluverð fátækt á Íslandi, því miður. Þessar upplýsingar sem hafa komið frá hjálparstofnunum, stéttarfélögum og félagsþjónustu sveitarfélaga benda til að fátækum hafi líka fjölgað verulega á umliðnum árum. Þar hefur sérstaklega verið vitnað til rannsóknar Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings sem rannsakaði fátækt á Íslandi. Þar kemur fram að miðað við lágmarksframfærslu vanti 40 þús. kr. mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur ríkisins geti framfleytt sér. Þar er miðað við þá skilgreiningu sem félmrn. hefur sjálft sett fram um brýnasta framfærslukostnaðinn.

Mæðrastyrksnefnd hefur upplýst að t.d. á árinu 2001 fjölgaði þeim um 40% á milli ára sem leita sér aðstoðar og matargjafa og fyrir síðustu jól voru uppi svipaðar tölur, ef ég man rétt. Það hefur líka komið fram að í sívaxandi mæli þurfi að auka fé til fjárhagsaðstoðar sem hefur vaxið gríðarlega á umliðnum árum. Hún jókst um 150 millj. á þarsíðasta ári og milli áranna 2001 og 2002 jókst hún um 48%.

Það er líka athyglisvert, virðulegi forseti, að ef skoðaður er norrænn samanburður á fátækt kemur fram að þeir sem búa við fátækt eru hlutfallslega flestir á Íslandi. Mæling 1997–1998 sýndi að um 6,8% búa við fátæktarmörk á Íslandi. Í Danmörku eru það 5,3%, Finnlandi 4,1%, Noregi 3,5% og Svíþjóð 4,9% á móti 6,8% hér á landi. Skýringin sem menn sjá á vaxandi fátækt er m.a. sú að jöfnunarmarkmið velferðarkerfisins hafa vikið. Kerfið er orðið fullt af fátæktargildrum og mikil tekjutenging hefur breytt kerfinu nánast í ölmusukerfi eins og haldið hefur verið fram, m.a. af Stefáni Ólafssyni hjá Félagsvísindastofnun.

Í leiðbeiningum félmrn. frá 1996 sem ég nefndi áðan kemur einmitt skýrt fram hvaða þættir eru álitnir nauðsynlegir einstaklingum til að geta framfleytt sér. Þar er gert ráð fyrir að lágmarksfjárþörf fólks miðist við þann lágmarksframfærslukostnað sem ætlaður er einstaklingum eða fjölskyldum til að lifa af. Sömuleiðis er bent á að árið 2001 voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem lágmarksframfærsla var ítrekuð og að hlutverk almannatrygginga væri að vera öryggisnet sem byggðist ekki á skilgreindum réttindum heldur tæki mið af framfærslu. Það er ástæða til að vekja athygli á því að hér á Alþingi var fyrir nokkrum árum, sennilega þremur, samþykkt till. til ál. sem ég flutti um að gerður yrði neyslustaðall. Sú tillaga hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera könnun á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu, við mat á greiðslugetu við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda og meðlagsgreiðslna og við ákvarðanatöku við lánveitingar úr opinberum sjóðum, svo sem lánasjóðum námsmanna og íbúðalánasjóðum. Enn fremur verði lagt mat á hvort ástæða sé til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, notkun þeirra eða aðferðir við gerð þeirra.“ — Slíkir neyslustaðlar eru þekktir víða í nágrannalöndum okkar og þar er einmitt stuðst við slíka neyslustaðla og neysluviðmiðanir þegar verið er að ákvarða ýmsar bætur innan velferðarkerfisins. Því miður hefur framkvæmdarvaldið ekki farið að þessari tillögu sem þó var samþykkt samhljóða hér á þingi.

Ég vitnaði áðan, virðulegi forseti, í skýrslu ASÍ þar sem bent er á hverjar séu helstu ástæðurnar fyrir aukinni fátækt. Þar er tilgreindur mikill húsnæðiskostnaður og skortur á félagslegu húsnæði. Það er enn einu sinni að koma í ljós hvílíkt óþurftarverk það var af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið og í stað þess tóku við viðbótarlánin svokölluðu með miklu hærri vöxtum en voru í gamla félagslega húsnæðiskerfinu. Þar voru 2,4% vextir en í viðbótarlánunum eru vextirnir 5,6% og að því er varðar leiguhúsnæði voru vextir hækkaðir úr 1% upp í allt að 4,9%. Það er líka ljóst, virðulegi forseti, og það hefur komið fram að húsaleigubætur hafa hækkað verulega sem sýnir hvaða afleiðingar þær hafa haft, þessar vaxtahækkanir, og nú er svo komið að sveitarfélögin eru að óska eftir endurskoðun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga í þessu máli og telja sig

hafa verið hlunnfarin þegar gert var samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar húsaleigubótakerfið fyrir sennilega 2–3 árum. Þau segja hér, með leyfi forseta:

„Samband íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir formlegum viðræðum við stjórnvöld um fjármögnun og framtíð húsaleigubótakerfisins, en framlag ríkisins vegna húsaleigubóta nemur nú um 40% af greiðslu bótanna en nam áður allt að 58%. Hlutur sveitarfélaganna í greiðslu bótanna hefur því vaxið úr rúmum 42% í 60% á undanförnum árum."

Þau vitna til þess að á þessu ári vanti um 200 millj. kr. til þess að greiðsluhlutfall ríkisins væri 55% eins og um var samið á sínum tíma. Þetta er auðvitað bein afleiðing af m.a. vaxtahækkuninni.

Síðan bendir ASÍ á skort á menntun, hátt verðlag á nauðsynjavöru, svo sem lyfjum og heilbrigðisþjónustu, uppsafnaðan fjárhagsvanda sem leiðir til þess að margir missa fótanna og lenda í vítahring fátæktar. Sérstaklega er talað um lágar atvinnuleysisbætur þeirra sem búa við langtímaatvinnuleysi. Það er vitað að sú viðmiðun sem var breytt á árinu 1995 hefur leitt til þess að atvinnuleysisbætur eru 15 þús. kr. lægri á mánuði en þær ella væru ef viðmiðið frá 1995 hefði fengið að halda sér þannig að það er verið að hafa af atvinnulausum um 180 þús. kr. á ári. Atvinnuleysisbæturnar þarf einmitt að skoða sérstaklega og það er mjög brýnt, herra forseti, að hækka þær verulega.

Síðan benda þau á félagslega stöðu margra einhleypra karla en þeir eru stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, eru oft atvinnulausir og skulda margir hverjir meðlög sem eru meiri en þeir ráða við. Síðan er bent á lágar bætur og miklar tekjutengingar sem valda því að þeir sem að öllu eða mestu leyti þurfa að treysta á bætur sér til framfærslu búa við mjög kröpp kjör.

Það sem er auðvitað alvarlegt og hefur komið fram á undanförnum mánuðum og missirum er að vinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita sér aðstoðar þó að það sé fullvinnandi. Í hópi fátækra eru einkum öryrkjar og aldraðir, einstæðir foreldrar, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur og við sjáum glöggt hvernig öryggisnet velferðarkerfisins hefur brostið á því að stöðugt fjölgar í hópi þeirra sem hafa ekki efni á að leita til læknis eða leysa út lyfin sín. Það er orðið áberandi að læknar vísa fólki til sérfræðinga eða í rannsóknir en það skilar sér ekki þangað. Það hefur gengið svo langt að fólki sem hvorki á fyrir lyfjum né mat, t.d. mörgum þeirra sem lifa þurfa á lífeyri almannatrygginga eða sambærilegum tekjum, er gert að greiða skatt til samfélagsins sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum. Það er einmitt þetta sem við höfum viljað taka á, hvernig verið er að skattpína fátækt fólk sem á ekki einu sinni fyrir brýnustu framfærslunni.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka hér og ég fagna því að hæstv. félmrh. er viðstaddur þessa umræðu. Við áttum orðaskipti um fátækt á Íslandi í októbermánuði þar sem ég lagði fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra um hver væri niðurstaðan af starfi ráðherranefndar um fátækt sem skipuð var að tilhlutan fyrrv. félmrh. og hafði það verkefni að skilgreina vandann sem við er að etja vegna fátæktar og finna leiðir til úrbóta. Þessi nefnd var skipuð í janúarmánuði eftir mikla umræðu í þjóðfélaginu um fátækt þannig að hún hefur starfað í rúmt ár. Í svari hæstv. ráðherra í októbermánuði kom fram að drög að skýrslu þessa starfshóps lægju fyrir en eftir væri hins vegar að leggja á hana lokahönd og hér vitna ég orðrétt í hæstv. félmrh. í októbermánuði sl., með leyfi forseta:

„Í skýrslunni mun m.a. verða greint frá leiðum til úrbóta. Ég get hins vegar því miður ekki gert nánari grein fyrir störfum hópsins hér og nú. Þessi skýrsla er væntanleg um miðjan næsta mánuð, þá gefst okkur kostur á að greina nánar frá þeim upplýsingum sem hópurinn hefur tekið saman og tillögum hans til úrbóta."

Sem sagt, hæstv. ráðherra boðaði það að um miðjan nóvembermánuð yrðu þessar tillögur tilbúnar og þær yrðu þá kynntar hér í þinginu, þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur til úrbóta í málefnum fátækra.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra taki því þátt í þessari umræðu og greini okkur frá því hvort niðurstöður séu nú ekki fengnar þegar við erum komin inn í bráðum miðjan febrúarmánuð þannig að hægt sé að fara að vinda sér í það þarfa verk, herra forseti, að ná fram úrbótum fyrir fátækt fólk á Íslandi. Og það er ástæða til, herra forseti, að vitna til þess að forseti Íslands sá meira að segja ástæðu til þess í aðventuávarpi í Dómkirkjunni fyrir jólin að segja að fátæktarumræðan sem orðið hafi í þjóðfélaginu hefði engu skilað, heit hefðu verið gefin en ástandið batnaði ekki, sagði forsetinn, enn biði fólk í röðum eftir mat og aðstoð og við vildum ekki að íslensk jól væru tími ótta og örvæntingar, þrautagöngu og erfiðleika. Og hér segir forseti íslensku þjóðarinnar, með leyfi forseta:

„Ungar mæður standa í biðröð til að geta fengið poka með matargjöfum, karlmenn á góðum aldri leita bónbjargar, aldraðir í einveru, umkomulausir sjúklingar sem eiga ekki fyrir lyfjum."

Þetta eru ekki góð meðmæli með íslenska velferðarkerfinu, þessi orð sem höfð eru eftir forseta íslensku þjóðarinnar, en ég vona að hæstv. félmrh. geti greint frá því í þessum ræðustól að hann hafi tillögur til úrbóta í málefnum fátækra sem verði hrint í framkvæmd fljótlega. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. félmn.

[14:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hefja máls á þessu þarfa umfjöllunarefni á Alþingi og vil gera grein fyrir því sem reyndar var spurt um. Á undanförnum missirum hefur vissulega verið að störfum samráðshópur með fulltrúum forsrn., félmrn., fjmrn. og heilbr.- og trmrn., hópur sem hefur unnið að skýrslugerð sem nú er verið að leggja lokahönd á. Skýrslan hefur verið unnin á forræði forsrn. og forsrh. mun gera grein fyrir niðurstöðum hennar innan skamms. Ég get þó upplýst við þessa umræðu að í skýrslunni er leitast við að skilgreina fátækt. Það er greint frá tekjudreifingu þjóðarinnar í 10 flokkum, frá þeim sem hafa lægstu tekjurnar til þeirra sem hafa hæstar á ákveðnu árabili, skipt eftir einstaklingum, einstæðum foreldrum og hjónum eða sambúðarfólki og enn fremur er gerð grein fyrir ráðstöfunartekjum þeirra sem minnstar tekjur hafa til framfærslu. Að lokum eru lagðar til í skýrslunni leiðir til úrbóta.

Hæstv. forseti. Ég tel að sú skýrsla sem ég geri hér að umfjöllunarefni og forsrh. mun gera grein fyrir á næstunni muni verða gagnlegt innlegg í þá umræðu sem hér hefur verið hafin og við þurfum stöðugt að hafa uppi.

Vegna þess að í máli hv. þingmanns komu fram áhyggjur af atvinnuleysisbótum og þróun þeirra mála vil ég líka nefna að vonandi í þessari viku verður sent frá félmrn. bréf til hagsmunaaðila þar sem óskað verður eftir tilnefningum í

nefnd sem á að fara yfir atvinnuleysistryggingalöggjöf okkar og vinnumarkaðslöggjöf með það að markmiði að laga lög okkar að breyttum aðstæðum. Hækkun bótanna verður vissulega eitt af því sem þar kemur til umfjöllunar, enda rétt að atvinnuleysisbætur hafa ekki þróast með sama hætti og aðrar bætur.

[14:16]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. En það er alveg ótrúlegt hvað þessi ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar geta dregið lappirnar þegar í hlut eiga fátækir á Íslandi. Það er alveg með ólíkindum.

Hvað þýðir „innan skamms", herra forseti? Ég vitnaði til þess að við vorum að ræða þessi mál í október og þá áttu þessar tillögur að koma fram hálfum mánuði síðar eða um miðjan nóvember. Og hvað þýðir innan skamms? Er verið að tala um að við fáum þessar tillögur inn í þingið fljótlega þannig að þá sé hægt að grípa til nauðsynlegra lagabreytinga?

Mér finnst þetta alveg ótrúlegt, herra forseti, vegna þess að það er ekki svo sjaldan sem við erum að fjalla hér um frumvörp og tillögur frá ríkisstjórninni sem miða að því að bæta hag þeirra sem best eru settir í þjóðfélaginu. En alltaf þegar kemur að þeim sem verst eru settir skilar ríkisstjórnin auðu. Þetta er alveg óþolandi, herra forseti.

Þegar verið er að tala um atvinnulausa þá vitnar hæstv. ráðherra bara til þess að nú eigi að skipa nefnd til þess að skoða mál þeirra. Það vita allir að það þarf að bæta kjör atvinnulausra þegar í stað. Það er talað um að í þessari skýrslu sem verið hefur í vinnslu í heilt ár séu gerðar ýmsar úttektir og skilgreiningar á vandanum. Það eru til nægar úttektir á vandamálinu. Það hafa komið fram nægar skilgreiningar á því hvar þetta vandamál liggur.

Herra forseti. Ég vænti ekki mikils af starfi þessarar nefndar, en guð láti gott á vita, við skulum sjá hvað skeður. En ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann geti ekki verið eitthvað skýrari í tali um það hvenær þetta innan skamms er, vegna þess að við getum ekki beðið lengur eftir því að gripið verði til aðgerða til þess að bæta kjör fátæks fólks á Íslandi. Þau eru til skammar og það veit hæstv. ráðherra.

[14:18]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega mundi ég kjósa að geta svarað hv. þm. skýrar en hér er gert. Ég get þó upplýst að umrædd skýrsla liggur fyrir í lokadrögum. Þingmaðurinn spyr hvort þess megi vænta að gerð verði grein fyrir henni fljótlega. Já, ég tel að við getum gengið út frá því að gerð verði grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar fljótlega og þá tillögum til úrbóta.

Hvað varðar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu þá hljótum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að geta verið sammála um að það sé mikilvægt að fá aðila vinnumarkaðar og fleiri þá sem að málum koma til þess að fara yfir atvinnuleysistryggingalöggjöf okkar með það að markmiði að gera á henni þær umbætur sem nauðsynlegar eru. Við vitum það bæði, ég og hv. þm., og aðrir sem hér eru í salnum, að atvinnuleysi hefur því miður verið að þróast með þeim hætti hér á landi á undanförnum missirum og árum að ástæða er til þess að hafa áhyggjur af. Við sjáum að langtímaatvinnuleysi, atvinnuleysi þeirra sem eru án vinnu í sex mánuði eða lengur, er að aukast. Atvinnuleysi ungs fólks er sömuleiðis að aukast. Þetta eru breyttar aðstæður sem við þurfum að horfast í augu við og gera breytingar á atvinnuleysistryggingalöggjöf okkar með þetta í huga. Um það hljótum við að geta verið sammála og þarna er brýnt að vel sé vandað til verka.

[14:20]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. félmrh. notar nærri sömu orð núna í síðustu ræðu sinni og hann gerði í október. Hann sagði hér í október: „Fyrir liggja drög að skýrslu þessa starfshóps, eftir er hins vegar að leggja á hana lokahönd."

Það virðist sem sagt ekkert hafa gerst frá því í október. Það veldur auðvitað miklum vonbrigðum hve hægt gengur að vinna að þessum brýnu málum sem við ræðum hér.

Auðvitað er það svo að aðilar vinnumarkaðarins eiga að koma að lagfæringum á löggjöf um atvinnulausa. En núna fyrst er verið að skipa þessa nefnd, og ég held að allir séu sammála um það og ég er viss um að hæstv. ráðherra er það líka að atvinnuleysisbætur eru hér allt of lágar, 77 þús. kr. Það er ekki hægt að framfleyta sér af þessum peningum. Við erum að tala um að bara húsaleiga fyrir þá sem eru á leigumarkaðnum slagar oft hátt upp í þessa fjárhæð.

Það er því auðvitað engin ástæða til þess að bíða með að hækka atvinnuleysisbæturnar, en ekki að þurfa að bíða eftir því að nefnd ljúki störfum sem guð má vita hvað tekur langan tíma.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það sem kom fram líka í Morgunblaðinu nýlega, um húsaleigubæturnar sem eru að blása út, hvort ekki megi vænta þess að á því verið tekið af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar greiðslur sveitarfélaganna hafa aukist verulega vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar að leggja niður félagslega kerfið og hækka vexti. Það eru beinlínis aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem leitt hafa til þess að húsaleigubæturnar hafa blásið út og að hlutur sveitarfélaganna er þar orðinn miklu meiri en ráð var fyrir gert í því samkomulagi sem ríkið gerði við sveitarfélögin.

[14:22]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. um að grípa til aðgerða til þess að sporna við fátækt og að treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Frjálslyndi flokkurinn studdi tillögur ASÍ sem komu fram í góðri skýrslu, Velferð fyrir alla, og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti hér ýmsar tillögur sem var að finna í þeirri skýrslu.

En ég vil þó tæpa sérstaklega á einu atriði sem flestir ættu að geta sameinast um en það er að draga úr stéttaskiptingu barna, þ.e. að sveitarfélög og aðrir styðji íþróttafélög og tónlistarstarf þannig að ekki þurfi að taka há gjöld og koma á stéttaskiptingu barna, að börn sem búa við kröpp kjör heima fyrir þurfi ekki að vera án þess að geta stundað tónlistarnám eða íþróttir.

En það sem ég ætlaði að leggja hér áherslu á eru einkum tvö atriði. Það er fátækt í dreifbýli, og ég tel að við þurfum að fara yfir þau atriði. Ég styð þessa tillögu og það er mjög þarft að skipa nefnd með fulltrúum sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks, en ég hefði einnig lagt áherslu á að fá fulltrúa frá bændum, sérstaklega frá þeim svæðum þar sem sauðfjárbúskapur er mikilvægur og þar sem ekki er aðra vinnu að fá utan búsins.

Það er ljóst að víða kreppir að í sveitum landsins þar sem tekjur sauðfjárbænda hafa dregist saman. Bæði hefur verð á afurðum lækkað um 8–10% á síðasta ári og opinber stuðningur við landbúnaðinn er rúmlega helmingi minni nú

en fyrir tíu árum, þannig að það kreppir víða að þessari atvinnugrein. Hæstv. landbrh. hefur viðurkennt að vandi sauðfjárbænda sé mikill og þess vegna ætti hann að styðja þá tillögu mína að bændur frá þeim landsvæðum þar sem litla vinnu er að fá utan bús, fái að skipa fulltrúa í þessa nefnd sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt til að verði skipuð.

Í skýrslu Hagþjónustu landbúnaðarins kemur fram að afkoma þeirra 26 sauðfjárbúa sem eru í samanburði milli ára hefur versnað um 7,7% á milli áranna 2001 og 2002. Síðan bættist við lækkun afurðaverðs á árinu 2003, þannig að hagur sauðfjárbænda er mjög slæmur. Ég tel að við á hinu háa Alþingi ættum að líta til kjara þeirra.

Ég tel einnig athyglisverðar upplýsingar í skýrslu ASÍ, sem kom út í mars og ég vitnaði hér fyrr í, að það er talin vísbending um fátækt þegar tekjur eru helmingi minni en miðtekjur. Og það er áberandi að það er mun hærra hlutfall framteljenda í dreifbýli sem hafa mjög lágar tekjur. Á Norðurlandi vestra, þar sem sauðfjárbúskapur er mjög áberandi, er athyglisvert að þar er hæsta hlutfall tekjulágra á landinu, eða um 21,3% framteljenda árið 2003 eru undir hálfum miðtekjum. Ætli þetta háa hlutfall sauðfjárbænda dragi þennan landshluta niður í meðaltekjum? Ég tel vert að skoða það. Mér þætti ekki ótrúlegt að það væri full þörf á að fara yfir þessi mál.

Það hefur komið fram m.a. í skýrslu frá Byggðastofnun að staða sauðfjárbænda sé mjög slæm, og þá eins og áður segir á þeim svæðum þar sem ekki er aðra vinnu að fá utan búsins. Þá hafa verið nefnd svæði eins og syðri hluti Vestfjarða, Strandasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Dalasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla og Vestur-Skaftafellssýsla.

Stjórnvöld hafa viðurkennt vanda sauðfjárbænda og veittu þau sauðfjárbændum landsins sérstakt fjárframlag síðasta haust. Ég veit ekki betur en að fjárframlagið hafi farið jafnt til allra sauðfjárbænda landsins en ekki verið einskorðað við þau svæði sem eru hvað mest háð sauðfjárrækt og þar sem litla vinnu er að fá utan búsins. En þess ber að geta að fjárframlagið sem fór til sauðfjárbænda vegna þessarar tekjuskerðingar sem áður var nefnd er talsvert lægri en sömu stjórnvöld veittu til þess að loka sláturhúsum hringinn í kringum landið til að úrelda sláturhús. Sú aðgerð mun án efa hækka sláturkostnað bænda og skerða enn frekar samkeppnisstöðu þeirra á kjötmarkaðnum. Lokun sláturhúsanna hefur einnig minnkað þá vinnu sem bændur hafa getað aflað sér utan búsins.

Í nýjasta Bændablaði má lesa að nær allir íbúar Skaftárhrepps hafa skrifað undir mótmæli við lokun sláturhússins. Það kom hér fram í umræðum eða fyrirspurn í þinginu að hæstv. landbrh. taldi að það þyrfti að loka þessum húsum vegna hertra reglna hjá Evrópusambandinu. En nú hefur komið í ljós að það er misskilningur. Við getum alveg ráðið því hvaða kröfur við gerum til sláturhúsanna og þess vegna tel ég að við ættum að endurskoða þessa stórsláturhúsastefnu ríkisstjórnarinnar.

Það er ljóst að sú skipan landbúnaðarmála að njörva sauðfjárbændur niður í framleiðslukvóta hefur einungis gert bændur verr stadda og stjórnvöld verða að fara að skoða með opnum huga að stjórna landbúnaðarmálum með öðrum hætti en nú er gert.

Ég tel að Framsfl. ætti að styðja þetta mál, sérstaklega í ljósi þess að flokkurinn auglýsti sig í upphafi kosningabaráttu sinnar undir slagorðinu Velferð fyrir alla. En af verkum ríkisstjórnarinnar nú mætti halda að það væri bara velferð fyrir utanríkisþjónustuna. Það er a.m.k. ekki mikil velferð hjá sauðfjárbændum landsins.

Ég tel einnig að nefndin ætti að fara vel yfir stöðu þeirra sem hafa neyðst til að flytja úr sjávarbyggðum landsins vegna þess að kvótaflokkarnir hafa gert atvinnuréttinn í sjávarþorpunum að söluvöru. Staðreyndin er sú að handhafar kvótans hafa selt atvinnuréttinn í burtu og fengið dágóðar upphæðir fyrir á meðan aðrir íbúar hafa liðið fyrir kvótabraskið. Mörg dæmi eru um íbúa sem misst hafa vinnuna og eignir þeirra hafa verðfallið. Er ekki sanngjarnt að nefndin fari yfir stöðu þessa hóps og fari yfir hvernig bæta megi þessu fólki tjónið?

Nú hefur oft heyrst hjá þeim sem eru fylgjandi þessu ósanngjarna fiskveiðistjórnarkerfi að þar hafi orðið mikil hagræðing. Ég er að vísu mjög vantrúaður á það en ef menn trúa því að það hafi orðið mikil hagræðing og hafa jafnvel, framsóknarmenn, skrifað greinar í blöðin undir fyrirsögninni „Kvóti – vöxtur – velferð“ er þá ekki rétt að fara yfir það hvernig bæta megi því fólki sem hefur farið halloka skaðann? (**KHG:** Var það ekki vinna? Kvóti – vöxtur – vinna?) Nei, það var kvóti – vöxtur – velferð hjá aðstoðarmanni hæstv. landbrh., mjög merk grein sem ég tel að þingmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson ætti að kynna sér. (Gripið fram í.)

Ég vil ljúka máli mínu en tími minn er þrotinn. Ég tel að það yrði miklu árangursríkara til þess að koma á sátt um kerfið að fara vel yfir stöðu þessa fólks sem hefur þurft að líða fyrir ósanngirni kerfisins.

[14:31]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins grípa inn í ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar þar sem hann ræðir um fátækt í dreifbýli. Ég tek undir áhyggjur hans í þeim efnum. Það hefur glöggt komið í ljós að tekjur bænda hafa dregist saman, sérstaklega sauðfjárbænda. Þar hafa verið miklir erfiðleikar og það kemur til að mynda niður á skólagöngu barna þeirra sem eiga ekki of drjúga sjóði.

Mig langaði til að geta þess að þegar settar voru á fjárlögum í haust 140 millj. kr. til sauðfjárbænda voru æðimargir, hér í þessum sal meira að segja, sem gagnrýndu þetta sem ég tel, þó að upphæðirnar hafi verið lágar, að hafi skipt máli. Það skiptir máli fyrir þann sem ekki á of mikið að fá þótt ekki sé nema örlítil upphæð. Þessum 140 millj. kr. var skipt á milli sauðfjárbænda og þær fóru á alla sauðfjárbændur.

Varðandi bændur sem ekki geta sótt sér vinnu annað, 7.500 ærgildunum var deilt á þá sem ná ekki eða geta ekki sótt sér vinnu annað og á það var líka bullandi gagnrýni. Byggðastofnun er skömmuð út og suður fyrir það að Skagfirðingar náðu ekki inn í þá skilgreiningu en það gerðu aftur á móti Vestfirðirnir, 2–3 bæir í Vestur-Skaftafellssýslu, enginn í Austur-Skaftafellssýslu, enginn á Suðurlandi, en ærgildin fóru til þeirra þar sem línan var dregin, þar sem menn geta ekki sótt sér aðra vinnu daglega.

Varðandi úreldingu sláturhúsa var nauðsynlegt að fara í þessa aðgerð. Ég tel að það verði samt að gæta þess að leyfa einhverjum þessara litlu sláturhúsa að vera í friði. Af því að hv. þm. nefndi Kirkjubæjarklaustur munar t.d. um að 25 millj. kr. koma inn í það samfélag bara í sláturtíðinni að hausti.

[14:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikilsvert að skoða málefni sauðfjárbænda. Ég og hv. þm. Drífa Hjartardóttir getum verið sammála um það. En ég leyfi mér að gagnrýna það að verja hærri upphæð til úreldingar sláturhúsa sem kemur verr niður á byggðum svo sem rætt var um, t.d. í Skaftárhreppi, og mun án efa draga úr vinnu og skerða kjör fólksins þar. Líka er það að þetta mun að öllum líkindum hækka sláturkostnaðinn og í öðru lagi er ekki nóg með að þetta hækki sláturkostnaðinn, heldur hafa menn verið að vísa, m.a. í svörum á hinu háa Alþingi, ranglega í það og skýra út að það beri að fara í einhver útflutningssláturhús vegna einhverra Evrópureglna. Menn voru að tala fyrr í dag um röng svör ráðherra og ég tel að hæstv. landbrh. ætti að hafa frumkvæði að því að leiðrétta þessi röngu svör sín.

[14:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að ítreka það að úrelding sláturhúsa kom ekki til af góðu. Það voru of mörg sláturhús í landinu. Þau voru öll eða flest rekin með tapi. Með því að sameina þau og stækka hafa þau verið að hagræða hjá sér. En ég ítreka það sem ég sagði áðan, mér finnst að það megi ekki ganga of langt í þessum málum, en þó verður að reyna að fara einhverja meðalleið í þessum sláturhúsamálum. Úreldingin kom samt ekki til af góðu.

[14:35]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi hér skýrt fram að engir útreikningar lágu fyrir þessari úreldingu sláturhúsa.

[14:36]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Hér tel ég að hafi verið hreyft afar þörfu máli og ég tek í einu og öllu undir það sem hv. flm. hafði fram að færa. Viðvarandi og vaxandi fátækt samfara alveg ótrúlegri misskiptingu tekna og eigna birtist mér a.m.k. daglega í störfum mínum, m.a. sem lögmanns fyrir Eflingu – stéttarfélag. Þessi fátækt er í einu orði sagt afar svartur blettur á þjóðfélagi okkar.

Ég vil gera að umtalsefni tvær staðreyndir sem að vísu hefur nokkuð verið fjallað um hér, í fyrsta lagi að atvinnuleysisbætur eru langt undir fátæktarmörkum. Á þeim tekjum lifir enginn. Það þarf ekki einu sinni að ræða það. Atvinnulausir lifa margir hverjir í svartnætti örbirgðar og félagslegra vandamála. Heimurinn hrynur hjá þeim. Þeir eiga ekki fyrir húsnæðislánunum, þeir eiga ekki fyrir neinu. Þeir eiga ekki einu sinni fyrir brýnustu framfærslu.

Hin staðreyndin er sú, og hún er fyrir mér sýnu alvarlegri þótt þetta sé nógu slæmt, að það er talið að 30% einstæðra mæðra hafi framfærslu af tekjum undir framfærslumörkum. Hér hafa skapast það sem ég kalla nánast rússneskar aðstæður í fjölskyldumálum. Fjölskyldur leysast upp og karlarnir kikna undan ábyrgðinni. Þeir fara að heiman og kikna undan ábyrgðinni. Þeir sjá engin önnur úrræði. Þetta fólk hefur vart efni á brýnustu nauðsynjum. Það hefur ekki efni á íþróttum, ekki tómstundum, ekki á listnámi, það hefur ekki efni á neinu. Afleiðingar þessarar fátæktar eru margar og þær eru afdrifaríkar.

Eitt dæmi þessara afleiðinga er brottfall ungmenna úr skólum eftir skyldunámið. Það stendur mér líka nær vegna þess að það eru að meiri hluta strákar sem falla úr skóla menntunarlitlir eða menntunarlausir. Það er ekki eins og þegar ég var að alast upp og maður gat gengið í vinnu. Það var ekkert mál. Maður gat gengið í vinnu og jafnvel í aðra vinnu daginn eftir — en þeir fá ekki nokkra vinnu. Ég hef reynslu af því í mínu starfi líka, þetta eru ungmenni sem hafa ekki fengið neitt atlæti í æsku og ekki getað sinnt neinu. Þau leiðast út í afbrot og vímuefni og hvar er þá næsti áfangastaður þessara ungmenna? Hvaða opinberu stofnunum kynnast þau næst? Jú, þau kynnast lögreglu, þau kynnast dómstólum og seinast fangelsisyfirvöldum. Stór hluti af verkefnum lögreglunnar í Reykjavík t.d. í dag er að moka í þessa botnlausu hít þar sem við erum að framleiða inn í dómskerfið stöðugt fleiri ungmenni sem eru afleiðingar fátæktarinnar.

Ég ætla að segja það að lokum að við höfum ekki efni á þessari fátækt. Hún er allt of dýr fyrir okkur sem þjóðfélag. Ég vil segja það líka að tíma skýrslugerðar er löngu lokið. Við höfum þetta allt á borðinu. Allt saman er þetta á borðinu. Það er kominn tími aðgerða.

[14:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Frummælandi Samf. í þessu brýna máli, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem er 1. flm., hefur dregið afskaplega skýrt fram hvað það er mikilvægt að grípa til aðgerða og hver seinagangur ríkisstjórnarinnar og úrræðaleysi er. Ég tek undir með hv. þm. Atla Gíslasyni sem hér hélt sína jómfrúrræðu í dag um misskiptinguna sem blasir við hvarvetna en ríkisstjórnin virðist ekki vita af.

Ástæða þess að ég bað um orðið í þessari umræðu er að ég vil tala sérstaklega um einn hóp. Hér hefur verið farið mjög vel yfir það hvað er að í samfélagi okkar, á hverju þarf að taka, og í fskj. er yfirlit úr skýrslu ASÍ, Velferð fyrir alla. Við í Samf. höfum tekið á mörgum þessara mála og gert að okkar og ég tek heils hugar undir það sem hér fer fram. En ég vil tala um börnin, sem sérstakan hóp, börnin í íslensku samfélagi og hvernig misskiptingin í samfélaginu bitnar á þeim. Það er hópurinn sem við eigum að bera mest fyrir brjósti að öllum öðrum ólöstuðum.

Fyrir 2–3 þingum gerði Samf. það yfirstandandi þing eiginlega að málaþingi barna með málflutningi sínum. Við fluttum mjög mörg mál sem vörðuðu aðbúnað og uppvöxt barna í íslensku samfélagi, tókum þau sérstaklega saman og gerðum þeim skil. Eitt þingmál var samþykkt, um að búa til heildarstefnumörkun í málefnum barna, en heldur ekki það hefur komið út úr pappírsflóðinu sem liggur hjá ríkisstjórninni. Sú stefnumörkin hefur ekki séð dagsins ljós og öll önnur mál sem við fluttum fóru til nefndar, hafa verið endurflutt, hafa ekki náð fram að ganga en munu e.t.v. birtast einhvern tíma síðar þegar ríkisstjórnin ætlar að slá sér upp með því að koma fram með mál sem snúa að börnum.

Ég vil líka nefna það að margar aðgerðir ríkisstjórnarinnar beinast að þeim hópum sem síst skyldi. Ríkisstjórninni hefur ekki lánast að vinna þannig að hún skoði með hvaða hætti stjórnvaldsaðgerðir bitna á hópum. Hún veit aldrei á hvaða hópum stjórnvaldsaðgerðir bitna, tekur ákvarðanir um að draga úr barnabótum, tekur ákvarðanir um að lækka vaxtabætur þannig að meðalvaxtabætur lækka um 10%. Hún skoðar ekki hvað er að gerast í umhverfi fjölskyldunnar að öðru leyti, hvort hópar eru með lág laun, hvort hópar lenda í hækkuðum leikskólagjöldum í sveitarfélögum, hvort hópar lenda í hækkuðum fasteignagjöldum eins og hefur gerst, m.a. út af stjórnvaldsaðgerðum. Hún veit ekkert. Hún segir bara: Nú ætlum við að breyta þessu og nú ætlum við að lækka

vaxtabætur. Hún skoðar ekki hvort tilteknir hópar verða fyrir barðinu á stjórnvaldsaðgerðinni.

Á sínum tíma var flutt stjórnartillaga um opinbera fjölskyldustefnu. Undirrituð átti hlut að þeirri tillögu en hún var samþykkt í félagsmálaráðherratíð Páls Pétursonar. Fyrsta tillagan var með fjölskylduráði og fjölskyldusjóð innan borðs, og fjölskyldusjóðurinn var svo mikilvægur vegna þess að honum var einmitt ætlað að gera úttektir á því hvernig fjölskyldan væri stödd og hvernig ýmsar stjórnvaldsaðgerðir bitnuðu á tilteknum hópum. Þegar tillagan loksins hlaut náð hjá stjórnarmeirihlutanum var búið að taka sjóðinn út þannig að fjölskylduráðið hefur verið vopnlaust í sinni vinnu. Það er óumdeilt að umgjörð í uppvexti barna hefur gífurleg áhrif á þroska þeirra og þróun og þannig skiptir máli hvernig húsnæðismálum hinna lægstlaunuðu er háttað. Það varðar umgjörð barnafjölskyldnanna, möguleika á þátttöku í skólagöngunni og það sem fylgir veru í skóla, þátttöku í tónlistarnámi og þátttöku í íþróttum. Sums staðar, svo sem eins og í jafnaðarmannasamfélaginu í Hafnarfirði, er tekið á þessu. Þar þarf ekki að borga fyrir þátttöku barna í íþróttum upp að 10 ára aldri sem er stórt og veigamikið skref sem ég vona að eigi eftir að skila sér inn í önnur sveitarfélög. Þetta er mjög stórt fjölskyldumál og mjög mikilvægt varðandi jafna möguleika barna.

Við getum talað endalaust um misréttið, misrétti fullorðins fólks, en misrétti barna er ófyrirgefanlegt í ríku samfélagi eins og okkar, ófyrirgefanlegt. Það er líka vitað að börn sem vaxa upp við mikla fátækt verða frekar veik. Um þetta eru til erlendar rannsóknir sem þarf ekki að fara mörgum orðum um. Aðbúnaður fátækra bara er þess eðlis að þroski barnanna verður ekki sá sami. Allt sem fylgir erfiðum uppvexti, svo sem einelti og fleira, getur þýtt þátttökuleysi barns í samfélaginu sínu á fyrstu skólaárunum.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, koma inn á í ræðu minni í þessu þýðingarmikla máli og við munum auðvitað halda áfram að reka á eftir ríkisstjórninni og kalla eftir úrbótum. Hér lofaði hæstv. félmrh. að atvinnuleysisbæturnar yrðu hækkaðar einhvern tíma þegar nefndin er búin að vinna. Ég fagna því að hann kom með þá yfirlýsingu úr þessum ræðustól, við munum reka á eftir nefndinni og við munum fylgjast með hvenær hækkunin verður þannig að jafnúrræðalaus og ríkisstjórnin er munum við reka á eftir henni með þessi þjóðþrifamál sem hefur verið kallað eftir endalaust og látlaust síðan hún tók við 1995.

[14:47]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er vond, segir hv. þm. Ég vil þó minna á að kaupmáttur hefur aukist hér meira en annars staðar, (Gripið fram í.) almannatryggingar hafa hækkað, núna síðast á fjárlögum vorum við að bæta við einum milljarði til yngri öryrkja. Við höfum einnig aukið barnabætur á hverju ári og svo mætti lengi telja.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um nefnd sem var skipuð eftir tillögu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur get ég bara skýrt frá því hér og nú að skýrslan er að koma frá nefndinni, hún mun koma innan nokkurra vikna. Þetta hefur verið mikil vinna og það er verið að lesa plaggið yfir þessa dagana þannig að hún mun koma hér fram.

[14:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar.

Allt er í svo fínu lagi hjá okkur. Þetta eru viðteknar yfirlýsingar hjá stjórnarliðum. Það er hagvöxtur og Ísland er ofarlega þar í röðun samkvæmt hinum ýmsu mælingum alþjóðastofnana, og kaupmátturinn hefur aukist.

Svo kemur hæstv. félmrh. og segir: Ja, það er auðvitað alvarlegt og erfitt að fást við. Það er aukið langtímaatvinnuleysi. Já, og það er áhyggjuefni að það er miklu fleira ungt fólk atvinnulaust núna en áður.

Hvar eru, virðulegi forseti, aðgerðirnar sem á að vera að vinna að í þessum málum? Af hverju er ekki verið að nota þetta fína ástand til að bæta úr þarna? Það vantar ekki skýrslur og það vantar ekki úttektir. Þetta liggur fyrir, og aðgerðir til að taka á ýmsu eru þekktar.

Ég get sest niður hérna með hæstv. félmrh. og sagt honum hvað var gert í Kópavogi þegar menn áttuðu sig á að mjög margt ungt fólk var á atvinnuleysisskrá fyrir 15 árum eða svo. Þá var í sameiningu talað við forráðamenn ríkisskólanna og það var farið með hóp af ungu fólki, 20 eða 30 ungar manneskjur á skólaaldri, í Ölfusborgir og skólastjórar allra framhaldsskóla fengnir til að vera með hvatningu til þeirra til að fara í skóla í stað þess að ganga um eigrandi, atvinnulaus. Alveg ótrúlegur árangur náðist af þessari viku, langstærsti hópurinn fór inn í einhverja skólana að þessu átaki loknu. Það er hægt að gera alveg helling, það vantar bara viljann, það vantar algjörlega viljann hjá þessari ríkisstjórn.

[14:50]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vantar ekkert viljann hjá ríkisstjórn Íslands. Það er margt gott gert, en góða hluti er alltaf hægt að bæta.

Ég hélt áðan af ræðu hv. þingmanns að hún væri komin í andsvör við hæstv. félmrh. en ekki mig. Það er allt gott og blessað með það. Ég vil bara minna á það, þegar verið er að bera okkur saman við útlönd og sagt að ungt fólk fái ekki vinnu, að víðast hvar erlendis vinnur ungt fólk ekki. Ungt fólk vinnur ekki með skóla, krakkar vinna ekki erlendis. Það eru ekki einu sinni vinnuskólar þar eins og hér.

Svo margt hefur breyst í samfélagi okkar. Hér áður fyrr gátu allir, eins og hv. þm. Atli Gíslason nefndi í jómfrúrræðu sinni áðan, fengið vinnu þegar þeir voru ungir. Það gátum við, held ég, flest sem erum í þessum sal nema kannski ungu mennirnir sem eru hér inni. (Gripið fram í.) Við gátum fengið vinnu í fiski hvenær sem var.

Nú má helst enginn vinna neitt vegna þess að Evrópulöggjöfin gerir ekki ráð fyrir því að unglingar eða börn vinni. Það eru takmörk fyrir því í löggjöfinni hvað ungt fólk má gera. Hér hefur verið boðuð utandagskrárumræða um blaðburðarbörn og vinnuumhverfi þeirra. Ég held að því miður sé atvinnuleysi hér meira en við viljum hafa það en það er miklu minna en annars staðar í Evrópu.

[14:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að vera með hrósyrði til hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Mér finnst hún mjög ötul fyrir flokkinn sinn, og ötul yfirleitt að koma hér sem stuðningsmaður ríkisstjórnar sinnar og bera í bætifláka fyrir hana. Við eigum ekkert miklu að venjast af því hjá almennum þingmönnum stjórnarliðsins hér og ég tek ofan fyrir henni vegna þess.

Hv. þm. Atli Gíslason var áðan að lýsa fyrir okkur hverju hann kynntist í starfi sínu, m.a. hjá fólki sem er á atvinnu-

leysisbótum og er á þessum allra lægstu kjörum. Og ég er að tala um aðbúnað barna, uppvöxt barna. Hvernig halda menn að kjör barna séu í fjölskyldum þar sem fólk er á atvinnuleysisbótum og lifir jafnvel við hungurmörk? Ég tala nú ekki um að við erum að tala hér um langtímaatvinnulausa og það var það sem ég gerði að umtalsefni áðan varðandi félmrh. enda móttók ég bara ljúflega upplýsingarnar um heildarstefnumörkun barna.

Unga fólkið sem er á atvinnuleysisskrá er ekki unga fólkið sem er að vinna með skólanum. Það er ekki unga fólkið sem vinnur nokkra tíma á viku í sjoppu eða í kjörbúðunum eða hvar það nú er. Þetta er ungt fólk sem er á atvinnuleysisskrá. Það er ekkert að gera, það er ekki í skóla.

[14:53]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. flm. þessarar þáltill., Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir yfirgripsmikla og ágæta yfirferð yfir stöðu mála um bæði orsakir og mögulegar aðgerðir gegn fátækt.

Þá var upplýsandi og fróðlegt að hlusta á prýðilega jómfrúrræðu hv. þm. Atla Gíslasonar þar sem bæði var mælt af hugsjón og þekkingu og urðum við, áheyrendur að þeirri ágætu ræðu, ýmiss vísari um þau mál.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór ágætlega yfir þennan undarlega skammarblett sem fátæktin er á samfélagi okkar, mitt í peningaveislunni miklu sem hefur staðið yfir hjá hluta samfélagsins, stórgróðafyrirtækjunum og einkavinum ríkisstjórnarinnar, þeim sem hafa fengið að sitja að einkavæðingu ríkisfyrirtækjanna á undanförnum áratug eða svo. Á meðan hafa hópar fátækra í samfélaginu stækkað, að því er virðist og tölur sýna og sanna, og fátæktin virðist hafa með ýmsum hætti versnað, orðið sárari og verri en áður þekktist. Mörg eru líka dæmin úr skólum af hrikalegri eiturlyfjaneyslu unglinga, eða barna held ég að réttara sé að segja, og dapurt er til þess að vita hvernig eymdin og neyðin hefur fært sig neðar og verður ávallt sýnilegri í grunnskólunum þar sem hún ætti að vera hvað ósýnilegust og fjarlægust. Þetta kom hv. flm. ágætlega inn á. Eins og kemur fram í greinargerð sýna tölur, frá mæðrastyrksnefnd t.d., að aðstoð vegna matargjafa hefur aukist um 40%. Það er sláandi staðreynd þar sem það hlýtur að vera ótrúlega niðurlægjandi og dæmalaus staða að þurfa að leita á náðir fátæktarsamtaka til að fá mat ofan í sig og sína, og sérstaklega eins og fram hefur komið að þarna er oft um að ræða „venjulegt fólk", fólk sem við mundum aldrei gera okkur í hugarlund að þyrfti að niðurlægja sig með því að leita sér svona aðstoðar. En þessi er staðan.

Ef rýnt er í samanburðartölurnar á milli Norðurlandanna kemur í ljós að hér eru þeir sem búa undir fátæktarmörkum hlutfallslega langflestir. Sker í augu að skoða samanburðinn t.d. á milli Íslands og Noregs þar sem þessi tala í Noregi er 3,5% en á Íslandi 6,8%. Ótrúlegt eftir áratug peningaveislunnar ógurlegu og þess mikla hagvaxtar sem ríkisstjórnir Framsfl. og Sjálfstfl. stæra sig gjarnan af, ótrúlegt hvernig ríkisstjórn hinna marglofuðu en margsviknu skattalækkana stærir sig af hagvexti og skattalækkunum en þó er staðan sú að fátækt hefur aukist til muna.

Þá komum við að þeim aðgerðum sem lagðar eru hér til svo að vinna megi gegn fátæktinni til langframa. Margt er gott lagt til en ég ætlaði sérstaklega að staldra við eitt atriði sem kemur fram í tillögunni og var einnig lagt fram í tillögu ASÍ, Velferð fyrir alla, í mars 2003. Tillagan lýtur að menntamálunum. Það meðal sem við höfum og vinnum hvað róttækast og til langframa með gegn fátækt er aukin menntun, hærra menntunarstig. Þar með búa fleiri og fleiri við öryggi og frekari ávísun á bærileg störf og aukna flóru starfa. Grunnhugmyndin er menntun, einhvers konar framhaldsmenntun, hvort sem það er starfsmenntun eða styttri námsbrautir. Erum við, nokkrir þingmenn Samf., undir forustu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, að vinna að slíkri þáltill. sem ber heitið Nýtt tækifæri til náms. Þar munum við leggja til að Alþingi álykti að fela menntmrh. að semja greinargerð fyrir þingið um áætlun í átaki í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmið okkar með því er að hækka menntunarstig þjóðarinnar, skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við leggjum til að við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðar, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og fleiri sem málið er mjög skylt.

Með slíku sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast einmitt þeim hópi sem er kannski viðkvæmastur fyrir hvers konar sveiflum og ágjöfum í samfélaginu nýtt tækifæri. Þessi hópur er viðkvæmur fyrir því að þurfa að þiggja atvinnuleysisbætur sér og sínum til framfærslu og lenda þar með í þeirri sáru neyð sem fátæktin er. Fólk þarf ekki að vera lengi á atvinnuleysisbótum einum saman til að festast í fátæktargildrum enda duga bæturnar, eins og hér hefur komið fram, hvergi nærri til framfærslu og hvað þá til að halda í við fyrri skuldbindingar, framfærslu barna sinna og fjölskyldna. Svo ömurlega er komið fyrir þeim sem lenda í atvinnuleysinu í tíð hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar sl. ár eru um 30% starfskrafta á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun og þetta er markhópur umræddsátaks sem við munum leggja upp með á næstunni. Hluti þessa hóps er svokallaður brottfallshópur úr framhaldsskóla sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, til hliðar við hina formlegu framhaldsskólamenntun með starfsmenntun og sínum hefðbundnari styttri námsbrautum og framhaldsnámi. Það er illgjörlegt að lokka þennan hóp inn í framhaldsskólana og ekki hægt að ætlast til þess að hann fari þangað aftur löngu seinna til að taka upp þráðinn.

Þess vegna leggjum við þetta sérstaka átak fram og er það nátengt því átaki sem hér er verið að ræða, um aðgerðir gegn fátækt. Þannig vinnum við gegn fátækt til frambúðar, með því að auka menntunarstigið og þar með tækifæri fólksins í landinu til að afla sér nýrrar þekkingar, nýrra starfa, nýrrar tryggingar gegn hvers konar ágjöfum í efnahagsmálum eða atvinnumálum þjóðarinnar og ekki síst meira sjálfstrausts til að fara sjálft af stað og skapa sér sín eigin nýju tækifæri.

Þessi umræða hefur, virðulegi forseti, verið ákaflega gagnleg og í sjálfu sér er ánægjulegt að sjá og heyra hve margir þingmenn hafa blandað sér í hana, enda um eitt af brýnustu samfélagsmálum okkar tíma að ræða.

[15:01]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhanna Sigurðardóttir, 1. flm. þessarar þáltill. okkar hefur gert góða og skýra grein fyrir málinu. Ég tek undir hvert orð hennar og kannski sérstaklega þá brýningu að hér sé út af fyrir sig nóg talað og fyrst og fremst aðgerða þörf og óviðunandi að hér sé

einfaldlega aftur og aftur boðað að bráðum sé von á skýrslum. Út af fyrir sig er líka hægt að taka undir margt annað sem komið hefur fram í máli manna við þessa umræðu. Og ég vil lýsa ánægju minni með það að hæstv. félmrh. skuli hafa fært í tal það vaxandi atvinnuleysi og þær blikur á lofti sem við sjáum í atvinnumálum því það er sannarlega ekki alltaf sem ráðamennirnir og þeir sem fara fyrir eru tilbúnir til þess að viðurkenna vanda og vaxandi vanda og aðsteðjandi vá eins og ráðherrann sannarlega gerir með því að vekja sérstaklega athygli á því að hér er vaxandi atvinnuleysi. Það er vaxandi vandi þó að kannski hafi ekki verið dregnar réttar ályktanir af því einmitt í þessari ræðu, en ég held að það hafi fyrst og fremst verið óheppileg tenging að tengja það að vaxandi atvinnuleysi kallaði á það að við hækkuðum atvinnuleysisbæturnar því að vaxandi atvinnuleysi hlýtur auðvitað fyrst og fremst að kalla á vinnumarkaðsaðgerðir og það að vinna að því að fólk komist úr þeirri stöðu að vera atvinnulaust fremur en að kalla á sérstaka hækkun bótanna. Bæturnar þurfa hins vegar hækkunar við en það er auðvitað algjörlega óháð því hvort það eru fáir eða margir sem þurfa að búa við þau lífskjör.

Við höfum, margir þingmenn, ítrekað vakið athygli á því að þessi lífskjör, 77 þús. kr. á mánuði, væru algerlega óþolandi í því velmegunarsamfélagi sem við þó búum í og ég fagna því að ráðherra skuli taka undir þau sjónarmið og lýsa því yfir að atvinnuleysisbætur hafi dregist verulega aftur úr öðrum bótum. Og þar kveður við allt annan tón en fyrir tveimur mánuðum í umræðunni um fjárlögin þegar ráðherrann sá helst ástæðu til að fara með niðurskurðarhnífinn á þennan hóp og þessar litlu bætur. Ég skil það svo að hér sé ráðherrann að gefa um það yfirlýsingu að hann ætli að fylgja því eftir persónulega sem félagsmálaráðherra, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að þessar bætur verði hækkaðar umtalsvert. Ég get ekki skilið orð hans hér, um að atvinnuleysisbætur hafi dregist verulega aftur úr öðrum bótum og að það kalli á að þær verði endurskoðaðar, öðruvísi en svo að hæstv. félmrh. ætli að beita sér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar verulega. Ég bið hæstv. ráðherra um að leiðrétta mig ef sá skilningur er ekki réttur hjá mér.

Í öðru lagi er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að hæstv. ráðherra hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni en ég held að það sé mikilvægt að hann upplýsi okkur um hvaða tíma hann ætlar mönnum í þá endurskoðun og hvenær við megum búast við að athafnir fylgi orðum hans í dag og að við fáum að sjá hér í þinginu tillögur um umtalsverðar hækkanir á atvinnuleysisbótum.

Í þriðja lagi vil ég spyrja ráðherrann hvort hann telji að við þá endurskoðun komi til greina að tengja atvinnuleysisbætur, í það minnsta fyrstu vikur atvinnuleysis eða fyrstu mánuði atvinnuleysis, við fyrri atvinnutekjur manna eins og víða þekkist.

Sem sagt í fyrsta lagi: Hvort ég hafi ekki skilið hæstv. félmrh. rétt að hann ætli að beita sér fyrir verulegri hækkun á atvinnuleysisbótum.

Í öðru lagi: Hvenær endurskoðunarinnar væri að vænta inn í þingið.

Og í þriðja lagi: Hvort ráðherrann telji koma til greina að tengja atvinnuleysisbætur, a.m.k. fyrstu vikur eða mánuði atvinnuleysis, við fyrri atvinnutekjur manna til að auðvelda þeim aðlögun að nýjum aðstæðum.

Væri ég þakklátur ef ráðherrann gæti veitt svör við þessum spurningum um leið og ég þakka honum fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu í dag.

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða um þáltill. er kannski frekar farin að minna á opinn fyrirspurnatíma til félmrh. en ég skal reyna að bregðast vel við þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Fyrst vil ég svara hv. þm. Helga Hjörvar varðandi spurningu hans um afstöðu mína til hugmynda um tengingu atvinnuleysisbóta við fyrri tekjur. Það er eitt þeirra atriða sem ég mun óska eftir við umræddа nefnd að hún taki sérstaklega til skoðunar. Flokksþing framsóknarmanna hefur m.a. fjallað um þetta mál og ályktað um að það sé ástæða til að skoða þetta sérstaklega. Það er því eitt af því sem mér finnst koma þar til greina.

Ég hef sömuleiðis lýst því úr þessum stól að atvinnuleysisbætur hafi ekki hækkað í takt við aðrar bætur, þannig að það er eitt af því sem mér finnst þurfa að skoða sérstaklega.

Ég vil þó, án þess að það sé stóra umfjöllunarefnið, leiðrétta a.m.k. tvo hv. þm. bara svo menn fari ekki með rangt mál í því áfram að atvinnuleysisbæturnar eru ekki lengur rúmar 77 þús. kr. heldur 79.767. Ekki að það sé allur munurinn, það er bitamunur en ekki fjár, en rétt tala.

Ég hef ekki sett umræddri nefnd sem ætlað er að skoða sérstaklega vinnumarkaðsaðgerðir og lögin um atvinnuleysistryggingar sérstök tímamörk. Mér finnst þó ástæða til að við hröðum þeirri vinnu án þess að við látum hraðann bitna á gæðunum.

Ég vil líka nefna það við þessa umræðu að það hefur farið af stað sérstakt starf sem lýtur að því að ráðast gegn þeim vanda sem hér hefur verið lýst og varðar langtímaatvinnuleysi. Að störfum er hópur þar sem saman koma aðilar vinnumarkaðar og fulltrúar mínir sem félagsmálaráðherra sem eiga núna um það samvinnu við sveitarfélögin, m.a. af Suðurnesjum, á Akureyri, á höfuðborgarsvæðinu og víðar, að ráðast gegn rótum þess vanda og reyna að finna leiðir til þess að aðstoða sérstaklega ungt fólk og þá sem hafa verið atvinnulausir í lengri tíma til að ganga gegn þeim vanda.

[15:09]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt. Í greinargerð tillögunnar er vitnað í nýlega rannsókn Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings sem rannsakað hefur fátækt í íslensku samfélagi. Einnig fylgir með tillögunni nokkuð ítarlegur útdráttur úr skýrslu Alþýðusambands Íslands, Velferð fyrir alla.

Hér er ekki á ferðinni ítarleg rannsóknarvinna af hálfu flutningsmanna heldur er alfarið stuðst við rannsóknarvinnu þeirra aðila sem áður hefur verið getið um. Þó vil ég lýsa yfir ánægju minni á framtaki flutningsmanna tillögunnar.

Samanburðartölur frá OECD eru vinsælt umræðuefni stjórnarliða fyrir kosningar. Ísland er á lista yfir ríkustu þjóðir heims samkvæmt útreikningum OECD. Aldrei, herra forseti, heyrði ég nokkurn stjórnarliða tala um fátækt á Íslandi í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Staðreyndin er sú að fátækt á Íslandi er meiri en í nokkru öðru ríki á Norðurlöndunum.

Virðulegi forseti. Þeir sem í þessum sölum sitja fengu kauphækkun upp á rúmar 40 þús. kr. daginn eftir kosningar

hinn 10. maí sl. Í skýrslu Hörpu Njálsdóttir kemur fram að 40 þús. kr. á mánuði vantar upp á fullan lífeyri frá Tryggingarstofnun miðað við lágmarksframfærslu til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðra framfærslu eða tekjur geti framfleytt sér.

Öllum mönnum sem fæðast með ákveðna hæfileika sem síðar nýtast þeim í lífinu ber að þakka vöggugjöfina. Þakkirnar eiga að endurspeglast í verkum og metnaði til handa okkar minnstu bræðrum og systrum.

Á 18. eða 19. öld var hugmyndinni að velferðarkerfi fyrst kastað fram. Vandinn var skýr á þessum tímum. Aldraðir áttu bágt, öryrkjar áttu bágt, í raun áttu allir sem ekki voru vinnufærir bágt. Út frá þessu ástandi kom hugmyndin um velferðarkerfið fram.

Mér þykir það miður að íslenskir þegnar sem gjarnan er kenndir við ótrúlega samhjálp og mikla samvinnu þegar illa gefur á bátinn skuli lúta valdi núverandi ríkisstjórnar. Ríkisstjórnir núverandi stjórnarflokka hafa brugðist fátækum Íslendingum. Á meðan auðæfi ákveðinnar stéttar vaxa úr hófi fram, daprast hagur annarra til muna. Áherslurnar eru greinilega rangar. Sem dæmi get ég tekið útgjaldaaukningu ríkissjóðs til utanríkismála en útgjöld til utanríkismála hafa aukist um marga milljarða á undanförnum árum. Hallir eru reistar, marmari lagður, ný störf diplómata eru sköpuð, ríkisfyrirtæki eru seld til einkavina núverandi stjórnarafla á gjafviði, en fátæktin heldur áfram að aukast í íslensku samfélagi.

Sumir hafa gengið svo langt að vilja ekki viðurkenna fátæktina í landinu. Eru þar jafnan á ferðinni jarlar sem hugsa fyrst um eigin hag og framtíð. Það er skylda okkar allra að viðurkenna vandann og leita góðra leiða svo framfærslu okkar verst settu verði borgið.

Ég velti því grundvallaratriði fyrir mér hvort allir hv. þingmenn hafi lesið skýrslu Hörpu Njálsdóttur sem að mínu mati er tímamótaverk. Jafnframt er mér spurn hvort allir hv. þingmenn hafi lesið skýrslu Alþýðusambands Íslands, Velferð fyrir alla.

Ég sat fund ASÍ síðastliðið vor þar sem efni skýrslunnar var sérstaklega til umræðu. Fjölmargir þingmenn stjórnarandstöðunnar sátu þennan fund. Virðulegi forseti. Ég man ekki til þess að hafa séð nokkurn þingmann úr röðum stjórnarliða á þeim fundi. Sú staðreynd endurspeglar hug þeirra til umræðunnar.

Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, Atli Gíslason, gat þess sérstaklega í ræðu sinni að við hefðum ekki efni á fátæktinni. Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Atla Gíslasyni. Gerum okkur grein fyrir þeim sparnaði sem fylgir réttum áherslum og vinnubrögðum í velferðarmálum. Óregla, veikindi og ýmiss konar félagsleg vandamál eru fylgifiskar fátæktar. Óregla, veikindi og ýmiss konar félagsleg vandamál kosta peninga fyrir ríkissjóð.

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir tillöguna sem hér er til umræðu. Ríkisstjórn Íslands verður að grípa í taumana nú þegar og skipa nefnd með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga, heildarsamtökum launafólks og öðrum máltengdum félagasamtökum sem hafi það verkefni að koma fram með tillögur til að sporna gegn fátækt á Íslandi.

[15:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að bæta upp á minni hv. þm. sem lét hér koma fram að hann myndi ekki eftir neinum þingmanni Framsfl. á umræddum fundi í Salnum í Kópavogi fyrir síðustu kosningar. Ég vil láta það koma fram að ég sat þann fund og reyndar var ég ekki sá eini úr mínum þingflokki sem þarna var.

Í öðru lagi vil ég líka láta það koma fram vegna þess sem hv. þm. varpaði hér fram að ég hef lesið þessi gögn frá Alþýðusambandi Íslands. Ég hef að vísu ekki lesið skýrslu Hörpu Njálsdóttur til neinnar hlítar þó að ég hafi gluggað í hana.

Mér finnst gæta þess hjá hv. þm. að hann taki viðfangsefnið fátækt og snúi því gegn ríkisstjórninni, rétt eins og fátæktin og ríkisstjórnin séu andstæðingar eða jafnvel að ríkisstjórnin sé að vinna að því að koma mönnum í fátækt. Ég vil biðja hv. þm. að skýra ummæli sín nánar í þessu því það væri leitt ef orð hans væru skilin á þann veg sem ég gat hér um að hægt væri að túlka þau.

Ég vil segja, herra forseti, að þvert á móti hefur ríkisstjórnin unnið að því að draga úr fátækt og auka velferð. Ekki verður annað sagt en að dómurinn yfir ríkisstjórninni síðustu átta ár sé á þann veg, með öllum viðurkenndum mælikvörðum, að hún hafi staðið sig betur í því viðfangsefni en nokkur önnur ríkisstjórn á undan henni í jafnlangan tíma.

[15:15]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að mér sé fyrirgefið að mér hafi láðst að taka eftir einum eða tveimur stjórnarliðum á fundi Alþýðusambands Íslands þar sem efni skýrslunnar Velferð fyrir alla var til umræðu.

Ég vil síður en svo búa til ágreining á milli fátæks fólks á Íslandi og núverandi ríkisstjórnar. Fyrst og fremst benti ég á þá staðreynd að fátækt á Íslandi fer vaxandi.

Þrátt fyrir ummæli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að við Íslendingar hefðum staðið okkur afskaplega vel á síðustu átta árum þá er staðreyndin einfaldlega sú að þetta vandamál hefur aldrei verið stærra en einmitt nú í íslensku samfélagi. (**Gripið fram í:** Mikið bull er að heyra þetta.) Þetta er bara bláköld staðreynd, virðulegi forseti.

Ég óska þess innilega að fleiri hv. þm. en þeir sem nú sitja í þessum sölum — þeir eru afskaplega fáir — muni gefa þessu málefni meiri gaum en gert hefur verið á undanförnum árum.

[15:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég erfi það ekki á nokkurn hátt við hv. þm. þó að hann hafi ekki tekið eftir því að ég hefði setið í salnum á sínum tíma. Það er engin synd að sjá mig ekki þó að ég sé ekki með lægri mönnum.

Það sem ég vildi draga fram, herra forseti, var að mér fannst ræða hv. þm. um viðfangsefnið beinast um of að ríkisstjórninni, sem aðila sem bæri sök á því ástandi sem upp var dregið. Andsvar mitt er fólgið í því að leiðrétta þann kúrs á ræðu hv. þm. Ég tel að hann sé rangur og tel að ríkisstjórnin hafi um margt staðið sig vel í þeim efnum og það verði ekki hrakið með nokkrum rökum.

Á hinn bóginn er fátæktin til. Við henni þarf að bregðast. Menn þurfa að vinna að því að skapa aðstæður fyrir fólk svo það geti komist úr þeirri stöðu. Það er viðfangsefni sem ég held að allir viðurkenni að við eigum að vinna að, bæði ríkisstjórn og aðrir stjórnmálamenn.

[15:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um aðgerðir gegn fátækt. Almennt tel ég þingmálið þarft og tel að það sé lagt fram af góðum hug, af umhyggju fyrir þeim sem í hlut eiga og vilja til að skapa samstöðu um aðgerðir til að draga úr því að menn séu í þeirri stöðu sem fellur undir skilgreiningu þáltill.

Ég vil draga það fram að menn grípa ekki til aðgerða gegn fátækt einvörðungu með sértækum aðgerðum. Þetta er tvíþætt viðfangsefni sem unnið er að, fyrst með almennum aðgerðum og svo með sértækum aðgerðum. Ég tel að á undanförnum árum hafi með almennum aðgerðum í efnahagsmálum, betur en oft áður og kannski betur en nokkru sinni fyrr, tekist að skapa aðstæður fyrir fólk til að komast úr fátækt og til bjargálna. Allar tölur sýna að kaupmáttur hefur vaxið og kjör fólks batnað. Ég held að það þurfi ekki að vitna mikið í hagtölur til að sýna fram á það með óyggjandi rökum að almenn velferð hefur vaxið á undanförnum átta árum. Það eru hinar almennu aðgerðir sem skapað hafa skilyrði til að bæta kjör fólks.

Á hinn bóginn eru aðstæður einstaklinga mismunandi. Þar koma til hinar sértæku aðgerðir. Ég lít svo á að þáltill. vísi til þess viðfangsefnis. Til sannindamerkis um að menn telja, þeir sem flytja málið, að ríkisstjórnin hafi um margt staðið sig vel í almennum aðgerðum þá stóð sá flokkur sem flutningsmenn tillögunnar eru úr fyrir því í síðustu alþingiskosningum að bjóða kjósendum skattalækkanir ef þeir styddu sinn flokk til áhrifa. Þeir mátu stöðuna í atvinnu- og efnahagsmálum þannig að hægt væri að grípa til almennra skattalækkana og bæta kjör fólks með því, ekki með sértækum aðgerðum heldur almennum skattalækkunum. Það er auðvitað stærsta viðurkenningin sem ríkisstjórnin getur fengið, sérstaklega í aðdraganda kosninga um góðan árangur í efnahagsmálum. (Gripið fram í.) Stjórnarandstöðuflokkurinn hefði ekki treyst sér til að bjóða upp á miklar almennar skattalækkanir nema vegna þess að efnahagslífið stendur undir því og atvinnulífið stendur undir því og kjör fólks sem er í atvinnulífinu eru það góð að þau skapa verðmæti til að standa undir því. Það er besta sönnun sem við getum sýnt fólki um að ríkisstjórnin hafi staðið sig vel í þeim efnum, með almennum aðgerðum í efnahagsmálum. Þær duga best til lengri tíma. Sértækar aðgerðir eru ekki varanlegar aðgerðir. Með sértækum aðgerðum leysum við engin vandamál endanlega en þær eru nauðsynlegar.

Á lofti eru ýmis teikn sem eru þess eðlis að taka verður mark á þeim og bregðast við þeim. Skýrasta dæmið, sem hér hefur oftast verið nefnt, er t.d. vaxandi fjöldi einstaklinga sem leita til mæðrastyrksnefndar. Það segir okkur einhverja sögu þó að við vitum ekki nákvæmlega hvað liggur þar á bak við. Við viljum auðvitað ekki vísa því á bug. Við viljum þvert á móti reyna að átta okkur á því hvað veldur þessu. Ég held því að við eigum að skoða þessi mál til hlítar.

Ég er sammála því sem fram kemur í upphafi þáltill., að ríkisstjórnin eigi að grípa til aðgerða til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Það á ríkisstjórnin að gera. Ég tel að ríkisstjórnin sé að gera þetta og hafi verið að gera þetta á undanförnum árum. Hún á að halda áfram á sömu braut. Við ætlumst til þess, sem stöndum að ríkisstjórninni, að hún vinni að þessum markmiðum. Ég er fullviss um að hæstv. félmrh. mun vinna að framgangi þeirra verkefna sem þar eru dregin fram. Ég held að það gæti verið gert með því að hæstv. ráðherra setti niður starfshóp til að skoða umfangið og skoða hvaða leiðir menn hafa til að koma sér úr þeim aðstæðum sem menn geta lent í og skilgreinast undir fátæktarmörkum. Stundum er um að ræða aðstæður sem neyða menn í stöðu sem þeir hafa ekki tök á að ráða við. Stundum er um að ræða aðstæður sem einstaklingur ræður við og enginn fær breytt nema hann sjálfur. Það er breytilegt hvernig málin eru til komin. Þess vegna eru lausnirnar líka breytilegar. Ég held að við eigum að reyna að kortleggja þessa stöðu. Erum við viss um að allir þeir sem teljast undir fátæktarmörkum eigi kost á leið út úr þeirri stöðu? Það held ég að eigi að vera okkar stærsta viðfangsefni, að gera þær breytingar sem þarf til að fólk eigi þess kost að komast út úr stöðunni.

Ég held að það sé mikið samhengi á milli atvinnuleysis og menntunar og þess vegna eigi að skoða hvort atvinnulaust fólk geti ekki menntað sig til nýrra starfa sem það hefur ekki átt tök á að sinna miðað við núverandi stöðu og hvort lánakerfið geri mönnum það ekki kleift að sækja sér aukna menntun og hæfni til annarra starfa en þeirra sem þeir hafa fengist við. Ég held að það þurfi að skoða þetta mjög vandlega. Það kann að vera nauðsynlegt að skoða námslánakerfið og jafnvel það sem nefnt er í fylgiskjali, að taka upp styrki, námsstyrki fyrir einstaklinga til að þeir geti fetað sig úr þeirri stöðu sem þeir eru í og menntað sig til annarra starfa. Við eigum að reyna að ýta undir það eins og hægt er og reyna að sjá til þess að leiðin sé alltaf opin fyrir einstaklinginn.

Ég held líka að við eigum að skoða hvernig sveitarfélögin standa að framfærsluskyldu sinni. Það kann að vera nauðsynlegt að fara yfir það og ýta við sveitarfélögunum. Það er ekki víst að þau hafi sett skilgreiningar sínar með þeim hætti sem ásættanlegt er.

Ég held líka að ríkið þurfi að skoða ákveðna hluti. Ég nefni samþykktir á flokksþingi Framsfl., t.d. varðandi öryrkja. Sumu af því er búið að hrinda í framkvæmd, m.a. að hækka almennar bætur öryrkja miðað við aldur en við erum líka með samþykktir um það að grípa til aðgerða sem mundu gera það að verkum að einstaklingar sem einvörðungu lifa af bótum almannatryggingakerfisins séu ekki að greiða skatta. Það væri mikil bót fyrir hann hóp þjóðfélagsþegna ef við næðum að koma því í framkvæmd.

[15:26]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þm. sneiða fram hjá kjarna vandamálsins sem við erum að fjalla um. Staðreyndin er sú að þrátt fyrir góðærið sem við höfum búið við á umliðnum árum frá 1995 og vaxandi þjóðartekjur þá hefur fátækt aukist. Sá hópur sem býr við fátækt hefur stækkað.

Ég man ekki eftir því að hér á árum áður hafi fólk verið í biðröðum eftir matargjöfum. Eins og forseti Íslands sagði fyrir jólin hafa umsvif hjálparstarfs aukist ár frá ári vegna fátæktar og það þrátt fyrir góðærið. Ég man heldur ekki eftir því að það hafi verið aðgengishindranir í heilbrigðiskerfinu eins og læknar halda fram nú. Gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu hefur vaxið mjög. Á síðastliðnum 15 árum hefur hlutur heimilanna í heildarútgjöldum til heilbrigðismála hækkað um 159% meðan heildarútgjöldin hafa hækkað um 100%.

Ég man ekki eftir að hafa heyrt það fyrir árið 1995 að fólk hafi ekki getað leyst út lyfin sín eða leitað sér læknishjálpar, sem er staðfest og ekki hægt að mótmæla. Ég man heldur ekki eftir svo löngum biðröðum eftir leiguhúsnæði sem nú eru. Það er þetta sem við erum að mótmæla. Þetta er

vandinn sem þarf að taka á vegna þess að það er ekki hægt að mótmæla því að stéttaskipting í þjóðfélaginu hefur vaxið. Fátækir hafa ekki fengið eðlilegan hlut af góðærinu.

Hæstv. félmrh. hefur reyndar viðurkennt það varðandi atvinnulausa. Hann sagði áðan að atvinnulausir hefðu dregist aftur úr og ekki fengið sambærilegan hlut og aðrir. Hann ætlar að reyna að bæta úr ef hann fær til þess stuðning ríkisstjórnarinnar. Það er alveg ljóst hver vandinn er. Mér finnst hv. þm. sneiða nokkuð hjá honum.

[15:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldeilis ekki. Ég hef ekki verið að sneiða fram hjá vandanum heldur dregið fram í hverju hann er fólginn og hvernig menn mæta honum. Hvað varðar sértæka hluta málsins þá tók ég undir það að við ættum að skoða það mál og kynna okkur, m.a. út frá þeim teiknum sem við höfum um vaxandi fjölda þeirra sem leita til mæðrastyrksnefndar. Við þurfum að vita hvað býr þar að baki. Hvaða aðstæður hafa breyst svo mikið að það knýr fólk í auknum mæli til þessa úrræðis? Ég er ekki viss um að það megi draga allt of víðtækar ályktanir af því, eins og mér heyrist hv. þm. vilja gera. En þar eru alvarleg merki sem við eigum að taka alvarlega. Mér fannst ég einmitt taka undir málflutning þingmannsins með því að nefna þetta.

Fleiri atriði mætti nota til að bæta stöðu fólks sem lendir í þessari stöðu, ekki bara að hækka örorkubætur og annað slíkt eins og menn hafa verið að gera bæði með almennum hækkunum og sértækum hækkunum eins og hv. þm. þekkir. Einnig mætti hækka aðrar bætur eins og barnabætur. Það má og gera með aðgerðum í húsnæðismálum sem hæstv. félmrh. hefur tekið sérstaklega fyrir. Ég hygg að hann verði ekki vændur um að láta sitt eftir liggja í þeim efnum.

Varðandi gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu þá er hún í meginatriðum svipuð og þegar hv. þm. var ráðherra. Það má deila um það hvort mönnum þyki sú gjaldtaka of mikil eða of lítil. En hún er um 15% af heildarkostnaði við heilbrigðiskerfið, um 10 milljarðar kr. Hlutfallslega er hún mjög svipuð og var þegar hv. þm. var ráðherra og hefur lítið breyst. Ég hef ekki heyrt á samflokksmönnum hv. þm. það viðhorf að það þyrfti að gera úrbætur að þessu leyti. Þvert á móti liggja fyrir yfirlýsingar formanns flokksins um að ekki skorti fé í heilbrigðiskerfið.

[15:31]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir í úttektum sem hafa verið gerðar, m.a. af Hagstofunni, að hlutur heimilanna í heildarútgjöldum til heilbrigðismála hefur vaxið. Hann var hlutfallslega miklu minni á árum áður, líka þegar við vorum þó ekki í því góðæri sem við erum í núna.

Ég heyri samt á máli hv. þingmanns að hann hefur ákveðinn skilning á því að það þurfi að taka á málum. Því spyr ég hv. þingmann: Hvað hefur hann gert til þess að fylgja því eftir innan síns flokks, innan stjórnarflokkanna, að tekið verði á þessum málum, t.d. varðandi atvinnulausa?

Það er ekki boðlegt að stórum hópi í þjóðfélaginu, nokkrum þúsundum, sé gert að lifa af innan við 80 þús. kr. á mánuði. Hv. þm. nefndi hér skattgreiðslur lágtekjufólks. Við höfum hvað eftir annað flutt tillögur um að það eigi ekki að greiða skatta af tekjum sem eru undir lágmarkslaunum. Það á að hafa forgang að taka á því máli.

Þessi ríkisstjórn hefur allar götur frá 1995 fyrst og fremst hugsað um fjármagnseigendur í skattamálum. Þeirra hlutur hefur sérstaklega verið réttur af í skattamálum á umliðnum árum. Ég held að hv. þingmaður geti ekki borið á móti því. Mig minnir meira að segja að hann hafi verið í liði með okkur í stjórnarandstöðunni við að gagnrýna að verið væri að draga úr skattgreiðslum fjármagnseigenda. Því ber auðvitað að fagna. En það hefur ekkert verið gert á umliðnum árum til að lækka skattbyrði láglaunafólks, þvert á móti greiðir t.d. fólk sem er bara með lífeyri úr almannatryggingum að meðaltali sem samsvarar einum mánaðarlaunum í skatt á ári. Það er búið að skoða það.

[15:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að það er mikill vilji til þess, a.m.k. af hálfu okkar framsóknarmanna, að vinna áfram að því að bæta kjör fólks sem er með slök kjör. Ég vil minna á, vegna þess að hv. þm. beitti sér fyrir því að koma hér á húsaleigubótum, að fyrir fáum árum var afnumin skattgreiðsla af húsaleigubótum fyrir okkar tilverknað og kjör fólks bætt sem því nam. Auðvitað eru menn alltaf að vinna að einhverjum atriðum af þessu tagi.

Ég vil nefna til viðbótar það sem ég nefndi áðan um ályktanir okkar varðandi örorkubætur og skattgreiðslur þeirra sem eingöngu hafa bætur almannatrygginga. Ég hef unnið að því ásamt fleirum að fá fram samþykktir á flokksvettvangi um að hækka atvinnuleysisbætur upp í lágmarkslaun. Það liggur fyrir samþykkt um það. Og líka að taka til athugunar að tengja atvinnuleysisbætur við laun. Á ýmsum stöðum eru menn auðvitað að vinna hugmyndum fylgi sem ætlaðar eru til þess að hjálpa mönnum út úr þeim aðstæðum sem fátæktin er.

Mér finnst að hv. þingmaður megi alveg taka eftir því að við erum samherjar í þessum málum. Ég tók í ræðu minni undir það efni tillögunnar að skoða fátæktina og umfang hennar og kortleggja leiðirnar sem fólki standa til boða til að komast út úr aðstæðunum. Ég tel að stjórnvöld eigi að gera það. Og ég hvet hæstv. félmrh. til að taka til skoðunar hvort ekki sé rétt að hann taki frumkvæði í málinu, setji niður hóp manna í að skoða hvaða leiðir atvinnulaus maður hafi til að koma sér úr út atvinnuleysinu. Það væri mjög þarft verk að ryðja brautina í þeim efnum.

[15:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessa máls og mér finnst umræðan um það hafa verið ágæt hér í dag. Ég vil samt byrja á því að leiðrétta það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði um skattamálin frá því í vor. Hann útfærði mál sitt svo að við hefðum, samfylkingarmenn, með því að leggja til skattalækkanir verið að skrifa upp á það að ríkisstjórnin hefði staðið sig vel í efnahagsmálum. Hann veit jafn vel og allir aðrir út á hvað þessar skattalækkunarhugmyndir gengu hjá öllum flokkunum sem lögðu þær til. Þær gengu út á þann útreikning sem menn gerðu á því hvað yrði til skiptanna á næstu árum, fyrst og fremst vegna arðs af Kárahnjúkaframkvæmdinni og öðru slíku, þannig að það sé á hreinu hvað það var sem flestir voru sammála um að mundi gefa arðinn í framtíðinni.

Við erum að tala hér um fátækt en við erum raunverulega að tala um samfélag hinna ríku. Þessi eðlisbreyting á samfélaginu okkar er auðvitað illþolandi, að fátækt sé við lýði í landi þar sem menn eru svona yfirdrifið ríkir eins og Íslendingar eru. Það erum við. Ríkisstjórnin getur ekkert sloppið undan ávirðingum eftir að hafa verið við völd á níunda ár og

tekið fjöldamargar ákvarðanir sem hafa verið til góða fyrir þá sem hafa það gott í þjóðfélaginu. Hún getur ekki sloppið undan gagnrýni þegar þannig háttar til. Það hefur meira að segja verið gengið á kjör barnafólks á þessu tímabili og því hefur ekki verið skilað aftur. Ýmislegt hefur verið gert til góða fyrir þá sem standa vel í þessu þjóðfélagi, eignamenn og hátekjumenn. Eftir situr fólkið sem hefur svona óskaplega lítið fyrir sig að leggja. Það er auðvitað okkur til skammar, hér á hv. Alþingi.

Menn hafa t.d. hlustað á það í samfélaginu þennan tíma að ríkisstjórn, já og allir, hafi verið að tala hér um stöðugleika og hvetja verkalýðsfélögin til að fara varlega með völd sín í samningum — til þess að varðveita stöðugleikann. Hvað hefur verið að gerast á sama tíma? Ríkisstjórnin hefur t.d. sett af stað launaskrið hjá opinberum starfsmönnum sem eru miklu meiri launahækkanir en hafa orðið almennt úti í samfélaginu. Við þingmenn sitjum nú uppi með það að á sl. níu árum hefur þingfararkaupið hækkað úr 177 þús. kr. upp í 440 þús. kr. Finna menn sambærilegar launahækkanir á markaðnum? Ég held ekki.

Umræðan í kringum lífeyrissjóðsmálin fyrir jólin gerir okkur á hv. Alþingi auðvitað ekki neitt óskaplega trúverðug, okkur sem erum til að mynda að tala um fátækt, af því að menn eru tilbúnir til þess að taka hluti úr öllu almennu samhengi þegar það á við þá sjálfa. Þannig hefur það verið. Ég nefni þetta lífeyrissjóðsmál af annarri ástæðu samt. Í því samhengi sem það mál var rætt var líka verið að tala um starfslok. Og ég held að þau eigi erindi inn í þessa umræðu um atvinnuleysið og atvinnuleysisbæturnar. Ég verð að segja eins og er að ég tel að í þeim samningum sem eru núna komnir á stað á milli atvinnurekenda og launþega eigi ríkisvaldið að koma inn með eitthvert útspil hvað þessa hluti varðar. Þá á ég við að þar eigi Atvinnuleysistryggingasjóður, lífeyrissjóðirnir, verkalýðsfélögin og stjórnvöld að sameinast um að gera því fólki sem missir vinnuna, komið á nokkuð háan aldur en ekki komið á eftirlaunaaldur, kleift að byrja þá að taka eftirlaun. Það á ekki að láta fólk upp úr sextugu, eða milli sextugs og sjötugs, standa frammi fyrir því að þurfa að fara á atvinnuleysisbætur. Það er ekki hlaupið í vinnu annars staðar á þessum aldri ef maður hefur misst vinnuna. Það eru fleiri en alþingismenn sem tapa sinni vinnu sem eiga kannski svolítið erfitt með að finna eitthvað undir fæturna þegar þeir eru komnir á þann aldur. Þarna er að mínu viti fullkomlega hægt að koma myndarlega til móts við verkalýðsfélögin, t.d. með sveigjanlegum starfslokum sem yrðu þá fjármögnuð með því að þessir aðilar sameinuðust um að gera það.

Umræðan um fátækt á auðvitað heima í sölum Alþingis á meðan menn hafa það ekki betra en raun ber vitni. Við samfylkingarmenn höfum undir forustu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur flutt annað þingmál um afkomutryggingu sem ég teldi að ætti líka fullt erindi í þær lausnir sem menn þyrftu að finna hér á fátæktinni. Mér finnst eiginlega löngu kominn tími til þess að menn hætti að stinga höfðinu í sandinn þegar umræða um fátækt fer fram heldur snúi þeir sér að því að koma til móts við þarfirnar. Ég held að enginn í þessu þjóðfélagi tapi á því að það verði gert. Það er ekki um slíkar upphæðir að ræða fyrir þetta forríka samfélag sem við lifum í.

Ég held að það sé rétt sem var sagt áðan að við töpum á þessari fátækt. Almennt töpum við á henni og siðferðilega töpum við mikið á henni. Þeir sem tapa mest á henni siðferðilega, finnst mér, eru ráðamenn þessa þjóðfélags og svo Alþingi sem heild. Fólkið í landinu lítur auðvitað þannig á að ábyrgðin á málinu liggi hérna.

[15:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þingmanni varðandi viðhorf hans til fátæktar. Ég get alveg gert þau orð að mínum og ég hygg að sérhver stjórnarliði a.m.k. sé tilbúinn að skrifa upp á þau sjónarmið.

Ég vil samt halda til haga þeirri einkennilegu stöðu sem var fyrir síðustu kosningar þegar stjórnarandstaðan gaf í raun ríkisstjórninni 10 í einkunn fyrir stjórn í efnahagsmálum með því að setja fram sem eitt aðalefnahagsprógrammið af sinni hálfu að lækka almenna skatta um tugi milljarða króna. Manni gat skilist að staðan í efnahagsmálum væri svo sterk að ríkissjóður gæti orðið af þessum tekjum án þess að geta hans til að sinna samfélagslegum verkefnum skertist. Þannig t.d. veit ég að hv. þm. sem flytja þetta mál hafa örugglega haft í huga í kosningabaráttunni að setja meiri peninga í ýmsa þætti sem þar eru nefndir til til þess að bæta þá kjör þess fólks sem býr við fátækt. Ég er alveg viss um að þeir hafa gert ráð fyrir því í áætlunum sínum að hækka þau útgjöld um nokkra milljarða króna.

Þá blasir það við að samfylkingarmenn hafa talið stöðu ríkissjóðs það sterka að hægt væri að auka útgjöld til ýmissa bótaflokka um fleiri milljarða króna og samtímis lækka almenna skatta um tugi milljarða króna. Ég verð að segja, herra forseti, að það er ekki hægt að fá hærra í einkunn fyrir stjórn í efnahagsmálum en stjórnarandstaðan gaf ríkisstjórninni fyrir síðustu kosningar.

[15:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þennan einkunnaskala sem hv. þm. er að nefna getur hann haft fyrir sig. Það var ekkert óskaplega mikill munur á því hvernig menn reiknuðu út þennan komandi arð af þeim framkvæmdum sem hafnar eru fyrir austan. Ég man ekki betur en að við höfum verið á svipuðu róli og Framsfl., gróft metið, þegar við vorum að fást við þær hugmyndir um skattbreytingar sem við vorum með. Þær voru allar unnar út frá jafnaðarhugmyndum. Það er rétt sem hv. þm. sagði að auðvitað gerðu menn ráð fyrir því að taka á vandamálum eins og því sem við erum að ræða í þeim hugmyndum.

Það verður fróðlegt að sjá hvert framhaldið verður því að Sjálfstfl. setti fram enn þá hærri hugmyndir um hvað hægt væri að lækka skattana mikið. Þá hlýtur sú spurning að vakna: Mun Framsfl. sjá til þess að þær skattbreytingar gangi ekki fram nema hægt verði að koma til móts við þau félagslegu sjónarmið sem við höfum verið að ræða?

[15:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af okkar hálfu eiga skattalækkanir ekki að leiða til óstöðugleika í efnahagsmálum. Við setjum því fyrirvara um að hrinda þeim í framkvæmd ef þær leiða til slíks. Það hefur komið skýrt fram af okkar hálfu og er m.a. tilgreint í stjórnarsáttmála að tengja þetta við kjarasamninga svo að menn geti haft umhverfið undir í einu lagi áður en þeir hrinda þessum miklu áformum í framkvæmd þegar þar að kemur.

Ég segi, herra forseti, fyrir mitt leyti, að ég hef í mínum flokki ekki verið ákafasti talsmaður mikilla skattalækkana, ég vona að ég ljóstri ekki upp miklu þó að ég segi það hér.

Ég hef frekar verið á því að fara varlega í skattalækkanir og að við ættum að einbeita okkur a.m.k. fyrsta kastið að því að bæta við fjármagni í ýmsa viðkvæma málaflokka sem full þörf er á að gera og bætir hag einstakra hópa þjóðfélagsins sérstaklega, sem ég tel fulla þörf á.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. varðandi áhrifin af vaxandi mun á tekjum og eignum. Sú breyting hefur orðið á síðustu tíu árum að miklu fleiri hafa háar tekjur en áður var og miklu fleiri eiga miklar eignir en áður var. Ég tel að þessi breyting, hvort sem hún er góð eða slæm, við skulum ekkert leggja dóm á það, sé m.a. ástæðan fyrir þessum mikla óróleika og leiði til þess að menn álykta sem svo að fátækt fari vaxandi. Það er út af fyrir sig ekki endilega samhengi þar á milli þannig og ég bið menn að hafa allan varann á með ályktanir þarna yfir.

Ég tek undir það sjónarmið að þessi mikla eignasöfnun og vaxandi tekjumunur er mikið áhyggjuefni.

[15:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem hv. þm. sagði í raun og veru, að það væri staðfastur ásetningur Framsfl. að sjá til þess að ef Sjálfstfl. þyrfti að standa frammi fyrir því að svíkja annaðhvort kosningaloforðið um skattalækkanir eða yfirlýsingar sínar um ábyrga fjármálastjórn sjái Framsfl. til þess að það síðara verði svikið.

Ég er eins og hv. þm. ekkert óskaplega mikill skattalækkunarmaður og finnst að menn eigi að fara varlega í því efni. Almennt fannst mér flestir fara fulldjarft fram fyrir síðustu kosningar hvað loforðin af því tagi varðar. Ég vona að vitið verði framar þegar kemur að því að taka endanlegar ákvarðanir og þær verði teknar einmitt með þau markmið í huga sem við höfum verið að ræða, að nú sé komið að því að menn taki myndarlega á félagslega þættinum í landinu. Annað er okkur ekki sæmandi í þeim efnahagslegu aðstæðum sem nú eru.

Það er mikill vandi að stjórna svona auðugu þjóðfélagi. Við getum ekki bara gefið okkur að það sé nóg að fólk hafi í sig og á í þjóðfélaginu í dag. Þjóðfélagið er orðið auðugra en það. Við verðum að setja kröfurnar ofar fyrir þá sem minna mega sín.

[15:51]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka þá umræðu sem farið hefur fram í dag um það þarfa málefni, till. til þál. um aðgerðir gegn fátækt. Ég tel að sú umræða sé um margt gagnleg og mjög þörf því við getum ekki horft fram hjá því að fátækt er til í íslensku samfélagi í einhverri mynd. Ég segi það sem stjórnmálamaður að ég horfi ekkert fram hjá því að sá vandi er til staðar í íslensku samfélagi.

Vissulega má alltaf deila á ríkisstjórn á hverjum tíma að gera megi betur í málefnum fátækra. Ég spyr hvort einhver ríkisstjórn hafi virkilega leyst öll þau vandamál sem hafa verið uppi á hverju tímabili fyrir sig. Ég vil minna á að það var nú síðast 1991–1995 að m.a. Alþýðuflokkurinn átti aðild að ríkisstjórn, margir núverandi þingmenn Samf. í dag sem sitja á þingi og hafa talað um þetta vandamál sem er uppi í íslensku þjóðfélagi. Ég spyr hvort sú ríkisstjórn hafi virkilega leyst öll þau vandamál sem þá voru uppi í samfélaginu því að mér finnst menn tala með þeim hætti að það sé ekkert mál að laga allt sem aflaga hefur farið.

Við leysum einfaldlega aldrei öll vandamál. Ég held að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir geri sér mjög vel grein fyrir því sem fyrrv. félmrh. í erfiðu ráðuneyti að viðfangsefnin eru mörg og mjög brýnt að bregðast við þeim. Ég vil minna hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á að þegar hún var ráðherra var Framsfl. í stjórnarandstöðu og beitti þá miklu aðhaldi, sem er nauðsynlegt á hverjum tíma fyrir sig, og ég vil taka það fram í upphafi míns máls að mér finnst sú umræða sem hér fer fram mjög þörf.

En hvað um það. Ég tel að ríkisstjórnin sé að grípa til aðgerða til að sporna gegn fátækt í íslensku samfélagi. Ég vil því koma inn á nokkra þætti og byrja á því að ræða um atvinnumálin. Það er mjög mikilvægt að stjórnvöld reki ábyrga atvinnustefnu og stuðli að öflugu atvinnulífi því að án öflugs atvinnulífs höldum við ekki uppi öflugu velferðarkerfi.

Þær framkvæmdir sem nú eiga sér stað á Austurlandi munu skipta mjög miklu máli fyrir íslenskt samfélag til lengri tíma litið því að þær munu skila íslensku þjóðarbúi miklum fjármunum til lengri tíma litið.

Ég ber einnig þá von í brjósti að fyrirhugaðar framkvæmdir við Norðurál verði að veruleika því að þær munu skipta mjög miklu máli á höfuðborgarsvæðinu í atvinnumálum. Við verðum að horfast í augu við þann veruleika. Ég tek undir með mörgum þeim hv. þm. sem hafa talað í dag að atvinnuleysi er of mikið, u.þ.b. 3,5%, að mig minnir. Ég vil jafnframt benda jafnaðarmönnum á það að atvinnuleysi í Evrópusambandinu er 8–10% að jafnaði. Það væri gjörsamlega óásættanlegt ástand hér á landi, ég held að við getum verið sammála um það.

Ég tel að ákveðin mannréttindi séu falin í því að fólk hafi og fái atvinnu við hæfi. Ég fagna því frumkvæði sem hæstv. félmrh. hefur sýnt gagnvart því að vinna gegn atvinnuleysi ungs fólks og langtímaatvinnuleysi þess, því að það er mjög mikið vandamál og ég held að við getum öll verið sammála um það. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. félmrh. hefur brugðist við hvað það varðar enda er þar um mjög brýnt mál að ræða.

Mig langar að koma örlítið inn á húsnæðismál og rifja það upp að trúlega hafa aldrei jafnmörg félagsleg lán til húsnæðiskaupa verið afgreidd eins og í tíð Íbúðalánasjóðs. (Gripið fram í.) Frá 1999 hefur Íbúðalánasjóður trúlega afgreitt um 10 þúsund félagsleg lán með 90% lánshlutfalli. Sérstaklega gagnast þau lán ungu fólki sem eru að koma úr námi, skuldugu fólki, og það skiptir mjög miklu máli. Ég hef trú á því að sú vinna sem nú er í gangi við að skipuleggja nýtt húsnæðislánakerfi muni skila miklu fyrir Íslendinga sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Hvað varðar framboð á leiguhúsnæði þá hefur mikið átak verið í gangi hvað það varðar. Um 3.000 leiguíbúðir hafa verið fjármagnaðar með lánum sem veitt eru af Íbúðalánasjóði með ríkisábyrgð. Ég vil minna þá hv. þm., sem hafa verið að ræða um að ekki sé nægilegt framboð af lánum með lágum vöxtum, á að það er lánaflokkur hjá Íbúðalánasjóði með 3,5% vexti og er ætlaður til sveitarfélaga og félagasamtaka. Því miður hefur sá lánaflokkur ekki verið nýttur til fulls. Nýtingin á þeim lánaflokki, sem rúmar um 400 íbúðir á ári, hefur því miður ekki verið nýttur á umliðnum árum og er það miður. Ég tel að mörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu megi gera betur í því að byggja upp félagslegt húsnæðiskerfi í sínum sveitarfélögum. Ég fagna því að í þessari till. til þál., m.a. þar sem vikið er að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, er sagt að hækka þurfi viðmið sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð, en þau eru hjá flestum sveitarfélögum um 70 þús. kr. á mánuði til einstaklinga.

Það er óviðunandi. Menn eru að hneykslast á mjög lágum húsaleigubótum, sem eru of lágar, en ég vil taka fram að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er mun lægri en núverandi húsaleigubætur, sem eru allt of lágar. Ég fagna því ef menn ætla að fara í breytingu á því kerfi sem menn hafa búið við á umliðnum árum. Ég vil sjá hækkaðar húsaleigubætur því að menn lifa ekki af 76 þús. kr. einum saman.

Að lokum vil ég nefna að það er mjög mikilvægt fyrir láglaunafólk í þeim kjarasamningum sem eru fram undan að lágmarkstaxtar verði hækkaðir verulega. Lágmarkstaxtar eru nú í kringum 90 þús. kr., sem eru of lág kjör að mínu mati. Margt fólk, sérstaklega á landsbyggðinni, býr við þau kjör. Ég tel mjög brýnt að verkalýðshreyfingin beiti sér fyrir því að lágmarkstaxtar og lágmarkslaun verði hækkuð verulega í fyrirhuguðum samningum. Það er stórt kjaramál því margir búa við fátækt sem eru að vinna á almennum vinnumarkaði á lágmarkslaunum.

Þess vegna er mikilvægt í aðdraganda kjarasamninga að stjórnvöld hugi að þeim stöðugleika sem nauðsynlegur er í tengslum við slíka kjarasamninga og sú ríkisstjórn sem nú er við völd hefur sýnt mjög ábyrga fjármálastjórn. Við horfum á mjög litla verðbólgu og öll skilyrði til þess að hófleg hækkun almennra launa geti átt sér stað vegna þess að verðbólga er lág. Ég vil sjá veglega hækkun hjá þeim sem búa við lægstu launin.

Ég þakka enn og aftur fyrir umræðuna. Mönnum hefur verið tíðrætt um svik hvað varðar skattalækkanir. Ég vil segja að í aðdraganda kosninga lofuðum við framsóknarmenn myndarlegum skattalækkunum, sögðum að þær mundu koma til framkvæmda á síðari hluta kjörtímabilsins og í tengslum við gerð kjarasamninga, og það mun allt saman standa.

[15:59]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Birkir J. Jónsson, þakka umræðuna sem farið hefur fram og vil líka fyrir mitt leyti taka undir efni þessarar ágætu till. til þál.

Eins og komið hefur fram bæði hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni og Kristni H. Gunnarssyni má ekki taka úr samhengi í umræðunni annars vegar forsendur öflugs velferðarkerfis og hins vegar sterkt, öflugt og blómlegt atvinnulíf. Þetta er það sem við framsóknarmenn lögðum alla áherslu á í aðdraganda síðustu kosninga. Við lofuðum jú skattalækkunum, en ekki það miklum að það stefndi velferðarkerfinu í hættu. Þvert á móti lögðum við áherslu á að skattar mættu ekki lækka svo að við hefðum ekki borð fyrir báru til að standa vörð um og efla velferðarkerfið.

Það eru annars vegar almennar aðgerðir sem við þurfum og hins vegar skattalækkanir, blómlegt atvinnulíf og svo þessar sértæku aðgerðir sem hér hefur líka borið á góma í þessari ágætu umræðu.

Mig langar aðeins til að nefna ákveðin atriði eins og afnám skatts á húsaleigubætur, hækkun örorkubóta til yngstu öryrkjanna, lækkun skerðingarhlutfalls tekna á bætur öryrkja á öllum aldri og ýmsar aðrar sértækar aðgerðir sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir. Og hugsunin er sú að koma til móts við mismundandi þarfir og aðstæður tiltekinna hópa í samfélaginu.

Það er ýmislegt í umræðunni sem vekur mann til tiltekinnar umhugsunar. Í þessari tillögu er jú lagt til að skipa eigi nefnd. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafði mörg orð um það í dag að tími nefnda og skýrslna væri liðinn, nú væri komið að aðgerðum. Tillagan gengur eftir sem áður út á það að skipa skuli nefnd sem geri tillögur og setji þær fram í skýrsluformi.

En þegar maður skoðar forsendurnar þá er fyrst og fremst í þessari tillögu vísað í skýrslu sem ASÍ lét vinna — og ég ætla að fá að taka það fram af því að hv. þm. Kristinn Gunnarsson gerði það fyrr í dag að gefnu tilefni að ég var ein þeirra þingmanna stjórnarflokkanna sem sátu þá ágætu ráðstefnu ASÍ og lagði þar vel við hlustir og lærði töluvert — en í skýrslunni er vísað fyrst og fremst í ástæður fátæktar sem ASÍ bendir á. Og það eru þær sem hafa valdið mér tiltekinni umhugsun og íhugun meðan þessi umræða hefur farið fram en ein ástæðan sem þeir tiltaka er skortur á menntun, m.a. mikið brottfall úr framhaldsskólum og það telja þeir vera ástæðu fátæktar. Af þessu má að hluta til skilja að ástæðan fyrir brottfalli úr framhaldsskólum sé fyrst og fremst fátækt.

Þá vil ég nefna það að gerðar hafa verið tvær athuganir fræðimanna við Háskóla Íslands á því hverjar orsakir brottfallsins eru og ég minnist þess ekki að fátækt eða efnahagslegar aðstæður hafi verið talið þar sem ástæða nema hjá tiltölulega mjög litlum hópi. Svo er annað mál að þeir sem falla út úr framhaldsskólanum og fara út á vinnumarkaðinn eru yfirleitt ekki hálaunamenn. Það eru þeir sem eru með lægstu tekjurnar í samfélaginu. Og ef ég man rétt, sem ég tel mig gera, þá var síðast þegar ég fór yfir það hvernig listi yfir atvinnulausa var samsettur, alla vega á höfuðborgarsvæðinu, þá var það unga fólkið á aldrinum 16–24 ára sem var þar langfjölmennast. Og þá spyr ég: Er ekki ástæða til að leggja áherslu á einhverjar aðgerðir sem geta dregið úr brottfalli úr framhaldsskólanum?

Svo er annað mál að þetta unga fólk, sem kannski er með í laun 80–90 þús. kr. á mánuði — þetta þurfum við líka að íhuga í tengslum við þær kröfur sem við mörg gerum um að atvinnuleysisbætur séu hækkaðar af því að atvinnurekendur segja að vandinn sé sá með margt af þessu unga fólki að hvatann til að vinna vanti vegna þess að það sé svo lítill munur á þessum launum og atvinnuleysisbótunum — og við erum þá stundum að tala um ungt fólk sem býr heima hjá sér og hefur ekki fyrir neinum að sjá. En í þessu samhengi vil ég á hinn bóginn taka það fram að það er allur munur á aðstæðum þessa unga fólks og þeirra sem hafa fjölskyldu sem þeir þurfa að framfæra, og taka undir það líka sem kom fram fyrr í dag í máli hæstv. félmrh. að ein af ályktunum flokksþings framsóknarmanna er einmitt sú að huga að hækkun atvinnuleysisbóta og jafnvel tekjutengingu þeirra.

Við verðum aðeins að skoða samhengið þarna og það er alveg ótrúleg einföldun í málinu að segja: Það er brottfall úr framhaldsskóla og það er fátækt sem veldur því. Það eru ýmsar aðrar ástæður sem við verðum að skoða og liggja þar á bak við. Ég hef ekki orðið vör við það hjá stjórnarandstöðunni að hún hafi tiltölulega miklar áhyggjur af þessu brottfalli, alla vega hef ég ekki séð nein þingmál sem miða að því eða gera neinar tillögur um það hvernig dregið skuli úr því.

Annað sem mig langaði að nefna, og er nefnt hér sem helstu ástæður fátæktar, er hátt verðlag á nauðsynjavörum og líka á lyfjum og heilbrigðisþjónustu. Það er nýkomin út skýrsla eftir Rúnar Vilhjálmsson sem ég hef ekki náð að lesa til hlítar, hins vegar kemur m.a. fram í þeirri skýrslu, að mér er sagt, að innan við helmingur þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þar um frá Tryggingastofnun

eða ráðuneytinu vegna lágra launa, endurgreiðslu kostnaðar vegna lyfja og lækniskostnaðar, nýtir það. Og ég spyr mig hvers vegna. Það getur verulega bætt kjör þeirra sem eru við þau tekjumörk og eiga rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð.

Aðstæður og kjör einstæðra feðra, þeirra sem greiða meðlög, eru líka nefnd þarna. Og það hefur komið fram í upplýsingum frá Félagsþjónustunni í Reykjavík að þeir eru tiltölulega fjölmennasti hópurinn sem leitar aðstoðar þangað. Í því samhengi langar mig að nefna þau úrræði sem menn hafa hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og nokkurra ára gamla reglugerð sem heimilar það að samið sé við þá sem eru í þessum sporum til að gera þeim kleift að standa skil með því að lækka greiðslubyrði þeirra mánaðarlega og það er líka heimild til að fella niður vexti og jafnvel höfuðstólinn til lengri tíma litið. Reynsla mín af þessu úrræði, sem ég hef tekið að mér í öðru hlutverki en ég stend hér í, er ákaflega góð. Og ef menn standa í skilum gerir þetta þeim kleift að gera það og jafnvel að stofna aðra fjölskyldu eða búa við betri aðstæður en þeir gera fyrir.

Úrræðin eru því ýmis og í svona umræðu er kannski ekki síður tilefni til þess að vekja athygli á þeim og að menn nýti þau af því þetta er hluti af öryggisnetinu sem þessi ríkisstjórn hefur komið á sem ætlunin er að virki sem sértæk úrræði gagnvart sérstökum hópum í samfélaginu.

En ástæðan til þess að ég blandaði mér inn í þessa umræðu var kannski fyrst og fremst ræða hv. þm. Atla Gíslasonar, ágæt jómfrúrræða hans sem ég vil þakka fyrir, þar sem mér fannst hann halda því fram að ástæða fíkniefnaneyslu unglinga og ungmenna í dag lægju fyrst og fremst í fátæktinni. Og af því ég hef sérstaklega kynnt mér þau mál og unnið í slíku forvarnastarfi mörg undanfarin ár hefði ég hug á því að inna hv. þm. aðeins nánar eftir þessu, af því að ég vil halda því fram að fíkniefnaneysla og fíkniefni fari ekki í neitt manngreinarálit. Ég hef hvergi séð nokkrar skýrslur sem renna stoðum undir það að börnum sem búa við fátækt sé hættara við því að leiðast út í fíkniefnaneyslu en öðrum börnum.

[16:08]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég vil fyrst svara síðasta hv. ræðumanni. Ég nefndi það að ungmenni hröktust úr skólum og ég taldi að það væri að hluta til vegna fátæktar. Ég þykist vita það líka að þegar barn fær ekki að njóta þess sem lífið býður upp á frá því það fæðist og fram að fullorðinsárum, eins og í tómstundum, íþróttum og leikjum, þá falli það úr skóla. Það verður út undan. Og þessi hópur verður út undan í skólakerfinu þar sem við það bætist að það myndast svona andfélagsleg hegðun þess hóps sem verður út undan. Hann verður út undan vegna þess að hann getur ekki orðið virkur þátttakandi í skólum og öðru slíku. Það er þessi hópur og hvort sem þessar skýrslur sem vísað er til sýna það eða ekki þá held ég að það sé staðreynd að það sé samhengi þar á milli hlutanna. En ég sagði að ungmenni sem falla brott úr skólum leiðast í fíkniefni vegna þess að þau fá ekki vinnu. Ég nefndi ekki fátækt í því samhengi og ég veit að fíkniefnaneysla fer ekki í manngreinarálit eða efnahagsálit í þeim efnum.

Ég get haft uppi langar ræður um það hvernig skólakerfið og grunnskólakerfið virkar í þessum efnum. Ég hef séð dæmi um það að börn eru greind, ég hef eitt dæmi um dreng sem var greindur nokkrum sinnum frá því hann var sjö ára og fram til þess að hann varð 15 ára gamall. Í öllum greiningunum kom fram að eina virka úrræðið fyrir þennan dreng væri það að hann sætti meðferð á sérheimili. Og í niðurlagi allra þessara skýrslna stóð að ef hann fengi ekki þessa meðferð, ef hann fengi ekki þá sérstöku umönnun sem hann þyrfti, sérstakar heimilisaðstæður, þá mundi hann lenda í afbrotum og fíkniefnum. Allt þetta gekk eftir vegna þess að grunnskólakerfið bauð ekki upp á þetta. Krakkar fá greiningu í skólum en henni er ekki fylgt eftir. Það er það sem er kannski aðalatriðið.

Ég kom hér upp, frú forseti, í tilefni af ræðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og fleiri og þær gáfu mér tilefni til að hugleiða forgangsröðun Framsfl. í sókn sinn til velferðar fyrir alla. Ég, satt best að segja, skil hana ekki. Er það leiðin, er það forgangsröðunin að rétta hátekjufólki og stóreignafólki stórfelldar skattalækkanir í eignarskatti og í hátekjuskatti sem þegar hefur orðið raunin á síðasta ári og er stefnt að með frv. sem hér liggur fyrir? Er þetta forgangsröðunin? Á sama tíma bíða einstæðar mæður, atvinnulausir, fátækir, eftir úrbótum. Er þetta forgangsröðunin?

Ég beini því til hv. þm. eða spyr hann: Er ekki nær að fresta skattalækkunum? Er ekki nær, og ég skora á hv. þm. að beita sér fyrir því, að fresta þeim og leggja þessa peninga í fátæktina, í grunnskólana, í atvinnuleysisbæturnar og bíða? Þeir hafa nóg, þessir ríku. Það er ekki verið að biðja um að þeir verði skattlagðir meira, heldur eingöngu að þessu verði frestað.

Og það er svo, ég geri það a.m.k., ég dæmi bæði skólakerfið og þjóðfélagið eftir því hvernig það kemur fram gagnvart þeim sem minna mega sín, sem verða út undan. Ríkisstjórnarár Framsfl. hafa að mínu mati verið feit ár hátekju- og stóreignamanna, svo einfalt er það, og mögur ár þeirra sem minna mega sín. Slík ríkisstjórn fær falleinkunn og hún fékk falleinkunn hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir kosningar, sem lofaði engum skattalækkunum til þessara hópa sem ríkisstjórnin virðist bera mesta umhyggju fyrir í dag.

Ég ítreka það að við höfum ekki efni á þessari fátækt, hún er allt of dýr í dómskerfinu, í fangelsiskerfinu og skólakerfinu.

[16:12]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hv. þm. Atli Gíslason sagði með réttu voru það orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem voru tilefni þess að hann kom hér í ræðustól. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er ekki í þessum umgangi í aðstöðu að svara fyrir orð sín eða skýra þau nánar.

En ég vil, eins og ég gerði í upphafi ræðu minnar áðan, leggja áherslu á það sem var einkennandi fyrir stefnu okkar framsóknarmanna að við vildum lækka skatta og gera það í tengslum við gerð næstu kjarasamninga og leggja alla áherslu á að hækka lægstu laun. Vil vildum ekki lækka skatta svo mikið að það stefndi velferðarkerfinu í voða. Þess vegna stingur það mig alltaf þegar ég heyri hv. þingmenn Vinstri grænna sýkna og heilagt fetta fingur út í stefnu framsóknarmanna, sem vilja þó standa vörð um velferðarkerfið, en ekki þeirra sem lögðu alla áherslu á að lækka skattana mun meira og verja til þess miklu hærri fjárhæðum en við lögðum áherslu á. En það er svo annað mál.

Það sem ég vildi koma inn á var það sem hv. þm. vék að í upphafi orða sinna vegna athugasemda minna við það að hann væri að leiða að því líkur að það væri samhengi á milli fátæktar og fíkniefnaneyslu því engar skýrslur hafa

sýnt fram á að svo sé og enginn þeirra aðila sem hafa fjallað um þetta. En hv. þm. kom í máli sínu einmitt að því sem ég vil meina að sé mergurinn málsins, það er hvernig við búum að börnum í grunnskólanum. Og hann benti á það með réttu, og það sem ég vil taka hér fram er að kennarar og aðrir sem starfa í gegnum grunnskólann, segja margir að þeir sjái það strax í fyrstu bekkjum grunnskólans hver áhættuhópurinn er. Þeir hafa ekki sérstaklega nefnt þá sem búa við bág kjör efnahagslega en þeir nefna sérstaklega ung börn sem eru að byrja í skóla og þjást af ýmsu, eins og t.d. ýmiss konar þroskafrávikum og fötlunum, og sálfræði- og sérfræðiþjónustan í grunnskólanum er ekki nógu öflug til að taka á þessum vandamálum.

[16:14]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. kom ekki með svar við því hvort Framsfl. vildi beita sér fyrir því að fresta þeim skattalækkunum á hátekjuskatti og eignarskatti sem nú eru fyrirhugaðar.

Síðan bið ég hv. þm. um að lesa ræðu mína sem ég flutti hér fyrr í dag, því ég setti ekki samasemmerki á milli fátæktar og fíkniefnaneyslu, ég leitaði í ákveðnar líkur og hugleiddi þær.

[16:15]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er búin að tvítaka úr þessum stól hver stefna framsóknarmanna er og ég vænti þess að við getum treyst því að þeir standi við þá stefnu sem þeir kynntu í aðdraganda kosninganna.

Það sem gleður mig og hefur komið skýrt fram í þessari umræðu er að ég og hv. þingmaður sjáum hvar rætur vandans liggja. Vandinn liggur kannski í skólakerfinu og við vitum að við eigum að búa betur að börnum sem eru að byrja þar. Við þurfum að efla sérfræðiþjónustuna og sálfræðiþjónustuna og við vitum það líka bæði, ég og hv. þm., að þegar grunnskólinn var færður til sveitarfélaganna var með breytingum á reglugerð dregið úr þessari þjónustu. Áður fyrr nutu börn bæði greiningar og meðferðar en eftir yfirfærsluna og breytingu á reglugerð fá þau einungis greiningu. Ég held að ef við legðum meira í þetta — nú er ég að endurtaka það sem ég hef oft sagt, og opinberlega — og það er á höndum sveitarfélaganna, á valdi þeirra, gætum við komið í veg fyrir afbrot, líka að unglingar leiddust út í fíkniefnaneyslu og aðrar raunir sem þau standa frammi fyrir á lífsleiðinni.

[16:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ísland er smáríki með innan við 300 þús. íbúa eins og við vitum auðvitað öll. Við búum á hrjóstrugri smáeyju, lengst norður í hafi, og að áliti margra búum við á mörkum hins byggilega heims. Víða um heim býr fólk við erfið og bág kjör og það á ekki heimili, fæði eða klæði og er jafnvel á flótta vegna styrjalda og annarra hörmunga, náttúruhamfara.

Miðað við þetta vesalings fólk erum við Íslendingar ríkir. En það eru ekki margir áratugir síðan Íslendingar skriðu nánast úr moldarkofunum, ef svo má segja, þar sem þeir höfðu hokrað við nöturlegar aðstæður, kaldir og svangir, öldum saman.

Frú forseti. Ég fagna þeirri þáltill. sem hér er lögð fram af hálfu þingmanna Samf. með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í fararbroddi og heiti því að þingflokkur Frjálsl. muni styðja hana áfram fram á veginn í meðförum hins háa Alþingis. Ég tek eftir því í greinargerð og síðan fylgiskjölum með þáltill. að vitnað er í ágæta áfangaskýrslu sem Alþýðusamband Íslands gaf út í mars á síðasta ári, Velferð fyrir alla. Þessi skýrsla, frú forseti, er um margt athyglisvert plagg. Ég man eftir henni úr kosningabaráttunni, man mjög vel eftir henni. Við í Frjálsl. tókum mjög undir þau sjónarmið sem komu fram í þessari skýrslu á þeim tíma og ræddum oft innihald hennar á kosningafundum. Við styðjum það sem hér kemur fram og þær tillögur til úrbóta heils hugar enn þann dag í dag.

Þó að hin sára fátækt úr fortíð þjóðarinnar sé að baki og Ísland teljist ein ríkasta þjóð heims í erlendum samanburðarkönnunum er málum því miður háttað þannig að við hljótum að spyrja hvort við lifum öll sem blómi í eggi. Búum við öll í vönduðum, hlýjum húsakynnum? Höfum við rennandi vatn í krönum, ásamt það- og salernisaðstöðu í húsum okkar? Höfum við öll farartæki til að ferðast um á? Hafa allir möguleika á nauðsynjatækinu síma? Hafa allir rafmagn til að knýja verkfæri sín og tól? Við erum kröfuhörð í dag, enda kannski mörg góðu vön, viljum fá að ferðast og skoða heiminn, stunda íþróttir og félagslíf. En ætli allir Íslendingar geti notið þessa?

Nei, því miður er það nefnilega ísköld staðreynd að sumir landa okkar ná ekki að lifa af því sem þeir vinna sér inn eða er skammtað með bótum eða lífeyri.

Það eru til einstaklingar á Íslandi sem vita varla aura sinna tal á meðan aðrir lifa við svo kröpp kjör að það er ríkisstjórninni til algjörrar skammar. Já, ég segi ríkisstjórninni. Ég tel að hún beri hér þunga ábyrgð, þeir tveir stjórnarflokkar sem nú hafa ríkt hér á landi um níu ára skeið, Sjálfstfl. og Framsfl. Þeir geta ekki skorast undan ábyrgð í þessum málum.

Hv. Alþingi, við sem hér sitjum við góð kjör sem þjóðkjörnir fulltrúar þjóðarinnar, má líka líta í eigin barm, svo sannarlega. Síðustu mánuði hafa miklar hækkanir orðið á greiðslum til þingmanna. Og hv. þingheimur hækkaði stórlega eftirlaunagreiðslur rétt fyrir jól. Á sama tíma og ég minni á þetta vil ég líka ítreka að ég tel að Alþingi eigi að gera gangskör að því að leita leiða til að minnihlutahópar, eins og t.d. aldraðir, öryrkjar, fatlaðir, atvinnulaust fólk, geti lifað mannsæmandi lífi. Ég ætla ekki að draga dul á að margt gott hefur verið gert til bóta. En miklu betur má ef duga skal.

Þegar rætt er um fátækt í íslensku þjóðfélagi er ekki laust við að á hugann leiti sú staðreynd að það kreppir að í heilbrigðisþjónustunni svo nemur hundruðum milljóna króna. Það er verið að segja upp fólki og minnka þjónustu við þá sem síst mega við því.

Mér finnst skelfilegt að hlusta á þegar ráðamenn láta hafa eftir sér að loka eigi stofnunum á borð við Arnarholt á Kjalarnesi. Óöryggið sem þessar fréttir valda er mikið, bæði hjá einstaklingum sem um er að ræða, aðstandendum þeirra og að sjálfsögðu starfsfólki á þessum stofnunum sem veit ekki sitt rjúkandi ráð. Þessi óvissa fer mjög illa með fólk.

Í sömu fréttatímum og greint er frá niðurskurði í heilbrigðiskerfinu, skerðingu atvinnuleysisbóta o.s.frv. er svo sagt frá kaupum og sölum, sameiningu og hagræðingu hjá þeim sem höndla með eignir og fyrirtæki fyrir hundruð milljóna, jafnvel milljarða, án þess að hika.

Orðin sameining og hagræðing merkja fyrir verkalýðinn oftar en ekki uppstokkanir og uppsagnir, þá þarf fólk að nýta atvinnuleysisbótakerfið og í því kerfi er ekki feitan gölt að flá, reyndar engan gölt ef grannt er skoðað, þegar við sjáum

að atvinnuleysisbætur ná ekki einu sinni upp í 80 þús. kr. á mánuði.

Að lokum skora ég á ráðamenn þjóðarinnar að sjá sóma sinn í að skoða íslenska velferðarkerfið frá grunni og tryggja minnihlutahópum hér, öldruðum, fötluðum, öryrkjum og atvinnulausum, mannsæmandi kjör. Ég vona t.d. að hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, og hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, muni eftir þessum hópum næst þegar þeir splæsa 300 millj. í eitthvert verkefni. Þeir hikuðu a.m.k. ekki við að lofa þeirri upphæð til hernaðarflutninga fyrir NATO á fundi með stóru körlunum erlendis fyrir nokkrum mánuðum. Þá var nóg af milljónum í sjóðum ríkisins. Þá var nóg til af peningum.

Ég leyfi mér að fullyrða að fátækir Íslendingar hefðu þegið með þökkum örfáar krónur af þessum feita hernaðarsjóði í viðbót sér til lífsviðurværis.

Frú forseti. Við eigum gott land og við eigum öll að geta lifað hér góðu lífi. Það er til algjörrar skammar að við skulum þurfa að horfast í augu við það að bilið milli fátækra og ríkra er sífellt að aukast, og fátækt á Íslandi er því miður bláköld staðreynd. Auðurinn er því miður að safnast á fárra manna hendur sem vita ekki aura sinna tal og virðast bara verða ríkari og ríkari með hverjum deginum sem líður á meðan aðrir eiga varla til hnífs og skeiðar. Þetta er staðreynd sem við sem erum kjörin til að sitja hér á hinu Alþingi hljótum að verða að horfast í augu við.

Ég vil enn og aftur ítreka að ég fagna þeirri till. til þál. að Alþingi skuli álykta að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Við verðum að standa saman um velferðarkerfið okkar. Við búum í erfiðu og dreifbýlu landi en við erum rík þjóð og getum séð til þess að allir þegnarnir lifi góðu lífi. Það ætti ekki að vera mikið mál. Við hljótum að geta staðið saman um það. Ég trúi reyndar innst inni ekki öðru en að um þetta ríki í raun og veru breið pólitísk samstaða meðal allra flokka þegar grannt er skoðað.

[16:24]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við deilum sömu hugsjónum hvað það varðar, ég og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, að við viljum útrýma fátækt í íslensku samfélagi.

Ég kem hér upp vegna orða hv. þingmanns áðan um umtalaðan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu sem virðist vera eins og hver önnur klisja sem stjórnarandstaðan talar um á hinu háa Alþingi og úti í samfélaginu. Það er ekki niðurskurður í íslensku heilbrigðiskerfi. Við erum að verja nú, stjórnvöld, 10 milljörðum kr. meira á árabilinu 2003–2004 til heilbrigðis- og tryggingamála. Þetta er hækkun upp á 10% á milli ára. Og ég fullyrði að aukning á framlögum til velferðarmála í íslensku samfélagi um 10% á milli ára, til heilbrigðis- og tryggingamála, hefur aldrei verið jafnmikil og í tíð núverandi ríkisstjórnar, enda árar vel í íslensku samfélagi. Alltaf má samt gera betur. Ég tek undir það.

Mér finnst ekki rétt af hv. þingmönnum að gera lítið úr því sem vel er gert í íslensku samfélagi. Það er nýbúið að hækka mjög myndarlega lífeyri yngstu öryrkja upp í 126 þús. kr. á mánuði. Ég vil hér spyrja hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hvort hann deili ekki þeim hugmyndum með mér að það sé mjög mikilvægt að hækka lágmarkslaunin, sem eru rétt rúmar 90 þús. kr. í dag, mjög myndarlega í þeim kjarasamningum sem fram undan eru. Ég veit að það ríkir mikil fátækt hjá mörgum launamanninum, sérstaklega á landsbyggðinni, sem hefur jafnvel ekki nema rétt rúmar 90 þús. kr. í mánaðarlaun.

[16:26]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Betur má ef duga skal. Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni að það hafi verið bætt í en því miður er það samt staðreynd að það er verið að skera niður, eða kannski er verið að skera upp. (Gripið fram í.) Þetta er kannski deila um það hvernig við eigum að túlka þessi hugtök. Ég kalla það a.m.k. niðurskurð þegar verið er að loka deildum, segja upp starfsfólki og minnka þjónustu.

Hv. þm. minntist líka á komandi kjarasamninga. Já, komandi kjarasamningar eru tilhlökkunarefni. Það er gaman að heyra að hann sé þeirrar skoðunar að hækka beri lægstu launin. Ég tel líka að það ætti að gera myndarlega í því að koma til móts við þá minnihlutahópa sem ég talaði um í ræðu minni áðan, aldraða, öryrkja og barnafólk, t.d. með úrbótum í skattamálum.

Batnandi manni er best að lifa. Ég vona að ríkisstjórnarflokkarnir taki umræðuna, þessa ágætu umræðu sem hefur farið fram hér í dag, alvarlega, taki þessa ágætu þáltill. líka alvarlega. Orð eru til alls fyrst. Við getum þá unnið saman að því á þeim tíma sem eftir er af kjörtímabilinu einmitt til að leita leiða að úrbótum í þessum málum. Ég fagna því ef hv. þm. Framsfl. er sammála mér í því og ef hann vill taka þátt í því að stíga þau skref með stjórnarandstöðunni.

[16:28]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er staðreynd að það er verið að auka framlög til heilbrigðis- og tryggingamála um 9–10 milljarða á árabilinu 2003–2004 þannig að við erum ekki að tala um niðurskurð til velferðarmála í tíð þessarar ríkisstjórnar. Við erum að stórauka framboð af húsnæðisrými fyrir fatlaða. Það á að byggja ný sambýli á árinu 2004 og verja til þess miklum peningum. Það er verið að gera heilmikið í velferðarmálunum. Um það er ekki deilt.

En þegar menn eru á móti því að ríkisstofnunum, hverjar svo sem þær eru, hvort sem það eru almenn ráðuneyti, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir eða aðrar slíkar, er gert að hagræða örlítið í rekstri sínum — ég segi örlítið, sem nemur 1–2% af veltu — finnst mér það mjög eðlileg krafa. Mér finnst mjög eðlilegt að hið opinbera láti stofnanir sínar sýna aðhald í rekstri, alveg sama hvort þær eru í utanríkisþjónustunni, velferðarþjónustunni eða opinberri stjórnsýslu. Og ég held að við sem ábyrgir stjórnmálamenn hljótum að vera sammála um að okkur beri að sýna aðhald í ríkisrekstri. Þar er verið að fara með fjármuni skattborgaranna. Og ég segi það enn og aftur, það er verið að verja núna 9–10 milljörðum meira af fé skattborgaranna til heilbrigðis- og velferðarmála. Og ég er því hlynntur. Ég er því hlynntur.

Ég segi því enn og aftur: Það er ekki verið að skera niður til heilbrigðis- og velferðarmála í tíð núverandi ríkisstjórnar, heldur hafa framlög til heilbrigðis- og velferðarmála aldrei aukist eins mikið og í tíð núverandi ríkisstjórnar.

[16:30]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 1. flm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þetta þingmál og meðflutningsmönnum hennar. Það er mjög brýnt að vekja upp umræðu um fátækt á Íslandi. Í þáltill. segir m.a., með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks. Nefndin skal gera tillögur til úrbóta sem miði við að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.“

Ég hef hlustað eftir rökum í þessari umræðu hér í dag og það sem mér finnst skipta miklu máli er hvort menn telja þetta yfirleitt vera gerlegt. Er hægt að útrýma fátækt? Ég tel svo vera. Þess vegna tel ég þessa tillögu fullkomlega raunhæfa. Ég er ekki að öllu leyti sammála þeim ábendingum sem fram koma um leiðir í því efni. En ég tel þetta gerlegt verkefni vegna þess að fátækt er afleiðing skipulagskreppu. Fátækt er mannanna verk. Hún er afleiðing skipulagskreppu og er nátengd öðru þjóðfélagsmeini sem er atvinnuleysi. Einnig atvinnuleysi er skipulagskreppa.

Það var þannig nánast allan lýðveldistímann, allt fram á tíunda áratuginn, að ríkisstjórnir á Íslandi lögðu höfuðkapp á að bægja atvinnuleysi frá. Þetta tókst bærilega. Að undanskildum síðustu árum sjöunda áratugarins þegar síldin brást tókst að halda atvinnustiginu í landinu mjög háu. Atvinnustigið var allflest árin vel innan við 1% og þá bundið við tímabundnar aðstæður í sjávarútvegi. Síðan verður breyting á þessu í upphafi tíunda áratugarins. Allar götur síðan hefur atvinnuleysi verið viðvarandi.

Skyldu menn gera sér grein fyrir því að í dag, 10. febrúar, eru 5.636 einstaklingar atvinnulausir, 5.636? Að sjálfsögðu er hópurinn miklu stærri sem þessi vandi tekur til vegna þess að þar erum við að tala um fjölskyldur fólks einnig. Aðeins á höfuðborgarsvæðinu, sé litið til þess, eru 1.929 karlar atvinnulausir og 1.676 konur. Hvernig skyldi ríkisstjórnin bregðast við þessum vanda? Hún er að beita sér fyrir því að fólki verði sagt upp störfum. Hún er að beita sér fyrir því að á einum stærsta vinnustað landsins, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, er verið að draga saman ræstingar um 10% og segja upp láglaunakonum. Fyrir nokkrum dögum var okkur sagt að 50 starfsmönnum hefði verið sagt upp á þessum vinnustað einum. (**Gripið fram í:** 36.) 36 segir hv. þm. Í farvatninu eru um 200 stöðugildi eða á þriðja hundrað stöðugildi. Það er búið að rýra kjörin hjá á sjötta hundrað manns. Um hvað snýst það mál? Það snýst nefnilega líka um fátækt.

Þegar á það er bent réttilega að nauðsynlegt sé að hækka lægstu laun — ég tek alveg undir það — þá þarf að spyrja einnig um hitt: Hvernig er að vera láglaunamaður á Íslandi í dag borið saman við samsvarandi stöðu fyrir, við skulum segja, 15–20 árum? Ætli það sé ekki svipað ef við lítum til launanna einna. En hvernig er að vera veikur láglaunamaður í dag samanborið við það sem gerðist fyrir 15–20 árum? Hvernig er að vera láglaunamaður í húsnæðisleit í dag miðað við það sem gerðist fyrir 15–20 árum? Það er hér sem við erum farin að ræða um ábyrgð stjórnvalda. Og það er hér sem við erum farin að tala um Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn og þeirra verk.

Ég hef verið að hlusta eftir rökum sem fram hafa komið eða málflutningi talsmanna ríkisstjórnarflokkanna og mig rekur í rogastans. Það er talað um ábyrga fjármálastefnu. Ég held að margir hafi á tilfinningunni að þeir miklu fjármunir sem streyma í framkvæmdir á Austurlandi séu tilkomnir utan úr himingeimnum. Þetta er allt lánsfé. Þetta er allt saman lánsfé. Er þetta ábyrg stefna? Og hvað um öll hin dýru loforð sem gefin voru um atvinnustigið? Það var upplýst m.a. í umræðu hér í dag að í stað þess að 80% starfsmanna við Kárahnjúka ættu að vera Íslendingar og 20% erlent aðkomufólk þá er hlutfallið öfugt.

Ég kem því ekki auga á þessa miklu ábyrgð gagnvart atvinnustiginu í landinu, gagnvart fjármálastjórninni, gagnvart aðgerðum stjórnvalda og yfirleitt þegar litið er til aðgerða stjórnvalda. Ég kem ekki auga á hana.

Mér finnst að við þurfum að ræða það hér að hækka lægstu launin. Það er alveg rétt. Ég tek undir það. Það á að beina áskorunum til launamarkaðarins, til atvinnurekenda á einkamarkaði og opinberum markaði, í sveitarfélögum og hjá ríkinu um að hækka lægstu launin. En hver er ábyrgð stjórnvalda? Það er sú ábyrgð sem er til umræðu hér í dag. Hvað er verið að gera í húsnæðismálum? Hvað er verið að gera í heilbrigðismálum? Hvað er verið að gera almennt í velferðarmálum og hver hefur þróunin verið á undangengnum árum? Ég fullyrði að það er erfiðara að afla húsnæðis í dag. Það er erfiðara að vera sjúkur og launalítill í dag en fyrir fáeinum árum. Ég velkist ekki í vafa um það. Ég auglýsi eftir viðbrögðum hinna stoltu talsmanna ríkisstjórnarinnar við röksemdum á borð við þær sem ég hér hef borið fram.

[16:38]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom að mörgu í ræðu sinni og ég efa að ég komi svörum við í þessu stutta andsvari mínu við þeim spurningum sem hann bar fram. Hann bar hér fram nokkrar spurningar og mig langar að svara einhverjum af þeim.

Hann talar um þær lágu bætur sem atvinnulausir búa við og ég dreg ekkert úr því að þær eru lágar, 76 eða 78 þús. kr. á mánuði. Við erum sammála um að það eru of lágar bætur. Félmrh. hefur gefið út að hann vilji endurskoða atvinnuleysisbótakerfið með aðilum vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingunni. Ég hef trú á því að innan tíðar muni það samráð sem menn ætla að hafa þar skila einhverjum árangri. Félmrh. hefur lýst því yfir að hann vilji hækka atvinnuleysisbæturnar, enda er ekki vanþörf á.

Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti hér réttilega á eru um 5.500 manns atvinnulausir í landinu og þeir eru ekki ofsælir af þeim 76 eða 78 þús. kr. sem þeir búa við í hverjum mánuði.

Ég segi líka að þeir sem þiggja félagsaðstoð hjá sveitarfélögum í landinu eru ekki ofsælir af 70 þús. kr. á mánuði. Við getum verið sammála um það.

Það er verið að vinna að því að sporna gegn langtímaatvinnuleysi ungs fólks. Hæstv. félmrh. hefur beitt sér fyrir því og það er verið að byrja á Suðurnesjum, þar sem mjög mikið atvinnuleysi er, að skoða hvaða aðgerða er þörf til að bregðast við til þess að sporna gegn atvinnuleysi unga fólksins. Það er mjög mikilvægt að ráðast í það.

Svo segi ég það hér almennt, og við hv. þm. Ögmundur Jónasson getum verið sammála um það, að það aukna fé sem við settum í tryggingamál og velferðarmál mun koma sér vel, líka fyrir þá sem minna mega sín og eru fátækir í þjóðfélaginu. Og það að hækka framlög til heilbrigðis- og tryggingakerfisins um 10% á milli ára er veglegt framlag þó alltaf megi gera betur.

[16:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta með hið stórhækkaða framlag til heilbrigðismála hef ég ákveðnar efasemdir um. En það er staðreynd að framlag til heilbrigðismála er nú miklu meira en það var fyrir tíu árum og margfalt meira en það var fyrir 20 árum þannig að við megum ekki einblína á krónutöluna eina. Við verðum að horfa til þeirrar þjónustu sem verið er að veita. Það er staðreynd að verið er að rýra hana og draga úr henni. Það er staðreynd eins og hér var bent á við umræðuna að til stendur að loka Arnarholti. Þar eru 40 geðsjúklingar sem vita ekki hvað bíður þeirra. Verið er að svipta fjölfatlaða stoðþjónustu í Kópavogi í tengslum við Landspítala – háskólasjúkrahús. Það er verið að draga úr og rýra þjónustuna innan þessarar stofnunar.

Meginröksemd mín var þessi: Það er erfiðara að vera tekjulítill á Íslandi í dag en það var fyrir fáeinum árum áður en Framsóknarflokkurinn komst hér til valda. Þetta er sú stóra spurning sem (Gripið fram í.) talsmenn Framsóknarflokksins verða að svara vegna þess að við erum að ræða hér um stjórnvaldsaðgerðir. Við erum að ræða um lyfjakostnað. Við erum að ræða um sjúklingagjöld og heilbrigðisþjónustuna. Við erum að ræða um húsnæðiskostnaðinn.

Hv. þm. nefndi að atvinnuleysisbætur væru of lágar. Hann er sammála mér um að svo sé. Þær eru 79.767 kr. í mánuði hverjum. Þetta er ekki há upphæð. Hann segir að hæstv. ráðherra vilji hækka þessa upphæð. Ég man ekki betur ... (**Gripið fram í:** ... trúað því?) Ég man ekki betur en til stæði hér fyrir jól að rýra hana, að rýra þessa upphæð (**BJJ:** Kom fram frv. um það?) um einar 10 þús. kr. Það var talað fyrir því. Hins vegar urðu mótmæli, bæði utan úr samfélaginu, frá verkalýðshreyfingunni og frá stjórnarandstöðunni á þingi, til þess að menn hrukku til baka með þessa skömm, með þetta skammarlegasta frv. sem fram hefur komið á Alþingi í seinni tíð.

[16:42]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held það sé mjög mikilvægt að halda því til haga í umræðunni að það kom aldrei fram neitt frv. á Alþingi ... (**ÖJ:** Fjárlagafrumvarpið.) það kom ekki fram neitt frv. á Alþingi sem benti til þess að það ætti að skerða þrjá fyrstu daga í atvinnuleysi. (**Gripið fram í:** ... fjárlagafrumvarpsins.) Það stóð ekki til. (**Gripið fram í:** Jú!)

En hvað um það. Það sem aðskilur Framsóknarflokkinn og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð er kannski ekki áherslur okkar á velferðarkerfið og uppbyggingu þess. Það er áherslur okkar í atvinnumálum því við rekum ekki öflugt velferðarkerfi í þessu landi nema með öflugu atvinnulífi og öflugri atvinnustefnu. Við getum minnst andstöðu (**Gripið fram í:** Já.) Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við fyrirhuguðum ríkisstjórnarinnar um að efla atvinnulíf á Austurlandi, (**SJS:** Fyrir útlendinga?) við framkvæmd sem mun styrkja þjóðarbúið um tugi milljarða á næstu árum, framkvæmd sem mun skila því að við munum geta rekið áfram mjög öflugt velferðarkerfi.

Það er rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að það kostar sitt að reka öflugt velferðarkerfi eins og við búum við í dag. Til þess að við getum rekið það þurfum við (**Gripið fram í:** Skatta. Þá þurfum við skatta.) að búa við öflugt atvinnulíf. Við þurfum að búa við öflugt atvinnulíf. Við þurfum ekki að búa við flokk (**Gripið fram í:** Þá þurfum við steypu.) sem berst á móti framkvæmdum líkt og á Austurlandi, stóriðju á Austurlandi sem mun skipta höfuðmáli í byggðaþróun fyrir þann hluta landsins og ekki síst fyrir þjóðarbúið því við ætlum okkur, a.m.k. við sem störfum með þessari ríkisstjórn, að halda áfram að standa vörð um velferðarkerfið okkar. (**SJS:** Þá þurfið þið nú að fara að sýna það í verki.)

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að við þurfum öflugt atvinnulíf. Okkur greinir hins vegar á um það, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð annars vegar og Framsóknarflokkinn hins vegar, hvernig eigi að stuðla að slíku. Framsfl. aðhyllist stóriðjustefnu í anda Jósefs Stalíns. (**Gripið fram í:** Atvinnustefnu.) Við hins vegar viljum margbreytni og fjölbreytileika í íslensku atvinnulífi og höfum lagt fram ítarlegar tillögur þar að lútandi. (Gripið fram í.) Nóg um það að sinni.

Ég vil bara leggja áherslu á að fyrir jólin stóð til að skerða kjör atvinnulausra um 10 þús. kr. samkvæmt tillögum ráðherra Framsfl. (**BJJ:** Það var ekki lagt fram.) Það var lagt fram í ríkisstjórn og það var lagt fram í fjárlagafrv. og þar var gerð grein fyrir því og það var gerð grein fyrir því opinberlega. Hv. þm. á ekki að gera svona lítið úr ráðherra sínum, hæstv. félmrh. sem lýsti þessu yfir bæði (Gripið fram í.) á Alþingi og í fjölmiðlum margoft, þ.e. að til stæði að gera þetta. Ríkisstjórnin var hins vegar hrakin til baka vegna kröftugra mótmæla utan úr þjóðfélaginu, frá verkalýðshreyfingunni og frá stjórnarandstöðunni á Alþingi. Þetta er staðreynd. (**Gripið fram í:** Þetta er rétt.)

[16:46]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál um aðgerðir gegn fátækt. Þær hafa staðið í þó nokkurn tíma og er það auðvitað skiljanlegt miðað við það mál sem hér er á dagskrá. Fulltrúar allra flokka hafa tekið mjög virkan þátt í þessari umræðu utan þingmenn Sjálfstfl. og fjarvera þeirra í þingsal við þessa umræðu hefur vissulega vakið athygli. Hv. 5. þm. Suðurk. var hér með stutta viðveru og smáandsvar og það var eina innlegg sjálfstæðismanna.

Framsóknarmennirnir hafa þó haft manndóm í sér til að taka þátt í umræðunni og það hefur vissulega örlað á þeim skilningi hjá þingmönnum Framsóknar að taka þurfi á þessum málum. En framsóknarmenn átta sig aldrei á því að þeir eru ekki í góðum félagsskap. Ég þekkti það þegar ég var í ríkisstjórn með sjálfstæðismönnum að þeir eru ekki góður félagsskapur, og það er kannski meginástæðan fyrir því að framsóknarmenn koma engum málum fram, heldur láta sjálfstæðismennina berja á sér og valta yfir sig í hverju málinu á fætur öðru. Þeir hafa ekki enn komið fram hækkun á atvinnuleysisbótum sem er áhugamál hæstv. félmrh. miðað við málflutning hans í dag. (**SJS:** Þetta er sjálfskaparvíti hjá þeim.) Auðvitað er þetta sjálfskaparvíti og vonandi læra þeir af þessu.

Það sem þó hefur komið fram á þessum degi er eins og ég sagði að hæstv. félmrh. telur að hækka þurfi atvinnuleysisbæturnar. Við skulum þá vona að hann komi því í framkvæmd. Hann talar líka um tekjutengingu á atvinnuleysisbætur sem ég held að sé hið besta mál. Síðan er boðuð þessi skýrsla um stöðu fátækra og úrbætur í því efni. Ég vænti þess að það verði þá á næstu dögum sem forsrh. skilar þessari skýrslu inn í þingið þannig að við getum tekið góða umræðu um málið. Ekki er vanþörf á.

Það er staðreynd sem ekki er hægt að mótmæla að verulegt gliðnun hefur orðið í samfélaginu á undanförnum árum. Samhjálp er á undanhaldi, þeir ríku hafa orðið ríkari og þeir fátæku fátækari. Það er bara sú staða sem við stöndum frammi fyrir.

Ég vitnaði í norrænan samanburð áðan. Þar kemur í ljós að fátækir eru hlutfallslega flestir hér á Íslandi, við erum að tala um 15 þús. manns sem búa við fátækt og við erum að tala um 5–6 þús. manns sem eru atvinnulausir. Þar á meðal hefur hlutur unga fólksins í atvinnuleysinu vaxið verulega. Það er ekkert hægt að bíða með þetta mál. Daglega hringir í mig fólk eða kemur, fólk sem býr við mikið öryggisleysi, hefur gefist upp raunverulega, á ekki fyrir mat eða lyfjum. Það er ekki svona samfélag sem við viljum sjá á Íslandi, að fólk þurfi að vera í biðröðum eftir mat, sé búið með tekjur sínar eftir fyrstu tíu dagana af mánuðinum, lifi á yfirdráttarlánum, leiti til hjálparstofnana eða eftir fjárhagsaðstoð. Það er ekki svona samfélag sem við eigum að þurfa að búa þjóðfélagsþegnum okkar. Við erum ríkt land en hér er mikil misskipting, það er bara staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir. Tekjuskiptingin er röng í þessu þjóðfélagi og það er alveg ljóst að á undanförnum árum hefur ekki gengið á betri veginn í þessu efni.

Það er satt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan. Ég man ekki eftir að hafa orðið vitni að fólki í biðröðum eftir mat eða að það gæti ekki leyst út lyfin sín eða leitað læknishjálpar. Staðreyndin er sú að þetta hefur stuðlað að verulegri stéttaskiptingu í þjóðfélaginu. Ég hvet framsóknarmenn til þess að reka á eftir forsrh. með að skila af sér þessari skýrslu inn í þingið þannig að við getum undið okkur í þær lagabreytingar sem þarf að gera til þess að tryggja betur stöðu fátæks fólks.

Töluvert hefur verið vitnað í skýrslu ASÍ um velferðarkerfið sem var gefin út fyrir síðustu kosningar. Þar hafa þeir sett fram tillögur um bráðaaðgerðir. Það hefur kannski ekki mikið verið farið yfir þær í þessari umræðu en þar tala þeir um að ekki sé hægt að bíða með húsnæðismálin. Þeir leggja til að húsaleiga verði niðurgreidd umfram það sem nú er og framboð á félagslegu húsnæði aukið. Þá erum við að tala um framboð á leiguíbúðum sem beri ekki allt að 4,9% vexti, eða 3,5% í sumum tilvikum. Það var sátt í þjóðfélaginu um það, líka þegar við vorum á tímum niðursveiflu í atvinnulífinu, að hafa vexti á húsnæðislánum til leiguíbúða ekki hærri en 1%.

Þeir hjá ASÍ leggja til, sem hefur verið komið hér inn á varðandi menntunarmálin, að sérstaklega þurfi að koma til móts við ungt fólk úr tekjuminni fjölskyldum þannig að það geti stundað nám til jafns við aðra. Staðreyndin er sú að við erum að sigla í að það er ekki jafnt aðgengi, hvorki að heilbrigðiskerfinu né menntakerfinu, þótt allir hafi þó viljað standa að því og sátt verið um það. Þetta er bara staðreynd sem við stöndum frammi fyrir.

Þeir tala um að draga þurfi úr kostnaði sjúklinga vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu. Hann er orðinn verulegur, er orðinn aðgengishindrun. Sjúklingar geta ekki leitað sér læknishjálpar eða leyst út lyf.

Þeir tala um hækkun á barnabótum. Það er alveg ljóst að þessi ríkisstjórn hefur skert þær í sinni tíð. Árið 1995 voru barnabætur greiddar með börnum til 16 ára aldurs, þær voru ótekjutengdar og voru hlutfallslega hærri en þær eru núna, og vantar verulega á.

Það er talað um að sveitarfélögin dragi úr gjaldtöku vegna skólaþjónustu og tómstunda og geri börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstarf án tillits til efnahags foreldra. Það er náttúrlega ekki boðlegt í þjóðfélagi okkar að börnum sé svo mismunað að þau geti ekki stundað íþróttir og æskulýðsstörf til jafns við aðra vegna fátæktar.

Þeir leggja til, sem hlýtur að koma til skoðunar, að lægstu samsettu bætur öryrkja verði a.m.k. 110 þús. á mánuði auk barnalífeyris.

Þeir telja að draga þurfi úr álögum hins opinbera á húsnæði eldri borgara og síðan er lagt til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar í 93 þús. kr. á mánuði.

Ég vil bæta því við þessa upptalningu sem hér hefur verið lögð fram af ASÍ að það verður að taka á skattamálum lágtekjufólks. Það er ekki hægt að búa við það að lágtekjufólk sem er bara á lágmarkslaunum, á strípuðum töxtum, og öryrkjar greiði svo mikinn skatt sem þeir gera. Á árinu 2001 — það er sennilega orðið mun hærra núna — greiddu þeir í skatta til samfélagsins sem nam einum milljarði kr. Það er óverjandi að það skuli vera hægt að taka 8–15 þús. kr. á mánuði af strípuðum bótum þeirra sem eru bara á strípuðum töxtum, fólks sem er búið með peningana kannski 10. eða 12. hvers mánaðar og á þá ekki fyrir mat. Hvernig er hægt að vera að taka skatta af slíkum launum eða bótum? Þessi ríkisstjórn hefur á valdaferli sínum, frá 1995, verið að bæta hag þeirra sem eiga peningana, verið að lækka skatta á fjármagnseigendur. Hvernig er þetta hægt?

Ég tel að þetta sé smánarblettur og skömm í þjóðfélaginu sem við ættum að hafa burði í okkur í þessum þingsölum til að leiðrétta.

Virðulegi forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að lengja umræðuna. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið. Ég vona að hún geti orðið lóð á þær vogarskálar að á þessum málum verði tekið. Við getum ekki búið við það lengur að bjóða atvinnulausum upp á innan við 80 þús. kr. tekjur á mánuði, það er eiginlega brýnasta verkefnið sem við þurfum að taka á.

Líka það málefni sem 6. þm. Reykv. s., Jónína Bjartmarz, nefndi er orðið mjög mikið vandamál, þ.e. einhleypir karlar sem hafa lent í skilnaði og eiga í erfiðleikum með meðlög og húsnæðismál. Þessi hópur er sérstaklega nefndur í þessum bráðavandaaðgerðum sem ASÍ talar um. Þeir nefna að veita þurfi húsleigubætur vegna leigu á herbergjum, styrkja fjárhagsaðstöðu þeirra feðra sem eru það illa staddir fjárhagslega að þeir eiga erfitt með að umgangast börn sín með sómasamlegum hætti. Þetta er vaxandi vandamál og stækkandi hópur og sérkennilegt til þess að vita að þetta er stærsti hópurinn sem fær t.d. fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Það er lagt til að veita þeim feðrum sem eru með sameiginlegt forræði aukna möguleika á félagslegri aðstoð, t.d. í formi leiguhúsnæðis og ráðgjafar.

Síðan erum við auðvitað með vanda einstæðra foreldra almennt, við erum með vanda tekjulágra barnmargra fjölskyldna og síðan hóp öryrkja og hóp aldraðra. Margir aldraðir hafa það ágætt, það skal ekkert úr því dregið. En það er líka allt of stór hópur sem hefur það skítt, sem hefur lítið sem ekkert úr lífeyrissjóðum, sumir ekki neitt, og vanda þess fólks þurfum við að skoða.

Vissulega ber að fagna því sem þó var gert af hálfu þessarar ríkisstjórnar varðandi vandamál ungra öryrkja. Það var ágætt framtak en það þurfti líka verulegan þrýsting frá Öryrkjabandalaginu til þess að skila því í höfn. Og það vita

allir að atvinnulausir, öryrkjar og aldraðir hafa ekki fengið sambærilegan skerf af því sem hefur verið til skiptanna. Stjórnarflokkarnir draga stundum upp ranga mynd þegar þeir tala um kaupmáttaraukningu hjá öryrkjum og öldruðum og nefna þar háar tölur. Það er aðeins lítill hópur. Þeir sem eru allra verst settir, kannski 3% öryrkja, eitthvað svoleiðis, hafa bara 93–94 þús. kr. úr almannatryggingakerfinu. Kaupmáttur þeirra hefur hækkað heldur meira og kannski til jafns við aðra í þjóðfélaginu. En aðrir öryrkjar eða ellilífeyrisþegar hafa ekki búið við það að fá sambærilegan skerf og aðrir sem betur eru settir í okkar þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég heiti því að við í stjórnarandstöðunni — ég er alveg sannfærð um að við höfum stuðning vinstri grænna og frjálslyndra til að ýta á eftir því að gripið verði til aðgerða til þess að taka á bráðavanda þessa fólks, fólksins sem er að gefast upp í þessu góða þjóðfélagi sem við lifum í af því að það hefur verið sett til hliðar og ríkisstjórnin hefur ekki hugsað um það eins og hún á að gera. Þetta eru meðbræður okkar og -systur sem á að hjálpa til þess að geta lifað sómasamlegu lífi, geta staðið upprétt í þjóðfélaginu en þurfa ekki sífellt að bogna undan því oki sem á það er lagt. Þetta er fólk oft sem vinnur fullan vinnudag en á samt ekki fyrir brýnustu framfærslunni.

Þess vegna vona ég að sú umræða sem hér hefur orðið í dag geti orðið til þess að við sameinumst sem allra fyrst í því að taka á þessu máli og við munum ýta fast á eftir því að þessi skýrsla um stöðu fátækra komi inn í þingið og við fáum vonandi úrbætur í málefnum fátækra eins og félmrh. var að boða að forsrh. mundi leggja fram á næstu dögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 116. mál. — Þskj. 116.

[17:00]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu sem ég kýs að kalla svo. Hér er um endurflutta tillögu að ræða sem líklega hefur verið flutt tvisvar til þrisvar sinnum á síðasta kjörtímabili, fékk þá reyndar í einhver skipti a.m.k. ágætisundirtektir og um hana urðu nokkrar umræður en náði því miður ekki fram að ganga eða varð ekki útrædd. Efni tillögunnar er enn í fullu gildi og ef eitthvað er má segja að sem betur fer hafi áhugi aftur glæðst á vestnorrænu og Norður-Atlantshafssamstarfi og sér þess víða stað, bæði í norrænu samstarfi, heimskautasamstarfi og eins þeim vísi að samstarfi sem hefur verið að byggjast upp á allra síðustu árum milli eyþjóða og strandsvæða við norðanvert Atlantshaf og ég mun koma betur inn á á eftir. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Áætlun um aðgerðir í þessu skyni miði m.a. að eftirfarandi:

1. Að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs. Mótuð verði í þessu skyni íslensk nærsvæðastefna.

2. Að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sl. tvo áratugi með markvissum aðgerðum og auknum fjárframlögum, m.a. á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála.“

Ég skýt því inn, frú forseti, að á borðum þingmanna liggja einnig tvær nýjar þáltill. sem fluttar eru af þingmönnum, fulltrúum Íslands í Vestnorræna ráðinu. Þær lúta annars vegar að auknu samstarfi Vestur-Norðurlanda á sviði sjálfbærrar nýtingar fiskstofna og hins vegar aukinnar samvinnu í heilbrigðismálum. Ég tel það sjálfboðið að bæði þessi svið eigi þarna fullt erindi, enda inn á það komið samanber samstarf á sviði atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála sem sérstaklega er nefnt í tillögu minni.

„3. Að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu í huga.

4. Að stuðla að rannsóknum á og ritun sögu Norðvestur-Atlantshafssvæðisins þar sem m.a. verði lögð áhersla á eftirfarandi:

a. landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar,

b. sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þjóðanna almennt,

c. norræna arfleifð á skosku eyjunum og á Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu,

d. landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku,

e. söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs,

f. sögu siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafs.

5. Að fylgja eftir kynningu á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar 1000 ára afmælis Vínlandsfundar, siglingar Íslendings og annarra atburða í tilefni af landafundaafmælinu.“

Þessi töluliður ber það kannski nokkuð með sér, frú forseti, að það eru nokkur ár síðan tillagan var fyrst flutt, þ.e. í lok þessa afmælisárs ef ég man rétt. Þessir atburðir eru þó engu að síður enn ferskir í minni manna og full ástæða til að fylgja þeim eftir. Minna hefur reyndar orðið úr því en til stóð því uppi voru fögur fyrirheit um að fylgja þeim aðgerðum eftir með ýmsum hætti. Ísland fékk gríðarlega kynningu í Vesturheimi í tengslum við þessa atburði og því hefði vel mátt við halda af meiri metnaði, t.d. sem lið í almennri landkynningu og sókn fyrir hönd ferðaþjónustunnar o.s.frv.

„6. Að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum.“

Um þetta má segja að nokkuð hafi verið að gert, fyrst og fremst með opnun sendiskrifstofu og sendiráðs í Winnipeg annars vegar og Ottawa í Kanada hins vegar. Það er enginn vafi á því að stóraukin stjórnmálatengsl Íslands og Kanada hafa verið jákvæð í þessu tilliti.

„7. Að efla stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði.“

Ástæða er til að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt og ég kem e.t.v. aðeins betur inn á hann síðar, eftir því sem tíminn leyfir, í tengslum við tillögur sérstaks starfshóps á vegum Norðurlandaráðs sem nýlega hefur skilað áliti um aðgerðir til

að styrkja vestnorræna samvinnu. Þar er einmitt sérstaklega komið inn á samgöngumálin og vestnorrænt samstarf og reyndar er því líka gert hátt undir höfði í formennskuáætlun Íslendinga sem fer með formennsku í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni á þessu ári.

„8. Að móta stefnu um fjárveitingar til framangreindra verkefna til fjögurra ára í senn sem lögð verði fyrir Alþingi og endurskoðuð með reglulegu millibili."

Eins og heyra má af þessum lestri, frú forseti, er hér um allviðamikla áætlun að ræða sem væri fólgin í þessari nálgun að Íslendingar móti sér stefnu um samskiptin við næstu nágranna sína og reyni að stuðla að því fyrir sitt leyti að svæðissamvinna með vestnorrænu löndin sem ákveðinn kjarna en einnig eyþjóðir og strandríki við norðanvert og einkum norðvestanvert Atlantshafið verði miðpunktur slíkrar svæðasamvinnuhugsunar. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því í mínum huga að í slíkt er gríðarmikið að sækja. Sem betur fer má vel halda því fram að þessi heimshluti okkar njóti nú vaxandi athygli á nýjan leik, t.d. í norrænu samstarfi. Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja að fyrstu árin eftir breytingarnar miklu í austanverðri Evrópu þegar múrinn féll og Eystrasaltsríkin öðluðust sjálfstæði og Norðurlönd lögðu mikið upp úr því að byggja upp samvinnu við þau og efla við þau tengsl sem eðlilegt og rétt og skylt var, var mikil athygli á nágrönnum Norðurlandanna í austri og suðaustri. Það má kannski segja að 10. og síðasti áratugur síðustu aldar hafi verið áratugur Eystrasaltsríkjanna og samvinnu af hálfu Norðurlanda þegar horft var mjög mikið í austur. Reyndar einnig í norður samanber t.d. stofnun heimskautaráðsins en þannig var um nokkurt árabil beinlínis sjálft skipulag Norðurlandaráðs aðlagað að því að vinna með grannríkjunum. Þá voru einkum höfð í huga grannríkin í austri, þ.e. Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland, Pólland og Kalíningrad. Nú eru málin kannski komin í meira jafnvægi auk þess sem þessi lönd öll, nema Norðaustur-Rússland og Kalíningrad, eru nú að gerast aðilar að Evrópusambandinu og samstarf við þau að komast undir önnur formerki. Þá er ánægjulegt til þess að vita og geta staðfest að það er aukinn áhugi á nýjan leik á norrænu samstarfi á vestnorrænu löndunum og að efla svæðisbundið samstarf þar og horfa til nágranna þessara landa í suðri og austri og vestri.

Til marks um það t.d. er tillöguflutningur á vettvangi Norðurlandaráðs og starfshópur sem þar starfaði skilaði fyrir nokkrum mánuðum norrænu samstarfsráðherrunum skýrslu um Vestur-Norðurlönd og tengsl þeirra við hið norræna samstarf. Um er að ræða prýðilega unnið plagg þar sem staðan er kortlögð og komið með allmargar tillögur til úrbóta. Ég vil alveg sérstaklega nefna að lagt var til í 2. tölul. tillagna starfshópsins að gerð yrði úttekt á samgöngumálum, bæði flug- og sjósamgöngum milli landanna á Vestur-Norðurlöndunum og tengsla þeirra við löndin umhverfis. Uppleggið var að fenginn yrði óháður, faglegur eða sérfróður aðili til að framkvæma yfirgripsmikla samgöngu- og innviðaúttekt bæði fyrir flug- og sjóumferð. Það má kannski lesa þetta upp á frummálinu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Derimot foreslår arbeidsgruppen, at mulighetene undersøkes for at der på uavhengig faglig grunnlag gjennomføres en samlet, overordnet trafikk- og infrastrukturanalyse for både fly- og skipstrafikken mellom landene i Vest-Norden og med lande utenfor Vest-Norden."

Þarna er sem sagt um yfirgripsmikla úttekt á samgöngu- og innviðamálum að ræða og ánægjulegt að í formennskuáætlun Íslendinga er gert sérstaklega ráð fyrir því að ráðast í þessa úttekt. Ég veit ekki betur en í norrænu fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár sé gert ráð fyrir fjármunum til að takast á við þetta. Þar eru í húfi geysilega mikilvægur málaflokkur því að því verður ekki neitað að óhentugar samgöngur, sérstaklega flugsamgöngur milli vestnorrænu landanna, dýrar og krókóttar leiðir, standa mjög fyrir þrifum öllum samskiptum í þessum efnum. Það nægir einfaldlega fyrir menn að upplifa hversu kostnaðarsamt og erfitt það getur iðulega verið að ferðast t.d. milli höfuðborga Íslands og Grænlands til að vita allt um þetta. Þá liggur leiðin oftar en ekki um Kaupmannahöfn með millilendingu í Syðri-Straumsfirði á Grænlandi og þaðan áfram með minni flugvélum til höfuðstöðvar Grænlands, Nuuk.

Hin leiðin sem fær er er að fara um austurströnd Grænlands og þá þarf gjarnan að millilenda á tveimur stöðum á leiðinni, þ.e. í Kulusuk og Syðri-Straumsfirði eða Kangerlussuaq sem svo heitir upp á grænlensku. Fargjaldið getur kostað á bilinu 150–220 þús. kr. Við njótum að vísu mun betri samgangna milli Íslands og Færeyja. Þær eru í raun orðnar ágætlega greiðar með reglubundnum áætlunum eða áætlunarflugi bæði íslenska og færeyska flugfélagsins og ekki hafa nýju jarðgöngin í Færeyjum milli Vogeyjar og Straumeyjar spillt fyrir, því að nú er hægt að komast beina leið á bíl frá flugvellinum og inn til Þórshafnar. En það stendur mönnum stórlega fyrir þrifum að ekki skuli vera tenging milli höfuðstaðanna þriggja. Það hlýtur að vera keppikefli að koma slíku á, en til þess þarf að athuga ýmislegt í sambandi við uppbyggingu mannvirkja, bæði flugbrauta og fleiri mannvirkja. Eitt sem iðulega hefur borið á góma í því sambandi er hvort Keflavíkurflugvöllur geti þjónað einhvers konar tengistöðvahlutverki fyrir flugumferðina til og frá Grænlandi. Margt bendir til þess að það gæti orðið hagkvæmur kostur fyrir báða aðila og æskilegt væri að fá af því góða kortlagningu í úttekt af þessu tagi.

Með tillögu þessari, virðulegi forseti, var dreift á borð þingmanna fskj. með tillögum starfshóps samstarfsráðherranna um vestnorrænt samstarf þar sem er á ferðinni mjög greinargóð kortlagning á þjóðunum eða svæðunum sem í hlut eiga við norðanvert Atlantshafið. Ég vænti þess að þingmenn geti fundið þetta í skjalabunkum sínum sem þeir hafa örugglega góðar reiður á. Hér er sem sagt um að ræða bækling sem Byggðastofnun Norðurlanda, Nordregio, vann fyrir starfshópinn. Þar er farið yfir öll þessi lönd allt í kringum norðanvert Atlantshafið og Norður-Íshafið. Þegar þetta er skoðað út frá eyríkjunum, strandsvæðunum og héruðunum sem í hlut eiga eru þetta miklu líkari aðilar í fólksfjölda, stærð og aðstæðum en menn skyldu ætla. Grænland er með 56 þúsund íbúa, Ísland með 390 þúsund, Færeyjar með 46 þúsund, á Svalbarða búa um 2.500 manns, í Murmansk-héraðinu, Murmansk oblast, býr um 1 milljón, í Arkhangelsk-héraði og Nenet oblast búa 1,5 millj. manna, á Hjaltlandseyjum búa 22.400 íbúar, á Orkneyjum tæp 20 þúsund, á Suðureyjum 26 þúsund. Ef Skotland er tekið með sem eining í þessu, þá búa þar um 5 millj., á Norður-Írlandi 1,5 millj., á eyjunni Mön 76 þús., á Írlandi tæpar 4 millj., í Nunavut-héraði í Norðaustur-Kanada 26 þús., í Nunavik tæp 10 þús. og á Nýfundnalandi og Labrador um 0,5 milljónir. Þessi héruð eiga sem sagt mjög margt sameiginlegt landfræðilega og hvað atvinnulíf snertir, eru tiltölulega sambærileg að stærð og eiga mikla sameiginlega hagsmuni af því að efla sína samvinnu. Út á það gengur tillagan einkum og sér í lagi, að Ísland reyni fyrir

sitt leyti að stuðla að slíku og draga að nokkru leyti vagninn í þeim efnum sem sjálfstætt ríki af meðalstærð í hópnum inni á miðju svæðinu.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 138. mál (barnaklám á neti og í tölvupósti). — Þskj. 138.

og

Ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 139. mál (barnaklám á neti og í tölvupósti). — Þskj. 139.

[17:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þessi mál skuli tekin saman til umræðu. Þau fjalla bæði um aukna vernd gegn efni af kynferðislegum eða klámfengnum toga sem börn fá sent með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni.

Í fyrsta lagi er um að ræða frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur. Frumvarpsgreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hver sem sendir barni kynferðislegt eða klámfengið efni með atbeina hvers konar tölvu- eða fjarskiptatækni skal sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum."

Frumvarpi þessu er ætlað að veita börnum aukna vernd gegn efni af kynferðislegum eða klámfengnum toga sem þau fá sent með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni. Með tölvu- og fjarskiptatækni er t.d. átt við tölvuskeyti, spjallrásir, heimasíður á veraldarvefnum, myndir á stafrænu formi og smáskilaboð sem send eru í farsíma. Gert er ráð fyrir því að slík háttsemi af hálfu geranda eða brotamanns verði refsiverð og geti varðað allt að 6 mánaða fangelsi, en allt að 2 ára fangelsi þegar efnið sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Með þeirri tækniþróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár hafa möguleikarnir á því að miðla ýmiss konar efni milli manna aukist til muna. Klámefni af ýmsum toga er fyrirferðarmikið á veraldarvefnum, sbr. frétt á vefnum mbl.is 23. september sl., en þar kemur fram að klámsíður á netinu séu taldar vera í kringum 260 milljónir, eða 1.800% fleiri en fyrir fimm árum þegar þær voru 14 milljónir. Klámiðnaðurinn virðist því sterkari en nokkru sinni fyrr eftir tilkomu veraldarvefsins.

Í könnun sem náði til 10.000 barna og foreldra þeirra á Íslandi og Írlandi og í Svíþjóð, Noregi og Danmörku kemur fram að helmingur barna sem nota vefinn hefur heimsótt klámsíður fyrir slysni eða ásetning og einn fjórði hluti barnanna hefur fengið sent klámfengið efni á netinu.

Það er ástæða til að minna á að samtökin Barnaheill hafa haldið úti mjög góðri heimasíðu með leiðbeiningum og fræðslu til að vinna gegn barnaklámi. Þar kemur fram að samtökin hafa skorið upp herör gegn kynferðislegri misnotkun á netinu. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessa stundina vafra barnaníðingar um netið. Sumir þeirra nota það til að eiga samskipti sín á milli og til að komast í samband við börn. Á netinu skiptast þeir á myndum af börnum, kaupa og selja barnaklám. Oft fara viðskiptin fram milliliðalaust, undir nafnleynd. Stundum er heilum myndasöfnum komið fyrir á leynilegum stöðum, í öðrum tilvikum er þeim dreift um netið þrátt fyrir að það sé bannað í flestum löndum heims."

Í skýrslu nefndar um úrbætur vegna kláms og vændis er lagt til að sett verði lög sem geri þá sem reka netþjóna ábyrga fyrir því efni sem þar er að finna. Lögð er áhersla á að forða börnum frá greiðum aðgangi að klámefni á veraldarvefnum. Í því skyni er mælt með notkun hugbúnaðar sem gerir fólki kleift að loka fyrir aðgang að ákveðnum slóðum. Það er efni síðari tillögunnar.

En áður en ég vík að henni vil ég nefna að ákvæði 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga er óbreytt frá því að lögin voru sett árið 1940. Með hliðsjón af tækniþróun undanfarin ár og klámvæðingu samfélagsins telja flutningsmenn rétt að skerpa á þeirri vernd sem börnum er sérstaklega veitt með þessu ákvæði þannig að enginn vafi geti leikið á refsinæmi þess að láta börnum í té klámfengið efni á annan hátt en í formi kvikmynda og tímarita. Við vinnslu frumvarpsins komu þau sjónarmið víða fram að þetta væri skynsamlegt til að taka af öll tvímæli um refsinæmi þess að senda börnum kynferðislegt og klámfengið efni, sama í hvaða formi eða hvernig það væri sent.

Flutningsmenn leggja eins og ég gat einnig fram annað mál, um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Það er þáltill. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort rétt sé að breyta ákvæðum laga um rafræn viðskipti sem fjalla um takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar gagna með það að markmiði að ábyrgð þjónustuveitanda verði aukin og hann beri skilyrðislausa ábyrgð á að gera allt barnaklám sem kann að vera hýst á netþjóni hans óaðgengilegt eða fjarlægja það.

Nauðsynlegar lagabreytingar skulu lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 2005."

Í skýrslu nefndar dómsmrh. um úrbætur vegna kláms og vændis sem ég vitnaði í áðan segir m.a. að nefndin telji að á sviði lagasetningar sem tekur til kláms á veraldarvefnum megi gera betur og að lög sem gerðu rekendur netþjóna ábyrga fyrir því efni sem þar er að finna væru til bóta.

Síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Fyrirmynd að slíkum lögum er til í sænskri löggjöf en þar gilda lög nr. 112 frá 1998, um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Í 5. gr. laganna er kveðið á um skyldu þess sem rekur netþjón að eyða eða stöðva frekari útbreiðslu efnis af ákveðnu tagi, þar á meðal barnakláms. Geta brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi allt að 6 árum."

Í sænsku lögunum er því lögð bein skylda á þann sem rekur slíka þjónustu að fjarlægja skilaboð sem hafa að geyma barnaklám eða gera þau óaðgengileg á einhvern annan hátt.

Þegar þetta mál var í vinnslu komu fram hjá nokkrum sem við var rætt að skiptar skoðanir og að áhöld væru um

hvort þetta sænska ákvæði gengi í bága við tilskipun Evrópusambandsins um rafræn viðskipti. Því er hér flutt till. til þál. um þetta efni en ekki frumvarp. Flutningsmenn, sem eru ásamt mér hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, telja ástæðu til að kanna hvort svo sé og hvort rétt sé að taka strangari reglu upp í íslenskan rétt þess efnis að sé barnaklám hýst á netþjóni beri sá sem rekur netþjóninn skilyrðislausa ábyrgð á því. Af því tilefni flytjum við þessa tillögu samhliða fyrrgreindu frumvarpi.

Áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, vil ég vitna til þess sem kom fram nýlega á fjölmennri ráðstefnu í Borgarleikhúsinu um rétt barna til öryggis á netinu. Þar kom fram hjá framkvæmdastjóra Barnaheilla að um 60 ábendingar um barnaklám á netinu bærust til samtakanna Barnaheill í hverjum mánuði. Við skoðun reynist vera um barnaklám að ræða í um þriðjungi tilvika.

Á sömu ráðstefnu kom fram hjá Kristjáni Inga Kristjánssyni, rannsóknarlögreglumanni hjá ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, að full þörf væri á sérþjálfaðri og vel tækjum búinni sveit innan lögreglunnar til að taka á brotum gegn börnum á netinu, svo sem barnaklámi, tælingum á börn og fleira, en brotum af því tagi fari sífellt fjölgandi. Kristján segir orðrétt í frétt í Morgunblaðinu 7. febrúar sl., með leyfi forseta:

„Þetta er vaxandi brotaflokkur, barnaklám og brot gegn börnum tengd því."

Síðar kemur fram í sömu grein:

„Í erindi sínu á ráðstefnunni um öryggi barna á netinu sagði Kristján það aðeins tímaspursmál hvenær börn hér á landi lendi í vændi í tengslum við hérlenda vefi, eins og þekkt sé í tengslum við slíkar vefi erlendis."

Virðulegi forseti. Þau ummæli og annað sem ég vitnaði í frá áðurnefndri ráðstefnu undirstrikar að hér er alvarlegt mál á ferðinni, að brýnt er að Alþingi skoði þetta mál og hvort ástæða sé til þess að herða á ákvæðum í lögum, almennum hegningarlögum sem eru frá 1940, um refsingar við slíkum brotum. Eins þarf að skoða í tengslum við þetta ábyrgð netþjóna eins og ég hef hér lýst.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði báðum þessum málum vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Fjarvera þingmanna.

[17:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að hér er sérkennileg röskun að verða á dagskránni. Þingmenn sem eiga tillögur á löngu ákveðinni dagskrá og hafa verið við störf í dag virðast horfnir í burtu. Þannig er ekki hægt að fylgja dagskránni eins og hún hefur legið fyrir. Þetta tel ég mjög bagalegt.

Ég vil benda virðulegum forseta á að taka þetta upp á fundum með formönnum þingflokka, að þingmenn sem eiga mál á dagskrá og eru við störf, eru ekki með fjarvistir, eigi að gjöra svo vel að vera á staðnum og vera tiltækir að tala fyrir málum sínum þegar röðin er komin að þeim. Þetta hefur verið að gerast trekk í trekk. Menn virðast í einhverri leikfimi með tillögur sínar og gufa gjarnan upp, sérstaklega ef klukkan er u.þ.b. að verða hálffimm, af einhverjum ástæðum. Þeir hafa þá ekki lengur áhuga á að tala fyrir málum sínum. Ég held að það verði að ræða þetta eins og þetta er. Á þessu er ekki nógur góður svipur.

Ég mun tala hér fyrir þeim málum sem ég á hér á dagskrá án tillits til þess hvort klukkan er tvö, þrjú, fjögur, fimm eða sex, svo fremi sem ég hafi ekki fjarvist frá þingstörfum. Ég fer fram á að það verði farið yfir þetta af hálfu forustu þingsins. Við sem þingreynd erum sjáum alveg hvað er hér í gangi. Mér finnst að þeir sem ekki nota sér tækifærið og ekki eru til staðar til að mæla fyrir málum sínum þegar röðin kemur að þeim á dagskránni eigi að færast aftur fyrir og tillögur þeirra verði aftan við allar aðrar sem þegar eru fram komnar á þinginu.

[17:29]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir þetta. Það var samkomulag um að reyna að koma málefnum þingmanna að. Eins og við sjáum hefur eitt dagskrármálið tekið lengri tíma en maður gat vænst, þrjár klukkustundir. Auðvitað er sjálfsagt að þeir þingmenn sem vanrækja störf sín með því að vera ekki við þegar þeir eiga að mæla fyrir frumvörpum hljóti að verða að sætta sig við að mál þeirra séu tekin af dagskrá.

[17:30]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti hefur meðtekið athugasemdir hv. þingmanna. Svo háttar til að hv. þingmenn og fyrstu flutningsmenn dagskrármála nr. 13, 14 og 15 eru ekki viðstaddir hér til að mæla fyrir þeim málum. Því er tekið á dagskrá þessa fundar 16. dagskrármálið.

Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 166. mál. — Þskj. 168.

[17:30]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv.þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. Þetta er 166. mál á þskj. 168.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis."

Þannig háttar til nú um stundir að fram undan eru eða í gang eru farnar viðræður um gerð nýs samnings um mjólkurframleiðsluna og endurskoðunarákvæði eru í sauðfjársamningi og hefur reyndar mikið verið um það rætt að einnig þar

yrðu breytingar gerðar á þannig að einmitt nú eru hagstæðar aðstæður til að taka upp viðræður í samstarfi stjórnvalda og hagsmunaaðila um þessi mál. Engum dylst að við margvíslegan vanda er að glíma í íslenskum landbúnaði og erfiðleika hvað varðar byggðamál í strjálbýli í landinu.

Hæst að undanförnu hefur borið vanda sauðfjárræktarinnar en auðvitað búa fleiri greinar landbúnaðar við mikla erfiðleika. Þannig er t.d. afkoma loðdýrabænda mjög slæm og framleiðendur nautakjöts hafa ekki farið varhluta af ástandinu á kjötmarkaði, en þar má heita að ríkt hafi upplausnarástand undanfarin missiri, kjöt verið selt á undirverðum langt undir framleiðslukostnaði og búskapurinn jafnvel rekinn af bankakerfinu að hluta til.

Það er einnig alveg ljóst að núverandi fyrirkomulag á stuðningi hins opinbera við landbúnaðinn er á margan hátt umdeilanlegt, þ.e. að tvær að vísu megingreinar landbúnaðarins, mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt, búa við samninga við ríkisvaldið um stuðning við framleiðslu sína og njóta umtalsverðs styrks af opinberu fé í formi beingreiðslna til bænda vegna þeirrar framleiðslu sem rúmast innan samningsins, og þá er fyrst og fremst átt við framleiðslu sem fullnægir þörfum innanlandsmarkaðar. Þetta hefur hins vegar þann galla að önnur búskapartengd atvinnuumsvif í sveitum sitja þarna ekki við sama borð auk þess sem búvörusamningar bundnir við framleiðslutakmarkanir eða kvóta hafa ýmsa ágalla. Framseljanlegir kvótar taka á sig verðgildi sem gengur kaupum og sölum innan greinarinnar og búa til þröskulda í kynslóðaskiptum eða við jarðakaup í landbúnaðinum sem ella væru ekki til staðar eða lægri en nú er.

Vandinn er ekki sá að ýmis nýbreytni í atvinnumálum sveitanna hefur verið að koma til sögunnar á undanförnum árum. Margt hefur þar verið reynt og sumt tekist ágætlega, eins og t.d. uppbygging í ferðaþjónustu til sveita. En því miður hafa þau störf sem þannig hafa bæst við tæplega dugað til að vega upp á móti hinum sem tapast hafa vegna samdráttar í hefðbundnum búskap. Því er gríðarlega mikið í húfi að það takist að snúa vörn í sókn og tryggja að raunverulega nýsköpun í atvinnulífinu nýtist byggðinni í sveitunum í strjálbýli landsins til þess að fjölga atvinnuúrræðum og gera það mögulegt að snúa vörn í sókn í byggðum. Ella er það alveg ljóst að byggðahrun getur orðið í heilum héruðum og landshlutum ef svo heldur sem horfir til langs tíma. Félagslega mega sveitirnar yfirleitt ekki við því að þar fækki fólki umfram það sem nú er og sérstaklega bagalegt er það auðvitað ef ungt fólk sér sér ekki fært að setjast þar að, skapa sér þar lífsviðurværi og festa þar ráð sitt þannig að eðlileg endurnýjun og eðlileg kynslóðaskipti fari fram.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt umtalsverða vinnu í að reyna að skilgreina og átta okkur á þessari stöðu og höfum á undanförnum missirum mótað tillögur um það sem við köllum búsetutengdan grunnstuðning við landbúnað og byggð í sveitum landsins. Það fyrirbæri er allítarlega útskýrt í greinargerð með tillögunni og í fylgiskjölum sem þar fylgja, bæði í ályktunum sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur gert um málefni landbúnaðarins og blaðagreinum, m.a. eftir undirritaðan sem birst hafa í Bændablaðinu og víðar um nýsköpun í atvinnulífi til sveita, um búsetutengdan grunnstuðning og mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í atvinnusköpun, ekki síst með tilliti til möguleika strjálbýlisins að þessu leyti.

Eins og ljóst má vera, hvað sem líður góðum áformum um að auka fjölbreytni og sækja fram á grundvelli nýrra atvinnugreina, nýrra möguleika í sveitum landsins, þá verður of seint í rassinn gripið í þeim efnum ef algjört hrun er orðið í því atvinnulífi sem fyrir er og ber uppi búsetuna og byggðina enn sem komið er. Það eru auðvitað störfin sem tengst hafa hinum hefðbundna landbúnaði og þjónustu við hann og úrvinnslu á framleiðsluvörum sem borið hafa uppi hið hefðbundna búsetumunstur í strjálbýli landsins. Þess vegna þarf að nálgast þetta með tvennt í huga í senn, að verja það sem til staðar er, slá skjaldborg um það eftir því sem kostur er, ekki endilega á grundvelli þess að allt sé óbreytt heldur þannig að menn leiti nýrra leiða í þeim efnum sem eru í takt við þróun og kröfur tímans. En samtímis og til viðbótar og til hliðar þessu verður að stórauka og efla aðgerðir til þess að stuðla að nýliðun, nýsköpun og endurnýjun í atvinnulífi og búsetu í strjálbýlinu.

Við höfum einnig lagt mikla áherslu á að stuðla að sjálfbærri þróun innan landbúnaðarins. Við viljum styðja hefðbundnar fjölskyldueiningar í rekstri og vörum við tilhneigingu til óhóflegrar samþjöppunar og verksmiðjubúskapar. Það gerum við m.a. af umhverfis- og hollustuástæðum. Það nægir fyrir menn að kynna sér þann ófarnað sem sums staðar hefur í nágrannalöndunum leitt af óhóflegri samþjöppun og óhóflegum verksmiðjubúskap sem hefur síðan aftur leitt yfir menn mikil vandamál á sviði hollustu- og heilbrigðismála hvað varðar sjúkdóma og fleira í þeim dúr.

Við teljum að þessi grundvallarnálgun eða breyting, að opna fyrir möguleika á fjölbreyttari stuðningi við aðrar greinar landbúnaðartengdrar starfsemi og eftir atvikum jafnvel nánar skilgreind atvinnuumsvif í strjálbýli landsins og láta menn þar vera nær því að sitja við sama borð en nú er hvað varðar stuðning eða umhverfi af hálfu hins opinbera, þá megi vinna heilmikið í þessum efnum. Þannig má hugsa sér að einhver hluti þess stuðnings sem nú er innan hefðbundnu búvörusamninganna færist yfir á form búsetutengds grunnstuðnings hvað varðar hefðbundnu greinarnar tvær, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, en viðbótarfjármunum verði síðan varið í það að gera sambærilegan grunnstuðning mögulegan við aðrar greinar landbúnaðar og eftir atvikum önnur landbúnaðar- eða atvinnutengd umsvif í sveitunum.

Hér þurfa menn ekki að óttast það að um yrði að ræða einhvern óútfylltan víxil og hér væri verið að fara inn á braut sem þýddi stjórnlausa aukningu útgjalda. Engu slíku er til að dreifa. Það er ekki hugsunin af okkar hálfu, enda takmarkar að sjálfsögðu sú búseta sem eftir er í strjálbýli landsins, sá fjöldi býla, mjög það umfang sem um væri að ræða nema menn væru tilbúnir til að fara inn á þá braut að opna hreinlega fyrir nýbýli eða það að búseta vaknaði upp á nýjan leik á jörðum sem komnar eru í eyði. Sá sem hér stendur ætlar síður en svo að útiloka slíkt. En um það gætu menn sett sér reglur og viðmiðanir. Ef menn væru í aðalatriðum að horfa til þess að reyna að að verja þá búsetu, þann fjölda eininga sem verið hefur við lýði, þá snerist þetta um stuðning við búsetu á kannski fjögur til fimm þúsund lögbýlum í landinu. Það er að sjálfsögðu afmarkað og viðráðanlegt viðfangsefni að skilgreina hvernig stuðningi ríkisvaldsins við slíka byggð er fyrir komið.

Að sjálfsögðu þjónar þessi stuðningur margvíslegum tilgangi. Hann er liður í því að viðhalda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar. Hann er liður í því að varðveita það menningarlega og sögulega gildi sem landbúnaðurinn hefur. Hann er liður í því að varðveita það sem við getum kallað menningarlandslag og er viðurkennt og þekkt nálgun í stuðn-

ingi nágrannaþjóða við búsetu eða landbúnað sinn í strjálbýli. Má þar nefna þann margvíslega stuðning sem af slíku tagi tíðkast á hinum Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og víðar.

Virðulegur forseti. Enginn vafi er á því a.m.k. að þörf er fyrir nýja hugsun og það er þörf fyrir ný úrræði í þessum efnum. Við mikinn skipulagsvanda og að mörgu leyti kreppu, má segja, er að glíma í málefnum landbúnaðarins að þessu leyti. Þá á ég ekkert síður við hinn hugmyndafræðilega grunn og pólitíkina eða stefnuna sem þar er rekin heldur en beinlínis tal um krónur og aura og slíka hluti. Það er mikil þörf á nýsköpun einnig hvað varðar hinn hugmyndafræðilega og pólitíska grundvöll þessara mála í landinu.

Ég held að ekki sé ósanngjarnt að orða það svo að landbúnaðurinn þurfi á pólitískum stuðningi að halda og mér liggur við að segja hjálp vegna þeirra miklu erfiðleika sem menn hafa þar verið að glíma við og vegna þeirra öru og miklu breytinga sem menn hafa gengið í gegnum. Sömuleiðis þurfa stjórnvöld á samvinnu við landbúnaðinn, við bændur og samtök þeirra, að halda eigi menn að vinna sig í gegnum þessa erfiðleika á einhvern vitrænan máta. Þarna er um klassískt samstarfsverkefni að ræða þar sem hagsmunaaðilar og stjórnvöld þurfa að taka höndum saman, enda eru þessir aðilar í viðamiklu samstarfi í gegnum búvörusamninga og málefni þessarar greinar og málefni byggðanna í strjálbýli landsins í heild sinni.

Auðvitað mætti tína fjöldamargt fleira til sem skiptir máli, svo sem samgöngur, fjarskipti, jöfnun lífskjara, aðgengi manna að þjónustu, menntun, heilsugæslu o.s.frv. Allt skiptir þetta máli. En í miðpunkti eða miðlægt í þessari umræðu eru auðvitað málefni atvinnulífsins, atvinnugreinanna sem bera uppi búsetuna og tekjuöflun í strjálbýlinu. Menn hljóta að hugsa þessa hluti út frá því að reyna að verja það sem fyrir er, það sem til staðar er þó enn þá, og byggja á þeim grunni og byggja út frá því eins og kostur er. Það er nálgun okkar, virðulegur forseti, og við teljum okkur vera að leggja okkar af mörkum með þessari stefnumótun og þeim tillöguflutningi sem hér er á ferðinni.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til 2. umr. og hv. landbn. þó vissulega mætti færa fyrir því rök að fleiri fagnefndir þingsins ættu að koma að þessu borði. Ég fullyrði að það væri skynsamleg og góð ráðstöfun að skipuð yrði þverpólitísk nefnd, skipuð fulltrúum allra þingflokka til að vinna með og vera stjórnvöldum og bændasamtökum til samstarfs og ráðuneytis við þetta verkefni. Það er þannig ástatt nú, eins og ég kom að í upphafi máls míns, að tímabært er að fara í slíkar aðgerðir. Þannig stendur á að gildistími gildandi samninga býður upp á það og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að slíku frumkvæði af hálfu Alþingis og stjórnmálalífsins yrði vel tekið af hálfu þeirra sem í hlut eiga.

[17:45]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er ekki undarlegt þó að málefni landbúnaðarins beri á góma og heldur ekki undarlegt þó að hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, ríði þar á vaðið, gamall landbúnaðarráðherra sem markaði á sínum tíma nýja stefnu í málefnum sauðfjárbænda sem ég hygg að hafi verið á margan hátt skynsamleg, en því miður hafi verið horfið frá þeim grundvallarsjónarmiðum sem mörkuð voru með búvörusamningnum 1991, nefnilega að stefna að því að byggja sauðfjárræktina upp á þeim grundvelli að hún dygði fyrir neyslu innan lands, en á hinn bóginn yrði farið gætilega í það að stækka bústofninn og auka framleiðsluna í von um það að markaðir fyrir dilkakjöt við viðunandi verði næðust erlendis.

Við sjáum í hvaða far þessi mál eru komin nú. Það er auðvitað erfitt að takmarka framleiðslu á dilkakjöti og því miður varð reyndin sú á síðustu missirum að einstök fyrirtæki tóku að bjóða framleiðslu bænda á verði sem ekki dugði fyrir framleiðslukostnaði með þeim afleiðingum að óviðunandi ástand varð hér á kjötmarkaði og ýmsir bændur urðu að sætta sig við það að fá ekki afurðir sínar greiddar, sem þeir höfðu ekki ráð á. Landbúnaðurinn gefur ekki svo mikið af sér að menn megi við því að svo og svo mikið af framleiðslu þeirra hverfi í hít illa rekinna fyrirtækja og verði gjaldþrotum að bráð. En þannig hefur það verið undanfarið að ekki hefur náðst jafnvægi á kjötmarkaðnum og má segja að þar hafi mörg fyrirtæki verið rekin með halla ár eftir ár með þeim afleiðingum m.a. að sláturhús hafa verið lögð niður, eins og á Austurlandi, og með þeirri afleiðingu enn fremur að þeir sem enn eru að berjast á þessum markaði geta ekki fagnað því að hafa viðunandi afkomu. Auðvitað er óhjákvæmilegt að reyna að glöggva sig á því hvernig hægt sé að bregðast hér við.

Ég vil líka taka undir með hv. þm. þegar hann talar um að óhjákvæmilegt sé að reyna að glöggva sig á þeim atvinnutækifærum öðrum sem til greina kæmu í strjálbýli. Ég vil þó sérstaklega vekja athygli á því að ferðaþjónustan á einstaka stöðum á landinu ætti að geta gefið viðunandi árstekjur ef rétt er að henni staðið. Ég vil halda því fram að óhjákvæmilegt geti verið að efla dreifbýlustu héruð landsins með því að greiða nokkuð niður stofnkostnað í t.d. hótelum svo við tökum dæmi í Norður-Þingeyjarsýslu. Eftir að vegur er kominn í Öxarfjörð með bundnu slitlagi þá hygg ég að það gæti mjög lyft þeim strjálbýlu og fátæku héruðum sem þar eru. Ef t.d. heitt vatn yrði lagt í Ásbyrgi ef nokkur stofnstyrkur yrði lagður fram til þess að byggja þar upp gestamóttöku, og ef gæsla þjóðgarðsins þar og annars staðar raunar um landið yrði falin heimamönnum eða þeim sem gæfu sig fram til að starfa í byggðinni sem yrðu þá um leið heimamenn þegar þeir hefðu sest þar að.

Öll slík umsvif sem tengjast eðlilegum rekstri þjóðgarða, sem reknir eru á grundvelli þess að þeir geti verið paradís fyrir ferðaþjónustu, eiga um leið að vera lyftistöng fyrir þá sem þar eru að berjast við að geta framfleytt sér og sínum, því eins og við vitum er ástandið þannig nú að flestir sauðfjárbændur þurfa að afla tekna utan búsins, utan heimilis til að lifa af. Þetta þekkjum við og þetta vitum við, og það er nauðsynlegt að horfast í augu við það.

Jafnframt vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði að rétt sé að reyna að glöggva sig á því hvort hægt sé að breyta hinum framleiðslutengda styrk í svæðisbundinn styrk þannig að menn reyndu að ná samkomulagi um það hvaða héruð það eru í landinu sem þeir vilja sjá fyrir sér sem sérstök sauðfjárræktarhéruð og hvar menn telji á hinn bóginn að ekki sé ástæða til þess að styðja sérstaklega við slíkan rekstur. Því að auðvitað vitum við það að Ísland án búskapar yrði fátæklegt land og lítið skemmtilegt að ferðast um það. Sauðfjárræktin er hluti af okkar sögu, okkar þjóðmenningu, og okkur ber að reyna að finna leiðir til þess að þeir sem vinna við þá atvinnugrein, leggja sig fram og vinna sín verk vel, geti haft viðunandi afkomu. Ég vil að því leyti taka undir það sem segir í tillögu hv. þm. þó að ég á hinn bóginn sé ekki trúaður

á þá leið að nefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, geti leyst vandamál eins og þetta. Má kannski segja að það sé eðlilegt að þar sem ég er í meiri hluta hér á Alþingi þá sé ég trúaður á að rétt sé að meiri hlutinn beri ábyrgð á slíkum tillögum og reyni að fylgja þeim fram. En ég er sammála um að það þurfi að horfa á þessi mál frá nýjum sjónarhóli og taka þau öðrum tökum en verið hefur um leið og ég tek undir með hv. þm. að það hefur ýmislegt gerst úti um land sem gefur tilefni til bjartsýni og ástæðulaust sé af þeim sökum að vera með nokkurn gráttón. En kjarni þess sem ég vil segja er að við eigum að leggja meiri áherslu á það að styrkja vegakerfið og afla fjár sem gæti orðið stuðningur fyrir þá sem vilja hefja nýjan atvinnurekstur í sveitum.

[17:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa stuðningi við þá tillögu sem hér var mælt fyrir af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þá hugsun að skoða þurfi og móta að nýju grundvöll íslensks landbúnaðar og horfa þar til þeirrar framtíðar sem ég tel einna mest um vert, að Ísland án landbúnaðar og án búsetu vítt og breitt um landið verði okkur ansi lítils virði í framtíðinni. Ég tel að það sé eiginlega grundvöllur þess að við seljum þetta land í framtíðinni sem ferðamannaland, sem áhugaverðan kost fyrir fólk frá öðrum löndum og okkur sjálf að ferðast um, og það markmið sem mér finnst að við ættum að setja okkur er að sjá til þess að byggð í sveitum landsins haldist og þar geti fólk lifað eðlilegu lífi með eðlilega afkomu, nokkurn veginn sambærilega afkomu við það sem gerist í þéttbýlinu. Það er með því hugarfari, held ég, sem við verðum að horfa til framtíðar.

Ég hygg að það væri óbætanlegur skaði fyrir okkur Íslendinga sem þjóð ef svo færi á næstu árum og áratugum að stöðugt héldi áfram að fækka í sveitum og á hinum byggðu bólum í landi hér, og ef sú staðarþekking sem því fylgir að hafa verið búandi í sveit kannski mann fram af manni eða að hafa tekið við býli þar sem þekkingin gekk frá manni til manns hyrfi eða finnist þá aðeins skráð í bókum en ekki í hinu eðlilega umhverfi þar sem fólk býr og þekkir til staðhátta, sögu og nytja.

Það er auðvitað þannig að nytjum manna á sveitabýlum hafa verið sett takmörk og það höfum við jú gert með þeim ákvörðunum að skammta mönnum framleiðslurétt, nokkurs konar kvótakerfi í landbúnaði, bæði í mjólkurframleiðslunni, og þó alveg sérstaklega þar, en einnig í sauðfjárframleiðslunni þó að þar geti menn framleitt án þess að njóta hinna beinu styrkja, þ.e. beingreiðslnanna.

Ég tek undir það og tel að það sé gott innlegg í þetta mál þar sem segir í tillögunni „að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum".

Ég held að þetta sé algjörlega hárrétt ályktun og er í raun og veru sama niðurstaða og við í Frjálsl. komumst að þegar við vorum að skoða þær staðreyndir sem við búum við í landbúnaði og hvað við vildum sjá til framtíðar, vegna þess að það var skoðun okkar eftir að hafa starfað í nefnd með flokksmönnum okkar um landbúnaðarmálin að það yrði að horfa til breyttrar framtíðar en þó með það að leiðarljósi að það væri mikils virði að halda landinu í byggð og til þess vildum við fórna einhverju. Og í raun og veru væri þar, þegar til framtíðar væri litið, e.t.v. ekki um neina fórn að ræða heldur eingöngu að tryggja það að þau verðmæti sem liggja í sveitum landsins og náttúru þess verði bæði okkur og öðrum gestkomandi í landinu til afnota og ánægju um ókomna framtíð. Fyrir utan það að aðalmarkmið landbúnaðar er auðvitað að framleiða vöru sem íslenska þjóðin vill kaupa og sem betur fer þrátt fyrir mjög mikla framleiðslu í öðrum kjötafurðum, eins og svínakjöti og kjúklingum, er það samt svo að við neytum mikils af kindakjötinu og notum okkar innlendu mjólk.

Ég tel að þessar hefðbundnu greinar landbúnaðarins muni áfram um þó nokkra framtíð og vonandi sem lengst verða undirstaðan í því að hægt sé að búa hér í landinu því að samfara því er auðvitað ákveðin landnýting og ákveðin menning, sem líka er áhugaverð fyrir þá sem um landið fara. Og daufar væru sveitir landsins ef ekki væru búin og landnytjar fólksins sem þar býr til að horfa á.

Við teljum að breyta þurfi styrkjum í landbúnaði og horfa til þess að núverandi búvörusamningar falla úr gildi annars vegar 2005, mjólkursamningurinn, og hins vegar 2007, sauðfjársamningurinn, og ekki seinna vænna að vinna að því hvað við eigi að taka og hvers konar útfærsla þar eigi að vera.

Við teljum að áfram þurfi að leggja fé til landbúnaðarins og eins og ég sagði áðan í ræðu minni muni það verða þjóðinni til góðs til framtíðar og við eigum ekki að horfa á það sem neikvæðan þátt að landbúnaðurinn njóti einhverra styrkja. Hins vegar teljum við að það þurfi að breyta núverandi styrkjafyrirkomulagi í það að vera landnýtingar- og búsetustyrkir og er það nokkuð í samræmi við það sem vikið er að í tillögunni sem hér er verið að ræða. Efnislega getum við í Frjálsl. því tekið undir það að fara í vinnu að þessu leyti. Ég held að það væri affarasælast fyrir okkur sem þjóð og einnig fyrir fólkið sem býr í sveitum landsins að um þetta næðist nokkuð víðtæk samstaða á Alþingi.

Ég vil trúa því að hvaða áherslur sem menn hafa í pólitík að þessu leyti sé það viðhorf almennt ríkjandi í þjóðfélaginu í öllum stjórnmálaflokkum að okkur sé enginn ávinningur að því að byggðir fari meira halloka en verið hefur og það beri að stuðla að því að skoða það.

Það er auðvitað fjöldamargt sem getur styrkt atvinnurekstur í sveitum eins og ferðamennska og náttúrunytjar, en náttúrunytjunum hafa auðvitað verið settar skorður vegna þess að þær hafa verið teknar m.a. inn í kvótakerfið. Og þær náttúrunytjar sem menn höfðu áður aðgang að til búdrýginda og voru jafnvel uppistaða í tekjum sumra, voru teknar úr sjó. Fjörunytjarnar eins og reki og selur eru kannski minna virði nú en áður var en það er hins vegar ferðamennskan sem hægt er að horfa á í því sambandi og fjöldamargt annað ef við sameinumst um það.

[18:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það eru örlög hæstv. landbrh. þessa dagana að vera fjarri þegar rætt er um málefni landbúnaðarins á Alþingi. Kannski væri ástæða til að sjónarmið hans kæmust á framfæri, bæði í þessari umræðu og öðrum sem hér hafa farið fram.

Það vakti einnig athygli manna að sjálfur byggðamálaráðherrann hélt því fram á heimasíðu sinni að það stefndi ekki í rétta átt í sauðfjárbúskap. Hún hafði reyndar sjálf staðið í honum í 30 ár og taldi fullreynt hvað varðaði útflutning á sauðakjöti.

Mér finnast nokkur tíðindi að hér skuli koma tveir fyrrverandi landbúnaðarráðherrar og vera sammála um að komið sé að leiðarlokum þessarar stefnu, stefnu sem hefur reyndar sérstaklega verið keyrð af Sjálfstfl. og Framsfl. gegnum tíðina og kynslóðum saman.

Nú er auðvitað öllum ljóst að á þessu verður að verða breyting. Þó að ég lýsi út af fyrir sig yfir ánægju með það sem hér er lagt fram virðist mér sem hér sé ekki lagt upp með þau markmið sem mér finnst að þurfi að vera á bak við breytingu af þessu tagi. Mér finnst tími kominn til að menn horfist í augu við að það eigi að gilda jafnræði hvað varðar atvinnurekstur í sveitum. Ef menn vilja styðja búsetu og atvinnulíf í sveitum þá eiga menn að gera það á jafnræðisgrundvelli og stefna að því að koma á slíku fyrirkomulagi á einhverjum tíma. Mér finnst uppgjöf fólgin í því orðalagi sem notast er við í tillögugreininni, þ.e. að tala um að skapa meira jafnræði milli greina. Eftir því sem ég skil það er bæði átt við greinar innan landbúnaðarins og annað atvinnulíf sem gæti verið í sveitum.

Ég held að ýmislegt bendi til þess að ef við tökum ekki á þessum málum með markmiði af því tagi sem ég nefndi þá verðum við neydd til þess innan fárra ára, með þeim samningum sem við tökum þátt í að skapa á alþjóðlegum vettvangi. Það er ekki þannig að menn ætli að hætta að styðja landbúnað, t.d. í Evrópu. En menn styðja hann ekki lengur með þeim hætti sem gert er hér. Við verðum að horfast í augu við það.

Ég ætla að taka það fram að mér finnst ekki að alltaf eigi að sækja viðmiðin út fyrir landsteinana. Mér finnst t.d. að afstöðuna til þess hvort gæta eigi jafnræðis, að þegnarnir séu látnir njóta jafnræðis, þurfi ekki að sækja út fyrir landsteinana. Það eiga menn að geta séð. Það ætti að vera Alþingi leiðarljós í öllu sem gert er, að gætt sé jafnræðis milli þegnanna, milli atvinnugreina og innan atvinnugreina. En ekkert af því hefur verið stundað í grundvallaratvinnugreinunum í okkar landi.

En þegar fyrrverandi hæstvirtir landbúnaðarráðherrar hafa gengið í stólinn hver um annan þveran og lýst því yfir að nú þurfi að breyta og taka málin öðrum tökum, eins og hæstv. forseti Alþingis komst að orði áðan, er auðvitað ástæða til að fagna því. Þá getur maður farið að vona að eitthvað gerist sem breyti þeirri stefnu sem hefur gilt svo lengi. Menn hafa verið tilbúnir að verja fram í rauðan dauðann sérréttindi ákveðinna hópa í þjóðfélaginu til stuðnings frá ríkinu. Þó menn hafi verið að basla í lífsbaráttunni hlið við hlið hefur ríkið fært einum fjármuni en látið annan éta það sem úti frýs. Svona fyrirkomulag hafa alþingismenn varið með öllum ráðum.

Ég tel að ef menn ætla í alvöru að endurskoða þessa stefnu verði þeir að horfast í augu við það að jafnræðisreglurnar þurfa að vera leiðarljós inn í framtíðina.

Þetta er innlegg mitt til þessa máls. Ég hef þá skoðun að það megi auka stuðning við búsetu og atvinnulíf í sveitum og það eigi að gera það. Jafnframt tel ég að menn verði að setja stefnuna á að það verði byggðastuðningur sem fólk, sem vill búa úti á landsbyggðinni, njóti jafnræðis til að fá. Það kann að vera að það þurfi tíma til að koma slíku jafnræði á en að mínu viti er kominn tími til þess fyrir langa löngu að takast á við það verkefni að komast út úr þessum frumskógi sérréttinda og misnotkunar á almennum sjóðum landsmanna til handa einstökum aðilum í þessu þjóðfélagi. Það hefur nánast aldrei verið verjandi að menn moki fjármunum í tvær búgreinar en láti aðra éta það sem úti frýs.

Auðvitað er heldur ekki verjandi í sjávarútveginum að nýliðar í sjávarútvegi fái engan stuðning en öðrum sé úthlutað að fá að nýta auðlindina fyrir ekki neitt. Þannig er búið til fyrirkomulag sem lokar fyrir nýliðun í greininni. Þannig er það líka í landbúnaðinum. Þar er lokað fyrir nýliðun í greininni. Ef menn ætla að halda þessari stefnu áfram þá er það stefna sérréttinda. Það er engin nýliðun ef menn kaupa réttinn til að fá stuðning frá ríkinu af þeim sem fyrir eru. Þetta er óþolandi ástand sem menn verða að sýna virkilegan vilja til að koma sér frá. Til þess er löngu kominn tími.

En ég fagna því að það örlar greinilega á stefnubreytingu í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram.

[18:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem við hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum, um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum, boðar í sjálfu sér nýja hugmyndafræði og nýja hugsun í nýtingu landsins gæða vítt og breitt um landið. Hingað til höfum við verið bundin af magnframleiðslu á mjólk og kjöti, bæði af nautgripum, sauðfé, svínum og alifuglum. Á þetta hefur að stórum hluta verið litið sem hina eiginlegu landbúnaðarframleiðslu en þar eru tímarnir orðnir mjög breyttir.

Því er mikilvægt að aðlaga stefnuna í landbúnaðarmálum, í nýtingu landsins gæða, nýjum áherslum, nýjum viðmiðunum og nýjum gildum. Það er gert í þessari till. til þál. af hálfu okkar þingmanna Vinstri grænna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis."

Meginmarkmiðið sem við leggjum upp með er ný framtíðarsýn í landbúnaði. Það er einmitt vert að undirstrika að byggð og búseta og samfélög vítt og breitt um landið eru í sjálfu sér auðlegð. Auðurinn er ekki bara fólginn í kílóum af kjöti eða í krónum og aurum heldur er byggð og samfélag auðlegð sem er hornsteinn samfélags okkar. Ef við brjótum byggðina niður mun halla undan fæti fyrir þjóðfélagi okkar í heild. Þegar við lítum á þetta mál þá skoðum við það í hinu stóra samhengi. Hvers konar Ísland viljum við byggja? Hvers konar samfélag viljum við eiga? Hvernig viljum við bæði umgangast og nýta náttúruauðlindir okkar til skemmri og lengri tíma?

Í auðlindum landsins eigum við miklu víðtækari möguleika en við höfum til þessa tíma talið, sé miðað við þátttöku ríkisins í að styðja verndun og nýtingu þessara auðlinda sem hefur að langmestu leyti verið bundin við hina svokölluðu hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu.

Okkur hefur verið tíðrætt um ferðaþjónustuna. Ferðaþjónustan á Íslandi býður upp á gríðarlega möguleika. Samkvæmt þeim áætlunum sem hafa legið fyrir um þróun ferðaþjónustu

hér á landi af hálfu Samtaka ferðaþjónustunnar er gert ráð fyrir því að innan tíu ára muni um milljón ferðamenn heimsækja þetta land. Fyrir tveimur árum komu milli 200 og 300 þúsund, ef ég man rétt, ferðamenn til landsins. Í áætlunum er gert ráð fyrir að innan tíu ára verði það yfir milljón ferðamenn. Það að taka á móti svo stórum hóp, veita þjónustu og byggja upp atvinnuveginn, svo hratt vaxandi atvinnuveg, kostar sitt. Það er mikilvægt að á því sé tekið og þar skiptir búsetan, meðferð og nýting á auðlindunum, hinum dreifðu byggðum og náttúrunni, gríðarlega miklu máli.

Þetta er mjög nálægt okkur. Ég get vísað til þess, virðulegi forseti, að samkvæmt fréttum sem ég hef frá greiningardeild Búnaðarbankans er talið að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað um 40 þúsund á árinu 2003 frá árinu á undan og hafi verið um 320 þúsund á árinu 2003. Árið 2002 skilaði ferðaþjónustan um 37 milljörðum kr. í gjaldeyristekjur en áætlað er að á árinu 2003 hafi gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu aukist um 5 milljarða kr., bara á einu ári.

Við sjáum hversu hratt þetta vex í samanburði við önnur lönd sem hafa jafnvel mátt þola samdrátt í ferðaþjónustu. Af því sjáum við hve gríðarlegt forskot og sterka stöðu við höfum í þróun ferðaþjónustu. En land sem ekki er byggt og náttúra sem ekki er hirt er hins vegar takmarkaðs virði í þróun og eflingu þessa atvinnuvegar.

Við höfum áður á þinginu rætt um Árneshrepp á Ströndum. Byggð stendur þar höllum fæti. Á síðasta ári fóru mörg þúsund ferðamanna norður um Strandir til að sækja þá menningar- og náttúruauðlegð heim. Það yrði ekki gert með sama hætti ef byggð hefði þar lagst af. Hugsið ykkur hve mikil auðlegð er í því fyrir þetta fólk, fyrir okkur og þennan fjölda manns sem sækir þetta landsvæði heim, að það sé setið og nýtt? Er ekki eðlilegt að íbúar þessa svæðis fái metið að verðleikum það starf og hlutverk sem þeir gegna í að gera þessa auðlind aðgengilega fyrir alla landsmenn? Svo mætti áfram telja, virðulegi forseti.

Landbn. fékk í dag ljómandi góða kynningu á starfsemi Nytjalands sem er að gera kort af landinu, náttúru og auðlindum þar, sem sýnir að við eigum grunn til að byggja á til að koma inn í þetta mál á fjölþættan hátt.

Því miður er einn ljóður á stefnu eða stefnuleysi landbrh., virðulegi forseti. Það er sala jarða, ríkisjarða. Það að selja náttúruauðlindirnar sem byggðirnar byggja framtíð sína og stöðu á með skipulagslausum hætti er til stórvansa. Ég skora á hæstv. landbrh. að endurskoða rækilega stefnu sína í jarðasölumálum.

[18:19]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Hér fer fram hin ágætasta umræða um byggðamál þar sem til umræðu er till. til þál. um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Það er nú ekki oft sem það gerist að ég er svona almennt mjög sammála málflutningi hv. þingmanna Vinstri grænna en ég verð að segja að í þessu máli held ég að sé nú ekki mikill ágreiningur, e.t.v. að undanskildum síðustu orðum hv. þm. Ég tel að þessi umræða sé afskaplega nauðsynleg og góð og tel að hún fari mjög vel saman við þá vinnu sem ég veit að hæstv. landbrh. hefur staðið að og ýtt úr vör á vegum ráðuneytis síns um sama efni.

Ég hygg að í rauninni sé enginn ágreiningur um að þetta mikilvæga mál þurfi að fá ítarlega og góða umræðu eins og hér hefur farið fram. Grundvallarspurningin í þessu hlýtur auðvitað að verða sú sem oft kemur til umræðu, hvort það eigi almennt að veita opinberan stuðning til landsbyggðarinnar, hvort heldur það er skilgreint til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi. Eins og við vitum eru nú kannski ekki alveg allir sammála um að það sé réttlætanlegt. Ég hygg samt að yfirgnæfandi meiri hluti þingsins sé þeirrar skoðunar og styður það auðvitað rökum. Í fyrsta lagi má líta til þess sem gerist erlendis þar sem alls staðar er veittur einhver stuðningur til landbúnaðar af einföldum ástæðum, þ.e. menn telja að landbúnaður sé hverri þjóð afskaplega mikilvægur. Að sumu leyti truflar stuðningur sem t.d. Evrópusambandið veitir — mestu útgjöld Evrópusambandsins eru til landbúnaðar — að nokkru leyti íslenskan landbúnað því niðurgreiddar innfluttar landbúnaðarafurðir hafa áhrif á samkeppnisstöðu hins íslenska landbúnaðar.

En rökin er ekki bara að finna í samanburði við erlendar þjóðir heldur verðum við ekki síður að horfa til þess hvaða þýðingu þetta hefur fyrir okkur hér innan lands. Það snertir efnahag okkar. Það snertir uppbyggingu atvinnulífs okkar. En hér gilda ekkert síður hin menningarlegu rök vegna þess að það er mikilvægt fyrir menningu okkar og þjóðina að hafa landið allt í byggð. Eins og þróunin hefur verið á síðustu árum búa um 70% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Það kallar auðvitað á nokkuð einsleita menningu en kjarni menningar okkar byggir á fjölbreytileika í búskaparháttum og öðru slíku. Til þess að sinna ferðaþjónustunni, til þess að sinna orkuverum okkar, til þess að sinna sjávarútvegi og þar fram eftir götunum þá þurfum við á búsetu í hinni dreifðu byggð að halda. Síðan kemur auðvitað alltaf fram spurningin hversu dreifð sú búseta muni verða. Það er annað mál og kemur hér oft til umræðu.

Niðurstaðan af þessari grundvallarspurningu er í rauninni já, við þurfum að vera með opinberan stuðning, eða öllu fremur, við viljum það, líklega yfirgnæfandi meiri hluti þingsins. Þá kemur að þessari annarri grundvallarspurningu: Hvernig viljum við skilgreina þann stuðning? Hvað landbúnaðinn varðar þá má segja, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að í tímans rás hefur sú skilgreining verið nokkuð þröng. Hún hefur fyrst og fremst verið bundin við mjólkurframleiðslu, við lambakjötsframleiðslu og í einhverjum mæli að undanförnu við grænmeti. Þetta á í rauninni allt saman sínar skýringar og byggir á því að þessar landbúnaðarafurðir sem hér voru nefndar og hafa fyrst og fremst notið stuðnings af hálfu hins opinbera snerta framfærslu þjóðarinnar í mjólk og lambakjöti. En þeir matarhættir, má segja, eða neysluhættir hafa verið að breytast.

Á sama tíma hefur skipulag landbúnaðar líka verið að breytast. Þar eru bú að renna saman og þar fram eftir götunum. En nýjar hugmyndir eru að koma upp. Þegar verið er að fjalla um þetta þurfum við að velta upp spurningunni: Hvað eigum við við með landbúnaði? Við þurfum þá væntanlega að velta fyrir okkur spurningunni um landnýtingu, þ.e. hvernig við viljum stuðla að því að land okkar sé nýtt á þeim forsendum sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar?

Nú hefur það verið að gerast t.d. að undanförnu að framtakssamir bændur hafa viljað virkja bæjarlækina til þess að skapa sér tekjugrundvöll, en ekki bara tekjugrundvöll því þar sem orkan er opnast möguleikar til annarrar framleiðslu og mætti hugsa sér meira að segja, eins og sumir bændur hafa nefnt, létta iðnaðarframleiðslu. Við þekkjum átak í skógrækt. Við þekkjum átak í kornrækt sem hefur farið gífurlega mikið fram hér á allra síðustu árum. Þar hafa orðið gífurlega miklar framfarir og því má velta upp hvort kornræktin geti þá ekki

alveg eins og hin hefðbundna búnaðarframleiðsla fallið undir skilgreininguna því að kornræktin er afskaplega mikilvæg í rekstri búa.

Er ferðamennskan hluti af landnýtingunni? Ferðamennska nýtir landið þó að ekki sé bitið gras. Með henni njóta menn fegurðar landsins og njóta landslags og búskaparhátta. Spyrja má hvort ekki sé líka hluti af landbúnaði eða landnýtingu það sem ýmsir bændur hafa tekið upp, þ.e. að annast börn sem hafa lent út af sporinu einhverra hluta vegna og er komið fyrir á, eins og sagt er, góðum íslenskum sveitaheimilum. Auðvitað er það ákveðin landnýting þó að hún snúist ekki endilega um það að bíta gras og framleiða mjólk.

Ýmiss konar nýsköpun hefur verið að spretta upp í sveitum landsins. Ég nefni þessa þætti aðra en lambakjötsframleiðslu og mjólkurframleiðslu, virðulegi forseti, vegna þess að þeir lýsa þróun sem hefur átt sér stað í sveitum landsins. Það má í raun skilgreina hugtakið landbúnað kannski með örlítið breyttum hætti. Það hefur verið í umræðunni og komið fram m.a. hjá hæstv. landbrh., þ.e. að skilgreina hugtakið landbúnað að nýju og láta það lúta e.t.v. meira að landnýtingu í þess orðs víðustu merkingu. Þannig er opnað fyrir fjölbreytileika og um leið styrkist byggðin í sveitum landsins.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, hæstv. forseti, enda er tíminn senn á þrotum. Ég tel að skilgreiningin á landbúnaði, á landnýtingu sé grundvallaratriði í þessu. Yfir það þarf að fara mjög vasklega bæði innan þings og utan því að ég hygg að viljinn sé til staðar til þess að halda uppi byggð í dreifbýlinu. Ég tel að sú vinna sé hafin og það er ágætt að sú umræða skuli einnig fara fram innan þingsins.

[18:26]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu að neinu marki. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir góðar umræður hér og jákvæðar undirtektir við tillöguna svona að mjög miklu leyti. Ég leyfi mér að túlka það sem svo. Ég held í það heila tekið megi segja að hér hafi verið mikill samhljómur í ræðum manna fyrir utan kannski það helst að stjórnarliðar höfðu uppi nokkra tilburði til að rökstyðja að þessu væri öllu saman vel fyrir komið í höndum meiri hlutans. Menn geta haft sínar skoðanir á því.

En hitt leyfi ég mér að fullyrða að ef svo er að sæmilega þverpólitísk samstaða sé á bak við aðgerðir í þessa veru, þó menn auðvitað mundi greina eitthvað á um á um útfærslu og leiðir, þá eru algjör mistök að virkja ekki þá samstöðu. Ekki veitir nú landbúnaðinum og sveitunum og strjálbýlinu af. Ég skora því á menn í stjórnarflokkunum og ekki síst í flokki hæstv. landbrh. að bera hæstv. ráðherra þau skilaboð að góð ástæða sé til að ætla að verulegur, þverpólitískur og öflugur stuðningur sé bak við það að fara í vinnu af þessu tagi í samstarfi við Bændasamtökin og eftir atvikum mættu það gjarnan einnig vera aðilar vinnumarkaðarins eins og hér var á árum áður, um að reyna að móta slíkan nýjan grundvöll undir búvöruframleiðsluna og byggð í sveitum, ekki síst með nýsköpun í atvinnulífinu þar í huga.

Fáein atriði vil ég aðeins drepa hér á sem borið hefur á góma. Ég er sammála hv. 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, um að ég tel að gerð hafi verið ákveðin mistök í sambandi við endurskoðun búvörusamningsins frá 1991 þegar menn lentu út á þá braut að taka upp sameiginlega ábyrgð eða sameiginlega útflutningsskyldu í stað þess að halda sig við upphaflega stefnumótun um að beina stuðningi ríkisvaldsins að framleiðslunni fyrir innanlandsmarkað, m.a. til þess að það nýttist sem best til að ná niður verðinu á þeirri mikilvægu neysluvöru, og halda síðan útflutningstilraununum aðgreindum og hafa þær á ábyrgð framleiðenda og útflytjenda, alls ekki með það í huga að útiloka möguleika á útflutningi heldur hitt að hann yrði að vera sjálfstæð viðleitni af hálfu þessara aðila og yrði ekki blandað saman við innanlandsmarkaðinn og stuðning ríkisvaldsins við þá framleiðslu.

Auðvitað er ljóst að ef enginn útflutningur væri eða reynist mögulegur þá er það mikið áfall, sérstaklega fyrir sauðfjárræktina. Við óbreyttar aðstæður mundi það þýða 30–40% samdrátt í framleiðslunni og samsvarandi samdrátt í úrvinnslu, verri afkomu sláturleyfishafa og annað í þeim dúr. Ekki þarf því að ræða það í sjálfu sér hvað sem byggðamálaráðherra finnst um það efni.

Einnig er ljóst að loksins hefur rofað verulega til í þessum útflutningstilraunum núna síðustu eitt, tvö árin. Nú er að skila sér mun betra verð og meira magn er að seljast á tiltölulega viðunandi verði en nokkurn tímann áður. Í sumum tilvikum er þar um að ræða miklu meira unna vöru þannig að virðisauki verður eftir í landinu þar til viðbótar skilaverðinu sem að endingu kemur til bænda. Það er auðvitað fagnaðarefni.

Menn hafa rætt um og eru yfirleitt sammála um mikilvægi þess að stuðla að og hlúa að öðrum atvinnukostum. Hv. þm. Halldór Blöndal nefndi sérstaklega ferðaþjónustuna og ég er honum ákaflega sammála um það og fleiri gerðu það. Ég er talsmaður þess að menn hlúi að uppbyggingunni þar og beiti eftir atvikum svæðisbundnum styrkjum eða byggðastyrkjum. Við höfum til þess fullar heimildir. Það er alveg ljóst að uppbygging ferðaþjónustu úti um landið flokkast öll undir atvinnustarfsemi sem er í raun og veru hvoru tveggja, á svæðum sem flokkast samkvæmt evrópskum reglum sem þróunarsvæði og um er að ræða rekstur í svo litlum einingum að við getum beitt heimildum sem samkeppnislöggjöf Evrópusambandsins heimilar til að styðja við atvinnustarfsemi í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Okkur eru því allir vegir færir hvora leiðina sem við vildum fara.

Alþingi hefur tekið upp tilskipun um stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, flokkun á þeim. Reyndar flokkast allur þorrinn af íslenskum fyrirtækjum undir það að vera litlar eða meðalstórar einingar í rekstri á evrópska vísu.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson lýsti stuðningi við tillöguna og kom inn á mikilvægi þess að verja búsetuna út frá þeirri þekkingu sem þar væri og þeim gríðarlegu verðmætum sem í henni eru fólgin. Ég er algjörlega sammála því. Það hafa fleiri nefnt menningarlega þáttinn og þá þekkingu sem þar er til staðar, landnýtinguna og sambúðina við landið, gæslu landsins og þau verðmæti sem fólgin eru í þeim þáttum. Ég vil líka minna á innviðina sem byggðir hafa verið upp í formi samgöngukerfis, raforku- og fjarskiptakerfis, hafna, flugvalla og vega um landið og glatast eða nýtist með allt öðrum hætti ef byggðin hverfur og um verður að ræða einhverjar selstöðvar eða sumardvalarbyggðir.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi fjarveru hæstv. landbrh. og reyndar líka skrif á heimasíðu hæstv. iðn.- og viðskrh. sem fer með byggðamál. Ég get tekið undir það. Það kom manni spánskt fyrir sjónir að lesa þær vangaveltur um málaflokk sem heyrir undir flokksbróður hæstv. ráðherra í ríkisstjórn. Maður spyr sig að því: Er lítill samgangur þarna á milli? Hafa þau aldrei sest niður og rætt þetta yfir kaffibolla, hæstv. byggðamálaráðherra og hæstv. landbrh.? Hvernig stendur á

því að hæstv. byggðamálaráðherra fer jafnhörðum orðum og raun ber vitni um viðleitni til útflutnings á landbúnaðarvörum undir handleiðslu hæstv. landbrh., því í þetta eru lagðir opinberir fjármunir sem fara um landbrn. að miklu leyti. Að vísu er utanrrn. komið í þetta líka með einhverjar eyrnamerktar fjárveitingar en þar er enn einn flokksbróðir hæstv. byggðamálaráðherra á ferð. Ekki verður því málið minna kúnstugt við það, ef hæstv. byggðamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir er svona óskaplega vantrúuð á og ósátt við þá viðleitni sem þarna er í gangi og fer fram alveg sérstaklega undir forustu formanns og varaformanns Framsóknarflokksins, utanrrh. og landbrh. Maður skyldi ætla að þetta væri í traustum höndum. Það eru greinilega skiptar skoðanir um þetta í herbúðum framsóknarmanna, samanber lesningar á heimasíðu byggðamálaráðherra. (**Gripið fram í:** Hún er að fjalla um Evrópusambandið.)

Já. Það er kannski ekki ástæða til að gleyma því að rúsínan í pylsuendanum var auðvitað sú lausn á málinu sem hæstv. ráðherra velti vöngum yfir, þ.e. að þetta leystist allt með því að ganga í Evrópusambandið. Það er enn kostulegra því í skýrslu utanrrh. frá því í apríl 2000, ef ég man rétt, stóru skýrslunni um mat á því hvaða hagsmunir væru fólgnir í því á móti göllum að ganga í Evrópusambandið, var komist að tiltölulega afdráttarlausri niðurstöðu hvað landbúnaðinn varðar, að það væri ekkert minna en rothögg á allar helstu greinar landbúnaðarins að ganga í Evrópusambandið, það væri helst sauðfjárræktin sem gæti mögulega hjarað vegna þess að hún er svo gríðarlega mikið styrkt sem hálfgerð hobbígrein eða fjallabúskapur í löndum Evrópusambandsins. Ef íslenskir sauðfjárbændur væru duglegir við að sjúga styrki út úr kerfinu í Brussel ættu þeir sér lífsvon í Evrópusambandinu, en það er tiltölulega afdráttarlaust. Hvað varðar aðrar greinar, hvítakjötsframleiðsluna, mjólkuriðnaðinn að verulegu leyti nema helst dagvöru, garðyrkju og grænmeti, yrðu þetta miklar búsifjar.

Ekki sækir hæstv. byggðamálaráðherra rök í skýrslu flokksbróður síns og formanns, hæstv. utanrrh., hvað varðar landbúnaðinn og hag hans af því að ganga í Evrópusambandið.

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi ferðaþjónustuna einnig og verðmæti sem í byggðum væru fólgin sem drægju til sín ferðamenn og dreifðu þeim út um landið. Ég er algjörlega sammála því. Eitt af því sem blasir við okkur Íslendingum er þetta gríðarlega verkefni að taka við vaxandi fjölda ferðamanna, allt að 0,5–1 milljón innan fimm til tíu ára ef heldur sem horfir. Hvernig í ósköpunum ætlum við að fara að þessu? Ætlum við að stafla þeim upp í fleiri og fleiri hótel í Reykjavík? Ætlum við að láta fleiri og fleiri fótumtroða Landmannalaugar, Gullfoss og Geysi og Herðubreiðarlindir eða ætlum við að reyna með skynsamlegri pólitík að dreifa álaginu af þessum vaxandi fjölda ferðamanna sem allra víðast um landið og byggja upp aðstöðu og möguleika til að taka á móti þeim og svara þörfum þeirra sem víðast og á sem fjölbreyttustum forsendum þannig að þetta verkefni verði viðráðanlegt? Ef við gerum það ekki byrjar að myndast haugatúrismi eða massaferðamennska af því tagi sem getur orðið sjálfveiðandi í lokin vegna þess að menn troðast þar hverjir innan um aðra og sú sérstaða og þau einkenni sem ferðalög um Ísland hafa hingað til haft glatast ef við gætum ekki vel að okkur. Fyrir utan að fjársjóðurinn sjálfur, náttúra landsins, sem dregur 90% af öllum ferðamönnum sem koma til Íslands að samkvæmt könnunum er í húfi.

Hv. þm. Hjálmar Árnason hafði sömuleiðis uppi heldur hlýleg orð og taldi það tíðindi nokkur að hann væri tiltölulega jafnsammála málflutningi hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og raun ber vitni í málinu. Ég vona að hv. þm. verði ekki bumbult þó þetta gerist af og til, heldur á hv. þm. þvert á móti að gleðjast yfir því að stundum liggja leiðir manna saman.

Ég get verið sammála um að út af fyrir sig er grundvallarspurningin sem fyrst þarf að svara í þessum efnum: Er pólitískur vilji til að styðja áfram landbúnað, matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar um leið og við erum að verja byggðina í strjálbýlinu og viðhalda þeim verðmætum sem í henni eru fólgin, ekki bara í núinu, ekki bara sem eitthvert stöðugt fyrirbæri heldur líka möguleika framtíðarinnar? Ég held að menn eigi að hafa það sérstaklega inni í myndinni að í gegnum byggðina og áframhaldandi búsetu sem víðast í landinu varðveitast þeir möguleikar sem eru í lifandi byggð til þróunar og uppbyggingar, hvort sem það er á sviði ferðamennsku eða einhverra annarra hluta. Það tapast að verulegu leyti í eitt skipti fyrir öll ef byggðin hverfur nema við höfum trú á því að menn fari að nema land á nýjan leik, sem er nú hægara sagt en gert í nútímanum að lífvænleg samfélög spretti upp í byggðum sem orðnar eru eyðibyggðir. Þær hafa mesta tilhneigingu til þess annaðhvort að tæmast alveg eða breyta um eðli og verða að sumarbyggðum, sem geta verið ágætar sem slíkar, en best er þó að þetta sé allt saman blandað og sem fjölbreytilegast.

Sé grundvallarspurningin sú sem svífur hér yfir vötnum, að það sé pólitískur vilji til þess að gera þetta, svarið sé yfirleitt já, erum við komin hálfa leið. Þá er umræðan fyrst og fremst um útfærslu, um það hvernig við gerum þetta með sem árangursríkustum hætti. Því auðvitað er mikilvægt og rétt og skylt, hér eins og annars staðar, að nýta fjármunina vel og ná árangri í þeim aðgerðum sem við erum að gera.

Hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi m.a. umönnunarstörf og fleiri slíka hluti sem hafa skotið rótum og orðið til nýsköpunar í atvinnulífi á ákveðnum svæðum. Við getum tekið sem dæmi Suður-Þingeyjarsýslu þar sem ársverk skipta núna einhverjum tugum við umönnun. Þar er leyst úr brýnni þörf við aðstæður sem hafa reynst mjög hentugar, þ.e. ungmenni sem þurfa á aðstoð og stuðningi að halda og þurfa á langtímavistun að halda eru vistuð á heimilum í sveit þar sem er búskapur, þar sem er mjög verndað umhverfi og góðar aðstæður til að sinna þeim persónulega og þörfum þeirra. Þetta hefur gefist ákaflega vel og yfirleitt biðlistar eftir því að komast í þessa þjónustu. Það er einmitt eitt af því sem er útgangspunktur þessarar tillögu, samanber það sem segir í tillögugreininni:

„Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, — sem hv. þm. Jóhann Ársælsson lýsti eftir — undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis."

Þarna er þetta í raun og veru allt saman undir eins og menn hafa velt ágætlega upp í umræðunum.

Ég endurtek það að lokum og að síðustu: Mér finnst að mönnum beri nokkur skylda til að taka í útréttar hendur ef þær eru í boði. Ef það er svo, sem ástæða er til að ætla eftir þessa umræðu, að það gæti orðið góð þverpólitísk

samstaða um að vera þátttakendur í svona vinnu í samstarfi við bændasamtökin og aðra viðkomandi aðila ber mönnum nokkur skylda til að taka það til skoðunar að svo verði gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 202. mál (biðtími). — Þskj. 209.

[18:42]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga. Flutningsmenn, ásamt þeirri sem hér stendur, eru hv. þm. Samf. Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson.

Við leggjum til að breyta 18. gr. laganna um réttindi sjúklinga í þá veru að við þá grein bætist ákveðin ákvæði um að hámarksbið eftir aðgerð verði að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms. Þegar þessi lög voru fyrst sett árið 1997, áttum við þrír fyrstu flutningsmennirnir sæti í hv. heilbr.- og trn. og lögðum þá til þessa breytingu við 18. gr. Þá voru rökin sem notuð voru gegn því að ákvæðið yrði samþykkt að ekki væri búið að kostnaðargreina, kostnaðargreining var rétt að byrja á verkum innan sjúkrahúsa á Íslandi. Þess vegna var ekki talið tímabært að gera þessa breytingu.

Við erum nú að flytja frv. til breytingar á lögunum í fjórða sinn. Í þrjú fyrri skiptin hefur breytingin ekki náð fram að ganga en nú hefur kostnaðargreiningu, eða DRG-greiningu á Landspítala miðað mjög vel áfram, er langt komin, þannig að við teljum ástæðu til að leggja málið fram og sjá hvort menn séu ekki tilbúnir að samþykkja ákvæðið.

Ýmis rök mæla með því að kveðið sé á um það í lögum hvað skuli að jafnaði teljast hámarksbiðtími eftir aðgerð. Þó svo að biðlistar hafi styst, bið eftir aðgerðum hefur minnkað undanfarið, er svona ákvæði í lögunum ákveðinn þrýstingur á stjórnvöldum að halda biðinni innan þessara marka ef mögulegt er. Einnig hefur maður áhyggjur af því hvort fjárþörf spítala eins og Landspítala sé ekki mætt við fjárlagagerð og að það muni hafa áhrif á biðlistana, þá mundi ákvæði eins og þetta vera ákveðin vörn í þeim efnum.

Við höfum einnig tekið það inn í rökin fyrir þessu að í nágrannalöndum okkar eru ákvæði um hámarksbið komin í lög. Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögfest þriggja mánaða hámarksbið eftir aðgerð og í Danmörku tveggja mánaða þannig að ef menn fá ekki aðgerð innan þess tíma hafa þeir heimild til að fara annað. Þá er greitt fyrir aðgerðina annars staðar þar sem sjúklingurinn getur fengið hana. Við erum þó ekki að kveða á um að það skuli vera tveir eða þrír mánuðir heldur erum við mun sveigjanlegri, tölum um þrjá til sex mánuði eftir eðli sjúkdóms.

Við vitum að langur biðtími hefur mjög oft mikil óþægindi í för með sér fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Þessu fylgir vanlíðan, streita, kvíði og fjárútlát. Menn upplifa virðingarleysi við líf sitt og heilsu ef þessum verkum er ekki sinnt sem geta bæði læknað og linað þjáningar. Biðlistarnir eru líka kostnaðarsamir bæði fyrir sjúklinginn og þjóðfélagið í heild. Það er ákveðið vinnutap fyrir samfélagið og sjúklinginn. Þetta getur haft alvarleg áhrif bæði á fjárhag sjúklingsins og fjölskyldu hans. Vinnutapið leiðir til minni skatttekna fyrir ríkissjóð og lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst í hlutfalli við lengd veikindanna.

Það má líka telja til kostnað vegna heimaþjónustu, heimahjúkrunar, annarra læknismeðferða og ýmissar umönnunar, vistunarplássa o.s.frv. Einnig ef menn hafa beðið lengi eftir aðgerð er aðgerðin sem gera þarf að lokum oft umfangsmeiri og kostnaðarsamari en sú sem upphaflega átti að gera og sjúklingurinn byrjaði að bíða eftir. Það eru því mjög mörg rök sem hníga að því að menn eigi að taka upp svona ákvæði í lögin.

Herra forseti. Frekari rök fyrir málinu eru í þingskjalinu sem liggur fyrir og ég er að mæla fyrir, með frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni enda hef ég mælt fyrir málinu þrisvar sinnum áður í þinginu og vonast til þess að þegar málið fer að lokinni þessari umræðu til hv. heilbr.- og trn. að þar verði tekið á málinu og vonandi afgreitt frá nefndinni þannig að ákvæði eins og þessi um hámarksbið verði sett í íslensk lög eins og er í nágrannalöndum okkar.

[18:48]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Það hvarflar ekki annað að mér en að hv. 1. flm. þessa frv. gangi gott eitt til með flutningi þess. En ef frumvarpsgreinin sjálf er skoðuð segir í henni að þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð — það er það sem málið gengur út á — skuli læknir gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á að bóka aðgerð. Ég held að í nær öllum tilvikum sem sjúklingar þarfnast aðgerðar vinni læknar einmitt svona, gefi skýringar á biðinni, upplýsingar um áætlaðan biðtíma og gefi jafnframt sjúklingum kost á að bóka aðgerðina. Þannig verða biðlistarnir til.

Í greinargerð með frumvarpinu eru rakin tiltekin rök en þau eru hins vegar ekki rök fyrir því að setja reglu um að miða skuli við að bið eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir, eins og segir í frumvarpsgreininni. Það eru fyrst og fremst rök fyrir því að stytta biðlistana, flýta aðgerðum og koma í veg fyrir að fólk þurfi að bíða meira en góðu hófi gegnir. En eins og hv. framsögumaður kom einmitt inn á hefur verið unnið að því sérstaklega og ég leyfi mér að nefna Landspítala – háskólasjúkrahús og geta þess sem fram kemur í áliti hv. heilbr.- og trn. til fjárln. að aðgerðum hefur þegar einungis á síðasta ári fjölgað um 3% og að 200 millj. kr. var varið í sérstakt átak í tilteknum aðgerðum þar, auk 50 millj. kr. í aukna þjónustu vegna hjartaþræðinga og sömu fjárhæð í aukna meðferð vegna hjartabilunar.

Það er tekið sérstaklega fram í áliti nefndarinnar að bið eftir aðgerðum hafi styst umtalsvert, og vegna þess að í frv. kemur fram sú ástæða fyrir því að sjúklingar þurfi að bíða, að fjárskorti sé um að kenna, sé ein ástæðan sem ekki sé hægt að sætta sig við, þá finnst mér líka rétt að láta þess getið að í greinargerð sem stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss gaf heilbr.- og trn. þingsins var sérstaklega tekið fram að þær aðhaldsaðgerðir sem sjúkrahúsinu var gert að fara í mundu ekki á nokkurn hátt koma niður á þeim aðgerðum sem sjúkrahúsið hefur verið að vinna eftir núna og mundu ekki á nokkurn hátt koma niður á biðlistum heldur yrði þvert á móti haldið áfram á þeirri braut sem menn hafa verið að vinna undanfarin missiri við að stytta biðlistana.

Ég vil líka halda því til haga að það er í rauninni ekki um að ræða biðlista sem ná þeirri tímalengd að fólk þurfi að bíða þennan tíma nema á tilteknum, ákveðnum sviðum og fyrst og

fyrst og fremst má nefna þar aðgerðir við augnsjúkdómum sem eru komnir til af nýrri tækni sem ekki þekktist áður og þar safnast upp á biðlistann allir þeir sem telja sig hafa þörf fyrir hana og hafa gagn af henni.

Hluti af sameiningarferli Landspítalans var einmitt að sameina skurðdeildirnar og af því að hv. 1. flm. nefndi áðan kostnaðargreininguna og að rökin fyrir því að taka ekki þetta ákvæði upp í lögin um réttindi sjúklinga á sínum tíma hafi verið þau að kostnaðargreiningu væri ekki lokið eða forsendan væri kostnaðargreining, þá vil ég láta þess getið að kostnaðargreiningunni er lokið á ákveðnum sviðum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en ekki á öðrum en kostnaðargreiningin hefur líka leitt í ljós að framleiðni eftir sérgreinum á sjúkrahúsunum er mjög mismunandi og hún hefur leitt í ljós að hægt er með tilteknum skipulagsbreytingum á sjúkrahúsinu að auka framleiðnina á þeim sérsviðum eða sérgreinum þar sem á hana hefur þótt skorta. En í heildina litið held ég að óhætt sé að segja að innan Landspítala – háskólasjúkrahúss ríki mikill metnaður um það að hafa biðlistana sem allra stysta, og eins og ég sagði áðan gerði stjórn sjúkrahússins okkur grein fyrir því að aðhaldsaðgerðirnar núna mundu ekki og ættu ekki að koma niður á aðgerðafjöldanum þannig að áfram yrði haldið á þeirri braut sem verið hefur að stytta þessa biðlista sem mest menn mega. Það er því ekki fjárskortur í heilbrigðiskerfinu sem veldur þeim biðlistum sem núna eru og þarf af leiðandi er hægt að taka undir þar sem segir að að mati flutningsmanna sé það eina sem ekki sé hægt að réttlæta bið með sé fjárskortur, en það er ekki fjárskortur sem um er að kenna núna og síst þeim aðhaldsaðgerðum sem sjúkrahúsinu var gert að fara í.

[18:53]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. formanns heilbr.- og trn., Jónínu Bjartmarz, um tillögugreinina þá er það svo að í lögunum um réttindi sjúklinga er nú þegar 18. gr. eins og hún stendur hér:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir sem hann leitar til gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar.“ — Við leggjum til að til viðbótar komi setningin: „Miða skal við að bið eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.“

Það er auðvitað verið að leggja hér til þessi mörk til að sjúklingur viti að hverju hann gengur, að hann þurfi ekki að bíða lengur en í sex mánuði eftir aðgerð ef til biðar kemur.

Ég nefndi áðan að biðlistar hefðu styst en auðvitað veldur það ákveðnum áhyggjum þegar fjárvöntun spítalans er ekki mætt og það vantar mörg hundruð milljónir upp á það. Hv. þm. segir að það muni ekki bitna á þeim sem eru að bíða eftir aðgerð. En við vitum nú þegar að aðhaldsaðgerðirnar koma niður á þjónustu Landspítalans, t.d. þjónustu við fjölfatlaða í Kópavogi þar sem búið er að lýsa því yfir að það eigi að leggja niður þá þjónustu. Það eru 55 manns sem eiga ekki að fá neina þjónustu þannig að auðvitað hefur maður áhyggjur af því að þjónusta verði skorin niður víðar en bara við fjölfatlaða, við vitum að það eru áætlanir um það þó að ég voni að það komi ekki til þess á endanum. En atriði sem hv. þm. nefndi varðandi fyrri hluta greinarinnar eru nú þegar í lögunum þannig að það er bara þessi eina setning sem við leggjum til að bætist við og að komið verði á sama umhverfi og er á Norðurlöndunum hvað varðar bið eftir læknisaðgerð.

[18:56]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. flm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur í andsvari við ræðu minni kom fram og það með réttu að $^3/_4$ hlutar frumvarpsgreinarinnar væru þegar inni í lögunum, og eins og ég tók fram vinna læknar samkvæmt þessari reglu, að gefa skýringar á bið, upplýsingar um áætlaðan biðtíma og gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar.

Í greinargerðinni segir að það sem ekki sé afsakanlegt sé ef fjárskortur hamli og valdi bið eftir aðgerðum og það sem ég tók fram, og hv. þm. er líka kunnugt um, er að í greinargerð Landspítalans um hvernig hann ætli að bregðast við kröfum stjórnvalda um aðhald í rekstri spítalans var sérstaklega tekið fram að það ætti ekki að hafa áhrif á skurðsviði og afköst á því sviði heldur yrði haldið áfram á þeirri braut sem sjúkrahúsið hefur verið á á liðnum missirum að stytta biðlistana enn frekar. Ég tók það líka fram að biðlistarnir hafa almennt styst um 3% á síðasta ári og að haldið verður áfram á þeirri braut. Það er því ekki hægt að blanda þessu saman við umræðu um einhverjar allt aðrar aðgerðir og halda því fram að fjárskortur valdi þessu.

Í stuttu máli, herra forseti, get ég ekki séð að það að setja inn í lögin um réttindi sjúklinga setningu sem segir: „Miða skal við að bið eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms“, bæti kjör, réttindi og aðstæður sjúklinga og því get ég ekki stutt þessa frumvarpsgrein. Það sem við þurfum að sameinast um er að styrkja spítalann í því verkefni sem hann hefur verið að vinna undanfarin missiri, að stytta á biðlistana og bæta aðstæður sjúklinga.

[18:57]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þessari setningu er verið að leggja til aukin réttindi sjúklinga og auðvitað er lagasetning þannig að hún miðast ekki endilega við daginn í dag og ástandið nákvæmlega í dag. Verið er að tryggja réttindi sjúklinga til lengri tíma. Þó svo að menn séu að stytta biðlistana núna, sem er mjög vel og ég er margbúinn að segja að er raunin, það er verið að stytta biðlistana, þá er ekki þar með sagt að það verði endilega í framtíðinni, við vitum það ekki. Þetta snýst um réttindi sjúklingsins, að þau séu til staðar þarna og það sé til framtíðar, ekki endilega að miða við ástandið eins og það er í dag þó ýmsir þurfi reyndar að bíða í dag lengur en þetta.

Nágrannaþjóðir okkar hafa séð ástæðu til þess að setja svona hámarksbið, náttúrlega mun styttri, kannski hefðum við átt að leggja til að hún væri bara tveir mánuðir eins og Danirnir en hérna erum við að fara hægar í sakirnar með því að koma inn svona ákvæðum um hámarksbið og ég verð að segja, herra forseti, að ég harma það að hv. þm., formaður heilbr.- og trn., sem hér talaði áðan og ég er að veita andsvar, skuli ekki taka undir þetta mikla réttindamál fyrir sjúklinga, að setja það inn í lög, heldur horfa aðeins á stöðuna eins og hún er í dag og líta til sannfæringar sinnar um að það verði ekki skorið niður og það verði ekki minni þjónusta og það verði ekki lengri biðlistar. Ef það verður ekki þá ætti að vera í lagi að setja svona hámarksbiðreglu inn í lögin ef hún er alveg sannfærð um að það verði ekki frekari bið. Það ætti ekki að saka. Það er verið að auka réttindi sjúklingsins.

[18:59]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að heyra að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fer þessum lofsorðum um stefnu stjórnvalda og þann árangur sem hefur náðst í rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss eins og á öðrum sviðum í heilbrigðiskerfinu og viðurkenning hennar á því að biðlistar eftir aðgerðum hafi styst er mér og öðrum stjórnarliðum sérlega mikils virði. En hv. þm. segir: við erum ekki að gagnrýna þetta eins og það er í dag, við erum á réttri leið en við erum að horfa til framtíðar. Aðstæður geta breyst og þá skiptir það sjúklingana máli að það standi í lögum að biðtími skuli ná einhverju hámarki.

Ég held að sé ekki ástæða til að ætla það eins og staðið er að stjórn heilbrigðismálanna í þessari ríkisstjórn. Hins vegar er ástæða til að kvíða því ef flokkur hv. þm. kæmist í ríkisstjórn, af því það er einungis sá flokkur einn sem hefur haldið því fram að það sé ekki fjárskortur sem hrjái heilbrigðiskerfið. En eins og er og undir forustu framsóknarmanna í heilbrigðismálunum, er ljóst að við erum sammála um að það er ekki ástæða til að setja þetta sérstaka ákvæði. Ef ég hins vegar væri á þeirri skoðun að það væri til þess fallið að auka rétt sjúklinga eða til að flýta aðgerðum, stæði ekki á mér að styðja þetta frv. En í rauninni er hún innantóm eins og aðstæður eru og þá má sleppa henni.

[19:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir tilganginn með frv., að auka rétt sjúklinga og þeirra sem eru að bíða eftir aðgerðum, og tek undir með hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að langur biðtími eftir aðgerð hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra og vanlíðan, streita, kvíði og óvissa er algeng hjá sjúklingum sem þurfa að bíða lengi eftir aðgerð. Mér er ómögulegt að skilja, herra forseti, að það sé eitthvert kappsmál að viðhalda þessum biðlistum, eins og virðist koma fram í ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz, að það sé eitthvert nauðsynlegt lögmál að halda biðlistum. Ég get ekki heldur skilið að það sé ekkert samhengi milli fjárveitinga til sjúkrahússins og þess að fólk þurfi ekki að vera lengi á biðlistum eftir aðgerðum. Ég skil ekki svona röksemdir, herra forseti, finnst þær alveg út í bláinn og mér fannst alveg keyra um þverbak þegar hv. þm. fór að hæla sér af stefnu og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum og sérstaklega þætti Framsóknarflokksins í þeim. Það verður að segja hæstv. heilbrrh. til hróss að hann hefur sagt að því miður væru hendur hans bundnar og hann gæti ekki gert betur og þótti miður. En hér kemur hv. þm. og ber sér á brjóst og er stolt fyrir hönd síns flokks af niðurskurðinum í heilbrigðiskerfinu.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Var ekki verið að skipa sérstakan trúnaðarmann sjúklinga við Landspítala – háskólasjúkrahús til að sjúklingar gætu leitað stuðnings og trausts hjá trúnaðarmanni sjúklinga? Flestir aðilar fögnuðu því að þetta starf væri komið til. Ég leyfi mér að spyrja: Hvernig fór þetta starf út úr niðurskurðinum? (**ÁRJ:** Nákvæmlega.)

[19:04]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil fá að þakka flm. málsins, hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, fyrir málið og þá greinargerð sem hún hefur gert fyrir því og segja fyrir mitt leyti að ég tel að hér sé á ferðinni ákaflega mikilvægt mál, að tryggja réttindi sjúklinga. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég skil ekki fyllilega hvaða ágreining formaður heilbr.- og trn. er að gera í málinu, hv. þm. Jónína Bjartmarz, eða um hvað andsvörin snerust. Mér heyrðist í öllum aðalatriðum að þessir tveir hv. þm. ættu að vera sammála í málinu og í rauninni ekki nema sjálfsagt að Alþingi setji niður um það viðmið hversu lengi fólk sem þarf á aðgerðum að halda þurfi að bíða. Það er einfaldlega mjög nauðsynlegt að við setjum kröfur um þjónustustig í heilbrigðiskerfinu, lágmarkstryggingar fyrir borgarana í landinu um það við hverju þeir megi búast af heilbrigðiskerfinu.

Það er ekki þar með sagt að á sjúkrahúsum landsins og á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sé ekki engu að síður unnið af kappi og af góðum hug við að reyna að stytta þá biðlista sem þar eru. En það firrir Alþingi fráleitt ábyrgð á biðtímanum. Það firrir okkur ekki því að svara því hversu lengi við teljum að viðunandi sé að fólk bíði eftir aðgerðum.

Það eru pólitískar ákvarðanir vegna þess að á grundvelli slíkra pólitískra ákvarðana er fjármunum forgangsraðað í heilbrigðiskerfinu. Það er einmitt það sem við í Samf. höfum verið að kalla eftir í heilbrigðismálunum, að á Alþingi fari fram pólitísk forgangsröðun og pólitísk stefnumótun um hvað við viljum fá út úr þessu kerfi en að þeirri ábyrgð sé ekki varpað yfir á stjórnir sjúkrastofnananna í landinu heldur séu þær ákvarðanir teknar hér.

Ástæðan fyrir því er líka sú að ákvörðunin í þessu efni snertir miklu fleiri svið en rekstur einstakra sjúkrastofnana. Vegna þess að hv. þm. Jónína Bjartmarz ræddi um augnaðgerðir er það ágætt dæmi til að fjalla um, þó ég átti mig ekki alveg á því hvaða nýja tækni hún telur að hafi leitt til þess að lengja biðlista eftir augnaðgerðum. Ég hef ekki fylgst með því sviði hin allra síðustu ár, en ég hygg að stærstur hluti biðlista eftir augnaðgerðum séu augnsteinaskipti eða katarakt-aðgerðir, sem er í sjálfu sér ekki ný tækni en því miður hefur á síðustu árum biðlistinn eftir slíkum aðgerðum verið að lengjast, alla vega síðast þegar ég vissi. Það gerðist kannski fyrst við það að Landakotsspítali var sameinaður Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þá var einfaldlega minni áhersla lögð á þennan þátt í starfseminni í forgangsröðinni og það byrjuðu að skapast biðlistar þar. Við augnsteinaskipti endurheimtir sá sem þeirrar aðgerðar nýtur sjónskerpu sína og við það alla færni í daglegu lífi. Það skiptir því sköpum fyrir daglegt líf þeirra sem þeirra aðgerða njóta að endurheimta sjónskerpuna.

Hundruð manna hafa á stundum verið á bið eftir þessum aðgerðum og biðtími verið svo mánuðum skiptir. Þegar ég skoðaði þetta sérstaklega í tíð Sjúkrahúss Reykjavíkur var kostnaðurinn við hverja aðgerð af þessu tagi um 25–30.000 kr. Það eru sannarlega ekki dýrar aðgerðir en hafa gríðarlega mikilvæg áhrif, bæði félagslega, fyrir fólk á vinnumarkaði, fyrir tryggingakerfið allt og fyrir heill og hamingju þeirra heimila sem í hlut eiga. Það hlýtur þess vegna að vera pólitísk ákvörðun um þessar aðgerðir eins og aðrar aðgerðir.

Bæklunaraðgerðir eru annað dæmið um óhæfilega langa biðlista í heilbrigðiskerfinu. Það hlýtur að vera pólitísk ákvörðun hversu lengi hægt er að bjóða fólki upp á að bíða eftir slíkum aðgerðum, en ekki síður, hvað er skynsamlegt að láta fólk bíða lengi eftir þessum aðgerðum vegna þess að það er svo oft sem það er miklu dýrara að láta fólk bíða eftir aðgerðunum en að framkvæma þær.

Þeirri niðurstöðu geta menn ekki komist að nema þeir horfi á biðtímann heildstætt, út frá hagsmunum samfélagsins

alls, ríkissjóðs í heild sinni en ekki út frá mánaðaruppgjöri viðkomandi heilbrigðisstofnunar einnar.

[19:09]

Útbýting þingskjala:

Eldi nytjastofna sjávar, 344. mál, nál. sjútvn., þskj. 863.

Farsíma- og tölvusamband í dreifbýli, 573. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 864.

Greiðslur til fanga, 574. mál, fsp. MF, þskj. 865.

Tölfræði Hagstofunnar í heilbrigðismálum, 575. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 866.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 867.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 13.–15. og 18.–37. mál.

Fundi slitið kl. 19:10.

---

62. FUNDUR

miðvikudaginn 11. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgerðir gegn fátækt, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, þáltill., 116. mál, þskj. 116. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, frv., 138. mál, þskj. 138. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, þáltill., 139. mál, þskj. 139. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 166. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 859. — 1. umr.
7. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 860. — 1. umr.
8. Réttindi sjúklinga, frv., 202. mál, þskj. 209. — Frh. 1. umr.
9. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216. — Fyrri umr.
10. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 207. mál, þskj. 218. — Fyrri umr.
11. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 208. mál, þskj. 219. — Fyrri umr.
12. Innheimtulög, frv., 223. mál, þskj. 236. — 1. umr.
13. Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, þáltill., 225. mál, þskj. 245. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásgeir Friðgeirsson, 7. þm. Suðvest.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning um afturköllun þingmála.

[13:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill tilkynna að 510. og 535. mál, fyrirspurnir á þskj. 782 og 810, eru kölluð aftur.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um áform Landsbankans um að kaupa eða sameinast Íslandsbanka. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, 577. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 868.

Veiðitilraunir og rannsóknir erlendra aðila við Ísland, 491. mál, svar sjútvrh., þskj. 855.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna svars sem dreift var á Alþingi í gær við fyrirspurn sem ég lagði fram til hæstv. fjmrh. um starfslokasamninga undanfarin 10 ár. Hér hefur hæstv. fjmrh. ekki talið sér unnt að svara öllum þeim spurningum sem ég spyr hann en það er annað sem ég vildi gjarnan biðja hæstv. forseta að kanna og fá skýringar á og það er að það er mikið misræmi milli svars hæstv. fjmrh. og sams konar svars frá hæstv. forsrh. við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur frá því fyrir þremur þingum. Hún spyr þá um starfslokasamninga frá árunum 1995–2002 og hæstv. forsrh. kemst að þeirri niðurstöðu að þar hafi verið um að ræða 77 samninga sem ekki hafi verið samkvæmt kjarasamningum. Það hefur þá verið vikið frá samningum 77 sinnum.

Nú þegar ég spyr hæstv. fjmrh. um starfslokasamninga undanfarin 10 ár kemst hann að því að þeir séu aðeins 46, þ.e. 39 samningar við karla og 7 við konur. Mér finnst full ástæða til þess, virðulegi forseti, að fá upplýsingar um það hvað hefur orðið um þennan 31 samning sem hæstv. forsrh. taldi með í svari frá því fyrir þremur þingum.

Ég vil einnig að forseti þingsins kanni hvort ekki sé hægt að fá upplýsingarnar um það hvað þessir samningar kosta. Aðeins fjögur ráðuneyti treysta sér til að svara því hvað starfslokasamningar þeirra kosta. Öll hin ráðuneytin treysta sér ekki til að svara því. Svona upplýsingar hljóta að liggja fyrir þegar verið er að gera starfslokasamninga við opinbera starfsmenn og starfsmenn í ráðuneytunum. Ég fer fram á það að forseti kanni hverju það sætir að svörin eru svona mismunandi.

[13:35]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill upplýsa að það er ekki hlutverk forseta að leita skýringa á misræmi í svörum ráðherra. Það er hv. þingmanna að fylgja því eftir ef þeir eru ósáttir við svörin. Það háttar svo til að hæstv. fjmrh. hefur fjarvistarleyfi í dag en þessum skilaboðum verður komið áleiðis til hans.

[13:36]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ef það er vilji hv. 4. þm. Reykv. s. að fara einhverja fjallabaksleið að því að fá svör við þessum spurningum er auðvitað hægt að gera það með þeim hætti sem hv. þm. var að gera núna. Hv. þingmanni var það ljóst að hæstv. fjmrh. var ekki til staðar til að svara fyrir þetta mál sem hv. þm. var að vekja athygli á. Hæstv. fjmrh. hefur fjarvistarleyfi í dag og á morgun og verður þá tilbúinn til þess að ræða málið, væntanlega, eftir helgina við hv. þingmann ef hv. þingmaður kærir sig um það. En það er greinilegt að hv. þm. er ekki á höttunum eftir þessu svari, heldur er hv. þm. fyrst og fremst á höttunum eftir því að vekja athygli á sjálfri sér og þessu máli sínu vegna þess að hv. þm. er ekki að beina fyrirspurninni til þess hæstv. ráðherra sem málið varðar. Hv. þingmanni er það ljóst að hæstv. ráðherra gat ekki svarað fyrir þetta mál vegna þess að hann er ekki hér staddur. Það er að verða daglegur skrípaleikur í þinginu að hv. þingmenn komi hér upp til þess að ræða við hæstv. ráðherra sem eru ekki viðstaddir. (**SJS:** Laglegt að þeir eru ekki viðstaddir.)

[13:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Mér var fullljóst að hæstv. fjmrh. var með fjarvistarleyfi í dag en ég hefði talið eðlilegra að eiga orðastað við forseta þingsins um þetta mál vegna þess að hér er um tvö svör að ræða sem ég ber saman um sama efnið, þ.e. starfslokasamninga, og á svörunum er mjög mikið misræmi, annars vegar á svari frá hæstv. forsrh. frá því fyrir þremur þingum og hins vegar svari sem hæstv. fjmrh. gefur mér núna. Það skeikar 31 starfslokasamningi. Ég velti fyrir mér hvar þessi mismunur liggi og ég tel fulla ástæðu til að hér komi fram hvers vegna svona mikill mismunur er á þessum svörum frá þessum tveim ráðherrum.

Vissulega get ég átt orðastað við hæstv. fjmrh. á mánudaginn og það getur vel verið að ég geri það ef ég fæ ekki skýringar á því hvers vegna svona mikill munur er á þessum svörum. En það getur vel verið líka að ég þurfi þá að eiga orðastað við hæstv. forsrh. Það er ekki ljóst hvor fer með rétt mál þegar þessi svör eru borin saman.

Ég furða mig líka á því að ráðuneytin skuli ekki vera með þessar upplýsingar handbærar, sérstaklega iðnrn. Iðnrn. veitti ekki þær upplýsingar sem ég bað um en gat svarað mér fyrr í vetur hversu mikið starfslokasamningarnir við forstjóra Byggðastofnunar kostuðu. Þá lágu þessar upplýsingar fyrir þannig að þarna er auðvitað á ýmsan hátt pottur brotinn og ég tel að það þyrfti að fá nánari upplýsingar um þessi mál.

[13:39]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forseti hefur bent á að hv. þingmaður eigi vitaskuld að beina þessum aðfinnslum sínum að viðeigandi ráðherrum og nú hefur það gerst að hv. þm. hefur getað vakið athygli á málinu hérna án þess að fá svör vegna þess að það liggur auðvitað fyrir að hæstv. ráðherra er ekki viðstaddur. Hv. þingmanni var það ljóst og hún hefur greint frá því hérna og jafnframt greint frá því að hún muni þá leita eftir þessu svari þegar hæstv. ráðherra er viðstaddur. Hún hefur þá fengið tvö tilefni til þess að koma í ræðustólinn út af sama málinu, af sama tilefninu.

[13:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í tilefni orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, formanns þingflokks Sjálfstfl., þar sem hann ber sig aumlega undan því, þó með dálítið ónotalegum hætti, að hv. þingmenn leyfi sér að inna í upphafi þingfundar ráðherra ríkisstjórnarinnar eftir einu eða öðru. Hann telur það hv. þingmönnum til vansa að vera að spyrja ráðherra sem ekki eru hérna. En bara til að upplýsa það eru meiri líkur en minni að menn standi hér í ræðustóli og spyrji ráðherra út úr og þeir séu ekki hérna.

Þeir eiga að vera hér. Ég virði það auðvitað þegar ráðherrar, eins og þingmenn, hafa fjarvistarleyfi (**Gripið fram í:** Guðni er hérna.) en hér sitja fjórir ráðherrar á bekk, eru 12 talsins, og ég vildi bara nota ferðina og vekja sérstaka athygli á þessu. Hér er að fara fram atkvæðagreiðsla, hér er mætingarskylda og það er að verða hið stóra vandamál í þinginu að ekki fást svör við eðlilegum og sjálfsögðum spurningum af því að ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru ekki á staðnum.

[13:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér komu á óvart þessi viðbrögð frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni við því að hv. þingmenn forvitnuðust um hvort tiltekin svör væru eins og þau ættu að vera eða ekki. Það er ekkert óeðlilegt við það því að það er ekki einkamál þingmanna og ráðherra þegar verið er að svara fyrirspurnum, heldur hafa þingmenn ákveðna stöðu. Þeir eiga að veita hæstv. ráðherrum aðhald, spyrja þá út úr þegar það á við og þegar svörin eru ekki í lagi er það ekki einkamál þingmanna og ráðherra. Það er því ofur eðlilegt að hv. þingmaður komi hingað og leiti atbeina forseta. Forseti vísaði reyndar málinu í tiltekinn farveg en ég held að það sé alveg óþarfi að koma hér upp æ ofan í æ og gera lítið úr því alvörumáli þegar þinginu eru ekki veitt þau svör sem um er beðið eða það er a.m.k. dregið í efa að svörin séu rétt.

Aðgerðir gegn fátækt, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Vestnorrænt samstarf og íslensk nærsvæðastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 116. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 138. mál (barnaklám á neti og í tölvupósti). — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 139. mál (barnaklám á neti og í tölvupósti). — Þskj. 139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 166. mál. — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Áform Landsbankans um að kaupa eða sameinast Íslandsbanka.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Kaup Landsbankans, að frumkvæði hinna nýju eigenda, í Íslandsbanka undanfarna daga hafa vakið mikla athygli, og með réttu. Það má segja að skammt sé stórra högga á milli nú, menn eru rétt búnir að draga andann eftir síðasta áhlaup, þ.e. atlöguna að sparisjóðunum, þegar næstu slagsmál hefjast. Þetta gefur tilefni til að rifja lítillega upp aðdraganda alls þessa, þ.e. þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hratt þessu ferli í fjármálaheiminum af stað með einkavæðingu fjárfestingarlánasjóða atvinnulífsins og síðan með hlutafélagavæðingu og einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna, sölu þeirra beggja samtímis. Þá voru uppi fögur fyrirheit og svardagar um dreifða eignaraðild og að almenningur í landinu mundi eiga bankana. Þá var talið beinlínis hættulegt að einstakir aðilar yrðu of sterkir eða ráðandi í mikilvægum fjármálafyrirtækjum.

Það var haft eftir hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni í viðhafnarviðtali við Morgunblaðið í ágúst 1998 undir fyrirsögninni „Tryggja verður dreifða eignaraðild", með leyfi forseta:

„Davíð Oddsson, forsætisráðherra, segir að mikilvægt sé að tryggja dreifða eignaraðild við sölu ríkisbankanna og endurskipulagningu á fjármálamarkaði. Í samtali við Hjálmar Jónsson segir hann að koma verði í veg fyrir að aðilar í viðskiptalífinu nái of sterkum tökum á bönkunum þannig að önnur sjónarmið en arðsemissjónarmið verði lögð til grundvallar í rekstri þeirra."

Hið sama gekk stefnumótun ríkisstjórnarinnar um sölu bankanna út á sem birt var í sama ágústmánuði. Hið sama stóð enn í greinargerð með stjfrv. og í framsöguræðu Finns Ingólfssonar, þáv. viðskrh., af sama tilefni.

Nú þekkja menn hvernig til hefur tekist, það er óþarfi að rekja. Blaðinu var algerlega snúið við undir því yfirskini að fá ætti kjölfestufjárfesta að bönkunum og voru tilteknir aðilar valdir til að fá ráðandi hlut í þeim frá byrjun. Svo mikið fyrir dreifða eignaraðild, svo mikið fyrir að þjóðin keypti bankana, og þá að vísu af sjálfri sér.

Og nú hefur allt farið eins og til var stofnað, eins og við var varað. Kaupendur bankanna beita þeim sem tækjum í valda- og hagsmunabaráttu sinni almennt í viðskiptalífinu, og hvar eru skilmálarnir um að hinum nýju eigendum væri gert að beita sér ekki í atvinnulífinu að öðru leyti? Var ekki Samson gert að breyta samþykktum sínum þannig að fyrirtækið hefði þá einu starfsemi með höndum að eiga hlutabréf í Landsbankanum?

Afli bankans er beitt til að kaupa, leysa upp eða selja fyrirtæki með það að markmiði að innleysa hagnað til hinna nýju eigenda sem eru fyrirferðarmiklir á öðrum sviðum viðskipta, bæði innan lands og utan, að vísu á öðrum kennitölum.

Nú tekur steininn úr þegar hinir nýju eigendur Landsbankans reyna fyrir opnum tjöldum að komast einnig yfir annan af tveimur stóru bönkum landsins sem eftir eru. Þetta vekur margar spurningar.

Er ekki ljóst í fyrsta lagi að einkavæðingarleiðangur ríkisstjórnarinnar hefur leitt menn út í hreinar ógöngur sem ekki sér fyrir endann á? Hvað segir ráðherra um þessa síðustu atburði frá sjónarhóli samkeppni eða öllu heldur samþjöppunar og fákeppni í fjármálaheiminum, svo ekki sé nú minnst á hina upphaflegu svardaga um dreifða eignaraðild? Hvað segir ráðherra t.d. um þá staðreynd að ef þessi sameining gengur eftir verða tveir aðilar með gjaldeyrisviðskipti í landinu, svo einhverju nemi? Hvað segir ráðherra um stöðuna á millibankamarkaði, verður hann mjög virkur ef þessi sameining gengur eftir? Hverju sætir að Landsbankanum líðst að sinna ekki tilkynningarskyldu ef hann er kominn með 12–16% eignarhlut í Íslandsbanka, og þótt minna væri? Eru áformin greinilega þau að ná þarna ráðandi stöðu. Það er algerlega skýrt í 40. og 41. gr. laga um fjármálafyrirtæki að mönnum ber að tilkynna um áform — ekki þegar gerða hluti. Hyggist menn ná virkum hlut ber þeim að tilkynna það og sækja um það skriflega fyrir fram.

Af hverju eru ekki kaup Landsbankans stöðvuð úr því að hann sinnir ekki augljósri tilkynningarskyldu sinni þarna? Telur ráðherra að þetta sem nú er að gerast gefi tilefni til að breyta ákvæðum laga, t.d. setja frekari girðingar til að tryggja dreifða eignaraðild og heilbrigða samkeppni og viðskiptahætti? Hvað segir hæstv. ráðherra um það hugarfar sem að baki liggur, sem sagt að sameina bankana til þess að vera nógu stórir í áhættufjárfestingum erlendis en láta innanlandsmarkað sæta afgangi? Hagsmuna hverra er verið að gæta hér, frú forseti?

[13:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í kjölfar einkavæðingar bankanna leystist mikill kraftur úr læðingi. Bankarnir voru fljótir að bregðast við breyttum aðstæðum, samrunar áttu sér stað og miklar breytingar urðu á eignarhaldi margra fyrirtækja. Þessi upp-

stokkun var á margan hátt tímabær og til góðs fyrir íslenskt atvinnulíf.

Í bankakerfinu hefur verið minni samþjöppun en á mörgum öðrum mörkuðum. Bankarnir hafa að sönnu stækkað og eflst en tveir stærstu samrunarnir, annars vegar Íslandsbanki – FBA og hins vegar Kaupþing – Búnaðarbanki, hafa ekki leitt til umtalsverðrar samþjöppunar og hagræðingar á markaðnum. Staðan er að mörgu leyti ákjósanleg um þessar mundir. Í dag eru starfandi þrír sterkir viðskiptabankar sem allir eru í sókn og útrásarhug. Þessir bankar eiga að vera vel í stakk búnir til að þjóna íslenskum fyrirtækjum. Að undanförnu hefur verið töluverð samkeppni, sérstaklega í fyrirtækjaviðskiptum. Góð afkoma bankanna er nú í einhverjum mæli að skila sér til einstaklinga þó að vissulega þurfi þeir að gera betur í því efni.

Fjórða aflið á bankamarkaði er síðan sparisjóðir en þeir munu þurfa á öllum sínum styrk og samstöðu að halda til að geta keppt við viðskiptabankana.

Hæstv. forseti. Hvort frekari hagræðing eða samruni muni eiga sér stað á bankamarkaði er ekki hægt að segja til um. Hér togast á hið klassíska, að frekari samruni verði á kostnað samkeppninnar. Alþingi hefur sett lagaramma um slíkan samruna sem reynst hefur vel og engin ástæða er til að hrófla við á þessu stigi. Þetta er ólíkt sparisjóðamálinu sem snerist um hagsmunaárekstur á milli stofnfjáreigenda og sjálfseignarstofnunar.

Lagarammanum við kaup á fjármálafyrirtæki má skipta í tvennt. Annars vegar getur samkeppnisráð ógilt samruna á grunni samkeppnislaga. Augljóst er af forúrskurði samkeppnisráðs frá árinu 2000 að ekki er mikið svigrúm til samruna í íslenska bankakerfinu. Hins vegar hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Þessum lagaákvæðum var ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra banka og eigenda þeirra. Nokkrum sinnum hefur verið gripið til aðgerða á grunni þessara ákvæða og hafa þau reynst vel. Ákvæðin ganga eins langt og bankatilskipanir Evrópusambandsins leyfa. Norðmenn hafa t.d. neyðst til að afnema þau ákvæði í bankalöggjöf sinni sem lúta að hámarki eignarhlutar í fjármálafyrirtækjum vegna krafna frá ESA. Á Íslandi er staðan núna sú að bankar og sparisjóðir eru í dreifðri eign, að Landsbankanum undanskildum.

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir að staðan á bankamarkaði sé að mörgu leyti góð, og skýr lagarammi til staðar, hef ég líkt og aðrir ráðherrar ítrekað að undanförnu að margt megi betur fara. Málefni viðskiptalífsins eru því til sérstakrar skoðunar í ríkisstjórnarflokkunum. Það er vitað að samþjöppun hefur verið mikil á vissum sviðum og margt bendir til að síðferði á markaðnum sé ábótavant. Kannanir benda til þess að almenningur telji siðferði í viðskiptalífinu lélegt og að viðskiptalífið njóti ekki trausts.

Sú þjóðfélagsumræða sem nú á sér stað bendir til þess að viðskiptalífið hafi farið of geyst og hoggið nærri íslenskri þjóðarsál. Í ljósi þessa velti ég vöngum yfir því hvernig stendur á því að hugmyndum er skotið fram um jafnróttækan samruna og þann sem er kveikjan að þessari umræðu. Viðskiptalífið verður að vera í tengslum við fólkið og það umhverfi sem það starfar í. Viðskiptalífið verður sjálft að taka sér taki og öðlast traust og trúnað fólksins í landinu.

[13:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Merkileg tíðindi hafa átt sér stað á fjármálamarkaði að undanförnu og þau virðast öll ganga út á það að bönkum muni fækka hér á landi.

Í fyrsta lagi var það SPRON-málið þar sem Alþingi bar gæfu til að draga þá línu að verja sparisjóðina. Núna eftir að það varð ljóst eru hugmyndir uppi um að sameina Landsbanka og Íslandsbanka. Það eru því að birtast hugmyndir um að hér verði tveir öflugir bankar sem hafa þá útrás að markmiði.

Virðulegi forseti. Við getum aldrei sætt okkur við það að hér verði færri en fjögur alvörufjármálafyrirtæki á fjármálamarkaði, jafnmikilvægur og hann er fyrir þjóðina. Það er algjörlega óásættanlegt. Og jafnvel þó að það sé öflugt og gott að menn fari í útrás og nái þar árangri verðum við einnig að horfa til þess hvernig sú útrás verður fjármögnuð. Með tvo banka hér, tvo alvörubanka, væri sú útrás fjármögnuð með háum vöxtum og háum þjónustugjöldum. Það væru því íslenskir neytendur og íslensk fyrirtæki sem fjármögnuðu slíka útrás ef samkeppnin yrði fyrir bí við þessar aðstæður.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að Alþingi verður að draga línurnar við það að hér verði fjögur fjármálafyrirtæki að lágmarki. Annars verður ekki virk samkeppni á þessum markaði og það verður að segjast alveg eins og er að ég held að þjóðin sé búin að fá nóg af þeim samrunum sem gengið hafa yfir landið undanfarið. Ég lýsi því yfir að Samf. er meira en lítið tilbúin til þess að aðstoða ríkisstjórnina við það að vinna gegn frekari samþjöppun á þessum markaði.

[13:58]

Birgir Ármannsson:

Virðulegi forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessari umræðu er hér verið að fjalla um marga óorðna hluti þannig að það eru óskaplega mörg „ef“ í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi er rétt að minna á að það hefur ekki komið skýrt fram hver áform stjórnenda Landsbankans eru í þessu máli. Það hefur ekki komið fram að sótt hafi verið um virkan eignarhluta í Íslandsbanka, og ekki liggur fyrir niðurstaða frá Fjármálaeftirliti ef um það verður sótt.

Það liggur fyrir að sterkar vísbendingar eru um andstöðu innan Íslandsbanka og auðvitað þarf tvo til við sameiningu eða samruna.

Það eru afskaplega mörg vafaatriði í málinu. Stór vafaatriði lúta að því hvernig eftirlitsaðilar munu taka á því. Viðskrh. vísaði til fordæmisins um hugsanlega sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka árið 2000 þar sem samruni var ekki talinn heimill á samkeppnislegum forsendum. Það gefur okkur vísbendingar — auðvitað getum við ekki sagt með vissu hver niðurstaða Samkeppnisstofnunar yrði nú — um að samruni af þessu tagi verði að teljast nokkuð ólíklegur, nema þá með afar ströngum skilyrðum.

Þau sjónarmið hv. 5. þm. Norðaust., málshefjanda, sem hann leggur upp með verða að teljast afar langsótt. Hann vísar til forsögunnar um einkavæðinguna og það er rétt að minna á í því samhengi að sá hv. þm. og flokkur hans hafa ávallt verið á móti einkavæðingu, hafa ávallt verið á móti þeirri aðferð sem hefur verið beitt við einkavæðingu, (**SJS:** ... forsrh.) alveg sama hvaða leiðir hafa verið farnar. Mismunandi leiðir hafa verið farnar í einkavæðingu hér á

undanförnum árum en ég minnist þess ekki að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi nokkurn tíma verið sáttur við þá aðferð sem farin hefur verið. (Gripið fram í.)

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í sl. viku var samþykkt á Alþingi breyting á lögum um fjármálafyrirtæki sem miðaði að því að koma í veg fyrir að sú samþjöppun færi á fulla ferð í bankakerfinu að sparisjóðirnir yrðu keyptir upp hver af öðrum og sameinaðir hinum þremur stóru viðskiptabönkum. Sjaldan hafa komið fram á Alþingi við afgreiðslu lagafrv. jafnskýr skilaboð til einnar atvinnugreinar um hver vilji Alþingis væri. Yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna úr öllum flokkum lagðist gegn því að bankarnir keyptu upp sparisjóðina og að það samþjöppunarferli færi af stað sem leitt gæti síðan til fákeppni á fjármálamarkaði hérlendis.

Stjórnarmenn bankanna hljóta að lifa í annarri veröld og öðrum veruleika ef þeim er ekki ljóst að sú valdablokk sem þeir boða með stefnu og sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka er í andstöðu við vilja þings og þjóðar.

Hvar eru nú áformin um dreifða eignaraðild sem uppi voru á sínum tíma? Til viðbótar má minna á niðurstöðu samkeppnisráðs sem hafnaði þá sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka þar sem það hefði leitt til of mikillar samþjöppunar og markaðsráðandi stöðu, m.a. í innlánum og útlánum. Það varð niðurstaða á þeim tíma að samruni mundi hafa skaðleg áhrif á samkeppni og færi gegn ákvæðum samkeppnislaga. Landsbankinn og skyld fyrirtæki eiga nú þegar virkan eignarhlut í Íslandsbanka án þess að fyrir liggi samþykki Fjármálaeftirlitsins. Hvað veldur því að stjórnarmenn í bönkum og sparisjóðum horfa eingöngu til fjárhagslegs ávinnings, valda og eigin hagsmuna en skeyta lítt um virka samkeppni og dreifingu fjármálavaldsins? Hefur græðgin yfirstigið skynsemi þeirra? Hvar er þjóðarhagur í forgangsröðinni?

Gjafir voru sumum þegnum þessa lands gefnar með kvóta og einkavæðingu sem valdið hafa nýrri stéttaskiptingu þeirra ofurríku andspænis öðrum landsmönnum. Nú er rétt að stoppa við og skoða hvert við erum að stefna með okkar þjóð.

[14:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Verði ljós, og það varð ljós, eða svo ég vitni í hæstv. ráðherra: Við einkavæðingu ríkisbankanna leystist mikill kraftur úr læðingi. Svona tala guðfræðingar. Svona tala guðfræðingar frjálshyggjunnar en fáir hefðu trúað því fyrir 15–20 árum að ráðherrar Framsfl. stæðu þar næst altarinu.

Um svör hæstv. ráðherra vil ég segja þetta: Þau voru ein allsherjarmótsögn. Annars vegar sá ráðherrann ljósið og hins vegar sagði ráðherrann að hoggið hefði verið í íslenska þjóðarsátt. Siðferðið væri fyrir bí í viðskiptalífinu á Íslandi, en engin svör. Fullkomið ábyrgðarleysi.

Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er hvort löggjafinn geti á einhvern hátt brugðist við þeirri þróun sem við verðum nú vitni að, vaxandi samþjöppun og fákeppni í atvinnulífinu og í reynd að fámennur hópur fjármálamanna er að sölsa undir sig yfirráð í atvinnulífinu og í fjármálalífinu. Það var þetta sem vakti fyrir okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði á sínum tíma þegar við vöruðum við einkavæðingu ríkisbankanna.

Við höfum gert annað. Við höfum reynt að hafa áhrif á þessa þróun og grípa inn í með tveimur lagafrumvörpum, annars vegar frv. um dreifða eignaraðild að fjármálafyrirtækjum og hins vegar frv. um aðskilnað á milli almennrar lána- og viðskiptastarfsemi bankanna og hins vegar fjárfestingarstefnu þeirra, að þeim sé beitt sem fjárfestingartækjum. Það er þetta síðara sem er að gerast núna í tengslum við Landsbanka og Íslandsbanka. Frá áramótum hefur verð í hlutabréfum Landsbanka lækkað um 20% vegna þess að Landsbankinn er að seilast þar til yfirráða. Landsbankinn á núna sjálfur 7,75% í Íslandsbanka en með dótturfélögum er þetta hlutfall orðið 17–20%, (Forseti hringir.) að því er sumir telja.

Frú forseti. Við hljótum að krefja viðskrh. einhverra raunverulegra svara en ekki einnar allsherjarmótsagnar (Forseti hringir.) eins og við urðum vitni að í málflutningi hennar hér áðan.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að virða ræðutímann.)

[14:05]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð hæstv. viðskrh. að sú umræða sem nú fer fram í þjóðfélaginu bendir til þess að viðskiptalífið fari of geyst og höggvi nærri íslenskri þjóðarsál. Vitaskuld er það rétt hjá hæstv. ráðherra að æskilegast sé að viðskiptalífið taki sér sjálft taki og leggi áherslu á að njóta trausts og trúnaðar fólksins í landinu. Með leyfi forseta:

„Núverandi stjórnendum Landsbankans er ljóst, að vöxt atvinnulífs og aukna velferð er ekki að finna í garði nágrannanna heima á Íslandi. Tækifærin eru á erlendri grundu."

Þessi orð lét aðaleigandi Landsbankans falla í ræðu sem hann flutti í Lúxemborg hinn 26. september sl. Í ljósi þeirra orða er framganga bankans í íslensku viðskiptalífi undanfarna mánuði illskiljanleg en hún nær nú hámarki með fréttum af því að Landsbankinn sækist eftir áhrifum í Íslandsbanka og stefni jafnvel að samruna fyrirtækjanna tveggja.

Virðulegur forseti. Ég lýsi eftir efndum hjá þeim aðaleigandi Landsbankans sem ég vitnaði til áðan. Það er tímabært að valdabaráttu og hjaðningavígum í viðskiptalífinu linni.

[14:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun sem nú er að eiga sér stað á íslenskum bankamarkaði og hún er ekki ákjósanleg fyrir íslenska neytendur. Nýjustu tíðindi þaðan eru ekki góð fyrir viðskiptavini hans. Þeir sjá nú fram á enn frekari samþjöppun og fákeppni, og úrræðalaus ríkisstjórn horfir í gaupnir sér. Gefist var upp á áformum um dreifða eignaraðild á markaðnum og markaðurinn er svo sannarlega að láta til sín taka. Neytendur horfa á í forundran.

Markmið ríkisstjórnarinnar með sölu ríkisbankanna hafa ekki náðst þegar kemur að ávinningi neytenda af breytingunum. Hlutabréfin átti að selja með það að markmiði að ná fram hagræðingu á markaðnum en tryggja um leið samkeppni til að ná fram ódýrari þjónustu. Samkeppnin á íslenska bankamarkaðnum er ekki virk. Fákeppniseinkenni eru mörg, vextir eru háir og vaxtamunur í samanburði við Evrópulöndin eru okkur verulega í óhag. Fyrir óheyrilega skuldsett heimili og fyrirtæki skiptir öllu máli að samkeppni fái að blómstra í þessum geira, og ríkisstjórnin er kölluð til ábyrgðar fyrir það úrræðaleysi sem hún sýnir í þessum málum.

Frelsið er nefnilega vandmeðfarið og á því hafa flest vestræn ríki fyrir löngu áttað sig. Eftirlitskerfið með leikreglum markaðarins þarf að vera öflugt og það þarf að vera í stakk búið til þess að takast á við þau verkefni sem því eru falin. Ríkisstjórnin hefur ekki verið tilbúin til þess að tryggja eftirlitsaðilum markaðarins það fjármagn sem þeir þurfa til að sinna því viðamikla verkefni sem þeim hefur verið falið þrátt fyrir margar tillögur þar um, m.a. af hálfu Samf. Við höfum líka lagt til að gerður yrði samanburður á vöxtum og þjónustugjöldum bankanna hér á landi samanborið við Evrópulöndin þannig að afla megi upplýsinga og leita orsaka fyrir hinu óhagstæða og dýra bankakerfi hér á landi. Þær tillögur hafa ekki fengið náð fyrir augum meiri hlutans.

Virðulegi forseti. Maður hlýtur að spyrja hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra: Ætlar ríkisstjórnin virkilega að sitja úrræðalaus hjá og horfa á frekari samþjöppun og fákeppni eiga sér stað á þessum markaði? Það væri í hæsta máta ábyrgðarlaust eftir þau markmið sem lagt var af stað með af hálfu ríkisstjórnarinnar.

[14:08]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Möguleg sameining Landsbanka og Íslandsbanka er athyglisverð. Alþingi hefur sett samkeppnislög sem gilda um slíka hluti, og ef til mögulegra samninga kemur mun Samkeppnisstofnun væntanlega fjalla um málið og úrskurða eftir þeim lögum sem hún starfar eftir. Það er ekki hægt að banna að bönkum fækki eins og kom fram í máli eins þeirra hv. þm. sem töluðu hér áðan.

Sameiginlegur Íslands- og Landsbanki verður mjög öflugur banki á íslenskan mælikvarða og verður hæfari til að þjóna stærri fyrirtækjum hér á landi, en staðan í dag er sú að stærri fyrirtæki þurfa í auknum mæli að leita til erlendra banka eftir fyrirgreiðslu. Þessi mögulegi sameiginlegi banki verður einnig betur í stakk búinn til útrásar. Aukin umsvif erlendis og stærri bankaeiningar ættu að stuðla að betri þjónustu og hagstæðari vaxtagjöldum.

Aftur á móti, ef af þessum samruna verður verða einungis þrjár lánastofnanir á markaðnum, þ.e. þessi mögulegi sameiginlegi banki Landsbanka og Íslandsbanka, KB-banki og sparisjóðirnir.

Ef stóra bankanum hefði verið leyft að gleypa sparisjóðina sem var ætlun þeirra yrðu einungis tveir bankar eftir á markaðnum. Það gæti leitt af sér færri afgreiðslustaði, þ.e. lakari þjónustu, og mögulega fákeppni.

Þá er það spurning hvort vextir mundu lækka eða hækka í þeirri stöðu. Það eru því bæði kostir og gallar við þessa mögulegu sameiningu en allt eru þetta bara vangaveltur því ekkert er vitað um það hvort Íslandsbanki vill sameinast eða hvort þessi umrædda sameining sé lögleg.

[14:10]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Á meðan samfélagslega ábyrgð er ekki að finna innan stóru fjármálafyrirtækjanna get ég ekki með nokkru móti talað fyrir því samþjöppunarferli sem hér er til umræðu, enda meira en líklegt að samruni stóru bankanna stangist á við lög. Skattumhverfi á Íslandi er ákaflega aðlaðandi fyrir fyrirtæki og má í raun segja að íslensk fjármálafyrirtæki hafi vaxið og dafnað í annars lítilli samkeppni hér innan lands. Af miklum hagnaði fyrirtækja á fjármálamarkaði hefur hlutfall skattgreiðslna verið mjög lágt. Aukin tækifæri hafa því skapast fyrir fjármálafyrirtæki þar sem úr meiri fjármunum er að spila.

Fjármálafyrirtæki hafa reynst mjög mikilvæg atvinnufyrirtækjum á landsbyggðinni, sameinað þau og leyst svo aftur upp með tilheyrandi afleiðingum þar sem óöryggi þúsunda samborgara er lagt á jötuna. Dótturfyrirtæki stóru fjármálafyrirtækjanna eru flest af sama meiði, innheimtustofnanir sem ganga hart að fólki í vanskilum. Þó eiga fjármálafyrirtækin sameiginlega fyrirtæki, og er hlutverk þeirra að draga svarta sauði í sérstakar réttir. Þjónustustigið er lakara. Trúin á einstaklinga fer dvínandi. Traust og hvatning til smærri og meðalstórra fyrirtækja hefur daprast en traust á risafyrirtækjum af erlendum toga er ekki vandamál.

Þrír milljarðar voru kreistir út úr íslenskum sjávarútvegi á dögunum. Mér er spurn: Hvað verður um þessa peninga, frú forseti? Sameiginlegt setur ætti að vera til í eigu bankanna, setur sem býður ungu fólki tækifæri en hér á landi er mikill fjöldi af ungu menntuðu fólki sem skortir tækifæri. Slíkt setur mundi fjármagna góðar hugmyndir, búa til hvata og drifkraft fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. Það er grundvallaratriði, frú forseti, að gróðahyggjan víki í einhverjum mæli fyrir samfélagslegum sjónarmiðum.

[14:12]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi fyrirsögn í Fréttablaðinu í dag segir kannski margt um það hvernig þjóðfélagið upplifir fjármálamarkaðinn hér á landi: „Vígstaðan metin". Þetta er yfirskrift hjá Fréttablaðinu um það sem er að gerast á fjármálamarkaðnum. Segir þetta ekki talsvert um hugarfarið, það græðgishugarfar sem þar ríkir?

Þegar SPRON og aðrir sparisjóðir voru í uppnámi um daginn sagði í Morgunblaðinu, með leyfi forseta, þann 23. desember:

„Fákeppni eykst stórlega í íslenska fjármálakerfinu, þar sem augljóst er að bankarnir þrír munu skipta sparisjóðunum í landinu upp á milli sín og skiptir þá engu, þótt þeir haldi áfram að reka þá um tíma sem sjálfstæðar einingar undir þeirra hatti."

Um sama efni sagði hæstv. viðskrh. í Ríkisútvarpinu 22. desember ljóst að löggjafinn sem slíkur gæti ekki komið í veg fyrir þróun og hagræðingu á fjármálamarkaði. Þetta sagði hæstv. viðskrh. sem hefur stýrt einna mestu einkavæðingu, samþjöppun og fákeppni í viðskiptum og atvinnulífi sem um getur í Íslandssögunni. Engu að síður varð að breyta lögum. Og af því að hv. þm. Birgir Ármannsson velti fyrir sér hver stefna Landsbankans væri leyfi ég mér að vitna til Benedikts Jóhannessonar á vefslóðinni heimur.is, með leyfi forseta:

„Í greinargerð með tillögu til aðalfundar Landsbankans sem haldinn verður síðar í febrúar segir:

Bankaráð telur brýnt að áfram verði unnið að hagræðingu á íslenskum fjármálamarkaði með auknu samstarfi og samruna milli banka, sparisjóða og tryggingafélaga, sérhæfðra fjárfestingarfélaga á markaði og enn fremur að Landsbankinn haldi áfram að kanna mögulega aukningu á starfsemi erlendis." Í lok þessarar greinar segir Benedikt, með leyfi forseta: „Stefna bankans er því ljós. Ef Landsbankinn eignast ráðandi hlut í Íslandsbanka yrði það mikið áfall fyrir neytendur og ólíku saman að jafna við kaup KB á SPRON ..." Hann lýkur greininni með þessum orðum: „Hins vegar verður að telja mjög ólíklegt að stjórnmálamenn hafi hugrekki til þess að bregðast við þessari yfirtöku." — Og hafa þeir það?

[14:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Við höfum ákveðið að búa í markaðsþjóðfélagi og treysta á þau öfl sem þar búa að baki til þess að ná fram farsælum viðskiptum þjóðinni og almenningi til heilla. Við höfum lagt mikið upp úr því að útbúa hér samkeppnislöggjöf sem geri það að verkum, eftir því sem unnt er, að samkeppni skili neytendum og þeim aðilum sem fyrirtækin eiga að þjónusta góðri þjónustu og góðu verði.

Forsendan fyrir því að samkeppnisþjóðfélagið sé við lýði, hvort sem það er á fjármálamarkaði eða annars staðar í viðskiptum, er að samkeppni sé fyrir hendi. Til þess að samkeppni sé fyrir hendi þurfa margir aðilar að keppa hver við annan — en eiga ekki hver annan. Ef þeir eiga hver annan eru það neytendurnir sem borga brúsann, þá er það almenningur sem borgar kostnaðinn vegna þess að samkeppnin er ekki fyrir hendi.

Þess vegna m.a. brást Alþingi mjög hart við áformum KB-banka og SPRON um að taka SPRON út úr sparisjóðakeðjunni og veikja hana sem samkeppnisaðila viðskiptabankanna því að það mundi leiða til þess að samkeppni yrði minni á fjármálamarkaði, og það mundi aftur leiða til þess að almenningur þyrfti að borga meira fyrir þessa þjónustu. Reikningurinn lendir hjá almenningi í þessu tilviki ef þessi fjármálafyrirtæki ná sínu fram um að draga úr samkeppni með því að stækka sjálfa sig út í það óendanlega.

Herra forseti. Það er kominn tími til þess að Alþingi sendi fyrirtækjum á fjármálamarkaði skýr skilaboð um það að Alþingi ætlast til þess að þeir sem þau eiga reki þau á viðskiptalegum forsendum með arðsemi að leiðarljósi en fyrst og fremst með arðsemi og ávinning almennings að leiðarljósi. Við munum aldrei þola það að stórir aðilar leggi hér allt undir sig, sjálfum sér til hagsbóta en öðrum ekki.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mér er það að sönnu ljóst að það er viðkvæmt að vitna í hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og það sem hann sagði um þessi mál á árinu 1998, viðkvæmt að vitna í áformin sem uppi voru og loforðin og svardagana um dreifða eignaraðild í ljósi þess sem síðan hefur gerst. Ég held að nýir þingmenn Sjálfstfl. verði að harka af sér og þola það þó að mönnum sé haldið við efnið.

Um það bil $^3/_4$ af ræðu ráðherrans voru lofsöngur um ástandið eins og það er í dag þótt ljóst sé að öll hin upphaflegu markmið sem einkavæðingunni fylgdu úr hlaði eru úti í hafsauga. Það má spyrja: Úr því að þetta er allt svona gott núna, hvað var þá hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að fara 1998? Hvað var hæstv. þáverandi viðskrh. Finnur Ingólfsson að fara? Hvað var ríkisstjórnin að fara? Var það allt saman óráðshjal sem þá var sagt um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild að mikilvægum fjármálastofnunum, að tryggja að aðilar sem eru umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta stjórnuðu ekki bönkunum með hagsmuni sína í huga en ekki almennings? Var þetta allt bara bull og vitleysa? Er einungis það satt og rétt sem hentar að segja í núinu í ljósi þess sem gerst hefur?

Eftir lofsönginn kom svo auðvitað venjulegur kafli um áhyggjurnar, um skort á siðferði, sem var í 100% mótsögn við $^3/_4$ hluta ræðunnar sem á undan voru gengnir. En þannig hefur hæstv. ráðherra synt í gegnum þetta.

Einu getum við treyst — að ekkert verður gert. Það verður ekkert gert. Það lengsta sem ríkisstjórnin gengur er að lýsa áhyggjum. Þegar hún finnur að þjóðinni ofbýður er lýst áhyggjum. Ef sérstaklega mikið hriktir í er stóra trompinu spilað út, skipuð nefnd. Þá er haft svo mikið við að það er skipuð nefnd.

En að það standi til að stugga við hagsmunum, einkahagsmunum þessara gæðinga ríkisstjórnarinnar sem eru aldir á jötunni, því getum við treyst að verður ekki.

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er í sjálfu sér ánægð með að hv. þingmaður og aðrir þingmenn Vinstri grænna eru ekki ánægðir með svör mín. Ég væri ekki á réttri braut ef þeir væru það, það vil ég fá að segja hér í upphafi. Þeir hafa verið á móti öllum breytingum sem hafa átt sér stað í viðskiptalífinu hvað varðar aukið frjálsræði. Það hefur komið fyrir í hvert einasta skipti sem hér hefur verið tekið á þeim málum að Vinstri grænir hafa verið á móti.

Þegar hv. þm. talaði um dreifða eignaraðild tók ég eftir því að hann vitnaði ekki til minna orða, enda hef ég verið algjörlega samkvæm sjálfri mér í þeim málflutningi. Ég ætla ekki að standa fyrir því hér á hv. Alþingi að sett hafi verið lög sem standist ekki ákvæði EES-samningsins, og ég vitnaði til þess í ræðu minni að Norðmenn hafa þurft að breyta sínum lögum vegna þess að þeir hafa sett í lög ákvæði um hámarkseignarhlut.

Það er í rauninni mjög mikil mótsögn í málflutningi hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar. Þeir segja annars vegar, og fullyrða það, að ríkisstjórnin ætli ekki að grípa til neinna úrræða, hún ætli að sitja úrræðalaus hjá, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir orðaði það. Hins vegar eru höfð hér stór orð um mikilvægi þess að eftirlitsstofnanir séu sjálfstæðar (Gripið fram í.) og það hef ég lagt áherslu á. Það er ekki hægt að biðja um það í öðru orðinu að gripið verði til aðgerða og í hinu orðinu sagt að ég eigi ekki að skipta mér af eftirlitsstofnunum — enda geri ég það ekki og mun ekki gera það, ég treysti þeim ákaflega vel. Þær hafa mikilvægu hlutverki að gegna á markaðnum.

Það eru fjórar stoðir í dag á fjármálamarkaði, þrír viðskiptabankar og sparisjóðirnir. Ég sagði í ræðu minni áðan að í raun væri sú staða mjög ákjósanleg. Hins vegar er það samkeppnisyfirvalda að taka til sinna ráða ef það kemur til sameiningar Landsbanka og Íslandsbanka. Það er ekki mitt hlutverk.

Siglingavernd, 1. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 859.

[14:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um siglingavernd, sem er 569. mál þessa þings.

Hugtakið „siglingavernd" er nýyrði í íslenskri tungu og er ástæða til að skýra það í upphafi máls. Hingað til hefur hugtakið „öryggismál" náð til allra þátta öryggis, þ.e. öryggis gagnvart slysum, óhöppum eða árásum. Hér er hugtakið „öryggi" hins vegar notað um ráðstafanir gagnvart slysum, og hugtakið „vernd" notað um ráðstafanir gagnvart árásum hryðjuverkamanna og hvers kyns ólögmætum aðgerðum. Þetta er í samræmi við enskt málfar þar sem orðið „öryggi"

er þýðing á enska orðinu „safety" og orðið „vernd" þýðing á enska orðinu „security".

Siglingavernd er ekki einungis nýmæli hér á landi, heldur eru þetta alþjóðlegar reglur sem unnið er að innleiðingu á alls staðar í heiminum. Vernd af þessu tagi er vel þekkt í heimi flugsins en hefur verið að mestu óþekkt í heimi kaupskipa fram að þessu.

Siglingavernd felur í sér nýja hugsun sem við hér á Íslandi höfum ekki átt að venjast hingað til. Við höfum verið óhult fyrir árásum hryðjuverkamanna og ekki oft leitt hugann að mögulegri ógn frá þeim. Sama gilti um hinn almenna borgara í Bandaríkjunum fram til 11. september 2001, en þangað á siglingavernd rót sína að rekja. Í kjölfar þeirra atburða var samþykkt á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í nóvember 2001 að gera sérstakt átak í forvörnum til að hindra ógnanir og hryðjuverk á höfunum. Á fundi stofnunarinnar árið 2002 var samþykkt að gera breytingar á alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu með svokallaðri SOLAS-samþykkt. Ákveðið var að taka inn í hana ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hryðjuverk og ógnanir í siglingum.

Á fundinum var einnig staðfestur nýr viðauki við SOLAS-samþykktina, svokallaður alþjóðakóði um skipa- og hafnavernd, sem felur í sér nánari lýsingar á skuldbindingum og ráðstöfunum sem aðildarríkinu ber að framfylgja.

Ísland er aðili að SOLAS-samningnum eins og allar helstu siglingaþjóðir heimsins. Við eigum tæpast val um hvort við eigum að uppfylla þessar skyldur eða ekki þegar horft er til þess að aðrar þjóðir munu gera það. Þetta ber ekki síst að skoða í því ljósi að utanlandsviðskipti okkar byggjast að langmestu leyti á siglingum. Það hefur slæmar afleiðingar fyrir skipaútgerðir, t.d. vegna tryggingamála, ef þær senda skip sín í óverndaðar hafnir.

Innleiðing siglingaverndar er mjög viðamikið verkefni sem lýtur að því að gera verndarráðstafanir í höfnum og skipum og setja upp samskiptakerfi þar sem margir ólíkir aðilar koma við sögu, t.d. tollgæslan, Siglingastofnun og ríkislögreglustjóri svo að þessar stofnanir séu nefndar. Í ljósi þess skipaði ég á vordögum stýrihóp sem fékk nokkurt eftirlitshlutverk:

1. að fara yfir og skilgreina þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðasamþykktum um siglingavernd og ákvarða hverjum beri að fullnægja þeim,

2. að gera tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum til að innleiða framangreindar alþjóðlegar kröfur,

3. að semja siglingaverndaráætlun fyrir Ísland,

4. að kanna fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar.

Stýrihópurinn var skipaður fulltrúum frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Siglingastofnun Íslands, dómsmrn., fjmrn. og samgrn., en formaður stýrihópsins var Thomas Möller verkfræðingur. Á vinnutímabilinu bættust fulltrúar frá Landhelgisgæslu, ríkislögreglustjóra og tollstjóranum í Reykjavík í hópinn.

Hópurinn stóð fyrir námskeiðum og kynningarfundum. Hann lauk störfum í lok janúar sl. og skilaði skýrslu sem er fylgiskjal með frv. Var vinna stýrihópsins grundvöllur ráðuneytisins að gerð frv. sem hér er mælt fyrir.

Ég mun nú, virðulegur forseti, gera grein fyrir helstu efnisatriðum frv. Í því er leitast við að skilgreina hlutverk og skyldur þeirra aðila sem reglur um siglingavernd eiga við um. Siglingastofnun Íslands er falin framkvæmd siglingaverndar í umboði samgrh. Stofnunin nýtur aðstoðar tollayfirvalda, ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu við framkvæmdina. Auk þess eru töluverðar skyldur lagðar á útgerðarfélög og hafnaryfirvöld sem falla undir lögin.

Gildissvið frv. er tekið beint úr fyrrgreindum alþjóðareglum og er lagt til að þau gildi um eftirtaldar skipagerðir í alþjóðasiglingum:

a. farþegaskip, þar með talin háhraðaför,

b. flutningaskip, 500 brúttótonn eða stærri, og

c. færanlega borpalla.

Jafnframt gilda lögin um hafnaraðstöðu sem þjónar skipum í alþjóðasiglingum, innlendum og erlendum.

Í frv. er lagt til að orðið „siglingavernd" verði skilgreint sem samheiti yfir skipavernd, hafnavernd og farmvernd.

Með skipavernd er átt við forvarnir gegn því að ráðist sé á skip og það notað til hryðjuverka gegn þjóðfélaginu. Frv. mælir fyrir um að útgerðarfélög íslenskra skipa skuli leggja mat á áhættu sem skipinu gæti stafað af hryðjuverkum. Áhættumatið dregur fram veikleika gagnvart ógn af þessu tagi. Svokallaðri verndaráætlun og ráðstöfunum vegna hennar er ætlað að draga úr áhættu gagnvart hryðjuverkum eða hvers kyns ólögmætum aðgerðum. Í verndaráætlun koma fram ráðstafanir til þess að bregðast við ógn og til þess að vernda skipið. Lögin mæla fyrir um að útgerðaraðilar skuli tilnefna verndarfulltrúa fyrir bæði skipið og útgerðarfélagið. Verndarfulltrúar bera ábyrgð á verndaráætlun og að farið sé eftir henni. Frv. mælir fyrir um að áhættumatið, verndaráætlunin og skipan verndarfulltrúa skuli lagt fyrir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar.

Með hafnavernd er hins vegar átt við forvarnir til að vernda þjóðfélagið fyrir því að skip sé notað til hryðjuverka eða hvers kyns ólögmætra aðgerða á meðan það er í höfn. Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans. Verndarfulltrúi ákveður hvenær tilefni er til að grípa til verndarráðstafana samkvæmt þeirri verndaráætlun sem höfnin starfar eftir. Þetta er sama aðferðafræði og lýst var hér að framan fyrir skip.

Með farmvernd er átt við forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum. Farmvernd nær til alls farms þar með talið olíufarma, lausra farma, stykkjavöru eða gáma. Hér er lagt til að veitt verði lagaheimild í þeim tilgangi að innleiða reglur um farmvernd eftir því sem alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um á hverjum tíma en þessi skilgreining getur tekið breytingum er fram líða stundir.

Í fyrstu er ætlunin sú að koma upp kerfi um vottun farms frá framleiðanda sem gildi alla leið til áfangastaðar hans. Farmvernd gengur út á að færa eftirlitið með farmi að lestunarstað lokaðra eininga eða inn í verksmiðju. Markmiðið er að hagræða og forðast dýrar leitaraðgerðir á síðari stigum flutningakeðjunnar. Ef hægt er að útrýma leit í gámum við komu á hafnarsvæði getur það sparað umtalsverða fjármuni.

Í frv. er tollstjóranum í Reykjavík falið að setja reglur um farmvernd. Tollstjórar hafa síðan eftirlit og umsjón með framkvæmd verndarráðstafana, þar með talið eftirlit með farmi sem flytja á úr landi eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórinn í Reykjavík

skal upplýsa og leiðbeina hafnaryfirvöldum um land allt um kröfur farmverndar við gerð áhættumats og verndaráætlunar hafnar.

Siglingastofnun Íslands er falið veigamikið hlutverk í frv. Er það í samræmi við þær leiðir sem nágrannaþjóðir okkar hafa valið við útfærslu á reglum um siglingavernd. Stofnunin sér um samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina og tilkynnir um hafnaraðstöðu og íslensk skip sem uppfylla kröfur siglingaverndar. Hún heldur utan um kerfið og staðfestir áhættumat verndaráætlunar. Verndarfulltrúi gætir þess að kröfur um leynd séu uppfylltar. Siglingastofnun annast útgáfu leyfa, heldur námskeið, staðfestir ýmsa aðila og margt fleira. Það er mér ánægja að segja frá því að stofnunin hefur þegar sýnt að hún er vel í stakk búin til að axla þessa auknu ábyrgð og hefur staðið sig sérstaklega vel við innleiðingu reglnanna sem er komin vel á veg. Enda er tíminn stuttur til 1. júlí næstkomandi.

Frv. gerir ráð fyrir að öll smáatvik séu tilkynnt ríkislögreglustjóra. Auk þess gætu ýmsar utanaðkomandi upplýsingar eða viðvaranir gefið tilefni til að auka varúð. Það er ríkislögreglustjóra að meta hvort ástæða sé til að ætla að ógn steðji að skipi eða höfn. Ríkislögreglustjóri getur ákveðið, að fenginni umsögn Landhelgisgæslu og Siglingastofnunar, hvenær hækka eða lækka skuli vástig og grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt verndaráætlun. Hann getur einnig mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir eða tekið við stjórn aðgerða á vettvangi.

Markmið frv. er eins og áður segir að koma á forvörnum um borð í skipum og í höfnum til þess að vernda skip, áhafnir, farþega, farm og þjóðfélagið allt fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum.

Eins og áður sagði hafa ný viðhorf leitt af sér siglingavernd en þau hafa verið þekkt í flugi um nokkurn tíma. Siglingavernd leggur áður óþekktar skyldur á Siglingastofnun Íslands, ríkislögreglustjóra, tollstjóra, Landhelgisgæsluna, hafnir og útgerðaraðila skipa.

Raunveruleg hætta er hins vegar óljós. Sumir þessara aðila hafa ekki kynnst þessum nýju viðhorfum áður og gildir það einkum um Siglingastofnun og hafnir landsins. Hafnir eru alls kostar óviðbúnar að takast á við þau. Það kostar því nokkurt átak að undirbúa og koma á siglingavernd í höfnum landsins eins og kröfur eru gerðar um. Erfitt er að meta nákvæmlega fjárhagslegar afleiðingar siglingaverndar en verndaráætlanir, útfærsla og ráðstafanir liggja fyrir. Þó er ljóst að mesti kostnaðurinn liggur í því að koma siglingaverndinni á í upphafi. Henni fylgir töluverður stofnkostnaður. Stofnkostnaður ríkisins, þ.e. Siglingastofnun, tollstjóri, ríkislögreglustjóri og Landhelgisgæslan hafa metið eigin stofnkostnað á um 40 millj. kr. Árlegur rekstrarkostnaður þessara aðila er metinn um 20 millj. kr. Nánari sundurliðun þessa kostnaðar er að finna í umsögn fjmrn. með frv. Reiknað er með að bróðurpartur kostnaðar af siglingavernd falli á hafnir, skipaútgerðir og farmsiglendur.

Einnig má reikna með kostnaði í erlendum höfnum á vörur sem fluttar eru til landsins. Þær ráðstafanir sem ákvæði reglnanna mæla fyrir um að viðhafa skuli um borð í skipum gilda um öll skip sem flytja vörur að og frá landinu og útgerðir þeirra. Þessar ráðstafanir hafa í för með sér aukinn tilkostnað við rekstur nær allra skipa sem eru í siglingum að og frá landinu, ekki aðeins skipa sem rekin eru af íslenskum kaupskipaútgerðum. Upplýsingar um þennan kostnaðarauka liggja ekki fyrir en hann mun óhjákvæmilega leiða til almennra hækkana á farmgjöldum.

Miðað er við að hafnir beri ábyrgð á hafnarvernd á umráðasvæði hafnarinnar. Gert er ráð fyrir að hafnir framselji að einhverju leyti framkvæmd hafnarverndar til rekstraraðila á hafnarsvæðinu. Í slíkum tilvikum þarf að liggja fyrir samkomulag um hlutverk og kostnaðarskiptingu á innleiðingu og framkvæmd siglingaverndar. Engin höfn hefur lokið við gerð verndaráætlunar og eru því ekki til nákvæmar kostnaðaráætlanir um innleiðingu siglingaverndar í höfnum. Þegar vitað er hversu margar hafnir muni innleiða siglingavernd og verndaráætlanir er hægt að leggja mat á kostnað sem verndaráætlunin leiðir af sér fyrir hafnir. Hins vegar hafa borist grófar kostnaðaráætlanir frá Akureyrarhöfn, Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn.

Í frv. er að finna gjaldtökuheimildir fyrir hafnir. Er miðað við að innheimta gjöld af farmeigendum, útgerðaraðilum skipa og farþegum eftir því sem við á. Einnig hefur verið bent á að siglingavernd hafi ýmsa kosti og sparnað við innleiðingu og rekstur hennar. Dæmi um það er að vegna aukins eftirlits og lokunar hafnarsvæða verði minni líkur á smygli, laumufarþegum og jafnvel færri slys. Væntingar standa til að aukið eftirlit með farmi til útflutnings á alþjóðavísu fyrir tilstilli farmverndar minnki þörf fyrir innflutningseftirlit tollyfirvalda. Augljóst er að þetta leiðir af sér sparnað þegar fram í sækir.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Siglingavernd er til komin vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem við komumst ekki hjá að innleiða. Afleiðingar þess yrðu þær að hafnir okkar yrðu ekki taldar öruggar fyrir skip annarra þjóða auk þess sem skip frá íslenskri höfn gætu ekki lagt að bryggju í erlendum höfnum. Ný viðhorf og ógnir í heiminum hafa leitt af sér siglingavernd. Flestallar aðrar siglingaþjóðir eru í sömu sporum og vinna að innleiðingu siglingaverndar. Síðast en ekki síst hefur, við innleiðingu siglingaverndar, verið lögð mikil áhersla á að leita hagkvæmustu leiða og nota núverandi aðstöðu, búnað og starfsmenn eins mikið og unnt er til að halda niðri kostnaði.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn.

[14:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er að mörgu leyti um merkilegt frv. að ræða. Það kveður á um siglingavernd og eins og hæstv. samgrh. gat um í framsöguræðu sinni tekur það til mjög margra sviða, að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og síðast en ekki síst hafnaraðstöðu. Fyrir hverju á að tryggja þetta? Það á að tryggja vernd vegna ógnar af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Þarna er verið að innleiða heilmikið regluverk. Í frv. er gert ráð fyrir, þó að frv. sé ekki mjög stórt að vöxtum í sjálfu sér, 14 greinar, að reglugerðir og gjaldtökuheimildir fylgi löggjöfinni. Ég tel að þarna sé brugðist við því sem krafa er gerð um til að við getum stundað alþjóðaviðskipti og átt samskipti við hafnir í öðrum löndum. Auðvitað verður að fara eftir þeim reglum og alþjóðasamþykktum sem við höfum gerst aðilar að.

Hins vegar er margt sem þarf að athuga í þessu sambandi. Við munum auðvitað gera það þegar frv. kemur inn til samgn. Ég held að íhuga þurfi mjög vel kostnaðinn sem af þessu hlýst og gjaldtökuheimildir sem víða eru veittar til mjög margra aðila. Síðan þarf að gæta að því að þessi fram-

kvæmd geti gengið smurt fyrir sig. Stjórnsýslan sem fjallar um þennan málaflokk er býsna flókinn. Þetta mál heyrir m.a. undir þrjú ráðuneyti og mun fleiri stofnanir. Það er auðvitað mjög mikilvægt að framkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig.

Ég sat í gær fund Samtaka atvinnulífsins um þetta mál. Það má segja að almenn samstaða hafi verið um að nauðsynlegt væri að uppfylla þessar alþjóðlegu kröfur. Það er nauðsynlegt fyrir íslenskt atvinnulíf að standa að þessu á trúverðugan hátt þannig að allar reglur séu uppfylltar. En auðvitað hafa menn áhyggjur af kostnaðinum. Þegar svo margir aðilar eiga að koma að málinu er mikilvægt að menn vinni saman og sem minnstur aukakostnaður og umstang verði af þeim breytingum sem þetta hefur í för með sér. Menn verða að hafa augun mjög vel á því að fylgja þessu eftir.

Segja má að á þessum fundi hafi menn verið sammála um að halda kostnaði í lágmarki en fylgja jafnframt eftir þessum kröfum. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á hafa hafnirnar reynt að gera sér grein fyrir því hver þeirra kostnaður yrði. Reykjavíkurhöfn hefur nefnt 150–200 millj. sem breytingin *muni kosta hana með stofnkostnaði. Satt að segja hef ég ekki* mestar áhyggjur af Reykjavíkurhöfn. Stærsti hluti innflutnings landsmanna fer um þá höfn og fjárhagur hennar er mjög góður. Hún ætti að vera best í stakk búin til að takast á við þetta verkefni.

Hafnarfjarðarhöfn hefur gert ráð fyrir stofnkostnaði upp á 25–45 millj. og þó nokkrum árlegum rekstrarkostnaði, 25–35 millj. kr. eins og fram kemur í frv. Einn af þeim sem sat í vinnuhópnum sem undirbjó þetta mál var Hörður Blöndal sem gaf upplýsingar um það á fundinum að Akureyrarhöfn reiknaði með 15 millj. kr. stofnkostnaði og rekstrarkostnaði upp á 2,5 millj. kr. sem gæti haft í för með sér 10 þús. kr. gjald á hverja skipakomu miðað við núverandi fjölda skipa sem koma til Akureyrar, þ.e. 230 skip á ári.

Fleiri aðilar munu bera af þessu kostnað, og satt að segja vakti athygli mína umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um kostnað þeirra opinberu embætta sem að þessu koma, m.a. að ríkislögreglustjóri skuli þurfa að vopnvæðast og það muni kosta um það bil 23 millj. kr. Kostnaður ríkislögreglustjóra er hvað mestur talinn vera í þessari umsögn en samkvæmt frv. fæ ég ekki betur séð en að aðkoma ríkislögreglustjóra sé hvað minnst.

Ég minnist þess frá umfjöllun um Schengen-málið, þegar við vorum að gangast undir það ágæta apparat, að mjög mikill kostnaður var hjá ríkislögreglustjóra vegna vopnvæðingar. Maður hlýtur eiginlega að velta fyrir sér hvort ekki sé til eitthvað í vopnabúrum lögreglunnar sem gæti nýst í þessu sambandi þannig að menn hefðu í huga þá hagræðingu og hagkvæmni sem við erum auðvitað og eigum öll að vera að leita eftir í ríkiskerfinu. Landhelgisgæslan telur sig ekki þurfa nema 9 millj. kr. í þetta og tollstjóri*nn* 10 millj. kr. en Siglingastofnun, sem ber hitann og þungann af þessu og hefur unnið mjög gott starf við það að koma þessum reglum í eitthvert form, áætlar ekki nema 8 millj. kr. til sín.

Ríkislögreglustjóri þarf sem sagt 30 millj. kr., þar af 23 í vopnakaup. Ég held að það hljóti að verða hlutverk okkar í samgn. að fá nánari upplýsingar um þetta því að satt að segja vekur það mjög miklar efasemdir hjá mér um að þetta sé fullkomlega nauðsynlegt og við eigum auðvitað að íhuga mjög vel hvernig þessu fé er varið.

Eins og ég sagði er atvinnulífið, samkvæmt þeim fundi sem ég sat í gær, býsna jákvætt gagnvart þessu, þ.e. auðvitað telja menn þetta mjög nauðsynlegt og að mörgu leyti gott mál en allar varúðarreglur eru uppi um kostnaðinn og þá þann kostnað sem leggst á atvinnulífið, á neytendur þessa lands, með hækkandi flutningskostnaði sem af þessu leiðir og síðan auðvitað að hlutirnir geti gengið smurt fyrir sig. Meðal annars var á það bent að útflutningur á fiski þarf stundum að ganga býsna greiðlega fyrir sig og var nefnt til sögunnar að það líður stundum innan við sólarhringur frá því að fiskur er veiddur og þangað til hann þarf að vera kominn í flutningsfar til útlanda. Ef ég skil málið rétt þurfa farmpappírar að vera tilbúnir fyrsta sólarhringinn fyrir brottför skips til þess að fyllsta öryggis sé gætt. Þetta er auðvitað atriði sem við þurfum að íhuga hvernig geti gengið sem best fyrir sig þannig að það hafi ekki alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið og fyrir útflutninginn okkar.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. samgrh. fyrir góða framsögu og góðar skýringar á þessu máli.

[14:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í 1. umr. um mál er gott að fá upplýsingar *sem leiða til meiri skilnings á því sem um er að ræða og mig* langar til að bera fram fáeinar spurningar. Mig langar að vita hvort sú sýn sem ég fæ í fljótu bragði á þetta mál er rétt eða röng. Við vitum nú af hverju þessi málefni eru tekin upp. Það er auðvitað hryðjuverkaárásin á Bandaríkin sem er upphafið að því sem hér er á ferðinni. Í fljótu bragði finnast mér samt viðbrögðin hér benda til þess að menn horfi fyrst og fremst á útflutningshagsmuni okkar og samskipti við útlönd en í 2. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.“

Það er svolítið öðruvísi orðað í skýringum með 2. gr. Þar stendur nefnilega, með leyfi forseta:

„Markmið þessara laga er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms, hafnaraðstöðu og þjóðfélagsins alls gagnvart hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.“

Þetta styður það sem ég var að segja áðan um að menn væru fyrst og fremst að horfa á þessar ráðstafanir í því ljósi að það þurfi að koma til móts við þessar kröfur vegna alþjóðasamninga okkar og útflutningshagsmuna en að ekki sé verið að hugsa um þetta út frá öryggishagsmunum í landinu. Ég spyr: Er þetta réttur skilningur? Ég spyr líka vegna þess að þegar skoðað er um hvað málið snýst, um hvaða skip verið er að tala, er mjög stór floti skipa sem kemur að og fer frá landinu á hverju ári sem þetta eftirlit á ekki við. Flutningaskip undir 500 tonnum eru t.d. ekki með í þessu. Reglurnar gilda ekki um þau og nánast ekki um — það er fljótsagt að þetta snýst um flutningaskip yfir 500 brúttótonnum, farþegaskip og færanlega borpalla. Allar aðrar fleytur eru utan við þetta, og þær eru æðimargar sem koma að og frá þessu landi á hverju ári og eru jafnvel í reglulegum ferðum milli Íslands og annarra landa. Ef við værum að hugsa um einhverja hryðjuverkaógn gagnvart okkur — nú tek ég það fram að málið lítur svona út fyrir mér þegar ég les það í fyrsta sinn — sýnist mér að við séum ekki að gera mikið til þess að minnka ógn á Íslandi með þessum aðgerðum. En við erum sannarlega að draga úr möguleikunum á því að sprengjur verði sendar með farmi frá Íslandi til annarra landa. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Það má ekki taka það þannig að ég

sé að setja mig á móti þessu máli. Ég vil fá staðfestingu á því að ég skilji það rétt sem verið er að leggja fyrir okkur.

Það er fleira sem mig langar að fræðast um. Þetta kostar mikla peninga. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir fór yfir það áðan og ég ætla ekki að endurtaka það. Þetta kostar mikla peninga og í þessu frv. eru leiðir opnaðar fyrir þá sem bera af þessu kostnaðinn. Ég átta mig ekki alveg á því hvað verið er að fara. Ég spyr: Er öðrum höfnum en þeim sem taka að sér siglingavernd heimilt að innheimta gjaldið sem hér er nefnt í 9. gr.? Þar stendur nefnilega, með leyfi forseta:

„Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi."

Þarna er ekki tekið fram að um sé að ræða þær hafnir sem annast siglingavernd. Á að líta þannig á að gjaldið, þ.e. þetta gjald á hvern farþega, sé þá heimilt að taka upp í öllum höfnum? Það er ástæða til að spyrja svona vegna þess að annars staðar er í þessum ákvæðum alltaf skýrt að um sé að ræða hafnir sem ætla að annast siglingavernd. Og um þær hafnir stendur að þeim sé heimilt að innheimta gjald fyrir hvert skip sem fellur undir þessi lög og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda o.s.frv. Þetta er heimildarákvæði þarna en síðan er orðalagið aftar í þessari grein svolítið öðruvísi og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um það. Þar stendur nefnilega, með leyfi forseta:

„Gjaldtaka samkvæmt grein þessari" — og það ætti samkvæmt venjulegu orðafari að eiga við um alla greinina — „skal í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrám viðkomandi hafnar."

Ég spyr: Hvort á að virða orðið skal eða orðið heimilt? Það getur skipt máli. Við höfum rekið okkur á það áður að það er auðvitað mismunandi skilningur á þessu tvennu.

Ég er svo sem ekki að halda því fram að það sé fært að koma á hryðjuverkavernd á Íslandi með þeim hætti að við getum verið örugg fyrir hryðjuverkum en ef þessi skilningur minn á frv. sem hér um ræðir er réttur megum við a.m.k. ekki senda þau skilaboð út í þjóðfélagið að við séum að vinna gegn hryðjuverkavá á Íslandi með þessu. Sé þetta svona erum við nákvæmlega ekki að því. Við erum hins vegar að búa til svolítið öðruvísi aðstæður fyrir þá sem hugsanlega vildu framkvæma eitthvað slíkt hér í landinu. En það er alveg á hreinu, skjalfest og klárt handa þeim hvaða leiðir þeir eiga að nota. Þeir eiga að nota flutningaskip undir 500 tonnum og aðrar fleytur en taldar eru í frv.

Þetta finnst mér vera mikilvægt að menn ræði og það komi skýrt fram hvað menn ætla sér í þessu. Ég endurtek að ég er ekki að lýsa því yfir hér að ég sé á móti því sem hér er lagt til en ég tel að nefndin þurfi að fara mjög vandlega yfir þetta mál og ég tek undir það sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði um kostnaðinn. Ef þetta frv. er eingöngu hugsað til þess að uppfylla kröfur utan úr heimi til þess að við getum haldið áfram að flytja út er auðvitað best að gera það fyrir sem allra minnsta peninga. Öryggið sem við erum að sækja handa okkur í þessu efni er þá ekkert en að við ættum að geta séð til þess að ekki væri verið að senda sprengjur, eiturefni eða annað úr landi með útflutningi okkar án þess að kosta til þess óskaplega miklu. Við getum þá einbeitt okkur að því að gera það á sem hagkvæmastan hátt og spara sem allra mest í því.

[14:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða hér frv. til laga um siglingavernd og eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er hér um nýtt hugtak að ræða í okkar tungu, siglingavernd. Ráðherra hefur gert ágæta grein fyrir málinu og tveir hv. þm. sem eiga sæti í samgn. ásamt þeirri sem hér stendur.

Mig langaði aðeins að koma inn í þessa umræðu og ætlaði einmitt að ræða það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom svo ágætlega að. Við erum í rauninni ekki að vernda Íslendinga fyrir hryðjuverkum með þessari lagasetningu. Við erum að uppfylla alþjóðlegar kröfur í rauninni. Ég verð að segja eins og er að ég hef ákveðnar efasemdir um þessi vopnakaup. Ég veit ekki hverju þau eiga að skila eða þessi vopnvæðing hér á lögreglunni og öðrum. Það er alveg ljóst að hryðjuverkamenn sem ætla sér að fremja hryðjuverk gera það og þá fara þeir aðrar leiðir en þessar. Það er ljóst að þarna er búið að stoppa ákveðnar leiðir fyrir þá og þeir fara þá aðrar leiðir þannig að ég held að þetta verði ekki til að stöðva hryðjuverk í sjálfu sér. Þar fyrir held ég að hryðjuverkamenn hafi engan sérstakan áhuga á því að fremja hryðjuverk á Íslandi. Ég held að það sé ekki mjög eftirsóknarvert og það sé eiginlega eftir litlu að slægjast hér.

Ég held að við í nefndinni þurfum að skoða þessa þætti vel. Það er ekki það að ég sé ekki fullkomlega fylgjandi því að við uppfyllum alþjóðleg skilyrði um þætti eins og þessa en ég held að við þurfum að skoða málið vel.

Síðan langaði mig til að koma að tveimur þáttum. Annar varðar gjaldtökuna og hvort við séum að einhverju leyti að íþyngja ferðaþjónustunni, þá gagnvart þeim ferðamönnum sem koma sjóleiðis. Þá vil ég nefna skemmtiferðaskipin sérstaklega sem eru nokkuð stór þáttur í ferðaþjónustu okkar og hvort þarna sé verið að leggja sérstakt gjald á þá ferðamenn sem koma sjóleiðina hingað til lands.

Þó að það eigi kannski ekki alveg heima undir þessum lögum hefði ég gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hver afstaða hans er í sambandi við þær kröfur sem verið er að gera í fluginu, um vernd flugsins gegn hryðjuverkum og kröfu Bandaríkjamanna um að vopnaðir verðir séu í flugvélum. Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðherra úttala sig um það og hefði gjarnan viljað heyra það hérna. Þó að við séum að tala um siglingavernd á sú umræða alveg fullkomlega rétt á sér undir þessum lið af því að við erum að tala hér um hryðjuverkavána. Er ráðherrann sammála hæstv. dómsmrh. sem hefur lýst sig nokkuð fylgjandi því að settir verði vopnaðir verðir í íslenskar flugvélar? En það er kannski ekki alveg að marka, dómsmrh. er svo vopnaglaður og hernaðarlega sinnaður að það getur vel verið að það eigi annað við hjá hæstv. samgrh. Ég náttúrlega vona það vegna þess að ég er mjög andvíg því að setja vopnaða verði í flugvélar og tel það vera mun hættumeira en ógnina af hryðjuverkamönnum.

[15:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Málið sem við nú ræðum er frv. um siglingavernd. Eins og hæstv. samgrh. gerði grein fyrir er það til komið vegna þeirra atburða sem orðið hafa í heiminum vegna hryðjuverkastarfsemi og vegna þess að menn hafa áhyggjur af því að hægt sé að nota fleiri farartæki til slíkra skemmdarverka og hryðjuverka en flugvélar eins og í því tilviki sem olli því fyrst að þetta mál var tekið til afgreiðslu erlendis og sett inn í SOLAS-reglurnar.

Að því er snýr að okkur hér á landi þá þarf að velta mörgu fyrir sér. Í fyrsta lagi vaknar sú spurning hvort það þurfi að loka höfnum, þ.e. girða af þær hafnir sem falla undir lagaskilgreiningu varðandi stærð skipa í 2. gr. frv., með leyfi forseta:

„a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,

b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og

c. færanlega borpalla."

Þar sem skip sem falla undir 2. gr. koma til hafnar og þessi reglugerð nær til þarf e.t.v. að standa svo að verki að loka hafnarsvæðunum og taka þar upp varanlega eða jafnvel sólarhringsvakt. Það má hálfpartinn lesa það út úr 9. gr. frv. Þar er talað um gjöldin, hvernig þeim skuli fyrir komið og til hvers skuli gripið og má eiginlega skilja það þegar maður setur það í samhengi við öryggishlutverkið að jafnvel megi færa fyrir því rök að flestar hafnir þar sem nokkuð tíð ferðaáætlun er — það er þó eigi skilgreint í frv. hversu mikil hún þarf að vera. Hér segir m.a. í 9. gr., með leyfi forseta, þar sem talað er um tilfallandi framkvæmd:

„Með tilfallandi framkvæmd siglingaverndar er átt við ráðstafanir vegna einstakra koma og brottfara skipa sem falla undir lög þessi, svo sem vegna afgreiðslu farþega- og flutningaskipa."

Það vantar skilgreininguna á því hvað menn eiga nákvæmlega við. Eru það fimm skipakomur á ári, tíu, fimmtán eða hvernig skilgreina menn þetta atriði?

Að öðru leyti sýnist mér að vöruhafnir og hafnir þar sem um er að ræða bæði vöru- og farþegaflutninga með nokkuð skipulögðum hætti þurfi að taka upp sérstakt öryggissvæði svo sem með girðingum, vöktun, leit og lokun svæða, eins og segir í frv.

Við erum því vissulega að stofna hér til mikils kostnaðar og þá kemur að spurningunni sem hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði áðan varðandi 9. gr. þar sem segir að heimilt sé að innheimta gjöld, með leyfi forseta:

„Gjöldin skulu ákveðin í gjaldskrá ... og skal gjaldtakan standa undir kostnaði við veitta þjónustu.

... Gjald þetta skal taka mið af magni vöru og standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar ..."

Þessi upptalning gefur auðvitað mikla möguleika til alls konar gjaldtökuútfærslu. Ég held að menn þurfi að fara mjög vandlega yfir þetta og eins hversu langt við ætlum að ganga í því að girða af hafnarsvæði. Hafnarsvæðin í Sundahöfn t.d. eru jú girt af. Menn fara þar í gegnum hlið inn á hafnarsvæðin. Þannig hagar ekki til sums staðar annars staðar. Ég held að þannig hagi ekki til í Hafnarfirði og þannig hagar ekki til uppi á Grundartanga svo dæmi séu tekin.

Það er því spurning hvort við séum að segja það hér að girða skuli viðkomandi hafnir af, t.d. Kópavogshöfn, þar sem skipakomur eru reglulegar, að þar skuli taka upp vakt og að þá megi innheimta þetta gjald til að standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar farmi, svo sem girðingum, vöktun, leit og lokun svæða.

Margar spurningar vakna í sambandi við þetta. Ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að ég hef ekki lesið fylgiskjal I með frv., þ.e. skýrslu stýrihóps um siglingavernd. Ég er ekki búinn að koma því í verk að lesa það. En það tekst nú væntanlega. Auk þess á ég sæti í hv. samgn. þannig að það verður svo sem tími til þess að fara vel yfir þetta mál enda held ég að þess þurfi. Menn þurfa að fara vandlega yfir það eins og hæstv. ráðherra gat um og skoða nákvæmlega hvað við erum að setja hér í lög og reglur. Ég held að aðallega væri áhugavert að fá nánari útskýringar ráðherra á því hversu víðtækt hann álítur þetta þurfa að vera miðað við aðstæður í höfnum hér á landi og hvort hægt sé að vera með tilfallandi framkvæmd eftirlits án þess að taka upp afgirtar hafnir og vaktafyrirkomulag og hvernig skilgreiningin ætti þá að liggja í því.

Þetta er það sem ég vil helst fá upplýsingar um frá hæstv. ráðherra við 1. umr. málsins. Það liggur auðvitað fyrir að við erum að tala um afleiðingar af alþjóðareglum sem við verðum að reyna að uppfylla eins og framast er kostur. En æskilegt er líka að við gerum það með sem minnstum kostnaði en þó eigi á kostnað þess öryggis sem við viljum ná út úr þeim reglum sem hér er verið að setja.

[15:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um siglingavernd ber á vissan hátt keim af nýjum og breyttum tímum í samfélagi okkar þar sem við verðum hér að bregðast við, auka öryggiseftirlit og framfylgja öryggiskröfum sem við höfum hingað til talið vera ónauðsynlegt. Það er slæmt til þess að vita að þróun heimsmála skuli vera slík að við finnum okkur knúin til þess að auka stöðugt vopnað eftirlit, vopnaða vernd, ef svo má kalla, og búast stöðugt við hinu versta. Það er dapurlegt að hugsa til þess ef svo er.

Ég held að það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að við nálgumst samt þessa umræðu sem aðrar með því að trúa á hið góða og ganga ekki lengra í þessum efnum en brýnustu nauðsyn ber til því að vopnuð vernd kallar yfirleitt á meiri og harðari vopnaðar árásir.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. samgrh. hvort í þessum málum séu ekki í fyrsta lagi einhvers konar undanþágumöguleikar, undanþágu- eða frestunarmöguleikar og í öðru lagi hvort ekki sé hægt að flokka lönd og landsvæði undir mismunandi áhættustig þannig að minni viðbúnaðar væri þörf á landsvæðum þar sem maður gæti talið að minni ógn væri af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, en við henni er reynt að bregðast í frv. til þessara laga.

Mér finnst mjög eðlilegt að skoða slíkt og þá jafnframt að íslensk stjórnvöld skoðuðu líka hvort þau væru að auka áhættuna innan lands eða draga úr henni með aðgerðum sínum. Hér er vitnað til þess að frv. sé til komið vegna hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum árið 2001. En gætum við ekki í samskiptum okkar við aðrar þjóðir einmitt dregið úr þessari áhættu. Það hefðum við t.d. getað gert með því að taka ekki þátt í innrásinni í Írak? Hversu mikið vorum við með því að auka hættuna hér, hættuna á því að hingað kæmu hryðjuverkasamtök? Hversu mikið vorum við að auka hættuna með því t.d. að gerast aðili að innrásinni í Írak? Mér finnst skipta miklu máli að íslensk stjórnvöld — og hugsa ég að það sé í samræmi við þjóðarinnar í gegnum aldirnar — vilji að við séum ekki aðilar að hernaðarátökum annars staðar á hnettinum. Það dregur athyglina að okkur og eykur hættuna á því að við drögumst inn í skipulegar hryðjuverkaaðgerðir á heimsvísu. Þetta finnst mér mjög mikilvægt.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði réttilega áðan að ef það væri meintur og yfirlýstur vilji einhverra samtaka að koma hingað og gera alvarlegan usla þannig að heimsfriðnum eða öðrum löndum stæði ógn þá væru afar litlar líkur á að hægt yrði að koma í veg fyrir það. Öryggið verður því alltaf visst sýndaröryggi. Ég ætla samt ekki að

draga úr því að mjög mikilvægt er að endurskoða stöðugt öryggismál hvað þetta varðar og tek ég alveg undir það. Hins vegar verða menn að gæta sín að fara ekki offari og halda að með vopnuðum vörnum hafnanna sé hægt að verjast öllum hugsanlegum slíkum aðgerðum ef ætlaðar eru. Það verður aldrei hægt. Fyrir íslenskt þjóðfélag er mjög mikilvægt að innleiða ekki þetta hugarfar í samfélag okkar.

Ég geri mér grein fyrir því að við þurfum að uppfylla ákveðnar alþjóðlegar skyldur og kvaðir í þessum efnum. Ég hygg að það sé verið að gera hér. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Gilda sérreglur um útflutningshafnir svo önnur ríki geti tekið við vöruförmum eða skipum héðan? Gilda aðrar reglur um útflutningshafnir en hafnir sem taka á móti skipum sem koma til landsins, í einstakar hafnir á Íslandi, sem hafa farið í gegnum eftirlit í löndum sem þau koma frá?

Allar þessar aðgerðir, verði þær svo hryllilega umfangsmiklar og hér er verið að leggja til í þessu frumvarpi, munu fækka útflutningshöfnum á landinu. Þær munu a.m.k. gera þeim örðugt um vik við að vera samkeppnisfærar í útflutningi, ekki síst ef kostnaður við eftirlitið vex umtalsvert og lendir á viðkomandi höfnum og aðilum sem leita eftir þjónustu þeirra.

Í frv. er bara talað um kostnað þessara eftirlitsstofnana, ríkislögreglustjóra, Siglingastofnunar, tollstjóra og þeirra opinberu stofnana sem koma beint að eftirlitinu. En kostnaður vegna framkvæmdarinnar í einstökum höfnum, sem leggst á skip, farþega eða einstakar hafnir, er ekki tilgreindur. Hann er ekki tilgreindur. Það kemur aðeins fram að þessum aðilum sé heimilt að innheimta þennan kostnað sem þjónustugjöld með einum eða öðrum hætti. Að mínu viti, hæstv. ráðherra getur þá upplýst mig ef það er rangt, er ekki lagt mat á heildarkostnað þessa fyrir viðkomandi atvinnufyrirtæki og hafnir í þessu sambandi. Það má vel vera að þetta standi einhvers staðar í textanum. Ég hef ekki séð það, aðeins það sem lýtur beint að viðkomandi stofnun.

Við getum líka verið svo bjartsýn, virðulegi forseti, án þess að ég fari að blanda því beint inn í, að það verði friðvænlegra í heiminum eftir næstu forsetakosningar í Bandaríkjunum. Væri þá ekki tilefni til að hæstv. samgrh. mundi beita sér fyrir því að þessar reglur yrðu endurskoðaðar á alþjóðavísu, ef við mundum losna við þá þjóðhöfðingja sem standa með einum eða öðrum hætti að þeirri hernaðarhyggju sem er vaxandi í heiminum. Eins gæti, ef tækist að handsama háttsetta leiðtoga í hryðjuverkasamtökum, þessi ógn minnkað. Því hljótum við að óska eftir en ekki því að að trappa ástandið stöðugt upp.

Virðulegi forseti. Þetta verða lokaorð mín við þessa umræðu. Málið fer fyrir nefnd en ég tel að fara þurfi gætilega að þessu máli þannig að við sökkvum okkur ekki í laga- og reglufargan sem í fyrsta lagi hentar illa fyrir íslenskar aðstæður og kemur í öðru lagi til með að miða að aukinni hernaðarhyggju í samfélaginu sem okkur ber að forðast. Auk þess mun stóraukinn kostnaður leggjast á þá atvinnustarfsemi sem þarf að undirgangast þessi lög.

Ég spyr hæstv. ráðherra í lokin: Hvaða áhrif mun þetta hafa á fjölda og starfrækslu hafna vítt og breitt um landið? Það hlýtur að vera markmið okkar að halda sem flestar hafnir við landið sem geti veitt þjónustu bæði fyrir útflutning og innflutning.

[15:22]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um siglingavernd. Það er umfangsmikið frv. Ég hef heyrt af máli hæstv. ráðherra og þeirra sem talað hafa að hér er um umfangsmikið mál að ræða.

Forsaga þessa máls er að samgrh. setti á fót stýrihóp í maí 2003 sem vann að innleiðingu siglingaverndar hér á landi. Í þeim hópi voru fulltrúar margra aðila, svo sem Siglingastofnunar Íslands, Landhelgisgæslunnar, ríkislögreglustjórans, tollstjórans, aðili frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og samgrn., fjmrn. og dómsmrn., auk formanns sem tilnefndur var af samgrh. Við sjáum að frv. sem hér er til umræðu snertir marga aðila og kemur verulega við hafnir landsins og þá starfsaðstöðu sem þær þurfa að byggja upp verði frv. sem hér um ræðir að lögum.

Markmið þessa frv. eru göfug. Þau eru að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum, sem ég geri ekki lítið úr á tímum hryðjuverka. Með þessu er framfylgt alþjóðasamþykkt um siglingavernd í höfnum og á skipum.

Ég vil beina nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra. Sú fyrsta lýtur að þeim undirbúningi sem hafnir landsins þurfa að ráðast í vegna þessara laga. Ég vil í því sambandi vitna í III. kafla sem er um hafnavernd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar.“

Spurning mín til hæstv. ráðherra er um hvort einhver vinna sé í gangi, t.d. hjá Hafnasambandi sveitarfélaga eða öðrum aðilum, til að samræma þetta áhættumat og þá verndaráætlun sem hver höfn sem mun heyra undir þessi lög þarf að fylgja. Ég held að það muni fylgja þessu verulegur kostnaður og það væri til mikils að vinna ef þær hafnir landsins sem málið varðar gætu sameinast um grunnmódel sem hægt væri að byggja á. Þar af leiðandi yrði kostnaður einstakra hafna ekki eins mikill og ella væri.

Í 9. gr. frv. er fjallað um gjaldtöku og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Gjöldin skulu ákveðin í gjaldskrá sem samgönguráðherra setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og skal gjaldtakan standa undir kostnaði við veitta þjónustu.“

Samkvæmt orðanna hljóðan getum við búið okkur undir það að í einhverjum tilvikum gæti orðið samkeppni milli hafnasamlaga í landinu um móttöku skipa. Svo virðist sem hafnirnar séu óbundnar af því hversu hárra gjalda þær krefjast. Ég skil þetta á þann veg að samkeppni muni verða á milli hafnasamlaga í landinu.

Hvað sem öðru líður hljóðar þetta frv. upp á að hafnasamlög og hafnir þurfi að greiða mikinn kostnað við að innleiða þessa löggjöf. Ég tek aftur á móti fram að hér er um þjóðréttarlega tilskipun að ræða og því er spurning hversu mikið svigrúm við höfum til að minnka tilkostnaðinn eða hve langan tíma við höfum til að innleiða þessar reglur.

Varðandi vinnu stýrihóps sem samgrh. setti á fót í maí 2003 vildi ég inna ráðherrann eftir því — ég hef því miður ekki séð álit þess hóps eða niðurstöðu — hvort sá hópur hafi skilað einróma niðurstöðu. Ég spyr hvort t.d. fulltrúi

Hafnasambands sveitarfélaga hafi gert einhverja fyrirvara við niðurstöðu þess stýrihóps. Gott væri að fá upplýsingar um það. Ég hef heyrt, líkt og aðrir, að menn greini á um kostnað. Menn eru mishrifnir af þessari lagasetningu og mjög mikilvægt að sjá hvort þessi stýrihópur hafi verið samdóma í áliti sínu.

Hvað um það. Ég tel að við verðum í einu eða öðru formi að innleiða þessa tilskipun. Ég rak augun í það í athugasemdum með þessu frv. að þar segir, með leyfi forseta:

„Hjá Evrópusambandinu liggja fyrir drög að reglugerð um siglingavernd. Þegar hún hefur öðlast gildi mun hún innleidd í íslenskan rétt samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið."

Eins og við vitum gerast góðir hlutir oft hægt, eins og einhvers staðar stendur. Ég spyr hæstv. ráðherra, þar sem við deilum örugglega þeim hugmyndum að hjá Evrópusambandinu gerist hlutir mjög hægt með það mikla regluverk sem þar er, hvort ráðherrann hafi upplýsingar um þessi drög að reglugerð. Hve langt er í að Evrópusambandið innleiði þessa reglugerð sem kemur þá væntanlega í tilskipunarformi? Verður þessi lagasetning okkar á undan Evrópusambandinu? Spurningin er hvar vinnan er stödd hjá Evrópusambandinu og hve langt er í að þessi reglugerð verði að veruleika. Ég held að menn þurfi að gefa sér góðan tíma í að innleiða þessi lög hér á landi og gott væri að fá upplýsingar um þetta.

Þetta frv. hefur nokkuð víða skírskotun. Það mun ná til fragtskipa, farþegaskipa og gámaflutninga og annars slíks og mun valda miklum tilkostnaði.

Varðandi kostnað af frv., hvað það muni kosta íslenska ríkið og hafnir landsins, segir í fskj. II frv. sem hér um ræðir, með leyfi forseta:

„Samtals er því gert ráð fyrir að kostnaður við innleiðingu siglingaverndar í íslenskan rétt verði um 60 millj. kr., þar af er stofnkostnaður áætlaður um 40 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 20 millj. kr."

Hér er aðeins um kostnað ríkisins af reglunum að ræða. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort gerð hafi verið einhver áætlun eða úttekt um heildarkostnað fyrir íslenskt samfélag, þ.e. ríkis, hafna landsins og skattgreiðenda af þessari innleiðingu. Í þessari umsögn fjmrn. segir að ríkislögreglustjóri þurfi 23 millj. kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna og 7 millj. kr. vegna þjálfunar og kynningar lögregluembætta og vinnu við vottun verndarfulltrúa hafnanna. Ég spyr hvers lags vopn þetta eru. Það kemur ekki nákvæmlega fram. Gott væri að fá upplýsingar um það.

Eins og ég sagði áður áður væri gott að fá upplýsingar um hver kostnaður borgaranna í landinu, því að þetta varðar okkur öll, verður af því máli sem hér um ræðir. Það verður mjög kostnaðarsamt. Víða um land nefna menn háar tölur hvað varðar kostnaðinn sem þessu fylgir. Ég spyr hvort menn hafi ekki að markmiði í það minnsta að lágmarka þennan mikla kostnað. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort honum finnist koma til greina að við innleiðum þessa þjóðréttarlegu tilskipun á sama tíma og Evrópusambandið.

Ég ætla ekki að gera lítið úr öryggisráðstöfunum á þessari öld, öld hryðjuverka. Ég geri svo sannarlega ekki lítið úr markmiðum þessa frv. En ég tel, sem fulltrúi í samgn., að nefndin þurfi að fjalla mjög ítarlega um málið. Hér er um mjög stórt mál að ræða og ég býst við að nefndin muni fara mjög ítarlega yfir það.

[15:32]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að það er óhjákvæmilegt fyrir Alþingi að taka þetta frv. hátíðlega og afgreiða það. Dreg ég ekki úr nauðsyn þess um leið og ég legg áherslu á að hv. samgn. hlýtur að fara mjög vel yfir frv. og gæta þar að einstökum atriðum sem varða framkvæmd siglingaverndar og ýmsa þætti aðra, bæði þá sem lúta að einstökum þáttum og þá sem lúta að kostnaði einstakra útgerðarfyrirtækja sem eiga viðskipti við hafnirnar. Hér er með öðrum orðum um það að ræða að hafnirnar standa frammi fyrir því í fyrsta skipti að þurfa að leggja í sérstakan kostnað til þess að mega afgreiða skip, „farþegaskip, þar með talin háhraðaför" eins og segir, með leyfi forseta, í a-lið 2. gr. frv.

Enn fremur segir í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og

c. færanlega borpalla" — sem að vísu eftir atvikum getur ekki átt við nema kannski í Húsavíkurhöfn eða í Flatey norður, því að varla er við því að búast að olía finnist á öðrum stöðum á landinu.

Ekki dreg ég úr því að þegar svo er komið höfum við Norðlendingar nokkra ástæðu til að búast við því að við þurfum fremur að leggja Siglingastofnun lið en hún okkur um daglegan rekstur.

Þegar verið er að vinna að frumvörpum og reglugerð sem taka til atvinnulífsins er það að minni hyggju höfuðskylda framkvæmdarvaldsins hverju sinni að standa svo að málum að kostnaður viðskiptavina verði sem minnstur og að haga aðgerðum sínum með þeim hætti að ekki sé hugsanlegt að t.d. í opinberum rekstri verði afleiðingar ekki þær að enn meiri kostnaður en sá sem ríkið sparar sér falli á viðskiptavinina.

Nú geri ég mér í þessu dæmi ekki grein fyrir því hve mikill árlegur kostnaður Siglingastofnunar verður vegna þessa frv. Hér stendur í umsögn um frv. til laga um siglingavernd: „Stofnunin áætlar árlegan kostnað vegna siglingaverndarinnar u.þ.b. 8 millj. kr."

Ekki er það há fjárhæð ef þetta er allur sá kostnaður sem fellur til vegna starfa Siglingastofnunar og væri fróðlegt að fá það alveg skýrt hjá hæstv. ráðherra hvort hér sé verið að tala um þann kostnað Siglingastofnunar sem ætlað er að ríkissjóður standi undir og greiddur sé af fjárlögum, eða er öll þjónusta Siglingastofnunar vegna þessa frv. sem hér liggur fyrir og þeirrar áætlunar sem hér liggur fyrir innifalinn í þessum 8 millj. kr.? Það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að fá um þetta að vita.

Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaklega athygli þingheims á að í greinargerð hefur nefndinni sem skipuð var í maí 2003 og í eiga sæti, með leyfi hæstv. forseta, „fulltrúar frá Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjóra, tollstjóra, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti" sérstaklega verið falið að kanna fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar.

Væri mjög fróðlegt að fá nokkuð gleggri hugmynd um hvernig það dæmi lítur út og við hverju megi búast í þeim efnum.

Ég get sem dæmi tekið út af þessum vangaveltum mínum — ég geri mér með öðrum orðum ekki ljóst, ég segi það strax, hver umsvif Siglingastofnunar verða í helstu útflutningshöfnum landsins eftir að þessi lög um siglingavernd hafa gengið í gildi. Tökum t.d. Akureyri. Það er alveg ljóst

að þangað koma tugir flutningaskipa á hverju ári. Farþegaskip eru í förum frá Eyjafjarðarsvæðinu til annarra landa. Það er búið að leggja niður starfsmenn Siglingastofnunar á Akureyri. Nú spyr ég: Miðað við þetta aukna umfang Siglingastofnunar sem gert er ráð fyrir í þessum lögum, hefði þá e.t.v. verið eðlilegt að halda starfsmanni Siglingastofnunar á Akureyri? Með öðrum orðum: Mun þessi breyting hafa það í för með sér að búast megi við því að starfsmaður Siglingastofnunar þurfi að vera í förum á milli Akureyrar og Reykjavíkur til að annast þessa þjónustu þegar til hennar kemur?

Á Akureyri er Vegagerð ríkisins til húsa og þar er hægt að hýsa einn eða tvo menn, ef svo ber undir, án þess að skrifstofukostnaður hækki við það að marki borið saman við það sem það kostaði í Reykjavík ef sama vinnan væri unnin þar. En á hinn bóginn á þetta ekki við um Austurland vegna þess að í þeirri hagræðingu — það er talað um að sporöskjulaga, hvað heitir það? Ekki sporöskjulaga stofnanir heldur ... (**Gripið fram í:** Straumlínulaga.) Straumlínulaga stofnanir. Það er kannski gott að straumlínulaga Siglingastofnun, ég hugsa að það sé auðveldara en með margar aðrar. Þar var gert ráð fyrir því, um leið og ákveðið var að leggja niður starfsmenn Siglingastofnunar á Akureyri, að halda áfram rekstri Siglingastofnunar í Fáskrúðsfirði. Og ég er þakklátur hæstv. samgrh. fyrir að hafa gengið frá því, en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, og ég hef spurt um þetta mál, þá var ákveðið að sú starfsemi héldi áfram og auðvitað er ég ánægður yfir því.

Hin spurning mín víkur að Akureyri. Er til í dæminu að þau breyttu umsvif sem þetta frv. veldur geri það skynsamlegt og blátt áfram óhjákvæmilegt vegna kostnaðar að endurráða mann til Akureyrar við Siglingastofnun þar? Því við erum ekki aðeins að tala um Akureyrarhöfn, við erum að tala um allar Eyjafjarðarhafnir. Við erum að tala um Norðvesturland. Við erum að tala um Húsavík, en einnig frá Húsavík eru siglingar til annarra landa, m.a. með kísilgúr. Þetta er atriði sem ég hlýt að spyrja sérstaklega um.

Bæði í frv. sjálfu og í grg. með því er talað um sérstaka hafnaraðstöðu og lokaða hafnaraðstöðu, að fá aðgang að hafnaraðstöðu og þar fram eftir götunum. Í því kostnaðaryfirliti sem fylgir frv. er gert ráð fyrir að heildarstofnkostnaður vegna frv. sé 40 millj. kr. Þá spyr ég aftur: Erum við að tala um heildarstofnkostnað sem fellur á ríkið eða erum við að tala um þann heildarstofnkostnað sem yfirleitt fellur á hafnir landsins og aðra sem þurfa að hafa þessa öryggisgæslu með höndum?

Nú tek ég þetta svo að hér sé átt við heildarkostnað og af þeim sökum sé það svo sem ekki neitt sem fellur á hafnir eins og Akureyri. En ef svo skyldi ekki vera, ef maður hugsar sér að fyrir utan þetta standi sá kostnaður sem einstakar hafnir hafa af því að koma upp þessum öryggissvæðum, þá spyr ég hæstv. samgrh. hvort ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir því að ríkið taki þátt í þeim kostnaði sem er í því fólginn að koma upp öryggissvæðum í höfnum sem eru þar vegna almannahagsmuna og almannaöryggis. Eigum við að gera ráð fyrir því, af því að hér er líka talað um legu, að t.d. Húsvíkingar geti ekki tekið á móti skemmtiferðaskipum sem vilja leggja þar úti í flóanum nema koma upp svo og svo stóru öryggissvæði eftir ströngum reglum? Og hvað segir um þetta atriði í þeirri athugun sem nefndin, sem ég vitnaði til áðan, gerði um kostnað af þessum sökum? Ég tek það svo að þessari nefnd hafi verið ætlað að sundurgreina kostnað í einstökum höfnum sem búist er við að vilji annast þessa þjónustu, að þar sé öryggiseftirlit.

Hvað eru margar hafnir úti á landi sem hæstv. samgrh. býst við að muni telja það áhugavert fyrir sig að geta fullnægt þeim kröfum sem settar eru samkvæmt þessum lögum? Það er að vísu alveg skýrt tekið fram að t.d. frystitogarar eru utan við þessa reglugerð. Frystitogari sem gerður er út frá Þórshöfn eða Grenivík, svo dæmi sé tekið, slíkur frystitogari sem héldi beint til annarra landa með eigin afla er ekki samkvæmt þessari skilgreiningu flutningaskip og hlýtur af þeim sökum að falla utan laganna. Er það ekki rétt skilið hjá mér?

Það er þannig, eins og hv. þm. vita, að tilhneiging er til þess að láta hafnir standa sjálfar undir þeim stofnkostnaði sem þar kemur. Ef við erum að tala um öryggisráðstafanir, lokun hafnarsvæða til þess að geta tekið við einstaka skipi sem kýs eða vill koma til hafnarinnar, umferð er með öðrum orðum mjög lítil, þá óttast ég að þær tekjur sem þvílík höfn kynni að hafa af afgreiðslu slíkra skipa hrökkvi ekki til til þess að standa undir stofnkostnaðinum, svo það sé alveg skýrt. En samkvæmt samkeppnislögum eru mjög strangar reglur og kvaðir settar á hafnirnar nú um það með hvaða hætti megi greiða niður þjónustu hafnanna og var raunar áréttað, ef ég man rétt, í hafnalögum á síðasta þingi.

Á hinn bóginn er ekkert sem kemur í veg fyrir eða bannar að staðið sé undir stofnkostnaði við mannvirki eins og hafnarmannvirki í hinum dreifðu byggðum, samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins, og þess vegna alveg ljóst að samkvæmt reglum þess er ekkert því til fyrirstöðu að ríkið geti komið að stofnkostnaði hjá einstökum höfnum. Vil ég spyrja hæstv. samgrh., vegna þess að ég tel þessa umræðu mjög þýðingarmikla, hvað standi um þetta í þeim drögum að reglugerð um siglingavernd sem nú liggja fyrir hjá Evrópusambandinu? Er gert ráð fyrir því þar að í einstökum tilvikum á afskekktum höfnum, eigum við að segja t.d. í Norður-Noregi, Eystrasaltslöndunum, Portúgal, í einhverjum höfnum, sé beinlínis gert ráð fyrir því að úr sameiginlegum sjóðum sé staðið undir hluta kostnaðar?

Á bls. 23 í greinargerð með frv. er sérstaklega fjallað um hafnir. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og sýnt er á mynd 2.1 er gert ráð fyrir að hafnir axli ábyrgð við framkvæmd hafnaverndar, þ.e. þær hafnir sem kjósa að þjóna millilandaskipum og uppfylla settar kröfur. Búast má við að töluverðan undirbúning og tíma þurfi til þess að gera höfnum þetta kleift. Hafnir þurfa að meta áhættu og útbúa áætlun um verndarráðstafanir."

Síðan er talað um skilgreind hafnarsvæði sem uppfylli kröfur hafnaverndar þar sem það á við. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að þarna getur fallið til nokkur kostnaður. Ég geri ekki ráð fyrir að í allri þeirri veltu sem er t.d. í Hafnarfjarðarhöfn eða Reykjavíkurhöfn sé þetta verulegur kostnaður. Ég skal ekki segja miðað við þau umsvif sem eru á Akureyri og eins og þar stendur á hvernig sá kostnaður fellur til.

Ef við á hinn bóginn horfum til hafna þar sem enn þá minni umferð skipa er, enn þá minni rekstur, getur þetta orðið tilfinnanlegt og í einstaka tilfellum e.t.v., ég hef ekki vit á því af því að ég hef ekki séð tölur, viðkomandi sveitarfélögum um megn. En hafnir eru við getum sagt æðar sem flytja byggðarlögunum næringu, ekki aðeins með því að bera afla að landi heldur einnig með því að skemmtiferðaskip geta

lagst utan við hafnirnar og það er einmitt sérstaklega talað um skipalegu í frv.

[15:50]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir hans ágætu ræðu og var ekki annað að heyra á þingmanninum en að það fari ekki að verða seinna vænna að setja á stofn embætti olíumálaráðherra.

En vegna þess að þingmaðurinn spurðist nokkuð fyrir um kostnað, m.a. stofnkostnað við þessar aðgerðir, 40 millj. kr. sem tilgreindur er í texta og ræddi síðan um kostnað einstakra hafna svo sem Reykjavíkurhafnar og var ekki kunnugt um hann, vildi ég bara nota tækifærið, þar sem ég er varaformaður stjórnar Reykjavíkurhafnar, og upplýsa þingmanninn um hvað þetta þýðir fyrir hafnir í þéttbýlinu. Áætlað er að stofnkostnaðurinn einn vegna þessara aðgerða í Reykjavíkurhöfn nemi 250 millj. kr., hvorki meira né minna, og að árlegur rekstrarkostnaður sem þetta kallar á muni nema um 195 millj. kr. Ég held að það sé því alveg ótvírætt að jafnvel í tilfelli stórrar og umsvifamikillar hafnar, eins og Reykjavíkurhöfn er, sé um að ræða umtalsverðan og tilfinnanlegan kostnað sem mun segja til sín í kostnaði við vöruflutninga til og frá landinu. Það er óhjákvæmilegt.

Að öðru leyti þakka ég hv. þm. fyrir hans ágætu ábendingar.

[15:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er nokkuð mikið mál á ferðinni í frv. til laga um siglingavernd sem full ástæða er til að þingmenn láti sig varða og umræðurnar benda til að menn telji þetta mál sem full þörf sé á að fara ofan í saumana á. Margar spurningar eru bornar fram til hæstv. samgrh. Ég vil aðeins fjalla um þau atriði sem menn hafa síður tekið fyrir til að forðast tvíverknað.

Ég vil fyrst aðeins velta fyrir mér gildissviði frumvarpsins og tilurð. Það er byggt á alþjóðasamningum með viðauka við alþjóðasamning sem gerður var fyrir rúmu ári. Ef ég skil rétt er meiningin að lögfesta þá viðbót þannig að íslensk stjórnvöld hrindi í framkvæmd ákvæðum þess viðauka.

Ég vil vekja athygli á því að fram kemur í athugasemdum með frv. að verið sé að vinna að þessu á fleiri sviðum en hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Hjá Evrópusambandinu liggja fyrir drög að reglugerð um málið. Það er boðað að þegar hún hefur öðlast gildi hjá Evrópusambandinu muni hún renna í íslenska löggjöf samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það er því ljóst að von er á öðru þingmáli af þessum toga. Ég mundi gjarnan vilja fá upplýsingar um það, hvort sem ráðherra hefur þær á takteinum eða við öflum þeirra í samgn. um drög Evrópusambandsins, að hvaða leyti þau eru frábrugðin þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar þannig að menn geti áttað sig á því hvaða munur er þarna á og e.t.v. kann að vera rétt að doka við og gera þetta hvort tveggja í senn ef þessar nýju reglur Evrópusambandsins eru á næsta leyti.

Þetta er fyrsta umhugsunin í málinu af minni hálfu. Að öðru leyti varðandi reglurnar sem hér er lagt til að teknar verði upp er tilefnið augljóst og erfitt að standa mjög gegn því að menn setji niður reglur til að vernda farþega, skip og farm í kjölfarið á vaxandi vá vegna hryðjuverka sem er staðreynd og við getum ekki litið fram hjá og verðum að taka á af okkar hálfu því við kunnum að standa frammi fyrir því að skipafélög, innlend eða erlend, vilji ekki sigla hingað nema ákveðins öryggis sé gætt og íslensk skipafélög kunna að þurfa að uppfylla þessar kvaðir gagnvart sínum erlendu höfnum. Við komumst því ekkert undan því að fara í gegnum málið og reyna að komast að niðurstöðu um það hvernig við stöndum að því að setja reglur hjá okkur. Þá er eðlilegt að menn horfi mjög til þess að taka upp reglur byggðar á þeim alþjóðlegu samningum sem við eigum aðild að.

Ég vil þó segja að mér sýnist að frv. sé þannig uppbyggt að reglurnar séu valkvæðar, að einstakar hafnir eigi völina í þessu og þá reyndar kvölina líka. Þær geti valið að uppfylla þessar reglur eða ekki þannig að engin hafnaryfirvöld séu tilneydd til þess með lagaboði, þau ákveða sjálf hvort þau gangist undir reglurnar eða ekki sem Alþingi setur. Mér finnst það skipta máli, það gerir málið heldur þjálla í framkvæmd.

Ég velti fyrir mér ákvæði 13. gr. frv. um innleiðingu, hvaða þýðingu hún hefur í ljósi þess að efnisatriði málsins komu fram í öðrum ákvæðum frumvarpsins. Mér finnst umhugsunarefni hvaða gildi 13. gr. hefur í frv., ég þarf bara að átta mig á því. Við getum farið yfir það í nefnd og ráðherra getur kannski bætt þar úr ef hann hefur svör á reiðum höndum við því. Maður veltir því t.d. fyrir sér ef í þeim skuldbindingum sem vitnað er til í 13. gr. sem íslenska ríkið hefur tekist á hendur eru einhver önnur ákvæði en þegar er búið að tilgreina í frv., þýðir það að 13. gr. lögfesti þau ákvæði? Ég held að menn þurfi að gæta að því að ekki sé verið að setja í 13. ákvæðið eitthvað sem ekki er ætlunin að fái lagalega stöðu. Hugsanlega mætti því alveg sleppa 13. gr.

Ég velti líka fyrir mér ákvæði 11. gr. um reglugerðarsetningu þar sem segir að ráðherra hafi heimild til að setja nánara ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hlutverk Siglingastofnunar Íslands og annarra opinberra aðila. Nú er hlutverk Siglingastofnunar skilgreint í frumvarpstextanum, einkum í 4. gr. frv. ef ég hef tekið rétt eftir. Ég velti því fyrir mér hvort verið sé að opna með 11. gr. heimild fyrir ráðherra til að ætla stofnuninni annað hlutverk en tekið hefur verið fram í ákvæðum frv. um stofnunina og hvort það sé þá opið, hvort ráðherra geti bætt við nýju hlutverki óháð því hvað það er. Það getur verið skynsamlegt að ráðherra hafi heimild til að fela stofnuninni að gera eitthvað fleira en ákveðið er í lögunum, en ég held að sú heimild þurfi að vera afmörkuð, menn verða að setja í lagatextann einhverja innrömmun á því hversu víðtæk sú opnun er.

Ég var með svipaðar vangaveltur og hv. þm. Halldór Blöndal varðandi 9. gr. frv. um gjaldtöku. Ég tek þó eftir því að samkvæmt 9. gr. er ekki skylda hafna að innheimta gjöld til að standa straum af rekstrinum, heldur aðeins heimild, þannig að einstakar hafnir gætu ákveðið að innheimta engin gjöld eða innheimta gjöld fyrir hluta af kostnaðinum. Þá kemur upp spurningin sem hv. þm. varpaði fram hvort það fyrirkomulag mundi stangast á við samkeppnislög. Þá væri um óeðlilega samkeppni milli hafnanna að ræða. Ég held að við þurfum að fara aðeins yfir það atriði og vita hvernig við viljum skipa því til lengri tíma.

Ég spyr um annað praktískt atriði varðandi gjöldin, sem í sjálfu sér eru ágætlega afmörkuð og skilgreind í 9. gr., varðandi möguleika þess sem leggur gjöldin á til að innheimta þau. Fylgir t.d. réttur til að taka lögveð í skipum? Fer með þessi gjöld eins og önnur hafnargjöld? Hvernig er hugmyndin að tryggja innheimtuna? Fellur það einfaldlega undir þessa almennu heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda þeirra sem kveðið er á

um í greininni? Það er spurning hvort ekki þyrfti að taka það fram að í þeirri reglugerð hefði ráðherra heimild til að kveða á um tryggingar fyrir gjöldunum.

Ég vil líka víkja aðeins að nokkrum hugtökum í þessu frv. sem ég held að við þurfum að fara yfir og lagfæra ef þörf reynist vera á því eða öðrum atriðum við framkvæmd. Það segir í 4. gr. frv. að ríkislögreglustjóri ákveði vástig um borð í skipum og í höfnum. Vástig er hvergi skilgreint í frv. Það kemur hins vegar fram í skýrslunni sem fylgir með að það er til skilgreining um þrjú mismunandi vástig og það má vel vera að það sé það sem vísað er til. Vástig er væntanlega ákvörðun sem ríkislögreglustjóri tekur og getur leitt af sér að aðrir aðilar verði að bregðast við með tilteknum hætti. Þar er því um að ræða ákvörðun sem hefur áhrif á þriðja aðila og ég held að við þurfum e.t.v. að skilgreina betur hvað felst í þessu.

Það segir líka um þetta að ríkislögreglustjóri ákveði vástig að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæslu. Ég skil þetta orðalag þannig, og bið þá ráðherra að leiðrétta mig ef ég er ekki á réttu spori í því, að hann beri undir þessar stofnanir, Siglingastofnun og Landhelgisgæslu, ákveðna hugmynd um vástig og fái viðbrögð stofnananna við henni. Þær eru e.t.v. sammála tillögunni eða vilja gera á henni breytingar og þá er það spurningin hvort „að höfðu samráði" þýði það að ríkislögreglustjóri taki ákvörðunina eftir að hafa fengið viðbrögð stofnananna jafnvel þó að stofnanirnar séu ekki að öllu leyti sammála ákvörðuninni, eða verður ríkislögreglustjóri að laga sína upphaflegu tillögu að ábendingunum sem stofnanirnar hafa komið fram með? Ég held að þetta þurfi að vera skýrt af því að hérna er um það að ræða að draga fram ákvörðunarferil að atriði eins og viðbragði við hættu, og þá þurfa boðleiðirnar að vera alveg skýrar og ljóst hvert hlutverk hvers og eins aðila er. Ég held því að það væri gott að fá fram nákvæmlega hvernig ráðherra hugsar þetta.

Þá geri ég athugasemdir við orðalag í 4. gr. þar sem segir að ríkislögreglustjóri hafi heimild til, að fengnu samþykki viðkomandi einstaklings, að gera bakgrunnsskoðun á einstaklingum. Ég held ég viti hvað átt er við en ég held að þetta sé ekki heppilegt orðalag í lagatexta. Þetta vísar auðvitað í læknisfræði og það eru læknar sem gera skoðun á einstaklingum, en auðvitað er ekki átt við það í þessu tilviki þannig að ég held að við ættum að lagfæra þetta orðalag í meðförum nefndarinnar.

Framarlega í 4. gr. er orðalag sem mig langar að spyrja ráðherra um. Þar stendur: „Siglingastofnun Íslands ber m.a. ábyrgð á að:" — og svo er það talið upp í stafliðum a–g. Þar stendur ekki Siglingastofnun „skal", og síðan að gera það sem þar er tilgreint, heldur „ber ábyrgð á". Ég spyr: Þýðir þetta að meiningin sé að Siglingastofnun geti falið öðrum aðila að framkvæma þær athafnir sem felast í stafliðum a–g, en beri ábyrgð á verkum þeirra aðila? Eða er meining ráðherra að Siglingastofnun geri þetta sjálf sem stofnun? Ég held að það væri gott að fá þetta skýrt þannig að ekki sé misskilið til hvers er ætlast.

Í 5. gr. er kveðið á um áhættumat sem svonefndur verndarfulltrúi skuli leggja fyrir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Það liggur ekki fyrir í frv., að því er ég fæ séð, hvort það sé einhver skýring sem Siglingastofnun getur stuðst við til þess að leggja mat á hvort heimilt eða unnt sé að staðfesta tillögur af þessu tagi, hvað þær þurfa að uppfylla til þess að stofnunin geti staðfest þær. Ég held að það þurfi að vera ljóst hvað það er, hvað þurfi að felast í áætlun þannig að hún geti fengið staðfestingu. Ef leiðbeiningar um þetta koma fram í skýrslu þá væri ágætt að fá ábendingar um það þannig að menn gætu þá hnykkt á því í meðförum nefndarinnar svo það fari ekki á milli mála hvað skuli liggja til grundvallar.

Ég vil svo, herra forseti, segja að lokum að þegar rætt er um kostnað miðað við það sem kemur fram í skýrslunni, þá er árlegur kostnaður töluverður fyrir þær þrjár hafnir sem hafa látið meta þetta fyrir sitt leyti. Eins og hér kom fram hjá borgarfulltrúa áðan er árlegur kostnaður Reykjavíkurhafnar talinn vera um 195 millj. kr., árlegur kostnaður Hafnarfjarðarhafnar 25–35 millj. kr. og árlegur kostnaður Akureyrarhafnar um 11 millj. kr. Þetta eru því um 226–236 millj. kr. bara hjá þessum þremur höfnum. Síðan bætist við um 20 millj. kr. árlegur kostnaður hjá þremur ríkisstofnunum, Tollstjóranum í Reykjavík, Landhelgisgæslunni og Siglingastofnun. Það fer því ekki á milli mála að hér er um að ræða umtalsverðan kostnað í rekstri fyrir utan stofnkostnað. Það er því að vonum að menn vilji fara vandlega yfir málið og vita hvort hægt er að komast frá því með fullnægjandi hætti með minni tilkostnaði.

Eitt af því sem kemur fram í skýrslunni er að hér er vikið að Vaktstöð siglinga sem hefur ákveðið hlutverk í siglingavernd. Ég harma það, herra forseti, að það skuli hafa orðið niðurstaða dómsmrh. að setja Vaktstöð siglinga niður í Reykjavík en ekki úti á landi eins og eindregnar óskir stóðu til, bæði frá Ísafjarðarkaupstað og Vestmannaeyjabæ. Það verður víst ekki neinu um það breytt héðan af en ég hefði kosið að menn notuðu tækifærið, af því að til stendur að byggja þessa stofnun upp m.a. í ljósi þessa frv., til að færa þessi störf og vinna þau utan höfuðborgarsvæðisins af því að það er svo auðveldlega hægt að gera það með fullnægjandi hætti. Ég verð að segja, herra forseti, að ég harma það að menn skuli ekki hafa komist að þeirri niðurstöðu að verða við þessum eindregnu óskum.

Fleira er ekki af minni hálfu um þetta mál, herra forseti, og ég læt máli mínu lokið um það.

[16:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir viðbrögð hv. þingmanna við þessu frv. sem ég hef mælt hér fyrir. Vegna þess að hér komu allmargar fyrirspurnir til mín tel ég nauðsynlegt að fara yfir þau atriði og gera grein fyrir þeim eins og kostur er en vísa hins vegar, eins og eðlilegt er, til umfjöllunar hv. samgn. sem að sjálfsögðu mun fara vandlega yfir málið í nefndinni.

Fyrst vil ég vekja athygli á því sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir nefndi í sinni ræðu, að það var haldinn fundur nú í vikunni á vegum Samtaka atvinnulífsins þar sem fjallað var ítarlega um þetta frv. Þar var af hálfu atvinnulífsins verið að meta stöðuna. Þar voru framsögur fluttar sem greindu viðfangsefnið mjög vel, og eins og kom fram hjá hv. þm. var rík áhersla lögð á það af hálfu atvinnulífsins, eins og er og hefur verið gert af minni hálfu og þeirra sem unnið hafa að þessu máli á vegum ráðuneytisins, að allra leiða verði leitað til þess að halda öllum kostnaði í hófi. Það er afar mikilvægt. Hins vegar snýr málið þannig við okkur að við þurfum að uppfylla þær kröfur sem alþjóðasamþykktir setja okkur og undan því verður ekki vikist.

Aðeins vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um innheimtu á gjöldum samkvæmt frv., hvort um væri að ræða heimildir eða skyldur til innheimtunnar, þá vil ég segja það og svara þar með mörgum öðrum hv. þm.

að skv. 9. gr. er heimilt að innheimta gjöld vegna kostnaðar sem til fellur, eins og fram kemur í 9. gr., og það má ekki ganga lengra en svo að innheimta fyrir þeim kostnaði sem um ræðir. Þarna er því annars vegar verið að heimila höfnum, í þessu tilviki Siglingastofnun og höfnum, að innheimta þessi gjöld en setja þessar skorður alveg skýrar. Það er auðvitað afar mikilvægt að það sé og þess vegna gott að fá fram þessa athugasemd frá þingmanninum.

Hvað varðaði það sem hv. þm. nefndi að fyrst og fremst væri verið að tryggja öryggi vegna útflutnings til annarra ríkja fremur en að verið væri að tryggja hagsmuni okkar Íslendinga gagnvart hryðjuverkum, þá er auðvitað verið að fara þarna leiðir til þess að gera hvort tveggja. Það er mikið vandaverk en stýrihópurinn sem vann að undirbúningi málsins reyndi að leggja upp greiningu á viðfangsefninu með þeim hætti að leggja til útfærslu á framkvæmdinni á grundvelli þessara alþjóðlegu reglna, eins og fram kemur mjög skýrt í áliti stýrihópsins, og fara þær leiðir sem tryggja eins og kostur er hvort tveggja og þá þannig að það sé öruggt að þau skip sem eru í förum til og frá landi með innflutning og svo aftur útflutning verði ekki fyrir truflunum eða töfum þó að þau lesti og losi hér, en tryggi jafnframt að aðkoman hingað geti ekki leitt til þess að ógn stafi af þeim flutningum og þeim förum sem hingað koma vegna ónógs eftirlits. Þetta er út af fyrir sig mjög flókið ferli en forsendan og tilgangurinn er sá bæði að tryggja okkur og tryggja það að skipin geti siglt.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vakti athygli á því að e.t.v. væri verið að ofgera í umræðu um vörn gagnvart hryðjuverkum og óeðlilega mikill vopnaviðbúnaður. Hv. þm. orðaði það eitthvað á þá leið. Ég held að við Íslendingar leggjum þær línur yfirleitt að fara mjög varlega í þessum málum og ég held að það megi treysta því að þeir sem með þau fara, eins og ríkislögreglustjóri, muni gæta hófs við að leggja í kostnað vegna öryggisbúnaðar svo sem eins og vopna. En engu að síður, á okkur hvíla skyldur um þetta og undan þeim verður ekki hægt að víkjast.

Nokkrir hv. þingmenn, þar á meðal hv. þm. Jón Bjarnason, veltu fyrir sér undanþágumöguleikum eða frestunum á framkvæmd. Það er búið að fara vandlega yfir það. Staðan er nokkuð skýr hvað það varðar að við eigum ekki kost á öðru en að fara eftir þessum reglum. Það hefur verið skýrt í áliti stýrihópsins. Einnig var nefnt hvort við ættum þess kost að bíða þess að reglur Evrópusambandsins litu dagsins ljós. Ég held að um það sé ekki að ræða. Þær reglur eru nánast að verða tilbúnar. Við höfum þær undir höndum eins og þær eru í dag. Þær munu taka gildi 1. júlí eins og þessar reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Þess er ekki að vænta að þær reglur verði mildari en þær sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett nú þegar. Ég held því að við eigum að halda okkar striki hvað þetta varðar og undan því verði ekki vikist.

Hv. þm. Jón Bjarnason velti fyrir sér hvort aðrar reglur giltu um útflutningshafnir. Sömu reglur munu gilda um allar hafnir sem óska eftir þeirri heimild sem hér um ræðir, til innflutnings, hafnarverndar og útflutnings en hins vegar er ljóst að það verður að sníða kröfurnar að umsvifum og aðstæðum á hverjum stað. Um það er vandlega fjallað í vinnu stýrihópsins.

Hv. þm. Birkir Jónsson spurði hvort verið væri að vinna að samræmdum aðgerðum, sem er mjög mikilvægt atriði. Það er hluti þeirrar vinnu sem stýrihópurinn og Siglingastofnun hafa verið að vinna að, að tryggja samræmdar kröfur miðað við aðstæður á hverjum stað. Að því verki er vissulega unnið. Eins spurði hv. þm. hvort innan stýrihópsins hefði verið fyrirvari af hálfu fulltrúa Hafnasambandsins. Svo var ekki. Stýrihópurinn skilaði tillögum sínum og áliti einróma. Það hafa því ekki borist til ráðuneytisins neinir fyrirvarar hvað það varðar.

Heildarkostnaður samfélagsins er nokkuð óljós að öðru leyti en því sem kemur fram í mati fjmrn. á þeim kostnaði sem ríkisstofnanirnar áætla að leggja út. Það liggur ljóst fyrir hvað það verður. Hafnirnar hafa reynt að meta kostnaðinn og eru enn að því. Hér voru nefndar tölur um kostnað, t.d. Reykjavíkurhafnar, en ég tel að þar hafi verið ofsögum sagt. Það er talið að kostnaður Reykjavíkurhafnar sé á bilinu 150–200 millj. kr. að teknu tilliti til afskrifta. Þá er verið að tala um allan kostnaðinn, einnig þann kostnað sem skipafélögin verða fyrir á hafnasvæðunum. Í því sambandi þarf að gæta sín nokkuð. Hins vegar er ljóst að vegna þess að það er enn verið að vinna að útfærslu liggur ekki ljóst fyrir hver þessi kostnaður verður endanlega. Löggjöfin skapar hins vegar þennan ramma sem við verðum að gera ráð fyrir að vinna eftir. Útfærslan verður síðan í ljósi þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem við höfum undirgengist og ekki verður undan vikist.

Hv. þm. Halldór Blöndal fór yfir nokkur atriði. Ég tek undir með honum þar sem hann sagði að höfuðskylda framkvæmdarvaldsins væri að tryggja hóflegan kostnað af slíkum aðgerðum. Það er alveg ljóst. Eins og ég hef getið um áður verður að því unnið og er mikil ástæða til að hv. samgn. fari vandlega í það. Þannig verður það að vera bæði gagnvart einstökum aðilum og vegna tolls og lögreglu og Siglingastofnunar sem koma að þessu. Það þarf að fara mjög vandlega ofan í öll áform með þeim stofnunum og sömuleiðis fulltrúum hafnanna.

Kostnaður Siglingastofnunar, eins og kemur fram í frv., vegna siglingaverndarinnar er áætlaður um 8 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir því að hann geti verið borinn uppi af gjöldum sem innheimt eru vegna þessarar þjónustu. Það er ljóst að þar er fyrst og fremst um það að ræða að halda úti regluverkinu, þ.e. gögnum og þeim stöðlum sem lúta að þessu eftirliti. Ekki er um það að ræða að það sé daglegt eða stöðugt eftirlit af hálfu starfsmanna Siglingastofnunar gagnvart höfnunum. Hafnirnar setja verndaráætlun sína sem er staðfest og síðan ber hver höfn ábyrgð á þeirri framkvæmd. Ég geri því ekki ráð fyrir að kalla þurfi til þess sérstaka starfsmenn, t.d. á Akureyri. Komi hins vegar í ljós að svo sé þá þarf að taka afstöðu til þess hvort ekki sé hagkvæmara að hafa starfsmanninn á staðnum fremur en að hann kosti höfnina eða stofnunina mikla fjármuni vegna ferðalaga. Á þessu þarf að taka og þetta þarf að meta þegar þar að kemur. Ég vil ekki segja neitt á þessu stigi en miðað við að fyrir landið allt sé kostnaðurinn ekki meiri geri ég ekki ráð fyrir því að efni séu til að ráða sérstaka starfsmenn á einstakar hafnir.

Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. að stýrihópnum var ætlað að kanna áhrif innleiðingarinnar og þar á meðal kostnað. Það hefur verið gert að því marki sem hægt er á þessu stigi. Það verður hins vegar ekki til fullnustu gert fyrr en búið er að gera verndaráætlanir fyrir einstakar hafnir og að því verður unnið.

Varðandi það hvort ríkið taki þátt í þessum kostnaði þá er, eins og hér er lagt upp með, gert ráð fyrir því að kostnaðurinn verði innheimtur. Fyrr en seinna leggst sá kostnaður

á flutningana. Hins vegar er ljóst en það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort ríkisframlög verði aukin vegna þessara verkefna.

Það eru 30–40 hafnir sem munu hafa tilkynnt siglingavernd við landið. Þannig munu nokkuð margar hafnir taka á þessu og við því verður að bregðast.

Ég held að mér gefist ekki tími til þess að svara fleiri spurningum. Tíminn er búinn en ég mun svara nánar í síðari ræðum ef tilefni gefst til að fara frekar í það mál sem hér er til umræðu.

[16:25]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þær undirtektir sem ég fékk við spurningu minni um hvort hugsanlegt væri að starfsmaður Siglingastofnunar yrði sérstaklega ráðinn til starfa á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu ef í ljós kæmi að það væri hagkvæmt og stæði undir sér. Ráðherra sagðist mundu hafa það sérstaklega til athugunar. Ég tel að það sé fullnægjandi svar við þeirri fyrirspurn sem ég bar fram við þau efni. Þá ber auðvitað líka að hafa í huga að ýmis önnur störf falla til á þessi svæði en þau sem beinlínis snúa að siglingavernd, hin venjulegu störf sem starfsmenn Siglingastofnunar hafa unnið á Akureyri. Það hlýtur að verða tekið allt saman í heild sinni og metið hvort hagkvæmt sé að endurvekja starfsmann við Eyjafjarðarsvæðið. Ég tek það svo að hann hafi staðfest það og jafnframt að áfram verði rekið útibú frá Siglingastofnun á Fáskrúðsfirði.

Ég hef áreiðanlega, eins og stundum áður, komist vitlaust að orði í fyrri ræðu minni þegar ég talaði um kostnaðinn en út af því sem hæstv. ráðherra sagði vil ég segja að ég tek umsögn fjmrn. svo að ætlast sé til að árlegur rekstrarkostnaður upp á 20 millj. kr. verði tekin af fjárlögum. Þessi umsögn lýtur að því hver verði útgjöld ríkisins ef frv. verður samþykkt. Ég tek það svo að stofnkostnaður verði 40 millj., kannski í ýmsum ráðuneytum, sem falli á ríkissjóð og rekstrarkostnaður að fjárhæð 20 millj. kr., eins og málið er lagt fyrir Alþingi.

[16:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir svörin. Ég vil samt fá aðeins betri skýringar á þessu með gjöldin í 9. gr. Í greininni stendur að það sé heimilt að innheimta þessi gjöld en undir lok greinarinnar stendur:

„Gjaldtaka samkvæmt grein þessari skal í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrám viðkomandi hafnar.“

Ég skil þetta sem boð um að menn eigi ekki að veita þessa þjónustu nema gegn fullu gjaldi.

Síðan langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Er það skoðun ráðherra og hefur hann kynnt sér hvort önnur lönd séu að setja reglur með svipuðum hætti og hér er gert? Mér finnst mikilvægt að það liggi alveg ljóst fyrir. Það er augljóst að verulegur fjöldi skipa mun koma og fara frá löndum sem ekki hafa sérstakt eftirlit af neinu tagi í samræmi við þá lagasetningu sem hér er um að ræða. Ég vil því endurtaka það sem ég sagði í ræðu minni, að þá verða þau skilaboð að vera skýr. Við eigum ekki að segja fólki að eitthvert öryggi felist í þessu gagnvart hryðjuverkum á Íslandi ef það er ekki þannig. Þetta snýr að vöruflutningi að og frá landinu en ekki öðrum flutningum. Ég bið ráðherrann að leiðrétta mig ef svo er ekki.

[16:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar 9. gr. frumvarpsins og gjaldtökuheimildirnar þá er nokkuð skýrt í huga mínum að þar er um að ræða heimildir til að innheimta gjöld. Verði þær heimildir nýttar er gert ráð fyrir að einungis kostnaðurinn við viðkomandi þjónustu verði innheimtur samkvæmt gjaldskrá. Ef mönnum þykir þetta óljóst er alveg sjálfsagt að samgn. fari betur yfir það atriði og geri orðalagið ótvíræðara áður en það verður að lögum.

Hvað varðar spurninguna um hvort aðrar þjóðir séu að taka þetta upp er ljóst að þar er um alþjóðasamþykktir að ræða sem Alþjóðasiglingamálastofnunin tók upp strax í kjölfar hryðjuverkanna. Gert er ráð fyrir því að innleiða þær fyrir 1. júlí á þessu ári þannig að undan því verður ekki vikist. Allt í kringum okkur er unnið hörðum höndum við að skilgreina þetta og stilla upp verndaráætlunum í höfnum. Það liggur ljóst fyrir hvernig því er háttað og ég held að við Íslendingar eigum mjög mikið undir því að sá skilningur sé ótvíræður hjá þeim þjóðum sem eiga í siglingaviðskiptum við okkur, að hér séu hlutirnir í góðu lagi og óhætt að taka við skipum sem héðan koma. Við eigum mjög mikið undir því að svo sé.

[16:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað mér neitt afskaplega skýrt um það sem ég er að tala um. Mér eru þetta mikil vonbrigði. Ég hélt að verið væri að taka á hvað varðar ráðstafanir gegn hryðjuverkum og öðru slíku með heildstæðum hætti og að engar siglingar yrðu milli landa öðruvísi en svo að því yrði þá fylgt eftir að með þeim væri eftirlit. En samkvæmt því sem hér er á ferðinni og samkvæmt því sem hæstv. ráðherra hefur tjáð okkur eru verulegar siglingar utan við þetta eftirlit. Og það er mikið umhugsunarefni hvort nokkuð er um að ræða aukið öryggi gagnvart hryðjuverkum fyrir Íslendinga með þessari lagasetningu.

[16:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á eiginlega ekkert annað svar við þessari athugasemd en það að þessa ræðu verður eiginlega að flytja á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Ef þær reglur sem við erum að innleiða hér uppfylla ekki óskir hv. þm. Jóhanns Ársælssonar verður að breyta samþykkt IMO. Það er þá verkefni okkar á næstunni, ef Alþingi kemst að þeirri niðurstöðu að kröfurnar séu ekki nægjanlegar, að taka það mál upp á þeim vettvangi.

[16:33]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir nokkuð stórt upp í sig tekið þegar hæstv. samgrh. segir að þær tölur sem ég fór með hér um kostnað í Reykjavíkurhöfn við umræðuna séu fjarri öllu lagi. Þær tölur, 250 millj. kr. í stofnkostnað og 195 millj. kr. í árlegan rekstrarkostnað í Reykjavíkurhöfn, eru einfaldlega mat sem færustu embættismenn Reykjavíkurhafnar hafa lagt á þann kostnað sem þar verður. Til þessa hafa þeir verið þekktir að vandaðri áætlanagerð og ég hef ekki ástæðu til annars en að treysta þeim tölum.

Ég get hins vegar staðfest þann skilning ráðherrans að þar sem talað er um 195 millj. kr. árlegan kostnað er verið að afskrifa og kostnaðarreikna stofnkostnaðinn inni í þeirri tölu þannig að í sjálfu sér er kostnaðurinn tvítalinn með því að tala

um stofnkostnaðinn annars vegar og árlegan rekstrarkostnað hins vegar. En á hinn bóginn er hér verið að nálgast kostnað í Reykjavíkurhöfn þannig að það er líka verið að nálgast kostnað skipafélaganna sjálfra. Það breytir því ekki að hér er um verulegan kostnað að ræða, verulegan samfélagslegan kostnað, sem mun auðvitað hafa áhrif á kostnað við inn- og útflutning á vöru og þjónustu.

Ég vildi bara halda því til haga, virðulegur forseti, í umræðunni að þetta eru þær áætlanir sem nú eru uppi. Það er mjög mikilvægt að menn reyni eftir því sem kostur er að halda þessum kostnaði í skefjum vegna þess að, eins og fram hefur komið við umræðuna, verður hann ekki til vegna okkar eigin þarfa heldur vegna þrýstings utan frá.

[16:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist andsvar hv. þingmanns fela í sér meiri nákvæmni í umfjöllun um þessar tölur og ég geri engar athugasemdir við þær skýringar, að 195 millj. séu þá með afskriftum stofnkostnaðar inni. Það kann vel að vera að það sé ekki fjarri lagi. Ég hef ekki neinar athugasemdir við það.

Hins vegar eru þetta áætlanir, og vonandi verður kostnaðurinn lægri. Rík áhersla er lögð á að finna leiðir til þess að svo megi verða.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:36.

---

63. FUNDUR

fimmtudaginn 12. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Útgáfa rita um sögu stjórnarráðsins 1964–2004, fsp. MÁ, 511. mál, þskj. 783.

Til menntamálaráðherra:

2. Endurskoðun á framfærslugrunni námslána, fsp. BjörgvS, 104. mál, þskj. 104.
3. Laganám, fsp. GÓJ, 216. mál, þskj. 229.
4. Fjármagn til rannsókna við háskóla, fsp. KJúl, 353. mál, þskj. 472.
5. Rannsóknarsamningur við Háskólann í Reykjavík, fsp. KJúl, 354. mál, þskj. 473.
6. Listasafn Samúels Jónssonar, fsp. GÓJ, 471. mál, þskj. 680.
7. Varðveisla hella í Rangárvallasýslu, fsp. BjörgvS, 474. mál, þskj. 699.
8. Þjóðarleikvangurinn í Laugardal, fsp. MÁ, 493. mál, þskj. 765.
9. Viðurkenning starfsnáms á Norðurlöndum, fsp. MÁ, 494. mál, þskj. 766.
10. Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, fsp. MÁ, 496. mál, þskj. 768.

Til heilbrigðisráðherra:

11. Viðbygging við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi, fsp. MF, 145. mál, þskj. 145.
12. Heilsugæslan á Þingeyri, fsp. SigurjÞ, 399. mál, þskj. 535.
13. Rafræn sjúkraskrá, fsp. RG, 486. mál, þskj. 758.
14. Fjarlækningar, fsp. RG, 487. mál, þskj. 759.
15. Stafræn gögn í heilbrigðiskerfinu, fsp. MÁ, 495. mál, þskj. 767.
16. Kostnaðarhlutdeild sjúklinga, fsp. JóhS, 516. mál, þskj. 788.
17. Bið eftir heyrnartækjum, fsp. JóhS, 536. mál, þskj. 811.

Til samgönguráðherra:

18. Aðgengismál fatlaðra, fsp. MF, 264. mál, þskj. 297.
19. Ferðamál fatlaðra, fsp. MF, 265. mál, þskj. 298.

Til félagsmálaráðherra:

20. Greiðsla fæðingarstyrks, fsp. MF, 321. mál, þskj. 370.

Til dómsmálaráðherra:

21. Áfengisauglýsingar, fsp. MÁ, 444. mál, þskj. 622.
22. Söfnunarkassar, fsp. ÖJ, 519. mál, þskj. 791.
23. Rafræn stjórnsýsla, fsp. HjÁ, 554. mál, þskj. 833.

Til landbúnaðarráðherra:

24. Flatey á Mýrum, fsp. ÞBack, 478. mál, þskj. 718.
25. Útflutningur á lambakjöti, fsp. JÁ, 555. mál, þskj. 834.

Til viðskiptaráðherra:

26. Rafræn þjónusta, fsp. BjörgvS, 490. mál, þskj. 762.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Umhverfisáhrif að völdum erlendrar hersetu, 578. mál, þáltill. SJS, þskj. 870.

Útgáfa rita um sögu stjórnarráðsins 1964–2004.

Fsp. MÁ, 511. mál. — Þskj. 783.

[10:32]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það er góður siður að gefa út bækur í tilefni af þjóðminningarhátíðunum. Þær eru stundum það eina sem eftir situr þegar enginn man neitt úr ræðunum og þegar glaumur glasanna er hljóðnaður. Það er líka gott að við svona tækifæri eru ráðamenn viljugir að láta fé í höfundskap og útgáfu en venjulega er ekki mikill peningur til slíks.

Á fjárlögum 2004 er framlag til almennrar bókaútgáfu gegnum Menningarsjóð 13 millj. kr. Hæsta úthlutun síðustu ár hefur verið um það bil 1 millj. kr. til stórvirkja. Í Launasjóð fræðiritahöfunda fyrir árið 2004 renna 10 millj. kr., reyndar 10 millj. og 100 þús.

Nú hefur ríkisstjórnin gefið út tvö bindi af þremur í verki sem kostar samkvæmt fréttatilkynningu milli 50 og 60 millj. kr. Ég er með þessar tvær bækur sem út eru komnar. Þetta er prýðilegt útgáfuverk. Hvor bók um sig 500 síður, margar myndir, texti sennilega um 400 síður í hvorri, yfirlitsrit um þróun og framfarir á þessum skrifstofum í bænum og um helstu verk hverrar ríkisstjórnar, örugglega gagnlegt rit.

Þá kemur að útgáfukostnaðinum. Ég sé ekki eftir skattpeningum til fræðimanna en 37,5 millj. kr. eins og stendur í fréttatilkynningunni fyrir 1.200 síður af fræðilegu efni hlýtur að vera einhver misskilningur. Gróf viðmiðun Hagþenkis fyrir fræðilegan texta er 5.900 kr. á síðuna og dettur auðvitað engum í hug að settur sé upp slíkur nákvæmur taxti. Ef við erum rausnarleg og tvöföldum það fáum við rúmar 14 millj. kr. út úr þessu dæmi, þessum þremur bindum en þær eru sagðar 37,5 millj. kr. Voru einhverjir aðrir á launum en fræðimennirnir eða á þessi bókaútgáfa mikil ritverk óútgefin í handriti? Kostnaður í prentendanum er líka verulegur, 14 millj. kr. samkvæmt fréttatilkynningunni. Gamlir kunningjar sem ég hef rætt við í bókaútgáfu og prentun telja að þetta sé um 50% fram úr eðlilegum kostnaði við umbrot og prentfrágang miðað við um 1.500 eintaka upplag. Með 9–10 millj. kr. mætti segja að vel væri í lagt.

Um leið og ritunum sjálfum er fagnað er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh., sem nú er orðinn forstjóri í bókaútgáfu ríkisstjórnarinnar, þeirra spurninga um kostnað skattgreiðenda sem hér liggja fyrir en grunnspurningarnar eru þessar, virðulegi forseti: Fór eitthvað úrskeiðis eða tíðkast einhver sérstök umgengni við skattfé í kringum þau veisluhöld sem Sjálfstfl. stendur fyrir þessa dagana?

[10:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. bregður ekki af vana sínum og þarf að krydda mál sitt með skætingi í restina. Ég læt það fram hjá mér fara. En það er komin fyrirspurn. Fyrsti liður fyrirspurnarinnar er svohljóðandi:

„Hver er áætlaður kostnaður við útgáfu Sögu stjórnarráðsins 1964–2004? Hversu mikill kostnaður er þegar til fallinn?“

Í fjárlögum 2000–2004 hafa verið veittar 59,6 millj. kr. til ritunar og útgáfu verksins. Nú liggur fyrir að kostnaður verður nokkuð minni eða um 54 millj. kr. og er að stærstum hluta áfallinn. Í árslok 2003 höfðu verið greiddar 44 millj. kr. vegna útgáfunnar. Það er rétt að geta þess að tvö rit af þremur eru komin út og þriðja kemur út í júnímánuði.

Í annan stað er spurt hvernig þessi kostnaður skiptist. Forsrh. og ritnefndin kynnti á blaðamannafundi í nóvember árið 2000 væntanlega ritun sögu Stjórnarráðs Íslands. Þar kom fram að Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur hefði verið ráðinn til að ritstýra verkinu og að sex fræðimenn hefðu verið ráðnir til að fjalla um einstaka þætti verksins. Einnig kom fram að áætlaður kostnaður við söguritunina fram að útgáfu bókanna væri áætlaður 40 millj. kr. Frá upphafi var áhersla lögð á vandaða útgáfu og höfundur verksins ætlaði að leggja á sig ítarlegar rannsóknir í þeim tilgangi. Kostnaður við verkið fram að útgáfu er 40 millj. kr. líkt og áætlað var í upphafi. Af þeirri fjárhæð eru 37,5 millj. kr. sem runnið hafa til höfunda, ritstjóra og ritnefndar, 1,5 millj. kr. vegna ljósmynda og 1 millj. kr. ýmis kostnaður. Kostnaður við umbrot, prentun og bókband er áætlaður um 14 millj. kr. Í framangreindum fjárhæðum er ekki tekið tillit til sölutekna en á þessari stundu er ekki unnt að áætla þær með neinni vissu. Þóknun til þriggja ritnefndarmanna eru greidd samkvæmt úrskurði þóknunarnefndar, þóknun til nefndarmanna til ársloka 2001 nam 340 þús. kr. með launatengdum gjöldum. Greidd þóknun til nefndarmanna árið 2002 nam 590 þús. kr. með launatengdum gjöldum. Þóknunarnefnd á eftir að úrskurða þátt ritnefndarmanna fyrir árin 2003 og 2004 og verður beiðni þess efnis send þóknunarnefnd þegar nær dregur að loknum starfstíma ritnefndar. Störf ritnefndar hafa einkum falist í lestri handrita á milli funda. Ritlaun til höfunda verksins nema alls 24 millj. kr. Samningar vegna ritunar eru í öllum aðalatriðum eins. Gengið var til samninga við sex höfunda um samtals 72 mánaða vinnu til rannsókna og 12 mánaða vinnu við frágang, samtals 84 mánuðir. Viðmiðunargreiðsla var 250 þús. kr. fyrir hvern mánuð. Miðað var við fræðimannataxta Félags háskólakennara til 1. janúar árið 2000 auk viðeigandi álags þar sem um verktakasamninga var að ræða.

Eftir að samningarnir voru gerðir breyttust taxtar Félags háskólakennara verulega. Var síðan samið um að höfundar fengju leiðréttingar vegna taxtabreytinga og verðlagsbreytinga. Leiðréttingar svöruðu til 12 mánaða greiðslu samtals til höfunda eða samanlagt 3 millj. kr. vegna fyrrnefnds tímabils. Frá þessu var gengið munnlega.

Varðandi ritstjóra var viðmiðunargreiðsla ögn hærri en hjá höfundunum eða tæplega 300 þús. kr. að meðaltali en greiðslur ritstjóra hækkuðu nokkuð í árslok 2002 í samræmi við samkomulag hans við ritnefnd. Ritstjóri var í hálfu starfi til 1. júní 2002. Samhliða hefur hann verið í hálfu starfi sem höfundur en í fullu starfi eftir það. Samtals var hann ritstjóri í 38 mánuði frá því síðla árs 1999 til ársloka 2003. Áætlað er að við bætist þrír til fjórir á árinu 2004.

Loks er spurt hvernig verktöku Sögufélagsins við útgáfuna er háttað. Sögufélagið er útgefandi verksins. Sögufélagið ber ábyrgð á dreifingu verksins að undanskilinni forsölu til annarra en eigin félagsmanna. Þá tekur Sögufélagið að sér að sjá um kynningu verksins í fjölmiðlum í tengslum við útgáfuna og standa fyrir ráðstefnu- eða málfundum.

[10:39]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Þetta eru fróðleg svör, ágæti forseti. Þau skýra að vísu nákvæmlega ekkert og svara ekki því sem beðið var um svör við. Þó kemur í ljós að t.d. Sögufélagið er ekki útgefandi að þessu heldur í raun og veru merki fengið að láni, væntanlega fyrir einhverja þóknun sem ekki er tekin fram. Það kemur líka í ljós, að því leyti sem ég heyrði í hæstv. forsrh., að laun ritnefndar eru rífleg og eins og ætla mátti renna þessar 37,5 millj. kr. samkvæmt fréttatilkynningunni ekki allar til fræðimannanna. Þá eru það 24 millj. kr. þannig að það er nokkuð rausnarlegt miðað við þann taxta sem ég nefndi áðan.

Manni sýnist að bókaútgáfa ríkisstjórnarinnar með forstjóra sinn, hæstv. forsrh., setji út peninga og bjóði síðan af þeim sem hafa vilja eða þeim sem skammtaður er aðgangur og síðan gangi allir í þann sjóð. Auðvitað geta fræðimenn verið lengur eða skemur að semja sinn texta. Það sem skiptir máli er að ekki virðist hafa verið sýnd — það kemur fram í þessari rakningu, munnlegir samningar, hækkun í hafi — fyrirhyggja eða ráðdeild við útgáfu þessara rita. Nú er maður auðvitað dauðhræddur að spyrja hæstv. forsrh. spurninga sem hann hefur ekki fengið skriflega í þríriti og hafa gengið í gegnum ráðuneyti hans í mörg ár, en af hverju var þessi bókaútgáfa ekki boðin út? Hvernig stóð á því að hinn mikli einkavæðingarpostuli, hæstv. forsrh., bauð ekki þessa útgáfu út og fékk þannig þá ráðdeild og þá fyrirhyggju sem ætla má að markaðurinn hefði sýnt verkinu?

[10:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Öllum þeim fyrirspurnum sem beint var til mín samkvæmt þingsköpum var svarað. Hins vegar var ekki svarað fyrirspurnum sem komu fram í kynningu hv. þm. á fyrirspurninni enda voru ekki efni til þess.

Þegar verkið var kynnt á sínum tíma kom fram að Sögufélagið hafði haft tiltekið frumkvæði að máli þessu öllu og miðað við það samstarf sem við höfum átt við Sögufélagið lengi þótti fara vel á því að sú stofnun ætti aðgang og hefði atbeina að útgáfu þessa verks. Samstarfið við það félag hefur tekist afskaplega vel og við erum ánægð með það.

Endurskoðun á framfærslugrunni námslána.

Fsp. BjörgvS, 104. mál. — Þskj. 104.

[10:42]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Ágæti forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um endurskoðun á framfærslugrunni námslána. Þar beini ég þeim fyrirspurnum til hennar hvort hafinn sé undirbúningur að því að endurskoða framfærslugrunninn og ef svo er, hvenær er áætlað að tilbúinn verði nýr framfærslugrunnur sem viðmið útreikninga á þörf nemenda fyrir námslán.

Námslán til nemenda á háskólastigi á Íslandi byggjast á framfærslugrunni sem gerður var árið 1995 og hefur verið framreiknaður árlega síðan þá. Sá grunnur er úreltur og úr takt við raunveruleikann. Í forsendum hans er t.d. ekki miðað við tölvu- og fjarskiptanotkun námsmanna, uppihald barna þeirra á leikskólum og svo mætti lengi telja.

Í lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna segir að sjóðnum beri að afla gagna um grunnframfærslu og þörf námsmanna á námslánum. Þessu hlutverki hefur sjóðurinn ekki sinnt og fór slík könnun á grunnframfærslu síðast fram árið 1975 fyrir um 30 árum síðan. Lánasjóðurinn þverbrýtur því gegn lagalegri skyldu sinni með því að hafa ekki framkvæmt slíka könnun á grunnframfærslu í tæplega 30 ár.

Fulltrúar nemenda hafa bent á að framfærslan sé ekki í neinu samræmi við þarfir nemenda á háskólastigi í dag og stendur til að hefja könnun á framfærslu námsmanna á þeirra vegum til að fá fram hver hún raunverulega er. Um fjarlægð námslána frá raunveruleikanum má nefna sem dæmi að full lán án tekjuskerðingar eru nú 77.500 kr. og byrja þau að skerðast við 300 þús. kr. frítekjumark sem má segja að virki beinlínis letjandi á námsmenn og geri mörgum ókleift að stunda nám nema fjármagna það að verulegu leyti með rándýrum bankalánum hafi þeir ekki í aðra sjóði að sækja. Jöfnunarsjóðurinn stendur því ekki undir skyldu sinni og brýtur þar að auki gegn lögum LÍN. Því er brýnt að færa lánin til raunveruleikans enda segir í lögum um sjóðinn að námslán skuli nægja námsmanni til að standa undir straum á náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag. Sjóðurinn er jöfnunarsjóður sem á að tryggja að enginn þurfi að hætta við nám vegna vanefna eða annarra efnalegra ytri aðstæðna. Því mælist ég eindregið til þess við hæstv. menntmrh. að hún beiti sér fyrir því að Lánasjóður íslenskra námsmanna endurskoði framfærslugrunninn þannig að lán sjóðsins gefi rétta mynd af raunþörf námsmanna fyrir lán til framfærslu og beini ég því þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort hafinn sé undirbúningur á því að endurskoða framfærslugrunn námslána og ef svo er, hvenær er áætlað að tilbúinn verði nýr grunnur sem viðmið útreikninga á þörf nemenda fyrir námslánum.

[10:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Samkvæmt lögum um þingsköp hefur hv. fyrirspyrjandi, Björgvin G. Sigurðsson, beint eftirfarandi spurningu til mín, með leyfi forseta:

„Er undirbúningur hafinn að því að endurskoða framfærslugrunn námslána? Ef svo er, hvenær er áætlað að tilbúinn verði nýr framfærslugrunnur sem viðmið útreikninga á þörf nemenda fyrir námslán?“

Ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á að framfærslugrunnur námslána er endurskoðaður árlega af stjórn LÍN, Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Endurskoðun hans á sér stað samhliða endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins. Á þessu lánaári var vinnu við endurskoðunina lokið 7. maí á sl. ári og gera má ráð fyrir því að óbreyttu að framfærslugrunnur námslána verði næst yfirfarinn á svipuðum tíma á þessu ári, þ.e. í maí.

Núverandi framfærslugrunnur námslána er að uppistöðu til frá árinu 2000 og tók þá mið af neyslukönnun Hagstofu Íslands frá árinu 1995. Um þennan grunn og endurskoðun hans síðan hefur verið full samstaða milli fulltrúa námsmanna og fulltrúa ríkisstjórnarinnar í stjórn LÍN. Við árlega endurskoðun grunnsins er tekið mið af almennum verðlagsbreytingum en einnig öðrum breytingum sem ljóst er að hafa mikla þýðingu fyrir framfærslu námsmanna. Sem dæmi um þetta má nefna að skólaárið 2002–2003 var ákveðið að lækka áætlaðan húsnæðiskostnað í grunninum þar sem húsaleigubætur töldust ekki lengur til skattskyldra tekna námsmanna. Árið 2003–2004 var á hinn bóginn niðurstaðan að hækka nokkra kostnaðarliði umfram spáða verðlagshækkun, svo sem ferðir og flutninga vegna 12% hækkunar fargjalda strætisvagna og húsnæði vegna 8% hækkunar húsnæðisgjalda samkvæmt nýrri athugun frá Hagstofunni.

Síðan árið 2000 hefur framfærslugrunnur námslána hækkað um 17,6%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 13,9%. Framfærslugrunnur námsmanna hefur þannig tryggt námsmönnum 3,7% hækkun umfram almennar verðlagshækkanir.

Skólaárið 2003–2004 hækkaði framfærslugrunnur námslána um 4,9% frá árinu á undan og nú er gert ráð fyrir að ársútgjöld einhleyps námsmanns í leiguhúsnæði séu tæpar 1.284 þús. kr. eða um 107 þús. kr. á mánuði. Í úthlutunarreglum er síðan tekið sérstakt tillit til námsmanna sem búa við aðrar aðstæður svo sem til þeirra sem eru með börn á framfæri og/eða eru við nám erlendis.

Helstu breytingar á úthlutunarreglum LÍN sl. vor voru hækkun grunnframfærslu úr 75.500 í 77.500 kr. á mánuði, hækkun frítekjumarks úr 280 þús. kr. í 300 þús. kr. og lækkun skerðingarhlutfalls vegna tekna. Það var lækkað úr 40% í 35%.

Að teknu tilliti til breytinga á reglum sjóðsins, hækkunar framfærslugrunns og tekna lánþega var ætlað að ráðstöfunartekjur námsmanna hækkuðu að meðaltali um 5% milli skólaáranna 2002 og 2003 til 2003 og 2004.

[10:48]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að leggja aðeins orð í belg við þessa umræðu til upplýsingar fyrir hv. þingmenn.

Skerðingarhlutfall hefur breyst frá árinu 1991 þegar vinstri menn voru við stjórn þessa sjóðs og stjórn menntamála á Íslandi úr 70% og er núna 35%. Það fúnkerar þannig að orðið er hvetjandi að afla sér tekna. Það hefur líka sýnt sig að tekjur námsmanna hafa aukist á þessum tíma.

Þá ber einnig að taka fram að frítekjumark hefur hækkað og börn á leikskólaaldri eru á forgangslista hjá sveitarfélögum bæði varðandi forgang á plássum og líka varðandi gjöld á plássum þannig að ég fullyrði að við erum að fjalla hér um eitt besta námsaðstoðarkerfi í heiminum. Við eigum að vera stolt af því og ekki sífellt að vera að gagnrýna það eins og hér er verið að reyna að gera.

[10:49]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. sem drepur hér á þessu máli um námslánin og endurskoðun á framfærslugrunni þeirra. Ég held að einboðið sé að við endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna hljóti þetta atriði að koma upp í þeirri umræðu og verður forvitnilegt að sjá hvernig verður tekið á því. Þróunin hefur verið í rétta átt undanfarin ár og engin ástæða er til að ætla að henni verði breytt. Það er einmitt kveðið á um þessa endurskoðun í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og sýnir það vilja stjórnvalda til að halda áfram á réttri braut.

[10:50]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Ágæti forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir umræðuna um þetta ágæta og brýna mál. Eftir stendur að könnun á grunnframfærslu hefur ekki farið fram í tæp 30 ár og það er brýnasta málið. Því brýni ég hæstv. ráðherra að beita sér fyrir slíkri könnun.

Margt ágætt hefur verið gert og vel og vissulega hefur ýmislegt verið fært til bóta og í rétta átt. Eftir stendur að til þess að hægt sé að færa rök fyrir því að lánasjóðurinn standi með sannfærandi hætti undir því hlutverki sínu að vera jöfnunarsjóður sem tryggi jafnrétti til náms og jafnan aðgang allra að námi þá verður slík könnun að fara fram og engin ástæða er til að trassa það áratugum saman að fram fari slík könnun til að tryggja það að sjóðurinn endurspegli raunþarfir námsmanna til að framfleyta sér og sínum í námi þannig að þeir geti stundað nám á viðunandi hátt án þess að þurfa að bæta ofan á lántökur úr Lánasjóði íslenskra námsmanna rándýrum bankalánum á okurvöxtum úr bankakerfinu, eins og liggur fyrir mörgum að gera sem ekki hafa í digra sjóði heima fyrir að leita.

Það sem brýnast er að gera að mínu mati, ágæti forseti, er að hækka enn frekar frítekjumarkið og hvetja þannig fólk enn þá frekar til að afla sér góðra tekna á sumrin, í fríum og á milli anna í skólanum. Ég held að mikilvægast af öllu sé að fólk geti aflað sér talsverðra tekna enda er hverjum manni ljóst að 300 þús. kr. eru afar lág upphæð til framfærslu, til að fleyta sér yfir vetrarmánuðina með einungis 77.500 kr. á mánuði hjá Lánasjóðnum. Þetta endurspeglar ekki raunveruleikann og því brýni ég hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því að þessi 30 ára gamla könnun verði gerð.

[10:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. En ég vil undirstrika það sem kom áðan fram í svari mínu, að framfærslugrunnur námslána er endurskoðaður árlega, framfærslugrunnur Hagstofunnar er endurskoðaður árlega í góðu samstarfi milli þeirra aðila sem sitja í stjórn sjóðsins, annars vegar námsmannahreyfingarinnar og hins vegar þeirra sem sitja í stjórn sjóðsins fyrir hönd stjórnvalda. Samstarfið hefur því fram til þessa verið gott við hina árlegu endurskoðun á framfærslugrunni frá Hagstofunni.

Ég vil líka undirstrika það sem m.a. kom fram í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að fyrir liggur alveg skýrt og skorinort í stjórnarsáttmálanum að við munum stefna að því að endurskoða lögin um LÍN og þar verður þetta atriði að sjálfsögðu tekið til endurskoðunar eins og endurgreiðslurnar sem kveðið er einnig á um í stjórnarsáttmálanum.

Laganám.

Fsp. GÓJ, 216. mál. — Þskj. 229.

[10:54]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þingskjali 229 hef ég lagt fram fyrirspurn til menntmrh. um laganám. Eins og menn vita hafa orðið gríðarlegar breytingar á laganámi hér á landi á undanförnum árum og nú háttar svo til að fjórir háskólar bjóða upp á nám í lögfræði. Í Háskóla Íslands er boðið upp á BA-próf í lögfræði og svo meistarapróf, samtals fimm ár. Í Háskóla Reykjavíkur er sömuleiðis boðið upp á BA-próf og síðan meistaranám á alþjóðasviði, viðskiptalögfræðisviði eða málflutnings- og dómssviði. Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á BS-gráðu í viðskiptalögfræði og síðan MS-nám í viðskiptalögfræði eða ML-gráðu í lögfræði. Síðasti háskólinn sem bættist í þessa flóru er Háskólinn á Akureyri þar sem nýhafin er kennsla í lögfræði til BS-prófs.

Á Norðurlöndum er það þannig að í Danmörku bjóða tveir háskólar upp á nám í hefðbundinni lögfræði. Í Noregi og Finnlandi eru þeir þrír og í Svíþjóð eru þeir fimm. Hér eru þeir sem sagt orðnir fjórir þannig að það á fyrir okkur að liggja í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum að við stöndum nágrönnum okkar framar.

Það sem hér er hins vegar ólíkt því sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum er að hér eru engar samræmdar reglur um inntak laganáms eða námskröfur. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að lögfræðingum er ætlað að vera embættisgengir eftir útskrift og starfa sem dómarar eða sem sýslumenn og fara með einkamál og sakamál, sifjaréttarmál, aðfarargerðir og nauðungarsölur sem opinberir starfsmenn og embættismenn. Þetta krefst allt saman víðtækrar þekkingar á öllum sviðum lögfræðinnar. Þess vegna er nauðsynlegt að til séu samræmdar reglur um hvað lögfræðingar eigi að kunna og hvað við ætlumst til að þeir geti að námi loknu.

Þetta er gert víða erlendis og t.d. alls staðar á Norðurlöndunum. Ég get nefnt sem dæmi að í Danmörku er mjög ítarleg reglugerð um háskólanám í hefðbundinni lögfræði.

Í júní 2003 skrifaði háskólarektor bréf til menntmrh. þar sem óskað var eftir viðræðum við ráðherra og aðra háskóla um framtíð háskólanáms í lögfræði. Eftir því sem ég kemst næst hefur þessu bréfi ekki verið svarað og það er auðvitað vanvirðing við Háskólann að gera það ekki.

Ég vil því ýta á eftir þessu máli með því að leggja fram fyrirspurn sem er á þskj. 229.

Ég spyr hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir samræmingu náms í hefðbundinni lögfræði?“

[10:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Ólafur Jónsson hefur beint til mín eftirfarandi spurningu, með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir samræmingu náms í hefðbundinni lögfræði?"

Þegar þeirri spurningu er velt upp hvort ráðherra hafi í hyggju að beita sér fyrir samræmingu náms í hefðbundinni lögfræði er mikilvægt að hafa í huga þau meginsjónarmið sem liggja að baki þeirri löggjöf um háskóla sem í gildi er hér á landi.

Í frv. því sem varð að lögum um háskóla frá árinu 1997 kemur fram að með þeim séu dregin saman þau meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Kveða skal nánar á um starfsemi hvers háskóla í sérlögum, reglugerð, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrá hvers skóla.

Mikilvægur þáttur í gildandi háskólalögum og sérlögum um ríkisháskóla er sjálfstæði háskólanna — ég undirstrika: sjálfstæði háskólanna — sem felst m.a. í því að þeir ákveða sjálfir innihald þess náms sem þeir bjóða upp á. Hins vegar kveða háskólalögin á um þau almennu skilyrði og kröfur sem háskólastofnanir þurfa að uppfylla til að geta boðið upp á háskólanám. Dæmi um það eru lögbundnar hæfniskröfur til stjórnenda og kennara á háskólastigi auk lögbundins stjórnskipulags.

Í 8. gr. laga um háskóla segir síðan að yfirstjórn hvers skóla taki ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna. Samkvæmt 9. gr. laganna skal kennsla í háskólum fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum og telst fullt nám 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum. Jafnframt segir í greininni að námi á háskólastigi skuli ljúka með prófgráðu sem veitt sé þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar. Menntamálaráðherra skal síðan gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Rammalögin um háskóla byggja þannig á því að innihald náms sem boðið er upp á í hverjum háskóla sé ákveðið af skólanum sjálfum enda má ætla að þar sé á ferðinni einn veigamesti þátturinn í því sjálfstæði sem hver háskólastofnun býr við. Inntaki námsins er því ekki miðstýrt af menntmrh. En á móti segir í 2. mgr. 6. gr. háskólalaga að tryggja skuli að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. Lögin kveða á um eftirlit stjórnvalda með kröfum til náms á háskólastigi á þann hátt að menntmrh. setur reglur um með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað. Slíkar reglur eru í gildi og á grundvelli þeirra fer fram gæðaeftirlit með háskólakennslu og því námi sem háskólarnir bjóða upp á.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. má benda á að innan tíðar verður gerð úttekt á kennslu og námi í þeirri góðu lagadeild sem við hv. þm. útskrifuðumst bæði frá við Háskóla Íslands. Stefnt er að því að ljúka henni á þessu ári og þess má vænta að í framhaldinu verði gerðar sambærilegar úttektir á lagadeildum annarra háskóla hér á landi.

Þegar spurt er hvort ég hafi í huga að beita mér fyrir samræmingu náms í hefðbundinni lögfræði þá hlýt ég að benda á í samræmi við það sem ég hef rakið hér að ofan að háskólalögin gera ekki ráð fyrir að menntmrh. standi fyrir slíkri samræmingu frekar en t.d. vegna náms í hjúkrunarfræði, viðskiptagreinum og kennaramenntun þar sem fleiri en einn háskóli bjóða nám til prófgráðu í þeim greinum hér á landi. Skólarnir sem bjóða þetta nám hafa ekki séð ástæðu til þess að hafa það samræmt heldur sé svigrúmið nýtt til mismunandi útfærslu til þess að fjölga valkostum nemenda og auka samkeppni. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu, ekki neitt, að slík samræming geti orðið á milli háskóla, m.a. milli þeirra háskóla sem bjóða upp á laganám hér, kjósi þeir það og ekki þarf atbeina menntmrh. til þess.

[11:01]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég fagna auðvitað fjölgun menntunarúrræða í laganámi en ég spyr mig um faglega lágmarkssamræmingu og ég hef að gefnu tilefni áhyggjur af henni. Ég hef áhyggjur af mismunandi lágmarkskröfu til menntunar og ég hef ekki síður áhyggjur af mismunandi kröfum sem gerðar eru til prófessora, dósenta og lektora við deildirnar. Ég hef líka áhyggjur af því að lagadeild Háskóla Íslands skuli hafa brugðist við þessari samkeppni, ef ég má orða það svo, með því að minnka kröfur til árangurs á upphafsprófum í lagadeild Háskóla Íslands. Ég hvet hæstv. menntmrh. að huga vandlega að þessum málum og vona að hún deili áhyggjum mínum.

[11:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það kom skýrt fram í máli hæstv. ráðherra að það var mat ráðherrans að ekki væri rétt að beita sér fyrir því að samræma kröfur um nám í tilteknum greinum eins og lögfræði. Ég hlýt að benda á að það verður að gera ákveðnar kröfur um þekkingu og færni til að menn geti borið titil af gráðu sem hér um ræðir og í því felst að einhver samræming verður að vera fyrir hendi.

Í öðru lagi hlýtur ríkið sem fjármagnar og kostar námið að mestu leyti og ræður til starfa margt af því fólki sem menntar sig, hvort sem það er til lögfræði eða kennslu, að gera kröfur og hafa skoðun á því hvaða þekkingu og færni þeir einstaklingar eiga að búa yfir sem fara í gegnum námið. Ríkið hlýtur að setja kröfur um færni og þekkingu t.d. til dómarastarfa. Þess vegna geta menn ekki tekið hvaða próf sem er jafngilt ef ekki er litið til samræmingar á neinn hátt.

[11:04]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ágætu umræðu. Aðalatriðið í málinu er að við erum að útskrifa lögfræðinga úr fjórum skólum. Við ætlum þessum lögfræðingum ákveðið hæfi og gengi til að gegna ákveðnum embættum og fara með ákveðin störf í okkar samfélagi, til að mynda dómsvald, vald sýslumanna og ýmsa aðra handhöfn opinbers valds. Þetta þýðir að við verðum að hafa einhverjar lágmarkskröfur um það hvað þetta fólk á að kunna og hvað þetta fólk á að geta gert í sínum störfum. Það dugar ekki fyrir hæstv. menntmrh. að koma hér og vísa bara til sjálfstæðis háskóla. Það er ekki það sem málið snýst um. Auðvitað er mjög gott að það séu fjórir háskólar sem bjóða upp á metnaðarfullt nám í lögfræði. Það er bara af hinu góða en það er ekki nóg að það séu einhverjar úttektir á laganámi reglulega heldur verða að liggja fyrir ákveðnar kröfur þannig að það liggi fyrir hvað lögfræðingar eigi að geta gert þegar þeir útskrifast. Mér finnst fyrir neðan allar hellur þegar hæstv.

menntmrh., sem er löglærð, vísar til náms í viðskiptafræði og hjúkrunarfræði í þessum efnum, gjörólíkt. Hvaða störf eru það þar sem viðskiptafræðingar og hjúkrunarfræðingar fara með opinbert vald með sama hætti og lögfræðingar eða hafa embættisgengi með sama hætti og lögfræðingar. Þetta er gjörólíkt, hæstv. forseti, (**Gripið fram í**: Stattu þig.) og ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þá a.m.k. háskólarektor með þeim hætti sem komið hefur fram í umræðunni.

[11:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég fer samkvæmt lögum. Hér ríkja lög um sjálfstæði háskóla hvort sem það er Háskóli Íslands eða aðrir háskólar. Ég tel samræmdar reglur ekki vera í samræmi við lögin um sjálfstæði háskóla, engan veginn. Ég tel það ekki vera mitt hlutverk að setja niður miðstýrðar reglur sem um leið ógna sjálfstæði háskólanna. Aftur á móti er hlutverk mitt að hafa eftirlit með háskólunum og þar á meðal lagadeildum þessara ágætu háskóla. Þess vegna er ég að fara af stað með úttekt á lagadeild Háskóla Íslands og ætla svo að fara í úttektir á öðrum deildum.

Ég vil hins vegar minna á að það kom fram skýr vilji á sínum tíma á hinu háa Alþingi þegar við fjölluðum um lög um Háskóla Íslands, um það frv. sem þá var til umfjöllunar. Það var lögð fram tillaga af hálfu þáv. varaþingmanns Framsfl. sem lagði fram tillögu um að það ætti að samræma reglur í námi sem fellur undir viðskiptafræði. Það er kannski ekki jafngöfugt nám að mati hv. þm. eins og lögfræði en það var engu að síður lögð fram tillaga um að samræma ætti reglur í háskólanum um viðskiptafræði. Hún var felld á þinginu. Það er því skýr vilji þingsins að við eigum ekki að vera að skipta okkur allt of mikið af sjálfstæði háskólanna heldur var einfaldlega sagt við okkur: Menntmrh. fer með eftirlit með þessum góðu háskólastofnunum og honum ber að fylgja því eftir að slíku eftirliti sé framfylgt. Það er hans hlutverk. Háskólarnir geta eftir sem áður, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, samræmt reglur sín á milli en menntmrh. skiptir sér ekki af því. Þessir ágætu rektorar geta sem sagt sest niður að sama borði og reynt að útfæra slíkar reglur en menntmrh. kemur ekki til með að hafa forgöngu um slíkt.

Fjármagn til rannsókna við háskóla.

Fsp. KJúl, 353. mál. — Þskj. 472.

[11:08]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa miklar breytingar átt sér stað á háskólastiginu. Sú þróun sem hefur átt sér stað er afar jákvæð og á einstökum sviðum, svo sem lögfræði og viðskiptafræði, er komin heilmikil samkeppni á milli skóla hvað kennslu varðar. Þó er afar mikið misræmi í framlögum til rannsókna við háskólana til staðar og ekki augljóst hvað ræður för þegar rannsóknafé er úthlutað. Framlögin eru svo misjöfn að ekki er ljóst hvert ríkisstjórnin og menntmrn. er að fara með þessum framlögum, maður sér ekkert augljóst samhengi.

Háskóli Íslands er skilgreindur sem rannsóknaháskóli og fær framlög til rannsókna sem byggja á rannsóknasamningi. Aðrir skólar á háskólastigi eru ekki með slíkan rannsóknasamning en eru flestir að fá eitthvert fé til rannsókna að Tækniháskóla Íslands undanskildum sem fær ekkert fé merkt rannsóknum. Sem sagt, við erum að sjá framlög alls staðar á skalanum, allt frá því að Tækniháskólinn fær ekkert, Háskólinn í Reykjavík fær smávegis, Háskólinn á Bifröst eitthvað aðeins meira en Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri nokkru meira en Háskólinn á Bifröst og Kennaraháskólinn eitthvað umfram það. Mikill munur er á hlutfalli framlaga til rannsókna miðað við framlög til kennslu. Maður hlýtur því að spyrja um vinnureglur þegar kemur að framlögum því að þær eru alls ekki ljósar.

Virðulegi forseti. Þarna virðist ekkert samhengi á milli heldur einungis um einhvers konar slump að ræða ef þannig mætti orða það.

Mikið stefnuleysi hefur einkennt framlögin á undanförnum árum. Við hljótum að gera þá kröfu að skýrri stefnu sé fylgt þegar kemur að úthlutun á rannsóknafé til háskólanna. Háskólarnir eiga það inni að fá skýr svör við því hvort og þá hversu mikils fjármagns þeir geti vænst af hálfu hins opinbera til rannsókna þegar stjórnendur skólanna gera sínar áætlanir og sækja um mótframlög úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Við krefjumst vandaðra vinnubragða af hálfu háskólanna. Því hlýtur sams konar krafa að vera gerð til menntmrn. og fjárveitingavaldsins. Við verðum að vita í hvaða leiðangri ríkisstjórnin er með rannsóknir við háskóla hér á landi eða hvort halda eigi áfram að gefa þeim háskólum sem ekki eru með rannsóknasamning undir fótinn með því að gauka að þeim einhverjum smáaurum til málamynda. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hvaða vinnureglum fylgir ráðuneytið við úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla?

2. Er það til skoðunar innan ráðuneytisins að ráðast í heildstæða stefnumótun og heildstætt mat á úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla, m.a. með tilliti til aukins jafnræðis milli háskóla og með tilliti til framlaga til einstakra rannsóknasviða á vettvangi háskólanna?

[11:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spyr mig eftirfarandi spurninga:

„1. Hvaða vinnureglum fylgir ráðuneytið við úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla?“

Ákvarðanir um fjárveitingar til rannsókna við háskólann hafa jafnan byggst á hefð, hlutverki og verkefnum hvers skóla um sig. Formlegar vinnureglur umfram verklag við gerð fjárlaganna hafa ekki verið settar um úthlutun fjár til rannsókna. Í fjárveitingum til einstakra skóla hefur verið við það miðað að þar séu stundaðar rannsóknir í þeim mæli sem kveðið er á um í lögum, reglum eða skipulagsskrám skólanna sjálfra.

Háskóli Íslands, þar sem mest af háskólarannsóknum eru stundaðar hér á landi, hefur fengið fjárveitingar til rannsókna á grundvelli sérstaks rannsóknasamnings. Sá samningur var fyrst gerður árið 2001 og var það nýmæli. Slíkur samningur hefur ekki verið gerður við aðra háskóla fram að þessu. Í undirbúningi við gerð samnings um kennslu við aðra skóla á háskólastigi er gert ráð fyrir svokölluðu rannsóknarákvæði þannig að skólarnir fá ákveðið grunnframlag til að fjármagna rannsóknir og innra þróunarstarf en að öðru leyti taki þeir þátt í samkeppni um vaxandi rannsóknafé. Hafa verður í huga að þróun náms á háskólastigi hefur verið mjög hröð hér á

landi á undanförnum árum og fjárframlög til háskólakennslu aukist jafnt og þétt. Það má geta þess að frá árinu 2000 hafa fjárframlög til háskólastigsins aukist um tæp 50%.

Til skoðunar hefur verið í ráðuneytinu að úthluta fjármagni til rannsókna í háskólum á grundvelli mælanlegs árangurs. Sérstaklega er horft til samkeppnissjóða þar sem háskólar geta í samstarfi við aðra skóla, rannsóknastofnanir eða einir sér sótt um styrki til skilgreindra rannsóknarverkefna. Ákvörðun um styrkveitingu verður eftir sem áður byggð á ströngu hlutlægu mati á gæðum þeirra rannsókna sem berast og verður einkum byggð á hörðum kröfum vísindasamfélagsins til viðurkenndra vísindalegra verkefna. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er gerð grein fyrir auknum framlögum til opinberra samkeppnissjóða sem styrkja rannsóknir á kjörtímabili ríkisstjórnarinnar. Þar er gert ráð fyrir að miða við ráðstöfunarfé til samkeppnisrannsókna árið 2003 verði um rúmlega tvöföldun að ræða í áföngum fram til ársins 2007. Þannig verður árlegt ráðstöfunarfé samkeppnissjóða á vegum menntmrn., sjútvrn. og iðnrn. um 1.700 millj. kr. árið 2007 en voru 792 millj. kr. árið 2003. Þeir sjóðir sem um ræðir eru Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, Tækjakaupasjóður, aukið verðmæti sjávarfangs, nefnt oft í daglegu tali AVS, og Rannsóknarnámssjóður. Hver hlutur háskólanna verður hvers um sig ræðst af gæðum umsókna sem þeir senda frá sér. Það er verkefni vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs að útfæra úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs sem tryggir hlut háskólanna á grundvelli þeirrar heildarstefnu sem liggur fyrir.

Hv. þm. spyr einnig:

„2. Er það til skoðunar innan ráðuneytisins að ráðast í heildstæða stefnumótun og heildstætt mat á úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla, m.a. með tilliti til aukins jafnræðis milli háskóla og með tilliti til framlaga til einstakra rannsóknasviða á vettvangi háskólanna?"

Vísinda- og tækniráð Íslands hóf starfsemi sína á þessu ári og þann 18. desember sl. var samþykkt stefna stjórnvalda á sviði vísinda og tækni sem byggir á víðtæku samráði þar sem leitað hefur verið sjónarmiða atvinnulífs og háskólastofnana í samvinnu við ráðuneytið. Í stefnunni er gerð grein fyrir meginviðfangsefni vísinda- og tæknistefnu og áherslu stjórnvalda á endurbótum á umgjörð rannsókna- og þróunarstarfs í landinu.

Eitt þriggja meginatriða í vísinda- og tæknistefnunni er að efla háskólana sem rannsóknastofnanir og auka samkeppni um opinberar fjárveitingar til háskólarannsókna. Hvað varðar háskólana er unnið að breytingum á fyrirkomulagi fjárveitinga til rannsókna á háskólastigi. Stefnt er að því að háskólum verði tryggt ákveðið grunnframlag til að fjármagna rannsóknir og innra þróunarstarf háskólanna en að öðru leyti taki þeir þátt í samkeppni um opinbert og annað rannsóknafé. Þannig er miðað við að aukin framlög til samkeppnissjóða skapi háskólunum ný sóknarfæri um leið og þeim er veitt aðhald sem í samkeppninni felst.

Grunnframlaginu til háskólanna vegna rannsóknastarfsemi er ætlað að tryggja að þeir geti af fullum krafti tekið þátt í samkeppni um ráðstöfunarfé samkeppnissjóða sem vaxa nú hraðar en áður. Af hálfu fjárveitingavaldsins eru breytingar af þessu tagi nauðsynlegar til að tryggja að fjármunir nýtist vel og lúti markvissri forgangsröð innan háskólanna sjálfra svo og sjóða sem styrkja rannsóknir.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs mun fjalla um útfærslur á þessari meginstefnu sem varðar háskólarannsóknir og vinna náið með ráðuneytinu að málinu. Umfjöllun nefndarinnar stendur til vors. Ráðuneytið hefur hafið athuganir á fjárstreymi til æðri menntunar og rannsókna við háskólastofnanir og verður því samanburður á rauntölum mikilvægt hjálpartæki þegar fjallað er um ákvörðun á grunnframlagi til einstakra stofnana.

[11:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Ágæti forseti. Hérna er hreyft við einum helsta vaxtarsprota háskólastigsins, sem er rannsóknir og framhaldsnám. Brýnt er að koma á skýrum og gagnsæjum vinnureglum til að sjálfstæðu skólarnir viti hvað þeim stendur til boða og hvað þeir geta, hver hlutur þeirra geti orðið í rannsóknum og framhaldsnámi.

Til marks um þá miklu aukningu og mikilvægi sem framhaldsmenntun og rannsóknir hafa á háskólastiginu er hægt að taka fram að fjöldi framhaldsnema hefur tólffaldast í Háskóla Íslands. Árið 1995 stunduðu 100 nemar nám í einhvers konar meistara- eða framhaldsnámi við Háskólann, í dag eru þeir 1.250. Það er tólfföldun á fáum árum en á sama tíma hafa framlög til rannsókna við Háskólann minnkað miðað við nemendafjölda. Nú jafngildir það 47 kr. á hvern nemanda meðan það er 1 kr. til kennslu. Þessu verður að breyta.

[11:17]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ágæt svör frá menntmrh. og fagna því að þessi mál séu í einhvers konar farvegi.

Ég vil brýna hana hvað það varðar að formlegu verklagi verði komið á innan menntmrn. við þessa úthlutun. Hefðin er ágæt en hún nægir ekki ein og sér. Hér er um gríðarlega fjármuni að ræða sem við erum að setja í rannsóknir. Eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á eru rannsóknir einn helsti vaxtarsprotinn hér á landi til framtíðar.

Hæstv. menntmrh. kom inn á samkeppnissjóðina og styrkingu þeirra, að háskólarnir muni geta sótt þangað aukið fjármagn til rannsókna. Það er vel og verður spennandi að sjá hvernig það kemur út. En eftir stendur nýleg yfirlýsing frá rektorum sjálfstæðu háskólanna þar sem beinlínis er farið fram á að gerður sé við þá sams konar rannsóknarsamningur og við Háskóla Íslands og að jafnræðis sé gætt við úthlutun á rannsóknarfé. Þeir bera sig þar saman við Háskóla Íslands þannig að einhvers staðar hefur þessum skólum verið gefið undir fótinn með að þetta standi þeim til boða.

Ég tel að þessi skólar eigi inni skýr svör hvað þessi mál varðar vegna þess að við gerum þær kröfur til þeirra að þeir séu með skýra og gagnsæja áætlanagerð. Þá hljótum við að gera sömu kröfur til menntmrn. þegar kemur að þessum málum. Skólarnir verða að vita þetta fyrir fram með góðum tíma, bæði stjórnendur við áætlanagerð og framtíðarnemendur sem þurfa að velja sér háskólanám.

[11:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og áhuga hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur á málinu og brýningu hennar. Ég tel gott að við brýnum hvert annað í þessum mikilvæga málaflokki. Það er alveg rétt að í rannsóknum og vísindum erum við að tala um vaxtarsprota framtíðarinnar. Það er líklegt að í gegnum hann, ekki eingöngu menntunina heldur vísindi og rannsóknir, munum við auka hagvöxt svo um munar fyrir þjóðfélagið þegar fram líða stundir. Ég fagna því að þingmenn sýni svo mikilvægum málaflokki slíkan áhuga.

Ég tel líka jákvætt að sjá þá samkeppni sem við sjáum nú á háskólastiginu, samkeppni sem var ekki sjálfsögð fyrir nokkrum árum. En hún hefur skapast með markvissri pólitískri stefnu um að styrkja beri sjálfstæði háskólanna þannig að fjármagnið flytjist með hverjum nemanda. Það er ekki ríkisvaldsins að ákveða háskólana fyrir námsmennina heldur færist fjármagnið einfaldlega með námsmönnum í þá háskóla sem þeir kjósa að stunda nám við.

Ég lít á viðfangsefni okkar núna og umræðu um rannsóknarfjármagn til sjálfstæðra háskóla sem beinar afleiðingar af þessari miklu samkeppni og um leið fjölbreytni á háskólastiginu. Þetta er um leið viðfangsefni sem við erum að takast á við í ráðuneytinu með því að senda kennslusamninga til sjálfstæðu háskólanna. Þar eru m.a. rannsóknarkaflar. Við erum ekki að gera hið nákvæmlega sama og við Háskóla Íslands, sem er náttúrlega svona undirstaðan í háskólasamfélagi okkar. En við látum þá fá samninga þar sem eru hrein og klár og skýr rannsóknarákvæði. Það er nauðsynlegt að þessir ágætu háskólar styrki sig í þeirri samkeppni sem þeir koma til með að standa frammi fyrir þegar þeir sækja um fjármagn í samkeppnissjóði varðandi rannsóknarfé.

Rannsóknarsamningur við Háskólann í Reykjavík.

Fsp. KJúl, 354. mál. — Þskj. 473.

[11:22]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn tengist að mörgu leyti fyrirspurn minni hér á undan, um rannsóknarfé til háskóla. Hún varðar þau undarlegu vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í þeim efnum. Þannig hefur ekki verið staðið við vilyrði sem gefin hafa verið háskólum um framlög frá fjárveitingavaldinu til rannsókna.

Þann 31. maí árið 2000 undirrituðu þáv. hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, og rektor Háskólans í Reykjavík kennslusamning. Samhliða því var gefin út yfirlýsing um gerð rannsóknarsamnings við skólann. Þessi samningur hefur enn ekki verið gerður. Þessi yfirlýsing, sem gefin var út um mitt ár 2000, um samning sem ekki hefur enn verið gerður tæpum fjórum árum síðar finnst mér kristalla það stefnuleysi sem hefur ríkt í tíð ráðherra sjálfstæðismanna í menntmrn.

Síðast heyrðum við að efla ætti samkeppnissjóðina sem háskólarnir geta sótt í og er það vel. En eftir stendur að vilyrði var gefið og undirrituð yfirlýsing um rannsóknarsamning við Háskólann í Reykjavík. Þar segir í lok yfirlýsingarinnar, með leyfi forseta:

„Á grundvelli þessa munu menntmrh. og rektor HR beita sér fyrir gerð sérstaks samnings um rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni við stofnunina.“

Þetta var undirritað þann 31. maí árið 2000.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég skil hvorki upp né niður í stefnu Sjálfstfl. í þessum efnum. Eru menn að gefa yfirlýsingar út í bláinn, lofa skólum fjármagni en hætta síðan við? Á hvaða ferðalagi erum við?

Við slíkt starfsumhverfi geta skólarnir ekki unað. Þeim þarf að gefa skýr svör í eitt skipti fyrir öll um á hvaða grunni þeir eiga að grundvalla rekstur sinn, ekki gefa vilyrði hingað og þangað sem ekki er staðið við. Við hljótum að kalla á heildstæða og skýra stefnu í þessum efnum og skapa þannig frið milli háskólanna en ekki etja þeim saman og láta þá starfa í þeirri trú að þeir séu í samkeppni um framlög til rannsókna, t.d. við Háskóla Íslands, ef það er ekki ætlun ráðherra að gera rannsóknarsamning við aðra skóla en Háskóla Íslands. Það verður að skapa skýran starfsgrundvöll fyrir háskólana.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja:

1. Hvað líður gerð rannsóknarsamnings við Háskólann í Reykjavík?

Í öðru lagi var spurt, þegar þessi spurning var lögð fram á haustdögum:

2. Hvað telur ráðherra að rannsóknarsamningurinn þurfi að hljóða upp á háa fjárhæð á ári til að Háskólinn í Reykjavík geti sinnt rannsóknarskyldu sinni?

Nærtækara er þó að spyrja nú hvort hæstv. menntmrh. ætli að standa við yfirlýsinguna um rannsóknarsamning við Háskólann í Reykjavík eða ekki. Á hvaða leið er menntmrn. hvað varðar skilgreiningu á rannsóknarháskólum annars vegar og kennsluháskólum hins vegar?

[11:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun svara þeim spurningum sem að mér var beint á sínum tíma og gera það samkvæmt þingsköpum.

Ég vil í upphafi mótmæla því að hér ríki stefnuleysi í málefnum háskólanna, hvort sem um er að ræða kennslu eða rannsóknir. Hér ríkir skýr stefna og má eiginlega segja að við stæðum ekki frammi fyrir, eins og ég gat um áðan við fyrri fyrirspurn hv. þm., þessum jákvæðu viðfangsefnum sem við stöndum frammi fyrir í dag varðandi rannsóknir og kennslu ef háskólastigið og háskólasamfélagið hefði ekki bókstaflega þanist út á síðustu árum. Eru menn á móti því? Auðvitað koma upp ný viðfangsefni á hverjum tíma. En þetta er jákvæð þróun.

Varðandi spurningu hv. þm. um hvað líði gerð rannsóknarsamnings við Háskólann í Reykjavík vil ég geta þess að gert var ráð fyrir að hann fengi 50 millj. kr. til rannsókna árið 2004. Í fjárlögum segir að skólinn eigi að fá 11 millj. kr. en mismunurinn verður greiddur af fjárveitingu á sérstökum safnlið og hefur háskólanum þegar verið tilkynnt um það.

Um þessar mundir er verið að ganga frá kennslusamningum við alla háskóla. Samningar við Háskóla Íslands hafa þegar verið undirritaðir, bæði kennslu- og rannsóknarsamningar. Í framhaldi af því hugar ráðuneytið að undirbúningi samninga við aðra háskóla og í þeim samningum eru sérstök ákvæði um rannsóknir, ég vil undirstrika það ef það hefur farið fram hjá fólki. Háskólinn í Reykjavík hefur þegar fengið slík drög að samningi frá ráðuneytinu.

Í öðru lagi er spurt: „Hvað telur ráðherra að rannsóknarsamningurinn þurfi að hljóða upp á háa fjárhæð á ári til að Háskólinn í Reykjavík geti sinnt rannsóknarskyldu sinni?“

Það er ákvörðun háskólans sjálfs hversu mikla áherslu hann leggur á rannsóknir í starfsemi sinni. Eru þær áherslur væntanlega ákveðnar í samræmi við áherslur á fræðasviði skólans, tegundir rannsóknarstarfsemi, alþjóðlegt samstarf og árangur skólans við að sækja um styrki í innlenda og erlenda samkeppnissjóði.

Háskólinn í Reykjavík er ungur skóli. Það mun taka tíma að byggja upp heildstætt rannsóknarumhverfi í skólanum. Ráðuneytið hefur frá árinu 2000 lagt Háskólanum í Reykjavík til fé til uppbyggingar rannsóknar-, þróunar- og

nýsköpunarverkefna. Þær fjárveitingar hafa farið stighækkandi á síðustu árum. Ég vek athygli hv. þm. á því að þær fjárveitingar hafa farið stighækkandi á undanförnum árum. Jafnframt hefur skólinn heimild til töku skólagjalda og er gert ráð fyrir því að hluti af þeim fari til rannsóknarstarfsemi við skólann.

[11:28]

Mörður Árnason:

Forseti. Enginn efast um góðan hug hins nýja hæstv. menntmrh. í þessum efnum. En ég hygg að ráðherra verði að skoða sig betur um í ráðuneytinu. Ekki hefur enn sést sú skýra stefna sem hún telur að ríki í málefnum háskólanna.

Hv. fyrirspyrjandi spurði, og á ekki að taka því sem einhverjum dónaskap, hvað hæstv. menntmrh. gerði með skiptinguna í rannsóknarháskóla og kennsluháskóla, tvískiptingu sem við eigum kannski ekki orð fyrir í okkar máli en eru á milli universitas annars vegar og aðallega kennsluháskóla á öðru stigi hins vegar.

Menntmrh. sagði að Háskóli Íslands væri, með leyfi forseta, „svona undirstaðan" í háskólastiginu. Hvers konar undirstaða? Og hvaða skyldur fylgja og hvaða réttindi hefur hann í þessum efnum? Það þarf að liggja fyrir stefna þannig að samstarf háskólanna felist í samkeppni en ekki í rifrildi eins og stefnuleysi hæstvirtra menntamálaráðherra hefur leitt til nú um stundir.

[11:29]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. mótmælti því að stefnuleysi ríkti í málaflokknum hvað varðar rannsóknir. Ég vil þá spyrja hana til baka: Er sá óvinafagnaður sem ríkir á milli sjálfstæðu háskólanna annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar, sem birst hefur okkur í fjölmiðlum undanfarið, birtingarmynd skýrrar stefnu í menntmrn. varðandi framlög til rannsókna? Það tel ég ekki vera.

Ég kem ekki upp til að vera með einhver leiðindi vegna þess að mér finnst þetta mikilvægur málaflokkur. Ég vil endilega leggja mitt af mörkum við uppbyggingu og stefnumörkun á þessu sviði. Ég vona sannarlega að nýr hæstv. menntmrh. beri gæfu til að taka á þessum málum í eitt skipti fyrir öll og til að leysa deilurnar á milli háskólanna. Þær eru ekki það sem við þurfum. Ég vonast til að háskólarnir geti starfað í bærilegri sátt við sig og samfélagið og viti við áætlanagerð hvaða fjármagni þeir hafi úr að spila og nemendur viti, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, um hvað þeir sækja þegar sótt er um inngöngu í skólana.

[11:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég lít alls ekki á það sem leiðindi af hálfu hv. þingmanns, heldur miklu fremur áhuga sem kemur fram í spurningum hennar úr þessu púlti. Það er heldur ekki dónaskapur af hálfu hv. þingmanns að koma hérna fram, það eru aðrir í hennar ágæta flokki sem kunna þá list betur að vera með dónaskap.

Varðandi samkeppnina og samstarfsumhverfi háskólasamfélagsins vonast maður til þess að háskólarnir geti unnið vel saman. Við getum samt ekki litið fram hjá því að þeir eru líka í samkeppni og að því leytinu til er þessi mynd sem við sjáum í dag ákveðin birtingarmynd þessarar samkeppni sem menn standa frammi fyrir. Það er ekkert nema gott eitt um það að segja.

Ég vil undirstrika það að núna standa yfir samningaviðræður milli ráðuneytisins og sjálfstæðu háskólanna þar sem við erum að ræða annars vegar um kennslusamning og hins vegar um rannsóknarmálin. Fleira get ég ekki sagt að sinni um þau málefni meðan þeir samningar og þær samningaviðræður standa yfir.

Listasafn Samúels Jónssonar.

Fsp. GÓJ, 471. mál. — Þskj. 680.

[11:32]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 680 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um listasafn Samúels Jónssonar.

Þannig háttaði til að ég var á ferð um Vestfirði í sumar og dvaldi þar í viku, sótti m.a. heim Selárdal í Arnarfirði, sem er nú frekar fáfarinn, og var að koma þar í fyrsta skipti. Þá kom ég að Brautarholti í Selárdal en þar bjó eitt sinn maður að nafni Samúel Jónsson. Hann var fæddur 1884 og lést í hárri elli 1969. Samúel Jónsson var alþýðulistamaður, svokallaður naívisti, og honum var einhvern tíma gefið viðurnefnið „listamaðurinn með barnshjartað". Ef ég man rétt var það Hannibal Valdimarsson sem fann honum það viðurnefni.

Á efri árum sínum réðst Samúel í það að byggja kirkju og hús í Brautarholti og bjó einnig til ýmis listaverk sem þar eru á hlaðinu, aðallega úr steinsteypu. Það er sagt að hann hafi byggt kirkjuna í Brautarholti þegar altaristafla sem hann gerði fyrir kirkjuna í Selárdal var afþökkuð.

Hvað sem því líður eru á hlaðinu í Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði ákaflega sérstæð og merkileg listaverk sem því miður liggja undir skemmdum. Þessi verk eru farin að grotna og verða brátt að engu verði ekkert að gert.

Ég lít svo á að hér sé um merkileg menningarverðmæti að ræða sem væri mikil synd að færu forgörðum. Þess vegna hef ég lagt fram fyrirspurn til menntmrh. til að vekja athygli á málinu hér á hinu háa Alþingi og spyr hvort hæstv. ráðherra hafi áform um að stuðla að varðveislu listaverka Samúels Jónssonar í Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði.

[11:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Þau ágætu og sérstöku listaverk í Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði sem vikið er að í fyrirspurninni tilheyra hvorki formlegri safnastarfsemi samkvæmt safnalögum né þjóðminjavörslu eins og hún er skilgreind í þjóðminjalögunum, nr. 107/2001. Ákvarðanir um varðveislu þeirra og endurgerð hafa því hvorki verið á borði í menntmrn. né hefur verið leitað til ráðuneytisins með óskir um varðveislu umræddra verka.

Engu að síður hefur verið fylgst með málinu undanfarin ár og er okkur í ráðuneytinu vel kunnugt um ástand verkanna og húsanna en við höfum því miður ekki verið í þeirri aðstöðu að grípa til aðgerða.

Jörðin Brautarholt í Selárdal í Arnarfirði er jörð í eigu íslenska ríkisins og fer landbrn. með umsjón hennar og þeirra mannvirkja sem á jörðinni eru. Undir lok síðasta árs greindi landbrn. frá því að það hygðist verja nokkru fé til varðveislu mannvirkjanna og óskaði eftir viðhorfi menntmrn. til málsins.

Í svari menntmrn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneyti lýsir ánægju sinni með fyrirætlanir landbúnaðarráðuneytisins í þessu sambandi og fer þess jafnframt á leit að húsafriðunarnefnd ríkisins verði falin

ráðgjöf og fagleg umsjón með verkinu. Ráðuneytið bendir einnig á nauðsyn þess að haft sé samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna hugsanlegra fornminja í Selárdal."

Landbrn. hefur orðið við óskum menntmrn. um aðkomu húsafriðunarnefndar og Fornleifaverndar að verkefninu og er óhætt að vona að farsællega verði staðið að því. Ég vil í lok svars míns ítreka að ég fagna sérstaklega frumkvæði landbrn. í þessu efni.

[11:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að mínu mati að það er full þörf á að hið opinbera beiti sér fyrir því að varðveita þessi listaverk sem spurt er um varðveislu á. Það hefur verið áhugi á því á Alþingi í gegnum árin að beita sér fyrir fjárveitingum í því skyni sem leiddi til þess að landbrn. tók málið að sér eins og hér var rakið.

Ég vona að málið sé komið í þann farveg að það takist að bjarga þessum listaverkum frá skemmdum og gera bæði þau og húsin þannig úr garði að þau verði aðlaðandi fyrir ferðamenn. Þau lýsa merkilegum þætti í sögu þjóðarinnar, bæði aðbúnaði einstaklinga og staðháttum á sínum tíma. Ég held að það fari ekkert á milli mála að hið opinbera á að hafa frumkvæði til að varðveita þessi listaverk og ég fagna því að það frumkvæði landbrn. sem hér er upplýst að hefur átt sér stað hafi leitt til þess sem þegar er orðið.

[11:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi umræða á sér stað um þessi merkilegu listaverk sem eru á margan hátt alveg einstök. Það fer ekkert á milli mála að mjög mikill vilji er til þess að standa vel að því að varðveita þau. Eins og fram hefur komið af hálfu hæstv. menntmrh. er ríkur skilningur og áhugi á því máli og það er komið á ákveðinn rekspöl.

Hins vegar er ábyrgðin auðvitað ekki síst okkar alþingismanna að tryggja að þessum málum verði lokið með sómasamlegum hætti. Það hefur komið fram að Alþingi hefur verið ákaflega áhugasamt um varðveislu menningarmannvirkja víða úti um land og þarna er auðvitað verk að vinna sem við þurfum að hyggja vel að, þingmenn, þannig að það verði tryggt að nægilegt fjármagn fáist til þessa verkefnis alveg eins og við höfum verið að gera víða um land með mjög góðum árangri. Ég fullyrði að ef ekki væri fyrir frumkvæði Alþingis sjálfs í þessum efnum stæðum við miklu verr að vígi varðandi menningarmannvirki víða úti á landi. Við höfum sjálf mótað fordæmið og við eigum að fylgja því og tryggja að þessum menningarmannvirkjum í Selárdal í Arnarfirði verði bjargað og þeim verði sýndur eðlilegur sómi þannig að fólk geti notið þeirra og haft ánægju af.

[11:39]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Ólafur Jónsson):

Hæstv. forseti. Í svari hæstv. menntmrh. áðan kom fram að málið hefði ekki verið formlega á borði ráðherrans en að ráðuneytinu væri kunnugt um ástand húsa og verka í Brautarholti í Selárdal. Það er í sjálfu sér ágætt og það er gott að vita til þess að hæstv. landbrh. hafi tekið að sér að sjá um þau listaverk sem þarna eru í samráði við húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd. Ég vil samt brýna hæstv. menntmrh. í málinu og hvetja hana til að fylgja því fast eftir frá sinni hlið og leggja þá landbrh. lið í þessu efni. Það er gott að tveir ráðherrar sinni þessu verkefni og það má í sjálfu sér litlu skipta hvort það er hæstv. menntmrh. eða hæstv. landbrh. sem ætlar að sjá um varðveislu þessara listaverka.

[11:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Um listasöfn og safnarekstur hafa verið sett heildarlög, þ.e. safnalögin frá 2001 þar sem kveðið er á um skipulag lista- og minjasafna sem ætlað er að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands.

Til minjasafna teljast menningarsöfn og náttúruminjasöfn. Í lögunum er ekki kveðið á um meðferð einstakra gripa eða minja og eiga þau því ekki við í þessu samhengi. Ekki hafa verið mótaðar heildarreglur um meðferð þeirra listaverka í eigu ríkisins sem ekki eru varðveitt í söfnum, enda eru þau afar fá. Leitað er til Listasafns Íslands um ráðgjöf þegar lagfæra þarf verk eða ráðstafa með einhverjum hætti. Verk Samúels Jónssonar eru ekki skilgreind sem listaverk í hefðbundnum skilningi og er einna helst hægt að skilgreina þau sem listminjar, enda er um að ræða afar sérstök alþýðulistaverk sem erfitt er að draga í dilka. Kannski á heldur ekkert að gera það, að draga þau í dilka.

Skiptar skoðanir eru um hversu langt eigi að ganga í því að endurgera þau eða með hvaða hætti best væri að varðveita þau en áform landbrn. og umsjónarmanns jarðarinnar eru að ganga þannig frá verkunum og húsunum að þau verði ekki veðrum og vindum að bráð, þ.e. forða þeim frá frekari skemmdum, og færa þau til upprunalegs horfs.

Það er rétt sem kom fram áðan að ég mun halda áfram með þetta mál og fylgja því eftir í góðri samvinnu við landbrn. Við erum með sérfræðinga innan okkar ráðuneytis og við munum að sjálfsögðu leggja okkar af mörkum til að þessar merku listminjar verði áfram á meðal vor.

Varðveisla hella í Rangárvallasýslu.

Fsp. BjörgvS, 474. mál. — Þskj. 699.

[11:42]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Ágæti forseti. Ég legg hér fram fyrirspurn til menntmrh. um varðveislu hella í Rangárvallasýslu þar sem ég spyr hvort fyrirætlanir séu um, með leyfi forseta:

a. varðveislu manngerðra hella í Rangárvallasýslu,

b. að stuðla að rannsóknum fornleifafræðinga á hellunum,

c. að stuðla að viðgerð hella sem skemmdust í jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000?

Upphaflega beindi ég þessari fyrirspurn til hæstv. umhvrh. en þingið beindi henni til hæstv. menntmrh. þar sem um manngerða hella er að ræða.

Í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er að finna mikið af manngerðum hellum, enda er svæðið einkar hentugt til hellagerðar þar sem um móbergssvæði er að ræða. Um er að ræða hella sem eru á meðal merkari mannvistarleifa á Íslandi og eru þeir á margan hátt einstakir í sinni röð. Fjöldi þeirra er mikill og hella er að finna á flestum bæjum á ákveðnum svæðum í Rangárvallasýslu. Hellarnir hafa því skipt verulega miklu máli fyrir mannlíf og búskap á þessu svæði í gegnum aldirnar. Yngstu hellarnir eru höggnir út í kringum 1920 en þeir elstu eru taldir vera frá því fyrir landnám norrænna manna á Íslandi, gerðir af írskum munkum,

og voru hellarnir notaðir í þeirra tíð bæði sem skepnuhús, hlöður og heygeymslur. Með breyttum búskaparháttum hættu menn að nota hellana og eru þeir nú í mikilli niðurníðslu. Verði ekki gripið til ráðstafana til að bjarga þeim og þessum merku mannvistarleifum er hætt við að þarna glatist merkileg menningarverðmæti og mikilvægur þáttur í menningartengdri ferðaþjónustu á þessu svæði.

Hellar þessir hafa aldrei verið rannsakaðir fullkomlega né aldursgreindir en flestir skráðir. Er þá skráningu að finna í bókinni „Manngerðir hellar á Íslandi" sem gefin var út fyrir nokkrum árum. Því er mikilvægt að ráðast í rannsóknir og fullkomna skráningu hellanna um leið og endurgerð þeirra eða hluta þeirra færi fram.

Í jarðskjálftunum miklu 17. júní árið 2000 fóru margir hellarnir illa, lögðust saman og lokuðust. Það er vond staða sem þarf að bregðast við. Auk þess að vera merk menningarverðmæti skiptir tilvist þeirra og aðgengi að þeim miklu fjárhagslegu máli fyrir ferðaþjónustuna á þessu svæði og uppbyggingu hennar. Hellar þessir eru meðal sérstöðu Rangárvallasýslunnar, laða að marga ferðamenn og eru stór þáttur í uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu á þessum miklu og merkilegu söguslóðum sem þarna er um að ræða.

Því beini ég áðurnefndri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort fyrirætlanir séu uppi um að varðveita þessa manngerðu hella í Rangárvallasýslu, hvort stuðla eigi að rannsóknum fornleifafræðinga á hellunum og hvort stuðla eigi að viðgerð hellanna sem skemmdust þegar margir féllu saman í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. júní árið 2000.

[11:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr:

„Eru fyrirætlanir um:

a. varðveislu manngerðra hella í Rangárvallasýslu?"

Með breytingu á þjóðminjalögunum í maí 2001 fluttust málefni friðlýstra fornleifa, þeirra á meðal manngerðra hella, frá Þjóðminjasafni Íslands, yfir í Fornleifavernd ríkisins. Meðal forgangsverkefna hjá Fornleifavernd ríkisins er varðveisla manngerðra hella í Rangárvallasýslu. Manngerðu hellarnir eru einstakar minjar og sumir jafnvel taldir vera elstu uppistandandi hús á Íslandi.

Nú stendur fyrir dyrum að vinna að stefnumörkun á sviði fornleifaverndar og meðal þeirra atriða sem taka þarf ákvarðanir um er nýting manngerðu hellana almennt og hvernig varðveislu þeirra verði best háttað.

Það er t.d. brýnt að bæta aðgengi að hellunum og að sett verði upp upplýsingaskilti við þá, ferðafólki til fróðleiks. Nú er unnið að gerð textanna um hellana sem gerðir verða aðgengilegir á veraldarvefnum. Til fróðleiks má nefna að Fornleifavernd ríkisins hefur verið í samvinnu við landbrn. varðandi nýtingu og verndun hella í Þjóðólfshaga.

Varðandi fyrirætlanir um að stuðla að rannsóknum fornleifafræðinga á hellunum, tel ég mikilvægt að manngerðir hellar landsins verði rannsakaðir með fornleifagreftri og yrði það mikill fengur ef unnt yrði að aldursákvarða einhvern þeirra með nokkurri vissu. Hvað varðar rannsóknir fornleifafræðinga á hellunum hafa verið gerðar minni háttar rannsóknir á þeim. Til dæmis gerði Kristján Ahronson, vestur-íslenskur fornleifafræðingur, minni háttar rannsóknir á Seljalands- og Kverkarhelli sumarið 2002. Ýmsir fornleifafræðingar hafa sýnt hellarannsóknum áhuga en fjármagn hefur ekki fengist til slíkra rannsókna enn sem komið er.

Fornleifafræðingar Fornleifaverndar ríkisins rannsökuðu umfang og eðli þeirra minja sem komu í ljós þegar unnið var að viðgerðum á hellunum sl. sumar. Niðurstöður þeirrar úttektar er að finna í skýrslu Fornleifaverndar, „Úttekt á manngerðum hellum á Suðurlandi sumarið 2003".

Vert er að benda á að hellarannsóknir Árna Hjartarsonar jarðfræðings, Guðmundar Guðmundssonar sagnfræðings og Hallgerðar Gísladóttur þjóðháttafræðings og bók þeirra „Manngerðir hellar á Íslandi", sem gefin var út 1991, kemur líka inn á þetta. Er þar að finna langumfangsmestu rannsókn á manngerðum hellum á síðari tímum. Hún fólst þó ekki í fornleifauppgreftri heldur voru hellarnir mældir upp, teiknaðir og ljósmyndaðir ásamt því að fjallað var um sögu þeirra.

Varðandi spurninguna um hvort fyrirætlanir séu um að stuðla að viðgerð hella sem skemmdust í jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000, er rétt að geta þess að í kjölfar þeirra skjálfta sem voru 17. júní og 21. júní höfðu nokkrir landeigendur á Suðurlandi samband við Þjóðminjasafn Íslands sem þá fór með forræði friðlýstra fornleifa og tilkynntu um skemmdir á friðlýstum manngerðum hellum á svæðinu. Í framhaldi af því var ákveðið að gera könnun á ástandi allra manngerðra hella á Suðurlandi, en í þeim landshluta einum eru friðlýstir hellar á 42 jörðum, allt frá einum helli upp í tólf á hverri jörð. Manngerðir hellar eru þó miklu fleiri á svæðinu eða hátt á annað hundrað á 90 jörðum allt frá Ölfusi hinu góða og austur í Mýrdal. Í ljós kom að skemmdir á hellunum voru mismiklar, allt frá smávægilegu hruni til þess að þeir teldust hættulegir mönnum og dýrum.

Í framhaldi af forkönnuninni sótti Þjóðminjasafn Íslands um styrk til forsrn. árið 2001 til að meta skemmdir á hellunum og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þá. Í lok árs 2002 veitti forsrn. Fornleifavernd ríkisins, sem þá var tekin til starfa, 4,5 millj. kr. styrk til verkefnisins. Á vormánuðum 2003 hófu starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins úttekt á ástandi manngerðra hella í samvinnu við Víglund Kristjánsson eiganda fyrirtækisins Torf- og grjóthleðslan á Hellu. Lögð var áhersla á að kanna ástand friðlýstra hella og er lokið við könnun á 27 hellum af 90. Jafnframt var ákveðið að nýta styrkinn til að gera við einn hellanna, Árbæjarhelli í Rangárþingi ytra. Hellirinn er meðal merkustu fornleifa á Íslandi með ristum frá ýmsum tímum á veggjunum. Eigandi hans hafði nýlokið kostnaðarsamri viðgerð á hellinum þegar jarðskjálftarnir dundu yfir. Hellirinn fór langverst í jarðskjálftunum af öllum hellum svæðisins og var eftir hamfarirnar stórhættulegur mönnum og dýrum.

Á fjárlögum 2003 og 2004 fékk Rangárþing ytra framlag til viðgerða á Hellnahelli. Fornleifavernd ríkisins stefnir að því að úttekt á friðlýstum hellum og viðgerðum þeirra verði haldið áfram en tryggja þarf áframhaldandi fjárframlag áður en af því getur orðið. Áætlaður kostnaður vegna viðgerða á þeim friðlýstu hellum sem eftir eru og skemmdust í jarðskjálftunum er talinn nema um 5 millj. kr.

[11:50]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka afar fróðlegt svar frá hæstv. menntmrh. Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið, bæði frá fyrirspyrjanda og ráðherra, að það eru mjög margir merkilegir hellar í Rangárþingi og reyndar víðar á Suðurlandi. Fjárln. hefur lagt fram til verkefnis á viðgerðum á hellum í Rangárþingi ytra tvisvar sinnum á fjárlögum, 3

millj. kr. í hvort skipti, og sl. sumar var mikil viðgerð á Hellnahelli í Landsveit og er hann opinn almenningi. Þar hafa verið haldnir miklir og merkilegir tónleikar og ég vil endilega geta þess að á kristnihátíð var haldin messa í hellinum sem biskupinn yfir Íslandi tók þátt í ásamt prestunum í Rangárþingi. Eins hafa verið haldnir tónleikar í Ægissíðuhellum. Allt skiptir þetta miklu máli fyrir ferðaþjónustuna og alveg nauðsynlegt að halda þessum mannvirkjum við.

[11:51]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Ágæti forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir vandað og ágætt svar og velvilja til þessa merka verkefnis, varðveislu þessara miklu mannvistarleifa, því fullyrða má að óvíða eru svo umfangsmikil verðmæti og sögulegir dýrgripir sem liggja undir skemmdum og eru þó þekktir. Mannvistarleifarnar hafa að geyma mikla sögu síðustu þúsund ára, ef ekki lengra aftur í tímann, og kemur örugglega margt bæði fróðlegt og merkilegt í ljós við ítarlegar fornminjarannsóknir á hellum þessum. Fullyrða má að þetta yrði mikil lyftistöng fyrir menningartengda ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar á svæðinu en hún er talsvert mikil fyrir og vel heppnuð í sambandi við Njáluslóðir og margt fleira því tengt. Þetta væri því mikil búbót fyrir þá sem eru að byggja upp slíkar atvinnugreinar á svæðinu.

Ég vil brýna menntmrh. að lokum að hraða sem kostur er fornminjarannsóknum á hellunum og endurreisa þá hella sem skemmdust í jarðskjálftunum fyrir að verða fjórum árum síðan því að þeir eru fljótir að eyðileggjast alveg að talið er, margir hverjir, ef ekki er gripið til bráðra og umfangsmikilla viðgerða á þeim.

Þjóðarleikvangurinn í Laugardal.

Fsp. MÁ, 493. mál. — Þskj. 765.

[11:53]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Undanfarin ár hafa Knattspyrnusamband Íslands og Reykjavíkurborg átt farsæla samvinnu um að reka og byggja upp þjóðarleikvanginn í Laugardal, þennan völl sem skipar sérstakan sess í hugum allra íþróttamanna og íþróttaáhugamanna. Hann var aðalkeppnisvöllur og er enn í frjálsíþróttum, sem einkum var áberandi framan af ævi þessa vallar, en einkum hefur hann verið vettvangur mestu viðburða í knattspyrnusögunni allt frá vígslunni 1959, reyndar lékum við fyrsta landsleik á vellinum við Norðmenn tveimur árum fyrr, árið 1957.

Síðustu ár hefur verið uppbygging á vellinum. Það kom ný stúka, austurstúkan, og komast nú 7.000 manns í númeruð sæti. Stæðin til beggja enda eru hins vegar orðin úrelt og í niðurníðslu og það hlýtur að vera stefnt að því að lokum að leggja þau af eins og stæði yfir höfuð á slíkum knattspyrnuvöllum, hvað sem tilfinning manna segir þeim.

Knattspyrnusambandið hefur fengið fé að utan frá alþjóðahreyfingu knattspyrnumanna til að byggja upp völlinn og aðstöðu þar. Menn tala um að stækka gömlu stúkuna í næsta áfanga, bæta aðstöðu í byggingunni neðan stúku að vestanverðu og bæta aðkomu gesta á völlinn. Fé sem Knattspyrnusambandið hefur fengið frá alþjóðahreyfingunni er bundið í tíma og háð mótframlagi hér heima. Reykjavíkurborg er tilbúin með þriðjung og nú vantar aðeins þriðjung frá ríkinu, samkvæmt mínum upplýsingum eru þetta 250–300 millj. kr., ekki endilega reiðufé heldur loforð sem væri hægt að semja um.

Ríkið hefur verið rausnarlegt í framlögum til íþróttamála víða um land og við höfum sérstaklega undanfarið tekið eftir fyrirheitum og efndum Tómasar Inga Olrichs fyrrv. menntmrh. í tengslum við Vetraríþróttamiðstöðina á Akureyri, sem er hið besta mál, og reyndar víðar í þeim héruðum fyrir kosningarnar síðustu. Stuðningur ríkisins við íþróttalíf í höfuðborginni hefur hins vegar verið hverfandi, það er eins og það hafi átt að sjá um sig sjálft, en það er þó sérstakt í þessum efnum. Þar er ekki bara tæpur helmingur landsmanna heldur hefur höfuðborgin tekið á sig skyldu fyrir þjóðina alla. Í Laugardalnum eru sannkölluð þjóðarmannvirki og þar er ekki síst sá leikvangur í Laugardal sem þjóðin bindur ýmsar minningar við, bæði góðar og síðri, en er sannarlega sameign allrar þjóðarinnar um leið og hann skipar mikinn sess í hugum Reykvíkinga.

[11:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Mörður Árnason spyr svo:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við stækkun gömlu stúkunnar við þjóðarleikvanginn í Laugardal?“

Í mínum huga er brýnt að hafa verkaskiptingu ríkisins og sveitarfélaga að leiðarljósi þegar ákvörðun um þátttöku ríkisins í verkefnum, sem fyrst og fremst eru skilgreind sem verkefni á vegum sveitarfélaga, er tekin í þessu máli sem og öðrum. Uppbygging íþróttamannvirkja er á ábyrgð sveitarfélaga nema sérstök ákvörðun sé tekin um annað.

Ákvörðun um kostnaðarþátttöku ríkisins í framangreindu íþróttamannvirki mun því hafa fordæmisgildi að því leyti að síðar verður eftir greiðsluþátttöku ríkisins vegna uppbyggingar svonefndra þjóðarleikvanga í öðrum íþróttagreinum.

Reykjavíkurborg hefur þegar óskað eftir þátttöku menntmrn. í uppbyggingu þessa mannvirkis auk sundlaugarinnar í Laugardal. Vitað er að Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, hefur fengið skilyrt loforð frá Alþjóðaknattspyrnusambandinu um allt að 300 millj. kr. framlag til uppbyggingar á keppnisaðstöðu í knattspyrnu. Skilyrði fyrir þessum fjárstuðningi er að framkvæmdir hefjist í síðasta lagi á þessu ári og hefur formaður KSÍ lýst því yfir í fjölmiðlum að framkvæmdir muni hefjast í maí. Því er ljóst að uppbyggingin mun eiga sér stað hvort sem ríkið kemur að henni með fjárstuðningi eður ei.

Þá vil ég geta þess að viðræðunefnd ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem nýlega var skipuð, hefur það verkefni að skila áliti um þátttöku ríkisins í uppbyggingu þjóðarleikvanga. Í umboði nefndarinnar kemur fram að henni er ætlað að kynna sér hugmyndir Reykjavíkurborgar um þjóðarleikvanga og kostnaðarþátttöku ríkisins í uppbyggingu þeirra.

Ég tel mikilvægt að áður en tekin verður afstaða til hugmynda Reykjavíkurborgar þurfi að leggja mat á þörfina á þjóðarleikvöngunum í öðrum íþróttagreinum og mögulegan kostnað ríkisins af þeim. Nefndin hefur ekki lokið störfum og vil ég kynna mér niðurstöður hennar áður en ég tek frekari afstöðu til málsins auk þess sem ég hef í hyggju að ræða við íþróttanefnd ríkisins um hugmyndir um uppbyggingu þjóðarleikvanga á Íslandi og hugsanlegan fjárstuðning ríkisins í slíkum stofnkostnaði.

Ég vil hins vegar rétt í lokin, virðulegi forseti, segja að mér fannst ég skynja það á spurningu og tali hv. þm. Marðar Árnasonar áðan að það er eitt og annað sem við getum sameinast um, m.a. áhuga okkar á íþróttum. Það væri óskandi einhvern tíma í framtíðinni að við gætum skundað saman á völlinn og hvatt áfram Ísland og unnið síðan, hvort sem það væru Frakkar eða Þjóðverjar.

[11:59]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja máls á þessu ágæta máli. Ég var á þingi Knattspyrnusambands Íslands á Selfossi um síðustu helgi, þar sem þetta mál var sérstaklega til umræðu, og var m.a. hvattur til að beita mér í þessu verkefni. Ég vil nota tækifærið og brýna þingheim og hæstv. menntmrh. til að taka höndum saman með Reykjavíkurborg og Knattspyrnusambandi Íslands við að ljúka verkefninu. Það liggur fyrir að samkvæmt áætlun Knattspyrnusambands Íslands er unnt að vinna verkefnið í þremur áföngum og horfur á því að byrjað verði á verkefninu í ár. Ég hvet þingheim til að taka fast á málinu og af fullri einurð með knattspyrnuhreyfingunni í landinu.

[12:00]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég tel að við hæstv. menntmrh. getum átt samleið í íþróttunum, bæði í að styðja okkar sameiginlegu lið og takast á þegar um það er að ræða.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra hafi ekki með öllu neitað að skoða þessa hugmynd og ætli að hlusta á sína menn í viðræðunefndinni sem nú er að störfum. Hins vegar vonaðist ég eftir betri undirtektum. Auðvitað er það þannig að sveitarfélögin byggja upp íþróttamannvirki fyrir sig sjálf. Þau fá reyndar stundum stuðning ríkisins til þegar sérstakar ástæður eru taldar til þess. En í Reykjavík gegnir öðru máli. Þar er verið að byggja upp íþróttamannvirki fyrir alla þjóðina. Uppbygging Laugardalsvallarins er auðvitað kjarnamál í því efni.

Hin beina spurning sem vaknar við þetta er sú: Voru loforð fyrrverandi menntmrh., sem er úr sama flokki og núverandi hæstv. ráðherra, bara kosningatrikk eða lýstu þau raunverulegri stefnu í menntamálum af hálfu þess flokks og þeirrar ríkisstjórnar sem þessir ráðherrar sitja í? Ef ríkið á að leggja fram til Vetraríþróttamiðstöðvarinnar á Akureyri er það gert á þeim forsendum að hún njóti sérstöðu sem, hvað eigum við að segja, þjóðarvetraríþróttamiðstöð. Á sama hátt á Laugardalurinn, sérstaklega Laugardalsvöllurinn, að njóta þeirrar sérstöðu.

Það er ekki ást á íþróttum og áhugi á þeim góðu áhrifum sem þær geta haft á land og þjóð sem er á bak við það að standa á móti samstarfi við Reykjavíkurborg og Knattspyrnusambandið í þessu tilviki, um að byggja myndarlega upp á Laugardalsvelli.

[12:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að það þurfi ekki að brýna mig mikið til að sinna því að framgangur íþróttanna verði sem mestur og bestur. En við þurfum auðvitað að fara eftir ákveðnum leikreglum hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel mikilvægt að áður en tekin verður afstaða til þessara hugmynda Reykjavíkurborgar verði einfaldlega lagt mat á þörfina á þjóðarleikvöngum í öðrum íþróttagreinum og mögulegan kostnað ríkisins af þeim. Þetta kallast á almennu máli ráðdeild í ríkisrekstri eða ráðdeild í rekstri. Þess vegna tel ég rétt að fara þá leið.

Við erum með ákveðnar leikreglur sem við verðum að fara eftir án þess að við viljum draga úr framgangi íþróttarinnar. Ég segi enn og aftur: Það þarf ekki að brýna mig til þessara hluta en ég fer eftir leikreglum.

Viðurkenning starfsnáms á Norðurlöndum.

Fsp. MÁ, 494. mál. — Þskj. 766.

[12:04]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Menntamálaráðherrar Norðurlanda hafa með sér sérstakt samstarf um að gera Norðurlöndin að samfelldu menntasvæði. Gera á sérstakt átak í að koma á gagnkvæmri viðurkenningu starfstengds náms. Að því er stefnt á þessu ári, árinu 2004, að áætlanir liggi fyrir um aðgerðir sem útrými að lokum landamærum milli norrænu ríkjanna í þessu efni. Þetta norræna samstarf er í tengslum við evrópskt samstarf sem grundvallast á Kaupmannahafnaryfirlýsingunni frá 2002, en upphaf hennar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur samstarf á sviði starfsmenntunar í Evrópu verið veigamikill þáttur við mótun evrópsks samfélags framtíðarinnar.

Efnahagsleg og félagsleg þróun í Evrópu á síðastliðnum áratug hefur í auknum mæli undirstrikað hve brýn þörf er fyrir evrópskar áherslur á sviði menntunar og starfsþjálfunar. Umbreytingin í þekkingarhagkerfi með varanlegum hagvexti, með fleiri og betri störfum og meiri félagslegri samheldni, skapar enn fremur ný og mikilvæg verkefni við þróun mannauðs.

Stækkun Evrópusambandsins opnar nýja möguleika, eykur fjölda verkefna og tækifæra, og gerir kröfur um aukið starf á sviði starfsmenntunar."

Því er við þetta að bæta að fyrir nokkrum dögum fór fram allmikil og þörf umræða um stöðu starfsmenntunar á Íslandi. Það var merkilegt við þá umræðu að allir sem í henni tóku þátt, bæði stjórnarandstæðingar og stjórnarsinnar, voru sammála um að staða starfs- og verkmenntunar hér á landi væri afleit. Menn gagnrýndu ekki núverandi menntmrh., heldur fyrrverandi menntmrh., störf menntmrn. og menntamálayfirvalda í þessu efni.

Í þessu sambandi er merkilegt að í helsta afreki menntmrn. og þeirra sem þar vinna í ritsmíðum að undanförnu um menntamál, hinni ítarlegu skýrslu um styttingu náms til stúdentsprófs, er vikið að starfsnámi á aðeins einum stað. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Samhliða styttingu á námstíma til stúdentsprófs þarf að huga að skipan starfsmenntunar í framhaldsskólum."

Þetta er það eina sem stendur í þeirri miklu skýrslu um þetta efni. En fyrir liggur að bæði samtök atvinnurekenda og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa óskað eftir mun fleiri tækifærum fyrir ungt fólk til að mennta sig í iðngreinum og verk- og tæknigreinum. Minna má á nýlega könnun Samtaka iðnaðarins um farveg iðnfyrirtækja fyrir iðnmenntun. Þar kemur í ljós að forustumenn í iðnfyrirtækjum telja að stórfjölga þurfi iðnmenntuðum mönnum í framtíðinni og einnig tæknifræðingum og verkfræðingum.

Þessi spurning tengist miklum erfiðleikum og miklum vanda í samfélagi okkar. Ég vonast til að svarið nái að

nokkru leyti til þeirra lausna sem hæstv. ráðherra hefur hugsað sér í þeim efnum.

[12:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Spurt er:

„Hvernig gengur samstarf norrænu menntamálaráðherranna um Norðurlönd sem samfellt menntasvæði, sérstaklega hvað varðar gagnkvæma viðurkenningu starfstengds náms?"

Samstarf menntamálaráðherranna um Norðurlönd sem samfellt menntasvæði gengur vel. Samstarf Norðurlandanna á þessu sviði hvílir á traustum grunni sem jafnt og þétt er reynt að færa til nútímalegra horfs. Hér á eftir verða nefnd þrjú atriði sem sérstaklega lúta að efni fyrirspurnarinnar og eru nú til úrvinnslu á vegum norrænu menntamálaráðherranna.

Í fyrsta lagi er unnið að því í starfshópum á vegum landanna að kortleggja hvernig staðið er að viðurkenningu starfsmenntunar og starfsréttinda milli Norðurlandanna. Er ætlunin að starfshóparnir athugi hvort sérstakar hindranir séu í vegi þeirra sem vilja fá starfsréttindi viðurkennd í einhverju hinna Norðurlandanna. Mál þetta hefur bein tengsl við þá áherslu sem verið hefur innan Evrópusambandsins á rétt manna til að fá starfsmenntun sína viðurkennda við flutning milli landa. Það má sjá í tilskipunum Evrópusambandsins og svokallaðri Kaupmannahafnaryfirlýsingu, sem hv. þm. gat um áðan, um samstarf á sviði starfsmenntunar frá nóvember 2002. Mál þessi hafa lengi verið í tiltölulega greiðum farvegi á Norðurlöndum. Vinnan núna miðar að því að Norðurlöndin verði áfram til fyrirmyndar þegar kemur að gagnkvæmri viðurkenningu starfsmenntunar.

Niðurstaða úttektar á gagnkvæmri viðurkenningu starfsmenntunar milli Norðurlanda mun lögð fyrir fund menntamálaráðherra landanna seinni hluta mars næstkomandi.

Í öðru lagi er unnið að endurskoðun á samningi um gagnkvæman rétt Norðurlandabúa til að stunda nám á framhaldsskólastigi annars staðar á Norðurlöndunum. Þessi samningur hefur nýst þeim vel sem sótt hafa sér starfsmenntun sem ekki er í boði í heimalandinu. Samningur þessa efnis var upphaflega gerður árið 1993 og var ákveðið að yfirfara hann í ljósi reynslunnar og með hliðsjón af löggjöf Evrópusambandsins.

Sérstaklega hefur verið hugað að því hvort auka megi flæði nemenda á framhaldsskólastigi milli Norðurlandanna á grundvelli samningsins. Ný útgáfa samningsins verður lögð fram til samþykktar á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda á Íslandi í júní næstkomandi.

Í þriðja lagi er unnið að því að uppfæra samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á prófgráðum milli Norðurlandanna sem leysa skal af hólmi eldra samkomulag um sama efni, svokallað Sigtuna-samkomulag frá árinu 1975. Samkomulagið á að hafa að leiðarljósi að norrænir nemendur sem flytjast milli Norðurlanda til náms á háskólastigi skuli fá fyrra nám sitt í heimalandinu metið að fullu til áframhaldandi náms. Fyrsta tillaga að endurskoðuðu samkomulagi er nú til skoðunar í löndunum og er stefnt að því að ganga frá nýrri gerð samkomulagsins á fundi menntamálaráðherra Norðurlandanna í mars næstkomandi.

Ég vil að auki geta þess að í ráðuneytinu erum við að skoða hvernig styrkja megi enn frekar starfs- og tæknitengt nám. Auðvitað hafa verið stigin mörg skref í þá veru sem eru okkur sýnileg, skref sem hafa leitt til þess að tækniám hefur verið styrkt. Við breyttum lögum um Tækniskólann, honum var breytt í Tækniháskóla. Sá skóli er allur að eflast og styrkjast. Það er þáttur í því að reyna að efla tæknináms. Það er líka spurning, eins og hv. þm. gat um áðan, hvernig við getum eflt verkfræðinámið enn frekar og fjölgað verkfræðingum. Það er menntun sem við þurfum líka á að halda.

Ég vil geta þess að þótt menn tali oft á tíðum í neikvæðum tón um starfs- og verkmenntun þá er í heimabæ mínum starfræktur Iðnskólinn í Hafnarfirði. Í kjölfar þess að skólinn fluttist í nýtt húsnæði, sem mikill styr stóð um, var farið af stað í einkaframkvæmd við það húsnæði. Skólinn hefur blómstrað eftir að hann kom í nýtt húsnæði. Það geta þeir sem þar vinna borið vitni um. Núna er það mikil eftirspurn eftir plássi þar að skólinn annar ekki þeirri eftirspurn. Það eru líka jákvæð teikn á lofti.

[12:11]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. hlýlega fyrir þessi svör. Ég held að við eigum að binda vonir við norrænt samstarf á þessu sviði. Við erum klárlega langt á eftir öðrum þjóðum í Norðurálfu í þessum efnum. Samstarf okkar við norræna vini getur verulega hjálpað okkur og hugsanlega nýst okkur beint með nemendaskiptum eða a.m.k. með sókn okkar nemenda í starfsnám þangað, á sama hátt og gerst hefur á háskólastiginu. Sú alþjóðasamvinna í nemendasamskiptum á háskólastigi sem komið hefur upp á síðustu árum hefur átt þátt í að efla háskóla okkar og auka víðsýni okkar í menntamálum.

Ég óttast hins vegar að hæstv. menntmrh. geri sér ekki nægilega vel grein fyrir því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir í starfs- og verkmenntum. Ég hefði gjarnan viljað að hún hefði getað verið viðstödd umræðu þá um þessi mál sem fram fór um daginn. Ég skil vel að hún geti ekki elt uppi einhverjar umræður út og suður, hún hefur miklum störfum að gegna sem ráðherra og við sjáum sem betur fer á hverjum degi í blöðunum að hún er að opna ýmislegt, klippa og annað, væntanlega að hugsa og starfa líka. Í þeirri umræðu voru taldar fram tölur, m.a. unnar af starfsfólki í menntmrn., um hversu aftarlega við erum á merinni í þessum málum og hve miklu máli það skiptir samfélagið og hve erfitt það er fyrir samfélagið, að ekki sé talað um fólkið sem samfélagið er búið til úr. Vandræði í menntamálum, uppgjöf í skólagöngu, brottfall, ónóg tækifæri við hæfi og ónógt tillit til þeirrar fjölgreindar sem við erum öll gædd verður að persónulegum harmleik og ekki aðeins að hagfræðilegri mínustölu.

[12:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað vera viðstödd þá umræðu sem fram fór í þinginu um daginn. En eins og fram kom í orðum hv. þm. Marðar Árnasonar skilur hann það hlutverk sem menntmrh. hefur að gegna. Ráðherra þarf oftar en ekki að vera víðs vegar um bæinn og fara um landið að gegna skyldustörfum sínum. Engu að síður er slæmt að missa af umræðu um jafnskemmtilegt, áhugavert og nauðsynlegt umræðuefni eins og um hvernig hægt er að efla starfs- og verkmenntun.

Ég tel eitt af hlutverkum mínum sem menntmrh. að takast á við þau verkefni að efla þessa þætti. Ég mun gera það og setjast vel yfir það, nýta Norðurlandasamstarfið, nýta það svigrúm og þann grundvöll sem við höfum innan lands og m.a. í því ljósi efla þær deildir sem við höfum innan lands. Þá er ég að tala um Háskóla Íslands. Ég er að tala

um Tækniháskólann og síðan stöndum við frammi fyrir því hvort við eigum að auka samkeppni enn frekar á sviði tækni- og verkfræðimenntunar.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins.

Fsp. MÁ, 496. mál. — Þskj. 768.

[12:15]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Hinn fjölmenni þingheimur tekur væntanlega eftir því að samskipti okkar hæstv. menntmrh. batna með hverri umræðunni sem við tökum og nú er komið að því að ég held að við förum að fallast í faðma því að ég ætlast beinlínis til að hún svari þessu erindi mjög jákvætt. Málið hefur verið tekið upp tvisvar á þinginu núna að minni tilhlutan. Þetta er í þriðja sinn. Ég ætla ekki að þreyta þingheim á að rekja það lengi.

Ríkisútvarpið er B-hluta stofnun. Það lenti eins og aðrar stofnanir ríkisins í að fá á sig lífeyrispakkann 1993–1994. Það er ekki á fjárlögum og getur þess vegna ekki framvísað þeim vanda á ríkissjóð eins og önnur fyrirtæki. Eftirstöðvar þess víxils sem sleginn var vegna lífeyrisskuldbindinganna eru 2,6 milljarðar nokkurn veginn, eða voru síðast þegar þetta var rætt, og árlegar greiðslur eru um 200 millj. kr. Þetta er þungur baggi á Ríkisútvarpinu sem rekið er, eins og við vitum, með halla sem er ákveðinn á Alþingi en þarf að sækja fé sitt annars vegar í afnotagjöldin sem menntmrh. m.a. ræður og hins vegar í auglýsingar og kostun á markaði sem margir kvarta undan og ég tel raunar, þó að það sé annað mál, ekki hollt fyrir Ríkisútvarpið að gera í of miklum mæli.

Hæstv. fjmrh. Geir Haarde vísaði á menntmrh. þegar ég spurðist fyrir um þetta í fjárlagaumræðunni. Menntmrh. svaraði 15. október, fyrir fjórum mánuðum, fyrirspurn um þetta mál og sagði það vera í athugun, eins og reyndar lífeyrismál annarra stofnana, m.a. Sinfóníuhljómsveitarinnar, og sagði í lok máls síns í þeirri umræðu, með leyfi forseta:

„Það er von mín að þessari yfirferð ráðuneytisins verði lokið bráðlega og að þar finnist farsælleg lausn á þessu stóra vandamáli Ríkisútvarpsins sem nauðsynlegt er að taka á eins og tekið hefur verið á lífeyrisskuldbindingum Þjóðleikhússins, og vonir standa til að hægt verði að ljúka farsællega málefnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.“

Nú er einfaldlega spurt fjórum mánuðum síðar: Hvað líður þessum fyrirheitum?

[12:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Mörður Árnason spyr: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að létt verði af Ríkisútvarpinu lífeyrisskuldbindingum sem á það voru lagðar árið 1993.“

Sú ákvörðun sem tekin var árið 1993 að láta B-hluta ríkisstofnanir standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum sjálfar án nokkurra bóta hefur komið sér illa fyrir stofnanir menntmrn. sem hafa lítinn hluta af fjárframlagi sínu sem sértekjur eins og Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands og fyrir RÚV sem ræður ekki sjálft yfir þeirri hækkun afnotagjalda sem það þyrfti á að halda.

Vandi Þjóðleikhússins var leystur með því að setja stofnunina sem A-hluta stofnun og verið er að vinna að samkomulagi rekstraraðila til að leysa vanda Sinfóníuhljómsveitarinnar en eftir stendur vandi Ríkisútvarpsins. Lífeyrisskuldbindingar vegna fyrri ára voru færðar í reikningsskil ríkisfyrirtækja í ríkisreikningi ársins 1995 en þær höfðu áður verið færðar hjá ríkissjóði. Hjá Ríkisútvarpinu voru þannig 1.640 millj. kr. færðar á því ári til skuldar og til lækkunar á eigin fé.

Á miðju árinu 1999 gerði Ríkisútvarpið samning við LSR um að greiða upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar við sjóðinn sem metnar voru þá á 2.493 millj. kr. Ríkisútvarpið gaf út skuldabréf að fjárhæð um 2.251 millj. kr. til 25 ára með 5% vöxtum og verðtryggingu samkvæmt vísitölu neysluverðs en bréfið er með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta út lánstímann. Þetta þekkir hv. þm. Mörður Árnason mjög vel.

Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins var 1. apríl 2001. Ríkisútvarpið hafði áður en skuldabréfið var gefið út farið þess á leit við fjmrn. að ríkið yfirtæki hluta af þessum skuldbindingum með sama hætti og gert var þegar Póst- og símamálastofnun var breytt í hlutafélag, en þeirri málaleitan var hafnað. Ótvírætt er að hækkun lífeyrisskuldbindinga hefur mjög íþyngt rekstri og greiðslustöðu RÚV undanfarin ár. Staða lífeyrisskuldbindingalánsins var 2.604 millj. kr. um síðustu áramót og nemur árleg greiðsla vaxta og afborgana af skuldabréfinu um 205 millj. kr.

Annað sem vert er að nefna er að RÚV er ætlað að standa undir fjórðungi af kostnaði við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eru það um 120 millj. kr. árlega. RÚV mun einnig þurfa að taka á sig sinn hlut í fyrirhuguðu samkomulagi rekstraraðila Sinfóníunnar sem gerir ráð fyrir að gengið verði frá samkomulagi við LSR um uppgjör á uppsöfnuðum lífeyrisskuldbindingum starfsmanna hljómsveitarinnar, sem námu um 1.500 millj. kr. samkvæmt ársreikningi 2002, og að rekstraraðilar greiði 140 millj. kr. skuld hljómsveitarinnar hjá ríkissjóði vegna greiðslu til LSR vegna hækkunar á lífeyri fyrrverandi starfsmanna hljómsveitarinnar. Ljóst er að RÚV mun ekki geta staðið við sinn hluta samkomulagsins nema til þess fáist sérstök aðstoð.

Undanfarin ár hefur RÚV verið rekið með halla og hefur rekstrarvandi Ríkisútvarpsins verið til sérstakrar umfjöllunar í menntmrn. um nokkurt skeið. Kostnaður stofnunarinnar vegna lífeyrisskuldbindinga er aðeins hluti þess fjárhagsvanda sem RÚV á við að stríða. Ljóst er að lífeyrismálið eitt og sér verður vart tekið út fyrir sviga heldur verður að leysa mál RÚV í heild sinni. Ég hef þegar lýst því yfir, strax á mínum fyrstu dögum sem ráðherra, að ég komi til með að beita mér fyrir því að reyna að styrkja og efla RÚV þannig að við komum til með að beina þeirri vinnu m.a. að fjármálum stofnunarinnar og ekki síður að hinu að hægt verði að beina fjármálunum þannig að við sjáum aukningu á innlendri dagskrárgerð.

[12:21]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Eins og ég var fullur væntingar í ræðustól áðan þá er ég nú fullur vonbrigða því að hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir las hér nokkurn veginn sömu ræðu, sennilega samda af sama starfsmanni menntmrn., og Tómas Ingi Olrich menntmrh. fór með 15. október sl. Í málinu hefur sem sé ekkert gerst, það hefur ekkert leyst. Það er engar nýjar upplýsingar að fá í þessu máli og svo er að sjá að ekki standi til að leysa sérstaklega þetta sérstæða vandamál sem Ríkisútvarpið nánast eitt af öllum stofnunum stendur frammi fyrir vegna sérstöðu sinnar, heldur á að halda áfram að hafa það í pakka með öllum öðrum vandamálum Ríkisútvarpsins

sem hafa reyndar margvíslegar ástæður. Ein sú veigamesta er sú íþyngjandi kalda hönd sem Sjálfstfl. heldur yfir þessum fjölmiðli, sem hann notar meira og minna til að bæta sinn hlut í samfélaginu, koma sínu fólki fyrir og reyna að passa upp á að fátt sé sagt og fátt gert án þess að hann viti af og hafi stjórn á. Að kaupa efni af vildarvinum sínum og láta eins og ekki séu til aðrir framleiðendur er mikið vandamál og auðvitað þarf að ráða bót á því og að því eiga auðvitað að koma allir flokkar á þingi og allt samfélagið, allt menningarsamfélagið. En við þurfum ekki núna að sinni, hélt ég, að ræða það heldur var það þetta sérstaka vandamál vegna ráðstafana sem ekki voru nægilega hugsaðar árið 1993 sem hægt væri að leysa þannig að það sé frá. Af hverju á að láta það dankast inni í öllum hinum vandamálunum, inni í fjárhagspakkanum stóra?

Hér var rifjuð upp vinna sem fór fram í fjmrn. og menntmrn. átti hlut að fyrir tveimur árum, hygg ég. Þar var einmitt lagt til að þetta vandamál yrði leyst sérstaklega í tæknefndinni, þriggja manna, sem þá var skipuð og skilaði áliti sem tveir ráðherrar áttu þá að halda áfram með, hæstv. núv. heilbrrh. og páv. menntmrh. sem nú er dómsmrh., og ekkert hefur sést frá þeirri tveggja manna nefnd síðan.

[12:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ítreka svar mitt að ég mun halda áfram að vinna að því að reyna að leysa þessar erfiðu lífeyrisskuldbindingar sem Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir og m.a. að reyna að vísa til þess að ég tel það farsælast fyrir Ríkisútvarpið að við reynum að líta á mál þess heildstætt.

En það fór ekki svo, herra forseti, að hægt væri að fara fram á umræðu hér í þetta langan tíma án þess að fram kæmi eitthvert hnútukast af hálfu hv. þm. Marðar Árnasonar í garð starfsmanna Ríkisútvarpsins. Og ég vil leyfa mér fyrir hönd þeirra og sem yfirmaður þessarar stofnunar og menntmrh. að mótmæla þessum dylgjum, síendurteknu dylgjum í garð starfsmanna Ríkisútvarpsins sem allir eru að vinna gott starf. Það er alveg óþolandi, herra forseti, þegar komið er hingað upp í pontu á hinu háa Alþingi, að enn og aftur er verið að draga fram rógburð og dylgjur í garð þess ágæta starfsfólks sem þar vinnur og reynir að vinna vinnu sína af heiðarleika og einlægni með það að markmiði að standa fyrir öflugri dagskrárgerð og sjálfstæðri fréttaöflun. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Mörður Árnason, sem lengi hefur verið ráðsmaður í útvarpsráði, skuli enn og aftur draga fram þessa allt að því ömurlegu umræðu inn á hið háa Alþingi.

Forseti (Birgir Ármannsson):

Hv. 7. þm. Reykv. s. óskar að bera af sér sakir.

[12:25]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Það er auðvitað hörmulegt að þessi ágæta, sem virtist vera, umræða okkar menntmrh. skyldi enda með hnútukasti af þessu tagi. En ég ætla ekkert að fjalla um það. Ég ætla hins vegar að bera af mér þær sakir hæstv. menntmrh. að ég sé hér að ávíta eða finna að starfsmönnum Ríkisútvarpsins. Ég er auðvitað að tala um yfirvöld þess útvarps, ég er að tala um hæstv. menntmrh. sjálfan og forvera hans, ég er að tala um þá sem í beinu umboði þeirra stjórna Ríkisútvarpinu, meiri hlutann í útvarpsráði og æðstu yfirmenn Ríkisútvarpsins, en auðvitað ekki þá starfsmenn sem eru aðall útvarpsins og dýrmætasta eign þess, hinir reyndu og góðu starfsmenn þar á öllum sviðum. Þetta veit ráðherra vel og er að snúa út úr orðum mínum hér áðan.

Viðbygging við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi.

Fsp. MF, 145. mál. — Þskj. 145.

[12:26]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 145 er fyrirspurn sem ég beindi til hæstv. heilbrrh. og lagði fram á haustdögum um það hvenær megi vænta þess að framkvæmdir við stækkun húsnæðis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hefjist. Í nokkur ár hefur þess verið beðið að farið yrði í þessar framkvæmdir við stækkun húsnæðis við sjúkrahúsið á Selfossi og ekki að ástæðulausu því að þessari nýbyggingu er ætlað að taka við þeirri þjónustu sem nú er í Ljósheimum, langlegudeild fyrir aldraða sjúklinga. Húsnæði og aðbúnaður sjúklinga og starfsfólks á Ljósheimum er algerlega ófullnægjandi og hefur verið það í nokkur ár. Margítrekaðar athugasemdir hafa komið frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og segja sína sögu, nú síðast athugasemdir í 36 liðum, reyndar fleiri ef teknar eru almennar athugasemdir sem eru í 8 liðum í bréfi sem heilbrigðiseftirlitið sendi frá sér í desember og áður hafa verið gerðar athugasemdir 2001, 2002 og í janúar 2003.

Í þeim athugasemdum sem nú eru lagðar fram af hálfu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er verið að ítreka að stærstum hluta allar þær athugasemdir sem komu fram á árunum 2001, 2002 og 2003 vegna þess að ekki hefur fengist fjármagn til að fara í neinar endurbætur. Í svari við fyrirspurn minni 13. mars 2002 þegar ég spurði hæstv. ráðherra að því hvenær ætti að fara í þessar byggingarframkvæmdir sem þá höfðu verið í undirbúningi frá 1999 sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Samningar við hönnuði til að ljúka fullnaðarhönnun standa yfir og mun þeim væntanlega ljúka á allra næstu dögum. Þegar hönnun þessara bygginga er lokið og verkið tilbúið til útboðs verður það boðið út á hefðbundinn hátt og ættu framkvæmdir að geta hafist innan árs eða í ársbyrjun 2003. Áformað er að bjóða út 1. áfanga verksins eftir nk. áramót [þ.e. áramótin 2002/2003] og ákveðið að 1. áfangi verði að steypa upp allt húsið og ganga frá því að fullu að utan og innréttingu 2. hæðar."

Virðulegi forseti. Fyrir síðustu kosningar var okkur þingmönnum, þá Suðurlandskjördæmis, kynnt af þingmönnum Framsfl. að nú yrði farið í þessar framkvæmdir. Fyrsta skóflustungan yrði tekin jafnvel fyrir kosningar, í síðasta lagi í júní eða júlí. Frá þeim tíma höfum við fengið þær upplýsingar að frétta væri að vænta í næstu viku og það hefur verið sagt nokkuð reglubundið allan tímann. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær á að byrja?

[12:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurk. hefur beint til mín fyrirspurn hvenær vænta megi þess að framkvæmdir við fyrirhugaða stækkun húsnæðis Heilbrigðisstofnunar á Selfossi hefjist. Til þess að svara fyrirspurninni vil ég gjarnan rifja upp hvernig undirbúningi verksins hefur verið háttað.

Undirbúningur og hönnun núverandi viðbyggingar hófst fyrir alvöru árið 2000. Þá var búist við að um allstórt hús yrði að ræða, eða u.þ.b. 2.000 fermetrar, og kostnaður gæti orðið

í kringum 360 millj. kr. Á gamlársdag 2001 heimilaði samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að hafist yrði handa um áætlanagerð vegna viðbyggingar við sjúkrahúsið. Þá var gert ráð fyrir að húsið yrði á tveimur hæðum, 1.100 fermetrar hvor um sig, og verkið mundi kosta 600–700 millj. Hinn 22. maí 2002 samdi heilbr.- og trmn. við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um verkefnisstjórn, rýni og ráðgjöf. Fáum dögum áður hafði verið gengið frá samningum við verkfræðihönnuði en arkitekt hafði unnið að verkinu frá árinu 2000. Hönnun, rýni og lokayfirferð útboðsgagna lauk í lok júní 2003. Á hönnunartímanum höfðu fulltrúar Framkvæmdasýslu ríkisins að einhverju leyti fylgst með gangi hönnunar og veittu í lokin ráðgjöf um endanlegan frágang sjálfra útboðsgagnanna. Í endanlegri gerð var stærð hússins um 4.000 fermetrar. Þá var heildarkostnaður 1.054 millj. kr., verktakakostnaður þar af um 800 millj. miðað við verðlag í maí 2003.

Í tillögum heilbr.- og trmrn. um skiptingu fjárlagaliðs 08-381, sem er stofnkostnaðarliður í fjárlögum ársins 2004, var lagt til að 100 millj. kr. færu til þessa verks en liðurinn í heild var þá 311,5 millj. kr. Á fjárlögum áranna 2000 til og með 2003 hafði samtals verið ákveðið að veita 130 millj. kr. til verkefnisins en undirbúningur þess hefur til þessa kostað um 80 millj. kr.

Þann 30. október óskaði fjmrn. eftir umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um áætlanagerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda við verkefnið Heilbrigðisstofnun Suðurlands, viðbygging. Framkvæmdasýslan svarar 7. nóvember og segir að verkið sé tilbúið til útboðs. Reyndar tekur Framkvæmdasýslan dýpra í árinni og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ástæða er að vekja athygli á að innsend gögn eru til fyrirmyndar í þessu verki og augljóst er að fagmannlega hefur verið staðið að hönnunarstjórn og verklagsreglum fjármálaráðuneytisins hefur verið samviskusamlega fylgt."

Hinn 16. desember sl. funduðu fulltrúar fjmrn. og heilbr.- og trmrn. um málið. Í framhaldi af þeim fundi ákvað ég sem heilbrrh. að leita leiða til að stytta verktíma og flýta verklokum á a.m.k. hluta verksins, þ.e. nýbyggð hjúkrunardeild fyrir aldraða sem koma á í stað Ljósheima á Selfossi, sem er eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda sá þáttur verksins sem er mest áríðandi án þess að ég sé að gera lítið úr öðrum þáttum.

Málið er nú í höndum samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir en það hefur ekki enn verið til lykta leitt þar en ég vonast til að fá niðurstöðu í þetta mál hið fyrsta. Ég legg áherslu á að hafist verði handa við þetta verk og að unnt verði að taka húsnæði hjúkrunardeildar í notkun ekki seinna en á árinu 2006. Málið er eins og áður hefur verið forgangsmál hjá okkur í nýjum framkvæmdum. Það er vegna þess, eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda, að gerðar hafa verið ýmsar athugasemdir við húsnæði Ljósheima og ef við komum ekki þessum framkvæmdum af stað væri nauðsynlegt að fara þar í endurbætur. En það hefur staðið til um langa hríð að fara í þetta verk eins og fram hefur komið, eða frá árinu 2000, og það er eins og áður segir forgangsmál hjá okkur að finna leiðir til að koma því inn í okkar fjárlagaramma á næstu árum.

[12:34]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Það er óhætt að segja að við þingmenn í Suðurk. höfum miklar áhyggjur af þessu máli. Við stöndum frammi fyrir því að Ljósheimar eru á undanþágu sem er komin nánast að dagsektum og það væri mjög slæmt ef farið yrði í kostnaðarsamar lagfæringar á því húsnæði því að það húsnæði hentar engan veginn fyrir hjúkrun. Og það er afar mikilvægt að öldrunardeildin fái forgang í þeirri nýframkvæmd sem á að fara fram og ég brýni hæstv. heilbrrh. áfram í þessu mikilvæga máli, að farið verði að framkvæma fyrir þó það fjármagn sem er ætlað í þetta, sem er um 150 millj., og farið verði að vinna að þessu máli af krafti og helst að ráðherra fari að taka fyrstu skóflustunguna.

[12:35]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Þetta er málefni sem er okkur Sunnlendingum hjartkært og mikilvægt. Þessi stækkun Sjúkrahúss Suðurlands hefur lengi verið á dagskrá. Málefnið er mjög brýnt. Þetta er langbrýnasta mál varðandi heilsugæslu og opinberar framkvæmdir á Suðurlandi, alveg ljóst að þetta er langmikilvægasta opinbera framkvæmdin.

Allir sem til þekkja vita hvernig ástandið er á Ljósheimum. Það er hús sem er á mörgum undanþágum eins og hér hefur komið fram og ekki til neinnar frambúðar. Þess vegna hvet ég hæstv. heilbrrh. og legg áherslu á að við getum unnið að þessu máli sameiginlega, þingmannahópurinn í heild í Suðurk.

[12:37]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ekki held ég að svör hæstv. ráðherra við þeirri fyrirspurn sem hér var lögð fram komi til með að minnka áhyggjur heimamanna frá því sem var. Mér finnst standa upp úr í svari hæstv. ráðherra að í raun sé þetta ákaflega stutt komið og mun styttra en maður hélt. Málið væri tilbúið til útboðs, en hvað þýðir það? Hvað á að bjóða út ef það eru núna einungis um 150 millj. kr. til framkvæmda?

Ef verktíma væri flýtt til ársins 2006 er það talsvert annað en heimamönnum hefur verið lofað og ég held að það hljóti að vera að fólk á Selfossi fari að velta fyrir sér hvað sé að marka af því sem sagt hefur verið í þessu máli og hvers sé að vænta, vegna þess að aftur og aftur er verið að koma með svör og aftur og aftur er verið að koma með einhver loforð en svo virðist það vera svikið jafnóðum. Ég held að það hljóti að þurfa að fara að koma endanleg niðurstaða í málið.

[12:38]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil bætast í hóp brýningarfólks úr Suðurk. og tek undir það sem hér hefur verið sagt. Málið þolir ekki frekari bið. Ljósheimar eru á undanþágu. Það er ekki inni í myndinni að fara í neinar endurbætur á því húsi enda er það ekki hannað til þeirrar þjónustu sem þar fer fram núna.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því sem hæstv. heilbrrh. sagði, að málið er efst í forgangsröð hjá heilbrrn. og við hljótum því að leggjast á árar með hæstv. heilbrrh. og beina því til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, þar hvílir málið. Og þegar heimild kemur þaðan, sem ég trúi ekki öðru en verði á næstu dögum, þá muni málið fara á þann skrið sem því ber og ætti að vera löngu komið á.

[12:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er hreyft er þess eðlis að það eru allir sammála um þá nauðsyn að ráðast í þær framkvæmdir sem áformaðar eru. Álitaefnið í málinu er ekki

það hvort ráðast eigi í það heldur hitt hvort menn hafi fé til framkvæmda. Það er stóra spurningin. Menn þurfa að leysa úr því pólitíska verkefni að afla fjár til þessara framkvæmda. Það þarf ekkert að brýna hæstv. heilbrrh. í þessu máli. Hann hefur fullan hug á því að hrinda því í framkvæmd sem fyrst en hann fer auðvitað ekki lengra en fjármagnið dugar til. Ég skora því á hv. þingmenn kjördæmisins að leggja heilbrrh. lið í því að leysa úr þessu pólitíska álitaefni.

[12:40]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur ekkert vantað upp á það að þingmenn áður Suðurlandskjördæmis, nú Suðurk., hafi staðið þétt við hliðina á núv. hæstv. heilbrrh. eða fyrrv. hæstv. heilbrrh. Það vantaði ekki. Það er algerlega útilokað að enn og aftur — þessi fyrirspurn er búin að liggja hér síðan á haustdögum, það átti að svara henni innan hálfs mánaðar, að mig minnir, samkvæmt þingsköpum, — það er algerlega útilokað fyrir okkur að taka því hér einu sinni enn úr ræðustól frá hæstv. ráðherra, sem ég veit að vill málinu vel, að svörin séu ekki til. Því var lofað hér og heitið af hans hálfu fyrir tveimur árum að það yrði farið í þessar framkvæmdir strax um áramótin 2002/2003. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson veit jafn vel og ég að tillögur um hvernig útdeila skuli því fjármagni sem til heilbrrn. kemur koma að stærstum hluta þaðan. Og þetta er forgangsverkefni því að peningarnir eru litlir til þess að leysa þau verkefni sem blasa við heilbrrn., en þegar við erum með eldra fólk, stóran hóp á mælikvarða þessa svæðis, í húsnæði sem búið er að dæma nánast ónýtt ár eftir ár eftir ár, þá er engin afsökun og það er okkur til háborinnar minnkunar að hafa ekki tekið á þessu fyrr.

Það er hægt að fara yfir 36 atriða lista síðan í desember og veittur var frestur til 1. febrúar til að koma með framkvæmdaáætlun um hvernig bæta ætti úr. Nú hefur framkvæmdastjóri sjúkrahússins fengið mánaðarfrest í viðbót vegna þess að við blasir 90 millj. kr. niðurskurður hjá þeirri stofnun og ekki króna til til að fara í neins konar endurbætur. Það verður að fara að taka á þessu máli og það verður að gera það nú þegar

[12:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég held að það séu engar deilur í þessu máli og ég endurtek að unnið hefur verið að því á liðnum árum og það hve mikið forgangsmál það er í heilbrrn. sést einfaldlega á því að $^1/_3$ af öllu framkvæmdafé ráðuneytisins á árinu, sem er 311 millj. kr., á að fara í þetta verk, þ.e. 311 millj. kr. ef Landspítalinn og FSA eru frádregin. Það er það sem ráðuneytið hefur til framkvæmda í öllum heilbrigðisstofnunum landsins. 100 millj. eiga að fara í þetta verk. Og ég fékk framgengt á síðasta ári breytingartillögu við fjárlögin um 60 millj. kr. til að leggja í undirbúning á þessu verki. En á því stendur að við höfum verið að fara yfir áætlanir okkar til næstu ára og reyna að koma þeim saman þannig að við sjáum fyrir endann á verkinu. Það væri auðvelt að stinga skóflustungu og láta svo skófluna standa í sverðinum einhvern tíma. En við þurfum að sjá fyrir endann á þessu. Við þurfum að sjá fyrir endann á því að hægt sé að byggja Ljósheima vegna þess að þar kreppir skórinn vissulega að. Ég þekki það og þarf ekki að brýna mig neitt í því. Það er þetta sem stendur á. Við þurfum að sjá fyrir endann á verkinu. Það stendur ekkert á mér að vinna í þessu máli. Ég held að ég hafi átt fleiri samtöl um það en nokkurt annað framkvæmdamál á síðustu vikum.

Heilsugæslan á Þingeyri.

Fsp. SigurjÞ, 399. mál. — Þskj. 535.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. er fullkunnugt um að mikil óánægja ríkir á Þingeyri með þá litlu þjónustu sem veitt er á heilsugæslunni þar. En ráðherra var send ályktun frá fundi á Þingeyri um málið sem hljóðaði eitthvað á þessa leið, með leyfi forseta:

„Opinn fundur með íbúum Þingeyrar skorar á heilbrigðisráðherra að ráða bót á því ófremdarástandi sem nú ríkir á Þingeyri í heilsugæslumálum með því að ráða í fyrirliggjandi stöður læknis og hjúkrunarfræðings. Sú þjónusta sem nú er veitt er að læknir hefur móttöku í heilsugæslunni á fimmtudögum í þrjár klukkustundir í senn, sem er algerlega óviðunandi.“

Þess ber að geta að í kjölfar ályktunar íbúanna á Þingeyri var læknisþjónustan aukin um heilar þrjár klukkustundir og það ber að þakka hæstv. heilbrrh. að hafa aukið þjónustuna um heilar þrjár klukkustundir. En betur má ef duga skal og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Dýrfirðingar fái betri heilbrigðisþjónustu, t.d. með því að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur til starfa á heilsugæslustöðinni á Þingeyri?

Húsnæði heilsugæslunnar er glæsilegt og það er í raun furðulegt að ekki sé ráðið fagfólk til starfa þar. Þess ber að geta að gert er ráð fyrir stöðum læknis og hjúkrunarfræðings en einhverra hluta vegna virðist ekki vera ráðið í stöðurnar og við verðum að fá skýringar á því hvers vegna það er ekki gert.

Því miður er ástandið á Þingeyri ekki einsdæmi. Það eru t.d. 4–5 stöður heimilislækna á Ísafirði en einungis eru starfandi þar þrír heimilislæknar. Ég hef ekki séð þessar stöður auglýstar í neinum blöðum og á Sjúkrahúsinu á Ísafirði eru tvær stöður en þar er einungis ein staða mönnuð. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér vantar einnig lækna á Hólmavík og Patreksfjörð.

Herra forseti. Er um einhverja stefnumörkun að ræða hjá Framsfl. að ráða ekki í lausar stöður á minni stöðum á landsbyggðinni? Við þurfum að fá svör við því.

[12:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson beindi til mín fyrirspurn um starf hjúkrunarfræðings á Þingeyri en kaus hérna í ræðustól að útfæra fyrirspurnina almennt um ráðningar við stofnanir vítt og breitt. Það vill svo til að það er allt í lagi fyrir mig að svara því þó að reyndar sé ekki venjan að bæta við fyrirspurnum eftir hendinni í ræðustól.

Áður en ég svara fyrstu spurningunni hlýt ég að taka það fram að á Þingeyri, eins og annars staðar á landinu, er eins og kostur er reynt að tryggja íbúunum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Þetta er gert með skipulagi heilbrigðisþjónustunnar sem er á hverjum stað reynt að hafa eins og best þjónar hagsmunum heildarinnar og íbúum á viðkomandi svæði.

Heilsugæslustöðin á Þingeyri við Dýrafjörð heyrir undir Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar en miðað er við að hjúkrunarfræðingur og læknir hafi þar aðsetur. Frá árinu

1998 hefur hjúkrunarfræðingur hins vegar ekki haft fasta búsetu á Þingeyri. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar hefur ítrekað verið auglýst eftir hjúkrunarfræðingi og leitað hefur verið aðstoðar ráðningarþjónustu við að fá hjúkrunarfræðing til starfa. Því miður hefur þetta ekki borið árangur og enginn hjúkrunarfræðingur sótt um starfið enn sem komið er þrátt fyrir að starfsaðstaða sé öll hin besta í nýlegu húsnæði heilsugæslustöðvarinnar.

Hv. þm. spyr hvort ráðherra muni beita sér fyrir betri heilbrigðisþjónustu til handa Dýrfirðingum, t.d. með því að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur þangað. Sem kunnugt er annast framkvæmdastjórar heilbrigðisstofnana allar mannaráðningar og svo er einnig í þessu tilviki. Það hefur ítrekað verið leitað eftir hjúkrunarfræðingi til Þingeyrar en það er heldur ekki svo að Dýrfirðingar séu án hjúkrunarfræðings því að hjúkrunarfræðingur frá Flateyri hefur sinnt þeim þann tíma sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki verið á staðnum, þar með talið skólaheilsugæslu, mæðravernd, ungbarnaeftirliti og lyfjatiltekt á hjúkrunardeild.

Eins og fram kom er starfsaðstaða við heilsugæslustöðina á Þingeyri góð í nýlegu húsnæði og stöðin ágætlega tækjum búin. Þar er einnig læknisbústaður og íbúð fyrir hjúkrunarfræðing og þar er því öll aðstaða fyrir hendi en vandinn er að fá fólk til starfa. Ég bind vonir við að auknir möguleikar fólks til að sækja sér menntun án þess að flytja úr heimabyggð sinni geti haft áhrif til þess að efla byggðir landsins, m.a. með því að tryggja þeim menntað fólk til starfa.

Þess má geta að haustið 1998 hófst kennsla í hjúkrunarfræði á Ísafirði frá Háskólanum á Akureyri með notkun myndfundabúnaðar. Tíu nemendur, búsettir á Ísafirði, luku námi í hjúkrunarfræði vorið 2002, og þeim á eflaust eftir að fjölga í hópi heimamanna sem afla sér þessarar menntunar og kjósa að starfa í heimabyggð sinni.

Undanfarin ár hefur læknir setið á Þingeyri eins og ráð er fyrir gert. Síðastliðið sumar fór heilsugæslulæknirinn þar hins vegar í námsleyfi gagngert til að ná sér í sérfræðiréttindi í heimilislækningum. Í fjarveru hans er læknisþjónustunni sinnt frá Ísafirði og Flateyri og heimsækir læknir Þingeyri að jafnaði tvisvar í viku.

Varðandi stefnuna almennt í læknaráðningum hefur einstöku stöðum á landinu, þar sem hefur vantað heimilislækna, verið þjónað frá læknum hér syðra og þeir hafa skipst á að þjóna. Nefna má Hólmavík af því að hana bar á góma. Læknirinn á Patreksfirði er nýlega búinn að ráða sig annars staðar og það kann að vera að við þurfum að leysa mál þeirra á þann hátt meðan verið er að leita að mönnum þar til fastra starfa. Það er rétt að fleiri stöður eru lausar en setnar, og við leitumst ætíð við að fylla þær. Hins vegar hefur verið skortur á heimilislæknum. Það lítur betur út í því en hefur verið varðandi framtíðina, það hefur verið miklu meiri ásókn í námsstöður í heimilislækningum heldur en var. Það gefur gott merki um framtíðina í þessum efnum. Launakjör heimilislækna eru mjög góð, vil ég fullyrða, þannig að það ættu að vera allir möguleikar til þess á næstu árum að manna öll læknishéruð landsins. Hins vegar koma því miður upp vandamál, staðbundin vandamál. Þau leitumst við við að leysa með samvinnu við heilsugæsluna hér syðra og það kann að vera að við þurfum að gera það á Patreksfirði, tímabundið vonandi.

[12:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur gert hér grein fyrir stöðu mála og því að ráðuneytið ásamt Heilbrigðisstofnuninni í Ísafjarðarbæ leggur sig fram um að leysa úr þessu máli, þeim vanda sem skapast vegna þess að læknirinn er í námsleyfi. Um tímabundið ástand er því að ræða hvað það varðar, og hitt að erfiðlega hefur gengið að fá fastráðinn hjúkrunarfræðing á staðnum eins og hugur manna stendur til og á að vera.

Þetta auðvitað vekur athygli á því ástandi sem almennt er uppi í þjóðfélaginu. Það er verulegur skortur á hjúkrunarfræðingum hér á landi og reyndar nokkur skortur á læknum líka. Því eiga heilbrigðis- og menntamálayfirvöld að kappkosta að fá sem flesta til náms í þessum greinum, sérstaklega hjúkrunarfræði, til að mæta þeim skorti sem er fyrir hendi á þessu sviði. Úrlausn á þessu máli liggur að stærstum hluta til í atbeina menntamálayfirvalda hvað það varðar.

[12:54]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef ekki séð að ítrekað hafi verið auglýst og reynt að ráða í þessar stöður, því miður. Sérstakur vefur er rekinn á vegum ríkisins, Starfatorg, og þar er ekki að finna auglýsingar um þessar stöður þó að þetta séu störf sem væri mjög brýnt að ráða í. Ég held að hæstv. heilbrrh. ætti að vera mér sammála um það.

Þess vegna skora ég á hæstv. heilbrrh. að setja inn á þennan vef auglýsingar um að þessar stöður séu lausar. Mér finnst það vera sjálfsagt mál svo að við stefnum í þá átt að heilsugæsla verði rekin í dreifbýli jafnt sem í borginni.

[12:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ítreka það sem kom fram í svari mínu að ráðningar eru í verkahring forstöðumanna stofnana, ráðuneytið hefur aðeins almenn afskipti þar af. En ég hef engar athugasemdir við það — það hefur, eins og fram kom, verið leitað til ráðningarþjónustu í þessu tilfelli og það eru almenn (Gripið fram í.) fyrirmæli frá okkur til forstöðumanna stofnana að leita að þeim starfskröftum sem þá vantar með þeim meðulum sem þeir telja að séu áhrifaríkust. Það kann vel að vera að hjúkrunarfræðingar muni koma inn eftir auglýsingu og væri vafalaust rétt að reyna það. Hins vegar er það ekki svo — við höfum skoðað það í ráðuneytinu — að ekki hafi verið leitað eftir starfskröftum í þessu tilviki.

Rafræn sjúkraskrá.

Fsp. RG, 486. mál. — Þskj. 758.

[12:56]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. heilbrrh. er um hvað líði uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár, hvernig slík sjúkraskrá muni nýtast og hvort unnt verði að safna upplýsingum um greiðslur sjúklinga fyrir læknisverk þannig að afsláttarkerfi almannatrygginga verði virkt um leið og sjúklingur nær tilsettum greiðslumörkum.

Á málþingi læknadaga fyrir u.þ.b. ári var lögð áhersla á það að rafrænn gagnagrunnur með upplýsingum um lyfjanotkun sjúklinga og sjúkrasögu væri helsta forsenda þess að unnt væri að draga úr misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja. Þetta

kom fram undir umræðu um svokallað læknadóp og hvernig mætti sporna gegn útgáfu slíkra lyfseðla.

Síðastliðið sumar voru svo kynntir þrír samningar heilbrrn. um íslenska heilbrigðisnetið. Því er ætlað að tengja saman aðila í heilbrigðisþjónustu og jafnframt var samið við landlæknisembættið um að safna með rafrænum hætti upplýsingum um vistun frá sjúkrahúsunum í landinu, heilsugæslu og læknastofum um sjúklinga, sjúkdómsgreiningar, biðtíma, meðferð o.fl. Í einu rafrænu kerfi yrðu m.a. allar sjúkraskrár sjúklinga skráðar rafrænt og verða aðgengilegar á öllum sjúkrahúsum landsins.

Í haust var svo sagt frá prófun hugbúnaðar um rafrænar sjúkraskrár og þá sagt að miðað við reynslu Þjóðverja gæti lyfjakostnaður árlega lækkað um 375 millj. kr. og þar tel ég að hafi fyrst og fremst verið átt við Landspítalann sem er með, ef ég man rétt, um 2,5 milljarða í útgjöld vegna þessa. Ef ég man rétt eru heildarútgjöld vegna lyfja 5–6 milljarðar.

Landlæknir hefur síðan upplýst mikilvægi slíkra skráa til að telja saman og meta árangur tiltekinna aðgerða sem gerðar eru á læknastofum. Þetta kom m.a. fram í umfjöllun hans um mikinn fjölda speglana á hnjám með holsjá, en það er önnur umræða sem við hæstv. heilbrrh. tökum síðar.

Þá vaknar auðvitað spurningin hér um það hvað líði slíkri skrá, hvernig hún nýtist og hvort sjái fyrir endann á þessu mikla máli, að afsláttarkerfið verði virkt þannig að hægt sé að senda viðkomandi sjúklingi afsláttarkort. Það hefur komið fram að fjöldi fólks sækir ekki kortin, veit sennilega ekki af því að það á rétt á þeim við tilteknar aðstæður. Þetta væri gífurlegt hagræði fyrir sjúklinga.

Það eru mörg hagsmunamál hér, miklir peningar í því að þetta gerist og því ber ég þessar spurningar fram.

[12:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér. Þetta er mjög viðamikið og stórt mál sem hér er flotað inn í fyrirspurnatíma:

„Hvað líður gerð rafrænnar sjúkraskrár og hvernig mun hún nýtast?“

Þróun rafrænnar sjúkraskrár fyrir heilsugæslu, sjúkrahús og aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar á sér langa sögu hér landi. Eins og við vitum má rekja upphafið til svonefnds Egilsstaðakerfis sem var sjúkraskrárkerfi fyrir heilsugæsluna en það var fyrst tekið í notkun á árinu 1976. Egilsstaðakerfið var um tíma í notkun á flestum heilsugæslustöðvum utan höfuðborgarsvæðisins. Á níunda áratug síðustu aldar voru a.m.k. tvö önnur kerfi sem fengu nokkra útbreiðslu hérlendis.

Frá árinu 1992 hefur sjúkraskrárkerfið Saga náð mestri útbreiðslu á Íslandi og er nú í notkun á flestum heilsugæslustöðvum landsins. Nýlega hafa tvö stærstu sjúkrahús landsins, Landspítalinn – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, gert samning um að taka í notkun Sögukerfið á þeim stofnunum. Geta má þess að sjúkraþjálfarar hafa byggt upp sjúkraskrár- og samskiptakerfi sem heitir Atlas og nær það yfir allt sjúklingabókhald þeirra.

Á næstu tveimur til þremur árum má gera ráð fyrir að stigin verði mikilvæg skref í því að koma rafrænni sjúkraskrá í notkun á öllum heilbrigðisstofnunum landsins. Þeim kerfum er ætlað að halda utan um sjúkragögn einstaklings sem verða til vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun. Sérhvert sjúkraskrárkerfi verður að geta haldið utan um grunnupplýsingar um sjúkling, ástæður komu hans á sjúkrastofnun, skoðun, meðferðir, árangur og afdrif hans. Kerfið þarf auk þess að geyma upplýsingar um öll formleg samskipti milli heilbrigðisstarfsmanna um sjúklinginn, þ.e. bréf, beiðnir og svör. Sjúkraskrárkerfið er sjálfstætt kerfi sem þarf að geta skipst á upplýsingum við önnur tölvukerfi innan og utan stofnunar.

Á árinu 2001 var tekin saman á vegum heilbr.- og trmrn. kröfulýsing fyrir sjúkraskrárkerfi. Eru þar tilgreindar þær kröfur sem öll sjúkraskrárkerfi verða að uppfylla. Meginmarkmið kröfulýsingarinnar er að samræma skráningu upplýsinga, skilgreina lágmarksskráningu, samræma form helstu upplýsinga sem fara á milli stofnana og kerfa innan heilbrigðiskerfisins og skilgreina lágmarksöryggiskröfur.

Rafræn samskipti milli heilbrigðisstofnana auka möguleika á virkari boðskiptum innan heilbrigðiskerfisins. Í dag eru meira en eitt hundrað eyðublöð í notkun í heilbrigðisþjónustunni. Rafrænt sjúkraskrárkerfi skapar möguleika til að hafa betri stjórn á þessu aukna upplýsingaflæði jafnframt því sem að sjálfsögðu verður dregið úr tví- eða margskráningu sömu atriða um sjúklinga sem er vandamál innan kerfisins.

Með framþróun í tölvu- og fjarskiptatækni eru að opnast nýir möguleikar hvað varðar rafrænar sjúkraskrár. Í nágrannalöndum okkar hefur verið rætt um að koma upp miðlægum sjúkraskrám eða heilsufarsskrám fyrir alla íbúa á viðkomandi svæði eða jafnvel fyrir löndin í heild í þeim tilgangi að bæta þjónustu við skjólstæðinga heilbrigðisþjónustunnar. Það er hins vegar ljóst að hér er um afar kostnaðarsamt og flókið verkefni að ræða sem krefst ítarlegrar skoðunar áður en ákvörðun verður tekin í þeim efnum.

Annar þáttur fyrirspurnarinnar er þessi, með leyfi forseta:

„Er unnt með skráningu að safna upplýsingum um greiðslur sjúklinga fyrir læknisverk þannig að afsláttarkerfi almannatrygginga verði virkt um leið og sjúklingur nær tilsettum greiðslumörkum?“

Tæknilega er ekkert sem ætti að geta hindrað að þessum upplýsingum yrði haldið saman og þær nýttar til hagsbóta fyrir sjúklinga að uppfylltum kröfum um persónuvernd. Þess háttar kerfi krefst hins vegar þess að settur verði upp viðamikill gagnagrunnur hjá Tryggingastofnun ríkisins með beinum aðgangi allra heilbrigðisstofnana í landinu. Hugmyndir um slíkan gagnagrunn hafa vissulega verið ræddar en á þessari stundu liggur ekki fyrir ákvörðun um framkvæmd. Það þarf að fara fram umræða um hlutverk og gagnsemi slíks kerfis í tengslum við þann kostnað sem er af því að koma því upp. Það er þó alveg ljóst, eins og fyrirspyrjandi nefndi, að það vekur athygli hve fáir sækja afsláttarkortin sín og það væri auðvitað mikil nauðsyn á að fólk væri betur upplýst um rétt sinn í þessum efnum.

[13:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta upp því að töluverð umræða hefur verið um rafræna sjúkraskráningu og hvað hún gæti þýtt fyrir heilbrigðiskerfið í heild sinni. Við höfum heilmikið rætt það að ná þurfi utan um kostnað í heilbrigðisþjónustunni. Ég held að ef rafrænni sjúkraskráningu verði komið á, ekki bara á öllum stofnunum innan heilbrigðiskerfisins heldur einnig hjá sjálfstætt starfandi læknum, þá skipti það höfuðmáli í því að ná utan um kostnað í heilbrigðiskerfinu hvort heldur á lyfjasviðinu eða á lækningasviði. Upplýsingar sem við höfum t.d. frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi segja okkur að hægt væri að draga verulega úr

kostnaði Landspítala – háskólasjúkrahúss ef rafræn sjúkraskráning væri þar komin á.

Ég fagna hins vegar áhuga hæstv. ráðherra og yfirlýsingunni sem mér heyrðist hann gefa okkur hér um að þessu yrði komið á innan tveggja til þriggja ára.

[13:06]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki jafnbjartsýn og Margrét Frímannsdóttir kollegi minn yfir svari hæstv. heilbrrh. því sjúkraskrárkerfið Saga hefur þegar verið tekið upp á tveimur sjúkrahúsum og á næstu árum á að koma upp kerfi á heilsugæslu- og heilbrigðisstofnunum. Síðan þarf að meta hvernig hægt er að tengja sjúkrahúskerfið, sem er sjálfstætt kerfi, hinum kerfunum. Það á eftir að skilgreina öryggiskröfur og hvað megi fara á milli stofnana. Síðan þarf mjög stóran gagnagrunn til að útbúa afsláttarkortin. Mér sýnist því að við séum að horfa mörg ár til framtíðar.

Lítandi til þess hvað er að gerast í nágrannlöndunum þá spyr ég bara: Hvað er að hjá okkur? Við erum upplýst þjóð. Við erum ofsalega tæknivædd þjóð og við erum ríkari en flest lönd. Af hverju höfum við ekki getað gert þetta jafnhratt og nágrannalöndin?

Í nágrannalöndunum er þetta komið á fulla ferð líkt og skráning og fjarlækningar sem ég ræði við hæstv. ráðherra á eftir. Þar er verið að tala um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá. Þar er verið að tala um það hvernig sjúklingar geti skoðað upplýsingar um sig og skráningu um sig. Það er kannski enn önnur umræða sem ég kom ekkert inn á hér, sem er náttúrlega sú siðferðisspurning sem vaknar um hvað eigi að fara inn í opna skráningu sem allar heilsugæslustöðvar og öll sjúkrahús hafa aðgang að.

En þar sem þetta er enn ekki komið lengra en að sjúkrahúsin séu komin tvö inn á eitt kerfi, að eftir sé að skoða heilsugæslustöðvarnar og að eftir sé að skoða hvernig hægt er að tengja þetta þá sé ég að við erum svo langt á eftir t.d. Noregi og Svíþjóð að ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með svarið, hæstv. forseti.

[13:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi lýsti yfir vonbrigðum með svarið og málaði ástandið dökkum litum. Hún sagði að við værum langt á eftir nágrannalöndunum. Það er reyndar ekki rétt. Hins vegar hef ég ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu máli því það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að nágrannalöndin eru að taka á þessum málum sínum og það er full ástæða fyrir okkur að halda vöku okkar.

Varðandi svo Sögukerfið þá er það í notkun á flestum heilsugæslustöðvum og þar af leiðandi á flestum heilbrigðisstofnunum landsins. Tvö stóru sjúkrahúsin eru að taka það í notkun. Aftur viðurkenni ég að þörf er á miðlægri skráningu hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ákvörðun um það hefur ekki verið tekin.

Hins vegar er svo rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að ég hef enga von um að þessu máli verði öllu saman lokið á tveimur eða þremur árum enda sagði ég að það væru stigin mikilvæg skref á tveimur til þremur árum. Ég tók nú ekki dýpra í árinni en það. Eigi að síður tel ég þetta mál afar mikilvægt og tel að full þörf sé á að við höldum vöku okkar í þessu efni. Það er rétt að þessi mál voru einmitt til sérstakrar meðferðar á fundi heilbrigðisráðherra Norðurlanda í Karlskrona í sumar. Þar var farið yfir stöðuna og það er alveg ljóst að m.a. Danir, Svíar og Norðmenn eru með metnaðarfull áform í þessari skráningu.

Svo er aftur annað mál að við þurfum að gæta að persónuverndinni. Ég kem að því kannski síðar.

Stafræn gögn í heilbrigðiskerfinu.

Fsp. MÁ, 495. mál. — Þskj. 767.

[13:10]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það sem ég spyr hér um tengist því sem spurt var um í síðasta máli, nefnilega rafrænni skráningu í heilbrigðiskerfinu. Í raun hefði þetta kannski átt að vera ein fyrirspurn. En upp á tímann getum við fagnað því að þær séu tvær.

Þegar hingað koma erlendir menn sem kunnugir eru heilbrigðismálum þá halda þeir þegar þeir stíga hér inn meðal þjóðarinnar að hér sé kominn á miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði og spyrja gestgjafa sína og þá sem þeir kynnast um það vegna þess að það sem þeir vita um Ísland er gjarnan einmitt það að þar sé miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði á vegum Íslenskrar erfðagreiningar með sérstökum samningi við íslensk stjórnvöld. Þeir verða hlessa þegar þeim er sagt frá því að hann sé nú ekki kominn á þessi miðlægi gagnagrunnur á heilbrigðissviði. Og þegar spurt er hvernig honum líði og hvort verið sé að undirbúa hann þá verða menn að tína það fram að lítið sem ekkert hafi heyrst í heilbrigðisyfirvöldum eða ríkisstjórn Íslands um þetta mál í mörg missiri eftir að ríkisstjórnin keyrði það í gegnum þingið gegn vilja mikils hluta þjóðarinnar sem óttaðist þann gjörning vegna öryggismála og persónuverndar.

Ekki er nema von að hæstv. heilbrrh. verði þess vegna að svara því hvernig líði og hvenær ljúki undirbúningi þessa miðlæga gagnagrunns á heilbrigðissviði, sérstaklega vegna þess að fyrirtækið sem talið var ekki komast af án hans, hið góða hátæknifyrirtæki Íslensk erfðagreining, virðist vegna bara, jú takk, alveg ágætlega án þess að gagnagrunnurinn komist upp og fyrirtækið virðist ekki hafa neinn áhuga á því að gagnagrunnurinn verði til.

Þá er spurning hvernig líði samningum stjórnvalda við þetta fyrirtæki eða hvort þetta mál sé búið og hvort ekki sé þá rétt að hreinsa það bara út úr kerfinu, ágæti forseti, vegna þess að líkur benda til að einmitt þessi samningur og öll sú vitleysa sem stjórnvöld hér stóðu í gegn málsmetandi fólki og miklum hluta þjóðarinnar og stórum hluta þingheims, hefur orðið til þess — líkur benda til þess — að tefja einmitt þróun rafrænnar skráningar í heilbrigðiskerfinu sem er, eins og ræðumenn hafa tekið hér fram, ákaflega mikilvægt mál.

Ég ætla að vitna í Samúel J. Samúelsson, yfirlækni á Heilsugæslunni í Mjódd, í síðasta Læknablaði. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það hefur orðið töf á því að hún [þ.e. þróunin] kæmist af stað og ástæðan er eflaust tilkoma hugmyndarinnar um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði ... Það náðist ekki samstaða um hann innan læknahópsins og nú virðist hann vera dottinn upp fyrir svo fjármagnið sem átti að koma úr einkageiranum til að tölvuvæða og framleiða hugbúnað fyrir heilbrigðiskerfið kemur ekki þaðan. Ríkið verður því að blása í glæðurnar og koma þessu í gang aftur.“

Ég spyr, ágæti forseti: Hvert er svar hæstv. heilbrrh. við þessari fullyrðingu úr heilbrigðiskerfinu?

[13:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Spurningarnar sem hv. þm. Mörður Árnason beindi til mín voru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Hvenær lýkur undirbúningi miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði?

2. Hversu alvarlegum töfum hefur drátturinn við undirbúning gagnagrunnsins valdið við að stofna til rafrænnar skráningar gagna í heilbrigðiskerfinu?“

Í fyrsta lagi var rekstrarleyfi til starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði gefið út í janúar árið 2000. Í rekstrarleyfinu voru settir mjög ítarlegir skilmálar um gerð og starfrækslu gagnagrunnsins, þar á meðal ákvæði þess efnis að rekstrarleyfishafa beri að uppfylla kröfur tölvunefndar, nú Persónuverndar, á hverjum tíma við gerð og starfrækslu gagnagrunnsins í samræmi við skilmála sem koma fram í viðauka við rekstrarleyfið um tækni-, öryggis- og skipulagsskilmála tölvunefndar vegna gagnagrunns á heilbrigðissviði, sbr. lög þar um nr. 139/1998. Samkvæmt lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði er það skilyrði fyrir að unnt sé að hefja flutning gagna í gagnagrunn á heilbrigðissviði að samið hafi verið við viðkomandi heilbrigðisstofnun um að tækni-, öryggis- og skipulagslýsing uppfylli kröfur Persónuverndar. Að fengnu rekstrarleyfi hóf rekstrarleyfishafi vinnu við hönnun gagnagrunnsins og hafa orðið allnokkrar breytingar á henni frá því sem gert var ráð fyrir í viðauka við rekstrarleyfið. Persónuvernd vann síðan að úttekt kerfisins, m.a. með aðstoð erlendra sérfræðinga á sviði persónuverndar. Haustið 2002 kom upp ágreiningur milli Íslenskrar erfðagreiningar og Persónuverndar vegna breytinga á hönnun gagnagrunnsins og úttektar Persónuverndar á þeim. Persónuvernd telur að þar skorti gögn frá Íslenskri erfðagreiningu til þess að unnt sé að ljúka úttektinni en Íslensk erfðagreining sakar Persónuvernd um ástæðulausar tafir og ómálefnalega meðferð málsins.

Endanleg úttekt Persónuverndar liggur því enn ekki fyrir. Þess vegna er á þessu stigi erfitt að segja til um hvenær undirbúningi gagnagrunnsins muni ljúka.

Eins og fram kemur í lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði skulu upplýsingar um gagnagrunninn unnar þannig að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar fyrir samræmt upplýsingakerfi. Það var því gert ráð fyrir að við vinnslu gagnanna yrði jafnframt til samræmt, rafrænt upplýsingakerfi fyrir heilbrigðisstofnanir. Það má því gera ráð fyrir að þetta hafi valdið einhverjum töfum á þeirri vinnu sem annars hefði væntanlega verið unnin við undirbúning rafræns upplýsingakerfis. Hins vegar er erfitt að segja hve sú vinna hefði verið mikil eða hversu langt hún væri komin, enda hefði hraði verksins byggst á þeim fjármunum sem veittir hefðu verið til verksins á þessu tímabili.

Varðandi stöðu þessara mála núna hef ég svarað hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og vil ekki endurtaka það. Ég tel, eins og ég segi, að við megum ekki bíða miklu lengur. Við verðum á næstu tveimur til þremur árum að taka mikilvæg skref til þess að samkeyra rafrænar sjúkraskrár og rafrænt kerfi í öllum heilbrigðisstofnunum landsins.

[13:17]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin vegna þess að ég tel að þau hafi verið mikilvæg. Hann hefur viðurkennt að samningurinn og þetta erfiða mál, sem var rakið í ágætu yfirliti um sögu hins miðlæga gagnagrunns á heilbrigðissviði í fjögur ár, hafi valdið einhverjum töfum og ekki hægt að áætla hvað þær eru miklar og tekur því undir með Samúel J. Samúelssyni heilsugæslulækni um það. Enn þá mikilvægari er sú yfirlýsing hans að ekki sé hægt að bíða miklu lengur eftir lokum málsins því auðvitað er rökrétt að þróunin á rafrænum sjúkraskrám, sem fer fram á annarri braut en fyrirhugað var með hinum miðlæga gagnagrunni á heilbrigðissviði, endi í miðlægum, rafrænum gagnagrunni sjúkraskráa yfir allt landið með þeim öryggiskröfum og með því viðmóti gagnvart persónuvernd og tilfinningum fólks sem við eiga hverju sinni.

Ég tel þetta ákaflega mikilvægt og skora á hæstv. heilbrrh. að koma samningum um hinn miðlæga gagnagrunn á heilbrigðissviði frá, því á þeim virðist ekki vera nokkur áhugi hjá þeim aðilum sem að honum stóðu á sínum tíma og heldur ekki hæstv. núverandi heilbrrh., svo hægt sé að hefjast handa um þetta mikilvæga verkefni sem hér var rakið í síðustu umræðu, að koma upp rafrænum sjúkraskrám og samtengja þær svo í eitt kerfi í heilbrigðisstofnunum landsins.

[13:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við svar mitt að bæta. Ég ítreka að ég tel þetta mjög áríðandi mál í heilbrigðiskerfinu að taka á í samtengingu rafrænna kerfa. Ég vonast til þess að það verði af gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði. Ég studdi málið á sínum tíma ásamt meiri hluta þingmanna. Það hefur orðið á því dráttur en ég vonast til þess að menn nái niðurstöðu í þeim efnum. Ég get hins vegar ekki sagt um það á þessu stigi hverjar lyktir þess verða. Það er nauðsynlegt fyrir okkur, hverjar sem lyktir þess verða, að fara af stað í verkinu eins og við höfum reyndar verið að vinna að og gera áætlanir um framhaldið. Það er það brýna verk sem við þurfum að hafa forustu um að vinna í heilbrigðisráðuneytinu.

Fjarlækningar.

Fsp. RG, 487. mál. — Þskj. 759.

[13:21]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Síðari fsp. mín til hæstv. heilbrrh. tengist líka öflugri netvæðingu. Hún er um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi fjarlækningar, telemedisin, um hvort tilraunir hafi verið gerðar með fjarlækningar, hvenær og hvernig þeim verður fylgt eftir, hvernig hann telji að fjarlækningar muni gagnast dreifðum byggðum og hvernig þær verði fjármagnaðar.

Virðulegi forseti. Í síðasta hefti Politik i Norden er sagt frá Önnu Svensson frá Sollefteå í Svíþjóð sem ekki hafði aðgang að röntgenlækni í heimabyggð og langur biðtími eftir úrvinnslu röntgenmynda. Sjúkrahúsið í Sollefteå hóf samstarf við fjarlækningastofu í Barcelona á Spáni og þar rannsökuðu spænskir röntgenlæknar myndirnar og sendu svarið með hraða netsins til Sollefteå og Anna Svensson fékk rétta læknismeðferð. Áttatíu sjúkrahús eru tengd þessu lokaða sænska neti, auk heilsugæslustöðva og lyfjaverslana.

Ég átti þess kost í fyrra að heimsækja Telemedisinsk Institutt í Tromsö í Noregi, en fjarlækningar hafa í auknum

mæli rutt sér til rúms á norðurslóð og hafa gífurleg áhrif á búsetu í fjarlægum byggðum. Þetta hefur verið skoðað m.a. í norðurskautsnefndinni, en þar er ég áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Norðurlandaráðs, og þykir eitt af stóru málunum fyrir búsetu á norðurslóð. Það er afskaplega merkilegt að kynnast því hversu mörgum ólíkum læknisskoðunum og nauðsynlegri sérhæfðri meðferð eða eftirliti er í raun hægt að sinna á þennan hátt. Í Noregi er búið að tengja 434 stofnanir innan hjúkrunar-, umönnunar- og heilbrigðisgeira í eina netvæðingu og miklar vonir eru bundnar við gerbreytta og aukna þjónustu við sjúklinga.

Á Norðurlöndum eru þessi mál í mikilli og örri framþróun, m.a. er verið að vinna að lagabreytingu í flestum Norðurlandanna þannig að hægt sé að vinna þessi læknisverk yfir landamæri sem er gífurlega mikils virði. Það er alveg ljóst að fjarlækningar opna áður óþekkta möguleika í þjónustu við dreifðar byggðir og hlýtur að vera komið að því að við nýtum þetta á Íslandi. Ekki síst þess vegna varð ég vonsvikin að heyra hve langt er í land með rafræna sjúkraskráningu sem verður vissulega gífurlega ríkur þáttur í þjónustu við dreifðar byggðir landsins.

[13:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín fsp. um hver sé stefna ríkisstjórnarinnar á sviði fjarlækninga í fyrsta lagi.

Meginmarkmiðið með fjarlækningum er að auka aðgengi heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga að sérhæfðri þjónustu, þar á meðal ráðgjöf sérfræðinga á sjúkrahúsi til heilsugæslulækknis. Fjarlækningar eru ekki ný grein lækninga innan heilbrigðisþjónustu eða læknisfræði heldur aðferð til að koma slíkri ráðgjöf á með hjálp upplýsingatækni. Með fjarlækningum er þannig hægt að auka aðgengi fólks að sérfræðiþjónustu án tillits til búsetu, tryggja betur heilbrigðislegt öryggi og minnka óþægindi vegna ferðalaga.

Í riti heilbr.- og trmrn. frá árinu 1997, um stefnumótun í upplýsingamálum heilbrigðiskerfisins, var mörkuð stefna í fjarlækningum. Þar voru sett fram eftirfarandi markmið:

Fjarlækningar verði notaðar til að bæta aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu. Fjarlækningar verði notaðar við sérfræðiráðgjöf til og frá erlendum heilbrigðisstofnunum.

Upplýsingar á framfæri fjarskiptatækni bjóða nú upp á enn meiri möguleika en áður hafa þekkst. Ekki aðeins á sviði almennrar tölvutækni, heldur einnig hvað varðar aukna möguleika á sendingu röntgenmynda, lifandi mynda og hagnýtingu fjarlækninga.

Á síðustu árum hafa fjarlækningar í auknum mæli tengst uppbyggingu heilbrigðisnets fyrir heilbrigðiskerfið. Heilbrigðisnetinu er ætlað að vera farvegur rafrænna samskipta milli aðila innan heilbrigðisþjónustunnar, jafnframt því sem fjarskiptatækni verður hagnýtt á mörgum sviðum í samskiptum fólks við heilbrigðiskerfið.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnetið verði komið í fullan rekstur í árslok 2006.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er lögð áhersla á að skipuleg uppbygging fjarlækninga eða fjarheilbrigðisþjónustu sé áhrifarík leið til að tryggja að landsbyggðin njóti og hafi sem auðveldastan aðgang að sams konar heilbrigðisþjónustu og höfuðborgarsvæðið á næstu áratugum. Enn fremur tengjast fjarlækningar mörgum helstu markmiðum heilbrigðisáætlunar til 2010.

Síðan segir: „Hvaða tilraunir hafa verið gerðar með fjarlækningar og hver hefur árangurinn orðið?"

Á sviði fjarlækninga hafa verið unnin fjölmörg tilraunaverkefni hér á landi. Sérstaklega í tengslum við uppbyggingu heilbrigðisnets á Íslandi. Hér eru nokkur dæmi um verkefni sem standa núna yfir eða hafa verið framkvæmd á undanförnum árum:

Fjargreining röntgenmynda og sendingar röntgenmynda. Tilraunaverkefni röntgendeildar Landspítalans og fleiri sjúkrahúsa sem hófst 1991.

Sending á sónarmynd, mæðraskoðun og ómskoðun. Það er tilraunaverkefni Landspítala, FSA og Heilbrigðisstofnunar Seyðisfjarðar.

Geðlæknisþjónusta. Tilraun á sviði geðlækningaþjónustu sem geðdeild Landspítala og Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar stóðu að á árinu 1999–2000.

Fjarkennsla og fræðslustarfsemi. Kennsla frá erlendum háskólum, m.a. frá Bandaríkjunum til Landspítala. Fræðslufundir á sjúkrahúsum, m.a. FSA til annarra heilbrigðisstofnana.

Bráðaþjónusta á Norður-Atlantshafi fyrir sjófarendur. Tvö verkefni eru á þessu sviði styrkt af Evrópusambandinu og NORA. Sérstök áhersla hefur verið lögð á það að bæta heilbrigðisþjónustu við sjófarendur. Samstarfsaðilar eru Færeyjar og Noregur. Verkefnið hófst í árslok 1999 og því lýkur í ár.

Vefjafræði. Tilraunaverkefni vegna rannsókna í vefjafræði.

Fjarmeinafræði er í gangi á Landspítala og felst það í því að senda sjúkdómstilvik til greiningar erlendis.

Fjarlækningar og bráðarannsóknir. Verkefnið felst í því að gera prófanir á nokkrum þjónustuþáttum með það að markmiði að styrkja tengsl heilbrigðisstarfsfólks á norðausturhorni landsins og auka samstarf milli stofnana.

Fjarlækningar og aðgengi að sérfræðiráðgjöf innan heilbrigðiskerfisins. Um er að ræða þróunarverkefni Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana í því skyni að skila leiðarvísum og uppbyggingu fjarlækningaþjónustu. Verkefnið hófst 2003 og er styrkt af Rannís.

Árangur af þeim tilraunum sem gerðar hafa verið með fjarlækningar er almennt góður. Frekari þróun fjarlækninga hér á landi mun í framtíðinni verða þáttur í uppbyggingu á rekstri heilbrigðisnets.

„3. Hvernig gætu fjarlækningar gagnast í dreifbýli og hvernig yrðu þær fjármagnaðar?"

Fjarlækningar gætu gagnast vel víða í dreifbýlinu og á landsbyggðinni auk þess sem þeim fylgir væntanlega mikið aukið öryggi fyrir sjúklinga og minni útgjöld vegna ferðalaga. Uppbygging fjarlækninga krefst hins vegar ákveðinnar fjárfestingar í tækjum og búnaði. Rekstur fjarlækningaþjónustu mundi síðan verða á grunni gjaldskrár sem samið yrði um sérstaklega um ýmsar tegundir þjónustu á þessu sviði. Til lengri tíma litið mætti jafnvel vænta þess að fjarlækningar gætu dregið úr þjóðfélagslegum kostnaði vegna heilsufarsvandamála.

Í nágrannalöndum, m.a. í Noregi, hefur verið komið á gjaldfærslu fyrir notkun fjarlækninga en slíkt form hefur ekki verið þróað hér á landi. Fjarlækningar gætu líka komið sjómönnum á hafi úti að góðum notum.

[13:29]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt að í fyrirspurnatímanum í dag hefur farið fram umræða um heilbrigðismál á víðum grunni. Eitt af því sem er mjög spennandi að taka hér til umræðu eru einmitt fjarlækningarnar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur lagt fram fsp. um vegna þess að ég held að þær séu undirstaða þess að við búum við það öryggisnet í heilbrigðisþjónustunni sem við viljum gjarnan búa við. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það verði ekki hægt að taka fjarlækningarnar í notkun þannig að þær skili sér fyllilega fyrr en búið er að endurskipuleggja heilbrigðiskerfið, þ.e. þjónustusvæðin á landinu, sameina stofnanir og styrkja þær.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að þau verkefni sem hafa verið í gangi eru mjög merkileg og heilbrigðisþjónustan t.d. við sjófarendur á mikið undir því að okkur takist að skipuleggja fjarlækningar og taka þær inn í okkar kerfi í náinni framtíð.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. þessi svör og ég tek undir með hv. þm. Samf., Margréti Frímannsdóttur, um það sem hún drap hér á að þetta er gífurlega þýðingarmikið. Og það gleður mig að það eru komin tilraunaverkefni í gang af því tagi sem ráðherrann greindi frá, t.d. varðandi sónarskoðanir og röntgenskoðanir. Sjálf kynntist ég dæmi um augnlækniseftirlit, bæði gagnvart fólki sem er með alvarlega sjúkdóma og þarf að láta fylgjast með og greina sjónina reglulega, að áður þurfti þetta fólk að fara langar leiðir til þess að það gæti fengið þetta eftirlit, en nú sest manneskjan bara niður lengst norður í Noregi og horfir í eitthvert tæki og í Suður-Noregi er greint úr því sem tækið skilar af sér.

Við verðum auðvitað að muna það, virðulegi forseti, að læknismeðferð er í heild sinni teymisvinna og ef það vantar lið í teymið verður vandi sjúklingsins áfram óleystur. Og þá vaknar spurningin um hvort flytja þurfi sjúklinginn þangað þar sem teymið er óslitið eða hvort gera þurfi eitthvað annað. Með fjarlækningum opnast nýr möguleiki að bjóða sérþekkingu sem ekki er til staðar á heimaslóð með allt öðrum og nýjum hætti og skapar það öryggi sem hér var nefnt.

Og ég held að eitt af því brýnasta og eitt af því sem líka verði að tala um í sambandi við samstarf okkar með átta þjóðum á norðurskautssvæðinu sé einmitt þessi tæknivæðing, IT-tæknivæðingin. Hún er talin grundvöllur að áframhaldandi búsetu á norðurslóð af því að bæði er hægt að fara með fjarkennsluna inn í þetta net og læknisþjónustuna inn í netið og gera allt aðra hluti en nokkurn tímann hafa verið gerðir fyrr.

[13:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki mikið við þá umræðu að bæta sem farið hefur fram. Ég vil samt undirstrika mikilvægi þess að við höldum vöku okkar í þessum málum hérlendis. Það er rétt að í ýmsum löndum þar sem þannig hagar til er þessi þróun fjarlækninga á flugaferð. Ég hef átt kost á því að kynnast og hlusta á fyrirlestra um þau mál í Kanada, í því risastóra landi þar sem menn af eðlilegum ástæðum eru með mikil þróunarverkefni í þessum efnum og eru langt komnir. Ég tel því einboðið við okkar aðstæður að við höldum vöku okkar í þessu efni. Og öll hin fjölmörgu þróunarverkefni sem í gangi eru lofa góðu.

Af því að hv. þm. kom inn á afrek frænda vorra á Norðurlöndum í þessum efnum og tiltók eina ágæta konu sem hafði verið læknuð, datt mér í hug að best væri að enda umræðuna með þessu:

Framþróunina finnum þar
í fjarlækningum eiga metið.
Anna Svensson öflug var
er hún var læknuð gegnum netið.

[Fundarhlé. — 13:36]

[13:46]

Útbýting þingskjals:

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, 568. mál, þáltill. JóhS, þskj. 858.

Aðgengismál fatlaðra.

Fsp. MF, 264. mál. — Þskj. 297.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1996 var gerð rannsókn á vegum Evrópusambandsins um möguleika fatlaðra til að ferðast. Þar kemur fram að fjöldi þeirra fötluðu einstaklinga sem ferðast er aðeins um 18% af þeim sem vildu ferðast ef aðstæður væru fyrir hendi. Þær hindranir sem nefndar eru í niðurstöðum rannsóknarinnar eru m.a. slæmt aðgengi, skortur á nægjanlega góðum upplýsingum, óöryggi viðkomandi, ófullnægjandi þjálfun starfsfólks, leiðsögumanna o.fl.

Það má reikna með því að niðurstöður yrðu svipaðar hér ef sams konar könnun væri gerð. Aðeins lítill hluti þeirra fötluðu einstaklinga sem gjarnan vildu ferðast getur notið þess hér á landi.

Í úttekt starfshóps félmrn. sem unnin var 1999 á möguleikum fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa kom fram að hér á landi er víða pottur brotinn og langt frá því að fatlaðir og ófatlaðir búi við jafna möguleika á þessu sviði. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til félmrh., og hæstv. félmrh. sendi síðan niðurstöður starfshópsins til viðkomandi ráðuneyta til úrlausna eftir því sem þáv. félmrh. sagði í svari sínu við fyrirspurn minni um það hvernig niðurstöðum skýrslunnar yrði fylgt eftir.

Síðan þá virðist lítið hafa gerst hjá hinum ýmsu ráðuneytum og samkvæmt skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er talið að um 10% af heildarfjölda þjóða búi við fötlun af einhverju tagi. Þarna er því um mjög stóran hóp að ræða sem ekki nær að njóta þeirra möguleika sem boðið er upp á, t.d. í ferðageiranum, ásamt þeim fjölda sem fylgir fötluðum, bæði fjölskylda og einnig einstaklingar sem fara með til fylgdar og aðstoðar.

Ein af þeim ábendingum sem sendar voru frá félmrn. til samgrn. árið 1999, og átti að mati þáv. félmrh. að leysa þar, var tilmæli til þess ráðuneytis um að það beitti sér fyrir því að gerð yrði ítarleg úttekt á hótelum og gististöðum í landinu með tilliti til aðgengis og þjónustu fyrir fatlaða.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hefur verið farið að þessum tilmælum? Ef ekki, hver er ástæða þess?

[13:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þá fyrirspurn sem hér er til umræðu. Þingmaðurinn spyr, með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra farið að tillögum starfshóps um menningar- og tómstundastarf fatlaðra frá 1999 og beitt sér fyrir því að gerð verði ítarleg úttekt á hótelum og gististöðum með tilliti til aðgengis og þjónustu við fatlaða? Ef svo er, hvað kom út úr þeirri vinnu?"

Árið 1999 hóf Ferðamálaráð flokkun gististaða á Íslandi. Gerð er úttekt á fjölmörgum þáttum hvað varðar búnað og þjónustu viðkomandi gististaða. Til tals komst þá að hluti af þessari úttekt sneri að aðgengi fatlaðra.

Með vísan til ákvæðis byggingarreglugerðar eru þar kvaðir að á hótelum skuli vera aðgengi fyrir fatlaða og ákvæði um fjölda herbergja fyrir hreyfihamlaða á gististöðum. Því var ekki talin þörf á að setja slík atriði inn í úttekt hvað varðaði gæðaflokkun gististaða enda ætti eftirlit með þessum þætti að vera tryggt á annan hátt.

Eins og fram kemur í svari við fyrirspurn á þskj. 298 hófst í framhaldi af þessari umræðu úttekt Sjálfsbjargar á aðgengi fatlaðra almennt að ferðamannastöðum, þar með töldum hótelum og gististöðum. Þetta var gert með fjárhagslegum stuðningi hins opinbera. Nú eru þessar upplýsingar komnar á vef Sjálfsbjargar og þar flokkaðar eftir landsvæðum. Upplýsingarnar eru bæði á íslensku og ensku og er þar listi yfir 42 hótel og gististaði á landinu sem eru aðgengileg hreyfihömluðum. Safnað hefur verið frekari upplýsingum og hefur samgrn. lýst því yfir við Sjálfsbjörgu að ráðuneytið sé reiðubúið til frekara samstarfs um þetta brýna verkefni.

Samgrn. lítur svo á að unnið sé eftir þessum tillögum starfshópsins og væntir þess að aðstaða fyrir hreyfihamlaða verði bætt. Ráðuneytið er tilbúið til þess, eins og fram kom, að stuðla að því að svo geti orðið í góðu samstarfi við Sjálfsbjörgu.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Það gleður mig sannarlega að farin skuli af stað vinna í samræmi við þau tilmæli sem komu frá starfshópnum sem skipaður var árið 1999, reyndar eftir samþykkt þáltill. sem ég flutti hér á hv. Alþingi.

Ég vildi beina spurningu til hæstv. ráðherra: Hvernig er háttað eftirliti með þessum ferðamannastöðum og þeim sem bjóða upp á sumardvalir, t.d. fyrir fatlaða einstaklinga?

Ég er hér með bréf sem Landssamtökin Þroskahjálp sendu árið 2001, reyndar til félmrn. Þar kemur fram að brotalamir séu í starfsemi sem snúi að sumardvalar- og ferðatilboðum sem einkaaðilar bjóða fólki með fötlun, einfaldlega vegna þess að ekki sé um neitt opinbert eftirlit að ræða.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Brotalamir í þessari starfsemi eru þær að enginn aðili innan hins opinbera eftirlitskerfis hefur talið sig eiga að standa vörð um að almennir grunnþættir þessarar þjónustu standist þær kröfur sem almennt er krafist. Undirritaður hefur sannreynt að aðilar eins og samgönguráðuneytið telur að sumardvalir fullorðinna fatlaðra heyri tæpast undir lög um veitinga- og gististaði þó að sannarlega sé verið að selja fólki bæði gistingu og mat. Nú nýlega fékk ég það staðfest að Barnaverndarstofa telur að henni beri ekki að gefa út leyfi vegna sumardvalar fatlaðra barna, jafnvel þó að þær séu reknar af félagasamtökum eða einkaaðilum.'

Undir bréfið skrifar Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig er háttað eftirliti með aðgengi fyrir fatlaða og að allir þeir staðir sem bjóða sumardvöl eða afþreyingu fyrir fatlaða fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru?

[13:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Því er til að svara að ég hef ekki á reiðum höndum hér upplýsingar um það hvernig þessu eftirliti er háttað að öðru leyti en því sem snýr að skyldum sveitarfélaga á grundvelli byggingarreglugerða. Eins og við vitum eru gerðar kröfur til aðgengis fatlaðra, m.a. að veitingastöðum og gististöðum. Í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram hjá hv. þingmanni tel ég sjálfsagt að grennslast fyrir um hvernig þessu er háttað og eiga samstarf við Þroskahjálp um það hvernig eðlilegt sé að unnið sé að þessu og hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem selja slíka þjónustu. Ég tel einsýnt að það sé mjög í þágu þeirra sem selja hreyfihömluðum og fötluðum þjónustu almennt að þessir hlutir séu í góðu lagi. Það er partur af því að viðkomandi geti markaðssett þjónustu *sína að hafa hlutina í góðu lagi.*

Því miður þurfa opinberir aðilar oft að hafa einhver afskipti. Ég tel eðlilegt að á vegum ráðuneytis ferðamála og Ferðamálaráðs sé farið ofan í þetta mál og ég mun í framhaldi af þessum athugasemdum þingmannsins láta kanna stöðu þess.

Ferðamál fatlaðra.

Fsp. MF, 265. mál. — Þskj. 298.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn er svo sem í beinu framhaldi og nátengd þeirri fyrri og einnig unnin upp úr skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra sem kom út á haustdögum 1999. Í þessari skýrslu um möguleika fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa er sérstakur kafli um möguleika fatlaðra til ferðalaga og orlofsdvalar. Þar er reynt að taka á fjölda þátta varðandi möguleika fatlaðra til að nýta sér almenn tilboð varðandi sumardvalir, ferðalög og ferðaþjónustu innan lands og utan, þar með talið kostnað vegna aðstoðarfólks, aðgengileg farartæki, t.d. möguleika til að nýta sér almenningssamgöngur og tilboð um hvers konar hópferðir, aðgengi að ferðamannasvæðum, gisti- og veitingastöðum og síðan hvernig háttað er þjálfun starfsfólks á þessum svæðum og stöðum með tilliti til fatlaðra.

Það kemur fram að starfshópurinn hafði ekki tök á að láta fara fram ítarlega könnun á öllum þessum þáttum til að meta hvar mest þörf á úrbótum er svo að auka megi möguleika fatlaðra til að ferðast til jafns á við ófatlaða. Starfshópurinn leggur þó áherslu á að slík könnun verði gerð og um leið verði reynt að kortleggja mismunandi þarfir fatlaðra einstaklinga og koma með tillögur til úrbóta.

Þetta, virðulegi forseti, er verkefni sem heyrir til samgrn. en það er einnig nauðsynlegt að allar þessar upplýsingar um stöðuna á einstökum ferðamannastöðum séu aðgengilegar fyrir fatlaða einstaklinga og fjölskyldur þeirra, jafnt og ófatlaða. Það er reyndar lögbundið hlutverk Ferðamálaráðs að

veita upplýsingar um stöðu mála og það á að sjálfsögðu við gagnvart fötluðum.

Starfshópur félmrh. beindi eftirfarandi tilmælum til Ferðamálaráðs, en þar segir, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn beinir þeim tilmælum til Ferðamálaráðs að það beiti sér fyrir því að samræmd skráning verði gerð þar sem koma fram hagnýtar upplýsingar um aðgengi gisti-, veitinga- og áningarstaða, samgöngutækja, afþreyingarmöguleika og útivistar miðað við að fólk með mismunandi fatlanir geti haft gagn af. Slíkar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar fyrir fatlaða og mætti e.t.v. hugsa sér eins konar upplýsingabanka, bæklinga, upplýsingar á tölvutæku formi eða hljóðsnældum."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað hefur verið gert af hálfu Ferðamálaráðs til að framfylgja þessum tilmælum? Ef það hefur ekki verið gert, hvers vegna ekki?

[13:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi:

„Hefur ráðherra beitt sér fyrir því við Ferðamálaráð að farið verði að tillögum og ábendingum sem fram komu í skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastarf fatlaðra frá 1999 um að fram fari samræmd skráning á möguleikum fatlaðra til ferðalaga, gisti- og áningarstöðum, samgöngutækjum, afþreyingarmöguleikum o.fl. og niðurstaðan sett í aðgengilegan upplýsingabanka fyrir fatlaða?"

Svar mitt er svohljóðandi:

Þegar skýrsla starfshóps um menningar- og tómstundastarf fatlaðra kom út á sínum tíma beindi samgrn. því til Ferðamálaráðs að fjalla um þann hluta skýrslunnar er sneri að ferðamálum.

Hvað varðar samræmda skráningu á möguleikum fatlaðra til ferðalaga þróuðust mál þannig að verkefni fóru af stað á vegum Sjálfsbjargar, sem fékk til þess fjárhagslegan stuðning hins opinbera. Verkefnið fólst í að safna upplýsingum um allt land um aðgengi hreyfihamlaðra að gististöðum, veitingahúsum, söfnum, sundlaugum, bensínstöðvum og koma upplýsingum í aðgengilegt form. Samgrn. veitti Sjálfsbjörgu síðan styrk á sl. vori til að koma þessum upplýsingum í gagnabanka á aðgengilegu formi. Nú eru þær komnar á vef Sjálfsbjargar og flokkaðar þar eftir landsvæðum. Upplýsingarnar eru bæði á íslensku og ensku og er þar listi yfir 144 aðgengilega staði á landinu. Safnað hefur verið frekari upplýsingum en skort hefur fjármagn til að koma öllum upplýsingum sem til eru í þennan gagnagrunn og er vonandi að úr því rætist.

Samgrn. hefur lýst því yfir við Sjálfsbjörgu að það sé reiðubúið til frekara samstarfs um þetta brýna verkefni. Viðræður hafa átt sér stað milli Ferðamálaráðs og Sjálfsbjargar um að á næstu missirum verði þessi gagnabanki tengdur miðlægum gagnabanka Ferðamálaráðs fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Í öðru lagi spyr hv. þm.:

„Ef svo er ekki, hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við þessum tillögum og ábendingum starfshópsins?

Eins og fram kemur í svari við fyrri lið fyrirspurnarinnar hefur hið opinbera veitt fjárstuðning til að safna nauðsynlegum upplýsingum og síðan veitti samgrn. fjármagn til að koma upplýsingunum í aðgengilegt form.

Samgrn. lýsti einnig í vor yfir áhuga á frekara samstarfi við Sjálfsbjörgu um verkefnið. Þá er nú unnið að því að koma þessum upplýsingum um aðgengi fatlaðra í miðlægan upplýsingagrunn Ferðamálaráðs, eins og fyrr segir, fyrir þá ferðamenn sem hér fara um, bæði innlenda og erlenda.

Af þessu tilefni er ástæða til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga sem hún sýnir málefninu. Það er alveg ljóst að mikill fjöldi ferðamanna, bæði íslenskra og erlendra, fer hér um landið og þess vegna skiptir mjög miklu máli að til séu glöggar upplýsingar um aðgengi, og ekki síður að þeir sem sinna ferðaþjónustunni geri sér góða grein fyrir því að þetta er mikilvægur viðskiptahópur sem þarf á tiltekinni þjónustu að halda, þarf tilteknar aðstæður og gerir tilteknar kröfur. Þess vegna finnst mér alveg sjálfsagt að huga alveg sérstaklega að aðgengi fatlaðra á ferðamannastöðum og þeirri þjónustu sem þar er veitt og tel að Ferðamálaráð eigi með upplýsingagjöf og atbeina ýmsum að leggja sitt af mörkum til þess að bæta úr hér á Íslandi fyrir fatlaða ferðalanga.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þann áhuga sem hann hefur í störfum sínum sýnt á að bæta úr á sviði ferðaþjónustu fyrir fatlaða, þ.e. að þeir geti notið þeirrar ferðaþjónustu sem stendur til boða. Ég hef reyndar skoðað niðurstöðu könnunar sem Sjálfsbjörg gerði og sá að þarna eru í kringum 140 aðgengilegir staðir, staðir sem eru innan ferðaþjónustunnar sem fatlaðir eiga góðan aðgang að. Hins vegar er aðgengi mjög víða ábótavant og þar þarf úrbætur.

Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er þetta nokkuð stór hópur, ef horft er til markaðarins. Ef marka má Alþjóðaheilbrigðisstofnunina þá býr um 10% þjóðarinnar við fötlun af einhverju tagi. Þeirra niðurstaða er að reikna megi með því að 10% íbúa hverrar þjóðar búi við fötlun af einhverju tagi. Það er nauðsynlegt að tryggja jafnrétti þessa fólks, jafnan rétt þeirra og möguleika til ferðalaga og tómstunda. Þess vegna þarf, ekki síður en að búa til upplýsingar um aðgengilega staði, að koma á framkvæmdaáætlun um hvernig megi bæta úr á þeim stöðum þar sem aðgengi er óásættanlegt.

Greiðsla fæðingarstyrks.

Fsp. MF, 321. mál. — Þskj. 370.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof fylgir reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks. Þar segir í 13. gr., um greiðslu fæðingarstyrks:

„Tryggingastofnun ríkisins er, þrátt fyrir 12. gr., heimilt á grundvelli umsóknar að greiða fæðingarstyrk til foreldris sem hefur flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis, enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning."

Þessi grein þessarar ágætu reglugerðar var í mínum huga og sjálfsagt margra annarra mjög góð. Hún átti að tryggja að þeir sem héðan færu til að stunda nám erlendis ættu rétt á greiðslu fæðingarstyrks. Nú hefur það hins vegar gerst í nokkrum tilvikum, þar sem um er að ræða einstaklinga, ungt fólk sem hefur farið af landi brott til náms erlendis og flutt til þess landsins þar sem námið skal stunda með

einhverjum fyrirvara áður en námið hefst, að viðkomandi hafa fengið synjun frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu á fæðingarstyrk.

Mér er kunnugt um sérdeilis einkennilegt dæmi í þessum efnum. Bréf barst frá Tryggingastofnun 22. maí 2003 til ungs fólks sem býr í Danmörku, sem er í sambúð þar, og eignaðist um mánaðamótin maí/júní fallega dóttur. Þau sóttu um greiðslu fæðingarstyrks og fengu bréf frá Tryggingastofnun dagsett 22. maí. Umsóknin var tekin gild og jafnframt fengu þau að vita hvernig greiðslum yrði háttað, þ.e. að í júní 2003 kæmu 39.232 kr., 1. júlí sama upphæð og 1. ágúst sama upphæð. Jafnframt var tilgreint inn á hvaða reikning greiðslurnar yrðu lagðar. Síðan gerist það að þeim berst annað bréf, dagsett 10. júní, þar sem umsókninni er hafnað. Umsókn þeirra er hafnað á þeim forsendum að þau hafi hafið búsetu í Danmörku örfáum mánuðum áður en námið hófst, þar sem þau fluttu til Danmerkur með fjölskyldu, með barn, og heimilisfaðirinn stundaði þar vinnu í þrjá mánuði áður en skólaganga hófst. Á þessum forsendum einum saman er umsókn þeirra hafnað.

Þetta getur varla verið tilgangurinn með þessum lögum og reglugerðum. Því spyr ég ráðherrann: Hyggst hann breyta þeim?

[14:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir beinir til mín fyrirspurn um hvort fram undan sé endurskoðun reglugerðar um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslur fæðingarstyrks vegna námsmanna erlendis?

Reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslur fæðingarstyrks, tók gildi 1. janúar 2001. Frá þeim tíma hefur hún reglulega verið tekin til endurskoðunar. Í desember 2001 var staða námsmanna sem höfðu á viðmiðunartímabilinu verið í skóla og síðan farið út á vinnumarkaðinn bætt. Síðan var gerð breyting á reglugerðinni í desember 2002. Sú breyting var einnig gerð til að styrkja stöðu námsmanna.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar telst fullt nám, í skilningi laganna um fæðingar- og foreldraorlof og reglugerðarinnar, vera 75–100% samfellt nám í viðurkenndri menntastofnun á Íslandi í a.m.k. sex mánuði og síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barns. Síðan segir að heimilt sé að *meta sambærilegt nám í öðrum ríkjum, enda uppfylli foreldri* ákveðin lögheimilisskilyrði.

Í 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er það gert að skilyrði fyrir greiðslu fæðingarstyrks til námsmanna að viðkomandi hafi átt lögheimili hér á landi við fæðingu barns og síðustu 12 mánuði þar á undan. Þó er í 13. gr. reglugerðarinnar kveðið á um undanþágu til greiðslu fæðingarstyrks til foreldris sem hefur flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis, enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning.

Með hliðsjón af framangreindu gilda sömu reglur hvað varðar skilyrði fyrir greiðslu fæðingarstyrks til námsmanna, hvort sem þeir stunda nám hér á landi eða erlendis, að *undanskildum þessum reglum um lögheimili.*

Hæstv. forseti. Eins og áður var nefnt hafa verið gerðar breytingar sem sérstaklega var ætlað að skýra og bæta stöðu námsmanna. Þær reglur sem lagðar eru til grundvallar ákvörðunum um greiðslur til foreldra í námi við töku fæðingarorlofs eru stöðugt til skoðunar. Það á við hvort sem um er að ræða námsmenn hérlendis eða erlendis. Svo mun áfram verða.

Sá er hér stendur þekkir ekki til þess dæmis sem hv. þm. setti fram. Hins vegar er sjálfsagt að fara yfir það og skoða. Það á við um öll atriði er varða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði að allar ábendingar um það sem betur mætti fara eru vel þegnar og verða skoðaðar ef þurfa þykir.

Ég hef hins vegar fram undir þetta, með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram, ekki talið ástæðu til að gera breytingar á framangreindum atriðum. Ég er þó að sjálfsögðu tilbúinn að fara yfir þær ábendingar sem þingmaðurinn hefur komið með.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Í þessu tiltekna máli sem ég tók dæmi um, það er því miður ekki einsdæmi, hefur úrskurðurinn verið kærður, honum verið áfrýjað. Hins vegar er nú komið hátt í ár frá því barnið fæddist sem greiða átti þennan fæðingarstyrk með, 1. júní í fyrra. Það er að verða komið ár og enn hafa ekki borist lokasvör.

Staðreyndin er sú að þarna flytur ungt par út. Það á eitt barn og flytur út í febrúar. Húsbóndinn, ef maður orðar það svo, fer í vinnu, stundar vinnu í þrjá mánuði áður en hann byrjar í skóla. Þau flytja út vegna þess að þau fá húsnæði og ætla að reyna að setja sig inn í málið. Hann hefur síðan nám í ágúst sama ár, nám sem búið var að ganga frá í febrúar þegar hann flutti út. Það var búið að ákveða það nám og öll vottorð þess efnis liggja fyrir. En vegna þess að hann vogar sér að framfleyta fjölskyldunni, reyna að setja sig inn í tungumálið áður en hann hefur námið, er honum neitað um þennan styrk.

Tryggingastofnun ríkisins segir ósköp einfaldlega að samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá hafi þau flutt til Danmerkur í febrúar 2002. Nám hófst ekki fyrr en mánaðamótin ágúst/september 2002. Einnig segir að í framlögðum gögnum komi fram að viðkomandi hafi starfað í þrjá mánuði áður en nám hófst. Tryggingastofnun lítur því svo á að þau hafi ekki flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis. *Umsókninni er því synjað.*

Þessi niðurstaða er algjörlega með ólíkindum. Ég beini því til hæstv. ráðherra að hann skoði ekki eingöngu þetta mál heldur önnur sambærileg. Það er fullkomlega eðlilegt og af hinu góða að fólk flytji til lands þar sem það ætlar að stunda nám með einhverjum fyrirvara og setji sig inn í tungumálið.

[14:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég lýsti því áðan í svari mínu til hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að ég væri tilbúinn að skoða allar ábendingar og það sem betur mætti fara varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og stend að sjálfsögðu við þau orð.

Nú hefur hv. þm. upplýst að því máli sem hún hefur vísað sérstaklega til hafi verið áfrýjað, þá væntanlega til úrskurðarnefndar um fæðingar- og foreldraorlofssjóð. Það mál fær afgreiðslu þar eins og eðlilegt er. Ég ítreka hins vegar vilja minn til að fara yfir ákvæði reglugerðarinnar ef það mætti verða til að tryggja sem besta framkvæmd hennar í framtíðinni.

[Fundarhlé. — 14:17]

Rafræn þjónusta.

Fsp. BjörgvS, 490. mál. — Þskj. 762.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Ágæti forseti. Ég beini hér fyrirspurn til viðskrh. um opinbera rafræna þjónustu. Tilefnið er að fram kom á dögunum að Ísland er aftarlega í samanburði þjóðanna varðandi opinbera rafræna þjónustu. Þetta kemur m.a. fram í mati fyrirtækisins Cap Gemini Ernst & Young. Fyrirtækið fjallar árlega um stöðu þessara mála meðal landa í Evrópusambandinu og EFTA, og samkvæmt nýrri skýrslu frá þessu ágæta fyrirtæki er Ísland í 14. sæti af 18 ríkjum. Svíar eru fremstir, síðan koma Danir og þá Írar. Íslendingar eru einungis í 14. sæti og því verulegir eftirbátar fremstu Evrópuþjóða í opinberri rafrænni þjónustu við borgara landsins.

Rafræn þjónusta býður upp á áður óþekkta möguleika á því að minnka skrifræðið, bæta margfalt þjónustu hins opinbera og ekki síst að færa aðgengið að þjónustunni nær fólkinu. Rafræn þjónusta og rafrænir gagnagrunnar eru lykilatriði í þessu sambandi. Því er áríðandi að efla verulega rafræna þjónustu þar sem hún eykur aðgengi fólksins að stjórnkerfinu og sparar verulegt fé í rekstri sé vel á haldið. Skrifræðið minnkar og tímasparnaður alls almennings sem þarf að nýta sér opinbera þjónustu er mikill. Því er ávinningur af góðri rafrænni þjónustu talsverður og mælanlegur fyrir samfélagið og hið opinbera sparar dýrmætt fé og tíma um leið og stjórnkerfið er gert skilvirkara og fært nær fólkinu sem það starfar fyrir.

Sem dæmi um afar framsækið og spennandi verkefni á sviði rafrænnar stjórnsýslu og góða fyrirmynd að uppbyggingu í rafrænni þjónustu hvers konar má nefna verkefnið Sunnan 3. Að því standa sveitarfélögin Árborg, Hveragerði og Ölfus og fyrir skömmu undirrituðu þau samning við Byggðastofnun um verkefnið „Sunnan 3 – samstarf um rafrænt samfélag". Markmið Sunnan 3 verkefnisins er að efla búsetuskilyrði á starfssvæði sveitarfélaganna með markvissri hagnýtingu upplýsingatækni og fjarskipta, enn fremur að skapa þekkingarbrunn sem hægt er að nýta við yfirfærslu rafrænna stjórnsýsluhátta til annarra byggðarlaga á Íslandi. Þar fara þessi þrjú sveitarfélög fremst í flokki.

Verkefnið Sunnan 3 hlaut hæstu einkunn í áðurnefndri samkeppni um rafrænt samfélag. Í niðurstöðu matsnefndar um verkefnið kemur m.a. fram að meginstyrkur sé víðtækar áætlanir um beitingu upplýsinga- og fjarskiptatækni til að ná fram skilvirkari stjórnsýslu og hagræðingu í rekstri sveitarfélaganna þriggja.

Þetta er til fyrirmyndar, ágæti forseti, og eftirbreytni og mætti vera ráðamönnum hvati til að gefa í og efla rafræna opinbera stjórnsýslu á Íslandi.

Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. viðskrh.:

„Hefur ráðherra áform um að efla opinbera rafræna þjónustu?"

[14:23]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson bar upp fyrirspurn til mín sem viðskrh. um rafræna þjónustu. Fyrirspurn þessi lýtur að því hvort ég hafi áform um að efla opinbera rafræna þjónustu. Ég lít svo á að með rafrænni þjónustu eigi fyrirspyrjandi við rafræn viðskipti, rafræna stjórnsýslu og aðra rafræna þjónustu.

Í starfi mínu sem iðn.- og viðskrh. hef ég lagt áherslu á að stuðla að rafrænum viðskiptum og rafrænni þjónustu, m.a. með því að að búa þeim hagstætt lagalegt umhverfi. Í því sambandi tel ég mikilvægt að lagaákvæði á þessu sviði séu skýr og að ekki verði settar íþyngjandi sérreglur á sviði rafrænna viðskipta og rafrænnar þjónustu nema brýna nauðsyn beri til.

Á árinu 2001 var samþykkt á Alþingi frv. sem ég hafði lagt fram til laga um rafrænar undirskriftir. Lögin um rafrænar undirskriftir marka grundvöll að notkun rafrænna undirskrifta og vottorða og stuðla þannig að auknu trausti á sviði rafrænna viðskipta og þjónustu.

Þá lagði ég fram frv. til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu á 127. löggjafarþingi sem varð að lögum 30/2002. Ég er sannfærð um að lög þessi koma til með að skýra réttarstöðu þeirra sem stunda rafræn viðskipti og rafræna þjónustu, ekki hvað síst varðandi spurninguna um hvaða lögum eigi að beita á starfrækslu þeirra. Annað sem vert er að nefna og beinlínis miðar að eflingu rafrænnar þjónustu er umfangsmikið þróunarverkefni um rafrænt samfélag á landsbyggðinni sem hóf göngu sína á síðasta ári. Framlag ríkisins til verkefnisins nemur samtals 120 millj. kr. sem renna til framkvæmda þess á þriggja ára tímabili.

Efnt var til samkeppni — hv. þm. kom nú inn á þetta mál — af hálfu iðn.- og viðskrn. meðal byggðarlaga á landsbyggðinni um þátttöku í verkefninu sem er liður í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ráðist var í verkefnið í ljósi sláandi upplýsinga um að íbúar landsbyggðarinnar stæðu íbúum höfuðborgarsvæðisins talsvert að baki við tileinkun og notkun upplýsingatækni. Markmið þróunarverkefnisins um rafrænt samfélag er að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins á landsbyggðinni svo að íbúar hennar geti á sem bestan og hagkvæmastan hátt nýtt sér þann ávinning sem upplýsinga- og fjarskiptatæknin býður upp á.

Niðurstaða samkeppninnar varð sú að tvö byggðarlög voru valin til þátttöku í þriggja ára þróunarverkefni um rafrænt samfélag og fá til þess fjárframlög frá ríkinu á móti eigin framlagi. Byggðarlögin eru annars vegar Árborg, Hveragerði og Ölfus og hins vegar Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit. Þróunarverkefninu um rafrænt samfélag er ætlað að hafa víðtæk áhrif á þróun þessara byggðarlaga og annarra byggðarlaga um landið sem geta í framhaldinu hagnýtt sér þá þekkingu og reynslu sem skapast við framkvæmd verkefnisins og eflt rafræna þjónustu sína.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Ágæti forseti. Ég þakka ráðherra svarið og þann áhuga sem hún og ráðuneyti hennar hafa vissulega sýnt þessum málaflokki. Því ber að fagna sérstaklega að þessum þróunarverkefnum úti á landsbyggðinni hafi verið hrint úr vör og þau eigi sér stað. Þar sem maður kynnir sér þau finnur maður að áhrifa þeirra er þegar farið að gæta, bæði í áhuga almennings og sveitarstjórnarmanna, til að efla verulega þessa þjónustu. Menn sjá strax möguleikana sem felast í rafrænni þjónustu hvers konar í gegnum opinbera stjórnsýslu. Ég hvet ráðherra til að standa sérstaklega að því að fá önnur sveitarfélög til að fylgja í kjölfarið og nýta sér þekkingu og reynslu og þau tækifæri sem nefnd sveitarfélög, Árborg, Hveragerði og Ölfus, og síðan sveitarfélögin fyrir norðaustan, eru að byggja upp um þessar mundir.

Það má nefna inn í þessa umræðu það sem segir í niðurstöðu matsnefndar um verkefnið. Þar segir að hjá Sunnan

3 sé meginstyrkur Sunnan 3 víðtækar áætlanir um beitingu upplýsinga- og fjarskiptatækni til að ná fram skilvirkari stjórnsýslu í rekstri sveitarfélaganna þriggja.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Verkefnið skiptist í fjögur undirverkefni sem ná til allra íbúa þessara þriggja sveitarfélaga, sem eru um 10.000 talsins:

1. Notendavænt þjónustutorg.
2. Skrifstofuhótel.
3. Sameining í netheimum – skilvirkari stjórnsýsla.
4. Ungir fræða hina eldri."

Það verður einmitt að fylgja, virðulegi og ágæti forseti, að sem allra flestir íbúar sveitarfélaganna eða landsins alls geti nýtt sér hina opinberu rafrænu þjónustu en ekki bara þeir sem yngri eru. Hinir eldri þurfa ekki síður, og að mörgu leyti enn þá frekar, að leita sér upplýsinga og þjónustu sem bæði ríki og sveitarfélög veita í heilsugæslu og víðar.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að halda áfram af krafti á þessari braut og hífa Ísland upp úr 14. sætinu.

[14:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek þessum hvatningarorðum vel, að sjálfsögðu. Ég ætla aðeins að bæta því við sem ekki kom fram áðan að á árinu 1999 lét viðskrn. gera skýrslu um rafræn viðskipti og lagaumhverfi þeirra. Niðurstaða hennar var að íslensk lög væru að meginstefnu til fullnægjandi en að huga þyrfti að þróuninni í Evrópu og í heiminum öllum við setningu frekari reglna á sviði rafrænna viðskipta. Skýrslan var notuð til frekari stefnumótunar á þessu sviði.

Hvað varðar lögin um rafræn viðskipti sem samþykkt voru á árinu 2002 snúast þau að meginatriði um fjóra þætti. Í fyrsta lagi er kveðið á um að íslensk stjórnvöld skuli hafa eftirlit með þeim veitendum rafrænnar þjónustu sem hafa staðfestu hér á landi, þ.e. stunda hér virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð.

Í öðru lagi er kveðið á um þær upplýsingar sem þjónustuveitendum ber að veita, t.d. á heimasíðum sínum. Bæði er hér kveðið á um almenna upplýsingagjöf og upplýsingagjöf í tengslum við pöntun.

Í þriðja lagi er kveðið á um þá meginreglu að rafrænir samningar séu jafngildir skriflegum og í fjórða lagi er kveðið á um takmörkun ábyrgðar þeirra þjónustuveitenda sem veita t.d. aðgang að netinu og hýsa gögn sem þar er dreift.

Í heildina séð held ég að við höfum verið að fylgjast með þróuninni í iðn.- og viðskrn. og leggja okkur fram um það að koma fram með frv. á hv. Alþingi sem hafa verið í takt við tíðarandann. Sérstaklega er ég stolt af því verkefni sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni og varðar rafrænt samfélag, meiri þátttöku og aukna þekkingu landsbyggðarmanna í sambandi við þessa nýju tíma.

Bið eftir heyrnartækjum.

Fsp. JóhS, 536. mál. — Þskj. 811.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Fyrir 2–3 árum lagði ég fram fyrirspurn fyrir hæstv. heilbrrh. um bið eftir heyrnartækjum með líkum hætti og ég geri nú. Þá kom fram í skriflegu svari hæstv. ráðherra að það væri um eins árs bið eftir heyrnartækjum og þriggja mánaða bið eftir heyrnarmælingum. Sú fyrirspurn var mun ítarlegri en sú sem ég legg fram nú. Þar kom líka fram að greiðsluþátttaka fólks vegna heyrnartækja væri allt að 22 þús. kr. en greiðsluþátttaka hjá einkaaðilum væri á bilinu 150–310 þús. kr. Þá kom einnig fram að það væru um þúsund einstaklingar sem væru á biðlista sem biðu eftir 1.700 tækjum.

Í því svari kom einnig fram hvaða áhrif langur biðtími eftir heyrnartækjum hefur á félagslegt umhverfi og atvinnumöguleika fullorðinna. Þar kom m.a. fram að Heyrnar- og talmeinastöð Íslands bendi á að heyrnarskerðing geti valdið fullorðnu fólki einangrun og óöryggi, fólk hafi misst vinnu vegna þess að það heyrði ekki í síma á vinnustað eða átti erfitt með að halda uppi samræðum í þjónustustörfum og þessir einstaklingar fari síður á fjölmenn mannamót, veigri sér við að svara í síma og heyri jafnvel ekki í síma eða bjöllu-hringingu. Því sé hætta á félagslegri einangrun og það ráðist að sjálfsögðu m.a. af því hve lengi einstaklingar þurfa að bíða og stefnt sé að því, eins og fram kom í svari ráðherrans, að stytta biðlista. Loks kom fram að bið eftir heyrnartækjum hafi veruleg áhrif á lífsgæði fólks og því þurfi á hverjum tíma að leita leiða til að biðtími sé eins stuttur og nokkur kostur er. Og þær aðgerðir sem ráðherra nefndi í svari sínu, sem voru margs konar sem ætti að grípa til, voru dæmi um leiðir til þess að stytta biðtímann.

Þess vegna hefur það komið mér mjög á óvart hve oft hefur verið leitað til mín á umliðnum vikum þar sem kvartað er yfir löngum biðtíma eftir heyrnartækjum og mér tjáð að hann hafi ekkert styst og sé u.þ.b. ár. Því lék mér forvitni á að vita hvað hafi verið gert á þessum tíma frá því að ég bar þessa fyrirspurn fram til hæstv. ráðherra og legg því fram til hans nú eftirfarandi fyrirspurn um málið:

1. Hversu margir bíða nú eftir heyrnartækjum, hve löng er biðin og hvað kostar að eyða biðlistum?
2. Hversu margir leituðu til einkaaðila á síðasta ári vegna kaupa á heyrnartækjum og hve langur er biðlistinn þar?
3. Hver er kostnaður einstaklinga við kaup á heyrnartækjum annars vegar hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hins vegar hjá einkaaðilum?

[14:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggur fram fyrirspurn í nokkrum liðum um bið eftir heyrnartækjum.

Í fyrsta lagi. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér má ætla að 700 einstaklingar bíði nú eftir heyrnartækjum. Þar af eru um 630 einstaklingar á biðlista eftir tækjum frá Heyrnar- og talmeinastöð og um 70 einstaklingar á biðlista hjá Heyrnartækni ehf.

Biðlisti eftir heyrnartækjum hefur styst verulega á einu ári, enda hefur á því tímabili verið lögð mikil vinna í það af hálfu stjórnenda Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar að nýta ráðstöfunarfé hennar með sem hagkvæmustum hætti. 1.100 manns biðu eftir heyrnartækjum fyrir ári þannig að almennur biðtími eftir heyrnartækjum hefur styst úr 15–18 mánuðum í 8–9 mánuði. Nú bíða, eins og áður sagði, 700 manns eftir tækjum. Við það bætist að ekki er útilokað að biðlistar Heyrnar- og talmeinastöðvar og Heyrnartækni ehf. skarist, þ.e. að sami einstaklingurinn kunni að vera á biðlista á báðum stöðum. Þá er ekki útilokað að þeir sem nú eru þegar skráðir á biðlista Heyrnar- og talmeinastöðvar eigi ekki rétt á niðurgreiðslum strax. Eftir að biðtími eftir tækjum fór að styttast hefur komið í ljós að einstaklingar eiga ekki rétt á

niðurgreiddu tæki fyrr en eftir 2–4 mánuði þegar röðin er komin að þeim.

Faglega er gengið út frá því að árleg þörf fyrir heyrnartæki hér á landi sé um 2.200 tæki. Á síðasta ári voru afgreidd 2.200 heyrnartæki frá Heyrnar- og talmeinastöðinni og um 312 niðurgreidd tæki frá Heyrnartækni ehf. Samtals voru því rúmlega 2.500 tæki afgreidd á síðasta ári með greiðsluþátttöku ríkisins, sem þýðir að almennt hefur verið gengið á biðlistana eftir heyrnartækjum eins og fram kemur í þeim tölum sem nefndar eru hér að framan. Til viðbótar þessum 2.500 tækjum seldi Heyrnartækni ehf. tæplega 300 tæki án greiðsluþátttöku ríkisins.

Varðandi biðtíma eftir heyrnartækjum er því til að svara að hann er nú að meðaltali 8–10 mánuðir hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni. Þeir sem eru í forgangshópi bíða í 4–5 mánuði og börn eru ekki á biðlista eftir heyrnartækjum, þau fá tafarlausa þjónustu. Hjá Heyrnartækni ehf. má gera ráð fyrir að biðtími eftir niðurgreiddum heyrnartækjum sé 4,5–5 mánuðir.

Spurt er um kostnaðinn við að eyða biðlistum. Gera má ráð fyrir að fjármagna þurfi kaup á 1.260 heyrnartækjum sem kosta ríkið um 35 millj. kr. Þetta byggist á þeim forsendum að um 700 einstaklingar bíði en 70–80% af þeim þurfi heyrnartæki í bæði eyru og þátttaka ríkisins í kostnaði við hvert tæki sé 28 þús. kr.

Þessu til viðbótar má gera ráð fyrir auknum tímabundnum rekstrarkostnaði hjá Heyrnar- og talmeinastöð sem nemur 6–7 millj. kr. til að fjármagna viðbótarstarfsmann og aðstöðu fyrir hann. Samtals erum við því að tala um ríflega 40 millj. kr. sem það gæti kostað ríkið að eyða biðlistunum. Því má þó velta upp í þessu sambandi að eðli máls samkvæmt er aldrei hægt að eyða biðlistum til fulls þannig að hluti þeirra sem eru á biðlista er í venjulegu afgreiðsluferli.

„Hversu margir leituðu til einkaaðila á síðasta ári vegna kaupa á heyrnartækjum og hve langur er biðlistinn þar?“

Eins og fram hefur komið seldi Heyrnartækni ehf. tæplega 600 heyrnartæki á árinu 2003. Þar af voru 312 tæki sem ríkið tók þátt í að niðurgreiða og því tæplega 300 tæki sem fyrirtækið seldi og ríkið tók ekki þátt í að greiða niður. Þá er einnig spurt hve langur biðtíminn var. Eins og fram kom í svari mínu við fyrstu spurningunni eru um 70 einstaklingar á biðlista eftir heyrnartækjum frá Heyrnartækni.

„Hver er kostnaður einstaklinga við kaup á heyrnartækjum annars vegar hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hins vegar hjá einkaaðilum?“

Heyrnartæki hjá Heyrnar- og talmeinastöð er frá því að vera um 31 þús. kr. og upp í 80 þús. kr. á tæki. Að auki verður að reikna með kostnaði viðkomandi einstaklings vegna læknisskoðunar og heyrnarmælingar. Almennur sjúklingur greiðir rúmlega 4 þús. kr. fyrir slíka þjónustu en lífeyrisþegi, barn og einstaklingur með afsláttarkort rúmlega 1.600 kr.

Að því gefnu að ríkið taki þátt í kostnaði við heyrnartækið sem nemur 28 þús. kr. verður kostnaður einstaklings við að kaupa eitt heyrnartæki hjá Heyrnar- og talmeinastöð á bilinu 7.000–56.000 kr. Fyrir almenna sjúklinga er hann á bilinu 4.000–53.600 fyrir lífeyrisþega, fyrir almenna sjúklinga með afsláttarkort á bilinu 3.500–52.000, en um 80% af skjólstæðingum stöðvarinnar eru lífeyrisþegar og börn.

Heildarverð á heyrnartæki frá fyrirtækinu Heyrnartækni ehf. er á bilinu 75–138 þús. kr. á heyrnartæki þegar keypt eru tvö heyrnartæki en fyrirtækið veitir afslátt ef keypt eru tvö tæki.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Það var nú erfitt að nema alla þessa talnarunu frá hæstv. ráðherra. En það kemur þó fram í svari hans, ef ég hef tekið þetta allt rétt niður, að það séu 700 einstaklingar sem bíði eftir heyrnartækjum og biðtíminn sé 8–10 mánuðir, ef ég skil ráðherrann rétt. Hann nefndi að vísu töluna 1.100 en ég nam ekki ... (**Heilbrrh.:** Það voru 1.100 fyrir ári.) Fyrir ári síðan. Þannig að það er alveg ljóst að það hefur styst í þessum biðlistum og því ber að fagna. Þá voru 1.100 á biðlistanum og biðtíminn var eitt ár en nú eru það 700 einstaklingar og biðtími 8–10 mánuðir. En það segir sig auðvitað sjálft að það er engu að síður langur biðtími, 8–10 mánuðir eftir heyrnartækjum, og ég hvet hæstv. ráðherra til að gera betur í þessu efni. Það kom fram í svari hans fyrir tveim til þremur árum hvaða afleiðingar það hefur fyrir fólk sem þarf að bíða lengi eftir heyrnartækjum, bæði hvað varðar einangrun og óöryggi og að því er varðar vinnu þar sem fram kemur að fólk hafi misst vinnu sínu vegna þess að það var að bíða eftir heyrnartækjum og gat ekki stundað vinnu sína með eðlilegum hætti.

Það kemur líka fram hjá ráðherra að það er ekki um mikla fjármuni að ræða sem vantar upp á til þess að geta fullnægt þessu. Það eru um 40 millj. kr. þannig að ég hvet ráðherra til þess að gera betur í þessu efni.

En mér finnst líka athyglisvert í máli ráðherrans að það eru 300 manns sem geta fengið afgreiðslu beint hjá þessum einkaaðila, keypt sig fram fyrir í kerfinu, ef ég skildi þetta rétt, og borgað fyrir það verulega hærri fjárhæðir, eða 75–138 þús. kr., og þurfa þá ekki að vera á þessum biðlista eftir heyrnartækjum. Er það ekki rétt skilið, herra forseti, að það sé með þeim hætti?

[14:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hygg að þegar ég svaraði fyrirspurn hv. þm. síðast hafi ég sagt að biðlisti eftir heyrnartækjum væri hvimleiður og ég er enn þeirrar skoðunar. En það hefur verið unnið að því af afli að stytta hann og náðst verulegur árangur og við höldum áfram á þeirri braut að stytta þennan lista.

Varðandi niðurgreiðslu á tækjum þá höfum við ákveðna upphæð á fjárlögum til niðurgreiðslu á tækjum og höfum samið við Heyrnar- og talmeinastöðina og Heyrnartækni um greiðsluþátttöku í þeim tækjum sem þar eru seld, en Heyrnartækni er nýkomið inn á markaðinn. Þar fer auðvitað fram venjuleg skoðun og mælingar sem er nauðsynlegur aðdragandi að því að selja tækin. Hins vegar er það ekki bannað fremur en í öðrum sérfræðilækningum að leita sér þjónustu utan við þann pott sem fyrirtækið hefur í greiðsluþátttökunni. (**JóhS:** Þá er hægt að kaupa sig fram fyrir.) Það er hægt að kaupa tæki já, hjá þessu fyrirtæki með venjulegum afgreiðslufresti og ég hygg að ef það er gert í ríkum mæli muni það í þessu tilfelli stytta biðlistann hjá þeim sem bíða eftir þessari þjónustu.

Söfnunarkassar.

Fsp. ÖJ, 519. mál. — Þskj. 791.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að lesa þær fyrirspurnir sem ég hef formlega lagt fyrir hæstv. dómsmrh. en þær eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til að stemma stigu við aðgengi að söfnunarkössum?

2. Hvað líður samningu reglugerðar um framkvæmd laga um söfnunarkassa?

Árum saman hefur verið reynt að knýja fram breytingar á löggjöf um söfnunarkassa, öðru nafni spilakassa og enn öðru nafni spilavítisvélar. Við skulum ekki gleyma því að í spilavítum erlendis, í Las Vegas, Mónakó og víðar eru spilakassar, vítisvélar af þessu tagi, uppistaðan í þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Árið 1994 voru sett lög um þessar vélar, en þar segir í 4. gr., með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Dómsmálaráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög en hann skal þó eigi vera lægri en 16 ár. Með sama hætti getur ráðherra sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og endurskoðunar."

Í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands á sama tíma segir m.a., með leyfi forseta.

„Dómsmálaráðherra setur með reglugerð m.a. nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir happdrættisvéla, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem mega nota vélarnar. Lágmarksaldur þátttakenda skal þó vera 16 ár."

Þetta er sem sagt staðan sem við erum í núna. Það er liðinn áratugur frá því lögin voru sett án þess að þau hafi verið framkvæmd að því leyti að lögboðin reglugerð hafi verið sett. Þetta er stórlega ámælisvert og vísa ég þar í tvennt.

Í fyrsta lagi í þann langa tíma sem liðinn er og það er ekki svo að málið hafi legið í þagnargildi. Margoft hef ég og aðrir vakið máls á þessu á Alþingi og kvartað yfir seinagangi við þessa vinnu.

Í öðru lagi, og það er náttúrlega það atriði sem máli skiptir, er það engan veginn saklaust að hafa ekki sett mjög skýrar reglur um spilakassana í ljósi þess hve miklum skaða þeir valda og að hugsanlega væri hægt að draga úr þeim skaða með skýrum þrengjandi reglum.

Ég get vitnað í ályktanir sem komið hafa frá Samtökum áhugamanna gegn spilafíkn þar sem óskað var eftir reglugerð af þessu tagi, en þeir hafa einvörðungu mætt grafarþögn bæði af hálfu aðstandenda kassanna og einnig af hálfu ráðuneytisins.

Nú óska ég svara frá hæstv. ráðherra.

[14:47]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. þessar spurningar og tek undir það með honum að gera þarf gangskör að því að setja þær reglur sem mælt er fyrir um að settar skuli samkvæmt lögunum og hef ég sett það starf af stað innan dómsmrn. Ætla ég ekki að segja neitt um tímaramma að því er starfið varðar en það er hafið. Er nauðsynlegt að mínu mati að þessar reglur séu fyrir hendi, bæði í þeim tilgangi sem hv. fyrirspyrjandi nefndi til að það sé ljóst fyrir þá sem reka þessa kassa hvernig að því skuli staðið en ekki síður fyrir ráðuneytið sjálft til þess að geta framfylgt því eftirliti sem því er skylt að halda uppi gagnvart þessari starfsemi.

Það vill svo vel til líka að nýlega hafa verið stofnuð samtök áhugafólks um spilafíkn og ráðuneytið hefur ákveðið að aðstoða þau samtök við að koma starfi sínu af stað. Formaður samtakanna hefur rætt við mig og ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að eiga samstarf við slíkan aðila, formlegan aðila, þegar gengið er til þess að setja slíkar reglur, en ekki sé aðeins tekið mið af þeim sjónarmiðum sem koma fram hjá þeim sem starfa á grundvelli laganna og eru að framkvæma þau með starfsemi sinni.

Varðandi aldursmörkin sem hv. þm. nefndi tóku þau að sjálfsögðu mið af sjálfræðisreglunum sem giltu þegar lögin voru samþykkt. Síðan hafa fyrirtæki sem reka kassana hækkað aldurstakmarkið í 18 ár og ég veit að Íslandsspil bindur í samningi við eigendur þeirra staða þar sem kassar eru að þess sé gætt að unglingar yngri en 18 ára hafi ekki aðgengi að kössunum. Og til að koma í veg fyrir óæskilegt aðgengi að kössunum hefur Íslandsspil m.a. komið upp fjarstýrðum rofum í fjölda söluturna þannig að unnt er að slökkva á kössunum við vissar aðstæður, svo sem ef hópur unglinga kemur í söluturn. Þá hefur Íslandsspil einnig sent öllum sýslumönnum tilkynningu um hvar kassar eru og uppfærir slíkar tilkynningar á sex mánaða fresti.

Það er því ýmislegt gert nú þegar til að fylgjast með þessari starfsemi, en ég er sammála fyrirspyrjanda um það sem fram kom í máli hans að nauðsynlegt er að huga að þeim lagaákvæðum sem mæla fyrir um setningu reglugerða og er vinna hafin við það að semja slíkar reglugerðir.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Helst vildi ég banna þessa kassa algerlega. Þessir spilakassar eru tæki til að hafa fé af fólki sem ekki er sjálfrátt gerða sinna. Og við erum ekki að tala um neinar smáfúlgur í því efni, við erum að tala um marga milljarða á ári hverju.

Það væri svo sem ástæða til að hneykslast yfir því að reglugerð skuli ekki hafa verið sett eins og lögboðið var 1994 og reyndar fyrr, vegna þess að í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands þar sem kveðið var á um þessa spilakassa fyrst, er einnig kveðið á um að reglugerð skuli sett en það hefur ekki gerst.

En ég ætla ekki að hneykslast yfir þessu, heldur fagna þeim jákvæðu viðbrögðum sem ég heyri frá hæstv. dómsmrh. og ég tek undir með honum að það er sérstakt fagnaðarefni að stofnuð skuli hafa verið formleg samtök áhugafólks um spilafíkn. Þar fer fremstur forgöngumaður og formaður samtakanna, Júlíus Þór Júlíusson, en undanfarna daga höfum við heyrt kröftugan málflutning hans og félaga hans á öldum ljósvakans. Ég hef sannfregnað að gífurlega sterk viðbrögð hafi orðið við þessari umræðu, enda er hér um að ræða þjóðfélagsmein sem nístir marga fjölskylduna á Íslandi.

Ég fagna því og ítreka það að mér finnst mjög jákvætt að heyra hversu vel hæstv. dómsmrh. og dómsmrn. taka á þessum málum og að ráðuneytið skuli ætla að hafa samstarf við þessi samtök.

[14:53]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins bæta því við í tilefni af orðum hv. fyrirspyrjanda um það að hann vilji helst að þessir kassar hverfi alveg úr samfélagi okkar, að þá tel ég að það skref verði ekki stigið. Það verður líka að líta til þess að á þessu sviði hefur orðið ákveðin alþjóðavæðing á undanförnum árum eins og á öllum öðrum sviðum og hér er um það að ræða líka að hafa þessa starfsemi hér heima fyrir, ekki síður en að standa frammi fyrir því að menn geti tekið þátt í því að fá útrás fyrir fíkn sína á þessu sviði með því að fara inn á netið og aðra slíka miðla sem fyrir hendi eru núna. Ég tel því að það verði aldrei þannig að við búum svo um hnúta í okkar þjóðfélagi að þessi starfsemi hverfi alveg úr því sem komið er og þess vegna sé ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að söfnunarkassarnir eða þessir spilakassar hverfi úr samfélagi okkar.

En ég ítreka það sem ég sagði. Ég tel að setja eigi þessar reglur og það beri að setja þessar reglur. Og það er fagnaðarefni að nú eru komin samtök sem unnt er að eiga samstarf við um efni reglnanna þegar til þess starfs er gengið.

Rafræn stjórnsýsla.

Fsp. HjÁ, 554. mál. — Þskj. 833.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Hæstv. ríkisstjórn og hið háa Alþingi hafa samþykkt mjög metnaðarfulla áætlun um rafræna stjórnsýslu. Hugsunin á bak við þessa metnaðarfullu áætlun er að færa Ísland og íslenskt samfélag inn í 21. öldina, jafna aðgengi landsmanna að stjórnsýslunni og ekki síst að stuðla að auknum sveigjanleika í viðskiptum og atvinnulífi. Þessu ber að fagna. Þetta eru háleit markmið, enda hygg ég að ríkt hafi almenn sátt um það innan þings sem í samfélaginu öllu.

En svo sem vænta mátti verður Róm ekki byggð á einni nóttu og hefur í sjálfu sér gengið misjafnlega að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Fyrr í dag var verið að svara fyrirspurn þess eðlis, nokkuð almenns eðlis, og komu þar fram ýmsir ágætir þættir sem hefur verið stuðlað að.

Frú forseti. Ýmsar undirstofnanir dómsmrn. sérstaklega snerta afskaplega mikið viðskipti og á ég þar ekki síst við þinglýsingar sem eru snar þáttur í öllu viðskiptalífi. Nú heyri ég það hjá ýmsum bæði fyrirtækjum og stofnunum sem hafa viljað koma á slíkum rafrænum samskiptum og rafrænum viðskiptum, rafrænni stjórnsýslu að hjá einstökum stofnunum, ekki síst sýslumannsembættum, hafi gengið nokkuð hægt að koma slíku á.

Þar sem þinglýsingar og veðbókarvottorð og því um líkt er drjúgur hluti af öllum viðskiptum í landi voru, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. hvaða áherslur hann muni setja í sínu ráðuneyti og á hvaða sviði þá? Nú er hæstv. dómsmrh. einmitt þekktur að því að fylgjast afskaplega vel með á þessu sviði og hefur nýtt sér það og kannski verið að ákveðnu leyti í fararbroddi af okkur pólitíkusunum á þessu sviði. Ég beini því þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. á hvaða sviðum og með hvaða hætti hann sjái fyrir sér að rafræn stjórnsýsla muni eiga sér stað innan dómsmrn.

[14:57]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Á undanförnum mánuðum hefur verið unnið að ákveðinni stefnumótunarvinnu innan dómsmrn. á þessu sviði almennt séð og nýlega var ákveðið að semja við fyrirtækið KPMG um að vinna með ráðuneytinu að mótun upplýsingatæknistefnu ráðuneytisins. Verður í upphafi gerð úttekt á stöðu upplýsingatæknimála hjá einstökum stofnunum og ráðuneytinu í heild og hún greind með tilliti til þeirra þarfa sem er hjá stofnunum ráðuneytisins og er stefnt að því að þessari úttekt ljúki í vor. Þá verður stefna ráðuneytisins og áætlun í upplýsingatæknimálum mótuð en eitt af markmiðum greiningarinnar er að skoða möguleika á samþættingu upplýsingakerfa með þeim hætti að gögn geti færst með rafrænum hætti innan stjórnkerfisins eftir því sem við á.

Þá vil ég einnig láta þess getið að við höfum nýlega gengið frá samningi. Hinn 3. febrúar sl. var undirritaður samningur við Fasteignamat ríkisins þar sem tenging er á milli sýslumannsembætta og Landskrár fasteigna, en í Landskrá fasteigna eru allar fasteignir á landinu og eru þær komnar í miðlægan gagnagrunn. Í þeim grunni er hægt að þinglýsa kvöðum eða öðrum gögnum á eignina óháð staðsetningu eignarinnar og tilgangur þessa verkefnis er að koma í veg fyrir tvíverknað við skráningu og auka gæði þeirra upplýsinga sem skráð eru og miðla úr Landskrá fasteigna.

Síðan hafa komið fram hugmyndir um það hvort tengja eigi einnig inn í þetta kerfi þinglýsingar varðandi bifreiðir, skip, flugvélar og annað lausafé, auk fasteignanna. Það er mál sem við erum með til athugunar. Ég hef einnig orðið var við það að fjöldi einkaaðila hefur áhuga á samstarfi við dómsmrn. um ýmsa þætti þessa máls og verður að sjálfsögðu tekin afstaða til þess áhuga og tekið mið af því sem fram kemur í samskiptum ráðuneytisins við einkaaðila, því ég hef það markmið í þessu efni í þessu ráðuneyti eins og annars staðar þar sem ég hef komið að þessum málum að það sé hlutverk hins opinbera að skilgreina þarfir sínar, setja fram ákveðnar kröfur og kanna síðan hvort ekki séu á markaðnum fyrirtæki sem vilja taka að sér að fullnægja þessum kröfum og sinna þeim verkefnum sem talið er eðlilegt að unnið sé að og framkvæmd séu.

Ég vona svo sannarlega að það takist á vettvangi dómsmrn. þó að sjálfsögðu verði að hafa í huga að þar er um upplýsingar og verkefni að ræða sem viss og meiri trúnaður þarf að ríkja um en kannski um ýmsa aðra þætti í starfsemi á vegum ríkisins. En ég vil að öll þessi mál séu skoðuð með því hugarfari að ráðuneytið skilgreini þarfir sínar og stofnana sinna og síðan sé kannað hvort ekki séu á markaðnum fyrirtæki sem eru reiðubúin til að taka að sér að veita slíka þjónustu. En það verður að tryggja að þau fyrirtæki séu reiðubúin til að veita þá þjónustu af því öryggi sem nauðsynlegt er á þeim sviðum sem ráðuneytið starfar.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Úr því að hér er á dagskrá fyrirspurn sem tengist nýtingu hinnar rafrænu tækni og rafrænna möguleika í stjórnsýslu á vegum dómsmrn. kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á einu þessu tengdu. Í skýrslu sem hæstv. dómsmrh. skilaði að beiðni okkar, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl., um framkvæmd alþingiskosninga sl. vor var því einfaldlega svarað stutt og laggott að dómsmrn. hefði ekki skoðað möguleikana á að

nýta rafræna tækni, t.d. rafrænar kjörskrár eða rafræna kjörstaði í þágu framkvæmdar kosninga í landinu. Ég tel það mjög miður. Ég tel t.d. að rafrænir kjörstaðir í stærstu Íslendingabyggðum erlendis gætu verið alveg upplagt mál til að leyfa landsmönnum sem búsettir eru tímabundið erlendis að nýta atkvæðisrétt sinn. Sömuleiðis eru kostir þess að hafa rafrænar kjörskrár augljósir því að þá er hægt að uppfæra þær jafnóðum.

Ég hlýt að vekja athygli á þessu atriði í tengslum við umræður dagsins. Að þessu leyti hefur dómsmrn. a.m.k. ekki verið mjög framsækið.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og innlegg hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég get í sjálfu sér alveg deilt áhuga hv. þingmanns á því að það sé spennandi og ögrandi verkefni að skoða þetta rafræna fyrirkomulag hvað varðar kosningar. Útgangspunktur fyrirspurnar minnar var þó fyrst og fremst hvað varðar aðgengi landsmanna að stjórnsýslunni og ekki síður hvað varðar aðila í viðskiptum vegna þess að þinglýsingar, veðbókarvottorð og annað því um líkt gegnir þar svo snöru hlutverki.

Auðvelt aðgengi með rafrænum hætti að því ætti þá að létta álögur á fyrirtæki, það ætti að spara einstaklingum og fyrirtækjum mikinn tíma og fyrirhöfn.

Ég fagna sérstaklega þessu markmiði sem hæstv. ráðherra lýsir hér, og kemur í sjálfu sér ekki á óvart af því orði sem hann hefur getið sér í að nýta sér rafræna stjórnsýslu. E.t.v. er ósanngjarnt að fylgja spurningunni eftir. Hæstv. ráðherra nefndi það að stefnt væri að allsherjarúttekt með vorinu á þörfum ráðuneytisins og ég spyr hvort ráðherra treysti sér til að svara því hvenær hann sjái fyrir sér að búið verði að hrinda í framkvæmd því sem margir telja augljóst að þurfi og sé hægt að gera með tiltölulega skjótum hætti, svo sem eins og með útgáfu vottorða.

Ég ítreka að ég deili markmiðum með hæstv. ráðherra og hv. þingmanni og vonast til þess að við í framtíðinni, mjög náinni framtíð, munum sjá enn frekari skref stigin í átt að rafrænni stjórnsýslu.

[15:03]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki tímasetja þetta nánar en ég tel að margt sé þess eðlis að það sé með tiltölulega skömmum fyrirvara hægt að hrinda því í framkvæmd. Það verður unnið með því hugarfari að málinu.

Varðandi það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði vil ég láta þess getið að allt það sem dómsmrn. gerir í þessu er náttúrlega innan þeirra marka sem stefnumörkun ríkisstjórnarinnar mælir fyrir um. Nú vill svo til að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum nýlega, 6. febrúar ef ég man rétt, stefnu um íslenska upplýsingasamfélagið og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Unnið verði að undirbúningi miðlægrar kjörskrár til notkunar í sveitarstjórnar- og alþingiskosningum með það að markmiði að kjósandi geti mætt á hvaða kjörstað sem er til að kjósa. Enn fremur verði stefnt að því að hægt verði að nota upplýsingatæknina sjálfa í kosningum á kjörstað. Lagt er til að dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið vinni sameiginlega að tilraunaverkefni á þessu sviði í næstu sveitarstjórnarkosningum árið 2006." (**SJS:** Nú batnar það.) Þetta er svona skýrt og það hefur verið unnið að þessu á vettvangi ríkisstjórnarinnar hvað sem áhyggjum hv. þingmanns líður. (Gripið fram í.) Nú er búið að móta þessa stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar og fela dómsmrn. og félmrn. að vinna að framgangi þessa máls og ég fullvissa þingmanninn um að það verður að sjálfsögðu gert.

Fyrirspurn hv. þm. Hjálmars Árnasonar var hins vegar ekki um þetta atriði. Þess vegna vék ég ekki að því sérstaklega í svari mínu en stefnan hefur verið mótuð í þessu efni og unnið verður í samræmi við hana.

Flatey á Mýrum.

Fsp. ÞBack, 478. mál. — Þskj. 718.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég legg fram þessa fyrirspurn er tvíþætt. Annars vegar er áhugi innan sveitarfélagsins Hornafjarðar á að við stofnun fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs verði eign ríkisins í jörðinni Flatey og samliggjandi jörðum, á Mýrum og Hornafirði, höfð innan marka þjóðgarðsins og sem hluti af honum. Um þetta ályktaði bæjarstjórn Hornafjarðar í ágúst sl. og í bókuninni kemur það fram, með leyfi forseta, en þar segir:

„Bæjarstjórnin telur að vel fari saman hugmyndir um þjóðgarð með góðu aðgengi almennings og eðlilegum nytjum á jörðinni, svo sem búskap og veiðum, eins og hefð er fyrir. Reyndar telur bæjarstjórnin það grundvallarskilyrði fyrir þessum framgangi að áðurnefndar nytjar séu leyfðar.

Umrætt landsvæði yrði óneitanlega mikils virði fyrir væntanlegan þjóðgarð, auka fjölbreytni með tilliti til náttúru og jarðfræði og skapa meiri og betri möguleika á gönguferðum á jökul og nágrenni hans."

Í öðru lagi er ástæða fyrirspurnarinnar aðgengi hreindýraveiðimanna til að fella úthlutaðan hreindýrakvóta á jörðinni á veiðitíma hreindýranna og í raun á nærliggjandi jörðum. Inn á svæðið sækja hreindýr en leigutaki hefur lokað svæðinu og bannað allar hreindýraveiðar.

Nú háttar svo til að hreindýraveiðar lúta ákveðnum lögum og reglugerðum um stjórn hreindýraveiða og um skiptingu arðs af þeim. Undir þetta ákvæði hafa jarðeigendur á Austurlandi beygt sig og hefur því eftir margra ára ósætti og erfiðleika náðst nokkuð breið sátt um hreindýraveiðarnar og um úthlutun á arði. Því veldur það stjórnendum veiðanna miklum erfiðleikum þegar ekki er hægt að komast inn á eitt veiðisvæði og fella dýrin á veiðitíma.

Tiltekinn hreindýrakvóta þarf að fella á svæðinu til að halda stofninum niðri en þegar þau eru felld utan veiðitímans renna arðgreiðslur til rannsókna á vegum Náttúrustofu Austurlands. Bændur og sveitarfélagið verða því af arðgreiðslum af felldum dýrum. Á síðasta ári voru felld um 20 dýr á svæðinu með þessum hætti. Það varð því, frú forseti, að bíða eftir því að veiðitímanum lyki og sitja um að veiða dýrin þegar þau fóru út af svæðinu. Það er mikilvægt að halda hreindýrastofninum niðri svo hann leiti ekki í vesturátt, yfir í Öræfasveit og valdi hugsanlegu garnaveikismiti í sauðfé í Öræfasveitinni. Garnaveiki hefur verið í fé á Mýrum en ekki í Öræfasveit en þar hafa bændur haft nokkrar tekjur af sölu líflamba.

Nú háttar svo til að sá hluti jarðarinnar sem er ræktaður, svo og fasteignir, er í einkaeign og hefur eigandi þessa hluta jarðarinnar haft ríkishluta jarðarinnar á leigu undanfarin 10

ár, fyrst til 10 ára en síðan hefur leigusamningurinn verið framlengdur til skemmri tíma í senn.

Afgjöld ríkisjarða eru á forræði landbrn. og því er ástæða til að spyrja ráðherra um leigutekjur og upplýsa með þeim hætti hvaða tekjumissir yrði fyrir jarðasjóð ef leigusamningur yrði ekki framlengdur.

[15:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Saga þessarar jarðar er nokkuð sérstök. Flatey var seld ríkinu á sínum tíma með kvöð um að fyrri eigendur fengju endurgjaldslausa lífstíðarábúð á jörðunum. Þá var grasкögglaverksmiðjan og sú hugsjón öll í gangi. Annar þessara aðila hefur endurgjaldslausan leigusamning, hinn er látinn en hafði áður afsalað sér ábúðarrétti til handa núverandi leigutaka. Þriðji leigusamningurinn er um leigu undir skógrækt og uppgræðslu. Svo eiga leigutakar mismiklar eignir í jörðunum þannig að þeir eiga þarna sjálfir miklar eignir.

Ég kannast við umræðuna og hef tekið þátt í henni með bæði bæjarstjórn og heimamönnum um Vatnajökulsþjóðgarðinn. Það er allt opið í þeim efnum og verður haft sem leiðarljós í umræðu um þessa jörð og það samstarf sem þarf að hafa við bændur, hvort sem þeir eru á ríkisjörðum þarna eða eignarjörðum, hvernig því mikla verkefni verður komið í höfn.

Eins er það með hreindýraveiðarnar. Ég kannast við það sem hv. þm. nefnir og ákveðnir erfiðleikar í sambandi við hreindýraveiðar hafa komið inn á mitt borð. Það er reynt að leita lausna á því og verður gert áfram þannig að ég vil ekki hafa fleiri orð um það hér.

Svo er ég spurður um hverjar hafi verið leigutekjur af ríkishluta jarðarinnar Flateyjar á Mýrum undanfarin ár.

Ég vil tilgreina það. Til ársins 2002 voru álögð afgjöld þarna miðað við byggingarvísitölu í mars 2002 8.730 kr. á ári. Þessi mál frá fornu fari hafa verið í mikilli endurskoðun í ráðuneytinu síðustu árin og á árinu 2003 voru álögð afgjöld í samræmi við endurskoðunina miðað við sömu vísitölu og viðmiðun í fasteignamati 135.195 kr.

Síðan er það þessi spurning hvort ráðherra muni segja upp leigusamningi jarðarinnar með tilliti til þess að landið verði ekki lengur nytjað til landbúnaðar. Ég vil bara segja hér um það mál að í gangi er leigusamningur um þessa jörð og hann framlengist frá ári til árs eins og staðan er, og hvorki í minni tíð né fyrir mína tíð hefur það verið efnt sem núverandi leigutaka var heitið á sínum tíma, að hann fengi ábúð á jörðinni. Það hefur ekki verið staðfest, sérstaklega kannski út af þjóðgarðsumræðunni, en ég vil hér segja um mál þessa einstaklings að engin ákvörðun hefur verið tekin um að segja honum upp leigusamningi á jörðinni. Það er mál sem maður ræðir fremur með hverjum og einum. Þessi ábúandi hefur eðlilega margleitað eftir ábúðarsamningi til að öðlast rétt sinn á þessari jörð en ekki fengið hann og leitar eðlilega eftir lengri leigusamningi, en í þessu fari hefur hann verið. Og ég lýsi ekki við þessa umræðu yfir neinni breytingu hvað það varðar.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Frú forseti. Ég tel mjög mikilvægt að jörðin verði ekki fest í leigu til lengri tíma og verði horft til þess sem bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar óskar eftir, að ríkisjarðirnar á þessu svæði séu þá lausar og nýtanlegar til Vatnajökulsþjóðgarðsins. Hvað varðar hreindýraveiðarnar á þessu svæði eru það fleiri bændur en leigutaki jarðarinnar Flateyjar á Mýrum sem loka veiðisvæðinu. Þetta er mjög mikið vandamál hvað hreindýraveiðarnar varðar og það má ekki dragast að finna lausn á þessum vanda. Ég vil benda hæstv. landbrh. á að ég hef upplýsingar um viðbótarsamning við leigusamning á ríkishluta jarðarinnar hvað varðar afnot af afréttarlöndum fyrir sauðfjárbændur á þessu svæði. Ég tel að þegar núverandi samningur rennur út megi endurnýja hann, þá til skamms tíma með viðbótarákvæðum um að veiðiheimildir séu til staðar á veiðitíma hreindýranna. Ég tel að þarna sé raunveruleg smithætta og það sé á ábyrgð bæði landbrn. og umhvrn. að gera allt sem hægt er að gera til að sporna við því að stofninn stækki þarna og leiti vestur í Öræfasveitina. Ég tel að viðbótarákvæði um veiðiréttindi í leigusamninginn séu nauðsynleg þannig að í framtíðinni sé ekki hægt að banna hreindýraveiðar á veiðitíma.

Útflutningur á lambakjöti.

Fsp. JÁ, 555. mál. — Þskj. 834.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Fyrir fáeinum dögum kvaddi einn af sauðfjárbændum þessa lands sér opinberlega hljóðs og vakti það mikla athygli. Bóndinn sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég velti því fyrir mér hvort það er ekki líklegra til árangurs að markaðssetja íslensk þorrablót en að eyða milljónatugum í að reyna fyrir sér á erlendum mörkuðum með sölu á lambakjöti.

Í ár eru 30 ár síðan við hjónin hófum sauðfjárbúskap. Öll þau ár hefur sú von verið alin í brjósti að hægt væri að selja lambakjöt til útlanda. Vissulega hefur mikið verið selt en á lágu verði. Miðað við svipaða framleiðslu og innanlandsneyslu munum við ekki eiga annan kost en að selja lambakjöt áfram úr landi þar sem útflutningsskyldan er nú komin hátt í 40%."

Hæstv. forseti. Þetta var ekki venjulegur sauðfjárbóndi sem þarna talaði. Það var sauðfjárbóndi úr hæstv. ríkisstjórn, samflokksmaður hæstv. landbrh., hæstv. byggðamálaráðherrann sjálfur Valgerður Sverrisdóttir.

Orð sauðfjárbóndans og ráðherrans gefa tilefni til umræðu og gera kröfu um skýringar á stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar málefni sauðfjárbænda. Sjálfum finnst mér ekki hægt að skilja ummæli sauðfjárbóndans og ráðherrans úr ríkisstjórninni öðruvísi en yfirlýsingu um að rétt sé að hætta kostnaðarsömum tilraunum ríkisstjórnarinnar til útflutnings á lambakjöti. Af því mundi að sjálfsögðu leiða að aflétta yrði hinni fáránlegu útflutningsskyldu sem ríkisstjórnin hefur lagt á bændur í þessu landi. En jafnframt því að leysa bændur undan þeirri skyldu yrði að leggja á bændur sjálfa þá ábyrgð að selja kjöt sitt.

Yfirlýsingin sem ég hef vitnað til og ráðherra í ríkisstjórninni gefur hlýtur að þýða að við ríkisstjórnarborðið fari fram umræða um að þörf sé á stefnubreytingu í þessu máli og því fagna ég að sjálfsögðu. En ég sé ástæðu til að leita svara við eftirfarandi spurningum hjá hæstv. landbrh.:

1. Hver verður kostnaður ríkisins á þessu ári af sölu á lambakjöti erlendis?

2. Hvaða erlendir markaðir eru líklegir til að skila bændum viðunandi afurðaverði?

3. Í hverju má helst sjá árangur af afskiptum ríkisins af sölu á lambakjöti?

4. Hefur orðið stefnubreyting í ríkisstjórninni hvað varðar útflutning á lambakjöti og ef svo er, hver er stefna ríkisstjórnarinnar í málinu?

[15:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurningin er: „Hver verður kostnaður ríkisins á þessu ári af sölu á lambakjöti erlendis?"

Svar mitt er þetta: Ríkið ber engan beinan kostnað af sölu lambakjöts erlendis.

Önnur spurning var:

„Hvaða erlendir markaðir eru líklegir til að skila bændum viðunandi afurðaverði?"

Svarið er þetta: Á síðustu 4–5 árum hefur verið lögð áhersla á að markaðssetja dilkakjöt ferskt og niðurhlutað sem árstíðabundna hágæðavöru. Þeir markaðir sem einkum hefur verið unnið á eru vesturströnd Bandaríkjanna og lönd í Evrópu, Danmörk, Þýskaland og Ítalía. Þessi aðferð sem nú hefur verið tekin upp lofar á margan hátt góðu hvað lambakjöt varðar. Verð hefur verið að stíga og ef dollarinn væri eins og hann var skráður fyrir einu ári væri verðið sambærilegt því sem gerist á innanlandsmarkaði. Þarna eru menn að þróa sig á viðkvæmum mörkuðum og hafa stigið skynsamleg skref. Þessu hefur fylgt að menn selja Ísland í leiðinni og íslenskar afurðir eins og í Whole Foods búðunum. Ferðamenn koma til landsins út á upplýsingar og myndir af landinu.

Margt má segja hvað landbúnaðinn varðar, hvort sem það snýst um hestinn, mjólkurvörur eða annað, kaupmenn vilja fá þessar vörur til sölu. Þeir eru þar með að leggja áherslu á sína pólitísku stefnu á móti verksmiðjum. Þeir vilja fjölskyldubúskap, hreina náttúru og vilja tengjast Íslandi sérstökum böndum í þessu efni. Þeir hafa komið hingað, farið í smalamennsku, kynnst sauðburði o.s.frv. Þetta er hin nýja stefna sem núna er fylgt.

Þriðja spurning: „Í hverju má helst sjá árangur af afskiptum ríkisins af sölu á lambakjöti?"

Óbein afskipti af sölu ríkisins á lambakjöti eru einkum í því fólgin að á árunum 1995–2002 var í gangi átaksverkefni um vöruþróun og sölu á íslenskum afurðum undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum, sbr. lög nr. 27/1995. Eitt af því sem átaksverkefni þetta leiddi af sér var kynning og aðstoð við markaðssetningu á dilkakjöti erlendis. Þá hefur framkvæmdanefnd búvörusamninga veitt fyrirtækjum sem vinna að útflutningi dilkakjöts stuðning. Á árinu 2002 nam stuðningur þessara tveggja aðila við markaðsfærslu á dilkakjöti erlendis 14,4 millj. kr. Í samningi milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands eru samkvæmt búnaðarlögum veittar 25 millj. kr. árlega, árin 2003–2007, til kynningar á íslenskum landbúnaðarvörum erlendis. Hluta af þessum fjármunum var á síðasta ári varið til kynningarverkefna og útflutnings á lambakjöti. Uppgjör liggur ekki fyrir. Beinn og óbeinn árangur af þessum aðgerðum er m.a. aukin þekking á mörkuðum erlendis, því hvaða kröfur þarf að uppfylla vegna sölu á viðkomandi markaði og viðskiptasambönd sem þar hafa náðst.

Síðan er spurt hvort orðið hafi stefnubreyting í ríkisstjórninni.

Útflutningur á dilkakjöti er alfarið á ábyrgð bænda og sláturleyfishafa, og hefur verið það. Þar er engin stefnubreyting. Bændur hafa í samningum sínum sjálfir beðið um útflutningsskyldu. Það er samningur sem þeir hafa samþykkt og einnig útflutningsskylduna sem hér er gagnrýnd. Þar segir reyndar að ráðherra ákvarði hver hún sé. Aðkoma ríkisins er engin önnur en sú sem um getur í svari við þriðju spurningu.

Stefna ríkisins hefur verið nær óbreytt allt frá árinu 1991 hvað það varðar. Þá voru útflutningsuppbæturnar felldar niður. Þær hafa ekki verið teknar upp en þetta er hin nýja þróun sem orðið hefur í gegnum Áformssjóðinn og samstarf bændanna við hann.

Svo vil ég segja, varðandi það sem hv. þm. minntist á, að þó að blessuð þorrablótin séu góð og hugleiðing hæstv. viðskrh. skemmtileg þá held ég samt sem áður að þorramaturinn sé góður til heimabrúks en lambakjötið vekur mikla athygli. Við eigum þar dálitla von um að bændur geti þróað það áfram til að auka frelsi sitt bæði til framleiðslu og atvinnu í landinu.

Það sem skemmtilegast er kannski er að nú förum við með kjötið meira unnið út, frá stórfyrirtækjunum á landsbyggðinni. Það skapar atvinnu eins og á Húsavík, hjá Sláturfélagi Suðurlands o.s.frv. Þetta er heilmikið verkefni sem ber að virða og þróa áfram.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er vel gert hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að leggja fram þessa fyrirspurn fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh. Í raun lít ég svo á að hv. þm. sé milligöngumaður um að hæstv. iðn.- og viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir, flytji fyrirspurn til landbrh. um hvað þessi sölumál eigi að þýða í lambakjötsútflutningnum. Auðvitað er skondið að sjá annan ráðherra í ríkisstjórninni, flokkssystur hæstv. ráðherra, tala um málaflokk hans með þeim hætti sem raun ber vitni.

Um efnið sjálft, þ.e. útflutning á lambakjöti, er það sem betur fer þannig að fyrst nú, á allra síðustu árum, 1–3 árum, er að nást umtalsverður árangur í að fá talsvert hærra verð en heimsmarkaðsverð fyrir íslenskt lambakjöt, fyrst og fremst ferskt og unnið sem gæðavöru. Það er mjög ánægjulegt og hefur mjög lengi verið draumur manna. Það væri fásinna að gefast upp nú eins og málin standa. Það væri mikið áfall fyrir sauðfjárræktina ef allur útflutningur legðist af og málflutningur hæstv. iðn.- og viðskrh., byggðamálaráðherra, er út í loftið svo talað sé mannamál.

[15:25]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Það er við hæfi að ræða lambakjötið á þorranum. Í dag var á borðum þorramatur hjá okkur í matsalnum. En ég vil taka undir með hæstv. landbrh. og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Það hafa verið að gerast góðir hlutir síðustu ár, bæði á Ítalíumarkaði og Bandaríkjamarkaði. Þar hefur Baldvin Jónsson unnið gríðarlega mikið starf.

Ég vil líka geta þess að innanlandsmarkaðurinn er sá markaður sem mestu máli skiptir. Útflutningsskyldan kom ekki til af góðu. Það var vegna þess að meira er framleitt en innanlandsmarkaðurinn getur nýtt sér. Þess vegna verðum við að selja umframbirgðir út og það gera bændur ekki upp á sitt einsdæmi. Ég hélt satt að segja að hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem oft hefur talað um að lítið væri stutt við greinina, teldi að það væri að bera í bakkafullan lækinn.

[15:26]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst alltaf gleymast, því miður, í allri þessari umræðu þegar rætt er um árangur í sölu lambakjöts á erlendum mörkuðum, einn hlutaðeigandi í þessu máli. Það er hinn íslenski bóndi. Íslenski bóndinn sem framleiðir lambakjötið fær því miður sjaldnast verð fyrir sem svarar til breytilegs kostnaðar fyrir framleiðsluvöru hans. Við það verður ekki unað. Ég vildi óska að landbrh. færi að leita annarra leiða en þeirra sem hann hefur valið. Ég vildi óska þess að hann drægi til baka þá reglugerð sem hann setti fram síðasta haust, sem gerir það að verkum að fátækir bændur í erfiðum og dreifbýlum sveitum landsins eru jafnvel sviptir aukavinnu, aukatekjum sem þeir höfðu áður af því að vinna í sláturhúsum.

[15:28]

Björgvin G. Sigurðsson:

Ágæti forseti. Það verður ekki of oft tekið fram að hlutur sauðfjárbænda í samfélaginu er með því versta og raunalegasta sem þekkist í auðugum nútímasamfélögum Vesturlanda. Til marks um ástandið í greininni má nefna þá uppgjöf sem fram kom í máli hæstv. iðn.- og viðskrh. og sauðfjárbónda, Valgerðar Sverrisdóttur. Sú afstaða kom fram í því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson, fyrirspyrjandi, las upp áðan.

Í ljósi þeirrar hörmulegu stöðu sem uppi er er mikilvægast að hæstv. landbrh. svari skýrt og komi með sterk skilaboð til þeirra sauðfjárbænda sem berjast í bökkum í þröngri og ömurlegri stöðu hvort til greina komi að auka frelsi í greininni og aflétta útflutningsskyldunni af bændum.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það hefur greinilega verið misskilningur hjá mér að rætt væri um stefnubreytingu við ríkisstjórnarborðið hvað þessa hluti varðar. Hæstv. ráðherra talar eins og ekkert hafi breyst og öll þessi 30 ár sem hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur baslað við sauðfjárræktina muni bara halda áfram að líða, verða 40 eða 50 áður en stefnan breytist. Það er auðvitað umhugsunarefni. Ég segi eins og er, að ég man ekki betur en svörin hafi ævinlega verið þau sömu við spurningum um hvernig gengi að vinna að útflutningi á lambakjöti. Það hefur alltaf verið ljós á veginum. Menn hafa alltaf séð ljósið fram undan og alltaf haldið áfram. Bændur halda áfram að framleiða þetta kjöt og fá ekki fyrir breytilegum kostnaði.

Það hefur aldrei verið flutt út frá Íslandi sauðakjöt fyrir sambærilegt verð við það sem bændur hafa fengið á innanlandsmarkaði á þeim tíma sem menn hafa staðið í þessu, svo ég viti til. Afkoma þeirra hefur þó ekki verið til að hrópa húrra fyrir, af því að framleiða fyrir innanlandsmarkað.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að bændur hafi beðið um útflutningsskylduna. Það kann að vera að einhverjir hafi beðið um það. En ætlar ríkisstjórn Íslands og Alþingi að bjóða upp á það að ef einhverri atvinnugrein dettur í hug að ágætt væri að setja einhverjar kvaðir á alla í greininni þá eigi að verða við því? Á að leggja á bændur, sem hafa aldrei ætlað sér að framleiða kjöt til útflutnings, skyldu um að flytja 40% af framleiðslu sinni til útlanda og selja þar langt undir kostnaðarverði? Það er auðvitað fáránlegt. Svona fyrirkomulag gengur ekki. Ég held að það væri rétt að menn tækju sér fyrir hendur að ræða þessi mál upp á nýtt í ríkisstjórninni.

[15:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég held að brýnast sé að Samf. fari á námskeið í landbúnaðarmálum, ekki síst eftir ummæli formannsins, Össurar Skarphéðinssonar, og þá sundurlausu umræðu sem hér er höfð uppi á mörgum sviðum, eins og t.d. að Samf. geti ekki viðurkennt það sem félagshyggjuflokkur að bændur geti komið sér saman um fyrirkomulag. Hvers vegna geta þeir ekki komið sér saman um fyrirkomulag? Er Samf. slíkur frjálshyggjuflokkur að hann fordæmi allt sem er félagsleg skylda? Bændurnir hafa komið sér saman um þetta af ákveðnum ástæðum. (**BjörgvS:** Reyna að vera málefnalegur.) Það er af ákveðnum ástæðum. Það er af þeim ástæðum að þeir telja þetta hagsmuni sína. Kannski er það til þess að verð falli ekki og til þess að allir taki þátt í þeirri leit sem stendur núna yfir að mörkuðum erlendis. Kannski eru þetta ástæðurnar fyrir því að hin félagslega heild bændanna geri það.

Svo þýðir náttúrlega ekkert lengur að koma í þennan ræðustól og halda því fram að allir sauðfjárbændur séu að drepast. Þetta er misríkur hópur, fólk með mismiklar tekjur, sumt af þessu fólki hefur það gott annað býr við léleg lífskjör. Sumir þessara manna hafa sauðfé sem aukabúgrein og lifa á öðru með. (**RG:** Það er það sem ...) Hv. þm. Björgvin Sigurðsson hélt því hér fram og talar með þeirri lítilsvirðingu um þessa stétt að allir séu fátækir og tekjulausir. Það er ekkert þannig. (**BjörgvS:** Mikill ...) Þetta er auðvitað (Gripið fram í.) missterkur hópur og misefnaður og hefur það misgott. (**Gripið fram í:** Sumir eru ...) Kannski menn sem hafa það mjög gott af því þeir hafa mörg önnur verkefni. Við skulum tala af virðingu um stöðu þessa fólks.

Góðu fréttirnar eru þær að sala á lambakjöti jókst á síðasta ári um 1,1% og ég get tekið undir það að auðvitað þurfa sláturleyfishafarnir sem eru með fyrirtæki bændanna í höndum að gera þeim grein fyrir hvað þeir fá á erlendum mörkuðum. Kannski þarf að knýja þá til þess að það verð verði upplýst.

Þetta er verkefni bændanna. Það eru engin átök um þetta í ríkisstjórninni. Ég held að samstaða sé um að halda þessu verkefni áfram með þessum hætti. Þetta eru ekki miklir peningar. Hér hafa hv. þm. ekki gagnrýnt það, sem ég þakka fyrir. Það eru ekki miklir peningar kannski miðað við það sem stórfyrirtækin eru núna að leggja í markaðssetningu sína, hvort sem það er Landssíminn eða KB-banki, 200–400 millj. Hér erum við að tala um mjög lítinn pening, hæstv. forseti.

[15:34]

Útbýting þingskjala:

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins, 581. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 874.

Auglýsingar í Ríkisútvarpinu, 582. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 875.

Lán til leiklistarnáms, 584. mál, fsp. BjörgvS og KJúl, þskj. 877.

Leiklistarnám, 585. mál, fsp. KJúl og BjörgvS, þskj. 878.

Námslán fyrir skólagjöldum, 580. mál, fsp. KJúl, þskj. 873.

Norræna ráðherranefndin 2003, 579. mál, skýrsla samstrh., þskj. 872.

Útgáfa bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands, 583. mál, fsp. MÁ, þskj. 876.

Út af dagskrá voru tekin 16. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 15:35.

64. FUNDUR

mánudaginn 16. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 859. — Frh. 1. umr.
3. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 860. — 1. umr.
4. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867. — 1. umr.

Lagt fram á lestrarsal:

Tilmæli til alþingismanna um endurskoðun laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, frá rúmlega tvö þúsund kjósendum.

Tilkynning um dagskrá.

[15:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um skattgreiðslur erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, 360. mál, nál. utanrmn., þskj. 880.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 359. mál, nál. utanrmn., þskj. 879.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 528. mál, svar utanrrh., þskj. 884.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 529. mál, svar fjmrh., þskj. 883.

Fríverslunarsamtök Evrópu 2003, 586. mál, skýrsla ÞEFTA, þskj. 881.

Starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 885.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Skýrsla forsætisráðherra um launamun kynjanna.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. í framhaldi af því að nefnd sem hann skipaði síðla árs 2000 um að skoða efnahagsleg völd kvenna hefur nú skilað áliti rúmum þremur árum eftir að hún var sett á, allviðamiklu verki þar sem m.a. er byggt á launakönnun sem unnin var á vegum nefndarinnar á árinu 2002, ítarlegri viðhorfskönnun um viðhorf Íslendinga til jafnréttismála og að síðustu voru teknar saman ýmsar tölur um hlut kvenna í íslensku efnahagslífi. Allar þessar upplýsingar eru fróðlegar en segja má að meginniðurstaðan komi ekki á óvart og sé ekkert nýtt að staðfestur er umtalsverður kynbundinn launamunur, að áhrif kvenna í íslensku efnahagslífi hvað varðar t.d. setur í stjórnunarstörfum eru lítil og verulega vantar upp á að hlutur þeirra sé eins og við vildum sjá hann væntanlega í jafnréttissinnuðu þjóðfélagi.

Nefnd þessi starfaði á vegum hæstv. forsrh. og var skipuð á grundvelli framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Því er nærtækt að spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig hyggst ríkisstjórnin fylgja starfi nefndarinnar eftir? Verður tillögum nefndarinnar sem settar eru fram í lok skýrslunnar um aðgerðir til úrbóta hrint í framkvæmd? Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig metur hann stöðuna í þessum efnum í ljósi skýrslunnar? Er hann sáttur við stöðu jafnréttismála á Íslandi á sínu 13. ári í embætti sem forsrh.?

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég met það svo, svo ég svari því síðasta fyrst, að það hafi orðið góð framþróun í málaflokki þessum eins og mörgum öðrum. Auðvitað má betur gera og ég hygg að vilji allra í þessum sal standi til þess að gera betur í þessum efnum.

Varðandi skýrsluna sjálfa þá hefur hún ekki verið lögð fyrir ríkisstjórn. Hún var kynnt daginn eftir að hún var send mér. Það var engin ástæða til annars en að kynna hana strax opinberlega. Hún verður lögð fyrir ríkisstjórn á morgun og í framhaldi af því verða teknar ákvarðanir um með hvaða hætti næstu skref verða stigin. Ég tel að greinargerðin sem hv. þm. vitnaði til sé að mörgu leyti fróðleg. Ég get einnig tekið undir orð hans um að það eru engar stórkostlegar nýjungar eða ný sannindi sem þarna koma fram, veruleiki nokkuð þekktur. Ég tel þó að hann sé ágætlega sundurgreindur í skýrslunni og þær tillögur sem fylgja séu athyglisverðar. En miðað við hversu stutt er síðan skýrslan var lögð fram hefur engin endanleg ákvörðun verið tekin um næstu skref í ríkisstjórn. Það verður gert í framhaldinu.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin svo langt sem þau ná. Ég hafði ekki áttað mig á því að skýrslan hafi ekki einu sinni verið tekin fyrir í ríkisstjórn enn þá, en gott er að það standi fyrir dyrum. Það sem mér finnst náttúrlega að verði að horfast í augu við og taka alvarlega er sú staðreynd að við erum með í höndunum gögn, ítarleg nýleg gögn, bæði tölfræðileg gögn og eins niðurstöður úr viðhorfskönnun sem staðfesta þann veruleika að það er hreinn kynbundinn launamunur af stærðargráðunni 7,5%–11%. Þetta stendur eftir þegar allar aðrar breytur sem hægt er að taka til greina sem útskýringar á allt að 30% lægri launum kvenna að meðaltali eru frádregnar sem er auðvitað óþolandi ástand. Mér finnst að menn verði að taka það mjög alvarlega þegar slíkar upplýsingar eru staðfestar í höndunum á þeim. Það er hreint brot á landslögum. Ég vona að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því. Það mætti kannski spyrja hæstv. ráðherra hvernig ríkisstjórnin hyggist, með eftirlitstækjum sínum og stjórnsýslutækjum, fylgja þessum hlutum betur eftir.

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hefur enginn, svo ég viti til, komið fram með tillögur sem eru alger lausn í þessum efnum. Ég hygg hins vegar að ríkið sem atvinnurekandi og forsvarsmenn þess á ýmsum stigum komi nokkuð vel frá þessum samanburði yfirleitt ef miðað er við atvinnulífið í heild þannig að það er ekki beint við það að sakast.

Vandamál af þessu tagi eiga rót í liðinni tíð, hverfa smám saman en auðvitað þurfa menn að vera samhentir í að vinna að því máli, en ég hygg að það sé enginn sökudólgur í þeim efnum. Það er heldur enginn með lausn sem mundi leiða til þess að vandamálin yrðu úr sögunni á aðeins örfáum missirum eða árum.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það má t.d. benda á spurninguna um hvort Jafnréttisstofa á ekki að fá sterkari heimildir til að afla gagna og bera saman gögn um launamál þannig að hún hafi úrræði til þess að sannreyna hvort kynbundinn launamunur viðgengst í fyrirtækjum.

Varðandi frammistöðu hins opinbera er það að sönnu rétt hvað varðar t.d. stjórnunarstöður að félagsþjónustan og heilbrigðisþjónustan kemur ívið betur út. Þar eru konur kannski 35%–40% af framkvæmdastjórum, en þegar kemur að forstöðumönnum ríkisstofnana og ráðuneyta er útkoma ríkisins ekki sérstaklega falleg. Yfir 80% af forstöðumönnum ríkisstofnana og ráðuneyta eru karlar þannig að það er heldur betur hægt að taka til í þeim efnum. Ég er ekki viss um að ferill hæstv. ríkisstjórnar allra síðustu missirin sé sérstaklega glæsilegur ef farið væri ofan í saumana á því hvernig ríkisstjórnin hefur skipað þar í embætti og tæplega telst afrek hæstv. félmrh., sem flæmdi framkvæmdarstjóra Jafnréttisstofu úr starfi, sérstakt innlegg í málið.

Upplýsingasamfélagið.

[15:09]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Haustið 1996 þegar þróunarverkefninu um íslenska upplýsingasamfélagið var hleypt af stað sagði hæstv. forsrh. þetta m.a., með leyfi forseta:

„Sú hraða þróun, sem nú á sér stað í samskiptatækni og upplýsingamiðlun, mun hafa víðtæk áhrif á mannlegt samfélag. Sjóndeildarhringur einstaklinga og athafnasvið víkka; markaðir og viðfangsefni fyrirtækja þenjast út; í samskiptum þjóða í millum verða til ný svið viðskipta, samstarfs og menningartengsla."

Síðar sagði: „Ríkisstjórn Íslands hefur því mótað stefnu stjórnvalda í málefnum upplýsingasamfélagsins. Með slíkri stefnumótun er leitast við að tryggja öllum landsmönnum fullan og jafnan aðgang að þeim nýjungum og þeim valkostum sem til boða munu standa."

Síðan þetta var sagt, virðulegi forseti, eru liðin rúm sjö ár. Föstudaginn 6. febrúar sl. samþykkti hæstv. ríkisstjórn nýja stefnu um upplýsingasamfélagið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Leiðarljós hennar" — þ.e. stefnunnar — „verða einstaklingurinn, tækifæri hans og velferð í samfélaginu og er yfirskrift stefnunnar „Auðlindir í allra þágu". Í stefnunni segir m.a. að tryggja verði aðgang fólks og fyrirtækja að traustu háhraðaneti á samkeppnishæfu verði."

Virðulegi forseti. Um leið og ég vitna í þessar samþykktir hæstv. ríkisstjórnar vil ég spyrja hæstv. forsrh. út í það hvort auðlindirnar í allra þágu eigi að vera fyrir landsmenn alla eða bara hluta þeirra. Landssíminn hefur nefnilega ekki viljað bjóða íbúum minni byggðarlaga en þeirra sem hafa 500 íbúa eða færri upp á sítengingu gegnum ADSL eða annað slíkt. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh.: Felast í þessari ágætu samþykkt ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið einhver skilaboð til Landssíma Íslands eða Símans, eins og hann heitir nú, að koma á ADSL-tengingu í öllum byggðarlögum landsins?

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Skýrslan sem hér er nefnd er ekki í sjálfu sér bein skilaboð til Símans, heldur er almenn stefnumörkun þarna á ferðinni. Ég man ekki betur en að hæstv. samgrh. hafi tiltölulega nýlega svarað spurningum af líku tagi í þinginu og ég geri ekki annað en vísa til þeirra orða sem samgrh. hefur látið falla um málið. Það er að vísu dálítið sniðuglega gert af hv. þm. að koma þessum krók yfir á mig en ég vitna í þau svör sem hæstv. samgrh. hefur gefið í málinu.

[15:12]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vitna til þess að í gömlu svari til mín frá hæstv. samgrh. er vitnað í að samkomulag hafi verið gert við samgrh. um að Landssíminn skaffi öllum stærri þéttbýlisstöðum tengingu við ADSL-þjónustu. Þetta var undirritað 16. mars 2001 og Landssíminn hefur ekki, þó ég vitni ekki í fræg ummæli hæstv. samgrh. um þessi mál í Norður-Þingeyjarsýslu, viljað skaffa íbúum minni sveitarfélaga þessa þjónustu. Ég spyr þess vegna: Hvernig verður þetta túlkað sem auðlind í allra þágu ef svo og svo stór hluti lítilla byggðarlaga á landinu situr eftir og situr ekki við sama borð og íbúar þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu eða stærri staða á landsbyggðinni?

[15:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er afar þýðingarmikið að sá tími sem er nýttur til andsvara gagnist, að þeir ráðherrar sem fara með hin faglegu mál og best eru til þess fallnir að svara þeim, fái viðkomandi spurningar. Það er algerlega ljóst. Hv. þm. veit jafn vel og ég að ég er ekki eins vel heima í þessum málaflokki og hæstv. samgrh. Ég þykist ekki einu sinni vera það, enda mundi vera auðvelt fyrir hv. þm. að sjá í gegnum það þannig að ég beini því til hv. þm. að framvegis beini hann spurningum af þessu tagi til rétts ráðherra.

[15:13]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég virði það alveg en upplýsingasamfélagið heyrir undir hæstv. forsrh. og ég er að spyrja út í það, hvernig auðlindir í allra þágu eigi að komast til íbúa minni byggðarlaga þegar Landssíminn fer um landið og skaffar þessa þjónustu öllum stærri byggðarlögum en neitar íbúum minni byggðarlaga um þessa sjálfsögðu þjónustu. Ég spyr: Hvernig í ósköpunum eiga íbúar litlu byggðarlaganna að sitja við sama borð t.d. hvað varðar jafnrétti til náms þegar fjölmargir íbúar landsins keyra um í Mercedes Benz, ef svo má að orði komast, en fjöldi íbúa landsins verður að láta gamlan og lélegan Trabant duga?

[15:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Það gildir um þetta eins og annað að skynsemin ræður í þessum efnum og ef skýrslan er skoðuð sem hv. þm. vitnaði til er útfært í skýrslunni hvaða aðili er í forsvari fyrir hverja einstöku þætti sem nefndir eru í skýrslunni. Þeir þættir sem hv. þm. vitnar til eru sérstaklega færðir undir samgrh. í skýrslunni. Auðvitað má segja að öll mál geti heyrt undir forsrh. vegna þess að ríkisstjórnin heyrir undir hann. En þó verður að virða þessa faglegu skiptingu, hv. þm.

Orion-þotur.

[15:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Smáfrétt í Morgunblaðinu um helgina flutti stórmerkileg tíðindi, að engar Orion-eftirlitsvélar hefðu verið hér síðustu 15 daga og að vafi léki á hvort eða hvenær önnur flugsveit yrði send til landsins.

Í tilefni af skilaboðum frá Washington síðasta vor, um að leggja niður loftvarnir á Íslandi, sagði hæstv. forsrh. í stefnuræðu, með leyfi forseta:

„Eftir bréfaskipti milli mín og forseta Bandaríkjanna, viðræður við öryggisráðgjafa hans og beina íhlutun forsetans sjálfs eru varnarmálin í eðlilegum farvegi á ný. Það þýðir að þau verða leyst sameiginlega en ekki afgreidd einhliða sem hefði eyðilagt grundvöll varnarsamningsins."

Ef Bandaríkjamenn hætta með eftirlitsvélar hér má túlka það svo að þeir líti ekki lengur á Ísland sem hluta af varnarsvæði sínu og að Ísland hafi ekki lengur þýðingu. Það hefur haft sérstakan tilgang og verið hreint bandarískt hagsmunamál að hafa eftirlitsvélar staðsettar á Íslandi. Hið sama virðist ekki hafa gilt um þoturnar. *Í þessu hefur falist samningsstaða* fyrir Ísland að mínu mati. Ef eftirlitsvélarnar fara veikist sú samningsstaða.

Það er búið að flytja mörk varnarsvæðis Bandaríkjanna heim að strönd þeirra og Kanada. Áður voru Atlantshaf og Ísland innan varnarsvæðisins. Herstöðin á Íslandi hefur verið flutt undir Evrópustoð Bandaríkjahers í Stuttgart. Umræður munu í gangi um varnarsamninginn en virðast ekkert þokast. Því er það undrunarefni ef þessi frétt á við rök að styðjast.

Ég spyr því hæstv. utanrrh. um hver skýring hans er á þessum fréttum, hvort Bandaríkjamenn séu, þrátt fyrir yfirlýsingar um annað, að draga úr vörnum hér og hver viðbrögð Íslendinga verði.

[15:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þær flugvélar sem hv. þm. nefndi varða eftirlit með kafbátum á Norður-Atlantshafi, svokallaðar Orion-vélar. Eftir því sem best er vitað hefur engin ákvörðun verið tekin um hvort þessar vélar skuli fara frá Íslandi. Hins vegar hefur þessum vélum verið fækkað allverulega af hálfu Bandaríkjamanna. Þær eru orðnar mjög gamlar og úreltar og gert er ráð fyrir því að ný kynslóð slíkra flugvéla taki við hlutverki þeirra á næstu árum. Þessar vélar hafa verið fluttar til oftar en einu sinni. Nú síðast höfðu þær hlutverk í tengslum við átökin í Írak en okkur hefur ekki borist tilkynning um að þær fari endanlega frá Íslandi.

Hitt er annað mál, að það er ekki jafnrík ástæða til að fylgjast með ferðum kafbáta og áður var. Þetta mál er ekki í neinu sambandi við loftvarnir Íslands. Það er annað mál sem ríkisstjórnin hefur haft mjög skýr sjónarmið í og komið skýrt fram á Alþingi. Við væntum svara frá Bandaríkjamönnum um þetta mál en við höfum krafið þá skýringa á því hvað hér er á ferðinni. (**SJS:** Er ekki vont að kafbátarnir séu eftirlitslausir?)

[15:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þykir sem hæstv. utanrrh. hafi að nokkru staðfest þær fréttir sem sagðar voru um helgina. Það kemur réttilega fram hjá ráðherra að þessar vélar séu orðnar gamlar og þeim hafi fækkað. Menn sendi þær þangað sem þeim finnst mest ástæða til að nota þær og það er kjarni málsins. Það eru kafbátaeftirlitsvélarnar sem Bandaríkjaher hefur haft mestan áhuga á að vera með hér. Ísland hefur ekki sóst eftir því að þær vélar séu hér. Ég held því fram að ef eftirlitsvélarnar fari þá veikist samningsstaða Íslands.

Ég spyr þess vegna: Hver er samningsstaða okkar ef það er verið að fara með þessar eftirlitsvélar, vilji menn hafa samningsstöðu?

Staðreyndin er að það liggur ekki ljóst fyrir hvernig við viljum haga vörnum okkar. Ég spyr því hæstv. ráðherra aftur um hvað felst í því sem er að gerast.

[15:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta er ekki spurningin um samningsstöðu. Þetta er spurning um að virða þær varnarskuldbindingar sem gilda samkvæmt varnarsamningnum. Það liggur ljóst fyrir af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar að við teljum að loftvarnir fyrir Ísland séu eitt aðalatriðið í því sambandi. Um það er verið að tala.

Við erum að sjálfsögðu alveg tilbúin til að ræða eftirlit með kafbátum. Það hafa engar viðræður farið fram milli Íslands og Bandaríkjanna um það mál. En ég veit að hv. þm. getur verið mér sammála um að það er ekki sama ástæða til eftirlits með kafbátum nú og var fyrir 20–30 árum.

Það er rangt hjá hv. þm. að það liggi ekkert fyrir um hvaða varnir við viljum hafa hér á landi. Sú fullyrðing er röng.

[15:21]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að ég og hæstv. utanrrh. erum að tala í kross. Ég er ekki að tala um varnarþarfir Bandaríkjanna að öðru leyti en að þær spila svo stórt hlutverk í því hvaða samningar verða á milli okkar og þeirra í framtíðinni ef við viljum gera samninga við þau. Það eru viðræður í gangi og út frá þeim viðræðum yrði slík ákvörðun tekin.

Það er greinilegt að pólitískur stuðningur Íslands hefur ekki dugað til að halda óbreyttri stöðu gagnvart Bandaríkjunum. Ég bendi á það. Maður verður að vita hver staðan er til að geta horft fram á veginn. Ísland hefur greinilega mjög litla þýðingu fyrir varnarstefnu Bandaríkjanna.

Hæstv. utanrrh. nefndi að loftvarnir væru aðalatriðið hjá okkur. Já, en þessar þotur og loftvarnirnar sem þeim fylgja hanga á eftirlitsvélunum sem Bandaríkjaher hefur viljað hafa hér. Það eru miklar breytingar í farvatninu og við fáum ekki einu sinni áframhald viðræðna um varnarsamstarfið.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Viðræður eru í gangi milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál. Það liggur alveg ljóst fyrir. Síðasti

fundur um þau mál var í desember. En það er í sjálfu sér ekkert samhengi á milli loftvarna annars vegar og eftirlits með kafbátum hins vegar. Það eru algjörlega sjálfstæðir þættir í sambandi við varnir Íslands.

Auðvitað skipta varnir Íslands þarna höfuðmáli og sameiginlegar varnarskuldbindingar Atlantshafsbandalagsins, sem varða Bandaríkin, Ísland og öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Þetta þarf allt að sjá í samhengi.

Hv. þm. er mjög upptekin af samningsstöðunni. Aðalatriði málsins er varnarsamningurinn og sameiginlegar varnarskuldbindingar. Það er einfaldlega það sem við viljum að staðið verði við. Það liggur ljóst fyrir.

Loðnuveiðar.

[15:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Í fjölmiðlum í morgun var greint frá því að hagsmunaaðilum í sjávarútvegi hafi í gær verið greint frá því að a.m.k. 100 þús. tonnum verði bætt við loðnukvótann á yfirstandandi vertíð. Getur sjútvrh. svarað því hvort þetta er rétt? Ef svo er þá er enn eina ferðina verið að bæta við loðnukvótann. Hann er núna orðinn tæplega 800 þús. tonn en var upphaflega um 500 þús. tonn, ef ég man rétt.

Niðurstöður Hafrannsóknastofnunar benda til að þokkalega stórir þorskárgangar séu að alast upp og stórir ýsuárgangar einnig að koma inn í veiðina. Þannig er fyrirsjáanlegt að töluvert mikil næringarþörf verði fyrir hendi í íslenskum bolfiskstofnum þessa stundina. Hefur hæstv. sjútvrh. ekki áhyggjur af því að of hart sé gengið að loðnustofnunum með veiðum, stórfelldri og síaukinni kvótaaukningu, þannig að loðnan nýtist ekki sem fæða fyrir bolfiskstofna á borð við þorsk og ýsu?

[15:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Við mælingar síðustu daga hefur rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni gengið betur að ná utan um loðnugöngurnar austan og suðaustan við landið. Þó að mælingum og útreikningum sé ekki að fullu lokið er þegar ljóst að þar verður umtalsverð viðbót við það sem áður var útgefið, það eru núna 635 þús. tonn, og ljóst að um er að ræða á annað hundrað þúsund tonn.

Vegna þess að þegar er farið að takmarkast hjá einstökum aðilum hvað þeir hafa mikinn kvóta og menn farnir að huga að því að hafa nægan kvóta fyrir hrognaloðnu og hrognatöku í lok vertíðar var talið rétt að koma því á framfæri við útvegsmenn að von væri á viðbót í kvótann þótt endanleg tala lægi ekki fyrir.

Sú mæling sem um er að ræða er gerð á þeim hluta loðnustofnsins sem núna gengur til hrygningar og mun að stærstum hluta drepast að lokinni hrygningu. Það er þess vegna ekki ástæða til að hafa áhyggjur af viðgangi loðnustofnsins, þá sérstaklega sem fæðu fyrir aðra fiskstofna, varðandi veiðar á þessum hluta nema að því er varðar þann hluta stofnsins sem nær að hrygna. Það hefur þegar verið gert ráð fyrir 400 þús. tonnum til þess og útgefinn kvóti tekur mið af því.

Hvað varðar almennt þátt loðnunnar sem fæðu fyrir bolfisk hefur á undanförnum mánuðum verið í gangi endurmat á því hjá Hafrannsóknastofnun, farið yfir það mat sem fyrr hefur verið gert og byggt hefur verið á. Það er eðlilegt að svona mat sé endurskoðað með reglulegu millibili. Því mati er ekki lokið. Því eru enn sem komið er ekki neinar nýjar upplýsingar fyrir mig til þess að byggja á skoðun mína. Við förum enn sem komið er eftir þeim niðurstöðum sem Hafrannsóknastofnun hefur komist að hvað þetta varðar.

[15:27]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Hafi ég skilið hæstv. sjútvrh. rétt þá stefnir sem sagt í að heildarloðnukvótinn á þessari vertíð verði alla vega tæp 800 þús. tonn.

Undanfarin tíu ár, ef ég man rétt, hafa árlegar loðnuveiðar hér við land verið einhvers staðar á bilinu 700 þús. til 1,5 millj. tonn á ári. Þarna er verið að taka gríðarlegan lífmassa út úr vistkerfinu við Ísland, neðan af vistkerfinu við Ísland, lítinn fisk sem inniheldur mikla orku. Ég tel fyllilega tímabært að fram fari alvarleg umræða í þjóðfélaginu um hvort við séum ekki að gera mikil mistök, skjóta okkur í lappirnar, með því að veiða svo mikið af loðnu á hverju ári.

Sú loðna sem hrygnir og drepst við Ísland hverfur ekki úr vistkerfinu. Hún verður að fæðu fyrir botndýrategundir, aðrar fisktegundir. Þannig er reginmisskilningur að ætla að loðnan sé horfin þótt hún deyi.

[15:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra. forseti. Eins og ég sagði áðan er verið að athuga samspil loðnunnar við aðra fiskstofna við Ísland á vegum Hafrannsóknastofnunar eins og er. Út af fyrir sig má segja að athugasemdir hv. þm. séu ágætt innlegg í þá umræðu.

Hins vegar má segja að sú viðbót sem segja má að sé fyrirsjáanleg leiði til þess að heildarkvótinn verði nálægt 800 þús. tonnum. Það liggur eiginlega nærri að það sé í samræmi við bráðabirgðakvóta sem gefinn var út síðasta vor og byggðist á mælingum á ungloðnu í apríl sl., reyndar á mjög óhefðbundnum tíma. Það var mæling sem menn höfðu áhyggjur af vegna þess að það er ekki mikil reynsla af því að mæla á þessum tíma. Það lætur þó mjög nærri að þær niðurstöður sem þá fengust séu réttar miðað við þá mælingu á loðnustofninum sem fengist hefur nú í janúar og febrúar. Það er út af fyrir sig athyglisvert innlegg í umræður um rannsóknir og stofnstærðarmælingar á loðnunni.

[15:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það eru engin ný vísindi að menn viti það að loðnan spilar stóra rullu í íslenska vistkerfinu. Ég minni á það að Hafrannsóknastofnun framkvæmdi fyrir nokkrum árum mjög viðamikla rannsóknaáætlun, svokallaða fjölstofnarannsókn sem gekk yfir í mörg ár þar sem skoðaðir voru hinir ýmsu stofnar í vistkerfi hafsins umhverfis Ísland allt frá smæstu fiskum og upp í fugla. Þar liggja fyrir mikilvæg gögn.

Það er margt sem bendir til að eitthvað sé að, því að ég bendi t.d. á að kynþroskaaldur á þorski fer sífellt lækkandi. Mikið af smáþorski verður kynþroska allt of snemma. Það bendir til að þorskinum líði illa. Það er þannig hjá villtum fiskstofnum að ef þeim líður illa verða þeir kynþroska tiltölulega ungir til þess að geta náð að endurnýja sig.

Svo vil ég líka benda á það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan um að menn væru sumir að verða uppiskroppa með kvóta. Sennilega eiga aðrir nógan kvóta eftir og jafnvel meiri kvóta en þeir ná að veiða og þá spyr ég: Hvar er hagræðingin og sveigjanleikinn í kvótakerfinu ef ekki er hægt að beita honum núna og flytja þá kvóta frekar á milli skipa þannig

að sá heildarkvóti sem búið er að ákveða náist og við förum síðan varúðarleið í þessum efnum?

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið tvisvar áður í þessu stutta fyrirspurnaformi er Hafrannsóknastofnunin að skoða sérstaklega tengsl loðnustofnsins og annarra fiskstofna út frá því hvaða hlutverki hver um sig gegnir í vistkerfinu. Sjálfsagt munu verða viðskipti með loðnukvóta á þessari vertíð eins og undanfarnar vertíðir og líklegt að þau viðskipti verði einmitt til þess að kvótinn sem útgefinn hefur verið næst að mestu eða öllu leyti. Það skiptir auðvitað miklu máli að við höfum nægt magn til þess að nýta þá vænlegu stöðu sem nú er á mörkuðum hvað varðar frysta hrognaloðnu og loðnuhrogn. Reyndar má ætla að sú vertíð sem nú stendur yfir hafi verið sérstaklega jákvæð vegna þess hve stórt hlutfall af heildarkvótanum sem veiðst hefur hefur verið unnið til manneldis, bæði fryst á Rússlandsmarkað og svo á næstu vikum sem hrognafyllt loðna og hrogn.

Útboð á fjarskiptaþjónustu.

[15:32]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Fjarskiptakostnaður ráðuneyta og ríkisstofnana í A-hluta fjárlaga nam 1.350 millj. kr. árið 2002 samkvæmt svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjarskiptakostnað ríkisfyrirtækja og stofnana í B-, C-, D- og E-hluta. Varlega áætlaður fjarskiptakostnaður hins opinbera er því á ári nærri 1,5 milljarðar kr.

Samkeppni á fjarskiptamarkaði er nýtilkomin. Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hafa óskað tilboða í fjarskiptaþjónustu og sum þeirra stærstu hafa efnt til ítarlegra útboða. Dæmi eru um að fyrirtæki hafi lækkað kostnað af talsíma- og farsímaþjónustu um allt að 50%. Það er því ljóst að þegar heildarfjarskiptakostnaður hins opinbera er 1,5 milljarðar kr. getur ávinningur ríkissjóðs af útboðum numið 200 millj., 300 millj. og jafnvel mögulega meira en 400 millj. kr. á ári. Þetta eru fjárhæðir sem hæstv. fjmrh. hefur oft haft yfir en þó yfirleitt vegna þess að þeim hafi ekki verið til að dreifa þegar framlög til ýmissa mikilvægra velferðarmála hafa verið á dagskrá. Eðlilegt er því að ætla að hæstv. fjmrh. hafi fyrir margt löngu beitt sér fyrir útboðum stofnana og fyrirtækja sem undir hann heyra. En merkilegt nokk, svo er ekki. Símaþjónustufyrirtæki hins opinbera eru með milljarðatekjur í áskrift úr ríkissjóði.

Það sem kemur einnig á óvart er að samkvæmt svari hæstv. ráðherra hefur fjmrn. ekki haft döngun eða ekki séð ástæðu til að kanna hver er ávinningurinn af þeim útboðum sem þó hafa átt sér stað. Þá kemur einnig fram í svari hæstv. ráðherra að engin áform virðast uppi um frekari útboð á fjarskiptaþjónustu ráðuneyta og ríkisfyrirtækja.

Virðulegi forseti. Það hlýtur því að vera eðlilegt að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvers vegna hefur fjmrn. ekki beitt sér fyrir útboðum á fjarskiptaþjónustu ráðuneyta, ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana þegar ávinningur getur numið 100 millj. kr.?

[15:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og kemur fram í því svari sem hv. þm. og fyrirspyrjandi vitnaði til hvílir ekki skylda á hinu opinbera að bjóða út fjarskiptaþjónustu sína. Hins vegar hefur það mál verið til athugunar að undanförnu, bæði í fjmrn. og á vegum Ríkiskaupa, og ég tel að það sé einungis spurning um tíma hvenær út í einhvers konar útboð verður farið á þessu sviði þó að sjálfsögðu ekki sé vitað enn þá í hve miklum mæli það getur gerst. Auðvitað blasir það við eftir því sem tækni og annað þróast á þessu sviði að ríkisfyrirtæki eins og aðrir geta hagnast á því að fara í útboð.

Hins vegar má ekki gleyma því að á ríkisfyrirtækinu Landssímanum hvíla ýmsar kvaðir og skuldbindingar, sem stundum er kvartað um í þessum sal að séu ekki nægilega miklar eins og gert hefur verið fyrr í dag, sem ekki hvíla á samkeppnisaðilanum. Það þarf líka að gæta þess að réttilega sé fram gengið hvað öll slík mál varðar áður en farið er í útboð. Þau þurfa þá að vera afskaplega vel skilgreind og ná utan um tiltekin vel afmörkuð atriði áður en út í þau er farið. En eins og ég segi, ég hafna því að sjálfsögðu ekki og geri ráð fyrir því að það sé framtíðin á þessu sviði.

[15:36]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að hér á landi hvílir ekki skylda á hinu opinbera að bjóða út fjarskiptaþjónustu og eftir því sem ég best veit er það eina landið í Evrópu eða innan Evrópska efnahagssvæðisins sem svo er fyrir komið. Ég held að það sé jafnvel ástæða til að endurskoða það og setja í lög að fjmrh. beri að fara vel með það fé sem honum er treyst fyrir hvað þetta varðar.

Það kom fram í svari hæstv. ráðherra að mál þetta sé í skoðun. Ég vil bara minna á það að tíminn kostar peninga. Í þrjú ár hefur verið möguleiki á að bjóða út fjarskiptaþjónustu hins opinbera og miðað við þær tölur sem ég nefndi áðan þá er þar hugsanlega einn milljarður sem hafi farið fyrir borð á þessum árum. Það má nýta þá peninga til annarra hluta.

Umræður utan dagskrár.

Skattgreiðslur erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Á þskj. 821 birtist svar hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni og hv. þm. Jóns Bjarnasonar um skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Sérstaka athygli vakti svar hæstv. ráðherra við 5. tölul. fyrirspurnar okkar en spurningin og svar ráðherra hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hver eru helstu álitamál og vandamál sem uppi eru eða upp kunna að koma að mati fjármálaráðuneytisins í sambandi við skattalega meðferð mála í fyrrgreindum tilvikum og tengd umsvifum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar" í heild?

Svarið er eftirfarandi:

„Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna annarra framkvæmda af þessari stærðargráðu."

Svo óheppilega vildi til fyrir hæstv. fjmrh. að dagana eftir að svarinu var dreift fjölluðu fjölmiðlar um það að útsvarstekjur hafi ekki skilað sér til sveitarfélaganna eystra, þ.e.

Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps, nema að örlitlu leyti. Jónas Þór Jóhannsson, sveitarstjóri Norður-Héraðs, lýsir í viðtali við Fréttablaðið um þetta leyti að sveitarfélagið hafi kvartað við alla málsmetandi aðila á þessu sviði, þ.e. skattstjórann í Reykjavík, skattstjórann eystra, ríkisskattstjóra og fjmrh. Þegar af þessum sökum átti fjmrh. að vera vel ljóst að framkvæmdin gekk ekki snurðulaust og því ekki að svara eins og hann gerði.

Fimmta spurningin sem ég las áðan sýnir að spurt var um framkvæmd skattheimtunnar, ekki aðeins lagaleg atriði. Ekki batnar svo staðan þegar í ljós kemur að til viðbótar eru deilur um lagaleg atriði og þau mál hafa verið í þófi milli Impregilo og skattyfirvalda frá því í ágústmánuði sl. Í Morgunblaðinu 11. febrúar kemur fram hjá Ómari R. Valdimarssyni, talsmanni fyrirtækisins, að það hafi ítrekað óskað eftir því frá því í ágúst að fá fundi um þessi mál við skattyfirvöld. Að staðgreiðsluskylda skatta erlendra fyrirtækja á Íslandi og starfsmanna þeirra sé óljós að þeirra mati og þeir hafi óskað eftir viðræðum um það. Enn fremur kemur fram að skattasérfræðingar Impregilo telja að erlendum fyrirtækjum sé ekki skylt að annast innheimtu staðgreiðslu og Impregilo telur sig þaðan af síður vera í ábyrgð fyrir erlenda undirverktaka og þjónustufyrirtæki segir þar. Þar er væntanlega átt m.a. við starfsmannaleigur.

Í Fréttablaðinu á laugardaginn var, þann 14. þessa mánaðar, kemur fram hjá lögmanni fyrirtækisins, Þórarni V. Þórarinssyni, að ágreiningur um greiðslu tryggingagjalds sé á leið til dómstóla. Þórarinn staðfestir einnig að Impregilo sé afar ósammála þeirri túlkun ríkisskattstjóra að þeir beri ábyrgð á staðgreiðslu manna á vegum starfsmannaleigufyrirtækja eða undirverktaka sem vinna við ræstingar, svo dæmi sé tekið. Í sömu frétt kemur fram að Impregilo hyggist standa skil á staðgreiðslu allflestra starfsmanna sinna fljótlega eftir helgina, þ.e. í þessari viku. Þá er spurningin: Eru eða verða það fyrstu skattgreiðslur fyrirtækisins? Eru skattgreiðslur þeirra sem eru á vegum starfsmannaleigna og undirverktaka enn þá í óvissu? Hverju sætir að þó að Hagstofan hafi gefið út tæpar 800 kennitölur að beiðni Impregilo fyrir erlenda starfsmenn eru aðeins um 70 skráðir búsettir við Kárahnjúka í dag og voru aðeins 44 1. desember? Áætlað er að þar dvelji nú yfir 500 erlendir starfsmenn. Hvert fer útsvar allra hinna, þ.e. ef einhverjir skattar eru eða hafa verið greiddir af þeim? Hve margir erlendir starfsmenn eru horfnir úr landi aftur án þess að hafa borgað eina krónu í skatt á Íslandi? Er sá orðrómur e.t.v. réttur, sem ítrekað heyrist, að hlutunum sé þannig fyrir komið að menn borgi heldur enga skatta erlendis?

Eðlilega, herra forseti, mótmælti ég svari hæstv. fjmrh. Það er í engu samræmi við veruleikann eins og glöggt kemur fram af því sem ég hef farið yfir. Ráðherra gerði betur í því að vera ekki eins önugur í viðbrögðum sínum og hann var þegar þetta mál kom upp en snúa sér að því að svara fyrir um hvernig framkvæmdin stendur, hvaða vandamál hafa komið þar upp og hvernig á að bæta úr þeim. Ég hef aldrei svo mikið semýjað að því að fjmrh. væri að hjálpa fyrirtækinu við að komast undan skattgreiðslum þannig að hæstv. ráðherra getur sparað sér að æsa sig út af því. En svar ráðherra við fyrirspurn okkar Jóns Bjarnasonar var og er í engu samræmi við veruleikann. Það hlýtur hæstv. fjmrh. að verða að viðurkenna. Úr því á hann að bæta og einbeita sér svo að því að koma málunum í lag.

[15:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín nokkrum skriflegum spurningum um þetta mál og var svari mínu dreift í þinginu fyrir u.þ.b. viku síðan. Fyrirspurnin snerist um lagalegan ramma og skattskyldu hinna erlendu aðila sem starfa við Kárahnjúkavirkjun, bæði starfsmanna og lögaðila, eða eins og segir í 5. spurningunni í fyrirspurninni sem hv. þm. var að tala um, þá var spurt um álitamál og vandamál sem uppi eru eða upp kunna að koma að mati fjmrn. í sambandi við skattalega meðferð mála í fyrrgreindum tilvikum. Það er ekki spurt um framkvæmd, það er ekki spurt um innheimtu í þessari fyrirspurn.

Þessum spurningum var samviskulega svarað í hinu skriflega svari mínu og fullyrðing fyrirspyrjanda og málshefjandans hér í dag um að svar mitt sé rangt, er röng. Algerlega röng. Fyrirspurnirnar snúast um skattalega meðferð mála og svörin við þeim eru einföld vegna þess að hér á landi gilda einfaldar reglur um þessi mál og skattskyldan er ótvíræð að dómi fjmrn. og skattyfirvalda. Hins vegar hefur risið ágreiningur, eins og oft er, um ákveðin atriði, t.d. um tryggingagjald og í skattkerfinu eru kæruleiðir þar sem menn geta leitað annarrar niðurstöðu vilji þeir ekki una úrskurði skattyfirvaldanna. Öll slík ágreiningsmál fara í þann farveg sem lögin gera ráð fyrir.

Það verður jafnframt að taka tillit til þess hve stutt er síðan þessar framkvæmdir hófust og endanleg álagning vegna skatta síðasta árs hefur að sjálfsögðu ekki farið fram enn sem komið er. Komi í ljós í framkvæmdinni að vanhöld séu talin vera á skattgreiðslum grípa skattyfirvöld að sjálfsögðu til heföbundinna úrræða, svo sem þess að áætla launagreiðanda staðgreiðslu.

Hvað varðar umkvartanir sveitarfélaga á Austurlandi um að skil á útsvarsgreiðslum hafi ekki borist eru þær ábendingar í eðlilegum farvegi innan skattkerfisins. Úr því máli verður vonandi greitt innan tíðar.

Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að um aðila sem eru að störfum við Kárahnjúka gilda nákvæmlega sömu reglur og alls staðar annars staðar í landinu og skattskyldan er ótvíræð. Það er þess vegna mjög mikilvægt að þeir aðilar sem þar starfa, allir aðilar sem þar starfa, geri sér grein fyrir þessu og jafnframt því að undanbrögð í þessu efni verða að sjálfsögðu ekki liðin. Allt er þetta alveg skýrt og ljóst.

En hv. fyrirspyrjandi vill ekki sætta sig við þetta, að því er virðist vegna þess hve mjög honum og flokki hans er í nöp við þessar virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka og þann verktaka sem tekið hefur að sér stærstan hluta framkvæmdanna. Hann gaf því í skyn í síðustu viku hér í þinginu að það hlyti að vera einhver maðkur í mysunni og að ég, fjármálaráðherrann, væri að fegra stöðu mála — eins og hann orðaði það sjálfur í viðtali — með einhverjum hætti hvað þessar skattgreiðslur varðar.

Sá málflutningur er með ólíkindum og hann dæmir sig auðvitað sjálfur, ekki síst í ljósi þess að skattgreiðslur vegna þessara framkvæmda eru einmitt einn af þeim jákvæðu þáttum sem stjórnvöld hafa ætíð talið þessum framkvæmdum til tekna.

[15:47]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Eins og fram kemur í svari hæstv. fjmrh. við umræddri fyrirspurn sem hér er gerð að umtalsefni eru

ákvæði skattalaga ákaflega skýr. Ég get tekið undir það sem þar er sagt. Það er alveg klárt hvernig reglurnar eru og það er allra aðila að fara eftir þeim.

Það kemur fram að erlent fyrirtæki með starfsemi hér á landi situr, og á að sitja, við sama borð og innlend fyrirtæki hvað starfsemi og skattalög varðar. Þannig liggur það í augum uppi að þetta ítalska verktakafyrirtæki er staðgreiðsluskylt eins og aðrir launagreiðendur hér á landi, ellegar hefðu þeir ekki setið við sama borð, íslenskir og erlendir aðilar, við að bjóða í þetta verk.

Hins vegar er það svo, herra forseti, að ef fyrirtæki skilar ekki staðgreiðslu sinni er það auðvitað verkefni skattyfirvalda að ganga eftir henni, og það er í raun og veru undarlegt hvað það hefur verið látið dankast lengi að grípa inn í þessi mál.

Það er einmitt í dag, virðulegi forseti, sem öll fyrirtæki eru að skila staðgreiðslu fyrir janúarmánuð og þetta fyrirtæki á auðvitað að standa skil á sínum gögnum eins og hvert annað fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Það hefur líka komið fram að þetta fyrirtæki hafði óskað eftir fundi með skattyfirvöldum út af einhverjum álitamálum hvað þetta varðar og mér fannst hæstv. fjmrh. vera að gefa í skyn að öðru máli gegndi um tryggingagjaldið. Það má í sjálfu sér taka undir það hvernig með það á að fara. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvað sögðu útboðsgögn vegna tryggingagjaldsins? Er það eitthvert álitamál þar? Við vitum hvernig tryggingagjaldið er samsett. Ef til vill eru einhver álitamál þar, en hvað sögðu útboðsgögnin? Ef innlendur aðili hefði fengið þetta stóra og mikla verk og notað innlent vinnuafl eingöngu við það hefði hann að sjálfsögðu þurft að skila sínu tryggingagjaldi.

Virðulegi forseti. Það er skattyfirvalda að grípa inn í þetta mál á þessu stigi.

[15:49]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er hlutverk og skylda íslenskra skattyfirvalda að hafa eftirlit með því hvort íslensk eða erlend fyrirtæki fara að íslenskum skattalögum eða -reglum. Löggjafarvaldið hefur sett þá ábyrgð á herðar ríkisskattstjóra að hafa eftirlit með því.

Hvað varðar framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hafa forsvarsmenn Impregilo lýst því yfir að farið verði í einu og öllu að íslenskum lögum hvað varðar skattgreiðslur erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun. Við verðum að taka orð þeirra trúanleg en jafnframt hljótum við að treysta þeim eftirlitsstofnunum er málið varðar, að þær framfylgi lögum.

Ég skil mætavel áhyggjur forsvarsmanna þeirra sveitarfélaga er málið varðar og geri ekki lítið úr áhyggjum þeirra, enda hefur dráttur orðið á staðgreiðslu vegna þessara framkvæmda, það er staðreynd. Því legg ég mikla áherslu á að skattyfirvöld fylgist grannt með því að rétt sé staðið að málum hvað varðar skattgreiðslur starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun og að hlutir er lúta að skattskilum komist í viðunandi horf.

Ég get aftur á móti sagt það sem þingmaður Norðaust. að ég fagna uppbyggingu í virkjana- og stóriðjumálum á Austurlandi. Það var mikil barátta Austfirðinga og stjórnarflokkanna að koma þessari framkvæmd á og alveg ljóst að andstæðingar framkvæmdarinnar eru mátulega sáttir við niðurstöðuna í málinu. Við getum hins vegar sagt okkur það að í framkvæmd upp á 200 milljarða kr. ganga ekki allir hlutir snurðulaust fyrir sig. Það segir sig sjálft.

Því miður hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki verið hlynnt þeim framkvæmdum sem nú standa yfir á Austurlandi, framkvæmd sem mun skila þjóðarbúinu tugum milljarða króna á næstu árum, fjármagni sem við munum m.a. nýta til að styrkja og efla velferðarkerfi okkar. Til þess að halda uppi öflugu velferðarkerfi þörfnumst við öflugs atvinnulífs. Því miður er lítill skilningur á þeim sjónarmiðum innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[15:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þær vekja furðu, vægast sagt, fréttirnar sem okkur berast þessa dagana þess efnis að sköttum hafi ekki verið skilað til ríkis og sveitarfélaga af vinnu starfsmanna við eitt stærsta verk Íslandssögunnar uppi hjá Kárahnjúkum. Hvernig má það annars vera að skattskil Impregilo dragist mánuðum saman, nokkuð sem engu öðru fyrirtæki mundi líðast?

Ef ég man rétt hafa erlendir starfsmenn við störf á Kárahnjúkasvæðinu verið við vinnu frá því í maí, a.m.k. risu deilur í júní við vaktafyrirkomulag. Getur virkilega átt sér stað að skattar hafi ekki verið greiddir af starfsmönnum Impregilo í tíu mánuði? Hafa skilagreinar yfir heildarlaunagreiðslur og viðeigandi sundurliðun þeirra fyrir starfsmenn heldur ekki borist? Er þarna uppi á reginfjöllum kannski að rísa eitthvert fríríki á Íslandi, fjallaríki?

Ég minnist þess ekki, virðulegi forseti, að viðlíka hafi gerst hér á landi fyrr varðandi erlenda starfsmenn og þær eru margar, spurningarnar sem vakna í þessu sambandi. Eru stjórnvöld með þessu t.d. að gefa atvinnurekendum nýtt fordæmi, eða hafa stjórnvöld hugsað sér að fara öðruvísi með skattgreiðslur af starfsmönnum þessa ítalska verktakafyrirtækis og undirverktaka þeirra en venja og reglur hafa mótað hér á landi?

Hvernig sem á málið er litið er það a.m.k. mjög undarlegt, og fróðlegt væri að vita hvernig stjórnvöld ætla að bregðast við. Það eina sem við vitum með vissu er að ríkisskattstjóri telur að af öllum starfsmönnum eigi að greiða skatta hérlendis en jafnframt er því lýst yfir af lögmanni fyrirtækisins að deila standi yfir um ýmsa þætti er varða skattamálin.

Sveitarstjóri Norður-Héraðs segist hafa kvartað við stjórnsýsluna allt upp til fjmrh. án nokkurs árangurs og telur að málið sé mjög alvarlegt. Þess vegna hljótum við að spyrja: Hvert stefnir, hæstv. fjmrh.?

[15:54]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mér finnst það vera lágmarkskrafa við umræðurnar hér og þær sem eiga eftir að verða um þessi mál — því að ég tel að þeim sé ekki lokið — að þingmenn geti gert greinarmun á því hvort viðkomandi þingmaður hafi verið hlynntur eða mótfallinn virkjunarframkvæmdum sem slíkum þegar verið er að takast á um önnur mál sem snúa að þessum framkvæmdum. Og núna þegar við erum að fjalla um skattskyldur þeirra fyrirtækja sem eru við vinnu á virkjanasvæðinu, og þá sérstaklega ítalska fyrirtækisins Impregilo sem virðist ekki hafa skilað sköttum til ríkis, og alls ekki til sveitarfélagsins, tel ég að þar séu á ferðinni alveg aðskilin mál, óháð því hvort maður var hlynntur eða mótfallinn þeim miklu framkvæmdum sem þarna eru á ferðinni. Það verður að gera kröfu um að menn greini þarna á milli.

Ég vil vísa til þess að margir á Norður-Héraði, því sveitarfélagi sem ekki fær útsvarstekjur af þessum framkvæmdum,

voru hlynntir framkvæmdunum, m.a. vegna þess að þeir töldu sig fá auknar tekjur inn í sveitarfélagið með skattlagningu á virkjunina sem slíka, sem sé á stíflu og rennslisgöng, og að þeir mundu fá auknar útsvarstekjur. Nú er þetta hvort tveggja úti í bili og því tel ég að þarna hafi sveitarfélagið verið blekkt og það sé eðlilegt að sveitarstjórnarmenn séu a.m.k. mjög svekktir um þessar mundir.

Hér er margt undir. Ég vil sérstaklega nefna starfsmannaleigurnar en það er erfitt að sannreyna launagreiðslur sem fram fara erlendis, í þessu tilfelli Portúgal. Það er erfitt að sjá hvaða launagreiðslur eru inntar af henndi og þar af leiðandi erfitt að skattleggja viðkomandi launþega. Gæti verið að þetta væri hluti af því sjónarspili sem þarna fer fram?

[15:56]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt íslenskum lögum er algjörlega skýrt að þeir sem starfa við byggingu Kárahnjúkavirkjunar eru skattskyldir hér á landi og þau fyrirtæki sem ráða starfsmenn, útlenda og íslenska, bera fulla ábyrgð á staðgreiðslu skatta fyrir starfsmenn sína. Er þá sama hvort um er að ræða fasta starfsmenn eða starfsmenn frá starfsmannaleigum. Um þetta þarf ekki að deila og það kom mjög skýrt fram í svari hæstv. fjmrh. í síðustu viku.

Ábyrgð fyrirtækja, í þessu tilfelli Impregilo, er alveg ljós. Hins vegar vakna spurningar um hvort hið opinbera ferli varðandi skráningar og eftirlit með skattgreiðslum slíkra aðila sé nægilega skilvirkt.

Það sem veldur nokkurri furðu er af hverju svo fáir af þeim erlendu starfsmönnum sem starfa við virkjunarframkvæmdirnar eru komnir til búsetu í landinu, þ.e. til lögheimilis annaðhvort í Fljótsdalshreppi eða Norður-Héraði. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér er þó nokkur og kannski stærsti hlutinn af þeim á svokallaðri utangarðsskrá, en á þeirri skrá eru útlendingar sem sótt hafa um dvalarleyfi en ekki hafa borist fullnægjandi gögn og tilheyrandi vottorð um þá.

Umrætt fyrirtæki hefur verið frekar svifaseint við að skila gögnum um starfsmannatryggingar og læknisvottorð og þess vegna hefur ekki tekist að ljúka umsóknum um dvalarleyfi. Í lögum um atvinnuréttindi útlendinga er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Spurning er hvort bæta þyrfti inn í samráðsnefndina aðila frá þjóðskrá og ríkisskattstjóra til að allt hið opinbera verkferli varðandi ráðningu og skattskyldu erlendra starfsmanna geti gengið sem best og skilvirkast fyrir sig og verið öllum ljós. Það skiptir þau sveitarfélög þar sem framkvæmdir standa hverju sinni, eins og nú er á Austurlandi, máli að það sé ljóst að útsvarsgreiðslur skili sér.

[15:58]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér ræðum við um skattskil vegna Kárahnjúkavirkjunar. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að skattgreiðslur voru hluti af því jákvæða sem við sáum við þessar framkvæmdir og þess vegna er afar brýnt að þær skili sér. Þess vegna er sérkennilegt orðaval hjá hæstv. ráðherra að telja skil útsvarsgreiðslna til sveitarfélaga vera í eðlilegum farvegi.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það eðlilegur farvegur að sveitarfélög þurfi að ráða sér lögfræðinga til að kanna hvað valdi því að útsvarsgreiðslur skili sér ekki til sveitarfélaganna? Þetta getur ekki flokkast undir eðlilegan farveg, herra forseti.

Því er brýnt að þetta mál fái farsæla lausn sem allra fyrst. Við erum mörg sem stóðum dyggilega á bak við þá framkvæmd sem á sér stað og erum orðin langþreytt á þeim ófriði sem þarna virðist stöðugt verða á vettvangi. Þess vegna er nauðsynlegt að allar opinberar stofnanir taki höndum saman og fari í þau verk sem þarf að vinna. Það er alveg ljóst að því miður hefur undirbúningur verið þar mjög af skornum skammti á ýmsum sviðum. Þetta er eitt birtingarformið. Og við ætlumst til þess af hæstv. fjmrh. að þessu máli verði kippt í lið hið allra snarasta. Eins og hæstv. ráðherra sagði verða engin undanbrögð liðin. Það er lykilatriði og ber að fagna því að það eigi ekki að leyfa nein undanbrögð í þessum greiðslum, svo mikilvægar sem þær eru.

Það er auðvitað ljóst að það brennur heitast á sveitarfélögunum fyrir austan sem eiga að fá þessar greiðslur. Þess vegna, herra forseti, ítreka ég fyrirspurn mína um það hvort hæstv. ráðherra hafi virkilega meint það að það væri eðlilegur farvegur hjá sveitarfélögum að þurfa að leita aðstoðar lögfræðinga við það að fá eðlilegar útsvarsgreiðslur.

[16:01]

Guðjón Ólafur Jónsson:

Hæstv. forseti. Þetta er svo sem ekki í fyrsta sinn sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð finnur að þeirri framkvæmd sem nú stendur fyrir dyrum við Kárahnjúka. Það var svolítið merkilegt að heyra hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hæstv. fjmrh. væri önuglyndur í þessum málum. Ég held að því sé þvert á móti öfugt farið. Það hefur alla tíð legið fyrir að vinstri grænir hafa barist gegn þessu mikla þjóðþrifamáli sem bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði er. (**JBjarn:** Þingmaðurinn ...) Fyrst var talað um umhverfismálin. Síðan var talað um að framkvæmdin væri ómöguleg vegna þess að hún mundi valda ofþenslu í íslensku efnahagslífi. Eftir að framkvæmdir hófust var fyrst fundið að aðstæðum erlendra starfsmanna við Kárahnjúka, síðan var fundið að launakjörum þeirra og nú hefur hv. þm. uppi athugasemdir um skattgreiðslur og skattskyldu. (**ÖJ:** ... réttlæta ...?) (**SJS:** Er þetta allt í lagi?) Sé einhver misbrestur á þessu, hv. þingmenn — þeim er greinilega mjög órótt, hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (Gripið fram í.) — ber auðvitað að átelja það.

Það gilda hins vegar ákveðnar reglur í þessum efnum, eins og fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. Það er ekkert sem bendir til annars en að farið verði eftir þessum reglum. (**SJS:** Nú?) Til þess þarf ekki atbeina hæstv. fjmrh. vegna þess að við höfum skattyfirvöld í landinu sem munu sjá um það.

Það liggur fyrir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur tapað þessu máli. Það liggur fyrir að þjóðin hefur hafnað málflutningi vinstri grænna í málinu. Síðasta óyndisúrræði hins drukknandi manns er að draga Hjörleif Guttormsson náttúrufræðing fyrir héraðsdóm, klyfjaðan gögnum til að fá þessari framkvæmd hnekkt í eitt skipti fyrir öll.

Ég var á Egilsstöðum um helgina. Ég sá uppbygginguna alls staðar. Ég sá gleðina hjá fólkinu. Ég sá bjartsýnina sem ríkti. Og ég held að nær væri fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að taka einu sinni þátt í gleði fólksins í kjördæmi sínu í stað þess að pönkast sýknt og heilagt á ríkisstjórninni, Framsfl. og öðrum sem hafa unnið að þessu þjóðþrifamáli. (**ÖJ:** ... gagnrýna ...)

[16:03]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Ég vona að ég hafi hér málfrelsi þó að ég hafi lagst gegn þessum mannlegu náttúruhamförum sem Kárahnjúkavirkjun er. Ég held að það hljóti að vera.

Ég verð að segja, og ætla að gera það að umtalsefni, að stjórnsýslan á Kárahnjúkum stendur ekki undir nafni. Þarna er tæplega þúsund manna byggðarlag og stjórnsýslan virðist vera í lamasessi. Hún ræður ekki við dæmið. Það snýr að sköttum, staðgreiðslu skatta og opinberra gjalda. Starfsemin byrjaði þarna í fyrravor. Það hefur varla komið króna í ríkiskassann. Ef þetta hefði verið ég og mín litla lögmannsstofa hefði fyrir löngu verið búið að áætla á mig og sýslumaður kominn á eftir mér. Það virðist eitthvað annað gilda þarna.

Það er fleira í lamasessi, t.d. löggæslan vegna þess að sýslumaður fær ekki fjárveitingar. Það er heilbrigðiseftirlitið, byggingareftirlitið og þar fram eftir götunum. Fólki eru búnar þarna aðstæður sem eru til skammar, í leku húsnæði. Það blasti við þegar fyrsta húsnæðið var reist að það var til skammar. Það er eins og stjórnsýslan kikni í hnjáliðunum þegar Impregilo er annars vegar. Fyrirtækið gengur eins langt og það hefur hugarflug til og það virðist komast upp með það. Það brýtur grundvallarskyldur sínar og grundvallarréttindi launamanna. Og það sem verra er, það blasir við að þetta ástand komist á hjá öðrum stórfyrirtækjum í atvinnurekstri. Það blasir við að við fáum starfsmannaleigur og þjóðfélag sem við viljum ekki fá. Önnur fyrirtæki geta ekki staðið undir samkeppni í þessu dæmi. Og þetta þjóðfélag sem Impregilo er að byggja upp á Kárahnjúkum viljum við alls ekki. Það er afturhvarf til fortíðar, fyrstu ára 20. aldarinnar. Við viljum það ekki, og allra síst launamenn.

[16:05]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég skil mætavel að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli vilja hugsa og ræða um alla þá fjármuni sem berast munu til sveitarfélaganna á Austurlandi vegna framkvæmdanna, nú við Kárahnjúkavirkjun og síðar við byggingu álversins í Reyðarfirði.

Fjmrh. hefur nú þegar gert skilmerkilega grein fyrir skattskyldu erlendu aðilanna og þess vegna er óþarfi að eyða fleiri orðum að því í sjálfu sér úr þessum ræðustól. Hitt er að það voru rök okkar fyrir virkjun við Kárahnjúka að það mundi hafa gríðarleg áhrif á atvinnulífið á Austurlandi annars vegar, og hins vegar munu virkjunin og álverið skila góðum arði til þjóðarbúsins til framtíðar litið.

Ánægjulegu fréttirnar í dag, ef við förum að þeim þætti, eru þær m.a. að nú hefur álverð farið hækkandi á heimsmarkaði og ekki verið hærra sl. fjögur ár. Það hefur ekki verið hærra sl. fjögur ár en einmitt nú samkvæmt fréttum í dag. Þessi hækkun skapast m.a. af auknum efnahagsbata í Bandaríkjunum og síðan af því að álútflutningur frá Kína sem menn óttuðust að yrði mikill hefur dvínað verulega og virðist ekki ætla að verða sá sem menn óttuðust. Þess vegna, herra forseti, má segja að forsendur fyrir þessari framkvæmd hafi styrkst verulega, og því ber að fagna hér í dag. Ég efa ekki að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon muni hafa áhuga og jafnvel áhyggjur þegar til þess kemur að nýta þá fjármuni til handa íslensku þjóðinni sem henni hlotnast af þessum framkvæmdum.

[16:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra hér voru auðvitað óskaplegur útúrsnúningur. Það er dapurlegt, bæði fyrir hans hönd og annarra sem hér hafa talað, að menn skuli ekki geta haldið sig við efnislega umræðu um það mál sem hér um ræðir, þ.e. þá stórkostlegu meinbugi og þær brotalamir sem komið hafa í ljós í sambandi við skattskil og skattgreiðslur af umsvifunum tengdum byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Spurningarnar sem við lögðum fyrir hæstv. ráðherra voru auðvitað almenns eðlis, þá sérstaklega 5. tölul. Það er ekkert annað en útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að það sé í lagi að svara eins og hann gerir, í ljósi þess sem liggur fyrir og blasir við. Svör hans um að þarna séu engin sérstök vandamál á ferðinni eru ekki í samræmi við raunveruleikann. Það þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Það er beinlínis barnalegt að halda því fram þegar allt liggur fyrir, þegar deilur um greiðslur tryggingagjalds og launatengdra gjalda eru á leið til dómstóla, þegar aðalverktakinn vefengir að honum sé skylt að annast um innheimtu og skil á staðgreiðslu af starfsmönnum sínum og mótmælir því algerlega að hann sé ábyrgur fyrir staðgreiðslu af launum þeirra sem starfa á vegum starfsmannaleigna og undirverktaka. Það er væntanlega jafnframt á leið til dómstóla.

Í þriðja lagi berast sveitarfélögunum ekki útsvör af upp undir 500 erlendum starfsmönnum sem ættu samkvæmt réttum reglum að vera búsettir í sveitarfélagi. Er þetta í lagi? Eru þetta engin vandamál? Svo koma hér framsóknarmenn og eru svona himinlifandi glaðir yfir ástandinu. Ja, litlu verður Vöggur feginn, vil ég segja, þegar þeir eiga í hlut, framsóknarmennirnir. Jafnvel svona lagað getur glatt þá, að vísu í skammdeginu.

Hæstv. ráðherra gerði réttast í því að fara upp úr skotgröfunum og svara heiðarlega. Auðvitað á hann að afturkalla svar sitt frá því á dögunum og gera Alþingi skilmerkilega grein fyrir þeim álitamálum og vandamálum sem þarna eru uppi og verið hafa til umfjöllunar í fjölmiðlum og víðar.

[16:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel að ég hafi svarað öllum spurningum, bæði hér í dag og eins hinni skriflegu fyrirspurn, efnislega og málefnalega. Og ég tel að þetta mál liggi alveg skýrt fyrir. Það breytir engu þó að skattaðili geri athugasemd við niðurstöðu skattyfirvaldanna hvað varðar skyldu hans til að halda eftir staðgreiðslu. Málið fer svo auðvitað í eðlilegan farveg, sem ég leyfi mér að kalla svo, innan skattkerfisins ef upp kemur ágreiningur. Þetta þekkja allir menn. Þetta þekkir lögmaðurinn með sína litlu lögmannsstofu sem hann kallaði því hann er vanur að reka slík mál, eins og lögmenn gera gjarnan. (**SJS:** En ef launin eru greidd í Portúgal?) Það geta verið einhver álitamál hvað slíkt varðar. Ef ég fengi frið fyrir þingmanninum, ef hann hættir að kalla hér og æpa fram í sem er nú hans háttur hér, gæti ég kannski haldið áfram að svara.

Hv. þm. Kristján Möller spurði hvað staðið hefði um tryggingagjaldið í útboðsgögnunum. Nú man ég það auðvitað ekki nákvæmlega en ég tel alveg víst að skilmerkileg grein hafi verið gerð fyrir öllum sköttum hér á Íslandi, þar með talið tryggingagjaldinu sem ég eiginlega botna ekkert í að nokkur maður skuli halda fram að þetta fyrirtæki þurfi ekki að greiða eins og aðrir atvinnurekendur á Íslandi. Ef

þeir eru annarrar skoðunar láta þeir á það reyna samkvæmt þeim farvegum og úrræðum sem fyrir hendi eru í lögum.

Herra forseti. Málið er einfalt. Skattskyldan er fyrir hendi. Þessu fyrirtæki ber að standa skil á opinberum gjöldum eins og öllum öðrum. Og okkur ber að standa þannig að stjórnsýslunni að allir fái sitt, þar á meðal sveitarfélögin vissulega, og aðrir sem hér eiga hlut að þessu máli. (**Gripið fram í:** En hvers vegna hefur það ekki borgað neitt?) (**Gripið fram í:** Þú borgar.)

Siglingavernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 859.

[16:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þessu máli var hér um bil lokið við umræðu hér fyrir nokkru en það eru samt nokkur atriði sem rétt er að vekja athygli á úr því að tími er til. Það hefur einnig verið fjallað um málið í blöðum síðan við ræddum það hér, m.a. var frétt í Morgunblaðinu frá Vestmannaeyjahöfn. Talsverðar umræður voru um þann kostnað sem fylgdi þeirri lagasetningu sem hér er verið að leggja til og innleiðingu SOLAS-reglnanna, um öryggi skipa. Verið er að útfæra þær núna til hafna og hafnarsvæða og líka til útgerða og trúnaðar- og öryggisfulltrúa útgerða og öryggisfulltrúa hafna, ásamt nýju heiti á öryggisfulltrúum skipa. Til viðbótar eru síðan víðtækari reglur og ákvæði um það vald sem skipstjóri hefur og þeir menn sem hann ætlar með sér til að gegna því hlutverki sem felst í þessu frv.

Það er ekki annað að sjá, virðulegi forseti, þegar málið er skoðað nánar en að kostnaður sem fylgir því sem hér er lagt upp með varðandi hafnirnar geti hlaupið á hundruðum milljóna króna. Kostnaðurinn sem Vestmannaeyjahöfn áætlar er, ef ég man rétt úr þessari grein, 20 milljónir samkvæmt fjárhagsáætlun til að hefja þetta. Auk þess er talað um að loka þurfi hafnarsvæðinu að stórum hluta, setja upp eftirlitsmyndavélar og sérstaka gæsluvakt fyrir skip. Það er jú þannig að Vestmannaeyjahöfn er endastöð fyrir skip sem fara til meginlands Evrópu. Það er líka þannig í fleiri höfnum við landið að skip koma þar við og eru að koma ýmist frá öðrum löndum í hafnirnar eða fara þaðan með ákveðna farma.

Mér sýnist, virðulegi forseti, að það sé full ástæða til að huga betur að kostnaðarliðum frv. sem hv. þm. Halldór Blöndal fór gaumgæfilega yfir. Ég held að áhyggjur hv. þm. Halldórs Blöndals, þegar hann ræddi um þann kostnað sem þessu gæti fylgt, eigi fyllsta rétt á sér. Mér sýnist að þegar litið er á þá kostnaðarliði sem hafnirnar munu taka á sig hlaupi kostnaðurinn á hundruðum milljóna yfir landið.

Í fyrsta lagi við að stofna til þeirra öryggissvæða og þess eftirlits sem ætlað er samkvæmt viðbótunum við SOLAS-reglurnar. Í annan stað er gert ráð fyrir talsverðum kostnaði við þjálfun og útfærslu skipsáhafna. Ég fæ ekki betur séð, virðulegi forseti, þó það sé ekki sagt beinum orðum, en ætlast sé til þess að skipshafnir hafi vopnabúr að grípa til, ef lesið er í reglurnar sem við erum að innleiða, og til þess þurfa menn þjálfun og annað slíkt. Í fskj. II með frv., um hlutverk ríkislögreglustjóra, segir m.a., með leyfi forseta:

„Hlutverk ríkislögreglustjóra er að vera umsagnaraðili um áhættumat og verndaráætlun, auk þess að kanna feril einstaklinga sem gegna hlutverki við skipa- og hafnavernd.“

Það er sem sagt verið að tala um hvort hægt sé að treysta mönnum til þess eftirlits sem þeim er ætlað, m.a. vopnaburð. Það kemur líka fram, virðulegi forseti, að ríkislögreglustjóri telur sig þurfa 23 millj. kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna og Landhelgisgæslan telur sig þurfa 9 millj. kr., þar af 4 millj. kr. vegna kaupa á vopnum og skotheldum vestum fyrir átta manns í áhöfn hvers varðskips. Tollstjórinn er með ákveðnar upphæðir. Siglingastofnun er með 10 millj. kr. í fjáraukalögum 2003 og 11 millj. kr. á fjárlögum þessa árs. Það er því alveg ljóst, virðulegi forseti, að við erum að tala um mikinn kostnað og allt annað umhverfi fyrir Íslendinga á komandi árum í mörgum höfnum landsins en verið hefur, því samkvæmt tillögunum verður höfnunum meira og minna lokað og aðgengi að þeim takmarkað. Aðgengi að skipum verður einnig takmarkað því ætlast er til að skipshöfn hafi sérstakt eftirlit með skipi sínu og sett sé á sérstök vakt um það.

Virðulegi forseti. Víða úti um land hafa hafnir hingað til verið algerlega opnar þó það eigi kannski ekki við um aðstöðuna í Sundahöfn að því er varðar farskipin. Þar af leiðandi sýnist mér ekki óvarlegt að áætla að kostnaður samfara þessu hlaupi á hundruðum milljóna og mér sýnist að hafnirnar muni bera það. Þær geta hins vegar hugsanlega tekið það til baka í einhverjum gjöldum á skip sem nýta hafnaraðstöðuna, en eftir sem áður er kostnaðurinn að leggjast á atvinnugreinina, flutningana, flutningastarfsemina, farþegana og í farmiðum ef því er að skipta. Við erum því að tala um mál sem skiptir miklu máli og kannski meira máli en virðist í fyrstu þegar maður lítur á frv.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, þegar verið er að tala um áhættusvæði og skilgreiningu þeirra, um lokaðan aðgang og um svokölluð vástig, en ríkislögreglustjóri ákveður í samræmi við Siglingastofnun hvenær vástig kemur til, þá eiga menn að vera viðbúnir á viðkomandi svæðum eða viðkomandi skipum, í viðkomandi hafnaraðstöðu eða viðkomandi útgerðaraðilar viðbúnir að taka þátt og bregðast við samkvæmt ákvörðunum um vástig.

Þegar þetta er skoðað, virðulegi forseti, kemur í ljós að það þarf að þjálfa mannskap til þessara verka. Það þarf að veita þeim mannskap heimild til að hafa jafnvel vopn undir höndum, annaðhvort um borð í skipi eða innan hafnarsvæða, því ekki eru menn ríkislögreglustjóra tiltækir hvar sem er og mönnum ber að bregðast við samkvæmt áður skipulögðu viðbragðsferli.

Þetta vildi ég draga fram, virðulegi forseti, og vekja athygli á því að frv. þarf mikillar og nákvæmrar skoðunar við hvernig með á að fara. Það er hins vegar alveg ljóst að við erum fyrst og fremst að tala um það sem snýr að farþegaskipum og vöruflutningaskipum en ekki fiskiskipum og við erum að tala um viðbrögð sem gætu dugað gegn hryðjuverkaaðgerðum. Í því sambandi erum við að tala um þjálfun fólks til vopnaburðar, að heimila fólki að bera vopn eða nýta þau undir vissum kringumstæðum, sem fylgir auðvitað mikil ábyrgð. Kostnaðurinn samfara frv. er því mjög vanmetinn að mínu viti eins og umræðan fór fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:24]

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 570. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 860.

[16:26]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Frv. er liður í og byggist á því víðtæka samkomulagi sem ríkisstjórnin og Landssamband eldri borgara gerði 19. nóvember 2002 og fól í sér margþættar aðgerðir til að bæta aðstæður og lífskjör eldri borgara. Þáttur í því samkomulagi var að endurskoða hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra og auka frumkvæði heilbrigðisyfirvalda þegar kemur að ákvörðun um uppbyggingu nýrra þjónusturýma.

Í upphafi máls míns er rétt að geta að með frv. og með því að setja á laggirnar nefnd sem á að skila tillögum um sveigjanleg starfslok hefur ríkisstjórnin staðið í meginatriðum við samkomulagið við eldri borgara og fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lýsi ég yfir sérstakri ánægju með þann ávinning sem varð af því samstarfi en ég kem nánar að því máli á eftir.

Liður í samkomulaginu sem hér var um rætt var að tímabært væri að breyta hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra á þann veg að hann fengi formlega það hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag, leiguígildi sem stæði undir viðhaldskostnaði og að stærstum hluta fjárfestingarkostnaði nýrra hjúkrunarrýma.

Frumvarpið sem hér er mælt fyrir í dag breytir hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra og tekur mið af tillögum sem settar voru fram af starfshópnum í nóvember 2002 og sérstökum vinnuhópi starfsmanna heilbr.- og trmrn. frá því í maí 2003. Gerir frv. ráð fyrir heimild til að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili sem byggt hefur verið fyrir aldraða af öðrum en ríkinu. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti skal vera að undangengnu útboði og telst því ígildi stofnkostnaðar. Þá er gert ráð fyrir að heimiluð séu framlög til viðhalds húsnæðis, dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Enn fremur að þátttaka sveitarfélaga sé aldrei minni en 15% af stofnkostnaði og þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega sé eignarhluti þeirra í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Áfram er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög geti samið um aðra kostnaðarskiptingu og eignarhlut.

Þegar ríki og sveitarfélög leigja sameiginlega húsnæði fyrir hjúkrunarheimili er gert ráð fyrir að leigan skiptist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að hætt verði að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstur öldrunarstofnana og það verði gert í áföngum á tímabilinu 2004–2008. Þegar hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt með því að lækka rekstrarlið Framkvæmdasjóðs aldraðra um 45 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi ársins 2004. Því er enn í frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 231 millj. kr. til styrktar rekstri stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

Í núgildandi lögum er gert að skilyrði að áður en framkvæmdir og rekstur hefjist skuli heilbr.- og trmrh. veita sérstakt framkvæmda- og rekstrarleyfi. Þessu er ekki breytt með frv. en talið er mikilvægt að skerpa framkvæmdina að því er varðar umsóknir og leyfisveitingar. Í skýrslu samstarfshópsins var bent á að heilbrigðisyfirvöld ættu að hafa meira frumkvæði að ákvörðunum um uppbyggingu nýrra þjónusturýma þannig að með opinberum hætti sé greint frá ákvörðunum yfirvalda um uppbyggingu og kaup á þjónustu. Þessi ábending hefur verið tekin til skoðunar í heilbr.- og trmrn. og er tekið mið af því í frv. að þannig verði það í framtíðinni.

Frumvarpinu fylgja drög að umsóknareyðublöðum vegna framkvæmda- og rekstrarleyfa og framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Þá fylgja einnig skilmálablöð sem gert er ráð fyrir að verði ígildi samnings. Flæðirit sem sýna hvernig umsókn verður meðhöndluð fylgir einnig til skýringar.

Að lokum gerir frv. ráð fyrir breytingu á 4. gr. laganna sem fjallar um samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Gert er ráð fyrir að annar fulltrúi sem skipaður er án tilnefningar verði starfsmaður öldrunarmála í heilbr.- og trmrn. Ákvæði um ritara nefndarinnar eru lagfærð og sett ákvæði um kostnað af störfum hennar.

Herra forseti. Það er rétt að fara nokkrum orðum um tilurð frv. og skýra baksvið þess sem gert hefur verið í framhaldi af samkomulaginu sem ég vísaði til hér að framan og gert var milli ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara.

Þann 25. september 2002 skipaði ríkisstjórnin starfshóp sem ætlað var að verða farvegur formlegs samráðs stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum er kæmu til framkvæmda á næstu árum. Þá var starfshópnum einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu. Er skemmst frá því að segja að starfshópurinn var skipaður fulltrúum fjögurra ráðuneyta og Landssambands eldri borgara og skilaði hann tillögum í skýrslu þann 19. nóvember 2002. Í framhaldi af því undirrituðu ríkisstjórn Íslands og Landssamband eldri borgara yfirlýsingu í ráðherrabústaðnum 19. nóvember 2002. Var það sameiginleg afstaða ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara að tillögurnar væru til vitnis um gagnlegt samstarf og samráð aðila og endurspeglaði samkomulag um aðgerðir ríkisvaldsins í málefnum aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Ríkisstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því að tillögurnar næðu fram að ganga og var áréttað að aðilar vildu áframhaldandi samráð um þau viðfangsefni sem tillögurnar taka til og annað það sem upp kann að verða tekið í samráðsnefnd aðila.

Tillögur samstarfshópsins eru í níu liðum og lúta að aðgerðum stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin. Hefur ríkisstjórnin nú þegar komið til móts við sjö af þessum tillögum og ég tel rétt að hlaupa á þeim aðgerðum sem hrint hefur verið í framkvæmd.

Í fyrsta lagi var samið um hækkun bóta. Að því er varðar hækkun bóta frá Tryggingastofnun ríkisins var með reglugerð heilbr.- og trmrh. fjárhæð tekjutryggingar og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins hækkuð 1. janúar 2003. Frá sama tíma var ákvæðum almannatrygginga um tekjutengingu beitt þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækkaði úr 67% í 45%. Tekjutrygging og tekjutryggingarauki hækkuðu um 2 þús. kr. hvort um sig þann 1. janúar 2004 í samræmi við reglugerð sem sett var af heilbr.- og trmrh. þann 22. nóvember 2002.

Í öðru lagi er samið um heimaþjónustu og heimahjúkrun. Að því er varðar heimaþjónustu við aldraða taldi starfshópurinn mikilvægt að efla heimaþjónustuna og að þjónusta heimahjúkrunar og heimaþjónusta sveitarfélaga yrði skipulögð þannig að hún væri á einni hendi. Taldi starfshópurinn að samtvinnun þjónustunnar væri brýnust á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 18. nóvember 2003 gerði heilbr.- og trmrh. samkomulag við Reykjavíkurborg um samtvinnun félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík. Samkomulagið felur í sér að setja af stað tilraunverkefni um sameiginlega stýringu heimaþjónustu í Reykjavík. Sameiginleg stýring heimaþjónustu felst í því að Félagsþjónustan í Reykjavík og Miðgarður Grafarvogi annars vegar og miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík hins vegar veita einstaklingum þjónustu samkvæmt sameiginlegri þjónustuáætlun. Einstaklingur getur hvort sem heldur er leitað eftir heimaþjónustu hjá heilsugæslustöð, Félagsþjónustunni í Reykjavík eða Miðgarði Grafarvogi. Beiðnum um þjónustu er komið til sérstakra matsmanna sem setja upp sameiginlega þjónustuáætlun sem getur falið í sér félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun eða hvort tveggja. Undirbúningur hefur þegar hafist og rekstur tilrauna með samtvinnaða þjónustu skal standa í tvö ár frá og með 1. febrúar sl. Kostnaður við tilraunaverkefnið verður greiddur af fjárveitingu heilbr.- og trmrn. sem samþykkt hefur verið í fjárlögum til að efla heimahjúkrun og samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu í samræmi við álit samráðsnefndar stjórnvalda og Landssambands eldri borgara.

Í þriðja lagi var samið um dagvistun og hvíldarinnlagnir. Að því er varðar stoðþjónustu í formi dagvistunar og hvíldarinnlagna hefur á árinu 2003 dagvistarrýmum verið fjölgað um 53, ótímabundnum rýmum fyrir hvíldarinnlagnir hefur verið fjölgað um átta og tímabundnum rýmum fyrir hvíldarinnlagnir á höfuðborgarsvæðinu um 26.

Með breytingum á almannatryggingalögum í maí 2002 var lengt það tímabil sem ellilífeyrisþegi getur verið á sjúkrahúsi án þess að missa lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Var markmiðið með lagabreytingunni að auðvelda hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og sjúkrahús og þar með að koma til móts við þá kröfu að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsi og að hvíldarinnlagnir leiði ekki til þess að þeir missi bætur. Getur það verið öldruðum erfitt að missa bætur við hvíldarinnlögn þar sem ýmis fastur kostnaður fylgir því að halda heimili. Tók lagabreyting þessi gildi 1. janúar 2004.

Í fjórða lagi er samið um fjölgun hjúkrunarrýma á Vífilsstöðum. Að því er varðar hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum lagði starfshópurinn til að húsnæði Vífilsstaðaspítala yrði tekið í notkun hið allra fyrsta. Því miður tókst ekki að hrinda þeirri áætlun í framkvæmd á árinu 2003 þar sem húsnæðið var ekki talið fullnægja ýmsum öryggiskröfum sem gerðar eru til húsnæðis hjúkrunarheimila. Það þurfti að lagfæra húsnæðið verulega og tók það lengri tíma en áætlað var. Hjúkrunarheimilið á Vífilsstöðum var svo tekið í notkun 30. janúar sl. og verða þar 50 hjúkrunarrými.

Í fimmta lagi var samið um almenna fjölgun hjúkrunarrýma. Að því er varðar fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum hefur rýmum fjölgað á árinu 2003 um 89 en þá eru Vífilsstaðir taldir með. Stefnt er að því að fjölga rýmum um 113 á árinu 2004. Að auki er dvalarrýmum breytt í hjúkrunarrými.

Í sjötta lagi var samið um sveigjanleg starfslok að því er varðar tillögu samstarfsnefndarinnar um sveigjanleg starfslok og breytingar á almannatryggingalögum þannig að fólk hafi skýran ávinning af því að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og eigi þess kost. Hef ég sett á stofn vinnuhóp til að gera tillögur um lagabreytingar.

Frv. þetta byggir á samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara sem gert var 19. nóvember 2002, eins og áður segir, um aðgerðir ríkisins til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra hér á landi. Þetta er brýnt mál og ég vonast til að það fái vandaða og hraða meðferð í þinginu og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[16:38]

Útbýting þingskjals:

Skatttekjur ríkissjóðs, 351. mál, svar fjmrh., þskj. 856.

[16:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fagna því að hér er ákveðinn áfangi í því að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem urðu til í samstarfsnefnd um málefni aldraðra með fulltrúum ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Það sem mér finnst jákvætt við frv. við fyrstu sýn er að verið er að styrkja þau ákvæði laganna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustunnar og að skýra hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra í þessum efnum. Það er af hinu góða, sýnist mér við fyrsta yfirlestur.

Ég hef hins vegar verulegar efasemdir varðandi ákvæðin um leigugreiðsluna og þessa skiptingu sem er milli ríkis og sveitarfélaga því að ég hefði talið skynsamlegt að menn stigju það skref til fulls að færa öldrunarþjónustuna alla, annaðhvort sé hún hjá ríki eða hjá sveitarfélögum en ekki tvískipt verkefni. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort sveitarfélögin hafi komið að þessu samráði, þeirri niðurstöðu sem er í frv. og snýr beint að þeim.

Við höfum, þótt á öðrum sviðum sé, haft reynslu af því þegar um er að ræða byggingar einkaaðila sem síðan eru teknar á leigu, þó um útboð sé að ræða og gerðir samningar, bæði hjá einstaka sveitarfélögum og einnig er fyrirhugað að ganga frá slíkum samningum hjá ríkinu þar sem kostnaðurinn er mjög mikill og mun meiri en eðlilegt gæti talist. Ég held að við í nefndinni þurfum að fara mjög vel yfir það hver reynslan er, bæði hjá sveitarfélögum og þar sem ríkið hefur verið með húsnæði á leigu undir ákveðna starfsemi.

Í athugasemdum við lagafrv. þar sem talað er um skipan í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er sú breyting gerð að annar fulltrúi sem er skipaður án tilnefningar verði starfsmaður öldrunarmála í heilbr.- og trmrn. og einnig er verið að skýra hvar kostnaðurinn við störf nefndarinnar fellur. Í lok þeirra málsgreinar segir, með leyfi forseta:

„Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á skipan nefndarinnar en talið er að breytingar þessar“ — þ.e. að annar fulltrúinn verði starfsmaður öldrunarmála í heilbr.- og trmrn. — „leiði m.a. til aukins frumkvæðis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í uppbyggingu öldrunarstofnana.“

Það má vel vera að sú verði raunin en í þessu tiltölulega fámenna ráðuneyti — miðað við umfang starfseminnar er þar ekki fjöldi starfsmanna — hefði maður haldið að frumkvæðið væri til staðar, hvort sem starfsmaðurinn kæmi af þessu sviði eða ekki. Hins vegar er starfsmaður öldrunarsviðs örugglega í betri tengslum við það sem er að gerast hverju sinni, þ.e. í öldrunarmálum, og hefur því ef til vill meiri skilning á því en ýmsir aðrir.

Eins er sú breyting að sett verði ákvæði um að fjármagn verði veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila nýmæli sem auðvitað þarf að fara mjög rækilega yfir í nefndinni.

Síðan er í fylgiskjölum farið aðeins yfir skilmálablöð, þ.e. drög að skilmálablöðum, bæði varðandi dagvistun og dvalarheimili, hjúkrunarheimili. Þar þurfum við líka að fá álit þeirra sem standa að þessum rekstri, álit þeirra á þeim breytingum sem hugsanlegar eru þar. Ég hef ekki farið rækilega ofan í hvern lið en hefði gjarnan viljað sjá að enn frekar yrði skerpt á eftirlitshlutverkinu. Í gildandi lögum er kveðið nokkuð skýrt á um það hvert skuli vera hlutverk dvalarheimila, hvaða þjónustu eigi að veita á dvalarheimilum, hvaða þjónustu eigi að veita á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Eins og ég hef áður sagt við hæstv. ráðherra veita þessi heimili vítt um landið mjög mismunandi þjónustu. Sums staðar er t.d. boðið upp á það að húsgögn eru í herbergi sem einstaklingur dvelur í en annars staðar verða einstaklingarnir að leggja allt með sér, fá einungis herbergið sjálft.

Í nokkrum tilvikum veit maður til þess að það eru ekki starfandi hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræðingar koma ekki á viðkomandi dvalarheimili og ekki heldur sjúkraliðar. Læknir kemur einu sinni í viku. Eins er með það sem lýtur að dægradvöl eða endurhæfingu þeirra sem dvelja á dvalarheimilum, þar þarf að skerpa eftirlitshlutverkið. Hvort sem það er gert innan ráðuneytis eða með öðrum hætti held ég að það sé mjög nauðsynlegt að hugað verði að því með fjárveitingum til þessarar starfsemi að menn geri ráð fyrir því að hægt sé að sinna því eftirliti að öldrunarstofnanir veiti þá þjónustu sem þær eiga að gera lögum samkvæmt. Á því hefur verið misbrestur, kannski fyrst og fremst vegna þess að fjármagn hefur vantað og þá náttúrlega starfsfólk í heilbrrn. Ég tel þetta vera verðugt verkefni heilbr.- og trn. að skoða það að láta gera samanburð á því hvaða þjónusta er veitt á hverjum stað og hvar menn fara eftir lögum, sérstaklega varðandi dvalarheimilin. Hjúkrunarheimilin eru trúlega með skýrari kröfur og meira eftirlit en það er misbrestur á varðandi dvalarheimilin. Ég beini því til hæstv. ráðherra að við fáum skýra greinargerð frá ráðuneytinu inn í nefndarstarfið um hvernig staðið sé að þessu eftirliti.

Við fyrstu sýn er fyrst og fremst verið að styrkja þessi ákvæði laga um uppbyggingu öldrunarþjónustunnar. Það er af hinu góða. Enn fremur er verið að skýra hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra í þeim efnum. En ég hef fyrirvara á þessari heimild til leigugreiðslna og eins gagnvart sveitarfélögunum, þeim atriðum sem lúta að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga og leigugreiðslum. Ég sé ekki ástæðu til að eyða lengri tíma við 1. umr. því við eigum eftir að fá ítarlegar umsagnir um frv.

[16:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir kynningu á frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Eins og fram kom í máli hans er hér verið að fylgja eftir samkomulagi samráðshóps um málefni eldri borgara sem settur var á laggirnar 19. nóv. 2002. Þessi samráðshópur gerði m.a. tillögur um breytt hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra og hér er verið að verða við þeim ábendingum sem þar koma fram. Ég tel að að meginuppistöðu séu þessar breytingar af hinu góða, sérstaklega finnst mér ánægjulegt að sjá að framlög úr framkvæmdasjóðnum til reksturs hjúkrunarheimila eigi að falla út, smá minnka á fáum árum, en það sem hefur verið gagnrýnt mjög í umræðum um fjárlögin er hið háa hlutfall af framlagi úr framkvæmdasjóðnum sem farið hefur í rekstur hjúkrunarheimila. Það er því mjög ánægjulegt að sjá að sá þáttur eigi að falla út.

Eins tel ég það til bóta að mæta megi kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði og einnig að tekið sé inn nýtt ákvæði um viðhald húsnæðis dag-, dvalar- og hjúkrunarheimila. En eins og hv. 1. þm. Suðurk. set ég fyrirvara við þann lið sem snýr að heimild til þess að bjóða út og leigja húsnæði og rekstur hjúkrunarheimila eins opið og er í þessu frv.

Herra forseti. Ég geri persónulega, og eins er það stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, skýran greinarmun á því hvort verið er að reka dvalar- og hjúkrunarheimili á félagslegum grunni, og þar nefni ég DAS og Hrafnistu þar sem reksturinn á eingöngu að standa undir útlögðum kostnaði og ekki er verið að reka dvalar- og hjúkrunarheimili í ágóðaskyni, eða hvort verið er að bjóða út slíkan rekstur með hagnað í huga. Ég tel að heilbrigðisþjónustan og þá sérstaklega þjónusta aldraðra eigi að vera fyrir utan þá gróðahyggju sem kemur nú fram á mörgum sviðum.

Ég tel að í umfjöllun um frv. í hv. heilbr.- og trn. munum við fara vel yfir þetta og hvort einhver greinarmunur verði gerður á einkarekstri eða hvort verið sé að opna allar gáttir fyrir einkavæðingu á þessu sviði og við munum þá hugsanlega sjá fleiri Sóltúns-dæmi rekin eftir 2005 þar sem umtalsverður hagnaður á að skila sér til viðkomandi eiganda. Ég tel að við þurfum að skoða þetta vel í heilbr.- og trn.

Herra forseti. Ég held að það sé líka rétt að skoða vel skiptinguna á milli sveitarfélaga og ríkisins þegar farið er í byggingar á hjúkrunar- og dvalarheimilum eða þjónustumiðstöðvum. Því eins og hér kemur fram á þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu hjúkrunarheimila aldrei að vera minni en 15% af stofnkostnaði og þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega skal eignarhluti þeirra vera í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Stofnkostnaður er áætlaður samkvæmt ákveðnum stöðlum sem er viðurkenndur af ríkinu og á ekki bara við um hjúkrunarheimili eða heilsugæslustöðvar, heldur um aðrar opinberar byggingar eins og skóla en þeir staðlar fara svo ekki saman í mörgum tilfellum við raunveruleikann, þ.e. tilboð í verkið, og hefur sá kostnaður sem fellur til aukalega fallið á viðkomandi sveitarfélög. Því tel ég mikilvægt að við skoðum það líka hvort þarna er átt við raunverulegan stofnkostnað og þau tilboð sem koma í verkið eða hvort verið er að ganga út frá því módeli sem er lagt til grundvallar núna og getur hugsanlega verið víðs fjarri raunveruleikanum.

Ég nefni þetta hér þar sem eitt slíkt dæmi er í gangi í heimabyggð minni, Egilsstöðum, þar sem ekki hefur verið farið í viðbyggingu við Menntaskólann á Egilsstöðum þar sem einmitt strandar á þessu, að tilboðið var hærra en byggingarstaðallinn sagði til um og mismunurinn lagður á sveitarfélagið sem það er þá ekki tilbúið að greiða og eiga óbreyttan eignarhlut. Ég tel að þetta verði líka að vera ljóst þegar við skoðum þetta.

En ég tel að að öðru leyti og við fyrstu sýn sé flest til bóta og vil seint trúa því að hæstv. heilbrrh. sé að galopna fyrir einkavæðingu í öldrunarþjónustunni eins og lesa mætti út úr frv., ef maður hefði ekki hlustað á hæstv. ráðherra lýsa öðru yfir oftar en einu sinni.

[16:54]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst hér úr þessum stól fagna því að þetta frv. er komið fram á Alþingi. Þetta er árangurinn af mjög markvissri vinnu í heilbrrn. og markvissri vinnu í samráðshópi ráðuneytisins og eldri borgara. Eftir því

sem ég best veit er þetta eiginlega lokahnykkurinn á því samkomulagi og Samtök aldraðra ýttu mjög undir það að þetta frv. kæmi fram. Heilbrrh. gerði hér í ágætri ræðu sinni grein fyrir því hvert væri meginefni frv. og meginefnið er auðvitað að gert er ráð fyrir því að heimilt verði að greiða húsaleigu úr Framkvæmdasjóði aldraðra, þ.e. að taka á leigu húsnæði undir hjúkrunarheimili sem byggt hefur verið af öðrum en ríkinu. Þetta er fyrst og fremst nýmælið og svo jafnframt það að gert ráð fyrir að framlög til viðhalds húsnæðis dagvistar- og hjúkrunarheimila megi greiða líka.

En eins og staðan hefur verið í öldrunarþjónustunni í Reykjavík og skorturinn á hjúkrunarrýmum, er eðlilegt að Samtök aldraðra hafi lagt ríka áherslu á að sú leið yrði farin sem frv. gerir ráð fyrir til að flýta uppbyggingunni. Við vitum að það átak sem ráðist var í, og sýnir sig í fjárlögum þessa árs við uppbygginguna, nær því að skapa hjúkrunarrými fyrir um helming þeirra sem eru í brýnni þörf og það er mjög brýnt að ráðast í framkvæmdir sem tryggja það að hægt verði að stytta þennan biðlista enn frekar og markmiðið er auðvitað að eyða honum með öllu.

En af því hv. þm. Þuríður Backman hafði orð á því áðan að hún tryði því ekki að hæstv. heilbrrh. væri að ráðast í þessa einkavæðingu, eins og hv. þm. orðaði það, vil ég fá að leiðrétta það að ekki er verið að einkavæða eitt eða neitt, það er verið að tala um þá einkaframkvæmd að reisa byggingarnar sem slíkar. Og ég vil þá halda því til haga að í öldrunarþjónustunni búum við þá þegar við það að um 65% af henni eru rekin af öðrum en ríkinu. Það eru einkaaðilar og sjálfseignarstofnanir og aðrir sem koma þar að og ég lít á þetta sem eitt úrræðið til viðbótar og til að auka þá fjölbreytni sem er í rekstrarformum á þessu sviði. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að hengja sig ekki í það hvað rekstrarformið heitir, heldur að halda sig við þá stefnu að við séum að bæta þjónustuna og mæta þörfum sem flestra. Og markmiðið hlýtur líka að vera það að eyða þeim biðlistum sem við höfum búið við á höfuðborgarsvæðinu.

Ég geri ráð fyrir því, frú forseti, að frv. verði við lok þessarar umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn. og að við fáum þangað gesti og umsagnir um frv. og það fái þar vandaða meðferð hjá nefndarmönnum. Eins og ég sagði í upphafi máls míns fagna ég því að frv. er komið fram og vænti þess að við getum afgreitt það í sátt út úr nefndinni.

[16:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta mál eins og það kemur mér fyrir sjónir. Auðvitað á eftir að fjalla um það í hv. nefnd og þar koma e.t.v. fram einhverjar breytingar eða ábendingar um efni þess. En almennt fagna ég því að hér er verið að fylgja eftir samkomulagi sem gert var við Samtök eldri borgara um að byggja upp öldrunarþjónustu í landinu og aðstöðu á dvalarheimilum og hjúkrunarheimilum og ég sé enga ástæðu til þess að hafna fyrir fram þeim kostum sem hér er boðið upp á, enda trúi ég því að menn séu fyrst og fremst að leitast við að mæta þeirri þörf sem fyrir er í þjóðfélaginu og málið stefni til þess að taka á því. Ég tek því undir það að verið sé að stíga skref sem færir öldrunarmálin í betri farveg og fagna því að þetta frv. er fram komið og treysti því auðvitað að farið verði yfir málið í nefnd. Ég sé ekki að svo komnu máli að í frv. felist nein sérstök hættumerki og vona að það miði að því að taka á þeim vanda sem til staðar er í þjóðfélaginu varðandi vistunarúrræði.

[16:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Það sem hefur einkum verið rætt eru þau ákvæði frv. sem varða leigugreiðslur og einkaframkvæmd í byggingu hjúkrunarheimila. Hér er ekki um neina einkavæðingu að ræða heldur er hér opnað á leið, opnað á vissa fjölbreytni í því að byggja yfir þessa starfsemi og það er langt í frá að þar sé um neina einkaframkvæmd að ræða. Einnig er opnað á þá leið að semja við sjálfseignarstofnanir eða einkaaðila um að reka þessa starfsemi, en það er einnig langt í frá að þar sé um einkavæðingu slíkrar starfsemi að ræða.

Varðandi eftirlitshlutverkið sem hv. 1. þm. Suðurk. kom inn á er ég sammála því að það þarf að hafa auga með því. Það eru einkum dvalarheimilin sem hún nefndi og ég er sammála því að leggja þarf vinnu í það og vafalaust fjármuni líka að skerpa á þeirri starfsemi án þess að ég sé með nokkru móti að gera lítið úr því starfi sem unnið er á þessum stofnunum því að þar leggur fólk sig fram um að veita góða þjónustu.

En ég efast ekki um að heilbr.- og trn. mun fara vandlega yfir þetta mál og treysti nefndarmönnum mjög vel til þess og endurtek þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (heildarlög). — Þskj. 867.

[17:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu og byggist það í meginatriðum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem félagsmálaráðherra flutti á 128. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Við gerð þess frumvarps sem nú er lagt fram hefur verið tekið tillit til umsagna sem bárust félagsmálanefnd Alþingis um málið og einnig hefur ráðuneytið haft náið samráð hagsmunaaðila við frumvarpsgerðina.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að aukið tillit verið tekið til fjölbreytilegs rekstrarforms vatnsveitna og auka sveigjanleika í stjórn og rekstri þeirra. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna og sníða ýmsa agnúa af gildandi lögum. Loks hefur verið komið til móts við óskir vatnsveitna með því að gera skýrari ýmis ákvæði sem ætlað er að hindra eftir megni sóun neysluvatns.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru eftirfarandi, hæstv. forseti:

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu í eigu sveitarfélagsins. Breytingunni er m.a. ætlað að tryggja samræmi við ákvæði 3. gr. laganna en samkvæmt því ákvæði ráða eigendur alfarið rekstrarformi vatnsveitu ef hún er í sameign tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Einnig var haft í huga við gerð frv. að þess eru dæmi að sveitarfélög reki í einu fyrirtæki eða stofnun rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Ætla má að á næstu árum muni þessi fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga taka þátt í

samkeppnisrekstri á sviði raforkuframleiðslu og verður þeim þá skylt að halda þeim hluta starfsemi sinnar aðskildum frá þeim rekstri sem þau eiga einkarétt á, þar á meðal rekstri hitaveitu og vatnsveitu. Engu að síður kann að vera hagkvæmt að reka allar þessar veitur í einu fyrirtæki eða stofnun. Þykir eðlilegt, í ljósi sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga, að sveitarstjórnir öðlist heimild til að ákveða það rekstrarform sem þær telja best henta.

Í 4. gr. frv. er mælt fyrir um heimild sveitarstjórnar til að fela stofnun eða félagi, sem er að meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga, réttindi og skyldur samkvæmt lögunum. Þar sem um er að ræða skylduverkefni sveitarfélaga þótti sérstök ástæða til að takamarka framsalsheimild þessa umfram það sem gildir um hitaveitur samkvæmt orkulögum. Verður sveitarstjórn þannig skylt að binda sitt framsal þeim skilyrðum og kvöðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.

Í 7. gr. er lagt til að orðið „notkunargjald" komi í stað „aukavatnsgjalds" í gildandi lögum og að innheimta megi af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið. Einnig er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka en afnumið er ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli miðast við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur. Þess í stað miðast hámarkið við almenn sjónarmið um innheimtu þjónustugjalda, sbr. 10. gr. frumvarpsins, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna.

Í 10. gr. er lögð til sú breyting að stjórn vatnsveitu setji gjaldskrá í stað sveitarstjórnar áður. Jafnframt er tekið fram í tilvitnuðu ákvæði að miðað skuli við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri vatnsveitunnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Með þessu er alveg skýrt,. hæstv. forseti, að gjaldskrár vatnsveitna eiga að byggjast á almennum reglum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna. Í frv. er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu í umboði sveitarstjórnar og er það í samræmi við ákvæði reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421/1992, með síðari breytingum.

Þar sem svo háttar til að ekki hefur verið kosin sérstök stjórn vatnsveitu fer sveitarstjórn með ákvörðunarvald um málefni veitunnar. Að öðru leyti vísa ég til athugasemda við einstakar greinar frv.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[17:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Áður en lengra er haldið hefði ég viljað fá skýringar hjá hæstv. ráðherra varðandi 4. gr. frv. Þar er rætt um innlausnarrétt sveitarfélagsins á stofnkerfi og fastafjármunum vatnsveitunnar í samningi aðila auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvaða innlausnarrétt er verið að tala um. Er verið að leysa upp eða hvað er verið að ræða um? Ég átta mig ekki á því við lestur á lagafrv. við hvað er átt.

[17:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í frv. er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn geti falið öðrum aðila rekstur veitunnar. Þar er um að ræða reglur sem setja þarf ef sveitarfélagið ákveður af einhverjum orsökum að leysa til sín veituna að nýju og taka rekstur hennar yfir.

[17:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er kominn í okkar hendur gamall góðkunningi þingsins, frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Frumvarp svipaðrar gerðar var til umfjöllunar á vorþingi en var ekki afgreitt enda geysileg andstaða gegn því í þjóðfélaginu og einnig innan þingsins.

Hæstv. ráðherra staðfesti að þetta frv. væri svipað hinu fyrra en þó hefði verið tekið tillit til athugasemda sem þá bárust. Það hefur verið gert að mjög takmörkuðu leyti. Ég held að á engan sé hallað þótt sagt sé að sennilega hafi ítarlegasta greinargerðin borist frá BSRB. En athugasemdir frá þeim samtökum er ekki nema að mjög takmörkuðu leyti að finna í þessu frv. Þess sér ekki mjög víða stað í frv. að tekið hafi verið tillit til þeirra. Þó hefur það verið gert á stöku stað. Þar vísa ég í arðsemisheimildir.

Í fyrra frv. var heimilt að taka 7% arð út úr starfseminni en nú er hins vegar engin slík ákvæði að finna og reyndar tekið fram í frv. að ekki sé ætlunin að vatnsveitur séu gróðafyrirtæki. Fjármunir sem verða til í viðskiptum með vatnið eiga að fara til frekari uppbyggingar á vatnsveitunni. Ég tel þetta almennt til góðs þótt ég sé ekki þeirrar skoðunar að slíkt þurfi undir öllum kringumstæðum að vera sáluhjálparatriði, alls ekki. Ég hef stundum notað þá samlíkingu að ef við byggjum við olíulindir í jörðu þá væri ekki óeðlilegt að arður af olíusölunni rynni til sveitarfélagsins. En þá þarf líka að tryggja kirfilega að lindirnar yrðu um ókominn tíma í eigu sveitarfélagsins. Það á við um vatnið líka.

Meginmarkmið þessa lagafrv. er að auka sveigjanleika þannig að vatnsveitur á mismunandi svæðum í mismunandi sveitarfélögum geti stofnað til samstarfs sín á milli. Við höfum í seinni tíð orðið vitni að slíku samstarfi á vegum Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur verið að færa út kvíarnar norður eftir Vesturlandi. Um það er ekkert nema gott að segja í sjálfu sér. Ég hef fullan skilning á því að við þurfum að búa við lagaramma sem geri slíkt samstarf sveitarfélaganna gerlegt.

Mér finnst það áfellisdómur yfir ríkisstjórninni og kannski þinginu öllu, þar með þeim sem hér stendur, að við skulum ekki hafa beint kröftum okkar að því að finna slíkt rekstrarform, slíkt skipulagsform. Við höfum sameignarfélög og byggðasamlög sem hafa t.d. af hálfu Reykjavíkurborgar verið nýtt í samstarfi við sveitarfélög á suðvesturhorninu. Ég vísa þar í slökkvilið, samstarf slökkviliðanna og einnig í almenningssamgöngurnar. Það eru byggðasamlög. Sorpa mun vera byggðasamlag, ef ég þekki það rétt. Orkuveitan starfar á grundvelli sameignarforms.

Hins vegar eru ákveðnir annmarkar á öllum þessum skipulagsformum. Ég hvet til þess að menn setjist yfir þetta. Ég tel að viðfangsefnið sé að finna löggjöf um rekstrarform sem auðveldi sveitarfélögum að stofna til samstarfs sín á milli um þjónustustarfsemi á borð við vatnsveitur, rafmagn, skolp og annað af því tagi.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það eigi ekki að opna á þann möguleika í löggjöf að þessi starfsemi verði einkavædd. Ég vil nefna sem dæmi að Hollendingar íhuga að setja lög sem hreinlega banni sölu á vatnsbólum, vatnsveitum. Jafnframt vilja þeir hafa þennan möguleika fyrir hendi, að hægt sé að stofna hlutafélög eða annars konar samvinnuform um starfsemina. Ég held að það sé ekki búið að festa slíkt

frumvarp í lög í Hollandi en það hefur legið fyrir þinginu þar um nokkurra mánaða skeið.

Þetta frv. hefur ýmsa mjög alvarlega galla. Þótt orðið hafi nokkur framför varðandi arðgreiðslurnar þá hefur orðið afturför á öðrum sviðum. Til dæmis er talað um að fela félögum starfrækslu vatnsveitna. Þar eru engir fyrirvarar hafðir á. Í fyrra frv. var kveðið á um að hægt væri að gera þetta tímabundið. Nú er það horfið út úr frumvarpstextanum. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað valdi þessu: Hvers vegna er þetta horfið úr textanum?

Í Evrópu þar sem vatnsveiturnar hafa verið einkavæddar hefur verið allur gangur á þessu. Í sumum tilvikum hefur vatnið verið einkavætt þannig að fyrirtæki sem fær yfirráð yfir vatninu, eignast vatnsbólin og allan grunnbúnað. Í öðrum tilvikum taka fyrirtækin slíkt yfir. Ég hefði talið að þarna hefði þurft að skjóta inn ákveðnum varnagla.

Hvað skýrir þessa lagasmíð og hvað hefur einkennt lagasetningu sem lýtur að vatnsveitum? Ég held að óhætt sé að segja að leit að skammtímalausnum einkenni lagasmíð á þessu sviði. Það er mjög bagalegt að löggjöf um vatnsveitur heyri undir tvö ráðuneyti, annars vegar undir félmrn. og hins vegar undir iðnrn. Iðnaðarráðuneytið hefur haft forgöngu um lagabreytingar, iðulega að kröfu einstakra orkuveitna. Má þar nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. Yfirleitt hefur þetta gerst þannig að löggjafinn er að bregðast við þróun sem þegar hefur átt sér stað en þessi fyrirtæki og stofnanir hafa í raun knúið fram. Þá hafa iðnrn. og hæstv. iðnrh. komið með frv. til að bregðast við þeirri þróun. Þannig hefur orðið til mjög gölluð lagasmíð, mjög gölluð og mótsagnakennd lagasmíð.

Síðan er hér verið að gera tilraun til að draga upp heildstæða lausn, en í raun hefði hún þurft að vera miklu yfirgripsmeiri. Hún hefði þurft að spanna allan málaflokkinn. Ég þykist vita að félmrn. telji sig hafa það til málsbóta að þarna sé verið að koma í veg fyrir frekari vinnubrögð af þessu tagi.

Annað sem fram kom reyndar í máli hæstv. félmrh. áðan er nokkuð sem við höfum heyrt svo sem áður og það mjög oft í umræðunni sl. vor, þ.e. að í rauninni sé ekkert verið að gera annað en að heimila sveitarstjórnum að breyta þessum stofnunum í hlutafélög, að ráðuneytið sé í raun ekki að hafa forgöngu um slíkt heldur sé það einvörðungu að veita heimild. Þá hafa menn spurt í framhaldinu: En er það ekki eðlileg lýðræðisleg krafa af hálfu sveitarfélaganna að þau fái að ráða hvaða fyrirkomulag sé við lýði? Ég segi nei. Ég segi að það eigi ekki að vera þannig.

Mín skoðun er sú að það sé slíkt grundvallaratriði að tryggja samfélaginu aðgang að drykkjarvatni um ókominn tíma að það eigi ekki að vera háð duttlungum sveitarstjórnar sem situr þetta fjögur, átta, tólf árin. Víða er um það rætt núna að festa í stjórnarskrá þjóðríkjanna að vatnið skuli vera almannaeign og að ekki eigi að vera hægt að ráðstafa því á markaði. Þess vegna á það ekki að vera háð ákvörðun sveitarstjórnar að ráðstafa drykkjarvatni um ókominn tíma og á óafturkræfan hátt. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði.

Síðan þykjast menn hafa ákveðnar varnir og ákveðna varnagla neglda í frv., t.d. þann að það félag sem fái rekstrarheimildina í hendur eða fái þessa starfsemi í hendur skuli vera í meirihlutaeign ríkis og sveitarfélaga, að fyrirtækið eða félagið skuli vera í meirihlutaeign ríkis eða sveitarfélaga. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að tryggt sé að almannahagsmunir komi til með að vega þar þyngst? Ég held ekki. Ég held ekki, vegna þess að þessir eigendur geta verið margir og misjafnlega burðugir. Ríki og sveitarfélög geta í sameiningu vissulega átt 52% í slíkri vatnsveitu. En spurningin snýst ekki um það heldur um hitt: Hvar liggur ráðandi hlutur? Við getum alveg ímyndað okkur það að eignarhluturinn sé hjá ríki og þremur, fjórum hugsanlega illa stöddum sveitarfélögum og síðan 40% hjá Coca Cola. Það er alveg til í dæminu.

Þessi lagaklásúla heldur því að mínum dómi ekki. Ég tel að þetta sé ákvæði sem þurfi að setjast yfir og endurskoða.

Reyndar virðist margt í frv. stangast á við lög og ákvæði annarra laga. Vísa ég þar t.d. til sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Þar segir í 64. gr., með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn skal á hverjum tíma tryggja umráðarétt yfir fasteignum sem eru nauðsynlegar til að lögboðin verkefni sveitarfélagsins verði rækt."

Nú spyr ég: Er ekki með þessu lagafrv. verið að opna á að þessum sömu fasteignum verði ráðstafað út úr eignarhendi eða af eignarhendi sveitarfélagsins?

Reyndar tel ég að fleiri mótsagnir sé að finna á milli þessa lagafrv. annars vegar og sveitarstjórnarlaga og annarra laga hins vegar. Reyndar eru miklu stærri og alvarlegri mótsagnir í lagabálkunum sem ég vísaði til áðan um Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og Hitaveitu Suðurnesja. En eitt af því sem menn hafa einmitt verið að kljást við er að Hitaveita Suðurnesja á Vatnsveituna í Vestmannaeyjum sem kemur sennilega úr Fljótshlíðinni, ekki satt, og vatnið sem kemur þaðan. (**Gripið fram í:** Og í Reykjanesbæ.) Og í Reykjanesbæ. Menn bregðast við með því að breyta grundvallarlögum um vatnsveitur á Íslandi vegna þess að Hitaveita Suðurnesja býr við þetta eignar- og rekstrarform núna. Þá telja menn að breyta þurfi allri lagasmíð um vatnsveitur á Íslandi til þess eiginlega að gera þá starfsemi löglega. Er þetta eðlilegur framgangsmáti? Mér finnst það ekki.

Sannast sagna snúast áhyggjur mínar yfir þessu frv. fyrst og fremst að því að við séum að hefja hér vegferð í átt til einkavæðingar á drykkjarvatninu. Það held ég að við séum að gera.

Ég geri ekki lítið úr þeim atriðum sem ég nefndi áðan um arðinn, þ.e. að bannað sé að taka arð út úr þessari starfsemi. Mér finnst það vera mjög mikilvægt atriði. Minnist ég þess að ég átti ágætar viðræður á sínum tíma við bandaríska sérfræðinga í raforkumálum sem hingað komu til lands og sögðu að tvær leiðir væru til að taka á þessum málum, annars vegar sú að reyna að hafa áhrif á eignarformið, að gæta að því að það haldist í opinberri eigu, hjá sveitarfélögum eða ríki, og síðan væri hin leiðin að halda kröfunni um arð eða halda þakinu á heimild til útborgaðs arðs það lágu að fjárfestar gætu ekki gert þetta að gróðafyrirtæki. Það væri hin leiðin. Það er sú leið sem Bandaríkjamenn hafa farið. Það kalla Bandaríkjamenn „regulation", þ.e. að setja þjónustustarfsemi af þessu tagi strangar reglur. Eina raforkuveitan sem stóð sig í stykkinu þegar Enron-hneykslið reið yfir Kaliforníu á sínum tíma var nú reyndar raforkuveitan í Los Angeles sem var í eigu Los Angeles borgar. Hitt varð allt meira og minna gjaldþrota með geysilegum tilkostnaði fyrir samfélagið.

Þetta óttast ég að við séum að gera. Við erum að hefja hér vegferð í átt til markaðsvæðingar á þessari grunnþjónustu. Ég hef ekki trú á því að það vaki fyrir núverandi hæstv. félmrh. að gera það. En ég spyr hann hvort hann óttist ekki að með þessari lagasmíð séum við að hefja slíka vegferð?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, enda er tími minn á þrotum. Ég segi það eitt að yfir þetta frv.

verður lagst mjög rækilega og málin verða skoðuð mjög gaumgæfilega. Ég veit að samtök launafólks, og vísa ég ekki þar síst til BSRB, hafa áhuga á að skoða frv. og á án efa eftir að koma með ítarlega umsögn um málið.

[17:28]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Vatnsveitur eru mjög mikilvæg starfsemi sem snertir almenning og öll fyrirtæki í landinu. Það skiptir atvinnulífið mjög miklu máli hvernig staðið er að skipulagi á dreifingu neysluvatns og allri lagaumgjörðinni vegna þess að það verður aldrei nein samkeppni um dreifingu á neysluvatni. Þeir sem dreifa neysluvatni til íbúa verða í einokun og það er mjög ólíklegt að nokkrir fari í að leggja aðrar lagnir um bæi landsins og í samkeppni við vatnsveitu. Auðvitað er mögulegt og dæmi finnast um það að stærri fyrirtæki leggi sér lagnir úr vatnsbólum og í fyrirtækin. En það er samt sem áður algjör undantekning. Allur þorri fyrirtækja mun skipta við einokunarfyrirtækið. Það skiptir því fyrirtækin í landinu og íbúa þess mjög miklu máli hvernig þessum málum verður háttað.

Gott neysluvatn er takmörkuð auðlind sem er oft og tíðum vanmetin. Í Evrópu er ekki óalgengt að fara þurfi í umfangsmikla og dýra hreinsun á aðskotaefnum úr vatninu og einnig sótthreinsa það. Ég ítreka að við erum hér að ræða um lagaumgjörð um takmarkaða auðlind sem verður dreift af fyrirtæki eða vatnsveitu sem er í einokunaraðstöðu. Ég lít svo á að þeir sem semja lögin og við sem setjum lögin hér verðum að hafa þetta í huga. Þetta er og verður einokunarstarfsemi. Þess vegna skiptir gríðarlega miklu máli fyrir alla sem þessi starfsemi varðar að hafa það í huga. Það á sérstaklega við um matvælafyrirtæki sem nota mikið vatn, svo sem sláturhús og fiskvinnslur. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þau.

Í athugasemdum við frv. er ekki að sjá að þessi einokunaraðstaða vatnsveitna hafi verið skoðuð sérstaklega. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort litið hafi verið til þessara sjónarmiða, þ.e. að um takmarkaða auðlind sé að ræða og um einokunaraðstöðu vatnsveitnanna.

Frú forseti. Ég vil spyrja félmrh. um 1. gr. og hvernig munurinn á dreifbýli og þéttbýli er skilgreindur. Það skiptir mjög miklu máli þar sem gerðar eru mun meiri kröfur til sveitarfélaga um að starfrækja vatnsveitur í þéttbýli og minni kröfur í dreifbýli.

Varðandi 2. gr. frv. sem er að opna á önnur rekstrarform vatnsveitna en að sveitarfélögin reki þau þá vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort verið sé að opna á að vatnsveitum verði breytt í hlutafélög. Í raforkulögum eru mun nákvæmari ákvæði um rekstur og verðlagningu raforkukerfisins sem einnig er einokunarkerfi. Mér finnst eins og þetta frv. sé miklu opnara og mun verr skilgreint hvað varðar verðlagningu. Að vísu kom fram í umræðunni áðan að ekki verður heimilt að taka arð. En hvað ef fyrirtækinu er breytt í hlutafélag? Mun það ákvæði síðan stangast á við hlutafélagalögin og verður síðan þjarkað um hvort þetta ákvæði haldi? Ég tel að gott væri að fá þessi mál á hreint hvað þetta varðar vegna þess að þetta atriði verður að vera á hreinu, þ.e. að ekki verði hlutafélagavætt og síðan verði greiddur arður út úr fyrirtækinu.

Í 2. gr. kemur fram að sveitarstjórn eigi að fylgjast með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé í samræmi við lög eða samninga. Ég vil því í framhaldinu spyrja hæstv. félmrh.: Með hvaða þáttum í rekstri vatnsveitunnar á sveitarstjórn að fylgjast? Mér finnst það ekki koma mjög skýrt fram í frv. hvaða þættir það eru. Segjum sem svo að sveitarstjórn eigi að fylgjast með einhverjum þáttum. Við fáum það e.t.v. fram síðar í umræðunni að sveitarstjórn eigi að fylgjast með einhverjum þáttum. Hvað á þá sveitarstjórnin til bragðs að taka? Hér er átt við ef ekki er farið að tilmælum. Hvaða úrræði hefur hún? Það kemur ekki fram í frv., a.m.k. er það ekki mjög skýrt.

Mér finnst 4. gr. frv. fremur illskiljanleg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum."

Ég verð að segja eins og er að ég átta mig ekki á hvað verið er að blanda ríkisvaldinu inn í þessa umræðu um vatnsveitur.

Hér fyrr kom fram í máli hæstv. félmrh. að þetta ákvæði, þ.e. 4. gr., heimilaði að sveitarfélögin leystu til sín vatnsveitur á ný. Ég fæ ekki lesið þá heimild út úr þessari 4. gr. að leysa megi vatnsveiturnar til sveitarfélaganna á ný. Mér finnst það ekki mjög skýrt. Það er mikil þörf á að gera það ákvæði skýrara og líka í hvaða tilfellum sveitarstjórn getur þá gripið til þess.

Hvað varðar bann við að rjúfa innsigli þá kemur fram í hegningarlögunum að innsiglið sé opinber ráðstöfun. En mun innsiglið vera opinber ráðstöfun ef hlutafélag eða einkahlutafélag innsiglar? Þessi mál þarf að skýra og koma betur á hreint.

[17:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál, frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir þeirri skoðun sinni í upphafi að hann teldi að lítið tillit hefði verið tekið til athugasemda sem fram komu við framlagningu máls á liðnu vorþingi. Hins vegar tiltók þingmaðurinn m.a. eitt atriði sem varðar heimild til arðgreiðslu sem nú hefur verið horfið frá og ég tel að sé reyndar algjört grundvallaratriði málsins og svari kannski mörgum þeim spurningum sem hér hafa komið upp og ekki síst þeirri spurningu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi til mín í lok máls síns, þ.e. hvort ég óttist að við séum að leggja upp í vegferð sem ekki sjái fyrir endann á og gæti, ef ég skildi mál þingmannsins rétt, falið í sér gróðahyggju af einhverju tagi. En lögin gera ekki ráð fyrir að heimild sé til arðgreiðslu heldur einungis að tekin verði gjöld fyrir framlagða þjónustu sem greinin takmarkast þá við. Ég held að það svari raunverulega spurningunni og ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Ég vek athygli á að í 3. gr. gildandi laga er kveðið á um það að ef vatnsveita er í sameign tveggja eða fleiri sveitarfélaga þá ráða eigendurnir rekstrarforminu. Það er allt opið í þeim efnum. Hér erum við þá að færa til sama vegar lög um rekstrarform vatnsveitna sem eru í einkaeign eins sveitarfélags og eðlilegt er að þarna sé um samræmi að ræða.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr líka hvað valdi því að tímamörk framsals hafi verið felld út úr fyrra frv. Að mínu mati er einfaldlega ekki vænlegt að tímabinda samninga um rekstur. Eðlilegt er að í slíkum samningum sé kveðið á um uppsagnarákvæði. Hins vegar eiga ákvæði 4. gr. þessa frv. um innlausnarrétt að tryggja hagsmuni íbúanna.

Hæstv. forseti. Það er líka ástæða til að hnykkja á því að frv. sem hér er til umræðu er fyrst og fremst um dreifingu vatns. Um vatnsból gilda önnur lög, vatnalög nr. 15/1923.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spyr hvort sá er hér stendur telji að þetta frv. tryggi hag íbúa sveitarfélaganna þar sem kveðið er á um að fyrirtækið skuli vera í meirihlutaeign ríkis eða sveitarfélaga. Svarið við þeirri spurningu er já og vil ég leyfa mér að vitna til athugasemda við lagafrv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Mælt er fyrir um heimild sveitarstjórnar til að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögunum. Framsalið skal binda nánar tilgreindum skilyrðum og kvöðum. Jafnframt er í frumvarpinu mælt fyrir um skyldu sveitarstjórnar til að hafa eftirlit með því að vatnsveita veiti íbúum fullnægjandi þjónustu."

Svo ég grípi inn í þessa greinargerð svolítið síðar, með leyfi hæstv. forseta, þá segir:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gjaldtaka vatnsveitna byggist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna, að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðar vegna framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun."

Hæstv. forseti. Ég tel að þessar tvær málsgreinar sem ég hef hér vitnað til úr athugasemdum við lagafrv. svari í sjálfu sér spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar hvað þetta varðar.

Hv. þm. dregur í máli sínu sömuleiðis í efa eða setur fram þá skoðun sína að einstakar greinar þessa frv. kunni að stangast á við og vera í mótsögn við sveitarstjórnarlög. Ég tel svo alls ekki vera. Í 64. gr. sveitarstjórnarlaganna er, eins og hv. þm. kom hér inn á, fjallað um raunar umráðarétt en ekki eignarrétt sveitarfélaganna hvað þetta varðar. Það frv. sem við ræðum nú felur ekki í sér neina mótsögn hvað þetta varðar enda á það að vera tryggt samkvæmt frv. að eignir vatnsveitu verði ávallt nýttar til þess að inna af hendi lögboðna þjónustu við íbúa sveitarfélags og er rétt að hnykkja á því eins og kom fram í máli mínu áðan að vatnsveitur eru nú þegar í ýmsum sveitarfélögum í eigu annarra en viðkomandi sveitarfélags.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson lagði fram nokkrar spurningar til þess sem hér stendur og ég mun reyna að svara þeim. Það er þá fyrst spurningin sem varðar 1. gr. frv. um skilgreininguna á þéttbýli og dreifbýli. Þarna er ekki um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem er í gildandi lögum. Þéttbýli samkvæmt skipulagsreglugerð er skilgreint þannig að það sé kjarni með fleiri en 50 íbúum og að ekki sé lengra en 200 metrar á milli húsa. Ég ítreka að þarna er ekki um neinar efnislegar breytingar frá gildandi lögum að ræða.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spyr líka hvort með frv. sé verið að opna á þann möguleika að vatnsveita sé rekin í formi hlutafélags. Því er til að svara að með þessu opnast sá möguleiki. Það liggur fyrir. Sá möguleiki opnast að sveitarfélag, eitt eða fleiri, eða félag ríkis og sveitarfélags eða sveitarfélaga, og/eða með aðkomu annarra aðila, taki að sér rekstur vatnsveitu en að sjálfsögðu samkvæmt þeim lögum sem þá gilda.

Hv. þm. spyr sömuleiðis með hverju sveitarstjórn eigi að fylgjast. Án þess að ég ætli að fara tæmandi orðum um það — um slíkt þarf að kveða nánar á í reglugerð — þá má nefna þætti eins og þann sem mér hefur hér orðið tíðrætt um, að samkvæmt þessu frv. verður ekki heimilt að taka gjöld fyrir afhendingu vatnsins umfram það sem kostnaður við rekstur veitunnar kveður á um. Það getur verið eitt hlutverk sveitarstjórnar að fylgjast með því, afhendingu vatnsins sömuleiðis og gæðum þess. Þannig má áfram telja. Skyldur sveitarfélagsins hafa síst minnkað verði frv. að lögum. Skyldur sveitarfélagsins eru eftir sem áður að afhenda íbúum sínum vatn. Ég er sammála því sem fram kemur í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að ég tel að það sé ein af grunnskyldum okkar að sjá til þess að íbúar landsins, sveitarfélaganna, hafi á hverjum tíma aðgang að neysluvatni enda er þar verið að uppfylla eina af grunnþörfum okkar.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi í máli mínu vikið að flestum þeim atriðum sem upp hafa komið við þessa umræðu. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spurði af hverju kæmi fram í frumvarpstexta grein þar sem kveðið er á um að ríki og sveitarfélög hafi þarna skyldum að gegna. Það er ekki síst vegna þess að þess eru dæmi að vatnsveitur sem reknar eru í dag, hvað þá heldur í framtíðinni, séu reknar af félagi eða félögum sem eru í sameign ríkis og sveitarfélaga. Þannig er þetta orðalag til komið.

Hæstv. forseti. Ég ítreka tillögu mína frá því að ég flutti málið og mælti fyrir því, að ég legg til að málinu verði, eftir þessa umræðu sem ég þakka fyrir, vísað til 2. umr. og umfjöllunar í félmn.

[17:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef tryggt væri að vatnsveiturnar yrðu í samfélagslegri eign eftir þessa lagasetningu hefði ég ekki efasemdir um þetta frv. vegna þess að ég er því fylgjandi að skapaður verði ákveðinn sveigjanleiki um aðkomu mismunandi sveitarfélaga að vatnsveitunum og þessari grunnþjónustu. Það sem ég geri athugsemdir við er að opnað verði á möguleika einkaaðila, aðila á markaði, að vatnsveitunum. Ég tel að við þurfum að taka til skoðunar í nefndinni, í félmn., hvort ekki eigi að breyta 4. gr. frv. að þessu leyti og geirnegla þar samfélagslegt eignarhald á vatnsveitunum. Það mundi gerbreyta frv. í mínum huga.

Það væri fróðlegt að heyra nánari útlistanir hæstv. ráðherra á þeirri hættu sem ég vek máls á, að eignaraðili, markaðsfyrirtæki, *fái ráðandi hlut jafnvel þótt ríki og sveitarfélög* eigi meiri hluta í félaginu. Þetta er raunveruleg hætta.

Varðandi lögboðnar skyldur sem félagi er skylt að leysa minni ég svo á að vatnsveitunni í Yorkshire í Bretlandi og Grenoble í Frakklandi, sem var einkavædd, var gert að hlíta slíkum reglum. Engu að síður var allur reksturinn í miklum ólestri og ekki neytendum kalda vatnsins á þessum svæðum til hagsbóta.

[17:47]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér ekki svarað spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar hvað varðar hættuna á ráðandi hlut annarra en opinberra aðila í vatnsveitum framtíðarinnar með öðrum orðum en ég hef hér þegar rakið. Ég tel að það að með frv. er ekki gert ráð fyrir heimild til arðgreiðslu sé algjört lykilatriði hvað þetta mál varðar. Það er rétt að undirstrika það enn og aftur að þarna er þó skýrt kveðið á um það að þeim sem reka vatnsveitu er ekki heimilt að selja þjónustu sína hærra verði en svo að dugi fyrir rekstri veitunnar. Það er ekki gert ráð fyrir að rekstur þessi myndi nokkurs staðar nokkurn hagnað. (**MÁ:** Bannað að græða.) Bannað að græða, segir hv. þm. Það má til sanns vegar færa. Með frv. er ekki gert ráð fyrir því að hægt sé eða heimilt að reka vatnsveitur með hagnaði. Ég held að það svari spurningu hv. þingmanns.

[17:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, að sinni er bannað græða. Við erum hins vegar að feta okkur út á braut einkavæðingar með þessu frv. Þetta arðgreiðsluákvæði skiptir að sönnu miklu máli, það er lykilatriði, ég tek alveg undir það en nefni hér, vegna þess að það kemur upp í hugann, að þegar danski síminn var einkavæddur fyrir nokkrum árum fékk ameríska símafyrirtæki með höfuðstöðvar í Chicago lykilaðstöðu í danska símanum. Það var, að því er mig minnir, með 30% eignarhlut í fyrirtækinu. Þetta fyrirtæki átti líka ungverska símann — ég held að það hafi ekki verið sá búlgarski, það var ekki búið að einkavæða hann þá — en þannig geta einkaaðilar öðlast ráðandi hlut og ráðið öllu um stefnumótun fyrirtækisins ... (**Gripið fram í:** Ef aðrir eiga minna) ef aðrir eiga minna.

Væru mörg sveitarfélög t.d. smá gæti skipt sköpum fyrir Coca Cola eða einhverja aðra ámóta að ná ráðandi hlut í fyrirtækinu og ráða þar með allri stefnumótun og því hvernig farið er með þessa dýrmætu auðlind sem drykkjarvatnið er og ég tel að tryggja eigi almenningi eignarhald á.

[17:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er það markmið laganna að hægt sé að reka saman í hlutafélagi ólíkan rekstur og auka sveigjanleika. Það má vera að það sé hægt en verður ekki vandkvæðum bundið að reka þessar einingar saman ef annar hlutinn má greiða arð en hinn ekki? Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra svaraði því.

Er ekki nær að stíga skrefið til fulls og draga sérstaklega út rekstur vatnsveitunnar í reikningum fyrirtækja? Þessi sveigjanleiki verður varla raunverulegur vegna þessara takmarkana sem gætir, þ.e. að vatnsveitunni verði mögulega meinað að greiða arð en annarri starfsemi í sama rekstri verði það leyfilegt.

[17:51]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Sigurjóni Þórðarsyni fyrir spurninguna. Það er full ástæða til að velta þessu fyrir sér og vekja athygli á því. Svarið við þessu er það að ég hef út af fyrir sig ekki áhyggjur af framkvæmd þessa. Það er auðvitað alþekkt, m.a. í rekstri ýmissa ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, að menn gera bókhaldslegan aðskilnað í rekstri sínum þegar kemur að því að horfa annars vegar til samkeppnisrekstrar og hins vegar rekstrar af því tagi sem við hér ræðum um. Og reki menn vatnsveitu inni í fyrirtæki sem á í samkeppnisrekstri verður að sjálfsögðu að gera þá kröfu til viðkomandi fyrirtækis að þessi aðskilnaður sé alveg skýr. Ég þakka ábendinguna.

[17:52]

Útbýting þingskjals:

Veiðar á sjaldgæfum fiski, 587. mál, fsp. ÖS, þskj. 886.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:53.

---

65. FUNDUR

þriðjudaginn 17. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 859. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 860. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 156. — 1. umr.
5. Félagsleg aðstoð, frv., 157. mál, þskj. 157. — 1. umr.
6. Réttindi sjúklinga, frv., 202. mál, þskj. 209. — Frh. 1. umr.
7. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216. — Fyrri umr.
8. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 207. mál, þskj. 218. — Fyrri umr.
9. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 208. mál, þskj. 219. — Fyrri umr.
10. Innheimtulög, frv., 223. mál, þskj. 236. — 1. umr.
11. Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, þáltill., 225. mál, þskj. 245. — Fyrri umr.
12. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 278. mál, þskj. 314. — Fyrri umr.
13. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Fyrri umr.
14. Áfengis- og vímuefnameðferð, þáltill., 248. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.
15. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 257. mál, þskj. 285. — 1. umr.
16. Samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, þáltill., 268. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
17. Sýslur, þáltill., 269. mál, þskj. 302. — Fyrri umr.
18. Atvinnulýðræði, þáltill., 271. mál, þskj. 306. — Fyrri umr.
19. Úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, þáltill., 272. mál, þskj. 308. — Fyrri umr.
20. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 273. mál, þskj. 309. — Fyrri umr.
21. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 276. mál, þskj. 312. — 1. umr.
22. Lyfjatjónstrygging, frv., 201. mál, þskj. 208. — 1. umr.
23. Umboðsmaður barna, frv., 287. mál, þskj. 332. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um símenntunarmiðstöðvar. Málshefjandi er hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Hæstv. menntmrh. Þorgerður K. Gunnarsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fangelsis- og refsimál, 591. mál, fsp. BH, þskj. 890.

Háhraðatengingar, 592. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 891.

Hættumat fyrir sumarhúsabyggð, 593. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 892.

Rauðserkur, stinglax og gjölnir, 588. mál, fsp. ÖS, þskj. 887.

Rjúpnaveiðar veiðikortshafa, 470. mál, svar umhvrh., þskj. 882.

Starfslokasamningar, 589. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 888.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 590. mál, fsp. ÖJ, þskj. 889.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 893.

Siglingavernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 570. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 860.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 576. mál (heildarlög). — Þskj. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Símenntunarmiðstöðvar.

[13:35]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem nú eru níu talsins voru flestar stofnsettar á rótum fullorðinsfræðslu framhaldsskólanna. Þær eru allar sjálfseignarstofnanir, starfa á landsbyggðinni og eru reknar fyrir eigið aflafé með fjárstuðningi ríkisins. Hlutverk miðstöðvanna er að greina þarfir og veita þjónustu í samræmi við þær og einbeita þær sér jafnt að atvinnulífinu sem einstaklingum. Markmið sitt nálgast þær bæði með eigin námsframboði og miðlun náms frá öðrum stofnunum eða skólum. Stöðvarnar sinna kynningar- og hvatningarstarfi, ráðgjöf og upplýsingagjöf samhliða mikilvægu frumkvöðlastarfi hver á sínu svæði. Hvers kyns fjarnám er umsvifamikið og í miklum vexti.

Starfsmenn miðstöðvanna hafa leitað sér þekkingar í kennslufræðum fullorðinna og kennslutækni. Þeir bjóða greiningu á endurmenntunarþörf innan fyrirtækja og stofnana og skipuleggja sérsniðið nám samkvæmt því. Námsframboð á þeirra vegum er allt frá nokkurra kennslustunda tómstundanámskeiðum til háskólanáms. Allar hafa þær fjárfest í fjarmenntabúnaði, tölvum og öðrum nauðsynlegum búnaði vegna fjarnáms, fjarkennslu og annarrar starfsemi.

Á fyrstu starfsárum símenntunarstöðvanna ríkti sú skoðun að rétt væri að gefa þeim ráðrúm til að þróast og finna sér farveg án þess að um þær væri settur sérstakur lagarammi. Það var skynsamlegt þar sem aðstæður eru afar mismunandi eftir starfssvæðum. Sumar miðstöðvarnar starfa á einum stað, aðrar hafa allt að sjö föstum starfsstöðvum og enn fleiri tilfallandi. Á sumum svæðum eru samgöngur auðveldar, á öðrum mjög torveldar. Sums staðar er menntunarstig tiltölulega hátt, annars staðar hafa allt að 50% íbúa aðeins lokið grunnskólaprófi eða minna.

Breyting á atvinnuháttum á landsbyggðinni leiðir af sér síminnkandi þörf fyrir vinnuafl með stutta skólagöngu. Tölur Hagstofunnar sýna hækkandi hlutfall atvinnulausra með grunnmenntun eingöngu og lægra hlutfall atvinnulausra eftir því sem menntun er meiri.

Það þarf væntanlega ekki að fara mörgum orðum um hve brýnt er fyrir samfélagið að hæfileikar og hæfni landsmanna verði ræktað og þeim gert kleift að mennta sig í samræmi við breyttar aðstæður á vinnumarkaði. Þar gegna fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar lykilhlutverki. Símenntunarmiðstöðvarnar eiga það sameiginlegt að sinna fjölbreyttum hópi umbjóðenda sem hefur jafnt þörf fyrir grunnmenntun sem háskólamenntun. Þróun og síaukin umsvif miðstöðvanna knýja hins vegar á um að þeim verði fundinn formlegur staður í menntakerfinu og starfsemi þeirra tryggð. Það er brýnt að gerður verði starfssamningur við stöðvarnar, metið hvaða kostnað grunnverkefni og sérverkefni hafi í för með sér og skoðaður mismunandi kostnaður vegna landfræðilegra aðstæðna.

Stóraukið háskólanám hefur í för með sér mikinn kostnað á þeim stöðum sem námið fer fram á og þann kostnað hafa símenntunarmiðstöðvarnar borið einar. Það auk uppbyggingar tækjabúnaðar, aðstöðu, þekkingar starfsmanna og hins fjölbreytta námsframboðs fyrir mismunandi hópa er þeim fjárhagslega um megn, einkum þeim sem lítinn sem engan annan stuðning fá. Það verður að tryggja símenntunarmiðstöðvunum stöðu til að sinna af krafti sínu ómetanlega hlutverki í viðhaldi og enduruppbyggingu landsbyggðarinn-

ar. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir formlegri skilgreiningu á stöðu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan menntakerfisins?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að rekstrargrunnur fræðslu- og símenntunarmiðstöðva verði tryggður?

3. Hyggst ráðherra kveða á um fjárhagsleg samskipti og ábyrgð fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og háskóla?

[13:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, fyrir að vekja máls á málefnum símenntunarmiðstöðvanna og um leið líka þakka henni fyrir þessa ágætu ræðu þar sem greinilegt er að hún ber mikla umhyggju fyrir hag símenntunarmiðstöðvanna og þeirra sem þar vinna. Ég mun reyna eftir bestu getu að svara þeim spurningum sem hv. málshefjandi bar fram.

Símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar í öllum landshlutum. Þær eru sjálfseignarstofnanir og lúta forræði heimamanna á hverjum stað. Hlutverk þeirra er að efla símenntun með því að miðla námskeiðum og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni byggðarlaga.

Í dag eru níu símenntunarmiðstöðvar starfræktar í öllum landshlutum og tók fyrsta símenntunarmiðstöðin til starfa 1. febrúar 1998. Þessar símenntunarmiðstöðvar voru í upphafi stofnaðar til að efla almenna menntun á hverjum stað og ekki síst til að efla almenna fullorðinsfræðslu. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa haft frumkvæði í því að miðla námi, hver á sínu svæði í samvinnu við atvinnulíf og íbúa svæðanna. Sem þátt í að miðla og kynna nám fyrir heimamönnum hafa þær undanfarin fimm ár tekið virkan þátt í þeirri viku símenntunar sem m.a. menntmrn. hefur gengist fyrir. Fljótlega eftir stofnun símenntunarmiðstöðvanna fór að færast í vöxt að þær miðluðu námi á framhalds- og háskólastigi innan sinna svæða. Þar með hafa tengsl símenntunarmiðstöðvanna við hið formlega skólakerfi verið að eflast. Þær gegna því stöðugt mikilvægara hlutverki í að veita stoðþjónustu við nemendur og aðstöðu fyrir kennslu og próf og þannig hefur skapast grundvöllur fyrir frekari þjónustu vegna háskólanáms.

Menntmrn. hefur fyrir sitt leyti lagt áherslu á að bæta aðgengi símenntunarmiðstöðva að fjarskiptum og í byrjun síðasta árs var tekið í notkun svokallað FS-net sem er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar á um 40 stöðum á landinu.

Hv. málshefjandi spyr hvort menntmrh. muni beita sér fyrir að rekstrargrunnur símenntunarmiðstöðva verði tryggður. Það hefur ekki staðið til að ríkissjóður stæði undir útgjöldum símenntunarmiðstöðvanna. Þar hljóta menn einnig að líta til sveitarfélaga en framlög þeirra til símenntunarmiðstöðva hafa verið nánast engin.

Eins og fyrr segir eru símenntunarmiðstöðvar í eigu heimamanna en hafa notið fjárframlaga á fjárlögum allt frá stofnun. Þetta fjárframlag er fyrir árið í ár 9 millj. kr. fyrir hverja símenntunarmiðstöð. Ráðuneytið lítur því svo á að með þessu framlagi sé lágmarksrekstur símenntunarmiðstöðvanna tryggður en ég vil vekja athygli á, eins og ég gat um áðan, að þetta eru sjálfseignarstofnanir. Einnig hafa sveitarfélögin lítið lagt til þeirra en þó má geta þess að m.a. á Suðurnesjum hafa sveitarfélögin lagt nokkuð til þeirra.

Í samkomulagi menntmrn. og iðnrn. um verklag á sviði byggðamála sem gert var í desember á síðasta ári er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarmiðstöðva verði efld með það að markmiði að styrkja landsbyggðina með bættu aðgengi að menntun á grunn- og framhaldsskólastigi. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegum hluta námsins í fjarnámi. Síðan hefur verið unnið að uppbyggingu háskólanámssetra á Egilsstöðum og Húsavík sem byggja á grunni símenntunarmiðstöðva. Einnig hefur verið stutt við þjónustu vegna háskólanáms á Vestfjörðum en byggðaframlag til þessarar starfsemi var á árinu 2003 um 10 millj. til háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum. Háskólanámssetur á Egilsstöðum fékk 16 millj. og fræðasetrið á Húsavík um 5 millj.

Eins og áður segir hefur sífellt stærri hluti starfsemi símenntunarmiðstöðvanna verið að miðla háskólanámi. Ég hef ákveðið að stofna starfshóp til að fjalla um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Þessari nefnd er einkum ætlað að gera tillögu um það hvaða meginsjónarmið verði lögð til grundvallar þessum stuðningi almennt þannig að samræmis og jafnræðis sé gætt varðandi þá aðstöðu sem þeim sem stunda framhalds- eða háskólanám í fjarnámi er sköpuð til að stunda nám sitt. Hópurinn skal á grundvelli þeirrar reynslu sem fengin er af starfrækslu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni leggja mat á það hverju opinber stuðningur við þær hefur skilað og hvernig skynsamlegast sé að haga honum í framtíðinni.

Þá skal hópurinn einnig fjalla um hlutverk og fjárhags- og starfsgrundvöll símenntunarmiðstöðvanna. Hópurinn skal fjalla um uppbyggingu svokallaðra háskólanámssetra á landsbyggðinni og gera tillögu um það hvernig henni verði háttað og hvernig fara eigi með ábyrgðar-, verka- og kostnaðarskiptingu aðila í héraði ríkisvaldsins og einstakra háskólastofnana. Skal það haft að leiðarljósi að hlutverk þessara setra verði skilgreint með samræmdum hætti og að stuðningur við þau byggist á hlutlægum forsendum.

[13:44]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Framtíð okkar byggir að miklu leyti á menntun þjóðarinnar. Við eigum í harðnandi samkeppni við erlenda markaði og til að bregðast við breyttri heimsmynd og auka samkeppnishæfni okkar er menntun lykilatriði. Krafa um frekara nám hefur því aukist á hinum almenna vinnumarkaði. Símenntunarmiðstöðvarnar koma að hluta til á móts við menntunarþörf einstaklinga og atvinnulífsins vítt og breitt um landið. Þær hafa tekið til starfa ein af annarri og þróast hver með sínum hætti eftir því sem áhugi og aðstæður hafa leyft á hverjum stað í ljósi þess að engin formleg skilgreining er til á hlutverki þessarar starfsemi innan menntakerfisins, þ.e. það er enginn lagarammi.

Símenntunarmiðstöðvarnar eru reknar sem sjálfseignarstofnanir og fá m.a. framlög af fjárlögum hvers árs. Rekstrarsamningar, þ.e. samningar um ákveðin fjárframlög hafa ekki verið gerðir við símenntunarmiðstöðvarnar og búa þær því við mikið rekstraróöryggi sem kemur niður á skipulagi og uppbyggingu náms og námsframboðs til lengri tíma. Þar sem símenntunarmiðstöðvarnar eru ekki með skilgreint hlutverk innan menntakerfisins hafa þær heldur ekki fengið stofnframlög eins og skólar innan kerfisins. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í miðlun

háskólamenntunar og fjarnáms. Framlög til háskólanámsins hafa ekki verið nægileg til að mæta útlögðum kostnaði og hefur háskólanámið verið að hluta fjármagnað með námskeiðsgjöldum nemenda í öðru námi. Þessi tilfærsla getur ekki gengið til lengdar. Námskeiðsgjöldin eiga ekki að vera hærri en sem nemur kostnaði við námskeiðin sjálf og eiga ekki að brúa þarna bilið og vera hluti af háskólanámi.

Herra forseti. Það er mikilvægt að hæstv. menntmrh. bæti stöðu símenntunarmiðstöðvanna og af þessu tilefni er rétt að hvetja hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir tilfærslu eða flutningi þeirra ríkisstofnana sem talað hefur verið um að koma inn í húsnæði háskólanámsseturs FNA á Egilsstöðum. Eins og er virðist samkomulagið um uppbyggingu háskólanámssetursins vera í lausu lofti.

[13:47]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Í byggðalegu tilliti er starfsemi símenntunarmiðstöðva afar mikilvæg. Við sjáum ánægjulega þróun víða um land þar sem miðstöðvarnar hafa sannað hvað hægt er að gera þegar mismunandi aðilar taka höndum saman.

Sem dæmi má nefna elstu símenntunarmiðstöð landsins, Fræðslunet Austurlands á Egilsstöðum, en það var ekki síst vegna framsýni fjárlaganefndar þess tíma, árið 1998, að hún fékk framlag á fjárlögum. Í fyrra voru þátttakendur í námskeiðum á vegum fræðslunetsins 553 og eru nemendur í fjarnámi á háskólastigi sem nota aðstöðu fræðslunetsins yfir 150. Þetta er nauðsynleg þróun, ekki síst til að tryggja framfarir á þeim svæðum sem miðstöðvarnar starfa.

Fyrir ári síðan undirrituðu páv. hæstv. menntmrh. og hæstv. iðnrh. samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar á landsbyggðinni. Verkefnin voru skilgreind í samræmi við byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 þar sem lögð er áhersla á tengsl menntunar og menningar við þróun atvinnulífs í dreifðum byggðum.

Liður í samkomulaginu er að starfsemi símenntunar verði efld með það að markmiði að styrkja landsbyggðina með bættu aðgengi að menntun á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Mikilvægt er að slík starfsemi standi öllum til boða óháð búsetu og verður áfram unnið að því.

Herra forseti. Við munum halda áfram á þessari braut að efla símenntunarmiðstöðvar um allt land eins og gert hefur verið hingað til. Ég vil í því tilliti sérstaklega fagna stofnun starfshópsins sem hæstv. ráðherra boðaði áðan.

[13:48]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Símenntunarmiðstöðvarnar eru níu og gegna mjög mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni. Þær eru ekki eingöngu vettvangur ýmissa námskeiða, svo sem tölvunámskeiða og tungumálanámskeiða, heldur ýmissa starfstengdra námskeiða. Þær þjónusta einnig sístækkandi hóp háskólanema sem stunda fjarnám. Það eru ekki eingöngu erlend tungumál sem verið er að kenna heldur er einnig verið að kenna íslensku. Þær gegna því mikilvægu hlutverki við aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi á landsbyggðinni.

Símenntunarmiðstöðvar eru sprottnar úr grasrótinni og eru ekki í hinum hefðbundna lagaramma menntakerfisins. Það hefur sína kosti og galla. Þær eru því fljótari að bregðast við en ef þær væru bundnar á bás inni í menntmrn. í þungum lagaramma.

Samt sem áður þarf að tengja þær menntakerfinu, svo sem með þjónustusamningi, en það er sanngirnismál að þær fái greitt fyrir þá þjónustu sem þær veita fjarnemum í háskólum landsmanna. Einnig þarf að tengja námið með einhverjum hætti við formlegt nám í landinu þannig að sambærileg námskeið í símenntunarmiðstöðvunum fáist metin inn í framhaldsskólana.

Ég tel að umræða sem þessi auki skilning á mikilvægi símenntunarmiðstöðvanna og ég þakka frummælanda fyrir að vekja máls á þessu og vonast til að umræðan leiði til þess að auðveldara verði fyrir símenntunarmiðstöðvar að fá fé til starfrækslu sinnar og það verði ekki eingöngu um opinbert fé að ræða heldur að atvinnulífið sjái hag að veita fé til starfseminnar. Ég vil minna á að í máli hæstv. menntmrh. kom fram að hún væntir fjármuna frá sveitarfélögunum en mörg þeirra eru mjög illa stödd á landsbyggðinni.

[13:51]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda, hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, fyrir að vekja athygli á stöðu símenntunarmiðstöðvanna vítt og breitt um landið. Ekki var vanþörf á að ræða þetta mál á Alþingi og leita svara hæstv. menntmrh. um framtíðarsýn varðandi þennan mikilvæga hlekk í menntun á landsbyggðinni.

Ég fullyrði að símenntunarmiðstöðvarnar eru eina tækifæri margra til að stunda háskólanám með vinnu eða ef viðkomandi á ekki heimangengt í hefðbundið háskólanám. Stöðvarnar eru einnig ákaflega nauðsynlegur þáttur þegar við horfum til þess að gefa fólki annað tækifæri til náms, fólki sem fyrr á lífsleiðinni hefur hætt námi af einhverjum orsökum og getur ekki hafið það að nýju nema í þessu tiltölulega nýja formi.

Það er sama hvort við ræðum um grunnmenntun eða háskólamenntun stöðvanna, hlutverk þeirra hefur í raun ekki verið almennilega skilgreint enn þá og algjörlega nauðsynlegt að ráðist verði í þá vinnu að skilgreina það, samskipti við hina ýmsu háskóla, fjárhagslegan grundvöll og aðkomu hinna mismunandi aðila að starfinu.

Sums staðar er starfsemin skilgreind sem háskólasetur og fær þá mun meiri fjármuni úr að spila en annars staðar, þrátt fyrir að starfsemin og framboð náms sé síst minna á mörgum þeirra stöðva sem ekki hafa verið skilgreindar sem háskólasetur.

Hæstv. menntmrh. hefur tekið málið til skoðunar, eins og fram kom í svari hennar áðan, og þarf að tryggja að nemendur stöðvanna sitji við sama borð hvar sem þeir eru staddir á landinu. Gjöld sem nemendur greiða í dag til símenntunarmiðstöðva eru mismunandi fyrir sambærilega þjónustu og fjárhagsleg samskipti stöðvanna og háskólanna sem stunda fjarkennslu eru ekki í neinum formlegum farvegi. Úr þessu verður að bæta og treysti ég því að hæstv. menntmrh. muni beita sér fyrir því að tillögur starfshóps liggi fyrir áður en fjárlög næsta árs koma til umfjöllunar og afgreiðslu.

[13:53]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Á tímum mikilla breytinga í atvinnuháttum og alþjóðlegum samskiptum er ljóst að þörfin fyrir endurmenntun og símenntun fer sífellt vaxandi. Það er liðin tíð að hægt sé að mennta sig til starfs í eitt skipti fyrir öll. Menntun nær yfir ævina alla ef fólk á að geta staðið sig í samkeppninni um atvinnu og í víðara samhengi skiptir það sköpum um velgengni íslenskrar þjóðar í alþjóðlegri samkeppni að

hér sé öflugt menntakerfi með greiðum aðgangi fyrir alla landsmenn.

Nútímatækni gerir kleift að koma betur til móts við þörfina fyrir aukna menntun en nokkru sinni fyrr. Fjarnám er nú mjög gildur þáttur í menntakerfinu hér á landi og gefur fólki kost á því að stunda fjölbreytilegt nám algjörlega óháð búsetu. Það hefur verið einstaklega áhugavert að fylgjast með þessari uppbyggingu en nú eru 11 skólar, bæði háskólar og framhaldsskólar, með fjarnám á sinni könnu. Á haustönn 2003 voru skráðir nemendur í fjarnámi á háskólastigi 2.258 og 2.036 á framhaldsskólastigi. Þessi mikli fjöldi nemenda sýnir hve þörfin er mikil og hversu vel fjarnámið er nýtt nú þegar. Samstarf skóla, sveitarfélaga og atvinnulífs á menntasviðinu fer einnig vaxandi og nú eru starfandi í landinu níu símenntunarstöðvar í öllum landshlutum sem er mikilvægur þáttur í aðgengi fólks að símenntun og háskólanámi.

Nýlega var stofnuð Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hugmyndir um svonefnda menntareikninga, sem í janúar sl. voru kynntar af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Eflingu og starfsmenntaráði eru athyglisverðar og gætu sannarlega stuðlað að aukinni menntun launþega. Allt þetta sýnir glögglega þann mikla áhuga og þá miklu grósku sem er í þessum málum hjá okkur Íslendingum og að við gerum okkur ljósa grein fyrir mikilvægi þess að vel sé að verki staðið til að tryggja áframhaldandi velsæld okkar til framtíðar.

[13:56]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með þá umræðu sem hér fer fram um símenntunarstöðvar. Í rauninni snýst umræðan um fimmta skólastigið á Íslandi. Þau fjögur skólastig sem hér hafa verið rekin í íslensku menntakerfi allt frá leikskóla upp í háskóla, má segja, hafa verið skipulögð af opinberum aðilum, ekki síst ríkinu. En fimmta skólastigið, símenntun, hefur sprottið að frumkvæði atvinnulífs, sveitarfélaga og dugmikilla einstaklinga á einstökum svæðum vegna þess að þörfin er og hefur verið til staðar, enda, eins og komið hefur fram í umræðunni, er liðin sú tíð að einstaklingar ljúki prófi í skóla og hafi þar með náð sér í menntun fyrir alla ævina, það er ekki svo. Þess vegna er símenntun afskaplega mikilvæg og snýst í rauninni um það hvort við ætlum að standa okkur í samkeppni við aðrar þjóðir og um samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Slíkur hefur krafturinn verið í þessu, eins og komið hefur fram í umræðunni, að staða símenntunar er nokkuð á sveimi. Það má segja að það sé jákvætt vegna þess að krafturinn hefur verið mikill hjá atvinnulífi, einstaklingum og sveitarfélögum og er þess vegna mjög mikilvægt að fram fari stefnumörkun. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með yfirlýsingu hæstv. menntmrh., að setja af stað starfshóp hvað þetta varðar, því stefnumörkun þarf sannarlega að eiga sér stað og ég vænti mikils af þeirri vinnu. Við þurfum að svara spurningunum: Hvar á að vista símenntunarstöðvar? Á að vista þær hjá ríkinu, sveitarfélögum, atvinnulífinu eða einkageiranum? Hvernig á að haga til með greiðslur, gæði, tengsl við háskóla, fjarkennslu og þar fram eftir götunum?

Eitt er þó ljóst, þær verða allar að standa jafnfætis hvað varðar greiðslur úr ríkissjóði en þar hefur verið örlítill misbrestur á, e.t.v. vegna þess að stefnumörkunin hefur fram til þessa ekki verið skýr.

[13:58]

Björgvin G. Sigurðsson:

Ágæti forseti. Fullyrða má að fræðslunetin og símenntunarstöðvarnar séu ein best heppnaða byggðaaðgerð síðari tíma, ef svo má að orði komast. Áríðandi er að skilgreina hlutverk stöðvanna og veita til þeirra fjármagn í samræmi við það, en mikils ósamræmis gætir í rekstri og fjárveitingum til þeirra núna. Starfsemi stöðvanna er ólík, útstöðvar misjafnlega margar og námsframboð mjög breytilegt. Þær sem bera titilinn „háskólasetur" fá umtalsvert meira rekstrarfé en fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar, þrátt fyrir sambærilegar aðstæður, og það misræmi er brýnt að leiðrétta.

Aðgengi að nýjum námstækifærum og háskólamenntun í heimabyggð hefur í för með sér gagngera samfélagsbreytingu og opnar nýjar gáttir tækifæra til betra mannlífs og atvinnulífs fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Tilkomu og uppbyggingu símenntunarstöðvanna er ekki hægt að kalla annað en byltingu fyrir íbúa landsbyggðarinnar í aðgengi að menntun og nýjum tækifærum til náms, hvort heldur er til að auka við fyrri menntun eða afla framhaldsmenntunar ofan á grunnnám.

Af hálfu stjórnvalda er hins vegar ekki nógu vel að málum staðið. Mikilvægt er að færa símenntunarstöðvarnar undir menntmrn. og sníða þeim þann stakk sem viðunandi er til að sú mikla og að mörgu leyti glæsilega þróun í aðgengi að menntun haldi áfram af fullum krafti.

Næsta skref í þessari þróun á að vera samræmdur netháskóli sem býður upp á nám í afmörkuðum greinum. Það er nefnilega í gegnum menntun og ný tækifæri sem landsbyggðin nær aftur vopnum sínum. Símenntun og fræðslustöðvar verða þungamiðja þeirrar þróunar. Því þarf að vanda til þeirra verka. Samræmdur netháskóli gæti orðið sá framtíðarfarvegur sem símenntunar- og fræðslustöðvar færu í til að efla þessa mikilvægu viðbót við skólastarf Íslendinga.

[14:00]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir þessa umræðu. Umræðan er tímabær og hennar er þörf. Það hefur komið fram í þeim umræðum sem hér hafa farið fram að undirtektir eru jákvæðar hjá fulltrúum allra flokka sem hafa tjáð sig um þetta mál. Menn líta í sömu átt hvað þetta mál varðar.

Símenntunarmiðstöðvarnar hafa þróast undangengin ár og sýnt og sannað að þeirra er þörf. Mikilvægt er að huga að framhaldi þeirra og skilgreina stöðu þeirra fyrir framtíðina. Ég fagna sérstaklega og þakka menntmrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hún gaf áðan um skipan starfshóps til að fara yfir þessi mál, ekki síst hvað varðar háskólanámið. Rekstrargrunn stöðvanna verður að tryggja og þá er rétt að athuga hvort ekki eigi að fara inn á svipaðar brautir og með framhaldsskólana og háskólana, þ.e. að koma upp reiknilíkani sem skapa mundi símenntunarstöðvum þær tekjur sem þær þurfa, að fara inn á þá braut eins og með fjármuni til háskólanáms. Þetta finnst mér vera ástæða til að skoða.

Vissulega eru aðstæður mismunandi milli stöðva. Ég vil sjá þróun þessara mála þannig að háskólanámið skipi hærri sess á þessu sviði en hingað til. Tæknibúnaður og reynsla er fyrir hendi, Á Suðurlandi er t.d. tæknibúnaður og aðstaða á Selfossi, Vestmannaeyjum, Flúðum, Hvolsvelli, Vík og Kirkjubæjarklaustri. Þar stunda nú þegar 80

manns háskólanám og jafnframt stunda margir háskólanám við Kennaraháskóla Íslands.

[14:03]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er afskaplega ánægð með svör hæstv. menntmrh. Ég vænti mikils af þeirri nefnd sem hún upplýsti að hún ætlaði að skipa. Það er brýn þörf, eins og ég kom að í inngangsræðu minni, á að þessi mál verði tekin til grundvallarskoðunar og settur um þau rammi.

Hæstv. menntmrh. talaði um lítinn hlut sveitarfélaga. Mér er ljúft að upplýsa að hvarvetna þar sem útstöðvar eru fyrir hendi með tengingu inn á FS-netið greiða sveitarfélögin 35 þús. kr. afborgun af netinu á mánuði auk þess að öll aðstaða er lögð til. Þau koma að málum símenntunarmiðstöðva og nemenda í sínum sveitarfélögum með margvíslegum hætti þó að það fari ekki hátt og komi ekki fram í reikningum.

Fólki hefur orðið tíðrætt um háskólanám en ég ætla líka að nota tækifærið og minna á að á vinnumarkaði á Íslandi í dag eru 42% fólks á aldrinum 25–65 ára aðeins með grunnskólapróf eða minna. Það er grafalvarlegt mál fyrir okkur Íslendinga. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa þar verk að vinna. Það verður líka að tryggja þeim að það sé hægt að sinna þessum þætti ekki síður en gert hefur verið hingað til. Í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er fyrirhugað að taka mjög markvisst á þessum málum, bæði með námsefnisgerð og mati á náminu þannig að fólki gefist kostur á að nýta sér þennan kost til að bæta við sig réttindum.

[14:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að þakka enn og aftur fyrir umræðuna. En mér finnst vænt um að finna þann hlýhug og stuðning sem símenntunarmiðstöðvarnar hafa hjá þingheimi.

Það er ljóst að símenntunarmiðstöðvarnar spruttu upp úr frjóum jarðvegi, spruttu af ásókn fólks í menntun. Fólk vill mennta sig meira. Fjölbreytni náms hefur aukist og auðvitað hefur fjármagn til menntamála aukist gríðarlega yfir heildina, sér í lagi frá árinu 2000.

Ég vil ekki að símenntunarmiðstöðvarnar verði eingöngu undir hatti ríkisins, eins og mátti skilja af orðum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Ég vil áfram sjá símenntunarmiðstöðvarnar í þeim frjóa jarðvegi sem þær eru í núna. Sveitarfélögin koma að þessu og atvinnulífið þyrfti að koma í enn ríkari mæli að málinu og síðan sjálft ríkisvaldið. Ég tel að þannig getum við byggt upp enn öflugri símenntunarmiðstöðvar og það er gaman að fá að taka þátt í þeirri þróun sem símenntunarmiðstöðvarnar stuðla að. Við gætum farið út í miklar og langar vangaveltur um hvert hlutverk símenntunarmiðstöðva verði í framtíðinni. Ég ætla ekki að segja þessum ágæta starfshóp nákvæmlega fyrir verkum en ég sé fyrir mér að við samræmum reglur varðandi símenntunarmiðstöðvarnar þannig að undir þær geti annars vegar fallið verknám eða starfsnám, þar sem atvinnulífið kemur með drjúgum hætti inn í, og síðan gætu þær verið með yfirhatt yfir háskólanámið líka. Það er gríðarlega mikilvægt, eins og hv. þm. Kristín Anna Gunnarsdóttir kom inn á áðan, að við eflum háskólanám á landsbyggðinni. Okkur er að takast að auka það en við þurfum að halda áfram á þeirri braut.

Ég ítreka að ég vonast til að við sjáum um þessa starfsemi samræmdar reglur án þess að þær niðurnjörvi svigrúm og hlutverk símenntunarmiðstöðva. Þær hafa staðið sig með prýði. Við þurfum eingöngu að ýta þeim áfram í þeirri jákvæðu þróun.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 156. mál (íbúaþing). — Þskj. 156.

[14:08]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Í 1. gr. frv. er lagt til að á eftir 104. gr. laganna komi ný grein er orðist svo undir fyrirsögninni Íbúaþing:

„Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúaþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við að hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlunar. Tryggt skal að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúaþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúaþings."

Í 2. gr. er kveðið á um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

Frumvarp þetta var flutt á 128. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Þær meginbreytingar sem nú eiga sér stað á sveitarstjórnarstiginu í vestrænum þjóðfélögum einkennast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er aukin samvinna við einkageirann og samtök af ýmsu tagi í því skyni að sinna betur tilteknum þjónustuþáttum. Í öðru lagi er valddreifing sem vísar til þeirrar meginreglu að ákvarðanir séu í sem flestum tilvikum teknar af því stjórnvaldi sem er næst íbúunum. Dæmi um þetta hér á landi er flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er á alþjóðavettvangi vaxandi áhersla á þátttökulýðræði.

Sveitarstjórn er það stjórnvald sem er næst íbúum og gegnir því veigamiklu hlutverki við mótun hvers samfélags. Vegna þessarar nálægðar liggur lykillinn að auknu lýðræði, þ.e. að auka vitund íbúanna um ábyrgð og möguleika til áhrifa á framgang og þróun einstakra mála og málaflokka í sveitarfélaginu, hjá sveitarstjórnum.

Með aukinni áherslu á þjónustuhlutverk sveitarfélaga verður samráð við þá sem njóta þjónustunnar, þ.e. íbúana sjálfa, stöðugt mikilvægara. Því má halda fram að hver og ein sveitarstjórn gegni leiðtogahlutverki við að tryggja góða þjónustu.

Af þessum sökum er samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt. Margt bendir til þess að hollusta við stjórnmálaflokka sé á undanhaldi og víða erlendis fer þátttaka í sveitarstjórnarkosningum minnkandi. Á sama tíma kallar almenningur eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, svo sem í skipulagsmálum og skólamálum. Af því

má draga þá ályktun að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög. Það getur aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Sveitarfélög hafa yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og því eru átök um forgangsröðun óhjákvæmileg. Ólíkir hópar hafa ólíka sýn og ólíkar þarfir. Samráðsferlið snýst því ekki síst um að tryggja að öll sjónarmið komi fram og að leitað sé leiða til samræmingar. Endanleg ákvörðun er í höndum sveitarstjórnar, sem síðan getur staðið íbúum skil á ákvörðun sinni.

Með því að virkja þá þekkingu og reynslu sem býr í hverju samfélagi fást betri lausnir. Ólíkir hópar í sveitarfélaginu kynnast og læra að hlýða hver á annars sjónarmið. Þannig getur skapast kraftur og samstaða sem getur orðið grunnur að jákvæðum breytingum í sveitarfélaginu.

Lýðræðið vísar ekki eingöngu til kosninga. Það vísar til samræðna ólíkra hagsmunaaðila í því skyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau málefni sem brenna á samfélaginu.

Í fulltrúalýðræði er áherslan á baráttu, þ.e. fulltrúar berjast fyrir kjöri og stjórnmálaflokkar berjast innbyrðis innan yfirstjórnar. Þannig dregur þetta ferli fram ágreiningsmál. Með auknu samráði við íbúa, þar sem beitt er aðferðum sem draga fram sameiginlegar áherslur, fæst ákveðið jafnvægi inn í það ákvarðanaferli sem beitt er við stjórn sveitarfélagsins.

Meðal þess sem vinnst með auknu íbúalýðræði er að almenningur verður meðvitaðri um málefni sveitarfélagsins, sem undir venjulegum kringumstæðum eru eingöngu til umfjöllunar meðal kjörinna fulltrúa og embættismanna. Þannig á sér stað uppfræðsla og menntun sem stig af stigi styrkir grunninn undir aukna aðkomu íbúa að ákvörðunum. Með þátttökunni er brúað bilið milli almennings og kjörinna fulltrúa og íbúar fengnir til liðs við sveitarstjórnir í ákvarðanatöku. Þannig eykst skilningur íbúa á nauðsyn málamiðlunar.

Almennt ríkir heldur takmarkað traust milli sveitarstjórna og íbúa. Þegar stigin eru skref í átt að auknu samráði snúast þau í fyrstu um að byggja upp þetta traust. Ef sveitarstjórn boðar til opins samráðs og nýtir síðan niðurstöðurnar við ákvarðanatöku, sjá íbúar ástæðu til að taka frekari þátt í mótun samfélagsins. Þannig getur traust milli þessara tveggja aðila, sem hvor um sig skiptir sköpum um hag sveitarfélagsins, vaxið stig af stigi.

Notað hefur verið hugtakið „félagslegur auður" um þetta traust sem þannig myndast. Það hefur m.a. verið skýrt á eftirfarandi hátt:

„Einn hagnýtur afrakstur þátttöku, er myndun „félagslegs auðs". Félagslegur auður er það traust og trúnaður sem þróast þegar stjórnvöld og hið almenna samfélag koma saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum, samfélaginu til góða, segir stjórnmálafræðingurinn Robert Putnam. Félagslegur auður er grunnurinn að lögmæti opinberra stjórnvaldsstofnana og er nauðsynlegur fyrir áhrifaríka og árangursríka stjórnun. Án félagslegs auðs, þegar traust og trúnaður er ekki til staðar, getur það stöðvað framvindu aðgerða stjórnvalda; til lengri tíma litið virka samfélög án trausts illa og í verstu tilfellum getur brotist út ofbeldi milli andstæðra fylkinga samfélagsins. Samstarf og samráð stjórnvalda við almenning geta skipt sköpum í að efla þann félagslega auð sem er til staðar og byggja hann upp frá grunni þar sem hann hefur ekki þekkst áður."

Ýmsar leiðir eru færar til samráðs sveitarstjórnar við íbúa, en þar er lykilatriði að farvegurinn sé skilgreindur og ljós. Í fámennum sveitarfélögum þar sem aðgengi íbúa að sveitarstjórnarfólki er mjög gott, getur það þó aldrei komið í stað formlegs samráðs sem sveitarstjórn boðar til með það að markmiði að hlýða á raddir íbúa.

Lengst getur sveitarstjórn gengið með því að boða til almennrar og bindandi atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Tilgangur íbúaþings, eins og hér er vísað til, er að sveitarstjórnir boði til opins samráðs við íbúa um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að íbúaþing sé haldið að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Eðlilegast verður að telja að íbúaþing séu haldin á fyrri hluta hvers kjörtímabils enda mest um vert fyrir nýkjörnar sveitarstjórnir að leita samráðs við íbúa áður en þeir hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hætt er við að íbúaþing stuttu fyrir kosningar missi marks af ýmsum ástæðum. Mikilvægt er að notaðar verði aðferðir sem tryggja að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á íbúaþingi verði meginhersla á að hlusta eftir skoðunum íbúa, frekar en kynningar af hálfu sveitarstjórnar. Má segja að þetta sé það sem aðgreinir íbúaþing frá hefðbundnum borgarafundum. Æskilegt er að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að stýra samráðinu.

Ekki er gert ráð fyrir að ályktanir séu gerðar á íbúaþingum enda hér fyrst og fremst um samráðsvettvang að ræða og það er síðan hlutverk sveitarstjórna að vinna úr því sem fram kemur.

Að loknu íbúaþingi gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarstjórn geri grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Loks er gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

Virðulegi forseti. Það hefur færst verulega í aukana á síðustu árum að ýmis sveitarfélög hafa staðið fyrir íbúaþingum um sérstök málefni innan sveitarfélaganna og þá fyrst og fremst um skipulagsmálin. Þó hefur t.d. í Mýrdal eða austur á Héraði og á fleiri stöðum þar sem haldin hafa verið opin íbúaþing um framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins, verið leitað til allra íbúa jafnt ungra sem gamalla — og það er ekki miðað við að þátttakendur séu endilega komnir með kosningarrétt heldur er miðað að því að þátttakan sé sem allra mest til að draga fram vilja íbúanna hvort sem um er að ræða unga eða aldna íbúa hvers sveitarfélags.

Þetta frv. hefur verið flutt áður. Það var sent út til umsagnar og bárust umsagnir frá mjög mörgum sveitarfélögum. Í stuttu máli er hægt að segja að sveitarfélögin eru og virðast vera jákvæð fyrir því að taka upp íbúaþing, að halda íbúaþing minnst einu sinni á hverju kjörtímabili. En þau töldu flest, svo að því sé haldið til haga, að það væri ekki rétt að festa það í lög. Þeir sérfræðingar sem ég hef hins vegar talað við og hafa staðið að því að skipuleggja íbúaþing í mjög mörgum sveitarfélögum og þá jafnvel fleiri en eitt, eins og t.d. í stóru sveitarfélagi eins og Reykjavíkurborg þar sem nauðsynlegt er að skipta íbúaþinginu upp þannig að það sé haldið úti í hverfunum og nái yfir ákveðin svæði því að eitt íbúaþing fyrir Reykjavíkurborg skilar ekki sama árangri og ef því væri skipt niður á svæði, þessir sérfræðingar hafa sagt mér að það sé í raun og veru nauðsynlegt að festa í lögum ákvæði þess efnis að hvert sveitarfélag skuli halda íbúaþing, og ekki síst í

ljósi þess að það er auðvitað tilhneiging og stefnt að því ljóst og leynt að fækka sveitarfélögunum og stækka. Þau nái yfir miklu stærri svæði þar sem koma að þéttbýliskjarnar sem áður voru í sérstökum sveitarfélögum. Í aðdraganda slíkrar sameiningar koma íbúaþingin líka oft að góðum notum og mætti vera meira um það að þau sveitarfélög sem stefna að sameiningu eða sú nefnd á vegum félmrh. sem á að gera tillögur um sameiningu sveitarfélaga á stórum svæðum, geri það að vinnureglu að haldin verði íbúaþing þar sem íbúar komi sínum sjónarmiðum á framfæri.

Sérfræðingar mínir segja það að nauðsynlegt sé að festa þetta í lögum og síðan útfærsluna í reglugerð einfaldlega vegna þess að það sé ákveðin tilhneiging til, og kannski ekki síst hjá smærri sveitarfélögunum, að halda borgarafundi og kalla þá síðan íbúaþing, borgarafundi þar sem sveitarstjórnin kemur og segir: Þetta ætlum við að gera næstu þrjú árin. Hugsanlega er bætt við á eftir: Hvernig líst ykkur á? Og íbúar þurfa að fara í pontu til þess að tjá skoðanir sínar. Á íbúaþingum eru viðhöfð allt önnur vinnubrögð og þau eru ekki ætluð til ályktana heldur fyrst og fremst sem leiðbeinandi fyrir hverja sveitarstjórn. Það hlýtur að vera jákvætt fyrir hverja sveitarstjórn að byggja upp traust við íbúa samfélagsins á þann hátt, fyrir hvern meiri hluta sem situr hverju sinni og ekki síður minni hluta, því að æskilegt er að sveitarstjórnin í heild sinni komi að skipulagningu slíkra íbúaþinga þannig að þau séu ekki skipt eftir pólitík.

Ég vil samt að það komi hér fram að sveitarfélögin flest, ekki þó öll, töldu að það væri mjög þarft að taka upp íbúaþingin í starfsemi sveitarfélaganna en það ætti að vera á þeirra könnu hvernig þau væru framkvæmd og ekki að festa það í lögum. En á meðan verið er að koma á ákveðnum vinnubrögðum varðandi íbúaþingin og til þess að tryggja lýðræði og til að tryggja þann árangur sem við væntum af þeim, teljum við flutningsmenn þessa frv. nauðsynlegt að gera þetta á þennan hátt og óskum eftir því að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

[14:22]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér var mælt fyrir og er til umræðu gerir ráð fyrir, eins og segir í textanum, að sveitarstjórnir skuli „leitast við að hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlunar" o.s.frv.

Það sem ég er að velta fyrir mér er nákvæmlega það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vék að, hvort nauðsynlegt sé að festa þessa reglu í lög. Ég spyr: Er þetta ekki nákvæmlega það sem gert er fyrir hverjar kosningar, hvort sem er til sveitarstjórnar eða í landsmálunum? Eru þetta ekki verkefni sem kjörnum fulltrúum fólksins ber að sinna, þ.e. að hlýða á raddir íbúanna, hafa samráð við þá um þær framkvæmdir sem gerast innan sveitarfélaganna o.s.frv.? Og sveitarstjórnarmenn sem halda um stjórnartauma í einstökum sveitarfélögum sem færu á svig við það sem gert er ráð fyrir að hér sé lögfest — það segir sig sjálft að þeir mundu líklega ekki ná endurkjöri ef þeir færu á svig við þær reglur sem lagt er til að festar verði hér í lög.

Ég bendi líka á að mér finnst athyglisvert að hér er gert ráð fyrir að settar séu reglur um það að menn geti komið að tillögum sem eru leiðbeinandi fyrir sveitarstjórnirnar en þær þurfi síðan alls ekkert að fara eftir þeim leiðbeiningum sem út úr þessum íbúaþingum koma. Og þá veltir maður fyrir sér: Hver er tilgangurinn umfram það sem nú er með því að festa þetta í lög? Ég tel, og ég vildi koma því að, að í krafti sjálfsstjórnarréttar sveitarfélaganna beri hverju og einu sveitarfélagi að ákveða með hvaða hætti þau haga þessum málum en okkur beri ekki að festa slíkt í lög.

[14:24]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er algjörlega ósammála þessari niðurstöðu hv. þm. Ég tel að það sé nauðsynlegt að setja þetta í lög og taldi mig færa rök fyrir því að það þurfi a.m.k. á meðan verið er að koma því í fast form að sveitarfélögin haldi íbúaþing sem eru með svolítið öðrum hætti en þeir fundir sem haldnir eru í aðdraganda kosninga. Það er í raun og veru ekki hægt að setja samasemmerki á milli íbúaþings sem er vel skipulagt, þar sem utanaðkomandi hlutlaus aðili kemur að stýringu og aðstoðar síðan við að vinna úr tillögunum og þar sem þetta er þverpólitískt, og þess þegar menn fara fram með sína stefnu fyrir kosningar. Við gerð langtímaáætlunar og skipulagsáætlunar t.d. hafa oft komið upp mál í aðdraganda kosninga sem eru síðan afgreidd með allt öðrum hætti á kjörtímabilinu, m.a. vegna athugasemda íbúa, þó að ekki sé alltaf farið eftir þeim.

Með þessu er fyrst og fremst verið að hugsa um að byggja upp gagnkvæmt traust og að íbúar hvers samfélags séu meiri þátttakendur í stjórnun. Og þó að tillögurnar séu ekki bindandi þá séu þær leiðbeinandi og frá þeim gengið með skýrslugerð og að sveitarstjórn á hverjum tíma geri grein fyrir því hvernig að þessu sé staðið.

Ég tel nauðsynlegt að setja þetta í lög og að það séu nákvæmlega útfærðar reglur þannig að borgarafundur eða eins og í Reykjavík, auglýstir fundir á einstökum svæðum, opnir fundir, séu ekki kallaðir íbúaþing.

[14:26]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki svo að ég sé á móti lýðræðinu, síður en svo, og að einstaklingarnir í samfélaginu hafi áhrif á ákvarðanir valdhafanna. Ég er einfaldlega að benda á það að ég tel að það kunni að orka tvímælis að lögfesta reglu eins og þessa í sveitarstjórnarlögin og bendi á að eðli málsins samkvæmt hljóta stjórnendur sveitarfélaga eða stjórnendur í landsstjórninni að fara eftir vilja fólksins í landinu eða fólksins í sveitarfélögunum og hlusta eftir þeim sjónarmiðum sem almenningur hefur fram að færa varðandi einstök álitamál sem upp koma. Það gefur augaleið.

Ég tel því að eðli málsins samkvæmt sé það alla vega álitamál hvort rétt sé og eðlilegt að festa reglu eins og þessa í lög og hvort ekki sé réttara að fara eftir því sem mér heyrðist hv. þm. Margrét Frímannsdóttir koma að í ágætri framsöguræðu sinni, að hlusta á raddir sveitarstjórnarmannanna sem hafa að því er mér virðist, flestir lagst gegn því að regla sem þessi sé fest í lög.

[14:27]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. kom inn á það sem ég ætlaði alls ekki að blanda inn í þessa umræðu, hvort þeir sem vinna í landsmálapólitíkinni, þeir sem eru á Alþingi, taki sérstakt tillit til vilja almennings í landinu við afgreiðslu mála, þá þurfum við kannski ekki að fara neitt djúpt ofan

í afgreiðslu þingsins á ýmsum málum á undanförnum árum til þess að sýna fram á að það er ekki alltaf vilji almennings sem ræður för. Og það má auðvitað velta fyrir sér til að mynda hvort lýðræði sé fólgið í því að sex ráðherrastólar séu skipaðir einstaklingum frá litlum flokki eins og þingflokki Framsfl. Sjáum við þar lýðræðið í hnotskurn?

En það var ekki það sem ég ætlaði að ræða hér heldur fyrst og fremst þetta: Við búum við fulltrúalýðræði í sveitarfélögunum. Við erum að flytja nærþjónustuna til íbúanna í sífellt meira mæli og það er eðlileg þróun og það er þróun sem við sjáum alls staðar í löndunum í kringum okkur. Og þá er eðlilegt og ekki síst með tilliti til þess að það er vilji stjórnvalda, heimamanna, sveitarfélaga að því er virðist í miklum mæli núorðið, að stækka sveitarfélögin, að stækka það svæði sem þau ná yfir. Ég held að það tryggi þátttöku íbúanna ef haldin eru slík íbúaþing um framþróun í hverju sveitarfélagi, ekki síst í aðdraganda sameiningar eða eftir að sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað. Og til þess að það séu samræmd vinnubrögð, vönduð vinnubrögð og að engin sveitarstjórn — án þess að ég sé að segja að þær bregðist þeirri ábyrgð sem þær hafa — geti sagt: Jú, jú, við höfum haldið hér nokkur íbúaþing, sem eru þá í formi borgarafunda og oft þannig að það er einungis meiri hlutinn eða minni hlutinn sem heldur viðkomandi borgarafund. Íbúaþing á að vera þverpólitískt samstarf.

[14:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. Framsagan fyrir því var mjög góð þannig að ég þarf ekki miklu við að bæta en ég ætlaði fyrst og fremst að leggja áherslu á það sem hv. frsm. Margrét Frímannsdóttir talaði einmitt um síðast, nauðsyn þess að samráðsferli við íbúana og milli íbúanna verði mikið í tengslum við stækkun sveitarfélaganna sem hefur orðið og er líklegt að verði enn frekar á næstunni.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að tryggja samráðsvettvang og sem allra mest afskipti almennings af því umhverfi sem mun verða þegar sveitarfélögin hafa stækkað. Það mun koma í veg fyrir óheppilegar afleiðingar þess að einstakir kjarnar verði án sérstakrar stjórnar. Þetta er einmitt það sem margir óttast og hefur orðið til þess að þeir hafa ekki viljað taka þátt í því að stofna til stórra sveitarfélaga, að svæðin þeirra verði út undan. Þá þurfa menn auðvitað að hugsa upp leiðir til þess að lýðræðið verði sívirkt í þessum stærri sveitarfélögum og að allir íbúar fái tækifæri til að hafa áhrif á stjórn sveitarfélaganna. Ef það er þörf á þessu einhvern tíma er hún sérstaklega mikil núna í tengslum við þá stækkun sem hefur farið fram og þá stækkunarhrinu sem ég satt að segja vona að við eigum eftir að sjá á allra næstu árum.

Það er auðvitað algjör nauðsyn á því að sveitarfélögin í þessu landi verði fær um að taka við nýjum verkefnum frá hinu opinbera og sjá um alla nærþjónustu. Það þýðir að sveitarfélögin verða, mörg hver, miklu stærri en þau eru núna. Þau verða mjög víðfeðm og innan þeirra verða svæði sem eru kannski tiltölulega einangruð frá viðkomandi sveitarfélagi og þá þurfa íbúarnir á þeim svæðum að eygja leiðir til að hafa áhrif. Ein þessara leiða er þetta íbúaþing. Þar geta komið fram hugmyndir um það hvernig eigi að þróa samráð og lýðræði innan þessara sveitarfélaga. Ég er sannfærður um að það þarf að hafa þetta í lagatexta. Það þarf að hafa þetta í lögum, annars er það ekki skylda. Og það er ekki hægt að setja út á það við neina sveitarstjórn að hafa ekki íbúaþing ef ákvæði um það er ekki í lögum.

Þingmál um þetta hefur verið lagt fram. Ef Alþingi hafnar þingmálinu og telur ekki ástæðu til að setja þetta í lög er ekki hægt að skilja það nema á einn veg, þ.e. að ekki sé þörf á því að skylda menn til þess. Þeir sem telja af einhverjum ástæðum, sem gætu verið pólitískar, óheppilegt að halda íbúaþing geta þá bara skotið sér bak við það að Alþingi hafi ekki séð ástæðu til að setja þetta í lög.

Þetta er að mínu viti góð hugmynd sem getur nýst til þess að vinna jákvætt að íbúalýðræði. Ég held að þessi íbúaþing þurfi að vera á öðru ári kjörtímabilsins, í upphafi annars árs kjörtímabilsins eða eitthvað svoleiðis, þannig að þau séu ekki inni í því umhverfi sem kosningar skapa oft, menn séu í afslöppuðu pólitísku umhverfi þegar þeir hittast og velta sameiginlega fyrir sér framtíð sveitarfélagsins sem þeir búa í. Ég efast ekki um að margt jákvætt muni verða — eins og hefur komið út úr þeim íbúaþingum sem hafa verið haldin — en þau eru að mínu viti, eins og ég endurtek enn einu sinni, kannski nauðsynlegri núna en nokkru sinni áður. Sérstaklega munu þau verða nauðsynleg ef til verða sveitarfélög sem eiga eftir að fara í gegnum það ferli sem það er að láta lýðræðið og samvinnuna virka í nýju stóru sveitarfélagi.

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem við ræðum tekur til þess að efla íbúalýðræði með fyrirkomulagi sem í þessum texta er kallað íbúaþing. Það tel ég að eigi fullan rétt á sér, ekki síst í ljósi þess að sveitarfélögin hafa verið að sameinast og munu að öllum líkindum sameinast meira á næstu árum, jafnvel svo að eitt sveitarfélag nái yfir einn landshluta, eins og t.d. Vestfirði eða Snæfellsnes svo að við tökum dæmi. Vafalaust mun sams konar þróun verða annars staðar á landinu. Ég hygg að þessi þróun muni verða í náinni framtíð þegar samgöngur eru orðnar með þeim hætti að það sé hægt að hafa eitt sveitarfélag á sumum landsvæðum.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að gefa íbúum í sveitarfélögum tækifæri til að tjá skoðanir sínar. Hvaða áherslu vilja íbúarnir leggja á einstök mál í sveitarfélögunum, ekki síst þegar þau stækka og verða dreifðari með kannski mismunandi áherslur á milli svæða innan sama sveitarfélags? Þetta er alveg fyrirsjáanlegt að verði í framtíðinni. Það liggur auðvitað líka fyrir að með þeirri stefnu sem almennt er horft til hér á landi, að sveitarfélögunum fækki, munu sveitarfélögin sækjast eftir fleiri og víðfeðmari verkefnum á fleiri sviðum en nú er. Það er eðlileg og sjálfsögð þróun að mínu viti að færa þjónustu nær íbúunum ef því verður viðkomið en til þess þurfa þá auðvitað, eins og svo oft hefur komið fram í umræðu á hv. þingi, að fylgja tekjustofnar frá ríki til sveitarfélaga. Það er til lítils að láta sveitarfélögin taka að sér aukin verkefni ef þau eru svelt í fjármagni.

Ég vil hins vegar vekja athygli á þeirri skoðun minni að þegar slíkt ákvæði er fest í lög sem hér er lagt til tel ég það eiga að vera afmarkaðra en hér er lagt upp með. Ég tel að íbúaþing eigi að afmarka innan lagatexta sem væri eitthvað á þá leið að sagt væri að á fyrri hluta kjörtímabils eða á miðju kjörtímabili skyldi halda íbúaþing o.s.frv. Það er lítið gagn að svona lagaákvæði ef það verður til þess að íbúaþingin eru haldin kannski mánuði fyrir kosningar á fjögurra ára fresti.

Það er ekki hugsunin í þessu frv. eins og ég les hana og heyrði hv. frsm. Margréti Frímannsdóttur mæla fyrir málinu.

Hugsunin er önnur, að tryggja það að hér sé um virkt lýðræði að ræða, fólk geti komið skoðunum sínum á framfæri, það hafi til þess lögformlegan farveg og sveitarfélaginu beri þá að líta til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram. Þó að ekki sé mælt fyrir um það í frv. að sveitarfélagið skuli taka stefnumálin upp er eðlilegt að byrja þessa þróun með því að þær séu leiðbeinandi, skoðanir íbúanna sem þarna eru leiddar fram, og þeim sé gefinn gaumur. Ég held að þetta sé nauðsynlegt þegar við horfum til stækkandi sveitarfélaga með fleiri verkefnum. Þess vegna tek ég undir það að setja þetta inn í lagatexta og setja það þannig inn í hann að það beri að halda íbúaþing á miðju kjördæmabili. Það hlýtur að vera tilgangurinn að íbúar sveitarfélagsins komi sjónarmiðum sínum á framfæri oftar en nú er, sem að jafnaði liggur í þeim málflutningi sem byrjar að eiga sér stað nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Við sjáum t.d. að fundir bæjarstjórna eru alla jafna ekkert fjölsóttir þó að opnir séu. Það þarf að koma þessu í ákveðinn farveg og alveg sérstaklega þegar sveitarfélögin stækka, þá þarf að tryggja þennan samráðsvettvang.

Þess vegna beini ég því til þingmanna og þeirra sem starfa í hv. nefnd, félmn. sennilega, að þau sjónarmið verði skoðuð alveg sérstaklega varðandi það að festa meira niður að til slíks þings skuli boðað með ákveðnum reglum og ákveðnum fyrirvara á fyrri hluta eða í síðasta lagi á miðju kjörtímabili. Ég held að það sé mikilvægt til að tryggja að það samráðsferli sem hér er verið að bjóða upp á og öll sjónarmið komist fram. Þá er líka ráðrúm til þess á seinni hluta kjörtímabilsins að taka til einhvers konar úrvinnslu úr því samráðsferli sem boðið er upp á með íbúaþinginu. Ég held að það yrði bara til góðs að þannig yrði frá þessu gengið og að því samráði sem íbúunum er gefinn kostur á með málefni sín á íbúaþinginu verði þannig tryggður ákveðinn farvegur.

Íbúarnir eiga þess þá kost, í síðasta lagi að tveimur árum liðnum, að dæma um það í sveitarstjórnarkosningum hvort unnið hafi verið úr því sem lagt var upp með á íbúaþinginu. Þar gætu verið stefnumál sem mikill meiri hluti eða jafnvel allir þeir sem á íbúaþingið mættu tækju undir og það væri náttúrlega ekki mjög björgulegt ef sveitarstjórn kæmist upp með það í næstu kosningum að hunsa slíkt vegna þess að þingið hefði verið haldið svo nálægt kosningum að það væri ekkert ráðrúm til þess að vinna úr athugasemdum.

Ég held að svona eigi að hugsa þetta mál. Ég legg til að það verði gert og að það komi til baka til afgreiðslu í þinginu í þá veru sem ég hef lagt til varðandi það að tryggja þetta samráðsferli þannig að fullt gagn verði að því.

[14:42]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fyllilega tekið undir það sem hv. þm. sagði um hvenær eðlilegt væri að þessi íbúaþing væru haldin, enda segir í greinargerðinni:

„Eðlilegast verður að telja að íbúaþing séu haldin á fyrri hluta hvers kjörtímabils enda mest um vert fyrir nýkjörnar sveitarstjórnir að leita samráðs við íbúa áður en þeir hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hætt er við að íbúaþing stuttu fyrir kosningar missi marks af ýmsum ástæðum."

Hugsun mín var sú að þetta kæmi þá fram í nánari útfærslu eða reglum sem ráðherra setur en það er hins vegar ekkert sem mælir gegn því að það yrði gert í nefnd, að þetta ákvæði yrði afmarkaðra ef svo færi að meiri hluti hér sæi sér fært að styðja frv. sem eykur lýðræði í landinu. Miðað við þann eina fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna sem hér hefur tekið þátt í umræðunni er ég ekki alveg viss um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 157. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 157.

[14:44]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Í 1. gr. frv. segir að á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi nýr málsliður, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Einnig er heimilt að fenginni umsögn og mati heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða."

Í 2. gr. segir:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur". Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkenndar sem sjúkdómar og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir

foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og tryggingaefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins. Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða.“

Virðulegi forseti. Af því að það kemur fram í greinargerðinni hjá okkur flutningsmönnum þessa frv. að langt sé síðan áfengis- og fíkniefnaneysla var viðurkennd sem sjúkdómur hér á landi vil ég samt taka það skýrt fram að það er dálítill mismunur á hvort um er að ræða fullorðinn einstakling eða einstakling yfir 18 ára aldri eða börn eða ungmenni. Þau eru í raun og veru álitin vera meira „félagslegt“ vandamál heldur en heilbrigðisvandamál. Það má kannski segja af því að hér á eftir að ræða meðferðarúrræði í a.m.k. tveimur málum í dag sem eru á dagskrá og koma til umræðu á eftir að þarna sé um verulega mismunun að ræða og löngu orðið tímabært að samræma allar aðgerðir varðandi meðferðarstarfsemi vegna ávana- og fíkniefna. Það er mjög langt í frá að þeir foreldrar sem eiga mjög veik börn eða ungmenni sem háð eru eiturlyfjum njóti sambærilegra réttinda og þau sem eru með alvarlega, langvarandi líkamlega sjúkdóma. Það þarf auðvitað að samræma þessi réttindi.

Við umfjöllun um þetta mál á síðasta þingi fengum við bréf frá Ingibjörgu Georgsdóttir sem starfar hjá Tryggingastofnun ríkisins og hefur lagt sig fram um að reyna að greiða götu þessara foreldra en það hefur samt ekki dugað til vegna þess að reglurnar þurfa að vera öðruvísi en þær eru í dag. Það er alþekkt þegar foreldri á ungling eða barn sem komið er í neyslu eiturlyfja — og við heyrum það í fréttum að aldursmörkin eru alltaf að færast neðar og þess eru dæmi að börn 12 og 13 ára séu orðin mjög háð neyslu ávanaefna, fíkniefna — þá er mikil nauðsyn á því að foreldrum sé gert kleift að sinna þessum einstaklingum heima eða að taka þátt í meðferðarstarfinu eftir að barn fer til meðferðar.

Meðferðarheimilin eru reyndar staðsett vítt og breitt um landið og foreldrar eiga ekkert endilega rétt á því að fá ferðastyrk eða gistingu greidda þegar þeir heimsækja börn sín á meðferðarheimili þó að það sé margra klukkutíma ferðalag sem þeir þurfa að leggja í. Engu að síður er það viðurkennd staðreynd hjá öllum sérfræðingum sem að þessum málum vinna að það er mikil nauðsyn á að ekki bara foreldrar heldur fjölskyldan öll taki þátt í meðferðarstarfseminni því að hluti af henni er að byggja upp samskipti þessara einstaklinga aftur, byggja upp það traust sem þarf að ríkja milli foreldra og barna og ungmenna, sem oft og tíðum brestur algjörlega þegar um er að ræða veikan einstakling vegna neyslu áfengis eða annarra vímuefna.

Það hefur vakið furðu mína, virðulegi forseti, að það sé eins erfitt og raun ber vitni að fá þetta frv. samþykkt og þetta viðhorf samþykkt á hinu háa Alþingi. Hv. þingmenn ræða hér gjarnan um aukinn vanda vegna vímuefnaneyslu og aukna þörf á meðferðarúrræðum, aukna þörf á löggæslu, aukna þörf á því að tekið sé á vandanum. En með því að aðstoða foreldra sem eiga þessa mjög svo veiku einstaklinga erum við að stíga mjög stórt skref í þá veru að aðstoða við að koma þeim á rétta braut og byggja þá upp á þann hátt að þeir geti tekist á við hið daglega líf þegar þeir hafa lokið veru sinni á meðferðarheimili.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokum leggja til að frv. verði vísað einu sinni enn til félmn. en það eru auðvitað áhöld um það hvort heilbr.- og trn. ætti að fá frv. og ég bið hæstv. forseta að meta það. Það hefur ekki fengið framgang í hv. félmn. og það mætti þá kannski reyna heilbr.- og trn.

[14:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa ágæta frv., um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur höfum við lagt þetta mál fram nokkrum sinnum og gefumst ekki upp því að við teljum að þarna sé mjög mikilvægt mál á ferðinni, þ.e. að foreldrar barna sem eru illa farin vegna fíkniefnavanda fái sambærileg réttindi og foreldrar veikra og fatlaðra barna. Börn sem eru illa farin af fíkniefnaneyslu eru börn sem eru orðin veik. Þetta er mjög mikið álag á fjölskyldurnar ekkert síður en að vera með mikið veik börn með aðra sjúkdóma eða fötlun. Foreldrar eru oft og iðulega óvinnufærir þegar slíkt ástand er á heimilinu og oft mikil útgjöld sem falla á heimilið þegar börn og unglingar í fíkniefnavanda eru inni á heimilum.

Ég vil einnig taka undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um mikilvægi þess að það þurfi að bæta úrræði fyrir þessi börn. Vegna þess að ég átti sæti í hv. félmn. á síðasta kjörtímabili fengum við í heimsókn til okkar foreldra sem eru í þessum sporum og margir þeirra lýstu því fyrir okkur hversu örvænting þeirra væri mikil og úrræðaleysi í rauninni því að þeir vissu ekkert hvert þeir ættu að snúa sér og það voru ekki neinar leiðir í kerfinu fyrir þetta fólk og börnin þeirra, a.m.k. mikil bið. Sömuleiðis þyrfti mikinn stuðning eftir útskrift til þess að hjálpa þessum börnum að feta sig í lífinu að nýju.

Við höfum lagt til breytingu frá því að frv. kom fram síðast þar sem við leggjum til að umsagnir heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa komi með umsókn um umönnunargreiðslurnar. Ég minni á að lög um félagslega aðstoð voru hluti af almannatryggingalögunum til 1993 þegar þeim var skipt upp við það að við urðum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, en þá voru þær greiðslur sem ekki greiðast úr landi færðar undir þetta heiti „Lög um félagslega aðstoð“.

Því hefði ég talið eðlilegast að þetta mál færi til heilbr.- og trn. vegna þess að þessi lög heyra undir heilbrrh.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þetta mál fái betri móttökur í heilbr.- og trn. en það hefur fengið í félmn. undanfarið og vonast til þess að menn sjái sér fært að koma til móts við þessa foreldra og vanda þeirra á sama hátt og stuðningur við foreldra fatlaðra og langveikra barna er og að málið komi síðan inn í þingið og verði samþykkt.

[14:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. fjallar um það að auka meðferðarúrræði sem tengjast fíkniefnaneyslu ungra fíkniefnaneytenda. Almennt má segja að því miður höfum við ekki nægileg úrræði í þjóðfélaginu, hvorki eiginlega fyrir ungt fólk og börn sem ánetjast fíkniefnum né þá sem eldri eru og komnir eru í hina alhörðu neyslu eins og það er stundum orðað. Um þetta hafa oft og tíðum farið fram umræður á hv. Alþingi og má í því sambandi minna á umræðu sem við tókum við fjárlagaumræðuna um stöðu Byrgisins m.a. og annarra meðferðarheimila sem tekist hafa á við það vandamál að taka að sér þá sem lengst eru gengnir í þessu mikla böli fíkniefnaneyslunnar.

Við eigum til máltæki í íslensku máli sem segir: Of seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í. Ég held að það eigi við í þessu máli að það sé mikið á sig leggjandi fyrir íslenskt þjóðfélag að takast á við fíkniefnavanda unglinga og barna og reyna með öllum ráðum að finna því farveg að það megi taka á þeim vanda með þeim hætti að snúa þeim sem hafa hafið neyslu ungir af þeirri villu og þeirri hrösunarbraut sem þeir ella væru að stefna inn á. Því tek ég heils hugar undir það sem lagt er til í frv., að opna fyrir þann möguleika að forráðamenn og framfærendur barna geti tekið að sér umönnun ungra fíkniefnaneytenda og fengið til þess ákveðinn styrk.

Ég tel að með þessu skapist úrræði sem gætu nýst mjög vel. Í þjóðfélaginu eru ekki nægir möguleikar innan þess kerfis sem við höfum til úrlausnar á þessum vandamálum. Við vitum að flestar stofnanir sem fást við meðferðarúrræði fíkniefnaneytenda hér á landi eru fullar og vel það. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að hér á landi þarf að gera mikið átak í þessum efnum.

Við höfum verið að skoða þessi mál í Frjálsl. og velta fyrir okkur hvað væri til ráða. Auðvitað er almennt hægt að segja að vandamálið er mjög stórt og kannski engin sérstök patentlausn til á því. Okkur virðist samt alveg ljóst að það þarf að flokka miklu betur þá meðferðarkosti sem til staðar eru miðað við aldur fólks, miðað við fíkniefnanotkun og miðað við afbrotaferil þess, ef um það er að ræða. Það er alveg ljóst að þjóðfélagið þarf að bjóða upp á miklu fjölbreyttari meðferð en við bjóðum upp á í dag og fólk þarf að eiga kost á fleiri úrræðum.

Það sem hér er lagt til er einungis viðbót við þá umönnun sem stendur til boða í þjóðfélaginu. Hér er opnað á að forráðamenn geti tekist á við þetta. Fólk þarf að sinna vinnu sinni og getur ekki, svo vel sé, tekið frí mánuðum saman til þess að annast ungmenni sem lent hafa á þessari braut. Venjulega er búið að reyna verulega á fjölskyldur og fjárhag þeirra áður en til þess kemur að ungir fíkniefnaneytendur komast í meðferð. Því er ekki alltaf um auðugan garð að gresja varðandi efnahag í því tilfelli, ef búið er að standa í slíku ferli árum saman.

Ég tel að fara ætti að því sem hér er lagt til, að heimilislæknir, félagsráðgjafi og meðferðarfulltrúi veiti umsögn áður en þessi heimild er veitt. Með umsögn viðkomandi aðila væri hægt að inna umönnunargreiðslur af hendi til framfærenda. Ég held að sú tillaga sé ágætlega hugsuð og þannig útfærð að það hljóti að vera hægt að líta svo á að hér megi bæta við einu meðferðarúrræðinu. Eins og áður hefur komið fram í máli mínu er ekki vanþörf á því miðað við stöðu mála.

Það þarf fjölbreytilegri meðferð fyrir börn og ungmenni í þjóðfélagi okkar í dag en boðið er upp á. Það er hörmulegt að aldurinn sé sífellt að færast niður, þ.e. að fíkniefnaneytendurnir séu að verða yngri og yngri. Við sjáum jafnvel að börn undir 12 ára aldri eru farin að ánetjast fíkniefnum. Þetta er auðvitað sorgleg þróun. Okkur ber að mínu viti að takast á við hana með öllum ráðum. Ef þetta úrræði sem hér er lagt til getur orðið til bóta og bjargað einhverju er það vissulega þess virði. Við í Frjálsl. styðjum því þetta mál eindregið.

Ég vil hins vegar segja það almennt um fíkniefnamálin að þar er mikið verk að vinna í meðferðarmálum, að reyna að koma þeim til betri og skipulagðari vegar en verið hefur. Eins og ég sagði áður þarf að flokka í sundur fíkniefnaneytendur eftir því hvort þeir eru fíkniefnaneytendur og brotamenn annars vegar og síðan eftir eðli og umfangi eiturlyfjanna í fortíð viðkomandi. Við tökum undir með flutningsmönnum þessa frv. og teljum að hér sé verið að mæla fyrir góðu og þörfu máli. Við í Frjálsl. gerum okkur hins vegar fyllilega grein fyrir því að þetta er aðeins lítið skref á réttri leið. Það þarf að taka betur á í þessum málaflokki og ég held að flestir þingmenn sem hafa eitthvað kafað ofan í málin geri sér fyllilega grein fyrir því. Ég vona að það eigi líka við um þingmenn ríkisstjórnarflokkanna í þessum málum. Hér þarf að taka á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 202. mál (biðtími). — Þskj. 209.

[15:06]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja örfá orð um frv. til laga um réttindi sjúklinga. Aðalumræðan um þetta mál fór fram í síðustu viku þegar liðið var á daginn. Þá var a.m.k. einn þingmaður enn á mælendaskrá sem ekki er hér nú.

Mig langar aðeins að þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni um málið. Þetta snýst um að setja inn í lögin um réttindi sjúklinga ákvæði um hámarksbið eftir aðgerð, að hún verði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.

Umræðan sem fram fór í síðustu viku snerist nokkuð um að mönnum þótti málið mikilvægt, nema formanni heilbr.- og trn. sem taldi það óþarfa. Vissulega hafa biðlistar styst á sjúkrahúsum á Íslandi. Engu að síður þurfa menn að bíða lengi eftir aðgerðum, svo sem eftir augnaðgerðum, mun lengur en þessa þrjá til sex mánuði sem kveðið er á um í frumvarpi okkar. Flutningsmenn þessa máls telja því mjög mikilvægt að slík ákvæði komi inn í lögin um réttindi sjúklinga eins og reyndin er á Norðurlöndunum. Þar eru svona ákvæði komin inn en þar er biðtíminn mun skemmri en við leggjum hér til.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri að þessu sinni. Ég legg til að málið fari til hv. heilbr.- og trn. og vonast til að íslenskir sjúklingar fái sambærileg réttindi og sjúklingar í nágrannalöndum okkar sem hafa þann rétt að þurfa ekki að bíða lengur en þrjá til sex mánuði eftir læknisaðgerðum meðan engin slík ákvæði eru í lögum hér. Við leggjum til að hámarksbið verði þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggi á þjóðvegum, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 205. mál. — Þskj. 216.

[15:08]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu umferðaröryggis á þjóðvegum. Þetta þingmál hefur ekki verið flutt áður og eru flutningsmenn ásamt mér hv. þm. Jóhann Ársælsson og Einar Már Sigurðarson, þingmenn Samf.

Í skjalinu stendur að við leggjum til að fela dómsmrh. að skipa nefnd en þar sem breytingar hafa orðið frá því að þetta skjal var lagt fram í þinginu og umferðaröryggismál flutt til hæstv. samgrh. þá legg ég til að þessari tillgr. verði breytt í nefndinni þannig að Alþingi álykti að fela samgönguráðherra „að skipa nefnd til að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum.

Verkefni nefndarinnar verði að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi þegar ökutæki mætast við einbreiðar brýr, t.d. með breytingum á umferðarlögum, merkingum um forgang umferðar eða á annan hátt. Nefndin meti hvort bæta megi gerð umferðarmerkja, t.d. svo þau sjáist frá hlið."

Ég vil nefna, virðulegur forseti, að það hefur komið fram í umfjöllun um umferðarmerki á Íslandi að umferðarmerkin hjá okkur séu minni en víða í nágrannalöndunum. Það væri full ástæða til að nefndin skoðaði þann þátt líka. Það er mikilvægt að umferðarmerki sjáist vel. Síðan segir í þáltill:

„Þá geri nefndin tillögur um hvernig merkja megi ökumönnum til varnaðar hættulega staði á þjóðvegum, svokallaða svarta bletti."

Víða erlendis eru svartir blettir merktir sérstaklega. Ég minnist þess að þegar ég ók um á Írlandi voru svartir blettir merktir víða meðfram vegum, þ.e. hættulegir kaflar merktir sérstaklega.

„Nefndin geri tillögur um hvernig bæta megi fræðslu fyrir erlenda ferðamenn um akstur á íslenskum vegum og hvernig megi auka öryggi þeirra með bættum vegmerkingum á erlendum tungumálum."

Erlendir ferðamenn sem ferðast hafa um þjóðvegina hafa kvartað yfir því að engar leiðbeiningar séu á erlendum tungumálum. Kanna þyrfti betur hvort ekki þarf að merkja betur þá staði þar sem lausamöl er. Það virðast ein algengustu slysin sem erlendir ferðamenn lenda í, þ.e. að ráða ekki við bíl þegar hann lendir í lausamöl.

„Þá meti nefndin og leggi fram tillögur til úrbóta á umferðarlöggæslu og hverjum þeim þætti umferðaröryggismála sem hún telur þörf á. Þar sem það á við taki nefndin mið af umferðaröryggisáætlun 2002–2012 og því hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar þar sem svipaðar aðstæður eru.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004."

Með tillögu þessari er lagt til að ráðherra láti þegar hefja vinnu sem miði að því að bæta umferðarmenningu og efla öryggi á þjóðvegum landsins.

Vegamál og umferðaröryggi eru þess eðlis að þau krefjast stöðugrar athygli og endurskoðunar. Umferðarslys á íslenskum þjóðvegum eru of tíð en oft virðist sem þau tengist ákveðnum hættum sem mögulegt getur verið að takmarka. Mörg umferðaróhappa á þjóðvegum landsins mætti ef til vill koma í veg fyrir með bættum umferðarreglum og aukinni löggæslu og fræðslu. Í þessum efnum benda flutningsmenn sérstaklega á tíð umferðarslys við einbreiðar brýr og þann fjölda óhappa sem útlendingar lenda í hér á landi á hverju ári. Í því sambandi má nefna lausamölina sem ég minntist á áðan.

Flutningsmenn leggja til að skipuð verði nefnd sérfræðinga sem fari yfir og meti hvernig best er að taka á tilteknum þáttum í umferðarmálum hér á landi. Auðvitað hafa ýmsar nefndir verið við vinnu að umferðaröryggismálum undanfarið. Í tengslum við umferðaröryggisáætlunina frá 2002–2012 var starfshópur að verki sem kom með tillögur um hvernig væri best að fækka alvarlegum umferðarslysum til ársins 2012. Sá starfshópur benti á ýmsar leiðir sem hægt væri að fara til að efla umferðaröryggi og bæta umferðarmenningu hér á landi.

Flutningsmenn telja mikilvægt að frekari vinna verði unnin í þessum efnum svo það markmið náist að bæta umferðarmenningu og draga úr slysum á þjóðvegum landsins. Sú nefnd, sem hér er lagt til að skipuð verði, skal meta þætti sem hafa reynst sérstaklega hættulegir í umferðinni og gera tillögur um aðgerðir til úrbóta. Þessi nefnd skuli einnig hafa gott samstarf við Umferðarstofu, Umferðarráð og rannsóknarnefndir umferðarslysa sem starfa einmitt að þessum málum.

Í tillögum í heilbrigðisáætlun, sem gildir til ársins 2010, eru mjög háleit markmið um að fækka umferðarslysum, þ.e. að dánartíðni og örorka vegna umferðarslysa lækki um a.m.k. 25%. Til þess að það náist á næstu sex árum þarf náttúrlega verulega að taka til hendinni og leita leiða. Ef við horfum á undanfarin tvö ár og þróun umferðarslysa þá hafa 20–30 manns látist á hverju ári í umferðarslysum. Á ári hafa að meðaltali 210 manns slasast alvarlega í umferðarslysum á undanförnum fimm árum.

Á síðustu árum hafa algengustu slysin verið á þjóðvegunum, í dreifbýlinu. Í skýrslum sem liggja fyrir sést að áður var bílbeltanotkun, þ.e. að menn notuðu ekki bílbelti, og svo ölvun við akstur einar aðalástæðurnar fyrir alvarlegum bílslysum. Þetta hefur verið að breytast, þarna hafa menn tekið sig á og nú eru orsakirnar sem sagt aðrar, alvarlegustu slysin verða yfirleitt á malarvegum úti á landi.

Eins og kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar um umferðarslys, skýrslu sem kom út í maí 2003, eru flest slysin úti á landi, t.d. vegna lausamalar og einbreiðra brúa. Sú breyting er orðin á að færri slys en áður má rekja til ölvunaraksturs og þess að bílbelti eru ekki notuð. Það eru sem sagt meira utanaðkomandi aðstæður sem valda þessum slysum.

Eitt ætla ég að nefna til viðbótar sem mér var bent á eftir að þetta mál kom fram, nokkuð sem ég veit að landsbyggðarþingmenn hafa haft verulegar áhyggjur af, og það er að þjóðvegirnir eru ekki nógu vel undirbyggðir miðað við

hversu þung umferðin er orðin um þessa þjóðvegi. Vissulega getur verið mjög hættulegt ef vegirnir gefa eftir undan þeirri þungu umferð sem er farin að sækja á þjóðvegina. Það er full ástæða til að þessi nefnd sem við leggjum til að fari í að skoða þetta umferðaröryggi kanni þetta sérstaklega. Það er mjög alvarlegt ef vegirnir eru svo illa undirbyggðir um allt land, miðað við þunga umferðarinnar, og ekki tekið á því.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra hér. Ég er með miklar skýrslur um umferðarslys og umferðaröryggi sem væri full ástæða til að fara yfir hér en ég legg frekar til að nefndin, taki hún til starfa, fari yfir þessa þætti og skoði þá sérstaklega slysin á þjóðvegunum eins og við leggjum hér til.

Að lokinni umræðu hér, virðulegi forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til hv. samgn. til frekari umfjöllunar og vonandi afgreiðslu aftur í þinginu.

[15:18]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, þ.e. að fara rækilega yfir hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Ég tel rétt að veita þessum málaflokki mikla athygli og auka skilning á þýðingu hans. Málið snýst ekki einungis um að hækka fjárframlög til málaflokksins heldur að auka almennt skilning á mikilvægi hans og gera honum hærra undir höfði í umræðunni. Kalt fjárhagslegt mat á háum kostnaði vegna umferðarslysa segir einfaldlega að allar forvarnir sem skila árangri séu gulls ígildi. Forvarnir sem fækka alvarlegum slysum um 10% spara þjóðfélaginu heilan milljarð. Að mati tryggingafélaga valda alvarlegustu slysin tíu milljarða kr. tjóni.

Efst á blaði í málefnaskrá Frjálsl. um samgöngur er áhersla á að bæta umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Ég er samt sem áður efins um að skipa beri nefnd um málið og ég veit ekki betur en að starfandi sé nefnd um umferðaröryggi. Eftir því sem ég veit best var samþykkt þál. vorið 2002 um að skipa sérstaka nefnd um umferðaröryggi. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. dómsmrh. hver árangur þeirrar nefndar er áður en Alþingi skipar nýja nefnd. Þess vegna hefði verið æskilegt að hafa hæstv. dómsmrh. hér til að veita okkur upplýsingar um störf nefndarinnar, hvort hún hafi verið lögð niður vegna breyttrar skipanar og hver árangur af starfi nefndarinnar hafi verið.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil upplýsa að hæstv. dómsmrh. er með fjarvistarleyfi í dag.)

Nefndinni sem var skipuð haustið 2002 var ætlað að fækka alvarlegum slysum um 40% fyrir árið 2012. Það var mjög metnaðarfull áætlun og slíkur árangur mundi fjárhagslega skila gríðarlega miklum ávinningi. Þessu takmarki átti að ná með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings. Við sem hér störfum ættum að veita þessu átaki lið.

Nefndinni var ætlað að leita sem víðastrar samstöðu til að bæta umferðarmenningu, leita allra leiða til að stemma stigu við alvarlegustu umferðarslysunum. Þar eru eins og áður segir mestu fjármunirnir, þ.e. 10 milljarðar sem þau kosta þjóðfélagið árlega, og ef þessi markmið nást sem vonandi verður munu sparast gríðarlega miklir fjármunir.

Frú forseti. Áður en lengra er haldið í umræðunni um að skipa nýja nefnd tel ég rétt að fá upplýsingar um störf nefndarinnar sem var skipuð haustið 2002. Markmiðið sem nefndinni var ætlað að vinna eftir kom fram í ágætri skýrslu starfshóps um umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2002–2012. Þar kemur fram að að meðaltali lætur 21 einstaklingur lífið á ári í umferðinni og 210 slasast alvarlega. Því miður virðist þróunin hafa verið sú að á árunum 2000–2002 hafi orðið aukning á alvarlegum slysum. Talið er að umferðarslys kosti þjóðfélagið um 20 milljarða árlega þannig að þarna eru gríðarlega miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi. Ekki er hægt að meta allt í peningum heldur snýst þetta náttúrlega líka um mannlegan harmleik.

Það er orðið löngu tímabært að við sem störfum á hinu háa Alþingi veitum þessu mikilvæga málefni meiri athygli. Ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, svo sem Umferðarstofa, Vegagerðin, Slysavarnafélagið, tryggingafélög og lögregla, hafa komið með tillögur og við ættum að líta vel yfir þær og reyna að hrinda þeim í framkvæmd.

Það má helst gagnrýna Umferðarstofu fyrir að hún horfi mjög mikið til Reykjavíkursvæðisins og fari í rauninni ekki út á land fyrr en sumarleyfi hefjast hjá höfuðborgarbúum. Ég verð var við það þar sem ég bý úti á landi. Mér finnst að það mætti einblína meira á hvar alvarlegustu slysin verða og hjá frummælanda kom fram að þau eru einmitt í dreifbýlinu.

Frú forseti. Menn eru sífellt að leita að sparnaði í heilbrigðiskerfinu og oft hefur verið nefnt að forvarnir geti þar stuðlað að sparnaði. Ég get tekið undir það. Oft og tíðum leiða forvarnir þó ekki til sparnaðar nema til lengri tíma litið og þess vegna mun áhrifa þeirra ekki gæta strax í útgjöldum til heilbrigðiskerfisins. Þó er ekki ólíklegt að heilbrigðiskerfið beri drjúgan kostnað af umferðarslysum, og aukið umferðaröryggi mundi án efa sjást strax í útgjöldum heilbrigðiskerfisins með sparnaði.

[15:25]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir flest af því sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði. Ég bendi hv. þingmanni á að það er mjög mikilvægt að stjórnarandstaðan veiti stjórnvöldum aðhald í öllum málum, og ekki síst þessum málaflokki. Ég hvet því hv. þingmann til að koma með fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um það hver staða þessarar nefndar er sem hann nefndi hér.

Það er vissulega rétt að það er samfélaginu ákaflega dýrt að búa við svona mikla slysatíðni í umferðinni og það er alveg öruggt að það mun koma fram í kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Maður þarf ekki annað en að koma inn á Landspítala og sjá ungt fólk sem hefur orðið fyrir alvarlegum umferðarslysum. Maður vildi langtum heldur sjá þetta fólk heilbrigt úti í lífinu en að vera þarna í þjónustu sem reyndar er verið að skera niður núna, því miður.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni, það þarf að leggja meiri áherslu á þessi umferðaröryggismál. Í ljós er að koma önnur þróun í slysum en var. Bara með því að skoða þessa skýrslu hér um umferðaröryggisáætlunina 2002–2012 sér maður að breyting hefur orðið á. Þjóðvegina og landsbyggðina þarf að skoða sérstaklega og þess vegna leggjum við til að sérstök vinna fari í gang í þeim efnum.

Svo sannarlega ætti að spyrjast fyrir um hvað er í gangi því að nú hefur þessi málaflokkur verið fluttur frá dómsmrh. yfir til samgrh. og þá þurfum við auðvitað að passa upp á að hlutirnir skili sér þangað.

[15:27]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst vel koma til greina að spyrja hæstv. ráðherra út í vinnu þeirra varðandi þetta mikilvæga mál. Mér fyndist í raun eðlilegra að þeir hefðu sjálfir frumkvæði að því að greina þjóðinni frá því hvað þeir hafa aðhafst í málinu vegna þess að þetta er almenningi mikilvægt.

[15:28]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara minna hv. þingmann á að upplýsingar berast oft ekki til almennings fyrr en ráðherrar eru spurðir út úr í þinginu. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að veita aðhald svo að upplýsingarnar berist. Og það held ég að eigi við í þessu máli eins og ýmsum öðrum.

[15:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem kom hér fram hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að stofnanir, nefndir og ráð eru að störfum varðandi umferðaröryggi. Það er einnig rétt hjá hv. þingmanni að það er löngu tímabært að við hér á Alþingi látum málin til okkar taka.

Ég vil aðeins benda á það að hv. þm. sem hér flutti mál sitt, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, hefur ítrekað tekið þessi mál upp á Alþingi, bæði í formi þáltill. og eins fyrirspurna. Það er skortur á upplýsingum til Alþingis. Hluti af því er að þegar þingmenn flytja hér þingmannafrumvörp sín eða þáltill. er engin skylda ráðherra að vera viðstaddur slíka umræðu til þess að gefa þær upplýsingar sem þó lægju hugsanlega fyrir í viðkomandi ráðuneyti. Við það búum við og þess vegna má kannski segja að fjöldi fyrirspurna hafi margfaldast á undanförnum árum. Það er í raun og veru okkar leið til þess að ná fram þeim upplýsingum sem við erum að biðja um.

Ég vil bara í þessari umræðu minna á að það skiptir líka máli að lögregluembættin um land allt séu mönnuð og fjárveitingar til þeirra fáist, raunhæfar fjárveitingar, og menn taki þar tillit til þeirrar umferðar sem er og þeirra vegalengda sem eru í hverju umdæmi. Ég nefni bara sem dæmi sýslumannsembættið austur á Höfn í Hornafirði þar sem mikið vantar á að menn geti sinnt sínu reglubundna eftirliti eins og við teljum að nauðsyn sé á, vegna fámennis. Í þessu þurfum við að halda hæstv. dómsmrh. vel við efnið.

[15:30]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að öll umræða hér sé af hinu góða þó svo að ég sé efins um að rétt sé að skipa nefnd áður en við fáum svör um það hver árangur fyrri nefnda hafi verið. Ég tel að hæstv. dómsmrh. ætti að sýna þessum málaflokki mikla alúð, vegna þess að þetta skiptir þjóðina miklu máli, og verja til hans nægjanlegum fjármunum og sérstaklega til lögregluliða úti á landi. Ég tek undir það með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siðareglur í stjórnsýslunni, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 207. mál. — Þskj. 218.

og

Siðareglur fyrir alþingismenn, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 208. mál. — Þskj. 219.

[15:32]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um siðareglur fyrir alþingismenn annars vegar og hins vegar till. til þál. um siðareglur í stjórnsýslunni.

Flutningsmenn þessara tillagna eru þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstfl. Þeir eru auk mín, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Þórarinn E. Sveinsson.

Tillagan um siðareglur fyrir alþingismenn hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að móta siðareglur fyrir alþingismenn. Nefndin hafi til hliðsjónar siðareglur annarra þjóðþinga. Reglurnar verði lagðar fram í formi þingsályktunartillögu í upphafi nýs þings árið 2004.“

Í tillögu þessari er ekki tekin afstaða til þess hvaða efnisatriði skuli tekin upp í siðareglur fyrir þingmenn. Telja verður eðlilegra að forsætisnefndin hafi þar frjálsar hendur, enda líklegra að þannig náist víðtæk samstaða um reglurnar. Vísað er þó til þess að í tillögugreininni er lagt til að forsætisnefnd hafi til hliðsjónar siðareglur annarra þjóðþinga.

Aðalatriðið er að þegar forsætisnefnd hefur lagt reglurnar fram í formi þingsályktunar gefist þingmönnum tækifæri til þess að fara yfir málið og ræða í þinginu þannig að breið samstaða geti náðst um þær.

Siðareglur hafa verið settar fyrir þingmenn á ýmsum erlendum þjóðþingum. Þær siðareglur sem danska, norska og sænska þingið hafa sett sér eru mjög svipaðar. Reglurnar eru valkvæðar en kjósi þingmenn að gangast undir þær þurfa þeir að samþykkja það skriflega og verða að beygja sig undir öll ákvæði þeirra því ekki er hægt að velja ákveðnar reglur úr og sleppa öðrum.

Dönsku reglurnar ganga í grófum dráttum út á það að gefa þingmönnum, varaþingmönnum og ráðherrum sem ekki eru þingmenn, kost á að:

skrá störf sín utan þings, sem dæmi má nefna stjórnunarstöður í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, önnur launuð störf, hjá hverjum og um hvaða stöðu er að ræða, sjálfstæða atvinnustarfsemi og tegund starfseminnar,

greina frá hvers konar efnislegum eða fjárhagslegum stuðningi umfram það sem þingflokkurinn og þingið veitir og frá hverjum stuðningurinn er,

greina frá dýrum gjöfum sem tengjast starfinu og fara yfir 2.000 danskar kr. að verðgildi, tegund gjafar, hver gefur og hvenær,

greina frá fjárhagslegum stuðningi og styrkjum sem tengjast þingmennskunni og þingmaður tekur við frá stjórnvöldum, samtökum eða einkaaðilum erlendis frá, í hverju stuðningurinn er fólginn og frá hverjum hann er ef verðmætið fer yfir 2.000 danskar kr.,

greina frá ferðum og heimsóknum til útlanda sem tengjast þingmennskunni og ekki eru að fullu borgaðar af opinberu fé,

stjórnmálaflokki viðkomandi þingmanns eða þingmanninum sjálfum, hvert er farið og hver greiðir,

greina frá eignum í félögum sem fara yfir 50.000 danskar kr.

Þá ber þingmönnunum enn fremur að greina frá samningum við fyrri og væntanlega vinnuveitendur um núverandi störf og framtíðarstörf, svo sem samningum um launagreiðslur, óbeinum launum, t.d. lífeyrisréttindum, og samningum um setningu, skipun eða ákvörðun um vinnu hjá framtíðarvinnuveitanda eftir að þingmennsku lýkur.

Í greinargerðinni er einnig getið siðareglna í breska þinginu sem ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlega út í. En eins og fram kemur í greinargerð og í máli mínu er víðast hvar að finna siðareglur í þjóðþingum og engin ástæða til þess Íslendingar búi ekki við siðareglur líkt og í öðrum þjóðþingum.

Ég vil nefna í lokin að Evrópuþingið setti sér siðareglur fyrir þingmenn og starfsmenn þess sem ætlað er að tryggja sjálfstæði þingsins og viðhalda trúnaðartrausti almennings á því. Þingmennirnir eiga að forðast að taka við gjöfum, þurfa að skrá fjárhagslega hagsmuni sína og eignir sem geta valdið hagsmunaárekstrum í starfinu hjá þinginu og er skráningin höfð aðgengileg á netinu. Munurinn á þessum reglum og þeim sem gilda á Norðurlöndunum er að þær eru valkvæðar en ekki þessar.

Ég held, virðulegi forseti, að þó að siðareglur fyrir alþingismenn og aðrar stéttir leysi ekki allan vandann og sífellt komi upp ný siðferðileg álitaefni séu þær þó nauðsynlegar til þess að treysta trúnaðarsamband þingsins við almenning og það verður að telja að skýrar leiðbeinandi reglur styrki störf þingmanna og auki trúnað og traust almennings.

Eins og ég nefndi í upphafi máls míns er ekki mótað hér eða lagt niður frá orði til orðs hvernig slíkar reglur eigi að vera, heldur er þessari tillögu fyrst og fremst ætlað að menn setjist yfir það að móta slíkar siðareglur fyrir alþingismenn. Forsn. hafi þar frumkvæði og hafi hliðsjón af siðareglum annarra þjóðþinga og að þessar reglur verði tilbúnar í upphafi nýs þings árið 2004.

Virðulegi forseti. Varðandi siðareglur í stjórnsýslunni, en það eru sömu flutningsmenn sem flytja þessa tillögu og hina fyrri sem ég nefndi, um siðareglur fyrir alþingismenn, þá felur sú tillaga í sér að ríkisstjórnin skipi nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmið með setningu reglnanna er að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Hafðar verði m.a. til hliðsjónar almennar reglur stjórnsýsluréttar um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni og réttindi eða skyldur borgaranna. Jafnframt taki reglurnar mið af leiðbeiningarreglum OECD um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Reglurnar á að undirbúa í samráði við samtök opinberra starfsmanna og taki gildi eigi síðar en 1. júní 2004.

Tillaga þessi var áður flutt á 127. löggjafarþingi. Hún felur í sér að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna. Eins og tillögugreinin ber með sér er megintilgangur þeirra að styrkja vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Í vaxandi mæli hafa starfsstéttir hér á landi sett sér siðareglur. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa sett starfsmönnum sínum starfsreglur sem ekki flokkast sem siðareglur en hafa engu síður siðferðilegt innihald. Fjármálaeftirlitið hefur þannig nýverið gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja og útgefenda verðbréfa um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja.

Ég vil einnig nefna að nefnd Efnahags- og framfarastofnunar um opinbera stjórnsýslu hefur birt leiðbeiningar til aðildarríkjanna um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberri stjórnsýslu.

Þær leiðbeiningar sem ég nefndi og fjmrn. hefur sett ganga allt of skammt og eru einungis rammi utan um slíkar reglur. Það er því ljóst að þó að þær séu fyrir hendi er engu að síður nauðsynlegt að móta slíkar siðareglur eins og kallað er eftir í þessari tillögu. Slíkar siðareglur munu skapa reglufestu innan stjórnsýslunnar og ljóst að þær munu styrkja alla stjórnsýsluna ef tillagan nær fram að ganga.

Það er skoðun flutningsmanna að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt almennum innri stjórnvaldsfyrirmælum, skráðum siðareglum, skýrum erindisbréfum og skýrt skilgreindri ábyrgð og stjórnunar- og eftirlitsheimildum innan stjórnsýslunnar ættu að geta myndað góðan ramma um sterka, heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu þar sem hagsmunir almennings eru ávallt í fyrirrúmi. Hinu eru flutningsmenn líka sammála sem m.a. kemur fram í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda sem getið er í greinargerð, en á Alþingi var samþykkt tillaga um bætt siðferði í opinberum rekstri og sú tillaga leiddi til þess að skipuð var nefnd sem átti að kanna starfsskilyrði stjórnvalda og niðurstaðan af því starfi var ítarleg skýrsla um starfsskilyrði stjórnvalda, en í þeirri skýrslu kom fram að þó að vandaðar og ítarlegar siðareglur leysi ekki allan vanda sem upp kemur og upp koma sífellt ný siðferðileg álitaefni, er engu að síður nauðsynlegt að setja slíkar siðareglur eins og hér er lagt til.

Í þessari tillögu er ekki mælt fyrir um það á hvern hátt nefndin skuli skipuð sem fær þetta verkefni. Flutningsmenn leggja þó áherslu á að í henni sitji sérfróðir einstaklingar á sviði stjórnsýsluréttar og siðfræði.

Telja verður að setning siðareglna sé ótvírætt í samræmi við kosti reglna og reglufestu innan stjórnsýslunnar sem aftur tryggir aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð opinberra fjármuna, en það er tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að loknum umræðum um þessar þingsályktunartillögur verði þeim vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér samhliða tvær till. til þál. Sá sem hér stendur er einn af flutningsmönnum þeirra tillagna, annars vegar um siðareglur í stjórnsýslunni og hins vegar um siðareglur fyrir alþingismenn.

Hv. 1. flm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði góða grein fyrir báðum þessum tillögum. Meginmarkmið þeirra er að lagfæra vinnubrögð og styrkja stjórnsýsluna og tryggja að hagsmunum almennings sé betur þjónað. Sama á við um siðareglur fyrir alþingismenn. Það er auðvitað eðlilegt að þingmenn setji sér siðareglur líkt og aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu og þingmenn annarra þjóðþinga.

Varðandi þær tillögur sem við ræðum hér saman um þetta tiltekna málefni, að við setjum okkur reglur, annars vegar að forsn. taki að sér verkefni um siðareglur fyrir alþingismenn og hins vegar sérstök nefnd um siðareglur í stjórnsýslunni, þá tel ég að í báðum tilfellum sé málið sett í þann farveg sem eðlilegt verður að teljast. Að sjálfsögðu er eðlilegt að taka mið af þeim reglum sem notaðar eru og settar hafa verið

annars staðar, í öðrum löndum og er bent á það sérstaklega í tillögunni varðandi alþingismenn að líta til norsku, sænsku og dönsku reglnanna að því leyti til. Ég tel fullkomlega eðlilegt að ætlast til þess af hv. alþingismönnum að þeir geri grein fyrir því hvar þeir hafa störf og ítök, ef svo vill til að þeir gegni öðrum störfum, trúnaðarstörfum eða öðrum störfum en á hv. Alþingi, og að þegnum landsins sé það ljóst hvar menn eiga hagsmuni eða tengda ábyrgð eða hafa aðkomu að einstökum málum og málaflokkum, hvort sem það telst ábyrgð sem fylgir stjórnarsetu í fyrirtækjum eða einfaldlega að menn starfi í ákveðnum samtökum og félagasamtökum o.s.frv. þar sem menn leggja ákveðnum málefnum lið.

Ég mun ekki bæta framsögu hv. 1. flm. að neinu leyti þó að ég fari að endurtaka það sem stendur í greinargerðinni og farið var yfir af 1. flm., Jóhönnu Sigurðardóttur, en tel að hvort tveggja málanna eigi fullan rétt á sér og að vinna beri að því að þau komi fyrir Alþingi þannig að Alþingi geti tekið ákvarðanir um efni þeirra í samræmi við það sem lagt hefur verið til.

[15:46]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er sérstök ástæða til þess nú að fagna endurflutningi þessara frv. um siðareglur í stjórnsýslunni og fyrir alþingismenn. Nú standa að þeim, auk flutningsmannsins hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmenn úr fjórum þingflokkum af fimm hér á þinginu og það er vonandi að þessar tillögur nái að gera meira en að sofna í nefndum. Hin sérstaka ástæða sem er til að fagna endurflutningnum og til þess að ætla að þær nái nú lengra er auðvitað þau álitamál sem upp komu fyrir skömmu, tengd stjórnarsetu hv. þm. Péturs Blöndals í sparisjóðsstjórn sem talin var reyna á siðrænan grunn í afgreiðslu ákveðins máls sem varðaði einmitt þann sparisjóð sem þingmaðurinn sat í stjórn fyrir.

Þá var töluvert rætt annars vegar um þær kröfur sem gera þyrfti til alþingismanna og hins vegar um þann lagaramma sem hverfðist um störf þeirra. Menn færðu að því rök að sparisjóðsstjórnarseta þingmannsins sem um ræddi stæðist lög í mjög þröngum skilningi þess orðs. Aðrir töldu að þótt lögin hefðu sjálf ekki breyst hefði umhverfi þeirra breyst svo mikið að túlka mætti lögin þannig að hér væri a.m.k. vafi á ferð. Gagnrýnendur þingmannsins í þessu tilviki — ég var einn af þeim — sögðu að auki að þó að þetta kynni að vera löglegt yrði líka að líta til hins siðræna þáttar í málinu.

Það minnir okkur reyndar á þá umræðu sem hér fór fram á áttunda áratugnum undir eins konar vígorði Vilmundar Gylfasonar, hinu fræga „löglegt en siðlaust". Það eru til hlutir hér sem eru löglegir en siðlausir, og það má segja að síðan hafi bæði löggjafinn og ýmsar stofnanir og félög í landinu verið að reyna að brúa þá gjá að nokkru leyti sem var á milli hins löglega og hins siðlega. Ég held að þessi frv. bæði haldi áfram því verki og séu í raun og veru mjög brýn, bæði í stjórnsýslunni og líka fyrir þingmenn eins og þessi umræða sýndi.

Ætli það mikilvægasta í þessu öllu sé ekki, eins og á ýmsum öðrum sviðum, að upplýsingarnar liggi klárar fyrir, að það sé hið fræga gagnsæi af hálfu almennings og fulltrúa almennings, t.d. á fjölmiðlum, að menn viti áður en þingmaður tekur til máls, áður en mál er afgreitt í stjórnsýslunni, hvort hann hafi einhverja þá stöðu sem telja má óeðlilega eða vera þannig að það hafi áhrif á málflutning hans?

Þær reglur sem taldar eru upp í greinargerðinni af ýmsum stöðum — það verður að hrósa henni fyrir að vera málefnaleg — eru afar athyglisverðar. Það er athyglisvert að lesa t.d. um það hverju þingmenn í Danmörku þurfa að gera kjósendum, almenningi og fjölmiðlum grein fyrir áður en þeir stíga í fyrsta sinn inn í þingið, og síðan reglulega. Þegar maður ber það saman við það sem opið er og augljóst um íslenska þingmenn er þar ansi mikill munur á. Jafnvel eru til gagns reglur sem eingöngu gera mönnum að upplýsa um ýmis sín mál.

Ég vil svo bæta því við í tilefni af ágætri ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að ég tel ákveðinn mun á því hverju menn tengjast. Ég tel t.d. ákveðinn mun á því að sitja í félagsstjórnum af ýmsu tagi og því að sitja í stjórnum fyrirtækja sem standa í atvinnurekstri. Almenn félög í félagsstarfi, jafnvel verkalýðsfélög og hagsmunafélög, hafa annars konar hagsmuni en fyrirtæki og ég mundi vilja gera mun á þessu tvennu þó að ég sé honum sammála í því að þetta eigi hvort tveggja að koma fram, að menn eigi að skýra frá því ef þeir eru stjórnarmenn í félögum og skýra frá því ef þeir sitja í stjórnum fyrirtækja.

Ég tel t.d. vera þann mun á þessu að mér finnst koma til greina að ekki aðeins sé sett í siðareglur að upplýst skuli um það ef menn sitja í stjórnum fyrirtækja, heldur sé mönnum með einhverjum hætti bægt frá því að gera hvort tveggja, að sitja á þingi og að sitja í stjórnum fyrirtækja. Það er ekki eðlilegt að maður í stjórn fyrirtækis taki þar afstöðu til máls út frá hagsmunum fyrirtækisins og láti síðan þá afstöðu móta málflutning sinn og afstöðu á Alþingi. Það má jafnvel færa að því rök að afstaða sem maður tekur í stjórn fyrirtækis brjóti í bága við þá kröfu sem stjórnarskráin gerir til þingmanna og þingmenn hafa lagt drengskap sinn við að halda, að hann skuli einungis fara eftir sinni eigin sannfæringu í afstöðu sinni til mála sem koma til þings. Ég legg hér til, að þessari tillögu samþykktri sem þál., að þær nefndir sem hér um ræðir, annars vegar nefnd skipuð af ríkisstjórninni og hins vegar forsn., íhugi hvort ekki eigi með einhverjum hætti að koma í veg fyrir að þingmenn sitji í stjórnum fyrirtækja, annaðhvort með því að taka fram í siðareglunum að það eigi ekki að gera nema sérstaklega standi á eða setja um það sérlög, setja það inn í þann lagaramma sem er kringum störf þingmanna.

Ég skal segja það almennt á sama hátt og ég byrjaði að það er rétt sem hér segir í greinargerð að siðareglur og siðrænn rammi í kringum starf ýmiss konar stofnana og einstaklinga sem heyra saman með einhverjum hætti hafa á undanförnum áratugum aukið gildi sitt. Ég get sjálfur borið vitni um það vegna þess að ég sat í siðanefnd blaðamanna, einhverri þeirri elstu hérlendis. Af slíkum reglum getur verið ótvírætt gagn og þær geta að nokkru leyti komið í veg fyrir að menn takist á á öðrum vettvangi og erfiðari, leiti t.d. til dómstóla eða krefjist lagasetningar. Siðastarf getur með ýmsum hætti auðveldað samskipti manna í nútímasamfélagi og gert þjálli ýmsar lausnir á deilumálum sem við hér á landi höfum átt í töluverðum erfiðleikum með að leysa. Því til vitnis eru raunar einmitt þær deilur sem ég minntist á í upphafi, um það hvort þingmaður sem ég nefndi hér áðan hefði átt að hafa tvo hatta í einu, vera almennur alþingismaður, engum háður nema sannfæringu sinni, og sitja síðan í stjórn fyrirtækis sem hefur tiltekna hagsmuni sem hann þótti vera að berjast fyrir hér á þingi.

[15:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sá tilefni til að koma hér upp vegna þess að hv. þm. Mörður Árnason fór að skilgreina stjórnarstörf, annars vegar í fyrirtækjum og hins vegar í félögum. Ekki það að ég sé honum mjög ósammála um að eðli starfa í stjórnum fyrirtækja er nokkuð annað en í stjórnum félaga. Samt er ekki mjög einfalt að draga þessa línu út frá því hvenær menn eru að gæta hagsmuna sinna eða félagsmanna sinna, og hvenær ekki.

Við þekkjum jú umræðuna sem hér varð um eignaraðildina að SPRON og þá hugsun manna að selja þar fé sitt og rúmlega það. Sú umræða öllsömul hefur auðvitað skerpt á þeim viðhorfum sem við þurfum kannski að taka þegar við erum að ræða þessi mál. Ég minni einnig á, virðulegi forseti, að menn eru í stjórnum íþróttafélaga, eru kannski að gæta hagsmuna þar þegar verið er að skipta fé o.s.frv. Menn eru í stjórnum góðgerðarfélaga. Þau hafa líka tekist á um fjármagn góðgerðarstofnana héðan frá Alþingi, svo að við munum eftir. Menn eru í stjórnum verkalýðsfélaga, þar liggja líka mismunandi áherslur. Svo getum við bætt einhverju við, t.d. hagsmunafélagi landeigenda. Það er ekki einfalt, eins og ég veit að hv. þm. veit, að draga þessa línu sem hann vakti athygli á.

[15:57]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Nei, það er auðvitað rétt hjá hv. 5. þm. Norðvest. að þessar línur eru ekki auðdregnar og kannski er ekki rétt að draga þær mjög skarpt. Það er rétt að menn geta verið í félagsstjórn sem við fyrstu sýn virðist vera á áhugagrunni og einungis til góða og gagns fyrir sitt umhverfi en lent í þeirri stöðu að geta átt erfitt sem þingmenn, t.d. í íþróttafélögum, við það að standa í ýmsum þeim fjárhagsmálum sem nú eru orðin alsiða einmitt í íþróttafélögum.

Ég á kannski fyrst og fremst við það að við byrjum á einum stað. Í greinargerðinni er t.d. minnt á það að í Danmörku tíðkast það að þingmenn sitji ekki í nefndum á vegum ríkisins til að vinna að undirbúningi löggjafar og þeir eru heldur ekki tilnefndir til setu í stjórnum eða ráðum hjá opinberum stofnunum eða opinberum fyrirtækjum sem hér eru til. Ýmis þau opinberu fyrirtæki sem enn eru óeinkavædd, annaðhvort beinlínis ríkis- eða sveitarfélagafyrirtæki eða þar sem þessir aðilar eru stórir hluthafar, eru meðal stærstu fyrirtækja þaðan sem við fáum oft erindi hingað inn á þingið með beinum eða óbeinum hætti. Ég tel t.d. að það sé óheppilegt að þingmenn sitji í stjórnum slíkra fyrirtækja þó að við skulum láta góðgerðarfélögin og íþróttafélögin enn um sinn í friði, enda fráleitt að ræna þau hinum góða starfskrafti sem þingmenn geta verið í slíkum stjórnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtulög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 223. mál. — Þskj. 236.

[16:00]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til innheimtulaga sem ég flyt ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Þá er frumvarpinu ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur. Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum.

Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft farið fram á að sett yrðu lög um innheimtu. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtuaðilar geti hagað sér eins og þeir vilja við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum. Hér er því um að ræða frumvarp sem kveður á um mjög mikilvæga löggjöf fyrir neytendur.

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að rifja aðeins upp forsögu þessa máls. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. og 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd. Þá lagði viðskiptaráðherra fram sambærilegt frumvarp á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga, m.a. vegna ágreinings stjórnarflokkanna um málið. Deilurnar stóðu aðallega um hvernig háttað skyldi ákvæði um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Í frv. hæstv. viðskrh. var lagt til að viðskrh. gæti ákveðið hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögunum. Einnig voru deilur milli stjórnarflokkanna um hvernig leiðbeinandi fyrirmælum skyldi háttað varðandi endurgjald sem lögmönnum væri hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum. Sú grein gerði m.a. ráð fyrir að dómsmrh. skyldi að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim er hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Um var að ræða heimildarákvæði og var lögð áhersla á það á þessum árum, á 127., 128., 122. og 123. löggjafarþingi, í þeim frumvörpum sem þá voru til umræðu, að þetta yrði skylda en ekki heimild. Enda er það svo, herra forseti, að þó að dómsmrh. hafi þessa heimild í lögunum um lögmenn þá hefur hún aldrei verið nýtt, að því er ég best veit. Ég hef kynnt mér málið, m.a. á síðasta þingi og hef ekki heyrt að í því efni sé um neinar breytingar að ræða.

Virðulegi forseti. Miðað við þá forsögu sem ég hef rakið er full ástæða til að ætla að þetta frv. hafi meiri hluta á þingi, þ.e. ef framsóknarmenn fara að því sem þeirra maður í ríkisstjórn, Finnur Ingólfsson, þáverandi ráðherra, setti fram varðandi setningu innheimtulaga.

Þetta frv. er að meginuppistöðu frv. sem viðskrh. lagði fram en þó hefur verið tekið tillit til ýmissa umsagna og ábendinga sem fram hafa komið í þessu efni.

Í frumvarpi ráðherra á sínum tíma sagði m.a. í greinargerð, með leyfi forseta:

„Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um.“

Ég ætla að skjóta inn í að þetta er deiluefni sem upp kom á milli stjórnarflokkanna á sínum tíma. En áfram segir, með leyfi forseta, í greinargerð með frv. ráðherra:

„Með viðvörun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða yrði gripið. Lánardrottinn mundi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað."

Í þessu frv. er viðskrh. gert að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð en í frv. viðskrh. var um heimild að ræða eins og áður sagði.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að fara nánar yfir þetta mál. Þetta hefur áður verið rætt á þingi. Ég legg því til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 278. mál. — Þskj. 314.

[16:06]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Brynja Magnúsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Grétar Mar Jónsson og Jón Gunnarsson.

Tillögugreinin orðast svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2004."

Í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

Tillaga þessi er flutt vegna þess að nauðsynlegt er að taka nú þegar til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan eða félagslegan vanda. Það er löngu ljóst að ekki er hægt að sinna lögboðinni kennslu þeirra í almennum bekkjardeildum og víða skapast veruleg vandamál vegna þessa bæði hvað varðar líðan barnanna og einnig fyrir skóla þeirra. Þá er ljóst að í grunnskólanum er ekki hægt að veita þeim þá sérhæfðu meðferð sem þau þurfa vegna veikinda sinna, enda er það hlutverk heilbrigðiskerfisins. Reykjavíkurborg skipaði sérstakan starfshóp til að skoða stöðu þessara mála hjá borginni. Sá starfshópur skilaði skýrslu og tillögum til úrbóta í maí 2003.

Heilbrigðisráðherra hefur reifað þær hugmyndir að ráða til starfa verkefnisstjóra sem meðal annars verði ætlað að samþætta ýmis málefni er varða börn með geðrænan eða félagslegan vanda. Þar er um viðamikið verkefni að ræða sem að líkindum mun taka nokkurn tíma þar til heildartillögur um meðferð þessara barna liggja fyrir. Eftir því sem ég best veit, virðulegi forseti, hefur verkefnastjórinn þegar verið ráðinn og hafið störf í heilbr.- og trn.

Það er mat flutningsmanna að það þoli ekki bið að vinna að úrbótum í málefnum barna með geðrænan og félagslegan vanda í grunnskólakerfinu. Því er þessi tillaga flutt.

Hefðbundinn skóli með ákveðinni stundaskrá, hefðbundinni lengd kennslustunda og frímínútna er kerfi sem gagnast nemendum með geðrænan eða félagslegan vanda illa eða alls ekki. Jafnframt líður sumum þessara ungu nemenda illa vegna þess flókna og síbreytilega félagslega veruleika sem skólinn endurspeglar. Slök félagsfærni, léleg sjálfsmynd, ábyrgðarleysi eða árásargirni leiðir til tíðra árekstra við aðra í leik og starfi og samveru með fjölskyldunni. Í verstu tilvikum verða þessir nemendur utangarðsfólk, með enga framhaldsmenntun, háðir fíkniefnum, hneigðir til afbrota, glímandi við geðsjúkdóma og með stopula atvinnu. Hætta er á að þeir geti ekki séð sér farborða og haldið heimili á fullorðinsárum. Kostnaður samfélagsins vegna erfiðleika þeirra getur orðið verulegur. Til að reyna að koma í veg fyrir að svo fari þurfa sumir nemendur mikinn sérstuðning og annað umhverfi en þekkist almennt í grunnskólum hérlendis.

Segja má að þessir nemendur skiptist gróflega í tvo flokka; þá andfélagslegu og þá vanvirku. Vanlíðan þeirra andfélagslegu birtist í árásum á skólafélaga eða kennara og starfsfólk og eignaskemmdum sem oft eru unnar í stjórnlausum bræðisköstum. Vanlíðan hinna vanvirku getur endurspeglast í þunglyndi, kvíðaköstum og verulega skertri sjálfsmynd. Báðir þessir hópar þurfa sérstuðning sem beinist að námi þeirra og félagslegri stöðu. Jafnframt þarf að hafa með sumum í þessum hópi mikið eftirlit og veita þeim aðstoð, innan sem utan skólastofu.

Fyrir þennan hóp þarf að búa til námsumhverfi utan heimaskólans sem er sveigjanlegra, margbreytilegra og rólegra en hefðbundinn skóli. Þetta námsumhverfi þarf að mæta þörfum hvers einstaklings með skýrum og mælanlegum náms- og hegðunarmarkmiðum.

Til að skilgreina þennan hóp má hafa þá almennu reglu að leiðarljósi að um sé að ræða nemendur sem sakir alvarlegra geðrænna erfiðleika hafi ekki tekið viðunandi framförum í sínum heimaskóla og þurfi á öðru námsumhverfi að halda um lengri eða skemmri tíma. Ljóst sé að heimaskóli viðkomandi hafi gert sitt ýtrasta til að draga úr erfiðleikum nemandans.

Ef skilgreina á þennan hóp nánar má hafa til hliðsjónar vinnureglu II sem eru núgildandi viðmiðunarstig fyrir geðraskanir hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar er að finna skilgreiningar á úthlutunarreglum sjóðsins vegna fjölþátta hegðunartruflana, verulegra truflana varðandi tilfinningar og félagslega aðlögun og viðvarandi og alvarleg einkenni geðrofs eða geðhvarfa. Skilyrði fyrir úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að erfiðleikar af þessu tagi leiði til umfangsmikils stuðnings vegna félagslegra þátta, tilfinningalegra þátta og hegðunarþátta, og þörf sé á sérhæfðri ráðgjöf og í mörgum tilvikum eftirliti.

Í grunnskólum á þjónustusvæði skólaskrifstofu Suðurlands eru um þessar mundir u.þ.b. tíu nemendur sem eiga í verulegum erfiðleikum með skólaveru sína og nám vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningaraskana og aðrir tíu sem þurfa á sérkennslu að halda.

Hjá skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið lagðar fram hugmyndir um að á vegum Heilbrigðisstofnunar Selfoss verði stofnuð í tilraunaskyni dagdeild fyrir geðfötluð börn. Börn með geðfatlanir eða svo alvarlega vanlíðan að venjuleg skólaganga gagnast þeim lítt eða ekkert fái tímabundið dagvistun á deildinni. Þar sjái ríkisvaldið fyrir meðferðarfulltrúum, læknis- og sálfræðiþjónustu og húsnæði, a.m.k. að hluta til. En lögheimilissveitarfélög viðkomandi barna greiði fyrir kennsluna eins og lög gera ráð fyrir. Ekki yrði

um sérstakan skóla að ræða, heldur félli kennsla í deildinni í hlut þess skóla sem næstur yrði, allt eftir því hvar dagdeildin yrði. Lögð yrði áhersla á að þau börn sem eru í dagvist á deildinni haldi áfram að sækja félagslíf í heimaskóla sínum eins og kostur er og missi ekki tengslin við hann. Reikna mætti með að börnin yrðu á deildinni í mislangan tíma eftir því hversu alvarleg og langvinn veikindi þeirra eru en færu aftur í sinn heimaskóla strax og þess er nokkur kostur.

Þess má geta að á Suðurlandi er eitt stöðugildi sálfræðings á heilsugæslustöðvum á Suðurlandi sem sinnir börnum og unglingum. Það mætti nota þessa stöðu að einhverju leyti til að sinna meðferð á dagdeildinni, enda hafa þeir sem þessari stöðu gegna oft unnið með þessum börnum og foreldrum þeirra. Sálfræðingarnir sem starfa á skólaskrifstofu Suðurlands gætu tekið þátt í að skipuleggja hvernig best væri að hanna nám og námsaðstæður fyrir nemendurna.

Ríkisvaldið rekur nokkur meðferðarheimili á landinu, þar á meðal Torfastaði og Geldingalæk á Suðurlandi. Börnin á Geldingalæk sækja grunnskólann á Hellu. Á þessum meðferðarheimilum greiðir ríkið fyrir meðferð og kennslu barnanna og þau eru vistuð þar allan sólarhringinn. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa rekið skóla fyrir börn með vandamál af þessu tagi og borið allan kostnað af því. Þar eru börnin meðan á skóladegi stendur, eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu, en á eigin heimili eða fósturheimili þess á milli. Þar er að mati flutningsmanna ekki um rétta kostnaðarskiptingu að ræða því að það er ríkisins að sjá um meðferð barna með geðrænan og félagslegan vanda.

Það er nauðsynlegt að börn með geðrænan eða félagslegan vanda njóti kennslu á grunnskólastigi eins og lög gera ráð fyrir en samhliða verða þau að fá meðferð við sjúkdómi sínum. Það verður ekki að fullu gert í almennum bekkjardeildum. Því er þessi tillaga flutt.

Skýrsla starfshóps um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda, sem út kom í maí 2003, og tillögur hennar um úrlausnir varðandi málefni þessara barna í Reykjavík fylgja sem fylgiskjal með tillögunni.

Virðulegi forseti. Það er dálítið sérstakt en að þessari þáltill. standa allir þingmenn Suðurk. Á ferðum okkar í kjördæmavikunni hittum við fulltrúa Skólaskrifstofu Suðurlands og forstöðumann Skólaskrifstofu Suðurlands, Kristínu Hreinsdóttur. Við fórum yfir stöðuna í þessum málaflokki á Suðurlandi. Þegar við fórum að skoða málið betur fengum við upplýsingar um að víða eru sambærilegar aðstæður og á Suðurlandi, þ.e. mörg börn með mjög alvarlegar geðraskanir sem fá í raun ekki þá meðferð sem þau eiga rétt á. Þau fá ekki kennsluna heldur vegna álagsins af sjúkdómum þeirra og vegna þess hve erfitt þau eiga með að vinna í almennum bekkjardeildum.

Þingmenn Suðurk. ákváðu að flytja og standa saman að flutningi þáltill. um stofnun sérkennslu- og meðferðardeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda þar sem tekið væri á þessu vandamáli. Eins og fram kemur í tillögunni bæri sveitarfélag, þar sem heimaskóli viðkomandi barns væri, kostnað af kennslunni en meðferðarstarfið væri hins vegar, eins og eðlilegt er, hjá ríkinu enda er þar um heilbrigðisþjónustu að ræða.

Í raun er ekkert sjálfsagðara að börn með alvarlega geðræna sjúkdóma séu inni í almennri kennslu en börn sem eru með alvarlega líkamlega sjúkdóma. Auðvitað eiga börn með alvarlega geðræna sjúkdóma að njóta sömu réttinda og þau sem glíma við alvarlega líkamlega sjúkdóma, sjúkdóma sem valda því að þau geta ekki sótt nám í almennar bekkjardeildir. Það er jafneðlilegt að ríkið beri kostnað af þeirri heilbrigðisþjónustu sem þessi börn þurfa.

Eftir heimsóknir í skóla þar sem maður kynnist þeim vandamálum sem við er að etja hjá þessum börnum sem eru alvarlega veik þá stingur það hve illa skólagangan nýtist börnum með geðfatlanir eða alvarlega vanlíðan í almennum bekkjardeildum. Þau verða fyrir einelti, einangrast, verða árásargjörn eins og fram kemur í greinargerðinni og geta á engan hátt notið þeirrar kennslu sem fram fer og þau eiga rétt á samkvæmt lögum þessa lands. Samkvæmt lögum eiga allir rétt á sambærilegri kennslu.

Það kemur fram í greinargerðinni að börn sem eiga við alvarlegar geðraskanir að stríða á Suðurlandi eða skólaskrifstofusvæðinu þar eru um tíu. Ég hef hins vegar upplýsingar frá 14. október 2003 þar sem fram kemur að í Reykjavík sé talað um 2,5–4% allra barna, þ.e. frá 300–500 börn, eftir því út frá hvaða skilgreiningu er gengið. Þar er mikill fjöldi talinn eiga við alvarleg hegðunarvandkvæði eða geðraskanir að stríða. Allt of mörg börn með alvarlegar geðraskanir eða atferlistruflanir eru á biðlista eftir plássi inni á BUGL. Barna- og unglingageðdeild Landspítalans getur engan veginn annað þeim stóra hópi sem á við þennan sjúkdóm að stríða. Auðvitað verður að horfa á það sem sérstakt vandamál sem þarf að leysa en við teljum að dagdeild gæti hugsanlega komið í stað hluta þeirrar meðferðar sem fram fer á barna- og unglingageðdeildinni. Við teljum sjálfsagt að reyna að byggja upp þessa þjónustu nær heimaskóla barnsins og stytta þá biðlista sem eru til staðar.

Barna- og unglingageðdeild verður auðvitað að útskrifa frá sér börn eftir sérstaka meðferð þar. Að meðaltali eru þau þar 6–7 vikur eða eitthvað lengur. Þegar þau útskrifast af deildinni er hins vegar ekki þar með sagt að þau hafi hlotið fullan bata. Þau eru því sett aftur inn í almennar bekkjardeildir þar sem við tekur sama stríðið og áður. Þetta er vandamál sem við viljum gjarnan að tekið verði á og að þess verði gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri. Í 29. gr. grunnskólalaga segir að við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skuli þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms og komið sé í veg fyrir mismunun, t.d. vegna uppruna og að tekið sé mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu ða áhugasviðum nemenda í öllu skólastarfi.

Jafnframt segir í 9. gr. laga um grunnskóla að allir grunnskólar landsins eigi rétt á sérfræðiþjónustu og að nemendur, sem ekki geta notið kennslu með fullnægjandi hætti í almennum grunnskóla, fái kennslu við hæfi. Þarna er kveðið á um rétt þeirra barna sem ekki geta, vegna alvarlegra veikinda, starfað eða unnið í almennum bekkjardeildum.

Að lokinni þessari umæðu legg ég til að tillögunni verði vísað til heilbr.- og trn. með umsögn menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, fyrri umr.

Þáltill. MF, 155. mál. — Þskj. 155.

[16:20]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að þjóðgarðurinn í Skaftafelli skuli verða fjárhagslega sjálfstæð stofnun. Þjóðgarðsvörður verði forstöðumaður stofnunarinnar og beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri. Þjóðgarðinum verði fengið aukið hlutverk, m.a. viðhald og eftirlit á friðlöndum Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu. Ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag rekstursins."

Tillaga sama efnis var flutt á 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 1967. Myndarlega var staðið að uppbyggingu þar á sjöunda áratugnum. Byggð var þjónustumiðstöð og útbúið stórt tjaldstæði. Göngustígar voru skipulagðir og merktir. Rannsóknir voru gerðar á gróðri og söguminjar lagfærðar, svo sem Selbærinn, fjósbaðstofan.

Á síðastliðnum 25 árum hefur þjóðgarðurinn verið rekinn fyrir mjög takmarkað fjármagn. Vegna fjárskorts hefur uppbygging og rannsóknastarf ekki verið í takt við fjölgun gesta þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn gegnir mikilvægu hlutverki á Suðausturlandi í tengslum við ferðaþjónustu og styrkingu byggðar í landshlutanum. Starfsfólk þjóðgarðsins tekur á móti yfir 150 þús. ferðamönnum á hverju ári. Búist er við því að fjöldi ferðamanna muni tvöfaldast á næstu tíu árum. Því er mikilvægt að fjármagn sem ríkissjóður leggur til uppbyggingar í þjóðgarðinum aukist verulega. Einnig er mikilvægt að sértekjur sem þjóðgarðurinn aflar skili sér til uppbyggingar þar.

Nú er í þjóðgarðinum rekin fræðslustofa, tjaldstæði og lítil minjagripaverslun. Veitingastaður og verslun hafa verið leigð út til einkaaðila í Öræfasveit. Á milli 15 og 20 þús. manns gista á tjaldstæðinu á hverju ári. Velta þjóðgarðsins er um 20 millj. kr. á ári en launakostnaður um 10 millj. kr. Á undanförnum árum hefur þjóðgarðurinn fengið um 2–5 millj. kr. til nýframkvæmda og viðhalds. Innan þjóðgarðsins eru um 1.500 fermetrar af húsnæði, göngustígar eru tugir kílómetra og tjaldstæðið stórt. Þjóðgarðurinn þarfnast aukins fjármagns til uppbyggingar, reksturs og rannsókna. Ekki er talið að ný stjórnsýslustofnun, Umhverfisstofnun, muni bæta fjárhagslega stöðu þjóðgarðanna. Það er mikilvægt að þjóðgarðarnir séu fyrirmynd annarra útivistarsvæða á Íslandi og njóti virðingar þjóðarinnar.

Rekstur þjóðgarðs hefur efnahagslega þýðingu fyrir viðkomandi landshluta. Því er mikilvægt að styrkja alla starfsemi í þjóðgörðum. Þeir þurfa sífellt að vera í uppbyggingu svo að þeir geti verið til fyrirmyndar og tekið á móti vaxandi fjölda ferðamanna. Á komandi árum mun þjóðgarðurinn í Skaftafelli þarfnast töluverðra endurbóta til að mæta kröfum gesta og til að koma í veg fyrir að gróður traðkist niður vegna lélegra göngustíga.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stofna Vatnajökulsþjóðgarð innan skamms. Um er að ræða stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli. Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að sækja um að Skaftafell verði sett á heimsminjaskrá UNESCO. Þegar garðurinn hefur verið stækkaður og Skaftafell komið á heimsminjaskrá er líklegt að gestum þjóðgarðsins fjölgi og verkefni starfsmanna verði fleiri.

Aukið fjárhagslegt sjálfstæði gæfi þjóðgarðinum aukin tækifæri til að afla sértekna sem skilaði sér í betri þjónustu við gesti. Auðveldara yrði fyrir þjóðgarðinn að sækja fjármagn til fyrirtækja og hagsmunasamtaka ef hann væri fjárhagslega sjálfstæður.

Virðulegi forseti. Það er mikil nauðsyn að bæta fjárhagsstöðu þjóðgarðsins í Skaftafelli í anda þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað, að auka sjálfstæði þeirra rekstrareininga sem ríkið hefur umsjón með. Benda mætti á að náttúrustofur, sem sveitarfélög eiga að sjá um með stuðningi ríkisins, fá mun meira fé úr ríkissjóði en þjóðgarðurinn í Skaftafelli. Það er hluti af þeirri virðingu sem við eigum að sýna þessari náttúruperlu að sjá til þess að fjárhagslegt og rekstrarlegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli verði tryggt.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði send til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengis- og vímuefnameðferð, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 248. mál. — Þskj. 268.

[16:25]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipulag áfengis- og vímuefnameðferðar. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Guðrún Ögmundsdóttir.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem kanni stofnun sameiginlegrar móttöku- og greiningarstöðvar fyrir áfengis- og vímuefnameðferð. Jafnframt kanni nefndin kosti þess að færa allt starf á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar undir eitt ráðuneyti.

Nefndin skili niðurstöðum sínum og tillögum fyrir 1. október 2004."

Á 127. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, jafnframt að gert yrði árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til þess að tryggja sem bestan árangur. Í ítarlegri greinargerð með tillögunni, sem flutt var af fulltrúum fimm flokka — þar var fremstur í flokki hv. þm. Einar K. Guðfinnsson — var farið yfir þau mörgu og mismunandi meðferðarform sem boðið er upp á hér á landi, bæði af hálfu hins opinbera og hjá einkaaðilum.

Ályktunin var samþykkt enda mikil nauðsyn á að móta heildarstefnu og meta árangur af starfsemi þessara fjölmörgu stofnana.

Það er hins vegar mat flutningsmanna þessarar tillögu að til þess að tryggja sem besta nýtingu í meðferðarstarfi vegna ávana- og fíkniefnaneyslu verði að koma á fót sameiginlegri móttöku- og greiningarstöð fyrir þennan hóp sjúklinga. Það er ljóst að stofnanir sem sinna meðferðarstarfi eru misvel fallnar til að taka við vímuefnaneytendum hvað varðar húsakost en ekki síður hvað varðar sérhæft starfsfólk.

Einnig er ljóst að sjúklingarnir eru í afar mismunandi ástandi, andlega og líkamlega. Ólík meðferðarúrræði verða að vera í boði og til þess að þau nýtist sem best verður fagfólk að greina stöðu hvers sjúklings áður en til meðferðar kemur svo að tryggt sé að hann hljóti bestu fáanlegu aðstoð sem völ er á og í samræmi við sjúkdómsgreiningu.

Árið 1997 lét þáverandi heilbrigðisráðherra vinna skýrslu um áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi. Þetta er ein af nokkrum skýrslum sem gerðar hafa verið, unnin af bandarískum sérfræðingi, dósent við læknadeild Harvard-háskóla og forstöðumanni fíkniefnasviðs þar. Í skýrslunni er að finna stefnumörkun og ráðleggingar þessa sérfræðings um hvernig bæta megi og auka þjónustu á sviði fíkniefnameðferðar.

Í skýrslunni koma fram athyglisverðar upplýsingar eins og þær að þótt Íslendingar drekki ekki mest miðað við höfðatölu er tíðni áfengismeðferðar hér með því hæsta sem gerist í heiminum. Skýrsluhöfundur leggur til að allir þeir aðilar sem veita meðferðarþjónustu komi að mótun heildarstefnu í meðferðarmálum og að heilbrigðisráðuneytið verði að gegna auknu hlutverki við stjórn áfengis- og vímuefnameðferðar þar sem ríkið kostar langstærstan hluta þeirrar meðferðar sem í boði er.

Einnig kemur fram í skýrslunni að brýnt sé að koma á fót móttöku- og greiningarstöð þar sem fyrsta skrefið yrði tekið í samfelldri umönnun sjúklings í áfengis- eða vímuefnameðferð. Samkvæmt skýrslunni ætti að starfa á slíkri móttöku- og greiningarstöð fagfólk úr hinum ýmsu stéttum heilbrigðiskerfisins. Skýrsluhöfundur telur að oft sé horft fram hjá eða vanmetið umfang geðsjúkdóma hjá þeim sem leita eftir meðferð vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu.

Hér á landi er nú þegar fjöldi plássa fyrir þá sem þurfa á meðferð að halda. Þessi hjúkrunar- eða meðferðarpláss mundu þó að mati flutningsmanna nýtast mun betur ef til væri sameiginleg móttöku- og greiningarstöð fyrir alla meðferðarstarfsemi.

Þá leggja flutningsmenn til að kannaðir verði kostir þess að færa alla starfsemi vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna undir eitt ráðuneyti. Þá er fyrst og fremst verið að hugsa um heilbrrn.

Nú fer meðferðarstarf fram á stofnunum sem heyra undir a.m.k. þrjú ráðuneyti, heilbrigðis-, félagsmála- og dómsmálaráðuneyti, þó oftast í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið.

Það er löngu orðið ljóst að þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að sjúklingar fá ekki sambærilega meðferð. Réttur í tryggingakerfi er mismunandi og síðast en ekki síst geti núverandi fyrirkomulag leitt til þess að sjúklingar fái alls ekki þá meðferð sem þeir þurfa.

Oft hefur reynst erfitt að greina hvort vandamál einstaklings teljast félagsleg eða falla undir heilbrigðiskerfið. Þá lendir viðkomandi utan kerfis á svonefndu gráu svæði.

Það er brýn nauðsyn að taka heildstætt á vandamálum þessara einstaklinga og það verður ekki gert nema allt meðferðarstarf verði samræmt og fært undir eitt ráðuneyti.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í greinargerðinni er ekki langt síðan samþykkt var þáltill. sem flutt var af fulltrúum fimm flokka undir forustu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Þar var ríkur vilji þingsins til að skilgreina með skýrum hætti þá meðferðarstarfsemi sem fer fram í dag og hvaða árangri hún skilar hverju sinni. Þó að mikið fjármagn sé veitt til áfengis- og vímuefnameðferðar á ári hverju af hálfu ríkisins vantar töluvert mikið upp á að gerðar séu skýrar kröfur til þeirra sem að meðferðarstarfinu standa, að þeir skili skýrslum um árangur, hvernig fjármunirnir eru notaðir og hvaða einstaklingar koma. Þá á ég ekki við persónurnar, heldur í hvers konar ásigkomulagi þeir einstaklingar eru og hvers konar meðferð þeir þurfa, hvort um er að ræða einungis áfengisneyslu eða líka vímuefni, og hvers konar vímuefni þá.

Við heyrum og sjáum mjög mikið í fjölmiðlum og síðast í gær eða fyrradag var í einum fjölmiðli sagt frá því að á síðasta og þessu ári mætti rekja dauðsfall 14 einstaklinga til ofneyslu eiturlyfja og það væri m.a. vegna þess að ekki væri pláss á meðferðarstofnunum. Ég er ósammála þeirri skilgreiningu að hér séu ekki nógu mörg pláss á meðferðarheimilum. Ég er hins vegar sannfærð um að það þurfi að stýra miklu betur meðferðarmálum en gert er í dag. Plássin eru nógu mörg. Það fjármagn sem við setjum til meðferðarstarfsemi er að mínu mati nægjanlega mikið en spurningin er hvernig við nýtum það. Það þurfa kannski ekki allir þeir sem lagðir eru inn til meðferðar á þeirri innlögn að halda í dag.

Göngudeildarstarfsemi getur í mörgum tilvikum skilað árangri. Við eigum að horfa meira til þeirrar starfsemi. En til þess að það sé algjörlega klárt hvert hver einstaklingur og sjúklingur á að fara er nauðsynlegt að ákveðin greiningarstarfsemi eigi sér stað áður en innlögn er ákveðin, hvort sem um er að ræða starfsemi eins og þá sem rekin er hjá SÁÁ eða hjá hinum ýmsu stofnunum vítt um landið sem jafnvel ferðast um göturnar til þess að ná í þá sjúklinga sem eru á götunni. Við neitum því ekki, flm., að einhver hópur einstaklinga sé á götunni, án húsaskjóls. Það er ekki vegna þess að ekki sé vilji hjá hinu opinbera, ríki eða sveitarfélagi, til að leysa málefni þessara einstaklinga. Ég tel að ríkur vilji sé hjá hinu opinbera til að leysa þennan vanda og það hafi verið gert í auknum mæli, m.a. á vegum sveitarfélaganna.

Við þurfum engu að síður að meðhöndla þetta vandamál með öðrum hætti en við höfum gert, skilgreina það betur. Með því að setja hér á fót sérstaka móttöku- og greiningarmiðstöð þar sem allir þeir sem þurfa á áfengis- eða vímuefnameðferð að halda fari í gegn er stigið skref í rétta átt. Síðan viljum við að sjálfsögðu að kannað verði hvort öll meðferð vegna áfengis og vímuefna eigi ekki heima undir einu og sama ráðuneytinu, sama hvort um er að ræða börn og ungmenni eða fullorðna, og það sé þá að sjálfsögðu starfsemi sem heyri undir heilbr.- og trmrn. Það er mitt álit. Eins og kom hér fram þegar ég mælti fyrir öðru máli í dag er dálítill mismunur á meðferð, hvort meðferðin heyrir undir félmrn. eða heilbr.- og trmrn.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Frv. JóhS og RG, 257. mál (úrskurðir kærunefndar). — Þskj. 285.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og SKK, 225. mál. — Þskj. 245.

[16:35]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda sem ég flyt ásamt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni.

Í rauninni er þetta afskaplega einföld þáltill. Felur hún í sér að Alþingi álykti að beina því til fjmrh. að hann láti gera úttekt á stöðu tryggingamála nemenda í verknámi framhaldsskólastigs. Kannað verði hver staða þessara mála sé, hvort slys á nemendum í verknámi séu skráningarskyld, hver kostnaður við tryggingu sé, hver sé fjöldi nemenda í verknámi og annað er nýtast kann við slíka úttekt.

Virðulegur forseti. Tilefni þessarar þáltill. er að við sátum, nokkrir hv. þm., á þingi Iðnnemasambandsins á sl. ári, því síðasta þingi sem Iðnnemasambandið hélt, og þar voru þessi mál mjög til umræðu. Voru höfð uppi nokkuð stór orð um stöðu þeirra og ýmsir fullyrtu að verknámsnemar, hvort heldur þeir væru í verklegu námi innan skóla eða í starfsþjálfun úti á vinnustöðum, væru ekki tryggðir. Því var jafnvel haldið fram að þeir væru ekki skráningarskyldir, með öðrum orðum að þessi mál væru öll í lamasessi.

Hvað er rétt og hvað er rangt í þessu skal ósagt látið hér en þáltill. gengur út á að láta gera faglega úttekt á þessu, kanna stöðuna og hvað þurfi til þess að bæta þar úr. Það er rétt í þessu sambandi að leggja áherslu á það að til þess að koma starfsþjálfun í tengslum við umræðu um eflingu starfsnáms í skólakerfi okkar, sem þingheimur virðist almennt vera mjög sammála um, a.m.k. í orði, í rétt horf þarf hún örugglega að hluta til að fara fram úti í fyrirtækjum en að einhverju leyti að sjálfsögðu inni í skólum. Þá er mjög mikilvægt að réttarstaða nemenda sé alveg skýr hvað þetta varðar. Það segir sig sjálft að í ýmsu verklegu námi, við getum sagt í trésmíðanámi, er ákveðin slysahætta, enda hafa svo sem orðið þar, illu heilli, slys annað slagið og það er mikilvægt að staða nemenda sé afskaplega skýr hvað varðar þessa aðstöðu.

Um þetta þarf í sjálfu sér ekki meira að segja. Þáltill. gerir sem sagt ráð fyrir því að þessi úttekt fari fram og að á grundvelli þeirrar úttektar verði þá hægt að bregðast við.

Virðulegur forseti. Ég hef þar með lokið máli mínu og mælist til þess að að lokinni umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og JBjart, 268. mál. — Þskj. 301.

[16:38]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum sem ég flyt ásamt hv. þm. Jónínu Bjartmarz.

Þáltill. sjálf er aðeins ein málsgrein, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna möguleika þess að efna til formlegs samstarfs ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum."

Þetta er afskaplega skýr efnisgrein. Hugsunin á bak við hana kemur e.t.v. skýrast fram í teikningu sem fylgir þingskjalinu og er unnin af Grími Atlasyni, starfsmanni Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Hér kemur fram í greinargerð að hvað varðar heilbrigðis-, trygginga- og félagsmál séu mörg grá svæði, enda afskaplega margir aðilar sem koma að slíku. Sum þessara mála heyra undir heilbrrn., önnur undir félmrn. og þriðji hlutinn undir sveitarfélögin. Síðan koma ýmsir aðilar, eins og verkalýðsfélög sem koma að ýmsum slíkum þáttum með beinum og óbeinum hætti. Það eru ýmis félagasamtök. Síðan má ekki gleyma afskaplega dugmiklum einstaklingum sem láta þessi mál til sín taka.

Með því hve margir koma stjórnsýslulega og með óformlegum hætti að þessum málaflokki dreifast kraftar afskaplega mikið. Fólk sem starfar innan þessa geira beinlínis kvartar undan því að það þurfi að ganga á milli margra aðila til að sinna tiltölulega einföldum málum.

Hugsunin með þessari þáltill. er að kanna hvort ekki kunni að vera leið til þess að efla þjónustustigið, gera það skilvirkara, steypa þessu í eina stofu, ekki stofnun, heldur kannski eina stofu sem væri staðsett innan sveitarfélaga, en byggðist síðan á samstarfssamningi milli þeirra aðila sem hér hafa verið taldir upp. Það má segja að hugsunin á bak við þetta sé sú að gerður sé nokkurs konar starfssamningur á milli þessara aðila en það sé á höndum eins aðila að sinna þjónustunni. Sá sem þjónustunnar nýtur þarf þá ekki að snúa sér til nema eins aðila sem síðan gætir hagsmuna hans gagnvart kerfinu öllu.

Ég hef rætt þetta við ýmsa aðila sem starfa í þessum geira og þeir hafa tekið mjög jákvætt í þessa hugmynd, enda má segja að hún sé ekkert mjög ný. Hún hefur verið reynd í Noregi og sumpart hérlendis með svokölluðum tilraunasveitarfélögum. Má þar nefna t.d. að sveitarfélagið Hornafjörður hefur tekið heilbrigðisþjónustuna og málefni fatlaðra í sínar hendur, notar þar samlegðaráhrifin. Eru bæði sveitarstjórnarmenn en ekki síður starfsmenn og skjólstæðingar mjög ánægðir með það fyrirkomulag og telja að þjónustustigið hafi batnað verulega.

Það má færa rök fyrir því að með slíku fyrirkomulagi, með einni svona „félagsstofu" sem byggir á þjónustulund og góðu þjónustustigi, aukist þjónustan, þjónustustigið hækki, en jafnframt verði fjármunir nýttir betur. Okkur flutningsmönnum finnst vera þess virði að láta gera úttekt á þessu, láta skoða þessa þætti, og ef niðurstaðan verður eins og ég reyni nú að halda fram væri sjálfsagt að fara þessa leið.

Virðulegi forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa frekari orð um þetta en leyfi mér að mælast til þess að málinu verði vísað til hv. félmn. að umræðunni lokinni.

[16:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek hér til máls til að lýsa fullum stuðningi við þessa þáltill. um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Ég hef marglýst skoðun minni í þessum málum, svipaðri þeirri sem hér kemur fram, varðandi ýmis mál sem rædd hafa verið hér á Alþingi, og þá sérstaklega þegar fjallað hefur verið um ýmis mál sem snúa að heilbrigðisþjónustunni

og mikilvægi þess að heilbrigðis- og félagsþjónustan vinni vel saman. Ég tel að það eigi að skoða mjög vandlega efni þessarar þáltill. því að ekki er allt fengið með sameiningu sveitarfélaga og því að koma verkefnum yfir á sveitarfélög til þess að ná fram betri nýtingu fjármagns. Það er hægt að ná betri þjónustu og meiru út úr fjármagninu með formlegu samstarfi eins og hér er lagt til.

Ég hef í þó nokkrum ræðum ítrekað að æskilegt sé að koma á samstarfi, sérstaklega félagsþjónustunnar og heilbrigðisþjónustunnar í sveitarfélögunum og verkefnið sem er í gangi í Hornafirði, sem nú er tilraunasveitarfélag, hefur gefist mjög vel. Það er til eftirbreytni og fyrirmynd sem ég tel að hægt sé að taka upp í öðrum sveitarfélögum og sníða eftir þörfum og getu sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eru misjöfn og það er hægt að ná góðu formlegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga um ýmis verkefni til þess að fá fram betri þjónustu þó að verkefnið sé ekki alfarið yfirfært á sveitarfélagið eða betri nýtingu náð með sameiningu. Ég legg eindregið til að þetta verði skoðað vandlega því það getur aldrei komið annað en gott út úr því að fara í þessa vinnu. Það verður aldrei annað en til hagsbóta og þá sérstaklega fyrir íbúa sveitarfélaganna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sýslur, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og ÁSJ, 269. mál. — Þskj. 302.

[16:46]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um sýslur. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sem sat á þingi sem varaþingmaður fyrr í vetur. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.“

Herra forseti. Trúlega þykir mörgum einkennilegt að taka þetta mál upp á Alþingi en hugtakið „sýslur“ hefur tekið breytingum í tímanna rás. Það er nokkuð á reiki í hugum manna hvað sýsla þýðir og hvort hún sé í raun til í stjórnsýslunni í dag.

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan var endurflutt á 126. og 128. löggjafarþingi af sömu flutningsmönnum og endurflytja hana nú. Þau fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst flutt fylgja hér einnig með.

Gerð hefur verið góð grein fyrir tillögunni þegar mælt hefur verið fyrir henni á fyrri þingum. Ég ætla því ekki að fara mjög ítarlega út í greinargerðina en vil taka fram að eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með lögum nr. 92/1989, heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Sýslumörk eru farin á flot í meðförum manna, eins og ég hef sagt áður. Þar er ruglað saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Hæstv. forseti. Ég fékk svar frá hæstv. landbrh. nú í vetur í febrúarmánuði á þskj. 795 við fyrirspurn minni um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7.500 ærgildum sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda 19. desember. Í Stjórnartíðindum er vísað til sýslu sem einingar þar sem hverju sauðfjársvæði er veitt ákveðin stigagjöf og sýslurnar, svo sem Gullbringu- og Kjósarsýsla og sveitarfélögin innan þeirra talin upp, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla o.s.frv. Í þessu svari og í Stjórnartíðindum er vísað til sýslumarka sem ákveðinna umdæma.

Herra forseti. Ég tel rétt að þessi þáltill. komist til hv. allshn. til umsagnar, skoðunar og afgreiðslu. Þó ekki væri nema af menningarsögulegum ástæðum tel ég rétt að skýra stöðu sýslna í stjórnsýslunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnulýðræði, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 271. mál. — Þskj. 306.

[16:53]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um atvinnulýðræði. Auk mín eru flutningsmenn hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Helgi Hjörvar og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Með þáltill. þessari er lagt til að hafin verði markviss athugun á því hvernig unnt er að innleiða hér á landi það sem kallað hefur verið atvinnulýðræði.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna og gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja áhrif starfsmanna á stjórnun og ákvarðanatöku í fyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin skoði hvaða leiðir hafa verið farnar í nágrannalöndunum, einkum í Danmörku og í Þýskalandi og jafnframt á vettvangi Evrópusambandsins. Hún verði skipuð fulltrúum heildarsamtaka launþega og fulltrúum samtaka atvinnulífsins auk fulltrúa ráðherra og ljúki störfum fyrir 1. október 2004.“

Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu samstarfi og upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum á rekstur fyrirtækis og stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti. Atvinnulýðræði vinnur gegn óeðlilegri valdasamþjöppun og er hluti af góðri fyrirtækjamenningu sem er mikilvægur þáttur í nútímastjórnun.

Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun félaga og stofnana eru m.a. að tekið er tillit til hagsmuna starfsmanna með því að bæta aðgengi að reynslu og upplýsingum sem starfsmenn búa yfir.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið felur í sér að ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun fyrirtækisins.

Oft er rætt um tvær leiðir sem eru færar til að auka áhrif starfsmanna innan félaga og stofnana. Önnur er sú að starfsmenn hafi áhrif á mál sem snerta vinnutilhögun, svo sem *vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör. Hin felst í því að auka* áhrif starfsmanna á stjórnun. Hvorugt er algengt hérlendis og eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þessa þætti í skipulagi atvinnulífsins.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli horfið frá miðstýringu til dreifstýringar þar sem einstakir starfsmenn taka sífellt meiri þátt í ákvörðunum sem tengjast vinnu þeirra. Talið er að gott samband milli stjórnenda og starfsmanna sé í þágu beggja og hafi í för með sér bættan hag fyrirtækis, svo og betri starfsanda, ánægðari starfsmenn og betri launakjör. Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að styrkja félög og stofnanir, auka framleiðni og hækka laun, auk þess sem þessi leið eykur nauðsynlegt eftirlit í heimi vaxandi samkeppni.

Í löggjöf Evrópusambandsins eru ákvæði um atvinnulýðræði og er vikið að því í kafla um félagaréttarákvæði EES-samningsins. Nú þegar hefur tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, verið felld inn í EES-samninginn í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar sem staðfest hefur verið af Alþingi. Í greinargerð sem fylgdi tillögu til þingsályktunar um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sagði m.a.:

„Tilskipun 2001/86/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi, innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög. Miða ákvæði tilskipunarinnar að því að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum í stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né að vægi þeirra minnki við stofnun Evrópufélagsins."

Síðar segir í sömu greinargerð, með leyfi forseta:

„Þar sem bein þátttaka starfsmanna í stjórn fyrirtækja tíðkast almennt ekki á íslenskum vinnumarkaði eru ekki líkur til þess að tilskipunin muni leiða til þess að réttindi launamanna minnki með tilkomu Evrópufélaga. Þvert á móti er líklegra að í einhverjum tilvikum geti stofnun Evrópufélags leitt til þess að íslenskir starfsmenn félagsins öðlist meiri rétt en áður á grundvelli reglna tilskipunarinnar, þ.e. í þeim tilvikum sem starfsmenn erlendra félaga sem þátt taka í stofnun félagsins eiga á grundvelli laga í því aðildarríki eða samþykkta viðkomandi félags rétt til aðildar að ákvarðanatöku í félaginu."

Það er ljóst, virðulegi forseti, að þessar reglur munu aðeins gilda um Evrópufélög og því er full ástæða til að skoða þessi mál hvað önnur félög varðar og jafnframt stofnanir hins opinbera.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þróunin hérlendis virðist sú að fyrirtækja- og stofnanasamningar verði gerðir í ríkari mæli en áður. Hér á landi hefur hlutabréfamarkaður rutt sér til rúms og eignaraðild dreifst í fjölmörgum félögum. Það ýtir enn frekar undir þátttöku starfsmanna í ákvörðunum innan einstakra fyrirtækja og stofnana eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Í núgildandi lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er heimild til að veita megi stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnendur. Þannig gætu hlutafélög, *miðað við núverandi löggjöf, ákveðið að starfsmenn* tilnefndu aðila í stjórn. Hins vegar er ekki vitað til þess að svo sé gert í nokkru íslensku hlutafélagi. Tilgangur þessarar tillögu er að koma því til leiðar að áhrif starfsmanna verði tryggð á stjórnun fyrirtækja og stofnana. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að atvinnulýðræði er tiltölulega vanþróað hér á landi og að við erum áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja.

Ástæða er til að skoða, herra forseti, vandlega þær leiðir sem farnar hafa verið í Danmörku. Þar er atvinnulýðræði tryggt með þeim hætti að starfsmenn kjósa tiltekið hlutfall stjórnarmanna í hlutafélögum. Jafnframt mætti nefna að tillaga þessi á rót sína að rekja til frumvarps sem var fyrst flutt á 121. þingi af þáverandi þingflokki jafnaðarmanna en fyrsti flutningsmaður var Ágúst Einarsson. Hans frv. byggði m.a. á þessari dönsku leið, þ.e. að starfsmenn kjósi tiltekið hlutfall stjórnarmanna í hlutafélögum. Sú leið var lögð til í þessu frv. á sínum tíma, 121. löggjafarþingi, og sótti fyrirmynd sína til Danmerkur.

Það að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja og stofnana er leið sem búast má við að skili mestum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Einnig hafa verið ákvæði í þýskri löggjöf frá um 1950 um áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja og stofnana. Í Noregi var starfsmönnum ríkisfyrirtækja veittur réttur til þess að velja fulltrúa í stjórn þegar árið 1947.

Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn félaga eru frá árinu 1973 og hafa reynst vel. Ákvæðin gilda um fyrirtæki sem hafa 35 starfsmenn eða fleiri.

Tilgangur þessarar tillögu er fyrst og fremst að opna umræðu um atvinnulýðræði í íslenskum félögum og stofnunum. Norðurlöndin hafa náð langt á þessu sviði, svo og Þýskaland og reyndar mörg lönd innan Evrópusambandsins.

Herra forseti. Flutningsmenn telja að almennar reglur um atvinnulýðræði sem tækju til allra félagaforma sem og stofnana ríkisins mundu styrkja íslenskt atvinnulíf og bæta kjör launafólks, jafnframt því að greiða fyrir aukinni framleiðni félaga og stofnana og bæta þar með samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa tillögu nú við fyrri umræðu málsins. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og ég geri ráð fyrir, virðulegi forseti, að málið eigi heima í félmn. og legg til að því verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og ÞBack, 272. mál. — Þskj. 308.

[17:02]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, sem hv. þm. Þuríður Backman flytur ásamt mér. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta fara fram könnun á forvarna- og meðferðarúrræðum fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Í framhaldi af slíkri könnun verði settar fram tillögur um úrbætur með það fyrir augum að stuðla að heildstæðum lausnum og markvissri nýtingu fjárstuðnings frá hinu opinbera."

Í greinargerð með tillögunni er á það bent að starfsemi á sviði forvarna og meðferðarmála hafi aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og er óhætt að segja að margt mjög gott hafi verið gert á þessum vettvangi. Engu að síður er það svo að það forvarna- og meðferðarkerfi sem við búum við er ekki heildstætt. Það kann að hafa ýmsa kosti í för með sér en einnig mikla veikleika.

Hverjir skyldu kostirnir vera? Kostirnir kynnu að vera þeir að í sveigjanlegu umhverfi er svigrúm fyrir nýja aðila að hasla sér völl með ný úrræði og slíkt kann að stuðla að framförum. En veikleikarnir eru einnig mjög miklir og vega talsvert þungt að mínu viti. Þannig er boðið upp á úrræði sem eru mjög misjöfn að gæðum.

Í athugun sem Grímur Atlason gerði fyrir Félagsþjónustu Reykjavíkur kemur fram að aðilar sem veita vímuefnameðferð á Íslandi eru eftirfarandi: Landspítali – háskólasjúkrahús, SÁÁ, Samhjálp, Byrgið, Krýsuvíkursamtökin, Reykjavíkurborg (með áfangaheimili), fangelsi, trúfélög og ýmsir sjálfstætt starfandi aðilar.

Það hefur iðulega verið bent á að eftirlit með þessum aðilum virðist bæði tilviljunarkennt og skipulagslaust. Málefni þeirra heyra undir tvö ráðuneyti og jafnvel fleiri, eins og reyndin var til skamms tíma með Byrgið þegar það var á Miðnesheiði. Þá kom utanrrn. einnig við sögu, en það er að sjálfsögðu á öðrum forsendum en þeim sem ég er að vísa til í stjórnsýslunni.

Flókinn rekstrargrundvöllur þessara aðila er ekki til þess fallinn að gera starfsemi þeirra gagnsæja eða stuðla að heildstæðri vímuefnameðferð á Íslandi. Landspítali – háskólasjúkrahús fær allt sitt rekstrarfé í gegnum opinbera sjóði en SÁÁ og fleiri þurfa að treysta á framlög einkaaðila og félaga.

Ég verð að segja að mér finnst það mjög vafasamt að aðili eins og SÁÁ sem rekur í reynd sjúkrahús, skuli þurfa að treysta á safnanir og fjárframlög frá einkaaðilum. Þegar stofnanir vinna sér sess sem sjúkrastofnanir eða spítalar þá finnst mér að þær eigi að fá inngöngu í kerfið, ef svo mætti að orði komast. Ég er ekkert alveg viss um að þessi hugsun sé með öllu ill eins og ég gat um áðan, með sveigjanleikann í kerfinu. Nýir aðilar geta komið til sögunnar en þegar þeir hafa sannað sig eftir áratuga reynslu, þá fái þeir aðgöngu að kerfinu.

Við leggjum áherslu á að reynt verði að stuðla sem markvissast að sameiginlegum markmiðum þegar sköpuð eru úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur þannig að kerfið sé heildstætt að þessu leyti. Og við leggjum til atriði í þremur liðum sem við viljum að tekin verði til gagngerrar skoðunar, en þau eru eftirfarandi, við setjum þau fram í spurningarformi því við viljum fá um þetta umræðu og skoðun:

1. Er hægt að koma á markvissara eftirliti með meðferðarúrræðum vímuefnaneytenda á Íslandi?

2. Væri til bóta að gera kröfu um árangurstölur frá þeim aðilum sem sinna meðferð vímuefnaneytenda á Íslandi og þær þá teknar saman af hlutlausum aðilum, samanber rannsóknir Kristins Tómassonar árið 1995 og 1996?

3. Kemur til greina að setja á laggirnar greiningar- og ráðgjafarstöð/móttökustöð sem sinnti móttöku og greiningu allra þeirra sem leituðu sér aðstoðar vegna vímuefnavanda á Íslandi?

Greiningar- og ráðgjafarstöð vísar til ákveðinnar hugsunar, kannski fremur en til stofnunar. Við erum að vísa til þess að kerfið komi sér upp ákveðnum stöðlum sem auðveldi fjárveitingavaldinu að taka ákvarðanir um hvern eigi að styrkja og á hvaða forendum eigi að styrkja hann. Við sjáum þetta gerast aftur og ítrekað, að upp spretta stofnanir, velviljaðar, duglegar, eru að sinna nauðsynlegum verkum, vinna þjóðþrifaverk. En á hvaða forsendum á fjárveitingavaldið síðan að koma til móts við þær?

Hér þykir okkur vanta staðlana, hina faglegu staðla. Og hvort sem það yrði gert í stofnun, greiningarstöð, eða með öðrum hætti er nokkuð sem við auglýsum eftir umræðu um.

Talsvert hefur verið skrifað um þessi efni að undanförnu. Ég vísa t.d. í ágætar greinar Gríms Atlasonar í blöðum. Mér er kunnugt um að það eru ekki allir á einu máli á þessum vettvangi nema síður sé. Það sem við erum að auglýsa eftir er þetta: Við erum að auglýsa eftir góðri umræðu um þessi mál með það að markmiði að færa þessa starfsemi alla inn í markvissari farveg.

Við segjum undir lokin í greinargerð með þáltill. okkar, með leyfi forseta:

„Mikið starf hefur verið unnið á þessu sviði heilbrigðisþjónustu síðustu áratugina og margt gott af því leitt. Á því er ekki nokkur vafi. Margt bendir þó til að hægt væri að ná enn betri árangri með markvissara skipulagi og virkara eftirliti. Að því miðar þessi tillaga."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 273. mál. — Þskj. 309.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Frv. GÖg o.fl., 276. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 312.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjatjónstrygging, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 201. mál. — Þskj. 208.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður barna, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 287. mál (ársskýrsla). — Þskj. 332.

Enginn tók til máls.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 596. mál, fsp. JóhS, þskj. 900.

Eignarskattur, 599. mál, fsp. AtlG, þskj. 903.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:12.

---

66. FUNDUR

miðvikudaginn 18. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Mengun frá tímum herstöðvarinnar á Heiðarfjalli, fsp. SJS, 539. mál, þskj. 814.

Til menntamálaráðherra:

2. Nám í listgreinum á háskólastigi, fsp. HlH, 397. mál, þskj. 533.

3. Verktaka starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu, fsp. ÁRJ, 513. mál, þskj. 785.

Til dómsmálaráðherra:

4. Áfengisauglýsingar, fsp. MÁ, 444. mál, þskj. 622.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Uppbygging og rekstur meðferðarstofnana, fsp. EKG, 512. mál, þskj. 784.

6. Málefni heilabilaðra, fsp. AKG, 545. mál, þskj. 823.

Til umhverfisráðherra:

7. Kadmínmengun í Arnarfirði, fsp. MÞH, 109. mál, þskj. 109.

8. Malarnám í Ingólfsfjalli, fsp. MÞH, 129. mál, þskj. 129.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Veiðigjald og sjómannaafsláttur.

[13:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur vakið nokkra athygli að stjórnarliðar hafa komið inn í umræðuna með hugmyndir um að afleggja hið fræga veiðigjald sem var sett á á síðasta kjörtímabili og mikil átök urðu um í þinginu. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur sett það fram að vel mætti svo sem skipta á þessu gjaldi í staðinn fyrir sjómannaafsláttinn, en um hann virðist orðinn einhver kaupskapur milli stjórnarliða og annarra hér. Þetta hefur náttúrlega vakið mikla athygli.

Ekki síður vakti það athygli mína þegar það kom fram í viðtali við hv. formann sjútvn. Alþingis Guðjón Hjörleifsson að um veiðigjaldið hefði ekki orðið nein sátt þannig að ekki er nein sátt um þetta fræga sáttamál ríkisstjórnarinnar sem var kynnt sem slíkt og deilt um í kosningabaráttunni fyrir síðustu kosningar, að mati formanns sjútvn. og forsvarsmanns Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum á hv. Alþingi. Ég held að það sé kominn tími til þess að menn velti því fyrir sér hvað sé í gangi því að varla getur það verið tilviljun þegar tveir stjórnarliðar stökka fram á veginn og jarða þetta veiðigjald. Við vorum á móti því á sínum tíma og ekki græt ég það þó það detti upp fyrir því að um það er auðvitað engin sátt. En þessi ríkisstjórn hefur sett það fram að hún ætli að setja eignarhald á auðlindinni í stjórnarskrána. Því er kominn tími til að menn svari því hvaða sátt eigi að verða um þá niðurstöðu. Ég hvet til þess að menn svari því hér hvort þeir séu tilbúnir til þess að leita sátta um þetta mál. Þá gætu menn kannski fundið leiðir til þess að komast frá þessu óvinsæla veiðigjaldi og yfir í eitthvað annað sem gæfi mönnum betra tækifæri til sátta í málinu.

[13:36]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það vekur dálítið undrun mína að menn skuli koma hér og ræða um störf þingsins vegna ummæla sem ég hef látið falla um veiðigjald. Ég vil minna alla á það, herra forseti, að við atkvæðagreiðslu um veiðigjaldið greiddi ég atkvæði gegn því. Ég gerði grein fyrir atkvæði mínu og sagði þá eins og ég hef oft sagt fyrr og síðar, að þetta veiðigjald gæti aldrei verið annað en til þess að skerða kjör launþega í sjávarútvegi og því væri ég á móti því. Ég hef alltaf verið á móti því og það eru engin tíðindi að ég sé á móti því. Ummæli mín um það núna að ég sé á móti þessu veiðigjaldi eru því bara engin frétt. Það hefur legið fyrir árum saman og varla fer veröldin að hristast yfir því núna þannig að ég held að það sé alveg óþarfi hjá hv. þingmanni að gera þetta að umræðuefni hér. Þessi sjónarmið mín eru mjög vel þekkt og hafa alltaf verið undirstrikuð.

[13:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ætti að vera ánægður með að meiri athygli sé vakin á hans sjónarmiðum. Auðvitað eru þau kunn á hv. Alþingi. En þegar formaður sjútvn. þingsins kemur fram og afgreiðir þetta veiðigjald með þeim hætti sem hann gerði, þ.e. að um það væri engin sátt, þá hljóta menn að hugsa: Bíddu nú við. Er ekki maðurinn að tala sem talar fyrir a.m.k. Sjálfstfl. í þessu máli? Þess vegna er ástæða til þess að menn ræði það í sölum Alþingis hvort ekki sé kominn tími til að setjast yfir þetta mál og leita sáttarinnar eins og átti að gera. Ég hvet til þess. Ég satt að segja trúi því ekki að menn ætli að gera grín að stjórnarskránni með því að setja ákvæði þar inn um þjóðareign á auðlindinni sem ekkert er að marka svipað og ákvæðið sem var sett inn í lögin um samningsveð. Ætla menn að gera það? Ég trúi því ekki.

Ég held að kominn sé tími til að menn setjist yfir þetta mál og skoði það upp á nýtt. Það vaknaði satt að segja hjá mér dálítil von þegar ég heyrði viðtalið við hv. formann sjútvn. Guðjón Hjörleifsson sem sat sjálfur í auðlindanefndinni. Þetta er nú ekki bara venjulegur Jón úr umræðunni (**Gripið fram í:** Þetta er Guðjón.) heldur Guðjón.

[13:38]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Það er töluverður munur á Jóni og Guðjóni. Það er heill guð á milli. Ég starfaði í auðlindanefndinni og ég var með tillögu um veiðileyfagjald eins og meiri hlutinn. En það var ágreiningur. Menn vildu fara fyrningarleiðina. Fram komu margar tillögur. Þar kom m.a. fram hvort veiðileyfagjald ætti að fara 50% til hafna heima í sveitarfélagi til að styrkja atvinnu þar, til að bregðast við ef það kæmu váleg tíðindi í sjávarútvegi eða til að styrkja atvinnugreinina og kanna fleiri möguleika. Það var ágreiningur í þessari nefnd þó margt gott hafi komið frá henni.

Ég sagði líka að veiðileyfagjald væri eitt og sjómannaafsláttur væri annað. En ef þessi umræða kemur hér upp í framhaldi af því sem Einar Oddur Kristjánsson hefur rætt um í fjölmiðlum þá finnst mér mjög eðlilegt að þetta verði skoðað og um það verði tekin umræða á Alþingi.

[13:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig athyglisvert að hv. þm. Jóhann Ársælsson skuli taka þetta mál upp á hv. Alþingi. Honum finnst eitthvað vanta upp á sáttina um veiðigjaldið. Á síðasta kjörtímabili lagði ríkisstjórnin sig fram um að ná víðtækari sátt um sjávarútveginn með því að taka upp veiðigjald. Við vorum hins vegar alveg klár á því að það mundi aldrei takast 100% sátt um það mál, til þess væru hagsmunirnir of fjölbreyttir. Ég hafði hins vegar gert mér von um að víðtækari sátt yrði um þessa niðurstöðu heldur en síðan varð raunin. Ég tel mig reyndar hafa haft ástæðu til þess að gera mér þær vonir. Þær vonir voru m.a. byggðar á áliti auðlindanefndarinnar svokölluðu þar sem fulltrúar Samfylkingarinnar féllust á tvær leiðir sem kæmu til greina til þess að ná þessari víðtækari sátt.

Í vinnunni sem síðan var unnin í framhaldinu í svokallaðri endurskoðunarnefnd þar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson átti sæti hljóp hins vegar hann og Samfylkingin frá þeirri sátt sem fulltrúar Samfylkingarinnar í auðlindanefndinni höfðu gengist inn á. Það er því að bera í bakkafullan lækinn að hv. þm. Jóhann Ársælsson skuli síðan koma hér upp og kvarta yfir því að ekki skuli vera nægjanleg sátt um veiðigjaldið og bera fyrir sig þá menn úr mínum flokki sem hafa alla tíð verið á móti gjaldinu og hafa verið staðfastir í því sem þeir hafa sagt. En það hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson og Samfylkingin ekki verið. Fulltrúar hennar hafa verið bæði með og á móti eftir því sem hefur hentað þeim í hinni pólitísku umræðu, eftir því sem þeir hafa talið að hafi staðið best fyrir þá hverju sinni. Eins og ég segi þá var kannski bara ágætt að einmitt þessi hv. þm. hóf máls á þessu á Alþingi (Forseti hringir.) til þess, herra forseti, að við gætum rifjað upp forsendur þessa máls.

[13:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta er ótrúlegt að heyra. Hæstv. sjútvrh. fær kost á því hér að segja álit sitt á hugmyndum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um að skipta á veiðigjaldinu og sjómannaafslættinum. Hæstv. ráðherra hefur lagt fram báðar þessar hugmyndir. Hann fékk aðra samþykkta gegn minni hluta í þinginu vissulega. Hann á í basli með hina hugmyndina. Þeir Geir H. Haarde félagi hans, hæstv. ráðherra, eiga í basli með hina hugmyndina um sjómannaafslátt. En hvað gerir hann þegar hann færi tækifæri til þess að afgreiða þetta mál á snyrtilegan hátt í upphafi umræðu á Alþingi? Hann ræðir um hv. þm. Jóhann Ársælsson og um afstöðu Samfylkingarinnar í auðlindanefndinni. Það er hægt að upplýsa hæstv. ráðherra um það, fyrst hann hefur ekki enn þá komið því inn í höfuðið á sér, að fulltrúar Samfylkingarinnar í auðlindanefndinni skrifuðu undir það samkomulag alveg klárlega þannig að þeir teldu að fyrningarleiðin væri betri, alveg á sama hátt og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson skrifaði undir það ásamt Ragnari Árnasyni í hina áttina og sagði að það væri skýrt álit þeirra að hún kæmi ekki til greina.

Við í Samfylkingunni höfum staðið á fyrningarleiðinni í veiðigjaldsmálinu og erum stolt af því og hæstv. sjútvrh. á ekkert með það að vera að snúa út úr málum sem koma hér fyrir með þvættingi af þessu tagi.

[13:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu. En vegna ummæla hæstv. sjútvrh. er mér bæði ljúft og skylt að koma hér upp og lýsa því yfir að sú sátt sem hann telur sig vera handhafa að og hafa keyrt í gegnum þingið er á engan hátt í samræmi við það sem menn leituðu eftir í auðlindanefndinni. Sá sem hér stendur átti sæti í auðlindanefndinni. Ég vildi bara að þetta lægi fyrir í umræðunni og að menn séu ekki að rugla þessu saman því að það er mjög mikilvægt.

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili var mikil umræða um það bæði í þinginu og utan þings í einstökum stjórnmálaflokkum hvernig menn gætu náð niðurstöðu um stjórn fiskveiða á þann veg að meiri sátt ríkti um það mál en verið hafði fram til þess tíma. Niðurstaða fékkst á því máli eins og menn þekkja hér á þingi fyrir tæpum tveimur árum.

Því er ekki að leyna að sú umræða sem varð um það mál í aðdraganda síðustu alþingiskosninga dregur það skýrt fram að af hálfu kjósenda var ekki litið svo á að þær tillögur sem niðurstaða varð um væru fullnægjandi til þess að mæta þeirri gagnrýni sem menn hafa á gildandi fyrirkomulag og

einkum beinast að áhrifum af framsali veiðiheimilda og samþjöppun þeirra. Menn verða auðvitað að vera því viðbúnir að slík umræða haldi áfram bæði innan þings og utan. Það er mitt mat að þetta veiðigjald sem niðurstaða varð um mætti út af fyrir sig ákveðnum sjónarmiðum, þeim sjónarmiðum að handhafar veiðiheimilda ættu að greiða tiltekið gjald til ríkissjóðs fyrir afnot af þeim. En það mætti á engan hátt öðrum sjónarmiðum sem menn hafa sett mjög fram í þessari umræðu og við þekkjum úr síðustu alþingiskosningum. Þess vegna er það skoðun mín að málinu sé ekki lokið. Umræða um endurskoðun á þessum lögum hlýtur að gjósa upp á nýjan leik og koma fram í þingskjölum. En það er allt annað mál heldur en ákvæði skattalaga um afslátt til þeirra sem starfa á sjávarútvegi og á á engan hátt að blanda því saman.

[13:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að þessi umræða er farin af stað hér því að hv. þm. eru greinilega búnir að gleyma því hvað var að gerast á þeim tíma þegar auðlindanefndin og endurskoðunarnefndin störfuðu.

Samf. átti þrjá fulltrúa í auðlindanefndinni. Þeir skrifuðu allir undir nál. fyrirvaralaust þar sem tveir valkostir voru gefnir sem forsenda þeirrar sáttar sem síðan varð þó að hún yrði ekki eins víðtæk og maður gat á þeim tíma gert sér vonir um.

Þrír aðrir nefndarmenn skrifuðu undir með fyrirvara, þeir Guðjón Hjörleifsson, Ari Edwald og Ragnar Árnason. Þeir skrifuðu undir með fyrirvara, þeir höfðu fyrirvara við þessi atriði en ekki þingmenn Samf.

Síðan var það Samf. sem hljóp frá undirskriftum sinna manna þegar kom til þess að afgreiða málið frá Alþingi sem lög. Það er ágætt fyrir hv. þm. Mörð Árnason að minnast þessa. Hann var ekki hér þegar þetta var í umræðunni og afgreitt þannig að honum kannski fyrirgefst að muna það ekki. Ég ætla síðan ekki að gera að umtalsefni þann skæting sem hann af vana hnýtti aftan í ræðu sína hér.

[13:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það áðan að sú niðurstaða sem hæstv. sjútvrh. hefur haldið á og keyrði í gegnum þingið væri ekki í neinu samræmi við þá umræðu og þá niðurstöðu sem fram kom í auðlindanefndinni. Það breytir hins vegar engu og hæstv. ráðherra heldur áfram að hjakka í þessu fari. Það er kannski partur af þessari pólitík á köflum að menn túlka hlutina aðeins í samræmi við það sem hentar. Hér hefur hæstv. sjútvrh. leyft sér þann munað að túlka hlutina í samræmi við það sem hann telur henta núna.

Ég ítreka það að hæstv. sjútvrh. sat ekki í auðlindanefnd þannig að hæstv. sjútvrh. er ekki til þess bær að koma hér upp og tjá sig um það sem þar fór fram. Þetta liggur fyrir, virðulegi forseti ... (**Gripið fram í:** Kann ráðherrann ekki að lesa?) ja, það er einmitt það sem ég vil leyfa mér að draga í efa, að hæstv. ráðherra kunni að lesa. Kjarni málsins er sá að hæstv. ráðherra leyfir sér að tjá hér og túlka hluti sem hann hefur ekki hugmynd um. Ég vil bara að þetta liggi ljóst fyrir í umræðunni, virðulegi forseti.

[13:49]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er rétt, og ber að viðurkenna það, hjá hæstv. sjútvrh. að undirskriftir þeirra Guðjóns og Ragnars, að mig minnir, annars hv. núverandi þingmanns, Ara Edwalds hugsanlega líka, voru með fyrirvara um fyrningarleiðina. Ég var ekki í auðlindanefndinni og ekki á þingi þegar hæstv. ráðherra Árni Mathiesen kom með hið fáránlega frv. sitt um veiðigjald sem engin sátt gat orðið um, og er ekki enn — það er rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni — en það var alveg skýrt af hálfu Samf. og fulltrúa hennar í þessari nefnd að þó að hún skrifaði undir hina almennu umfjöllun um auðlindamál, þar á meðal þessar tvær leiðir sem þarna voru nefndar, stóð hugur hennar alla tíð til fyrningarleiðarinnar og það hefur löngum verið ljóst.

Skætingur, segir hæstv. sjútvrh. Hann hefur komið tvisvar inn í umræðuna sem fjallar um — hvað? Ekki um auðlindanefndina, heldur um orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, vilja hans til að skipta á sjómannaafslætti og veiðigjaldi. Kemur það kannski hæstv. sjútvrh. ekkert við, forseti sæll? Er það skætingur að spyrja hvaða skoðun hæstv. sjútvrh. hafi á þessu máli? Er það skætingur að ætlast til þess að hann eða einhver annar fulltrúi stjórnarliðsins komi hér upp og skýri hvers vegna sjómannaafslátturinn er í uppnámi? Hvernig stendur á því að þessar hugmyndir koma frá virðulegum, háttvirtum, margfróðum og vinsælum þingmanni, Einar Oddi Kristjánssyni, sem hefur munninn fyrir neðan nefið í þessu máli sem öðrum? Er hann einn í þessu máli, er hann einangraður í Sjálfstfl., hjá stjórnarliðinu, eða er hann hér með hugmyndir á sveimi sem við eigum eftir að sjá seinna verða að veruleika á þinginu?

Þessu á hæstv. sjútvrh. eða þá einhver annar í hans stað að svara og ekki að vera að tala um skæting hjá öðrum.

Tilhögun þingfundar.

[13:51]

Forseti (Puríður Backman):

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur eru fyrirhugaðar rétt fyrir kl. fjögur í dag.

Mengun frá tímum herstöðvarinnar á Heiðarfjalli.

Fsp. SJS, 539. mál. — Þskj. 814.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að hreyfa hér við máli sem áður hefur reyndar borið á góma í sölum Alþingis, um mengun sem fyrirfinnst á Heiðarfjalli á Langanesi sem afleiðing af bandarísku herstöðinni sem þar var byggð á sjötta áratugnum og rekin fram til 1971.

Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. utanrrh. af þessum sökum og sú fyrsta er svohljóðandi:

„Hefur ráðherra fylgt eftir eða brugðist á einhvern hátt við sameiginlegri kröfu norrænu umhverfisverndarsamtakanna um hreinsun á Heiðarfjalli á Langanesi sem send var bandarískum stjórnvöldum í desember sl.?"

Heildarsamtök umhverfisverndarfólks á Norðurlöndum — fulltrúi í því samstarfi af Íslands hálfu er Landvernd — hittust í Tammisaari í Finnlandi í desembermánuði sl. og sendu frá sér sameiginlegt erindi til utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og afrit til hæstv. utanrrh. þar sem lýst er óviðunandi ástandi hvað

varðar mengun, rusl sem liggur í landi jarðarinnar Eiðis og reyndar fleiri jarða við Heiðarfjall sem afleiðingar af starfrækslu bandarísku radarstöðvarinnar þar á sínum tíma. Sú krafa er reist að stjórnvöld axli ábyrgð á þessu ástandi og svæðið verði hreinsað.

Í öðru lagi spyr ég:

„Hefur ráðherra fylgst með framvindu mála þar sem hreinsun er hafin á menguðum jarðvegi í sambærilegum yfirgefnum herstöðvum Bandaríkjahers, svo sem á Resolution-eyju í Nunavut í Kanada?"

Þar er nú hafið mikið hreinsunarátak og til stendur að flytja a.m.k. 5 þús. rúmmetra af PCB-menguðum jarðvegi til viðurkenndrar hreinsunarstöðvar suður í Québec-fylki í Kanada. Þetta mun augljóslega kosta ærna fjármuni en er gert vegna þess að þarna er um mikla mengun að ræða frá starfsemi sem var að öllu leyti hliðstæð við starfrækslu stöðvarinnar á Heiðarfjalli. Stöðin var byggð á sama tíma, rekin í svipaðan árafjölda, umfang rekstrarins var nokkurn veginn það sama og það er ástæða til að ætla að sömu mengandi efnin, sömu olíufylltu rafspennarnir og annað sem þarna veldur mengun, hafi verið notað í báðum tilvikum.

Í þriðja lagi spyr ég:

„Hvað hefur ráðherra aðhafst til að tryggja að íslenskir aðilar, landeigendur, sveitarfélag og stofnanir, nái rétti sínum í þessu máli gagnvart þeim yfirvöldum, bandarískum eða innlendum, sem ábyrgð bera á ástandinu á Heiðarfjalli?"

Það getur auðvitað ekki gengið að svona máli sé drepið á dreif árum og áratugum saman og að allar til þess bærar stofnanir virðist vísa því frá sér að taka á málinu þannig að landeigendur, sveitarfélag, hollustu- og heilbrigðisyfirvöld og aðrir slíkir komast ekkert áfram með málið.

Að síðustu spyr ég:

„Hefur ráðherra skoðað réttarstöðu málsaðila í deilum um mengun á Heiðarfjalli út frá grundvallarreglum Ríóyfirlýsingarinnar, svo sem varúðarreglunni og mengunarbótareglunni?" — Það er sú regla að sá sem veldur mengun beri ábyrgð á henni og borgi fyrir hana.

[13:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hv. þm. hefur á þskj. 814 beint til mín fjórum spurningum varðandi það mál sem hann nefnir „mengun frá tímum bandarísku herstöðvarinnar á Heiðarfjalli á Langanesi".

Mál radar- og fjarskiptastöðvarinnar sem var lögð niður 1970 hefur frá 1976 verið af og til rætt hér á hv. Alþingi, ýmist í tengslum við fyrirspurnir eða þáltill. Eigendur landsins þar sem umrædd radar- og fjarskiptastöð stóð hafa gert kröfur á hendur utanrrn. frá 1974. Fram til 1989 snerust umrædd mál um hreinsun á yfirborðsrusli en eftir 1989 hefur málið snúist um meinta mengun frá ruslahaugum sem eru á landinu.

Landeigendur stefndu bandarískum og íslenskum stjórnvöldum 1997 vegna þessa máls. Hæstiréttur vísaði málinu frá vegna þess að íslenskir dómstólar ættu ekki lögsögu hvað bandarísk stjórnvöld varðaði og vegna óglöggs málatilbúnaðar hvað íslensk stjórnvöld varðaði. Landeigendur stefndu bandarískum stjórnvöldum aftur 2001. Sama sagan endurtók sig þá, Hæstiréttur vísaði málinu frá dómi vegna þess að íslenskir dómstólar hefðu ekki lögsögu í málinu.

Í tengslum við þáltill. hv. fyrirspyrjanda gerði ég Alþingi grein fyrir því hvað gerst hefði í málinu. Mengunarvarnir Hollustuverndar rannsökuðu vatnssýni á árinu 1983. Rannsóknir hérlendis sem erlendis sýndu að styrkur allra efna sem rannsökuð voru væru langt undir viðmiðunarmörkum, vatn væri vel drykkjarhæft og ekki fundust þrávirk halógenlífræn efni í þeim sýnum sem tekin voru úr haugunum. Þá reyndist blýinnihald lindarvatnsins undir greiningarmörkum í rannsókn sem umhvrn. lét gera 1994.

Í umræddri ræðu greindi ég einnig frá því að landeigendur hefðu komið á fund minn og farið fram á skaðabætur frá íslenska ríkinu. Ég benti þeim á að ég sem utanrrh. gæti ekki reitt fram skaðabætur að eigin frumkvæði, þeir yrðu að gera skaðabótakröfu á hendur íslenska ríkinu. Ég benti þeim einnig á að ég teldi að slíkar kröfur mundu enda í dómsmáli og ég hvatti þá reyndar til að fara í slíkt mál. Grundvöllur að slíkri málsókn væri vissulega sá að þeir yrðu að geta sýnt fram á að þeir hefðu orðið fyrir tjóni.

Frá því að þessi orð féllu hér á Alþingi hafa landeigendur ekki komið fram með rökstuddar kröfur um tjón. Þeir hafa t.d. ekki lagt fram neinar rannsóknir eða því um líkt sem gefur til kynna slíka mengun.

Varðandi kröfur landeigenda um að fjarlægja haugana ber þess að geta að Náttúruverndarráð lagðist gegn slíkum hugmyndum í skýrslu sinni frá 1989.

Varðandi fyrstu spurninguna, hvort ég hafi fylgt því eftir eða brugðist á einhvern hátt við sameiginlegri kröfu norrænu umhverfisverndarsamtakanna um hreinsun á Heiðarfjalli og Langanesi sem send hafi verið bandarískum stjórnvöldum, er þess að geta að ég fékk afrit af þessu bréfi og því fylgdi engin ósk um afskipti af minni hálfu, enda hef ég ekki afskipti af því.

Varðandi það sem fram kemur um framvindu mála á Resolution-eyju í Kanada, en þar ráku Bandaríkin radarstöð 1953–1972, er okkur fullkunnugt um aðgerðir Kanadamanna vegna mengunar sem þar var staðreynd og stafar einkum af þrávirkum halógenlífrænum efnum. Þau efni voru notuð sem kæliefni fyrir stórvirka spennubreyta. Í stöðinni á Heiðarfjalli voru notaðir litlir spennubreytar, svonefndir þurrspennar, sem hvorki innhéldu kælivökva né önnur skaðleg efni. Rafmagn var fengið frá dísilstöð á staðnum þannig að ekki var þörf á stórvirkum spennubreytum til að jafna spennu.

Hv. þm. spyr í þriðja lagi hvað ég hafi aðhafst til að tryggja að íslenskir aðilar, landeigendur, sveitarfélög og stofnanir, nái rétti sínum gagnvart yfirvöldum, bandarískum eða innlendum. Af hálfu utanrrn. hefur verið ítrekað við landeigendur að ef þeir telji að hagsmunum þeirra eða rétti hafi með einhverjum hætti verið raskað af margumræddri radar- og fjarskiptastöð ættu þeir að stefna íslenskum stjórnvöldum. Íslensk stjórnvöld gerðu upphaflega samninginn við landeigendur og varnarliðið kom þar hvergi nærri. Sú starfsemi sem fram fór á þessu landi var því á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Af hálfu íslenskra stjórnvalda er alls ekki verið að leggja stein í götu landeigenda til að þeir nái ekki rétti sínum. Hið sama gildir að sjálfsögðu um sveitarfélög sem hlut eiga að máli. Landeigendur hafa hins vegar kosið að beina kröfum sínum að bandarískum stjórnvöldum eins og ofangreindar stefnur eru dæmi um og menn vita hvernig það hefur farið í Hæstarétti.

Að því er varðar síðustu spurninguna, um varúðarregluna og mengunarbótaregluna, þarf vart að taka fram að viðhorf í umhverfismálum hafa gjörbreyst frá því að umrædd stöð var rekin á Heiðarfjalli. Á þeim tíma var sorp frá stöðinni

brennt og urðað í námunda við hana eins og tíðkaðist í öllum íslenskum bæjar- og sveitarfélögum og ofangreindar reglur sem eru í dag grundvallarreglur í umhverfisrétti urðu til eftir að stöðin var lögð niður og þær hafa ekki afturvirk áhrif.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og kom svo sem fátt í þeim á óvart. Ég vil þó segja að lengi getur maður orðið hissa og sérstaklega verð ég að segja að það gilti um síðasta svar hæstv. ráðherra. Það er auðvitað furðulegt að halda því fram að vegna þess að núgildandi viðhorf og alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfismálum hafi komið til sögunnar eftir að þessi herstöð var rekin á Heiðarfjalli þá skipti þær ekki máli gagnvart því hvernig menn meta ástandið þar í dag. Það er það sem er verið að spyrja um, hæstv. ráðherra. Er ekki ljóst að varúðarreglan á að eiga við um það mengunarástand sem þarna er eða getur skapast í framtíðinni þegar niðurgrafið rusl fer að ryðga sundur og geymar að leka og annað slíkt sem sannanlega var urðað þarna, hent og urðað í stórum stíl. Þetta vita allir sem til þekkja á staðnum.

Ég hygg að hæstv. ráðherra sé kunnugur öðru dæmi þar sem er frágangur á rusli á Stokksnesstöðinni og mengun sem þar hefur verið staðfest þannig að það þarf ekki Heiðarfjall til. Mengun af völdum erlendrar hersetu er að finna víðar í landinu þó að hún sé stórfelldust í Keflavík.

Stjórnvöld hljóta auðvitað að bera ábyrgð, ekki bara gagnvart landeigendunum, gagnvart sveitarfélaginu, gagnvart hollustu- og heilbrigðisyfirvöldum, heldur sem yfirvöld þessara mála í landinu. Hvað segir hæstv. umhvrh.? Er þá hægt að yppa öxlum og segja: Landeigendur verða að fara í skaðabótamál. Landeigendur verða að sýna fram á það með rannsóknum að mengun sé til staðar. Landeigendur verða að sýna fram á tjónið. Ábyrgðinni er varpað yfir á þá, landeigendur, sveitarfélag og vanmegnuga aðila og stjórnvöld yppa öxlum hafandi hvítþvegið Bandaríkjamenn af allri ábyrgð á viðskilnaði sínum þarna.

Auðvitað gengur þetta ekki svona, frú forseti. Ruslið þarna er í leyfisleysi á landi í einkaeigu í óþökk landeigenda, sveitarfélags og heilbrigðisyfirvalda svæðisins. Það er ekki hægt að umgangast þessa hluti með þessu kæruleysi og með því að drepa málunum endalaust á dreif eins og gert hefur verið í þessum málum.

[14:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er ekkert verið að drepa þessum málum á dreif. Þessu landi var skilað og það var tekið við því frá Bandaríkjamönnum árið 1970 í samræmi við þau lög og reglur sem giltu þá um mengun í landinu.

Það sama á við um Stokksnes. Þar er nýlega búin að fara fram hreinsun samkvæmt þeim reglum sem nú gilda í landinu. Það á alveg sama við um gamla ruslahauga af innlendum toga ef við eigum að nota það. Ruslið er ekkert betra þó að það sé af innlendum toga. Ég vænti þess að hv. þm. geri engan greinarmun þar á. Og þar er það svo að ef stofnað hefur verið til þess á eldri tíma miðað við þær reglur sem þá giltu, þá er það svo. Það gildir ekki um það nýr umhverfisréttur. Og alveg það sama á við í þessu máli og er ekkert öðruvísi í því sambandi.

Það er því miður víða í landinu rusl frá gömlum tíma og ekki allt til fyrirmyndar og væri full ástæða til þess að hreinsa víða til. En það gildir það sama um það rusl og þetta rusl. Og það er sama hvaðan skíturinn kemur, hvort hann er upprunninn frá okkur sjálfum eða frá Bandaríkjunum. Ég geri a.m.k. engan greinarmun þar á en mér heyrist að hv. þm. geri mikinn greinarmun þar á.

Nám í listgreinum á háskólastigi.

Fsp. HlH, 397. mál. — Þskj. 533.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um hvað líði áformum um nám á háskólastigi í listgreinum á Akureyri eða norðan heiða. Fyrirspurnina flutti hv. þm. Hlynur Hallsson, varaþingmaður þess sem hér talar, þegar hann sat á þingi fyrir jólaleyfi en ekki tókst að fá fyrirspurninni svarað á meðan hann sat á þingi og reyndar ekki heldur meðan páv. menntmrh. Tómas Ingi Olrich og þingmaður þess kjördæmis á þeirri tíð sat í stóli menntmrh. þannig að það kemur í hlut nýs hæstv. ráðherra að svara fyrir spurninguna og er auðvitað ekki verra því þá vitum við hvaða viðhorf hæstv. núv. ráðherra ber til þessa málefnis.

Tilefnið er það að þegar Myndlista- og handíðaskóla Íslands var breytt í Listaháskóla Íslands má segja að staða Myndlistarskólans á Akureyri hafi breyst eða sá skóli hafi í raun setið eftir sem sérnámsskóli og ekki var þá samtímis tekin nein ákvörðun um að færa það nám upp á háskólastig einnig.

Það er mikill áhugi á því innan Háskólans á Akureyri og meðal aðstandenda listnáms á svæðinu að taka upp nám í myndlist og hönnun og jafnvel einnig á sviði tónlistarkennslu á háskólastigi á Akureyri. Þó að þarna yrði um litlar einingar að ræða mundu þær geta innan veggja háskólans sem sérstök deild t.d. í tengslum við félagsvísinda- eða kennaradeild, fallið mjög vel að þeirri starfsemi sem þarna er verið að byggja upp, gert námsframboðið við Háskólann á Akureyri fjölbreyttara og öflugra.

Það er einnig ljóst að staða myndlistarskólans og tónlistarskólans er auðvitað til umræðu og sveitarfélagið veltir því fyrir sér hversu miklar skyldur það beri til þess að standa straum af þessu námi á framhaldskólastigi svo ekki sé talað um ef það færi upp á háskólastig og hvers vegna ríkið komi þá ekki meira að því í þessu tilviki eins og öðrum sambærilegum.

Það er einnig ljóst og það er engin ástæða til að ætla annað en að forsvarsmenn Listaháskólans í Reykjavík væru áhugasamir um að námi á háskólastigi yrði sömuleiðis komið á á Akureyri. Þar gæti orðið um öflugt samstarf og samvinnu að ræða. Menn gætu skipst á kennurum og eftir atvikum gæti það styrkt hvað annað auk þess sem það veitti þá í leiðinni vissa samkeppni og tryggði meiri fjölbreytni en ella væri þannig að það er engin ástæða til að óttast að það þyrfti á neinn hátt að stangast á. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. hvað líði undirbúningi þessa máls. Er í bígerð að taka upp nám á háskólastigi á sviði listgreina á Akureyri eða er einhver skoðun á því a.m.k. í gangi?

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Beint hefur verið til mín spurningu frá hv. varaþm. Hlyni Hallssyni eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um áðan. Spurningin hljóðar svo: „Hvað

líður undirbúningi fyrir nám í listgreinum á háskólastigi á Akureyri?"

Árið 1999 beindi skólanefnd Myndlistarskólans á Akureyri þeirri ósk til menntmrh. að hann heimilaði að stofnað yrði til náms á háskólastigi í fagurlistadeild og listhönnunardeild skólans. Myndlistarskólinn lýsti því yfir þá að hann hygðist þróa námið enn frekar á næstu árum og laga það að þörfum háskólastigsins. Fram kom að markmið skólans væri að efla innra þróunarstarf og rannsóknir, m.a. í samstarfi við Háskólann á Akureyri og erlenda samstarfsskóla á háskólastigi.

Í framhaldi af þessari ósk fundaði ráðuneytið með forráðamönnum skólans þar sem þeim voru kynntar allar þær efnis- og formkröfur sem gerðar væru til háskóla á grundvelli háskólalaga. Í ljósi þeirra væri æskilegt að skoða sérstaklega hvort sú leið væri fær, vegna þess markmiðs að listnám á háskólastigi færi fram á Akureyri, að stofna til formlegs samstarfs við Háskólann á Akureyri eða samstarfs við Listaháskóla Íslands í því sambandi. Þá varð niðurstaða fundarins sú að skólastjóri Myndlistarskólans á Akureyri hæfi viðræður við forráðamenn Háskólans á Akureyri og Listaháskóla Íslands um samstarf.

Í framhaldi af þeim viðræðum var málið síðan skoðað nánar og viðræður áttu sér stað en í framhaldi af þeim tók málið aðra stefnu. Þá óskuðu fulltrúar Háskólans á Akureyri eftir því að skólinn fengi leyfi til að útskrifa nemendur af listnámsbrautum með fullgilt háskólapróf. Tillagan fól í sér að stofnuð yrði sérstök listadeild við Háskólann á Akureyri sem skipulegði og bæri ábyrgð á listnámi til BA-prófs sem semdi við Myndlistarskólann á Akureyri sem verktaka um ákveðna námsþætti.

Ráðuneytið taldi eftir nánari skoðun að skýra þyrfti mun betur lausnir og tæknilegar útfærslur á fyrirhuguðu listnámi á háskólastigi. Ráðuneytið taldi á þeim tíma að það væri afar mikilvægt að gaumgæfa alla þætti málsins vandlega áður en tekin væri sú grundvallarákvörðun að bjóða ætti upp listnám á háskólastigi við aðra skóla en Listaháskóla Íslands.

Þessa ákvörðun ráðuneytisins á síðasta ári tel ég enn vera í fullu gildi og sér í lagi í ljósi þess að Listaháskóli Íslands er enn ungur háskóli. Ég tel æskilegt að á starfsemi hans fáist ákveðin reynsla áður en teknar yrðu frekari ákvarðanir sem varða uppbyggingu listnáms annars staðar á landinu á háskólastigi.

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég verð að lýsa þó nokkrum vonbrigðum með þetta svar. Mér finnst málinu í raun og veru ekki miða hænufet og ef eitthvað er heldur aftur á bak. Nú er nokkurt vatn til sjávar runnið síðan menn voru að reyna að koma hreyfingu á þessi mál fyrir aldamótin síðustu, þ.e. á árinu 1999, og nú er hér upplýst að sú ákvörðun ráðuneytisins, sem svo er kölluð, frá síðasta ári að það þurfi að skoða þetta allt saman ákaflega vel og leyfa meiri tíma að líða — eða ég veit ekki hvernig ég á að túlka það, ég ætla ekkert að gera mönnum upp skoðanir eða leggja mönnum orð í munn en einhvern veginn þannig hljómaði þetta í mínum eyrum — áður en nokkuð verður aðhafst, þ.e. að það sé bara einhvers konar óskilgreind biðstaða uppi í málinu og Listaháskóli Íslands eigi að þroskast o.s.frv.

Vandræðin eru auðvitað þau að það hlýtur að fjara undan því stórmerka starfi sem unnið hefur verið norðan heiða á sviði listnáms. Myndlistarskólinn á Akureyri er meira en aldarfjórðungs gamall og hefur unnið stórmerkt starf en hann, eins og reyndar fleira listnám á framhaldsskólastigi, hangir dálítið í lausu lofti og það þarf að taka þarna einhverja stefnu. Langbest væri auðvitað að þar væru menn metnaðarfullir og settu markið á listnám á háskólastigi. Ég gef ekki mikið fyrir þessi formlegheit eða þennan vandræðagang að það sé ekki hægt að koma því fyrir með einhverjum skilmerkilegum hætti. Hvort það er kallað fullgilt listnám á háskólastigi í formi sérstakrar deildar eða hvort það er með einhverjum öðrum formerkjum hvernig um samstarfið er búið við Háskólann á Akureyri og við Listaháskólann, er allt saman útfærsluatriði. Þetta eru allt verkefni til að vinna og leysa en ekki til að láta það fyrir fram stoppa sig í að nokkur skapaður hlutur gerist. Ég skora því á hæstv. menntmrh., nýkomna í starfið og fulla af krafti og áhuga, vaska manneskjuna, að setja þetta mál aftur í einhvern formlegan vinnslufarveg. Það er greinilega meira og minna afvelta í dag og það er algerlega óþolandi ástand.

[14:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég get ekki gert að því þó að hv. þm. verði fyrir vonbrigðum með svar mitt. Það kemur aftur á móti ekki til með að aftra mér í því að skoða þetta mál mjög vel með það að markmiði að efla almenna listmenntun sem háskólamenntun sem mest og best þannig að hún geti eflst hvar sem er á landinu, en við erum með þessi mál í ákveðnum farvegi. Við verðum að skoða þau gaumgæfilega, m.a. í ljósi þeirrar stöðu sem Listaháskóli Íslands er í í dag.

Verktaka starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu.

Fsp. ÁRJ, 513. mál. — Þskj. 785.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Allstór hópur starfsmanna Ríkisútvarpsins fékk tilkynningu frá skattyfirvöldum nýlega um ranga skráningu sem verktakar og fékk um leið endurákvarðaða álagningu tekjuskatts. Hluti þessara starfsmanna hefur ítrekað beðið um að launaleg staða þeirra verði leiðrétt, þ.e. að þeir komist á launaskrá sem almennir launþegar en ekki hefur verið orðið við því. Sumir af starfsmönnunum virðast ekki heldur hafa verið með skriflegan verktakasamning.

Skilgreining á verktakasamningi er að verktaki taki að sér að framkvæma ákveðið verk fyrir verkkaupa og ábyrgist árangur þess. En með ráðningarsamningi skuldbindur starfsmaður sig til að vinna hjá vinnuveitandanum gegn ákveðnum launum og starfskjörum. Verktakinn hefur mun minni réttindi, fær ekki laun í veikindum eða slysatilfellum, hefur engan orlofsrétt, slysatryggingu, mótframlög í lífeyrissjóð o.s.frv.

Allnokkrir hæstaréttardómar hafa fallið um það hvenær um launalegt samband er að ræða og hvenær verktakasamband á við milli starfsmanns og vinnuveitanda.

Með tilkynningunni frá skattyfirvöldum fengu starfsmennirnir sem ranglega voru skráðir verktakar endurálagningu tekjuskatts og var þar um verulegar fjárkröfur að ræða í mörgum tilvikum.

Ég spyr því: Hversu margir starfsmenn Ríkisútvarpsins lentu í því að vera ranglega skráðir á þennan hátt? Ég varpa

þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. Hvernig ætlar stofnunin að bregðast við þessari niðurstöðu skattyfirvalda og hver er staða þessa starfsfólks nú, þá þeirra sem eru enn í óbreyttri stöðu, og svo hinna sem einhverjar breytingar hafa orðið hjá? Einhverjir eru t.d. komnir í störf annars staðar. Hvað verður gert fyrir þá eða verður eitthvað gert? Fólk skuldar skattinum háar fjárhæðir vegna þessa. Ég veit um tilvik þar sem a.m.k. einn starfsmaður er fallinn frá og aðstandendur eru algjörlega réttindalausir vegna þessarar framkomu Ríkisútvarpsins við þetta starfsfólk.

Þetta er ótrúleg framkoma opinbers fyrirtækis í garð starfsmanna sinna og maður veltir því fyrir sér hvað búi að baki. Því spyr ég hæstv. menntmrh.: Hver er ástæðan fyrir því að þetta starfsfólk Ríkisútvarpsins var ráðið sem verktakar en ekki sem almennir launþegar? Það er alveg ljóst að margir hverjir þessara starfsmanna hafa verið hjá stofnuninni í alllangan tíma og í fullu starfi. Það blasti því við að þarna hefði átt að vera um launþegasamband að ræða en ekki verktakasamband.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Þar sem spurningar hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur snerta starfsemi Ríkisútvarpsins beint og varða mál sem ráðuneytinu er ekki kunnugt um að hafi verið til meðferðar hjá skattyfirvöldum þá var óskað eftir svörum frá stofnuninni vegna þessara spurninga og eru þau eftirfarandi:

Varðandi fyrstu spurninguna segja fyrirsvarsmenn Ríkisútvarpsins að þeir geti ekki sagt til um það, en bréf barst stofnuninni frá skattstjóranum í Reykjavík, dagsett 11. des. 2003, og varðaði skattskil 55 aðila. Ríkisútvarpið hefur frest til 25. febrúar 2004 til að gera athugasemdir við greint bréf, en í því er boðuð endurákvörðun virðisaukaskattsskila fjárhæðar skilaskyldrar staðgreiðslu og stofns til tryggingagjalds.

Önnur spurning hv. þm. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig mun stofnunin bregðast við niðurstöðu skattyfirvalda og hver er staða þessara starfsmanna nú?"

Eins og segir í fyrstu spurningu þá munu skattyfirvöld ekki taka ákvörðun fyrr en Ríkisútvarpið og hlutaðeigandi aðilar hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Viðbrögð Ríkisútvarpsins við niðurstöðu skattyfirvalda hljóta að ráðast af því hver hún verður í einstökum málum, þar með talið hvort málskotsréttar innan stjórnsýslunnar verði neytt.

Það er mjög mismunandi hver staða samningsbundinna verktaka við Ríkisútvarpið er. Sumir eru fastir starfsmenn stofnunarinnar og sinna tilfallandi aukaverkum sem verktakar. Aðrir eru fastir starfsmenn hjá aðilum ótengdum Ríkisútvarpinu en sinna tilfallandi dagskrárgerð sem verktakar. Síðan eru það aðilar eins og til að mynda dagskrárgerðarmenn í sjónvarpi sem alfarið starfa sjálfstætt sem verktakar.

Þriðja spurning hv. þm. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver er ástæða þess að viðkomandi starfsmenn voru ráðnir sem verktakar en ekki sem almennir launþegar?"

Í svari Ríkisútvarpsins við þessari spurningu segir að á árinu 1997 hafi yfirstjórn Ríkisútvarpsins markað þá stefnu í tengslum við átak sem nefnt var Betri rekstur, að dagskrárgerð í sjónvarpi skyldi í auknum mæli unnin af sjálfstæðum verktökum. Rökin fyrir þessu eru sveigjanleiki sem nauðsynlegur er við framleiðslu á dagskrárefni. Þannig er unnt að ráða besta og hæfileikaríkasta fólkið í hvert eitt verkefni á þeim tíma sem hentar framleiðslunni. Fjöldi fólks starfar nú sjálfstætt að fjölmiðlun og kemur að hinum margvíslegu verkefnum fyrir blöð, tímarit og ljósvakamiðla. Þessir starfskraftar úti á markaðnum hafa sóst eftir afmörkuðum eða tímabundnum verkefnum hjá Ríkisútvarpinu með öðru og hefur stofnunin talið að framlag þeirra gæti orðið til að auka enn gæði dagskrárinnar með nýjum hugmyndum og fjölbreytni í útfærslu.

Þá er viðurhlutamikið að gera alla aðila sem koma tímabundið eða tilfallandi að þáttagerð að opinberum starfsmönnum. Hið sama á við um fréttaritara á landsbyggðinni og erlendis vegna þess hve aðstæður Ríkisútvarpsins til dagskrárgerðar eru breytilegar frá einu tímabili til annars með tilliti til dagskrárramma, sem er eins og við vitum breytilegur, og af fjárhagsástæðum þykir það einnig hagkvæmara fyrir rekstur stofnunarinnar að uppgjör fari fram við þessa aðila á grundvelli verksamnings fremur en vinnusamnings.

Það orkar hins vegar tvímælis að fastráðnir starfsmenn sinni jafnframt verkefnum sem verktakar. Af hálfu stofnunarinnar hefur verið ákveðið að draga úr því.

[14:21]

Mörður Árnason:

Forseti. Þá athugasemd er rétt að gera við þetta að mér þykir stofnun sú sem hæstv. menntmrh. sækir upplýsingar sínar til ekki gera nægilega vel grein fyrir því sem að er spurt í þessari fyrirspurn. Mér finnst að hæstv. menntmrh. verði að skoða þau svör sem hún fær frá stofnun sem þessari og fá fram hið raunverulega efni sem spurt er um en gefa ekki stofnuninni einni möguleika á að gera þetta.

Það er klárt að í Ríkisútvarpinu hefur verið tilhneiging til þess að ráða menn ekki, bæði á fréttastofunni og annars staðar, heldur halda þeim í verktöku, jafnvel í mörg ár vegna ýmiss konar innanhússbírókratíu en auðvitað líka vegna þess að Ríkisútvarpið er skipulagslega í töluverðu uppnámi því þessi rammi opinberrar stofnunar hentar því ekki. Í því hefur ekkert verið gert og á því stendur. Ég vona að hinn vaski og dugmikli núv. hæstv. menntmrh. sem nýtekinn er við störfum muni bæta úr því með aðstoð okkar þingmanna.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum með. Ég bjóst við því að hæstv. ráðherra kannaði aðeins betur hvað þarna er á ferðinni.

Eftir að hafa kynnt mér þessi mál ítarlega verð ég að segja að margir af þeim starfsmönnum sem þarna hafa lent í skattyfirvöldum höfðu ítrekað óskað eftir því að fá lengri ráðningarsamning. Hæstv. ráðherra les hér upp úr svari frá Ríkisútvarpinu um að það þurfi betri rekstur og sveigjanleika. Vissulega er hægt að ráða starfsfólkið sem launþega í skemmri tíma með tveggja til þriggja mánaða samningum, t.d. yfir sumarið eða yfir vetrardagskrána eins og menn þekkja. Fjöldamargir þeirra sem lenda í þessu eru sem sagt búnir að vera starfsmenn Ríkisútvarpsins í langan tíma.

Menn hafa stundum talað um að í lagi sé að vera með verktakana af því að þeir fái hærri laun, þeim sé borgað fyrir það að þeir hafi ekki sömu réttindi. En því er ekki að heilsa hjá Ríkisútvarpinu. Ég hvet hæstv. ráðherra til að kanna það því að í þeim tilvikum sem ég þekki til eru menn ekki með hærri laun þó að þeir séu með mun lakari réttarstöðu en þeir sem eru fastráðnir. Ég vil þó ekki alhæfa um þetta því að

auðvitað eru samningar hjá Ríkisútvarpinu persónubundnir. En þar sem ég þekki til eru þeir alls ekki betur launaðir.

Sömuleiðis verð ég að segja að mér finnst þetta vera mikill áfellisdómur yfir yfirstjórn Ríkisútvarpsins, þ.e. að þeir skuli standa frammi fyrir þessu máli. Þarna vantar ákveðna fagmennsku í launamálum og þekkingu á kjarasamningum er þarna greinilega eitthvað ábótavant. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðherra kynni sér þetta — ég treysti því — og sjái til þess að úr þessu máli verði leyst og að úr málum fólks sem stendur frammi fyrir háum fjárkröfum frá skattyfirvöldum verði leyst og það sem fyrst.

[14:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegur forseti. Af orðum hv. þm. mátti ráða að í lagi væri að vera með þessi mál í þessum farvegi, þ.e. verktöku í þessum mæli, ef launin væru nægjanlega há, þá væri þetta fyrirkomulag í lagi. Það mátti ráða af orðum hv. þm. (**ÁRJ:** Þetta er útúrsnúningur.) Ef svo er þá verður hv. þm. bara að leiðrétta mig hvað það varðar.

Ég mótmæli því að nokkuð skorti upp á starfsmannastefnu hjá yfirstjórninni því að við vitum og ég veit að hv. þm. veit það líka vegna reynslu sinnar innan Ríkisútvarpsins sem dagskrárgerðarmaður — hún hefur alla tíð fylgst vel með dagskrá Ríkisútvarpsins — að þetta er þannig upp byggt að ákveðinn sveigjanleiki þarf að vera til staðar. Dagskráin breytist frá hausti til hausts og frá vori til vors. Við vitum það. Og þá um leið þarf ákveðinn sveigjanleiki að vera til staðar fyrir stjórnendur til þess að hægt sé að bregðast við m.a. þörfum hlustenda og þeirra sem njóta dagskrárinnar með því að ákveða hvað eigi að setja inn á dagskrána hverju sinni.

Ég vil benda á og ítreka enn og aftur að þau mál sem tengjast spurningum hv. þm. eru í ákveðnum farvegi. Þau eru í ákveðnum stjórnsýslufarvegi. Skattyfirvöld hafa þau til meðferðar og á meðan svo er þá tel ég ekki rétt að ég tjái mig um þau að svo stöddu.

Áfengisauglýsingar.

Fsp. MÁ, 444. mál. — Þskj. 622.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Undanfarin missiri hefur áfengisauglýsingum fjölgað mjög í samfélagi okkar og þær eru með ýmsum hætti, þ.e. í fyrsta lagi duldar auglýsingar í formi umfjöllunar sem borgað er fyrir í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Umræða um þessar duldu auglýsingar kom upp hér fyrir nokkrum mánuðum og var þá sýnt fram á ýmis dæmi um þær.

Í öðru lagi eru bjórauglýsingar undir því yfirskini að verið sé að selja léttbjór eða einhvers konar pilsnerútgáfu af bjórtegundinni ákaflega áberandi. Enn er í gangi nokkuð kátleg deila sem við könnumst við um brugg með sykri. Fleira er af því tagi, auglýsingar sem ekki nokkrum manni dettur í hug að snúist um annað en áfengan bjór þó orðunum léttöl eða pilsner sé skotið inn í auglýsinguna með lítt áberandi hætti.

Í þriðja lagi er um að ræða beinar og óduldar auglýsingar þar sem ekki virðist hirt um neins konar dulbúning eða útúrsnúning í þeim krafti að menn megi þetta með einhverjum hætti. Það er ekki hægt að sýna myndband hér í salnum en ég tók með mér tvö dæmi frá því að ég var að athuga málið í október–nóvember. Annars vegar er hér hvítvínsauglýsing um ástralskt hvítvín, örugglega ágætt, í Nýju lífi í október 2003 á blaðsíðu 45. Þetta er augljós auglýsing, hæstv. forseti. Hins vegar er hér auglýsing úr öðru blaði, annars konar blaði, Viðskiptablaðinu. Það er frá 17. október í fyrra, á blaðsíðu 15. Hún er ekki um léttvín, sem mönnum þykir þó heldur skárra að auglýsa og hvetja til neyslu á en sterku víni. Hún er um koníak. Ég get vottað það sjálfur að þetta er alveg prýðilegt koníak. En þetta er líka augljós auglýsing, ódulin og ekkert falin. „Vínið fyrir helgina." Það er þessi tegund af koníaki hér í áberandi ramma í Viðskiptablaðinu, ágæti forseti.

Ég var uppi í Kringlu um daginn og gekk þar fram hjá áfengisversluninni sem við alþingismenn rekum víst hér og önnur stjórnvöld í landinu. Fyrir utan hana var bíll. Ég man nú ekki af hvaða tegund. Í honum voru bjórflöskur af Tuborg–gerð. Ég kannaði ekki hvort það voru léttölsflöskur eða ekki en þær litu út eins og þær bjórflöskur sem allajafna eru seldar. Getraunin var sú hversu margar flöskur væru í bílnum. Þarna eru sem sé tengdir saman bílar og bjór á fremur ósmekklegan hátt.

Það eru lög í landinu, héldu menn, þar sem áfengisauglýsingar eru bannaðar, þ.e. 20. gr. laga nr. 75/1998 og þess vegna eru til komnar fyrirspurnir mínar. Ég hef greinilega ekki tíma til að lesa þær upp, en þær liggja hér fyrir á þingskjali og eru um gildi þessara laga og um hvað sé gert til að fylgja þeim eftir og um áhuga hæstv. dómsmrh. á að breyta þeim ef hann telur að ekki sé hægt að fylgja þeim eftir í núverandi formi.

[14:29]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Fyrsta fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Lítur ráðherra svo á að 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, þar sem lagt er bann við auglýsingum á áfengi og einstökum áfengistegundum sé með einhverjum hætti fallin úr gildi?"

Nei, þessi lagagrein er ekki fallin úr gildi. Með dómi Hæstaréttar Íslands hinn 25. febrúar 1999, í máli nr. 415/1998, var því slegið föstu að sú lagagrein sem hér er spurt um væri í fullu gildi og eins og segir í dómi Hæstaréttar, með leyfi virðulegs forseta: „Þau rök sem þannig búa að baki 20. gr. áfengislaga eiga sér efnislega stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu."

Síðan þessi dómur var kveðinn upp hefur umræddri lagagrein ekki verið breytt, og æðri réttarheimild, þ.e. stjórnarskrá lýðveldisins, ekki heldur. Lagagreinin er því í fullu gildi.

Þá er spurt: „Sé svo ekki, hvað er gert til að fylgja eftir þessum lögum gegn auglýsingum, duldum og augljósum, sem nú tíðkast í prentmiðlum og sjónvarpi, eins og mörg dæmi eru um?"

Samkvæmt meðferð opinberra mála er rannsókn opinberra mála í höndum lögreglu nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum. Kærum um refsiverð brot og beiðnum um rannsóknir skal beint til lögreglu eða ríkissaksóknara. Lögregla skal hins vegar, þegar þess er þörf, hefja rannsókn út af vitneskju eða gruni um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Ákæruvaldið í málum vegna brota gegn 20. gr. áfengislaga er hjá lögreglustjóranum samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Í lögum nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, segir í 6. gr. að hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs sé m.a. að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og

reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Áfengis- og vímuvarnaráð hefur því ákveðið hlutverk ásamt lögreglu í því að hafa eftirlit með því að áfengislögum sé framfylgt sem felst þá væntanlega einkum í því að benda lögreglu á meint brot og eftir atvikum að kæra þau til lögreglu.

Í þriðja lagi er spurt: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að „leyfa áfengisauglýsingar að einhverju marki eða skýra lögin og gera þau skilvirkari þannig að erfiðara sé að fara á snið við þau"?"

Slík vinna stendur ekki yfir í dómsmrn. og ráðuneytið hefur ekki sérstaklega í hyggju að hefja hana á næstunni.

Loks er spurt: „Telur ráðherra samræmi milli þess hvernig framfylgt er umræddum lagaákvæðum um áfengisauglýsingar annars vegar og lagaákvæðum um bann við tóbaksauglýsingum (7. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir) hins vegar?"

7. gr. tóbaksvarnalaga um bann við auglýsingum á tóbaki er ekki að öllu leyti sambærileg 20. gr. áfengislaga. Í áfengislögum er að finna heimild í 3. mgr. 20. gr. til handa framleiðanda sem, auk áfengis, framleiðir aðrar drykkjarvörur til að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Ekki eru til svo ég viti, virðulegi forseti, tóbakslausar sígarettur samanber hins vegar t.d. bjór sem telst óáfengur og því er ekki unnt að bera auglýsingar þessara vara saman. Af þessari ástæðu hef ég ekki sérstaklega leitt hugann að því hvort samræmi sé milli þess hvernig þessum lagaákvæðum er framfylgt.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Ég ályktа af þeim að dómsmrh. hafi að vísu enga skoðun á þessu máli í sjálfu sér umfram það sem stendur nákvæmlega í lögum en að hann vísi til þess að áfengis- og vímuvarnaráð hafi þá ekki staðið sig nægilega vel í hlutverki sínu við að upplýsa um þessar auglýsingar sem það er sett til þess að upplýsa og að lögreglan telji ekki að um neins konar lagabrot sé að ræða þar sem hún hefur ekki hafist handa um neins konar rannsókn sjálf á þeim dæmum sem ég rakti hér. Ég get getið þess að í upphaflegri fyrirspurn, sem forseta og starfsmönnum hans þótti þó ekki ráð að hafa í því formi, voru rakin um það bil 20 tilvik um áfengisauglýsingar frá því á þessum tíma, október-nóvember 2002.

Ráðherra hefur gert skyldu sína í þessu svari en ekki þumlung, eða eigum við kannski að segja ekki einn einasta sjúss, fram yfir það. Það veldur mér vonbrigðum vegna þess að ég taldi að hér gæfist tækifæri til þess að ræða við dómsmrh. um málefni sem honum er gert að hafa yfirumsjón með.

Dómsmrh. á kost á því að koma fram á eftir og ég vildi þá gjarnan að hann svaraði mér um það hvað honum finnst um þetta sjálfum og í öðru lagi hvort hann telji þá að áfengis- og vímuvarnaráð og lögreglan hafi eða hafi ekki staðið sig í þeirri skyldu sem hann rakti áðan að lög stæðu til.

[14:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja máls á þessu málefni, áfengisauglýsingum. Það er rétt sem hann segir, lögum ber að hlíta og ef þeim er ekki hlítt ber að breyta lögunum eins og hann benti á.

Ég verð að segja að mér finnst bjórauglýsendur, þ.e. bjórframleiðendur, hafa sýnt ótrúlegt ábyrgðarleysi með því að grafa undan íslenskum lögum, með því að skjóta sér á bak við lagabókstafinn aftur og ítrekað. Þjóðin hefur fylgst með þessu og núna á síðustu vikum hefur framtakssamur maður, Árni Guðmundsson, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, upp á sitt eindæmi hafið herferð í gegnum tölvurnar sínar, fengið góðan hljómgrunn með þjóðinni og við hljótum að krefjast þess að ríkisvaldið með hæstv. dómsmrh. í fararbroddi grípi til einhverra aðgerða.

[14:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég svaraði þessum spurningum mjög skilmerkilega og það liggur alveg ljóst fyrir að það eru til svör við öllum þessum spurningum. Það liggur alveg skýrt fyrir hvernig lögin eru og hvaða reglur gilda í þessu landi.

Það liggur líka fyrir hverjir dæma um þetta. Það hefur verið dæmt samkvæmt þessum lögum. Það liggur líka fyrir hverjir hafa heimild til að kæra og það liggur líka fyrir hverjum ber sérstaklega að sinna þessum málum eins og öðrum lögbrotum í landinu.

Ef hv. þm. hefur 20 dæmi um það að lögin hafi verið brotin finnst mér að hann eigi að kæra það til lögreglunnar, láta rétt yfirvöld vita um það og rökstyðja það. Þá verður tekið á því. Þannig á hinn löghlýðni borgari að ganga fram. Ef hann sér að það er verið að fremja lögbrot eða hann telur að verið sé að fremja lögbrot á hann að láta rétt yfirvöld vita um það. Það felst ekkert ámæli í því, hvorki í garð Lýðheilsustofnunar eða lögreglunnar, að lesa upp hvaða skyldur þessir opinberu aðilar hafa lögum samkvæmt. Ef hv. fyrirspyrjandi telur að lögunum sé ábótavant hefur hann tækifæri hér til þess að flytja breytingar um lögin. Ég sé ekki að þetta sé vandi dómsmrh. Þetta er frekar vandi fyrirspyrjandans. (**Gripið fram í:** ... dómsmrh.)

Uppbygging og rekstur meðferðarstofnana.

Fsp. EKG, 512. mál. — Þskj. 784.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum hafði ég forgöngu um það að biðja um skýrslu frá hæstv. heilbrrh. varðandi stöðu meðferðarheimila í landinu. Tilefni þess að ég fór fram á þessa skýrslu var það að mér hafði sýnst við nokkra skoðun að talsvert óljóst væri hvernig staðið væri að uppbyggingu meðferðarstofnana í landinu. Mér var alls ekki ljóst hver hefði frumkvæðið í þessum efnum en hins vegar varð mér ljóst að mjög oft var í framhaldinu leitað til hins opinbera og það krafið um fjármagn til þess að standa undir stofnkostnaði og rekstri þessara meðferðarstofnana.

Þessi skýrsla var síðan lögð fram og eftir að ég hafði farið yfir hana varð niðurstaðan sú að leggja fram þáltill. sem að stóðu hv. þm. Ásta Möller, Hjálmar Árnason, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir ásamt mér. Í þessari þáltill. var á grundvelli skýrslunnar ályktað að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd sem hefði það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði

og rekstri meðferðarstofnana. Jafnframt skyldi gert árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til að tryggja sjúklingum sem mestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitingar til málaflokksins.

Við þekkjum öll, því miður, dæmi um neikvæðar afleiðingar af neyslu áfengis og vímuefna og við vitum að hið opinbera hefur varið mjög verulegu fjármagni til þess að stuðla að meðferðarúrræðum. Þess vegna skiptir mjög miklu máli í fyrsta lagi að þessum peningum sé mjög vel varið og þannig staðið að þessu að það skili sem allra mestum árangri. Við viljum auðvitað ná árangri í baráttunni við þennan mikla vágest sem vímuefnin og áfengið eru.

Þegar við skoðum þróunina varðandi rekstur áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana sjáum við að mjög mikið hefur gerst. Í fyrsta lagi kom fram í þessari skýrslu að það kunni að vera um að ræða 30 stofnanir, heimili eða deildir sem með einum eða öðrum hætti sinna þessum verkefnum.

Það kom líka fram að á árinu 2000, sem þá var nýjasta árið sem ég hafði og lá til grundvallar þessari skýrslu, næmu framlög ríkissjóðs til meðferðarstofnana af hvaða tagi sem væri 713 millj. kr. Nú hef ég ekki athugað hvernig þróunin hefur verið frá því að þessi skýrsla var lögð fram en mig grunar að það hafi frekar hækkað en lækkað. Þarna var um að ræða hækkun upp á ríflega 40% að raungildi.

Í svari hæstv. ráðherra við sambærilegri fyrirspurn fyrir nokkru kom fram að unnið væri í þessum efnum á grundvelli þáltill. sem var samþykkt og þá var gert ráð fyrir að nefndin sem vinnur að þessu máli mundi skila frá sér áfangaskýrslu fyrir síðustu áramót. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. heilbrrh.:

„Hvað líður störfum nefndar sem vinnur að mótun heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana?“

[14:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Guðfinnsson hefur beint til mín fyrirspurn um hvað líði störfum nefndar sem vinnur að mótun heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana.

Umfangsmikil gagnasöfnun um meðferðarúrræði og stöðu þeirra er nú á lokastigi og jafnframt er verið að skoða fyrirkomulag meðferðarmála í helstu nágrannalöndum okkar. Skýrsla þessi er unnin af starfshópi á vegum heilbr.- og trmrh. á þessum vetri. Hlutverk hópsins er að afla grunngagna um framboð á meðferð og annarri þjónustu sem áfengis- og vímuefnaneytendum stendur til boða og sem nýtur opinberra styrkja eða er rekin með opinberu fé.

Tilgangur starfsins var að afla upplýsinga sem að gagni mega koma við mótun heildarstefnu við uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar á Íslandi. Formaður starfshópsins var Sigurður Gils Björgvinsson, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn. Aðrir þátttakendur voru Hrafn Pálsson deildarstjóri, Magnús Skúlason deildarstjóri, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri og Sveinn Magnússon skrifstofustjóri frá heilbr.- og trmrn. Þorgerður Ragnarsdóttir, fyrrv. framkvæmdastjóri áfengis- og vímuvarnaráðs, var starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn valdi að afla sér upplýsinga með því að gera könnun hjá meðferðarstofnunum, áfangaheimilum og öðrum stöðum sem á einhvern hátt veita fólki sem á í erfiðleikum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu aðstoð. Sent var út bréf til yfirmanna stofnana til að skýra tilgang gagnaöflunarinnar. Þar var lögð meginhersla á að kanna hvaða meðferðarúrræði standa til boða hérlendis og hve margir geta notið þeirrar þjónustu. Einnig var lögð áhersla á að kanna rekstrarform og stjórnskipulag þeirra aðila sem starfa að meðferðarmálum, tilgang rekstursins og hugmyndagrundvöll. Jafnframt eru kannaðar kröfur stofnunarinnar til starfsmanna, þá sérstaklega áfengisfulltrúa, og hvaða endurmenntunarmöguleikar eru í boði. Jafnframt er sérstaklega skoðað hvaða árangursmælingar eru notaðar í dag. Eins er verið að kanna fyrirkomulag þessara mála annars staðar, eins og fram hefur komið.

Vinnuhópurinn er einnig að skoða verkaskiptingu málaflokksins milli ríkis og sveitarfélaga og eins skiptingu málaflokksins milli ráðuneyta. Það er áætlað að vinnuhópur ráðuneytisins skili áliti í næsta mánuði.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það er ljóst af svörum hæstv. ráðherra að hér er um að ræða gríðarlega umfangsmikla vinnu og ég held að fullt tilefni hafi verið til að ráðast í hana. Ástæðuna fyrir því að ég lagði fram þessa þáltill. hef ég þegar rakið. Það er alveg ljóst mál að hér er um að ræða mjög mikið úrlausnarefni og þýðingarmikið verk sem þessar meðferðarstofnanir eru að vinna. Hins vegar er líka það að hér er um að ræða gríðarlega mikla peninga sem hið opinbera ver til þessara verkefna.

Ég vek hins vegar athygli á því að þessi þáltill. var samþykkt 3. maí árið 2002 þannig að bráðum eru liðin tvö ár frá því að hún var samþykkt sem þál. Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið að þessari vinnu verði hraðað og ég fagna því að hjá hæstv. ráðherra kom fram að tillögur nefndarinnar líti dagsins ljós í mars nk.

Ég vil segja í framhaldi af því að ég tel mjög þýðingarmikið að þegar í stað verði unnið að því að gera þær úrbætur sem reynast nauðsynlegar. Síðan þarf væntanlega að fara fram umræða á grundvelli skýrslunnar um það sem þarna er verið að leggja til og reyna að komast að skynsamlegri niðurstöðu. Eins og málin hafa þróast er, að mínu mati, mjög brýnt að menn vindi sér í þessi verkefni. Þessi tvö ár eru bráðum liðin frá því að Alþingi ákvað að taka þessi mál til endurskoðunar og við þurfum þess vegna að ljúka þeirri endurskoðunarvinnu sem allra fyrst.

Í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn minni 22. janúar 2003 um sama efni kom fram að fenginn yrði sérfræðingur hingað til lands þá um vorið til að aðstoða nefndina. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. ráðherra hvort af því hafi orðið, þá með hvaða hætti þessi sérfræðingur hafi komið að verkinu og hvaða hugmyndir hafi verið um að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra geti á þessari stundu rætt frekar efnisatriði þeirra tillagna sem eru í burðarliðnum en fróðlegt væri að hæstv. ráðherra greindi okkur frá niðurstöðu sem fengist úr þessari vinnu.

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek það að ég legg mikla áherslu á að starfshópurinn skili af sér í næsta mánuði og ég tek undir það með fyrirspyrjanda að það er brýn nauðsyn að fara í þessa vinnu. Það hefur auðvitað komið í ljós í þessari vinnu allri og reyndar hef ég orðið þess var í starfi mínu í

ráðuneytinu að það er brýn nauðsyn að hafa heildaryfirsýn og nýta þá fjármuni sem best sem eru í þessum geira og þessi vinna er nauðsynlegur grundvöllur að því. Leitast hefur verið við að afla sem bestra upplýsinga um þessi mál í nágrannalöndum okkar og aðstoð sérfræðinga á þessu sviði er einn þátturinn í því máli, en ég vil aðeins undirstrika það að brýna nauðsyn ber til að samhæfa kraftana í þessari vinnu. Þessi mál skarast eins og sum önnur mál gera óhjákvæmilega að einhverju leyti á milli ráðuneyta. Það er því grundvallaratriði að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um heildarskipulag þessara mála og reynsluna af því starfi sem unnið hefur verið undanfarin ár, en það hafa vissulega miklir fjármunir farið í þetta starf og mikil vinna verið innt af hendi í þessum málum á undanförnum árum.

Málefni heilabilaðra.

Fsp. AKG, 545. mál. — Þskj. 823.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Stefna íslenskra heilbrigðisyfirvalda er að gera öldruðum fært að dvelja á heimilum sínum eins lengi og kostur er og auka stoðþjónustu til að það sé gerlegt. Það er dýrmætt fyrir heilabilaða, en algengur fylgifiskur þess sjúkdóms er óöryggi og hræðsla sjúklings við ókunnugt umhverfi. Slík úrræði hljóta þó ætíð að byggjast á að fyrir hendi séu viðunandi aðstæður, ekki einungis fyrir þann sjúka heldur einnig fyrir aðstandendur viðkomandi sem takast á hendur umönnunar- og gæsluhlutverk. Mat á getu sjúklingsins og aðstæðum er erfitt og vandasamt, ekki síst þar sem sjúklingar segjast gjarnan færari og frískari en raun er á og aðeins þeir sem umgangast viðkomandi náið vita betur.

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, skrifaði grein í Morgunblaðið nýlega þar sem hann lýsir m.a. aðstæðum nokkurra einstaklinga sem stríða við heilabilun og búa í heimahúsum. Lýsing Ólafs kemur heim og saman við upplýsingar fleiri aðstandenda sem líkt og lýst er í greininni verða fyrir miklu andlegu og líkamlegu álagi, missa úr vinnu og hætta á atvinnumissi vegna fjarvista við umönnun ættingja eða maka. Einnig eru makar oft sjálfir aldraðir og heilsuveilir og tefla sjálfum sér í tvísýnu með því að takast á hendur umönnunina. Fyrir þá einstaklinga er bið eftir viðeigandi vistunarrými alvarlegt, í raun lífshættulegt vandamál.

Eitt af því sem fylgir hækkuðum aldri er fjölgun heilabilaðra, en samkvæmt fréttum nýverið óttast breskir og bandarískir sérfræðingar að alzheimerfaraldur muni ganga yfir heiminn á næstu áratugum. Þeir spá því að árið 2050 muni alzheimersjúklingum hafa fjölgað um 150% frá því sem nú er. Talið er að elliglöp geri vart við sig hjá einum af hverjum fimm einstaklingum um áttrætt. Það er því brýnt að við gerum okkur grein fyrir hvernig staðan er í samfélagi okkar, bæði með tilliti til nútíðar og framtíðar.

Ég legg því eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

1. Hvað hafa margir heilabilaðir einstaklingar verið á biðlista eftir viðeigandi dvalarrými, skipt eftir árum frá árinu 2000?

2. Hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana til að stytta biðlistana? Ef svo er, til hvaða ráðstafana?

3. Hvaða stuðningur stendur til boða þeim aðstandendum sem annast heilabilaða í heimahúsum?

4. Hefur verið metið hver áhrif ónógt dvalarrými hefur á atvinnuþátttöku og heilsufar aðstandenda sem annast heilabilaða í heimahúsum?

[14:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta spurningin sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir lagði fyrir mig er: „Hvað hafa margir heilabilaðir einstaklingar verið á biðlista eftir viðeigandi dvalarrými, skipt eftir árum frá árinu 2000?"

Það er ekki haldinn sérstakur biðlisti fyrir heilabilaða einstaklinga og fjöldi þeirra er ekki aðgreindur frá öðrum í vistunarskrá. Heilabilun getur hvort sem er verið aðalástæða umsóknar eða meðvirkandi ástæða og vistunarmatið er ekki þannig uppbyggt að hægt sé að fá glögga mynd af því hvort heldur er. Fjöldi þeirra sem bíða eftir hjúkrunarvist og eru samkvæmt matsaðila í mjög brýnni þörf eru samkvæmt vistunarskrá í janúarlok 2004 alls 465 á landinu öllu.

„2. Hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana til að stytta biðlistana? Ef svo er, til hvaða ráðstafana?"

Áhrifamesta úrræðið til að seinka umsókn um hjúkrunarvist eru sérstakar dagvistir fyrir heilabilaða. Bið eftir dagvistarúrræði hefur allt frá því að fyrsta dagvistin opnaði fyrir 18 árum og fram til 2003 verið innan viðunandi marka. Á árinu 2000 voru reknar tvær dagvistir í Reykjavík en árið 2001 var opnuð sú þriðja sem rekin er af Félagi aðstandenda alzheimersjúklinga við Austurbrún í Reykjavík, svokallað Fríðuhús.

Biðlistinn hefur lengst mjög á undanförnum tveimur árum en nú hefur verið tekin ákvörðun um fjölgun um 20 rými til viðbótar með opnun dagvistar við Hjúkrunarheimilið Eir. Einnig er í bígerð opnun dagvistar í Kópavogi síðar á þessu ári. Árið 2001 var Hjúkrunarheimilið Sóltún opnað þar sem ríflega þriðjungur heimilisins, eða 32 pláss, voru eingöngu fyrir heilabilaða. Á þessu ári verða opnuð alls 150 hjúkrunarrými og þótt ekkert þeirra sé sérstaklega ætlað heilabiluðum einstaklingum er auðvelt að nýta flest þeirra þannig. Herbergin á Eir, 40 rými, og á Hrafnistu í Reykjavík, 60 rými, eru einbýli í litlum einingum sem gerir það að verkum að þau geta hvort heldur er nýst fyrir heilabilaða eða aðra sem þurfa á hjúkrunarvist að halda. Það er hins vegar spurning um mönnun og það er núna úrlausnarefni rekstraraðila og ráðuneytisins að komast að niðurstöðu um nánari nýtingu þessara rýma.

„3. Hvaða stuðningur stendur til boða þeim aðstandendum sem annast heilabilaða í heimahúsum?"

Dagvistir eru þrjár alls með 56 rýmum sem nýtast um 70 einstaklingum. Fjórða dagvistin tekur til starfa síðar á þessum vetri með 20 rýmum fyrir 25 einstaklinga og væntanleg dagvist í Kópavogi síðast á árinu. Sértækt eftirlit er fyrir sjúklinga með heilabilun á minnismóttöku öldrunarsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss á Landakoti. Þar koma til greiningar um 250 einstaklingar á ári. Tæpur helmingur þeirra reyndist vera með heilabilun, um 30% með ástand sem mun leiða til heilabilunar. Á hverju ári eru 400 einstaklingar í eftirliti á móttökunni. Í tengslum við móttökuna er boðið upp á stuðningshópa fyrir aðstandendur sem takmarkaður fjöldi, 20–30, getur nýtt sér á ári.

„4. Hefur verið metið hver áhrif ónógt dvalarrými hefur á atvinnuþátttöku og heilsufar aðstandenda sem annast heilabilaða í heimahúsum?"

Tæplega 10% sjúklinga með heilabilun eru innan við 67 ára aldur. Aðeins 22 fengu örorkulífeyri vegna heilabilunar í

ársbyrjun 2004 samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Mikill meiri hluti sjúklinga með heilabilun er því ekki lengur á vinnumarkaði og gera má ráð fyrir að hlutfall maka á vinnumarkaði sé ekki mikið frábrugðið því.

Félag aðstandenda heilabilaðra gerði könnun meðal félagsmanna sinna sem að nokkru leyti sýndi þessi áhrif, þó að hún væri fyrst og fremst gerð til að skoða ójafnræði milli kynjanna í umönnun. Í þeirri könnun kom fram að nokkuð er um það að vinnandi aðstandendur eru frá vinnu í nokkrum mæli vegna sjúklinganna. Engin heildarúttekt hefur farið fram hér á landi á heilsufari aðstandenda sem annast um heilabilaðan einstakling í heimahúsi, en til eru litlar rannsóknir sem gefa nokkra vísbendingu. Þær hafa einkum beinst að líðan aðstandenda frekar en líkamlegu heilsufari. Samkvæmt þeim er aðstandendum hættara við þunglyndi og kvíða en öðrum á svipuðum aldri.

Nú er verið að undirbúa samþættingu félags- og hjúkrunarþjónustu í heimahúsum í Reykjavík og þá mun nýtt mælitæki sem spegla mun þjónustuþörf allra eldri borgara sem eftir þjónustu leita, gera þjónustuaðilum mögulegt að mæta þörfum skjólstæðinga af meiri nákvæmni en áður.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir ítarlegt og upplýsandi svar. Ég verð þó að segja að það er ýmislegt í svari ráðherra sem kemur óþægilega á óvart, t.d. að það skuli ekki vera haldin sérskráning um þá einstaklinga sem eru heilabilaðir og þurfa á vistun að halda.

Í samtölum mínum við aðstandendur heilabilaðra og eftir að hafa kynnt mér starfsemi samtaka aðstandenda heilabilaðra þá hefur m.a. komið í ljós að það er mat þeirra að vistun heilabilaðra með öðrum sjúklingum á vistunarstofnunum er oft mjög óheppileg, m.a. vegna þess að heilabilaðir, vegna sjúkdóms síns, sinna ekki venjulegum umgengnisreglum, eru oft á flökti hvenær sem er dags eða nætur og rótandi í eigum annarra og með alls konar hegðunarmunstur sem eru mjög óheppileg á almennum stofnunum.

Síðan hlýtur það að vekja manni ugg að heyra hversu háar tölurnar eru sem hæstv. ráðherra fór með um þá sem eru í brýnni vistunarþörf, þ.e. 465 manns á landinu öllu. Það er alveg ljóst að við eigum hér mjög mikið verk óunnið. Reyndar vekur það líka sérstakan ugg í brjósti manns þegar maður veit það að verið er að draga úr þjónustu jafnframt því sem verið er að opna, því að það er jú verið að loka ákveðnum deildum sem þjónusta heilabilaða og aldraða.

[14:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að vistun heilabilaðra með öðrum inni á stofnunum getur verið óheppileg og það eru stöðugar viðræður við rekstraraðila stofnana um það hvernig hægt er að skilja að inni á stofnunum þá sem eiga við þessi vandamál að stríða og hina. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um þau vandkvæði.

Það er rétt að ég sagði að 456 væru í brýnni þörf á landinu öllu. Mikill meiri hluti þeirra er hér á höfuðborgarsvæðinu. Það eru yfir 300 manns í Reykjavík einni. Þetta vandamál er bundið við borgina að mjög miklu leyti og Akureyri. En ég held að hitt sé á misskilningi byggt, það sem ég talaði um sem viðbótarrými er hrein viðbót, við vorum að taka mjög stór skref í þessu á síðasta ári og yfirstandandi ári og hefur verið gert sérstakt átak í þeim efnum. Og varðandi frv. sem ég talaði fyrir í gær, um málefni aldraðra, þá gerir það ráð fyrir að gert sé sérstakt átak í þessari uppbyggingu. Ég legg áherslu á það að við vinnum okkur áfram í þessu máli og eins að við aukum þjónustuna með dagvistun, með heimahjúkrun. Það er stefnt að því.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni, 598. mál, fsp. MF, þskj. 902.

Lokuð öryggisdeild, 597. mál, fsp. MF, þskj. 901.

Millilíðalaust lýðræði, 600. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 906.

Kadmínmengun í Arnarfirði.

Fsp. MÞH, 109. mál. — Þskj. 109.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Þann 4. desember árið 2001 voru veiðar á hörpudiski bannaðar í Arnarfirði. Ástæðan var sú að nokkrar prufur sem teknar voru höfðu sýnt að of mikið af þungmálminum kadmín mældist í holdi hörpudisksins. Var hann því talinn óhæfur til manneldis samkvæmt alþjóðlegum stöðlum þótt gildin væru reyndar lág. Þessi kadmínmengun, ef svo má kalla, kom flestum ef ekki öllum í opna skjöldu því ekki var vitað um neitt sem gæti valdið slíkri mengun af mannavöldum. Reyndar kom fljótlega í ljós það álit sérfræðinga að hér væri um að ræða mengun af náttúrulegum orsökum.

Þungmálmar finnast að sjálfsögðu í náttúrunni og einhverra hluta vegna þá mælist óvenjumikið af kadmín í Arnarfirði, sem er einn af stærstu fjörðum Vestfjarða. Mál þetta vakti með öðrum orðum verulega athygli á sínum tíma. Hætta varð við áform um veiðar og vinnslu hörpudisks á Bíldudal. Áætlað hafði verið að þessi vinnsla mundi skila átta störfum, tvo til þrjá mánuði á ári og tekjum inn í bæjarfélagið upp á 25–30 millj. kr. Þetta var því nokkurt högg fyrir þorpið og líka bagalegt að því leyti að segja má að þetta hafi skaðað ímynd fjarðarins, Arnarfjarðar, þeirrar miklu matarkistu um aldir. Í framhaldi af þessu fóru menn t.d. að setja spurningarmerki við rækjustofninn í firðinum og varð nokkur umræða út af því.

En Fiskistofa bannaði veiðar í firðinum. Þetta var aðeins byggt á þremur prufum á sínum tíma, sem teknar voru sumarið 2001 í ágúst og rannsakaðar af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Frá þessu áfalli fyrir um þremur árum síðan hefur lítið heyrst um kadmínmengunina í Arnarfirði. Hins vegar er enn þá bannað að veiða hörpudisk í firðinum.

Ég vil því beina eftirfarandi spurningu til hæstv. umhvrh.:

„Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna ástæður og útbreiðslu kadmínmengunar í Arnarfirði? Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir frekari rannsóknum á þessari mengun?"

[15:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Til mín er beint fyrirspurn um hvaða rannsóknir hafi verið gerðar til að kanna ástæður og útbreiðslu kadmínmengunar í Arnarfirði og hvort ráðuneytið hyggist beita sér fyrir frekari rannsóknum á þessari mengun.

Því er til að svara að styrkur kadmíns í vöðva hörpudisks úr Arnarfirði hefur greinst yfir settum viðmiðunum sem eru 0,5 mg á kíló. Hefur Fiskistofa þess vegna bannað veiðar og vinnslu hörpudisks úr firðinum eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Við vöktun á efnamengun í lífríki sjávar á vegum umhvrn. fara fram mælingar á aðskotaefnum í lifur þorsks, sandkola og í kræklingi. En í holdi þorsks og sandkola er mælt kvikasilfur.

Í skýrslu starfshóps umhvrn. frá 1999 er gerður samanburður á styrk þungmálma í þessum lífverum frá Íslandsmiðum og frá öðrum hafsvæðum. Þar kemur m.a. fram að styrkur kadmíns í lifur íslenska þorsksins er hár miðað við þorsk frá öðrum hafsvæðum. Ástæður þess hve hár styrkur kadmíns er í lífríki við Íslands eru ekki þekktar en talið er að skýringa sé að leita í náttúrulegum aðstæðum fremur en vegna mengunar af mannavöldum, enda eru engar þekktar uppsprettur kadmínmengunar hér á landi.

Fram hafa komið tillögur að rannsóknarverkefnum sem hafa að markmiði að leita að uppsprettum þessa kadmíns og svara spurningunni um orsakir hins háa styrks. Sótti sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um styrk á liðnu ári til slíkrar rannsóknar undir heitinu „Upptaka ólífrænna snefilefna í lífverum við Norðvesturland". Markmið verkefnisins er m.a. að rannsaka sérstöðu norðvesturmiða með tilliti til ólífrænna snefilefna, einkum kadmíns. Sýnataka og undirbúningur er hafinn, m.a. í Arnarfirði. Í þessari rannsókn er ætlunin að rannsaka set og rækju, auk hörpudisksins. Áætlaður kostnaður við verkefnið nemur rúmum 12 millj. kr.

Á árinu 2003 styrkti AVS-sjóðurinn — sjóður til að auka verðmæti sjávarfangs — verkefnið um 2,5 millj. kr. Fyrirhuguð lok verkefnisins eru áætluð fyrri hluta árs 2005.

Í áætlun um vöktunarverkefni umhvrn. vegna efnamengunar fyrir 2003 er gert ráð fyrir að veita 300 þús. kr. í mælingar á seti vegna kadmínmengunar í Arnarfirði. Umhvrn. mun halda áfram að stuðla að nauðsynlegri almennri vöktun en það er álit Umhverfisstofnunar, sem sér um umsýslu vöktunarverkefna vegna efnamengunar fyrir umvrn., að öflugra grunnrannsókna fremur en vöktunarrannsókna sé þörf til að skýra sérstöðu íslenska hafsvæðisins hvað varðar styrk kadmíns. Ég tel eðlilegt að menn fái úr því skorið af hvaða orsökum þessi kadmínmengun er.

[15:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf og tek undir það sem fram kom í lok máls hennar, að efla þurfi grunnrannsóknir við Ísland. Það er vissulega ekki vanþörf á miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

Hitt er svo annað mál að hér erum við að ræða um Arnarfjörð. Þetta er tiltölulega lokaður fjörður. Hann er með haft yst í firðinum og kunna að vera þar aðrar aðstæður en í öðrum fjörðum hérlendis. En ástæða hefði verið til að hraða þessum rannsóknum með tilliti til þess að nytjar í firðinum hafa skipt byggðarlagið við fjörðinn, Bíldudal, verulegu máli. Ekki hefur veitt af að efla þar atvinnu. Það hefði þurft að hraða þessum rannsóknum og vinna þær fyrr.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin við fyrirspurn minni.

Ég fagna því að menn hafi tekið sig til og sett í gang rannsóknarverkefni til að athuga þetta betur. Mér finnst þetta mál á margan hátt ákveðið prinsippmál hvað varðar umhverfisvöktun og grunnrannsóknir í hafinu og hafsbotninum umhverfis Ísland.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að hafa unnið heimavinnuna okkar þegar svona mál koma upp, bæði í mengunartilfellum eins og hér um ræðir og einnig að við höfum í höndunum gögn, góð gögn um magn svona efna í ýmsum afurðum, sjávarafurðum og öðrum afurðum á Íslandi. Það er oft þannig að upp geta komið tilfelli af þessu tagi og í kring um þau orðið mikið fjölmiðlafár. Þessi tilfelli geta komið upp mjög óvænt og þetta mál er gott dæmi um það. Þá er mikilvægt fyrir okkur að hafa svörin á reiðum höndum og hafa gögnin tilbúin.

Þrátt fyrir að menn hefðu, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti á, mátt byrja fyrr þá ber að sjálfsögðu að fagna því að hreyfing skuli komin á málið. Vonandi munu niðurstöðurnar sýna fram á að kadmínmengun í Arnarfirði sé í raun ekki fyrir hendi.

[15:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það má segja að við séum komin af stað. Það er byrjað að rannsaka þó enn sé nokkuð í land með að niðurstöður fáist.

Ég deili þeim skoðunum sem fram komu hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Það er mikilvægt að Íslendingar geti sýnt neytendum fram á hvaða efni eru og eru ekki í fiski. Við lifum að miklu leyti á því að selja fisk. Það er mjög brýnt að geta t.d. sýnt fram á hver geislamengunin er í hafinu, hvaða þrávirku lífrænu efni eru hér á ferðinni og þungmálmar.

Ég get af þessu tilefni sagt þinginu þær gleðifréttir að í dag er ljóst að nógu mörg ríki hafa samþykkt samninginn um þrávirk lífræn efni, samninginn sem Ísland hefur barist fyrir að yrði að alþjóðasamningi í langan tíma. Ísland var fyrsta ríkið sem lagði á alþjóðavettvangi til að gerður yrði alþjóðlegur samningur gegn ákveðnum þrávirkum lífrænum efnum. Það var árið 1992 á Ríó-ráðstefnunni að Ísland lagði það til. Það var skrifað undir þennan samning í Stokkhólmi fyrir um tveimur árum en í dag náðist sá hópur ríkja inn á þennan samning að hann mun taka gildi. Hann mun taka gildi 17. maí.

Ég tel við hæfi í tilefni af þessari fyrirspurn að koma því á framfæri við þingið að þessi gleðilegi atburður átti sér stað í dag, að samningurinn verður að veruleika. Það er mjög mikilvægt mál fyrir okkur Íslendinga af því að við höfum haft vaxandi áhyggjur af þrávirkum, lífrænum efnum. PCB, DDT, díoxín og önnur slík efni sem hafa verið að safnast upp á norðlægum slóðum, m.a. í sjávarafurðum, hafa mjög slæm áhrif á mannfólk og dýraríki þar sem þessi efni safnast upp í fæðukeðjunni.

Ég deili því þeim skoðunum að við þurfum að geta sýnt fram á magn slíkra efna í fiskafurðum okkar.

Malarnám í Ingólfsfjalli.

Fsp. MPH, 129. mál. — Þskj. 129.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Þeir sem eiga leið um Suðurland fram hjá Ingólfsfjalli komast ekki hjá því að sjá að gríðarleg malarnáma hefur verið grafin í fjallið, svokölluð Þórustaðanáma.

Margir hafa brugðist við þessu, ekki síst Sunnlendingar sem búa í grennd við Ingólfsfjall og þurfa að horfa á spjöllin eiga sér stað.

Guðmundur Kristinsson, sem búið hefur á Selfossi alla sína tíð, skrifaði ágæta grein sem birtist í Morgunblaðinu í lok maí sl. Ég tel rétt að lesa upp lýsingu hans á ástandinu, með leyfi forseta:

„Nokkuð er nú um liðið síðan farið var að sækja möl og grús í Stóruskriðu vestarlega í suðurhlíðum Ingólfsfjalls. Og nú er svo komið að þessi fallegasta skriða fjallsins er öll uppurin og Djúpidalur er orðinn djúpt svöðusár. Þar sem áður var auðveldust gönguleið upp á fjallið hefur nú verið grafin mjög djúp og gleið gjá með meira en hundrað metra hátt stál sem aðeins er fært fuglunum fljúgandi.

Á eystri brún þessarar heljargjár hefur verið ýtt upp miklum ruðningsvegi fyrir jarðýtur sem einhvern veginn tókst að komast upp á fjallið. Þaðan hafa þær rutt sér leið út eftir skriðunni efst og vinna nú kappsamlega að því að spæna hana niður.

Þetta er alveg með ólíkindum. Nóg er nú þegar aðgert í fjallinu þó að efri skriðurnar væru látnar í friði og ekki líka skafnar inn í berggrunn.

Á ferðum mínum um landið hef ég hvergi séð náttúrudjásnum misþyrmt eins herfilega og blygðunarlaust og gert hefur verið fyrir allra augum í Ingólfsfjalli. Á leiðinni að Borgarnesi blasa við einhverjar hæstu og fallegustu malarskriður landsins, sem vekja aðdáun ferðamanna. Engum lifandi manni á þeim slóðum myndi til hugar koma að sækja þangað möl og grjót og gera þessar fallegu skriður að ruslahaug. Því síður yrði það liðið, að glaðir athafnamenn gerðu t.d. Almannagjá við Öxarárfoss eða klettana við Gullfoss að grjótnámu til þess að ná í grjót í húsgrunna og vegi. Og þó að Reykvíkingar þurfi mikla möl og grús í allar sínar miklu framkvæmdir, hefur aldrei flökrað að þeim að vaða í fallegar skriður Vífilsfells og vinna á þeim óbætanleg skemmdarverk."

Náttúruverndarsamtök hafa gert athugasemdir við þessa malarnámu og t.d. sendi Landvernd frá sér yfirlýsingu í júní í fyrra þar sem tekið var undir þær athugsemdir sem komið hafa fram varðandi spjöllin á Ingólfsfjalli. Um leið hvatti Landvernd bæjaryfirvöld í Kópavogi, Seltjarnarnesi og sveitarfélaginu Ölfusi að grípa tafarlaust til aðgerða svo koma mætti í veg fyrir að örlög Vífilsfells yrðu þau sömu og Ingólfsfjalls.

Ég beini eftirfarandi spurningum til hæstv. umhvrh.:

1. Hvaða tök hefur ráðherra á að stöðva malarnám vestarlega í suðurhlíðum Ingólfsfjalls í Árnessýslu?

2. Hver er skoðun ráðherra á þessu malarnámi sem veitt hefur fjallinu áberandi og óbætanlegt svöðusár?

[15:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvaða tök hefur ráðherra á að stöðva malarnám vestarlega í suðurhlíðum Ingólfsfjalls í Árnessýslu?"

Því er til að svara að það malarnám sem stundað er í suðurhlíðum Ingólfsfjalls var hafið áður en lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, tóku gildi en þau tóku gildi 1. maí 1994. Framkvæmdin var því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sama gildir um ákvæði náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, sbr. 2. mgr. 47. gr. en þar segir að öll efnistaka af landi eða úr hafsbotni innan netalagna sé háð framkvæmdarleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar og um hana fari skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þessi ákvæði skipulags- og byggingarlaga um framkvæmdarleyfi ná ekki yfir malarnám í Ingólfsfjalli þar sem lögin tóku gildi 1. janúar 1998 eða löngu eftir að malarnámið hófst.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er landið allt skipulagsskylt og er aðalskipulagsgerð og deiliskipulagsgerð í höndum sveitarfélaganna. Samkvæmt lögunum, samanber og skipulagsreglugerð nr. 400/1998, ber að fjalla um slíkt efnisnám við gerð aðalskipulags en það er eins og áður segir sveitarfélaganna að taka á þeim málum. Það má því segja að umhvrh. hafi ekki tök á því að skipta sér formlega af þessu máli. Sú er staða málsins gagnvart ráðherra.

Ef taka ætti á málinu innan umhvrn. miðað við þessar aðstæður má segja að eina leiðin sem til greina kæmi væri friðlýsing í samræmi við lög nr. 44/1999, um náttúruvernd. Sú leið er þó vafasöm eins og málum er háttað, enda hafa þær stofnanir sem lögum samkvæmt skulu gera tillögur um friðlýsingar ekki gert slíkar tillögur svo sem við undirbúning náttúruverndaráætlunarinnar sem nú liggur fyrir Alþingi og er til umfjöllunar. Það má því segja, virðulegi forseti, að staða ráðherra í þessu máli er mjög veik.

Í öðru lagi er spurt: „Hver er skoðun ráðherra á þessu malarnámi sem veitt hefur fjallinu áberandi og óbætanlegt svöðusár?"

Því er til að svara að Ingólfsfjall er eins og hér hefur komið fram mjög formfagurt fjall, liggur í alfaraleið og hefur veruleg áhrif á ásýnd vestanverðrar Árnessýslu svo ekki sé talað um sögulegt gildi fjallsins þar sem Ingólfur Arnarson átti sína fyrstu vetursetu er hann kom til landsins. Þær framkvæmdir sem stundaðar hafa verið í fjallinu eru til lýta og ber að taka þær alvarlega. Þess ber þó að geta að á sínum tíma þegar þessi efnistaka hófst, en síðan eru liðnir margir áratugir, voru viðhorf til landslags önnur en þau eru í dag. Að mínu mati væri æskilegt að hér yrði breyting á þannig að fjallinu yrði hlíft, en eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, þá hefur ráðherra lítil tök á því máli.

Eðlilegt væri að sveitarfélagið sem hlut á að máli, þ.e. sveitarfélagið Ölfus, tæki á þessu máli við gerð skipulags og reyni að finna aðrar leiðir til efnistöku og skilst mér að verið sé að leita leiða til þess.

Þá vil ég að lokum nefna að síðasta sumar skipaði ég starfshóp sem falið var að fjalla um námur sem eru í notkun og svo háttar til um að hvorki falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum né ákvæði skipulags- og byggingarlaga um framkvæmdarleyfi. Það er von mín að sú nefnd muni ljúka störfum á næstu vikum og er hugsanlegt að þar komi einhverjar tillögur sem nýst gætu varðandi þetta mál. Ég get ekki útilokað það.

[15:20]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Á þessu máli sem og mörgum öðrum eru tvær hliðar. Malarnámurnar í Ingólfsfjalli hafa verið ákveðin gullnáma fyrir Vegagerðina, fyrir sveitarfélögin og einstaklinga sem hafa verið með framkvæmdir í nágrenni námanna. Það er mjög langt í malarnám í aðra staði en námurnar á Þórustöðum við Ingólfsfjall. Menn eru að tala um að fara í Þrengslin sem er kannski hringur upp á 50–60 km þannig að það má ætla að við hverja einstaklingsíbúð á Selfossi til að mynda yrði kostnaðarmunur upp á 500–700 þús. Það má því segja að í þau ár sem þessar námur hafa verið notaðar hafi þær skilað byggðarlaginu miklum auði.

Spurningin varðandi þetta mál er kannski sú hvert framhaldið verður. Það sem við sjáum í dag er orðinn hlutur. En hvert verður framhaldið og hvernig verður frágangi háttað?

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Sá sem hér stendur og talar hefur í sjálfu sér ekkert á móti malarnámum. Ég hef fullan skilning á því að einhvers staðar verðum við að sækja okkur efni til vegagerðar og bygginga svo að dæmi séu nefnd. En í þessu tilfelli má spyrja hvort fórnarkostnaðurinn sé ekki orðinn of hár því það dylst engum sem fer þarna fram hjá að þetta sár er orðið mjög ljótt.

Ég hef fullan skilning á því að íbúar á Selfossi líti kannski á þetta sem gullnámu og að þessi efnistaka þjóni hagsmunum þeirra að því leyti að þarna er hægt að ná í efni sem annars væri mun dýrara. En mér finnst samt sem áður svolítið undarlegt að nú á tímum þegar samgöngur eru þó alla vega miklu betri en þær voru fyrir nokkrum áratugum sé ekki hægt að sækja efni eitthvert annað með viðráðanlegum tilkostnaði.

Annars þykir mér þegar maður skoðar gögn varðandi slíkar námur víða um land að það sé ansi víða pottur brotinn. Bæði eru margar námur ófrágengnar sem rótað hefur verið í. Mig minnir að það hafi komið fram í umræðum í þinginu í desember sl. að það séu um 3.000 staðir vítt og breitt um landið þar sem efnistaka hefur farið fram og á flestum þessum stöðum hefur efnistöku verið hætt. Og enn eru um þúsund staðir sem á eftir að ganga frá aftur. Ég vona að hæstv. umhvrh. geti kannski staðfest þessar tölur að einhverju leyti.

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér var spurt: „Hvert verður framhaldið?“ Eins og ég sagði áðan er það von mín að sveitarfélagið Ölfus skoði þetta mjög alvarlega við gerð skipulagsins hjá sér og reyni að finna aðrar lausnir en þær sem nú eru stundaðar.

Varðandi malarnám almennt get ég staðfest — ég þori ekki að staðfesta nákvæmlega tölurnar sem hér komu fram af því að ég hef þær ekki í handraðanum — en ég get staðfest að námur á Íslandi eru geysilega margar, alveg ótrúlega margar. Unnið er að því að loka þeim sem ekki eru notaðar, verið er að loka gömlum námum og ganga frá þeim og þar er unnið eftir áætlun. Samkvæmt áætluninni átti það verk að ganga hraðar en raun er á þannig að okkur hefur ekki tekist að halda í við þá áætlun, en þó er verið að reyna að vinna þetta eins hratt og hægt er en þegar áætlunin var sett fram, tel ég að hún hafi verið sett fram af nokkurri bjartsýni.

Ég vil koma því á framfæri í þessari umræðu að innan Vegagerðarinnar hafa menn tekið mjög miklum framförum varðandi sínar malarnámur og standa prýðilega að þeim málum. En fortíðin er þannig að margar eru opnar en við vinnum eftir áætlun við að loka þeim.

Fundi slitið kl. 15:25.

---

67. FUNDUR

miðvikudaginn 18. febr.,
að loknum 66. fundi.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 156. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Félagsleg aðstoð, frv., 157. mál, þskj. 157. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Réttindi sjúklinga, frv., 202. mál, þskj. 209. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Siðareglur í stjórnsýslunni, þáltill., 207. mál, þskj. 218. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Siðareglur fyrir alþingismenn, þáltill., 208. mál, þskj. 219. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Innheimtulög, frv., 223. mál, þskj. 236. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, þáltill., 225. mál, þskj. 245. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 278. mál, þskj. 314. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, þáltill., 155. mál, þskj. 155. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Áfengis- og vímuefnameðferð, þáltill., 248. mál, þskj. 268. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 257. mál, þskj. 285. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, þáltill., 268. mál, þskj. 301. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Sýslur, þáltill., 269. mál, þskj. 302. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Atvinnulýðræði, þáltill., 271. mál, þskj. 306. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, þáltill., 272. mál, þskj. 308. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 273. mál, þskj. 309. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 276. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Lyfjatjónstrygging, frv., 201. mál, þskj. 208. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
20. Umboðsmaður barna, frv., 287. mál, þskj. 332. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
21. Stjórnarskipunarlög, frv., 279. mál, þskj. 315. — 1. umr.
22. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, þáltill., 300. mál, þskj. 345. — Fyrri umr.
23. Háskóli á Vestfjörðum, þáltill., 317. mál, þskj. 363. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,

Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Háskóli á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. KHG o.fl., 317. mál. — Þskj. 363.

[15:26]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

„Herra forseti. Á þskj. 363 flyt ég ásamt þremur öðrum þingmönnum, hv. þm. Gunnari Birgissyni, Magnúsi Stefánssyni og Einari Oddi Kristjánssyni till. til þál. um háskóla á Vestfjörðum.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Skólinn verði á Ísafirði og starfi samkvæmt lögum um háskóla.

Sérhæft námsframboð skólans mótist af sérstöðu svæðisins með tilliti til umhverfismála, ferðamála, sjávarútvegs og tónlistarlífs, en í upphafi verði lögð áhersla á almennar undirstöðugreinar, svo sem fræðileg vinnubrögð, sálfræði, siðfræði, félagsfræði, aðferðafræði og tölfræði.

Horft verði til samstarfs við aðra háskóla og þannig stuðlað að fjölbreyttu námsframboði.

Rektor verði ráðinn til starfa á næsta ári til undirbúnings kennslu sem hefjist haustið 2005."

Herra forseti. Á skömmum tíma hefur aðsókn að háskólanámi aukist svo á Vestfjörðum að líkja má við sprengingu. Enginn skóli á háskólastigi starfar í fjórðungnum svo nemendur verða að stunda fjarnám. Að því er best er vitað er talið að um 130 manns á Vestfjörðum stundi háskólanám við marga háskóla.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða eru til upplýsingar um 113 nemendur á haustönn en vitað er um fleiri nemendur sem stunda nám beint við skóla án atbeina fræðslumiðstöðvarinnar. Þessir 113 nemendur stunda nám við sjö háskóla landsins. 36 stunda nám við Háskólann á Akureyri, 15 við Háskóla Íslands, 6 við Háskólann í Reykjavík, 44 við Kennaraháskóla Íslands, 4 við háskóladeildina á Hólum, 5 við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og 3 við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Mikil aðsókn hefur verið að námi, sérstaklega við Kennaraháskóla Íslands. Athyglisvert er að við afgreiðslu umsókna hjá skólanum á síðasta hausti fengu allir þeir 25 Vestfirðingar sem sóttu nám við Kennaraháskólann í fjarnámi synjun. Samkvæmt mínum upplýsingum var enginn þeirra tekinn inn í skólann í fjarnámi. Það er mjög athyglisvert í ljósi þess að menn hafa miðað við að fjarnám væri fyrst og fremst úrlausn þeirra nemenda sem geta ekki af landfræðilegum ástæðum sótt skólanám frá heimili. Það er líka athyglisvert að samkvæmt upplýsingum í svari frá menntmrh. hér á Alþingi við fyrirspurn eru um 40% þeirra sem stunda fjarnám búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er ljóst að fjarnám er fyrst og fremst að verða valkostur þeirra sem eru í fullri atvinnu og geta ekki stundað daglegt nám við háskóla fremur en valkostur þeirra sem eru búsettir fjarri skóla.

Fjarnámið er stundað á ýmsa vegu. Sumir fylgjast með fyrirlestrum um fjarfundabúnað sem komið hefur verið upp á nokkrum stöðum í fjórðungnum, en aðrir notast einkum við eigin tölvu og eru í beinum samskiptum við skólana.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða annast skipulag fullorðinsfræðslu og hefur yfir að ráða fjarfundabúnaði á nokkrum stöðum og aðstöðu á Ísafirði sem notuð er til náms og prófa. Lítið er um beina kennslu eða námsaðstoð enda fræðslumiðstöðin ekki í stakk búin til þess veita hana og afar fátítt að kennarar einstakra háskóla haldi fyrirlestra hjá miðstöðinni.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fékk 9 millj. kr. á fjárlögum síðasta árs og lagt er til í frumvarpi til fjárlaga næsta árs, sem þegar hafa verið afgreidd, að upphæðin verði óbreytt. Til viðbótar þessu fékk miðstöðin 10 millj. kr. á síðasta ári og næstu tvö ár frá iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Þetta fé er ætlað til að efla háskólanám í fjórðungnum. Sjálfsaflafé miðstöðvarinnar er um 9–10 millj. kr. Samtals er hefur fræðslumiðstöðin haft um 20 millj. kr. til umráða árlega en það verða liðlega 30 millj. kr. með framlagi ráðuneytanna. Þó ber þess að geta að fræðslumiðstöðin fékk 6 millj. kr. árið 2001 og 3 millj. kr. árið 2002 í sérstakar fjárveitingar. En hafa verður í huga að fénu er varið til fullorðinsfræðslu almennt en ekki bara til háskólanáms. Nú starfa tveir starfsmenn í 1,65 stöðugildum við fræðslumiðstöðina, en líklega bætist við einn starfsmaður á meðan viðbótarframlagsins nýtur við.

Líta verður til þess að staða fræðslumiðstöðvarinnar er óviss líkt og annarra símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Starfsmenn hafa ekki stöðu sem ríkisstarfsmenn og framlög ríkisins eru ákvörðuð frá ári til árs. Óljóst er hvernig á að þróa háskólanám og byggja upp háskólasetur eða jafnvel háskóla þegar stefnan er ekki mörkuð til lengri tíma.

Flutningsmenn telja að öll rök hnígi að því að farsælast sé að stjórna uppbyggingu á háskólanámi á Vestfjörðum með sjálfstæðri stofnun með fjárveitingum af fjárlögum eins og aðrir háskólar búa við. Forystumenn skólans munu vinna að uppbyggingu hans og móta námsframboð á þeim forsendum sem gagnast best þeim sem skólanum er einkum ætlað að þjóna.

Bent er á reynslu af uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Í upphafi var lagt til að hafin yrði kennsla á háskólastigi á Akureyri í tilteknum greinum á vegum Háskóla Íslands en frá því var horfið og stofnaður sjálfstæður háskóli fyrir norðan. Eru væntanlega fáir í nokkrum vafa um að það hafi reynst heillaráð og að háskólanám fyrir norðan væri með allt öðrum og lakari hætti nú ef það hefði verið annexía og uppbyggingu þess hefði verið stjórnað af fjarlægum stjórnendum í öðrum landshluta. Miklar framfarir í fjarskiptum á síðasta áratug gera það kleift að hinn nýi háskóli getur átt samstarf við aðra skóla og sótt til þeirra þekkingu og námsframboð. Er gert ráð fyrir að þeir möguleikar verði nýttir sem mest í þágu háskólanáms á Vestfjörðum.

Rökin fyrir sérstökum háskóla á Vestfjörðum eru enn þau sömu og sett voru fram þegar stofnað var til háskóla á Akureyri. Birgir Ísleifur Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, mælti fyrir frumvarpi um Háskólann á Akureyri á Alþingi 12. desember 1987 og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Ég gat þess áðan að háskóli á Akureyri hefur verið mikið áhugaefni forystumanna í byggðum norðanlands. Það er mjög skiljanlegt. Ég hygg reyndar að ekkert sé raunhæfara í byggðamálum en að flytja menntun út í byggðir landsins. Mér er það í minni að menntamálaráðherra Svía var hér í heimsókn á sl. sumri og við ræddum um þróun skólamála, ekki síst þróun háskólamála í Svíþjóð. Hann sagði að ríkisstjórnir í Svíþjóð hefðu gert mjög margt til að halda uppi byggðastefnu. Þær hefðu látið mikið fé af hendi rakna í

ýmiss konar félagsleg verkefni og til ýmiss konar atvinnufyrirtækja, en í rauninni hefði ekki nein stefna reynst betri en sú þegar Svíar fóru að flytja sitt æðra nám út í hinar dreifðu byggðir."

Ég legg áherslu á þessi lokaorð í framsöguræðu þáverandi menntamálaráðherra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar.

Sömu sjónarmið komu síðar fram hjá Ólafi G. Einarssyni, þáverandi menntamálaráðherra, 26. febrúar 1992 þegar hann mælti fyrir frumvarpi til nýrra laga um Háskólann á Akureyri, en hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Ég vil einnig minna á að starfsemi Háskólans á Akureyri er mikilvægur þáttur í byggðastefnu, þ.e. fólk í hinum dreifðu byggðum landsins fái aukna möguleika á að notfæra sér þá menningu og þau lífsgæði sem felast í þróttmikilli háskólamenntun og vísindastarfsemi."

Mikill áhugi er á háskólanámi á Vestfjörðum, enginn háskóli hefur starfsemi þar, staða byggðar er óvíða erfiðari eða íbúafækkun meiri. Það er því ekki eftir neinu að bíða. Notum það ráð sem vitað er að dugir vel. Þar sem gert er ráð fyrri stuttum undirbúningstíma verður í upphafi lögð áhersla á að koma af stað námi í almennum greinum. Það gefur möguleika á hagkvæmri rekstrareiningu sem er þýðingarmikið í upphafi starfrækslu skólans.

Ef aðsókn að nýjum háskóla á Vestfjörðum verður svipuð og ætla má út frá þeim fjölda sem stundar fjarnám á Vestfjörðum munu nemendur við nýjan háskóla í upphafi verða umtalsvert fleiri en þeir sem hófu nám þegar Háskólinn á Akureyri tók til starfa.

Í framhaldinu verði síðan þróaðar sérhæfðari námsbrautir, að einhverju leyti með samstarfssamningum við aðra háskóla um kennslu og útskrift. Flutningsmenn vilja benda sérstaklega á kennaradeild fyrir tónlistarkennara og veiðarfærarannsóknir og þorskeldi sem áhugaverðar námsbrautir sem hinn nýi skóli getur tekið upp á sína arma.

Eftir sem áður verður þörf fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða til þess að hafa yfirumsjón með fullorðinsfræðslu í fjórðungnum að öðru leyti en háskólanámi.

Herra forseti. Það er leikur enginn vafi á því að fyrir þessu máli er mikill stuðningur Vestfirðinga. Ég vil vitna til ummæla forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Birnu Lárusdóttur, sem sagði í viðtali í útvarpinu 23. nóvember sl., skömmu eftir að þessi þáltill. var lögð fram, með leyfi forseta:

„Ég tel að það séu allir möguleikar á því að koma upp háskólum á þessum kjarnasvæðum, sem eru Reykjavík, Akureyri, Austfirðir og Ísafjörður. Við eigum bara að hafa kjark í okkur til að segja: Nú byggjum við upp þessa byggðakjarna á þessum fjórum stöðum. Háskóli er grundvallaratriði í þessum byggðarkjörnum. Það er það sem við viljum sjá. Við viljum sjá að mönnum sé alvara í því að koma á fót háskóla á Ísafirði, sem við köllum Háskóla Vestfjarða."

Þetta er yfirlýsing forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í þessu máli. Þannig fer ekkert á milli mála með stuðning af hálfu bæjarstjórnarinnar í þessu máli.

Í öðru lagi vil ég vitna til samþykktar bæjarstjórnar Bolungarvíkur frá 4. desember sl., en þar segir, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Bolungarvíkur fagnar framkominni tillögu þriggja alþingismanna á Alþingi um stofnun Háskóla Vestfjarða á Ísafirði. Brýnt er að skólastofnun á háskólastigi verði til á Vestfjörðum, enda margfeldisáhrif af slíkri starfsemi augljós. Auk jákvæðra áhrifa á fjölbreytni í atvinnulífi, mun stofnunin geta ýtt undir samstarf á milli atvinnulífs og skóla og þannig lagt lóð á vogarskál nýrrar sóknar atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum."

Loks vil ég vitna til Soffíu Vagnsdóttur, tónmenntakennara í Bolungarvík og fyrrverandi skólastjóra tónlistarskólans. Hún segir í grein í Bæjarins besta, með leyfi forseta:

„Ég skora á alla þá sem talað hafa fyrir háskóla á Vestfjörðum, hvar í flokki sem þeir standa, að leggjast á eitt og fylgja ályktuninni vel eftir meðal „sinna manna og kvenna" á Alþingi til þess að víðtækur stuðningur og þrýstingur fáist við stofnun skólans. Þannig ná þær tillögur sem þingmennirnir eru með um að ráðinn verði rektor strax á næsta hausti til undirbúnings að verða að veruleika."

Ég hef vitnað til ályktana og yfirlýsinga forsvarsmanna á Vestfjörðum sem draga fram svo ekki verður um villst að stuðningur við þetta mál er mjög mikill.

Ég vil svo segja að lokum, herra forseti, að mörg rök falla að því að efla rannsóknar- og háskólaumhverfi á Vestfjörðum.

Það er í samræmi við áherslur í byggðastefnu fyrir árin 2002–2005 þar sem uppbygging og aðgengi að menntun er mikilvægur þáttur í eflingu byggðar og einnig er það liður í uppbyggingu Ísafjarðar sem byggðakjarna. Það er í samræmi við áherslur í byggðaáætlun Vestfjarða um eflingu háskólanáms og uppbyggingu á þekkingarumhverfi. Það er í samræmi við tillögur í skýrslu Byggðarannsóknastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um að uppbygging menntunar og efling Ísafjarðar sem byggðakjarna séu vænlegar aðgerðir í byggðamálum. Það er í samræmi við þann mikla áhuga sem Vestfirðingar hafa sýnt námi á háskólastigi. Það er í samræmi við áhuga og frumkvæði heimamanna á að efla rannsóknir og fræðastarf á Vestfjörðum. Það er liður í atvinnusköpun, að auka atvinnutækifæri fyrir menntað fólk og gefa fræðimönnum kost á að búa og starfa á Vestfjörðum. Það er liður í fjárfestingu í mannauði og gefur Vestfirðingum tækifæri á að vera virkir þátttakendur í nútímasamfélagi þar sem áherslur atvinnulífsins eru á þekkingu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

[15:42]

Útbýting þingskjals:

Starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 907.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa tillögu sem hv. 1. flm. málsins, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, kynnti. Ég tek undir mjög margt sem hann sagði í ræðu sinni. Það er alveg ljóst að á Vestfjörðum vilja menn fá háskóla og komast lengra á þeirri braut sem við höfum mótað á undanförnum árum varðandi nám á háskólastigi. Vestfirðingar telja almennt að það verði best gert með því að stofna til háskóla á Vestfjörðum. Þess vegna tek ég fyllilega undir þá tillögu sem hér er flutt af hv. þingmönnum.

Ég tel meira en tímabært að stíga þetta skref og móta þá framtíðarstefnu að á Ísafirði muni rísa háskóli sem komi til með að dafna og efla líf og menntun þar á næstu árum. Vestfirðingar vonast til að með batnandi samgöngum og áföngum í samgöngumálum verði betra að komast milli svæða innan Vestfjarða en er í dag. Til þess hefur verið stofnað í samgönguáætlun og fyrirhuguðum aðgerðum í vegamálum. Að

því er verið að vinna og mun vonandi unnið að því í framtíðinni. Svæðið ætti í heild að hafa betri aðgang að háskóla sem staðsettur væri á Ísafirði.

Það er mikið mál fyrir okkur Vestfirðinga að samgöngurnar batni og við getum nýtt okkur þá þjónustu af þessu tagi í fjórðungnum.

Eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vísaði til áðan er mikill og eindreginn stuðningur við þetta mál heima á Vestfjörðum. Ég vonast til að aðrir hv. þingmenn líti þetta mál sömu augum og þegar stofnað var til Háskólans á Akureyri, sem skipti miklu máli fyrir þróun Norðurlands, þróun byggðar og kjölfestu á Mið-Norðurlandi. Ég tel að með þessu yrðu stigin skref sem ættu að geta markað okkur betri búsetuskilyrði og fastari kjarna í byggðinni vestur á fjörðum heldur en er í dag. Ég tek undir þau sjónarmið að það eigi m.a. að gera með því sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. KHG, 279. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 315.

[15:45]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 315 frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á tveimur greinum stjórnarskrárinnar. Fyrri tillagan er breyting á 28. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um heimild ríkisstjórnarinnar eða heimild til útgáfu bráðabirgðalaga og hvernig með það skuli fara. Ég legg til að sú grein stjórnarskrárinnar sem kveður á um þessa heimild verði felld brott og að löggjafarvaldið verði þar með einvörðungu á Alþingi en ekki að hluta til hjá framkvæmdarvaldinu eins og er á meðan þetta fyrirkomulag er við lýði sem við búum við nú.

Í öðru lagi legg ég til að gerð verði breyting á 2. málslið 51. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir, með leyfi forseta, um ráðherra:

„Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, [á Alþingi] að þeir séu jafnframt alþingismenn."

Ég legg til að þessi málsliður orðist svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra má ekki vera alþingismaður."

Þessi síðari tillaga er í samræmi við samþykkt síðasta flokksþings Framsfl. Þar var flutt tillaga þess efnis að ráðherrar ættu ekki sæti á Alþingi og var hún samþykkt. Hún er líka í samræmi við frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér hefur áður verið flutt á 123. löggjafarþingi. Flutningsmaður hennar var Siv Friðleifsdóttir nú hæstv. umhvrh.

Ég er í hópi þeirra sem telja að Alþingi þurfi að styrkja sig frá því sem verið hefur. Hið nána samband milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds hefur leitt til þess að framkvæmdarvaldið hefur styrkst verulega á kostnað löggjafarvaldsins og þær breytingar hafa orðið í stjórnsýslunni á undanförnum árum, einkum frá 1997 með samþykkt nýrra laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að tekið hefur verið í æ ríkari mæli fyrir þátttöku alþingismanna í starfi innan framkvæmdarvaldsins og völd stjórna og ráða sem þingmenn höfðu setið gjarnan í fram að því hafa verið færð annars vegar til ráðherrans sjálfs og hins vegar til forstöðumanna ríkisstofnana. Þessi þróun er í gangi og ekki er annað að sjá en að hún verði það áfram, þ.e. að skilið verði með gleggri hætti þeim megin frá milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég tel eðlilegt að menn stígi þá skrefin í samræmi við þessa þróun á hinn veginn og taki fyrir þátttöku framkvæmdarvaldsins á löggjafarþinginu með beinum atkvæðisrétti.

Hin breytingin sem flutt er um heimild til þess að setja bráðabirgðalög hefur verið rædd á Alþingi oft áður og síðast árið 1991 þegar stjórnarskrárbreyting var gerð og deildaskipting Alþingis afnumin. Þá var gerð breyting á þessari grein stjórnarskrárinnar og settar ákveðnar skorður við því hvernig staðið er að því að gefa út bráðabirgðalög og hvernig þau eru síðan í framhaldinu staðfest á Alþingi. Þá komu fram mjög skýr sjónarmið alþingismanna, einkum framsögumanna fyrir málinu og nefndarálitum svo sem hv. þm. Ólafs G. Einarssonar og Margrétar Frímannsdóttur. Þar kom mjög skýrt fram sá skilningur af hálfu Alþingis að þessi heimild sem eftir var skilin í stjórnarskránni til þess að gefa út bráðabirgðalög yrði aðeins notuð í sérstökum neyðartilvikum og ætti helst aldrei að nota. Menn sáu ekki fram á að til þessarar heimildar þyrfti að grípa við þær aðstæður sem við búum við í dag. Þessi breyting hefur leitt til þess að útgáfa bráðabirgðalaga hefur breyst. Fyrir þessa stjórnarskrárbreytingu 1991 var töluvert algengt að gefin væru út bráðabirgðalög. En eftir breytinguna hefur dregið mjög úr því. Ég hygg að dæmi um það séu aðeins örfá, líklega um tugur eða svo og er sú þróun út af fyrir sig í samræmi við vilja Alþingis á þeim tíma. En það er mitt mat að í öllum þeim tilvikum sem heimildin hefur verið notuð frá 1991 hafi verið unnt að afgreiða málið með því að kalla þingið sjálft saman og láta það um að afgreiða löggjöf um efni sem til umfjöllunar var hverju sinni. Ég legg því til í frv. að gengið verði alla leið í þessu efni og heimildin til útgáfu bráðabirgðalaga afnumin með öllu.

Herra forseti. Ég legg til að þessu þingmáli verði vísað til 2. umr. og sérstakrar nefndar sem tekur við frumvörpum til stjórnarskipunarlaga.

[15:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til þess að þakka hv. þm. fyrir að flytja þetta mál í þinginu. Ég tel fulla ástæðu til þess. Þá er ég sérstaklega að vísa til þess að taka út bráðabirgðalagaákvæðið úr stjórnarskránni. Það er greinilegt að stjórnvöldum er ekki treystandi fyrir því bráðabirgðalagaákvæði. Það sýndi sig vel í sumar þegar því var beitt í máli sem hafði verið til umfjöllunar í þinginu veturinn áður og þingið hafði ákveðið að afgreiða ekki. Þá greip ríkisstjórnin til þess ráðs að setja bráðabirgðalög um þetta sama mál í staðinn fyrir að kalla þingið saman. Ef eitthvað hefði allt í einu breyst þá hefðum við haft rök fyrir því að taka málið upp.

Það er hárrétt sem hv. þm. hélt fram, að með þessu eru menn að sækja í sama farið og áður var gagnvart bráðabirgðalögunum. Í sjálfu sér er ekki hægt að halda því fram með neinum sterkum rökum að á neinu bráðabirgðalagaákvæði þurfi að halda þegar svo er komið að hægt er að kalla þingið saman með mjög stuttum fyrirvara. Ef um væri að ræða þörf fyrir bráðabirgðalagaákvæði þá ætti að tengja það við algjörlega sérstök tilvik, stríðsástand, árás á landið eða eitthvað sem gerði það að verkum að ekki væri hægt að kalla þingið saman. Það er full ástæða til þess að ræða þessa

tillögu. Mér finnst í sjálfu sér að úr því að stjórnvöld hafa sýnt sig í því að nota þetta ákvæði með þeim hætti sem við þekkjum frá því í sumar þá eru það góð rök fyrir því að taka þetta ákvæði upp.

Um hinn hluta málsins, þ.e. að þingmenn eigi ekki að vera ráðherrar, gegnir kannski svolítið öðru máli. (**KHG:** Þveröfugt. Ráðherrar ...) Afsakið. Það er rétt, hv. þm., að ráðherrar eigi ekki að vera þingmenn. Þetta er réttmæt ábending frá hv. þm. Um það gegnir dálítið öðru máli. Menn þyrftu kannski að velta ýmsu dálítið fyrir sér í sambandi við útfærslu á því atriði því að það hefði í för með sér að tiltölulega litlir þingflokkar fengju miklu meira vægi í stjórnmálum á Íslandi eftir að þetta ákvæði hefði verið tekið upp. Ég skil ósköp vel að hv. þm. sem kemur úr Framsfl. vilji auka afl flokksins innan veggja Alþingis því að auðvitað er erfitt fyrir þingmenn Framsfl. að fást við öll verkefni sem því fylgja að taka þátt í ríkisstjórn verandi með helminginn af þingflokknum sitjandi í ríkisstjórninni. Auðvitað er það vandi sem kannski brennur dálítið á framsóknarmönnum núna. En þeir eru ekki einir um að hafa viljað skoða þessa hugmynd. Það hefur líka verið vilji innan Samfylkingarinnar til þess að skoða þessa hugmynd og það er vissulega ástæða til að ræða hvernig best megi draga skýrari línur milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Þróun síðustu ára hefur í raun verið á fremur vondan veg að mér finnst hvað varðar áhrif framkvæmdarvaldsins. Sérstaklega finnst mér að ríkisstjórnin eða síðustu ríkisstjórnir hafi einhvern veginn náð meiri tökum á Alþingi en áður var. Hér virðast þingmenn stjórnarliða ekki vera eins sjálfstæðir og þyrfti til þess að meirihlutaríkisstjórnir noti ekki aðstöðu sína til þess að knýja fram niðurstöðu sem er jafnvel í andstöðu við vilja þings og þjóðar.

Hægt er að benda á dæmi um að málum hafi verið fylgt eftir í gegnum þingið ár eftir ár þar sem vitað er að andstaða hafi verið í ríkisstjórnarflokkunum við málin og algjör andstaða við málin frá hendi stjórnarandstöðunnar svo að ég vísi bara til sjávarútvegsmálanna sem menn þekkja. Þar er auðséð að stefna hefur verið keyrð með minnihlutastuðningi Alþingis og mikilli andstöðu þjóðar í mörg ár. Það er mikið umhugsunarefni þegar framkvæmdarvaldið sýnir þessa hlið á sér í svo mikilvægu máli sem þessu. Þetta er auðvitað ekki eina dæmið um slíkt að alþingismenn, ríkisstjórn eða framkvæmdarvaldið, hafi „vit fyrir þjóðinni" í einstökum málum. Lýðræðið snýst þó um að meiri hlutinn eigi að fá að ráða innan allra skynsamlegra marka. Þá á ég við innan þeirra marka að ekki sé verið að níðast á minni hlutanum, að mannréttindi séu virt o.s.frv. Það þyrftu þeir að muna betur sem fylgja meirihlutastjórnum eins og hér hafa tíðkast. Ég held að okkur vanti bókstaflega tímabil þar sem minnihlutastjórnir væru við völd á Íslandi til þess að menn gætu lært betur að virða lýðræðið og vilja meiri hluta Alþingis sem ekki hefur verið gert á síðustu árum. Þess vegna eru full rök fyrir því að menn leiti leiða til þess að draga skýrari línur milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Ég virði alveg þá viðleitni hv. þm. með þessu frv. en tel að útfærsluna í þessu efni þurfi að ræða alveg sérstaklega því að ég á erfitt með að ímynda mér að menn mundu t.d. vera alveg sáttir við það að þegar ríkisstjórn hefur verið mynduð í þessu landi þá bætist allt í einu við 12 eins og núna í þessu tilfelli, þ.e. hugsanlega 12 nýir þingmenn ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Á ræðumaður mikið eftir af ræðu sinni?)

Hæstv. forseti. Nei, ég er að ljúka ræðu minni. Aðeins eru tvær setningar í viðbót.

Ég á erfitt með að sætta mig við þá tilhugsun að það fyrsta sem gerist þegar ríkisstjórn sest að völdum sé að t.d. 12 annaðhvort ráðherrar eða nýir þingmenn bætist við stjórnarliðið þann dag. Þetta þurfa menn að hugsa svolítið betur og velta fyrir sér. Er ekki líka verið að gefa lýðræðinu svolítið langt nef með því að fram hafi farið kosningar og þar hafi menn kosið áhrifamenn í stjórnmálum og síðan þegar mönnum hefur verið stillt upp í ríkisstjórn þá sé allt í einu búið að færa völdin til? Áhrifamönnum í pólitík fjölgi þá hjá stjórnarflokkunum sem svarar heilli ríkisstjórn?

Þetta er umhugsunarefni sem ég vildi koma að í umræðunni. Ég ætla ekki að ræða það betur núna en mér finnst full ástæða til þess að fara vel yfir það hvort hægt sé að finna leiðir sem gera okkur betur fært að kljúfa á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins.

Umræðu frestað.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 156. mál (íbúaþing). — Þskj. 156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 157. mál (umönnunargreiðslur). — Þskj. 157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 202. mál (biðtími). — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umferðaröryggi á þjóðvegum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 205. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Siðareglur í stjórnsýslunni, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 207. mál. — Þskj. 218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Siðareglur fyrir alþingismenn, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 208. mál. — Þskj. 219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Innheimtulög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 223. mál. — Þskj. 236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og SKK, 225. mál. — Þskj. 245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 278. mál. — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF, 155. mál. — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Áfengis- og vímuefnameðferð, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 248. mál. — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og RG, 257. mál (úrskurðir kærunefndar). — Þskj. 285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og JBjart, 268. mál. — Þskj. 301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Sýslur, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack og ÁSJ, 269. mál. — Þskj. 302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Atvinnulýðræði, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 271. mál. — Þskj. 306.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og ÞBack, 272. mál. — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 273. mál. — Þskj. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Frv. GÖg o.fl., 276. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lyfjatjónstrygging, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 201. mál. — Þskj. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umboðsmaður barna, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 287. mál (ársskýrsla). — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Háskóli á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KHG o.fl., 317. mál. — Þskj. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

68. FUNDUR

fimmtudaginn 19. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893. — 1. umr.
2. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 479. mál, þskj. 729. — Fyrri umr.
3. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 481. mál, þskj. 750. — Fyrri umr.
4. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 482. mál, þskj. 754. — Fyrri umr.
5. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 359. mál, þskj. 478, nál. 879. — Síðari umr.
6. Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 360. mál, þskj. 479, nál. 880. — Síðari umr.
7. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 418, nál. 863. — 2. umr.
8. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 411. mál, þskj. 559, nál. 885 og 907. — 2. umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 279. mál, þskj. 315. — Frh. 1. umr.
10. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 259. mál, þskj. 292. — 1. umr.
11. Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, þáltill., 260. mál, þskj. 293. — Fyrri umr.
12. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 284. mál, þskj. 322. — Fyrri umr.
13. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, þáltill., 300. mál, þskj. 345. — Fyrri umr.
14. Listnám fatlaðra, þáltill., 329. mál, þskj. 381. — Fyrri umr.
15. Öldrunarstofnanir, þáltill., 330. mál, þskj. 382. — Fyrri umr.
16. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401. — Fyrri umr.
17. Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, þáltill., 336. mál, þskj. 404. — Fyrri umr.
18. Jarðgöng í Reynisfjalli, þáltill., 367. mál, þskj. 491. — Fyrri umr.
19. Vetnisráð, þáltill., 452. mál, þskj. 645. — Fyrri umr.
20. Erlendar starfsmannaleigur, þáltill., 125. mál, þskj. 125. — Fyrri umr.
21. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[10:31]

Útbýting þingskjals:
VES-þingið 2003, 601. mál, skýrsla VES, þskj. 908.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Palestínumanna.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um málefni Palestínumanna. Málshefjandi er hv. þm. Mörður Árnason en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:31]

Mörður Árnason:

Virðulegur forseti. Gettó, eins og þau sem voru hlutskipti gyðinga víðast í Evrópu fyrr á öldum, bantústan, eins og í Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarins. Það er þetta sem nú er að gerast í Palestínu. Ríkisstjórn Ariels Sharons er að reisa múr inni í miðju landi. Múrinn á að umlykja palestínskar byggðir á um það bil helmingi Vesturbakkans og með múrnum er Vesturbakkinn hálfur í raun innlimaður í Ísraelsríki. Þessi múr á að verða um 1.000 km langur og mundi ná frá Reykjavík norður hringveginn allt til Hafnar í Hornafirði.

Nýr múr, 15 árum eftir endalok sovétmúrsins í Berlín, ný aðskilnaðarstefna, rúmum áratug eftir að þeirri skömm lauk í Afríku suður, ný gettó, 56 árum eftir stofnun þess ríkis sem einmitt átti að binda endi á öll gettó Ísraelsríkis árið 1948 sem við Íslendingar studdum þá af heilum hug á vettvangi SÞ.

Sharon-stjórnin virðist hafa ákveðið strax í upphafi að stefna ekki að friði, heldur þvert á móti skapa styrjaldarástand, fjölga landnemaþorpum, hernema á ný svæði Palestínumanna, eyðileggja innviði samfélagsins, grafa undan stjórn Arafats og auka þar með áhrif harðlínuafla til þess að slá á alþjóðlega samúð með palestínsku þjóðinni og draga úr stuðningi á Vesturlöndum við heimastjórnina í Ramallah.

Á vissan hátt eiga öfgamennirnir í ríkisstjórn Sharons samleið með þeim öfgamönnum sem nú virkja örvæntingu á svæðum Palestínumanna til hryðjuverka með sjálfsmorðssprengjum. Hvorir tveggju berjast gegn friðsamlegri sambúð þjóðanna tveggja hlið við hlið á þessu merkilega svæði sem við lærðum í barnaskóla að kalla Landið helga.

Ísrael væri ekki til án Bandaríkjanna og eftir hörmungarnar 11. september 2001 kom þar upp sú kenning að Ísrael væri eins konar fórnarlamb í svipuðum hryðjuverkaárásum, og Bush-stjórnin gaf Sharon lausan tauminn.

Gettó, bantústan. Tölur um 50% atvinnuleysi í Palestínu, um að 60% íbúanna lifi undir fátæktarmörkum sem miðast við tvo bandaríkjadali á dag, hækkandi tölur um mannfall og limlestingar, ísraelskir borgarar í hryðjuverkum öfgasamtaka og Palestínumenn í hryðjuverkum hers og lögreglu. Það er erfitt fyrir okkur hér á Íslandi að skilja hvaða veruleika þessar tölur sýna. En það er ekki erfitt að skilja myndirnar sem nú berast af hinu nýja mannvirki suður þar.

Palestínumenn kalla það aðskilnaðarmúr. Sharon kallar það öryggisgirðingu. Í bandarískra fréttaþættinum 60 mínútum, sem sýndur var á Stöð 2 í síðustu viku, var rætt við Ami Ayalon, fyrrverandi aðmírál og yfirmann innanríkisleyniþjónustunnar Shin Beth. Ayalon sagði að sér væri nákvæmlega sama um Palestínumenn. Í hans huga skipti ekkert máli nema Ísrael. Hins vegar vissi hann að öryggi Ísraels ykist því aðeins að vonir Palestínumanna glæddust um eigið ríki. Hér held ég að Ayalon hafi fyrir hönd Ísraelsmanna í sinni áköfu og skiljanlegu öryggisþörf komist að kjarna málsins. Eina naglfasta tryggingin fyrir öryggi í Ísrael og þar með fyrir sjálfri tilvist Ísraelsríkis liggur einmitt í vonum Palestínumanna, í voninni um að það takist að semja frið og stofna sjálfstætt ríki í Palestínu.

Forseti. Alþingi hefur samþykkt tvær ályktanir um þessa deilu, 1989 og 2002, og lagt ríkisstjórninni þær skyldur á herðar að beita sér, með leyfi forseta, „fyrir viðræðum um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra" svo vitnað sé í ályktunina sem samþykkt var vorið 2002 að frumkvæði jafnaðarmanna.

Nú þegar þessi deila er komin í harðari hnút en nokkru sinni fyrr getum við ekki setið hjá. Meðan Sharon hleður múrinn á rifrildum samkomulagsins frá Ósló og Vegvísisins frá Washington er óverjandi að fulltrúar Íslendinga þegi.

Einmitt þessa daga er hlustað. Á mánudaginn hefst málflutningur í máli Sameinuðu þjóðanna gegn Ísrael fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Fyrir nokkrum dögum lýsti írski utanríkisráðherrann Dick Roche því yfir fyrir hönd Evrópusambandsins að múrinn væri brot á alþjóðalögum. Í gær mótmælti Alþjóða Rauði krossinn, sem er nánast einsdæmi í sögu þeirra góðu samtaka.

Nú í dag gefst hæstv. utanrrh. tækifæri til að lýsa skýrri afstöðu ríkisstjórnar Íslands til múrsins í Palestínu. Um leið spyr ég hvað ráðherrann og hæstv. ríkisstjórn hafi aðhafst í þessum efnum síðan þál. síðari um Ísrael og Palestínu var samþykkt í apríl 2002 og ég vona að ráðherranum gefist einnig tími til að gera okkur grein fyrir framlagi Íslendinga til uppbyggingar og neyðaraðstoðar í Palestínu á síðustu árum.

[10:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Grundvallaratriði þessa máls eru í upphafi þau að Íslendingar studdu stofnun Ísraelsríkis og íslensk stjórnvöld hafa um mjög langt skeið talað fyrir réttindum Palestínumanna, m.a. með því að þar verði stofnað sjálfstætt ríki þeirra. Afstaða Íslands er í grundvallaratriðum sú að öryggi Ísraels verði tryggt innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra og að sjálfbært ríki Palestínumanna verði í Austur-Jerúsalem, á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu. Þessi afstaða Íslands er í samræmi við þær megináherslur sem koma fram hjá svokölluðu fjóreyki og einnig efni Vegvísisins, þ.e. The Road Map á ensku, og við höfum enn fremur fagnað svonefndu Genfar-frumkvæði.

Hv. þm. spyr hver sé afstaða Íslands til múrsins. Við höfum fordæmt hann ásamt öðrum þjóðum á Norðurlöndum og ríkjum Evrópusambandsins á vettvangi SÞ þar sem við

studdum ályktun allsherjarþingsins um fordæmingu múrsins. Það er mín afstaða að þessi múr sé á engan hátt í samræmi við alþjóðalög, að hann torveldi friðarumleitanir á svæðinu og sé ekki í neinu samræmi við Vegvísinn. Það er alveg ljóst, því miður, að þrátt fyrir að Vegvísirinn sé að mörgu leyti góður fer hvorugur deiluaðila eftir honum. Sá vítahringur sem myndast hefur er skelfilegur og ætlar að vera erfitt að rjúfa hann.

Spurt er að því hvernig íslensk stjórnvöld komi að þessu máli. Við beitum okkur að sjálfsögðu í því í samvinnu við aðrar þjóðir. Við gerum það á vettvangi SÞ og í samvinnu við Norðurlöndin. Þetta mál verður t.d. rætt á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Reykjavík í byrjun næsta mánaðar. Þetta mál var ítarlega rætt á fundi mínum með írska utanríkisráðherranum í Dublin á miðvikudaginn í síðustu viku. Við fórum ítarlega yfir þetta mál en hann er einmitt að fara til sæðisins á vegum Evrópusambandsins. Við höfum haft náið samráð við Evrópusambandið eins og önnur EFTA-ríki í þessu máli. Þannig höfum við beitt okkur.

Því miður lítur þetta illa út. Þorri Ísraelsmanna og Palestínumanna þrá frið og öryggi en því miður eru aðstæður fyrir botni Miðjarðarhafs þannig að öfgamönnum beggja megin hefur tekist að torvelda friðsamlega lausn. Sumir Ísraelsmenn telja hernumdu svæðin réttmætt herfang og sumir Palestínumenn munu aldrei sætta sig við Ísraelsríki í nokkurri mynd. Það er skylda samfélags þjóðanna að reyna hvað hægt er til að einangra þessi öfgaöfl og koma í veg fyrir að þau hafi síðasta orðið um friðsamlega lausn. Það verður að krefjast ábyrgrar stefnu af hálfu þeirra ríkja sem hafa leynt og ljóst stutt þessi öfgaöfl. Um leið þurfa öll ríki heims, ekki einungis Vesturlönd, að leggja sitt af mörkum til endurreisnar og örvunar efnahagslífs á svæðinu.

Geti Ísland lagt sitt af mörkum til friðsamlegrar lausnar með pólitískum eða fjárhagslegum framlögum þá eru íslensk stjórnvöld nú sem endranær reiðubúin til þess. Við höfum lagt nokkuð af mörkum í gegnum tíðina en því miður eru sem stendur slæmar aðstæður til uppbyggingar á þessu svæði. Aðstæður eru með þeim hætti að það er nánast ekki hægt að koma á efnahagslegri uppbyggingu í Palestínu eins og öllum er kunnugt. Þess vegna er ekki hægt, þrátt fyrir að ríki séu tilbúin að leggja þar af mörkum, að koma nauðsynlegri aðstoð þar að.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Því miður er ekki víst að það stoði mikið að komast að þeirri niðurstöðu að bygging aðskilnaðarmúrsins brjóti alþjóðalög og gegn ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Sagan sýnir að Ísraelsríki hefur í skjóli Bandaríkjamanna liðist að hunsa bæði alþjóðalög og brjóta ítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Þar er á ferðinni einhver augljósasti tvískinnungur alþjóðastjórnmála sem við hverjum manni blasir.

Þannig háttar til, herra forseti, að 11. mál á dagskrá þessa *fundar fjallar einmitt um það sem hér er til umræðu utan* dagskrár, þ.e. stöðu mála í Palestínu. Þar vísa ég til till. til þál. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að Alþingi mótmæli byggingu aðskilnaðarmúrsins í Palestínu. Það væri ánægjulegt ef hæstv. utanrrh. gæti einnig verið viðstaddur þá umræðu síðar í dag og að sjálfsögðu hv. málshefjandi í þessari umræðu einnig, en honum virðist ekki kunnugt um tilvist tillögunnar.

Efni tillögu okkar er þríþætt. Að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins, þess sem Alþjóða Rauði krossinn hefur í einstæðri samþykkt lýst brjóta í bága við alþjóðalög. Í öðru lagi að Alþingi ítreki hina merku ályktun frá 18. maí 1989 og í þriðja lagi að íslensk stjórnvöld móti þá stefnu að styðja að alþjóðlegt friðargæslulið verði sent á svæðið.

Hefðin er sú að Alþingi Íslendinga hefur mótað mjög skýra leiðsögn fyrir ríkisstjórn Íslands til að fara eftir. Þar ber hæst tímamótaályktun Alþingis frá 18. maí 1989 þar sem Alþingi Íslendinga skipaði sér í fremstu röð þjóðþinga með framsækinni stefnu í þessum efnum. Ríkisstjórnir hefðu síðan gjarnan mátt beita sér harðar í málinu í samræmi við þessa eindregnu afstöðu Alþingis, t.d. gegn Bandaríkjamönnum sem hafa með pólitískum og fjárhagslegum stuðningi sínum gert Ísraelsríki kleift að fara sínu fram, því miður.

[10:44]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðjast afsökunar á því að það hafði fallið mér úr minni að þessi tillaga lá fyrir, 11. dagskrármál, Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu. Af þeim sökum hefði ekki átt að koma til þessarar utandagskrárumræðu. Ég mun þess vegna taka 11. dagskrármál á dagskrá þegar að lokinni umræðu utan dagskrár.

[10:44]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Þann 30. apríl 2002 samþykkti Alþingi þáltill. um deilur Ísraels og Palestínumanna sem flutt var af utanrmn. Í þál. er ofbeldið fyrir botni Miðjarðarhafs fordæmt og þess krafist að ofbeldisverkum linni, öryggi borgara verði tryggt og mannréttindi virt. Þá var jafnframt skorað á Ísrael að draga herlið sitt til baka af sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna og að deiluaðilar hæfu friðarviðræður.

Síðasta sumar átti ég fund með sendifulltrúum beggja ríkja. Fyrst átti ég fund með sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi og síðar formanni sendinefndar Palestínu gagnvart *Íslandi. Það var mjög athyglisvert að hlýða á málflutning* beggja aðila. Strax varð ljóst að mikið bar á milli. Jafnframt vakti það athygli mína að aðilar litu Vegvísi til friðar ekki sömu augum. Í viðtölum mínum við fulltrúa ríkjanna kom greinilega fram að málefni flóttamanna og hryðjuverkaárásir væru mál sem deiluaðilarnir ættu erfitt með að taka á. Reikna verður með að mikill fjöldi flóttamanna snúi aftur til heimkynna sinna þegar friður kemst á.

Varðandi ofbeldisverk á svæðinu koma andstæð sjónarmið greinilega fram. Ísraelsmenn telja sig ekki geta annað en brugðist við hryðjuverkum Palestínumanna og Palestínumenn segja Ísraela beita sams konar aðgerðum í skjóli ríkisvalds. Á því telja þeir engan mun. Ég gat greinilega heyrt það á þeim að vilji væri til að treysta Vegvísinum en aðilar ættu hins vegar mjög erfitt með að treysta hver öðrum.

Alþjóða Rauði krossinn ályktaði um múrinn í dag og ljóst að múrinn mun ekki auðvelda lausn deilunnar. Með þessu er verið að girða fyrir friðarferlið. Hæstv. utanrrh. hefur einmitt lýst þeirri afstöðu íslenskra stjórnvalda til þessa *máls.*

Hæstv. forseti. Það er mjög erfitt fyrir alþjóðasamfélagið að horfa upp á þessa atburði ár eftir ár. Saklausir borgarar beggja aðila hafa orðið fyrir miklum áföllum. Ekki verður séð fyrir endann á því. Það verður að ætlast til þess að leiðtogar þessara ríkja axli þá ábyrgð að greiða fyrir friðarferlinu og fylgja Vegvísinum skilyrðislaust. Ljóst er að aldrei mun gróa um heilt ef ofbeldið heldur svona áfram.

[10:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Alþjóðasamfélagið ber mikla ábyrgð í Palestínu en er samt óskiljanlega ráðþrota. Íslenskir sjálfboðaliðar sem farið hafa til starfa í Palestínu spyrja allir sömu spurninganna við heimkomuna: Af hverju er ekkert aðhafst þegar svona hræðilegir og ólöglegir atburðir eiga sér stað? Ályktanir eru samþykktar á alþjóðavettvangi en allt situr fast og þjóðin kvelst.

Ísland hefur lýst stuðningi við að Palestína verði lífvænlegt fullvalda ríki. Eftir Óslóarsamkomulagið 1993 var 90 millj. kr. veitt á nokkrum árum til uppbyggingar. Síðan ekki söguna meir. Eftir heimsókn Mustafa Barghouthi hingað árið 2001 náði félagið Ísland – Palestína að safna liðlega 4 millj. kr. fyrir sameinuðu læknahjálparnefndina. Þar af kom hálf milljón frá íslenska ríkinu.

Í haust var leitað til fjárln. um framlag upp á 4 millj. 725 þús. kr. fyrir rekstri á einni færanlegri heilsugæslustöð. Þær eru stórt hagsmunamál sem Mustafa Barghouthi kynnti ráðamönnum hér í heimsókn sinni árið 2001, og hitti hann m.a. hæstv. utanrrh. og gerði þessar færanlegu heilsugæslustöðvar að meginmáli. En þetta brýna framlag fékkst ekki.

Eigum við ekki að taka okkur saman í andlitinu og styðja þetta mannúðarmál sem er ein besta aðstoðin við heimilin í þessu hrjáða landi og við lítil börn sem vaxa úr grasi við ómannúðlegar og óbærilegar aðstæður?

[10:49]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ástandið í málefnum Ísraels og Palestínu er sem fyrr mikið áhyggjuefni. Lýsa má ástandinu sem vítahring ofbeldis og hefnda sem hefur djúpstæðar rætur og svo virðist sem ógjörningur sé að rjúfa þennan vítahring.

Málefni Ísraels og Palestínu hafa ítrekað komið til kasta Sameinuðu þjóðanna þar sem ályktanir og áskoranir hafa verið samþykktar, sem ganga m.a. út á að þjóðum heims beri að stuðla að því að deiluaðilar leysi úr málum sínum á grundvelli alþjóðalaga og samþykkta Sameinuðu þjóðanna. Alþingi og íslensk stjórnvöld hafa beint sams konar áskorunum til aðila málsins.

Það er skoðun mín að alþjóðasamfélagið verði að koma að málum með meira afgerandi hætti en verið hefur. Nærtækast er að nefna Sameinuðu þjóðirnar í því sambandi en einnig tel ég ljóst að Bandaríkjamenn verði að koma að málinu með meiri þunga vegna tengsla þeirra við Ísrael, sem við þekkjum öll. Ég tel að koma verði upp alþjóðlegu friðargæsluliði á svæðinu, varanlegur friður verður væntanlega ekki tryggður án þátttöku slíks friðargæsluliðs, sem þýðir þó væntanlega ekki að tala um fyrr en alvörufriðarviðræður hafa átt sér stað og árangur orðið af þeim. Vonir heimsbyggðarinnar eru bundnar við að slíkur árangur sjáist sem allra fyrst.

Það er í senn óhugnanlegt og sorglegt að verða vitni að því nánast daglega hvernig ástandið er á þessu svæði. Við hljótum að hafa miklar áhyggjur af mannúðarástandinu á hernumdu svæðunum ásamt því skelfilega ástandi sem ríkir í efnahagslífi, atvinnumálum og daglegu lífi Palestínumanna, jafnframt þeirri ógn sem Ísraelsmenn búa við og stafar af sjálfsmorðsárásum sem hefur m.a. haft í för með sér alvarlegt ástand í efnahagsmálum Ísraels og margt fleira mætti nefna í þessu sambandi.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, taka undir fordæmingu á byggingu múrsins mikla í Palestínu. Sú framkvæmd er ekki til þess fallin að greiða fyrir lausn þessa alvarlega máls.

[10:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þessa umræðu, hún er mjög brýn. Ég fagna því einnig að þingmál um þetta efni verði tekin hér á dagskrá.

Þegar til langs tíma er litið hafa Íslendingar stutt frelsisbaráttu Palestínumanna. Sú barátta hefur notið alþjóðlegs stuðnings. Hún byggir m.a. á samþykktum Sameinuðu þjóðanna til langs tíma, en margoft hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktað gegn yfirgangi Ísraelsríkis. Þessar ályktanir hafa hins vegar verið hunsaðar af Ísraelsríki og hefur það notið stuðnings Bandaríkjastjórnar en þar er komin skýringin á því að vítahringurinn er ekki rofinn.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að sjaldan hefur yfirgangur og ofbeldi Ísraelsríkis verið eins yfirgengilegt og ofbeldið eins grímulaust og undanfarin missiri, en sýnileg mynd þessa ofbeldis er hinn illræmdi aðskilnaðarmúr.

Ef Palestínumenn væru dökkir á hörund, ef þeir væru svartir og Ísraelsmenn hvítir væri það augljóst öllum mönnum hvað hér er á ferðinni; grímulaus aðskilnaðarstefna, „apartheid". Þannig er það hins vegar ekki samkvæmt orðum og skilgreiningum hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar. Hann talar um deiluna og deiluaðila. Hefði það verið gert í Suður-Afríku á sínum tíma? Ég held ekki.

Hvað getur Ísland lagt af mörkum til að leysa þetta mál? spyr hæstv. ráðherra. Já, við getum barist af alefli gegn þessu ofbeldi og mér er óskiljanlegt hvers vegna Ísland var ekki í hópi þeirra ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem studdu tillögu um að lögmæti aðskilnaðarmúrsins yrði skotið til Alþjóðadómstólsins í Haag. Það væri fróðlegt að fá skýringar hæstv. ráðherra á því efni.

[10:53]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Eftir að hafa barist fyrir falli Berlínarmúrsins um áratuga skeið hefur annar múr verið reistur. Bygging nýja múrsins er á landsvæði palestínsku þjóðarinnar og hefur tilvera hans verið harðlega gagnrýnd um allan heim og þá sérstaklega af mannréttindasamtökum.

Aðskilnaðarstefna ólíkra þjóðarbrota hefur alltaf verið gagnrýnd í mannkynssögunni og hefur aldrei átt rétt á sér. Í raun hefur aðskilnaðarstefna undantekningarlaust alið á frekara hatri og úlfúð fylkinga á milli. Nútímahugsunarháttur og nútímaviðhorf hafa breyst í þeirri miklu þróun sem upplýsingasamfélagið hefur alið af sér. Ungt fólk frá öllum þjóðum veraldar hefur í dag langtum betra aðgengi að gangi mála á alþjóðlegum vettvangi. Því er öllum ljóst, nema ef vera skyldi ráðamönnum í Bandaríkjunum og Ísraels, hversu mikil firra bygging hins nýja múrs er.

Bygging múrsins er skýlaust brot á almennum mannréttindum og í raun afturhaldssemi misviturra ráðamanna sem koma vilja á frekari úlfúð og hatri fylkinga á milli og fórna almennum mannréttindum á altari sinnar eigin peningastefnu.

Virðulegi forseti. Íslensk þjóð verður að fordæma þetta verk og gera það í verki.

[10:55]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Eftir Óslóarsamningana fyrir tíu árum horfðum við fram á veginn. Ég fékk þá tækifæri til að heimsækja og ræða við helstu talsmenn beggja þjóðarbrota og ríkti bjartsýni deiluaðila. Þó voru aðeins tvær vikur liðnar frá

hræðilegri sprengingu í Hebron, sameiginlegum bænastað múslima og gyðinga. Rabin, þáverandi utanríkisráðherra, og Husseini, einn nánasti vinur Arafats, lýstu yfir mikilli sáttfýsi. Báðir voru bjartsýnir, en engar sáttatilraunir hafa árangur borið.

Þeir sem stóðu að Óslóarsamningnum hafa misst völdin og öfgamenn á báða bóga tekið við. Það hryggir mig að einmitt í samtölum við þessa öfgahópa fyrir áratug bað ég þess að þeir kæmust aldrei til valda en nú er samt svo komið. Palestínumenn hafa notað ýmis örþrifaráð og þau er með engu móti unnt að réttlæta, fæst þeirra. Sprengjutilræði sem bitna aðallega á almenningi verða ávallt hryðjuverk. Harðar mótaðgerðir Ísraelsmanna er heldur ekki unnt að verja. Öfgastefna beggja deiluaðila viðheldur skelfingaróöld.

Sem yfirburðaþjóð fjárhags- og hernaðarlega hafa gyðingar nýtt sér aðstöðu sína og snúið Palestínumenn upp að vegg, vegg sem er jafnvel enn harðari en aðrir svipaðs eðlis, *múr sem að sögn er til varnar sprengjutilræðum. Reyndin* kennir að slíkt eykur enn á þá skálmöld sem ríkir. Ung kynslóð Palestínu og Ísraels þekkir ekki annað en heift og hatur, er mötuð í fjölmiðlum og ekki síður í uppeldi og námi. Báðir deiluaðilar eru því heilaþvegnir á viðkvæmum aldri. Það á sinn þátt í ungum aldri flestra sjálfsmorðingja í sprengjutilræðum sem standast illa öflugan áróður. Það getur ekki verið tilviljun hversu ungar sjálfsmorðssveitir Palestínumanna eru og hversu hátt hlutfall barna og ungmenna er í mannfalli á báða bóga. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Þjóðarleiðtogar eiga að vera fyrirmyndir með umburðarlyndi, gagnkvæma virðingu og skilning og græða fremur en ýfa sár sem kunna að vera meðal þegna þeirra.

[10:57]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Frelsissvipting og mannréttindabrot eru *daglegt brauð í Palestínu. Staða kvenna, barna og fjölskyldna* er afar bágborin, skólaganga af skornum skammti, skortur er á öllum helstu nauðsynjum og búa fjölskyldur við afar þröngan kost, ferðafrelsi er skert og atvinna lítil og atvinnuleysi mikið. Lífsbjörgin hefur verið tekin og mannréttindi fótum troðin.

Er þetta sá veruleiki sem við viljum styrkja eða ætlum við að skera upp herör gegn þessu ástandi? Ferðafrelsið eða skortur á því minnir á þá tíma sem voru í Suður-Afríku forðum. Þá reis heimurinn upp og mótmælti, allir voru sammála um að við svo búið mætti ekki standa. Heimurinn þarf líka að rísa upp núna eins og þá. Heimurinn reis líka upp og gladdist, og fólk fór út á götur og fagnaði falli Berlínarmúrsins. Heimurinn þarf líka aftur að fella múra. Aldrei hefur verið meiri þörf á því en nú að mótmæla byggingu öryggismúrsins sem Ísraelsmenn reisa á Vesturbakka Jórdanar. Öryggismúrinn er brot á alþjóðalögum um mannréttindi og með því að reisa múrinn að hluta til á landi Palestínumanna gengur Ísraelsstjórn freklega á hlut hernumins ríkis samkvæmt alþjóðamannréttindalögum. Genfarsamningurinn er ekki virtur á hernumdu svæðunum.

Alþjóða Rauði krossinn hefur gefið út yfirlýsingu vegna þessa og segir að múrinn loki þúsundir Palestínumanna inni og hindri aðgang þeirra að grundvallarþjónustu svo sem vatni, heilsugæslu og menntun. Hann spilli afkomumöguleikum. Ekki var á það bætandi.

Alþjóðasamfélagið með Ísland innan borðs á að skera upp herör gegn þessu. Ekki fleiri Berlínarmúra til að fótumtroða mannréttindi.

Virðulegi forseti. Sjálfsákvörðunarréttur palestínsku þjóðarinnar var viðurkenndur á Alþingi Íslendinga 1989 svo og tilveruréttur Ísraels. Einnig var viðurkenndur réttur palestínskra flóttamanna til þess að snúa aftur til fyrri heimkynna í samræmi við ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Friður mun aldrei komast á fyrr en þessir aðilar setjast við samningaborðið sem jafningjar.

[10:59]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Svo lengi sem ég man eftir hafa verið fréttir í sjónvarpinu af átökum í Miðausturlöndum. Nú sem fyrr einkennist stjórnmálaþróunin þar af átökum og ófriði. Ekki sér fyrir endann á þeim deilum enda ríkir algert vantraust milli Ísraelsmanna og Palestínumanna. Meðan svo er er því miður borin von að friðarhorfur aukist. Afstaða Íslands hefur komið skýrt fram en við höfum fordæmt ofbeldisverk beggja aðila og tekið undir kröfur þess efnis að báðir aðilar semji um vopnahlé og hefji friðarviðræður. Ísland hefur beitt sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og studdi ályktun allsherjarþingsins í haust þar sem bygging múrsins svonefnda er fordæmd og Ísraelsmönnum er skipað að hætta við framkvæmdirnar.

Þessi múr sem Ísraelsmenn eru að reisa á landi Palestínumanna getur orðið allt að 700 km langur og veldur bygging *hans miklum áhyggjum. Ég var viðstödd fund í öryggisráði* Sameinuðu þjóðanna í haust á allsherjarþinginu þar sem fram fór umræða um byggingu múrsins. Sérstök tilfinning fylgdi því að upplifa beint þá heift sem ríkir á milli deiluaðila og hafði ég mikla samúð með málstað Palestínumanna, enda er þessi framkvæmd liður í því að troða á mannréttindum og ýtir hún undir frekara ofbeldi og hryðjuverk.

Herra forseti. Málið lítur því miður ekki vel út en maður verður að vona að menn átti sig á því að lausnin í þessu máli getur hvorki orðið hernaðarleg né lagaleg heldur þarf hún að vera pólitísk og í samræmi við ályktanir öryggisráðsins.

[11:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem er óvenju eindregin á Alþingi. Að öðrum fullkomlega ólöstuðum vil ég sérstaklega þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur sem hér hefur lagt fram af sinni miklu reynslu sem allir þekkja.

Ýmsir töldu að hætta væri á stefnubreytingu íslensku ríkisstjórnarinnar og hæstv. utanrrh. í málefnum Palestínumanna vegna dauflegra ummæla hans um þau mál og engra raunar langa stund. Ég tel sérstaka ástæðu til þess að taka undir fordæmingu utanrrh. á múrnum og fagna því að hann skuli hér ótvírætt og afdráttarlaust fylgja fram áður mótaðri stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar og Alþingis Íslendinga í þessu máli. Ég verð hins vegar að taka undir þá gagnrýni á hæstv. utanrrh. að deilurnar og átökin fyrir botni Miðjarðarhafs eða fyrir Miðjarðarhafsbotnum eru ekki knattspyrnuleikur þar sem bæði lið mæta með 11 menn eða kabbojhasar þar sem annars vegar eru kabbojar og hins vegar indjánar í bakgörðum heldur er um að ræða kúgun, því miður, eins ríkis á annarri þjóð. Það er auðvitað í því ljósi sem við verðum að skoða þetta mál allt og þá er ég ekki að afsaka hryðjuverk eða öfgar Palestínumegin.

Málið er flókið en þó er ljóst að einn maður á hverjum tíma situr með lykilinn í málinu. Það er, og þarf ekki að skýra

það frekar, forseti Bandaríkjanna. Við sem erum bandamenn þessara Bandaríkja eigum að nota hvert tækifæri sem við höfum til þess að hvetja einmitt þennan forseta og hans menn til þess að nota lykilinn til lausnar á málinu. Það gerði Bush eldri. Það reyndi Clinton en Bush yngri hefur ekki staðið sig í þessu efni. Ég hvet hæstv. utanrrh. til þess að taka þetta mál upp á öllum þeim vettvangi sem hann kann, sérstaklega við Bandaríkin.

[11:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við höfum fordæmt byggingu múrsins með ótvíræðum hætti á vettvangi SÞ. Þá spyrja menn: Af hverju sat Ísland hjá þegar leitað var eftir því að vísa málinu til dómstólsins í Haag. Það gerðum við ásamt 77 öðrum þjóðum, öllum Norðurlöndunum og öllum Evrópusambandsríkjunum.

Svarið er einfalt. Við teljum það í sjálfu sér óþarft vegna þess að afstaða okkar er skýr. Við teljum okkur ekki þurfa þess vegna að fá álit Alþjóðadómstólsins í Haag. Þar að auki teljum við að það geti tafið og spillt fyrir friðarferlinu.

Ef úrskurður Alþjóðadómstólsins í Haag verður ótvíræður þá mundi það verða hjálp í þessu máli. Ef hann er hins vegar óljós sem ástæða er til að ætla vegna þess að þar koma saman dómarar frá mörgum löndum sem gætu leitað málamiðlunar þá gæti sá úrskurður orðið vatn á myllu Ísraelsríkis til þess að treysta múrinn í sessi þannig að það er ekkert ótvírætt að fá álit Alþjóðadómstólsins í Haag. Ég veit ekki til þess að Íslendingar hafi ávallt viljað fá þann dómstól til þess að úrskurða um viðkvæm mál.

Hér hefur verið nefnt í umræðunum að nauðsynlegt sé að þarna komi alþjóðlegt friðargæslulið. Ég tek undir það. Ég tel að þessi deila verði aldrei leyst nema alþjóðlegt friðargæslulið komi þar til skjalanna. En það er athyglisvert að vaxandi áhugi er fyrir því að Atlantshafsbandalagið komi þar inn. Sú umræða er áhugaverð og það er mikilvægt fyrir Íslendinga að fylgjast þar með framvindu mála því svo kann að fara að Atlantshafsbandalagið einhvern tíma í framtíðinni þurfi þar að koma að.

Um fundarstjórn.

Umræða utan dagskrár um málefni Palestínumanna og þingsályktunartillaga um aðskilnaðarmúrinn í Palestínu.

[11:06]

Mörður Árnason:

(**Utanrrh.:** Það rignir í ræðustólinn.) (**Gripið fram í:** Verður ekki að útvega manninum regnhlíf?) Það rignir bæði á réttláta og rangláta, ágæti forseti.

Vegna þeirra orða sem forseti viðhafði hér áðan þegar hann bað hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sérstakrar afsökunar á því að þessi utandagskrárumræða færi fram í dag þá vil ég taka fram að ég lagði inn beiðni mína um þessa utandagskrárumræðu áður en þing hófst að nýju eftir jól. Síðan er liðinn nokkur tími. Ég vissi ekki um tillögu þeirra hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Ögmundar Jónassonar fyrr en ég rakst á hana í gær þegar ég var að leita að gögnum í tölvusafni þingsins og biðst auðvitað afsökunar á því að hafa ekki gert mér grein fyrir þeirri stórmerku tillögu. Ég brást þá þannig við vegna þess að málin voru skyld — ekki þau sömu, herra forseti, en skyld — að ég hafði samband við annan flutningsmann þessa máls, þann sem hér var í salnum þegar að þessu kom, hv. þm. Ögmund Jónasson, og sagði honum frá þessu. Hann taldi enga meinbugi á því af sinni hálfu og flutningsmanna að þessi umræða færi hér fram. Ég sagði á móti að ég mundi minnast á þessa þáltill. og gera það sem ég ætlaði að gera í síðari ræðu minni — og enn hrjóta dropar af þaki þingsins. (Gripið fram í.) Hér er ekki við mig að sakast heldur verður forseti að eiga um þetta við sjálfan sig og auðvitað þá sem með honum stjórna starfi þingsins.

Ég vil hins vegar taka fram að þáltill. þeirra félaga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Ögmundar Jónassonar er prýðileg tillaga og ég fagna því að hún verði tekin til umræðu strax á eftir (Forseti hringir.) og ég tel að ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þm. að vera ekki með efnisumræður um einstök þingmál. Hv. þm. hefur lokið máli sínu.)

... við eigum að styðja hana.

[11:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að sú þáltill. sem hér er um að ræða, 11. dagskrármál, var lögð fram 6. nóvember.

[11:09]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist yfir þessum umræðum. Auðvitað er ekki við þann hv. þm. sem hér hefur óskað eftir umræðu að sakast þótt leyfð hafi verið utandagskrárumræða um þetta mál. Hún hefur legið fyrir nokkuð lengi. Utandagskrárumræðubeiðnir eru ræddar hjá formönnum þingflokka á fundum með forseta og þeir hafa væntanlega verið nokkrir síðan þessi beiðni kom fram. Mér finnst rétt að beina athugasemdum vegna þessa máls til formanna þingflokka, sérstaklega formanns þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem hefur fyrir sitt leyti lýst því yfir við hv. umræðubeiðanda að það sé í lagi og honum að meinalausu að þessi umræða fari fram. Mér finnst því ekki rétt að beina — ég vil ekki segja ásökunum — hnýtingum í garð þess sem hefur óskað eftir þessari umræðu hér.

[11:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að gefnu tilefni taka fram að ég áfelldist engan nema sjálfan mig fyrir að hafa gleymt tillögu hv. 5. þm. Norðaust. Ég sagði ekki eitt einasta orð um að ekki væri eðlilegt að biðja um þessa utandagskrárumræðu. Mér finnst undarlegt að hefja umræður um það á þeim grundvelli að einstakir þingmenn séu að áfellast hver annan þegar sökin er eingöngu mín.

[11:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan kosið að við hefðum getað haldið okkur við dagskrá og tekið til við að ræða þetta þingmál. Ég held að tíma þingsins hefði í sjálfu sér verið betur varið í það. Ég ætlaði fyrst og fremst að þakka hæstv. forseta fyrir þá tillitssemi að leyfa þessum tveimur umræðum að vera samhangandi úr því að þær bar báðar upp á sama daginn.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera sérstakar athugasemdir við að þessi utandagskrárumræða færi fram. Ummæli mín bar ekki endilega að skilja þannig. En úr því að hv. tillögumaður bað um þessa umræðu einum tveimur mánuðum eftir að þingmál um nánast sama atriði var komið fram og vék þar að auki ekki einu orði að henni í framsöguræðu sinni, að hún

lægi hér fyrir, þá réði ég af því að honum væri ekki kunnugt um tilvist hennar eða hefði a.m.k. ekki verið fyrr en í gær.

Það er rétt að formaður þingflokks okkar upplýsti að málshefjandi hefði komið að máli við hann og sagt að hann hygðist taka þetta mál upp. Okkur var því ekki ókunnugt um það. Að öðru leyti er það auðvitað í höndum forustu þingsins að ákveða hvenær dagskrármál liggja fyrir með þeim hætti að eðlilegra sé að umræður um viðkomandi málefni fari fram innan dagskrár en ekki utan. Það er um það sem þetta snýst. Það er verkstjórnarlegt skipulag sem á að skera úr um þá hluti. Í sjálfu sér fagna ég stuðningi og áhuga við þetta mál hvaðan sem hann kemur og hvernig sem hann birtist.

Ég vil bara leyfa mér, úr því að þessi umræða er hafin á annað borð, að halda uppi nokkrum málsvörnum fyrir þingmenn sem leggja vinnu í að flytja þingmál. Sýna mætti þeim þann sóma að þeir séu ekki settir áberandi skör neðar í sambandi við skipulag þinghaldsins en upptaka mála utan dagskrár. Hefði t.d. þannig tekist til að þetta mál hefði ekki komist að fyrr en síðdegis í dag, hæstv. utanrrh. farinn af þingi og tepptur í öðrum störfum, hefði umræðan um dagskrármálið farið fram að honum fjarstöddum en utandagskrárumræðan er þannig skipulögð að ráðherra er viðstaddur og til svara. Ég held að þetta nægi til að benda á að með slíkum framgangsmáta, slíku skipulagi, væri dagskrármálinu gert lægra undir höfði heldur en umræðunni utan dagskrár. Það er væntanlega ekki eins og við þingmenn viljum almennt hafa það. Þá missir það talsvert marks að við leggjum vinnu í að ganga formlega frá hlutunum í formi framlagningar þingmála.

[11:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil almennt segja að þegar leyfðar eru umræður utan dagskrár er ekki ætlast til að málshefjandi kveðji sér hljóðs um störf Alþingis um sama málefni eða fundarstjórn forseta um sama málefni.

Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 260. mál. — Þskj. 293.

[11:13]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins í Palestínu. Þetta er 260. mál þessa þings á þskj. 293. Flutningsmaður að tillögunni er ásamt mér hv. þm. Ögmundur Jónasson. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á framfæri við ísraelsk stjórnvöld og á alþjóðavettvangi formlegum og hörðum mótmælum gegn byggingu aðskilnaðarmúrs á palestínsku landsvæði. Sett verði fram sú krafa af Íslands hálfu að framkvæmdir við múrinn verði tafarlaust stöðvaðar og hafist handa um að fjarlægja hann.

Alþingi áréttar afstöðu sína til deilumála Ísraela og Palestínumanna, sbr. ályktun Alþingis frá 18. maí 1989.

Alþingi ályktar að íslensk stjórnvöld styðji og vinni að því fyrir sitt leyti að alþjóðlegt friðargæslulið verði sent á svæðið til verndar óbreyttum borgurum."

Eins og heyra má, herra forseti, er efni tillögunnar þríþætt í aðalatriðum. Í fyrsta lagi að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins og krefjast þess að hann verði fjarlægður. Í öðru lagi að árétta hina framsæknu stefnu sem Alþingi mótaði með ályktun sinni 18. maí 1989 og í þriðja lagi að íslensk stjórnvöld vinni að því að alþjóðlegt friðargæslulið verði sent á svæðið til verndar óbreyttum borgurum. Í raun fælist í fyrstu og síðustu málsgreininni ný stefnumótun af hálfu Alþingis, afdráttarlausar en áður hefur legið fyrir varðandi andstöðuna við byggingu múrsins og það að styðja viðleitni til að koma alþjóðlegu friðargæsluliði á svæðið.

Ég vil leyfa mér í byrjun þessarar umræðu að fagna því að hæstv. utanrrh. tjáði sig áðan með jákvæðum hætti um báða þessa efnisþætti. Hann lýsti sig algerlega andvígan byggingu múrsins og lýsti þeirri skoðun sinni að hann bryti í bága við alþjóðalög. Ég held að flestir telji svo nema ísraelsk stjórnvöld og kannski bandarísk. Ráðherra gaf jafnframt til kynna að íslensk stjórnvöld væru jákvæð í garð þess að reynt yrði að koma alþjóðlegu friðargæsluliði á svæðið.

Ég tel engu að síður fulla ástæðu til að Alþingi fylgi þeirri hefð sem mótast hefur, að hér sé mótuð afdráttarlaus og skýr stefna og þar með leiðsögn til handa stjórnvöldum til að fara eftir hverju sinni. Það væri í samræmi við hefðirnar sem mótuðust með ályktun Alþingis 18. maí 1989 og reyndar samþykkt Alþingis frá 30. apríl 2002, þó að sú samþykkt væri fyrst og fremst almenns eðlis og vísaði til ályktana Alþingis frá því um áratug áður.

Varðandi byggingu múrsins vil ég leggja áherslu á, herra forseti, að þar er um eitthvað það alversta að ræða sem gerst hefur í þessari erfiðu og þungbæru deilu í samskiptum Ísraela og Palestínumanna í rúma hálfa öld. Múrinn mun, fái hann að rísa og standa, gera nánast ógerlegt að leysa úr þeim flækjum sem um landamærin milli heimastjórnarsvæða Palestínumanna og Ísraelsríkis hafa skapast. Eru þau þó nógu erfið fyrir eins og kunnugt er. Ég vísa þar að sjálfsögðu fyrst og fremst til viðurkenndra landamæra eins og þau voru samkvæmt tillögu 1947 sem Ísraelsmenn byrjuðu reyndar þegar að brjóta með ofbeldi ófriðarins áður en Ísraelsríki varð formlega til.

Múrinn er að mestu leyti byggður á viðurkenndu palestínsku landi. Hann sker í sundur svæði, annars vegar byggðir Palestínumanna þar sem búsetan er og hins vegar t.d. akra og ólífulundi. Hann gerir alla efnahagslega starfsemi nánast ómögulega og torveldar stórlega að mögulegt verði fyrir Palestínumenn að stofna sjálfstætt efnahagslega fullburða ríki. Til viðbótar við þau geysilega erfiðu úrlausnarefni sem tekist hefur verið á um, t.d. rétt flóttamanna til að snúa heim, málefni Jerúsalem og átökin um landamærin, sem Ísraelsmenn hafa fært út í sína þágu í hverjum einustu átökum allt frá því fyrir 1950, mundi koma þetta hroðalega mál, þessi múr, aðskilnaðarmúr, þetta járntjald sem ristir gegnum svæðin og hefur allt þetta í för með sér sem ég hef áður nefnt.

Ég sat fund samtakanna Íslands – Palestínu sl. sunnudag í Norræna húsinu og hlustaði þar á ungmenni, sjálfboðaliða á vegum samtakanna sem hafa verið að koma heim síðustu vikur frá Palestínu, sem lýstu reynslu sinni af því að hafa farið sem sjálfboðaliðar og í raun mannlegir skildir til að reyna að veita Palestínumönnum nokkra vörn gegn árásum Ísraelshers. Það var satt best að segja þyngra en tárum taki að hlusta á þær lýsingar, jafnánægjulegt og það var að þetta unga hugsjónafólk hefði lagt sjálft sig, líf sitt jafnvel, í hættu til að reyna að leggja þarna lið. Það stóð sérstaklega upp úr í lýsingum unga fólksins hvernig þessi múr og þetta ástand er að gera málin enn þá erfiðari en ella. Menn sem hafa mikla þekkingu á þessu svæði og hafa iðulega heimsótt það

á undanförnum árum, t.d. Sveinn Rúnar Hauksson, formaður samtakanna Íslands – Palestínu, eru sammála um það. Hann segir að hann hefði seint trúað því þegar hann heimsótti svæðin fyrir tveimur eða fjórum árum að ástandið þar ætti eftir að versna. Það hefur engu að síður gerst. Þar er bygging múrsins að sjálfsögðu eitt allra alvarlegasta atriðið.

Ég vil víkja að 2. mgr. tillgr., þ.e. að Alþingi árétti afstöðu sína til deilumála Ísraela og Palestínumanna. Ég minni enn á ný hversu framsækin samþykkt Alþingis frá 18. maí 1989 var. Í henni var tekin afdráttarlaus afstaða, í fyrsta lagi til þess að viðurkenna bæri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og um leið tilverurétt Ísraelsríkis. Hins vegar má segja að sú viðurkenning hafi legið fyrir af Íslands hálfu frá upphafi, samanber aðild Íslendinga að stofnun þess. Þarna var með nýjum og algerlega afdráttarlausum hætti tekið af skarið með að viðurkenna bæri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar. Í öðru lagi mótaði Alþingi þá stefnu um það, sem er stórt mál í öllum þessum deilum, að viðurkenna bæri rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Þar er eitt af þeim erfiðu atriðum sem tekist hefur verið á um í ýmsum friðarumleitunum á undanförnum árum. Palestínumenn hafa reyndar gefið mikið eftir í því sambandi í örvæntingarfullum tilraunum til að ná einhverju samkomulagi sem þeim gæti gagnast.

Það verður að horfast í augu við það að Palestínumenn hafa aftur og aftur mátt hörfa undan í nýjum og nýjum friðartilraunum vegna þess að Ísraelsmenn hafa gengið á lagið í hvert einasta skipti. Nýjustu drög að friðarsamkomulagi hafa verið Palestínumönnum miklu óhagstæðari en eldri hugmyndir um lausn deilunnar að þessu leyti, að ekki sé talað um ef farið væri að upphaflegum áformum um stofnun Ísraelsríkis frá 5. áratug síðustu aldar og þeim viðurkenndu landamærum sem þá voru lögð. Ætla ég þó ekki í umræður um þá ábyrgð sem alþjóðasamfélagið ber á ástandi mála í heild sinni, þ.e. vegna þeirrar einstæðu ákvörðunar að heimila þjóð að flytja inn á landsvæði, búsett af annarri, og stofna þar ríki. Það hlýtur að teljast einstætt í öllu tilliti og á vonandi aldrei eftir að endurtaka sig eða verða fordæmi fyrir öðru sambærilegu. Auðvitað er ljóst að með því voru búnar til aðstæður sem síðan hafa nánast reynst óviðráðanlegar.

Það þriðja sem hin merka samþykkt Alþingis frá 18. maí 1989 markaði tímamót með var að Alþingi taldi að Ísland ætti að hafa vinsamleg samskipti við frelsissamtök Palestínu, PLO. Í þessu fólst meira og minna viðurkenning á því að þau væru hinn lögmæti og réttmæti fulltrúi palestínsku þjóðarinnar. Hvað sem segja má um þau samtök og Yasser Arafat þá er hann auðvitað eini maðurinn og PLO einu samtökin sem geta talist fulltrúar þjóðarinnar.

Auk áðurnefndrar samþykktar má nefna, eins og hér hefur verið gert fyrr í umræðum í dag, ályktun Alþingis frá 30. apríl 2002 sem lýsti almennum áhyggjum af ástandinu, kröfu um að átökum og ofbeldisverkum linnti og að teknar yrðu upp í kjölfar vopnahlés friðarviðræður. Síðan var vísað til ályktunar Alþingis frá 18. maí 1989 og helstu ályktana öryggisráðs SÞ um málið.

Herra forseti. Ég hef rakið hefðirnar, þ.e. að Alþingi móti stefnu sem sé skýr leiðsögn fyrir stjórnvöld til að fara eftir um leið og þjóðþingið sjálft tekur af skarið um afstöðu sína. Það er að mínu mati mjög æskilegur framgangsmáti. Ég leyfi mér að gera mér vonir um, í anda þeirrar hefðar sem um þetta mál hefur ríkt, að utanrmn. Alþingis taki þessa tillögu til jákvæðrar skoðunar. Ekki er annað að heyra af ræðum sem þegar hafa verið fluttar í umræðum utan dagskrár en að fulltrúar allra flokka eigi nú sem fyrr að geta sameinast um áherslur í þessum efnum.

Síðasta atriðið sem tillagan kemur inn á, þ.e. spurninguna um að senda friðargæslulið, vil ég einnig ræða lítillega. Í dag er staðan sú að á svæðinu er friðargæslulið en það er ákaflega fámennt. Það er ákaflega veikburða og hefur enga stöðu. Þetta er friðargæslulið sjálfboðaliða, friðarsinna víða að úr heiminum sem reyna, þrátt fyrir andstöðu Ísraelsríkis, miklar þrengingar og mikla erfiðleika, að komast inn á svæðið og vera þar með ekkert annað að vopni en líkama sinn til að veita stríðshrjáðum íbúum heimastjórnarsvæðanna og flóttamannabúðanna í Palestínu vörn með veru sinni þar. Um leið er reynt að vekja athygli á ástandinu og tryggja að umheimurinn gleymi ekki þeim hörmungum sem ganga þarna yfir dags daglega. Þetta er geysilega virðingarvert og mikilvægt. Það er ekki hægt annað, eins og ég sagði áður, en að dást að því hugsjónafólki sem leggur líf sitt í hættu í þágu vandalauss fólks sem þarna á í hlut.

Auðvitað væri allt öðru til að dreifa ef alþjóðleg samstaða gæti tekist um að senda friðargæslulið á svæðið sem gætti hinna viðurkenndu landamæra og tryggði að ekki yrðu gerðar árásir á óbreyttra borgara eins og alsiða er í dag. Þarna gerist það nánast hvern sólarhring. Óbreyttir borgarar, þar á meðal börn og unglingar, falla í valinn. Að sjálfsögðu er ljóst að ýmsir pólitískir og praktískir erfiðleikar felast í að koma slíku í kring. En að lokum kemur það aftur að sama upphafspunktinum. Fengjust Bandaríkjamenn til að breyta um afstöðu og hverfa frá því að styðja hin ofbeldissinnuðu og árásargjörnu stjórnvöld í Ísrael, t.d. með því að beita afli sínu ásamt öðrum þjóðum, sem ég hygg að mundu styðja það nánast einróma, til að koma á vopnahléi og senda inn friðargæslulið, þá gæfi það a.m.k. tóm og aðstæður til að vinna að varanlegri lausn deilunnar. Það verður örugglega nógu erfitt þótt hinni örvæntingarfullu uppreisn Palestínumanna linnti og vopnahlé kæmist á.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[11:29]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér dettur ekki í hug að verja byggingu múrsins í landi Palestínu og Ísrael, síður en svo. En mig langar að víkja aðeins að 1. lið þessarar till. til þál., sem gengur út á að ríkisstjórninni verði falið að koma á framfæri mótmælum við byggingu múrsins til ísraelsku ríkisstjórnarinnar. Tillagan ber það með sér, eða það má lesa út úr henni, að íslensk stjórnvöld hafi ekkert gert til þess að fordæma byggingu þessa múrs. Það er ekki rétt, alls ekki. Menn verða að gæta sanngirni í málflutningi sínum og halda því til haga að slíkum mótmælum hefur verið komið á framfæri. Það var síðast gert, að því er ég hygg, á allsherjarþingi SÞ sem haldið var eftir því sem ég best veit í október eða nóvember sl.

Af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði því skóna að Bandaríkjamenn styddu byggingu þessa múrs, þá vil ég benda á að svo er ekki. Bandaríkjamenn komu á framfæri mótmælum sínum við byggingu múrsins. Það er mikilvægt að þessu sé haldið til haga, að því sé haldið til haga að íslensk stjórnvöld hafa brugðist við aðgerðum ísraelsku ríkisstjórnarinnar. Í framhaldi af því væri ágætt að fá fram frá hv. flutningsmanni, 5. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni, upplýsingar um með hvaða hætti íslensk stjórnvöld eigi að

koma mótmælum sínum á framfæri, umfram það sem þegar hefur verið gert. Mótmælin og afstaða íslenskra stjórnvalda til málsins liggur alveg klár fyrir.

[11:31]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta eigi ekki að þurfa að verða tilefni til mikillar misklíðar eða ágreinings. Tillagan var flutt strax í byrjun nóvember og að einhverju leyti kunna mótmæli ríkisstjórnarinnar að hafa orðið opinber eftir það. Í öðru lagi er það í góðu lagi af hálfu okkar flutningsmanna að orðalag sé haft með hliðsjón af því að að einhverju leyti hafi slík mótmæli þegar komið fram og þá mundi þetta snúast fremur um að ítreka þau og herða á þeim.

Tillögugreinin felur reyndar fleira í sér sem ég veit ekki hvort íslensk stjórnvöld hafa formlega sett fram, þ.e. kröfu um að framkvæmdir verði stöðvaðar og hafist verði handa um að fjarlægja múrinn. Yfir þetta má að sjálfsögðu fara í hv. utanrmn.

Varðandi afstöðu Bandaríkjamanna til múrsins á það að heita svo að þeir styðji að sjálfsögðu ekki byggingu hans. En hvað hafa Bandaríkin á hinn bóginn gert til þess að koma í veg fyrir að hann rísi? Veita ekki Bandaríkjamenn Ísraelsríki áfram þann gríðarlega fjárstuðning annars vegar hernaðarlegan og hins vegar hreinan efnahagslegan sem auðvitað heldur því ríki uppi og gerir því kleift að halda úti þeim hernaðarumsvifum sem raun ber vitni? Í framgöngu Bandaríkjamanna að þessu leyti gætir því talsverðs tvískinnungs, leyfi ég mér að segja, og tel þá tiltölulega hógværlega að orði komist, þannig að í því ljósi held ég að beri að skoða þetta.

Ég held líka að menn eigi að hafa það í huga, og það er m.a. tekið fram í einstæðri samþykkt Rauða krossins, að þó svo að menn viðurkenni rétt Ísraelsríkis til að reyna að verja sig fyrir hryðjuverkaárásum, sem enginn að sjálfsögðu réttlætir, verður að gera þá kröfu til þess ríkis eins og allra annarra að allar slíkar aðgerðir séu lögmætar að alþjóðalögum, og það er sáralítil deila um það í heiminum að múrinn er ólöglegur. Vandinn er hins vegar sá, eins og ég hef áður komið að á þessum degi úr þessum ræðustóli, að Ísrael hefur auðvitað komist upp með það í stórum stíl að hunsa bæði alþjóðalög og ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

[11:33]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að við þurfum ekki að fara í miklar pólitískar deilur á hinu háa Alþingi um réttmæti þess að byggja þennan múr. Ég hygg að allir sem hér eru séu sammála um að réttmæti þeirrar byggingar er ekki til að dreifa. En ég sá mig hins vegar knúinn til þess að koma upp í þetta síðasta andsvar til að vekja athygli á því að stjórnvöld á Íslandi hafa brugðist við þessari byggingu með formlegum hætti og það var gert á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Hins vegar fannst mér athyglivert að hv. þm. skyldi ekki geta þess sérstaklega í framsöguræðu sinni þegar hann flutti tillöguna á hinu háa Alþingi. Hann gat þess heldur ekki að afstaða Bandaríkjamanna til byggingar múrsins lá jafnframt fyrir á þessu sama allsherjarþingi. Og þrátt fyrir það að ekki komi fram í grg. með þáltill. að þessi afstaða liggi fyrir, enda hefur hún kannski ekki legið fyrir þegar greinargerðin var samin, hefði ég talið það rétt og drengilegt að taka það fram í umræðunni og í ræðu hv. þm.

[11:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði í fyrri umræðu um byggingu múrsins að eins og kom fram í ræðu minni hefur afstaða Íslands komið fram með skýrum hætti á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í samskiptum við Evrópusambandið og í samskiptum við Norðurlöndin. Hún hefur því komið fram með beinum og skýrum hætti.

Að því er varðar hugsanlegt friðargæslulið á þessu svæði er rétt að hafa það í huga að friðarsamningar voru gerðir á sínum tíma milli Egyptalands og Ísraels, milli Jórdaníu og Ísraels, og þeir hafa haldið. Þessir friðarsamningar hafa því sýnt að það er hægt að gera samninga um frið á þessu svæði.

Það er líka svo að alþjóðlegt friðargæslulið hefur jafnframt komið inn á svæðið. Þannig er lið Sameinuðu þjóðanna í Gólanhæðum við landamæri Sýrlands, en eins og vitað er hafa Hizbollah-samtökin gert árásir inn í Ísrael þar á því svæði. Það er líka fámennt friðargæslulið á Sínaískaganum. Það eru því fordæmi fyrir friðargæsluliði á þessu svæði.

Ég á hins vegar von á því að ekki sé raunhæft að þarna fari inn alþjóðlegt friðargæslulið nema sem liður í því að koma Vegvísinum til framkvæmda og gæta lögbundinna landamæra, eins og hér hefur komið fram, milli Palestínu og Ísraels og gæta þess að þar ríki friður. Ég hef þá sannfæringu að það muni ekki vera hægt að koma á þeim friði í reynd nema alþjóðalið sé á svæðinu. Ísraelsmenn hafa hins vegar verið andvígir því fram að þessu. En það er athyglisvert að gamalreyndur stjórnmálamaður eins og Shimon Peres skuli nú gera það að tillögu sinni að Evrópa opni arma sína fyrir Ísrael og Palestínu og taki upp viðræður um það að þessi ríki gangi annars vegar í Evrópusambandið og hins vegar í Atlantshafsbandalagið. Þar er hann að vísa til Kýpurdeilunnar en Kýpurdeilan er trúlega að leysast, ekki síst vegna þrýstings sem hefur myndast vegna inngöngu Kýpur í Evrópusambandið.

Nú fer fram víðtæk umræða um það í aðdraganda leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins, sem verður haldinn í Istanbúl í vor, hvert eigi að vera hlutverk Atlantshafsbandalagsins í Miðausturlöndum, og það er mjög mikilvæg og áhugaverð umræða. Inn í hana dregst hlutverk Atlantshafsbandalagsins ekki aðeins hugsanlega í Írak heldur jafnframt hugsanlega á þessu svæði og hlutdeild bandalagsins í því að koma á friði og gæta friðar á þessu svæði.

Það liggur alveg fyrir að þessi deila og lausn hennar er lykill að framförum í arabaríkjunum. Ef ég man rétt lifir fimmti hver íbúi í Miðausturlöndum á minna en 2 dollurum á dag og sjöundi hver íbúi í Miðausturlöndum er atvinnulaus, og það er mikil hnignun efnahagslífs á þessu svæði. Það er ekki rétt mynd sem fólk fær af ástandi í Miðausturlöndum með því að álíta að þar búi eingöngu ríkir olíufurstar. Það er öðru nær. Þar ríkir mikið hnignunarástand og það ástand er í sjálfu sér mjög hættulegt friði á svæðinu og hættulegt friði í heiminum. Í huga þeirra sem búa í arabaríkjunum er þetta mál lykillinn að því að framfarir geti hafist á nýjan leik, það er ekki áætlanir um uppbyggingu, það er ekki efnahagsaðstoð, heldur lausn Palestínumálsins. Þannig er það í öllum skoðanakönnunum.

Það er því alveg sama hvernig á þetta er litið að lykill að frekari framþróun og lýðræðisþróun á þessu svæði er lausn þessa máls, fyrir utan það að að sjálfsögðu er mikilvægt að lýðræðisþróunin takist vel í Írak og klerkaveldið í Íran missi þau hörðu tök sem það hefur og lýðræðisöflin í Íran nái fót-

festu, sem er nauðsynlegt til að hrinda af stað umbótum á því svæði. Það er alveg ljóst að ef þarna tekst vel til þá mun það hafa gífurleg áhrif í öllum Miðausturlöndum og er raunverulega það eina sem getur stuðlað að langtímafriði og þróun þessa svæðis því að langtímafriður og efnahagsleg þróun svæðisins mun ekki eiga sér stað nema með lýðræðisþróun og efnahagslegri uppbyggingu.

[11:42]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðuna og þátttöku í umræðunni. Ég vil spyrja í sambandi við það sem hæstv. ráðherra segir og er ánægjulegt að afstaða Íslands og andstaða við byggingu múrsins hafi komið skýrt fram og hæstv. ráðherra nefnir í því sambandi Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið og norrænan vettvang eða Norðurlöndin, en spurning mín lýtur að því, og það er í raun og veru að hluta til það sem tillögugreinin gengur út á, hvort formleg mótmæli hafi verið send ísraelskum stjórnvöldum. Hefur formleg orðsending eftir diplómatískum leiðum þar sem þessari gjörð ísraelskra stjórnvalda er mótmælt, verið afhent t.d. ísraelska sendiherranum á Íslandi sem, ef ég man rétt, situr í Ósló?

Í öðru lagi um friðargæslulið og möguleikann á að koma því inn á svæðið þá er mikilvægt að hafa í huga það sem hæstv. ráðherra nefndi, að auðvitað eru hófsöm öfl innan Ísraels sem skiptir miklu máli að halda sambandi við og þar var nefndur Shimon Peres. Það er áhugavert í sjálfu sér að menn af hans tagi horfi núna meira til Evrópu. En er það ekki m.a. vegna þess að menn horfast í augu við þá staðreynd að bandarísk stjórnvöld eru algerlega föst í klónum á ríkum og heittrúuðum gyðingum vestan hafs sem styðja ofstækisfyllstu öflin í Ísrael? Meðan svo er og meðan efnahagsleg og pólitísk áhrif gyðinga vestra eru jafnrík og mikil og raun ber vitni í blaðaheiminum, í háskólaheiminum og efnahagslífinu, og þeir láta jafndigrar fjárhæðir af hendi rakna í kosningasjóði, er því miður ekki líklegt að margt breytist í bandarískum stjórnmálum.

Auðvitað þarf að hafa þessi hófsemdaröfl í huga og rétt að minnast þess að þúsundir Ísraela eru á heimastjórnarsvæðum Palestínu sem sjálfboðaliðar við friðargæslu.

Ég er svo að lokum algerlega sammála hæstv. ráðherra um það að lausn Palestínudeilunnar er auðvitað alger lykill að friði og stöðugleika og framþróun í Miðausturlöndum.

[11:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í málum sem þessu hefur skapast sú venja og það hefur þótt nægilegt að afstaða okkar komi fram með skýrum hætti á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og það sé í sjálfu sér ekki til neins að vera að ítreka þá afstöðu með öðrum hætti. Þessi afstaða er skýr. Það vill svo til að málefni þessa svæðis eru iðulega til umræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það má því segja að það sé óvenjulegt við þetta mál að þar hefur Ísland ávallt tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

Að því er varðar samskipti við Ísrael og Palestínu vil ég minna á það að ég sem utanríkisráðherra fór í heimsókn til Ísraels og Palestínu um mánaðamótin maí/júní 2002. Þá fóru fram viðræður við alla helstu forustumenn Ísraelsríkis, þar á meðal forsætisráðherrann, forsetann, utanríkisráðherrann og marga aðra, og jafnframt Yasser Arafat, forseta Palestínu, og fulltrúa stjórnar Palestínu á því svæði, og þetta liggur ítarlega fyrir. Þar var m.a. komið á framfæri ályktunum Alþingis um þessi mál.

[11:46]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hæstv. utanrrh. þannig að ekki hafi sem sagt verið send sjálfstæð eða sérstök orðsending með mótmælum, eða afhent ísraelskum stjórnvöldum, og það kann vel að vera að það sé í samræmi við hinar diplómatísku hefðir. Ég hefði þó haldið að fordæmi væru fyrir því og það væri í raun og veru venjan að kalla a.m.k. sendiherra á teppið og lesa honum pistilinn við aðstæður af þessu tagi. Annað eins hefur verið gert. Ég minnist þess þegar hér var á dögum og við störf síðasti sendiherra Sovétríkjanna sálugu, Krasavín nokkur, og það var óróleiki mikill yfir framferði Sovétmanna í Eystrasaltsríkjunum í aðdraganda þess að þau urðu sjálfstæð. Þá var hann nánast daglegur gestur á teppinu í utanrrn. þar sem hann var skammaður út af framgöngu Sovétmanna þarna.

Ísraelski sendiherrann hlýtur að eiga hér leið um af og til, sá sem fer með Ísland, og maður hefði þá a.m.k. átt von á því að það yrði opinbert að honum hafi verið afhent með formlegum hætti mótmæli eða honum lesin afstaða Íslands í þessum efnum. Út af fyrir sig er það þó kannski framkvæmdaatriði og skiptir ekki öllu máli.

Ég vil aðeins aftur víkja að deilunni sjálfri og mikilvægi þess að hún leysist vegna framþróunar í þessum heimshluta, sem hæstv. ráðherra og nefndi. Undir það tek ég. Því miður eru nýlegar tölur komnar fram sem ég las á dögunum um þróun efnahagsmála í arabaheiminum. Hún er neikvæð, og lífskjör fara þar núna versnandi, því miður, víðast hvar nema í fáeinum smáríkjum svo ekki sé talað um að í Palestínu er auðvitað að verða algert efnahagslegt hrun. Atvinnuleysi er þar 50–70% á sumum svæðum fyrir utan milljónirnar sem lifa í flóttamannabúðum þar sem önnur og þriðja kynslóðin eru að alast upp. Þar er ekkert annað fram undan en að þjóðin í heild sinni nánast verði komin á alþjóðlegt framfæri ef ekki tekst að vinda bráðan bug að lausn deilunnar.

[11:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skiptir miklu máli að samstaða ríki á þessu þingi gagnvart þeirri deilu sem er fyrir botni Miðjarðarhafsins. Það kom fram í svari hæstv. utanrrh. gagnvart spurningum hv. þm. Marðar Árnasonar í utandagskrárumræðu áðan að sú samstaða ríkir.

Það sem mér finnst skipta máli er að hæstv. utanrrh. skýri hvaða afstöðu hann og íslenska ríkisstjórnin hafa til þeirra umræðna sem hann upplýsir að séu nú í gangi innan Atlantshafsbandalagsins um möguleikana á því að einhvers konar friðargæslusveitir á þess vegum verði sendar til átakasvæðanna.

Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar, og við í Samf., að það skipti mjög miklu máli að alþjóðlegt friðargæslulið komi inn á þetta svæði. Við höfum heyrt það í umræðunum í morgun að Ísraelsmenn vilja auðvitað hafa líf og örlög palestínsku þjóðarinnar í hendi sér. Þeir vilja ekki fá friðargæslusveitir þarna inn. Mér finnst það nokkur tímamót ef málin eru að snúast þannig að Atlantshafsbandalagið sé að velta því fyrir sér í fullri alvöru að senda þangað inn sveitir til að stilla til friðar. Mér hefur sjálfum þótt sá ás sem hefur að miklu leyti borið uppi hernaðarmátt bandalagsins, Bandaríkin, hafa mjög skirrst við að hlusta á raddir sem hafa óskað eftir nærveru þeirra þarna.

Nú eiga Íslendingar kost á því að taka þátt í umræðu um það innan Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. utanrrh. upplýsir um það. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvert verður tillegg og viðhorf íslensku ríkisstjórnarinnar til hugmynda um að friðargæslusveitir á vegum Atlantshafsbandalagsins komi inn á þetta svæði?

[11:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar umræður hafa m.a. spunnist vegna hugsanlegrar þátttöku Atlantshafsbandalagsins í uppbyggingu og friðargæslu í Írak. Eins og vitað er eru sumar þjóðir Atlantshafsbandalagsins þar á vettvangi og það eru miklar líkur til þess að Atlantshafsbandalagið í heild sinni yfirtaki hlutverk þessara sveita, en að sjálfsögðu verða það þá sveitir sem eru byggðar upp frá nokkrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Þjóðverjar hafa lýst því yfir að þeir muni ekki standa í vegi fyrir því að slíkt geti gerst, en munu ekki senda sveitir sjálfir. Jafnframt hefur komið inn í umræðuna hlutverk Atlantshafsbandalagsins almennt að því er varðar Miðausturlönd og hugsanleg aðkoma Atlantshafsbandalagsins að þeim aðstæðum sem eru á þessu svæði.

Það er mjög erfitt að segja fyrir um hvað geti gerst í því. Um það þarf að nást samstaða, það þarf að vera ljóst að það lið sé a.m.k. bærilega velkomið inn á svæðið. Ég vil ekki útiloka að það geti gerst. Hins vegar er ljóst að Íslendingar eru eina þjóðin í Atlantshafsbandalaginu sem ekki hefur hersveitir en við höfum ávallt verið tilbúin til að taka þátt í slíkri friðargæslu með fámennu liði lögreglufólks, hjúkrunarfólks og annarra aðila, og við mundum að sjálfsögðu ekki skorast undan í þeim efnum frekar en endranær.

[11:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var að reyna að grafast fyrir um hvaða viðhorf hæstv. utanrrh., og þar með íslenska ríkisstjórnin, hefði til hugmynda um að friðargæslusveitir á vegum Atlantshafsbandalagsins færu inn á átakasvæðin í Palestínu. Mér fundust svör hæstv. utanrrh. loðin. Kannski er það eðlilegt vegna þess að málið er tiltölulega nýtt og kemur upp, eins og hæstv. ráðherra segir, í tengslum við breytingar sem kunna að verða á málum í Írak.

Ég hef ekki haft jafnmikinn tíma og hæstv. utanrrh. til að velta þessu fyrir mér en tel að menn eigi ekki að útiloka neitt sem hugsanlega gæti stillt til friðar eða dregið úr átökum í þessum löndum. Atlantshafsbandalagið hefur verið að breytast, eðli þess og hlutverk, og ég tel að Íslendingar eigi frekar að ýta undir það að bandalagið eflist áfram í þeim farvegi að verða alþjóðlegt friðarbandalag. Menn ræddu það hér fyrir hartnær áratug að sú ætti þróunin að verða með Atlantshafsbandalagið og margt hefur gerst síðan sem má segja að staðfesti að sú þróun sé í gangi.

Ég held að menn hafi reynt svo margt til að draga úr viðsjám þarna og það hefur ekki tekist, m.a. vegna þess að Bandaríkjamenn hafa dregið lappirnar og Ísraelsmenn hafa ekki viljað fá alþjóðlegt herlið þarna inn. Nú hafa hins vegar í tengslum við átökin í Írak og í tengslum við forsetakosningar í Bandaríkjunum skapast ákveðnar aðstæður sem gera það að verkum að hugsanlega er hægt að ná alþjóðlegu sammæli um að Atlantshafsbandalagið fari inn á svæðið til þess beinlínis að draga úr átökum.

Ísland hefur rödd. Ísland hefur ekki her en Ísland hefur rödd og ég held að það skipti máli að við styðjum viðleitni af þessu tagi á alþjóðavettvangi.

[11:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú stefna Atlantshafsbandalagsins að fara með sveitir utan hefðbundinna svæða, eða eins og sagt er á ensku „out of area", var staðfest á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna hér í Reykjavík, og við höfum stutt þá stefnu. Þetta á við um Afganistan, svo dæmi sé tekið, og núna 1. júní munu Íslendingar taka að sér mjög mikilvægt hlutverk í Afganistan. Við höfum stutt þá viðleitni jafnframt í Miðausturlöndum, í Írak, og við munum halda áfram að styðja hana hvar sem Atlantshafsbandalagið getur hjálpað til við að koma á friði.

Þetta er að sjálfsögðu vandmeðfarið, eins og hv. þm. veit. Við höfum stutt þessa stefnu og munum halda áfram að styðja hana. Ef Atlantshafsbandalagið getur stuðlað að friði milli Ísraelsmanna og Palestínumanna er ég þeirrar skoðunar að við eigum að styðja þá viðleitni með sama hætti og á öðrum svæðum sem tengjast þessu viðkvæma landsvæði.

[11:56]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í þennan stól til að segja að ég styð þá tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson hafa hér flutt. Það skiptir miklu máli varðandi afstöðu Íslendinga í þessu að hún sé sem víðtækust og það ríki einhugur um hana. Mér þykir vænt um að allir þeir sem hér hafa talað í dag hafa sýnt það með orðum sínum að þeir vilja styðja að rödd Íslands hljómi sterklega á þessum vettvangi.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ræddi þetta lítillega fyrr í morgun, og mér fannst gott að heyra hjá hv. þingmanni, þó að hann fyndi að málflutningi hv. málflytjanda, að hann styður hugsunina sem í þáltill. er.

Við Íslendingar eigum með vissum hætti frumburðarrétt á tilvist Ísraelsríkis. Það voru Íslendingar sem undirbjuggu og lögðu fram tillöguna sem beinlínis varð til þess að Ísraelsríki var stofnað. Sökum þess höfum við alltaf hér á Íslandi haft veikan blett í hjarta okkar gagnvart Ísrael og við höfum haft tilhneigingu til að styðja það mjög dyggilega.

Nú hefur þróunin orðið þannig í Ísrael að það er ákaflega erfitt að vera vinur Ísraels í þeim mæli sem margir voru áður. Ég t.d. fylgdist af miklum áhuga sem ungur maður með uppbyggingu og þróun þess ríkis. Mér finnst nú sem þeir hafi misnotað þann stuðning sem alþjóðasamfélagið hefur veitt þeim. Mér finnst að það skipti ákaflega miklu máli að við, sérstaklega við sem eigum ákveðinn frumburðarrétt á Ísraelsríki, segjum þeim líka mjög skýrt hvað okkur finnst um framferði þeirra.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson benti á að Íslendingar hefðu nú þegar lýst því yfir í formi yfirlýsinga ríkisstjórnar Íslands að þeir væru á móti þessum múr og þeirri aðskilnaðarstefnu sem með byggingu hans birtist. Það er alveg rétt, við höfum borið gæfu til þess, Íslendingar, að það ríkir þokkalegur einhugur um þetta. Samt sem áður verð ég að segja að ég er ekki sammála því viðhorfi sem mér fannst birtast hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að tillagan væri þar af leiðandi óþörf. Hún er það síður en svo. Það skiptir miklu máli að ekki bara framkvæmdarvaldið tali með þessum hætti. Það skiptir máli gagnvart þeim sem eru að fylgjast með alþjóðlegri þróun, og ekki síst þessum tveimur ríkjum, að Alþingi Íslendinga tali. Það skiptir máli að fram

komi að einhugur ríkir meðal allra flokka á íslenska þjóðþinginu gegn byggingu múrsins. Þess vegna er nauðsynlegt að tillaga af þessu tagi fái þann framgang sem hún á skilið.

Herra forseti. Samf. hefur á síðustu árum aftur og aftur tekið upp málstað Palestínumanna. Við höfum í utandagskrárumræðum, með fyrirspurnum og líka með þátttöku í starfi á alþjóðavettvangi tekið upp málstað Palestínu og við höfum lýst því yfir að það verði að verja rétt þeirra til sjálfsákvörðunar og styðja þá í viðleitni þeirra til þess að fá að stofna frjálst og fullvalda ríki.

Á þinginu 2002 lögðum við fram sérstaka tillögu, virðulegi forseti, sem laut að ályktun þingsins um deilu Ísraels og Palestínumanna. Frumkvæði Samf. sem birtist í þeirri tillögu og reyndar með margvíslegum hætti það ár tel ég að hafi átt ríkan þátt í að ná upp þeirri miklu samúð sem íslenska þjóðin hefur sýnt málstað palestínsku þjóðarinnar. Ég held að þar hafi ekki síst skipt máli að Samf. fékk fyrir atbeina Sveins Rúnars Haukssonar, sem var einmitt nefndur af hv. flm. sem einn af hinum ódeigu baráttumönnum fyrir málstað Palestínumanna, hingað til lands einn af forvígismönnum Palestínumanna, Mustafa Barghouthi. Sá kom hingað, ávarpaði landsfund Samf. og lét mjög að sér kveða í fjölmiðlum á þeim tíma. Mig langar, virðulegi forseti, af því tilefni, að endurtaka þau orð sem húmanistinn Mustafa Barghouthi lét falla í ávarpi sínu til landsfundar flokksins og voru svo, með leyfi forseta:

„Ofbeldið og öryggisleysið eru einkennin en hernámið er orsökin."

Við þurfum að uppræta hernámið og það skiptir máli að rödd okkar og atbeini hvarvetna á alþjóðavettvangi styðji málstað þeirra sem eru fórnarlömb hernámsins.

Í dag hafa Ísraelsmenn hlutað niður það svæði sem Palestínumenn með réttu hafa yfir að ráða. Þeir hafa bútað það niður í 220 einingar sem hafa nánast engin tengsl sín í milli. Þeir hafa komið í veg fyrir að hægt sé að halda uppi fjarskiptum á milli þessara litlu svæða. Þeir hafa komið í veg fyrir að fólk geti sótt vinnu og það hefur harðnað enn á þeim dal með múrnum sem nú er verið að reisa. Það liggur fyrir að 70% af palestínsku þjóðinni búa ekki við viðunandi heilsugæslu. 60% þjóðarinnar eru undir skilgreindum fátæktarmörkum á alþjóðavísu. Þetta eru þau skilyrði sem Palestínumenn búa við og við berum með vissum hætti ábyrgð á kjörum þeirra og framtíð. Þess vegna skiptir svo miklu máli að Alþingi láti til sín heyra.

Alþingi samþykkti þáltill. sem Samf. lagði fram 2002 en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi lýsir áhyggjum sínum af því ófriðarástandi sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og fordæmir það ofbeldi sem þar á sér stað. Alþingi leggur áherslu á að öryggi óbreyttra borgara sé tryggt og alþjóðleg mannréttindi virt og telur brýnt að send verði eftirlitsnefnd frá Sameinuðu þjóðunum á svæðið í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1405(2002).

Alþingi krefst þess að öllum ofbeldisverkum linni, þar á meðal sjálfsmorðsárásum og beitingu hervalds, að Ísrael dragi herlið sitt til baka frá sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna, að deiluaðilar semji um vopnahlé og að hafnar verði friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra í samræmi við nýjustu ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna."

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. sem hér var samþykkt árið 2002 birti skýran, ótvíræðan og einhuga vilja Alþingis. Ég tel nauðsynlegt að í því máli sem liggur fyrir birtist sami vilji með sama hætti. Þess vegna hvet ég til þess að þessi þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs verði samþykkt.

[12:05]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Öfugt við það sem fyrr hefur gerst í dag taldi ég rétt að leyfa þessari góðu umræðu að fara fram áður en haldið væri áfram umræðum um fundarstjórn forseta. Nú er að vísu annar forseti kominn í stólinn en sá sem áður var og ég get ekki gert að því hvenær hann velur að stjórna fundi og hvenær ekki.

Ég vil taka fram svo að það sé ljóst að í umræðum áður bað ég um orðið öðru sinni en var það meinað. Ég vil þess vegna lesa, með leyfi forseta, úr 55. gr. þingskapa þennan texta hér:

„Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir. Enginn má þó tala lengur en þrjár mínútur í senn og ekki oftar en tvisvar um hvert atriði."

Ég vil einnig taka fram þannig að það sé á hreinu, það sem menn geta séð í þingtíðindum þegar þau verða gefin út eða komin á netið, að ekki var um það að ræða að ég héldi áfram þeirri umræðu sem fram fór utan dagskrár. Þvert á móti var ég að tala um fundarstjórn forseta, um það mál sem forseti og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sáu ástæðu til að gera að sérstöku umræðuefni inni í miðri utandagskrárumræðu um múrinn í Palestínu.

Þetta vil ég taka fram en ætla ekki að hafa frekari lýsingarorð, a.m.k. ekki að sinni, um fundarstjórn forseta.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur hlýtt á þessi orð hv. þingmanns og tekur þau til athugunar.)

Umræðu frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 594. mál (ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.). — Þskj. 893.

[12:07]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. Frv. er unnið í umhvrn. og byggir á tillögum sem ráðuneytinu bárust frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og nefnd sem m.a. var falið það hlutverk að fylgjast með framkvæmd hreindýraveiða samkvæmt breyttu kerfi sem komið var á árið 2001. Haft var samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skotveiðifélag Íslands og Fuglaverndarfélag Íslands við gerð frv.

Virðulegi forseti. Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingum og nýmælum sem lögð eru til í frv.

Lagt er til það nýmæli í 10. gr. frv. að skýrt verði kveðið á um verndun varpstaða arna. Frv. er ætlað að bregðast við þeirri óvissu sem skapaðist í kjölfar dóms varðandi verndun varpstaða arna. Þann 3. apríl 2003 felldi Hæstiréttur Íslands

dóm þar sem hinn ákærði var sýknaður af ákæru um að hafa raskað hreiðurstæði arna í því skyni að verjast ágangi þeirra.

Ernir helga sér varpstæði sem oftast eru nefnd óðul eða arnarsetur. Ernirnir verpa þar kynslóð fram af kynslóð og þá yfirleitt á sömu stöðunum. Sum þessara arnarsetra hafa verið í samfelldri ábúð eins langt og heimildir ná. Mikilvægt er því að halda hlífiskildi yfir þessum stöðum sem og þeim gömlu setrum sem ernir hafa yfirgefið en gætu síðar tekið sér bólfestu á með stækkandi stofni. Viðkoma arna er víðast hvar lítil samanborið við aðrar fuglategundir en þeir bæta sér það upp að hluta með langlífi. Þess vegna eru arnarstofnar afar viðkvæmir fyrir ásókn og truflunum eða öðru því sem hefur bein áhrif á lífslíkur vaxinna fugla. Þá eru ernir afar heimakærir og halda tryggð við sömu varpstaði kynslóð eftir kynslóð. Því er mikilvægt að vernda slíka staði og nánasta umhverfi fyrir hvers kyns röskun og truflunum til að standa vörð um viðkvæman og lítinn stofn. Lagt er til að umgangur sé bannaður nær varpstöðum arna en 500 m á varptíma. Hliðstæðar reglur og verndarmörk gilda í nágrannalöndum okkar um varpstæði sjaldgæfra tegunda sem eru viðkvæmar fyrir truflunum.

Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að gert er ráð fyrir að landeigendur eða umráðamenn lands geti komið nær hreiðrum ef brýna nauðsyn ber til vegna lögmætra nytja, t.d. æðarvarps eða sjávarnytja. Ráðherra getur samkvæmt frv. veitt undanþágu fyrir fjarlægðartakmörkuninni í sérstökum tilvikum. Einnig er lagt til að óheimilt sé að hrófla við hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 metra hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Þannig verður óheimilt að koma fyrir búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða til að reyna að hindra þá í að verpa. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að ekki megi raska fornum arnarsetrum sem ernir gætu tekið bólfestu á eftir því sem stofninn stækkar. Heimilt verður þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Líklegt er að gömul hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna þar sem svo háttar til og svo sem vegna þess að vegur hefur verið lagður nærri fornu arnarsetri og því ljóst að örninn helgar sér þar ekki varpsvæði.

Lagt er til að bætt verði nýjum kafla við lögin um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, VII. kafla sem ber heitið Sértæk friðun. Kaflanum er ætlað að hýsa ákvæði er varða frekari vernd tegunda sem eru alfriðaðar samkvæmt lögunum.

Segja má að hér sé stigið fyrsta skrefið í átt að frekari verndun friðaðra tegunda sem eiga sérstaklega erfitt uppdráttar og komi sem viðbót við almenn friðlýsingarákvæði.

Í nýrri 18. gr. er lagt til að ráðherra verði veitt heimild, að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, til að kveða á um aukna vernd friðaðra stofna villtra fugla og spendýra sem eiga erfitt uppdráttar, sé brýn ástæða til. Mikilvægt er að geta þess að ráðherra ber að hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög áður en slík ákvörðun er tekin. Hér er einkum þó verið að horfa til sjaldgæfra fuglategunda ef skyndilegar breytingar verða á stofnstærð þeirra.

Þá eru lagðar til breytingar í 2. og 3. gr. frv. til að skýra frekar stjórnsýsluleg skil milli Umhverfisstofnunar, sem er stjórnsýslustofnun, og Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem er rannsóknastofnun. Mikilvægt þykir að skýrt sé að það sé annars vegar hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að bera ábyrgð á því að meta stofnstærð og hvort viðkomandi stofn þolir veiðar, hins vegar sé það Umhverfisstofnunar, eftir að ráðherra hefur tekið ákvörðun í málinu um að stofn þoli veiðar, að útfæra tillögur um nauðsynlega veiðistjórn og hvernig veiðum skuli háttað. Tillögunni er m.a. ætlað að ná betur því markmiði sem stefnt var að með stofnun Umhverfisstofnunar að skilja milli rannsókna og stjórnsýslu að svo miklu leyti sem unnt er.

Í 7. gr. frv. er lagt til að ekki þurfi veiðikort til að stunda veiðar á mink. Ekki þarf að kaupa slík veiðikort ef veiða á mýs og rottur en minkar, eins og rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, eru ekki friðaðir samkvæmt gildandi lögum.

Lagt er til í b-lið 5. gr. frv. að ráðherra sé heimilt að aflétta friðun á stofnum eða tegundum villtra dýra sem flust hafa til Íslands af mannavöldum með það að markmiði að halda stofnum niðri en ekki til að útrýma þeim. Lagt er til að þessi heimild verði tímabundin og/eða bundin við ákveðin svæði. Samkvæmt núgildandi lögum er ráðherra einungis heimilt að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegunda dýra sem flust hafa til Íslands af mannavöldum en heimild skortir til að halda stofnum niðri. Þessar tegundir dýra eða dýrastofna verða því ekki veiddar nema í útrýmingarskyni samkvæmt núgildandi lögum. Helsta ástæðan fyrir þessu ákvæði er fjölgun kanínustofnsins, m.a. í Reykjavík og Vestmannaeyjum þar sem kanínur valda umtalsverðu tjóni, en ekki þykir ástæða til að útrýma þessum stofni, t.d. í Reykjavík, þótt nauðsynlegt sé hins vegar að halda stofninum niðri.

Lagðar eru til breytingar í 8. gr. frv. er varða framkvæmd hreindýraveiða og að svokallað leiðsögumannakerfi verði lögfest. Breytingar þessar eru byggðar á tillögum nefndar sem starfaði frá árinu 1999 til 2003 og var m.a. falið að fylgjast með framkvæmd hreindýraveiða samkvæmt breyttu kerfi sem komið var á árið 2001. Helsta breytingin sem lögð er til er að fest verði í sessi nýtt kerfi um framkvæmd hreindýraveiða. Þetta nýja kerfi gerir greinarmun annars vegar á leiðsögn með hreindýraveiðum og hins vegar eftirliti með veiðunum. Lagt er til að kveðið sé á um starfsemi leiðsögumanna með hreindýraveiðum í lögunum, í fyrsta lagi að enginn geti stundað hreindýraveiðar nema undir slíkri leiðsögn og í öðru lagi að leiðsögumenn þurfi að fá leyfi Umhverfisstofnunar til að fá að starfa.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir meginþætti frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[12:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við í Samf. teljum að ekki sé um mikil álitamál að ræða í frv. en munum að sjálfsögðu fara vel yfir það í umhvn. og bregðast við ef annað kemur í ljós. Stóra málið í fljótu bragði tel ég vera örninn eða varpstaði arna og sértæka friðun samkvæmt 10. gr. sem heimilar strangar reglur um búsvæði tegunda þar sem talin er ástæða til aukinnar verndar. Hér er líka verið að opna heimild til að aflétta tímabundið á ákveðnum svæðum friðun stofna eða tegunda sem hafa verið fluttar til landsins af mannavöldum og tímgast úti í náttúrunni, eins og t.d. kanínurnar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að slíkt lagaákvæði verði til. Svo er verið að skerpa línur milli stofnanna fyrir utan eins og veiðileyfin varðandi hreindýr og fleira sem við skoðum nánar í nefndinni. Þess vegna mun ég ekki flytja sérstaka ræðu fyrir hönd

Samf. í þessu máli en lýsi því yfir að við munum skoða það mjög gaumgæfilega.

[12:15]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er í grófum dráttum sammála því frv. sem hér er lagt fram en sé ástæðu til að vekja máls á örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að mjög hefur dregið úr fjárveitingum til þess að útrýma mink og ref. Ég tel raunar, eins og fjárveitingum er háttað nú, að þær séu ófullnægjandi og nauðsynlegt sé að beita sér fyrir því að í fjárlögum næsta árs verði betur tekið á þessum málum. Ég hygg að það sé samdóma álit flestra að bæði refum og minkum hafi fjölgað mjög mikið upp á síðkastið, og í ákveðnum héruðum, byggðarlögum og svæðum stórsér á fuglalífi af þeim sökum að ofvöxtur hefur hlaupið í stofn þessara tveggja rándýra.

Eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að eyða þeim dýrum sem innflutt hafa verið og eru aðkomudýr hér á landi. Auðvitað fellur minkurinn undir það og ástæðulaust er að setja þann fyrirvara að ekki megi útrýma honum. Ég held að mikil bót væri að því ef hægt yrði að útrýma minknum, satt að segja. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki standi til að taka fastar og betur á í þeim málum.

Í annan stað er ég auðvitað samþykkur því að gerðar séu ráðstafanir til að friða betur en nú er gert hreiðurstæði arna. Þeim hefur verið að fjölga upp á síðkastið. Eftir sem áður liggur það fyrir að umferð veldur óróa í æðarvarpi og andavarpi. Þess vegna hefur það komið upp af og til að freisting hefur verið til þess að stugga við örninni en ég vona að þær tillögur sem hér liggja fyrir séu fullnægjandi til að bæta úr því.

Það vekur athygli mína að í a-lið 8. gr. er gert ráð fyrir að ekki skuli lengur skylt að Umhverfisstofnun ráði eftirlitsmann til að sjá um eftirlit með hreindýrum. Ég hlýt að spyrja hvers vegna þetta sé nauðsynlegt. Ég hygg að þvert á móti sé eðlilegt að halda þeirri stöðu og jafnframt að Umhverfisstofnun hafi þær rannsóknir sem tengjast hreindýrum og náttúru norðan jökla. Þær eiga auðvitað að vera í höndum heimamanna, og þá er ég ekki einungis að tala um Egilsstaði, ég er líka að tala um Náttúrurannsóknastöðina í Mývatnssveit.

Mér finnst að með þessu sé enn eina ferðina verið að draga úr gildi starfa úti á landi sem lúta að því að hafa eftirlit með náttúrunni. Meðal annars tillögur eins og þessar draga úr trú manna á að það sé skynsamlegt að stofna þjóðgarða, draga úr trú manna á að yfirvöld umhverfismála vilji leggja sig fram um að skilja heimamenn og þau lögmál sem í hverju héraði hljóta að liggja til grundvallar því að menn geti fallist á friðun lands og náttúru.

Sem dæmi get ég nefnt að það var lengi — mér er sagt að svo sé ekki lengur — bannað að drepa bæði mink og ref í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Ég vona að svo sé ekki lengur, mér er sagt að Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun geri ráðstafanir til að drepa mink og tófu þar. Eftir sem áður er ekki myndarlegar staðið að því verki en svo að stöðugur straumur er þaðan af þeim dýrum sem aftur þýðir að rétt er að taka miklu fastar á aðgerðum sem miða að því að útrýma mink og ref, sérstaklega mink, og er ég ekki viss um að Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun sé góður ráðgjafi þegar að því kemur, satt að segja. Þær tillögur sem ég hef séð úr þeim stofnunum hafa ekki verið sannfærandi, og ég man ekki eftir því að þær stofnanir hafi haft frumkvæði að umræðum um að nauðsyn beri til þess að fækka mink eða ref. Nú má vera að slíkar tillögur frá Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun hafi farið fram hjá mér en ég man ekki til þess að þær stofnanir hafi haft frumkvæði að slíkum tillögum.

Ég vil síðan, herra forseti, beina því til hv. umhvn., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki sé rétt að taka inn í lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum ákvæði þess efnis að allar andaveiðar séu bannaðar á Íslandi. Ég veit með vissu að nokkur brögð eru að því að friðaðar endur séu skotnar — fyrir misskilning vonandi, ekki af ráðnum hug — og í mínum huga er líka grænhöfðinn eða stokköndin það mikill vinur, a.m.k. minn, að ég get ekki hugsað mér að veiðar á þeirri fuglategund haldi áfram. Þess vegna vil ég, herra forseti, beina því til hv. umhvn. að athuga hvort ekki sé rétt við meðferð málsins að athuga um það að friðun á öndum verði tekin inn í frv.

[12:22]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kýs að gera athugasemd við ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals varðandi tvo þætti, í fyrsta lagi varðandi eftirlitsmennina. Með frv. er ekki verið að hætta við það kerfi að eftirlitsmenn séu á staðnum. Það er einungis verið að fella úr lögunum að það eigi að ráða eftirlitsmenn til að sjá um eftirlitið. Í lögunum kemur fram að Umhverfisstofnun á að hafa eftirlit með þessum málum og það er óþarfi að kveða á um sérstaka eftirlitsmenn um þennan eina þátt af öllum þeim þáttum sem stofnunin annast. Það verður áfram sama kerfi og hefur verið en þetta verður ekki í lögunum þar sem það er óþarfi.

Í annan stað vildi ég líka bregðast við því sem hér var sagt um mink og ref og fjárveitingar sem fara til þeirra mála. Við höfum sett á fjárlögum ákveðnar upphæðir sem við höfum síðan getað notað til að endurgreiða sveitarfélögunum refa- og minkaveiðar. Menn hafa farið yfir þessar fjárveitingar á hverju einasta ári upp á síðkastið og við höfum fengið í fjáraukalögum viðbótarfjármagn. Nú verður það ekki þannig, fjárlögin eru það eina sem við getum stuðst við.

Fjárln. var kunnugt um þessa stöðu en hækkaði ekki fjármagnið í þessi viðfangsefni þannig að við búum við það. En það er ósköp eðlilegt þegar búið er að samþykkja fjárlög að við viljum halda okkur innan þeirra, að sjálfsögðu. Við höfum sent þau skilaboð til sveitarfélaganna að þau verði að haga endurgreiðslum þannig að það passi við þá fjárhæð sem er í fjárlögum.

Hins vegar höfum við sett upp bæði minkanefnd og refanefnd, m.a. út af þeirri stöðu að við vissum að þetta fjármagn væri ekki í hendi, til þess að athuga hvort hægt sé að nýta fjármagnið betur eða skapa forsendur til að auka það. Ég bind ákveðnar vonir við það í þessu nefndarstarfi. Í nefndinni eru fulltrúar allra hagsmunaaðila þannig að hv. þm. þarf ekki að hafa áhyggjur af stofnunum að þessu leyti.

[12:25]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Af tillögum umhvrh. til fjmrh. um það hvernig því fé skuli varið sem fellur til umhvrn. sést hvaða áhuga hann hefur á eyðingu minks og refs. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að eins og frv. leit út á sl. hausti endurspeglaði það áhuga ráðuneytisins á þessum sérstaka þætti í fjárlögum.

Ég er á hinn bóginn algjörlega sammála hæstv. ráðherra um það að fjárln. hefði átt að leggja fram tillögur um að auka þetta fé. Við vitum vel að ýmsir fámennir hreppar bera ábyrgð á vargeyðingu á ýmsum þeim svæðum sem okkur eru hvað dýrmætust. Við vitum líka að slíkir hreppar í einstökum tilvikum hafa ekki treyst sér til að halda eyðingu þessara rándýra áfram vegna þess að það hefur orðið baggi á viðkomandi sveitarfélagi. Ég er þeirrar skoðunar að ef við tökum t.d. Mývatnssvæðið, Melrakkasléttu og fleiri svæði sem hægt er að benda á víðs vegar um landið eigi það ekki að vera undir sveitarfélaginu komið hvort mink verði eytt heldur eigi umhvrn. að hafa stofnanir sem fylgist með því.

Um eftirlitsmann með hreindýraveiðum vil ég einungis segja að ef allt á að vera óbreytt er ástæðulaust að breyta lögunum.

[12:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég deili því sjónarmiði sem hér kom fram að sum svæði eru þannig að það er mjög sérstakt að sveitarfélagið eitt eigi að standa í að halda niðri stofnum á öllu því svæði, eins og á Mývatnssvæðinu. Ég veit að það er mjög dýrt að standa í að hemja ref og mink þar, og sveitarfélagið er ekki mannmargt og hefur því ekki mjög miklar tekjur. Ég bind vonir við að í nefndarstarfinu endurspeglist þessi sjónarmið þannig að vel má vera að eitthvert nýtt kerfi komi upp úr því.

Varðandi það sem kom fram í ræðu hv. þingmanns um að stofnanir umhvrn. hefðu lítinn áhuga á því að halda í við ref og mink get ég alls ekki tekið undir það. Ég vil benda á að núna, þegar sum sveitarfélögin hafa jafnvel verið að tala um að hætta alveg að halda niðri ref og mink, hefur Umhverfisstofnun og starfsmenn hennar einmitt bent á að það er lagaleg skylda sveitarfélaganna að reyna að standa sig eins vel og þau geta í því að halda þessum stofnum niðri og nýta til þess það fé sem veitt er á fjárlögum og svo auðvitað fé sem þau veita sjálf. Við endurgreiðum þeim það sem við höfum úr að spila í fjárlögum og svo borga þau sjálf á móti. Það er lagaleg skylda þeirra og Umhverfisstofnun hefur auðvitað bent á þetta af því að Umhverfisstofnun vill að sveitarfélögin haldi áfram að stunda þessar veiðar. Mér finnst óréttmætt að saka þessar stofnanir um að vilja það ekki.

[12:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Það voru út af fyrir sig áhugaverð orðaskipti hér síðast og ég vil byrja á því að hrósa hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir þann hug sem að baki liggur tillögu hans um að alfriða endur og þann kjark sem hv. þm. sýnir með því að gera þetta að tillögu sinni. Ég hygg að skotveiðimenn væru líklegir til að yggla nokkuð brún, ekki síst í kjölfar á friðun rjúpunnar, ef á eftir sigldi alfriðun á öllum öndum. Ég er a.m.k. sammála hv. þm. Halldóri Blöndal að því leyti að það er full ástæða til að fara yfir þær reglur sem gilda um andaveiðar og það er ástæða til að hafa áhyggjur af sumum sjaldgæfari tegundum eða veikari stofnum á því sviði. Auðvitað er það nokkuð vandasamt ef leyfð er veiði á sumum tegundum en öðrum ekki og menn kannski misjafnlega glöggir á því hvaða reglur gilda í hverju einu tilviki.

Á Íslandi eru þó nokkuð margir afar sjaldgæfir andastofnar. Ísland hýsir t.d. eitt allra Evrópulanda nokkra stofna sem annars eru einungis í Norður-Ameríku og þannig mætti áfram telja þannig að það er út af fyrir sig fullgilt efni til að huga að þeim málum sérstaklega.

Í öðru lagi vil ég taka undir það sem hv. 2. þm. Norðaust. nefndi, um eyðingu refa og minka. Út af fyrir sig er það með miklum endemum að sá málaflokkur skuli þurfa að vera þvílíkt deiluefni og bitbein. Manni finnst að það ætti að vera hægt að koma því í skikkanlegan farveg í góðu samstarfi þeirra stofnana sem í hlut eiga, sveitarfélaga og annarra, og auðvitað fjárveitingavaldsins. En staðreyndin er að fá mál eru ríkisvaldinu meira til skammar á síðustu 10–15 árum en það hvernig farið hefur verið með þennan málaflokk. Það segi ég og þykist þekkja nokkuð til.

Öllum er ljóst að það er algerlega fráleitt ástand að velta skyldunni til að halda niðri þessum meindýrum, ef sú er stefnan, yfir á nokkur fámennustu og fátækustu sveitarfélög í landinu, skepnum sem virða engin hreppamörk. Ég held að minkurinn hafi alls ekki hugmynd um að það séu á kortum til einhverjar línur sem eiga að heita sveitarfélagamörk. Að gera þetta með þeim hætti sem fjárveitingavaldið hefur gert á undanförnum árum, að smáskera þetta niður og velta ábyrgðinni yfir á sveitarfélög sem koma litlum vörnum við, bitnar þyngst á þeim sem síst skyldi og er neðan við allar hellur. Það er ekki eins og ríkisbúskapurinn fari á hliðina þó að þarna væri betur staðið að málum. Hér erum við að tala um útgjöld sem hlaupa á einhverjum fáeinum hundruðum milljóna í heild sinni.

Ég er ekki að segja að sveitarfélögin geti ekki verið eðlilegir samstarfsaðilar ríkisvaldsins um þetta. Út af fyrir sig mælir margt með því að sú framkvæmd sem var við lýði fyrir allmörgum árum hafi ekki verið óskynsamleg. Þá áttu báðir aðilar hagsmuna að gæta af því að gæta aðhalds og leita hagkvæmustu lausna. Eins og þetta er núna hvílir lagaskyldan á sveitarfélögunum. Ráðuneytið og stofnanir þess bera fyrir sig fjárlagarammann og tilkynna sveitarfélögunum að í staðinn fyrir að greiða 50% geti þau ekki greitt nema 30%. Þetta er samyrkjubúskapur sem gengur ekki upp, að annar fái mykjuna og hinn mjólkina. Það er einfaldlega þannig.

Ríkið gengur á þetta lag á fjölmörgum fleiri sviðum. Það ber fyrir sig norm varðandi framkvæmdakostnað þar sem ríki og sveitarfélög eiga að standa sameiginlega að byggingum. Það hefur normin svo þröng og svo naum að þó að ríkið eigi samkvæmt lögum að borga 60% af byggingarkostnaði framhaldsskóla þá hrökkva normin ekki fyrir nema 30% eða 40% og við það situr af hálfu ríkisvaldsins. Ábyrgðin á þá að vera sveitarfélaganna.

Ég hef miklar efasemdir um að þetta verkefni eigi að vera vistað hjá sveitarfélögunum. Nær væri að samið yrði við þau, gerðir þjónustusamningar við sveitarfélögin eða samtök þeirra á stærri svæðum, t.d. við héraðsnefndir um að sjá um þetta í umboði ríkisins. Þá yrðu gerðir verktaka- eða þjónustusamningar um það. Að sjálfsögðu er enginn að tala um að menn eigi að hverfa aftur til fyrirkomulags sem þýðir að menn geti skrifað út reikninga að eigin vild. Enda er það ekki svo, langt frá því. Ég þykist geta sagt til um að það er enginn sérstakur gróðavegur að annast um þessa starfsemi, hvorki minka- eða refaeyðingu. Þvert á móti líta menn á þetta miklu nær því að vera þegnskylduvinnu. Útkoman er auðvitað sú að þessu er mjög misjafnlega vel sinnt og þess sér orðið mjög vel stað, t.d. í mófuglalífi og því hvernig silungar, sérstaklega í lækjum og minni ám og vötnum, komast af. Glöggir menn geta nokkuð áttað sig á því með því að ganga um landið að sumarlagi á hvaða svæðum er sinnt sæmilega

eyðingu á ref og mink og hvar ekki. Það segir býsna fljótt til sín.

Því miður þýðir ekki annað en horfast í augu við að náttúran, sérstaklega mófuglalíf og lífríki í minni vatnakerfum, er ekki svipur hjá sjón ef þessum meindýrum er ekki haldið niðri. Það verður einfaldlega að horfast í augu við það því miður. Enda eru þau framandi í íslenska vistkerfinu, a.m.k. minkurinn.

Um frv. þetta ætla ég ekki að hafa mörg orð að öðru leyti. Ég vil þó aðeins spyrja út í b-lið 5. gr. Mér er ekki alveg ljóst hver hugsunin er þar, að gera þennan skýra greinarmun á tegundum villtra dýra sem flust hafa til Íslands af manna völdum varðandi það að halda stofnum niðri. Það kann að vera að þessi skilgreining sé ágæt og haldi eins og er en það er ekki endilega sjálfgefið að svo sé. Auðvitað geta slæðst af náttúrlegum völdum einhver dýr í lífríkið sem gætu átt eftir að reynast eins miklir skaðvaldar og þau sem koma hingað af mannavöldum. Ljóst er að minkurinn var fluttur hingað og einhvern veginn hafa kanínur sem orðnar eru hálfvilltar komist til landsins. En þetta er a.m.k. ekki mjög líffræðileg skilgreining, að láta flokkunina ráðast af flutningsmátanum. Það fer allt eftir því hvort kvikindin komi hingað með flugi eða öðruvísi hvort heimilt er að halda stofninum niðri. Mér fyndist að menn ættu að fara yfir það hvort ekki væri hægt að notast við náttúrlegri skilgreiningu, einhverja líffræðilegri skilgreiningu. Þetta ætti að vera byggt á mati til þess bærra aðila á því hvort viðkomandi tegund í íslenska lífríkinu er líkleg til að valda þvílíkum usla að menn verði ásáttir um að reyna að halda því tjóni niðri.

Ef ég skil rétt, samanber umsögn um 5. gr., er verið að opna fyrir aðgerðir til að halda viðkomandi stofni niðri í staðinn fyrir þau ákvæði sem nú eru, að þetta sé bara annaðhvort eða. Annaðhvort sé ekki snert við dýrinu eða markmiðið að útrýma tegundinni. Ég fellst á að það geti verið rétt að hafa opinn milliveginn, halda stofnstærðinni niðri eins og auðvitað er gert, t.d. með hreindýraveiðum o.s.frv. En þessi skilgreining vakti athygli mína, þ.e. að láta ferðamátann ráða því hvort heimildirnar taki til viðkomandi tegundar eða ekki.

Ég tek undir að það er full ástæða til að styrkja lagastöðuna hvað varðar nauðsynlega vernd fyrir arnarstofninn og arnarvarp. Ég skil það svo að í kjölfar Hæstaréttardóms sé þarna verið að gera það. En í b-lið 10. gr. frv., 19. gr. laganna, er vikið að skrá yfir hreiðurstæði arna. Þarna segir að óheimilt sé að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Í umsögn um þessa grein þóttist ég sjá — það kemur kannski fram í lagatextanum sjálfum — að um sé að ræða öll arnarhreiður sem nokkurn tíma er vitað til að örn hafi verpt í og er það auðvitað um allt land. Um þetta er vonandi verið að vinna skrá, þ.e. Náttúrufræðistofnun á að halda skrá. Ég vil spyrja hvar sú skrá sé á vegi stödd. Er hún til þannig að hún taki til landsins alls eða tekur núverandi skrá fyrst og fremst til þess hluta landsins þar sem arnarvarp hefur verið á síðustu áratugum. Þetta verður auðvitað hið merkasta plagg og er mikil fróðleikssöfnun og ekki seinna vænna, ef ekki er þegar búið að vinna þetta, en að vinda bráðan bug að því að safna þessum upplýsingum í byggðarlögum þar sem vitneskjan er væntanlega fyrst og fremst geymd í minni eldri kynslóðarinnar.

Að síðustu langar mig til að spyrja um 3. gr. frv. Þar er vikið að hlutverki Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað varðar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra. Eins og þar segir skal stofnunin meta ástand þeirra og gera í framhaldi tillögur til umhvrh. um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Um þetta er allt gott að segja. En upp fyrir mér rifjast m.a. umræður um það hvort hæstv. umhvrh. hefði borið að taka meira mark á Náttúrufræðistofnun en veiðistjóra í tilteknu máli fyrir nokkrum mánuðum. Ég viðurkenni fúslega að það má kalla það leti að ég hef ekki haft tíma til að lesa þetta nákvæmlega saman við gildandi lög en mig langar að spyrja: Hvað er að breytast þarna? Af umsögn um greinina verður það ekki ráðið. Þar segir:

„Í greininni er lagt til að kveðið verði á með skýrum hætti að Náttúrufræðistofnun Íslands beri að stunda rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra."

Gott og vel en var það ekki svo? Hvað er að breytast? Ég leyfi mér í vinsemd að koma gamalkunnugri ábendingu á framfæri sem greinilega þarf að dreifa vel í stjórnarráðinu þar sem oft er verið að undirbúa frumvörp: Umsagnir um að lagagreinar eiga ekki að vera svona. Þær eiga að útskýra í hverju breytingin er fólgin. Ef það er ekki svo þá þurfa menn að liggja með lagatextann fyrir framan sig og lúslesa saman hvert einasta atriði. Ég er engu nær af lestri frumvarpsgreinarinnar og umsagnarinnar um hana um hvað er að breytast. Að hvaða leyti er staða Náttúrufræðistofnunar Íslands að verða skýrari og afdráttarlausari hvað varðar skylduna til að stunda rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, meta ástand þeirra og gera tillögur til ráðherra um vernd og veiðiþol o.s.frv.? Ég er algerlega sammála því að þannig eigi þetta að vera. Ég held að því sé best fyrir komið hjá Náttúrufræðistofnun og það getur varla verið deiluefni. Þar á þetta viðfangsefni heima. En ég vildi gjarnan verða einhverju fróðari um hver óvissan hefur verið. Að hvaða leyti verður þetta skýrara en áður var? Er sátt um landamærin á milli þeirra sem í hlut gætu átt.

[12:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í þessa umræðu, einkanlega varðandi veiðar á ref og mink. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, að þar þurfi að gera bragarbót á varðandi fjárveitingar og annað ef þar á ekki að fara verulega á verri veg en farið hefur á undanförnum árum. Þessum dýrum gæti beinlínis fjölgað vegna þess að ekki er staðið nægilega vel að vöktun á grenjum og veiðum á refnum annars vegar og hins vegar á mink, sem ég tel að sé alger vargur í íslenskri náttúru. Hann hefði betur aldrei sloppið út í náttúruna. En það er annað mál.

Ég get þó lýst þeirri skoðun minni að ég tel að það eigi að vinna á minknum með öllum ráðum. Ég hef reyndar gert það í örstuttri ræðu þar sem ég lýsti því yfir að minkur væri réttdræpur hvar sem í hann næðist.

Varðandi það sem hér segir um erni, arnarhreiður og annað slíkt, nánd við arnarhreiður, þá átta ég mig ekki alveg á því hvernig sú regla, að menn megi ekki koma nær arnarhreiðrum en 500 m, á yfirleitt að geta virkað. En í b-lið 10. gr. segir, með leyfi forseta:

„Fara skal með allar upplýsingar úr skránni" — þ.e. skrá um hreiðurstæði — „sem trúnaðarmál."

Það er nú svo að fólk ferðast um landið okkar sem betur fer, bæði byggðir og óbyggðir, og veit ekki fyrir fram, margt hvert, hvar hreiðurstæði eru. Jafnvel leiðsögumönnum sem fara um svæði og eru að byrja leiðsögu á svæðum, er ekki endilega alveg kunnugt um það, fyrir utan það að ég held

að það sé bara ekki hægt að ætlast til þess að fólk gangi ekki nær arnarhreiðrum en 500 m, ég held að það sé ekki nokkur vegur að gera það. Er það þá svo að ferðamenn séu orðnir lögbrjótar ef þeir finnast á rölti í 250 m fjarlægð frá hreiðri? Erum við ekki að reyna að setja í lög eitthvað sem er gjörsamlega óframkvæmanlegt og alveg út úr kú, virðulegur umhvrh.?

Ég held að nær væri að nota bara 100 metrana sem við erum með þarna neðar í sömu grein þar sem verið er að tala um verndun hreiðurstæðanna á svæðum þar sem eru nytjar o.s.frv., og láta sömu reglu gilda. Það eru a.m.k. frekar líkur á því að fólk verði vart við arnarhreiður þegar það er komið í 100 m fjarlægð frá þeim. En ef örninn er ekki á sérstakri hreyfingu er ekki víst að fólk taki mikið eftir því. Örninn velur sér hreiðurstæði á hólum, klettum og hæðum og það eru oft staðir sem fólk ákveður að labba að án þess að það viti neitt að þar sé arnarhreiður, ekki síst ef það er svo mikið trúnaðarmál að enginn fær að vita það.

Þetta ber því að athuga, hæstv. ráðherra, fyrir utan það að maður er oft búinn að labba fram hjá arnarhreiðrum norður í Jökulfjörðum og ég hef ekki orðið var við það að örninn færi neitt á taugum þó að maður sæist í 100–200 m fjarlægð frá hreiðrinu, ef maður var ekki beinlínis að rölta að því, fyrir utan það að ekki er alltaf víst að fuglinn verpi á hverju ári í hreiðurstæðið, þó að það virðist vera líkur til þess að hann leiti iðulega aftur á sömu svæðin og jafnvel þá nýir fuglar ef foreldrarnir hafa orðið fyrir hnjaski og látið lífið af einhverjum orsökum, sem eðlilega kemur fyrir í náttúrunni að fuglar drepist. Ég held að menn þurfi að athuga þetta. Ég held að það sé ekkert samræmi í því að hafa þessa 500 m þarna, ég fæ engan botn í þá tillögu.

Síðan í 7. gr. þar sem talað er um að við þurfum ekki veiðileyfi til þess að veiða rottur, mýs og minka þá fagna ég því, en þarna hefði gjarnan mátt standa vargfugl líka, held ég. Ég veit ekki hvers vegna við ættum að hafa veiðileyfi til þess að skjóta máv, ef við viljum svo við hafa, sérstaklega ef hann er að skrattast einhvers staðar nálægt varplöndum eða öðru slíku. Ég vil því benda á að óhætt væri að hafa vargfuglinn þarna með, kannski þarf eitthvað nákvæmari skilgreiningu á því en ég geri grein fyrir þegar ég tala um vargfugl.

Að lokum, virðulegi forseti, þar sem verið er að tala um nýjar tegundir, ég ætla rétt að vona að smátt og smátt komi nýjar tegundir fugla í íslenska náttúru og tel að það muni gerast, bæði með aukinni skógrækt og hlýnandi veðurfari, að nýjar tegundir nemi hér land. Ég er reyndar á þeirri skoðun að leyfa ætti að sleppa tegundum eins og t.d. fasönum á Íslandi og leyfa náttúrunni að verða auðugri af fuglalífi en verið hefur á undanförnum árum. Ég kem ekki alveg auga á það, nema mér væri þá sérstaklega bent á það, að slíkir fuglar valdi skaða í íslenskri náttúru, alla vega ekki umfram þá sem eru að nema hér land hvort sem er.

Það er ekki ástæða til að orðlengja þetta mikið, en að öðru leyti held ég að frv. sé að mörgu leyti ágætt. Það verður auðvitað skoðað í nefnd en ég bendi á það sem ég hef verið að fara yfir.

[12:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um þetta mál.

Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín. Í fyrsta lagi frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um b-lið 5. gr., sem við köllum í ráðuneytinu „kanínuákvæðið", þar sem hann gerði að umtalsefni að þar væri tilgreint að dýrin ættu að vera komin hingað af mannavöldum ef greinin næði yfir þær aðferðir sem mætti nota til að hemja vöxt í stofni og halda stofni niðri. Þá vil ég benda á að það er alvanalegt í alþjóðlegum samningum að taka svo til orða eða hafa slíkt ákvæði varðandi það hvernig dýr ferðast og koma inn í náttúruna, m.a. af mannavöldum, en það er sjálfsagt að nefndin skoði þetta betur í umfjöllun málsins.

Um arnaskrána vil ég segja að samkvæmt mínum upplýsingum er hún tilbúin og nær yfir landið allt og yfir landið frá upphafi eða eins langt aftur og elstu heimildir sýna. Þessi skrá er því til.

Varðandi 3. gr. vil ég segja að það sem breytist og þingmaðurinn áttaði sig kannski ekki alveg á, enda kemur það kannski ekki nógu skýrt fram í greinargerðinni, er að í dag stendur í 3. gr. laganna, með leyfi virðulegs forseta:

„Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera umhverfisráðherra til ráðgjafar og gera tillögur varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem tilefni er til."

Um þetta ákvæði má segja að ef menn lesa það eitt og sér geta menn túlkað það sem svo að báðar þessar stofnanir eigi að gera það sama, ef maður les þetta einangrað og er ekki að lesa lögin sem gilda um þessar stofnanir að öðru leyti. Það var því talin ástæða til að bæta við þessu nýja ákvæði sem er í 3. gr. frv. þar sem kemur alveg skýrt fram að það er Náttúrufræðistofnun Íslands sem sér um rannsóknirnar og gerir tillögur til ráðherra um hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, þ.e. sér um þann vísindalega bakgrunn. En síðan er það Umhverfisstofnun sem stjórnsýslustofnun, sem aðstoðar við að útfæra veiðarnar ef þær mega fara fram. Þetta er skýringin.

Fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni varðandi 500 metrana, hvort það sé of vítt svæði sem þarna er verið að verja fyrir ágangi manna á varptíma. Slíkur metrafjöldi er alla vega tilgreindur víða erlendis og virðist ganga þar. Eins og kemur fram í greinargerðinni sýna ernir greinilega styggð í nokkur hundruð metra fjarlægð á varptíma þannig að mönnum á að vera ljóst, ef þeir hafa vakandi auga með náttúrunni, að arnarhreiður sé í grennd. Nefndin getur líka skoðað þetta sérstaklega í umfjöllun málsins en alla vega tel ég að þetta geti alveg gengið upp. Ég á ekki von á að það komi oft upp á að menn fari óvart inn á þennan 500 m radíus á varptíma. Þetta er útbúið svona af okkar hálfu en ég tel eðlilegt að menn skoði það í nefnd.

Að öðru leyti vil ég gjarnan þakka fyrir umræðuna.

[12:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir. Reyndar hafði góðhjartaður kollegi gaukað að mér lögunum og ég var búinn að lesa þetta aðeins saman undir umræðunum og var að ráða fram úr því að þetta væri nokkurn veginn eins og hæstv. ráðherra síðan upplýsti hér, að breytingin gengur í raun og veru út á það að styrkja og gera afdráttarlausari stöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og taka af skarið um að það er Náttúrufræðistofnun Íslands sem ekki einasta rannsakar stofna villtra fugla og spendýra, eins og staðið hefur í 1. mgr. 4. gr. laganna, heldur og gerir á grundvelli slíkra rannsókna tillögur til umhvrh. um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar. Með öðrum orðum: Það er þá afdráttarlaust að það er hlutverk Náttúrufræðistofnunar en ekki Umhverfisstofnunar,

ekki veiðistjóraembættisins t.d., að vinna þessa vinnu upp í hendurnar á ráðherra áður en ráðherra tekur ákvarðanir sínar um t.d. aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Að gefnu tilefni hefur greinilega verið talið nauðsynlegt að gera þetta afdráttarlaust og skýrt. Ég er út af fyrir sig efnislega sammála þessum frágangi málsins og tel hann vera réttan en mér finnst að þetta hefði átt að skýra betur í umsögn með greininni. Það á ekki að vera neitt feimnismál hvað þarna er á ferðinni og það hvarflar ekki að mér eitt andartak að það hafi átt að læða þessu hér með án þess að það vekti mikla athygli að þarna væri verið að skerpa þessi mörk. Það er augljóslega það sem verið er að gera og það er vel.

[12:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er réttur skilningur sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að verið er að skerpa á þessum mörkum og það er alls ekkert feimnismál að tala um það að það þarf að vera mjög skýrt þegar svona viðkvæmar ákvarðanir eru teknar hvernig fara ber með þær. Það kemur fram í greinargerðinni í hvaða tímaferli þessar ákvarðanir eru teknar, þ.e. að Náttúrufræðistofnun Íslands sér um vísindahlutann og leggur til við ráðherra hvort stofn þoli veiðar. Síðan er það ráðherra sem tekur ákvörðun um hvort ekki beri að aflétta friðun, hvort hægt sé að veiða eða ekki. Loks er það Umhverfisstofnun sem útfærir veiðarnar sem mega fara fram.

Vegna þess að embættisheitið veiðistjóri kemur svo oft fyrir í umræðunni vil ég taka fram að það embætti er ekki lengur til. Veiðistjóraembættið er að sjálfsögðu ekki lengur til eftir að það var lagt niður, það fór inn í Umhverfisstofnun, en viðkomandi aðili er yfirmaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 359. mál (alþjóðlegir reikningsskilastaðlar). — Þskj. 478, nál. 879.

[12:57]

Frsm. utanrmn. (Dagný Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn.

Hv. utanrmn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þýða þarf alþjóðlegu reikningsskilastaðlana á íslensku. Fjármálaráðuneytið og þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins hafa þegar hafið undirbúning að þýðingu þeirra alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið ákvörðun um að skuli innleiða á Evrópska efnahagssvæðinu við gildistöku reglugerðarinnar 1. janúar 2005. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu starfar nefnd sem er m.a. ætlað að kanna hvaða félög muni falla undir ákvæði reglugerðarinnar um samræmd reikningsskil og er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra leggi fram lagafrumvarp vegna þessa á haustþingi 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 360. mál (fjarsala á fjármálaþjónustu). — Þskj. 479, nál. 880.

[12:58]

Frsm. utanrmn. (Dagný Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti.

Það er ljóst að Sala á fjármálaþjónustu er undanþegin gildissviði laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölu, en markmiðið nú er að samræma reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og tryggja neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu. Er tilskipuninni ætlað að styrkja réttarstöðu neytenda, m.a. með því að kveða á um rétt neytenda til að falla frá fjarsölusamningi um kaup á fjármálaþjónustu. Innleiða þarf efni tilskipunarinnar fyrir 15. október 2004 en samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu verður frumvarp líklega ekki lagt fram fyrr en á haustþingi. Utanríkismálanefnd telur rétt að vekja athygli á að verulegar líkur eru á að ekki verði staðið við innleiðingarfrestinn af þeim sökum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 260. mál. — Þskj. 293.

[13:30]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Allir fremstu mannréttindasérfræðingar heimsins hafa verið einhuga um að aðskilnaðarmúrinn sé hrottaleg aðför að mannréttindum. Það þarf ekki sérfræðinga til að komast að þeirri niðurstöðu. Gegn þessari skelfingu leggjast nánast allar þjóðir heimsins nema ein, ein stórþjóð, Bandaríkin. Bandaríkin leggjast gegn múrnum meira í orði en á borði. Múrinn er ávísun á áframhaldandi mannréttindabrot og þjóðarmorð.

Það er óvefengjanleg staðreynd að Ísraelsríki væri ekki fjárhagslega kleift að reisa múrinn án fjárstuðnings frá Bandaríkjunum, stuðnings sem nemur milljörðum dollara á ári hverju og hefur verið aukinn á seinni árum. Bandaríkjunum er í lófa lagið að koma í veg fyrir byggingu aðskilnaðarmúrsins og hafa í raun í höndunum lykil að lausn þessara deilumála að mjög mörgu leyti.

Það eina sem þarf til, hvað múrinn varðar, er að Bandaríkin skilyrði þennan milljarða dollara fjárstuðning við að Ísraelsríki hætti við áform sín. Vilji Bandaríkjamanna virðist

ekki standa til þessa ef marka má aukin framlög núna á síðasta ári og árinu þar á undan til Ísraelsríkis. Ég hvet ríkisstjórn Íslands, bæði sem slíka og á alþjóðavettvangi, til að leggja áherslu á að spjótum verði beitt gegn Bush-stjórninni og gegn Bandaríkjunum, að þeir skilyrði þessa fjárhagsaðstoð alfarið við að múrinn verði ekki reistur. Ríkisstjórn Íslands má ekki láta það trufla sig í mótmælum sínum þótt hún sæki fast á áframhaldandi hersetu á Íslandi, m.a. af fjárhagslegum ástæðum.

[13:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að framhald skuli á þessari umræðu þannig að ákveðin samfella verði í henni og gott að hæstv. utanrrh. er viðstaddur hana.

Við ræðum till. til ál. um að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins í Palestínu. 1. flm., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hefur gert rækilega grein fyrir innihaldi tillögunnar. Ég ætla að fara örfáum orðum um nokkra meginþætti og vísa í ummæli hæstv. utanrrh. fyrr í dag.

Í fyrsta hluta þessarar þáltill. er þess farið á leit að ríkisstjórnin komi á framfæri við ísraelsk stjórnvöld á alþjóðavettvangi formlegum og hörðum mótmælum gegn byggingu aðskilnaðarmúrs á palestínsku landsvæði og sett verði fram sú krafa af Íslands hálfu að framkvæmdir við múrinn verði tafarlaust stöðvaðar og hafist handa um að fjarlægja hann.

Það hefur komið fram að íslensk stjórnvöld hafa komið mótmælum Íslendinga á framfæri á alþjóðavettvangi. En þessari afstöðu hefur hins vegar ekki verið komið beint og milliliðalaust á framfæri við Ísraelsstjórn og fulltrúa hennar, *vísa ég þá í sendiherra landsins sem situr í Ósló.* Það er ekki venja að hafa þann hátt á, sagði hæstv. utanrrh. eða eitthvað á þá leið. Það er heldur ekki venja að reisa aðskilnaðarmúra. Það er ekkert venjulegt. Hér er ekkert venjulegt ástand við að glíma.

Ég spurði við utandagskrárumræðu fyrr í dag hverju það sætti að Íslendingar hefðu ekki stutt tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þess efnis að spurningunni um lögmæti eða ólögmæti múrsins yrði vísað til Alþjóðadómstólsins í Haag. Hæstv. utanrrh. sagði að afstaða okkar, afstaða Íslands væri kunn í þessu máli og við þyrftum engan dómstól til að skera úr um hana. Þetta væri eitt. Hitt væri svo hugsanlega til að veikja málstaðinn ef niðurstaða Alþjóðadómstólsins í Haag yrði óhagstæð Palestínumönnum.

Ég staldra ögn við þessa röksemdafærslu, bæði úr munni hæstv. utanrrh. Íslands, ríkisstjórna Norðurlandanna og Evrópusambandsins í heild sinni. Ég held að hér séu menn að feta sig inn á mjög hálar brautir. Efast menn virkilega um ólögmæti þessa múrs. Ef menn gera það eru þeir jafnframt að segja að það séu uppi álitamál um hvort yfirleitt sé nokkuð hernám á landi Palestínumanna.

Það hefur margoft komið fram í máli hæstv. utanrrh. að hann efast ekki um ólögmæti múrsins enda skírskotar hann í máli sínu til löglegra landamæra, lögbundinna landamæra hygg ég að hann hafi sagt. Þá er vísað til hinnar svokölluðu grænu línu, vopnahléslínunnar frá 1949. Það eru landamærin fram að sex daga stríðinu 1967. Eftir það ályktaði öryggisráð SÞ, ályktun nr. 242, um að Ísraelsmönnum bæri að draga sig til baka frá hernumdu svæðunum yfir þessa grænu línu, þessari vopnahléslínu. Ef við efumst um lögmæti þessa þá spyr ég: Hvað með Genfarsáttmálann? Samkvæmt honum er ólögmætt að flytja fólk nauðungarflutningi á hernumdum svæðum og jafnframt að flytja fólk inn á slík svæði. Það eru Ísraelsmenn að gera þvert gegn Genfarsáttmálanum, gegn alþjóðlegum skuldbindingum og yfirlýsingum alþjóðasamfélagsins, þ.e. SÞ sem aftur og ítrekað hafa ályktað um þetta efni. Mér finnst þessi röksemd hreinlega ekki halda.

Hvers vegna á að fara með málið fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag? Það er vegna þess að menn leita nýrra leiða til að hreyfa málinu. Menn eru að leita nýrra leiða til að hreyfa þessu máli. Út á það hlýtur þessi barátta að ganga, að standa ekki aðgerðarlaus og láta sitja við það eitt að vekja máls á þessum mannréttindabrotum á allsherjarþingi SÞ.

Hér spurðu þingmenn fyrr í dag: Hvað er enn til ráða? Við skulum ræða það. Á að efna til og berjast fyrir viðskiptabanni á Ísrael? Á að gera það, líkt og gert var í Suður-Afríku gegn kynþáttastjórninni sem þar sat? Á það ríki var sett viðskiptabann. Nú eru mjög svipaðir hlutir uppi. Ef Palestínumenn væru svartir og hinir hvítir þá sæi þetta hver maður. Það er í ljósi þeirrar atburðarásar sem heimurinn hefur orðið vitni að síðustu missirin að mér finnst rangt að stilla þessu upp eins og hæstv. utanrrh. gerði, að vísa stöðugt í deiluna og deiluaðila. Þetta eru ekki deiluaðilar. Þetta er herveldi sem er að kúga að uppistöðu til vopnlausa þjóð. Það er að gerast. Það er grundvallarmunur á því sem ríki tekur sér fyrir í ofbeldisverkum og hins vegar því sem hryðjuverkamenn taka sér fyrir hendur. Það er grundvallarmunur á þessu tvennu.

Ég hefði haldið að flestir sem kynnt hafa sér þessi mál viti að krafa Ísraelsmanna um að þeir muni ekkert aðhafast fyrr en gengið verði milli bols og höfuðs á hryðjuverkasamtökum, þau eru fyrir hendi, það vitum við og enginn neitar því, er krafa um borgarastyrjöld í Palestínu. Palestínsk stjórnvöld ráða ekki við þetta verkefni. Það er staðreyndin. Þeim sem vilja stuðla að lausn þessa hryllilega máls ber að gera allt sem þeir geta til að styðja löglega kjörin stjórnvöld í Palestínu þannig að réttmætar kröfur þeirra nái fram að ganga. Hverjar eru þær? Þær eru að Ísraelsmenn verði knúnir til að hörfa frá herteknu svæðunum og virða þau landamæri sem samþykkt hafa verið af hálfu SÞ. Þetta er það sem við eigum að gera. Þegar við hins vegar stillum dæminu upp eins og hæstv. ráðherra hefur gert og forsvarsmenn íslensku ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað gert, að annars vegar sé Ísraelsríki og hins vegar öfgafullir hryðjuverkamenn, þá erum við ekki að leggja lóð okkar á þær vogarskálar sem ég vildi að við gerðum í þessu máli.

Að lokum þetta: Hæstv. ráðherra talar jafnan um Íslendinga, okkur, og NATO í einu og sama orðinu. Hann var að réttlæta Íraksstríðið eina ferðina enn, árásina á Írak, og talaði um okkur í því samhengi og NATO, allt var þetta í einni spyrðu. Þetta á ekki við um okkur öll, að við réttlætum þau grimmdarverk og ekki einu sinni um NATO-ríkin. Innan NATO var mikill ágreiningur um þá árás.

[13:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þá tillögu sem við erum að ræða og efni hennar í þremur liðum. Ég tel að eins og textinn er væri okkur sæmd af því að samþykkja hana á Alþingi. Ég vil leggja það til málsins að lýsa yfir stuðningi við tillöguna eins og hún birtist. Það má minna á að múrar hafa á öllum tímum reynst misheppnuð aðferð til að leysa deilur þjóða. Er þar nærtækast að minnast Berlínarmúrsins og múra sem reistir voru utan um Austur-Evrópulönd á árum áður. Múrarnir hafa ekki leyst deilur þjóða og munu ekki gera það milli Ísraelsmanna og Palestínumanna, ekki síst

þar sem Ísraelsmenn eru að færa landamærin til og stunda landvinninga á hendur Palestínumönnum.

Ég lýsi því yfir að ég styð þetta mál og vonast til að þingmenn Frjálslynda flokksins geri það. Ég tel að okkur væri fullur sómi af því á Alþingi að samþykkja þessa þáltill. með tilliti til þeirrar stefnu sem hér var mótuð árið 1989. Ég ítreka stuðning minn við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, fyrri umr.

Stjtill., 479. mál. — Þskj. 729.

[13:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 22. maí og 4. júní 2003, og samkomulagi milli Íslands og Noregs um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gert var í Ósló 26. júní 2003.

Frá árinu 1996 hafa Ísland, Færeyjar, Noregur, Rússland og ESB gert árlega fimmhliða samkomulag um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ekki tókst að ná slíku samkomulagi um veiðar á árinu 2003. Í ljósi þess freistuðu aðilar þess að gera tvíhliða samninga sín á milli um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á því ári. Til grundvallar þeim tvíhliða samningum sem gerðir voru lá að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 væri 710.000 lestir, auk 1.500 lesta sem koma í hlut annarra ríkja samkvæmt nánari ákvörðun Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, NEAFC, en undanfarin tvö ár hafði leyfilegi heildaraflinn verið 850.000 lestir. Af Íslands hálfu voru gerðir tvíhliða samningar við Færeyjar og Noreg.

Samkvæmt samningnum milli Íslands og Færeyja var íslenskum skipum heimilað að veiða allan sinn aflahlut úr norsk-íslenska síldarstofninum, 110.334 lestir, innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2003. Færeyskum skipum var sömuleiðis heimilað að veiða sinn aflahlut, 38.774 lestir, úr stofninum innan efnahagslögsögu Íslands, en þar sem Færeyjar höfðu framselt 9.251 lest af aflahlut sínum var raunveruleg heimild þeirra til veiða í íslenskri lögsögu 29.523 lestir. Samningurinn gerði ráð fyrir að aflahlutdeild Íslands væri óbreytt frá árinu 2002, þ.e. 15,54%.

Í samkomulaginu milli Íslands og Noregs komu aðilar sér saman um að hlutur Íslands skyldi vera 110.334 lestir sem var eins og áður segir óbreytt hlutfall frá árinu 2002. Jafnframt féllst Ísland á að láta 7.100 lestir í skiptum fyrir aukinn aðgang að efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum var þá heimilt að veiða þar 12.000 lestir af aflahlut Íslands, en á árinu 2002 nam sú heimild 5.900 lestum. Íslensk skip nutu sem fyrr ótakmarkaðs aðgangs að lögsögunni við Jan Mayen. Samkomulagið kvað á um að aflahlutur Noregs skyldi vera 433.800 lestir og að norskum skipum væri heimilt að veiða 84.153 lestir af þeim hlut í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2003.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[13:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Hér erum við að fjalla um samning sem búið er að veiða eftir. Hann fjallar um fyrirkomulag sem verið hefur á síldveiðum á undanförnum árum, þ.e. úr norsk-íslenska stofninum, og samkomulag sem hefur á undanförnum árum gilt milli strandríkjanna fjögurra, Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands og síðan við Evrópusambandið.

Ég hef alltaf talið, herra forseti, okkur til hagsbóta að ná samningum um veiðar á uppsjávarfiskum. Ég gæti haldið talsverða ræðu um hvers vegna ég tel æskilegt að um slíkar veiðar gildi samningur. En það er m.a. vegna tækni við veiðarnar og hvernig þær má stunda. En í tilefni af þessari umræðu, virðulegi forseti, væri fróðlegt að heyra hæstv. utanrrh. greina okkur aðeins frá því hvernig málið er statt núna. Ég þykist vita að kannski horfi ekki vel um stöðu samninga á næstu vikum og mánuðum. A.m.k. hefur ekki enn þá gengið að ná samkomulagi.

Síðan er annað sem ég held að við ættum aðeins að velta fyrir okkur. Í norska sjónvarpinu var fyrir tveimur kvöldum sýnd mynd um brottkast. Þar var m.a. sýnd mynd af brottkasti frá síldarskipi þar sem sérbarki lá frá flokkunarvélunum og út í sjó. Nú hefur ekki verið greint frá því hvaða skip þetta var. En ég geng út frá því, virðulegi forseti, að það sé örugglega ekki norskt. Þá hefði það verið tekið til hafnar og verið greint frá því eins og hverju öðru broti norsks skips í lögsögunni. Þá er möguleiki á að þetta sé skip frá Færeyjum, Íslandi eða Rússlandi.

Hvers vegna dreg ég þetta inn í umræðuna? Jú, það er vegna þess að ég hygg að m.a. það sem komið hefur upp í þessu máli geti valdið meiri örðugleikum við að ná samningum milli þessara þjóða á næstu mánuðum og jafnvel árum. Samningar gætu orðið erfiðari reynist svo að einhver af þessum þremur samningsþjóðum, ef við göngum út frá því að þetta sé ekki norskt skip, hafi átt hlut að máli, kannski ekki síst ef um íslenskt skip er að ræða því Norðmenn hafa haft talverðar kröfur uppi um að okkar hlutur í síldveiðinni úr norsk-íslenska stofninum sé allt of stór. Ég held því miður að þessi uppákoma, ekki síst ef hér reynist um íslenskt skip að ræða, geti haft verulegar afleiðingar. Það kann að þykja ófýsilegt að semja við Íslendinga um nýtingu á stofninum ef vinnsluskipin, sem flokka og frysta úti á sjó, flokka hluta af aflanum beint í sjóinn.

Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á þessu og spyr hæstv. utanrrh. hvort hann hafi haft nánari spurnir af því hvernig þetta mál er vaxið. Gæti hugsanlega verið að fæðast deila sem snýr að íslenskum skipum og íslenskum útgerðum?

Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni að við Íslendingar eigum að vera stífir á kröfu okkar gagnvart Norðmönnum varðandi hlutdeild okkar í veiðum úr stofninum. Ég vonast til þess, með hlýnandi sjó hér við land, að norsk-íslenski stofninn sæki í meiri mæli inn í íslenska lögsögu og samningsstaða okkar styrkist á þann hátt. Það breytir ekki því, virðulegi forseti, að við þurfum jafnt að hafa áhyggjur af veiðum innan lögsögu okkar sem utan ef vinnsluskipin flokka síldina úti á sjó og láta hreinlega fyrir borð það sem þeim finnst undir ákveðinni stærð og telja ekki æskilegt að frysta út frá verðmætissjónarmiðum til að ná hámarksverði úr kvótunum.

Þetta er þekkt umræða, virðulegi forseti, um brottkastsmálin. Það þarf svo sem ekki að rekja hana sérstaklega hér. Við vitum það og hefur verið sýnt fram á það með skýrslu sjútvrn. að það er brottkast í kerfinu hér á landi. Norðmenn hafa í þessari fréttamynd dregið fram að brottkast sé einnig í Noregi. Sjávarútvegsráðherrann þar hefur brugðist sérstaklega við því og af fullri einurð eftir því sem fréttir herma.

Ég hef af því verulegar áhyggjur, virðulegur forseti, og vona innilega að hér sé ekki um íslenskt skip að ræða, varðandi þessa brottkastsmynd. Ég tel hins vegar að þetta mál, eins heitt og það er í Noregi um þessar mundir, geti orðið til þess að torvelda samninga um nýtingu á norsk-íslenska síldarstofninum á komandi árum.

[13:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er hægt að taka undir það með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að samningshorfur að því er varðar norsk-íslenska síldarstofninn eru slæmar. Málið er í hnút. Ég hafði gert mér vonir um að hægt yrði að halda málinu áfram á svipuðum grundvelli og samdist um í fyrra. En í aðdraganda þess samnings komu fram mjög ákveðnar kröfur frá Noregi um aukna hlutdeild þeirra í veiðunum. Ef ég man rétt er hlutur Norðmanna um 57% af heildarmagninu en þeir hafa verið með hugmyndir um að stórauka hlutdeild sína. Við höfum ekki getað fallist á það. En það má segja að við höfum reynt að greiða fyrir samningum á síðasta ári með því að afsala okkur lítils háttar magni gegn því að fá auknar heimildir í norsku lögsögunni sem áttu að geta aukið hagkvæmni veiðanna og það verðmæti sem kæmi út úr veiðunum. Sá samningur var bærilega ásættanlegur fyrir okkur.

Síðasti samningafundur endaði hins vegar þannig að upp úr slitnaði. Það er ætlun Norðmanna að ná heildarsamningi milli allra þjóðanna. Það væri vissulega æskilegt að slíkur samningur næðist. Að mínu mati hefði verið eðlilegast að byggja á þeim grunni sem lagður var þegar samningar tókust fyrst um þessar veiðar. Ég tel að sá samningur hafi gagnast öllum og mikilvægt væri fyrir allar þjóðirnar að virða hann meðan engar stórkostlegar breytingar verða á göngumunstri síldarinnar.

Íslendingum er að mínu mati mikilvægast að halda áfram að byggja upp þennan stofn og halda veiðum í lágmarki þannig að stofninn geti byggst upp. Þetta var stærsti fiskstofn á Norður-Atlantshafi, var talinn um 10 millj. tonna. Það vita allir hversu mikið efnahagslegt áfall það var fyrir Íslendinga að missa þessar veiðar. Það hafði gífurleg áhrif á byggðina í landinu. Okkur er því mikil nauðsyn að það takist farsællega til um uppbyggingu síldarstofnsins.

Ég þekki ekki til brottkasts í þessum veiðum og þeirra mynda sem hafa verið sýndar í norska sjónvarpinu. Ég hef heyrt af því í fréttum en ekki séð þessar myndir. Sé þar um að ræða íslensk skip þá fordæmi ég það eins og allt annað brottkast. Ég tel að það sé óafsakanlegur gerningur, sé það vísvitandi gert. Hitt er svo annað mál að við vitum að vinnsluskipin kasta frá sér úrgangi. Það er vitað mál í nótaveiðum að við vissar aðstæður, þegar skip hafa fengið fullfermi og geta ekki látið önnur skip hafa afganginn úr nótinni, hafa menn oft þurft að sleppa niður. Það hefur líka þurft að sleppa niður í vondum veðrum. Allir sem hafa stundað slíkar veiðar vita það og hafa upplifað það. Ég tel að það sé allt annað mál en það sem hér er verið að lýsa.

Það er því miður þekkt að í vissum tilvikum, t.d. þegar Íslendingar stunduðu veiðar í Smugunni á tímabili, óheftar veiðar, þá fylgdi því brottkast sem var óafsakanlegt. Brottkast hefur því miður verið stundað á Íslandsmiðum allt of lengi.

Ég hef þá trú að dregið hafi verulega úr því. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson þekkir vel að á tímabili, þegar ég þekkti til í sjávarútvegsráðuneytinu, kom smáfiskur aldrei um borð í hluta af togaraflotanum að því er virtist. Þó vissum við að hann hlyti að hafa komið þar um borð.

Þetta er vandamál sem við verðum að berjast gegn. Ég vona sannarlega að hér sé ekki um íslenskt skip að ræða. Ef svo er ber að sjálfsögðu að taka það föstum tökum.

[14:00]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágæta ræðu og styð hann svo sannarlega í þessum samningum sem við eigum í við Norðmenn. Þetta eru erfiðir samningar, Norðmenn eru harðir í horn að taka og það er oft erfitt að ná samkomulagi við þá í fiskveiðimálum en ég vona svo sannarlega að íslensk stjórnvöld sitji fast við sinn keip í þessum síldarsamningum og semji við Norðmenn af fullri einurð. Við eigum skilyrðislaust mikinn rétt til að stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem svo er kallaður. Þessi stofn virðist vera í mjög góðu ástandi eins og er. Samkvæmt fréttum í þessari viku frá Noregi eru veiðar á norsk-íslensku síldinni, sem nú er að ganga til hrygningar, bannaðar að degi til vegna þess að torfurnar eru svo stórar að næturnar rifna, bátarnir ráða ekki við veiðarnar. Það er bara leyft að veiða á nóttunni þegar síldin dreifir sér. Það virðist því vera mikið af síld og hlýnandi sjór hér við Ísland eykur að sjálfsögðu vonir um að þessi mikli fiskstofn, þessi mikla auðlind, muni leita aftur á sín fornu sumarmið, þ.e. á miðin fyrir utan Norðurland. Ég vona svo sannarlega að sú verði raunin. Við Íslendingar, eins og ég sagði áðan og ítreka það enn, eigum að standa gegn Norðmönnum í þessum samningaviðræðum af fullri hörku.

Fyrst hæstv. utanrrh. er hér í salnum langar mig svolítið til að minnast á einn þátt utanríkismála, pólitíkina varðandi hið svokallaða fiskverndarsvæði Norðmanna við Svalbarða. Þessi norsk-íslenska síld er þar stóran hluta úr ári og íslensk skip hafa stundað þar veiðar, verið undirlögð norskum reglum, fiskveiðisamningum við Norðmenn, og mér finnst rétt að nota tækifærið núna til að spyrja utanrrh. hvort ekki sé ástæða til að þetta Svalbarðamál verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar og jafnvel að við Íslendingar reynum að leita réttar okkar á þessu mikla hafsvæði. Það er gersamlega ótækt að mínu mati að Norðmenn skuli einhliða ákvarða sér þann rétt sem þeir hafa tekið á þessu Svalbarðasvæði, svokölluðu fiskverndarsvæði. Þeir segja að þar gildi ákveðin lög, ákveðnar reglur, ákveðnir kvótar. Þeir meina okkur t.d. að stunda þar rækjuveiðar nema hungurlús sem þeir skammta eins og skít úr hnefa. Við fáum ekki að veiða þarna síld, grálúðu eða þorsk nema eftir samkomulagi við Norðmenn. Á meðan sjáum við aðrar þjóðir, t.d. Rússa, fara nánast öllu sínu fram eins og þeim sýnist á þessu svæði. Við Íslendingar virðumst gersamlega lúffa fyrir Norðmönnum.

Ég tel fulla ástæðu til þess að fara í hart við Norðmenn út af Svalbarðasvæðinu. Málið er nefnilega það, hæstv. forseti, að Norðmenn á Svalbarðasvæðinu eru ekkert annað en pappatígrisdýr. Þegar á reynir þora þeir ekki að fara í hart.

Hér var áðan talað um myndir um brottkast sem sýndar voru í norska sjónvarpinu. Ég hef séð þessar myndir og samkvæmt heimildum mínum frá Noregi, sem ég tel mjög öruggar, voru þessar myndir teknar um borð í íslensku fiskiskipi sl. sumar. Á þessum myndum sjáum við síldarflokkara sem er að vinna á fullri ferð og öll síld, að manni virðist af myndunum að dæma, undir 20 sentimetra lengd fellur niður á færiband undir þessum flokkara, færibandið liggur í slöngubarka og slöngubarkinn liggur um allt skip og upp á efsta dekk og þar fyrir borð. Norskur strandgæslumaður, skipherra í norsku strandgæslunni, lýsir undir fullu nafni myndunum í umræddum þætti og útskýrir hvað við sjáum á þeim. Norsku strandgæslumennirnir hafa filmað þetta allt saman. Þeir byrja á því að filma flokkarann, síðan síldina sem fellur niður á færibandið og fylgja barkanum alveg upp á dekk. Það kemur greinilega fram í þessum norska sjónvarpsþætti, og norski skipherrann segir það, að þetta er íslenskt skip. Mér hefur verið sagt hvaða skip þetta er en ég ætla ekki að segja það hér úr þessum stól. Það mun koma í ljós.

Þetta gerðist á Svalbarðasvæðinu. Í Noregi eru svona afbrot, þ.e. kerfisbundið brottkast á fiski, m.a.s. vélrænt brottkast, litið gríðarlega alvarlegum augum. Menn hafa verið teknir fyrir þetta og dæmdir til mjög hárra sekta. En hvað gerðist í þessu tilfelli? Jú, skipinu var sleppt. Samkvæmt mínum heimildum fékk skipið eingöngu aðvörun frá norskum stjórnvöldum, það var ekki dregið til hafnar. Vegna hvers? Jú, það var að veiðum á Svalbarðasvæðinu. Þrátt fyrir að strandgæslan hefði tekið mennina þarna, staðið þá að verki, filmað atburðinn, var þeim sleppt. Norsk stjórnvöld treystu sér ekki til að taka skipið af því að þetta var á Svalbarðasvæðinu. Norðmenn sjálfir, norsk stjórnvöld, álíta réttarstöðu sína á Svalbarðasvæðinu svo veika að jafnvel þó að þeir verði vitni að alvarlegum afbrotum, eins og í þessu tilfelli, alvarlegum umhverfisglæpum — það er ekki hægt að kalla það neitt annað en glæp — láta þeir skipin fara með aðvörun.

Mér finnst þetta sýna mjög skýrt í raun og veru hversu veik staða Norðmanna á Svalbarðasvæðinu er. Ég tel að við Íslendingar ættum hreinlega að fara í hart við Norðmenn á Svalbarðasvæðinu, láta á þessi mál reyna, jafnvel fyrir alþjóðadómstólum, og koma málum í þann farveg að fiskveiðum á Svalbarðasvæðinu í framtíðinni, þessu gríðarlega stóra hafsvæði hér norður af Íslandi, verði í framtíðinni stýrt í gegnum alþjóðastofnun eins og t.d. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina NEAFC. Að sjálfsögðu verði þar farið að lögum og reglum og að sjálfsögðu verði alls ekki liðið, herra forseti, að slíkir glæpir viðgangist eins og við sjáum í þessum norska þætti.

Ég hvet ykkur til að horfa á þessar myndir. Það er hægt að nálgast þær í gegnum internetið. Þetta eru ljótar myndir og það er mjög sterkt að horfa á þær um leið og maður hlustar á skipherra í hinum konunglega norska sjóher, skipherra í norsku strandgæslunni, lýsa því sem viðgekkst og segja: Þetta er íslenskt skip sem við fórum um borð í í fyrrasumar. Ástæðan fyrir því að við náðum þessum myndum er sú að við komum svo snögglega um borð að áhöfnin um borð í hinu íslenska skipi náði ekki að fjarlægja útbúnaðinn. Það var hreinlega það mikið verk, þeir náðu ekki að fjarlægja útbúnaðinn og við stóðum þá að verki.

Þessi norski skipherra segir: Það virkar eins og þessum íslensku sjómönnum sé gersamlega, fullkomlega eðlilegt að vinna með þessum hætti. Þeir eru algerlega ónæmir fyrir því sem þeir eru að gera.

Öll síld undir 20 sentimetrum, eins og ég segi af myndunum að dæma, fer samkvæmt orðum norska skipherrans beint í sjóinn. Til viðbótar er svo afskurðurinn sem mjög sennilega fer í hafið líka. Samkvæmt tölum Fiskistofu er nýtingarstuðull á síld 0,5, þ.e. helmingnum af allri síld sem dregin er um borð í þessi vinnsluskip er dælt aftur í sjóinn, þ.e. hausum, hryggjum og innvolsi. Bara flökin eru hirt og í þessu tilfelli bara stærstu flökin.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Menn hafa farið að ræða hér alvarleg mál í tengslum við þessa tillögu um staðfestingu á þegar framkvæmdum samningum frá síðasta ári um síldarsamskiptin við Norðmenn og Færeyinga. Það er náttúrlega eitt og sér hvernig það hefur gengið til, að leggja fram til málamynda til staðfestingar á Alþingi samninga sem hafa runnið sitt skeið á enda í raun og veru. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi, það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af framhaldinu og hvernig horfir í samskiptum með samninga um nýtingu á stofninum. Kannski eru það ekki miklar fréttir og a.m.k. eru engar góðar af því að segja, eins og kom fram í svörum hæstv. utanrrh.

Það er engu að síður þannig að þegar samningarnir voru gerðir á sínum tíma urðu margir fyrir miklum vonbrigðum með þá hlutdeild sem Ísland fékk, sérstaklega ef það var skoðað í sögulegu ljósi. Menn bundu þá, og binda enn, vonir við að stofninn tæki meira upp sína fyrri og vonandi náttúrulegu hegðun, að ganga meira inn í íslenska lögsögu og dvelja hér stærri hluta ársins. Bæði í því ljósi og í ljósi þess hvernig veiðum var háttað þegar mest var umleikis hér í nýtingu á þessum stofni var hlutur Íslands iðulega á milli 30% og 40% af heildarveiðum og undir það síðasta dvaldi stofninn hér stóran hluta ársins, sérstaklega eftir að hann fór að hluta til að hafa vetursetu austur af landinu.

Það er auðvitað ekki annað en að taka því að svona gangi þessir hlutir fyrir sig, enn þá því miður. Menn verða að halda áfram að reyna að leita að einhverjum vitrænum niðurstöðum því að í húfi er skynsamleg stjórn á nýtingunni og að stofninn byggist upp. Það er ákaflega líklegt, finnst mönnum, að með því að aðstæður í hafinu líkjast nú meir og meir því sem var einmitt á þessum árum, frá því um og upp úr 1920 og fram á miðjan sjöunda áratuginn, taki stofninn upp hegðun sem líkist því sem þá var. Það er eðlilegt, a.m.k. leyfilegt að draga þá ályktun að á því séu talsverðar líkur að sambærilegar aðstæður í hafinu hvað varðar hitastig og átuskilyrði leiði aftur til sambærilegrar hegðunar stofnsins sem auðvitað mundi þá styrkja verulega stöðu Íslands.

Menn áskildu sér alltaf rétt á leiðréttingu á prósentuhlutföllum ef efni væru til en auðvitað verður ekki léttara að hreyfa þeim málum eftir því sem lengur hefur verið notast við formúlu sem í grófum dráttum er frá upphaflegu samningunum á árunum 1996 eða 1997, eða hvenær sem fyrst samdist. Kröfur Norðmanna að undanförnu benda náttúrlega í þá átt að þeir telji sig hafa stöðu til að gera kröfur um stærri hlutdeild, sem sagt þróun alveg í hina áttina.

Varðandi svo að síðustu brottkastið er það auðvitað skelfilegt ef satt reynist sem hér kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að þarna hafi átt í hlut íslenskt skip. Það verður ekki skemmtilegt veganesti fyrir íslenska samningamenn að fara með það á bakinu í viðræður við Norðmenn um þessi mál ef norska strandgæslan reynist þarna hafa mynd-

að kerfisbundið og vélvætt brottkast á smásíld, einmitt við nýtingu á þessum sama stofni sem þá á augljóslega í hlut. Hópurinn er svo sem ekkert mjög stór ef um er að ræða eitt af íslensku vinnsluskipunum sem voru þarna við veiðar sl. sumar. Það er kannski ekki aðalatriði málsins hvort sá aðili verður nafngreindur heldur hitt að það er skelfilegt til þess að vita ef þessir hlutir sannanlega ganga svona fyrir sig. Ég hef reyndar alla tíð verið þeirrar skoðunar að það væri hreint siðleysi að stefna ekki að því að nýta allt sem veitt er og við vitum að í þessum tilvikum er það tæknilega ekkert minnsta vandamál þar sem í hlut eiga skip sem hafa kælitanka til að geyma afskurð og úrgang og gætu með reglubundnu millibili komið honum til hafnar. Það mætti líka hugsa sér að skipuleggja flutninga á hratinu frá vinnsluskipunum til bræðslu í landi hvar úr því geta orðið umtalsverð verðmæti ef rétt er á málum haldið.

Það er alveg hörmulegt að mönnum skuli í raun og veru ekki hafa miðað hænufet í þessum efnum á Íslandi núna í tíu ár eða meira, frá því að menn gáfust upp með áform um að vinnsluskip skyldu, að tilteknum aðlögunartíma fengnum, koma með allt að landi. Þetta var brotið niður, þau áform voru brotin á bak aftur þannig að þegar sá aðlögunartími sem skipin höfðu til að útbúa sig í þetta var útrunninn var auðvitað bara ákvæðið fellt úr gildi, menn gáfust upp, létu undan hagsmunum útvegsmanna sem ætluðu sér aldrei að virða þetta ákvæði og gengu fram í því að brjóta það niður.

Síðan eru, ef ég man rétt, liðin ein átta eða níu ár og nánast ekkert gerist. Ef eitthvað er er þróunin að fara í öfuga átt því að t.d. í tilviki uppsjávarfiskanna, sérstaklega síldarinnar, er meira og meira af vinnslunni að færast út á sjó með þeim afleiðingum að allt hratið fer í hafið í staðinn fyrir að sú vinnsla kæmi í land og væri unnin þar við hliðina á bræðslu. Afgangurinn var þó a.m.k. bræddur. Ef rétt er upplýst að nýtingarprósentan sem Fiskistofa miðar þarna við séu 50% urðu þó a.m.k. 50% að verðmætum í landi, mjöl og lýsi.

Mér finnst ástæða til að taka undir það sem hér var nefnt til umræðunnar, að þarna eru hlutir auðvitað ekki eins og þeir ættu að vera. Við hefðum ekki úr miklu að moða í umræðum um þessi mál ef farið yrði ofan í saumana á þeim, hvernig við stöndum að nýtingunni og hversu mikið af verðmætum fer þarna forgörðum, að því er virðist eingöngu vegna þess að menn láta undan ýtrustu kröfum útvegsmanna um að fá að nýta stofninn til að skera úr honum verðmætustu bitana og henda hinu í hafið. Það er það sem þarna er verið að gera, það er ósköp einfalt.

[14:16]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að andmæla því að engu máli skipti hvaða útgerð á í hlut. Það skiptir nefnilega miklu máli. Það er alveg sjálfsagt mál að það verði gert uppskátt hverjir voru að verki. Ég tel mig vita það og ég reikna með að þær upplýsingar muni koma upp á yfirborðið áður en langt um líður og þessir menn verða að standa ábyrgir gerða sinna.

Það er alveg klárt mál, herra forseti, að svona uppákoma veikir mjög samningsstöðu okkar Íslendinga. Hún rústar trúverðugleika okkar út á við, erlendis, og að sjálfsögðu líka hér heima á Íslandi, trúverðugleika sjávarútvegsins, útgerðarinnar, fiskveiðanna. Ég bjó mörg ár í Noregi og veit hvernig Norðmenn hugsa. Þeir munu í sjálfu sér ekki hafa mikinn áhuga á að semja við menn sem haga sér með þessum hætti, það er alveg ljóst.

Eins og ég sagði áðan kemur fram í þættinum að þetta hafi verið íslenskt skip, og það er norskur skipherra á norsku varðskipi sem tók myndirnar. Hann fullyrðir það og ég sé enga ástæðu til að draga það í efa. Þetta er mjög alvarlegt tilfelli, ekki bara vegna þessarar sóunar, þessa siðferðisbrests og þeirrar ósvífni að menn vogi sér virkilega að haga sér svona, heldur líka fyrir það að þetta gersamlega eyðileggur trúverðugleika okkar, ekki bara í Noregi heldur líka á alþjóðavettvangi. Þessir menn skulu bara gjöra svo vel að standa ábyrgir gerða sinna. Þetta er algerlega ólíðandi.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi orðað það þannig að það væri kannski ekki aðalatriði málsins nákvæmlega hver aðilinn væri. Ef sannanlega reynist vera um íslenskt skip eða íslenska útgerð að ræða finnst mér skaðinn vera skeður og út á við gera menn sjálfsagt ekki mikinn greinarmun á því hver útgerðin er. Með því er ég að sjálfsögðu ekki að réttlæta verknaðinn eða telja að sá sem í hlut á eigi ekki að standa ábyrgur gerða sinna.

Það er líka í og með vegna þess að ég óttast að hér kunni að reynast samhengi í hlutunum í þeim skilningi að þarna sé ekki um einstakt tilvik að ræða heldur aðhafist menn þá svipaða hluti, þeir sem eru í sambærilegum aðstæðum. Auðvitað er málið ekkert óskaplega flókið, við vitum oft að þessi skip eru að veiða hlið við hlið og úr sömu torfum, fá svipaðan fisk upp, og það mætti gjarnan með því að skoða bara landaðan afla bera það saman hvort flokkun eða nýting er sambærileg og þannig finna út úr því hvað gerist í raun og veru á miðunum.

Vandamálið sem hér er við að eiga er því miður huglægt og það hefur ákaflega mikla tilhneigingu til þess að menn dragi dám hver af öðrum. Því miður vitum við það bara. Auðvitað er þessi umræða í Noregi upp komin vegna þess að þetta er líka stórfellt vandamál í norskum sjávarútvegi. Við skulum ekki láta eins og þetta sé einskorðað við Íslendinga. Ég veit ekki betur en að þátturinn sem hér er vitnað til hafi fjallað um vandamálið í almennu samhengi og líka það sem snýr að norskum sjávarútvegi þar sem auðvitað er viðurkennt að brottkast á sér stað. Vandamálið er svo sem þekkt víðast hvar þar sem sjávarútgerð er.

Það er mjög dapurlegt ef þetta er svona í reynd og það verður opinbert að þarna hafi verið um íslenskan aðila að ræða og ég tek undir að það er okkur ekki til sérstakra málsbóta í samskiptum um þessi mál.

[14:20]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hér með skora á hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnina að hún krefjist þess strax að fá að vita hjá norskum stjórnvöldum hvaða skip var um að ræða. Ég skora líka á íslensk stjórnvöld að sjá til þess að umræddur þáttur verði sýndur í sjónvarpinu hér á landi því að ekkert er jafnáhrifaríkt til að koma í veg fyrir sóun af þessu tagi og að það sé gert opinbert fyrir öllum landslýð og talað um þessi vandamál af fullri einurð og hreinskilni. Það er fyrsta skrefið í átt til þess að gerðar séu einhverjar umbætur sem virka. Það höfum við séð. Eftir að hinar frægu brottkastsmyndir sem ég tók þátt í að útvega á sínum tíma voru sýndar í sjónvarpinu samþykkti hið háa Alþingis reglur sem gerðu það að verkum að sjómönnum varð kleift að koma með aukaafla að landi.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli þingmannsins á því að hann er í andsvari við hv. 5. þm. Norðaust. en ekki hæstv. ráðherra, ef það hefur farið á milli mála.)

[14:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Út af þeim umræðum sem hér hafa orðið um þennan samning vil ég segja að ég tel eðlilegt að sjútvn. Alþingis fái hann til umfjöllunar og umsagnar. Ég óska því eftir að utanrmn. sendi samninginn til sjútvn. til umsagnar svo að við sem í þeirri nefnd erum getum skoðað hann og gaumgæft.

Varðandi það sem komið hefur fram um brottkast á erlendum miðum af hálfu íslensks skips — eða meint brottkast, skulum við segja, því að það er ekki upplýst, það hefur ekki verið sannað enn þá að um íslenskt skip sé að ræða — vek ég athygli á því að hæstv. utanrrh. hefur þegar svarað því fyrir sitt leyti að ef svo reynist vera beri að fordæma það. Afstaða hans og ríkisstjórnarinnar liggur skýr fyrir hvað það varðar, ef svo reynist vera að um brottkast sé að ræða eins og hér var sagt frá áðan að gæti verið.

Ég hygg að ekki þurfi að fara í neinar grafgötur með það að ekki verður tekið á því neinum vettlingatökum, enda ekki ástæða til. (Gripið fram í.) Nei, og ekki ætla ég að gera því skóna að hún geri það.

Ég vil árétta að ég tel að íslensk stjórnvöld muni bregðast við — ef þetta tilvik reynist vera eins og hér er sagt — af mikilli alvöru og ákveðni eins og kom skýrt fram hjá hæstv. utanrrh.

Hv. 5. þm. Norðaust. setti fram sjónarmið sem ég er ósammála, að væru menn í svipaðri aðstöðu mundu þeir grípa til svipaðra úrræða. Þess vegna væri kannski ekki aðalatriðið hver ætti í hlut heldur aðstæðurnar sjálfar. Ég tel þetta of mikla einföldun og að þarna sé verið að draga athyglina frá þeim sem kunna að vera brotlegir yfir til aðstæðnanna sem leiða til þess. Ég hef trú á því að menn séu misjafnir og menn séu ólíkir og að ekki megi ætla öðrum skipstjórum að grípa til sömu úrræðanna og einhver einn kann að hafa gert, jafnvel þótt aðstæður séu að öðru leyti eins. Mér fannst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gera of mikið af því að reyna að draga málið frá þeim einstaklingum sem kunna að eiga í hlut yfir á stéttina í heild. Ég er ekki viss um að sanngjarnt sé að setja málið upp með þeim hætti og ég er heldur ekki viss um að rétt sé að gera það. Ég vildi þess vegna setja fram mín sjónarmið til mótvægis við þau sjónarmið sem hv. þm. setti hér fram um þetta efni.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta nokkuð tilefnislítil flugu-hnýting svo ekki sé nú sagt hártogun hjá hv. þingmanni þó að ég hafi haft um málið þessi orð. Ég held að ég hafi talað um það á þeim nótum að það væri auðvitað, því miður, ástæða til að ætla að svona hugarfar hafi tilhneigingu til að breiðast út. Það held ég að sé bara staðreynd, og viðurkennt, að ef það orð leggst á að menn umgangist miðin af þessu tagi vill það hafa slæm áhrif, og skemmdu eplin í körfunni, ef við kannski orðum það þá þannig, hafi tilhneigingu til að smita út frá sér. Þetta hélt ég að væri viðurkennt.

Með því er ekkert verið að alhæfa, með því er ekkert verið að segja að menn séu ekki misjafnir. Alveg örugglega, sem betur fer, er mikið til af mönnum sem sóma síns vegna láta aldrei hafa sig út í neitt af þessu tagi. Við vitum samt að þetta hefur viljað brenna við, menn hafa farið að draga dám hver af öðrum þegar þeir hafa verið við sambærilegar aðstæður og notað jafnvel þá einföldu réttlætingu fyrir gjörðum sínum að allir hinir geri það. Það er nú víðar en hjá börnunum sem sterkasti áhrifavaldurinn er „allir hinir" eða fullyrðingin um að allir hinir hegði sér einhvern veginn.

Við vitum t.d. í þessu tilviki — ég held að það sé nokkurn veginn yfir línuna — að eftir að vinnsluskipin eru komin til vinnslu á fjarlægum hafsvæðum, úti í hafi, er mjög lítið um landanir á hrati eða afskurði hjá þeim. Þau liggja við vinnslu úti á miðunum og það er þá ekki nema kannski í landleið sem eitthvað er tekið með. Hvort það þýði að þau hegði sér að öllu leyti eins við þessar aðstæður, t.d. flokki frá smáfisk og láti hann fara beint í hafið til að fá sem verðmætasta stærðarflokkun í hinn unna afla, skal ég auðvitað ekki segja um. Vonandi er það ekki. Ég held að það sé samt ekkert ósæmilegt við það að leyfa sér vangaveltur af því tagi sem ég hér gerði og í því felist engin allsherjarfordæming á sjómannastéttinni eða siðferðisþroska hennar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 481. mál (miðlun vátrygginga). — Þskj. 750.

[14:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. sem hér hefur verið tekin á dagskrá er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í hann tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins. Málið fjallar um miðlun vátrygginga. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í þáltill. og hún er prentuð sem fylgiskjal með henni. Þessi ákvörðun kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Hvað varðar efnisatriði málsins nægir að nefna að með þessari ákvörðun er verið að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópusambandsins um vátryggingamiðlara. Markmið þessarar tilskipunar er að afnema hindranir í vegi þess að vátryggingamiðlarar geti stundað starfsemi sína óhindrað á innri markaðnum. Það er verið að samræma þessa starfsemi þannig að allir vátryggingamiðlarar geti starfað frjálst á öllum markaðnum.

Enn fremur mælir tilskipunin fyrir um aukna neytendavernd, m.a. með því að setja strangari kröfur um starfsemi téðra vátryggingamiðlara og mæla fyrir aukinni upplýsingagjöf til neytenda. Að lokum má geta þess að viðskrn. hefur hafið undirbúning að gerð frv. til að laga megi íslenska löggjöf að ákvæðum þessarar tilskipunar.

Ég vil leggja til, herra forseti, að máli þessu verði vísað að lokinni umræðu til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, fyrri umr.

Stjtill., 482. mál. — Þskj. 754.

[14:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta mál tengist því máli sem nokkuð var rætt hér um áðan í ágætri umræðu um norsk-íslenska síldarstofninn. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 31. mars og 15. apríl sl.

Samkvæmt samningi þessum skyldu aðilar semja fyrir 20. júní sl. um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2004. Eins og í samningi landanna frá 2002 er við það miðað að veiðiheimildir færeysku nótaskipanna á þessu tímabili séu um 30.000 lestir enda breytist ekki í verulegum atriðum forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá 2002 kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2003–2004 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerði enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2003.

Þá er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld, þ.e. annarri síld en úr norsk-íslenska stofninum, innan færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

Loks var að finna í samningnum það nýmæli að hvor aðili skyldi veita tveimur skipum sem skráð voru í landi hins aðilans leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2003.

Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

[14:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og jafnan hefur verið samstaða um það hér í þessu þingi að framlengja og endurnýja þennan samning við Færeyinga. Það er tvennt sem ég vildi í örstuttri ræðu leggja sérstaka áherslu á. Í fyrsta lagi er nauðsyn á að við Íslendingar þróum þá möguleika sem er að finna í þeim ákvæðum samningsins sem lúta að makrílveiðum. Ég held að makríll sé ein þeirra tegunda sem við Íslendingar gætum nýtt betur og ættum að freista þess að gera.

Í öðru lagi vil ég svo taka vara við þeim veiðum úr lúðustofninum sem ýtt er undir með þessum samningi. Ég sé síst eftir því að frændur vorir, Færeyingar, njóti afraksturs þessa samnings en ég held að lúðustofninn á Íslandi sé kominn í það ásigkomulag að við þurfum að gæta okkar mjög varðandi hann og ef þessi samningur er svipaður hinum fyrri veit ég að gert er ráð fyrir því að Færeyingar hafi sérstaka heimild til að veiða lúðu. Ég hef lagt fram fyrirspurn í þinginu sem varðar lúðuveiðar við Íslandsstrendur. Ég hef áhyggjur af þeim stofni. Ég tel að sóknin í hann sé of mikil og ég tel að þessi gullvægi fiskur sem nýtur nú sérstakrar stöðu í fiskveiðum Íslendinga eigi undir högg að sækja.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra um leið og ég lýsi almennu samþykki við þetta mál sem hann flytur: Kemur til greina að þegar menn ráðast til framlengingar á þessum samningi í framtíðinni verði reynt að undanþiggja lúðuna? Kemur til greina að reynt verði að undanskilja hana og veita Færeyingum fremur ívilnanir með einhverjum öðrum hætti, eins og þeir sannarlega eiga skilið?

[14:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er eingöngu verið að fjalla um samning sem varðar uppsjávarfisk, ekki botnfisk. Að því er varðar lúðuna og þorskinn er það annar samningur. Ég er þeirrar skoðunar að lúðu eins og annan fisk við Íslandsstrendur eigi að veiða á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar. Ég skal játa að mér er ekki kunnugt um ástand og horfur að því er lúðustofninn varðar en það er að sjálfsögðu mál sem ber að ræða á þeim grundvelli. Þetta er mikilvægur stofn. Þótt veiðarnar séu ekki miklar er um mjög verðmætan fisk að ræða. Á grundvelli þessa stofns hefur hafist lúðueldi hér á landi sem er afar merkilegt. Ég er sammála hv. þingmanni um að fara beri varlega í nýtingu þessa stofns eins og annarra verðmætra stofna við strendur landsins.

[14:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir flest það sem hæstv. ráðherra segir. Í máli hans kemur fram að honum er ekki kunnugt um stöðu lúðunnar. Það er mér ekki heldur, ekki nákvæmlega. En svo vel ber í veiði fyrir hæstv. ráðherra að formaður Samf. hefur lagt fram ítarlega fyrirspurn um hana í þinginu og mér verður heiður að því að senda hæstv. utanrrh. svarið. Þá veit hann allt um lúðuna þegar það svar liggur fyrir.

Menn ráðast í að gera þessa samninga og svo eru þeir kynntir eftir á í þinginu. Ég held að þessi athugasemd og þessar örstuttu umræður okkar um lúðuna séu gott veganesti inn í það þegar menn ráðast í að gera samning við frændur vora og frænkur í Færeyjum um þorsk og lúðu.

Ég ítreka það sem ég hef sagt, lúðan á undir högg að sækja. Hún veiðist í töluverðum mæli sem meðafli. Hún er einn af þessum langlífu fiskum sem verða kynþroska tiltölulega seint og þeim er jafnan hætta búin þegar sókn er mjög þung vegna þess að töluvert er tekið af þeim sem meðafla.

Um þetta ætla ég ekki að segja meira en styð auðvitað ríkisstjórnina í því að halda uppi sem bestum tengslum við okkar góðu vini í Færeyjum. Við viljum þeim allt hið besta. Ég var sannarlega stoltur af því á sínum tíma að sitja í ríkisstjórn sem gerði við Færeyinga rausnarlegan samning um fiskveiðar þegar þeir áttu í töluverðum vandkvæðum með efnahagslíf sitt. Þá stóð ekki vel á fyrir okkur hvað fiskveiðar varðar en sá samningur þótti mér undirstrika það allra besta í samskiptum þessara tveggja þjóða.

[14:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur aðeins komið til tals í umræðunni að samningar sem þessir séu lagðir fram eftir á. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var ekkert að gagnrýna það en ég vildi aðeins leggja á það áherslu að ég tel mjög mikilvægt að samningar sem þessir séu lagðir fyrir Alþingi. Það sýnir mikilvægi fiskveiða í þjóðarbúskap okkar. Ég tel það vera mjög mikilvægan sið, en ekki bara það heldur verður ekki vikist undan því. Jafnvel þótt ekki sé hægt að snúa til baka eru þessir samningar ávallt í gangi. Það þarf að semja á

nýjan leik og þess vegna eru umræður á Alþingi mikilvægt veganesti inn í áframhaldið, m.a. að því er varðar samninga við Færeyjar og þau vinsamlegu samskipti sem við höfum átt við þessa bræðraþjóð. Það er mikilvægt fyrir okkur sem stöndum að þessum samningum og jafnframt mikilvægt fyrir Færeyinga í þessu tilviki að vita að einhugur ríkir á Alþingi um samskipti við þá vina- og bræðraþjóð.

[14:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra um þetta. Það er nauðsynlegt að svona samningar séu teknir fyrir á hinu háa Alþingi, þingmönnum séu kynntir þeir og þeir fái þinglega meðferð.

Eitt atriði sem tengist slíkri umfjöllun getur hjálpað þeim sem fara með samninga fyrir okkar hönd. Hæstv. utanrrh. hefur stundum legið hér undir gagnrýni og á árum fyrr harðri gagnrýni þegar samningar voru að hefjast um veiðar og skiptingu hlutdeildar úr norsk-íslenska stofninum. Eins og hæstv. utanrrh. man sveið honum stundum undan þeim orðum sem hér féllu í þeim hörðu umræðum. Ég er hins vegar sannfærður um að þær umræður hafa orðið hæstv. ráðherra gott veganesti, og ekki bara að því leyti til að þær hafi upplýst hann betur um stofninn sem um var að tefla. Hitt skipti miklu meira máli að hæstv. ráðherra gat farið til samninga við hinar óbilgjörnu samningaþjóðir, sérstaklega Norðmenn, með það í farteskinu að það sem hann væri að gera væri m.a. vegna þess að harður þrýstingur væri í þinginu um að Íslendingar fengju meiri hlutdeild.

Ég held að umræður af því tagi, hvort sem þær kunna að vera vinsamlegar milli stjórnar og stjórnarandstöðu þegar þær eru háðar eður ei, séu partur af sameiginlegri viðleitni okkar til að tryggja hag okkar sem best. Þegar hæstv. utanrrh. fer til samninga eftir að hafa átt hér í hörðum deilum um að ýmsar tillögur sem liggja á borðinu séu ónógar að mati þingmanna er staða hans í samningunum styrkari en ella. Þess vegna er hárrétt hjá honum að það hefur margvíslega nytsemd í för með sér að svona samningar séu ræddir og lagðir fyrir þingið.

[14:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sjónarmið sem hæstv. utanrrh. lýsti hér áðan. Samningar okkar við aðrar þjóðir um fiskveiðar, innan og utan lögsögu, eins og sá samningur sem við ræðum hér, samningurinn við Færeyjar, á að koma til umræðu á hv. Alþingi og fá formlega afgreiðslu. Ég held að sú regla sé af hinu góða og geri ég í sjálfu sér enga sérstaka athugasemd við það þó að samningurinn sé kannski seint kominn inn á borð. Ég tek undir sjónarmið hæstv. ráðherra um að klára þessi mál hér á Alþingi og fá um þau umræðu.

Samningurinn kveður á um loðnuveiðar, kolmunnaveiðar, makríl og túnfisk. Er þetta með túnfiskinn reyndar nýmæli. Ég hef ekkert við þær útfærslur að athuga sem snúa að veiðum á síld, 2.000 lestum af síld, og við það samkomulag. Ég styð málið eins og það liggur hér fyrir.

Út af þeim orðum sem féllu áðan hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um lúðuveiðar vil ég láta það sjónarmið mitt koma fram, virðulegi forseti, að lúðuveiðar á línu, þ.e. veiðar á stórlúðu úti í köntunum, séu lúðustofninum kannski ekki hættulegar, sérstaklega ekki einar og sér. Það má jafnvel draga fram að mikið af smálúðu, á bilinu eitt til þrjú kíló, kemur í önnur veiðarfæri. Þar er í raun miklu meiri fjöldi dýra tekinn úr stofninum en á hinum eiginlegu lúðuveiðum á línu með haukalóð. Eins og menn vita kemur lúðan sem meðafli, sérstaklega við snurvoðaveiðar og trollveiðar, en einnig dálítið á línu. Hún þykir reyndar happafengur ef hún kemur á handfæri. Fyrst og fremst taka samt togveiðarnar mikið af uppvaxandi lúðu á miðunum hér við land, einkanlega kannski snurvoðaveiðarnar á vissum svæðum.

Ég held að það verði ansi snúið að ætla að ná upp lúðustofninum, ef hann er talinn í verulegri hættu, eingöngu með því að snúa sóknartakmörkunum að lúðuveiðum með línu. Ég held að líta þurfi til ýmissa annarra átta varðandi smálúðuveiðarnar, eins og ég hef minnst á fyrr, ef menn ætla að grípa til þess ráðs.

Hins vegar held ég að menn viti ansi lítið um lúðustofninn og að mjög vafasamt sé að draga sterkar ályktanir af því þótt sveiflur séu í veiðum á stofninum. Þær sveiflur hafa verið á undanförnum árum og það er alls ekki ólíklegt, virðulegi forseti, að lúðuveiðarnar braggist með hlýnandi sjó við landið eins og veiðar á ýmsum tegundum sem við höfum kannski ekkert endilega átt von á að ykjust hratt. Ég nefni sem dæmi veiðar á löngu, en löngukvóti er í hinum almenna samningi við Færeyjar sem er annar samningur um almennar botnfiskveiðar upp á 5.600 tonn. Ég held ég fari rétt með, virðulegi forseti, að veiðar á löngu vestan við landið hafi aukist mikið á undanförnum missirum og sé jafnvel svo komið að löngukvótar hér við land fyrir hinn íslenska flota séu orðnir mjög takmarkaðir. Ég tel að þessi löngugengd við Ísland nú standi í samræmi við aukinn sjávarhita fyrst og fremst og að ekki hafi einn einasti fiskifræðingur á Íslandi haft hugmynd um að löngugengdin ykist hér við land. Hægt er að lesa það út úr skýrslum Hafrannsóknastofnunar á undanförnum árum að menn hafi ekki átt von á því, enda er ekki hægt að sjá það fyrir hvað gerist nákvæmlega þegar sjór hlýnar við landið. Því þurfum við auðvitað að fylgja rannsóknum mjög vel eftir hér við land á rannsóknaskipum okkar og stunda markvissar rannsóknir þegar vistkerfið er að breytast, m.a. að þessu leyti. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef og hef heyrt um eru þetta ekki veiðar á neinni smálöngu heldur fullvaxinni löngu sem menn vita reyndar ekkert hvaðan kemur en kemur inn á íslenska hafsvæðið þegar hitafar hækkar.

Einnig er hægt að minnast á það, virðulegi forseti, að lönguveiði var norður á Vestfjarðamiðum í kringum 1960 og fram til 1970 eða áður en sjórinn kólnaði þar 1965 og 1966. Síðan hefur eiginlega varla sést þar langa á grunnslóð í 20–30 ár. En mér kæmi ekki á óvart að með hlýnandi sjó yrði það næsta vandamál í kvótasetningu vestfirskra báta að þeir ættu enga löngukvóta þegar langan er komin norður yfir Kolluálinn og fer norður á Vestfjarðamiðin.

Þetta segir okkur auðvitað að það að reyna að binda allar tegundir inn í kvóta, með því fyrirkomulagi sem við höfum við veiðar á meðafla sem er að breytast eftir náttúrufari, kann ekki góðri lukku að stýra.

Því vil ég að lokum spyrja hæstv. utanrrh. hvað líði því að semja á nýjan leik við Færeyinga um botnfiskveiðarnar og í hvaða ferli það mál sé, en lýsi mig almennt sammála því og hef stutt það á undanförnum árum að við horfðum til Færeyja og gerðum við þá samning sem báðar þjóðirnar gætu sætt sig við.

[14:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þau mál eru í eðlilegum farvegi. Við höfum gert ráð fyrir því að samningar við Færeyinga verði gerðir á svipuðum grundvelli og síðast. Það hefur ekkert komið upp

í þessum samskiptum sem kallar á sérstaka endurskoðun á því magni sem þeir hafa heimild til að veiða.

Hér hafa verið gerðar athugasemdir að því er varðar lúðuna. Ég hef ekki forsendur til þess að meta það eins og hér hefur komið fram, en það er almennt gert ráð fyrir að Færeyingar haldi sínum heimildum áfram til að veiða hér sambærilegt magn og þeir hafa haft heimildir til á undanförnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (erfðablöndun). — Þskj. 418, nál. 863.

[14:49]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Sjútvn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um eldi nytjastofna sjávar og hefur skilað af sér eftirfarandi nál., með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristin Hugason frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá fiskeldisnefnd, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnuninni og Umhverfisstofnun sem allar voru mjög jákvæðar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði heimildir sjávarútvegsráðherra til að takmarka eða banna eldi á lifandi sjávardýrum og verja stofna íslenskra sjávardýra gegn óæskilegum áhrifum erfðablöndunar við aðra stofna sömu tegundar eða innfluttra tegunda eða stofna sem ekki finnast við Íslandsstrendur ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir duga ekki til.

Nefndin telur að gildissvið frumvarpsins sé of þröngt miðað við gildissvið laganna um eldi nytjastofna sjávar sem frumvarpinu er ætlað að breyta. Nefndin leggur því til að gildissviðið verði samræmt lögunum þannig að heimild ráðherra nái ekki eingöngu til lifandi sjávardýra heldur til nytjastofna, en undir það falla samkvæmt skilgreiningu laganna sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjaður er eða kann að verða nytjaður í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 4. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal um takmörkun eða bann eldis á nytjastofnum er lög þessi ná til ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða að líffræðilegri fjölbreytni sé ógnað og tegundum eða stofnum stefnt í hættu.

Hjálmar Árnason og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. febr. 2004. Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm., Guðjón Hjörleifsson, Jóhann Ársælsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján L. Möller, Magnús Þór Hafsteinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

[14:52]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nefndarálitinu er sjútvn. sammála um þær breytingar sem hér eru lagðar til á lögum um eldi nytjastofna sjávar.

Það er alveg nauðsynlegt eftir því sem fiskeldi á sjávardýrum, og ég tala ekki um þeim nytjastofnum sem eru í kringum landið, vex fiskur um hrygg að menn velti fyrir sér hvaða afleiðingar það geti haft fyrir þá stofna sem við erum að veiða og nytja í dag.

Við þekkjum það úr öðru fiskeldi og þá á laxfiskum að þar leggja menn talsvert mikið upp úr kynbótum og eru að kynbæta fisk með tilliti til vaxtarhraða, kynþroska o.s.frv. Því hljótum við að velta fyrir okkur þegar við förum að ala t.d. þorskinn í kvíum við landið hvað við ætlum okkur að leyfa fiskeldismönnum að ganga langt í kynbótum á þessum stofni sem er samstofna þeim fiski sem við nýtum hringinn í kringum landið. Hvað með kynbætur með breytingum á erfðaefni? Komum við til með að leyfa þær? Eða komum við til með að leyfa hefðbundnar kynbætur þar sem verið er að kynbæta annaðhvort fyrir vexti eða til að seinka eða flýta kynþroska eftir atvikum? Þetta hljóta að vera atriði sem við veltum fyrir okkur.

Það er alveg ljóst að um leið og eldi hefst á nytjastofni, hvort sem það er þorskur, lúða eða eitthvað annað, og þetta eldi fer fram í kvíum, í sjókvíum í fjörðum í kringum landið, þá mun fiskur örugglega sleppa úr þeim kvíum. Það er sagan með allt fiskeldi í sjókvíum að það er alveg sama hvaða reglur menn eru með og hve varlega menn fara, fiskur mun alltaf sleppa úr þessum kvíum. Og ef búið er að vinna verulega í kynbótum, búið er að vinna verulega í því að breyta einhverjum grunnþáttum hjá þeim stofnum sem verið er að ala og þeir sleppa út í hina villtu náttúru, þá veltum við því fyrir okkur hvaða áhrif það geti haft.

Í raun og veru erum við ekki að fjalla um það hér með þessum breytingum hve langt má ganga í kynbótum eða breytingum á eðliseiginleikum þessara nytjastofna. En ég vildi koma hér upp og leggja þetta inn í umræðuna af því að ég tók ekki þátt í þessu nefndaráliti þar sem ég var fjarverandi á fundum sjútvn. Þetta er eitthvað sem við hljótum í framhaldi af þessu og eftir því sem eldi á nytjastofnum eykst að velta fyrir okkur. Þetta er ekki bara spurning um laxfiskana í sjónum og hvort þeir sleppa úr kvíum og blandist villtum laxi. Um leið og við förum að eiga við þorskinn, um leið og við förum að eiga við lúðuna með tilliti til kynbóta, hljótum við að velta því fyrir okkur hvort við viljum fá þann fisk þannig kynbættan úr kvíunum og inn á sömu svæði og villti fiskurinn er á.

Við þurfum líka að velta fyrir okkur með hvaða hætti tekin er ákvörðun um að banna. Sjútvrh. kemur til með að hafa heimild til að banna eldi ef talið er að verja þurfi stofna íslenskra sjávardýra gegn óæskilegum áhrifum erfðablöndunar. Við hljótum að velta fyrir okkur hvernig hann tekur þá ákvörðun. Hvað þarf til að sjútvrh. ákveði að banna eldi á þorski vegna þess að eldisfyrirtæki er að stunda kynbætur eða einhverjar þær breytingar á stofninum sem það er með og menn telji að það geti orðið hættulegt hinum villtu stofnum?

Þetta eru að mínu viti eðlilegar áhyggjur vegna þess að við höfum séð það, eins og ég sagði áðan, að í öllu eldi reyna menn að hámarka árangur. Menn reyna að breyta fiskinum með þeim hætti að hann vaxi hraðar, menn reyna að breyta fiskinum með þeim hætti að hann verði jafnvel holdfyllri

en annars er í villtri náttúru og menn reyna að hafa áhrif á kynþroska þess fisks sem þeir eru að ala.

Varnaðarorð í framhaldi af vonandi mjög auknu eldi á nytjastofnum: Menn hugsi vel áður en þeir framkvæmi hratt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenn í hlutastörfum, 2. umr.

Stjfrv., 411. mál (EES-reglur). — Þskj. 559, nál. 885 og 907.

[14:59]

Frsm. meiri hluta félmn. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um starfsmenn í hlutastörfum frá meiri hluta félmn.

Nefndin hefur fjallað nokkuð ítarlega um málið, fengið til sín fjölmarga gesti og farið yfir skriflegar umsagnir frá ýmsum aðilum eins og tíundað er á þskj. 885.

Frumvarp þetta um starfsmenn í hlutastörfum byggir á innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins, en hin sameiginlega EES-nefnd samþykkti að fella þetta ákvæði undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og byggir það á ákvörðun nr. 104/1998.

Virðulegur forseti. Segja má að síðan þá hafi aðilar vinnumarkaðarins verið með þetta mál í sínum höndum. Félmrn. fól aðilum vinnumarkaðarins að fara yfir það og hvatti til að fulltrúar atvinnurekenda og launþega kæmu sér saman um málið enda má segja að það lúti að ákvæðum kjarasamninga og kjörum starfsmanna.

Skemmst er frá því að segja, virðulegur forseti, að í nokkuð mörg ár hafa aðilar vinnumarkaðarins verið með málið í sínum höndum en ekki náð samkomulagi. Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa náð samkomulagi en sveitarfélög og ríki annars vegar og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hins vegar hafa ekki náð samkomulagi. Ágreiningurinn lýtur að 3. mgr. 2. gr., um gildissvið frumvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum."

Um þetta hefur sem sagt ekki náðst samkomulag milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fulltrúa ríkis og sveitarfélaga hins vegar. Þrátt fyrir hvatningu starfsmanna félmrn. til viðkomandi aðila um að ná saman þá hefur það ekki tekist. Nú er svo komið að tíminn sem Evrópusambandið gefur er liðinn. Verði þessi lög ekki innleidd má búast við kæru frá EFTA vegna þess að við höfum ekki innleitt þau. Við erum fallin á tíma ef svo má orða það.

Það er mat meiri hluta hv. félmn. að, eins og fram kemur í frv., í greinargerð með frv. sem og í nál. frá meiri hluta félmn., markmið frv. sé fyrst og fremst að bæta stöðu þeirra starfsmanna sem eru í hlutastörfum án þess að óeðlilegar kvaðir verði lagðar á atvinnulífið. Hlutastörf hafa færst nokkuð í vöxt og fela í sér ákveðinn sveigjanleika, bæði fyrir starfsfólk og fyrirtæki.

Það er rétt að leggja á það áherslu, virðulegur forseti, að um er að ræða atriði sem snerta starfshætti og kjör starfsmanna en frv. er á engan hátt hafið yfir kjarasamninga. Það er því mat meiri hluta félmn. að þetta sé atriði sem aðilar vinnumarkaðar eigi að ná saman um, eins og virðist hafa orðið á milli Samtaka atvinnulífsins og ASÍ.

En þetta hefur ekki tekist að fullu þannig að meiri hluti hv. félmn. mælir með samþykkt frv. með örlitlum breytingum. Annars vegar er orðalagsbreyting en þó er ein efnisleg breyting sem meiri hlutinn leggur til, þ.e. að verði frumvarpið að lögum verði þau tekin til endurskoðunar innan tveggja ára. Með því er í raun verið að hvetja þá aðila sem ekki hafa náð saman til þess að gera úrslitatilraun til að ná samningum, þ.e. að að tveimur árum liðnum komi lögin í eðlilega endurskoðun og staðan metin í því ljósi.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að það mun almennt viðurkennt í kjarasamningum að fólk sem ráðið er tímabundið og er á svokölluðu tímakaupi fái hlutfallslega hærri laun á klst. vegna þess ráðningaforms. Það er líka rétt að árétta að það er ekkert í þessum lögum sem tekur yfir kjarasamninga. Það eru þau meginsjónarmið sem ég kynni fyrir hönd meiri hluta hv. félmn. Það er eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins nái saman um þetta atriði í viðræðum sínum, hvort heldur er í kjarasamningum eða í viðræðum um að ná saman í umsögn um frv. á borð við þetta.

Þá leið sem hér er farin má kalla dönsku leiðina. Þetta er sambærileg leið og Danir fóru við innleiðingu á þessari tilskipun Evrópusambandsins þar sem fólk á tímavinnu á vegum hins opinbera er undanskilið lögunum enda er gert ráð fyrir að kjarasamningar gæti hagsmuna og kjara þeirra.

Meira er í raun ekki um þetta að segja, virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum á bak við álit meiri hluta hv. félmn. sem og þeim breytingum sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að verði gerðar. Það er rakið á þskj. 885. Meiri hluti félmn. mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef getið um.

[15:06]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 907 frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Hjörvar og flyt það í fjarveru þeirra.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að innleidd verði tilskipun um rammasamning um hlutastörf þar sem settar eru fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutstörf. Í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að ákvæði laganna taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Þannig nýtur tímavinnufólk ekki þeirra réttinda sem frumvarpið kveður á um. Á hinum almenna vinnumarkaði tókst Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins hins vegar að ljúka kjarasamningi um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum sem ekki tókst á hinum opinbera vinnumarkaði. Samtök launafólks hafa harðlega gagnrýnt að lagt er til að allir sem fá greitt tímavinnukaup fyrir vinnu sína hjá ríki og sveitarfélögum falli utan gildissviðs laganna.

Minni hlutinn leggst gegn ákvæðum 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem kveður á um að lögin taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímakaup og vísar í rökstuðning sem fram kemur í álitsgerðum frá samtökum launafólks sem eru birt sem fylgiskjöl. Þar eru færð fram rök fyrir því að tilskipunin um hlutastörf sem verið er að innleiða með þessum lögum heimili ekki að undanskilja tímavinnufólk frá ákvæðum laganna.

Hjá ríki og sveitarfélögum eru stórir hópar starfsmanna sem munu ekki njóta þeirra réttinda sem tilskipuninni er ætlað að tryggja. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki sýnt fram á með neinum rökum hvers vegna nauðsynlegt er talið að undanskilja þennan hóp starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í lögunum og skapa þannig mismunun í stað þess að draga úr henni, sem í orði kveðnu er þó yfirlýst stefna stjórnvalda.

Félagsmálaráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á að máli þessu verði hraðað og hefur í því samhengi verið bent á að Eftirlitsstofnun EFTA muni að öðrum kosti hugsanlega höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum fyrir brot á EES-samningnum verði frekari frestun á því að tilskipunin verði innleidd. Af hálfu samtaka launafólks mun þeirri hugmynd hins vegar hafa verið hreyft að verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd verði látið á það reyna frammi fyrir sömu aðilum hvort lögin standist.

Minni hlutinn telur að ekki hafi verið sýnt fram á að nauðsyn beri til að undanskilja starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt samkvæmt tímavinnu og telur auk þess ófært að samþykkja frumvarp sem vafi leikur á um að standist þá tilskipun EES sem ætlunin er að innleiða.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti.

Undir minnihlutaálitið skrifa hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Helgi Hjörvar.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram ræðum við frv. til laga um starfsmenn í hlutastörfum. Nokkur grein hefur verið gerð fyrir efni frv. og tildrögum þess. Það er lagt fram til innleiðingar á tilskipun EES og Evrópusambandsins frá því í desember 1997. Það byggir á rammasamningi um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga, ETUC, European Trade Union Confederation, og atvinnurekendasamtökin, Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda, skammstafað UNICE, og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild, CEEP, hafa gert sín í milli.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella þessa tilskipun undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og er vísað í þau gögn sem eru því til staðfestingar í athugasemdum við frumvarpið. Þar er einnig rakið innihald tilskipunarinnar og segir m.a., með leyfi forseta:

„*Í inngangsorðum rammasamningsins kemur fram að* hann sé framlag til skipulags atvinnumála í Evrópu. Þar eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf. Í samningnum komi fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastörfum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir vinnuveitendur og launþega. Með samningnum sé einnig viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum séu misjafnar. Tilgangur rammasamningsins er einnig að stuðla að sveigjanlegri skipulagningu vinnutíma. Meginsjónarmiðið er að hlutavinnufólk sæti ekki lakari meðhöndlun en þeir sem eru í fullu starfi nema mismunun verði réttlætt á grundvelli *hlutlægra ástæðna*."

Síðan segir í greinargerðinni að það sé heimilt skv. 2. gr. þessarar tilskipunar að fela aðilum vinnumarkaðar að semja um efni rammasamningsins í stað þess að kveða á um það með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum hvernig samningnum verði framfylgt.

Félmrn. mun hafa farið þess á leit við Samtök vinnumarkaðarins í mars árið 2000 að þess yrði freistað að ná samningum um þessi efni. Hvað varðar Alþýðusambandið og Samtök atvinnurekenda þá tókst þetta með undirritun kjarasamnings 13. nóvember árið 2002. Öðru máli gegnir hins vegar um opinbera geirann. Þar náðust ekki slíkir samningar. Þess vegna er þetta frumvarp til komið. Ég kem nánar að því síðar.

Hér er ekki nein stórkostleg bylting á ferðinni í réttindamálum launafólks. Þarna er þó verið að stíga skref sem skipta máli og geta skipt máli. Eins og ég gat um áðan, með tilvísun í athugasemdir við frumvarpið, er verið að reyna að stuðla að sveigjanleika á vinnumarkaði en þó þannig að hagsmuna beggja aðila, atvinnurekandans og launamannsins, sé gætt. Til að við gerum vinnuumhverfið sveigjanlegra þarf að búa svo um hnúta að réttindi fólks séu virt og einnig þannig að ekki sé gengið á hlut atvinnurekandans. Þetta eru jafnvægiskúnstir enda er frv., og þessi *tilvonandi lagasmíð* sem vonandi fer þó ekki í gegn nema að áður undangengnum breytingum á frv., mjög varlega orðuð. Þetta eru tilmæli fremur en að þarna sé fast kveðið að.

Hér segir í 1. gr. frv. um markmiðin. Ég ætla að lesa það, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, einnig að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna." — Þarna er kjarninn í því sem ég nefndi.

Hvernig á að gera þetta? Jú, í 4. gr. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í *fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra* ástæðna."

Síðan kemur áfram, með leyfi forseta:

„Atvinnurekendur skulu svo sem kostur er leitast við að:

a. taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf,

b. taka tillit til óska starfsmannsins um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess,

c. auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum sviðum fyrirtækisins eða stofnunarinnar, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum,

d. veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum, þar með talin hlutastörf, til að auðvelda flutning úr hlutastarfi í fullt starf og öfugt,

e. greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni að það geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi, og

f. veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað.

Það telst ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt. *Uppsögn telst þó ekki andstæð lögum þessum ef hún er í* samræmi við lög, kjarasamninga eða venju og stafar af öðrum ástæðum, svo sem rekstrarþörfum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar."

Þetta er 4. gr. þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur og þessi lög ganga út á. Síðan er ákvæði um rétt til skaðabóta

ef atvinnurekandi brýtur gegn ákvæðum laganna og síðan eru aðrar greinar einnig, skýringar á hugtökum og gildissviði.

En fyrst þetta: Við erum þarna að tala um að hverju skuli stefnt og að leitast skuli svo sem kostur er. Síðan eru almenn réttindamál.

Að mínu viti er e-liðurinn sem ég nefndi mikilvægastur að „greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni að það geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi". Ég held að þetta sé mjög gott, að ekki skuli ekki gengið á hlut hlutavinnufólks. Staðreyndin er sú að þetta er að verða mjög mikilvægur þáttur í starfsumhverfi okkar á vinnustöðunum. Á Íslandi eru vinnustaðirnir almennt og stjórnendur þeirra og verkalýðshreyfingin sérstaklega, sem hefur knúið á um þær breytingar, orðin mjög meðvituð um mikilvægi símenntunar og endurmenntunar og að draga fólk inn í slíka vinnu. Til marks um vaxandi áhuga á því sviði mætti taka mörg dæmi. En það á sem sagt að reyna að auðvelda hlutavinnufólkinu að fá aðgang að þessu líka.

Það eru margir sem vilja vinna hlutastörf og það hentar mörgum atvinnurekendum líka. Og ef þar fer saman vilji starfsmannanna og atvinnurekandans er það hið besta mál. Í öðrum tilvikum fer þessi vilji ekki saman og fólk er lengi í tímavinnu eða hlutavinnu og lengur en það æskti. Þá gengur tilskipunin einmitt út á það að reyna að jafna kjör þessa fólks þannig að réttur þess sé ekki fyrir borð borinn. Það er hugsunin í frv.

En viti menn, hvað gerist síðan? Síðan er skotið inn í lögin ákvæði í 2. gr. þar sem allt starfsfólk hjá ríki og sveitarfélögum er undanþegið, undanskilið. Því er þröngvað út úr þessum réttindapakka. Og ég spyr: Hvernig stendur á þessu, hver er skýringin á því?

Ég get svarað því, ég get komið með þá skýringu. Þetta er því miður krafa frá sveitarfélögunum en ekki síður og kannski öllu fremur frá fjmrn., frá hæstv. fjmrh. Og ég ætla að segja það hér og nú að þó að þetta frv. sé á vegum félmrn. og hæstv. félmrh. fyndist mér eðlilegt að hæstv. fjmrh. yrði einnig viðstaddur við 3. umr. um málið — og ég vil koma því sjónarmiði hér á framfæri — til að svara fyrir sinn þátt í þessu máli. Þar er ég ekki að bera á milli nein orð á milli ráðuneytanna heldur er mér kunnugt um þetta persónulega vegna þess að það vill svo til að ég kom að þessum samningum í sumar. (**HjÁ:** Þess vegna náðust ekki samningar.)

Þess vegna náðust ekki samningar, segir hv. þm. Hjálmar Árnason. Það getur vel verið. Það getur vel verið ástæðan fyrir því að samningar náðust ekki að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga og samtök þeirra voru ekki tilbúin að láta svínbeygja sig og skrifa upp á það eins og félmrn. hefur gert. Og því miður er hv. þm. Hjálmar Árnason, í forsvari fyrir nefndina, tilbúinn að láta svínbeygja sig á þennan hátt. Það er enginn vandi að ná samningum við slíka menn, ekki nokkur einasti vandi að semja við Framsfl. Hann lyppast bara niður. Hann sér enga ástæðu til að standa á rétti launafólks, ekki nokkra minnstu ástæðu til þess. Þess vegna er þetta frv. borið fram.

Fjármálaráðuneytið gefur út skipun. Það á að hafa þessi réttindi af launafólki sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum og það er gert. Það var borið hér fram. Hér kom í pontu, galvaskur, hv. þm. Hjálmar Árnason og talaði fyrir því að réttindi yrðu brotin á þessu fólki.

Hvað er meira brotið á þessu fólki? Lögfræðingar Alþýðusambandsins og BSRB telja að þetta stríði gegn tilskipun EES, að þetta standist ekki tilskipun EES. Það verður fróðlegt að heyra álit hv. þm. Atla Gíslasonar á eftir, sem er löglærður maður og einn reyndasti lögfræðingur í landinu hvað varðar réttindamál launafólks, hefur rekið fjöldamörg mál fyrir Eflingu og Dagsbrún áður og verkalýðshreyfinguna. Það verður fróðlegt að heyra álit hans á þessu máli, en álit lögfræðinga Alþýðusambands Íslands og BSRB er samhljóma að því leyti að þeir telja að þetta standist ekki tilskipun Evrópusambandsins.

Sá sem hér stendur er nú ekki mestur aðdáandi Evrópusambandsins og tilskipana sem þaðan koma. Ég er það ekki. Og hvers vegna? Ein ástæðan fyrir því að ég var andvígur EES-samningnum þegar hann kom til sögunnar á sínum tíma var vegna þess að ég vissi hvað hann fól í sér, hvað hann gat haft í för með sér. Ég vissi líka að ef maður undirgengst skuldbindingar þá stendur maður við þær. Og mér hefur stundum fundist hlálegt þegar Íslendingar standa frammi fyrir tilskipunum eða samningum sem þeir hafa gert á alþjóðavettvangi og samrýmast ekki skammtímasjónarmiðum eða þess vegna hagsmunum til lengri tíma að þá er bara allt í plati. Samanber hina frægu umræðu hér um smíði varðskips á Íslandi sem var réttlætt á þeirri forsendu að þetta væri herskip. Þetta væri hernaðarleyndarmál og þess vegna væri ekki þorandi að láta smíða varðskip í útlöndum. Það var náttúrlega bara hlægilegur hráskinnaleikur.

Staðreyndin er sú að þegar við undirgöngumst samninga hefur það náttúrlega afleiðingar í för með sér. Menn undirgangast það að standa við samningana. Það er svo allt annar handleggur að við hefðum getað fengið undanþágur frá mörgum af þessum tilskipunum sem koma frá Evrópu, eins og t.d. í rafmagninu og á ýmsum sviðum, í póstdreifingu svo annað dæmi sé tekið. Það hefur ekki verið reynt. Við erum með þessa tilskipun frá Evrópusambandinu, við erum búin að samþykkja hana, það er búið að samþykkja hana í EES-nefndinni. En nú á með landslögum, með frv. sem hér liggur fyrir, að brjóta þessa tilskipun. Og ég get upplýst hæstv. ríkisstjórn um það að látið verður reyna á þetta.

Hvers vegna í ósköpunum leggja menn svona mikið á sig til að hafa réttindi af þessu fólki, tímavinnufólki hjá hinu opinbera, hjá sveitarfélögum og ríkinu? Hver er skýringin á því? Hvaða skýringu hefur félmrn. fengið frá fjmrn. um þetta efni? Hver er skýringin á því að hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde er staðráðinn í að hafa þessi réttindi af fólkinu? Hver er skýringin á því að ríkisstjórnin vill meina tímavinnufólki hjá hinu opinbera aðgang að námskeiðum, símenntunarprógrömmum? Hvað hangir þarna á spýtunni? Þarf ekki að fá það fram? Eru einhverjir hagsmunir í húfi?

Með nál. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði ágætlega grein fyrir áðan eru athugasemdir og umsagnir bæði frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB. Í umsögn Alþýðusambandsins er vísað í samninga sem tókust um þetta efni á almennum vinnumarkaði og í ágætt samstarf sem Alþýðusambandið hefur haft við ráðuneytið um þessi efni því að menn eru sammála að undanskilinni þessari undanþágu gagnvart opinberum starfsmönnum, en það er nú ekkert bara, það er stórmál að sjálfsögðu.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir, með leyfi forseta:

„Á hinum almenna vinnumarkaði tókst Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins að ljúka kjarasamningi um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum. Það tókst því miður ekki á hinum opinbera vinnumarkaði og því lítur nú

dagsins ljós frumvarp sem festir í sessi þann mun sem í mörgu er gerður milli hins almenna og opinbera vinnumarkaðar.“

Ég hélt sannast sagna að hugmyndir ríkisstjórnarinnar stæðu fremur í þá átt að jafna mun, en það er eins og fyrri daginn að það er reynt að jafna réttindin á einhvern hátt niður. Að þessu sinni er verið að reyna að hafa réttindi af starfsmönnum hjá hinu opinbera.

Þetta var úr umsögn Alþýðusambands Íslands sem er þó lengri. En umsögn BSRB frá 22. janúar er allítarleg og það er mikilvægt að gera ítarlega grein fyrir þeirri umsögn því að fram kemur mjög hörð gagnrýni á frv. og er skilgreint á hvaða forsendum hún er sett fram, en þar segir, með leyfi forseta:

„BSRB átti síðastliðið ár ásamt ASÍ, BHM og KÍ í samningaviðræðum við ríkið, launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg til að freista þess að innleiða tilskipun um hlutastörf með samningum. Það tókst ekki þrátt fyrir marga fundi. Var það aðallega gildissvið tilskipunarinnar sem ágreiningur stóð um, þ.e. hvaða hlutastörf samkvæmt tilskipuninni skyldu undanþegin samningnum.

Fulltrúar opinberra vinnuveitenda lögðu til í samningaviðræðunum að allir starfsmenn sem ráðnir væru í tímavinnu yrðu undanþegnir gildissviðinu. Ekki var fallist á það og eftir marga fundi var viðræðum slitið.

Frumvarp þetta var síðan á borði EES-samráðsnefndarinnar hjá félagsmálaráðuneytinu þar sem sömu sjónarmið voru uppi, þ.e. ríkið og sveitarfélögin vildu að tímavinnustarfsfólk yrði undanþegið gildissviði frumvarpsins. Á síðasta löggjafarþingi (2002–2003) var frumvarp til laga um hlutastörf lagt fyrir Alþingi þar sem tímavinnustarfsfólk var undanþegið gildissviði laganna. Mótmælti BSRB því harðlega á fundi hjá félagsmálanefnd Alþingis en samkvæmt nýju frumvarpi sem BSRB hefur nú til umsagnar hefur það ekki verið tekið til greina, sbr. 2. gr. frumvarpsins.“ — En þar segir, svo ég víki frá umsögn BSRB, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Aðilum vinnumarkaðarins ber að endurskoða reglulega hvort þær hlutlægu ástæður sem lagðar eru til grundvallar undanteknigunum séu enn í gildi.“ — Segir m.a. í 2. gr. frv.

Vík ég þá aftur að umsögn BSRB, með leyfi forseta:

„Með lagafrumvarpi þessu er verið að innleiða tilskipun ráðsins 97/81/EB, um rammasamninginn um hlutastörf. Þar eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastörfum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi fyrir bæði atvinnurekendur og starfsmenn.

Tilskipunin um hlutastörf heimilar að aðilar geti af hlutlægum ástæðum undanskilið vissan hóp, þ.e. þá sem tilskipunin tilgreinir sem „part-time workers who work on casual basis“, sbr. 2. gr. 2. tölul. tilskipunarinnar.

Frumvarpið til laga um hlutastörf leggur hins vegar til, sbr. 3. mgr. 2. gr., að ákvæði laganna taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Með öðrum orðum þá er lagt til að allir þeir sem fá greitt tímavinnukaup fyrir vinnu sína falli utan gildissviðs laganna. Ekki er einungis vísað í undanþágu samkvæmt kjarasamningum heldur einnig að stjórnvald geti ákveðið það eða að um sé að ræða venju. Sem sagt mjög rúm heimild stjórnvalds til að undanskilja stóran hóp launþega. BSRB mótmælir því harðlega að lögin eigi ekki að ná til þessa hóps. Skilningur BSRB er sá að tilskipunin heimili einungis að undanskilja þá hópa sem stofna til skammtímaráðningarsambands yfir ákveðið tímabil. Með því að frumvarpið fari í gegn óbreytt leiðir það til þess að stór hópur starfsmanna hins opinbera mun ekki njóta þeirra réttinda sem tilskipunin um hlutastörf felur í sér.

Þetta þýðir það að tímavinnustarfsmenn sem koma inn á stofnanir/fyrirtæki til að vinna í tímavinnu fá ekki að njóta sama starfsumhverfis og aðrir starfsmenn, svo sem eins og fræðslu og möguleika á framgangi í starfi, rétti til endurmenntunar og starfsmenntunar. Í flestum tilvikum er um að ræða starfsmenn sem skila reglulegri vinnu sem gæti jafngilt háu starfshlutfalli væri það metið sem starfshlutfall. (Sem dæmi starfsmenn hjá ÁTVR, Þjóðleikhúsinu o.fl., félagsþjónustunni o.fl.)

T.d. er það viðhorf ríkjandi hjá launanefnd sveitarfélaga að tímavinnustarfsmenn eigi ekki rétt á símenntunarálagi með þeim rökum að þeir taki ekki þátt í símenntunaráætlunum stofnana. Hins vegar er það svo að aðrir starfsmenn eru að njóta álagsins þrátt fyrir að engin símenntunaráætlun sé í gangi.

Annað dæmi sem BSRB vill nefna er að úti á landi eru starfandi sjúkraflutningamenn sem hingað til hafa ekki fengið viðurkenndan samningsrétt hjá ríkinu á grundvelli þess að það séu engir í aðalstarfi hjá ríkinu sem sjúkraflutningamenn. Þeir eru í starfi hjá heilsugæslustöðvum en eru þar titlaðir sem rafvirkjar, húsverðir o.s.frv. Um er að ræða löggilt starf, þ.e. sérnám til að stunda sjúkraflutninga. Þeir þurfa alltaf að vera til taks en fá einungis greiddar álagsstundir, þ.e. eins konar tímakaup í staðinn fyrir að fá bakvaktarálag eins og þeim ber að fá samkvæmt kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samkvæmt frumvarpinu eiga þessir starfsmenn ekki möguleika á því að fá það sama og það sem aðrir í sambærilegu starfi eru að fá, þ.e. bakvaktargreiðslur, veikindarétt, lífeyrisframlag o.s.frv. Hér er um að ræða sérstakar aðstæður sem eru viðvarandi og hafa verið við lýði í áraraðir. Ekki eins og opinberir vinnuveitendur vilja kalla það „lausráðnir í hlutastarfi“.

Evrópulöndin hafa ekki verið með svona víðtæka undanþágu og sem dæmi hafa Holland, Portúgal, Spánn og Noregur ekki undanskilið neina starfsmenn frá meginreglu tilskipunarinnar. Í Bretlandi eru auk þess „casual workers og temporary agency workers“ verndaðir af tilskipuninni. Í Danmörku hafa samningar verið gerðir á opinbera vinnumarkaðinum sem undanskilja lausráðna í hlutastörf eða eins og kemur fram í 2. gr. samnings „Finansministeriet“ [fjármálaráðuneytisins] við nokkur samtök á opinbera vinnumarkaðinum frá 2. september 1999: „Deltidsansatte, der arbejder som løst ansatte, undtages fra rammeaftalens bestemmelser.“ BSRB hefur ekki rekist á undanþágur í „Bekendtgørelse af deltidslov“,“ — og svo er vísað í hvar þau er að finna.

„BSRB leggur eindregið til að félagsmálanefnd Alþingis taki frumvarpið til laga um starfsmenn í hlutastörfum til endurskoðunar með athugasemdir BSRB í huga.“

Þetta var umsögn BSRB frá 22. janúar 2004. Hvers vegna les ég hana alla? Vegna þess að hér er ... (Gripið fram í.) Ég er formaður BSRB, það er mikið rétt, en ég hefði gert það

þótt hún kæmi frá öðrum samtökum og ég las úr álitsgerð ASÍ og það vill svo til að Alþýðusamband Íslands, lögfræðingar Alþýðusambandsins og lögfræðingar BSRB eru á einu máli um að undanþágurnar sem gerðar eru í þessu lagafrv. standist ekki tilskipun EES. Og ég er búinn að skýra frá því að allar líkur eru á að á þetta verði látið reyna fyrir þar til gerðu dómsvaldi. (**ÖS:** Hver ætlar að gera það?) Hver ætlar að gera það? spyr hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég hef trú á því að hlutaðeigandi samtök muni gera það, að BRSB muni gangast fyrir slíku, BHM eða Kennarasambandið, einhverjir slíkir aðilar eða Alþýðusamband Íslands. En ég hef verið að auglýsa eftir því að fá fram einhver rök fyrir því að tímavinnufólk hjá ríki og sveitarfélögum sé svipt þessum réttindum. Hvers vegna í ósköpunum fær það ekki að njóta þessara réttinda? Það er ofvaxið mínum skilningi. Þetta er eitthvað sem hæstv. fjmrh. og fjmrn. hafa bitið í sig og launanefnd sveitarfélaganna nánast skýringalaust. En þeir eru svo ljónheppnir að Framsfl. er í ríkisstjórn. Hann kemur náttúrlega bara með þetta og færir inn í þingið, alveg eins og íhaldið hefur farið fram á, en engar skýringar, og nú auglýsi ég eftir þessum skýringum. Hverjar eru skýringar á því að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eru undanþegnir þessum réttindum? Hver er skýringin á því? Ég auglýsi eftir því. Og fái ég ekki viðhlítandi skýringu við 2. umr. málsins ítreka ég kröfu mína um að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur þegar málið kemur til 3. umr. Mér finnst það lágmarkskrafa.

Verið er að innleiða samkomulag sem Íslendingar hafa undirgengist. Þetta er tilskipun sem samþykkt hefur verið af Íslands hálfu. Hér er verið að setja hana í framkvæmd en það er gert á þann hátt að allar líkur benda til þess að mati lögfræðinga launafólks að það standist ekki og engar málefnalegar skýringar fylgja með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég mun hlusta eftir röksemdum sem kunna að koma frá hæstv. félmrh. og ef skýringin er sú að þetta sé bara af því bara, af því að hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde hafi skipað ráðuneytinu, hafi mælt svo fyrir um að þetta yrði svona, þessi réttindi yrðu höfð af fólkinu, þá er ekki um annað að ræða en fá hæstv. fjmrh. við 3. umr. málsins.

[15:40]

Frsm. meiri hluta félmn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að biðja hv. þm. afsökunar á frammíkalli mínu áðan, kæruleysislegu mjög.

Þá vil ég segja, virðulegi forseti, að mér láðist í framsögu að telja upp meðflutningsmenn mína að nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar en það eru hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Pétur H. Blöndal sem hefur þó fyrirvara, og Dagný Jónsdóttir.

Hvað varðar andsvar til hv. þm. Ögmundar Jónassonar vil ég í fyrsta lagi segja, af því að hann vitnar til lögfræðilegs álits, að lögfræðingum ber ekki saman um það hvort þetta form standist tilskipunina eða innleiðinguna og stangast þar einfaldlega á lögfræðileg álit þeirra lögfræðinga sem hv. þm. vísaði til og hins vegar lögfræðinga félmrn. og lögfræðinga hjá kjaraþróunarnefnd.

Þá má líka benda á, eins og reyndar kom fram í framsöguræðu og ég hygg að sé í greinargerð með frv., að þetta er danska leiðin, þ.e. Danir hafa innleitt þetta með þessum hætti og án þess að um það hafi verið gerðar athugasemdir. Ég vil hins vegar jafnframt taka það fram að ég er ekki sammála hv. þm. að markmið þessa frv. sé að níðast á fólki í hlutastörfum hjá hinu opinbera, enda hygg ég að meiri hluti hv. félmn. hefði ekki skrifað undir álit með þeim hætti.

Það hefur komið fram og kemur fram í lögfræðiálitum að stærsti hluti fólks sem er ráðið tímabundið er ráðinn til mjög skamms tíma og tillit er tekið til þess í þeirri upphæð sem þeir fá á klukkustund, þ.e. í tímakaupinu, og það mun vera almennt viðurkennt á vinnumarkaði.

Í öðru lagi fær fólk sem í dag er hjá hinu opinbera að taka þátt í námskeiðum og er hvatt til þess. Síðast en ekki síst ítreka ég það sem er meginsjónarmið okkar að löggjöf af þessum toga tekur ekki yfir kjarasamning. Þetta er kjarasamningsatriði.

[15:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var fróðlegt að heyra hverjir eru samflutningsmenn eða samsekir í þessu máli eftir því hvernig menn vilja líta á það. Þetta er ekki danska leiðin. Ég óska eftir að það verði þá gerð grein fyrir því að hvaða leyti þetta er samsvarandi því sem er að gerast í Danmörku. En ég spyr hv. þm. Hjálmar Árnason: Hvers vegna förum við ekki íslensku leiðina og þá leið sem nánast öll ríki í Evrópu fara, að veita fólki einfaldlega þessi réttindi? Eru menn að leita eftir því hvað þeir komist upp með að hafa þetta svona? Hvers vegna í ósköpunum hefja menn ekki þessa vegferð á hinum endanum og spyrja: Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það að allir fái notið þessara réttinda? Hvers vegna byrjum við ekki á þeim endanum? Ég vona að hv. þm. svari mér beint frá hjartanu um þetta efni?

[15:43]

Frsm. meiri hluta félmn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu mun ég svara hv. þm. beint frá hjartanu og tel að framsagan hafi komið beint frá hjartanu. Þetta er hin danska leið. Sérfræðingar félmrn. sem þekkja þessi mál líklega betur en flestir aðrir staðfesta að svo sé. Það kom ítrekað fram í vinnu nefndarinnar þegar við vorum að fara yfir málið.

Hvers vegna ekki að fara íslensku leiðina? Það er mjög góð spurning. Ég árétta það sem ég sagði áðan. Íslenska leiðin er einmitt sú að aðilar vinnumarkaðs nái saman um það. Þetta sviptir launafólk engum réttindum og engum treysti ég betur til þess að fara íslensku leiðina hvað varðar þennan starfshóp heldur en hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem hefur getið þess hér að hann komi að slíkum samningum, og hæstv. fjmrh. Það er hin ágæta íslenska leið sem þeir munu væntanlega semja um í kjarasamningum sem nú standa yfir.

[15:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er því miður hræddur um að hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde hafi brugðist bogalistin í þessu efni vegna þess að ég hef vitnað hér í ítarlega greinargerð frá BSRB þar sem leidd eru rök að því að þessi lagasmíð standist ekki tilskipun EES. Ég á enn eftir að fá haldbær rök fyrir því hvers vegna ríkisstjórnin hefur ákveðið að hafa þessi réttindi sem verið er að veita fólki í hlutastörfum af starfsmönnum sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum. Við höfum ekki fengið nein haldbær rök fyrir því.

Síðan ítreka ég það, og þá stendur þar orð gegn orði, að þetta er ekki sambærilegt við það sem gerðist hjá Dönum og eftir því sem mér skildist hefði hugur félmrn. staðið til þess að veita öllu starfsfólki þessi réttindi. Ég stóð í þeirri trú.

[15:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kjarni þess að skiptar skoðanir eru um málið í þingsal virðist mér vera að málefni þetta hefur snúist upp í kjaradeilu, einkum á milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og viðsemjenda þess.

Umsögn BSRB um frv. ber vitni um þetta. Þar er talað um að vissir hópar hafi ekki rétt á símenntunarálagi og rétt á endurmenntun, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur rakið. Tilteknir hópar fá ekki bakvaktargreiðslur, veikindarétt o.s.frv. Atvinnurekendahliðin fullyrðir að heildargreiðslur til starfsmanna í hlutastörfum séu hærri en til þeirra sem eru í fullu starfi og þar með sé tryggt að þeir búi ekki við mismunun í samanburði við starfsmenn í fullu starfi. Það sé því í fullu samræmi við efni tilskipunarinnar að undanskilja þessa hópa frá gildissviði hennar. Þeim séu tryggð sambærileg kjör og starfsmönnum í fullu starfi þegar á heildina er litið.

Það hefur verið rakið, hæstv. forseti, að félmrn. hefur leitast við að finna sáttaleið. Niðurstaðan varð sú að bæta við 3. mgr. 2. gr. ákvæði um að aðilum vinnumarkaðarins beri að endurskoða reglulega hvort þær hlutlægu ástæður sem lagðar eru til grundvallar undantekningunum séu enn í gildi. Meiri hluti félmn. hefur ákveðið að leggja til að enn verði hert á ákvæðinu með því að bæta við bráðabirgðaákvæði sem kveði á um endurskoðun þess innan tveggja ára. Meiri hlutinn telur að ekki eigi aðeins að skylda aðila vinnumarkaðarins til slíkrar endurskoðunar, eins og lagt hafði verið til í frv., heldur verði einnig að mæla fyrir um endurskoðun löggjafans á undantekningarákvæðinu, verði frv. að lögum.

Hæstv. forseti. Fyrir mitt leyti get ég fallist á þessa breytingu.

Það er rétt að ítreka að mikið hefur verið reynt að koma þessu máli heim og saman. Hvorki gekk né rak þrátt fyrir um 40 samningafundi þeirra aðila sem hér um ræðir og þrátt fyrir að félmrn. hafi ítrekað reynt að koma málinu saman hefur það því miður ekki tekist.

[15:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum að tala um löggjöf sem veitir launafólki ýmis almenn réttindi, sem þegar á heildina er litið flestir ef ekki allir hljóta að telja vera til hagsbóta. Hæstv. ráðherra segir að hætta sé á því að fólk í hlutastörfum og tímavinnufólk muni verða fyrir kjaraskerðingu ef þetta nær fram að ganga.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að öll samtök launafólks, sem standa og vilja standa vörð um kjör þessa fólks, hafa sameinast í málinu? Telur hann líklegt að samtökin séu að hafa kjör af fólkinu? Nei. Þeir sem hins vegar standa gegn þessum réttindum, að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga fái notið slíkra réttinda, eru atvinnurekendur. Ég er að auglýsa eftir skýringum á því hverju þetta sæti.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að margir fundir voru haldnir en samningar náðust ekki. En hér er kominn forsvarsmaður þess ráðuneytis sem ber ábyrgð á því að tilskipunin nái fram að ganga þegar aðilar ná ekki saman. Hver er skýringin á því að hann kemur með frv. sem að öllum líkindum mun ekki standast tilskipunina? Hvernig stendur á því að hans mat er þetta? Okkur skortir skýringar á því. Hvers vegna er nálgunin þessi, svo ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra? Hvers vegna förum við ekki þá leið að veita öllu fólki þessi réttindi og gera okkur síðan grein fyrir því ef eitthvað stendur þar í vegi? Hvers vegna þurfum við að undanskilja tiltekna hópa? Þær skýringar koma ekki fram.

Er ekki kominn tími til að leiða þær fram í dagsljósið?

[15:51]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem fram hefur komið, að um málið hafa tekist samningar á hinum almenna vinnumarkaði. Þeir hafa ekki tekist á opinbera markaðnum og það er ástæða þess að frv. er komið fram með þeim hætti sem það er. Því miður, eins og ég rakti áðan, hefur ekki tekist, þrátt fyrir mikinn vilja til þess og ríka viðleitni, að ná saman um málið með samtökum opinberra starfsmanna og viðsemjendum þeirra. Það er ástæða þess að við flytjum málið með þeim hætti sem hér er gert.

[15:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því sem hér er sagt. Annars vegar fagna menn því að samningar hafi náðst á almennum vinnumarkaði og telja þá samninga hafa verið mjög til góðs. Með öðrum orðum, þeir telja að samningur ASÍ og SA sé mjög ásættanlegur og fagna honum. Er það ekki rétt skilið hjá mér?

Síðan kemur að félmrn. og hlut hæstv. félmrh. Er hann tilbúinn að láta eitt yfir alla ganga á Íslandi hvað þessi almennu réttindi snertir? Nei. Hans framlag er að stíga á launafólkið, að hafa réttindin sem samningar náðust um á almennum vinnumarkaði af tilteknum hópi, af starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Enn og aftur auglýsi ég eftir rökum fyrir því.

Ef þau koma ekki fram er ekki um annað að ræða en að kalla í þá aðila (Forseti hringir.) sem ég tel vera ábyrga fyrir þessu. Það eru fjármálaráðuneytismenn með hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde í broddi fylkingar.

[15:53]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég tel lagalega annmarka vera á frv. sem valda því að innleiðing þess tekst ekki og vil skýra það nánar. Ég fer beint yfir í þá grein sem skiptir mestu sem er 3. mgr. 2. gr., þar sem er fjallað um undanþágu á grundvelli hlutlægra ástæðna þeirra sem fá greitt tímavinnukaup. Þeir sem fá greitt tímavinnukaup af hlutlægum ástæðum eru útilokaðir frá réttindum samkvæmt 4. gr., það gefur auga leið.

Það er ótrúlega margt fólk sem tekur tímavinnukaup hjá ríki og sveitarfélögum. Textinn sem um ræðir er of rúmur miðað við tilskipunina og rímar illa við grg. með frv.

Það kemur fram í frv. á bls. 6 að tilefni frv. sé innleiðing EES-tilskipana og athugasemdir frá ESA. Ég sé ekki betur en hér sé verið að taka tillit til athugasemda ESA án þess að innleiða það sem til stóð. Það kemur fram í athugasemdum við 2. gr. til hvaða launamanna þetta hafi tekið hjá ríkinu. Þar er talið upp skólafólk, starfsmenn sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma o.fl. Það er alveg dæmigert hlutastarfsfólk.

Það er galli á frv. og galli á athugasemdunum að ekki er gerð grein fyrir því hvað séu hlutlægar ástæður. Þær hlutlægu ástæður byggjast ekki á því að menn vinni í hlutastarfi um lengri tíma, það gefur augaleið. Greinargerðin og athugasemdirnar virðast svona „haltu mér, slepptu mér", það er verið að reyna að halda í eitthvað og sleppa einhverju, lagasetningin er í besta falli mjög ónákvæm og innleiðir ekki það sem til stóð. Það er óbreytt ástand gagnvart starfsmönnum hjá ríki og sveitarfélögum, það les ég út úr þessu.

Ég vil vekja athygli á því að skilgreiningin á starfsmanni í hlutastarfi í 3. gr. laganna er ekki með þessum takmarkaða hætti, hún gengur miklu lengra. Þar eru hlutastarfsmenn túlkaðir með mun rýmri hætti en í 3. mgr. 2. gr.

Ég vil líka vekja athygli á því, að gefnu tilefni, að samningur milli Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um hlutastörf tekur eingöngu til ASÍ-félaga, þ.e. Eflingarfélaga og annarra. Hann tekur ekki til fjölmargra Eflingarfélaga eða ASÍ-félaga sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, samningurinn bindur þá ekki. Ég spyr eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson: Af hverju getur ríkið ekki gengist undir sambærilegan samning og Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands gerðu? Af hverju er það ekki hægt?

Mín eindregna niðurstaða er að innleiðingin hafi ekki tekist. Það kallar á hugsanleg málaferli, líkt og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði. Það getur líka kallað á að Eftirlitsstofnun EFTA hafi sjálfstætt frumkvæði að því að gera athugasemd, þá þarf að byrja á nýjan leik. Þetta er einfalt, það þarf að orða 3. mgr. 2. gr. í samræmi við tilskipunina.

[15:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem við ræðum, um starfsmenn í hlutastörfum, er eins og hefur greinilega komið fram ætlað að ná til hluta starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði sem hlutastörfum sinna eða tímavinnuákvæðum í hlutastörfum.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór mjög gaumgæfilega yfir málið og rakti aðdraganda þess ásamt tilvitnunum og skýringum og ég þakka honum sérstaklega fyrir ræðu hans. Hún varpaði mjög skýru ljósi á hvað hér er um að ræða. Þess vegna varð ég verulega hissa þegar ég heyrði rök hæstv. félmrh. þegar hann sagði eitthvað á þá leið — ég vona að ég sé ekki að leggja honum orð í munn — að samningur SA og ASÍ væri góður. Ég fæ ekki skilið, ef þetta er góður samningur fyrir þær starfsstéttir, hvers vegna hann telst ekki góður fyrir starfsmenn hjá bæjarfélögum og ríki eða hvers vegna hann telst ekki góður fyrir aðra í hlutastörfum. Ég átta mig, virðulegi forseti, alls ekki á þeirri mismunun sem menn eru að leggja upp með.

Ég tek því undir þann rökstuðning sem hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti áðan um að hér sé verið að mismuna launafólki sem starfar við sambærilega ráðningarsamninga og sambærileg skilyrði, tímabundin störf eða hlutastörf. Ég átta mig bara alls ekki á því, virðulegi forseti, af hverju ríkisstjórnarmeirihlutinn vill ekki láta það sem segir í 1. gr. samnings Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins ná til annarra.

Það segir í aðdraganda samningsins að markmiðið sé að afnema mismunun gagnvart starfsmönnum í hlutastarfi, stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til þarfa vinnuveitenda og starfsmanna. Hvers vegna í ósköpunum kemur ríkisstjórnin með málið þannig að þetta geti ekki átt við alla launþega á vinnumarkaði sem eru í hlutastörfum eða tímabundnum störfum?

Virðulegi forseti. Ég átta mig alls ekki á því hvernig mönnum dettur í hug að leggja málið upp með þessum hætti. Það er verið að mismuna launþegum með lagaboði. Það er engin önnur niðurstaða í málinu. Tímavinnufólk eða hlutastarfsfólk innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem vinnur hjá ríki og sveitarfélögum er sett skör lægra og er eiginlega mismunað og meinaður réttur til endurmenntunar og símenntunar samkvæmt því sem hér er verið að semja um. Ég tel að frv. fari algjörlega á skjön við þá hugsun að hér skuli allir jafnir fyrir lögum og að mönnum skuli tryggð sambærileg réttindi fyrir sambærileg störf.

Ég furða mig satt að segja á því, virðulegur forseti, og lýsi yfir andstöðu við frv. eins og það er í pottinn búið að þessu leyti til, að starfsmenn ríkis og bæja séu settir til hliðar og skör lægra en aðrir starfsmenn, og furða mig á því að ríkisstjórnarmeirihlutinn skuli taka málið upp á sína arma og meiri hlutinn í hv. nefnd samþykki það athugasemdalaust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun sjávar, 1. umr.

Frv. EKG, 259. mál (förgun skipa og loftfara). — Þskj. 292.

[16:02]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Þetta frv. var flutt á 127. löggjafarþingi og aftur á því 128. Þá varð það eigi útrætt og er þess vegna endurflutt nú. Málið var hins vegar sent til umsagnar eftir umræður á 128. löggjafarþingi. Athyglisvert er að þær umsagnir sem bárust vegna þessa máls voru langflestar mjög jákvæðar. Almennt töldu menn þörf á að koma þessu máli í heila höfn, ef þannig má að orði komast. Þess vegna tel ég öll efni standa til þess að þetta mál fái efnislega afgreiðslu á þinginu og því verði lokið. Það þarf í raun ekki að taka langan tíma.

Þetta mál hefur þegar fengið efnislegan undirbúning í þinginu. Fram fóru býsna drjúgar umræður um málið þegar það var rætt á 128. löggjafarþingi. Þingmenn höfðu þá tækifæri til að tjá sig um málið og ljóst er að menn hafa skýrar skoðanir á málinu. Þegar við skoðum umsagnir sem hafa borist, bæði frá umhverfisverndarfólki, sveitarfélögum og hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, er það að langmestu leyti þannig að menn telja málið mikilvægt, þessu þurfi að koma í lög og nota þann tíma sem við höfum.

Út á hvað gengur þetta? Málið er að við höfum horft upp á það á undanförnum árum að í höfnum landsins hefur hrúgast upp talsverður fjöldi skipa sem ekki hafa verkefni. Mörg þessara skipa eru í prýðilegu ásigkomulagi, mörg þeirra munu að lokum fá verkefni. Það er ekki vandamálið. Vandamálið er hins vegar þegar svo er komið að menn sjá sér ekki hag í því að nýta þessi skip. Þá vaknar spurningin: Hvað á að gera?

Þegar við fjölluðum um þessi mál á sínum tíma var lagt fram frv. á Alþingi sem gaf kost á að við nýttum ákvæði svokallaðs OSPAR-samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998. Samkvæmt þeim samningi var það sem á lagamáli er kallað „varp skipa í hafið“ heimilað til ársloka þessa árs.

Þannig er þetta mjög víða í heiminum. Þjóðir nota sér þetta ákvæði vegna þess að þetta er vandamál víða í höfnum heimsins. Það er ofgnótt skipa, skipin hafa of fá verkefni og þess vegna liggja þau oft á tíðum í reiðileysi, verkefnalaus í

höfnunum. Auðvitað nota þjóðir sér það að þeim er heimilt, samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum og skilmálum, að draga þessi skip á haf út, eftir að búið er að losa þau af mengandi efnum, glussa, geymum, olíu og öðru því sem gæti talist til tjóns fyrir lífríkið í hafinu, og sökkva þeim í sæ.

Af algjörlega óskiljanlegum ástæðum — ég held að það hafi fyrst og fremst verið þekkingarleysi eða einhvers konar ofríki og ímynduð ást á umhverfinu — tókum við okkur hins vegar til og ákváðum að verða kaþólskari en páfinn. Sá sem hér stendur ber því miður ábyrgð á því. Ég var á þingi þegar þetta var. Ég lít á þetta sem hver önnur mistök sem ég og þingið gerðum á sínum tíma, þegar við ákváðum það að vera kaþólskari en páfinn og meina mönnum að draga þessi skip á haf út og létta þannig á höfnum landsins.

Nú er staðan hins vegar sú að þetta er vandamál. Við sitjum uppi með fjölda skipa í höfnunum sem ekki hafa verkefni. Þau taka dýrmætt pláss og valda vandræðum í höfnum. Þetta eru skip sem enginn hefur sérstaka umsjón með og oft á tíðum er þeim komið fyrir í dýrmætum plássum í höfnum þar sem rólegast er og menn þurfa ekki sífellt að sinna skipunum. Þau taka þarna dýrmætt pláss.

Hafnasamband sveitarfélaga, sem er eitt þeirra aðila sem veita mjög jákvæða umsögn um þetta mál, hefur skoðað þetta. Sveitarfélögum er ljóst að verulegt fjármagn fer til hafnargerðar í landinu. Þau fjármagna hafnargerð, m.a. með ríkisins fé. Það er eðlilegt að þau geri kröfu til þess að þessi nýting fjármagnsins og fjárfestingarinnar sé sem best. Hafnasambandið gerði á sínum tíma athugun á þessu, 4.–7. desember árið 2000. Ég hef ekki nýrri tölur en geri ráð fyrir að engar stórbreytingar hafi orðið nema kannski frekar í þá átt að skipunum hafi fjölgað. Við athugun umhverfisnefndar Hafnasambands sveitarfélaga kom í ljós að í höfnum landsins voru 158 verkefnalaus skip, þar af 88 fiskibátar, 14 skuttogarar, 38 smábátar og 20 önnur skip. Talið var að í þessum bátum væru um 70 þús. tonn af járni. Kostnaður við förgun stálskipa er nú talinn vera um 15 kr. á hvert tonn. Ef þessi skip og bátar lægju hver fram af öðrum tækju þeir upp um 5 km af viðlegurými, en 2–3 km ef um algenga viðlegu væri að ræða þar sem bátar liggja hver utan á öðrum.

Þetta er ekki til marks um góða nýtingu á mikilvægri fjárfestingu. Við vitum hins vegar að sum þessara skipa, eins og ég nefndi áðan, eru ekki endilega reiðileysisskip í þeim skilningi að þau megi ekki nota til einhvers brúks. Við vitum að það er sífelld hreyfing á skipunum. Sum fara og önnur koma inn og leggjast við kajann þegar þau hafa ekki verkefni. Við vitum líka að þær breytingar sem gerðar hafa verið á fiskveiðistjórnarlögunum í kjölfar Valdimarsdómsins fræga í árslok 1998 hafa, ef eitthvað er, aukið vandann. Þess vegna er ekkert sem bendir til að við munum sjá að þessi kúfur fari af.

Menn hafa sagt við mig: Er ekki hægt að gera þetta með öðrum hætti? Er ekki hægt að farga þessum skipum? Auðvitað er það hægt og það er guðvelkomið fyrir hvern þann sem vill. Ef einhver sér viðskiptaleg tækifæri í að taka þessi skip, búta þau niður og búa til verðmæti þá er öllum guðvelkomið að gera það. En það kostar peninga. Menn þurfa að fá út úr því fjármagn sem stæði undir kaupunum á skipunum og líka kostnaðinum við að búta þetta niður og koma skipunum fyrir. Reynslan er sú að menn hafa ekki séð fjárhagslegt hagræði í því eða ekki talið sig hafa hag af því. Þess vegna er þetta vandamál.

Með frv. er eingöngu lagt til að við notum tímann, þann dýrmæta tíma sem eftir er til ársloka 2004 til að opna á þessa heimild svo við getum aðeins minnkað kúfinn, dregið úr vandanum sem við er að glíma. Það er dagljóst að þetta er ekki mál sem við getum beðið með að taka ákvörðun um. Við verðum að taka ákvörðun. Annaðhvort viljum við fara þessa leið eða ekki. Við höfum ekki mjög langan tíma til stefnu, áramótin nálgast óðfluga og við verðum því að reyna að tryggja þessi mál. Eftir næstu áramót verða menn að leita annarra leiða.

Ég hef spurst fyrir um það, m.a. í örstuttri athugasemd sem ég gerði um daginn þegar fjallað var um þessi mál á grundvelli fsp. frá hv. formanni samgn., Guðmundi Hallvarðssyni, 8. þm. Reykv. s. Þá spurði ég: Hvernig ætla menn að leysa þessi mál? Þá var spurt hvernig menn hygðust nálgast þetta mál. Fram kom hjá hæstv. umhvrh. að það væri verið að vinna í málunum, skoða málið og gera enn eina skýrsluna. Þær eru nú orðnar þverhandarþykkar. Við vitum allt sem vita þarf um þetta mál. Það eina sem eftir er er að leysa það.

Annar valkostur hefur verið nefndur, valkostur sem bent hefur verið á í einhverjum af þeim miklu skýrslum sem hlaðast upp á borðum þingmanna, ráðuneyta og hvert sem litið er. Í einhverjum af þeim skýrslum er talað um að eðlilegt sé að menn borgi skilagjald eins og af ónýtum bílum eða gosflöskum. Við vitum að slíkt skilagjald getur aldrei haft aðra tilhneigingu en þá að hækka, verða dýrara. Spurningin sem alltaf hlýtur að koma upp í þessu sambandi, sem hafnirnar og aðrir hljóta að spyrja er: Hver á að borga? Þá virðist nærtækasta svarið vera: Útgerðirnar.

Mér finnst, virðulegi forseti, dálítið vanta inn í umræðuna að menn segi það bara. Ef ekki er hægt að draga úr vandanum með þessari einföldu umhverfisvænu leið sem hér er verið að leggja til þá verða menn að koma með aðrar lausnir, sýna fram á aðra kosti í stöðunni en ekki að tala sig stöðugt frá vandamálinu.

Það er athyglisvert að eftir að þetta mál var lagt fram hefur það vakið nokkuð mikla athygli. Ég hef orðið var við það, sem 1. flm. málsins og reyndar eini flm. að þessu tiltekna frv. núna, að margir hafa verið að hugleiða þetta. Hafnirnar eru mjög uppteknar af þessu, þetta er vandamál þar. Þetta dregur úr nýtingu á fjárfestingum þar. Útgerðarmenn sem hugsa lengra fram í tímann velta fyrir sér hvort þessi kostnaðarliður muni skella á þeim með einum eða öðrum hætti fyrr eða síðar. Auðvitað er það þannig. Síðast en ekki síst hafa fjölmargir áhugamenn komið til mín og rætt þessi mál. Dæmi um það eru kafarar, áhugakafarar, sem hafa spurt: Af hverju getum við ekki fengið að gera þetta eins og hjá öðrum þjóðum þar sem þessum bátum er sökkt á grunnsævi með skipulegum hætti og það látið koma fram í sjókortum þannig að það stafi engin hætta af? Þetta verður síðan kjörlendi fyrir kafara til að leika sér og æfa sig á alveg eins og menn eru að gera. Menn fara stundum til útlanda til að taka þátt í svona köfun. Þetta gæti verið hluti af ferðaþjónustu okkar, hluti af þjálfun kafaranna okkar. Víða erlendis hafa menn gert þetta og með góðum árangri og haft gaman af. Þetta getur jafnvel verið atvinnustarfsemi.

Í sumum löndum er þetta gert með skipulegum hætti til að búa til griðland fyrir fiskstofna og aðstæður sem gætu verið kjörnar fyrir uppeldi á fiski. Ég veit ekki hvort það er stórt mál en mér er til að mynda kunnugt um að sumar þjóðir í Asíu telja þetta heilmikið mál, að þetta sé aðferð til að byggja upp fiskstofna. Ég ætla ekki að taka svo djúpt í

árinni en vek hins vegar athygli á því að þetta er sjónarmið stórra fiskveiðiþjóða. Þær telja þetta vel gerlegt og geta skipt máli varðandi vöxt og viðgang fiskstofnanna.

Það er hins vegar ekki útgangspunkturinn með frv. Útgangspunkturinn er sá að þetta þurfi að gera vegna þess að upp er komið vandamál, kostnaður sem hleðst á sveitarfélög og mun bresta á í sjávarútveginum. Þetta er kostnaður sem við getum vel verið án.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað rekur menn til að gera höfnum landsins, sveitarfélögum, útgerðum og sjávarútveginum erfitt fyrir? Er það ekki frekar hlutverk okkar sem löggjafa að auðvelda starfsemi hafna, auðvelda rekstur sveitarfélags, að gera atvinnugreinunum auðvelt fyrir, vitaskuld að því tilskildu að ekki verði illa gengið um umhverfið okkar og við gerumst ekki umhverfissóðar?

Þetta frv. ber þess merki, það kemur skýrt fram í grg. með því, að þar er gert ráð fyrir að við losum skipin af mengandi efnum. Við viljum ekki verða umhverfissóðar. Það er hagur okkar að svo sé alls ekki. Ég held hins vegar að einhver meinloka einhvers staðar í kerfinu geri það að verkum að menn hafa fest sig í þeirri dæmalausu vitleysu að ekki sé hægt að losa okkur við þessi skip nema með því að leggja stórkostleg gjöld á útgerðina og valda áralöngum kostnaði í rekstri hafna og sveitarfélaga. Ég verð þess vegna að spyrja: Hvers vegna þurfa menn að gera sveitarfélögum og útgerðum erfitt fyrir þegar hægt væri að auðvelda þeim lífið?

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi er þetta mál í sjálfu sér mjög vel útbúið til að við tökum um það ákvörðun. Það er ekki hægt að vísa endalaust í skýrslur, nefndir, ráð og athuganir. Tími aðgerðanna er runninn upp í þessum efnum. Menn eiga að manna sig upp í það nú þegar skammt er liðið af þeim tíma sem við höfum til þess að nýta okkur þær heimildir sem OSPAR-samkomulagið kveður á um, og drífa í því í einum grænum hvelli að koma þessu máli í lög, opna á þær heimildir svo menn geti farið að hreinsa hafnirnar af óreiðuskipum sem valda eingöngu vandræðum og tjóni.

Sumir þessara báta eru t.d. þannig að fyrirtækin sem hafa átt þá eru komin í gjaldþrot. Að þeim stendur enginn raunverulegur eigandi. Þetta eru skip án hirðis, svo ég noti vinsælan frasa úr nútímaumræðu. Þetta eru skip án hirðis. Enginn veit hver á þessi skip, þau eru í umsjón (**GAK:** Það hefur ekki hvarflað að ykkur að þetta orð hefur verið nefnt.) hafnanna sem hafa af þessu tómt vesen og kostnað.

Virðulegi forseti. Ég trúi ekki öðru en allir þeir velviljuðu þingmenn sem sitja á Alþingi sjái að það er skylda okkar að reyna að létta lífið hjá þeim sem reka hafnirnar, hjá útgerðinni í landinu og öðrum hagsmunaaðilum. Drífum í því að ljúka þessari lagagerð þannig að við nýtum okkur þær heimildir sem OSPAR-samkomulagið veitir okkur. Gefum þetta takmarkaða tímabundna leyfi til að farga skipunum með þeim hætti sem nánar er lýst í frv. og ég hef gert grein fyrir.

[16:18]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vekur athygli á og kemur fram með mjög áhugaverða spurningu: Eigum við að leyfa það aftur að skip séu tekin úr höfnum landsins og þeim sökkt í sjó?

Ég get tekið undir með hv. þingmanni að þetta er vandamál. Hafnir landsins eru að fyllast af skipum, mörgum hverjum sem enginn vill eiga eða erfitt er að rekja hver á. Ég tel að við þurfum að skoða þetta mál alveg fordómalaust. Ég tel að við þurfum að velta fyrir okkur í fullri alvöru hvort þetta geti verið leið til að losna við skipin án þess að við mengum sjóinn sem að sjálfsögðu er grunnforsenda þess að þetta sé gert.

Við höfum öll heyrt fréttir af því að sums staðar þar sem botnvörpungar hafa eyðilagt búsvæði fisks eða svæði þar sem fiskur hefur alist upp eða fjölgað sér hafi menn verið að reyna að sökkva tilbúnum hlutum til að laga til slík svæði og koma í veg fyrir að á þeim sé skarkað meira en góðu hófi gegnir. Þegar ég sat úti í sal og hlustaði á hv. þingmann var ég að velta fyrir mér hvort Hafrannsóknastofnun hefði í raun verið spurð hvort sérfræðingar hennar vildu leggja til að einhver slík svæði hér yrðu endurreist með þeim hætti að tilbúnum hlutum yrði þar sökkt, svo lengi sem þeir menguðu ekki. Gætu öll þau skip sem eru í höfnum landsins núna dugað til á eitt eða tvö tiltekin slík svæði til að endurreisa þar búsvæði fyrir nytjastofna?

[16:20]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi spurning sem hv. 10. þm. Suðurk. vekur máls á er mjög áhugaverð. Ég er ekki endanlega í færum til að svara þessu sjálfur en fróðlegt væri að heyra frekari innlegg um málið.

Ég vek hins vegar athygli á tvennu. Í fyrsta lagi er slík staða núna í skelfiskveiðunum í Breiðafirði að þar hefur orðið nýliðunarbrestur og hreinlega dauði í skelinni. Það var mjög áhugavert fyrir okkur þingmenn Norðvest. á sínum tíma og þingmenn sem þá sátu í sjútvn. að heyra yfirferð Hafrannsóknastofnunar um þessi mál. Eitt af því sem þeir veltu mjög mikið fyrir sér var að reyna að búa til aðstæður, misfellur o.fl. í Breiðafirði til að örva nýliðunina í skeljabúskapnum þar. Þetta er auðvitað liður í því sama.

Ég vakti athygli á því að í ýmsum löndum, t.d. í Asíu, gera menn þetta mjög skipulega. Menn líta á það sem verkefni að búa til aðstæður fyrir uppvaxandi fisk. Eftir að ég hafði flutt þetta mál höfðu fjölmargir sjómenn, ekki síst eldri sjómenn, samband við mig, m.a. vegna þess að þeir höfðu áhyggjur af botninum eins og hann hefur verið meðhöndlaður í okkar miklu togveiðum. Þeir vöktu athygli á því að þarna gæti verið verkefni um að sökkva þessum skipum með skipulegum hætti, auðvitað að því gefnu að við værum búin að hreinsa þau af öllum mengandi efnum og síðan, eins og ég nefni að ég hygg í greinargerðinni, þarf auðvitað að gæta þess að við séum ekki að þvælast fyrir á veiðislóð. Af því gæti skapast hætta. Það væri eðlilegt að þetta væri merkt inn á sjókort og það er kosturinn við að reyna að gera það skipulega.

Það mætti líka hugsa sér að gera þetta á grunnslóð af ástæðum sem ég nefndi áðan. Ég held að þetta sé mjög áhugaverður flötur á málinu þó að það hafi ekki verið beinlínis það sem rak mig áfram til að leggja fram þetta frv.

[16:22]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svörin hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni.

Ég held að hugmyndin um að taka einhver þessara skipa sem liggja í reiðileysi í höfnunum og sökkva þeim á tilteknum svæðum eigi fullan rétt á sér. Það er jafnvel spurning hvort hægt sé að nýta þessi skip að einhverju leyti til að útbúa fiskverndarsvæði, að þeim verði þannig komið fyrir

að erfitt verði að vera þar með nokkur veiðarfæri nema þá handfæri eða eitthvað slíkt ef menn vita hvar flökin liggja.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að það sé engin mengun af því að gera þetta og ef við komumst að þeirri niðurstöðu að hægt sé að taka úr þessum skipum öll þau efni sem mengað geta hafið, af hverju er þá lagt til í frv. að þetta verði tímabundið ákvæði? Af hverju velta menn því þá ekki fyrir sér í fullri alvöru hvort þetta eigi að vera opið ákvæði en menn þurfi að sækja um einhvers konar leyfi til að fá að setja þessi skip á einhvern ákveðinn stað á ákveðnum tíma? Ef þetta er af hinu góða held ég að menn gætu komist að því að það þyrfti bara að vera hægt að leyfa þetta þannig að um það yrðu einhverjar reglur.

Þó að við horfum upp á vandamál í höfnum landsins í dag megum við ekki hlaupa til og ætla að leysa það vandamál bara af því að skip hrannast upp. Svo lengi sem við trúum að það sé engin mengun af þessu, þetta sé til bóta, hjálpi fiskstofnunum og jafnvel sé hægt að búa til svæði sem verndi stofna sem við viljum vernda hljótum við að þurfa að velta fyrir okkur ótímabundnu ákvæði um að þetta megi en þá þurfi að sækja um einhver leyfi og fylgja einhverri reglu.

[16:24]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú í upphafi fagna jákvæðum viðbrögðum hv. þm. Jóns Gunnarssonar, fulltrúa Samf. í sjútvn., sem ég veit að talar af miklum skilningi og þekkingu um þessi mál.

Ég vil í þessu sambandi aðeins segja að í OSPAR-samningnum — OS mun standa fyrir Ósló og PAR fyrir París — um verndun Norðaustur-Atlantshafsins er gert ráð fyrir því að þessi heimild sé bara tímabundin, út árið 2004. Þess vegna hef ég ekki treyst mér til að leggja til að við gerum þetta öðruvísi. Við erum aðilar að þessu samkomulagi. Það má vel vera að hægt sé að finna einhverjar leiðir fram hjá þessu með viðurkenndum hætti af aðilum samningsins og þá held ég að við sýndum skynsemi í að gera það. Þetta er ekki mengandi aðgerð, öðru nær, og þetta er alls ekki óþekkt meðal annarra þjóða, þvert á móti, ég hef þegar rakið það. Norðmenn, sú mikla fiskveiðiþjóð, gera þetta, enginn finnur að því og engum hefur dottið í hug að þeir séu umhverfissóðar fyrir vikið. Þvert á móti held ég að þetta sé liður í að sýna í verki vilja sinn í þessum efnum.

Við þekkjum það líka að það er þekkt mál, t.d. í tengslum við togveiðar, að togvír er sökkt í hafið, bókstaflega til að geyma hann þar því að togvírinn geymist betur í hafinu þar sem súrefnið nær ekki til hans, eða hvernig sem það er. Við sjáum að hér er ekki um að ræða mengandi aðferð, öðru nær, þetta væri skynsamleg aðferð og ég er alveg sammála hv. þm. um að ef til er flötur á því að þetta gæti orðið til lengri tíma væri það betra því að þetta er varanlegt vandamál sem við erum að glíma við. Ég hef litið svo á að a.m.k. til að taka af þennan kúf væri nauðsynlegt að opna þá heimild eins og þarna er kveðið á um og ef hægt væri að gera það til lengri tíma mundi ég fagna því.

[16:26]

Útbýting þingskjala:

Aflaheimildir fiskiskipa úr íslenskum deilistofnum, 602. mál, fsp. KHG, þskj. 910.

Aflaheimildir fiskiskipa úr stofnum utan lögsögu, 603. mál, fsp. KHG, þskj. 911.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, 611. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 919.

Friðlýst svæði, 425. mál, svar umhvrh., þskj. 871.

Kostnaðargreiningarkerfi í heilbrigðisþjónustu, 609. mál, fsp. LMR, þskj. 917.

Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar, 607. mál, fsp. KHG, þskj. 915.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 608. mál, frv. KHG, þskj. 916.

Ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnun, 604. mál, fsp. KHG, þskj. 912.

Skipurit og verkefni Vegagerðarinnar, 605. mál, fsp. EMS, þskj. 913.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, 612. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 920.

Yrkisréttur, 613. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 921.

[16:28]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson flytur hér kann við fyrstu sýn að virðast nokkuð umdeilanlegt. Margir sem hlýða á hið kappsfulla mál þingmannsins kynnu að draga þá ályktun að þetta stríddi gegn ýmsum sáttmálum sem við höfum gert um vernd sjávar. Svo kemur það fram í greinargerð með frv. hv. þm. að þetta er í reynd í samræmi við ákveðna samninga sem við höfum gert.

Hv. þm. Jón Gunnarsson, sem talaði fyrir Samf. benti á að ef gengið væri úr skugga um að ekki væru nein mengandi efni sem gætu smitað út í umhverfið frá þessum skipum hlyti það að vera a.m.k. umhugsunarefni hvort ekki fylgdi þessu ýmislegt jákvætt.

Hv. þm. Jón Gunnarsson drap á það að meðal fiskifræðinga væri vaxandi sú skoðun að það sé heppilegt fyrir uppeldi nytjastofna að búa til svokölluð fiskverndarsvæði. Þessa stefnu hafa menn tekið upp og hrint í framkvæmd í Bandaríkjunum og telja sig hafa sýnt fram á að með því að stofna fiskverndarsvæði aukist töluvert fiskgengd og veiði í grennd við svæðin. Þetta er rökrétt, virðulegi forseti, vegna þess að með því að vernda svæði gefst ungviðinu meira skjól til að vaxa upp.

Veiðar mannsins með ýmiss konar veiðarfærum sem eru dregin á eftir skipum hafa mjög víða jafnað allar misfellur og máð út kennileiti í landslagi á botni. Þetta hefur leitt til þess að það er auðveldara að draga veiðarfærin og um skeið er líklegt að þetta auðveldi veiðarnar. Hins vegar kemur þetta í veg fyrir að ungviði nái að vaxa upp eins og áður. Lítil seiði þurfa skjól. Grjót og ýmiss konar hólar og hæðir og gjár á botni hafa veitt þeim þetta skjól. Þegar búið er að slétta botninn með veiðarfærum eins og notuð eru við togveiðar er búið að draga úr möguleikum viðkomandi svæðis á að framleiða ungviði.

Ég held að eitt af því sem við Íslendingar eigum að skoða sé að koma upp fiskverndarsvæðum. Þá hygg ég að tilvalið sé að fara þá leið sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson reifar hér og nota skip sem eru úr sér gengin og erfitt að farga, varpa þeim niður á botninn og skapa þannig nýtt umhverfi fyrir uppvaxandi stofna. Þetta er nokkuð sem ég held að við eigum að skoða vel. Ég vil segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að ég held að sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar eigi að kalla til sérfræðinga um fiskverndarsvæði til að kanna hvort þetta tvennt geti ekki farið saman og hvort hérna sé ekki um að ræða aðgerð sem geti í senn verið með vissum

hætti partur af umhverfisverndarstefnu og jafnframt sé þarna verið að ýta undir vöxt fiskstofna.

[16:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Umræðan um málið hefur farið vítt og breitt og verið vikið að ýmsum málum eins og fiskvernd, fiskverndarsvæðum, köfun, förgun og öðru sem lýtur að því að sökkva skipum.

Virðulegur forseti. Ég tel að tillagan eigi fyllsta rétt á að vera skoðuð og það eigi að taka hana til vinnslu fyrr en seinna því að menn þurfa að taka ákvörðun um hvort það eigi að gera eitthvað í þessu eða ekki.

Ég hef ósköp litla trú á því, virðulegur forseti, að labba með erindið í umhvrn. og fá einhverja umsögn þar um hvar ætti að sökkva skipum o.s.frv. Ég held að sú þekking sé ekki til staðar þar, ég fullyrði það. Ég held líka að þó farið væri til fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar skorti slíka þekkingu þar.

Þeir einu sem búa yfir þeirri þekkingu að velja skipum stað á hafsbotni held ég að séu fiskimennirnir, skipstjórarnir, sem hafa stundað veiðar á Íslandsmiðum árum og áratugum saman. Þeir þekkja botninn, vita hvernig hann hefur breyst á undanförnum árum og áratugum, þekkja straumana og staðhætti og geta út frá þeim sjónarmiðum valið skipsflökum stað, að því gefnu, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tók réttilega fram, að skipin séu skaðlaus náttúrunni og búið væri að hirða úr þeim öll mengunarefni. Reyndar hefði ég talið að nauðsynlegt væri, áður en skipum er sökkt, að taka úr þeim möstrin, því að skip liggja oft á annarri hliðinni á hafsbotni, þá skaga möstrin út úr sem hefur reynst þó nokkuð hættulegt fyrir fiskimenn þegar þeir eru að fara nálægt flökunum — því að það er oft fiskur nálægt þeim — að krækja veiðarfærum sínum í það sem út úr flökunum stendur. Út frá öryggissjónarmiðum væri því eðlilegt, vegna þess að það er einfaldlega þannig að þó að veiðarfæri festist í flaki, ef ekki er eitthvað sérstakt á flakinu sem beinlínis veldur því að ekki sé hægt að ná veiðarfærinu burtu, eins og t.d. möstur, gálgar eða eitthvað slíkt, er oft hægt að ná veiðarfærinu í burtu aftur, fyrir utan að flakið er miklu afmarkaðra. Það hefur sýnt sig að veiðarfæri sem hafa farið að hrúgast utan á flök teygja sig oft langt frá flökunum því þau hanga í einhverjum hlutum sem flökunum fylgja, auk þess er ekki mikið mál að brenna möstur úr skipum ef það á að sökkva þeim á annað borð.

Ég held að aðalmálið sé að velja skipunum stað og ákveða hvar eigi að sökkva þeim og að farið sé eftir ráðleggingum fiskimanna sem þekkja viðkomandi slóð, hvort þeir fallast á að þeim sé sökkt djúpt eða grunnt o.s.frv. Ég held að það geti t.d. verið mjög varasamt að sökkva skipum í bratta kanta þar sem menn stunda oft fiskveiðar. Það er ekki sjálfgefið hvernig skipin leggja sig við að sökkva til botns á slíkum svæðum. Á sléttum botni, sem er orðinn sléttur en var það kannski ekki fyrir 40–50 árum, í tiltölulega grunnu vatni er ekki mikið mál að sökkva skipum. Með nútímastaðsetningartækni er hægt að staðsetja skip um leið og þeim er sökkt með mjög mikilli nákvæmni. Ef séð er fyrir því að skipin séu mengunarlaus og þeim sökkt undir eftirliti og á ákveðnum stöðum held ég að vel megi hugsa sér það.

Ég held að það væri afar fróðlegt að gera slíka tilraun, fara inn á eitthvert svæði sem er orðið tiltölulega slétt og menn þekkja og sökkva þar eins og fjórum, fimm flökum með dálitlu millibili. Kortleggja vel hvar þeim er sökkt og skoða svo svæðið eftir að slík aðgerð hefur farið fram og sjá hvaða breytingar verða.

Ég hef iðulega ásakað Hafrannsóknastofnun hastarlega fyrir að stunda ekki markvissar rannsóknir á friðuðu svæðunum. Teknar voru ákvarðanir hipsum haps einhvern tíma í fortíðinni um að loka stórum svæðum, ég get nefnt Strandagrunn og Hornbanka sem hafa verið lokaðir áratugum saman. Mér vitanlega hafa ekki farið fram neinar samanburðarrannsóknir á svæðum þar sem ekki hafa verið stundaðar togveiðar áratugum saman og öðrum svæðum í nágrenninu, hvort botnlag hafi breyst, hvort fiskgengdin hafi breyst, hvort það sé önnur stærð á friðuðu svæðunum en utan þeirra eða hvort botndýralíf hafi breyst. Slík vitneskja fæst ekki nema menn fari markvisst og rannsaki svæðið áður en því er lokað og fylgist síðan með því eftir að því hefur verið lokað. Það væri mjög fróðlegt að gera slíka tilraun með skipsflökum sem ekki mundu valda neinni mengun. Það verður, eins og ég sagði áðan, að velja svæðið, velja hvar á að setja skipsflökin, djúpt eða grunnt, innfjarða eða langt frá landi o.s.frv.

Ég hygg að eitt atriði hafi í raun og veru verið til trafala við framkvæmd þessarar hugsunar. Hvað skyldi það nú vera? Ég hugsa að það séu veðin í bönkunum. Það hanga iðulega einhver veð á skipunum og fram að þessu hafa menn talið að jafnvel í skipum sem allir hafa verið sammála um að væru nánast orðin ónýt væri eitthvert veð þó að menn væru jafnframt sammála um að í slíku skipi væri ekkert sérstakt verndunargildi. Á undanförnum árum höfum við verið að vernda ýmis skip sem eiga sögu og verndað sérstök eintök af gerð skipa, eins og gömlu trébátana okkar. Ég hygg því að það þurfi að huga að því að ekki séu hangandi veð á skipunum í höfnunum þannig að það sé ekki til trafala.

Að öðru leyti tel ég að sú tillaga sem við erum að ræða eigi fyllsta rétt á að vera skoðuð en hana þarf að framkvæma skipulega og búa til það sem menn telja að geti orðið fiskverndarsvæði í samráði við þá sem best þekkja til fiskveiðisögu á slíkum svæðum og nýtingu svæðisins, en það eru einfaldlega íslenskir fiskimenn, skipstjórnarmenn. Þess vegna, ef umhvrn. meinar eitthvað með því að þeir vilji taka afstöðu til tillögu eins og þeirrar sem hér er til umræðu, mundu menn auðvitað leita eftir þessari þekkingu og hún er til. Það er ósköp einfalt að hafa samband við samtök skipstjórnarmanna hér á landi og fá ráðleggingar hjá þeim um einhver takmörkuð svæði í kringum landið sem tilraunin væri gerð á.

Hitt er svo annað mál, virðulegur forseti, og rétt að vekja athygli á því, að í sumum löndum þar sem kaupgjald er lágt eru menn að vinna í því ár og síð og alla tíð að skera niður stálskipaflök í skipasmíðastöðvum. Ég hef t.d. séð þetta í Lettlandi og Póllandi. Þetta færðist kannski meira til Lettlands þegar kaupgjald í Póllandi fór aðeins að hækka, þá munaði meira en helming á kaupgjaldinu í Lettlandi miðað við Pólland í skipasmíðastöðvunum. Þar voru menn í skipasmíðastöð allan ársins hring að skera niður gömul skip og koma þeim fyrir í brotajárnshaugum sem voru svo fluttir til Austur-Þýskalands og endurbræddir.

Ég er því ekki alveg viss um, virðulegi forseti, að skipin hafi beinlínis verið til sölu á þessu hrakvirði og hafi beinlínis verið boðin ákveðnum skipasmíðastöðvum erlendis eða innan lands á algjöru hrakvirði þannig að menn tækju þau bara og sæju fyrir þeim. Það kann að vera að eitthvað hafi staðið í veginum fyrir því að menn væru sammála um að setja skip í brotajárn, en það á fyrst og fremst við um stálskipin.

Ég hygg að skipin hafi ekki verið til sölu á því verði sem menn hafi treyst sér til að kaupa þau á, m.a. vegna þess að það hafa hangið á þeim einhver gömul veð og ekki verið svo auðvelt að kaupa þau fyrir sáralítið verð, hvort sem menn hafa viljað fara með þau til útlanda eða jafnvel gera þau upp og eiga þau sem einhvers konar sumarsiglingatæki eða ferðatæki til að sigla til annarra landa ef svo ber við. Það höfum við séð í öðrum löndum eins og í Danmörku. Þar er búið að gera upp fjölda gamalla báta sem menn eiga og er snyrtilega við haldið og eru notaðir til siglinga fyrir viðkomandi fjölskyldur en eru ekki atvinnutæki sem slík. Sá varðveislumáti hefur ef til vill orðið til þess að varðveita skipasögu viðkomandi þjóðar.

Þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, og ætla að enda mál mitt á því, að málið fái fljóta og snögga umfjöllun og menn skoði það einfaldlega í hv. nefnd með því að kalla samtök skipstjórnarmanna á fund, hvort þeir treysti sér til að benda á ákveðin svæði með tiltölulega stuttum fyrirvara þannig að það mætti framkvæma eitthvað af þessu innan þess tímaramma sem lögin bindast við vegna almennra og alþjóðlegra ákvæða, þá kemur í ljós hvernig má stýra þessu.

Ég hef hins vegar ekki trú á því að skrifa bréf til umhvrn. og bíða eftir staðsetningu þeirra eða fá þekkingu þaðan til að velja svæði á hafsbotni við Ísland. Þeir hafa ekki séð neitt af honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afdrif laxa í sjó, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 284. mál. — Þskj. 322.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 300. mál. — Þskj. 345.

[16:44]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Brynja Magnúsdóttir, Jón Gunnarsson og Grétar Mar Jónsson.

Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að dómsmálaráðherra láti gera úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Skal þeirri úttekt lokið fyrir 15. febrúar 2004."

Virðulegur forseti. Af augljósum ástæðum er þessi dagsetning úrelt. Það lýsir því hve seint mál komast á dagskrá. Það var nokkuð langt í þessa dagsetningu þegar frv. var upphaflega lagt fram. Ég geri ráð fyrir því að allshn. muni breyta dagsetningunni en hafa hana samt ekki of rúma. Þetta er í raun afskaplega einföld þáltill., þ.e. um að láta fara fram úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar.

Í greinargerð eru færð fram rök sem öll hníga að því færa höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja og ég vil taka fram, hæstv. forseti, að upphaflega var þetta mál flutt á Alþingi af hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni fyrir margt löngu en var þá ekki útrætt. Það hefur síðan komið reglulega til umræðu án þess að mikið hafi gerst í málinu. Þeir hv. þm. sem flytja þessa þáltill. eiga það allir sammerkt að vera þingmenn Suðurk. Ég vík þá að nokkrum rökum fyrir því mati okkar flutningsmanna að höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar væru betur settar á Suðurnesjum en í Reykjavík.

Í fyrsta lagi teljum við að staðsetning höfuðstöðvanna í Reykjavík sé ekki rétt, einkum með hliðsjón af þeim verkefnum sem skip og flugvélar Landhelgisgæslunnar sinna. Fyrir því að hafa höfuðstöðvarnar staðsettar á Suðurnesjum og hafa þar lægi fyrir skip og vélar gæslunnar má færa einföld rekstrarrök. Þá sparast siglingin inn Faxaflóann enda má segja að hlutverk Landhelgisgæslunnar sé minnst fólgið í eftirliti innst í Faxaflóanum. Með því að vera staðsett á Suðurnesjum má segja að skipin séu betur sett til að fara úr höfn. Þau eru þar með nær miðum, hvort heldur er fyrir norðan, sunnan, vestan eða austan landið. Þetta eru sem sagt rekstrarleg rök. Þessu mundi fylgja sparnaður á olíukostnaði og þar að auki má líta á það sem öryggisrök að færa skipakost Landhelgisgæslunnar nær vettvangi, þeim vettvangi sem skipin oftast sinna.

Það hlýtur að vera hagræði að því að hafa höfuðstöðvarnar á Suðurnesjum og láta hluta þeirrar starfsemi vera á Keflavíkurflugvelli. Það snertir samskipti við varnarliðið en eins og kunnugt er hefur stundum komið upp misskilningur sem haft hefur alvarlegar afleiðingar. Miklar deilur hafa orðið um slík tilvik. Það hlýtur að vera hagkvæmt og mikið hagræði og samlegðaráhrif af því að hafa björgunarsveit varnarliðsins og þyrlur Landhelgisgæslunnar á sama stað. Það má benda á að flugskýli Flugleiða er staðsett á Keflavíkurflugvelli þar sem flugvirkjar þess ágæta fyrirtækis eru starfandi. Þar getur viðhald og geymsla á vélunum auðveldlega farið fram. Þar eru líka ákveðin samlegðaráhrif.

Á Suðurnesjum eru starfræktar tvær öflugar viðhaldsstöðvar flugvéla — önnur er í eigu Flugleiða og hin er á vegum varnarliðsins. Á vegum Flugfélags Íslands eru Fokker Friendship flugvélar en flugvél gæslunnar er af sömu tegund. Ætla má að ná megi samlegðaráhrifum með auknu samstarfi um viðhald og eftirlit flugvéla. En það er auðvitað líka viðhaldsstöð á vegum varnarliðsins í stórum skýlum sem mundu nýtast með formlegu samkomulagi ef höfuðstöðvarnar yrðu fluttar á Suðurnesin.

Fyrir þessu eru fyrst og fremst rekstrarleg rök og öryggisrök og ætti í raun ekki að þurfa meira. En óneitanlega, herra forseti, má einnig benda á byggðarök, eins og það er kallað, ef við horfum til þess atvinnuástands sem nú er á Suðurnesjum. Hvergi í landinu eru atvinnuleysistölur jafnháar og virðist hugsanlega meira í pípunum miðað við það sem maður heyrir frá fulltrúum Bandaríkjahers um fækkun starfsmanna vegna breyttra áherslna, fjárhagsörðugleika í Bandaríkjunum og þar fram eftir götunum. Þar kann að skapast enn alvarlegra ástand. Þegar þau sjónarmið bætast við rekstrarrökin og öryggisrökin, þ.e. að styrkja atvinnulíf á svæðinu, má segja að rökin fari öll að hníga á einn veg. Það munar um hvert starf og að auka fjölbreytileika í störfunum.

Þetta eru aðeins hugleiðingar og röksemdafærsla flutningsmanna en þáltill. gerir hins vegar ráð fyrir því að dómsmrh. láti gera hlutlausa úttekt þar sem kostum og

göllum þess að flytja höfuðstöðvarnar til Suðurnesja yrði velt upp. En það er sannfæring okkar að niðurstaða af slíkri úttekt hljóti að verða skýr, þegar allt er tekið með í reikninginn, öryggi, rekstur og síðan byggðapólitísk sjónarmið. Við vonumst til þess að með flutningi tillögunnar munum við sjá höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar flytjast til Suðurnesja þar sem þær ættu að vera betur settar en hér í 101 Reykjavík.

Að umræðu lokinni, hæstv. forseti, mælist ég til að þáltill. verði vísað til hv. allshn. þingsins.

[16:51]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni, 1. flm. þessarar þáltill., fyrir að endurvekja þetta mál. Eins og fram kom hjá honum í upphafi flutti hv. þm. Árni Ragnar Árnason tillögu þessa efnis fyrir margt löngu.

Að þáltill. standa flutningsmenn úr fjórum flokkum, úr Framsfl., Sjálfstfl., Samf. og Frjálsl. Ég leyfi mér að binda við það vonir, úr því að þetta er nánast þverpólitísk tillaga, að hún hljóti snögga afgreiðslu í allshn. og málið verði þar ekki tafið frekar en brýnasta þörf er á.

Hv. þm. Hjálmari Árnasyni greindi frá því að gert var ráð fyrir að úttektinni ætti að ljúka 15. febrúar árið 2004, samkvæmt þeirri ályktun sem hér liggur fyrir. Sá tími er að sjálfsögðu liðinn og ég held að hv. allshn. þurfi ekki að taka sér mjög langan tíma í afgreiðslu þessa máls. Raunveruleg skoðun gæti farið fljótlega af stað og við komist að því hvaða kostir fylgja því að flytja Landhelgisgæsluna til Suðurnesja.

Hér voru tínd til nokkuð mörg og góð rök fyrir því að flytja þá stofnun á Suðurnes. Ég ætla í sjálfu sér ekki að bæta miklu við það en eins og fram kom er ástand atvinnumála á Suðurnesjum með þeim hætti í dag að það er ekki undarlegt að við þingmenn svæðisins veltum fyrir okkur hvernig hægt er að bregðast við. Við höfum öll heyrt fréttir af samdrætti í starfsemi varnarliðsins. Við sem þarna búum finnum á eigin skinni að það er verulegur ótti hjá íbúum um framtíð þeirra starfa sem þar eru. Nú vill svo til að á flugvellinum er mikið af mannvirkjum sem gætu einmitt hentað flugstarfsemi Landhelgisgæslunnar. Ég er nokkuð viss um að vart geti reynst erfitt eða mikið verk að komast að samkomulagi um að fá að nýta þar mannvirki sem henta.

Það hefur ekki alltaf farið fram mikil eða ítarleg skoðun á því þegar stofnanir hins opinbera eru fluttar út á land. Stundum virðist manni ekki þurfa nema einfalda ákvörðun um að flytja tiltekna stofnun frá Reykjavík. Það sem flutningsmenn þessarar þáltill. biðja um er ekki að flytja Landhelgisgæsluna einn, tveir og þrír til Suðurnesja, þó að við séum sannfærðir um að þar eigi hún heima. Við viljum eingöngu að fram fari skoðun, raunveruleg athugun án fyrirframgefinnar niðurstöðu og án fordóma, á þeim kostum sem fylgja því að flytja stofnunina til Suðurnesja.

Við höfum séð að flutningur stofnana út á land hefur í mörgum tilfellum tekist ágætlega, flutning Landmælinga ríkisins upp á Akranes, flutning Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Auðvitað hafa menn rætt kosti og galla þess að flytja þessar stofnanir á viðkomandi staði en ég held að þegar upp er staðið viðurkenni flestir að það hafi ekki gengið að þeim stofnunum dauðum, eins og margir spáðu þegar byrjað var að tala um að flytja þær. Ég held að hið sama gildi um flutning Landhelgisgæslunnar.

Það er ekki bara að Landhelgisgæslan gæti komist með starfsemi sína í mikil mannvirki á Keflavíkurflugvelli heldur eru á Suðurnesjum mikil hafnarmannvirki og í mörgum tilvikum frekar illa nýtt hafnarmannvirki. Nefna mætti Helguvík en þar er reyndar mikil starfsemi. Keflavíkurhöfn, þar sjá menn fyrir sér að Landhelgisgæslan gæti fengið mjög góða aðstöðu og starfsstöð vegna þess að sú höfn er ekki svo mikið nýtt í dag. Við höfum höfnina í Njarðvík og svo mætti áfram telja.

Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að ef menn skoða þetta mál fordómalaust, án þess að vera fastir í miðbæ Reykjavíkur, muni þeir komast að því að Suðurnes er staður sem hentar Landhelgisgæslunni mjög vel. Jafnframt mundu menn sjá að tímapunkturinn til að flytja Landhelgisgæsluna er núna. Ég vona því að hv. allshn. taki ekki langan tíma í málið, það verði keyrt tiltölulega hratt í gegn og þessi skoðun fari fram. 15. febrúar 2004 er liðinn en ég vona að ef sett verður á þetta ný dagsetning í nefndinni og málið klárað þá verði það ekki mikið síðar 15. apríl 2004.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listnám fatlaðra, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 329. mál. — Þskj. 381.

[16:57]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um listnám fatlaðra. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á möguleikum fatlaðra til að stunda tónlistarnám og annað listnám. Kannað verði sérstaklega hvernig tónlistarskólar og aðrir listaskólar svara þörfum fatlaðra hvað varðar aðbúnað og kennslu. Sérstök áhersla skal lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að stunda listnám. Nefndin skili niðurstöðum sínum og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2004."

Í sjöttu meginreglu SÞ um málefni fatlaðra er fjallað sérstaklega um nám fatlaðra. Þar segir m.a. að aðildarríkin skuli hafa í heiðri þá meginreglu að fötluð börn njóti jafnréttis hvað snertir nám í grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og öðrum menntastofnunum. Aðildarríkin skulu tryggja að menntun fatlaðra sé óaðskiljanlegur hluti menntakerfisins. Hér á landi eiga öll börn lögbundinn rétt á menntun og reynt hefur verið að tryggja að þau geti stundað grunn- og framhaldsnám og þannig reynt að fylgja meginreglum SÞ. Enda þótt meginreglur SÞ leggi ekki lagalegar skyldur á aðildarríkin eru þær skuldbindandi siðferðilega og pólitískt og þær byggjast á kjörorði samtakanna, „Eitt samfélag fyrir alla".

Þótt töluvert hafi áunnist í baráttu fatlaðra fyrir rétti til náms er ljóst að mikið verk er ónunnið. Ekki síst ef horft er til listnáms. Þó er alkunnugt að það er ákaflega mikilvægur þáttur í þroska og þjálfun fatlaðra einstaklinga að stunda listnám. Gildir þá einu hvort um líkamlega hömlun eða þroskaröskun er að ræða. Það sanna margar rannsóknir, m.a. rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum í Bandaríkjunum. Þar var niðurstaðan sú að það flýtti mjög fyrir þroska fatlaðra

barna og hjálpaði þeim félagslega hefðu þau möguleika til listiðkunar eða listnáms.

Norðurlöndin hafa einnig lagt mikla áherslu á rétt fatlaðra til listnáms, sérstaklega á möguleika barna allt frá leikskólaaldri til þess að stunda nám í listgreinum eins og tónlist og leiklist.

Hér á landi eiga fatlaðir litla möguleika á að stunda listnám. Aðstæður er misjafnar eftir svæðum, en hvergi eru þó aðstæðurnar fullnægjandi. Möguleikar fatlaðra barna og ungmenna til tónlistarnáms eru t.d. mjög takmarkaðir. Það er í verkahring sveitarfélaganna að reka tónlistarskóla. Ríkið kemur ekki að rekstri þeirra. Flutningsmenn þessarar tillögu draga í efa að í viðræðum um verkaskipti og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga hafi þessum veigamikla þætti í menntun verið gefið það vægi sem eðlilegt hefði verið.

Menntamálaráðuneytið hefur þó á hendi faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu eins og öðru listnámi. Ráðuneytið hefur t.d. sett aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla þar sem vikið er beint og óbeint að jafnræði til tónlistarnáms. Þar segir meðal annars: „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi.“

Einnig er í námskránni tekið fram að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Í viðauka við námskrána er kafli þar sem meðal annars er rætt um húsakost tónlistarskólanna. Þar segir: „Einnig þarf ætíð að gera ráð fyrir greiðu aðgengi fatlaðra.“ Reikna má með að hliðstæð markmið séu í gildi fyrir annað listnám. Hins vegar er ljóst að þessi markmið hafa ekki náðst hvað varðar möguleika fatlaðra til þess að stunda hvers konar listnám. Ekki síst á það við um börn og ungmenni.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að menntamálaráðherra skipi nefnd sem nú þegar geri úttekt á möguleikum fatlaðra til þess að stunda tónlistarnám eða annað listnám. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að sækja listnám. Nefndin skili skýrslu og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2004.

Virðulegi forseti. Það er hlutverk menntmrn., sem hefur faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu, og ráðherra að sjá um að þessi mál séu í lagi og að fyrir liggi upplýsingar um aðgengi fatlaðra að tónlistarnámi og öðru listnámi. Eftir að ég fór að grennslast fyrir um málið kom í ljós að menntmrn. hefur að þessu leyti ekki staðið sig í stykkinu. Það er ekki til úttekt á möguleikum fatlaðra til þess að stunda listnám. Þessi tillaga er flutt og í von um úrbætur. Við leggjum til að tillögunni verði að lokinni umræðu vísað til menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öldrunarstofnanir, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 330. mál. — Þskj. 382.

[17:03]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um öldrunarstofnanir. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd sem geri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum til einstakra öldrunarstofnana og beri saman við þá þjónustu sem þær veita hver fyrir sig. Einnig fari fram úttekt á störfum þeirra þjónustuhópa sem sveitarstjórnum ber að skipa í hverju heilsugæsluumdæmi skv. 6–8. gr. laga um málefni aldraðra. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum til úrbóta verði lagðar fyrir Alþingi haustið 2004.“

Frá og með 1. janúar 2003 átti að taka upp samræmt greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili aldraðra. Áður höfðu greiðslur til hjúkrunarheimila verið þrenns konar. Sum heimilanna fengu framlög í fjárlögum, önnur fengu fjárveitingar samkvæmt þjónustusamningi og enn önnur fengu daggjöld. Greiðslur til öldrunarheimila fyrir dvalar- og dagvistarrými hafa verið samkvæmt daggjöldum sem birt eru í reglugerð í upphafi hvers árs.

Nauðsynlegt var orðið að samræma greiðslur til öldrunarstofnana, að greiðslurnar væru í samræmi við t.d. hjúkrunarþyngd á hjúkrunar- eða dvalarheimilum fyrir aldraða. Árlega á að meta heilsufar og aðhlynningarþörf með svokölluðu RAI-mati sem síðar er m.a. notað til að ákveða daggjaldaþörf stofnunar. En einnig þarf að taka tillit til stærðar stofnunar þar sem ljóst er að stærðin skiptir miklu um heildarrekstrarkostnað dvalar- og hjúkrunarheimila.

Einingar eru oftar en ekki litlar þegar komið er út fyrir höfuðborgarsvæðið auk þess sem kostnaður við ýmsa rekstrarþætti er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, t.d. hvað varðar alla sjúkraflutninga. Á höfuðborgarsvæðinu koma sjúklingar inn á stofnanirnar eftir langa bið í brýnni þörf og þá sem þungir hjúkrunarsjúklingar. Eru þar tíðari skipti á þungum umönnunarsjúklingum á hvert rúm sem hefur aukinn kostnað í för með sér. Við ákvörðun daggjalda þarf því að taka tillit til margra mismunandi þátta.

Um alla þessa þætti eiga að gilda skýrar reglur, en ekki er síður nauðsynlegt að skýrar reglur séu til um hvaða þjónustu á að veita á hverri stofnun.

Í 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, er kveðið á um að á dvalarheimilum skuli vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi, og aðstaða fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.

Í sömu grein er fjallað um hjúkrunarheimili sem ætluð eru þeim sem eru of lasburða til þess að vera á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum. Þar skal veita hjúkrunar- og læknisþjónustu og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónustuna skal byggja á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða.

Í reglugerð er kveðið á um greiðslur sem öldrunarheimili skuli inna af hendi fyrir þá sem þar dveljast, t.d. fyrir lyf og læknishjálp, endurhæfingu, ýmis hjálpartæki sem heimilismenn þarfnast, sjúkraflutninga og fleira.

Landlæknir á samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu að hafa faglegt eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem öldrunarstofnanir veita vistmönnum sínum. Þá er í 6.–8. gr. laga um málefni aldraðra einnig kveðið á um að í hverju heilsugæsluumdæmi skuli starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarstjórnir skulu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu

skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp og greiða kostnað af störfum hans. Þjónustuhópur aldraðra skal samkvæmt lögum hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarþörf aldraðra.

Af þessari upptalningu má sjá að í lögum er gert ráð fyrir eftirliti með störfum öldrunarheimila og líðan þeirra sem þar dvelja. Engu að síður er það mat flutningsmanna þessarar tillögu að eftirlit sé hvergi nærri nægjanlegt, að verulegur munur sé á þjónustu sambærilegra heimila fyrir aldraða og í einhverjum tilvikum jafnvel um það að ræða að einstaklingar á þessum heimilum fái ekki þá þjónustu sem lögbundin er, t.d. á sviði endurhæfingar, jafnvel að það dragist úr hömlu að þeir fái nauðsynleg hjálpartæki.

Þá er einnig nauðsynlegt að skoða virkni þeirra þjónustuhópa sem sveitarfélög eiga að skipa til þess að tryggja velferð aldraðra íbúa. En verulegur misbrestur er á því að þjónustuhópar sveitarfélaganna sinni hlutverki sínu.

Flutningsmenn þessarar tillögu fagna því að reynt er að samræma greiðslur til öldrunarstofnana að teknu tilliti til ástands þeirra sem þar dvelja og reynt að meta rekstrarkostnað. En ekki er síður nauðsynlegt að stuðst sé við skýrar reglur um þá þjónustu sem stofnanir eiga að veita, stórar eða litlar, á höfuðborgarsvæði eða landsbyggð.

Þá þarf eftirlit einnig að vera virkara en nú er. Því er lagt til að Alþingi feli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd sem geri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum til einstakra öldrunarstofnana og beri saman þjónustu sambærilegra stofnana og hvort þær standast þær kröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum. Störf þjónustuhópa sveitarfélaga verði einnig skoðuð. Niðurstöður þessarar úttektar ásamt tillögum til úrbóta skal síðan leggja fyrir Alþingi haustið 2004.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:10]

Útbýting þingskjala:

Aðsókn að Háskóla Íslands, 619. mál, fsp. KJúl, þskj. 927.

Afgreiðslutími lyfjaverslana, 618. mál, fsp. KJúl, þskj. 926.

Atvinnuleysisbætur, 620. mál, fsp. HHj, þskj. 928.

Brottfall úr framhaldsskólum, 610. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 918.

Landsdómur og ráðherraábyrgð, 595. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 894.

Tæknimenntun, 617. mál, fsp. KJúl, þskj. 925.

Þverfaglegt endurhæfingarráð, 615. mál, fsp. ÞBack, þskj. 923.

Öryggi sjúkraflugvallar á Djúpavogi, 616. mál, fsp. ÞBack, þskj. 924.

Jarðgöng í Reynisfjalli, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DJ, 367. mál. — Þskj. 491.

[17:11]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á gerð jarðganga í Reynisfjalli sem ég flyt ásamt hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur.

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta fara fram úttekt á gerð jarðganga í Reynisfjalli í Vestur-Skaftafellssýslu. Úttektinni verði lokið fyrir 1. september 2004."

Þetta er tiltölulega einföld þáltill. og skýrir sig sjálf. Hugsunin á bak við hana er að láta fara fram úttekt. Þær raddir hafa heyrst hjá heimamönnum og verið á það bent að með jarðgöngum undir Almannaskarð verði þarna að vetri til eini farartálminn frá Hveragerði og alveg austur í Djúpavog og jafnvel lengra. Með mjög vaxandi umferð um Austurland, ekki síst vegna framkvæmda og ýmissa áforma sem þar eru uppi um uppbyggingu á iðnaði í Vestur-Skaftafellssýslu, vilja heimamenn skoða möguleika á að bæta samgöngur sem er mjög skiljanlegt. Jafnframt hefur verið bent á að í langtímaáætlun er minnst á göng í Reynisfjalli í einhverri framtíð. Þess vegna er þessi þáltill. flutt, til að farið verði í að meta kosti, galla og hagkvæmni slíkra ganga. Þannig verður auðveldara að taka afstöðu til málsins í ljósi breyttra aðstæðna og vaxandi umferðar á þessu svæði.

Ég hygg að það þurfi ekki mikið fleiri orð um þetta, virðulegi forseti, og mælist til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vetnisráð, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 452. mál. — Þskj. 645.

[17:13]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun vetnisráðs sem ég flyt ásamt hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, Drífu Hjartardóttur, Guðjóni Hjörleifssyni, Guðjóni Ólafi Jónssyni og Magnúsi Stefánssyni.

Þessi þáltill. felur í sér að iðnrh. skipi vetnisráð til fjögurra ára í senn. Ráðið verði ríkisstjórn til ráðgjafar og upplýsinga um stöðu, framvindu og tækifæri á sviði vetnismála og standi árlega fyrir opnu vetnisþingi. Ráðið verði skipað níu fulltrúum, tveimur frá Íslenskri nýorku, einum frá Samtökum iðnaðarins, einum frá Háskóla Íslands, einum frá Samorku, einum frá Orkustofnun, einum frá Iðntæknistofnun, einum frá Tækniskóla Íslands og formanni sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Virðulegi forseti. Það þarf vart að skýra nánar hvers vegna flutt er þáltill. um stofnun vetnisráðs. Við Íslendingar höfum markað okkur spor á þessu sviði og erum af mörgum talin leiðandi, a.m.k. hvað varðar sýn til framtíðar og áræði í að taka fyrstu skref til nýtingu vetnis- og efnarafala.

Frá því að Íslensk nýorka var stofnuð, fyrirtæki í eigu Íslendinga og erlendra aðila sem ætlað er að annast tilraunir þar sem Ísland hefur verið boðið sem tilraunavettvangur á þessu sviði, hafa orðið gífurlegar framfarir og mikið gerst. Að sumu leyti má segja að stjórnsýslan sé sprungin. Við

þekkjum að þrír vetnisvagnar aka hér um göturnar, að vetnisstöð, sú fyrsta í heimi, var opnuð hér og þannig má áfram telja.

Hingað hafa komið á fjórða hundrað erlendra fjölmiðlamanna á allra síðustu árum til að fjalla um vetnisvæðingu og vetnisáform okkar Íslendinga. Hingað hefur verið stöðugur straumur nemenda, fjárfesta, tæknimanna, blaðamanna og þar fram eftir götunum ásamt áhugasömum aðilum sem vilja taka þátt í tilraunum hér á landi. Þetta hefur gert það að verkum að eiginlega er farið að líta á Ísland sem forustuland á þessu sviði. En stjórnsýslan hefur að nokkru leyti hikað, þ.e. ekki náð að fylgja þessum hraða.

Þessi tillaga er flutt með það í huga að þeir aðilar sem beint og óbeint tengjast vetnisvæðingunni myndi níu manna vetnisráð og verði ríkisstjórn og stjórnvöldum til ráðgjafar um þennan nýja orkugjafa og þá nýju tækni sem honum fylgir en standi jafnframt árlega fyrir vetnisþingi þar sem fjallað yrði um það sem gerst hefur árið á undan og það sem fram undan er í vetnisvæðingunni. Almenningur og fyrirtæki gætu þannig fylgst með því.

Þetta er hugsunin á bak við stofnun þessa vetnisráðs. Ég vænti þess að þáltill. fái farsæla afgreiðslu í hv. iðnn. en ég legg til að henni verði vísað þangað að lokinni fjórugri umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 16.–17. og 20.–21. mál.

Fundi slitið kl. 17:18.

---

69. FUNDUR

mánudaginn 23. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 418, nál. 863. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 411. mál, þskj. 559, nál. 885 og 907. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 359. mál, þskj. 478, nál. 879. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 360. mál, þskj. 479, nál. 880. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 479. mál, þskj. 729. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 481. mál, þskj. 750. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 482. mál, þskj. 754. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Varnir gegn mengun sjávar, frv., 259. mál, þskj. 292. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, þáltill., 260. mál, þskj. 293. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 284. mál, þskj. 322. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, þáltill., 300. mál, þskj. 345. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Listnám fatlaðra, þáltill., 329. mál, þskj. 381. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Öldrunarstofnanir, þáltill., 330. mál, þskj. 382. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Jarðgöng í Reynisfjalli, þáltill., 367. mál, þskj. 491. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Vetnisráð, þáltill., 452. mál, þskj. 645. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Minning Svövu Jakobsdóttur.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Svava Jakobsdóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, andaðist í fyrradag, laugardaginn 21. febrúar. Hún var 73 ára að aldri.

Svava Jakobsdóttir var fædd í Neskaupstað 4. október 1930. Foreldrar hennar voru hjónin Jakob Jónsson prestur, lengst af í Reykjavík, og doktor í guðfræði og Þóra Einarsdóttir húsmóðir. Svava fluttist með foreldrum sínum til Kanada árið 1935 og dvaldist þar fimm ár þar til fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur. Hún lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1949 og AB-prófi í ensku og enskum bókmenntum í Massachusetts í Bandaríkjunum 1952. Hún stundaði síðan framhaldsnám í fornískenskum bókmenntum í Oxford á Englandi 1952–1953 og nám í sænskum nútímabókmenntum við Uppsalaháskóla í Svíþjóð 1965–1966.

Svava Jakobsdóttir var ritari í utanríkisráðuneytinu og íslenska sendiráðinu í Stokkhólmi 1955–1960. Hún var kennari við Barna- og unglingaskólann á Eskifirði 1963–1964, blaðamaður við Lesbók Morgunblaðsins 1966–1969 og starfsmaður við dagskrárdeild Ríkisútvarpsins 1969–1970. Við alþingiskosningarnar 1971 var hún kjörin þingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík, var landskjörinn þingmaður til 1978 og þingmaður Reykvíkinga 1978–1979. Hún sat á 9 þingum alls.

Svava Jakobsdóttir gegndi ýmsum trúnaðarstörfum. Hún var í stjórn Rithöfundafélags Íslands 1968–1971 og í Rannsóknaráði ríkisins 1971–1974. Árið 1971 var hún skipuð í nefnd til að semja frumvarp um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila, árið 1973 í nefnd til að semja reglur um viðbótarritlaun til rithöfunda og í nefnd til að semja frumvarp um Launasjóð rithöfunda. Hún sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1972, 1974, 1977 og 1982. Í Norðurlandaráði var hún 1978–1979, í Rithöfundaráði 1978–1980 og í safnráði Listasafns Íslands 1979–1983. Hún var fulltrúi

Íslands í jafnréttisnefnd Norðurlanda 1980–1983. Í stjórn Leikskáldafélags Íslands var hún 1986–1990.

Trúnaðarstörf þau sem Svövu Jakobsdóttur voru falin eru vísbending um þau mál sem hún lét sig miklu skipta á þeim tæpa áratug sem hún sat á Alþingi. Það voru jafnréttismál og önnur velferðarmál og mál sem vörðuðu menningu, bókmenntir og listir.

Svava Jakobsdóttir átti sér langan og merkan rithöfundarferil. Tvítug að aldri tók hún þátt í smásögukeppni á vegum tímaritsins Líf og listar og var saga hennar metin best smásagnanna. Fyrsta bók hennar, smásagnasafnið 12 konur, kom út 1965. Hún samdi smásögur, skáldsögur, leikrit og fræðirit, var vandvirkur og frumlegur höfundur. Leikrit hennar hafa verið sýnd á leiksviði og í sjónvarpi og flutt í útvarpi hér á landi og erlendis. Rit hennar hafa verið þýdd á mörg tungumál. Hún var gagnmerkur rithöfundur.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Svövu Jakobsdóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

[15:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Einari K. Guðfinnssyni, dagsett 23. febrúar:

„Þar sem Davíð Oddsson forsætisráðherra, 2. þm. Reykv. n., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í kjördæminu, Ásta Möller, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Ásta Möller hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Samf., Margréti Frímannsdóttur, dagsett 23. febrúar:

„Þar sem Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðurkjördæmis, getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samf. í Suðvesturkjödæmi, Valdimar L. Friðriksson, taki sæti hennar á Alþingi á meðan, en 1. varamaður á listanum situr nú á Alþingi."

Valdimar L. Friðriksson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný. Um leið læt ég í ljós þá ósk fyrir hönd þingheims að Katrín megi fljótlega komast til fullrar heilsu.

Tilkynning um dagskrá.

[15:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum. Málshefjandi er hv. þm. Atli Gíslason en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Evrópuráðsþingið 2003, 621. mál, skýrsla ÍÞER, þskj. 929.

Lúða, skata og hákarl, 533. mál, svar sjútvrh., þskj. 897.

Veiðar og verkun grásleppu, 517. mál, svar sjútvrh., þskj. 895.

Viðvörunarskeyti umframafla, 504. mál, svar sjútvrh., þskj. 896.

ÖSE-þingið 2003, 614. mál, skýrsla ÍÖSE, þskj. 922.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (erfðablöndun). — Þskj. 418, nál. 863.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Brtt. í nál. 863 (ný 1. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Starfsmenn í hlutastörfum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 411. mál (EES-reglur). — Þskj. 559, nál. 885 og 907.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:09]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um frv. til laga um starfsmenn í hlutastörfum. Þar er kveðið á um ýmsar skyldur og réttindi hlutavinnufólki til handa. Þetta frv. er ekki mjög afgerandi. Það segir á þá leið að atvinnurekendur skuli svo sem kostur er leitast við að uppfylla tiltekin skilyrði, svo sem að taka tillit til óska starfsmanns um að auka eða minnka starfshlutfall, veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna, veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað og greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun.

Síðastnefndi þátturinn getur skipt miklu máli og aðrir þættir einnig að sönnu.

Þetta frv. á samkvæmt markmiðsgrein laganna að stuðla að sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna. Allt er þetta til góðs. En viti menn. Í 3. mgr. 2. gr. laganna eru stórir hópar starfsmanna, allir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga í landinu, allt hlutavinnufólk þar, tímavinnufólkið þar undanþegið og engin haldbær rök, engar skýringar hafa komið fram aðrar en ótrúlegur þvergirðingsháttur fjmrn. og sveitarfélaganna sem vilja svipta þennan hóp launafólks þessum sjálfsögðu réttindum. Ég hef óskað eftir því að við 3. umr. þessa frv. verði hæstv. fjmrh. viðstaddur til að skýra hvað valdi því að það eigi að undanskilja þessa hópa þessum lögum. Og fyrir sérstaka áhugamenn um hið Evrópska efnahagssvæði skal þess getið að þessi lög hvíla á tilskipun sem þaðan er komin. Lögfræðingar stéttarfélaganna, bæði ASÍ og BSRB, telja að þessi lög eða þetta frv. eins og það liggur nú fyrir standist

ekki þessa tilskipun og að látið verði á það reyna fyrir þar til gerðum dómstólum til að kveða upp úr um það.

Að öðru leyti er þetta frv. hið besta mál og munum við styðja allar greinar þess nema þann hluta 2. gr. sem ég hef vikið að.

[15:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér á að fara að greiða atkvæði um mál sem snýr að réttindum launþega í hlutastörfum. Ég vil gera grein fyrir afstöðu okkar í Frjálsl. til þessa máls.

Við munum styðja frv. að undanskildu því ákvæði þar sem segir svo, með leyfi forseta, í 2. gr.:

„Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum."

Við teljum að með þessu ákvæði í 2. gr. sé verið að mismuna launþegum með lagaboði og munum ekki styðja þennan hluta frv.

[15:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við fulltrúar Samf. í félmn. skiluðum minnihlutaáliti um þetta frv. Ástæða þess er að við leggjumst gegn ákvæðum 3. mgr. 2. gr. frv. sem kveður á um að lögin taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímakaup, en við lítum svo á að það sé ekki í samræmi við tilskipun um hlutastörf sem verið er að innleiða með þessum lögum og hún heimili ekki að undanskilja tímavinnufólk frá ákvæðum laganna og það er í samræmi við álit ASÍ og BSRB í þessu máli.

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, LMR, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VF, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÞH) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BJJ, JBjarn, KHG, KLM, MF, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr., 1.–2. mgr., samþ. með 54 shlj. atkv.

2. gr., 3.–4. mgr., samþ. með 30:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB.

nei: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÖrl) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BJJ, JBjarn, KHG, KLM, MF, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 885,1 samþ. með 50 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 885,2 samþ. með 55 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

6.–7. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 885,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, LMR, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VF, ÖJ, ÖS.

1 þm. (AtlG) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BJJ, JBjarn, KHG, KLM, MF, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 359. mál (alþjóðlegir reikningsskilastaðlar). — Þskj. 478, nál. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, LMR, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VF, ÖJ, ÖS.

11 þm. (ÁÓÁ, BJJ, BjörgvS, JBjarn, KHG, KLM, LB, MF, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 940).

Breyting á IX. og XIX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 360. mál (fjarsala á fjármálaþjónustu). — Þskj. 479, nál. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, LMR, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VF, ÖJ.

10 þm. (BJJ, BjörgvS, JBjarn, KHG, KLM, MF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 941).

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. fyrri umr.

Stjtill., 479. mál. — Þskj. 729.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 481. mál (miðlun vátrygginga). — Þskj. 750.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 482. mál. — Þskj. 754.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 594. mál (ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.). — Þskj. 893.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Varnir gegn mengun sjávar, frh. 1. umr.

Frv. EKG, 259. mál (förgun skipa og loftfara). — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 260. mál. — Þskj. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afdrif laxa í sjó, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 284. mál. — Þskj. 322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Flutningur Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 300. mál. — Þskj. 345.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Till. vísað til síðari umr. með 55 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Listnám fatlaðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 329. mál. — Þskj. 381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Öldrunarstofnanir, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 330. mál. — Þskj. 382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Jarðgöng í Reynisfjalli, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DJ, 367. mál. — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Vetnisráð, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 452. mál. — Þskj. 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Aðkoma ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum.

[15:24]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Kjarasamningar ASÍ-félaga hafa verið lausir frá áramótum, sjómenn eru með lausa samninga og það styttist í að samningar opinberra starfsmanna losni. Ríkisstjórnin á beina aðild að kjaraviðræðunum sem stærsti atvinnurekandi landsins og hjá ríkinu starfar m.a. fjöldi láglaunafólks, einkum konur.

Ríkisstjórnin hefur einnig komið að kjarasamningum með óbeinum hætti og má færa rök að því að hún hafi með ýmsum hætti gert samningsaðilum erfitt fyrir um að ná landi í viðræðum sínum. Ýmsar álögur hafa verið hækkaðar, nú síðast við afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót og oddvitar ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað tengt loforð sín um skattalækkanir frá því fyrir kosningar við væntanlega kjarasamninga. Ríkisstjórninni ber að skýra stefnu sína þannig að samningsaðilar viti að hverju þeir ganga.

Umræðan sem ég hef nú hafið er af minni hálfu hugsuð til að knýja á um svör við nokkrum kjarnaatriðum.

Í fyrsta lagi er brýnt að ríkisstjórnin sem slík og ríkið sem atvinnurekandi geri skýra grein fyrir afstöðu sinni til hækkunar lægstu launa, þar með talin atvinnuleysislaun og lífeyrislaun aldraða og öryrkja frá Tryggingastofnun ríkisins. Í þessu samhengi vil ég minna á þá staðreynd að heildartekjur kvenna eru einungis 70% af heildaratvinnutekjum karla. Ein meginskýring þessa tekjumunar er sú staðreynd að vinna kvenna, m.a. við umönnun sjúkra, umönnun barna, við þrif og önnur mikilsverð störf er vanmetin. Ríkið er atvinnurekandi mikils fjölda þessara kvenna og ber ríka ábyrgð á því að þessari launamismunun linni, og á reyndar að vera í lófa lagið í yfirstandandi kjarasamningum að gera verulega bragarbót. Lítið sem ekkert hefur þokast í launajafnréttisátt síðasta áratuginn. Hvaða fyrirheit getur ríkisstjórnin gefið þeim sem lægst hafa launin?

Í öðru lagi hlýtur verkalýðshreyfingin að vilja fá skýr svör við því hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í skattamálum. Ríkisstjórnin hefur til þessa lagt áherslu á að lækka skatta stóreigna- og hátekjumanna með niðurfellingu sérstaks eignarskatts, lækkun eignarskatts og nú síðast með niðurfellingu hátekjuskatts í áföngum og boðar lækkun erfðafjárskatts.

Á sama tíma eru tekjur undir fátæktarmörkum skattlagðar, svo sem atvinnuleysislaun og lágmarkslífeyristekjur aldraðra og öryrkja svo dæmi séu nefnd. Skattleysismörk við álagningu á tekjur árið 2003 miðast við 69.585 kr. mánaðarlaun og hvorki persónuafsláttur né tekjumörk barnabóta og vaxtabóta hafa fylgt verðlagsþróun. Ég spyr: Hver eru áform ríkisstjórnarinnar í skattamálum í tengslum við gerð kjarasamninga?

Í þriðja lagi er aðkallandi að ríkisstjórnin svari kalli verkalýðshreyfingarinnar um jöfnun lífeyrisréttinda. Mikill munur er á lífeyrisréttindum starfsmanna á opinberum og almennum vinnumarkaði. Munur á lífeyrisgreiðslum getur numið allt að 40–70 þús. kr. á mánuði. Þá hafa orðið verulegar breytingar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða ASÍ-félaga, sem m.a. stafa af því að Tryggingastofnun ríkisins hefur þrengt rétt þeirra sem búa við örorku sem að einhverju eða jafnvel öllu leyti má kalla „félagslega örorku". Undir þeirri greiðslubyrði á ríkið að standa en ekki almennir lífeyrissjóðir.

Lög sem sett voru rétt fyrir jólin um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara voru olía á eld þessa ágreiningsmáls. Væri nær að ríkisstjórnin einhenti sér í jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna allra. Markmiðið hlýtur að vera að ganga betur út frá og tryggja betur og bæta lífeyrisrétt í almenna kerfinu. Það þarf að jafna réttindin upp á við, ef svo má að orði komast. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í þessum efnum?

Í fjórða lagi boðar ríkisstjórnin afnám sjómannaafsláttar og vísar sjómönnum á Landssamband íslenskra útvegsmanna. Landssambandið segir þvert nei og er ekki við öðru að búast úr þeim herbúðum. Það er rétt að minna á að hjá ríkinu starfar einnig fjöldi sjómanna svo sem á varðskipum. Þetta innlegg ríkisstjórnarinnar í kjaraviðræður sjómanna er að mínu mati vanhugsað og standa sjómenn sem einn maður gegn því. Þeir munu aldrei samþykkja þessa kjaraskerðingu.

Ef fella á niður sjómannaafslátt verða aðrar sambærilegar kjarabætur að koma til sögunnar áður. Sjómenn spyrja og krefjast einfaldra svara: Hyggst ríkisstjórnin halda fast við fyrirætlan sína um afnám sjómannaafsláttar?

[15:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin vill að sjálfsögðu stuðla að því að hér verði friður á vinnumarkaði og kjarasamningar náist þannig að stöðugleiki verði í þjóðfélaginu. Það er öllum mikilvægt að viðhalda þeim stöðugleika sem hefur verið hér á undanförnum árum og aðilar vinnumarkaðarins eru núna að semja um kjör á launamarkaði.

Það er eðlilegt að línur í kjarasamningum skýrist á hinum almenna vinnumarkaði og af því að hv. þm. spurði um hækkun lægstu launa er það að sjálfsögðu viðfangsefni aðila vinnumarkaðarins að takast á um hver verður hækkun lægstu launa. Mér er hins vegar fullkunnugt um að á þetta atriði er lögð mikil áhersla sem ég fagna og ég vænti þess að hægt sé að semja um viðsættanlegar tölur í þessu sambandi.

Hv. þm. spurði um skattamál. Ég vil aðeins ítreka það sem fram hefur komið hjá ríkisstjórninni í þeim efnum. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að afnema hinn svokallaða hátekjuskatt. Það er jafnframt stefna ríkisstjórnarinnar að eignarskattur verði afnuminn og það er jafnframt stefna

ríkisstjórnarinnar að lækka skattprósentuna verulega og undirbúningur þess máls er í fullum gangi.

Aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambandið, hefur óskað eftir fundum með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og hafa tveir slíkir fundir átt sér stað. Þar hefur fyrst og fremst verið rætt um tvö mál, þ.e. um jöfnun lífeyrisréttinda og um atvinnuleysisbætur. Það hafa átt sér stað ágætar viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa ASÍ um þessi mál og er alveg ljóst að ríkisstjórnin fyrir sitt leyti er tilbúin að koma að málum þegar efni standa til, það er ekki komið að því, og reyna að leysa mál eftir því sem svigrúm er til innan marka fjárlaga og stuðla þannig að kjarasamningum sem tryggja vinnufrið í landinu og stöðugleika í efnahagsmálum.

[15:31]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Þegar erfiðir kjarasamningar eru fram undan eins og núna og vaxandi óvissa ríkir um framvindu efnahagsmála skiptir miklu máli að launamenn geti treyst þeirri ríkisstjórn sem situr. Við munum að slíkt traust var forsenda þeirrar þjóðarsáttar sem var gerð 1989 þegar þjóðin náði saman niður verðbólgunni.

Þessi ríkisstjórn verðskuldar hins vegar ekki traust launamanna. Hún hefur þegar svikið mörg þau loforð sem hún gaf og skiptu launamenn ákaflega miklu. Hún lofaði að ná niður atvinnuleysi en ekkert hefur dregið úr því. Hún lofaði að hjálpa efnalitlu fólki með því að hækka húsnæðislánin upp í 18 millj. kr. en hún hefur ekki gert það. Hún lofaði að bæta kjör atvinnulausra en hún sveik það. Hún lofaði auknum fjárveitingum til öryrkja í kosningabaráttunni en hún stóð ekki við þær. Og hún lofaði að lækka skatta um 25 milljarða eins og hæstv. utanrrh. og sitjandi forsrh. var að rifja hér upp en hún efndi það með því að hækka skattana strax í haust.

Bensínskatturinn hækkaði. Þungaskatturinn hækkaði. Meira að segja sérstakur frádráttur vegna lífeyrissparnaðar var afnuminn og skattahækkanir á þessu ári nema milljörðum króna. Og það er ekkert heilagt. Þeir sem minnst mega sín, þeir sem minnst eiga, þeir sem draga fram lífið á strípuðum bótum og voru áður skattlausir þurfa núna að greiða í skatt sem svarar mánaðarlegum bótum. Þegar ríkisstjórnin lagði loks fram frv. um lítilvæga lækkun erfðafjárskatts gat hún ekki á sér setið, hún lagði líka til sérstaka skattahækkun á líknarfélög, kirkjur og öryrkja. Þetta heitir að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, hæstv. forseti, og ég verð að segja að verkalýðshreyfingin getur ekki reitt sig á orð ríkisstjórnarinnar.

Þetta er ríkisstjórn hinna sviknu loforða.

[15:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það liggur í hlutarins eðli að ríkisstjórnin mun reyna að greiða fyrir gerð kjarasamninga eftir því sem í hennar valdi stendur. Þetta mál er hins vegar það skammt á veg komið að enn hefur ekki á það reynt með hvaða hætti best verður fyrir komið aðkomu ríkisstjórnarinnar að því. Vonandi tekst þó að ljúka þessum kjarasamningum innan tiltölulega skamms tíma og þá mun koma í ljós hver aðkoma ríkisstjórnarinnar verður.

Eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh. hafa nokkur atriði öðrum fremur verið nefnd í þessu sambandi, mál sem hafa verið rædd í sölum þingsins nokkrum sinnum, svo sem jöfnun lífeyrisréttinda. Ekki er komin niðurstaða í það. Líka liggur fyrir ákveðin krafa af hálfu verkalýðshreyfingarinnar gagnvart atvinnuleysisbótum. Ekki er heldur komin niðurstaða í neitt af því.

Að því er varðar skattalækkanir liggur alveg fyrir og er algjörlega óbreytt, alveg sama hvað hv. þm. Össur Skarphéðinsson heldur áfram að berja höfðinu við steininn, að stefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í málefnasamningi hennar er sú að það verði gengið í að lögfesta hér þær skattalækkanir sem við höfum talað um, eins og utanrrh. lýsti, að loknum þessum kjarasamningum. Ef það liggur núna fyrir að þeir séu að takast á næstu dögum eða vikum verður komið að ríkisstjórninni að skila sínu í þeim efnum en auðvitað verður ekki um þau mál samið við samningaborðið í kjarasamningum, ekkert frekar en ríkisstjórnin getur beitt sér fyrir tiltekinni hækkun lægstu launa. Úr því verða aðilar vinnumarkaðarins sjálfir að greiða þó að ríkisstjórnin fagni því að sjálfsögðu ef tekst að koma málum þannig fyrir að þeir sem minnst bera úr býtum fái mestu kjarabótina í þessum kjarasamningi.

[15:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum hefur orðið til þess að auka álögur á þá sem hafa lægstu launin. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt raungildi launanna sem hefur orðið til þess að þeir sem lægst hafa launin greiða hærri skatta en ella hefði verið. Þarna munu vanta a.m.k. yfir 10 þús. kr. svo að persónuafsláttur haldi því raungildi sem lagt var upp með þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp.

Annað atriði sem mig langar til að víkja að varðandi það þegar við tókum upp staðgreiðslukerfið er sjómannaafslátturinn. Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp var sjómannaafslættinum breytt úr því að vera prósentutengd tala af launum hvers manns upp á 12% sem var dregin frá tekjum yfir í að vera gert að jafnlaunatæki innan sjómannastéttarinnar. Við þessa breytingu lækkaði kostnaður ríkissjóðs af sjómannaafslættinum. Í staðinn hafði sjómannaafsláttur inn þau áhrif að þeir sem höfðu lægri launin innan stéttarinnar höfðu miklu meiri rauntekjur en áður hafði verið. Ef tekið væri dæmi af manni sem hafði 2,5 millj. í árslaun fyrir og eftir breytinguna yfir í staðgreiðslukerfið munar 300 þús. kr. sem rauntekjur sjómanns með 2,5 millj. eru hærri í dag en þær voru áður en staðgreiðslukerfið var hér tekið upp, eingöngu vegna þessarar breytingar.

Að sama skapi minnkaði vægi sjómannaafsláttarins fyrir þá sem hærri höfðu tekjurnar. Þetta var gert með fullum vilja og vitund allra innan sjómannasamtakanna og er í raun og veru eitt besta verk sem sjómannastéttin hefur gert, og gert samkomulag um við ríkið á sínum tíma. Nú er lagt til að sjómannaafslátturinn verði lagður niður þvert ofan í það sem gerist hjá öðrum þjóðum.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Ég held að fullt efni sé til þess, m.a. vegna þess hvernig hæstv. ríkisstjórnin sjálf hefur gefið upp boltann í þessum efnum, einkum og sér í lagi formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. og starfandi hæstv. forsrh. Þegar skattalækkunarloforðin voru jafnvel farin að ganga fram af loforðasmiðunum sjálfum í kosningabaráttunni sl. vor greip formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., iðulega til þess ráðs að spyrða þau saman við væntanlega kjarasamninga og endur-

tók það í umræðum aftur og aftur að þetta yrði nánar útfært í tengslum við kjarasamninga.

Nú segir hins vegar hæstv. fjmrh. að þetta séu tveir óskyldir hlutir, skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar muni koma til framkvæmda að loknum kjarasamningum og þau séu ekki samningsatriði í þeim samningum. Ég leyfi mér að spyrja: Hvort gildir? Hvor talar fyrir ríkisstjórnina, hæstv. utanrrh. eða hæstv. fjmrh.? Þarna er greinilega talað með talsvert ólíkum hætti um hlutina.

Síðan fannst mér hæstv. starfandi forsrh. hegða sér hér í ræðustólnum eins og hann væri nánast yfir það hafinn að svara þeim spurningum sem fyrir hann voru bornar. Er það þannig, eins og ráða mátti af svörum eða öllu heldur svaraleysi hæstv. ráðherra, að ríkisstjórnin hafi engar meiningar um lágmarkslaun og lægstu laun í landinu? Hvar er svarið við spurningunni um áformin um sjómannafrádráttinn? Standa þau? Og ýmis önnur áform ríkisstjórnarinnar sem auðvitað hafa torveldað andrúmsloftið í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Eru skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar sem fyrst og fremst gagnast hátekjufólki og eignamönnum líkleg til að greiða fyrir lausn almennra kjarasamninga ef ekki á að hrófla við persónufrádrætti upp á við eða öðru slíku?

Nei, ég held að hæstv. ríkisstjórn verði að gera betur en þetta og lágmark að menn geri a.m.k. tilraun til þess að svara þeim spurningum sem hér eru fyrir þá bornar.

[15:41]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er undarlegt að heyra hv. formenn stjórnarandstöðuflokkanna koma hér upp og ræða um stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum eins og komið sé að lokum kjörtímabils. Það er eins og hv. þingmenn geri sér ekki grein fyrir því að það er rétt rúmlega hálft ár frá kosningum. Þetta eru undarlegar ræður sem hér eru settar á. Að sjálfsögðu munu ríkisstjórnarflokkarnir standa við þau metnaðarfullu loforð um skattalækkanir sem kynntar hafa verið og virðast örlítið pirra hv. stjórnarandstöðu.

Við hljótum samt líka að spyrja um tilefni þessarar umræðu núna. Hver er aðkoma ríkisstjórnar að kjaraviðræðunum? Ég veit ekki betur en að um það hafi verið sátt, og það nokkuð lengi, að fulltrúar launþega og atvinnurekenda fari að því borði, annist kjaraviðræður. Um það hefur verið sátt ansi lengi og um það hafa verið sett sérstök lög sem ég hygg að sé nokkuð almennur stuðningur við.

Ég veit heldur ekki betur en að þau mál séu í eðlilegum farvegi. Til allrar hamingju berast jákvæðar fréttir frá þeim viðræðum um að vel gangi saman í viðræðum um kjaramál á milli atvinnurekenda og launþega. Þess vegna er mér óskiljanlegt tilefnið einmitt núna. Er verið að ætlast til þess af hv. málshefjanda, hv. þm. Vinstri grænna Atla Gíslasyni, að ríkisstjórnin grípi inn í viðræður í miðjum klíðum, viðræðum sem ganga afskaplega vel? Ég vil ekki segja að umræðan sé óþörf en a.m.k. vil ég segja að hún er ótímabær. (**SJS:** Þú sérð a.m.k. ástæðu til að taka þátt í henni.)

[15:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á alþjóðlegum vinnumarkaði sem hafa haft afleiðingar hér á landi eins og annars staðar. Í kjölfar alþjóðavæðingar hefur orðið umbylting á eignarhaldi fyrirtækja. Stjórnunaraðferðir eru fjarlægari og ópersónulegri. Atvinnurekendur telja sig ekki bera þá samfélagslegu skyldu sem áður þótti eðlileg. Líklegt er að enn aukist kröfur um hagræðingu og lægri launakostnað í framtíðinni og að íslenskt launafólk muni í auknum mæli finna fyrir þessum breytingum.

Það er líka ýmislegt í umhverfi launafólks sem stjórnvöld þurfa að grípa inn í. Atvinnulausum er að fjölga. Samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar frá í desember fjölgaði þeim sem hafa verið atvinnulausir í sex mánuði eða meira um 82% í fyrra. Hagdeild ASÍ spáir því að fleiri verði atvinnulausir í ár en í fyrra og að sú þróun haldi áfram árið 2005. Tvöfalt lífeyriskerfi með innbyggðri mismunun og sífellt vaxandi skuldbindingum fyrir opinbera aðila kallar á breytingar og þess vegna er krafa samtaka launafólks um aðkomu ríkisvaldsins að kjarasamningum eðlileg og nauðsynleg. Réttindi fólks til atvinnuleysistrygginga þarf að treysta og auka fullorðinsfræðslu og símenntun til að taka á vanda langtímaatvinnulausra.

Á sama hátt þarf að móta skynsama stefnu í málefnum útlendinga með það m.a. fyrir augum að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og kjararýrnun sem leiðir til vaxandi útlendingaandúðar ef ekkert er að gert.

Herra forseti. Verkalýðshreyfingin vill leggja grunn að traustum kjarasamningum en hún getur það ekki nema ríkisvaldið axli þá ábyrgð sem því ber. Enn hefur ríkisstjórnin ekki svarað neinu um það hvað hún ætli að leggja af mörkum við kjarasamningana til að tryggja hér stöðugleika í efnahags- og atvinnumálum á næstu árum og eftir því hljótum við að kalla, virðulegi forseti.

[15:44]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur margsinnis verið í umræðunni á Íslandi að æskilegt væri að hækka lægstu laun. Við eigum langa sögu að baki, sögu mikilla mistaka um það. Það hefur ekki gengið eftir sem menn hafa viljað. Það var fyrst árið 1995 og 1997 sem tókst að gera verulegt átak í því að hækka lægstu laun á Íslandi. Við skulum minnast þess hvernig stóð á því að það tókst. Það tókst vegna þess að allir aðilar vinnumarkaðarins, allir hagsmunaaðilar á landinu, komu sér saman um að nota ekki lægstu laun sem viðmiðun fyrir kjarabaráttu sína. Þess vegna tókst að ná þessum árangri.

Þess vegna vara ég við og segi: Einhverjar fullyrðingar, einhverjar meiningar, eitthvert valdboð um það hvernig fara skuli með lægstu laun held ég að sé dæmt til að mistakast. Við náum aldrei árangri öðruvísi en með samningum allra aðila. Það ber að vekja á því athygli að því miður hefur þróunin orðið sú að menn eru núna farnir að nota þessa samninga frá 1995–1997, þegar við hækkuðum lægstu launin, sem viðmiðun í nýja kröfu segjandi að menn hafi nú ekki fylgt þróun lægstu launa í staðinn fyrir að benda á það sem rétt er, að bætur eiga að fylgja almennri launaþróun.

Ég vil hins vegar, herra forseti, taka undir áhyggjur málshefjanda um þróun örorkubótanna og hvernig hinir frjálsu lífeyrissjóðir standa gagnvart henni. Þetta er mjög alvarlegur hlutur og okkur ber að horfast í augu við hann. Enginn má undan líta. Því fyrr sem við horfum til þess, því betra. Þetta er hlutur sem ég held að ríkisvaldið gæti hjálpað til með. Við eigum að skoða það alvarlega.

[15:47]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Þau sögðu mér að vísu fátt sem ég vissi ekki fyrir og ég verð að segja það enn og aftur að ég harma áhersluröð ríkisstjórnarinnar. Hún gengur gegn réttlætiskennd minni, gengur gegn

uppeldi mínu. Ég sé ekki að raða þurfi stóreignafólki og hátekjufólki fremst. Maður byrjar á hinum endanum. Maður dæmir þjóðfélag, þar á meðal íslenska þjóðfélagið, eftir því hvernig við reynumst gagnvart þeim sem minna mega sín. Við stöndum okkur illa í því. Sá reikningur sem við erum að búa til fyrir framtíðina að því leyti verður dýr vegna þess að við erum að búa til vandamál í dag sem verða vandamál í fjöldamörg ár.

Kannski er ekki vinsælt í kosningum að horfa 20, 30, 40 ár fram í tímann. Kannski á maður bara að kíkja fjögur ár eða jafnvel bara einn dag. Svörin sögðu mér fátt og engu var svarað um sjómannaafsláttinn. Ég vil hins vegar minna hæstv. utanrrh. á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru jákvæð ákvæði um að jafna launamun kvenna og karla. Það verður ekki gert nema lyfta lægstu launum. Það er útilokað að gera það með öðrum hætti.

Ég get verið sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að þarna þurfi þríhliða viðræður en ríkisvaldið verður að koma þar inn í með frumkvæði, með hugmyndir og vera með í því. Ég held, hef a.m.k. heyrt það, að þær viðræður sem áttu sér stað sl. föstudag hafi nánast engu skilað.

[15:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samskipti ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins eru í fullkomlega eðlilegum farvegi. Sem betur fer hafa ekki borist nema jákvæðar fréttir af gangi samninganna og eftir því sem ég best veit eru þessir samningar í ágætum farvegi. Það er hins vegar ekki tímabært að greina frá því eða ákveða með hvaða hætti ríkisstjórnin kemur endanlega inn í þessa samningsgerð. Línur þurfa að skýrast betur áður en kemur að því.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði réttilega að þetta snerist um traust. Ég minni á að á undanförnum árum, ef við miðum t.d. við árið 1995, hefur kaupmáttur í landinu aukist meira en nokkru sinni fyrr. Lægstu laun hafa hækkað meira en nokkru sinni fyrr, meiri hækkanir á örorkulífeyri og tekjutryggingu hafa verið og meiri stöðugleiki og framfarir í þjóðfélaginu en nokkru sinni fyrr.

Það er þessi þróun sem þarf að halda áfram, og það liggur nokkuð skýrt fyrir hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir í skattamálum. Aðilar vinnumarkaðarins geta að sjálfsögðu tekið mið af því, og hafa tekið mið af því.

Málið er allt í eðlilegum farvegi og það byggir á fullu trausti milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið er skýrt, að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið lögð á undanförnum árum með mikilli aukningu kaupmáttar og mikilli hækkun bæði lægstu launa og lægstu bóta.

Tilhögun þingfundar.

[15:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 23. febr. 2004:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar eftir því, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, að ræðutími við 1. umr. í 564. máli, Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins.“

Undir bréfið ritar Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Við þessari beiðni verður orðið.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 1. umr.

Stjfrv., 564. mál (heildarlög). — Þskj. 843.

[15:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frv. þetta er í meginatriðum samið af nefnd sem skipuð var 25. september 2001 og hafði það verkefni að endurskoða lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum á stjórnsýslu náttúruverndarmála, m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Einnig var nefndinni falið að gera tillögur um framtíðarstarfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Frv. var lagt fram á Alþingi sl. vetur en náði ekki fram að ganga. Gerðar hafa verið lítils háttar breytingar á því síðan þá með hliðsjón af umsögnum sem bárust umhvn. Alþingis. Einnig hefur verið bætt við frv. ákvæði til bráðabirgða III þar sem heimild Umhverfisstofnunar til að veita leyfi til hækkunar stíflu við Laxárvirkjun er rýmkuð. Gert er ráð fyrir að frv. þetta taki gildi 1. maí 2004.

Í frv. er lagt til að gildissviði laganna verði breytt frá því sem nú er og þau taki í meginatriðum til Laxár, Mývatns og ýmissa nálægra votlendissvæða en núgildandi lög ná til Laxár og Skútustaðahrepps alls. Gert er ráð fyrir að önnur svæði í Skútustaðahreppi sem hafa hátt verndargildi verði friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum og verður þegar hafist handa við þann undirbúning verði frv. að lögum. Skal þeim friðlýsingum vera lokið fyrir 1. janúar 2008 samkvæmt bráðabirgðaákvæði frv.

Auk þess er í frv. nýmæli um sérstaka vernd vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Skv. 3. gr. frv. verður óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði sem afmarkast af Laxá, Mývatni og nálægum votlendissvæðum. Mörk þessa svæðis eru dregin á korti í fskj. I með frv. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að efnislega sé um sambærilega vernd að ræða og er á svæðinu í dag.

Um vernd vatnasviðs Mývatns og Laxár er síðan fjallað í 4. gr. frv. og eru mörk þess dregin á korti í fskj. II. Samkvæmt greininni skal forðast að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar.

Nýmæli er í 6. gr. frv. þar sem kveðið er á um gerð verndaráætlunar fyrir Skútustaðahrepp allan auk Laxár allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa eða það landsvæði sem fellur undir gildandi lög. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I skal gerð verndaráætlunar lokið fyrir 1. janúar 2006.

Ég vil að það komi hér fram að Umhverfisstofnun hefur þegar hafist handa við gerð verndaráætlunar.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn verði óbreytt en stjórn hennar lögð niður. Í stað hennar verður skipað fagráð sem verður forstöðumanni til ráðgjafar um vísindastarf stofnunarinnar, rannsóknarstefnu og fagleg tengsl við aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir á svæðinu en hafi ekki með daglegan rekstur stofnunarinnar að gera.

Eins og áður segir er í frv. ákvæði til bráðabirgða III þar sem heimild Umhverfisstofnunar til að leyfa hækkun stíflu við Laxárvirkjun er rýmkuð að því tilskildu að fyrir liggi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns og að umhverfismat vegna framkvæmdarinnar hafi farið fram.

Ís- og krapastíflur ásamt grunnstingulsvandamálum tengt inntaki virkjunarinnar hafa truflað rekstur hennar. Einnig hefur sandburður í Laxá valdið erfiðleikum í rekstri Laxárvirkjunar og valdið sliti á vatnsvélum. Þá hafa heimamenn haft áhuga á því að draga úr sandburði í Laxá. Vegna þessa hefur Landsvirkjun gert áætlun um að hækka núverandi stíflu efst í Laxárgljúfri í því skyni að leysa framangreind vandamál. Með því myndast inntakslón ofan stíflunnar og sandur og grjót sem Laxá ber með sér fellur til botns í lóninu.

Samkvæmt núgildandi lögum og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. frv. eru allar breytingar á hæð vatnsborðs Mývatns og Laxár óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra. Í 1. gr. samnings sem gerður var milli stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnarinnar í maí 1973 vegna svonefndrar Laxárdeilu segir að samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns þurfi fyrir breytingum á virkjunum í Laxá sem leiða til hækkunar á vatnsborði árinnar.

Núgildandi lög ganga þannig lengra en fyrrnefnt samkomulag hvað þetta varðar. Bráðabirgðaákvæðinu er því m.a. ætlað að tryggja að lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu standi ekki í vegi fyrir framkvæmdum sem aðilar máls, þ.e. Landsvirkjun og Landeigendafélag Laxár og Mývatns, yrðu sammála um að nauðsynlegar væru til að leysa þá erfiðleika sem verið hafa í rekstri virkjunarinnar, enda fari slíkar framkvæmdir ekki í bága við náttúruverndarsjónarmið að mati Umhverfisstofnunar.

Annar megintilgangur bráðabirgðaákvæðisins er að opna fyrir þann möguleika að umhverfismat vegna framkvæmdarinnar geti farið fram en um það hefur ríkt ákveðin réttaróvissa vegna fyrrnefndra ákvæða núgildandi laga og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. frv. um að allar breytingar á hæð vatnsborðs Mývatns og Laxár séu óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra.

Ef slík framkvæmd er ekki til verndunar og ræktunar er hún beinlínis ólögmæt samkvæmt þessum ákvæðum og því óvíst hvort mat á umhverfishrifum hennar geti farið fram.

Töluverð umræða hefur farið fram síðustu ár um það hvort og með hvaða hætti unnt sé að leysa fyrrnefnda erfiðleika í rekstri Laxárvirkjunar og eru skoðanir manna skiptar. Fram hefur komið í máli margra heimamanna að þeir telji unnt að leysa þá með öðrum hætti en eingöngu með hækkun á núverandi stíflu virkjunarinnar.

Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er lagt mat á hvaða áhrif hún hefur á umhverfið og auk þess eru skoðaðir helstu kostir við fyrirhugaða framkvæmd, í þessu tilviki væntanlega bæði mismunandi stífluhæð og e.t.v. aðrar mögulegar leiðir til að hefta sandburð í Laxá. Mat á umhverfisáhrifum mun þannig gefa þýðingarmiklar upplýsingar og auðvelda alla ákvarðanatöku um málið, m.a. fyrir Landeigendafélag Laxár og Mývatns en ekki síst fyrir leyfisveitendur sem í þessu tilviki eru Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélag.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[16:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einkum tvennt sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um. Annað varðar dagsektir í 10. gr.: Í hvaða tilfellum sér hæstv. ráðherra að þeim verði einkum beitt?

Í öðru lagi varðandi bráðabirgðaákvæðið. Hvers vegna er það látið gilda í 10 ár? Hvað veldur því að það er látið gilda í 10 ár en ekki fimm eða tvö?

[16:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi dagsektirnar er um almennt ákvæði að ræða. Í skýringum kemur fram að ákvæðin þarfnist ekki skýringar þannig að hér er um almenn sektarákvæði að ræða sem venjan er að hafa í lögum af þessu tagi. Ef grípa þarf til þeirra er sem sagt heimild til þess.

Varðandi bráðabirgðaákvæðið er rétt að það er svokallað sólarlagsákvæði. Það er almennt þannig að menn telja eðlilegt að bráðabirgðaákvæði séu ekki varanleg, heldur hafi einhvers konar sólarlag innifalið, þ.e. þau renni út eftir ákveðið árabil. Hvort 10 ár séu rétti tíminn eða ekki geta menn deilt um en ég tel eðlilegt að umhvn. skoði í vinnslu þessa máls hvort eðlilegra sé að hafa eitthvert annað árabil. Hugmyndin var að opna á þann möguleika að umhverfismat gæti farið fram á svona framkvæmd þannig að menn gætu skoðað í heildbundnu umhverfismati kosti og galla við ýmsar útfærslur af hugsanlegri framkvæmd. Ef aðilar máls, allir saman í einu, verða sammála um að ásættanlegt sé að fara í einhvers konar aðgerðir vegna reksturs þessarar virkjunar yrðu lögin ekki útilokandi eins og þau eru í dag. Þessir þrír aðilar eru sveitarfélagið, landeigendafélagið og Umhverfisstofnun. Það er ekki hægt að fara í neinar framkvæmdir þarna nema allir þessir þrír aðilar verði sammála um það á sama tíma.

[16:03]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður fékk ég engar skýringar á því hvers vegna það voru 10 ár. Þá má spyrja í framhaldinu: Er einhver þörf á því að setja það í bráðabirgðaákvæði að það eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum? Ég sé það ekki. Mér sýnast samkvæmt gildandi lögum allar líkur á því að þessi framkvæmd, hækkun á stíflunni sem þetta bráðabirgðaákvæði fjallar um, skuli fara í umhverfismat.

Ástæðan fyrir því að ég spyr um dagsektirnar er einkum sú að samkvæmt lögum um aðför falla dagsektir niður um leið og sá sem hefur verið skipað að framkvæma ákveðinn hlut framkvæmir það sem honum hefur verið gert að framkvæma. Þess vegna tel ég þetta dagsektarákvæði alveg handónýtt.

[16:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. þm. Sigurjón Þórðarson telji hægt að fara með hugsanlega framkvæmd í umhverfismat í dag er það ekki svo. Miðað við hvernig þetta mál er vaxið er réttaróvissa um það atriði vegna þess að í núgildandi lögum stendur að ekki megi hafa áhrif á rennsli Laxár nema til verndunar og ræktunar. Meginkrafturinn á bak við þær hugmyndir sem eru uppi er ekki að vernda og rækta, heldur rekstrarerfiðleikar við virkjunina. Þessi framkvæmd er þess eðlis að hún fellur ekki að lögunum. Þess vegna þarf að taka á þessari réttaróvissu til að umhverfismatið gæti farið fram og menn gætu skoðað áhrifin.

Til hvers ættu Skipulagsstofnun eða Umhverfisstofnun í dag að taka þessa framkvæmd inn í umhverfismatið þar sem ekki er hægt að veita leyfi fyrir henni? Hún er ekki, eins og menn hafa skilið þetta mál, til verndunar eða ræktunar. Hún er vegna rekstrarerfiðleika í þessari virkjun þannig að það er annar megintilgangur þessara laga, að eyða réttaróvissunni svo að menn geti farið í umhverfismat og skoðað þá alla kosti og galla við hugsanlega framkvæmd. Ég er alveg viss um að Landsvirkjun mun leggja sig fram við að ræða við heimamenn um þá kosti sem þeir vilja láta skoða sem Landsvirkjun hingað til hefur ekki ljáð máls á af því að nú verða menn að ná saman. Menn verða allir að vera sammála um ásættanlegar aðgerðir eigi þær að verða að veruleika. Annars verður ekkert úr neinu og engar breytingar verða gerðar.

[16:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er með nokkuð blendnum huga sem ég tek á móti þessu frv. til laga um breytingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er jákvætt og gott í sjálfu sér að að mestu leyti hefur náðst samkomulag um endurskoðun á þessum verndarlögum sem alllengi hefur verið til umræðu og sem heimamenn, einkum og sér í lagi í Skútustaðahreppi, hafa þrýst nokkuð á um til að færa meðferð mála á þeim slóðum til meira samræmis við það sem gildir almennt hvað varðar byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi. Þá eru það ákaflega mikil vonbrigði og vekur satt best að segja mikla furðu að það smyglgóss skuli vera með í för sem raun ber vitni. Þar á ég að sjálfsögðu við ákvæði til bráðabirgða III í þessu frv. sem á ekkert skylt við undirbúningsvinnuna að málinu, er í algerri andstöðu við helstu samstarfsaðila ráðuneytisins um undirbúning frv. að öðru leyti, einkum og sér í lagi landeigendur við Laxá og Mývatn, og er auðvitað ekkert annað en skýlaust brot á samkomulagi deiluaðila í Laxárdeilunni sem innsiglað var með undirritun samninga 16. maí í Reykjavík og 19. maí að Stóru-Tjörnum árið 1973.

Það samkomulag er grundvallargagn sátta í Laxárdeilunni. Lögin eru síðan skilgetið afkvæmi samkomulagsins sem gert var milli ríkisstjórnar, landeigenda við Laxá og Mývatn og Laxárvirkjunarstjórnar sem þá var. Það er kaldhæðnislegt að undir samkomulagið ritar af hálfu ríkisstjórnar Ólafur heitinn Jóhannesson, þáverandi forsrh. og formaður Framsfl. Að það skuli þurfa að bætast við annað sem hæstv. umhvrh. leggur á sig í þessum leiðangri fyrir Landsvirkjun eina ferðina enn, að helga henni meira land og auka olnbogarými hennar í virkjunarmálum og ætla að rjúfa þá með beinum hætti grið eftir einhverja harðvítugustu, illvígustu og sögufrægustu deilu á sviði umhverfismála sem nokkurn tíma hefur orðið hér í landi og eftirminnilegt samkomulag sem þáverandi formaður Framsfl. og forsrh. beitti sér mjög fyrir á lokamánuðum deilunnar að ná fram.

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að fara aðeins yfir aðdraganda Laxárdeilunnar og setja í samhengi við þá atburðarás þá hluti sem hér eru undir. Rétt er að minna fyrst á að virkjunaráform, löngun virkjunaraðila í að mega athafna sig að vild, jafnvel þó að í hlut ættu einhver viðkvæmustu náttúrusvæði landsins, voru þá sem fyrr undirrót deilunnar. Á miðju ári 1969 komu upp úr kafinu virkjunaráform Laxárvirkjunarstjórnar, svonefnd Gljúfurversvirkjun. Þau gengu út á að virkja í nokkrum áföngum með hækkandi stíflum Laxá við Brúar efst í Laxárgljúfrum og enda þar í allt upp undir 60 metra hárri stíflu með gríðarmiklu uppistöðulóni sem færði stóran hluta af neðri hluta Laxárdals í kaf. Í síðari áföngum átti að veita vatni úr Svartá og Suðurá sem falla til Skjálfandafljóts yfir í Kráká og áfram niður í gegnum Laxá og til sjávar. Með þessu öllu saman átti að reisa meðalstóra vatnsaflsvirkjun upp á ein 80 megavött í afli.

Heimamenn brugðust eðlilega fárir við, einkum og sér í lagi auðvitað landeigendur, bændur í Laxárdal og við Mývatn, veiðiréttarhafar og aðrir slíkir sem annt var um þetta svæði og náttúruvernd á því. Menn stofnuðu landeigendafélag, og baráttumenn fyrir umhverfisvernd alls staðar að af landinu tóku höndum saman við heimamenn í Þingeyjarsýslum um andóf gegn þessum áformum.

Framganga virkjunaraðila á þeim tímum var á þann veg að ekki var verið að hafa mikið fyrir því að tala við þá sem í hlut ættu. Vegna þess að menn höfðu rétt á landinu þar sem stíflan sjálf átti að rísa töldu þeir sig hvorki þurfa að ræða við kóng né prest og höfðu líka tamið sér þann framgangsmáta, samanber t.d. þegar stíflumannvirki voru reist við útfallsósa Mývatns án þess að nokkurt samkomulag hefði tekist við landeigendur þar. Þar á meðal átti í hlut hin fræga Miðkvíslarstífla sem síðar var fjarlægð.

Baráttan fór fyrir dómstóla og varð m.a. söguleg af þeim ástæðum að sýslumaður Þingeyinga, Jóhann Skaptason, vék frá byrjun sæti sem slíkur þar sem hann var sjálfur virkur þátttakandi í baráttu heimamanna gegn virkjunaráformunum. Þurfti á öllum stigum að setja sýslumann eða dómara í málið.

Auðvitað var ljóst, og ég held að fáir deili um það í dag, að þarna átti að fara fram með grófri lögleysu og miklu ofríki í garð hagsmunaaðila og landeigenda á þessum slóðum. Ég held að það verði ekki orðað öðruvísi í dag og mundi náttúrlega tæplega hvarfla að einum né neinum — og þó. Það sem enn er að gerast er býsna keimlíkt. Hæstv. umhvrh. leggur fram frv. með ákvæði til bráðabirgða III í sem hæstv. ráðherra veit að er í algerri andstöðu við ríkjandi sjónarmið landeigenda á sama svæði, hagsmunafélag landeigendanna við Laxá og Mývatn. Þetta veit hæstv. ráðherra vel og ráðuneytisstjóri hæstv. ráðherra sem var einhvers konar undanfari, að sögn greinar í Morgunblaðinu í dag, til að kynna mönnum erkibiskupsboðskapinn væntanlega, í desembermánuði sl. Því var tekið fálega þykist ég hafa eftir áreiðanlegra manna heimildum og sömuleiðis veit hæstv. ráðherra vel, eftir að hafa fundað með mönnum, að hún nýtur ekki stuðnings við þessa leið í málinu. Engu að síður er látið undan, væntanlega, þrýstingi Landsvirkjunarmanna sem þarna vilja fá sitt fram eins og venjulega.

Landeigendur, eins og áður sagði, stofnuðu með sér félag, fyrst í kringum Laxársvæðið sem síðar varð Landeigenda-

félag Laxár og Mývatns. Um svipað leyti varð til félag veiðiréttarhafa í Mývatnssveit og við Laxá og Kráká. Menn bundust samtökum og skipulögðu sig með ýmsum hætti. Framan af ári 1970 leit allt út fyrir að ekki stæði til að gera eitt né neitt með andstöðu heimamanna og þeim gekk erfiðlega að ná eyrum stjórnvalda. Það hefur án efa átt sinn þátt í þeirri einstæðu aðgerð, að kvöldi 26. ágúst 1970, þegar á annað hundrað manns úr Þingeyjarsýslum komu saman búnir verkfærum og fjarlægðu stífluna í Miðkvísl, notuðu reyndar að hluta til dýnamít við það því að inni í jarðvegsstíflunni reyndist steinkjarni, og varð landsfrægt mál. Þeir töldu stífluna reista í fullkomnu leyfisleysi og sannanlegt er að aldrei var gert neitt samkomulag við þá landeigendur um þá ráðstöfun sem og þær breytingar á rennsli Mývatns sem af þessu stöfuðu, stíflur sem torvelduðu silungagöngur og gripu með ýmsum hætti inn í viðkvæmt og einstakt lífríki á þessum slóðum.

Eins og rækilegar síðari tíma umhverfisrannsóknir hafa sýnt fram á eru Mývatn og Laxá eitt, og vistkerfið og vatnasvæðið allt, og getur hvorugt án hins verið. Ég hef ekki tíma hér, herra forseti, til að fara eins og vert væri og skylt í þetta mál því að það verðskuldaði langa ræðu að gera rækilega grein fyrir þessu einstaka máli. Ég held að mörgum væri hollt og þarft að rifja það upp núna. Ég leyfi mér að mæla þar t.d. með bók sem skrifuð er af lögmanni landeigenda, Sigurði Gizurarsyni. Sömuleiðis hefur Erlingur Sigurðarson frá Grænavatni gert merka kandídatsritgerð um deiluna. Síðan má benda á þau rit sem út komu í kjölfar rannsókna, sem spruttu upp úr Laxárdeilunni, á Mývatni og Laxá og eru nánast einstæðar í sinni röð á Íslandi. Það er helst að rannsóknir á Þingvallavatni komist nálægt því sem gert hefur verið við Mývatn og er allt saman meira og minna með einum og öðrum hætti afsprengi þessa máls, þ.e. Laxárdeilunnar miklu sem stóð linnulaust frá árinu 1969 og fram til 20. maí 1973 þegar hún var til lykta leidd.

Það varð landeigendum að miklu gagni í þessu streði öllu, þrátt fyrir að þeir ættu erfitt uppdráttar lengi vardandi það að ná rétti sínum fyrir dómstólum, að þeir náðu þó fram með dómi Hæstaréttar lögbanni á að vatni yrði veitt á aflvélar Gljúfurversvirkjunar eða Laxár III, eins og síðar var tekið að kalla hana. Þá var uppi sú sérkennilega staða í málinu að stjórnvöld höfðu veitt virkjunaraðilum öll framkvæmdaleyfi, framkvæmdir voru hafnar og þær gátu í sjálfu sér haldið áfram, en landeigendur höfðu fyrir dómstólum náð því fram að óheimilt væri að veita vatni úr Laxá inn í virkjunina. Var þá til lítils streðað við að byggja hana ef aldrei færi um hana neitt vatnið. Þannig var staðan lengst af meðan deilan geisaði og styrkti auðvitað mjög, smátt og smátt, stöðu landeigenda að þeir höfðu þennan lögbannsdóm Hæstaréttar frá því í desember 1970, ef ég man rétt, á bak við sig. Mig minnir að dómur hafi fallið 15. desember 1970.

Deilan stóð hins vegar linnulaust. Enginn efast um að ef ekki hefði verið fyrir þrotlausa baráttu og órofa samstöðu virkjunarandstæðinga hefði farið öðruvísi. Allt fram undir hið síðasta gengu meira og minna allar tilraunir út á að brjóta andstöðu þeirra á bak aftur. Stjórnarskiptin 1971 höfðu þó vissulega nokkur áhrif og sú staðreynd að þá settist að völdum stjórn sem hafði á bak við sig m.a. þá þingmenn sem helst höfðu þó reynt að miðla málum eða beinlínis höfðu tekið upp málstað landeigenda, eins og Jónas Árnason og Lúðvík Jósepsson. Magnús Kjartansson, eftir að hann varð iðnrh., reyndi talsvert að beita sér fyrir lausn deilunnar og einnig Ólafur Jóhannesson, eins og áður sagði.

Það er svo þegar Laxárvirkjunarstjórn stendur frammi fyrir því að hún kunni e.t.v. að sitja uppi með fullbyggða virkjun — sem reyndar var hönnuð og byggð að miklu leyti miðað við miklu stærri virkjun og framhaldsáfanga Gljúfurversáætlunarinnar sem þá þegar var orðið ljóst að aldrei yrði samstaða um og aldrei fengist leyfð, eins og að veita Svartá og Suðurá um Kráká til Laxár — sem hún gerir sér grein fyrir þeirri sérkennilegu stöðu að búið var að fjárfesta þarna í mannvirkjum sem aldrei yrðu nein not fyrir miðað við það að ekki fengist samþykktur nema í mesta lagi fyrsti áfangi virkjunarinnar. Ekki bætti úr skák ef ekki einu sinni fengist vatn inn á þann hluta virkjunaráformanna vegna lögbanns dómsins. Þetta leiddi svo smátt og smátt allt saman til þess, herra forseti, eins og áður sagði, að samkomulag náðist og var reyndar ótrúlega nálægt því, að lokum, sem þegar hafði verið lagt til í drögum snemma á árinu 1971. Það tók heil tvö ár að fá stjórnendur Laxárvirkjunar og stjórnvöld til að kyngja því og fallast á að vegna andstöðu heimamanna yrði ekki gengið lengra en að virkjun án vatnsborðshækkunar. Sú varð að lokum niðurstaðan.

Undir samkomulagið ritar, eins og áður sagði, þáverandi forsrh., Ólafur Jóhannesson, f.h. ríkisstjórnarinnar, í Reykjavík 16. maí, og að Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði f.h. Laxárvirkjunar Valur Arnþórsson, Jón Sólnes, Baldvin Baldursson, Sigurjón Rist og Ingólfur Árnason, en f.h. Landeigendafélags Laxár og Mývatns Hermóður Guðmundsson, Eysteinn Sigurðsson, Jón Jónasson, Vigfús B. Jónsson og Þorgrímur Starri Björgvinsson.

Þarna eru á ferðinni helstu forvígismenn landeigenda og verndunarsinna í Þingeyjarsýslum, Hermóður Guðmundsson auðvitað sem stóð fremstur allra í baráttunni, Eysteinn Sigurðsson á Arnarvatni og Þorgrímur Starri Björgvinsson í Garði, að öðrum ólöstuðum. Þessir þrír látnu heiðursmenn stóðu saman eins og einn klettur í þessari baráttu og munaði um minna en þessa kappa. Má þá geta þess að þeir Hermóður og Eysteinn á Arnarvatni voru báðir synir ástríkra skálda í Þingeyjarsýslum þar sem voru Guðmundur Friðjónsson á Sandi og Sigurður Jónsson á Arnarvatni.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég hefði fyrr trúað öðru en að menn væru svo gæfusnauðir hér á Íslandi að umgangast þetta mál í ljósi þeirrar sögu sem að baki liggur með þeim hætti sem hér er nú að verða raun á. Satt best að segja skil ég ekkert í framgöngu hæstv. umhvrh., séu ráðherra frjálsar hendur í þessu máli, að láta hafa sig í það erindi að flytja málið inn í alþingissali eins og raun ber vitni.

Í beinu framhaldi af og á grundvelli samningsins sem er löggerningur, formlegur samningur þessara aðila og enn í gildi — eða lítur hæstv. umhvrh. ekki svo á að samningurinn, samkomulagið, milli ríkisstjórnar Íslands, Laxárvirkjunarstjórnar, sem nú er Landsvirkjun, og Landeigendafélags Laxár og Mývatns sé enn í fullu gildi? Mér er ekki kunnugt um að honum hafi verið sagt upp eða hann sé ómerkur á einn eða neinn hátt. Hann er algerlega afdráttarlaus og í samræmi við hann eru lögin sem um er samið að fylgi samningnum.

Í 1. gr. samningsins segir:

„Laxárvirkjun lýsir yfir að hún muni ekki stofna til frekari virkjana í Laxá umfram þá 6,5 megavatta virkjun sem nú er unnið að og sem ekki hefur vatnsborðshækkun í för með sér nema til komi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns.“

Ekkert slíkt samþykki liggur fyrir. Þess vegna er Landsvirkjun bundin af þessu líka og hún á ekki að hreyfa sig hænufet fyrr en nýtt samkomulag liggur fyrir. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir rannsóknarfé, Landeigendafélagið, samkvæmt 2. gr. samningsins, afléttir í staðinn lögbanni við vatnstöku fyrir nefnda 6,5 megavatta virkjun. Landeigendafélagið aflétti lögbanni sem það hafði í höndunum og gat stöðvað frekari framkvæmdir á grundvelli þess þannig að virkjun Laxárvirkjunar hefði staðið tóm svo lengi sem málaferli hefðu staðið yfir og jafnvel að eilífu, ad infinitum, ef Landeigendafélagið hefði unnið slík mál.

Þessu afsalar stjórnin úr höndum sér á grundvelli samningsins. Og það var ekki gert af neinni léttúð, heldur vegna þess að menn töldu sig vera að vinna fullnaðarsigur, að þeir hefðu það algerlega í höndum sér að aldrei yrði um frekari vatnsborðshækkun eða röskun að ræða. Það liggur fyrir, það lá fyrir þá og það liggur fyrir enn að menn eru slíku andvígir.

Í þessum samningi, 9. gr. hans, stendur:

„Ríkisstjórnin mun láta semja frumvarp til laga um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins og leggja það fyrir Alþingi."

Það er verið að tala um frv. að þeim lögum sem við erum nú að ræða breytingar á. Það er þarna, í samningnum frá því í maí 1973, og er í anda samkomulagsins efnislega, þar á meðal og ekki síst sú grein sem hæstv. ráðherra ætlar núna að búa til lykkju fram hjá með ákvæði til bráðabirgða III, þ.e. að breytingar á hæð vatnsborðs, stöðu vatna og rennsli straumvatna séu óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Það er beinlínis þannig í lögunum að allar vatnsborðshækkanir eru óheimilar nema þær lúti þessum tilgangi og séu samþykktar af viðkomandi aðilum.

Samþykktir Landeigendafélags Laxár og Mývatns bera líka merki um það í hvaða anda þessum málum var lent en þar er þetta sama tekið fram, að félagsmenn í Landeigendafélagi Laxár og Mývatns ganga í félagið sem leggur þær kvaðir á að ekki verði hróflað við rennslisháttum, og vatnsborði verði ekki hreyft. Í raun og veru undirgangast allir félagsmenn þá stefnu félagsins, þau ákvæði í samþykktum þess, að þetta verði ekki gert. Allt hangir þetta saman, allt tengist það í þeim sama punkti að grundvöllur sátta í deilunni var: Engin vatnsborðshækkun, engin virkjun umfram 6,5 megavött. Það er algerlega kristaltært. Og það er þetta sem hæstv. ráðherra fer að mínu mati fram hjá.

Einn angi deilunnar enn og kannski sá jákvæðasti á margan hátt þegar frá leið var það sem sett var af stað og áfram síðan samið um og varðaði rannsóknir á lífríki Laxár og Mývatns. Eitt af því sem kom í ljós var að sáralitlar rannsóknir höfðu farið fram þarna á lífríkinu aðrar en þær sem miðuðu beint að virkjunum og virkjunaráformum. Strax á árinu 1970 setti þáverandi iðnrh. af stað rannsóknir. Var lögð á það áhersla að hraða þeim mjög og til verksins voru fengnir Pétur M. Jónasson og Jón Ólafsson og til aðstoðar var Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur.

Heildarrannsóknunum sem þarna hófust á lífríki Laxár og Mývatns var hraðað eftir því sem kostur var og strax í lok árs 1972 skiluðu þremenningarnir skýrslum og lögðu til algera verndun Mývatnssvæðisins og Laxár, litu á Mývatn og Laxá sem eina heild. Síðan héldu þessar rannsóknir áfram og urðu síðar að einhverjum merkustu náttúrufars- og lífríkisrannsóknum sem hér hafa nokkurn tíma farið fram, eins og ég áður sagði. Um þetta geta menn m.a. lesið í íslenskri útgáfu þessara rannsókna eða bók sem Hið íslenska náttúrufræðifélag gaf út þar sem eru grundvallargreinar um jarðfræði og líffræði svæðisins, að stofni til svipað og er í heildarútgáfunni sjálfri sem reyndar er á ensku.

Ég verð að segja, herra forseti, að í mínum huga er það algerlega fráleitt í ljósi forsögu málsins að rökstyðja það eins og hæstv. umhvrh. gerði hér áðan. Ég gef minna en ekki neitt fyrir það, ég hafna því algerlega. Það eru sýndarrök að taka þurfi þessa heimild inn til þess að hægt sé að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum — hvað? — í þágu framkvæmdar sem er í andstöðu við gildandi lög, gildandi samning, samþykktir Landeigendafélagsins og vilja þess? Þetta er út í hött, hæstv. ráðherra, algerlega út í hött.

Ætli menn eitthvað af stað á þessu svæði á að byrja á því að ná um það samkomulagi. Mat á umhverfisáhrifum er í tilteknu, lögbundnu ferli, það er mat á væntanlegum framkvæmdum, á umhverfisáhrifum þeirra, og það er þess vegna alger rökleysa að opna fyrir lagaheimild sem er í andstöðu við meginákvæði laganna sjálfra með bráðabirgðaákvæði af þessu tagi. Fyrir utan þá hugsun að hafa þennan víxil opinn í tíu ár. Hvaða speki er það, hvaða tilgangi þjónar það?

Nei, herra forseti, hér er verið að breyta því jafnvægi milli aðila sem var grundvöllur sáttanna á sínum tíma. Það er verið að opna á það að beita landeigendur stanslausum þrýstingi í tíu ár til að fallast á þessar framkvæmdir. Ef andstaðan skyldi einhvern tíma bila þannig t.d. að vegna mannabreytinga eða af öðrum ástæðum kæmust stuðningsmenn virkjunarinnar augnablik í meiri hluta væri hægt að sæta færis.

Er þetta sú aðstaða sem er boðleg? Nei, þetta er í algerri andstöðu við það jafnræði með aðilum sem búið var til á grundvelli sáttanna á sínum tíma. Halda menn að menn hefðu fallið frá lögbanni sem þeir höfðu höndunum? Halda menn að menn hefðu fallið frá að sækja rétt sinn til enda á grundvelli dómstóla ef þeir hefðu á þeim tíma getað átt von á slíkum samskiptum af hálfu stjórnvalda? Nei, það held ég varla, enda ekki hætta á því þegar sjálfur forsrh. ríkisstjórnar var einn helsti arkitektinn að samkomulaginu á sínum tíma. Mér finnst þetta því, herra forseti, algerlega óframbærileg röksemdafærsla og hún heldur auðvitað ekki stundinni lengur ef betur er að gáð.

Ég vek athygli á grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær, sunnudaginn 22. febrúar, eftir Halldór Valdimarsson, skólastjóra á Húsavík, sem er gjörkunnugur þessum málum. Þar er afar athyglisverðar upplýsingar að finna um aðdraganda þess að þetta ákvæði til bráðabirgða kemur inn í lögin og ég hvet menn til að kynna sér það. En það er sem sagt þannig að löngu eftir að nefndin lauk störfum sem hampað er hér að hafi náð saman um meginefni þessa frv., þá kemur erindreki ráðherrans norður til að boða mönnum það að þetta verði með í farteskinu, þetta ákvæði til bráðabirgða III, sem á auðvitað ekkert skylt við þær breytingar sem menn voru ásáttir um að gera á lögunum um verndum Laxár og Mývatns að öðru leyti, þ.e. að hrófla ekki við verndunarstiginu hvað varðar Mývatn, Laxá, bakkana umhverfis og votlendissvæðin sem þarna verða tekin inn undir samkvæmt korti hér í fskj. I sem menn geta kynnt sér nánar.

Réttarstaðan að þessu leyti á þessum hluta svæðisins er algerlega óbreytt og verndin helst. Það sem gerist hins vegar er það að Skútustaðahreppur er í heild sinni ekki lengur settur undir þessi ákvæði með sama hætti og áður var þótt láti nærri að stór hluti hans lendi inn undir þegar um vatnasviðsverndina er að ræða. Um þetta fyrirkomulag verndunarinnar hef ég ástæðu til að ætla að gæti orðið góð sátt. Það er fyrst og

fremst eitt atriði í frv. sjálfu að slepptu bráðabirgðaákvæði III sem er mikið álitamál að mínu mati og það er spurningin um, sem er auðvitað til skammar, að engin verndaráætlun skuli hafa verið unnin fyrir svæðið eins og borið hefur að gera í 30 ár og okkur ber að gera, vegna þess að þetta er fyrsta svæðið á Íslandi sem var tilkynnt á grundvelli Ramsar-sáttmálans sem slíkt vatnsverndarsvæði eða votlendissvæði. Þar ber okkur sú skylda á grundvelli þeirra ákvæða að láta vinna slíkar verndaráætlanir.

Enn eru menn að vandræðast með þetta og ákvæði til bráðabirgða I gerir ráð fyrir að slík verndaráætlun skuli vera tilbúin 1. janúar 2006. Auðvitað mætti færa rík rök fyrir því að gildistöku laganna ætti einfaldlega að haga með hliðsjón af því að ekki ætti að hrófla þarna við einu eða neinu fyrr en verndaráætlunin lægi fyrir. Og allra fráleitast er að ætla að fara að opna á frekari virkjunarframkvæmdir inni á svæðinu, því þetta er auðvitað ekkert annað, áður en verndaráætlunin sjálf lítur dagsins ljós. Það bítur höfuðið af skömminni að ætla að hafa gildistöku laganna samtímis en verndarákvæðin þurfa ekki að liggja fyrir fyrr en 2006, en bráðabirgðaákvæði komi strax í gagnið. Menn gætu því farið að undirbúa þarna virkjun og fara í umhverfismat á henni sem væri í andstöðu við heimamenn, brot á samningunum frá sínum tíma, þó að engin verndaráætlun lægi fyrir. Þetta blasir við hverjum manni.

Þessa málatilbúnaður stenst ekki. Bráðabirgðaákvæði III á að fara út úr frv. tafarlaust og hæstv. ráðherra væri maður að meiri að kalla málið aftur og endurflytja það hér án þessa umdeilda ákvæðis. Og þá hygg ég að menn gætu farið yfir það í hv. umhvn. hvort menn vildu láta lagaskilin vera að einhverju leyti önnur. Áhugamenn ýmsir og þeir sem að málinu komu t.d. frá hlið náttúrufræðinga og rannsóknastöðvarinnar við Mývatn, hafa haft athugasemdir og reyndar skilað minnihlutaáliti varðandi 2. mgr. ákv. til brb. II sem lýtur að undirbúningi undir friðlýsingu landvæða þeirra sem falla reyndar ekki undir 1. mgr. 2. gr., þ.e. aðliggjandi landsvæða. Síðan þykist ég vita að margir vildu sjá að verndaráætlunin yrði tengd inn í þetta þannig að réttarstöðu eða verndarstigi svæðisins væri í engum tilvikum raskað í átt til veitingar í einu eða neinu fyrr en verndaráætlunin lægi fyrir og það væri í samræmi við hana og á grundvelli hennar gert. Og þá meina ég auðvitað þá stóru breytingu sem verður með því að færa verndarsvæðið eða gildissvið laganna inn frá því að vera allur Skútustaðahreppur og síðan niður með Laxá og í það að vera vatnið, áin og 200 metrar upp á bakkana, auk votlendissvæðanna sem þarna eiga líka í hlut.

Herra forseti. Vandamálin sem Landsvirkjun ber fyrir sig í þessum efnum eru þau og eru vel þekkt að það sé kostnaðarsamt slit á vélum Laxárvirkjunar vegna sandburðar í ánni og stundum verða þarna vandamál af völdum krapa við inntakið, og þetta er fært fram sem meginrökin í málinu, ekki einu sinni sú viðbótarorkuframleiðsla í sjálfu sér sem þarna á að nást, enda vegur hún ekki þungt á nútímamælikvarða. Það eru því slíkar rekstrartæknilegar aðstæður sem Landsvirkjun ber þarna fyrir sig og lætur jafnvel í það skína á móti að ef menn verði ekki þægir og fallist á þetta loki hún bara virkjuninni. Ég segi nú bara: Ja, hvað með það? Ef þetta er svona óhagkvæm virkjun að Landsvirkjun telur ekki borga sig að reka hana, þá veit ég ekki til þess að neinn sé að skipa henni það. Það er að vísu svo að að sjálfsögðu hefur viðkomandi sveitarfélag, Aðaldælahreppur, af því nokkrar tekjur og eðlilega væri mönnum sárt um að missa þær, en það yrði þá hlutur sem menn mundu væntanlega verða að takast á við, enda gæti vel verið að aðstæður yrðu þá breyttar og hugsanlega búið að sameina sveitarfélög á þessu svæði. Mögulega kæmu til sögunnar nýjar virkjanir í staðinn sem væru á svipuðum slóðum og gæfu þá af sér tekjur þó annars staðar væri eða inn í stærra samhengi.

Mér finnst með öllu fráleitt að nota þessar ástæður sem eru ekkert nýjar og menn hafa einhvern veginn lifað við undanfarin ár sem rök fyrir því að fara út í þennan leiðangur. Ég skil það bara ekki. Og ég verð að segja alveg eins og er að Landsvirkjun sem mæðist í mörgu og hefur fengið menn upp á móti sér víða, vegna stórframkvæmdanna eystra, vegna ásælni sinnar gagnvart Þjórsárverum, vegna löngunar sinnar til að fara í Torfajökulssvæðið, vegna áhuga síns á Langasjó, er þetta ekki nóg? Þarf Landsvirkjun að etja mönnum út í það að rífa upp Laxármálið á nýjan leik líka? Er þetta einhver sjálfseyðingarhvöt? Vilja mennirnir vera í styrjöld á öllum vígstöðvum? En eins og kunnugt er og mannkynssagan segir okkur er það nú vís leið til að tapa þeim. A.m.k. máttu þeir reyna það Napóleon sálugi og fleiri sem lentu í því að berjast á of mörgum vígstöðvum í einu.

Það skyldi nú ekki vera að hér væri Landsvirkjun að gera mikil mistök þrátt fyrir alla sérfræðingana sína í almannatengslum, að láta frekjuna og græðgina bera sig svo ofurliði að ætla að þrýsta umhvrh. í að fara þessa leið því ég trúi ekki öðru en að þarna séu menn að leggja út í leiðangur vegna þess að þeir hafi verið beðnir um að fara í hann. Ég hef enga trú á því að það sem mönnum gangi raunverulega til sé að eyða lagaóvissu. Það er engin lagaóvissa. Það er nefnilega einmitt engin lagaóvissa í dag. Hún er alls ekki fyrir hendi. Þetta er algerlega skýrt. Virkjunin er óheimil samkvæmt lögum. (Gripið fram í.) Það á að búa til lagaóvissu með þessari þvælu, hæstv. umhvrh. Ég veit ekki hvaðan á jarðríki menn fá lögfræðinga til þess að skrifa upp á það að lög sem eru algerlega kristaltær og skapa enga óvissu af einu eða neinu tagi, banna viðkomandi framkvæmd, að það sé eitthvert vandamál samfara þeim. Þau búi til einhverja óvissu sem menn geti ekki búið við.

Um umhverfismatið — það þarf ekkert umhverfismat þarna samkvæmt hinum lögformlega farvegi þegar meta á áhrif af umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda. Það er bara í allt öðru samhengi, hæstv. ráðherra. Það flettir ofan af mönnum. Það sýnir að það sem mönnum gengur til er að komast í þessa framkvæmd og það vita menn vel. Landsvirkjun langar þarna í 10–12 metra háa stíflu sem er auðvitað algerlega galin framkvæmd hvernig sem á hana er litið. Þarna á að verða söfnunarlón sem fyllist af sandburði á 20–25 árum. Og hvað ætla menn að gera við sandinn þegar þar að kemur? Engin svör. Ætla menn þá að fara að moka upp, dæla upp og keyra burtu, kannski á tún, þúsundum og aftur þúsundum tonna af svörtum sandi? Ég held að það verði nú handleggur. Og hvernig ætla menn að binda um hann? Eða hvað ætla menn að gera? Auk þess sem það er mjög umdeilt þetta sandburðarmál, sem heimamenn, margir, telja að sé á undanhaldi, a.m.k. fullyrða staðkunnugir menn við sunnanvert Mývatn að sandburður í Kráku fari nú mjög minnkandi, þökk sé m.a. uppgræðslu og hagstæðu tíðarfari á þeim slóðum undanfarin ár. Ég hygg að það þekki ekki aðrir menn betur en t.d. bændur á Grænavatni. Sama segja margir niður með Laxá og í sögulegu samhengi og m.a. nýlegar rannsóknir styðja það er ekkert sem gefur ástæðu til að ætla að sandburðarvandamál í Laxá séu meiri nú en þau hafa

löngum verið og frekar jafnvel á undanhaldi. Hitt er ljóst að sandurinn er áratugi að færast niður alla ána þannig að kerfið tekur þó nokkurn tíma að leita jafnvægis á nýjan leik. Og það er ekki víst að minni sandburður í Kráká og með henni niður til Laxár segi til sín eða skili sér með minna sandi á ferðinni neðst í ánni fyrr en eftir þó nokkra áratugi af augljósum ástæðum, því þarna er auðvitað mikið uppsafnað magn á leiðinni niður. Þar af leiðandi verða ekki sótt nein sérstök rök í það. Heldur ekki að þessi sandburður sé endilega það sem hefur gert veiði daprari í Laxá nú síðustu ár en oft hefur áður verið. Má til samanburðar einfaldlega taka veiðisveiflur í hliðarám og nálægum ám sem eru ekkert í ólíkum takti við Laxá sjálfa í ýmsum tilvikum.

Frú forseti. Ég verð að segja það að síðustu og enn að auðvitað á að taka þetta ákvæði til bráðabirgða út. Ég skora á hæstv. ráðherra, ég skora á umhvn. Alþingis og ég skora á þingmenn að setja sig rækilega ofan í þetta mál. Og ég spái því að þá muni renna tvær grímur á menn, ef ekki rúmlega það, gagnvart því að fara svona fram í þessu máli.

Það er algerlega víst, eins og tvisvar tveir eru fjórir, að það er ávísun á mikil átök, mikla styrjöld á nýjan leik í Þingeyjarsýslum ef menn ætla að ganga svona fram. Menn skilja þetta sem nýja tilraun til að valta yfir þá með framkvæmd sem þeir eru þarna á móti. Ég held að menn muni ekki reynast þeir ættlerar í Þingeyjarsýslum, afkomendur þeirra manna sem stóðu þarna í eldlínunni og í fararbroddi fyrir 30 árum síðan, að þeir láti það þegjandi og hljóðalaust yfir sig ganga. Það verður ekki svo, hæstv. ráðherra. Og það munu ýmsir verða til þess að taka þátt í slagnum með þeim og þar á meðal sá sem hér stendur. Ég ætla ekki að bregðast þannig þeim vinum mínum í gröfinni, Eysteini á Arnarvatni, Starra í Garði og Hermóði Guðmundssyni, að ég geri ekki a.m.k. það sem í mínu valdi stendur til þess að það verði ekki valtað yfir vilja meiri hluta heimamanna þarna í þessu tilviki.

Landsvirkjun og við í okkar orkubúskap í landinu, okkur eru allir vegir færir. Og sé ekki í samkomulagi og sátt hægt að finna þarna leiðir til lagfæringa sem gera það fýsilegt fyrir Landsvirkjun að reka Laxárvirkjun áfram, þá verður bara að hafa það. Það eru engin vandamál að framleiða þá orku annars staðar. Þetta er ekki nema hluti þess sem má fá með stækkun Kröflu og aukinni framleiðslu víðar á svipuðum slóðum eða hvar svo sem menn vildu þá bera niður næst.

Færi svo að það tæki því ekki lengur að reka Laxárvirkjun við Brúar, mundi sá sem hér stendur gráta það þurrum tárum þó að þeim mannvirkjum yrði öllum mokað burtu og Laxá fengi aftur frjáls að renna um einhverjar fallegustu flúðir á Íslandi. Og þá ætti að mínu mati að fjarlægja brýrnar einnig og flytja þær til þannig að gljúfrin yrðu algerlega óspillt og ósnortin eftir því sem nokkur kostur væri. Svo vill til að í þessu tilviki er að langmestu leyti um framkvæmdir að ræða sem eru afturtækar. Þarna má í raun fjarlægja nánast öll mannvirki þannig að sáralítið ef nokkuð þurfi að sjást eftir. Það er endurheimt náttúrugæða. Það er endurheimt umhverfisgæða sem við eigum líka að hafa augun opin fyrir. Það efast varla nokkur maður um það hér í þessum sal að dytti einhverjum það í hug í dag að fara að reisa þarna virkjun á þessu svæði ósnortnu, þá kæmi það aldrei til greina. Það yrði talið óðs manns æði að bera þar niður. Það mundi ekki hvarfla að nokkrum manni.

Er ekki nærtækt að álykta sem svo að það gæti verið spennandi kostur að endurheimta svæðið í sinni upprunalegu mynd og eins ósnortið og kostur er? Ég er ekki að leggja það til og ég hef fullan skilning á viðleitni manna til að finna lausn sem felur í sér að menn geti rekið þessa ágætu virkjun, sem í raun og veru gerði mikið gagn og skilaði Akureyringum raforku á hagstæðu verði og var reyndar þeim ákaflega hagkvæm satt best að segja því að Laxá II var reist fyrir fé úr Mótvirðissjóði. Hún var því í raun og veru gjöf í þeim skilningi og síðar að stofni til þar sem hún gaf Akureyri eignarhlut sinn ásamt Laxá III í Landsvirkjun. Það er því ekki eitthvað sem menn eiga að fælast, herra forseti, og hrökkva frá þó að það gætu komið til á einhverju stigi mála breytingar af því tagi.

En ákvæðið svona fram komið og í fullkominni ósátt og andstöðu við heimamenn tekur engu tali, hæstv. forseti, og það á að fara út úr frv.

[16:46]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill minna hv. ræðumann á að hann vék nokkrum sinnum í máli sínu orðum sínum beint að hæstv. umhvrh., sem er óheimilt samkvæmt þingsköpum. Þingmenn eiga að víkja máli sínu að forseta eða fundinum.

[16:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. 5. þm. Norðaust., Steingríms J. Sigfússonar, kom ekki á óvart og er í anda þeirrar málafylgju sem hann hefur yfirleitt haft um verksmiðjur og stóriðju á því svæði sem við erum að tala um og varðar því ekki nema að litlu leyti það álitamál sem hér er uppi hvort tiltæk ráð séu til að hækka nokkuð, ef eitthvað, stífluna í Laxá til þess að gera hana arðbæra, til þess að draga úr sandburði í Laxá og þar fram eftir götunum.

Hv. þm. gerði lítið úr því að sandburður væri vandamál í Laxá, sem hann veit sjálfur að er ekki rétt. Ég tók líka eftir því að þegar hann var að tala um að sandburður í Kráká hefði minnkað gleymdi hann að hafa orð á því sérstaklega að það er að þakka þeim geysilegu fjármunum sem Landsvirkjun hefur varið til uppgræðslu í Krákárbotnum að sandburður árinnar er nú minni og það er henni að þakka að farvegurinn er nokkuð farinn að dýpka norðan til í ánni. Því hefði mátt vera til skila haldið.

En það voru þessi ummæli: Ef Laxárvirkjun verður lögð niður og ekki er hægt að reka hana, þá verður bara að hafa það. Ef kísilgúrverksmiðjan verður lögð niður og ekki kemur kísilduftverksmiðja í hennar stað, þá verður bara að hafa það. Ef ekki kemur álver við Húsavík eða við Eyjafjörð, þá verður bara að hafa það.

Þá segi ég á móti: Hver verður fjárhagur og hver verður staða t.d. sveitarfélagsins í Aðaldal ef við horfum á það með opnum augum að Laxárvirkjun verði niður lögð með öllum þeim umsvifum sem henni fylgja, sem hv. þm. var að gera lítið úr? Ég tel að með því að gera lítið úr henni hafi hann brugðist umbjóðendum sínum í Aðaldal.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst ekki liggja nógu vel á hv. þm. á þessum mánudegi og hann blandar hlutum í þetta mál sem ég nefndi aldrei á nafn og fólust ekkert í mínu máli. Ég minnist þess ekki að hafa rætt kísilgúrverksmiðju í Mývatnssveit, þaðan af síður álverksmiðjur einhvers staðar annars staðar og enn síður tók ég þannig til orða að ef þær legðust af eða risu ekki þá yrði bara að hafa það.

Ég var að ræða um eina tiltölulega litla vatnsaflsvirkjun sem eru núverandi virkjanir í Laxá. Ef mat eigandans,

Landsvirkjunar, er að það séu svo miklir annmarkar á rekstri virkjunarinnar að það borgi sig ekki að reka hana áfram í óbreyttri mynd, sé ég ekki betur en að það sé þeirra mál. Þá segi ég aftur: Þá verður að hafa það.

Ég fór yfir það að auðvitað mundu menn missa tekjur í Aðaldælahreppi, en kannski risi önnur virkjun, kannski stækkuðu menn Kröflu eða framleiddu rafmagn annars staðar á svæðinu, mögulega innan marka stærra sveitarfélags sem tæki til Aðaldælahrepps og nálægra svæða. Þar með þyrfti það ekki endilega að þýða tekjutap þegar á stærra svæði yrði litið.

Ég geri ekkert lítið úr Laxárvirkjun og gildi hennar og algerlega ástæðulaust að gera mér þannig upp skoðanir eða leggja mér þau orð í munn sem ég viðhafði aldrei í minni ræðu og allra síst ætti virðulegur forseti Alþingis, 2. þm. Norðaust. að gera slíkt.

Þetta er hins vegar ekki stórmál af því tagi að það sé óviðráðanlegt og menn hafi ekki ráðist í aðrar eins breytingar. Ég lét það eftir mér að nefna það til sögunnar að þá gætu opnast miklir möguleikar til endurheimtar náttúrugæða sem væri eftirsóknarvert.

Finnst hv. þm. það ekki spennandi tilhugsun? Getur hann ekki séð það fyrir sér, ljóðelskur og fagurkeri eins og hv. þm. er, að það gæti verið gaman að sjá Laxá falla aftur frjálsa niður flúðirnar hjá Brúum ef við getum framleitt orkuna með ódýrari hætti annars staðar og Landsvirkjun sem rekstraraðili metur það svo að það sé hagkvæmast? Það á ekki að loka fyrir fram á að það geti orðið möguleiki.

Ég tók það líka skýrt fram að fyndist tæknileg leið í samkomulagi aðila um að ráða úrbót á þessu væri ég stuðningsmaður þess að það yrði gert.

[16:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að að þessu sinni ræddi hann ekki um að kísilgúrverksmiðjan skipti ekki miklu máli fyrir Mývetninga og það er rétt að í þessari ræðu talaði hann ekki á móti t.d. álveri við Eyjafjörð. Það er samt sem áður sá tónn sem verið hefur hjá hv. þm. þegar hann hefur rætt atvinnumál á Norðurlandi. Hv. þm. á ekki að gera lítið úr sínum skoðunum og á ekki að vera hræddur við að þær séu rifjaðar upp. Það er grundvallarskoðun hans að það beri ekki að byggja þvílík mannvirki sem ég nefndi áðan, byggja á þeim atvinnu í viðkomandi byggðarlögum. Það hefur verið grundvallarskoðun hv. þm. Ef hann hefur breytt um skoðun er það ánægjulegt og þá vil ég vinna vel að því með honum að koma álveri í Eyjafjörð og hlakka ég til þeirra daga.

Um stífluna vil ég segja: Hér er ekki verið að slá öðru föstu en því að athugaðir verði möguleikar á því hvort með nokkurri hækkun stíflunnar verði hægt að draga svo úr sandburði árinnar og draga svo úr klakastíflum að virkjunin geti orðið arðbær, það borgi sig að endurbyggja stífluna. Um það snýst málið.

Sumir geta sagt: Það skiptir engu máli hvort það sé Laxárvirkjun í Aðaldal, ókunnugir geta sagt það. Ég og hv. þm. vitum báðir að skoðanir manna eru skiptar um þessi mál fyrir norðan og það þýðir ekki að tala eins og þar sé bara ein rödd, það eigum við ekki að gera. Á hinn bóginn get ég ekki talað fyrir fram á móti því að leitað verði leiða til að ná sáttum á þeim grundvelli að Laxárvirkjun geti áfram verið virk og áfram framleitt rafmagn og verið stuðningur við byggð í Aðaldal.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Vandinn er einmitt sá að það er ekki verið að gera það með þessari aðferð. Í því fólst meira og minna öll mín ræða. Ég var að setja þetta í samhengi við aðstæður sem lágu til grundvallar sátta í Laxárdeilunni á sínum tíma og eru enn til staðar. Það er verið að fara kolranga leið að því marki. Ef ætlunin er að ná einhverjum sáttum og samkomulagi um breytingar sem gætu bætt rekstur Laxárvirkjunar, er þetta ekki leiðin. Þetta er aðferðin að segja sundur friðinn og griðin og leggja af stað með málið í ófriði. Það verður að ræða hlutina eins og þeir eru og þeir eru þannig að menn hafa verið tilbúnir til viðræðna um að skoða takmarkaðar breytingar sem fælu í sér breytingar á inntakslóninu, jafnvel 3–4 metra hækkun stíflunnar.

Menn vilja ekki láta raska jafnvæginu í samskiptum aðila út á galopinn víxil sem heimilar ótilgreinda hækkun stíflunnar efst í Laxárgljúfrum. Hækkunin gæti þess vegna orðið 15 eða 20 metrar, lagaheimildin er opnuð til slíks. Það sem skipti sköpum í deilunni á sínum tíma var að Laxárvirkjunarstjórn hafði ekki heimild í gildandi lögum um Laxárvirkjun fyrir þeirri stóru virkjun sem Gljúfurversvirkjun átti að vera. Það gagnaðist landeigendum í slag þeirra við virkjunaraðila fyrir dómstólum og átti sinn þátt í því að þeir fengu sett lögbann á óleyfilega hækkun vatnsborðs í Laxá umfram þær virkjunarheimildir sem fyrir voru í lögum.

Þessari stöðu, þessu jafnræði aðila að lögum á að raska með ákv. til brb. og láta það standa þannig í tíu ár. Það eru ekkert annað en svik við gamla samkomulagið. Það er kolröng aðferð ef menn hafa áhuga á því að reyna að vinna í andrúmslofti einhvers mögulegs samkomulags um breytingar á virkjuninni.

[16:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að verið væri að rjúfa grið og brjóta sáttargjörð. Það er algjörlega rangt. Ég heyri ekki betur en hv. þm. sé að reyna að æsa menn upp með þessum orðum.

Hv. þm. las sjálfur upp úr sáttargjörðinni og þar kemur fram að ekki megi fara í vatnsborðshækkanir nema til komi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Það er einmitt verið að setja það í ákv. til brb., það er verið að lögfesta þetta svokallaða neitunarvald, ef við getum kallað það það. Það er ekki hægt að fara í framkvæmdir þarna nema Landeigendafélagið fallist á slíkt og telji það ásættanlegt. Það er verið að lögfesta það.

Af hverju í ósköpunum segir þingmaðurinn að verið sé að rjúfa sáttargjörðina, rjúfa grið? Þetta er alveg með öllu óskiljanlegt.

Það er rétt hjá hv. þm. að það þarf samkomulag og sátt til að þetta verði að veruleika. Ef hún næst ekki verður bara að hafa það. Það er algjörlega rétt. Ef ekki næst samkomulag á milli aðila verður ekkert úr hugsanlegum framkvæmdum.

Hv. þm. sagði líka að heimamenn væru á móti framkvæmdinni. Ég hef ekki heyrt að það hafi reynt á það. Ég átti fund með heimamönnum og þeir voru mikið að tala um útfærslu, m.a. varðandi Kráká. Ég býst við að það verði skoðaðar ýmsar útfærslur í umhverfismati.

Landeigendafélagið hefur ekki komið saman um nokkurn tíma. Fyrir nokkrum árum munaði engu að menn næðu samkomulagi um einhverja 8 metra, að mér er sagt. Það er því alls ekki þannig að heimamenn lýsi sig á móti öllum

hugmyndum. Ég get vitnað í Morgunblaðsviðtal við Atla Vigfússon stjórnarformann í Landeigendafélaginu um daginn. Hann sagði að menn vildu ná sátt um málið.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi málflutningur stenst ekki því að það sem er algerlega fortakslaust bannað í lögunum í dag er flutt yfir í að vísu stöðvunarvald meiri hluta Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Það er algerlega fráleitt að halda því fram það sé verið að styrkja stöðu þeirra vegna þess að vatnsborðshækkun af þessu tagi er fortakslaust bönnuð að gildandi lögum. Það er opnuð leið fyrir hækkun, fyrir framkvæmd fram hjá fortakslausu bannákvæði laganna í dag og reyndar fram hjá 2. málslið 1. mgr. 3. gr., eins og hann á að standa í frv., en það er búin til leið fram hjá því með þessu ákv. til brb. II. Það er því hreinn útúrsnúningur að halda því fram að staðan sé með þessu móti á einhvern hátt styrkt.

Ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra getur ekki annað en viðurkennt vald Landeigendafélags Laxár og Mývatns er sú að það er í samningnum algerlega fortakslaust að þar liggur valdið. Hæstv. ráðherra og hv. þm. Halldór Blöndal hafa hvorugur haft kjark í sér til að ræða það: Hvað með samninginn frá 16. og 19. maí 1973? (**HBl:** Hver vill brjóta samning?) Hvað með samninginn — já, hvers vegna er þá verið að þessu, hv. þm.? (**HBl:** Það vill enginn brjóta samning ...)

Að ég sé að æsa hér upp menn sem eru alveg sallarólegir yfir þessu, þess þarf ekki til. Landeigendafélagið er búið að ályktа um þetta og hæstv. ráðherra virðist ekki vita af því. Öll helstu náttúruverndarsamtök, bæði á svæðinu og í landinu, hafa ályktað gegn þessu: Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Fuglaverndarfélagið, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi og Landeigendafélagið. Allir þessir aðilar hafa þegar hafnað þeirri leið sem hæstv. ráðherra, að því er virðist með stuðningi hv. þm. Halldórs Blöndals, er að reyna að troða inn á Alþingi.

[17:00]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hálfgert hneyksli að hlusta á málflutning þar sem manni er brigslað um að brjóta sáttargjörðina. Það er alls ekki svo. Bráðabirgðaákvæði III tekur einmitt mið af sáttargjörðinni. Sagt er að það megi ekki fara í framkvæmd nema að landeigendafélagið samþykki það. En lögin í dag eru þrengri en sáttargjörðin segir til um. Það má ekki breyta rennsli árinnar nema til verndunar og ræktunar. Það ákvæði er þrengra en sáttargjörðin segir til um.

Það er alls ekki hægt að halda því fram, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert, af nokkrum ofstopa að mér finnst, að verið sé að brjóta sáttargjörðina. Það er alrangt. Því er einmitt haldið til haga að ekki sé hægt að fara í framkvæmdina nema landeigendafélagið fallist á hana í því formi sem hún kemur fram. Það á eftir að ræða það.

Hér er hv. þm. að tala um 18 m og 20 m. Þetta er hræðsluáróður. Hv. þm. veit að það er ekki nokkurs staðar verið að tala um þetta. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði 15–20 m hér áðan. Þannig er ekki hægt að halda því fram að verið sé að brjóta nokkra sáttargjörð.

Stjórn landeigendafélagsins ályktaði eftir að ég átti fund með henni fyrir stuttu. En landeigendafélagið hefur ekki komið saman í nokkurn tíma og stjórn landeigendafélagsins lagði áherslu á það við mig að skoða t.d. Kráká og fleiri möguleika. Ég held að málið sé alls ekki þannig vaxið í dag að menn geti sagt að landeigendafélagið sé algerlega á móti. Ég held að málið hafi alls ekki verið skoðað nóg til að hv. þm. geti fullyrt það hér. Alls ekki.

[17:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að fara varlega í að láta að því liggja að stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns tali ekki í fullu umboði félagsmanna sinna. Ég spái hæstv. ráðherra því að svo muni reynast, að það verði yfirgnæfandi samstaða í landeigendafélaginu, sem reyndar fjölgar í þessa dagana, gegn þessum framkvæmdum.

Ég held að hreyfingin í umræðunni heima í héraði sé öll í þá átt, að menn séu að harðna í afstöðu sinni gegn þessum framgangsmáta ríkisstjórnarinnar vegna þess hvernig komið er fram við þá. Menn hafa ekki mikinn áhuga á því að láta hefjast nýtt samskiptaskeið af því tagi sem einkenndi Laxárdeiluna lengi framan af þegar ekkert átti að gera með skoðanir þeirra. Hæstv. ráðherra veit vel að meiri hluti stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns var á móti því að þetta færi svona inn í frumvarpið. Það þýðir ekki að tala öðruvísi um það.

Í öðru lagi er það svo, eins og ég reyndi að fara rækilega yfir í ræðu minni, að samningurinn og lögin eru í raun og veru nátengd. Eitt er afsprengi annars. Það er engin tilviljun að orðalagið er eins og það er í lögunum frá 1974. Grundvöllur sáttargerðarinnar er að Laxárvirkjunarstjórnin afsalaði sér möguleikum til frekari virkjana og féll frá því að hækka vatnsborðið. Það er sett yfir í lögin, skýlaust ákvæði sem bannar framkvæmdir sem hækka vatnsborðið nema það sé til verndar vatnsfallinu sjálfu eða ræktunar í því. Þetta verður hæstv. ráðherra að horfast í augu við.

Varðandi það sem ég sagði um stífluhæð þá benti ég á að vitað væri um áform um 10–12 m hækkun stíflunnar. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti staðfest að það sé rétt. Það hefur birst á prenti að Landsvirkjun teldi sig þurfa slíka hækkun. Heimildin í ákvæði til bráðabirgða III er hins vegar óskilgreind. Það er engin tala sett þar inn. Það gætu orðið 6 m og gætu orðið 16 m ef maður leikur sér með það þannig.

[17:04]

Útbýting þingskjala:

Bundið slitlag á þjóðvegi nr. 1, 627. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 936.

Eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, 625. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 934.

Fjöldi fanga, 538. mál, svar dómsmrh., þskj. 898.

Gagnabanki um mænuskaða, 629. mál, fsp. LMR, þskj. 942.

Húsaleiga framhaldsskóla, 623. mál, fsp. EMS, þskj. 932.

Íslenski þorskstofninn, 630. mál, fsp. GÖrl, þskj. 943.

Lífeyrisþegar og fólk á vinnumarkaði, 626. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 935.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, 628. mál, fsp. EMS, þskj. 937.

Skipting fjárveitinga milli framhaldsskóla, 624. mál, fsp. KJúl, þskj. 933.

[17:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Að hrófla við lögunum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu er ekki smámál. Við skulum gera okkur grein fyrir því. Markmiðin sem

birtast í 1. gr. þessara laga, að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu og að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni, verndun jarðmyndana og lax með virkri náttúruvernd, eru góð markmið sem allir geta sameinast um. Við skulum líka vera minnug þess að þegar þetta frv. var til umfjöllunar í umhvn. síðasta vetur taldi Landvernd að verndaráætlun og friðlýsing ættu að verða forsenda gildistöku þessara laga og að reglugerð um varnir gegn mengun vatnasviðs ætti að liggja fyrir þegar lögin tækju gildi.

Þetta mál er tvíþætt. Í fyrsta lagi er það um að aflétta skuli vernd af stórum hluta svæðisins í kringum Mývatn, eiginlega öllum Skútustaðahreppi og draga umtalsvert úr verndarsvæði við Mývatn og Laxá. Hins vegar er það um heimild til að hækka stíflu í Laxá. Ég ætla fyrst og fremst að fjalla um það sem snýr að verndunarþættinum.

Samfylkingin hefur reynt að leggja mat á áhrif þess að þrengja verndarsamninginn. Við höfum hugsað okkur að skoða þetta mál mjög vel í umhvn. en ætlum að skoða það með opnum huga og erum jákvæð fyrir því að endurskoða mörk verndarsvæðisins. Við erum ekki að sama skapi fylgjandi því að hækka stífluna. Það kemur satt best að segja á óvart að stjórnarmeirihlutinn og hæstv. umhvrh. skuli flytja þetta mál í þessum búningi á Alþingi.

Það kemur á óvart að þau skuli velja að hafa í þessu frv. bráðabirgðaákvæði III þar sem Umhverfisstofnun er heimilað að leyfa hækkun stíflu, að vísu að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Með þessu er Alþingi í raun að vísa frá sér frekari ákvarðanatöku á því hvort stíflan verði hækkuð eður ei og setur það í hendur Umhverfisstofnunar. Samfylkingin leggst gegn þessu bráðabirgðaákvæði. Við vörum við því að rasað sé um ráð fram með þessum hætti.

Við alþingismenn höfum farið í djúpa umræðu á Alþingi um virkjunarframkvæmdir æ ofan í æ. Vinnubrögðin hér vekja menn til umhugsunar. Það er almennt sátt um það núorðið að heimildir til að virkja séu ekki veittar nema að undangengnu umhverfismati. Umhverfisnefnd er nú að fjalla um breytingarnar á lögunum um umhverfismat og það skiptir miklu máli að sátt náist um hvernig lögin verða eftir þá breytingu og að við fáum markvissa lagasetningu sem tryggi að í framtíðinni þurfum við ekki að búa við umhverfisslys.

Þrátt fyrir að sátt sé um að umhverfismat skuli fara fram að undangengnu virkjanaleyfi eigum við á Alþingi að hafa skoðanir á hlutunum. Sum mál eru þess eðlis að Alþingi sjálft á að taka ákvörðunina. Það getur verið á grundvell náttúrufars, dýralífs, einstæðrar náttúrufegurðar o.s.frv. Það getur ekki verið að við séum orðin það tæknileg í hugsun okkar og mati að ef sátt næst um að virkjanaleyfi skuli ekki veitt öðruvísi en að undangengnu umhverfismati séum við þar með eins og heilalaus hópur sem leyfir öllu að fara í umhverfismat.

Væntanlega mundi Alþingi aldrei heimila það að Gullfoss færi í umhverfismat, jafnvel þó fyrir lægi að það yrði aldrei leyft að virkja þar. Þannig hefur umræðan oft á tíðum virkað í þessum sal, þ.e. leyfum bara umhverfismatið af því við ætlum hvort eð er ekkert að virkja. Auðvitað verður að leyfa umhverfismatið til að fyrir liggi hvort hægt sé að taka ákvörðun um að virkja.

Ég gagnrýni þessa umræðu. Ég gagnrýni harðlega í hvaða farveg hún er komin og vil ekki taka þátt í henni. Ég vil að við hugsum eins og manneskjur í þessum sal. Ég vil að til séu þær náttúruperlur að fólk í þessum sal, háttvirtir alþingismenn, segi: Hér ætlum við ekki að hrófla við. Hér erum við búin að gera það sem gert verður. Hér virkjum við ekki meira. Hér hækkum við ekki stíflur.

Þannig er afstaða okkar til þessa hluta frv. og bráðabirgðaákvæðis III sem opnar gáttina fyrir það að hægt sé að hækka stífluna og virkja meira í Laxá. Þetta viljum við ekki.

Það er lítill ávinningur af því að hækka stífluna, fimm eða sex megavött. Það er ekki fullreynt með uppgræðslu út af sandburðinum, sem er í öðru orðinu notað sem forsenda þess að þarna þurfi að laga svolítið til. Þetta er mál sem er rifið upp og um það hefur ríkt sátt. Nú er ég ekki að tala um tiltekna sáttargjörð. Það hefur verið sátt um að þetta mál hafi endað með tilteknum hætti. Ég furða mig á að það sé rifið upp eins og gert er í frumvarpinu. Það er ekki sýnt fram á nauðsyn þess að koma málinu í uppnám á ný. Mér finnst fráleitt af stjórnarmeirihlutanum að þvinga svo vafasamt mál í gegnum þingið. Það vantar ekki orku fyrir norðan.

Að öðru leyti en því sem ég hef fjallað um málið mun Mörður Árnason fjalla um það af hálfu okkar í Samfylkingunni.

Stóra málið hjá heimamönnum er að fá meira svigrúm. Ég held að við eigum að leggja höfuðáherslu á það í vinnu okkar í nefndinni. Áður en ég vík að því ætla ég að fara í örfáum orðum yfir það hve viðkvæmar virkjanaákvarðanir okkar hafa verið.

Mér finnst umhugsunarefni hvaða ferli við höfum skapað. Í stærri ákvörðunum er lokaákvörðunarvaldið annars staðar. Ekki hjá Alþingi. Við vorum að fjalla um niðurstöðu 19 manna nefndarinnar á dögunum í þingflokki Samfylkingarinnar. Ég var að skoða frv. um raforkulög sem lagt var fram fyrir ári. Í greinargerð með því frv. kemur fram að allar stærri virkjanir í Noregi koma til staðfestingar Stórþingsins. Þrátt fyrir að ferlið sé ekki óáþekkt því sem er hjá okkur hefur okkur tekist að búa til þannig ferli að á tilteknum tímapunkti fer ákvörðunin frá Alþingi. Hana tekur framkvæmdarvaldið í stærri málunum og undirstofnanir taka lokaákvörðunina í „litlu málunum“ líkt og í þessu frv.

En hjá þeim sem við berum okkur mest saman við, t.d. í Noregi, kemur lokaákvörðunin í stærri virkjunum til staðfestingar Stórþingsins. Það er skoðun mín að við eigum að stíga það skref að ferli okkar endi nákvæmlega eins og hjá vinum okkar Norðmönnum. Þeir segja að til að byggja ný raforkuver þurfi að uppfylla kröfur sem eru settar í skipulags- og umhverfislögum alveg eins og hjá okkur en endanleg ákvörðun um nýjar stærri virkjanir er tekin af ráðherra og staðfest af Stórþinginu.

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um miklu minna mál, miklu minna á ákveðnum mælikvarða. En ég tel ástæðu til að nefna þetta vegna þess hvernig við höfum vanið okkur á hin síðari ár að vinna hér í þinginu og ákveða framkvæmdarvaldinu allt of stórar ákvarðanir.

Ég ætla að víkja að verndarsvæðunum sem eru kannski að inntaki til meginatriði þessa frv. Lagaumhverfið hefur breyst mjög mikið frá því að sérlög voru sett á sínum tíma, m.a. sérlög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta þýðir að í sumum tilfellum geta almenn lög í dag náð líka yfir þetta svæði. Hins vegar hefur þróun alþjóðasamfélagsins orðið sú að gerðir hafa verið alþjóðasamningar og við höfum undirgengist mikilvæga alþjóðasamninga sem líka setja á okkur kröfur gagnvart þessu þýðingarmikla og undurfagra svæði. Sumir þýða afdráttarlausar verndaraðgerðir, aðrir að við sýnum enn meiri aðgæslu í umgengni

við náttúruna, viss dýr og fugla en annars staðar á þessum tilteknu svæðum. Ég nefni alþjóðasamninga eins og Ramsar-samninginn, samning um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamninginn. Þessi alþjóðasamvinna hefur opnað augu fólks í ýmsum löndum fyrir því að maður veður ekki áfram yfir hvað sem er með arðinn helstan að vopni. Maður staldrar við og stundum hafa góð mál komið að utan af því að hagsmunirnir hafa verið svo þröngir og sjónin á verndun og gildi svo afskaplega döpur að það hefur þurft fólk frá öðrum löndum til að kenna okkur betur hvernig á að umgangast landið sitt.

Tillagan í frv. er um að 200 metra svæði upp frá árbökkum Laxár og upp frá árbökkum Mývatns verði friðuð. Í þessu felst að verndun er aflétt á mjög stóru landsvæði. Verndun er aflétt á næstum öllum Skútustaðahreppnum og tilteknir staðir utan nýja verndarsvæðisins eru með mjög hátt náttúruverndargildi. Þarna þurfum við að gæta að okkur, þ.e. hvernig við vinnum vinnuna sem okkur er falin.

Það tekur tíma að friðlýsa og sá tími sem fer í að friðlýsa, ef þetta frv. fer fram og verður að lögum eins og lagt er til, skapar þarna bil og hættu á því að einhverjar framkvæmdir verði settar í forgang áður en lokið er við verndaráætlanir og friðlýsingar. Þetta dregur athygli að því að verndaráætlun hefur ekki verið unnin eins og lagt var til strax af þeim sem unnu þetta frv. sem lokið var reyndar í febrúar 2002. Það er miklu betra, og það eigum við að skoða í nefndinni og ég vona að samstaða náist um það, að eldri lög haldi gildi sínu þar til lokið verður að búa til lista yfir svæði sem nauðsynlegt er að friðlýsa. Umhvrh. á að setja reglugerð til að verjast mengun á vatnasvæði Mývatns og Laxár. Náttúruverndarsamtökin telja að þetta sé forsenda lagabreytinga. Þessi verkefni þarf að vinna af mikilli alúð og í góðri sátt við íbúana á svæðunum. Þess vegna viljum við fulltrúar Samf., sú sem hér stendur, Mörður Árnason og Bryndís Hlöðversdóttir, að það verði skoðað mjög vel í nefnd hvernig mörk votlendis og verndarsvæðis fara saman og hvort hægt sé að ná sátt um þetta, sem þeir sem unnu frv. lögðu svo mikla áherslu á, þ.e. að ljúka þeirri verndaráætlun vatnasvæðis sem átti að ljúka fyrir 1. janúar 2004, áður en frv. tekur gildi þannig að hvort tveggja taki gildi á sama tíma. Þar sem ekki náðist að vinna þessa áætlun er mjög mikilvægt að við skoðum samfelluna í þessum þáttum.

Það er grundvallaratriði að þessi mál séu vel unnin. Það er grundvallaratriði að maður skoði hagsmuni bæði heimamanna, sem þurfa meira svigrúm og hafa óskað eftir því að aflétt verði verndun á einhverjum hluta verndarsvæðisins, en jafnframt að við sýnum þau góðu vinnubrögð að ganga frá því sem mikilvægt er, eins og sem ég hef hér nefnt, áður en lögin taki gildi og skiljum ekki eftir op þarna á milli.

Nokkrir staðir eru nefndir sem álitamál vegna friðlýsingar. Ég bendi á Jarðbaðshóla, Bjarnarflag sunnan vegar og Leirhnjúka. Þar sem ég nefni Bjarnarflag hlýt ég að vekja athygli á ákvörðun sem Alþingi tók á næstsíðasta kjörtímabili eða í byrjun árs 1999. Þá var verið að vinna að og kom hér inn frv. um Villinganesvirkjun.

Mjög mikil áhersla er lögð á það á Alþingi að frumvörp fari í gegnum 1., 2. og 3. umr. og að mál komi inn rétta leið. En það merkilega gerðist við meðferð máls í iðnn. að þar komu menn sér saman um að taka inn í þessa heimild um Villinganesvirkjunina heimild um jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall með allt að 40 megavatta afli. Þar sem þetta mál fór nú svona undarlega leið og ósátt var um það var í framhaldi af því skoðað hvernig væri hægt að halda á málum og við 3. umr. málsins kom inn eftirfarandi ákvæði aftan við þessa heimild um Bjarnarflagsvirkjun, með leyfi forseta:

„... að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.“.

Nú er alveg ljóst að verði þetta frv. að lögum þá er í raun líka þetta verndarákvæði varðandi Bjarnarflagsvirkjun fallið brott. Það er eitt af því sem þarf að skoða í nefndinni hvað Alþingi finnist um það að þá standi eftir væntanlega opin heimild fyrir virkjun í Bjarnarflagi. Að minnsta kosti verður að skoða það mál að einhverju leyti upp á nýtt að mínu mati.

Um þetta vil ég segja að Samf. er alveg tilbúin til að skoða það mál. Við vildum fara varlega vorið 1999 og láta þetta mál ekki bara renna svona í gegnum þingið og það var af hálfu Samf. sem þetta ákvæði með tilvísun í lögin um Laxárvirkjun og Mývatn kom inn. Ég vil taka það fram hér að við erum alveg tilbúin að skoða það hvort í lagi sé að Bjarnarflagsvirkjun verði heimiluð. En það þarf að vera góð útfærsla og hún þarf að falla að landinu. Það verður líka að vera trúverðug lausn varðandi affallsvatn því að þar liggur mesta hættan fyrir lífríki Mývatns.

Mjög mikilvægt er að þingmenn geri sér grein fyrir því hvað felst í svona frv. og hvað felst í nýjum lögum sem við setjum. Satt best að segja þarf oft ótrúlega þekkingu á því sem hefur verið að gerast á liðnum árum til að maður átti sig á því hvað geti breyst með nýju frv. hverju sinni.

Við í Samf. erum alveg staðráðin í því að skoða verndarsvæðið, vissulega með tilliti til þess að við gætum alls staðar að því að fara að alþjóðasamningum og gætum að landinu og verndinni. En við viljum líka koma til móts við heimamenn með það að þeir geti hreyft sig meira og teljum að það sé stærsta málið fyrir heimamenn. Við teljum að það sé ekki stærsta málið fyrir heimamenn að hækka þessa stíflu. Það eru að verki einhver önnur öfl og aðrir hagsmunir sem við gerum lítið með.

Frú forseti. Að öðru leyti mun Mörður Árnason fara nánar yfir virkjunarmálin af hálfu okkar í Samf.

[17:26]

Mörður Árnason:

Forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur í ágætri ræðu fjallað um sjálft frv. sem hér er til umfjöllunar en ég ætla að tala sérstaklega um bráðabirgðaákvæði III sem finna má aftan við frv.

Eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi eru þetta tvö aðskilin mál og ekkert sérlega skyld. Hún lýsti því að Samf. hyggst skoða jákvæðum huga í nefndinni þetta frv. sem kemur fyrir þingið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem það kemur fyrir þingið. En Samf. leggst gegn bráðabirgðaákvæði III og stífluhækkun í Laxá samkvæmt því.

Það er umhugsunarvert hvernig á því stendur að hæstv. umhvrh. hefur sett inn bráðabirgðaákvæði III í frv. án nokkurs konar umfjöllunar í nefndinni sem samdi frv., án nokkurs konar ráðgjafar sem ljós er um efni þess og án þess að leita í raun álits á bráðabirgðaákvæði III að því er kunnugt er nema með ferð sinni norður í land sem lesa mátti um á heimasíðu hæstv. ráðherra fyrir skömmu. Þar var að vísu ekki minnst á bráðabirgðaákvæði III heldur einkum rætt um rjómakaffi og hangikjöt.

Auðvitað er hæstv. umhvrh. í sjálfsvald sett að gera þetta. En þá tekur maður eftir því að staðan er einmitt sú að efn-

islegur grundvallarmunur sjálfs frv. og bráðabirgðaákvæðis III endurspeglast í þessum gjörólíka undirbúningi. Annars vegar er frv. sem er samið í nefnd fulltrúa hagsmunaaðila, áhugamanna og umhverfisverndarfólks, þar sem skapað var gagnsætt ferli áður en það kom til umfjöllunar á þingi. Það er nú sem betur fer kannski til þeirrar umfjöllunar í annað sinn, en í greinargerð þess segir einmitt að tekið hafi verið mark á ýmsum athugasemdum, ef ég man rétt, sem gerðar voru í fyrra skiptið. Hins vegar er svo þetta bráðabirgðaákvæði III sem enginn hefur séð fyrr en nú að því er vitað er nema þá kannski þeir bændur sem hæstv. umhvrh. heimsótti í hangikjötið í haust.

Um hvað snýst bráðabirgðaákvæði III? Jú, það snýst sem kunnugt er um að hægt sé að heimila hækkun stíflu við inntak efst í Laxárgljúfri að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og þá þannig að samþykki landeigenda liggi fyrir og Umhverfisstofnun heimili. Ákvæðið er tímabundið, eins og fram hefur komið í þessari umræðu. Það fellur úr gildi 31. desember 2014. *Þetta er mikilvægt að hafa í huga vegna þess að í raun snýst ákvæðið um að leyfð verði á svæðinu ein framkvæmd sérstaklega og aðeins ein.* Ein framkvæmd er tekin út úr af öllum hugsanlegum framkvæmdum á svæðinu. Þessi framkvæmd er hin umtalaða hækkun Laxárstíflu efst í gljúfrinu.

Hæstv. umhvrh. hefur látið liggja að því að með frv. sé verið að færa lagaramma í kringum Laxá og nágrenni að því sem almennt gerist, að hinum almennu reglum, að bráðabirgðaákvæðið eigi að skjóta inn umhverfismati. En það orð var auðvitað ekki til árið 1974 þegar lögin voru samþykkt eftir þá sáttargjörð sem hér hefur verið rætt um. Bráðabirgðaákvæði III gengur ekki út á þetta heldur aðeins það að undanþiggja eina framkvæmd, hækkun stíflunnar efst í Laxárgljúfrum. Að öðru leyti standa lögin. Þar með eru hin almennu rök, sem má virða, fallin um sjálf sig. Við erum ekki að taka þetta svæði inn í einhvers konar heildarreglur þar sem umhverfismat skiptir máli og setja inn í það ferli heldur er það aðeins þessi eina framkvæmd. Sem betur fer er ætlunin ekki að hreyfa við sérvernd þessara laga um Laxá og Mývatn heldur að tryggja framgang þessarar einu stíflu sem virðist þvílík þjóðarnauðsyn og forgangsmál að hana þurfi að rífa úr þessu lagasamhengi.

Þetta sést líka á tímatakmörkununum í bráðabirgðaákvæðinu. Þetta á að gilda til ársloka 2014 og þannig er ekki um að ræða neinar aðrar stíflur, engar aðrar framkvæmdir sem á að undanþiggja heldur aðeins þessa einu. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir.

Hæstv. umhvrh. hefur einnig sérstaklega rætt, og gerði það í ræðu sinni áðan, um kostina við umhverfismat, þ.e. að umhverfismatið kallar á tilteknar rannsóknir sem annars færu ekki fram. Þetta er út af fyrir sig rétt en þá verður að hafa í huga að þær rannsóknir spretta af einmitt þeirri framkvæmd sem metin er með tilliti til umhverfisáhrifa. Það tekur ekki endilega til annarra rannsókna sem til greina kæmu. Þar fyrir utan mætti spyrja: Ef þetta er ástæðan fyrir bráðabirgðaákvæði III, hvers vegna gildir þá ekki hið sama um aðra hluta lands sem við höfum talið þess eðlis að þeir eigi ekki að lúta almennum reglum heldur sérstökum, sem annaðhvort eru fest með sérstökum lögum eða með ákvæðinni helgi í augum þjóðarinnar? Við vitum hvaða svæði þetta eru, þau byrja kannski á Þingvöllum, Dettifoss, Gullfoss, Geysir o.s.frv.

Ég ætla í þetta sinn að fara yfir nokkur rök með og á móti bráðabirgðaákvæði III, í máli sem er svolítið skrýtið að ræða undir titlinum Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er hið opinbera dagskrárheiti þessa máls.

Áður langar mig þó að gera aðra athugasemd við ræðu hæstv. umhvrh., þ.e. þegar hún ræðir um aðila máls og skilgreinir þá sem landeigendur og eigendur Laxárvirkjunar. En það er ekki alls kostar rétt að eingöngu þeir séu aðilar máls. Sáttargjörðin og lögin sem sett voru í framhaldi af henni gerðu á sínum tíma að aðilum málsins landeigendurna vissulega, eigendur virkjunarinnar einnig en þar að auki ríkisstjórnina, sem skrifaði undir sáttargjörðina fyrir hönd þeirra ríkisstjórna sem á eftir kæmu, og Alþingi sem samþykkti lögin í beinu framhaldi af sáttargjörðinni. Ef bráðabirgðaákvæði III verður samþykkt á þinginu er Alþingi, sem aðili máls, að afsala sér rétti sínum til að standa við eða breyta í samráði við aðra sáttum sem þá náðust. Þegar rætt er um aðila máls þá verður að skilja það í víðum skilningi. Alþingi átti náttúrlega aðild og ríkisstjórnin fyrir hönd þjóðarinnar, *sem er líka aðili að þessu máli, enda er það ekki lengur svo,* og það var kannski eitt af því sem þetta mál gerði á sínum tíma, að menn, einstaklingar eða fleiri saman eftir búsetu, geti alfarið kastað eign sinni á tiltekin landsvæði, tiltekin náttúrufyrirbrigði.

Hvers vegna er þetta bráðabirgðaákvæði sett inn í lögin? Fyrst er náttúrlega að athuga ráðagerðir Landsvirkjunar. Það hefur komið fram að ráðagerðir Landsvirkjunar, það kemur fram í drögum að matsáætlun sem send var út í sumar leið, eru að hækka stífluna efst í Laxárgljúfri um 10–12 m. Því fylgir að lón myndast ofan stíflu sem kallað er í matsáætlunardrögum „lítið inntakslón". Það er vissulega ekki stórt að flatarmáli, verður 0,25 ferkílómetrar miðað við 10 m, 0,34 ferkílómetrar miðað við 12 m. Það er auðvitað afstætt hvað telst lítið lón og stórt, það verður að miðast við umhverfið. Þetta þýðir jafnframt að virkjunin breytist úr rennslisvirkjun í miðlunarvirkjun, sem er mjög mikilvægt atriði.

Breytingunni mundi fylgja nýr aðkomuvegur og þyrfti að færa Laxárdalsveg á kafla og því er hér um að ræða vegagerð á þessu viðkvæma svæði. En það sem mest er um vert er að þetta lón sem þarna yrði til þarf að tæma af sandi, samkvæmt því sem segir í drögum að matsáætlun. Það þyrfti að gera miðað við 10 m hækkun á 15 ára fresti en miðað við 12 m hækkun á 30 ára fresti.

Hér er um viðamikla framkvæmd að ræða, sandtæmingu lónsins. Um það er engar upplýsingar að fá í gögnum sem mér eru tiltæk. Það er óljóst hvert ætti að flytja sandinn þó að nefndar hafi verið gamlar námur í héraðinu. Kostnaðurinn er hins vegar gefinn. Sagt er að kostnaðurinn sé 7–16 millj. kr. á ári. Það má svo margfalda með 15 eða 30. Ég veit ekki hvort matsáætlunin miðast við að tæmt sé í námurnar eða annars staðar. En það kemur fram á öðrum stað að þetta séu áætlaðir um 50 þús. bílfarmar.

Hagur fyrir virkjunina sjálfa er sagður sá að sandburður minnki eða hverfi og það er meginástæðan, að sögn Landsvirkjunarmanna. Þeir tala líka um að ístruflanir muni lagast en ístruflanir munu ekki lengur vera mjög mikið mál miðað við það sem var í við upphaf Laxárvirkjunar. Síðan er það aflaukningin, sem er 5–6,3 megavött, og orkuaukning sömuleiðis. Hún skiptir hins vegar ekki miklu máli, eins og hver maður getur séð sem ber þessa virkjun saman við aðrar virkjanir. Landsvirkjun segir nú að það sé fyrst og fremst sandburðurinn. Í matsáætlunardrögunum segir að grundvöllur virkjunarinnar í núverandi mynd bresti ef ekkert verði af

framkvæmdum. En einn af yfirmönnum hjá Landsvirkjun hefur sagt að vatnsaflsstöðvar séu nú óhagkvæmasta rekstrareiningin í orkuöflun Landsvirkjunar.

Meintur hagur fyrir aðra af stífluhækkun er að orkuafhending á Húsavík og nágrenni verði öruggari, að veiðiskilyrði í Aðaldal batni, að starfsmenn haldi vinnunni, en komið hefur fram að þar séu tólf stöðugildi með sumarvinnu unglinga, og síðan mundi umhverfismatið sem fram færi kalla á mikið rannsóknarstarf.

Eins og við vitum banna lögin hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask á þessu svæði nema að því leyti að breytingar á hæð vatnsborðs eru leyfðar ef tryggt er að þær stuðli að verndun og ræktun árinnar.

Umhvrh. hefur haldið því fram að lögin snúist bara um að leyfa umhverfismat en ekki um að hækka stífluna og mér heyrðist hv. þm. Halldór Blöndal halda því fram áðan líka. Umhvrh. hefur einnig haldið því fram, ásamt Landsvirkjun, að lögin sem í gildi eru gangi lengra en sáttargjörðin frá 1973 af því að hér sé allt bannað en orðalagið sé öðruvísi í sáttargjörðinni.

Ég hef þegar fjallað um þessi helstu rök umhvrh. og ætla næst að fara yfir nokkur þau mótrök sem nefnd hafa verið.

Landeigendur og umhverfisverndarmenn segja skýrt að verið sé að rjúfa sáttargjörðina frá 1973, frá lokum þeirrar deilu sem markaði upphaf umhverfisumræðu í nútímaskilningi á Íslandi og hratt af stað þeim skilningi, því hugarfari sem sífellt hefur orðið sterkara í umhverfismálum hér á Íslandi. Það eitt er auðvitað ákaflega alvarlegt mál. Þessi deila og lok hennar voru táknræn með fleiri en einum hætti fyrir það sem síðan hefur gerst og fyrir framtíðina sem blasti við þegar henni lauk. Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi kalla þetta griðrof.

En þegar sátt næst í viðkvæmu máli af þessu tagi, sem fullyrða má að þjóðin hafi öll, að liðnum þeim tíma sem sár eru að gróa, tekið undir að megi ekki breyta nema því aðeins að allir aðilar að sáttinni — hér er um að ræða íslenska þjóð auk landeigenda og virkjunareigenda, sem reyndar eru íslenska þjóðin líka — séu sammála um að breyta sáttinni. Það hlýtur að vera þannig. Það er ekki hægt að gera pólitíska sátt af þessu tagi, þjóðarsátt, þó að hún hafi ekki verið nefnd það þá, nema með þeim áskilnaði að hún verði ekki rofin með meirihlutavaldi einu saman eða í krafti auðs eða valda. Sáttin á að standa þangað til menn hafa komist að samkomulagi um að breyta henni, breyta afleiðingum hennar í takt við nýja tíma eða þá að rjúfa hana með öllu sem einhvers konar þjóðminjar, einhvers konar úrelt fyrirbrigði. Um það er ekki að ræða í þessu dæmi.

Menn hafa harmað miðlunarlón á grónu landi í þessum veiðisæla dal. Það hafa ekki síst veiðimenn gert. Hilmar Hansson, formaður Landssambands Stangaveiðifélaga, hefur kallað Laxá drottningu laxveiðiánna og talað um að nú sé að upphefjast styrjöld við heimamenn, veiðimenn og umhverfissamtök. Valdimar Halldórsson segir í Morgunblaðsgrein að hér sé um að ræða auðugasta lífríki í straumvatni á Íslandi.

Eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir tók fram hefur verið bent á að þetta svæði nýtur sérstakrar verndar og hlíðar samkvæmt Ramsar-samningnum frá 1971. Það er líka bent á að sú vatnsverndaráætlun sem okkur er skylt að fylgja með viðbótarsamningi við þann samning er ekki til. Það var upplýst um daginn af hæstv. umhvrh. í umræðum um annað mál, þó ekki með öllu óskylt, að staða vatnsverndaráætlunarinnar um Mývatn og Laxá sé í undirbúningi hjá Umhverfisstofnun. Það var sérstaklega tekið fram að sú vinna væri ekki hafin, heldur væri hún í undirbúningi. Það segir mér að hún liggi einhvers staðar á borði, þar liggi minnismiði um að einhvern tíma á næstunni þurfi að hefja störf að þessari vatnsverndaráætlun.

Að fara af stað í verk af því tagi sem bráðabirgðaákvæði III gerir ráð fyrir á svæði sem verndað er með alþjóðlegum hætti samkvæmt hinum fræga Ramsar-samningi um votlendi rekst á við kröfuna um að menn standi sig, ekki bara innan lands heldur líka alþjóðlega. Af þeim sökum er út í hött að samþykkja þetta ákvæði og leyfa þeim áætlunum að halda áfram sem Landsvirkjun gerir þarna ráð fyrir.

Því má bæta við, þó að það sé kannski minna mál en þetta, að enn er beðið niðurstaðna viðamikilla rannsókna á þessu svæði sem fram fóru í sumar. Sumum þeirra er lokið og liggja reyndar fyrir á stofnunum sem lokuð gögn, þ.e. það má ekki fara í þau sem ekki er endilega óeðlilegt en sýnir það að heildarrannsókninni er ekki lokið. Það er líka furðulegt að ekki skuli vera beðið eftir þeim rannsóknum, sem m.a. fjalla um sum af þeim vandamálum sem við eigum við hér, áður en komið er með þetta frv. inn í þingið.

Af hverju má ekki ljúka þeim áður en bráðabirgðaákvæði III er þrýst inn á þingið? Af hverju mega þingmenn og þjóðin ekki sjá niðurstöður þessara rannsókna sem verið var að vinna í sumar, sem að líkindum eru væntanlegar nú á vormánuðum eða a.m.k. á árinu, áður en okkur er þrýst til þess að taka afstöðu til þessa ákvæðis?

Þar að auki er bent á það að fyrirbrigði í Laxárdalnum sem færu undir vatn ef Landsvirkjun verður að ósk sinni, njóta sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum. Bent er á eldhraunið neðst í Laxárdal en í náttúruverndarlögunum er sérstaklega tekið fram að eldhraun, þ.e. ung hraun, njóti sérstakrar verndar. Þar eru líka laugar, sem kallaðar eru Laugar eins og fleiri á þessu svæði, sem einnig njóta verndar í náttúruverndarlögum.

Heimamenn segja að til séu önnur ráð til að minnka ís og krapa í ánni en þau að byggja þar 10–12 metra stíflu. Raunar er það svo að röksemdir Landsvirkjunar um ís og krapa munu samkvæmt mínum heimildum vera miklu minna áríðandi eða ástæður þeirra miklu minna áríðandi en áður var, eins og ég tók fram áður.

Um áhrif sandsins sem er auðvitað aðalmálið í þessu þá ætla ég fyrst að ræða um áhrif sands á veiði vegna þess að það er auðvitað mjög rætt á svæðinu og sérstaklega í Aðaldal meðal landeigenda þar sem eiga land að ánni. Þeim þykir mörgum að sandur hafi aukist og kenna honum um minnkandi laxveiði undanfarinn áratug eða svo. Engar fræðilegar niðurstöður eru þó til um þetta. Menn hafa mælt ákveðna staði í ánni og fundið út að á sumum þeirra er nú sandur þar sem áður var hægt að sjá í botn, sem væntanlega mundi þá koma þar í veg fyrir klak. Aðrar rannsóknir segja að sandur hafi ekki aukist í ánni frá 1978 og til okkar daga. Það mundi þá þýða það, ef hægt er að taka mark á þeim rannsóknum sem ég veit ekki, enda ekki fræðimaður í þessari grein, að í raun og veru ráðist breytingar á viðgangi lax í ánni ekki af sandinum, a.m.k. ekki eingöngu. Við þurfum auðvitað að fá úr þessu skorið. Það er ekki nokkur vegur að ráðast í að gefa Landsvirkjun færi á þessari stífluhækkun, hvað þá að ráðast í hana sjálfa, nema vita mjög nákvæmlega eða eins nákvæmlega og hægt er hvaða áhrif sandburðurinn hefur á laxveiðarnar neðar í ánni.

Af því að það var rætt áðan eða a.m.k. er ástæða til þess að nefna það að menn hafa líka spurt sig að því hvernig á því stendur að það er ekki aðeins laxinn í Laxá á Aðaldalssvæðinu sem hefur minnkað síðustu árin heldur líka laxinn í tveimur af þverám eða aðrennslisám Laxár, sem ná þó miklu styttra en Laxáin sjálf hvað þá að þær taki við sandánni Kráká, en þar hefur laxgengd líka minnkað, og það bendir til þess að það sé ekki bara sandinum að kenna að laxveiði hefur dofnað síðustu tíu ár í Laxánni. Það getur hins vegar vel verið og það er eðlilegt að laxabændur séu órólegir. Til er reyndar sú kenning að menn hafi farið ógætilega í virkjuninni sjálfri og skaðað laxinn þar með því að tímasetja óheppilega losun framan við stífluna sem nú er, þannig að sandur hafi runnið niður fljótið á tíma sem — við skulum orða það kurteislega — ekki hentaði klaki laxa. Þetta eru fullyrðingar eða kenningar og ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þær. En það er alveg ljóst að það eru engar rannsóknir sem segja af eða á um þetta mál og mér sýnist að þær segi þá frekar af ef eitthvað er.

Það er líka þannig með sandinn yfir höfuð að menn vita lítið um hann. Í margnefndum drögum að matsáætlun er hann sagður 40–60 þús. tonn á ári. Á fundi sem ég var á um daginn með mönnum frá Landsvirkjun kom fram að þessar tölur eru óvissar þó að þær séu settar fram með nokkru stærilæti í matsáætlunardrögunum. Þeir sögðu þá að verið gæti að sandmagnið væri ekki nema 15–20 þús. tonn. Menn vita sem sé ekki einu sinni hversu mikill sandur berst niður Laxá á ári eða með annarri tímaeiningu, hvað þá að þeir viti í raun og veru hvaða áhrif hann hefur.

Þá verður auðvitað að taka fram líka að menn hafa prófað að reyna að stöðva þennan sandburð með uppgræðslu í Krákárbotnum, sem hv. þm. Halldór Blöndal minntist á áðan, uppgræðslu sem sögð er hafa gengið vel að því leyti sem í hana var lagt en hefur nú að mér skilst verið hætt og var gert fyrir nokkru, svona um það bil sem forustumenn Landsvirkjunar gáfust upp á því að fá landeigendur í kringum Laxá til þess að leyfa hækkaða stíflu í þeim krafti að þessi tilraun hefði ekki gengið.

Það er heldur ekki fullreynt og ekkert hefur verið reynt að beita einhvers konar sandgildrum eða sandstíflum í Kráká sem auðvitað er uppspretta sandsins, Kráká sem liggur nokkurn veginn frá Mývatni og suður á öræfi. Komið hefur í ljós að menn höfðu ekki gert þetta, Landsvirkjunarmenn bera að vísu fyrir sig skort á leyfi til þess arna en ég skil ekki í öðru en ef leitað væri slíks leyfis í fullri alvöru þá fengist það til að gera þessa tilraun. Og það að hafa ekki fengið leyfi á sínum tíma til þess arna er a.m.k. ekki afsökun fyrir því að ætla núna að leysa málið með því að hækka stíflu án nokkurra rannsókna.

Það verður svo að nefna það líka að hugsanlegt er, og menn hafa nefnt það, að vatnsbúskapur Mývatns sjálfs leiki hér ákveðið hlutverk en það hefur eftir því sem ég veit ekki heldur verið kannað og um þetta eru, því miður, aðallega lauslegar kenningar, getgátur, fullyrðingar, þrátt fyrir að menn hafi auðvitað reynt að kanna þetta svæði. Náttúran er flókið fyrirbrigði og ef við ætlum að láta hana njóta þess vafa sem hún á skilið, og við eigum að gera sem hennar börn, verðum við að sætta okkur við það að þessi mál séu flókin og að ekki séu til neinar einfaldar lausnir.

Það er líka á það minnt að inntaksmannvirkin séu óbreytt frá 1973. Það sé vel hugsanlegt að breyta þeim og þar með sliti af völdum sandsins á vélar virkjunarinnar en það hafi aldrei verið gert. Það er raunar ótrúlegt að í 31 ár skuli þessi inntaksmannvirki, sem í fyrstu voru miðuð við allt aðra gerð af virkjun en síðar varð, standa í sömu sporum, að þau skuli vera óhreyfð þrátt fyrir þau miklu vandamál sem Landsvirkjun lýsir í kringum þessa stöð og hennar gríðarlegu óhagkvæmni sem nú er ástæðan fyrir því að menn vilja hækka.

Ég rakti áðan miklar efasemdir og spurningar um sandmokstur og flutning úr lóninu og því er við að bæta að það hefur heyrst frá landeigendum, og þeir voru reyndar í samningum eða þreifingum við Landsvirkjun á sínum tíma, að þeir séu engan veginn ósveigjanlegir í þessu máli, að ef Landsvirkjun getur með einhverjum hætti búið til lausn sem minnkar sandinn í Kráká þá sé mögulegt að hækka stífluna að einhverju marki til þess að koma til móts við Landsvirkjun í trausti þess, og eftir rannsóknir, að sandurinn minnki.

Enn ein röksemd sem ég taldi áðan er sú sem Landsvirkjun telur fram fyrir þessari stíflu og það er að hún muni tryggja betur orkuafhendingu við Skjálfanda. Húsvíkingar og nágrannar þurfi þá ekki lengur að vera hræddir við það að verða orkulausir ef þessi eina tenging sem nú er frá Skjálfandasvæðinu við landskerfið rofnar, en það er einmitt Laxárvirkjunartengingin.

Það er auðvitað undarlegt að það skuli vera eina tengingin og óhæfa að Húsvíkingar og nágrannar þeirra við Skjálfanda skuli búa við það óöryggi í orkumálum. Ég hef lagt fram fyrirspurn á þinginu til hæstv. iðnrh. um það hverju þetta gegni og hvernig á því standi að Húsvíkingum og nágrönnum þeirra skuli ekki hafa verið tryggður traustur aðgangur að byggðalínunni sem við settum nú ekki litla peninga í hér um árið, hvað sem um þá verður núna með hreyfingum í raforkumálunum. En það er auðvitað mál fullkomlega óháð þessu, eða það skyldi maður a.m.k. ætla, og á að leysa á annan hátt en þann að menn þurfi að ráðast á ákvæði laga um Mývatn og Laxá. Og ef þetta er rétt um óöryggi við Skjálfanda að þessu leytinu þá á að skammast til þess að bæta úr því hið fyrsta.

Menn benda auðvitað í því sambandi einnig á aðra orkumöguleika í Þingeyjarþingi, ef tilgangurinn er að auka orkuframleiðslu í héraðinu eða á Norðurlandi, og það er verið að kanna þá fleiri en einn og fleiri en tvo þessa dagana og ekki að sjá að þessi framkvæmd í Laxárvirkjuninni muni spila þar í raun og veru stórt hlutverk.

Það er rétt að halda því líka til haga við 1. umr. málsins að þessi virkjunarframkvæmd er ekki með í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þeir sem stóðu að þeirri rammaáætlun, sem hefur verið hrósað mjög í þinginu og annars staðar í samfélaginu, hafa ekki haft hugmyndaflug til þess að hafa þessa virkjun með í þeirri áætlun, og hefði verið fróðlegt að vita hvar hún hefði lent í forgangsröðinni sem þar er sett upp.

Það er svo auðvitað undarlegt að lokum þessarar upptalningar á rökum og mótrökum að Landsvirkjun skuli ekki, þótt hér sé komið inn bráðabirgðaákvæði í lagafrv. frá hæstv. umhvrh., hafa á reiðum höndum tölur um rekstrarkostnað Laxárvirkjunar, um arðsemi af henni, jákvæða eða neikvæða eða hvaða orð sem hagfræðingarnir nota um það, um afkomuna núna og afkomuna eftir virkjun. Það eru engar tölur. Þeir eru spurðir, það er ekkert svar. Ég vona að hæstv. umhvrh. hafi verið í þeim sérstaka forréttindahópi sem hefur fengið slíkar tölur og slíkar upplýsingar um afkomu, vegna þess að án þeirra er ekki nokkur vegur að taka afstöðu til þessa máls

og í raun og veru ekki hægt að taka mark á fullyrðingum Landsvirkjunarmanna og þar með hæstv. umhvrh. án þess að þessi kostnaður liggi fyrir.

Maður spyr sig einnig að því, ef þetta er rétt hjá Landsvirkjun að rekstrareiningin sé það óhagkvæm að virkjunin gangi ekki og það þurfi nánast að leggja hana niður ef þeir fá ekki vilja sínum framgengt, hvort Landsvirkjunarmenn vilji ekki bjóða virkjunina til sölu. Vilja þeir ekki setja auglýsingu í blöð og segja að virkjunin sé til sölu og biðja um þau leyfi sem kann að þurfa á að halda til að selja hana? Er ekki skynsamlegt að láta á það reyna hvort t.d. heimamenn kunni að vilja taka við virkjuninni og reka hana án stífluhækkunarinnar en með breytingum á inntaksmannvirki og í samvinnu við almannavaldið með tilraunum til að hefta sandburð og græða upp land í Krákárbotnum? Ég bið hæstv. umhvrh. að íhuga þessa lausn á málunum, að losa Landsvirkjun við þann gallagrip sem hún telur sig vera með í fjósinu.

Þeir eru til sem telja, þó það séu ekki rök í málinu, að í raun og veru hafi Landsvirkjun dregið lappirnar í 31 ár í þeirri von og því trausti að hægt sé að hækka stífluna. Þeir vitna m.a. til greinar eftir Jakob Björnsson orkumálastjóra frá 1979 sem segir að þetta geti gerst eftir aldamótin, með leyfi forseta: „Þegar öldur Laxárdeilu eru hjaðnaðar."

Ég rek þetta ekki til að taka undir það, ég trúi þessu satt að segja ekki á Landsvirkjun. En ég spyr: Hvað gengur Landsvirkjun til? Eina skynsamlega ástæðan er í raun og veru þessi samsæriskenning, því að Landsvirkjun hefur ekki sýnt fram á þá hagsmuni sem ættu að leiða hana til þessa máls vegna þess að þar í húsi eiga menn að vita hvaða styrjöld hér er að hefjast, svo ég vitni aftur í Hilmar Hansson, og þeir ættu að gera sér grein fyrir því, af því þetta er nútímalegt fyrirtæki, hvaða ímyndaráhættu þeir eru að taka með því að fá umhvrh. til þess að flytja þetta ákv. til brb.

Af hverju, spyr maður? Það er ekki eftir neinu að slægjast sem sýnt hefur verið fram á að skipti verulegu máli.

Meginmálið held ég að sé þetta: Landsvirkjun er að segja okkur að sandurinn sé að eyðileggja virkjunina, þess vegna þurfi að stífla. Það sé í raun og veru annaðhvort um að ræða að leggja Laxárvirkjun niður í núverandi formi eða að gera það sem þeir hafa fengið hæstv. umhvrh. til að gera, að opna fyrir að hækka stífluna.

Það eru engin rök á bak við þetta. Það sem við eigum því að gera á þinginu er að segja við Landsvirkjun og það á hæstv. umhvrh. að gera með okkur: Farið með okkar stuðningi og kannið málið. Farið og gerið þær rannsóknir sem til þarf. Ef þær benda í þessa átt skuluð þið koma til okkar aftur og segja: Það þarf að leggja Laxárvirkjun niður, við höfum sannað það, nema hægt sé að hækka þessa stíflu.

Þetta eigum við að gera. Við eigum ekki að afgreiða ákv. til brb. út úr þinginu. Við eigum að fella það og segja Landsvirkjun nákvæmlega þetta: Við erum tilbúin til að standa að því með ykkur að hefja rannsóknir á sandinum, á áhrifum hans, hvað hann er mikill, hvernig hægt sé að koma í veg fyrir hann, hvort hann hafi raunveruleg áhrif á laxinn, hvort hægt sé að laga inntaksmannvirkin þannig að ekki þurfi að hafa áhyggjur af sandinum, hvort hugsanlega þurfi að hækka stífluna eilítið sem ekki mundi gera út af við dalinn og ekki mundi leiða til raunverulegs miðlunarlóns. Þetta eigum við að gera.

Svo spyr maður sig líka: Hvað gengur hæstv. umhvrh. til að flytja þetta frv., sem er á förum úr umhverfisráðuneytinu hvar sem hún endar að lokum? Hvað gengur henni til að reisa sér þetta minnismerki, þennan persónulega minnisvarða, því hann verður það ef þetta mál gengur fram? Menn munu minnast hæstv. umhvrh. þegar lónin verða tæmd eftir 15 ár eða 30 ár. Hafi hæstv. umhvrh. viljað skapa sér eilífðarfrægð kemst hún vissulega nálægt því með þessu. En hún er ekki jákvæð fyrir hæstv. umhvrh.

Að lokum: Margir hafa haft samband við mig vegna þessa máls. Ég hef sagt við þá að róa sig í bili því ekki tækju allir mark á öllu sem sagt væri í sjónvarpi. En nú hefur hæstv. umhvrh. gengið skrefi lengra. Hún segir þetta ekki lengur í sjónvarpi heldur segir hún þetta á þingi. Hún virðist ganga í málið með Landsvirkjun af óljósum hagsmunum Landsvirkjunar, en að því er virðist gegn náttúruhagsmunum þeim sem henni sem umhvrh. er skylt að halda til haga, bæði í venjulegum daglegum störfum sínum og einkum í þeirri leiðsögn sem hún á að veita okkur á þinginu.

Ég skora á hæstv. umhvrh. að losa okkur og þjóðina við málið með því að kalla aftur ákv. til brb. III úr breytingalögunum um verndun Laxár og Mývatns og hún yrði maður að meiri ef hún gerði það.

[18:06]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það eru einkum þrjú svæði á landinu sem náttúrufræðingar geta sameinast um að séu merkilegri en önnur út frá sérstæðri náttúru. Það eru Þjórsárver, Surtsey og Mývatn. Ég hefði talið eðlilegt fyrir ábyrgan umhvrh. að einblína á að vernda þessi svæði umfram önnur og að lögin endurspegluðu að einhverju leyti mikilvægi staðanna út frá náttúrufræðilegu gildi þeirra, þ.e. það væri erfiðara að raska stöðum sem flestir náttúrufræðingar landsins geta sameinast um að séu mikilvægir en þeim sem eru síður mikilvægir. Ég hefði talið það vera forgangsverkefni fyrir hæstv. umhvrh.

Er raunin sú? Nei, ég get alls ekki séð það. Hæstv. umhvrh. forgangsraðar ekki. Í stað þess að tryggja verndun svæðanna hefur verið lögð fram þáltill. um að fjölga friðlýstum svæðum um 14, en það er með öllu óljóst hvað sú friðlýsing hefur í för með sér.

Frú forseti. Ef marka má þýðingu þessara fyrirhuguðu friðlýsinga út frá því hvernig vernd þeirra svæða sem náttúrufræðingar landsins telja að séu mikilvægari en önnur svæði, Mývatn, Þjórsárver og Surtsey, eins og áður segir, er ekki að búast við miklu. Af fyrri verkum hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur má helst ráða að svokölluð friðun verði orðin tóm. Allir ættu að muna eftir því þegar núverandi umhvrh. lýsti sig vanhæfa til að úrskurða um Norðlingaölduvirkjun og hæstv. heilbr.- og trmrh. var fenginn til að úrskurða um hæðina á lóninu. Nú deila menn um hvað hæstv. ráðherra meinti í úrskurðinum, þ.e. hvort úrskurðurinn heimilaði lónshæð í 566 metrum eða 568 metrum. Ég hefði talið miklu nær fyrir hæstv. ráðherra að reyna að greiða úr þeim deilumálum sem fyrir eru, áður en þau fara að efna til fleiri deilna á sviði umhverfismála.

Mér er óskiljanlegt af hverju hæstv. umhvrh. er að leggja í enn eina deiluna einmitt á einu þeirra svæða sem náttúrufræðingar landsins telja einna mikilvægast að varðveita. Mývatn er eins og áður segir einstætt vegna sérstæðrar náttúru. Það á í raun ekki að vera einkamál okkar Íslendinga og hvað þá landeigendafélags fyrir norðan hvernig við ætlum að varðveita sérstæða náttúru, heldur hefur svæðið gildi á alþjóðavísu. Ísland hefur reyndar skráð Mývatnssvæðið á grundvelli Ramsar-sáttmálans yfir mikilvægt votlendissvæði.

Ég tel að ábyrgur umhvrh. ætti að íhuga sérstaklega málið áður en hann fer að efna til deilna um verndun svæða sem eru ekki eingöngu merkileg á mælikvarða okkar, heldur á alþjóðavísu.

Í frumvarpinu sem hér er til umræðu er einkum tvennt sem mun leiða til deilna:

Í fyrsta lagi er verið að minnka það svæði sem nýtur verndar.

Í öðru lagi er verið að opna á að heimila gerð stíflu og að gert verði uppistöðulón.

Ég get ekki séð annað en að í frv. sé verið að minnka landsvæði á Mývatnssvæðinu sem nýtur sérstakrar náttúruverndar. Ég vil því spyrja hæstv. umhvrh. hvort það sé ekki verið að undanskilja Dimmuborgir frá sérstakri lagalegri náttúruvernd með samþykkt frv. Munu Dimmuborgir ekki falla utan þess svæðis sem nýtur verndar samkvæmt frv.? Ég get ekki betur séð en svo sé. Mér finnst það merkilegt sérstaklega í ljósi þess að nú er verið að taka 14 svæði á landinu í þáltill. og merkja þau sérstaklega, en Dimmuborgir undanskildar. Er ekki sömuleiðis verið að undanskilja Hverfjall og Leirhnjúk, að þau svæði njóti sérstakrar verndar?

Mér finnst að hæstv. umhvrh. ætti að koma þessu álitamáli á hreint og greina okkur frá því hvort verið sé að undanskilja Dimmuborgir, Hverfjall og Leirhnjúk og hvers vegna svo sé. Ég get því miður ekki séð neitt samræmi í störfum hæstv. umhvrh.

Í öðru lagi er verið að opna á að gert verði uppistöðulón á náttúruverndarsvæði sem óumdeilanlega hefur alþjóðlegt verndargildi. Með þessu er hæstv. umhvrh. að ýfa upp 30 ára gamlar deilur. Ég skil í raun ekki hvað vakir fyrir hæstv. ráðherra.

Í framhaldinu tel ég rétt að spyrja hæstv. umhvrh.: Hvað er það sem kallar á breytta stefnu, þ.e. að opna á gerð uppistöðulónsins? Ég átta mig ekki á því. Er það eitthvað í orkubúskapnum norðan heiða sem kallar á breytta stefnu? Er eitthvað verra að ráða við sandburð úr ánni núna en fyrir 10 árum eða 20 árum? Mér finnst að þessum spurningum verði að svara.

Þess ber þó að geta að það er slegið á varnagla í frv. sem heimilar að ef það á að búa til uppistöðulón á svæðinu, sem Umhverfisstofnun getur heimilað, verði framkvæmdin að fara í umhverfismat. En ef lögin um umhverfismat eða mat á umhverfisáhrifum eru skoðuð á svona framkvæmd að fara í mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tölul. 10. d í viðauka II á að tilkynna þessa framkvæmd og að öllum líkindum mun hún fara í umhverfismat. Ég átta mig í rauninni ekki á því hvers vegna er verið að taka þetta fram í lögunum þegar það er í raun engin þörf á því.

Ég spurði ráðherrann fyrr í umræðunni hvers vegna væri verið að því og fékk fremur óskýr svör. Mig grunar að verið sé að búa þessa stíflugerð í einhvern grænan búning og tala um umhverfismat í leiðinni. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að skýra frá því hvers vegna verið er að tala um þetta umhverfismat í sömu andrá og stíflugerð þegar það liggur ljóst fyrir að í gildandi lögum þarf slík framkvæmd að fara í umhverfismat.

Hver er reynslan af umhverfismati? Er líklegt að umhverfismat stöðvi stíflugerð hæstv. umhvrh.? Til að svara þeirri spurningu er rétt að skoða hve margar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa verið stöðvaðar á grundvelli umhverfismatsins. Í gær mátti lesa í Morgunblaðinu mjög góða grein eftir Halldór Valdimarsson. Þar tók hann saman að af 160 framkvæmdum sem höfðu farið í umhverfismat voru tvær sem fengu rautt ljós frá Skipulagsstofnun. Hvað gerðist í framhaldinu? Hæstv. umhvrh. gaf sömu framkvæmdum grænt ljós nánast samstundis, Kárahnjúkavirkjun og borun í Grændal í Ölfusi. Reynslan er því sú að matið á umhverfisáhrifum mun ekki stöðva umræddа stíflugerð. Frv. heitir frumvarp um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í raun ætti það að heita Stíflugerð við Mývatn.

[18:15]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var í raun og veru aðeins eitt sem maður græddi á því að hlusta á það sem síðasti ræðumaður sagði, hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjón Þórðarson, og það er að í sjálfu sér er óþarfi að hlusta á hvað þingmenn Frjálsl. hafa að segja ef þingmenn Vinstri grænna hafa tekið til máls áður. Í grófum dráttum er það tekið upp sem þar hefur áður komið fram.

Það mál sem við erum hér að fjalla um er auðvitað mjög sérstakt mál og viðkvæmt heima í héraði, og alls ekki einfalt eins og ýmsir vilja halda fram, þar á meðal hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J.Sigfússon, sem talar í þeim dúr að hann einn kunni stóra sannleika í málinu, hann einn þekki til tilfinninga manna heima í héraði og hvernig rétt sé að líta á þetta mál.

Hv. þm. eyddi löngum tíma ræðu sinnar til að rifja upp Laxárdeiluna gömlu og skal ég ekki fara inn í einstök atriði í þeirri þrætu allri. Hann að vísu minntist ekki á þann mann sem fyrstur steig fram og reyndi að ná sáttum milli Laxárvirkjunar og landeigendafélagsins, Jóhann Hafstein, sem ég efast ekki um að hefði náð fram sáttum þar á milli ef deilan hefði ekki komið upp í aðdraganda kosninga. En í því andrúmslofti sem þar þá var, og eins og látið var, stóðu engar vonir til þess að hægt yrði að leysa málið fyrir vorkosningarnar 1971 og svo rækilega var búið að koma þessum málum í hnút að þeir sem hnýttu hann þurftu mörg missiri til áður en að lokum náðist það samkomulag sem síðan hefur verið byggt á. Ég held að engum manni á þeim tíma sem var sanngjarn og kunnugur málum hafi blandast hugur um góðan vilja Jóhanns Hafsteins til að leysa málið enda rann honum blóðið til skyldunnar. Þó svo að hann hafi ekki verið landeigandi í Þingeyjarsýslu var hann alinn upp á bökkum Laxár.

Nú vitum við auðvitað hvernig á því stendur að þetta mál er tekið hér til umræðu og ég sé ástæðu, vegna þess sem hér var áður sagt, til að rifja það upp sem stendur í greinargerð með frv. um ákvæði til bráðabirgða III, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill sandburður í Laxá hefur valdið erfiðleikum í rekstri virkjunarinnar og valdið miklu sliti á vatnsvélum. Einnig hafa ís- og krapastíflur við inntak virkjunarinnar truflað rekstur hennar. Þá hafa heimamenn haft áhuga á því að draga úr sandburði í Laxá. Vegna þessa hefur Landsvirkjun, sem nú er eigandi Laxárvirkjana, gert áætlun um að hækka núverandi stíflu efst í Laxárgljúfri. Með því myndast lítið inntakslón ofan stíflunnar og sandur og grjót sem Laxá ber með sér fellur til botns í lóninu. Jafnframt mundi það leysa ís- og krapavandamál þar sem vatnið yrði tekið af botni lónsins en ekki af yfirborði eins og nú er gert. Hugsanlegt er talið að minni sandburður í Laxá neðan virkjunar hefði jákvæð áhrif á lífríki árinnar."

Svo mörg voru þau orð. Einhver var það sem spurði hvernig á því stæði að þetta frv. er flutt nú. Ástæðan er

sú að rekstur Laxárvirkjunar stendur ekki lengur undir sér, ef rétt er reiknað, ef tekið er tillit til afskrifta og tekið er inn í dæmið sá mikli kostnaður sem því fylgir að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á virkjuninni. Hv. þm. vita það eins og ég að á síðustu árum hafa menn haldið að sér höndum vegna þess að framtíð virkjunarinnar hefur verið óljós ef ekki yrði hægt að ná samkomulagi um lagfæringar á stíflunni. Þannig stendur þetta mál. Menn geta gert lítið úr því eftir atvikum hvort þeir telji gott eða vont að þessi virkjun, Laxárvirkjun, sé rekin áfram en þá skulum við rifja upp að þetta er byggðamál, fyrst og fremst byggðamál, og þeir sem kunnugir eru nyrðra vita að það er mikill kvíði í mörgum mönnum þar, ekki öllum, vegna þess að þetta er átakamál heima í héraði og ástæðulaust að draga úr því.

Það er mikill kvíði í mörgum heima í héraði hvað um þá verður sem þar vinna og hafa tekjur af virkjuninni. Umsvif hennar margvísleg hafa miklu meiri þýðingu en beinlínis er hægt að draga líkur af ef maður lítur einungis á fjölda þeirra starfsmanna sem þar eru fastráðnir. Slíkt nær auðvitað ekki nokkurri átt. Heimamenn hafa bent á að Laxárvirkjun veiti þeim líka ákveðið öryggi. Þeir rifja gjarnan upp að það eru ekki mörg ár síðan raflínan til Akureyrar slitnaði og menn hafa leitt líkum að því að ef Laxárvirkjun hefði við það tækifæri ekki verið fyrir hendi hefði það þýtt skort á rafmagni í Þingeyjarsýslu í viku. Í sumra augum kann þetta að skipta litlu máli en það skiptir svo miklu máli fyrir heimamenn að þeir líkja því saman að Laxárvirkjun verði lögð niður og að kísilgúrverksmiðjan verði lögð niður í Mývatnssveit og ekkert komi í staðinn. Svo alvarlegum augum lítur heimafólk á málið.

Stundum er vitnað hér til sveitarstjórnarmanna. Menn geta velt fyrir sér hvað hreppsnefnd t.d. Aðaldælahrepps segði ef Laxárvirkjun yrði lokað einn góðan veðurdag og ekki neitt kæmi í staðinn. Þetta er ekki eitthvert mál sem hægt er að tala um bara í einum tóni eða frá einu sjónarhorni. Raunar er mjög vont þegar mál af þessu tagi eru tekin upp í þeim anda hér á hinu háa Alþingi.

Auðvitað geta ýmsir haldið ýmsu fram. Eins og hv. 5. þm. Norðaust. sagði hér áðan dytti í dag engum í hug að virkja Laxá í Þingeyjarsýslu. Ég get bætt við að í dag mundi engum detta í hug að virkja Efra-Sog. Við getum haldið áfram með þeim hætti og m.a.s. rifjað upp að í Þistilfirði voru átök um það hvort rétt væri að virkja fyrst Hafralónsá eða Sandá. (**Gripið fram í:** Læra ...?) Niðurstaðan af því varð svo að hvorugt var leyft. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**SigurjÞ:** Virkja bara meira ...?) Ja, við erum nú að reyna að virkja til þess að komast betur af, hv. þingmaður. Maður lifir ekki bara á ásatrúnni.

Það hefur komið fram hér í umræðunum að Landsvirkjun hefur hreyft því máli að áður en afstaða verður tekin til þess hvernig brugðist verður við þeim erfiðleikum sem nú blasa við í rekstri Laxárvirkjunar óskar Landsvirkjun eftir því að fá lagaheimild til að hún geti rætt við heimamenn um það hvort skynsamlegt kunni að vera að hækka stífluna nokkuð til þess að reyna að leysa þau tæknilegu vandamál sem þar eru á ferðinni og helst slá fleiri flugur í einu höggi.

Það er af þeim sökum sem bráðabirgðaákvæði III er í frv., sem mjög hefur verið spurt um, en það er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. getur Umhverfisstofnun heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, og að fengnu samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns."

Þessi setning hér vísar til 1. gr. þeirrar sáttargjörðar en þar segir í fyrri mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Laxárvirkjun lýsir yfir að hún muni ekki stofna til frekari virkjana í Laxá umfram þá 6,5 megavatta virkjun sem nú er unnið að og sem ekki hefur vatnsborðshækkun í för með sér nema til komi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns."

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust., er að reyna að leggja mjög einhliða skilning í þessi orð. Hann stenst ekki. Samkvæmt þeirri heimild sem er í bráðabirgðaákvæði III er alveg ljóst að ef hækkun á stíflunni stenst ekki mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, og ef slík hækkun er ekki samþykkt í Landeigendafélagi Laxár og Mývatns verður stíflan ekki hækkuð. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Mér finnst satt að segja undarlegt ef alþingismenn ætla að verða fremstir í flokki þeirra sem vilja halda því fram að vilji alþingismanna annarra, félaga þeirra hér á þinginu, standi til þess að við þau lög sem við sjálf setjum verði ekki staðið, að við hér í þessum þingsölum séum að leggja til lagabreytingar með því hugarfari að menn vilji ekki standa við lagabókstafinn. Það er ekki svo, og brigsl um það ná ekki nokkurri átt. Það er alveg ljóst að ef ekki næst samkomulag við Landeigendafélag Laxár og Mývatns verður ekkert úr hækkun þessarar stíflu. Þetta skulu menn hafa í huga og menn skulu tala út frá þeim forsendum til þess að mál þeirra skiljist.

Landsvirkjun hefur ekki gengið í þetta mál með neinu offorsi. Landsvirkjun segir ekki: Við viljum byrja á morgun, við viljum byrja hinn daginn. Það er ekki þannig. Landsvirkjun vill vinna vel að undirbúningi slíks máls, líka vegna þess að það hefur ekki reynst vel og vekur tortryggni ef Landsvirkjun lætur reikna út ýmsa hluti í sambandi við breytingar á vatnsyfirborði eða öðru án þess að jarðeigendum sé um það kunnugt eða án þess að umhverfismat sé gert í samræmi við lög og með þeim hætti að það falli undir lög um umhverfismat. Mun ég koma að því síðar.

Í samræmi við þetta liggur líka fyrir að það er ekki áríðandi á næsta ári eða kannski á næstu tveim árum að ráðast í miklar endurbætur á virkjuninni, heldur verður þess beðið að niðurstaða liggi fyrir í málinu eða a.m.k. geti legið fyrir í grófum dráttum hver vilji heimamanna sé og hvernig þeir hugsi sér að standa að málinu.

Erfiðleikum veldur líka í þessu sambandi að Landsvirkjun hefur ekki farið norður og hefur ekki enn átt fund með landeigendum. Landsvirkjun hefur ekki gert það sem veldur því að málið er að vissu leyti óskýrt.

Nú segir hv. 5. þm. Norðaust. Steingrímur J. Sigfússon að þetta sé öfug leið ef tilgangurinn sé að ná sáttum, það sé öfug leið að byrja á því að afla sér lagaheimildar til þess að mega fara í virkjunina, að byrja á því að kynna málið rækilega fyrir landeigendum, að byrja á því að gera sér nákvæma grein fyrir því hvaða leiðir hægt sé að fara til að ná þeim markmiðum sem skýrlega eru sett fram. Um þetta get ég að sjálfsögðu ekki verið sammála hv. þingmanni. Ég tel að Landsvirkjun hafi staðið mjög vel að þessu máli og sömuleiðis hæstv. umhvrh. Stóryrði eins og að það eigi að raska jafnvægi með lögum, það séu svik við gamla samkomulagið og þar fram eftir götunum eru auðvitað algjörlega ósanngjörn. Það er ekki verið að tala um það hér að rjúfa sáttargjörðina, heldur er verið að tala um að standa við hana.

Við skulum ekki gleyma því að margt í virkjuninni er komið á síðasta snúning og við skulum ekki gleyma því að ef svo fer að ekki náist samkomulag um úrbætur er við því að búast að Þingeyingar standi frammi fyrir því að virkjunin verði lögð niður. Ég er ekki að segja að hún verði lögð niður á næsta ári heldur mun hún svona smá daprast og smá deyja út. En Þingeyingar munu verða varir við að það sé niðurstaðan og það sé viðhorfið og þeir eru orðnir vanir slíku. Kaupfélagið fór á hausinn. Það er búið að selja mjólkursamlagið. Flugvöllur er ekki lengur. Kísilgúrverksmiðjan er í uppnámi. Fiskiðjusamlagið er ekki lengur sjálfstætt félag á Húsavík og þar fram eftir götunum. Það hefur fleira gerst. Menn munar því um hvert atvinnutækifæri, hverja stofnun og hvert fyrirtæki sem er heima í héraði. (Gripið fram í.) Það er kjarni málsins. Menn munar um það.

Þess vegna er óhjákvæmilegt að tala um þessi mál, ekki aðeins í samhengi við atvinnulíf og atvinnuuppbyggingu í Aðaldal heldur líka í sambandi við atvinnulíf og atvinnuuppbyggingu í Mývatnssveit og líka — af því hv. þm. brosti að því hér fyrr í dag — líka í sambandi við uppbyggingu á stóriðju við Húsavík, þ.e. ef þar risi álverksmiðja.

Við erum annars vegar að tala um byggðamál. Hins vegar erum við að tala um umhverfismál. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að læra að lifa með náttúrunni. Við eigum að virða hana og við eigum að ganga eins vel um hana og við getum og við eigum að reyna að vera sjálfbær í því.

Þó ég segi að almennur vilji sé í Þingeyjarsýslu fyrir því að virkjunin verði rekin áfram og þó ég segi að virkjunin hafi verið rekin í sátt við umhverfið, sem hvort tveggja er rétt, þá hefur Steingrímur J. Sigfússon líka rétt fyrir sér þegar hann segir að í Aðaldal og á bökkum Laxár og Mývatns og á Húsavík séu deilur um þetta mál og flokkadrættir byrjaðir um það hvort hækka megi stífluna. Það er mjög dapurlegt ef þeir flokkadrættir verða svo harðir áður en niðurstaða rannsókna liggur fyrir, áður en við sjáum til hvaða úrræða sé hægt að grípa, að menn geti ekki hopað til baka, að ekki sé hægt að liðka fyrir málinu af því að menn hafi ekki afl og menn hafi ekki kjark í sér til þess að gefa eftir til að ná sáttum og meiri hagsmunum. (**SJS:** Hverjir eru að rífa ...?) Hv. þm. var að því hér áðan.

Nú skulum við koma að öðru. Við skulum aðeins velta fyrir okkur af hverju við erum að tala um að þetta verði löglegt? Við erum að tala um það vegna þess að ekki verður ráðist í umhverfismat nema heimilt verði að ráðast í framkvæmdina. Þetta er augljóst, öllum mönnum augljóst. Í því sambandi skulum við rifja upp að það er verið að tala um sandgildru í Kráká og tilgangurinn með því er sá að ef hún gæfi góða raun þá þyrfti stífla ekki að vera jafnhá og ella mundi til þess að ná sömu áhrifum niður við Brúar. Þess vegna eru menn að tala um þessa sandgildru í Kráká. Á þessari stundu vita menn auðvitað ekki nákvæmlega hversu miklu hún mundi koma til vegar. Það er líka athyglisvert að málið er svo skammt á veg komið að ekki er búið að tala við landeigendur eins og ég sagði áðan. En þetta sýnir með öðru að menn eru að leggja sig fram um að bjarga þessari virkjun og menn eru að reyna að leggja sig fram um að vernda náttúruna á þessu svæði.

Ég get vel sagt eins og Steingrímur J. Sigfússon: „Þá það ef Laxárvirkjun verður lögð niður. Þá skuluð þið bara opna gljúfrin að nýju og þá skulum við líka rífa stífluna upp við Mývatn."

Nú er það þannig, og má færa rök fyrir því eins og hv. þm. veit, að þau miklu krapahlaup sem áður voru í Laxá, hreinsuðu ána og gáfu henni líf, hreinsuðu hana. En þessi hlaup, þessar miklu stíflur við upptök Laxár, ollu því líka að það urðu mjög miklar sveiflur í vatnsborðinu að vetri til upp í Mývatnssveit og það voru þessar sveiflur sem menn töldu skaðlegar fyrir vatnið og lífríki þess.

Nú getum við auðvitað sagt eins og hv. þm. að af því við hefðum ekki farið í Laxárvirkjun í dag þá skulum við rífa niður öll þessi mannvirki, rífa stífluna við Brúar og líka rífa stífluna upp við Mývatn og fá gömlu krapastíflurnar á nýjan leik. Þá komum við að enn öðru sem líka skiptir máli. Hvernig varð Mývatn til? Auðvitað með stíflu. Sú stífla var ekki úr steinsteypu heldur úr öðrum náttúrulegum efnum. Hið sama á við auðvitað um þau stöðuvötn sem við höfum að vatnið er lokað af. Það kemst ekki áleiðis. Það er ekki sírennsli.

Nú er auðvitað hægt að gera lítið og mikið úr þessu eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði, þ.e. hann hafði ekki áhyggjur af sandburði í Laxá. Hann hafði ekki áhyggjur af honum. Þó liggur nú fyrir álitsgerð um að þessi sandburður hefur skaðað lífríki árinnar að því talið er. Ef maður t.d. leitar upplýsinga hjá Tuma Tómassyni þá er þess skemmst að minnast að hann lagði til að hækka stífluna við Brúar úr 7 metrum í 12 metra til þess að bæta búsvæði seiða í Laxá og lét þess jafnframt getið í sinni skýrslu að það hefði engin áhrif á urriðaveiðina í Efri-Laxá. Á hinn bóginn er það rétt að það kæmi þarna fallegt lón. En lífríkið heldur áfram. Náttúran breytist. Auðvitað erum við ekki að spilla lífríki. Það kemur lífríki í stað lífríkis. Við spillum lífríki í þeirri merkingu að lón sé á einum stað og ekki öðrum ef við leggjum veg, ef við byggjum hús. Við erum alltaf að spilla lífríki með því. Vegarstæðið fer yfir náttúruna og nær sér aldrei aftur. Maðurinn hefur mikil áhrif á umhverfi sitt.

En hvernig sem menn snúa þessu þá komast þeir ekki hjá því að verða að viðurkenna að til þess að við getum lifað í þessu landi þá verðum við að hafa traustan, sterkan og góðan orkubúskap. Laxárvirkjun var á sínum tíma mjög þýðingarmikil fyrir Norðurland, fyrir Þingeyjarsýslur og Akureyri þó menn geti skellt í góm í dag og sagt að það skipti svo sem ekki miklu máli þó hún verði lögð niður, þeir einu sem fyrir því verða verða nokkrar hræður í Aðaldal, það séu bara þeir þarna norður í landi sem muni missa lifibrauð sitt við það.

Landsvirkjun hefur verið að vinna mjög merkilegt starf upp í Krákárbotnum eins og raunar kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðaust., Steingríms J. Sigfússonar, sem m.a. veldur því að þar hefur sandburður minnkað verulega. Ég legg áherslu á að með því að halda ræktunarstarfi áfram, vinna þannig nýtt land, þá kunni að vera að það séu tiltæk ráð með sandgildru í Kráká til þess að stíflan geti af þeim sökum orðið lægri en menn hafa hingað til haldið fram. Ég vil líka minna á að sumir hafa haldið því fram — ég er ekki tæknimaður — að ef stífla verði fimm eða sex metrar þá sé það e.t.v. nægilegt til þess að það megi leysa þau vandamál sem til eru komin vegna kraps og vegna þess að grjót fellur inn í inntak virkjunarinnar.

Virkjun sem ekki er hærri en þetta er í námunda við, hærri eða lægri en þær hækkanir á stíflu þar sem áður hefur verið talað um á þessum slóðum og ástæðulaust er að gera stórmál úr því því það er það ekki. Það er auðvitað þannig að ef stífla hækkar þá auðvitað stækkar uppistöðulónið. Þetta er augljóst. En við erum ekki í slíku stagli hér. Þetta eru allt

staðreyndir sem við kunnum. Það sem við erum að tala um er einungis þetta: Vill Alþingi samþykkja það að Landsvirkjun geti rætt það frjálst að leita leiða til þess að gera Laxárvirkjun arðsama að því tilskildu að það spilli ekki lífríki árinnar og umhverfisins? Og í öðru lagi: Getur verið að það sé rétt að stífla af þessari hæð, fimm metrar, ef við tölum um það — þess vegna sex metrar, ég veit það ekki, ég er ekki verkfræðingur, ég veit ekki hvort hún þyrfti að vera átta metrar — að stífla af þessari hæð bæti lífríki árinnar, Laxár, sem veitir ekki af að gera vegna þess að krapahlaupin sem áður voru eru þar ekki lengur?

Eins og ég sagði verður það ekki undir okkur komið hér á hinu háa Alþingi hvert framhald þessa máls verður nema við stöðvum málið þegar í fæðingu og ætlum að standa á móti því að heimamenn geti rætt það við Landsvirkjun hvort þessa virkjun megi reka áfram eða hvort við viljum gefa grænt ljós á það að Landsvirkjun leggi sínar áætlanir fyrir og þær verði dæmdar samkvæmt lögum um umhverfismat og kostir þeirra og gallar ræddir við heimamenn, við landeigendafélagið.

Ég hef heyrt að margir töldu að ég hefði verið hægfara í deilunni gömlu og ég tel eins og þá að landeigendafélagið geti vel bjargað sér sjálft. Við þurfum ekki að hafa vit fyrir því. Eins og frv. er hér lagt fyrir þá er skýrt kveðið á um að samþykki landeigendafélagsins þurfi til. Það er skýrt kveðið á um það. Mér þykir það þess vegna satt að segja undarlegt ef einhverjir hér á hinu háa Alþingi ætla sér að hafa vit fyrir landeigendafélaginu.

[18:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því hv. þm. ræddi hér nokkuð um tilurð Mývatns þá má upplýsa þeim sem það er ekki kunnugt að það er um 2.300 ára gamalt og myndað af svonefndu Laxárhrauni yngra sem er mikið hraun sem rann úr Lúdents- og Þrengslaborgum og Borgum í Grænavatnsbruna fyrir u.þ.b. þetta mörgum árum síðan. Þetta er 220 ferkílómetra hraun sem rann um Laxárdal og allt til sjávar og eitt með öðru gerir þetta svæði jafneinstakt og raun ber vitni. Reyndar er ástæða til að ætla að allmikið vatn eða vötn hafi verið á þessum slóðum fyrir, þ.e. eldra Mývatn sem sjá má m.a. af gervigígum miklum sem eru í hrauninu.

Í öðru lagi nefndi hv. þm. Halldór Blöndal það að ég hafi farið hratt yfir sögu varðandi hlut Jóhanns Hafsteins í sáttatilraunum í Laxárdeilu. Það er að sönnu rétt að páv. hæstv. ráðherra, Jóhann Hafstein, aðhafðist nokkuð til að leita sátta en þó var það allt mjög á forsendum stjórnar Laxárvirkjunar og hennar óska. Vandi hæstv. ráðherra var m.a. sá að samráðherra hans, Ingólfur Jónsson, hafði gefið út virkjanaleyfi í september 1969 og ríkisstjórnin var auðvitað með það í farteskinu í öllum sínum umleitunum. Hitt hafði nokkur áhrif að ágætur náttúruverndarsinni og bróðir Jóhanns Hafsteins, Jakob Hafstein, reyndi ítrekað að miðla málum og hafa áhrif á bróður sinn.

Það gengur auðvitað ekki að reyna að setja þetta mál þannig upp að það sé á nokkurn hátt vænlegt upphaf að samkomulagi um lagfæringar á Laxárvirkjun að flytja þetta ákvæði hér í andstöðu við þá sem samkomulagið þarf að takast við, þ.e. stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Það liggur fyrir að ákvæði til bráðabirgða III er flutt í óþökk þeirra og í andstöðu við þá þannig að með því hrynur allur málatilbúnaður hv. þm. gjörsamlega til grunna.

[18:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eins og ég sagði áður merkilegt að hv. þm. skuli halda sig við það að hann treysti ekki landeigendafélaginu til að sjá um sig sjálft. Það er skýrt tekið fram í þessu frv. að ekki verði úr framkvæmdum nema með samþykki landeigendafélagsins. Viðræður þeirra hafa enn ekki farið fram og við vitum að ekki er hægt að fara í umhverfismat eða undirbúa þessar framkvæmdir nema þær séu löglegar, sem ekki er eðlilegt heldur, þannig að fyrst verður á það að reyna hvort Alþingi vilji gefa þessum aðilum tækifæri til að tala saman.

Hv. þm. getur auðvitað sagt hér, ég þekki það ekki, að stjórn landeigendafélagsins sé á móti hverju sem er til þess að reyna að draga úr sandburði, til þess að reyna að draga úr klakaburði, til þess að reyna að bæta rekstrarafkomu stíflunnar. Það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. þm. að stjórn landeigendafélagsins sé búin að ákveða að vera fyrir fram á móti öllu. Ef það er niðurstaðan þá kemur það í ljós, en ég vil láta reyna á það. Ég tek ekki orð þingmannsins gild að þessu leyti.

[18:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki mjög uppbyggileg orðræða. Ég hef engu slíku haldið fram að landeigendafélagið sé ekki tilbúið til þess að leita samkomulags og það liggur reyndar fyrir. Menn hafa verið að reyna að fá stjórn Landsvirkjunar til að skoða hugmyndir sem menn hafa trú á heima fyrir að gætu komið að gagni, sem fela ekki í sér þessa hækkun stíflunnar, eða a.m.k. miklu mun lægri en þarna á að ráðast í með þeim miklu afleiðingum sem það hefur, því landi sem fer undir vatn og þeirri uppsöfnun sands sem yrði í setlóni ef farin verður sú leið sem síðar verður að miklum hausverk innan tveggja til þriggja áratuga.

Það sem stjórn landeigendafélagsins vill ekki er opin heimild fyrir fram í lögum til að samþykkja stífluhækkun. Hv. þm. verður að horfast í augu við það að ákvæði til bráðabirgða III er þannig orðað að Umhverfisstofnun getur á grundvelli þess heimilað stífluna að undangengnu umhverfismati. Þakka skyldi það nú. Og hvers vegna eru menn tortryggnir á það? Jú, menn hafa fyrir það fyrsta enga tryggingu fyrir því að þó að framkvæmdin félli í umhverfismati yrði þeirri niðurstöðu ekki snúið við eins og dæmin sanna. Annað eins hefur nú gerst. Og þá stæði ein eftir bremsan sem landeigendafélagið hefur í miklu veikari stöðu en núgildandi lög, vegna þess að framkvæmdin er ekki heimil að gildandi lögum. Skilur hv. þm. Halldór Blöndal það ekki? Það er því verið að opna á hana með þessari fjallabaksleið.

Bráðabirgðaákvæðið gæti verið þannig úr garði gert, og væri auðvitað mun skárra, að það heimilaði bara umhverfismatið en opnaði ekki leið fyrir Umhverfisstofnun að samþykkja stífluna. Það væri ein leið. Bráðabirgðaákvæðið gæti heimilað tiltekna stífluhækkun, 3 eða 5 metra og ekki meira, strax skárra, en galopinn víxill af þessu tagi gengur ekki.

[18:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þm. var skýr. Hann er sammála mér um það að rétt sé að athuga um það að hækka Laxárstíflunna. Hann talar um 3–5 metra, ég man ekki hvort ég komst upp í 6 eða kannski 8 metra. Það er nú allur munurinn.

Við erum sammála um að það eigi að leyfa umhverfismat og við erum líka sammála um það að rétt sé að binda það við það að Landeigendafélag Laxár og Mývatns samþykki hækkunina, enda er það í samræmi við gömlu sáttargjörðina.

Þá er deilumál okkar bara þetta: Eigum við að láta Alþingi ákveða hversu há stíflan megi vera og gefa þannig línuna, eða eigum við að láta landeigendur og Landsvirkjun ræða saman um á hvaða forsendum þeir séu reiðubúnir til þess að ráðast í þær endurbætur sem nauðsynlegar eru á stíflunni?

Við erum þá sammála um þá niðurstöðu. (Gripið fram í.) Menn fara auðvitað ekki í umhverfismat, leggja ekki í slíkan kostnað nema lagaheimildin sé fyrir hendi. Samningurinn sem í gildi er bindur Landsvirkjun. Það sem er gert með því að minnast hér sérstaklega á Landeigendafélag Laxár og Mývatns, ein ástæðan er sú að umhvrh. sá ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði að staðið yrði við gömlu sáttargjörðina. Það að hafa þessi orð inni styrkir því stöðu landeigenda en veikir hana ekki eins og hv. þm. var að gefa í skyn.

[18:52]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Halldórs Blöndals að hann hefði grætt á ræðu minni og mér þykir vænt um það. Ég tel að hann eigi að leggja við hlustir og mér finnst honum í rauninni ekki veita af hvað það varðar að kynna sér náttúruvernd.

En ég ætlaði að spyrja hv. þm. að því hvort hann geti ekki verið sammála mér í því að löggjöfin eigi að einhverju leyti að endurspegla mikilvægi staðanna, þ.e. að staðir sem eru mikilvægir náttúrufarslega eigi að njóta ríkari verndar en staðir sem eru síður mikilvægir. Þar af leiðir að við höfum verið sammála um það að Mývatn sé mjög mikilvægt í alþjóðlegu tilliti. Er þá ekki eðlilegt að Mývatn njóti ríkari verndar lagalega en önnur svæði?

[18:53]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjóns Þórðarsonar, á því hvaða mál er hér til umræðu, frv. til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta sýnir ljóslega að við leggjum upp úr því að það séu ströng ákvæði um það hvernig menn umgangast landið þar í kring.

[18:54]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er fullljóst hvað verið er að ræða hér. Það er auðvitað verið að ræða verndun Mývatnssvæðisins, en af orðum hæstv. umhvrh. hér í umræðunni mætti ætla að verið væri að ræða stíflugerð. En auðvitað eigum við að vera að ræða um verndun og forgangsverkefni hvað varðar verndun.

Ég ætla að ítreka það að auðvitað eigum við að að hafa þau sjónarmið uppi að svæði sem eru mikilvægari en önnur eigi að fá ríkari umhverfisvernd í lagalegu tilliti en svæði sem eru síður mikilvæg.

[18:55]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í raun og veru krefst athugasemd hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjóns Þórðarsonar, ekki svars, nema ég vil leggja áherslu á að bráðabirgðaákvæði III í þessu frv. lýtur að því að opna glufu til þess að hægt verði að fá úr því skorið hvort samkomulag takist milli landeigenda og Landsvirkjunar um það að gera þær endurbætur á Laxárvirkjun að hægt sé að reka hana. Það er einmitt um þetta sem deilan hefur snúist hér í þingsalnum.

[18:56]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Hér er aftur komið fram frv. til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár. Mikil vinna liggur að baki þess frv. en það er í meginatriðum samið af nefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða eldri lögin frá árinu 1974. Þessi endurskoðun laut ekki síst að þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum á stjórnsýslu náttúruverndarmála, m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd frá árinu 1999.

Heimamenn, og þá sérstaklega sveitarstjórn Skútustaðahrepps, hafa þrýst mjög á að þessar breytingar á lögunum yrðu samþykktar. Sjónarmið þeirra er að færa meðferð mála til nútímans. Sveitarstjórnin telur að með núgildandi lögum sé tekið frá henni vald sem almennt er í höndum sveitarstjórna í landinu og þá fyrst og fremst í skipulags- og byggingarmálum. Einnig hefur stjórnsýslan í tengslum við lögin talist of þung í vöfum. Áðurnefnd nefnd tók tillit til þessara athugasemda en lagði þó til að verndun Mývatns og Laxár yrði áfram bundin í sérlögum.

Í 6. gr. frv. er nýmæli þar sem kveðið er á um gerð verndaráætlunar fyrir Skútustaðahrepp og Laxá allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa. Þessi verndaráætlun mun þannig ná til alls þess svæðis sem fellur undir núgildandi lög. Vinna við þessa áætlun er þegar hafin en byggt er á rannsóknum síðustu áratuga.

Hv. umhvn. fær þetta frv. inn á sitt borð núna á næstunni og án efa munu margar umsagnir berast og ekki síst um ákvæði til bráðabirgða III. Ljóst er að málið er viðkvæmt og sagan er sterk. Rök bæði með og á móti hafa verið reifuð í umræðunni í dag og verð ég að segja að áhugavert verður að lesa umsagnir sem hv. umhvn. mun fá.

Það er rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á í ræðu sinni áðan að málið er ekki einfalt og að taka þarf tillit til margra þátta. Okkar í hv. umhvn. bíður það verkefni að vega og meta kosti og galla þessa bráðabirgðaákvæðis sem og frv. í heild sinni.

[18:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frv. til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Reyndar hefur það komið ítrekað fram við umræðuna að margir telja sjálft frv., innihald þess, ekki rísa undir þessari fyrirsögn því að öllu fremur sé verið að fjalla um að aflétta vernd fremur en að vernda. Það þarf þó að rýna svolítið í frv. til að átta sig á því hvað hér er á ferðinni því að allt yfirbragð er vissulega náttúruverndar og landverndar.

Í athugasemdum með frv. er farið langt aftur í söguna. Rakin er Laxárdeilan sem varð mjög haträm í lok sjöunda áratugar og byrjun þess áttunda og lauk með sáttargjörð sem var undirrituð í maí 1973, en í byrjun næsta árs, 1974, tóku síðan gildi lög sem byggðu á þessari sáttargjörð.

Í athugasemdum með þessu frv. er vikið að og vitnað í greinargerð sem fylgdi því frv. en þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„„Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum. Það verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess, og

ber því að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem ætla má að geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Sérstök lagasetning um takmarkaða náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu virðist ekki aðeins réttlætanleg heldur beinlínis nauðsynleg til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu. Hér verður hvorki um þjóðgarð né friðland í anda náttúruverndarlaganna að ræða. Beiting ákvæða náttúruverndarlaga um náttúruverndaraðgerðir á svæðinu mundu því verða mjög í molum og án nokkurs samhengis. Með setningu sérstakra laga um þetta efni og reglugerða gefnum út samkvæmt þeim, mundi hins vegar vera hægt að sameina í eina heild öll þau ákvæði, sem lúta að náttúruvernd á þessu viðkvæma svæði.““

Í greinargerð með þessu frv. sem við ræðum hér segir m.a. um sérstöðu Mývatns og alþjóðlegar skuldbindingar, með leyfi forseta:

„Mývatn hefur mikla sérstöðu og er raunar einstætt ef litið er til hnattstöðu þess. Vatnið býr yfir óvenjuauðugu gróður- og dýralífi. Vatnasvið þess nær jafnframt til Laxár, einnar víðfrægustu laxveiðiár landsins, og er vistkerfi og lífríki árinnar og vatnsins í raun órjúfanleg heild. Fegurð Mývatns og náttúru þess er einnig einstök. Er verndargildi svæðisins því afar mikið og má geta þess að Mývatn var fyrsta svæðið sem Ísland tilkynnti til alþjóðlegrar skrár um verndun votlendis sem komið var á fót á grundvelli Ramsar-sáttmálans.“

Þess má geta að rannsókn á svæðinu á grundvelli Ramsar-sáttmálans hefur ekki farið fram þrátt fyrir gefin fyrirheit en í þessu frv. er þó ákvæði um að slík verndaráætlun verði gerð fyrir 1. janúar árið 2006. Margur maðurinn spyr sig hvort það væru ekki hin eðlilegu vinnubrögð að ganga frá slíkum áætlunum áður en ákvarðanir eru teknar um nýtingu eða inngrip í náttúruna á þessu svæði.

Þetta er sem sagt yfirbragð þessa frv., náttúruvernd og landvernd, og er allt dásamað í greinargerð með frv.

Hvers vegna er þetta frv. fram komið nú? Er það vegna þess að það sé ásetningur umhvrn. og hæstv. umhvrh. að tryggja verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu? Nei. Þetta frv. er ekki sett fram með það að markmiði. Hæstv. umhvrh. sagði þingheimi frá því fyrr í dag, við upphaf þessarar umræðu, að þetta þingmál snerist í rauninni ekki um náttúruvernd, heldur um rekstrarörðugleika Laxárvirkjunar. Það var yfirlýsing sem fram kom frá hæstv. umhvrh. hér fyrr í dag.

Það er sjálfsagt að skoða rekstrarörðugleika Laxárvirkjunar, og brýnt að gera það, að sjálfsögðu, en að það skuli vera hæstv. umhvrh. sem hefur þar forgöngu finnast mér vægast sagt undarleg vinnubrögð. Í rauninni hefðum við átt að sjá hér í ræðustól í dag hæstv. iðnrh. (**JBjarn:** Hún er með leyfi.) vegna þess að þetta frv. fjallar fyrst og fremst um málefni sem heyra undir það ráðuneyti og hefur ekkert með umhverfisvernd að gera að öðru leyti en því að það er verið að létta af verndinni í stað þess að treysta hana í sessi. Um þetta mál fjallar frv., um skýrslu og áform Landsvirkjunar sem hver maður sem hefur aðgang að tölvu og neti getur flett upp á vef Landsvirkjunar. Hér er mat á umhverfisáhrifum, tillaga að matsáætlun. Þetta eru drög, það er rækilega tekið fram, en ásetningur Landsvirkjunar fer ekki á milli mála.

Hér er engin könnun á ferðinni í þeirra huga. Hér segir í inngangsorðum, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun áformar að hækka núverandi stíflu efst í Laxárgljúfri og mynda lítið inntakslón til að koma í veg fyrir erfiðleika við rekstur Laxárstöðva. Stefnt er að hækkun stíflunnar um 10–12 m og verður stærð inntakslóns 0,25–0,34 ferkílómetrar. Í drögum að tillögu að matsáætlun sem hér eru lögð fram er fyrirhugaðri hækkun stíflunnar lýst og fjallað um erfiðleika við rekstur stöðvanna. Jafnframt verður fjallað um rannsóknir sem unnar verða í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.“

Hér er ekki talað í neinum viðtengingarhætti. Hér er talað í framsöguhætti, og boðhætti ef því er að skipta.

Síðan segir um tilganginn, með leyfi forseta:

„Í Laxá er mikill sandburður sem veldur óeðlilega miklu sliti á vatnsvélum. Í miklum umhleypingum að vetri til myndast einnig ís- og krapastíflur við inntakið með þeim afleiðingum að rennsli um Laxárstöðvar minnkar. Slíkt ástand getur oft varað dögum saman og skapað óvissu um afhendingu raforku á Húsavík og í nærsveitum. Ástæða þess er sú að þetta svæði fær rafmagn frá Laxárstöðvum og einungis gamla línan frá virkjuninni til Akureyrar tengist landskerfinu. Ef saman færi bilun þeirrar línu, sem stundum gerist, og truflanir á raforkuframleiðslu í Laxá, þá gætu Húsavík og nágrannabyggðir búið við orkuskort í lengri tíma.“

Og síðan segir, með leyfi forseta:

„Til þess að stemma stigu við þessu vandamáli hefur Landsvirkjun gert áætlun um að reisa nýja stíflu efst í Laxárgljúfri í stað núverandi stíflu.

Með nýrri stíflu myndast lítið inntakslón ofan hennar. Sandur og grjót sem Laxá ber með sér, sem nú fer í gegnum virkjunina og skemmir vélarnar, félli til botns í lóninu. Jafnframt kæmi lónið í veg fyrir alvarlegar ístruflanir þar sem vatnið yrði þá tekið af botni lónsins en ekki af yfirborði eins og nú er gert.“

Síðan er fjallað um mat á umhverfisáhrifum og tímaáætlun. Í lok þessa kafla er síðan fjallað um nauðsynleg leyfi. Og hvað segir um þau? Með leyfi forseta, segir hér orðrétt:

„Fyrirhuguð stíflugerð og myndun inntakslóns ofan Laxárstöðva er háð eftirfarandi leyfum:

Leyfi iðnaðarráðherra samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003, og vatnalögum, nr. 15/1923.

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Aðaldælahrepps samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár. Samkvæmt þessum lögum er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimil á 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.“

Og nú skulu menn hlusta. Áfram held ég með tilvitnun í skýrslu Landsvirkjunar:

„Í lögunum eru auk þess ákvæði um að breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna séu einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra.“

Þar erum við komin að megininntaki þessarar fyrirhuguðu lagasetningar. Í 3. gr. frv. er vikið að þessu og þar segir, með leyfi forseta:

„Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.“

Það er þetta ákvæði sem verið er í rauninni að nema tímabundið úr gildi með III. ákvæði til bráðabirgða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. getur Umhverfisstofnun heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I

og III efst í Laxárgljúfri, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, og að fengnu samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2014."

Sem sagt, í 10 ár á að siga Landsvirkjun á heimamenn. Það á að siga Landsvirkjun á heimamenn í áratug og reyna að fá þá til að hverfa af þeim verði sem þeir hafa staðið um þetta svæði. Það er markmið þessara laga.

Ég geri ekki lítið úr hugsanlegum rekstrarörðugleikum Laxárvirkjunar. Ég les og hlusta á það sem sagt er um það efni af mér fróðari mönnum. En ég vænti þess að landeigendur á þessu svæði hafi einnig kynnt sér málið áður en þeir ályktuðu eftirfarandi hinn 15. febrúar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 36/1974 er breyting á rennsli Laxár vegna raforkuframleiðslu óheimil. Með setningu laganna fullnægði Alþingi ákvæðum samnings Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands frá 1973" — Laxárdeilusamningarnir — „varðandi þetta atriði en með samningunum var Laxárvirkjun heimiluð notkun vatns í Laxá til starfsemi sinnar af hálfu landeigenda. Samkvæmt gildandi samþykktum landeigendafélagsins er félaginu ekki unnt að heimila hækkun á yfirborði Laxár. Af þeirri ástæðu var tillögu þess efnis vísað frá afgreiðslu á fundi í félaginu fyrir fáum árum. Aukinn meiri hluta þarf til að breyta samþykktum félagsins.

Stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns hafa verið kynnt þau áform umhverfisráðherra að flytja á Alþingi tillögu um ákvæði til bráðabirgða er geri Umhverfisstofnun kleift, að undangengnu umhverfismati og að fengnu samþykki landeigendafélagsins, að heimila hækkun stíflu Laxárvirkjunar í Laxárgljúfri þrátt fyrir fyrrgreint bann laganna frá 1974.

Stjórninni eru ljós þau vandkvæði sem talin eru á starfrækslu Laxárvirkjunar vegna framburðar aurs og íss. Stjórnin telur unnt að ráða þar bót á án hækkunar á yfirborði árinnar. Stjórnin telur því ekki vera tilefni til að víkja með neinum hætti frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1974 í því skyni að heimila hækkun stíflunnar í Laxá og telur að með því væri vegið að forsendum þess samkomulags um starfrækslu Laxárvirkjunar sem gert var 1973."

Félagsskapur landeigenda er með öðrum orðum að hafna þessu frv.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Marðar Árnasonar. Að sjálfsögðu á að ganga í þessar rannsóknir fyrst, færa okkur niðurstöðurnar inn á þing og ræða síðan málið. Hvorki hann né ég erum að gefa þar með grænt ljós á einhverjar framkvæmdir á þessu svæði, síður en svo, en það hefðu verið mun eðlilegri vinnubrögð.

Ég ítreka að í skýrslu Landsvirkjunar er talað um fyrirhugaðar framkvæmdir. Það er enginn efi í hugum þeirra manna sem rita þá skýrslu. Þeir ætla að framkvæma. Og þeir hafa núna fengið veiðileyfi frá hæstv. umhvrh. landsins til að hamast á landeigendum og reyna að telja þá inn á að ráðast í þessar framkvæmdir. Um það snýst þetta mál.

Ég velti því stundum fyrir mér hvers vegna í ósköpunum við erum með umhvrn. Hvernig stendur á því? Hvert er hlutverk umhvrn.? Hvernig skilgreinir hæstv. umhvrh. hlutverk sitt? Er það ekki að standa vörð um umhverfið og náttúruna í stað þess að ganga erinda iðnrn. og Landsvirkjunar fyrst og fremst? Ég hefði haldið að beita þyrfti umhvrn. og hæstv. umhvrh. miklum fortölum. Nei, það er hæstv. umhvrh. sem hefur frumkvæði í þessu máli, færir það inn í þingið og talar fyrir því. Ég ætla að vona að við ljúkum ekki þessari 1. umr. um málið án þess að hæstv. umhvrh. skýri hlutverk sitt og sinn hlut í þessu máli. (**Umhvrh.:** Ég mun halda ræðu að lokum.) Hún mun halda ræðu að lokum um það efni.

Það hefur komið fram við umræðuna að nánast öll náttúruverndarsamtök vara við þessum ráðagerðum. Það má vísa í nýlega ályktun frá stjórn Fuglaverndar sem ég ætla ekki að lesa upp að sinni þar sem farið er mjög rækilega í þessi mál og höfð í frammi ákveðin varnaðarorð. Það verður fróðlegt að heyra hvað hæstv. umhvrh. hefur að segja um þau varnaðarorð frá þessum aðilum og öðrum sem láta sig náttúruvernd á Íslandi varða.

[19:17]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að taka heils hugar undir orð þeirra þingmanna sem mælt hafa gegn frv. Ég er, eins og fleiri sem hafa hlýtt á rök fyrir frv., hissa á því að það skuli ekki vera byrjað á að sætta málið frekar en að veifa lagasetningu yfir höfðum þeirra sem á að sættast við. Það finnst mér einkennileg framsetning á máli.

Hver skyldi skýringin vera á því að lagasetningunni er veifað? Hún er sú að stjórn Landeigendafélagsins sem talar í umboði félagsmanna sinna hefur lagst gegn þessu.

Ég vil vekja athygli á einu. Það er búið að tala mikið og færa fram flest rök og ég ætla ekki að endurtaka þau fyrir andstöðu gegn frv. en það eru þó örfáar staðreyndir. Það kom fram í fréttum Morgunblaðsins laugardaginn 7. janúar 2002 að merkilegar hraunmyndanir mundu fara á kaf í væntanlegt lón ef stíflan yrði hækkuð. Þar er viðtal við Atla Vigfússon, formann Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Hann segir orðrétt, með leyfi frú forseta:

„Ef það yrði gerð þarna 12 metra stífla leiddi það til þess að ákveðið svæði í Laxárdal skemmdist. Þarna eru mjög merkilegar hraunmyndanir sem færu á kaf. Það er alvarlegt mál að taka ákvörðun um að skemma þetta svæði."

Síðar í greininni segir hann: „Hugmyndir um byggingu 12 metra stíflu byggist á því að sandi, sem berst með ánni, verði safnað fyrir í lóni. Atli sagði að því hefði ekki verið svarað hvað yrði gert þegar lónið hefði fyllst af sandi. Atli sagði að hafa yrði í huga að þetta svæði væri alþjóðlegt verndarsvæði samkvæmt Ramsarsáttmálanum."

Um þennan þátt málsins hefur hv. þm. Mörður Árnason fjallað afar ítarlega og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég tek undir hans sjónarmið.

Síðan segir í greininni, með leyfi frú forseta: „Stjórn landeigendafélagsins samþykkti ályktun í síðasta mánuði þar sem segir að unnt sé að leysa vandamál sem nú eru við starfrækslu Laxárvirkjunar án hækkunar á yfirborði árinnar. Stjórnin telur ekki tilefni til að víkja í neinu frá ákvæðum laga frá árinu 1974 í því skyni að heimila hækkun stíflunnar í Laxá og telur að með því væri vegið að forsendum þess samkomulags um starfrækslu Laxárvirkjunar sem gert var 1973."

Hér er stjórnin að ályktа, og það nýlega, í umboði félagsmanna sinna og síðan heldur hæstv. umhvrh. því fram að það hafi ekki verið fundað um málið hjá landeigendum.

Það er fleira sem ég vil minnast á í þessu sambandi, kannski vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal hefur flutt langar ræður, en stjórn Fuglaverndar hefur gagnrýnt frv. umhvrh. og í þeirra ályktun segir, með leyfi frú forseta:

„Mývatn og Laxá fóstra einstakt lífríki, ekki einungis á landsmælikvarða heldur veraldarvísu. Svæðið er friðland og

á skrá Ramsarsamningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendi. Mikilvægi Laxár fyrir húsönd og straumönd er ótvírætt og svæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, gildi árinnar fyrir þessa stofna er afar mikið. Stjórn Fuglaverndar telur að það sé ekki í samræmi við verndun Laxár og Ramsarsamninginn að mynda stærra lón í Laxárdal með þeim vandamálum sem tengjast setlónum, m.a. uppsöfnun sets í fyrirhuguðu uppistöðulóni, en samkvæmt útreikningum þá mun umrætt lón fyllast á aðeins 30 árum. Eins og staðan er í dag þá berst framburður í ánni áfram með straumnum. Telur stjórn félagsins að núverandi kostnaður við viðhald véla í virkjuninni sé eðlilegur, miðað við það að þessi virkjun er í einni fegurstu á landsins, í dal sem er rómaður fyrir náttúrufegurð og áin ein besta silungsveiðiá í heimi. Aðra möguleika til hagræðingar í rekstri virkjunarinnar en að hækka stífluna ætti að skoða."

Af hverju skyldi ég vera að minnast á þetta, hraunmyndanir og annað? Vegna þess að ég tel að það stefni í umhverfisslys. Það er ekki í fyrsta skipti sem hæstv. umhvrh. hefur álit umhverfissamtaka að engu en hér stefnir aftur í umhverfisslys og það eru lagatæknilegir gallar á frv. Í 1. gr. frv. segir að það eigi að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Í fyrsta lagi er talað um sjálfbæra þróun og í öðru lagi er verið að vísa til varúðarreglna sem við Íslendingar erum skuldbundnir til að hlíta. Ég spyr hæstv. umhvrh.: Af hverju er ekki veitt undanþága í bráðabirgðaákvæðinu til að víkja frá reglunni um sjálfbæra þróun og varúðarreglunni? Ef það liggur fyrir að lónið fyllist á 30 árum er það í andstöðu við þessa meginreglu, þá er virkjunin ekki sjálfbær. Það er heldur ekki í fyrsta skipti sem hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir framkvæmd sem ekki er sjálfbær. Þar er Hálslón Kárahnjúkavirkjunar skýrasta dæmið því það er viðurkennt af vísindamönnum að það fyllist á 200–400 árum. Meira að segja Landsvirkjun samþykkir það, 150–200 ár.

Í annan stað segir í 2. mgr. 1. gr. að það eigi að vernda líffræðilega fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana. Þetta er síðan endurtekið í 1. mgr. 3. gr. Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Til að þessi lög gangi upp og til að hægt sé að hækka stífluna verður bráðabirgðaákvæðið enn fremur að undanþiggja þessar jarðmyndanir, undanþiggja þessar greinar. Það er óhjákvæmilegt svo það kalli ekki á málaferli og annað slíkt því það er ekki nóg að fylla upp í eina holu og troða þessari virkjun í þetta landslag eða svæði sem aldrei verður metið til fjár, heldur verður hæstv. umhvrh. að undanþiggja sjálfbæru þróunina, varúðarregluna, og undanþiggja þær jarðmyndanir sem landeigendur og þeir sem þarna þekkja til telja merkilegar hraunmyndanir sem fara í kaf. Að þessu leyti rekst frv. á hvers annars horn.

[19:26]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi við Kárahnjúka, 631. mál, fsp. AtlG, þskj. 944.

Dýravernd, 634. mál, frv. SigurjÞ og AKG, þskj. 948.

Eftirlit með vinnubúðum við Kárahnjúka, 633. mál, fsp. AtlG, þskj. 946.

Eldi nytjastofna sjávar, 344. mál, þskj. 938.

Kjör öryrkja, 606. mál, fsp. HHj, þskj. 914.

Löggæsla við Kárahnjúka, 632. mál, fsp. AtlG, þskj. 945.

Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18–24 ára, 622. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 931.

Starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál, þskj. 939.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 19:27.

---

70. FUNDUR

þriðjudaginn 24. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 611. mál, þskj. 919. — Fyrri umr.

2. Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, stjtill., 612. mál, þskj. 920. — Fyrri umr.

3. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843. — Frh. 1. umr.

4. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 921. — 1. umr.

5. Erlendar starfsmannaleigur, þáltill., 125. mál, þskj. 125. — Fyrri umr.

6. Almenn hegningarlög, frv., 247. mál, þskj. 267. — 1. umr.

7. Meðlagsgreiðslur, frv., 311. mál, þskj. 356. — 1. umr.

8. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 333. mál, þskj. 389. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Atli Gíslason, 8. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Fjárveitingar til háskóla, 635. mál, fsp. KJúl, þskj. 949.

Gjaldþrot fyrirtækja í sjávarútvegi, 505. mál, svar sjútvrh., þskj. 899.

Hálkuvarnir á þjóðvegum, 636. mál, fsp. JBjarn, þskj. 950.

Hlutfall matvöru í framfærslukostnaði, 546. mál, svar forsrh., þskj. 909.

Niðurgreiðslur á rafhitun, 429. mál, svar iðnrh., þskj. 869.

Umræður utan dagskrár.

Úthald hafrannsóknarskipa og hafrannsóknir.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um úthald hafrannsóknarskipa og hafrannsóknir. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður fyrir svörum. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Óumdeilt er að vöktun og þekking okkar á hafinu, fæðukeðjunni og fiskstofnum er nauðsyn ef við eigum að geta verið dómbær á nýtingu fiskimiðanna til framtíðar. Þaðan höfum við jú fengið þær tekjur sem eru undirstaða þess að við lifum í nútímaþjóðfélagi.

Nú hagar svo til að mjög margt er að breytast í náttúrufari sjávar. Sjávarhiti hefur hækkað mikið við landið og einkum hefur sjávarhitinn á norðurmiðum hækkað á síðustu þremur til fjórum árum. Enn þá bendir flest til þess að sjávarhitinn haldi áfram að vera hár og útbreiðsla hlýsjávar við Ísland verði mikil.

Þegar höfum við séð miklar breytingar í fiskigengd og útbreiðslu fisktegunda, t.d. mikla og vaxandi útbreiðslu á norðurmiðum sem ekki er lát á að því er séð verður. Skötuselur veiðist víða við landið þar sem hans varð eigi vart áður og langan færir sig einnig norður á bóginn. Allt eru þetta vísbendingar um að hafið sé að hlýna og hitafar þess og straumar öðruvísi en síðastliðin 30–40 ár. Þetta breytilega hitafar sjávar hefur sjálfsagt átt sinn þátt í að erfitt hefur reynst að fylgja eftir loðnugöngum og kortleggja útbreiðslu og magn loðnunnar. Margt er í óvissu vegna breytinganna.

Það má t.d. spyrja: Hvaða áhrif mun mikill og vaxandi kolmunnastofn hafa á aðra fiskstofna, t.d. síld og loðnu? Hvernig verður það samspil? Það má einnig spyrja: Hvaða áhrif verða af mikilli fjölgun hnúfubaks hér við land? Hvað gerist ef hafið norðan og norðvestan við Ísland verður íslaust og með hærra hitastigi en áður hefur sést?

Á tímum breytinga í hitafari og lífríki sjávar er enn nauðsynlegra að auka rannsóknir. Þar komum við að úthaldi þeirra hafrannsóknarskipa sem við eigum og getum notað mun meira til fjölmargra verkefna sem bíða. Okkar best búna skip, Árni Friðriksson, verður samkvæmt skipaáætlun gerður út í alls 203 daga á þessu ári og fer næst til rannsókna 26. apríl ef upplýsingar mínar reynast réttar. Af heildarúthaldinu fara 65 dagar í landgrunnsrannsóknir á Suðurdjúpi. Það er vissulega áhugavert verkefni sem tengist kröfum okkar til landgrunnsréttinda.

Nýverið var farið í aukaleiðangur til loðnurannsókna sem bættist við áðurnefnda 203 úthaldsdaga. Vonandi verður ekki skorið niður á móti þeirri viðbót. Sá leiðangur gaf mikla aukningu á loðnuveiðum og hefði verið dýrt ef sá leiðangur hefði ekki verið farinn. Það er svo önnur líffræðileg spurning hvort við þurfum ekki meiri fæðu fyrir botnfiskstofna okkar samfara hlýnandi sjó.

Bjarna Sæmundsson á að gera út í 183 daga og Dröfn í aðeins 76 daga, þar af fara 15 dagar í skólaskipsrekstur. Þarf ekki að forgangsraða upp á nýtt og fylgjast grannt með þeim miklu breytingum sem eru að verða hér við land á hafsvæðinu og fiskigöngum?

Nefna mætti mörg verkefni sem mikil nauðsyn væri að sinna. Sem dæmi má nefna að leita þarf svara við spurningunni: Hvert fer þorskurinn með hækkandi sjávarhita og hvaða breytingar verða á hafstraumum í Grænlandssundi og Norðurdjúpi?

Nýlega kynntu fræðingar nýjan hafstraum norðvestur af landinu. Það kom stundum fyrir að þar sem átti að vera austurstraumur, eins og út af Vestfjörðum, lá straumurinn í suðvestur og vestur, djúpt í kantinum. Þetta vissu skipstjórar og að annar straumur gæti verið djúpt. En um sjógerðina vissum við alls ekki. En þessi mikli straumur gat vissulega gefið fisk.

Hæstv. sjútvrh. sagði 11. nóv. í fyrra að fjármagn yrði til staðar í rannsóknir og úthald rannsóknarskipanna. Þessi orð féllu í umræðu um nýjan verkefnasjóð sjávarútvegsins á hv. Alþingi. Nú finnst mér liggja mikið við að auka úthald og rannsóknir. Þess vegna var óskað eftir þessari umræðu. Oft var þörf en nú er nauðsyn að vita hvað er að gerast í hafinu.

Spyrja mætti: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir að nota Árna Friðriksson við stofnmælingar á botnfiski í mars? Hann á að liggja í höfn á þeim tíma. Hvers vegna liggur hann ónotaður í höfn meðan hægt væri að nota skipið og spara fjármagn í annað til víðtækari rannsókna?

[13:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. málshefjanda að það hefði verið dýrt ef Árni Friðriksson hefði ekki farið leiðangurinn sem hann nefndi, þriðja leiðangurinn eftir áramótin, til að mæla loðnustofninn. En aðalatriðið í því er að sá leiðangur var farinn og skipti okkur gríðarlega miklu máli.

Hv. þm. vakti athygli á breytingum í hafinu í kringum okkur og vakti upp margar áhugaverðar spurningar sem því tengjast. Hann spurði einnig hvort rétt væri að breyta forgangsröðun við hafrannsóknir. Því er til að svara að Hafrannsóknastofnun sér í megindráttum um forgangsröðun verkefna. Hún hefur að mínu viti skilað mjög góðu verki við að nýta þá fjármuni sem hún hefur haft til að rannsaka það sem brýnast er og nauðsynlegast á hverjum tíma. Hins vegar er aldrei svo að við getum ekki komið með hugmyndir eða uppástungur um rannsóknarverkefni til viðbótar.

Það er heldur ekki þannig að stöðnun hafi verið í veitingu fjármuna til rannsókna hjá Hafrannsóknastofnun á undanförnum árum. Frá árinu 1999 hafa fjármunir til rekstrar og rannsókna aukist. Sé það ekki talið með sem fer í viðhald eða stofnkostnað, erlendir styrkir, utanaðkomandi rannsóknarstyrkir eða sérstök framlög, hafa þeir fjármunir hækkað úr 982 millj. kr. í 1.097 millj. kr. á síðasta ári. Þetta er hækkun um 16,5%.

Ef við tökum viðhalds- og stofnkostnað með, auk sérstakra framlaga, en ekki sértekjur eða áðurnefnda utanaðkomandi styrki þá hefur aukningin á sama tímabili verið 20%.

Ef við tökum rannsóknir sjávarútvegsins eða sjútvrn. í heild þá hefur aukningin á sama tímabili orðið 23%. Ef við skoðum tölur um raunveruleg rekstrar- eða rannsóknarverkefni þá fara væntanlega ríflega 1.100 millj. kr. til þeirra verkefna á þessu ári. Þegar viðhalds- og stofnkostnaður er talinn með nálgast það að vera 1.200 millj. kr. Þegar sjávarútvegurinn í heild og stofnanir og rannsóknir á vegum hans eru skoðaðar eru það u.þ.b. 1,5 milljarðar sem vænta má að verði til ráðstöfunar á þessu ári. Þessu til viðbótar kemur 500 tonna þorskeldiskvóti sem úthlutað er til rannsókna.

Á þessu tímabili hefur verið um tvenns konar megináherslur að ræða í sjávarútvegsrannsóknum. Í fyrsta lagi varðandi endurnýjun og viðhald á skipaflota Hafrannsóknastofnunar. Árni Friðriksson, hið nýja rannsóknarskip, kom til landsins árið 2000 og Bjarni Sæmundsson var endurnýjaður haustið 2002 og fram á árið 2003. Hann kom þá í nýju og betra formi til starfa á ný. Síðustu tvö ár hefur verið lögð áhersla á að auka rannsóknir til að auka verðmæti sjávarfangsins. Það endurspeglast í tölunum sem ég var að fara með. Eftir því við hvað er miðað hefur aukningin frá árinu 1999 til síðasta árs verið á bilinu 16–23%.

Það er þannig með rannsóknir, herra forseti, að það er ekki endilega betra að auka þær mjög hratt. Þegar það hefur verið gert er reynslan sú að rannsóknirnar hafi oft á tíðum þynnst út. Það sem skiptir máli er að stígandi sé í aukningu fjármuna í samræmi við þau verkefni sem fyrir liggja hjá þeim stofnunum sem með þessi mál fara. Stofnanirnar geta þannig þróast, styrkt tækjabúnað sinn og mannafla jafnt og þétt í samræmi við þau verkefni sem þær þurfa að takast á við. Þannig hefur verið reynt að halda á málum.

Ég held, herra forseti, að hv. þingmenn þurfi ekki að hafa sérstakar áhyggjur af stöðu þessara mála. Hins vegar er það alltaf svo í rannsóknum að okkur geta komið til hugar ný áhugaverð verkefni sem ástæða væri til að skoða og rannsaka. En við verðum að forgangsraða og skoða það sem skiptir okkur mestu máli. Í okkar tilfelli hefur ekki skort á það.

[13:42]

Jón Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Fiskveiðistjórnarkerfi okkar byggir á viðamiklum hafrannsóknum sem eru undirstaða þess að unnt sé að ákvarða heildarafla úr hverri tegund nytjastofna á ári hverju. Eða þannig segjum við yfirleitt frá því þegar um er spurt. En er þetta í raun þannig?

Er Hafrannsóknastofnun gert kleift að stunda þær rannsóknir sem hún telur nauðsynlegt að fara í? Eru ákvarðanir um heildarafla alltaf grundaðar á fullkomnum rannsóknum og teknar á grundvelli bestu fáanlegra gagna? Svo tel ég ekki vera með tilliti til þess að stofnunin fær alls ekki það fé til rannsókna á fiskstofnum sem hún telur sig þurfa.

Eftir að lögum var breytt og verðmæti svokallaðs hafrókvóta rennur ekki lengur beint til Hafró heldur í verkefnasjóð sjávarútvegsins hefur það fé sem stofnunin hefur til að mæta þörfum fyrir auknar rannsóknir enn minnkað. Allir sem um fjalla vita að án fullkominna rannsókna verður veiðiráðgjöfin og þær ákvarðanir sem á henni byggja ekki eins vandaðar og æskilegt væri. Því hlýtur það að vera eitt af forgangsmálum okkar að tryggja að nauðsynlegar grunnrannsóknir á fiskstofnunum í kringum landið fari fram og fjárskortur hamli þeim ekki.

Í þessu samhengi er rétt að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort Hafró hafi sóst eftir fjármunum úr hinum nýja verkefnasjóði sjávarútvegsins til rannsóknarverkefna og hvort hann hyggist standa fyrir því að veita Hafró einhvers konar fyrir fram skilgreindan kvóta af þeim fjármunum.

Einnig er rétt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir auknum fjármunum til Hafró eftir að veiðigjaldið, eða svokallað auðlindagjald, verður innheimt af útgerðum og handhöfum kvóta á hausti komanda. Ljóst er að þörfin fyrir auknar rannsóknir og aukið úthald rannsóknarskipa er fyrir hendi. Ljóst er að Hafró telur sig þurfa auknar rannsóknir. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er einungis sú hvort núverandi ráðamenn telji það hlutverk sitt að stuðla að því að svo geti orðið

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tek undir það hjá hæstv. ráðherra að efalaust eru á hverjum tíma til hugmyndir um rannsóknir sem menn telja nauðsynlegt að ráðast í umfram það fjármagn sem menn telja sig geta útvegað til stofnana eða vísindamanna sem geta stundað þær. Við getum ekki gengið út frá því að geta í framtíðinni frekar en nú mætt öllum óskum sem upp koma um rannsóknir. Ég hygg að menn verði að viðurkenna að það eru takmörk á því eins og öðru.

Á hinn bóginn tek ég undir það að mér finnst nokkuð hafa skort á að menn hefðu nægilegt svigrúm hjá Hafrannsóknastofnun til að gera þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru. Það dæmi sem hér kom upp varðandi loðnurannsóknir er skýrt dæmi um það að stofnunin hafði ekki nægilegar upplýsingar til þess að geta tekið ákvörðun um ráðleggingu á loðnukvóta, sem síðar kom í ljós eftir sérstaka ferð að reyndist vera unnt að auka. Við hefðum misst af verulegum verðmætum ef stofnunin hefði ekki fengið pólitískan stuðning, skulum við segja, frá hæstv. ráðherra til þess að ráðast í frekari rannsóknir.

Það er víðar sem þörf er á að skoða frekari breytingar sem eru að verða í lífríkinu og ég minni á þær breytingar sem orðið hafa í Húnaflóa þar sem rækjustofninn sem þar er virðist hafa horfið eða verið étinn af þorskinum og við höfum kannski ekki svör við öllum þeim spurningum sem vaknað hafa í framhaldi af því. Þetta hefur gert mönnum erfiðara fyrir að stunda sína útgerð við Húnaflóa sem byggt hafa tekjur sínar að nokkru leyti á rækjuútgerð.

Ég minni líka á þá stöðu sem er í Ísafjarðardjúpi, sem er mjög sérstök, og ég veit ekki dæmi um að komið hafi upp áður. Þarna hafa veiðst um 1.500 tonn af rækju á ári og skapa miklar tekjur til útgerðar við Djúp. Nú er allt útlit fyrir það að ekki verði unnt að veita leyfi til veiða á nokkurri rækju og það vantar frekari rannsóknir til þess að fá upplýsingar um það mál, herra forseti.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa við þessu máli. Ég held að það sé full ástæða til þess að ræða stöðu hafrannsókna og það hvernig við nýtum skip og tæki og mannafla sem þó er til staðar í því skyni. Það var auðvitað mikið framfaraskref þegar hinn nýi Árni Friðriksson kom og gerði það kleift að sinna rannsóknum sem áður höfðu ekki verið á færi íslensku skipanna, svo sem eins og á djúpmiðum á Reykjaneshrygg og víðar, að því viðbættu auðvitað að öll aðstaða starfsmanna stórbatnaði þar með og einnig auðvitað með endurbyggingu Bjarna.

En það er til lítils eða kemur ekki að fullum notum að hafa góð tæki, skip og búnað ef ekki eru til fjármunir til að tryggja fullt úthald og fulla nýtingu á hinum sömu skipum og tækjum. Miðað við þann fjölda úthaldsdaga sem hv. málshefjandi nefndi yrði nýtingin á Árna Friðrikssyni ekki mikil til hafrannsókna ef ekki kæmu til rannsóknir sem tengjast fyrst og fremst kröfugerð okkar eða undirbúningi á kröfulýsingu okkar vegna Hatton-Rockall svæðisins þannig að þar mætti ábyggilega betur gera og ekki skortir verkefnin.

Ég held að það sé einnig rétt að minna á þörfina fyrir rannsóknir á grunnmiðunum og á hafsbotninum og alveg

eins inni á flóum og fjörðum eins og úti á djúpmiðum, rannsóknir á eða með bátaflotanum við sérveiðar o.s.frv. Tölur um úthaldsdaga minnsta skipsins, Drafnarinnar, benda ekki til þess að það sé úr miklu að moða þar ef skipið er nýtt í rúmlega tvo mánuði á ári í heild og þar af eitthvað í tengslum við skóla.

Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt að við förum yfir þessi mál og einnig vegna þess sem málshefjandi nefndi að aðstæður eru að breytast, við erum að upplifa miklar breytingar í umhverfinu, breytt nýting á stofnum hefur auðvitað sín áhrif á samspilið o.s.frv. Það er því full ástæða til þess að hyggja vel að þessum málum.

[13:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi áðan að við værum með fiskveiðistjórnarkerfi sem byggði á hafrannsóknum að við teldum. Það er ekki rétt nema að litlum hluta. Við erum með fiskveiðistjórnarkerfi sem byggir á fisktalningu. Mjög stór og allt of stór hluti af starfsemi Hafrannsóknastofnunar snýst um það að telja fiska, bæði þá fiska sem búið er að veiða og landa og líka óveidda fiska í sjónum. Menn telja og telja allt árið um kring og svo telja þeir vitlaust. Og hvað gerum við þá?

Því miður eru dæmi um það, allt of mörg dæmi um það á undanförnum árum, herra forseti, að við höfum séð að Hafrannsóknastofnun hefur „búmmað" allalvarlega á stofnstærðaráætlunum sínum. Við höfum þorskinn, ýsuna, skötuselinn og kolmunnann, bara svo nokkur dæmi séu nefnd.

Ég tel að við séum að forgangsraða vitlaust. Við þurfum að breyta allri forgangsröðun í hafrannsóknum við Ísland. Við þurfum að minnka það að reyna að telja fiska til þess að reyna að fullnægja kvótakerfinu. Við þurfum að auka vistfræðirannsóknir í hafinu hér við land. Það á að vera okkar helsti forgangur.

Að sjálfsögðu eyðum við allt of litlum peningum í hafrannsóknir. Fyrir nokkrum árum gerði ég úttekt á þessu. Mig minnir að við Íslendingar eyddum um 1,5% af útflutningstekjum okkar af sjávarútvegi í hafrannsóknir og þá á ég við hafrannsóknir, ekki fiskeldisrannsóknir. Norðmenn, nágrannar okkar, eyddu rúmum 3% af útflutningstekjum af sjávarútvegi í hafrannsóknir.

Norsku skipin til dæmis — við Íslendingar erum mjög hrifnir af því oft að bera okkur saman við aðrar þjóðir, ég gáði að þessu áðan í ársskýrslu norsku hafrannsóknastofnunarinnar — eru alls sjö og voru gerð út í fyrra í 270–320 daga hvert skip. Þar er alvöruúthald á hafrannsóknarskipunum.

Það gengur náttúrlega ekki á Íslandi að við séum að reka þessi dýru skip aðeins tvo til sex, sjö, í mesta lagi átta mánuði á ári með þetta hafsvæði og öll þau verkefni sem bíða okkar, veiðarfærarannsóknir, umhverfisrannsóknir, rannsóknir á vistkerfi sjávar. Þetta hreinlega gengur ekki. Við þurfum að forgangsraða upp á nýtt og við þurfum að setja meiri peninga í þessar mikilvægu rannsóknir.

[13:51]

Guðjón Hjörleifsson:

Herra forseti. Hafrannsóknir eru grunnurinn að því að byggja upp þekkingu um hafið og lífríki þess, sérstaklega til þess að geta metið það hvernig hagkvæmast er og skynsamlegast að nýta auðlindir hafsins. Það er mikilvægt að við treystum þeim aðilum er hafa menntun og þekkingu til þess að stunda þessar rannsóknir.

Hin síðari ár ber að fagna þeirri breytingu sem orðið hefur varðandi sterkari tengsl við sjómenn og almenning með skipulögðum fundarhöldum og skoðanaskiptum og ekki síður auknu aðgengi að upplýsingum Hafrannsóknastofnunar með hjálp nútímatækni svo sem vel útbúinnar heimasíðu.

Ég er í miklu sambandi við sjómenn og það hefur verið sérstaklega gaman að fylgjast með bergmálsmælingum á stofnstærð loðnu og síldar og því góða samstarfi og sátt sem Hjálmar Vilhjálmsson leiðangursstjóri hefur átt við skipstjórnarmenn. Ég vil samt sem áður lýsa áhyggjum mínum og margra loðnusjómanna af flottrollsveiðum á loðnu, sérstaklega á grunnslóð.

Ekki má gleyma stóru verkefni bæði vor og haust, hinu svokallaða togararalli þar sem gerðar eru árlegar stofnmælingar á botnfiskstofnum svo dæmi séu tekin. Ég tel að Hafrannsóknastofnun hafi fullt traust landsmanna til þeirra verka sem þar eru unnin.

Herra forseti. Upplýsingaskylda um niðurstöður rannsókna, tillögur og annað tilheyrandi hefur komist vel til skila til almennings og hæstv. sjútvrh. hefur tekið ákvarðanir um aflahámark með tilliti til veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar svo að ákvarðanirnar eru teknar á faglegum nótum en ekki pólitískum.

Að baki niðurstöðum slíkra rannsókna og ákvarðana liggja mjög margþættar athuganir. Þar erum við sem dæmi að ræða um rannsóknir á umhverfisskilyrðum í sjónum, rannsóknir á líffræði nytjastofna sjávar, stofnstærðarrannsóknir og mat á áhrifum veiða á fiskstofna og umhverfi þeirra, hitastig sjávar og veðurfar og veiðarfærarannsóknir, svo eitthvað sé nefnt.

Samhliða hafrannsóknum hefur verið stofnaður sjóður til þess að stuðla að auknu verðmæti sjávarafurða. Sjóðurinn mun fá 1,5 milljarða á næstu fimm árum. Árið 2001 var útflutningsverðmæti sjávarafurða 130 milljarðar og er niðurstaða starfshóps hæstv. sjútvrh. að með auknu rannsóknar- og þróunarstarfi sé raunhæft markmið að útflutningsverðmæti geti orðið um 240 milljarðar á rúmum áratug.

Grunnurinn að sóknarfærum okkar í sjávarútvegi er hafrannsóknir og vísindaleg veiðistýring sem hefur að langtímaleiðarljósi sjálfbæra nýtingu fiskstofnanna þar sem framtíðarsýn okkar hlýtur að vera að láta lífríkið njóta vafans þegar ákvarðanir um aflahámark eru teknar.

[13:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði áðan að hv. þm. Jón Gunnarsson hefði haldið því fram að hér tækju menn ákvarðanir byggðar á vísindalegri þekkingu við nýtingu fiskstofna en hv. þm. Jón Gunnarsson bætti því við að hann teldi svo ekki vera, sú þekking væri ekki nægileg, þannig að ég leiðrétti það hér með.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að það væri Hafró sem forgangsraðaði hvað varðar vísindarannsóknir. Það kann að vera að það sé í mörgum tilfellum svo en samt liggur það fyrir að vilji Hafrannsóknarstofnunar eða sérfræðinga þar, t.d. til þess að rannsaka loðnustofninn, hefur ekki náð fram að ganga. Það kom fram í sjútvn. um daginn að þar telja menn að fimm ára rannsóknarferil þurfi til þess að ná upp þeirri þekkingu sem þarf að vera til staðar á loðnustofninum. Og skipið, þetta nýja glæsilega skip, Árni Friðriksson, liggur í höfn flesta daga ársins. Það er því ekki verið að nýta hann og ekki önnur skip heldur með þeim hætti sem hægt væri.

Þó svo að hæstv. ráðherra haldi því fram að menn megi ekki auka rannsóknir mjög hratt þá held ég að t.d. hvað varðar loðnurannsóknir og auknar rannsóknir á síldinni, sem týndist nú í tvö ár, hljóti að þurfa að fara býsna hratt af stað svo menn sitji ekki uppi með sama vandræðaganginn og búinn er að vera í vetur gagnvart loðnu og var tvö árin þar á undan gagnvart síldinni og reyndar loðnunni líka.

Ég held að menn þurfi að spýta í lófana og gera hlutina betur og hraðar en verið hefur fram að þessu til að hafa þær upplýsingar sem menn nota þó alla vega til að taka ákvarðanir um veiðar á þessum stofni. Hver veit hvort ein mæling þar sem menn ná þeirri niðurstöðu sem þeir ætluðu að fá sé endilega rétt?

[13:56]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi rannsókna í hafinu og lífríki þess fyrir þjóð eins og okkur sem á svo mikið undir nýtingu sjávarfangs. Við höfum haft þá stefnu og fylgt henni eftir að reka hér sjálfbæra nýtingu fiskstofna og þar er auðvitað grundvallaratriði að stunda fiskrannsóknir og auka þekkingu á lífríkinu. Það er mikilvægt fyrir okkur að leggja aukna áherslu á rannsóknir í hafinu, eins og við höfum gert reyndar mörg undanfarin ár, og nægir þar t.d. að nefna tilkomu hins nýja og glæsilega rannsóknaskips.

Í umræðu sem þessari má auðvitað nefna ýmis dæmi um rannsóknir sem menn telja nauðsynlegt að fara í. Ég vil nefna sem dæmi að ég tel að við þurfum að kanna miklu frekar áhrif af notkun flottrolls við loðnuveiðar. Það er umdeilt mál eins og komið hefur fram í þessari umræðu og ég nefni það hér sem dæmi um mál sem vert væri að rannsaka nánar.

Ráðherra hefur farið hér yfir fjárhagslega hlið þessara mála og ég ætla vísa til þess sem þar kom fram en leggja samt áherslu á það að við verðum auðvitað að nýta sem best þá fjármuni sem við höfum úr að spila til þessara hluta eins og annarra þannig að við náum sem mestum árangri fyrir það fjármagn sem við höfum.

En framtíðarhagsmunir okkar byggjast auðvitað að miklu leyti á árangri af rannsóknum á lífríki hafsins. Við viljum reka hér sjálfbæra nýtingu fiskstofnanna og auka verðmæti þess sjávarfangs sem við höfum úr að spila og þar eru rannsóknir á lífríkinu að sjálfsögðu grundvallaratriði.

[13:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það þarf ekkert að ítreka hér hversu mikilvægar hafrannsóknir eru almennt og þó sérstaklega fyrir okkar þjóð sem byggir jafnmikið og raun ber vitni á fiskveiðum og því tengdu. Ég held að ef við lítum á fjárhagslega hlið málsins, eins og ráðherra fór hér yfir, þá sjáum við að aukningin hefur verið frá 16,5% til 23% á undanförnum missirum. Ef við setjum einhverja mælistiku, sem er þá aukning í veiðum á okkar helstu nytjastofnum, þá horfum við fram á mikla aukningu í ýsu og sömuleiðis er ekki hægt að halda öðru fram en að við höfum náð árangri í uppsjávarfiski, ef svo má að orði komast.

Vissulega vildu menn sjá meiri aukningu á þorskveiðum en ég held þó að við getum sagt að þorskstofninn, eða við skulum vona það, sé á réttri leið. Ég veit þó ekki hvort mælistika sem þessi sé að fullu leyti sanngjörn og ég held að rétt sé að við lítum á önnur lönd til þess að bera okkur saman við. Ef við skoðum t.d. þorskveiðistofninn í Kanada sem hrundi á skömmum tíma og ástandið í Norðursjó þá held ég að niðurstaða okkar hljóti að vera sú að beita varúðarreglunni í þessu sambandi.

Hins vegar eru hafrannsóknir ekki frekar en önnur vísindi fullkomin og þrátt fyrir það að ég hafi mikla trú á Hafrannsóknastofnun og telji að við eigum hina færustu vísindamenn á þessu sviði þar starfandi og ég held að við getum verið stolt af þeirri stofnun, þá tel ég vera sjálfsagt að við leitum leiða til þess að víkka þekkingargrundvöllinn og fá fleiri til þess að koma að þessum rannsóknum. Ég er afskaplega ánægður með að sjá það að hæstv. sjútvrh. hefur stigið fyrstu skrefin hvað það varðar og við sjáum það í lögum um ólögmætan sjávarafla að þar er til staðar verkefnasjóður sjávarútvegsins eins og þingheimur þekkir, þar sem opnað er fyrir það að fleiri komi að þessum málum og ég tel það vera þróun í rétta átt.

[14:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Það er ekki þar með sagt að ég sé algjörlega sammála öllu því sem ráðherrann sagði.

Mér er t.d. spurn þegar því er haldið fram að Hafrannsóknastofnun sjái eingöngu um forgangsröðun verkefna. Ég hefði talið að hæstv. ráðherra ætti að hafa á því skoðun hvernig þeim verkefnum er forgangsraðað og hvaða áherslur hann heyrir sem stjórnmálamaður að menn vilji leggja áherslu á í þjóðfélaginu við hafrannsóknir.

Þær áherslur sem skipstjórnarmenn og fiskimenn hafa verið að benda á eru ekki alltaf í forgangsröðun hjá Hafrannsóknastofnun. Ég held að við ættum að hafa það hugfast og nægir í því sambandi að nefna bara eitt dæmi um ufsann, þegar fiskimenn við landið fóru að benda á það fyrir nokkrum árum að hér væri mikil ufsagengd og miklu meiri en Hafrannsóknastofnun virtist viðurkenna í sínum skýrslum. Það birtist loksins í skýrslunni sem við erum með núna undir höndum, sem kom út sl. vor, að Hafrannsóknastofnun viðurkennir að ufsagengdin hafi aukist hér við land án þess að á því séu neinar sérstakar skýringar, en í nokkurn tíma þar á undan var ekki tekið mark á þeim vísbendingum sem fiskimenn gáfu.

Það er fjöldamargt sem þarf að takast á við, nú um stundir er mjög breytilegt lífríki hér við land, miklar breytingar á hitafari og afar nauðsynlegt að við veltum því fyrir okkur hvernig við ætlum að bregðast við ef sjór hlýnar svo í Grænlandssundi að þorskurinn fari að fara yfir til Austur-Grænlands. Hvað ætlum við að gera þá, hvaða skoðun ætlum við að hafa?

[14:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég held að hér hafi farið fram afskaplega jákvæðar umræður og uppbyggilegar á flestan hátt. Ég held að menn verði hins vegar að hafa í huga þegar verið er að tala um áherslur og forgangsröðun að það eru ekki hlutir sem maður breytir í einu vetfangi. Rannsóknir flestar hverjar byggja á löngum undirbúningi og eru langtímarannsóknir með mæliröðum sem þarf að fylgja vel eftir.

Ég kannast ekki við hugtakið „fullkomnar rannsóknir" sem hv. þm. Jón Gunnarsson notaði. Rannsóknir eru einmitt þess eðlis að það er ekkert fullkomið í þeim og það er alltaf um leitina að þekkingunni að ræða. Við erum alltaf að reyna að bæta okkur.

Hv. þm. spurði sérstaklega um verkefnasjóðinn. Hv. þm. á að vita það því hann var viðstaddur þegar ég lýsti því yfir að Hafrannsóknastofnun fengi ekki minni fjármuni vegna þeirra fjármuna sem þangað koma úr verkefnissjóðnum á þessu ári, sem áður var kallaður hafrósjóður, en á síðasta ári.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon velti fyrir sér úthaldsdögunum og hvernig þeim er skipt niður. Frá því að Árni Friðriksson kom hefur orðið breyting á því hvernig þeim dögum er raðað niður á skipin og fleiri dagar eru núna nýttir á Árna Friðrikssyni, okkar stærsta og fullkomnasta skipi, en á minnsta skipinu, Dröfninni. Þegar farið var í að byggja Árna Friðriksson var einmitt gert ráð fyrir því að reka bara tvö skip. Enn sem komið er höfum við ekki treyst okkur til að gera þá breytingu, án þess að ég viti hvað verður síðar, við erum enn þá með þrjú skip í rekstri.

Herra forseti. Við erum að gera vel í okkar fiskirannsóknum og viljum bæta þar úr. Ég mun leggja mig fram um að ná í fjármuni til þeirra verka sem ég tel að séu nauðsynleg á hverjum tíma og ég tel að fram að þessu hafi ekki skort fjármuni til þeirra verkefna sem nauðsynleg eru.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 611. mál (greiðslur yfir landamæri í evrum). — Þskj. 919.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Það er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni sjálfri og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri reglugerð sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Hvað varðar efnisatriði málsins nægir að nefna að með þessari ákvörðun er verið að fella inn í EES-samninginn reglugerð Evrópusambandsins um greiðslur yfir landamæri í evrum. Reglugerðin kveður á um að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum skuli vera þau sömu og gjöld fyrir greiðslur í evrum innan lands. Jafnframt skulu upplýsingar um kostnað við greiðslur milli landa vera aðgengilegar og mælt er fyrir um ráðstafanir til að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri.

Í viðskrn. er nú unnið að innleiðingu þessarar gerðar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, fyrri umr.

Stjtill., 612. mál. — Þskj. 920.

[14:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands, Jan Mayen o.fl.

1. Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003.

2. Samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003.

3. Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs sem gert var í Reykjavík 9. júlí 2003.

Loðnuveiðar á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen hafa á undanförnum árum farið fram á grundvelli þríhliða samnings milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs og tvíhliða samninga milli landanna sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998.

Í ljósi þess að ekki var útlit fyrir að samningar næðust um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir árið 2003 vegna afstöðu norskra stjórnvalda töldu íslensk stjórnvöld óhjákvæmilegt að taka aðra fiskveiðisamninga milli landanna til endurskoðunar. Var loðnusamningunum því sagt upp 30. október 2002 og féllu þeir úr gildi 1. maí 2003.

Hinn 26. júní síðastliðinn tókst samkomulag milli Íslands og Noregs um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003. Í kjölfar þess var gengið frá nýjum þríhliða loðnusamningi milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs og tvíhliða samningi milli Íslands og Grænlands/Danmerkur í Reykjavík 8. júlí sl. og tvíhliða samningur milli Íslands og Noregs og milli Grænlands/Danmerkur og Noregs daginn eftir.

Samningarnir eru nánast samhljóða samningunum frá 1998, en þó gilda þeir aðeins til eins árs í upphafi í stað þriggja ára áður og framlengjast sjálfkrafa, sé þeim ekki sagt upp með a.m.k. sex mánaða fyrirvara, um aðeins eitt ár í senn í stað tveggja ára áður.

Í þríhliða samningnum felst að hlutdeild landanna í leyfilegum heildarafla af loðnu er óbreytt frá fyrri samningi. Hlutur Íslands er 81%, hlutur Grænlands 11% og hlutur Noregs 8%. Sem fyrr er ákvörðun leyfilegs heildarafla í höndum íslenskra stjórnvalda náist ekki samkomulag milli aðila þar að lútandi.

Í tvíhliða samningunum er eins og áður kveðið á um gagnkvæmar heimildir aðila til aðgangs til loðnuveiða í lögsögu hvers annars, en í samningnum milli Íslands og Grænlands/Danmerkur er sem fyrr einnig kveðið á um gagnkvæman aðgang að lögsögu Íslands og Grænlands til veiða á úthafskarfa.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

[14:10]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt að taka það fram í upphafi máls míns að almennt er ég sammála því að ná samningum við önnur ríki um veiðar á sameiginlegum fiskstofnum og tel að

það eigi að vera okkur ævinlega til hagsbóta að hafa samning um nýtingu veiðistofna.

Nú hagar svo til, virðulegi forseti, að samningurinn um norsk-íslensku síldina er í uppnámi og hefur ekki komist á og miðað við upplýsingar hæstv. utanrrh. sem hann gaf m.a. á Alþingi horfir illa um þá samningsgerð. Það er kannski í ljósi þess sem við ræðum samninginn um loðnuveiðar og þann samning sem snýr að Norðmönnum. Þær spurningar sem ég vil koma með í umræðuna eru: Hvað hyggst utanrrh. gera og íslensk stjórnvöld varðandi loðnusamninginn? Hyggjast menn segja honum upp með þeim fyrirvara sem þar er kveðið á um? Þannig viðbrögð fengum við þegar illa gekk að semja um síldina og snerum þá okkar málflutningi í þá veru að það væri ekki ástæða til að hafa samning um loðnuveiðarnar í gildi milli þjóðanna ef ekki næðist samkomulag um norsk-íslensku síldina.

Nú snýr málið þannig á nýjan leik að ekki lítur út fyrir að náist samningur um norsk-íslensku síldina og kannski hafa þær fréttir sem m.a. bárust af brottkasti á íslensku skipi við síldveiðar orðið til að setja enn frekari hnút í þær viðræður, ég skal ekki leggja mat á það en það er alla vega ekki til hagsbóta fyrir okkur.

Þá má líka spyrja í því sambandi um loðnuveiðar norskra skipa í íslenskri lögsögu, hversu vel við höfum staðið að eftirliti með þeim og hversu vel stöndum við að eftirliti með veiðum úr uppsjávarfiskum yfirleitt þegar kemur að nýtingu skipa sem eru að vinna aflann um borð og hvernig hefur okkur tekist að framkvæma það eftirlit.

Þessar spurningar hljóta að vakna þegar við erum að ræða málið en hins vegar er alveg sérstaklega áhugavert að fá svör um það eða álit hæstv. utanrrh.: Hvernig munum við bregðast við varðandi loðnusamningana með tilliti til þess sem við stöndum frammi fyrir í norsk-íslenskri síld og samningaleysi þar? Munum við taka svipaða afstöðu og við tókum áður, að ekki sé ástæða til að hafa samning um loðnuveiðar ef við náum ekki samningum við Norðmenn um síldveiðar? Hver munu viðbrögðin verða?

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að það er kannski ástæða til þess að við fáum aðeins ítarlegri yfirferð á því frá hæstv. ráðherra hvernig samningamálin standa. Við höfum í sjálfu sér ekki annað betra við tímann að gera því að við ræðum hér fyrst og fremst samninga sem þegar hafa runnið sitt skeið á enda eða eru lagðir fyrir mjög seint á gildistíma sökum sérstaks ástands sem vissulega hefur komið fram hvert er, að það skapaðist í raun og veru það andrúmsloft á síðasta ári að samningar tókust ekki um norsk-íslensku síldina og í kjölfar þess var sagt upp þríhliða samningum milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur og tvíhliða samningum við Ísland og Noreg um loðnuveiðarnar. Síðan var samningurinn framlengdur þegar loksins komst á samkomulag um tilhögun síldveiðanna á síðustu vertíð og þann samning ræddum við á Alþingi fyrir nokkrum dögum, þá þegar úr gildi fallinn, því hann tók einungis til ársins 2003. Þá var framlengdur eða endurnýjaður óbreyttur samningur, þríhliða samningur um skiptingu loðnustofnsins milli landanna. Ef ég skil málið rétt gildir hann til eins árs í senn og framlengist sjálfkrafa um eitt ár hafi honum ekki verið sagt upp sex mánuðum fyrir lok gildistíma, í maímánuði, þannig að væntanlega er þegar kominn á nýr samningur fyrir vertíðina á næsta ári nema tilkynning hafi verið send um annað. Sú staða gæti því komið upp að samningurinn gilti á næstu vertíð um loðnustofninn þó að engir samningar tækjust um síldveiðina.

Kannski væri ástæða til að hæstv. utanrrh. færi aðeins betur yfir það hvernig hann metur stöðuna í þessum efnum. Mig langar einnig til að spyrja út í samskipti okkar við Grænlendinga. Hér er fylgiskjal sem tengist tvíhliða samningi Íslands og Grænlands um veiðiskipti í loðnu og karfa og aðgangi hvors lands um sig að lögsögu hins. Ýmis önnur samskipti við Grænland á sviði sjávarútvegsmála hvað varðar sameiginlega stofna eru, það ég best veit, enn óleyst. Lengi hefur ástandið ekki verið nógu gott í þeim efnum milli þessara næstu nágranna, Íslands og Grænlands, og ekki hafa tekist samningar um ýmis stór sameiginleg hagsmunamál ríkjanna. Þannig hefur það verið um grálúðu og rækju og eitthvað fleira sem okkur er sameiginlegt á lögsögumörkunum.

Hafi það ekki breyst nú allra síðustu árin, sem út af fyrir sig kann að vera án þess að ég hafi veitt því athygli, væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra um hvernig þau mál standa, þar á meðal ágreiningur sem skapast af því að Grænlendingar hafa endurnýjað fiskveiðisamninga við Evrópusambandið og selt þeim hlutdeild í sameiginlegum stofnum án nokkurs samkomulags við Ísland um þá samninga. Það er auðvitað ekki nógu gott ástand í sjálfu sér að nýting á sameiginlegum stofnum sé í ósætti að þessu leyti til og annar aðilinn selji jafnvel veiðiheimildir til utanaðkomandi aðila án þess að nokkurt heildarsamkomulag liggi fyrir. Á þetta reyndu Íslendingar að hafa áhrif á sínum tíma, m.a. með því að takmarka löndunarmöguleika erlendra skipa sem stunduðu veiðar úr þessum stofnum, og mætti margt um þá sögu alla saman segja. Ég er ekki endilega að óska eftir því að hæstv. ráðherra rifji þá sagnfræði upp, heldur að gefa okkur aðeins yfirlit yfir það hvernig þessi samskipti standa. Það hefur a.m.k. verið þeim sem hér talar lengi nokkur þyrnir í augum að það skuli hafa gengið jafnböksulega og -seint og raun ber vitni að klára þessi mál milli Íslands og Grænlands. Það er í raun og veru alls ekki nógu gott að svoleiðis skuli hafa staðið andstætt við ágætissamkomulag okkar við Grænlendinga þar sem yfirleitt hefur tekist að útkljá öll mál (**Gripið fram í:** Við Færeyinga.) við Færeyinga, meinti ég, þar sem yfirleitt hefur tekist að útkljá öll mál í góðu samkomulagi, þar á meðal og ekki síst landhelgismörk nú nýlega. Það er enginn vafi á því að báðar þjóðirnar hafa haft mikla hagsmuni og notið góðs af því að þær hafa yfirleitt náð að leysa sín mál þannig, þ.e. þegar í hlut eiga samskipti Íslands og Færeyja. Auðvitað njótum við þess, Íslendingar, í því að hafa verið nógu stórir í sniðum til þess að leyfa Færeyingum að halda nokkrum veiðiheimildum innan íslensku efnahagslögsögunnar eftir að hún var færð út. Það hefur síðan skilað sér margfalt í mjög góðum samskiptum þessara þjóða, þar á meðal skipti Íslendinga miklu máli að hafa aðgang að færeysku lögsögunni á þeim árum sem ekki náðust samningar um norsk-íslensku síldina. Það hefur skipt máli í kolmunnaveiðum og öðru slíku.

Samskiptin á fiskveiðisviðinu við Grænland eru líka geysilega mikilvæg og kunna að eiga eftir að verða það í jafnvel enn ríkari mæli en áður hefur verið. Þar nefndi hv. síðasti ræðumaður möguleikann á aukinni þorskgengd á Grænlandsmiðum á nýjan leik. Margt bendir til þess að ef þróunin verður áfram með svipuðum hætti og hún hefur verið núna allra síðustu ár hvað varðar breytingar á sjávarhita í norðaustanverðu Atlantshafinu gæti verið í vændum upp-

gangstími í bolfiskveiðum á Grænlandsmiðum á nýjan leik, sambærilegur við þann sem leiddi af hlýindakaflanum upp úr 1920 og fram um 1960. Reyndar eru horfur nú taldar mun vænlegri innan fárra ára á því að umtalsverðar þorskveiðar, þ.e. á öðru en fjarðaþorski, geti hafist aftur við Grænland. Það eru áfram miklir sameiginlegir hagsmunir í grálúðu- og rækjustofnum, karfa og fleiru slíku. Ég get tekið undir það með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að áhugavert væri að fá frekari upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvernig þessi mál standa í almennu samhengi.

[14:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þetta mál. Ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. þingmönnum að ég er almennt þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að hafa samninga um öll þessi mál. Það er þess vegna mjög mikilvægt að samningar takist um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ég tel mikið grundvallaratriði að það fari með farsælum hætti. Búið var að leggja gífurlega vinnu í að ná þessum samningum á sínum tíma. Þeir voru gagnrýndir víða eins og gengur um alla samninga. Þeir voru gagnrýndir á Íslandi. Þeir voru jafnframt gagnrýndir í Noregi og það er líka ljóst að Evrópusambandið var þá með mjög miklar kröfur að mínu mati um veiðar úr þessum stofni. Er hlutdeild þeirra langt umfram það sem reynsla þessara þjóða segir til um. En hvað um það, þessir samningar voru gerðir og ég tel mjög óheppilegt hvað Norðmenn hafa lagt mikla áherslu á að snúa ofan af því öllu saman.

Þá kemur sú spurning hvort rétt sé að blanda öðrum samningum inn í málið. Það kom m.a. fyrst upp í Noregi, þ.e. það var krafa norskra útvegsmanna og margra hagsmunaaðila í norskum sjávarútvegi að vegna þessa máls yrði samningum um veiðar Íslendinga í Barentshafi sagt upp. Við töldum mjög óskynsamlegt að fara að blanda því saman og koma því máli í uppnám á nýjan leik. Síðan hefur það verið afstaða Íslendinga að rétt sé, ef ekki takast samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, að íhuga mjög alvarlega uppsögn á loðnusamningnum. Eins og fram kom var það ástæða þess að sá samningur var ekki gerður.

Ef þetta allt saman gerðist, að ekki næðust samningar um síldina, loðnusamningnum yrði sagt upp og jafnframt fiskveiðiheimildum Íslendinga í Barentshafi, eru öll þessi mál í uppnámi á nýjan leik. Það kæmi til með að hafa víðtækar pólitískar afleiðingar fyrir samskipti þessara þjóða. Ég tel að það væri mjög óheppilegt fyrir samskipti Íslands og Noregs og fyrir norræna samvinnu að slíkt gerðist. Auðvitað eru þessi mál mjög mikilvæg og fiskveiðihagsmunirnir í þeim öllum eru miklir. En ég tel að þeir séu ekki svo miklir að það réttlæti þann pólitíska fórnarkostnað í samstarfi þjóðanna sem hlytist af slíkri allsherjarupplausn málsins, og því hljóti það að vera skylda bæði íslenskra og norskra stjórnvalda að leitast eftir því að ná sanngjarnri niðurstöðu í þessi mál.

Ég vona svo sannarlega að það takist að ná niðurstöðu að því er varðar síldveiðarnar þó að ég sé ekkert sérstaklega bjartsýnn á það. Hvað gerist síðan í framhaldinu er of snemmt að segja til um. Það kynni vissulega að leiða til þess að samningnum yrði sagt upp.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það yrði þá ekki vegna loðnuvertíðarinnar 2004–2005, heldur vegna loðnuvertíðarinnar 2005–2006. Þannig var gengið frá þessum samningi. Ég vil ítreka að ég mun fyrir mitt leyti og fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar leggja á það áherslu að ná samningum um síldina. Ég hef tekið það mjög skýrt fram í öllum viðtölum um þetta mál að ég óttast það ástand sem gæti skapast í samskiptum þessara þjóða. Það er ekki afsakanlegt að setja samskipti þeirra í uppnám út af nokkrum þúsundum tonna af síld. Með því er ég ekki að gera lítið úr því magni en það hlýtur að vera skylda aðila að ná um þetta ásættanlegri niðurstöðu.

Ég tel að sú hlutdeild sem við Íslendingar höfum í norsk-íslenska síldarstofninum sé bærilega ásættanleg niðurstaða miðað við þær forsendur sem eru fyrir hendi. Ég tel að engar þær breytingar hafi orðið á ástandi síldarstofnsins sem réttlæti meiri háttar breytingar og mér finnst Norðmenn ekki hafa fært fram nein þau rök sem réttlæti kröfur þeirra en við höfum viljað líta til þeirra af sanngirni og fjalla um málið í ljósi vinsamlegra samskipta milli þjóðanna.

Að því er varðar samskipti okkar við Grænlendinga er það rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að allt of langan tíma hefur tekið að ná niðurstöðu í þau mál. Við höfum þó átt ágæt samskipti við Grænlendinga, vini okkar, á mörgum sviðum. Gott samkomulag hefur ríkt að því er varðar loðnuveiðarnar og við höfum náð gagnkvæmri niðurstöðu um réttindi til veiða úr úthafskarfastofninum. Það eru þó útistandandi mál sem hafa verið rædd af og til og tekin upp í viðræðum þjóðanna en niðurstaða hefur ekki fengist. Þó tókst fyrir nokkrum árum að komast að sameiginlegri niðurstöðu um landhelgislínu milli landanna sem var mál sem hafði verið til umfjöllunar mjög lengi og núna nýlega tókst loks að ráða til lykta landhelgislínu milli Íslands og Færeyja þannig að þessum málum hefur sem betur fer verið að fækka. Það má segja að þau hafi verið komin í nokkuð eðlilegt horf en ef þetta blossar upp með þeim hætti sem gæti verið hætta á milli Noregs og Íslands er mikið starf unnið fyrir gýg og að slíku ástandi væri mikill skaði.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hæstv. utanrrh. að auðvitað ber okkur að freista þess að hafa sem best samkomulag við frændur okkar Norðmenn. Hins vegar er ekki hægt að ganga að öllum kröfum þeirra varðandi síldina ár eftir ár.

Ég get ekki annað en verið ósammála hæstv. utanrrh. þegar hann segir að hann telji að skiptingin úr norsk-íslenska síldarstofninum sé bærilega ásættanleg. Ég er algjörlega ósammála hæstv. utanrrh. Ég tel að á sínum tíma hafi Íslendingar gengið allt of langt varðandi skiptingu þess stofns. Ég verð líka að segja að ég veit ekki hvert hæstv. utanrrh. er að fara og hvað hann er að boða þegar hann segir að nokkur þúsund tonn af síld eigi ekki að setja frið þessara þjóða í uppnám.

Ég get ekki annað, vegna forsögu þessa máls, en rifjað upp fyrir þingheimi að það var með engu móti hægt að fallast á það sem Norðmenn settu stöðugt fram í samningum við Íslendinga, að það hefði verið ofveiði Íslendinga á miðunum úti fyrir Austfjörðum, á hinu svokallaða Rauða torgi, sem hafi eytt síldinni.

Það liggur fyrir í úttekt norskra fræðimanna sem voru að vísu birtar löngu eftir að þeim veiðum lauk, fremstu vísindamenn Norðmanna komust að þeirri niðurstöðu, að það hafi fyrst og fremst verið veiðar Norðmanna á ungsíld í norskri landhelgi úr þessum sama stofni sem hefðu leitt til hruns stofnsins.

Mér finnst ekki hægt að koma hingað og boða — eins og mér sýnist hæstv. utanrrh. gera — að við ætlum enn að gefa eftir gagnvart Norðmönnum hvað varðar skiptingu úr þessum stofni.

[14:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Herra forseti. Sá fiskveiðisamningur sem hér er til umræðu, milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs, um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, er að mörgu leyti svolítið merkilegur samningur, alla vega sögulega séð. Þetta er samningur sem Norðmenn náðu á sínum tíma eftir að þeir komu svolítið aftan að okkur með stórfelldum veiðum við Jan Mayen á áttunda áratugnum. Það má segja að þeir hafi sprengt sér leið að þessum samningi. Þeir skutu okkur skelk í bringu og við gengum til samninga við þá á sínum tíma. Síðan hefur þessi samningur haldist nokkurn veginn óbreyttur alla tíð síðan þó að Norðmenn hafi nánast aldrei veitt loðnu síðan þá í Jan Mayen lögsögunni.

Fyrir utan þá ósvinnu að Norðmenn skuli halda þessari svokallaðri fiskveiðilögsögu sinni í kringum Jan Mayen, eldfjallaeyju sem er nánast óbyggð, sem ætti í raun ekki að hafa nema 12 mílna lögsögu í kringum sig, helst enga lögsögu og enga Norðmenn þar á grundu heldur, heldur vera sameiginleg eign Íslendinga og Grænlendinga og allt hafsvæðið þar í kring, tel ég að þessi samningur ætti tafarlaust að fara til gagngerðrar endurskoðunar. Norðmenn hafa allt of stóran hlut í loðnunni, þessi 8% sem þeir hafa. Þeir hafa hreinlega engan rétt til þessara 8%, langt í frá.

Mig langar að benda á annað, þ.e. að það er á vissan hátt líffræðileg ástæða til að losna við Norðmenn af miðunum. Þá á ég við sumarloðnuveiðarnar sem eiga sér stað í hafinu norður af Íslandi. Norðmenn taka stærstan hluta af loðnukvótum sínum á hverju ári á þessum sumarloðnuveiðum. Þar er verið að veiða loðnu sem er í æti, loðnu sem er að fita sig mjög hratt. Eina leiðin til að nýta þann gríðarlega lífmassa sem verður til í hafinu norður af Íslandi á hverju sumri og færa upp að ströndum Íslands, þar sem hann nýtist bæði í fæðukeðjunni og einnig til veiða og verðmætasköpunar fyrir íslenska fiskiskipaflotann, líka þann norska, grænlenska og færeyska, er að hann sé að verulegu leyti látinn í friði á sumrin, að við séum ekki að veiða þessa loðnu.

Ég tel brýnt að dregið verði úr loðnuveiðum um sumartímann norður af Íslandi. Það er hreinlega heilbrigð skynsemi að draga eins og við getum úr þessum veiðum. Sem betur fer hefur það gerst á undanförnum árum hvað varðar íslenska flotann. Íslensku skipin hafa fundið nýja auðlind, kolmunnann og hafa í síauknum mæli verið upptekin við veiðar á honum um sumartímann og þar með sparað sér loðnuna og frekar veitt hana á haustin og veturna þegar hún er miklu verðmætara hráefni.

Ég tel að það væri vert að athuga hvort ekki væri hægt að fíra niður þessum prósentum hjá Norðmönnum í 4% og setja þeim þá reglu, þann stólinn fyrir dyrnar eða hvernig sem túlka má það, að þeir megi einungis stunda veiðar frá 1. október ár hvert. Þá er loðnan fyrir Austfjörðum. Í dag eru reglurnar þannig að þeir mega ekki fara suður fyrir 65 gráður 30 mínútur norður, ef ég man rétt, sem er strik nokkurn veginn beint austur úr Gerpi. Við ættum þá frekar í staðinn að leyfa þeim að halda áfram veiðum þar til loðnan er komin vestur fyrir, t.d. að Stokksnesi.

Ég tel að við ættum að endurskoða þennan loðnusamning við Norðmenn, að nú sé tækifærið. Ég hef í sjálfu sér ekki voðalega miklar áhyggjur af því þó að þeir fyrtist við og hóti okkur öllu illu. Það hafa þeir svo sem gert fyrr en sjaldan orðið mikið úr því.

Þetta snýst að sjálfsögðu um miklu stærri mynd, eins og hæstv. utanrrh. benti réttilega á. Það eru fleiri fiskveiðisamningar við Norðmenn. Norðmenn hafa beitt því á okkur áður að hóta öllu illu, setja allt í uppnám, segja upp öllum samningum og senda jafnvel á okkur herskip ef við förum ekki eftir því sem þeir vilja.

Nú er mikilvægur samningur í uppnámi, þ.e. samningurinn um norsk-íslensku síldina. Því miður er hann í uppnámi vegna óbilgirni Norðmanna.

Mig langar í þessu sambandi að rifja upp að sumarið 1996, þegar fyrst var samið um skiptingu norsk-íslensku síldarinnar á milli Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Íslendinga, var gerð mjög merkileg bókun. Sú bókun var og er vonandi enn talin söguleg, þ.e. bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Þar komu þjóðirnar sér í fyrsta skipti saman um að haga sér eins og siðmenntað fólk hvað varðar nýtingu á sameiginlegum fiskstofnum. Í þessari bókun eru t.d. ákvæði um að aðilar skuli skiptast á aflaskýrslum mánaðarlega og tilgreina og sundurliða þessar upplýsingar á veiðisvæði eftir þörfum. Þar segir og:

„Aðilar skulu hefjast handa um að setja samræmdar verndunarreglur um veiðar úr stofninum.

Aðilar skulu auðvelda og efla samstarf við eftirlit til að tryggja að verndunarreglum verði fylgt.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi við aðra aðila, sem hlut eiga að máli, til að koma á heildarstjórnun veiða úr stofninum."

Ég túlka anda þessarar bókunar — þótt eflaust megi túlka þetta og teygja í allar áttir — m.a. með þeim hætti að norskum stjórnvöldum hafi borið að láta íslensk stjórnvöld vita af því þegar íslenskt skip varð uppvíst að vélvæddu brottkasti á stórsíld á Svalbarðasvæðinu í sumar. Þar var á ferðinni íslenskt skip með íslenskri áhöfn undir íslenskum fána sem veiddi úr íslenskri hlutdeild í þessum sameiginlega fiskstofni. Það var staðið að alvarlegum fiskveiðiafbrotum ef marka má skipherra norsku strandgæslunnar.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh.: Voru íslensk stjórnvöld látin vita af þessu tilviki strax í sumar af norskum stjórnvöldum? Ef svo er, hvers vegna var þá ekki brugðist strax við með því að kæra útgerð og skipstjóra þessa skips? Hér var um alvarlegt afbrot að ræða ef marka má vitnisburð norska skipherrans.

Hafi norsk stjórnvöld ekki látið íslensk stjórnvöld vita af þessu tilfelli þegar það átti sér stað, hafa þeir þá ekki gerst brotlegir við þessa bókun frá 6. maí 1996? Mér finnst þetta í raun stórmál sem snýst um trúverðugleika íslenskra stjórnvalda út á við, þ.e. að íslensk stjórnvöld sýni og sanni að þau séu fær um að bregðast harkalega við alvarlegum fiskveiðiafbrotum þegar þau verða, ef þeim er kunnugt um þau að sjálfsögðu. Ef stjórnvöldum er kunnugt um málið frá hendi Norðmanna þurfum við að sýna að við séum trúverðugir.

Hafi málinu hins vegar verið stungið undir stól og það kannski látið falla í gleymsku af hálfu íslenskra stjórnvalda þá er það að sjálfsögðu líka grafalvarlegt mál.

[14:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að neinar slíkar tilkynningar hafi farið milli íslenskra og norskra stjórnvalda.

Eftir því sem ég best veit og hef verið upplýstur um þetta mál þá gerði norska strandgæslan athugasemdir við tiltekið skip sem tók athugasemdunum með þeim hætti að gera þyrfti lagfæringar á vinnslubúnaði skipsins. Eftir því sem ég best veit hefur ekkert annað átt sér stað í þessu máli.

[14:41]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta í raun með ólíkindum, að Norðmenn skuli ekki hafa látið íslensk stjórnvöld vita af því sem þeir urðu áskynja. Ef marka má norska fjölmiðla þá hafa aðeins 18 skip verið tekin fyrir brottkast á Svalbarðasvæðinu á undanförnum missirum. Þar af eru þrjú íslensk skip. Þetta mun víst vera eitt þeirra. Í frægum norskum sjónvarpsþætti kemur greinilega fram að norska strandgæslan er þeirrar skoðunar að þarna hafi menn stundað skipulagða umhverfisglæpi, veiðiþjófnað. Það er ekki hægt að kalla það neitt annað þegar veitt er úr sameiginlegum stofni og fiski hent í sjóinn sem hvergi er skráður til bókar og hvergi dreginn frá kvóta.

Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að Norðmenn hafi ekki brotið gegn þeirri bókun sem gerð var á sínum tíma. Hefðu norsk stjórnvöld ekki átt að láta íslensk stjórnvöld vita af þessu broti?

[14:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi verið um minni háttar brot að ræða tel ég að svo sé alls ekki. En eftir því sem ég hef verið upplýstur um var ekki um stórfellt brot að ræða. Það hafi verið tekið til endurskoðunar og lagfæringar af skipshöfninni. Það eru þær upplýsingar sem ég hef.

[14:43]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjónvarpsfréttum ríkissjónvarpsins síðasta föstudagskvöld kom fram að norska strandgæslan hefði gert athugun sem sýndi að allri síld undir 32 sm að lengd var hent í hafið aftur. Meðallengd á þessari síld sem fór í sjóinn, miðað við könnun sem gerð var með því að keyra búnaðinn í 17 mínútur, sýndi að þá fóru alls 31 kíló í sjóinn. Meðallengdin á síldinni var 29,5 sm. Það er um það bil lengdin milli þessara tveggja míkrófóna. Þetta er engin smásíld. Þetta er alvarlegt brot.

Fréttamaður sjónvarpsins reiknaði út að miðað við þessi afköst í brottkastinu og þessa stærðarsamsetningu af fiski um borð í skipinu hefði þetta skip hent tæplega þremur tonnum af síld á sólarhring, stórri, verðmætri síld.

Ég hef hvergi séð opinberlega að fram hafi komið mótmæli frá útgerðinni um að þetta sé rangt þótt liðnir séu margir dagar síðan þessi frétt fór í loftið. Hér virðist því pottur brotinn.

Mig langar því að nota tækifærið og spyrja hæstv. utanrrh. hvort ekki sé eðlilegt að kalla eftir vitnisburði frá norsku strandgæslunni, kalla eftir öllum gögnum í málinu frá Noregi til að kanna hvort ástæða sé til að hér fari fram lögreglurannsókn þar sem skipstjóri og útgerð þessa skips verði kölluð til yfirheyrslu, ásamt skipshöfn. Í framhaldi af því yrði hugsanlega gefin út kæra á hendur útgerð og skipstjóra fyrir fiskveiðibrot.

[14:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Umræður um samninga um nýtingu fiskstofna við önnur ríki eru gagnlegar fyrir okkur. Við þurfum skýra stefnu í þeim málum. Ég tel að menn þurfi að fara yfir málin heima fyrir líka. Það virðist vera að renna upp fyrir mönnum, vísindamönnum og öðrum, að breytileiki lífríkisins sé meiri en haft hefur verið í huga þegar við höfum verið að gera samninga um nýtingu fiskstofna. Ég hef fyrir mitt leyti alltaf haft fyrirvara við þá hugsun að mat á veiðireynslu tiltekinna fárra ára ráði því út í eilífðina hvernig eigi að skipta verðmætum af þessu tagi.

Ég tel heppilegra fyrir okkur Íslendinga, sem höfum mikið og gott hafsvæði í kringum landið með öflugu lífríki, að byggja slík samskipti við aðrar þjóðir fyrst og fremst á mati á hlut þess lífríkis sem viðkomandi þjóð hefur yfir að ráða í að viðhalda viðkomandi stofnum fremur en veiðireynslu og landamærum milli landa. Veiðireynslan byggist fyrst og fremst á því hverjir voru í útgerð á einhverjum tiltölulega fáum árum.

Allir vita að í kringum árið 1960 kólnaði sjór við Ísland. Nú virðist sem sú kólnun sé að ganga til baka. Menn muna eftir því að áður en kólnaði við Ísland eða um það leyti og áður stunduðu menn miklar þorskveiðar á Grænlandsmiðum. Þorskveiðar á Grænlandsmiðum gætu þess vegna orðið arðbærar innan fárra ára.

Jafnframt muna allir eftir síldinni, hvernig hún gekk á Íslandsmið. Ég segi fyrir mitt leyti að ég tel, og tek undir með hæstv. utanrrh., óskaplega mikilvægt að góður andi og samstarfsvilji ríki milli þeirra þjóða sem eiga hlut að máli hvað varðar nýtingu lífríkisins í hafinu í nágrenni við okkur og á þeim miðum sem við eigum möguleika á að nýta. Inn í þann samningsanda finnst mér að við eigum fyrst og fremst að leggja hugmyndir byggðar á almennum reglum sem við getum bætt við til að breyta samningum. Menn mega ekki festast í ævagömlum niðurstöðum veiða sem farið hafa fram á einhverjum tíma. Við þurfum að geta breytt því. Við þurfum að geta byggt veiðistjórnina á breytingum sem verða í lífríkinu.

Við getum ekki ætlast til að fá að veiða eins og okkur lystir úr einhverjum stofni sem kannski veiðist ekki á okkar miðum um aldur og eilífð af því að við veiddum einhvern tíma úr honum. Norðmenn geta ekki ætlast til að fá að veiða norsk-íslensku síldina áfram ef hún fer að ganga með sama hætti á Íslandsmið og gerðist áður. Ef við eigum að geta eignast hlutdeild í þorskinn á Grænlandsmiðum þá verður að vera vilji af þessu tagi fyrir hendi. Mér finnst að Íslendingar þurfi að vera sveigjanlegir. Ég held að við höfum ekki endilega orð á okkur fyrir það. Ég held að við höfum t.d. sýnt verulega mikla hörku. Ég er ekki að gagnrýna það að menn hafi gengið hart fram í að ná hlutdeild í kolmunnaveiðunum. En ég hef grun um að sumum finnist að við höfum verið býsna harðskeyttir í því efni. Það kann að hafa áhrif á eitthvað af því sem menn eru að fást við núna.

Allt þetta þarf að hafa í huga. Ég segi því að ég er sammála þeim anda sem hæstv. ráðherra lagði inn í umræðuna, að við verðum að hafa góð samskipti við þessar þjóðir. En það þýðir ekki að þeir geti byggt á því kröfur sínar um að nýta stofna um alla framtíð á grundvelli ástands sem komið hefur upp í lífríkinu, t.d. því að norsk-íslenska síldin lenti í þeirri lægð sem hún hefur verið í. Þetta þurfa menn að hafa í huga.

Mig langar síðan að leggja orð í belg í sambandi við umræðuna um brottkast. Ég verð að segja að það vekur hjá mér undrun ef upplýsingar um brottkast á miðum þar sem Norðmenn hafa eftirlit berast ekki til Íslands. Mér finnst að fara þurfi yfir þau mál með Norðmönnum, hvernig á því

stendur, og sjá til að þær upplýsingar berist. Þar þarf ekki að vera á ferðinni sannað brot um stórfellt brottkast heldur upplýsingar sem koma að gagni til að Íslendingar geti gert sér grein fyrir því hvað er að gerast á miðunum. Það þarf sannarlega að velta fyrir sér hvort hafa þurfi eftirlitsmenn um borð í þessum skipum. Það er ekki gott fyrir okkur, hvað varðar samskiptin við þær þjóðir sem við erum hér að tala um og við eigum samninga við, ef við stöndum okkur ekki í eftirliti með okkar skipum. Við berum ábyrgð á þeim þó að þau séu utan landhelgi á veiðum á miðum sem þau hafa rétt til að veiða. Þetta er mikilvægt.

Ég tel ástæðu til þess að hæstv. utanrrh. komi skýrt til skila til Alþingis upplýsingum um hvernig Norðmenn líta á þetta mál og kippi því í liðinn ef eitthvað vantar upp á að þeir telji sér skylt að koma upplýsingum um slíka hluti til okkar. Við þurfum að geta sinnt þar eftirliti.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans við þeim spurningum sem hann fékk og þær upplýsingar sem hann gaf í umræðunni um stöðu mála.

Út af fyrir sig get ég verið sammála hæstv. ráðherra um að æskilegt sé, og talsvert á sig leggjandi til þess, að í gildi séu samningar um þessi mál og almennt sé unnið í góðu samstarfi þeirra þjóða sem í hlut eiga þegar við erum að ræða um sameiginlega fiskstofna eða deilistofna sem ganga inn og út úr lögsögu ríkja og eru jafnvel á tíðum veiðanlegar í úthafinu sjálfu, eins og í síldarsmugunni.

En ég tek einnig undir með þeim þingmönnum sem hér töluðu, m.a. hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í andsvari og hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Við verðum að standa á okkar rétti engu að síður. Það er ákaflega mikilvægt að við náum að tryggja okkur sanngjarna, eðlilega og réttláta hlutdeild í stofnum sem við höfum tilkall til, bæði af líffræðilegum ástæðum, vegna þess að viðkomandi stofn vex upp eða dvelur að einhverju leyti innan íslensku sérefnahagslögsögunnar og/eða, sem yfirleitt er, að við eigum sögulega hlutdeild í nýtingu viðkomandi stofns eins og í tilviki norsk-íslensku síldarinnar, þar sem hlutur Íslands var á köflum býsna mikill áratugina um miðbik síðustu aldar.

Óneitanlega er umhugsunarefni hversu háar kröfur Norðmenn setja fram um hlut í norsk-íslenska síldarstofninum. Ég held að því verði a.m.k. tæplega á móti mælt að að væri ákaflega ósanngjarnt ef Ísland þyrfti að minnka hlutdeild sína umtalsvert til að mæta einhliða kröfum frá Norðmönnum um að auka sinn hlut. Ef eitthvað er finnst manni meira álitamál hversu sterka stöðu Rússar, þá kannski sérstaklega Evrópusambandið, hafa til að gera kröfur um nýtingu þessa stofns. Stofninn er fyrst og fremst að uppistöðu til íslensk-norskur í líffræðilegu og sögulegu tilliti.

Hæstv. ráðherra upplýsir, sem ég þóttist vita, að í raun sé kominn á samningur fyrir loðnuvertíðina 2004–2005, með því að hann hefur framlengst þar sem ekki var tilkynnt með sex mánaða fyrirvara, fyrir 1. maí næstkomandi, að samningnum yrði sagt upp. Í öllu falli er ekki um það að ræða á þeirri vertíð sem í hönd fer og hefst næsta sumar eða næsta vor. Verði hins vegar allt í uppnámi með norsk-íslensku síldina er að sjálfsögðu ekki hægt að útiloka að gripið verði til þess ráðs á nýjan leik að segja samningnum upp.

Mér finnst að mörgu leyti ekkert óeðlilegt að þessir tveir samningar séu bornir svolítið saman því að þeir eru um margt býsna hliðstæðir og nánast eins og spegilmynd hvor af öðrum. Í öðru tilvikinu eru Norðmenn með langstærstu hlutdeildina í norsk-íslensku síldinni á móti Íslendingum og reyndar fleiri aðilum en í hinu tilvikinu eru Íslendingar með langstærstu hlutdeildina í loðnustofninum á móti Norðmönnum og Grænlendingum. Það þýðir ekki að efnislega sé hægt að bera ýmsa aðra samninga saman eins og þeir séu hliðstæðir. Mér finnst alveg fráleitt að nefna í því samhengi samninginn um veiðar í Barentshafi. Hann er af allt öðrum toga. Þar stofnaðist fyrst og fremst réttur til handa Íslendingum til veiða af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna sögulegra veiða Íslands uppi í Barentshafi, eða Hvítahafi eins og áður var talað um, og hins vegar að við sýndum fram á að við hefðum möguleika og getu til að stunda veiðar á alþjóðlegu hafsvæði í svonefndri Smugu. Það var veruleiki sem nágrannaþjóðirnar urðu að horfast í augu við, að við sem fiskveiðiþjóð við norðanvert Atlantshaf áttum að sjálfsögðu fullan rétt á að nýta veiðimöguleika okkar á þessu alþjóðlega hafsvæði innan skynsamlegra marka. Til þess varð að taka sanngjarnt tillit á fiskveiðistjórnarsvæðinu. Það hefur verið gert með samningum um okkar hlutdeild í veiðum í Barentshafi. Þó að þar sé að vísu ekki um mikið magn að ræða verður að taka tillit til þess. En það byggir á allt öðrum grunni en þessi tvíhliða eða þríhliða samskipti Íslands og Noregs og fleiri ríkja í sambandi við síld og loðnu.

Í þessu sambandi er vert að minnast kolmunnans, þess stóra hagsmunamáls sem þar er á ferðinni sem enn er ósamið um. Aftur eru þar Ísland og Noregur sem eiga hvað mestra hagsmuna að gæta í því sambandi.

Það er fagnaðarefni að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, vilji vera harður í horn að taka í sambandi við samningaviðræður við Norðmenn. Hann brýndi hæstv. utanrrh. til þess. Þá vil ég vekja athygli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á því að því aðeins getur hann talað með þeim hætti sem hann gerir, um mikilvægi þess að við stöndum fast á samningsrétti okkar, að við höfum samningsrétt. Það er hollt að minnast þeim sem gjarnan tala um hversu fýsilegt það gæti verið fyrir okkur að ganga í Evrópusambandið. Þá geta menn kvatt í eitt skipti fyrir öll allt sem heitir sjálfstæður samningsréttur Íslendinga í milliríkjasamningum um fiskveiðistjórn. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þá færist samningsrétturinn til Brussel, til Evrópusambandsins. Okkar hlutskipti yrði að bítast innbyrðis á bak við tjöldin um það sem Evrópusambandinu semdist um og fljúgast á við Portúgali, Spánverja, Íra, Hollendinga, Þjóðverja, Dani og aðra þar sem hafa uppsjávarveiðiflota, t.d. í þessu tilviki.

Ég fagnaði mjög að heyra hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann Samf., tala með þessum hætti um mikilvægi þess að nýta samningsréttinn og standa fast á kröfum Íslands. Það hlýtur að mega skilja sem svo að hv. þm. geri sér ljósa grein fyrir því hversu mikilvægur þessi sjálfstæði samningsréttur er sem því aðeins verður í höndum okkar að við afsölum honum ekki til Brussel.

Um Grænlandssamskiptin vil ég segja að ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að lögð verði í það mikil vinna og alúð á næstu missirum af Íslands hálfu að reyna að útkljá þau mál. Ég skora á hæstv. ráðherra að setja í það meiri kraft og auka samskiptin við Grænlendinga, sem ég veit að sönnu að eru að langmestu leyti ágæt og þar hefur ýmislegt ágætt gerst. Samningar um bæði loðnu og úthafskarfa eru mikilvægir. Eins var mikilvægt að útkljá miðlínudeiluna vegna

Kolbeinseyjar sem hverfur nú senn af yfirborði jarðar, a.m.k. niður fyrir sjávarmál ef fram heldur sem horfir.

En það eru önnur gríðarlega mikil hagsmunamál í samskiptunum við Grænlendinga sem þarf að takast á við. Það væri framfaraspor ef tækist að koma út úr heiminum kvótasamningum Grænlendinga við Evrópusambandið. Þar er að vísu að hluta til verið að selja pappírsfisk. Síðan eru í farvatninu, mjög líklega, mikilvæg samstarfssvið, t.d. á sviði hafrannsókna og bolfiskveiða, ef svo heldur sem horfir við Grænland. Þar hljótum við Íslendingar auðvitað að ætla okkur þátt.

[15:01]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Ég kom í andsvar áðan við hæstv. utanrrh. Ég hefði nú a.m.k. vonast til þess að hann sýndi norsk-íslenska síldarstofninum þann sóma, þó ekki væri formanni Samfylkingarinnar, að svara þeim spurningum sem ég varpaði til hans. (Gripið fram í.)

Hæstv. utanrrh. orðaði það svo að hann teldi að skipting norsk-íslenska síldarstofnsins og sá hlutur sem kemur til okkar Íslendinga, væri bærilega þokkalegur. Ég get ekki annað en verið mjög ósammála þessari ályktun og niðurstöðu hæstv. utanrrh. Ég geri mér grein fyrir því að það var hann sem samdi á sínum tíma, einhvern tímann á síðasta áratug, um þessa skiptingu. En það þýðir ekki að hæstv. utanrrh. geti komið hingað og verið bærilega þokkalegur með þá niðurstöðu. Við munum vel að þeir samningar voru gerðir eftir harkalegt þóf ákaflega lengi. Það var niðurstaða sem hæstv. ráðherra kom með hingað. En ég man nú ekki betur en að þá, þegar hann var töluvert yngri — ég er ekki að segja að hafi verið sprækari, en yngri var hann — hafi hann verið hundóánægður með þá niðurstöðu og hann hafði engar vomur og vöflur á því að segja það í þessum sal. En hann vildi lenda samningunum. Mig minnir að við höfum einhver verið því andstæð og hugsanlega höfum við setið hjá í atkvæðagreiðslu. Ég man eftir því að þáverandi þingmaður, Jón Baldvin Hannibalsson, sem a.m.k. sat hér enn þá í aðdraganda þeirra samninga, hafði aðrar skoðanir á því en til að mynda ég. Ég lagði mig töluvert fram um það, hæstv. forseti, að skoða þetta mál. Ég er áhugamaður um þennan stofn og reyndar ýmsa miklu smærri og skrýtnari heldur en norsk-íslenska síldarstofninn og ég er þeirrar skoðunar að þeir samningar hafi verið gerðir í allt of ríkum mæli á röksemdum Norðmanna. Norðmenn gengu mjög harkalega fram gagnvart okkur og beittu þeirri röksemd að Íslendingar hefðu gerst sekir í reynd um ofveiði á fullorðna hrygningarstofninum sem gekk hingað út af Austfjörðum á sínum tíma.

Ég var því allsendis ósammála. Ég get vísað í vísindagreinar eftir fremstu fræðimenn Norðmanna á þessu sviði — þá er ég að tala um á sviði síldarinnar — sem eru miklu nær þeim rökum sem margir Íslendingar hafa teflt fram en þeim rökum sem norsk stjórnvöld hafa teflt fram.

Ég get ekki annað en rifjað það upp, eins og ég gerði í stuttu andsvari áðan, að þrír norskir vísindamenn — það rifjast upp fyrir mér að það voru þeir Johannes Hamre sem ég held nú að stjórnvöld hafi margoft vísað til fyrr á árum og Öyvind Ulltang. Ég man ekki hver sá þriðji var. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að það hefðu verið gegndarlausar veiðar og mikil rányrkja Norðmanna á mjög ungri síld á innfjörðum í Noregi og innan norsku landhelginnar sem fyrst og fremst voru orsök fyrir hruni stofnsins. Það voru ekki veiðar okkar Íslendingar hérna út af Austfjörðum.

Ástæðan fyrir því að þessi stofn gengur eða gekk eftir sínu forna munstri á þær slóðir var einfaldlega sú að stofninn var orðinn svo stór að hann var að leita sér að nýju hafrými og nýjum skilyrðum til þess að geta vaxið á og snúið síðan aftur til hrygningar í norskri landhelgi. Hann kom hingað og forsendan fyrir því að hann náði þessari miklu stærð og varð að fullþroska hrygningarsíld var auðvitað þau skilyrði sem honum voru búin í hafinu út af Íslandi. Það voru ekki veiðarnar á hrygningarstofninum heldur rányrkja á íslenskri ungsíld. Það er þess vegna sem siðferðilega er mjög erfitt að fallast á það að Norðmenn fái þessa miklu hlutdeild úr síldarstofninum sem þeir hafa fengið.

Ég færði rök fyrir því á sínum tíma, hæstv. forseti, og margir fleiri að miðað við það hvernig nýting stofnsins hefði verið hér á árum fyrri milli okkar og Norðmanna þá ættu Íslendingar heimtingu á a.m.k. þriðjungi úr stofninum. Í dag er það þannig að við höfum verið að veiða 15–18%, fengið það í okkar hlut á síðustu átta, níu árum. Það er óásættanlegt. Það er ekki hægt að koma hingað og vera þokkalega ánægður með það.

Það er heldur ekki hægt finnst mér af hæstv. utanrrh. að koma og gefa í skyn að — ég tók orð hæstv. ráðherra þannig að hann ætlaði sér hugsanlega að slaka enn frekar á gagnvart Norðmönnum. Eða hvað á hæstv. ráðherra við þegar hann talar um að nokkur þúsund tonn af síld megi ekki verða til þess að setja vináttu og samstarf þessara þjóða í uppnám? Við vitum að Norðmenn hafa alltaf verið ákaflega harðdrægir í samningum við okkur. Við fundum það í þessum síldarsamningum sem menn gerðu á síðasta áratug og mér finnst ekki hægt að gefa frekar eftir í þeim efnum. Það er alveg ljóst að Norðmenn hafa verið að búa sig undir þetta í nokkurn tíma. Ég segi það alveg hreinskilnislega að ég mun ekki taka þátt í að styðja það. Mér finnst að það sé ekki gott hjá hæstv. utanrrh. að tala með þessum hætti og ég held að sé ekki gott innlegg í þær viðræður sem hljóta að vera í gangi og hafa ekki borið árangur til þessa.

Við Íslendingar höfum vænst þess að þessi stofn nái að vaxa og stækka og nái að taka aftur upp sitt forna göngumunstur. Ástæðan fyrir því að það hefur ekki gerst er að öllum líkindum sú að stofninn hefur ekki náð þeirri stærð sem kallar á að hann leiti á aðrar slóðir til þess að síldin nái að vaxa og dafna. Hugsanlega eru það líka einhver breytt skilyrði í hafinu. Hér var um nokkurra ára skeið köld tunga niður með Austfjörðum sem gerði það að verkum að talið var, að bestu manna yfirsýn, að síldin færi ekki gegnum hana og gengi á sínar fornu slóðir út af Austfjörðum. Ég skal ekkert um það segja. Hitt veit ég að í hafinu eru aftur að verða breytingar sem eru slíkar að það er hugsanlegt að skilyrðin líkist fremur því sem var hér á árum fyrri. Ég hef ekki nægilega þekkingu og hef ekki lagt mig eftir því upp á síðkastið að fylgjast með því.

En hitt veit ég, hæstv. forseti, að engin rök eru fyrir því, engin fiskifræðileg og engin söguleg rök fyrir því að Norðmenn fái meira af þessum stofni í sinn hlut en þeir hafa nú þegar. Þeir hafa allt of mikið og Íslendingar hafa allt of lítið af þessum stofni. Nú eru að opnast markaðir eða við vonum að það séu að opnast markaðir fyrir unna síld úti í Evrópu, þ.e. í löndum sem samkvæmt hefð hafa neytt töluvert af síld, unninni síld, og eru að ganga í Evrópusambandið. Allar spár hníga að því að hagsæld muni þar vaxa og kaupmáttur fólks

aukast og þar af leiðandi eru líkur á því að við getum selt okkar afurðir. Við þurfum á því fyrir Austfirði að halda m.a. og Ísland allt að veiða meira úr þessum stofni. Þess vegna segi ég að ég er ósáttur við þessi ummæli og ég er ósáttur við það að Íslendingar ætli að gefa eftir í þessum efnum.

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að sjálfsögðu samninginn sem gerður var á sínum tíma ásættanlegan. Ég skrifaði undir þann samning fyrir hönd íslenska ríkisins. (**ÖS:** Menn hafa stundum skrifað grátandi.) Já, en ég hef nú ekki gert það. Það hlýtur að teljast eðlilegt að ég telji hann ásættanlegan vegna þess að ég hefði annars ekki skrifað undir hann.

Hitt er svo annað mál að ég hef alltaf talið það mikilvægast að líta til framtíðar í þessum efnum, líta til þess að byggja upp stofninn og líta til þess að síldin taki upp nýtt munstur. Það er ákvæði í samningnum sem gerir ráð fyrir endurskoðun ef verulegar breytingar verða á því munstri. Ég tel að ekkert slíkt hafi gerst sem kallar á endurskoðun, hvorki af okkar hálfu né af hálfu Norðmanna. Þess vegna tel ég eðlilegast að menn standi við þann samning sem gerður var hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég hef þess vegna talið að við ættum fyrst og fremst að líta til framtíðar í þessu efni. Það má hafa ýmsar skoðanir á því hvað gerðist í fortíðinni. Ég er einn þeirra sem tóku þátt í síldveiðunum á síðustu árum síldveiðanna hér við land úr norsk-íslenska síldarstofninum og hef ýmsar skoðanir á því hvað gerðist. Ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ofveiði og rányrkja á smásíld á stóran þátt í því hvernig fór. En önnur atriði skipta áreiðanlega máli eins og ástandið í sjónum, kuldi sem kom norðan úr hafi. Nú fer sjór hlýnandi þannig að ýmislegt er að breytast. En þetta skiptir ekki meginmáli heldur framtíðin.

[15:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margir góðir forustumenn Íslendinga í gegnum aldirnar hafa gert samninga sem þeir voru ekki ánægðir með. En í stöðunni var kannski ekki annað hægt að gera. Ég ætla ekki að segja að í þeirri stöðu sem hæstv. utanrrh. var þegar hann gerði þann samning sem núverandi skipting stofnsins byggist á hafi hann þurft að gera þetta. Ég var á móti því að hann gerði þann samning á sínum tíma. En hann gerði hann. Síðar, þegar sá samningur kom hér til umræðu, gerði ég grein fyrir þessari afstöðu minni en ég greiddi ekki atkvæði gegn honum. Ég tel að það skipti hins vegar máli þegar hæstv. utanrrh. er að fara til samninga og er í miðjum samningaklíðum að menn viti að þingheimur stendur ekki á bak við það að Norðmönnum verði gefið meira eftir.

Hins vegar fagna ég því að í ræðu hæstv. ráðherra fannst mér hann taka af skarið um að hann mundi ekki gefa eina síld eftir til viðbótar. Það er töluvert annað en ég las úr fyrri ummælum hæstv. ráðherra hérna áðan þegar hann var að segja að nokkur þúsund tonn af síld skiptu ekki máli varðandi góðan frið við Norðmenn. Þau skipta máli.

Mig langar að rifja það hér upp að þessir vísindamenn sem ég nefndi til sögunnar áðan sögðu í grein sem þeir skrifuðu 1980 að eina takmörkunin sem hefði þurft að setja til þess að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins hefði verið að setja á árunum fyrir 1970 reglur um lágmarksstærð síldar í afla sem vernduðu núll til eins árs árganginn. Þeir voru að drepa síld sem ekki var eins árs gömul. Einungis 0,1% af árganginum 1965 náði fjögurra ára aldri. Svona höguðu Norðmenn sér. Það kemur ekki til mála að við förum að verðlauna þá með því að láta þá fá enn meira en þeir hafa í dag.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þjónar út af fyrir sig engum tilgangi að við förum að semja hér við sjálfa okkur í ræðustól á Alþingi. Það verður engin niðurstaða af því. Hins vegar er umræðan mjög gagnleg og nauðsynleg og ég þakka fyrir hana.

Það sem ég átti við þegar ég talaði um nokkur þúsund tonn af síld er að ég tel, og ég skal endurtaka það, að t.d. 3.000–5.000 tonn af síld séu ekki af þeirri stærðargráðu að þau réttlæti upplausn í samskiptum Íslands og Noregs. Hvaða efnahagslega stærð er það fyrir stórveldið Noreg? Hvaða máli skiptir það í efnahagslegu samhengi? Það skiptir meira að segja tiltölulega litlu máli fyrir Ísland sem er efnahagslega miklu minna. En fiskveiðar skipta okkur þó hlutfallslega miklu meira máli en Norðmenn. Það var þetta sem ég var að reyna að segja. Ég skal endurtaka það að menn mega ekki láta þetta gerast. Það er ekki þar með sagt hver eigi að taka það á sig.

Ég hef endurtekið þá afstöðu mína hérna að ég tel enga ástæðu til endurskoðunar á þessum samningi miðað við það hvernig hann var gerður á sínum tíma. Engar þær breytingar hafa orðið sem réttlæta neinar meiri háttar breytingar á honum. En það eru Norðmenn að fara fram á. Þeir eru að fara fram á meiri háttar breytingar. En minni háttar breytingar koma að sjálfsögðu alltaf til greina hvort sem það er af okkar hálfu og að sjálfsögðu eiga þær líka að koma til greina af hálfu annarra samningsaðila.

[15:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eina sem ég var sammála í ræðu hæstv. utanrrh. er að það þjóni engum tilgangi fyrir mig og hann að reyna að semja okkar á milli í ræðustól. Að öðru leyti er ég ósammála flestu því sem hæstv. ráðherra sagði, nema hugsanlega því að ekkert hafi gerst sem réttlæti að gerð verði einhver breyting á þessum samningi. Mér finnst ekki koma til greina að við látum af hendi 3.000–5.000 tonn, því að hæstv. utanrrh. var að semja um það hér í ræðustólnum.

Það er ómögulegt annað en að skilja ræðu hæstv. ráðherra þannig að annaðhvort sé hann búinn að semja um þetta eða að slíkir samningar standi yfir þessa stundina. Annar kostur er að hann sé að senda miða til Norðmanna yfir þetta ræðupúlt þar sem segi í reynd: Ókei strákar, ég skal semja um 3.000–5.000 tonn.

Mér finnst það ekki koma til greina. Það eru engin rök sem réttlæta það. Við hæstv. utanrrh. þekkjum Norðmenn. Þeir koma nú og vilja meiri háttar breytingar. Ætlum við að svara með því að bjóða minni háttar breytingar? Hver hefur sigur af því? Þeir. Hvað þá þegar þeir gera það aftur? Eftir nokkur ár verða minni háttar breytingar hugsanlega samanlagt orðnar að því sem í dag mætti kalla meiri háttar breytingar. Ég vil biðja hæstv. utanrrh., ef hann telur rangt að reyna að ná einhverjum samningum við mig í ræðustól, um að nota alls ekki þetta púlt til að semja við Norðmenn.

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hef langa reynslu af samningum á ýmsum sviðum og get verið sammála síðustu ræðumönnum

um að það hefur ekki mikinn tilgang að halda langa ræðu til að semja við sjálfan sig. Þegar maður ætlar að fara með það til annarra er ekki víst að af því verði nokkur árangur.

Það breytir hins vegar ekki þeirri skoðun minni, virðulegi forseti, að við verðum að vera mjög á bremsunni varðandi *síldarsamningana sem komið hafa til tals í umræðunni*. Við gáfum eftir, ef ég man rétt 7.500 tonn — hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef það er ekki rétt — síðast þegar við náðum saman samningum. Er það ekki rétt munað? (**Utanrrh.:** 7.000.) Eða 7.000 tonn. Ég heyrði hæstv. ráðherra áðan tala um 3.000–5.000 tonn sem minni háttar breytingu. Ef við leggjum það við 7.000 tonn þá fara tölurnar að skipta nokkru máli. Ég held að menn þurfi aðeins að staldra við það. Þó að ég taki undir þau sjónarmið hæstv. utanrrh. að ekki megi fórna góðum samskiptum okkar og Norðmanna og koma þeim í of mikið uppnám þá held ég að við verðum að vera nokkuð stífir að þessu leyti.

Það er mikill munur á samningum okkar um loðnuna, síldina og botnfiskveiðiheimildir okkar í Barentshafi. Veiðiheimildirnar sem við sömdum um í Baretnshafinu voru til komnar vegna þess að við höfðum veiðireynslu á alþjóðlegu hafsvæði, þ.e. í Smugunni. Sama má segja um norsk-íslensku síldina. Það er hægt að stunda veiðar á norsk-íslensku síldinni í Síldarsmugunni, á alþjóðlegu hafsvæði. Þær veiðiheimildir eru því ekki gengnar okkur úr greipum, ef svo er hægt að segja, við það að samningarnir falli niður, hvorki í Barentshafinu né þá veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Við ættum eftir aðgang að þeim á alþjóðlegu hafsvæði. Í Smugunni annars vegar og hins vegar á alþjóðlegu hafsvæði í Síldarsmugunni og svo þann möguleika, með hlýnandi sjó hér við land, að norsk-íslenska síldin gengi inn í okkar lögsögu í meiri mæli en verið hefur.

Hvort tveggja gefur síldarsamningnum annars vegar og botnfiskheimildum okkar í Barentshafi allt aðra fleti en samningum okkar við Norðmenn um loðnuna. Hingað til hefur loðnan ekki mælst að neinu marki utan lögsögu. Þó minnir mig að á síðustu vertíð hafi einhver hluti loðnustofnsins náð að fara inn í færeyska lögsögu um skamman tíma á göngu sinni suður um. Að öðru leyti held ég að loðnan hafi ekki gengið út úr lögsögum Grænlands, Jan Mayen og Íslands. Þessu er því ekki saman að jafna. Það er rétt, sem hér hefur verið dregið fram í umræðunni, að samningur okkar um loðnuna á sínum tíma byggðist á þeirri veiði sem Norðmenn náðu nánast á einu ári í Jan Mayen-lögsögunni og hafa sjaldan ef nokkurn tíma endurtekið síðan. Það er því ekki rétt af okkur að setja þessa samninga á einn bás. Samningsforsendurnar eru mjög misjafnar að því er okkur varðar að þessu leyti.

Það breytir hins vegar ekki þeirri niðurstöðu minni að það sé skynsamlegt að ná samningum í stöðunni, þótt ég hafi verið tiltölulega andvígur síldarsamningnum 1996, eins og hæstv. utanrrh. veit, og teldi að við hefðum gefið verulega mikið eftir við að ná honum. Eftir á er hægt að deila um samninga en þegar upp er staðið una menn við þá samninga sem gerðir hafa verið og reyna að vinna úr þeim eftir bestu getu. Það held ég að við höfum gert með síldarsamningana fram að þessu.

Ég verð hins vegar að segja að krafa Evrópusambandsins á sínum tíma, varðandi síldarsamningana og forsendur þess að þeir fengu þá úthlutun, hefur mér ævinlega fundist mjög ósanngjörn. Hún er nánast út úr öllu korti. Ég held að ég fari rétt með það að á þeim tíma er samningar stóðu yfir um síldina á sínum tíma þá töldum við Íslendingar, ég hygg að Norðmenn hafi verið sama sinnis, að krafa Evrópusambandsins væri vægast sagt byggð á vafasömum aflatölum, ef ekki ósönnum. Ég held að ég muni það rétt frá þeim umræðum sem áttu sér stað í aðdraganda þeirra samninga.

Áðan var vikið að brottkastsbrotum og brottkasti, m.a. á norsk-íslenskri síld. Ég undrast yfir þeim orðum hæstv. utanrrh. að um minni háttar brot sé að ræða þegar menn henda síld í hafið. Menn hafa verið dæmdir hér á landi fyrir ýmis brot. Ég man ekki hvort það voru 14 fiskar, þar af 5 ufsar í öðru brotinu, á Bárunni og hins vegar 52 fiskar á Bjarmanum (**MPH:** 53.) eða 53. Það voru talin mjög alvarleg brot hvort tveggja. Menn voru dregnir fyrir dóm, sviptir veiðileyfi einn, tveir og þrír o.s.frv. Núna skilgreinir hæstv. utanrrh. það brot sem hér hefur borist inn í umræðuna sem minni háttar brot. Mér er spurn: Hvar liggja línurnar á milli þessara minni háttar brota og meiri háttar brota? Ég man eftir trillukarli í Hafnarfirði sem sviptur var veiðileyfi fyrir tólf kíló fyrir nokkuð mörgum árum síðan. Það hlýtur að hafa talist meiri háttar brot.

Ég held að við séum komin á hálan ís þegar við förum að reyna að túlka minni háttar brot og meiri háttar brot að þessu leyti og ákveða út frá því hvenær menn eru sviptir veiðileyfi og teknir til rannsóknar og dæmdir. Öll skulum við jöfn fyrir lögum. Hér gildir reglugerð nr. 483 frá 1. júlí 2003, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003. Þar segir að Fiskistofu sé heimilt að svipta skip veiðileyfi vegna brota á þessari reglugerð o.s.frv. Þetta er bara hin almenna klásúla sem er í öllum reglugerðum og vinnureglum. Ég vil því ítreka að ég á afar erfitt með, virðulegi forseti, að átta mig á því hvernig menn ætla að draga þessar línur við minni háttar og meiri háttar brot. Það þarf betri skilgreiningu á því.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er nokkuð hissa á spurningum skipstjórans, hv. þm. *Guðjóns A. Kristjánssonar*. Afstaða *mín* er afskaplega skýr. Ég tel það minni háttar brot ef fiskur fer fyrir borð af vangá eða vegna þess að menn ráða ekki við aflann vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, sem hv. þm. þekkir vel. Hins vegar er það ávallt meiri háttar brot ef það er gert af ásetningi.

Það er hins vegar ekki mitt, í ræðustól á Alþingi, að dæma um hvort hér var um meiri háttar eða minni háttar brot að ræða. Málið var meðhöndlað af norsku strandgæslunni sem minni háttar brot. Það var það sem ég sagði hér.

Ég ætla ekki að setjast sjálfur í dómarasæti þar um. Ef hv. þm. treystir sér til að vera dómari í þessu máli þá er það hans mál. Ég ætla ekki að reyna það.

[15:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig geri ég ekki athugasemd við þær skýringar sem hæstv. utanrrh. gaf á því sem talist gæti minni háttar brot og meiri háttar brot. Ég ætla hins vegar að taka fram að ég sækist ekki eftir því að vera dómari í þessum málum. Ég er löngu búinn að átta mig á því að meðferð mála í íslenska stjórnkerfinu að því er varðar umgengni um auðlindina, brottkast og önnur slík atriði er mjög á sinn hvorn veginn. Í því sambandi nægir að nefna flotvörpuveiðar Íslendinga, þar sem drepin voru yfir 3.000 tonn af bolfiski á síðasta ári án þess að menn sýndu við því nokkur viðbrögð, hvorki að það væri kvótareiknað, ætlast

til að menn lönduðu því sérstaklega samkvæmt lögum, að aflinn skyldi aðgreindur eftir fisktegund í lönduðum afla o.s.frv.

Ég sækist ekki eftir því, hæstv. utanrrh., að komast í það hlutverk að fella dóma eftir þeim vinnureglum, ekki miðað við þá dóma sem kveðnir hafa verið upp á Íslandi í þessum málum, eða dóma sem ekki hafa verið kveðnir upp.

[15:28]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Frú forseti. Héðan úr ræðustólnum hafa heyrst ýmsar athyglisverðar athugasemdir um örlög norsk-íslenska síldarstofnsins á sínum tíma. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék m.a. að því.

Það er mjög flókið að reyna að gera sér grein fyrir því sem gerðist með síldina í lok sjöunda áratugarins, þegar hún hvarf með skelfilegum afleiðingum fyrir okkur Íslendinga og reyndar Norðmenn líka. Þeir byggðu stóran hluta af sinni afkomu sinni á þessum stóra fiskstofni í Norður-Atlantshafi. Sennilega fóru hér saman ofveiði og óhagstæð umhverfis- og næringarskilyrði í hafinu.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í það en ég vil fá að nota tækifærið til að benda á að eitt af þeim mikilvægustu spilum sem menn hafa á hendi þegar þeir sitja við samningaborðið, við samninga um fiskstofna við aðrar þjóðir, sérstaklega flökkustofna, eru gögn sem sýna útbreiðslu og göngur viðkomandi stofns, á hvaða hafsvæðum hann hefur haldið sig missirin á undan. Það er síðan lagt til grundvallar því hvernig hugsanlega beri að skipta viðkomandi fiskstofni.

Fyrr í dag fór fram umræða um hafrannsóknir, úthald hafrannsóknarskipa og forgangsröðun í hafrannsóknum. Sú umræða var í sjálfu sér ágæt og mjög þörf að sjálfsögðu. Þar er víða pottur brotinn eins og greinilega kom fram.

Mig langaði til að benda hér á að í skipaáætlun Hafrannsóknastofnunar fyrir þetta ár er afskaplega litlum tíma varið í það að kanna göngur og útbreiðslu síldarinnar eða hreinlega að rannsaka síld yfir höfuð. Það stendur hér að dögunum 25. maí til 3. júní, þ.e. rétt rúmum hálfum mánuði, eigi að verja í það að halda úti Árna Friðrikssyni við síldarrannsóknir í Austurdjúpi. Það er allt og sumt. Punktur. Þetta er allt og sumt sem við Íslendingar ætlum að leggja undir til þess að reyna að afla okkur mikilvægrar vitneskju um göngu síldarinnar á þessum mikilvæga tíma þegar hún er að leita eftir hrygningu frá vesturströnd Noregs út í hinar miklu víðáttur hafsins á milli Íslands og Noregs, á Svalbarðasvæðinu, í hinni svokölluðu Síldarsmugu, og svo sannarlega vonandi inn í íslenska landhelgi á sínar fornu sumarslóðir fyrir Norðurlandi.

Mér finnst það alveg ótækt varðandi stofn þar sem svona miklir hagsmunir liggja undir að ekki skuli vera varið meira púðri í að fylgjast með göngum síldarinnar. Það er alveg ljóst, frú forseti, að við Íslendingar höfum gersamlega, ef svo má segja, klikkað í þessu efni á undanförnum árum og þar hljóta íslensk stjórnvöld að bera þunga ábyrgð. Það hefur allt of lítið verið fylgst með göngum norsk-íslensku síldarinnar í hafinu um sumartímann á undanförnum árum, nánast ekki neitt.

Ég hef á vissan hátt skilning á því að það sé dýrt að halda úti rannsóknaskipi sólarhringum saman. Ég bendi á það að hægt er að nota önnur skipt til að kanna síldargöngur. Það er hægt að leigja fiskiskip með tiltölulega litlum tilkostnaði, halda þeim úti með tiltölulega litlum mannskap. Þessi skip eru öll búin asdic-tækjum og dýptarmælum, yfirleitt trolli, búnaði til að taka rannsóknartog. Það þarf ekki að kosta svo ofboðslega mikla peninga að fylgjast með þessum hlutum, láta skip krussa yfir hafið og fylgjast með síldinni. Og síðan fylgjast vel með því hvar veiðiflotinn er að athafna sig á hverjum tíma. En málið er bara það að hafið er stórt, veiðiflotinn er ekki svo ofboðslega stór í skipum talið og yfirleitt er það svo að þegar menn finna síld þá þjappa þeir sér saman á sömu bleyðurnar og hætta sjálfkrafa leit og einbeita sér að veiðum. Það er ósköp eðlilegt.

Hið sama má segja um loðnuna, frú forseti. Við verjum allt of litlum bæði tíma, peningum og fyrirhöfn í það að fylgjast með loðnunni. T.d. skortir okkur algjörlega rannsóknir, loðnurannsóknir um sumartímann. Við vitum sáralítið hvað er að gerast í hafinu norður af Íslandi þó að það sem gerist þar sé í raun og veru nánast grundvöllur alls lífs umhverfis Ísland, ef svo má segja. Það má færa fyrir því sterk rök. Þar höfum við Íslendingar gersamlega vanrækt að stunda mjög mikilvægar rannsóknir. Rannsóknir sem kæmu okkur að notum í fiskveiðistjórn, rannsóknir sem kæmu okkur að notum hvað varðar t.d. samningaviðræður við Norðmenn.

Þriðji stóri stofninn sem ég vil benda á þar sem gríðarlegir hagsmunir eru einnig í húfi, er kolmunninn. Þar höfum við líka stundað allt of lítið af rannsóknum. Ég sé bara hreinlega ekki þegar ég kasta augum yfir skipaáætlanir, bæði Bjarna Sæmundssonar og Árna Friðrikssonar, að það standi til að rannsaka kolmunna eitthvað sérstaklega. Jú, hérna er það, Bjarni Sæmundsson er víst settur í kolmunnarannsóknir frá 13. júlí til 30. júlí. Hann á líka að gera eitthvað sem heitir hljóðstaðsetning GPS-merkja. Það er nú allt og sumt, frú forseti, hvað varðar blessaðan kolmunnann þar sem aldrei hafa náðst neinir samningar og allt er í uppnámi. Menn tala um að það sé mikil ofveiði o.s.frv. en enginn veit í raun og veru hvað er að gerast. Enginn veit í raun og veru neitt sem heitið getur um göngur eða útbreiðslu kolmunnans, t.d. í íslenskri efnahagslögsögu. Það hefur sjaldan eða aldrei verið kannað hvort það sé t.d. einhver kolmunni vestan línu sem draga má suður á bóginn frá Vestmannaeyjum, hvort einhver kolmunni sé í köntunum út af Vesturlandi eða jafnvel út af Vestfjörðum eins og heimildir í eldri vísindagreinum fiskifræðinga benda til að geti verið.

Það er því kannski ekkert voðalega skrýtið að við skulum alltaf sitja nánast eins og þursar í samningaviðræðum við til að mynda Norðmenn þegar við mætum svo illa undirbúnir til leiks. Við höfum einfaldlega ekki reiknað heimadæmin okkar. Við kunnum einfaldlega ekki þá lexíu. Og þá er það ekkert skrýtið, frú forseti, að það gangi kannski illa að ná samningum þegar við getum ekki barið í borðið með rannsóknagögn sem við höfum sjálfir safnað, beitt okkar færustu vísindamönnum til að safna, vitum að eru gögn sem við getum stólað á, vitum alla vega hverjir eru veikleikar þeirra gagna, en tökum kannski í staðinn við rannsóknagögnum frá Norðmönnum sem þeir hafa sjálfir aflað án þess að við höfum verið með í för og við vitum í raun og veru voða lítið um hversu rétt eru, hverjir eru þeirra veikleikar. Ég er ekki fullyrða það að Norðmenn séu að mæta til samningafunda með fölsuð gögn, alls ekki. En ég hef sjálfur tekið þátt í svona hafrannsóknaleiðöngrum. Ég hef tekið þátt í svona bergmálsmælingum, ég hef tekið þátt í síldarleit og loðnuleit, meira að segja stjórnað loðnuleit Norðmanna norður af Íslandi tvö ár í röð. Ég veit því nokkurn veginn eða alla vega eitthvað um það við hvaða vandamál er að eiga þegar verið

er að leita að fiskstofni, uppsjávarstofni sem er kannski á fleygiferð um eitthvert ákveðið hafsvæði, stundum er hann alveg í yfirborðinu, aðra tíma er hann niðri í sjó. Það eru mörg vandamál. Það er að mörgu að huga. Og það er alveg ljóst að við náum ekki þessum upplýsingum með því að sitja í landi og velta þar hverri einustu krónu, sýknt og heilagt verið að spara aurana og kasta krónunum. Það er það sem við höfum að verulegu leyti og oft og tíðum verið að gera á undanförnum missirum. Ekki kannski við, afsakið, ég mismælti mig, íslensk stjórnvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 564. mál (heildarlög). — Þskj. 843.

[15:36]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Með þessum ótæku aðgerðum sem hæstv. umhvrh. leggur hér til er illilega vegið að umhverfi og lífríki eins merkasta náttúrufyrirbæris sem okkar fallega land hefur að geyma. Tilurð frv. má rekja til vilja Landsvirkjunar um að fá heimilaða hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri. Þá kristallast vilji hæstv. umhvrh. að ná fram vilja félaga sinna í Landsvirkjun. Tilurð frv. sannar fullyrðingu mína.

En hver er ástæðan? Ástæðan er sú að mikill sandburður í Laxá hefur valdið erfiðleikum í rekstri stöðvarinnar og einnig eiga ís og krapastíflur við inntak virkjunarinnar að hafa truflað reksturinn.

Ég sat fund fyrir nokkru um sama mál þar sem einnig voru viðstaddir forsvarsmenn Landsvirkjunar, þar á meðal Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. Á þessum fundi lagði ég fram spurningu til Landsvirkjunar, en hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Hvernig gengur rekstur Laxárvirkjunar í dag? Eru almenn gjöld af rekstri virkjunarinnar meiri en þær tekjur sem hún skilar af sér til Landsvirkjunar?"

Því miður gátu forsvarsmenn Landsvirkjunar ekki svarað þessari einföldu spurningu. Þeir sögðu málið miklu flóknara en svo þar sem erfitt væri að meta rauntekjur Laxárvirkjunar. Þó sögðust þeir ætla sér í málið og svara þessari spurningu minni síðar. Enn hef ég ekki fengið frá þeim skýr svör.

Fyrir mér er það grundvallaratriði að þessari spurningu sé svarað, því það er fyrst og fremst á rekstrarlegum forsendum sem hugmynd að hækkun stíflunnar kemur fram. Það er með ólíkindum að hæstv. umhvrh. skuli láta peningahyggju Landsvirkjunar leiða sig í aðrar eins ógöngur.

Þá leikur mér forvitni á að vita hvort hæstv. ráðherra Siv Friðleifsdóttir gæti svarað því skilmerkilega hvort tekjur Laxárvirkjunar séu í dag lægri en gjöldin.

Í frv. kemur skýrt fram að gerð verndaráætlunar skv. 6. gr. skuli vera lokið fyrir 1. janúar 2006. Í athugasemdum við 6. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Megintilgangur slíkrar verndaráætlunar er að marka skýra stefnu á sviði náttúru- og umhverfisverndar á svæðinu með þátttöku allra hagsmunaaðila, koma í veg fyrir að náttúruvernd á svæðinu verði brotakennd og tryggja þannig samhengi í öllum verndar- og friðunaraðgerðum á svæðinu."

Frú forseti. Hæstv. umhvrh. er á villigötum í þessu máli. Ætlar ráðherra umhverfismála, valdamesti einstaklingur þessa málaflokks í landinu, að keyra í gegn uppistöðulón og hækka Laxárstíflu á meðan umhverfissinnar og allir hagsmunaaðilar, svo sem Samtök aðila í ferðaþjónustu, Landeigendafélagið, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og fjölmargir fleiri, vinna á næstu tveimur árum að verndaráætluninni? Hér er um alþjóðlegt verndarsvæði að ræða. Ég skil einfaldlega ekki þá hugsun hæstv. ráðherra að setja mikilvægi tæknilegs vandamáls í rekstri lítillar virkjunar fram fyrir þá miklu sátt og lögfestan samning sem náðist milli landeigenda, ríkisstjórnar Íslands og stjórnar Laxárvirkjunar árið 1973. Almenn skynsemi væri að bíða með þetta frv. Að hæstv. umhvrh. sjái að sér og láti þetta mál niður falla. Hér vísa ég til mikilvægis þess að skýrsla Umhverfisstofnunar um verndaráætlun fyrir svæðið liggi fyrir áður en þetta frv. er tekið fyrir.

Það er ekki ýkja langt síðan hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson keyrði í gegn lög sem heimila m.a. innflutning á lifandi fósturvísum úr norska laxastofninum. Það er ekki ólíklegt að hæstv. landbrh. hafi þar með gefið tóninn á útrýmingu hins villta íslenska laxastofns. Öllum veiðimönnum og jafnframt vísindamönnum hrýs hugur við þá tilhugsun að um alvarlega blöndun verði að ræða milli norska laxastofnsins annars vegar og villta íslenska laxastofnsins hins vegar. Leiða má rök að því að raunin gæti orðið sú að villti íslenski laxastofninn þurrkist út, allt vegna fádæma sérhagsmunahyggju og kjördæmapots hæstv. landbrh. Guðna Ágústssonar.

Frú forseti. Ég skora á hæstv. umhvrh. að sýna framvindu verndaráætlunarinnar þolinmæði. Ég skora á hæstv. umhvrh. að láta náttúruna njóta vafans. Ég skora á hæstv. umhvrh. að taka tillit til umhverfissinna, veiðimanna og hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni. Og síðast en ekki síst virða þá staðreynd að svæðið er á alþjóðlegum lista yfir einstök náttúrufyrirbæri.

Framsóknarflokkurinn hefur nú þegar gert mikinn óskunda í íslenskri náttúru. Er ekki mál að linni hjá þessum forna flokki sem virðist vera barn síns tíma og í raun úr takti við nútímaleg viðhorf í umhverfismálum?

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er ýmislegt sem mér vannst ekki tími til að koma að í fyrri ræðu minni um þetta mál í gær og auk þess spratt hér upp nokkuð lífleg umræða um þetta frv. til laga um verndun Laxár og Mývatns sem út af fyrir sig gæfi tilefni til ýmissa skoðanaskipta. Þar á meðal sat ég undir því af hendi hv. 2. þm. Norðaust., Halldórs Blöndals, að ég hefði talað af léttúð, eins og ég hygg að hv. þm. hafi orðað það, um þá hagsmuni sem fólgnir væru í áframhaldandi rekstri Laxárvirkjunar og þeim störfum sem sá rekstur skapaði í héraði. Það fólst ekkert slíkt í mínu máli og var ekkert sem gaf tilefni til að leggja þannig út af orðum mínum. Hitt er rétt og við því gengst ég og hefur aldrei staðið annað til að ég sagði, og það er mín meining í málinu, að ef svo reynist að rekstraraðili Laxárvirkjunar, sem í dag er Landsvirkjun, telur það ekki hagkvæmt að reka virkjunina áfram, verður auðvitað að sæta því. Og það er í allt öðru samhengi í dag hvort heldur litið er á atvinnuhagsmuni svo ég tali nú ekki um í orkubúskaparsamhengi þar sem Laxárvirkjun með sínum þremur stöðvum, Laxá I, II og III, telst í dag auðvitað í hópi minnstu eða minni vatnsaflsvirkjana, framleiðandi samtals líklega um 180 gígavattstundir á ári af raforku, í þremur stöðvum með 5, 9 og 13,5 megavatta afli. Og eins og þeir

sem kunnugir eru virkjanaumræðum á líðandi stundu eru fljótir að átta sig á, eru þetta ekki mjög stórar tölur settar í samhengi við nýlegar vatnsaflsvirkjanir af stærri toganum þar sem þær minni í þeim flokki eru kannski 150 megavött í afli, eins og Krafla og minni virkjanirnar á Þjórsársvæðinu, en þær stærri 200 eða á þriðja hundrað megavött og allt upp í þau ósköp sem eiga koma út úr Kárahnjúkavirkjun sem eru einhver 700 megavött í afli ef ég man rétt og ég man nú ekki í svipinn hve margar gígavattstundir í orku á ársgrundvelli.

Hv. þm. Halldór Blöndal upplýsir að þarna séu jafnvel samtals allt að 10–12 ársverk ef umreiknað er yfir í ársverk í héraði öll störf sem má tengja rekstri Laxárvirkjunar, þar með talin sumarstörf, og að sjálfsögðu gerir enginn lítið úr því. Það munar um það þó að það séu ekki allt kannski störf sem hverfi því einhvers staðar verða þá væntanlega önnur til ef starfsemin þarna legðist af og virkjað yrði eða framleitt rafmagn sem þessu næmi annars staðar, hvar sem það nú yrði.

Ef til vill er það ein af ástæðum þess að Landsvirkjun telur Laxárvirkjun ekki í hópi sinna hagkvæmustu eininga að þarna eru þó nokkur störf bundin við tiltölulega litla orkuframleiðslu. Því er öðruvísi háttað í dag þar sem stærri vatnsaflsvirkjanir eru nánast sjálfvirkar og daglegt eftirlit með þeim felst fyrst og fremst í aflestri af mælum. Enda urðu ýmsir langleitir á Héraði sem ímynduðu sér að Landsvirkjun mundi setja upp stórt apparat á Austurlandi. Menn fóru að velta því fyrir sér hvort Landsvirkjun þyrfti ekki að byggja stórhýsi á Héraði í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. En þeir upplýstu að það yrði nú ekki því að afloknum byggingartíma fælist þetta fyrst og fremst í aflestri af mælum og þeir þyrftu þess vegna ekki að bæta við nema hafa kannski fáeina menn á svæðinu.

Auðvitað verður þetta bara að hafa sinn gang. Menn eiga að vera komnir upp úr þeim hjólförum í umræðum um umhverfismál á Íslandi að ætla að réttlæta hluti ef þeir eru ekki verjanlegir og réttlætanlegir af umhverfislegum ástæðum með því einu að ella kunni nokkur ársverk að vera í húfi.

Hvert komumst við yfir höfuð í umræðum um umhverfismál á Íslandi ef menn sitja alltaf fastir í því að þegar að einhverjum hagsmunum kemur þá verði ævinlega umhverfissjónarmiðin að víkja? Er hv. þm. Halldór Blöndal að halda því fram að hægt sé að fara af stað í nýja Laxárdeilu og stofna aftur til logandi illinda í héraði um stíflubyggingu efst í Laxárgljúfrum sem fyrir liggur að hörð andstaða er við á grundvelli þeirra áforma sem Landsvirkjun hefur látið vinna fyrir sig? Það liggur allt fyrir í þeim efnum. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Halldór Blöndal hafi kynnt sér það. Hann hefði ekki farið hér til umræðunnar annars. Um leið og drög Landsvirkjunar að mati á umhverfisáhrifum á þeirri framkvæmdatillögu sem kom fram um mitt sl. sumar urðu hljóðbær vakti það hörð viðbrögð. Það liggur fyrir. Það er ekkert sem á að koma mönnum á óvart. Málflutningur hér í gær um að nauðsynlegt sé að stíga þetta skref, að taka ákvæði til bráðabirgða III inn í frv. til þess að menn geti farið að tala saman og ræða málin og leita samkomulags, er ekkert í tengslum við raunveruleikann. Það er ekki aðferðin að ætla að böðlast áfram til undirbúnings þessara framkvæmdaáforma m.a. með því að afla þeim lagaheimilda í andstöðu sem fyrir liggur við þá sem þarf að ná samkomulagi við. Geta menn ekki fallist á að það sé alla vega ekki gæfuleg byrjun?

Nei, auðvitað átti að reyna að byrja á því að ná samkomulagi um það sem samkomulag gæti orðið um og lægi það fyrir í formi samstöðu Landeigendafélags Laxár og Mývatns og annarra viðkomandi aðila, ég tala nú ekki um ef stuðningur umhverfisverndarsamtaka svæðisbundið eða á landsvísu væru jafnframt bak við þau áform eða a.m.k. minni andstaða en nú blasir við, þá var tímabært frekar en ella að fara að hreyfa við málinu með því að afla lagaheimilda.

Þeirra lagaheimilda sem til þurfti var líka hægt að afla með öðrum hætti en þessum. Menn bera það hér fyrir sig að nauðsynlegt hafi verið að setja þetta ákvæði inn í lögin til þess að umhverfismat gæti farið fram, umhverfismat á framkvæmd sem þegar er hörð andstaða við. Ef eingöngu skorti lagaheimildina fyrir umhverfismatinu af hverju var þá ekki bráðabirgðaákvæðið þannig úr garði gert að þar stæði að það heimilaði að fram færi mat á umhverfisáhrifum en ekki að Alþingi afgreiddi lagaheimild handa Umhverfisstofnun til að samþykkja stífluhækkunina og allra síst ótilgreint því að það eru engin takmörk í heimildinni eins og ákvæðið til bráðabirgða er úr garði gert hér?

Það segir bara, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. getur Umhverfisstofnun heimilað hækkun stíflu ...“

Það er verið að leyfa sjálfa stífluhækkunina með þessu. Það þurfti ekkert að vera inni í lagaheimild til þess að láta fara fram umhverfismat. Það var út af fyrir sig hægt að skutla inn heimild til þess að taka af vafa ef menn telja það vera eitthvert óvissusvæði vegna bannákvæðanna í 3. gr. að ... (**HBl:** Af hverju les ekki þingmaðurinn alla lagagreinina fyrst hann er að vitna til hennar ...?) Ég er nú búinn að lesa hana alla hérna, hv. þm. (**HBl:** ... ekki í þessu samhengi af því að það skiptir höfuðmáli ...) Ég er búinn að lesa alla ... (Gripið fram í.) (**HBl:** ... af því að þá mundi röksemd ...) Ég er búinn að lesa allt þetta ákvæði til bráðabirgða III a.m.k. tvisvar hér í umræðum í gær og ég hélt að hv. þm. Halldór Blöndal kynni það. En það virðist þurfa að lesa það fyrir hann í hvert eitt skipti. (**HBl:** Þingmaðurinn kann ...) (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Hv. þm. virðist ekki átta sig á því að ég var að vekja sérstaka athygli á því að í ákvæði til bráðabirgða III felst meira en bara ótvírætt pósitíft ákvæði til að heimila umhverfismatið. Þar felst heimild fyrir sjálfri stíflunni. (**HBl:** Ekki skilyrðislaust.) Umhverfisstofnun (Forseti hringir.) fær í hendur heimild til að hækka stífluna, hækka stíflu, hækka vatnsborð í Laxá sem er bannað samkvæmt gildandi lögum. Hefur hv. þm. Halldór Blöndal ekki áttað sig á því? Það er algjörlega gagnslaust ... (Forseti hringir.) Frú forseti. Var eitthvað athugavert í mínu ...?

(**Forseti** (SP): Forseti vill fara fram á það að hv. þingmenn veiti ræðumanni frið til þess að halda sína ræðu.)

Það er út af fyrir sig vel þegið, frú forseti. En ég treysti mér nú ágætlega til þess að halda hér uppi gáfulegum samræðum við hv. þm. Halldór Blöndal úti í sal svona innan hóflegra marka, sem eins og kunnugt er er ákaflega umburðarlyndur í fundarstjórn og leyfir frammíköll og mér finnst að það eigi að vera gagnkvæmt, að þegar hv. þm. situr úti í sal en ekki í forsetastól þá eigi það líka að gilda.

Nei, frú forseti. Þetta mál er ósköp einfalt þó að menn reyni að færa annað fram hér, þeir sem helst hafa reynt að standa í málsvörn fyrir gjörninginn, þ.e. hæstv. umhvrh. og hv. þm. Halldór Blöndal. Þetta er einfalt á grundvelli samkomulagsins í Laxárdeilunni í maí 1973 þar sem Laxárvirkjunarstjórn féll frá öllum hugmyndum um að hækka vatnsborðið í Laxárdal, í inntakslóni ofan við stíflur. Gegn

því féll Landeigendafélag Laxár og Mývatns frá lögbanni sem Landeigendafélag Laxár og Mývatns hafði í höndum sér og gat komið í veg fyrir á hvers grundvelli að vatn færi inn á nýju vélarnar í Laxárvirkjun III. Það er þetta tromp sem Landeigendafélag Laxár og Mývatns vill ekki missa úr sínum höndum af eðlilegum ástæðum því að það veikir stöðu heimamanna til þess að hafa forræði í málinu, stöðu sem þeir hafa nú í höndum samkvæmt samningnum sem ekki hefur verið sagt upp, löggerningi undirrituðum af forsrh. ríkisstjórnar Íslands og lögunum sem sett voru á grundvelli hans í framhaldinu. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Halldór Blöndal né hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur að reyna að tala um þetta með neinum öðrum hætti. Þetta er svona. Þetta er nákvæmlega svona.

Viðbárur af því tagi að það þurfi að fara þessa leið til þess að heimila umhverfismat á framkvæmd sem þegar liggur fyrir að andstaða er við er auðvitað ekkert nema tátólógía. Það er rökleysa að setja málin þannig fram. Ef eina ástæðan fyrir þessu ákvæði til bráðabirgða III er að menn vilja eyða óvissu um að það megi fara fram umhverfismat, af hverju er það þá ekki það sem er heimilað en lögin látin standa óbreytt að öðru leyti þangað til niðurstaða liggur fyrir í málinu, þangað til samkomulag málsaðila liggur fyrir? Á grundvelli slíks samkomulags væri hægt að lyfta lagatakmörkununum sem í gildi eru. Þetta skilur hvert mannsbarn nema þá þessir tveir, hv. þm. og hæstv. ráðherra, sem hér hafa talað.

Auðvitað vilja heimamenn ekki missa þessi tök á málinu úr höndum sér með því að opna fyrir það hér að Umhverfisstofnun geti heimilað hækkun stíflunnar sem er bönnuð samkvæmt lögum í dag, að undangengnu hverju? Mati á umhverfisáhrifum sem ekki einu sinni er hægt að treysta að dygði þó neikvætt yrði vegna þess að ráðherra hefur í höndunum valdið til að snúa því við eins og víðfrægt er á Íslandi og í fleiri löndum því að Íslendingar sitja uppi með umhverfisráðherra sem hefur endurtekið snúið við afdráttarlausri synjun á framkvæmdum á grundvelli mats á umhverfisáhrifum. Verður lengi í minnum hafður sá gjörningur sem hæstv. ráðherra réðst í þegar hún sneri við afdráttarlausri synjum Skipulagsstofnunar á byggingu Kárahnjúkavirkjunar vegna umtalsverðra óafturkræfra og neikvæðra umhverfisáhrifa.

Menn treysta því þess vegna að sjálfsögðu ekki og þá er bara það eftir að Landeigendafélag Laxár og Mývatns hefði að vísu stöðvunarvald í málinu. En í tíu ár væri hægt að beita menn þrýstingi af því tagi sem glittir í í málflutningi hv. þm. Halldórs Blöndals þegar hann fer að tala um störfin tíu og hagsmunina í héraði. Við vitum hvernig slíkt hefur iðulega verið gert. Við vitum það. Miklir fjármunir eru á ferð þar sem hinn orkugráðugi iðnaður á í hlut. Hvað er Landsvirkjun að gera þessi árin? Hún er að setja mikla fjármuni í að kaupa sér góðvild og smyrja hjólin vítt og breitt. Hún setur peninga af mikilli gæsku í þjóðminjar, landvörslu, menningarstarfsemi og styrkir jafnvel sveitarfélög til rekstrar. Að hinu leytinu er hægt að segja: „Nei nei nei, við hættum allri uppgræðslu. Við lokum bara þessari virkjun ef þið eruð ekki góðir.“ Það er hægt að beita þrýstingi á aðra hliðina og veifa fjármunum á hina hliðina. Það getur reynst erfitt fyrir menn að standast gegn slíku.

Skilja menn ekki að menn hafa ekki áhuga á að missa málin inn í þann farveg að hafist gæti tíu ára þóf þar sem eina bremsan sem eftir væri væri þessi sem hér er inni í lagaákvæðinu hvað varðar samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns? Og hvers vegna skyldi það nú vera þarna inni? Það er verið að reyna að segja okkur að það sé gert til þess að styrkja stöðu landeigendafélagsins. Þess þarf nú ekki ef menn láta lögin í friði sem banna allar svona framkvæmdir. Það er sko rækilega tryggt eins og málin standa í dag. Það er verið að opna það allt saman upp með þessum málflutningi. Nei, ástæðan er auðvitað sú — og það þarf ekki að þakka það þó Landeigendafélags Laxár og Mývatns sé getið í þessum texta — að það er í gildi samningur sem tryggir landeigendafélaginu þá stöðu, löggerningur sem hægt væri að fara með fyrir dómstóla ef reyna ætti að fara fram hjá honum. Það er alveg ljóst. Ég tel að vísu að þessi framganga ríkisstjórnarinnar sé brot á þessum samningi eftir sem áður vegna þess að hann gerir ekki ráð fyrir því að aðhafst sé í málunum á þann hátt sem þarna á að gera.

Frú forseti. Ég hefði gjarnan viljað, ef tíminn leyfði, rifja aðeins betur upp andrúmsloftið sem var í kringum Laxárdeiluna hina fyrri því að ég held að það sé greinilega ekki vanþörf á. Mér er það mjög í minni hvernig það var t.d. síðsumars 1970. Þannig háttaði til að ég byrjaði þá í Héraðsskólanum á Laugum um haustið og heita má að héraðið hafi logað stafna á milli vegna þessara átaka. Svo vildi til að stuttu eftir að ég kom í skólann á Laugum þá fengum við frí í einum bekknum fram að hádegi vegna þess að kennarinn þurfti að bregða sér af bæ. Síðar kom í ljós að hann hafði þá verið tekinn til yfirheyrslna vegna þess að hann var í hópi sprengjumanna við Miðkvísl og við vorum ákaflega stolt af okkar manni þegar hann kom til baka til kennslu í eftirmiðdaginn og það var mikið klappað fyrir honum. Um það má lesa hér í þessari ágætu bók sem ég hef áður vitnað til og nafn þessa ágæta kennara míns á þeim tíma úr Mývatnssveit er þar á skrá yfir þá 65-menninga sem ákærðir voru síðar vegna aðildar sinnar að því að rjúfa stífluna í Miðkvísl og hlutu dóm. Að vísu var fallið frá refsingu sem leysti það vandamál sem einnig var rætt, þ.e. hvernig ætti að fara að því að tukthúsa þessa bændur í Mývatnssveit og í uppsveitum Þingeyjarsýslu og hvernig ætti að sjá um gegningar búfénaðar á meðan þeir tækju út sína refsingu. Komu þá fram hugmyndir um heimangöngufangelsi á Skútustöðum eins og einhverjir kannski muna. En það er naumast tími til að fara dýpra út í þá sálma, frú forseti.

Því hefur verið kastað fram í umræðunni, án þess að farið hafi verið út í það nákvæmlega, að á einhverjum tíma hafi landeigendur ljáð máls á umtalsverðri stífluhækkun þar sem þarna er rætt um 10–12 m háa stíflu samkvæmt þessum framkvæmdahugmyndum Landsvirkjunar. Ég held að það sé rétt að fram komi, til að öllu sé til haga haldið í því sambandi, að slíkar hugmyndir voru aldrei á öðru en umræðustigi í tengslum við þáverandi áform um að gera Laxá laxgenga upp á Laxárdal. Þær hugmyndir voru börn síns tíma. Nú er fyrir löngu fallið frá öllum hugmyndum um slíkt sem betur fer enda hafa viðhorf manna til umhverfismála víðast hvar breyst, þó kannski ekki í ríkisstjórn Íslands og hjá allt of mörgum sem að henni standa. Að þessu leyti er a.m.k., að ég held, alger sátt um að ekki komi til greina að hrófla við Laxá ofan Brúa þar sem er einn merkilegasti urriðastofn í heimi og menn eru sáttir við að áin haldist í þeirri mynd áfram.

Þar með eru allar þær hugmyndir sem tengdust gerð laxvegar upp gljúfrin lagðar til hliðar og engin áform um og enginn áhugi á að hækka vatnsborðið af þeim sökum. Á einhverjum tíma var slíkt talið nauðsynlegt til að unnt væri að gera farveginn laxgengan.

Ég minni á það að lokum, frú forseti, að nú þegar liggur

fyrir andstaða Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sameiginleg ályktun stjórnar þess félags. Ég bið menn að færa rök fyrir því ef þeir halda að þar sé ekki talað í umboði félagsmanna. Fyrir liggur andstaða allra helstu umhverfisverndarsamtaka á svæðinu og á landsvísu, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Andstaða Fuglaverndarfélagsins liggur fyrir og jafnframt andstaða samtaka stangveiðimanna. Þarf hæstv. umhvrh. meira?

[16:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er því haldið fram að andstaða sé við „framkvæmdina" á heimasvæðinu. Það er gefið í skyn að gengið sé út frá einhverri útfærðri framkvæmd í bráðabirgðaákvæðinu en svo er alls ekki. Það stendur ekkert um þessa framkvæmd í bráðabirgðaákvæðinu að öðru leyti en því að það má hækka stífluna en ekkert sagt um hve mikið, engir metrar tilgreindir.

Ef hv. þm. er að tala um 12 m þá er ég sammála honum um að það er andstaða við 12 m. Það kom fram á fundi sem ég hef haldið með stjórn landeigendafélagsins að það er mikil andstaða við 12 m hækkun. En það þýðir ekki að tala eins og það sé eina framkvæmdin í umræðunni.

Landsvirkjun gerði á sínum tíma matsáætlun fyrir 10–12 m en mér er kunnugt um að menn eru að ræða um allt aðrar útfærslur í dag við heimamenn. Það er nýbúið að halda fund með heimamönnum núna, að mig minnir 17. febrúar, þar sem heimamenn lögðu áherslu á það, eins og þeir lögðu áherslu á við mig á fundinum sem ég átti með þeim, að skoðað yrði að fara í Kráká, taka sandinn miklu ofar. Þá þyrfti ekki að taka sandinn í inntakslóninu og þá væri hægt að hafa stífluna lægri, ekki hækka hana um 10–12 m.

Það þýðir ekki að fara með umræðuna í þann farveg að hún snúist einungis um einhverja 10–12 m, menn eru að tala um aðra hluti. Landsvirkjun og heimamenn eru að tala um aðra útfærslu. Ég hélt að hv. þm. væri kunnugt um það. Ég tel að talsverðar líkur séu á því að menn geti náð saman um einhverja útfærslu eftir að umhverfismat hefur farið fram.

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst það ekki bæta málið nema síður sé að hafa ákvæðið svo opið. Ef það væri svo, sem ég verð því miður að draga í efa að innstæður séu fyrir, að andrúmsloftið í samskiptum aðila sé eitthvað að skána og menn séu að talast við af einhverju viti og glitti undir samkomulag, þá bætti það ekki málið að vaða inn með þetta ákvæði til bráðabirgða svona, opið og óskilgreint eins og það er. Þess þá heldur ætti að leggja það til hliðar, vinna heimavinnuna sína, ná samkomulagi um einhverjar tillögur og taka svo nauðsynlegar heimildir inn í lög sem þarf til að fullnusta þær.

Það er ekki út í bláinn að hér skuli talað um 10–12 m stíflu. Það er niðurstaða sérfræðinga sem hafa unnið framkvæmdaáætlanir Landsvirkjunar. Það stendur í skýrslunni, drögum þeirra að matsáætlun, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun hefur kannað ítarlega hækkun vatnsborðs frá allt að 2 m upp í 12 m. Niðurstaða þessara kannana er að til að hægt sé að koma í veg fyrir truflanir í rekstri og til að draga úr óeðlilega miklu sliti vatnsvéla þarf að hækka stíflu um 10–12 m." — Punktur.

Kannast hæstv. umhvrh. ekki við þetta? Þetta er það opinbera plagg sem liggur fyrir. Auðvitað veit ég að af hálfu heimamanna hefur verið reynt að koma að einhverjum öðrum hugmyndum en þessari blindu tillögu einni um mikla hækkun stíflunnar, sandsöfnun í lóni, sem þarf að losa á 10–15 ára fresti án þess að menn hafi hugmynd um hvað eigi að gera við sandinn. Það er út úr þessum farvegi sem menn vilja einmitt komast.

Liður í því og það langskynsamlegasta er auðvitað að taka bráðabirgðaákvæði III út úr frumvarpinu, láta menn vinna þessa heimavinnu og leggja þá á borðið samkomulag um einhverjar lausnir í þessum efnum sem friður getur orðið um. Þetta er ekki aðferðin.

[16:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég held að hv. þm. viti er áætlað að taka sandinn í inntakslóninu samkvæmt þessari hugmynd með 10–12 m. Þess vegna þurfa þetta að vera 10–12 m, út af sandinum. En það eru uppi hugmyndir, sérstaklega heimamanna, um að taka sandinn annars staðar. Ég tel að það geti verið mjög skynsamlegt og mér er kunnugt um að menn eru að skoða það í viðræðum sín á milli. Það er alls ekki þannig að þetta ákvæði opni fyrir að auðvelt verði að fara í stífluhækkun.

Í fyrsta lagi þarf Alþingi að samþykkja bráðabirgðaákvæðið. Síðan þarf að fara fram umhverfismat, fullburða umhverfismat með öllum þeim rannsóknum sem því fylgja. Auk þess þarf að vera sátt á milli heimamanna og Landsvirkjunar um hvernig þetta umhverfismat á að líta út, eigi heimamenn að vera fúsir til að skoða einhverjar útfærslur í framhaldinu. Að sjálfsögðu þurfa menn að vera þokkalega sáttir við það umhverfismat sem fram fer. Síðan þarf landeigendafélagið að samþykkja viðkomandi útfærslu, m.a. á grundvelli umhverfisáhrifa og Umhverfisstofnun að gefa leyfi. Hún getur tekið tillit til umhverfismatsins í því sambandi. Svo þarf sveitarfélagið að gefa út framkvæmdaleyfi.

Það er ekki þannig að það sé mjög einfalt mál að fara í hugsanlegar breytingar á þessu svæði, alls ekki. Þetta er geysilega þungt ferli, mjög margir varnaglar og tryggt að heimamenn verða að samþykkja viðkomandi framkvæmd, annars verður ekki af henni. Það er sem sagt verið að lögfesta neitunarvald heimamanna.

[16:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þarf ekki að lögfesta neitunarvald heimamanna gagnvart því sem er bannað samkvæmt lögum í dag. Það er mikil fjallabaksleið að fara. Þessi framkvæmd er bönnuð samkvæmt lögum. Það þarf ekki að lögfesta neitunarvald gagnvart því sem fyrir er bannað samkvæmt lögum. Það er auðvitað verið að snúa hlutunum á haus að reyna að selja mönnum það með þessari röksemdafærslu.

Hér er opnað á heimild til að hækka stífluna. Eða er hæstv. umhvrh. tilbúin til að svara því hér og nú, í anda röksemdafærslu sinnar, hvort fella megi niður orðin „heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri", og að í staðinn standi í ákvæði til bráðabirgða III: „Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að fram fari mat á umhverfisáhrifum á ..." o.s.frv.?

Má taka út heimildina til að samþykkja stífluhækkun en taka inn leyfi til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum á einhverri tiltekinni framkvæmd sem samkomulag væri orðið um að láta fara í slíkt mat? Þá værum við að tala um allt aðra hluti. Þá væri lagabremsuvaldið áfram á sínum stað, eins og það hefur verið síðan árið 1974. Þá fyrst að samkomulag lægi

fyrir um tiltekna útfærslu á framkvæmd og að undangenginni jákvæðri niðurstöðu úr mati á umhverfisáhrifum er tímabært að koma með málið hingað inn og lyfta lagaþakinu frá 1974. Fyrr ekki.

[16:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru nýstárlegar umræður, nýstárlegar tillögur og nýstárleg innlegg sem hér er lýst yfir úr ræðustól Alþingis. Nú er hugmynd hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sú að Alþingi eigi að samþykkja lög um að leyfa umhverfismat fyrir framkvæmdir sem eru bannaðar með lögum. Þetta er mesti útúrsnúningur sem ég hef heyrt á ævi minni og mikill misskilningur á störfum Alþingis.

Auðvitað er út í hött að tala um að leyfa umhverfismat á framkvæmd sem er bönnuð lögum samkvæmt. Hvernig getur Alþingi unnið undir slíkum formerkjum og með svo grautarlegri hugsun?

[16:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ummæli mín hér í svörum við andsvörum hæstv. umhvrh. eru mesti útúrsnúningur sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur heyrt á ævi sinni þá verð ég að segja að hann hefur ekki hlustað mikið á sjálfan sig. Þá hefur hv. þm. ekki lagt eyrun glöggt við þegar hann hefur rætt um hluti eins t.d. framganga hans í umræðum bæði í gær og í dag sýnir glöggt.

Það virðist alveg fyrirmunað að koma hv. þm. í skilning um það sem er hið einfalda í þessu máli, að framkvæmdir af þessu tagi, sem fela í sér hækkun vatnsborðsins ofan inntaksmannvirkjana efst í Laxárgljúfrum, eru bannaðar samkvæmt gildandi lögum. Heimamenn vilja ekki breyta þeirri stöðu enda er hún niðurstaða af samkomulagi eftir hina hatrömmu deilu á sínum tíma. Þeir vilja ekki opna fyrir það að af stað fari nýtt deiluferli. Það blasir við hverjum manni að svo færi ef jafnógæfulega heldur fram sem horfir eftir að málið hefur verið tekið upp á nýjan leik með þessum hætti.

Ég hef engan áhuga á því. Ég tel það engum til farsældar að stofna þarna á nýjan leik til mjög langvinnra og hatrammra deilna. Ég held að það sé augljóst að til þeirra muni koma ef Landsvirkjun ætlar að halda áfram að knýja á um þessa framkvæmd. Menn vita vel að hún hefur haft mikinn áhuga á henni. Það er ekkert nýtilkomið. Það hefur lengi legið í loftinu og verið farið á ýmsar fjörur í sambandi við það. Ég held að menn eigi ekki að hætta á að slík atburðarás fari af stað.

Þess vegna eiga menn að vinna heimavinnuna sína og ná samkomulagi um þær aðgerðir sem samkomulag getur orðið um. Þá er tímabært að heimila þær með lögum en fyrr ekki. Annars erum við bara að opna fyrir elda í málinu.

[16:13]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hálfraunalegt að heyra hvernig hv. þm. beitir orðum sínum í þá veru að reyna að egna menn til ófriðar heima í héraði. Hann talar um málið með slíkum hætti. Ég hef eins og hann átt góða vini á þessum slóðum. Þeir tala með allt öðrum hætti en þessi hv. þm. Svo kemur hann hér og talar eins og á bak við orð hans standi í einni fylkingu allir íbúar Mývatnssveitar, Aðaldals, Húsavíkur, allrar Þingeyjarsýslu. Það er síður en svo.

Við erum að tala um úrlausnarefni sem heimamenn vilja að tekist verði á við. Það er um það sem menn ræða. Í þessum sölum er enginn að tala um stríð nema hv. þm.

[16:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef fyrst og fremst borið fyrir mig það sem fyrir liggur. Staðreyndir í þessu máli. Ég þarf ekki á neinu öðru að halda. Ég vitnaði í samþykkt stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Ég vitnaði í ályktun Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi og skoðanir fleiri umhverfisverndarsamtaka, fuglaverndunarsamtaka, samtaka stangveiðimanna o.s.frv. Hv. þm. getur kynnt sér þetta eins og aðrir ef hann hefur áhuga á, þetta liggur allt saman fyrir. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi einnig lesið blaðagreinar sem birst hafa allmargar nú á síðustu mánuðum í framhaldi af því að þetta mál fór á flot.

Mér er vel kunnugt að það er að sjálfsögðu ekki algjör samstaða og algjör einhugur um afstöðu í þessu máli að svo miklu leyti sem mönnum eru áformin kunnug og þau hafa þegar verið rædd eða menn tekið afstöðu til þeirra. Fyrst og fremst gildir það um hóp landeigenda og veiðiréttarhafa á svæðinu. Þeir hafa eðli málsins samkvæmt fylgst meira með þessu en aðrir og ég veit að í þeim hópi eru eitthvað skiptar skoðanir, skárra væri það nú. En ég held við höfum ekki leyfi til annars en taka fullt mark á því þegar samtök þeirra sem í hlut eiga, þ.e. bæði réttkjörin stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem er hagsmunagæsluaðili, heildarsamtök landeigenda á þessu svæði, og þegar veiðiréttarhafar eins og í veiðifélögum Laxár og Mývatns og Krákár, og aðrir slíkir aðilar, hafa tjáð sig með formlegum hætti. Það sem gildir í raun sem afstaða þeirra, er það ekki? Sú afstaða liggur fyrir.

Mér er í sjálfu sér alveg sama hvernig hv. þm. Halldór Blöndal reynir að gera mér upp skoðanir eða leggja mér orð í munn. Ég tel mig ekki hafa talað hér fyrir hönd annarra eða með öðrum hætti en þeim sem fullkomlega eru innstæður fyrir. Ég stend við það sem ég hef sagt. Mér er vel kunnugt um það og þykist vita að hv. þm. Halldóri Blöndal sé það einnig, að það er ekkert annað en ófriðarefni að ganga fram í málinu eins og hér er lagt til í frumvarpsformi.

[16:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Rifjuð hefur verið upp í þingsölum forsaga málsins fyrir rúmum 30 árum og hversu miklar deilur ríktu um þau áform sem þá voru uppi og framkvæmdir sem hafnar voru á sínum tíma, sem stóðu árum saman, og komu að lokum inn í þingsali og Alþingi setti löggjöf um málið til þess að ná niðurstöðu í því og skipa því til frambúðar, og eftir þeim lögum hafa menn starfað til þessa. Grundvallaratriðið í þeim hefur verið það að hér sé ekki um að ræða svæðisbundið hagsmunamál, heldur landsmál. Alþingi hefur ákveðið að skipa málum þannig að það sé ákvörðun Alþingis ef breyta eigi því sem þá varð niðurstaða um, að það verði ekki gert nema með ákvörðun Alþingis, kjörinna fulltrúa þjóðarinnar en ekki einvörðungu sjónarmiða þeirra sem beinna hagsmuna eiga að gæta í því héraði sem málið varðar.

Því vil ég gera athugasemdir við það sem fram kemur í greinargerð með frv. til útskýringar á ákvæði til bráðabirgða III sem hér hefur verið mikið til umræðu en þar segir, með leyfi forseta:

„Bráðabirgðaákvæðinu er því ætlað að tryggja að lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu standi ekki í vegi fyrir framkvæmdum sem aðilar máls, þ.e. Landsvirkjun og Landeigendafélag Laxár og Mývatns, yrðu sammála um að nauðsynleg væru til að leysa þá erfiðleika

sem verið hafa í rekstri virkjunarinnar að því gefnu að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefði farið fram."

Aðilar máls eru ekki bara Landsvirkjun og landeigendafélagið. Aðilar máls eru Alþingi, fulltrúar þjóðarinnar. Þess vegna kemur mér það við og öðrum þingmönnum og við höfum ákveðið að hafa þær leikreglur að banna allar slíkar framkvæmdir.

Í ákvæði til bráðabirgða III er verið að leggja til að við breytum þessum leikreglum, að við breytum þeim þannig að við afsölum okkur rétti til þess að hafa skoðun á því sem menn ætla að gera og komast að niðurstöðu um það hvort við viljum leyfa það. Verið er að leggja til að við felum öðrum aðilum nánast opinn víxil til þess að ákveða hvað eigi að gera.

Ég vil segja það strax, herra forseti, að ég er ósammála því. Ég er einfaldlega ósammála því að víkja frá þeim meginleikreglum sem eru í gildandi lögum og sem er líka að finna í þessu frv. að þetta sé mál Alþingis.

Ég get vel fallist á það að skoða hugmyndir sem menn koma sér saman um heima í héraði, landeigendafélag, sveitarstjórn og Landsvirkjun, um einhverjar breytingar. Ég vil ekki fella neina dóma um það fyrir fram hvaða skoðun maður kynni að hafa á þeim tillögum. En ég tel að þessir aðilar eigi að koma sér saman um þær og bera þær fyrir þingið. Síðan skulum við kynna okkur þær, meta áhrifin af þeim og komast að niðurstöðu um það hvort við víkjum frá þessum meginreglum laganna. Þetta er mitt viðhorf í málinu.

Þess vegna er ég ekki fylgjandi því og reyndar andvígur því að ákvæði til bráðabirgða sé yfir höfuð í frv. Það má að mínu mati taka úr því og lagfæra þau ákvæði sem kveða á um heimild til þess að hækka stífluna sem er auðvitað það sem mestur ágreiningurinn stendur um, að Alþingi skuli ef þetta verður samþykkt veita Umhverfisstofnun heimild til þess að fallast á hækkun stíflunnar án þess að nokkur takmörk séu á þeirri heimild og nokkur leiðarvísir fyrir stofnunina á því með hvaða hætti hún ætti að taka á slíkum umsögnum sem fram kynnu að koma. Það mætti því hugsanlega að mínu mati láta ákvæði til bráðabirgða III standa með þeirri lagfæringu að taka þessa heimild út.

Ég velti því fyrir mér hvers vegna verið er að sækjast eftir þessari breytingu nú þegar umrædd virkjun hefur starfað í um 30 ár eftir því sem ég best veit. Hvers vegna? Hvað veldur því að talið er nauðsynlegt að ráðast í breytingar núna? Það fylgja engar upplýsingar um áform Landsvirkjunar í þessu frv. Engar upplýsingar um hvaða áhrif hækkun stíflunnar hefði á virkjunina. Það vantar því í raun og veru allar upplýsingar sem menn þurfa til að geta tekið afstöðu til þeirra. Það er mjög sérstakt þegar um er að ræða landsvæði þar sem lögfest er það meginsjónarmið að engar breytingar af þessu tagi verði. Niðurstaða sem Alþingi komst að eftir harðvítugar deilur, og mér finnst mjög ógætilegt að leggja til breytingar á þessu eins og gert er í frv. Ég er ekki viss um að það hjálpi mikið upp á að ná niðurstöðu í þessu máli sem ásættanleg kann að vera að mati heimamanna og að mati Alþingis.

Mér finnst hins vegar liggja nokkuð ljóst fyrir af því að hér hefur nokkuð verið rætt um atvinnuþátt málsins að breytingar sem kunna að verða gerðar á virkjuninni muni augljóslega leiða til þess að störfum fækki. Ég held að það geti ekki farið hjá því hvernig sem menn velta málinu fyrir sér en að þær breytingar sem Landsvirkjun kann að hugsa sér að gera á virkjuninni hljóti að leiða til þess að störfum fækki. Ef menn líta svo á að atvinnuþátturinn í málinu vegi þungt, þau 7–8 ársverk sem eru við þessa virkjun, ættu breytingar á hækkun stíflunnar að vinna á móti þeim sjónarmiðum. Ég vek athygli á því þannig að menn hafi það í huga í þessari umræðu líka.

Hins vegar held ég að það sé sjálfsagt úr því málið er komið fyrir þingið, að þingið afli sér upplýsinga um áform Landsvirkjunar eins og eðlilegt er. Og ég mun kalla Landsvirkjun fyrir iðnn. til þess að gefa þinginu upplýsingar um áform sín þannig að við getum þá fengið að vita frá þeim sjálfum hvaða hugmyndir þeir eru með og til hvers þær kunna að leiða. Mér finnst það eðlilegur hlutur úr því málið er borið inn í þingsali.

Virðulegi forseti. Ég velti aðeins fyrir mér þessu bráðabirgðaákvæði. Kveðið er á um það að mat á umhverfisáhrifum eigi að fara fram. Nú liggja fyrir þinginu tvö frv. um breytingar á þeim ákvæðum sem eru í lögunum um mat á umhverfisáhrifum, annars vegar frv. um breytingu á lögum um umhverfismat og hins vegar frv. um breytingu á lögum um skipulags- og byggingamál. Mér sýnist að verði unnið umhverfismat á fyrirhugaðri hækkun stíflunnar, þá verði unnið eftir nýju ákvæðunum ef þau verða að lögum. Og þá velti ég því fyrir mér hvaða áhrif þau hafi á þennan feril. Mér sýnist að þessi tvö frv. breyti málinu þannig að umhverfismat leiði ekki til neinnar niðurstöðu. Það er einfaldlega lagt mat á tilteknar framkvæmdir en ekki gefið út álit eða nein niðurstaða á framkvæmdunum eins og er í dag þar sem Skipulagsstofnun hefur lagst gegn eða mælt með framkvæmdum.

Á Umhverfisstofnun að fá þetta umhverfismat án nokkurs álits? Fylgir með þessu umhverfismati álit Skipulagsstofnunar eins og gert er ráð fyrir að verði samkvæmt nýju frumvörpunum, almenna reglan að Skipulagsstofnun gefi út álit og þar geti menn haft álit stofnunarinnar á slíku umhverfismati?

Mér sýnist líka að Umhverfisstofnun verði í nokkrum vanda við að vega og meta það umhverfismat sem fyrir þá verður lagt ef þetta lagaákvæði nær fram að ganga. Og hvað með stöðu ráðherra? Er gert ráð fyrir að ákvörðun Umhverfisstofnunar sé kæranleg til ráðherra? Mér heyrðist á ráðherra fyrr í umræðunni að svo væri og þá er málið í raun og veru komið til ráðherrans sem ber málið fram.

Ég vil líka vekja athygli á öðru af því að gert er ráð fyrir því í þessu ákvæði að fyrir þurfi að liggja samþykki landeigendafélagsins fyrir hækkun á stíflu. Ég hef aflað mér samþykkta landeigendafélagsins, sem var ekki auðvelt því að þær samþykktir voru ekki auðfengnar, en í þeim eru ekki neinar samþykktir eða reglur um það hvernig landeigendafélagið kemst að niðurstöðu. Ég spyr vegna þess að augljóslega hljóta að takast á í þessu máli annars vegar Landsvirkjun og hins vegar landeigendafélagið. Trúlega verða sjónarmiðin skipt í landeigendafélaginu og þá þarf það að komast að niðurstöðu eftir einhverjum leikreglum sem gilda í því félagi, og hvernig eru þær? Þær er ekki að finna í samþykktum félagsins. Fylgir eitt atkvæði hverri jörð? Fylgir eitt atkvæði hverjum ábúanda eða eitt atkvæði hverjum eiganda? Eða hvernig eru leikreglurnar? Hvernig mun landeigendafélagið útkljá deilumál í sínum hópi? Ef þessar leikreglur eru óljósar býður það augljóslega hættunni heim að menn sveigi þá reglurnar til eftir því sem henta þykir hagsmunum þeirra sem beita sér fyrir slíku. Og getur verið að á einni jörð séu kannski

tíu manns með atkvæðisrétt og á annarri jörð kannski bara einn? Eða hvernig eru þessar reglur?

Ég held að þetta verði líka að liggja fyrir. Því ef menn ætla að breyta lögunum með því að setja slík undanþáguákvæði varðandi þessa tilteknu hækkun eru menn auðvitað að gefa virkjunaraðilanum, Landsvirkjun, stöðu til þess að sækja á landeigendafélagið til að samþykkja áform sín. Það er það sem menn eru að gera. Menn eru að gefa þeim sem sækir á í málinu, og ég býst við að það sé Landsvirkjun, það séu ekki aðrir sem sæki á um framkvæmdir í þessu máli en Landsvirkjun, menn eru þá að gefa Landsvirkjun stöðu til þess að geta knúið sitt fram sem þeir geta ekki að óbreyttum lögum og að samþykktu þessu frv. án þessa bráðabirgðaákvæðis. Ég sé því ekki annað en að menn séu í raun og veru að taka afstöðu með þessu ákvæði með virkjunaraðilanum. Það er eiginlega það sem mér finnst blasa við í málinu.

Ég vil því mælast til þess, virðulegi forseti, að umhvn. skoði málið vandlega og kanni það hvort ekki sé unnt að breyta þessu ákvæði til bráðabirgða, taka út heimildir til þess að hækka stífluna eða jafnvel fella ákvæðið alveg brott. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á að það sé ásættanleg niðurstaða að veitt verði heimild til að láta fara fram umhverfismat þannig að menn geti þá haft í fyrsta lagi valkostina sem á að meta og í öðru lagi mat á þeim. Þingið geti haft þá til athugunar ef menn kjósa að leggja málið fyrir þingið þegar það er komið sem þetta leiðir af sér.

Virðulegi forseti. Fleira ætla ég ekki að segja um málið að sinni. Afstaða mín er afar skýr í þessum efnum. Mér finnst þetta vera umhverfismál, náttúruverndarmál og ég er algjörlega sammála meginsjónarmiði frv. að hafa hlutina með því fyrirkomulagi sem þar er lagt til. Þetta er þjóðarmál. Þetta er ekki staðbundið mál. Og ég tel að við eigum að fara mjög varlega í að víkja frá þeim meginlínum sem við höfum búið við undanfarin 30 ár.

[16:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er á móti því að hækka stífluna sem í reynd er verið að leggja til með frv. að Landsvirkjun fái heimild til. Ég er mjög sammála hv. þm. sem talaði áðan að frv. er ógætilegt. Ég er einfaldlega á móti málinu vegna þess að ég er sammála því sem hv. þm. sagði áðan að þetta er ekki svæðisbundið hagsmunamál. Þetta er mál sem ekki varðar bara Alþingi, heldur þjóðina alla.

Lyktir á deilum sem stóðu fyrir mörgum áratugum urðu með þeim hætti að ákveðið var að hrófla ekki við þessu svæði, aldrei, nema að fulltrúar þjóðarinnar tækju um það sérstaka ákvörðun. Ég er einfaldlega á móti því að sú ákvörðun verði tekin. Ég tel að þarna sé um að ræða einstaka náttúruperlu sem eigi að vera í núverandi ástandi, sameign íslensku þjóðarinnar. Svo einfalt er það í mínum huga.

Mér þykir það svo sæta tíðindum þegar hv. formaður iðnn. talar með svo skörulegum hætti gegn meginefni frv. Hv. þm. sagði að hann mundi kalla fyrir fulltrúa Landsvirkjunar í iðnn. til að leita eftir áformum þeirra. Ég spyr hv. þm.: Ganga menn gruflandi að því hvað Landsvirkjun áformar? Hún ætlar sér að sjálfsögðu að hækka stífluna til að fá meira út úr þessu. Ég spyr því hv. þm.: Gætu einhverjar frekari upplýsingar af hálfu Landsvirkjunar orðið til þess að breyta þeirri afstöðu sem hv. þm. hefur sett fram? Ég spyr vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að það er sennilega ekki auðvelt að vera þingmaður Framsfl. með þá afstöðu sem hann tjáði. Ég ímynda mér að það verði sest á hann með miklum þunga til að fá hann til að breyta henni.

[16:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn hafa ekki alltaf sömu skoðun í einum flokki. Það fer ágætlega á með mér og hæstv. umhvrh. Ég kvíði því ekkert þó hún setjist á mig, ég er ekki viss um að það sé svo mikill þungi, svo ég svari honum í nokkurri gamansemi. (**ÖS:** Ég átti nú við formann flokksins sem er ögn þyngri.) Ég vil svara fsp. hv. þm.

Ég tel ólíklegt að einhverjar upplýsingar um hvernig áformin eru sem Landsvirkjun er með í huga eða ávinningurinn af þeim breyti afstöðu minni. Ég vil þó ekki alveg útiloka það. Ég vil fá að heyra hvað hún er með á prjónunum og til hvers það leiðir varðandi rekstur virkjunarinnar. Mér finnst rétt að gefa mönnum möguleika á að útskýra mál sitt áður en ég tek afstöðu til þess. En fyrir fram finnst mér ólíklegt að það verði nokkur breyting á afstöðu minni, ég segi það alveg eins og er. Það þarf stórkostlega hluti til þess.

Ég hef ekki verið ófeiminn við að tala fyrir því að virkja á svæðum eins og Eyjabökkum og fyrir austan, við Kárahnjúka, vegna þess að þau atvinnumál skipta líka máli, ekkert síður en umhverfismál. En í þessu máli finnst mér ekki rétt að stíga þau skref sem bráðabirgðaákvæðið er að opna fyrir. Mér finnst að menn megi dálítið gæta sín á því að þrátt fyrir stuðning við stórkostleg áform á Austurlandi í virkjun megi menn ekki gefa undir fótinn að við séum tilbúin að samþykkja hvað sem er í umhverfismálum. Mér finnst t.d. að í Þjórsárverum séu menn komnir út á ystu nöf og það þurfi mjög að gæta að því að Landsvirkjun fari ekki út yfir ystu nöf. Það eru takmörk á öllu. Á Laxár- og Mývatnssvæðinu er ég almennt þeirrar skoðunar að það eigi ekki að heimila framkvæmdir af þessu tagi.

[16:35]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er umhugsunarefni hversu greiðlega ýmsir af forustumönnum stjórnarandstöðunnar láta í ljósi þá skoðun að ekki sé ástæða til að kanna möguleika á því hvort samkomulag náist um að hækka stífluna við Brúar til að Laxárvirkjun verði áfram rekin. Nú hafa þeir báðir staðið upp, formaður Samf. og formaður Vinstri grænna, og má kannski segja að þetta sé það eina sem þeir eru sammála um, að ekki sé ástæða til að athuga hvort rétt kunni að vera að hækka stífluna til að reyna að tryggja áfram rekstur Laxárvirkjunar. Þó er báðum þessum mönnum kunnugt að það liggur fyrir álit frá Tuma Tómassyni um að það mundi bæta lífríki árinnar ef stíflan yrði hækkuð. Báðir þessir menn eru miklir áhugamenn í orði kveðnu fyrir bættu umhverfi, en þarna eru þeir sammála.

Það var að heyra á hv. 7. þm. Norðvest., Kristni H. Gunnarssyni, að það væru ekki aðrir sem sæktu á í málinu en Landsvirkjun. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Annars veit maður satt að segja ekki að hve miklu leyti maður á að tala til hans og um skoðanir hans. Í Morgunblaðinu í morgun sá ég að hann hafði gefið sig á tal við þingfréttaritara til að óska eftir því að sú skoðun kæmi fram áður en hann tæki til máls í þinginu að lónið við Laxá yrði stærsti sandkassi á landinu og var með fleipri eins og þessu að gera lítið úr vilja fjölda manns sem stendur á bak við það að koma Laxárvirkjun í rekstrarhæft stand. Auðvitað getum við sagt að málefni sem varðar Þingeyinga sé ekki einvörðungu málefni Þingeyinga, heldur málefni alls landsins. Við

höfum litið svo á, bæði í jákvæðri og neikvæðri merkingu. Það er satt að segja mjög ómerkilegt af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að taka málið upp með þessum hætti. Á hinn bóginn má kannski segja að það sé í samræmi við annað, að hann hefur mest gaman af því að vekja athygli á sér með því að búa til ágreining við ríkisstjórnina í málum þar sem atkvæði hans skiptir engu máli.

Svo ég snúi mér aftur að virkjuninni og því sem hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, sagði get ég vel sagt eins og hann að full ástæða er til að rekja málið frá byrjun. Laxárvirkjun á sér langa og merka sögu og til þess að þar sé öllu til skila haldið, líka því sem hv. þm. vill ekki heyra, var Gljúfurversvirkjun slegin út af borðinu 1970 af þáverandi forsrh., Jóhanni Hafstein, sem hv. þm. talaði niður til úr þessum ræðustól í gær. (**SJS:** Nei.) Það þótti mér hv. þm. ekki til sóma. (**SJS:** Ég mótmæli ... mótmæli ...) Hv. þm. gerði það og getur farið fram (**SJS:** Í hverju fólst ...?) og lesið það sem hann sagði. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að hv. þm. viti ekki alltaf hvað hann segir. Ég vil halda þessu vel til haga. Jóhann Hafstein lagði sig allan fram um að leysa þá deilu eins og þeir vita sem muna Laxárdeiluna.

Á hinn bóginn gerðust atburðir mjög hratt. Eins og ég tók fram í gær voru kosningar í nánd sem spilltu fyrir því að hægt væri að leiða málið til lykta fyrir kosningarnar 1971, af því að þetta var orðið að kosningamáli. Þetta vitum við sem upplifðum þær deilur. Eftir deilurnar töluðu menn með ýmsu móti. Þeir sem harðast höfðu gengið fram í deilunni og voru ósveigjanlegastir vildu síðar meir ekki við það kannast. Það er eins og gengur.

Sú skoðun er svolítið nýstárleg að halda því fram eins og gert var af hv. 7. þm. Norðvest. áðan, Kristni H. Gunnarssyni, að það væri undarlegt að vísa til þess eins og gert er í grg. með frv., með leyfi forseta. Talað er um að bráðabirgðaákvæðinu sé:

„ætlað að tryggja að lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu standi ekki í vegi fyrir framkvæmdum sem aðilar máls, þ.e. Landsvirkjun og Landeigendafélag Laxár og Mývatns, yrðu sammála um að nauðsynleg væru til að leysa þá erfiðleika sem verið hafa í rekstri virkjunarinnar að því gefnu að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefði farið fram."

Það var að heyra á hv. þm. að hann hugsaði sér að Alþingi tæki að sér að vera einhvers konar yfirdómari varðandi umhverfismöt, að það ætti að vera einhver sérstakur fyrirvari í málinu þannig að ef ágreiningur kæmi upp um það hvort umhverfismat leyfði eða leyfði ekki þessar framkvæmdir, skyldi Alþingi skera úr því. Þetta er algerlega ný hugsun. Ég hygg að það sé ekki einn einasti þingmaður nema þessi þingmaður Vestfirðinga sem er þeirrar skoðunar, enda sennilega sagt án þess að hugsa málið til enda.

Mér þótti á hinn bóginn ánægjulegt að heyra að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, af því hann er formaður iðnn., skyldi ekki alveg slá loku fyrir það að upplýsingar í málinu gætu haft áhrif á það hvort hann vildi samþykkja frv. eða ekki, en það er einmitt ætlast til þess að nefndin kynni sér málið til að fá skoðanir á því og dragi ályktanir af þeim upplýsingum sem koma fram.

Það sem hefur komið nýtt fram í dag í umræðunum er aðallega tónninn í máli Steingríms J. Sigfússonar, hv. 5. þm. Norðaust. Hann talaði um heimamenn. Hann talaði eins og þeir stæðu allir á bak við það mál sem hann hafði að flytja og hækkaði röddina. „Auðvitað vilja heimamenn", sagði hv. þm. og barði sér á brjóst og var algerlega andvígur því að málið fengi eðlilega skoðun. Nú skulum við aðeins velta fyrir okkur hverjir séu heimamenn.

Liggur fyrir, svo ég spyrji hv. þm., hvað hreppsnefnd Aðaldælahrepps vill? Hefur hreppsnefnd Skútustaðahrepps tekið til máls? Hvað er að segja af þeim Húsvíkingum sem einnig eiga aðild að málinu? Ég hef ekki séð neitt frá neinum þessara sveitarstjórnarmanna sem bendir til þess að það sé eining í öllum þessum sveitarstjórnum gegn því frv. sem hér liggur fyrir og að sveitarstjórnir allra þessara sveitarfélaga séu einhuga um að ekki sé ástæða til að athuga möguleika á því að slá þrjár flugur í einu höggi, hækka stífluna, bæta seiðabúskap í Laxá og með því að hækka stífluna er líka verið að tryggja áframhaldandi rekstur Laxárvirkjunar. Það er líka verið að tala um að setja sandgildru í Kráká. Hvers vegna finnst hv. þm. það svo neikvætt að athuga hvort hagkvæmt sé að setja sandgildru í Kráká að hann hefur ekki minnst einu einasta orði á það mál og talar eins og sá möguleiki geti ekki falið það í sér að hægt sé að ná sama árangri varðandi sandburð með því að lækka nokkuð stífluhæðina?

Ég vil líka spyrja: Hvernig stendur á því að hv. þm. talar í þeim dúr að landeigendafélaginu hafi aldrei komið til hugar hækkun á stíflunni? Hvers vegna talar hann í þeim dúr? Hann slær sér á brjóst og segir að það sé reginhneyksli ef gefið sé undir fótinn með að það megi hækka stífluna. Af hverju segir hann að landeigendafélagið sé sjálfkrafa á móti því þegar fyrir liggur samþykkt í landeigendafélaginu um 8 m hækkun?

Menn geta að vísu sagt að þær forsendur sem voru fyrir þeirri hækkun á sínum tíma séu að vissu leyti brostnar. Ég er algjörlega sammála því að sú gamla samþykkt gildir ekki varðandi þá hækkun sem hér er verið að tala um. Ég er algjörlega sammála því. En þetta sýnir okkur að landeigendafélagið var á sínum tíma tilbúið að samþykkja hækkun á stíflunni ef með því næðist fram ávinningur sem þeir töldu mikils virði. Þannig er það enn í dag.

Fjöldi manna í landeigendafélaginu og fjöldi manna í þessum byggðum Þingeyjarsýslu vill, bæði vegna atvinnuhagsmuna annarra og líka sinna eigin, láta athuga möguleika á því hvort þessi hækkun kunni ekki að verða skynsamleg.

Þegar því er haldið fram að Landsvirkjun sé búin að festa sig í ákveðinni hæð varðandi hækkun stíflunnar þá er það líka rangt. Það á hv. þm. að vita. Þar er verið að velta fyrir sér nýjum möguleikum. Markmiðið er þrenns konar eins og ég sagði.

Menn eru að velta fyrir sér hvernig hægt sé að draga úr sandburði Krákár. Eins og við vikum að í gær, bæði ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þá hefur milljónatugum, ég skal ekki segja hvort Landsvirkjun hafi varið 50 millj. kr. og eigum við að segja landeigendafélagið hafi kannski varið 3 eða 5 millj. kr. eða einhverju þvílíku, verið varið til að græða upp löndin í Krákárbotnum og mynda þannig kraga til verndar byggðinni í Mývatnssveit. Það er auðvitað mjög mikils virði og ástæðulaust að gera lítið úr því. Eins og hv. þm. sagði hefur þetta valdið því að sandburður í Kráká hefur minnkað þannig að farvegurinn er að dýpka eftir því sem norðar dregur. Nú er verið að tala um hvort rétt geti verið að setja sandgildru í Kráká til viðbótar við þær ræktunarframkvæmdir sem þar eru til að draga úr sandburði í Efri-Laxá og í Neðri-Laxá. Þetta vitum við báðir, ég og hann, að er af hinu góða.

Eins og ég sagði í gær líka er auðvitað hægt að hugsa sér, ef maður er eingöngu að velta fyrir sér laxveiðunum einum, að sprengja í loft upp, bæði Laxárvirkjun og stíflurnar í Efri-Laxá eins og hv. þm. vék að í gær að væri kannski rétt og fá á nýjan leik klakastíflurnar og allt sem þeim fylgdi. Það er auðvitað sjónarmið. Hv. þm. talaði um að endurheimta hin fallegu gljúfur. Auðvitað er það sjónarmið.

Ég er aftur þeirrar skoðunar að stífla geti verið af hinu góða þó hún sé úr steinsteypu. Ég er þeirrar skoðunar að ef við, með tiltölulega lítilli framkvæmd sem ekki er til lýta á landinu, getum bæði bætt lífríkið, haft af þjóðhagslegan ávinning og styrkt þær veiku stoðir sem eru undir byggð í Suður-Þingeyjarsýslu, ég tala ekki um ef til viðbótar er sá ávinningur að vinna að landgræðslu og tökum á sandburðinum, þá vil ég skoða þann möguleika. Ef við náum þessu öllu þá vil ég að sá möguleiki sé athugaður til hlítar. Og ég vil líka að það sé alveg ljóst af minni hálfu að það er engin ástæða til að flýta sér í þessu máli.

Hv. þm. fann að því að þetta ákvæði væri til tíu ára og taldi að það væri of langur tími, ekki bara að það væri of langur tími sem heimildin stæði. Mér fyndist undarlegt ef þessi heimild yrði þannig stillt að hún yrði bara til eins eða tveggja ára með öllum þeim þrýstingi og ófriði sem slíku óðagoti fylgdi. Menn þurfa stundum tíma til að átta sig á nýjum viðhorfum og nýjum möguleikum. Þess vegna er ég einmitt mjög ánægður yfir því að þessi langi tími skuli gefinn til að heimamenn geti áttað sig á stöðunni. Ég lýsi fullu trausti á því að Landeigendafélag Mývatns og Laxár muni standa á rétti sínum eins og það hefur gert, sé óhrætt við að samþykkja nýtilega hækkun á stíflunni ef þeir telja það gott fyrir byggðarlagið og þá sjálfa, en standi á móti slíkri hækkun ef þeir telja það til bölvunar. Mér finnst það alveg sjálfsagt að þeir vinni á þeim forsendum.

Mér finnst sjálfsagt að við gerum okkur grein fyrir því hér á Alþingi að þeir eiga líka sinn rétt sem vilja láta athuga þessi mál. Þeir eru líka heimamenn. Það er ekki hægt að tala niður til þeirra með þeim hætti að ekki sé undir nokkrum kringumstæðum hægt að samþykkja þetta. Ég get ekki hugsað mér að tala niður til þeirra með þeim hætti að segja: Ég vil ekki undir neinum kringumstæðum samþykkja að athugað verði út í hörgul hvort samkomulagsgrundvöllur sé í þessu máli. Það er mikið í húfi. (**SJS:** Það hefur enginn sagt.) Það er mikið í húfi.

Þeir menn sem taka þetta mál upp með þeim tóni að boða átök og predika að Þingeyingar séu komnir í einhverjar herbúðir standa ekki fyrir góðum málstað. Þingeyingar eru vel menn til að leysa þessi mál. Það er ástæðulaust fyrir þá sem eru utan héraðs að vera með fríjuorð í því sambandi. Alveg ástæðulaust.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi hefði ég gjarnan viljað fá að teljast Þingeyingur áfram, ef hv. þingmanni væri sama, borinn og barnfæddur Norður-Þingeyingur.

Í öðru lagi virðist hv. þm. Halldór Blöndal fara létt með það að snúa orðum manna algerlega við. Hann lagði mér og reyndar hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þau orð í munn að við teldum með öllu ástæðulaust að athuga hvort samkomulag gæti orðið heima fyrir um einhverjar breytingar. Ég var nýfarinn úr ræðustól eftir að hafa sagt nákvæmlega hið gagnstæða. Akkúrat hið gagnstæða. Ég sagði að það væri byrjað á öfugum enda. Menn ættu að vinna heimavinnuna sína fyrst og ná samkomulagi í héraði, hagsmunaaðilar, landeigendur og Laxárvirkjun. Þá væri tímabært að koma með málin hingað inn og kanna vilja Alþingis til að breyta lögunum frá 1974, í sama anda og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi í framhaldinu. Með öðrum orðum: Ég var nýbúinn að segja akkúrat hið gagnstæða við það sem hv. þm. Halldór Blöndal lagði mér ranglega í munn í framhaldinu.

Varðandi áhrif sandburðarins niður Laxá á veiði, t.d. í neðri hluta Laxár, þ.e. í Laxá í Aðaldal og laxasvæðinu, þá er það því miður þannig, þó að fyrir liggi lauslegar athuganir eins, tveggja eða þriggja fræðimanna á mögulegum áhrifum, að á þeim skortir meira og minna allrar grundvallarrannsóknir. Ég vek athygli hv. þm. á því hvernig það er orðað í skýrslu Landsvirkjunar. Þar segir:

„Margir sérfræðingar telja líklegt að seiðaframleiðsla árinnar aukist ef sandburður minnkar. Ástæða þess er sú að skjól fyrir seiði er meira eftir því sem botn er úfnari auk þess sem framleiðsla á smáþörungum og smádýrum (fæða seiðanna) eykst. Það kann því að vera sameiginlegur hagur Landsvirkjunar og veiðiréttarhafa að draga úr sandmagni í Laxá."

Það kann að vera sameiginlegt hagsmunamál, segja þeir. Lengra treysta menn sér ekki til að ganga, eðlilega ekki, vegna þess að þarna skortir í raun allar rannsóknir. Þær ættu að sjálfsögðu að fara fram fyrst áður en farið er út í að bollaleggja um framkvæmdir af þessu tagi.

[16:55]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi síðara atriðið þá er það rétt, að það er ekkert absalútt í sambandi við lífríki ánna né lífríki hafsins. Tumi Tómasson hefur gefið sitt álit. Ég vitnaði til hans. Menn verða síðan að velta fyrir sér hvort það er trúverðugt eða ekki. Ég á hinn bóginn treysti því að það sem hann segir eigi við rök að styðjast.

Í annan stað vil ég segja hið sama og ég hef oft sagt áður: Menn fara ekki í umhverfismat og leggja ekki í mikinn kostnað nema menn sjái fram úr málinu. Það er nauðsynlegt að um þetta verði umræða á þeim grundvelli að skoðað verði hvort landeigendafélagið fellst á tillögur Landsvirkjunar. Við getum líka snúið því við þannig að skoðað verði hvort Landsvirkjun fellst á tillögur landeigendafélagsins. Ég vil bæta því við að viðkomandi sveitarstjórnir hljóta einnig að vera inni í því máli. Ef þessir aðilar ná samkomulagi þá finnst mér rétt að umhverfismat fari fram á þeim möguleikum sem þar er rætt um.

Ég álít að forsendan fyrir því að slíkar umræður fari fram sé sú að þetta frv. verði samþykkt.

[16:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvers vegna skyldi Landsvirkjun frekar vilja hætta fé sínu í umhverfismat, í óvissu um afstöðu landeigendafélagsins eða jafnvel vitandi um andstöðu þess við tiltekna framkvæmd, að breyttri lagaheimildinni? Ég sé ekki hvers vegna það ætti að vera. Ég held að þetta snúi akkúrat allt saman öfugt og tel að byrjað sé á öfugum enda. Fyrst þarf að ná samkomulagi heima fyrir um mögulegar aðgerðir, hvort sem þær fela í sér breytingar á inntakslóninu, minni háttar hækkun stíflunnar, sandfangara uppi í Kráká eða hvað það gæti verið, eða blöndu af þessu öllu saman. Þá er hægt að fara í rannsóknir og meta áhrifin af slíkum aðgerðum. Þegar það liggur allt fyrir í samkomulagi er tímabært að fara með málið fyrir Alþingi.

Svona liggur þetta auðvitað. Það sjá allir heilvita menn. Telja menn ástæðu til að óttast að Alþingi fallist ekki á ráðstafanir af því tagi sem fullt samkomulag væri orðið um? Ástæðan fyrir því að menn vilja ekki fara í leiðangurinn eins og hann er lagður upp af hálfu stjórnvalda er auðvitað að sporin hræða mjög í þessum efnum. Menn vilja ekki hætta á að málin lendi inni í átakafarvegi af gamla taginu. Menn sjá að orðalag bráðabirgðaákvæðisins er ekki þannig að niðurstaða úr umhverfismati þurfi að vera jákvæð. Orðalagið er þannig að nóg sé að umhverfismatið fari fram. Þá hefur Umhverfisstofnun heimild til að samþykkja stífluna og stjórnvöld gætu gefið framkvæmdaleyfi. Það eina sem eftir stæði væri bremsuvald landeigendafélagsins gagnvart framkvæmdum sem eru bannaðar með lögum í dag. Auðvitað hljóta allir að sjá að þessa röskun á réttarstöðu milli aðila vilja menn ekki taka á sig.

[17:00]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ákvæði til bráðabirgða III er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. getur Umhverfisstofnun heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, og að fengnu samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns."

Þetta er alveg skýrt. Hér er ekki skorast undan neinu. Þetta er eðlileg lagagrein í þessu samhengi en á hinn bóginn leynir sér ekki á orðalagi hv. þm. að hann er á móti hækkun stíflunnar. Ég skil ekki af hverju hv. þm. er að reyna að fela það með öðru orðinu. Mér finnst furðulegt að hv. þm. skuli ekki hafa einurð til að tala einum rómi um þetta mál í staðinn fyrir að reyna að vera tvíraddaður. Það trúir honum enginn þegar hann fer að tala fyrir því að samkomulag takist um hækkun stíflunnar um svo og svo marga metra. Það trúir því enginn.

[17:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vildi rifja upp nokkur meginatriði þessa máls þar sem við nálgumst lok 1. umr. um frv., hinnar stystu og alls verða þær þrjár. Þessi hefur aðeins tekið tvo daga. Ég spái því að komi þetta þingmál aftur inn í þingsalinn verði umræðurnar nokkru ítarlegri en þær hafa verið við þessa umræðu.

Hæstv. umhvrh. hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir að leggja þetta frv. fram, frv. um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, eins og það heitir. Það er ekki vegna þess að frv. fjalli um það heldur hitt, að það fjallar um hið gagnstæða, að aflétta verndun á Mývatni og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Hæstv. umhvrh. hóf í gær mál sitt á að leggja áherslu á einmitt þetta, að þetta frv. fjallaði ekki umhverfis- og náttúruvernd heldur fyrst og fremst rekstrarörðugleika Laxárvirkjunar. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra, að þess vegna væri þetta frv. til komið. Það er heiðarlegt að segja frá þeim tildrögum málsins.

Menn þurfa ekki annað en að fara inn á vef Landsvirkjunar til að sjá hvaða áform eru uppi. Þar er ekki verið að reikna eitt eða neitt út, eins og hv. þm. Halldór Blöndal hefur vikið að í máli sínu heldur er talað um áform Landsvirkjunar. Þetta er á vefnum hjá þeim.

Þeir hafa komist að ákveðinni niðurstöðu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun áformar að hækka núverandi stíflu efst í Laxárgljúfri og mynda lítið inntakslón til að koma í veg fyrir erfiðleika við rekstur Laxárstöðva. Stefnt er að hækkun stíflunnar um 10–12 m og verður stærð inntakslóns 0,25–0,34 ferkílómetrar."

Þetta eru áform Landsvirkjunar. Tilgangurinn hefur verið tíundaður hér. Mikill sandburður veldur því að virkjunin er óhagkvæm og menn eru að reyna að ráða á því bót. Til að ná þessu fram þarf að ryðja ákveðnum hindrunum úr vegi. Einnig þetta er tíundað í skýrslu Landsvirkjunar.

Í fyrsta lagi þarf að koma til leyfi iðnaðarráðherra samkvæmt raforkulögum, í öðru lagi þarf að koma framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar og í þriðja lagi Umhverfisstofnunar. En síðan segir:

„Samkvæmt þessum lögum er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimil á 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Í lögunum eru auk þess ákvæði um að breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna séu einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra." — Í lögunum eru þessi ákvæði einnig til staðar.

Um það fjallar þessi deila hér í þingsal. Það er verið að aflétta þessu ákvæði laganna með bráðabirgðaákvæði III, því að þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. getur Umhverfisstofnun heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, og að fengnu samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2014."

Í tíu ár á Landsvirkjun að hafa eins konar veiðiheimild á bændur á þessu svæði til að telja þá á nauðsyn þess að hækka stífluna. Út á það gengur þetta mál. Mér finnst það dapurlegt hlutskipti fyrir hæstv. iðnrh. ... — afsakið, umhvrh. landsins að flytja þetta frv. Nær hefði verið að hæstv. iðnrh. hefði forgöngu um málið. Það er ekki undarlegt að maður mismæli sig og beini orðum sínum til hæstv. umhvrh. sem hæstv. iðnrh. Það væri að sjálfsögðu iðnrh. sem ætti að svara fyrir málið.

Landeigendafélagið hefur gert sinn vilja ljósan. Sunnudaginn 15. febrúar var ályktað á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 36/1974 er breyting á rennsli Laxár vegna raforkuframleiðslu óheimil. Með setningu laganna fullnægði Alþingi ákvæðum samnings Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands frá 1973, Laxárdeilusamningarnir, varðandi þetta atriði, en með samningunum var Laxárvirkjun heimiluð notkun vatns í Laxá til starfsemi sinnar, af hálfu landeigenda.

Samkvæmt gildandi samþykktum landeigendafélagsins er félaginu ekki unnt að heimila hækkun á yfirborði Laxár. Af þeirri ástæðu var tillögu þess efnis vísað frá afgreiðslu á fundi í félaginu fyrir fáum árum. Aukinn meiri hluta þarf til að breyta samþykktum félagsins.

Stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns hafa verið kynnt þau áform umhverfisráðherra að flytja á Alþingi tillögu um ákvæði til bráðabirgða er geri Umhverfisstofnun kleift að undangengnu umhverfismati og að fengnu samþykki landeigendafélagsins að heimila hækkun stíflu Laxárvirkjunar í Laxárgljúfri, þrátt fyrir fyrrgreint bann laganna frá 1974.

Stjórninni eru ljós þau vandkvæði sem talin eru á starfrækslu Laxárvirkjunar vegna framburðar aurs og íss. Stjórnin telur unnt að ráða þar bót á án hækkunar á yfirborði árinnar.

Stjórnin telur því ekki vera tilefni til að víkja með neinum hætti frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. laga nr. 36/1974 í því skyni að heimila hækkun stíflunar í Laxá og telur að með því væri vegið að forsendum þess samkomulags um starfrækslu Laxárvirkjunar sem gert var 1973."

Þetta eru stór orð. Þeir telja vegið að forsendum þess samkomulag sem gert var 1973. Með samkomulagi sem undirritað var í maímánuði 1973 lauk einhverri harðvítugustu deilu síðari tíma, sem hófst árið 1969 og lauk að fjórum árum liðnum með þessu sögulega samkomulagi og lagasetningu í kjölfarið sem hér hefur verið vísað til.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég mun hlusta af athygli á ræðu hæstv. umhvrh. í lok þessarar umræðu til að skýra hennar málstað og hvernig á því stendur að umhvrn. og hæstv. umhvrh. stendur ekki betur vörð um hagsmuni náttúrunnar en raun ber vitni.

[17:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál. Segja má að þrennt standi upp úr eftir umræðurnar, að mínu mati.

Í fyrsta lagi skynja ég umræðuna þannig að það sé almenn samstaða um þær hugmyndir sem fram koma í frv., um að gildissvið laganna verði þrengt. Alla vega hafa háttvirtir þingmenn sem hafa talað hér fyrir hönd stjórnmálaflokkanna orðað það að þeir vilji skoða slíka þrengingu með jákvæðum hætti, opnum huga o.s.frv. Þó hefur enginn bundið sig við að styðja það beint. Í því felst að gildissviðið nái ekki til alls Skútustaðahrepps eins og í dag, heldur til mikilvægustu svæðanna, þ.e. Mývatns og Laxár, 200 m bakka og helstu votlendissvæða. Þetta er eitt atriðið. Mér virðist almenn samstaða um að skoða þetta jákvætt.

Í öðru lagi hefur umræðan snúist um umhverfismat, þ.e. hvort hægt sé að fara í umhverfismat á framkvæmdinni eða ekki. Gagnvart því atriði hefur verið nokkur misskilningur í umræðunni. Sumir telja hægt að fara í umhverfismat eins og lögin eru í dag á þeirri framkvæmd sem hér hefur verið til umræðu, aðallega í bráðabirgðaákvæðinu. En svo er ekki. Það er veruleg réttaróvissa um hvort hægt sé að fara í umhverfismat á framkvæmd sem ekki er lagastoð fyrir. Það er eiginlega algjörlega órökrétt. Því þarf til bráðabirgðaákvæði til að hægt sé að fara í matið.

Í þriðja lagi hefur verið mikil umræða um bráðabirgðaákvæði III. Helsti ágreiningurinn gagnvart frv. er um þetta ákvæði. Það eru mjög skiptar skoðanir um það. Hér hefur maður verið sakaður um að rjúfa grið og rjúfa sáttargjörð. Ég er algjörlega á öndverðum meiði. Hér er ekki verið að rjúfa sáttargjörð eða að rjúfa grið vegna þess að í bráðabirgðaákvæðinu er því haldið til haga að landeigendafélagið þurfi að samþykkja hækkun á stíflunni ef hún á að verða að veruleika. Landeigendafélagið hefur því neitunarvald.

Eins og hér hefur margoft verið rakið eru núverandi lög þrengri en ákvæði sáttargjörðarinnar tiltaka. Það stendur í sáttargjörðinni að ekki sé hægt að breyta rennsli Laxár nema með leyfi landeigendafélagsins en í lögunum stendur að það megi ekki breyta rennsli Laxár nema til verndunar og ræktunar, það er sem sagt þrengra.

Hér hafa nokkrir þingmenn talað um að þeir vilji draga einhvers konar mörk, að þarna hljóti að vera ákveðin mörk gagnvart náttúruvernd og það eigi alls ekki að fara í þessar framkvæmdir undir nokkrum kringumstæðum. Jú, það er ágætis afstaða í sjálfu sér. Það er mjög skýr afstaða að vera á móti öllum hugmyndum um breytingar og ekki hægt að gagnrýna þá afstöðu. Það er bara ákveðin afstaða. En ég er ekki sammála þeirri afstöðu. Mér finnst eðlilegt að þetta mál verði skoðað. Mér finnst eðlilegt að skoða það með umhverfismati, það verði rannsakað hvaða umhverfisáhrif verða við ákveðnar framkvæmdir sem eru hugsanlegar á svæðinu. Nái menn saman og telji allir aðilar máls, þ.e. Landsvirkjun, landeigendafélagið og Umhverfisstofnun, að niðurstaðan sé ásættanleg þá væri hægt að fara í slíka framkvæmd. Mér finnst eðlilegt að það sé skoðað. Ég vil ekki fyrir fram útiloka að einhverjar breytingar megi gera á stíflunni. Það er mín afstaða. Þess vegna hef ég stutt þetta mál.

Hér hefur verið mikil umræða um 12 m, að stíflan hækki um 12 m. Ég skil hvernig umræðan leiddist inn á þær brautir. Það er vegna þess að Landsvirkjun lagði á sínum tíma fram drög að matsáætlun um 10–12 m hærri stíflu (**MÁ:** Á sínum tíma? Í sumar.) Já, fyrir ekki mjög löngu síðan (**MÁ:** Í sumar.) og því er mjög eðlilegt að umræðan sé um 10–12 m hærri stíflu. Ég hins vegar veit, eftir fund sem ég átti með stjórn landeigendafélagsins, og get fullyrt að það er ólíklegt að menn fallist á 12 m hækkun. Ég held að það sé bæði vegna náttúruverndarhagsmuna og vegna þess að þá þurfi að tæma þetta lón af sandi. Menn vilja skoða aðrar leiðir þannig að umræðan er að vissu leyti á villigötum þegar hún snýst um 10–12 m.

Ég heyrði að stjórn landeigendafélagsins vildi skoða aðrar útfærslur og þær hafa líka verið umtalsefni, þ.e. að skoða að fella sandinn mun ofar, þ.e. í Kráká eða fyrir neðan Haganes, og hreinsa þannig sandinn í efri hlutanum áður en hann kemur niður í virkjunina sjálfa og í hugsanlegt inntakslón þar. Þannig mætti hlífa efri hluta Laxár við sandburðinum og ekki þyrfti að koma til eins hárrar stíflu og menn hafa talað um, þ.e. 10–12 m eins og var skoðað í sumar — eins og kom fram í frammíkalli — hjá Landsvirkjun.

Heimamenn hafa því viljað láta skoða þessa möguleika og mér er kunnugt um að Landsvirkjun er að ræða möguleikana við heimamenn sem er mjög eðlilegt því Landsvirkjun veit að hún getur ekkert farið fram með einhverju offorsi í málinu, það gengur ekki. Heimamenn hafa sitt að segja og það er mjög eðlilegt í ljósi forsögunnar og í ljósi þess hvernig þetta mál er vaxið. Heimamenn, samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu, þurfa að samþykkja hækkun eigi hún að verða að veruleika og þá þýðir ekkert fyrir Landsvirkjun að fara fram með einhverju offorsi og láta skoða einhverjar hugmyndir í umhverfismati sem heimamenn hafa engan áhuga á að fallast á. Að sjálfsögðu verða menn að ræða saman og ná sátt um hvað eigi að skoða í hugsanlegu umhverfismati, verði bráðabirgðaákvæðið að lögum.

Ég hef heyrt í stjórn landeigendafélagsins og forustu þeirra og það hefur líka verið sagt opinberlega t.d. í Morgunblaðinu að heimamenn vilja gjarnan skoða hvort hægt sé að ná sátt og það hefur verið haft eftir þeim opinberlega. Mér finnst því að málið geti náð ágætislendingu af því að við erum að halda því til haga að það þarf að skapast sátt um málið eins og bráðabirgðaákvæðið hljóðar upp á. Það er enginn einn sem getur leyft þetta. Það er ekki einn aðili og ekki tveir, það eru þrír aðilar sem þurfa að koma að því, landeigendafélagið, Umhverfisstofnun þarf að gefa leyfi, að undangengnu umhverfismati og að því gefnu að

landeigendafélagið fallist á hugmyndir Landsvirkjunar, og sveitarfélagið þarf að gefa út framkvæmdaleyfi. Það þarf því að skapast víðtæk sátt eigi þetta að verða að veruleika.

Ég hef verið spurð að því hvert hlutverk umhverfisráðherra sé í þessu, af hverju iðnrh. sé ekki með þetta mál. Ég skil alveg af hverju menn spyrja að því. Málið er í eðli sínu ekki þannig að menn skyldu halda að umhvrh. ætti að bera það hingað inn. En lögin um vernd Mývatns og Laxár falla undir umhvrh., þar sem ákvæði er núna inni um að það er ekki hægt, að mínu mati, hvorki í umhverfismati né með öðrum hætti, að skoða lausn á þessu máli, lausn á því hvort hægt sé að koma eitthvað til móts við virkjunina þannig að hún geti áfram verið í rekstri.

Þess vegna kemur þetta inn í frv. sem ég flyt sem umhvrh. og það er mitt hlutverk samkvæmt lögum að bera ábyrgð á þessum lagabálki.

Það er stundum látið að því liggja í umræðunni að umhvrh. eigi að vera á móti öllum hugmyndum af þessu tagi, eins og að hækka stífluna. Þetta er gamall kunningi úr umræðunni um Kárahnjúkavirkjun, af hverju styður umhvrh. svona mál?

Ég vil í því sambandi segja að það er þannig með ráðherra almennt sem sitja í ríkisstjórn og bera ábyrgð á sínum málaflokkum að þeir verða að taka tillit til fleiri atriða og taka tillit til margra sjónarmiða. Ef umhvrh. ætti einungis að horfa til þrengstu náttúruverndarsjónarmiða þyrfti hann varla að vera til staðar. Þá væri bara eitt stórt nei gagnvart öllum hugmyndum af þessu tagi.

Hið sama má segja um aðra ráðherra. Á fjmrh. að vera á móti öllum skattalækkunum því þá fær ríkissjóður inn minni tekjur? Auðvitað ekki. Hann þarf að líta til annarra sjónarmiða eins og til einstaklinganna og til þess fjármagns sem þeir geta sjálfir nýtt með mjög góðum hætti, ekki í gegnum ríkissjóð. Það er hægt að fara yfir hlutverk allra ráðherranna og færa rök fyrir því að auðvitað verða þeir að líta til annarra sjónarmiða en þrengstu sjónarmiða sem undir þá falla. Það er ekki hægt að ætlast til þess að umhvrh., hver sem hann er á hverjum tíma, neiti að horfa til heildarhagsmuna.

Hér hefur einnig verið spurt um svæði eins og Dimmuborgir. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spurði mikið út í það atriði í gær: Á bara ekkert að gefa þar? Á bara að fella vernd af Dimmuborgum út og búa við það?

Nei, það er ekki þannig. Eins og hv. þm. geta lesið í frv., í ákv. til brb. II, á að vernda ákveðin svæði sem hafa hátt verndargildi á grundvelli náttúruverndarlaga. Það verður farið í þá vinnu og að sjálfsögðu verður haft mikið samráð við sveitarfélagið þar að lútandi.

Hér var einnig spurt í gær út í lagatæknileg atriði, hv. þm. Atli Gíslason nefndi nokkur lagatæknileg atriði sem honum fannst að rækjust á bráðabirgðaákvæðið. Ég tel að það séu ekki neinir lagatæknilegir gallar á frv. en það er eitthvað sem umhvn. mun að sjálfsögðu skoða í sinni umfjöllun.

Hér var einnig spurt: Af hverju var ekki sett inn í ákv. til brb. nr. III einhver metratala? Það var spurt: Ætti umhvn. að setja inn einhverja metra?

Ég verð að viðurkenna að ég skoðaði þetta atriði svolítið: Á að setja inn einhverja metra? Í ákv. til brb. III standa engir metrar, það stendur bara að það sé, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, unnt að hækka stífluna. Það hefði verið hægt að setja inn að unnt væri að hækka stífluna um allt að 12 metra, allt að 10 metra, allt að einhverjum öðrum tilgreindum metrum. Ég sé ekkert faglegt á bak við það. Af hverju ætti að setja inn einhverja tölu? Það er ekkert faglegt á bak við þá tölu.

Sumir heimamenn töldu að það væri mjög leiðandi ef það væri sett inn metratala, ef það stæði „allt að 10 metrum", „allt að 12 metrum", væri nánast eins og þingið væri að segja að það væri eiginlega það sem væri stefnt að. En það er alls ekki svo, alla vega hef ég ekki viljað hafa áhrif á það hvernig menn ræða saman og um hvaða metratölur. Ég tel að það sé ekki okkar hlutverk á þessu stigi, heldur eigi menn að ræða þetta í fullri vinsemd á milli heimamanna, Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar — hún þarf auðvitað að taka afstöðu eftir að umhverfismatið hefur farið fram — þá kemur sú útfærsla í ljós sem menn geta talið sig ná sátt um. Þess vegna voru engir metrar tilgreindir í ákv. til brb.

Eins og hefur verið rakið í umræðunni er málið mjög torsótt fyrir Landsvirkjun, þó að sumir þingmenn hafi látið líta svo út að það sé verið að opna þetta allt upp á gátt og þetta verði auðveldur eftirleikur o.s.frv. Það er ekki þannig. Þetta er mjög torsótt mál. Það er viðkvæmt, það er líka hægt að gera það miklu viðkvæmara ef menn vilja efna til slíks, en ég ber fullt traust til aðila og miðað við hvernig ég skynjaði heimamenn tel ég að það séu verulegar líkur á því að menn nái saman.

Það er m.a. vegna þess hvernig ferlið er hugsað. Það þarf að meta umhverfisáhrifin og menn meta ekki umhverfisáhrifin af framkvæmd sem er ólíklegt að sátt náist um. Það væri mikið glapræði ef Landsvirkjun mundi gera það. Að sjálfsögðu hlýtur Landsvirkjun að átta sig á þeirri stöðu, enda eru þeir að tala núna um allt aðra útfærslu en 10–12 metra við heimamenn.

Eftir að umhverfismat hefur farið fram þar sem umhverfisáhrifin eru metin þarf landeigendafélagið — eigi einhvers konar útfærsla að verða að veruleika — að vera sátt við framkvæmdina og leyfa hana, styðja hana. Ég ber fullt traust til þeirra að þeir muni skoða það mál og hafa til grundvallar þau atriði sem þeir hafa haft áhyggjur af, aðallega verndarhagsmunum, eins og ég hef skilið þá.

Í fjórða lagi þarf Umhverfisstofnun að veita leyfi fyrir framkvæmdinni og einnig öðrum framkvæmdum á svæðinu. Þetta svæði er mjög sérstakt gagnvart lögum því að Umhverfisstofnun þarf að veita leyfi fyrir framkvæmdum. Það er ekki þannig með flest önnur svæði á Íslandi, en það gildir samkvæmt lögum um þetta svæði. Umhverfisstofnun hefur að sjálfsögðu umhverfismatið til hliðsjónar en er ekki bundin af matinu, hún er alveg sértækur leyfisveitandi. Ég býst þó við því að umhverfismatið muni hafa veruleg áhrif á Umhverfisstofnun.

Síðan þarf sveitarfélagið að gefa út framkvæmdaleyfi.

Þetta er því torsótt mál og ekki hægt að ná því fram nema með víðtækri sátt. Ég tel að menn hafi talað hér á þeim nótum að það væri hægt að fara í hækkun með mjög auðveldum hætti, en það er ekki þannig.

Það hefur verið komið inn á þann möguleika hérna hvort hægt sé að klippa málið í tvennt. Er hægt — eins og hefur verið meginviðfangsefnið sem ég hef verið upptekin af — að skoða umhverfisáhrifin? Mér finnst mjög erfitt að ræða um þetta mál sem umhvrh. af því að ég veit ekki hver umhverfisáhrifin eru, þau hafa ekki verið skoðuð og það er ekki heldur búið að ákveða útfærslu til að skoða. Þess vegna er ég mjög hrifin af því að við skoðum umhverfisáhrifin.

Er hægt að gera bara það og taka síðar annað skref, þ.e. að þingið mundi samþykkja útfærslu sem heimamenn,

Landsvirkjun og hugsanlega Umhverfisstofnun hefðu sameiginlega fallist á þannig að Alþingi ætti síðasta orðið en ekki heimamenn, Umhverfisstofnun og sveitarfélagið í samstarfi við Landsvirkjun? Mér finnst mjög sérstakt að koma því þannig fyrir. Mér finnst órökrétt að heimila umhverfismat á framkvæmd sem ekki er heimiluð, sem er faktískt ólöglegt samkvæmt gildandi lögum. Mér finnst það lýsa því viðhorfi að menn treysti því ekki að þessir aðilar geti náð saman í sátt og hafi ekki trú á því. Mér finnst þetta samt hugmynd sem menn ættu að skoða í umhvn. Aðalatriðið af minni hálfu hefur verið það að mér finnst að það eigi að vera hægt að skoða möguleika á svona útfærslu. Ég hef skilið þetta þannig að eðlilegt væri að menn gætu klárað það mál með öllum þeim girðingum sem hér hefur verið lýst án þess að þingið kæmi að því aftur. En vilji menn skoða það að klippa málið í tvennt og telja að það sé eitthvað til bóta, sem ég er ekki sannfærð um, verða menn að skoða það í umhvn.

Málið er viðkvæmt og alls ekki hugsað þannig, alla vega ekki af minni hálfu, að það eigi að koma heimamönnum í einhvers konar erfiðleika, alls ekki, þeir hafa neitunarvaldið. Ég veit að þeir þurfa að ræða þetta mjög mikið núna, enda talsverðir erfiðleikar í rekstri virkjunarinnar. Frv. er alls ekki hugsað þannig af minni hálfu að það eigi að koma þeim í nokkra erfiðleika, heldur á það að opna fyrir umhverfismatið, láta það fara fram þannig að við getum séð umhverfisáhrifin, menn nái saman um útfærslur og menn gætu klárað einhvers konar útfærslu, hækkun á stíflunni sem er ekki há. Ég held að það sé algerlega útilokað að stífluhækkunin verði há. Það mundi enginn fallast á það, en eftir breytingarnar stæðu lögin ekki í vegi fyrir slíkri lausn. Eins og lögin eru núna þá standa þau í vegi fyrir slíkri lausn.

Hæstv. forseti. Þannig er þetta mál hugsað af minni hálfu og ég vænti þess að umhverfisnefndin, í ljósi þess hvernig málið er vaxið, muni skoða það vel í sínu nefndarstarfi.

[17:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Fremur fannst mér varnarræða eða afsökunarræða hæstv. umhvrh. aum, að hæstv. ráðherra gæti ekki látið umhverfið vera í forgangi, virt skyldur sínar og sýnt ábyrgð gagnvart því. Það á að ráða ferð því að hæstv. ráðherra yrði að taka tillit til fleiri hluta. Þetta minnir mann á upphafsdaga hæstv. ráðherra í embætti þegar hún afgreiddi fyrirhugaðar framkvæmdir á Eyjabökkum einfaldlega með því að hún væri bundin af afstöðu ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum. Við það sat. Svo mikið fyrir umhverfið. Því miður virðist hæstv. umhvrh. hvað þetta varðar ætla að enda á svipuðum nótum og hún byrjaði hvað metnað snertir fyrir hönd málaflokksins.

Hæstv. ráðherra segir í öðru lagi að hún telji að ekkert eigi að útiloka fyrir fram og það megi skoða málin. Enginn hefur hafnað því. Þvert á móti. Þó að hæstv. ráðherra og hv. þm. Halldór Blöndal rembist eins og rjúpan við staurinn við að reyna að sannfæra menn um að þetta snúist allt um að fá menn í góðu bróðerni til að skoða hlutina gengur það einfaldlega ekki upp. Það er ekkert í vegi þess að Landsvirkjun reyni að ná samkomulagi við landeigendur um einhverjar mögulegar aðgerðir, að menn rannsaki líkleg umhverfisáhrif þeirra aðgerða. Það er aldeilis ekki svo að rannsóknir séu bannaðar í Mývatnssveit og við Laxá. Hitt kann að vera að það orki tvímælis að hið lögformlega umhverfismat á tiltekinni framkvæmd fari fram ef það hefur í för með sér brot á lögunum nema það sé heimilað með þósitífu ákvæði en það er auðvitað hægt. Hefur hæstv. umhvrh. aldrei heyrt svonefnd þrátt-fyrir-ákvæði? Hefur hv. þm. Halldór Blöndal aldrei tekið þátt í því að samþykkja skerðingar á lögum með svokölluðu þrátt-fyrir-ákvæði? Ég skyldi ætla það. (Forseti hringir.) Það er eitthvað skrýtið við tímamælinguna, virðulegur forseti. Klukkan gekk ekki hjá mér. Hvað um það, tíminn er væntanlega búinn og ég skal láta ...

(Forseti (JBjart)**:** Hv. þm. fær annað tækifæri.)

Já, ég sá ekki að klukkan gengi í borðinu. Það sem ég ætlaði að leggja áherslu á, virðulegur forseti, er fyrst og fremst að það er ekkert í vegi þess að málsaðilar ræði saman um að reyna að koma sér saman um einhverjar lagfæringar þarna, rannsaki umhverfisáhrif þeirra. Síðan er hægt að leggja málið fyrir samkvæmt hinum formlega hætti. Fyrr er það ekki tímabært.

[17:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst við vera að nálgast ansi mikið í þessu máli. Ég heyri að hv. þm. talar núna um að það orki tvímælis að farið sé í umhverfismat nema við breytum lögunum eins og bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir. Ég er sammála því. Það orkar tvímælis. Það orkar svo tvímælis að ég tel alveg óhjákvæmilegt að við breytum lögunum. Það er það mikil réttaróvissa við að svokallað lögformlegt umhverfismat geti farið fram nema þetta bráðabirgðaákvæði nái fram að ganga.

Sá er grunnurinn að öllu málinu, að við skoðum umhverfisáhrifin af þeim framkvæmdum sem við teljum að menn geti náð sátt um á svæðinu. Það má heldur ekki gleyma Umhverfisstofnun sem þarf að gefa leyfi líka. Síðan vill hv. þm. staldra við þar, hann vill leyfa umhverfismatið en síðan fá málið inn aftur ef menn ná sátt. Ég hefði talið eðlilegra að menn gætu klárað málið í sátt og samlyndi af því að verið er að lögbinda neitunarvald landeigendafélagsins þannig að það er ekki hægt að fara í þetta mál nema í sátt við það.

Ef menn telja þetta vera þannig vaxið að eðlilegra sé að taka bara umhverfismatið og koma svo með eitthvert þrátt-fyrir-ákvæði, sem sé að fara þá ekki alla leið og gefa eitthvað sem umhvn. getur skoðað. Ég taldi eðlilegt að menn gætu klárað þetta (Gripið fram í.) og ef menn næðu saman í sátt og samlyndi stæðu lögin ekki í vegi fyrir því og þetta þyrfti ekki að koma inn aftur. Þannig var þetta hugsað frá okkur séð.

[17:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel út af fyrir sig að í þessari umræðu hafi málið þokast áleiðis, að málið hafi opnast hvað varðar störf hv. umhvn. Það er í sjálfu sér þakkarvert. Sömuleiðis óskaði formaður iðnn. eftir því að iðnn. tæki þann þátt málsins að sér sem snýr að raforkuöflun, færi yfir hann og yfirheyrði Landsvirkjun, og það held ég að sé sömuleiðis mjög þarft. Landsvirkjun verði þá gert að leggja spilin á borðið hvað varðar rekstrarforsendur þessarar virkjunar og þá erfiðleika sem þarna er við að etja þannig að það liggi allt saman fyrir en sé ekki rætt í einhverjum véfréttarstíl.

Eitt er að mínu mati alveg ljóst. Þurfi að ljúka máli í samkomulagi á ekki að byrja á því að segja sundur friðinn. Er það ekki nokkuð augljóst, frú forseti, að það er ekki gæfulegt upphaf að máli sem er þannig um búið í lögum að menn komast ekkert áfram nema ná samkomulagi að lokum? Þá er

ekki gæfulegt upphaf að fara af stað með málið á þann hátt sem veldur grenjandi ágreiningi. Það liggur fyrir að ef þetta ákvæði til bráðabirgða III verður lögfest fer út úr lögunum það bann sem þar er gegn því að hækka vatnsborðið. Því eru landeigendur andvígir, samanber ályktun þeirra frá því núna um miðjan febrúar. Það liggur fyrir. Verður þá ekki hæstv. umhvrh. að viðurkenna, horfast í augu við það, að það er ekki gæfulegt upphaf á málinu að segja sundur friðinn við þá sem þarf síðan að ná samkomulagi við ef menn ætla að komast lönd eða strönd? Hvers konar vitleysa er þetta þá orðið?

Auðvitað á að taka ákvæðið út. Ef það er til þess fallið að ná aftur samkomulags- og samvinnuandrúmslofti upp í samskiptum við aðila geta menn haldið áfram að vinna heimavinnuna sína, reynt að koma sér saman, rannsakað áhrif þeirra mögulegu aðgerða sem samkomulag kann að takast um og þá er tímabært að koma með málið að nýju fyrir þingið.

[17:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að við höfum verið að segja í sundur friðinn með þessu. Ég átti mjög góðan og uppbyggilegan fund með stjórn landeigendafélagsins þar sem við fórum yfir þetta mál í mesta bróðerni (**Gripið fram í:** Annað stendur í ályktuninni.) og það var afar fínn fundur. Menn eru hins vegar núna að ræða saman um útfærslu. Á þeim tíma var ekki verið að ræða um neinar útfærslur en ég heyrði alveg hvað heimamenn sögðu. Þeir vildu láta skoða ákveðna hluti í umhverfismatinu færi það fram. Núna er Landsvirkjun að skoða þær hugmyndir sem heimamenn hafa þannig að ég tel ekki að við höfum verið að segja í sundur friðinn með nokkrum hætti í þessu máli. Það er verið að útbúa þetta bráðabirgðaákvæði þannig að heimamenn hafa síðasta orðið eins og oft hefur verið nefnt í þessu sambandi. Ekki er hægt að fara í framkvæmdir á staðnum nema þeir séu sáttir við slíka framkvæmd. Umhverfisstofnun þarf líka að veita leyfi. Lögin eru þannig að það er mjög torsótt að fara í breytingar og bara útilokað nema menn geri það í sátt. Hvað vilja menn meira en það?

Mér finnst að þessu máli sé mjög eðlilega fyrir komið í þessu bráðabirgðaákvæði en vilji menn skoða það eitthvað frekar gerir umhvn. það. Ég er sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er eðlilegt að þetta mál fái mjög góða skoðun af því að það er alls ekki sama hvað er gert á þessu svæði, alls ekki. Þetta er þannig svæði. Ég tel þó ekki eðlilegt fyrir fram, eins og margir þingmenn hafa sagt hér, að útiloka algerlega að til einhverrar stífluhækkunar komi. Ég tel eðlilegra að það verði skoðað í umhverfismati.

[17:41]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég átti eftir þessa brekku og var ekki viss um hvort ég ætti að nýta mér þann rétt að taka til máls öðru sinni. Ég vonaðist til þess að hugsanleg ágreiningsefni eða álitamál sem þyrfti að eiga við hæstv. umhvrh. væri hægt að afgreiða í andsvari en því miður olli ræða hæstv. umhvrh. mér nokkrum vonbrigðum. Eftir þessa ítarlegu umræðu sem farið hefur fram í gær og í dag svaraði hún sárafáu af því sem hún var um spurð eða af því sem hér kom fram og stendur upp á þetta bráðabirgðaákvæði og orð hennar um það.

Þó sagði umhvrh. eitt merkilegt og það var um verksvið ráðherra. Ég get verið henni alveg sammála um að það er fullódýrt orðalag sem stundum er haft um ráðherra, að þeir eigi þegar þeir eru orðnir yfirmenn í ráðuneytum þar með að vera eins konar fulltrúar eða hagsmunagæslumenn þess málasviðs og þeirra hagsmunaaðila sem þar safnast undir. Það höfum við reynt í þessu samfélagi með ákaflega misgóðum árangri. Má t.d. nefna landbrn. því til staðfestingar. Þar hafa löngum stundum safnast saman í ráðuneytið sjálft sérstakir hagsmunaverðir þeirra hagsmunaaðila sem þar koma nærri og landbrh. á hverjum tíma hefur oft litið á sig sem einhvers konar formann í stéttarfélagi þeirra sem undir hann heyra.

Það er auðvitað ekki svo sem á að skilja hlutverk ráðherra. Það á að skilja hlutverk þeirra sem pólitískra leiðtoga sem taka að sér forustu og eru kjörnir til hennar á vissu málasviði. Þeim er auðvitað skylt að bera það fyrir brjósti og horfa einkum á heiminn með gleraugum þess sviðs en þeir eiga fyrst og fremst að gæta almannahagsmuna á því málasviði. Þeir eiga fyrst og fremst að hugsa um samfélagið í heild og um hagsmuni almennings á því málasviði, þar með talinna þeirra sem eiga hagsmuna að gæta, en þeir eiga ekki að setja sig upp sem vörslumenn einhvers konar hagsmunaaðila innan málasviðsins.

Af þessu leiðir að þegar umhvrh. mætir máli eins og því sem hér er til umræðu á hæstv. umhvrh. að hugsa: Hvaða brýnu hagsmunir reka mig til þess að fara hér að því sem Landsvirkjun er að biðja mig að gera? Það hefur í raun og veru ekki komið enn í ljós. Hæstv. umhvrh. hefur ekki svarað því fyrir þingheimi og þjóðinni hvaða brýnu hagsmunir reka hana til þess. Engin rök koma fram með staðreyndum, með útreikningum. Engar rannsóknir eru nefndar um það meginmál sem slagurinn snýst um.

Umhvrh. hefur ekki sinnt því að ná í þá útreikninga frá Landsvirkjun sem hljóta að liggja að baki fullyrðingum þeirra um að Laxárvirkjun sé óhagkvæm rekstrareining og útreikningana sem hljóta að liggja með einhverjum hætti að baki því að hún verði skárri rekstrareining með þeirri stíflu sem þeir hafa talað um, 10–12 metra hárri, og töluðu um í áætlun sem gefin var út í júní í sumar. Það er auðvitað hæstv. umhvrh. enn þá skyldara að telja fram þá brýnu hagsmuni og koma fram með staðreyndir áður en hún leggur fram frv. sem hún telur sig hafa meiri hluta fyrir þegar hún leggur það fram, eins og hinu vesæla lýðræði okkar er skipað með þessum þingræðislega útúrsnúningi sem störf Alþingis með nokkrum hætti eru. Við vitum að svæðið er eitthvert það einstakasta og sérstæðasta á íslensku landi. Við vitum og teljum það vera í flokki með Þingvöllum og Þjórsárverum. Laxá er í flokki með fyrirbrigðum eins og Gullfossi og Geysi, Dettifossi, Surtsey, Ásbyrgi, jöklunum, Breiðafjarðareyjum og svo má lengi telja. Þegar menn eru með slíka hluti í fanginu og ætla að rjúfa á þeim vernd og opna fyrir miklar framkvæmdir sem enginn veit hvernig enda verða menn að vera með sitt á þurru, þá verða menn að hafa lært heima og það hefur hæstv. umhvrh. ekki gert í þessu efni.

Eða hvað? Hvar er verndaráætlunin sem Íslendingum er skylt að gera um þetta svæði sem hér um ræðir samkvæmt alþjóðlegum samningum, kenndum við Ramsar í Íran, sem á að liggja fyrir áður en nokkru er hreyft? Þá á ég við báða hluta frv., og umhvn. þarf auðvitað líka að skoða mjög vendilega með fyrri hlutann hvort hleypa eigi honum í gegn án þess að þessi verndaráætlun liggi fyrir. Það er í raun og veru eitt atriðið í viðbót sem sýnir að hæstv. umhvrh. og umhvrn. hafa ekki lært heima í þessu máli og virðist liggja á.

Hér hefur verið mikil deila um umhverfismatið. Hv. 2. þm. Norðaust. hló mikið að því að menn væru að opna á það, þingmenn sem ræddu þetta í salnum, að hugsanlegt væri að láta undan með þeim hætti að umhverfismat mætti fara fram. Hvers vegna sögðu þingmennirnir það? Jú, það var ekki vegna þess að þeim hefði dottið það í hug sjálfum heldur var það hæstv. umhvrh. sem í upphaflegum rökstuðningi sínum fyrir málinu taldi að þetta mál væri flutt til þess að eyða réttaróvissu um það hvort gera mætti umhverfismat. Og þegar hv. þingmenn koma upp í stólinn, a.m.k. Kristinn H. Gunnarsson og Steingrímur J. Sigfússon, og segja: Ef hæstv. umhvrh. vill þetta, þá skulum við fallast á það, þá telja bæði, þessi hv. þm. sem nú er ekki í salnum, hv. 2. þm. Norðaust., og hæstv. umhvrh. sjálf, það ekki fullnægjandi þannig að málið getur þá ekki staðið um réttaróvissuna lengur hjá hæstv. umhvrh. og hefur kannski aldrei staðið um þá réttaróvissu.

Ég vil nefna eitt af því sem hæstv. umhvrh. svaraði ekki en hv. 2. þm. Norðaust. ræddi einmitt og það var byggðapólitíkin í þessu samhengi. Þar vantar auðvitað enn að Landsvirkjun skýri sitt mál, að Landsvirkjun leggi fram grundaða reikninga. Hún hefur nóg af fólki til þess að gera það. Hvernig er staðan núna? Hvernig hefur staðan verið í þessi 30 ár? Hefur Landsvirkjun verið að tapa, virkjunareigendur þarna verið að tapa allan þennan tíma? Hvernig er staðan með virkjunina hjá Landsvirkjun frá 1983 þegar hún tók við henni og hvernig á þetta að vera áfram? Þetta þurfa auðvitað heimamenn að vita þegar þeir líta á þetta í byggðapólitísku samhengi.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spáði því að ef af þessum framkvæmdum yrði þá gætu þær ekki falist í öðru en því að störfum í kringum virkjunina mundi fækka. Þegar maður lítur á þær tölur sem hafðar hafa verið í frammi, m.a. er tala frá yfirmanni Landsvirkjunar um að þarna sé um 12 stöðugildi að ræða, sumarvinna unglinga innreiknuð, þá furðar mann auðvitað á því að virkjun sem skilar í raun og veru jafnlitlu skuli hafa svona marga menn í vinnu, þannig að sennilega eru spádómar hv. þm., sem ég nefndi áðan, réttir um þetta mál. Hvað hefur hæstv. umhvrh. um þetta að segja? Ekki neitt.

Í framhaldi af þessu hlýtur maður að taka þá umræðu sem síðust var og er auðvitað í tengslum við þetta umhverfismat: Það þarf umhverfismat til þess að kanna hvað hægt sé að gera á þessu svæði, hvað hægt sé að gera til þess að laga þau vandamál sem annars vegar virkjunin á við að stríða, sem er fyrst og fremst og nánast eingöngu sandburðurinn, og hins vegar hvort tilteknar aðgerðir geti nýst bæði virkjuninni og laxastofninum í ánni neðan stíflu í Aðaldal. Og þá verður hæstv. umhvrh. að svara því hvaða lagaákvæði banna það að hægt sé að rannsaka sandburðinn í Kráká, hvaða lagaákvæði banna rannsóknir um það hvernig frekari uppgræðsla í Krákárbotnum getur heft sandburð í ána. Hvað í lögunum um Laxá og Mývatn bannar það að gefið sé leyfi fyrir tilraunir með sandgildru eða einhvers konar sandstíflu í Kráká þannig að menn geti reynt að ganga úr skugga um það hvernig slík gildra muni reynast? Það er fullkomlega óvíst eins og nú er málum komið.

Svar sem sá fátæklegi lögspekingur sem hér talar hefur fundið er það að ekkert í lögunum banni þær rannsóknir, þessar tilraunir. Það sé hægt að gefa leyfi fyrir þeim til bráðabirgða án þess að nokkuð skemmist, án þess að þingið þurfi nokkuð um það að fjalla. En þá er auðvitað ekki þar með opnað á stífluna miklu efst í Laxárgljúfrum sem þetta frv. fjallar um.

Hæstv. umhvrh. segir, og það er auðvitað ný upplýsing í málinu og skrýtið að hún skuli koma fram á öðrum degi og ekki upphaflega í ræðu umhvrh., að nú sé Landsvirkjun að ræða einhverja möguleika við heimamenn. Það veit ég ekki um og þykja það miklar fréttir vegna þess að við vitum auðvitað að þreifingar hafa verið á milli Landsvirkjunar og heimamanna áður og þær enduðu í strandi á sínum tíma. Heimamenn hafa ekki fallist á þá tegund af stíflu sem Landsvirkjun vill, sem er 10–12 metra hækkun og helst 12, af ýmsum ástæðum sem hér hafa verið raktar mjög dyggilega í umræðunni. Ef Landsvirkjun er að ræða einhverja möguleika við heimamenn, af hverju mega heimamenn ekki ræða þá möguleika í friði við Landsvirkjun? Hvernig stendur á því að við á þinginu erum að ræða um frv. sem einmitt bætir vígstöðu Landsvirkjunar í þessum þreifingum og samningum og viðræðum við hana? Það er undarlegt vegna þess að það hlýtur að vera, ef ég les rétt í umræður manna og orð hæstv. umhvrh., að verið sé að ræða um einhverjar af þeim lausnum eða hugsanlegu lausnum sem ég taldi upp sjálfur í fyrri ræðu minni og ekki þarf breytingar á lögunum um Laxá og Mývatn til þess að fara í. Eigum við því ekki að leyfa Landsvirkjun, og gefa til þess fjárveitingar á þinginu ef til þarf, að fara í þessar rannsóknir og þessar tilraunir áður en við tökum ákvörðun sem getur orðið afdrifarík? Eða er frv. að lokum flutt, vegna þess að oft hefur verið um það spurt hvað reki umhvrh. til þess að flytja þetta frv. án þess að nokkrir brýnir almannahagsmunir sjáist á bak við, til þess að auka þrýstikraft Landsvirkjunar í samráði við þessa heimamenn? Er það svo að umhvrh. hafi látið hafa sig út í það að hafa gert sig að þeim apa Landsvirkjunar að flytja frv. — sjálfsagt í góðri trú því ég vil trúa því, og geri, að hæstv. umhvrh. sé unnandi náttúru og með þokkalega nútímalegt skynbragð á umhverfisvernd og samhengi manns og náttúru — að umhvrh. hafi látið Landsvirkjun reka sig út í það að gera sig að þrýstiáila í þeim þreifingum sem nú fara fram? Það væri fróðlegt að vita hverju hæstv. umhvrh. svarar um það.

Hæstv. umhvrh. kvartar yfir því að vera sögð rjúfa sáttargjörð, að hún sé sögð griðrofi hér á þinginu. Þá verður að vísu að leiðrétta hana með það, ég held að enginn í umræðunum hafi gert það því að þau orð koma ekki frá gagnrýnendum hennar hér heldur frá gagnrýnendum hennar í héraði. Orðið griðrof kemur fyrir í samþykkt Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi um þetta mál. Það er sterkt orð. Það hefur hljóm margar aldir aftur í Íslandssöguna og hennar elstu tíma. Að rjúfa grið á mönnum var eitthvert versta athæfi sem hægt var að gerast sekur um og það er ekki nema von að hæstv. umhvrh. láti sér það illa líka.

En hvað gerðist árið 1973 og 1974? Það tókst samkomulag sem auðvitað var upphaf nýrra tíma eftir þá deilu sem þarna varð. Það tókst samkomulag. Aðilar máls í því samkomulagi voru í fyrsta lagi landeigendur, í öðru lagi virkjunareigendur, í þriðja lagi Alþingi og ríkisstjórn fyrir hönd þjóðarinnar. Og hvers vegna var það Alþingi og ríkisstjórn fyrir hönd þjóðarinnar? Vegna þess að landeigendur gengu að þessum sáttum, sem þeir út af fyrir sig þurftu ekki að gera, því aðeins að þær yrðu staðfestar af Alþingi og ríkisstjórnin tæki ábyrgð á þeim. Það var auðvitað til þess að fá þá tryggingu eina sem þeir töldu duga í ójöfnum leik við eiganda virkjunarinnar sem þá var Laxárvirkjunarfyrirtækið

sjálft en nú er Landsvirkjun og leikurinn hefur síst jafnast við það.

Það sem nú er að gerast með þessu frv., ef það verður að lögum, er að verið er að taka þessa baktryggingu frá landeigendum. Það er sem sé verið að hætta þeirri öryggisvörslu sem var skilyrði þess að landeigendur á sínum tíma gengu að samkomulaginu. Nú er ætlast til þess að Alþingi falli frá því veði sem það sjálft og ríkisstjórnin settu með nokkrum hætti á sínum tíma fyrir því að þessi sátt gæti tekist, þessi þjóðarsátt um Laxá og Mývatn. Að það rjúfi griðin, rjúfi þau grið sem sett voru árið 1973 og 1974 í kringum eitthvert einstæðasta ársvæði á landinu og sennilega á norðurhveli jarðar, a.m.k. eftir því sem ýmsir lax- og silungsveiðimenn herma. Umhvrh. þarf því ekki að vera hissa á þessu þegar hún skoðar forsögu málsins og reynir að setja sig inn í þær tilfinningar sem þarna eru að baki, og þegar hún reynir að setja sig inn í þá táknrænu stöðu fyrir utan hinn mikla efnislega þunga sem þetta mál hefur í Íslandssögunni, upphaf þess málaflokks nánast sem hæstv. umhvrh. hefur verið valin til þess að hafa pólitíska forustu og leiðsögn um, a.m.k. fram að 15. september á þessu ári.

Að lokum þetta. Málið í kjarna sínum stendur svona: Landsvirkjun segir: Við getum ekki rekið þessa virkjun ef við fáum ekki að hækka stífluna. Þið verðið að veita okkur heimild til þess að hækka stífluna. Það er út af sandinum. Þess vegna kemur Landsvirkjun til umhvrh. og lætur hana með einhverjum hætti, sem ég kann ekki og þekki ekki og væri fróðlegt að fá að heyra, flytja þetta frv. sem hér um ræðir, bráðabirgðaákvæðið í því. Ég segi, og mér finnst það svo einfalt og mér finnst það svo sjálfsagt að ég skil ekki af hverju hæstv. umhvrh., sem er með fullu ráði og rænu og vörpuleg kona á besta aldri, getur ekki fallist á það með mér, eða fæst a.m.k. ekki til að ræða það, ég tel að við eigum að segja við Landsvirkjun á móti: Já, þetta getur verið alvarlegt mál en þið hafið ekki sýnt okkur fram á hvernig hægt væri að gera þetta með öðrum hætti en þeirri miklu stífluhækkun sem þið töluðuð um í júní í sumar. Þið hafið ekki komið með rannsóknir, þið hafið ekki gert þær tilraunir sem með þarf. Ef þið viljið hjálp til að gera þær erum við reiðubúin til að veita þá hjálp. Þið hafið heldur ekki komið með þær rekstrartölur í fortíðinni, núna eða í framtíðinni sem geta gefið mér — á hæstv. umhvrh. að segja — einhverja ástæðu til þess að tala um það við Alþingi Íslendinga að rýma til í þessu máli.

Það stendur ekki steinn yfir steini í málflutningi Landsvirkjunar fyrr en hún kemur með áþreifanlegar staðreyndir, áþreifanlegar tölur, áþreifanlegar rannsóknaniðurstöður, bæði um það sem varðar rekstrarþáttinn og um þann mikla sandburð sem hún kvartar undan, og er reyndar þannig, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni og tel ástæðu til að endurtaka hér, að Landsvirkjun veit ekki einu sinni hvort heldur það eru 50–60 þúsund tonn sem koma í ána á hverju ári eða 15–20 þúsund tonn. Og ef hikið á Landsvirkjun í staðreyndaöflun sinni er af þessari gerð held ég að við eigum hvorki að hleypa henni lönd né strönd í þessu máli og kannski ekki öðrum heldur.

[18:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig í ræðu minni áðan hafa reynt að svara því helsta sem til mín var beint. Það er leitt ef hv. þm. telur að svo sé ekki. En mér fannst ekki alveg við hæfi að hv. þm. væri að líkja manni við ónefnda dýrategund. Mér finnst að hv. þm. geti aðeins reynt að gæta betur að orðavali í ræðum á Alþingi.

Hv. þm. spyr: Hvaða brýnu hagsmunir liggja að baki? Það hefur margoft komið fram í þessu máli að það eru rekstrarerfiðleikarnir hjá Landsvirkjun. Það liggur að baki en ekki verndun og ræktun eins og stendur í lögunum að megi veita heimildir til að fara í á svæðinu. Það er margoft búið að fara yfir það. Mér skilst að málið snúist m.a. um endurnýjun á búnaði. Vélarnar eru að eldast, m.a. út af þessum erfiðleikum með sand og ekki bara sand heldur líka með grjót og ís. Það kostar um eða yfir 700 millj. kr. að endurnýja búnaðinn. Menn telja mjög hæpið að fara í það nema menn geti tekist á við þennan rekstrarvanda, þetta mikla slit sem verður á vélunum.

Síðan spurði hv. þm.: Hvaða ákvæði er þetta sem bannar rannsóknir o.s.frv.? Ég býst við að hægt sé að fara í alls konar rannsóknir þarna, að vísu þarf sjálfsagt leyfi Umhverfisstofnunar til. En það þarf miklu meira en rannsóknir á sandinum eins og hér var verið að tilgreina. Það þarf líka að leysa þessi ís- og grjótvandamál, ef menn vilja leysa þau. Það þyrfti að gerast með umhverfismati. Að mínu mati þyrftu rannsóknir að fara fram á þeim forsendum ef menn ætla að standa með eðlilegum hætti að því að leyfa einhvers konar hækkun á þessari stíflu. Þá finnst mér eðlilegt að það sé gert í hefðbundnu umhverfismati og menn geti skoðað það með allt uppi á borðinu.

Hv. þm. spyr: Af hverju mega ekki menn ræða í friði? Jú, menn mega ræða í friði. Þeir eru að því og gera það í friði. En samkvæmt ákvæðinu mættu menn líka klára málið ef víðtæk sátt næst.

[18:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég kannast ekki við þessar dýralíkingar en hafi ég misst eitthvað ... (**Umhvrh.:** Api Landsvirkjunar.) Nei, það er nú ekki dýralíking, hæstv. forseti, heldur úr Hávamálum. Margur verður af aurum api, og ekki verið að líkja mönnum við dýr þar heldur eðliseinkenni sem höfundar Hávamála geta kannski skýrt betur en ég.

Varðandi hina brýnu hagsmuni þá hefur hæstv. umhvrh. ekki skýrt þá enn þá. Hún talar um vélar og um endurnýjun upp á 700 millj. kr. Hvað þýðir það? Hver er arðsemin núna og hver verður arðsemin þá? Hvað verður Laxárvirkjun lengi að vinna sig upp? Það þýðir ekki að koma með eina tölu sem hæstv. umhvrh. hefur heyrt hér á göngunum nánast. Það verða að koma fram plögg sem sýna okkur þetta svart á hvítu.

Það er hægt að fara í rannsóknir á sandinum. Það er alveg rétt. Og það getur vel verið að þær rannsóknaniðurstöður leiði til þess að menn telji þörf á að sækja um leyfi til Alþingis, ef það þarf, til að fara í tilteknar framkvæmdir á svæðinu, til að hækka stífluna um eitthvað smávegis eða breyta inntaksmannvirkjunum, sem ekki hefur verið gert í 30 ár af einhverjum dularfullum ástæðum.

Þá tekur Alþingi á því þegar þar að kemur, einkum ef um það tækist sátt meðal virkjunarmanna og landeigenda á svæðinu. Ég geri ráð fyrir að ef slík sátt tækist, þannig að fullt jafnræði ríkti milli þeirra sem um það fjalla, þá mundi ekki standa á Alþingi, hvorki á hæstv. umhvrh. né okkur sem stöndum á móti þessari heimskulegu stífluhækkun og því bráðabirgðaákvæði sem á að leyfa hana. Það mundi ekki standa á okkur að taka það til mjög jákvæðrar og góðfúslegrar athugunar.

[18:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef þetta er afstaða Samf. þá hef ég eitthvað misskilið hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Hún talaði um að það ætti ekki að hækka þessa stíflu, þar væru ákveðin mörk sem menn drægju í náttúruvernd á Íslandi og ætti hreinlega ekki að hækka stífluna.

Varðandi þessar tölur um rekstur á virkjuninni þá eru þær ekki upphæðir sem maður heyrir nefndar hér á göngunum. Það er ekki þannig. Í þeim gögnum sem ég hef frá Landsvirkjun kemur fram að það kostar 700 millj. kr. eða meira að fjárfesta í nýjum búnaði og hagnaður af rekstri Laxárstöðva er núna tæpar 10 millj. kr. á ári. Það er mat fyrirtækisins að óbreyttur rekstur stöðvanna í Laxá réttlæti tæplega stór fjárútlát.

Þetta er staðan. Það er það sem liggur að baki þessu máli. Menn vilja skoða hvort hægt er að fara í einhverja útfærslu sem sátt næst um, m.a. vegna takmarkaðra umhverfisáhrifa, þannig að ekki þurfi að koma til hugsanlegrar lokunar á þessari stöð.

Virkjunin hefur auðvitað sitt að segja í samfélaginu á þessu svæði eins og hér hefur margoft komið fram í umræðunni. Hún er mikilvæg á svæðinu. Mér finnst eðlilegt að skoða hvort þetta sé hægt. Ef þetta er ekki hægt þá fara menn ekki í neinar breytingar. En þá getur líka vel verið að stöðinni verði lokað. Það verður þá bara að hafa það, eins og hér hefur komið fram. En með bráðabirgðaákvæðinu er verið að opna möguleikana á umhverfismati og á að menn klári það ef sátt næst milli aðila.

[18:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er rétt hjá hæstv. umhvrh. að Samf. fellst ekki á lagafrumvörp um hækkun stíflu nema það sé ljóst til hvers hún muni leiða og að hún muni ekki hafa umhverfisáhrif sem neikvæð geti talist.

En auðvitað kemur til greina að breyta inntaksmannvirkjum ef um það næst sátt milli landeigenda og virkjunarmanna og sú sátt er talin skynsamleg. Það er auðvitað þannig. En þá verður enn einn aðili að málinu, þ.e. þjóðin með fulltrúum sínum á þingi og í ríkisstjórn, að telja þá sátt og þá aðferð þannig að hún sé í beinu framhaldi af því hlutverki sem menn tóku að sér árin 1973 og 1974 í þessu máli.

Það er gaman að fram skuli komnar tölur um afkomu Laxárvirkjunar. Það er í fyrsta sinn sem þær heyrast í þessari umræðu. Umhvn. mun að sjálfsögðu kalla eftir slíkum tölum og iðnn. heyrist mér líka. Nefndirnar munu fara mjög vandlega í gegnum þær og í gegnum önnur rök sem Landsvirkjun leggur væntanlega fram fyrir máli sínu, beint eða í gegnum hæstv. umhvrh. En það er furðulegt að þau skuli ekki koma fram fyrr. Enn á eftir að gera allar þær rannsóknir og tilraunir sem menn hafa sagt að kynnu að bjarga málinu án þess að fara í hækkun stíflunnar efst í Laxárgljúfri. Þar stendur hnífurinn nú aðallega í kúnni, þannig að ég noti annað dónalegt dýranafn.

[18:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason líkir Mývatnssvæðinu við Öxará, Gullfoss og Geysi. Hæstv. umhvrh. hefur tekið undir sérstöðu svæðisins. Í framhaldi af því er rétt að spyrja hv. þm. hvort það megi beita sömu röksemdafærslu og hæstv. umhvrh. notar á fleiri svæði, t.d. hvort telja megi nauðsyn á að fara út í umhverfismat á Öxará og Gullfossi. Mætti beita sömu röksemdafærslu á þeim svæðum og beitt er í þessu máli?

Ég get tekið undir það að ég átta mig ekki á röksemdafærslu hæstv. ráðherra hvað varðar umhverfismatið.

[18:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er von að hv. þm. spyrji um þetta. Það er auðvitað leiðinlegt að hæstv. ráðherra skuli ekki svara honum. Ekki ætla ég að svara fyrir ráðherrann hér en mér sýnist að hæstv. ráðherra kunni með sama hætti að koma fram með frv. um þau svæði sem nefnd voru ef Landsvirkjun eða einhverjum slíkum öflugum aðilum líst á að gott væri að fara þar í tilteknar framkvæmdir. Þá þyrfti mjög nauðsynlega á umhverfismatinu að halda. Það væri auðvitað ekki þannig að menn væru að leyfa framkvæmdirnar. Þeim dytti jafnvel ekki í hug að framkvæmdirnar kæmu til greina en þá þyrfti mikið á umhverfismatinu að halda.

Menn hafa kvartað yfir því með hæstv. umhvrh. og stefnu hennar í Stjórnarráðinu að hún virðist ekki setja nein mörk. Það virðist ekki vera neinn staður á landinu sem hún virðir þannig að þar verði ekki lengra gengið, að þar sé komið að þeim skilum að mönnum detti ekki í hug að fara í neinar framkvæmdir nema þær sem kunni að firra slysum eða bæta fyrir það sem mannskepnan hefur gert í náttúrunni. Hjá henni fyrirfinnst ekki neitt slíkt samanber þá yfirlýsingu ráðherrans að friðlýsingar séu tímabundið athæfi og á þeim eigi ekki að taka mark nema í stuttan tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erlendar starfsmannaleigur, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 125. mál. — Þskj. 125.

[18:13]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um erlendar starfsmannaleigur. Þessi tillaga er á þskj. 125 og 1. flutningsmaður hennar er Össur Skarphéðinsson, sem því miður varð að fara annað einmitt á þessum tíma. Þess má geta honum til afsökunar að málið hefur tvisvar áður verið á dagskrá en ekki verið tekið til umræðu.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um starfsemi erlendra starfsmannaleigufyrirtækja. Markmið frumvarpsins skal vera tvíþætt: Í fyrsta lagi að tryggja að erlendir starfsmenn sem koma á vegum starfsmannaleigna til starfa á Íslandi njóti í hvívetna sambærilegra réttinda og Íslendingar á vinnumarkaði. Í öðru lagi að koma í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum sem leigja vinnuafl gegnum starfsmannaleigur.

Félagsmálaráðherra hafi við samningu frumvarpsins náið samráð við verkalýðshreyfinguna. Hann skal leggja frumvarpið fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er.“

Það er ljóst að þetta frv. er flutt í framhaldi af viðburðum sem urðu í sumar og halda nú áfram við Kárahnjúkavirkjun fyrir austan. Rökstuddur grunur leikur á að erlend starfsmannaleiga með höfuðstöðvar í Lissabon, Portúgal, hafi

ráðið erlenda starfsmenn til starfa á vinnusvæði ítalska verktakans Impregilo við Kárahnjúka á kjörum sem eru lakari en lögmætt er samkvæmt virkjanasamningi sem er í gildi milli aðila íslenska vinnumarkaðarins um starfsemi við virkjanir á hálendinu.

Þetta er staðfest m.a. af ljósritum sem flutningsmenn tillögu þessarar og fleiri samfylkingarþingmenn hafa undir höndum af einstaklingsbundnum ráðningarsamningum milli einstakra starfsmanna á svæðinu og framkvæmdastjóra viðskiptasviðs starfsmannaleigunnar Select, sem heitir því ágæta nafni sem frægt er, einkum hjá íslenskum stúdentum í París og mun þar önnur vist en hjá þessari starfsmannaleigu. En þessi stjóri heitir Gualdino Diniz. Samkvæmt þessum bréfum voru portúgalskir iðnaðarmenn ráðnir á töxtum sem eru langt undir því sem samningar kveða á um á Íslandi.

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa með aðstoð túlks rætt við erlendu verkamennina á vinnusvæðinu við Kárahnjúka og tekið við yfirlýsingum sem innihalda þær upplýsingar sem þeir meta trúverðugar og má um þær fræðast í fylgiskjölum með frv. Þar kemur fram að undir lok septembermánaðar voru meira að segja hinir ólögmætu einstaklingsbundnu samningar brotnir. Starfsmenn fengu ekki þá frídaga sem samningurinn kvað á um og voru látnir vinna alla daga vikunnar fram að hádegi á sunnudegi, án aukaálags. Starfsmennirnir segjast jafnframt hafa þurft að undirrita ódagsett uppsagnarbréf. Það þýðir í reynd að starfsmannaleigan getur án fyrirvara látið þá hætta störfum. Hér er því verið að brjóta grundvallarreglur á vinnumarkaði og beita vinnubrögðum sem undir öllum kringumstæðum eru siðferðilega óverjandi. Jafnvel á tímum hörðustu stéttaátaka eru vinnubrögð af þessu tagi vandfundin í verkalýðssögu hér á landi.

Háttsemi erlendu starfsmannaleigunnar ber að skoða í ljósi þess að í Portúgal er umtalsvert atvinnuleysi. Laun eru þar almennt lægri en hér á landi og flestir þeirra sem um ræðir eru fjölskyldufeður. Starfsmannaleigan í Lissabon og þau fyrirtæki sem njóta þjónustu hennar eru þess vegna að notfæra sér erfiða stöðu og á stundum mannlega neyð.

Í samningnum sem áður er nefndur er jafnframt að finna ákvæði sem er í algerri andstöðu við leikreglur íslenska vinnumarkaðarins. Þar er kveðið á um að hægt sé að senda heim starfsmenn, m.a. ef upp kemur það sem samningurinn kallar vanhæfni eða hegðunar- og agavandamál. Samkvæmt samningnum skal þá starfsmaðurinn ekki aðeins greiða kostnað við sitt eigið ferðalag heim til sín heldur líka þess starfsmanns sem kemur í hans stað.

Þetta ákvæði hefur verið framkvæmt með þeim hætti að starfsmenn sem hafa barist fyrir rétti sínum og bættum aðbúnaði hafa verið sendir úr landi og heim þar sem slíkt fellur bersýnilega undir, með leyfi forseta, „hegðunar- og agavandamál“, að mati Impregilo og starfsmannaleigunnar. Fulltrúar starfsmannaleigunnar á vinnusvæðinu við Kárahnjúka hafa jafnframt túlkað smávægileg heilbrigðisvandamál, sem sum má rekja til slæms aðbúnaðar af hálfu Impregilo, sem „vanhæfni“ og sent þá heim.

Það er ljóst að allar hefðbundnar vinnureglur á íslenskum vinnumarkaði hafa verið þverbrotnar af starfsmannaleigunni og ítalska verktakanum Impregilo. Alþýðusamband Íslands greip inn í gang mála í sumar með vasklegum hætti. Það var ekki fyrr en æðsta forusta Alþýðusambandsins hafði látið málið til sín taka og látið glitta í sjálft verkfallsvopnið sem atburðarásin tók að breytast. Nú þegar þáltill. er í umræðu liggur fyrir ígildi yfirlýsingar af hálfu Impregilo um að allir starfsmenn, erlendir jafnt sem innlendir, njóti virkjanasamningsins sem fyrr er nefndur og það er árangur þeirra aðgerða sem verkalýðshreyfingin fór í austur við Kárahnjúka.

Deilan við Kárahnjúka hefur snúist um grundvallaratriði. Í reynd er þar í gangi tilraun til að brjóta á bak aftur áunnin réttindi íslenskra launamanna og skrúfa réttindabaráttu þeirra áratugi aftur í tímann. Ef sú tilraun tekst mun samspil samkeppnislögmála og arðsvonar fyrr en síðar ryðja sömu vinnubrögðum til rúms hjá öðrum verktökum og að lokum í öðrum atvinnugreinum. Þess vegna snýst málið ekki aðeins um atburðarásina við Kárahnjúka heldur um leið um samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Alþjóðaviðskiptin hefur skapað nýjar aðstæður. Hún hefur orðið til góðs en það eru líka við hana hættur. Nýr hreyfanleiki vinnuafls hefur skapað glufur fyrir fyrirtæki eins og umræddar starfsmannaleigur til að flytja vinnuafl yfir landamæri frá láglaunasvæðum yfir á hálaunasvæði. Einstaklingsbundnir ráðningarsamningar gerðir í öðru landi en því sem verkið er unnið í gera verkalýðshreyfingunni mjög erfitt um vik að fylgjast með því að ófyrirleitin fyrirtæki, eins og umrædd starfsmannaleiga, misnoti ekki neyð fátækra launamanna til að undirbjóða verð á vinnuafli í framkvæmdalandinu. Þetta er í vaxandi mæli að birtast á EES-svæðinu. Jafnaðarmenn allra landa líta að sjálfsögðu á það sem skyldu að vinna gegn þessari þróun. Það má gera með alþjóðlegu samstarfi verkalýðsfélaga en jafnframt með því að setja lög sem fortakslaust girða fyrir alla möguleika á misnotkun eins og þeirri sem starfsmannaleigan, sem Impregilo notar, hefur orðið uppvís að.

Engin lög gilda nú um starfsmannaleigur á Íslandi. Orðið starfsmannaleiga kemur reyndar hvergi fyrir í lögunum en brýnt er að lög sem reisa viðunandi skorður við starfsemi slíkra fyrirtækja verði sett hið fyrsta. Þau verða í senn að banna alla misbeitingu og skerðingar miðað við gildandi kjarasamninga í framkvæmdalandi og tryggja að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og ríkisvaldið hafi óheftan aðgang að upplýsingum sem þarf til að ganga úr skugga um að misneyting eigi sér ekki stað, réttindi séu virt og samningar haldnir í heiðri. Það yrði tilgangur laganna sem þessi þáltill. markar vonandi upphafið að.

Ég vil geta þess um leið og þessi tillaga er flutt á þingi að 1. flm. hennar hefur beitt sér á erlendum vettvangi fyrir sama máli. Hann hefur gert það á vettvangi EFTA, hann hefur gert það í flóttamannanefnd Evrópuráðsins sem svona mál falla undir og hann hefur gert það meðal norrænna samstarfsmanna í jafnaðarhreyfingunni. Þess má geta að hann fer í næstu viku við fjórða mann, einn þeirra er Poul Nyrup Rasmussen, fyrrv. forsætisráðherra Danmerkur, að hitta írsk stjórnvöld m.a. þessara erinda, en sem kunnugt er hafa Írar nú forustu fyrir hinu ágæta Evrópusambandi. Þær móttökur sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur fengið á erlendum vettvangi þegar hann hefur kynnt þetta dæmi hér og rætt um vandamál starfsmannaleignanna sýna að hér er um evrópskt og alþjóðlegt vandamál að ræða og það er fylgst með því hvað við gerum. Við getum jafnframt haft áhrif á hvernig þessi mál verða leyst í Evrópusambandinu og vonandi um hinn siðmenntaða heim þannig að ég taki mér enn fremur gildislægt hugtak í munn.

Ég vona að málið fái góða afgreiðslu í þinginu og legg til að það verði sent hv. félmn.

[18:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að lýsa mjög eindregnum stuðningi við þetta þingmál. Eins og fram kom í máli hv. frsm. Marðar Árnasonar gilda engin lög um starfsmannaleigur á Íslandi en í grg. þingmálsins segir á þá leið að brýnt sé að samþykkja lög sem reisa viðunandi skorður við starfsemi slíkra fyrirtækja hið fyrsta. Undir það tek ég.

Þáltill. vísar til tvenns. Í fyrsta lagi að tryggja að erlendir starfsmenn sem koma á vegum starfsmannaleigna til starfa á Íslandi njóti í hvívetna sambærilegra réttinda og Íslendingar á vinnumarkaði og í öðru lagi að koma í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja þannig samkeppnisstöðu.

Ég tel brýnt að í umfjöllun nefndar verði hugað að þriðja atriðinu sem lýtur að skattamálum, skattskilum, að tekið verði af skarið um skattskyldu starfsmannaleigna og skilaskyldu á frádregnum opinberum gjöldum starfsmannaleignanna.

Að öðru leyti vil ég gera orð hv. frsm. að mínum. Það er ljóst að ástæðan fyrir því að þingmálið er komið fram er tvíþætt: Annars vegar stöndum við frammi fyrir alþjóðavæðingu sem gerir vinnuaflið hreyfanlegra en það hefur verið áður og mikilvægt að lagaramminn sem gildir þar um sé skýr. Hins vegar eru það atburðir við Kárahnjúka, framferði ítalska eða fjölþjóðlega fyrirtækisins Impregilo og dótturfyrirtækja og viðskiptavina þess fyrirtækis sem hefur vægast sagt vafasaman feril í samskiptum við verkalýðshreyfinguna í ýmsum ríkjum.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur lýst þeirri skoðun sinni að brýnt sé að festa í lög ákvæði um starfsemi starfsmannaleigna og er vísað í samþykkt miðstjórnar ASÍ í fylgiskjali með þáltill. Ég get upplýst að BSRB hefur einnig samþykkt ályktun af svipuðum toga og hvatt Alþingi til að lögfesta ákvæði af þessu tagi.

[18:26]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir afar jákvæðar undirtektir sem þó koma ekki á óvart miðað við bakgrunn hv. þm. og málflutning hans að öðru leyti.

Eins og sést á málsnúmerinu var þáltill. lögð fram snemma á þinginu, áður en upp komst um þau skattamál sem virðast enn einn fylgifiskur þessara miklu en harla óundirbúnu og flaustursleg framkvæmda við Kárahnjúka. Það er sjálfsagt að félmn. skoði hvort taka eigi inn skattaþáttinn.

Málið er í heild sinni partur af enn þá stærra máli, þeim nýja alþjóðavædda heimi sem við erum að ganga í. Ég er einn af þeim sem telja að ekki sé ástæða til að fara aftur á bak úr þeim heimi heldur verðum við að fleygja okkur áfram. Við skulum samt fram, þannig að vitnað sé í vinsælt skáld þessa dagana, en við eigum að leysa vandamál. Við eigum ekki fortakslaust að taka við öllu sem að okkur er rétt í krafti þess að um nýjungar sé að ræða heldur eigum við að leysa þann vanda sem fylgir óhjákvæmilega nýjum tímum. Einn sá vandi er að meðan við fríverslunarmenn viljum að landamæri séu sem galopnust með vöru, þjónustu, vinnuafl og fjármagn verður líka að gera ráð fyrir því að aðstæður séu þannig í löndunum að ekki halli á samkeppnisstöðu og að við getum borið höfuðið hátt í þeim samfélögum sem þó eru komin eins langt og okkar gagnvart fólki úr öðrum heimshornum.

Aðeins þetta um leið og ég þakka fyrir stuðninginn og vænti þess að hann verði almennur á þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:29]

Útbýting þingskjala:

Efnistaka við Þingvallavatn, 642. mál, fsp. GÖrl, þskj. 956.

Laxveiðiár á Austurlandi, 640. mál, fsp. GÖrl, þskj. 954.

Móbergsfell við Þingvallavatn, 643. mál, fsp. GÖrl, þskj. 957.

NATO-þingið 2003, 637. mál, skýrsla ÍÞNAA, þskj. 951.

Sauðfjársláturhús, 558. mál, svar landbrh., þskj. 904.

Sjálfbærni landbúnaðarframleiðslu, 639. mál, fsp. GÖrl, þskj. 953.

Styrkjakerfi landbúnaðarins, 641. mál, fsp. GÖrl, þskj. 955.

Umgengni við hafsbotninn umhverfis Ísland, 638. mál, fsp. GÖrl, þskj. 952.

Upplýsingaveitan „Opin menning", 562. mál, svar menntmrh., þskj. 930.

Þriggja fasa rafmagn, 503. mál, svar iðnrh., þskj. 905.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. EKG og ÖS, 247. mál (reynslulausn). — Þskj. 267.

[18:30]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, sem fjallar um reynslulausn. Frv. var flutt fyrst á 127. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá. Það var endurflutt á 128. löggjafarþingi en varð því miður ekki afgreitt úr nefnd og þess vegna er það endurflutt á nýjan leik.

Ákvæði um reynslulausn er í 40. gr. almennra hegningarlaga. Þar er m.a. kveðið á um að þegar fangi hefur afplánað tvo þriðju af refsitíma sínum geti Fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu. Ef sérstaklega stendur á má þó veita reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Í reynd er reynslulausnin langoftast veitt út á helminginn, sá sem dæmdur er til tiltekinnar refsivistar er í langflestum tilvikum látinn laus að lokinni helmingsafplánun. Hins vegar er á þessu ein undantekning og hún er sú að ekki má veita reynslulausn þegar, eins og kveðið er á um í lögum, hluti vararefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn, og þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar verður reynslulausn ekki veitt.

Þetta þýðir á mæltu máli að maður sem er dæmdur til tiltekinnar refsingar, fésektar, og fær síðan fangelsisvist sem vararefsingu og getur, m.a. vegna bágs fjárhags, gjaldþrota eða slíkra erfiðleika, ekki greitt sektina sína á ekki nema einn kost. Hann fer í fangelsi. Maður sem gæti verið í sömu stöðu, dæmdur fyrir nákvæmlega sama brot á nákvæmlega sama degi, en hefur fjármuni til þess að greiða sektina fer ekki í fangelsi.

Nú vitum við það auðvitað að frelsi sitt meta menn ekki til fjár. Allir sem eiga völina taka þann kostinn að greiða sektina og losna við frelsissviptinguna. Það er eðlilegt. Frelsisþrá manna er slík og við skiljum það, vitum og virðum.

Þess vegna felur í raun og veru þetta ákvæði í sér að verið er að mismuna mönnum á grundvelli efnahags. Sá maður sem kominn er í fangelsi við þessar aðstæður, hefur ekki getað greitt sekt sína og lendir í fangelsinu, er settur undir þá sök að hann á ekki möguleika á reynslulausn. Aðrir þeir sem hljóta dóma, hvort sem það er vegna ofbeldis, fíkniefna, ofbeldis gagnvart börnum eða hvað það er, eiga í flestum tilvikum möguleika á reynslulausn eftir helming afplánunar. Sá einstaklingur sem vegna bágs fjárhags, t.d. eftir gjaldþrot, erfiðleika í fyrirtækjarekstri eða annarra slíkra hremminga, getur ekki greitt sektina sína og tekur út vararefsingu í fangelsi á samkvæmt þessari grein laganna ekki möguleika á því að fá reynslulausn. Þetta er auðvitað gjörsamlega ólíðandi og það frv. sem við hv. þm. Össur Skarphéðinsson höfum nú í þrígang flutt kveður á um það að reyna að brjóta þetta óréttlæti á bak aftur, breyta lögunum og tryggja að mönnum sé ekki mismunað á þessum forsendum.

Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um þessi mál. Vikið er að því í greinargerð frv. og langar mig að fara um það nokkrum orðum. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að réttarstaða þeirra sem afplána vararefsingu fésektar sé að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga sem sviptir hafa verið frelsi sínu með refsivist. Tilgangur reynslulausnar sé að takmarka andfélagsleg áhrif frelsisskerðingar til lengri tíma og aðstoða fanga í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum sem þeirra bíða við lok refsivistar og það geti jafnt átt við um þá menn sem afplána óskilorðsbundinn fangelsisdóm og þá sem sviptir eru frelsi sínu vegna ógreiddrar fésektar. Telur umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésektar að viðlagðri vararefsingu reynist dómþolum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin varafangelsisrefsing þar sem fésektir séu vægasta tegund refsinga samkvæmt lögunum. Þetta er ákaflega skýrt.

Á 128. löggjafarþingi var samþykkt þál. um að taka upp endurskoðun á þessu ákvæði sem lýtur að reynslulausn. Það er gott og blessað. Það má vel vera að menn vilji hafa einhverja skoðun á því með hvaða hætti eigi að koma þessu fyrir almennt talað. Það breytir hins vegar engu um það að þetta ákvæði laganna, eins og það er í dag, stingur mjög í stúf við önnur ákvæði varðandi reynslulausnina. Alþingi er að sjálfsögðu ekkert að vanbúnaði að takast á við það að breyta þessum lögum í þá veru sem þetta frv. kveður á um. Það má með miklum rökum taka undir það sem Einar S. Hálfdanarson endurskoðandi og hæstaréttarlögmaður segir í grein í Morgunblaðinu þann 10. október á sl. ári og fylgir með sem fskj. þessa frv. Hann kallar þessar aðstæður í raun og veru skuldafangelsi 21. aldarinnar. Ég held að þetta sé smánarblettur á þjóðfélagi okkar, smánarblettur á þessari löggjöf og við alþingismenn ættum burt séð frá hinum pólitísku víglínum að sameinast um að afnema þetta óréttlæti, breyta lögunum í anda þess frv. sem hér liggur fyrir.

[18:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjaldnar en hitt sem ég sé ástæðu til að standa upp og taka sérstaklega undir þingmál sem hv. þm. Sjálfstfl. flytja. Ég sé ástæðu til þess nú. Öll þau rök sem hv. þm. hefur flutt við þetta mál eru mjög góð. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það er verið að mismuna á grundvelli efnahags. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því að þeir sem hafa lítið fé á milli handanna, geta ekki greitt fésekt og þurfa þess vegna að sitja í fangelsi, hafi ekki möguleika á reynslulausn ef brot þeirra falla almennt undir ákvæði þau sem gilda um reynslulausn.

Ég tel að mjög farsælt skref hafi verið stigið þegar tekið var upp ákvæði um reynslulausn, og full ástæða er til að endurskoða ákvæði þeirra laga og víkka út gildissviðið um reynslulausn. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að skoða það og ég er sammála hv. þingmanni um að það sé engin ástæða til að bíða með að þetta frv. nái fram að ganga og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að svo verði. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt er málið núna flutt í þriðja sinn og því vil ég spyrja hv. þingmann: Hvað mælti á móti því að málið yrði afgreitt úr nefnd? Voru einhverjar umsagnir þess eðlis að þær gæfu tilefni til að málið sofnaði í nefnd eins og svo títt er um þingmannafrumvörp?

[18:39]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. s. fyrir jákvæðar undirtektir við þetta mál. Mér finnst það gefa okkur tilefni til að ætla að hægt verði að ná um þetta nokkuð víðtækri pólitískri sátt, enda hafa viðbrögðin við málinu ekki verið á aðra lund en þá að það gefur fullt tilefni til að ætla það.

Málið fór á sínum tíma til allshn. en fyrir einhverjar ástæður sem ég kann ekki skýringar á var það því miður ekki sent til umsagnar. Þess vegna hafa umsagnir ekki legið fyrir eftir því sem ég best veit. Málið beið alllengi í allshn. og það var aðgæsluleysi af hálfu þess sem hér stendur að hafa ekki fylgst með því hvort málið færi til umsagnar. Það hefði verið auðveldara að ljúka málinu ef umsagnirnar hefðu legið fyrir frá síðasta þingi. Svo er hins vegar ekki. Það reyndi ekki á hina efnislegu afstöðu. Ég hef hins vegar orðið var við að þetta mál hefur vakið nokkra athygli í almennri umræðu. Ég hef skrifað um það greinar, vakið athygli á því og fengið talsvert mikil viðbrögð þannig að ég tel að við þetta mál sé mjög almennur stuðningur víða úti í þjóðfélaginu, ekki síst meðal lögfræðinga sem hafa staðið frammi fyrir því að flytja mál sem lúta að þessu, hafa upplifað þessa reynslu þegar menn eru í raun og veru settir í þá stöðu að hafa ekki af fjárhagslegum ástæðum möguleika á því að kaupa sér frelsi, ef þannig má að orði komast. Ég hygg þess vegna að um þetta mál geti náðst víðtækur stuðningur, ekki bara á Alþingi heldur úti í þjóðfélaginu.

[18:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er fegin að heyra að ekki hafa komið fram neikvæðar umsagnir í garð þessa frv. Það er heldur engin ástæða til vegna þess að hér er mjög gott mál á ferðinni. Engu að síður vil ég nefna að mál þetta er flutt í þrígang og það er mjög sérkennilegt vinnulag í þingnefndum, ósiður reyndar, að líta þannig á þingmannamál að þau eigi bara að sofna í nefnd, alveg sama hversu góð málin eru. Það að mál hafi ekki einu sinni verið sent til umsagnar eins og hv. þm. upplýsir hér þó að það hafi í tvígang áður verið flutt á þingi er auðvitað fyrir neðan allar hellur.

Herra forseti. Það þarf auðvitað að fara að ræða það sérstaklega hvers vegna þingmannamál — hér er jú löggjafarsamkoma — fá ekki eðlilega umfjöllun í nefnd. Á því þarf að gera bragarbót og ég vil bara loks segja að ég vona sannarlega að þetta mál fái núna aðra umfjöllun í nefnd en það hefur gert á tveim síðustu þingum.

[18:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvar mitt er af nákvæmlega sama toga og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég lýsi furðu minni á að málið skyldi ekki ná fram að ganga. Það er flutt í þriðja sinn ef ég skil það rétt. Ég lít svo á að þetta sé sjálfsagt mannréttindamál og ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og Össuri Skarphéðinssyni fyrir að berjast fyrir þessari lagabreytingu.

Reyndar er undarlegt hve mörg mál daga uppi sem lúta að hegningarlögunum og ég vil nota þetta tækifæri til að minna á frv. sem ég hef flutt í tvígang og lýtur að því að svipta Hæstarétt nánast duttlungavaldi um hvaða mál megi ganga til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur sjálfdæmi um hvort mál sem dæmt hefur verið í í undirrétti verða yfirleitt tekin fyrir í réttinum.

Þótt ég kveði mér hljóðs undir þessum málslið, andsvari, tel ég að hv. þm. hafi skýrt málavöxtu vel. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa stuðningi mínum við málið.

[18:43]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvörin geta menn líka notað til að lýsa í stuttu máli stuðningi við mál. Ég fagna því að hv. 9. þm. Reykv. s. skuli ljá málinu stuðning sinn og ég vona að þar með fái það gott brautargengi gegnum þingið. Við höfum auðvitað tækifæri til þess á vorþinginu að taka efnislega afstöðu til þess og mér finnst þau viðbrögð sem málið hefur fengið í dag gefa fullt tilefni til að ætla að við verðum um það sammála að afgreiða málið og ljúka því farsællega.

Eins og ég nefndi áðan er ástæða til að taka þetta tiltekna mál fyrir þó að menn séu að skoða almennt ákvæðin um reynslulausn og ég ætla að þau viðbrögð sem við höfum hlýtt á hér í dag og sá almenni stuðningur við málið sem hefur komið fram geri það að verkum að við getum lokið því með sómasamlegum hætti fyrir vorið og þar með afnumið þetta hróplega misrétti, þetta hróplega óréttlæti á grundvelli fjárhags manna sem núgildandi lög fela í sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðlagsgreiðslur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 311. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 356.

[18:45]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Markmið frv. er í reynd tvíþætt, þ.e. að afnema skattlagningu að fullu á meðlagsgreiðslum, en það hefur verið gert núna í áföngum. Ég man þegar ég flutti þetta frv. fyrst að þá var komið til móts við þau sjónarmið sem hér eru sett fram sem rök fyrir þessu máli og afnumin skattlagning á tvöföldum meðlagsgreiðslum. En þetta frv. mitt, eins og reyndar það fyrra þegar það skref var stigið að afnema skatt á tvöföldum meðlagsgreiðslum, gengur út á það að fara alla leið og afnema skattlagninguna á öllum meðlagsgreiðslum.

Annað markmið frv. er að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á öllum meðlagsgreiðslum í stað þess að innheimta einungis lágmarksmeðlag eins og gert er samkvæmt gildandi lögum, sem og innheimtu á menntunarframlögum og sérstökum framlögum sem foreldri fær úrskurð um.

Ég vil vitna til þess, herra forseti, að skv. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er það hlutverk stofnunarinnar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlag sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Heimild er fyrir því í 3. mgr. 3. gr. laganna að stofnunin taki að sér innheimtu á aukameðlögum. Þessa heimild hefur stofnunin aldrei nýtt, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað. Sé samið um hærra meðlag en lágmarksmeðlag eða sýslumaður úrskurðar slíkt þarf foreldrið sjálft að innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag eftir öðrum leiðum. Í frumvarpinu er þess í stað lagt til að foreldri geti sótt allar greiðslur sem það á rétt á skv. IV. og IX. kafla barnalaga til Tryggingastofnunar en Innheimtustofnun verði falið að innheimta þær hjá meðlagsskyldu foreldri.

Algengast er að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru feður, séu aðeins krafðir um lágmarksmeðlag, þótt heimild sé fyrir aukameðlagi miðað við að mánaðartekjur greiðenda fari yfir 200 þús. kr. Þessi upphæð gæti eitthvað hafa breyst frá því að þessi greinargerð var sett saman. Ástæða þess að meðlag umfram lágmarksmeðlag er þó ekki algengara en raun ber vitni er einkum sú að viðtakendur aukameðlags, oftast mæður, verða að sjá um innheimtu þess.

Komið hefur fram að sérfræðingar telja þessa tilhögun eina helstu ástæðu þess að margir einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna treysta sér ekki til þess að krefjast aukameðlags þótt meðlagsgreiðandi hafi háar tekjur. Meðlag með einu barni er um 15 þús. kr. á mánuði. Það segir sig sjálft að það er ekki stór hluti af framfærslukostnaði hvers barns og því í litlu samræmi við raunveruleikann eða þarfir barnsins.

Út af fyrir sig þarf ekki, herra forseti, að rökstyðja þetta annað meginmarkmið frv. frekar en ég hef gert. Það vita allir að staða margra einstæðra foreldra er afar bágborin og hér er raunverulega verið að leggja til þá leið að auðvelda einstæðu foreldri að innheimta aukameðlag eða meðlag umfram lágmarksmeðlag þegar þær aðstæður og skilyrði eru fyrir hendi og að Innheimtustofnun verði falið það en að einstætt foreldri sé ekki sett í þá stöðu að þurfa sjálft að ganga á eftir viðbótarmeðlagi eða aukameðlagi til meðlagsskylds aðila. Hér er einungis um framkvæmdaratriði að ræða og mun örugglega ekki fela í sér neinn viðbótarkostnað að ráði fyrir Innheimtustofnun sveitarfélaga og þess vegna er það furðulegt, herra forseti, að þetta mál skuli ekki hafa fengið meiri hljómgrunn í þinginu eða athygli í þeirri nefnd sem fer með þetta mál en raun ber vitni.

Hitt meginatriði frv. er að leggja til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Fram til ársins 2000 var litið svo á að meðlag umfram barnalífeyri almannatryggingakerfisins væri skattskylt, en þá var ákveði 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt breytt þannig að tvöfalt meðlag var gert skattfrjálst, en framlag umfram það skattlagt. Efh.- og viðskn. fjallaði um það mál og var vitnað til þess í nál. að tekið hefði verið tillit að hluta til til þessa frv. sem þá lá fyrir efh.- og viðskn. Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur viðtakanda heldur fremur

ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Má í því sambandi benda á að í 2. mgr. 63. gr. barnalaga kemur fram að þessi framfærslueyrir tilheyri barni. Illskiljanlegt er því að takmarka undanþágu frá tekjuskatti við tvöfalt meðlag, en gera meðlagsgreiðslur umfram það skattskyldar. Reyndar má segja að í slíkum tilvikum sé um tvísköttun að ræða, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Það verður því að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að meðlag umfram tvöfaldan barnalífeyri almannatryggingakerfisins myndi skattskyldar tekjur.

Við mat á því hvort líta eigi á meðlagsgreiðslur sem eðlilegt andlag skattlagningar verður að líta á eðli greiðslunnar og sifjaréttarleg tengsl foreldris og barns. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að meðlag er eign barns og er byggt á lögbundinni skyldu foreldris til framfærslu barns síns. Breytingin sem hér er lögð til á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér að barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni teljist ekki til tekna.

Herra forseti. Það er mín skoðun að hér sé um sanngirnismál að ræða. Ég tel að það sé heldur ekki í því tilviki þar sem verið er að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt um mikil útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða heldur óveruleg útgjöld, en engu að síður mundi fullkomið skattfrelsi meðlagsgreiðslna hafa mikið að segja fyrir einstæða foreldra. Af því að menn vilja síður gera undanþágur á skattalögum vil ég nefna, eins og fram kom reyndar í mínu máli, að tvöfalt framlag er núna skattfrjálst þannig að það ætti ekki að breyta miklu varðandi framkvæmdina þó að allar meðlagsgreiðslur í þeim tilvikum þar sem um meira en tvöfalt meðlag er að ræða, sem er kannski ekki í mörgum tilvikum, verði skattfrjálst.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, herra forseti. Hér er um breytingu á þrennum lögum að ræða, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um almannatryggingar og lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, þannig að út af fyrir sig gæti málið farið til þriggja nefnda í þinginu. En ef ég man rétt, og ég óska þá eftir að það verði skoðað sérstaklega, þá hefur þessu máli áður verið vísað til efh.- og viðskn. og legg ég til að það fari þá leið, hafi það gert það áður, og þá er e.t.v. rétt að leita umsagnar hjá öðrum nefndum um aðra efnisþætti frv.

[18:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta hið athyglisverðasta mál sem hér er komið fram en harma að það skuli ekki fá ítarlegri og meiri umræðu en þetta. Hér er á ferðinni þjóðþrifamál, tel ég vera, mál sem er ágætlega unnið en hætt er við að það fái ekki frekari umfjöllun í þinginu en við erum að verða vitni að núna.

Ég tel mjög mikilvægt að efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar fari mjög rækilega í saumana á því.

Ég hef ekki verið mikið gefinn fyrir það sjálfur að veita undanþágu frá skattalögum en ég tel að hér komi fram mjög sannfærandi rök varðandi skattfrelsi meðlagsgreiðslna, því að eins og segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur viðtakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. ... Illskiljanlegt er því að takmarka undanþágu frá tekjuskatti við tvöfalt meðlag, en gera meðlagsgreiðslur umfram það skattskyldar.“

Ég vildi spyrja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvenær þetta mál hefði komið fram áður — ég skildi það svo á máli hennar að þingmál af þessu tagi hefði áður komið fram og þá væntanlega gengið til nefndar — og hver örlög þess máls hefðu verið og hvort hún þekki til gagnrýni sem komið hafi fram á m.a. þau atriði sem ég vék að hér, að líta beri ekki á meðlag foreldris sem tekjur viðtakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins.

[18:55]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og ef það fer til efh.- og viðskn., sem ég á frekar von á, þá á hv. þm. sæti þar líka þannig að ég vænti góðs af liðsinni hans í nefndinni og veit að þegar við leggjum saman þar er aldrei að vita hverju við fáum áorkað í þeirri nefnd.

Varðandi spurningu hv. þm. þá var þetta fyrst tekið upp á 125. löggjafarþingi, en við erum á 130. löggjafarþingi núna. Eins og ég greindi frá í máli mínu var að hluta til tekið upp efni þessa frv. í stjfrv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt um skattfrelsi á tvöföldu meðlagi. En eftir stendur að það er ekki skattfrelsi ef um meira en tvöfalt meðlag er að ræða, sem er í sumum tilvikum ef tekjur meðlagsskylds aðila fara yfir ákveðin mörk, og eins ef um er að ræða alls konar aukaframlög vegna fermingar og ýmissa annarra þátta sem lög kveða á um að meðlagsskyldur aðili eigi að taka þátt í.

Varðandi umsagnirnar man ég ekki betur en að þær hafi allar verið jákvæðar nema Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur lagst gegn því af einhverjum óskiljanlegum ástæðum að innheimta þetta meðlag. Sjálfsagt er það af því að Innheimtustofnun telur að endurkrafan sé erfið í þessu sambandi, en menn geta þá séð að ef Innheimtustofnun á í erfiðleikum með að innheimta slíkt meðlag hvort einstætt foreldri á þá ekki í sömu erfiðleikum með að innheimta það og er ekki of í látið að fela það Innheimtustofnun, sem á að hafa alla burði til þess að innheimta meðlögin, að hafa það á sinni könnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldþrotaskipti o.fl., 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 333. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 389.

[18:57]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það frv. sem ég flyt um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti hefur verið flutt nokkrum sinnum áður en er nú flutt af mér ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

Markmið frumvarpsins er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lög um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um

að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum heldur einnig fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja oft í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helsta atriði frv. er að um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.

Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.

Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.

Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.

Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.

Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar oftar en einu sinni.

Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.

Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Hér erum við að tala um raunhæf úrræði, herra forseti, sem nýtast heimilum sem komin eru í algert þrot og ekkert blasir við annað en gjaldþrot og missir heimilis. Þessi leið hefur til að mynda verið reynd í Noregi og gefist afskaplega vel þar. Hún hefur orðið til þess að bankar þar í landi hafa farið í töluverðum mæli út í frjálsa greiðsluaðlögun en samkvæmt þessu frv. er sú leið fær einnig.

Það er sem sagt greint á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar þar sem önnur leiðin er frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á þessum samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili, eins og ég lýsti áðan. En greiðsluaðlögun felur einnig í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða.

Herra forseti. Það er ástæða til þess að rifja upp að fyrir kosningarnar 1995, þegar framsóknarmenn voru utan ríkisstjórnar, var þetta helsta úrræði þeirra fyrir skuldug heimili í landinu. Þá var sett fram tillaga eða frv., ég man ekki hvort heldur var, af hv. fyrrv. viðskrh. Finni Ingólfssyni. Þetta hefur verið útfært miklu nánar eftir að það komst í mínar hendur en þá var þetta veigamesta úrræði framsóknarmanna fyrir skuldug heimili. Ég man alltaf eftir því að núverandi hæstv. landbrh. sagði þá að líf, hamingja og heill þúsunda fjölskyldna lægi við að það þingmál sem þeir fluttu um greiðsluaðlögunina næði fram að ganga. Nú hafa þessir herramenn, framsóknarmenn, verið í ríkisstjórn frá árinu 1995, í átta ár samfellt og það bólar ekkert á stjórnarfrv. um greiðsluaðlögun, hvað þá að þingmenn Framsóknar styðji þetta frv. úr nefnd. Þetta mál hefur verið flutt nánast árlega frá 1996 eða 1997.

Mér finnst ákaflega sérkennilegt og furðulegt að þetta mál fái ekki meiri hljómgrunn í þinginu. Raunar hefði þingmálið meiri hluta ef þingmenn framsóknarmanna meintu eitthvað með því sem þeir sögðu á Alþingi 1995. Ég er sannfærð um að stjórnarandstaðan öll styður þetta mál og ef Framsfl. gengi í lið með okkur væri þetta mál í höfn á þessu þingi.

Eins og svo oft áður segja menn eitt fyrir kosningar og annað eftir kosningar. Ég held engu að síður, herra forseti, í vonina um að fyrr eða síðar verði þetta frv. að lögum. Ég er sannfærð um að ef menn leggjast af alvöru yfir þetta mál er hægt að ná um það breiðri samstöðu. Ég minni á að um þetta mál eru yfirleitt mjög jákvæðar umsagnir og Neytendasamtökin hafa t.d. lagt mikla áherslu á, á þingum sínum og í umsögnum, að þetta mál nái fram að ganga.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[19:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta vandaða þingmál sem hér liggur fyrir. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á það sér langa sögu. Árið 1993 þegar hv. þm. var félmrh. var skipuð nefnd. Sú nefnd skilaði áliti 1994 og það er rakið í greinargerð með frv. hvernig aðrar Norðurlandaþjóðir hafa sett löggjöf af þessu tagi. Norðmenn voru fyrstir 1984 og síðan Danir 1993. Það kemur fram í greinargerðinni að þessi lög hafa gefið mjög góða raun.

Einnig er vísað til þess að lögin hafi helst orðið til að koma til hjálpar fólki með mjög lágar tekjur. Hér segir t.d. í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Samkvæmt rannsóknum Norðmanna er sá hópur sem lent hefur í erfiðleikum fyrst og fremst fólk með mjög lágar tekjur og skuldir sem eru 5–6 sinnum meiri en almennt gerist. Margir þeirra sem sótt hafa um greiðsluaðlögun eru fráskilið fólk með börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri."

Það er sorglegt til þess að vita að frv. af þessu tagi skuli ekki fá ítarlegri umfjöllun í þinginu. Að sjálfsögðu verðskuldar frv. umræðu í þingsal en mestu máli skiptir hvernig því reiðir af þegar það kemur til nefndar. Ég vil spyrja hv. 1. flm., Jóhönnu Sigurðardóttur, hvernig hún skýri það að þetta þingmál skuli koma fram á 125., 127. og 128. þingi og svo aftur á þessu þingi án þess að það nái fram að ganga. Hver er skýringin á þessari tregðu? Hvar liggur fyrirstaðan að mati hv. þm.?

[19:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka jákvæðar undirtektir hv. þm. við þetta frv. Ég er sannfærð um, herra forseti, að ef frv. hefði náð fram að ganga á árinu 1994 eða 1995 eins og hv. þm. taldi upp þá hefði það orðið til þess að bjarga mörgum heimilum frá gjaldþroti sem hafa lent í gjaldþroti á undanförnum árum.

Hv. þm. spyr um skýringu. Ég hygg að hv. þm. þekki skýringuna eins vel og ég. Það er þannig, eins og við höfum rakið í málunum sem voru til umræðu hér á undan, að það er afar mikil tregða hjá stjórnarliðunum við að afgreiða mál frá stjórnarandstöðunni. Það er sama hve góð mál það eru og hversu brýnt er að þau nái fram að ganga, hversu mikil þjóðþrifamál það eru og til hagsbóta fyrir almenning í landinu. Jafnvel þó að þau kosti ríkissjóð ekki neitt eins og þetta mál þá eru þau stöðvuð í nefnd og söltuð.

Yfirleitt fá mál stjórnarandstöðunnar litla sem enga umfjöllun, einungis leitað umsagna um þau en ekki einu sinni gerð tilraun, af hálfu stjórnarliða, til að setjast yfir þau með stjórnarandstöðunni til að reyna að ná samkomulagi ef vera skyldu einhverjar breytingar sem stjórnarliðar vildu gera. Við höfum ávallt verið opin fyrir því ef stjórnarliðar sýna viðleitni í þá átt að setjast yfir mál með okkur til að ná samkomulagi um breytingar á þeim frumvörpum sem við höfum flutt. En það ber sjaldnast við.

Ég held að við í stjórnarandstöðunni verðum að leggja saman í þessu máli til að það nái fram að ganga. Ég þakka fyrir stuðning hv. þm. í því efni.

[19:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er umhugsunarefni að við skulum hafa rætt þrjú þingmál sem öll snerta hagsmuni launafólks, sérstaklega lágtekjufólks, án þess að stjórnarþingmenn sjái ástæðu til þess að taka þátt í þeirri umræðu. Ég efast ekki um að þeir sitja við skjáinn á skrifstofu sinni og fylgjast með þessari umræðu en þeir sjá ekki ástæðu til að taka þátt í henni. Hér vísa ég til frumvarpa um starfsmannaleigur, um meðlagsgreiðslur og nú um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti sem mundu án efa, ef næðu fram að ganga, skipta mjög miklu máli fyrir tekjulágt fólk sem lendir í vanskilum og fjárhagslegum erfiðleikum.

Ég legg áherslu á að mér finnst það furðu sæta að hvorki þingmenn Sjálfstfl. né Framsfl. sjái ástæðu til að leggja orð í belg þegar við ræðum um þessi mikilvægu mál sem snerta hagsmuni launafólks og sérstaklega lágtekjufólks.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 19:13.

---

71. FUNDUR

miðvikudaginn 25. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 611. mál, þskj. 919. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, stjtill., 612. mál, þskj. 920. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Erlendar starfsmannaleigur, þáltill., 125. mál, þskj. 125. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, frv., 247. mál, þskj. 267. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Meðlagsgreiðslur, frv., 311. mál, þskj. 356. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Gjaldþrotaskipti o.fl., frv., 333. mál, þskj. 389. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Varnir gegn dýrasjúkdómum.

[13:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég tek hér til máls þar sem mér finnst ástæða til að vekja athygli þingsins á þeim alvarlegu dýrasjúkdómum sem hafa verið að gera vart við sig víðs vegar um heiminn á undanförnum vikum og missirum, samanber kúariða, svínapest, gin- og klaufaveiki og fuglaflensa. Sérstök ástæða er til að varast þá dýrasjúkdóma sem borist geta í menn í gegnum snertingu við dýr og neyslu matvæla.

Nú herjar mjög skæð fuglaflensa á mörg lönd í Asíu með alvarlegum afleiðingum fyrir líf og heilsu manna og dýra. Sjúkdómar sem þessir geta hæglega dreifst með milliríkjaviðskiptum og er full ástæða til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja líf og heilsu íslenskra neytenda og gæta jafnframt hagsmuna íslensks landbúnaðar. Á þessu ári hef ég sett tvær auglýsingar sem ég vil gera þingmönnum grein fyrir sem árétta bann við innflutningi á tilteknum vörum frá Asíu og nú síðast Bandaríkjunum þar sem annað afbrigði af fuglaflensu er nú komið upp.

Hæstv. forseti. Í síðustu viku stóð yfir mikil matarveisla hér í borginni „Food and Fun", framtak sem hefur vakið gríðarlega athygli. Hinir fjölmörgu erlendu gestir sem sótt hafa þessa hátíð hafa óspart lofað þann landbúnað sem hér er stundaður, fjölskyldubúskapinn þar sem velferð dýra og heilnæmi afurðanna er í fyrirrúmi.

Reynslan hefur því miður sýnt, hæstv. forseti, að með auknum ferðum fólks og sífellt vaxandi flutningi afurða milli landa geta smitsjúkdómar komið upp nánast hvar sem er. Því er full ástæða til að ferðafólk og fyrirtæki í milliríkjaviðskiptum kynni sér gaumgæfilega þær hættur sem steðjað geta að vegna dýrasjúkdóma erlendis og leitist við að haga ferðum sínum og ekki síður viðskiptum í samræmi við þá mikilvægu þjóðarhagsmuni sem hreinleiki íslensks landbúnaðar er fyrir fólkið í landinu.

[13:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. landbrh. skuli hafa birt þessar auglýsingar og muni fylgja þeim eftir. Það er mikil hætta á faraldri sem getur geisað um heiminn rétt eins og Svarti dauði geisaði hér 1918, þ.e. að stökkbreytingar verði í veirum sem berast frá dýrum til manna eða taka stökkbreytingum sem við höfum ekki lyf við. Því er ástæða til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að verja landið og búpening okkar. Það ætti ekki að fara fram hjá neinum að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt á það ríka áherslu að við nýtum þá auðlind sem við höfum, að búa í eyríki lengst norður í hafi, og ættum þar af leiðandi að hafa meiri möguleika á að verjast ýmsum pestum og faröldrum en þeir sem búa á meginlandinu og búa við aðrar aðstæður.

Ég vil einnig minna á að þetta ætti að vera okkur áminning um að mikilvægt er að standa vörð um íslenska landbúnaðarframleiðslu og hreinleika því við getum aldrei verið örugg um að það geti ekki komið upp þær aðstæður þar sem við verðum hreinlega að geta treyst á okkar eigin framleiðsluvörur og okkar öryggi. Það er ekki allt fengið með ódýrum innflutningi. Ég tel að heilbrigði landbúnaðarvaranna skipti ekki síður máli.

[13:37]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. Guðna Ágústssyni fyrir að bregðast við eins og hann hefur gert og legg mikla áherslu á hvað það skiptir miklu máli hvernig hefur verið staðið að þessum málum á Íslandi áratugum saman því að hingað hefur ekki verið hleypt inn óheftum innflutningi á dýrum og við höfum verndað landið gegn þeim pestum sem ganga erlendis og eru mjög skæðar, t.d. fuglaflensunni og kúariðunni sem báðar hafa geisað í Evrópu og núna síðast í Kanada og Bandaríkjunum. Það undirstrikar mikilvægi þess að halda slíkum vörnum áfram hér á landi og mikilvægi þess að tryggja mataröryggi okkar Íslendinga og hlúa vel að landbúnaðinum því að hann er svo sannarlega mikilvægur í fæðuöryggi þjóðarinnar.

Það eru ekki bara bændur sem stunda landbúnað ef við lítum á hliðargreinar hans, á þá sem vinna úr landbúnaðarafurðum, bæði mjólkuriðnaði og kjötiðnaði. Þetta skapar mörg störf og veitir ekki af að hlúa vel að íslenskum landbúnaði.

[13:38]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Það eru váleg tíðindi sem við heyrum erlendis frá um ýmiss konar faraldra, fyrst og fremst fuglaflensuna sem geisar sums staðar. Ég tek undir með hæstv. landbrh. að við verðum að gera það sem hægt er til að koma í veg fyrir að hún flytjist hingað til lands. Það er ágætt hjá hæstv. ráðherra að benda mönnum á að haga ferðum sínum með þeim hætti að litlar líkur séu á því að hún berist hingað til lands og ég mun gera það sjálfur persónulega.

Ég tek undir með þeim sem mæla fyrir því að við grípum til þeirra ráða sem þarf til að draga úr líkum á því að ófögnuður eins og þessi berist hingað til lands. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi birt auglýsingar sínar að ráði og tilmælum yfirdýralæknis og heilbrigðisyfirvalda. Ég hins vegar tek mönnum vara fyrir því að beita þessu óhóflega og ég veit að hæstv. landbrh. mun ekki gera það. Það sem vakir fyrir honum er fyrst og fremst að vernda heilsu landsmanna og sömuleiðis að vernda íslenskan landbúnað. Það skiptir miklu máli að sú heilbrigða framleiðsla sem við búum að og stöndum fyrir í landinu verði áfram með þeim hætti í framtíðinni.

Ég vek síðan eftirtekt á því að við höfum því miður hér á landi ýmiss konar vágesti í íslenskri náttúru sem boða ákveðnar hættur gagnvart landbúnaðarframleiðslu. Við höfum séð það að hér hefur salmonella verið að breiðast út og kampýlóbakter og mér finnst af þessu tilefni vera ágætt að benda á það hversu farsællega hæstv. umhvrh. í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld tókst að stemma stigu við útbreiðslu kampýlóbakter.

Ég bendi á það að lokum, virðulegi forseti, að því miður tekst okkur ekki algerlega að útiloka alla smitmöguleika því enn fljúga farfuglar óhindraðir hingað til lands og koma frá fjarlægum álfum þar sem því miður þessi faraldur ríkir. En við skulum vona að hæstv. ráðherra takist með góðra manna hjálp að koma í veg fyrir að þetta berist hingað.

[13:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að hægt sé að hæla hæstv. landbrh. fyrir að ráðuneytið hafi tekið af skarið að eigin frumkvæði og gefið út yfirlýsingu um að vara við hættum af innflutningi fugla sem tengjast fuglaflensunni. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig því verði fylgt eftir, en nú er oft flutt í gegnum önnur lönd frá Asíu í gegnum Evrópulönd og til Íslands o.s.frv. Það er því mikilvægt að fylgjast með alls konar slíkum millilendingum. Eins hefur maður líka áhyggjur af strútunum sem gætu tengst þessu sem hafa oft verið til umræðu undir ýmsum formerkjum hér á landi einmitt af hálfu hæstv. landbrh.

Að öllu gríni slepptu hvað það varðar langar mig jafnframt til að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði þeirri sérstöku

bókun eða sérstöku undanþágu sem við fengum hjá Evrópusambandinu um að við þyrftum ekki að undirgangast heilbrigðisákvæði Evrópusambandsins er lýtur að heilbrigði manna og dýra. Við fengum undanþágu frá I. viðauka við EES-samninginn sem varðar innflutning á dýrum til ársins 2000 og var okkur styrkur að vera ekki skyldug til að flytja inn landbúnaðarafurðir frá Evrópulöndunum. Þess vegna gátum sett mun harðari reglur gagnvart þeim og afar mikilvægt að við höldum þessum varúðarreglum áfram. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvar þeir samningar standa. Höfum við ekki enn þá þann rétt að þurfa ekki að flytja inn landbúnaðarafurðir frá Evrópusambandinu eins og undanþágan heimilaði okkur?

[13:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir að vekja athygli á málinu í hv. Alþingi og einnig fyrir viðbrögð hans. Ég er honum sammála um að við eigum að standa vörð um íslenska landbúnaðarframleiðslu og hreinleika hennar og megum ekki taka neina áhættu í því máli og okkur ber að verjast eins og lög og reglur heimila.

Það er hárrétt hjá hæstv. landbrh. að okkur ber líka að vara ferðamenn við. Hæstv. landbrh. hefur reynslu af því frá Kína og rétt að ítreka það að menn geta borið með sér sjúkdóma.

[13:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka þær undirtektir og ábendingar sem fram hafa komið og þann skilning hv. þm. á því mikilvægi að verja Ísland, íslenska neytendur, ekki síður en okkar heilbrigðu dýr og landið frá ýmsum plágum sem hafa geisað. Gerum okkur grein fyrir því að fuglapestin sem nú geisar um víða veröld er bara eitt dæmi. Kúariðan hefur farið frá Evrópu til Bandaríkjanna og Kanada og við verðum að fara með fullri gætni hvar sem við erum.

Af því að hv. þm. Jón Bjarnason spurði er eitt mikilvægasta atriði EES-samningsins að halda öllum okkar undanþágum þannig að við þurfum ekki að yfirtaka þær reglur sem gilda í Evrópu. Þá væri hér frjálst flæði á vörum sem okkur gætu verið mjög hættulegar eða lifandi dýrum þannig að þar verður haldið fast um taumana.

Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu vinar míns, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Nú skilur hann að landbrn. er mikilvægt. Ég þakka þær góðu undirtektir sem hér hafa komið fram. Stundum liggjum við á upplýsingum og tökum ákvarðanir sem kannski þingið veit ekki um. Ég vildi því skýra þingheimi frá þessum auglýsingum og þeirri vinnu. Það er margt að gerast í þessu. Hér fer fram viðbragðsáætlun í sumar á vegum yfirdýralæknis sem verið er að undirbúa. Við þurfum að búa okkur undir það versta til að geta tekist á við það.

Það er líka gaman að fylgjast með umræðunni um hinn hreina íslenska mat, finna viðbrögð íslenskra neytenda en ekki síður gestanna sem hingað koma og dást að búskap okkar. Ég minntist á eina hátíð sem er lokið. Fram undan er hátíðin Matur 2004 í Kópavogi, þar sem er gott að búa, þannig að það verður mikið um að vera sem snýr að íslenskum neytendum og landbúnaði á næstunni.

Ég þakka fyrir, hæstv. forseti.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 611. mál (greiðslur yfir landamæri í evrum). — Þskj. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, frh. fyrri umr.

Stjtill., 612. mál. — Þskj. 920.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 564. mál (heildarlög). — Þskj. 843.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞBack, ÖS.

13 þm. (AKG, ÁMM, BjarnB, BBj, GHH, GHall, KÓ, KLM, LB, RG, VF, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þetta mál gangi til 2. umr. og til hv. umhvn., enda flutt af hæstv. umhvrh. Hæstv. ráðherra hafði sjálf um það orð undir lok umræðunnar í gær að ástæða væri til að nefndin skoðaði þetta mál mjög vel, m.a. í ljósi þeirra umræðna sem urðu hér um það á tveimur dögum.

En það kom einnig fram í umræðum að formaður iðnn. sá ástæðu til að óska eftir því að iðnn. fengi tækifæri til að fara yfir þann þátt málsins sem snýr að orkumálum og raforkuframleiðslu og stöðu þeirra mála eins og þau blasa við rekstraraðila virkjunarinnar, Landsvirkjunar, þannig að ég vil koma þeirri ósk formlega á framfæri að umhvn. sendi iðnn. málið eða a.m.k. þann þátt þess til umsagnar sem lýtur að raforkuframleiðslu á svæðinu og tengist einkum og sér í lagi hinu mjög svo títtræddu ákvæði til bráðabirgða III í frv.

(Forseti (GÁS): Forseti vill vekja athygli á því vegna orða hv. þm. að hér er verið að greiða atkvæði um það hvort frv. eigi að ganga til 2. umr. Tillaga um hvert beri að vísa því er ekki fram komin.)

[13:49]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 5. þm. Norðaust. sagði. Það er mjög þýðingarmikið að þetta mál fái vandaða og góða meðferð í þinginu, menn fari yfir frv. með opnum augum og séu reiðubúnir að skipta um skoðun ef rök hníga í þá áttina, hvor okkar sem er. Og ég vil leggja áherslu á að það er ekki aðalatriði þessa máls að hafa hraðann á heldur hitt að vanda alla meðferð málsins og stuðla að því með þeim hætti að hægt sé að vinna að athugun á því í friði, bæði á Alþingi og heima fyrir.

(**Forseti** (GÁS): Hvað segir þingmaðurinn? Var ekki hv. þm. að gera grein fyrir atkvæði sínu? Ég lít þannig á að hann hafi sagt já.)

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Erlendar starfsmannaleigur, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 125. mál. — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. EKG og ÖS, 247. mál (reynslulausn). — Þskj. 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðlagsgreiðslur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 311. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gjaldþrotaskipti o.fl., frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 333. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:52.

---

72. FUNDUR

miðvikudaginn 25. febr.,
að loknum 71. fundi.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Heilbrigðisþjónusta, fsp. ÁMöl, 238. mál, þskj. 258.
2. Heilsugæsla í framhaldsskólum, fsp. ÁMöl, 239. mál, þskj. 259.
3. Kostnaðarhlutdeild sjúklinga, fsp. JóhS, 516. mál, þskj. 788.

Til félagsmálaráðherra:

4. Búsetuúrræði fyrir geðfatlaða, fsp. ÁMöl, 242. mál, þskj. 262.

Til samgönguráðherra:

5. Tilkynningarskylda og afmörkun siglingaleiða, fsp. GHall, 356. mál, þskj. 475.

Til umhverfisráðherra:

6. Selir, fsp. ÖS, 469. mál, þskj. 677.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Veiðar og rannsóknir á túnfiski, fsp. ÖS, 492. mál, þskj. 764.

Til iðnaðarráðherra:

8. Raforka við Skjálfanda, fsp. MÁ, 537. mál, þskj. 812.

Heilbrigðisþjónusta.

Fsp. ÁMöl, 238. mál. — Þskj. 258.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar 1999 um heilbrigðismál segir m.a. eftirfarandi um áherslur ríkisstjórnarinnar í málaflokknum, með leyfi forseta:

„Skilja þarf á milli hlutverks ríkisins sem kaupanda þjónustu annars vegar og veitanda hennar hins vegar í því skyni að auka ráðdeild."

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem mynduð var á síðasta vori eru áréttuð markmið hennar í heilbrigðismálum en þar segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að verja fjármunum sem best og nýta kosti breyttra rekstrarforma og þjónustusamninga um einstaka þætti þar sem það á við til að tryggja góða þjónustu, án þess að dregið verði úr rétti allra til að nota heilbrigðisþjónustu."

Hugmyndir um aðskilnað kaupanda og veitanda í heilbrigðisþjónustunni hafa notið vaxandi vinsælda í nágrannalöndum okkar. Þær hafa ekki síst verið vinsælar hjá stjórnvöldum sem vilja ná betri tökum á útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála jafnframt því að fá betri yfirsýn yfir þá þjónustu sem veitt er eða þau vilja veita. Margvísleg önnur markmið eru einnig höfð til hliðsjónar.

1. Að bæta þjónustuna með því að tengja forgangsröðun og áætlanir við nýtingu fjármuna. Þannig hefur t.d. reynslan sýnt að þessi leið er árangursrík til að hvetja til hagkvæmari lausna t.d. með því að færa þjónustu milli þjónustustiga, svo sem frá sjúkrahúslegu til þjónustu á göngudeild eða dagdeild.
2. Að auka valfrelsi sjúklinga um þjónustu.

3. Að bæta frammistöðu veitendaþjónustu með því að byggja inn í kerfið hvata til að standa sig vel og eftirlit sem metur afköst og gæði þjónustunnar.

4. Að minnka umfang stjórnunar með því að færa ákvörðunarvald nær vettvangi þjónustunnar þannig að veitandi geti einbeitt sér að því að veita hagkvæma gæðaþjónustu.

5. Bent hefur verið á að með aðskilnaði kaupanda og seljanda þjónustunnar gefist möguleikar á að koma samkeppni milli seljenda og nota þannig markaðsöflin til þess að auka skilvirkni.

Í samræmi við nýjar hugmyndir í opinberum rekstri sem hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum og ríkisstjórnir hér á landi hafa m.a. beitt sér fyrir, hafa stjórnvöld einnig notað þessa leið til að losa um stíft stjórnkerfi ríkisstofnana, losa um báknið.

Grundvöllur kerfisbreytingar í þessa veru er að fram fari kostnaðargreining í öllum þáttum heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt vef heilbrrn. var skipuð nefnd í byrjun árs 2000, fyrir réttum fjórum árum, sem fékk það hlutverk að kanna og gera tillögur um leiðir varðandi aðskilnað kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustunnar. Formaður nefndarinnar var skipaður Davíð H. Gunnarsson ráðuneytisstjóri. Eðlilegt er að spyrja:

Hvað líður störfum þeirrar nefndar og hvað líður undirbúningi að þeirri skipulagsbreytingu sem aðskilnaður kaupanda og veitanda í heilbrigðisþjónustu er?

[13:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. n. spyr: „Hvað líður undirbúningi varðandi aðskilnað kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu á Íslandi?“

Á umliðnum árum hefur heilbr.- og trmrn. leitað mismunandi leiða til að kortleggja kosti og galla þess að skilja að hlutverk kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar frá árinu 1999. Eins og fram kom skipaði heilbrrh. árið 2000 nefnd til að kanna og gera tillögur um leiðir sem hugsanlega koma til greina varðandi aðskilnað kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu hér á landi. Í skipunarbréfi nefndarmanna segir að reiknað sé með að ef af slíkum breytingum verði þá verði þeim komið á í áföngum. Jafnframt er tekið fram að fyrst skyldu gerðar tilraunir á tilteknum þáttum heilbrigðisþjónustunnar og ákvarðanir um framhaldið teknar í framhaldi af því.

Ástæðan fyrir að þetta starf nefndarinnar hófst á þessum nótum er sú að til þess að gera kaup heilbrigðisþjónustu mögulega þarf að skilgreina og kostnaðargreina sem best þá þjónustu sem kaupa skal. Nefndin fundaði níu sinnum og fól m.a. Landspítala – háskólasjúkrahúsi að prófa notkun DRG (Diagnosis Related Groups), sjúkdómar miðað við flokkun, á kvennasviði. Í tengslum við það fundaði nefndin með DRG-vinnuhópi Landspítala – háskólasjúkrahúss í lok ársins 2000. Fljótlega kom í ljós að upplýsingar sem DRG-flokkun á kostnaðarfærslu veittu nýttust vel við skipulag og stjórnun. Var því ákveðið af Landspítala – háskólasjúkrahúsi að halda áfram með verkefnið og taka næst skurðlækningasvið og svæfingar, gjörgæslu- og skurðstofusvið. Þessi vinna hefur síðan haldið áfram og nú er verið að undirbúa innleiðingu DRG-flokkunar á fleiri sviðum á spítalanum.

Ljóst er að það þarf að aðlaga DRG-kerfið en nota aðra framleiðslumælikvarða fyrir sum svið. Má þar nefna endurhæfingu, hæfingu, líknarmeðferð í Kópavogi, öldrunarsvið og geðdeildir, en verið er að skoða sérstakar lausnir fyrir þessi svið. Spítalinn hefur verið í samvinnu við Norðurlöndin á þessu sviði og fylgist með öllum nýjungum þaðan. Heilbrrn. fylgist grannt með þessari vinnu og mun skoða reynslu spítalans gaumgæfilega áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

Annað sem ég vil nefna hér og leiddi af fyrrgreindu nefndarstarfi var skipun nýrrar samninganefndar heilbr.- og trmrn. Þeirri nefnd var falið veigamikið hlutverk við að semja um kaup á heilbrigðisþjónustu. Nefndin hefur nú verið að störfum í tæplega tvö ár og verður reynslan af þeirri vinnu jafnframt höfð til hliðsjónar við ákvörðun um framhald innan ráðuneytisins.

Nú á haustdögum stóð til að kalla saman á ný fyrrgreinda nefnd er hóf störf árið 2000 en hefur ekki fundað um allnokkurn tíma. Ákveðið var að fresta því þangað til fyrir liggja niðurstöður úr nefnd sem skipuð var í september og hefur það hlutverk að fara yfir þau verkefni sem hugsanlegt er að flytja frá ríki til sveitarfélaganna, sérstaklega öldrunarþjónustu og heilsugæslu. Niðurstaða þeirrar nefndar ræður miklu um framhaldið. Því ef t.d. sveitarfélögin taka að sér heilbrigðisþjónustu yrði ríkið kaupandinn en sveitarfélögin veitandinn. Þetta fyrirkomulag hefur nú þegar verið reynt í svokölluðum reynslusveitarfélögum en nú eru í gildi þjónustusamningar bæði við Akureyri og Höfn í Hornafirði.

Þegar rætt er um aðskilnað kaupanda og veitanda þjónustu má hugsa sér það í ýmsum myndum. Hefur ráðuneytið leitað fleiri leiða til að koma þessari skipan á. Má þar nefna þjónustusamning við hjúkrunarheimilið Sóltún og þjónustusamning vegna heilsugæslustöðvar í Salahverfi. Loks má ekki gleyma því að heilbr.- og trmrn. hefur hafið notkun á RAI-mælikerfi fyrir hjúkrunarstofnanir en notkun þess kerfis er ein af forsendum þess að hægt sé að bjóða út rekstur hjúkrunarheimila. RAI-mælikerfið er notað sem grunnur að kaupum ríkisins á heilbrigðisþjónustu hjá ýmsum sjálfseignarstofnunum í öldrunarþjónustu.

Af svari mínu við fyrirspurn hv. þm. má sjá að heilbrrn. er með til skoðunar ýmsar leiðir til að skilja að hlutverk kaupanda og veitanda þjónustunnar. Jafnframt hefur verið ákveðið að bíða frekari reynslu, bæði á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og af vinnu samninganefndar heilbr.- og trmrn. Hér má því ljóst vera að heilbr.- og trmrn. er tilbúið að skoða mismunandi leiðir til að tryggja heilbrigðisþjónustu svo framarlega sem þær uppfylla kröfur um aðgengi, öryggi og gæði.

[14:01]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er verið að spyrja um hvað líði undirbúningi varðandi aðskilnað kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Það er alveg greinilegt að mikil vinna er í gangi í þessa veru og að mörgu leyti sýnist mér menn vera farnir fram úr sjálfum sér hvað varðar áhuga á því að koma á einkarekstri eða koma ríkisrekstri yfir í einkarekstur og þá vísa ég til Landspítala – háskólasjúkrahúss sem vinnur að því núna að koma ýmsum rekstri yfir á aðra aðila áður en þær nefndir sem eru að vinna að framtíðarskipulagningu sjúkrahússins hafa skilað af sér.

Hér var nefnt Sóltún og heilsugæslan í Salahverfi. Ég legg til að við förum okkur hægt í þessu máli, að við búum að reynslu a.m.k. þessara tveggja dæma áður en haldið er áfram og förum okkur hægt í að taka slík skref til einkareksturs.

Við höfum fjölbreytta flóru og við getum byggt á því sem við höfum.

[14:03]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Hér er spurt um mál sem lýtur að undirstöðum samfélags okkar sem er heilbrigðisþjónustan og *jafn réttur og jafn aðgangur allra landsmanna* að heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Í allri þeirri umræðu er brýnt að halda því til haga og þess vegna beini ég þeirri spurningu til ráðherra hvort hann sé nokkuð á þeirri vegferð og alveg örugglega ekki að fara að taka upp tvöfalt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir þá efnameiri þar sem þeir geta keypt sig fram fyrir hvers konar biðraðir eftir læknisþjónustu og aðgerðum, og annað lakara fyrir þá sem lestina reka og hafa ekki fjármagn og bolmagn til að kaupa sig fram fyrir biðraðir og kaupa sér hvers konar rándýra lúxusþjónustu.

Eins og allir vita hefur það verið mikill og stór draumur margra sjálfstæðismanna gegnum tíðina að taka upp tvöfalt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir hina efnameiri og annað verra, opinbert, fyrir hina fátæku. Þetta hefur verið draumur sjálfstæðismanna en martröð okkar jafnaðarmanna.

[14:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við heyrum að ákveðin togstreita er á milli þeirra flokka sem stýra landinu í dag og hafa gert um nokkur ár. Framsfl. hefur spyrnt við fótum gagnvart ýmsu sem Sjálfstfl. virðist hafa troðið inn í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 1999 og aftur núna 2003.

Mig langar, virðulegi forseti, aðeins til að vekja athygli á því að í heilbrrn. eru starfandi svo margar nefndir um svo mörg málefni og svo mikil stefnumótunarvinna sem, því miður, virðist stundum fara sitt í hvora áttina, en til þess að hægt sé að ræða um einhver skil á milli kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu þarf að ljúka þessum störfum. Ráðherra hefur lagt áherslu á það en það er samt kominn tími til fyrir hæstv. ráðherra að samræma þetta starf og ljúka því svo hægt sé að fara í alvörustefnumótun.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra ágæt svör og það sem kom fram m.a. er að verið er að vinna ýmislegt í þessa veru í heilbrrn. Ég vil einnig þakka hv. þm. sem tóku þátt þó að sumir þeirra hafi talað gegn betri vitund eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson. (**Gripið fram í:** Hvernig veistu það?) Í þá veru að hann talaði um að Sjálfstfl. beitti sér fyrir tvöföldu heilbrigðiskerfi. Það er öðru nær og er algerlega rangt. Annaðhvort er þingmaðurinn illa lesinn eða illa innrættur. Ég held reyndar að hann sé ekki illa innrættur en hann er illa lesinn í stefnu Sjálfstfl. í þessum efnum.

Eins og staðan er í dag er Ísland eitt Vesturlanda sem enn þá fjármagnar heilbrigðisþjónustuna á föstum fjárlögum. Það er íhugunarefni og meira að segja hafa skýrslur á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands bent á að slíkt kerfi sé nánast eingöngu notað hjá vanþróuðum ríkjum. Það hlýtur því að vera ákveðin hvatning fyrir okkur að ganga fast fram í því að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna og nota kostnaðargreiningu sem grundvöll í fjárveitingu hvort heldur til opinberra heilbrigðisstofnana eða til annarra sem taka að sér að veita heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins.

Ég vil jafnframt benda á að í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 2000, World Health Report, er fjallað um frammistöðu heilbrigðiskerfa heimsins og þar leggur stofnunin áherslu á það og ráðleggur ríkjum heims að hefja kerfisbundin kaup á heilbrigðisþjónustu til þess að bæta virkni og árangur í heilbrigðisþjónustu og leggur til að þjóðlönd breyti áherslum sínum í fjármögnun frá fastri fjármögnun eða greiðslu á framlögðum reikningum í að stunda markviss kaup á tilgreindri þjónustu.

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um málið. Ég vil fyrst taka fram að það er ekkert samhengi í því að kaupa og selja heilbrigðisþjónustu og að taka upp tvöfalt kerfi. Það er allt annað mál. Ég hef sagt það að ég er ekkert á þeirri ferð að taka upp tvöfalt kerfi en þetta er allt annað mál. Það er hægt að koma á kaupum og sölu í heilbrigðisþjónustu með einu kerfi. Annað er svo hvað við förum hratt í það. Sumum finnst að fara þurfi hraðar, aðrir eins og ég hef gert hafa fetað þessa leið í ljósi reynslunnar. Það er ljóst að Landspítalinn lýkur störfum sínum við DRG-vinnuna eða stefnir að því að ljúka þeim á næsta ári, árið 2005. Það eru viss þáttaskil og þá er alveg kominn tími til þess m.a. að meta það hvort kerfi fastra fjárlaga fyrir spítalann er það besta. Mér finnst að við eigum að undirbúa okkur undir það.

Ég hef verið að feta þessa slóð m.a. í heilsugæslunni og fyrirrennari minn í öldrunarþjónustunni. Ég tel að þarna eigum við að ganga að með opnum huga, það er engin ástæða til annars, og byggja á þeirri reynslu sem við höfum. Ég sé því ekki neinn sérstakan ágreining á milli stjórnarflokkanna í þessu efni. Ég held að það sé alveg bærilegur friður um þetta og bærileg þjóðarsátt um þetta.

Heilsugæsla í framhaldsskólum.

Fsp. ÁMöl, 239. mál. — Þskj. 259.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Á 127. löggjafarþingi var ég 1. flm. þáltill. um heilsuvernd í framhaldsskólum. Tillagan hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað.“

Tillagan fékk afar jákvæðar umsagnir umsagnaraðila og afgreiddi hv. heilbr.- og trn. hana á þann veg að henni var vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim orðum, með leyfi forseta, að henni „megi finna stað í starfi á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og skipulag verkefna heilsugæslunnar“.

Nokkrar aðrar þáltill. voru afgreiddar á þennan sama máta í sama þingskjali og má þar m.a. nefna tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir og tillögu um átraskanir, en allar áttu þær það sammerkt að snerta heilsuvernd, heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu fyrir ungmenni.

Með þessari fyrirspurn leita ég upplýsinga hvernig vinnu miðar við heilsuvernd fyrir ungt fólk. Á þeim fimm árum sem liðin eru frá afgreiðslu þáltill. hefur aukin áhersla verið lögð á opnun unglingamóttöku á heilsugæslustöðvum. Mér

er hins vegar ekki kunnugt um árangur af starfi þeirra og hvort þær hafi náð þeim markmiðum sem að var stefnt. Vonandi mun hæstv. heilbrrh. koma að því í ræðu sinni.

Hins vegar er vitað að ungmenni hafa verið treg til að leita til heilbrigðisþjónustunnar með vanda sinn og sýna erlendar rannsóknir að besta leiðin til að styðja þau ungmenni sé að gera heilbrigðisþjónustuna aðgengilega fyrir þau á þeirra eigin heimavelli. Í ljósi þess að lög um framhaldsskóla kveða á um heilsugæslu fyrir þennan aldurshóp og að um 90% ungmenna sækja framhaldsskóla hefur það þótt heppilegt að aðgengi að heilsugæslu sé í skólunum sjálfum. Þó nokkrar tilraunir hafa verið gerðar hér á landi með þetta form og hefur það gefist sérlega vel.

Í nýlegri rannsókn um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, sem prófessor Rúnar Vilhjálmsson hafði frumkvæði að, segir m.a. að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmennin sé í gegnum skólana. Hér hafi Ísland þá sérstöðu í samanburði við mörg nágrannalönd að ekki sé boðið upp á nemendaheilsugæslu á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Eðlilegt sé að hérlendis fari fram skipuleg athugun á því hvort og með hvaða hætti reglubundin heilsugæsla í framhaldsskólum og háskólum landsins geti verið fýsilegur kostur.

Á það skal jafnframt bent að í skýrslu starfshóps landlæknis frá árinu 2000 um börn og ungmenni með geðræn vandamál og þjónustu við þau utan sjúkrastofnana, er lögð sérstök áhersla á að auka heilbrigðisþjónustu við nemendur framhaldsskólanna, sérstaklega með tilliti til geðverndar og geðheilbrigðisþjónustu. Einnig verður að líta til þess að brottfall nemenda úr framhaldsskólum er töluvert og mikið áhyggjuefni. Það er talið eitt af alvarlegustu vandamálum innan menntakerfisins. Ljóst er að krakkar sem falla út úr framhaldsskólum standa margir frammi fyrir erfiðleikum sem þeir eiga erfitt með að takast á við. Talið er að stuðningur við foreldra og stuðningur við nemendur innan veggja skólans skipti mestu um það hvort ungmenni nái að ljúka framhaldsskóla. Þar kemur skólaheilsugæsla sterkt inn í.

[14:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín fyrirspurn um hvernig miði undirbúningi fyrir skipulagða skólaheilsugæslu ungmenna í framhaldsskólum.

Nýlega svaraði ég á Alþingi fyrirspurn um kynfræðslu í framhaldsskólum. Í því svari kom ég nokkuð inn á skólaheilsugæslu enda eru þessi mál samofin. Þar kom fram að samkvæmt upplýsingum sem verkefnisstjórn um heilsufar kvenna aflaði í byrjun þessa árs reyndist skólaheilsugæsla af einhverju tagi vera til staðar í 14 framhaldsskólum af þeim 23 sem haft var samband við. Í níu þessara skóla var ekki boðið upp á skólaheilsugæslu en af þeim voru fimm á höfuðborgarsvæðinu. Í því sambandi ber að geta þess að heilsugæslan á Stór-Reykjavíkursvæðinu býður ungmennum á aldrinum 13–20 ára upp á þjónustu fagaðila á móttökustöðvum fyrir ungt fólk því að kostnaðarlausu.

Heilsuvernd barna á Íslandi er og hefur verið afar góð um langt skeið, svo góð að athygli hefur vakið út fyrir landsteinana. Hér á ég fyrst og fremst við ung- og smábarnavernd sem er í mjög föstum skorðum og er vel sinnt um allt land. Þá er heilsugæsla í grunnskólum skipulögð í beinu framhaldi af heilsugæslu ungbarna og njóta því öll börn skipulagðrar skólaheilsugæslu til loka grunnskóla.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, er langstærsta stofnun á sviði heilsugæslu í landinu. Innan hennar vébanda starfar Miðstöð heilsuverndar barna, hét reyndar áður barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur sem hefur verið traustur bakhjarl ung- og smábarnaverndar.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að mótun stefnu fyrir Miðstöð heilsuverndar barna. Þeirri vinnu er nýlega lokið og hefur stefnan verið samþykkt formlega af heilsugæslunni. Meðal helstu nýmæla er að Miðstöð heilsuverndar barna verður falin fagleg forusta um heilsuvernd allt að 18 ára aldri.

Annað mikilvægt atriði er að miðstöðinni verði ætlað hlutverk á landsvísu og muni styðja við landsbyggðina um málefni sem snerta heilsuvernd barna yngri en 18 ára og er ætlunin að þjónusta hennar standi til boða heilsugæslunni um allt land eftir því sem heilsugæslan úti á landi kærir sig um og fært er. Sterk forusta og miðlæg stefnumótun um heilsuvernd, eins og framangreint felur í sér, tel ég að geti orðið mikill styrkur fyrir heilsugæslu í landinu og stuðlað að samræmi í heilsugæsluþjónustu við ungt fólk hvort heldur það stundar nám í framhaldsskólum eða ekki. Þó að ég dragi ekki í efa mikilvægi góðrar skólaheilsugæslu má heldur ekki gleyma þeim 10% ungs fólks sem ekki fara í framhaldsskólanám að loknum grunnskóla.

Fyrirkomulag heilsugæslu fyrir fólk á framhaldsskólaaldri er ekki alls kostar einfalt en hægt er að hugsa sér það með ýmsu móti. Móttökur fyrir ungt fólk kunna að vera góður kostur sem jafnvel getur að einhverju leyti komið í stað heilsugæslu innan veggja skólans. Þær hafa þann kost að þangað getur allt ungt fólk leitað, ekki aðeins nemendur framhaldsskólanna. Það þarf heldur ekki að vera slæmur kostur fyrir ungt fólk að leita beint á sína heilsugæslustöð en e.t.v. þarf að breyta einhverju í þjónustu stöðvanna til að gera þann kost fýsilegri fyrir ungt fólk.

Ég geri ráð fyrir að Miðstöð heilsuverndar barna muni einmitt velta þessum spurningum fyrir sér og á grundvelli svara við þeim móta stefnu í þessum málaflokki.

Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja máls á þessu og vona að svör mín hafi orðið að einhverju leyti til að skýra stöðu þessa máls núna.

[14:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta upp og vil minna á, eins og reyndar hæstv. ráðherra gerði, svör hans við fyrirspurn sem Brynja Magnúsdóttir, varaþingmaður Samf. í Suðurk., var með þar sem hún kom inn á sama efni. Ég fagna því að sett hefur verið skýr stefna í heilsuvernd barna og ungmenna en um leið hlýt ég að vekja athygli á því að þessari heilsuvernd er ábótavant, ekki bara í framhaldsskólum heldur í grunnskólunum líka og ekki síst hjá börnum sem búa við alvarlegar geðraskanir. Það er langt í frá, eins og kemur fram í skýrslu sem Rúnar Vilhjálmsson prófessor sendi frá sér, að við stöndum jafnfætis Norðurlandaþjóðunum til að mynda.

[14:18]

Purður Backman:

Herra forseti. Það er ljóst að Miðstöð heilsuverndar barna á að vera faglegur leiðbeinandi til barna og ungmenna til 18 ára aldurs. Það má örugglega finna mismunandi form fyrir þessa þjónustu, m.a. skólaheilsugæslu í framhaldsskólum, en

alveg ljóst að hún er bráðnauðsynleg. Því hvet ég hæstv. ráðherra að standa vaktina og gera allt sem í hans valdi stendur til að koma á virkri skólaheilsugæslu fyrir framhaldsskólanema. Mörg vandamál steðja að þessum aldurshópi og bara það að hafa heilbrigðisstarfsmann, ég tala nú ekki um ef aðgangur er að sálfræðingi líka sem getur leiðbeint bæði í líkamlegum og andlegum vandamálum og vísað nemendum áfram eða bara verið til staðar, er mjög mikilvægt og ég er alveg viss um að það muni til framtíðar spara háar upphæðir í heilbrigðiskerfinu og félagsþjónustunni.

[14:19]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að hrósa hv. fyrirspyrjanda fyrir þær góðu hvatir sem að baki fyrirspurninni liggja. En um leið beinir hún sjónum okkar að öðru stóru vandamáli innan menntakerfisins, því himinháa brottfalli sem er úr íslenskum framhaldsskólum og má fullyrða að sé eitt stærsta einstaka vandamál íslensks menntakerfis í dag. Í því ljósi hlýtur að vera mjög mikilvægt að ungmenni í framhaldsskólum hafi mjög greitt aðgengi að öflugri og skipulegri heilsugæslu í sínum skólum og auðvelt að leiða að því líkum að góð heilsugæsla, sýnileg, sem bókstaflega laðar ungmenni í vanda til sín gæti komið að verulegu leyti í veg fyrir hluta af því brottfalli sem um er að ræða í framhaldsskólunum.

Menn hafa ekki náð tökum á því vandamáli sem brottfallið er og þeirri undarlegu staðreynd að brottfall úr framhaldsskólum er langhæst í íslenskum skólum samanborið við Norðurlönd og önnur Evrópulönd. Það hlýtur að vekja okkur til vitundar um hve mikilvægt er fyrir ungmenni á þessu viðkvæma aldursskeiði þar sem lítið þarf út af að bregða til að fólk hrökkvi úr gírnum og flosni upp úr því sem það er að gera, að halda þeim ungmennum við nám sem í því eru og þetta getur verið mikill liður í því.

[14:21]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn þakka fyrirspyrjanda fyrir ágæta fyrirspurn. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra eru menn að prófa sig áfram eftir ýmsum leiðum með því að vera með sérstakar unglingamóttökur á heilsugæslustöðvunum bæði á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar og einnig með því að fara með þessa þjónustu inn í framhaldsskólana sjálfa sem annaðhvort hjúkrunarfræðingar eða læknar sinna.

Skýrsla Rúnars Vilhjálmssonar var nefnd áðan. Þar kemur réttilega fram að unga fólkið nýtir sér heilsugæsluna langverst og einmitt ein af ástæðunum sem þar eru tíndar til er að það leitar ekki inn í þetta hefðbundna umhverfi heldur þvert á móti þurfa að vera úrræði inn í framhaldsskólunum eða sérstakar móttökur á heilsugæslustöðvunum. Eitt af þeim brýnu málum sem við þurfum að koma til móts við er t.d. kynfræðsla og fræðsla um getnaðarvarnir til að spyrna á móti ótímabærum þungunum og ýmsum öðrum kvillum. Ég fagna því sem verið er að gera og þeirri þróun sem núna á sér stað á þessu sviði.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir góð svör við fyrirspurn minni og jafnframt þakka ég þingmönnum fyrir þátttökuna í umræðunni. Það er alveg ljóst að með þeim breytingum sem fram undan eru í Miðstöð heilsuverndar barna er verið að útvíkka starfssviðið og taka til eldri aldurshópanna sem er mjög jákvætt.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að prófa sig áfram með ýmsar leiðir, annars vegar með unglingamóttöku og hins vegar með heilsugæslu í framhaldsskólunum. Í umræðunni varðandi brottfall nemenda úr framhaldsskólum væri mjög áhugavert að skoða hvort tilvist skólaheilsugæslu í framhaldsskólum hafi eitthvað að segja varðandi brottfall, hvort brottfallið er minna úr þeim skólum þar sem skólaheilsugæslan er innan veggja skólanna en annars staðar.

Í umsögn Brynju Benediktsdóttur fyrir hönd Félags íslenskra heimilislækna um þáltill. mína á sínum tíma segir, með leyfi forseta.

„Opin móttaka sem þessi er vettvangur forvarna á einstaklingsgrundvelli og ekki síður tækifæri til íhlutunar. Reynslan hefur sýnt að þeir einstaklingar innan skólans sem eiga í vanda, hvort sem hann er líkamlegur, andlegur eða félagslegur eru tíðustu gestirnir."

Krakkar sem leita til unglingamóttöku á heilsugæslustöðvum eru þegar komnir í vanda. Hjá krökkum sem njóta skólaheilsugæslu í skólunum beinist áherslan að forvörnum, að greina þau ungmenni sem hugsanlega gætu lent í vanda og vera aðgengileg þegar þau hafa einhverjar ákveðnar spurningar sem þau þurfa að fá ráðgjöf við. Ég hvet því hæstv. heilbrrh. að láta athuga hvort tilvist heilsugæslu í framhaldsskólum geti haft áhrif á minnkun brottfalls nemenda úr skólum.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur farið fram og það er góð ábending að kanna hvort tilvist heilsugæslu í framhaldsskólum hefur áhrif á brottfall nemenda, hvort hægt sé að nálgast sannleikann í því.

Ég hygg að það sé almennt mikill fengur að því að greina vanda nemenda eins fljótt og kostur er.

Varðandi börn með geðraskanir í skólum höfum við verið að huga sérstaklega að þeim málum hvernig hægt er að samræma kraftana í málefnum geðsjúkra barna og unglinga eða barna með geðraskanir. Við höfum ráðið sérstakan verkefnisstjóra sem hóf störf rétt eftir áramótin til að fara yfir þessi mál og skoða hvernig hægt er að samræma kraftana varðandi þessi mál, en það koma fleiri aðilar þar að, skólayfirvöld, félagsmálayfirvöld og fleiri.

Vandamálið með málefni barna og unglinga með geðraskanir er að það eru mjög margir aðilar sem koma að þeim málum. Það er brýn þörf á því að sameina þá krafta.

Ég þakka þá umræðu sem hefur farið fram og það er góð hugmynd að fara nánar yfir það hvort tilvist heilsugæslu innan skólanna dregur úr brottfalli úr skólum.

Kostnaðarhlutdeild sjúklinga.

Fsp. JóhS, 516. mál. — Þskj. 788.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Nýlega kom fram hjá Rúnari Vilhjálmssyni, prófessor í heilsufélagsfræði við Háskóla Íslands, að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hafi hækkað um 70% frá því að hún var minnst rétt fyrir 1980. Jafnframt hefur komið fram í fræðigrein í læknablaði eftir Rúnar Vilhjálmsson og Guðrúnu V. Sigurðardóttur að gild rök megi færa fyrir því að útgjöld sjúklinga í íslenska heilbrigðiskerfinu séu

þegar komin á varasamt stig og farin að bitna á aðgengi í heilbrigðisþjónustunni.

Í viðamikilli könnun sem gerð hefur verið á heilbrigðisþjónustunni kemur m.a. fram að fjórði hver einstaklingur frestaði eða hætti við að fara til læknis vegna kostnaðar og var það aðallega ungt fólk á aldrinum 18–24 ára, foreldrar barna eða fráskildir eru 28–33% af þeim 2.000 sem tóku þátt í könnuninni. Þetta sýnir ljóslega að rofin hefur verið þjóðarsátt um að allir eigi að hafa jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni óháð efnahag og staðfestir það sem haldið hefur verið fram að í vaxandi mæli geti efnalítið fólk ekki leyst út lyfin sín eða leitað læknisþjónustu. Þetta er slíkur blettur á velferðarsamfélagi okkar, herra forseti, að ekki verður við unað þegar farið er að úthýsa fólki úr heilbrigðiskerfinu sökum fátæktar. Það er rétt sem ASÍ hefur haldið fram að gjaldtakan í helbrigðiskerfinu er farin að leiða til stéttaskiptingar í heilbrigðisþjónustunni sem er að verða æ sýnilegri.

Um áramótin hækkaði ríkisstjórnin komugjöld til sérfræðinga um 30% sem örugglega hefur étið upp þá litlu hækkun sem atvinnulausir, aldraðir og öryrkjar fengu um sl. áramót. Ég tek fullkomlega undir það sem fram hefur komið hjá ASÍ að þessi gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu er vísir að stéttaskiptingu í heilbrigðisþjónustunni sem er að verða æ sýnilegri.

Heilbrigðisútgjöld heimilanna hafa vaxið mikið og ef litið er til heilbrigðisútgjalda hins opinbera hækkuðu þau um 103% eða úr tæpum 32 milljörðum í tæpa 65 milljarða frá árinu 1985–2002 á sambærilegu verðlagi og á sama tíma hefur hlutur heimilanna aukist um 159% á móti vexti upp á 103% í heilbrigðisútgjöldum hins opinbera á þessu tímabili.

Hæstv. heilbrrh. hlýtur að þurfa að taka það alvarlega þegar virtir fræðimenn færa fyrir því gild rök að útgjöld sjúklinga séu farin að bitna á aðgengi í heilbrigðisþjónustunni. Því hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurningar:

1. Telur ráðherra að kostnaðarhlutdeild sjúklinga í sjúkratryggingum hafi aukist um 70% á sl. 15 árum, samanber niðurstöðu Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í heilsufélagsfræði við Háskóla Íslands?

2. Telur ráðherra rétt að gild rök megi færa fyrir því að útgjöld sjúklinga hér á landi séu þegar komin á varasamt stig og farin að bitna á aðgengi að heilbrigðisþjónustunni, samanber niðurstöðu greinar Rúnars Vilhjálmssonar og Guðrúnar V. Sigurðardóttur um bein útgjöld íslenskra heimila vegna heilbrigðisþjónustu í 1. tbl. Læknablaðsins 2003?

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Kostnaðarhlutdeild sjúklinga hefur almennt aukist frá því fyrir 15 árum. Það er rétt hjá ágætum fræðimanni, Rúnari Vilhjálmssyni prófessor. Hins vegar verður að hafa allan varann á þegar um er að ræða athuganir yfir svo langt tímabil sem hér um ræðir. Samanburðarár eru í þessu tilliti tekin úr svo mismunandi landslagi að það er næstum eins og borin séu saman epli og appelsínur.

Í þessu sambandi verður að hafa hugfast að hlutur sjúklinga í greiðslum vegna læknisþjónustu breytist mjög mismunandi eftir því hvaða þjónustu um er að ræða. Á mælikvarða neysluverðsvísitölu, sem hækkaði frá mars 1997 til desember 2003 um tæplega 29%, lækkaði til að mynda tilkostnaður sjúklinga við heimsókn til heimilislæknis og var þá 94% af því sem hann var í mars 1997.

Hlutur sjúklings í greiðslu fyrir heilsugæslu almennt hafði hins vegar aukist á sama tímabili um rúmlega 31% samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, en eins og fram hefur komið opinberlega áður hækkaði hlutur sjúklinga í kostnaði við heimsókn til sérfræðilækna mun meira á sama tímabili.

Annar mælikvarði á að meta útgjöld sjúklinga er að skoða hlutfallslega skiptingu útgjalda við komu til sérfræðilækna milli sjúklings og Tryggingastofnunar ríkisins.

Árið 1998 greiddi sjúklingurinn að meðaltali 40,8% af kostnaði við komu til sérfræðilæknis en Tryggingastofnun 59,2%. Á árinu 1999 var skiptingin 33,3% á sjúkling en 66,7% á TR. Á árinu 2000 hafði hlutfallstala sjúklingsins lækkað í 29,9% en hlutur TR að sama skapi aukist í rúmlega 70%. Hlutfallsgreiðsla sjúklings lækkaði enn að meðaltali á árinu 2001 í 29,4% og á árinu 2002 hækkaði hlutur sjúklings svo aftur og varð að meðaltali 31,4% við komu til sérfræðilæknis en hlutur TR 68,6%.

Sé litið á tímabilið 1987–2001 sést að heilbrigðisútgjöld hafa hækkað um 276% meðan heilbrigðisútgjöld heimilanna hafa hækkað á sama tímabili um 316%. Verg landsframleiðsla hækkaði á tímabilinu um 258%, sem segir að hlutur heilbrigðisútgjaldanna þar af hafi hækkað á tímabilinu eða um tæp 5%. Heilbrigðisútgjöld heimilanna sem hluti af heildarútgjöldum til heilbrigðismála hækkuðu um 36% sem er svipað og hækkun heilbrigðisútgjalda á föstu verðlagi á þessu tímabili.

Þegar tekið er tillit til fjölgunar þjóðarinnar sést hins vegar að hækkun heilbrigðisútgjalda á mann nemur tæplega 20%.

Samanburð á þessu sviði til lengri tíma ber, eins og áður sagði, að taka með öllum fyrirvörum þar sem margs er að gæta og ytri breytingar verða til þess að ekki er hægt að rýna í tölu einar og sér.

Það verður að segjast að niðurstöður greinarhöfunda, þess efnis að útgjöld sjúklinga séu komin á varasamt stig og farin að bitna á aðgengi að þjónustunni, komi nokkuð á óvart miðað við þær almennu rannsóknaniðurstöður sem birtast annars í greininni og nýlegar niðurstöður í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 2002 sem sýna stóraukna aðsókn til allra þátta heilbrigðisþjónustunnar á tímabilinu 1997–2001.

Í grein Rúnars er greint frá rannsóknaniðurstöðum varðandi hamlandi áhrif á aðsókn til heilbrigðisþjónustu hjá nokkrum þjóðfélagshópum. Sú grein er byggð á rannsókn landlæknisembættisins frá 2001 varðandi aðgang að heilbrigðisþjónustunni eftir Rúnar Vilhjálmsson, Ólaf Ólafsson, Jóhann Ágúst Sigurðsson og Tryggva Þór Herbertsson. Þar kemur í ljós að meðalútgjöld heimilanna til heilbrigðisþjónustu eru um 2,3% af tekjum en fara í 3,5% hjá láglaunafólki sem er langhæsta útgjaldahlutfall allra þjóðfélagshópa. Hér er um að ræða fólk sem hefur undir 1.500 þús. kr. í heimilistekjur. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að þetta tekjulága fólk geti notið endurgreiðslu kostnaðar frá Tryggingastofnun sem nemur allt að 90% af heilbrigðisútgjöldum þess. Úrræðin eru því fyrir hendi og hafa verið til í meira en áratug.

Fram hefur komið í rannsóknum Rúnars Vilhjálmssonar að sjúklingar nýta sér þessi úrræði, svo sem afsláttarkortin, sérstöku greiðslureglurnar og aðrar ívilnandi reglur, afar mismunandi eftir félagslegri stöðu. Þetta gerist þrátt fyrir að það sé nánast regla að heilbrigðisstarfsmenn veki athygli

sjúklinga á réttinum til afsláttarkorta og þótt greiðslureglur og aðrar ívilnandi reglur hafi margsinnis verið kynntar fyrir einstaklingum og samtökum sem hafa innan sinna vébanda tekjulægri hópa samfélagsins. Ráðuneytið fór t.d. í samvinnu við ASÍ fyrir u.þ.b. tveimur árum til að gera átak til að kynna þennan endurgreiðslumöguleika en því miður varð lítil breyting á.

Ég verð því miður að geyma mér frekari útlistanir til síðari ræðu minnar.

[14:35]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ísland er níunda ríkasta þjóð í heimi en ríkissjóður hefur um 100 milljörðum kr. meira á milli handanna á hverju ári en hann hafði árið 1997.

Þrátt fyrir að ríkiskassinn hafi aldrei verið jafnfeitur vegna skattlagningar eru síaukin gjöld á sjúklinga staðreynd. Í nýjustu skýrslu OECD kemur fram að einstaklingar greiða um 17% heildarútgjalda í heilbrigðismálum í stað um 13% árið 1991. Þetta er umtalsverð hækkun á kostnaðarhlutfalli einstaklinga sem er hærra hér á landi en í bæði Noregi og Svíþjóð. Einstaklingar greiða meira en áður og meira en flestir Norðurlandabúar. Íslenskur almenningur ver svipuðu hlutfalli í heilbrigðismál og hann ver til kjöt- og fiskkaupa.

Það væri ágætt að fá svör frá hæstv. heilbrrh. um hvort það hafi verið meðvituð pólitísk ákvörðun af hans hálfu og ríkisstjórnar hans að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Einnig má spyrja hvort hæstv. heilbrrh. muni standa fyrir frekari hækkun á kostnaðarhlutdeild sjúklinga.

[14:37]

Ásta Möller:

Herra forseti. Þannig vill til að í Morgunblaðinu í dag birtist grein eftir mig þar sem ég fjalla einmitt um notendagjöld. Þar kemur m.a. fram að notendagjöld á Íslandi, sem hlutfall af heilbrigðisútgjöldum, eru minni en á öðrum Norðurlöndum. Hins vegar vitum við að útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist verulega á síðustu árum. En einhvern veginn hefur okkur tekist í gegnum tíðina, ef við horfum á tölur frá OECD síðustu 20 ár, að halda kostnaðarhlutdeild heimila í kringum 15%. Hún hefur rokkað til um prósent til og frá en hún hefur verið í kringum 15%, sem er lægra en í löndunum í kringum okkur.

Hins vegar er ég fylgjandi því að skoðað verði sérstaklega hvernig notendagjöld leggjast á sjúklinga. Ég tel t.d. að það þurfi að skoða sérstaklega að ef einstaklingur sem fer í tiltekna meðferð leggst inn á sjúkrahús þá þarf hann ekki að borga. Sé hins vegar aðgerðin gerð á vegum göngudeildar eða úti í bæ þá þarf hann að greiða töluvert fé fyrir sömu aðgerð.

[14:38]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Það er alveg ljóst að fjórðungur þeirra sem spurðir voru í þeirri könnun sem vísað var til fóru ekki til læknis vegna kostnaðar. Þetta var sérstaklega ungt fólk og efnaminna.

Alvarlegast er, og kemur fram í ýmsum könnunum sem liggja fyrir, að hjá þeim efnaminnstu er hlutfall útgjalda til heilbrigðisþjónustu ískyggilega hátt, það hátt að fólk veigrar sér við að leita til þjónustunnar. Sérstaklega vegna tannlækninga og lyfja.

Herra forseti. Afsláttarkortin virka ekki eins og til er ætlast. Eingöngu 45% þeirra sem áttu rétt á afsláttarkorti höfðu nýtt sér afsláttarkortin í umræddri könnun.

Þetta er mjög alvarlegur hlutur, að vera með kerfi sem á að veita þeim lægst launuðu ákveðið fjárhagslegt öryggi, kerfi sem reynist ófullnægjandi

[14:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta upp. Ég er ekki síður þakklát þeim sem samdi skýrsluna, prófessor Rúnari Vilhjálmssyni, því að hann hefur komið mjög þarfri umræðu af stað í þjóðfélaginu. Það er ljóst að kostnaðarhlutdeild sjúklinga er komin á varasamt stig. Ég hef sjálf séð það á síðasta ári og kynnst fólki sem hefur veigrað sér við að taka út lyf vegna þess hve dýr þau eru og vegna þess að 18 þús. kr. þakið á sérfræðilæknaþjónustu, sem er okkur kannski ekki svo erfitt, er þeim óviðráðanlegt. Við verðum að hugsa um þetta og taka tillit til þess.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri svolítið eins og að bera saman epli og appelsínur. Það er það líka þegar hæstv. ráðherra vitnar í Heilsugæsluna. Þar búum við nú þegar við tvöfalt kerfi. Þar er stór hópur sem hefur ekki aðgang að heilsugæslu og er vísað á heilsugæsluna eftir kl. fimm á daginn þar sem kostnaðurinn er mun meiri.

[14:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér fer fram ákaflega athyglisverð umræða. Hæstv. heilbrrh. viðurkennir að útgjöld sjúklinga hafi hækkað verulega. Það kom fram í svari hans áðan. Það er mjög mikilvægt að hann svari því hvort það sé meðvituð, yfirveguð stefna ríkisstjórnarinnar að hækka útgjöld sjúklinga. Þau eru greinilega komin að hættumörkum.

Fjórði hver sjúklingur sem talað var við af tvö þúsund manna úrtaki hætti við eða frestaði för til læknis. Fjöldi manns tekur ekki út lyfin sín. Tannlæknaþjónusta er orðin svo dýr að ungt fólk fer ekki til tannlæknis. Það á eftir að hafa alvarlegar afleiðingar. Endurgreiðslukerfið og afsláttarkerfið er svo flókið að margt fólk sem er veikt þekkir það ekki eða getur ekki nýtt sér það. Það verður auðvitað að taka á því.

Svo vil ég nefna eitt til viðbótar, varðandi krabbameinssjúklinga. Hvaða stefna er það að láta krabbameinssjúklinga sem fara í lyfjameðferð borga fyrir meðferðina á spítalanum á meðan krabbameinssjúklingar sem fara í geislameðferð fá hana ókeypis? Það ríkir algjört stefnuleysi í þessum málum.

[14:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Meðaltöl segja oft litla sögu og stundum alls enga. Það kom glögglega fram í þeim upplýsingum sem runnu upp úr hæstv. heilbrrh.

Það langmerkilegasta af því sem hæstv. ráðherra nefndi voru þær tölur yfir hlutfall af útgjöldum mismunandi þjóðfélagshópa í heilbrigðisþjónustu. Hæstv. ráðherra birti okkur það að fyrir láglaunafólk í samfélaginu er það hlutfall heimilisútgjalda sem fer til heilbrigðisþjónustunnar tvöfalt hærra en hjá meðaltalinu. Það er einmitt sá hópur sem við erum að hugsa um. Ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra er líka umhugaðast um þann hóp. Það er þessi hópur sem við höfum áhyggjur af. Það sennilega sá hópur sem í ríkustum mæli svarar því játandi að hann hafi veigrað sér við að leita þjónustu.

Við þurfum saman að finna leiðir sem girða fyrir að þessi hópur útilokist frá nauðsynlegri þjónustu.

[14:43]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég velti því nú fyrir mér í ljósi þessarar ágætu fyrirspurnar, tölfræðinnar sem þar kom fram og svars ráðherra, hve mikið það gagnist okkur í umræðunni að hafa svo ákveðna skráargatssýn. Ég held að það sé í raun engin tilviljun að þarna er tekið 15 ára tímabil. Ef tekið yrði, eins og ráðherra nefndi áðan, annað tímabil, styttra tímabil eða eitthvað annað þá fá menn allt aðra niðurstöðu.

Ég ítreka það sem fram kom í svari ráðherrans áðan, að á fjögurra ára tímabili, ef við lítum til sérfræðilæknakostnaðarins, hefur hlutdeild Tryggingastofnunar aukist um 212%. Kostnaðarhlutdeild sjúklinga hefur aukist minna ef við tökum þetta ákveðna tímabil. Það segir okkur fyrst og fremst að útgjöld okkar til heilbrigðismála hafa vaxið alveg stórkostlega.

Ég held að fyrst og fremst þurfi að styðja við frekari rannsóknir. Sú niðurstaða að aðeins tæpur helmingur þeirra sem á rétt á afsláttarkortum og endurgreiðslu nýti þau segir manni að hugsanlega eru þau hróp sem stundum eru í pólitíkinni um háa kostnaðarhlutdeild ástæðan fyrir því að fólk leitar ekki eftir þessari þjónustu. Það gefur sér fyrir fram að hún sé dýrari en hún er.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér fyndist að hæstv. heilbrrh. væri maður að meiri ef hann viðurkenndi að allt of langt hafi verið gengið í að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu í stað þess að berja höfðinu við steininn eins og hann gerir. Ég veit að í hjarta sínu er hæstv. ráðherra sammála því að það hefur verið gengið of langt. Við erum að hverfa frá því sem sátt hefur verið um, að aðgangur fólks að heilbrigðiskerfinu eigi að vera jafn og óháður efnahag. Ég gef meira fyrir tölur og útreikninga frá fræðimönnum og prófessorum í háskólanum og útreikninga sem ég hef í höndunum frá Hagstofunni en útreikninga sem ráðherrann dregur upp úr hatti sínum frá ráðuneytinu.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki orðið var við það í starfi sínu að sjúklingar, margir sjúklingar, hafi ekki efni á að leysa út lyfin sín eða leita sér læknishjálpar vegna þess að það sé orðið það dýrt að leita eftir þeirri þjónustu? Ég spyr ráðherrann hvort hann telji ekki bráðum komið að endamörkum þess að hækka sífellt hlut sjúklinga í kostnaði, eins og var gert um síðustu áramót þegar komugjöld til sérfræðinga voru hækkuð um 30%.

ASÍ hefur haldið því fram, sem er alveg rétt, að við séum að sigla inn í verulega stéttaskiptingu, ekki síst í heilbrigðiskerfinu, þegar fólk getur ekki leitað sér læknishjálpar. Það er alveg sama hvað hæstv. ráðherra segir, hvort sem litið er á ...

(**Forseti** (GÁS): Ég bið hv. þm. að hafa sig hæga og leyfa ræðumanni að tala.)

... heildarútgjöld í heilbrigðismálum og hlutfallið sem sjúklingar borga þá er það 16% á þessu umrædda tímabili sem ég nefndi, en það var 13% fyrir 15 árum. Þegar horft er til vergrar landsframleiðslu voru heilbrigðisútgjöld heimilanna 0,94% árið 1985 en eru kominn í 1,58% af vergri landsframleiðslu á árinu 2002. Þetta segir allt sem segja þarf.

Ég spyr hæstv. ráðherra og bið um að hann láti hjartað ráða för þegar hann talar úr ræðustól: Finnst honum ekki of langt gengið í kostnaðarþátttöku fólks í heilbrigðisþjónustunni?

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég bið hv. fyrirspyrjanda að bera fulla virðingu fyrir þeim tölum sem ég hef hér. Ég ber fulla virðingu fyrir skýrslu Rúnars Vilhjálmssonar. Athyglisverðasta niðurstaðan sem kemur fram í skýrslunni er kannski sú að fólk notar ekki öryggisnet samfélagsins. Auðvitað er umhugsunarefni af hverju það er. Það þurfum við að (Gripið fram í.) girða fyrir. Þetta þarf að kynna betur. Vonandi hlusta einhverjir á þessa umræðu. Hún yrði þá þáttur í þeirri kynningu.

Það er alveg ljóst að við höfum margs konar öryggisnet í þessu kerfi, m.a. eru gjöld fyrir læknisþjónustu barna, öryrkja og aldraða miklu lægri. Afsláttarþök eru í gildi. Við erum með endurgreiðslureglugerð til að endurgreiða tekjulágu fólki (**ÁRJ:** Þetta er of flókið.) og afsláttarkort. En þetta öryggisnet er ekki notað. Það er umhugsunarefni.

Varðandi það hvort hækkun gjalda sé meðvituð ákvörðun, þá er það meðvituð ákvörðun hjá okkur að halda gjöldum til grunnþjónustunnar lágum. Það hefur verið reynt að halda gjöldum í heilsugæslunni lágum. Það er verið að bæta þjónustu heilsugæslunnar. Hún hefur verið bætt mjög mikið á síðustu tveimur, þremur árum og það er meðvitað.

Þjónustugjöld fyrir notendur heilbrigðisþjónustu eru þáttur í því að halda uppi okkar góða heilbrigðiskerfi. Ábyrgir stjórnmálamenn hafa látið hafa það eftir sér að hér væru nógir peningar í heilbrigðiskerfinu. Ég veit ekki betur en forustumenn Samf. hafi sagt það. Ég veit ekki til að þeir séu tilbúnir til þess að dæla peningum í heilbrigðiskerfið fram yfir það sem nú er. Það ef hef ég ekki orðið var við.

Búsetuúrræði fyrir geðfatlaða.

Fsp. ÁMöl, 242. mál. — Þskj. 262.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Mun hæstv. félmrh. beita sér fyrir nýjum úrræðum fyrir geðfatlaða sem nú liggja á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og öðrum sjúkrastofnunum, en gætu búið á sambýlum og öðrum sérhæfðum heimilum utan sjúkrastofanna?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er viðtal við Hannes Pétursson, sviðsstjóra geðsviðs LSH, sem birtist í Morgunblaðinu í október sl. Þar benti hann á vanda 90 geðfatlaðra einstaklinga sem eru inniliggjandi á geðsviði LSH og eru á biðlista eftir heimili. Hluti þessa hóps, eða um 60 einstaklingar, getur að mati sviðsstjórans nýtt sér búsetuúrræði í félagslega kerfinu utan sjúkrahússins væru þau úrræði til staðar, þótt þarfir þeirra fyrir þjónustu utan sjúkrastofnunar séu mismiklar. 10–15 af þeim gætu búið á vernduðum heimilum án mikillar aðstoðar og um 20 manns til viðbótar gætu spjarað sig á sambýlum með sólarhrings vaktþjónustu. Þetta eru einstaklingar á aldrinum 25–50 ára sem hafa margir hverjir beðið lengi eftir að komast á sambýli.

Að lokum nefndi sviðsstjórinn hóp 25 einstaklinga sem gætu verið utan sjúkrahúsa en með umtalsverðri þjónustu,

sem er meiri en stendur til boða á sambýlum fyrir geðfatlaða á vegum félagslega kerfisins í dag.

Sams konar sjónarmið koma einnig fram í viðtali við Ingibjörgu Hrönn Ingimarsdóttur, geðhjúkrunarfræðing og þáverandi forstöðumann búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða innan Félagsþjónustunnar í Reykjavík, en það viðtal birtist í Morgunblaðinu í október 2002. Þar er haft eftir henni að hópur vistmanna hafi frosið inni á langlegudeildum og geðdeildum LSH, en hafi í raun burði og getu til að búa annars staðar. Hún telur þörf á fleiri úrræðum sem væru varanleg vistunarúrræði fyrir þessa einstaklinga þegar þeir útskrifast af sjúkrastofnun.

Fyrir jól kom fram í svari við fyrirspurn minni til hæstv. félmrh. að 88 geðfatlaðir einstaklingar væru á biðlista eftir félagslegum búsetuúrræðum. Þar kom einnig fram að 26 þeirra hafi þá verið á sjúkrastofnun. Þessi tala er nokkuð lægri en fram kom í viðtali því sem ég vísaði í hér á undan. Þar munar 34 einstaklingum. Því er líklegt að vandinn sé meiri en fram kemur í opinberum tölum.

Það er samdóma álit sérfræðinga að félagslegur stuðningur við geðfatlaða til sjálfstæðrar búsetu auki sjálfstæði þeirra og vellíðan og dragi úr tíðni innlagna á geðdeildir. Þannig er það bæði hagkvæmara þjónustuform og heppilegra frá meðferðarlegu sjónarmiði en sjúkrahúsvist, að því gefnu að sjúkdómurinn sé í því jafnvægi að viðkomandi geti verið utan sjúkrahúsa. Kostnaður við þjónustu við geðfatlaða á sjúkrastofnun er mun meiri en ef viðkomandi fær stuðning til búsetu utan sjúkrastofnunar.

Samkvæmt upplýsingum frá LSH kostar dagur á endurhæfingarsviði geðdeildar um 25 þús. kr. á dag, eða 550 millj. kr. á ári vegna þessara 60 einstaklinga. Þjónusta við þennan sama hóp með félagslegum úrræðum mundi á hinn bóginn kosta í kringum 130 millj. kr. á ári. Mismunurinn er um 400 millj. kr. á ársgrundvelli. Hér er eingöngu um að ræða kostnað við þjónustu við þessa einstaklinga. Það er ekki svo að um beinan sparnað sé að ræða.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að veita svo stórum hópi geðfatlaðra þjónustu á allt of háu stigi og með mun meiri tilkostnaði en þörf er á. Þess vegna varpa ég fram þessari fyrirspurn til hæstv. félmrh.

[14:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Ástu Möller fyrir að hreyfa þessu þarfa máli.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað töluverð umræða meðal fagaðila innan heilbrigðisþjónustunnar og félagsþjónustunnar um á hvern hátt væri hægt að tryggja sem heildstæðasta þjónustu í þágu þeirra sem eru geðsjúkir og geðfatlaðir. Þessir aðilar hafa álitið að almenn heilbrigðisþjónusta, þar með talin geðheilbrigðisþjónusta, eigi að vera aðgengileg öllum þeim sem veikjast af geðsjúkdómum af einhverju tagi. Geðheilbrigðiskerfið hefur staðið frammi fyrir þeim vanda að ekki hefur verið nægjanlegt framboð á þjónustuúrræðum í framhaldi af hefðbundinni meðferð á sjúkrahúsum. Þetta hefur leitt til þess að nokkur fjöldi einstaklinga hefur annaðhvort dvalið lengur á geðdeildum en efni hafa staðið til eða þjónusta við þá úti í samfélaginu hefur ekki verið nægilega mikil til að minnka líkur á endurinnlögnum.

Það hefur einnig, hæstv. forseti, verið mat margra þeirra sem að þessum málum starfa að nokkuð skorti á að til staðar sé nægilega skilvirkt þjónustuferli sem tryggi áframhald samþættrar þjónustu heilbrigðiskerfisins, félagsþjónustunnar og annarra þjónustukerfa, sem gæti stuðlað að auknu heilbrigði og félagslegri færni. Ljóst er að fjöldi þeirra sem útskrifast af geðdeildum þarf oft mikinn stuðning í búsetu og eiga tryggan aðgang að læknum og hjúkrunarliði, t.d. ef til endurtekinna veikinda kemur. Það liggur fyrir að heilbrrn. hefur hafið teymisvinnu sem ætlað er að bregðast við þessum vanda.

Síðari ár hefur umræðan einnig beinst í þá átt að styrkja þjónustu við geðsjúka og geðfatlaða utan stofnana, úti í samfélaginu, þannig að þeir verði eins virkir þátttakendur í lífi og starfi og unnt er. Rannsóknir hafa sýnt fram á að auknar líkur eru á bata ef geðsjúkir njóta tengsla við aðra og eiga aðgang að úrræðum sem geti stuðlað að eflingu þeirra í samfélaginu.

Félmrn. og heilbrrn. hafa að mínu viti gert sér grein fyrir mikilvægi þessa og hafa í sameiningu komið að ýmsum verkefnum sem hafa haft það að markmiði að auka samþættingu þjónustunnar þannig að hún falli betur að þörfum þeirra sem þurfa á henni að halda.

Á vegum félmrn. er til skoðunar á hvern hátt skuli unnið að þróun nýrra úrræða fyrir fatlaða. Hér er um að ræða að búa til úrræði þar sem sérstaklega er litið til hönnunar húsnæðis og bygginga fyrir fatlaða, ásamt skoðun á innihaldi hinnar faglegu vinnu sem unnin er á vettvangi og í aðdraganda að innkomu einstaklinga í þjónustu í búsetu. Í framtíðinni er þannig gert ráð fyrir því að húsnæði fyrir fatlaða geti verið með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi verði boðið upp á sérhæfðar íbúðir þar sem skilgreint verði ákveðið lágmarksrými metið út frá þörfum einstaklinganna. Staða þeirra sem hafa mestar þjónustuþarfir kallar á að byggja þarf sérstakar íbúðir fyrir þann hóp. Þó verði því þannig fyrir komið að þær séu eins líkar venjulegum íbúðum og nokkur kostur er. Þessar íbúðir verða t.d. sambyggðar í formi lítilla raðhúsa og njóta þjónustu frá starfsfólki sem staðsett er miðsvæðis með tilliti til annarra íbúða.

Í öðru lagi verði boðið upp á þjónustu fyrir þá sem hafa miðlungsþjónustuþarfir með því að keyptar verði íbúðir í fjölbýlishúsum af ýmsum stærðum og gerðum. Séu þær hlið við hlið eða í þeirri nálægð að hægt sé að veita þjónustu með mjög skömmum fyrirvara. Gert er ráð fyrir að starfsfólk hafi sérstaka aðstöðu í einhverri þeirra íbúða sem mynda þessa kjarna.

Í þriðja lagi verði boðið upp á íbúðir í samvinnu við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags við þá einstaklinga sem minnstar hafa þjónustuþarfirnar og geta þær verið staðsettar hvar sem þykir henta. Það er gert ráð fyrir að einstaklingar geti flutt á milli íbúða í samræmi við óskir og þarfir. Með þessu fyrirkomulagi er komið á svokölluðu þjónustuneti þar sem aukið svigrúm gefst til að veita þjónustu og tryggja fagmennsku við framkvæmd hennar.

Hæstv. forseti. Hin faglega þjónusta er einnig að taka breytingum. Með meiri þekkingu og færni starfsmanna gefst tækifæri til að veita meiri og innihaldsríkari þjónustu vegna fjölbreyttra þjónustuþarfa. Vonir eru bundnar við að á næstu árum getum við horft fram á betri þjónustu og aukin lífsgæði fyrir alla fatlaða sem þurfa á þjónustu vegna búsetu að halda.

Ég er þeirrar skoðunar að með markvissri stefnumótun í búsetumálum hvað varðar húsnæðið sjálft og þá þjónustu sem veitt er, getum við horft til enn frekara samstarfs við Landspítala – háskólasjúkrahús, aðrar sjúkrastofnanir og félagsþjónustu ríkis og sveitarfélaga þar sem geðfötluðum

yrði boðin þjónusta. Það er ljóst að hópur þeirra sem nú dvelst á geðsjúkrahúsum og í öðrum úrræðum innan geðheilbrigðisþjónustunnar gæti með eftirfylgd og samstarfi við heilbrigðisþjónustu átt tækifæri til frekari þátttöku í samfélaginu.

Þess ber að lokum að geta að úti á vettvangi er regluleg umræða á milli Landspítala – háskólasjúkrahúss, annarra sjúkrastofnana og félagsþjónustu ríkis og sveitarfélaga þar sem reynt er að finna þau úrræði sem best eru talin henta hverju sinni. Ég vil styrkja það samstarf og setja í formlegri farveg þannig að þeir sem þurfa á þjónustu að halda geti fengið hana með heildstæðum og skilvirkum hætti.

Ég lýsi mig, hæstv. forseti, tilbúinn að leggja mitt af mörkum til frekari skoðunar á stöðu geðfatlaðra sem dvelja á sjúkrastofnunum með tilliti til möguleika þeirra til fjölbreyttari búsetu og aukinna lífsgæða.

[14:58]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Mér þótti það magnaðar upplýsingar sem dregnar voru saman hjá hv. fyrirspyrjanda. Samkvæmt þeim tölum sem hún bar fram mætti spara 400 millj. kr. með því að finna tilteknum hópi geðfatlaðra önnur úrræði en þau að dvelja í langtímavistun á spítala. Það er einnig ljóst að það mundi líka bæta líf þeirra og auka gildi þess. Það væri mannúð fólgin í því. En hvers vegna gerist það ekki? Það er vegna þess að skipulag kerfisins er með þeim hætti að málefni geðfatlaðra eru hjá fleiri en einu ráðuneyti. Ég held að hæstv. ráðherra hafi misst af meginkjarnanum í þessu máli. Sá kjarni er eftirfarandi:

Það er öllum í hag, skattborgurum, ríkinu, en fyrst og fremst geðfötluðum, ef ráðist yrði í stjórnkerfisbreytingar sem mundu leiða til þess að málefni geðfatlaðra væru öll á einni hendi.

[14:59]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það má lesa út úr þessari spurningu að hún eigi e.t.v. fyrst og fremst við um einstaklinga sem nú dveljast í Arnarholti og Kópavogi. Ég tel að upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf hér um að stefnt væri að markvissri búsetuþjónustu séu mjög mikilvægar. Það þarf að koma á samræmdri þjónustu og teymisvinnu við útskrift þeirra einstaklinga sem nú eru í Arnarholti og Kópavogi.

Ég tel að ábyrgð á þessum einstaklingum og rekstrinum sé á hendi hæstv. heilbrrh. Ég tel einnig að því miður verði alltaf til í þjóðfélaginu einstaklingar sem verði svo illa farnir, sama hversu vel við komum fyrir markvissri búsetuþjónustu, að þeir eigi hvergi betur heima en í þjónustukjörnum eins og Kópavogur og Arnarholt eru í dag. Við þurfum að horfa til þess að styrkja þá þjónustu en ekki leggja hana af.

[15:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Hérna er hreyft við máli sem varðar marga og skiptir miklu máli en staða margra geðfatlaðra einstaklinga í samfélagi okkar hefur lengi verið sem sár á samvisku Íslands og íslensku þjóðarinnar. Svo dapurlega hefur verið að málum staðið á köflum að menn hafa varla trúað þeim fréttum sem hafa borist þegar geðdeildum t.d. hefur verið lokað. Allir þekkja sögur af því hvernig heilu fjölskyldurnar eða fjölbýlishúsin eru nánast í herkví þegar ástandið er hvað verst á geðfötluðum einstaklingum sem hafa ekki í nein hús að vernda. Það er ákaflega mikilvægt að hæstv. félmrh. átti sig á þeim vanda sem fyrir liggur og grípi strax til bráðra aðgerða og forgangsraði með mjög skýrum og afdráttarlausum hætti í þágu þessa fólks í staðinn fyrir að standa svo skammarlega að málum sem ríkisstjórnin hefur gert á undanförnum árum og er algerlega óviðunandi. Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er það sár á samvisku þjóðarinnar hvernig hefur verið búið að geðfötluðum einstaklingum í landinu.

[15:02]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli og sömuleiðis þakka ég hæstv. félmrh. fyrir ágætan lestur hans á svörum embættismanna félmrn. í sambandi við það.

Ég held þó að það hafi í sjálfu sér verið skipaðar nægilega margar þverfaglegar nefndir um málefni geðfatlaðra, nægilega margir starfshópar hinna ólíku ráðuneyta til að fjalla um hina faglegu þætti málsins og það sé, eins og hér hefur fram komið, löngu tímabært að grípa til aðgerða sérstaklega varðandi hópinn sem er á Landspítalanum. Ég hvet hæstv. félmrh. og ekki síst hæstv. heilbrrh. til að horfa til þess fordæmis sem fyrirrennarar þeirra settu þegar heilbrrh. samdi við félmrh. um að leggja honum til fjármagn til að útskrifa af Kópavogshælinu þá þroskaheftu einstaklinga sem þar voru enn. Ég held að það hafi verið ákaflega farsælt átak. Þar voru einfaldlega nokkrir tugir þroskaheftra sem þurfti að koma út í samfélagið og það er nákvæmlega eins praktískt og blátt áfram verkefni sem þessir herramenn þurfa að semja um að ráðast í.

[15:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta á dagskrá þó að ég telji, eins og kom fram hjá öðrum hv. þm., að þessi mál eigi frekar heima hjá heilbrrh. og var einmitt rétt áðan verið að dreifa fyrirspurn svipaðs efnis. Þetta snýst ekki bara um hagkvæmni og sparnað, þetta snýst um lífsgæði, oft og tíðum mjög veikra einstaklinga. Það er sannarlega rétt að búsetuúrræði þurfa að vera til staðar, ódýrari, hagkvæmari og betri sem gefa fötluðum meiri lífsgæði en að hrúga öllum inn á eina stofnun. Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Þuríði Backman að það verður að meta hvern einstakling fyrir sig og finna honum úrræði við hæfi. Þetta hefur velkst á milli kerfa heilbrigðis- og félagsmála sem er með öllu óásættanlegt. Það er óskandi að þessir tveir hæstv. ráðherrar geti leyst þetta.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og heyri að hann er sammála mér varðandi þann vanda sem er til staðar, að þörf er úrbóta í þessum málaflokki og það þurfi að breyta áherslum. Ég fagna þeim tillögum sem hann kom fram með í ráðuneyti sínu um hvað gera þurfi. Það er mjög erfitt að greina á milli þess hvenær einstaklingur er geðfatlaður og falli undir félagslega kerfið og félmrh. og hvenær hann er geðsjúkur og falli undir heilbrigðiskerfið og heilbrrh. Yfirleitt er um sama hópinn að ræða og ég er sannfærð um að þessi tvískipting á ábyrgð á þessum hóp hefur áhrif á þjónustuna við hann. Skipt ábyrgð þýðir að hvor vísar á hinn og það eru mörg dæmi um það. Það hafa komið fram hugmyndir um að sameina þennan málaflokk undir eitt ráðuneyti og jafnvel hafa komið fram hugmyndir um fjölskylduráðuneyti í því sambandi.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin birtir samanburðartölur milli Norðurlanda og þar koma fram mjög merkilegar tölur sem segja okkur t.d. að við leggjum allt of mikla áherslu á stofnanaþjónustu fyrir geðsjúka. Fjöldi sjúkrarúma á geðdeildum á Íslandi eru 118 fyrir 100 þúsund íbúa, en á bilinu 38–98 annars staðar á Norðurlöndunum. Meðallegutími geðsjúkra á geðdeildum á Íslandi er 52 dagar en á bilinu 21–41 dagur annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta bendir á að við erum með rangar áherslur í þjónustu við geðsjúka og eins og við ræddum áðan þarf að leggja áherslu á sjálfstæða búsetu og nauðsynlegt stuðningskerfi fyrir einstaklinga á eigin heimilum umfram stofnanaþjónustu. Þetta eru m.a. áherslur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ég tel að við félmrh. getum verið sammála um að aukin áhersla á búsetuúrræði fyrir fatlaða umfram stofnanaþjónustu verði bæði þessum einstaklingum til góða og jafnframt hagkvæmt fyrir samfélagið í heild svo ekki sé talað um sameiginlega sjóði landsmanna. Hér er um lausnarefni að ræða þar sem allir geta komið út sem sigurvegarar.

[15:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég get tekið undir með hv. þingmönnum að skipulagið í þessum málaflokki gæti verið og mætti vera skilvirkara. Aukin samvinna þeirra ráðuneyta sem að máli koma er að mínu viti vissulega skref í rétta átt, en ég ætla ekki að fullyrða hins vegar að þarna sé um að ræða einu réttu lausnina hvað þetta varðar.

Úrræði í búsetumálum geðfatlaðra er viðfangsefni sem við þurfum að takast á við á hverjum tíma og ég tek undir það að fjölbreytt framboð búsetuúrræða sem hentar hverjum og einum er nauðsynlegt, bæði út frá fjárhagslegu en ekki síður út frá faglegu sjónarmiði og undirstrika það.

Hæstv. forseti. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að fjölga megi verulega búsetuúrræðum fyrir fatlaða, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og ég get upplýst það við þessa umræðu að þar verður m.a. horft sérstaklega til geðfatlaðra.

Selir.

Fsp. ÖS, 469. mál. — Þskj. 677.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Hæstv. forseti. Okkur ber að virða lífríkið sem við berum ábyrgð á og til þess höfum við lög og reglur og stjórnsýslu. Í langflestum tilvikum hefur það tekist ákaflega vel. Hins vegar hefur verið misbrestur í sumum tilvikum og það mál sem mig langar að reifa sérstaklega við hæstv. umhvrh. varðar seli.

Ég var sjálfur í hennar sporum sem umhvrh. fyrir nokkrum árum þegar samþykkt voru lög sem kölluð voru villidýralög á hinu háa Alþingi. Þá spunnust harðvítugar deilur millum þriggja ráðuneyta um það hvar ætti að vista stjórnsýslu sem varðaði seli, hvar ábyrgðin ætti að vera á veiðum á sel, á eftirliti og umfram allt ábyrgðin á því að ekki yrði gengið of nærri stofnum. Sjútvrn., landbrn. og umhvrn. voru ekki á eitt sátt um það hvar þetta ætti að vistast í stjórnsýslunni og fyrir vikið varð niðurstaðan sú að í þeim lögum þar sem selir hefðu að sjálfsögðu átt að vera vistaðir urðu þeir það ekki. Í dag, svo fremi sem mig bresti ekki þekking og minni, eru einkum tvenns konar íslensk lög sem ná yfir seli. Það er annars vegar tilskipun konungs frá 1849 um veiðar og hins vegar lög um selaskot og uppidráp frá árinu 1925.

Menn hafa farið mjög harkalega gagnvart þeim tveimur selategundum sem lifa við Ísland. Svokölluð hringormanefnd hefur haft það að sérstöku verkefni sínu að fækka sel, mér liggur við að segja að útrýma sel. Ástæðan er sú að talið var að selurinn væri vágestur í lífríkinu og hefði vond áhrif bæði á fiskstofna en jafnframt að hann væri hýsill fyrir ákveðna orma sem voru og eru taldir óæskilegir varðandi afurðavinnslu í sjávarútvegi.

Það skiptir hins vegar máli, virðulegi forseti, að menn fari eigi að síður fram með ábyrgð og varúð. Hér við land er að finna tvær selategundir, landsel, sem er útbreiddasta selategund í heiminum, og útsel, en þeim hefur fækkað tölurvert. Fyrir árið 1980 fækkaði landsel verulega hratt þó mér sýnist á gögnum frá Hafró að stofninn hafi verið tiltölulega stöðugur síðan.

Um útselinn gegnir hins vegar allt öðru máli. Hringormanefnd hefur beitt sér sérstaklega gegn honum með miklum verðlaunum og það hefur verið skipuleg útrýmingarherferð í gangi gegn útsel með þeim afleiðingum að stofninn sem var 10–12 þúsund dýr fyrir hálfum til einum áratug er núna kominn niður í 5.500 dýr miðað við skýrslu Hafró frá því í fyrra. Veiðin hefur sömuleiðis fallið gríðarlega. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Eru þessar aðfarir í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga og hvað finnst henni um aðgerðir stjórnvalda til eyðingar selum hér við land?

[15:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er í fyrsta lagi spurt: „Hvaða skuldbindingar hafa Íslendingar samkvæmt alþjóðlegum samningum varðandi verndun sela við Ísland?“

Því er til að svara að alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um verndun sela felast fyrst og fremst í Bernarsamningnum um vernd tegunda dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu og almennum ákvæðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Bæði landselur og útselur eru í III. viðauka Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sem Ísland fullgilti árið 1993. Í 7. gr. þess samnings segir, með leyfi forseta:

„1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun villtra dýrategunda sem tilgreindar eru í viðauka III.

2. Hafa skal stjórn á allri nýtingu villtra dýra sem tilgreind eru í viðauka III svo að stofnum þeirra sé eigi hætta búin, með tilliti til ákvæða 2. gr.

3. Meðal annars skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) Viðhafa tímabundið veiðibann og aðrar aðgerðir sem hafa stjórn á nýtingunni,

b) banna nýtingu um ákveðinn tíma eða á ákveðnum svæðum, eftir því sem við á, til að koma stofnum í viðeigandi horf,

c) hafa, eftir því sem við á, stjórn á sölu, geymslu vegna sölu, flutningi vegna sölu og framboði lifandi og dauðra villtra dýra.“

Hæstv. forseti. Bæði landselur og útselur eru og nefndir í ályktun Bernarsamningsins, nr. 6, um tegundir sem þarfnast sérstakra búsvæðaverndar. Aðildarlöndum ber að taka tillit

til þessara tegunda við gerð verndarsvæða í Evrópu, svokallaðra Emerald-svæða, sem eru net náttúruverndarsvæða í Evrópu. Sé tegundin algeng og ekki sé ástæða til sérstakra friðunaraðgerða vegna þess þurfa aðildarlöndin hins vegar ekki að grípa til slíkra ráðstafana. Tegundirnar eru ekki á viðaukum CITES eða á listum IUCN yfir tegundir í útrýmingarhættu á heimsvísu.

Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992 sem Ísland fullgilti 1995 segir í 8. gr. staflið c, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver samningsaðili skal, eftir því sem hægt er og viðeigandi, stýra eða stjórna líffræðilegum auðlindum sem mikilvægar eru fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni hvort sem er innan eða utan verndaðra svæða í þeim tilgangi að tryggja vernd þeirra og sjálfbæra notkun."

Í staflið d í 8. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stuðla ber að vernd vistkerfa, náttúrulegra búsvæða og viðhaldi lífvænlegra tegundastofna í náttúrulegu umhverfi."

Samningurinn kveður hins vegar ekki á um friðun ákveðinna tegunda eins og Bernarsamningurinn heldur skal það metið eftir ástandi viðkomandi tegunda.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Telur ráðherra að aðgerðir stjórnvalda til eyðingar selum samræmist framangreindum skuldbindingum miðað við stöðu og þróun selastofna hér við land?"

Því er til að svara að ég kannast ekki við að stjórnvöld standi fyrir eyðingu sela. Selir njóta ekki almennrar verndar að íslenskum lögum þar sem ákvæði svonefndra villidýralaga nr. 64/1994 ná ekki til sela eða hvala. Grunnlög um selveiðar eru enn tilskipun um veiðibann 1849, með breytingum frá 1990, sem leggja bann við skotveiðum á landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa sjómílu frá þeim. Selir á Breiðafirði eru verndaðir gegn skotveiðum með sérlögum um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30/1925. Lög nr. 29/1937 kveða hins vegar á um útrýmingu sela úr Húnaósi og í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, eru ákvæði um ófriðun sels, en í 82. gr. laganna segir að rétt sé að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

Það er því ljóst að þau lög sem gilda um seli hér á landi mæla ekki fyrir um eyðingu hans enda miða þær aðgerðir sem gripið hefur verið til að því að fækka sel eða halda honum í skefjum.

Þegar til úrskurðar kom á kæru vegna Kárahnjúkavirkjunar í umhvrn. voru selamálin skoðuð sérstaklega og alveg ljóst að virkjunin getur haft áhrif á selastofnana en það var ekki talið að það væri þörf á sérstökum aðgerðum, hvorki á héraðsvísu né landsvísu af þeim ástæðum.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mér fannst ekki mikil umhyggja fyrir umhverfinu birtast í máli hæstv. ráðherra. Hún er þeirrar skoðunar, eins og ég, að það sé í rauninni engin stofnun og ekkert vald, opinbert, sem á að hafa stjórnsýslu yfir veiðum á sel.

Hins vegar blasir það alveg við að hæstv. ráðherra er sér vel meðvituð um það að Íslendingar hafa axlað ákveðnar skuldbindingar með aðild að alþjóðlegum samningum. Þar segir m.a. að það eigi að stuðla að verndun vistkerfa og það sem er brýnna, þar segir að það eigi að stýra eða stjórna nýtingu til að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu. Hæstv. ráðherra hefur með öðrum orðum skyldum að gegna til að sjá til þess að þetta verði gert. En það er ekki að gerast í dag.

Samkvæmt upplýsingum frá hæstv. sjútvrh., sem nú gengur í salinn, er útsel að fækka mjög hratt. Hverjir standa fyrir því? Það eru einkaaðilar, það er hringormanefnd sem er ekki kostuð af ríkinu heldur af útflutningssamtökum og aðilum sem standa í sjávarútvegi. Er það virkilega svo að slíkum aðilum séu heimilar stjórnlausar veiðar? Það er engin stofnun sem á að hafa eftirlit með veiðunum. Það er engin stofnun sem á að hafa eftirlit með því að ekki sé gengið of hratt og harkalega að stofninum.

Ég er ekki að óska eftir því að útselurinn sé friðaður en ég er að óska eftir því að hæstv. umhvrh. standi undir þeim skyldum sem á hennar herðar eru lagðar. Hún á að tryggja samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum vernd og sjálfbæra nýtingu stofna. Það liggur í augum uppi að það er ekki að gerast varðandi útselinn.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún a.m.k. ekki tímabært að láta gera úttekt á störfum hringormanefndar og að láta fella selina undir villidýralögin?

[15:18]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef kom það til umræðu á sínum tíma hvort selir og hvalir ættu að vera undir villidýralögunum, (Gripið fram í.) og það varð ekki, já, eins og hér kemur fram, þannig að ákvæðin falla þar ekki undir. Hins vegar eru ákveðin ákvæði sem falla undir lög sem tilheyra öðrum ráðuneytum eða ráðherrum eins og í silungs- og laxalögunum, og svo er Hafrannsóknastofnun auðvitað með rannsóknarskylduna gagnvart þeim dýrategundum sem eru í sjó. En eins og kom fram í svari mínu áðan teljum við stöðuna hjá þessum stofnum vera slíka að ekki þurfi að grípa til einhverra sérstakra verndaraðgerða þannig að þessi mál eru í þokkalegum farvegi að okkar mati.

Varðandi hringormanefndina er hún ekki á forræði stjórnvalda, eins og kom líka fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, og mér skilst að umsvifin hjá þeirri nefnd hafi frekar farið minnkandi, ef ég hef fengið réttar upplýsingar. (Gripið fram í.) Þessar tegundir eru því ekki í útrýmingarhættu og þær eru ekki á viðaukum hvorki CITES né IUCN yfir tegundir í útrýmingarhættu þannig að við höfum ekki séð ástæðu til þess að grípa til sérstakra aðgerða.

Veiðar og rannsóknir á túnfiski.

Fsp. ÖS, 492. mál. — Þskj. 764.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að varpa fram nokkrum ítarlegum spurningum til hæstv. sjútvrh. sem varða túnfisk.

Túnfiskur eða öllu heldur bláuggatúnfiskur er í hópi 30 túnfisktegunda sem synda um Norður-Atlantshafið. Þetta eru víðförlir stofnar samkvæmt skilgreiningum alþjóðlegra samninga og bláuggatúnfiskurinn sem gengur inn í efnahagslögsögu Íslands gengur t.d. líka inn í efnahagslögsögu Tyrklands. Það er til marks um það hversu víða hann fer yfir.

Túnfiskurinn er ákaflega verðmætur fiskur og fæst hátt verð fyrir hann. Ég sé í honum ákveðin sóknarfæri fyrir íslenskan sjávarútveg. Ég geri mér að vísu grein fyrir því að

hann verður aldrei verulega sterk stoð undir sjávarútvegi en hann gæti hins vegar bætt nokkuð í bú okkar.

Hingað hafa á undanförnum árum komið japönsk skip til veiða samkvæmt sérstöku leyfi sem sjútvrh. getur veitt samkvæmt lögum nr. 13/1992. Þessar veiðar sem Japanir hafa stundað hér hafa verið gerðar í samvinnu við Hafrannsóknastofnun sem hefur haft mannskap um borð til þess að fylgjast með þeim.

Ég hef varpað fram spurningum um það hvernig staða rannsókna á tegundinni er, því til þess að okkur takist að gera okkur mat úr þessari merkilegu tegund þarf rannsóknir. Þorsteinn Pálsson, þáv. sjútvrh., sagði hér í umræðum árið 1998 að fyrir dyrum stæði að hefja rannsóknir á göngu og útbreiðslu túnfisks. Í svari sama ráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar árið 1998 sagði að Hafrannsóknastofnun hefði í tilefni af Ári hafsins kynnt viðamiklar rannsóknir í Suðurdjúpum sem ættu m.a. að beinast að útbreiðslu vannýttra tegunda eins og túnfisks sem var sérstaklega nefndur.

Nú hafa nokkrar útgerðir reynt með einhverjum hætti að draga verðmæti úr djúpum hafsins með því að veiða túnfisk og hugsanlega ekki haft erindi sem erfiði. Undirstaða slíkra veiða hljóta að vera rannsóknir og þess vegna hef ég leyft mér að beina eftirfarandi fjórum spurningum til hæstv. ráðherra:

Hvaða rannsóknir hafa Íslendingar gert á bláuggatúnfiski frá 1996? Benda þær til þess að túnfiskveiðar gætu orðið arðvænlegar fyrir íslenskar útgerðir? Hafa rannsóknirnar leitt í ljós hvað veldur mismiklum göngum inn í íslensku efnahagslögsöguna? Hafa Íslendingar fengið kvóta með aðild sinni að Alþjóðatúnfiskveiðiráðinu og ef svo er, hvernig hafa þeir nýtt sér hann?

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrirspurnina.

Hafrannsóknastofnunin hefur staðið að tilraunaveiðum á túnfiski í átta ár eða frá því á haustmánuðum 1996 í samvinnu við japanska útgerðaraðila. Markmið tilraunaveiðanna og rannsókna þeim tengdum er tvíþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með göngum túnfisks innan íslensku efnahagslögsögunnar og kanna veiðanleika hans innan hennar. Í öðru lagi að afla upplýsinga um vistfræði og líffræði túnfisks sem gæti varpað ljósi á göngur hans inn á íslenskt hafsvæði auk þess að vera framlag til rannsókna á fjölþjóðlegum vettvangi.

Fyrirkomulag tilraunaveiðanna hefur verið með þeim hætti að árlega hafa verið gerðir samningar á milli Hafrannsóknastofnunarinnar og japanskra aðila um framkvæmd tilraunaveiðanna og rannsóknir þeim tengdum. Stofnunin hefur notið tekna af veiðunum sem borið hafa uppi mestan hluta kostnaðar við tilraunaveiðarnar og rannsóknir þeim tengdum. Á þeim tíma sem tilraunaveiðarnar og rannsóknir hafa staðið, þ.e. 1996–2003, hafa gjöld verið 82 millj. 905 þús. kr. en tekjur 73 millj. 108 þús. kr. Gjöld umfram tekjur á tímabilinu öllu eru þannig 9 millj. 797 þús. kr.

Miklar sveiflur hafa verið í veiðum frá ári til árs. Afli á sóknareiningu reyndist minnstur 161 kíló á lögn árið 2001 og mestur 1.100 kíló á lögn árið 1997. Engin athugun liggur fyrir um arðsemi veiðanna en ljóst er að þegar vel veiðist, eins og 1997, eru þær ábatasamar.

Útbreiðslusvæði bláuggatúnfisks er mjög stórt. Til þess að öðlast skilning á líffræði og göngumynstri tegundarinnar er mikilvægt að veiðiþjóðirnar hafi með sér samstarf um rannsóknir þannig að það nái til alls útbreiðslusvæðisins fremur en einungis afmarkaðra hluta þess. Hefur Hafrannsóknastofnunin því tekið virkan þátt í vísindastarfi Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins ICCAT frá árinu 1999.

Með tilliti til bláuggatúnfisks hafa vísindamenn innan ráðsins einkum verið að skoða göngur tegundarinnar og blöndun milli svæða í Norður-Atlantshafi. Í dag miðast stjórnun veiðanna við að um tvo einangraða stofna sé að ræða með mörk sem liggja um 45° vestur. Samkvæmt þessari skiptingu tilheyra fiskar sem hingað sækja austari stofninum. Margt bendir þó til að blöndun eigi sér stað og hafa athuganir á stærð og ástandi fiska stutt þá ályktun. Til stendur að rannsaka þessa blöndun frekar og í því skyni er Hafrannsóknastofnunin í samstarfi við bandaríska erfðafræðinga um samanburð á erfðasamsetningu fiska frá Íslandsmiðum við svæði austan og vestan Atlantshafsins. Jafnframt er stofnunin í samstarfi um þróun aðferða til að meta aldur bláuggatúnfisks sem ætlað er að bæta stofnstærðarmat tegundarinnar.

Rannsóknarmenn Hafrannsóknastofnunarinnar sem hafa verið um borð í túnfiskveiðiskipum hafa skráð upplýsingar og framkvæmd veiðanna, afla og aflabrögð auk þess að taka sýni úr fiskum til rannsókna. Komið hefur í ljós að stórir bláuggatúnfiskar, að meðaltali tveggja metra langir, ganga inn á íslenskt hafsvæði á haustin. Gengd þeirra virðist þó mjög breytileg milli ára og afli á sóknareiningu reyndist minnstur árið 2001 eins og áður var talið. Unnið er að úrvinnslu fæðusýna úr fiskum og munu niðurstöður þeirra hugsanlega varpa ljósi á göngur þeirra inn á íslenskt hafsvæði. Við tilraunaveiðarnar hefur ekki tekist að finna tengsl á milli afla á sóknareiningu og hitastigs sjávar. Í þessu samhengi ber að geta að auk hitastigs er talið að fæðuframboð og stofnstærð hafi áhrif á göngur fiskanna. Fram á sjöunda áratuginn þegar tegundin gekk að Noregsströndum var sjórinn þar hlýrri, síldarstofnar sem voru líklega fæða tegundarinnar voru stærri auk þess sem túnfiskstofninn sjálfur var í betra ástandi en nú. Það er því ekki víst að hækkandi hitastig eitt og sér valdi því að bláuggatúnfiskur fari aftur að ganga inn á norðanvert Norður-Atlantshaf.

Ísland gerðist aðili að Atlantshafstúnfiskráðinu árið 2002. Áður hafði Ísland tekið þátt í starfi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Innan ráðsins hefur Ísland lagt megináherslu á tvennt er kemur að veiðistjórnun á bláuggatúnfiski, annars vegar að stöðva verði ofveiði og koma á stjórn sem tryggði sjálfbærar veiðar til lengri tíma, hins vegar rétt Íslands sem strandríkis til þess að þróa veiðar sínar úr stofninum.

Undanfarin ár hefur afli verið langt umfram það sem vísindanefnd ICCAT hefur lagt til. Bæði hefur leyfilegur heildarafli verið settur umtalsvert meira en vísindamenn hafa lagt til auk þess sem raunverulegur afli hefur jafnan verið umtalsvert fram yfir leyfilegan heildarafla.

Ísland sem áheyrnaraðili tók virkan þátt í að móta ný viðmið fyrir úthlutun veiðiheimilda innan ICCAT. Í nýjum viðmiðunum eru það tvö atriði sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir Ísland, annars vegar að horft skuli til líffræðilegra þátta stofna svo sem í hve miklum mæli stofnarnir halda sig innan lögsagna ákveðinna ríkja, og hins vegar að sérstakt tillit sé tekið til strandríkja ef efnahagur þeirra er í mjög ríkum mæli háður nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Lengst af ætlaði ICCAT Íslandi engar veiðiheimildir til túnfiskveiða en í ljósi nýrra viðmiðana og aðildar Íslands að ICCAT krafðist Ísland þess að fá úthlutaðan kvóta. Í málflutningi sínum hefur Ísland lagt megináherslu á rétt sinn

sem strandríkis auk þess að vera efnahagslega mjög háð nýtingu lifandi auðlinda sjávar.

Á fundi túnfiskveiðinefndarinnar árið 2002 var samþykkt samhljóða tillaga ESB um að Íslandi væri úthlutað 40 tonn árið 2004, 50 tonn árið 2005 (Forseti hringir.) og 60 tonn árið 2006.

[15:28]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þetta yfirgripsmikla svar. Ég geri mér grein fyrir því að rannsóknir á þessum stofni og vonandi framtíðarauðlind Íslendinga eru flóknar og kostnaðarsamar. Mér þykir þó gleðilegt að heyra að hæstv. ráðherrum hefur tekist að koma árum Íslendinga svo fyrir borð að við berum ekki mikinn kostnað af þeim.

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir í hverju tekjurnar eru fólgnar og þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi skýra það örlítið í svari sínu á eftir.

Það kemur í ljós að við erum að fá kvóta sem fer stigvaxandi ár frá ári. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig þær veiðar sem hafa verið stundaðar af Japönum innan íslensku efnahagslögsögunnar tengjast veiðireynslu. Eru þær metnar sem veiðireynsla Íslendinga? Ég er ekki alveg viss um það af því að hér er um erlend skip að ræða.

Ég held að þær upplýsingar sem senn liggja fyrir um fæðuval geti varpað ljósi á göngur og sömuleiðis er athyglisvert að heyra að í gangi eru erfðafræðilegar rannsóknir til þess að kanna hvort íslensku túnfiskarnir, sem ég leyfi mér að kalla svo fyrst þeir ganga hér inn í lögsöguna, kunni að koma úr báðum þessum tveimur stofnum í Norður-Atlantshafinu.

Ég vildi líka inna hæstv. ráðherra eftir því hversu mikill afli hefur komið um borð í þessum japönsku skipum að meðaltali á ári frá árinu 1996 ef hann hefur þær upplýsingar. Hugsanlega las hann það áðan í sínu hraðlesna svari en ég kann að hafa misst af því.

Ég vil ítreka það, herra forseti, að ég tel það sé ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að huga mjög vel að möguleikum til þess að auka verðmætavinnslu í sjávarútvegi. Túnfiskveiðar eru klárlega hugsanleg leið. Og við eigum að leggja í rannsóknir sjálfir eða með öðrum aðilum til þess að ýta undir möguleika á að nýta slíka auðlind.

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Eins og kom fram í fyrra svari mínu hefur stofnunin notið tekna af veiðunum samkvæmt samningi við veiðiaðilana, japönsku aðilana. (Gripið fram í.) Ég er ekki með á takteinum ...

(**Forseti** (BÁ): Ég bið þingmenn að stilla sig meðan ræðumaður talar.)

Ég er ekki með á takteinum tölur yfir það magn sem hefur veiðst í lögsögunni í þessum tilraunaveiðum en auðvelt er að leita þeirra.

Hins vegar er rétt að geta þess að veiðireynsla okkar eigin skipa af veiðum túnfisks er mest 27 tonn á ári og í byrjun síðasta árs voru auglýst veiðileyfi á túnfiskveiðum. Þrír aðilar sóttu um þau leyfi. Enginn þeirra hefur hins vegar farið til veiða enn þá og eftir því sem mér skilst hafa tvö þessara skipa verið seld úr flotanum. Þetta virðist vera nokkuð áhættusamur veiðiskapur, sérstaklega þegar menn hafa ekki mikla reynslu og því gæti verið kostnaðarsöm þróun fyrir útgerðir að útbúa sig og ná sér í reynslu til að nýta þennan kvóta. Hins vegar er óskandi að það takist því að þarna er um umtalsverð verðmæti að ræða.

Fyrir veiðarnar á þessu ári hafa veiðileyfin ekki enn þá verið auglýst. Veiðarnar hefjast yfirleitt ekki fyrr en seinni hluta árs. En einmitt vegna þess, herra forseti, að engir þessara þriggja fóru til veiðanna er verið að huga að því hvernig best sé að standa að þessu á árinu.

Raforka við Skjálfanda.

Fsp. MÁ, 537. mál. — Þskj. 812.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Fyrirspurnir mínar til hæstv. iðnrh. um stöðu raforkumála í byggðunum við hinn mikla flóa, Skjálfanda, en þar er elsta byggð á Íslandi samkvæmt fornum sögum, hljóða svo:

1. Af hverju tengist einungis gamla línan frá Laxárvirkjun til Akureyrar landskerfinu?

2. Liggur fyrir áætlun um að tengja Húsavík og nærsveitir betur við landskerfið?

3. Hvað kostar slík tenging?

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Iðnrn. óskaði eftir því við Rafmagnsveitur ríkisins að fyrirtækið veitti ráðuneytinu þær upplýsingar sem óskað var eftir í ofangreindri fyrirspurn og byggjast meðfylgjandi svör á þeim upplýsingum.

Fyrsta spurningin var svona, með leyfi forseta:

„Af hverju tengist einungis gamla línan frá Laxárvirkjun til Akureyrar landskerfinu?"

Á árunum 1974–1984 var svonefnd byggðalína lögð milli landshluta. Megintilgangur með þeirri framkvæmd var að tengja saman einstök svæðisbundin raforkukerfi. Með þessu móti fékkst aukin afhendingargeta á svæðum þar sem áður var orkuskortur og afhending varð jafnframt mun öruggari. Byggðalínan var almennt tengd á einum stað á hvert samtengt landsvæði. Inn á samtengt kerfi á austanverðu Norðurlandi var byggðalínan tengd á Rangárvöllum ofan Akureyrar en þar var raforkunotkunin mest á þessu samtengda svæði. Samtengt raforkukerfi í þessum landshluta náði þá frá Dalvík allt austur til Þórshafnar, og 1980 tengdust Ólafsfjörður og Siglufjörður inn á þetta samtengda svæði.

Frá Rangárvöllum liggur nú 66 kílóvatta lína til Laxárvirkjunar og þaðan liggja línur til Húsavíkur, Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar. Þessi tenging til Húsavíkur annar vel núverandi notkun og gæti tekið við tvöföldun á álagi.

Með leyfi forseta er spurning nr. 2 svona:

„Liggur fyrir áætlun um að tengja Húsavík og nærsveitir betur við landskerfið?"

Svarið er eftirfarandi:

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið hugað að endurnýjun á línunni frá Laxá til Húsavíkur og áform eru uppi um að endurnýja hana á næstu árum vegna aldurs. Samkvæmt raforkulögum og tillögum nefndar er ég skipaði sl. sumar um tilhögun flutningskerfisins verður þessi lína hluti af flutningskerfi nýs flutningsfyrirtækis og endurnýjun hennar kemur væntanlega í þess hlut. Það sama gildir um línuna milli Rangárvalla og Laxárvirkjunar en hún er nú í eigu Landsvirkjunar.

Þriðja spurningin, með leyfi forseta:

„Hvað kostar slík tenging?“

Ef tengja ætti Húsavík við byggðalínu á annan hátt en nú er gert kæmi fljótt á litið helst til greina að leggja línu frá Kröfluvirkjun til Húsavíkur en þar á milli eru um 45 km. Engin kostnaðaráætlun liggur fyrir um slíka tengingu en lauslega áætlað gæti kostnaðurinn við 132 kílóvatta línu verið 500–600 millj. kr. með endastöðvum ef ekki væri komið við í Laxárvirkjun. Viðbótarkostnaður við að tengja línuna inn í Laxárvirkjun gæti orðið um 200 millj.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svarið og tek því þannig að hún hafi engar sérstakar áhyggjur af þessu máli, tengingunni við Húsavík og aðrar byggðir við þennan flóa. Það er merkilegt í þeirri umræðu sem fram fer þessa dagana um nauðsyn stífluhækkunar í Laxá. Í riti frá því í sumar, 26. júní 2003, sem heitir Laxárstöðvar – inntakslón ofan Laxárstöðva, tillaga um matsáætlun, drög, stendur þetta á síðu 3–4 undir fyrirsögninni Tilgangur í lið 1.1., með leyfi forseta:

„Í Laxá er mikill sandburður sem veldur óeðlilega miklu sliti á vatnsvélum. Í miklum umhleypingum að vetri til myndast einnig ís- og krapastíflur við inntakið með þeim afleiðingum að rennsli um Laxárstöðvar minnkar. Slíkt ástand getur oft varað dögum saman og skapað óvissu um afhendingu raforku á Húsavík og í nærsveitum. Ástæða þess er sú að þetta svæði fær rafmagn frá Laxárstöðvum og einungis gamla línan frá virkjuninni til Akureyrar tengist landskerfinu. Ef saman færi bilun þeirrar línu, sem stundum gerist, og truflanir á raforkuframleiðslu í Laxá, þá gætu Húsavík og nágrannabyggðir búið við orkuskort í lengri tíma.“

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Til þess að stemma stigu við þessu vandamáli hefur Landsvirkjun gert áætlun um að reisa nýja stíflu efst í Laxárgljúfri í stað núverandi stíflu.“

Landsvirkjun hyggst gera þessa stíflu af tveimur ástæðum samkvæmt því sem tekið er fram í þessu riti, annars vegar vegna mikils sandburðar og hins vegar vegna ís- og krapastíflna sem skapa óvissu um afhendingu um raforku á Húsavík og nærsveitum. Og mér sýnist að eftir þetta svar iðnrh. sé þessi síðari ástæða Landsvirkjunar fyrir málinu fallin, a.m.k. að mati hæstv. iðnrh., og ég fagna þeirri niðurstöðu.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér þykir hv. þm. nokkuð fljótur að draga ályktanir þegar hann tengir þetta saman á þennan hátt. Aðalatriði málsins er það sem kom fram í svari mínu hvað varðar línuna til Húsavíkur, sem sagt að tengja Húsavík við landskerfið. Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir í nítjánmannanefndinni um nýtt flutningskerfi og hvernig það skuli vera í laginu verður þessi lína hluti af flutningskerfinu, hluti af þeim línum sem flutningsfyrirtækið kemur til með að reka og það er eiginlega svarið við spurningunni.

Hvað varðar hins vegar stíflur eða krap í Laxá get ég sagt hv. þm. að ég upplifði æðioft rafmagnsleysi í bernsku minni vegna þess að það var krap í Laxá. Í raun hefur sú virkjun aldrei skilað því sem hún upphaflega átti að gera. Nú eru uppi hugmyndir um að fara a.m.k. í þá vinnu sem nauðsynleg er til að átta sig á hvaða framtíð sú virkjun getur átt, hvort hún hugsanlega eigi ekki framtíð — það er einn möguleiki — eða hvort hægt sé að bæta þannig ástandið hvað varðar sandburð til virkjunarinnar að samkomulag geti náðst um einhverja hækkun á stíflunni og þá kannski með þeirri viðbót að ofar yrði tekinn sandur í gildru sem væri þá mikilvægt umhverfismál. Það er áhersluatriði frá mörgum á þessu svæði að þannig verði tekið á málinu en ekki hinn kosturinn að loka eða hætta þessari raforkuframleiðslu sem er þó vissulega möguleiki.

[15:42]

Útbýting þingskjala:

Framtíð sjúklinga á Arnarholti, 646. mál, fsp. MF, þskj. 963.

Kostnaðarhlutdeild sjúklinga, 647. mál, fsp. AtlG, þskj. 964.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 314. mál, nál. menntmn., þskj. 960.

Umhverfisvænar sjávarafurðir og sjálfbærar veiðar, 645. mál, fsp. GÖrl, þskj. 962.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 15:43.

73. FUNDUR

mánudaginn 1. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 921. — 1. umr.
3. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 938. — 3. umr.
4. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 411. mál, þskj. 939, brtt. 979. — 3. umr.
5. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.
6. Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, þáltill., 309. mál, þskj. 354. — Fyrri umr.
7. Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, þáltill., 323. mál, þskj. 374. — Fyrri umr.
8. Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, þáltill., 336. mál, þskj. 404. — Fyrri umr.
9. Útvarpslög o.fl., frv., 337. mál, þskj. 407. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Breyting á stjórn þingflokks Frjálslynda flokksins.

[15:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá framkvæmdastjóra þingflokks Frjálslynda flokksins, dags. 1. mars:

„Þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur skipt með sér ábyrgðarstörfum frá og með deginum í dag sem hér segir:

Formaður þingflokks: Magnús Þór Hafsteinsson.
Varaformaður þingflokks: Sigurjón Þórðarson.
Ritari þingflokks: Gunnar Örlygsson.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks Frjálslynda flokksins, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, dags. 1. mars:

„Þar sem Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest., verður erlendis í einkaerindum á næstunni og getur því ekki sótt þingfundi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður hans á lista Frjálslynda flokksins í kjördæminu, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir táknmálskennari, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Magnús Þór Hafsteinsson.“

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um afturköllun þingmáls.

[15:03]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að 497. mál þingsins, sem er fyrirspurn á þskj. 769, er kallað aftur.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, 648. mál, þáltill. JÁ, þskj. 965.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 651. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 968.

Lega þjóðvegar nr. 1, 650. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 967.

Starfsmenn í hlutastörfum, 411. mál, brtt. ÖJ og JóhS, þskj. 979.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 652. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 969.

Vestnorræna ráðið 2003, 649. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 966.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 979. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fátækt.

[15:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Frá 1. janúar 2003 eða í liðlega eitt ár hefur verið starfandi samráðshópur undir forustu forsrh. með aðild félmrh., fjmrh. og heilbrrh. sem hafði það verkefni að skilgreina vandann sem við er að etja vegna fátæktar og finna leiðir til úrbóta. Hæstv. félmrh. upplýsti í október sl. að lokadrög að skýrslu starfshópsins lægju fyrir og niðurstöðu ráðherranefndarinnar væri að vænta í nóvember og þar kæmu fram tillögur til úrbóta í málefnum fátækra.

Aftur upplýsti hæstv. félmrh. fyrir um mánuði síðan að hæstv. forsrh. mundi mjög fljótlega gera grein fyrir niðurstöðum og tillögum til úrbóta. Vísar hæstv. félrmh. þar með ábyrgðinni á þessu máli yfir til hæstv. forsrh. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Hver er skýringin á því að niðurstaðan af starfi þessa starfshóps hefur ekki verið kynnt þegar lokadrög að skýrslunni hafa legið fyrir í bráðum fimm mánuði?

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi skýrsla starfshópsins hafi verið kynnt og rædd í ríkisstjórninni og hvort hæstv. ráðherra geti greint frá því hverjar séu helstu tillögur til úrbóta í aðgerðum gegn fátækt og hvenær megi vænta þess að skýrslan verði kynnt og lögð fram til umfjöllunar á hv. Alþingi.

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Þessi skýrsla, eða drögin, hefur ekki verið lögð fyrir ríkisstjórnina og ég hef reyndar ekki lesið þau drög sjálfur heldur, en mér er kunnugt um að lokafrágangur stendur yfir af hálfu nefndarmanna. Það hefur eitt og annað orðið til þess að tefja það en ég vona að það tefjist ekki úr hömlu héðan í frá. Af framangreindum ástæðum get ég ekki farið yfir einstök efnisatriði eða tillögur skýrslunnar.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta mál orðið hálfvandræðalegt fyrir ríkisstjórnina og reyndar til skammar, vegna þess að þegar hæstv. félmrh. ræddi þetta mál á þinginu í októbermánuði upplýsti hann að lokadrögin lægju fyrir og það ætti rétt eftir að leggja lokahönd á málið. Síðan upplýsir hann það fyrir mánuði að á næstu dögum muni hæstv. forsrh. kynna þessa skýrslu fyrir þinginu, en nú upplýsir hæstv. ráðherra að hann hafi varla séð skýrsluna hvað þá heldur lesið hana. Það er afar sérstætt hvernig ríkisstjórnin heldur á málefnum þessa hóps. Það er alveg ljóst að fá mál eru brýnni í þjóðfélaginu en það sem ég nefni hér, að grípa til aðgerða gegn fátækt. Því lýsi furðu minni á svörum hæstv. ráðherra að málið skuli ekki hafa meiri forgang innan ríkisstjórnarinnar en raun ber vitni.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Það er meginmálið að vanda til skýrslugerðarinnar og lokafrágangs á henni en ekki hvort fáeinar vikur líði frá því sem áður var áætlað um lokafrágang og þar til skýrslan birtist þannig að það dregst vonandi ekki mjög lengi eins og ég sagði áðan.

[15:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur haft alllangan tíma til að skoða málefni þessa fólks. Þessi ríkisstjórn hefur verið við völd í heilmörg ár og það hefur lítið gerst í málefnum fátækra. Þvert á móti hafa málefni þessa fólks setið á hakanum í þjóðfélaginu og það sést auðvitað á kjörum þess og t.d. stöðunni að því er varðar atvinnulausa þar sem þeim er gert að búa við framfærslu upp á innan við 80 þús. kr. á mánuði og sama má raunverulega segja um kjör margra öryrkja og aldraðra.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann muni standa að því að kynna þetta mál. Ef ríkisstjórnin meinar eitthvað með þessu hlýtur að þurfa að koma til lagabreytingar á Alþingi og að leggja frumvörp fyrir þingið. Mun hæstv. forsrh. kynna skýrsluna strax og hann hefur lesið hana og hvenær má vænta að það verði? Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa einhverja hugmynd um hvenær hægt verður að kynna þessa skýrslu og hvenær hægt verður að leggja málið fyrir Alþingi með þeim hætti að gerðar verði einhverjar úrbætur í því.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Það er auðvitað alveg fráleitt að halda því fram að í tíð þessarar ríkisstjórnar hafi lítið verið gert í málefnum fátækra. Kaupmáttur bóta hefur aldrei hækkað annað eins og í tíð þessarar ríkisstjórnar. Kaupmáttur lægstu launa hefur aldrei hækkað annað eins og í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þessir tveir þættir skipta mestu máli þegar menn ræða um fátækt í landinu. Atvinnuleysi er minna hér en víðast hvar sem við þekkjum til. Það er líka afar þýðingarmikill þáttur í því að gæta hagsmuna þeirra sem lakast eru settir.

Þessi ríkisstjórn hefur því gert meira en flestar aðrar til þess að sinna málaflokkum einmitt þessa hóps hvernig sem menn láta. Það er staðreynd málsins.

Táknmálskennsla í Háskóla Íslands.

[15:12]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Laugardaginn 21. febrúar sl. birtist sú frétt í Morgunblaðinu að vegna sparnaðaraðgerða mundi táknmálstúlkun ekki kennd við Háskóla Íslands næsta haust. Í fréttinni kom jafnframt fram að mikill skortur væri á táknmálstúlkum hér á landi og að þörf fyrir þá væri að aukast.

Í fréttum sjónvarpsins sl. fimmtudag kom fram að vegna fyrirhugaðs sparnaðar verði nemendur sem nú eru á öðru ári í táknmálstúlkun af kennslu til lokaprófs og standi uppi próflausir eftir að hafa lagt á sig tveggja ára nám og tekið til þess námslán. Táknmálstúlkar sinna í dag einkum skóla- og heilbrigðiskerfinu en mikilvægt er að þjónusta við heyrnarskert börn á leikskólaaldri verði aukin og bætt. Með því að tryggja heyrnarlausu barni rétt til málþroska í táknmáli er barninu tryggð eina leið þess til að taka þátt í skapandi leik og starfi og þroskast á eigin forsendum. Túlkun fyrir heyrnarskerta er ein mikilvægasta grunnforsenda þess að viðkomandi einstaklingar njóti jafnréttis á við aðra þegna landsins og jafnframt forsenda þess að hæfni og hæfileikar einstaklingsins geti nýst þjóðfélaginu. Með boðuðum niðurskurði í háskólanum er vegið að stöðu lítils hóps sem þegar á undir högg að sækja auk þess sem nemendur sem þegar hafa lagt á sig erfiði og tekið á sig fjárskuldbindingar eru settir í biðstöðu til hver veit hve langs tíma. Samkvæmt aðstoðarframkvæmdastjóra Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra/heyrnarskertra annar samskiptamiðstöðin um 60% beiðna og dæmi eru um að ekki sé hægt að útvega heyrnarlausum túlka þegar þeir leita læknis eða sækja nám.

Spurning mín til hæstv. menntmrh. er því hvort hún hyggist taka þessi mál upp við forsvarsmenn Háskóla Íslands eða hvort hún hyggist láta við svo búið sitja átölulaust.

[15:14]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að það var heimspekideild Háskóla Íslands sem tók þá sjálfstæðu ákvörðun að fella niður kennslu í táknmálstúlkun frá og með næsta hausti. Ég vil geta þess bara til þess að fá samhengi í málið og heildarmyndina að það var í lok ársins 2000 sem Háskóli Íslands óskaði eftir viðræðum við menntmrn. um nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun og fjármögnun þess náms.

Menntmrn. samþykkti þær kröfur sem Háskóli Íslands setti upp varðandi fjármögnun námsins, samþykkti námið og

setti það í hinn svokallaða reikniflokk I sem Háskóli Íslands hafði farið fram á. Síðan fer Háskóli Íslands fram á það að þetta nám verði flokkað undir reikniflokk IV og menntmrn. samþykkir það, og þetta er aðkoma ráðuneytisins að því námi sem við erum að ræða um. Þegar ég hef litið yfir þessa sögu sést greinilega að menntmrn hefur samþykkt í einu og öllu þær kröfur sem Háskóli Íslands hefur sett fram varðandi táknmálstúlkun og táknmálsfræðin.

Ég vil geta þess að í dag eru 20 nemendur í táknmálsfræði við Háskóla Íslands. Það eru 17 eldri nemendur og þrír nýnemar og það er enginn í námi í táknmálstúlkun.

Ég vil líka geta þess að í þeim samningi sem við undirrituðum á síðasta ári við Háskóla Íslands er sérstaklega getið um það að Háskóla Íslands beri að tilkynna ráðuneytinu það sérstaklega ef verulegar breytingar verði á námsframboði innan háskólans. Það má deila um hvort þetta séu verulegar breytingar á námsframboði en alla vega hefur Háskóli Íslands ekki haft samband við ráðuneytið. Engu að síður tel ég að mér beri skylda til þess sem menntmrh. að fara gaumgæfilega yfir þetta mál og m.a. skoða það hvort og hvernig hægt er að koma þessu mikilvæga námi áleiðis hvort sem það verður innan Háskóla Íslands eða á öðrum forsendum.

[15:16]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er rétt hjá hæstv. menntmrh., að það er ákvörðun heimspekideildar að fella niður þetta nám. En það er neyðarúrræði sem heimspekideild beitir í þessu tilviki vegna þess að háskólinn er í vandræðum. Launastikan er kolröng og fellur ekki að því rekstrarumhverfi sem er í Háskóla Íslands í dag. Fimm nemendur bíða þess að fá að ljúka námi og þeir eru settir út á kaldan klaka með þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið. Auk þess er, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þörfin fyrir þessa þjónustu mjög brýn í samfélaginu.

En mig langar að fá frekari útskýringar hjá ráðherra á þeirri tilkynningarskyldu sem hún segir að háskólinn hafi ekki sinnt. Er hún að segja þá að Háskóli Íslands hafi ekki farið að þeim reglum sem honum ber að fylgja í samskiptum við ráðuneytið?

[15:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það sem skiptir máli er að í fjárhagsramma Háskóla Íslands og í fjárveitingum til Háskóla Íslands er gert ráð fyrir fjárveitingum til þess náms sem við erum að ræða um, táknmálstúlkunar og táknmálsfræði. Það eru ákveðin nemendaígildi sem gert er ráð fyrir innan fjárhagsramma Háskóla Íslands sem renna til heimspekideildarinnar.

Ég ítreka að þetta er sjálfstæð ákvörðun Háskóla Íslands. Hvernig hann forgangsraðar sínum peningum er hans mál. En þegar um verulegar breytingar á námsframboði er að ræða þá ber að ræða það við ráðuneytið. Það má síðan deila um hvort þarna sé um verulega breytingu á námsframboði að ræða.

Ég tel það mitt hlutverk sem menntmrh. að koma námi í táknmálsfræði og táknmálstúlkun í ákveðinn farveg þannig að okkur komi ekki til með að skorta táknmálstúlka í framtíðinni. Það skiptir meginmáli.

[15:19]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Þó að ekki sé um marga nemendur að ræða, eins og í þessu tilfelli, tel ég að um sé að ræða verulega breytingu á námsframboði Háskóla Íslands. Hér er verið að svipta ákveðinn hóp möguleikum á að fá þjónustu sem er honum mjög mikilvæg og samfélagi okkar er einnig mikilvægt að fólk geti nýtt þá þjónustu.

Háskólinn er blankur hvað sem orðum hæstv. menntmrh. líður. Það kemur skýrt fram í þessu máli. Það verður að bregðast við þannig að háskólinn geti sinnt þessu mikilvæga máli.

Eignarhald á fjölmiðlum.

[15:20]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Í desember á síðasta ári, árið 2003, skipaði þáv. menntmrh., Tómas Ingi Olrich, nefnd til að kanna hvort tilefni væri til að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum. Ráðherranefnd þessi var skipuð í kjölfar umræðna um eignarhald á fjölmiðlum þegar ný fjölmiðlasamsteypa í eigu Baugs og fleiri aðila var að verða til. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, er formaður nefndarinnar og tjáði hann Morgunblaðinu í frétt þann 3. febrúar sl. að nefndin hefði þegar komið saman og nefndarmenn skipt með sér verkum.

Í nefndinni eiga sæti auk Davíðs Þórs þeir Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, Guðmundur Frímannsson, deildarforseti kennaradeildar Háskólans á Akureyri, og Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsfl.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar er gert ráð fyrir að hún ljúki störfum 1. mars árið 2004 og sagði Davíð Þór í sama viðtali við Morgunblaðið að allar líkur væru á að það stæðist. Nú er 1. mars 2004 runninn upp og því spyr ég hæstv. menntmrh.:

Hvað líður störfum ráðherranefndar um hvort tilefni sé til að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum? Má vænta megi þess að hún skili af sér í dag eða á allra næstu dögum?

[15:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að upp er runninn 1. mars. En það kom líka fram í máli hv. þm. að hann hefur nákvæmlega sömu upplýsingar og ég um störf nefndarinnar, þ.e. að það er greinilegt að vinna nefndarinnar kemur til með að dragast eitthvað fram undir lok þessa mánaðar.

Ég hef það sem meginreglu að skipta mér ekki af nefndum sem eru að störfum og segja þeim fyrir verkum. Þeir ágætu herramenn sem eru í þessari nefnd vita hvert hlutverk þeirra er. Ég mun ekki skipta mér af störfum nefndarinnar. Ég kem til með að bíða niðurstaðna nefndarinnar eins og aðrir þingmenn.

[15:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Það er athyglisvert sem fram kemur hjá hæstv. menntmrh., að nefndin mun ekki skila af sér á tilsettum tíma, þ.e. núna 1. mars eins og upp var lagt með. En það er mikilvægt að hvetja hæstv. menntmrh. til að hafa samband við nefndina og ýta við þeim. Tíminn líður og eigi lagafrv. þetta að koma inn í þingið fyrir þinglok í vor er mjög mikilvægt að þingið fái eðlilegan tíma til að fjalla um málið.

Mikilvægt er að vandað sé til verka. Hér er brýnt mál á ferðinni. En það er líka mikilvægt að eyða þeirri rekstraróvissu sem hvílir yfir fjölmiðlum landsins í kjölfar þeirrar

harðvítugu umræðu sem hefur geisað í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum. Ég skora því á hæstv. ráðherra að taka af skarið og kanna hvort nefndarmenn ætli ekki að fara að skila af sér. Það þarf að liggja fyrir hvort — eins og lagt var upp með í verkefninu — tilefni sé til að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum og fá fram þann erlenda samanburð sem nefndinni var ætlað að gera.

[15:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tel hárrétt hjá hv. þm. að við verðum að vanda til verka. Þess vegna tel ég að nefndin geti fengið þann tíma sem hún hefur sagt að hún þurfi, þ.e. til loka þessa mánaðar. Við þurfum að huga vel að ýmsum atriðum í kringum okkur, hvernig umhverfið er hér og hvernig það er annars staðar. Þess vegna tel ég rétt að nefndin fái þann tíma sem hún hefur beðið um.

Síðan kemur málið til meðferðar Alþingis ef svo ber undir.

[15:24]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Kjarni málsins, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, er að til þess gæti komið að frv. til laga um eignarhald á fjölmiðlum færi fyrir þingið. Það er mikilvægt að létta þeirri óvissu sem ríkir yfir því viðkvæma umhverfi sem fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi starfa í og þeim fjárhagslega línudansi sem fyrirtækin búa við.

Vekja mætti athygli á því að flestir meginfjölmiðlar utan Morgunblaðsins á hinum frjálsa markaði hafa skipt um eigendur á síðustu þremur árum. Það er til marks um þá erfiðleika sem uppi eru í rekstri fjölmiðla á Íslandi og undirstrikar þörf þeirra fyrir að starfa við öryggi en ekki undir hvers konar hótunum stjórnmálamanna af hvaða tilefni sem er. Því er mikilvægt að eyða þessari óvissu, að nefndin skili af sér og fari eftir skipunarbréfi sínu, þ.e. skili af sér 1. mars. Í dag.

[15:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég veit ekki hvað hv. þm. var að dylgja um hér. Ég veit ekki til að nokkur hafi verið að hóta einum eða neinum þegar kemur að fjölmiðlamarkaðnum. Við búum í lýðræðissamfélagi og það er eðlilegt að við tökum upp umræðu um eignarhald á fjölmiðlum. Það er ekkert eðlilegra í lýðræðissamfélagi, sem við viljum búa í. Ég vona svo sannarlega að það vilji allir gera.

Við komum til með að vanda vel til verka. Ég bíð þess að sjá niðurstöðu nefndarinnar í lok mánaðarins. Síðan kemur til kasta þingsins ef svo ber undir, eins og ég gat um áðan.

Framleiðsla á íslensku sjónvarpsefni.

[15:26]

Ásgeir Friðgeirsson:

Frú forseti. Sú atvinnugrein sem vex hvað hraðast á Vesturlöndum og skapar hvað flest ný, eftirsóknarverð og vellaunuð störf, er tækni-, menningar- og afþreyingariðnaðurinn. Í áratugi hafa kvikmyndir, sjónvarpsefni, hugbúnaður og tónlist verið helsta stoðin í útflutningi landa á borð við Bandaríkin og Bretland. Á síðari árum hafa smærri þjóðir sótt markvisst inn á afþreyingarmarkaðinn með góðum árangri. Má þar nefna frændur okkar á Írlandi, Nýsjálendinga og bræður okkar og systur í Danmörku.

Alþjóðavæðing ljósvakamiðlanna hefur skapað stóran markað fyrir sjónvarpsefni hvaðanæva að. Á þessum markaði hafa Íslendingar fyrst og fremst verið þiggjendur. Innlend dagskrárgerð fyrir sjónvarp stendur veikum fótum. Sjóður sem styrkja á gerð á leiknu íslensku sjónvarpsefni fékk á síðasta ári 15 millj. kr. til ráðstöfunar og Ríkissjónvarpið keypti frá sjálfstæðum framleiðendum íslenskt efni fyrir samtals 58 millj. kr. á árinu 2003. Þetta eru litlir fjármunir sem litlu skipta.

Rétt er þó að geta þess að stærsti hluti innlendrar dagskrárgerðar er unninn innan veggja RÚV og má ekki með neinum hætti gera lítið úr því ágæta starfi. Hins vegar er öllum ljóst, sem eitthvað þekkja til atvinnusögu síðustu áratuga, að öflug atvinnugrein verður ekki búin til með því að halda úti einu ríkisfyrirtæki.

Á Íslandi í dag skiptir það fólk hundruðum sem hefur menntun, hæfileika, reynslu og kunnáttu á sviði sjónvarpsmyndagerðar og hungrar eftir verkefnum. Þessi auðlind okkar er vannýtt. Staða fyrirtækja í framleiðslu sjónvarpsefnis hefur verið slæm lengi en nú virðist steininn hafa tekið úr. Samkvæmt fréttum fjölmiðla nýverið er svo komið að það litla fé sem ríkissjónvarpið hefur þó til kaupa á innlendu efni er uppurið fyrir þetta ár. Vart voru liðnar sjö vikur af árinu þegar markaði fyrir innlent sjónvarpsefni var lokað.

Í ljósi þessa vil ég spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. hvort hún telji þörf á sérstökum aðgerðum til stuðnings við fyrirtæki í framleiðslu á sjónvarpsefni þegar ljóst er að helsti kaupandi efnis, ríkissjónvarpið, hefur lýst því yfir að fyrirtækið muni ekki kaupa íslenskt efni það sem eftir er af árinu.

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég var allan tímann sem hv. þm. talaði að reyna að tengja mál hans inn í mitt ráðuneyti. Í rauninni snýr þetta mál fyrst og fremst að hæstv. menntmrh. að mínu mati.

Hins vegar vil ég nefna það í þessu sambandi að ákveðin lög, lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, heyra undir iðn.- og viðskrn. Þau lög hafa sannarlega skilað miklu til samfélags okkar. Í því sambandi má nefna að hér fara fram upptökur í tengslum við Leðurblökumanninn. Hér var tekinn upp hluti af James Bond mynd sem skilaði hvorki meira né minna en 300 millj. kr. inn í samfélag okkar og efnahagslíf. Fleira er á prjónunum í því sambandi þannig að þau lög hafa sannarlega komið að gagni. Nú stendur fyrir dyrum að fara í ákveðna vinnu við að framlengja lögin vegna þess að þau eru tímabundin. Til þess þarf samþykki ESA, eins og með svo margt annað.

Þetta er sú hlið málsins sem ég get helst tengt við ráðuneyti mitt. En af því að hv. þm. spyr um sérstakar aðgerðir vegna fréttar sem barst frá Ríkisútvarpinu, sjónvarpi um að ekki væri til fjármagn í frekari gerð innlends efnis þá verð ég að vísa því frá mér.

[15:30]

Ásgeir Friðgeirsson:

Frú forseti. Það vekur athygli mína að ráðherra atvinnulífs, sem varðar tæknigreinar og nýsköpun, skuli vísa frá sér umræðu um málefni af þessum toga og vísa til menntmrh. sem hefur einatt þá stöðu í málinu að vera yfirmaður þess ríkisfyrirtækis sem hefur ráðandi stöðu. Þetta snýst um starfsumhverfi starfsgreinar. Það er skylda stjórnvalda hverju sinni að skapa það umhverfi í menningar- og atvinnulífi að auðlindir huga og handa nýtist einstaklingum og þjóðinni í heild

sem best. Þessu er ekki hægt að vísa áfram til menntmrh., virðulegi forseti.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er tilbúin að taka að mér verkefni af ýmsum toga. Hins vegar verðum við innan stjórnsýslunnar að reyna að hafa skipulag á hlutunum og það sem hv. þm. er fyrst og fremst að tala um varðar hæstv. menntmrh. þar sem hún fer með yfirumsjón Ríkisútvarpsins. Ég ætla hins vegar ekki að skorast undan þegar talað er um starfsumhverfi starfsgreina almennt. Í því sambandi vil ég aftur nefna það úrræði sem heyrir undir ráðuneyti mitt og hefur vissulega komið að mjög miklu gagni og mun ég leggja mig fram um að svo geti orðið áfram þar sem þau lög eru einungis tímabundin.

Ég skil hins vegar hvað hv. þm. er að tala um en vil ítreka að við höfum að sjálfsögðu gott samstarf, ég og hæstv. menntmrh., um allt er lýtur að þessum málaflokki en hvað spurninguna varðar er hún ekki alveg á réttum stað.

[15:32]

Ásgeir Friðgeirsson:

Frú forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að til umræðu er starfsumhverfi einnar þeirrar greinar sem hefur víðast hvar á Vesturlöndum náð hvað mestum árangri á sviði nýsköpunar. Ráðherra viðskipta- og iðnaðarmála getur ekki vísað þessu frá og ég spyr hvort það hljóti ekki að vera skylda hæstv. iðn.- og viðskrh. að móta stefnu stjórnvalda á þessu sviði þar sem sett eru skýr markmið um öfluga innlenda dagskrárgerð og kvikmyndagerð og að stuðningur stjórnvalda við þá framtíðarsýn verði skilgreindur skilmerkilega.

[15:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að nýsköpun heyrir undir mitt ráðuneyti. Ég hef farið yfir þann þátt málsins sem snýr að því ráðuneyti og tel að þar hafi verið bærilega staðið að málum. Að öðru leyti hvet ég hv. þm. til að leggja fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. ef hann er ósáttur við þau svör sem hér hafa komið fram. Ég ítreka að lögin hafa komið að miklum notum og það er mikið og margt í farvatninu núna sem mun einmitt snúa að enn frekari kvikmyndagerð á Íslandi og þar kemur sjóðurinn um tímabundnar endurgreiðslur svo sannarlega að notum.

Brottkast á síld.

[15:34]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þann 14. júlí sl. gaf norska strandgæslan skipstjóra og útgerð síldveiðiskipsins Þorsteins EA 810 skriflega aðvörun vegna brottkasts á síld undir 32 sm lengd og kolmunna sem veiddist sem aukaafli þegar skipið var á síldveiðum á hinu svokallaða fiskverndarsvæði Norðmanna við Svalbarða.

Sá þingmaður sem hér stendur hefur þessa skriflegu aðvörun undir höndum. Ég fékk hana hjá norsku strandgæslunni og var ekki mikið mál að fá hana. Á aðvöruninni kemur fram að skipstjóri Þorsteins EA skrifar undir hana og samþykkir án athugasemda. Þegar þetta gerðist var Þorsteinn EA að veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum samkvæmt kvótaúthlutun frá íslenskum stjórnvöldum. Af ummælum skipherra norsku strandgæslunnar og myndum sem teknar voru um borð í Þorsteini EA má ráða að skipið hafi verið útbúið til vélvædds brottkasts á síld þar sem frákastið var leitt gegnum slöngubarka fyrir borð. Ekki hefur verið greint frá því hvernig menn losuðu sig við kolmunnann.

Hér liggur fyrir mjög sterkur grunur um að skipstjóri og útgerð Þorsteins EA hafi brotið lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Hyggst hæstv. sjútvrh. beita sér fyrir því að lögreglurannsókn fari fram í málinu?

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða sem hv. þm. hefur hafið máls á. Eins og kom fram hjá honum fór norska strandgæslan um borð í Þorstein EA á fiskverndarsvæðinu við Svalbarða. Við höfum viðurkennt lögsögu Noregs yfir fiskverndarsvæðinu sé byggt á Svalbarðasáttmálanum og svo fremi sem jafnræðis sé gætt á milli allra aðila. Höfum við á þessum grunni viðurkennt að norsk stjórnvöld séu þau eftirlitsyfirvöld sem eigi að fylgjast með og fara með mál af þessu tagi í þeirri lögsögu.

Okkur hefur ekki borist nein tilkynning um málið af hálfu norskra yfirvalda og samkvæmt því sem fram hefur komið í fréttum var gefin út aðvörun til skipstjórans og honum gert að gera breytingar á sínum útbúnaði, sem hann gerði og norska strandgæslan sætti sig við. Ég held að við verðum á þeirri forsendu að líta svo á að þau yfirvöld sem með málið fara á þessum stað og við höfum viðurkennt sem slík, svo fremi sem byggt sé á grundvelli Svalbarðasáttmálans og jafnræðis sé gætt, hafi afgreitt málið.

Hvers vegna norsk stjórnvöld hafi ekki látið okkur vita af málinu held ég að hljóti að byggjast á því að þau telji að málinu sé lokið af sinni hálfu. Það hlýtur, herra forseti, að vera hæpið og vafamál ef mál eru afgreidd af tvennum yfirvöldum í tveimur löndum.

[15:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. sjútvrh. skuli líta þetta mál grafalvarlegum augum því að það virðist svo sannarlega vera það. Þetta vélvædda brottkast á síld grefur undan fiskveiðistjórnun og öllum þeim gögnum sem við notum við veiðarnar. Það rýrir traust okkar út á við á erlendum vettvangi sem fiskveiðiþjóð. Okkur ber að sýna ábyrga hegðun þegar við erum að veiðum á framandi hafsvæðum.

Mér finnst það sæta mikilli furðu ef íslensk stjórnvöld munu ekki fylgja málinu eftir og spyr: Hvar er jafnræðisreglan samkvæmt stjórnarskrá? Eru ekki allir jafnir fyrir lögum í landinu? Hér hafa trillukarlar verið hengdir á hæsta gálga fyrir að henda 50 þorskum, mjög frægt mál sem kom upp árið 2001 með trillukarl í Bolungarvík sem var dæmdur til að greiða 400 þús. kr. sekt, en sæti ella 40 daga fangelsi fyrir þennan svívirðilega glæp að því er stjórnvöld töldu.

Hér höfum við hins vegar verksmiðjuskip sem eru að veiða á gráu hafsvæði, ef svo má segja, hafsvæði sem við höfum ekki viðurkennt lögsögu Norðmanna í og mér finnst alveg með ólíkindum ef íslensk stjórnvöld ætla ekki að bregðast við þessu með tilheyrilegum hætti.

[15:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Eins og kom fram áðan höfum við viðurkennt að norsk stjórnvöld séu til þess bær að halda uppi eftirliti á þessu svæði svo fremi sem það sé byggt á grundvelli Svalbarðasáttmálans og gætt sé jafnræðis á milli þeirra aðila sem þar eru. Ef atvikið hefði átt sér stað innan íslenskrar lögsögu hefðu að sjálfsögðu íslensk stjórnvöld fjallað um málið og jafnframt ef atvikið hefði verið á alþjóðasvæðinu.

Ég á erfitt með að sjá hvernig tvenn stjórnvöld í tveimur löndum geti fjallað um sama málið. Hafi málið verið afgreitt af norskum stjórnvöldum á þessum stað og á þessum tíma, er mjög torvelt að taka það upp af íslenskum stjórnvöldum eftir þann tíma sem liðinn er.

[15:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hyggst sjútvrh. beita sér fyrir því að löggæslurannsókn fari fram í málinu eða ekki? Þetta er íslenskt skip undir íslenskum fána með íslenskri áhöfn sem er að veiða úr íslenskri kvótaúthlutun úr norsk-íslenska síldarstofninum. Skipið hlýtur að heyra undir einhver lög. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að Norðmenn tóku ekki skipið einfaldlega vegna þess að þeir lögðu ekki í það því réttarstaða þeirra á Svalbarðasvæðinu er mjög óljós. Ég hlýt að lýsa furðu minni á því að hæstv. sjútvrh. skuli ekki bregðast við með ákveðnari hætti en hér er um að ræða. Það er ekki mikið mál að kalla eftir rannsókn í málinu. Það er ekki mikið mál að fá gögn frá norsku strandgæslunni. Það tókst mér í síðustu viku án þess að hafa mjög mikið fyrir því. Hægt er að hringja í stjórn norsku strandgæslunnar í Bodø í Norður-Noregi. Ég er með símanúmerið þar ef hæstv. sjútvrh. vill fá það, nafnið á vaktstjóra o.s.frv. Það ætti að kalla norsku strandgæsluna til yfirheyrslu, fá öll gögn Norðmanna í málinu, yfirheyra skipstjóra, útgerð Þorsteins EA og útgerðarmanninn líka.

[15:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Mér finnst það mjög merkilegt sem hv. þm. segir, að norsk stjórnvöld hafi ekki gripið til — hvað á maður að segja — harðari ráðstafana gagnvart Þorsteini EA en raun ber vitni vegna þess að þeir telja að lagaleg staða sín á Svalbarðasvæðinu sé óljós. (**Gripið fram í:** Hæpin.) Hæpin. Ef við fengjum um það skilaboð frá norsku strandgæslunni eða norskum stjórnvöldum að svo væri, að þeir treystu sér ekki til að fylgja eftir því starfi sem ætlast er til af eftirlitsaðila og þeim sem fer með stjórnvald á svæðinu mundum við að sjálfsögðu taka málið upp. Það mundi kalla á það líka sem ég held að mundi ekki skipta síður máli í víðara samhengi að tekið væri á og skilgreint betur hvernig staða Noregs er á þessu svæði. Ef hv. þm. hefði einhver tök á að svona yfirlýsing kæmi fram frá norskum stjórnvöldum væri þeim mínútum sem við höfum varið í umræðuna, herra forseti, vel varið.

Eldi nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (erfðablöndun). — Þskj. 938.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsmenn í hlutastörfum, 3. umr.

Stjfrv., 411. mál (EES-reglur). — Þskj. 939, brtt. 979.

[15:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir brtt. sem við flytjum í sameiningu, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Sameiginlega höfum við staðið að minnihlutaáliti við frv. við fyrri umr., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar og sá sem hér stendur. Ég verð að segja að það er með ólíkindum að frv. sé komið í óbreyttri mynd eftir alla þá gagnrýni sem það hefur fengið frá stjórnarandstöðunni sameinaðri og verkalýðshreyfingunni sem leggst eindregið gegn því að frv. verði samþykkt án þess að gerðar verði á því breytingar.

Aðeins örfá orð í upphafi um frv. Það er tilkomið vegna samkomulags sem gert var á evrópskum vettvangi. Verkalýðshreyfingin þar, evrópska verkalýðshreyfingin, European Trade Union Confederation, ETUC, samtök atvinnurekenda sem skammstafað er UNICE og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild, CEEP, gerðu rammasamning árið 1997 sem í kjölfarið var samþykktur í samstarfsnefnd um hið Evrópska efnahagssvæði. Í þessu fólst að aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis bæri að sjá til þess að samkomulaginu yrði framfylgt í samræmi við tilskipun sem út var gefin.

Tveir valkostir voru í stöðunni, annars vegar að um þetta yrði samið í samningum á milli aðila á vinnumarkaði eða að tilskipunin yrði lögfest. Hér á landi náðist samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins en því miður verður hið sama ekki sagt um opinbera geirann. Ekki náðist samkomulag milli verkalýðshreyfingarinnar annars vegar — að borðinu þeim megin komu öll samtök launafólks, Alþýðusamband Íslands, BSRB, BHM, Kennarasambandið — og hins vegar atvinnurekendahliðarinnar með fjmrn. í broddi fylkingar en þar voru að sjálfsögðu einnig Reykjavíkurborg og hin sveitarfélögin.

Það var í ljósi þessa sem okkur þótti eðlilegt að fara þess á leit að hæstv. fjmrh. yrði hér einnig við umræðuna ásamt hæstv. félmrh. sem leggur þetta frv. fram. Hæstv. fjmrh. kom að þessu máli sem samningsaðili og okkur leikur mörgum forvitni á að heyra hvaða rök hann hefur fyrir þeim hluta frv. sem mest er deilt um.

Þetta frv. fjallar um starfsmenn í hlutastörfum. Markmið þessara laga er að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa. Einnig að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekenda og starfsmanna.

Í 4. gr. frv. er síðan tíundað hvað hér er um að ræða. Eins og bent var á við 2. umr. er ekkert mjög handfast. Það eru tilmæli og í 4. gr. segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Atvinnurekendur skulu svo sem kostur er leitast við að ...“ — og síðan kemur upptalning. Skulu svo sem kostur er leitast við að — gera hvað? Jú:

„a. taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf,

b. taka tillit til óska starfsmannsins um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess,

c. auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum sviðum fyrirtækisins eða stofnunarinnar, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum,

d. veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum, þar með talin hlutastörf, til að auðvelda flutning úr hlutastarfi í fullt starf og öfugt,

e. greiða fyrir aðgangi starfsmanna í hlutastörfum að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni að þeir geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi, og

f. veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað."

Síðan segir hér á þá leið að það teljist ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt. Allt eru þetta atriði sem skipta máli en eins og ég sagði er hér ekkert mjög handfast að öðru leyti en því að vísað er í mikilvæg atriði. Ég vil þar taka sérstaklega út úr e-liðinn, um að greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun. Þetta er nokkuð sem skiptir mjög miklu máli á vinnustöðum og sem betur fer hefur á undanförnum árum samist um að veita umtalsvert fjármagn til símenntunar og endurmenntunar. Hæstv. núv. fjmrh. hefur staðið sig bærilega í því efni og er reiðubúinn að semja um aukið framlag til launafólks í þennan málaflokk.

Þess vegna sætir furðu að þegar kemur að því að tryggja réttindi hlutavinnufólks skuli hann beita sér fyrir því að það sé undanþegið þessum réttindum.

Er þá komið að hinu umdeilda ákvæði sem er að finna í 3. mgr. 2. gr. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Aðilum vinnumarkaðarins ber að endurskoða reglulega hvort þær hlutlægu ástæður sem lagðar eru til grundvallar undantekningunum séu enn í gildi."

Breytingartillaga mín og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur gengur út á að fella þessa mgr. brott úr frv., að þessi undanþágugrein þar sem starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eru undanþegnir þessum réttindum verði felld brott úr frv. Ég held að okkur mörgum leiki forvitni á að heyra hvaða skýringu hæstv. fjmrh. hefur á því að hafa þessi réttindi af starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Hvernig skýrir hann það að Íslendingar einir — við erum eina þjóðin — hafa þessi réttindi af stórum hópum launafólks, starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga? Hvernig stendur á því að þetta er gert?

Síðan er það umhugsunarefni fyrir hæstv. félmrh. sem hefur haldið því fram, og fulltrúar félmrn. í félmn. og víðar, að mjög sé rekið á eftir þessu frv. og bent á að Eftirlitsstofnun EFTA kunni að öðrum kosti hugsanlega að höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum fyrir brot á EES-samningnum verði frekari frestun á þessu máli hvers vegna hann hefur ekki áhyggjur af því að talsmenn íslenskrar verkalýðshreyfingar, og þar vísa ég til ASÍ, BSRB, BHM, Kennarasambands Íslands, telja að ótvírætt gangi þetta gegn tilskipuninni, standist ekki lögin, standist ekki samninginn. Nú er um það rætt, verði þetta gert að lögum, að höfða mál á grundvelli þessa.

Þegar menn gera samninga eiga þeir að standast, menn eiga að virða samninga sem þeir gera. Við höfum undirgengist þennan samning. Við höfum undirgengist þessa tilskipun, að framfylgja henni. Það hefur hæstv. ríkisstjórn gert fyrir hönd þjóðarinnar. Hvers vegna er það þá ekki gert? Hver er skýringin á því að hafa þessi réttindi af stórum hluta launafólks?

Nú kann hæstv. ráðherra að segja að tímavinnufólk hjá ríki og sveitarfélögum sé fámennur hópur, fólk sem sé tímabundið í starfi, örfáa mánuði í tilfallandi störfum. Ef það væri svo væru menn ekki að gagnrýna þetta. Staðreyndin er hins vegar sú að þeim reglum er ekki hlítt. Það eru stórir hópar, mörg hundruð manns, sem hafa árum saman verið í tímavinnu enda þótt fólkið sé í reynd í fastri vinnu, reglubundinni vinnu en sem tímavinnufólk. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi um þetta. Eitt var að koma inn á borð hjá BSRB sem ég frétti af, kona sem hefur verið starfandi frá 1998 í reglubundnu starfi en sem tímavinnumanneskja. Hún yrði væntanlega undanþegin þessu. Hún nýtur ekki þessara réttinda. Reyndar er viðkomandi einstaklingur ekki látinn öðlast veikindarétt á borð við annað fólk sem hefur verið lengi í vinnu. Nú er hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að í ofanálag verði þessi einstaklingur, og einstaklingar sem svipað er á komið fyrir, undanþeginn þessum lögum. Hvers vegna? Hver er skýringin á því?

Við heyrðum hæstv. ráðherra og við höfum heyrt talsmenn ríkisstjórnarinnar sem hafa mælt fyrir þessu máli segjast telja að að öllum líkindum muni þeir komast upp með málið, komast upp með að hafa þessi réttindi af fólki. En hvers vegna er verið að reyna það? Hvers vegna í ósköpunum er verið að reyna það? Hver er skýringin á því? Hvaða hópa hefur hæstv. fjmrh. í huga sem eiga að fara á mis við þessi réttindi hlutavinnufólks? Hvaða hópar skyldu það vera?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt í fyrri ræðu minni við lokaumræðu, 3. umr. um þetta mál. Ég mun nú hlusta eftir málflutningi hæstvirtra ráðherra. Ég vona að þeir svari núna strax að lokinni þessari ræðu þannig að við getum þá við frekari umræðu rætt þetta málefnalega, komist að samkomulagi eða tekist á um málið eftir atvikum en ég vona að við heyrum núna rökstuðning frá ríkisstjórninni fyrir því að hafa þessi réttindi hlutavinnufólks af stórum hópum, mörg hundruð manns, mörgum hundruðum tímavinnumanna, karla og kvenna, hjá ríki og sveitarfélögum.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlýða á hv. þingmann eins og venjulega. En hann talar um þetta mál eins og það standi til með þeirri tilskipun sem hér er til umræðu og liggur þessu máli til grundvallar, að fella niður ráðningarform tímavinnukaupsfólks. Auðvitað er það ekki svo. Það sem vakir fyrir mönnum, í fyrsta lagi með þeim rammasamningi sem gerður hefur verið erlendis um þessi mál og sem tilskipunin er byggð á, í öðru lagi með tilskipuninni, í þriðja lagi með frjálsum samningum aðila úti á vinnumarkaði um þetta og í fjórða lagi með þessu frv. hér, er að tryggja að þeir sem vinna hlutastörf sæti ekki mismunun út á það að vinna í hlutastarfi. Sá er kjarni þessa máls, að ekki sé hægt að níðast á fólki, mismuna því fyrir það að vera í hlutastarfi en ekki fullu starfi. Það er málið.

Um þetta náðist árið 1997 rammasamningur þeirra aðila sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði til áðan. Á þeim grunni samþykkir Evrópubandalagið tilskipun sem við erum núna að taka í lög hér á landi sem frekar almenn rammalög því að auðvitað er ætlast til þess að aðilar vinnumarkaðarins, hver á sínu yfirráðasvæði, semji um þessi atriði eins og annað sem undir samningssvið þeirra heyrir. Lögin eru bara að setja rammann um það hvað ekki má í þeim efnum. Það verður sem sagt bannað að mismuna fólki fyrir það að

vera í hlutastarfi. Þvert á móti er markmið með þessu m.a. að gera það eftirsóknarvert að geta verið í hlutastarfi og að atvinnulífið lagi sig að aðstæðum launafólks (**ÖS:** Þetta er ekki spurningin.) sem kýs að vera í hlutastarfi og hagnýti sér með því þá hagkvæmni sem í slíku kann að felast, bæði fyrir vinnuveitendur og launþega.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallar hér fram í, af alkunnri tilhneigingu sinni til að segja mönnum til, að þetta sé ekki spurningin. Þetta er sú spurning sem ég er að leyfa mér að reifa hér, herra þingmaður (**ÖS:** Ekki spurningin sem Ögmundur spurði.) og herra forseti. Þetta er sú spurning sem ég er að reyna að leyfa mér að reifa hér til að setja þetta mál í samhengi. Ég hlýt að hafa fullt leyfi til þess. Um þetta snýst frv. Það sem þingmaðurinn gerir síðan að umtalsefni varðar tímavinnufólkið sem vinnur hjá því opinbera.

Aðilar vinnumarkaðarins á hinum almenna vinnumarkaði hafa komið sér saman með samkomulagi um þau atriði sem að þeim lúta en ekki hefur tekist samningur á vettvangi hinna opinberu aðila um þessi atriði. Það er ekkert sem segir að slíkt samkomulag geti ekki náðst, hvað svo sem líður þessu frv. hér sem vonandi verður að lögum innan skamms. Auðvitað væri eðlilegasti vettvangurinn að menn gerðu slíkan samning innan þess ramma sem þessi lög bjóða upp á. Hins vegar er það rangt að ákvæðið sem þarna er vikið að, 3. mgr. 2. gr. frv., standist ekki. Gert er ráð fyrir því í rammasamningnum að heimilt sé að undanþiggja, eins og skýrt er tekið fram í greinargerð frv., launþega sem eru lausráðnir í hlutastörf, samanber það sem um það segir í enska textanum, sem ég ætla ekki að fara hér með, en í íslenska textanum er það atriði þýtt sem launþegar sem eru lausráðnir í hlutastörf. Nærtækast er að skýra það þannig að það séu starfsmenn sem ekki eru í föstu ráðningarsambandi, starfsmenn sem sinna tilfallandi verkefnum eða eru í afleysingum.

Hin tilvitnuðu orð byggja almennt á því að grundvöllur vinnuframlagsins sé sveiflur í starfsemi stofnunar, t.d. vegna tímabundins álags, afleysinga eða vegna þess að hluti starfseminnar er háður sérhæfðu vinnuafli til að vinna að einstökum verkefnum sem oftast er fyrirséð hvenær muni ljúka. Í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins, þ.e. þá sem semja við ríkið, hefur af þess hálfu verið lögð áhersla á að hér sé um að ræða hlutlægar ástæður sem er forsenda þess að undanþágunni sé beitt.

Í undanþágunni er sem sé talað um að beita verði hlutlægum ástæðum án þess að þau ummæli séu skýrð frekar. Það er eðlilegt að skýra þau í samræmi við þær venjur og siði sem tíðkast í hverju landi en í rammatilskipuninni og þeim gögnum sem lögð hafa verið fram er beinlínis gert ráð fyrir því að samningsaðilar geti við innleiðinguna tekið mið af kjarasamningum og venjum í hverju landi fyrir sig.

Hv. þm. hélt því fram að Íslendingar einir þjóða nýttu sér þessa undanþáguheimild með því að undanþiggja þetta tiltekna tímavinnufólk. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé ekki rétt. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hafa Danir einnig nýtt sér þessa undanþágu, hvað svo sem segir í umsögn BSRB um það atriði, um þetta frv. Af hálfu ríkisins hér var einmitt horft til innleiðingar Dana á þessari tilskipun en opinber vinnumarkaður hér á landi, eins og hv. þm. veit mætavel, á að því er umrædd störf varðar allnokkra samsvörun við opinberan vinnumarkað í Danmörku.

Þetta er það sem ég vildi sagt hafa um þetta mál, herra forseti, og ég vona að það hafi skýrst að einhverju leyti, þótt mér sýnist ekki á svipbrigðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að svo sé. Ég vil undirstrika að ég tel ekki að það sem hér hefur verið sagt eða það sem stendur í þessu frv. útiloki það að menn geti komist að niðurstöðu við samningaborðið. Ég tel eðlilegra að það sé gert á þeim vettvangi frekar en að knúin sé fram niðurstaða í lögum áður en menn eru búnir að reyna til fullnustu hvort þeir geti komist að sameiginlegri samningsniðurstöðu.

[16:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt það sem verið er að gera. Það er verið að knýja fram niðurstöðu með lögum þvert á vilja verkalýðshreyfingarinnar.

Hæstv. ráðherra talar um tvær leiðir til að framfylgja umræddri tilskipun, annars vegar við samningaborð og hins vegar með lögum, að beita löggjafarvaldinu. Launafólk hjá ríki og sveitarfélögum mætir einum og sama manninum í báðum tilvikum, bæði á löggjafarsamkundunni og við samningaborðið, og sá heitir Geir H. Haarde og er hæstv. fjmrh. landsins. (**Fjmrh.:** Það er líkt á komið.) Það er hann sem semur um þessi mál.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, það er of mikið sagt af minni hálfu að ekki hafi verið leitað eftir undanþágu hjá öðrum. Það sem ég ætti fremur að segja er að undanþága hefur hvergi verið eins víðtæk og hér er. Meira að segja í Bretlandi eru þeir sem kallast „casual workers" og „temporary agency workers" ekki undanþegnir þessari tilskipun. Í Danmörku er undanþágan ekki eins víðtæk og ætlunin er að beita hér.

Mergurinn málsins er að verkalýðshreyfingin telur að tilskipunin heimili einungis að undanskilja þá hópa sem stofna til skammtímaráðningarsambands. Ég vitna hins vegar til þess að stórir hópar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga hafa verið ráðnir á tímavinnukaup þótt þeir vinni nánast fulla vinnu, og reglulega, árum saman. Það er þetta sem menn eru að gagnrýna.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hverju mundi það breyta og hvað væri svona slæmt við það að undanskilja þá málsgrein sem nú hefur komið brtt. fram um að felld verði brott úr lögunum? Hverju mundi það breyta fyrir hagsmuni ríkis og sveitarfélaga? Hvers vegna er ekki hægt að verða við þessari tillögu?

[16:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að verða við henni vegna þess að það hefur ekki náðst um það samkomulag. Ef ég má persónugera þetta eins og hann gerði áðan eru það sem sagt samningamenn á mínum vegum og hann sjálfur og kollegar hans sem ekki hafa getað komið sér saman um þessi atriði. Það stendur samt opið, þrátt fyrir þennan texta hér, að ná slíku samkomulagi ef í það færi. Ég hafna því algjörlega að úr þessu sé gert það stórmál sem hv. þm. hefur hér gert. Ef það eru einhver dæmi um að starfsmenn séu óeðlilega lengi á skammtímaráðningarkjörum eða ráðnir upp á tímakaup væri þá ekki ágætt verkefni fyrir hann að reyna að tryggja því fólki föst hlutastörf eða jafnvel föst full störf og fá málinu breytt fyrir slíka einstaklinga út frá þeirri hlið mála? Ég spyr.

[16:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tilgangur þessara laga er að gera hlutavinnustörf betri og eftirsóknarverðari en þau eru nú með því

að treysta réttarstöðu fólks sem gegnir slíkum störfum. Það er markmiðið með þessum lögum.

Ég ætla að trúa hæstv. forseta Alþingis fyrir því að ég hef stundum heyrt hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde tala af meiri sannfæringu fyrir máli. Það sem ég vil fá að heyra — það eru hann og samningamenn hans sem standa í vegi fyrir því að tilskipunin verði framkvæmd á þann hátt sem verkalýðshreyfingin telur að beri að gera — er hvers vegna slík ofuráhersla, slíkt ofurkapp sé lagt á að undanskilja starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Við verðum að fá málefnalega skýringu á þessu. Hvað er í húfi? Með tilliti til þess sem hér um ræðir í þessu lagafrumvarpi, að eftir því sem kostur er eigi að leitast við að taka tillit til þessa fólks í starfi og að auðvelda því aðgang að símenntun og endurmenntun, hvað er það sem stendur í vegi fyrir því að þetta fólk verði látið njóta þessara réttinda? Mér finnst við ekki hafa fengið svör við þessu.

Síðan, hæstv. forseti, vil ég ítreka að sú undanþága sem hér er verið að framfylgja með lagaboði er miklu víðtækari en gerist annars staðar vegna þess að staðreyndin er sú að mörg hundruð einstaklingar búa árum saman við þau ráðningarkjör sem hér um ræðir.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. kaus að svara ekki spurningu minni af hverju hann beitti sér ekki fyrir því að fækka þessum hundruðum manna sem árum saman (**ÖJ:** Alltaf verið að reyna það.) eru á tímavinnukjörum (**Gripið fram í:** ... þjóðfélaginu.) en ekki í hlutastörfum.

Ég vil bara segja það, herra forseti, að við innleiðingu þessarar tilskipunar hefur af hálfu ríkisins verið lögð áhersla á að kjarasamningar ríkisins við stéttarfélög opinberra starfsmanna gera beinlínis ráð fyrir tímavinnukaupsfólki en að það hafi almennt aðra stöðu og verði ekki jafnað til þeirra sem vinna hlutastörf sem hlutfall af mánaðarstarfi. Reyndar er það svo að tímakaup þeirra sem fá greitt tímavinnukaup er almennt hærra en hjá mánaðarkaupsfólki. Og almennt eru ekki gerðir sérstakir ráðningarsamningar eða gert ráð fyrir föstu ráðningarsambandi. (**ÖJ:** Réttindin rýrari.)

Niðurstaðan í þessu er sú að málið á betur heima á samningaborðinu. Hv. þm. segir að það standi þá upp á okkur. Ætli það sé ekki eins og venjulega í samningum að það standi upp á báða aðila?

Ég hvet til þess að reynt verði að leysa málið á þeim vettvangi.

[16:15]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Í 3. gr. frv. kemur fram skilgreining á þessum hlutastarfsmanni. Þar segir orðrétt:

„Starfsmaður telst í hlutastarfi ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi.“

Þetta er einföld skilgreining á starfsmanni í hlutastarfi.

3. mgr. 2. gr. stenst ekki þessa skilgreiningu. Það er svo einfalt. Og ef hún stenst ekki þessa skilgreiningu þá er ekki verið að færa hlutastörfum þau réttindi sem tilskipunin áskilur þeim. Það er líka mjög einfalt.

Lesi maður svo athugasemdir við 3. mgr. 2. gr. er beinlínis gert ráð fyrir því að hægt sé að undanskilja fólk sem er í fastri langvarandi tímavinnu. Maður spyr: Af hverju? Búið er að spyrja margsinnis: Af hverju er þetta fólk undanskilið? Og skýringar hafa ekki komið frá hæstv. fjmrh. Svo einfalt er það. Það eru ekki bara BSRB-starfsmenn sem eiga hér í hlut heldur fjöldi ASÍ-félaga sem starfa hjá sveitarfélögum og ríkinu.

Það hefur ekki vafist fyrir Samtökum atvinnulífsins og ASÍ að gera þennan samning, hann er til. Þá verður kannski að snúa spurningunni á nýja lund og spyrja nýrra spurninga: Af hverju vill hæstv. fjmrh. ekki gera sambærilegan samning við ASÍ og BSRB á grundvelli samnings Samtaka atvinnulífsins og ASÍ? Af hverju vill hæstv. fjmrh. ekki gera slíkan samning?

Ég held því fram, bæði með vísun til skilgreiningar hugtaksins, orðalags 3. mgr. og ummæla í athugasemdum um 3. mgr. að innleiðingin takist ekki. Innleiðing þeirrar tilskipunar sem ætlað er að innleiða með frv. tekst ekki. Þess vegna gagnrýni ég þetta frv. harðlega því að lagasetningin í kjölfar slíks frv. verður óvönduð og ekki, að mínu mati, sæmandi Alþingi sér í lagi ef það blasir við að strax í kjölfar lagasetningar komi kvartanir til Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA.

[16:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er bersýnilega ekki rótt í sinni og það er engu líkara en að hann skammist sín fyrir þessa lagasetningu. Ég gerði það líka í hans sporum. Hæstv. ráðherra segir að það sitji ekki á mér að hjálpa sér með leiðbeiningar og það er alveg sjálfsagt að ég reyni að hjálpa hæstv. ráðherra til þess að komast að réttri niðurstöðu í þessu máli.

Mér heyrist á máli hæstv. ráðherra að hann skilji ekki einu sinni sjálfur hvað um er að ræða og hvaða réttindi verið er að færa hlutastarfsmönnum. Hæstv. ráðherra kemur hér og skekur skellum að hv. þm. Ögmundi Jónassyni af því að hann er formaður BSRB og spyr af hverju í ósköpunum hv. þm. reyni ekki sem formaður BSRB að beita sér fyrir því að tímavinnustarfsmenn séu fluttir úr hlutastörfum yfir í fullt starf. Herra minn trúr, ég ætla þá að feta í fótspor hv. þm. Ögmundar Jónassonar og trúa hæstv. forseta fyrir því að ein þeirra réttinda sem einmitt er verið að reyna að samþykkja hér með lögum eru að auðvelda þeim sem eru í hlutastarfi að fá það sem hæstv. ráðherra kallar fast ráðningarsamband, að komast í fullt starf. Það er a-liðurinn í 4. gr. sem fjallar um réttindi og skyldur. Þetta er eitt af því sem fellur undir þessi lög. Þannig skil ég þau, hæstv. forseti.

Ég held að það sé með ólíkindum að hæstv. fjmrh. skuli öðrum megin borðsins vera sá sem synjar ákveðnum ríkisstarfsmönnum og ákveðnum opinberum starfsmönnum sem vinna í því sem skilgreint er sem hlutavinnustarf, þeirra réttinda að fá að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf, að auka eða minnka starfshlutfall, að auðvelda þeim aðgang að hlutastörfum innan viðkomandi stofnunar, m.a. í stjórnunarstöðum, og svo gæti ég lengi talið.

Hinum megin borðsins er hann síðan sá fjmrh. sem kemur í veg fyrir að hægt sé að innleiða þessa tilskipun og veita réttindin sem hún tekur til gagnvart þessum tilteknu starfsmönnum. Ég dreg mjög í efa að það séu sæmileg vinnubrögð að ráðherra skuli sitja beggja megin borðsins með þessum hætti.

Ég spyr líka: Hæstv. fjmrh. var á sínum tíma í forsvari fyrir okkur þingmenn þegar við náðum samstöðu um að breyta stjórnarskrá með það fyrir augum að efla mannréttindaákvæði hennar, þar á meðal jafnræðisregluna. Hún er núna í stjórnarskránni. Ég dreg það einfaldlega í efa að þetta

standist þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem við samþykktum 1994 um jafnræði. Þar er talað um að ekki megi mismuna fólki vegna, eins og segir aftast í því ákvæði, „stöðu að öðru leyti". Það er alveg klárt að með því að innleiða tilskipunina með þessum hætti þá er verið að mismuna fólki. Tímavinnustarfsmenn njóta ekki sömu réttinda eftir því hvort þeir eru starfsmenn hjá ríkinu eða á almennum vinnumarkaði.

Nú skal ég fúslega viðurkenna, hæstv. forseti, að ég er ekki þaulkunnugur þessari tilskipun. En ég leyfi mér að draga í efa að það sé í anda hennar að beita heimildarákvæði 2. gr. tilskipunarinnar með þessum hætti. Sagt er að það sé heimilt að ganga frá innleiðingunni í frjálsum samningum. En ég tel að það sé mjög umhendis að nota það heimildarákvæði með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir núna. Það er búið að semja um þetta á almennum vinnumarkaði þannig að forskriftin liggur fyrir. Og ég spyr eins og hv. þm. Atli Gíslason: Hvað stendur í veginum fyrir því að sá samningur sem gerður var milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins verði forskrift að samningi hæstv. fjmrh. við opinbera starfsmenn? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað kemur í veg fyrir það?

Sömuleiðis get ég ekki annað en rætt um jafnræðisregluna og jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Hv. þm. Atli Gíslason hefur bent á það hér að það sé fólk sem lúti kjarasamningum ASÍ og sé tímavinnustarfsmenn hjá ríkinu. Þetta kann að vera töluverður hópur manna. Er þá ekki verið að brjóta jafnræðisreglu á þessum hópi gagnvart félögum þeirra innan ASÍ?

Það kemur líka fram, virðulegi forseti, í grg. með frv. að átt hafi sér stað samningar og ákveðið samráð, og þá er vísað til atbeina hæstv. félmrh. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Lengi vel horfði vænlega um að samningar tækjust á milli aðila um að láta efni tilskipunarinnar ná til starfsmanna hins opinbera."

Þeir aðilar sem þarna er vísað til eru opinberir starfsmenn og væntanlega þeir samráðsaðilar félmrn. sem getið er um. Mig langar að spyrja hæstv. félmrh.: Hvað var það sem olli því að eftir að lengi hafði horft vænlega um að samningar næðust strönduðu þeir samt sem áður? Ég spyr hæstv. félmrh.: Var það vegna þess að hæstv. fjmrh. vildi ekki fallast á að þær reglur sem búið var að ná lendingu um á almenna vinnumarkaðnum næðu líka yfir opinbera vinnumarkaðinn, þ.e. næðu líka inn í samninga milli opinberra starfsmanna og fjmrn.?

Hæstv. forseti. Við megum ekki horfa fram hjá því hvert er markmið þessara laga. Það er ekki bara að bæta gæði hlutavinnustarfsmanna heldur líka að koma í veg fyrir að þeir sæti mismunun. Mér virðist að með því að leiða tilskipunina með þessum hætti sé í reynd verið að ganga í þveröfuga átt, það sé í reynd verið að innleiða mismununina í lög sem ekki var þó áður. Ég get ekki fallist á það.

Mér virðist líka sem hæstv. fjmrh. geri sér ekki grein fyrir því að hugtökin sem hann er að velta í munni sér ríma ekki alveg við veruleikann. Mér finnst eins og hæstv. fjmrh. álíti það að tímavinnufólk sé vinnuafl sem einungis sé ráðið um stundarsakir, svo hverfi það og leiti starfa annars staðar, svona eins og vertíðarfólk. Þannig bar hæstv. fjmrh. sér í munn ensku orðin „casual workers". Það er allt annað en þeir tímavinnumenn sem eru árum saman í starfi hjá hinu opinbera, sveitarfélögum og ríkinu, og það er með engu móti hægt að líta svo á að þeir séu eins og einhvers konar farandverkamenn. En hvernig í ósköpunum á að fella orðin „casual workers" — svo ég leyfi mér aðeins að grípa til erlendrar tungu, með leyfi hæstv. forseta, og skal ekki gera það aftur — undir þann hóp sem ég hef verið að lýsa?

Ég velti því líka fyrir mér þegar menn eru að tala um fast ráðningarsamband eins og hæstv. fjmrh. hvort ekki megi líta svo á að þeir sem eru tímavinnumenn og vinna árum saman hjá sama vinnuveitanda, í þessu tilviki sveitarfélögum eða ríkinu, séu komnir í fast ráðningarsamband þó að það falli kannski ekki undir þær skilgreiningar sem við höfum notað á almenna vinnumarkaðnum.

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög dapurt ef það er svo að hæstv. fjmrh. er að nota hérna einhvers konar undarlegar afsakanir, sem við höfum ekki fengið nokkurn botn í, til þess að koma í veg fyrir að hlutavinnustarfsmenn hjá hinu opinbera njóti þeirra sanngjörnu réttinda sem um getur í 4. gr. Ég vek sérstaka eftirtekt á því að sum þessara atriða varða konur sérstaklega. Ef menn lesa þessar greinar sjá þeir að verið er að gera konum auðveldara um vik að koma aftur inn á vinnumarkaðinn, breyta sínum háttum á vinnumarkaði og hlýtur að vera jákvætt.

Ég vek líka eftirtekt á því að það er ákaflega skammt síðan út kom skýrsla, ég man ekki hvort hún var frá hinum ágætu starfsmönnum hæstv. félmrh. en alla vega var verið að greina frá því að breytingar á lýðfræði Íslendinga og annars staðar í Evrópu geri það að verkum að til þess að við höfum nægilegt vinnuafl í framtíðinni þurfum við aftur að fara þá leið að laða inn á vinnumarkaðinn aldraða borgara sem hafa í vaxandi mæli verið að draga sig út af honum. Við munum þurfa á því vinnuafli að halda í framtíðinni í miklu ríkari mæli en áður. Og einmitt þess vegna er svo nauðsynlegt að gera hlut þeirra sem eru í hlutavinnu betri en áður.

Ég hef varpað ákveðinni spurningu til hæstv. félmrh. sem ég veit að hann mun svara mér. En ég vil að lokum segja þetta, hæstv. forseti: Hæstv. fjmrh. getur ekki lokið við þessa umræðu óðruvísi en að bera fyrir okkur efnislegan rökstuðning fyrir því að nota undanþáguheimildina með þessum hætti. Ég vek aftur athygli á því að í 2. gr. tilskipunarinnar er einungis um heimild að ræða. Það er ekkert fortakslaust sem segir að þetta eigi að gera með þessum hætti. Ég skora á hæstv. fjmrh. að upplýsa okkur um af hverju ekki er hægt að fara þá leið að nota samningana sem gerðir hafa verið um þessi atriði á hinum almenna vinnumarkaði sem forskrift að þeim þætti þessa frv. sem ætti að fjalla um opinbera starfsmenn.

[16:30]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið sem við fjöllum um hefur oft fengið góða umræðu á Alþingi, eins og vera ber, og ekki síst í hv. félmn.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson beinir til mín spurningu um hvað hafi borið í milli, milli starfsmanna ríkisins annars vegar og ríkisins sem vinnuveitenda hins vegar.

Málið á sér langan aðdraganda sem hér hefur verið rakinn, málið var fyrst rætt í samstarfsnefnd félmrn. og samtaka á vinnumarkaði 1996. Það er ekki fyrr en 2002 sem samningar takast um málið. Eftir um 40 samningafundi milli aðila hjá ríkinu, ríkinu sem vinnuveitanda, sveitarfélögunum og starfsmanna þeirra náðist ekki saman. Það er of langt mál að rekja það hér hvers vegna það var. Málið er komið í þá stöðu sem það nú er.

En ég tel ástæðu, hæstv. forseti, til að vekja sérstaka athygli á því við umræðuna, sem ekki hefur komið fram,

að inn í þetta frv. til laga er eftir umfjöllun félmn. komið ákv. til brb. þar sem gert er skylt að ákvæðið sem hér er helst til umræðu, þ.e. 3. mgr. 2. gr. laganna, verði tekið til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku laganna, og þetta er ekki orðið valkvætt heldur skylda, hæstv. forseti.

[16:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa varpað svolitlu ljósi á þetta sérkennilega mál. Spurning mín til hæstv. félmrh. var hins vegar tvíþætt.

Í fyrsta lagi: Hvað bar í milli? Hæstv. ráðherra hefur með sínum hætti reynt að varpa ljósi á það. Ég verð að viðurkenna að það var ekki algjörlega skýrt í mínum huga. Látum það vera.

Hinn þáttur spurningar minnar var þessi: Var það hæstv. fjmrh. sem ekki gat fallist á að þeir samningar sem höfðu tekist um þetta atriði á almenna vinnumarkaðnum yrðu notaðir sem forskrift að niðurstöðu í samningum milli ríkisins og þeirra starfsmanna sem hér eiga hlut að máli?

[16:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er stjfrv. og flutt sem slíkt og að sjálfsögðu á fulla ábyrgð mína sem félmrh. Ég svara spurningum hv. þm. með þeim hætti.

[16:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er oft hægt að segja langa og djúpa sögu með þögninni. Ég kýs að túlka þögn hæstv. félmrh. við spurningum mínum þannig að svar hans sé í rauninni þetta:

Eftir að lengi hafði horft vænlega um samninga, eins og *getur um í grg., strönduðu þeir vegna þess að hæstv. fjmrh.* vildi ekki una opinberum starfsmönnum sömu kjara og höfðu tekist í samningum á almenna vinnumarkaðnum.

Ef þetta verður ekki borið til baka tek ég það svo að þögn hæstv. félmrh. við spurningu minni sé í reynd staðfesting á þessu. Kannski er það kjarni málsins.

[16:34]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á málflutningi hæstv. ráðherra, félmrh. og fjmrh. Hæstv. félmrh. talar um 40 samningafundi sem hafi ekki leitt til samkomulags, en gleymir að reifa það sem mestu máli skiptir, hvað hafi staðið þar í veginum.

Það sem stóð í vegi var þvergirðingsháttur af hálfu fjmrn., samningamanna hæstv. fjmrh. og sveitarfélaganna, sem neituðu því að tímavinnufólk hjá ríki og sveitarfélögum fengi notið þeirra réttinda sem tilskipun Evrópusambandsins og hins Evrópska efnahagssvæðis kveður á um og byggir á samkomulagi verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda í Evrópu sem við áttum aðild að. Þetta er mergurinn málsins.

Ég ætla að gera lokatilraun í þessu máli, vegna þess að mér finnst öll rök vera komin fram af okkar hálfu. Það er óþarfi að fara í einhverjar maraþonumræður um málið, það liggur alveg ljóst fyrir. Hér eru hins vegar algjörlega rökþrota menn sem sitja fyrir svörum og geta ekki réttlætt það lagafrv. sem liggur fyrir Alþingi.

Það sem um er deilt er, sem áður segir, 3. mgr. 2. gr. frv., og ég ætla að lesa upp úr athugasemdum með þeirri grein, vegna þess að ef lýsingin sem þar kemur fram væri rétt skildi ég þennan málflutning, þá væru ákveðin rök fyrir þeim málflutningi sem við höfum heyrt. En þetta er ekki lýsing á veruleikanum og á því byggist málstaður minn og okkar sem höfum verið að andæfa frv.

Um 3. mgr. 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt sé að undanskilja ákvæðum frumvarpsins þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímavinnukaup eins og það er oftast nefnt í kjarasamningum þeirra. Slíkar undanþágur hafa tekið til skólafólks við störf í skólafríum, lífeyrisþega sem vinna hluta úr starfi, starfsmanna sem ráðnir eru til skamms tíma á sérstökum, árvissum álagstímum stofnana ríkis eða sveitarfélaga, þó eigi lengur en tvo mánuði, starfsmanna sem ráðnir hafa verið til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum og starfsmanna sem starfa óreglubundið um lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að samningsaðilar á opinberum vinnumarkaði hafi í samræmi við þær heðir sem þar hafa ríkt möguleika til þess að gera hlutastarf að ákjósanlegum kosti. Í samræmi við efni tilskipunarinnar er gert ráð fyrir því að samningsaðilar endurskoði slíkar undantekningar reglulega til að ganga úr skugga um að þær hlutlægu ástæður sem liggja þeim til grundvallar séu enn í gildi."

Hér er vísað til undantekningartilvika. Það er talað um tvo mánuði, tveggja mánaða ráðningu.

Það sem við höfum verið að benda á er að hjá ríki og sveitarfélögum eru mörg hundruð manns á tímaráðningaforminu árum saman. Hvaða fólk er þetta? Ég vísa t.d. til félagsþjónustunnar hjá sveitarfélögum. Ég vísa til starfsfólks sem vinnur í sundlaugum víðs vegar um landið, í fastri vinnu en á tímavinnukaupi. Ég vísa til fjölda starfsmanna hjá ÁTVR sem hafa verið í langan tíma á slíku ráðningaformi, fólk sem *vinnur fulla vinnu en í tímavinnu.*

Það var samið um það fyrir allmörgum árum að þegar einstaklingur hefði verið í starfi í tiltekinn tíma, tvö ár, skyldi hann njóta allra réttinda fastráðins manns. Þetta er búið að festa reyndar í lög núna. Þetta hefur verið markmið aðila beggja vegna borðsins.

Þessi lög taka ekki til þessa. Þau undanskilja alla sem eru á tímavinnuráðningaforminu, allt fólk, og þetta eru mörg hundruð manns. Við erum að ganga eftir því hér við þessa umræðu að fá skýringu á því hvers vegna í ósköpunum verið er að gera þetta. Hvers vegna í ósköpunum er verið að undanskilja fólk sem hefur unnið hjá ÁTVR, hjá félagsþjónustunni, hjá sundlaugunum og hjá ýmsum öðrum opinberum aðilum árum saman á tímavinnukaupi og meina því aðgang að símenntun og endurmenntun? Meina því aðgang að sjálfsögðum upplýsingum á vinnustað sem frv. kveður á um? Hver er skýringin á því? Geta hæstv. ráðherrar nefnt dæmi um þá hópa sem þeir telja brýnt lögum samkvæmt að undanskilja þessum réttindum? Getum við fengið dæmi? Hver er skýringin á því að ríkisstjórnin er að meina þessu fólki um þessi réttindi?

Það er rangt sem haldið er fram af hálfu fjmrn. og félmrn. að við séum með sambærilegar undanþágur og tíðkast annars staðar. Þar eru vissulega undanþágur um fólk sem er tímabundið ráðið um skamman tíma. En það er hvergi gengið eins langt og hér. Ég vék að því áðan að jafnvel í Bretlandi, þar sem talað er um „temporary work" og „casual workers" og „temporary agency workers" fellur það undir þessi lög þar. En á Íslandi leggja menn lykkju á leið sína með lögum að undanskilja mörg hundruð einstaklinga sem árum saman

hafa verið á tímakaupi hjá ríki og sveitarfélögum, negla í lögin ákvæði sem hafa þessi réttindi af fólkinu.

Svo kemur hæstv. ráðherra og segir: Menn eiga að semja um þetta við samningaborðið. Hann hefur neitað því. Hann stendur í vegi fyrir því að samningar náist um það efni. Við spyrjum: Hvers vegna? Hvers vegna á að hafa þessi réttindi af fólkinu? Hver er skýringin?

Hæstv. félmrh. þarf líka að svara þessu. Það þýðir ekki að koma hér upp í ræðustól og segja: Nú ætla ég að svara sem félmrh. og segja síðan ekkert. Hann á að gæta félagslegra réttinda. Hvers vegna í ósköpunum gerir hann það ekki? Hvers vegna ætlar hann að hafa þessi réttindi af tímavinnufólki hjá ríki og sveitarfélögum? Hver er skýringin á því? Hvaða fólk hefur hann í huga? Hverjir eru það sem hann telur að verði að troða á á þennan hátt. Hvaða hópa hefur hann í huga? Hver er hættan á því að fella þessa umdeildu lagagrein, 3. mgr. 2. gr. laganna, brott úr frv.? Getum við fengið skýringar á því?

Er það einfaldlega vegna þess að sveitarfélögin og ríkið hafa reynst slíkir þverplankar í málinu, neitað að semja á grundvelli tilskipunar og samkomulags sem gert var á milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda í Evrópu og við fyrir okkar leyti höfum samþykkt, en þessir aðilar standa í vegi fyrir? Þá leyfir hæstv. félmrh. sér að koma hingað upp og segja: Það hafa verið haldnir 40 samningafundir og þess vegna er frv. fram komið — sem kveður á um hvað? Að vilji eins aðilans við samningaborð er festur í lög. Vilji hæstv. fjmrh. og vilji sveitarfélaganna sem af óskiljanlegum ástæðum eru að knýja málið fram.

Hæstv. forseti. Ég auglýsi enn og aftur eftir upplýsingum um þá hópa sem ríkisstjórnin hefur tekið út til að hafa af réttindi hlutavinnufólks. Hverjir eru þeir? Hvaða fólk er þetta? Hvaða hagsmunir eru í húfi? Hvers vegna fer ríkisstjórnin fram með þessum hætti? Gætum við fengið skýringar á því eða ætla menn að koma aftur hingað upp og segja: Ég er ráðherra, þess vegna þegi ég.

[16:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og það hafi farið fram hjá tilteknum þingmönnum í dag að það sem verið er að gera með frv., sem vonandi verður að lögum, er að tryggja að tiltekið fast ráðningarform veiti mönnum ekki lakari rétt en annað fast ráðningarform, annars vegar hlutastarf, hins vegar fullt starf. Tímavinna er ekki fast ráðningarform. Svo einfalt er þetta mál. Það má vera að það hafi verið mismæli hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni áðan þegar hann sagði að markmið frv. væri að tryggja að hlutavinnufólk gæti komist í fullt starf. Kannski hefur hann bara eitthvað misskilið efni málsins og er mér nær að halda að svo sé.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, minn ágæti vinur og samstarfsmaður við samningaborð og annað, lét þess (Gripið fram í.) getið að það væri ekkert nema þvergirðingsháttur fjmrn. og sveitarfélaganna sem hefði komið í veg fyrir að samkomulag næðist um að taka þennan hóp manna með í reikninginn, taka þennan hóp manna með í þetta dæmi, það hafi ekki náðst samningar vegna þess hve hér væru miklir þverplankar á vegum fjmrn. og sveitarfélaganna.

Það er alltaf sama sagan, það eru allir þverplankar nema hv. þm. Það getur enginn samið nema hann. Er það ekki þannig með þetta eins og annað þar sem tveir aðilar eru að ná saman að það þarf tvo til? Er það alltaf þannig að það sé annar aðilinn sem sé alveg sérstakur þverplanki eða þvergirðingur eða jafnvel illmenni, eins og menn hafa verið að gefa í skyn, menn sem vilja opinberum starfsmönnum illt?

[16:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi ekki verið mismæli sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði varðandi réttindin sem hér er kveðið á um því að í 4. gr. lagafrv. segir að atvinnurekendur skuli, svo sem kostur er, taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf. Það var til þeirrar klásúlu í frv. sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vísaði.

Mergurinn málsins í þeirri deilu sem hér er upp risin er að tímavinnufólk er undanskilið þegar kemur að þeim réttindum sem kveðið er á um í þessu lagafrv. Frv. kveður á um aðgang að símenntun, að endurmenntun, að upplýsingum á vinnustaðnum og gerir ráð fyrir að tekið sé tillit til þarfa starfsmanna. Tímavinnufólk á ekki að fá að njóta þessara réttinda.

Meginþunginn í málflutningi mínum gengur út á að benda á að á Íslandi eru því miður mjög stórir hópar fólks hjá ríki og sveitarfélögum sem búið hafa við tímavinnuformið árum saman, í mörg ár. Það er í beinni mótsögn við það sem fram kemur í grg. með þessu frv. Ef það sem þar segir stæðist þá skildi ég þennan málflutning. En það stenst ekki. Þetta er ekki veruleikinn.

Lögin á að setja til að treysta réttarstöðu þessa fólks. Í stað þess að reyna að treysta réttarstöðu fólksins og gera hlutavinnustarf eftirsóknarverðara þá er ætlunin að undanskilja þessa hópa. Ég hef ekki enn fengið rök fyrir því hvers vegna í ósköpunum það er gert.

[16:49]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Smám saman er að koma í ljós að hæstv. fjmrh. er ekki alveg klár á kjarna málsins í því frv. sem við ræðum. Mér finnst líka nokkuð merkilegt að það kemur fram hjá hæstv. fjmrh. að hann telur að það sem á enskri tungu heitir „casual labour" séu tímavinnustarfsmenn sem árum saman hafa unnið með þeim hætti hjá íslenska ríkinu eða sveitarfélögum. Ég get með engu móti fallist á það. Ég get með engu móti fallist á að fólk með þess háttar ráðningarsamband við íslenska ríkið eigi ekki að fá að njóta þeirra réttinda sem hér er um að ræða.

Kjarni málsins hefur komið fram. Hann er þessi: Það náðust samningar um þetta mál á almennum vinnumarkaði. Hæstv. fjmrh. vildi ekki nota þá samninga sem forskrift að kjörum opinberra starfsmanna að því er þetta mál varðar. Það er svo einfalt mál.

Ég spurði hæstv. félmrh. fyrr í umræðunni hvort samningar hefðu strandað á þessu atriði. Hæstv. félmrh. kom tvisvar upp í púltið og skaut sér undan því að svara. Sú þögn var æpandi. Hún staðfesti orð mín um afstöðu hæstv. fjmrh. Síðan er það hæstv. fjmrh. að ræða við einhverja aðra en okkur um hvort hann sé illmenni þess vegna. Við höfum ekki sagt það. Það var túlkun hæstv. fjmrh. sjálfs. Ég held því hins vegar fram að það sé ekki hægt að vera fastheldinn á fé ríkisins þegar málið snýst um jafnræði eins og hér.

Það sem mér finnst skipta mestu þegar við stöndum andspænis þessari niðurstöðu er eftirfarandi:

Hér er farið gegn anda jafnréttisákvæðis stjórnarskrárinnar með tvennu móti. Í fyrsta lagi er það alveg ljóst að starfsmenn hjá hinu opinbera, sveitarfélögum og ríkinu,

munu að þessu frv. samþykktu ekki njóta sömu réttinda og starfsmenn á almennum vinnumarkaði.

Í öðru lagi er alveg ljóst að tímavinnustarfsmenn undir samningum Alþýðusambands Íslands sem vinna hjá hinu opinbera, ríki eða sveitarfélögum, hafa ekki sama rétt og aðrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði undir sömu samningum. Það finnst mér rangt.

Ég held því ekki fram að hæstv. fjmrh. sé beinlínis illmenni með því að hafa ekki viljað fallast á að veita mönnum þennan rétt en hann heldur klárlega mjög fast utan um sjóði ríkisins. Það ber honum að gera en það eru takmörk fyrir því hve langt er hægt að ganga í því. Ég tel að þau takmörk blasi við þegar menn eru komnir hættulega nærri því að ganga gegn anda mannréttindaákvæða.

Þetta er sérstaklega nöturlegt vegna þess að viðkomandi hæstv. ráðherra hafði forgöngu um það í þinginu árið 1994 að leiða til lykta breytingar á stjórnarskránni þar sem einmitt þessi regla var tekin upp. Um það ætla ég ekki að segja meira að sinni, virðulegi forseti.

Hæstv. ráðherra taldi að ég hefði mismælt mig þegar ég sagði að eitt af því sem verið væri að reyna að tryggja með samþykkt þessa frv. væri að tekið yrði tillit til óska starfsmanns sem vill flytjast úr fullu starfi í hlutastarf. En þetta stendur einfaldlega í frv. í 4. gr. í staflið a. Réttindin sem verið er að reyna að tryggja starfsmönnum eru eftirfarandi:

„a. taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf,

b. taka tillit til óska starfsmannsins um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess,

c. auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum sviðum fyrirtækisins eða stofnunarinnar, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum."

Í e-lið er síðan fjallað um það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur réttilega gert að stóru atriði í þessari umræðu, þ.e. að „greiða fyrir aðgangi starfsmanna í hlutastörfum að starfsmenntun og starfsþjálfun."

Mér finnst ansi dapurlegt ef þeir sem starfa jafnvel árum saman undir því fyrirkomulagi að selja vinnuafl sitt í tímavinnu til ríkisins eigi ekki að fá réttindi sem hér er verið að færa öðrum. Mér finnst það dapurlegt. Ég ímynda mér að það sé einkum þetta fólk sem þarf á því að halda til að auka færni sína og þjálfun og öðlast þar með möguleika til þess að koma sér í betra starf og bæta kjör sín. Hvað hefur orðið um allt okkar starf í 600 sumur í félmrn. ef starfsmenntun af þessu tagi er ekki úrræði sem við eigum að reyna að lyfta upp eins og kostur er?

Ég vil líka ítreka, virðulegi forseti, að mér finnst sárgrætilegt þegar hæstv. fjmrh. skýtur sér á bak við 2. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að það sé heimilt að semja í almennum frjálsum samningum um þessi réttindi. Það er ekkert sem segir að það sé skylt. Það er einungis heimilt.

Hvernig misnotar hæstv. fjmrh. þetta heimildarákvæði? Jú, þar sem hann situr við borðið sem samningsaðili, sem fulltrúi ríkisins, kemur hann í veg fyrir, eins og hæstv. félmrh. hefur staðfest með þögn sinni við spurningum mínum í dag, að opinberir starfsmenn fái allir þessi tilteknu réttindi í samningum við ríkið. Síðan segir hann: Samningar náðust ekki og þess vegna ætla ég að notfæra mér heimildarákvæðið og undanþiggja þennan hóp.

Þetta er þvílík hundalógík og svo mikið ranglæti í þessu fólgið að mann svíður næstum í hjartað. Ég veit það að hæstv. fjmrh. hefur stórt hjarta og hann ætti að svíða mikið í dag.

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. kemur í ræðustól og bendir á að það sé búið að skjóta bráðabirgðaákvæði inn í frv. eins og það kemur frá félmn. til okkar í þingið. En til hvers er þetta ákvæði sem mælir fyrir um að það eigi að endurskoða 3. mgr. 2. gr. laganna, verði frv. samþykkt, eftir tvö ár? Jú, þar er auðvitað komin flóttaleiðin fyrir hæstv. félmrh. þegar hann verður kærður fyrir hönd íslenska ríkisins fyrir að hafa brotið tilskipunina. Þá verður hægt að vísa til þess að þetta verði endurskoðað.

Hæstv. félmrh. er skömminni skárri en hæstv. fjmrh. að því leyti að hann sá örlítið að sér og hlustaði á þessar gagnrýnisraddir. Hann hefur sennilega prýðilega starfsmenn sem hafa bent honum á þessa hættu. Þess vegna bjó hann til flóttaleiðina. Ég tel að hún sé viðurkenning á því að við sem höfum verið að andæfa þessari málsmeðferð höfum rétt fyrir okkur. Sá ágæti hæstv. ráðherra staðfestir það, eins og svo margt fleira í dag, að það er raunverulegur möguleiki að félmrh. fái fyrir hönd ríkisins á sig kæru út af þessu.

Ég vona að honum lukkist flóttinn. En besta leiðin til að komast undan í þessu máli er að láta réttlætið ráða og láta þá starfsmenn sem við höfum fjallað um njóta sömu réttinda og aðrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:57]

Útbýting þingskjala:

Evrópska efnahagssvæðið, 338. mál, nál. utanrmn., þskj. 970.

Lokafjárlög 2001, 653. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 982.

Nýtt tækifæri til náms, 644. mál, þáltill. EMS o.fl., þskj. 959.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 1. umr.

Frv. RG og BH, 147. mál. — Þskj. 147.

[16:58]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samkomudag Alþingis og starfstíma þess. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, þingmaður Samf.

Í frv. felst að Alþingi komi saman 15. september og sitji til 15. júní.

Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram 13. október. Jólahlé stóð frá 15. desember til 28. janúar, þ.e. í 43 daga. Þingtíminn fyrir jól náði yfir 75 daga frá samkomudegi til jólahlés og þingtími til vors verður um 100 dagar. Þá tekur sumarhlé við og að þessu sinni vantar aðeins viku upp á að það nái fimm mánuðum.

Þingtímabilið er afar stutt miðað við þau miklu verkefni sem Alþingi fæst við í dag. Að undanförnu hafa verið umræður um fjölda þingmannamála og verið rætt um að hemja á einhvern hátt umræðuna um þau. Þau þykja taka tíma frá meira áríðandi málum í þinginu. Allt að 37 þingmannamál hafa verið sett á dagskrá á einum og sama degi. Það eru skilaboð um að þessum málum þurfi helst að hespa af. Það er líka undantekning að þau séu samþykkt. Í þessu umhverfi mæli ég fyrir frv. okkar Bryndísar Hlöðversdóttur um starfstíma Alþingis.

Lengdur starfstími er grunnur að breytingum og nýjum starfsháttum þingsins. Verði þetta frv. að lögum mun forsn. endurskoða starfsáætlun Alþingis. Ég sé fyrir mér að skoðað verði hvað hefur reynst vel í skipulagi hjá öðrum þingum og hvað þróun þingstarfa kallar helst á varðandi breytingar.

Sums staðar er þetta með allt öðrum hætti. Ég þekki til þar sem þing er ekki haldið á mánudögum þannig að helgin auk mánudagsins nýtist fyrir þá sem búa utan höfuðborgarinnar. Þingdagar og nefndadagar skiptast þá á í einhverjum hlutföllum sem eðlilegt þykir eða að ein vika sé þinghlé og þrjár vikur þingvinna. Í þessari einu viku í hverjum mánuði væri þá unnt að fara í kjördæmin, lesa skýrslur, lesa frumvörp, stjórnarfrumvörp sem á að vinna með eða þau verkefni sem bíða í nefndunum og aldrei er nægur tími til að sinna. Það er mikilvægt hvernig sem þessu yrði háttað að vinnulag yrði með þeim hætti að tími yrði til yfirferða mála, lesturs efnis og þingvinnunnar.

Með frv. er sem sagt lagt til að starfstími Alþingis verði lengdur, bæði að hausti og að vori. Haustþing hefjist hálfum mánuði fyrr en nú er, 15. september í stað 1. október, og þingstörfum á vorþingi ljúki um miðjan júní, í stað miðs maímánaðar eins og verið hefur að jafnaði undanfarin ár, en eins og fram hefur komið munum við hætta í ár enn fyrr. Með samþykkt frv. færum við starfstímann á Alþingi nær því sem viðgengst annars staðar á Norðurlöndunum enda eru verkefni okkar þinga mjög sambærileg. Máli mínu til stuðnings vil ég fara yfir það hvernig þinghaldið er í þessum fimm löndum sem bera sig svo mikið saman.

Á Íslandi kemur þing saman fyrsta virkan dag eftir 1. október og stendur og hefur staðið fram undir miðjan maí, nú til 6. maí. Tillagan er að við byrjum 15. september og höldum áfram fram undir 17. júní, eða til 16. júní.

Í Noregi er þinghlé um það bil frá 20. júní og fram til loka september. Í Svíþjóð stendur þingtíminn frá 16. september til 17. júní, í Danmörku frá því fyrsta þriðjudag í október til 5. júní og í Finnlandi frá fyrsta þriðjudegi í september til um það bil 20. júní. Algengt er að jólahlé sé tvær til þrjár vikur. Í Noregi er jólahlé um það bil 14 dagar og svipað hlé er um páska.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið núorðið og þingmennska er fullt starf þeirra allra, eða nær allra, nú orðið. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði, og jafnframt var það svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður orðinn sá sem hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra. Alþingismenn hafa notið fastra launa allt árið frá 1964 og frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt störfum samhliða þingmennsku, a.m.k. yfir þingtímann. Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum þingmanna.

Þó ég hafi dregið athyglina að því í upphafi máls míns hvað þingmannamálin eigi undir högg að sækja á Alþingi þá er ekki beinlínis stefnt að því með þessu frv. að fjölga þingfundum eða lengja þá, þó það fari að sjálfsögðu eftir ástandi í þinginu á hverjum tíma, heldur miklu fremur að gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, ekki síst í nefndum þingsins.

Mér er fullkomlega ljóst og hef sagt það hvar sem ég hef komið og rætt um Alþingi að þingmenn eru að störfum þó það sé sumarhlé eða jólahlé. Þingmenn vinna að undirbúningi mála sinna mikinn hluta janúarmánaðar. Þingmenn vinna einnig að undirbúningi mála, fara yfir skýrslur, vinna úr því sem hefur verið unnið með yfir veturinn í sumarhléi. En það er eðlilegra að dreifa ólíkum starfsháttum þingmanna á lengri tíma eins og hér er lagt til.

Með breyttum þingtíma gæfist forsn. Alþingis meira svigrúm til að skipuleggja þinghaldið og tryggja ásættanlega umfjöllun allra þingmála, líka þingmannamála eins og ég nefndi hér í upphafi. Með því fyrirkomulagi sem nú viðgengst tekur langan tíma að fá þingmannamál á dagskrá. Þau eru seint og illa skoðuð í nefnd og enn erfiðara er að fá þau afgreidd. Ætla má að aflétt yrði þeim þrýstingi sem oft er á afgreiðslu stjórnarfrumvarpa þeirra sem koma seint fram en afgreiða á fyrir þinglok.

Það er afar slæmt hve lítill tími gefst oft til að skoða stjórnarfrumvörp áður en þau eru tekin á dagskrá og reynslan sýnir að þegar loksins kemur að nefndadögum þá þarf nefndarformaður að keyra yfirferðina áfram oft til mikils vansa fyrir þingið gagnvart því fólki sem kemur á nefndarfundi, jafnvel utan af landi, til að fjalla um og varpa ljósi á þau mál sem eru til umfjöllunar.

Oft er það nefnt í sambandi við þessi mál að þar sem þingið stendur í orði allt árið sé nú einfalt að kalla okkur til þings ef með þarf. En það er bara ekki gert. Fundir nefnda sem koma einstöku sinnum upp að sumri eru nær alltaf boðaðir að ósk stjórnarandstöðu vegna mála sem verða heit úti í samfélaginu og vegna mála sem stjórnvöld setja á dagskrá. Eina tækifæri þingmanna er þá að óska eftir að viðkomandi nefnd komi saman til þess að skoða málin með þeim pólitísku augum sem þingmönnum er ætlað að vinna þau.

Ég minnist þess þó þegar EES-samningurinn var til vinnslu að þá var unnið allt sumarið í nefnd og þingið var kallað saman í ágúst. En það þarf mál af þeirri stærðargráðu til þess að þingið verði virkt allt árið eins og viljinn stóð til þegar breytingin var gerð. Hins vegar hafa orðið breytingar í þinginu síðan árið 1991 þegar þingið var sett í eina málstofu. Jákvæðar breytingar hafa orðið á þingsköpum, t.d. var bundinn ræðutími í 1. umr. og þó átök væru um það á sínum tíma leikur enginn vafi á því í mínum huga að það var til góðs. Teknar voru upp stuttar utandagskrárumræður, hálftíma umræður sem hafa í raun tekið við af þeim utandagskrárumræðum sem getið er um í þingsköpum. Þá voru teknir upp þessir liðir sem eru mjög mikið notaðir af þingmönnum, þ.e. um störf þingsins og fundarstjórn forseta. Allt hefur þetta orðið til þess að gera þinghald lipurra og gefa þingmönnum fleiri möguleika á því að taka upp ólík mál við forseta þingsins eða taka upp þar gagnrýni á eitthvað sem fram hefur komið og varðar framkvæmdarvaldið.

Einnig hefur gefist vel að taka upp sérstaka nefndadaga þó mér finnist að þar hefði mátt halda betur á málum og gera þinghaldið lipurra. En ég geri mér grein fyrir því að rætur þessa liggja m.a. í því hve óreglulega stjórnarfrumvörpin koma fram. Oft hefur verið reiknað með að stjórnarfrumvörp væru löngu komin fram þegar nefndadagar voru ákveðnir en svo hefur ekki reynst.

Kjördæmavikan hefur líka verið góð til yfirferðar. Með þeirri tillögu sem sett er fram í frv. okkar mundi vera hægt að hafa fleiri kjördæmavikur yfir veturinn, fleiri þinghlé þar sem þingmenn geta farið um landið og út í kjördæmin. Við

skulum gera okkur grein fyrir því að sú breyting sem var gerð á kjördæmaskipan er í raun fyrsta vers í því að gera landið að einu kjördæmi og að þingmenn vinni saman að því að fara um landið til að hlusta á sjónarmið almennings og kynna mál sem eru á dagskrá í þinginu.

Það eru mér mikil vonbrigði að ekki skuli hafa verið gengið lengra og haldið áfram með að vinna við þingsköpin frá því veturinn 1998–1999 þegar þingflokksformenn unnu með frv. að breytingum á þingsköpum sem forsetar Alþingis undir stjórn Ólafs G. Einarssonar fluttu þá. Þá voru margar þýðingarmiklar breytingar lagðar til sem hefðu gert þinghaldið lipurra. Skiptar skoðanir voru um einstakar tillögur en mikil eining um aðrar. Ég var alveg viss um það þá að við mundum ná saman um nokkrar þýðingarmiklar breytingar. En á síðustu dögum þingsins var öllu sópað út af borðinu af hálfu stjórnarmeirihlutans og þau mál hafa ekki verið tekin upp á borðið aftur. Það er status quo í þeim málum og þrátt fyrir góðar umræður og ýmsar hugmyndir hefur ekkert gerst í vinnu við þingsköpin.

Ég get ekki stillt mig um það, af því það tengist því máli sem hér er í frumvarpsformi, að nefna að þær hugmyndir sem þá voru uppi um skiptingu málaflokka, um breytingu á nefndum, um fækkun þingmanna í nefndum og að þeir yrðu þá í færri nefndum, um að kjósa varamenn í nefndir, að setja ræðutíma frekari skorður og nokkur sátt var um það þá að gera tilraun með að setja skorður við 3. umr., um að tryggja rétt minni hluta m.a. til að fá mál á dagskrá nefnda, að styrkja rannsóknarvald þingsins og að þrengja þann tíma sem heimilt væri að leggja fram frumvörp. Beindist það fyrst og fremst til ráðherra af því þeir koma oft fram með öll frumvörpin sín á síðustu stundu sem leyfð er. Þarna var miðað við að þinginu lyki í lok maí og að frumvörpin yrðu að vera komin fram í febrúar. Svo voru hugmyndir um að ráðherra hefði ekki síðasta orðið í fyrirspurnum og utandagskrárumræðum og að allir þingmenn fengju að mæla fyrir máli sínu innan mánaðar.

Aðeins þessi upptalning, þessi stutta upptalning mín, herra forseti, segir öllum sem þekkja þinghaldið í dag hversu miklu lipurra þingið væri ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga á sínum tíma og við værum eins og önnur þing að þróa vinnubrögð okkar.

Herra forseti. Engin sérstök rök eru fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða þau liðlega 100 frumvörp og 20–30 ályktanir sem venja hefur verið hingað til. Með breyttu fyrirkomulagi gefst jafnframt rýmri tími til umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið og aukið svigrúm til afgreiðslu þeirra þingmála sem kunna að fylgja því. Með því að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og skipuleggja störf þingsins með nýjum hætti væri í senn hægt að gefa sér betri tíma til að athuga mál, svo og til að gefa þingmönnum rýmri tíma og skipulegri til að hafa samband við kjósendur, ferðast um kjördæmin og halda fundi m.a. meðan þing situr. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þingmanna frá þeim tíma er starfstími Alþingis var settur í núverandi form og ekkert mælir með því að þingið sé sent heim í byrjun maí og komi ekki aftur saman fyrr en eftir hátt í fimm mánuði. Nægir að benda á bættar samgöngur, fjarskiptaþróun og tölvuvæðingu sem gjörbreytt hafa allri vinnutilhögun þingmanna. Oft heyrast gagnrýnisraddir hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta og er sú umræða orðin áberandi neikvæð.

Virðulegi forseti. Ég hef fært rök fyrir því að full ástæða sé orðin til þess að Alþingi breyti starfstíma sínum og ég ætla í lok máls míns að geta þess hvað felst í 1. og 2. gr. frv.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þingið komi saman 15. september. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir að reglulegt Alþingi komi saman 1. október ár hvert en samkomudegi Alþingis megi breyta með lögum, en vinnutími þingsins sem hér er lagt til að taka upp er áþekkur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Það hefur einu sinni verið gert áður að samkomudegi Alþingis hafi verið breytt með lögum eftir að stjórnarskránni var breytt 1991, en þingið 1992–1993 hófst 17. ágúst til þess að fjalla um og afgreiða hinn viðamikla EES-samning. Í eldri stjórnarskrárákvæðum, fram til 1991, var samkomudagurinn 15. febrúar, en sett höfðu verið lög um, samkvæmt sambærilegri heimild í stjórnarskránni, að samkomudagurinn yrði 10. október. Var svo fram til 1991.

Í 2. gr. eru sett ákvæði um að reglubundnum störfum Alþingis skuli ljúka 15. júní. Ákvæði þetta hefur ekki sömu stöðu og 1. gr. því að Alþingi verður því aðeins frestað að fyrir liggi samþykki þess sjálfs, og slíkt samþykki er og skilyrði þess að ákvæði greinarinnar verði framfylgt. Forseti Íslands hefur að vísu rétt til að fresta fundum Alþingis tímabundið, en ekki hefur reynt á það ákvæði fram að þessu. Samkvæmt þessu ber fremur að líta á efni 2. gr. frumvarpsins sem stefnuyfirlýsingu þingsins sjálfs um hver hinn reglubundni starfstími þess skuli vera. Þannig má stuðla að meiri festu í þingstörfunum sem er til hagsbóta fyrir þingmennina, stjórnsýsluna og allan almenning. Eigi að síður verður Alþingi, að óbreyttum stjórnlögum, að samþykkja formlega þingfrestun, svo sem verið hefur fram að þessu.

Virðulegi forseti. Ég hef hér fjallað um sjónarmið þess að lengja þingtímann frá sjónarhóli okkar þingmanna. Ég vil að lokum geta þess að það er ekki langt síðan ég átti viðræður við háttsettan mann í stjórnsýslunni sem tók það upp að fyrra bragði, án þess að vita að ég hefði lagt fram frv. það sem hér er mælt fyrir, hvað það væri erfitt fyrir fólk í ráðuneytunum hve stuttar skorpur væru hjá Alþingi og hvernig væri fyrir það að koma að öllum málunum sem ættu að koma inn á tilteknum tíma til að vinnast á svo stuttum tíma. Ég fékk mikla viðurkenningu fyrir að hafa lagt fram þetta frv.

Það er því ósk mín að þingmenn skoði frv. með mjög opnum huga og að við náum því að eiga þverpólitíska umræðu hér um hvað Alþingi sé fyrir bestu, hvernig við vinnum best á Alþingi og að þetta frv., hér flutt í fyrsta sinn, verði til þess að við breytum störfum Alþingis til góðs.

[17:16]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Stjórnmálamenn búa við vinnutíma frá tíma bændasamfélagsins. Fundartími þingsins er lagaður að þeim tíma þegar Jótarnir komu til Kaupmannahafnar með hestvagni og þrír fjórðu þingmanna voru bændur sem þurftu að sinna bústörfum í þrjá til fjóra mánuði yfir sumarið. Virðulegur forseti. Ég vitna hér til umræðu sem birtist á síðum danska dagblaðsins Politiken þann 14. febrúar sl. en þar er verið að segja frá umræðum sem áttu sér stað í danska þinginu skömmu fyrir síðustu jól. Þá hagaði því þannig til að ungir þingmenn í danska þinginu stóðu fyrir undirskriftasöfnun meðal þingmanna og mótmæltu starfstíma og skipulagi þingsins. Fór þar fremst í flokki ung þingkona frá Venstre, Rikke Hvilshøj, en jafnframt því að vera þingmaður sinnir hún líka því hlutverki að vera tveggja barna móðir.

Rikke Hvilshøj fékk 62 þingmenn til að skrifa undir mótmælin og samkvæmt fréttinni vildu fleiri gjarnan taka undir með henni efnislega en töldu ekki rétt staðið að verki með því að safna undirskriftum, það ætti að fara öðruvísi í að vinna slík mál.

Þarna fóru ungir þingmenn fremstir í flokki þeirra sem mótmæltu, og margir þeirra höfðu önnur hlutverk með höndum, móður- eða föðurhlutverk. Þau sögðu að tími væri kominn til að breyta starfstíma danska þingsins sem er, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir greindi hér frá, kannski mest í takt við það sem við höfum hér á landi. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa stytt hléin verulega. Greinilega er víðar en hér óánægja með skipulag og starfstíma þingsins. Þessir þingmenn kröfðust þess að skipulagi þingsins yrði breytt þannig að þeim yrði gert kleift að sinna öðrum hlutverkum ásamt með því að vera þingmenn, og þá er fyrst og síðast kannski verið að vísa til þess að geta samræmt þingmannsstarfið því að eiga fjölskyldulíf.

Það má segja að viðbrögðin hafi verið eins og við var að búast af þeim sem reyndari voru og höfðu setið lengi á þingi. Forustumenn þingsins fóru í svolitla vörn fyrir það fyrirkomulag sem fyrir var, það væri erfitt að breyta áratuga langri hefð, þingmannsstarfið væri ekki átta tíma starf o.s.frv. Við þekkjum þessa umræðu héðan úr íslenska þinginu líka.

Hæstv. forseti. Það er enginn að tala um að með breyttum starfstíma þingsins sé verið að fara fram á það að þingið starfi einungis frá 8–16. Ég held að við gerum okkur flest grein fyrir því að mikið vinnuálag getur fylgt því að sinna ábyrgðarstarfi eins og þingmennska er. Spurningin er hins vegar hvort við getum nýtt tíma okkar betur. Getum við skipulagt störf okkar betur þannig að við fáum meira út úr þeim tíma sem við verjum á hinu háa Alþingi?

Frv. sem hér er nú fyrir þinginu og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er 1. flm. að miðar einmitt að því að starfstíma Alþingis verði breytt þannig að hléin verði styttri sem jafnframt hefði það í för með sér að hægt væri að skipuleggja störf þingsins betur. Löngu loturnar sem menn vinna, ekki bara við sem störfum hér á þinginu, ekki bara alþingismenn og ekki bara starfsmenn þingsins, heldur líka hinir fjölmörgu sem starfa úti í ráðuneytunum og í kringum þingið víðs vegar í þjóðfélaginu, heimta ákveðið skipulag af fólki. Allt þetta fólk gæti skipulagt tíma sinn betur, þyrfti þá ekki að vinna nótt eftir nótt á ákveðnum tímum árs en hefði þess á milli löng hlé.

Ég held, hæstv. forseti, að starfstíminn og skipulag hans sé gríðarlega mikilvægur þáttur í því að við getum endurskipulagt störf okkar, ekki bara með tilliti til barnafólks og þeirra sem vilja sinna ýmsum öðrum hlutverkum, sem við viljum flest í dag samhliða störfum okkar, heldur bara almennt séð til þess að fá betri nýtingu út úr störfum okkar.

Þegar ég var nýkomin til þings, fyrir rúmum átta árum, var hér starfandi nefnd á vegum þáverandi forseta þingsins, Ólafs G. Einarssonar, sem hafði mjög margar spennandi tillögur uppi á borðum sem áttu m.a. að leiða til þess að hægt væri að skipuleggja störf þingsins betur. Þær tillögur voru margar góðar — í nefndinni voru fulltrúar allra þingflokka sem unnu tillögurnar og allt útlit var fyrir að þær mundu nást í gegn — en því miður, á síðustu stundu vil ég segja, stoppuðu þær einhvers staðar. Mér skilst að þær hafi ekki verið hreyfðar síðan og er það miður. Þarna voru margar góðar tillögur sem mætti endurvekja. Þar var m.a. lagt til það fyrirkomulag að fyrirspurnir mætti leyfa yfir sumartímann, sem sagt á meðan hléið stendur yfir sumarið, þá skriflegar fyrirspurnir þannig að gera mætti Alþingi kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu upp að einhverju marki þó að hlé væru á störfum Alþingis.

Þar voru lagðar til grundvallarbreytingar á nefndafyrirkomulagi þingsins sem m.a. voru miðaðar við það þjóðfélag sem við búum í í dag en ekki bændasamfélagið og það samfélag sem við bjuggum við fyrir kannski 100 árum eða svo. Meðal annars var lagt til að nefndir Alþingis yrðu verulega styrktar um leið og þær yrðu lagaðar meira að þjóðfélagi dagsins í dag.

Þar voru líka uppi tillögur um að ræðutími yrði takmarkaður í mun meira mæli en nú er sem er vissulega mikilvægur liður í því að hægt sé að skipuleggja störfin, átta sig á því hvenær mál kemst á dagskrá o.s.frv. Ég man ekki hvort í þeim tillögum birtust líka hugmyndir sem hafa oft verið til umræðu, um að þingmál séu ekki lögð fram síðar en t.d. 1. febrúar í staðinn fyrir — já, það var líklega í þeim tillögum líka sem er mjög mikilvægur liður í því að breyta álagspunktunum sem eru gjarnan í lok hvers þings. Sum þingmál koma seint fram og eiga þar kannski ekki síst ráðherrarnir sök á, og þingmenn sjálfir, en oft taka stjórnarþingmálin mestan tíma hér og það er verið að leggja þau fram á síðustu stundu sem þýðir að í lokin myndast tappi og mikið vinnuálag í lok þingsins.

Allt mundi þetta leiða af sér betra fyrirkomulag sem gerir okkur öllum kleift að skipuleggja tíma okkar betur.

Að sjálfsögðu legg ég til að frv. sem hér er til umræðu um samkomudag Alþingis og starfstíma verði gert að lögum og ég held að það væri mjög mikilvægt skref. Að auki held ég að það væri líka lag fyrir hið háa Alþingi að endurvekja tillögur eða þá nefndavinnu sem hæstv. fyrrv. forseti, Ólafur G. Einarsson, stóð fyrir, dusta af þeim rykið og athuga hvort ekki væri ástæða til að taka þá vinnu upp aftur. Ég held að þó að við séum kannski með mismunandi skoðanir á því hvað beri að gera til að breyta hér skipulagi vinnunnar séum við allflest sem hér störfum sammála um að ýmislegt mætti gera. Ýmiss konar reglur, eins og t.d. um það að fólk þurfi að setja sig á mælendaskrá deginum áður — ég hef heyrt um slíkar reglur frá sænska þinginu, minnir mig — að þingtíma skuli að jafnaði lokið á einhverjum tilteknum tíma, hvort sem það er klukkan sex eða klukkan sjö en að byrjað sé fyrr á daginn. Það er ýmislegt sem mætti skoða og gera.

Hæstv. forseti. Þetta snýst ekki bara um starfsaðstöðu þingmanna og starfsmanna þingsins heldur snýst þetta allt saman líka ekki síður um möguleika Alþingis til að sinna því mikilvæga hlutverki sem stjórnarskráin og stjórnskipunarrétturinn kveður á um að hið háa Alþingi eigi að sinna sem er, samkvæmt stjórnskipunarréttinum, valdamesta stofnun íslenska þjóðfélagsins. Við eigum alltaf í störfum okkar að hafa það í huga og standa vörð um þá stöðu þessarar virðulegu stofnunar.

Margir hafa haldið því fram að þessi valdamesta stofnun íslenska samfélagsins sé að veikjast mjög í seinni tíð og að framkvæmdarvaldið dafni á meðan. Ég er ein af þeim sem hafa vissulega þær áhyggjur að það sé að gerast og ég tel margt benda til að svo sé. Ég held að það sé mikilvægt að við veltum fyrir okkur hvort ekki sé ástæða til að styrkja þessa stofnun verulega í sessi þannig að hún fái sinnt þessu veigamikla hlutverki sem henni er falið. Ég held að sú tillaga sem hér er til umræðu mundi geta styrkt verulega þessa stofnun sem slíka.

Eitt mikilvægasta hlutverk Alþingis er jú að hafa með höndum löggjafarverkefni. Þegar við lítum hins vegar á það hvaðan þau frv. koma sem fást samþykkt hér á hinu háa Alþingi má kannski halda því fram að löggjafarhlutverkið, sem á þá að vera eitt mesta og stærsta hlutverkið sem Alþingi hefur með höndum, sé að miklu leyti á höndum ríkisstjórnarinnar og framkvæmdarvaldsins. Langstærstur hluti þeirra laga sem Alþingi samþykkir stafar frá ríkisstjórninni og þau eru undirbúin og skrifuð í ráðuneytunum. Það er alls ekki algengt að samþykkt séu lagafrumvörp frá einstökum þingmönnum eða þingnefndum, slíkt gerist aðeins í undantekningartilvikum. Samkvæmt skýrslum Alþingis fyrir tvö síðustu þing eru tölurnar svona:

Á 127. þingi voru samþykkt 119 lagafrv., þar af stöfuðu 111 frá ríkisstjórninni, tvö frá stjórnarþingmönnum, 0 frá stjórnarandstöðu — sem þrátt fyrir allt hefur tæpan meiri hluta landsmanna á bak við sig — og sex frá nefnd eða meiri hluta nefndar. Af framlögðum frv. voru 135 frá ríkisstjórn, stjórnarþingmenn lögðu fram 19 frv., stjórnarandstaða 54 og nefndir lögðu fram sjö.

Við sjáum að þó að stjórnarandstaðan og þingnefndir leggi fram eitthvað af málum fást þau þó sjaldan í gegn.

Árið á eftir var staðan svipuð. 115 lög stöfuðu frá ríkisstjórninni, ein frá þingmönnum stjórnarinnar, 0 frá stjórnarandstöðu og 12 frá nefnd eða meiri hluta nefndar. Eilítið fleiri.

Þetta sýnir okkur svo ekki verður um villst að löggjafarhlutverkið er orðið að miklu leyti á ábyrgð ráðuneyta, þetta mikilvæga hlutverk sem okkur er falið, með öðrum orðum á forræði framkvæmdarvaldsins. Þetta held ég að við þurfum að skoða og ég tel að tillögur til breytinga á t.d. nefndunum og skipulagi nefndanna ætti að skoða. Ef þær yrðu styrktar mætti fela þeim í mun ríkara mæli löggjafarhlutverk en hefur verið og ég held að það væri mjög gott innlegg í þá umræðu sem m.a. er hér tekin fyrir um að styrkja stöðu Alþingis.

Breyttur starfstími, eins og lagt er til í þessu frv. hér, með styttri hléum, mundi líka gera Alþingi betur kleift að sinna eftirlitshlutverkinu með framkvæmdarvaldinu sem er líka eitt af okkar mikilvægustu hlutverkum. Ríkisstjórninni er, eins og við vitum, skylt að standa þinginu skil gerða sinna sem má leiða af þingræðisreglunni í 1. gr. stjórnarskrárinnar. Í krafti þeirrar reglu á Alþingi að hafa eftirlit með stjórnvöldum og ráðherra á að bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum gagnvart Alþingi.

Alþingi hefur eins og við vitum nokkur úrræði til að sinna þessu hlutverki sínu, svo sem með fyrirspurnum til ráðherra, skýrslubeiðnum um tiltekin mál, með því að krefja ráðherra svara í utandagskrárumræðum o.s.frv. Það segir sig sjálft að ef starfstíminn yrði dreifðari yfir árið og hléin styttri yrði þessu hlutverki mun betur sinnt en reyndin er í dag.

Það hafa líka ýmis úrræði verið tekin upp í því skyni að efla þetta eftirlit í seinni tíð. Má þar nefna stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar, svo ég nefni eitthvað til sögunnar sem hefur verið jákvætt í þessari þróun. En við höfum líka nánast dauð úrræði í stjórnarskránni, eins og heimildina í 39. gr. sem kveður á um skipan rannsóknarnefnda þingsins.

Ég held að við þurfum að skoða mjög ítarlega á hvern hátt við fáum betur sinnt því hlutverki sem okkur er svo sannarlega falið í stjórnarskránni og fyrsta skrefið í þá átt tel ég vera að breyta samkomutímanum eins og lagt er til í frv. hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég legg til að þingmenn skoði þetta mjög ítarlega og að það verði samþykkt. Ég held að slíkt yrði mjög mikilvæg viðleitni til að styrkja stöðu þessarar virðulegu stofnunar.

[17:31]

Útbýting þingskjala:

Sjóntækjafræðingar, 340. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 981.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 683. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1012.

[17:32]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Það þingmál sem hér er flutt af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur er í sjálfu sér ekki flókið. Þar er vakin athygli á því að 19. öldin er liðin og sú 20. jafnframt og 21. öldin runnin upp og að í ljósi þeirra staðreynda sé tímabært að hætta að miða þinghald við sauðburð og réttir.

Það er um margt skrýtilegt, herra forseti, að vera nýr þingmaður og kynnast þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð við lagasetningu, sem er iðja sem maður sem nýliði ber mikla virðingu fyrir og undrast á köflum hversu lítil virðing er sýnd í starfsháttum okkar. Þegar maður kynnist viðrini eins og þeim bráðabirgðalögum sem sett voru á liðnu sumri, þegar maður kynnist hér bægslagangi og ónógri umfjöllun við afgreiðslu mikilsverðra mála eins og fjárlaga íslenska ríkisins, mála sem varða lífskjör stórra hópa eins og atvinnulausra hér rétt fyrir jólin og eins og hefur komið í ljós um mörg, mörg mál sem maður hefur séð fjallað um í vetur og hef ég þó ekki setið lengi á þingi. Allt virðist þetta stafa af hinu sama, að menn ætla sér of skamman tíma og skipuleggja ekki starfið nægilega vel til að hér sé nógu vönduð umfjöllun um löggjöfina og að hér sé til staðar þing til að setja lög þannig að ekki þurfi að koma til bráðabirgðalagasetningar eins og við urðum vitni að síðasta sumar og þurfti mikillar leiðréttingar við strax á haustdögum.

Í vinnutörninni fyrir jólin var ég að reyna að útskýra fjarverur mínar af heimilinu fyrir eldri dóttur minni, 12 ára, og reyndi að hafa uppi þau huggunarorð að bráðum yrði jólafrí og það væri nú sæmilegt. Hún spurði: „Já, og hvað er það lengi?“ „Ja, við förum í jólafrí 15. desember“, sagði ég „til 28. janúar.“ Ég verð að játa, herra forseti, að ég held að blessaður grunnskólanemandinn hafi aldrei látið sér detta í hug að það væri vinnandi fólk í landinu sem hefði lengra jólafrí en grunnskólanemendurnir og hún var fljót að spyrja: „Jæja, og hvenær farið þið svo í sumarfrí?“ Þá hélt ég að við færum ekki fyrr en 15. maí, virðulegur forseti, og sagði henni það. Ég held að hennar skóli sé eitthvað fram í júní. Hún var snögg upp á lagið, sú stutta, og gall í henni: „Já, já, og farið þið þá ekki í páskafrí 29. janúar til 14. maí?“ Það var ekki alveg laust við að hún svona hálf firrtist við.

Ég held að það verði bara að segja að það liggur nærri að starfstíminn sé móðgun við vinnandi fólk. Ekki bara við vinnandi fólk heldur fyrst og fremst við þá sem eru að vinna hér, vegna þess að starfstíminn kallar á vinnubrögð og vinnutíma sem kannski var hægt að bjóða upp á í samfélagi fyrri tíma, en á engan veginn við fyrir nútímann og fyrir það fjölskyldulíf sem við gerum öll kröfu til að lifa.

Ég heyri það í æ ríkari mæli á samþingmönnum mínum og þeim sem eru að koma nýir inn að við þetta muni menn einfaldlega ekki una mikið lengur, enda sjáum við, herra forseti, að hér í húsinu eru síðdegis á mánudegi við umræður um þetta aðeins staddir 14 þingmenn. Ef til vill einhver

lítill hópur á skrifstofum sínum að fylgjast með umræðunni í sjónvarpinu, en auðvitað er fjöldinn allur af okkur farinn heim til að sinna fjölskyldu sinni, sem eðlilegt er því þó það geti gerst að við þurfum að vinna síðdegis og á kvöldin og hér geti orðið tarnir vegna þeirra mikilvægu starfa sem hér fara fram, er kannski ekki eðlilegt að hið hefðbundna starf frá einni viku til annarrar sé skipulagt með þeim hætti og gert ráð fyrir því.

Ég held að við hljótum, herra forseti, að taka til alvarlegrar athugunar að leiða í lög það frv. sem hér er flutt og felur ekki í sér annað en að dreifa þeim störfum sem þegar eru unnin, því auðvitað starfa alþingismenn meira og minna allan ársins hring og skila miklu meira en fullu dagsverki í sinni vinnu eins og við þekkjum í húsinu. En að skipuleggja það starf betur yfir lengri tíma og ætla sér betri tíma til að vanda til þeirra hluta sem smíða þarf, laga fyrir samfélagið.

[17:38]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hv. þm. Helgi Hjörvar gera lítið úr starfi þingmannsins og vil ég mótmæla því að jólafrí þingmanna sé svo langt. Þetta er ekkert frí. Ég veit ekki annað en að við vinnum nánast alla daga, til að mynda var jólaleyfi mitt þannig að ég fór fyrir áramót til Georgíu í kosningaeftirlit og var þar í hálfan mánuð og þegar ég kom til baka var ég á fundum nánast hvern einasta dag. Hver einasta helgi hjá landsbyggðarþingmönnum fer í að sækja fundi, mæta á ráðstefnum og þingum hér og þar í kjördæminu.

Ég vil bara halda því til haga að við erum ekkert að leika okkur. Við stökkvum heldur ekki heim til okkar klukkan fjögur eða fimm á daginn til að sinna fjölskyldu okkar eða búum, það getum við ekki því við erum ekki heima hjá okkur.

[17:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki var ég að kalla eftir vinnuskýrslum hv. þm. Drífu Hjartardóttur né annarra ef út í það er farið. Ég tók það sérstaklega fram að auðvitað starfa þingmenn allan ársins hring og skila ársverki sem er eflaust drjúgt meira en þær 1.800 eða 2.000 stundir sem eru í venjulegu vinnuári. Þannig er nú starfið einu sinni vaxið.

Ég held því hins vegar fram, og mun halda áfram að halda því fram, að það megi skipuleggja það starf betur. Ef menn gefa sér lengri tíma af árinu til að sinna því og taka inn á milli vikur til að sinna sínum kjördæmum, nái menn betri árangri í störfum sínum og setji fyrir vikið betri lög.

[17:40]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir margt af því sem komið hefur fram í umræðunni í dag, við megum skipuleggja starfið miklu betur. Mitt andsvar var við því að kalla þetta frí, því það er ekki frí. Það er mikil vinna að vera þingmaður. En ég tek undir það að við megum skipuleggja starfið miklu betur og mér finnst að við megum þess vegna vera lengra fram á sumarið og byrja fyrr að hausti.

[17:40]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér um starfstíma Alþingis. Ég þakka hv. flm. fyrir frv. og umræðuna, hún er mjög góð.

Þegar ég kom inn á þing brá mér við að sjá þau undarlegu vinnubrögð sem hér voru í gangi. Þá voru þau reyndar enn þá verri en í dag, miklu verri. Þá voru þingmenn á næturfundum á Þorláksmessu þannig að jólaundirbúningurinn fólst í kannski hálfum eða einum degi. Þetta hefur lagast mikið. Störf þingsins eru nú miklu betur skipulögð en áður. Þó má gera miklu betur því mér finnst þetta enn þá mjög undarlegur vinnustaður. Núna t.d. erum við klukkan tuttugu mínútur í sex að störfum, sem er ekki sérstaklega fjölskylduvinsamlegt. Við samþykkjum hérna alls konar áætlanir um fjölskyldumál, en förum ekkert eftir þeim sjálf.

Hv. þm. Helgi Hjörvar átti smáviðræður við dóttur sína, sem voru mjög athyglisverðar, en þar kom fram þessi misskilningur dóttur hans og ýmissa fleiri að það sé frí þingmanna þegar þeir fara í hlé. Mín reynsla er sú að vinnuálagið sé þannig þegar þingið starfar að menn þurfi á þessum hléum að halda til að geta unnið frv. Því miður. Auðvitað ætti þetta að vera betur skipulagt þannig að það geti verið hvort tveggja, verið að ræða um frv. og jafnframt að semja.

Ég mundi gjarnan vilja að menn tækju upp umræður um þingsköpin í alvöru. Ég hef margoft nefnt það, t.d. að ræðutíminn sé ekki ótakmarkaður. Ég þekki það hvergi og það gerir alla skipulagningu þingstarfa mjög erfiða.

Síðan má ræða um hvort menn eigi að tilkynna sig á mælendaskrá fyrr. Þetta er í rauninni huggulegt fyrirkomulag hérna og mikils virði að þingmenn geti mætt í ræðupúlt nánast hvenær sem er og algjörlega óþekkt í öðrum þingum. Ég mundi líta á það sem ákveðinn plús. En við þurfum að vega og meta kosti betra skipulags og betri vinnu og þess að geta mætt frjálst í ræðustól.

Alveg sérstaklega mundi ég vilja ræða störfin í nefndum. Þar hef ég haft mikinn áhuga á því að þingmenn komi meira að samningu lagafrv.. Ég hef margoft bent á að þingið semur eiginlega engin lög sem það afgreiðir. Hins vegar stendur það í framkvæmdum. Það þarf ekki nema hlusta á fjárlagaumræðuna til að vita að þingið er að ala upp hund í Vestmannaeyjum og það er að byggja torfkofa og það er að þýða þetta og hitt og það er að ráða fólk til starfa. Þetta er löggjafarsamkundan að gera, frú forseti. Þarna er sem sagt löggjafarsamkundan að fara inn á verksvið framkvæmdarvaldsins. Hver skyldi bera ábyrgðina á því ef illa fer? Ekki er það ráðherrann því ekki lagði hann þetta til. Eftirlitsaðilinn sjálfur, þ.e. Alþingi, hefur ákveðið þetta og þá er engin ábyrgð neins staðar. Ekkert eftirlit.

Hins vegar hefur þróunin orðið sú að framkvæmdarvaldið semur nánast öll frv. sem flutt eru og samþykkt á Alþingi, alla vega öll þau veigameiri. Það eru ekki aðeins ráðuneytin sem semja lög heldur oft á tíðum stofnanirnar sjálfar sem sjá um að framkvæma lögin. Það tel ég, frú forseti, vera hættulegt lýðræðinu þegar embættismennirnir, sem framfylgja lögunum gagnvart borgurunum, smíða í þessum skilningi vopnin í höndum sér. Það er mjög hættulegt.

Skattalögin eru samin af starfsmönnum skattstjóranna og sumir kaflar eru þannig að það ætti eiginlega að banna þá börnum, þeir eru svo skelfilegir, refsingarnar og viðurlögin.

Ég mundi vilja að nefndir þingsins afgreiddu öll mál sem til þeirra er vísað með því að leggja til að þingið hafnaði viðkomandi máli og þá án tillits til sálarheillar eða viðkvæmra sálna þingmanna sem flytja þau, og það yrði þá gert með rökum. Síðan mundi ég leggja til að nefndirnar legðu líka til að frv. yrðu samþykkt og þá með rökum, eins og gert er í dag. Svo mundi ég leggja til að málum yrði vísað til baka til flutningsmanns, þau séu bara ekki nógu vel unnin. Loks gæti nefndin sjálf tekið að sér mál sem henni finnst

ekki nægilega vel unnið en vildi sjálf flytja. Hún gæti tekið málið upp og flutt það og samið frv. með aðstoð starfsmanna nefndadeildar.

Nú er það svo að frv. eru jú samin af einhverju fólki og þetta fólk er allt meira og minna á launum hjá ríkinu, þ.e. það fær fjárveitingu frá Alþingi. Við getum alveg eins veitt nefndasviðinu þessa sömu fjárveitingu og ráðið fólk til nefndasviðsins, þetta sama fólk. Þetta á því ekki að valda neinum kostnaðarauka.

Svo vildi ég gjarnan ræða þetta mál sem er í þingsköpum að þingmaður skuli sækja þingfundi nema nauðsyn banni. Líti nú hv. þm. yfir salinn. Nú er það spurning hvort lög hætta að virka eða missa gildi sitt ef þau eru brotin nógu oft. Ég held ekki. Þetta var vandi sem ég lenti í út af ákveðnu máli þar sem talað var um vanhæfi. Ég lenti í þeim vanda að ég varð að sækja þingfundi, ég varð að sækja nefndarfund samkvæmt þingsköpum, þau eru svo ósveigjanleg. Og það sem meira er, ég varð að stýra fundi sem formaður samkvæmt þessum sömu þingsköpum. Það var engin undankomuleið, ekki ef farið er eftir lögunum.

Ég spurði sjálfan mig og marga aðra, lögspekinga, hvort það gæti verið að lög frá Alþingi yrðu ógild ef nægilega margir brytu þau, t.d. ef nægilega margir þingmenn brytu þau. Ef þingmenn mættu einhvers staðar á krá og samþykktu að dreifa mætti eiturlyfjum, nægilega margir, eru það þá orðin lög? Það held ég nú ekki. Það þarf að samþykkjast á hinu háa Alþingi. Það er því ekki nóg að þingmenn brjóti lög og þar með séu þau ógild, heldur verður að samþykkja þau á Alþingi og þar á meðal þingsköpin.

Ég vildi gjarnan að menn ræddu þessi mál miklu meira en gert hefur verið og ég vildi að menn tækju upp umræðu um skipulegra þingstarf og umræðu um þingsköpin í heild sinni. Það er mjög margt sem þarf að breyta, þau taka mið af löngu liðnum tíma. Ég mundi t.d. segja að þingmenn ættu að fylgjast með umræðu á Alþingi. Það væri nægilegt skilyrði, ekki að þeir yrðu að sitja í þingsal. Þannig mætti margt gera. Ég er alveg sammála þessu frv. um að við þurfum að skerpa á sérstaklega aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds því það er ekki út í bláinn að heimspekingar fyrri alda komust að þeirri niðurstöðu að ríkisvaldið ætti að vera þrískipt í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Það er til þess gert að vernda einstaklinginn fyrir gerræðislegum tilskipunum og lögum valdhafanna að það sé einn aðili sem setur lögin, annar sem dæmir eftir þeim og sá þriðji sem sér um framkvæmd ríkisvaldsins.

[17:49]

Mörður Árnason:

Forseti. Umræður um þetta mál eru þegar orðnar hinar prýðilegustu og ég tek undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Pétri Blöndal, um flest sem hann sagði. Það er auðvitað rétt að þróun í stjórnmálum og kannski líka í efnahagsmálum hefur orðið til þess að ástandið á Alþingi hefur lagast frá því sem eitt sinn var, en það er í raun og veru engin trygging fyrir því að það geti ekki aftur farið í sama horf.

Það er líka rétt hjá honum, hygg ég, að nefndastarfið mætti bæta mjög og ég verð að segja að þær tillögur sem hann setti fram hér voru vekjandi fyrir nýliða á þinginu. Það er auðvitað alveg fáránlegt að í þingsköpum sé áskilið að menn skuli mæta á þingfundi og það geri jafnvel ekki þeir sem eiga að hafa kannski mesta forustu fyrir þingmönnum á þinginu, ráðherrar, forseti þingsins, forsætisnefnd þess, þingflokksformenn o.s.frv. Það er augljóst að þetta ákvæði er fallið úr gildi í hugum manna þó að það sé það ekki í lögunum sjálfum. Og það er spurning hvort við hv. þm. Pétur Blöndal ættum ekki að kalla á lögregluna og láta kalla menn í salinn og vísa til þingskapa. Það gæti verið ráðið.

Í alvöru líst mér líka vel á þá tillögu, vegna þess að það kynni að vera svolítið önugt fyrir þingmenn að vera dregnir af lögreglu inn í þingsal, að skipta þarna um með öðrum breytingum á þingsköpunum og gera það hins vegar að skyldu manna að fylgjast með umræðunum, og þá væri í raun og veru ekki fráleitt að hægt væri að kalla á þingmenn hér á þinginu til þess að fylgjast með umræðunni ef út í það færi, lýsa eftir því hvort þeir geri það þannig að menn séu reiðubúnir að koma í salinn og hlusta samkvæmt þeirri skyldu sem þingsköp setja þeim.

Þingið, eins og fyrri ræðumenn hafa sagt, mótast nokkuð af bændasamfélagi 19. aldar þegar það varð til. Það er sauðburðurinn og réttirnar eða töðugjöldin og síðan kemur hið langa jólahlé. Menn hafa líka fundið því stað í rytma bændasamfélagsins að það sé svona langt vegna þess að þá séu tilhleypingarnar í fjárhúsunum. Við lifum við þetta og þetta hefur ekki breyst en maður hugleiðir það auðvitað hvers vegna það geri það ekki. Stofnanir eru auðvitað íhaldssamar í eðli sínu og eiga kannski að vera það, en á hinn bóginn er það oft svo að hagsmunir halda hlutunum í hinu gamla fari og það hygg ég að sé eitt af því sem við eigum við að glíma að þetta forneskjulega ásigkomulag á okkar þingi stafi af ákveðnum hagsmunum og stafi af þeim vandræðum sem undanfarnir ræðumenn hafa einmitt nefnt, hallanum á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Það er þannig og hefur verið dregið fram síðustu mánuði, m.a. af Gunnari Kristinssyni, stjórnmálafræðingi og prófessor, að þingræðið hér á landi er með þeim hætti að þingið ræður ekki miklu í þingræðinu heldur felst þingræðið fyrst og fremst í ríkisstjórnarræði. Það er ríkisstjórnin og menn á hennar vegum sem undirbúa frv. til samþykktar á þinginu. Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir taldi upp eru þau frv. mikill meiri hluti, ég reiknaði það nú ekki út á meðan en ætli upp undir 90 eða 95% þeirra frv. sem hér fást samþykkt séu ekki beint frá framkvæmdarvaldinu komin. Það er líka framkvæmdarvaldið sem ræður dagskrá þingsins frá degi til dags og viku til viku.

Þingræðið á Íslandi hefur því lent í því að þingið er í raun og veru eins konar stimpilstofnun, gegnir því hlutverki fyrir framkvæmdarvaldið að vera stimpill á ákvarðanir þess og markmið. Síðan sitja menn auðvitað líka í nefndum og eru að laga hitt og þetta sem ekki hefur verið gert nógu vel hjá framkvæmdarvaldinu og manni sýnist stundum, þó að reynsla mín sé ekki löng þá er hún þó orðin slík, að starfsmenn ráðuneytanna og höfundar frv. treysti því jafnvel að prófarkalestur, efnislegur og málfarslegur, fari fram á þinginu, þó að þingið ráði litlu um það hvert í raun og veru stefnir.

Þetta er vont og ég verð að segja, sem hef nú verið þingræðissinni mestan part minnar pólitísku ævi, að ég er farinn að efast um sjálft þingræðið og farinn að gæla við í kollinum hugmyndir sem komið hafa fram í landinu um að koma á einhverri annarri skipan. Við höfum fyrir okkur lönd eins og Bandaríkin þar sem ekki er þingræði, þó að enginn efist um að þar sé lýðræði í því landi þar sem lýðræðisskipan hefur lengst samfellt haldist, og Frakkland þar sem þingræðið er bundið sterkum forseta og er með öðrum hætti en hér er.

En auðvitað er það líka þannig, eins og reyndar hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði í umræðu fyrir um viku, að hér hefur skapast sérstök gerð af þingræði, sérstaklega vandasöm gerð af þingræði vegna þeirrar hefðar sem við höfum haft um meirihlutastjórnir, eindregnar meirihlutastjórnir, og þeirrar meirihlutaræðishefðar sem við höfum líka með einhverjum hætti komið okkur upp og á hugsanlega rætur eitthvað lengra aftur í þjóðarsögu og þjóðarsál en jafnvel starfstími Alþingis hins nýja segir til um.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson minntist einmitt á að þetta væri öðruvísi víða á Norðurlöndunum þar sem meiri hefð væri fyrir minnihlutastjórnum sem þyrftu að eiga við löggjafarvaldið án þess að hafa þar öll tök og öll ráð og þar hafa líka skapast öðruvísi umgengnisvenjur og samræðuhættir en gilda í íslenskum stjórnmálum. Ég verð að segja með hv. þm. og öðrum sem um þetta hafa fjallað að þó að ég óski kannski ekki eftir löngu minnihlutastjórnartímabili þá hefðum við gott af því að taka okkur tak í þessum efnum og efla okkar pólitíska brag eða pólitísku menningu, og ég held að það væri betra fyrir stjórnmálaflokkana, fyrir umræðuna í landinu og fyrir samfélagið allt ef svo væri.

Þetta er orðinn ansi langur formáli að því sem átti að vera stutt ræða, hrósræða um flutningsmenn frv. og um frv. eins og það stendur. En það er auðvitað svo að framkvæmdarvaldið telur sig hafa ákveðinn hag af því að þingið sé ekki í fullkomnu lagi. Þær röksemdir heyrast fyrir því að þingið hafi þennan stutta og snarpa starfstíma að framkvæmdarvaldið vilji hafa það þannig. Það er kannski einkum tvennt. Önnur röksemdin sem er ómerkileg og er ekki færð mjög í orð en er auðvitað sú að þegar þingið starfar ekki þá er ekki fyrir hendi sá vettvangur til eftirlits með framkvæmdarvaldinu og sá vettvangur til almennrar umræðu um stjórnmál til viðbragða við því sem upp á kemur sem annars er, og það þýðir í raun og veru að ekki aðeins þingmennirnir eru utan vallar á fjölmiðla- og athafnavettvangi framkvæmdarvaldsins heldur er stjórnarandstaðan líka utan vallar þegar hún hefur ekki þennan ræðustól til þess að vekja athygli á sínum málum, til þess að gagnrýna ráðherrana og tala um stjórnmál í landinu.

Þetta er auðvitað vont og ekki neinum í hag þegar til lengdar lætur vegna þess að sem betur fer er það nú svo, þó að sú kynslóð sem nú er að þroskast kunni að efast um það, að til lengdar skipta stjórnmálaflokkarnir um hlutverk milli stjórnar og stjórnarandstöðu og lenda þess vegna á víxl í því að vera í stjórn og stjórnarandstöðu og það er engum til góðs að menn hagi sér með þessum hætti gagnvart almennum stjórnmálum

Hin röksemdin sem ég hef heyrt og hefur nú, held ég, verið færð í orð er sú að ráðuneytin og ráðherrarnir þurfi starfsfrið frá þinginu, frá þeim skyldum sem þingið og þingmennirnir leggja á þau. Ég kannast við þetta af því að ég vann í ráðuneyti um skeið, sem var merkileg reynsla og mikill skóli. Og það er auðvitað rétt að menn svona önduðu léttar í ráðuneytinu þegar þingið var horfið á braut og menn gátu farið að semja sín frv. og lög og stjórna án þess að þingið væri að skipta sér af.

En til lengdar er þetta heldur ekki rétt. Í fyrsta lagi er það þannig að sá starfsfriður sem ráðuneytin einkum fá er þá á sumrin þegar erfiðast er að vinna skipulega. Í öðru lagi, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á í ræðu sinni, vill stjórnsýslan vinna í samhengi við þingið, hún vill vinna í reglulegu samstarfi við það og í góðu vinnusamstarfi við það en ekki með þeim krampakenndu tilhlaupum út og suður sem oft einkenna samskipti löggjafans við stjórnsýsluna eins og við höfum þróað hér.

Ég held að breytingar á þingstörfum í stíl við það sem um er að ræða í þessu frv. mundu tryggja líðugri gang þingstarfa á þingtímum. Þær gæfu færi á öðrum umbótum, sem hér hafa verið taldar fram í ræðum, á störfum þingsins. Og ég held síðast en ekki síst, og tek undir það með Hildi Helgadóttur Hjörvar, að þær breytingar bættu mjög ímynd þingsins sem, frú forseti, ekki veitir af um þessar mundir.

[18:01]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér finnst hún hafa verið góð. Ég vil ekki síst þakka þátttakendum úr öðrum flokkum en Samf. Við höfum rætt þetta í okkar röðum og mundum gjarnan vilja sjá að frv. þetta yrði upphafið að því að koma á breytingum. Satt best að segja kemur mér á óvart að svo efnisleg og góð umræða skyldi verða um málið svo síðla dags. Umræða af þessu tagi, þegar Alþingi fjallar um sjálft sig, umhverfi sitt og væntingar til að bæta það, hefði vissulega átt erindi til fréttamanna sem fylgjast með þingstörfum á öðrum tíma dags. Það hefði verið gott að koma á framfæri hvernig Alþingi ræðir þá hluti.

Það er hárrétt að þessi mál snúast um ímynd, ímynd Alþingis og ekki síst ímynd alþingsmanna. Fyrir utan það sem hér hefur verið nefnt snýr þetta mál jafnframt að vinnutíma starfsfólks á Alþingi. Það hefur oft verið ómanneskjulegt og ekki til fyrirmyndar það vinnulag sem starfsfólki Alþingis hefur verið boðið upp á. Oft á tíðum, þegar við göngum út úr húsinu, á fjöldi fólks eftir að ganga frá ýmsum málum. Áður en við komum til þings er búið að undirbúa að við getum gengið til verka. Það er auðvitað fjölmargt sem þarf að breytast og getur breyst ef við tökum á þessum málum.

Ég man líka næturumræðuna í jólavikunni, sem hv. þm. Pétur Blöndal benti á. Við skulum ekki gera lítið úr því að mál hafa verið lagfærð með nokkrum góðum breytingum á þingsköpum. En það er ekki hægt að sætta sig við að það hefur ekki verið vilji til að taka upp umræðuna um frekari breytingar síðan Ólafur G. Einarsson fór af þingi. Hann flutti þetta ágæta frumvarp, mikið að vöxtum og með mörgum góðum tillögum. Með það var heilmikið unnið þar til það var sett út af borðinu eins og hér hefur þegar verið getið. Á 123. löggjafarþingi var lagt fram frv. og hvað svo? Ekkert. Í stað faglegrar þróunar hefur verið algjör stöðnun í þessum efnum.

Í stað þess að hér sé, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi, virkt þing þá virkar það oft á þingmenn sem það sé grundvallarhugsun að losa sig við þingið, eins og hér hefur verið nefnt. Það vekur auðvitað upp vangaveltur um að í nágrannalöndunum ræður þingið sjálft vinnulagi sínu. Þannig er það ekki hér. Þar eru það forsetar þinganna sem kalla þingið saman. Eðlilega. Hjá okkur ríkir gömul hugsun frá frumdögum sjálfstæðisins þannig að forsrh. kallar okkur til þings. Hvaða staða er það að sitjandi forsrh., hver sem hann er, úr hvaða flokki sem hann kemur, kalli okkur þingmenn til starfa? Að sjálfsögðu á forseti Alþingis að kalla okkur til vinnu meðan þetta form er eins og við höfum rætt um.

Í öðrum þingum er jafnframt skylda að mæta í atkvæðagreiðslu. Það er algjör skylda, og þá á ég við að þeirri skyldu er framfylgt.

Í öðrum þingum á Norðurlöndunum þarf formlegt leyfi til fjarvista. Það er ekki hægt að ákveða að ætla ekki að fara í þingið þann daginn. Það þarf að óska eftir því að

af sérstökum ástæðum, svo sem vegna mikilla anna vegna undirbúnings máls eða vegna þess að menn þurfi að fara á fund erlendis, þurfi leyfi frá störfum. Það þarf að vera viðurkennd ástæða. Þar er ekki nema tilteknum fjölda þingmanna leyft að taka leyfi einhverja þingdaga enda ekki talið ásættanlegt að einhver tiltekinn fjöldi hverfi úr þinginu. Allt þetta er sérstaklega haldið utan um. Í norska þinginu er þriggja manna nefnd sem leggur mat á fjarvistir þingmanna. Þingmenn þurfa að sækja um leyfi til þeirrar nefndar um hvort þeim leyfist að vera fjarverandi við atkvæðagreiðslu, leyfist að fara á fund út af einhverju málefni. Sem þingmenn í þessum löndum þurfa menn að fá afgreitt slíkt leyfi.

Að þessu leyti hefur þróunin verið slæm hjá okkur. Það var óalgengt að ekki væru allir mættir til atkvæðagreiðslu, sama hvert málið var, á fyrstu árum mínum á þingi. Þetta hefur breyst. Þróunin hefur orðið sú að það telst duga að það slefi í meiri hluta fyrir máli sem á að afgreiða.

Margt fær að fljóta hjá okkur í þinginu sem ætti að vera með öðrum hætti. Við fáum t.d. mjög margar góðar skýrslur í hólfin okkar. Oft á tíðum hefur verið kallað eftir þeim skýrslum með þingmálum fluttum í þingsal. Þingmál hafa oft orðið hvati að gerð skýrslna. Það er helst að þær skýrslur sem þingmenn hafa verið hvatamenn að fái umræðu. Um slíkt þarf að semja, að taka frá dálítinn tíma til að ræða skýrslu þar sem hver þingflokkur fær tiltekinn ræðutíma. Það er eins og annað í andateppustíl. Þar með er búið að ræða skýrsluna.

Ef við mundum breyta þinghaldinu þannig að þingið stæði fleiri mánuði og yrði skipulagt öðruvísi þá mundi e.t.v. gefast tími til að ræða skýrslur almennt. Það gæti verið mjög mikilvægt að ræða skýrslur framkvæmdarvaldsins. Á grundvelli þeirra skýrslna er oft metin þörfin á að breyta lögum. Við fáum þær í hólfin okkar og það er undir hælinn lagt hve mikið er að gera í þinginu og hve mikinn tíma við höfum til að lesa viðkomandi skýrslu eða glugga í hana eða hvort einhver óskar eftir að viðkomandi skýrsla verði rædd. Það er ekki skylt og þarf að ná samkomulagi um það í hvert sinn.

Hér urðu orðaskipti um orðin „jólahlé“ og „jólafrí“ eða „sumarhlé“ og „sumarfrí“. Ég lenti í því einu sinni að fara í kvennamessu á 19. júní inni við Þvottalaugar. Þá kom til mín ung kona sem vinnur á vinnustað sem mjög oft hefur samband við þingmenn. Hún sagði: „Afskaplega er ég heppin að hitta þig hér. Ég er búin að reyna að ná til þín mörgum sinnum á sl. tveimur vikum. Ég var einmitt að vona að ég mundi hitta þig hér.“ Ég var mjög undrandi og sagði: „Ég skil ekkert í því, ertu virkilega búin að vera að reyna að ná í mig?“ „Ég er búin að hringja dögum saman til þín,“ sagði konan „og mér var orðið svo í mun að ná til þín út af þessu tiltekna máli.“ Ég vildi ekki gefa mig með þetta og sagði: „Hvernig má þetta vera. Ég er búin að vera á skrifstofunni minni hvern einasta dag fram að þessum degi.“ Þá sagði konan: „Skrifstofunni, ég hef ekki hringt í skrifstofuna.“ „Og hvert hringdir þú?“ spurði ég. „Heim til þín, að sjálfsögðu.“ Ég tek það fram að þetta er kona sem vann hjá félagasamtökum sem hafa mikið samband við þingmenn.

Það er ríkjandi viðhorf að þingmaður, eftir að þing fer í einhvers konar hlé, sé ekki lengur í vinnunni. Það er erfitt að breyta þessu viðhorfi. Það er viðhorf sem við reynum að lifa við og þurfum að útskýra stöðuna. Þannig væri á allan hátt betra fyrir ásýnd þingsins að það náist fram sem við höfum verið sammála um í umræðunni í dag.

Nú fer þetta ágæta mál, frú forseti, til nefndar, allshn. Ég ætla að vona að þar verði unnt að taka málið til umræðu og þar muni þykja ástæða til að leggja fram á þingi fyrir sumarhlé 6. maí einhvers konar álit frá nefndinni. Það væri óásættanlegt, eftir þessa ágætu umræðu og undirtektir, ef þetta mál, eins og frumvarpið um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, mundi bara sofna. En vissulega mundi ég vekja það aftur í haust. Ég þakka fyrir þessa ágætu umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 309. mál. — Þskj. 354.

[18:12]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þskj. 354, till. til ál. um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Bjarni Benediktsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2014.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.“

Virðulegur forseti. Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á

mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2014. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126., 127. og 128. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu.

Virðulegur forseti. Rafmagn skiptir okkur öll miklu máli í öllu okkar lífi og öllum okkar lífsháttum og rafsegulgeislun skiptir á margan hátt sköpum fyrir lífið á jörðinni. Nægir þar að nefna ljósið og varmann sem við fáum frá sólinni. Rafmagn er líka notað til lækninga með góðum árangri.

Tillaga þessi er ekki komin fram til þess að hræða heldur til að vekja okkur til meðvitundar um að það getur haft óæskileg áhrif, rafmengun og rafsegulsóþol, ef ekki er rétt á málum haldið og það verði reynt að koma í veg fyrir rafmengun og rafsegulsóþol þar sem það á sér stað.

Þáltill. hefur í hvert sinn sem hún hefur verið lögð fram vakið mikla athygli og ég hef fengið upphringingar frá fólki sem hefur miklar áhyggjur af þessum málum vegna sinnar eigin reynslu í híbýlum sínum. Margir hafa sem betur fer fengið hjálp til að lagfæra þessa hluti. Viðbrögð við tillögunni hafa verið afskaplega jákvæð nema í einu tilfelli. Í dag er svo miklu meiri umræða og opnari um þessi mál og nægir að geta umræðu fyrir nokkrum dögum í sjónvarpi.

Ég hef fengið upplýsingar um að ef rafmagnslína liggur yfir hyl í á veiðist þar ekki nokkur branda. Gerð hefur verið stuttmynd um ýmislegt sem getur haft áhrif á mannslíkamann og var hún sýnd í fyrra, Raflost eftir Arnar Jónasson, þar sem hann fjallar um Loft sem er sérfræðingur í rafmagnsmengun og hann kemur fólki til aðstoðar sem kvartar undan rafmagnsmengun út frá heimilistækjum sem virðast hafa langtímaáhrif, valda hausverk og minnistapi og jafnvel þaðan af meiru.

Margar greinar hafa birst undanfarin ár í tímaritum eins og Heilsuhringnum og Nýjum tímum. Rafsegulsóþol er mikið rætt erlendis og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hefur mikinn áhuga á þessum málum. Ég veit ekki annað en að þar sé stórt verkefni í gangi til að skoða þau.

Í Morgunblaðinu 3. mars fyrir tveimur árum er viðtal við Helga Geirharðsson sem kom að uppbyggingu á húsi Marels í Garðabæ. Yfirskriftin á viðtalinu er Hannað til að koma í veg fyrir rafmengun. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ný bygging Marels, sem nú er að rísa við Austurhraun í Garðabæ, er sérstaklega hönnuð og uppbyggð með það fyrir augum að svoköllluð rafmengun valdi ekki vanlíðan starfsfólks eða truflun í rafmagnskerfi."

Arkitekt þessa húss er Ingimundur Sveinsson. Þess má geta að nú hafa fleiri stór fyrirtæki siglt í kjölfarið á Marel og má þar nefna fyrirtæki eins og Toyota og Grand Hótel Reykjavík. Í viðtalinu segir, með leyfi forseta:

„Nýbyggingin er langt komin og er stefnt að því að Marel flytji starfsemi sína þangað í júní næstkomandi." — Og nú er þessi starfsemi búin að vera þarna í þessi ár og það sem er sérstaklega athyglisvert við þetta er að allir lampar sem voru settir í húsið voru sérstaklega prófaðir út frá rafmengun sem þeir skapa. Umræddur Helgi segir að þeir hafi „„fengið fyrirtæki til að hanna sérstaklega allar jarðbindingar og allar lagnaleiðir þannig að það myndist ekki óæskileg segulsvið í húsinu. Síðast en ekki síst höfum við gert miklar ráðstafanir til að búa til mjög góða jarðtengingu fyrir húsið þannig að öll rafmagnsmengun eigi góða leið niður í jörð," segir hann og undirstrikar að trúar- eða töfrabrögð komi þarna hvergi nærri heldur sé um hreina og klára rafmagnsfræði að ræða.

Hann segir rafmagnsmengunina geta valdið bæði vanlíðan hjá fólki til lengri tíma sem það eigi kannski erfitt með að útskýra. Því hafi verið ákveðið að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði í byggingu hússins. „Við vitum um dæmi þar sem menn hafa ekki gert það og lent í alls konar vandræðum, bæði hvað varðar vanlíðan starfsfólks og rekstur á tölvukerfum." Það er ekki síst lýsingin í húsinu sem sérstaklega er hugað að í þessu sambandi.

„Brynjólfur Snorrason, sem er með fyrirtækið Lífafl á Akureyri, fékk svo þessa lampa og mældi hvaða áhrif hver lampi um sig hafði á rafkerfið og hvernig hann mengaði út frá sér í nánasta umhverfi. Út frá þeim upplýsingum þurftum við síðan að hafna nokkrum lömpum sem olli því að þessi framleiðandi kom með nýjar lausnir." Sem dæmi um þetta nefnir hann lýsinguna í vinnusal nýja hússins sem byggist á nýrri tækni sem ekki hefur verið til í heiminum áður og Marel því fyrsti aðilinn til að taka hana í notkun.

Helgi segir þessa hugsun á bak við uppbyggingu hússins nýmæli hér á landi því þetta sé í fyrsta sinn sem hús er sérhannað að þessu leyti. „Í Ameríku eru menn kannski komnir lengra í að skoða rafmagn í svona húsum heldur en t.d. í Evrópu. Við höfum heyrt að þær kröfur sem við erum að setja séu sambærilegar og menn gera varðandi dýragarða annars vegar og hjá bandaríska hernum hins vegar.""

Virðulegur forseti. Þá var umræða í sjónvarpi 22. febrúar sl. Páll Benediktsson var þar með þátt þar sem umræðan var um flökt á rafsviði í raftækjum, tölvum og fleiru og sagði Páll Benediktsson, með leyfi forseta:

„Brynjólfur Snorrason og fleiri hafa um árabil haldið fram að rafmengun hafi slæm áhrif á fólk og valdið margs konar vanlíðan, svo sem höfuðverk og svefnleysi, og minnki mótstöðuafl líkamans gegn ýmsum kvillum og sjúkdómum, allt frá ónæmi og meltingartruflunum til krabbameins. Flestir fræðimenn hafna kenningu Brynjólfs og félaga þó að mörg hundruð einstaklingar telji sig hafa fengið bót meina sinna með lagfæringu þeirra á rafkerfum." Páll segir síðar í þættinum að það sé athyglisvert að það hafi færst í vöxt að stór fyrirtæki láti fara yfir rafkerfin og þar sé óskað eftir ráðgjöf Brynjólfs og fleiri við hönnun frá byrjun.

Síðar í þessu viðtali er rætt við bæjarstjórann í Garðabæ, Ásdísi Höllu Bragadóttur, og hún segir:

„Það er í raun og veru tvíþætt, í fyrsta lagi hef ég fengið til mín dálítið af einstaklingum hér í Garðabæ og einnig annars staðar af höfuðborgarsvæðinu sem hafa sjálfir farið í aðgerðir heima hjá sér og telja sem svo að með því að jarðbinda húsin betur líði þeim betur í húsunum á eftir. ... Hins vegar var það þannig að mælingar sýndu hér í miðbæ Garðabæjar, eins og sums staðar annars staðar, að rafmengunin er aðeins of mikil, jarðbindingin ekki nægilega góð, og í framhaldi af því tók húsfélagið á Garðatorgi ákvörðun um að jarðbinda betur. Mælingar sýndu það bæði fyrir og eftir að rafmengunin minnkaði í framhaldinu. Hvort það síðan hefur veruleg áhrif á líðan og heilsu starfsfólks eða íbúa þori ég ekkert að segja til um."

Ásdís Halla segir áfram í þessu viðtali að það gæti verið mjög dýrmætt verkefni ef orkufyrirtækin eða opinberir aðilar tækju þessi mál alvarlega og föstum tökum og gæfu skýrar vísbendingar og leiðsögn um það hvort hægt sé að draga

úr rafmengun og þá líka hvort rafmengun sé sums staðar of mikil og þá hver áhrif hennar eru á heilsu fólks.

Í þessu sama viðtali er rætt við Skúla K. Skúlason, sölustjóra hjá Toyota, þar sem þeir fóru í ýmsar breytingar sem urðu mjög til bóta fyrir starfsfólkið þar.

Ég tel mjög mikilvægt að þessi þáltill. fái þann endi núna — hún er lögð fram í fjórða sinn — að hún verði afgreidd úr þinginu og jafnvel þá hafnað, ef ekki vill betur en svo, en að sjálfsögðu ætlast ég til að hún verði samþykkt. Það getur vel verið að á henni megi gera einhverjar breytingar í hv. heilbr.- og trn. Ég tel að það sé þess virði að skoða það en ég tel að það sé mjög mikilvægt að við hugum að þessum málum. Við vitum að víða í heiminum er verið að skoða þau mjög vel, eins og kom fram áðan með Alþjóðaheilbrigðisstofnunina. Það eru mjög margir sérfræðingar í Svíþjóð að skoða þessi mál, á Ítalíu, í Kanada, í Bandaríkjunum og svo mætti lengi telja. Að sjálfsögðu eru líka til aðilar sem gera mjög lítið úr þessu og telja þetta hálfgerðar kerlingabækur en ég held að það eigi ekki við nein rök að styðjast. Mig langar til að vitna í það sem hefur komið fram á heimasíðu Landsvirkjunar þar sem þeir tala um að ekki sé mjög mikið um þessa rafmengun. Þeir svara spurningunni: „Hvernig má draga úr áhrifum rafsegulsviðs?“ svo, með leyfi forseta:

„Mjög auðvelt er að draga úr áhrifum rafsviðs. Húsveggir, sérstaklega úr leiðandi efnum svo sem járnbentri steinsteypu, virka t.a.m. einangrandi á sviðið.

Rafsvið fer nokkuð auðveldlega inn úr stórum gler- og timburflötum sé ekki mikið um leiðandi efni innan í þeim, svo sem málmrör og gluggapósta. Allir kannast við vandamál sem stafa af upphleðslu rafmagns t.d. þegar gengið er eftir teppi. Þetta má laga með því að vanda allar jarðbindingar í húsum.“

Eins svara þeir því líka að ekki sé hægt að greina samband á milli kvilla og sjúkdóma af neinu tagi og rafsegulsviðs en það er aftur allt annað sem kemur fram í sænskri faraldsfræðirannsókn þar sem miklar líkur eru taldar á að ef fólk er mikið í rafmagnsóþoli eða rafmagnsmengun hafi það mjög mikil áhrif á alzheimersjúkdóminn.

[18:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Drífu Hjartardóttur, fyrir málið og hennar ítarlegu greinargerð í framsöguræðu, og reyndar öllum þeim þingmönnum sem standa að þessu þverpólitíska þingmáli, fólki úr flestum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Ég hef jafnan stutt þetta mál þó að ég hafi ekki verið einn flutningsmanna og furða mig sannast sagna á því að það skuli ekki hafa náð fram að ganga. Þetta er í fjórða skipti sem það er lagt fram á Alþingi án þess að hafa fengið afgreiðslu í hin þrjú.

Samkvæmt þáltill. sem fjallar um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann er lagt til að á vegum heilbrrn. verði gerð rannsókn á mögulegum áhrifum þessara fyrirbæra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Í greinargerð með þáltill. er síðan vísað í rannsóknir sem gerðar hafa verið á erlendri grundu, á Norðurlöndum, Danmörku og Svíþjóð, í Bretlandi þar sem sýnt hefur verið fram á að um tengsl geti verið að ræða milli krabbameinstilfella og háspennulína og síðan er vitnað í fleiri rannsóknir.

Það sem ég hef spurt sjálfan mig er hvort í rauninni sé ekki hægt að nýta þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á erlendri grundu til þess að byggja síðan á einhverjar aðgerðir. Það gladdi mig sérstaklega í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur að hún vakti athygli á því að umræður um þessi efni og rannsóknir sem gerðar hafa verið eru þegar farnar að hafa áhrif. Hún tók nokkur dæmi um byggingar hér á landi, hjá Marel, Toyota, Grand Hótel og víðar, þar sem menn voru með fyrirbyggjandi ráðstafanir. Þetta skiptir að sjálfsögðu meginmáli, ekki láta sitja við það eitt að skoða hlutina heldur reyna að grípa til aðgerða eftir að sýnt hefur verið fram á í rannsóknum að háspennilínur og spennistöðvar og þessi fjarskiptamöstur hafa skaðleg áhrif á mannslíkamann. Hv. þm. vék einkum að rafmengun í húsum, kannski minna að háspennulínunum, segulsviðinu sem er í kringum þær og á hvern hátt það geti haft skaðleg áhrif á fólk í þéttbýli og ekki síður í dreifbýli.

Ég kom hingað fyrst og fremst til að taka undir þetta þingmál og lýsa furðu minni á því að það skuli ekki hljóta samþykki Alþingis. Það er þverpólitísk samstaða um málið, víðtækur stuðningur við það. Svo var ekki síður hitt, það að lýsa ánægju með þær upplýsingar sem hér koma fram um raunverulegar aðgerðir til úrbóta. Þó að þessi umræða leiði ekki endilega til þess að þingmálið verði samþykkt er ég ekki í nokkrum einasta vafa um að það er mikilvægt að halda umræðunni gangandi og þar hafa hv. þingmaður og aðrir flm. þessa frv. svo sannarlega lagt sitt af mörkum á liðnum árum. Það er ekki unnið til einskis á meðan.

[18:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessu máli og vil í örfáum orðum taka undir orð 1. flm. Drífu Hjartardóttur. Það hefur ekki verið nokkur efi í mínu huga um mörg ár að það er mengun af segulrafi, eða hvernig sem má orða það, og bara það sem við erum með í höndunum núna af efni sem fylgdi því sem þingmaðurinn var með segir okkur að það hafa farið fram miklar rannsóknir á málinu í mörgum löndum, að það eru komnar ákveðnar niðurstöður. En mér vitanlega hafa hvergi nokkurs staðar nokkur stjórnvöld viljað viðurkenna þetta.

Ég minnist þess þegar ég sat þing Sameinuðu þjóðanna 1989 og horfði þar vestanhafs á sjónvarpsþátt þar sem verið var að sýna miklar rafmagnslínur og breytingar á gróðri á landinu undir þeim og breytingar á heilsufari kúa sem þar voru á beit. Þessi sjónvarpsþáttur hafði mikil áhrif á mig og vakti með mér ugg. Sömuleiðis fréttir af litlu þorpi í Frakklandi um svipað leyti sem var talsvert skrifað um, en svo þaggaðar niður. Það voru lagðar miklar rafmagnslínur eiginlega þvert yfir lítinn dal og þorp undir og heilsufar breyttist mjög, sérstaklega á börnum í þorpinu, og í engu samhengi við samanburð við önnur þorp af sömu stærð.

Það er mjög langt síðan umræður hófust um hugsanlega rafmengun og skaða af slíkum orkustöðvum. Þetta er stórt mál og margir hafa sett fram það sjónarmið að ef þetta væri svona, hlyti að vera búið að taka á því. Þvert á móti. Það er bara ekki þannig því það er svo stórt mál að viðurkenna þetta. Ef maður lítur til þeirra landa þar sem er svo algengt að fólk stofni til málaferla af minna tilefni en því ef sannað væri að raflínurnar sem það býr nálægt, eða mastrið rétt við húsið eða annað slíkt, ef búið væri að sanna að það væri heilsufarsmengandi og gallarnir væru að koma í ljós hjá fólki, hvort heldur væri á ónæmiskerfinu eða krabbamein eða blóðsjúkdómar, ef það væri orðið nokkuð sannað að þetta gæti verið frá svona stöðvum held ég að það færi nú að fara um marga þá sem bera ábyrgð á rafvæðingunni.

Ég held því að við þurfum að horfast í augu við það að það er ekki vilji til að leita sannana í máli eins og þessu. Eins og það er mikilvægt að átta sig á hvort, jafnvel bara hugsanlega, þetta geti verið jafnalvarlegt mál og margir vísindamenn segja sem hafa verið að rannsaka þetta og hafa komið fram með kenningar sínar, vegna þess að þá væri hægt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða eða verndandi aðgerða fyrir það fólk sem býr í námunda við það sem hér um ræðir og er farið að vera í raun og veru í námunda við alla þéttbýlisstaði í dag.

Hér á að vera unnt að velja staði í námunda við hugsanlega mengunargjafa af þægilegri stærð og fá góðan samanburð við einhverja tilsvarandi staði annars staðar þar sem ekki eru slíkir mengunarvaldar. Það ætti því að vera hægt að gera samanburðarrannsóknir hér sem ekki er eins auðvelt að gera annars staðar. Þess vegna styð ég og er meðflutningsmaður að tillögunni og vonast til þess að hún hljóti brautargengi í þetta sinn á hæstv. Alþingi.

[18:36]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem málið hefur fengið, bæði hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur sem er meðflutningsmaður að málinu. Það er alveg ljóst að þetta er hið merkasta mál og við eigum að láta skoða hvaða áhrif þetta hefur á mannslíkamann, ekki bara með tilliti til krabbameins heldur líka alls konar annars óþols af þessu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi um að ég hefði lítið talað um háspennulínurnar. Ég gerði það meira þegar ég mælti fyrir málinu á fyrri þingum, en að sjálfsögðu hafa þær mikil áhrif á umhverfið. Ég nefndi að þar sem rafstrengur liggur yfir hyl í á veiðist helst ekki nokkur fiskur því hann fælist í burtu. Það vilja þeir veiðimenn meina sem hafa talað við mig. Víða erlendis er bannað að hafa spennistöðvar nema í ákveðinni fjarlægð frá barnaheimilum og skólum vegna áhrifa þeirra. En þessi mál eru óþægileg fyrir marga. Það þykir ekki öllum þægilegt að ræða þessi mál.

Virðulegi forseti. Ég var með fsp. til hæstv. heilbrrh. fyrir tveimur árum um nýgengi krabbameins. Ráðherra svaraði þannig og sagði frá því að skipuleg skráning krabbameina á vegum krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands hófst árið 1954 og þannig er hægt að skoða breytingar á tíðni krabbameina í meira en fjóra áratugi. Á þessu tímabili hefur tíðni krabbameina í heild aukist um 1,2% á ári að teknu tilliti til fjölgunar íbúa og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Miklar breytingar hafa orðið á tíðni einstakra meina. Allt er þetta skráð og þennan gagnagrunn má nýta við þá rannsókn sem við erum að biðja um að fari fram.

Í svari ráðherra kemur fram að tíðni krabbameins í blöðruhálskirtli hefur nærri fimmfaldast og er þetta mein fyrir nokkru orðið algengasta krabbamein karla. Þessa fjóra áratugi hefur brjóstakrabbamein verið algengasta krabbamein kvenna, en það er nú tvöfalt algengara en við upphaf skráningar.

Tíðni lungnakrabbameins hjá körlum hefur nær þrefaldast og meira en fjórfaldast hjá konum, en heldur er farið að draga úr aukningunni. Tíðni magakrabbameins er nú aðeins þriðjungur af því sem áður var og er það m.a. vegna þess að nú eru aðrar neysluvenjur en voru hér áður fyrr. Þá er tíðni leghálskrabbameins aðeins þriðjungur af því sem var um skeið, en það skýrist af leit að sjúkdómnum á forstigi.

Um 1.040 krabbamein voru greind hér á landi á ári, 530 hjá körlum og 510 hjá konum, samkvæmt tölum frá krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands, en þær miðast við meðaltal áranna 1995–1999. Þetta eru því reyndar gamlar tölur.

Það var einnig athyglisvert í svari ráðherra að þegar tekið er tillit til aldurssamsetningar þjóðarinnar eftir landshlutum er nýgengi krabbameins hærra í Reykjavík og Reykjanesi en annars staðar á landinu og er það í samræmi við stöðu mála í nálægum löndum. Það gerist trúlegast í þéttbýli og meiri áhrif þá á líkamann.

Virðulegur forseti. Ég gat aðeins áðan um sænska rannsókn á alzheimersjúklingum. Ég get líka vitnað í rannsókn sem var gerð við háskólann í Kaliforníu þar sem uppgötvað var að segulsvið af ákveðnum styrkleika hefur áhrif á virkni melatonins gegn krabbameini. Eins og kunnugt er vinnur hormónið melatonin gegn mörgum tegundum krabbameins. Áður var vitað að rafsegulsvið hefði áhrif á framleiðslu heilans á þessu hormóni, en þessi niðurstaða kom á óvart vegna þess hversu lágan styrk þurfti til að trufla virknina.

Eins hefur nýleg rannsókn í háskólanum í Písa á Ítalíu leitt í ljós furðulegt samhengi milli viðveru í daufu rafsegulsviði og sársaukaskyns. Þar hafa verið gerðar rannsóknir á mönnum og dýrum sem sýna þetta. Rannsóknin á mönnunum var tvíblind og voru þátttakendur samtals 18. Niðurstaðan sýndi að eftir tveggja tíma viðveru í segulsviði hafði sársaukaþröskuldurinn lækkað. Notuð voru dauf rafboð sem áreiti með vist hækkandi styrk. Menn eru mjög varkárir í túlkun sinni á niðurstöðunum en telja mikla þörf á frekari rannókn á þessu sviði.

Virðulegur forseti. Ég þakka enn og aftur fyrir þessar ágætu viðtökur sem málið hefur fengið og vona sem fyrr að það nái fram að ganga.

[18:43]

Útbýting þingskjala:

Brot á lagaákvæðum um áfengisauglýsingar, 673. mál, fsp. MÁ, þskj. 1002.

Gildissvið stjórnsýslulaga, 672. mál, fsp. AtlG, þskj. 1001.

Gildissvið upplýsingalaga, 671. mál, fsp. AtlG, þskj. 1000.

Greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum, 669. mál, fsp. EMS, þskj. 998.

Heimagerðar landbúnaðarafurðir, 674. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1003.

Jafnrétti kynjanna, 654. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 983.
Jafnrétti kynjanna, 655. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 984.
Jafnrétti kynjanna, 656. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 985.
Jafnrétti kynjanna, 657. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 986.
Jafnrétti kynjanna, 658. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 987.
Jafnrétti kynjanna, 659. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 988.
Jafnrétti kynjanna, 660. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 989.
Jafnrétti kynjanna, 661. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 990.
Jafnrétti kynjanna, 662. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 991.
Jafnrétti kynjanna, 663. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 992.
Jafnrétti kynjanna, 664. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 993.
Jafnrétti kynjanna, 665. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 994.
Jafnrétti kynjanna, 666. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 995.
Jafnrétti kynjanna, 667. mál, fsp. JóhS o.fl., þskj. 996.
Svæðisútvarp, 668. mál, fsp. JGunn, þskj. 997.
Þjóðminjasafnið, 670. mál, fsp. MÁ, þskj. 999.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:44.

---

74. FUNDUR

þriðjudaginn 2. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Eldi nytjastofna sjávar, stjfrv., 344. mál, þskj. 938. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Starfsmenn í hlutastörfum, stjfrv., 411. mál, þskj. 939, brtt. 979. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 147. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, þáltill., 309. mál, þskj. 354. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 921. — 1. umr.
6. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 314. mál, þskj. 360, nál. 960. — 2. umr.
7. Sjóntækjafræðingar, stjfrv., 340. mál, þskj. 414, nál. 981. — 2. umr.
8. Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, þáltill., 323. mál, þskj. 374. — Fyrri umr.
9. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401. — Fyrri umr.
10. Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, þáltill., 336. mál, þskj. 404. — Fyrri umr.
11. Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, þáltill., 473. mál, þskj. 698. — Fyrri umr.
12. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 509. mál, þskj. 781. — 1. umr.
13. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 518. mál, þskj. 790. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram utandagskrárumræða um heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Málshefjandi er hv. þm. Þuríður Backman. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðarmenn námslána, 680. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1009.

Eldisþorskur, 675. mál, fsp. JGunn, þskj. 1004.

Fríverslunarsamningur við Ísrael, 677. mál, fsp. ÖS og BH, þskj. 1006.

Gjaldþrotabeiðnir, 676. mál, fsp. JGunn, þskj. 1005.

Ljósmengun, 682. mál, fsp. MÁ, þskj. 1011.

Staða fríverslunarsamninga EFTA, 678. mál, fsp. ÖS o.fl., þskj. 1007.

Vernd votlendis samkvæmt Ramsar-samþykktinni, 679. mál, fsp. MÁ, þskj. 1008.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurakademíuna, 681. mál, fsp. MÁ, þskj. 1010.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fjárhagserfiðleikar dómstólanna og efling sérsveitar lögreglunnar.

[13:33]

Helgi Hjörvar:

Hæstv. forseti. Dómarafélagið hefur vakið athygli á því að huga þurfi að réttaröryggi almennings vegna fjárhagserfiðleika dómstólanna og kemur engum á óvart sem var við fjárlagaumfjöllun í haust. Hæstv. dómsmrh. hefur hins vegar svarað með áburði og svívirðingum um ábyrgðarleysi og ólíkindi dómara og er ráðherra minnkun að ofstopa hans gagnvart dómendum í málinu, en þeir hafa sýnt langlundargeð og hófsemi.

Sama dag tilkynnir svo hæstv. dómsmrh., staurblankur, um verulega eflingu sérsveitar ríkislögreglustjóra, tugmilljónaútgjöld þegar í ár og á næstu árum allt að 250 millj. kr. á ári í þetta gamla gæluverkefni og bernskudraum Björns Bjarnasonar. Spyrja verður hvaða fjárlagaheimildir séu fyrir þeim útgjöldum í fjárlögum yfirstandandi árs því þar er ríkislögreglustjóraembættið skorið niður um 6 millj. Og í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir þessum verkefnum í fjögurra ára áætlun ríkisstjórnarinnar hvernig eigi þá í ljósi fyrirhugaðra skattalækkana að fjármagna þennan leiðangur. Enn fremur hvort sérsveit þessi eigi að taka við einhverjum af verkefnum bandarískra hersins og þá hvaða verkefnum og hvers vegna. Enn fremur hvort yfirlýsingar dómsmrh. um að fjárhagsgrunnur dómstólanna sé tryggður þýði að ekkert eigi að gera í fjárhagsefnum þeirra, og hvort dómsmrh. telji ekki að hinar harkalegu deilur hans við dómendur séu óheppilegar og sýni að öðruvísi þurfi að standa að fjárveitingum til dómstóla og tryggja sjálfstæði þeirra.

Loks verður að spyrja Framsfl. hvort þessi sérsveitarleiðangur sé með vitund og vilja þess flokks og hvernig á því standi að þeir sem hafa vilja fólk í fyrirrúmi skuli ævinlega finna fé í sjóðum ríkisins í sérsveitir og sendiráð en síður í sjúkrahús og samfélagsþjónustu.

[13:35]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega hér, enda tel ég að það falli ekki undir þennan lið. Þannig er að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur beðið um umræðu um sérsveitarmál og lögreglumál og hún fer fram utan dagskrár á fimmtudaginn kemur og gefst þá þingheimi tækifæri til að taka þátt í þeim umræðum á réttum forsendum.

Varðandi fjármál dómstólanna er unnið að þeim málum á vegum dómsmrn. í samvinnu við dómstólaráð að því er ég hef talið. Það sem ég taldi ábyrgðarleysi af hálfu dómenda var að lýsa yfir því að réttaröryggi borgaranna væri stefnt í voða, sem ég tel alrangt.

[13:36]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er athyglisvert hvernig hæstv. dómsmrh. skautar fram hjá því að ræða það mál sem hér er vakin athygli á. Það eru auðvitað fleiri vinklar sem vekja athygli vegna þess að nýlega hefur verið fjallað um það í austfirskum fjölmiðli að ófremdarástand sé í raun og veru á Kárahnjúkasvæðinu hvað varðar fíkniefnamál. Hæstv. dómsmrh. hefur hins vegar á heimasíðu sinni og í fjölmiðlum gefið þau svör að hann hafi kynnt sér málið og þetta sé önnur mynd en hæstv. ráðherra hafi fengið.

Það er því afar sérkennilegt að heyra áherslur hæstv. dómsmrh. á því hvernig skipta beri fjármagni innan verkahrings hans. Það hlýtur að vera eðlilegt að við spyrjum þeirrar spurningar, vegna þess að við sem stóðum að baki þeirri ákvörðun að reisa Kárahnjúkavirkjun og treystum því að stjórnvöld meintu það að þau ætluðu að standa vel að málum, hvort þá séu örugglega lögreglumál höfð í því samhengi líka þannig að tryggt sé að þau embætti sem eiga að sinna löggæslumálum á því svæði fái fjármagn til þess og þann vinnukraft sem til þarf. Það er því sérkennilegt að heyra frá hæstv. dómsmrh. að það sem sé efst í huga sé að vopnvæða lögreglu á ákveðnum svæðum á landinu en ekki að sinna þeim verkefnum sem flestir telja að séu brýn nú til dags.

Spurningin hlýtur að vera sú, frú forseti: Er þetta það sem koma skal í dómsmrn., að verið sé að bregðast við væntanlegri brottför hersins með því að efla sérsveit lögreglunnar og láta aðra þætti sem undir dómsmrn. heyra líða fyrir slíkt?

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég harma að hv. þm. skuli ekki hafa kynnt sér þær tillögur sem komu til framkvæmda í gær, sem m.a. gera sérsveit lögreglunnar kleift að láta að sér kveða við Kárahnjúka ef þörf krefur með mun skipulegri og auðveldari hætti en áður hefur verið.

Að því er varðar löggæslu við Kárahnjúka þá liggur fyrir, virðulegi forseti, fyrirspurn frá hv. þm. Atla Gíslasyni um það mál og henni verður að sjálfsögðu svarað. Ég segi því enn, virðulegi forseti, að ég sé ekki hvaða upphlaup þetta er hjá samfylkingarþingmönnum að taka hér mál sem er hvort eð er búið að boða á dagskrá þingsins.

[13:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er brýnt að ræða löggæslumálin, enda hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskað eftir utandagskrárumræðu um það efni eins og komið hefur fram. Í dag er hins vegar neyðarástand í heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu og ég skil ekki hvers vegna menn eru að tefja fyrir að það mál komist á dagskrá. Hér eru fullir áheyrendapallar sem bíða eftir umræðunni um mál málanna í dag sem er neyðarástand í heimahjúkrun, og ég legg til að við tökum þegar til við að ræða það mál.

[13:39]

Helgi Hjörvar:

Hæstv. forseti. Komið hefur fram að ríkisstjórnin telur mjög mikilvægt að dómarar fari að fjárlögum og að heilsugæslan í Reykjavík fari að fjárlögum. Hér er þess vegna spurt út af yfirlýsingum dómsmrh. frá því í gær um að hann 1. mars sl. hafi efnt til útgjalda á yfirstandandi ári upp á 60 millj. kr., sem okkur í fjárln. er ekki kunnugt um að neinar heimildir séu fyrir, til að sinna gömlu gæluverkefni sínu sem er íslenskur her hér í landi. Spurt er hvaðan ráðherranum koma heimildir til að lýsa yfir allt að 250 millj. kr. útgjöldum á ári á næstu árum og hvort samstaða sé um það í ríkisstjórninni og hvernig á því standi að hér séu til peningar í verkefni af þessu tagi sem engar heimildir virðast fyrir í fjárlögum og hvort ráðherrann sé að ganga á svig við fjárlög og fara fram úr fjárlögum, og hvort það sé rétt hjá Dómarafélaginu sem það lýsir yfir í gær og er afar mikilvægt, brýnt og aðkallandi verkefni ef réttaröryggi borgaranna er í hættu, og hlýtur að koma til umræðu undir liðnum störf þingsins.

Ég hvet hæstv. dómsmrh. til að gera grein fyrir því hvaða heimildir hann hefur í fjárlögum yfirstandandi árs til að ráðast í þau 60 millj. kr. útgjöld sem boðað er að efnt hafi verið til með aðgerðunum 1. mars sl. og hvort sömu lög gildi ekki um hann og um heilsugæsluna í Reykjavík eða dómstólana í landinu.

[13:41]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að hæstv. dómsmrh. hefur talað tvisvar í umræðunni og þingsköp leyfa ekki að hann komi oftar í ræðustól. Hins vegar hefur verið bent á að nk. fimmtudag fer fram utandagskrárumræða um málefni lögreglunnar í landinu.

Eldi nytjastofna sjávar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (erfðablöndun). — Þskj. 938.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KHG, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, HBl, JBjart, KLM, MÞH, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SF, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1020).

Starfsmenn í hlutastörfum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 411. mál (EES-reglur). — Þskj. 939, brtt. 979.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Brtt. 979 felld með 26:22 atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MF, MÁ, RG, SigurlS, SJS, VF, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SP, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, HBl, JBjart, KHG, KLM, MÞH, SKK, SigurjÞ, SF, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram urðu miklar deilur um þetta mál. Hv. þm. Ögmundur Jónasson beitti sér mikið í málinu og ég vildi af því tilefni taka fram að ég tel að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé alls ekki vanhæfur til að taka þátt í því þrátt fyrir að hann sé starfsmaður í hlutastarfi hjá hinu opinbera. En það verður að segjast eins og er að það kom mér nokkuð á óvart að sjá engar athugasemdir frá þingmönnum Samfylkingarinnar þar sem hv. þm. er væntanlega í sömu stöðu og hv. þm. Pétur Blöndal í öðru máli sem við þekkjum vel. Ég styð ekki þessa brtt. og segi nei.

[13:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þeir sem greiða atkvæði með þessari tillögu vilja tryggja að allt hlutavinnustarfsfólk á Íslandi hvar sem það starfar, á almennum vinnumarkaði, hjá hinu opinbera, hjá ríki eða sveitarfélögum, fái notið þeirra réttarbóta sem felast í frv. Þeir sem greiða atkvæði gegn brtt., og nú horfi ég til ráðherrabekkjarins og stjórnarmeirihlutans á Alþingi, eru að hafa þessi réttindi af mörg hundruð manns, starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga sem eru í tímavinnu, hlutavinnufólki. Þegar menn hafa réttindi af fólki hljóta þeir að hafa rök fyrir því. Þau rök hafa ekki komið fram við umræðu á Alþingi en ég vona að menn hafi grandskoðað málið hver og einn og séu sáttir við sína samvisku.

[13:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvort það var viljandi hjá hv. þm. en hann ruglaði saman hugtökunum „hlutavinnufólk“ og „tímavinnufólk“. Ef þessi brtt. sem hann flytur verður samþykkt þá yrðu sett í uppnám starfskjör og umhverfi þess fjölda fólks sem vinnur sem tímavinnufólk, hvort sem það eru ellilífeyrisþegar í tímavinnu eða t.d. fólk við stundakennslu í hinum fjölmörgu skólum hins opinbera.

Markmiðið með þessum lögum er að jafna réttindi milli tiltekinna ráðningarforma, hlutastarfa og fullra starfa. Það er ekki markmiðið með þessu lagafrv. að raska því sem hér hefur tíðkast á Íslandi í sambandi við tímavinnu.

Síðan bendi ég á, virðulegi forseti, að í frv. er ákveði um endurskoðun á þessu máli innan tveggja ára hvað þetta tiltekna atriði varðar. Vonandi verða menn þá komnir lengra áleiðis í að semja um þetta milli samningsaðila. Af minni hálfu stendur ekkert í vegi fyrir því að hefja þá vinnu eins fljótt og hægt er. (**ÖJ:** Þið eruð að hafa réttindi af fólki.) Það er rangt. Ég segi nei við brtt.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SigurlS, SP, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, LB, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁRJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, HBl, JBjart, KLM, SKK, SigurjÞ, SF, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1021).

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frh. 1. umr.

Frv. RG og BH, 147. mál. — Þskj. 147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 309. mál. — Þskj. 354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu.

[13:49]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ástæða þessarar utandagskrárumræðu er sú alvarlega staða sem komin er upp í heimahjúkrunarþjónustu í Reykjavík og Kópavogi nú þegar ljóst er að meiri hluti hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða hafa hætt störfum vegna kjaradeilu um fyrirkomulag aksturs.

Heimahjúkrun er orðin einn af hornsteinum heilbrigðiskerfisins. Mikilvægi heimahjúkrunar hefur aukist og mun halda áfram að aukast, bæði vegna kröfu um aukin afköst sjúkrahúsa og þar með styttri legutíma sjúklinga og eins vegna breyttra viðhorfa til stofnanaþjónustu. Hið fyrrnefnda á sérstaklega við um Landspítala – háskólasjúkrahús, sem stendur nú í miklum hagræðingar- og skipulagsaðgerðum til að halda sig innan ramma fjárlaga. Sjúklingar eru því útskrifaðir mun veikari en áður og þurfa oft mikla og flókna umönnun. Í mörgum tilfellum þurfa þeir sólarhringsþjónustu.

Sátt hefur verið um að draga úr allri stofnanavistun, hvort sem í hlut eiga aldraðir, fatlaðir eða langveikir einstaklingar. Mikið fatlaðir og langveikir, sem fyrir nokkrum árum hefðu verið inni á stofnun eða sjúkrahúsi, geta búið heima ef til staðar er örugg heimahjúkrun. Heimahjúkrun er ódýr og manneskjuleg þjónusta og algjör forsenda þess að hægt sé að draga úr annarri og dýrari þjónustu. Því ætti að leggja enn frekari áherslu á slíka þjónustu í framtíðinni.

Framganga forustu heilsugæslunnar í þessu máli er beinlínis andstæð þeirri stefnu að efla og tryggja viðunandi heimaþjónustu. Skerðing á heimahjúkrun í Reykjavík og Kópavogi bitnar ekki eingöngu á þeim sjúklingum og aðstandendum þeirra sem fá þjónustu í dag heldur mun skerðingin strax valda mikilli röskun á starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss og annarra sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Það verður hvorki hægt að útskrifa sjúklinga eins fljótt né eins mikla umönnunarsjúklinga og áður. Það er

staðreynd sem þegar er komin í ljós. Eins má búast við ótímabærum innlögnum vegna manneklu í heimahjúkrun.

Þeir sem njóta þjónustu heimahjúkrunar þurfa margir mikla og persónulega aðstoð og hjúkrun. Það að vera öðrum háður og opna heimili sitt fyrir vandalausum er sérstök staða og erfitt hlutskipti fyrir marga. Því skiptir máli að þeir starfsmenn sem sinna þessu mikilvæga hlutverki myndi góð og persónuleg tengsl við skjólstæðinga sína. Reynsla, traust og áreiðanleiki er grunnur að góðri hjúkrun inni á heimilum fólks. Stöðugleiki í mannahaldi er því mjög mikilvægur.

Fram hefur komið sú staðhæfing að fyrrverandi akstursskerfi hafi í sjálfu sér verið afkastahvetjandi, þ.e. hvatt til fleiri en styttri vitjana sem hafi komið fram í hærri akstursgreiðslum og verri þjónustu. Þetta er óréttmæt fullyrðing.

Hið rétta í þessu sambandi er að starfsmenn heimahjúkrunar fara eftir vinnuskema þar sem settar eru niður vitjanir á hverja vakt á tímaplani og eftir hjúkrunarþyngd. Ábyrgð á fjölda vitjana liggur því hjá hverfisstjórum en ekki sjálfum starfsmönnunum.

Frú forseti. Það að heilsugæslan nýtti sér ekki lögbundinn rétt til að framlengja ráðningu starfsmanna um sex mánuði þegar ljóst var að samningar mundu ekki nást fyrir 1. mars segir okkur að eitthvað annað og meira hljóti að búa að baki en eingöngu breyting á akturslið kjarasamninga, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að starfsmenn höfðu komið til móts við kröfur heilsugæslunnar og lítið virðist hafa borið á milli samningsaðila þegar upp úr slitnaði.

Frú forseti. Hjúkrunarforstjóri heimahjúkrunar lýsti því yfir að gripið yrði til neyðarráðstafana til að halda uppi lágmarksþjónustu og að hjúkrunarfræðingar frá Alhjúkrun, einkarekinni hjúkrunarþjónustu, yrðu ráðnir til brýnna starfa. Þessu mótmæltu fyrrverandi starfsmenn og hefur þessari ráðstöfun verið ýtt til hliðar, að sinni a.m.k. Enda hljótum við að spyrja: Hvað réttlætir uppsögn þjálfaðs og reynsluríks fagfólks vegna deilna um tiltölulega lágar upphæðir og ráðningu utanaðkomandi starfsmanna á hærri launum í staðinn? Hvaða sparnaður verður í rekstri heimahjúkrunar ef taka á upp samninga við einkarekna hjúkrunarþjónustu? Er ekki verið að ganga inn í launadeilu með óviðurkvæmilegum hætti í þeim tilgangi að koma á kerfisbreytingum? Er eingöngu verið að semja um kerfisbreytingu í akstri eða er einnig verið að koma á einkarekinni heimahjúkrun í heilsugæslunni, líkt og verið hefur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi?

Ég spyr því hæstv. heilbrrh.: Var gerð krafa um sparnað á akturslið heimahjúkrunar á þessu ári? Hvað munar miklu í rekstri á þessum tveimur kerfum, þ.e. akstri á einkabílum samkvæmt tilboði starfsmanna og notkun rekstrarleyfisbíla? Ef um einhvern sparnað er að ræða, er hann þá þess virði að setja alla þjónustu heimahjúkrunar í uppnám? Hvað mun ráðherra gera til að leysa úr núverandi ástandi og tryggja heimahjúkrun til lengri tíma?

[13:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Norðaust. beinir til mín þremur spurningum vegna þeirrar stöðu heimahjúkrunar í Reykjavík sem upp er komin eftir að á fjórða tug starfsmanna hætti störfum á þessum vettvangi.

Í fyrsta lagi er spurt hvort gerð hafi verið krafa af hálfu ráðuneytisins um sparnað í heimahjúkrun í Reykjavík. Svarið við því er nei.

Hv. þm. spyr um fjárhagslegan ávinning af því fyrir heilsugæsluna að breyta því akstursgreiðslukerfi með einkabílum starfsmanna sem viðgengist hefur.

Það er í raun ekki verið að breyta greiðslufyrirkomulaginu fyrir akstur til að ná fram fjárhagslegum sparnaði í heild. Það sem vakir fyrir stjórnendum heilsugæslunnar er að byggja upp öflugra kerfi heimahjúkrunar til lengri tíma litið. Heilsugæslan er að reyna að bæta þjónustuna við skjólstæðingana svo sem margsinnis hefur komið fram hjá forsvarsmönnum hennar.

Afar erfitt er, virðulegi forseti, að bera saman núverandi kerfi og það sem tekur við vegna þess að þar er borin saman áætlun eða spá annars vegar og raunveruleikinn hins vegar. Fyrir starfsmann sem fer í tíu vitjanir á dag nema akstursgreiðslurnar hins vegar um 100 þús. kr. á mánuði brúttó. Á móti kemur svo útlagður kostnaður starfsmannsins við rekstur á bíl.

Tilboð heilsugæslunnar um akstursgreiðslur fyrir not á eigin bíl felur í sér um 50 þús. kr. greiðslu á mánuði. Velji starfsmaður að nota bíl frá heilsugæslunni ber hann engan kostnað af rekstri bílsins en kostnaður heilsugæslunnar er þá 45–50 þús. kr. á mánuði.

Þrisvar hefur heilsugæslan gert tilraun til að breyta akstursgreiðslufyrirkomulaginu af þeirri einföldu ástæðu að forsvarsmenn hennar telja að þetta kerfi hamli frekari framþróun á því mikilvæga sviði sem heimahjúkrun er. Þeir starfsmenn sem sjá sér hag í kerfinu hafa ávallt sett sig á móti breytingum á því. Rétt er að taka fram að það eru alls ekki allir starfsmenn heimahjúkrunar sem njóta þessa gamla akstursgreiðslukerfis sem vissulega er barn síns tíma og átti að vera búið að endurskoða fyrir allmörgum árum.

Því er haldið fram að heilsugæslan komi fram af mikilli óbilgirni í þessu máli. Í því sambandi er rétt að fram komi að heilsugæslan hefur teygt sig langt til að koma til móts við starfsmennina. Í fyrsta lagi hefur verið boðið upp á bíl og tveggja launaflokka hækkun til allra til að koma til móts við þá sem bera skarðan hlut frá borði. Þessi tveggja launaflokka hækkun virðist mér nokkuð gott boð miðað við þá launahækkun sem rætt er um í samningaviðræðum sem nú standa sem hæst á almennum markaði.

Í öðru lagi er starfsmönnum áfram boðið að nota eigin bíl og fá tveggja launaflokka hækkun, færa akstursdagbók og fá greitt í samræmi við ekna kílómetra auk þess að fá greidda 1.300 km á ári fyrir akstur, sé starfsmaðurinn í fullu starfi. Það eru því öfugmæli að kalla þessi tilboð óbilgirni af hálfu heilsugæslunnar. Tilboð sem felur í sér það eitt að fá svigrúm til að skipuleggja þjónustuna við skjólstæðingana þannig að hún batni enn frá því sem nú er.

Það er líka rétt að draga fram að engin skrifleg tilboð eða gagntilboð hafa komið fram af hálfu stéttarfélaganna í þessu máli. Í þeim viðræðum sem fram fóru, áður en starfsmennirnir hættu störfum, hafa aðeins komið fram munnlegar kröfur um sólarlagsákvæði í fimm ár auk kröfu um þriggja eða fjögurra launaflokka hækkun.

Virðulegi forseti. Deilan snýst um að velja aksturskerfi fremur en taka tilboði um beinar launahækkanir sem næðu til allra starfsmanna. Menn mega ekki gleyma því að fjárhagslegur ávinningur heilsugæslunnar af þessari kerfisbreytingu er ekki fyrir hendi. Menn mega ekki gleyma því að akstursgreiðslukerfi af því tagi sem er í Reykjavík er verulega frábrugðið því sem tíðkast annars staðar. Menn verða að svara því af hverju þessir starfsmenn ríkisins skyldu ekki færa akstursdagbækur eins og aðrir þurfa að gera.

Það er rétt að taka fram að akstursgreiðslusamningunum var sagt upp með fullkomlega löglegum hætti og með lögbundnum fyrirvara. Það voru starfsmennirnir sjálfir sem tóku ákvörðun um að segja upp og hætta. Það er eðlilegra að greiða fyrir því sem næst raunverulega ekna kílómetra. Það er eðlilegra að bæta hugsanlegt tap starfsmannanna með launahækkun, eins og boðið hefur verið.

Ég skora á þá starfsmenn sem hættu störfum að snúa aftur og setjast niður með forsvarsmönnum heilsugæslunnar og taka upp samninga um nýtt fyrirkomulag þannig að við getum byggt upp þá mikilvægu þjónustu sem heimahjúkrunin er til langrar framtíðar. Það er alveg rétt sem fram hefur komið, að á því er mikil þörf. Þetta er mikilvæg og ómissandi þjónusta í heilbrigðiskerfinu.

[13:59]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Þingflokkur Samf. hefur lýst miklum áhyggjum af þeirri óvissu sem nú ríkir um heimahjúkrun. Þessi deila, ásamt ýmsum öðrum aðgerðum í heilbrigðisþjónustunni undanfarna mánuði, endurspeglar bæði óraunhæfar hugmyndir um fjárþörf í grunnþjónustu og skort á pólitískri forgangsröðun. Að sjálfsögðu þurfa aðilar máls að vera opnir fyrir nýjum leiðum til að hagræða og bæta þjónustuna svo fremi sem kjör þeirra séu tryggð. Þessi deila snýst hins vegar að stærstum hluta um áhugaleysi íslenskra stjórnvalda um vanda heilbrigðisþjónustunnar. Deilan snýst einnig um skort á framtíðarsýn. Slík sýn fyrirfinnst einfaldlega ekki hjá ríkisstjórnarflokkunum.

Það er alveg með ólíkindum að núverandi ríkisstjórn sé svo treg til að beita úrræðum sem eru bæði ódýrari og hentugri fyrir alla aðila. Þessi tregða á við heimahjúkrun, uppbyggingu hjúkrunarheimila og eflingu heilsugæslunnar. Við stöndum langt að baki nágrannaþjóðum okkar í heimahjúkrun og í Reykjavík eru allt að 20 þús. manns án heilsugæslu.

Nú liggja á annað hundrað einstaklingar á rándýru hátæknisjúkrahúsi sem vel gætu nýtt sér önnur úrræði, svo sem heimahjúkrun eða hjúkrunarheimili, stæðu þau til boða. Svo er hins vegar ekki. Það á að vera pólitískt markmið að fólk geti forðast sjúkrahúsvist en notað þess í stað önnur úrræði heilbrigðiskerfis. Við eigum að efla heimahjúkrun og gera fólki kleift að vera eins lengi heima hjá sér og það getur. Það er bæði ódýrara og betra. Hver króna sem er varið í heimahjúkrun skilar sér margfalt til baka. Heimahjúkrun leiðir af sér sparnað í heilbrigðiskerfinu og hagfræðin hér að baki er mjög einföld. Slík hugmyndafræði finnst hins vegar ekki hjá ríkisstjórninni og því miður virðist hinn pólitíski vilji alls ekki vera til staðar hjá ríkisstjórninni til að leysa þetta mál farsællega eða taka á öðrum vanda heilbrigðiskerfisins. Á meðan opnast sár hér og þar í kerfinu sem sýking á greiða leið að.

[14:02]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Deilan sem hér er til umræðu á sér nokkra forsögu. Við flutning heilsugæslunnar frá sveitarfélögum til ríkisins um áramótin 1990–1991 kom í ljós að akstursgreiðslur í heimahjúkrun og ungbarnaeftirliti á vegum sveitarfélaga voru nokkru hærri en hjá ríkinu. Það varð að samkomulagi milli viðkomandi stéttarfélaga og fjmrn. að starfsmönnum yrði bættur þessi munur þannig að starfsmaðurinn „verði að fullu eins settur og hann var áður“ eins og segir í yfirlýsingu þar um. Þannig varð til sú viðmiðun að greiddir voru 8 km vegna aksturs í hverja heimavitjun.

Þess má geta að þar til nýlega þurfti starfsmaður að leggja með sér bíl í heimavitjun í heilsugæslu. Hann hafði ekki þar val um. Þessum greiðslum var sagt upp fyrir þrem mánuðum og um það snýst deilan.

Frá upphafi hefur verið viðurkennt að greiðslurnar eru launauppbót enda hafa starfsmönnum nú verið boðnar launaflokkahækkanir í stað akstursgreiðslna. Þetta fyrirkomulag hefur einnig verið notað sem afkastahvetjandi kerfi án þess að það komi niður á gæðum þjónustunnar. Uppsagnir akstursgreiðslna eru ekki gerðar í sparnaðarskyni eins og kom fram hjá hæstv. heilbrrh. Önnur sjónarmið liggja þar að baki.

Lítið virðist bera í milli fulltrúa stéttarfélaga og yfirstjórnar heilsugæslunnar í Reykjavík um lausn málsins, svo lítið að það er ekki réttlætanlegt að halda sjúklingum í heimahúsum í óvissu. Heimahjúkrun er einn mikilvægasti þáttur í grunnþjónustu samfélagsins. Hún skiptir sköpum fyrir hundruð manna og gerir þeim kleift að búa heima þrátt fyrir skerta getu til sjálfsbjargar. Margur þyrfti að öðrum kosti að leggjast inn á stofnun með miklu meiri tilkostnaði.

Ég hvet aðila málsins til þess að binda enda á þetta ófremdarástand og ljúka samningum strax. Aðilar þurfa að sýna lipurð og sveigjanleika til að losa gamalt fólk, fatlaða og sjúklinga í heimahúsum undan óvissu. Margir þeirra finna fyrir kvíða og óöryggi og fjölskyldur þeirra eru í uppnámi vegna þessarar deilu. Deilunni verður að ljúka og það strax.

[14:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hinar sérstæðu deilur um fyrirkomulag akstursmála þeirra starfsmanna sem sinnt hafa heimahjúkrun í Reykjavík og Kópavogi valda því nú að réttur sjúkra, þ.e. skjólstæðinga heimahjúkrunar, er fyrir borð borinn. Alvarlegt ástand hefur skapast vegna deilunnar og heilbrrh. getur ekki setið hjá og látið deiluna stigmagnast án þess að koma að málinu. Heimahjúkrun er nauðsyn og jafnframt ódýr þjónusta við sjúka.

Það er ómaklegt að saka þá hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem starfað hafa við heimahjúkrun um að þeir sinni ekki almennilega starfi sínu þó að deila sé uppi um starfskjör.

Akstursgreiðslur eru allt frá árinu 1990 hluti af samkomulagi milli fjmrh. og BSRB um greiðslur fyrir akstur starfsmanna heimahjúkrunar. Það eru hverfisstjórar sem skipuleggja ferðir starfsmanna en ekki þeir sjálfir. Fyrirséð er að útskriftir af spítölum verði ekki eins og áður meðan málið er í hnút þar sem heimahjúkrun getur ekki tekið við þeim sem þurfa þjónustu. Ástandið mun því aðeins versna að óbreyttu, bæði fyrir núverandi skjólstæðinga og aðra sem gætu útskrifast. Kostnaður mun aukast og fyrirséð virðist að ekkert sparast eins og ætlað var.

Allt stefnir í að lagalegur réttur sjúkra til bestu heilbrigðisþjónustu sem veita má á hverjum tíma verði sniðgenginn á meðan þeim er ekki veitt sú hjúkrun og aðstoð sem þeir þurfa til verndar almennu heilbrigði sínu. Heilbrrh. ber að sjá til þess að lögum um heilbrigðisþjónustu sé framfylgt eins og þau mæla fyrir um en þar er réttur sjúkra settur í forgang. Heilbrrh. telur að góð tilboð liggi þegar fyrir frá vinnuveitendum til lausnar á deilunni og er í raun undrandi á að ekki skuli hafa tekist samkomulag. Væri ekki rétt að hæstv. ráðherra ræddi við hjúkrunarfólkið og beitti sér fyrir lausn á þessari einkennilegu deilu?

[14:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ræða hæstv. heilbrrh. kom mér sannast sagna mjög á óvart. Ég hélt að hér mundi birtast hinn sanngjarni ábyrgi maður sem vildi leysa þessa deilu. Það gerðist ekki.

Mér fannst anda köldu frá hæstv. ráðherra í garð starfsfólks heimahjúkrunar og skjólstæðinga hennar. Hann talar um kjarabætur og kröfur um kjarabætur. Það er enginn að tala um kjarabætur. Það er verið að koma í veg fyrir kjaraskerðingu og þegar talað er um að þetta sé gert til að byggja upp heimahjúkrun spyr ég: Er það gert með því að brjóta starfsfólkið niður?

Árið 1990 var gert samkomulag um yfirfærslu heimahjúkrunar frá sveitarfélögum til ríkis. Þá munaði nokkuð um hve lakar ríkið bjó að starfsfólki varðandi greiðslur fyrir akstur en tíðkaðist hjá sveitarfélögunum. Þá var gert samkomulag þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Bifreiðakostnaður verður greiddur samkvæmt reglugerð en það sem á kann að vanta að sú greiðsla sé sambærileg við núverandi greiðslur skal bætt með greiðslu sérstaks launaliðar og skal þá tekið tillit til þess að starfsmaðurinn verði að fullu eins settur og hann áður var."

Nú gerist það að þessum samningi er einhliða sagt upp. Það er brot á samningi, það er gróft brot á samningi. Það sem meira er að við þetta er fyrirsjáanlegt að kjör margra starfsmanna muni skerðast stórlega. Þeir líta á það sem uppsögn, þessa grófu kjaraskerðingu. Þegar svo var komið var sest að samningaborði og reynt að ná samkomulagi. Ég fullyrði að samkomulag væri í sjónmáli ef til þess væri vilji. Sá vilji er hvorki fyrir hendi hjá atvinnurekendahliðinni né hjá hæstv. heilbrrh. og fólkið hefur þurft að sæta ásökunum um vinnusvik og að standa sig ekki í starfi, grófum ásökunum, og meðan menn sitja við samningaborð er reynt að hafa störfin af fólkinu fyrir fullt og allt með því að auglýsa þau laus til umsóknar og fá síðan íhlaupafólk á miklu hærri launum, málaliðamarkaði, til að ganga í þessi störf.

Hvar er vilji hæstv. ráðherra? Hvers vegna kemur hann ekki á ábyrgan hátt fram í þessu máli og leysir úr því neyðarástandi sem skapast hefur í heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu? [Klapp frá þingpöllum.]

[14:08]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti biður áheyrendur um að hafa þögn í salnum meðan umræðan fer fram. Að vísu fékk hv. þm. ansi rúman ræðutíma. Það var yfirsjón forseta.

[14:09]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Leitt er að horfa upp á þá stöðu sem nú er komin upp varðandi heimahjúkrunina. Stefna stjórnvalda og heilbrigðisáætlunin sem samþykkt var á hv. Alþingi gengur út á að efla til muna heimaþjónustu og þá sérstaklega við aldraða með það að markmiði að þeir geti dvalist sem lengst á eigin vegum utan stofnana. Var því ákveðið að veita 50 millj. kr. fjárveitingu á ári næstu þrjú árin til að uppfylla þetta markmið. Einnig gerðu heilbrrn. og Reykjavíkurborg með sér samkomulag um samtvinnun félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík. Allt ber þetta vott um framtíðarsýn stjórnvalda og metnaðarfulla áætlun, áætlun sem nú gæti verið í uppnámi vegna uppsagna 37 starfsmanna miðstöðvar heimahjúkrunar.

Nauðsynlegt er að taka fram að áfram starfa 46 einstaklingar, jafnvel einstaklingar sem vinna sömu vinnuna en njóta ekki sömu kjara. Heilsugæslan hefur lagt fram tilboð um fyrirkomulag aksturs og hvernig hagræðing í akstursmálum verði nýtt til launahækkunar. Heilsugæslan telur að með tilboðum þeirra sé hún að ráðstafa allri hagræðingu þessa árs og geti ekki gengið lengra. Krafa okkar hlýtur að vera að deiluaðilar setjist við samningaborðið og semji, enda er ábyrgð beggja aðila gríðarleg gagnvart skjólstæðingum heimahjúkrunar, skjólstæðingum sem margir hverjir eiga allt sitt undir þeirri góðu heimahjúkrun sem innt er af hendi.

Ég vil að lokum segja að mér finnst afar ómaklegt að hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundur Jónasson, skuli segja að það andi köldu frá hæstv. heilbrrh. til skjólstæðinga heimahjúkrunar. Það hefur hann ekki gert sig sekan um.

[14:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er hreint óskiljanlegt hvað stjórnvöld ganga fram af mikilli óbilgirni gagnvart starfsfólki í heimahjúkrun þegar starfsfólkið er ekki að fara fram á neinar nýjar kjarabætur, heldur stendur einungis í varnarbaráttu fyrir þeim kjörum sem það þegar hefur. Það er nauðsynlegt að því sé haldið til haga að aksturssamningar voru vísvitandi notaðir til að bæta starfsfólki heimahjúkrunar upp þann mismun sem Reykjavíkurborg hafði borgað þeim umfram það sem ríkið vildi bjóða þegar það tók við heimahjúkrun á árinu 1991.

Það er því ekkert annað en hýrudráttur þegar rýra á kjör þorra þessa fólks um 300–400 þús. kr. á ári en bjóða því á móti tveggja flokka launahækkun, þ.e. um 60 þús. kr. á ári. Það er grundvallaratriði ef breyta á fyrirkomulagi akstursmála hjá heimahjúkrun og taka upp samninga um rekstrarleigubíla að starfsfólkið sem nú starfar hjá heimahjúkrun fái ígildi þeirrar kjaraskerðingar bætt með öðrum hætti. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Er ráðherrann reiðubúinn til þess, nú þegar hann skorar á starfsfólk úr þessum ræðustól að snúa aftur?

Nei. Harkan og óbilgirnin af hálfu heilbrigðisyfirvalda er svo mikil að meira að segja er hafnað sanngjörnum óskum starfsfólksins sem einungis fer fram á að hluti kjaraskerðingarinnar verði bættur. Þó munaði heilbrigðisyfirvöldin ekkert um að bjóða einkaaðilum 2.400 kr. á tímann fyrir að ganga inn í störf þessa fólks sem fær um 1.300 kr. á tímann með launatengdum gjöldum. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að skapa þau skilyrði að hægt sé að aflétta því neyðarástandi sem sjúkir búa nú við og semja við starfsfólk heimahjúkrunar með viðunandi hætti, og það strax. Starfsfólk heimahjúkrunar sparar skattgreiðendum á hverjum degi stórfé með því að gera langveiku fólki kleift að búa eins lengi og kostur er heima, fremur en að vistast á stofnunum sem er líka margfalt dýrara fyrir samfélagið.

[14:13]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Allt er þetta mál sérstakt þegar litið er til aprílmánaðar 2003. Þá er þessi deila í algleymingi en lausnardagur þá 29. apríl. Þá er viðtal við forstjóra heilsugæslunnar í Reykjavík sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Okkar áætlanir gerðu ráð fyrir að um 15 milljónir spöruðust á þessu ári með þessum aðgerðum en við höfðum hvort eð er ætlað okkur að beina þeim að mestu leyti til hækkana á launum þeirra sem starfa við þetta. Við reiknuðum ekki með að standa beinlínis eftir með mikinn sparnað í rekstrinum en

hins vegar var það skoðun okkar að þetta hefði leitt til betri þjónustu."

Nákvæmlega sama texta má lesa í Fréttablaðinu í dag þar sem Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri heilsugæslunnar, segir að kostnaður við samninga um nýtt aksturskerfi sem heilsugæslan hefði boðið væri svipaður og verið hefði í því kerfi sem heilsugæslan væri nú að leggja niður. Hvert er þá deiluefnið? Um hvað snýst þessi deila? Snýst hún um að bæta gæði þjónustunnar með því að taka bíla á rekstrarleigu til þess að afnema þessar greiðslur til þessara heiðurskvenna sem eiga allt gott skilið og stunda óeigingjarnt starf í þágu lands og þjóðar? Ég verð að segja að þegar líka kemur hljóð frá embættismönnum sem segja: Ja, við ætlum ekki að láta gera okkur afturreka í þriðja sinn, segir það manni að það er ekki allt sem sýnist í þessu máli.

Virðulegi heilbrrh.: Hvers vegna er þessi deila upp komin nú enn einu sinni? Efnið er nákvæmlega eins og það var fyrir ári síðan. Það hefur ekkert breyst, bara að bæta gæði þjónustunnar með því að taka bíla á rekstrarleigu. Þvílík vitleysa. (**Gripið fram í:** Hver á bílasölurnar?)

[14:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Starfsemi heimahjúkrunar er ákaflega mikilvægur þáttur heilbrigðisþjónustu sem gerir stórum hópi sjúklinga kleift að búa sjálfstætt þrátt fyrir að þurfa nauðsynlega á þjónustunni að halda. Þetta er mjög persónuleg þjónusta, byggð á trausti milli sjúklinga og þeirra sem annast þá. Öll óvissa í þessum málum er af hinu illa, bæði fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Kjaradeilur skapa nú alvarlega óvissu í heimahjúkrun og þessi kjaradeila er óþörf.

Ekki er hægt að segja að tilefnið sé stórt, deilt er um akstur bifreiða. Hefur virkilega verið reynt til þrautar að ná samkomulagi? Hvers vegna hafa stjórnvöld, með hæstv. heilbrrh. í fararbroddi, ekki gripið inn í deiluna áður en allt fór í óefni?

Það er ekki erfitt að trúa því að neyðarástand blasi við þegar manni er tjáð að 40 starfsmenn af 67 sem fara í vitjanir til sjúklinga í heimahúsum í Reykjavík hafa lagt niður störf. Þingmenn Frjálsl. hafa lýst því viðhorfi að þótt þeir séu hlynntir aðhaldi og góðri nýtingu á þeim fjármunum sem fara í heilbrigðismál styðji þeir ekki að nauðsynleg þjónusta við sjúka, aldraða og öryrkja verði skert. Þurfi auknar tekjur til að viðhalda góðri þjónustu við áðurnefnda þjóðfélagsþegna veljum við hiklaust aukna tekjuöflun ríkisins.

Heilbrigðiskerfi okkar stenst alþjóðlegan samanburð í mjög mörgu þó ýmislegt megi laga. Ég trúi ekki öðru en almenningur hljóti að gera þá sjálfsögðu kröfu að deilan verði leyst fljótlega. Hæstv. heilbrrh. ber hreinlega skylda til að leysa málið snarlega og þótt fyrr hefði verið.

[14:17]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Hér er rætt um afar brýna og mikilvæga heilsugæslu og eins og oft áður er byrjað á öfugum enda, með kerfisbreytingu. Bílar eru teknir á leigu og síðan á að semja.

Bílar í rekstrarleigu eru afar dýrir, þeir eru miklu dýrari en ef maður kaupir bíl sjálfur. Það má færa sterk rök fyrir því að sparnaðurinn sé enginn og til þessa hefur ríkið talið ódýrara að borga kílómetragjald fyrir notkun bíla starfsmanna frekar en að það eigi þá sjálft. Maður spyr: Hvað gengur ríkinu til að stefna afar brýnni, viðkvæmri og persónulegri þjónustu í hættu? Bara það að vinna traust sjúklingsins tekur langan tíma. Þessi sparnaðartillaga, þessi hagræðing er undir dulnefninu — eins og svo oft áður — aukin þjónusta. Eins og bílarnir skipti einhverju máli við sjúkrarúmin.

Ef hér er ekki verið að skera niður þá er um að ræða uppskurð þar sem mikilvægustu innri líffæri kerfisins eru numin í burtu. Enn á ný upplifir maður að þessar aðgerðir beinast fyrst og fremst gegn konum, konum sem sinna umönnun sjúkra og aldraða. Enn og aftur er höggvið að kjörum þeirra. Þetta er kvenfjandsamleg stefna.

Var ekki launamisréttið nægilegt fyrir? Það er nýbúið að dreifa hér skýrslu frá forsrh. um efnahagsleg völd kvenna sem sýnir það glöggt. Er ekki mál að hinni kvenfjandsamlegu stefnu linni, hæstv. heilbrrh.?

[14:19]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Nú er uppi afleit staða varðandi heimahjúkrun í Reykjavík. Fjöldi starfsfólks hefur hætt störfum og það snertir mjög hagsmuni þeirra fjölmörgu sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Sú deila sem nú er uppi er fyrst og fremst tilkomin vegna ágreinings um akstursgreiðslur sem starfsmenn hafa notið. Við skoðun á því hvernig greiðslurnar hafa verið framkvæmdar virðist mér að þar sé á ferðinni óeðlilegt fyrirkomulag sem er ekki í samræmi við það sem almennt gerist hjá opinberum starfsmönnum. Starfsmenn hafa fengið greitt fyrir tiltekna fasta vegalengd fyrir hverja vitjun, óháð raunverulegri aksturslengd. Skattyfirvöld hafa í langan tíma gert alls kyns athugasemdir við meðferð akstursgreiðslna og fjmrn. hefur beitt sér fyrir því að koma þessum málum almennt í eðlilegt horf hjá opinberum starfsmönnum.

Sama hlýtur að eiga við í því máli sem hér er til umræðu. Sú almenna regla er í gildi að greiðslur fyrir akstur eru samkvæmt aksturskýrslum þar sem fram kemur hve mikill raunverulegur akstur er hverju sinni. (**Gripið fram í:** Ekki hjá þingmönnum.) Akstursgreiðslur eiga ekki að vera launauppbætur, hv. þm. (**Gripið fram í:** Ekki hjá þingmönnum.) heldur eiga þær að bera uppi eðlilegan rekstrarkostnað bifreiða miðað við tiltekinn raunverulegan akstur í þágu starfs. Ég hélt að þetta væri nokkuð ljóst og beini því m.a. til hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Hann hlýtur að skilja þetta.

Þess má geta að heilsugæslan hefur sætt ámæli fjmrn. vegna þess fyrirkomulags sem verið hefur í gildi og nú hafa verið gerðar ráðstafanir til lausnar. Um það stendur hins vegar deila málsaðila, m.a. hvernig komið verður til móts við starfsmenn að breyttu fyrirkomulagi.

Þegar tveir deila hafa yfirleitt báðir aðilar eitthvað til síns máls, hæstv. forseti. Ég ætla ekki að gerast dómari í málinu eins og sumir hv. þm. hafa gerst í umræðunni. Hitt er augljóst að niðurstaða verður að nást sem allra fyrst svo Heilsugæslan í Reykjavík geti mannað þau störf sem hér um ræðir til að hinir fjölmörgu skjólstæðingar heimahjúkrunar fái notið þeirrar þjónustu sem stjórnvöld vilja að þeir njóti. Aukið fjármagn hefur verið veitt til þess að efla heimahjúkrun og lýsir það m.a. þeirri áherslu sem lögð er á þessa þjónustu.

Ég vil enda mál mitt á því að hvetja aðila málsins til að finna lausn á málinu sem allra fyrst.

[14:21]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ræða hæstv. heilbrrh. olli mér miklum vonbrigðum. Það kom fram í svari hans að það var ekki gerð krafa um sparnað á þessum rekstrarlið og það er ekki verið að leita eftir sparnaði, en aftur á móti á það að leiða til

aukinnar og betri þjónustu að aka um á kauprekstrarbílum í stað eigin bíla. Það kom ekkert fram í máli hæstv. ráðherra um hvernig hann ætlaði að grípa inn í þessa kjaradeilu eins og hann lýsti í grein sem birtist í Fréttablaðinu um helgina. „Grípa verður til aðgerða", segir ráðherra „ef deilan leysist ekki."

Ljóst er að ef hæstv. heilbrrh. grípur ekki þegar til aðgerða mun fljótlega ríkja algert neyðarástand hjá stórum hluta skjólstæðinga heimahjúkrunar og fjölskyldum þeirra. Starfsemi sjúkrahúsanna mun raskast það mikið að sparnaðaraðgerðir geta ekki gengið eftir. Skerðing heimahjúkrunar hefur þegar haft þau áhrif að Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefur ekki getað útskrifað sjúklinga í heimahús, eins og fram kom í fréttum í dag.

Þetta er kjaradeila sem stéttarfélögin hafa komið að og sýnt fulla ábyrgð og reynt að ná sáttum og óásættanlegt að deila sem þessi um akstursfyrirkomulag skuli bitna á þeim sem síst skyldi.

Heilbrrh. hefur viljað bíða átekta en það verður ekki lengur beðið. Stjórnvöld bera fulla ábyrgð í þessu máli. Heimahjúkrun er ódýr heilbrigðisþjónusta sem á að byggja upp og auka um land allt. Ef heimahjúkrunin er ekki til staðar eiga skjólstæðingar heimahjúkrunar oft engan annan kost en að dveljast á stofnun eða binda fjölskylduna í umönnunarstörf. Þar með erum við komin áratugi aftur í þjónustustigi og nútímaheilbrigðisþjónustu.

Frú forseti. Ástand heimahjúkrunar í tveimur fjölmennustu sveitarfélögum landsins er því ekki hægt að lýsa sem skerðingu á þjónustu. Nær væri að lýsa því sem neyðarástandi þegar meiri hluti hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða hefur hætt störfum.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vísa því algjörlega á bug að það andi köldu milli mín og þeirra hjúkrunarfræðinga sem hafa sagt upp störfum. Ég hef í þeim orðum sem ég hef haft um málið hvatt menn til að ná samkomulagi, hvatt menn til að setjast niður, fara yfir málið upp á nýtt og leita leiða til að leysa það. Það er nauðsynlegt vegna þess að hér er um bráðnauðsynlega þjónustu að ræða.

Varðandi þá sem hafa lagst í söguskýringar á málinu, samstarfsmenn mínir í ríkisstjórn, vil ég minna á að til er nokkurra ára gamalt bréf frá fjmrn. þar sem þess er krafist að kerfið sé lagt af. Þess vegna er verið að taka þetta upp. Menn skulu bara kannast við það hér að þess vegna er verið að tala um að leggja þetta kerfi af. Þess vegna er verið að bjóða launahækkanir í staðinn fyrir þetta kerfi, og deilan snýst um það. (**Gripið fram í:** ... semja um málið.) Það er einmitt það sem ég sagði í fyrri orðum mínum, að það ber að leita leiða til að semja um málið og það er ekki verið að einkavæða þessa þjónustu. Það var gerð tilraun til að semja við fyrirtæki í Kópavogi til að koma að og hjálpa til meðan þetta ástand varir (**Gripið fram í:** ... brjóta niður ...) og það er mjög slæmt, ef rétt er að verið sé að reyna að koma í veg fyrir að þessi þjónusta sé veitt.

Ég vísa öllum ásökunum á bug um að það andi köldu frá mér. Ég endurtek að þetta mál þarf að leysa.

Yrkisréttur, 1. umr.

Stjfrv., 613. mál (EES-reglur, plöntuyrki o.fl.). — Þskj. 921.

[14:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 921, sem er jafnframt 613. mál, en um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að lögleiða þann hluta tilskipunar 98/44 Evrópuþingsins og ráðsins frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni sem fjallar um plöntuyrki og nánar tiltekið þau ákvæði reglugerðar nr. 2100/94 hjá Evrópusambandinu sem vísað er til í tilskipuninni. Einnig er um að ræða nokkrar breytingar sem eru nauðsynlegar vegna umsóknar Íslands um aðild að alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja, UPOV-samningnum, sem síðar verður gerð grein fyrir.

Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar 31. janúar 2003 var tekin ákvörðun nr. 20/2003 um að breyta XVII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Samkvæmt stjórnskipun okkar Íslendinga þarf samþykki Alþingis til að staðfesta ákvörðun þessa sem kallar á viðeigandi lagabreytingar hér á landi.

Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á fyrrgreindri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003. Var þingsályktunin samþykkt.

Tilskipunina ber í meginatriðum samkvæmt efni sínu að lögleiða með breytingum á einkaleyfalögum nr. 17/1991. Plöntuyrki eða plöntuafbrigði eru hins vegar undanþegin ákvæðum einkaleyfalaga nr. 17/1991 en njóta annars konar verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 58/2000, um yrkisrétt. Er því miðað við að meginefni tilskipunarinnar verði lögfest með breytingum á einkaleyfalögum, en að sá hluti tilskipunarinnar sem fjallar um plöntuyrki verði lögfestur með frv. þessu.

Í þeim ákvæðum tilskipunar 98/44 sem fjalla um plöntuyrki er í flestum tilvikum vísað um efnisatriði til reglugerðar ráðsins nr. 2100/94EB um vernd plöntuafbrigða. Sú reglugerð er þó ekki hluti af EES-samningnum en vegna þess að önnur ákvæði tilskipunarinnar byggja í nokkrum atriðum á þeim skilgreiningum og efnisákvæðum sem þar koma fram er óhjákvæmilegt við lögleiðingu á þessum ákvæðum tilskipunarinnar að taka upp í íslenska löggjöf þau ákvæði reglugerðar nr. 2100/1990EB um plöntuyrki sem tilskipunin vísar til.

Á yfirstandandi þingi, 130. löggjafarþingi Alþingis, hefur iðnrh. nú þegar lagt fram frv. til laga um breytingu á einkaleyfalögum, nr. 17/1991, í samræmi við ákvæði fyrrgreindrar tilskipunar 98/44. Í frv. iðnrh. er um þau ákvæði tilskipunarinnar sem fjalla um plöntuyrki vísað til þess frv. sem ég mæli nú fyrir.

Jafnframt er í frv. að finna nokkrar breytingar sem eru tilkomnar vegna umsóknar Íslands um aðild að alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja frá 2. desember 1961 með breytingum sem gerðar voru í Genf á árunum 1972, 1978 og 1991, en með þeim er ætlunin að samræma betur ákvæði laganna og samningsins.

Umsókn Íslands um aðild að UPOV-samningnum er nú til meðferðar hjá alþjóðlegri stofnun um framkvæmd samn-

ingsins en forsenda þess að umsóknin verði samþykkt er að ákvæði íslenskrar löggjafar um yrkisrétt sé í samræmi við samninginn. Í frv. þessu eru því lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 58/2000 sem nauðsynlegar eru til að samræma ákvæði laganna um samninginn.

Frumvarpið felur ekki í sér miklar efnislegar breytingar. Fremur er um að ræða að ákvæði verði skýrari og ítarlegri.

Helstu efnisákvæði frv. eru þessi:

1. Gildissvið laganna og hugtakið yrki er skilgreint en lögin gilda um allar ættkvíslir og tegundir plantna, þar með talið blendinga ættkvísla og tegunda, svo og plöntuhópa samkvæmt nákvæmustu þekktu flokkun grasafræðinnar með nánar tilgreindum skilyrðum.

Í 2. gr. frv. er að finna skilgreiningar á hugtökum sem byggt er á víða í tilskipun 98/44 og er því nauðsynlegt að lögfesta þau m.a. til að tryggja að fullt samræmi sé á milli ákvæða einkaleyfalaga nr. 17/1991 annars vegar og laga nr. 58/2000, um yrkisrétt, hins vegar.

2. Sérstakt ákvæði er um undanþágu frá rétti yrkishafa sem gildir eingöngu um bændur og uppskeru af tilteknum tegundum fjölgunarefnis sem þeir hafa ræktað sjálfir á eigin landi sem hefur takmarkaða ræktunargetu og er háð öðrum skilyrðum.

3. Sérstakt ákvæði er um víðtækan rétt til nauðungarleyfis að því er varðar réttindi yrkishafa og gagnkvæm réttindi yrkishafa og einkaleyfishafa að þessu leyti. Svonefnd nauðungarleyfi eru sambærileg og gagnkvæm ákvæði eru í áðurnefndu frv. iðnrh. um breytingu á einkaleyfalögum.

4. Önnur ákvæði frv. fela í sér minni háttar breytingar á orðalagi og lagfæringar á einstökum ákvæðum laganna til þess að frv. samræmist betur ákvæðum tilskipunar 98/44 og UPOV-samningsins.

Í fylgiskjali með frv. er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar sem fylgir frv.

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er einungis verið að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, til þess að efna samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum eða þann hluta tilskipunar 98/44 sem varðar plöntuyrki og réttindi til þeirra, svo og að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til að Ísland geti orðið aðili að UPOV-samningnum. Ísland hefur nú þegar sótt um slíka aðild en umsókn Íslands verður ekki afgreidd fyrr en viðhlítandi breytingar hafa verið gerðar á lögunum. Í ljósi þessara staðreynda tel ég ljóst að óhjákvæmilegt sé að það frv. sem hér liggur fyrir verði að lögum. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um tilurð og efni frv. eða hafa mál mitt lengra að svo stöddu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[14:35]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. fjallar frv. sem hér liggur fyrir um uppfinningar í líftækni, þ.e. um einkaleyfisrétt á uppfinningum í líftækni og vernd þeirra.

Þegar frv. er lesið yfir virkar það óneitanlega, a.m.k. á mig, æðiframandlegt að mörgu leyti, bæði hvað varðar efni og orðaforða sem notaður er í því og jafnframt íslensk orð sem notuð eru í skrýtnu samhengi. Ég ætla því að nýta mér tækifærið til að fá útskýringar hæstv. ráðherra á vangaveltum mínum um frv.

Í fyrsta lagi er augljóst að verið er að yfirfæra frv. frá Evrópu yfir á Ísland. Lögin eiga að taka til yrkja allra ættkvísla og tegunda plantna og þar með talið blendinga ættkvísla og tegunda. Í greinargerð með frv. stendur að markmiðið með því sé að gera það ítarlegra og skýrara en fyrri lög sem í gildi eru. Með tilliti til þess er sérstaklega umhugsunarvert að lesa þurfi hverja og eina grein mörgum sinnum yfir til þess að fá einhvern botn í það hvað í raun og veru verið er að tala um og standa eftir sem áður oft uppi án þess að skilja fyllilega hvað um er rætt eða vera viss um að skilningurinn sem maður heldur að maður hafi sé réttur. Ef ég tek t.d. 4. gr. stendur þar, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að yrkisréttur hefur verið veittur þeim sem ekki á rétt til hans nema hann sé yfirfærður til þess sem á slíkan rétt."

Í skýringum við 4. gr. stendur með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði þetta er sett til þess að tryggja að ákvæði 14. gr. laganna sé í fullu samræmi við 21. gr. UPOV-samningsins en þennan c-lið vantar í 14. gr. laganna til þess að greinin sé að öllu leyti í samræmi við 21. gr. UPOV-samningsins. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa."

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þetta er ekki nóg skýring fyrir mig og mig langar að biðja hæstv. landbrh. að segja mér á eftir um hvað verið er að ræða í þessari grein.

Í 5. gr. laganna kemur tilvik þar sem mér finnst notkun á íslensku máli afar framandleg en í skýringunum við greinina er talað um andlag yrkisréttar. Ég kannast vel við andlag og frumlag en mig langar að biðja ráðherrann að skýra fyrir mér hvað andlag yrkisréttar er. Hann hlýtur að skilja það alveg upp á punkt og prik. Mér finnst þetta eins og ég sagði áðan mjög mikilvægt þar sem þetta á að vera skýrt og skilmerkilegt frv. og auðvitað öllum ljóst hvað þetta þýðir.

Í 5. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Yrkisréttur nær til þess yrkis sem skráð er samkvæmt lögum þessum. Yrkisréttur gildir einnig um:

a. yrki sem eru í öllum aðalatriðum komin af vernduðu yrki, enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum."

Þetta er mjög einfalt, ekki satt? Síðar í sömu grein stendur:

„Yrki telst í skilningi a-liðar 1. mgr. komið af öðru yrki í öllum aðalatriðum þegar:

a. það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið af upphafsyrkinu og heldur þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins."

Enn bið ég ráðherrann að skýra fyrir mér hvað þetta þýðir.

Í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Yrkisréttur felur í sér að aðrir en yrkishafi mega ekki án hans samþykkis nýta stofnþætti yrkis eða uppskeru af hinu verndaða yrki með eftirfarandi hætti:

a. framleiða eða fjölga,

b. undirbúa til fjölgunar.

Og síðan koma fleiri liðir. En í þessu dæmi dettur mér í hug að spyrja ráðherra: Hvað t.d. með kartöflur? Hvernig á þessi grein við um kartöflurækt?

Síðan er í þessari grein reyndar fjallað um bændur sem geti í sérstökum tilvikum fengið undanþágu til þess að nota yrki við framleiðslu á eigin landi og reyndar er fjallað nánar um það í 9. gr. Þar eru líka orð sem mig langar að biðja ráðherrann að skýra fyrir mér. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Til að vernda landbúnaðarframleiðslu er bændum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 17. gr., að nota uppskeru af

eigin landi til ræktunar á yrkjum af tilgreindum tegundum á eigin landi enda sé ekki um að ræða blendingsyrki eða samsett yrki.“

Hvað eru blendingsyrki og samþykkt yrki og hvernig eru þau frábrugðin þeim umræddu yrkjum sem verið er að sækja um einkaleyfi á og eru umfjöllunarefni í þessu lagafrv. Síðar í sömu grein segir, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að krefja bændur um nytjaleyfisgjald fyrir nýtingu yrkis skv. 1. mgr. ef framleiðsla þeirra á nytjajurtum skv. 2. mgr. fer fram á landi sem ekki getur gefið af sér meira en 92 tonna uppskeru af korntegundum en magn annarra nytjajurta miðast við sömu stærð lands.“

Mér finnst athyglisvert að mælistikan sem notuð er þarna er korn en vitað er að á Íslandi er ekki hægt að rækta korn nema á tilteknum svæðum og reyndar ekkert á mjög mörgum svæðum. Þetta finnst mér vera dæmi um það þegar verið er að yfirfæra erlendar lagagreinar yfir á Ísland og mér hefði þótt eðlilegra að taka annað viðmið en korn, viðmið sem getur átt við alls staðar á Íslandi.

Í 10. gr. laganna finnst mér líka koma fram athyglisvert umhugsunarefni. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum og í þeim mæli og með þeim hætti sem nauðsynlegt er til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni getur sá sem vill hagnýta yrkið farið fram á nauðungarleyfi, fyrir dómstólum, svo framarlega sem ekki eru haldbær rök fyrir vanrækslu yrkishafa.“

Þarna er bara verið að tala um matvælaframleiðslu og aðra framleiðslu mikilvæga almannahagsmunum. En samkvæmt því sem segir fyrst í lagafrv. taka þessi lög til yrkja allra ættkvísla og tegunda plantna, þar með talið blendinga ættkvísla og tegunda. Mér er því spurn hvað t.d. um rósarækt sem er einmitt umtalsverð í kjördæmi hæstv. ráðherra eða tré, verður það þá að falla undir mikilvæga almannahagsmuni ef viðkomandi einstaklingur á að geta nýtt sér þetta atriði í frv.? Ég tel að um mikilvæga einstaklingshagsmuni geti verið að ræða án þess að um sé að ræða mikilvæga almannahagsmuni og að taka þurfi tillit til þess í frv.

Ég legg áherslu á það að lokum að ég vonast eftir því að fá skýringar frá ráðherranum, en í athugasemdum við lagafrv. stendur að því sé ætlað að gera ákvæðin skýrari og ítarlegri en ákvæði fyrra frv. Ég bíð því spennt eftir að heyra skýringar ráðherra þannig að hægt verði að fara með þær í landbn. til umræðu.

[14:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég útskýrði nokkuð greinilega og í þokkalegu máli hvers vegna málið er flutt, í stuttri en ítarlegri ræðu. Ég get tekið undir með hv. þm. að margt er göldrótt í textanum og flókið að virðist við fyrstu sýn, en ég held að öllum sé ljóst sem á mál mitt hlýddu að þetta snýr að samningi sem við höfum gert, EES-samningnum, og umsókn sem send hefur verið þannig að við viljum gerast aðilar að samningi UPOV. Ég vona að ræða mín hafi skýrt þetta nokkuð.

Hvað flókin orð varðar þá eru einkaleyfi alltaf flókin, hafa verið það og eru kannski enn þá flóknari annars staðar í Evrópu en hér. Hv. þm. á sæti í landbn. og sérfræðingar mínir í ráðuneytinu, sem unnu málið og gjörþekkja það, munu koma til fundar við nefndina og fara yfir þingmálið þar. Þó að ég þekki hluta málsins ætla ég því ekki að fara út í flækjur hér að útskýra andlag yrkisréttar. Ég held að þetta sé, eins og hv. þm. veit, mikilvægt gagnvart þeim samningi sem við gerðumst aðilar að og að Íslendingar haldi frumkvæði sínu og réttindum sínum og einkaleyfum í sinni náttúru. Að því snýr málið.

Það kann vel að vera að landbn. lagi orðalagið og textann og eitthvað hljóði það á eftir á skagfirska vísu. Ekki ætla ég að útiloka að málið megi bæta bæði að málfari og gera það skýrara. Ég viðurkenni að margt í texta frv. er mér sem venjulegum manni flókið. Frumvarpið er samið af sérfræðingum á þessu sviði og lagt fram sem slíkt samkvæmt alþjóðasamningi, þannig ber ég það fram til þingsins og fel síðan hv. landbn. að fullvinna málið og kalla til þá aðila sem þar ber að koma að, bæði til að fara yfir þýðingu málsins og texta þess og gera það sem best úr garði svo að það geti orðið að lögum.

[14:49]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með ræðu hæstv. ráðherra því að ég hefði talið að honum væri sómi að því að geta skýrt og sýnt það í ræðustól Alþingis að hann skilji alveg fullkomlega frv. sem hann er að leggja fram. Mér sýnist því miður ekkert benda til þess.

Ég skil og veit af hverju frv. er lagt fram. Það er eitt af því sem er alveg skýrt í textanum og skýringunum við frv. Hins vegar er ekki aðalatriðið hvers vegna það er lagt fram, heldur að efni þess sé skýrt og að það sé viðeigandi fyrir íslenskar aðstæður. Ég var m.a. að reyna að benda á það í ræðu minni áðan að það er það ekki að mínum dómi.

Auðvitað koma sérfræðingar til okkar frá ráðuneytinu til að fjalla um þessi mál en ég verð að segja það aftur, frú forseti, að mér hefði þótt ánægjulegra að fá einhverjar skýringar á efni frv. eða við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra.

[14:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég flutti ræðu mína áðan var töluvert skvaldur í salnum og menn voru að ganga hér út. Ég býst við að hv. þm. hafi ekki lagt mikið á sig til að hlusta á ræðuna, hún var nokkuð afdráttarlaus og skýr og ég held á sæmilegu mannamáli.

Ég get farið yfir ræðuna aftur og flutt hana á nýjan leik fyrir hv. þm. eða afhent henni hana á eftir. Málið er mjög augljóst. Það er út af samningi sem við höfum gert á alþjóðavísu og snýr að gildissviði laga og hugtakið „yrki“ er skilgreint, það þarf að skilgreina það í þinginu. Það gildir um allar ættkvíslir og tegundir plantna. Ég hygg að helstu efnisákvæði frv. sem ég rakti í lokaorðum mínum hafi bara verið mjög skýr.

Ég fer ekki að láta toga út úr mér tunguna og útskýra einhver flókin lagaorð í textanum sem þarf kannski að sumu leyti, eins og hv. þm. sagði, að fara yfir og velta þeim fyrir sér varðandi íslenskar aðstæður o.s.frv. Ég treysti hv. landbn. fullkomlega til þess. Mínir menn, sem þekkja frv. vel, munu koma, eins og ég sagði, til fundar við nefndina og fara yfir það þannig að ég held að þingið þurfi ekki að taka meiri tíma í þetta mál á þessu stigi.

[14:52]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get fullvissað hæstv. landbrh. um það að ég hlustaði á ræðu hans af athygli. Í henni komu fram ágætar skýringar á því hvers vegna frv. er lagt fram, enda

kemur það líka mjög skýrt fram í skýringum við frv. En mín skoðun er sú að þingmönnum beri að skilja það sem þeir eru að samþykkja. Þess vegna legg ég fram þessar spurningar mínar fyrir ráðherrann.

[14:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki get ég tekið að mér að láta 63 þingmenn skilja allt sem ég segi. Svo ólíkur er hugarheimur þess fólks að ég ræð aldrei við það í einni ræðu og þarf þá að tala hér oftar og meira en ég vil. (Gripið fram í.)

[14:53]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið snýst ekki um hvort eingöngu 63 þingmenn skilji þegar búið er að samþykkja frv. og það er gert að lögum. Það snýst um að þeir sem eiga að vinna eftir lögunum og að allur almenningur í landinu eigi greiðan aðgang að því að skilja það sem við samþykkjum.

Ég vil fyrir það fyrsta ítreka, af því að ég las frv., spurningu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, þ.e. hvort ýmsar tegundir blóma og grænmetis sem verið er að framleiða í dag falla undir þetta sérkennilega frv. Þar á meðal, eins og hv. þm. nefndi sérstaklega, rósaræktina.

Mér sýnist, eins og 1. gr. segir, að:

„Plöntuhópar samanstanda af heilum plöntum eða plöntuhlutum ef með hlutunum má rækta heilar plöntur, hvort tveggja í lögum þessum nefnt stofnþættir yrkis."

Það segir mér að fjölgun rósa á stilkum er stofnþáttur yrkis.

Mér sýnist á athugasemdum við lagafrumvarpið að við séum ekki orðin aðilar að samningnum sem hæstv. ráðherra sagði að við værum orðin, heldur hafi verið sótt um 2. des. 1996, það sé því enn þá í skoðun.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Eru einhverjar plöntur eða einhverjir plöntuhópar sem nú þegar eru á válista gagnvart ákvæðum frv. þar sem framleiðslan er í höndum eins aðila og hefur í raun og veru ekki verið fjölförlduð annars staðar og einkaréttur til staðar en framleiðsla mjög lítil? Það á kannski við blómabændur og aðra. Eru einhverjar plöntur á válista samkvæmt frv.?

[14:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki ekki hvort einhverjar plöntur eru á válista samkvæmt frv. Ég hef reynt að skýra að þetta er framhald af EES-samningunum sem ég rakti í ræðu minni og er vel rakið í frv.

Hæstv. forseti. Ef þingheimur vill get ég flutt frv. á nýjan leik og lesið skýringargreinar við það, ef menn eru það tornæmir og treysta sér ekki til að senda málið til nefndar. Frumvarpið er ekki orðið að lögum, verið er að leggja það fram til umfjöllunar í þinginu og vísa því til nefndar til að þar fari fram sú fagvinna sem við þekkjum og er gjarnan vel unnin í þinginu.

Þetta er, eins og ég sagði áðan, flókið mál og sértækt en snýr að íslenskum aðstæðum og að við höfum þar okkar stöðu eins og aðrar þjóðir sem aðilar eru að þeim samningi. Ég sagði áðan að við hefðum sótt um aðild að samningi en værum ekki orðin aðilar. Frumvarpið er lagt fram sem frv. til vinnslu og þannig legg ég það fram og tel að margt sé auðskiljanlegt í því og ekkert voðalega flókið þegar menn fara að skoða það eins og ég rakti áðan í ræðu minni.

[14:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er ekki um að ræða að þingmenn séu eitthvað tornæmir á það sem í frv. stendur. Málið á frv. er afar erfitt aðgöngu, maður þarf að lesa það mjög nákvæmlega og einnig skýringarnar. Hæstv. ráðherra þarf ekki að lesa skýringarnar aftur vegna þess að ræða hans voru athugasemdirnar við frv., ég hlustaði nefnilega gaumgæfilega á ræðuna.

Setjum nú svo að bóndi sem á að vinna eftir þessu, garðyrkjubóndi, fái 5. gr. á þennan hátt. Í athugasemdum við 5. gr. kemur fram að í 2. mgr. sé tekið fram að ákvæði greinarinnar gildi einnig um yrki sem eru að einhverju leyti frábrugðin vernduðu yrki, þ.e. yrki getur verið verndað samkvæmt yrkisrétti þótt það sé frábrugðið vernduðu yrki í einhverjum atriðum ef það er komið af verndaða yrkinu í öllum aðalatriðum. Í 3. mgr. er jafnframt skilgreint hvenær yrki telst komið af öðru yrki í öllum aðalatriðum.

Þegar svona texti er settur í frv. — og það er auðvitað ekki sök hæstv. ráðherra — er það ábending til þingsins um að slík vinnubrögð séu ekki viðhöfð. Það verður að vanda lagasetningu meira en hefur verið gert. Það er ekki hægt að ætla þingmönnum að fara í gegnum 1. umr., hæstv. forseti, með plagg eins og þetta, þó svo að lesnar séu útskýringarnar allar og athugasemdir við einstakar greinar, og vel að merkja, þetta sem ég las upp, hæstv. forseti, er athugasemd, það er ekki 5. gr. eins og hún kemur fram í frv. heldur útskýring.

Þetta er ekki hægt. Þetta eru ekki góð vinnubrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (búseta, EES-reglur). — Þskj. 360, nál. 960.

[14:59]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða smávægilega breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þeirri niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að 3. og 4. mgr. 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, brjóti gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Stofnunin skoðaði ákvæði laganna sérstaklega vegna álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3042/2000 varðandi rétt námsmanns frá Finnlandi til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna, en viðkomandi hafði upphaflega verið synjað um námslán úr sjóðnum þrátt fyrir að hann hefði verið búsettur hér á landi frá árinu 1993. Með hliðsjón af niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA er því lagt til í frv. að réttur íslenskra ríkisborgara og annarra íbúa á Evrópska efnahagssvæðinu til námslána verði samræmdur. Gert er ráð fyrir að texti 3. mgr. 13. gr. gildandi laga verði felldur brott, en í honum er að finna eftirtalin skilyrði fyrir námslánarétti sem ekki samrýmast skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið:

1. ríkisborgari EES-ríkis skuli hafa starfað í fimm ár á Evrópska efnahagssvæðinu,

2. slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli vera launamaður, þ.e. ekki sjálfstætt starfandi,

3. slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli fortakslaust stunda starfstengt nám,

4. maki slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám,

5. börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli fortakslaust vera yngri en 21 árs,

6. börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám.

Þess í stað er lagt til að lögfest verði málsgrein með tilvísun í aðrar réttarheimildir er tæma réttarstöðu ríkisborgara EES-ríkja er starfa hérlendis hvað varðar námslánarétt.

Jafnframt er það gert að skilyrði samkvæmt frumvarpinu að lánþegi, hvort sem hann er íslenskur eða ríkisborgari annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, hafi haft fasta búsetu á Íslandi í tvö ár samfellt eða haft fasta búsetu hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán fyrir og ákvæði gildandi laga sem áskilur lögheimili um eins árs skeið áður en nám hefst fellt brott.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta skrifa Gunnar Birgisson frsm., Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Atli Gíslason, Sigurður Kári Kristjánsson og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóntækjafræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál (sjónmælingar og sala tækja). — Þskj. 414, nál. 981.

[15:03]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. um frv. til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti í reglugerð heimilað sjóntækjafræðingum að mæla sjón og fullvinna gleraugu og snertilinsur með ákveðnum skilyrðum. Í gildandi lögum er sjóntækjafræðingum því aðeins heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki, þ.e. gleraugu og snertilinsur, að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.

Í greinargerð landlæknis, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, kemur fram að talið er að margir, sennilega flestir, starfandi íslenskir sjóntækjafræðingar hafi menntun sem nægi til þess að þeir fengju leyfi til sjónmælinga annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt kemur fram að þar eru reglur almennt þannig að sjóntækjafræðingar mega mæla sjón að því undanskildu að þeir mega ekki sjónmæla börn undir ákveðnum aldri og einstaklinga sem taldir eru í áhættu vegna augnsjúkdóma. Telur landlæknir að eðlilegast sé að takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga verði sem líkastar þeim sem nú gilda annars staðar á Norðurlöndum og að á meðan sjóntækjafræðingar uppfylla ekki allir menntunarskilyrði verði þeim skipt í þrjá tilgreinda hópa eftir menntun. Er nefndin sammála því.

Augnlæknafélag Íslands varar við því að sjóntækjafræðingar fái heimild til að sjónmæla. Af hálfu félagsins er talið að tíðni glákublindu muni aukast þar sem gláka greinist þá mun seinna en ella. Sama megi segja um aðra sjúkdóma eins og sykursýki, hækkaðan blóðþrýsting og skjaldkirtilssjúkdóma því að oft verða augnlæknar fyrstir lækna til að greina þessa sjúkdóma. Vegna þessa ítrekar nefndin mikilvægi þess að faglega sé staðið að því að veita sjóntækjafræðingum heimild til sjónmælinga og þess gætt að þeir hafi tilskilda menntun. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að landsmenn fái sjálfir að ráða því hvernig heilsuvernd þeirra er háttað hvað þetta varðar eins og á við um aðrar sérgreinar læknisfræðinnar og fyrirbyggjandi eftirlit. Bendir nefndin á að í þessu sem öðru sé sjálfsagt að heilbrigðisyfirvöld veki fólk til vitundar um mikilvægi þess að láta augnlækna fylgjast vel með sjón sinni og fara í reglulegt eftirlit. Telur nefndin einnig mikilvægt að gott samstarf sé milli augnlækna og sjóntækjafræðinga.

Í greinargerð landlæknis kemur fram að hann telur tímabært að breyta gildandi lögum um sjóntækjafræðinga þannig að þeir fái með vissum skilyrðum að ávísa sjónhjálpartækjum. Nefndin tekur undir það og leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu en þar er kveðið á um að sjóntækjafræðingar fullvinni sjónhjálpartæki samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis en ráðherra geti heimilað sjóntækjafræðingum, sem uppfylla nánar tilgreind skilyrði um menntun, að mæla sjón og fullvinna sjónhjálpartæki fyrir nánar tilgreinda hópa. Augnlæknar hafa einkarétt á sjónmælingum samkvæmt gildandi fyrirkomulagi en með breytingunni sem nefndin leggur til verður sjóntækjafræðingum, að uppfylltum skilyrðum um menntun sem ráðherra skal setja í reglugerð, heimilt að mæla sjón samhliða augnlæknum. Jafnframt leggur nefndin til að ráðherra sé heimilt með setningu reglugerðar að takmarka heimildir sjóntækjafræðinga til augnmælinga. Ein takmörkunin sem landlæknir leggur til í greinargerð sinni er að sjóntækjafræðingar megi ekki mæla sjón hjá einstaklingum 55 ára og eldri. Nefndin telur ekki rétt að miða við ákveðið aldurshámark en slíkar takmarkanir þekkjast ekki annars staðar á Norðurlöndunum. Landlæknir leggur einnig til að sjóntækjafræðingum verði ekki heimilt að mæla sjón hjá þeim einstaklingum sem aldrei hafa farið til augnlæknis. Nefndin bendir á að með slíku reglugerðarákvæði er tryggt að allir landsmenn sem þarfnast sjónglerja fara a.m.k. einu sinni til skoðunar hjá augnlækni auk þess sem öll börn fara í hefðbundna skólaskoðun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir. Heilbr.- og trn. er einróma í áliti sínu en hv. þm. Þuríður Backman skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

[15:08]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég er að mörgu leyti sammála þeim breytingum sem nú er verið að gera á heimild sjóntækjafræðinga til að mæla sjón og er því samþykk þessum breytingum sem hér eru gerðar. Ég tel að rétt sé að heimild þeirra sé alveg skýr. Eins er ég mjög meðmælt því að settur verði ákveðinn rammi bæði hvað varðar aldursdreifingu þeirra einstaklinga sem þeir mega sinna og eins um ákvæði um menntun. Fyrirvari minn við frv. snertir aðkomu landlæknisembættisins sem á að hafa eftirlit með því að sjóntækjafræðingar vinni samkvæmt þessum lögum eða breyttu starfsumhverfi. Ég tel, miðað við fjármagn og mannafla landlæknisembættisins, að huga þurfi að því að styrkja embættið til að geta fylgt þessu eftir. Ekki er endalaust hægt að bæta verkefnum á landlæknisembættið öðruvísi en fylgja því eftir með meira fjármagni svo að hægt sé að ráða fleiri starfsmenn til þess að sinna auknum verkefnum. Starfsemi sjóntækjafræðinga fellur undir eftirlit landlæknisembættisins og annarra heilbrigðisstétta. En það er alveg ljóst að embættið hefur í dag varla möguleika til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu eins

og skyldi. Því tel ég ótækt að bæta svo viðamiklu hlutverki við embættið án þess að styrkja það.

Annað vil ég nefna sem varðar öryggið. Augnlæknar hafa áhyggjur af því að augnheilsu þjóðarinnar hraki í framtíðinni er fleiri muni leita til sjóntækjafræðinga til að fá sér gleraugu en fari ekki jafnhliða til augnlæknis og þar af leiðandi muni sjúkdómar, sem augnlæknar mundu sjá en sjóntækjafræðingar hafa ekki menntun til að greina, fá að þróast um lengri tíma en við núverandi fyrirkomulag sem er það að allir fara til augnlæknis til að fá gleraugu. Því tel ég mikilvægt að landlæknisembættið hafi bolmagn til þess að auglýsa og hvetja almenning til að leita augnlæknis vegna tiltekinna sjúkdóma og áhættu af tilteknum sjúkdómum, t.d. gláku á fullorðinsaldri, og láta fylgjast með sjóninni vegna sykursýki o.fl. Einnig tel ég mikilvægt að embættið hafi möguleika á því að styrkja þjónustu augnlækna til skimunar ákveðinna sjúkdóma. Ég tel að það eigi að gera til að halda augnheilsu þjóðarinnar jafngóðri og nú. En það kostar peninga. Ég tel að hægt sé að koma á góðri þjónustu og samvinnu sjóntækjafræðinga og augnlækna og bæta þjónustuna frá því sem er í dag. En á sama tíma tel ég að við eigum að vera á varðbergi og skerða ekki þjónustuna, þ.e. öryggið sem fæst við að þurfa að fara til augnlæknis til þess að fá gleraugu en í mörgum tilfellum sjá augnlæknar sjúkdóma á byrjunarstigi sem einstaklingurinn verður ekki var við, t.d. breytingar á augum vegna sykursýki og fleiri sjúkdóma sem koma fram í augnbotnum og sjón því þá væri hægt að grípa inn fyrr en ella. Augnlæknar verða oft fyrstir til að sjá dulda sjúkdóma.

Frú forseti. Þetta var það sem ég vildi nefna, þ.e. að landlæknisembættinu verði gert kleift að sinna lögboðnu eftirliti, að það hafi möguleika á að halda áróðri í gangi og vera með skimunarþjónustu um allt land. Þá tel ég að við ættum að geta náð góðri sátt og betri þjónustu hvað varðar afgreiðslu á sjóntækjum, þ.e. gleraugum og linsum.

[15:14]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég ætla rétt að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta ágæta frv. og lýsa ánægju með störf heilbr.- og trn. í þessu. Þetta minnir óneitanlega á lítið mál sem varð reyndar afskaplega stórt á síðasta kjörtímabili. Það kom til hv. iðnn. og snerti tannsmiði. Þessi mál eru algjörlega sambærileg. Það frv., þar sem var verið að lögvernda starfsheitið tannsmiður og veita tannsmiðum heimild til að mæla fyrir tönnum í munnholi fólks, kallaði á mikinn slag. Margir hverjir, hagsmunaaðilar getum við sagt, voru afskaplega ósáttir við það og höfðu uppi stór orð og svipaðar röksemdir. Kannski var þar á ferð sami ótti og hjá t.d. augnlæknum hvað varðar þetta frv.

Það segir sig sjálft að með frv. er ekki verið að stuðla að því að skerða sjón þjóðarinnar eða draga úr heilsu hennar á nokkurn hátt, ekkert frekar en með því að heimila tannsmiðum að sinna sínu starfi, að sjálfsögðu í nánu samstarfi við tannlækna. Með sama hætti munu sjóntækjafræðingar á grundvelli menntunar sinnar sinna sjónmælingum með afskaplega fullkomnum tækjum eins og kunnugt er. En þeir hafa að sjálfsögðu samráð og samstarf við augnlækna ef á þarf að halda. Ég veit ekki til þess að tannheilsu þjóðarinnar hafi hrakað þó að tannsmiðir hafi fengið þessa heimild og með sama hætti hygg ég að sjón þjóðarinnar muni ekki hraka, eins og hv. síðasti ræðumaðurýjaði að, þó að sjóntækjafræðingar fái heimild til að mæla sjón með afskaplega fullkomnum tækjum. Ég held að þvert á móti muni aðgengi almennings að sjónmælingum fara batnandi. Fólki er að sjálfsögðu afskaplega annt um sjón sína og mun þess vegna leita sér aðstoðar, mælingar. Rétt er að draga það fram, frú forseti, að gerðar eru ákveðnar menntunarkröfur til sjóntækjafræðinga. Gerð er ákveðin ábyrgðarkrafa til þeirra þar sem þeir eru m.a. þjálfaðir í að glöggva sig á einkennum sjúkdóma og ef minnsti vafi leikur á að einhver sjúkdómur kunni að leynast vísa þeir viðskiptavinum sínum eða skjólstæðingum til augnlækna.

Líka má benda á að málið er ekki endilega svo flókið að það sé eingöngu bundið við augnlækna í dag ef fólk vill fá sér brillur. Fólk getur gengið út í næstu bensínsjoppu og keypt sér gleraugu og þar eru hvorki sjóntækjafræðingar, augnlæknar né aðrir. Þar standa gleraugu á standi og fólk velur sér bara eftir smag og behag. Ég tel að með þessu sé verið að rjúfa ákveðna einokun. Verið er að færa ástandið í sambærilegt horf og tíðkast í nágrannalöndum okkar þar sem gerð er ákveðin menntunarkrafa, ákveðin ábyrgðarkrafa til þeirra sem munu sinna þessu mikilvæga starfi. Ég tel enga ástæðu til þess að óttast frv. enda er það þannig úr garði gert að ábyrgð þeirra og skyldur eru afskaplega skýrar. Þvert á móti mun þetta gera almenningi auðveldara að láta mæla í sér sjónina og fara í fyrstu könnun með hana. Þar af leiðandi ætti þetta að vera öllum til hagsbóta. Hér er sem sagt verið að færa þetta í svipað horf og er á Norðurlöndum. Það er verið að rjúfa ákveðna einokun, fela öðrum eftir tilteknum kröfum að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við þetta ágæta frv.

[15:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram, af því að undir nál. skrifar aðeins einn hv. þm. Samf., Guðrún Ögmundsdóttir, að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og ég vorum fjarverandi við afgreiðslu þessa máls. Við komum hins vegar að vinnslu þess og fylgdumst með vinnu nefndarinnar. Við styðjum frv. eindregið með þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar.

Menn ættu orðið að þekkja málið nokkuð vel. Það er ekki að koma inn á Alþingi í fyrsta skipti. Landlæknir hefur mælt með því að það verði samþykkt með ákveðnum breytingum. Breytingartillögur nefndarinnar miða að því að taka til greina flestar ábendingar sem frá landlækni komu. Reiknað er með því að við setningu reglugerðar ráðherra, sem heimili sjóntækjafræðingum að mæla sjón og fullvinna gleraugu og snertilinsur, verði farið vel yfir þær athugasemdir sem bárust. Við hvetjum til þess að vandað verði til verka við setningu reglugerðarinnar.

En ég vildi aðeins láta koma fram að við hv. þm. Samf., Ágúst Ólafur Ágústsson og sú sem hér stendur, styðjum frv. með breytingum.

[15:20]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna frv. þessu sem mun án efa koma neytendum til góða. Ég vildi sérstaklega taka fram, vegna orða hv. 10. þm. Norðaust., Þuríðar Backman, og fyrirvara hennar við frv. þar sem hún lýsir áhyggjum af sjón landsmanna, að landlæknir leggur til að sjóntækjafræðingum verði ekki heimilt að mæla sjón hjá þeim einstaklingum sem aldrei hafa farið til augnlæknis. Ég held að með slíku reglugerðarákvæði tryggjum við að allir landsmenn sem þarfnast sjónglerja þurfi a.m.k. að fara einu sinni til skoðunar hjá

augnlækni. Einnig er mikilvægt að huga að því að öll börn fari í hefðbundna skólaskoðun.

Við megum ekki gleyma því að landsmenn verða sjálfir að fá að bera ábyrgð á því hvernig heilsuvernd þeirra er háttað. Það á við um þessa sérgrein læknisfræðinnar eins og aðrar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 323. mál. — Þskj. 374.

[15:21]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vexti og þjónustugjöld bankastofnana. Tillagan var flutt áður á 128. þingi. Hún komst ekki til umræðu þá og er nú flutt að mestu óbreytt að undanskildu því að tölur eru uppfærðar og sá samanburður sem fram kemur í tillögunni.

Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásgeir Friðgeirsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að afla upplýsinga um tekjur banka af vaxtamun og þjónustugjöldum sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings síðastliðin tíu ár og bera þær saman við sams konar tekjur banka annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandslöndum. Með hugtakinu „meðalstaða efnahagsreiknings" er vísað til stöðu efnahagsreiknings fyrir árið í heild. Þannig er hægt að nálgast árið í heild í stað þess að kanna aðeins stöðuna á ákveðnum tímapunkti.

Í kjölfar upplýsingaöflunar er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti rannsaka og greina þær ástæður sem liggja að baki mismunandi tekjum bankastofnana af vaxtamun og þjónustugjöldum eftir löndum. Sérstaklega er gert ráð fyrir að könnuð verði áhrif evrunnar eða réttara sagt evruleysis á þróun vaxtamunar í þeim löndum sem ekki hafa tekið hana upp.

Virðulegi forseti. Dregið hefur verið í efa að virk samkeppni ríki á íslenskum bankamarkaði og er því lagt til að það verði kannað sérstaklega.

Jafnframt er lagt til að könnuð verði þau áhrif sem það hefur á vaxtamun íslenskra banka að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standa fyrir utan lánakerfi bankanna og enn fremur hvaða áhrif verðtrygging hafi haft á þróun vaxtamunar á framangreindu tímabili.

Frá því að tillagan var fyrst lögð fram hafa ýmsar hræringar átt sér stað á íslenskum bankamarkaði. Hagnaður bankanna á síðasta ári var gríðarlegur og segja má að þeir hafi betur búið sig undir útrás og alþjóðlega samkeppni en áður var. Einkavæðing ríkisbankanna hefur þannig náð fram markmiðum sínum að hluta en því miður er ein mikilvæg undantekning þar á. Eitt af markmiðunum var að sala hlutabréfa í ríkisbönkunum ætti að leiða til aukins sparnaðar almennings, það átti að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu ríkisfyrirtækja sem kom út nýverið segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Íslenski fjármálamarkaðurinn er nú samkeppnishæfari, sterkari til útrásar og skilvirkari en hann var 1998. Nú hafa t.d. nokkur fjármálafyrirtæki burði til að sækja fram á erlendum mörkuðum. Þrátt fyrir sterkari fjármálastofnanir eru fáar vísbendingar um að þjónustugjöld viðskiptabankanna hafi lækkað verulega."

Með öðrum orðum: Hagur almennings hefur ekki vænkast eins og stefnt var að í kjölfar þessara breytinga. Hagnaður bankanna var gríðarlegur á síðasta ári og er það vel. En það er líka eðlilegt að neytendur spyrji í kjölfar slíkra tíðinda: Hvenær er komið að okkur að njóta ávaxtanna?

Í fréttum hefur nýverið verið fjallað um samanburð sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja létu gera um þjónustugjöld banka hér og á Norðurlöndum. Samkvæmt þeirri könnun var samanburðurinn hagstæður fyrir íslenska banka og mætti halda að einhverjar breytingar væru að eiga sér stað að þessu leyti fyrir íslenska neytendur. Við höfum líka könnun sem Samtök iðnaðarins létu gera árið 2001 þar sem niðurstaðan er þvert á móti sú að íslenska bankakerfið sé dýrt og óhagkvæmt. Einnig má nefna könnun sem Samtök bankastarfsmanna létu gera sem segja má að sé í nokkru samræmi við nýjustu könnunina sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja létu gera. Við höfum nokkrar misvísandi kannanir sem hafa verið gerðar af hinum og þessum aðilum á þessu kerfi.

Slíkar kannanir eru gott innlegg í umræðuna en hins vegar er engan veginn hægt að fullyrða neitt um hver þróunin er í raun og veru í kjölfar slíkra kannana. Ef við tökum t.d. könnun Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja á þjónustugjöldum þá eru t.d. bornar saman 27 tegundir þjónustugjalda meðan til eru margfalt fleiri tegundir slíkra gjalda. Þjónustugjöld eru í mismunandi gerðum sem skipta fleiri tugum, 70–80 eða eitthvað slíkt. Það gefur augaleið að við, íslenskir neytendur, höfum ekki svigrúm til að meta á hvern hátt þessi samanburður er marktækur. Reyndar eru Neytendasamtökin að skoða og rýna í þessa könnun og athuga á hvern hátt hún er marktæk. Það verður forvitnilegt að sjá hvað kemur út úr þeirri skoðun.

Hver sem niðurstaðan verður bendir sá ágreiningur sem uppi hefur verið á milli ýmissa aðila um íslenska bankakerfið til þess að þörf sé á raunhæfum og ítarlegum samanburði sem unninn sé af hlutlausum aðila. Það, hæstv. forseti, er einmitt lagt til að gert verði í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Hér er gert ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstjórninni að standa fyrir slíkum samanburði og taki tillit til ýmissa þátta sem gætu haft áhrif í þessum efnum.

Það er trú mín, hæstv. forseti, að nú sé meiri skilningur en oft áður á því að vinna að slíkum samanburði, ef marka má umfjöllun upp á síðkastið. Ég bind ekki síst vonir við að hæstv. utanrrh., sem brátt mun leiða ríkisstjórnina ef að líkum lætur, muni taka vel í samþykkt tillögunnar. Það ræð ég m.a. af orðum hans á ársfundi Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands nýverið þar sem hann ræddi um þetta efni. Hann sagðist vilja sjá vexti til neytenda og þjónustugjöld lækka meira hjá bönkunum í framtíðinni í stað geysilegs hagnaðar bankanna. Hin nýja íslenska stefna er ekki dýrkun gróðans, sagði hæstv. utanrrh. og taldi þurfa að setja nýfengnu frelsi umgjörð.

Ég get tekið undir þau orð, hæstv. forseti. Hagnaður og

góð afkoma fyrirtækja er sannarlega undirstaða framfara en neytendur eiga að njóta ávaxtanna.

Í grein sem Ólafur Klemensson hagfræðingur ritaði í Vísbendingu nýverið, 23. janúar sl., segir, með leyfi forseta:

„Í bankakerfinu er veitt þjónusta og afurðir seldar til að mæta fjármálaþörf fyrirtækja, stofnana, einstaklinga og heimila í landinu. Þannig gegnir bankakerfið mjög mikilvægu lykilhlutverki í efnahagslífinu. Þýðingarmikið er að þessi þjónusta sé veitt á sem hagkvæmastan hátt, að virk samkeppni ríki á bankamarkaði, að fjármálastofnanir séu samkeppnishæfar við erlendar fjármálastofnanir og að viðskiptamenn þurfi ekki að greiða bankaþjónustu hærra verði en annars staðar gerist. Allt eru þetta nauðsynlegar forsendur fyrir því að íslenska efnahagslífið fái þrifist og dafnað og sé samkeppnishæft á alþjóðlega vísu. Þá er ekki síður mikilvægt að fjármálakerfið sé öflugt og bankar og sparisjóðir séu fjárhagslega traustar stofnanir og skili eigendum sínum hæfilegri arðsemi að teknu tilliti til rekstrarfyrirkomulags og almennrar arðbærni fyrirtækja í hagkerfinu. Af mörgu má vera ljóst að íslenskt bankakerfi fullnægir ekki nema hluta ofangreindra þátta."

Ég get tekið undir hvert orð Ólafs Klemenssonar hagfræðings í þessari ágætu grein í Vísbendingu. En hvers vegna hafa íslenskir neytendur ekki notið hins mikla hagnaðar bankanna í meiri mæli en raun ber vitni? Hvers vegna er íslenska bankakerfið jafndýrt og raun ber vitni?

Bent hefur verið á að orsakirnar kunni að felast í óhagkvæmni smæðar hins íslenska markaðar, eins og Ólafur Klemensson veltir reyndar fyrir sér í fyrrnefndri grein. Þéttleiki byggðar, landfræðilegar ástæður og efnahagslegar ástæður eru allt þættir sem skipta máli. Eignarhald og rekstrarfyrirkomulag hafa líka sín áhrif og íslensku bankarnir skera sig úr í erlendum samanburði þegar það er skoðað. En eignarhald tveggja viðskiptabankanna var í höndum ríkisins þar til fyrir skömmu. Auk þess búa sparisjóðirnir við sérstakt fyrirkomulag og eignarhald. Það má því leiða að því líkur að hér á landi hafi forsendur fyrir virkri samkeppni ekki verið til staðar fyrr en í seinni tíð. Það kann að vera áhrifavaldur.

Eitt af því sem lagt er til í tillögunni sem hér er til umræðu er að skoðað verði samkeppnisumhverfi á bankamarkaðnum, eða öllu heldur þær vísbendingar sem fyrir hendi eru um að þar ríki í raun fákeppni og að staða neytenda sé veik.

Í nýlegri skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar sem nefnist á íslensku „Bankaþjónusta – á hvaða kjörum?" er sett fram ýmis hörð gagnrýni á bankaþjónustu á Íslandi. Þar er m.a. gangrýnt að viðskiptamenn bankanna hafi litla eða enga möguleika til að hafa áhrif á samningsskilmála útlána. Skilmálarnir eru samdir einhliða af bönkunum og taka þar af leiðandi einkum mið af sjónarmiðum og hagsmunum bankanna. Til að mynda má benda á að réttur banka til að breyta vöxtum, kostnaði og öðrum þjónustugjöldum er mjög takmarkaður annars staðar á Norðurlöndum. Á Íslandi taka bankar sér hins vegar þann rétt að gera breytingar án fyrirvara og án þess að viðskiptamenn eigi raunverulega möguleika á því að bregðast við. Getur verið að hér sé komin ein skýringin á þeim háu vöxtum sem viðgangast í útlánastarfsemi íslensku bankanna? Það er a.m.k. ljóst að aðhald viðskiptamanna er lítið sem ekkert og skapar það vissulega hættu á að bankarnir seilist of langt í töku vaxta og þjónustugjalda. Það er þekkt staðreynd í allri markaðsstarfsemi að hafi aðili yfirburðastöðu í viðskiptum hefur hann tilhneigingu til að vernda hagsmuni sína eins vel og honum er unnt á kostnað hins aðilans, sem í þessu tilviki er almenningur þessa lands.

Það er ekki nóg með að samningsskilmálar bankanna séu samdir einhliða af bönkunum hér á landi. Þeir eru meira og minna samhljóða milli bankastofnana í öllum helstu atriðum. Í þessu er fólgin eins konar samtrygging íslenskra bankastofnana. Viðskiptamaður hefur í fá hús að vernda sé hann ósáttur. Bankarnir geta því í raun farið sínu fram án þess að eiga raunverulega á hættu að tapa miklum viðskiptum.

Hæstv. forseti. Með tillögunni fylgir samanburður á ýmsum kjörum sem bankar hér á landi bjóða yfir tiltekið tímabil. Þar kemur í ljós svo ekki verður um villst að það er harla lítill ávinningur af því fyrir neytendur í íslensku bankakerfi að færa sig á milli stofnana, ef þeir vilja skipta um þjónustustofnun. Enda kemur í ljós þegar hreyfanleiki er skoðaður í bankakerfinu að hann er afar lítill þrátt fyrir að litlar hömlur séu í raun og veru á hreyfanleika viðskiptamanna á Íslandi. Þegar tillagan er samin er hann ekki meira en um 5%. Ástæðan er einföld, það hefur lítið upp á sig að hreyfa sig á milli bankastofnana á Íslandi eins og umhverfið hefur verið hingað til.

Virðulegi forseti. Í athugasemdum með tillögunni er ýmislegt rakið því til stuðnings og mikilvægi þess að slík úttekt sé gerð sem hér er lögð til. Við þurfum ekki að hafa mörg orð um þá gríðarlegu skuldabyrði sem fjölskyldurnar í landinu búa við og fyrirtækin. Það er því augljóst að hvert vaxtastig hefur gríðarlega mikið að segja í því samhengi. Það er líka mikilvægt að við skoðum kosti og galla þá sem fylgja því að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil, að við brjótum það til mergjar hvaða fórnarkostnað það hefur í för með sér að halda úti íslensku krónunni og vega og meta líka kostina sem vissulega eru samfara því að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil.

Lagt er til að verðtryggingin sé skoðuð líka, dregin inn í þennan samanburð, og eins sá veruleiki sem við búum við að hafa hlutfallslega ódýr lán íbúðalánasjóðskerfisins fyrir utan bankakerfið, sem bankarnir hafa margir hverjir bent á að geti verið áhrifavaldur í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu sem tillagan mælir fyrir um verði lokið innan hálfs árs frá því að tillagan verður samþykkt af Alþingi. Lækkun vaxta er eitt brýnasta hagsmunamál neytenda hér á landi, fólksins í landinu og fyrirtækjanna, ásamt lækkun matvælaverðs, en eins og við vitum hefur Alþingi samþykkt að gerður verði samanburður á matvælaverði hér á landi og í Evrópulöndunum. Segja má að sú tillaga sem hér er lögð fram sé í anda þeirrar tillögu sem var samþykkt á hinu háa Alþingi. Þessir hagsmunir krefjast þess einfaldlega að gengið sé rösklega til verks og sá skammi tími sem ætlaður er í verkefnið endurspeglar það.

Hæstv. forseti. Ég bind miklar vonir við að það ríki skilningur fyrir málinu á hinu háa Alþingi. Ég legg líka áherslu á það í lokin að hér er verið að leggja til að gerður verði hlutlaus samanburður í stað þess að hagsmunaaðilar beggja megin borðs í þessu kerfi geri sínar eigin kannanir sem einungis hafa orðið til þess að gera neytendur á íslenskum bankamarkaði enn þá ráðvilltari en áður þar sem kannanirnar vísa hver gegn annarri. Hver er hæfari en einmitt ríkisstjórn Alþingis í kjölfar slíkrar samþykktar að gera slíkan hlutlausan samanburð?

[15:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær þessa þáltill. til meðferðar og þarf því kannski ekki að tjá mig mjög mikið um hana hér. Ég vil samt segja nokkur orð við þessa 1. umr. um málið.

Ég er sammála í öllum megindráttum því sem fram kemur í tillgr., en ég get ekki alveg tekið undir með 1. flm. að ríkisstjórninni sé endilega treystandi til að gera hlutlausa úttekt (**Gripið fram í:** Klofningur í Samfylkingunni?) að því er varðar tekjur banka af vaxtamun og þjónustugjöldum hér á landi. Hv. frsm. vísar réttilega til þess að kannanir sem gerðar hafa verið eru misvísandi, en ég vildi þó heldur sjá í tillgr. að einhver hlutlaus aðili væri fenginn til að gera slíka úttekt og ríkisstjórnin fengi leiðsögn í tillgr. sjálfri hverjir það væru sem ættu að framkvæma úttektina. Ég get alveg séð fyrir mér að Hagfræðistofnun, Seðlabanki eða jafnvel erlendur aðili væri fenginn til að gera slíka úttekt, sem er orðið mjög brýnt, herra forseti, að fá það rétta upp á borðið í þessu efni.

Engu að síður tala tölurnar sem við höfum varðandi vaxtamuninn í bankakerfinu sínu máli og ekki síst þjónustutekjurnar. Ég er alveg sannfærð um að þá minnkun sem við höfum þó verið að sjá á vaxtamun á síðustu missirum hafa bankarnir verið að bæta sér upp með auknum þjónustutekjum.

Það er engu líkara, hæstv. forseti, en bankarnir valsi raunverulega um eins og ríki í ríkinu. Það getur auðvitað ekki gengið að gífurlegur hagnaður þeirra renni bara í vasa eigenda meðan lántakendur eru blóðmjólkaðir, enda sjáum við að auknar skuldir heimilanna á síðustu árum og missirum má ekki síst rekja til mikils vaxtakostnaðar og hárra þjónustugjalda.

Hæstv. forseti. Það er ekkert betra orð til yfir það sem við erum að sjá á fjármálamarkaðnum núna en græðgisvæðing sem tröllríður fjármálamarkaðnum og er hálfóhugnanleg og hefur ásamt fleiru leitt til mikillar gliðnunar í þjóðfélaginu. Við erum að sjá háar tölur sem bankarnir raka inn fyrir eigendur sína í hagnaði og ástæða til að fara ofan í það, t.d. hve þóknanatekjurnar hafa vaxið. Ég er með fyrir framan mig frá Landsbanka Íslands samanburð á þjónustutekjum 1999 og fyrir árið 2003. Við sjáum að á árinu 1999 var hlutfall þóknanatekna af launakostnaði 66,67%, en á árinu 2003 er það yfir 100%. Með öðrum orðum borguðu þóknanatekjurnar 66% af launakostnaði Landsbankans árið 1999 en eru farnar að greiða að fullu launakostnaðinn á árinu 2003. Þóknanatekjurnar standa því undir launum.

Við sjáum það líka af þeim hagnaði sem kemur fram eins og hjá Íslandsbanka nýverið, að arðsemi eigin fjár upp á rúmlega 30% er að verulegu leyti fengin með gífurlega háum þjónustutekjum og allt of háu vöxtum. Það er raunverulega orðið svo í öllum bönkunum að þóknanatekjurnar standa alfarið undir launakostnaði.

Því verður, þegar menn eru að berja sér á brjóst í bankakerfinu og tala um minni vaxtamun, að skoða málið í samhengi við þóknanatekjurnar.

Ég tel ástæðu til að vitna í það sem fram kom nýlega um afskriftir í bönkunum. Þar kom fram hjá Tryggva Þór Herbertssyni, forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að íslenskir bankar afskrifa fjórum sinnum meira en bankar á Norðurlöndum og ef bankarnir mundu velja betur hverjum þeir lána hefðu þeir meira svigrúm til að lækka vexti. Hann segir að það sé ábyrgðarmannakerfið sem haldi uppi vöxtunum. Ég tel ástæðu til að minna á í því sambandi, hæstv. forseti, að þingflokkur Samf. undir forustu Lúðvíks Bergvinssonar hefur ár eftir ár flutt tillögu um að ábyrgðarmannakerfið yrði endurskoðað.

Tryggvi Þór segir í grein sinni að að meðaltali hafi afskriftir norrænna banka verið 0,13% af heildareignum árið 2002, en hér á landi er hlutfall afskriftanna tæplega fimm sinnum hærra. Síðan er vitnað til þess að það stefni í metár í fjölda gjaldþrota hér á landi, þ.e. á sl. ári. Hann telur að ef tekið yrði upp ábyrgðarmannakerfi og byggt meira á viðskiptasögu hvers og eins mundi það draga úr afskriftum og þar með mynda svigrúm til að lækka vexti.

Ég hef lagt fsp. fyrir hæstv. viðskrh. sem hann hefur ekki enn svarað um afskriftir viðskiptabankanna samanborið við afskriftir norrænna banka og hvað megi ætla að vaxtamunur inn- og útlána geti minnkað mikið ef afskriftir hér á landi væru sambærilegar við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum að meðaltali. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því hér.

Maður verður að vona að hæstv. viðskrh. fari að sjá að sér og geri gangskör að því að setjast yfir það, með þar til bærum aðilum, að skoða hvort ekki sé hægt að breyta ábyrgðarmannakerfinu. Ég vil minna á í því sambandi að Neytendasamtökin hafa kallað mjög eftir því að ábyrgðarmannakerfið yrði endurskoðað. Fjöldi heimila hefur farið mjög illa á þessu ábyrgðarmannakerfi og misst aleigu sína með því að skrifa undir hjá börnum sínum, vinum eða venslamönnum. Í þeirri leið sem við viljum taka upp með því að leggja af ábyrgðarmannakerfið yrði komið í veg fyrir harmsögur fjölda fjölskyldna í landinu vegna þeirrar ábyrgðar sem fólk þarf nú að gangast undir ef það tekur lán.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég fagna mjög þessari tillögu og þakka hv. 1. flm. fyrir að hafa haft forgöngu um að flytja málið inn á þing og vænti þess að hv. efh.- og viðskn. afgreiði það fljótt og vel á þessu vorþingi.

[15:44]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Með samþykki á framlagðri þáltill. hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur væri stigið mikið framfaraspor. Efni þáltill. snýst í raun um upplýsingaöflun á mjög mikilvægum upplýsingum og gögnum. Það getur varla verið þjóð og þingi í óhag að fá slíkar upplýsingar. Þess vegna sé ég enga ástæðu fyrir því að þingheimur allur geti ekki komið sér saman um að samþykkja þáltill.

Tillagan til þingsályktunar snýst m.a. um að afla upplýsinga um vaxtamun og þjónustugjöld bankanna og bera þær saman við upplýsingar erlendis frá. Nú liggja fyrir a.m.k. tvær kannanir um þjónustugjöld banka, ein frá Neytendasamtökunum og ein frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja sem virðast vera í mótsögn hvor við aðra. Því er mikilvægt að stjórnvöld fari ofan í kjölinn á jafnmikilvægu hagsmunamáli almennings og þjónustugjöld og vextir eru.

Þáltill. fjallar einnig um mat á áhrifum vegna hugsanlegrar upptöku á evrunni á stýrivexti. Þessi hluti þáltill. er einnig gríðarlega mikilvægur. Þó að mér sé fullkomlega ljóst að einn helsti kostur við aðild Íslands að Evrópusambandinu sé upptaka evrunnar eru enn til raddir í þjóðfélaginu sem eru á annarri skoðun. Því er mikilvægt að einfaldlega sé lagt mat á þau áhrif sem upptaka evrunnar mundi hafa á vaxtastig í landinu.

Það er öllum í hag, bæði andstæðingum og fylgismönnum aðildar að Myntbandalaginu, að fá ítarlegar upplýsingar um jafnstórt mál og hugsanleg upptaka evrunnar er. Í ljósi þeirra hagsmuna sem íslenskt atvinnulíf og íslensk fyrirtæki hafa af aðild Íslands að Evrópusambandinu er furðulegt að atvinnulífið láti ekki meira í sér heyra varðandi hagsmuni þess af Evrópusambandsaðild. Það eru ekki síst fyrirtækin í landinu sem munu hagnast á upptökunni á evru.

Reynslan frá Svíþjóð sýnir að það voru ekki stjórnmálaflokkarnir sem komu landinu inn í Evrópusambandið heldur fyrirtækin og verkalýðshreyfingin þar í landi. Ég held að það sama þurfi að gerast hér. Verkalýðshreyfingin hefur þó nálgast þetta mál af mikilli fagmennsku og víðsýni. Sama má segja um Samtök iðnaðarins. Einstök stórfyrirtæki og samtök þeirra hafa hins vegar verið furðu hljóð í umræðunni um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu og um leið að Myntbandalaginu. Hugsanlega breytist það 15. september nk.

En framlögð þáltill. er einungis um mat á áhrifum af upptöku evrunnar á vaxtamun stýrivaxta hér á landi. Því er þessi ályktun sárasaklaus og þeir hv. þm. sem sjá iðulega rautt þegar minnst er á ESB og evru ættu að geta stutt þáltill. með góðri samvisku.

Mig langar einnig til að minnast á einn þátt í tillögunni sem lýtur að rannsókn á hvort rekja megi vaxtamun hér á landi til lítillar samkeppni milli bankastofnana. Eitt það mikilvægasta sem hægt er að gera fyrir íslenskan almenning er að tryggja að á helstu mörkuðum hérlendis ríki virk samkeppni. Ef við lítum á umfang bankamarkaðarins hérlendis þurfum við að vera sérstaklega á varðbergi í ljósi þeirra hagsmuna sem íslenskur almenningur hefur af þeim markaði.

Fyrir utan hina títtnefndu sparisjóði eru einungis þrír bankar til á Íslandi en fjöldi fyrirtækja á markaði þarf ekki að segja neitt um stöðu samkeppni á markaðnum þó að hann geti verið vísbending um hana. Aðgangur nýrra aðila að markaðnum er oft mun betri mælikvarði á virkni samkeppninnar á tilteknum markaði. Í þessu ljósi er áhugavert að Ísland er líklega eina Evrópulandið þar sem ekki fyrirfinnst erlendur banki. Það verður að teljast skringilegt í hagkerfi sem þrátt fyrir smæð sína er ekki svo miklu minna en hagkerfi Búlgaríu sem er átta milljón manna samfélag.

Sumir hafa bent á að íslenska krónan sé þessi aðgangshindrun sem nægi til að halda erlendum bankastofnunum frá markaðnum. Það útskýrir kannski þögn bankasamfélagsins í Evrópuumræðunni. Íslenska bankakerfið þarf þó að hafa tök á því að hagræða en í dag er fjöldi útibúa á hvern íbúa með því mesta sem gerist í Evrópu. Við megum því ekki fordæma allar sameiningarhugmyndir í bankaheiminum umræðulaust. Á móti verðum við að vera á varðbergi og við þurfum að huga að aðstæðum Samkeppnisstofnunar með þeim hætti að sómi sé að. Nú býr þessi stofnun, sem er ein sú mikilvægasta sem ríkisvaldið rekur, við fjársvelti og ónógan mannskap. Það er pólitísk ákvörðun sem stjórnarflokkarnir verða að réttlæta.

Það eru ekki liðnar margar vikur síðan allir þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. kusu gegn viðbótarfjárveitingu Samf. til Samkeppnisstofnunar upp á 30 millj. sem er nota bene talsvert minna en bókin um forsætisráðherrana kostar. Í ljósi þeirrar staðreyndar að til eru hv. þm. sem vilja hreinlega engin samkeppnislög er rétt að fara örlítið í fræðin um samkeppnina og nauðsyn á samkeppnislögum og öflugum samkeppnisyfirvöldum.

Almennt séð boða hagfræðikenningar að bæði nýting og dreifing á framleiðsluþáttum verði hagkvæmari með samkeppni en án hennar. Reynslan sýnir einnig að framleiðni framleiðsluþátta er minni án samkeppni. Hagfræðingar telja því virka samkeppni æskilega en ekki vegna þess að verð til neytenda eigi það til að lækka í samkeppni eða að gæðin aukist, heldur vegna þess að nýtingin á framleiðsluháttunum verður verri sé samkeppni ekki til staðar og það valdi óhagkvæmni í hagkerfinu.

Hins vegar er það ljóst að þar sem samkeppni er í raun keppni fyrirtækja um viðskiptavini myndast hvati til nýjunga, endurbóta, aukinna afkasta og stöðugs framboðs ásamt því að verðið helst sem næst framleiðslukostnaði. Ágóðinn af samkeppni á því að leiða til lægra verðs, betri vöru, meira úrvals og meiri skilvirkni, sem síðan leiðir til meiri hagsældar. Við einokun og fákeppnisaðstæður vantar þennan innbyggða hvata samkeppninnar til að halda kostnaði niðri.

Samkeppnisreglur eru í raun almennar leikreglur á markaði sem gera í flestum tilvikum inngrip ríkisvaldsins óþarft. Samkeppnisreglur koma þannig í veg fyrir að ríkisvaldið ákvarði verð, magn, gæði og framleiðsluhætti. Ríkisvaldið taki því aðeins fram fyrir hina ósýnilegu hönd markaðarins ef samkeppnin mistekst með einhverjum hætti. En hagfræðin kennir að það sé ætíð skortur á framleiðsluþáttum, þ.e. að þarfirnar séu í reynd óendanlegar.

Markaðshagkerfið gerir ráð fyrir að framboð og eftirspurn mætist í jafnvægi í frjálsum viðskiptum. Flestir hagfræðingar viðurkenna þó tilvist svokallaðra markaðsbresta. Þessir markaðsbrestir geta t.d. verið ytri áhrif, svo sem mengun eða fákeppni og einokun.

Það er þess vegna sem við þurfum að hafa öflug samkeppnisyfirvöld og það er þess vegna sem stjórnmálamenn verða að vera á varðbergi þegar kemur að hugsanlegum sameiningum stórra aðila á markaði, svo sem í bankaheiminum.

Tilgangur framlagðrar þáltill. er m.a. sá að afla upplýsinga um hvort þann vaxtamun sem við búum við megi að einhverju leyti rekja til þess samkeppnisumhverfis sem ríkir á íslenska bankamarkaðnum. Þess vegna væri það mikið gæfuspor ef hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, mundu samþykkja þáltill. svo hægt sé að greina og átta sig á einu mesta hagsmunamáli íslenskra heimila og fyrirtækja.

Að lokum langar mig að minnast á merkilega reglugerð Evrópusambandsins sem lögð hefur verið fyrir þingið, þingmál nr. 611, og tengist bankaumhverfinu með beinum hætti. Það hefur farið furðu hljótt um þessa reglugerð hér á landi en hún snýst í stuttu máli um að kostnaður við greiðslur í evrum á milli landa skuli vera sá sami og kostnaður við greiðslur í evrum innan lands. Sem sagt, reglugerðin kveður á um að gjöld banka fyrir miðlun evra yfir landamæri upp að ákveðnu hámarki skuli vera þau sömu og gjöld banka vegna sams konar miðlunar innan aðildarríkisins.

Utanrmn. bárust einmitt fregnir um að bæði Norðmenn og Svíar ætluðu að láta þessi efnisatriði reglugerðarinnar ná til sinna gjaldmiðla og því er merkilegt að sjá hver viðbrögð íslenskra stjórnvalda verða í þessu máli.

[15:52]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er hreyft ansi stóru máli. Ég hygg að um það sé ekki mikill ágreiningur að undirstaða allra stjórnmála sé efnahagsmál. Það er kannski hin alltumvefjandi breyta. En undir þeirri breytu eru síðan aðrar minni breytur sem falla allar undir þetta yfirgripsmikla hugtak efnahagsmál sem menn

geta svo nálgast með ólíkum hætti. Ein af þeim breytum er auðvitað stöðugleiki, stöðugleiki í atvinnulífi, efnahagslífi og þar fram eftir götunum. Stöðugleiki er ákveðið skilyrði til að atvinnulíf geti blómstrað, og heimilin.

Önnur breyta er síðan traust atvinnustig. Um það er væntanlega ekki mikill ágreiningur að atvinnuleysi er böl og menn vilja útrýma því.

Ein breytan enn er síðan ríkisútgjöld, hvar eigi að draga mörk ríkisútgjalda, og leiðir þá hugann einmitt að öðrum þætti sem er hlutfallið á milli samneyslu og einkaneyslu. Verðmætasköpun er undirstaða alls og síðan kemur í framhaldi af því hvernig á að skipta kökunni. Þetta eru þær helstu breytur sem pólitík fjallar um. Síðan geta menn haft, og hafa, ólíkar skoðanir á einstökum þáttum, hvaða leiðir menn vilja fara að einstökum markmiðum, en allt fellur þetta undir efnahagsmál.

Ein breytan í þessu öllu er síðan ónefnd, bankar, starfsemi þeirra og þau kjör sem bankar bjóða atvinnulífi og einstaklingum. Eins og fram hefur komið, m.a. hjá hv. frummælanda, eru heimili skuldsett. Það er ákveðinn lífsmáti sem Íslendingar hafa tileinkað sér í meira mæli en t.d. Þjóðverjar sem nurla fyrir hlutum áður en þeir kaupa, en íslensk heimili eru jú skuldsett. Sama má segja um fyrirtæki. Þess vegna skiptir umhverfi bankanna og þau kjör sem bankar eru að bjóða afskaplega miklu máli, ekki bara fyrir atvinnulífið okkar, heldur ekki síður fyrir heimilin í landinu. Eins og fram kemur í ágætri greinargerð með þáltill. þýðir 3–4% lækkun á vöxtum hér á landi frá 175 þús. og upp í 237 þús. kr. tekjuaukningu fyrir heimilin í landinu sem eru svo skuldsett. Ráðstöfunartekjur heimila gætu aukist í kringum 200 þús. kr. við það eitt að vaxtastig lækkaði. Það eru sambærilegar upphæðir og verið er að eyða löngum tíma í að semja um, kjör í viðræðum atvinnurekenda og launþegahreyfingar þar sem um síðir, jafnvel eftir verkföll, er samið um upphæðir sem eru lægri en þessar. Ég dreg þetta fram, frú forseti, til að leggja áherslu á það, sem er nú útgangspunkturinn í þáltill., að bankar og þau kjör sem þeir bjóða skipta höfuðmáli fyrir efnahagslíf okkar, fyrir heimilin og atvinnulífið.

Þá kemur grundvallarspurningin: Eru kjör þeirra lakari hérlendis en í samkeppnislöndum okkar? Ekki þarf annað en að fylgjast með umræðum, skrifum í fjölmiðlum og umræðuþáttum síðustu mánuði og missiri þar sem upphrópanir stangast allverulega á, þar sem bankarnir telja sig vera samkeppnisfæra, vera á svipuðum kjörum, meðan aðrir fullyrða hið gagnstæða.

Þess vegna er afskaplega mikilvægt að réttar upplýsingar liggi fyrir, ef hægt er að tala um réttar upplýsingar, fengnar á hlutlægan hátt þannig að hægt sé að leggja það fyrir hið háa Alþingi hverjar staðreyndir málsins eru. Á grundvelli þeirra staðreynda getum við síðan hafið hina pólitísku umræðu: Eru kjör banka hér á landi lakari en gengur og gerist í nágrannalöndunum? Ef svo er, til hvaða ráðstafana ætlum við að grípa? En áður en við förum í einhverja slíka umræðu þurfum við að hafa hinar réttu upplýsingar, hinar hlutlausu upplýsingar, fyrir framan okkur. Þess vegna get ég ekki stillt mig um að koma hér upp og lýsa yfir stuðningi við þáltill. því að ég les hana þannig að verið sé að mælast til þess að ná í þessar hlutlægu upplýsingar þannig að við getum í kjölfarið á því hafið pólitíska umræðu sem byggir á staðreyndum en ekki hrópum og köllum eins og því miður hefur of oft verið í þessu mikla hitamáli.

Ég er ekki alveg sammála því sem hv. frsm. nefndi hér, að hagur almennings hafi ekki batnað. Allar hagtölur segja að kaupmáttur á Íslandi hafi batnað verulega, m.a. vegna þess að hjól atvinnulífsins hafa snúist nokkuð þokkalega síðustu 10 árin eða svo. Það hefur hins vegar leitt til þess að hagur bankanna hefur vænkast allverulega og spurningin er hvort þeir hafi látið viðskiptavini sína njóta þess með sér. Það er það sem við munum væntanlega fá fram verði þessi þáltill. samþykkt og upplýsingarnar liggja fyrir.

Umgjörðin í kringum bankana hefur batnað líka. Við höfum mjög öflugt fjármálaeftirlit sem hefur sýnt og sannað að það stendur sig í stykkinu. Samkeppnisstofnun hefur aldeilis fengið aukin skotfæri eins og nýleg dæmi um starfsemi Samkeppnisstofnunar sýna.

Meðan þessara svara er leitað þurfum við að fá að vita hvaða áhrif fyrirkomulag með ábyrgðarmenn hafi á bankakerfi okkar eins og hér hefur verið gert að umtalsefni. Nú hefur verið talað um að stöðugleiki hafi aukist. Ábyrgðarmannakerfinu var komið á meðan við vorum í óðaverðbólgu og stöðugleikinn lítill. Nú höfum við til allrar hamingju þennan stöðugleika. Er grundvöllur kominn til þess að láta ábyrgðarmannakerfið falla niður sem sumir bankar eru vissulega byrjaðir að þreifa sig inn á? Við þurfum að geta svarað því hvaða áhrif það hefur og fá skýr svör frá bönkunum. Við þurfum að fá svör við því hvaða áhrif það hefur á kostnað bankanna hvað við erum fá og dreifð í stóru landi, þ.e. hin landfræðilega dreifing, og við þurfum að fá svör við því af hverju erlendir bankar koma ekki hingað inn. Hvers vegna sýna þeir því ekki áhuga í frjálsu flæði fólks og fjármagns þegar þeir gætu opnað hér útibú? Hvers vegna koma þeir ekki? Hvaða áhrif hefur verðtryggingin? Hvaða áhrif hefur útrás íslensku bankanna sem hlýtur að vera fagnaðarefni? Mun hún hafa jákvæð áhrif á starfskjörin og þau kjör sem innlendum aðilum eru boðin? Gengismálin, samkeppnin versus samráð og þar fram eftir götunum. Þetta eru allt stór álitamál og mjög mikilvægt er að hafa sannar upplýsingar, réttar hlutlægar upplýsingar, þegar við tökum hina pólitísku umræðu.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir er kannski lag til að ná því markmiði sem við öll látum okkur dreyma um, að sjá hér minni vaxtamun og lægri þjónustugjöld, og í stjórnmálunum kann það að leiða til heitrar umræðu.

Ég fagna því að þessi þáltill. skuli fram komin og vonast til þess að fá að sjá þessar upplýsingar og hlakka til pólitískrar umræðu um þetta mikilvæga mál.

[16:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu. Benda má á umræðu í vetur um kjör bankanna, um þjónustugjöld og kannanir sem gerðar hafa verið að undanförnu og verið birtar. Auk þess hafa verið gefnar yfirlýsingar um að birtar verði á næstunni niðurstöður sem hafi aðra vigt en þær kannanir sem bankarnir létu gera fyrir stuttu. Þetta eru misvísandi skilaboð um hvaða þjónustugjöld er í raun boðið upp á í bönkunum. Auðvitað er mjög mikilvægt, að menn sjái nákvæmlega hvernig öll þessi mál liggja svo að umræðan byggist á raunverulegri vitneskju.

Við höfum lifað mikla breytingatíma. Ríkisbankarnir hafa verið seldir og þó að þeir hafi ekki verið allt fjármálakerfið í landinu þá voru þeir það stór hluti fjármálakerfisins að þeir höfðu veruleg áhrif á það hvernig aðrir hlutar kerfisins unnu. Ríkisbankarnir voru ekki reknir með það í huga að hafa hagnað af fjármálastarfseminni eins og bankakerfið er rekið

núna. Aðhald ríkisbankanna að öðrum fjármálastofnunum er ekki lengur fyrir hendi. Ég tel mikilvægt að menn hafi það í huga vegna þess að í staðinn fyrir þetta aðhald átti að koma samkeppni á markaðnum. Á þá samkeppni hefur verulega skort fram að þessu. Að vísu hafa komið fram digrar yfirlýsingar KB-banka um það að nú skuli þetta breytast. Menn munu vonandi finna fyrir samkeppninni í framhaldinu og vonandi að menn standi þar við stóru orðin og sýni það að þeir séu tilbúnir í þessa samkeppni og séu tilbúnir að leggja eitthvað á sig til að hér verði svipað fjármálaumhverfi og er í löndunum í kring. Það kemur auðvitað í ljós á næstu missirum hvort eitthvað er að marka slíkar yfirlýsingar.

En umræðan um þjónustugjöldin segir okkur dálítið líka, að menn eru ekki alveg samkvæmir sjálfum sér. Að mínu viti eiga þjónustugjöld bankanna ekki að bera fullkomlega uppi kostnað af bankastarfsemi eins og gefið er í skyn að þau eigi að gera í þessari umræðu. Önnur starfsemi bankanna er auðvitað orðin til vegna þeirra krafta sem bankarnir fá með því að hafa undir höndum þá fjármuni sem almenningur og fyrirtæki leggja þar inn. Fjármálastarfsemin sem bankarnir stunda er auðvitað líka stunduð með peninga fólksins og fyrirtækjanna að bakhjarli. Þess vegna er sú umræða sem farið hefur fram í vetur að hluta til á villigötum. Því hefur nánast verið haldið fram að það þurfi að vera hægt að reka bankana á þjónustugjöldum.

Á sama tíma og bankarnir hafa ekki getað lánað út alla þá fjármuni til almennrar lánastarfsemi sem þeir hafa haft undir höndum hafa þeir valið þá leið að nota afl sitt í fjárfestingastarfsemi. Það eru röng skilaboð í því fólgin að nota slík tímabil til þess að gefa til kynna að ekki sé nógur arður af bankastarfseminni, að þjónustugjöld, aðrir slíkir póstar og vaxtamunur dugi ekki til að reka bankana þegar menn eru á kafi í að nota kraft bankanna í annað.

Ég vildi koma þessu á framfæri við þessa umræðu. Mér hefur fundist á það skorta að menn töluðu um þetta í þeirri umræðu sem fram hefur farið. Auðvitað þarf líka að ræða um siðferði í þessum rekstri.

Þá kem ég aftur að þessu sama, að banki og fjármálafyrirtæki stunda ekki bara lánastarfsemi. Þetta er ekki bara sparisjóður. Þetta er fjárfestingarstarfsemi. Þar fer fram kaupskapur með verðbréf og alla mögulega pappíra sem notaðir eru í viðskiptum í landinu. Þar er unnið að umbreytingu fyrirtækja. Þetta er það sem stundum hefur verið kallað brask. Allt þetta er í höndum fjármálafyrirtækja sem kalla sig banka.

Það er umhugsunarefni hvernig bankarnir geta verið allt í kringum, undir og yfir borðinu í öllum viðskiptum, bjóðandi þjónustu við fólkið. Mér finnst að dæmið sem kom upp fyrir tveimur árum eða tæplega það, hálfu öðru ári, þegar KB-banki, sem hét þá Kaupþing – Búnaðarbanki, verðlaunaði einn aðalforstjóra sinn um 60–70 millj. kr. fyrir góðan árangur bankans á sama tíma og hann sendi viðskiptavinum bankans reikninga sem sögðu: Því miður við töpuðum á því að ávaxta fjármuni þína í bankanum. Á sama tíma og þeir tóku vitlausar ákvarðanir til að ávaxta fjármuni viðskiptavinanna voru frammámenn bankans verðlaunaðir fyrir að hafa náð þessum gífurlega hagnaði til handa þeim sem áttu hlutabréf í bankanum. Að mínu viti á slíkt siðferði ekki heima í fjármálastofnunum. Ef menn eiga skilið verðlaun fyrir að stjórna slíkri fjármálastofnun eiga þau verðlaun að byggjast á því að vel sé gert, ekki bara við hluthafa bankans heldur líka viðskiptavini bankans. Það á ekki að vega meira og ætti a.m.k. að vega jafnþungt að fólkið og fyrirtækin sem eiga að vera grundvöllur fyrir starfsemi bankans njóti þess að menn hafi gert vel. Það er verið að snúa hlutunum á hvolf þegar svona er staðið að og þá er siðferðið ekki í lagi.

Ég vildi koma þessu að í umræðunni. Ég vona sannarlega að niðurstaðan verði sú að þessi tillaga verði samþykkt. Menn fá þá kannski betri upplýsingar til að byggja á í þeirri umræðu sem hlýtur að vera fram undan. Á því er vissulega þörf vegna þess að í hinu nýja umhverfi fjármálastarfseminnar í landinu þurfa menn að gæta sín og sjá til að bættur hagur fyrirtækjanna verði til hagsbóta fyrir fólkið í landinu, en verði ekki notaður til fjárplógsstarfsemi af því tagi sem við höfum stundum séð.

[16:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi till. til þál. um vexti og þjónustugjöld bankastofnana er að mörgu leyti góðra gjalda verð. Mér finnst sjálfsagt að skoða ítarlega, bæði samsetningu og forsendur vaxta og þjónustugjalda hjá fjármálastofnunum. Þetta hefur komið til umræðu á síðustu mánuðum, þ.e. hvort bankarnir sæki sér óhóflegar tekjur og rekstrarfé með háum þjónustugjöldum.

Ég vil taka undir þau orð sem eru í greinargerð um stöðu bankanna gagnvart viðskiptaaðilunum. Þar er nánast um einstefnu að ræða hvað varðar framkomu bankanna gagnvart viðskiptaaðilum. Ég hef áður vakið athygli á þessu í ræðum á Alþingi, m.a. í utandagskrárumræðu um stöðu bankanna. Þeir taka sér rétt til þess að kaupa og selja fyrirtæki og skammta sér þar alla viðskiptaskilmála einhliða. Sömu stöðu hafa þeir gagnvart viðskiptavinunum.

Við þekkjum öll þau bréf sem koma frá bönkunum. Orðalagið í þeim bréfum sýnir þessa stöðu viðskiptavinanna, þar er allt í boðvaldi eða boðhætti. Bankinn tilkynnir, setur fresti og setur alla skilmála í viðskiptum sem annars eru tvíhliða. Annars vegar er bankinn og hins vegar viðskiptaaðilinn. Viðskiptaaðilinn er réttlaus í þessum viðskiptum og verður að taka þeim boðum sem bankinn eða fjármálastofnunin býður og við þekkjum greinilega úr orðalagi þeirra bréfa, tilkynninga frá bönkunum. Þessi bréf af hálfu bankastofnananna sýna einmitt í hnotskurn stöðu þeirra og kannski oft á tíðum virðingu þeirra fyrir viðskiptavininum.

Ég vil vekja athygli á nokkrum atriðum í þáltill. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin láti enn fremur rannsaka sérstaklega hvaða áhrif upptaka evrunnar hefði á vaxtamun stýrivaxta hér á landi.“

Þar er, eins og við þekkjum úr málflutningi fulltrúa Samf., unnið í einhverjum óskhætti. Verið er að tala um hvaða áhrif það hefði á vaxtagjöld og annan fjármálamarkað ef búið væri að taka upp evruna. Í barnaskap sínum virðast þingmenn Samf. ekki átta sig á að upptaka evrunnar er einn hluti af því að ganga í Evrópusambandið. Því er útilokað að ætla að reikna eða kanna áhrif evrunnar einnar sér á fjármálamarkaðinn. Að kanna áhrif þeirra aðgerða einna og sér er út í hött. Það yrði að gerast með inngöngu í Evrópusambandið með öllum þeim kostum og göllum sem við yrðum að axla við inngöngu í Evrópusambandið. Þessi fáránleiki eða þessi óraunveruleiki einkennir því miður málflutning þingmanna Samf. og skemmir að mínu mati oft fyrir góðum málum hjá þeim, að vilja láta kanna þetta og hitt út frá forsendum sem ekki eru fyrir hendi. Þetta kemur ítrekað fyrir í þessari þáltill., að kannað verði hver staðan væri ef búið væri að

taka upp evruna á þessum og hinum sviðum. Þetta sýnir því miður þann fáránleika sem spillir oft málum þeirra.

Hér er jafnframt lagt til að kannað verði hvaða áhrif það hafi á vaxtamun íslenskra banka í alþjóðlegum samanburði að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standi fyrir utan lánakerfi bankanna. Ég tel að það hafi verið mjög farsælt að húsbréfakerfið eða íbúðalánakerfið sé rekið á sjálfstæðan hátt og með félagslegri ábyrgð. Ég er því alfarið á móti því að verið sé að gæla við að fella það inn í almennt lánakerfi banka.

Hins vegar hafa menn velt vöngum yfir því hvort vaxtastigið á húsbréfalánunum sé of hátt, bankar og fjármálastofnanir séu að taka lán erlendis á 2% vöxtum til þess að fjárfesta í húsbréfalánum á yfir 5% vöxtum þannig að þegar lán eru bæði með ríkisábyrgð og verðtryggingu sé spurning hvort vextirnir séu í rauninni of háir á slíkum lánum. Það má í sjálfu sér velta því fyrir sér án þess að ég ætli að fara neitt ítarlega í það.

Því er líka velt fyrir sér hvort rekja megi vaxtamun hér á landi til lítillar samkeppni á milli bankastofnana og þá vil ég bara vekja athygli á þeirri umræðu og þeim breytingum sem hafa orðið á fjármálamarkaði á undanförnum árum þegar ákveðið var að einkavæða og selja báða ríkisbanknana í einu og taka þá áhættu sem því fylgdi að einkavæða allan íslenskan fjármálamarkað á einu bretti. Ég tel að það hafi verið misráðið og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðum við því sem síðan hefur reynst raunin að hér hefur vaxið upp, menn hafa orðað það, græðgisframferði á íslenskum fjármálamarkaði í kjölfar þeirrar miklu einkavæðingar sem þar varð. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum það einmitt til að öðrum ríkisbankanum yrði haldið og hann yrði í eigu ríkisins a.m.k. fyrst um sinn meðan verið væri að þróa íslenskan fjármálamarkað.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera annað að miklu umtalsefni. Ýmis markmið í þáltill. eru ágæt þó svo að þarna slái út í fyrir hv. flutningsmönnum að taka eigi upp evru og kanna áhrif upptöku evru á íslenskan fjármálamarkað. Vaxtastig erlendis, hvort sem það er í Evrópulöndum eða í Japan eða Bandaríkjunum sem eru aðalviðskiptaaðilar okkar, hefur að sjálfsögðu áhrif á vexti á fjármálamarkaði hér á landi og með opnun á frjálsu fjárstreymi inn og út úr landinu og að Seðlabankinn hefur sem markmið verðbólgumarkmið en ekki gengismarkmið þá er þetta svo sem fylgifiskur sem búast mátti við.

[16:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason talaði um fáránleika umræðunnar um evruna. Það er eins og hv. þm. lifi ekki í þessu þjóðfélagi, eins og hv. þm. hafi ekki fylgst með því að íslenska krónan er komin að fótum fram, að íslensk fyrirtæki, meira að segja íslensk heimili taka meira og minna alla daga lán í erlendum gjaldmiðlum, að íslenski fjármálamarkaðurinn er meira og minna að verða rekinn á erlendum fjármunum og að í íslensku krónunni er fólgin kannski einhver mesta hætta sem nú er á ferðinni fyrir íslenskt efnahagslíf.

Hv. þm. hefur ásamt félögum sínum gagnrýnt verulega hvað gæti gerst hér þegar krónan hækkar í verði og ruðningsáhrifin koma fram vegna þeirra framkvæmda sem eru í gangi fyrir austan. Við höfum séð það á undanförnum árum hvernig slíkir hlutir hafa farið með iðnaðinn í landinu og samkeppnisfyrirtækin sem eru að keppa við innflutning. Allt hefur þetta verið að versna meira og meira á undanförnum árum og samt talar hv. þm. um fáránleika þess að velta því fyrir sér hvort hægt sé að komast út úr þessu hættuástandi.

Það veit enginn hvað er fram undan í íslensku efnahagslífi eins og sakir standa vegna þess að enginn veit hvað verður um krónuna. Það eitt er ljóst að hún er að úreldast og er komin að fótum fram. Sú tilraun sem við höfum verið að gera á undanförnum árum, að opna það örhagkerfi sem hér er fyrir fjármagnsstreymi út og inn í hagkerfum í kringum okkur sem eru gríðarlega stór á okkar mælikvarða, hefur ekki enn þá tekið enda.

[16:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. svaraði spurningu sinni í megindráttum sjálfur með því að segja að það að taka upp evru væri fyrst mögulegt eftir að gengið hefði verið í Evrópusambandið. Mörg ríki hafa reyndar valið að ganga í Evrópusambandið án þess að taka upp evruna þannig að þetta er í sjálfu sér fjölþætt umræða. En það er fullkomlega ljóst að ætla að tala um áhrif þess að taka upp evru hér á landi án þess að ganga í Evrópusambandið er gjörsamlega fjarlægt.

Varðandi stöðu íslensku krónunnar hafa íslensk stjórnvöld hvenær sem er möguleika til þess að grípa inn í stöðu hennar á íslenskum fjármálamarkaði ef þeir svo kjósa, en eins og staðan er nú er frjálst flæði með fjármagn inn og út úr landinu. Það gildir jafnt gagnvart evru, dollara og japönskum jenum. Staða þessara gjaldmiðla og vextir í þessum löndum hefur því að sjálfsögðu áhrif á efnahagslíf hér. Ef staðan væri sú að við værum að tala um dollara og vildum taka upp dollara yrðum við sjálfsagt að verða hluti af ríkjasambandi Bandaríkjanna. Það að ætla að hlaupa eftir einstakri mynt með þessum hætti og ímynda sér að maður geti tekið hana upp bara sisvona er fáránlegt.

[16:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enginn hefur verið að halda því fram að hér ætti að taka upp evruna án þess að ganga í Evrópusambandið. Það hefur verið hluti af umræðunni um að skoða bæri þá hluti einnig.

Hins vegar er íslenska hagkerfið að taka upp evruna framar öðrum gjaldmiðlum alla daga. Íslendingar eru að auka skuldir sínar í þeim gjaldmiðli og hafa gert ótæpilega á undanförnum missirum og niðurstaðan virðist vera sú að evran hafi þar yfirhöndina. Það mun því að öllum líkindum ekki verða okkar val hvort hér verði evrusvæði heldur með hvaða hætti því verði fyrir komið. Það að íslenska krónan verði á einhvern hátt notuð til þess að borga út íslenskum launamönnum og í einhverjum viðskiptum smærri fyrirtækja í landinu en annar gjaldmiðill notaður meira og minna í öðrum viðskiptum og öllum grunnfjárfestingum fyrirtækja í landinu, er framtíð sem er býsna erfitt að átta sig á að geti gengið. Því þarf þessi umræða að komast áfram og menn þurfa að skilgreina fyrir sér hvaða möguleikar eru á því að leysa þessi vandamál og þeir möguleikar sem menn sjá einfaldasta í því efni er auðvitað að ganga í Evrópusambandið.

Hins vegar er engin ástæða til að útiloka aðra möguleika. Hv. þm. bendir á að það geti vel verið að við vildum taka upp einhverja aðra mynt en evruna, ekki mun ég kasta því frá að það megi skoða líka. Hv. þm. vill greinilega frekar að við skoðum dollarann eða pundið eða jenið, hann nefndi það

líka, það mætti skoða þetta allt saman að mínu viti. Það sem ekki má er að skoða þetta ekki.

[16:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlun mín að fara í einhverjar efnislegar umræður um alþjóðlega fjármálamarkaði. Það sem ég var fyrst og fremst að vekja athygli á varðandi þáltill. sem hér er til umfjöllunar var að ég hefði talið að tillagan hefði verið betri ef talað hefði verið um stöðu og gengi og vexti á fjármálamörkuðum erlendis því staða dollarans, vextir og kjör í viðskiptum í Bandaríkjunum hefur líka áhrif hér og þess vegna staða pundsins eða staða jensins eftir því hvernig það er. Tillagan hefði að mínu viti verið betri ef horft hefði verið til stöðu þeirra mynta erlendis sem hafa svo sannarlega áhrif á vexti, fjármagn og fjármagnskostnað hér og það sem tillagan fjallar um, þ.e. um vexti og þjónustugjöld bankastofnana hér á landi. Því hefði passað illa að troða því inn sem meginmarkmiði í tillögunni að kanna kosti þess að taka upp evruna.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að tillagan hefði að mínu viti verið betri ef hún hefði verið opnari og að talað hefði verið um áhrif annarra gjaldmiðla og stöðu þeirra á alþjóðamörkuðum á þessa þætti í íslensku fjármálalífi.

[16:26]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel hér um gott mál að ræða, þ.e. að aflað verði nánari upplýsinga um tekjur bankanna af vaxtamun og þjónustugjöldum hér á landi. Ég tel mjög mikilvægt að bera það saman, að opinberir aðilar beri það saman við tekjur banka annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópu. Ég tel það einfaldlega allri umræðu um þennan málaflokk til framdráttar. Það er greinilegt að menn eru ekki sammála um hver raunkostnaðurinn er og þess vegna verður að fara ofan í þessa liði.

Frú forseti. Það sem ég tel athugavert og verði að skoða sérstaklega í tillögunni er hvaða áhrif upptaka evrunnar hefði á vaxtamun hér á landi. Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að við gætum ekki tekið upp evruna nema að ganga í Evrópusambandið. Það væri fróðlegt að fá að heyra nánar um það hjá flutningsmönnum tillögunnar hvort ekki séu einhver vandkvæði á því að taka upp evruna, hvort við verðum þá ekki að ganga í Evrópusambandið eða að gera sérstakan samning við seðlabanka Evrópu um það mál — ég veit t.d. að Danir hafa tengt sína krónu við evruna og þeir gerðu þá sérstakan samning eftir því sem ég veit best — og hvort það gangi bara einhliða að taka upp evruna. Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá flutningsmönnum tillögunnar. Við höfum dæmi um að menn hafi tekið upp mynt einhliða eins og í Argentínu og það fór nú ekki vel þar. Athyglisvert væri að vita hvernig flutningsmenn sjá þetta fyrir sér, hvort eigi að skoða þetta í framhaldi af því að vera komin inn í Evópusambandið eða hvort menn geti fengið slíkan samning án þess að vera í Evrópusambandinu vegna þess að við erum þá aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Engu að síður tel ég þarna um mjög gott mál að ræða og sérstaklega það að skoða náið vaxtamun bankanna og að í þeirri úttekt verði sérstaklega farið yfir annars vegar vexti sem stærri fyrirtæki njóta, en þau hafa aðgang að erlendu lánsfé og lægri vöxtum í útlöndum þannig að bankastofnanir hér á landi eru í ákveðinni samkeppni beint við útlönd. Það hefur komið fram að vaxtamunur hefur lækkað og þess vegna tel ég nauðsynlegt að fara yfir það hvort einstaklingar og minni fyrirtæki sem hafa ekki jafngreiðan aðgang að erlendu fé, njóti minni vaxtamunar.

Varðandi þjónustugjöldin tel ég eins og áður segir mjög nauðsynlegt að fara náið yfir þau vegna þess að bankana og Neytendasamtökin greinir á um hvort þjónustugjöld séu hærri hér en erlendis. Neytendasamtökin telja þau vera mun hærri en bankarnir svipuð eða jafnvel lægri. Bankarnir héldu því fram að stórir liðir í þjónustugjöldum bankanna væru vegna sérfræðiaðstoðar og ekki einungis vegna hækkunar á frumskógi þjónustugjalda bankanna. Ég tel að gera þurfi þennan samanburð einfaldari svo neytendur geti í rauninni séð hver þjónustugjöldin eru og borið þau saman á milli banka. Menn beri saman sambærilega hluti þannig að raunveruleg samkeppni komist á og menn geti þá valið þann banka sem býður raunverulega lægri þjónustugjöld og geti þannig auðveldað neytendum að velja þann banka sem býður betri kjör.

Að lokum vil ég ítreka að ég tel þetta mjög góða tillögu og nauðsynlegt að opinberir aðilar fari yfir þennan ágreining sem virðist vera og að menn geti ekki borið saman á milli bankanna, menn greinir á um það hver raunveruleg þjónustugjöld eru.

[16:31]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um þá tillögu sem hér liggur fyrir en vil kannski fyrst og síðast þakka þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni og einnig góðar undirtektir sem tillagan hefur fengið. Flestir þeir sem hér hafa talað hafa lýst yfir stuðningi við það að sá samanburður sem hér er lagt til að verði gerður verði unninn. Og það er það sem skiptir mestu máli í mínum huga. Satt best að segja hafði ég það mjög í huga við samningu þessarar tillögu að setja hana þannig fram að möguleiki væri á því að ná um það samstöðu að gera þennan samanburð. Ég tel að það sé gríðarlega mikilvægt.

Ef maður horfir á efni tillögunnar, hæstv. forseti, held ég að við getum öll verið sammála um að þennan samanburð þurfi að gera, það sé orðið mjög brýnt. Samanburðinn vantar og það er lagt til að hann verði gerður af hlutlausum aðila.

Hér kom athugasemd frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að hún efaðist um að ríkisstjórnin væri sá hlutlausi aðili sem við þyrftum til þess að gera þennan samanburð. Ég held hins vegar að í raun og veru sé ekki hægt að sjá fyrir sér neitt eðlilegra ferli í þessum efnum en það sem hér er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að gera samanburðinn, rannsaka og grafast fyrir um ástæður munarins og leggja það síðan fyrir Alþingi. Þá getum við tekið hina pólitísku umræðu um hvað beri að gera.

Hér gerðu hv. þm. Jón Bjarnason og Sigurjón Þórðarson athugasemdir um evruna og lögðu spurningar fyrir mig um það hvort ég sæi fyrir mér, eða við sem þessa tillögu leggjum fram, að hægt yrði að taka upp evru án þess að ganga inn í Evrópusambandið. Ég held að það sé ekki raunhæfur kostur. Og ég held að það yrði heldur ekki til heilla í sjálfu sér fyrir íslenskt efnahagslíf að taka upp evruna án þess að ganga inn í Evrópusambandið og fylgja þá með inn í það aðhald og það kerfi sem á henni byggir. Hins vegar, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, er íslenskt fjármálalíf að miklu leyti að gera þetta núna. Þetta er sá gjaldmiðill sem fólk velur sér í

stórum stíl og þess vegna er mjög eðlilegt að þetta sé tekið inn í samanburðinn. Það má gera með ýmsum hætti, m.a. með því að kanna hvað hafi gerst hjá öðrum þjóðum sem hafa tekið upp evruna. Það má líka kanna hvaða áhrif það hefur haft hér á landi að verið sé að taka hana upp án þess að gengið sé inn í Evrópusambandið og farið inn í það kerfi sem henni fylgir.

Það er engin afstaða í þessari tillögu tekin til aðildar að Evrópusambandinu og þess vegna held ég að a.m.k. allir þeir hv. þm. sem hér hafa talað ættu að geta sofið rólega yfir þeim þætti tillögunnar. Við teljum hins vegar mikilvægt að taka þennan lið inn í sem einn af þeim stóru þáttum sem á að skoða.

Ég nefni líka í tillögugreininni að skoða beri hvaða áhrif það hafi að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standa fyrir utan lánakerfi bankanna. Ég er ekki að lýsa neinni afstöðu í tillögugreininni til þess hvort ég telji að taka eigi þetta inn í bankastofnanirnar. Ég er ekki tilbúin að taka afstöðu til þess vegna þess að ég tel að ýmsar upplýsingar vanti um það mál svo hægt sé að taka til þess einhverja afstöðu sem væri byggð á skynsamlegum grunni. Og svona mætti áfram telja.

Það er líka fjallað um verðtrygginguna. Í greinargerð er talað sérstaklega um ábyrgðarmannakerfið sem er liður í íslenska bankakerfinu og sem veitir því mikla sérstöðu miðað við bankakerfi annarra landa. Allt þetta þarf að skoða.

Ég held að ég verði bara að segja það við hv. þm. Jón Bjarnason sem segir að tillagan hefði verið betri ef ekki hefði verið talað um evruna í henni — sennilega hefði hún verið betri ef ekkert E-orð hefði verið í tillögunni að hans mati — að ég held að við getum verið sammála um að skoða málið. Ég vil benda hv. þingmanni á að ekki er tekin nein afstaða til Evrópusambandsaðildar í þessari tillögugrein.

Ég geri mér vonir um það, hæstv. forseti, að tillagan verði samþykkt á hinu háa Alþingi. Ég ræð það m.a. af umræðunum. Hér hafa talað fulltrúar allra flokka sem sitja á þingi, nema reyndar Sjálfstfl. Miðað við þá umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu upp á síðkastið um það sem er að gerast í efnahagslífinu held ég að forustumenn stjórnarflokkanna geti verið sammála um það sem hæstv. utanrrh. nefnir svo að hin nýja íslenska stefna sé ekki dýrkun gróðans. Miðað við umræðuna hér held ég að menn geti verið sammála um tillöguna og þess vegna bind ég við það vonir, hæstv. forseti, að hún verði samþykkt og að menn geti fallist á að fara í þessa skoðun.

Auðvitað er ég líka nokkuð viss um að það eigi eftir að vera skiptar skoðanir um hvaða leið beri að fara og hvað beri að gera í framhaldinu. Samanburðinn vantar. Skoðunina þarf að framkvæma. Það hafa átt sér stað mjög mikil umskipti í íslensku efnahagslífi, íslensku fjármálalífi, á undanförnum árum og það er ekkert eðlilegra en að stjórnmálamenn skoði hvaða áhrif þau hafa haft og hvað sé að gerast hér á landi í samanburði við önnur lönd, sérstaklega í ljósi þess hversu margar misvísandi kannanir hafa verið gerðar um þennan þátt sem hafa gert íslenska neytendur enn ráðvilltari. Auk þess höfum við sem setjum rammann hér á hinu háa Alþingi legið undir ámæli fyrir það að vera að opna á frelsið án þess að setja því eðlilegan ramma. Ég held, hæstv. forseti, að við getum öll verið sammála um það hér á Alþingi að þennan ramma beri að setja og ekki seinna vænna en að við förum að afla gagna til þess að geta myndað okkur raunhæfa skoðun á því.

Að lokum legg ég til að þessari tillögu verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag sjóbjörgunarmála, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 335. mál. — Þskj. 401.

[16:39]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Einar Már Sigurðarson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið."

Þessi þáltill. var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram óbreytt.

Á Íslandi er samstaða um að allt skuli gert sem mögulegt er til að tryggja öryggi sjófarenda. Björgunarsveitir og stjórnvöld þurfa þess vegna að vera stöðugt á varðbergi til að nýta nýjustu tækni og nýja möguleika til að auka öryggi á sjó og flýta björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið. Flutningsmenn telja rétt að stjórnvöld fari vandlega yfir skyldur sínar hvað þessi mál varðar en í samráði við aðra sem annast framkvæmd þeirra í því skyni að bæta enn frekar það öryggiskerfi sem fyrir er. Minna má á að ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi björgunarmála á undanförnum árum og af þeim ástæðum er nauðsynlegt að stjórnvöld skoði hvort hlutverkum sé þar skipt með skilvirkum og öruggum hætti eða hvort gera þurfi breytingar á lögunum í því skyni.

Sjóslys geta orðið hvar sem er á miðunum umhverfis landið og við ströndina en þó hefur reynslan sýnt að sumir staðir við strendur landsins eru mun hættulegri en aðrir. Sem dæmi má nefna Snæfellsnes og Reykjanes. Á sumum þessara staða er afar erfitt að koma við björgun frá landi og um algerar vegleysur er þar að fara. Þó að notkun þyrlna hafi aukið möguleika á björgun úr lofti mun aðstoðar frá landi alltaf verða þörf.

Á suma af þessum stöðum mætti gera akfæra slóða sem mundu nýtast björgunarmönnum þegar slys yrðu. Gerð slíkra slóða, glögg merking þeirra og annarra slóða sem nýta má til að nálgast slysstað og við leit með ströndum fram getur flýtt fyrir því að hjálp berist. Einnig ber að skoða hvort staðsetning einhvers konar búnaðar eða aðstöðu á þessum sérstöku hættustöðum væri skynsamleg. Fyrrnefndar aðgerðir geta nýst björgunar- og leitarmönnum og einnig aukið öryggi þeirra sjálfra við mjög erfiðar aðstæður sem víða eru á þessum hættulegu strandsvæðum. Flutningsmenn leggja til að skoðað verði hvar þörf er framkvæmda af þessu tagi og að stjórnvöld tryggi fjármuni til slíkra verkefna strax og aðgerðaáætlun liggur fyrir á einstökum svæðum.

Þó að betri skip og margs konar öryggisbúnaður þeirra hafi aukið öryggi á sjó eru sjóslys enn algeng við strendur landsins.

Ný tækni við staðsetningu skipa og björgun hefur gert kleift að koma til hjálpar í neyðartilvikum miklu oftar og fyrr en áður var hægt. Kosti þeirrar tækni sem til er hefur þó ekki tekist að nýta til fulls. Búnaður til staðsetningar skipa gerir til dæmis mögulegt að hefja björgunaraðgerðir fáeinum

mínútum eftir að skip lendir í nauðum þótt ekki hafi borist frá því neyðarkall. Öryggi boðsendinga frá þessum tækjum hefur þó ekki verið nægilegt og þessi tækni hefur því ekki nýst sem skyldi. Úrbóta er þörf bæði hvað varðar boðsendingar frá staðsetningartækjum og móttöku þeirra. Bæta þarf búnað í skipum og tryggja með endurvarpsstöðvum öryggi sendinga frá þeim. Reglur um tilkynningarskyldu þarf að endurskoða eigi að tryggja að boð um slys berist strax þó að ekki berist neyðarkall frá skipi. Flutningsmönnum er ljóst að þeir sem annast björgunarmál eru að endurskoða þessi málefni, ævinlega, og er þessari tillögu ekki ætlað að trufla þá málefnavinnu. Stjórnvöld bera hins vegar ábyrgð á því skipulagi sem ríkir og á því að fjármunir fáist til nauðsynlegra úrbóta.

Þess vegna er tillagan flutt, hæstv. forseti, og ég tel ástæðu til að minna á að fyrir stuttu varð líklega mannbjörg einmitt vegna þess að búnaður af því tagi sem hér er nefndur virkaði. Þó að ekki bærist boð, neyðarkall, frá viðkomandi bát virkaði þessi búnaður og það tókst að bjarga manninum. Þess vegna þurfa menn auðvitað að fara yfir það hvort nægilegt öryggi sé í þessu. Önnur slys hafa orðið hér fyrir ekki löngu síðan þar sem þessi búnaður dugði ekki.

Ég ætla svo að minna á það aftur í lokin sem ég sagði í greinargerðinni áðan að það eru mjög erfiðar aðstæður á stöðum þar sem slys hafa orðið ítrekað á undanförnum árum, aðstæður sem björgunarsveitir þurfa að glíma við þegar slys hafa orðið og vel mætti gera auðveldari aðgangs fyrir björgunarsveitir. Á slíkum stöðum ætti líka að vera einhver lágmarksbúnaður sem björgunarsveitir þyrftu þá ekki að hafa með sér þegar slys hafa orðið.

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að þetta mál fái framgang núna og trúi því að þarna sé á ferðinni málefni sem skipti máli að sé ævinlega í endurskoðun. Ég er ekki með ræðu minni hér eða þessum tillöguflutningi að kasta neinni rýrð á það sem gert hefur verið og ekki á þá endurskoðun sem fór fram hér síðast, heldur einungis að benda á að sumir hlutir eru þar eftir enn og að aldrei munum við komast í það mark að við teljum að hér hafi verið að fullu unnið það sem til þarf.

[16:46]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta mál er um margt gott. Vissulega þurfum við ávallt að halda vöku okkar í sambandi við skipulag á sjóbjörgunarmálum, svo mörg slys sem orðið hafa.

Annað vildi ég geta hér um, það mun líklega hafa verið fyrir tveimur árum að ég sem formaður samgn. boðaði þá til samgn. alla þá aðila sem að sjóbjörgunarmálum komu, og koma. Það var af þeirri ástæðu að slys hafði orðið rétt fyrir utan Vestmannaeyjar og eitthvað misfórst eftirlit með því skipi af hálfu tilkynningarskyldunnar sem auðvitað alltaf getur komið upp. Síðan hefur mikið gerst og mikið breyst í málefnum sjóbjörgunarmála, og er svo komið að nánast er að komast á koppinn ein björgunarstöð eins og ég þykist vita að hv. flm. þessarar tillögu, Jóhann Ársælsson, viti um. Er auðvitað mjög vel að svo sé. Nú stefnir í að síðasti aðili sem að sjóbjörgunarmálum kemur, Landhelgisgæslan, muni fara undir þetta sama þak og þá má segja að öll mál sem lúta að björgun á lofti, láði og legi séu komin á sama stað. Er það auðvitað mjög til hins betra, og sjálfsagt, og hefði átt að gerast fyrir lifandis löngu þegar til þess er litið að þjóðin er ekki stór en býr hins vegar í hrjóstrugu og stóru landi. Víðátta hafsins er, svo sem segir í íslenskri lögsögu, 758.000 ferkílómetrar þannig að það er mikið hafsvæði sem t.d. Landhelgisgæslan þarf að hafa eftirlit með. Auk þess er Landhelgisgæslan aðili að alþjóðlegri björgunarstarfsemi sem nær náttúrlega langt út fyrir þessar raðir og þá bætist enn frekar við svæði sem Landhelgisgæslan á að sinna, þ.e. fyrir utan 200 mílna lögsöguna.

Þáltill. gengur út á að gera úttekt á skipulaginu. Í sjálfu sér er skipulagið að myndast núna með þessari samræmdu björgunarstöð sem verið er að setja upp í Öskjuhlíðinni. Hún er þegar farin að sýna gildi sitt og sanna. Ég tel að ekki sé úr vegi að þáltill. komi til nefndar til frekari skoðunar og þá til ítrekunar þeirra aðila sem sjá um sjóbjörgunarmál, til frekari áherslu. Ég tel að það sé bara af hinu góða þegar Alþingi sýnir slíku máli áhuga, ýtir á og er með ábendingar til þeirra aðila sem að sjóbjörgunarmálum standa. Þess vegna, virðulegi forseti, er ég stuðningsmaður þáltill. því allt það sem getur gott af sér leitt í öryggis- og björgunarmálum þjóðarinnar er bara af hinu góða.

[16:49]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Örfá orð í viðbót. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni undirtektirnar við málið. Þessi björgunarstöð er orðin til og er að mótast til lokaskipulags. Kannski mætti skoða hana betur hvað varðar þessa tillögu en hún var auðvitað margþættari en bara að fara yfir það mál. Ég held hins vegar að það sé gott og nauðsynlegt fyrir einmitt Alþingi og sérstaklega þá nefnd Alþingis sem með þessi mál fer að kynna sér nákvæmlega hvernig málin standa núna eftir þessar miklu skipulagsbreytingar.

Síðan er hitt sem var hvatinn að því að ég fór að undirbúa þessa tillögu á sínum tíma, að ekkert hefur verið gert hvað varðar þessa hættulega staði sem ég nefndi í framsöguræðunni, þar sem sjóslys hafa orðið ítrekað í gegnum tíðina og við, því miður, vitum að munu verða í framtíðinni. Það verður áfram þörf á því að bjarga skipum og mönnum frá þessum svæðum. Þar hefur ekki, a.m.k. svo ég viti til, fram að þessu verið farið í framkvæmdir sem gætu auðveldað björgunarmönnum aðgang og þar með björgun þegar á þarf að halda. Þess vegna ákvað ég að flytja þessa tillögu í hið þriðja sinnið og reyna að þrýsta á að þar kæmi frumkvæði frá Alþingi. Fjármunir til þess þurfa að koma af fjárlögum ef á að verða af framkvæmdum sem hér er lagt til að verði farið í, þ.e. fyrir vegslóða og að koma upp aðstöðu á þessum stöðum. Það yrði þá tekið út nákvæmlega hverjir þeir ættu helst að vera og hvar menn ættu að setja forgang hvað varðaði slíka hættulega staði. Þá þurfa að koma fjármunir á fjárlögum.

Þess vegna, hæstv. forseti, flutti ég tillöguna í hið þriðja sinnið en tel reyndar að alþingismenn og Alþingi hafi mjög gott af því að fara yfir það nákvæmlega hvernig staðan er núna eftir breytingarnar sem hafa orðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 336. mál. — Þskj. 404.

[16:53]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýja skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að sjá um að endurnýjuð og uppfærð verði skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Í skýrslunni skal gera grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa á stjórnunar- og eignatengslum frá því fyrri skýrslur, sem út komu árin 1994 og 2001, voru unnar. Leitast skal við að greina hvort gæti einkenna aukinnar hringa- eða blokkamyndunar og kortleggja helstu svið þar sem markaðseinokun eða vaxandi fákeppni ríkir. Í heild skal skýrslan gefa eins skýra mynd og kostur er af þróun íslensks viðskiptalífs og samkeppnisskilyrðum á öllum helstu sviðum atvinnulífs og viðskipta.

Viðbótarkostnaður sem Samkeppnisstofnun eða aðrir aðilar bera af gerð skýrslunnar greiðist úr ríkissjóði. Viðskiptaráðherra skal að lokinni gerð skýrslunnar leggja hana fyrir Alþingi."

Þegar ný samkeppnislög voru sett á Alþingi á fyrri hluta árs 1993 mörkuðu þau tímamót með ýmsum hætti. Lögin leystu af hólmi eldri lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem á ýmsan hátt voru orðin úr takti við tímann. Ágæt samstaða tókst um afgreiðslu málsins á Alþingi enda lagði efh.- og viðskn., sem hafði málið lengi til umfjöllunar, mikla vinnu í það verk og frv. tók talsverðum breytingum í meðförum þingsins. Hluti af samkomulagi sem lá til grundvallar afgreiðslu málsins fólst í því að mæla fyrir um viðamikla úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði. Þessi ráðstöfun endurspeglaði skilning þáverandi þingnefndar sem tillöguna flutti á því að sökum smæðar og skammrar þroskasögu samkeppnismarkaðar á mörgum sviðum viðskipta hér væri ástæða til að vera vel á verði gagnvart einkennum fákeppni og hringamyndunar.

Í nefndinni var einnig ítarlega rætt um það hvaða útfærslu eða leiðir ætti að velja í sambandi við bannákvæði eða eftir atvikum heimildir til inngripa ef samkeppnisskilyrði væru ekki uppfyllt og ástæða gæti verið til að ætla að hlutur neytenda eða viðskiptavina væri fyrir borð borinn af þeim sökum. Markaðsráðandi staða er ekki bönnuð samkvæmt lögunum en misbeiting hennar er það og samkeppnisyfirvöldum er sömuleiðis heimilt að beita sér, t.d. með því að stöðva samruna fyrirtækja eða yfirtöku eins fyrirtækis á öðrum ef ástæða er til að ætla að það hafi verulega neikvæð áhrif á samkeppni.

Um þessi ákvæði var að sjálfsögðu mikið rætt í nefndinni. Eitt af því sem kom aftur og aftur upp var að ástæða væri til að fylgjast mjög grannt með því hvernig aukið frelsi í viðskiptum og ný löggjöf, ný umgjörð um viðskipti og samkeppni, reyndist og hver þróunin yrði. Niðurstaða af þeirri umræðu allri varð svo m.a. samkomulag um að leggja til við Alþingi að bráðabirgðaákvæði yrði sett í samkeppnislög nr. 8/1993, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskiptaráðherra er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu."

Þessi brtt. efh.- og viðskn. við frv. var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu ef minni mitt svíkur ekki og ég held að ég muni þetta alveg örugglega rétt því þetta var nokkuð söguleg afgreiðsla og vakti athygli, ekki síst hið eina mótatkvæði.

Í beinu framhaldi af þessu var sem sagt það gert sem Alþingi fól samkeppnisyfirvöldum að gera og út kom skýrsla í desember 1994 um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Sú skýrsla markaði tímamót, það er enginn vafi á því. Rétt eins og lögin sjálf markaði þessi viðamikla kortlagning á viðskiptalífinu og stjórnunar- og eignatengslum í því veruleg tímamót. Slíkt hafði ekki áður verið gert með jafnskipulögðum og -yfirgripsmiklum hætti. Niðurstöðurnar voru áhugaverðar um margt. Það er mjög áhugavert fyrir menn í dag að lesa þessa skýrslu og helstu niðurstöður hennar og skoða af hverju menn höfðu áhyggjur á þessum árum og hverju ekki. Það er ýmislegt breytt síðan þetta var, á þessum tíu árum. Þannig býst ég við að mönnum yrði ekki eins tíðrætt um þær blokkir sem þá voru mjög til umræðu, kenndar við ýmis kvikindi í sjónum. Hlutur ríkisins var auðvitað umfangsmeiri á þeim árum en hann er í dag í atvinnulífinu, sérstaklega í fjármálageiranum. Þannig mætti áfram telja.

Á þeim tíma sátu stjórnendur fjármálafyrirtækja, oft bankastjórar, í stjórnum margra undirfyrirtækja, sjóða og stofnana. Þó að einhver brögð kunni að vera að slíku enn hygg ég að mönnum þætti athyglisvert að rifja upp hvernig staðan var á þessum tíma og hversu víða þræðirnir lágu í viðskiptalífinu.

Að ósk þingmanna Samf. var svo aftur unnin skýrsla með mjög svipuðu sniði sem kom út á vormánuðum 2001. Mig minnir að það hafi verið hv. fyrrv. þm., Sighvatur Björgvinsson, fyrrv. viðskrh., sem beitti sér fyrir þeim tilöguflutningi. Sú skýrsla er sömuleiðis viðamikið plagg og það varð strax fróðlegt að bera þessar tvær skýrslur saman. Þó nokkuð hafði breyst á þessum tíma, þessum sex eða sjö árum sem liðu á milli skýrslnanna, þó að sú fyrri hafi auðvitað á ýmsan hátt markað meiri tímamót, enda var þar um brautryðjendastarf að ræða.

Gögnum í skýrsluna sem út kom 2001 var safnað á árinu 2000 þannig að stuðst var aðallega við ársreikninga fyrirtækja og upplýsingar um stjórnir frá árinu 1999. Þar er því orðið um fimm, sex ára gamlar upplýsingar að ræða sem lágu til grundvallar niðurstöðum skýrslu númer tvö. Þó ekki kæmi annað til væri auðvitað þegar orðin ástæða til að fara yfir það hvort ekki væri kominn tími á þriðju úttektina af þessu tagi en svo bætist auðvitað við, sem ég geri ráð fyrir að hv. þingmönnum sé vel kunnugt, að gríðarlegar breytingar hafa orðið í viðskiptaumhverfinu á þessum tíma. Landslagið má heita gjörbreytt hvað varðar eignarhald og stjórnun á heilum sviðum viðskipta og er auðvitað á fleygiferð enn þann dag í dag, en það er þó enginn minnsti vafi á því að mjög fróðlegt væri að sjá nýja kortlagningu á þessu.

Það sem ekki síst vekur spurningar og hefur orðið mikil umræða um í þjóðfélaginu er sú samþjöppun eða sú mikla breyting sem orðið hefur á mörgum sviðum viðskipta þar

sem fjöldi smærri aðila með dreifða eða litla markaðshlutdeild var áður við lýði en tveir eða fáeinir markaðsráðandi risar sitja núna að markaðnum. Til viðbótar þeirri klassísku fákeppni sem mönnum er vel kunnug frá fyrri tíð, að vísu eitthvað misgömul eins og á sviðum vátryggingastarfsemi, í olíuverslun, sjóflutningum og fleiru, hafa nú bæst heil svið viðskipta svo sem eins og flutningar á landi, matvöruverslun, lyfjadreifing, jafnvel fjármálastarfsemi og nú síðast fjölmiðlarekstur þar sem mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um mikla uppstokkun og í mörgum tilvikum óumdeilanlega stóraukna fákeppni. Því það verður tæpast kallað annað að t.d. í stað nokkurra tuga sjálfstætt starfandi aðila, misstórra, allt frá einyrkjum og upp í allstór fyrirtæki sem önnuðust um flutninga á landi þangað til fyrir fáum árum, oft bundin við byggðarlög eða landshluta, ráða núna tvær keðjur lögum og lofum og eru nánast einráðar í flutningum á landi en tengdar stærra flutninganeti til útlanda í sjósamgöngum eða öðru.

Þróunin í sjávarútvegi hefur sömuleiðis verið mikið til skoðunar. Þó að ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða, svonefnt kvótaþak, setji því nokkrar skorður hversu hratt sjávarútvegsfyrirtæki geta stækkað eða hve miklu þau sópa til sín, hefur samt vakið mikla athygli hversu mjög hlutur t.d. tíu stærstu aðilanna á því sviði hefur aukist. Í stað þess að hafa kannski um þriðjung veiðiheimilda á sinni hendi fyrir ekkert mjög löngu síðan hafa þau nú um helming eða eitthvað nálægt því, ef ég man rétt.

Það ætti, frú forseti, ekki að vera ástæða til í sjálfu sér að rökstyðja þetta miklu nánar. Ég hygg að bæði fordæmin frá tveimur fyrri skýrslum og öll umræða sem orðið hefur í þessum efnum á undanförnum mánuðum mæli náttúrlega sterklega í þessa átt. Sömuleiðis þær breytingar sem nú liggja fyrir og hlýtur að vera ákaflega fróðlegt fyrir menn að skoða og bera saman við það sem áður var. Og sú hefð sem þar með er smátt og smátt að skapast að á kannski u.þ.b. fimm ára fresti fari fram víðtæk úttekt og kortlagning á viðskiptaumhverfinu þar sem menn hafa sérstaklega í huga að beina sjónum að því, eins og lagt var upp með í upphafi 1993, að fylgjast með því hvort sýnileg merki séu um varhugaverða hringamyndun eða blokkamyndun, fákeppni sem skaðleg geti verið heilbrigðri samkeppni á markaði.

Ég ætla svo sem ekki að fara yfir í umræður sem líka mætti tína til sögunnar hvað varðar breytta starfshætti, breytt andrúmsloft, jafnvel breytt viðskiptasiðferði eins og sumir vilja meina. Það má líka velta því fyrir sér hvort slík úttekt geti á einhvern hátt tekið til þess þótt það sé kannski erfitt að mæla eða kortleggja þegar um mjög huglæg atriði er að ræða. En ef menn vilja gera úttekt sem feli í sér einhvers konar heilbrigðisskoðun á viðskiptaumhverfinu á hverjum tíma verður auðvitað einnig að reyna að líta til þeirra þátta sem snúa meira að hugarfari eða siðferði.

En þó að það séu ekki nema hinar borðleggjandi staðreyndir sem hægt er að taka saman í skýrslum af þessu tagi, þ.e. markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja, hvernig eignarhaldi er háttað, hver tengsl þess eru við önnur fyrirtæki innan sama sviðs viðskipta eða á óskyldum sviðum, hvernig stjórnunartengsl eru í viðskiptalífinu o.s.frv., held ég það hljóti að teljast gagnlegar og áhugaverðar upplýsingar, að þær liggi fyrir og yfir slíkt sé farið með reglubundnum hætti. Áhugamönnum um þessi efni hlýtur að vera fengur að fá slíkt til samanburðar með reglubundnu millibili og eigi sú hefð að haldast að slíkar skýrslur liggi fyrir eða slík vinna sé unnin á u.þ.b. fimm ára fresti er ekki seinna vænna að leggja drög að þeirri þriðju í röðinni.

Ég leyfi mér einnig að vitna til þess, frú forseti, að hæstv. viðskrh. var inntur álits á tillögu þessari skömmu eftir að henni var dreift á Alþingi og ég held ég fari rétt með að hæstv. ráðherra tók ekki ólíklega í það að tímabært gæti verið að fara í uppfærslu á umræddum skýrslum með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir, eða eitthvað í þeim dúr hygg ég að ummæli hæstv. ráðherra hafi verið.

Ég vona þar af leiðandi að hv. þingnefnd, efh.- og viðskn. sem ég legg til að fái tillöguna til umfjöllunar að lokinni síðari umræðu, taki málið til vinsamlegrar skoðunar og að botn fáist í það á næstu vikum. Þetta er í sjálfu sér ekki mál sem á að þurfa að hanga lengi yfir, annaðhvort er Alþingi áfram þeirrar skoðunar, eins og það hefur í tvígang reynst vera, að það sé gagnlegt að fá svona plagg í hendur, eða ekki og á það væri í öllu falli mjög æskilegt að láta reyna fyrir vorið.

[17:08]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki við þetta tækifæri að fara í mikla efnislega umræðu við hv. 5. þm. Norðaust. um þetta málefni. Við munum fara yfir tillöguna í efh.- og viðskn. og velta henni fyrir okkur.

Hins vegar er eitt atriði sem mig langaði kannski til að kalla eftir hjá hv. þm. við fyrri umræðu. Það varðar í raun inni það hversu mikla gagnsemi hann telur að skýrsluskrif af þessu tagi skili við núverandi aðstæður. Nú er ljóst eins og hv. þm. rakti í framsöguræðu sinni að viðskiptalífið hefur breyst mjög mikið á þeim árum sem liðin eru frá setningu samkeppnislaga 1993, m.a. með því að hraðinn í viðskiptum hefur aukist til mikilla muna, stærri upphæðir og stærri eignarhlutar í fyrirtækjum skipta nú hraðar um hendur en var á þeim tíma. Því veltir maður því óhjákvæmilega fyrir sér hvort slík skýrsluskrif í því formi sem hann vísar hér til feli ekki meira í sér sagnfræðilega vinnu frekar en að það skili raunverulega gagnlegum upplýsingum inn í það umhverfi sem við stöndum frammi fyrir.

Ég vil líka vekja athygli á í þessu sambandi að öll umfjöllun um viðskiptalíf og málefni viðskiptalífsins er orðin miklu meiri og miklu opnari en þegar samkeppnislögin voru sett á sínum tíma. Upplýsingar um fyrirtæki eru nú aðgengilegri en áður var og fjölmiðlar gera almennt betur grein fyrir því sem gerist á vettvangi fyrirtækjanna heldur en var. Ég vísa þar í nýlega úttekt Morgunblaðsins á sjö blokkum í viðskiptalífinu sem tekur kannski einmitt á þeim þáttum sem hv. tillöguflytjandi vísar til. Þannig að ég velti því fyrir mér hvort skýrsluskrif af þessu tagi séu ekki fyrst og fremst sagnfræðiritun sem hjálpar okkur lítið frá degi til dags.

[17:10]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að þetta sé nú miklu meira en það. Það er út af fyrir sig gagnlegt og gott og getur fullkomlega réttlætt það að lagt sé í nokkurn kostnað og nokkra fyrirhöfn að hlutir hafi sagnfræðilegt gildi og skiptir máli t.d. þegar menn meta þróun þó að einhverju leyti sé eftir á og í ljósi þess hvernig hlutirnir hafi gengið fyrir sig. En ég hugsa þetta ekki síður, og tillagan er ekki síður hugsuð gagnvart núinu og framtíðinni, að við höfum á hverjum tíma með reglubundnu millibili í höndum greinargóðar og nýjar upplýsingar, staðreyndir um hluti í viðskiptalífinu sem löggjafinn, Alþingi, hlýtur að vilja vera upplýst um. Það er Alþingi sem setur

lögin, setur lögin um samkeppnisreglurnar og leikreglurnar. Það er Alþingi sem setur lögin um eftirlitsstofnanirnar. Og það er Alþingi sem hefur eftirlit og aðhaldshlutverki að gegna hvað það varðar að hlutirnir gangi eðlilega fyrir sig. Allt þetta skiptir máli þegar Alþingi er að beita sér í þessum efnum. Svo má kannski segja að þetta hafi einnig í för með sér nokkurt aðhaldsgildi. Þetta eru ákveðin skilaboð um það að Alþingi vill vera vel með á nótunum hvað er að gerast í viðskiptalífinu að þessu leyti. Eru forsendur heilbrigðrar samkeppni uppfylltar? Og ef menn telja að svo sé er ekkert að óttast. Þá staðfesta skýrslurnar það og þá verða allir glaðir. En ef þarna eru hættumerki á ferð er líka rétt að Alþingi viti af því og sé meðvitað um það.

Samkeppnisyfirvöld hafa auðvitað sterkari stöðu til að gera slíka hluti en fjölmiðlar, með fullri virðingu fyrir þeim. Samkeppnisyfirvöld geta kallað eftir þessum upplýsingum og eftir atvikum sótt þær og þurfa ekki neitt nema sína eigin starfsemi til að réttlæta það og rökstyðja. Þannig að með fullri virðingu fyrir aðhaldshlutverki fjölmiðla gegnir nokkuð öðru máli um samkeppnisyfirvöld og stofnanir.

[17:12]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að ég er ekki á þessu stigi að lýsa yfir andstöðu við tillögu hv. 5. þm. Norðaust. Ég velti þessu hins vegar fyrir mér í ljósi þess að þær hröðu breytingar sem eiga sér stað í viðskiptalífinu eru kannski einmitt það hraðar að það getur verið harla lítið gagn af upplýsingum sem eftir atvikum eru orðnar nokkurra mánaða eða ára gamlar.

Til viðbótar við það sem ég nefndi áðan með fjölmiðlana má geta þess að sú breyting hefur átt sér stað frá 1993 að í fyrsta lagi er komin skýrari hefð á starfsemi samkeppnisyfirvalda sjálfra. Það eru tilkomnar nýjar eftirlitsstofnanir eins og Fjármálaeftirlitið sem hafa viðamiklu eftirlitshlutverki að gegna varðandi fjármálamarkaðinn. Fjármálafyrirtækin eru mikill gerandi í mörgum þeirra viðskipta sem snerta það svið sem hv. þm. fjallar um í tillögu sinni. Þar að auki höfum við nýja löggjöf á mörgum sviðum eins og um starfsemi fjármálafyrirtækja, um Kauphöll og á fjölmörgum öðrum sviðum sem gerir eftirlit í rauninni virkara en var á þeim tíma þegar upphaflega hugmyndin um skýrsluskrif Samkeppnisstofnunar kom fram árið 1993.

Ég vildi vekja athygli á þessu og eins finnst mér rétt að fram komi að viðskrh. hefur skipað nefnd til að fara yfir þessi mál í ljósi þess að fram hafa komið sjónarmið um að það gæti hringamyndunar með óæskilegum afleiðingum á ákveðnum sviðum viðskiptalífsins. Sú nefnd er að störfum og á eftir atvikum, eftir því sem mér er kunnugt um, að skila niðurstöðu fyrir haustið. Og ég held að nefndarstarf af því tagi og vinna af því tagi sem er í sjálfu sér ekki með sama sagnfræðilega sniðinu og þessi tillaga gerir ráð fyrir sé miklu gagnlegri leið til að takast á við þessi mál.

[17:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gleður mig að hv. þm. er ekki að boða andstöðu þó viss úrtöluhljómur sé í rödd hv. þm. Ég vona að hann fari ekki að fylgja fordæmi núverandi hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar sem aleinn greiddi atkvæði gegn því á sínum tíma að skýrslan hin fyrsta yrði unnin. Þá voru tillögumenn að því ekki ómerkari menn en sá sem hér talar og fyrrverandi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem mun einhvern tímann hafa verið vinnuveitandi hv. þm. Ég veit að það hljóta að teljast veruleg meðmæli með málinu að það er að upphafi framborið af jafnmætum manni og m.a. fyrrverandi hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, núverandi ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, ef ég veit rétt.

Það er að sönnu rétt að hraði í viðskiptalífinu er mikill, en einhverjir kynnu að segja að sá hraði gæti verið býsna varhugaverður. Eftirlitsstofnanirnar, jú, það er gott og blessað, þær eru á sínum stað. Við skulum segja að samkeppnisyfirvöld, Samkeppnisstofnun, sé þroskaðri en hún var í árdaga og Fjármálaeftirlitið er komið til sögunnar. Það fer að vísu það orð á, ekki síst í ljósi hraða viðskiptanna og hluta sem hafa verið að gerast undanfarna mánuði, að svolítið beri á því að þessar stofnanir, Kauphöllin, Fjármálaeftirlitið og jafnvel samkeppnisyfirvöld séu fyrst og fremst í því að setja reglur eiginlega eftir á í ljósi hluta sem orðið hafa á markaði, þó ég geri ekki lítið úr því að þar er þó verið að reyna, eins og t.d. viðleitni einmitt núna síðustu sólarhringa hvað varðar ónefnd viðskipti ber með sér. En Alþingi sjálft hlýtur líka að taka hlutverk sitt alvarlega í þessum efnum hvað sem líður eftirlitsstofnunum, nefndum á vegum einstakra ráðuneyta eða aðhaldshlutverki fjölmiðla. Við verðum að passa okkur á því sem hér sitjum, hvort sem við höfum verið hér lengur eða skemur, hv. þm., að gera sjálfum okkur ekki of lágt undir höfði.

Ég er ekki síst að leggja það til að Alþingi sýni ákveðið frumkvæði, sendi skýr skilaboð út í þjóðfélagið um að það vill vera með á nótunum hvað þarna er að gerast. Þær upplýsingar sem í aðalatriðum eiga að liggja fyrir eða vera aðgengilegar fyrir viðkomandi stofnanir, sérstaklega Samkeppnisstofnun, á ekki að kosta mikið að draga saman í skýrslu.

[17:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt hugsun að menn hafi aðgang að þeim upplýsingum sem hér er verið að tala um. Hins vegar er líka rétt að þessar upplýsingar úreldast hratt. Ég er á þeirri skoðun að nútíminn krefjist þess að menn fari eitthvað öðruvísi að en hefur verið gert og það ætti að vera auðvelt. Ég tel að upplýsingar af því tagi sem eru í þeim skýrslum sem hafa verið búnar til, og hefur verið farið ágætlega yfir af hv. frsm., ætti að uppfæra jafnóðum og aðgangur að þeim ætti að vera á einhvers konar heimasíðu á netinu. Við höfum Íslendingabók og því skyldum við ekki hafa bók þar sem hægt væri að skoða fyrirtækin í landinu, eignatengslin í þeim og að þau yrðu færð inn nokkurn veginn jafnóðum. Það ætti ekki að kosta meira en að búa til bækur á fimm ára fresti. Með því kæmust menn í þá stöðu að geta fylgst með atvinnulífinu og hið lýðræðislega aðhald, sem skortir á vegna þess að upplýsingar vantar, væri aukið og menn tækju til umræðu þær breytingar sem menn sæju að væru óæskilegar og reyndu að hafa áhrif á hlutina áður en einhver vandamál hafa grafið um sig.

Við höfum t.d. séð að eini fyrirtækjahópurinn sem menn hafa haft virkilega góðan aðgang og möguleika á að fylgjast með, er sá hópur sem hefur verið skráður í Kauphöllina. Þeim fyrirtækjum hefur verið að fækka. Menn hafa verið að draga þau fyrirtæki úr Kauphöllinni, en sem aldrei fyrr hafa verið breytingar á eignarhaldi fyrirtækja og mjög erfitt að fylgjast með í raun og veru. Menn geta reynt að gera það í gegnum fjölmiðla. Þar koma einstakar fréttir. En margt gerist án þess að almenningur, jafnvel þó menn reyni að fylgjast

með, hafi þær upplýsingar í höndum. Aðgangur að þessum upplýsingum væri ómetanlegur til að gera sér grein fyrir því hvað er að gerast í þjóðfélaginu á hverjum tíma hvað þetta varðar.

Innlegg mitt í þessa umræðu er fyrst og fremst það að í hv. nefnd fari menn yfir hvort ekki sé rétt að hoppa inn í nútímann með þennan hlut og gera upplýsingar aðgengilegar þannig að allar þær breytingar sem máli skipta séu til staðar og menn viti nokkurn veginn hvar þeir standa, en séu ekki komnir í þau spor eftir árið að það taki því ekki að líta í bókina vegna þess að hún sé orðin of gömul. Þá er til lítils að vinna upp svona mál ef menn treysta ekki upplýsingunum sem þar eru nema í fáeina mánuði eftir að bókin er komin út.

Þetta var það sem ég vildi, hæstv. forseti, leggja inn í umræðuna. Ekki geri ég lítið úr málinu og tel fulla ástæðu til að menn fari yfir þetta, en vona að hægt sé að gera þetta með þeim hætti sem ég var að lýsa og um það geti orðið samstaða.

[17:21]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég skal ekki lengja hana, enda ekki tilefni til.

Ég vil segja vegna athugasemda hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að það er að sjálfsögðu rétt og skylt að fara yfir það á hverjum tíma hvaða framsetning mála gagnast best og er í takt við tímann og þá möguleika og þá tækni sem menn hafa. Það er mér algerlega að meinalausu þó niðurstaðan kynni að verða sú að menn færðu formið í aðalatriðum í hinn rafræna heim og skýrslan væri fyrst og fremst aðgengileg á netinu. Ekki væri lakara að hún væri opin og gæti orðið til uppfærslu, jafnvel árlega.

Ég held þó að það verði líka að hafa í huga að það getur haft gildi að framkvæma það sem kalla mætti stöðumat, afmarkað í tíma og rúmi, á gangi mála í viðskiptalífinu sem jafnvel lægi fyrir í einhvers konar prentaðri eða lokaðri útgáfu til að skoða og bera saman við það sem á undan er gengið og það sem síðar kann að verða. Ég veit ekki hvað öðrum finnst um það, en ég er a.m.k. ófeiminn við að viðurkenna að ég er það gamaldags að ég hef ekkert á móti því af og til að blaða í bókum og skýrslum. Ég hef haft mjög gaman af því, einmitt í ljósi umræðna síðustu vikna, að taka fram þessar tvær skýrslur frá 1994 og 2001, blaða í gegnum þær og velta fyrir mér þeim miklu breytingum sem orðið hafa í landslagi viðskipta og samkeppnismála í landinu. Ég er ekkert viss um nema ýmsir fleiri gætu haft bæði gagn og gaman af því að gera það.

Ef menn fara í það verk á annað borð að gera dálítið viðamikla úttekt og kortlagningu, kviknar oft hjá mönnum áhugi í slíkri vinnu að skoða ákveðna þætti nánar. Það er nákvæmlega það sem gerðist t.d. á árinu 2000 þegar Samkeppnisstofnun, í framhaldi af bréfi viðskrh. sem aftur var í framhaldi af tillögu á Alþingi, var falið að uppfæra skýrslu eða gera nýja úttekt á stjórnunar- og eignartengslum. Samkeppnisstofnun skoðaði sérstaklega, bæði í ljósi breytinga sem orðnar voru frá 1994 og í ljósi nýrra hluta á markaðnum hvað væri áhugavert að fara sérstaklega í. Í formála þeirrar skýrslu segir m.a., með leyfi forseta:

„Við gerð úttektarinnar að þessu sinni hefur í ríkari mæli verið leitast við að skilgreina markaði út frá samkeppnissjónarmiðum. Í því felst að fyrirtæki á markaði sem um ræðir hverju sinni séu raunverulegir keppinautar."

Síðar segir:

„Frá því fyrri úttektin var gerð árið 1994 hafa nýjar atvinnugreinar komið til sögunnar og öðrum hefur vaxið fiskur um hrygg. Eðli ýmissa markaða hefur breyst og þeir orðið flóknari. Sem dæmi má nefna upplýsingaiðnaðinn, fjármálamarkaðinn og fjarskiptamarkaðinn."

Með öðrum orðum, vinnan fór inn á það spor að áhugavert væri að skoða ýmsa þætti sérstaklega og nánar og kannski aðra en menn höfðu sérstaklega beint sjónum að fimm eða sex árum áður. Ég er alveg sannfærður um að svipað yrði upp á teningunum nú ef samkeppnisyfirvöld fengju það hlutverk frá Alþingi að uppfæra skýrsluna. Þá mundi örugglega verða áhugavert frá þeirra bæjardyrum séð, og það held ég að sé best að setja þeim í sjálfsvald, að kortleggja sérstaklega og skoða hluti sem hafa tekið breytingum þar sem nýjar aðstæður hafa skapast, eftir atvikum alveg ný svið viðskiptastofna o.s.frv.

Það má t.d. hugsa sér, svo maður haldi áfram að, ég vil ekki segja fabúlera í ræðustólnum, láta hugann reika eða gamminn geisa að það gæti verið áhugavert að skoða fyrirtæki sem eru orðin mjög blönduð hvað það snertir að hluti umsvifa þeirra er hér á landi og hluti þeirra erlendis, jafnvel fyrirtæki sem eru mjög sterk á ákveðnum sviðum viðskipta hér á heimamarkaði, eru komin með meiri hluta veltu sinnar erlendis og eru þar af leiðandi þannig sett að þau geta, ef út í það er farið, gert hluti vegna stöðu sinnar á heimamarkaði sem vegur ekki þungt í heildarrekstri þeirra. Um þetta mætti hafa ýmis orð.

Tískuorðið „útrás" lofsyngja flestir mjög. Við skulum vona að það gangi allt vel. Þó er hætt við að reynslan muni sýna okkur að ekki verði allar ferðir til fjár í þessu tilviki frekar en öðrum og ýmis áhrif geta orðið af því, t.d. er umhverfi margra fyrirtækja orðið mjög breytt að þessu leyti frá því sem var fyrir um 5–10 árum, og samþættingu, sem er orðin meiri á vissum sviðum nú en áður var, væri fróðlegt að skoða. Umsvif banka og fjármálastofnana beint í rekstri á mörgum sviðum. Talsvert hefur það verið til umræðu o.s.frv.

Ég held því að það muni ekki skorta að upp komi ýmsir áhugaverðir fletir í því hvað væri skynsamlegt að skoða og gæti verið áhugavert og gagnlegt að fá úttekt á.

Það er alveg hárrétt að vissir hlutar svona vinnu úreldast tiltölulega hratt. Þeir hafa þó gildi á því augnabliki sem þeir birtast og taka ekki snöggum breytingum nema á ársgrundvelli eða svo. Þá á ég t.d. við helstu stjórnunartengsl í viðskiptalífinu sem oftast taka fyrst og fremst breytingum á árlegum aðalfundum fyrirtækja sem eru á svipuðum tíma árs hjá þeim flestum. Þær upplýsingar geta menn því haft og skoðað og þær geta verið nokkurn veginn nýjar og réttar í eitt ár a.m.k. Það er því svolítið misjafnt eftir því hvað á í hlut hversu hratt hlutirnir breytast.

Síðan er ekki endilega víst að menn eigi að gefa sér, og skal það sagt að lokum, að það verði allt á jafnmikilli fleygiferð í viðskiptalífinu íslenska eins og það hefur verið undanfarna mánuði. Ég ætla að leyfa mér að segja: Ég vona ekki. Ég held að það sé erfitt að færa sannfærandi rök fyrir því að það sé beinlínis hollt fyrir efnahags- og atvinnulíf einnar þjóðar að þar sé allt á syngjandi ferð þannig að menn viti yfirleitt ekki stundinni lengur hver á hvað, að starfsfólk sitji og bíði dögum og vikum, stundum mánuðum og missirum saman eftir niðurstöðu í því hvað verði með eignarhald á þeirra fyrirtæki, hvað verði með ákvarðanatöku, hvað verði með langtímastefnumótun. Það er hlutur sem mér virðist

æðioft gleymast í umræðum um þessi mál þegar ýmsir nýjungagjarnir menn verða til að lofsyngja allt sem gerist mjög áður en þeir velta því fyrir sér hvort það sé af hinu góða eða ekki, bara ef það er nýtt og það eru breytingar, verður ýmsum það fyrir að sjálfgefið sé að fagna því. Oft er gott að hrist sé upp í hlutunum og menn vaktir af værum blundi, en það má líka of mikið af öllu gera. Ég þykist finna það í mjög vaxandi mæli meðal ýmissa í atvinnulífinu að sú óvissa og það umrót sem hefur skapast og gengið yfir og er sums staðar uppi enn hefur sínar mjög svo neikvæðu hliðar líka sem varðar sérstaklega þetta, að það eru ekki þær stöðugu og traustu aðstæður til staðar í fyrirtækjunum til að byggja upp langtímamarkmið, langtímastefnumótun, til að taka stærri ákvarðanir um fjárfestingar og annað í þeim dúr sem menn verða auðvitað að geta gert á einhverjum sæmilega tryggum grunni.

Allt er best í hófi og þar á meðal líka það, held ég, að eignarhald í fyrirtækjum sé á stanslausri fleygiferð fram og til baka í þjóðfélaginu, fyrir utan ýmislegt annað sem því tengist og hefur verið til umfjöllunar núna, eins og það að inn í eignabreytingar hefur verið sogað mikið erlent fjármagn, mikið erlent lánsfé sem hefur sínar efnahagslegu afleiðingar. Erlendar skuldir eru alveg eins og aðrar skuldir, að það vill fara svo að það þurfi að borga þær og til þess þarf peninga og gjaldeyristekjur í því tilviki sem lánin eru tekin erlendis. Það mætti því ýmislegt um það segja og ekki væri svo sem neitt að því þó samkeppnisyfirvöld og síðan Alþingi veltu þeim hlutum fyrir sér í og með í tengslum við úttekt á heilbrigðisástandi viðskiptalífsins sem tillaga þessi gengur í raun og veru út á að verði framkvæmd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:32]

Útbýting þingskjala:

Forvarnastarf í áfengismálum, 684. mál, fsp. MÁ, þskj. 1013.

Fyrirtæki sem framleiða sjónvarpsefni, 685. mál, fsp. ÁF, þskj. 1014.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 547. mál, svar félmrh., þskj. 958.

Hlutafélög, 686. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 1015.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 690. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1019.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 687. mál, frv. DJ o.fl., þskj. 1016.

Norrænt samstarf 2003, 688. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 1017.

Verðbréfaviðskipti, 689. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 1018.

Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 473. mál. — Þskj. 698.

[17:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl. Við erum 14 flm., hv. þingmenn, að þessari þáltill. en auk mín eru hv. þm. Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Hjörleifsson, Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Bjarni Benediktsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason, Jón Gunnarsson, Jón Bjarnason og Grétar Mar Jónsson.

Í tillögugreininni segir svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um árlegan kostnað við að senda dagskrár hljóðvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar."

Herra forseti. Þessi þáltill. er ekki flutt hér í fyrsta sinn, hún hefur verið flutt á umliðnum árum og hefur þá hv. fyrrv. þm. Guðjón Guðmundsson verið 1. flm. að henni. Málið er það gott að ég tók ákvörðun um að endurflytja það nú ásamt 13 öðrum þingmönnum, eins og ég gat hér um áðan.

Í greinargerð segir:

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur verið byggt upp til að ná til byggðra bóla, til fólks með fasta búsetu árið um kring, og með lágmarkstilkostnaði. Talið er að á um 70 sveitabæjum séu léleg eða engin skilyrði til móttöku sjónvarpsins.

Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði hljóðvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu langbylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeyja, eða u.þ.b. 500 sjómílur. Í sparnaðarskyni hafa þó langbylgjusendingar nýlega verið skertar.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárviðrisspám og tilkynningum um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð nema á Íslandi fyrir siglingaleiðina Bandaríkin-Nýfundnaland-Ísland.

Kunnugt er að Ríkisútvarpið hefur undanfarin ár átt í viðræðum við innlend og erlend fyrirtæki um sjónvarps- og útvarpssendingar um gervitungl. Einnig hefur Ríkisútvarpið staðið fyrir tilraunasendingum um gervitungl. Fyrstu tilraunasendingarnar hófust í október 2002 með efni frá kynningarmyndbandi en beinar sendingar fóru fram í tengslum við alþingiskosningarnar í maí 2003. Tilraunasendingarnar voru opnar en reglubundnar útsendingar á dagskrá sjónvarpsins þurfa að vera lokaðar af rétthafaástæðum og mun þá þurfa lykilkort til opnunar, auk heföbundins búnaðar til móttöku gervitunglasendinga. Tilraunasendingarnar sýndu að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að senda dagskrá sjónvarps, og þar með útvarps, um gervitungl og ná þar með til hópa Íslendinga sem eru utan dreifikerfisins á Íslandi. Þó er ljóst að ekki nást þær sendingar alls staðar á landinu þar sem gervitunglin eru á jarðstöðubraut í um 36 þúsund km

hæð yfir miðbaug og eru því ekki hátt á lofti séð frá Íslandi. Sjónlínu þarf frá móttökustað í gervitunglið og hæðir, fjöll og byggingar geta því skyggt á.

Viðbrögð við tilraunasendingunum voru skjót, jákvæð og gríðarmikil og svo aftur vonbrigði með að ekki væri um reglubundnar útsendingar að ræða. Talið er að hundruð sjómanna hafi fylgst með útsendingunum og að fjöldi Íslendinga erlendis hafi skipt þúsundum. Einnig heyrðist frá fólki á Íslandi sem hefur gervitungladisk en býr utan þess svæðis sem dreifikerfið nær til. Dagskrá tengd alþingiskosningunum ýtti verulega undir áhuga á tilraunasendingunum.

Af framansögðu er ljóst að gervitunglasendingar munu stórauka og bæta dreifingu Ríkisútvarpsins og ná til flestra þeirra sem nú fá lélega eða enga þjónustu. Þar má nefna íbúa afskekktra býla, sjómenn á hafi úti, sumarbústaðaeigendur og Íslendinga erlendis.

Meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og hljóðvarps verður að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

Virðulegi forseti. Eftir að þáltill. var lögð fram hafði ég samband við starfsmenn Ríkisútvarpsins sem höfðu skoðað þetta mál að nokkru leyti og sendu mér eftirfarandi texta, sem ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér upp:

„Útreikningar eftir lista Ríkisútvarpsins með 120 sveitabæjum sem eru flokkaðir með engin, léleg eða slæm móttökuskilyrði sjónvarps sýna að sendingar frá gervitunglum nái til um 90–110 þeirra, háð vali á gervitungli. Ýmsir þessara bæja hafa fengið sértækar úrbætur á liðnum árum en eru engu að síður utan megindreifikerfis sjónvarpsins.

Útreikningar eftir skrám yfir jarðir í ábúð, eyðibýli og önnur hús sýna að sömu sendingar ná til um 80–95% þeirra. Þar er um að ræða u.þ.b. 4.200 lögbýli í ábúð, 2.200 lögbýli í eyði og u.þ.b. 600 ýmis önnur hús, sumarhús o.fl. Útreikningarnir eru flokkaðir eftir landsvæðum og eru niðurstöður háðar landslagi sem myndar skuggasvæði frá gervitunglunum. Af þessum um 7.000 húsum í dreifbýli ná þá sendingarnar ekki til um 300–1.450 húsa, háð vali á gervitungli.

Nauðsynlegt er að geta þess að niðurstöður útreikninganna þarf að taka með fyrirvara um skekkjur vegna ónákvæmni í hæðarlíkani og hnitum."

Virðulegi forseti. Frá því að fyrst var farið að ræða um möguleika á sendingu útvarps og sjónvarps um gervitungl hafa allar kostnaðartölur breyst mjög. Fyrst var um milljarða að ræða og síðan hafa þessar tölur hlaupið á milljónum og virðist sem þær fari enn lækkandi. Þetta er mjög áhugavert mál og vissulega væri það af hinu góða ef hið háa Alþingi samþykkti þáltill. og mundi ýta þessu verki úr hlaði eftir nánari athugun, að sjálfsögðu, á hver hinn raunverulegi kostnaður væri á slíku verki. En það er eðlilegt og rétt, eins og ég gat um í niðurlagi greinargerðarinnar með þáltill., að á meðan Ríkisútvarpið stendur fyrir útsendingum útvarps og sjónvarps og skylduaðild landsmanna er að þessum gagnmerka fjölmiðli sé allt lagt í sölurnar til þess að allir Íslendingar, sjómenn á hafi umhverfis Ísland, og þegar mikið liggur við, eins og t.d. í alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum, sé a.m.k. hægt að senda útvarp og sjónvarp til þessara aðila sem víðast um heiminn. En auðvitað hlýtur að koma að því fyrr en síðar að ávallt verði stanslausar sendingar frá fjölmiðlum á Íslandi.

Eins og kom fram í greinargerðinni hefur Ríkisútvarpið verið í samstarfi við aðra fjölmiðla um þessar fyrirhuguðu sendingar sem er auðvitað mjög af hinu góða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til hv. menntmn.

[17:43]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi till. til þál. um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl er enn ein tilraunin af hálfu Alþingis til að skora á framkvæmdarvaldið sem hefur þetta hlutverk með höndum að koma á þeim skilyrðum að sjónvarp og hljóðvarp náist með eðlilegum hætti um allt land.

Ég er meðflutningsmaður að þeirri tillögu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mælti fyrir og vona að hún fái meiri hljómgrunn og öflugri framvindu núna, bæði verði hún samþykkt af hálfu þingsins og verði bein skilaboð til framkvæmdarvaldsins um að sjá til þess að svo verði sem þáltill. kveður á um.

Ég segi þetta vegna þess að ég held að flest ár síðan ég kom á þing hafi verið flutt tillaga um hliðstætt efni án þess að það hafi nokkuð hert á framkvæmdum. Árið 1999–2000 var flutt hér svona tillaga. Þá var 1. flm. þáv. þm. Hjálmar Jónsson og meðflutningsmenn úr öllum stjórnmálaflokkum sem þá áttu sæti á Alþingi. Þá var till. til þál. þess efnis að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun um uppbyggingu dreifikerfis Ríkisútvarpsins þannig að öll heimili í landinu næðu sjónvarpsútsendingum fyrir árslok 2000.

Í umræðunni þá kom fram að nær 80 heimili í landinu hefðu ekki aðgang að sjónvarpsútsendingum og að áætlaður kostnaður við að koma því í lag eftir þeim leiðum sem þá voru kunnar gæti legið einhvers staðar á bilinu 200–300 millj. kr.

Virðulegi forseti. Nú eru það einmitt þessir þættir sem gera okkur að einni þjóð, þ.e. fjarskiptin og tengslin í gegnum Ríkisútvarpið, útvarp og sjónvarp. Það var gríðarlegt metnaðarmál á sínum tíma þegar ákveðið var að ráðast bæði í að leggja síma um landið og eins að koma á útvarpi eða möguleikum á að taka á móti sendingum útvarps um allt land. Þá var lögð gríðarleg áhersla á að það næði til allra íbúa landsins óháð búsetu og öðru sem hugsanlega gat mismunað fólki. Gríðarleg áhersla var lögð á þetta og litið var á þetta sem lið í að efla íslenskt þjóðfélag, styrkja innviði íslensks samfélags og jafnframt að mynda grunn hinnar öflugu framsóknar íslensks þjóðfélags á undanförnum áratugum á sviði menningar og atvinnulífs.

Ég tek því undir áherslur framsöguræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um að það er enn svo að einmitt tenging gegnum síma, útvarp og sjónvarp er einn aðalgrundvöllur þess að við erum eitt samfélag, einn þjóð.

Ég verð því að harma hvað illa hefur tekist til á undanförnum árum, í nærri áratug, við uppbyggingu fjarskiptakerfisins og við það að bæta útvarps- og sjónvarpsskilyrði. Þar hefur tíminn nánast staðið í stað. Við höfum staðið frammi fyrir þessu í fjarskiptum og í því að útrás GSM-símþjónustunnar um land allt hefur stöðvast. Hið sama virðist nú vera að gerast hvað útvarpsskilyrðin varðar. Það er ekki aðeins svo að ekkert virðist gerast hjá þeim sem ekki hafa notið þessara möguleika heldur hefur einnig sáralítið eða ekkert gerst í að bæta útvarpsskilyrði hinna dreifðu byggða, þ.e. í að auka möguleika á að ná rásum Ríkisútvarpsins. Heilu landshlutarnir ná ekki Rás 1 eða Rás 2 með eðlilegum hætti. Þeir mega búa við það að allt í einu er skipt á milli þannig að þeir sem eru að hlusta á Rás 1 fá bara allt í einu Rás 2 inn á Rás 1. Svo háttar til í mörgum landshlutum og er þetta náttúrlega

algjörlega óviðunandi þjónusta. Á þessari þjónustu ber ríkið ábyrgð og ég vil líka að ríkið beri ábyrgð á henni, þ.e. að við berum samfélagslega ábyrgð á þessu. Sé hægt að auka, efla og styrkja þessa samfélagsþjónustu gegnum gervitungl þá finnst mér alveg sjálfsagt að skoða það, en tillaga þessi hljóðar upp á það.

Jafnframt vil ég ítreka að alla þessa sendi- eða móttökuþjónustu um allt land verður að skoða, efla og styrkja. Þess vegna tek ég undir það með hv. frsm. að þetta er hið brýnasta mál sem við hér eigum að láta koma til framkvæmda. Við megum ekki hengja þetta á fjárhag Ríkisútvarpsins þó svo að það sé gert í lögum því að við hér eða Alþingi hefur að tilhlutan framkvæmdarvaldsins skert fjárframlög til Ríkisútvarpsins og gert starfsvettvang þess og möguleika mjög þrönga. Því finnst mér að við eigum að taka þessi verkefni, þ.e. sjónvarps- og útvarpsskilyrði, út fyrir rekstrarsvið Ríkisútvarpsins og taka beint á því ef við treystum okkur ekki til þess að gera það í gegnum Ríkisútvarpið, en við höfum einmitt verið að skerða möguleika þess til þeirra verka.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að eitt af grunnatriðum samfélagsþjónustu á Íslandi er möguleikinn á því að allir landsmenn og sjófarendur á miðunum í kringum landið eigi möguleika á því að njóta eðlilegra útvarps- og sjónvarpssendinga. Ég vil þess vegna árétta það að ég tel að á meðan ríkið stendur fyrir þessu ... (Forseti hringir.) Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ríkið, hið íslenska samfélag, þjóðin öll á að ábyrgjast að þessi þjónusta sé (Forseti hringir.) fyrir hendi um allt land.

[17:51]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Hér er tekin til fyrri umræðu till. til þál. um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl þar sem Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár hljóðvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar.

Fjöldi Íslendinga býr við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, einkum sjónvarpsins, en einnig í nokkrum mæli útvarpsins. Þar á ég við um fólk í dreifðum byggðum landsins þar sem móttökuskilyrði eru slæm svo og Íslendinga erlendis, en stór hópur er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið en sjómennirnir okkar eiga betra skilið.

Það er skoðun mín að á meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og útvarps og skyldar landsmenn til að greiða afnotagjöld þá verði leitað allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

Fyrir fáum árum kom það fram í svari hæstv. menntmrh. að gjörbylting hefði orðið í tæknibúnaði á þessu sviði á árunum 1995–1999 og að þær kostnaðartölur sem fram komu í svari hans og þær hugmyndir sem menn hefðu um hlutverk gervitungla við miðlun á sjónvarpsefni væru þess eðlis að þennan kost bæri að skoða af fullri alvöru. Auk þess væri ljóst að kostnaður við slíkar sendingar mundi frekar lækka en hækka.

Í greinargerð Boga Ágústssonar til útvarpsstjóra frá 20. nóv. 1998 kemur fram að heppilegustu gervitungl til sendinga til Íslands og miða umhverfis landið væru Intelsat 707 eða Thor II, en bæði þessi gervitungl eru rekin af norska símafyrirtækinu Telenor. Þar kemur einnig fram að sendingar frá þessum gervitunglum næðu til allra fiskimiða umhverfis Ísland, en mundu ekki gagnast á fjarlægari miðum, svo sem í Smugunni, því hún liggur utan geisla fyrrnefndra gervitungla.

Þá segir í greinargerð Boga Ágústssonar að slíkar sendingar mundu jafnframt nýtast Ríkisútvarpinu að nokkru leyti til stofndreifingar innan lands og að einstöku bæir sem ekki njóta útsendingar Ríkisútvarpsins mundu geta tekið við útsendingum beint frá gervitungli.

Um síðustu alþingiskosningar voru tilraunaútsendingar um gervitungl. Þar var einmitt leitað eftir tilboðum frá Telenor og ákveðið að ganga að þeim. Var ákveðið að senda út tvö kvöld og hefja sendingar á fréttum og senda lokaumræður leiðtoga kvöldið fyrir kjördag svo og sjálfa kosningavökuna.

Frú forseti. Í kjölfarið hafði SES ASTRA fyrirtækið samband við Ríkisútvarpið með milligöngu Engis ehf. sem er í íslenskri eigu og bauðst til að senda dagskrá sjónvarpsins og Stöðvar 2 án endurgjalds um tvö gervitungl í eigu fyrirtækisins Astra 2D og Astra 1H. Samningar um tilraunaútsendingar ASTRA voru undirritaðir og sendingar hófust með formlegri athöfn á Hótel Nordica.

Tilgangur þessara útsendinga var að kanna viðbrögð Íslendinga á hafi úti og erlendis á afgerandi hátt með raunverulegri dagskrá. Undirbúningur sendinganna var í höndum starfshóps fagmanna sem útvarpsstjóri fól að athuga möguleika á stafrænni dreifingu Ríkisútvarpsins um gervitungl. Auk sjómanna á hafi úti, sem náðu þessum sendingum, búa rúmlega 20 þúsund Íslendingar á þeim svæðum þar sem sendingar frá þessu gervitunglum sjást. Engi ehf. bauð fyrir hönd SES ASTRA að halda tilraunaútsendingum áfram í viku eftir kosningar og þáðu bæði Ríkisútvarpið og Stöð 2 það.

Viðbrögðin við þessum tilraunaútsendingum voru mjög jákvæð og gríðarlega mikil og létu ekki á sér standa. Mikill áhugi er meðal þeirra sem gátu nýtt sér þessar útsendingar og ósk er um áframhald. Það er ljóst að fjöldi íslenskra áhorfenda hefur skipt þúsundum. Jafnframt höfðu útlendingar samband við starfshópinn og lýstu ánægju sinni með þessar útsendingar. Niðurstöður starfshópsins eru afgerandi þar sem viðbrögð og áhorf var mjög gott og voru viðbrögð langt umfram það sem reiknað var með. Þessar útsendingar eru einnig félagslega góðar bæði fyrir sjómenn og Íslendinga erlendis en þeir komu saman á nokkrum stöðum til þess að fylgjast með umræðuþætti stjórnmálaleiðtoganna svo og kosningavöku sjónvarpsins.

Frú forseti. Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að senda frá Íslandi um gervitungl en skoða þarf hvort hægt sé að auka tekjur Ríkisútvarpsins með einhverjum hætti í sambandi við slíkar útsendingar. Það kom jafnframt fram hjá nokkrum aðilum er búa erlendis að ekkert óeðlilegt væri að þeir greiddu einhverja hundraðkalla mánaðarlega til þess að koma til móts við rekstrarkostnað. Það er fljótt að safnast saman til móts við rekstrarkostnað ef 5–7 þús. aðilar eru tilbúnir að fara í áskrift erlendis.

Ég vil samt sem áður taka það fram að sjómenn eiga ekkert að greiða að mínu mati. Þeir greiða afnotagjald sitt hér á Íslandi þó svo að þeir geti ekki nýtt sér það sem skyldi vegna fjarveru sinnar frá heimili og þeir skila sannarlega sínu til samfélagsins í formi skattgreiðslna.

Þetta mál hefur oft verið tekið upp á Alþingi en nú þurfum við að sjá fyrir endann á því og vonandi verður það að veruleika á kjörtímabilinu.

Það er gaman að lesa yfir þær kveðjur sem nefndinni bárust og þau jákvæðu viðbrögð og þær miklu væntingar þeim fylgdu. Ég læt í lokin fylgja með vísu er barst frá áhöfninni á Höfrungi III AK, sem var send 11. maí 2003 kl. 6:35. Það var í lok kosningavöku og kominn galsi í menn. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Samfylkingarstjarna skær
vanist hefur mörgu.
Skyldi Össur vera fær
að stjórna Ingibjörgu."

[17:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mjög langt mál um þessa ágætu þáltill. Ég vil bara lýsa því yfir að ég fagna henni og hlakka til að sjá hver niðurstaðan verður. Ég vona að þáltill. fljúgi í gegn. Sjö þingmenn frá Sjálfstfl., tveir frá Framsfl., þrír frá Samfylkingu, einn frá Vinstri grænum og einn frá Frjálsl. eru flutningsmenn þáltill.

Frú forseti. Það verður mjög áhugavert að sjá hver niðurstaðan verður, hver árlegur kostnaður er við það að senda sjónvarpsefni gegnum gervihnött og hvað það kostar að stofna jarðstöð til að sjá um þetta.

Það er nú einu sinni svo að fjarskiptatækni hefur fleygt mjög hratt fram á undanförnum árum. Margir geta tekið á móti gervihnattasendingum í dag, t.d. fólk sem býr erlendis og svo líka skulum við ekki gleyma fiskiskipaflotanum. Þar hefur mikil tækniváðing átt sér stað á undanförnum missirum, sérstaklega um borð í þeim skipum sem stunda úthafsveiðar langt frá landi á fjarlægum miðum oft og tíðum. Langflest þessara skipa, leyfi ég mér að fullyrða, eru nú komin með búnað til að taka á móti sjónvarpsefni í gegnum gervihnött. Þarna vinna fleiri hundruð manns á hverju einasta ári langt frá heimilum sínum og vilja svo sannarlega fá að fylgjast með því sem gerist heima á Íslandi.

Hvað varðar Íslendinga erlendis sem ég tel líka vera mjög mikilvægan hóp ættum við alls ekki að gleyma. Þeir eru mjög margir, mörg þúsund, stendur í greinargerð með þessari þáltill. Við ættum heldur ekki að gleyma þeim. Þeir hafa eflaust áhuga á því að geta fylgst með fréttum og öðru efni. Við skulum heldur ekki gleyma því að þetta fólk á börn. Mörg þúsund íslensk börn alast upp erlendis. Uppeldisgildi þess að þau börn geti fengið að horfa á íslenskt sjónvarpsefni, horfa á sjónvarpsefni á íslenskri tungu, er að ég tel mjög mikilvægt. Við værum svo sannarlega að fjárfesta í framtíðinni með því að leggja það sem við getum af mörkum til að þessi börn læri móðurmál sitt. Ég veit það sjálfur af eigin reynslu að börn sem búa langdvölum erlendis geta oft átt hálferfitt með að læra íslenskuna og ruglast kannski oft í ríminu, sérstaklega þegar þau eldast. Þetta gæti sem sagt, frú forseti, stuðlað mjög að því að bæta úr þessu.

Eins og ég sagði áðan í upphafi máls míns finnst mér þetta mjög jákvætt í það heila og ég er nokkuð viss um að það er mjög góður stuðningur við þetta í mínum flokki. Ég vona svo sannarlega að þáltill. fái jákvæða umfjöllun hjá menntmn. og fljúgi síðan hreinlega í gegnum þingið. Það er löngu kominn tími til að gerð verði gangskör að þessu máli og við fáum að vita hverjar tölurnar eru þannig að við getum haldið áfram fram á veginn í þessum efnum sem ég tel mikið þjóðþrifamál.

[17:59]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tóku til máls og lýstu yfir stuðningi við þáltill. Það var athyglisvert atriði sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á sem kannski ekki nógu mikill gaumur hefur verið gefinn að, þ.e. uppeldisleg áhrif á íslensk börn sem erlendis búa. Þetta hefur auðvitað mikið að segja hvað það áhrærir.

Á árum áður þegar ég var formaður Sjómannafélags Reykjavíkur fór ég í nokkur ár til sjós og ég minnist þess hve íþróttaáhugi meðal sjómanna var með ólíkindum. Þetta mun auðvitað færa þá nær íþróttunum eins og áhuginn er þar mikill og auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt að koma til sjómanna á hafi úti fram með Íslandsströndum margvíslegu öðru sjónvarpsefni. Þetta er allt hið besta mál. Ég tek undir það sem allir hv. þm. komu hér inn á, að fróm ósk hefur komið fram um það að þessi þáltill. fái farsælan endi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 509. mál (skráning félaga). — Þskj. 781.

[18:01]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Málið er einfalt. Það felst í að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Lækkun yrði mismikil eftir tegund þeirra félaga sem um ræðir en mest yrði hún fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga. Þar mundi gjaldið lækka úr 150 þús. kr. í 40 þús. kr. Lækkun gjalda fyrir skráningu annarra félaga yrði minni. Skráningargjöld félaga eftir breytinguna yrðu þó aldrei hærri en 40 þús. kr. Þá mundi skráningargjald fyrir loftfar til atvinnuflugs lækka úr 60 þús. kr. í 40 þús. kr.

Alþjóðabankinn gefur út samanburð á því hversu mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að stofna fyrirtæki eftir löndum. Þegar bornar eru saman aðstæður til stofnunar fyrirtækja í ýmsum nágranna- og samkeppnislöndum Íslands kemur í ljós að hér á landi er framkvæmdin nokkuð skilvirk og einföld. Hins vegar liggur fyrir að kostnaðurinn hér er hár í samanburði við þessi lönd. Nemur kostnaður við stofnun einkahlutafélags hér á landi um 3,7% af vergri landsframleiðslu á mann en er enginn í Danmörku svo dæmi sé tekið. Í Finnlandi telst kostnaðurinn vera 1,1%, í Svíþjóð 0,7% og 0,6% í Bandaríkjunum.

Fyrir skráningu hlutafélags og samvinnufélags hefur verið tekið gjald sem nemur 150 þús. kr. Fyrir skráningu einkahlutafélags er þessi fjárhæð 75 þús. kr. Gjald fyrir aðrar skráningar hefur verið allt að 75 þús. kr. Þá hefur umskráning einkahlutafélags í hlutafélag kostað 75 þús. kr.

Framangreind gjöld eru bein skattheimta og varða ekki sjálfa skráninguna. Kostnaði af skráningum fyrirtækja er mætt með skráningargjaldi sem kveðið er á um í reglugerð nr. 474/2003, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá, með stoð í lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Ástæðan fyrir því að þetta mál er fram komið er í stuttu máli einfaldlega sú að engin ástæða er fyrir því að þessi gjöld séu sérstakur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Hér er ekki um að ræða háar upphæðir, hvorki skráningargjöldin sem slík eða tekjur ríkissjóðs. Þær muna hins vegar miklu fyrir þá aðila, sérstaklega ungt fólk, sem fara út í fyrirtækjarekstur. Það munar um þessi gjöld og þetta mál er fyrst og fremst fram komið til að auðvelda nýsköpun og auðvelda ungu fólki að fara í fyrirtækjarekstur.

Eins og ég hef sagt getum við verið ánægð á Íslandi með hversu framarlega við stöndum að því leyti að kerfið er einfalt og skilvirkt. Ef við lítum á samanburð við önnur lönd þá erum við með mun fleiri frumkvöðla og fleiri aðila sem stofna fyrirtæki en þekkist í öðrum löndum. Það breytir því ekki að við eigum alltaf að stefna að því að gera betur. Það er engin ástæða til að nota þetta sem sérstakan tekjustofn fyrir ríkissjóð. Við ættum að hafa í huga að reyna að efla frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun eins og mögulegt er. Þá aðila, sérstaklega ungt fólk sem hefur ekki mikið fjármagn milli handanna, munar virkilega um þessa fjármuni. Stærri fyrirtæki, sem stundum fara eðli málsins samkvæmt í stofnun fyrirtækja og hlutafélaga, munar ekki um þetta en þau minni munar um þetta.

Hér er í raun um að ræða lagafrv. til að auðvelda þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í fyrirtækjarekstri og hafa ekki mikið fjármagn milli handanna að fara út í atvinnustarfsemi. Ég vonast til að þingið taki vel á þessu máli.

Ég legg til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[18:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel það frv. allrar athygli vert sem þeir hv. þm. Sjálfstfl. flytja hér og varðar það að lækka nokkuð gjaldtöku sem fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þessi gjöld voru lögð á með reglugerðarákvæðum á árum áður, sem þótti ekki góð latína, en hafa verið færð inn í lög sem er eðlilegt. Auðvitað er svona gjaldtaka alltaf umdeilanleg og álitamál, hvort á hana ber að líta sem þjónustugjöld í hreinum skilningi þess orðs eða hvort um er að ræða að einhverju leyti tekjustofn fyrir ríkissjóð. Sennilega gildir hvort tveggja í þessu tilviki, einhver kostnaður er auðvitað samfara því sem snýr að opinberum aðilum í þessu sambandi en ekki endilega sá sem gjaldtakan felur í sér samkvæmt lögum.

Ég er að mörgu leyti sammála hugsun háttvirtra flutningsmanna, að það ber að halda kostnaði samfara stofnun nýrra fyrirtækja í lágmarki og hafa hann eins lágan og nokkur kostur er ef menn vilja yfir höfuð taka gjöld fyrir slíkt. Í sjálfu sér væri ekkert að því að opinberir aðilar bæru af því einhvern kostnað að skrá ný fyrirtæki þó að endurgjalds fyrir þann kostnað yrði ekki krafist. Það mætti líta á það sem stuðning við nýsköpun og þróun í atvinnumálum. Það er mjög nálægt hugsun minni í þessum efnum, að hið opinbera eigi einmitt að leggja sitt af mörkum, m.a. með því.

Ég tel miklu æskilegra að þeir fjármunir sem menn hafa handa á milli renni til þess að byggja upp eigið fé fyrirtækjanna. Það sé þá frekar haft í huga, þegar lágmarks hlutafjárframlag í nýju hlutafélagi eða einkahlutafélagi, sem oftast er, er ákvarðað, að önnur gjaldtaka eða annar kostnaður sé hverfandi. Það litla fé sem menn kunna að hafa handa á milli, auðvitað er æskilegt að menn hafi eitthvað þegar þeir leggja af stað með nýja atvinnustarfsemi, gagnist við uppbyggingu fyrirtækisins sjálfs en fari ekki strax í gjöld og kostnað við stofnun fyrirtækisins.

Ég minni í þessu sambandi, herra forseti, á að fyrir þessu þingi liggur og er reyndar til umfjöllunar í iðnn. tillaga frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í þeirri tillögu er sérstaklega vikið að stofnun nýrra fyrirtækja og nýsköpun í atvinnulífinu. Liður í tillögunni er að farið verði yfir það hver þessi kostnaður sé og skoðaðar aðgerðir til þess að draga úr honum eða hafa hann í lágmarki. Það er í raun nákvæmlega það sem þetta frv. kemur inn á. Einn þáttur þessa máls er skráningarkostnaðurinn eða stofnkostnaðurinn við nýskráningu fyrirtækja. Hér eru ekki stórir fjármunir á ferð í þeim skilningi að það komi mikið við afkomu ríkissjóðs að þessi gjöld verði eitthvað lækkuð. Ég er því að mörgu leyti mjög hallur undir það að breytingar af þessu tagi verði gerðar. Ég þekki málið vel af eigin raun og hef í nokkrum tilvikum komið að því að aðstoða fólk sem er að koma á fót fyrirtækjum, er að reyna fyrir sér í atvinnurekstri eða með nýsköpun í atvinnumálum. Það munar um hverja krónu í þessum efnum, þegar menn með tvær hendur tómar eða því sem næst, reyna að komast af stað með atvinnurekstur sem oftast er utan um þeirra hugmynd eða hugmyndir í viðskiptalífinu. Þeim krónum sem menn þá hafa í höndunum er miklu betur varið í verkefnið sjálft en í kostnað af þessu tagi.

Það er aðeins einn ágalli á þessu frv. Hann er sá að það er svolítið seint fram komið. Þessar tillögur hefðu hv. þingmenn auðvitað þurft að flytja í aðdraganda fjárlagaafgreiðslunnar. Tekjur af þessum gjöldum eru komnar inn í fjárlög yfirstandandi árs, stilltar af eins og forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir. Að sjálfsögðu er mönnum frjálst að leggja til að þessu sé breytt. Það mætti þá í öllu falli hugsa sér, ef ekki er stuðningur við að taka upp forsendur fjárlaga yfirstandandi árs að þessu leyti, að gildistaka frv. sé miðuð við næstu áramót á eftir. Þetta kæmi þá inn í fjárlagagerðina á þessu ári, að tekjur af þessum sökum verði kannski eitthvað minni á árinu 2005.

Ég leyfi mér að nefna þetta hér, ekki til að drepa málinu eitthvað á dreif eða að vera með stríðni í garð flutningsmanna, sem að vísu eru stjórnarþingmenn og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og bera ábyrgð á afgreiðslu fjárlagafrv. En ég býst við því að hæstv. fjmrh. gæti, væri hann viðstaddur, bent á að það sé a.m.k. búið að ganga frá þessu máli fyrir yfirstandandi ár.

Ég tek eindregið undir þá hugsun sem á bak við frv. er og er meira en tilbúinn að leggja því lið fyrir mitt leyti. Ég mæli þar ugglaust fyrir hönd þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að skoða breytingar af því tagi sem frv. gengur út á.

[18:12]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en þakkað hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir stuðninginn. Það má kannski segja að stundum fái maður stuðning úr óvæntri átt en hann er ekki verri fyrir það, alls ekki. Þótt þeir stjórnmálaflokkar sem við erum í séu alla jafna hugmyndafræðilega hvor á sínum pólnum í afstöðu sinni á Alþingi Íslendinga þá eru samt mörg mál sem menn geta verið sammála um. Ég heyri ekki betur en að hér sé eitt slíkt á ferðinni.

Í ágætri tölu hv. þm. um frv. fann hann þann eina ágalla á því að málið væri tiltölulega seint fram komið. Bæði ég og

hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon erum ungir menn og munum alveg þola smábið þangað til þetta ágæta frv. kemst til framkvæmda. Að öllu gamni slepptu hefði í sjálfu sér verið betra ef frv. væri þegar orðið að lögum, ef því væri að skipta. En nú hefur málið verið flutt og ég heyri að það er góður stuðningur hjá þingmanninum og vonandi öðrum á Alþingi Íslendinga við málið. Ég sé ekki annað en að við ættum að geta náð góðri samstöðu um það. Ég vil nota tækifærið enn og aftur og þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni kærlega fyrir stuðninginn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:13]

Útbýting þingskjals:

Rauðserkur, stinglax og gjölnir, 588. mál, svar sjútvrh., þskj. 961.

Fjármálaeftirlitið, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og ÖJ, 518. mál. — Þskj. 790.

[18:14]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði. Nefndin geri tillögur um hvernig sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði best tryggt og starfsemi þess efld. Í því skyni skoði nefndin m.a. stjórnsýslulega stöðu þess og hvort vænlegt sé, sem liður í að styrkja óháða stöðu Fjármálaeftirlitsins, að það heyri undir Alþingi."

Með tillgr. er síðan grg. sem ég ætla að leyfa mér að fara yfir.

Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun með sérstaka stjórn en heyrir undir viðskrh. Þessa þriggja manna stjórn skipar viðskrh., reyndar einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, en að öðru leyti eru þeir skipaðir af hálfu viðskrh. Stofnunin gegnir lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Henni er ætlað afar mikilvægt opinbert eftirlitshlutverk og getur með aðgerðum sínum haft stefnumarkandi áhrif á allar athafnir og þróun á fjármálamarkaði. Því er mikilvægt að sjálfstæði stofnunarinnar sé tryggt þannig að hún geti starfað óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins og hagsmunaaðilum. Að sama skapi er ljóst að búa verður þannig að Fjármálaeftirlitinu að það geti sinnt sínum mikilvægu verkefnum af myndarskap og afgreitt þau mál sem því berast eða það tekur upp að eigin frumkvæði fljótt og vel. Þess vegna gerir tillagan jafnframt ráð fyrir að nefndarstarfið miði að því að skoða hvernig efla megi starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Í ljósi mikilla og umdeildra hræringa á íslenskum fjármálamarkaði er brýnt að vinnu nefndarinnar sé hraðað sem kostur er.

Fjármálaeftirlitinu var komið á fót með lögum nr. 87/1998 og fer með þá starfsemi sem áður var á höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Þar var valin sú leið að setja stofnunina undir viðskiptaráðherra en það val verður að teljast hæpið, m.a. í ljósi þess að viðskiptaráðherra hefur verið einhver atkvæðamesti aðilinn með sölu banka á íslenskum fjármálamarkaði á síðustu árum. Það er breytilegt eftir löndum hvar ríkisstofnunum, sem fara með sambærilegt hlutverk og Fjármálaeftirlitið gerir, er skipað í stjórnsýslunni. Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins, þannig að það verði fært undan viðskiptaráðherra, gæti styrkt stofnunina sem óháðan eftirlitsaðila og jafnframt eflt traust hennar og trú manna á íslenskum fjármálamarkaði. Sá möguleiki, sem gert er ráð fyrir að skoðaður verði samkvæmt tillögunni, að færa stofnunina undir Alþingi, gæti komið bæði Alþingi og Fjármálaeftirlitinu verulega til góða þar sem hvor aðilinn gæti styrkt hinn í eftirlitshlutverki þeirra.

Það að færa mikilvægar eftirlitsstofnanir undir Alþingi er ekki ný hugmynd. Þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson fluttu tillögu til þingsályktunar á 127. löggjafarþingi þar sem lagt var til að kannaðir yrðu kostir þess að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi. Þar var bent á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Allt fram til ársins 1987 heyrði Ríkisendurskoðun undir fjármálaráðherra.

Í tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Ögmundar Jónassonar var einnig bent á stöðu umboðsmanns Alþingis þó að ekki sé um efnislega sambærilega hluti að ræða. Þessum aðilum hefur reynst það vel að heyra undir Alþingi fremur en ráðherra og það hefur reynst þeim haldgóð trygging fyrir því að þeir njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð þeirra séu ekki dregin í efa vegna stöðu þeirra í stjórnsýslunni. Tillaga þessi gerir þó ekki ráð fyrir að aðeins sé kannaður sá kostur að færa Fjármálaeftirlitið undir Alþingi heldur skulu aðrir kostir skoðaðir og samanburður gerður á hvar sjálfstæði stofnunarinnar verður best tryggt.

Flutningsmenn leggja áherslu á að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu Fjármálaeftirlitsins séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

Virðulegi forseti. Verkefni Fjármálaeftirlitsins er gríðarlega víðtækt. Það hefur eftirlit og veitir starfsleyfi fjármálastofnana, það á að hafa eftirlit með því að starfsemi fjármálastofnana þjóni bæði almannahag og öryggis sé gætt í viðskiptaháttum, bæði innbyrðis og milli stofnana. Æ fleiri verkefnasvið eru orðin á sviði fjármála og heyra því með beinum eða óbeinum hætti undir Fjármálaeftirlitið. Þar má ekki aðeins tala um viðskiptabanka, banka og sparisjóði, heldur ýmsa verðbréfasjóði, tryggingafélög og alla þá aðila sem sýsla með fjármagn og hafa viðskipti með fjármagn með einum eða öðrum hætti.

Á síðustu árum er það ekki hvað síst hið opinbera sem hefur verið afar atkvæðamikill aðili á fjármálamarkaði. Einkavæðing og sala beggja ríkisbankanna, bæði Landsbankans og Búnaðarbankans sáluga, var ríkisaðgerð sem var gerð samkvæmt ákveðinni og afdráttarlausri stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. viðskrh. fór með það mál fyrir hönd framkvæmdarvaldsins. Fjármálaeftirlitið, sem átti að vera eftirlitsaðilinn og annast eftirlit varðandi sölu bankanna, meta hæfi kaupenda, verð og verðskilmála, meta sem sagt alla hina ytri umgjörð viðskiptanna, heyrði beint undir sama ráðherra og var að framkvæma þennan stjórnsýslulega gjörning, þ.e. að selja viðskiptabankana. Fáar aðgerðir hafa verið afdrifaríkari og haft meiri áhrif á breytingar á fjármálalífinu,

fjármálastarfseminni hér í landi en einmitt þessi aðgerð sem stýrt var af hálfu hæstv. viðskrh.

Fjármálaeftirlitið var því sett í mjög erfiða stöðu að mínu mati, að heyra undir sama ráðherra, vita hver hinn pólitíski vilji í málinu var og átti því nokkuð örðugt um vik að koma fram af fullum trúverðugleik. Enda þegar ég fletti blöðum frá þeim tíma þegar verið var að ganga frá og selja viðskiptabankana, ríkisbankana, og í miðju söluferlinu var skipt um kúrs og ákveðið að breyta útboðskröfum sem gerðar voru á bönkunum, stóð, eftir því sem mig minnir í blaði: „Salan hefur gengið fyrir sig en einungis er beðið eftir blessun Fjármálaeftirlitsins.“ Æ ofan í æ er því að mínu mati verið að lýsa vissu vantrausti á stöðu og starfsemi Fjármálaeftirlitsins, ekki hvað síst vegna þessara stjórnsýslulegu tengsla. Þó að ég treysti starfsmönnum þar á allan hátt til að vinna hlutlaust er mjög mikilvægt að Fjármálaeftirlitið geti starfað á sem hlutlausastan hátt og verið sem trúverðugast.

Við höfum heyrt það á tali hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. á undanförnum dögum og vikum að trúnaður og traust á milli samfélagsins og margra fjármálastofnana hafi farið þverrandi og óæskilegt hvert stefni. Hæstv. forsrh. hefur meira að segja gripið til persónulegra aðgerða gegn einstaka fjármálafyrirtækjum til að láta í ljós vanþóknun sína og alið þar með á tortryggni og vantrausti samfélagsins gagnvart fjármálastofnunum. Nýverið höfum við fylgst með því sem er að gerast á bankamarkaði þar sem aðilar eru að kaupa ráðandi hluti í fjármálafyrirtækjum, en samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki ber þeim að sækja um það, tilkynna það og gera grein fyrir því fyrir fram hjá Fjármálaeftirlitinu.

Við upplifum því að mínu viti á margan hátt að fjármálaheimurinn sýnir Fjármálaeftirlitinu allt of litla virðingu og allt of litla að því er virðist löghlýðni og elur þar með á tortryggni á þessum þjónustumarkaði. Það er afar slæmt því fátt er mikilvægara en að á fjármálamarkaði sé bæði trúnaður og traust á þeim aðilum sem þar starfa og þeim aðilum sem eiga líka að hafa eftirlit með að fylgt sé eðlilegum og réttum samkeppnisreglum og lögum og reglum. Auk þess tel ég að Fjármálaeftirlitið sé allt of veikt til að geta staðið undir þeirri ábyrgð og þeim kröfum sem til þess eru gerðar. Það var alveg ljóst að við einkavæðingu á bönkunum og sölu þeirra og þegar opnað var frjálst flæði fjármagns inn og út úr landinu hlaut það að gera gríðarlegar kröfur til Fjármálaeftirlitsins, því þó að við ætlum engum, hvorki í fjármálastarfseminni eða annarri starfsemi annað en að gera alla hluti af heiðarleika og bestu vitund, er það einmitt í meðferð með peninga sem þarf lítið til að ala á tortryggni. Einnig eru miklar freistingar að falla í þegar peningar eru annars vegar. Ég tel að Fjármálaeftirlitið hafi á engan hátt verið búið undir þær breytingar sem verið var að gera á fjármálamarkaðnum og þær kröfur sem hlutu að vera gerðar til eftirlitsstofnana hvað það varðaði.

Þess vegna, virðulegi forseti, legg ég áherslu á að till. til þál. sem við flytjum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins fái mjög skjóta og örugga meðferð hér þannig að við þurfum ekki einnig á sviði löggjafans stöðugt að vera að koma með „eftiráaðgerðir“. Við upplifum það hjá Kauphöllinni, við upplifum það hjá Fjármálaeftirlitinu að aðilar þar eru stöðugt að koma með eftiráaðgerðir, aðgerðir vegna þess sem búið er. En okkar er að tryggja að þessu sé búið traust og öruggt umhverfi. Því er tillaga okkar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna starfsskilyrði Fjármálaeftirlitsins og kanna hvort það ætti ekki frekar að heyra beint undir Alþingi en að lúta framkvæmdarvaldinu, sem er í pólitískum aðgerðum sínum þátttakandi á þessum fjármálamarkaði.

[18:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum taka undir efni tillögunnar og setja það í svolítið sögulegt samhengi.

Það er náttúrlega enginn vafi á því að Fjármálaeftirlitið hefur geysilega þýðingarmiklu hlutverki að gegna og kannski veigameira en nokkru sinni vegna ýmissa breytinga sem orðið hafa á fjármálamarkaði. Bæði má segja að einkavæðing ríkisviðskiptabankanna og tilurð færri og stærri fyrirtækja eða eininga í fjármálaþjónustu geri það að verkum að það er meira í húfi hjá hverri og einni hvernig til tekst. Sameining bæði vátryggingaeftirlits og bankaeftirlits í eina stofnun var sú leið sem var valin hér á landi og það má færa fyrir því ýmis rök að það hafi verið og sé hagkvæmt en sú er ekki alls staðar raunin að menn hafi farið þá leið og er ekkert sjálfgefið. Út af fyrir sig gæti sjálfstætt bankaeftirlit átt fullan rétt á sér en auðvitað rennur þessi starfsemi þó nokkuð saman og hefur gert það hér á landi eins og þróunin hefur orðið í viðskiptaumhverfinu hvað eignarhald eða samstarf fyrirtækja snertir þannig að því leyti til má segja að það liggi vel við að hafa þetta á einum stað.

Það er líka afar mikilvægt að sú starfsemi sé sem allra mest yfir gagnrýni hafin, að eftirlitsstofnanirnar njóti virðingar, það sé óumdeilt að þar sé um sjálfstætt, óháð og faglegt eftirlit að ræða. Það er strax ágalli á í því sambandi að eftirlitið heyri undir viðskrn., fagráðuneyti sem jafnframt hefur haft veigamiklu hlutverki að gegna í sambandi við breytingar á fjármálamarkaðnum eins og hér kom fram í máli frsm. Það mætti þegar velta því fyrir sér hvort vistun eftirlitsins á öðrum stað, t.d. undir forsrn. væri ekki þrátt fyrir allt eðlilegri en að það sé hjá viðskrn. T.d. má nefna að Seðlabankinn er þar samkvæmt nýrri skipan og sú var tíðin að bankaeftirlitið var hluti af starfsemi Seðlabankans eins og kunnugt er.

Tillagan gengur í raun og veru út á tvennt: Annars vegar að fram fari úttekt á stjórnskipulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins og getur tekið til þess hvaða kostir séu vænlegastir í þeim efnum og það sé þá sérstaklega skoðað í leiðinni að Fjármálaeftirlitið heyri undir Alþingi. Í því sambandi er rétt að minnast þess eftirlitshlutverks sem Alþingi sjálft hefur með höndum og hvort ekki sé vænlegur kostur að styrkja hvort tveggja í senn, óháð faglegt eftirlit af tagi Fjármálaeftirlitsins með sama hætti og gert var þegar Ríkisendurskoðun var flutt frá framkvæmdarvaldinu og sett í skjól á Alþingi og í leiðinni Alþingi sjálft vegna þess að það leiðir af sjálfu að Alþingi hefur þá í skjóli við sig eða í nágrenni sínu stofnun sem hægt er að vísa verkefnum til og fela að gera úttektir og athuga hluti sem eru ekki eins bein leið þegar um er að ræða stofnun sem heyrir undir ráðuneyti sem aftur er sett undir aðhaldshlutverk Alþingis.

Það er ekki neinn vafi á því að það hefur gefið góða raun að starfrækja Ríkisendurskoðun í skjóli Alþingis. Tilurð umboðsmanns Alþingis og tiltölulega óumdeilt hlutverk þess embættis á líka án nokkurs vafa talsvert að sækja til þess að umboðsmaður starfar í skjóli Alþingis. Þar með er tryggt að viðkomandi stofnanir séu tiltölulega ósnertanlegar af framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið getur ekki verið með puttana í starfi þeirra og þær starfa í því nauðsynlega skjóli og

eins sjálfstæðar og óháðar sem vera þarf til þess að verkefni þeirra séu hafin yfir deilur eftir því sem kostur er.

Það mætti vel hugleiða að taka þetta fyrirkomulag upp á fleiri sviðum sem lúta að eftirliti með fjármálastarfseminni. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður lögðum við það til nokkrir þingmenn, eins og fram kom áðan, að það yrði rækilega skoðað að sú stofnun eða einhver hluti starfsemi hennar eða jafnvel ný stofnun á hennar grunni yrði sett á fót í skjóli Alþingis. Sjálfstæð hagstofnun eða efnahagsstofnun væri því einnig til staðar í þjóðfélaginu og hefði þennan umbúnað að starfa óháð og sjálfstæð á vegum Alþingis. Ég tek eindregið undir það að ástæða er til að fara yfir þessi mál og vonandi getur hv. þingnefnd gefið sér tíma til að fara svolítið ofan í saumana á þessu. Fróðlegt væri í því sambandi að heyra, sem nefndin er tilvalin til að kalla fram, hvert álit og mat starfsmanna Fjármálaeftirlitsins væri, ef þeir gætu tjáð sig óþvingað og í trúnaði við þingnefnd um hvar þeir sæju fyrir sér að heppilegast væri að starfsmenn væru virkir.

Það skyldi ekki vera svo, herra forseti, að býsna freistandi sé fyrir þá sem eiga að sinna þessum verkefnum að fá að komast í þær aðstæður að geta sem allra óháðast framkvæmdarvaldinu, svo ekki sé talað um hagsmunaðilum úti í þjóðfélaginu, sinnt sínu mikilvæga eftirlitshlutverki. Í því sambandi getur verið ástæða til að skoða fjármögnunarþáttinn, þ.e. hvernig viðkomandi starfsemi er fjármögnuð og þó að það kunni að hljóma eðlilegt og mönnum finnist jafnvel sjálfgefið að aðilarnir sem eftirlitið er haft með greiði kostnaðinn, eins og í þessu tilviki, er það ekki endilega svo þegar betur er að gáð. Ef til vill væri einmitt rétt til að tryggja sjálfstæða og óháða stöðu eftirlitsstarfsemi af þessu tagi að hún væri fjármögnuð af fjárlögum sem færi þá boðleið eins og gerist með aðrar stofnanir Alþingis, að Alþingi sjálft sjái um að starfsemi eins og Ríkisendurskoðun og þess vegna Fjármálaeftirlitið eða annað af þeim toga þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að þeim séu sköpuð sómasamleg starfsskilyrði, að menn séu ekki undir það settir að sækja um tilvist sína ár frá ári í þeim skilningi gegnum tillögur sem fara um ráðuneytin.

[18:37]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir gott og öflugt innlegg í umræðuna. Til að árétta hvað starfsemi Fjármálaeftirlitsins er víðtæk og hvernig við líkast til upplifum stöðu þess leyfi ég mér að vitna til laga um fjármálafyrirtæki en þar segir, með leyfi forseta, í 39. gr.:

„Hyggist fjármálafyrirtæki kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust og eftirlit með henni torveldað."

Ég veit ekki að óreyndu, en í útrás fjármálafyrirtækja okkar á erlenda fjármálamarkaði, þar sem í einu vetfangi eru keyptir ráðandi hlutar í bönkum eða öðrum fjármálafyrirtækjum erlendis væri fróðlegt að vita hvort þessi grein væri alltaf uppfyllt, þ.e. hvort fjármálafyrirtækið sem hyggist kaupa eða fara með virtan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki tilkynni Fjármálaeftirlitinu það fyrir fram. Það sama gildir innan lands. Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni að það sé ekki mjög hátíðlega farið með þessa lagagrein af hálfu þeirra sem þar er um að véla.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki, ekki bara beina, virðulegi forseti, heldur líka óbeina, sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti. Þetta á líka við um atkvæðisréttinn eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórn viðkomandi fyrirtækis. Fjármálaeftirlitið á m.a. að hafa eftirlit með þessu og í þeim öru breytingum sem eru nú á eignarhaldi og eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum, hygg ég að Fjármálaeftirlitið hafi ærinn starfa bara við að taka á móti tilkynningum ef þær skyldu berast fyrir fram og með löggiltum fyrirvara eins og lög kveða á um.

Hvar sem borið er niður í þessu gríðarlega veigamikla verkefni sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað vil ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að ég tel fjarri því að Fjármálaeftirlitinu hafi verið ætlað nægilegt sjálfstæði, nægilegur trúverðugleiki og nægilegt fjármagn til að axla þá miklu ábyrgð sem því er falið í þessum ört breytta fjármálaheimi. Tillaga okkar miðar að því að svo sé gert og að vonum fyrr.

Ég ítreka í lok míns máls hversu gríðarlega mikilvægt hlutverk eftirlitsaðilar og ráðgjafaaðilar eins og Fjármálaeftirlitið hefur, að halda trausti á fjármálamarkaðnum bæði innan fyrirtækja, milli fyrirtækja og milli fyrirtækja og almennings og milli fjármálafyrirtækja og þjónustuaðila. Hin ólíklegustu fyrirtæki eru að fara inn á hálfgerðan fjármálamarkað, t.d. Síminn sem nýverið fór með áhættufjármagn til Búlgaríu. Ekki datt mér í hug að Landssíminn okkar væri orðið eitthvert veðprangarafyrirtæki. Við munum eftir fréttunum þegar var farið með fjármagn og fjárfest í fyrirtækjum í Bandaríkjunum á sínum tíma fyrir nokkur hundruð millj. kr. sem allt fór á verri veg. Þá var Landssíminn gagnrýndur og forstjóri hans fyrir þau vinnubrögð. En nú er hann orðinn áfram í fjármálastarfsemi með fjárfestingum í Búlgaríu. Mér er spurn: Ætti þessi fjármálastarfsemi í landinu ekki að heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins? Þetta er ekki lengur hin venjubundna starfsemi og svona má telja hvert fyrirtækið á fætur öðru sem er að fara út fyrir sína hefðbundnu starfsemi inn á fjármálamarkaðinn með beinum eða óbeinum hætti. Það hlýtur að kalla á öflugt fjármálaeftirlit og umfram allt hlutlaust og trúverðugt starf og er einmitt tillaga okkar að kannað verði hvort því sé ekki best fyrir komið beint undir Alþingi eða eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu sinni, að kannað væri hvort það ætti að heyra undir forsrh. eins og Seðlabankinn. Sjálfur tel ég að það væri gríðarlegur styrkur fyrir Fjármálaeftirlitið ef það heyrði undir Alþingi og það færi með stjórn þess. Það væri gríðarleg trygging fyrir trúverðugleika starfsins í þessum ört breytta fjármálaheimi. Við tölum um græðgi og græðgisvæðingu, trúnað og vantrúnað o.s.frv., umræða sem ætti, ef staðan væri eðlileg og rétt, ekki að vera á þeim nótum í íslenskum fjármálaheimi.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að ég óska eftir því að þáltill. um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins í verki, störfum og möguleikum fái sem hraðasta meðferð í þinginu, góða og örugga meðferð. Að lokinni 1. umr. fer ég fram á að henni verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:45.

75. FUNDUR

miðvikudaginn 3. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 921. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 314. mál, þskj. 360, nál. 960. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Sjóntækjafræðingar, stjfrv., 340. mál, þskj. 414, nál. 981. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, þáltill., 323. mál, þskj. 374. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, þáltill., 336. mál, þskj. 404. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, þáltill., 473. mál, þskj. 698. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 509. mál, þskj. 781. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 518. mál, þskj. 790. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Suðvest., Rannveigu Guðmundsdóttur, dags. 2. mars:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 3. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Jón Kr. Óskarsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en 1. og 2. varamaður á listanum sitja nú á Alþingi."

Kjörbréf Jóns Kr. Óskarssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Jón Kr. Óskarsson, 4. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Jón Kr. Óskarsson hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram utandagskrárumræða um sjúkraflutninga Landhelgisgæslunnar. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skipun stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

[13:33]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. umhvrh. hefur nú skipað nýja stjórn fyrir Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn sem hafði orðið nokkur dráttur á. Það vekur athygli að skipaður er nýr stjórnarformaður og þessi nýi formaður er forstjóri Umhverfisstofnunar, einnar helstu undirstofnunar umhvrn. Eitt af hlutverkum stjórnarinnar er einmitt að vera þessari sömu Umhverfisstofnun til ráðuneytis um framkvæmd laganna um verndun Mývatns og Laxár. Í reglugerð um þetta frá 1978 sem Vilhjálmur Hjálmarsson undirritaði stendur enn fremur að stjórnin geti falið formanni að láta í té umsögn fyrir sína hönd.

Það má auðvitað kalla þetta vinnusparnað í stjórnsýslunni, a.m.k. frímerkjasparnað, þegar Davíð Egilson, ágætur forstjóri Umhverfisstofnunar, skrifar Davíð formanni stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og biður um ráð og svo sest Davíð Egilson, formaður stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, niður aftur við sömu tölvuna og svarar Davíð, forstjóra Umhverfisstofnunar.

Þetta er auðvitað sérkennilegt en það er enn þá skrýtnara að í sumar tilnefndi Umhverfisstofnun sem formann stjórnar allt annan mann, Gísla Má Gíslason prófessor, sem hefur undanfarin allmörg ár gegnt þessu trúnaðarstarfi með miklum sóma. Þessi tilnefning frá í sumar var svo afturkölluð án skýringar 30. janúar sl. með bréfi frá forstjóra Umhverfisstofnunar sem síðan skrifaði annað bréf til hæstv. umhvrh. þar sem forstjórinn tilnefndi sjálfan sig til formennskunnar.

Þetta er undarleg stjórnsýsla og vægast sagt illur þefur af þessum vinnubrögðum og í ljósi þessa og atburðarásarinnar síðustu daga og vikur í málefnum Mývatns og Laxár er eðlilegt að hæstv. ráðherra gefist hér tækifæri til að lýsa gangi mála og hún svari skýrt hvort heldur er um að ræða dómgreindarleysi og hringlanda hjá viðkomandi embættismanni, forstjóra Umhverfisstofnunar, eða óeðlileg afskipti hæstv. umhvrh. sjálfs af tilnefningum í þessa stjórn.

[13:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er þannig að í stjórn RAMÝ eru nokkrir ágætir aðilar tilnefndir. Það er skipað í stjórn RAMÝ

eftir tilnefningum frá nokkrum aðilum og Umhverfisstofnun er þar einn af tilnefningaraðilunum.

Það er rétt sem hér kom fram að fyrsta tilnefningin sem við fengum var um Gísla Má Gíslason prófessor. Síðan var sú tilnefning dregin til baka af Umhverfisstofnun og tilnefndur var Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar. Þar með höfðu allar tilnefningar komið inn. Þær komu sumar seint og okkur var ekkert að vanbúnaði að tilnefna stjórn RAMÝ þannig að nú er búið að skipa hana og ekkert meira um það að segja. Svona eru lögin og það var farið eftir þeim í þessu tilviki. Ég er bara mjög ánægð með að stjórnin geti núna tekið til starfa þannig að hin gamla stjórn hefur núna hætt eins og hún átti að gera.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég tek undir að það vekur mikla furðu hvernig umhvrn. stendur hér að verki, eða Umhverfisstofnun. Gísli Már Gíslason prófessor hefur verið formaður stjórnar rannsóknastöðvarinnar við Mývatn í rúmlega hálfan annan áratug og ég veit ekki til annars en að hann hafi gegnt því starfi með stakri prýði og reynst öflugur gæslumaður þeirra hluta sem stjórn Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn á að vera, sem sagt að standa vörð um lífríki Laxár og Mývatns og hlúa að rannsóknum á sjálfstæðum forsendum í þessari rannsóknastöð.

Maður leyfir sér auðvitað að spyrja: Stendur þannig á hjá umhvrn. að nú þurfi einhvern þægari til þess að vera þarna í forustu heldur en þann sem verið hefur í þessu hlutverki? Er þetta kannski tengt frv. til laga um breytingu á lögum um verndun Laxár og Mývatns þar sem heimila á Landsvirkjun að byggja 10–12 metra stíflu efst í Laxárgljúfri? Það er vitað að rannsóknastöðin hefur hlutverki að gegna í því sambandi því að hún er umsagnaraðili um framkvæmdir af því tagi sem falla til innan verndarsvæðisins.

Er þetta ekki líka býsna dæmigert fyrir það hugarfar sem núverandi stjórnvöld hafa ítrekað sýnt af sér í garð sjálfstætt starfandi vísindamanna, sérstaklega náttúruvísindamanna, sem hafa viljað standa vörð um náttúru landsins? Þeir eru tortryggðir. Það er látið að því liggja að þeir stjórnist af pólitískum forsendum ef þeir standa í lappirnar og lúta ekki valdinu, ef þeir kyssa ekki vöndinn. Það er greinilegt að ríkisstjórnin hefur talið það henta sér að hafa einhvern svolítið nær sér og í styttra bandi en Gísla Má Gíslason þegar þessi skipun var afráðin.

[13:38]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. umhvrh. kýs að svara engu og henni er ekki aukinn sómi af því. Málið er auðvitað þetta: Eftir að Umhverfisstofnun tilnefndi sama formanninn og verið hefur og hefur gegnt starfi sínu með stakri prýði eins og hv. síðasti ræðumaður sagði greip umhvrh. inn í þá tilnefningu og skikkaði forstjóra Umhverfisstofnunar til að breyta tilnefningunni og tilnefna einhvern annan sem síðan varð að ráði milli þeirra tveggja — dreg ég af líkum — að yrði forstjóri Umhverfisstofnunar sjálfur. Þetta á umhvrh. ósköp einfaldlega að viðurkenna þannig að við getum farið að ræða hvort það er eðlilegt eða ekki að hún skipti sér svona af tilnefningum úti í bæ þó að um Umhverfisstofnun sé að ræða.

Ég efast um að það falli undir verksvið hennar og vildi fá að ræða það sérstaklega við hana. Það getur vel verið að maður þurfi að leita annarra ráða, setja fram fyrirspurn í þinginu þar sem ráðherrann skýrir það, með orðum forstjóra Umhverfisstofnunar eða með sérstökum athugasemdum forstjórans sjálfs, hvernig þessu máli nákvæmlega var við vikið. Þetta eru ekki góð vinnubrögð hjá ráðherra.

Dæmi nákvæmlega núna af því að um það var rætt. Í vikunni sendi umhvn. einmitt frá sér umsagnarbeiðnir vegna þessa frv. um Mývatn og Laxá, m.a. til Umhverfisstofnunar og til stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Svo bíðum við og sjáum hvaða undirskriftir verða á þessum umsögnum og hver munurinn verður á umsögnum þessara tveggja aðila sem ég sé ekki betur en að hér eftir nægi — og það er annar frímerkjasparnaður — að senda til aðeins eina umsagnarbeiðni.

[13:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því sem hér er verið að halda fram, að þessi skipan mála hafi eitthvað með nýja lagafrv. að gera sem hér hefur verið til umfjöllunar. Það er ekki svo. Ef menn lesa það lagafrv. sjá þeir að það er einmitt verið að breyta stjórn RAMÝ úr rekstrarstjórn yfir í fagráð sem er allt önnur staða. Þetta tengist ekki.

Umhverfisstofnun er tilnefningaraðili samkvæmt lögum, hún hefur tilnefnt og tilnefning hennar er Davíð Egilson. Það er ekkert óeðlilegt við það. (**Gripið fram í:** Af hverju ... sjálfan sig?) Þessi málaflokkur var áður hjá Náttúruvernd *ríkisins, það var Náttúruvernd ríkisins sem tilnefndi.* Því var breytt þegar Náttúruvernd ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og hreindýraráð var allt fellt undir eina nýja öfluga stofnun sem er Umhverfisstofnun. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að leyfa hæstv. ráðherra að ljúka máli sínu.)

Mér finnst alls ekkert óeðlilegt þó að forstjóri Umhverfisstofnunar, Davíð Egilson, sitji í þessari stjórn sem formaður. Mér finnst það alls ekki óeðlilegt.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Í fyrsta lagi þarf umhvrh. sem þetta mál heyrir undir og ber ábyrgð á starfi Umhverfisstofnunar, þannig að einu gildir, að útskýra hvernig í ósköpunum eftirfarandi gerist: Haft er samband við þann mann sem gegnt hefur þessu starfi í meira en einn og hálfan áratug og hann spurður að því hvort hann sé tilbúinn til að halda því áfram. Hann svarar því játandi. Síðan líður hálft ár sem er sleifarlag út af fyrir sig — hvers vegna í ósköpunum kemur umhvrn. eða Umhverfisstofnun því ekki í verk að skipa þessa stjórn lögum samkvæmt eftir kosningar eins og vera ber? — og þá allt í einu er viðkomandi manni tilkynnt einhliða að búið sé að ákveða að skipa annan mann. Því hefur ranglega reyndar verið haldið fram að það sé gert í samráði við hann, til að bíta höfuðið af skömminni.

Hvað er upp á störf Gísla Más Gíslasonar að klaga í þessu embætti? Þurfa ekki einhverjar ástæður að liggja að baki því að virtum fræðimanni með mikla sérþekkingu á viðkomandi sviði er hent út til þess að skipa þægan undirmann ráðherrans í staðinn? Auðvitað er það algerlega fráleitt að setja málin í þessar stellingar þar sem sami maður situr bæði í stjórn Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn og er forstjóri Umhverfisstofnunar þannig að stjórnin verður vanhæf eða marklaus í umsögnum um mál. Það þarf ekki flókna röksemdafærslu til að útskýra það. Það er í raun verið að gelda rannsóknastöðina með þessum hætti nema stjórnarformaðurinn víki stanslaust

sæti þegar á að greina á milli hlutverka rannsóknastöðvarinnar annars vegar og Umhverfisstofnunar hins vegar. Þetta er algerlega óforsvaranlegur gjörningur hvernig sem á hann er litið. Og lengi gat vont versnað í embættisfærslum hæstv. umhvrh.

[13:43]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Í rauninni er þetta upphlaup afskaplega einkennilegt. Það hefur komið fram að samkvæmt lögum á Umhverfisstofnun að tilnefna í þessa stjórn og það er það sem Umhverfisstofnun gerir — samkvæmt lögum. Umhverfisstofnun tilnefnir Davíð Egilson. Mér finnst í hæsta máta ómaklegt og ósmekklegt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að koma hér upp, ekki einu sinni heldur tvisvar, og vega að starfsheiðri þessa manns sem Umhverfisstofnun tilnefnir. Þetta er fagmaður sem hefur sýnt það í störfum sínum að hann stendur undir þeirri ábyrgð að vera forstöðumaður Umhverfisstofnunar. Það er ómaklegt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að koma hér upp og vega að honum tvisvar með þeim hætti sem hann gerir.

Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verði líka að svara öðru. Hann nefnir það sem rök að ákveðinn einstaklingur hafi verið í 15 ár í stjórn þessarar stofnunar eða þessa ráðs. (**SJS:** Hann var beðinn um að halda því áfram.) Hvar eiga mörkin að vera? Eru það rök að vera áfram? Á aldrei að verða endurnýjun? Eiga það að vera 20 ár? 30 ár? Því eldri sem menn verða, eiga þeir þá að verða æviráðnir? Svari hv. þingmaður því. Má aldrei verða endurnýjun? (**SJS:** Þá væri nú ekki ...) (**Gripið fram í:** ... endurnýjun.) (**Landbrh.:** Steingrímur að eilífu.)

[13:45]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér sýnist mér vera á ferðinni hreinn stjórnsýslulegur skrípaleikur og jafnframt stóralvarleg mál. Að mínu viti er hæpið hvort það standist stjórnsýslulegan rétt, að af hálfu ráðherra sé yfirmaður stofnunar skipaður í forstöðu fyrir sjálfstætt starfandi stjórn sem á að vera ráðgefandi fyrir viðkomandi stofnun og viðkomandi ráðherra.

Ég mundi gera að tillögu minni að hæstv. ráðherra endurskoðaði þessa vitleysu eða leitaði leiðsagnar t.d. Ríkisendurskoðunar og annarra slíkra um þá embættisfærslu áður en hún verður að veruleika.

Af hverju skipar hæstv. ráðherra bara ekki sjálfan sig? Það væri þó eitthvað sem allir ættu að treysta úr því að málið snýst um traust. Gæti hún þá ekki skipað hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson eða hæstv. iðnrh. Valgerði Sverrisdóttur úr því að málið snýst kannski meira um það? (**Utanrrh.:** Ég var ekki tilnefndur.) Nei, sennilega hefur ekki verið borið nægilegt traust til þín. En úr þessu má bæta.

Mér finnst illa gert af hæstv. ráðherra að ganga fram hjá samráðherrum sínum og treysta þeim ekki til þessa verks þannig að þetta sé allt í hendi. Hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson, hinn góði Skagfirðingur, hefði verið enn þá betri.

Nei, virðulegi forseti. Þetta er stjórnsýslulegur skrípaleikur og alvörumál sem hæstv. ráðherra ætti t.d. að bera undir ríkisendurskoðanda áður en þetta gengi fram. Ég hvet ráðherra til að sýna þó ekki væri nema pínulitla visku hvað þetta varðar.

Yrkisréttur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 613. mál (EES-reglur, plöntuyrki o.fl.). — Þskj. 921.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KÓ, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SigurlS, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

18 þm. (ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GÁS, GÖg, HBl, JBjart, KLM, LB, MF, SKK, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Í umræðum um frv. til laga um yrkisrétt í gær voru ýmsar spurningar lagðar fyrir hæstv. landbrh., bæði varðandi form og efni frv., m.a. um hugsanleg áhrif þess á garðyrkjubændur. Hæstv. ráðherra svaraði í engu spurningum varðandi efni frv. né áhrif þess. Greinilegt var að ráðherrann skildi ekki einstakar greinar frv. Það hlýtur þó að vera lágmarkskrafa til ráðherra sem ber ábyrgð á málaflokki að hann sé viðræðuhæfur um frumvörp sem hann flytur á þinginu.

Ég velti fyrir mér hvort ég ætti að leggja til að frv. yrði vísað aftur til ráðherra eða sitja hjá við afgreiðslu frv. En í trausti þess að hægt verði að vinna bót á frv. í landbn. munu ég og samflokksmenn mínir greiða því atkvæði að það gangi til nefndar.

[13:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vissi í gær heilmikið um þetta mál og fór yfir það í ítarlegri ræðu. En eins og kemur fram í 5. gr. þá er málið flókið: „yrki sem eru í öllum aðalatriðum komin af vernduðu yrki, enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum," segir þar.

Málið er því nokkuð flókið. Þetta er orðalag úr EES-samningi. Ég hét því hér í gær að senda alla þá færu menn sem í landbrn. eru og þekkja þetta EES-mál að vinna það með landbn. Ég treysti landbn. afskaplega vel, hæstv. forseti. Mér finnst rangt að senda málið upp í ráðuneytið aftur. Hingað er ég kominn með það til fullvinnslu.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 314. mál (búseta, EES-reglur). — Þskj. 360, nál. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Sjóntækjafræðingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 340. mál (sjónmælingar og sala tækja). — Þskj. 414, nál. 981.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Brtt. í nál. 981,1 (ný 1. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 981,2 (ný 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, KÓ, KHG, MÞH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SigurlS, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

18 þm. (ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, DrH, EKG, EOK, GÁS, GÖg, HBl, HHj, JBjart, KLM, LB, MF, SKK, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:52]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Fyrirvari minn er sá að ég tel að það þurfi, samhliða þessum breytingum, að efla eftirlitshlutverk landlæknisembættisins þannig að það geti bætt við sig eftirliti með störfum sjóntækjafræðinga, möguleiki sé á að koma á skimunum varðandi ákveðna sjúkdóma og hægt sé að tryggja þjónustu augnlækna um land allt. Ég tel að jafnframt þurfi að auka fræðslu til almennings um ýmsa heilsufarslega áhættuþætti og hvatningu og fræðslu um mikilvægi þess að fara til augnlæknis varðandi ýmsa áhættuþætti. Til þessa þarf landlæknisembættið meira fjármagn og mannafla. Ég hef þennan fyrirvara við þetta frv. Að þessu tilskildu samþykki ég frv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Vextir og þjónustugjöld bankastofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 323. mál. — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skipulag sjóbjörgunarmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 335. mál. — Þskj. 401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 336. mál. — Þskj. 404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 473. mál. — Þskj. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 509. mál (skráning félaga). — Þskj. 781.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjármálaeftirlitið, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og ÖJ, 518. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Sjúkraflutningar Landhelgisgæslunnar. [13:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstvirtur forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Landhelgisgæsluna frá í febrúar 2001 er skoðað skipulag, verkefni og rekstur. Þar er m.a. fjallað um stjórnunarlegan vanda sem felst í því að Landhelgisgæslan sinnir verkefnum sem tengjast málaflokkum margra ráðuneyta. Í skýrslunni segir á bls. 81, með leyfi forseta:

„Starfsemi Landhelgisgæslunnar byggir á samnýtingu aðstöðu og tækja til að sinna verkefnum fyrir mörg ráðuneyti. Þessi samnýting er bæði ein grunnrekstrarforsenda stofnunarinnar og eitt helsta stjórnunarvandamál hennar."

Síðan segir eftirfarandi:

„Við forgangsröðun hjá dómsmálaráðuneyti er ljóst að verkefni sem það er endanlega ábyrgt fyrir eins og almenn

löggæsla í landinu gætu verið tekin fram yfir verkefni sem Landhelgisgæslan sinnir á sviði siglingamála, öryggismála og fiskveiðimála."

Nú liggur fyrir að Landhelgisgæslan fær aukin verkefni sem snúa að löggæslu miðað við tillögu í frumvarpi um siglingavernd og hæstvirtur dómsmálaráðherra hefur einnig bent á aukna flutningsþörf sérsveitar ríkislögreglunnar sem fyrirhugað er að efla og fær líka aukin verkefni samfara siglingavernd og viðauka við SOLAS-reglur.

Að þessu sögðu og áður en ég kem að sjúkra- og neyðarþjónustu Landhelgisgæslunnar er því eðlilegt að spurt sé út í þær tillögur sem Ríkisendurskoðun kom með, m.a. um verkefni og þjónustugreiðslur. Á bls. 82 í áðurnefndri skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneyti sem hafa með höndum yfirstjórn þeirra málaflokka sem Landhelgisgæslan tengist geri þjónustusamning við Landhelgisgæsluna um ákveðna þjónustu. Þetta stuðlaði að heildstæðari stjórn viðkomandi málaflokks með því að einstök ráðuneyti tækju ákvarðanir um hvað Landhelgisgæslan gerði í þeim málaflokkum sem undir þau heyrðu. Ráðuneytin skilgreindu þá magn og form þeirrar þjónustu sem þau hefðu not fyrir."

Síðar segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Ef þessi leið væri farin og stofnunin væri áfram hjá dómsmálaráðuneyti væri ákveðinn grunnrekstrarkostnaður fjármagnaður af því. Kostnaður sem hægt væri að heimfæra á málflokka annarra ráðuneyta færðist til þeirra, til kaupa á þjónustu af Landhelgisgæslunni. Þau gæti síðan bætt við og keypt meiri þjónustu af Landhelgisgæslunni ef þau teldu ávinning í því.

Fram til þessa hefur Landhelgisgæslan gert samstarfssamninga við ýmsar stofnanir um hvernig Landhelgisgæslan skuli standa að framkvæmd einstakra málaflokka. Sú leið er í raun svipuð þeirri sem greint er frá hér að framan nema hvað engar greiðslur fara milli aðila vegna þeirra."

Hæstv. forseti. Ég endurtek að engar greiðslur fara milli aðila vegna þeirra. Landhelgisgæslan skal vinna verkin án þess að þeim fylgi kostnaðargreiðsla.

Við þetta hlutskipti hefur Landhelgisgæslan mátt starfa á undanförnum árum, að vera hornreka í fjárveitingum, skikkuð til verka fjölbreyttum sviðum, en fjársvelt.

Tillaga um 50 millj. kr. aukið fé til starfsemi Landhelgisgæslunnar var flutt af þingmönnum Frjálsl. við afgreiðslu fjárlaga í haust en felld af ríkisstjórnarflokkunum.

Ég spyr því: Eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri Landhelgisgæslunnar? Ef svo er, er unnið út frá tillögum Ríkisendurskoðunar eða unnið eftir öðrum leiðarlýsingum? Í framhaldi af því sem áður er sagt og vitnað til spyr ég: Hvernig verður brugðist við fjárvöntun Landhelgisgæslunnar?

Þá vík ég máli mínu að sjúkra- og neyðarþjónustu þeirri sem Landhelgisgæslan veitir sjómönnum á hafi úti og reyndar í sífellt meiri mæli landsmönnum öllum í byggðum og óbyggðum. Í lögum segir að Landhelgisgæslan skuli veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi og annast m.a. aðkallandi sjúkraflutninga. Þetta er skýrt og Landhelgisgæslan hefur leyst þetta verkefni af hendi með miklum ágætum. Allflestir landsmenn vita að á Landhelgisgæsluna má treysta. Árum saman var barist fyrir því að efla tækjakost Landhelgisgæslunnar. Ofurkapp var lagt á að stjórnvöld samþykktu kaup á öflugri björgunarþyrlu, sem sjómenn líta á sem sína sjúkrabifreið, ef þannig má að orði komast. Þyrla með vel þjálfaða áhöfn og lækni um borð er fljótvirkasta neyðarþjónusta sem Landhelgisgæslan getur boðið upp á, ekki aðeins til sjávar heldur einnig til sveita, í kaupstöðum og á hálendi. Það hefur færst í vöxt á undanförnum árum að þyrlur Landhelgisgæslunnar hafa farið í sjúkraflug sem áður voru farin á sérstökum flugvélum sem höfðu samning þar um. Ef Landhelgisgæslan sendi þyrlu var ekki greiddur kostnaður til hennar þó sjálfsagt þætti að borga öðrum fyrir ferðina. Verkskipun var lögbundin en enginn kostnaður greiddur.

Það kostaði baráttu að fá læknavakt á þyrluna og koma á stjórn þyrluvaktar lækna og fleira því tilheyrandi. Nú hefur forstjóri Landspítala – Háskólasjúkrahúss sagt upp því samkomulagi og fellur það úr gildi 30. apríl næstkomandi. Í bréfi hans um þá ráðstöfun segir:

„Því sér LSH sér ekki lengur fært að selja ofangreinda þjónustu á þessum grundvelli og segir því samkomulaginu upp."

Störf þyrlulækna eru sem sagt í uppnámi. Ekki fer milli mála að það getur oft skipt sköpum um lífsvon slasaðra og verndun lima að læknir sé með í för. Þetta vita starfsmenn Landhelgisgæslunnar afar vel og bera eðlilega þá von í brjósti að allir landsmenn geti notið þjónustu þeirra. Ég spyr því hæstv. dómsmrh.:

Hvernig verður áfram tryggt að þjónustan verði til staðar og læknir verði áfram í áhöfn þyrlunnar?

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrja og upphafsmanni þessarar umræðu fyrir að leggja þessar spurningar hér fram og ræða þessi mál. Ég vil minna á að í stefnuræðu forsrh. sem flutt var sl. haust kom fram að nauðsynlegt væri að laga starf Landhelgisgæslunnar nýjum kröfum, ráðast í smíði nýs varðskips og gera áætlun um endurnýjun á flugflota hennar eins og þar segir. Síðan hefur verið unnið að því að styrkja innviði Landhelgisgæslunnar með ýmsum hætti. Tekið hefur verið á fjármálum hennar og gerðar rekstraráætlanir sem eru þess eðlis að starfsemi hennar mun ganga vel á því ári sem nú er nýhafið. Gæslan lætur víða að sér kveða eins og við vitum og starfsemi hennar er að þróast og breytast, m.a. átti hún nýlega tvo fulltrúa í Írak við sprengjuleit eins og kunnugt er. Hún lætur, eins og ég segi, víða að sér kveða. Þar unnu menn gott starf og einnig nú nýlega í Neskaupstað eða í Norðfirði þegar leitað var að hlutum sem tengjast líkfundi þar eins og við vitum. Gæslan kemur því víða að verki og nauðsynlegt er að haga störfum hennar á þann veg að hún sé sveigjanleg og geti tekið á sem flestum verkefnum.

Ég held að menn muni auðvitað hafa hliðsjón af skýrslu Ríkisendurskoðunar við þær breytingar sem verið er að vinna að hjá Landhelgisgæslunni og taka mið af því sem þar segir. Þar var m.a. vikið að því, eins og fram kom í máli hv. þm., að spurningin er hvort Gæslan eigi að taka gjöld fyrir þá þjónustu sem hún veitir ef það er unnt að skilgreina þá þjónustu sem þess eðlis að hún sé að létta af öðrum. Þá kemur spurningin líka um það hvort taka eigi gjald fyrir afnot af þyrlunni þegar hún er notuð í björgunartilgangi og til sjúkraflugs. Þetta eru álitamál sem menn ræða þegar þeir velta fyrir sér annars vegar samanburði á störfum þyrlunnar og t.d. sjúkrabifreiða sem menn greiða fyrir.

Tilefni þess að hv. þm. stendur upp til að tjá sig um þetta mál er bréf dagsett 26. janúar sl. þegar sagt var upp samningi milli Landspítalans – háskólasjúkrahúss og dómsmrn. um

umsjón og stjórn þyrluvaktar lækna, símaráðgjöf fyrir sjófarendur, læknislega forsjá Neyðarlínunnar og fleira. Þessi samningur er frá árinu 1998 og gerir m.a. ráð fyrir því að Landhelgisgæslan greiði sjúkrahúsinu ríflega 16 millj. kr. á ári fyrir þá þjónustu sem þar er kveðið á um.

Eftir að þessi uppsögn kom fram og þetta bréf lá fyrir þá hefur verið litið á alla þætti þessa máls og er þeirri athugun ekki lokið. Þar hafa menn verið í samráði við heilbrrn. og fleiri aðila, m.a. slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu og tekið mið af þeirri reynslu sem menn hafa þar og þeirri þróun sem hefur verið í þessum efnum. Ég ætla ekki að segja neitt um það á þessu stigi hvernig þessum viðræðum á eftir að lykta eða hver niðurstaðan verður en að sjálfsögðu er markmiðið að draga ekki úr þeirri þjónustu eða öryggi sem unnt er að veita fyrir tilstilli Landhelgisgæslunnar með notkun þyrlu hennar í þágu þeirra sem þurfa á slíkri aðstoð að halda um landið allt. Eins og hér hefur líka komið fram og hv. fyrirspyrjandi minntist á hefur Landhelgisgæslan og þyrla hennar líka hlutverki að gegna varðandi sérsveit lögreglunnar og í áætlunum okkar er gert ráð fyrir samvinnu á milli sérsveitarinnar og Landhelgisgæslunnar og þróunar í því samstarfi.

Að sjálfsögðu verða fleiri fundir haldnir um þetta mál, þ.e. um hvernig staðið verður að sjúkraþjónustu Gæslunnar með þyrlunni. Ég veit að við munum komast að niðurstöðu í tæka tíð áður en þessum samningi verður endanlega lokið eins og boðað var í bréfinu frá 26. janúar. Það er rétt að það liggi alveg skýrt fyrir að frumkvæðið að því að rifta þeim samningi kom frá sjúkrahúsinu en eftir að það bréf liggur fyrir þá hljóta menn að líta til allra þeirra þátta sem eðlilegt er að hafa til skoðunar þegar metið er hvernig best verði staðið að þessu í framtíðinni. Á þessu sviði eins og öðrum eru miklar breytingar, mikil þróun, aukin menntun og aukin tækni sem unnt er að nýta sér án þess að vera endilega bundinn af þeim sjónarmiðum sem réðu árið 1998 þegar umræddur samningur var gerður.

[14:07]

Valdimar L. Friðriksson:

Hæstv. forseti. Sjúkraflutningar Landhelgisgæslunnar eru hér til umræðu vegna þess að Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefur sagt upp samningi við ríkið um læknaþjónustu um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar eða réttara sagt vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki endurnýjað þennan samning. Umræddur samningur tók gildi, eins og fram hefur komið, 1. júní 1998 og átti að endurskoða eigi síðar en 1. júní 1999, þ.e. fyrir tæpum fimm árum síðan.

Þetta er afskaplega þýðingarmikill samningur, þýðingarmikill hlekkur í öryggismálum okkar Íslendinga þar sem sex læknar sinna árlega yfir 130 útköllum með þyrlum Landhelgisgæslunnar, þar með talið 24 sinnum á ári þar sem sinnt er flókinni læknismeðferð um borð. Í sjúkraflugi getur þyrlan verið allt að tvær klukkustundir og því getur læknismeðferð um borð skipt sköpum varðandi líf eða dauða hins slasaða.

Virðulegi forseti. Enn einu sinni eru öryggis- og heilbrigðismál í uppnámi. Uppsögn samningsins er að hluta til ein af sparnaðaraðgerðum Landspítalans. Greiðsla fyrir samninginn hefur ekkert hækkað síðan 1. júní 1998 og spítalinn, sem er jafnframt í fjársvelti, hefur ekki efni á að greiða mismuninn á kostnaðinum í dag. Þetta eru engin ný sannindi. En hvers vegna í ósköpunum þarf ávallt að grípa til svo róttækra aðgerða til að fá ríkisstjórnina að samningaborðinu?

Virðulegi forseti. Í þessu máli sem mörgum öðrum virðist sem það sé ómögulegt að ná ráðherrum að samningaborði án þess að öllu sé stefnt áður í óefni. Ráðherrar eiga að hafa metnað til að leysa sín verkefni áður en þau verða að vandamáli, hvað þá lífshættulegu vandamáli eins og hér stefnir í.

[14:09]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Sjúkraflutningar Landhelgisgæslunnar eru gríðarlegt öryggismál fyrir íslenska þjóð. Sjómenn reiða sig á það öryggisnet sem sjúkraflutningar Landhelgisgæslunnar eru. Sjómenn vinna áhættusamt starf í þágu íslensks sjávarútvegs sem er undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, atvinnugrein sem hefur flutt íslenska þjóð úr sárri örbirgð til allsnægta. Því er mikilvægt og sjálfsagt að sjómannastéttinni séu búin þau skilyrði að öryggið sé eins og best verður á kosið.

Því miður hefur Landspítali – háskólasjúkrahús neyðst til þess að segja upp samningi við dómsmrn. m.a. um mönnun á læknum í sjúkraflutningum Gæslunnar. Samningurinn var gerður milli þessara aðila árið 1998 en síðan þá hefur uppfærsla á honum ekki verið í neinum tengslum við kjaraþróun íslensku læknastéttarinnar. Því þarf nýr samningur að taka mið af því og ég treysti hæstv. dómsmrh. til að beita sér við úrlausn þessa máls.

Við skulum þó hafa í huga að málsaðilar hafa enn nægan tíma til að komast að nýju samkomulagi vegna þessarar mikilvægu þjónustu þar sem uppsagnarfrestur samningsins gildir fram til mánaðamóta apríl/maí. Mikilvægt er að halda því til haga að sjúkraflutningar Landhelgisgæslunnar verða með lækni innanborðs fram að þeim tímamótum. Því er mjög mikilvægt að Landhelgisgæslan og dómsmrn. semji sín á milli fyrir þann tíma. Annað er óásættanlegt. Við verðum að búa vel að Landhelgisgæslunni. Það er gríðarlegt hagsmunamál fyrir okkur að læknar séu um borð í sjúkraflutningum Gæslunnar. Annað er ólíðandi gagnvart íslensku sjómannastéttinni og íslenskri þjóð.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. formanni Frjálslynda flokksins, Guðjóni A. Kristjánssyni, fyrir að hreyfa þessu máli. Það er sannarlega ástæða til þess að taka málefni Landhelgisgæslunnar fyrir. Þau hafa svo sem oft borið á góma á hér þingi á undanförnum missirum og því miður fyrst og fremst vegna þess að Landhelgisgæslan hefur búið við varanlegt fjársvelti og á engan hátt getað beitt tækjakosti sínum og mannafla eins og skyldi í þágu sinna mikilvægu verkefna. Ég ætla fyrst og fremst að gera einn þátt málsins að umtalsefni, þ.e. það ófremdarástand sem skapast að óbreyttu 1. maí nk. ef þeir læknar sem mannað hafa björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar láta þá af störfum eins og gerist að óbreyttu.

Það fyrirkomulag að Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefur tekið að sér að sjá um mönnun þyrlunnar gegn greiðslu frá dómsmrn. hefur gefist vel þau fimm, sex ár sem það hefur verið við lýði. Það er líka rétt að hafa í huga í þessu sambandi að þar er um að ræða þrautþjálfaða lækna. Af sex læknum sem gegna þessari þjónustu að staðaldri eru fjórir þrautreyndir í þessu starfi og það væri mikil eftirsjá að því ef þeir sæju sér ekki fært að sinna þessu áfram.

Ég held að allur samanburður við sjúkraflutninga á landi sé einnig algerlega óraunhæfur hér enda er um langar ferðir

að ræða við erfiðar aðstæður og oft getur skipt sköpum að læknisfræðimenntaður maður sé til staðar og létti áhyggjum af áhöfn þyrlunnar sem hefur um nóg annað að hugsa en líf og heilsu sjúklinganna þegar þeir eru þá komnir um borð.

Einnig er rétt að minna á að bandarískt herinn sem oft hefur gripið inn í í björgunaraðgerðum hér á landi er bæði að spara og fara ef svo má að orði komast. Ein sparnaðarráðstöfun sem þar hefur verið gripið til er sú að útkallstími er nú mun lengri en áður var þannig að það er enn fjær en áður að við Íslendingar getum á nokkurn hátt treyst á aðstoð þaðan. Nær væri að ræða hér um kaup á annarri öflugri björgunarþyrlu til þess að staðsetja fyrir norðan eða á norðaustanverðu landinu heldur en að tala um þrengingar af því tagi sem við stöndum frammi fyrir, ég tala nú ekki um ef hæstv. dómsmrh. ætlar að fara að teppa þyrluna frá björgunarstörfum við að snattast með gæluverkefni sitt, herinn.

[14:13]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu sem fram fer um sjúkraflutninga Landhelgisgæslunnar. Staðan í dag er sú að uppsögn á samningi við Landhelgisgæsluna hefur komið frá heilbrigðisyfirvöldum sem hafa fengið eingreiðslu en á móti hafa læknar verið til taks og sinnt útköllum. Hér er sennilega um það að ræða að kostnaður er orðinn of mikill og laun standa ekki undir samningsbundnum framlögum. Hlutverk þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar er mjög mikilvægt í almannaþágu og því er mikilvægt að öryggis- og almannavarnarþáttur sé skoðaður sérstaklega á tímamótum sem þessum.

Uppsögn þessa samnings er tækifæri til að fara í frekari skoðun á skipulagi reksturs Gæslunnar. Sjúkraflutningar innan lands í dag byggjast að miklu leyti á samningum við flugfélög sem í flestum tilfellum staðsetja flugvélar á viðkomandi svæði eða í nálægð þess.

Landhelgisgæslan hefur oft verið kölluð út í sérstökum tilfellum á þessa staði og hefur alltaf brugðist vel við. En þegar kemur á haf út og í óbyggðum þá er þyrla eina björgunartækið sem við höfum og við Íslendingar höfum verið stoltir af þeim miklu björgunarafrekum sem þessir aðilar hafa unnið.

Ef við skoðum hvernig bandaríska kerfið er byggt upp þá er í þyrluáhöfninni bráðatæknir í stað læknis en læknisfræðileg forsjá þarf að vera tryggð þannig að alltaf sé hægt að hafa fjarskiptasamband við lækni.

Hér á landi hefur vel verið staðið að því að þjálfa upp sérmenntaða starfsmenn og slökkviliðið hefur mótað sérstaka stefnu í þeim efnum, þ.e. að sjúkraflutningamenn hafa farið í nám erlendis í bráðafræðum fyrir bráðatækna. Voru 12 slíkir hér í starfi og tveir eru í námi. Samtals eru þetta 14 aðilar.

Bráðatæknar í dag eru orðnir aðalkennarar í Sjúkraflutningaskólanum. Þeir koma að sérhæfðri kennslu, t.d. fyrir björgunarsveitarmenn. Þekking þeirra er mjög mikilvæg bæði á sviði heilbrigðisþjónustu svo og björgunar.

Frú forseti. Ég er ekki að segja að þetta sé það sem koma skal en nauðsynlegt er að fara vandlega yfir þetta mál og koma með niðurstöðu áður en uppsögn núverandi samnings rennur út. Ég treysti hæstv. dómsmrh. fullkomlega til að koma með ásættanlegar tillögur um framtíðarsýn í málefnum þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar.

[14:15]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Landhelgisgæslan er í fjársvelti og hefur verið lengi. Hv. málshefjandi fór yfir þá stöðu sem Gæslan er í varðandi sjúkra- og björgunarflug og er í raun með ólíkindum að ekki skuli hafa verið sest niður fyrir löngu til að skilgreina og leysa þann vanda sem við blasir.

Hæstv. dómsmrh. svaraði hér litlu og var svo sem ekki við miklu að búast þegar horft er til þess algjöra áhugaleysis sem virðist vera á málefnum Landhelgisgæslunnar þar á bæ. Björgunar- og sjúkraflug með öflugum þyrlum og vel þjálfaðri og samhentri áhöfn er algjör nauðsyn hér á landi og hefur oft og mörgum sinnum sannað gildi sitt þegar vá hefur borið að dyrum. Það er með ólíkindum að stjórnvöld skuli nú láta sér detta í hug að veikja þann hóp sem sinnir þessari þjónustu með uppsögn þyrlulæknanna og draga þannig úr öryggi sem þessi þjónusta hefur veitt.

Þyrlur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafa oft gripið inn í þegar þörf hefur verið á og íslensk stjórnvöld óskað liðsinnis vegna ónógra innlendra úrræða. Við þekkjum öll þá umræðu sem í gangi hefur verið um verulegan samdrátt í starfsemi varnarliðsins og því hlýtur sú spurning að leita á hugann hvort hæstv. dómsmrh. hafi skoðað hver sé framtíð þyrlusveitarinnar á Keflavíkurflugvelli og hvort ekki sé ástæða til að stórefla þyrluútgerð Landhelgisgæslunnar í stað þess að veikja hana eins og nú er verið að gera.

Forgangsröðun stjórnvalda hefur oft verið hér til umræðu og oft hefur manni blöskrað hver hún er. En, frú forseti, að raða vopnaðri lögreglusveit og sprengjuleit í Írak framar í forgangsröð en þjónustu við fórnarlömb slysa og hamfara er óskiljanlegt öllu venjulegu fólki. Hér hefur hæstv. ráðherra toppað sjálfan sig í vitleysunni og ekki laust við að maður sé farinn að hlakka til að sjá nýjan aðila taka sæti í stóli dómsmrh.

[14:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Á þessu máli eru margar hliðar eins og fram kom í framsöguræðu hv. málshefjanda og málið er ekki einfalt og verður ekki leyst í einni sjónhendingu.

Ég vil aðeins staldra við þann þátt málsins sem lýtur að öryggismálum landsmanna, bæði sjómanna og þeirra íbúa landsins sem búa fjarri Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi. Þar leikur þyrlubjörgunarsveitin lykilhlutverk í því öryggisneti sem við höfum riðið til þess að treysta stöðu okkar í þjóðfélaginu. Nú liggur fyrir að það mál er í uppnámi eftir að Landspítalinn sagði upp samningnum. Við getum ekki búið við það að einhver óvissa sé um framtíð þessarar þjónustu, hvorki sjómenn þessa lands eða íbúar dreifbýlisins sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu. Það verður að vera öryggi í þessu efni.

Það er alveg ljóst af atvikum málsins að fjármagn vantar til Landhelgisgæslunnar til að geta veitt þá þjónustu sem við ætlum Landhelgisgæslunni að veita. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að útvega það fé til Landhelgisgæslunnar þannig að við þurfum ekki að búa við óvissu um nokkurra vikna hríð til viðbótar við það sem þegar er liðið af þessu ári.

Hæstv. dómsmrh. hefur þegar sýnt að hann getur beitt sér og verið fundvís á fé þegar öryggismál eru annars vegar og ég trúi ekki öðru en honum reynist það létt verk að finna nauðsynlegt fjármagn til að tryggja áframhaldandi rekstur Flugbjörgunarsveitar Landhelgisgæslunnar. Það er alveg

jafnmikilvægt öryggismál og að fjölga í sérsveit lögreglunnar.

[14:19]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þjóðin hefur verið stolt af viðbragðsflýti, færni og hugrekki starfsmanna Landhelgisgæslunnar þegar neyð hefur kallað og oft hafa þeir mátt vinna verk sín við afar erfið björgunarskilyrði. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar setja sjálfa sig í lífsháska til að bjarga mannslífum hvort sem er við slys á hafi úti eða vítt um byggðir og óbyggðir landsins. Okkur hefur þótt afar mikilvægt að þyrlur okkar, þyrlur Landhelgisgæslunnar væru búnar nýjustu tækjum og búnaði til björgunar og verndunar mannslífa.

Því kemur það við þjóðarsálina og snertir, held ég, streng í hjarta hvers Íslendings að heyra tilkynnt í fréttum að í sparnaðarskyni hafi verið sagt upp samningum við lækna sem sinnt hafa læknisþjónustu um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar og að sá samningur renni út, verði ekki að gert, 1. maí nk.

Uppsögn þyrlusamningsins er ein af sparnaðaraðgerðum Landspítalans eins og fram kemur í fréttum í sjónvarpi 13. febrúar sl. Spítalinn segir samning við ríkið um þjónustu of lágan og spítalinn sætti sig ekki við að þurfa að greiða mismuninn. Þessi samningur var gerður 1998 og hefur staðið óbreyttur í krónutölu síðan. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum hefur oft verið óskað eftir endurskoðun á samningnum en því hafi ríkið ekki sinnt. Ofan á þetta allt hefur stöðugt verið hert að fjárhag Landhelgisgæslunnar svo ekki getur hún tekið á sig þennan aukakostnað.

Frú forseti. Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar er allsherjarbjörgunarsveit og þjóðin ætlar henni aukið hlutverk frekar en að skerða það. Við eigum ekki að láta standa upp á okkur þá skömm að vafi leiki á því hvort læknar fylgi með í þyrlum Landhelgisgæslunnar í þjónustuflugi. Ég skora því á stjórnvöld að ganga nú þegar til samninga sem tryggi að læknar séu ávallt um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar í sjúkra- og björgunarflugi hér á landi.

[14:22]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er vissulega rétt að þetta er mál sem þarf skoðunar við. Hæstv. dómsmrh. kom inn á mikilvægi flugflota Landhelgisgæslunnar og öryggisþáttarins. Ég tel að staðan sé ekki sú eins og einn hv. þm. kom inn á, að málið sé í uppnámi, að það sé of í lagt. Hins vegar hafa þingmenn komið inn á það að þetta sé fyrst og fremst öryggistæki sem snýr að sjómönnum. Ég tel að rétt sé að horfa á starfsemi flugflota Landhelgisgæslunnar og er hér með yfirlit yfir flugtíma flugflota Landhelgisgæslunnar þar sem TF Líf og Sif gegna meginhlutverki í slysa- og sjúkraflugi t.d. á sjó. Ef litið er á flugstundir flugflota Landhelgisgæslunnar greinast þær þannig að vegna íslenskra skipa er flogið í 79 klst. á 32 mánaða tímabili, vegna erlendra skipa er flogið í 61 klst. En svo vek ég athygli á að vegna slysa- og sjúkraflugs á landi vegna umferðarslysa er flogið í 89 klst. Vegna annarra slysa er sjúkraflug í 198 klst.

Menn sjá því að sá þáttur sem snýr að sjó er allóverulegur í þessum samanburði en engu að síður er auðvitað mikilvægt að sjómenn geti stólað á þessa þjónustu. En þá hlýtur að vakna sú spurning varðandi þennan samning hvort einhverjir fleiri aðilar ættu ekki að koma að greiðsluþætti rekstrarkostnaðar þyrluflota Landhelgisgæslunnar. Ég bendi þá sérstaklega á margar flugstundir vegna umferðarslysa sem er hvorki meira né minna en tæpar 90 klst. en varðandi íslensk skip er það 79 klst.

Hér er því um verulegt verkefni að ræða að fara ofan í og full ástæða til, en ég treysti hæstv. dómsmrh. til þess að leysa þetta mál farsællega.

[14:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þingmönnum fyrir þátttöku í þessari umræðu og ráðherra fyrir svör hans. Ég verð hins vegar að segja að mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara því nákvæmlega eða nógu vel hvaða atbeina hann hyggst hafa til þess að efla og styrkja neyðarþjónustuna og sjá til þess að læknarnir verði áfram í áhöfn þyrlunnar. Hann sagði að verið væri að vinna að málinu og vonandi tækist um það samkomulag og það væri markmiðið. Ég fagna því auðvitað að menn hafi ákveðið að setja sér það markmið að ljúka þessum samningi áður en hann fellur endanlega úr gildi.

Ég vil hins vegar víkja að því sem kom fram í svari hæstv. dómsmrh. áðan varðandi ferðir og kostnað og hvort taka eigi gjald.

Ég spyr í því sambandi: Hver greiðir kostnaðinn við köfun í Neskaupstað við rannsókn þess máls? Er það Landhelgisgæslan? Kemur sá kostnaður frá ríkislögreglustjóra? Þannig má spyrja í fjöldamörgum verkum sem Landhelgisgæslunni eru falin. Hún fær ekki endurgreiddan þann kostnað sem hún leggur fram. Ætlast er til þess að Landhelgisgæslan sé ávallt reiðubúin og þyrluáhöfnin til þess að fara í hin ýmsu flug út á land, grípa þar inn í verkefni sem e.t.v. var búið að semja um við ákveðin flugfélög að sinna en hefur ekki tekist. Hver greiðir þann kostnað? Ekki koma greiðslur fyrir það frá samningsaðilum um sjúkraflug úti á landi.

Ég er því að draga það fram í þessari umræðu að staða Landhelgisgæslunnar hvað það varðar að fá endurgreiddan kostnað sem hún leggur fram við hin ýmsu verkefni er ekki skilgreind og það er þörf á því að á því sé tekið.

Hitt fer ekki á milli mála að landsmenn telja þyrluna og þyrluáhöfnina einn mesta öryggisstuðul sem þeir hafa fengið til þess að tryggja öryggi þeirra í neyðartilvikum.

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem ég sagði í upphafi. Ég hef ekki lýst því yfir hér að ég telji nauðsynlegt að það séu læknar um borð í þyrlunni. Það eru aðrir sem hafa talað á þann veg í þessum umræðum.

Ég hef sagt: Samningnum var sagt upp í janúar. Við erum að fara yfir málið og að sjálfsögðu verður búið þannig um hnúta að ekki skapist nein óvissa í þessu máli. En ég hef ekki skoðað alla þætti málsins enn þá og veit ekki hvort það er nauðsynlegt að hafa lækni um borð í þyrlunni til að veita þá öryggi sem að er stefnt og vil ekki koma í þessar umræður og láta þess ógetið að ég hef ekki gert upp hug minn í því efni og það þarf að líta til þeirra þátta.

Ég er alveg undrandi á því að heyra ýmsa þingmenn standa hér og lýsa því yfir að það sé óhjákvæmilegt. Hvaða vitneskju hafa þeir um það? Sjónarhornið sem hv. þingmenn koma með frá Samf., dylgjur um það að allt sé í uppnámi og að eitthvert hættuástand ríki vegna þess að þessum samningi hefur verið sagt upp, er alrangt. Til marks um málefnafátækt Samf. í þessu máli eins og öðrum er hvernig þeir hafa hagað

máli sínu hér og tala án þess að hafa nokkra vitneskju og nokkrar forsendur til að tala á þann veg sem þeir hafa gert.

Og hvað hafa þeir til þess að lýsa því yfir að það þurfi endilega alltaf að vera læknar um borð í þyrlum þegar þær eru sendar í slíka leiðangra? Þeir hafa ekki nokkra minnstu hugmynd um það frekar en þeir hafa hugmynd um hvort það ríki nokkurt hættuástand. Það ríkir ekkert hættuástand. Samningurinn er í gildi og verið er að vinna að því að fylla það tómarúm sem mun skapast ef þessi samningur gildir ekki áfram. Enginn þarf að óttast að það skapist eitthvert slíkt tómarúm að hér verði hættuástand vegna þess að ekki verði unnt að sinna þessari þjónustu á þann veg að öryggi landsmanna sé tryggt.

Fundi slitið kl. 14:28.

---

76. FUNDUR

miðvikudaginn 3. mars,
að loknum 75. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Tilkynningarskylda og afmörkun siglingaleiða, fsp. GHall, 356. mál, þskj. 475.
2. Öryggi sjúkraflugvallar á Djúpavogi, fsp. ÞBack, 616. mál, þskj. 924.
3. Bundið slitlag á þjóðvegi nr. 1, fsp. GÞÞ, 627. mál, þskj. 936.

Til dómsmálaráðherra:

4. Greiðslur til fanga, fsp. MF, 574. mál, þskj. 865.

Til menntamálaráðherra:

5. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins, fsp. ÁÓÁ, 581. mál, þskj. 874.
6. Auglýsingar í Ríkisútvarpinu, fsp. ÁÓÁ, 582. mál, þskj. 875.
7. Lán til leiklistarnáms, fsp. BjörgvS og KJúl, 584. mál, þskj. 877.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Lokuð öryggisdeild, fsp. MF, 597. mál, þskj. 901.
9. Húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni, fsp. MF, 598. mál, þskj. 902.

Til iðnaðarráðherra:

10. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, fsp. EMS, 628. mál, þskj. 937.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[14:29]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég finn mig knúinn til að kveðja mér hljóðs um störf þingsins af því tilefni að þann 28. október sl., þ.e. fyrir rúmum fjórum mánuðum, lagði ég fram fyrirspurn til menntmrh. um það hvort til athugunar væri í ráðuneytinu að taka upp frekari skólagjöld í Háskóla Íslands, strangari inntökupróf eða fjöldatakmarkanir í skólann til að mæta fjárþörf hans. Háskólinn glímir nú við alvarlegan fjárskort sem þýðir að annaðhvort þarf hann að vísa 900 umsækjendum um nám frá skólanum eða taka upp harkalegar fjöldatakmarkanir eða há skólagjöld á grunnnám fái hann ekki aukin fjárframlög þar sem hann fær ekki greitt fyrir alla nemendur skólans. Breytir kennslusamningurinn fyrir árið 2004 engu þar um, enda hafði hann hvorki áhrif á fjárveitingu þessa árs né hámark fjölda virkra nemenda sem nú eru 5.200. Háskólinn spáir því að fjöldi virkra nemenda verði að óbreyttu 5.750 haustið 2004 og aukningin svari til u.þ.b. 900 skráðra nemenda.

Þessari fyrirspurn er enn þá ósvarað þó að þingsköp kveði á um að fyrirspurnum skuli svarað innan átta daga. Ráðuneytið hefur ekki látið svo lítið að fara fram á frest til svars eins og alsiða er.

Nú bregður svo við að í dag er menntmrh. á þingfundi og svarar fyrirspurnum. Óskaði ég sérstaklega eftir því að umræddri fyrirspurn yrði svarað þar sem hún hefur nú náð 100 daga aldrinum. Við þeirri sjálfsögðu ósk var ekki orðið, eins og sjá má af dagskrá þingsins í dag, og sætir það furðu að ráðherra vilji ekki ræða fjársvelti Háskóla Íslands með því að svara hinni öldnu fyrirspurn.

Því beini ég því til hæstv. forseta að hún taki málið upp í forsn. þar sem verið er að þverbrjóta þingsköp. Ég óska eftir því við hæstv. ráðherra að hún gefi skýringar á því af hverju fyrirspurninni hefur ekki verið svarað og af hverju hún er ekki á dagskrá þingsins hér í dag.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns mótmæla því sérstaklega að Háskóli Íslands sé í einhverju fjársvelti. Við höfum tekið efnislega umræðu um einmitt þetta mál.

Ég hef reynt síðan ég hóf störf sem menntmrh. að svara fyrirspurnum eftir bestu getu og vitund og reynt að koma þeim hratt frá mér. Mér skilst að á tveim þingfundum sé ég búin að svara 12–14 fyrirspurnum.

Varðandi nákvæmlega þessa fyrirspurn, varðandi skólagjöldin, vill svo til að við tókum umræðu utan dagskrár sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson var einmitt málshefjandi að. Þar bar hann upp þær spurningar sem koma fram í fyrirspurninni. Þar svaraði ég eftir því sem ég gat, eftir bestu vitund, nákvæmlega þessum spurningum.

Frá því að þessi utandagskrárumræða átti sér stað hefur ekkert nýtt komið fram í málinu nema það að það er auðvitað fagnaðarefni að Samf. og talsmenn hennar eru reiðubúnir til að ræða orðið skólagjöld og það sem fylgir. Ég fagna þeirri hugarfarsbreytingu því að ég hef alla tíð sagt að við eigum að þora að ræða um skólagjöld, um kosti þeirra og ekki síður galla. Á þeirri forsendu læt ég m.a. fara fram, undir umsjón og eftirliti Ríkisendurskoðunar, stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt á málefnum Háskóla Íslands til þess að við getum átt hér faglega umræðu um þá valkosti sem við höfum til að styrkja og efla Háskóla Íslands.

Kannski er það eina nýja í þessari umræðu, hæstv. forseti, um skólagjöld frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni þar sem hann berlega lætur í ljósi í grein sinni í Morgunblaðinu um skólagjöld að hann sé tilbúinn til að leggja skólagjöld á framhaldsháskólanám og sér því ekkert til fyrirstöðu að ræða það frekar. Það er meira en ég hef sagt.

[14:34]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég hélt að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefði komið hér upp til að ræða form og óska skýringa á því af hverju fyrirspurn sem lögð var fram 28. október væri ekki enn komin hér á dagskrá þingsins en ekki til að skattyrðast við hæstv. menntmrh. um efni máls.

Þingsköp segja til um það með mjög skýrum hætti hvað langur tími má líða þar til fyrirspurnum er svarað. Ef hæstv. ráðherrar treysta sér ekki, einhverra hluta vegna, til að svara þeim spurningum sem fyrir liggja ber þeim með einhverjum hætti að koma þeim í farveg annan en þann að hunsa þær. Þeim ber með einhverju móti að hafa samband við þann sem lagt hefur fram fyrirspurnina og óska eftir frestun á því að taka hana fyrir eða þá hreint og klárt að reyna að koma henni frá, vísa henni frá, vegna þess að hún sé þá ekki þingtæk vegna þess að búið sé að svara málinu á einhverjum öðrum vettvangi.

Ég vonast til þess að hæstv. menntmrh. svari í raun því sem um var spurt í upphafi þessa þingfundar: Hvernig stendur á því að fyrirspurnin er ekki komin hér á dagskrá? Hvernig stendur á því að fyrirspurn sem er orðin 100 daga gömul liggur ekki hér á borðum okkar til umræðu þegar aðrar fyrirspurnir sem koma inn löngu seinna til hæstv. ráðherra eru komnar þar fram fyrir?

[14:35]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram taka fram að það er mikilvægt að hæstv. ráðherrar svari með formlegum hætti þeim fyrirspurnum sem til þeirra er beint. Forseti hefur vissulega á því skilning að það geti komið fyrir að hæstv. ráðherrar þurfi lengri frest til að svara fyrirspurnum en það verður að segjast eins og er varðandi þessa fyrirspurn að þessi dráttur er úr hófi fram.

Það er líka mikilvægt að ef hæstv. ráðherrar þurfa frest til að svara fyrirspurnum geri þeir það með því að óska formlega eftir því og hafa góð samskipti við fyrirspyrjendur um þá frestun.

[14:36]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra skautaði létt fram hjá þeirri fyrirspurn minni af hverju fyrirspurn mín um skólagjöld og fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands hefur ekki verið tekin á dagskrá þingsins eins og þingsköp kveða skýrt á um að gera skuli. Það breytir engu um það þó að við höfum rætt hér fyrr í vetur um þann bráða vanda sem uppi er í Háskóla Íslands þar sem skólinn hefur ekki fengið þau fjárframlög sem honum ber vegna nemendafjölda skólans. Rétt er hjá ráðherra að ekkert hefur gerst í því og ekkert hefur verið gert til að bæta úr þessum vanda háskólans, hann er í sömu súpunni og fyrrum. Það breytir því ekki að þingsköp eru hér þverbrotin. Fyrirspurnin er orðin meira en 100 daga gömul og augljóst mál að henni ber að svara, eins og þingsköp kveða á um, innan átta daga.

Síðan hefur ýmislegt gerst sem ýtir undir það, ef ráðherra vill fara í efnislega umræðu um það hvort beri að ræða skólagjöld og fjöldatakmarkanir, og m.a. það að ráðherra lýsti því yfir í viðtali á Stöð 2 fimmtudaginn 5. febrúar, með leyfi forseta, að Háskóli Íslands væri ríkisstofnun og eins og aðrar ríkisstofnanir eiga að gera verði hann að halda sig innan þess ramma sem fjárlögin eru.

Með þeim orðum sínum er hæstv. menntmrh. að lýsa því yfir að taka beri upp fjöldatakmarkanir við Háskóla Íslands sem takmarkast við þann nemendafjölda sem getið er um í kennslusamningnum milli háskólans og ríkisvaldsins. Umfram það megi háskólinn ekki taka nemendur inn í skólann og þar með er verið að gjörbreyta því sem áður var, að Háskóli Íslands væri þjóðskóli sem bæri að taka við þeim nemendum í skóla sem sæktu um vist í hann og hefðu lokið tilskildu námi. Það er alveg kristaltært að svoleiðis hefur það verið en með þessari yfirlýsingu sinni er ráðherra að segja annað. Þess vegna er brýnt að ræða það mál hér á Alþingi hvort sú algjöra stefnubreyting hafi átt sér stað í málefnum Háskóla Íslands að hann sé ekki lengur þjóðskóli, opinn öllum, heldur eigi hann að taka upp fjöldatakmarkanir og há skólagjöld á grunnnám. Því hefur Samf. algjörlega hafnað sem leið til að mæta fjárþörf Háskóla Íslands.

[14:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kem að sjálfsögðu til með að svara þessari fyrirspurn hv. þm., auðvitað kemur ekki annað til greina, en ég hef álitið sem svo að ég hafi ekki haft svigrúm til að svara öllum þeim fjölmörgu fyrirspurnum sem menntmrh. fær. Ég hef lagt mig í líma við að reyna að svara þeim sem setja eitthvað nýtt fram í dagsljósið hverju sinni. Ég taldi mig hafa svarað nákvæmlega þessum spurningum, frú forseti, í utandagskrárumræðum ekki alls fyrir löngu.

Það er að sjálfsögðu ekkert mál fyrir mig að taka aftur upp þessa umræðu og svara fyrirspurn hv. þingmanns við fyrsta tækifæri fyrst hann þarf að segja þetta svona oft og tyggja þetta margoft ofan í hv. þingheim.

Vegna orða hv. þingmanns áðan, þar sem hann vitnaði í orð mín varðandi fjármál Háskóla Íslands, má líka gagnálykta sem svo að hann telji rétt að ríkisstofnanir fari fram úr lögum þegar þær telja svo bera undir. Það tel ég auðvitað alvarlegt í sjálfu sér, frú forseti.

[14:40]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég verð enn og aftur að lýsa undrun minni á svörum hæstv. menntmrh. við því sem hér er lagt fram. (Gripið fram í.) Þingsköp gilda í þingsal. Burt séð frá því hvort ráðherrar fá fyrirspurnir sem þeir telja sig þurfa að svara eða ekki svara gilda hér þingsköp, hæstv. ráðherra, og það ber að svara fyrirspurnum eða gera þá ráðstafanir til að fá formlega fresti á því að svara þeim. Það verður gera einhverjar enn aðrar ráðstafanir ef hæstv. ráðherra telur að fyrirspurnin sé ekki þingtæk en ekki að láta hana liggja í 100 daga án þess að það heyrist múkk eða hljóð úr horni úr hinu háa ráðuneyti.

Mér finnst hæstv. ráðherra sem nýr ráðherra koma í pontu og sýna hv. málshefjanda ákveðinn hroka. Hv. þm. hefur fullt leyfi til að ganga eftir því héðan úr þessum stól að hann fái svar við þeirri fyrirspurn sem fyrir liggur. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherrann að hlaupa í einhverja vörn og fylu yfir því.

Hæstv. ráðherra sagði að menn þyrftu að þora að tala um skólagjöld. Hæstv. ráðherra sagði líka að menn þyrftu að þora að tala um fjöldatakmarkanir. Ég bara skora á hæstv. ráðherra að þora að tala um þetta hér og svara þessari fyrirspurn. (Gripið fram í.)

[14:41]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hv. þm. verða líka að hafa á því skilning að þessi fyrirspurn er, eins og hér hefur komið fram, 100 daga gömul og á þessum tíma hafa orðið ráðherraskipti. Ráðherra hefur þegar lýst úr ræðustól ástæðum fyrir því að fyrirspurninni hafi ekki verið svarað. Forseti leggur ekki mat á það en tók eftir því að hæstv. ráðherra mun svara þessari fyrirspurn formlega.

Forseti mun íhuga hvort ástæða sé til að taka þetta mál með sérstökum hætti upp í forsn. En það mikilvæga liggur þá fyrir, að hæstv. ráðherra mun svara fyrirspurninni við allra fyrsta tækifæri.

Tilkynningarskylda og afmörkun siglingaleiða.

Fsp. GHall, 356. mál. — Þskj. 475.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja hér fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. Tilefni hennar er að 16. maí 1997 var samþykkt á Alþingi þáltill. sem ég var 1. flm. að, ásamt fleiri hv. þm.

Þál. hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við hagsmunaaðila, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu sem m.a. innihaldi heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnvöld fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til ef mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins."

Nokkuð hefur breyst í umhverfinu síðan þessi þáltill. var samþykkt, virðulegi forseti, og má þar t.d. nefna að síðasta skipi sem var undir íslenskum fána og heitir Keilir var flaggað út nú nýverið undir fána Færeyja. Áfram heldur þetta skip samt sem áður að sigla hér með ströndum fram og er í bígerð þessarar útgerðar, sem er mjög illa stödd fjárhagslega og sameign olíufélaganna, að ráða rússneska áhöfn og væntanlega þá rússneskan skipstjóra sem þekkir hvorki haus né hala á erfiðum aðstæðum við strandsiglingar við Ísland.

Að mér setti óhug fyrir fáeinum dögum þegar skip í eigu íslenskrar útgerðar með rússneskri áhöfn rak stjórnlaust upp í fjöru á Grundartanga, sem betur fer í blíðviðri. Það var lán í óláni að skipið lenti milli tveggja skerja og á eina auða sandblettinum sem þarna finnst.

Nú er það líka svo að erlend stjórnvöld, ég bendi t.d. á Kanada, gera þær kröfur að skip sem dæla út sjóballest geri það löngu áður en komið er inn í efnahagslögsöguna. Jafnframt er þeim skylt að færa nákvæmlega til bókunar á hvaða lengd og breidd þetta var gert o.s.frv. Nú er orðið mjög algengt að skip sigla heimshafanna á milli með sjóballest og engar kröfur höfum við Íslendingar gert um það hvar og með hvaða hætti slík vinna fari fram, þ.e. þegar sjóballest er dælt úr tönkum skipa. Nauðsynlegt er auðvitað að taka á þess máli. Ég nefni sem dæmi mikla undrun sem sætti meðal Reykvíkinga fyrir einum 15 árum þegar mikil kýlapest geisaði í laxfiski í Elliðaánum. Fiskurinn þarf auðvitað að synda um Sundahöfn þar sem mörg erlend skip liggja og eflaust hafa þau dælt ballest úr tönkum sem hefur sjálfsagt valdið þessum skaða vegna mengunar í laxfiski hér.

Virðulegi forseti. Því legg ég fram þessa fyrirspurn til hæstv. samgrh.

[14:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur gert grein fyrir fyrirspurn sinni en eins og fram kom í ræðu hv. þm. skipaði samgrh. nefnd á grundvelli þáltill. frá árinu 1997 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við hagsmunaaðila, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu sem m.a. innihaldi heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnvöld fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til ef mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins."

Nefndin skilaði áliti til samgrh. í lok ársins 2000. Í áliti nefndarinnar kom fram að nefndarmenn voru sammála um nauðsyn þess að auka verndun umhverfisins og öryggi skipa. Huga þyrfti að takmörkun umferðar skipa innan svæðis frá Dyrhólaey suður fyrir Vestmannaeyjar að Fuglaskerjum og þaðan að Garðskaga.

Í áliti nefndarinnar kemur einnig fram að rannsaka þurfi öldufar og strauma á áhrif þessara þátta á siglingaöryggi mismunandi tegunda skipa á siglingaleiðum við suðurströndina. Siglingastofnun hefur í samræmi við álit nefndarinnar stundað rannsóknir á þessum þáttum á umræddum siglingaleiðum og er áætlað að niðurstöður þessara rannsókna liggi fyrir í lok ársins 2004 en nefndin lagði mjög ríka áherslu á að allar aðgerðir í framhaldinu yrðu að byggjast á slíkum rannsóknum sem nú sér fyrir endann á.

Auk þess hefur starfshópur samgrn. farið yfir álit nefndarinnar. Þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir munu í framhaldi af því verða teknar frekari ákvarðanir um afmarkanir siglingaleiða fyrir skip með hættulegan varning með því að setja reglur þar um.

Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett fram reglur um með hvaða hætti takmarka megi umferð skipa um hafsvæði sem t.d. hafa sérstakt líffræðilegt gildi og þar sem olíumengun gæti haft víðtækar afleiðingar. Verði það niðurstaðan að takmarka umferð skipa á ofangreindu svæði þarf að taka málið upp á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og fá staðfestingu hennar á því svo mögulegar takmarkanir á siglingaleiðum verði settar inn í sjókort hvar sem þau eru gerð í heiminum. Hugmyndir um aukna verndun svæðisins hafa verið kynntar óformlega á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nú þegar og verður það metið þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir hvort sú leið verði farin.

Með lögunum um vaktstöð siglinga sem samþykkt voru á Alþingi 20. mars sl. eru lagðar styrkari stoðir undir vöktun skipa með hættulegan farm. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda skiptir mjög miklu máli að vel sé að því staðið. Lög um vaktstöð siglinga heyra undir samgrh. en með samþykkt ríkisstjórnarinnar sl. haust var ákveðið að flytja framkvæmd laganna til dómsmrn. Nú er unnið að því að setja vaktstöðina upp í stjórnstöðinni í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni vaktstöðvarinnar sem fram að þessu hefur verið

vistuð hjá skipaþjónustu Landssímans og Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Gufunesi verða flutt í Skógarhlíðina á þessu ári auk þess sem unnið verður að því að skipuleggja starfsemi stöðvarinnar enn frekar.

Um þessar mundir vinnur Siglingastofnun að innleiðingu sjálfvirks auðkenniskerfis skipa, svokallaðs AIS-kerfis, á Íslandi og verður fyrsta grunnstöðin sett upp í Bláfjöllum en hún hefur verið í tilraunarekstri hjá Siglingastofnun í Kópavogi frá því á síðasta ári. Sú stöð nær yfir hafsvæðið við suðurströnd landsins. Fátt er því til fyrirstöðu að vaktstöð siglinga muni fljótlega geta fylgst með siglingum nær allra skipa á viðkvæmum svæðum við suðurströndina með AIS- og STK-kerfunum. Þegar AIS-kerfið verður að fullu komið í gagnið og þegar tilkynningar sem kveðið er á um í lögum um vaktstöð siglinga verða að fullu komnar í gagnið má segja að tilkynningarskylda skipa á þessu hafsvæði verði fullnægjandi. Samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um AIS-kerfið ná til allra skipa sem sigla um íslenska efnahagslögsögu, samanber skilgreiningar þar um.

[14:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að koma með þetta mál hér til umræðu og fagna því sem kom fram í máli hæstv. samgrh. að málið sé í ákveðnum farvegi og að því sé unnið og tillögur að fyrirkomulagi um afmörkun siglingaleiða muni líta dagsins ljós á þessu ári.

Mikil nauðsyn er orðin á að slíkt siglingaöryggisplan varðandi hættulegan farm skipa sé til staðar hér á landi og það er auðvitað sérstaklega svæðið frá Dyrhólaey og vestur um að Faxaflóa sem er hugað að í því sambandi. Nú upplifum við það hins vegar að á olíuskipum í innanlandsflutningum eru erlendar áhafnir við stjórnvölinn. Við því vil ég eindregið vara og tel að séum við að bjóða þar hættunni heim og það væri ekki aftur tekið ef illa tækist til við siglingu slíkra skipa hér við land.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Það er ánægjulegt að heyra að unnið er af fullum krafti í þessu máli. Ég kom að því áðan að margt hefur breyst síðan þessi þáltill. var samþykkt og það er rétt eins og kom fram hjá hæstv. samgrh. að síðan hafa verið sett lög um vaktstöð siglinga sem auðvitað mun breyta mjög eftirliti með skipaumferð umhverfis landið og á hafinu hér út af þannig að þetta er allt í góðum farvegi.

Ég tek hins vegar undir og deili áhyggjum mínum með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni varðandi strandsiglingar olíuskipa þar sem erlend áhöfn verður alls ráðandi innan ekki langs tíma. Auðvitað þarf að fylgjast vel með því. Einnig að viðurkennd uppeldisstöð þorsks er Selvogsbanki og það yrði dapurt ef þar yrðu alvarleg mengunarslys.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. samgrh. Það var ánægjulegt að heyra að unnið er að þessu máli og það er greinilegt að lögð er vönduð og góð vinna í þetta verk og vonandi að það sjái dagsins ljós fljótlega á næsta ári.

[14:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka undirtektir hv. þingmanna við þessu svari. Ég vil geta þess alveg sérstaklega að fyrirspyrjandi, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga eins og kemur fram í því að hann var 1. flm. þeirrar þáltill. sem það starf sem nú er unnið að er í rauninni byggt á og þar er lögð mjög rík áhersla á öryggi við ströndina. Það er mikilvægt að þingmenn séu vel á verði og standi vaktina þegar svo mikilvæg mál eru til meðferðar í þinginu.

Aðeins til viðbótar við það sem ég sagði í svari mínu þá er þetta svokallaða AIS-kerfi sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gerir ráð fyrir að tekið sé upp, og við erum að taka upp hér og er komið í gagnið að hluta, þannig að farþegaskip og olíuskip skulu öll hafa þennan búnað 1. júlí sl. Skip stærri en 50 brúttótonn, önnur en farþegaskip og olíuskip, skulu búin AIS-búnaði í síðasta lagi 1. júlí á þessu ári. Öll skip, þ.e. flutningaskip frá og með 300 brúttótonn eða stærri skulu búin AIS-búnaði eigi síðar en 31. desember á þessu ári. Þetta horfir því allt miklu betur og við erum að setja þennan búnað upp.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að ég hef miklar áhyggjur af því að áhafnir skipa sem sigla hér við ströndina hafi ekki þekkingu eða þjálfun eins og þarf og að skipafélögin sem sinna flutningum við ströndina skuli velja þann kost að leita eftir sjómönnum til annarra landa, sem e.t.v. byggir á því að ekki eru greidd mjög há laun til þeirra og að það skuli vera útgangspunkturinn í þeim rekstri. Ég harma að svo skuli vera.

Öryggi sjúkraflugvallar á Djúpavogi.

Fsp. ÞBack, 616. mál. — Þskj. 924.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Frú forseti. Ástæða fyrirspurnar minnar er bókun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps frá 12. febrúar á þessu ári sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn Djúpavogshrepps felur sveitarstjóra að beina því til fjárveitingavaldsins og Flugmálastjórnar að tryggt verði fjármagn til að ryðja snjó af sjúkraflugvellinum við Djúpavog í þau örfáu skipti á ári hverju, sem þörf er á því að hreinsa af honum snjó eða driftir. Hið sama gildir um völtun o.fl.“

Jafnframt er minnt á ástand vegar að flugvellinum sem er langt frá því að vera viðunandi að mati heimamanna. Undirrituðum hefur skilist að hvorki Vegagerðin né Flugmálastjórn telji viðhald vegarins vera í sínum verkahring og því virðist að óbreyttu ekki í önnur hús að venda en að ganga í sjóði sveitarfélagsins til að tryggja hnökralausan flutning um hann þar sem ástand hans er langt frá því að vera ásættanlegt.

Þetta var ástæða fyrirspurnar minnar til hæstv. samgrh. en hún er svohljóðandi:

1. Hver er áætlaður árlegur kostnaður við snjóruðning á sjúkraflugvellinum á Djúpavogi?

2. Hver er stefna ráðherra hvað varðar notkun sjúkraflugvallarins?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tryggt verði fjármagn til snjóruðnings á flugvellinum og til viðhalds vegar að honum?

Frú forseti. Þessi bókun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps ýtti við mér hvað varðar mikilvægi þess að flokkun flugvalla sé ljós og skilgreind og að þjónusta sé í samræmi

við fyrrgreinda flokkun. Það er eðlilegt að sveitarstjórnir líti til skilgreininga á flokkun á flugvöllum í flugmálaáætlun, en flugvöllurinn í Djúpavogi flokkast undir flokk 6 og þegar við lesum skilgreiningu á flokki 6 eru í þeim flokki sjúkraflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar og ekki mannaðir. Það er eðlilegt að sveitarstjórnir líti til fyllsta öryggis þegna sinna og flokki flugvellina samkvæmt þessari skilgreiningu en hitt er annað mál að í leiðbeiningum sem flugmenn hafa er engin slík ákveðin skilgreining á sjúkraflugvöllum, öryggisflugvellum eða neyðarflugvelí þannig að samkvæmt þeirra leiðbeiningum hafa þeir ekki skilgreiningu sjúkraflugvallar t.d. á flugvellinum á Djúpavogi.

[15:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. er svo hljóðandi:

„Hver er áætlaður árlegur kostnaður við snjóruðning á sjúkraflugvellinum á Djúpavogi?"

Svar mitt er svohljóðandi: Flugvöllurinn er ekki opinn nema til sjúkra- og neyðarflugs og þá ef aðstæður leyfa. Árlegur kostnaður við að halda hliðstæðum sjúkraflugvöllum íslausum að vetri með snjóruðningi er að meðaltali 300 þús. kr. á ári en það er að sjálfsögðu mjög breytilegt eftir því hvernig tíðarfar er hverju sinni.

Í annan stað er spurt: „Hver er stefna ráðherra hvað varðar notkun sjúkraflugvallarins?"

Svar mitt er þetta: Á vegum Flugmálastjórnar Íslands er nú starfandi vinnuhópur til þess að fjalla um framtíðarstefnu um sjúkraflugvelli landsins. Í vinnuhópnum eru fulltrúar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu, Landsbjörgu og Vegagerðinni. Gera má ráð fyrir að niðurstöður frá þessum vinnuhópi liggi fyrir á næstunni. Sjúkraflugvellinum á Djúpavogi er haldið við þannig að tryggt er að öryggismerkingar á malaryfirlagi flugvallarins séu fullnægjandi. Ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir um snjóruðning að vetrarlagi en athygli er vakin á því að flugvöllurinn stendur nærri sjó og er snjóléttur.

Vegna fyrirspurnarinnar vil ég taka fram að þær tillögur sem vinnuhópurinn mun leggja fram að lokinni vinnu sinni verða teknar til meðferðar við endurskoðun á samgönguáætlun, en eins og lög gera ráð fyrir verður endurskoðuð samgönguáætlun lögð fyrir þingið næsta haust og verður þá til meðferðar.

Með vísun til þess sem kom fram í umræðum um sjúkraflug í dag þá er þjónusta þyrlu Landhelgisgæslunnar auðvitað mjög mikilsvert öryggisatriði og mjög mikilsverður öryggisþáttur í sjúkraflutningum okkar sem auðvitað skiptir mjög miklu máli í þessu samhengi.

[15:02]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman og tel hana hreyfa við mjög þörfu máli. Þetta er mjög mikilvæg umræða sem hér fer fram því við erum að ræða um mikið öryggismál fyrir íbúa landsbyggðarinnar og ég vil meina að hér sé um mikið prinsippmál að ræða. Við erum að tala um slíkt öryggisatriði fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum að það hefur mjög mikil áhrif á öryggistilfinningu fólks á viðkomandi stöðum og þar með áhrif á búsetu á þeim stöðum.

Ég fagna því sem ráðherra sagði að hann er með vinnuhóp starfandi að þessum málum. Ég bind miklar vonir við starf vinnuhóps ráðherra og segi það hér að 300 þús. kr. fyrir sveitarfélag líkt og Djúpavog er kannski ekki mjög há upphæð miðað við hve gríðarlegur öryggisþáttur sjúkraflugvöllur er, m.a. á Djúpavogi og í sveitarfélögum hringinn í kringum landið.

[15:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mig langar að fá að stinga orði inn í þessa umræðu þó stutt sé en það lýtur að eignarhaldi á sjúkraflugvellinum sem um er spurt og reyndar almennt um slíka velli um landið. Er ekki alveg öruggt að þessir flugvellir eru og verða í eigu ríkisins þannig að öll ábyrgð af umsýslu þeirra, rekstri og því að afla tilskilinna leyfa sé á höndum ríkisvaldsins? Ég spyr vegna þess að ég veit að það er í bígerð í samgrn. að setja nýja reglugerð sem færir ábyrgðina af því að afla nauðsynlegra leyfa yfir til þeirra sem eiga vellina og frá því sem er í dag, sums staðar, frá flugmönnum sem fljúga á afskekkta velli.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og eins að það skuli vera nefnd að störfum sem er að fara yfir flokkun á flugvöllum. Ég tel mjög brýnt að horft sé út frá öryggissjónarmiðum en ekki eingöngu rekstrarlegum sjónarmiðum á þá flugvelli sem eru fyrir utan aðalflugvellina og þar sem ekki eru lengur reglubundnar lendingar flugvéla og það sé í raun og veru hluti af heilbrigðisþjónustunni hvaða flugvöllum á að þjóna og hvernig viðhalda eigi þeim sem ákveðið er að hafa í rekstri.

Það eru fjölmargir flugvellir sem flokkast í 6. flokk og aðstæður eru mismunandi. Það er missnjóþungt á þessum svæðum og svæði eru líka mjög miseinangruð og þá vil ég benda á Borgarfjörð eystri sem þyrfti að horfa sérstaklega til. En þó að Djúpavogshreppur óski eftir því að rutt sé jafnharðan og snjór fellur er þetta sem betur fer snjólétt svæði og 300 þús. kr. sem áætlaður kostnaður til að fara í snjómokstur er ekki há upphæð, en það er mikilvægt fyrir sveitarstjórnina svo og aðrar að ef fara á þá leið að moka þegar þörf krefur, en ekki að halda flugvöllunum stöðugt opnum, að þá sé alveg tryggt að þær fái þau útgjöld greidd sem falla á sveitarfélög vegna snjómoksturs vegna sjúkraflugs. Veturnir eru mjög missnjóþungir og það verður að vera alveg ljóst að sveitarfélögin fái greidd þann útlagða kostnað sem verður vegna snjómoksturs.

[15:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það hefur orðið mikil þróun í samgöngukerfi okkar Íslendinga. Það sést best á því hvernig uppbygging flugvalla hefur verið í landinu. Fyrir 20 árum var lögð mikil áhersla á að byggja upp flugvelli sem víðast en með bættum vegasamgöngum hefur orðið mikil breyting hvað það varðar.

Engu að síður er það svo að í okkar samgönguáætlun er gert ráð fyrir tilteknu neti flugvalla sem m.a. eru sjúkraflugvellirnir. Það er afar mikilvægt að skilgreina hlutverk þeirra og þjónustu þeirra mjög skýrt og það höfum við gert í flugmálaáætlunarþætti samgönguáætlunarinnar þannig að áfram þarf að halda því til haga í nýrri áætlun.

Aðeins vegna þess sem hér kom fram, þá er, held ég, eignarhald hvað þennan flugvöll varðar nokkuð skýrt. Hins vegar er það svo að einstaklingar í landinu hafa brugðið á það ráð að ryðja brautir og búa til flugvelli sem eru á

eignarlöndum og þá á ábyrgð nokkurra einstaklinga en þetta þarf að sjálfsögðu að skilgreina eins og annað. Ég vil hins vegar minna á að með jarðgöngum um Almannaskarð mun að sjálfsögðu verða mikil breyting á samgöngukerfinu á þessu svæði, á Djúpavogi, þar sem flugvöllurinn á Höfn í Hornafirði er mjög vel uppbyggður og þar er þjónustan góð, en að öðru leyti þarf auðvitað að líta til þeirrar þjónustu sem þyrluflotinn veitir og á það þarf að leggja sérstaka áherslu.

Bundið slitlag á þjóðvegi nr. 1.

Fsp. GÞÞ, 627. mál. — Þskj. 936.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. um þjóðveg 1 og hvenær klárað verður að setja bundið slitlag á þann veg. Eins og við þekkjum var það 14. júlí árið 1974, eða fyrir tæplega 30 árum, sem þessi 1.400 km leið, hringvegurinn, var formlega opnuð.

Það hefur náttúrlega gengið á ýmsu í samgöngumálum síðan. Á síðustu missirum og áratug, held ég að megi fullyrða, hefur ekki verið þróun í samgöngumálum heldur þvert á móti verið hrein og klár bylting í tíð núv. hæstv. samgrh. og fyrirrennara hans, hv. þm. og virðulegs forseta þingsins, Halldórs Blöndals.

Hins vegar eru mörg verkefni enn þá til staðar og verða áfram og ég ligg ekkert á því að sjálfur sé ég fyrir mér að stærstu verkefnin fram undan og mér hugleiknust eru Sundabraut og mislæg gatnamót á Kringlumýrarbraut og Miklubraut en svo sannarlega eru önnur brýn verkefni úti um allt land.

Þegar keyrt er eftir þjóðvegi 1 finnst manni skjóta svolítið skökku við að enn eru nokkrir spottar eftir. Maður vildi gjarnan sjá að þessu yrði lokið. Ég held að allir vilji sjá það á þessum helstu leiðum og geri þá lágmarkskröfu að hafa bundið slitlag. Einnig er það hreint og klárt svo að komnar eru margar kynslóðir á Íslandi sem eru óvanar því að keyra á möl og því fylgir mikil hætta að keyra á möl fyrir fólk sem þekkir ekki til þess. Sama á við um erlenda ferðamenn sem hafa ekki reynslu af slíku.

Það er auðvitað fleira sem þarf að hyggja að þegar verið er að byggja þjóðvegi og hanna vegi eins og í þessu tilfelli þjóðveg 1. Við þurfum umfram allt að hanna vegamannvirki með það fyrir augum að slysahætta verði sem allra minnst. Ég þarf ekki að upplýsa þingheim um hvers vegna það er mikilvægt og við skulum vona að við sjáum sem allra fæst slys á þjóðvegum í nánustu og fjærstu framtíð.

Spurningin er einfaldlega sú hvort við sjáum eitthvað fram á það að hringvegurinn, þjóðvegur 1, verði allur lagður bundnu slitlagi. Nú eru um 30 ár síðan þessi vegur var opnaður og mér þætti gaman að fá að vita og mjög æskilegt að fá að sjá að þessi góði hringvegur verði allur lagður bundnu slitlagi.

[15:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. n. fyrir þessa fyrirspurn. Hún gefur okkur kjörið tækifæri til þess að átta okkur á hver staða vegakerfisins er, en í þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 er gert ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmda við þá kafla á hringveginum sem enn eru með malarslitlagi á öllum tímabilum áætlunarinnar.

Á fyrsta tímabilinu, þ.e. 2003–2006, eru 1.930 millj. til ráðstöfunar og þar er með talið viðbótarfjármagnið sem sett var sérstaklega til þess að efla atvinnutækifæri og hringvegurinn fær hluta af því. Á öðru tímabili, 2007–2010, eru 590 millj. kr. og á þriðja tímabilinu, 2011–2014, eru 400 millj. kr. Í þessum áætlunum var gert ráð fyrir að lokið yrði lögn bundins slitlags á alla vegarkafla á hringveginum nema á veginum um Breiðdalsheiði. Raunar miða áætlanir að því að 2008–2009 verði lokið við að leggja bundið slitlag á alla vegarkaflana nema veginn úr Breiðdal yfir í Skriðdal. En nefna má að með tilkomu jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar á næsta ári verður samfellt bundið slitlag úr Berufirði til Egilsstaða ef farið er um jarðgöngin og firðina og sú leið verður aðeins 9 km lengri en ef hringvegurinn um Breiðdal og Skriðdal er farinn. Við endurskoðun samgönguáætlunar verður tekin afstaða til þess hvort ekki sé eðlilegt að hringvegurinn liggi um jarðgöngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar í stað þess að vera um Breiðdal og Skriðdal eins og nú er.

Þá ber að geta þess að endurbætur vega og tvöföldun einbreiðra brúa er mjög aðkallandi á nokkrum stöðum á hringveginum. Gert er ráð fyrir að bjóða út á þessu ári áfanga við endurbyggingu hringvegar um Stafholtstungur og Norðurárdal í Borgarfirði. Einnig er gert ráð fyrir útboði á þessu ári vegna endurbyggingar vegar um Norðurárdal í Skagafirði þar sem eru fjórar einbreiðar brýr á hringveginum. Það verk hefur tafist vegna skipulagsástæðna, en skipulagið var kært til úrskurðar umhvrh. sem hefur kveðið upp sinn úrskurð og nú er ekkert til fyrirstöðu að ljúka hönnun þess vegar. Þar er um að ræða endurbyggingu vegar en þar er slitlag sem er ófullkomið og þess vegna nauðsynlegt að endurbyggja það. Eftir sem áður eru 70 einbreiðar brýr á hringveginum þannig að það er af mörgu að taka í þessu öllu.

Af þessari lýsingu má öllum vera ljóst að enn er mikið verk óunnið við hringveginn og því nauðsynlegt að tryggja sem mest fjármagn til þessarar vegagerðar. Við endurskoðun á samgönguáætluninni í haust verður að sjálfsögðu að leggja ríka áherslu á það að okkur megi takast á næsta fjögurra ára tímabili að ljúka endurbyggingu hringvegarins þó að ekki sé víst að okkur takist að ljúka því að endurbyggja allar einbreiðar brýr því þar eru stór verk á ferðinni sem kosta mjög mikla fjármuni, en það mun ekki standa á samgrn. eða Vegagerðinni að leggja í það verk. Við eigum að stefna að því að ljúka því að bundið slitlag verði komið á allan hringveginn á þessu fjögurra ára tímabili.

[15:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Svarið við fyrirspurninni virðist vera nokkuð skýrt, að verkinu verði lokið eftir fjögur ár að því tilskildu að menn breyti skilgreiningunni á legu hringvegar 1 á Austfjörðum. Ég vil vekja athygli á því að í fyrirspurninni eru nefnd tvö hugtök: Annars vegar hringvegur og hins vegar þjóðvegur nr. 1. Ég get vel fallist á það að hringvegurinn sé stysta leið umhverfis landið, en ég get ekki fallist á að það sé jafnframt þjóðvegur nr. 1 sem gersamlega sneiðir hjá heilum landshluta og jafnvel heilum landsvæðum. Þar á ég við Vestfirði sem algerlega eru skildir eftir í þessum skilgreiningum. Þar eru mikil verkefni óunnin sem er jafnmikil þörf á að verði unnin eins og önnur á núverandi hringvegi. Það má

líka nefna landsvæði eins og Snæfellsnes og á austanverðum Þingeyjarsýslum.

Ég vil, herra forseti, halda því til haga að þjóðvegur nr. 1 á að ná til allra landsmanna.

[15:18]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fyrirspyrjanda Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir fyrirspurnina. Í ljós hefur komið að ríkisstjórnin hefur á síðustu árum náð ótrúlegum árangri í uppbyggingu vegakerfisins hringinn í kringum landið, rétt eins og á svo mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins. Ég vil halda því til haga í umræðunni að ef við viljum halda úti öflugri byggðastefnu og viljum virkilega halda landinu í byggð verðum við að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið, því auknar og bættar samgöngur eru trúlega einn stærsti þátturinn í öflugri byggðastefnu.

Ég vil nefna eitt mál sem mundi tengja landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið mjög vel saman og það er lega Sundabrautar sem mundi stytta leiðina frá Norðurlandi suður til Reykjavíkur um korter til tuttugu mínútur að ég tel. Það er því málefni sem þingmenn höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar geta sameinast um að verði að veruleika. Ég tel að við eigum að halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað. Ég held að peningum sé mjög vel varið í uppbyggingu vegakerfisins.

[15:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst að menn eigi ekki að vera allt of kátir með stöðuna í þessum málum og hvaða afrek hafa verið unnin. Það er náttúrlega ekki nútímalegt að keyra um þá vegi sem eru í kringum landið sem aðalleiðir. Aðalleiðir ná, eins og hv. þm. Kristinn Gunnarsson benti á, víðar en þar sem þjóðvegur 1 liggur. Þjónustuvegur nr. 1 fyrir byggðir landsins liggur víða. Vegakerfið stendur ekki undir nafni fyrr en allir hafa þokkalega möguleika á því að komast á landi til síns heima. Svo er ekki. Fyrir utan það að á þessum vegi eru feykilega hættulegir kaflar sem við höfum látið vera að endurbyggja. Það verða slys og því miður alvarleg slys og dauðaslys á þessum köflum jafnvel ár eftir ár. Á meðan svo er getum við ekki verið ánægð með afrekin okkar í vegamálum.

[15:20]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er athyglisverð fyrirspurn til umræðu og rétt að þakka fyrir hana. En um leið er nauðsynlegt að vekja athygli á því, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði, að þjóðvegur nr. 1 og hringvegur eru eins og það er skilgreint núna það sama. Það er full ástæða til að velta því fyrir sér hvort eðlilegt er að þjóðvegur 1 sé eins og hringvegurinn, stysta leið hringinn í kringum landið. Það eru mjög mikilvægar tengingar inn á hringveginn og eins og hv. þm. benti á eru heilu svæðin utan við hringveginn sem er ekki síður mikilvægt að tryggja góðar samgöngur á.

Það er einnig athyglisvert sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að enn skuli 70 einbreiðar brýr vera á hringveginum. Það er því augljóst mál að mikið verk bíður. Vissulega er hægt að taka undir það að mikið hefur áunnist, en það er augljóst mál að það hlýtur að vera eitt af forgangsverkefnunum að láta fjármagn renna til samgöngumála.

Hinir svörtu blettir þurfa að hafa sérstakan forgang. Menn eiga að raða þeim upp og menn ættu að eyrnamerkja á ári hverju ákveðið fjármagn til þess að fækka þeim þannig að öryggið á þjóðvegunum yrði meira.

[15:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Hringvegurinn hefur auðvitað ákveðna sérstöðu í hugum manna vegna þess að hann skipti miklu máli árið 1974, bæði fyrir álit manna á samgöngumálum á Íslandi og fyrir ferðamöguleika sem þangað til voru lokaðir, og það er æskilegt að klára að setja bundið slitlag á hringveginn. Við ákvarðanir í framtíðinni um samgöngumál verður þó að miða fyrst og fremst við það hvar arðsemin er mest og hvar skynsamlegast er að bæta samgöngur fyrir sem stærstan hluta landsmanna.

[15:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er rétt eins og hér hefur komið fram hjá hv. þingmönnum í þessari umræðu að það hafa gerst kraftaverk í íslensku samgöngukerfi og vegamálum, þótt enn standi undan 70 einbreiðar brýr á þjóðvegi nr. 1 sem þarf auðvitað að taka á. En ég vek athygli á því hversu hröð uppbygging þjóðvegar nr. 1 hefur verið.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið komið inn á, að líta þarf til fleiri átta. Um leið og við gerum auknar kröfur til þeirra aðila sem í ferðaþjónustu eru og viljum fá fleiri ferðamenn til landsins, tel ég að við þurfum að leggja megináherslu á þjóðveg nr. 1 og fækka einbreiðum brúm. Þetta er sá vandi sem við höfum orðið varir við í slysatíðni erlendra ferðamanna sem hafa komið hingað til lands þegar þeir fara út af bundnu slitlagi og á malarvegi.

Það er í mörg horn að líta en ég held að við séum allir sammála um að vel hefur verið staðið að vegamálum hér á landi og úr því litla fjármagni sem við höfum unnið úr höfum við náð ótrúlegum árangri.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans og sömuleiðis þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Það er alveg ljóst að vilji ráðherra er að strax í endurskoðun í haust verði sett það markmið að hringveginum verði lokað, ef þannig má að orði komast, á næstu fjórum árum sem er mjög mikilvægt. Á sama hátt heyri ég á hæstv. ráðherra, sem og mörgum hv. þm. og ég held í rauninni þingheimi öllum, að það er sérstakt markmið eins og ég tók fram í fyrirspurn minni að auka öryggið á þessum vegi sem og öðrum. Það er auðvitað lykilatriði. Hins vegar getum við endalaust bætt í sem betur fer þegar kemur að samgöngum. Ég er sammála hv. þm. Birki J. Jónssyni sem sagði að hugsanlega væri mesta byggðastefnan góðar samgöngur. Hann tilgreindi sérstaklega, sem ég held að sé alveg hárrétt hjá hv. þm., að það skipti máli, ekki bara fyrir okkur Reykvíkinga heldur fyrir landsmenn alla, að Sundabrautin komist á koppinn, ef þannig má að orði komast, og verði framkvæmd sem allra fyrst. Það er ekki síður landsbyggðarmál en málefni Reykvíkinga.

Ég verð því að segja eins og er, ef þetta er tekið saman, að ég er afskaplega ánægður með umræðuna í dag og þakka hv. þm. fyrir innlegg þeirra. Það var flest allt gott og menn vöktu athygli á mörgum góðum málum. Sömuleiðis þakka ég hæstv. ráðherra fyrir skörulegt svör. Í mínum huga er alveg ljóst að við munum sjá hringveginn með bundnu slitlagi innan fárra ára og mun ég hvetja og styðja hæstv. ráðherra í því máli eins og mörgum öðrum.

[15:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Opnun hringvegarins og uppbygging hans í framhaldinu hefur alveg sérstaka merkingu í mínu pólitíska lífi. Ég er því jafnan tilbúinn til að tala um hann vegna þess að árið 1974 fluttist ég úr borginni út á land til að taka þátt í starfi á vettvangi stjórnmálanna. Það hvetur mig því fremur en dregur úr mér kjarkinn til að fást við þetta verkefni.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson lagði áherslu á að hvert ár yrðu eyrnamerkt tiltekin verkefni í uppbyggingu sem hann kallaði „svarta bletti" í vegakerfinu. Þetta er einmitt gert. Á hverju einasta ári leggjum við til í þágu umferðaröryggisaðgerða tilteknar breytingar á vegakerfinu sem er uppbygging nýrra brúa og uppbygging vegakerfisins sem dregur úr slysahættu.

Hv. þm. Mörður Árnason sagði réttilega að við ættum að leggja áherslu á framkvæmdir í vegagerðinni þar sem arðsemin er mest. Í mínum huga er arðsemin langmest þar sem við erum að bæta vegakerfið og eyða hættulegum köflum á vegakerfinu, eyða einbreiðum brúm og slæmum köflum á vegakerfinu úti um land. Þar er arðsemin langmest. Ef við getum komið í veg fyrir slysin á vegakerfinu er mikill arður fólginn í fjárfestingunni.

Þess vegna fagna ég yfirlýsingu hv. þm. og er sannfærður um að hann mun verða mér drjúgur fylgismaður í því að ná fram fjármunum í þinginu til uppbyggingar vegakerfisins um allt land, en ekki horfa eingöngu á þar hvar umferðin er mest, vegna þess að okkur tekst verulega vel upp í uppbyggingu vegamannvirkjanna á höfuðborgarsvæðinu og þau umferðarmannvirki eru hvergi nær fullnýtt eins og þau eru í dag.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Fsp. ÁÓÁ, 581. mál. — Þskj. 874.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. menntmrh. er hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að innheimtu afnotagjalda Ríkisútvarpsins verði hætt. Ef svo er, hvenær verður það gert og hvernig verður tekjutapi Ríkisútvarpsins mætt?

Þetta er mikilvægt mál vegna þess að það snertir rekstrargrundvöll einnar áhrifamestu ríkisstofnunar landsins. Það eru margs konar gallar við afnotagjöld sem tekjuöflun. Innheimtuaðferðin er dýr. Nefnt hefur verið að það kosti um 80 millj. kr. árlega að reka innheimtudeild Ríkisútvarpsins en til samanburðar kostar skattstofan á Norðurlandi eystra svipaða upphæð. Innlendir kvikmyndagerðarmenn kvarta sáran yfir því að stofnunin kaupi ekki meira efni af þeim á þessu ári, en samanlögð kaup stofnunarinnar af sjálfstæðum framleiðendum eru ívið minni en sem nemur rekstrarkostnaði innheimtudeildarinnar.

Afnotagjöld eru líka óskilvirk innheimtuaðferð. Talið er að allt að 9% gjaldenda sleppi við að greiða sín afnotagjöld. Upphæð afnotagjaldsins er einnig einungis undir ákvörðunarvaldi ráðherrans sett, sem getur haft margs konar galla. Afnotagjöld eru óvinsæl innheimtuaðferð, m.a. í ljósi þess eftirlits sem nauðsynlegt er.

Einnig finnst mörgum ansi langt seilst að geta ekki átt sjónvarp eða útvarp án þess að þurfa að greiða afnotagjöld til Ríkisútvarpsins. Þau eru einnig að verða sífellt tæknilega erfiðari í framkvæmd í ljósi þess að nú er hægt að horfa á sjónvarp í tölvum og jafnvel í símum.

Útsendingar Ríkisútvarpsins eru einungis 7% af heildarútsendingartíma íslenskra sjónvarpsstöðva. Engu að síður er Ríkissjónvarpið í skylduáskrift allra landsmanna. Það er mun vænlegri leið til að standa undir rekstri Ríkisútvarpsins með framlagi á fjárlögum og þá með þjónustusamningi til langs tíma. Ætli ríkisvaldið á annað borð að reka þessa ríkisstofnun er erfitt að sjá rökin fyrir því af hverju sérstök tekjuöflun á borð við afnotagjöld verða að vera beitt í tilviki Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt Gallup-könnun hefur verið mikill vilji meðal landsmanna að Ríkisútvarpið fái bein framlög úr ríkissjóði á fjárlögum og hætt verði með innheimtu afnotagjalda.

Aðrar leiðir til tekjuöflunar má einnig skoða, t.d. auðlindagjald á útvarpsrásum. Sú aðferð til tekjuöflunar Ríkisútvarpsins að beita afnotagjöldum er hins vegar mjög kostnaðarsöm, óskilvirk, óvinsæl og ósanngjörn. Það er fráleitt, herra forseti, að hafa aðferð við innheimtu sem er með slíka annmarka eins og afnotagjöldin eru. Þess vegna vil ég fá að vita hjá nýjum menntmrh. hvort hún muni beita sér fyrir því að innheimtu afnotagjalda Ríkisútvarpsins verði hætt.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið annast sjálft álagningu og innheimtu útvarpsgjalda. Áætlaðar tekjur af útvarpsgjaldinu án afskrifta á árinu 2003 voru tæpir 2,2 milljarðar kr. Það eru rúmlega 70% af rekstrartekjum stofnunarinnar. Áætlaður fjöldi greiðenda er um 92 þúsund, eins og hv. fyrirspyrjandi fór ágætlega yfir áðan.

Að mati Ríkisútvarpsins er hlutfall þeirra sem eiga sjónvarpstæki og hafa einhverra hluta vegna ekki greitt afnotagjaldið um 5,5% en ekki 9%.

Beinn kostnaður Ríkisútvarpsins vegna innheimtu útvarpsgjalda á árinu 2003 er áætlaður um 72,5 millj. kr., þar af taka bankarnir tæpar 33 millj. kr. Afskrifuð útvarpsgjöld á árinu 2003 voru 66 millj. kr. og hins vegar námu tekjur af álagi og dráttarvöxtum um 37,5 millj. kr. Ég tel mikilvægt að við höfum þessar staðreyndir á hreinu.

Aðrir möguleikar á fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins eru t.d. nefskattur, þ.e. sérstakur skattur á skattgreiðendur óháð því hvort þeir eiga og nota viðtæki eða með almennri skattheimtu þannig að Ríkisútvarpið verði ákveðið fjárframlag á fjárlögum hverju sinni. En þá verðum við að átta okkur á því að á móti verðum við að útvega rúma 3 milljarða kr. af fjárlögum. Það er það sem Ríkisútvarpið þarf á að halda eins og það er í dag.

Oft hefur verið nefnt að með því að fella niður fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins í formi útvarpsgjalda væri hægt að spara þann sérstaka kostnað sem fer í innheimtu útvarpsgjalda. Einnig hafa verið nefnd samkeppnisrök, þ.e. að sá annmarki fylgi núverandi fyrirkomulagi að allir þeir sem gerast áskrifendur að einkarekinni sjónvarpsstöð og kaupa sér sjónvarpstæki til þess verði sjálfkrafa greiðendur útvarpsgjalda til Ríkisútvarpsins. Í meginatriðum er útvarpsgjaldið hið sama fyrir alla, hverjar sem tekjur þeirra eru, en með því að greiða rekstur RÚV að miklu leyti af skattfé dreifist kostnaðurinn á skattborgarana í hlutfalli við skattbyrðina.

Helstu ókostir sem nefndir hafa verið eru að líklega munu tapast þau beinu tengsl og nauðsynlegt aðhald sem útvarps-

gjaldið veitir. Einnig hefur verið nefnt að ef Ríkisútvarpið missi þennan sjálfstæða tekjustofn sinn þá verði það háðara fjárveitingavaldinu og þar með hinu pólitíska valdi og það gæti ógnað sjálfstæði útvarps í almannaþágu.

Að öðru leyti tel ég að hv. fyrirspyrjandi hafi farið vel yfir þá ókosti sem fylgja afnotagjaldinu eins og við búum við það í dag.

Ekki hefur verið unnið að útreikningum eða athugun á hvernig útfæra ætti aðra fjármögnunarmöguleika en þá sem ég hef þegar nefnt. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru skráðir lögaðilar, 18 ára og eldri í lok árs 2003, 202.028. Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga í fyrirtækjaskrá í lok árs 2003 voru 44.747. Ef við miðum við þessar tölur og gerum ráð fyrir að nefskatturinn eigi að skila Ríkisútvarpinu sviþuðum tekjum og útvarpsgjaldið gerir nú þyrfti nefskatturinn að vera á bilinu 8.500 kr. til rúmlega 10 þús. kr. á ári, allt eftir því hvort miðað er við að aðeins einstaklingar greiði nefskatt eða hvort reiknað er bæði með að einstaklingar og fyrirtæki og félög greiði nefskatt.

Ríkisútvarpið hefur verið rekið með halla undanfarin ár. Kostnaður stofnunarinnar vegna lífeyrisskuldbindinga hefur mjög íþyngt rekstri og greiðslustöðu Ríkisútvarpsins, svo og hækkun á rekstrargjöldum til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Rekstrarvandi Ríkisútvarpsins hefur verið til sérstakrar umfjöllunar í ráðuneytinu um nokkurt skeið. Að mínu mati verður að skoða þessi málefni Ríkisútvarpsins í heild sinni, eins og ég hef margítrekað. Þar er skoðun á afnotagjaldinu og útvarpsgjaldinu engin undantekning. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir, ef við segjum nei við afnotagjaldinu, hvaða kosti við eigum aðra. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að fara yfir þá hugsanlegu möguleika sem við á hinu háa Alþingi stæðum þá frammi fyrir.

[15:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að fella niður afnotagjaldið. Ég tel að það sé nauðsynlegur tekjustofn fyrir Ríkisútvarpið, bæði til að tryggja afl þess og sjálfstæði. Ég hygg að það að færa fjárveitingar stofnunarinnar einvörðungu yfir í fjárlög muni þegar fram í sækir reynast stofnuninni erfiðara við að glíma en sú staða sem er í dag, að búa við afnotagjöld.

Það má skoða breytingu á afnotagjöldunum, t.d. því hvort rétt sé að færa þau yfir í nefskatt og tengja ekki lengur gjaldið við eigendur á viðtæki. Það má taka til athugunar en ég er ekki viss um að það gefi mönnum neinn ávinning sem rétt er að sækja eða leggja út í breytingar þess vegna. Afnotagjaldið, eins og það er í dag, er góður tekjustofn og innheimtukostnaðurinn um 3% af tekjunum. Það er ekki dýrt, herra forseti.

[15:37]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Hér er athyglisverð umræða á ferðinni. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að vekja máls á málefnum Ríkisútvarpsins. Um leið og við endurskoðum tekjustofna útvarpsins er brýnt að endurskoða og endurskilgreina hlutverk RÚV sem öryggis-, afþreyingar- og menningarmiðils í fremstu röð og efla verulega að því marki sem hægt er.

Ég tel, herra forseti, að við eigum að stefna að því að fella niður afnotagjöldin sem slík, það er úrelt og gamaldags innheimtuaðferð, og taka upp nefskatt þess í stað sem ég held einnig að mundi jafna verulega byrðarnar á landsmenn þar sem hann ætti að vera bæði aldurs- og afkomutengdur. Aldurs- og afkomutengdur nefskattur held ég að væri miklu réttlátari og betri leið til að skjóta traustum fjárhagslegum stoðum undir Ríkisútvarpið en sú gamaldags úrelta innheimtuaðferð sem afnotagjöldin eru með þeim persónunjósnum sem því fylgja þegar bankað er upp á hjá fólki seint um kvöld til að athuga hvort það eigi viðtæki.

[15:38]

Mörður Árnason:

Forseti. Fyrirspurnin sem beint var til hæstv. menntmrh. var um hvort hún ætlaði að beita sér fyrir því að þessari innheimtu yrði hætt og framhald fyrirspurnarinnar var í samræmi við það.

Svör fengust ekki við þessari fyrirspurn heldur var hér flutt hugleiðing, sem var reyndar ágæt og bætir við hinn ágæta fyrirlestur hv. fyrirspyrjanda. En ég kalla eftir því hvort hæstv. menntmrh. er almennt þeirrar skoðunar að innheimta eigi svokallað útvarpsgjald af þeim sem hafa sjónvarpstæki eða útvarpstæki í sinni eigu á Íslandi eða hvort þetta eigi að gera með einhverjum öðrum hætti. Til þess eru margvíslegar leiðir, þær sem hér hafa verið nefndar og reyndar fleiri til. Hægt væri að hugsa sér blöndu af þeim.

En það er mikilvægt að taka afstöðu til þessa máls eins og það er mikilvægt að taka afstöðu til annarra mála sem varða Ríkisútvarpið. Ekki er þó nauðsynlegt að láta mikilvæg mál eins og lífeyrisskuldbindingar, afléttingu lífeyrisskuldbindinga Ríkisútvarpsins, bíða eftir einhverri heildarendurskoðun sem ekki hefur farið fram í tíð þessa ráðherra. Ég veit ekki hvort það stendur til. Slík endurskoðun fór ekki fram í tíð síðasta ráðherra og ekki hinna síðustu, a.m.k. ekki síðan 1991 þegar Sjálfstfl. tók við menntmrn.

[15:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það sem fékk mig til að biðja um orðið var að hæstv. ráðherra svaraði ekki fyrirspurninni, þ.e. um hvort hún ætlaði að beita sér fyrir því að þessi gjöld yrðu afnumin. Það er mikilvægt, og ég legg áherslu á að hæstv. ráðherra svari því skýrt, hvaða hug hún hefur í þessu máli. Það er nauðsynlegt að menn viti það.

Það er auðvitað margt sem menn geta velt fyrir sér varðandi það með hvaða hætti eigi að fjármagna þetta. Ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt um þá hluti en vil láta það fylgja að ég tel að Ríkisútvarpið eigi að hafa tekjur af auglýsingum áfram þó að menn taki upp annan hátt á innheimtu afnotagjalda og setji í skatta, sem ég tel að komi mjög vel til greina.

Aðalatriðið í fyrirspurninni var að spurt var hvort hæstv. ráðherra ætlaði að leggja í þessa göngu. Ég kem upp til að taka undir þá kröfu að hæstv. ráðherra svari því skýrt hvað hann ætlar sér í þessu efni.

[15:41]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingheimur ætti aðeins að anda með nefinu í þessu máli. Ég tel mikilvægt að hæstv. menntmrh. fái svigrúm til að skoða það viðamikla mál sem tekjustofn RÚV er. Ég held að í þeirri umræðu, sem við munum vonandi fara í hér á næstu vikum og mánuðum, þurfum við að huga mjög að sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Ég tel að ef við ætlum að setja Ríkisútvarpið á fjárlög þá sé því sjálfstæði ógnað. Það er mín skoðun.

Ég legg áherslu á að Ríkisútvarpið er mjög mikilvæg stofnun fyrir okkur Íslendinga. Það gegnir mjög mikilvægu hlutverki, varðveitir þjóðararf okkar og menningu. Mér finnst mikilvægt að við stöndum vörð um sjálfstæði Ríkisútvarpsins og öflugan rekstur þess.

[15:42]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er athyglisvert sem sem fram kemur hjá hv. þingmönnum Framsfl., að þeir óttast mjög að ef Ríkisútvarpið verði sett á föst fjárlög verði sjálfstæði þess ógnað. En þeir hljóta að þekkja til í sínum eigin ranni. Þetta hlýtur að segja meira um hvernig rætt er um Ríkisútvarpið hjá ríkisstjórnarflokkunum en við þekkjum almennt, (Gripið fram í.) vegna þess, hv. þm., að fjárlög eru til þess ætluð að afmarka fjármuni til opinberra stofnana og Ríkisútvarpið getur auðvitað fallið undir það eins aðrar stofnanir. Ef hv. þm. á við það að ríkisstjórnin komi almennt þannig fram við opinberar stofnanir að það sé ekki þorandi að hafa þær á fjárlögum þá skil ég hvað hv. þm. er að fara. (Gripið fram í.)

Hins vegar má benda hv. þm. á að það er engin hætta á ferðum til langs tíma litið. Sú ríkisstjórn sem nú situr mun ekki sitja að eilífu og það styttist óðum í að ríkisstjórnin fari frá. Þá munum við auðvitað geta tryggt sjálfstæði Ríkisútvarpsins þrátt fyrir að Ríkisútvarpið verði á fjárlögum. (Forseti hringir.) Enda held ég að það sé rétt að horfa til þess og vonandi kemur hæstv. ráðherra með skýrari svör í seinni ræðu sinni varðandi hug hæstv. menntmrh. til Ríkisútvarpsins. Hæstv. ráðherra gæti jafnframt svarað því hvort hún ætlar að láta Sjálfstfl. halda útvarpinu í gíslingu áfram eins og verið hefur.

(**Forseti** (BÁ): Forseti hvetur þingmenn til þess að gefa ræðumönnum hverju sinni tækifæri til að ljúka máli sínu. Forseti hvetur jafnframt ræðumenn til þess að halda sig innan tímamarka.)

[15:44]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við í Frjálsl. styðjum það að fundin verði önnur tekjuöflunarleið en afnotagjöldin og jafnvel að Ríkisútvarpið verði sett á fjárlög.

En það eru vissulega gild rök sem komið hafa fram í máli hv. þingmanna Framsfl., að afnotagjaldið tryggi að vissu leyti tekjustofn og sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Til móts við það mætti koma með því að endurskoða jafnframt stjórn Ríkisútvarpsins. Ég tel fulla þörf á að endurskoða hvernig hún er skipuð og að það verði gert um leið og Ríkisútvarpið yrði sett á fjárlög.

En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um við hvað hún átti þegar hún sagðist sjá þá helstu annmarka á að hætta með afnotagjöldin, að þá yrðu rofin hin beinu tengsl og aðhald sem afnotagjöld veittu. Það væri ágætt að fá nánari skýringu á því.

[15:45]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að minnast á eitt atriði sem ekki hefur verið minnst á hér. Það er öryggisatriði útvarpsins. Ég var loftskeytamaður í yfir 40 ár og í gosinu 1973 var ég loftskeytamaður í Vestmannaeyjum. Þá skildi ég hvers útvarpið var megnugt. Ég held að við megum aldrei vanmeta það sjónarmið hvað Ríkisútvarpið er mikill öryggisventill fyrir íslenska þjóð.

[15:46]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Mikilvægi Ríkisútvarpsins vefst sennilega ekki fyrir okkur þingmönnum. Það má margt gott um útvarpið segja en enn á eftir að fá, eins og hér hefur verið minnst á, skýrt svar frá hæstv. menntmrh. Mun ráðherra beita sér fyrir því að innheimtu afnotagjalda Ríkisútvarpsins verði hætt? Það hefur ekki enn þá komið skýrt fram.

Síðan er það hitt, maður veltir fyrir sér með þessi 5,5% sem var minnst á að væru talin eiga viðtæki en ekki greiða af þeim. Það er spurning hvort það eigi ekki að endurskoða hvernig þeir eru hundeltir, þ.e. að starfsmenn Ríkisútvarpsins liggja nánast á hleri og detta inn þegar menn opna.

[15:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Til upplýsinga vegna þeirra orða sem hér féllu um að Framsfl. héldi Ríkisútvarpinu í gíslingu: Ég tel að það sé afskaplega gott samstarf á milli stjórnarflokkanna um Ríkisútvarpið og það mun finnast einhver framtíðarlausn á þeirri ágætu stofnun.

Ég hefði hins vegar viljað fá aðeins skýrari stefnu frá þeim ágætu hv. þm. Samf. sem hér hafa talað því að ég heyri ekki betur en að hv. þm. Samf. kynni ein þrjú ólík sjónarmið um það með hvaða hætti eigi að fjármagna sjónvarpið til lengri tíma litið. Yrði það mér til mikillar ánægju ef við fengjum eitthvað skýrari stefnu í þessu hjá Samf. en hér hefur komið fram. Kannski er þetta hin skýra stefna Samf., að fara þrjár ólíkar leiðir í þessu eins og svo mörgum öðrum málum.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og ég þakka einnig þeim hv. þm. sem tóku þátt í þessari umræðu. Svör hæstv. ráðherra voru hins vegar efnislítil og laus við stefnu. Hæstv. ráðherra er enn að kynna sér málin eins og hún svarar oftast þegar beint er til hennar spurningum um málaflokk hennar. Við skulum vona að kynningartímanum fari senn að ljúka.

Þetta mál er þeim mun einfaldara sem það hefur oft verið til umræðu í flokki hæstv. ráðherra en mörg flokkssystkini hennar vilja beinlínis leggja niður Ríkisútvarpið. Samf. vill hins vegar Ríkisútvarpinu vel en það verður að gæta hagkvæmni og sanngirni í tekjuöflun til þeirrar starfsemi. Ég tel það miður hversu óskýr hæstv. menntmrh. er í svörum sínum um efnahagslega afstöðu sína. Ég skynjaði eilítinn ótta í svörum hæstv. ráðherra um að færa RÚV undir fjárlög og þá um leið undir þingið en því má ekki gleyma að upphæð afnotagjaldsins er núna einungis undir ákvörðunarvaldi ráðherrans sem e.t.v. eykur möguleika enn frekar á pólitísku tangarhaldi á stofnuninni en ella. Afnotagjöld eru úrelt innheimtuaðferð sem er dýr, óskilvirk og óvinsæl. Við þurfum að huga að öðrum leiðum til að fjármagna þessa mikilvægu stofnun og kemur að sjálfsögðu margt til greina.

Það er hins vegar greinilegt að hjá ríkisstjórninni ræður stefnuleysi för í þessum málaflokki eins og öðrum.

[15:49]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ráðlegg hv. fyrirspyrjanda að lesa vel landsfundarályktanir Sjálfstfl. þar sem skýrt er tekið fram

og kveðið á um mikilvægt hlutverk Ríkisútvarpsins sem við viljum viðhalda og efla sem mest.

Ég vil byrja á því að þakka þessa skemmtilegu umræðu í þingsölum. Það er ánægjulegt að vita til þess að allir þingmenn eru ánægðir með hlutverk Ríkisútvarpsins og vilja hag þess sem mestan og bestan. Það er það sem mér finnst skipta miklu máli þó að ekki hafi mikils samhljóms gætt, sérstaklega meðal stjórnarandstöðunnar.

Það er verið að hvetja mig til að taka eindregna afstöðu með eða á móti afnotagjöldum. Ég held að það væri óábyrgt af mér að segja hér og nú: Við ætlum að afnema afnotagjöldin. Við erum að fara mjög gaumgæfilega yfir þessi mál og valkosti í stöðunni. Ég tel ekki rétt af okkur að segja að við ætlum að afnema afnotagjöldin og vita síðan ekki hvernig við ætlum að snúa okkur að því að leysa fjárhagsvanda og fjármál Ríkisútvarpsins.

Það kostar um 3 milljarða af fjárlögum að ætla að setja Ríkisútvarpið beint á fjárlög. Hvar tökum við þá peninga? Með almennri skattheimtu? Ætlum við að hækka skatta? Er það sú lausn sem hv. fyrirspyrjandi vill beita sér fyrir eða ætlum við að fara nefskattsleiðina sem er að mörgu leyti ágæt og heppileg leið ef við ætlum m.a. að aldurstengja hana eins og aðrir komu inn á áðan. Það má hugsa sér að aldurstengja nefskattinn frá 18 ára til 70 ára sem skili þá svipuðu og afnotagjaldið gerir í dag og á nokkuð skilvirkan og greiðan hátt án þess að það komi til almennrar skattheimtu yfir alla.

Það er að mörgu að hyggja og ég kem til með að einbeita mér að því að leysa þessi fjármál, öll fjármál, líka lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins sem var komið inn á áðan.

Auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

Fsp. ÁÓÁ, 582. mál. — Þskj. 875.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Fyrirspurnin fjallar um afstöðu hæstv. menntmrh. til auglýsinga í Ríkisútvarpinu. Hinn íslenski fjölmiðlamarkaður mótast mikið af tilvist Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Í raun segir það allt sem segja þarf um hina erfiðu stöðu sem íslenskir fjölmiðlar hafa búið við að allir stóru fjölmiðlarnir fyrir utan Morgunblaðið hafa skipt um eigendur á síðustu þremur árum. Tilvist svo öflugs ríkisfjölmiðils á auglýsingamarkaði birtist m.a. í rekstrarerfiðleikum annarra fjölmiðla og dregur mátt úr metnaðarfullri dagskrárgerð. En hin öfluga staða RÚV á auglýsingamarkaðnum kemur jafnframt í veg fyrir að nýir aðilar komist inn á hann.

Auglýsingatekjur RÚV árið 2002 voru um 730 millj. kr. og tekjur af kostun um 95 millj. Hjá einkastöðvunum voru auglýsingar þá um 1.500 millj. og kostun um 430 millj. Ríkisútvarpið er því með meira en þriðjung af þessum auglýsingamarkaði.

Ríkisútvarpið er ekki aðeins með ráðandi stöðu á auglýsingamarkaðnum heldur fær það að auki 2,2 milljarða með skyldubundnum afnotagjöldum. RÚV fær auk þess stórfé úr ríkissjóði en tap á rekstri RÚV 2001 og 2002 var yfir 500 millj. kr.

Hér er ekki verið að tala fyrir því að ríkisfjölmiðill eigi ekki rétt á sér, nema síður sé. Sérstök rök eru fyrir tilvist ríkisfjölmiðils á fjölmiðlamarkaðnum eins og öryggis- og fræðsluhlutverk stofnunarinnar ber með sér. Þessi rök eiga hins vegar ekki við um starfsemi ríkisfjölmiðils á auglýsingamarkaðnum. Ríkisútvarpið er stöðugt að færa út kvíarnar á auglýsingamarkaðnum og nú síðast hefur það byrjað að starfrækja sérstaka vefverslun ásamt því að selja auglýsingar á vef stofnunarinnar. Það eru engin öryggis- og menningarleg rök fyrir því að RÚV sé ráðandi aðili á auglýsingamarkaði. Í ljósi réttlætingarinnar um tilvist RÚV er heldur ekki heppilegt að gera dagskrárgerð RÚV einum of háða mögulegri auglýsingasölu. Við megum ekki gera einkaframtaki í fjölmiðlaheiminum svo erfitt fyrir að nánast útilokað sé að reka slík fyrirtæki til lengri tíma á Íslandi. Ég tel því nauðsynlegt að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaðnum verulega. En vel er hægt að hugsa sér að kostun þátta, tilkynningar í útvarpi og jafnvel skjáauglýsingar verði áfram eða jafnvel takmarka auglýsingar við ákveðinn tíma.

Auglýsingatekjur eru um 30% af heildartekjum RÚV. Að sjálfsögðu þyrfti að bregðast við þessu tekjutapi, t.d. með því að auka greiðslur úr ríkissjóði eða hagræða starfseminni. Það væri einfaldlega fórnarkostnaður af því grundvallaratriði að niðurgreiddur ríkisfjölmiðill eigi ekki að taka virkan þátt á samkeppnismarkaði. Ég spyr því hæstv. menntmrh. hvort hún muni beita sér fyrir því að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði og ef svo er, hvenær verður af því?

[15:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr mig hvort ég muni beita mér fyrir því að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði og ef svo er, hvenær verði af því.

Ríkisútvarpið hefur fjármagnað rekstur sinn að hluta með auglýsingum, eins og við vitum, allt frá því að útsendingar hófust í hljóðvarpinu árið 1930. Þá hefur rekstur ríkissjónvarpsins verið fjármagnaður að hluta með tekjum af sölu auglýsinga allt frá því að það hóf rekstur sinn fyrst árið 1966. Ég hef engin áform uppi um eins og sakir standa að breyta þessu fyrirkomulagi og láta Ríkisútvarpið hverfa af auglýsingamarkaði.

Í Evrópu hafa menn vissulega farið mismunandi leiðir í þessum efnum, t.d. er reglan sú í Svíþjóð og Bretlandi að auglýsingar eru ekki birtar í ríkisfjölmiðlum en í Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Austurríki, Spáni og Portúgal svo dæmi séu nefnd er rekstur ríkisrekinna ljósvakamiðla hins vegar m.a. fjármagnaður með auglýsingatekjum. Auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins stóðu á síðasta ári undir 24% af heildartekjum stofnunarinnar. Tekjur af kostun námu um 3% af heildartekjum. Hefur hlutfall auglýsinga af heildartekjum farið minnkandi á síðustu árum.

Það er athyglisvert að samkvæmt viðhorfskönnun sem Gallup vann fyrir Ríkisútvarpið árið 2002 kom í ljós að mikill meiri hluti þjóðarinnar reyndist hlynntur auglýsingum í Ríkisútvarpinu. Alls sögðust 45,8% telja rétt að RÚV mundi auka tekjur sínar af auglýsingum og um 40,7% töldu rétt að hafa auglýsingar í sama mæli og nú væri. Einungis 10,3% af þjóðinni töldu rétt að Ríkisútvarpið færi af auglýsingamarkaði og tekjutapið yrði bætt með öðrum hætti. Þetta kom skýrt fram í könnun Gallups frá árinu 2002.

Stjórn Samtaka auglýsenda hefur einnig ályktað, í september 2001, um að RÚV eigi ekki að hverfa af auglýsingamarkaði, annars vegar vegna þess að erfiðara yrði fyrir auglýsendur að nálgast markhópa sína ef RÚV nyti ekki við

á auglýsingamarkaði og hins vegar vegna þess að dýrara yrði fyrir auglýsendur að ná til markhópa sinna. Við vitum auðvitað öll hvar sá kostnaður mundi lenda.

Samkvæmt Samtökum auglýsenda yrði brottför RÚV af auglýsingamarkaði hvorki í þágu auglýsenda sjálfra né neytenda sem að mínu mati skiptir þó enn meira máli.

[15:57]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta mál varðar meira en möguleika auglýsenda á að finna sér markhópa. Þetta mál varðar hlutverk Ríkisútvarpsins, þá stefnu sem á að setja því á fjölmiðlamarkaðnum og raunar rammann í kringum fjölmiðlamarkaðinn allan. Það er þess vegna sem Samf. hefur sett fram þá framtíðarstefnu að Ríkisútvarpið eigi ekki að keppa á auglýsingamarkaðnum, eigi ekki að vera í samkeppnisstöðu um auglýsingar, heldur eigi hlutverk þess að vera annað. Það eigi að vera að flytja menningarlegt, lýðræðislegt og gott efni fyrir fólkið og vera í forustu á þeim markaði öllum. Þetta gerist auðvitað yfir langan tíma og ekki þannig að um neina byltingu verði að ræða. En hvers vegna?

Það er annars vegar vegna þess að Ríkisútvarpið hefur ekki gott af því að taka þátt í þessari samkeppni. Samkeppnin hefur þá bein áhrif á dagskrána, miðast við þau kaup á eyrinni að selja auglýsendum aðgang að markaðnum. Hins vegar er það vegna þess að það er eðlilegt að markaðsstöðvarnar, þær sem byggja tilvist sína á markaðnum og ekki á opinberum fjárframlögum, eigi þennan vettvang.

[15:59]

Ásgeir Friðgeirsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að ráðherra hafi engin áform varðandi breytingar á skipan þessara mála. Engu að síður hvet ég hæstv. ráðherra til þess að endurskoða þann ramma sem ljósvakamiðlum er settur og endurskoða í raun-inni þau mörk sem RÚV eru sett. Þannig er að nú get ég keypt frá fyrirtæki, sem hæstv. ráðherra er yfirmaður yfir, geisladisk með Hljómum. Hann er til sölu á vef RÚV. Ég held að það hafi ekki verið upphaflegt markmið þeirra sem stóðu fyrir því að stofna RÚV að það tæki þátt í smásölu á skemmtiefni á borð við það.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég vil einnig þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu.

Það er hagur okkar allra að hafa fjölbreytilega flóru fjölmiðla og því fjölbreyttari sem flóran er því betur eru hagsmunir auglýsenda tryggðir til lengri tíma. Það er líka enginn að tala um að gera þessa breytingu á einu bretti eða hafa hana algera. Með fleiri fjölmiðlum fjölgar auglýsingakostum og verð lækkar.

Auglýsingamarkaðurinn er samkeppnismarkaður. Það á ekki að vera hlutverk ríkisfjölmiðils að hafa ráðandi stöðu á samkeppnismarkaði. Það er grundvallaratriði. Stjórnmálamenn verða að gera upp við sig hvaða afstöðu þeir hafa til slíkra grundvallaratriða. Þar eru jafnaðarmaðurinn í stjórnarandstöðunni og hægri konan í sæti ráðherrans einfaldlega ósammála. Fyrir mitt leyti er það einfaldlega meira virði að ríkisfjölmiðill þrengi ekki svo að einkareknum fjölmiðlum að þeir verði í stöðugum rekstrarerfiðleikum en sem nemur þeim kostnaðarauka sem verður hugsanlega á ríkissjóði við slíka breytingu.

Ég vil að Ríkisútvarpið fái að njóta sín. Það hefur ákveðna sérstöðu. En það má hins vegar ekki misnota þessa sérstöðu til að koma öðrum fjölmiðlum á kné og skekkja þar með samkeppnismarkaðinn.

Ríkisvaldið hefur verið að fara út af samkeppnismarkaði í mörgum atvinnugreinum og það er vel. Það er tímaskekkja, herra forseti, og beinlínis hættulegt fjölbreyttri fjölmiðlaflóru að ríkið þrengi að frjálsum fjölmiðlum með þessum hætti. Ég vona að hæstv. ráðherra átti sig á þessu fyrr en seinna.

[16:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tók eftir orðum sem féllu í umræðunni, m.a. hjá hv. þm. Merði Árnasyni. Hann hélt því fram að það væri ekki gott að hafa RÚV á auglýsingamarkaði, það væri hans mat og skoðun Samf. Ég vil benda á að 90% þjóðarinnar eru einfaldlega ósammála því mati eins og ég benti á áðan.

Síðan vil ég velta upp spurningunni: Ef við kippum Ríkisútvarpinu út af auglýsingamarkaði í dag, yrði þá raunveruleg samkeppni á auglýsingamarkaði í þágu neytenda? (**MÁ:** Megum við svara?)

Lán til leiklistarnáms.

Fsp. BjörgvS og KJúl, 584. mál. — Þskj. 877.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Leiklistardeild Listaháskóla Íslands tók til starfa árið 2000. Þar með tók deildin að sér hlutverk sem áður hafði verið í höndum Leiklistarskóla Íslands allt frá stofnun þess skóla árið 1976. Samningur ríkisins við Listaháskólann byggist á alls 24 nemendagildum, eða sama fjölda og samningur við Leiklistarskóla Íslands hafði kveðið á um árin á undan. Leiklistardeildin tók ákvörðun um að halda í sömu tilhögun og taka inn 8–10 nemendur á hverju ári í þrjú ár og sleppa síðan inntöku fjórða árið. Sú ákvörðun byggist á því að samkvæmt samningum við ríkið um takmarkaðan nemendafjölda er æskilegra að sleppa einu ári til að hafa ekki færri en átta í bekk í senn, sem er almennt talin lágmarksstærð bekkja í leiklistarnámi. Með stofnun Listaháskóla Íslands er hins vegar markmiðið að gera leiklistardeildinni kleift að taka inn nemendur á hverju ári en ekki að taka inn nemendur í þrjú ár en hvíla inntökuprófin á því fjórða, eins og tíðkaðist og tíðkast því miður enn. Þetta hefur ekki gengið eftir enda kveður samningur ríkisins og skólans ekki á um fleiri nemendur sem er slæmt.

Þetta gerir það að verkum að þeir sem eindregið vilja læra leiklist fara til útlanda og reyna fyrir sér í skólum þar nái þeir ekki gegnum nálaraugað hér eða vilji þeir ekki fórna öllum þeim tíma sem það krefst að bíða næstu inntökuprófa. Það er óhentugur kostur fyrir marga að fara í nám erlendis enda mun dýrara en að læra hér heima og ekki lánshæft nema að litlu leyti hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Námið telst ekki lánshæft vegna þess að boðið er upp á námið hér heima, eru svörin frá LÍN. Það er þó umdeilanlegt þar sem ekki er tekið inn í deildina fjórða hvert á og stífar fjöldatakmarkanir á að komast í námið.

Nú stunda tugir Íslendinga leiklistarnám erlendis þó ekki sé lánað að fullu fyrir náminu sem væri réttlætismál að

leiðrétta þar sem ungu fólki gefst í litlum mæli kostur á að stunda leiklistarnám hér heima vegna hinna miklu fjöldatakmarkana inn í leiklistarnámið. Annaðhvort þarf að fjölga nemendagildum leiklistarnámsins eða lána til framfærslu við leiklistarnám erlendis svo að réttlátar umbætur verði á högum leiklistarnema og þeirra sem hyggja á leiklistarnám.

Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

Telur ráðherra koma til greina að veitt verði framfærslulán til Íslendinga í leiklistarnámi erlendis í ljósi þess hversu fáir fá inngöngu í leiklistarskóla hér á landi?

[16:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafa beint til mín spurningu um hvort til greina komi að veita framfærslulán til Íslendinga í leiklistarnámi erlendis í ljósi þess hversu fáir fái inngöngu í leiklistarskóla hér á landi.

LÍN hefur í fjölda ára lánað til leiklistarnáms, hvort sem það er á Íslandi eða erlendis, svo framarlega sem um er að ræða viðurkennt nám í viðurkenndum skólum. Í langflestum tilvikum hefur það verið vegna grunnnámsins, þ.e. grunnháskólanáms eða sérnáms, en í nokkrum tilfellum hefur verið um framhaldsnám að ræða. Leiklistarnemendur á Íslandi og í framhaldsháskólanámi erlendis eiga rétt á almennum námslánum fyrir framfærslu og skólagjöldum en þeir leiklistarnemendur sem eru í grunnnámi erlendis fá alltaf framfærslulán en ekki skólagjaldalán. Nemendur í grunnnámi við Listaháskólann fá lán fyrir skólagjöldum umfram 32.500 kr.

Segja má að fyrirspurnin sé að ákveðnu leyti byggð á misskilningi þar sem nemendur sem stunda leiklistarnám erlendis fá í dag framfærslulán frá LÍN ef þeir óska þess. Fjöldi lánþega í leiklistarnámi undanfarin fjögur skólaár, samkvæmt upplýsingum frá LÍN, var 51 skólaárið 1999–2000, þar af 29 erlendis. 56 skólaárið 2000–2001, þar af 34 erlendis. 56 skólaárið 2001–2002, þar af 35 erlendis. Og 52 voru í slíku námi árið 2002–2003, þar af voru 29 erlendis.

Langflestir þeirra nemenda sem stunduðu leiklistarnámið erlendis á umræddu árabili voru við nám í Bretlandi. Einnig fengu leiklistarnemar á sama árabili lán vegna leiklistarnáms á Norðurlöndunum, í Norður-Ameríku og á meginlandi Evrópu.

[16:08]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hennar og umfjöllun um leiklistarnám erlendis. Brýnt er að skoða heildstætt hver fjárþörf þessara nemenda er, bæði til framfærslu og skólagjalda í skóla þar sem það er innheimt. Skólagjöldin geta numið töluverðum fjárhæðum og brýnt er að gefa nemendum kost á að taka lán fyrir fullri framfærslu, svo og skólagjöldum við skólana þar sem það á við og inn í viðtekið nám. Á hinn bóginn mætti fara hina leiðina sem að mörgu leyti er vænlegri, að létta á þeim stífu fjöldatakmörkunum sem eru inn í leiklistardeild Listaháskóla Íslands, inn í leiklistardeildina sem ekki annar nema 24 nemendagildum í senn.

Það væri gaman að fá fram röksemdir fyrir því af hverju þessi lága tala er notuð til viðmiðunar þar sem erfitt er að meta mettun á markaði leikara og ekki leikara. Það er huglægt atriði enda fást leikarar við margt annað og fjölbreytilegri störf en einungis það að leika.

Það er brýnt að koma til móts við þá sem vilja fara í skóla erlendis sem innheimta jafnvel skólagjöld og gera þeim þannig erfitt fyrir og lána þeim um leið fyrir fullri framfærslu. Þetta er töluverður hópur fólks, eins og kom fram í svari ráðherra, og sjálfsagt margir fleiri, eins og fram hefur komið í umræðum undanfarið, sem velta fyrir sér að fara þá leið.

Af þeim sökum er mikilvægt að gera úrbætur og gera þessu fólki kleift að sækja leiklistarnám í erlenda skóla eigi það ekki kost á að fara í skólann heima eða telji sig ekki geta fórnað þeim tíma sem fer í að bíða eftir næsta inntökuprófi þar sem milli þeirra geta liðið allt að tvö ár.

[16:10]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa umræðu og áhuga á leiklistarnáminu. Ég velti því fyrir mér, eftir að hafa fylgst með leiklist og leiklistarnámi í æðimörg ár, hvort það væri ekki allt eins gott fyrir íslenskt leiklistarlíf að hafa sem mesta flóru leikara, ekki eingöngu leikara sem koma frá Listaháskólanum, áður Leiklistarskóla Íslands, heldur fáum við meiri breidd. Við eigum frábæra leikara sem hafa útskrifast frá Bristol Old Vic. Ég gæti þulið upp fleiri merkilegar leiklistarstofnanir erlendis en ég vil ekki túlka það sem neikvætt að við fáum til landsins leikara sem menntaðir eru erlendis.

Að sjálfsögðu er rétt að huga að þessum málum og þá sérstaklega að því hvort fjórða árið eigi að koma til kasta leiklistardeildar Listaháskóla Íslands. Við vitum hins vegar að þetta nám er óhemju dýrt og við höfum valið þessa leið til að tryggja ákveðið framboð af leiklistarnámi hér á landi en þó með þessum takmörkunum.

[16:11]

Útbýting þingskjala:

Atvinnumál kvenna, 698. mál, fsp. AKG, þskj. 1036.

Atvinnuráðgjöf, 697. mál, fsp. AKG, þskj. 1035.

Áætlunarflug milli Sauðárkróks og Reykjavíkur, 701. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1039.

Fjölskylduráð og opinber fjölskyldustefna, 693. mál, fsp. RG, þskj. 1031.

Nauðungarvistun, 699. mál, fsp. MF, þskj. 1037.

Norðurskautsmál 2003, 694. mál, skýrsla ÍNSM, þskj. 1032.

Opinber fjölskyldustefna, 691. mál, fsp. RG, þskj. 1029.

Samstarf heilbrigðisstofnana, 695. mál, fsp. AKG, þskj. 1033.

Skatttekjur ríkissjóðs, 702. mál, fsp. KLM, þskj. 1040.

Staða og afkoma barnafjölskyldna, 692. mál, fsp. RG, þskj. 1030.

Stuðningur við aukabúgreinar, 696. mál, fsp. AKG, þskj. 1034.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:13.

77. FUNDUR

fimmtudaginn 4. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 279. mál, þskj. 315. — Frh. 1. umr.
2. Útvarpslög o.fl., frv., 337. mál, þskj. 407. — 1. umr.
3. Textun, frv., 386. mál, þskj. 516. — 1. umr.
4. Íslensk farskip, þáltill., 484. mál, þskj. 756. — Fyrri umr.
5. Almenn hegningarlög, frv., 520. mál, þskj. 794. — 1. umr.
6. Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, þáltill., 542. mál, þskj. 817. — Fyrri umr.
7. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 565. mál, þskj. 844. — 1. umr.
8. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, þáltill., 568. mál, þskj. 858. — Fyrri umr.
9. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 595. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.
10. Millilíðalaust lýðræði, þáltill., 600. mál, þskj. 906. — Fyrri umr.
11. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.
12. Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18–24 ára, frv., 622. mál, þskj. 931. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 526. mál, svar samgrh., þskj. 971.

Greiðslur vegna lifrarbólgu C, 703. mál, fsp. MF, þskj. 1042.

Háhraðatengingar, 592. mál, svar samgrh., þskj. 972.

Verðtrygging lána, 700. mál, fsp. JGunn, þskj. 1038.

Umræður utan dagskrár.

Breyttar áherslur dómsmálaráðherra í lögreglumálum.

[10:32]

Forseti (Þuríður Backman):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um breyttar áherslur dómsmrh. í lögreglumálum. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur kynnt í fjölmiðlum hugmyndir um breyttar áherslur við skipan löggæslumála í landinu. Sérsveit lögreglunnar verður efld, fjölga þarf liðsmönnum úr 21 í 50 og yfirstjórn sveitarinnar verður færð undan embætti lögreglunnar í Reykjavík og undir embætti ríkislögreglustjóra.

Á heimasíðu dómsmrn. segir eftirfarandi um framhaldið, með leyfi forseta:

„Að því er síðan stefnt á næstu árum að fjölga sérsveitarmönnum frekar, þannig að sveitinni verði gert kleift að sinna lágmarkskröfum, með tilliti til almenns öryggis og skuldbindinga Íslands vegna flugverndar, siglingaverndar og friðargæslu.“

Síðar segir:

„Sú efling sérsveitarinnar sem hér er boðuð er nokkuð kostnaðarsöm. Kostnaður við fjölgun lögreglumanna hjá lögreglustjóranum í Reykjavík um 10 og við rekstur vaktbifreiðar sérsveitarinnar nemur tæpum 60 millj. kr. á ársgrundvelli. Ætla má að kostnaður við frekari stækkun sveitarinnar á næstu árum nemi um 250 millj. kr. þegar allt er talið.“

Ein hlið á þessum málum er vissulega hin fjárhagslega og hvernig að fjárveitingum er staðið. Það skiptir máli. Ég tel mikilvægt að fram fari kröftug umræða um það efni. Mestu máli skiptir þó að fá umræðu um þau skref sem hér er verið að stíga til framtíðar í löggæslumálum á Íslandi, hvernig fjármunum er forgangsraðað í löggæslunni þegar til lengri tíma er litið. Eins þarf að skoða hvort hér komi til með að kveða við annan tón en verið hefur um áratugi. Í stað áherslu á forvarnir og almenna löggæslu beina menn kröftum sínum í að efla vígvæddar löggæslusveitir og hafa eftirlit með borgurunum í þeim anda sem boðað hefur verið á Vesturlöndum undir formerkjum stríðs gegn hryðjuverkum.

Athygli vekur að eins konar viðlag í mörgum viðtölum við hæstv. dómsmrh að undanförnu um þessar kerfisbreytingar hefur verið tilvísun til hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september árið 2001. Í einu slíku viðtali sagði hæstv. ráðherra Björn Bjarnason svo að dæmi sé tekið, með leyfi forseta:

„Þessar ráðstafanir eiga rætur að rekja til endurmats á stöðu þjóðfélaganna eftir 11. september 2001 þar sem menn töldu og telja að nauðsynlegt sé að gera meiri ráðstafanir en áður til að auka öryggi borgaranna, m.a. vegna hættu á hryðjuverkum.“

Í öðru viðtali lét ráðherra eftirfarandi ummæli falla, með leyfi forseta:

„En skilin á milli þess sem her sinnir og lögregla hafa verið að breytast á undanförnum árum og atburðir eins og hryðjuverkaárásir og slíkir atburðir kalla á önnur viðbrögð af hálfu lögreglunnar en menn ætluðu fyrir nokkrum árum.“

Ekki verður fram hjá því litið að Björn Bjarnason hefur lengi verið mikill áhugamaður um að koma á fót íslenskum her. Sú spurning vaknar hvort því sé eins farið með hann og skoðanabræður hans í Washington, að þeir hrindi í framkvæmd stefnu sem lengi hefur blundað með þeim, undir formerkjum stríðs gegn hryðjuverkum. Í Bandaríkjunum og víða á Vesturlöndum hefur eftirlit með borgurunum stóraukist og er þess að minnast að við umræður um lagabreytingar sem tengjast öryggismálum hér á landi á allra

síðustu árum hafa þingmenn VG aftur og ítrekað varað við að fela ríkislögreglustjóra of mikil völd og hvatt til opinnar stjórnsýslu.

Hér vakna ýmsar spurningar um sjálfan eftirlitsaðilann, þann aðila sem er falið að tryggja öryggi ríkisins, eins og það heitir. Aftur vísa ég í frásagnir fjölmiðla af fréttamannafundi dómsmrh. í vikunni. Fréttablaðið hefur orðrétt eftir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Málefni sérsveitarinnar eru þess eðlis að menn ræða ekki svo mikið um innra skipulag eða búnað og annað slíkt. Hún á hins vegar að vera til taks og ef farið er yfir verkefnin þá eru þetta verkefni sem eru á mörkum þess að vera óeirðarverkefni og mjög sérhæfð verkefni."

Þetta var bein tilvitnun í hæstv. dómsmrh. Eitthvað er þetta orðið leyniþjónustulegt tal. Þá vakna spurningar um undir hvaða lög þessi þáttur öryggisgæslunnar komi til með að falla. Mun hann falla undir upplýsingalög? Munu dómstólar eða almenningur geta krafist upplýsinga sem unnið er með á vegum þessarar öryggisgæslu?

Því fer fjarri að Íslendingar séu komnir eins langt og Bandaríkjamenn og margar aðrar þjóðir í alls kyns öryggiseftirliti en rétt er að spyrja: Stefnum við í sömu átt? Þetta er eðlileg spurning í ljósi þeirra yfirlýsinga sem nú heyrast úr dómsmrn.

Á Íslandi höfum við búið við löggæslu þar sem áhersla hefur verið lögð á nálægð við almenning og vinsamleg samskipti. Nú ætla ég ekki að gera meira úr þeim breytingum sem hafa verið kynntar en efni standa til og ekki ætla ég hæstv. dómsmrh. að hann vilji draga úr friðsamlegum samskiptum borgara og lögreglu. Þá finnst mér ástæða til að þakka ráðherra fyrir viðleitni til samráðs við samtök lögreglumanna um þessar kerfisbreytingar.

Hinu skulum við þó ekki horfa fram hjá, að þessar áherslubreytingar eru í nákvæmlega sama anda og stjórnlyndir menn á Vesturlöndum boða undir yfirskriftinni: Stríð gegn hryðjuverkum.

Ég spyr því: (Forseti hringir.) Koma öryggissveitirnar til með að verða hjúpaðar leynd? Hver verður aðgangur almennings að upplýsingum um starfsemi þeirra? Á hvern hátt tengjast breyttar áherslur aukinni upplýsingaöflun um borgarana? Hvað segir hæstv. ráðherra um (Forseti hringir.) þær gagnrýnisraddir að þær skipulagsbreytingar sem nú eru á döfinni séu liður í aukinni miðstýringu undir embætti ríkislögreglustjóra, jafnvel á kostnað almennrar löggæslu?

Ég bið hæstv. forseta afsökunar á að hafa farið yfir tímamörk.

[10:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að beita sér fyrir umræðu á Alþingi um þetta mikilvæga mál. Ég tek undir með honum að nauðsynlegt er að gera sér vel grein fyrir kostnaðarhlið löggæslu. Eins og fram kemur í gögnum dómsmrn. er gert ráð fyrir að það muni kosta 250 millj. kr. á ári að fjölga í sérsveit lögreglunnar. Um þann þátt ber að ræða við afgreiðslu fjárlaga og er með öllu ástæðulaust að láta eins og farið sé á svig við Alþingi í því efni.

Í ræðu sem ég flutti við slit Lögregluskólans 11. desember sl. lét ég þess getið að ég teldi nauðsynlegt að efla sérsveit lögreglunnar til að treysta öryggi hins almenna lögreglumanns og þar með almennt öryggi í landinu. Vitnað var í þessi orð mín í fjölmiðlum en enginn sá ástæðu til að spyrja mig nánar út í þau á Alþingi. Síðan hefur verið unnið að því á vegum dómsmrn., embættis ríkislögreglustjóra og lögreglunnar í Reykjavík, þar sem flestir sérsveitarmenn hafa starfað til þessa, að móta leiðir til að efla sérsveitina. Að bestu manna yfirsýn og í góðri sátt allra sem að málinu hafa komið á vettvangi lögreglunnar og að höfðu samráði við forustumenn Landssambands lögreglumanna og Lögreglufélags Reykjavíkur var ákveðið að fara þá leið sem ég kynnti 1. mars. Hún er í meginatriðum tvíþætt.

Í fyrsta lagi verður sérsveitin stoðdeild á vegum ríkislögreglustjóra við lögreglusveitir um land allt. Í öðru lagi er almenn löggæsla efld.

Eldri skipan sérsveitarmála hefur komið niður á almennri löggæslu. Sérsveitarmennirnir voru fram til síðustu mánaðamóta hluti af almennri deild lögreglunnar í Reykjavík. Við sérsveitarverkefni eða þjálfun og æfingar innan sveitarinnar nýttust þessir menn ekki til almennra löggæslustarfa. Nú hefur það ekki áhrif á skipulag almennrar löggæslu að sérsveitin er kölluð til starfa í þjálfun eða önnur verkefni enda verður lögreglumönnum í Reykjavík fjölgað til að mæta þessum tilflutningi. Þetta er kjarni þeirra breytinga sem hér er um að ræða. Þær byggjast á lögreglulögum og til þeirra sækir sérsveitin heimildir sínar. Ég tel ekki nauðsynlegt að breyta þeim lögum vegna þessara skipulagsbreytinga.

Hv. þm. dregur allt of víðtækar ályktanir af þessum breytingum í spurningum sínum. Markmið mitt er að styrkja innviði lögreglunnar innan þess lagaramma sem henni er settur. Ég skorast hins vegar síður en svo undan því að ræða málið á þeim forsendum sem fram koma í spurningum hv. þm.

Aðgangur almennings að upplýsingum um sérsveitina breytist ekkert við þessa skipulagsbreytingu, hann er hinn sami og áður. Þessi breyting hefur engin áhrif á upplýsingaöflun um borgarana. Sé vilji til að auka hana verður að fara aðrar leiðir en að efla sérsveit lögreglunnar. Að gera sérsveitina að stoðdeild við almennt lögreglustarf í landinu eykur ekki miðstýringu því að sérsveitarmenn við lögreglustörf falla undir stjórn þess sem stýrir slíkum störfum á þeim stað þar sem þau eru unnin hverju sinni. Almenn löggæsla styrkist við þessa aðgerð.

Ég tel að það fari saman að styrkja almennt starfsumhverfi lögreglunnar og auka hlut hennar við forvarnir og almenna löggæslu. Um land allt starfar lögreglan í nánum tengslum við borgarana.

Þessi ráðstöfun sem ég hef beitt mér fyrir með samþykki ríkisstjórnarinnar lýtur ekki að því að stofna íslenskan her.

Virðulegi forseti. Við búum við síbreytilegar aðstæður og því miður steðja nýjar hættur að íslensku þjóðfélagi. Þegar ég hreyfði því í desember að nauðsynlegt væri að efla sérsveitina höfðu vopnaðir menn farið ránshendi á höfuðborgarsvæðinu. Á Alþingi hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagt fyrir mig fyrirspurn um ofbeldi í fíkniefnaheiminum þar sem m.a. er vikið að síendurteknum árásum handrukkara og spurt hvort lögregluyfirvöld telji sig nægileg vel í stakk búin til að takast á við sívaxandi ofbeldi í fíkniefnaheiminum og hvað sé vænlegast til úrbóta. Þær spurningar hv. þm. snúast um raunveruleg viðfangsefni líðandi stundar. Við þeim viðfangsefnum verður að bregðast af festu og þunga og í því ljósi á að skoða ákvarðanir mínar um að efla sérsveit lögreglunnar.

Ég vona að hv. alþingismenn séu mér sammála um nauðsyn þess að gera skipulegar ráðstafanir til að sporna við

ofbeldi sem ógnar öryggi hins almenna borgara. Ég hafna þeirri skoðun að slíkar ráðstafanir séu til þess fallnar að veikja traust á lögreglunni eða spilla samskiptum hennar við almenning.

[10:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég gerði mér far um að hlýða á hæstv. dómsmrh. og reyna að skilja hvaða sjónarmið búa að baki því að stofna íslenskan her. Í hans máli kom ekkert fram sem réttlætti að Alþingi Íslendinga fengi tilkynningu um það, í gegnum blaðamenn og fjölmiðla, að ákveðið hefði verið að setja 50 manns undir vopn á Íslandi.

Svo virðist sem hæstv. ráðherra skilji lögreglulögin þannig að hann hafi opið umboð frá Alþingi til að stofna íslenskan her og að í gildandi lögum felist heimildir fyrir hæstv. ráðherra að búa til slíkan her. Ég hafna þessari skoðun alfarið. Vissulega vitum við að hæstv. ráðherra hefur lengi haft mikinn áhuga á íslenskum her. En að því skuli hrint í framkvæmd þannig að hæstv. ráðherra og hans helsti aðstoðarmaður, ríkislögreglustjóri, skuli koma saman og taka þessa ákvörðun er nánast með hreinum ólíkindum. Það er með ólíkindum að Alþingi Íslending skuli ekki fyrst taka pólitíska umræðu um þá kúvendingu í öryggismálum sem það er að stofna íslenskan her. Þetta er með hreinum ólíkindum og ég þori að fullyrða að hvergi nokkurs staðar í lýðræðisríki mundu menn leyfa sér slíkt.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að hann hefði furðað sig á að hann hefði ekki verið spurður sérstaklega út í ræðu sína við slit á Lögregluskólanum í desember þar sem hann ýjaði að þessu. Hvern hefði órað fyrir að í þessum orðum fælust hugmyndir um að stofna íslenskan her? Ég held að enginn hafi haft hugmyndaflug til að láta sér þetta til hugar koma.

Þetta er ekki síður athyglisvert vegna þess að sum stórveldi í veröldinni hafa ekki vopnað lögreglumenn sína, t.d. Bretar. En hæstv. ráðherra telur nauðsynlegt að stofna íslenskan her. Ég mótmæli þessu alfarið, virðulegi forseti.

[10:46]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við mjög mikilvægt mál sem snertir okkur öll hvar sem við búum í landinu.

Ég vil í upphafi fagna þeim áherslum og þeim breytingum sem hæstv. dómsmrh. hefur boðað í löggæslumálum. Ég tel engan vafa leika á því að í ljósi vaxandi hörku í afbrotum er brýnt að efla sérsveitarlöggæslu á landinu öllu. Við þurfum ekki annað en að horfa á fréttatíma í sjónvarpinu og það fer kannski hálfur þáttur í að fjalla um glæpi, afleiðingar þeirra og dómana. Þetta er því miður hluti af því þjóðfélagi sem við búum í, hluti sem við kærum okkur ekki um. Við viljum ekki búa við það að bankarán séu daglegt brauð, að fólk treysti sér ekki orðið út eitt á kvöldin af ótta við að verða fyrir árás eða að menn keyri um landið þvert og endilangt til þess eins að fela lík. Við þessu öllu og fleiru til eru stjórnvöld að bregðast.

Hæstv. dómsmrh. er að leggja til tímabæra styrkingu lögreglunnar og með þessum aðgerðum er mikilvægt að huga að því að verið er að auka öryggi lögreglumanna og þar með almennings alls. Það er ekkert grín fyrir óvopnaða lögreglumenn að leggja líf sitt í hættu við að fást við vopnaða menn í misjöfnu ástandi. Nú munu þeir njóta liðsinnis sérsveitarmanna í auknum mæli og vonandi skilar það sér fljótt í t.d. öflugum aðgerðum gegn glæpagengjum. Sérsveitarmönnum mun ekki bara fjölga hér á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig á Keflavíkurflugvelli og á Akureyri.

Málflutningur sumra aðila í þessu máli hefur verið á lágu plani og lýsir kannski best málefnafátækt þeirra. Mér finnst ómaklegt að ráðast á hæstv. dómsmrh. fyrir það eitt að vilja auka öryggi fólksins í landinu með eflingu löggæslunnar.

[10:48]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hefur komið fram í umfjöllun um eflingu sérsveitar lögreglunnar að dómsmálaráðuneytið hefur haft hraðar hendur við ákvarðanatökuna. Undirbúningurinn tók aðeins þrjá mánuði. Hæstv. dómsmrh. verður að svara tveimur spurningum sem vakna í tengslum við þetta mál.

Sú fyrri er: Hvað var það sem kallaði á að umrædd ákvörðun var tekin með slíkum hraði? Hvað lá á?

Hin síðari er: Hvað kallaði nákvæmlega á einmitt þessa ákvörðun um einmitt þessa eflingu sérsveitarinnar, þ.e. að í sveitinni fjölgi úr 16 í 50? Ég heyrði það ekki í svörum hæstv. ráðherra áðan. Var það byggt á mati einhverrar nefndar, starfshóps eða eingöngu byggt á einlægum áhuga ráðherrans á hermálum?

Menn hafa reynt að geta í eyðurnar og sumir hafa látið sér detta í hug að verið sé að láta gamlan bernskudraum rætast með því að efla sérsveitina. Ekki ætla ég að fullyrða að svo sé, en það er eins og mig minni að hæstv. ráðherra hafi fengið fleiri hugmyndir sem ég vonast til að verði ekki framkvæmdar með sama hraði, svo sem stofnun íslensks hers, endurreisn klausturs í Viðey og að senda varðskip til Júgóslavíu á meðan stríð geisaði.

Auðvitað er hér um illa rökstudda skyndiákvörðun að ræða og vægast sagt sérkennilega forgangsröðun. Hæstv. ráðherra skuldar þjóðinni útskýringar á þessari forgangsröðun. Var efling sérsveitarinnar brýnna verkefni en t.d. að tryggja skilvirkni dómstóla, en dómarar landsins hafa séð sig knúna til að benda á fjárskort dómstóla? Var efling sérsveitarinnar brýnna verkefni en að tryggja að Landhelgisgæslan geti unnið störf sín vel og tryggilega?

Landhelgisgæslan er í fjársvelti þrátt fyrir mjög óábyrgar yfirlýsingar hæstv. ráðherra í gær um að svo væri ekki. Það voru ekki til fjármunir til að kaupa nætursjónauka í þyrlur til björgunarstarfa og varla til fjármunir til að gera út skip Gæslunnar.

[10:50]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur í hyggju að eyða tugum milljóna kr. á þessu ári og hundruðum á þeim næstu í svokallaðar sérsveitir lögreglu, ef fram fer sem horfir, og það án heimilda í fjárlögum eins og staðan er í dag.

Ég spyr: Telur hæstv. dómsmrh. þetta virkilega vera brýnasta verkefni dómsmrn.?

Sé málið sett í samhengi við raunveruleika íslensks samfélags er forgangsröðunin nánast eins og í leikhúsi fáránleikans. Því skyldi ég segja það? Jú, lögreglumenn og samtök lögreglumanna hafa margsinnis gert grein fyrir því með rökstuddum hætti að nægilegar fjárveitingar hafi ekki verið tryggðar til almennrar löggæslu bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni. Það kom berlega í ljós á fundum stjórnmálamanna með lögreglumönnum fyrir kosningarnar sl. vor. Launakjörum lögreglumanna hefur hrakað. Með tillögunum

er miðstýring aukin en þjónusta við almenning, grenndarþjónustan, situr á hakanum. Hin almenna löggæsla í miðborg Reykjavíkur og einstökum hverfum Reykjavíkur mun sitja á hakanum þrátt fyrir brýna þörf á að efla hana.

Ég hélt auk þess að allir væru sammála um að forvarnir og barátta gegn fíkniefnabölinu væru brýnustu verkefni lögreglu í dag. Af hverju eru sérsveitarpeningarnir ekki lagðir í þá málaflokka og vegið að rótum vandans í staðinn fyrir að hanga í afleiðingunum?

Síðast en ekki síst: Dómskerfið er í slíku fjársvelti að réttaröryggi er teflt í tvísýnu. Í þeim efnum tek ég satt best að segja meira mark á málefnalegum ályktunum Dómarafélags Íslands en hvatvíslegum viðbrögðum hæstv. dómsmrh. Áform um sérsveitir lögreglu eru ekki raunhæft svar lýðræðisins við hryðjuverkum. Þar er Íraksstríðið víti til varnaðar.

[10:52]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég dreg ekki í efa rök hæstv. dómsmrh. um að mikil þörf sé á að gera þá hluti sem hann hyggst standa fyrir. Hins vegar tel ég rétt að minna menn á það að sl. haust þegar við lögðum fram fjárlagafrv. var það rauður þráður sem gengið var út frá, að við yrðum á næstu þremur árum að stemma stigu við samneyslunni í þjóðfélaginu þannig að vöxtur hennar væri ekki nema 2% að raungildi. Það er hið mikla verkefni sem bíður núv. ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar á næstu árum. Það verður mjög sárt og mjög erfitt vegna þess að við þurfum á þeim tíma að standa gegn mjög mörgum góðum og brýnum málum og verðum að gera það vegna þess að atvinnulíf Íslands krefst þess að við gerum það.

Þess vegna segi ég hér og nú að ég ætla að vona að svo gott mál sem hér er borið upp af dómsmrh. verði ekki til þess að menn slaki á aðalverkefninu, að standa vörð um ríkisfjármálin. Það má ekki vegna þess að við verðum að gera okkur grein fyrir því, þrátt fyrir að menn muni kalla á brýn og góð verkefni, að verkefni okkar er að standa gegn því vegna atvinnulífsins. Ég tel nauðsynlegt að brýna þetta fyrir mönnum og taka það fram aftur og aftur vegna þess að þetta mun koma fram æ og aftur næstu þrjú árin.

[10:54]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir að uppáhaldskvikmynd hans sé Die Hard, en þar bjargar hetjan hundruðum úr klóm hryðjuverkamanna. En, frú forseti, þetta er Ísland í dag en ekki Die Hard, og, herra Björn Bjarnason, þér eruð enginn Bruce Willis.

Verkefnin í íslensku samfélagi eru knýjandi í almennri löggæslu, í eflingu fíkniefnalögreglunnar, í því að koma sýslumannsembættinu í Keflavík út úr gámunum, í því að tryggja dómstólunum starfsskilyrði. En í stað þess að fara í skýluna og sinna þessum aðkallandi verkefnum stekkur dómsmrh. fram með stóreflingu sérsveitarinnar, Víkingasveitarinnar.

En tilkynni, herra höfuðsmaður, að Víkingasveitin hefur sem betur fer ekki haft neitt allt of mikið að gera, og það er ekkert í verkefnum hennar sem kallar á þennan fjáraustur. Aukinn vopnabúnaður lögreglu mun aðeins kalla á aukna hörku í glæpaheimum og þessi sveit mun ekki ráða niðurlögum al Kaída.

Nei, það eina sem hér hefur gerst skyndilega er að hæstv. dómsmrh. hefur boðið sig fram gegn Geir H. Haarde til embættis utanrrh. Og rétt eins og George Bush sýnist honum vænlegt að nota öryggismál og skelfingar hryðjuverka til að markaðssetja sig í þeirri kosningabaráttu sem fram undan er á milli þeirra tveggja.

Það er fagnaðarefni að varaformaður fjárveitinganefndar skuli hafa lýst því yfir að dómsmrh. fái ekki peninga almennings í þennan leiðangur sinn, enda væri ódýrara, frú forseti, fyrir ríkissjóð Íslands að kaupa bara einkennisbúning handa hæstv. dómsmrh. til að leika sér í heima.

[10:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hygg að erfitt sé að mæla á móti því sem fram kemur hjá hæstv. dómsmrh. að tilefni er til að taka þessi mál til endurskoðunar. Það er vaxandi ofbeldishneigð í þjóðfélaginu og glæpir verða alvarlegri með hverju árinu sem líður. Það er hlutverk dómsmrh. sem yfirmanns lögreglumála í landinu að skoða þessi mál og gera tillögur um breytingar eftir því sem hann telur þörf á.

Þær tillögur sem hann hefur lagt fram eru að auka löggæsluna með þessum hætti. Ég get ekki lagt mat á það hvort þetta séu endilega þær tillögur sem ég tel réttastar, ég hef engar forsendur til þess, hef engar upplýsingar um málið frá þeim aðilum sem til þess þekkja, þannig að ég get ekki lagt mitt mat á það. Ég einfaldlega veit að ráðherra hefur sett sig ofan í þessi mál og þetta er hans tillaga í málinu. Við hljótum að taka hana alvarlega.

Ég geri hins vegar ráð fyrir því að við hljótum að ræða þessi mál hér á Alþingi í fyllingu tímans og hæstv. dómsmrh. hlýtur að beita sér fyrir því. Mér finnst augljóst að það hlýtur að koma til þess að menn skoði hvort tveggja, að efla almenna löggæslu og líka hitt að efla sérsveitir lögreglunnar. Ég hygg að við getum ekki lokað augunum fyrir því að bæði úrræðin eru möguleg og kunna að vera nauðsynleg.

Ég tel það líka víðs fjarri að jafnvel þótt sérsveitin sé efld sé á nokkurn hátt hægt að kalla það íslenskan her, þó við megum aldrei gleyma því að fyrir tveimur öldum tókst Jörundi hundadagakonungi að leggja Ísland undir sig með fáa tindáta og sennilega færri en 50 sérsveitarmenn.

Ég vil leggja áherslu á eitt í þessu máli, herra forseti, að þau útgjöld sem kunna að felast í tillögunum umfram það sem er að finna í fjárlögum, að heimildanna verði leitað fyrir þeim á Alþingi. Fjárveitingavaldið er hér á Alþingi en ekki hjá ríkisstjórninni.

[10:58]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Almenn löggæsla er hluti daglegs lífs í hverju samfélagi. Það er ekki þannig að allir bíði færis og brjóti lögin ef lögreglumaður sést ekki, heldur viljum við að lögreglumaður sé til taks og hafi umboð til að greiða úr, fyrirbyggja vandræði og taka á tilvikum sem upp kunna að koma.

Alveg eins er með læknisþjónustuna. Það er ekki markmið í sjálfu sér að sem flestir séu sjúkir, en að læknir sé til staðar ef á þarf að halda. Vitundin um nánd læknis og vitundin um nánd lögreglu veitir okkur öryggi. Starf þessara stétta er ekki síður fólgið í forvarnastarfi og samfélagslegri þátttöku en beinum verklegum aðgerðum. Þessi einföldu grunnatriði er mikilvægt að hafa í huga við uppbyggingu löggæslu í landinu og forgangsröðun í áherslum hvað hana varðar.

Hér skal ekki gert lítið úr aukinni hættu á alvarlegum vopnuðum glæpum hér á landi, en þessi samfélagslega sýn sem ég hef lýst má ekki glatast í aðdáun á miðstýrðu valdi í

skjóli vopna sem mörgum finnst einkenna um of hugarheim hæstv. dómsmrh.

Ríkislögreglustjóraembættið var upphaflega stofnað sem stjórnsýslulegur samræmingaraðili en var ekki ætlað að starfrækja lögreglusveitir. Þvert á þessa stefnu hefur ríkislögreglustjóraembættið þanist út á kostnað almennrar löggæslu í landinu. Grenndarlöggæslan, sem við í orði kveðnu leggjum áherslu á, hefur verið að skreppa saman og ég óttast að hún muni halda áfram að skreppa saman ef stefna dómsmrh. nær fram að ganga.

Flest löggæsluembætti í landinu búa við mikið fjársvelti og stöðugt skert starfsskilyrði. Verið er að skera niður almenna löggæslu um allt land. Þessar áherslur hæstv. dómsmrh. eru að mínu viti rangar. Íslensk þjóð er andvíg löggæslu í skjóli vopna.

[11:00]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. febrúar sl. um að efla sérsveit lögreglunnar var skynsamleg og nauðsynleg. Það er með ólíkindum að verða vitni að því í þingsal að hver þingmaðurinn á fætur öðrum komi hér upp af algerri málefnafátækt og vaði elginn. Það er alveg með ólíkindum að fylgjast með þessu. Þvílíkar yfirlýsingar sem koma frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar í tilefni af þessu máli og það blasir við að þeir hafa ekki haft fyrir því að setja sig efnislega inn í það.

Hér koma menn og spyrja: Á að vígvæða lögregluna á kostnað almennrar löggæslu og forvarna? Ef menn hefðu kynnt sér þetta mál efnislega sæju þeir að það er verið að efla almenna löggæslu í landinu, sérstaklega í Reykjavík. Stór hluti af þeim fjárveitingum sem þessar breytingar munu kalla á er til þess að efla lögregluna í Reykjavík. Þetta er mjög einfalt og það er auðvelt að sjá það ef menn setja sig inn í málið.

Síðan koma hér þingmenn annars vegar til að þakka fyrir það samráð sem haft var við undirbúning þessa máls og hins vegar kemur hv. þm. Sigurjón Þórðarson og spyr: Var haft eitthvert samráð? Hann hefur ekkert kynnt sér málið en er hins vegar tilbúinn til að koma hingað upp með miklar yfirlýsingar um að þetta sé vanhugsað og allt saman til að uppfylla meinta drauma hæstv. dómsmrh., alveg með ólíkindum.

Við landsmenn þurfum að takast á við ný verkefni á sviði lögreglumála af ábyrgð og festu. Þróun í tegundum afbrota innan lands og auknar kröfur til okkar í alþjóðasamfélaginu gera kröfu til þess að við högum skipulagi lögreglumála þannig að við stöndum undir þeim væntingum sem þessir aðilar gera til okkar. Þær ákvarðanir sem núna hafa verið teknar tryggja það að við getum staðið undir þessum væntingum.

[11:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hæstv. dómsmrh. segir að ekki standi til að stofna her á Íslandi. Sjálfur segir hann þó að skilin á milli hers og lögreglu séu harla óljós á hryðjuverkaöld. Þessu er ég algerlega ósammála.

Hins vegar er það rétt hjá hæstv. ráðherra að skilin á milli hers annars vegar og vopnaðrar grímuklæddrar sérsveitar hins vegar eru orðin harla óljós.

Spurt er hvernig eigi að efla forvarnir í þjóðfélaginu, eða öryggi öllu heldur. Hvernig á að efla og auka öryggi borgaranna og einnig lögreglunnar? Ég tel að það eigi að gera með því að efla forvarnir og almenna löggæslu úti á meðal almennings í hverfum borgarinnar, ef við lítum á höfuðborgarsvæðið, og ég held að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., eigi að kynna sér hvernig staðan er þar því að hún er alls ekki nógu góð.

Því fer fjarri að hörð löggæsla með vopnabúnaði tryggi öruggara samfélag. Við getum litið annars vegar til Bandaríkjanna og hins vegar til Kanada þar sem áherslur eru ólíkar hvað þetta snertir. Öflugt velferðarkerfi með virkum forvörnum er líklegra til að tryggja öruggara samfélag. Þetta er sýn okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þetta er líka sú arfleifð sem Íslendingar byggja á og innan íslensku lögreglunnar hefur leit hinna friðsamlegu og vinsamlegu samskipta við borgarana jafnan verið í heiðri höfð. Þannig hafa t.d. samtök íslenskra lögreglumanna jafnan lagst gegn því að íslenskir lögreglumenn bæru vopn að staðaldri. Þetta eru þær áherslur sem hafa einkennt íslenskt samfélag.

Ég vil að lokum ítreka þá spurningu sem ég vék að í upphafi: Hvað með leyniþjónustuþáttinn? Hvað með leyndarhjúpinn sem á að sveipa starf sérsveitarinnar og hæstv. ráðherra hefur vikið að í ummælum sínum?

[11:05]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður. Mér þykir miður að skoðanir mínar á kvikmyndum og öðru slíku villi mönnum sýn þegar þeir fjalla um þessi mál og þeir komist ekki út úr svo barnalegum viðhorfum sem hafa heyrst hjá þeim sem hafa verið að gagnrýna þessa ákvörðun. Ég bið menn um að líta á þetta á hlutlægum forsendum.

Ég legg málið þannig upp að við erum að takast á við alvarleg viðfangsefni í þjóðfélaginu og bregðast við á skynsamlegan hátt. Hér hafa þingmenn komið hvað eftir annað á undanförnum mánuðum og árum og fyrir liggja, eins og ég gat um, spurningar til mín: Hvað er til ráða hjá lögreglunni og öðrum þeim aðilum sem við höfum í þjóðfélaginu til að auka öryggi hins almenna borgara? Þetta er svar mitt við því. Þetta er skynsamlegasta leiðin sem okkur ber að fara núna. Ég virði það að menn hafi önnur sjónarmið varðandi þetta en bið þá um að ræða það á hlutlægum, málefnalegum forsendum en ekki láta mína persónu villa sér sýn og eitthvert ruglutal um það hvaða hugmyndir þeir hafa um viðhorf mitt til einstakra mála. Þetta eru viðfangsefnin sem við stöndum frammi fyrir, hv. þingmenn, að gera þjóðfélagið betra og öruggara. Því miður eru aðstæður þannig að það er nauðsynlegt að grípa til þessara ráðstafana.

Ég er tilbúinn að ræða þetta sem forgangsverkefni þegar við ákveðum fjárlög. Ég hef lagt fram mína stefnu. Ég tel nauðsynlegt að gera þetta með þessum hætti og ég er tilbúinn að fara í allar þær málefnalegu umræður sem eru nauðsynlegar til að þetta markmið náist. Það er ekki verið að stofna neina leyniþjónustu. Það er ekki verið að leggja á ráðin um neinn leyndarhjúp yfir sérsveitinni umfram það sem nauðsynlegt er til þess að sérsveitarmennirnir geti gegnt hlutverki sínu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson getur lesið um það og kynnt sér hvernig staðið er að slíku starfi hvarvetna í heiminum og hvernig þessir menn vinna og hann þarf ekkert að fara í sérstaka smiðju til mín um það. Ég hef ekki mótað þær starfsreglur. Þær eru settar í lögum og það er innan þeirra laga sem þessir sérsveitarmenn starfa. Það hefur verið samþykkt á Alþingi, og Alþingi hefur veitt það umboð sem

er nauðsynlegt til að þeir geti sinnt mikilvægum störfum sínum.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 279. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 315.

[11:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Á þessu 100 ára afmælisári heimastjórnar hefur verið óvenjumikil umræða um stjórnarskrána og stöðu hennar og ég tel að það sé af hinu góða.

Það frv. sem hér liggur fyrir þinginu má segja að sé innlegg í þá umræðu. Ég er ein þeirra sem tel að fyrir nokkuð löngu síðan sé komið tilefni til þess að gera heildarendurskoðun á stjórnarskránni og væri ekki úr vegi að hefja þá vinnu núna, á þessu 100 ára afmæli heimastjórnarinnar.

Þingflokkur Samf. lagði fram sem sitt fyrsta mál á haustþinginu tillögu um að gerð yrði slík endurskoðun á stjórnarskránni. Þar var hv. þm. Össur Skarphéðinsson 1. flm. Hæstv. forsrh. hefur nýlega lýst því yfir að hann telji ástæðu til að endurskoða stjórnarskrána. Reyndar hefur hann sérstaklega tiltekið tvo kafla hennar, I. og II. kafla, og þá kannski sérstaklega bent þar á ákvæðin um embætti forseta Íslands. Ég er ekki sammála hæstv. forsrh. í því að það séu þau verkefni sem er brýnast að skoða í íslenskri stjórnskipan. Ég held að það sem skipti mestu máli og sé mikilvægast að taka á sem allra fyrst sé staða Alþingis, staða þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Frumvarp hv. flm. Kristins H. Gunnarssonar er einmitt lagt fram, má segja, í því skyni að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég vil líka vekja athygli á því að þetta frv. snertir kannski að svolitlu leyti annað frv. sem liggur fyrir þinginu og varðar samkomutíma Alþingis. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ásamt mér er flm. að því. Það má segja að rökin fyrir því frv. séu þau sömu og fyrir þessu frv. og þá er ég einkum að vísa til ákvæðisins um bráðabirgðalögin. Það eru ekki rök fyrir því lengur að þingið starfi jafnstuttan tíma árs og áður var og þess vegna er hægt að gera breytingar á borð við þá sem hér er lagt til.

Ég vil sérstaklega einbeita mér að fyrri hluta frv. sem er um bráðabirgðalagaheimildina. Heimildin til bráðabirgðalaga er sett í því þjóðfélagi sem við Íslendingar bjuggum í á þarsíðustu öld og átti kannski við á fyrri hluta síðustu aldar þar sem voru miklir samgönguerfiðleikar, lítil fjarskipti og erfitt að fara á milli. Þingið kom saman mun sjaldnar en nú er. Í upphafi kom það saman annað hvert ár og fundirnir stóðu mjög skamman tíma í senn, átta vikur í upphafi, og þingið kom þá saman annað hvert ár. Það segir sig sjálft að ákvæðið átti heima í því þjóðfélagi sem við bjuggum í þá. Það hefur hins vegar jafnan verið umdeilt og komið oft til umræðu hvort það eigi rétt á sér og hvort þetta fyrirkomulag stangist ekki í raun á við það grundvallarskipulag sem við byggjum stjórnskipun okkar á, þrígreiningu ríkisvaldsins. Svo sannarlega gerir þetta ákvæði það. Þetta ákvæði gerir ráð fyrir því að frumkvæðið að löggjöfinni og löggjafarhlutverkið sé fært frá hinum eiginlega löggjafa sem er Alþingi og yfir til framkvæmdarvaldsins. Það segir sig sjálft að miðað við þetta dýrmæta skipulag sem stjórnskipunin byggir á um þrígreininguna — við skulum ekki heldur gleyma því að þrígreiningin er einmitt sett til að vernda borgarana fyrir ofríki ríkisvaldsins. Þess vegna var þessu fyrirkomulagi komið á og við verðum alltaf að hafa það í huga þegar við ræðum þrígreininguna og stjórnskipunina. Það að taka í raun og veru þetta löggjafarhlutverk úr hendi Alþingis og setja það í hendur framkvæmdarvaldinu með eftirásamþykki Alþingis segir sig sjálft að er frávik frá þessari meginreglu.

Þetta var gert, hæstv. forseti, af ákveðinni neyð í upphafi og vegna þess að hér bjó enn fámennari þjóð en við höfum í dag í strjálbýlu og oft og tíðum mjög harðbýlu landi. Það var erfitt að taka upp í einni svipan þetta ítarlega fyrirkomulag sem þrískipting ríkisvaldsins gerði ráð fyrir. Þess vegna var eðlilegt á sínum tíma að gert væri ráð fyrir slíku ákvæði. Annars hefði verið mjög erfitt fyrir okkur að halda hér úti löggjafarsamkundu.

Síðan stjórnarskráin er sett í upphafi höfum við smám saman verið að vinda ofan af ýmsum vanköntum sem einkenndu hið upphaflega fyrirkomulag okkar og komu kannski bæði á stjórnskipan okkar og stjórnsýslukerfinu sem slíku og komu til vegna þessarar neyðar sem var strjálbýlið, samgönguerfiðleikar og fjarskiptaerfiðleikar. Það er ekki nema um það bil áratugur síðan við tókum upp fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds í héraði. Fram að þeim tíma gátu sömu menn rannsakað og dæmt mál í héraði en það stenst ekki þær kröfur sem þrískiptingin kallar á. Við Íslendingar létum dragast óhóflega lengi að gera þessa grundvallarbreytingu í okkar kerfi og það þurfti til að einstaklingur, hjólreiðamaður á Akureyri, höfðaði mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu sem varð til þess að við drifum í að gera það sem við kannski fyrir löngu höfðum séð að við þyrftum að gera og var æskilegt að gera til að tryggja og styrkja lýðræðið.

Þó að það sé kannski að mörgu leyti ólíkt því sem við erum að ræða hér voru rökin fyrir þeirri breytingu gjarnan þau að erfitt væri að halda úti þessu fyrirkomulagi í dreifbýlinu þannig að við höfum oft skýlt okkur á bak við slík rök þó að ekki sé alltaf ástæða til þess. Og bráðabirgðalagaákvæðið er svo sannarlega arfur liðins tíma. Það eru engin rök fyrir því að halda því ákvæði úti lengur.

Það er í raun og veru ekkert sem kallar á þetta ákvæði í dag, og eins og kom í ljós þegar deildaskiptingin var afnumin fyrir 12, 13 árum var þetta mikið rætt og ákvæðið hefur eðlilega verið mjög umdeilt frá upphafi. Við deildaskiptinguna var hins vegar ákveðið að halda ákvæðinu áfram eða þrengja nokkuð heimildina vegna þess að menn voru kannski ekki tilbúnir til þess að taka skrefið til fulls þá.

Gjarnan hefur verið bent á að upp geti komið algjör neyðartilvik sem kalli á það að setja þurfi lög í einni svipan og jafnvel þrátt fyrir að við höfum betri fjarskipti og betri samgöngur en við höfðum áður geti þau atvik hugsanlega komið upp, einhver alvarleg hætta sem steðjar að landi og þjóð o.s.frv., og því er kannski skiljanlegt að það hafi verið hikað svolítið við að afnema ákvæðið algjörlega. En þegar maður skoðar umfjöllun um þetta ákvæði í stjórnskipunarréttinum er augljóst að það hefur ekki verið ætlunin, og allra síst eftir umræðuna 1991 var ekki ætlunin að það yrði notað nema í mjög afmörkuðum og takmörkuðum tilvikum.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, þar sem við höfum bara spánnýtt dæmi um það sem ég vil kalla beina misnotkun á þessu ákvæði sem eru hin umdeildu lög sem voru sett, bráðabirgðalögin um lax- og silungsveiði, á síðasta ári, ef

ég man rétt, að það voru nákvæmlega engin rök fyrir því að setja bráðabirgðalög um það efni. Málið lá fyrir þegar þingið kom saman að vori og hægt hefði verið að framlengja þingið og láta það taka málið til umfjöllunar en það var ákveðið að gera það ekki. Í þeirri umræðu tókst hæstv. landbrh. ekki að sannfæra mig né marga aðra um að nauðsyn hafi verið á að fara þá leið að setja bráðabirgðalög.

Því segi ég, virðulegi forseti, að þó að ég geti skilið að það sé kannski svolítið viðurhlutamikið að fella ákvæðið algjörlega út — að hugsanlega gætu verið einhver tilvik sem réttlæta það að halda því inni — þá held ég að hægt sé að kalla Alþingi saman með það skömmum tíma í dag að ekki séu rök fyrir því að hafa ákvæðið lengur inni. Eftir að hafa farið í gegnum þá umræðu sem átti sér stað í fyrra um lax- og silungsveiðina þar sem var mjög hæpið að beita þessu ákvæði, held ég að þetta sé leið sem við eigum að skoða mjög alvarlega. Við eigum ekki að halda inni ákvæðum sem eru arfur liðinna tíma og engin rök eru fyrir að halda lengur inni og sérstaklega, virðulegi forseti, þegar komið hefur í ljós að þeim er beitt ótæpilega á Alþingi að grípa inn í og skoða hvort þurfi að breyta þessu.

Ég vil hins vegar segja, hæstv. forseti, að ég held að æskilegt væri varðandi stjórnarskrána að taka þessa heildarendurskoðun. Ég held að það sé orðið löngu tímabært og ég held að það sé betra að framkvæma breytingar á henni þannig. Það eru mörg önnur ákvæði sem ég teldi ástæðu til að skoða. Ég teldi t.d. ástæðu til að skoða frekar ákvæði 39. gr. sem er um rannsóknarnefndir þingsins sem hefur verið algjörlega óvirkt hér á landi og við höfum ekki náð að virkja en hefur verið mjög mikilvægur aðhaldsventill með framkvæmdarvaldinu í nágrannaríkjum okkar. Við þurfum kannski að velta því fyrir okkur af hverju það virkar ekki hér og skoða einhverjar breytingar á því. Fjölmörg fleiri ákvæði mætti nefna sem er fullkomlega kominn tími á að fara ofan í en að sjálfsögðu þyrfti að vanda þá vinnu mjög vel. Síðast þegar mannréttindakaflinn var endurskoðaður 1995 var það gert með fullmiklu hraði, þótti mörgum, það var gert af ákveðnu tilefni og var löngu tímabært. Ég held að sú breyting hafi verið til hins betra. Við ættum kannski að miða við það að hefja þessa vinnu núna á heimastjórnarafmælinu en gefa okkur svolítinn tíma í það og setja í það okkar besta fólk til þess að framkvæma þá heildarendurskoðun. Þetta er svo sannarlega eitt af því sem þyrfti að koma fyrir í slíkri endurskoðun.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill geta þess að mælt var fyrir frv. þessu þann 18. febrúar og þetta er framhaldsumræða.)

[11:20]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Eins og forseti gat um er nokkuð um liðið síðan 1. umr. um þetta frv. hófst en þrátt fyrir það vil ég í upphafi máls mín geta þess að mér finnst virðingarvert hjá hv. flm., 7. þm. Norðvest. Kristni H. Gunnarssyni, að koma með rökstuddar tillögur um breytingar á stjórnarskipunarlögunum inn í þingið. Ég held að það sé fyllsta ástæða til þess fyrir okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi að taka öðru hvoru umræðu um grundvallarþætti stjórnskipunarinnar. Það er ekki þar með sagt að við eigum að leggjast í heildarendurskoðun á örfárra ára fresti en það er ágætt fyrir okkur að taka af og til umræðu um það hvort tilefni sé til breytinga á einstökum þáttum stjórnarskrárinnar og fjalla um það málefnalega fram og til baka hvort tilefni er til að taka málið upp og hvaða stefnu við viljum taka.

Ég ætla hins vegar ekki í þessari ræðu að fara almennt út í umræðu um hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni eins og hv. 3. þm. Reykv. n. gerði áðan, heldur takmarka mig við þau ákvæði sem felast í frv. sem hér liggur fyrir. Um það vil ég segja að ákvæðið sem lýtur að bráðabirgðalögum felur auðvitað ekki í sér nýja hugmynd heldur er þetta mál sem hefur auðvitað oftsinnis komið til umræðu. Ég segi fyrir sjálfan mig að þetta ákvæði hefur í mínum huga lengi verið heldur óheppilegt stílbrot í stjórnskipuninni og ég tel að það sé í rauninni ástæða til þess fyrir okkur alþingismenn að velta því fyrir okkur hvort við viljum hrófla við því. Ég er ekki sannfærður um að niðurstaðan eigi að vera sú að fella það burt en ég tel að fyrir því geti verið ákveðin málefnaleg sjónarmið.

Eins og fram hefur komið varð veruleg breyting á þessu ákvæði árið 1991 með stjórnarskipunarlögum sem þá tóku gildi og ég tel að það hafi verið afar sterk rök fyrir þeirri breytingu. Á áttunda og níunda tug aldarinnar sem leið bar það mikið á notkun heimildar til bráðabirgðalaga að jaðraði við misnotkun. Á áttunda áratugnum voru milli 60 og 70 tilvik um setningu bráðabirgðalaga og milli 1980 og 1990 voru tilvikin nálægt 50. Ég held að flestir geti verið sammála um að slík notkun er miklu meiri en eðlilegt getur talist.

Við breytinguna 1991 var ákvæðið í rauninni þrengt og síðan það var samþykkt hefur heimildinni aðeins verið beitt átta sinnum. Menn sjá því að á þessu varð veruleg bragarbót með breytingunni árið 1991. En ég er ekki tilbúinn til þess í dag að fullyrða að þau átta tilvik sem notkunin hefur verið síðan gefi okkur tilefni til að fella heimildina alfarið burt. Ég get þar af leiðandi í raun og veru ekki tekið undir þær áhyggjur sem fram komu í máli hv. flm. frv. þegar hann mælti fyrir frv. upphaflega þar sem hann taldi að það stefndi í sama farið og var fyrir 1991. Ég held að þær tölur sem ég gat um áðan sýni að það stefnir ekkert í að ákvæðinu verði beitt með sama hætti og var á áratugunum fyrir breytinguna. Ég held að þær forsendur séu allt aðrar. Ég tel að það geti verið tilefni til þess að velta þessu upp og ræða það en ég tek líka fram að ég er ekki tilbúinn til þess að fullyrða á þessari stundu að niðurstaðan eigi að vera sú að við fellum ákvæðið burt, en fyrir því kunna að vera sjónarmið.

Varðandi hitt atriðið sem getið er um í frv. sem hér er til umræðu, um setu ráðherra á Alþingi, verð ég að segja að mér líst síður á þá hugmynd en þá sem kemur fram í fyrri grein frv. Í fyrsta lagi finnst mér rétt að það komi fram í umræðunni að það fyrirkomulag sem við höfum hér að ráðherrar eru oft og iðulega og kannski oftast jafnframt alþingismenn er sama fyrirkomulag og við sjáum í flestum þingræðisríkjum í kringum okkur. Eina undantekningin er Noregur. Þetta hefur ekki verið talið vandamál í löndunum í kringum okkur og ég verð að segja að ég hef ekki séð vandamálið sem fylgir þingsetu ráðherranna.

Í annan stað er auðvitað rétt að fram komi við umræðuna að það er ekkert í núgildandi fyrirkomulagi sem bannar það að þeir flokkar sem eiga aðild að ríkisstjórn velji aðra en þingmenn til setu í ráðherrastólum. Stjórnskipunin gerir beinlínis ráð fyrir því að það sé hægt og það er þá pólitísk ákvörðun þeirra flokka sem eiga aðild að ríkisstjórn hverju sinni hvort þeir velja þingmenn eða utanþingsmenn til setu í ráðherrastólum. Ef þau sjónarmið eru uppi í einstökum flokkum að heppilegra sé að einhverjir aðrir en þingmenn

sitji í ráðherrastólunum er þeim sömu flokkum það í sjálfsvald sett að taka slíka ákvörðun. Hins vegar er auðvitað rétt að það er afar fátítt hér á landi að utanþingsmenn setjist í ráðherrastóla en það á sér einnig þá skýringu að pólitískir forustumenn hvers flokks eru að jafnaði kjörnir á þing. Nýlegasta dæmið sem við munum eftir um að utanþingsmaður settist í ráðherrastól var auðvitað þegar núv. forseti lýðveldisins gegndi embætti fjármálaráðherra, þá varaþingmaður, en hann var engu að síður formaður í sínum stjórnmálaflokki og tók sæti í ríkisstjórninni á þeim forsendum. Það hefur því verið í slíkum tilvikum sem utanþingsmenn hafa verið valdir til setu ráðherra. En fyrirkomulagið eins og það er í dag útilokar ekkert í þessu sambandi þannig að það er pólitísk ákvörðun þingmanna hvers flokks um sig hverja hann velur til setu í ráðherrastólum.

Ég vil í þessu sambandi líka vekja athygli á ákveðnu vandamáli sem ég tel að fylgdi því ef sú regla yrði tekin upp að þingmenn yrðu að segja af sér þingmennsku tækju þeir við ráðherraembættum og ríkisstjórnin yrði þar af leiðandi öll skipuð utanþingsmönnum. Þetta er sama atriði og hv. þm. Jóhann Ársælsson vakti athygli á í upphafi þessarar umræðu fyrir hálfum mánuði og það er að jafnvægi í þingsölum mundi á vissan hátt raskast verulega með þessari breytingu. Við sjáum að ef þessi breyting væri í gildi í dag væru hér til viðbótar fyrir utan þingmenn stjórnarflokkanna, sem eru 22 sjálfstæðismenn og 12 framsóknarmenn, tólf fulltrúar þessara flokka með málfrelsi og tillögurétt í þinginu sem bættust við lið stjórnarflokkanna. Ég er hræddur um að mörgum þætti að hallað væri með óeðlilegum hætti á stjórnarandstöðuna ef jafnvæginu yrði raskað með svo afdrifaríkum hætti.

Nefnt hefur verið sem rök fyrir breytingu af þessu tagi að með því væri stigið skref í átt að auknum aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafaravalds. Það er vissulega rétt. Spurningin er sú hins vegar hvort áhrifin af slíkri breytingu yrðu alfarið af hinu góða. Ég held að áhrif breytingar af þessu tagi gætu m.a. verið þau að draga úr samspili ríkisstjórnar og þings og ég er ekki viss um að það leiddi endilega til aukins vægis þingsins. Ég held að eftir sem áður séu þau mörgu og mikilvægu verk sem framkvæmdarvaldinu eru falin þess eðlis að ekki sé hægt að taka ákvarðanir um þau atriði á þingi frá degi til dags. Þingið setur löggjöf, eðli málsins samkvæmt, en þeir sem sitja í ríkisstjórn stýra framkvæmdarvaldinu. Ég held að með því að minnka þessi tengsl, auka bilið þarna á milli, væri ekkert endilega verið að auka vægi þingsins og draga úr vægi framkvæmdarvaldsins. Ég held að þessi gliðnun gæti í raun og veru leitt til þess að vægi þingsins mundi jafnvel minnka, ég veit það ekki, en ég held að þær afleiðingar gætu alveg komið fram.

Í þessu sambandi vil ég að lokum, hæstv. forseti, geta þess að íslenska stjórnskipunin byggir m.a. á forsendunni um þrígreiningu ríkisvaldsins. Þrígreining ríkisvaldsins hefur hins vegar aldrei verið fullkomin hér á landi og ekki í nokkru öðru landi. Þrígreiningin er ákveðið viðmið en því hefur hvergi verið framfylgt með afdráttarlausum hætti. Þess vegna má ekki túlka hugmyndina um þrígreiningu samkvæmt einhverri bókstafstúlkun. Þingræðiskerfið sem slíkt felur í sér frávik frá þrígreiningu ríkisvaldsins og frávikin eru vissulega fleiri. Tilgangurinn með því að hafa aðgreiningu milli hinna mismunandi þátta ríkisvaldsins er auðvitað sá að tryggja ákveðið eftirlit og aðhald einstakra hluta ríkisvaldsins hvers með öðrum og tryggja að allt vald sé ekki sett á sömu hendi. Hugmyndin um þrígreiningu ríkisvaldsins kom fram á 18. öld þegar einveldi konunga var ráðandi stjórnarform í hinum vestræna heimi, í Evrópu. Þrígreiningin var svar við því að allt vald ríkisvaldsins, hvort sem um var að ræða löggjafarvald, framkvæmdarvald eða dómsvald lægi hjá sama manninum og fulltrúum hans. Þrígreiningin var svar við þessu.

Síðan hefur lýðræðisfyrirkomulag í löndum hins vegar þróast með ýmsum hætti og hvergi er um þessa fullkomnu þrígreiningu að ræða, og þó að aðgreining hinna mismunandi þátta ríkisvaldsins sé vissulega afar mikilvæg vara ég við því að menn leggist í mikla bókstafstúlkun út frá reglunni um þrígreiningu.

[11:32]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja nokkur orð í belg um það frv. sem hér er til umræðu, frv. til stjórnarskipunarlaga, þar sem lagðar eru til tvær breytingar á stjórnarskránni, annars vegar að heimild til setningar bráðabirgðalaga fyrir fulltrúa framkvæmdarvaldsins verði afnumin og hins vegar að fest verði í stjórnarskrá sú regla að þeir aðilar sem gegni ráðherraembættum megi jafnframt ekki sitja sem þingmenn.

Ég vil í upphafi lýsa því yfir að ég er fylgjandi því að stjórnarskráin sæti endurskoðun. Ég held að það sé nauðsynlegt að plagg eins og stjórnarskráin, sem mælir fyrir um stjórnskipun ríkisins og helstu réttindi, þar á meðal frelsisréttindi einstaklinga, sé alltaf undir endurskoðun hjá löggjafarvaldinu. Það er kostur við framlagningu frv. eins og þessa að það hvetur til umræðu um stjórnarskrána og ákvæði hennar.

Ég tel hins vegar mikilvægt að við slíka endurskoðun reyni menn að haga endurskoðuninni þannig að hún sé sem næst þverpólitísk, vel ígrunduð og fagleg. Ég leyfi mér í því sambandi að vísa til þeirrar vinnu sem lögð var fram þegar stjórnarskránni var breytt síðast með lögum nr. 97/1995, þar sem ákvæði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar voru tekin til endurskoðunar ásamt reyndar öðrum ákvæðum hennar. Þar fór fram vinna nefndar sem skipuð var m.a. fulltrúum allra stjórnmálaflokka og að þeirri vinnu komu ýmsir aðrir fróðir aðilar sem lögðu sitt lóð á vogarskálarnar og tókst í flestum tilvikum tel ég ágætlega til.

Ég leyfi mér hins vegar að efast um að slík vinna, þ.e. fagleg yfirlega og pólitísk, liggi að baki þessu frv.

Ég ætla að leyfa mér að víkja að þeim greinum sem fram koma í frv. og byrja á 2. gr. frv. sem gerir ráð fyrir því, verði hún lögfest, að ráðherra megi ekki vera þingmaður. Hv. þm. Birgir Ármannsson gerði reyndar ágætlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem koma til álita við mat á því hvort rétt sé að ráðherra megi ekki vera alþingismaður og ég leyfi mér að gera þau sjónarmið að mínum. Ég tel að það sjónarmið, að jafnvægi í þingsölum yrði raskað yrði þessi breyting að lögum, skipti verulegu máli og sú ábending að það sé ekkert sem bannar það í stjórnarskránni að menn utan þings séu skipaðir til setu í ráðherrastól geri það að verkum að a.m.k. ég hef ákveðnar efasemdir um að rétt sé að festa þetta ákvæði í stjórnarskrá. Ég tel að ef það verði gert verði núverandi stjórnskipan breytt með mjög afdrifaríkum hætti án þess að næg umræða hafi farið fram um slíka breytingu. Ég leyfi mér þó að leggja til málanna það sjónarmið að yrði tillagan eða ákvæðið að lögum og við mundum breyta stjórnarskránni með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir hefði slíkt í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Það má ljóst vera

að frv. gerir ekki ráð fyrir neinni fækkun þingmanna þannig að starfsliði á þingi mundi fjölga. Lauslegir útreikningar sem komið hafa fram í fjölmiðlum vegna frv. og þeirra breytinga sem það mælir fyrir um gerir ráð fyrir, án þess að ég hafi staðreynt það sérstaklega, að kostnaðaraukning ríkissjóðs væri í kringum 100 millj. kr. Þetta er náttúrlega atriði sem skiptir máli og rétt að halda til haga þegar við fjöllum um þessa breytingu.

Ég hef efasemdir um að rétt sé að stíga þetta skref og vísa að öðru leyti varðandi sjónarmið um þessa grein frv. til þess sem fram kom í ræðu hv. þm. Birgis Ármannssonar og ætla mér þá að víkja að 1. gr. frv., þ.e. þeirri breytingu sem lögð er þar til, að 28. gr. stjórnarskrárinnar falli brott og þar með verði heimild framkvæmdarvaldsins til setningar bráðabirgðalaga afnumin. Almennt um þá heimild tel ég að stjórnarskráin sé betur úr garði gerð með þessari heimild. Eins og komið hefur fram í umræðunni hafa verið gerðar breytingar á þessu ákvæði sem hafa leitt til þess að setning bráðabirgðalaga er nú undantekning en ekki regla. Það eru líka settir mjög strangir varnaglar við því að ákvæðinu verði beitt og bráðabirgðalög séu sett sem kveða á um að slíkt verði ekki gert nema brýna nauðsyn beri til slíkrar lagasetningar. Telji menn að það skilyrði sé ekki uppfyllt höfum við enn þann öryggisventil að fá dómstóla til að skera úr um það hvort skilyrði um brýna nauðsyn hafi verið uppfyllt í því tilviki þegar bráðabirgðalög hafa verið sett.

Það er því augljóst að við erum að tala um undantekningarreglu sem sætir eftirliti bæði þings og dómstóla en getur verið mikilvæg við ákveðnar aðstæður. Það geta komið upp og skapast þær aðstæður að nauðsynlegt sé fyrir framkvæmdarvaldið að geta gripið til þeirra aðgerða að setja lög, sé brýn nauðsyn til slíks. Ég er almennt þeirrar skoðunar að við ættum að halda þeirri heimild inni.

Mig langar til að víkja að rökstuðningnum fyrir breytingartillögunni sem frv. kveður á um, eins og hún kemur fram í grg. með frv. Þar kemur fram að frv. sé m.a. lagt fram vegna setningar bráðabirgðalaga sem breyttu lögum um lax- og silungsveiði, það er sérstaklega vísað til þeirra bráðabirgðalaga og jafnframt vísað til álitsgerða lögfræðinga sem lágu fyrir í því máli, lögfræðinganna Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík, og Eiríks Tómassonar, prófessors við Háskóla Íslands. Flutningsmaður frv. telur að í ljósi þess sem fram kemur þyki rétt að fella niður með öllu núverandi heimild til að setja bráðabirgðalög.

Flutningsmaður segir í grg., með leyfi forseta, varðandi þetta atriði:

„Niðurstaða Ragnhildar er að með bráðabirgðalögunum nú hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991 og Eiríkur Tómasson telur setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik. Það sem fyrst og fremst þykir vafasamt er hvort brýna nauðsyn hafi borið til að beita heimildinni og setja bráðabirgðalög fremur en að leggja málið fyrir Alþingi, sem fer með löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni. Reyndar gengur Ragnhildur í áliti sínu svo langt að segjast vera þeirrar skoðunar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. um brýna nauðsyn, eins og greinin verði skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, með því að setja bráðabirgðalög án þess að reyna að leggja málið fyrir þingið sem kom saman rétt um tveimur vikum áður en frestur rann út til þess lögfesta tilskipun Evrópusambandsins."

Í ljósi þessara atriða telur flm. frv. rétt að fella heimildina niður.

Ég leyfi mér að vísa til þess að í álitsgerð Ragnhildar Helgadóttur kemur jafnframt fram, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeim dómum sem gengið hafa um þetta atriði á síðasta áratug tel ég ólíklegt að dómstólar mundu telja bráðabirgðalöggjafann hafa farið út fyrir valdsvið sitt skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar er lög nr. 103/2003 voru sett."

Lektorinn, virðulegi forseti, telur ólíklegt að dómstólar mundu telja að við setningu laganna um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði hafi ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar verið brotið. Samt sem áður er þessi álitsgerð, sama álitsgerð og þessi orð koma fram í, lögð fram í grg. sem helsta röksemd fyrir því að stjórnarskránni skuli verða breytt þannig að bráðabirgðalagaheimildin verði afnumin.

Ég vísa því til þess að ég tel, og vil að því sé haldið til haga, að flm. frv. sé kannski að leggja of mikið út af orðum álitsgerðar Ragnhildar Helgadóttur lektors.

Eins og ég sagði fyrr í ræðunni er ég almennt fylgjandi því að stjórnarskráin sæti endurskoðun ef ástæður þykja til og við eigum að vera með augun opin varðandi það hvort við getum bætt stjórnarskrána og breytt henni. Ég hef áður sagt að ég tel nauðsynlegt að slík endurskoðun sé þverpólitísk, fagleg, vel ígrunduð og lúti fyrst og fremst að þeim þáttum sem augljóslega þurfa lagfæringar við eða mikill ágreiningur er um í þjóðfélaginu um þýðingu greina.

Ég leyfi mér í því sambandi að nefna að í stjórnarskránni, þar á meðal í V. kafla sem fjallar um dómendur og skipan dómsvaldsins, er hvergi vikið að Hæstarétti Íslands. Hæstiréttur Íslands hefur enga stöðu í stjórnskipun lýðveldisins þegar stjórnarskráin er lesin. Að vísu er í 8. gr. og 61. gr. vikið að hæstaréttardómurum en það er ekkert vikið að Hæstarétti og honum er ekki mörkuð nein sérstök staða innan stjórnskipunarinnar í stjórnarskránni eins og hún er nú.

Ég leyfi mér líka að benda á að ég tel að við slíka endurskoðun væri rétt að taka ákvæði II. kafla stjórnarskrárinnar til endurskoðunar, sérstaklega varðandi þau atriði sem snúa að forsetanum. Eins og menn vita eru ákvæðin óskýr og menn eru mjög ósammála um inntak þeirra ákvæða sem fjalla um forseta lýðveldisins. Ég get tekið sem dæmi að í 15. gr. stjórnarskrárinnar segir að forsetinn skipi ráðherra og veiti þeim lausn, hann ákveði tölu þeirra og skipti störfum með þeim. Í framkvæmd er þetta auðvitað ekki svona. Það er ekki forseti lýðveldisins sem ákveður tölu ráðherranna og skiptir þeim niður í embætti.

Í 20. gr. stjórnarskrárinnar er einnig fjallað um það að forseti lýðveldisins skipi menn í embætti en jafnframt að hann víki úr embætti þeim mönnum sem hann hefur veitt embætti og geti flutt þá til í störfum. Þetta er ekki svona í raunveruleikanum. Í 21. gr. segir að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki. Við vitum að svo er ekki. Í 25. gr. segir að forseti lýðveldisins geti látið leggja fyrir Alþingi frv. til laga og annarra samþykkta. Við þekkjum það sem sitjum á þingi að lagafrv. koma ekki frá forseta lýðveldisins og eru ekki lögð af honum fram á Alþingi til samþykktar. Auðvitað verður að skoða þetta allt með hliðsjón af 11. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að forseti lýðveldisins sé ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, og ákvæði 13. gr. um að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt en það breytir því ekki eins og ég sagði áðan að þessi ákvæði eru óskýr og menn greinir mjög á um það, hvort sem það eru þingmenn eða aðrir aðilar úti í þjóðfélaginu, hvert efnisinntak þessara

ákvæða eru. Ég tel rétt að við endurskoðun á stjórnarskránni yrðu þessi ákvæði m.a. tekin til skoðunar ásamt því sem ég sagði áðan, að Hæstarétti Íslands verði veitt staða innan stjórnarskrárinnar með meira afgerandi hætti en nú er.

Virðulegi forseti. Þetta voru mín sjónarmið, bæði til þessarar umræðu almennt og jafnframt til þeirra atriða sem frv. þetta tekur til. Ég lýsi því enn og aftur að ég hef ákveðnar efasemdir um það að fella bráðabirgðaheimildarákvæðið út úr stjórnarskránni og enn fremur að gera svo drastískar breytingar á stjórnskipaninni sem 2. gr. frv. kveður á um. A.m.k. tel ég að mun vandlegar þurfi að fara ofan í áhrif þess að gera slíkar breytingar en gert hefur verið.

[11:49]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þingmanninum fyrir málefnalega ræðu. Það er aðeins eitt atriði sem ég vil taka fyrir í andsvörum svo það sé afgreitt af minni hálfu strax, það sem fram kemur í áliti Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík.

Eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gat um kemur fram í greinargerðinni með frv. að álit lektorsins hefur að geyma þá niðurstöðu hennar að hún telur að nær hafi verið gengið ákvæðum stjórnarskrárinnar við setningu bráðabirgðalaganna í sumar en dæmi eru um frá 1991. Það staðfestir mat lektorsins á því að tilhneigingin er að útvíkka heimildina, túlka hana rúmar en áður var.

Í öðru lagi kemur fram hjá lektornum það mat hennar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnar eins og greinin verður skýrð. Það er hennar mat. Hitt er alveg rétt sem þingmaðurinn bætti við að lektorinn telur ólíklegt að dómstólar mundu dæma þessi bráðabirgðalög ólögmæt. Ég dreg alveg öfuga ályktun út frá þessu öllu samanlögðu miðað við þingmanninn. Mér finnst það einmitt vera rökstuðningur fyrir því að það er nauðsynlegt fyrir þá sem eru þessarar skoðunar, eins og ég og t.d. lektorinn, að leggja fram frv. og breyta þessu ákvæði. Ég vil reyndar ganga það langt að fella það alveg niður.

[11:51]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar greinir okkur á, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson og mig. Ég tel að vegna tilvika þar sem hugsanlega, undir einhverjum kringumstæðum, hafi verið gengið nærri ákvæðum stjórnarskrárinnar verði ekki til tilefni til að breyta stjórnarskránni. Ég tel að framkvæmdin eins og hún hefur verið, þ.e. að ákvæðinu hefur verið beitt sem undantekningarákvæði frá breytingu stjórnarskipunarlaganna 1991, leiði til þess að við höldum ákvæðinu inni. Það að hugsanlega hafi verið gengið nærri stjórnarskránni eða að um afmarkað tilvik sé að ræða þar sem lektorar bæði slá í og úr getur ekki leitt til þess að við sjáum okkur knúin til að breyta stjórnarskránni. Okkur greinir á um þetta, mig og flm. Ég tel að meira þurfi til, ríkara tilefni til þess að breyta stjórnarskránni vegna þeirra bráðabirgðalaga sem sett voru á umræddu þingi. Þetta er bara ágreiningur. Sjónarmiðið er ágætt og málefnalegt en ég er bara ekki sammála.

[11:53]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst í hverju mismunandi mat liggur, þ.e. í því hvar eigi að draga mörkin. Hvar eiga takmörkin að liggja fyrir þann sem hefur heimild til að beita þessu ákvæði um að setja bráðabirgðalög? Með því að fara þá leið sem ég legg til eru mörkin alveg skýr. Það er ekki hægt að deila um það. Þá væri alveg ótvírætt að þetta mætti ekki þannig að það yrði ekki frekar um það deilt í framtíðinni. Menn hefðu enga heimild.

Vilji menn hafa ákvæðið inni tel ég að menn yrðu eftir sem áður að gera breytingu á þessu ákvæði eins og það er núna í stjórnarskránni vegna þess að það er of opið og matskennt. Menn yrðu þá að skýra frekar hvar þeir vilja draga mörkin. Menn geta t.d. ákveðið að takmarka lagasetningarheimildina við einhver þrengri afmörkuð tilvik sem eru tilgreind. Það mætti hugsa sér að lagasetningarheimildin væri takmörkuð að umfangi og hún gæti verið takmörkuð í tíma o.s.frv. Eftir þessar umsagnir þykir mér a.m.k. ljóst að jafnvel út frá sjónarhóli þeirra sem vilja hafa ákvæðið inni hljóti menn að telja að núgildandi heimild sé of opin því að hún býður upp á túlkun sem menn síðan útvíkka stig af stigi.

[11:55]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aftur greinir okkur á, mig og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Ég er ekki sammála því að ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar eins og það er núna sé opið og matskennt. Ég tel að ákvæðið sé miklu fremur þröngt og skilyrt, mjög þröngt og skilyrt, og ástæðan er sú sem ég nefndi í ræðu minni, það er gerð krafa um brýna nauðsyn til þess að slík lög séu sett. Lögin hljóta síðan afgreiðslu á Alþingi þegar þingið kemur saman og telji menn enn á ný að skilyrðin séu ekki uppfyllt sætir slíkt mat úrskurði dómstóla. Ég veit í sjálfu sér ekki hversu miklu lengra hægt er að ganga til þess að þrengja og skilyrða þessa heimild. Ég ítreka það sem ég sagði að ég tel að ákvæðið eins og það er núna sé ekki opið og matskennt heldur miklu fremur þröngt og afar skilyrt.

[11:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem við erum nú að ræða er um stjórnarskipunarlög og mig langar að blanda mér í þá umræðu. Í fyrsta lagi er afstaða mín til fyrri liðar þessa frv. um bráðabirgðaákvæði, um að hafa það ákvæði í stjórnarskránni að ríkisstjórn geti sett bráðabirgðalög, einfaldlega þannig að ég tel að slíkt ákvæði eigi ekki lengur við og það beri að fella niður.

Það fer ekkert á milli mála að fyrr á tíð gátu verið full rök fyrir því að slíkt ákvæði væri inni, þegar samgöngur voru með öðrum hætti eða enn frekar þegar þingið sat kannski ekki nema annað hvert ár. Ákvæðið er þess vegna barn síns tíma og ekki er lengur brýn nauðsyn á að hafa það inni í löggjöfinni. Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að það eigi að afnema heimildina til bráðabirgðalagasetningar. Ef menn geta alls ekki fallist á að ganga þá leið alla að afnema ákvæðið er a.m.k. nauðsynlegt að afmarka mjög skýrt í hvaða tilvikum megi beita bráðabirgðalagaákvæðinu.

Ég sé í raun og veru engin rök fyrir því að hafa þetta inni í löggjöfinni í dag. Ég sé engin þau tilvik þar sem ekki má kalla Alþingi saman með mjög stuttum fyrirvara ef eitthvað ber svo brátt að í þjóðfélaginu að það þurfi að grípa til nýrrar lagasetningar vegna þeirra utanaðkomandi aðstæðna. Það tilvik sem hér var á sl. sumri um setningu bráðabirgðalaga varðandi lax- og silungsveiði tel ég reyndar að hafi verið út úr öllu korti og ekki náð nokkurri átt að beita bráðabirgðalagaákvæðinu í því tilviki. Það sýndi í raun og veru að ákvæðið á ekki lengur heima í stjórnarskránni vegna þess

að það er einfaldlega hætta á að það verði misnotað. Þess vegna tek ég heils hugar undir efni frv. hjá hv. flm. Kristni H. Gunnarssyni um að bráðabirgðalagaákvæði sé óþarft í nútímaþjóðfélagi og það sé ekkert sem hindri það, svo séð verði, að eigi megi kalla Alþingi saman með mjög stuttum fyrirvara ef svo brýn mál eru uppi að setja þurfi lög. Ég tel að ákvæðið varðandi lax- og silungsveiðilögin hafi ekki verið svo brýnt að grípa bæri til þess að setja bráðabirgðalög. Það var jafnvel ekki svo brýnt að þurft hefði að kalla Alþingi fyrr saman. Það var enn þá tími til að setja þessi lög strax í upphafi þings þannig að það mál allt og sá málatilbúnaður veitti ekki þeirri skoðun aukna trú að þetta ákvæði þyrfti að vera í lögunum.

Ég hef reyndar lengi verið andvígur því að það væri hægt að beita bráðabirgðalagaákvæðum með þeim hætti sem gert hefur verið. Eins og ég sagði áður tel ég bráðabirgðalögin vera barn síns tíma og að það beri að leggja þessa heimild niður. Ég vil a.m.k. fá sterk rök fyrir því í hvaða tilvikum slík heimild þyrfti að vera inni í stjórnarskipunarlögunum og þá væri líka eins gott að það væri skýrt út í textanum í hvaða tilvikum það er svo brýnt. Ég vil þá flokka þau undir einhver sérstök neyðartilvik sem ég geri mér svo sem ekki grein fyrir hver ættu að vera miðað við nútímasamgöngumáta hér á landi. Ég er tilbúinn að hlusta á rök annarra í því en fæ ekki séð að slík tilvik komi upp. Sem betur fer eru samgöngur ætíð að batna hér á landi og það er auðveldlega hægt að kalla Alþingi saman til lagasetningar þegar slíks er þörf. Ég tel að það hafi ekki átt við, eins og ég sagði áður, í því tilfelli sem nýjast er í þessum efnum.

Það eru auðvitað mörg tilefni til að skoða stjórnarskipunarlögin. Hér var m.a. minnst á starfstíma Alþingis. Ég hef áður tjáð afstöðu mína opinberlega í því máli og tel að við eigum að skipa starfstíma Alþingis með dálítið öðrum hætti en er í dag. Ég get svo sem nefnt það hér að hugmyndir mínar í þá veru voru einfaldlega að þing kæmi fyrr saman og færi síðar heim að vori og að inni í starfstíma þingsins væru svo tvö til fjögur hlé þar sem þingmönnum væri gefinn kostur á, t.d. í vikutíma, að fara heim í kjördæmi sín, halda fundi um ákveðin málefni og kynna þau mál sem þá eru helst til umræðu í þinginu og sjónarmið sín.

Ég held að slíkt vinnulag yrði betra og vildi að við settum okkur það vinnulag í hv. Alþingi að reyna að afgreiða lög reglulega frekar en að safna upp lagasetningunum annaðhvort fyrir jól eða í lok þings. Ég held að alþingismönnum í hinum stóru og nýju landsbyggðarkjördæmum veiti eigi af þó nokkrum tíma til að hafa aukið samráð við kjósendur sína og það væri eðlilegt að brjóta starf þingsins örlítið upp með þessum hætti en hafa starfstímann lengri á móti. Ég ætla ekki að ræða það nánar en þetta eru meginhugmyndir mínar í því efni.

Einnig eru auðvitað fleiri ákvæði sem þarf að skoða ef við förum almennt í umræðu um stjórnarskrána, eins og rannsóknarnefndir þingsins o.fl., en ég ætla ekki að fara almennt inn í þá umræðu hér.

Varðandi síðara atriðið í þessu frv. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem snýr að því að ráðherrar sitji eigi á þingi tel ég að það sé virði einnar messu að skoða það og menn eigi að fara yfir það hvaða kostir fylgja því og hvernig við tryggjum þá skiptingu valdsins milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, hvort við tryggjum það betur með því fyrirkomulagi, eins og kemur hér m.a. fram í rökstuðningi með frv. hjá hv. þingmanni.

Það er meginreglan að ráðherrarnir koma oftast nær úr stjórnarflokkunum, eru frambjóðendur til þings og hafa verið kjörnir sem þingmenn. Það er líka rétt sem segir í greinargerð með frv. að ráðherrar hafa á undanförnum árum og áratugum verið að taka til sín meiri völd með skipun stjórna og ráða en ákvarðanir þá verið fluttar frá Alþingi að sama skapi. Ég tel að þá tillögu að ráðherrar sitji eigi á þinginu eigi að taka til gaumgæfilegrar skoðunar og ætla ekki að taka beina afstöðu til þess hvort það eigi að stíga það skref nú án frekari skoðunar. Ég tel einboðið, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að bráðabirgðalagaákvæðið verði fellt niður en hefði talið að síðara ákvæðið í frv., sem snýr að þingmennsku ráðherranna, þyrfti kannski nánari skoðunar við en tjái mig opinn fyrir því að skoða það með þeirri hugsun að við aukum þá vald Alþingis en drögum úr valdi framkvæmdarvaldsins.

[12:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. þessa frv., hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, fyrir frv. Þetta er mjög þörf umræða sem við tökum hér í dag. Frv. er í tveim liðum, annars vegar að heimild til bráðabirgðalaga verði felld niður og hins vegar að ráðherrar séu ekki þingmenn.

Um þetta er að segja að heimildin til bráðabirgðalaga hefur verið þrengd mjög og það er vel að mínu mati vegna þess að tilskipanavald er ekki lýðræðislegt og auðvitað á Alþingi að semja öll lög og samþykkja. Menn hafa í því sambandi bent á að fjarskipti og samgöngur hafi batnað svo mjög að hægt sé að kalla saman Alþingi hvenær sem er. Virðast menn gera ráð fyrir því að öll kerfi okkar mannanna, vegir og fjarskipti og rafmagn og allt slíkt, séu orðin einhver náttúrulögmál en þau eru það að sjálfsögðu ekki. Allt getur þetta brugðist og sú staða getur komið upp að hvorki samgöngur né fjarskipti virki. Þá er spurningin: Hvað ætla menn að gera?

Ég held að það sé ekki skynsamlegt að taka heimildina algjörlega út en það mætti þrengja hana enn frekar með því að segja að ef ekki takist að kveðja Alþingi saman, segjum innan tveggja daga, skuli heimilt að setja bráðabirgðalög. Þá er náttúrlega búið að þrengja þetta þannig að bráðabirgðalög yrðu ekki sett nema undir einhverjum ógnaraðstæðum.

Varðandi hitt atriðið, með ráðherra á þingi, hef ég alltaf haft miklar efasemdir um hvernig þær persónur sem gegna embætti ráðherra og þingmanna samtímis eiga að bregðast við þegar kemur t.d. að eftirlitshlutverki Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Það er enn fremur snúið hvernig þetta geti samrýmst þegar kemur að því að horfa til þrískiptingar valdsins í dómsvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald. Ég er hlynntur því að þingmenn víki af þingi ef þeir gerast ráðherrar tímabundið og kallaðir verði inn varamenn.

Hins vegar finnst mér hv. þingmaður ekki ganga nógu langt, ekki hugsa dæmið til enda. Ég vil fækka þingmönnum um 12, hafa þá bara 51 þannig að sætaskipanin yrði bara svipuð nema að stjórnarflokkarnir fengju náttúrlega aukið vægi sem þingmenn. Það er líka eðlilegt því að þá tæki þingið ákvarðanir og greiddi atkvæði en ekki ráðherrar. Ráðherrar mundu mæta í þingið eingöngu þegar um væri að ræða mál sem þeir flytja sjálfir, þá hefðu þeir málfrelsi en ekki atkvæðisrétt og bara við 1. umr. Síðan mundu þeir mæta þegar um væri að ræða fyrirspurnir til ráðherra. Þetta er nokkurn veginn eins og raunveruleikinn er í dag, eins og hv. þm. sjá, þannig að það yrði ekki mikil breyting á því. Þá

yrði heldur ekki kostnaðarauki ef sú leið yrði farin að fækka þingmönnum um 12.

Það er ýmislegt athyglisvert í þessu. Í fyrsta lagi situr ríkisstjórn í skjóli þings. Það brýtur þessa hugsun um þrískiptingu valdsins en það er erfitt að hugsa sér annars lags lausn á því. Síðan er náttúrlega annað sem ég hef margoft bent á, að lög eru að mestu leyti samin utan Alþingis — það finnst mér mjög miður — og einnig það að Alþingi ákveður mikið af framkvæmdum með fjárlagafrv. sem mér finnst líka miður. Þarna þyrftu menn að vera agaðri í því að semja sjálfir frv. á Alþingi, sem eru samþykkt, og hins vegar að vera ekki að falla í þá freistni að standa í framkvæmdum. Það er hlutverk framkvæmdarvaldsins og það á að bera ábyrgð á því en að sjálfsögðu ber enginn ábyrgð á þeim framkvæmdum sem Alþingi ákveður. Ekki getur Alþingi sjálft haft eftirlit með því.

Svo er eitt í viðbót sem er mjög undarlegt þegar maður les stjórnarskrána, forsetaembættið. Það er eins konar konungur, ímynd eða mynd af konungi. Burt séð frá þeirri persónu sem gegnir því embætti í dag og þeim persónum sem hafa gegnt því embætti til þessa vil ég skoða mjög alvarlega að það embætti verði fellt niður, að það verði bara horfið alveg frá því að hafa embætti forseta Íslands og að forseti Alþingis yfirtaki það hlutverk sem þarf að gegna. Það mætti jafnvel hugsa sér að forseti Alþingis yrði kosinn úr hópi þingmanna í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að þar kæmi fram vilji þjóðarinnar til þess embættis.

Ég sé ekki nein rök fyrir því að forsetinn sé til staðar í stjórnarskránni. Það hefur verið nefnt hérna að þau hlutverk sem hann hefur samkvæmt henni eru í rauninni markleysa. Hann passar heldur ekki inn í mynd okkar af þrískiptingu valdsins sem heimspekingar hafa sett upp til þess að vernda borgarann fyrir ofurvaldi ríkisvaldsins, þ.e. að það sé ekki sami aðilinn sem setji lög, framkvæmi þau og dæmi eftir þeim, það sé mjög skýr skipting þar á. Við eigum að sjálfsögðu að vinna að þeirri skiptingu þó að það náist aldrei algjörlega.

Ég vil endurtaka, herra forseti, þakkir mínar til flm. fyrir að hafa flutt þetta frv. Þetta er mjög þörf umræða og að sjálfsögðu þarf Alþingi öðru hverju að ræða grundvallaratriði.

[12:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég var búinn að koma á framfæri því sem ég vildi segja almennt um þessa tillögu um breytingu á stjórnarskránni en hér hafa farið fram þó nokkuð miklar umræður um stjórnarskrána sjálfa og breytingar á henni og ég vil bæta bara fáeinum orðum við.

Aðferðir við endurskoðun á stjórnarskránni sem hafa verið notaðar fram að þessu eru að bæta inn ákvæðum án þess að stjórnarskráin hafi í raun og veru verið endurskoðuð í heilu lagi. Síðasta breyting á stjórnarskránni hlýtur að vera mönnum svolítið umhugsunarefni vegna þess að þar breyttu menn kjördæmum og kosningalögum og þar var sett inn ákvæði um að $^2/_3$ atkvæða þyrfti á Alþingi. Það gildir um slíka breytingu, að hér þurfi $^2/_3$ hluta til að breyta stjórnarskránni hvað varðar kjördæmaskipan. Stjórnarskránni má síðan breyta með einföldum meiri hluta en málið skal lagt fyrir þingið aftur eftir næstu kosningar og þarf staðfestingu óbreytt.

Til hvers er að vera með aukinn meiri hluta ef því ákvæði er hægt að breyta með einföldum meiri hluta? Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort það eigi að vera aukinn meiri hluti fyrir stjórnarskránni á Alþingi þannig að heildarendurskoðun á henni verði þá að vera bundin því að við hana sé svo sterkur stuðningur. Það er t.d. alveg ljóst, að mínu viti, að þetta ákvæði um aukinn meiri hluta til að breyta kjördæmaskipaninni mun þýða að það verður mjög erfitt að ná saman á hv. Alþingi um breytingu á kjördæmaskipan í framhaldi af þeirri breytingu sem hefur orðið núna. Það þarf sem sagt $^2/_3$ hluta alþingismanna tvennar kosningar í röð til að ná fram breytingu á kjördæmaskipaninni. Þetta hefur komið mér til að halda að þó að ég hafi haldið því fram að það væri skynsamlegt að gera landið að einu kjördæmi getur orðið langt í þá niðurstöðu. Ég tel að það væri mjög þarflegt og nú hefur ríkisstjórnin á stefnuskrá sinni að það skuli gera breytingar á stjórnarskránni. Það liggur fyrir samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að það eigi að breyta stjórnarskránni, setja þar inn ákvæði um eignarhald á auðlindum í hafinu.

Síðan hafa menn viðrað hugmyndir um alls konar hluti, um breytingar á stjórnarskránni. Hér erum við að tala um tillögur um tvær breytingar og sumir hafa talað um að endurskoða ákvæðin um forseta Íslands. Spurningin er: Er einhver pólitískur vilji til staðar til að fara í heildarendurskoðun á stjórnarskránni og taka þá inn öll þessi ákvæði sem menn hafa verið að fjalla um, bæði hér í þessum umræðum og svo í umræðum liðinna ára? Mér finnst vera kominn tími til að gera tilraun til að fara yfir þessi mál með þverpólitískum hætti og taka þá stjórnarskrána alla fyrir, hvernig hún eigi að vera og hvernig breytingar á henni eigi síðan að geta orðið í framtíðinni. Það er umhugsunarefni að menn skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi aukinn meiri hluta til að breyta kosningalögum — gaman væri að vita hvaða rök eru þar á bak við — en ekki til að breyta öðrum ákvæðum í stjórnarskránni. Sá grunur læðist að manni að það að menn hafi talið þörf á þessu hvað varðar kosningalögin geti verið til að koma í veg fyrir að einhver meiri hluti, eða meirihlutasamstarf sem gæti haldið 2–3 kjörtímabil, geti farið að líta á það að breyta stjórnarskránni sem úrræði til að koma fram málum sínum. Getur verið að menn vilji hamla á móti einhvers konar skammtímahugsun í pólitík gagnvart stjórnarskrá með þessu ákvæði? En ætti þá ekki að hafa þá hugsun í heiðri gagnvart öðrum breytingum á stjórnarskránni líka, að þar þyrfti eitthvað aukinn meiri hluta? Nú er ég ekki á þeirri skoðun að menn þurfi endilega að halda sig við þá hugmynd að það þurfi $^2/_3$ til að breyta stjórnarskrá en ég held að það væri hollt fyrir Alþingi ef það er að fjalla um breytingar á stjórnarskránni að það þurfi verulega góðan stuðning, þó að það séu ekki endilega $^2/_3$ þingmanna, við þær breytingar sem menn eru að reyna að ná fram.

Ég vildi koma þessu að í umræðunni. Auðvitað verður ekki farið í heildarendurskoðun á stjórnarskránni með neinu hraði. Það tekur tíma. Það er hins vegar ekki útilokað að menn gætu klárað það mál á þessu kjörtímabili ef það væri vilji til þess á hv. Alþingi að gera slíka endurskoðun. Annað eins hefur gerst á þremur árum eins og að menn fari yfir málefni af þessu tagi. Það er vandasamt en það er að mínu viti full ástæða til að gera eina tilraun enn til að endurskoða stjórnarskrána.

Það skulu vera lokaorð mín að ég legg til að menn hugsi það mál í fullri alvöru og það verði ekki núna hlutverk okkar á hv. Alþingi að standa frammi fyrir einni brtt. frá ríkisstjórninni á stjórnarskránni heldur að alþingismenn reyni sig

við það að ná samkomulagi um stjórnarskrána í heild en ekki eitthvert eitt slíkt atriði.

[12:20]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Það er í sambandi við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Það er eitt atriði sérstaklega sem ég vil koma að varðandi aðdraganda forsetakosninga. Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944, nr. 33, 17. júní, stendur í 3. gr.: Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn. 4. gr. segir: Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu. Svo kemur 5. gr. sem ég held að almenningur hnjóti mjög um og sem er algerlega út úr kortinu í dag:

„Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni“ — þarna kemur setningin sem ég legg mikla áherslu á að sé algerlega út úr kortinu í dag, eins og íslenska þjóðin er og hefur fjölgað mikið frá 1944 — „skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningarbærra manna og mest 3.000.“

Ef ég man rétt var þetta miðað við fjórðungana, Austfirðingafjórðung, Sunnlendingafjórðung, Norðlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, svo og svo ákveðinn fjöldi úr hverjum fjórðungi.

Hvað skyldi Íslendingum hafa fjölgað mikið síðan 1944? Um tugi þúsunda, gott ef það eru ekki 150 þús. Við erum með tæp 300 þús. í dag. Ég vil að þetta sé sérstaklega skoðað mjög alvarlega því að við vitum að tilkynningar um framboð hafa verið að koma fram undanfarnar vikur, framboð sem ég mundi segja að væru gersamlega á skjön við það sem þjóðin vill hafa í sambandi við forsetaembættið og þá virðingu sem þetta embætti á að hafa í augum þjóðarinnar.

[12:23]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var komið að nokkrum ákvæðum II. kafla stjórnarskrárinnar sem réttilega þarfnast hugsanlega endurskoðunar. Ég get tekið undir það. Ég get líka tekið undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals að það er umræðunnar virði hvort við eigum að hafa hér forseta. Ég er ekkert viss um að hans sé þörf. Varðandi 3. gr. stjórnarskrárinnar má velta því fyrir sér hvað felist í því að forseti sé þjóðkjörinn. Hafa síðustu tveir forsetar lýðveldisins verið þjóðkjörnir? Þeir hafa verið kjörnir í embætti með 33% atkvæða annar og hinn 40% atkvæða. Telst slíkur aðili vera þjóðkjörinn?

Ég tek undir það sem hv. þm. sagði varðandi ákvæðið um að forsetaefni skuli hafa meðmæli minnst 1.500 kosningarbærra manna og mest 3.000. Þetta er atriði sem við ættum að skoða. Ákvæði 5. gr. hefur ekki breyst frá árinu 1944 þegar stjórnarskráin var sett. Þá voru Íslendingar 127 þús., rétt rúmlega, og samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni í lok ársins 2003 eru Íslendingar í dag rúmlega 290 þús. Íslendingum hefur fjölgað mjög verulega og þess vegna er eðlileg spurning hvort breyta eigi þeim fjölda meðmælenda sem fram kemur í 5. gr. með tilliti til þeirrar fólksfjölgunar sem orðið hefur á Íslandi, fjölga þeim upp í 4–6 þús. kannski. Það væri eðlilegt hlutfall miðað við þau hlutföll sem voru þegar stjórnarskráin var sett.

[12:25]

Jón Kr. Óskarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Ég held að við séum nokkurn veginn sammála um þessa 5. gr., að hún er alveg úr takti við þann tíma sem við lifum í dag.

[12:26]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Nú fer að líða að lokum þessarar umræðu og ég vil þakka hv. þm. sem tóku þátt í henni fyrir málefnalegar ræður og góðar undirtektir við það sjónarmið að hreyfa því að endurskoða ákvæði stjórnarskrárinnar þó að komið hafi fram skipt sjónarmið um þau tilteknu atriði sem lagt er til í frv. að verði breytt.

Ég vil í fyrsta lagi draga fram að það virðist vera nokkuð góður samhljómur meðal þeirra sem tóku þátt í umræðunni um að rétt sé að huga að endurskoðun stjórnarskrárinnar, jafnvel heildarendurskoðun hennar. Menn hafa nefnt fáein önnur atriði sem vert væri að huga að við þá endurskoðun.

Ég hygg að góð niðurstaða geti orðið af þessu máli. Það fer að lokinni þessari umræðu til sérstakrar nefndar sem kjósa ber til að fjalla um frv. til breytingar á stjórnarskipunarlögum, að menn skoði í þeirri nefnd hvort ekki sé rétt að leggja slíkt til. Það væri hægt að afgreiða það með sérstakri þál. og kjósa sérstaka nefnd til þess, eins og hér var lagt til af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ég hygg að það gæti orðið farsæl niðurstaða á umræðunni að þessu sinni.

Ég vil víkja að nokkrum atriðum sem ég tel að menn ættu að skoða varðandi þá heildarendurskoðun. Í fyrsta lagi tek ég undir það sem hér hefur komið fram um að rétt sé að huga að því hvernig standa eigi að breytingum á stjórnarskránni. Við þekkjum hvernig það hefur verið til þessa. Alþingi samþykkir breytingar sem síðan eru lagðar fyrir Alþingi að nýju að undangengnum alþingiskosningum í millitíðinni. Þetta finnst mér mjög gallað fyrirkomulag vegna þess að í kosningunum sem fram fara á milli þessara tveggja þinga er kosið almennt um allt stjórnmálasviðið, og þær breytingar sem til stendur að gera á stjórnarskránni verða ekki sérstaklega umræðuefni kosninganna nema þá kannski ein og ein. Þær geta svo fallið í skuggann af öðrum pólitískum viðfangsefnum eða deiluefnum sem uppi eru á þeim tíma og lúta að allt öðru en stjórnarskránni.

Vegna þess að þingmenn sitja á Alþingi og ekki eru menn alltaf bestu dómarar í eigin sök hygg ég að skynsamlegt sé og jafnvel eðlilegast að breyta þessu fyrirkomulagi. Ég hygg að skilvirkasta fyrirkomulagið væri að breytingar á stjórnarskrá sem Alþingi hefur samþykkt yrðu lagðar fyrir þjóðina í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að um þær yrði kosið hverja og eina, þær fengju dóm kjósenda og tækju gildi ef þær yrðu samþykktar í þeirri atkvæðagreiðslu en annars ekki.

Í öðru lagi tel ég að skoða eigi ákvæði stjórnarskrárinnar um þingræðisregluna. Hún er ekki í stjórnarskrá. Það er hvergi kveðið á um það í íslenskri stjórnarskrá að hér gildi þingræði. Ég tel að við þurfum að skoða hvort ekki sé rétt að hafa það í stjórnarskrá og þá með hvaða hætti. Sums staðar erlendis tíðkast að löggjafarþingin samþykki sérstaklega hvern ráðherra eða veiti ríkisstjórninni í heild traustsyfirlýsingu í upphafi starfstíma hennar. Þing getur síðan leyst stjórn frá störfum með vantrauststillögu. Hér hefur þingræðið að vísu verið túlkað þannig, þó að það sé ekki stjórnarskrárbundið, að menn geti, með því að samþykkja á

Alþingi vantrauststillögu á einstaka ráðherra eða þing, leyst ríkisstjórnina frá völdum. Það er einfaldlega vegna þess að menn hafa þann sameiginlega skilning en ekki vegna þess að það sé formákveðin regla.

Í þriðja lagi tel ég að við ættum að skoða hvort ekki sé rétt að setja í stjórnarskrána ákvæði um hvenær hægt er að skjóta málum til þjóðarinnar, ekki breytingum á stjórnarskrá heldur öðrum málum, eða hvenær einstakir hópar geta kallað til sín mál og látið fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þau. Við hvaða skilyrði væri slíkt mögulegt, hvaða mál yrði þar um að ræða? Hvaða mál væri hægt að leggja fyrir þjóðina í sérstakri atkvæðagreiðslu o.s.frv.? Ég held að það væri ávinningur að því að setja slík ákvæði í stjórnarskrá. Menn gætu í sérstaklega umdeildum málum, þar sem umtalsverður stuðningur er við tiltekið sjónarmið, knúið fram atkvæðagreiðslu um þau. Það þýddi auðvitað að menn færðu dálítið valdið frá þjóðkjörnum fulltrúum á Alþingi til þjóðarinnar sjálfrar. Ég tel vel koma til greina að gera slíkt. Ég held að við ættum að huga að því í þeirri heildarendurskoðun á stjórnarskrá sem menn hafa rætt um að kannski væri tímabær.

Það hvernig lýðveldisstofnunina bar að eru sérstök rök fyrir því að láta fara fram heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Við vorum ekki tilbúin með eigin stjórnarskrá og urðum að bregðast við með því að taka erlenda, danska stjórnskrá og staðfæra hana að okkar aðstæðum. Í sjálfu sér var aldrei unnin sérstök tillaga af okkar hálfu um hvernig við vildum hafa stjórnarskrána. Hún er orðin forn að stofni og bætt að nokkru leyti, út af fyrir sig með ágætum viðbótum eins og árið 1995 með mannréttindakafla sem var mjög þarfur og góður og er okkur til sóma í stjórnarskránni.

Þessi atriði vildi ég nefna sem dæmi um atriði sem til greina kæmu að menn tækju fyrir í heildarendurskoðun. Svo vil ég nefna eitt atriði enn sem nefnt var í þingsölum fyrir rúmum 20 árum og mikil þjóðfélagsleg umræða er um, þ.e. um það sem lýtur að stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu. Ríkisstjórnin er ekki kosin af þjóðinni. Hún er kosin af þingflokkum. Sums staðar er það fyrirkomulag haft að oddviti framkvæmdarvaldsins er kosinn beinni kosningu. Forseti Bandaríkjanna er oddviti framkvæmdarvaldsins í Bandaríkjunum. Svipað er í Frakklandi. Þeir eru kosnir í beinum kosningum og skipa síðan ríkisstjórn að eigin vali sem starfar í umboði forseta.

Menn hafa rætt um að það þyrfti að skoða ákvæði um forsetaembættið, sem ég hygg að ég geti tekið undir því að þar er margt orðið gamalt eins og gefur að skilja í löggjöf sem að stofni til er mjög gömul. Í því sambandi mætti alveg velta fyrir sér: Er kannski ekki rétt, úr því að forsetinn er þjóðkjörinn eins og Alþingi, að gera forsetann að oddvita framkvæmdarvaldsins? Þá væri t.d. hægt að leggja niður embætti forsrh., forseti getur bara verið forsrh. og skipað ríkisstjórn. Þá fylgir því auðvitað að ríkisstjórnin situr ekki á Alþingi, þá skilja menn í sundur. En ef menn gerðu það þá gerðu menn forsetann að pólitísku embætti, sem út af fyrir sig er ekki víst að um sé algjör samstaða. Þetta er a.m.k. hugmynd sem ég held að vert sé að skoða.

Það eru mörg sjónarmið uppi sem við höfum aldrei tekið alvarlega pólitíska umræðu um, a.m.k. ekki í mjög langan tíma. Varðandi þessar hugmyndir um beina kosningu oddvita framkvæmdarvalds vísa ég til hugmynda sem Vilmundur Gylfason heitinn setti fram fyrir rúmum 20 árum. Þær fengu töluverða umræðu á þeim tíma og nokkurn hljómgrunn þótt kannski væri erfitt að mæla það. En þá var ekki um neinar sérstakar skoðanakannanir að ræða til að kanna afstöðu manna til þeirrar tillögu. En ég man að á þeim tíma var þetta nokkuð rætt og margir sem studdu slíkar tillögur.

Ég vil víkja að sjónarmiðum sem fram hafa komið, eins og þeim hvort með því að meina ráðherrum setu á þingi sé ekki verið að styrkja stjórnarflokka hverju sinni með því að fjölga á Alþingi um þann fjölda sem ráðherrarnir eru. Svo er ekki, að mínu mati. Ég legg til að menn verði að velja milli tveggja kosta. Sá sem býður sig fram til Alþingis getur ekki setið á Alþingi og sóst eftir ráðherradómi. Hann verður þá að afsala sér þingmennskunni og taka áhættuna á því að setjast í ráðherrastól. Ef hann missir það embætti þá á hann ekki afturkvæmt á þing nema í gegnum næstu alþingiskosningar. Ég tel nauðsynlegt að skera að fullu á tengslin þarna á milli þannig að menn geti ekki valið með því að taka sér leyfi frá þingstörfum og kalla inn varamann. Við þær aðstæður væri verið að styrkja stjórnarflokkana. Þá fengju þeir í raun tvo pólitíska menn inn fyrir hvert sæti sem ráðherra skipar. En með því að aðskilja þetta algjörlega hafa ráðherrarnir engu hlutverki að gegna í þingsölum umfram það að leggja fram frumvörp og svara fyrirspurnum, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á.

Í sjálfu sér er óeðlilegt, þar sem við búum við stjórnarskipulag sem byggt er á þrígreiningu valdsins, hvernig við stillum upp þingsalnum. Við höfum ráðherranna á hábekk og við ávörpum þá ekki háttvirta eins og þingmenn heldur hæstvirta. Við setjum þá ofar þinginu og drögum þá úr þingsalnum á sérbekk, á ráðherrabekk. Það er auðvitað óeðlilegt. Hér í þingsölum eru allir jafnir nema þeir sem Alþingi kýs til að stjórna sínum fundum, þ.e. forsetar Alþingis. Ráðherrar hafa í sjálfu sér ekki sérstöku hlutverki að gegna í þingsölum umfram aðra þingmenn. Í sjálfu sér ættu þeir sem eru ráðherrar og jafnframt þingmenn að sitja innan um aðra þingmenn. Það finnst mér.

Ef við værum hins vegar búin að aðskilja þetta þá þyrftum við að hafa sérsæti fyrir ráðherra til þess að þeir gætu einhvers staðar setið þegar þeir koma til að mæla fyrir málum sínum eða svara fyrirspurnum. Það mætti spyrja: Bíddu við, ef við erum með bæði Alþingi og framkvæmdarvaldið hér inni í þingsalnum af hverju erum við þá ekki með dómsvaldið? Hvernig væri að hafa Hæstarétt hérna? Auðvitað finnst mönnum það fáránlegt. Menn eru löngu búnir að taka stjórnmálamennina út úr dómsvaldinu nema að því leyti að menn fela dómsmrh. að skipa hæstaréttardómara, sem ég tel að geti verið ágætt fyrirkomulag til frambúðar ef dómsmrh. eða forustumenn stjórnmálanna hafa ekki of mikil tök á Alþingi. Þá eru menn farnir að nálgast þá stöðu sem einn þingmaður nefndi að væri í raun hugmyndin með þrígreiningu valdsins í upphafi. Menn brugðust með því við aðstæðum sem voru uppi fyrir löngum tíma, að einn maður var alvaldur og menn vildu takmarka vald eins manns.

Hugmyndir okkar um aðgreiningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds eru byggðar á því sama. Þeir sem eru forustumenn í stjórnmálunum í dag og sitja í ríkisstjórn hafa líka langmest áhrif á framvindu mála á Alþingi, ekki að formi heldur að efni. Við því er ég að bregðast með þessum tillöguflutningi, til að tryggja að þingmenn starfi á þinginu og láti ekki ráðherra stjórna gerðum þingsins um of. Það vitum við öll sem höfum starfað á þingi, að ráðherrar geta verið býsna fyrirferðarfrekir í afskiptum sínum af afgreiðslu einstakra mála sem þingnefndir eiga að leiða til lykta og

skila af sér til þingsins. Þannig er nokkuð skýrt hvað fyrir mér vakir.

Það verður ekki kostnaðarauki fyrir Alþingi við að ráðherrar víki úr þinginu. Kostnaður Alþingis mundi lækka sem nemur þingfararkaupi sem ráðherrar fá í dag. Kostnaðurinn mundi lækka um 60 millj. kr. á ári. Hugsanlega mun afl þingsins vaxa á móti, það mun ráða sér fleiri starfsmenn til að þingið sjálft búi yfir betri sérfræðiþekkingu sem þingmenn gætu leitað til. Á móti getur vaxið kostnaður við einstök ráðuneyti en við vitum ekki hvernig við mundum skipa ráðuneytunum við þessar aðstæður. Ég spái því að við mundum fækka ráðherrum. Við gætum þá sett á ráðuneytin þá kröfu að hagræða á móti vaxandi kostnaði.

Herra forseti. Ég vil síðan ítreka þakkir mínar fyrir góðar umræður í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:41]

Útbýting þingskjala:

Byggðakjarni, 704. mál, fsp. KLM, þskj. 1045.

Eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, 625. mál, svar fjmrh., þskj. 973.

Einkaleyfi, 303. mál, nál. iðnn., þskj. 1043; brtt. iðnn., þskj. 1044.

Endurgreiðsla námslána, 706. mál, fsp. KLM, þskj. 1047.

Greiðsla bóta vegna örorku á grundvelli skaðabótalaga, 266. mál, svar dómsmrh., þskj. 977.

Lífeyrisþegar og fólk á vinnumarkaði, 626. mál, svar fjmrh., þskj. 974.

Sjóntækjafræðingar, 340. mál, þskj. 1041.

Veiðikort, 705. mál, fsp. MÁ, þskj. 1046.

Textun, 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 386. mál. — Þskj. 516.

[12:43]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. sem ætlað er að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta, upplýsinga, fræðslu, kynningar, auglýsinga og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.

Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu. Á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Þann 23. apríl 2003 ákvað menntamálaráðherra að hækka verulega framlag til textunar á innlendu sjónvarpsefni í ríkissjónvarpinu. Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti lögðu saman 4,5 millj. kr. aukalega til ríkissjónvarpsins til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Til viðbótar við framlag ráðuneytanna var áætlun ríkissjónvarpsins 2,5 millj. kr. fyrir árið 2003. Framkvæmdastjóri sjónvarpsins hefur einnig lýst því yfir við Félagið Heyrnarhjálp að ríkissjónvarpið hafi að markmiði að auka fjármagn til textunar íslensks efnis árið 2004. Árangur er sem sagt nokkur. Textun á innlendu efni er nú í gangi hjá ríkissjónvarpinu á einstökum þáttum en efni líðandi stundar er ekki textað og er það mjög bagalegt.

Ríkissjónvarpið hafði textað um 2.000 mínútur í október/nóvember 2003 samkvæmt svari þáv. menntmrh. við skriflegri fyrirspurn minni í þingsölum haustið 2003 og var gert ráð fyrir að í árslok 2003 hefðu 3.400 mínútur verið textaðar. Kostnaður við þá textun var metinn á 1,7 millj. kr. Ríkissjónvarpið hafði ráðgert að texta um 5.000 mínútur á árinu 2003 en þær áætlanir gengu ekki upp og er tækjakosti einkum kennt um. Ráðherra segir í svari sínu að nauðsynlegt verði að endurnýja þann tækjakost sem notaður er til textunar og hefur Ríkisútvarpið upplýst að lögð verði áhersla á að leysa þau vandamál eins fljótt og unnt er. Er ekki eðlileg krafa allra þeirra sem vilja nýta sér texta að þeir peningar sem eyrnamerktir voru textun á íslensku efni árið 2003 og ekki voru nýttir verði notaðir til að bæta tækjakostinn til að textunin geti eflst og batnað?

Hver er svo tryggingin fyrir varanlegri þjónustu? Til hvers var aukafjárveitingin? Jú, til að gera átak í textunarmálum og tækjakosti. En við verðum að halda áfram. Og hvað kemur svo í ljós? Er þá ekki nein fjárveiting til þessa verkefnis sem fyrirhugað er á þessu ári? Þetta er því mjög ótryggt?

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund Íslendingar séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og eru það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnaskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við fólk af erlendum uppruna sem er að læra málið. Það auðveldar því að skilja efnið geti það fylgst með skjátextanum jafnframt því að hlusta og sjá atburði.

Hjá BBC, ríkissjónvarpinu í Bretlandi, störfuðu sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir voru 90 árið 2002. BBC hefur verið leiðandi í textun í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir og er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu 1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð og var gefinn átta ára aðlögunartími til að ná markmiðinu sem á að nást árið 2004. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru t.d. allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu textaðar en nú er verið að vinna að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli og stór hópur gæti notið góðs af.

Virðulegi forseti. Rétt er að benda á að heyrnarskertum fer fjölgandi. Komið hefur fram á Norðurlöndunum að þar er sífellt verið að greina yngra fólk með svokallaðar elliheyrnardeyfur. Heyrnarfrávik sem áður var algengt að finna hjá fólki um fimmtugt finnast æ oftar hjá fólki um þrítugt.

Ástæðan fyrir því er álitin vera sú að nú verða börn og unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega. Af þessu má draga þá augljósu ályktun að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fer stækkandi í framtíðinni og aldursdreifingin verður mun meiri. Textun er lausnarorðið fyrir aðgengi þessa hóps. Því er það mikið réttlætismál að texta innlent efni í sjónvarpi.

BBC hefur mikla reynslu af því að senda út texta í beinni útsendingu. Það gera þeir með hraðritun með svokölluðu hljóðritunarlyklaborði. Samkvæmt upplýsingum frá yfirmanni textunardeildar BBC í Bretlandi, Martin Davies, er nú unnið að nýrri tækni sem breytir tali í texta og byrjað er að prufukeyra þá tækni í beinum útsendingum af íþróttakappleikjum og þingfundum.

Í Bandaríkjunum hefur allri textun fleygt fram vegna svokallaðra ADA-laga, Americans with Disabilities Act, um aðgengi. Nú má sjá textun á nærri öllum sjónvarpsstöðum þar, bæði stórum og smáum. Ef sjónvarpsstöð þar í landi býður upp á textun er allt efnið textað, þar á meðal kappleikir í beinni útsendingu og jafnvel auglýsingar. ADA-lögin um aðgengi tóku gildi 1985 og hafa verið endurskoðuð. Þau fjalla um aðgengi hvers konar, allt frá upplýsingum til aðgengis að opinberum stofnunum. Við endurskoðun hafa þau tekið stakkaskiptum og ná núna einnig til einkafyrirtækja. Gefinn hefur verið aðlögunartími til að koma á aðgengi án hnökra og sé því ekki sinnt er beitt sektum. Aðlögunartímabil þessarar greinar í ADA-lögunum rennur út á þessu ári, 2004.

Textun í Evrópu er orðin það mikil að jafnvel fyrrum austantjaldslönd eru farin að texta og finnst það sjálfsagt. Í austurríkskri könnun sem landssamtök heyrnarlausra í Austurríki gerðu í 16 Evrópulöndum og var gefin út 18. maí 2003 kemur eftirfarandi fram um fjölda tíma í textun á mánuði. Þetta á við ríkissjónvarpsstöðvar: Í Albaníu var engin textun, aðeins textað fyrir erlend mál. Austurríki, textun upp á 170 tíma. Belgía, fimm tímar. Danmörk, 189 tímar. England, 80% af öllu efni á BBC og ITV og Rás 4 og 20% í stafrænum útsendingum. Finnland, 15% af öllu innlendu efni. Grikkland, 14 tímar. Írland, 23 tímar. Ísland einn tími. Ítalía 80 tímar. Pólland 30 tímar. Spánn, 446 tímar. Sviss, 240 tímar. Þýskaland, 387 tímar.

Eins og þessi upptalning gefur til kynna er sorglega lítil textun hér á landi miðað við önnur lönd. Þó ástandið hafi batnað örlítið frá því að þessi könnun var gerð þá hefur ríkissjónvarpið fjárveitingu fyrir mun meiri textun en framkvæmd er í dag.

Textun þarf að setja í lög og gera jafnar kröfur til allra stöðva um að texta innlent sjónvarpsefni og veita þeim stuðning til að koma textun á innlendu efni í framkvæmd. Með tímanum mun textun festast í sessi og verða sjálfsagður hluti rekstrar stöðvanna sjálfra.

Þetta stóra verkefni verður þó ekki unnið án nokkurs kostnaðar. Því meira sem sjónvarpsstöðvar texta því hagstæðari samningar fást og hlutfallslegur kostnaður lækkar verulega Reynsla BBC hefur sýnt að eftir að farið var að texta sjónvarpsefni fundu aðrar sjónvarpsstöðvar einnig þörf hjá sér að texta. Textun var því boðin út og samkeppni um verkefnin jókst smám saman þannig að nú er kostnaðurinn minni. Því er ekki hægt að tala um dýra fjárfestingu.

Það ætti að vera metnaðarmál íslenskra stjórnvalda og sjónvarpsstöðva að mæta þörfum fólks fyrir textun. Hópurinn er mun stærri en þeir sem nýta sér ýmsar útsendingar á sérahugasviðum, þar með taldar ýmsar tónlistarútsendingar og íþróttaútsendingar, jafnvel í fótbolta.

Það hefur verið sparað á aðgerðaleysinu einu í textunarmálum undanfarin missiri. Á sama tíma hafa verið veittir alls konar styrkir og fjárframlög til tónlistar en þeir sem ekki heyra hafa lítið sem ekkert fengið til að uppfylla sínar þarfir til textunar eða túlkunar. Við þetta misrétti er ekki hægt að búa. Alþingi Íslendinga getur ekki viðhaldið þessu misrétti með því að fresta framgangi málsins enn einu sinni.

Virðulegi forseti. Þetta eru rök mín í flutningi frv. til laga um textun á innlendu efni. Ég hef lokið máli mínu og óska eftir að frv. verði vísað til menntmn. Alþingis.

[12:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er um mikið réttlætismál að ræða rétt eins og frv. sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir flutti í haust á Alþingi um að táknmál yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og fór þá fram gagnmerk og tímabær umræða um mannréttindi heyrnarlausra og heyrnarskertra og aðgengi þeirra að samfélaginu. Það sem einu sinni var fjarstæðukennt og mönnum ekki hugstætt, eins og slík atriði, þykja í öllum nágrannalöndum okkar sjálfsögð mál í dag og flokkast þar undir mannréttindi. Við nokkrir þingmenn erum meðflutningsmenn að þessu frv. til laga um textun þar sem markmiðið er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn. Þetta er mál sem mörgum þætti sjálfsagt að væri langtum framar á veg komið en raunin er og þegar maður kynnir sér málið með því t.d. að lesa frv. og þá vönduðu og ítarlegu greinargerð sem því fylgir þá er eiginlega óhætt að fullyrða að marga réttsýna menn mundi setja hljóða.

Þegar við skoðum ástandið hérna samanborið við veruleikann og þróunina, ekki bara í nágrannalöndunum heldur flestum löndum Evrópu, kemur fram að Ísland er á slóðum Albaníu, eins frumstæðasta ríkis í Evrópu og þess ríkis sem kannski fór hvað verst út úr óöld og skelfingum austantjaldslandanna og einræðisstjórnanna þar. Þar er textun sem sagt engin en á Íslandi er hún ein klukkustund á viku á meðan t.d. er um að ræða textun upp á 170 klukkustundir í Austurríki og 189 í Danmörku. Í Bretlandi er þróunin svo langt á veg komin að 80% af öllu efni frá BBC, ITV og C4 eru textuð. Eins og fram kemur í frv. er einnig um að ræða textun á til að mynda útsendingum frá Alþingi.

Þar komum við kannski að kjarna málsins, þ.e. aðgengi að samfélaginu. Þeim fjölgar að sjálfsögðu sem búa við skerta heyrn eftir því sem öldruðum fjölgar í samfélaginu og hinar stóru kynslóðir og fjölmennu komast á efri ár, og sem betur fer lifir fólk lengur og betra lífi langt fram eftir aldri. Það sem einu sinni þótti gamalt fólk þykir í dag fólk á besta aldri, fólk heldur fullri heilsu og lítt skertri atorku langt fram eftir aldri. Hins vegar verða margir fyrir því að heyrnin skerðist. Eins og fram kemur í greinargerð var almennt talið algengt að heyrn skertist um fimmtugt en nú hefur það því miður færst langtum neðar í aldri. Heyrn fólks skerðist oft um þrítugt og er það almennt talið vera, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að geta þess að á Norðurlöndum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem

gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður."

Það sem málið snýst einnig um að hluta er að þeir sem búa við skerta heyrn eru margir, og þó að þeir væru ekki margir ætti að vera sjálfsagt mál, herra forseti, að við textum allt það efni sem nokkur kostur er. Eins og hér er lagt til er að sjálfsögðu ástæða til að skora á hv. Alþingi að veita málinu brautargengi. Það væri undarlegt ef stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., ætluðu að fara að setja fótinn fyrir þetta mikla réttlætismál á sama tíma og menn eru að pilla peninga í aukinn vígbúnað íslensku sérdeildanna. Það væri bókstaflega fáránlegt, herra forseti, ef menn ætluðu að koma í veg fyrir að einu af stærri réttlætismálum seinni ára og einu af þeim brýnni réttlætismálum sem liggja fyrir þessu löggjafarþingi í vetur, fyrsta þingi eftir kosningar á síðasta ári, yrði veitt framganga. Það er ömurlegt ef stjórnarflokkarnir gera við þetta mál það sem gert er við stjórnarandstöðuþingmál almennt og yfirleitt, að svæfa þau í nefnd. Skammarlegt háttalag hér á Alþingi, það er sama hversu brýnt og gott málið er, allt er svæft í nefnd. Ég skora á stjórnarflokkana að rifja nú upp manndóminn og stóru orðin frá kosningunum um fólk í fyrirrúmi og veita þessu máli brautargengi. Þetta er brýnt mál, það þolir ekki neina bið eða þyrnirósarsvefn í nefndum fram eftir öllu þessu kjörtímabili og þangað til stjórnarandstöðuflokkunum tekst, vonandi í næstu kosningum, að koma núv. ríkisstjórn rækilega frá og þeim flokkum sem hana mynda hér út úr öllum stjórnum, ráðum og út í kuldann. Það væri nú mikil drottins blessun fyrir landið ef svo yrði og þá fengjum við að sjá slík umbótamál sem þetta hér fram ganga.

En málið þolir ekki þá bið. Hér er verið að tala um aðlögunartíma upp á fimm ár þar sem lögð er til mjög sanngjörn aðlögun að málinu, sérstaklega samanborið við hve hratt þessari þróun hefur fleygt fram í löndum Evrópu og annars staðar á Norðurlöndunum. Við getum tekið land sem maður gæti kannski ekkert gefið sér fyrir fram að væri framarlega í þessum málum, Spán, en þar eru 446 tímar textaðir á mánuði. Sviss 240, Þýskaland 387. Ísland og Albanía, 1 og 0. Glæsileg frammistaða hjá íslenskum stjórnvöldum, og sérstaklega í því ljósi að á 126. löggjafarþingi var samþykkt þál. um textun íslensks sjónvarpsefnis. Eins og hér segir, með leyfi forseta, „virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd".

Svo eru taldir upp lítils háttar tímabundnir styrkir til textunar á innlendu sjónvarpsefni í ríkissjónvarpinu sem ráðuneytin eru að skammta eins og skít úr hnefa til eins árs í senn í staðinn fyrir að skjóta varanlegum stoðum undir textun á íslensku sjónvarpsefni með því að binda það í lög. Það er eina leiðin sem er fær og eina leiðin sem er vitræn.

Hér er lagt til, eins og áður sagði, að tveimur árum eftir gildistöku laganna skuli 60% af öllu innlendu efni vera textuð, þremur árum frá gildistökunni 80%, fjórum árum 90% og eftir fimm ár frá gildistöku laganna skal allt innlent efni textað í samræmi við ákvæði frv.

Eins og hér stendur, með leyfi forseta:

„Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein."

Þetta er ákaflega skýrt mál og í rauninni alveg með ólíkindum að það skuli þurfa að færa fyrir því rök að textun fari fram á innlendu sjónvarpsefni þar sem sanngirnisrökin og hve augljóst það er hlýtur að blasa við öllum mönnum. Það er bókstaflega verið að halda stórum hópum Íslendinga utan samfélagsins.

Við tölum um það oft og tíðum, síðast á hinu háa Alþingi í gær, hve mikilvægu hlutverki Ríkisútvarpið hafi að gegna. Öryggishlutverki, sagði hv. þm. Jón Kr. Óskarsson, og minnti okkur á það, menningarlegu hlutverki, fræðsluhlutverkinu, afþreyingarhlutverkinu fyrir þá sem eru mikið heima og þurfa þess ýmissa hluta vegna, t.d. eldra fólk og margir aðrir. Þetta fólk fær nánast ekkert út úr íslensku sjónvarpsefni, sem hlýtur að eiga einhvern tíma í framtíðinni að verða, og ætti að vera, flaggskip ríkissjónvarpsins, nema efnið sé textað. Sú er hins vegar ekki raunin og ég veit ekki hvort þessi eini klukkutími á viku — hálftími af því er Spaugstofan og það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að texta Spaugstofuna enda tekst þeim oft mjög vel upp og kannski oft betur en okkur í stjórnarandstöðunni að draga fram þá dæmalausu ráðstjórn sem hér fer með völdin. Allt um það og það er góðra gjalda vert, það litla sem er.

Vilji menn samt taka sig alvarlega sem réttarríki og velferðarríki í fremstu röð skipa þeir sér ekki á bás með Albaníu. Með fullri virðingu fyrir því góða fólki sem þar býr og þeirri neyð sem þar ríkir hljótum við að keppa að því að standa í allra fremstu röð, í röð með Bretum, Dönum, Spánverjum, Svisslendingum og Þjóðverjum þar sem segja má að megnið af innlendu sjónvarpsefni þessara landa sé textað og þar með gert aðgengilegt því fólki sem heyrir illa eða heyrir ekki neitt og getur þar af leiðandi ekki notið þess efnis sem þar fer fram. Vilji menn standa á því að Ríkisútvarpið gegni hérna mikilvægu öryggishlutverki hlýtur það að blasa við að þetta efni verði textað, hvort sem er umræða frá Alþingi þar sem verið er að ræða um skipan samfélagsmála eða fréttaefni hvers konar og svo mætti lengi telja. Við fáum öll meginupplýsingar okkar í þessu flókna samfélagi sem við lifum í í dag með því að horfa og hlusta á fréttir og sérstaklega kannski fréttirnar úr sjónvarpinu sem er áhrifamikill og dómínerandi miðill í umræðu um samfélagsmálin. Eigi menn ekki kost á því að hlýða á þær upplýsingar sem þar koma fram getur ekki verið hægt að halda því fram með neinu viti að Ríkisútvarpið gegni hérna mikilvægu öryggishlutverki fyrir alla landsmenn. Það er algjörlega útilokað að halda því fram.

Vilji menn standa á því að svo sé og það sé ein af meginstoðum þess að við höldum Ríkisútvarpinu úti þarf að tryggja aðgengi allra. Margir vilja reyndar meina að Ríkisútvarpið gegni oft og tíðum ekki öðru hlutverki en því sem ráðamenn vilja hverju sinni. Ég held að það sé ekki rétt. Þó að þeir reyni að troða það niður með járnhæl sínum eins oft og þeir geta tekst þeim það ekki út af því að þar vinnur mikið af góðu fólki sem lætur ekki bjóða sér slíka hluti eða skipa sér fyrir eins og hundum í bandi.

Virðulegi forseti. Til að Ríkisútvarpið standi undir nafni verður að búa um hnútana með þeim hætti að innan fimm ára, einhvern tíma í kringum 2010 eins og lagt er til í frv., verði allt innlent sjónvarpsefni textað, og ekki bara hjá Ríkisútvarpinu heldur hjá þeim ljósvakamiðlum, sjónvarpsstöðvum, sem senda út og framleiða íslenskt efni. Böggull fylgir skammrifi og þetta er eitt af því sem því fylgir að reka fjölmiðil og á að fylgja því að reka ljósvakamiðil, sjónvarpsstöð, að innlent efni skuli vera textað, eins og við leggjum til, flm., í þessu frv. Fyrsti flm., hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, gerði grein fyrir því áðan að í því sem sjálfsagt þykir og eðlilegt á Norðurlöndunum og í þeim

löndum sem við höfum verið að nefna sem mjög óhrekjanleg dæmi um hve vel menn standa sig í þessum málum erum við langt að baki.

Svo er annað sem er dregið hérna fram, það er ekki bara um kostnað að ræða. Um er að ræða mikinn virðisauka fyrir fólkið og mikinn virðisauka fyrir samfélagið, að opna fólki greiðari götur og greiða leið að samfélaginu. Eins og nefnt er í frv. má taka sem dæmi að lestrarhæfni og lesskilningur heyrnarskertra barna og heyrnarlausra eykst verulega. Það hlýtur að vera mikill ávinningur í því að auka aðgengi, skilning og upplýsingu alls þess fólks á íslensku samfélagi. Það er engin leið að reikna þetta út sem kostnað og útgjöld fyrir samfélagið og reikna það einungis í þeim milljónum sem lagðar eru til til að hægt sé að texta. Ávinningurinn er svo margvíslegur. Hvernig sem við lítum á málið og hvernig sem við komum að því er augljós ávinningur að því og skilar sér margfalt til baka út í samfélagið þegar við greiðum þeim leið inn í samfélagið sem hafa ekki að því greiða leið. Það má færa svo margvísleg rök fyrir því rétt eins og þegar menn eru að reikna út öll „útgjöld til velferðarmála sem kostnað fyrir samfélagið". Svo er náttúrlega alls ekki. Þetta eru fyrst og fremst félagslegar fjárfestingar.

Textun á innlendu sjónvarpsefni á fyrst og fremst að líta á sem réttlætismál, mannréttindamál og félagslega fjárfestingu, rétt eins og svo margt annað gott í samfélagi okkar sem við félagshyggjumenn og jafnaðarmenn greiðum glöð okkar skatta til að geta haldið úti og þar með lifað í samfélagi sem við erum stolt af en ekki samfélagi sem er einungis byggt upp og gert fyrir þá sem fæðast með silfurskeið í munni eða búa svo vel að vera við góða heilsu, fá góða menntun og vera í góðum störfum. Við þau forréttindi búa því miður ekki næstum því allir. Því fer víðs fjarri. Það er okkar hlutverk sem höfum góð laun, erum við góða heilsu og lifum góðu og farsælu lífi að tryggja að þetta fólk geti tekið þátt í samfélaginu með sama hætti og við. Eitt af þeim sjálfsögðu atriðum er að greiða heyrnarskertum og heyrnarlausum leið að samfélaginu, annars vegar með því, eins og ég gat örlítið um áðan, að gera táknmál að móðurmáli heyrnarlausra. Það ætti nú að vera sjálfsagt mál en það hefur lítið bólað á því þingmáli úr nefnd síðan hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir flutti það hér í haust. Það er orðið brýnt að kalla eftir því máli eða ætla stjórnarflokkarnir að reyna að svæfa það til dauða? Eins er með þetta, að festa í lög að texta eigi innlent sjónvarpsefni.

Þetta er mjög gott mál og ég vil nota tækifærið aftur — þarna er kominn stjórnarliði í salinn sem almennt er talinn til róttækra félagshyggjumanna og réttlætissinna hvers konar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, og skora ég á þann áhrifamikla mann og áræðna, eins og oft hefur sýnt sig þegar brýn mál eru uppi, að fylgja okkur í þessa för og tryggja að þetta mál um textun á sjónvarpsefni verði að lögum fyrir vorið.

[13:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég lýsi fullum stuðningi við það frv. sem hér liggur frammi og þakka 1. flm., Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, fyrir frumkvæðið í málinu.

Í mínum huga snýst frv. fyrst og fremst um mannréttindi, ekki eingöngu mannréttindi þeirra sem eru heyrnarlausir heldur mannréttindi allra þeirra sem búa við heyrnarskerðingu, og því miður, hæstv. forseti, fer sá hópur stækkandi, ekki bara vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar heldur líka vegna heilsufarsvanda sem mun verða meira áberandi í framtíðinni, þ.e. að heyrnarskerðing er að verða algengari hjá yngra fólki en áður var. Það er áreitið í umhverfinu, hávaðamengun sem er þarna fyrst og fremst orsakavaldurinn, en við erum núna með unga kynslóð sem verður fyrir þessu áreiti, þessum skemmdum, og er að vaxa úr grasi þannig að við erum ekki enn farin að sjá hversu ungur þessi hópur verður í framtíðinni og hversu stór hann verður sem býr við þá skerðingu að njóta þess ekki að horfa og hlusta á íslenskt sjónvarpsefni og njóta þess sem þar er sagt.

Ég hef kynnst mjög mörgum fullorðnum einstaklingum sem frá miðjum aldri hafa kvartað undan því að heyra ekki það sem sagt er í sjónvarpinu. Þetta er fólk sem telur sig ekki eiga við heyrnarskerðingu að stríða, heyrir mjög vel talað mál þegar það er innan um aðra en segir að það sé svo margt í sjónvarpinu sagt hratt og óskýrt og fólk getur þá ekki hváð eða spurt: Hvað sagðirðu? Margir hafa bara gefist upp á að hlusta og njóta þess að hlusta á íslenskt efni, og á þetta þá sérstaklega við um fréttaefnið.

Ég tel að sá hópur sem þarf á þessu að halda sé í raun miklu stærri en fjöldi heyrnardaufra gefur til kynna. Miklu fleiri mundu njóta þess að eiga aðgang að upplýsingasamfélaginu og menningu en geta það í dag, stærri hópur en við gerum okkur grein fyrir.

Herra forseti. Fram undir þetta hefur farið saman umræða um að það sé óheyrilega dýrt að texta jafnharðan og það sé fyrir svo fámennan hóp að það sé ekki réttlætanlegt. Ég tel að hvorugt standist lengur. Í fyrsta lagi fleygir tækninni fram. Það verður sífellt ódýrara að texta beint og mun verða enn ódýrara í framtíðinni með aukinni tækniþróun. Þetta er ekki fámennur hópur heyrnarlausra heldur að auki stór hópur heyrnardaufra og fjöldi fólks sem nær ekki töluðu máli, t.d. þegar hratt er talað. Fólk beinir orðum sínum oft til unga fólksins og segir að það tali óskýrt og skilji ekki hvað margt ungt fólk segir. Textun mundi hjálpa fólki við að skilja talað mál.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég styð það heils hugar og það gerir Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Fulltrúi okkar, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hefur oftar en einu sinni komið inn á mikilvægi þess að íslenskt sjónvarpsefni sé textað. Ég vísa til málflutnings hennar. Ég tel að þetta sé mannréttindamál og við eigum að fylgja nágrannaþjóðum í þessu efni sem og öðrum en jafnframt vil ég minna á táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra. Ég tel mikilvægt að nota táknmálstúlkun við öll þau tækifæri sem hægt er og koma henni inn í sjónvarpsefnið líka.

Ég þakka enn og aftur fyrir þetta frv. Ég ætla að vona að það fái afgreiðslu á þessu þingi og verði ekki látið daga uppi. Það yrði þinginu til sóma ef við afgreiddum það núna í stað þess að láta það daga uppi og endurflytja það ár eftir ár.

[13:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Frv. sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir mælir hér fyrir snýst um réttlæti. Ég tel málið sanngjarnt og að það verði að binda í lög eigi það yfirleitt að fá framgang í þjóðfélagi okkar.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að hér er líka um mannréttindamál að ræða, mál sem snýr að jafnræði og jöfnuði meðal fólks. Í ágætri framsöguræðu 1. flm., hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur, var vikið að því að heyrnarskertum væri að fjölga og að heyrnarskerðing færðist niður eftir

aldurshópunum. Einnig var bent á að ný tækni væri að koma til sem gera mundi unnt að breyta tali í texta. Það er auðvitað mikið ánægjuefni að með auðveldari hætti verði hægt að texta íslenskt efni og annað efni sem borið er á borð í ljósvakamiðlum, kvikmyndahúsum og efni sem sett er fram á myndrænan hátt.

Frumvarpið er aðeins sex greinar fyrir utan gildistöku-ákvæðið. Það kveður á um réttindi heyrnarskertra til að öðlast sömu réttindi og við sem heyrum höfum. Því miður hefur þessu máli miðað hægt hér á landi eins og komið hefur verið inn á í máli hv. þm. sem hér hafa talað í ágætum ræðum. Ég ætla ekki að endurtaka það.

Ég tel hins vegar að með þessu frv. til laga megi ná fram því markmiði að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingu og fræðsluefni til jafns við þá sem fulla heyrn hafa. Því verður ekki náð fram nema það verði gert að lögum eins og ég sagði í upphafi máls míns.

Frumvarpið byggir á ákveðinni aðlögun, eins og fram kemur í 5. gr. þess. Boðið er upp á aðlögunartíma til fimm ára. Ef frv. yrði að lögum á þessu þingi, sem ég vonast sannarlega eftir og ég vil leyfa mér að trúa að háttvirtir stjórnarliðar á Alþingi muni taka undir þetta mál og veita því brautargengi, yrðu öll ákvæði frv. að fullu komin til framkvæmda árið 2009, miðað við frestunarákvæði í gildistökuákvæðunum um efni og textun sem hér er sett upp í ákveðnum prósentuhlutföllum.

Ég tel þetta mjög sanngjarna og eðlilega leið og eðlilega framsetningu. Ég er sammála þeim sem hér hafa talað um að málinu verði að þoka fram. Ég tel að uppbygging frv. bjóði upp á sanngjarna leið til að lögfesta það að við tryggjum heyrnarlausum og heyrnarskertum jafnræði á við okkur sem höfum fulla heyrn. Þetta er brýnt og gott mál.

Ég vil að endingu skora á stjórnarliða á Alþingi að leggja okkur í stjórnarandstöðunni, sem höfum flutt málið inn á þing, lið við að bæta þessum hópi íslenskra þegna upp það misrétti sem þeir búa við og þeim verði tryggð full mannréttindi til jafns við aðra.

[13:23]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Ég styð heilshugar það frv. til laga sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir er 1. flm. að.

Ég var, eins og áður hefur kannski komið fram, loftskeytamaður í 40 ár. Ég var starfandi á ritsíma í Reykjavík í yfir 20 ár, var þar yfirmaður í mörg ár, þannig að málið er mér mjög kunnugt. Þar var þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta í mörg ár. Ég veit því alveg um hvað þessir hlutir snúast. Þetta var mjög tilfinningaríkt oft og viðkvæm mál sem þar komu upp. Það voru ekki beinar línur á milli einstaklinganna heldur milliliðir og allt sem tengir þetta fólk betur við nútímann og það sem gerist í þjóðfélaginu tel ég hið besta mál. Ég óska innilega að frv. verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

[13:24]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem á erindi við marga í íslensku þjóðfélagi. Í greinargerð með frv. kemur fram að um 25 þúsund landsmenn séu það heyrnarskertir að þeir geti ekki heyrt í sjónvarpi þannig að þeim sé nauðsynlegt að fá efni textað til að hafa full not af því. Það er nokkuð stór hluti þjóðarinnar, þ.e. um 8% eða svo af landsmönnum. Augljóst er að fyrir svo stóran hóp landsmanna verður að huga að úrbótum. Ég hygg að enginn geti mælt því mót. Reyndar hefur Alþingi að nokkru leyti markað stefnuna með samþykkt þáltill. fyrir rúmum 2–3 árum um textun á íslensku sjónvarpsefni. Á Alþingi hefur komið fram hvað menn vilja að gert verði í þessum efnum þótt ekki hafi orðið efndir í samræmi við þá ályktun Alþingis.

Herra forseti. Ég hygg að það skorti ekki á góðan hug stjórnarliða til málsins. Við skulum taka málin til umfjöllunar í þingnefnd þegar að lokinni þessari umræðu og reyna að fara í gegnum það og sjá hvort unnt er að ná fram samstöðu um lögfestingu með þeim hætti að menn sjái í því framfarir frá ríkjandi ástandi.

Ljóst er að kostnaður við þetta verður töluverður. Menn munu horfa töluvert til þess og þeir sem lögin beinast að og eiga að framfylgja þeim munu setja fyrir sig kostnað þannig að Alþingi þarf jafnhliða því að taka afstöðu til innihalds málsins að ákveða að setja fé til málsins. Að öðrum kosti verður lítið um efndir líkt og með áðurnefnda ályktun. Ég hygg að um þetta verði fyrst og fremst rætt í hv. menntmn. Er ekki rétt að málið fari þangað, herra forseti?

(**Forseti** (BÁ): Ég geri ráð fyrir því.)

Menn munu ræða þetta mál út frá fjárhagslegu sjónarmiði. Mér sýnist frv. ágætlega samið og þess verði ekki að vænta að fara þurfi ofan í samningu þess eða gera breytingar á að því leyti sem menn þurfa að koma sér saman um fjármögnunina.

Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar fyrir hönd stjórnarliða um hvað verði að lokum ofan á í þessu efni. Ég get þó alla vega sagt að það er vilji til að taka á málinu og reyna að ná niðurstöðu þannig að við bætum aðstöðu þeirra sem málið beinist að.

[13:28]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með því sem fram hefur komið í dag. Fram hafa komið mjög góð sjónarmið og gott að margir tóku til máls og styðja frv. Það hefur alltaf verið góður stuðningur við málið þegar við höfum talað um textun en lítið verið um aðgerðir. Ég vona að nú komist málið í framkvæmd þannig að þetta verði sett í lög og allir græði á frv.

Ég ætla að bæta einu við það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom að í máli sínu um prósentutölur, að 8% Íslendinga væru í þessum hópi, 25 þúsund manns. Þessi prósentutala er þriggja ára gömul. Íslendingum hefur fjölgað. Við erum 290 þúsund manns á landinu í dag. Það má reikna með að um 29 þúsund manns búi í dag við heyrnarskerðingu. Hópurinn er í kringum 9%. Sá hópur stækkar jafnframt því sem okkur Íslendingum fjölgar. Yfirleitt er miðað við að um 10% þjóðarinnar séu heyrnarskert.

Einnig ber að hafa í huga að fólk af erlendu bergi brotið flyst til Íslands. Sá hópur er um það bil 10 þúsund manns sem mundi njóta þess að fá textun á íslensku efni. Þetta á því alls við um 40 þúsund manns. Þetta lagafrv. nær því til mjög stórs hóps og varðandi það fjármagn sem þarf að leggja fram þarf að skoða hvað samfélagið fær í staðinn, ávinning Íslendinga af frv.

Ég vil aftur þakka öllum sem styðja frv. og ég vona að það nái fram að ganga á þessu þingi.

[13:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér komu fram fróðlegar upplýsingar um fjölda þeirra sem málið snertir. 29 þúsund manns eða 10% þjóðarinnar og undir þetta gætu fallið um 40 þúsund manns

ef taldir eru með þeir sem búa við minni heyrnarskerðingu. Það væru þá um 12–13%.

Ég hygg að þetta séu afar sterk rök fyrr málinu. Ég bendi til samanburðar á að sérstök lög um málefni fatlaðra hafa verið í mjög mörg ár. Þau ná aðeins til um 1–2% þjóðarinnar þannig að hér er um að ræða margfalt stærri hóp, tíu sinnum stærri hóp en snertir málefni fatlaðra. Ég hygg að það séu mjög sterk rök og veigamikil málinu til stuðnings.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:32]

Íslensk farskip, fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 484. mál (skattareglur o.fl.). — Þskj. 756.

[13:51]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Þessi þáltill. sem ég flyt ásamt hv. þm. Gunnari Örlygssyni, Grétari Mar Jónssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni, felur í sér að fela hæstv. fjmrh. að skipa fimm manna nefnd til að kanna hvernig breyta megi skattareglum og öðrum reglum sem lúta að útgerð vöruflutningaskipa þannig að íslenskar útgerðir sjái sér hag í að sigla skipum sínum undir íslenskum fána með íslenskar áhafnir. Nefndinni verði falið að fara yfir núgildandi reglur og reglur annarra þjóða og móta tillögur til að ná framangreindu markmiði.

Nefndinni er ætlað að skila tillögum fyrir 1. október 2004.

Herra forseti. Þingsályktunartillagan miðar að því að íslensk skip sem sigla með vörur til Íslands verði að nýju mönnuð íslenskum sjómönnum. Nú er svo komið að ekkert vöruflutningaskip siglir undir íslensku flaggi. Áhafnir flutningaskipanna eru ýmist skipaðar Íslendingum að öllu leyti eða að hluta og stundum er jafnvel enginn Íslendingur um borð. Ef fram fer sem horfir mun Íslendingum í áhöfn skipanna fækka enn frekar og þeir jafnvel hverfa úr áhöfn. Sú þróun hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir sjálfstæða þjóð á eyju í miðju Atlantshafi að ráða ekki yfir þekkingu til þess að sigla með vörur til og frá landinu. Einnig skiptir miklu máli út frá mengunarsjónarmiðum, svo sem til að verja hryggningarsvæði nytjastofna og til að verja fiskeldi við strendur landsins, hagsmuni æðarbænda og náttúru Íslands, að þeir sem sigla við strendur landsins með hættulegan varning, t.d. olíu, séu staðkunnugir. Ætla má að íslenskir sjómenn séu að jafnaði staðkunnugri og þekki betur til þeirra aðstæðna en útlenskir sjómenn og þekki einnig betur þær hættur sem ber að varast við strendur Íslands, og geti þar af leiðandi verið betur í stakk búnir til að bregðast við aðsteðjandi hættum.

Herra forseti. Norrænar þjóðir hafa metið mikið þann ávinning að staðkunnugir sjómenn sigli skipum við strendur landa sinna og farið ýmsar leiðir til þess að stuðla að því að flutningaskip sigli undir sínum þjóðfána og sé ekki flaggað út, eins og kallað er. Það sem hefur hvatt fyrirtæki til þess að flagga skipum sínum út er að þau geta ráðið sjómenn frá þróunarríkjum á launum sem eru brot af launum norrænna sjómanna. Flutningsmenn þessarar tillögu telja sérstaklega áhugavert að skoða þá leið sem Svíar hafa farið, þ.e. að allir sjómenn eru ráðnir samkvæmt innlendum kjarasamningum en skattgreiðslur af launum renna beint til útgerðarfyrirtækjanna í stað þess að renna í ríkissjóð. Sænska ríkið nýtur þess að sænskir ríkisborgarar eyða tekjum sínum í landinu en erlendir sjómenn fara til heimalands síns með tekjur sínar. Útflöggun farskipa og fækkun starfa í farmannastétt hefur margoft verið færð í tal við stjórnvöld á liðnum árum. Til upprifjunar á því skal láta hér nægja að vitna í skýrslu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá nóvember 1995, bls. 15, með leyfi forseta:

„Öll Norðurlöndin að Íslandi slepptu hafa hrint í framkvæmd umfangsmiklum aðgerðum til að tryggja innlent atvinnuöryggi í kaupskipaútgerð í samkeppni við ódýrt vinnuafl frá þróunarlöndum og Austur-Evrópu. Þessum aðgerðum er einnig ætlað að gera eigin skráningarfána eftirsóknarverðan í krafti rekstrarskilyrða til jafns við þau sem ríkja á alþjóðamörkuðum.

Í ljósi þess að atvinnutækifærum íslenskra farmanna hefur fækkað um meira en helming á undangengnum fimm árum og að kaupskipaflotinn hefur ekki verið minni um áratuga skeið og þess utan eru flest skip flotans undir erlendum skráningarfánum, þá ríkja nú hérlendis hliðstæð skilyrði við þau sem urðu forsendur fyrir áðurnefndum stjórnvaldsaðgerðum á hinum Norðurlöndunum.

Markmið úttektarinnar yrði að meta ávinning og kostnað fyrir íslenskan þjóðarbúskap í víðustu merkingu þeirra orða, af aðgerðum hliðstæðum við þær sem gripið hefur verið til á öðrum Norðurlöndum. Slík úttekt er nauðsynlegur grunnur fyrir Alþingi og stjórnvöld að byggja á við ákvarðanir um hvort grípa eigi til aðgerða hérlendis eður ei.

Fyrir liggja ýmsar athuganir á stöðu íslenskrar kaupskipaútgerðar og atvinnuöryggi íslenskra farmanna, samanber eftirfarandi:

– Mönnun, skráningar og rekstur kaupskipa. Reykjavík 1991.

– Skráning íslenskra kaupskipa. Skýrsla nefndar vegna skráningarreglna íslenskra kaupskipa, frá samgönguráðuneytinu, sem gefin var út 1993.

Í framangreindum skýrslum er þó ekki lagt mat á þjóðhagslegan ávinning né kostnað af opinberum aðgerðum.

Fyrrgreind hagsmunasamtök telja að ekki sé tímabært að tíunda í smáatriðum alla þá þætti sem úttektin skuli ná til, fyrr en fyrir liggi vilji stjórnvalda til að framkvæma úttektina. Sömu aðilar eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita allar umbeðnar upplýsingar en árétta samtímis að þeir óska ekki eftir beinni aðild að úttektinni, þannig að niðurstöður hennar verði sannanlega óhlutdrægar."

Eins og áður segir gæti samþykkt tillögunnar orðið til þess að íslenskum farmönnum gæti fjölgað á ný og það gæti hleypt nýju blóði í Sjómannaskólann. Fækkun undirmanna um borð í íslenskum farskipum mun þegar fram í sækir leiða til þess að æ færri leggja stund á nám í Stýrimannaskólanum. Nemar skólans þurfa að hafa verið til sjós um ákveðinn tíma áður en hægt er að sækja um inngöngu í skólann. Það gefur því auga leið að fækkun undirmanna á farskipum muni leiða til fækkunar yfirmanna þegar fram í sækir og það er mjög alvarleg þróun. Með samþykkt tillögunnar gæti það leitt til skattalækkunar fyrir atvinnulífið eða fyrir kaupskipaútgerðir sem gæti þegar fram í sækti í raun aukið tekjur ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég óska eftir að þáltill. verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni 1. umr.

[13:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er athyglisverðri þáltill. hreyft varðandi íslenska kaupskipastólinn og er það vel. Fyrir nokkrum

dögum sáum við að síðasta skipi undir íslenskum fána var flaggað út undir fána Færeyinga sem á að bjóða svokallaða „alþjóðaskráningu". Rökin voru þau að eðlilegt væri að olíufélögin, sem reka skip sem Keilir heitir, í ljósi þeirrar samkeppni sem nú ríkti í flutningabransanum, ef svo má segja, væri eðlilegt að leita annarra leiða varðandi rekstur og þann útgerðarhátt sem verið hefur um áratuga skeið hvað áhrærir rekstur olíuskips í strandsiglingum.

Það er líka dálítið merkilegt þegar litið er til þess að hér á landi er til svokallaður olíujöfnunarsjóður sem greiðir sérstakt gjald með hverju fluttu tonni og þarf ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að minnast þess að á Seyðisfirði var settur upp stór og mikill tankur sem átti að vera til jöfnunar eða þæginda fyrir olíufélögin til að dreifa olíu á norðausturhornið. En viti menn. Það kom aldrei nema einn farmur í þennan tank vegna þess að það var mikið óhagræði tekjulega séð fyrir olíufélögin að nota þetta hagræði. Þau höfðu meira upp úr því að flytja olíuna frá Reykjavík hringinn í kringum landið en að nota miðlægan flutningsmáta, þ.e. birgðageymslu á norðausturhorninu því þá kom minna í flutningsjöfnunarsjóð.

Nú hlýtur að vera þröngt í búi hjá olíufélögunum fyrst svo er komið að þeir telja nauðsynlegt að flytja eina skipið sem var undir íslenskum fána undir alþjóðaskráningu í Færeyjum, undir færeyskan fána og ætla sér að manna skipið erlendum aðilum.

Ég hef minnst á það áður að ekki er langt síðan skip í eigu íslenskrar útgerðar sem var mannað rússneskum sjómönnum rak á land á Grundartanga. Það var mesta mildi að skipið lenti á milli tveggja skerja og líklega á eina staðnum í fjörunni þar sem var sandur. Þetta var í blíðskaparveðri.

Ég gef ekki mikið fyrir það og ég tel að við séum illa á vegi stödd ef svo fer að olíudreifing á sjó í kringum landið verði með þeim hætti að erlendir aðilar sjái um hana, þ.e. erlend áhöfn á íslensku skipi, svo viðkvæm sem við erum fyrir því að slys hendi við strendur landsins, mikið mengunarslys, og þá er mikil vá fyrir dyrum.

Þegar talað er um skip undir erlendum fána er rétt að minna aðeins á það að nú er mjög algengt að skipafélögin taki skip á svokallaðri þurrleigu, þ.e. þau leigja skipin án áhafnar en manna þau með Íslendingum. Svo hefur háttað til a.m.k. með Eimskip og nokkur skip Samskipa líka sem hafa verið tekin á þurrleigu að þau hafa verið mönnuð Íslendingum. Í sjálfu sér breytir það ekki miklu undir hvaða fána skipið siglir þó að ég telji að það sé auðvitað nauðsynlegt og eðlilegt og sjálfsagt að við sem eyþjóð flöggum sem flestum skipum undir íslenskum fána. Í þeim margbreytilega farmflutningi eins og er til þessarar eyþjóðar í Norður-Atlantshafi getur stundum verið þægilegt fyrir kaupskipaútgerðir að geta víxlað á skipum, þ.e. stærð skipa, miðað við þann flutning og flutningsþörf sem er. Það getur í sjálfu sér verið eðlilegt. Það sem hins vegar er mjög alvarlegt í þessu máli er að allt mjöl og allt lýsi er flutt frá landinu af erlendum aðilum. Það er hinn stóri sannleikur í málinu.

Það er líka mjög athyglisvert að líta aftur í tímann og horfa til þess þegar Íslendingar gerðu kröfur um það að fá sjóflutningana fyrir varnarliðið á Íslandi. Rökin voru þau að um væri að ræða eyþjóð í Norður-Atlantshafi sem byggi við þann kost að efla yrði íslenskan kaupskipastól, efla yrði íslenska kaupskipaflotann. Það var gert. Gerður var samningur á ný við Bandaríkjaher og skipt þannig að ávallt yrði leitað útboða, þeir sem byðu lægst fengju 60% flutninganna en þeir sem væru næstlægstir fengju 40%. Var þá ákveðið að skipta þessu á milli þjóðanna, milli Bandaríkjamanna og Íslendinga. En það sem var athyglisvert í bandarísku samningnum var að þar stóð að allir flutningar sem færu fram af hálfu Bandaríkjamanna skyldu vera framkvæmdir af bandarísku skipi með bandarískri áhöfn og undir bandarískum fána. Í íslenska samningnum var hins vegar ekkert getið um annað en að það skyldi bara vera íslensk kaupskipaútgerð. Síðan gerist það að þessi samningur er endurnýjaður og fyrir líklega 3–4 árum var hann lagður fyrir Alþingi. Ég flutti þá breytingartillögu við þau lög að sama ákvæði skyldi gilda í íslenska samningnum og þeim bandarísku, að það skyldi vera íslenskt skip mannað íslenskri áhöfn og undir íslenskum fána sem sæi um sjóflutningana fyrir Íslendinga. Það var alveg með ólíkindum hve þingheimur brást illa við þessari tillögu minni, sem var kolfelld. Hvað gerðist í framhaldi af því? Stofnað var skipafélag sem var í tengslum við bandaríska og íslenska aðila og heitir í dag Atlantsskip. Og þá bregður svo við að 60%-flutningarnir sem fara á hendur þessa skipafélags eru fluttir með erlendu skipi með rússneskri áhöfn. Hvar voru þá rök stjórnvalda fyrir því að ná í flutninga frá Bandaríkjaher að sem eyþjóð í Norður-Atlantshafi yrðum við að byggja upp öflugan og traustan kaupskipaflota? Þau fuku út í veður og vind.

En aðeins út af því sem hér hefur komið fram í sambandi við skattalega meðferð og að rétt sé að umbuna íslenskum útgerðum skattalega eins og gert er annars staðar á Norðurlöndunum, þá hlýt ég að spyrja flutningsmenn: Hver er hinn eiginlega samkeppni íslenskra kaupskipaútgerða við erlenda aðila? Hver er samkeppnin? Annars staðar frá Norðurlöndunum sigla skipin út um allan heim í harðri samkeppni við Kína, Japan, Filippseyjar og skip undir Panamafána. En hér á Íslandi eru aðeins tvær kaupskipaútgerðir sem eru í samkeppni hvor við aðra. Það eru ekki erlendir aðilar sem eru að slást við þessar útgerðir.

Meina menn í alvöru að það sé eðlilegt og rétt að skatttekjum sé varið til þess að greiða niður flutning vegna samkeppni tveggja íslenskra kaupskipaútgerða? Það væri gott að heyra frá 1. flm. þáltill. hvað hann er að hugsa í því sambandi.

[14:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Lengi hefur verið rætt í íslensku þjóðfélagi, a.m.k. meðal sjómannasamtaka og annarra sem tengst hafa íslenskri útgerð, um stöðu íslenskra farmanna í siglingum og störf þeirra, hvernig bæri að reyna að tryggja það að á íslenskum skipum störfuðu íslenskir farmenn og einnig á skipum sem íslensku skipafélögin leigja og sigla undir erlendum fána. En nú er svo komið í dag að öll skip sem stunda flutninga eru komin undir erlenda fána, því miður.

Þegar við meðtókum EES-samninginn á sínum tíma var það aðalröksemd okkar fyrir því, sem ég taldi þá eðlilega og studdi og styð enn, að Ísland þyrfti að vera í svipuðu viðskipta- og samkeppnisumhverfi og löndin í kringum okkur. Það væri nauðsynlegt að atvinnustarfsemi á Íslandi starfaði á svipuðum grundvelli og við svipuð skilyrði og annars staðar í nágrannalöndunum, m.a. á Norðurlöndunum. Rök stjórnvalda á hverjum tíma fyrir því að breyta hinum ýmsu reglum sem snúa að samkeppnishæfni atvinnulífs þegna landsins, viðskiptalegum hagsmunum, sköttum — ég minni á alþjóðleg viðskiptafélög o.s.frv. — hafa öll verið í þá veru að Ísland gæti ekki skorið sig úr miðað við önnur

lönd í kringum okkur ef við ætluðum að standa jafnfætis í samkeppni við önnur lönd. Þegar hins vegar kemur að kaupskipaútgerðinni og sérstaklega stöðu íslenskra farmanna, sem hefur fækkað á undanförnum árum, virðist vera allt önnur hugsun upp á teningnum. Löndin í kringum okkur, m.a. Færeyjar eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vék að áðan, hafa búið til sérstakan fána sem skipum er flaggað undir og er kallaður hentifáni. Það hafa Danir líka gert og kalla hann DIS og Norðmenn kalla hann NIS og fellur í raun undir sérstaka skipaskráningu.

Svíar ákváðu hins vegar að fara aðra leið í þessum efnum. Í stað þess að stofna sérstaka skipaskrá ákváðu þeir að gera það sem fylgdi alþjóðlegu skipaskránum í öðrum löndum, að taka upp svokallaða nettólaunagreiðslu. Það hefur orðið til þess að farmönnum sem var að fækka mikið í Svíþjóð hefur fjölgað aftur á sænskum skipum.

Við vitum að Danir hafa haldið úti miklum siglingum og það er alveg rétt sem kom fram áðan að Danir og Norðmenn eru í meiri alþjóðlegri samkeppni í siglingum en Íslendingar. Það breytir hins vegar ekki því sem hefur einnig verið hér í umræðunni að íslensku skipafélögin hafa haldið því fram að samkeppnisstaða þeirra væri að ýmsu leyti verri en annarra er sneri að útgerð og mannskap. Það er alveg rétt eins og hér hefur verið bent á og í því sambandi hafa menn rætt um stimpilgjöld o.s.frv. Það er hins vegar svo komið að við þykjumst sjá það sem höfum fylgst með þessum málum á undanförnum árum, og ég veit að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson veit það jafn vel og ég, að smátt og smátt muni draga til þess að íslensk farmannastétt líði undir lok innan einhverra ára eða áratuga með óbreyttu fyrirkomulagi og að hér verði skip eingöngu mönnuð erlendum áhöfnum. Þær erlendu áhafnir munu eyða sínu kaupi í heimalöndum sínum og öll margfeldisáhrif af því koma þar fram. Þar eru líka greidd lægri laun en greidd eru samkvæmt íslenskum kjarasamningum.

Tilgangurinn með þeirri þáltill. sem hér er verið að ræða, að skipa fimm manna nefnd til að kanna hvernig breyta megi skattareglum og öðrum reglum sem lúta að útgerð vöruflutningaskipa þannig að íslenskar útgerðir sjái sér hag í að sigla skipum sínum undir íslenskum fána með íslenskar áhafnir, er að farið verði ofan í kjölinn á því hvort aðgerðir í skattalegu tilliti með sambærilegum hætti og ríkin í kringum okkur hafa gert — og með sambærilegum hætti og beinlínis hefur verið hvatt til í Evrópusambandinu til þess að viðhalda evrópskri útgerð farskipa — væri sú leið sem hægt væri að fara til þess að efla íslenska kaupskipaútgerð og tryggja atvinnuöryggi farmanna. Tillagan gengur út á að það verði skoðað. Ef það yrði hins vegar niðurstaðan af slíkri skoðun að breyting í þessa veru hefði engin áhrif til þess að efla íslenska útgerð og atvinnu varðandi farmenn og við stæðum enn á ný frammi fyrir því eins og varðandi stimpilgjöldin er náttúrlega sjálfboðið að menn færu ekki þá leið sem löndin í kringum okkur hafa farið.

En það verður að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að það er undarlegt í meira lagi ef þjóðirnar í kringum okkur, okkar helstu vináttu- og frændþjóðir, hafa ákveðið að fara þá leið að láta nettólaunin gilda fyrir ríkisborgara sína og þegna sína sem á skipunum starfa til þess að tryggja störfin og tryggja að þeir eyði tekjunum af útgerðarstarfseminni og auðvitað fjöldamörgum störfum sem fylgja því að útgerð sé öflug, í heimalöndunum, í stað þess að skipin verði mönnuð algerlega með erlendum áhöfnum. En því miður er það fylgifiskur þess þegar menn byrja á því að ráða háseta af erlendu bergi brotnu á íslensk skip, norsk eða dönsk að smátt og smátt verða engir hásetar til sem vilja mennta sig til að verða stýrimenn og skipstjórar vegna þess að það vantar alla reynslu og áhuga og þjóðin situr uppi með tapaða atvinnugrein.

[14:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn mega ekki skilja orð mín svo að ég sé á móti þeirri athugun sem lögð er til í þessari þáltill. Ég styð hana.

Ég vildi aðeins koma inn á annað vegna ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Það eru ekki mörg ár síðan stimpilgjöld voru afnumin af kaupskipum vegna óska útgerðarmanna þar um. Þeir höfðu þá á orði og uppi rök um að yrði það gert mundi skipum fjölga undir íslenska fánanum. Það er búið að afnema stimpilgjöldin og það er enn á hinn veginn, að skipum undir íslenskum fána fækkar og ekkert kaupskip er orðið eftir í dag undir íslenskum fána.

Ég hlýt að spyrja hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson eins. Þegar hann talar um þessa skattalegu meðferð launa eða nettólaunagreiðslur til aðila í skandinavíska kaupskipaflotanum, og þá sænska eins og hann nefndi hér, eru þau skip flestöll í samkeppni erlendis. Eins og ég kom að í ræðu minni áðan eru þessar tvær íslensku kaupskipaútgerðir í samkeppni hvor við aðra og markaðslögmál þeirra er kaupgeta á Íslandi. Það er alveg ljóst að ef við gætum flaggað inn íslenskum kaupskipaflota að fullu og öllu, sem var, værum við að tala um eitt stykki álver. Það er eðlilegt að það sé skoðað líka. Við veitum álveri afslátt í lægra rafmagnsverði og af hverju eigum við þá ekki að skoða það með kaupskipaflotann?

Við ákváðum í samgn. fyrir allnokkru að kalla til útgerðarmenn kaupskipa og fá svör við spurningunni um hvers vegna þeir eru ekki með skipin undir íslenskum fána.

Svo hlýt ég að spyrja hv. þm. þegar hann talar um samkeppni, nýjasta dæmið þar sem Keili er flaggað út undir færeyskum fána: Í hvaða samkeppni var það skip? Í hvaða samkeppni var strandferðaskip olíuflutninga hér við land? Ekki í nokkurri samkeppni. Samt skulu settir erlendir sjómenn um borð, láglaunamenn.

[14:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði, það verður mjög fróðlegt að heyra svör útgerðaraðila þegar þeir verða kallaðir fyrir samgn. og spurðir hvort sú hugmynd sem við hreyfum hér og óskum eftir að verði skoðuð hafi einhverja breytingu í för með sér fyrir útgerðirnar. Munu útgerðirnar þá efla íslenska flotann undir íslenskum fána? Munu útgerðirnar skuldbinda sig til að ráða íslenska ríkisborgara á skipin sín?

Það er alveg rétt að talað var um stimpilgjöldin fyrir mörgum árum sem stóran kostnaðarlið útgerðarinnar. Því var breytt og það hafði ekki áhrif, því miður. Þess vegna lögðum við upp með það að búa hér til þáltill. þar sem yrði skipuð nefnd sem mundi skoða hvaða leiðir væru færar til að tryggja samkeppnisstöðu okkar og hvort það dygði til að ná þeim markmiðum sem við vildum ná. Ég tek undir það með hv. þingmanni að við erum að tala sennilega um 200 störf, ég gæti vel trúað því að við værum að tala um 200 ný störf í íslensku þjóðfélagi ef öll íslensku farmannastörfin væru mönnuð Íslendingum.

Varðandi hið sérstaka skip, olíuskipið Keili, sem núna er verið að manna rússneskri áhöfn, held ég, tek ég undir það og deili þeim áhyggjum með hv. þingmanni að það er ótrúlegt að við skulum vera að fara í þetta far með olíuflutninga okkar við ströndina. Við erum að taka geysilega áhættu með því að gera þetta. Ég átta mig alls ekki á því hvernig íslenskum olíufélögum leyfist að stefna málinu í þessa hættu.

[14:20]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Hv. 1. flm. till. til þál. Ég tek persónulega heils hugar undir þessa tillögu. Ég er kominn af sjómönnum langt fram í ættir og mér er málið talsvert skylt. Ég veit að stór hluti af því að Eimskipafélag Íslands var stofnað á sínum tíma var til að styrkja stofnun íslenska lýðveldisins. Þá voru menn bjartsýnir og höfðu margt í huga með farskipin.

Hvar eru íslensk farskip í dag? Hvar eru íslenskir sjómenn á farskipum í dag? Þeir eru mjög fáir ef þeir eru nokkrir til, örfáir.

Ég kenndi við Sjómannaskólann í Vestmannaeyjum í nokkur ár. Þá var Guðjón Ármann Eyjólfsson þar skólastjóri sem varð síðar skólastjóri Stýrimannaskóla Íslands. Ég veit að hann hafði miklar áhyggjur af því hvað fækkaði í sjómannastétt á þeim tíma sem hann var skólastjóri. Hvers vegna er svona komið fyrir íslenskri farskipastétt? Er það ekki andvaraleysi íslenska ríkisvaldsins, íslenskrar ríkisstjórnar?

Ég tek heils hugar undir það að skipuð verði nefnd til að kanna hvað hægt er að gera. Mig hryllir við þeirri hugsun að íslensk farskip séu mönnuð erlendum sjómönnum við Íslandsstrendur. Ég held að við ættum að skoða vel þær hugmyndir sem Norðurlandaþjóðirnar nota í þessum efnum og skoða þessi mál á farsælan hátt á næstu vikum og mánuðum. Ég held að íslensk farskip verði að vera mönnuð íslenskum sjómönnum, landi og lýð til heilla.

[14:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það voru örfá atriði sem ég átti eftir að koma að á þeim stutta tíma sem ég hafði áðan í upphafi máls míns.

Við stöndum frammi fyrir því að vera fallin á eigin rökum um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Við byggðum það á því að eitt af meginmálum og hornsteinn þess væri að við ættum öflugan íslenskan kaupskipaflota. Þetta segi ég vegna þess að á flestöllum þeim skipum sem eru á þurrleigu hjá íslenskum kaupskipaútgerðum er sérstaklega tekið fram á skipsskjölum viðkomandi skipa að á hættutímum — sé skipið t.d. bandarískt eða annarrar þjóðar — varðar þau ekkert um það hvort við höfum skip til að flytja farm til eða frá Íslandi. Erlendar útgerðir varðar bara ekkert um það. Það er svo afgerandi ákvæði í þessum leigusamningum að íslenskar kaupskipaútgerðir hafa heldur ekkert um það að segja og skipin eru umsvifalaust tekin úr höndum þeirra. Það er hinn blákaldi alvarleiki sem blasir við.

Oft hefur líka heyrst í umræðunni að það sé mjög umhugsunarvert hvernig standi á því að jafnmikið kosti að flytja 40 feta gám frá Singapúr til Rotterdams og það kostar að flytja hann frá Rotterdam til Reykjavíkur. Menn velta vöngum yfir því hvernig megi á því standa, er eitthvert óeðlilegt verð á fraktflutningum milli Íslands og Evrópu? Ég skal ekkert um það segja en ég þykist þó vita að hluti af málinu sé hagkvæmni stórflutninga, þar sem stór skip flytja vörur frá Austurlöndum fjær hingað til Evrópu. Það segir sig að vísu sjálft. Hins vegar er erfitt að segja um farmgjöld milli meginlands Evrópu og Íslands. Væntanlega mun koma í ljós þegar fram líða stundir og samgn. ræðir við útgerðaraðila nái þessi þáltill. fram að ganga og verði hrint í framkvæmd, hvað veldur svo háu verði.

Ég held að það gæti verið dálítið erfitt að réttlæta fyrir almenningi, skattgreiðendum hér á landi, að á meðan aðeins tvær kaupskipaútgerðir eru hér á landi sem eru í samkeppni innbyrðis ætlum við mánaðarlega að taka ákveðið fé úr ríkissjóði og leggja til útgerðarinnar vegna erfiðrar samkeppnisaðstöðu við fólk á skipum frá Rússlandi eða þriðja heiminum.

Við sáum nýlega, fyrir líklega tveim, þrem sólarhringum, að eitt Fellið lenti í miklum ógöngum við suðurströndina, miklu óveðri, og þar er rússnesk áhöfn á „íslensku" skipi. Ég er ekki að segja að þetta hefði ekki komið fyrir ef um borð hefði verið íslensk áhöfn en ég þykist þó vita að þess séu dæmi. Nýlegt dæmi er um að skip kom upp á Grundartanga, mannað erlendri áhöfn, sem aldrei hafði komið á þetta hafsvæði. Það varð að taka það inn í eina Faxaflóahöfnina, hífa alla vöru úr skipinu og sjóbúa upp á nýtt vegna þess að þeir áttuðu sig ekkert á sjólagi eða þeirri vá sem hér er oft við strendur landsins.

Margs er að gæta en þess vegna er það líka mjög sérkennilegt að t.d. tryggingafélögin skuli ekki láta neitt frá sér heyra í þessu sambandi. Við vitum að íslenskir farmenn þekkja á, kunna og vita hvernig á að sjóbúa skip þegar lagt er úr höfn í vafasömum veðrum, og hvort sem er það er alltaf vel frá vöru gengið af hálfu íslenskra farmanna vegna þess að þeir þekkja aðstæður og þekkja hve válynd veður eru hér og breytileg.

Ég var aðeins að velta fyrir mér þeirri samkeppni sem margir tala um. Nú hlýtur það að vera samkvæmt orðanna hljóðan, eins og við höfum heyrt og talað um, að rússneskir sjómenn eða sjómenn frá Austurlöndum fjær eru jafnvel að vinna fyrir innan við 200 dollara á mánuði. Fraktin með þær vörur sem fluttar eru með skipum sem borga slík lúsarlaun hlýtur að vera mjög ódýr. Það vill svo einkennilega til að þess sjást engin merki í hillum verslana, það sjást engin merki þess að það sé einhver töluverður munur á verðlagningu þeirrar vöru sem flutt er með skipum undir þægindafána, með fólki frá þriðja heimi á lágum launum, eða með skipum á þurrleigu með íslenskri áhöfn.

Þess vegna leiði ég hugann að því hvernig muni verða litið á ef sú leið verður farin sem Svíar hafa farið, að skattalegar tekjur sjómanna renni til útgerðarinnar aftur til að lækka rekstrarkostnað. Ég tel að það eigi fullan rétt á sér ef útgerðir eru í eiginlegri samkeppni. Ég sé það ekki fyrir mér að það muni verða samþykkt t.d. á Alþingi að setja skattaleg lög þess efnis að allar skattalegar tekjur af Íslendingum um borð í margnefndu skipi, olíuflutningaskipinu Keili, yrðu skildar eftir hjá útgerðinni til að útgerðin mundi flagga skipinu inn aftur og manna það Íslendingum.

Mér finnst, og tek undir það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom hér inn á áðan, þetta vera ábyrgðarhlutur. Það er ábyrgðarleysi af útgerðinni, af olíufélögunum, að fremja þennan gjörning. Þetta er ábyrgðarleysi og umhugsunarefni hvort ekki ætti að grípa til þeirra ráða að banna hreinlega þessa útflöggun og þann gjörning sem þeir eru að framkvæma með því að ráða ódýrt erlent vinnuafl til að flytja olíu með ströndum landsins á viðkvæmum fiskimiðum. Ekki

þarf mikið til að skaða þau. Þegar litið er til þess að við erum jú háð sjósókn og sjávarútvegi, það er það sem við byggjum afkomu okkar á, er verið að leika sér að eldi fyrir framan nefið á okkur af fyrirtækjum sem aldrei hafa verið blönk og þurfa ekkert á þessari aðgerð að halda.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill svo til og þarf svo sem engum að koma á óvart að við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson deilum áhyggjum um ýmislegt er snýr að siglingum og stöðu þeirra hér á landi. Það er leitt til þess að vita að þau rök skuli hafa, eins og hann vék réttilega að, snúist í höndum okkar, að okkur væri nauðsyn að eiga öfluga útgerð sem sigldi að og frá landinu og væri undir íslenskum fána og íslenskri stjórn. Það er ábyggilegt að margir þeir sem stóðu á hafnarbakkanum og fögnuðu óskabarni þjóðarinnar við stofnun þess, mundu velta sér nokkuð yfir þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi síðustu árin og áratugina.

Hv. þm. minntist á tryggingafélögin, að þau skyldu ekkert líta til þess öryggis sem fylgir því að hafa íslenska áhöfn í siglingum að og frá landinu og ég tala nú ekki um við ströndina, sérstaklega þegar verið er að flytja hættulegan farm eins og olíu. Ég átta mig alls ekki á því, virðulegi forseti, hvernig tryggingafélögin fallast á að taka þá áhættu að tryggja olíuskip í flutningum um ströndina með erlendri áhöfn án þess að gera kröfu um miklu hærri tryggingagjöld.

Það er kannski eins og með húsið í Bolungarvík sem var alltaf tryggt fyrir 30 millj. kr. og borgað afgjald af, en þegar átti að fara að greiða bæturnar voru þær aðeins 4–5 millj. kr. Það er margt að athuga þegar kemur að tryggingafélögum og það er líka margt að athuga þegar kemur að rekstri olíufélaganna eins og hann hefur verið á undanförnum árum.

[14:33]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Það var gott að heyra þann jákvæða tón sem heyrðist hjá hv. þm. Jóni Kr. Óskarssyni og Guðmundi Hallvarðssyni í garð markmiða frv., og ber að þakka hann. Að vísu heyrðist mér að það væri efasemdartónn um leiðirnar að markmiðinu sem fram koma í grg. með frv. Nokkrum spurningum var beint til mín sem ég tel rétt að svara.

Staðreyndin er sú að íslenskum sjómönnum er að fækka á farskipum. Þess vegna ber okkur að leita allra leiða til að ná þeim aftur til baka. Ég tel reyndar að íslensk skipafélög séu fleiri en tvö og fleiri en þrjú sem sigla við strendur landsins. Tillagan miðar ekki eingöngu að samkeppnishæfni skipafélaganna heldur einnig að samkeppnishæfni íslensku sjómannanna þannig að það verði eftirsóttara en nú að hafa íslenska sjómenn.

Við sjáum t.d. að þegar verið er að fjölga útlenskum sjómönnum um borð í hinum svokölluðu íslensku skipum eða þeim sem íslenskar skipaútgerðir gera út að það er hagstætt fyrir útgerðirnar að manna þær íslenskum sjómönnum. Við viljum því skoða þá leið og með samþykkt þáltill. verði horft til eftirfarandi: Hvernig getum við haft meiri ávinning af því fyrir útgerðirnar að ráða íslenska sjómenn? Þess vegna viljum við að skoðuð verði sú leið að skatttekjur renni til útgerðarinnar.

Persónulega hef ég meiri trú á því að gera það hagkvæmara fyrir íslensku útgerðirnar að ráða íslenska sjómenn en að banna útlenska sjómenn við strendur landsins. Ég tel að það verði mjög erfitt að framfylgja slíku banni. Þess vegna tel ég að með því að skoða þá leið að skatttekjur af tekjum sjómannanna renni aftur til útgerðarinnar muni það leiða til þess að skipafélögin sjái sér einfaldlega meiri hag í því en ella að ráða íslenska sjómenn.

Það er athyglisverður punktur sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti á, að tryggingafélögin ættu að skoða hvort það veitti félögum sérstakan ávinning að hafa íslenska sjómenn um borð í skipum sem sigla við landið. Ég tel vert fyrir tryggingafélögin að skoða þann þátt.

Það er auðvitað rétt sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Kr. Óskarssyni um hvað íslenskir sjómenn eru mikilvægir, bæði hvað varðar mengun og mengunarhættu við náttúruna og einnig hvað varðar — ja, segjum bara sjálfstæði Íslendinga.

Ég læt máli mínu lokið að sinni og þakka fyrir umræðuna sem hér hefur orðið.

[14:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar talað er um að það séu fleiri kaupskipaútgerðir en Samskip og Eimskip, er það rétt. Það er eitt skipafélag til viðbótar sem heitir Atlantsskip. Þá er ég að tala um skipaútgerðir sem stunda reglubundnar siglingar til og frá Íslandi. Það er líka til skipafélagið Nes, sem hefur verið í leigusiglingum eingöngu með erlenda sjómenn, og síðan er til skipafélagið Nesskip, sem hefur verið í lýsis- og mjölflutningum og eingöngu með erlendar áhafnir.

Það sem ég er að tala um er þessi breytilega staða íslenskra kaupskipaútgerða versus þeirrar skandinavísku, sem eru í flutningum út um allan heim og í samkeppni vítt og breitt um heiminn. Skipafélögin þrjú, Atlantsskip, Samskip og Eimskip eru í reglubundnum siglingum að og frá Íslandi. Það er ekkert kínverskt skipafélag, það er ekkert japanskt eða pólskt skipafélag eða annað sem er í reglubundnum siglingum að og frá Íslandi með nauðsynjavörur okkar. Samkeppnin er því ekki á þeim grundvelli.

Hins vegar vil ég taka undir það að lokum og segja: Ég tel eðlilegt að gera allt til þess að fjölga íslenskum sjómönnum. Ég tek alveg heils hugar undir þáltill. hvað það varðar og bendi á, eins og ég sagði áðan, að um 200–250 störf gætu verið í húfi sem skiptir auðvitað verulegu máli, eða eins og eitt álver sem nýtur sérstakrar niðurgreiðslu í orkuverði. Ég tel eðlilegt að horft sé á það líka. Er réttlætanlegt og er það hægt og rétt að við greiðum niður rekstrarkostnað íslenskra kaupskipaútgerða til að auka og efla íslenska farmannastétt? Ef það gæti orðið mun ég heils hugar taka undir það.

[14:40]

Flm. (Sigurjón Þórðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ágætt að það sé komið á hreint hvað varðar fjölda skipafélaganna. En varðandi það að íslensk skipafélög séu bara í samkeppni innan lands má horfa til þess að með samþykkt tillögunnar gæti verið að íslenskar útgerðir gætu hafið útrás með íslenska sjómenn. Ef þáltill. gæti leitt af sér skattalækkun á útgerðir og að íslenskir sjómenn væru í meira mæli í erlendum verkefnum, tel ég það af hinu góða.

Sú staða gæti vel komið upp eftir að þáltill. væri samþykkt að við lækkum í raun skatta á útgerðir, en þegar upp er staðið gæti skattalækkunin einfaldlega skapað meiri tekjur fyrir ríkissjóð en ef ekki væri af stað farið, því ef við skoðum hlutina nú: Hverjar eru tekjur Íslendinga af útlensku sjómönnunum um borð í Keili? Eru þær nokkrar?

[14:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lokaorð hv. þm. vöktu mig til umhugsunar og urðu til þess að ég kom aftur í ræðustól. Það er alveg rétt ábending að það eru engar tekjur af þessum sjómönnum, ekki nokkrar, fyrir íslenska ríkið.

Hitt er annað mál að það er náttúrlega mjög sérstakt að Íslendingar skyldu ekki hafa farið í víking þegar íslensk kaupskipaútgerð var stofnuð 1915, Eimskipafélag Íslands. Það er dálítið merkilegt að nokkrum sinnum hefur verið reynt að fara í samkeppni við erlendar útgerðir um siglingar á milli hafna erlendis, en einhverra hluta vegna, því miður, hefur það ekki tekist.

Auðvitað eigum við möguleika úti í hinum stóra heimi eins og aðrar skandinavískar þjóðir. Við sjáum t.d. miklar tekjur af siglingum Norðmanna á milli hafna erlendis og í Austurlöndum fjær. Það er geysilegur ávinningur fyrir norska ríkið að hafa á að skipa svo stórum kaupskipastól sem raun ber vitni og miklar tekjur þar af. Ég tek alveg undir með hv. þm., ég vildi bara óska þess, og mæltu heilt, ef þetta yrði til þess að mikil útrás íslenskra kaupskipaútgerða yrði út í hinn stóra heim í hinni hörðu samkeppni þar. Það færi betur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. ÁÓÁ o.fl., 520. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 794.

[14:43]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. Flutningsmenn ásamt mér eru Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Bryndís Hlöðversdóttir.

Í rauninni er þetta frekar skýrt mál, skýr breyting sem hér er verið að mæla fyrir. Í stuttu máli má segja að verið sé að afnema fyrningarfresti í kynferðisafbrotum gegn börnum í ákvæðum í almennum hegningarlögum frá 194.–202. gr. Afnámið á fyrningarfresti brota gegn börnum á við einstaklinga sem eru yngri en 14 ára.

Í rauninni er markmiðið með frv. að viðurkenna þá sérstöðu sem börn sem fórnarlömb í slíkum brotum hafa. Aðstöðumunur gerenda og þolenda er gríðarlegur í þessum málum. Brotaþoli er oft ekki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða eða hann þekkir ekki leiðir til að losna undan oki gerandans.

Reynslan sýnir einnig að þolandinn, þ.e. barnið, áttar sig oft ekki á því fyrr en mörgum árum seinna á að brotið hafi verið gegn því eða jafnvel bælir niður minninguna um ofbeldið í langan tíma. Þess vegna geta liðið mörg ár, jafnvel áratugir, þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Flutningsmenn telja að gerandi í slíkum málum eigi alls ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola.

Ársskýrsla Stígamóta fyrir árið 2002 staðfestir að oft líður langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Um 43,5% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 5–10 ára en hins vegar voru 32% þeirra sem leituðu til Stígamóta á aldrinum 30–49 ára. Ef við lítum til hæsta fyrningarfrestsins eru öll kynferðisafbrot gegn börnum fyrnd við 29 ára aldur. Þessar tölur staðfesta að fyrningarfrestir í dag eru of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Nú þegar höfum við dæmi af dómum þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisafbrot gegn börnum jafnvel þótt sekt sé sönnuð.

Ef við lítum á núgildandi fyrningarfresti eru þeir allt frá tveimur árum upp í 15 ár eftir alvarleika brotsins. Þeir miðast við 14 ára aldur, en sú breyting varð m.a. í kjölfar tillögu jafnaðarmanna á þingi, þar á meðal hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem mælti fyrir því að fyrningarfrestur hæfist ekki fyrr en þolendur brots hefðu náð sjálfræðisaldri. Í kjölfar þessarar tillögu var lögfest ákvæði um að fyrningarfrestur mundi byrja að telja frá 14 ára aldri. Í ljósi þeirra breytinga sem við mælum fyrir hér verður þetta ákvæði óþarft þar sem brot gegn einstaklingum undir 14 ára aldri fyrnast einfaldlega ekki.

Flutningsmenn telja rétt að miða við 14 ára aldur m.a. í ljósi þess að það eru hin löglegu aldursmörk samræðis og annarra kynferðismaka. En fyrst og fremst er það vegna þeirra röksemda sem að baki búa varðandi sérstöðu þessara brotaþola, þ.e. einstaklinga undir 14 ára aldri. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára verða að teljast í talsvert betri aðstöðu til að skilja að um lögbrot sé að ræða. Þeir eru einnig líklegri til að þekkja þau úrræði sem þolendum kynferðisafbrota bjóðast. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára munu því njóta sömu fyrningarfresta og fullorðnir, verði frv. samþykkt.

Það er rétt að taka fram að umboðsmaður barna hefur mælt fyrir því og hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum í anda þessa frv. Sú hvatning kom fyrst fram árið 1997.

Lítum í lokin örstutt á fyrninguna sjálfa. Til eru margs konar röksemdir fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmnis- og sanngirnisrök, auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá framningu þess.

Það getur hins vegar ekki talist vera sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna brotið eftir sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til verið erfið og verður erfið þrátt fyrir afnám fyrningarfrests. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds sem metur hvort nægileg gögn liggi fyrir sem líkleg séu til sakfellis. Hins vegar má telja að sú vitneskja um að sönnun verði erfiðari eftir sem lengri tími líður hvetji brotaþola til leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma.

Jafnframt verður það að teljast hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvald um hröð vinnubrögð. Brotaþoli undir 14 ára aldri á ekki á líða fyrir slíkt markmið fyrningarreglna. Sömuleiðis er nú þegar áskilnaður í lögum um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu.

Herra forseti. Málið snýst í raun um að sérstaða kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri verði viðurkennd og hagsmunir þeirra vega þyngra en þau hagkvæmnis- og

sanngirnisrök sem búa að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn telja að hagsmunir þessara barna vegi einfaldlega þyngra en þau hagkvæmis- og sanngirnisrök sem iðulega búa að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn álíta að það sé rangt að kynferðisafbrot gegn börnum geti fyrnst og mæla því fyrir að almennum hegningarlögum verði breytt í þá átt.

[14:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Málið sem hér er til umræðu felur í sér mikla réttarbót í meðferð þeirra hryllilegu glæpa sem hér er um að ræða, þ.e. kynferðisbrota á börnum. Það miðar að því að slík mál fari réttlátari leiðir. Sú sérstaða sem býr að baki er augljós og æpandi ef maður skoðar málið og þá vönduðu greinargerð sem hv. 1. flm., Ágúst Ólafur Ágústsson, rakti hér prýðilega í framsögu sinni.

Það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og við aðrir flutningsmenn þessa frv. leggjum til er að sök fyrnist ekki í kynferðisbrotum gagnvart börnum undir 14 ára aldri. Sérstaðan kallar á slíka breytingu enda er aðstöðumunur geranda og þolanda augljós. Þolandinn, barnið, áttar sig oft einfaldlega ekki á því hvað um er að vera eða bælir niður það sem átt hefur sér stað og hvaða hryllilega framferði hefur verið í gangi enda oft um mjög flókin og náin tengsl þolenda og gerenda, fjölskyldutengsl ýmiss konar, að ræða. Við höfum séð það í skýrslum og frásögnum af slíkum glæpum að oft er um að ræða einstaklinga, menn sem tengjast barninu mjög sterkt. Það gerir það að verkum að barnið bælir innra með sér það ægilega framferði sem átt hefur sér stað og leiðist oft út í miklar hrakningar í lífinu og lendir í miklum erfiðleikum vegna þessara mála. Brotaþoli er oft ekki í aðstöðu, tilfinningalegri eða félagslegri, til að gera þessi mál upp, hvort heldur er við sjálfan sig, við gerandann, við fjölskyldu sína eða samfélagið allt, fyrr en komið er á fullorðinsár. Þegar fólk hefur náð að fóta sig í tilverunni og náð áttum þá á það fyrst möguleika á að gera þessi mál upp. Þá brýst þetta upp á yfirborðið og menn reyna að ná tökum á þessari ægilegu, ömurlegu og einstæðu lífsreynslu sem skilur engan eftir óðruvísi en helsáran. Fólk þarf mikinn tíma til að vinna úr slíkri reynslu. Þess vegna er augljóst að fyrning á hér alls ekki við.

Eins og hv. þm. Ágúst Ólafur kom inn á eru mörg sanngirnisrök á bak við fyrningu glæpa ýmiss konar en tölurnar tala sínu máli. Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Um 43,5% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 5–10 ára en hins vegar voru 44,7% þeirra sem leituðu til Stígamóta á aldrinum 19–29 ára og 31,8% á aldrinum 30–49 ára. Oft koma þessi brot því ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolarnir hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar brotamaður er í fjölskyldutengslum við brotaþola“ — eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti.

„Ljóst er því að núgildandi fyrningarfrestir geta í mörgum tilfellum verið of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum, jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð, staðfesta þetta.“ — Þetta kom einnig fram í framsögu 1. flm. Slíkir dómar undirstrika alvarleika málsins.

Málið er grafalvarlegt, virðulegi forseti, og verður ekki haft í pólitískum flimtingum neins konar. Það er því flutt af hógværð og festu. Þetta er eitt þeirra mála á þinginu í vetur sem einna mikilvægast er að nái fram að ganga og óskum við flutningsmenn eftir því að þingmenn annarra flokka, hvort heldur úr stjórn eða stjórnarandstöðu, leggi þessu góða máli lið, tryggi að frv. nái fram að ganga, komi til atkvæða fyrir vorið og verði að lögum.

Ég tel brýnt að færa þessi brot í hóp annarra mála sem sérstakir fyrningarfrestir gilda um. Dæmi um slík mál eru þau sem ævilangt fangelsi liggur við, eins og kemur fram í grg., t.d. landráð, hvers kyns brot gegn stjórnskipan og æðstu ráðamönnum þjóðarinnar, manndráp og mannrán. Þetta eru brot sem ævilangt fangelsi liggur við á Íslandi og flokkur mála sem aldrei fyrnast.

Vegna sérstöðu og hrikaleika kynferðisafbrota gegn börnum tel ég að misnotkun barna sé jafnvel enn þá viðbjóðslegri en þeir glæpir sem ég taldi upp áðan og enn þá skaðlegri, bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið en beinlínis manndráp og mannrán. Þar á engan greinarmun að gera á og ég tel að svipuð refsiþyngd eigi að liggja við kynferðisafbrotum gegn börnum og þeim málum sem ég taldi upp áðan. Því ætti fyrningarfrestur ekki að ná yfir slík brot. Sérstaða afbrotanna er slík að ekki hægt að líta þau öðrum augum en þeim að svo alvarleg afbrot hafi verið framin gagnvart einstaklingnum að yfir þau nái ekki aðrar refsingar en þær þyngstu og að brot af þessu tagi geti því ekki fyrnst.

Það gefur augaleið, eins og fram kemur í tölunum frá Stígamótum, að stór hluti málanna fer aldrei til rannsóknar og meðferðar dómstóla fyrr en brotaþoli er orðinn fullorðinn einstaklingur og hefur, eins og ég gat um áðan, gert þessi mál upp við sjálfan sig, fjölskyldu sína og samfélagið. Viðkomandi kann þá fyrst að hafa þroska og áræði til að takast á við það ólýsanlega erfiða hlutskipti að leiða slík mál fram í dagsljósið, oft brot af hálfu fjölskyldumeðlims eða einhvers sem tengst hefur viðkomandi sterkum tilfinningaböndum. Vafalaust ná engin lýsingarorð yfir það að þurfa að leiða slík mál fram í dagsljósið. Það hefur í för með sér ringulreið og upplausn fjölskyldna. Það sem lagt er á þolendur slíkra glæpa er held ég með engum orðum hægt að lýsa.

Hinu háa Alþingi ber því að viðurkenna sérstöðu þessara glæpa og andstyggilegu afbrota með því að breyta hegningarlögunum eins og lagt er til í frv., eins og hér stendur:

„Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri.“

Þetta er kjarni málsins. Þetta er það sem við flutningsmenn frv. leggjum til. Við teljum fyrir því öll rök og allar ástæður að þetta mál nái fram að ganga. Við sjáum engin haldbær rök fyrir öðru en því að þessir glæpir, þessi afbrot og níðingsverk gagnvart einstaklingunum, njóti annarrar meðferðar en hér er lögð til, flokkist eins og þeir glæpir sem ég gat um áðan og fyrning nær alls ekki yfir. Það er kjarni málsins, virðulegi forseti.

Við skorum á hið háa Alþingi, á aðra alþingismenn, að leggja upp í þessa för með okkur, tryggja að þessi lög nái fram að ganga og þessi réttarbót verði gerð á dómskerfi okkar þannig að þeir einstaklingar sem gerst hafa sekir um slík voðaverk gagnvart börnum geti undir engum kringumstæðum komist undan því, liggi sök fyrir.

[15:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., enda er ég meðal flm. þess. Ég tel þó fulla ástæðu til að koma hér í ræðustól og þakka hv. 1. flm., Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir það frumkvæði sem hann sýnir með því að leggja fram þetta mál og fyrir þá prýðisgóðu greinargerð sem fylgir með frv. Þar eru færð fram öll þau rök sem nauðsynleg eru og sýnir vel fram á hve brýnt það er að fara þá leið sem hér er lögð til við fyrningar á brotum þegar brot er framið á barni undir 14 ára aldri, að ekki verði neinn ákveðinn *fyrningarfrestur á því heldur fyrnist brotið ekki.*

Þau rök sem hafa verið færð fram gegn þessu eru að sönnunarbyrðin sé erfið. Vissulega er hægt að taka undir að hún er auðvitað erfiðari eftir því sem lengra líður frá því að kynferðisbrotin voru framin en mér sýnist að hv. 1. flm. færi fram mjög gild rök, sanngirnis- og réttlætisrök, sem eiga að vega þungt í þessu máli þegar það er lagt á vogarskálarnar að sönnunarbyrðin sé erfið í slíkum málum.

Við erum, frú forseti, að tala um kynferðisbrot gegn börnum. Þau eru í augum þjóðarinnar einn alvarlegasti glæpur sem framinn er, enda ljóst að sá glæpur getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð. Það er alveg ljóst og hefur verið margsannað að þegar framin eru kynferðisbrot gegn börnum líða þau mjög fyrir það, byrgja það inni og treysta sér ekki til að trúa neinum fyrir þeim glæp sem hefur verið framinn gegn þeim, varðveita vitneskjuna ein í mörg ár. Síðan er það oft ekki fyrr en á fullorðinsaldri sem viðkomandi einstaklingur treystir sér til að reyna að ná fram rétti sínum og að sá sem brotið framdi verði dreginn fyrir dómstólana. Þá er sá hængur á að brotin eru fyrnd.

Það eru vissulega athyglisverðar tölur sem fram koma hjá hv. 1. flm., að 31,8%, þ.e. tæplega þriðjungur, þeirra sem leituðu til Stígamóta vegna kynferðisbrota voru á aldrinum 30–49 ára. Þá eru brotin oft fyrnd eins og fram kom í máli 1. flm.

Við tókum svolítið á þessu máli á 122. löggjafarþingi, fyrir 6–8 árum. Eins og hv. 1. flm. gat um flutti ég þá frv. þess efnis að brot byrjaði ekki að fyrnast fyrr en við sjálfræðisaldurinn. Hæstv. þáv. dómsmrh., Sólveig Pétursdóttir, var þá líka með stjórnarfrv. um að það ætti að miða við að brot byrjaði að telja eða fyrnast við 14 ára aldurinn en okkur fannst það of skammt gengið. Ástæðan fyrir því að við lögðum til að miðað yrði við sjálfræðisaldurinn en ekki að það væri engin fyrning á slíkum brotum var sú að okkur var talin trú um að sönnunarbyrðin væri mjög erfið í svona málum. Við viðurkennum það vissulega en þessi brot eru því miður vaxandi og það verður að vera aðhaldsákvæði í lögum sem getur veitt eins nauðsynlega vernd gegn kynferðismisnotkun og hægt er með því að þeir sem fremja slík brot geti ekki hangið í því skjóli að þessi brot fyrnist eftir ákveðinn tíma.

Þess vegna held ég, herra forseti, að þetta mál eigi að fá mjög málefnalega umfjöllun í allshn. Það er þess eðlis að þingmenn ættu að geta sameinast um það. Hér er um þannig mál að ræða, eins og við höfum sagt, að það getur eyðilagt líf fjölda einstaklinga og það eru allt of margir sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun. Ég vil benda á að samkvæmt upplýsingum sem komu fram fyrir nokkrum árum sýna allar erlendar rannsóknir að hin raunverulega tíðni kynferðisofbeldis er margfalt hærri en opinberar tölur segja til um. Þessar tölur eru ekki síst ógnvekjandi þegar allar erlendar rannsóknir sýna að einungis lítill hluti þessara mála kemur fram í opinberum gögnum. Það er engin ástæða til að ætla að staðan sé önnur hér á landi en annars staðar.

Það kom fram fyrir nokkrum árum að ætla megi að aðeins 10% mála þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi komi fram í opinberum gögnum. Aðeins 10% mála koma upp á yfirborðið. Þetta hefur aldrei verið rannsakað hér að ég best veit en það væri full ástæða til að á því yrði gerð ákveðin úttekt.

Ég man að ég lagði fram fyrirspurn um þetta mál fyrir líklega átta árum eða kannski tíu. Þá kom fram að barnaverndarnefndir höfðu á fimm árum þar á undan fengið 465 *mál til meðferðar vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar* á börnum. Áttu þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Ef það eru aðeins um 10% þeirra kynferðisbrota sem framin eru sjá menn hvaða stærðir verið er að tala um.

Ég vil líka nefna í þessu sambandi, hæstv. forseti, að í því þingmáli sem ég flutti á sínum tíma var ekki einungis um það að ræða að miða fyrningu á kynferðisbroti við sjálfræðisaldurinn. Ef frv. hefði náð fram að ganga hefði brotið fyrnst við 33 ára aldur einstaklings en samkvæmt lögum núna er það við 29 ára aldur. Ég og þeir flm. sem fluttu málið með mér vildum líka að í refsilög yrði sett refsilágmark vegna kynferðisbrota gagnvart börnum og að það yrði það sama vegna nauðgunar og þannig kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu við brotum sem fela í sér samræði eða önnur kynferðismök við barn. Í refsilöggjöfinni hefur lengi verið kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu við brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, nauðgunarbrotum. Sú tillaga okkar að refsilágmarkið yrði aldrei undir einu ári ef um væri að ræða kynferðisbrot gegn börnum var að norrænni fyrirmynd. Í norskri og sænskri refsilöggjöf er að finna ákvæði um lágmarksrefsingu vegna kynferðisafbrota gegn börnum.

Okkur þótti á sínum tíma, og mér þykir það reyndar enn og hvet til þess að það verði líka skoðað í hv. allshn., að hafa refsingar ekki vægari þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum en fullorðnum. Refsilágmarkið er núna vegna nauðgunar eitt ár. Af hverju skyldi það vera lægra þegar um er að ræða börn? Þetta hafa menn ekki treyst sér til að setja á lögbókina. Ég hvet til þess, hæstv. forseti, um leið og ég fagna því að þetta mál er hér fram komið, að það ákvæði verði einnig skoðað við meðferð málsins í allshn. Það má þó alls ekki verða til að tefja framgang málsins. Ég mun ekki endurflytja það fyrr en ég sé hver afdrif frv. verða. Hér er að mínu viti ekki síður á ferðinni brýnt ákvæði sem við ættum að hugleiða mjög gaumgæfilega hvort ekki ætti að setja á lögbókina.

[15:10]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það fer ekki á milli mála að kynferðisafbrot gegn börnum er eitt það ógeðslegasta brot sem framið er í þjóðfélagi okkar. Það er a.m.k. mín skoðun. Ég tel að efni frv. að því er varðar fyrningarákvæði eigi fyllsta rétt á sér og tek þar af leiðandi undir efni frv.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi koma með inn í umræðuna sem mér finnst að menn ættu kannski að hugleiða þó að ég sé ekki með þeim orðum að tala um að brotin gegn ungu fólki, kynferðislega misnotkun, sé ekki jafnalvarlegur glæpur framinn af ungu fólki eins og eldra. Ég velti því hins vegar fyrir mér, virðulegi forseti, og væri fróðlegt að heyra sjónarmið hv. flm. við þeirri hugleiðingu minni hvaða staða er uppi í máli þegar t.d. ungur maður, 16–18 ára, fremur

brot sem flokkast undir þau brot sem við erum hér að tala um gagnvart barni sem er undir 14 ára aldri. Svo líða kannski 40 ár og þá loksins opnar brotaþolinn fyrir það hvað skeði í æsku hans og málið kemur upp á borðið. Viðkomandi aðili, eins og í því dæmi sem ég dreg hér upp, var sjálfur ungur að árum þegar brotið átti sér stað, e.t.v. rúmlega 14 ára eða 16–18 ára, svo maður tali nú um aðila undir lögaldri eins og sagt er. Síðan gerist ekkert í 40 ár og brotaþolinn er kannski um fimmtugt en sá sem braut kannski sextugur, ég get sett dæmið svona upp. Þá velti ég fyrir mér hver staðan sé ef aldrei hefur verið hreyft við málinu í 40 ár. Þá er er ég ekki að gera lítið úr brotinu sem slíku. Ég tek heils hugar undir að kynferðisbrot eru einhver ógeðslegasti glæpur sem ég veit um gagnvart börnum og tek heils hugar undir að fyrir þau á að refsa. En ég velti þeirri stöðu fyrir mér sem gæti komið upp ef einhver í æsku hefði brotið af sér með þessum hætti, brotaþolinn ekki gert það uppvíst og svo líður þetta langur tími, eins og ég sagði, og sá sem braut á viðkomandi hefur að öllu leyti hagað sér eðlilega síðan og unnið þjóðfélagi sínu vel þó að hann hafi vissulega framið þennan óheillaglæp á ungum aldri. Síðan rústast bæði líf hans og brotaþolans, það er ekki auðveldara að koma fram með þetta þótt eftir 40 ár sé.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er erfitt að ganga með það alla ævina að hafa verið misnotaður kynferðislega í æsku. Ég vildi aðeins að þetta sjónarmið kæmi hérna fram og ég velti fyrir mér hvort hugleiða ætti með einhverjum hætti að fyrningarleysi að því er varðar brot sem framin eru af yngra fólki en t.d. 18 ára eða 16 ára eigi að vara í 30 ár, 50 ár, eða hvar eigum við að draga þá línu ef við eigum að draga hana á annað borð? Þetta vildi ég einfaldlega láta koma hérna fram en að öðru leyti styð ég frv.

[15:15]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég tek undir frv. sem hér er flutt um breytingu á almennum hegningarlögum sem þingmenn Samf. flytja og er Ágúst Ólafur Ágústsson 1. flm.

Ég tek undir, og held að það geri langflestir Íslendingar þó víða væri leitað, að kynferðisafbrot gegn börnum eru alvarlegustu brotin sem framin eru, fyrir utan morð ef maður á að fara að flokka eitthvað sem heitir stigvaxandi og alvarleika brota. Brotin eru þess eðlis, kynferðisleg misnotkun, valdbeiting á börnum, að þau skemma um alla lífstíð. Þau marka spor alla ævi og því yngri sem börnin eru, þeim mun erfiðara eiga þau með að gera sér grein fyrir hvað er að gerast eða hvers eðlis brotið er. Þekkingin og skilningurinn kemur með vaxandi þroska. Þá er upplifunin oft svo sár að atburðurinn eða atburðirnir eru bældir, sem á sérstaklega við ef um nákominn ættingja eða foreldra er að ræða, og sársaukanum er ekki hleypt upp á yfirborðið fyrr en jafnvel mörgum árum síðar. Þetta gerir málið svo erfitt, að þegar viðkomandi loksins, hvort sem það er drengur eða stúlka, það eru miklu frekar stúlkur sem verða fyrir misnotkun en piltar í þjóðfélagi okkar í dag — þegar sársaukanum er loksins hleypt fram og ef fólk leitar sér á fullorðinsárum hjálpar eða þegar það hefur þroska til, er tíminn, fyrningarfresturinn, útrunninn og erfitt að taka málið upp.

Í allt of mörgum tilfellum hefur viðkomandi ekki náð háum aldri eða er orðinn harðfullorðinn, en er á þeim mörkum að leita sér hjálpar eftir að fimm ára fyrningarfrestinum er náð. Samt er atburðurinn svo nálægur og svo refsiverður, að sannarlega er hægt að taka undir að það verði að endurskoða ákvæðin um fyrningarfrestinn og taka undir með umboðsmanni barna, að afnema algerlega fyrningarfrestinn vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Hann hefur bent á þetta oftar en einu sinni og kom fyrst fram í skýrslu 1997.

Ég tek aftur á móti undir hugrenningar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að þar sem þetta eru viðkvæm og flókin mál, tilfinningalega flókin mál, er hugsanlegt að líta þurfi til þess á hvaða aldri hinn brotlegi er þegar verknaðurinn er framinn, hvort það eru óþroskaðir unglingar sem beita valdi, eða hvort það eru fullorðnir einstaklingar sem vita mætavel hvað þeir eru að gera. Ég held að rétt sé að vísa þessum ábendingum til hv. allshn. að skoða vel hvort ástæða sé til að setja einhver mörk varðandi aldur geranda, en það sem snýr að þolandanum er þó alltaf hið sama.

Ég vil nefna annað sem snýr kannski ekki beint að frv. sem slíku, en það er alveg ljóst að þeir einstaklingar sem sækja í að hafa kynferðisleg mök við börn eða eiga kynlífsathafnir með þeim, eru sjúkir einstaklingar og þurfa hjálp. Þá hjálp hefur ekki verið auðvelt að fá, enda er ekki auðvelt að lækna. Þar sem það hefur komið meira og meira upp á yfirborðið hvað það eru margir sjúkir einstaklingar sem leita á börn og hafa þessar hvatir, tel ég rétt að hafa það til hliðsjónar í meðferð slíkra mála að auka hjálp við þá einstaklinga sem greinast með slíkar hvatir svo hægt sé að forða því að verknaðurinn verði endurtekinn, því það sýnir sig að þeir sem sækja í að leita á börn gera það aftur nema þeir fái verulega hjálp til að breyta kynlífi sínu.

Ég styð frv. og fyrir hönd okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þakka ég fyrir að það sé komið fram. Ég tel að við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að í fyrsta lagi vernda börnin og vera vakandi yfir þeim einkennum sem koma fram hjá börnum sem verða fyrir kynferðislegri misbeitingu eða áreitni, því þau gefa frá sér ákveðin merki. Það vantar bara að við skiljum merkin sem eru gefin, þá getum við gripið inn í og stöðvað ferli sem er í gangi. Eins þegar brot er ljóst að hjálp sé að fá og refsingin sé ekki fyrnd, eins og svo oft er þegar tekið er á málum.

[15:22]

Útbýting þingskjala:

Danskennsla og ræðumennska í grunnskólum, 712. mál, fsp. JKÓ, þskj. 1054.

Eignarskattur og sérstakur tekjuskattur, 599. mál, svar fjmrh., þskj. 975.

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu, 708. mál, fsp. DJ, þskj. 1050.

Heilsugæslustöð í Hafnarfirði, 709. mál, fsp. JKÓ, þskj. 1051.

Hjúkrunarheimilið Sólvangur, 710. mál, fsp. JKÓ, þskj. 1052.

Kolmunni, 557. mál, svar sjútvrh., þskj. 947.

Nýtt varðskip, 711. mál, fsp. JKÓ, þskj. 1053.

Símaþjónusta barnadeildar á Landspítalanum, 707. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1049.

[15:24]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Ég vil einnig þakka fyrir þær góðu undirtektir sem málið hefur fengið hjá þeim sem tóku þátt í umræðunni.

Eins og komið hefur fram er markmið lagafrv. að taka tillit til sérstöðu kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri, eins og ég hef rakið og óþarfi að fara í það aftur. En mig langar aðeins að bregðast við hugleiðingum hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Hann nefndi ákveðið jaðartilvik sem er sannarlega rétt að velta fyrir sér. Ég vil svara því þannig að í slíkum málum og í svona málum er sönnun ætíð erfið og hún verður ætíð erfiðari eftir því sem tíminn líður. Við höfum úrræði í dómaframkvæmd, lögum og lagatexta, að tekið er tillit til ungs aldurs afbrotamanns. Það er tekið tillit til aðstæðna þannig að nú þegar er úrræði í lögum sem ég tel vera fullnægjandi fyrir dæmi eins og hv. þm. nefnir til að slíkt mál fái sanngjarna meðferð.

Frumvarpið sem hér er til umræðu snýst í raun um hagsmunamat. Að sjálfsögðu eru rök fyrir fyrningu til staðar. Fyrst og fremst hagkvæmnis- og sanngirnisrök eins og dæmi hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar kom lítillega inn á. Það sem situr meira í mér er að með því að beita almennu hagsmunamati og líta á þá reynslu sem við höfum, t.d. tölfræði frá hagsmunaaðilum eins og Stígamótum, sýnir það að eitthvað er að. Lögin eru ekki í samræmi við þann raunveruleika í ljósi þess að einstaklingar eru að leita sér hjálpar og úrræða talsvert seinna og jafnvel áratugum seinna vegna þessara brota en annarra brota gegn almennum hegningarlögum.

Það er annað sem kallar á þessa breytingu og það eru fyrirliggjandi dómar. Við höfum dóma þar sem einstaklingar hafa verið sýknaðir vegna fyrningar, þrátt fyrir að hafa verið fundnir sekir. Dómstóllinn finnur viðkomandi sekan, en dæmir hann sýknan vegna fyrningar. Slíkir dómar held ég að kalli einnig á að við hugum að breytingum í þessa átt.

Nú þegar hefur löggjafinn í raun tekið þá pólitísku afstöðu að ákveðin afbrot skuli vera ófyrnanleg. Það er því ekki verið að fara á nýjar slóðir hvað það varðar. Þetta er hins vegar spurning um pólitískt mat á þeim hagsmunum sem um er að ræða. Til dæmis eru ítrekuð rán skv. 255. gr. almennra hegningarlaga ófyrnanleg. Ég held að þingheimur allur geti verið sammála um að kynferðisafbrot gegn barni undir 14 ára aldri er alvarlegra en ítrekuð rán, þrátt fyrir að ítrekuð rán séu afskaplega alvarleg í eðli sínu. En svo fremi sem löggjafinn hefur tekið þá afstöðu að sum afbrot skuli vera ófyrnanleg, held ég það sé alveg rakið að við fellum þennan brotaflokk með þeim röksemdum sem koma fram í grg. undir hin svokölluðu ófyrnanlegu brot.

Hagsmunir barna vega einfaldlega þyngra en almennar röksemdir um fyrningu. Það er í rauninni meginkjarni frv.

Í lokin langar mig að taka fram að ég vona svo sannarlega að myndast geti þverpólitísk samstaða um málið. Ég vona og ég ákalla þingheim allan, hvar sem hann er staddur þessa stundina, að láta ekki þetta mál vera eitt af þeim málum sem dagar uppi í nefnd og losnar aldrei þaðan. Það er einfaldlega of mikið í húfi.

Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til allshn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 542. mál. — Þskj. 817.

[15:28]

Flm. (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús, á þskj. 817. Auk *mín* eru flutningsmenn að tillögunni hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar og Guðrún Ögmundsdóttir.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa byggingarnefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús á lóð sjúkrahússins við Hringbraut. Nefndin skili einnig tillögum um hagnýtingu núverandi húsnæðis Landspítalans í Fossvogi.

Nefndina skipi fulltrúar tilnefndir af stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Auk þess tilnefni heilbrigðisráðherra einn fulltrúa sem verði formaður nefndarinnar. Nefndin skili áfangaáliti ekki síðar en 1. janúar 2006.

Komi til frekari sölu ríkiseigna, t.d. Landssímans hf., renni hluti af söluverðmætinu til þessa verkefnis.“

Svo hljóðar megintillagan, virðulegi forseti. Eins og fram kemur er hún tvískipt. Annars vegar að Alþingi skipi byggingarnefnd og lagt til að hún verði skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi. Auk þess skipi heilbrrh. formann. Þetta er gert til að freista þess að skapa þverpólitíska samstöðu um þetta mikilvæga málefni.

Enn fremur er lagt til að verði af frekari sölu ríkiseigna, t.d. Landssímans, verði hluta af söluverðmætinu varið til þessa mikilvæga verkefnis. Það er rétt að taka fram, virðulegi forseti, að þetta er dýrt verk. Um það þarf að skapa þjóðarsátt. Ef Landssíminn verður seldur koma miklir peningar inn og þá peninga þarf að nota til þjóðhagslega hagkvæmra framkvæmda sem spara rekstrarkostnað í framtíðinni, eins og þetta mundi gera í stað þess að fara inn í rekstur ríkissjóðs. Þessir peningar koma ekki nema einu sinni inn.

Frú forseti. Flutningsmenn vilja með tillögu þessari koma af stað vinnu til undirbúnings nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús á lóð spítalans sunnan Hringbrautar.

Flutningsmenn eru hlynntir sölu samkeppnissviðs Símans þegar gott tækifæri gefst til en eru andvígir sölu grunnnetsins eins og komið hefur fram í umræðum á Alþingi í tengslum við breytingu á rekstrarformi Landssímans.

Rétt er að taka einnig fram að verði byggt við LSH eins og hér er lagt til losna um leið margar og verðmætar eignir spítalans sem hægt verður að selja og verja andvirðinu til nýbyggingarinnar.

Það hefur komið fram, virðulegi forseti, í ágætri skýrslu sem tekin hefur verið saman af nefnd sem hæstv. heilbrrh. skipaði að eignir LSH geti verið á verðbilinu 14–21 milljarður kr. og eru þá ekki allar eignir taldar, m.a. ýmsar verðmætar lóðir á höfuðborgarsvæðinu.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að hefja byggingu við spítalann sem allra fyrst, m.a. til að ná fram fullri hagræðingu af sameiningu spítalanna með því að starfsemi hans verði nær öll á sama stað í borginni. Starfsemi LSH er nú, eins og kunnugt er, á tveimur stöðum, þ.e. við Hringbraut og í Fossvogi. Enn fremur eru rekstrardeildir í Kópavogi, á Grensási, Kleppi, Vífilsstöðum og á Landakoti. Þá er lagt til

að byggingarnefndin geri tillögu um framtíðarnotkun Borgarspítalans, eftir að starfsemin hefur öll verið flutt í hið nýja húsnæði spítalans, og þá alveg sérstaklega hvort nýta eigi húsnæðið undir dvalarheimili fyrir aldraða, en þörf fyrir slíkt eykst ár frá ári með hækkandi aldri þjóðarinnar. Einnig mætti hugsa sér að hluti þeirrar byggingar yrði tekinn undir sjúkrahótel eða að byggt yrði yfir slíka starfsemi á lóð spítalans við Hringbraut. Sjúkrahótel í nánum tengslum við spítalann, og aukið rými fyrir aldraða, mundi spara ríkissjóði mikið fé þar sem slíkur rekstur er miklu ódýrari og hagkvæmari en rekstur á hátæknisjúkrahúsi.

Rekstur sjúkrahótels í næsta nágrenni sjúkrahússins og í tengslum við það mundi enn fremur gagnast landsbyggðarfólki afar vel. Því má segja að lagt sé til að efnt verði til þjóðarátaks undir kjörorðinu „Landspítala fyrir Landssíma". Frá stofnun Pósts og síma hafa Íslendingar byggt upp það mikla og öfluga fyrirtæki sem nú heitir Síminn hf., sem Alþingi hefur breytt í hlutafélag og samþykkt að selja eignarhlut sinn í. Fram hefur komið að fyrir hlut ríkisins megi fá allt að 35–40 milljarða kr. Með tillögu þessari er lagt til að hluta þeirrar upphæðar verði varið til þessa „þjóðarátaks" sem flestir Íslendingar eru örugglega sammála um að þurfi að ráðast í sem allra fyrst.

Lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa byggingarnefnd sem annist undirbúning nýbyggingar í nánu samstarfi við t.d. starfsfólk sem hefur mikla og víðtæka reynslu og þekkingu á húsnæðisþörf sjúkrahúsa. Undirbúningstími slíkra stórframkvæmda er langur og því er nauðsynlegt að hefjast handa sem fyrst og vanda mjög til allrar forvinnu, m.a. þarf að undirbúa og fá samþykkt nýtt deiliskipulag fyrirhugaðs byggingarsvæðis.

Hæstv. forseti. Afar brýnt er að tekin verði ákvörðun um framtíðaruppbyggingu spítalans á einum stað. Langan tíma tekur að hanna og skipuleggja uppbyggingu nýs spítala. Viðhald og endurbætur núverandi húsnæðis yrðu einnig markvissari ef áætlanir lægju fyrir. Með samþykkt þessarar tillögu, sem flutningsmenn binda vonir við að um skapist þverpólitísk samstaða á Alþingi, yrði til tímasett ákvörðun Alþingis um að hefjast handa á tilteknu ári. Slík ákvörðun mundi gagnast stjórnendum LSH vel m.a. í sambandi við viðhald og endurbætur annarra eigna sjúkrahússins.

Íslendingum fjölgar stöðugt, þjóðin eldist og tækninni fleygir fram. Augljóst þykir að eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vaxi stöðugt. Það er lagalegur réttur almennings að heilbrigðisþjónusta sé eins og best gerist erlendis því að í lögum um réttindi sjúklinga segir í 3. gr.: „Sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita." Til að styrkja heilbrigðisþjónustuna í landinu voru sjúkrahúsin í Reykjavík sameinuð árið 2000 í flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu og spítala allra landsmanna, Landspítala – háskólasjúkrahús.

Við sameininguna voru eftirfarandi markmið í forgrunni: Gera átti starfsemina skilvirkari og ódýrari. Auka átti gæði þjónustunnar og ánægju sjúklinga með hana. Styrkja átti sérgreinar og rannsóknir og kennslu. Ljóst er með hliðsjón af nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um mat á árangri af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík að þessi meginmarkmið hafa að mörgu leyti náðst en hvað kostnað varðar hefur sameiningin ekki skilað tilætluðum árangri.

Undanfarið hafa málefni LSH verið í brennidepli vegna mikils rekstrarvanda. Margir telja að það sem helst hindri fullt hagræði af sameiningunni sé að meginstarfsemin er á tveimur stöðum. Líklegt er að hagræðing í rekstri náist ekki fyrr en starfsemi LSH sameinast á einum stað. Þá er ljóst að núverandi fyrirkomulag og húsnæðisskortur bitnar á þjónustu við sjúklinga.

Fyrir þessum staðhæfingum liggja eftirfarandi rök:

Dýrustu rekstrareiningar spítalans, sem eru gjörgæsla, skurðstofur, rannsóknastofur og myndgreining, verða ekki sameinaðar fyrr en öll bráðastarfsemi spítalans er komin undir eitt þak. Þar sem meginstarfsemi spítalans er á tveimur stöðum er nauðsynlegt að reka tvær bráðamóttökur. Þetta fyrirkomulag veldur óhagræði, bæði fyrir starfsmenn og sjúklinga, vaktþjónusta þessarar starfsemi er á tveimur stöðum og á vissum sviðum verður ekki komist hjá tvíverknaði. Auk þess eru báðar bráðamóttökurnar í ófullnægjandi húsnæði.

Samkvæmt ráðgjafarfyrirtækinu Ementor frá Danmörku er áætluð húsnæðisþörf spítalans 120 þús. fermetrar og munu núverandi byggingar á Hringbraut og í Fossvogi vera samtals 90 þús. fermetrar. Ljóst er að núverandi húsnæðisvandi LSH er mikill og mun fara versnandi. Nær allt núverandi húsnæði spítalans er orðið gamalt og hentar að ýmsu leyti ekki til reksturs nútímaspítala. Tví- eða fjórbýli er á flestum sjúkrastofum en nútímaviðhorf gerir ráð fyrir einbýlum eða tvíbýlum.

Streymi starfseminnar er ekki í samræmi við nútímastarfshætti á sjúkrahúsum enda bera viðbyggingar spítalanna þess glöggt vitni. Reynt hefur verið að sameina samstæða starfsemi eftir því sem við á í húsnæði spítalans við Hringbraut eða í Fossvogi. Vegna þrengsla er þetta þó ekki hægt að öllu leyti. Erfiðleikar skapast þar eð nánar samstarfssérgreinar læknisfræðinnar eru ekki á sama stað. Má þar nefna að deild hjartalyflækninga er við Hringbraut en lungnalækningar í Fossvogi. Hlýst af þessu óhagræði bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk og kallar á stöðugan flutning á starfsfólki og sjúklingum milli staða. Skipting starfsemi milli húsa getur einnig sett sjúklinga í hættu þegar slys og bráðatilvik ber að. Kostir sameiningar koma því ekki að fullu fram fyrr en einstakar einingar spítalans njóta allar stuðnings hver frá annarri.

Vegna húsnæðisskorts er algengt að sjúklingar liggi á göngum, sem ekki er boðlegt, auk þess sem slíkt fyrirkomulag getur verið varasamt við óvænta atburði, svo sem ef kviknar í húsnæði spítalans eða aðrar ástæður gera skjóta rýmingu húsnæðis nauðsynlega. Vegna þrengsla og óhentugs húsnæðis er ekki hægt að koma við nauðsynlegum sýkingavörnum þar sem ekki er hægt að einangra sjúklinga þegar mikið er um gangainnlagnir og stór hluti sjúkrarúma er í fjölbýlum. Þetta er einkum bagalegt vegna vaxandi fjölda spítalasýkinga og hættu á farsóttum, svo sem bráðri lungnabólgu, þótt sá sjúkdómur næði ekki að berast til landsins á liðnum vetri er hann geisaði í Austurlöndum fjær. Nær öruggt má telja að slíkur sjúkdómur berist fyrr eða síðar til Íslands og því lífsnauðsynlegt að fullnægjandi einangrunaraðstaða sé fyrir hendi til að hindra útbreiðslu alvarlegra farsótta á Íslandi.

Virðulegur forseti. Aðstaða til göngudeildastarfsemi er takmörkuð á spítalanum þar sem mun minni áhersla var lögð á meðferð án innlagnar sjúklinga fram á síðustu 15–20 ár en nú er. Húsnæði spítalans er óhentugt fyrir göngudeildastarfsemi, jafnvel þótt ráðist yrði í viðamiklar breytingar. Þetta er einkar bagalegt í ljósi þess að tækninýjungar hafa aukið möguleika á að meðhöndla sjúklinga án innlagnar. Slíkt fyrirkomulag er ódýrara en innlögn og gefur tækifæri til mik-

illar hagræðingar í rekstri spítalans. Ný spítalabygging gæfi færi á uppbyggingu sjúkrahótels í tengslum við spítalann og dregið gæti úr kostnaði vegna dvalar sjúklinga utan af landi sem nytu nálægðar við spítalann meðan á meðferð stæði en þyrftu ekki sólarhringsþjónustu á sjúkradeild. Kostnaður við uppbyggingu sjúkrahúsa hefur verið áætlaður um það bil þrefaldur árlegur rekstrarkostnaður fullbyggðrar nýrrar stofnunar. Hagræði í starfi spítala er því fljótt að skila sér ef vel tekst til.

Þess má geta, virðulegi forseti, að erlendir sérfræðingar telja, og það hefur komið í ljós í Evrópu, að flutningur á starfseminni í nýtt húsnæði sem sérstaklega væri hannað gæti þýtt allt að 10–15% sparnað í rekstrarkostnað á ári. Þetta er reynslan frá Evrópu. Við skulum hafa í huga, virðulegi forseti, að rekstrarkostnaður Landspítala – háskólasjúkrahúss er vel rúmir 20 milljarðar kr., þannig að hér gæti verið um 2–3 milljarða kr. sparnað á ári að ræða.

Virðulegi forseti. Ég hef fylgt úr hlaði þeirri greinargerð sem fylgir tillögu minni og nokkurra annarra hv. þingmanna. Ég vil geta þess í lokin að við heimsókn þingflokks Samf. á Landspítala – háskólasjúkrahús í síðustu viku, þar sem farið var í þriggja daga heimsókn og endað á fundi með forsvarsmönnum spítalans, styrktist ég mjög í trúnni á þá tillögu sem ég mæli hér fyrir. Í ljós kom, fyrir þá sem ekki þekktu til, t.d. mig sem hef sem betur fer ekki verið mikið inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, að aðstaða starfsmanna er oft á tíðum mjög þröng og erfið. Það hefur komið fram í skýrslum frá Vinnueftirlitinu að um ófullnægjandi starfsaðstöðu starfsmanna er að ræða fyrir utan óhagræðið af því að vera með rekstur spítalans á svo mörgum svæðum sem raun ber vitni.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að þessi tillaga fjallaði í raun um þjóðarátak sem kalla mætti „Landspítala fyrir Landssíma“. Það er kannski meginatriðið í þáltill. þessari fyrir utan það að skipa nú þegar byggingarnefnd sem vinni í nánu samstarfi við aðila úr þessum geira, að sjá nákvæmlega fyrir hvernig framtíðarhúsnæðið við Hringbraut á að vera.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að þegar ég legg til að framtíðarbyggingin sé við Hringbraut þá styðst ég þar við álit nefndar sem hæstv. heilbrrh. skipaði. Sú nefnd var undir forsæti Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrv. heilbrrh., og var að öðru leyti skipuð Magnúsi Péturssyni, forstjóra LSH, Páli Skúlasyni, rektor Háskóla Íslands, Ragnheiði Haraldsdóttur, skrifstofustjóra í heilbr.- og trmrn. og Ingólfi Þórssyni, framkvæmdastjóra tækni og eigna LSH. Niðurstaða þeirra og rökstuðningur, sem komið hefur fram í mjög góðri skýrslu sem er aðgengileg á vef LSH, benti til þess að framtíðarbyggingin ætti að vera við Hringbraut.

Ég vil rétt í lokin segja, virðulegi forseti, að ég tók eftir því í heimsóknum okkar samfylkingarmanna á Landspítala um daginn að þar eru skiptar skoðanir. Margir eru þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að slíka byggingu ætti að hafa í Fossvogi.

[15:44]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé hreyft ákaflega þörfu máli til úrvinnslu og athugunar. Mér sýnist hins vegar óþarft að hafa þann fyrirvara á að nefndin skili ekki áfangaáliti fyrr en 1. janúar 2006. Ég vil spyrja hvort ekki væri eðlilegt að nefndin gæfi einhverjar vísbendingar um hvað hún teldi hagkvæmast í þessu máli varðandi byggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús við Hringbraut fyrr en 1. janúar 2006. Ég geri þá athugasemd, hæstv. forseti.

[15:45]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir það sem hann sagði í upphafi máls síns um þessa þingsályktunartillögu, um það góða mál sem hér er flutt inn til Alþingis til umræðu og úrvinnslu.

Hv. þm. spyr hvers vegna ég setji þarna inn áfangaskýrslu ekki fyrr en 1. janúar 2006. Jú, það var gert að vel athuguðu máli vegna þess að ég tel og það er samdóma álit margra að undirbúningstími að svona framkvæmd geti verið mjög langur. Menn hafa nefnt fjögur ár og menn hafa nefnt fimm ár. Svo eru aðrir sem nefna færri ár. Ég vildi setja þarna inn 1. janúar 2006 vegna þess að það er geysilega mikil vinna sem byggingarnefnd — ég vek athygli á því að hér er lagt til að kosin verði byggingarnefnd, ekki verkefnanefnd eða undirbúningsnefnd heldur byggingarnefnd. Sú nefnd þarf töluvert langan tíma til að vinna að undirbúningi og skila áfangaskýrslu eins og hér er kveðið á um, m.a. þarf auðvitað að halda mjög marga fundi og ræða við starfsfólk spítalans eins og ég sagði áðan. Mjög margir starfsmenn spítalans koma til landsins eftir nám erlendis með mikla sérgóða þekkingu á þörfum slíks sjúkrahúss, þ.e. á því hvað þarf á spítala eins og við viljum hafa hér sem landspítala Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús. En við skulum líka hafa í huga að Landspítali – háskólasjúkrahús er líka aðalsjúkrahús Reykvíkinga, höfuðborgarinnar, og þess vegna held ég að eðlilegt sé að tíminn sé þetta langur.

[15:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem hér segir að um áfangaálit sé að ræða þá held ég að eðlilegt væri að reyna að fá það fram sem fyrst, sérstaklega ef menn eru að ræða fleiri en eina eða tvær útfærslur, þannig að þær hugmyndir sem nefndin hygðist síðan vinna með kæmust til umræðu áður en nefndin færi beinlínis að skipuleggja svæðið, ef svo er hægt að orða, eða bygginguna. Ég hefði talið það jákvætt fyrir framgang málsins, sem ég held að sé ágætt og lýsi stuðningi við, að fá áfangaálit og sjónarmið um hvaða kosti menn sæju fyrir sér í stefnumótun.

Nú er ég ekki nokkur einasti sérfræðingur um byggingu sjúkrahúss. Ég hef sem betur fer nánast aldrei inn á sjúkrahús komið. Sjö, níu, þrettán og allt það. En ég held að það væri æskilegt fyrir okkur sem eigum að taka afstöðu til þessara mála og fyrir nefndina sem á að velja síðan þær leiðir sem farnar verða, að svona áfangaálit kæmist sem fyrst í umræðuna eins og það liggur einfaldlega fyrir á þessum tímapunkti. Maður gæti alveg ímyndað sér að skoðanir væru mismunandi á því hvert menn vildu stefna nákvæmlega. Ég held að væri afar áhugavert að fá það inn í umræðuna áður en lengra verður haldið.

[15:49]

Flm. (Kristján L. Möller) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað dagsetninguna varðar þá má eiginlega segja að auðvitað væri æskilegt ef það væri hægt fyrr. En ég held að þetta sé raunhæft markmið. Gefum okkur að um þetta takist sú pólitíska sátt sem hér er fjallað um, að allir hinir pólitísku flokkar sem mann eiga á Alþingi skipi fulltrúa í nefndina, heilbrrh. skipi formann og þessi þverpólitíska nefnd hefji störf í júníbyrjun 2004, þ.e. ef við mundum ná að samþykkja þetta nú fyrir þinglok. Þá hefur viðkomandi

nefnd eitt og hálft ár til að fjalla um og skoða þetta mál. Æskilegt væri ef þetta væri hægt fyrr og vel getur verið að það sé hægt. Ég vil segja að það var geysilega mikið verk unnið, sem er auðvitað undirbúningsverk, af hálfu þeirrar nefndar sem Ingibjörg Pálmadóttir stýrði og í skýrslum sem bæði danskir og sænskir sérfræðingar unnu áður en til sameiningar kom. Ég man nú ekki hvað fyrirtækið hét sem vann fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur, mig minnir White eða eitthvað þess háttar. Þeir voru sænskir. Þarna liggur geysilega mikil vinna.

En það tekur líka mjög mikinn tíma að fara í gegnum þessa starfsemi, skoða þetta og ég tala nú ekki um ef, sem ég vona að verði ekki, upp koma mikil skoðanaskipti í þjóðfélaginu, ef svo má að orði komast, um hvort byggja eigi við Hringbraut eða í Fossvogi. Þá mun hin pólitíska nefnd fara í gegnum þessa þætti alla og það er að mínu mati mjög mikil vinna. En ég tek undir með hv. þm. og ég skil vel að hann telji að áfangaálit megi koma fyrr. Það er vegna þess að hann leggur mikla áherslu á málið og veit hvað það er brýnt. Ég er auðvitað þakklátur fyrir það og ég er algjörlega sammála hv. þm. með það.

[15:51]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús. Þar kemur m.a. fram að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa byggingarnefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús á lóð sjúkrahússins við Hringbraut og jafnframt að nefndin skili einnig tillögum um hagnýtingu núverandi húsnæðis Landspítalans í Fossvogi. Síðan er sagt frá skipan nefndarinnar, hvernig hún yrði samsett.

Bygging Landspítala – háskólasjúkrahúss á einum stað hefur náttúrlega verið í umræðunni um nokkurt skeið og sitt hefur sýnst hverjum. Hins vegar skil ég niðurstöðu málsins svo að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að stefna að uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut, að það sé m.a. niðurstaða svokallaðrar Ingibjargarnefndar sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir leiddi, þ.e. að það sé yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að framtíðaruppbygging á bráðaþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss verði við Hringbrautina. Fyrst og fremst er verið að horfa til bráðaþjónustu þegar verið er að tala um sameiningu á starfsemi þessara tveggja spítala, LSH og þess sem áður hét Borgarspítalinn.

Núna er Landspítali – háskólasjúkrahús vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið. Hann er náttúrlega á þessum tveim stöðum sem við höfum nefnt hér. Hann er líka á Landakoti og við Grensás. Svo er það Kleppsspítali. Á Arnarholti hefur hann verið og til langs tíma á Vífilsstöðum. En í þessari umræðu er í raun eingöngu verið að horfa á bráðaþjónustuna, annars vegar Fossvog og hins vegar LSH.

Nefndin svokallaða, Ingibjargarnefndin, komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að framtíðaruppbyggingin ætti að vera sunnan Hringbrautar og í fyrsta áfanga yrði fyrst og fremst lögð áhersla á uppbyggingu göngudeilda og það er í rauninni í samræmi við þróun sjúkrahúsþjónustu í veröldinni. Það dregur úr áherslu á sjúkrarými en áhersla á að veita fólki þjónustu sem þarf á því að halda á göngu- eða dagdeildargrunni eykst. Þetta er ekki eingöngu hugsað í sparnaðarskyni heldur í hagræðingarskyni fyrir einstaklingana ekki síst, þ.e. stefnan er sú að ef fólk getur á annað borð verið heima hjá sér þó veikt sé, þá ýti það undir að það nái heilsu á ný.

Ingibjargarnefndin komst líka að þeirri niðurstöðu að leggja ætti söluandvirði bygginga LSH í bygginguna og síðan virðist manni nálægðin við Háskóla Íslands vera meginröksemdin í máli nefndarinnar. Mig grunar að að sumu leyti sé mikilvægi nálægðar við Háskóla Íslands ofmetin, en það vakti m.a. athygli í skýrslu nefndarinnar að allir hagsmunaaðilar, Háskóli Íslands, stjórnarnefnd Landspítala, landlæknir og fleiri lögðu megináherslu á að þetta yrði við Hringbrautina.

Reyndar komu fleiri kostir til greina þegar þetta var í umræðunni, ekki bara uppbygging við Hringbrautina heldur einnig í Fossvogi. Talað var um það á sínum tíma þegar ákvörðun var tekin um byggingu barnaspítala við Hringbraut að það væri merki um ákveðna niðurstöðu, þ.e. að þar sem verið væri að reisa nýjustu bygginguna, þar að auki dýra, þá væri ljóst að framtíðaruppbyggingin yrði á þessum stað.

Ýmsar röksemdir voru fyrir því að færa bráðastarfsemina á einn stað, m.a. sameining sérgreina. Talið var að það væri hagræði fyrir starfsmenn, að stjórnun yrði auðveldari, að sjúklingar gætu gengið að þjónustu á einum stað, að því fylgdi minnstur kostnaður því flestar byggingar væru á Landspítalalóðinni, að tengsl væru við miðborgina, m.a. jákvæð áhrif á mannlíf, og þetta væri fjarri íbúðabyggð. En margt af þessu, t.d. sameining sérgreina, hefur þegar átt sér stað þannig að það er í sjálfu sér ekki röksemd í málinu og komið hefur í ljós að hægt er að færa t.d. starfsemi sérgreina á einn stað án þess að endilega þurfi að gera ráð fyrir einum spítala.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Kristjáns L. Möllers áðan hafa aðrar hugmyndir verið uppi, m.a. svæðið í kringum sjúkrahús Reykjavíkur í Fossvogi. Á síðustu árum hefur mjög verið þrengt að spítalanum. Byggingar hafa færst æ nær þannig möguleikar á framtíðaruppbyggingu á því svæði hafa þrengst verulega.

Hins vegar er vert að benda á að Borgarspítalinn er í sjálfu sér ekki gamall spítali. Fyrsta deildin var opnuð 1968. Það eru ekki nema rúm 30 ár síðan og síðasta deildin var opnuð á síðasta áratug, fyrir svona u.þ.b. tíu árum, ef það er þá svo langt síðan. Sjúkrahúsið í Fossvogi er jafnframt miðsvæðis. Ef við erum að tala um miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þá hefur miðjan færst verulega. Sumir segja reyndar að miðjan sé í Kópavogi. En það er miðsvæðis og eins og kom fram í máli hv. þingmanns eru margir enn þeirrar skoðunar að þar eigi að byggja.

Það kom m.a. fram í áliti ráðgjafa danska ráðgjafafyrirtækisins Ementor sem skilaði skýrslu í september 2001 til nefndarinnar eða til Landspítala – háskólasjúkrahúss að það er meginniðurstaða þeirra að ef ekki ætti að reisa nýjan spítala frá grunni þá ætti að byggja upp í Fossvoginum. Þeir sögðu mörg rök vera fyrir því, m.a. drógu þeir þessa lausn sérstaklega fram því hún væri mjög góð og niðurstaða hennar yrði nánast nýr spítali, möguleiki væri á heppilegri útfærslu og ekki þyrfti að fjarlægja byggingar á Landspítalalóðinni, þetta væri sem sagt auðvelt í framkvæmd án truflunar á starfseminni. Ókosturinn sem þeir drógu fram var að byggja þyrfti meira af nýju húsnæði — en á móti þarf ekki að endurnýja eins mikið af gömlu húsnæði — og að lengri vegalengd sé frá Háskóla Íslands. Ég gef reyndar lítið fyrir þessa fimm mínútna keyrslu frá LSH og yfir í Landspítala – háskólasjúkrahús. — Ég biðst afsökunar, frú forseti, það er

sennilega of langt síðan ég hef verið á þingi til þess að ég átti mig á hvað ég hef stuttan tíma til umráða.

Það sem ég vildi segja að lokum er að ákvörðun hefur verið tekin um uppbyggingu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við Hringbrautina. En ég tel mikilvægast nú að ná samstöðu um hvers konar starfsemi eigi að fara fram á Landspítalanum áður en farið verður í að leggja drög að nýrri byggingu.

Umræðu frestað.

Útvarpslög o.fl., 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 337. mál (stofnun hlutafélags, útvarpsgjald o.fl.). — Þskj. 407.

[16:00]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Megininntak frv. er að útvarpsgjald verði aflagt. Gert er ráð fyrir því að lög um Ríkisútvarpið falli úr gildi 1. janúar 2005 og þar með væri skylduáskrift landsmanna að Ríkisútvarpinu fallnar úr gildi og landsmenn ekki lengur skyldir til að kaupa áskrift að ákveðnum fjölmiðli. Til þess að afla tekna á móti verði persónuafsláttur lækkaður um 1.000 kr. á mánuði, eða 12.000 kr. á ári, og það á að gefa sömu tekjur samkvæmt útreikningum og útvarpsgjaldið gefur í dag að frádregnum kostnaði við innheimtu. Þetta kemur betur við flesta nema þær fjölskyldur sem eru með þrjá eða fleiri skattgreiðendur.

Gert er ráð fyrir því að útvarpsráð fái fjárveitingar á fjárlögum sem nemur þessu gjaldi og svarar til tekna af útvarpsgjaldinu, sömu upphæð og það fær í dag, þ.e. ríkið tæki inn auknar tekjur 1.000 kr. af hverjum skattgreiðanda á mánuði og veitti þær til útvarpsráðs.

Í frv. er gert ráð fyrir að Ríkisúrvarpinu verði breytt í hlutafélag og það selt. Hagsmuna starfsmanna verði gætt að fullu og þeir njóti ákveðins forgangs við kaup á hlutafé í Ríkisútvarpinu hf. á lækkuðu verði. Ríkisútvarpið hf. njóti síðan forgangs til verkefna hjá útvarpsráði fyrstu þrjú árin.

Mesta breytingin, frú forseti, er fólgin í starfi útvarpsráðs sem á að starfa áfram. Útvarpsráð verði óbreytt tilnefnt af Alþingi en í stað þess að reka Ríkisútvarpið, útvarpið og sjónvarpið, sér það um að þessi verk séu unnin með útboðum. Það fær sömu peninga til ráðstöfunar en dreifir þeim út með útboðum. Allir geta boðið í þau verk, þar á meðal Ríkisútvarpið hf. Í stað þess að stjórna stofnun sem framkvæmir þau markmið sem ríkisvaldið hyggst ná fram með rekstri Ríkisútvarpsins fær útvarpsráð fjármuni til að bjóða út gerð, framkvæmd og útsendingu dagskrár sem hefur nákvæmlega sömu markmið. Til viðbótar skal útvarpsráð skilgreina eiginleika einstakra þátta dagskrárinnar og koma á gæðaeftirliti með þeim sem ekki er til staðar í dag.

Gert er ráð fyrir því í frv. að bætt verði við útvarpslögin sérstökum kafla sem beri heitið Útvarpsráð og komi í raun í staðinn fyrir lög um Ríkisútvarpið sem verða felld niður. Þar er tekið á þeim markmiðum sem Ríkisútvarpinu er ætlað að fylgja sem eru að:

leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð,
gæta lýðræðislegra grundvallarreglna og málfrelsis,
flytja óhlutdrægar fréttir og skoðanaskipti,
flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn,
útvarpa lista- og menningarefni og veita almenna fræðslu,
tryggja öllum landsmönnum aðgang að efni sínu,
gegna öryggishlutverki á hættutímum.

Öll þessi verkefni á útvarpsráð að sjá til að verði framkvæmd með útboðum.

Frú forseti. Helstu röksemdir fyrir frv. eru þær að óþarft er að ríkið standi í útvarpsrekstri, gerð þátta, útsendingu o.s.frv. Til eru fjöldamargar útvarpsstöðvar sem hafa sinnt þessu verkefni í samkeppni auk þess sem Ríkisútvarpið hf. mun koma inn í þá samkeppni eins og hver annar aðili og flutningsmenn treysta því og starfsfólki þess fullkomlega til að standa sig í samkeppninni.

Þar sem útvarpsráð býður út verkefni samkvæmt ákvæðum frv. má búast við því að stærri hluti verkefna sem fjármögnuð eru af ríkinu, fari til innlendrar dagskrárgerðar. Ekki verði viðurkennt að þær fjárveitingar verði notaðar til þess að kaupa inn erlent efni, t.d. íþróttaefni eða barnaefni, heldur fari þær til innlendrar dagskrárgerðar þannig að reikna má með því að mikil aukning verði á innlendri dagskrárgerð.

Þegar breytt er um eignarform á fyrirtæki úr ríkisrekstri í einkarekstur þarf að gæta að hagsmunum starfsmanna. Það er gert í frv. Þeir halda öllum réttindum sínum. Þeir fá auk þess forkaupsrétt að hlutafé í nýja fyrirtækinu á lægra verði en aðrir og þeir njóta þess sem gerist þegar fyrirtæki er breytt í einkafyrirtæki að þá er frekar farið eftir hæfileikum fólks og þeir sem eru hæfileikaríkari njóta þess í starfi en ríkisreksturinn hefur alltaf í för með sér að erfitt er að koma til móts við hæfileikaríkt fólk.

Í útvarpslögum er ákveði um að útvarpsstöðvum sé skylt að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum og hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst. Sú röksemdafærsla að Ríkisútvarpið sé öryggistæki þjóðarinnar er fallin um sjálfa sig þar sem berlega hefur komið í ljós á síðustu árum að hún á ekki við rök að styðjast. Nægir hér að nefna Suðurlandsskjálftana í júní 2000 og atvik þegar utanaðkomandi aðili náði að slökkva á Ríkisútvarpinu án þess að nokkur gerði athugasemdir við ferðir hans. Á ögurstundu hefur þetta öryggistæki brugðist.

Frú forseti. Ég vil gjarnan eyða nokkrum orðum á útvarpsgjaldið. Það er gjald sem er mjög ófélagslegt, þ.e. það er sama krónutala fyrir alla, hvort sem þeir hafa háar tekjur eða lágar, og kemur að sjálfsögðu miklu þyngra niður á þeim sem hafa lágar tekjur. Gjaldið er umtalsverður hluti af launum lágtekjufólks en hátekjufólk munar lítið um að greiða þennan skatt. En þetta er skattur vegna þess að menn geta ekki horft á sjónvarp eða hlustað á útvarp nema greiða þann skatt. Það verður reyndar að geta þess hér að við verðum að undanskilja starfsmenn Ríkisútvarpsins því að mér skilst að þeir borgi ekki útvarpsgjald þó engin heimild sé til þess í lögum að undanþiggja þá gjaldinu.

Útvarpsgjaldið er núna 2.408 kr. á mánuði fyrir hverja fjölskyldu eða 28.900 á ári. Það kemur sérstaklega illa við einstaklinga sem hafa lágar tekjur og búa einir. Það kemur betur við heimili þar sem fyrirvinnur eru tvær en best kemur það við heimili með mörgum fyrirvinnum, t.d. hjón með tvö fullorðin fullvinnandi börn og góðar tekjur. Með frv. er

þessi aðstöðumunur minnkaður með því að persónufrádráttur einstaklinga er lækkaður um 1.000 kr. á mánuði, 12.000 kr. á ári, á móti niðurfellingu útvarpsgjalds. Þetta á að gefa ríkissjóði sömu tekjur og veitt yrði til útvarpsráðs en bætir stöðu einstaklings um 17 þús. kr. á ári, hjón græða 5 þús. kr. en fjölskyldur með margar fyrirvinnur þurfa að greiða meira. Þær fjölskyldur sem vegna tekjuleysis greiða enga skatta koma best frá þessari breytingu því að þær spara allt útvarpsgjaldið. Sama gildir um fyrirtæki. Þeir sem hvorki eiga sjónvarp né útvarp þurfa hins vegar að greiða meira nú og einnig þeir sem hafa svikist um að greiða útvarpsgjald. Það kemur fram á heimasíðu útvarpsins að um 9% greiði ekki þó þeir eigi að greiða.

Greiðslur fyrirtækja til Ríkisútvarpsins eru mjög merkilegar vegna þess að þau eru væntanlega að sýna eða útvarpa efni til fólks sem greiðir útvarpsgjald heima hjá sér. Það er því verið að tvíborga fyrir sama fólkið.

Innheimta útvarpsgjaldsins er svo kapítuli út af fyrir sig. Smásmugulegt eftirlit með viðskiptum einstaklinga sín á milli, þ.e. ef menn eru að selja notuð sjónvörp, og spurningar um hvar hver sefur eru ekki í takt við tímann. Þegar krakkarnir flytja að heiman í herbergi úti í bæ og taka með sér sjónvarpið, gamla sjónvarpið, eiga þeir allt í einu að fara að borga útvarpsgjald og haft er upp á þeim með skipulegum hætti. Á heimasíðu RÚV kemur eftirfarandi fram undir liðnum tækjaleit: „Tækjaleitin fer þannig fram að öllum þeim sem ekki eru á skrá með viðtæki, og eru ekki tengdir með fjölskyldunúmeri við annan greiðanda, eru send fyrirspurnarbréf. Berist ekki svar við fyrirspurn afnotadeildarinnar fer tækjaleitarfólk á staðinn og spyr um viðtæki á heimilinu. Í flestum tilvikum er tekið vel á móti tækjaleitarfólkinu en komi sú staða upp að rökstuddur grunur er um að tæki sé á heimilinu en heimilisfólk neitar því og vill þess utan ekki sýna fram á að heimilið sé tækjalaust, þ.e. felst ekki á að hleypa fólkinu inn á heimili sitt, verður tæki skráð á heimilið og gíróseðlar sendir fyrir afnotagjöldunum."

Og þá skulu menn sko aldeilis sanna það að þeir hafi ekki tæki eða greiða ella. Það er náttúrlega varla hægt að þola slík afskipti af einkalífi fólks nú á dögum þegar menn huga svo mikið að persónuvernd o.s.frv.

Á þessari sömu heimasíðu kemur fram að talið er að 9% sleppi við að greiða afnotagjald, þ.e. þetta er bæði götótt kerfi og mjög dýrt í innheimtu. Kerfið brýtur þá reglu að fólk sé talið saklaust uns sekt þess er sönnuð. Það er sem sé gengið út frá því að maður sem býr einn hafi sjónvarp.

Ég hef rætt áður að í ríkisrekstri er mjög erfitt að gera vel við afburðastarfsmenn og væntanlega verður breyting þar á ef þetta frv. nær fram að ganga.

Frú forseti. Ekki verður hjá því komist að ræða um menningarmótun þá sem útvarpsráð og Ríkisútvarpið hafa alla tíð haft forustu um. Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins og útvarpsráð hafa verið mjög upptekin af því að kenna þjóðinni ákveðna menningu. Sérhver þjóð myndar menningu sjálf, þ.e. menningin sprettur upp í þjóðlífinu sjálfu. Hér á landi hefur Ríkisútvarpið verið notað til þess að koma ákveðinni menningu inn hjá þjóðinni með góðu eða illu, sinfóníum og slíku. Á meðan ekki var samkeppni á þessum markaði var það alla vega sú menning sem dundi yfir þjóðina. Reyndar hefur það breyst eftir að fleiri aðilar komu sem grófu undan þeirri einokun á menningarítroðslu.

Sú lausn sem hér er stungið upp á leysir öll þau vandamál sem eru í útvarpsrekstrinum, þ.e. þessa smásmugulegu innheimtu á útvarpsgjaldinu sem gengur mjög nærri persónufrelsi. Hún lagar það að hægt sé að gera vel við starfsmennina. Hún lagar það líka að menningarmótunin minnkar, þ.e. það mikla afl sem Ríkisútvarpið hefur haft. Hún lagar líka samkeppnina sem er mjög skekkt þar sem notandi verður að greiða til Ríkisútvarpsins ef hann ætlar að horfa á einhverja aðra stöð. Segjum t.d. að unglingur flytji að heiman og hann vilji horfa á Skjá 1 sem kostar ekki neitt og hann kaupi sér sjónvarp til þess að horfa á Skjá 1. Þá verður hann að borga útvarpsgjald til samkeppnisaðila Skjás 1 þó að hann langi ekki til að horfa á þá stöð og hafi aldrei langað til þess. Þetta skekkir náttúrlega samkeppnina umtalsvert.

Síðan standa menn náttúrlega frammi fyrir því vandamali sem er netið. Hvað ætla menn að gera eftir örfá ár þegar gæði sjónvarps í gegnum netið verða jafnmikil og gæði sjónvarps í gegnum sjónvarpstæki? Ætla menn þá að fara að skattleggja allar tölvur? Ég held að ekki sé seinna vænna að fara út úr þessu kerfi og gert er ráð fyrir því í frv. að þessi vandamál verði öll leyst.

Í gær eða fyrradag ræddum við um útvarpsgjaldið og vandamál tengd því, að hækka þyrfti gjaldið, hallarekstur o.s.frv. Hér er einmitt bent á lausn á því, að hætta innheimtu útvarpsgjalds og lækka persónuafsláttinn um 1.000 kr. sem gefur sömu tekjur á mánuði.

Það sem er merkilegast í þessu frv. er hlutverk útvarpsráðs. Hlutverk hins nýja útvarpsráðs, sem er kosið nákvæmlega eins og hingað til, er að skilgreina dagskrárefni, t.d. barnaefni. Það setur upp tímaramma og gæðastaðla. Svo eru einstakir þættir boðnir út. Sumir eru boðnir út einu sinni, t.d. ákveðið leikrit. Aðrir þættir, t.d. framhaldsþættir, eru boðnir út til lengst þriggja ára.

Útvarpsráð skilgreinir enn fremur hvað felst í útsendingu og dreifingu efnis um allt land. Í það geta boðið aðilar sem sérhæfa sig á því sviði, þ.e. í útsendingu. Ný stafræn tækni mun gera þessa þætti bæði miklu ódýrari og auðveldari til útboðs en nú. Um þessa dreifileið verða dagskrárnar síðan sendar.

Síðan þarf útvarpsráð að skilgreina hvað felst í öryggishlutverki þess. Það felst væntanlega í því að einhver útvarpsstöð sendir út allan sólarhringinn um fyrrnefnt dreifinet, er í nánum tengslum við almannavarnakerfið, er reiðubúið til að rjúfa dagskrá sína hvenær sem er og kynna hlutverk sitt ítarlega fyrir almenningi. Þetta yrði boðið út, frú forseti.

Það er gert ráð fyrir því í frv. að útvarpsráð, auk þessa alls, skilgreini gæði dagskrárinnar sem ekki er gert núna. Þeir segja að ákveðinn þáttur eigi að vera af þessum og hinum gæðunum. Það má t.d. mæla gæðin með áhorfsmælingu. Þeim gæðum skuli náð, annars verði greitt minna fyrir verkefnið eða því hafnað til frambúðar. Þá er að sjálfsögðu búið að senda það út.

Undanfarnar vikur hefur mikið verið rætt um eignarhald á fjölmiðlum. Það er að gefnu tilefni þar sem einn aðili á bæði sjónvarpsstöð, útvarpsstöðvar og dagblöð og menn hafa áhyggjur af því að hann geti verið skoðanamyndandi. Það hefur einmitt verið nefnt í því sambandi að Ríkisútvarpið skapi ákveðið mótvægi sem ekki megi þá selja. Því er til að svara að Ríkisútvarpið er í eigu eins aðila, ríkisins, og hefur verið mjög áberandi á fjölmiðlamarkaði alla tíð frá stofnun 1930. Á tímabili var miklu meiri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði en núna er, þegar Ríkisútvarpið var bæði með útvarp og sjónvarp og enginn annar, og auk þess voru gefin út

flokksblöð sem studdu nákvæmlega sömu stjórnmálastefnur og voru ríkjandi á Alþingi sem kaus útvarpsráð.

Þá var nánast útilokað fyrir nýja stjórnmálastefnu að hasla sér völl. Það er auðveldara í dag með tilkomu netsins. Allir geta haldið úti skoðunum sínum á netinu. Ég held því fram að eignarhald á fjölmiðlum sé ekkert meira samþjappað í dag en það var fyrir svona 15 árum, þ.e. áður en það var gefið frjálst.

Hins vegar þurfa menn að vera stöðugt á varðbergi fyrir því að ekki myndist fjölmiðlaeinokun, þ.e. skoðanaeinokun. Nýjustu fréttir af því að þetta eina fyrirtæki hafi nú fengið fleiri meðeigendur ætti kannski að róa þá umræðu eitthvað því það er þá ekki einn aðili sem ræður þessum eina fjölmiðli sem ég gat um.

Það er mjög veigamikil breyting á einu ríkisfyrirtæki sem hér er lögð til. Höfð var hliðsjón af lögum um einkavæðingu bankanna við samningu þessa frv. þannig að hagsmuna starfsmanna er gætt á svipaðan hátt og í því máli.

Ég hef ekki enn rætt um það hvort dagskráin sem útvarpsráð býður út skuli vera læst eða ekki. Ef hún er ekki læst verður hún væntanlega dýrari, þá þarf að bjóða meira í hana heldur en ef hún er læst því þá fæst áskriftargjald til viðbótar. Það er álitamál hjá útvarpsráði hvort ætti að vera læst dagskrá eða ekki og það eru rök með og á móti hvoru tveggja. Í því sambandi má benda á að dagskrá Ríkisútvarpsins hefur alltaf verið læst því menn hafa alltaf borgað afnotagjald. Í þeim skilningi hefur hún alltaf verið læst. Menn hafa orðið að borga afnotagjald ef þeir eiga viðtæki.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[16:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að hrósa hv. þingmanni og meðflutningsmönnum hans fyrir að leggja hér fram nokkuð vel útfært frv. Það er ekki oft sem þingmenn gera slíkt. Það er oftar í öðruvísi formi. Þetta er nokkuð stórt og veigamikið frv. og ber að hrósa þeim fyrir það.

Frv. er samt í eðli sínu ekki mjög flókið. Það snýst fyrst og fremst um að færa eignarhaldið á Ríkisútvarpinu frá ríkinu yfir til annarra aðila með sölu. Hins vegar kemur mér talsvert á óvart að í frv. er þeim sem hugsanlega kunna að kaupa það einhvern tíma í óskilgreindri framtíð, ef þetta verður að lögum, uppálagt hvert skuli vera það efni sem sent verði út, þ.e. það er tilgreint nokkuð ítarlega hvaða efni skuli bjóða út o.s.frv., það skuli vera tilteknir þættir, a.m.k. eins og ég skil frv.

Ég staldra hins vegar aðeins við eignarhaldið, velti því fyrir mér og spyr: Hvað ef t.a.m. Norðurljós einfaldlega bættu við einni sjónvarpsrás og tveimur útvarpsrásum? Fyrir eru þeir með nokkrar sjónvarpsrásir og nokkrar útvarpsrásir. Þá held ég að væri enn frekari samþjöppun á þessum markaði eða hugsa menn þetta þannig að Norðurljós geti ekki keypt Ríkisútvarpið? Er það einhver vörn að veita starfsmönnum 50% forkaupsrétt? Við vitum að þó að menn hafi einhvern forkaupsrétt er ekki hægt að stjórna því hvert hlutabréfin fara í kjölfarið.

Fyrirspurn mín til hv. þingmanns er þessi: Er eitthvað í frv. sem kemur í veg fyrir það að Ríkisútvarpið yrði einfaldlega sameinað Norðurljósum?

[16:22]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það að frv. sé svona ítarlega útfært er vegna þess að flm. hafa trú á því að það kunni að verða samþykkt, a.m.k. hlutar af því, annaðhvort núna eða seinna, eftir eitt eða tvö ár.

Þau verkefni sem talin eru upp eru verkefni útvarpsráðs. Þau eru boðin út til allra. Þar á meðal geta Stöð 2, Skjár 1 og RÚV hf. boðið í. Það getur verið að RÚV hf. vilji sérhæfa sig í vissum þáttum, t.d. gæti RÚV hf. sérhæft sig í barnaefni og fréttum o.s.frv. og mundi bara bjóða í þá þætti. Ég treysti starfsmönnum RÚV fullkomlega til að standa sig í þeirri samkeppni. Ég hef það mikla trú á því starfsfólki.

Og af hverju fá þau forkaupsrétt? Vegna þess að fyrirtækið er aðallega starfsmennirnir, eins og flest önnur fyrirtæki í landinu, kannski öll.

Það hvort Norðurljós geti keypt RÚV, þá er ekkert sem hindrar það. Ekkert, nema náttúrlega takmörkuð fjárráð þeirra aðila. Stöð 2 eða Norðurljós eiga ekki endalausa peninga og ég geri ráð fyrir því að verðið hækki ef þeir ætla að fara að kaupa RÚV.

Starfsmennirnir geta selt þegar þeim sýnist en ég geri ráð fyrir að þeir hafi það mikla trú á sínu eigin fyrirtæki að þeir muni eiga það áfram og það verði frekar erfitt að kaupa það fé af þeim. Meðan allt gengur vel hugsa ég að verðið þurfi að vera ansi hátt sem Norðurljós bjóða og það geti alveg eins verið skynsamlegt fyrir þá að bæta við einni sjónvarpsstöð í viðbót.

[16:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað yrði það dálítið spéleg staða ef upp kynni að koma að Ríkisútvarpið yrði sameinað Norðurljósum, og kannski ekki það sem hv. þm. er að þessu máli standa stefna að. Vissulega gæti það komið til álita og það hefur einfaldlega verið þannig að flestar þær stöðvar sem hafa verið stofnaðar hafa á einn eða annan hátt endað inni í Norðurljósum.

Það sem ég átti við áðan þegar ég sagði að mér þætti eftirtektarvert að það væri fyrir fram ákveðið hver dagskráin eða efnið yrði var ég að vísa til þess sem segir í frv. að útvarpsráði sé „skylt að bjóða út þá dagskrá sem það er ábyrgt fyrir", þ.e. það er ábyrgt fyrir tiltekinni dagskrá sem skuli stefna að einhverju, hafa tiltekin markmið o.s.frv. Það sem ég vildi vekja athygli á áðan var að í ljósi þess að verið er að yfirfæra eignarhaldið frá ríkinu yfir á einkaaðila er fyrir fram ákveðið að einhverju leyti hvert efnið skuli vera. Það er kannski ekki í anda þess sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur gefið sig út fyrir, að vera ekki með um of mikla forsjárhyggju þegar það á við.

Ég hef kannski ekki miklu við þetta að bæta. Ég verð þó að segja að ég er ekki viss um að það mundi bæta fjölmiðlaflóruna þó að Ríkisútvarpið yrði sameinað Norðurljósum. Það er ljóst að það er ekkert í þessu sem kemur í veg fyrir að af því kynni að verða.

[16:26]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta byggir náttúrlega á ákveðnum misskilningi með efnið. Það er útvarpsráð sem starfar áfram, fær fjárveitingar frá ríkinu og býður út efni. Útvarpsráð gerir ekki neitt sjálft. Það rekur enga stöð. Það framkvæmir ekkert sjálft. Það bara býður út dagskrá sem hver og einn getur boðið í. Það getur boðið út hluta af dagskránni. Það getur

boðið út ákveðið verkefni, t.d. leikhús. Leikfélag Akureyrar getur boðið í o.s.frv.

Varðandi það að Norðurljós kaupi RÚV. Við höfum tæki í þjóðfélaginu til að hindra það. Það er Samkeppnisstofnun. Hún mun skoða hvort þetta valdi of mikilli samþjöppun á þessum markaði, nákvæmlega eins og á öllum öðrum mörkuðum. Og ég er ansi hræddur um að ef ekki verði þeim mun meiri aukning á þeim stöðvum sem standa utan við þetta, t.d. Skjá 1, muni hún banna slíkan samruna og slíka sameiningu, nákvæmlega eins og hún hefur gert á öðrum sviðum, t.d. á fjármálamarkaði. Við erum með tæki til að koma í veg fyrir þvílíkt og eigum ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því sérstaklega.

Svo vil ég benda á að ef af slíkri sameiningu skyldi verða, þrátt fyrir Samkeppnisstofnun, fara náttúrlega alls konar útvarpsstöðvar að blómstra til hliðar sem keppa þá við risann. Þetta er þekkt alls staðar. Ef menn eru hræddir við samkeppni á þessum markaði mættu þeir vera hræddir við samkeppni á öllum markaði.

[16:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að mér finnst hv. þm. sem flytja þetta frv. hafa sett það ágætlega saman. Þó að ég sé ekki sammála því sem þeir leggja til finnst mér að þeim hafi tekist að setja hugmynd sína skynsamlega fram. Og ég get alveg tekið undir þá aðferð sem þeir nefna til sögunnar í sambandi við að leggja af útvarpsgjaldið, að í staðinn geti komið breyting á persónuafslætti, með öðrum orðum að taka þetta bara með skattinum. Það er ekki annað sem þar er verið að leggja til.

En mér fannst dálítið skrýtið þegar hv. þm. Pétur Blöndal hélt ræðu sína hérna áðan og talaði um menningarítroðslu Ríkisútvarpsins og lýsti því svo hvernig ítroðslan ætti að halda áfram í formi útboða, þar sem útvarpsráð héldi áfram að skilgreina það sem ætti að gera sem yrði síðan boðið út. Mér fannst hann eiginlega gera mistök með því að lýsa því hvernig ítroðslan fór fram með neikvæðum hætti og koma svo með þessa tillögu.

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að það sé menningarfjársjóður til í Ríkisútvarpinu, hvort allt það efni sem þar er til sé ekki fjársjóður af því tagi að menn geti ekki bara sent hann hvert sem er og hvort ekki þurfi að halda utan um slíkt. Er samfelld starfsemi eins og hefur verið hjá Ríkisútvarpinu þá einskis virði?

Svo langar mig til að segja það í sambandi við samkeppnismálin að það skýtur dálítið skökku við að menn skuli hafa þessi svör uppi sem hv. þm. var með hér áðan þegar fyrir liggur að ríkisstjórnin ætlar að selja Símann sem er núna með 74% af markaðnum. Eins og að drekka vatn ætla menn að selja Símann og búa til samkeppnisumhverfi sem er af því taginu sem hér var lýst ef niðurstaðan yrði sú að Stöð 2 keypti Ríkisútvarpið.

[16:30]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir hlýleg orð um skynsamlega framsetningu á frv.

Í fyrsta lagi, varðandi það að útvarpsráð muni áfram stunda menningarítroðslu. Það er rétt en það er þekkt fyrirbæri að þegar maður ætlar að gleypa fíl þá byrjar maður á einum bita. Þetta er spurningin um að ná því fram að breyta yfirleitt einhverju. Því sætti ég mig við að ríkisvaldið stundi slíka menningarstarfsemi jafnvel þótt ég sé kannski ekki sammála því í hjartanu. En það er betra að ríkið bjóði hana út og stundi starfsemina þannig en að það standi í rekstri og ráði til þess fólk o.s.frv.

Varðandi menningarfjársjóðinn þá er vissulega mikill menningarfjársjóður í Ríkisútvarpinu. Þarna eru til hljóðritanir og viðtalsþættir langt aftur í tímann. Þetta eru verðmæti sem verða seld með. Við höfum sem betur fer heilmikið af menningarverðmætum í eigu einstaklinga og fyrirtækja og þykir ekkert að því. Ég er ekkert viss um að einstaklingar séu verr til þess fallnir að gæta slíkra verðmæta en opinberir starfsmenn. Ég hef engar áhyggjur af því að þessi menningarfjársjóður glatist. Hugsanlega þyrfti að gæta að því að hann verði ekki fluttur úr landi líkt og gildir um önnur menningarverðmæti.

Varðandi samfellda starfsemi stofnunarinnar í 75 ár. Hún heldur áfram. Meiningin er að RÚV starfi áfram sem RÚV hf. og kannski er það tryggt um alla framtíð með þessu að starfsemin haldi áfram og verði samfelld.

[16:32]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fæ stundum það hlutverk að hæla hv. þm. Pétri Blöndal. Það má hæla honum fyrir það að segja hug sinn um að þetta sé bara fyrsti bitinn í að koma fyrir kattarnef þessari menningarítroðslu sem hann kallar svo. Það er ágætt að menn segi hlutina eins og þeir eru.

Ég verð að viðurkenna að ég sé ekki fyrir mér að þetta muni ganga almennilega. Mér finnst óvarlega farið með það sem ég vil kalla menningarfjársjóð, sem fólginn er í Ríkisútvarpinu og starfsemi þess. Ég held að ef menn færu þessa leið þá tækju menn meiri áhættu gagnvart þeim menningarfjársjóði og þeirri starfsemi en ég er tilbúinn til að skrifa upp á.

Mér finnst að sú samfellda starfsemi sem í Ríkisútvarpinu hefur verið eigi að halda áfram. Það kann vel að vera að hún úreldist í tímans rás og niðurstaðan verði sú að menn breyti þessu einhvern tíma. Ég álít að sá tími sé ekki kominn en ég held hins vegar að umræðan sem vakin er upp með tillögu af þessu tagi sé góð. Ég tel fulla ástæðu til að ræða málið á þeim grundvelli sem hér er lagt upp með. Þeir sem ekki vilja breyta þessu þurfa að glíma við að svara þeim rökum sem lögð eru fram með frv. og það er hið besta mál.

Ég hef hins vegar á tilfinningunni að bjartsýnin hafi verið heldur mikil hjá hv. þm. þegar hann ímyndaði sér að málið mundi hljóta framgang. Mér hefur heyrst á yfirlýsingum sumra valdamikilla flokksbræðra hans að það sé ekki í kortunum að þetta gangi fram í bili.

[16:34]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur miklar áhyggjur af menningarverðmæti og fjársjóðum. Menningarfjársjóðirnir felast í þjóðinni sjálfri. Það eru kaffistofur þessa lands, litlu leikhúsin, það eru karlakórarnir, kvennakórarnir og samkórarnir um allt land. Þar er menningin. Menningunni er ekki stýrt ofan frá. Hún myndast með þjóðinni. Þetta heitir menning, eitthvað sem tengist mönnum. Starfsemi manna. Verðmætin eru þar.

Það sem frv. gerir, ef það nær fram að ganga, er að sú menning mun blómstra sem aldrei fyrr þegar farið verður að bjóða út leikrit og útvarpsþætti. Þar geta allir boðið, Skagfirska söngsveitin, eitthvert kvæðamannafélagið o.s.frv. Þá fer menningin fyrst að blómstra. Þegar litlu leikhúsin á Reykjavíkursvæðinu, Akureyri og víðar, um allt land, geta

farið að bjóða í þætti sem útvarpsráð býður út, gerð á ákveðnum þáttum, ákveðnum leikritum, leikrit eftir Shakespeare sem á að setja upp eða eitthvert innlent leikrit, t.d. Maður og kona. Þá geta litlu leikhúsin boðið í þetta og þau munu blómstra. Ég hugsa að þegar listamenn og aðrir sem búa til menningu átta sig á því hvernig þetta frv. mun virka þá muni þeir gleðjast og styðja það.

Það var ekki meiningin að koma Ríkisútvarpinu fyrir kattarnef. Það var meiningin að koma fyrir kattarnef þessari opinberu menningarítroðslu ofan frá. Menningin myndast alltaf neðan frá.

[16:36]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla sem einn af flutningsmönnum frv., ásamt hv. þm. Pétri H. Blöndal og Birgi Ármannssyni, að leggja nokkur orð í belg varðandi efni þess og þær hugmyndir sem það byggir á.

Í upphafi langar mig að segja að það er svolítið sérstakt að við séum stödd á Alþingi árið 2004 að ræða um ríkisrekinn fjölmiðil, jafnvel að hnakkrífast um hvort eðlilegt sé að hið opinbera reki fjölmiðil. Ég hefði talið, miðað við þær breytingar sem hafa orðið, ekki bara í þessu þjóðfélagi heldur í öllum hinum vestræna heimi og sömuleiðis þeim heimi sem áður tilheyrði Ráðstjórnarríkjunum sálugu, að menn gætu sammælst um að það væri ekki hlutverk ríkisins að reka fjölmiðil. En svo er greinilega ekki. Þetta frv. er sett fram með það að markmiði að það verði samþykkt en ekki síður til að skapa málefnalegar umræður um þau atriði sem ég hef nefnt.

Eins og fram kemur í frv. er lagt til að gerðar verði breytingar á þremur lögum, þ.e. útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Málefni Ríkisútvarpsins hafa komið til umræðu á hinu háa Alþingi og ég hef tekið þátt í þeirri umræðu. Gerðar hafa verið tillögur um breytingar á stofnuninni eða fyrirtækinu, vegna þess að Ríkisútvarpið er fyrirtæki eins og hvert annað fyrirtæki að því undanskildu að eignarhaldið er í höndum ríkisins og það starfar á grundvelli ríkisábyrgðar. En þegar vikið er að hlutverki hins opinbera við rekstur fjölmiðla og því að það hlutverk verði endurskoðað þá hafa ýmsir fulltrúar stjórnmálaflokka, einkum vinstri flokkanna, brugðist ókvæða við og ávallt litið svo á að allar slíkar tillögur feli í sér tilræði við Ríkisútvarpið, menningarlega dagskrárgerð, fréttaöflun og svo mætti lengi telja. Þetta er gamall söngur sem við höfum oft heyrt í sölum Alþingis og sömuleiðis í þjóðfélaginu. Í frv. sem hér er til umræðu er þvert á móti ekkert slíkt að finna þrátt fyrir að öðru hafi verið haldið fram.

Ég skora á hv. þingmenn að kynna sér vandlega efni frv. sem hér er til umfjöllunar. Hér er ekki einungis lagt til að komið verði á raunverulegri samkeppni á fjölmiðlamarkaði, sem ekki er fyrir hendi í dag, heldur felur frv. einnig í sér tillögur sem leiða ættu til að innlend dagskrárgerð fyrir sjónvarp og útvarp mundi eflast. Frumvarpið felur ekki síður í sér kaupmáttarauka fyrir stóran hluta almennings. Yrði frv. að lögum mundi það leiða til þess að stórir hópar í þjóðfélaginu mundu við hver áramót eða mánaðamót hafa úr meiri fjármunum að spila en nú er. Þar skiptir mestu máli að hér er lagt til að hið svokallaða útvarpsgjald, eða afnotagjaldið, verði aflagt. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins, sem eru skyldugjöld, nema alls 28.896 kr. á ári.

Virðulegi forseti. Það er rétt að það komi fram að frv. er lagt fram á grundvelli þeirrar hugsjónar að ríkið eigi ekki að reka fjölmiðil. Það er kýrskýrt í málinu. Við flutningsmenn frv. erum eindregið þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk hins opinbera að reka útvarps- eða sjónvarpsstöðvar fyrir skattfé, ekki frekar en það er hlutverk ríkisins að gefa út ríkisdagblað, ríkistímarit, ríkisbækur og svo mætti lengi telja.

Ég hygg að það fyrirfinnist ekki sá maður á hinu háa Alþingi árið 2004 sem telur að stofna ætti ríkisdagblað á Íslandi. Um ríkisrekin dagblöð gilda nefnilega öll sömu rök og um rekstur Ríkisútvarps. Á þessu tvennu er ekki nokkur eðlismunur. Það væri ágætt ef einhver hv. þm. gæti bent mér eða öðrum flutningsmönnum á slík rök ef þau fyrirfinnast. Það er bara þannig að um þetta gilda öll sömu lögmálin og sömu rök. Ég hygg að jafnframt sé ekki nokkur þingmaður, a.m.k. ekki í þingsalnum, sem mundi leggja til í dag að stofnað yrði ríkissjónvarp eða ríkisútvarp ef slíkur fjölmiðill væri ekki starfandi á markaðnum. Mundi einhverjum detta það í hug í dag að stofna ríkisútvarp? Það held ég ekki. Ef sá maður fyrirfinnst þá er hann langt frá því að vera í takti við þjóðfélagið og svo mörgum árum og áratugum á eftir að hann yrði að hugsa sinn gang.

Kjarni málsins er sá að ríkið á ekki að standa í rekstri sem einkaaðilar eru fullfærir um að sinna. Það skiptir engu máli hvort um rekstur fjölmiðla er að ræða eða rekstur á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Virðulegi forseti. Efni þessa frv. er yfirgripsmikið og sjálfsagt væri hægt að fjalla nánast endalaust um einstaka þætti þess. Ég ætla ekki að gera það en vil víkja að nokkrum meginatriðum þess. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er megininntak þess í fyrsta lagi að útvarpsgjaldið, þ.e. afnotagjaldið óvinsæla, verði aflagt. Skylduáskrift landsmanna að fjölmiðlum lýkur verði frv. að lögum.

Það liggur fyrir og er óumdeilt að það að skylda alla eigendur sjónvarps- og útvarpstækja til að greiða afnotagjald til eins fjölmiðils skekkir fjölmiðlamarkaðinn. Það kemur í veg fyrir að þar ríki eðlileg samkeppni. Vilja menn ekki fara að huga að því hvort það sé ekki rétt að koma á eðlilegri samkeppni á fjölmiðlamarkaði? Er ekki kominn tími til þess?

Að mínu mati er fráleitt að skylda mann sem kaupir sér sjónvarpstæki með það að markmiði að horfa á efni tiltekinnar sjónvarpsstöðvar til þess að greiða afnotagjald til annarra stöðva. Að þessu vék hv. þm. Pétur H. Blöndal í ræðu sinni og gerði ágætlega grein fyrir því sjónarmiði.

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkið verði ekki fyrir beinni tekjuskerðingu verði frv. að lögum vegna þeirrar lækkunar á persónuafslætti sem frv. gerir ráð fyrir. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert skýra grein fyrir þeim þætti í ræðu sinni. Hins vegar mun frv. leiða til skattalækkunar fyrir almenning, einkum þá hópa þjóðfélagsins sem búa við lægstu tekjurnar. Maður hefði haldið að nokkrir málsvarar eða hv. þingmenn sem telja sig, a.m.k. í umræðum um önnur mál, sérstaka fulltrúa hinna fátæku ættu að taka saman höndum með flutningsmönnum frv. og styðja það, sýna hug sinn í verki.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að útvarpsráð fái fjárveitingar á fjárlögum og að starfsemi ráðsins verði breytt. Til þess að það sé ljóst þá gerir frv. ráð fyrir að við einkavæðingu Ríkisútvarpsins verði útvarpsráð skilið frá því fyrirtæki sem í dag heitir Ríkisútvarpið en yrði hlutafélag.

Hvað þýðir þessi breyting? Hún þýðir að þeir fjármunir sem í dag hafa staðið undir rekstri Ríkisútvarpsins munu

renna beint til dagskrárgerðar og einkum innlendrar dagskrárgerðar á grundvelli útboða. Hér er með öðrum orðum ekki lagt til að ríkið dragi sig alfarið út úr dagskrárgerð fyrir útvarp og sjónvarp. Hér er lagt til að þeir fjármunir sem nú renna til reksturs Ríkisútvarpsins renni í nokkurs konar dagskrárgerðarsjóð sem einkaaðilar geta á samkeppnisgrundvelli keppst um að ná í. Til einföldunar má segja að sá sjóður sem hinu nýja útvarpsráði er ætlað að hafa umsjón með sé í sjálfu sér ekkert ósvipaður Kvikmyndasjóði. Það er mjög mikilvægt að þetta komi skýrt fram þannig að menn leggi ekki að jöfnu annars vegar útvarpsráð, eins og gert er ráð fyrir í frv., og hins vegar Ríkisútvarpinu hf., sem eflaust mundi skipta um nafn ef nýir eigendur kæmu að þeim rekstri.

Verði frv. að lögum gætu einkaaðilar á markaði keppt á grundvelli útboða um fjármagn úr þessum sjóði til dagskrárgerðar. Þar sætu allir þeir sem mögulega kynnu að koma að slíkri dagskrárgerð við sama borð. Slíkt fyrirkomulag mundi umfram það sem nú er gefa einkaaðilum, sem fram að þessu hafa ekki haft tækifæri og frv. gerir ráð fyrir að þeim verði veitt, tækifæri til að hasla sér völl á sviði dagskrárgerðar fyrir útvarp og sjónvarp. Má í því sambandi nefna leikhús og leikhópa, kvikmyndagerðarfólk, fjölmiðlamenn og annað listafólk og í rauninni hvern sem er í þjóðfélaginu sem vill standa í slíkri framleiðslu.

Í fyrirspurnatíma á Alþingi á mánudaginn benti hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson á það að fjármunir Ríkisútvarpsins til kaupa og framleiðslu á innlendu dagskrárefni á þessu ári væru uppurnir. Hv. þm. varpaði fram fyrirspurnum til hæstv. viðsk.- og iðnrh. um það með hvaða hætti væri hægt að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin. Yrði frv. sem hér er til umræðu að lögum yrði allur slíkur vandi leystur. Þeir fjármunir sem til staðar væru til innlendrar dagskrárgerðar væru margfaldir þeim fjárhæðum sem nú eru til ráðstöfunar til innlendrar dagskrárgerðar, vegna þess að í dag fara þeir peningar sem samkvæmt frv. rynnu til þessa nýja útvarpsráðs — sem aðskilið væri frá Ríkisútvarpinu — í rekstur stofnunarinnar eða fyrirtækisins, sem í dag heitir Ríkisútvarpið, rekstur fasteigna og tækja sem þar eru innanhúss, til framleiðslu á innlendu dagskrárefni og til kaupa á erlendu dagskrárefni. Ég geri ráð fyrir að í því útboðsfyrirkomulagi sem við erum að leggja til með frv. mundi meginhlutinn af þessum fjármunum, sem er sambærilegur við þá fjármuni sem renna til Ríkisútvarpsins í dag, renna til innlendrar dagskrárgerðar. Það hlýtur því hver maður að sjá að hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson þyrfti ekki að leggja þær fyrirspurnir sem hann lagði fyrir hæstv. viðsk.- og iðnrh. aftur fram, yrði frv. að lögum.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði einkavætt og það síðan selt. Það þýðir hins vegar ekki að Ríkisútvarpið verði lagt niður, það verður að koma skýrt fram, síðar en svo. Fyrirtækið mun halda áfram starfsemi sinni. Hér er einungis lagt til að gerð verði breyting á eignarhaldi Ríkisútvarpsins þannig að í stað þess að ríkið eigi fyrirtækið eignist einkaaðilar það, og að eignarhaldið verði ekki síst í höndum starfsmanna þess. Einnig er rétt að taka fram að frv. gerir ráð fyrir að núverandi starfsmenn haldi störfum sínum hjá fyrirtækinu og réttindi þeirra verði tryggð.

Vikið var að eignarhaldi fyrr í umræðunni og þeirri spurningu varpað fram hvort það kæmi í veg fyrir að fjölmiðlafyrirtækið Norðurljós eignaðist Ríkisútvarpið. Ég geri ráð fyrir að ef eigendur þess félags og aðilar sem að því standa mundu festa kaup á Ríkisútvarpinu hf. — vegna þess að gert er ráð fyrir að það verði hlutafélagavætt áður en það yrði selt og þessum tveimur félögum rennt saman — mundi Samkeppnisstofnun hafa eitthvað um slíkan samruna að segja. Ég er ekki viss um að hann yrði heimilaður af hálfu Samkeppnisstofnunar og samkeppnisyfirvalda.

En hvort sem sá möguleiki er til staðar, að eitthvert tiltekið fyrirtæki úti í bæ gæti hugsanlega sölsað þetta fyrirtæki undir sig, eru það rök fyrir því að ríkið eigi að reka fjölmiðil? Auðvitað ekki. Að minnsta kosti er það mín skoðun að svo sé ekki. Ég get ekki séð að slík hugsanleg þróun réttlæti ríkisrekstur á fjölmiðli, ekki frekar en ef þessir tilteknu aðilar sem nú hafa fest kaup á tveimur af þremur dagblöðum mundu festa kaup á Morgunblaðinu, sem er eina — Viðskiptablaðið er reyndar líka á markaði — dagblaðið sem kemur út á hverjum degi. Ef þessir tilteknu aðilar mundu festa kaup á því blaði, mundum við bregðast við þeirri stöðu á markaðnum með því að stofna ríkisdagblað? Það efast ég um. Þessar spurningar allar, áhyggjur eða sjónarmið leiða ekki til þess að við komumst að þeirri niðurstöðu að ríkið eigi að standa í rekstri sem þessum.

Virðulegi forseti. Ég skora á hv. þm. að samþykkja frv. því að með samþykkt þess verður loksins komið á raunverulegri samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Ríkisútvarpið verður sjálfstæður og óháður aðili á markaðnum og þarf að standa sig í samkeppni og mun eflaust gera það hvort sem eignarhaldið er í höndum ríkisins eða annarra aðila. Aðilum á markaðnum mun ekkert fækka á útvarps- og sjónvarpsmarkaðnum því Ríkisútvarpið verður þar eftir sem áður verðugur þátttakandi í samkeppni við þá aðila sem fyrir eru og eiga vonandi eftir að koma inn á markaðinn í framtíðinni. Eðlileg samkeppni á auglýsingamarkaði verður einnig tryggð með frv. þessu og ég mundi halda að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, sem er nú ekki í salnum, sem hélt sína fyrstu jómfrúrræðu á þingi og lýsti því yfir að nauðsynlegt væri að gera breytingar á umhverfi á fjölmiðlamarkaði og hefur síðar sagt að ríkið ætti að fara út af þessum markaði, sá ágæti hv. þm. ætti að sjá sér fært að styðja frv. í ljósi orða sinna. Jafnframt mun frv. leiða til þess að innlend dagskrárgerð vaxi og dafni og að fleiri aðilar láti til sín taka við slíka framleiðslu en nú er.

Að lokum er ljóst að með þeirri niðurfellingu afnotagjaldsins sem ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal höfum farið yfir, og þeirrar lækkunar á persónuafslætti um 1.000 kr. á mánuði sem frv. gerir ráð fyrir, munu stórir hópar þjóðfélagsins finna fyrir umtalsverðri kaupmáttarauknungu og einkum þeir sem lægstar tekjurnar hafa. Niðurstaðan af ræðu minni er því í raun sú að verði frv. að lögum muni allir græða. Skattgreiðendur munu græða, dagskrárgerðarfólk mun græða o.s.frv. Ég tel því einboðið, eins og ég sagði áðan, að þingmenn kynni sér rækilega efni frv. Þetta snýst ekki bara um að selja Ríkisútvarpið, þetta snýst um að koma hér á eðlilegri samkeppni og gera fjölmiðlamarkaðinn eðlilegri og sanngjarnari en nú er.

[16:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það að einhver geti keypt fyrirtæki er ekki endilega réttlæting fyrir því að ríkið reki fjölmiðlafyrirtæki. Hins vegar var rétt að velta þeirri spurningu upp þar sem félagið á fyrir margar sjónvarpsrásir og margar útvarpsrásir og munar sennilega ekki mikið um að bæta einni sjónvarpsrás og tveimur útvarpsrásum við.

Það voru ákveðnar hamingjuhugmyndir fólgnar í ræðu hv. þm. og það mundi leysa öll þau vandamál sem við væri að etja á þessum markaði núna aðeins ef þessu eignarhaldi væri breytt. Það er kannski grundvallarspurningin sem verið er að ræða og full ástæða til að þakka það að menn varpi fram þeirri spurningu hvort ríkið eigi að vera í fjölmiðlarekstri eða ekki.

Þó er kannski eitt sem vert er að staldra við í þessu samhengi, þar sem hv. þm. gekk dálítið langt í að lýsa því yfir að allt yrði betra og fært til betri vegar ef eignarhaldinu yrði breytt, allir mundu græða og flestir yrðu hamingjusamir. Það sem mig langaði að velta út í umræðuna er að það sem skiptir fjölmiðla hvað mestu máli er trúverðugleikinn, og sennilega skiptir hann fjölmiðla langmestu máli þegar allt er skoðað.

Frá árinu 1986, ef ég man ártalið rétt, hefur fjölmiðlaumhverfið verið þannig að menn hafa getað rekið sinn eigin fjölmiðil. En ég man ekki eftir því að í nokkurri könnun hafi komið fram að almenningur hafi talið aðra fjölmiðla hafa meiri trúverðugleik en ríkisfjölmiðlana. Það er því ekki alveg hægt að halda því fram að ríkið sé í þeim skilningi vonlaus eignaraðili, því að einkaaðilar hafa ekki náð þeirri stöðu að mælast með meiri trúverðugleik en ríkisfjölmiðlar. Ríkið er því ekki alveg vonlaus eignaraðili að fjölmiðlum.

[16:56]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vék að trúverðugleikanum og hæfi ríkisins til þess að eiga og reka fjölmiðil.

Ég held að ég hafi ekki sagt það í ræðu minni að ríkið væri algjörlega vonlaus eigandi og rekandi fjölmiðils. Ég tók það hins vegar fram og út á það gekk ræða mín að það væri ekki hlutverk ríkisins að standa í slíkum rekstri.

Hvað trúverðugleikann varðar tel ég að starfsmenn einkaaðila geti alveg verið jafntrúverðugir í fréttaflutningi sínum, hlutlausir og sanngjarnir og ríkisstarfsmenn. Þetta er allt venjulegt fólk sem hefur sömu kosti og galla og vinnubrögð þeirra eiga ekki að snúast um það, ef menn taka sig alvarlega í starfi, hver vinnuveitandi þeirra sé.

En ég verð að leiðrétta hv. þm. þegar hann talaði um að fréttastofur Ríkisútvarpsins og -sjónvarpsins stæðu langt upp úr hvað varðar trúverðugleika fréttastofa. Í nýlegri könnun fyrir einhverju síðan kom í ljós að trúverðugleiki þeirrar fréttastofu hefði dregist saman, hann hefði minnkað.

Ég verð að benda hv. þm. á að ég man ekki betur en að í mjög mörgum könnunum á trúverðugleika fréttastofa hafi fréttastofa og ritstjórn Morgunblaðsins þótt hvað trúðverðugust af þeim ritstjórnum sem starfa á Íslandi í dag. Ég veit ekki betur en að Morgunblaðið sé í eigu einkaaðila þannig að þetta þarf ekkert endilega að haldast í hendur, eignarhald ríkisins og trúverðugleiki starfsmanna.

[16:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í ræðu minni að ég myndi ekki eftir öðru en að Ríkisútvarpið hefði mælst með hvað mestan trúverðugleik. Vel má vera að einstakar kannanir hafi sýnt annað. En almennt held ég að megi fullyrða að Ríkisútvarpið hafi haft hvað mestan trúverðugleik.

Ég var bara að benda á þá staðreynd að þrátt fyrir að þetta umhverfi hafi verið frjálst um nokkuð langt skeið, hátt í tvo áratugi, hefur engum tekist að toppa eða ná meiri trúverðugleik en ríkisfjölmiðlum. Það er kannski umhugsunarefni, því líklega skiptir hann hvað mestu máli. Ég var að vekja athygli á því að einkaaðilum hefur ekki tekist að ná meiri trúverðugleik en þessari stofnun, hvað svo sem framtíðin kann að bera í skauti sér, það er afar erfitt að fullyrða um hana. En þetta eru staðreyndir sem sagan geymir.

[17:00]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekkert að draga úr því að það er ágætisfólk sem vinnur hjá sjónvarpinu og útvarpinu og margir góðir starfsmenn þar sem standa sig vel og eru trúverðugir. Svo er náttúrlega spurning: Hvað er trúverðugleiki og í hverju felst hann? Við þekkjum það að upp hafa komið stór mál þar sem Ríkisútvarpið hefur ekki verið á staðnum eða staðið á verði. Ferskustu dæmin í því sambandi eru t.d. fréttaflutningur af Suðurlandsskjálftanum. Hvar var Ríkisútvarpið um árið í snjóflóðunum fyrir vestan? Þar voru einkaaðilar fyrstir á staðinn og fyrstir til þess að flytja fréttirnar. Segir þetta ekki eitthvað um trúverðugleika og vinnubrögð einstakra fréttastofa?

Ég ítreka líka það sem ég sagði áðan að ég hygg að ritstjórn Morgunblaðsins hafi a.m.k. hoggið mjög nærri trúverðugleika ríkisfjölmiðlanna í þeim könnunum sem hér eru gerðar að umtalsefni. Það að ríkið eigi þessa fjölmiðla þarf ekki að haldast í hendur við trúverðugleikann, alls ekki.

Nefna mætti fleiri dæmi um það að starfsmönnum fréttastofu Ríkisútvarpsins hafi orðið á. Maður kannast t.d. við það sjálfur að hafa orðið fyrir árásum á fréttastofu útvarpsins af hálfu hagsmunasamtaka og hafa þurft sjálfur sérstaklega, sem þingmaður, að bera sig eftir því að fá að bera hönd fyrir höfuð sér á sömu útvarpsstöð daginn eftir. Eru þetta trúverðug vinnubrögð? Mér finnst það ekki.

En ég ítreka það að einkaaðilum er alveg eins treystandi fyrir rekstri fréttastöðva og við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af því, verði breyting á eignarhaldinu, að sá trúverðugleiki verði fyrir borð borinn.

[17:02]

Útbýting þingskjala:

Afsláttarkort Tryggingastofnunar, 713. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1055.

Farsíma- og tölvusamband í dreifbýli, 573. mál, svar samgrh., þskj. 976.

[17:03]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að taka til máls til þess að taka undir með meðflutningsmönnum mínum að þessu frv., hv. 1. flm. Pétri H. Blöndal og hv. 10. þm. Reykv. n., Sigurði Kára Kristjánssyni. Þeir hafa gert nákvæma grein fyrir efni frv. og rökunum á bak við þær breytingar sem þar eru boðaðar og ég ætla ekki að fara ítarlega út í þá sálma. Það hefur þegar verið gert, farið vandlega yfir það og rakið vel.

Hins vegar eru örfá sjónarmið sem mig langaði rétt aðeins til að kæmust að í þessari umræðu. Þar á meðal er rétt, þegar þingmenn skoða frv. og taka afstöðu til þess, að þeir velti fyrir sér hvers vegna ríkið er umsvifamikið á þessu sviði fjölmiðlamarkaðarins en ekki á öðrum svo sem í dagblaðaútgáfu. Það á sér fyrst og fremst sögulegar ástæður.

Á þeim tíma þegar útvarpstækni var að koma til sögunnar á fyrri hluta þessarar aldar hér á landi, á þriðja og fjórða áratugnum, var sú stefna ríkjandi í þjóðfélaginu, má segja, að ríkisumsvif fóru vaxandi. Þegar til kom ný tækni sem þar

að auki var töluvert dýr og kostnaðarsöm var nokkuð víðtæk samstaða um að ríkið færi út í þennan rekstur.

Til dæmis á dagblaðamarkaðnum, sem er mun eldri, hefur ekki komið til tals að hafa ríkisrekstur á rekstri dagblaða, hvorki hér á landi né annars staðar í löndum sem við berum okkur saman við. Það hefur ekki komið til vegna þess að þegar dagblaðaútgáfa hófst af krafti í þeirri mynd sem við þekkjum í dag voru ekki uppi sömu sjónarmið um umsvif og afskipti ríkisins og voru snemma á síðustu öld þegar útvarpsreksturinn kom til skjalanna.

Rétt er að hafa þetta í huga vegna þess að stundum tala menn og fjalla um þessi mál eins og það sé náttúrulögmál að ríkið sé í útvarpsrekstri en ekki á öðrum sviðum fjölmiðlunar. Ég held að þetta beri að hafa í huga. Það skýrir líka hvers vegna frv. af þessu tagi er borið fram. Straumar og stefnur hafa breyst með þeim hætti í þjóðfélaginu að æ fleiri sjá kosti þess að einkaaðilar taki við rekstri á þeim sviðum þar sem þeir eru fullfærir um að veita jafngóða eða betri þjónustu en ríkisvaldið. Víðtæk samstaða hefur verið um það bæði hér á landi og í nágrannalöndunum að draga ríkið út úr rekstri sem einstaklingar geta sinnt.

Það sem við flutningsmenn frv. höfum í huga er að greina nákvæmlega á milli annars vegar rekstrarþáttanna sem við teljum að séu best komnir hjá einkaaðilum og síðan horfum við á ákveðin hlutverk sem menn geta deilt um hvort ríkið eigi að hafa með höndum, en við gerum ráð fyrir samkvæmt frv. að áfram verði á hendi ríkisins að sjá til þess að á markaði útvarps- og sjónvarpsrekstrar sé sinnt ákveðnu menningarhlutverki, ákveðnu öryggishlutverki og ákveðnu hlutverki varðandi þjóðfélagsumræðu. En við segjum sem svo: Jafnvel þó að ríkið beiti sér fyrir því að þessum mikilvægu hlutverkum sé sinnt með einhverjum hætti er ekki þar með sagt að ríkið eigi að reka stofnunina eða fyrirtækið sem annast framkvæmdina. Á því er gríðarlegur munur.

Við veltum fyrir okkur hverjir séu gallarnir við núverandi rekstrarfyrirkomulag. Það er auðvitað rétt að hafa í huga í þessu sambandi að við sem flytjum frv. flytjum það ekki gegn Ríkisútvarpinu eða gegn þeim starfsmönnum sem þar starfa, öðru nær. Það sem við höfum gagnrýnt og viljum breyta með frv. er það að rekstrarfyrirkomulagið hefur ýmsa galla í för með sér og þeir hafa verið raktir í ræðum annarra hv. þm. í dag. Skylduáskriftin eins og við þekkjum hana er afar óhentugt, óréttlátt og óskynsamlegt fyrirkomulag til að fjármagna starfsemi á fjölmiðlasviðinu. Samkeppnisskilyrði á ljósvakamarkaðnum eru mjög brengluð vegna Ríkisútvarpsins, og við horfum auðvitað á það í því sambandi að einn aðilinn á markaðnum fær til sín skyldugreiðslur allra sem kaupa tiltekin tæki sem notuð eru til að móttaka sendingar bæði á útvarps- og sjónvarpssviði. Samkeppnisstaðan á auglýsingamarkaðnum er brengluð. Samkeppnisstaðan varðandi öflun efnis er líka brengluð, og svo má segja að samkeppnisstaðan varðandi hæft starfsfólk sé líka brengluð með þessu fyrirferðarmikla hlutverki ríkisins.

Við þetta má svo bæta að um það má efast að rekstur Ríkisútvarpsins hafi alltaf verið í góðu horfi. Ég vil ekki kenna þeim starfsmönnum um sem þar halda á málum, heldur rekstrarfyrirkomulaginu sem er í eðli sínu mjög óhagkvæmt og leiðir að mínu mati til óhagkvæmni en ekki hagstæðustu lausna.

Við gætum auðvitað hugsað okkur, eins og maður heyrir stundum á máli þingmanna, að hægt væri að leysa afmörkuð vandamál með einhverjum afmörkuðum hætti. Það hefur verið gagnrýnt að ríkið væri á auglýsingamarkaði og þá hafa menn komið og sagt að það ætti bara að taka ríkið út af auglýsingamarkaði en hafa það áfram í starfsemi sinni að öðru leyti. Talað hefur verið um að afnema mætti skylduáskriftina og afla fjár til starfseminnar með framlögum af fjárlögum. Það hafa líka verið reifaðar alls konar hugmyndir sem varða stjórnarfyrirkomulag Ríkisútvarpsins og hvernig ákvarðanatöku er háttað og þess háttar.

Allt eru þetta afmarkaðir þættir viðfangsefnisins og það sem við tilöguflytjendur gerum í þessu máli er að leggja fram lausn sem nær til allra þessara þátta. Við erum ekki að ráðast á einstaka anga af vandamálinu, að leysa einstök vandamál, heldur í rauninni að leggja fram tillögu sem felur í sér uppbrot og endurskipulagningu á þessu kerfi með það fyrir augum að leysa öll þessi vandamál.

Það kom fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar áðan að honum fannst gæta nokkurrar forræðishyggju í frv. varðandi það að ríkið hefði áfram í gegnum útvarpsráð með höndum ákveðna stýringu á því hverjar áherslur væru með því að bjóða út tiltekna þætti útvarpsstarfsemi svo sem eins og að bjóða út gerð efnis á menningarsviðinu, fréttasviðinu eða einhverjum slíkum sviðum. Það er vissulega rétt að með frv. er alls ekki verið að stíga það skref að ríkið haldi algjörlega að sér höndum varðandi útvarps- og sjónvarpsrekstur í landinu. Það er ekki verið að gera það. Við getum tekið aðra umræðu um það, en það er ekki verið að gera það í þessu frv.

Það sem verið er að gera er að fela einkaaðilum að sjá um framkvæmd ákveðinna markmiða á sviði útvarpsrekstrar, verið er að fela einstaklingum og einkaaðilum rekstur en hlutur ríkisins verði einvörðungu í því fólginn að tryggja með kaupum á efni eða fjármögnun verkefna, við getum orðað það svo, að ákveðnum hlutum sé sinnt, eins og á menningarsviðinu, á öryggissviðinu og í sambandi við þjóðfélagsumræðu. Í raun og veru má því segja að í frv. felist ákveðin málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða á þessu sviði, málamiðlun milli sjónarmiða þeirra sem vilja að ríkið hverfi alfarið út úr þessum rekstri og þeirra sjónarmiða sem gera ráð fyrir að ríkið sé áfram umfangsmikið og hafi þarna umfangsmiklu hlutverki að gegna. En það er síðan svolítið önnur umræða hvort við teljum nauðsynlegt að ríkið, með kaupum eða fjármögnun verkefna í gegnum útvarpsráð, haldi uppi gerð menningarefnis, þáttagerð og gerð fréttaefnis og annars slíks efnis.

Að lokum varðandi þá umræðu sem hér hefur aðeins örlað á í sambandi við samkeppnisumhverfið, þá er það skoðun okkar tilöguflytjenda að breyting af þessu tagi yrði til þess að efla mjög samkeppni á ljósvakamarkaðnum. Það hefur verið rakið hér að með því að hafa þetta útboðsfyrirkomulag sé verið að gefa fleiri aðilum tækifæri til að koma inn. Það hefur verið rakið að núgildandi samkeppnislög geri, að okkar mati, sameiningu Ríkisútvarpsins hf. og stærstu fyrirtækja eða stærsta fyrirtækisins sem í dag er í eigu einkaaðila ómögulega. Ég get ekki lesið samkeppnislögin öðruvísi en að komast að þeirri niðurstöðu að slíkur risasamruni á þessu sviði, ef við getum orðað það svo, væri óheimill og ógerlegur miðað við þær forsendur.

En við verðum líka að horfa á það að með því að draga úr þætti ríkisins á þessu sviði kann líka að vera að svigrúm skapist, aukið svigrúm fyrir nýja aðila til að koma inn á þennan markað. Ég vil ekki útiloka að það geti líka gert það fyrir svo utan það sem nefnt hefur verið að frv. gerir ekki

ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði lagt niður heldur að stofnað verði hlutafélag sem áfram verður í starfsemi á þessu sviði.

Loks má auðvitað geta þess af því að það hefur ekki komið fram áður í umræðunni að það hefur auðvitað verið uppi umræða um það eins og hv. þm. þekkja að fjölmiðlamarkaðnum verði sett löggjöf sem m.a. hefði það hlutverk að koma í veg fyrir samþjöppun á eignarhaldi á því sviði. Við vitum ekki hverjar verða niðurstöður í því hjá þeirri nefnd sem menntmrh. skipaði á síðasta ári um það efni. Við þekkjum það frá löndunum í kringum okkur að mjög víða gilda ákveðnar reglur á því sviði. Það er hins vegar utan við gildissvið þessa frv. og ég held að núgildandi samkeppnislög eigi alla vega að koma í veg fyrir þann risasamruna sem mér heyrðist að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefði áhyggjur af hér áðan.

[17:15]

Jón Kr. Óskarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gat ekki betur skilið en að hv. þingmenn, flutningsmenn frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, væru að draga í efa trúverðugleika Ríkisútvarpsins og teldu að það þekktist ekki í hinum vestræna heimi að útvarpsstöðvar væru reknar á vegum ríkisins. (**SKK:** Það sagði ég ekki.) Ef það er misskilningur þá dreg ég það til baka.

Ég vil minna á að BBC er ein virtasta stofnun í heimi og er rekin af ríkinu eins og Danmarks Radio og Norsk Radio. Ég vildi bara koma þessu á framfæri í vangaveltum um hvort ríkisútvarpsrekstur væri barn síns tíma eins og frumvarpsmenn voru að ýja að.

[17:16]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki orðað hugsun mína nægilega skýrt áðan. Það sem ég var að fjalla um var að á þeim tíma er Ríkisútvarpið kom til sögunnar voru þau sjónarmið uppi, bæði hér á landi og annars staðar í hinum vestræna heimi, að ríkið hefði töluvert viðamiklu hlutverki að gegna á öllum sviðum samfélagsins. Þetta sjónarmið var ráðandi hér. Stofnaðar voru ríkisverksmiðjur og ríkiseinkasölur og ríkið kom inn á mjög mörgum sviðum, bæði tók það við starfsemi sem áður hafði verið í höndum einkaaðila og eins hafði ríkið forgöngu um og stofnaði til starfsemi sem áður var óþekkt.

Hið sama var upp á teningnum annars staðar. Þessar stofnanir sem hv. þm. Jón Kr. Óskarsson vitnaði til voru vissulega stofnaðar um svipað leyti og voru og eru ríkisstofnanir eins og við þekkjum hér á landi. Orð mín mátti ekki skilja sem svo að það fyrirkomulag sem við búum við í dag væri óþekkt.

Það sem ég sagði hins vegar að væri óþekkt, bæði hér á landi og í þeim löndum sem við berum okkur saman við, er ríkisrekstur á dagblaðasviðinu sem lýtur að sumu leyti svipuðum lögmálum en að öðru leyti öðrum lögmálum en ljósvakareksturinn. Í báðum tilvikum er um að ræða fjölmiðlastarfsemi og í báðum tilvikum tel ég að einkaaðilar geti verið virkir og góðir rekstraraðilar.

Ástæðan fyrir því að fjölmiðlamarkaðurinn er svo mismunandi eftir miðlum, er að það var ríkisrekstur á útvarpssviðinu, á sér sögulegar forsendur fyrst og fremst. Dagblaðamarkaðurinn er eldri og mótaðist á tímum þar sem ríkisforsjá og ríkisumsvif voru miklu síður á dagskrá í vestrænum þjóðfélögum en síðar varð.

[17:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Kr. Óskarssyni þegar hann sagði að það hefði komið fram í umræðunni fyrr að þetta þekktist ekki á Vesturlöndum, að ríkið stæði í fjölmiðlarekstri. Hins vegar hefur það verið dregið til baka og vitaskuld vitum við allir, hv. þingmenn sem hér erum, betur. Þetta hefur kannski verið sagt í hita leiksins.

Hitt er hins vegar veruleiki sem við búum við, að fyrir íslenskt samfélag og lýðræðið er gríðarlega mikilvægt að hér séu starfandi öflugir fjölmiðlar. Það er í raun forsenda þess að lýðræðið virki, forsenda þess að skoðanir heyrist og almenn skoðanaskipti fari fram í samfélaginu. Þess vegna eru þetta geysilega viðkvæm mál. Við höfum orðið vör við það í samfélaginu undanfarið að margir hafa áhyggjur af íslenskum fjölmiðlamarkaði og eignarhaldi á íslenskum fjölmiðlum. Þó að ég varpaði meira í gamni en alvöru fram þeirri hugmynd að það væri hugsanlegt að sameina tiltekin fyrirtæki þá breytir það ekki því að mjög erfitt yrði að koma í veg fyrir að ýmsir aðilar gætu komist til áhrifa, þó að ekki yrði um sérstakan samruna að ræða. Það er líklega nokkuð sem umrædd fjölmiðlanefnd er einmitt að skoða núna.

Ég vildi einnig halda því til haga í umræðunni að sú hugmynd sem hér liggur fyrir gengur út á að afnema afnotagjöldin en á móti að lækka persónuafsláttinn um 1.000 kr. til þess að ná inn sömu fjárhæð. Ég vildi bara koma þessu að þar sem mér fannst umræðan ganga út á að í þessu fælist skattafsláttur. En hugmyndin er sú að innheimta sömu fjárhæð með öðrum hætti. Það er mjög mikilvægt að þetta sé klárt í þessari umræðu.

[17:21]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hér hafi ekki verið haldið fram neinum sjónarmiðum sem hafi verið dregin til baka varðandi stöðuna á þessu sviði annars staðar. Ég held hins vegar að öllum sé ljóst hvað við var átt. Enginn hélt því að fram að ríkisfjölmiðlar í öðrum löndum væru ekki til heldur var um að ræða ákveðna sögulega skýringu á því hvers vegna við stöndum frammi fyrir öðru umhverfi á þessu sviði en t.d. á dagblaðamarkaðnum.

Það er rétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom inn á, að þetta er viðkvæmt svið. Þess vegna hefur m.a. verið til skoðunar hvort bæri að setja sérreglur sem snertu þennan markað sem væru á einhvern hátt til fyllingar eða ítarlegri en þau almennu ákvæði sem er að finna í samkeppnislögum. Af hálfu einstakra flokka eða ríkisstjórnar hefur ekki verið tekin nein afstaða til þess, enda er nefnd að störfum sem fer yfir það svið og veltir upp sjónarmiðum í því efni. Hins vegar kunna að vera rök fyrir því að í gildi séu sérreglur um þennan markað til að koma í veg fyrir samruna, hringamyndun og óeðlilega mikla samþjöppun á því valdi sem felst í eignarhaldi á fjölmiðlum.

Varðandi þann þátt sem hv. þm. kom inn á varðandi afnotagjöldin er rétt að gert er ráð fyrir því í frv. að ríkissjóður verði jafn vel settur, þ.e. að tryggt sé með framlagningu þessa frv. að inn komi fjármögnun á móti þeirri fjármögnun sem dettur niður með afnámi afnotagjaldanna. Það er alveg rétt enda er frv. mikið málamiðlunarfrumvarp á mörgum sviðum.

[17:23] Út af dagskrá voru tekin 7.–12. mál.

Útbýting þingskjals:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 714. mál, frv. BjörgvS o.fl., þskj. 1056.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:24.

78. FUNDUR

mánudaginn 8. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 279. mál, þskj. 315. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Útvarpslög o.fl., frv., 337. mál, þskj. 407. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Textun, frv., 386. mál, þskj. 516. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Íslensk farskip, þáltill., 484. mál, þskj. 756. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, frv., 520. mál, þskj. 794. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Sjóntækjafræðingar, stjfrv., 340. mál, þskj. 1041. — 3. umr.
7. Einkaleyfi, stjfrv., 303. mál, þskj. 348, nál. 1043, brtt. 1044. — 2. umr.
8. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969. — 1. umr.
9. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982. — 1. umr.
10. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 683. mál, þskj. 1012. — 1. umr.
11. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019. — 1. umr.
12. Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, þáltill., 542. mál, þskj. 817. — Frh. fyrri umr.
13. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 565. mál, þskj. 844. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Davíð Oddsson forsrh.

Fjarvistarleyfi:
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[15:02]

Útbýting þingskjals:
Ríkisendurskoðun, 715. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 1057.

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið verður til dagskrár hefur hæstv. forsrh. óskað eftir því að gefa yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Það er samkomulag milli þingflokka um að að lokinni ræðu hæstv. forsrh. tali einn fulltrúi hvers þingflokks, annarra en þingflokks Sjálfstfl., og að forsrh. hafi tækifæri til andsvara í lok umræðunnar ef hann telur ástæðu til.

[15:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur gefið út svohljóðandi yfirlýsingu:

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Til að greiða fyrir kjarasamningum á almennum vinnumarkaði hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að það fyrirkomulag varðandi fjármögnun starfsmenntasjóðs verkafólks sem gilt hefur frá árinu 2000 verði framlengt til ársloka 2007 þannig að á þessu tímabili komi greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntasjóðanna í samræmi við fyrirliggjandi tillögur Samtaka atvinnulífsins, Starfsgreinasambands Íslands og Flóabandalagsins þar að lútandi.

2. Ríkisstjórnin lýsir yfir því að hún er reiðubúin að taka upp viðræður við sérstaka lífeyrisnefnd sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hyggjast koma á fót um hugsanlega aðkomu stjórnvalda að tilteknum þáttum er sú nefnd mun taka til meðferðar, m.a. að því er varðar verkaskiptingu milli lífeyrissjóða og almannatrygginga.

3. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að atvinnuleysisbætur hækki og verði frá og með 1. mars 2004 88.767 en hækki síðan um 3% 1. janúar 2005, 2,5% 1. janúar 2006 og 2,25% 1. janúar 2007.

4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að almennt tryggingagjald lækki um 0,45% frá 1. janúar 2007 gegn því að Samtök atvinnulífsins samþykki að iðgjöld atvinnurekenda til sameignarlífeyrissjóða verði frá þeim degi 8%.

Þetta er yfirlýsing sú sem ríkisstjórnin gaf í tilefni af þeirri samningagerð sem varð á almennum vinnumarkaði í gær. Rétt er að taka fram að þessar yfirlýsingar voru gefnar eftir að átt hafði sér stað samráð við aðila vinnumarkaðarins á nokkrum undanförnum vikum í framhaldi af þeim niðurstöðum sem urðu við samningagerðina. Þó að auðvitað sé hér ekki um að ræða endalok samningagerðar í tilefni af því að samningar voru almennt séð lausir er svo litið til að þessi samningagerð sé mótandi að verulegu leyti varðandi samningagerð almennt á vinnumarkaði.

Hitt er hins vegar ljóst og menn verða að gera sér grein fyrir því að samningar eru háðir ýmsum fyrirvörum sem aðilar hafa komið sér saman um og auðvitað er sú yfirlýsing sem hér er gefin háð sömu fyrirvörum, þ.e. að samningagerðin haldi til fjögurra ára.

Ríkisstjórnin lítur þannig á að þegar allir þeir þættir sem ríkisstjórnin lofar að beita sér fyrir í tengslum við gerð kjarasamninganna eru komnir til framkvæmda að fullu verði útgjöld ríkisins á ári hverju milli 2,7 og 2,8 milljarðar kr. vegna kjarasamninganna. Ríkisstjórnin telur að það sé verjanlegt að slíkar fjárhæðir séu úr ríkissjóði látnar í tilefni þessarar kjarasamningagerðar vegna þess að mjög mikilvægt er að samningur sé gerður til svo langs tíma sem þarna er gert. Það tryggir áframhaldandi stöðugleika í landinu og áframhaldandi kaupmáttaraukningu sem verið hefur með allra mesta móti í þessu landi miðað við önnur lönd.

Jafnframt er rétt að fram komi að þegar ríkisstjórnin lýsti því yfir í stjórnarsáttmála sínum að á þessu kjörtímabili yrðu gerðar breytingar á þar til greindum sköttum til lækkunar var fram tekið að þær breytingar hlytu auðvitað að hafa hliðsjón af og tengjast fyrirvörum um að kjarasamningar almennt gæfu tilefni til þess að slík skattalækkun ætti sér stað. Það er mat ríkisstjórnarinnar að með þessum kjarasamningum, ef þeir verða mótandi fyrir aðra kjarasamninga, skapist skilyrði til þess að þau áform öll um skattalækkanir geti náð fram að ganga. Ljóst er að þær munu auðvitað að sínu leyti enn auka við þann kaupmátt sem þessir kjarasamningar leggja þá

grundvöll að með því að skapa umgjörð stöðugleika og sátta í þjóðfélaginu.

Þetta er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

[15:07]

Össur Skarphéðinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns lýsa því yfir að Samf. styður þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin hefur gefið gagnvart aðilum vinnumarkaðarins. Við teljum að ríkisstjórnin hafi gert rétt í því að liðka með þessum hætti til svo hægt verði að ljúka kjarasamningum farsællega. Samf. mun líka fyrir sitt leyti greiða fyrir því að þær breytingar sem þurfa að fara í gegnum þingið gangi hratt fyrir sig. Við höfum lýst því yfir að það skipti miklu máli að ná kjarasamningum, og til langs tíma. Kjarasamningar eru forsenda stöðugleika. Stöðugleiki er forsenda vaxtar. Við þurfum á vexti að halda. Ef það er eitthvað sem þessi ríkisstjórn hefur ekki náð í jafnríkum mæli og hún skapaði væntingar um í kosningabaráttunni er það einmitt atvinnustigið í landinu.

Við búum í dag við allt of mikið atvinnuleysi. Það er 3,5% atvinnuleysi og það er heldur að aukast en hitt. Það er sorglegt að ungt fólk er í vaxandi mæli í röðum þeirra sem ekki fá atvinnu og því miður er ungt fólk líka í röðum þeirra sem eru lengi atvinnulausir.

Á baráttudegi kvenna, 8. mars, þykir mér líka við hæfi að vekja eftirtekt á því að atvinnuleysi meðal kvenna er að aukast og ef það er eitthvað sem ríkisstjórnin hefði líka átt að gera til viðbótar við þær aðgerðir sem hún hefur lýst yfir er það einmitt að ráðast í sérstakt átak til að bæta atvinnustig kvenna. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki við hæfi á þessum degi að gefa yfirlýsingu um slíkt. Er það ekki í anda þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin er að beita sér fyrir?

Það sem er sérlega gleðilegt við þessa kjarasamninga er að þeir sem hafa lægst launin fá mesta hækkun. Þeir hækka strax upp í 100 þús. kr. og eiga síðan að fá jafnmiklar hlutfallshækkanir og aðrir. Þetta er sannarlega gleðiefni og það er í anda þeirra markmiða sem við jafnaðarmenn vinnum eftir. Ég vek eftirtekt á því að ríkisstjórn boðar hækkun atvinnuleysisbóta og það er sömuleiðis í þeim anda sem við í stjórnarandstöðunni höfum unnið eftir. Við höfum kallað eftir hækkun atvinnuleysisbóta. Samt sem áður er það staðreynd að þessi hækkun sem núna fyrsta kastið verður upp í tæpar 89 þús. kr. er of lítil. Enginn lifir af 89 þús. kr. og enginn sem þarf að vera lengi atvinnulaus getur dregið fram lífið með mannsæmandi hætti á þeim peningum. Þess vegna er nauðsynlegt að berjast fyrir því að þetta aukist.

Ég fagna sérstaklega þeim áfanga sem næst að því er varðar jöfnun lífeyrisréttinda. Það er eitt af því sem Samf. hefur barist fyrir. Það má auðvitað geta þess að hluti af lífeyrisbótunum sem núna koma fram felst í því að tryggingagjald verður lækkað um 0,45% gegn því að atvinnurekendur hækki sínar greiðslur í sameiginlega sjóði upp í 8%. Það verður að geta þess að við í stjórnarandstöðunni vorum að slást við ríkisstjórnina hálft haustið einmitt vegna þess að hún vildi falla frá svipuðu framlagi, að vísu í séreignarlífeyrissjóði. Þarna má líta svo á að hún hafi ekki daufheyrst eða skellt skollaeyrum við því sem verkalýðshreyfingin og við í stjórnarandstöðunni vorum að tala um.

Sömuleiðis fagna ég því að það er verið að tryggja framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði í starfsmenntasjóði fram til ársins 2007. Það skiptir máli að fólk í atvinnulífinu, sérstaklega það sem er illa launað, eigi kost á starfsmenntun til að þjálfa sig betur og auka færni sína á vinnumarkaði. Þá hlýt ég að vekja eftirtekt á því að mörgum þeirra sem falla undir samninga ASÍ og eru í hlutastörfum eru meinuð einmitt ákveðin réttindi sem tengjast því að auka færni sína. Hæstv. fjmrh. hafði í síðustu viku frumkvæði að því af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma í veg fyrir að hægt yrði að samþykkja lög um slíkt. Málið hefur ekki farið í gegn og ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því á síðustu stigum þess máls að því verði breytt.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. forsrh. talar um skattalækkanir. Almenningi var lofað skattalækkunum upp á 25 milljarða þegar samningarnir voru frá. Hvenær verður staðið við þau loforð? Mun hæstv. forsrh. lækka virðisaukaskatt á mat eins og Samf., Sjálfstfl. og fleiri flokkar eru sammála um að vilja gera?

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sönnu ánægjuefni að náðst hefur saman um drög að kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og fjölmennasta sérsambands á almennum vinnumarkaði. Það á að vísu, og að sjálfsögðu, eftir að afgreiða þá samninga en það eru ýmis atriði í þeim ótvírætt fagnaðarefni. Ég vil þá sérstaklega nefna í fyrsta lagi styrkingu á lífeyrissjóðakerfinu í formi aukinna iðgjaldagreiðslna inn í sjóðina á næstu árum í áföngum.

Ég vil í öðru lagi nefna starfsmenntasjóðina sem unnið hafa mjög þarft verk og skipt miklu máli. Að sjálfsögðu hefði verið fráleitt að slá þar slöku við. Ríkið framlengir nú þátttöku sína í þeim í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð um nokkur ár en síðan er gert ráð fyrir því að þeir færist yfir á atvinnurekendur.

Í þriðja lagi er svo hækkun atvinnuleysisbóta sem að vísu er svo sjálfsögð og svo löngu tímabær aðgerð, og þó að meira hefði verið, að það ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að fagna því sérstaklega. Það vekur að vísu athygli að hlutur ríkisins í pakkanum þegar upp er staðið er mun minni en menn reiknuðu með. Það er augljóst mál að verkalýðshreyfingin hefur í þeim efnum gefið verulega eftir. Uppi voru hugmyndir um mun meiri þátttöku hins opinbera í að styrkja lífeyrissjóðina og létta t.d. af þeim greiðslu örorkulífeyris eða koma inn í þá mynd. Í reynd er framlag ríkisins fyrst og fremst það að þessu leyti að falla frá 0,45% hlutum af tryggingagjaldi gegn hækkun inngreiðslna atvinnurekenda í lífeyrissjóði.

Það er einnig ljóst að hér er samið um mjög lágar prósentur. Hér er verið að semja á hógværum nótum í trausti þess að verðbólgumarkmið Seðlabankans haldi næstu fjögur árin og að verðlag hreyfist nánast ekki neitt, um 2% eða svo innan ársins, enda verða að sjálfsögðu allar kjarabætur launamanna að engu samkvæmt þessum samningum ef verðlag hreyfist eitthvað að ráði. Þarna er að vísu um opnunartíma að ræða á miðjum samningstímanum en það er algjörlega ljóst að áhættan sem tekin er að því leyti er á herðum launamanna. Það ræðst nánast alfarið af verðlagsþróuninni hvað almennir launamenn, ef þessi samningur verður gerður, og þeir sem þar eiga í hlut fá út úr honum nema ef til kæmi endurskoðun á samningnum.

Það er líka athyglisvert að skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar eru alls ekki nefnd nema í framhjáhlaupi, eins og hæstv. forsrh. gerði. Það er öfugt við það sem formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., talaði ákaft fyrir fyrir kosningar, að semja ætti sérstaklega um skattalækkunarpakkann. Í umræðum hér á dögunum vísaði hæstv. fjmrh. því frá og hefur

greinilega haft betur í þeim efnum. Enda hefur það væntanlega komið á daginn að verkalýðshreyfingin, eins og Starfsgreinasambandið, sem semur sérstaklega fyrir tekjulægsta fólkið í landinu, hefur ekki haft mikinn áhuga á skattalækkunarpakka ríkisstjórnarinnar. Af hverju ekki? Vegna þess að hann á fyrst og fremst að koma hátekjufólki og eignafólki til góða og er þar af leiðandi ekki sérstaklega í þágu þeirra umbjóðenda. Þar á bæ er væntanlega einnig skilningur á því að það er ekki endilega í þágu tekjulægra fólks í landinu að tekjur ríkissjóðs verði lækkaðar og kostnaðinum af opinberri samneyslu velt yfir á herðar notendanna.

Það er alveg ljóst að verðlagsforsendur og viðkvæmir þættir þar, eins og þróun gengismála, vaxta og fleiri þátta, munu fyrst og fremst ráða því hvort samningurinn skilar launamönnum einhverjum umtalsverðum kjarabótum.

Öfugt við síðasta ræðumann lýsi ég vonbrigðum yfir því að ekki skyldi nást meiri árangur í að hækka lægstu laun. Þó að kauptryggingin fari úr 93 þús. kr. í 100 þús. kr. og lægstu taxtar úr 88 þús. kr. í 96 þús. kr., eru það upphæðirnar sem við erum að tala um. Við erum að tala um laun til fullvinnandi fólks sem ná rétt 100 þús. kr. og af því eiga menn að borga einar 10–12 þús. kr. í skatta. Það er nú allt og sumt sem þarna er verið að semja um og síðan örlágar prósentuhækkanir á það næstu fjögur árin. Ég get ekki lýst sérstökum fögnuði eða mikilli ánægju með árangurinn að þessu leyti og allra síst þann 8. mars, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, því að ljóst er að hér er að uppistöðu til verið að tala um laun sem falla í hlut kvenna á vinnumarkaði, þ.e. þessi lægstu laun. Ríkisstjórnin hefði einnig að þessu leyti, að mínu mati, getað komið myndarlegar að málum að tryggja betur stöðu þeirra, bæði hvað lífeyrisréttindi varðar og bein kjör þeirra sem lægst hafa launin.

[15:18]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Þau ánægjulegu tíðindi eru nú ljós að tekist hafa samningar á vinnumarkaði milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar, Flóabandalags, og Starfsgreinasambandsins hins vegar.

Hæstv. forsrh. hefur rakið innihald yfirlýsingar ríkisstjórnar í tilefni af þessum kjarasamningum og er sérstök ástæða til þess að fagna því og undirstrika ánægju með að tekist hafi hóflegir samningar á vinnumarkaði, samningar sem munu tryggja stöðugleika í okkar efnahafslífi og vonandi leiða til aukins kaupmáttar launafólks.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sér ekki ástæðu til að lýsa yfir neinni sérstakri ánægju með það enda hefði Bleik verið brugðið ef svo hefði verið.

Hæstv. forseti. Ég vil gera hækkun atvinnuleysisbóta að sérstöku umfjöllunarefni í tilefni af þessum kjarasamningum. (**SJS:** Hættur við að lækka?) Það er ástæða til að vekja athygli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á því að frá árinu 1991 hafa atvinnuleysisbætur ekki hækkað jafnmikið á einu ári eins og nú. Með þessari ákvörðun hækka atvinnuleysisbætur um 14,3% á þessu ári (**SJS:** Ánægjuleg ...) eða um 11.318 kr. Ég sé að það fer í taugarnar á hv. þm. og ekki nema von. (**SJS:** Ég er að fagna sinnaskipum ráðherrans sem ætlaði að lækka bæturnar í haust.)

Sá ráðherra sem hér stendur hefur líka lýst því yfir að hann vilji sjá breytingar á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni. Sú vinna er farin af stað og það fer sjálfsagt í taugarnar á hv. þm. líka.

Það er líka ástæða til að undirstrika að með þessari yfirlýsingu ríkisstjórnar verður lagt fram aukið fé til starfsmenntasjóða verkafólks. Í tengslum við kjarasamninga árið 2000 var tekin ákvörðun um að verja til þeirra aðgerða um 200 millj. kr. á því samningstímabili. (**SJS:** Við getum fagnað því.) Nú hefur verið tekin ákvörðun um að það verði um 400 millj. kr. Það er því ástæða til að fagna því líka og nú sé ég að hv. þm. er farinn að brosa.

Í tengslum við gerð þessara kjarasamninga hefur ríkisstjórnin sömuleiðis ákveðið að taka á málefnum útlendinga á vinnumarkaði. Við höfum lagt til við Alþingi að við nýtum okkur aðlögunarfrest vegna stækkunar Evrópusambandsins. Það skiptir auðvitað máli og liðkar til við gerð kjarasamninga.

Fleira mætti nefna, hæstv. forseti. Lífeyrismálin verða áfram til umfjöllunar milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins. Þar hefur tekist, með þessari yfirlýsingu, að stíga mjög mikilvægt skref.

Niðurstaðan er þessi: Hóflegir samningar á vinnumarkaði leggja grunninn að auknum kaupmætti fólksins í landinu. Þar hefur ríkisstjórnin lagt lóð sín á vogarskálarnar. Því hafa aðilar vinnumarkaðarins séð ástæðu til að fagna. Mér finnst ánægjulegt að heyra að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., samfagnar okkur og vissulega væri skemmtilegra ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, mundi slást í hópinn með okkur og sjá til sólar á þessum ágæta degi.

[15:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Frjálsl. fagnar því að aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. Starfsgreinasambandinu og Flóabandalaginu, skuli hafa tekist að koma á kjarasamningi til fjögurra ára við Samtök atvinnulífsins í gær. Miklar líkur eru til að þetta frumkvæði launþega hafi enn og aftur tryggt stöðugleika í landinu. Sérstök hækkun lágmarkslauna upp á 100 þús. kr. er áfangi á réttri leið sem lyftir undir betri afkomu þeirra sem verst eru settir.

Sömuleiðis eru auknar inngreiðslur í lífeyrissjóði merkur áfangi í að bæta afkomu fólks á efri árum. Í því sambandi vil ég minna á tillögur Frjálsl. sem fluttar hafa verið á þingi á undanförnum árum um að lífeyrir fólks úr lífeyrissjóði skerði ekki bætur úr almannatryggingum eins og nú er. Ef marka má niðurlag 2. tölul. í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, segir, með leyfi forseta, um lífeyrisnefndina:

„Nefnd mun taka til meðferðar m.a. að því er varðar verkaskiptingu milli lífeyrissjóða og almannatrygginga."

Þá er spurt: Er ætlað að taka á samspili lífeyrisgreiðslna úr sameignarsjóðum og almannatryggingabótum, þ.e. jaðaráhrifum skerðinga þegar fólk fær tekjur úr lífeyrissjóðum? Er það það sem átt er við í 2. tölul. í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar?

Almennt um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fögnum við því að ríkisstjórnin skuli koma að málum með þeim hætti sem hér er gert og teljum að mikil ábyrgð sé því samfara að reyna að tryggja vinnufrið til fjögurra ára. Ég verð hins vegar að segja það, virðulegi forseti, að ég sakna þess að ekki skuli vikið að lækkandi raungildi persónuafsláttarins. Í raun og veru er ekkert vikið að skattamálunum sem slíkum í yfirlýsingunni. Við höfum eingöngu orð hæstv. forsrh. áðan þegar hann sagði úr þessum ræðustól að öll áform — ef ég hef tekið rétt eftir, virðulegi forseti — ríkisstjórnarflokkanna um skattalækkanir mundu koma til framkvæmda.

Við eigum auðvitað eftir að sjá útfærsluna og hvað það þýðir þegar verið er að að tala um stöðu láglaunafólks í landinu og hvað það þýðir fyrir barnafjölskyldur. Þeim málum er ekki lokið og að því leyti til getum við ekki lagt dóm á það sem mun fylgja þeim pakka, sem ég skil samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að óefnt sé, þ.e. allur skattalofórðapakkinn. Hann er ekki uppi á borðum til umræðu því ríkisstjórnin gerir ekki grein fyrir honum í yfirlýsingu sinni.

Því ber auðvitað að fagna að atvinnuleysisbæturnar eru hækkaðar og munu halda áfram að hækka í áföngum á samningstímabilinu. Atvinnuleysisbætur hafa verið allt of lágar hér á landi, því miður, og þess vegna ber virkilega að fagna þeim áfanga.

Það ber líka að fagna því alveg sérstaklega að nú er verið að huga að lífeyrisgreiðslum almennt í kjarasamningum og ríkisstjórnin tekur undir að koma að þeim málum enn frekar í yfirlýsingu sinni þar sem talað er um sérstaka lífeyrisnefnd. Allt eru þetta hlutir sem verkalýðshreyfingin hlýtur að meta sem svo að horft sé til þess í framtíðinni að bæta stöðu lífeyrisþega. Það er geysimikið mál, eins og lífeyrismál hafa þróast hér á landi á undanförnum árum, að hífa upp rétt verkafólksins, því það er alveg ljóst að þær vonir sem við gerðum okkur um að lífeyrissjóðirnir yrðu meginstoð í afkomu fólks á efri árum hefur ekki gengið eftir eins og menn vonuðust til og lengra í það en menn áttu kannski von á. Þess vegna ber að fagna því sem hér er lagt til.

Varðandi afstöðu Frjálsl. til málsins munum við auðvitað leggja góðum málum lið eins og við höfum alltaf gert á hv. þingi.

[15:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka talsmönnum flokkanna fyrir góðar og málefnalegar undirtektir við þá atburði sem nú hafa orðið og þær ábendingar sem fram hafa komið.

Varðandi skattamálin vil ég nefna að auðvitað munu allar þær skattalagabreytingar sem gerðar verða koma félögum þessara samtaka og annarra á vinnumarkaði með einhverjum hætti til góða. Við vitum, þó það hljómi þannig að eignarskattar séu eingöngu fyrir þá sem mest eiga, að margt eldra fólk sem fyrir ráðdeild, dugnað og sparnað hefur til að mynda önglað fyrir sæmilegri íbúð, að þegar aldurinn færist yfir og tekjur minnka er eignarskatturinn, eins og hann birtist hér á landi, þessu fólki mjög íþyngjandi og erfiður, slíkt fólk hefur því mikið gagn af því að eignarskattur sé aflagður.

Matarskattur verður lækkaður niður í 7% og hefur þá lækkað á undanförnum árum úr 24,5% niður í 7%. Ljóst er að slík lækkun kemur ekki síst vel við þá sem minnst bera úr býtum vegna þess að hlutfallslega er stærstum hluta tekna þeirra varið til greiðslu á slíkum vörum, sem er augljóst þegar menn horfa til þess. Slíkar skattalagabreytingar og aðrar koma því öllum á vinnumarkaði til góða með einhverjum hætti.

Ég vil nefna þetta til sögunnar og held reyndar að forustumenn atvinnulífsins beggja vegna borðs hafi gert sér grein fyrir því að það væri einn af þáttunum sem mundu fást með skynsamlegum kjarasamningum, að þessar skattalagabreytingar yrðu gerðar.

Menn tala um hóflega kjarasamninga og svo sem allt í lagi að nota það orð. En við minnumst þess forðum tíð þegar kjarasamningar voru gerðir að fréttamenn spurðu gjarnan í framhaldi af samningunum: Eru þetta raunhæfir kjarasamningar? Hvað áttu menn við? Jú, menn höfðu slegist um háar tölur, stórar prósentur, sem litu kannski vel út í augnablikinu, en spursmál um hvort samningarnir voru raunhæfir eða ekki gekk út á það hvort samningarnir mundu halda gagnvart verðlaginu í landinu, eða hvort gengisfellingar og aðrir slíkir þættir í framhaldinu með reglubundnum hætti þyrftu að koma til.

Það sem nú er að gerast, ekki endilega í þessum samningi heldur með honum og með öðrum samningum, er að kjarasamningar eru almennt orðnir raunhæfir. Menn vilja frekar tryggja mestu kaupmáttaraukningu sem menn hafa séð, bæði í þessu landi og öðrum, á undanförnum áratug, fremur en að setja í samninga stórar tölur sem engin forsenda eða undirstaða er fyrir.

Þetta er hin mikla breyting sem orðið hefur og er ríkisstjórninni fagnaðarefni að mega taka þátt í því að leggja sitt af mörkum við gerð slíks kjarasamnings.

Að nýju vil ég færa talsmönnum flokkanna á þinginu þakkir fyrir málefnalega umræðu um þessa yfirlýsingu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Nemendafjöldi í framhaldsskólum.

[15:29]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Í Ríkisútvarpinu í gær og í Fréttablaðinu í dag er fjallað um bréf frá menntmrn. sem varar skólastjórnendur framhaldsskóla við að taka inn nemendur umfram umsaminn hámarksfjölda.

Í Fréttablaðinu er jafnframt vísað í viðtal við hæstv. menntmrh. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Markmiðið var að ítreka hámarksnemendaígildi hvers skóla samkvæmt fjárlögum til þess að minna á aðhald í ríkisrekstri.“

Síðar segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ljóst er að framhaldsskólanemendum kemur til með að fjölga að minnsta kosti fram til ársins 2008–2009 og við því þarf að bregðast.“

Flestum er það fagnaðarefni að íslensk ungmenni vilji leita sér menntunar í auknum mæli og ljós nauðsyn þess ef Íslendingar eiga að standa sig í alþjóðlegri samkeppni nútíðar og framtíðar. En það virðist sem hæstv. menntmrh. sé ekki sama sinnis því ómögulegt er að skilja orð ráðherrans á annan hátt en þann að bregðast eigi við auknum fjölda þeirra sem vilja sækja sér nám í framhaldsskóla með því að hafna umsókn ótiltekins fjölda ungs fólks um skólavist. Það eru kaldar kveðjur til ungra Íslendinga. Það er alvarlegur skilningsskortur á mikilvægi framhaldsnáms í heimabyggð ef hæstv. ráðherra heldur að ráð við meiri fjölda nemenda en um getur í skólasamningum geti verið að vísa á aðra skóla. Mat þeirra sem til þekkja er að af hverjum tíu nemendum sem þurfa að sækja sér framhaldsnám annað en í heimabyggð séu a.m.k. tveir sem taki fjölskyldu sína með sér. Hæstv. menntmrh. virðist samkvæmt því ætla að ýta undir stóraukna byggðaröskun með ráðagerð sinni. Því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvenær þessi stefnubreyting hafi verið ákveðin og hvort hún njóti stuðnings í ríkisstjórninni í þessu máli.

Í Fréttablaðinu kom einnig fram að unnið sé að samningu reglugerðar um innritun í framhaldsskóla og ráðherra

sé ekki ljóst hvað hún muni fela í sér. Ég spyr því einnig: Er ekki unnið samkvæmt markmiðssetningu við samningu reglugerðarinnar og ef ráðherra er ekki kunnugt um hvað hún á að fela í sér hver setur þá markmiðin sem unnið er eftir?

[15:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þær eru kaldar kveðjurnar úr menntmrn. þessa dagana. Fyrst kemur hæstv. ráðherra menntamála fram með gagngera stefnubreytingu í málefnum Háskóla Íslands þar sem hún lýsir því yfir að skólanum beri að takmarka nemendafjölda skólans við gerðan samning við ríkið. Skólinn sé því ekki opinn þeim sem í hann vilja sækja eins og verið hefur frá stofnun skólans. Háskólinn er því ekki lengur opinn þjóðskóli heldur er það háð pólitískum geðþótta ráðherra menntamála og ríkisstjórnar hve margir fá aðgang að þjóðskólanum ár hvert.

Þetta eru tímamót, herra forseti. Fjöldatakmarkanir við háskólann eru staðfestar sem fyrsta meginverkefni nýs hæstv. ráðherra menntamála. Og enn heggur hæstv. ráðherra í sama knérunn. Framhaldsskólunum virðist einnig gert að taka upp fjöldatakmarkanir. Óðruvísi er varla hægt að skilja bréf frá menntmrn. til framhaldsskólanna sem greint er frá í Fréttablaðinu í dag og í Ríkisútvarpinu í gær þar sem skólarnir eru varaðir við að taka inn nemendur umfram umsaminn hámarksfjölda og þeir geti ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum.

Þetta þýðir væntanlega bara eitt, herra forseti: Framhaldsskólarnir skulu taka upp fjöldatakmarkanir. Því verður ráðherra að taka af allan vafa um hvað átt er við með bréfinu. Er verið að fyrirskipa fjöldatakmarkanir við framhaldsskóla landsins?

Einnig væri fróðlegt að fá svör við því hvort samstarfsflokkur Sjálfstfl., Framsfl., standi á bak við þessa stefnubreytingu. Er þetta hin nýja byggðastefna með öllu fólkinu í fyrirrúminu?

[15:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að mikið hugmyndaflug þurfi til þess að áætla sem svo eða draga þær ályktanir af því bréfi sem sent var skólameisturum framhaldsskólanna að þeir komi til með að standa frammi fyrir fjöldatakmörkunum. Það er síður en svo. Ástæðan fyrir þessu bréfi er fyrst og fremst sú að það hefur verið vinnuregla í ráðuneytinu að eftir að fjárlög hafa verið afgreidd er skólameisturum og rektorum framhaldsskólanna í landinu sent bréf þar sem kveðið er á um þau nemendaígildi sem þeir hafa úr að spila sem eru í samræmi við fjárlög. Það er auðvitað eðlilegt og í samhengi við það fjárstjórnarvald sem Alþingi hefur.

Síðan ef við skoðum þá ánægjulegu þróun sem verið hefur í þeirri miklu menntasókn sem við höfum staðið fyrir á undanförnum árum, þá sjáum við gríðarlega fjölgun og ekki bara á háskólastiginu. Við erum einmitt búin að sjá 43% fjölgun nemenda á háskólastiginu frá árinu 2000 og fjárframlög aukin um 50%. Það sama gildir um framhaldsskólann að þar er um gríðarlega ásókn að ræða og það er fagnaðarefni. Hvernig höfum við í ráðuneytinu svo afgreitt þennan fjölda sem hefur í rauninni aukist umfram það sem kveðið er á um í fjárlögum varðandi nemendaígildi? Við höfum farið vandlega yfir þetta í góðu samráði og samvinnu við skólameistara viðkomandi skóla. Við höfum einfaldlega skoðað hvert tilvik fyrir sig og það hefur aldrei orðið svo að við höfum ekki getað komið til móts við þann aukna fjölda sem skólarnir hafa síðan staðið frammi fyrir að þurfa að taka. Þetta höfum við gert á Suðurnesjum og þetta höfum við m.a. gert við Menntaskólann á Ísafirði þar sem nemendum fjölgaði upp í 270 á árinu 2003 þegar gert var ráð fyrir mun lægri tölu. Að sjálfsögðu komum við til móts við þetta þegar við sáum að það voru raunhæf markmið og eðlileg fjölgun sem þarna átti sér stað. Ég tel þetta vera storm í vatnsglasi. Við ætlum okkur hér eftir sem hingað til að halda áfram að fjölga nemum í framhaldsskólum og stuðla að öflugri framhaldsskólauppbyggingu hér á landi. Það sama gildir að sjálfsögðu um Menntaskólann á Ísafirði.

[15:36]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hefur verið farið yfir og lýst ástandinu á framhaldsskólastiginu eftir að menntmrn. sendi bréf um að skólum beri að halda sig við þann fjölda nemenda sem búið var að skammta þeim af hinu sama ráðuneyti. Í raun er hér um að ræða fjöldatakmarkanir í framhaldsskólum og í fyrsta skipti sem við horfum fram á það.

Það er alltaf gott þegar við skoðum slík mál að setja þau í samhengi og hæstv. ráðherra minntist á Suðurnes. Í framhaldi af þeim fréttum sem ég sá í morgun leitaði ég eftir stöðu mála hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og það er mat skólastjórnenda þar að þeir muni þurfa að vísa 150–200 nemendum frá skólavist á þessu ári.

Fjölgun á Suðurnesjum hefur að jafnaði verið um 1,5% á ári og raunfjölgun samkvæmt tölum Hagstofunnar í grunnskólum verður veruleg næstu tíu árin. Ef við bætum síðan við þeirri staðreynd að á Suðurnesjum er námsþátttaka ungs fólks lægst á landinu er ljóst að þörf verður á að taka við mjög auknum nemendafjölda á framhaldsskólastigi á næstu missirum en ekki hægt að draga úr fjölda þeirra eins og ráðuneytið virðist krefjast.

Ekki hefur verið um neitt bruðl að ræða í rekstri Fjölbrautaskóla Suðurnesja en skólinn hefur alla tíð verið innan fjárlaga og með lægstan kostnað á nemanda af sambærilegum skólum. Á næstu árum mun áfram fjölga jafnt og þétt ef staðreyndir eru skoðaðar og höfðinu ekki stungið í sandinn eins og nú tíðkast hjá ráðuneytinu. Ráðuneytinu er líka fullkunnugt um þá stöðu mála sem er uppi en virðist standa á sama. Alla vega er ekki að sjá neinn vilja til að leysa málin þannig að ekki þurfi að vísa frá nemendum eins og nú blasir við.

Í raun er það réttur allra barna að stunda nám á framhaldsskólastigi ekki síður en að það er skylda þeirra að gera það á grunnskólastiginu og það væri fróðlegt að sjá viðbrögð hæstv. menntmrh. ef eitthvað í líkingu við þetta gerðist hjá sveitarfélögunum, ef þau settu eitthvert nemendagildi á grunnskólana og vísuðu síðan nemendum frá ef fleiri nemendur ætluðu að koma þangað. Ég er hræddur um að þá mundi heyrast hljóð úr horni hjá hæstv. ráðherra.

[15:38]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það liggur fyrir að við undirbúning fjárlaga ár hvert verður að gera áætlun um fjölda nemenda til þess að unnt sé að finna út fjárhæð sem ætla verður viðkomandi skóla til reksturs á komandi fjárlagaári. Fjárlög eru ekki alltaf endanleg ákvörðun um fjárveitingu heldur líka stundum áætlun um útgjöld sem verður að endurskoða og leiðrétta þegar kemur fram á árið og forsendur skýrast.

Sú forsenda er alveg skýr af hálfu ríkisstjórnarinnar, eftir því sem ég best veit, varðandi framhaldsskóla að það á að ganga frá fjárveitingum með þeim hætti að ekki þurfi að vísa neinum einasta nemanda frá skóla. Það mun ekki verða gert á Ísafirði eða annars staðar á landinu. Fjárlög ársins 2004 eru þannig úr garði gerð að það stendur ekki til að vísa einum né neinum frá framhaldsnámi á Íslandi. Hæstv. ráðherra tók af allan vafa um þetta efni í ræðu sinni og það er alveg ljóst að áætlaðar fjárveitingar ársins verða endurskoðaðar þegar fyrir liggur nánar hversu margir muni sækja um á hausti komanda. Ég hygg því að sú umræða sem hér var hafið máls á byggist að nokkru leyti á misskilningi á því erindi sem sent var úr ráðuneytinu en það var til þess að fylgja eftir áætlunum fjárlaga. Ég vona, herra forseti, að menn velkist því ekki í neinum vafa um það eftir svör hæstv. menntmrh. að það er alveg skýrt að ekki stendur til að vísa nemendum frá námi í framhaldsskóla á Íslandi.

[15:40]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það kann að vera að sú umræða sem hér fer fram byggist á misskilningi en sá misskilningur er byggður á bréfi sem kom frá menntmrn. til skólameistara sem víða um Ísland eru nú í öngum sínum vegna sameiginlegs skilnings á þessu bréfi þannig að ég ætla þá að ráðleggja hæstv. menntmrh. að fela embættismönnum sínum að skrifa nýtt bréf þar sem fyrirætlan ráðuneytisins kemur skýrar fram.

Ég ætla einnig að taka fram að það er ekki það sama að hleypa öllum nemendum sem á því hafa áhuga í framhaldsnám og að hleypa þeim í framhaldsnám þar sem þeim hentar best, þ.e. á heimaslóð. Það leysir engan vanda fyrir nemanda á Ísafirði, Akranesi, Suðurnesjum eða Suðurlandi að vera vísað í skóla í Reykjavík sem hugsanlega ættu laus plúss né heldur annars staðar á landinu. Fólk þarf að hafa leyfi til þess að sækja skóla í sinni heimabyggð og það er það eina sem er þjóðhagslega hagkvæmt.

[15:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að hæstv. ráðherra menntamála skuli hafa dregið í land og segi að það sé ekkert að marka hótunarbréfið sem greint var frá í Fréttablaðinu og Ríkisútvarpinu í gær af því að þar var alveg skýrt hvað átt var við. Þar var verið að segja mönnum að þeir fengju ekki að taka nemendur inn í skólana umfram það sem samið hafði verið um fyrir fram, ella þyrftu menn að beita fjöldatakmörkunum í framhaldsskóla á Íslandi.

Það var annar tónn í ráðherra í gær eins og segir í Fréttablaðinu í dag, með leyfi forseta:

„Ljóst er að framhaldsskólanemendum kemur til með að fjölga að minnsta kosti fram til ársins 2008–2009 og við því þarf að bregðast."

Í framhaldi af því kemur fram að þetta bréf sé sent til skólameistara svo þeir geti undirbúið einhvers konar fjöldatakmarkanir í skólana. Annan skilning er útilokað að leggja í það bréf sem hér er greint frá. En því ber vissulega að fagna að ráðherra segir að ekkert sé að marka bréfið sem skólameistararnir fengu í hendurnar á dögunum og hefur lýst því yfir að ekki verði um að ræða neins konar fjöldatakmarkanir í íslenskra framhaldsskóla þannig að menn geti haldið áfram að vinna sína vinnu án þess að sitja undir þeim hótunum sem merkja mátti í þessu bréfi frá menntmrn. til skólastjóra sem eins og stendur hér, „varar skólastjórnendur við að taka inn nemendur umfram umsaminn hámarksfjölda. Ekki má gera ráð fyrir aukafjárveitingum ..."

(Forseti (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hann á að leita eftir leyfi forseta til að lesa upp skrifað mál. Ég vil jafnframt áminna hv. þm. um að ávarpa ráðherra eins og ber samkvæmt þingsköpum.)

Virðulegi forseti. Með leyfi forseta, stendur í Fréttablaðinu: „Ekki má gera ráð fyrir aukafjárveitingum vegna umframfjölda." Sá skilningur sem ráðuneytið og hæstv. menntmrh. virtust hafa í upphafi hefur því breyst allverulega og því ber vissulega að fagna.

[15:44]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að aðdragandinn að þessari umræðu er dálítið sérkennilegur. Hér gerist það að þrír þingmenn sama stjórnmálaflokks flytja þrjá heimastíla um sama efnið og eru auðvitað með þessum hætti á vissan hátt að skáskjóta sér fram hjá því formi sem við höfum verið að koma okkur upp varðandi utandagskrárumræður. Og það er auðvitað mikið umhugsunarefni fyrir okkur sem höfum verið að reyna að búa til þessar hefðir þar sem við höfum verið að reyna að opna á slíkar umræður að þær skuli vera að þróast í þessa veruna.

En aðalatriði málsins er auðvitað það sem komið hefur fram hjá hæstv. menntmrh. Bréf af því tagi sem hér hafa verið til umfjöllunar hafa verið send út áður til framhaldsskólanna og menn hafa síðan reynt að vinna úr því máli og reynt að koma því þannig fyrir að tryggt væri að allir þeir sem sækja um framhaldsskólavist fái þá vist í þeim skólum sem þeir vilja stunda nám sitt í. Vitaskuld fyrst og fremst í þeim skólum sem eru í heimabyggðinni eða næst henni.

Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. að þannig verður þetta líka á þessu ári. Það er ekkert sem gefur nokkurt tilefni til annars en að ætla að það sé hægt að koma þessu máli þannig fyrir. Þarna er fyrst og fremst verið að árétta tiltekin meginsjónarmið sem leiða af fjárlagaheimildunum og síðan ætla menn að reyna að vinna úr þessu með þeim hætti að skólarnir geti haldið áfram starfsemi sinni með eðlilegum hætti alveg eins og þeir hafa gert. Því er auðvitað augljóst mál, eins og hæstv. menntmrh. vakti athygli á og sagði áðan í ræðu sinni, að þessi umræða er að mörgu leyti á misskilningi byggð og það er út af fyrir sig kannski ánægjulegt að hafa þá tilefni til þess að leiðrétta þann misskilning. En ég undirstrika það sem ég sagði áðan að ég tel að á margan hátt hafi ekki verið vel til þessarar umræðu stofnað.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hæstv. menntmrh. sendi þá yfirlýsingu frá sér í bréfi sem fór til skólameistara framhaldsskólanna. Hæstv. ráðherra sagði rétt áðan að málin hefðu alltaf verið leyst. Því ber auðvitað að fagna en þá hlýtur að mega skilja mál hæstv. ráðherra þannig að bréfið til skólameistaranna sé einungis ábending um að gera þurfi samning við menntmrn. um frekari fjölgun. Ég fagna því auðvitað ef það er réttur skilningur. Ég held að það hljóti að vera þar sem tveir hv. stjórnarþingmenn hafa komið upp og fullyrt að öllum verði tryggð skólavist. Þeirra skilningur er einnig sá að þeim verði tryggð skólavist í heimabyggð sinni.

Ég fagna því að málin hafi skýrst með þessum hætti. Það er ánægjulegt að hæstv. ráðherra skuli gefa þau beinu skila-

boð til skólameistaranna að um nemendafjölgunina skuli samið í heimabyggð. Því fagna ég.

[15:47]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Málatilbúnaðurinn hér minnir óneitanlega á þekkta sögu af manni sem varð fyrir því óláni að það sprakk hjá honum. Hann vantaði tjakk og þurfti að ganga langa leið til að fá lánaðan tjakk. Þetta er þekkt saga. Maðurinn var búinn að sefja sig upp í mikla reiði þegar hann kom á næsta bæ. Þannig finnst mér málflutningur hv. stjórnarandstöðu vera.

Um hvað snýst þetta mál? Það snýst um að sett eru fjárlög og það að sá sem stýrir fjármálaskrifstofu menntmrn. bendir embættismönnum á að fjárlög skammti fé. Þannig hefur það ávallt verið. Sjálfur starfaði ég í tíu ár sem skólameistari. Á hverju einasta ári var það með með þessum hætti. Þegar það gerðist síðan að nemendafjöldi fór fram úr því sem áætlað var settust menn niður og sömdu við menntmrn. um inntöku nemenda. Það gekk eftir og um það snýst þetta mál. Þetta er með öðrum orðum stormur í vatnsglasi. Það liggur fyrir skýr yfirlýsing frá hæstv. menntmrh. um að hér sé ekki verið að innleiða neinar takmarkanir á neinn hátt. Hér verða nemendur, nú sem fyrr, teknir inn í framhaldsskóla. Ég spyr: Í hverju felst þessi hávaði hv. stjórnarandstöðu?

[15:49]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika að það ágæta bréf sem sent var frá ráðuneytinu er einfaldlega hefðbundið bréf og í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti og ábyrga fjármálastjórnun. Síðan hafa háttvirtir þingmenn, m.a. hv. þm. Hjálmar Árnason, rakið mjög vel hvernig þetta fyrirkomulag er milli ráðuneytisins annars vegar og hins vegar skólameistara, rektora eða þeirra sem halda á málum fyrir hönd skólanna.

Ef við skoðum tölurnar á síðasta ári þá hefur framhaldsnemum fjölgað gríðarlega. Hvernig hefur þessari þróun verið mætt fram til þessa? Sagan segir ýmislegt. Þessari þróun hefur alltaf verið mætt hér á þinginu. Alltaf. Af hverju halda menn allt í einu núna að menn ætli ekki að takast á við þau viðfangsefni sem menn standa frammi fyrir núna og leysa það? Auðvitað koma menn til með að leysa þetta en það er sjálfsagt og eðlilegt að þeir sem fara fram fyrir hönd stofnana, hvort sem það eru framhaldsskólar, háskólar eða aðrar ríkisstofnanir, geti ekki gengið að því gefnu að einhver kranapólitík sé í gangi þar sem þeir geti einfaldlega, í hvert skipti sem fjármagn vantar, fengið óútfylltan tékka. Þetta er sjálfsögð og eðlileg fjármálastjórnun, að menn setjist niður og ræði hvernig hægt er að koma til móts við þann vanda sem að steðjar hverju sinni.

Ég kem til með að vinna að því að bæði málefni Menntaskólans á Ísafirði komi til með að leysast, sem og annarra framhaldsskóla. En það verður gert í sátt og samlyndi við skólastjórnendur, ekki á hinu háa Alþingi eða í fjölmiðlum.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 279. mál (bráðabirgðalög, þingseta ráðherra). — Þskj. 315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Útvarpslög o.fl., frh. 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 337. mál (stofnun hlutafélags, útvarpsgjald o.fl.). — Þskj. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Textun, frh. 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 386. mál. — Þskj. 516.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Íslensk farskip, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 484. mál (skattareglur o.fl.). — Þskj. 756.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÁÓÁ o.fl., 520. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 794.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sjóntækjafræðingar, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál (sjónmælingar og sala tækja). — Þskj. 1041.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÖg, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurlS, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

15 þm. (ÁMM, BBj, DJ, DO, GÞÞ, GÁS, GÁ, GunnB, HHj, LB, SAÞ, SigurjÞ, StB, VF, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1063).

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 303. mál (EES-reglur, líftækni). — Þskj. 348, nál. 1043, brtt. 1044.

[15:55]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Iðnn. hefur haft til umfjöllunar stjfrv., 303. mál á þskj. 348, um breytingu á lögum um einkaleyfi, með síðari breytingum. Nefndin hefur komist að sameiginlegri niðurstöðu og skilað af sér áliti sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Ástu Valdimarsdóttur og Elínu R. Jónsdóttur frá Einkaleyfastofu og Valborgu Kjartansdóttur og Gunnar Örn Harðarson frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa.

Þá hafa borist umsagnir um málið frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Hafrannsóknastofnuninni, formanni tækninefndar og formanni vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Háskóla Íslands, Einkaleyfastofunni og Samtökum iðnaðarins.

Málinu var upphaflega vísað til efnahags- og viðskiptanefndar sem vísaði því til iðnaðarnefndar með bréfi dagsettu 21. nóvember 2003 þar sem efni frumvarpsins er á málefnasviði hennar.

Frumvarpið felur aðallega í sér breytingar á lögum um einkaleyfi vegna innleiðingar tilskipunar 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni, ásamt breytingum sem byggðar eru á ákvæðum samningsins um hugverk í viðskiptum, TRIPS-samningsins, og samstarfssáttmálans um einkaleyfi, PCT-sáttmálans. Líftæknitilskipunin fjallar um einkaleyfishæfi, umfang verndar á þessu sviði, nauðungarleyfi og varðveislu líffræðilegs efnis og er markmið tilskipunarinnar að samræma ákvæði aðildarríkja Evrópusambandsins, og nú aðildarríkja EES-samningsins, um einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni. Þá er einnig ætlunin með frumvarpinu að samræma norræna einkaleyfalöggjöf.

Nefndin telur rétt að taka fram að með orðinu tæknisvið í a-lið 1. gr. frumvarpsins er átt við öll svið sem uppfinningar eru gerðar á og nýta má í atvinnulífi og að ekki er ætlunin að þrengja skilyrði 1. gr. gildandi laga um að einkaleyfi sé veitt fyrir uppfinningu sem nýta má í atvinnulífi. Einungis á að tryggja að líftæknin falli undir gildissvið laganna með óyggjandi hætti. Þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að með þessari viðbót sé enn fremur verið að samræma lögin TRIPS-samningnum og 52. gr. evrópska einkaleyfasáttmálans sem hafi verið breytt árið 2000, en hið rétta er að þá náðist samkomulag um breytingartillögur við sáttmálann sem hafa ekki tekið gildi þar sem nægilega mörg ríki hafa ekki fullgilt þær.

Þá hefur nefndin skoðað hugtakanotkun í frumvarpinu og telur nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar. Fram kom á fundi nefndarinnar að þýðing tilskipunarinnar er ekki alltaf nákvæm sem skýrir ákveðinn mun á hugtakanotkun í frumvarpinu annars vegar og í þýðingunni hins vegar. Sem dæmi má nefna athugasemdir sem komu fram varðandi notkun orðanna klónun og einræktun, en einræktun er notað í frumvarpinu og er þar átt við „reproductive cloning" í enskum texta tilskipunarinnar.

Þá telur nefndin rétt að vekja athygli á að í frumvarpinu er vísað í lög um yrkisrétt, nr. 58/2000, varðandi skilgreiningu á hugtakinu plöntuafbrigði en í þeim er þó ekki nákvæm skilgreining á hugtakinu heldur talað um yrki sem afbrigði eða stofn af plöntutegund. Orðið plöntuafbrigði er þó í samræmi við íslenska málnotkun og einnig í samræmi við tilskipunina og norræna löggjöf og telur nefndin því rétt að halda hugtakinu plöntuafbrigði þar sem yrki er auk þess verndað plöntuafbrigði samkvæmt lögunum um yrkisrétt og því er um ólík verndarsvið að ræða.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Fyrri breytingin sem lögð er til á 1. gr. varðar einungis málfar og ég vísa í því sambandi til brtt. á þskj. 1044.

2. Seinni breytingin á 1. gr. og breytingin á 3. mgr. a-liðar 3. gr. fela í sér að nota orðið „erfðaupplýsingar" í stað orðanna „upplýsingar um erfðaefni" og „erfðafræðilegar upplýsingar". Upplýsingar um erfðaefni geta verið nánast hvaða upplýsingar sem er um erfðaefni, t.d. hvaðan það kemur, en erfðaupplýsingar eru upplýsingar sem felast í erfðaefninu sjálfu, þ.e. samsetning þess og nákvæmar upplýsingar um hvað það er sem gengur í erfðir þannig að brtt. þrengir aðeins þá skilgreiningu sem er í frv.

3. Nefndin leggur til að í stað orðanna „með dýr til undaneldis" í 2. mgr. b-liðar 3. gr. frv. komi orðin „með búfé til undaneldis" og telur nefndin það í betra samræmi við efni tilskipunarinnar sem og þýðingu hennar. Þetta var niðurstaðan eftir vandlega yfirferð á upprunalegum texta tilskipunarinnar. Þarna er líka um að ræða þrengingu á þeirri skilgreiningu sem er að finna í frv.

4. Þá var upplýst á fundi nefndarinnar að í 5. gr. frumvarpsins hefði láðst að taka fram að sérfræðingarnir sem þar um ræðir eigi að vera óháðir og er lögð til breyting á frumvarpinu vegna þess. Sú breyting er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir að t.d. samkeppnisaðilar geti á því tímabili sem um ræðir, þ.e. þar til einkaleyfi er veitt, fengið sýni afhent.

5. Þá telur nefndin nauðsynlegt að skýra nánar skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis þannig að samræmis sé gætt við tilskipunina og norræna einkaleyfalöggjöf á þann hátt að nauðungarleyfi skuli aðeins veitt ef yrkishafi sýnir fram á að yrkið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu. Nauðungarleyfið sem um ræðir er víxlleyfi þannig að sama regla þarf að gilda í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000, en nú hefur verið lagt fram á þingi frumvarp til breytinga á þeim lögum og er nauðsynlegt að samræmis sé gætt að þessu leyti á milli laganna. Iðnn. hefur gert ráðstafanir til að koma til hv. landbn. nauðsynlegum texta eða tillögu okkar að nauðsynlegri breytingu á því frv. þannig að samræmi verði á milli þessara tveggja lagabálka.

6. Að lokum er nauðsynlegt að benda á að sérstakt ákvæði vantar í frumvarpið um innleiðingu á tilskipun 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Slík ákvæði skal setja á undan gildistökuákvæðum samkvæmt samræmdum reglum Stjórnarráðsins og venjum við setningu laga. Leggur nefndin til að innleiðingargrein verði bætt við frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þm. Kjartan Ólafsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sigurjón Þórðarson og Guðmundur Hallvarðsson.

[16:05]

Kristján L. Möller:

Forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um frv. sem við ræðum og þær brtt. og nál. frá iðnn. Ég vil þó aðeins geta þess, vegna þess að ég á sæti í iðnn., að láðst hefur að setja það inn að ég var líka fjarverandi fund nefndarinnar þegar þetta var tekið út. Eins og kemur fram í nál. er það fulltrúi Samf., Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem skrifar undir nál., og það lýsir afstöðu allra fulltrúa Samf. í iðnn. þó þannig hafi staðið á að allir aðalfulltrúarnir hafi verið fjarverandi þegar málið var tekið út, af ýmsum ástæðum. Ásta R. Jóhannesdóttir var erlendis á vegum þingsins og sá sem hér stendur var norður í landi fjarverandi og ekki kominn til Reykjavíkur þegar fundur nefndarinnar var.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þarf ekki að hafa mörg orð um frv. sem hér er rætt og þær brtt. sem fram koma. Það hefur verið farið vel yfir þetta í hv. iðnn., eins og hv. formaður nefndarinnar, Kristinn H. Gunnarsson, hefur farið yfir og mælt fyrir brtt. Ég vildi aðeins segja, vegna þess að það hefur láðst að setja það upp, að við þingmenn Samf. styðjum frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (stjórn). — Þskj. 969.

[16:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði niður ákvæði laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, um sérstaka stjórn stofnunarinnar. Af hálfu umhverfisráðuneytisins hefur verið unnið að því að undirstrika ábyrgð forstöðumanna gagnvart ráðherra þannig að forstjórum stofnana sem heyra undir ráðuneytið hefur verið falin sú ábyrgð sem stjórnir viðkomandi stofnana höfðu áður. Er sú stefna sem í því birtist í samræmi við breytt viðhorf um stjórnun stofnana á vegum ríkisins, um að forstöðumaður stofnunar eða forstjóri beri ábyrgð á störfum og rekstri stofnunar, sem koma m.a. fram í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið efni frv. í megindráttum. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[16:08]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frv. um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Meginefni þess er að hæstv. umhvrh. hyggst leggja niður stjórn sem á að vera í þessari stofnun samkvæmt lögunum frá 1997.

Það verður strax að segja um það mál að undarlegt er að þess skuli ekki getið í athugasemdum við lagafrv. þetta að stjórnin sem skipuð var að ég hygg árið 1998 þegar stofnunin tók til starfa til þriggja ára, að sú stjórn situr enn — eða situr ekki — og hefði átt að endurskipa væntanlega árið 2001 en hefur dregist til ársins 2004. Ef allt væri eðlilegt væri stjórn númer tvö að skila af sér verki sínu. Áður en maður ræðir málið sjálft hlýtur þingmaður í mínum sporum, sem nýr er á þingi og ókunnugur málatilbúnaði og stjórnsýslu í hinu mikla ráðuneyti hæstv. umhvrh., að beina því til ráðherrans hvort þetta séu almennir siðir í ráðuneytinu, að fara ekki að lögum sem mæla fyrir um skipan stjórnar af því að einhvers konar stefna hefur verið tekin upp í ráðuneytinu eða hjá ráðherranum um að leggja stjórnina niður.

Ég hélt að það væri þannig að þegar Alþingi hefði samþykkt lög væri það ráðherranna að framkvæma það sem tilskilið er í lögunum, sama hvort þeim þætti það vera snjallt eða ósnjallt, og leið þeirra til þess að komast hjá slíkum framkvæmdum væri sú ein að leggja til breytingar á lögunum, sem þeir reyndar hafa nokkuð greiða leið til, greiðari en ýmsum finnst við hæfi, samanber orð Sigurðar Líndals í sjónvarpsþætti hjá Agli Helgasyni í gær, sem voru eiginlega þingræði okkar og Alþingi ekki mjög mikill vitnisburður.

Ég óska eftir því að ráðherrann svari þessu og svari því líka hvort svo er ástatt um fleiri stofnanir sem hún hefur einhvers konar forræði fyrir, að þær séu stjórnarlausar, að ég segi ekki stjórnlausar, af þeim völdum að ráðherra hafi ekki hirt um að skipa stjórnina og hvort hún telji þetta í samræmi við góða stjórnsýslu almennt.

Svo ætla ég að segja þetta, að ég hygg að það sé almennt rétt lína að stofnanir sem eru beint undir ráðuneyti settar eigi að heyra undir ráðherrann og ráðherrann einan og ekki sé heppilegt að auk óbeinnar stjórnar framkvæmdarvaldsins um forstöðumenn sína eða yfirmenn í stofnunum séu aðrar stjórnarnefndir að blanda sér þar inn eða aðrar stjórnir, hvort sem þær eru kosnar á Alþingi eða skipaðar, með tilnefningum eða án, af ráðherranum.

Mér finnst þetta einkum eiga við um þær stofnanir sem eru eiginlegar stjórnsýslustofnanir, sem falið er að fara með hluta af ríkisvaldinu til valdboðs eða úrskurðar eða þjónustu við borgarana. Mér finnst hins vegar ekki gegna sama máli um þær opinberu stofnanir í samfélagi okkar sem ekki eru glögglega stjórnsýslustofnanir, eða eru það ekki nema að nokkru leyti og takmörkuðu. Til dæmis um rannsóknastofnanir og vísindastofnanir tel ég að annað geti gilt.

Ég nefni þetta vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekki, hvorki í athugasemdum sínum við lagafrv. né í hinni merku framsöguræðu sinni hér á fundinum, gert neinn greinarmun á þessu tvennu. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, og spyr hana hér með, hvort henni þyki þetta gilda einu og að

það skipti ekki máli hvers eðlis, hverrar gerðar stofnunin sé sem um ræðir.

Í þessu tilviki tel ég að umhvn., sem væntanlega fær frv. til skoðunar, þurfi að leggjast vel yfir það hvort skynsamlegt er fyrir stofnunina og þau málefni sem hún á að sinna að stjórninni, sem reyndar er á mörkunum að sé til, sé fleygt burtu. Stofnunin á fyrst og fremst að vera upplýsingastofnun, rannsókna- og vísindastofnun, og hún gegnir miklu og merku hlutverki í alþjóðlegu samstarfi. Ég hygg að það geti verið gott fyrir stofnun af þessu tagi að njóta stjórnar sem vel sé skipuð og getur eflt hennar hróður og aukið starf hennar og heiður, bæði innan lands og erlendis.

Þegar lesin eru lögin nr. 81/1997, um stofnunina og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, sést glöggt að stofnunin er ekki af stjórnsýslutagi. Það má kannski segja að fræðslumiðlun um málefni norðurslóða til skóla og almennings annars vegar og hins vegar ráðgjöf um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun eins og sagt er hér í tveimur af sjö liðum um hlutverk og markmið stofnunarinnar, séu stjórnsýsluverkefni en það verður þá að segja eins og er að þau eru meðframverkefni og aukaverkefni. Aðalverkefnið er auðvitað að vera vísindastofnun og stofnun þar sem lagað er til alþjóðlegs samstarfs um þau málefni norðurslóða sem skipta okkur sífellt meiru og meiru og eiga eftir að gera á næstu árum og áratugum vegna margvíslegra breytinga sem eru að gerast á norðurslóðum, bæði náttúrulegar og félagslegar breytingar sem við erum þegar farin að verða vör við, sennilega hvorar tveggju.

Um þessa stofnun er það svo að auki að segja að eins og nafn laganna bendir til á hún að rekast og starfa í samhengi við svokallaða samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem um er fjallað í sömu lögum. Í lögunum eins og þau eru nú tengist þetta tvennt, ekki bara í því að vera í sömu lögum, heldur líka í því að formaður samvinnunefndarinnar er jafnframt stjórnarformaður stofnunarinnar. Ef hæstv. umhvrh. á að fá fram vilja sinn um það að stjórnin verði aflögð er engin formleg tenging milli Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og þeirrar samvinnunefndar um málefni norðurslóða sem á að starfa í samhengi við hana. Ég lýsi eftir því hjá umhvrh. með hvaða hætti eigi að sjá um þá tengingu ef hæstv. ráðherra hefur sitt í gegn hér um þetta mál.

Að lokum er svolítið undarlegt að þessi stofnun frá 1997 skuli ekki hafa neina reglugerð um sig. Umhvrh. hefur fengið heimild til að setja slíka reglugerð og sett var reglugerð um samvinnunefndina, reglugerð nr. 506/1997, um leið og lögin voru sett. Guðmundur Bjarnason, hinn ágæti fyrrv. ráðherra, skrifaði undir þá reglugerð en síðan hefur ekkert gerst. Þegar maður fer að skoða málefni stjórnar stofnunarinnar kemur í ljós að ráðherrann og ráðuneytið hafa kannski lítið að þessari stofnun hugað. Það kann að vera ágætt að hún fái að þróast frjáls og glöð en þetta þarf sem sé að skoða vel.

Ég vil aðeins ítreka að það gildir um nokkrar stofnanir af ýmsu tagi sem ríkið setur á stofn eins og um þessa að það má kannski segja að hún er ekki endilega — nú vantar hina ágætu hv. ungu þingmenn Sjálfstfl. í salinn — af því tagi að hún eigi nauðsynlega að heyra undir ríkisvaldið. Stofnunin er þess eðlis að hún gæti vel verið til með einhvers konar öðrum aðferðum en þeim að vera í skúffu hjá ríkisvaldinu, hjá umhvrn. eins og hún er nú. Hún gæti verið sjálfstæð eða byggst á samvinnu frumkvöðla ýmissa, einkaframtaks og vísinda. Það er einmitt spurning hvort slík stofnun á þá ekki að njóta þess að hafa góða stjórn. Það er mikilvægt fyrir stofnun af þessu tagi að njóta sjálfstæðis, að geta gefið ráð sem hún á að gera með fullri reisn án þess að þurfa að taka mikið pólitískt tillit til ráðherrans sem skipar forstöðumann og kemur að stofnuninni með öðrum hætti. Það er jafnvel spurning — a.m.k. má spyrja sig að því og ég geri ráð fyrir að við gerum það í umhvrn. — hvort ekki ætti frekar að efla stjórnina og verksvið hennar, sem er fremur óljóst í lögunum, og hugsanlega breyta tilnefningum í hana eða skipan hennar. Það er þannig núna að ráðherrann, umhvrh., skal skipa formann og einn mann í viðbót án tilnefningar. Þriðji maður er svo tilnefndur af samvinnunefndinni sem auk formanns og umhvrh. er samansett af fulltrúum ýmissa stofnana sem þetta málefni einkum varðar.

Það er ekki alveg að ástæðulausu að ég nefni þetta. Hæstv. umhvrh. hefur sýnt það að undanförnu að hún virðist ekki bera skynbragð á það hvernig vísindastofnunum og rannsóknastofnunum sé best stjórnað og virðist leggja á það ofurkapp að setja einhvers konar sína menn, þæga og undir áhrifum, í velflest embætti sem opnast geta, en víkja þaðan burt rannsóknarmönnum, sjálfstæðum fræðimönnum eða öðrum þeim sem kynnu að gera eitthvað annað en umhvrh. hæstv. vill að þeir geri þegar upp koma erfið pólitísk deilumál.

Því miður er það fordæmi slæmt sem hæstv. umhvrh. sýndi um daginn með því að víkja burt úr stjórn Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn hæfum og góðum fræðimanni og setja þar í staðinn einn af embættismönnum sínum. Því miður er það dæmi þannig að álit manns á hæstv. umhvrh. sem nú situr fer dofnandi og það er álitamál hvort verulega eigi að harma það að hún sé að yfirgefa starf sitt og ráðuneyti þegar þar að kemur í haust eða hvort maður ætti kannski að vona að það gerðist jafnvel enn þá fyrr.

Þetta segi ég að gefnu tilefni auk þeirra athugasemda sem við munum væntanlega leggjast yfir í umhvn. um þetta tiltekna mál.

[16:23]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er flutt frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Verið er að leggja til að stjórn stofnunarinnar verði lögð niður og sé það í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að taka út stjórnir þeirra stofnana þar sem forstöðumenn eru gerðir ábyrgir fyrir stjórnun og rekstri og heyra beint undir ráðherra.

Ég tek undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar, í fyrsta lagi um að nauðsynlegt sé að gera greinarmun á því hvort við erum að tala um stofnanir sem eru hreinar stjórnsýslustofnanir eða stofnanir sem eru, eins og þessi, rannsókna- og vísindastofnanir. Ég tel að þarna megi gera mikinn greinarmun á þar sem eðli stofnananna er mismunandi, ég tala nú ekki um þegar stofnunin er ekki stærri en þessi en hefur svona óskaplega víðfeðmt og opið starfssvið eins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Um hana segir í lögunum, með leyfi forseta, að hún skuli:

„a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,

b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,

c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,

d. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,

e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,

f. skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og

g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun sitjandi ráðherra".

Ég tel að svið þessarar stofnunar sé svo víðfeðmt að nauðsynlegt sé að hafa innan hennar ráðgefandi stjórn sem fjallar um stefnu og starfsáætlanir, hvar áherslan eigi að vera næstu árin eða hvaða ný málefni eigi að taka upp. Þessi stofnun, eins og aðrar, hefur sinn fjárhagsramma og það er ekki hægt að gera allt sem hugurinn stendur til. Ég tel að í raun og veru sé nauðsynlegt að hafa þriggja manna stjórn sem hafi áfram sama hlutverk og hún hefur í dag, að fjalla um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn er eftir sem áður jafnábyrgur, ábyrgur gagnvart ráðherra, en hvort stjórnin verði þá áfram skipuð með sama hætti og er í núgildandi lögum skal ég ekkert segja um en ég tel nauðsynlegt að hafa tengingu frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar yfir í samvinnunefndina eins og er í núverandi stjórn. Það er bara bráðnauðsynlegt.

Eitt er að hafa, eins og er í dag, leiðbeinandi reglur fyrir ráðherra til að taka út stjórnir stofnana vegna ábyrgðar forstöðumanna. Ég tel að prinsippákvæði þurfi að skoða með tilliti til þess hvaða stofnanir eiga í hlut. Hér eru nefnd til viðmiðunar heilbrigðiseftirlitið, Landmælingar Íslands og Brunavarnir. Þetta eru allt stjórnsýslustofnanir sem hafa mjög skýrt og afmarkað starfssvið sem er allt annað en Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Ég hef allan fyrirvara við þetta frv. og tel að það þurfi að skoða mjög vandlega. Það er ekki verið að tala um neinn sparnað hérna. Kostnaður af þessari stjórn hefur verið óverulegur. Hvergi hefur komið fram að hún hafi þvælst fyrir stjórnvaldsákvörðunum eða á einhvern hátt verið til trafala. Það hefur hvergi komið annað fram en að hún vinni samkvæmt þeim lögum sem henni er ætlað að vinna eftir. Verkefnið er víðfeðmt, fjármagnið takmarkað og það verða að vera ákveðnar áherslur. Þær breytast frá ári til árs og þá er bráðnauðsynlegt að hafa svona ráðgefandi stjórn.

Ég hvet hv. umhvn. til að skoða þetta vel og meta hvort nokkur ástæða sé til að leggja þessa stjórn niður eins og margar aðrar sem verið er að leggja af. Ég tel að á sumum sviðum, og þá vísa ég inn á svið hæstv. heilbrrh., séu menn þegar farnir að sjá eftir stjórnum sem þar hafa verið lagðar af.

[16:29]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Meginefni þessa frv. er að leggja til að stjórn stofnunarinnar verði lögð niður. Að sumu leyti er frv. í takt við þá þróun sem verið hefur undanfarin ár í stjórnsýslunni þar sem Alþingi hefur lagt niður ýmsar stjórnir og breytt verkefnum þeirra sumra sem eftir standa þannig að þróunin hefur verið sú að forstöðumenn stofnana hafa fengið aukin verkefni og forræði yfir stofnununum, sérstaklega eftir að lögin um réttindi og skyldur voru samþykkt hér árið 1997. Annars vegar hafa sem sé forstöðumenn öðlast aukinn styrk í stjórnsýslunni og hins vegar hefur ráðherra á viðkomandi málasviði haft beinni yfirráð yfir viðkomandi stofnun en áður var.

Ég er dálítið hugsi yfir þessari þróun þó að ég hafi að sumu leyti stutt hana, a.m.k. sumt í henni. Ég vil minna sérstaklega á breytingar sem hér voru gerðar á lögum um heilbrigðisstofnanir en um nokkurra ára skeið var til umfjöllunar í þinginu að leggja niður stjórnir heilsugæslustöðva og var að lokum gert svo fyrir ekki svo löngu síðan. Ég er farinn að hafa verulega efasemdir um að við séum að stíga rétt skref sem almenna stefnumörkun. Það er greinilegt að valdið í opinberri stjórnsýslu sem annars staðar er vandmeðfarið og ég þykist sjá það í mörgum tilvikum að forstöðumenn ríkisstofnana skortir aðhald sem þeir áður fengu frá stjórnum sem sátu við stofnunina jafnvel þótt viðkomandi stjórn hefði ekki beint boðvald yfir þeim forstöðumönnum í öllum málum, t.d. starfsmannamálum. Ég er því farinn að hafa efasemdir um þessa stefnumörkun, þessa hreinlínuaðskilnaðarstefnu innan framkvæmdarvaldsins og sérstaklega um það að ýta löggjafarvaldinu þaðan út. Út af fyrir sig má hafa um það mörg orð. Við ræddum það m.a. í síðustu viku í tengslum við annað þingmál um breytingar á stjórnskipan Íslands sem er frv. sem ég flyt og fer nú til meðferðar í nefnd.

Ég vil svolítið ræða um þetta mál á forsendum þess hvaða prinsipp menn vilja viðhafa við stjórnsýsluna og hvert hlutverk stjórnmálaflokkanna eigi að vera. Mér finnst það ekki vera eðlileg þróun að menn umgangist stjórnmálaflokkana eins og óhreinu börnin hennar Evu og vilji sem minnst af þeim vita og sem óvíðast finna þeim stað til þess að tala fyrir þeim sjónarmiðum sem stjórnmálaflokkarnir taka upp. Ég tel að menn verði að gera ráð fyrir því að stjórnmálaflokkarnir eru kjölfestan í lýðræðislegu fyrirkomulagi landsmanna og þess vegna er eðlilegt að í gegnum þá starfsemi sé farvegur til þess að hafa áhrif á störf og stefnu ýmissa opinberra stofnana. Það fer þó dálítið eftir því hvers eðlis stofnunin er og umfang. Það getur verið örlítið breytilegt frá einu málasviði til annars. En í meginatriðum er það skoðun mín að ég tel að menn séu að fara í ranga átt. Við eigum ekki að þurrka út úr lagasafninu aðkomu stjórnmálaflokkanna að framkvæmdarvaldinu. Það dugar ekki að það sé eitt og sér í gegnum ráðherrana. Þeir auðvitað koma og fara en stjórnmálaflokkarnir eru ávallt til staðar. Þeir sem eru við völd eða í stjórnarandstöðu á hverjum tíma eiga auðvitað að geta haft aðkomu að þessum málum og beitt sér fyrir þeim sjónarmiðum sem þeir vilja taka upp á sviði viðkomandi stofnunar og þannig haft áhrif á framvindu mála. Mér finnst ekki nægjanlegt að eini aðilinn sem geti sett fram sjónarmið sem heyra undir tiltekna stofnun sé ráðherrann. Mér finnst það ekki nægjanlegt. Ráðherrann er auðvitað þungavigtarmaður og hlýtur eðlilega að hafa mest að segja. En mér finnst ekki eðlilegt að hann sé eini aðilinn sem kemur úr hreyfingu stjórnmálamanna sem hafi aðkomu að þessum málum.

Þetta vil ég segja almennt um málið og þetta er almenn afstaða mín og þess vegna er ég ekki stuðningsmaður þessa frv. Ég er andvígur því að ganga lengra á þessari braut að fella niður stjórnir nema að vera kunni í afmörkuðum tilvikum sem mér finnst réttlætanlegt að gera það. Það kann að vera því að málefnin eru ekki öll nákvæmlega eins. En almennt finnst mér þessi stefna sem uppi hefur verið, ekki bara hjá umhvrh. heldur fleiri ráðuneytum — og þetta tengist að mínu viti fyrst og fremst stefnubreytingu sem verður með lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þegar forstöðumenn ríkisstofnana ná feiknarlega sterkri stöðu langt umfram það sem þeir höfðu lengi áður haft.

Ég held að við þurfum bara að ræða þetta í Alþingi og átta okkur á því hvernig við viljum leggja línurnar í þessum efnum almennt. Þess vegna vil ég vekja athygli á þessu sjónarmiði til að koma því að í umræðunni.

Ef við skoðum þessa stofnun sérstaklega þá er hlutverk stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar þannig að hún fjallar um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar. Forstöðumaður stýrir í raun og veru stofnuninni. Hann fer með daglega stjórn og hefur umsjón með rekstri þannig að hann sér um mannahald og tekur aðrar slíkar ákvarðanir og stjórnin hefur engu hlutverki að gegna í þeim efnum. Stjórnin hins vegar, samkvæmt gildandi lögum, fjallar um pólitíkina, um stefnuna og starfsáætlanir, og það er eðlilegt hlutverk stjórnmálamanna að koma að því. Mér finnst eðlilegt að hafa þetta hlutverk svona. Ég skal ekki segja hvort það sé eðlilegt að forstöðumaðurinn einn ráði öðrum hlutum til lengri tíma. Ég vil ekkert útiloka að það kunni að vera réttlætanlegt að breyta því fyrirkomulagi þannig að stjórn hafi meira hlutverki að gegna í rekstri en nú tíðkast. En a.m.k. finnst mér eðlilegt að stjórn hafi því hlutverki að gegna yfir stofnun eins og þessari að geta sett fram skoðanir og markað stefnu. Mér finnst það eðlilegt.

Mig vantar eiginlega forsendur fyrir því að réttlætanlegt sé að fella niður stjórnina sem hefur þetta starfssvið. Það truflar á engan hátt starf forstöðumannsins þó að stjórnin sé til staðar. Ég hef rætt við forstöðumanninn og spurt hann út í það hvaða vandkvæði hafi verið uppi í starfsemi stofnunarinnar með þessu fyrirkomulagi og hann segir: „Ekkert. Ég tel engin vandkvæði hafa verið uppi.“ Og hann segir mér: „Ég vil að stjórnin verði áfram til.“ Þess vegna held ég að við þurfum að hugleiða þetta mál mjög vandlega, hvort rétt sé að fella þessa stjórn niður.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, vekja athygli á því að starfstími fráfarandi stjórnar eða umboð hennar rann út í nóvember 2001. Hvernig má það vera að í rúm tvö ár hafi ekkert gerst, að engin stjórn hafi verið skipuð? Mér finnst að hæstv. umhvrh. verði að gefa þinginu skýr svör við því hvað valdi því að ekki var skipuð ný stjórn. Það er svo mælt fyrir um í lögum. Ég ætlast til þess af ráðherrum, hvort sem þeir eru í ríkisstjórn sem ég styð eða ekki, að þeir fari að lögum.

Ég geng því eftir því, herra forseti, að gefnar verði skýringar á því hvers vegna ný stjórn hefur ekki verið skipuð yfir þessari stofnun.

Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna, herra forseti, til þess að gera grein fyrir almennum sjónarmiðum mínum til þessa máls sem auðvitað skýra hvers vegna ég tek þá afstöðu til frv. sem raun ber vitni.

[16:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður sem hér hafa orðið um þetta litla mál. Það er kannski ekki lítið en það er ekki margar greinar, einungis þrjár greinar. Eins og hér hefur komið fram eru skoðanir skiptar á frv. eins og við var svo sem að búast og ekki í fyrsta skipti sem umhvrn. og umhvrh. kemur fram með mál af þessu tagi. Eins og sjá má í greinargerð með frv. þá kemur fram að af hálfu ráðuneytisins og ráðherra hefur verið unnið markvisst að því, ekki bara í minni tíð heldur tíð fyrri umhverfisráðherra líka, að undirstrika ábyrgð forstöðumanna gagnvart ráðherra með því að stjórnir viðkomandi stofnana hafa verið lagðar af. Eins og líka kom fram í umræðunum er þessi stefna í samræmi við þau viðhorf sem komu fram með lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 frá 1996.

Þetta er því ekki nýtt mál má segja, hæstv. forseti, heldur mál sem hefur verið flutt hér áður bara gagnvart öðrum stofnunum. Stjórn Hollustuverndar ríkisins var lögð niður á sínum tíma og sá ráðherra er hér stendur hefur lagt niður stjórn Landmælinga Íslands og stjórn Brunamálastofnunar þannig að þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem hér er komið inn með svona mál. Að vísu var sett upp ráðgefandi ráð gagnvart Brunamálastofnun en stjórnin var lögð niður. Það eru alltaf sömu rökin að baki þessum lagafrumvörpum sem hingað hafa komið inn, þ.e. að menn vilja hafa skýrari ábyrgð með því að hafa forstöðumann yfir stofnun sem lýtur þá að ráðherra en ekki stjórn líka.

En um þetta eru deildar meiningar eins og hér hefur komið fram. Sumum þykir æskilegt að hafa stjórnirnar áfram og mismunandi sjónarmið liggja þar að baki, m.a. þau að pólitískir fulltrúar eigi að koma frekar að varðandi aðhald og stefnumótun og hugsanlega rekstur stofnana. En þetta er alla vega það mál sem ég legg hér til grundvallar, þ.e. að leggja niður stjórn í þessari stofnun og tel ég að æskilegt sé að gera það.

Í umræðunum kom fram sú spurning hvort það skipti engu máli hvernig stofnanirnar væru, þ.e. hvort þær væru stjórnsýslustofnanir eða rannsóknarstofnanir. Mér finnst það í sjálfu sér ekki skipta öllu hvers eðlis stofnanirnar eru. Mér finnst eðlilegt að á meðan við höfum þetta kerfi með forstöðumanni þá þurfi ekki að vera stjórn hvort sem um er að ræða rannsóknarstofnun eða stjórnsýslustofnun. Stundum hefur gengið mjög vel þar sem stjórnir eru og stundum hefur það gengið illa. Til eru dæmi um hvort tveggja. En alla vega er lagt hér til að þessi stjórn verði lögð niður.

Það kom líka fram í umræðunum að starfssvið þessarar stofnunar væri svo víðfeðmt að þess vegna ætti að vera stjórn. Mér finnst það ekki vera neitt sérstaklega sterk rök fyrir því að þarna verði áfram stjórn þó að sumir telji að starfssviðið sé mjög víðfeðmt. Við getum nefnt sem dæmi Brunamálastofnun. Starfsemi þeirrar stofnunar er mjög víðfeðm og fyrir utan það er hún mjög viðkvæm. Hún gengur út á, má segja, öryggi borgaranna og lífsgæði þeirra. En þar er ekki stjórn. Það hefur ekkert heldur komið fram í undirbúningi þessa máls að stjórnin hafi neitt þvælst fyrir eða að þetta sé einhver aðgerð vegna þess, alls ekki. Hún starfaði með miklum ágætum þegar hún starfaði. En það er rétt sem hér kom fram að hún hefur ekki starfað um nokkurn tíma og það verður að segja það eins og er að það var yfirsjón í ráðuneytinu að hún var ekki skipuð strax og það varð ljóst. En nú er verið að leita að tilnefningum í samvinnunefndina og samvinnunefndin mun auðvitað starfa áfram samkvæmt lögunum, en hún á að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Hér kom líka fram spurning um það hvort óeðlilega lítil tengsl væru á milli samvinnunefndarinnar og ráðuneytisins eða ráðherra. Ég tel svo ekki vera. Ráðherra skipar formann samvinnunefndar og ég tel að það þurfi ekkert að vera nein sérstök önnur tengsl þar á milli. Samvinnunefndin á að treysta samstarf þessara aðila. Það eru fjölmargir aðilar sem skipa í samvinnunefndina, þ.e. Hafrannsóknastofnun, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknarráð Íslands, RALA, Veðurstofan, svo að eitthverjir séu nefndir, og ráðherra skipar formann.

Hér kom líka fram að haft er eftir forstöðumanninum að hann vilji gjarnan halda áfram í stjórnina eða að stjórnin haldi áfram, verði ekki lögð niður. Það er ekki nýtt sjónarmið. Ég get nefnt það að þegar stjórn Landmælinga var

lögð niður voru uppi svipuð sjónarmið. Hvatinn að baki því að stjórnir eru lagðar niður er ekki sá að einhver vandamál séu á milli forstöðumanns og stjórnar eða að stjórnin hafi gert eitthvað af sér eða neitt slíkt, alls ekki. Sjónarmiðið er einungis það að hafa ábyrgðina skýra miðað við lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana.

Ég vil að öðru leyti þakka fyrir þessar umræður og veit að umhverfisnefndin mun skoða þetta mál og fjalla um það með þeim hætti sem eðlilegur er.

[16:45]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. umhvrh. hefur farið yfir umræðurnar. Það er eins og einhverjar yfirsjónir hafi orðið í því hvernig hún fylgdist með þeim. Ég vil þakka henni fyrir að veita því athygli sem hér er sagt. Það er auðvitað lofsvert. Það kom t.d. fram að henni þykja allar stofnanir eins að þessu leyti. Það skipti í raun ekki máli hvað stofnanir geri. Ef þær eru undir ráðuneyti settar þá skulu þær hlíta þessari reglu, að þar sé ekki stjórn heldur forstöðumaður sem eingöngu hlýði ráðherranum. Spurningunni: Af hverju á að gera þetta líka við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar? Henni er svarað með: Af því bara. Þetta er almenn stefna og þess vegna er rétt að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar gangi undir sama jarðarmen í þessu máli og aðrar stofnanir.

Maður kynni að halda að núna, sjö árum eftir að þessi lög eru samþykkt og sex árum eftir að stofnunin hóf störf, eftir að fengist hefur nokkur reynsla á starf stofnunarinnar, kæmi sá ráðherra sem yfir hana er settur með tillögur um að styrkja hana, breyta henni eða auka mikilvægi hennar, einkum í því ljósi sem ég nefndi nú áðan, að þetta samstarf á norðurslóðum og rannsóknir á ýmsu sem þar gerist, bæði félagslegum þáttum, pólitík og náttúruskilyrðum, sem öll eru að breytast á þessu svæði, skiptir okkur miklu. Við erum á þessu svæði og vegna mikilvægis þessa alls hefði maður haldið að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar kynni að vera okkur miklu miðlægari en menn sáu fyrir, jafnvel fyrir nokkrum árum þegar menn úr ýmsum áttum sameinuðust um að koma þessari stofnun á fót.

En svo er ekki. Hæstv. umhvrh. hefur það eitt til málanna að leggja að koma stjórninni frá og bætir því við að þau tengsl sem áður voru milli samvinnunefndarinnar og stofnunarinnar verða engin að forminu til ef þetta frv. verður að lögum. Það var spurt um þau tengsl. Ég vil leiðrétta hæstv. umhvrh. að því leyti að það var ekki spurt um eða hafðar af því áhyggjur að samvinnunefndin yrði tengslalaus við ráðherrann. Það var ekki mikið áhyggjuefni í umræðunum enda skipar umhvrh. formann samvinnunefndarinnar. Spurningin snerist um tengslin við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar vegna þess að að því lagafrumvarpi samþykktu sem hér liggur fyrir þá yrðu þau tengsl engin með formlegum hætti, en áður var formaður stjórnar stofnunarinnar jafnframt formaður samvinnunefndarinnar. Í þeirri persónu tengdust þessar tvær stofnanir með eðlilegum hætti.

Í lagafrv. er ekki einu sinni kveðið á um að forstöðumaður stofnunarinnar skuli starfa með samvinnunefndinni þó að það hafi nú verið reyndin, eðlilega að ég hygg. Ég er reyndar með reglugerð nr. 506/1997. Hún er fyrst og fremst um hvaða stofnanir tilnefni fulltrúa. Hún er ákaflega stutt, þrjár greinar, og er fyrst og fremst um það. Þar er ekkert getið um hvað forstöðumaður eigi að gera í þessu efni.

Ég efast út af fyrir sig ekki um að að jafnaði geti tekist gott samstarf milli samvinnunefndarinnar og stofnunarinnar en það vantar hin formlegu tengsl sem menn gerðu ráð fyrir árið 1997. Á því var vakin athygli.

Þetta er 1. umr. og málið verður auðvitað rætt í nefndinni. Við þökkum vitanlega fyrir að ráðherra skuli viðurkenna að stjórn hafi ekki verið skipuð. Hún kallar það „yfirsjón í ráðuneytinu“, með leyfi forseta. Ég lít svo á að hún hafi þar með beðist afsökunar á því að hafa ekki skipað þessa stjórn. En þetta er ekki nógu gott, að skipa ekki svona stjórnir. Það er eiginlega ekki nóg að hæstv. ráðherra komi hér fyrir þingið og segi aðspurður að þetta hafi verið yfirsjón í ráðuneytinu. Hvernig ber að skilja það? Hverjum er yfirsjónin að kenna? Er hún hæstv. ráðherra að kenna eða er hún einhverjum tilteknum embættismanni að kenna? Eru fleiri slíkar yfirsjónir sem ráðherra þyrfti að koma og biðjast afsökunar á fyrir hönd ráðuneytisins, vegna þess að stjórnir hafi ekki verið skipaðar eða þeim lögum sem Alþingi hefur sett hafi ekki verið hlítt? Það er ekki um það að ræða að menn hafi heitið því að fara í einhver erindi og síðan hafi tíminn ekki leyft þeim það eða eitthvað álíka. Hér er um að ræða lög frá Alþingi. Þeim lögum á ósköp einfaldlega að hlíta. Ráðuneytin, hve voldug sem þau eru þá er stjórnskipun okkar þannig, eiga að framkvæma það sem Alþingi ákveður. Ef ráðherra getur ekki framkvæmt það sem Alþingi ákveður þá á hann að skoða vel sinn hug.

Að lokum þetta. Hæstv. umhvrh. sagði í upphafi ræðu sinnar að í umræðunni hefðu komið fram skiptar skoðanir um þetta mál. Um það er það að segja að ef við lítum á framsögu ráðherrans þá voru skoðanir ákaflega óskiptar um málið. Þeir tveir hv. ræðumenn sem tóku til máls auk þess sem hér talar lögðust á sömu sveif. Skoðanir voru sem sagt nokkuð eindregnar. Hafðar voru uppi efasemdir um tilgang þessa frv. og því heitið að skoða þetta og skorað á okkur í umhverfisnefndinni að skoða málið ákaflega vel.

Í tilefni af því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagðist ekki vera stuðningsmaður þessa frv. þá er rétt að ráðherra svari því hvort hann hefur fengið eindreginn stuðning við frv. í þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna. Hafa menn í þingflokkunum, bæði Sjálfstfl. og Framsfl., haft uppi efasemdir, fyrirvara eða verið í hreinni andstöðu við frv.? Það væri fróðlegt og gagnlegt fyrir okkur í umhvn. að fá að vita áður en við tökum til við að skoða þetta mál.

[16:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu stjórnarfrv. sem hefur auðvitað fengið umfjöllun í báðum þingflokkum. Það er hér komið fram.

Varðandi tengsl samvinnunefndarinnar við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þá hef ég ekki áhyggjur af því að þau verði neitt ankannaleg. Hlutverk nefndarinnar er að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Það blasir við að samkvæmt lögunum verður samstarf þar á milli. Ég heyrði reyndar að þingmaðurinn taldi að það þyrfti ekki að vera erfiðleikum háð enda er svo alls ekki.

Hæstv. forseti. Mér fannst þingmaðurinn gera því skóna að ráðuneytið hefði lítinn áhuga á þessari stofnun. Svo er alls ekki. Þetta lagafrv. má alls ekki skilja sem svo. Ég bendi á að mjög mikið starf er unnið á Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, mjög gott og þarft starf sem við höfum stutt eins og okkur hefur frekast verið unnt. Stofnunin hefur t.d. verið í verkefni

sem Norðurskautsráðið fól þeim við að skoða samfélagsþróun á norðurslóðum eða The Arctic Human Development Report, geysimikið verkefni. Stofnunin stendur vel og hefur verið að vinna mjög góð verkefni með stuðningi okkar. En frv. sem hér er flutt tengist því ekki á nokkurn hátt, þ.e. starfseminni innan stofnunarinnar.

[16:55]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Um þessa ræðu er ekki margt að segja. Þau tengsl sem nú eru í lögum eru samkvæmt frv. ekki fyrir hendi. Ráðherra hefur þá upplýst okkur í umhvn. um að hún hafi engar áhyggjur af því. Hún telur að samvinnunefndin og stofnunin muni koma sér saman um það. Það má vel vera rétt og við skulum vona að það sé rétt. En hin formlegu tengsl eru afnumin.

Ég hef efasemdir um þetta frv. og ætla að skoða það vel. Mér finnst undarlegt, og ég endurtek það, að það skuli koma fram núna, eitt og sér og hvorki með tengsl við aðrar stofnanir né neinar breytingar á Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, án styrkingar á starfi hennar sem við hæstv. umhvrh. erum þó sammála um að sé bæði mikilvægt og gagnlegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2001, 1. umr.

Stjfrv., 653. mál. — Þskj. 982.

[16:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þetta frv. er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir árið 2001. Það er á þskj. 982.

Framsetning á talnaefni þessa frv. er í samræmi við fjárlög og fjáraukalög ársins 2001 og niðurstöður ríkisreiknings fyrir sama ár og er með sama sniði og frv. til lokafjárlaga fyrir árin þar á undan.

Í frv. er stuðst við sömu vinnureglur og í lokafjárlögum fyrri ára að því undanskildu að meginreglan við útreikning fjárheimilda vegna ríkistekjufrávika miðar nú við álagðar tekjur í stað innheimtra tekna eins og áður var. Sú breyting er til samræmis við breytingu sem gerð er í ríkisreikningi 2001.

Efnisatriði frv. eru í stórum dráttum á þá leið að í 1. gr. er leitað heimilda til að breyta fjárveitingum í sama mæli og reikningsfærðar ríkistekjur hafa vikið frá áætlunum fjárlaga samkvæmt uppgjöri. Þar er um það að ræða að stofnanir eða verkefni sem fjármögnuð eru með hlutdeild í ríkistekjum fái meiri eða minni heimildir til ráðstöfunar á tekjunum, eftir því hvort tekjurnar hafa reynst meiri eða minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til niðurfellingar á stöðu fjárheimilda í árslok, einkum vegna verkefna þar sem útgjöld ráðast af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem almannatryggingum, vaxtagjöldum og lífeyrisskuldbindingum. Þar er um að ræða afgangsheimildir eða umframgjöld sem ekki flytjast milli ára og koma þar með ekki til breytingar á fjárheimildum ársins á eftir.

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir ársins og á ónotuðum fjárheimildum sem ekki eru fluttar milli ára. Einnig skal í frv. gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Jafnframt skal í frumvarpinu leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins.

Í 37. gr. laganna er heimild til að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsársins og með sama hætti að draga umframgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Eins og ég gat um eru í 1. gr. frv. lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávika í mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum miðað við fjárlög, en nánari skipting á stofnanir og verkefni er í sundurliðun 1. Um er að ræða breytingar í samræmi við niðurstöður ársins 2001 þar sem útgjaldaheimild er hækkuð í þeim tilvikum sem lögboðnar ríkistekjur hafa reynst vera vanáætlaðar en lækkuð þegar tekjurnar hafa verið ofáætlaðar. Sem dæmi um þetta má taka að í frv. er gert ráð fyrir að framlag til Lyfjastofnunar hækki um 66 millj. kr. þar sem tekjur af eftirlits- og leyfisgjöldum stofnunarinnar urðu sem því nam hærri en áætlað hafði verið. Stærstu frávik sem leiða til hækkunar á fjárheimildum eru hjá Fæðingarorlofssjóði, sem fjármagnaður er með hlutdeild í tekjum af tryggingargjaldi en fjárþörf sjóðsins reyndist rúmum 320 millj. kr. meiri en áætlað var, og hjá Jarðasjóði og Jarðeignum ríkisins þar sem tekjurnar urðu u.þ.b. 227 millj. kr. umfram áætlun vegna mun meiri tekna af sölu ríkisjarða en reiknað hafði verið með.

Helstu frávik sem leiða til lækkunar á fjárheimildum eru tæpar 252 millj. kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem fjárþörf sjóðsins reyndist ofáætluð í fjárlögum sem því nam, og 52,3 millj. kr. hjá Ríkisútvarpinu vegna ofáætlunar tekna af afnotagjöldum.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum ráðuneyta sem ekki flytjast á milli ára og vísa ég til nánari skiptingar í sundurliðun 2. Þar er um nokkuð hefðbundna afgreiðslu að ræða sem lítið breytist á milli ára. Meginviðmiðunin er sú að felld er niður staða fjárheimilda á þeim liðum þar sem útgjöld ráðast fremur af öðrum lögum, t.d. lögboðnar greiðslur velferðarkerfisins og af hagrænum eða kerfislægum þáttum, t.d. lífeyrisskuldbindingar, frekar en af fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila. Sem dæmi um þetta má nefna lífeyrisskuldbindingar og almannatryggingar.

Einnig falla niður stöður verkefna sem er lokið, eins og t.d. 4 millj. kr. umframgjöld vegna ráðstefnunnar um konur og lýðræði, 4,5 millj. kr. umframgjöld við byggingu stafkirkju í Vestmannaeyjum hjá forsrn. og 1,1 millj. kr. er í afgang á lið 05-208 Bygging hafrannsóknaskips hjá sjútvrn.

Skýringin á því, herra forseti, af hverju þessar tölur sem hér eru nefndar eru ekki nákvæmlega þær sömu og tilgreindar eru við þessi verkefni í sundurliðun 2 er sú að á móti gjöldunum koma sértekjur, en í fjárlögum eru sértekjur settar fram sem ein summutala hjá hverjum fjárlagalið en ekki brotnar niður á viðföng eins og gjöldin.

Í fskj. með frv. er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins, þ.e. yfirlit yfir stöðu fjárlagaliða sem færast til næsta árs. Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs árið 2001 og vísa ég til grg. í fjáraukalögum og í ríkisreikningi fyrir það ár um meginatriðin í framvindu ríkisfjármálanna og um helstu frávik á tekjum og útgjöldum. Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2001 og um hana hefur verið fjallað í fjárln.

Ég hef nú, herra forseti, farið nokkrum almennum orðum um frv. og hlutverk þess í tengslum við lög um fjárreiður ríkisins. Ég tel ekki ástæðu til að tíunda einstaka liði frv. sem varða uppgjör samkvæmt fyrirliggjandi reikningum, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[17:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001, og er rétt að vekja athygli á því að við erum stödd á árinu 2004 að ræða frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001. Það má segja að þetta sé þriðja og síðasta stig fjárlaganna sem hér er til umfjöllunar fyrir árið 2001, því áður höfum við samþykkt fjárlög og fjáraukalög fyrir árið 2001. Nú er því raunverulega komið að lokaafgreiðslu.

Það er athyglisvert, þegar hæstv. fjmrh. vitnar til laga um fjárreiður ríkisins, að rifja upp hvað segir í 45. gr. þeirra laga, með leyfi forseta:

„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar."

Herra forseti. Ríkisreikningur hefur verið lagður fram reglulega á Alþingi, eins og gert er ráð fyrir í 45. gr. Ríkisreikningur fyrir árið 2001 var lagður fram ári síðar, seinni part ársins 2002, eins og eðlilegt er. En því miður fylgdi frv. til lokafjárlaga ekki, eins og segir í greininni, og þar með hefur hann ekki verið staðfestur.

Til enn frekari upprifjunar er rétt að geta þess að á fundi fjárln. á morgun verður fjallað um frv. til lokafjárlaga ársins 2000. Við höfum því miður verið að dragast aftur úr og mér finnst nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri þingheimi grein fyrir því hvernig á því stendur að þessi dráttur hefur á orðið, en lokafjárlög fyrir árin 1998 og 1999 voru samþykkt í aprílmánuði ársins 2002, og talið að þar með mundu menn ná aftur að vera með þetta á eðlilegum tíma þannig að að hausti ársins 2002 hefði verið fjallað um lokafjárlög ársins 2000 um leið og ríkisreikningur ársins 2000 kæmi fram.

Svo var ekki og lokafjárlög ársins 2000 voru lögð fram á Alþingi þann 12. mars 2003 þrátt fyrir að ríkisreikningur hefði verið lagður fram haustinu áður. Síðan voru lokafjárlög fyrir árið 2000 aftur lögð fram rétt fyrir jól og eins og ég sagði áðan verður um þau fjallað í fjárln. í fyrramálið.

Þetta er auðvitað ekki nógu gott vinnulag og vonandi að það náist sem sett er fram í athugasemdum með frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001, að leggja fram lokafjárlagafrv. fyrir árið 2002 á vordögum. Vonandi verðum við komin í þann fasa á haustdögum að við uppfyllum 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan held ég að nauðsynlegt sé að hæstv. ráðherra geri þingheimi grein fyrir því hvað valdið hefur því að þetta hefur safnast upp á þennan hátt. Það er ótækt að svo langur tími líði á milli ríkisreiknings og lokafjárlaga vegna þess, eins og kom fram við upplestur minn úr greininni áðan, að lokafjárlög eru til þess m.a. að staðfesta ríkisreikning.

Það er líka vandamál að ekki sé fjallað um þessi mál nær þeim tímapunkti þegar það ár er liðið sem um er fjallað. Við getum t.d. horft til þeirra rekstrarvandræða sem upp koma í ýmsum stofnunum ríkisins, sem þar af leiðandi er ýtt fram fyrir sig og ekki tekið á og safnast upp vegna þess að það liggja ekki nægar upplýsingar fyrir þegar verið er að vinna fjárlög næsta árs á eftir, sem væri eðlilegt að menn hefðu fyrir framan sig þegar frá væri gengið.

Það þarf einnig að skoða nákvæmlega það sem er á margan hátt sjálfvirkt í færslum, þ.e. þegar verið er að færa heimildir á milli ára sem ekki hafa verið nýttar og eins halla sem upp hefur safnast. Það þarf auðvitað að meta það hverju sinni og ákveðnar viðmiðunarreglur sem hér eru, en ég tel að það þyrfti að leggjast betur yfir það og að það væri ekki eins sjálfvirkt og það er að sumu leyti núna.

Ég nefndi áðan að þegar rekstrarvandi á sér stað er auðvitað ótækt að ekki sé gripið í taumana fyrr en hann er raunverulega orðinn óviðráðanlegur. Það er því eðlilegt að um hver áramót sé þetta skoðað alveg sérstaklega. Einnig tengist þetta gerð fjárlaga, og ég veit að hæstv. ráðherra hefur það á prjónunum að vinna betur að því að menn horfi lengra fram á við þegar menn gera fjárlög og geri áætlanir nokkur ár fram í tímann. Það er ekki síður þá sem nauðsynlegt er að uppgjöri áranna þar á undan sé algjörlega lokið.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fara í miklar efnislegar umræður um frv. enda verður það skoðað og yfirfarið í fjárln. og frv. er þess eðlis að það er ekki, eigum við að segja, mjög umræðuvænt sem slíkt.

En rétt er að fagna alveg sérstaklega því sem fram kemur í athugasemdum við frv. á bls. 66. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„... þar sem rétt þykir að kynna það mál sérstaklega fyrir fjárlaganefnd og fá um það umfjöllun."

Það er auðvitað mjög til fyrirmyndar að fjmrn. telji ástæðu til að kynna ákveðin mál fyrir fjárln. og fá sérstaklega um þau umfjöllun, því það verður að segjast eins og er að því miður hefur á stundum skort nokkuð á að þessi eðlilegu tengsl væru á milli ráðuneytisins og fjárln. Eru nokkur nýleg dæmi þar um þar sem ríkisstjórn hefur verið að taka ákvarðanir um fjárútlát utan fjárlaga. Þrátt fyrir ákvæði í fjárreiðulögum um að það skuli kynnt í fjárln. hefur það ekki verið gert. Vonandi er því þessi setning í athugasemdunum fyrirboði þess sem koma skal, ekki aðeins gagnvart þessu atriði sem hér er um rætt og tengist frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001, heldur verði það almenn vinnubrögð í samskiptum hæstv. fjmrh. og fjárln. að kynningar fari reglulega fram og umfjöllun verði um þau mál sem eðlilegt er að fjallað verði um í samvinnu fjmrn. og fjárln.

[17:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð í tilefni af ágætum athugasemdum hv. þm. varðandi tímasetningu málsins sem hér liggur fyrir.

Ég tek undir með honum að vissulega er bagalegt hvað málið hefur dregist. Ég hef reyndar áður staðið hér í ræðustól og útskýrt það oftar en einu sinni hvernig á þessu hefur staðið að lokafjárlögin eða frumvörp til lokafjárlaga undanfarin ár hafa dregist svo mjög sem raun ber vitni. Fyrir því eru skýringar sem ég hygg að þingmenn í fjárln. þekki mætavel til.

Þetta byrjar allt með því að við setningu fjárreiðulaganna er gerð grundvallarbreyting á allri uppbyggingu málsins og frá og með fjárlögum 1998 var farið yfir í allt annað kerfi í sambandi við bókhaldið. Því miður hefur dregist að koma því endanlega fyrir og útkljá álita- og ágreiningsmál sem verið hafa uppi og hreinsa út slíka hluti gagnvart gamla Ríkisbókhaldinu, nú Fjársýslunni, og öðrum þeim sem að þessum málum koma. Ég tek að sjálfsögðu á mig alla póli-

tíska ábyrgð á því en þetta er staða sem ég tek undir með hv. þm. að er algjörlega ómöguleg.

Núna erum við að gera sérstakt átak í þessu og á þessu þingi verða vonandi afgreidd lokafjárlög fyrir árið 2000, 2001 og vonandi einnig 2002, þannig að frá og með næsta hausti megi koma þessu í það horf sem lögin um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir. Næsta haust getum við því lagt fram lokafjárlagafrumvarp fyrir síðasta ár, þ.e. árið 2003, eins og vera ber og verður engin afsökun fyrir því eftir að öll fjárlagakerfin, mannauðskerfin og fjárhagskerfin sem búið er að setja upp í Fjársýslu ríkisins verða komin í fullt gagn.

[17:13]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra og tek undir að nauðsynlegt er að kippa þessu í liðinn. Það er rétt að dregist hefur úr hömlu að leysa ýmis, ég vil segja í flestum tilfellum, smádeilumál á milli aðila varðandi það að koma þessu í samt lag. Ég vona svo sannarlega að það takist sem hæstv. ráðherra boðar, að á haustdögum fáum við að sjá frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003 þannig að við getum komið þessu í rétt lag.

Ég held að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að það verði engin afsökun ef það tekst ekki í haust. Ég vona því að þessi orð hæstv. ráðherra verði til þess að við þetta verði staðið og við verðum komin með 45. gr. fjárreiðulaganna í full not á haustdögum og getum fjallað um lokafjárlög fyrir árið 2002 um leið og við höfum fengið ríkisreikning í hendur. Ég vona því að þetta boði gott í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:14]

Útbýting þingskjals:

Gerendur í kynferðisbrotamálum, 432. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1058.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 683. mál (metangas og rafmagn). — Þskj. 1012.

[17:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum. Slík heimild var lögfest með lögum nr. 38/2000 og féll úr gildi um síðustu áramót. Rétt þykir hins vegar að framlengja heimildina enn um sinn eða til ársloka 2006.

Þar sem innflutningsverð tvíorkubifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja eru þær illa samkeppnisfærar gagnvart hefðbundnum bifreiðum og með frv. er stefnt að því að tvíorkubifreiðar verði betur samkeppnisfærar á almennum markaði. Markmiðið með framlenginguni er að styðja áfram við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum. Einnig hefur verið bent á að notkun tvíorkubifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu. Það byggist meðal annars á því að dreifikerfi fyrir aðra orkugjafa er enn svo gisið að ekki er unnt að reikna með almennri notkun slíkra bifreiða strax. Enn fremur eru ýmsar aðrar tæknilegar hindranir því til fyrirstöðu. Síðast en ekki síst er aukin notkun tvíorkubifreiða í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þá stefnu stjórnvalda að auka hlut innlendra orkugjafa.

Örðugt er að áætla áhrif framangreindrar lagabreytingar á tekjur ríkissjóðs. Frá því að tímabundin heimild til lækkunar vörugjalds af tvíorkubifreiðum tók gildi með lögum nr. 38/2000 hafa um 50 bifreiðar af því tagi verið fluttar til landsins. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að innflutningur tvíorkubifreiða verði öllu meiri á næstu þremur árum en hingað til eru slíkar bifreiðar almennt dýrari en venjulegar bifreiðar og því líklegt að hreint tekjutap ríkissjóðs verði óverulegt.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að þetta frv. verði samþykkt á Alþingi. Það felur í sér framlengingu á bráðabirgðaákvæði þar sem verið er að undanþiggja tilteknar bifreiðir vörugjaldi, þetta eru bifreiðir sem nýta óhefðbundinn orkugjafa. Þeir óhefðbundnu orkugjafar sem þetta frv. tekur til eru einungis metangas eða rafmagn.

Hæstv. ráðherra sagði í sinni ágætu framsögu að markmiðið með því að framlengja bráðabirgðaákvæðið væri að styðja áfram við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas. Það er í sjálfu sér ákaflega lofsvert markmið. Nú er það svo að það eru fleiri tegundir óhefðbundins eldsneytis sem menn eru að nýta, eins og vetni. Við Íslendingar höfum tekið sérstakt frumkvæði á því sviði.

Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh.: Af hverju nær þetta ákvæði ekki til vetnis? Í öðru lagi: Eru einhver ákvæði í dag þar sem fjmrh. er veitt heimild til að undanþiggja bíla, sem eru knúnir að einhverju leyti af vetni, opinberum gjöldum?

[17:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er framlenging á tilteknum lagaákvæðum sem verið hafa í gildi undanfarin ár til að hlúa hér að vaxtarbroddi í sambandi við orkunotkun og minnkandi mengun.

Vetnisfarartæki eru ekki svo langt á veg komin að það sé í rauninni á dagskrá að slík farartæki komi á götuna alveg á næstunni sem fólksbílar. Hins vegar hefur verið hlúð, ég vil segja með myndarlegum hætti, að starfsemi Íslenskrar nýorku og þeirra aðila sem hér hafa verið með sérstakt tilraunaverkefni í gangi hvað varðar vetnisstrætisvagna af hálfu hins opinbera.

Hitt er annað mál að ég tel að móta þurfi heildarstefnu gagnvart öllum þessum þáttum á næstunni. Þetta bráðabirgðaákvæði sem gildir til ársloka 2006 gefur þangað til svigrúm til að móta slíka stefnu, og áður en þetta ákvæði til bráðabirgða fellur úr gildi.

[17:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að þegar tækninni hefur fleygt það fram að fjöldaframleiðsla tvíorkubíla eða tvinnbíla, sem geta nýst við vetni, verður hafin og þeir komnir á götuna, eins og hæstv. ráðherra orðar það, muni hann beita sér fyrir lagabreytingum sem gefa honum þá heimild sem ég gat um hér áðan.

Ég tel það ákaflega nauðsynlegt og ég tel rétt að fara þá leið sem hæstv. ráðherra nefnir hér, að fara í heildstæða stefnumótun sem einmitt varðar það. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að tæknin sé ekki alveg komin á þetta stig. Ég held — og hv. þm. Hjálmar Árnason leiðréttir mig ef ég fer rangt með — að einmitt um þessar mundir sé tæknin að komast á það stig að á allra næstu missirum og örugglega á þessu kjörtímabili munum við sjá fjöldaframleidda bíla, sem gætu keppt við annars konar ökutæki ef þeim væri búin betri staða með skattalegum ívilnunum. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, og Samf., að þessa stefnumótun þurfi að ráðast í og við höfum lagt fram sérstaka tillögu um það.

Að því er varðar metangas og rafmagn, sem menn eru í vaxandi mæli farnir að nota til þess að knýja bifreiðir sínar, hafa Norðmenn farið þá leið að fella virðisaukaskatt og þungaskatt af svona bílum. Þegar það var gert tífaldaðist salan á þeim.

[17:22]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa mikilli ánægju með þetta frv. Það felur í sér að það er einfaldlega verið að framlengja þær undanþágur sem gilt hafa um vistvæn ökutæki. Þær hafa í rauninni ráðið úrslitum hvað það varðar að hingað eru þegar komnir þrír strætisvagnar og meira er í undirbúningi. Ísland hefur tekið ákveðna forustu í því að vera tilraunavettvangur fyrir þessa nýju tækni og það er einmitt það sem við erum að bjóða. Við erum að bjóða okkar smáa þjóðfélag sem tilraunvettvang, heppilegan vettvang til þess að gera tilraunir með nýja tækni. Það er ekki síst fyrir þá ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis að setja ákvæði eins og þetta, sem var bundið sólarlagsákvæði, sem við höfum náð þeim árangri sem raun ber vitni. Þess vegna ber að fagna því að undanþágurnar skuli framlengdar.

Hér var minnst á að nauðsyn bæri til að fara yfir og móta allsherjarstefnu í málinu. Þá er rétt að minna á að sú vinna á sér stað nú þegar. Þegar hefur verið samþykkt þál. á hv. Alþingi og einmitt er verið að vinna að framtíðarlausn hvað varðar fjármögnun á vegakerfinu, hvað varðar undanþágur og þar fram eftir götunum. Að þeirri vinnu koma fulltrúar einna sex ráðuneyta, ef ég man rétt, auk fyrirtækisins Íslenskrar nýorku. Ég vænti þess að niðurstöður þeirrar vinnu sjáist mjög fljótlega og þá getur þingheimur tekið afstöðu til þeirra. Þar erum við hins vegar að tala um langtímafyrirkomulag en þetta frv. hér er í rauninni að bregðast við því sem er að gerast í núinu.

Að lokum, virðulegur forseti, get ég ekki stillt mig um að leiðrétta eitt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem ég veit að er einlægur stuðningsmaður vistvænna ökutækja. Hann vék að því að hér hefði ekki verið minnst á vetnisbíla, hér væri aðeins talað um metangas og rafmagn, en það er nú svo að vetnisbílar eru flokkaðir sem rafmagnsbílar. Munurinn á þeim og hinum hefðbundnu rafmagnsbílum, sem sækja rafmagn sitt í rafurkerfi landsins og er bara stungið þar í samband, er sá að með vetnistækninni framleiða vetnisbílarnir sitt eigið rafmagn í stað þess að sækja það inn á netið. Þó að hér sé einungis talað um rafmagnsbíla er átt við vetnisbíla, enda er það fyrst og fremst hugsunin í góðu samráði við hið framsækna fyrirtæki Íslenska nýorku.

[17:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum er langt frá því að ég sé jafn vel að mér í þessum efnum og hv. þm. Hjálmar Árnason sem hefur sýnt lofsverðan áhuga og dugnað í þessu máli. Þökk sé honum fyrir það. Ég var mér þess ekki meðvitaður að vetnisbílarnir féllu í reynd undir þetta ákvæði. En nú er það svo að hvorki hæstv. fjmrh. var það í sinni ræðu né ýmsir þeir sem tengjast Íslenskri nýorku, eða svo hef ég skilið mál þeirra.

Ég er þeirrar skoðunar að ákaflega mikilvægt sé að gera allt sem hægt er til þess að greiða götu ökutækja af þessu tagi. Það er auðvitað vel, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur reyndar áður upplýst mig um, að það er von á heildstæðri stefnumótun um þetta mál frá nefnd. Ég hef lagt fram fyrir hönd Samf. þáltill. þar sem kveðið er á um að það eigi að heimila fjmrh. að taka af öll opinber gjöld á meðan hann telur að þess þurfi til þess að bæta samkeppnisstöðu þeirra. Ég vísaði til norskra upplýsinga sem komu fram á sínum tíma í sjónvarpi. Þar gekk ríkisvaldið lengra varðandi rafbíla en hér stendur til, þar fóru menn þá leið að fella niður þungaskatt og virðisaukaskatt og áttu síðan í samningaviðræðum við sveitarfélög um að heimila þeim ýmiss konar fríðindi önnur, eins og að þurfa ekki að borga jarðgangatolla, vegatolla og ekki einu sinni bílastæðagjald. Meira að segja voru þeim veitt ákveðin forréttindi í umferðinni. Þetta leiddi til þess að notkunin stórjókst.

Ég held að við þurfum að fara þessa sömu leið, og því fyrr því betra. Eins og ég sagði styðjum við í Samf. þetta frv. hæstv. fjmrh., og teljum að lengra hefði mátt ganga.

[17:27]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að heyra stuðning Samf. við það ágæta mál að auka hér notkun vistvænna ökutækja. Ég árétta bara það sem ég nefndi áðan, að öll þau metnaðarfullu markmið sem hv. þm. talaði um og vitnaði til þáltill. sinnar og fleiri hv. þm. vaka einmitt fyrir hinni fjölskipuðu nefnd sem er að störfum. Hún mun leggja fyrir tillögu, vonandi afskaplega fljótlega, sem tekur til þess hvernig almennt á að fjármagna vegakerfið, til ábendinga um ýmsa þætti í lögum okkar sem eiga þá að taka mið af því hvernig lagaramminn á að geta hvatt okkur til að nota þessi vistvænu ökutæki.

Ef hinn frægi dísil- og bensínskattur leggst af, ef menn hætta almennt að nota bensín og dísil hér, sem ég hygg að muni gerast fyrr en margan grunar, verðum við auðvitað að finna aðrar leiðir í staðinn. Ég held að þar muni áður en svo langt um líður koma möguleikar eins og útflutningur á vetni en nú þegar er starfandi í Þýskalandi félag sem var stofnað fyrir 10 árum og heitir hvorki meira né minna en Der Isländische Wasserstoffvereinlag, er í eigu margra þekktra þýskra fyrirtækja og hefur það markmið eitt að flytja inn vetni til Þýskalands frá Íslandi þegar markaðurinn verður tilbúinn. Stærstu bílaframleiðendur heims keppa núna um það að verða fyrstir inn á þennan markað sem bíður eftir vistvænni ökutækjum og hafa lýst því yfir að á allra næstu árum muni þeir hefja fjöldaframleiðslu. Fyrirtækið Íslensk

nýorka er einmitt komið úr löngum heimsleiðangri til bílaframleiðenda í heiminum þar sem er verið að bjóða okkur sem tilraunavettvang á þessu sviði.

[17:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú nefnd sem hv. þm. hefur hér verið að lýsa vinnur, eins og ég skil mál hans, að því að þróa framtíðarstefnu. Sú stefna á að taka til þess m.a. hvernig vegakerfið verður fjármagnað, og vegabóta á Íslandi eins og hv. þm. bendir á þegar búið verður að gjörbreyta kerfinu. Þá verðum við komin í þá eftirsóknarverðu stöðu að mjög stór hluti af íslenskum ökutækjum verður knúinn af þessum nýju óhefðbundnu orkugjöfum og við komin í skemmtilega framtíð. Spurningin er hvernig við náum henni og hvernig við náum að örva Íslendinga til að skipta sem fljótast yfir. Það gerum við með því að lækka verðið á þessum ökutækjum.

Það sem ég er að reifa og velta hér upp er þessi yfirgangstími. Á meðan á honum stendur, sérstaklega í upphafi hans, þurfum við að grípa til töluvert róttækra ráða hvað skattlagningu varðar til þess að gera það mjög eftirsóknarvert fyrir þegninn að fjárfesta í svona ökutæki. Þegar stórir bílaframleiðendur byrja fjöldaframleiðslu á tvinnbílum eftir kannski fjögur ár, kannski eftir tíu ár, lækkar verðið á þeim mjög mikið. Það þarf samt sem áður töluvert til svo að þessir bílar verði samkeppnisfærir.

Það er það sem tillaga okkar í Samf. lýtur að. Það er þessi yfirgangstími meðan verið er að skapa þá stöðu sem gerir það að verkum að almennir borgarar sjái í því eitthvað eftirsóknarvert, þeim verði ívilnað af hálfu hæstv. fjmrh. til þess að ýta þeim út í að kaupa einmitt ökutæki af þessum toga.

[17:31]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þessi yfirgangstími, en vonandi ekki yfirgangur, sem málið snýst um. Segja má að frv. sem hér er í umræðu og hefur kallað á þessa ágætu umræðu um vetnisbíla og aðra, miði einmitt að því að það verði meira aðlaðandi fyrir almenning en ekki síst fyrir þá erlendu aðila sem við höfum náð samstarfi við og munum ná samstarfi við að koma með þessi tilraunaökutæki hingað til landsins. Það er næsta skref og þar hefur okkur orðið verulega ágengt og á eftir að verða enn betur ágengt. En það verður væntanlega verkefni þeirrar nefndar sem hér er iðulega vitnað til að koma með tillögur og hugmyndir um það hvernig við eigum að bregðast við í framtíðinni þegar fjöldaframleiðslan er hafin og þá munu þessir bílar verða á mjög samkeppnisfæru verði við aðra.

Við erum núna að tala um fyrsta tímabilið þar sem Íslendingar bjóða sig fram sem tilraunavettvang fyrir nýja tækni. Hér er auðveldara að gera tilraun vegna smæðar okkar, reynslu af því að skipta um orkugjafa og vegna smæðar samfélagsins, alveg eins og við höfum gert hvað varðar jarðvarmann þar sem vísindamenn okkar eru með þeim fremstu í heimi. Við höfum byggt upp þekkingu og reynslu og höfum síðan flutt út og erum að flytja þá þekkingu út til annarra landa. Og það er það sama sem við erum að bjóða í sambandi við vetnistæknina og frv. er mjög mikilvægur liður í því. Um það er ekki ágreiningur.

[17:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að lýsa ánægju með framlagningu þessa frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. þar sem verið er að gefa lengri frest til þess að heimila lækkun á vörugjaldi af bifreiðum sem flokkast undir að vera tvíorkubílar, þ.e. að ganga fyrir metangasi og rafmagni. Hér er verið að tala um vistvæn ökutæki, leið til nýtingar á vistvænu eldsneyti. Og því held ég að fleiri flokkar en þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi það græna framtíðarsýn að styðja þetta fram komna frv.

Það hefur komið fram hér að vetnisbílar eru flokkaðir sem rafmagnsbílar og því falla þeir undir þetta frv. Við getum því miður ekki vænst þess að sjá þá í almennri notkun á allra næstu árum, a.m.k. miðað við þá möguleika sem eru núna á dreifingu á vetni til notkunar fyrir þessa bíla, en það hlýtur að koma jafnhliða því að þeim fjölgi á götum borgarinnar að um leið vakni áhugi á að setja upp aðstöðu til þess að fylla þá af vetni.

En einhvers staðar verður að byrja og það að lækka vörugjaldið er mikill hvati til áframhaldandi innflutnings á þessum bílum. Ég dreg ekki í efa að innan fárra ára muni þessi ökutæki verða mun algengari en við sjáum hugsanlega fyrir okkur í dag. Þar sem við höfum notast við eldsneyti sem er takmörkuð auðlind og með frekari kröfum um verndun andrúmsloftsins hljótum við að reyna eftir megni að draga úr notkun bensín- og olíubíla.

Hér var nefndur sá möguleiki að flytja út vetni og í því sambandi óska ég þess heitast að það verði ein af okkar útflutningsgreinum. Ég vil þess vegna vísa því til hæstv. núv. ríkisstjórnar að láta af stóriðjustefnu sinni og ofdekri við áliðnaðinn og horfa til þess að við þurfum að hafa gott aðgengi að nýtanlegri vatnsorku til þess að sú framtíðarsýn rætist að arðvænlegt verði að flytja út vetni í nánustu framtíð.

[17:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en tek undir það sem menn hafa sagt um frv. að það er hægt að fagna því að það skuli lagt fram og að menn skuli hugsa fram í tímann hvað varðar þessi málefni. Mér finnst rétt að grípa þetta tækifæri og tala líka um það sem við höfum ekki staðið okkur nógu vel í. Við höfum engan veginn staðið okkur í því að reyna að hafa áhrif á bifreiðaeign hér, nýtingu á orku og mengun og annað slíkt sem hægt er að gera með með því að hafa áhrif á hvaða bílar eru notaðir og hvaða eldsneyti er notað. Það er óhætt að segja að einhver mesta hörmungarsaga sem verið hefur í þinginu er hvernig ríkisstjórnir liðinna ára hafa bögglast með olíugjaldið.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því á hverju menn eigi von núna. Nú er þetta mál búið að veltast í Alþingi í 12 eða 13 ár eða eitthvað svoleiðis. Menn hafa lagt fram ný og ný frv., stundum hafa þau verið samþykkt og lögin síðan dregin til baka.

Hæstv. forseti. Er vitneskja fyrir hendi um það hvort hæstv. fjmrh. er hér og heyrir mál mitt? Já, nú sé ég það, hæstv. forseti, ég þarf ekki að fara í grafgötur með það. — Mig langar til að fá svar við þeirri spurningu hvort þetta mál sé enn einu sinni strand og menn hættir við í bili. Eða hvort ná eigi fram þessu málefni sem menn hafa verið að veltast með, eins og ég hef sagt, um olíugjaldið, ég fæ örugglega svar við því á eftir.

Svo finnst mér ástæða til þess að benda á það sem oft hefur verið bent á í þinginu að það mætti spara svolítinn tíma í umræðum með því að ræða saman samstæð mál eins og

það málefni sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi áðan og málefni sem liggur hér fyrir af svipuðu tagi um vegslit þar sem er verið að gera ráð fyrir ýmsum ráðstöfunum til þess að hafa áhrif á hvaða bílar eru notaðir, bæði í þeim tilgangi að spara orku og minnka mengun og líka að minnka vegslit. Þessi pólitík hefur verið afskaplega lítið stunduð af stjórnvöldum á umliðnum árum og ekkert verið að gerast nema það að menn hafa hnoðað og þæft þetta olíugjald öll þessi ár og aldrei hefur neitt gerst í málinu. Nú hlýtur að vera komið að því að fá yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra um hvað standi til í þetta skiptið hvað það mál varðar.

Ég tek undir þetta mál og það sem sagt hefur verið í umræðunum, en þetta er svolítið eins og að byrja á að leggja veginn hinum megin við ána en smíða ekki brúna samhliða eða áður því við höfum verið að fleygja frá okkur miklum verðmætum undanfarin ár með því t.d. að nota ekki dísilbíla hér, með því að hafa ekki áhrif á það að almenningur kaupi bíla sem eyða minni orku og með því að reyna ekki að hafa áhrif á mengun og vegslit og annað slíkt með pólitískum ákvörðunum.

Ég vildi koma þessu að og fyrst og fremst óska eftir svari við þeirri spurningu hvort við þingmenn á hv. Alþingi og þá sérstaklega þeir sem eru í samgn. þingsins fái þetta verkefni í vetur sem svo lengi hefur verið í höndum Alþingis.

[17:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr um frv. um svokallað olíugjald sem oft hefur borið á góma á Alþingi. Það frv. er á lista yfir þau mál sem ríkisstjórnin kynnti í haust og hyggst flytja í vetur. Það er hins vegar ekki komið fram vegna þess að það er ekki komin niðurstaða í öll atriði í málinu. En það er stefna mín að reyna að koma því máli til meðferðar í þinginu, en það er jafnframt stefnan að reyna að útrýma ágreinings- og deilumálum fyrir fram eftir því sem hægt er. Niðurstaðan er sem sé ekki fengin. En ég tek eindregið undir það með hv. þm. að núverandi kerfi hvetur til óhagkvæmni hvað varðar eldsneytisnotkun, gerir eldsneytisinnkaup þjóðarbúsins dýrari en þau þyrftu að vera og hamlar gegn því að almenningur og atvinnureksturinn nýti sér nýjustu tækni til að mynda í gerð dísilbíla og dísilvéla með því að hagnýta sér það sem fram er komið varðandi framþróun í dísilvélum. En þetta er sérstakt mál. Ég ætla ekki að fara út í efnisumræður um það en ég vildi bara upplýsa hver staða þess máls er. Hún er sú að málið er til meðferðar en er ekki enn þá tilbúið til framlagningar á hinu háa Alþingi.

[17:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því út af fyrir sig að hæstv. ráðherra er ákveðinn í því að tryggja framgang þessa máls. Það er náttúrlega orðið með miklum undarlegheitum að menn skuli ekki vera búnir að finna botninn í það mál eftir allan þennan tíma og eftir alla þessa miklu umfjöllun. Maður verður þá satt að segja að binda von við það sem hæstv. ráðherra segir að nú séu menn komnir það nálægt niðurstöðunni að málinu verði dreift sem fyrst í þinginu því það gengur á tímann. Ég geri ráð fyrir því vegna þess hversu vandasamt málið hefur verið fram að þessu að það taki einhvern tíma að klára það í nefnd í framhaldi af því að það verði lagt hér fram til umræðu. En ekki meira um það.

[17:45]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um það sem hér fór á milli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og hæstv. fjmrh. í stuttu andsvari um olíugjaldsfrumvarpið svonefnda sem eins og hér kom fram hjá hæstv. fjmrh. var á verkefnalista hæstv. ríkisstjórnar og á að leggja fram á þessu þingi.

Fyrir það fyrsta vil ég segja það, virðulegur forseti, að ég er ekkert mjög ósáttur við það að þetta frv. sé ekki komið fram eins og það hefur verið boðað í fjölmiðlum frá hendi hæstv. ríkisstjórnar. Þá á ég auðvitað við það að menn ætla að taka hér upp olíugjald sem er gott og góðra gjalda vert með þeim annmörkum þó sem á því eru. Það er gert eftir því sem sagt er m.a. til þess að kalla fram þann möguleika að fólk fari að kaupa litlar dísilbifreiðar o.s.frv. En annmarki, virðulegi forseti, er á því frv. sem hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að leggja fram, eins og það var boðað, ef taka á upp tvöfalt kerfi gagnvart flutningastarfsemi í landinu. Því vil ég nota tækifærið hér og nú og m.a. vegna þess að næsta mál á dagskrá þessa þingfundar er afnám flutningsjöfnunargjalds á sementi sem hæstv. iðnrh. mun fjalla um á eftir og flytja.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. sem hér er viðstaddur þessa umræðu hvort það sé enn þá ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja fram þetta frv. með þessum mikla ókosti, þ.e. að vera með flutningabíla, bíla stærri en 10 tonn, líka á mæli og vera með tvöfalt kerfi. Ég ætla rétt að vona að hæstv. fjmrh. geti komið hér upp og sagt að ríkisstjórnin sé að hörfa frá þeirri vitleysu vegna þess að það liggur í augum uppi að ef svo verður þá mun það hækka flutningskostnað, en hinn ráðherrann sem staddur er í þessum sal, hæstv. iðnrh., boðaði mjög í kosningabaráttu — þó að ekkert bóli nú á framkvæmd þess — að hún ætlaði að koma með aðgerðir til að lækka flutningskostnað í landinu.

Við höfum stundum sagt það að eins og flutningskostnaður hefur þróast hér í landi með mikilli skattheimtu ríkisins, hins opinbera, að hann sé einn versti landsbyggðarskattur sem í gangi er um þessar mundir. Segja má, virðulegi forseti, að ef olíugjaldsfrumvarpið með mæli á flutningabíla kemur líka eftir þá breytingu sem hæstv. ríkisstjórn gerði í upphafi þessa þings, þ.e. að hækka olíugjaldið sem fór þráðbeint út í verðlagið og hefur haft í för með sér hækkun á flutningsgjöldum, þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að flutningsgjald getur hækkað um allt að 25% að mati sérfróðra manna sem starfa í þessari grein.

Ég ætla rétt að vona það, virðulegi forseti, af því að ég get rætt þetta mál nú á hinu háa Alþingi að viðstöddum fjmrh. sem vill fá peninga í sinn ríkiskassa af flutningastarfsemi — hér er svo viðstaddur líka hæstv. iðnrh. sem hefur boðað að það eigi að jafna eða lækka flutningskostnað á landinu — að það sé svona verið að toga þetta frá vinstri til hægri, að vinstri höndin viti ekki hvað sú hægri er að gera. Ég ætla rétt að vona það. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. sem hér er að fylgja úr hlaði frv. sínu um vetnisbíla og fleira, hvort málið sé að taka þeim breytingum — nú heyrir maður það, virðulegi forseti, að málið sé stopp í öðrum ef ekki báðum þingflokkum ríkisstjórnarinnar út af þeim annmörkum sem ég er hér að nefna gagnvart olíugjaldsfrumvarpinu — hvort þessi stærsti ókostur þar verði tekinn út. Í öðru lagi spyr ég, ef svo er ekki, þ.e. ef hæstv. ríkisstjórn sér sér ekki fært að taka hann út, hvort við eigum þá ekki hreinlega bara að stoppa við með olíugjaldsfrumvarpið, hætta við það en endurbæta þungaskattskerfið og búa þar til gjaldflokka fyrir

minni bíla. Það mundi gera það að verkum að hagkvæmara yrði að kaupa minni bíla með dísilvél.

Virðulegur forseti. Þetta vildi ég leggja inn í þessa umræðu vegna þess að umrætt olíugjaldsfrumvarp bar á góma og svo skemmtilega vill til að þetta má ræða á þessum nótum og líka vegna þess að við ætlum að ræða hér um flutningskostnað á sementi, verðjöfnun á flutningi á sementi. Það verður rætt hér á eftir. Þó svo að ekkert bóli á flutningsjöfnunarframkvæmd eða lækkun flutningskostnaðar frá hendi hæstv. ríkisstjórnar þá ætla ég rétt að vona að hæstv. fjmrh. fari ekki að koma með frv. hér inn sem geri það að verkum að flutningskostnaður muni hækka verulega, eins og ég nefndi áðan.

[17:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú heldur verra þegar við erum að ræða hér ágætt frv. sem virðist vera góð samstaða um að hv. þm. Jóhann Ársælsson skyldi hafa ýtt á þennan takka í félaga sínum Kristjáni L. Möller og hleypt honum af stað í almennri olíugjaldsumræðu sem er ekki hér á dagskrá.

Ég hef upplýst það í þessari umræðu sem svar við fyrirspurn að þetta mál er í undirbúningi eins og hefur legið fyrir lengi. Það var lagt fram í hittiðfyrra sérstakt frv. um þetta mál sem síðan hefur verið til skoðunar bæði á vettvangi ríkisstjórnarinnar en jafnframt hjá öllum hagsmunaaðilum sem hafa fengið þetta mál til umsagnar. Það er úr þeim umsögnum sem verið er að moða núna ásamt nýjustu upplýsingum um framþróun á þessu sviði í öðrum löndum, þ.e. tæknibreytingar og annað sem skiptir þarna verulegu máli.

Í frv. sem var lagt fram fyrir tveimur árum var gert ráð fyrir því að stærstu bílar mundu áfram vera með mæli. Það er út í hött að kalla það tvöfalt kerfi. En það er mest af öllu út í hött að tala um flutningskostnaðarhækkanir af þeirri stærðargráðu sem hv. þm. Kristján L. Möller reiddi hér fram algjörlega tilefnislaust. Að öðru leyti ætla ég ekki að segja eitt einasta orð um þetta frv. hér í þinginu fyrr en það verður að þingskjali, fyrr en það kemur hér fram frv.

Það er algjörlega óeðlilegt, herra forseti, að taka hér langan tíma undir tilteknu þingmáli til að ræða eitthvert allt annað mál sem er ekki hér á dagskrá. Þetta er óeðlilegt.

[17:52]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit nú ekkert hvort það sé endilega óeðlilegt að ræða þetta eins og hér er gert. Það gafst tilefni til þess að minnast á hið víðfræga olíugjaldsfrumvarp sem hefur verið boðað. Ég er áhugamaður um olíugjaldsfrumvarp, jafnframt áhugamaður um lækkun flutningskostnaðar og um að leggja af þann landsbyggðarskatt sem flutningskostnaður er en sem hæstv. fjmrh. hefur beitt sér fyrir með aukinni skattheimtu, t.d. með hækkun á olíugjaldinu fyrr á þessu þingi. Það hins vegar bendir til þess, og á það er ég bara að benda hér, að stundum fer ekki saman hugur og hönd hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er verið að hækka þennan kostnað en svo er annar hæstv. ráðherra að boða lækkun. Þetta bar hér á góma og sjálfsagt er að ræða um það.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að það var ýtt á ákveðinn takka í mér við það að ræða þetta mál. Ég er bara ánægður með að á mér kviknaði og að það lifi enn þá í þeim gömlu góðu glæðum. Ég vil bara segja það við hæstv. fjmrh. að ýtt verður á marga takka ef komið verður með hið arfavitlausa frv. með þessari tvöföldu gjaldheimtu eins og boðað er, þ.e. ef leggja á sérstakan skatt, 10% skatt á flutningastarfsemi.

Ég vil aðeins segja, virðulegi, forseti, að hæstv. fjmrh. telur það út í hött að ræða þetta hér samhliða. Mér finnst út í hött að búa til tvöfalt kerfi ef taka á upp olíugjaldið og ég vona að ekki þurfi að ýta á neinn takka með þessu þegar það kemur fram. Með öðrum orðum vona ég að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér og hendi út úr væntanlegu frv. þessari tvöföldu skattheimtu sem þar er og leggst með enn meiri þunga á landsbyggðarfólk en aðra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 1. umr.

Stjfrv., 690. mál (afnám laganna). — Þskj. 1019.

[17:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga afnám á jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Það er 690. mál þingsins.

Með frv. þessu er lagt til að jöfnun flutningskostnaðar á sementi verði afnumin og flutningsjöfnunarsjóður sements lagður niður. Frumvarpið er samið með hliðsjón af áliti nefndar sem skipuð var til að endurskoða ákvæði laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi og kanna hvort leggja bæri niður starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs sements, sem og flutningsjöfnunargjald á sement, en mæta flutningskostnaði á landsbyggðinni þess í stað með almennum aðgerðum.

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar iðn.- og viðskrn., Samtaka iðnaðarins og Byggðastofnunar. Nefndin var skipuð í kjölfar nefndarálits meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, en í því mælti iðnn. með að ákvæði laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi yrðu tekin til endurskoðunar.

Í áliti nefndarinnar um endurskoðun flutningsjöfnunar sem er fylgiskjal með frv. kemur fram að markaðsaðstæður og leikreglur á markaði hafa tekið stakkaskiptum. Þá kemur fram að sementskostnaður er nú aðeins 2–3% af byggingarkostnaði hefðbundins íbúðarhúsnæðis. Annar kostnaður og byggingarefni eru því um 97–98% af heildarkostnaði og engin jöfnun á sér stað varðandi önnur byggingarefni svo sem timbur, stál, gler og ýmis klæðningarefni. Nefndin telur að núverandi kerfi hafi leitt til þess að flutningskostnaður sé hærri en vera þyrfti, að kerfið þjóni þeim best sem annast dreifinguna en sé kaupendum sements ekki til hagsbóta. Er nefndin sammála um að leggja til að starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs sements verði lögð niður og hætt verði sérstakri jöfnun flutningskostnaðar sements.

Í álitinu kemur fram að afnám flutningsjöfnunar sements muni að öllum líkindum leiða til einhverrar lækkunar á verði sements á suðvesturhorni landsins og að vænta megi einhverrar hækkunar í öðrum landshlutum. Ýmislegt bendir hins vegar til að hagræðing í flutningum og samkeppni á sementsmarkaði leiði til þess að hækkun sementsverðs á landsbyggðinni verði óveruleg.

Herra forseti. Samkeppni á sementsmarkaði, betri samgöngur, flutninga- og geymslutækni og breyttar byggingaraðferðir gera það að verkum að flutningsjöfnun á sementi nær ekki því markmiði sem lagt var upp með við setningu

laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Óeðlilegt verður að telja að flutningskostnaður sements sé jafnaður þegar slíkt gildir ekki um önnur byggingarefni. Ráðuneytið hefur um nokkurt skeið haft til skoðunar möguleika á almennum aðgerðum til að jafna flutningskostnað á landsbyggðinni. Er það von mín að tillaga um slíkt verði lögð fram á næstunni.

Í ljósi alls þessa er í frv. lagt til að flutningsjöfnun á sementi verði afnumin, flutningsjöfnunarsjóður sements lagður niður og lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi felld úr gildi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja nánar efni frv. og vænti þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort ráðherrann hefði ekki talið skynsamlegra að bíða með þessar breytingar á jöfnun flutningskostnaðar á sementi þangað til hér hefðu verið kynntar samræmdar aðgerðir til jöfnunar á flutningskostnaði í landinu.

Við minnumst þess hér frá liðum vetri að þá lagði hæstv. samgrh. fram skýrslu um flutningskostnað í landinu. Þar kom fram að munur á flutningskostnaði sem lagðist á íbúa landsins eftir því hvar þeir bjuggu var kannski 50, 70 og upp í 100%. Þá var einmitt rætt um að vinda ætti bráðan bug að því að finna leið til þess að jafna þennan kostnað og draga úr þeim mikla mismun sem landsmenn búa við vegna þessa háa flutningskostnaðar. Það er ekki einungis svo að flutningskostnaðurinn sjálfur sé hár heldur margfaldast þetta líka með skattlagningu af hálfu ríkisins á flutningskostnaðinn. Þetta var gert að kosningamáli af hálfu bæði Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fyrir síðustu kosningar og sagt að eitt það brýnasta sem taka ætti á í sambandi við jöfnun á búsetu og atvinnuskilyrðum úti um land væri jöfnun flutningskostnaðar. En nú er bara fyrsta mál sem hæstv. ráðherra flytur hér að fella niður þá jöfnun sem þó var fyrir hendi, þ.e. varðandi sementið. Hefði ekki verið nær, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hefði drifið hér inn frv. um jöfnun flutningskostnaðar í staðinn fyrir að drífa hér inn frv. til þess að fella niður þá litlu jöfnun sem í gangi er?

[18:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur talsvert til síns máls að því leyti að það hefði ekki verið óskynsamlegt að láta þetta fylgjast að. Hins vegar er staðreyndin sú, eins og ég hef sagt frá í þinginu, að komi til þess að teknir verði upp styrkir vegna sýnilegs flutningskostnaðar fyrirtækja sem eru staðsett á landsbyggðinni og eru fyrst og fremst með markaðsvöru sína á höfuðborgarsvæðinu þá þarf það að hafa fengið samþykkt Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem um styrki er að ræða. Meginreglan á Evrópska efnahagssvæðinu er sú að styrkir eru óheimilir en hins vegar eru ákveðnar undantekningar frá því, m.a. gæti það átt við um styrki til byggðamála. Málið er til umfjöllunar hjá áðurnefndri stofnun. Ég get ekki alveg svarað því á þessari stundu hvenær við getum gripið til aðgerða í þessu sambandi enda hefur ekki verið tekin pólitísk ákvörðun um að fara út í þessar styrkveitingar. En málið er samt sem áður í ákveðnum farvegi.

Hér er að nokkru leyti um barn síns tíma að ræða, þá á ég við jöfnun á flutningi á sementi. Jöfnunaráhrifin eru ekki nema 0,4–0,6% vegna þess að sementskostnaður við byggingu húsa er 4–5%. Ég tel því að hér sé ekki um stórmál að ræða. Þar að auki kostar flutningsjöfnunarsjóðurinn, þ.e. reksturinn á honum, 4–5 millj. kr. á ári. Þetta er því ekkert stórmál í mínum huga.

[18:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau verða fæst stórmál, kosningaloforð Framsfl. þegar á að framkvæma þau. Það sannast hér um enn eitt þeirra. Því var lofað fyrir síðustu kosningar að koma skyldi á jöfnun á flutningskostnaði en eftir kosningar er það bara smáatriði.

Hæstv. ráðherra hefði t.d. átt að upplýsa um hve mikið þetta muni auka kostnað við flutning á hverju tonni af sementi til Egilsstaða, Ísafjarðar og þeirra staða sem jöfnun þessa kostnaðar skiptir mestu máli. Nú setur hæstv. ráðherra fyrirvara: Komi til jöfnunar á einu eða öðru formi, segir hún. Þegar málið var rætt á þingi síðasta vor skömmu fyrir kosningar höfðu menn ekki slíka fyrirvara heldur átti að vinda bráðan bug að þessu. Þá voru tínd til dæmi um það hvernig þetta væri leyst í Noregi og Svíþjóð. Síðan hafa liðið allmargir mánuðir þannig að þó svo að ræða þurfi við ESA um þetta á einhvern hátt þá er greinilegt að þetta er ekkert forgangsatriði hjá hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég ítreka óánægju mína með að Framsfl. skuli telja kosningaloforð sín, sem hann hafði á atkvæðin, smámál þegar á að fara að efna þau. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða þessa forgangsröðun og koma þeirri flutningsjöfnun í gang sem lofað var áður en sú litla flutningsjöfnun sem er þó við lýði, t.d. á sementi, verður aflögð.

Ég ítreka spurningu mína, frú forseti: Getur ráðherrann nefnt dæmi um þann kostnaðarauka sem íbúar og atvinnufyrirtæki á Ísafirði og á Egilsstöðum verða fyrir við þessa breytingu?

[18:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst koma á framfæri leiðréttingu. Ég mismælti mig áðan. Sementskostnaður er talinn vera 2–3% af byggingarkostnaði. Það er mikilvægt að þetta frv. verði að lögum núna áður en sementsvertíðin hefst fyrir alvöru. Eins og málum er háttað í dag er a.m.k. hægt að fullyrða að það er enginn hvati til að flytja sement á hagkvæman hátt. Það er mál út af fyrir sig.

Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega kostnað á landsbyggðinni þá sagði ég að búast mætti við að sementsverð hækkaði eitthvað á landsbyggðinni. En þá vil ég líka taka fram að fyrir austan er komið síló, það vill svo til. Það er ekki fyrir tilstilli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að það varð. Það er út af því að þar á að fara að reisa álver og virkjun. Það er komið síló fyrir austan þannig að þar er ekki hætta á áhrifum af því að þetta frv. verði að lögum. Það er (Gripið fram í.) ágætt að halda því inni í umræðunni.

[18:06]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. hefur fylgt úr hlaði frv. um að leggja niður jöfnun á flutningskostnaði á sementi. Það má með sanni taka undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem fram kom í stuttu andsvari áðan, að auðvitað hefði verið meiri myndarbragur á því ef hæstv. ráðherra hefði verið búinn að sýna eitthvað af þeim kosningaloforðum sem Framsfl. reið með um héruð. Þar voru tillögur þar sem tekið var undir það sem sá sem hér stendur hefur mikið fjallað um, þann landsbyggðarskatt, ósanngjarna skatt, sem flutningskostnaður er. Sá kostnaður leggst þyngst á þá sem þurfa að flytja hvort sem

eru nauðsynjar eða vörur til endurvinnslu eða vörur suður á markað. Það hefði verið meiri bragur á því ef hæstv. iðnrh. hefði verið búinn að sýna eitthvað í þeim efnum.

Hér er um að ræða gamalt kerfi sem varð til með lögum árið 1973, lögum um jöfnun á flutningskostnaði á sementi. Það er greinilegt að þá hafa miklir jafnaðarmenn verið á þingi og beitt sér fyrir þessu. En í athugasemdum í þessu frv., frá þeirri nefnd sem iðnrh. skipaði til að fjalla um málið, kemur fram að olía er eina vörutegundin, fyrir utan sement, sem ríkið heldur úti sérstöku flutningsjöfnunarkerfi fyrir.

Fyrst ég nefni flutningsjöfnun á olíu mætti spyrja hæstv. iðnrh. nánar út í það. Ein af meginröksemdum hennar var að ekki væri hvati til að flytja sement á hagstæðastan máta vegna þessarar flutningsjöfnunar. Með öðrum orðum var gefið í skyn að þeir aðilar sem flytja sement geri það á óhagkvæman hátt vegna þess að þeir geti sótt svo og svo mikið til ríkissjóðs í flutningsjöfnun, eins og við sjáum á fskj. I með frv. Þá vil ég spyrja: Megum við eiga von á að hæstv. ráðherra komi einhvern tímann á þessu þingi með svipað frv. um að leggja niður flutningsjöfnun á olíu? Það er óskandi að svo verði ekki.

Ég vil hins vegar taka skýrt fram að ekki er hægt að líða að nokkurt kerfi sem sett er til jöfnunar á flutningskostnaði sé misnotað eða að menn nýti ekki hagkvæmustu flutningsleiðir sem hægt er að nota. Til að koma í veg fyrir það eigum við að hafa eftirlitskerfi, til að fylgjast með því að ekki sé farið að eins og hæstv. ráðherra gaf í skyn. Með þessu á að vera öflugt eftirlitskerfi. Það á ekki að vera allt of flókið að fylgjast með því hvort menn misnoti kerfið og koma í veg fyrir það ef svo er. En það má aldrei vera röksemd eða skjól ríkisvaldsins fyrir því að leggja niður slíka flutningsjöfnun eins og hér er, að einhverjir aðilar í kerfinu misnoti það. Við ættum frekar að finna aðferðir til að koma í veg fyrir misnotkun eða refsa þeim sem gera það ítrekað með því að þeir fái þá ekki að stunda flutninga.

Ég geri líka lítið með rekstrarkostnaðinn við flutningsjöfnunarsjóðinn sem er á bilinu 4–5 millj. kr. Sjóðurinn er, ef ég skil þetta rétt, vistaður í iðnrn. og fylgst með því þar. Það er heldur ekki röksemd fyrir þessu.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í frv. eru útgjöld flutningsjöfnunarsjóðs um 156 millj. kr. árið 2002. Árið þar á undan voru það 219 milljónir og þar á undan, eins og fram kemur í þskj. 1019, 160–190 millj. kr. sem hafa verið notaðar til að jafna flutningskostnað. Í athugasemdum með frv. kemur fram að mesti kostnaðurinn hafi verið vegna flutnings á sementi til Norðurlands eystra og Austurlands, þ.e. þessara gömlu kjördæma. Hér kemur fram að í kringum 42 millj. kr. hafi farið þangað. Til Norðurlands eystra voru flutt 9 þús. tonn og niðurgreiðsla á flutningi þangað var um 28 millj. kr. Til Austurlands voru flutt um 3.200 tonn og niðurgreiðsla upp á 15 millj. kr. Hins vegar voru ekki flutt nema 788 tonn á Vestfirði árið 2002.

Virðulegi forseti. Taflan sem birt er í frv. segir okkur líka mikið um þróun byggðamála í landinu. Ég gæti tekið Vestfirði sem dæmi í þessum efnum. Þangað er ekki mikið flutt af sementi sem er til marks um að þar er ekki jafnmikið um framkvæmdir sem krefjast þess að sement sé notað. Þetta er enn ein vísbendingin um það hvernig ákveðin landsvæði hafa orðið út undan í því góðæri Íslandssögunnar sem er núna. Það þrengir sífellt að hinum dreifðu byggðum og það kemur einnig fram í þessu máli.

Hér er getið um að með því að leggja sjóðinn niður vonist menn til þess að verð á sementi hækki ekki óheyrilega mikið á landsbyggðinni. Menn ætla þar að treysta á samkeppni á markaðnum, samkeppni milli tveggja aðila. Annars vegar er það gamla Sementsverksmiðja ríkisins, sem ég man ekki hvað heitir um þessar mundir, það gamla góða fyrirtæki uppi á Akranesi, og hins vegar innflutt sement frá Danmörku, Portland-sementið. Menn treysta á að samkeppni á markaðnum lækki þennan kostnað. Ég er ekki svo viss um að það verði reyndin á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Því miður. Ég er ekki viss um að það magn sem þarna er verið að selja sé það mikið að þessir tveir aðilar muni slást um að selja það. Eins er sementið oft flutt í litlum einingum, sem kemur heldur ekki til með að lækka verðið.

Hér kemur einnig fram að sementskostnaður sé ekki nema 2–3% af byggingarkostnaði steinsteyptra húsa. Það er vafalaust alveg hárrétt. En það dugir ekki sem röksemd fyrir því sem hér er verið að gera. Sement er notað til ýmissa annarra hluta á landsbyggðinni en að byggja hús. Og því miður, eins og áðan kom fram í tölum um sementsflutninga til Vestfjarða árið 2002, það voru 788 tonn, er ekki verið að byggja svo mikið.

Þetta vildi ég láta koma fram og ég leyfi mér að efast um þá ósk sem hér kemur fram um að samkeppni á markaðnum muni halda þessu niðri.

Inn í þetta blandaðist áðan flutningskostnaður, hvort sem er á sementi eða öðru, og var töluvert mikið rætt um hann í aðdraganda kosninga. Ríkisstjórnin notaði sinn hátt í byggðamálum, þ.e. að skipa nefnd, nefnd sem skilaði enn einni skýrslunni um aðgerðir í byggðamálum, í þessu tilfelli um að lækka landsbyggðarskattinn, þessa ósanngjörnu skattheimtu ríkisvaldsins á flutningastarfsemi. Mikil og góð skýrsla kom en ekkert hefur orðið úr framkvæmdum eftir það nema að málið er í skoðun og hæstv. iðnrh. hefur sagt á Alþingi og annars staðar að hún vilji beita sér fyrir upptöku á einhvers konar flutningsjöfnunarsjóði í þessum efnum. Hér kom fram áðan m.a. enn ein staðfestingin á því að þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra er með um þetta eru stopp úti í Brussel.

Ég hef ekki hugmynd um hvað hæstv. iðnrh. hefur þar lagt til og hverjar tillögur eru í sambandi við þessa flutningsjöfnun. Ég hef t.d. verið á fundi norður á Akureyri þar sem mikil og góð bók frá Háskólanum í Reykjavík var lögð fram um flutningskostnað og byggðamál, mikil og góð bók með fullt af góðum tillögum sem því miður hefur ekki verið farið mikið eftir. Þar var t.d. fjallað um það að jöfnun yrði ekki í sjávarútvegi. Það ætti með öðrum orðum ekki að jafna flutningskostnað þeirra aðila sem t.d. búa á norðausturhorni landsins og þurfa að kaupa fisk á mörkuðum. Það getur kostað 15–20 kr., jafnvel meira, að flytja hvert kíló af fiski á þetta svæði til vinnslu og jafnmikið ef ekki meira að flytja afurðina suður til Reykjavíkur eða nærliggjandi útflutningshafna til útflutnings. Á mörgum svæðum landsbyggðarinnar þar sem útgerð hefur minnkað, jafnvel lagst af, þurfa menn að reiða sig á það að kaupa fisk á markaði og þá eru ofboðslegir flutningar, og sá flutningskostnaður sem af þeim hlýst verulega mikill sem skekkir samkeppnishæfni þessara fyrirtækja til að taka þátt. Þetta virkar líka á allar nauðsynjavörur fólks sem verið er að flytja. Vafalaust á þessi flutningsjöfnun, vonandi, að koma inn í það.

Ég vildi segja, virðulegi forseti, að ég hef ákveðnar efasemdir um þá aðferð sem hæstv. iðnrh. er að viðra með þessum hugmyndum um flutningsjöfnunina, ekki samt vegna þess að ég sé á móti því að greiða þetta niður á einn eða

annan hátt. Ég hef alltaf stoppað við og spurt, og vil gera það enn einu sinni, hæstv. iðnrh.: Kom aldrei til tals í iðnrn. eða hjá hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir lækkun flutningskostnaðar með því að lækka skattheimtu hins opinbera af flutningastarfsemi? Það hefur komið fram, virðulegi forseti, að allt að helmingur af tekjum flutningabíls sem nú er að keyra norður í land eða eitthvað frá Reykjavík rennur á einn eða annan hátt í alls konar sköttum aftur til ríkisins. Ef flutningabíll keyrir norður með vörur sem kostar 100 þús. kr. að flytja norður fær ríkissjóður um 50 þús. kr. af því til baka í olíugjaldi, þungaskatti, gúmmígjaldi og hvað allar þessar skattheimtur nú heita.

Svo ætlar ríkisstjórnin að halda áfram, eins og við vorum að ræða örlítið áðan, með allt að því heimskulegri hugmynd um aukagjald á flutningabíla ef svokallað olíugjald verður tekið upp, 10% aukagjald á flutningabíla. Með öðrum orðum á að halda mælagjaldinu áfram, ég tala nú ekki um þá aðgerð ríkisstjórnar að hækka olíugjald um áramótin um einar 400 millj. Sá kostnaður fór auðvitað þráðbeint út í verðlagið.

Virðulegi forseti. Um það frv. sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram um að afleggja annan þáttinn sem er um jöfnun flutningskostnaðar, þ.e. af sementi, og olíugjaldið stendur þá vafalaust eftir — ég bíð eftir því að fá að heyra hæstv. iðnrh. lýsa því yfir á Alþingi að ekki standi til að afleggja jöfnun á flutningskostnaði á olíu — hef ég ákveðinn fyrirvara. Ef það reynist rétt að menn noti ekki hagkvæmar leiðir til að flytja sement er það auðvitað mjög bagalegt og þá er það spurning um leið hvort hugmyndir hæstv. iðnrh. um jöfnunarsjóð á flutningum sem ég gerði að umtalsefni áðan fela ekki í sér sömu annmarka á þeim flutningsjöfnunarsjóði eins og flutningsjöfnunarsjóði sements. Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan munu menn ekki leita hagkvæmustu leiða til að flytja vöru til og frá vegna þessa atriðis. Ef satt er er það auðvitað mjög alvarlegt mál.

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra lagði til að þessu máli yrði vísað til hv. efh.- og viðskn. og er það auðvitað alveg eðlilegt. Ég vil hér og nú óska eftir því að það verði skoðað. Sú ósk kemur fram formlega úr ræðustól Alþingis að hv. iðnn. fái þetta frv. líka til meðferðar og umsagnar frá hv. efh.- og viðskn. Þó að þetta sé skattamál og eigi þá heima hjá efh.- og viðskn. er þetta líka byggðamál og þau heyra undir iðnn. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt að iðnn. fái að fjalla um þetta frv. líka, kosti þess og galla við að leggja þetta niður. Ég vil að við förum í gegnum þetta og vil enda mál mitt með því að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hún vilji beita sér fyrir því að hv. iðnn., nefnd byggðamála á Alþingi, fái líka að fjalla um þetta frv. og gefa umsögn um það.

[18:23]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er með ólíkindum hvernig hv. þm. Kristján L. Möller fer um þau mál er varða flutningskostnað út á landsbyggðina. Hann hefur í vetur og undangengin þing talað mikið um að stjórnvöld hafi sí og æ hækkað skatta og skyldur hvað varðar flutningskostnað.

Ég hef áður greint frá því úr ræðustól að núv. ríkisstjórn hefur gert ýmislegt til að lækka flutningsgjöld út á land. Vegur þá langmest að tollar sem voru 30% á flutningatækjum eru nú komnir í 0 sem skiptir verulega miklu máli.

Virðisaukaskatturinn er auðvitað upp tekinn og situr þá ekki eftir inni í flutningafyrirtækjunum eins og hann gerði áður fyrr þannig að þarna munar frá því sem áður var um helming á innkaupum á þessum flutningatækjum frá því sem áður var.

Svo má ekki gleyma því að vegirnir okkar hafa styrkst og batnað þannig að nú er heimilt að vera með miklu þyngri æki á vegunum en áður var og það er klárlega sparnaður í þessu flutningskerfi. Þannig geta menn nú verið með 44 tonn af æki, og allt upp í 49 tonn ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði. Þannig er einmitt sementið flutt í þessum stærstu flutningaækjum. Þetta er hreinn sparnaður og hefur orðið til lækkunar á flutningskostnaði. Þetta er líklega í annað skipti sem ég nefni þetta af því að það er óþolandi að menn skuli í síbylju vera að tala um hækkanir á sköttum þegar þeir hafa lækkað og orðið til þess að flutningskostnaður út á landsbyggðina hefur lækkað.

[18:25]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg með ólíkindum að hv. þm. Kjartan Ólafsson sem er kosinn af landsbyggð skuli enn einu sinni reyna að telja fólki trú um það, og okkur hér, að flutningsgjöld hafi lækkað. Mér er alveg sama um þessa demparalækkun og allt þetta tal úr 44 tonnum í 49 tonn. Vafalaust er þetta allt hið besta mál, og lækkun á tolli á flutningatækjum úr 30% niður í 0% er hið besta mál.

Eftir stendur, virðulegi forseti, og það á hv. þm. Kjartan Ólafsson, landsbyggðarþingmaður eins og ég er, að hafa í huga, að opinberar tölur sýna fram á að þungaskattur og greiðslubyrði þungaskatts flutningabíls sem ekur 120–140 þús. km — það er mjög algengt og jafnvel meira — hefur hækkað um 45% frá árinu 1998, frá því að þær breytingar voru gerðar sem þá voru gerðar. Ég trúi því bara ekki eitt augnablik að hv. þingmaður geri sér ekki grein fyrir því að flutningsgjöld til og frá landsbyggðinni hafa hækkað allsvakalega. Það vita allir. Viti hann það ekki hefur einhver annar en ég verið að reyna að kenna hv. þingmanni að skoða og rýna í flutningstölur. Ég trúi því ekki að í kjördæmi hans ræði atvinnurekendur og aðrir ekki um þessi flutningsgjöld eins og gert er í öðrum landsbyggðarkjördæmum þar sem þetta er einn svívirðilegasti og versti landsbyggðarskattur sem á landsbyggðina er lagður.

[18:27]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frv. sem hæstv. iðnrh. flytur, frv. til laga um afnám laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Það er kannski talandi dæmi um það hvernig stefna þessarar ríkisstjórnar, þá ekki hvað síst ráðherra Framsfl., birtist í raun íbúum hinna dreifðu byggða landsins hvað jöfnun aðstöðumunar varðar. Ég segi Framsfl. vegna þess að að öðru jöfnu mætti maður hafa væntingar til Framsfl. og ráðherra hans um að gæta að samkeppnisstöðu dreifbýlisins, samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja og einstaklinga úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Einmitt ráðherrar Framsfl. ættu að hafa það í huga. Svo virðist samt vera þveröfugt og ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er að reyna á einhvern hátt að þvo af flokknum ábyrgð og skyldur gagnvart dreifbýlinu.

Það er dapurt, hæstv. ráðherra. Hér er verið að flytja frv. um að fella niður jöfnun á flutningskostnaði á sementi. Þegar rætt var um sölu á Sementsverkmiðjunni fyrir rúmu ári var einmitt lögð áhersla á hversu mikilvægt það væri að við söluna yrði bæði tryggð áframhaldandi framleiðsla á innlendu sementi, innlend sementsframleiðsla hér á landi, og jafnframt líka að tryggja að neytendur, einstaklingar og fyrirtæki vítt og breitt um landið, nytu jafnræðis hvað varðaði verð á

innlendu sementi. Það var einmitt rætt um það í tengslum við sölu Sementsverksmiðjunnar hvernig mætti tryggja áfram þá jöfnun sem hafði farið fram í gegnum framleiðslu og sölu á sementi frá Sementsverksmiðjunni meðan hún var eign ríkisins.

Þá var rætt um að setja mætti þær kvaðir varðandi sementsframleiðsluna að afgreiðslustaðir yrðu á ákveðnum stöðum á landinu, bæði fyrir laust og sekkjað sement, þar sem framleiðandinn væri skyldaður og þá jafnvel styrktur til þess að geta selt sement á sama verði hvarvetna á landinu. Í þeirri umræðu var t.d. horft til sjóflutninganna og ég harma það að sjóflutningar á sementi skuli vera lagðir niður. En þá var einmitt horft til þess að hægt væri að semja um ákveðna afhendingarstaði þar sem sement væri afgreitt, flutt á sjó og afgreitt á jöfnunarverði og yrðu þeir staðir jafnvel á Snæfellsnesi eða a.m.k. á Patreksfirði, Ísafirði, á ákveðnum stöðum á Norðurlandi og ákveðnum stöðum fyrir austan og fyrir Suðausturlandi og Vestmannaeyjum. Þá yrði tryggt að á þessum stöðum væri sement selt á jafnaðarverði um land allt og jafnframt reynt að hafa áhrif á hagkvæmasta flutningsmátann.

Ég man að þetta var rætt í tengslum við söluna á Sementsverksmiðju ríkisins til einkaaðila þannig að sala á Sementsverksmiðjunni þýddi ekki jafnframt að sú jöfnun sem hafði verið náð í gegnum starfrækslu Sementsverksmiðjunnar yrði ekki fullkomlega felld niður. En þetta hefur nú farið á allt annan veg því að nú flytur hæstv. iðnrh. og byggðamálaráðherra Framsfl. frv. um að fella niður alla jöfnun á flutningskostnaði sements.

Ég innti hæstv. ráðherra eftir því hvort ráðherrann vissi hvað þetta þýddi í aukningu kostnaðar á sementi víða um land en hæstv. ráðherra gat ekki komist til þess að svara því í því stutta andsvari sem var í upphafi umræðunnar. En ég vil áfram inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða áhrif þetta hefur. Hver er flutningskostnaðurinn á sementi? Hver mun hann verða eftir þessar breytingar?

Það er líka dapurlegt að verða að vitna til þess að nú skuli vera keyrt fram frv. um að fella niður þá litlu jöfnun sem var á einu þýðingarmesta hráefni til byggingar í landinu, sementi, fella niður þá litlu jöfnun sem þar er í gangi en vera samtímis að þykjast vera að ræða um að taka þurfi upp aðgerðir til jöfnunar á flutningskostnaði í landinu. Ég minntist á það í andsvari mínu við hæstv. ráðherra að á síðasta vetri var mjög rætt um flutningskostnaðinn. Þá lét hæstv. samgrh. vinna skýrslu um flutningskostnað í landinu, hvernig hann liti út gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum vítt og breitt um landið og þá kom í ljós að það munaði kannski gríðarlega fyrir viðkomandi staði í verði á þeim vörum sem þeir þurftu að fá hvað það hækkaði við flutningskostnaðinn. Það munaði kannski yfir 70 eða jafnvel yfir 100% í sumum tilvikum hvað flutningskostnaðurinn jók verð á vörunni. Og svo þegar við bættist að um helmingur þess kostnaðar voru skattar til ríkisins þá var ríkið í raun að skattleggja fjarlægðir frá höfuðborgarsvæðinu. Fjarlægðin var allt í einu orðin tekjustofn per se. Maður héldi nú að annað lægi beinna við af hálfu ríkisins en að gera fjarlægðina að tekjustofni, það lægi frekar fyrir að gera þveröfugt að jafna þann mun sem verður á samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja við mismunandi flutningskostnað og að það lækkaði sín gjöld.

Seint í haust var hér ákveðin breyting á flutningsjöfnunarsjóði sements sem átti að taka gildi frá og með 1. janúar 2004. Þar sem ég er með bréf frá Sementsverksmiðjunni, dagsett á Akranesi 30. desember 2003, til viðskiptaaðila Sementsverksmiðjunnar hf., vil ég vitna til þess hér, með leyfi forseta.:

„Flutningsjöfnunarsjóður sements hefur tilkynnt breytingar á greiðslum úr sjóðnum frá og með 1. janúar 2004 sem hafa í för með sér lækkun greiðslna í flestum tilvikum, einkum á sekkjuðu sementi og hlutfallslega meira eftir því sem vegalengdin er lengri. Það samkomulag hefur orðið milli fyrirtækisins og Flytjanda hf. að frá og með 1. janúar 2004 innheimtir Flytjandi hf. flutningskostnað hjá kaupanda samkvæmt gildandi taxta sínum hverju sinni, en kaupandi gerir síðan kröfu á flutningsjöfnunarsjóð samkvæmt gildandi taxta sjóðsins hverju sinni. Rétt er að benda á að mismunur verður á þessum greiðslum í öllum tilfellum nema einu, kaupanda í óhag. Kaupanda er að sjálfsögðu heimilt að breyta flutningsháttum ef hann getur með því lækkað kostnað við flutningana."

Sem sagt frá 1. janúar og fram að gildistöku þessa lagafrv. sem hæstv. iðnrh. er hér að leggja fram og gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda 1. júní, að mig minnir, gilda þær reglur sem þarna eru kynntar.

Þá gefur flutningsjöfnunarsjóður sements út viðmiðunartölur um flutningskostnað sem hann vill miða við varðandi endurgreiðslu. Og ef við skoðum þær tölur sem hér eru settar fram er t.d. flutningskostnaður til Kirkjubæjarklausturs samkvæmt tillögum sjóðsins 2.673 kr. á tonn. Flutningsjöfnunarsjóður gaf sem sagt út þessa viðmiðun.

Nú skyldi maður halda að þetta hefði átt að vera eitthvað sem flutningsjöfnunarsjóður hefði verið búinn að fá einhvern rökstuðning fyrir. En þá skulum við sjá hverju flutningsfyrirtækið Flytjandi svarar og hvernig þeim samningum var háttað. Með bréfi, dags. 1. janúar 2004, til Sementsverksmiðjunnar varðandi þetta erindi svarar Flytjandi þessu máli og ég leyfi mér að vitna til þess, með leyfi forseta:

„Vegna ákvörðunar stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements um flutningstaxta fyrir akstur á sekkjuðu sementi frá og með 1. janúar 2004 telur Flytjandi hf. sér ekki fært að flytja sement á þeim gjöldum. Til að einfalda málið setjum við fram eftirfarandi viðmiðunarverð sem gilda þegar sement er flutt í gegnum flutningskerfi Flytjanda."

Þetta var sá aðili sem flutningsjöfnunarsjóður taldi sig vera búinn að semja við um flutninginn og hann er þá með allt annað verð en Flytjandi vill síðan flytja sementið á.

Af því að hæstv. ráðherra minntist á að það hefði verið mjög lítill hvati í núverandi kerfi til þess að leita hagkvæmustu leiða í flutningi, sem ég vil í sjálfu sér mótmæla ef rétt hefði verið á málum haldið, þá virðist sá hvati a.m.k. ekki vera svo mikill að verð sem Flytjandi er reiðubúinn að flytja vöruna á sé neitt í líkingu við það sem flutningsjöfnunarsjóður taldi hæfilegt að miða við.

Ég vil leyfa mér að vitna í nokkur verð sem Flytjandi hefur gefið upp um að hann vilji taka fyrir flutning á sekkjuðu sementi:

Til Kirkjubæjarklausturs 4.287 kr., Djúpavogs 7.247 kr. og Breiðdalsvíkur 7.877 kr. Og ef við förum vestur, til Patreksfjarðar 5.886 kr., Þingeyrar 6.906 kr., Flateyrar 7.076 kr., Ísafjarðar 6.816 kr. og Suðureyrar 7.046 kr.

Þetta eru þau verð sem þeir eru reiðubúnir að flytja á sem er nálægt því að vera nærri því tvöfalt það verð sem flutningsjöfnunarsjóður vildi meina að greiða ætti fyrir þennan flutning.

Það mun síðan muna um það þegar þátttaka flutningsjöfnunarsjóðs fellur niður að þá kemur allur þessi kostnaður af fullum þunga á þá sem eru að kaupa þessa vöru.

Virðulegi forseti. Það er því alveg makalaust að flytja hér frv. um að fella niður þá litlu jöfnun sem í gangi er þó svo að hún hafi í sjálfu sér þurft endurskoðunar við, en vera samtímis með ákveðin vilyrði og loforð um að endurskoða þetta flutningskerfi í heild sinni með það að markmiði að taka upp jöfnun á flutningskostnaði samkvæmt ákveðnum skilyrðum til þess að jafna samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu í landinu. Því var lofað fyrir síðustu alþingiskosningar í umræðum um flutningskostnað á síðasta vetri að það yrði gert og það yrði eitt af forgangsmálum. En nú er þetta bara orðið smámál og eins og hæstv. ráðherra komst að orði áðan „komi til jöfnuðar". Það var ekki það orðalag sem notað var fyrir kosningarnar í vor. Þá var bara talið nauðsynlegt að einhenda sér í að finna þær leiðir sem gætu leitt til lækkunar flutningskostnaðar og jöfnunar á samkeppnisstöðu atvinnulífs og búsetu í landinu. Það hefði verið miklu brýnna að vinna að þessu en að keyra í gegn hér að fella niður þá litlu jöfnun sem í gangi er.

Tökum t.d. samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar í landinu. Áður var jöfnunarverð á útflutningi á fiski þannig að ef aðilar áttu ekki aðgang að útflutningshöfn var varan flutt til næstu útflutningshafnar og þeim kostnaði var jafnað út. Núna eru bara örfáar útflutningshafnir. Eru þær ekki þrjár? Eskifjörður, Reykjavík og Hafnarfjörður. Ég man ekki hve margar útflutningshafnir eru á fiski. Það er því orðinn gríðarlegur flutningur núna, verið að flytja kannski fisk til útflutnings landveg frá Vestfjarðahöfnunum, frá Norðurlandshöfnunum o.s.frv. til næstu útflutningshafnar, en þessi kostnaður fellur nú alfarið á viðkomandi fiskframleiðendur. Og sér þá hver í hendi sér með skipan þessara mála t.d. hvað útflutningshafnir varðar og stöðu sjóflutninganna hér við land og stöðu þessa jöfnuðar sem við viljum hafa sem er felldur þarna niður, hversu mjög þetta skerðir samkeppnishæfni útflutningsatvinnugreinanna.

Áfram er bara keyrt á þetta sama að fella niður alla jöfnun. Hún er samkeppnishamlandi, hún truflar samkeppni. En ef það er eitthvað sem truflar í raun samkeppnishæfnina þá er það misréttið sem á sér stað í gegnum flutningskostnaðinn að og frá útflutningshöfnum og að og frá meginfyrirtækjum sem flytja inn vörur sem koma flestar inn á höfuðborgarsvæðið og er síðan dreift út á land. Það er einmitt þetta sem kannski skekkir mest samkeppnisstöðuna. Og mér fyndist að hæstv. ráðherra samkeppnismála ætti að vera meira upptekin af því hvernig á að jafna samkeppnisstöðu atvinnulífs og búsetu frekar en að auka á þann mismun. Og það frv. sem hæstv. ráðherra er hér með er með eindæmum, liður í því hjá hæstv. ríkisstjórn, hæstv. ráðherrum Framsfl. að skekkja enn frekar samkeppnisstöðu atvinnulífs og búsetu í landinu með því að fella niður þá litlu jöfnun sem þó í gangi var á sementsflutningum í landinu.

Virðulegi forseti. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum af hálfu hæstv. ráðherra. Ég mótmæli þeirri forgangsröðun sem hér er sett um að stöðugt skuli felld niður, ráðist á og skert samkeppnisstaða atvinnulífs og búsetu úti á landi með lagasetningum af hálfu ráðherra.

[18:46]

Útbýting þingskjala:

Afskriftir viðskiptabankanna, 515. mál, svar viðskrh., þskj. 978.

Miðlun upplýsinga á flugvöllum, 717. mál, fsp. SigurlS, þskj. 1066.

Neyðarmóttaka vegna nauðgana, 560. mál, svar heilbrrh., þskj. 980.

Stuðningur við börn með Goldenhar-heilkenni, 718. mál, fsp. VF, þskj. 1067.

Styrkir til menningar heyrnarlausra, 716. mál, fsp. SigurlS, þskj. 1065.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:47.

---

79. FUNDUR

þriðjudaginn 9. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál í 279. máli, sbr. 42. gr. þingskapa.
2. Einkaleyfi, stjfrv., 303. mál, þskj. 348, nál. 1043, brtt. 1044. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 683. mál, þskj. 1012. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 651. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
7. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 338. mál, þskj. 412, nál. 970. — 2. umr.
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 314. mál, þskj. 360. — 3. umr.
9. Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, þáltill., 542. mál, þskj. 817. — Frh. fyrri umr.
10. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517. — Fyrri umr.
11. Þingsköp Alþingis, frv., 458. mál, þskj. 660. — 1. umr.
12. Hlutafélög, frv., 459. mál, þskj. 661. — 1. umr.
13. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 565. mál, þskj. 844. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 720. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 1069.

Útlendingar, 719. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 1068.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál í 279. máli, sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sólveig Pétursdóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Ögmundur Jónasson (C),
Jónína Bjartmarz (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B).

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 303. mál (EES-reglur, líftækni). — Þskj. 348, nál. 1043, brtt. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Brtt. 1044,1 samþ. með 40 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JKÓ, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, SP, SJS, StB, VF, ÞBack, ÖS.

1 þm. (AtlG) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁMagn, ÁMM, BjarnB, BBj, DO, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, HBl, JÁ, JBjarn, JBjart, KLM, MÁ, SF, VS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1044,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1044,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1044,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1044,5 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 652. mál (stjórn). — Þskj. 969.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lokafjárlög 2001, frh. 1. umr.

Stjfrv., 653. mál. — Þskj. 982.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 683. mál (metangas og rafmagn). — Þskj. 1012.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 651. mál (peningaþvætti). — Þskj. 968.

[13:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni. Hún er prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu eins og venja er til.

Varðandi efnisatriði nægir að nefna að með þessari ákvörðun er verið að fella inn í EES-samninginn ákvörðun tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti. Þessi tilskipun felur í sér breytingar á eldri tilskipun um þetta efni sem er hluti EES-samningsins. Með þessum breytingum er gildissvið tilskipunarinnar rýmkað auk þess að gerðar eru ýmsar smærri tæknilegar breytingar á eldri tilskipun.

Þessi tilskipun kallar á breytingar á almennum hegningarlögum hvað varðar svik sem beinast að fjárhagslegum hagsmunum en í dómsmrn. er verið að vinna að gerð lagafrv. af þessu tilefni.

Ég legg til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412, nál. 970. [13:41]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanrmn. á þskj. 970. Þetta er mál nr. 338, frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning um þátttöku lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðildarsamningur EES var gerður í Lúxemborg 14. október 2003 og undirritaður af Íslands hálfu 11. nóvember síðastliðinn. Jafnframt er lagt til að þær breytingar sem gerðar eru á meginmáli EES-samningsins með aðildarsamningnum fái lagagildi hér á landi.

Þingheimi er vel kunnugt um samningaviðræður um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Þær tóku langan tíma. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að óhóflegar kröfur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um tæplega 40-föld framlög til þróunarsjóða hafi komið á óvart. Þá verð ég að segja að framkvæmdastjórnin hafi farið nokkuð einkennilega fram í málinu enda kom síðar á daginn að hún hafði ekki tryggt sér umboð aðildarríkja til slíkra krafna. En samningar náðust að lokum.

Ég vil nota tækifærið og þakka utanríkisþjónustunni fyrir framgöngu hennar í málinu. Ekki verður annað sagt en unnið hafi verið skipulega og fagmannlega að málinu af Íslands hálfu.

Meginniðurstaða viðræðnanna varð að stofnaður verður nýr þróunarsjóður EFTA og verða framlög EFTA-ríkjanna til sjóðsins fimmfalt hærri en þau hafa verið undanfarin fimm ár. Framlag Íslands verður um 500 millj. kr. á ári og mun mestur hluti framlagsins renna til nýju aðildarríkjanna. Íslenska ríkið hefur lagt áherslu á að þróunarsjóðurinn styrki einkum verkefni á sviði sjávarútvegs, hagnýtingar jarðhita og orkuvinnslu en á þeim sviðum getur Ísland sérstaklega miðlað þekkingu og reynslu. Hugsanlega væri möguleiki á að Íslendingar færu í samstarfsverkefni með þeim ríkjum sem tryggði okkur ákveðin áhrif.

Við aðild nýju ríkjanna að Evrópusambandinu falla niður gagnkvæmir fríverslunarsamningar þeirra og Íslands. Af þeim sökum var fyrirséð að viðskiptakjör fyrir ákveðnar afurðir mundu versna. Unnið var að þessu máli af hálfu utanríkisþjónustunnar og eftir diplómatískum leiðum.

Þá er rétt að geta þess að utanrmn. var í heimsókn í Varsjá í Póllandi í nóvember árið 2002. Þá var tækifærið notað til að koma sjónarmiðum Íslendinga til skila, til þingmanna, ráðherra og embættismanna sem nefndin fundaði með. Hagsmunir Íslands og nýju aðildarríkjanna fóru saman að þessu leyti enda kom fljótlega í ljós að þau kærðu sig ekki um hærra verð á þeim vörum sem áður höfðu verið keyptar frá Íslandi.

Rétt er að nefna að samningar tókust um niðurfellingu tolla á frosnum síldarsamflökum frá Íslandi og endurflokkun í tollskrá ESB þannig að sú afurð fær sömu tollmeðferð og frosin síldarflök. Jafnframt náðust samningar um að kvótar yrðu settir fyrir tollfrjáls viðskipti með helstu vörutegundir sem viðskipti hafa verið með og notið hefðu betri viðskiptakjara samkvæmt gildandi fríverslunarsamningum.

Stækkun Evrópusambandsins tekur gildi þann 1. maí nk. Til að stækkun EES taki gildi þarf hvert aðildarríki ESB að fullgilda stækkun EES í samræmi við stjórnskipunarlög sín. Því miður tafðist undirritun stækkunarsamninga EES um einn mánuð í haust þar sem ágreiningur reis milli Liechtenstein annars vegar og Tékklands og Slóvakíu hins vegar, m.a. um viðurkenningu á fullveldi. Bráðabirgðasamkomulag náðist þannig að unnt var að undirrita stækkunarsamningana af hálfu EES og EFTA-ríkjanna en að sjálfsögðu tafði þetta fullgildingarferlið. Utanrmn. leggur sérstaka áherslu á að stækkun EES taki gildi á sama tíma og stækkun Evrópusambandsins og samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað bendir allt til þess að það gangi eftir. Eftir stækkun verða aðildarríki Evrópusambandsins 25 talsins og innan EES verða þá 28 ríki.

Nefndin fékk á sinn fund Gunnar Snorra Gunnarsson, Grétar Má Sigurðsson, Bergdísi Ellertsdóttur og Finn Þór Birgisson frá utanrrn., Hönnu S. Gunnsteinsdóttur frá félmrn., Kristrúnu Kristinsdóttur frá dómsmrn., Gústaf Adolf Skúlason og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands.

Þá ákvað nefndin að senda málið til umsagnar og var það sent ríflega 50 samtökum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Umhverfisstofnun og Verslunarráði Íslands. Þá bárust nefndinni upplýsingar og gögn frá Alþýðusambandi Íslands, utanrrn. og félmrn.

Nefndin tók til sérstakrar athugunar ákvæði samningsins um frjálsa för fólks. Gera verður ráð fyrir að töluverður fjöldi fólks frá nýju aðildarríkjunum, einkum Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, vilji freista gæfunnar á Íslandi. Íslenskt atvinnulíf þarf á erlendu vinnuafli að halda en hins vegar er nauðsynlegt að íslenskur vinnumarkaður sé vel undirbúinn fyrir fjölda útlendinga í atvinnuleit. Töluverður fjöldi útlendinga hefur verið hér við störf undanfarin missiri og virðast þeir almennt hafa fallið vel að íslensku samfélagi og reynst íslenskum atvinnurekendum gott vinnuafl. Framkvæmdirnar við Kárahnjúka, þar sem mikill fjöldi erlendra starfsmanna kemur í einu, hefur hins vegar vakið upp spurningar um hvort stofnanir samfélagsins, atvinnurekendur og verkalýðsfélög séu nægilega undirbúin.

Samkvæmt aðildarsamningi EES er einstökum ríkjum heimilt að beita sérstökum aðlögunartíma í allt að sjö ár frá gildistöku stækkunarsamninganna. Ríkisstjórnin lýsti því nýlega yfir að hún hygðist leggja til tveggja ára aðlögunartíma frá 1. maí 2004 til 1. maí 2006. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað munu flestöll ríki Evrópska efnahagssvæðisins beita tveggja ára aðlögunartíma en einhver hafa þegar lýst yfir lengri aðlögunartíma.

Varðandi einstök ríki er staðan í dag þannig, ef við lítum fyrst á EFTA-ríkin í EES, að í Liechtenstein er víðtæk

undanþága frá frjálsri för. Varðandi Noreg er líklegt að beitt verði tveggja ára aðlögunartíma. Með núverandi ESB-ríki, ef ég tel þau upp, er í Austurríki aðlögunarfrestur a.m.k. fimm ár. Belgía, tveggja ára aðlögunarfrestur, endurskoðað verði með röskun. Bretland opnar frá fyrsta degi en með hertu eftirliti, og öryggisráðstafanir verða sömuleiðis gerðar ef fram kemur röskun. Varðandi Danmörku opna þeir frá fyrsta degi en með hertu eftirliti þannig að það er líklega ekki opnun í raun. Í Finnlandi verður aðlögunarfrestur ákveðinn líklega í fimm ár. Frakkland, aðlögunarfrestur í a.m.k. fimm ár, það verður endurskoðað eftir tvö ár. Grikkland opnar ekki fyrr en 2006, jafnvel síðar. Holland opnar frá 1. maí 2005, þ.e. að 22 þús. launþegum verður heimilað að koma fyrir 2006. Írland, tveggja ára aðlögunarfrestur, a.m.k. til að byrja með. Ítalía, aðlögunarfrestur nýttur í allt að sjö ár. Lúxemborg opnar eftir tvö ár, fram að því gilda núverandi reglur. Portúgal, afstaða óljós, veita atvinnuleyfi eftir þörf vinnumarkaðar. Spánn, svipaðar aðgerðir og í Danmörku, þ.e. að launþegar geta ekki komið í atvinnuleit, verða að vera með vinnu til að fá atvinnuleyfi og sækja um áritun í heimalandi áður en þeir fara utan. Svíþjóð opnar ekki fyrr en 2006. Þýskaland, aðlögunarfrestur í a.m.k. fimm ár.

Þetta eru upplýsingar sem nefndin fékk frá utanrrn. og í ljósi þeirra telur nefndin hyggilegt að beita aðlögunartíma á Íslandi. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að aðlögunartíminn fram til 2006 verði vel nýttur til að undirbúa íslenskan vinnumarkað fyrir stóran, sameiginlegan vinnumarkað á EES-svæðinu. Á það var bent í utanrmn. að nauðsynlegt væri að gæta þess að samfélagið og stofnanir þess væru undirbúin fyrir aukinn fjölda erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra og má í því sambandi einkum nefna félags- og skólakerfi. Ljóst er að útlendum starfsmönnum fylgja gjarnan fjölskyldur þeirra og þá þarf samfélagið að vera tilbúið til að taka við börnum í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Huga þarf að heilbrigðis- og almannatryggingakerfi o.s.frv.

Á fundi utanrmn. með þingmönnum frá Evrópuþinginu., sem haldið var þann 17. febrúar sl., kom skýrt fram að menn vilja taka stöðuna fyrst eftir tvö ár til að sjá hvort og þá hvaða vandamálum menn standa frammi fyrir. Ekki er óeðlilegt að lengri aðlögunartími en lagður er til í upphafi verði nauðsynlegur og fylgjast þarf vel með hvað önnur ríki munu gera á næstu missirum. Eins og staðan er í dag er ekki ósennilegt að mörg ríki muni framlengja aðlögunartíma sinn.

Nefndin fór sérstaklega yfir hvaða lagbreytingar væru nauðsynlegar í tengslum við fullgildingu stækkunar samningsins en engin önnur lagafrumvörp fylgdu því frv. sem hér um ræðir. Samkvæmt upplýsingum frá félmrn. og dómsmrn. þarf að gera breytingar á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir 1. maí nk. til að takmarka megi frjálsa för fólks frá nýju aðildarríkjunum. Nefndin leggur áherslu á að vinnu við þau frv. verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi fyrir 1. maí nk. Þá bendir nefndin á að mikilvægt virðist að taka til athugunar framkvæmd laga nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

Hæstv. forseti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst Íslandi vel í meginatriðum og opnað aðgang að innri markaði Evrópusambandsins, fjármagnsmarkaði og vinnumarkaði. EES-samningurinn er einn mikilvægasti samningur Íslands á viðskiptasviðinu og við höfum þurft að hafa töluvert fyrir því að koma honum á og viðhalda honum. Stækkun EES-svæðisins er fagnaðarefni og okkar bíða vafalaust ný tækifæri á enn stærri markaði en jafnframt má reikna með að það geri meiri kröfur til okkar og stofnana samfélagsins.

Nýju aðildarríkin verða í fyllingu tímans aðilar að Schengen, þegar þau hafa uppfyllt hinar ströngu kröfur sem gerðar eru til Schengen-ríkjanna. Við stækkunina verða til nýir nágrannar Evrópusambandsins og ytri landamæri færast út og að ríkjum sem áður voru í meiri fjarlægð.

Við höfum barist gegn skipulagðri brotastarfsemi eins og smygli á fólki. Schengen-eftirlitskerfið hefur þar sannað gildi sitt en kerfið verður aldrei traustara en veikasti hlekkurinn. Um leið og fólk er komið inn á Schengen-svæðið á það greiða leið um allt EES-svæðið. Ég ítreka þess vegna mikilvægi þess að standa vörð um áreiðanleika kerfisins og að tryggja að ný aðildarríki uppfylli strängustu kröfur áður en þau verða hluti af Schengen-svæðinu. Aðlögun nýju aðildarríkjanna að EES-samstarfinu er langtímaverkefni, það er ljóst, en við bjóðum þau velkomin til samstarfs innan EES og óskum þeim jafnframt til hamingju með þann árangur sem þau hafa náð heima fyrir og á alþjóðavettvangi.

Hæstv. forseti. Samstaða var um málið í utanrmn. en einn nefndarmanna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, ritar undir nál. með fyrirvara. Utanrmn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Steingrímur J. Sigfússon, en hann ritar undir með fyrirvara eins og ég gat um áðan. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[13:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Eins og fram kom í ágætu yfirliti formanns utanrmn. liggur ljóst fyrir að Samf. styður það frv. sem hér er til umræðu og síðan væntanlega afgreiðslu á næstu vikum. Samf. hefur allt frá því að umræður hófust um stækkun Evrópusambandsins stutt baráttu einstakra ríkja sem sóttust eftir inngöngu. Ekki síst ber að staldra við baráttu vina okkar í Eystrasaltsríkjunum í þeim efnum. Við samgleðjumst þessum nýju ríkjum Evrópusambandsins með að vera komin í hóp annarra 15 ríkja sem þar voru fyrir. Það liggur ljóst fyrir að frá og með vordögum er eðli og inntak Evrópusambandsins að sumu leyti breytt, vægi þess og þyngd hefur sannarlega stóraukist, landfræðilega hefur svæðið vaxið umtalsvert. Nú horfum við til þess að Evrópusambandið verður á vordögum samband 450 millj. manna sem teljast til 25 þjóðríkja.

Þessi nýju ríki sem við sjáum fram á að mæti til leiks innan Evrópusambandsins eru tíu talsins og þar af eru átta sem telja má til ríkja sem lutu áhrifavaldi Sovétríkjanna forðum daga. Raunar voru þrjú þeirra hluti af því valdi í Sovétríkjunum. Þess vegna er þetta vafalaust þannig, og við vitum það mörg hver hér inni af tengslum við kollega okkar í þessum ríkjum, að hér eru stórtíðindi á ferð sem jafna má til þess tíma þegar þau losnuðu undan ægivaldi Sovétvaldsins og fengu sjálfstæði, stundum eiginlegt sjálfstæði og stundum raunverulegt sjálfstæði.

Hér eru stórpólitísk tíðindi í alþjóðamálum á ferðinni og þess vegna var mjög mikilvægt að Ísland, sem í raun eitt þriggja landa stendur utan þessa Evrópusambands en er þó

innan svæðis, stæði rétt að málum hvernig mætti aðlaga hinn mikilvæga EES-samning þessum nýja veruleika. Það þekkjum við og höfum fylgst með að hefur ekki gengið algerlega þrautalaust fyrir sig. Ég held að þegar á allt er litið geti Alþingi Íslendinga og hin íslenska þjóð allvel unað við þá niðurstöðu sem þó fékkst.

Til mikillar einföldunar má segja að til þess að tryggja áframhaldandi og ekki síðri fríverslun með sjávarafurðir gagnvart hinum nýju ríkjum, og þá einkanlega Póllandi, kom í staðinn mjög hækkuð greiðsla í þróunarsjóð Evrópusambandsins. Það er veruleg upphæð samkvæmt þessari niðurstöðu og samkvæmt þessu frv. sem við erum hér að staðfesta, þ.e. 500 millj. á ári hverju fyrst um sinn. Að minni hyggju er það þó til þess vinnandi að tryggja að EES-samningurinn geti áfram staðið fyrir sínu.

Það er einnig rétt að rifja upp, frú forseti, að það er ekki eingöngu það að við jafnaðarmenn og Samf. hafi verið í fararbroddi til að styðja og styrkja, eins og okkur var kostur að koma að því máli, baráttu hinna nýfrjálsu ríkja til að komast undir regnhlíf Evrópusambandsins eða eftir efnum og ástæðum Atlantshafsbandalagsins, heldur var það líka þannig þegar EES-samningurinn varð til, sem við erum nú að gera grundvallarbreytingar á og að minni hyggju styrkja allverulega, að það var undir leiðsögn jafnaðarmanna í upphafi 10. áratugarins.

Það voru ekki alveg allir í þessum sal jafnánægðir og kátir, frú forseti, með þá aðkomu mála. Mér er minnisstætt að ýmsir flokkar og ýmsir þingmenn tóku sveigjur og beygjur í þeim efnum. Sumir börðust hart og harkalega gegn þessum samningi, greiddu atkvæði gegn honum. Núv. flokkur hæstv. utanrrh. þverklofnaði í málinu. Helmingur flokksmanna greiddi atkvæði gegn EES-samningnum, helmingur sat hjá, þar á meðal hæstv. utanrrh.

Sjálfstfl. sem þá var í ríkisstjórn með jafnaðarmönnum hafði fyrir kosningarnar 1991 lagst gegn þessum samningum og lagt áherslu á tvíhliða samning við einstök aðildarríki Evrópusambandsins en hlustaði á rök og efnisatriði og studdi þetta mál heils hugar þegar til kastanna kom 1992 og 1993.

Nauðsynlegt er að rifja þetta upp, frú forseti, vegna þess að nú er auðvitað svo komið að allir vildu Lilju kveðið hafa, ja, því sem næst allir skulum við segja. (**SJS:** Og þið teljið samninginn ómögulegan?) Ég kem að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á eftir, ef hann kýs það. Nú er svo komið að meiri hluti þingmanna telur það algert grundvallaratriði að EES-samningurinn haldi gildi sínu og lífi sínu. Ég virði það auðvitað við hv. þm. og stjórnmálaflokka þegar þeir átta sig á því að veruleikinn hefur breyst og þeir hafi gert mistök áður og þeir eru menn að meiri þegar þeir viðurkenna mistök sín á fyrri tíð. Ég ætla ekki að staldra lengi við þetta, frú forseti, en taldi hins vegar mikilvægt að við færum yfir málið með þessum hætti og áttuðum okkur á forsögu þess.

Af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi láta í sér heyra í frammíkalli þá væri einmitt afskaplega fróðlegt að heyra svör hans í þessu efni, hvort það sé enn þá svo að hann og hans nýi flokkur standi gegn EES-samningnum, telji hann enn þá algerlega til óþurftar og það þurfi bara að kasta honum fyrir róða. Er það svo að afstaða hans sé enn með þessum hætti? Því að ég verð að viðurkenna, frú forseti, að mér hefur ekki verið alveg ljós afstaða Vinstri grænna til þess arna, enda er það yfirleitt þannig að maður veit þegar sá ágæti flokkur er á móti en sjaldnast verður maður var við að hann sé með nokkrum sköpuðum hlut. En hann gerir væntanlega grein fyrir afstöðu flokks síns í löngu máli á eftir, ef ég þekki hann rétt. (**SJS:** Hvað ert þú að reyna að gera?) En þrátt fyrir langar og um margt ágætar ræður hv. þm. um þessi efni verð ég að viðurkenna, frú forseti, að mér er ekki enn þá ljós afstaða hans til EES-samningsins, hvorki hins gamla né hins stækkaða, en það kemur væntanlega á daginn hver sú afstaða er. (Gripið fram í.) En við skulum ekki staldra við litla flokka í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Málið er stærra en svo að við skulum ekki eyðileggja umræðuna í þessum efnum. Við skulum horfa aðeins út fyrir túngarðinn og hann horfir þannig við okkur jafnaðarmönnum sem erum auðvitað alþjóðlegir í nálgun okkar á viðfangsefnum og viljum vera það, því það er auðvitað veruleiki sem við horfumst í augu við og eigum að horfast í augu við að Ísland vill vera og er aðili að samfélagi þjóðanna. (Gripið fram í.) Við höfum kosið að skipa okkur í raðir — er hv. þm. eitthvað órótt í salnum, frú forseti? Getur forseti gert eitthvað í því að stilla skap hans eða eigum við bara að hafa þetta svona? (**SJS:** Hvar er varaformaður Samfylkingarinnar?)

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gefa ræðumanni tækifæri til þess að klára ræðu sína.)

Það er aðallega vegna hans sjálfs sem ég bið hæstv. forseta að grípa inn í. Ég get svo sem alveg þolað þetta. En ég var að fara yfir það, frú forseti, að við jafnaðarmenn höfum allar götur viðurkennt það og ekki verið með nein undanbrögð í þeim efnum að við viljum tryggja og ganga til verka í samskiptum okkar við aðrar þjóðir með festu og ákveðni, með það auðvitað í farteskinu að tryggja hagsmuni okkar, en algerlega óhræddir. Þannig gengum við til verka þegar EES-samningurinn var gerður og við höfðum rétt fyrir okkur þá. Sagan skrifar það einfaldlega og segir það. Á sama hátt höfum við verið allsendis óhrædd að tala máli þeirra ríkja, sumra þeirra sömu og hér um ræðir og eru að komast undir regnhlíf Evrópusambandsins og þá er ég að vísa til öryggisþáttar mála, þ.e. aðildar sumra þessara sömu ríkja að Atlantshafsbandalaginu.

Við höfum á sama hátt stutt það að þessi áður undirokuðu ríki ættu þess kost að komast í skjól lýðfrjálsra ríkja innan Atlantshafsbandalagsins, þar á meðal þeirra ríkja sem ég nefndi sérstaklega til sögunnar áðan og við börðumst sérstaklega fyrir að losnuðu undan ofurvaldi kommúnismans, þ.e. Eystrasaltsríkjanna. Við gerum það hér algerlega hispurslaust og án allra undanbragða.

Þessi mál eru auðvitað sumpart tengd þó að þau séu það sumpart ekki. Þau eru tengd á þann veg, eins og ég gat um áðan, að mörg þessara ríkja sem nú eru að verða hluti af hinni nýju Evrópu hafa auðvitað sóst eftir aðild að Evrópusambandinu annars vegar og Atlantshafsbandalaginu hins vegar til þess að tryggja það til langframa að þau haldi frelsi sínu og sjálfstæði. Það er auðvitað svo að þó að Rússland hafi breyst allverulega, sem betur fer, á síðari árum þá er þar enn þá stórveldi á ferð sem vill hafa áhrif langt út fyrir sitt annars stóra ríki. Við Íslendingar hljótum að hafa sérstakan skilning á þessu ekki síst í ljósi sjálfstæðisbaráttu okkar sjálfra sem við höfum verið upptekin við að rifja upp með réttu núna á 100 ára afmæli heimastjórnar. Það var því ekki að ástæðulausu að það kom í hlut forvera hæstv. utanrrh., þáv. formanns Alþýðuflokksins, að fara á undan í baráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir sjálfstæði sínu, í baráttu þeirra fyrir að losna undan ofurvaldi sovétkommúnismans.

Allt ber þetta því að sama brunni, frú forseti, að við jafnaðarmenn höfum viljað ganga svona til verka og viljum enn

þá gera það. Því höfum við líka sagt það algerlega hispurslaust að tíminn stendur auðvitað ekki kyrr í hinu alþjóðlega samfélagi. Því höfum við sannarlega fengið að kynnast og þess vegna erum við einmitt hér í dag að ræða þetta frv. til laga sem okkur er gert og við erum nauðbeygð til að gera með góðu eða illu vegna þess að hlutir eru að gerast annars staðar. Þess vegna höfum við sagt að við skulum ekki endilega alltaf vera í því hlutverki í alþjóðastjórnmálum að þurfa að bregðast við áreiti annars staðar. Það skal ekki alltaf vera hlutskipti litla Íslands að þurfa að taka við áreiti, taka við og bregðast við einhverjum tíðindum sem ákveðin eru annars staðar. Því höfum við í Samfylkingunni sagt það fyrir og eftir kosningar og enginn munur þar á, og flokksmenn okkar fóru í gegnum það mál í lýðræðislegri kosningu, að sá tími er runninn upp að Ísland taki næsta skref og það er að leita eftir aðild að Evrópusambandinu, leggja þar fram aðildarumsókn. Það er auðvitað ekki umræðuefni dagsins í dag en það er svo sannarlega umræðuefni dagsins á morgun. Við fylgdumst öll með því sérstaklega á seinni hluta síðasta kjörtímabils og í aðdraganda alþingiskosninga að hæstv. utanrrh., sem fer fyrir þessu máli, var mikill talsmaður þess og sannarlega sá maður sem var í mesta návígi við þessa samningsaðila okkar og þekkir því vafalaust og sannarlega gerst til um stöðu þessara mála og hugsanlega þróun. Því væri fróðlegt ef hæstv. utanrrh. rifjaði aðeins upp í umræðum á eftir viðvörunarorð sín, skulum við segja, og spádómsorð um þróun mála innan Evrópusambandsins í kjölfar stækkunar og hvernig hann teldi hyggilegast fyrir Ísland um skemmri og lengri framtíð að bregðast þar við. Ég held að ég muni alveg rétt að hann hafi oftar en einu sinni og oftar en tvisvar haft þau orð uppi að EES-samningurinn yrði ekki til langframa sú vörn sem nægði okkur gagnvart viðskiptum, gagnvart stöðu okkar á hinum pólitíska vettvangi innan Evrópu, í öryggismálum o.s.frv.

Af því að ég hef séð það í fjölmiðlum að menn hafa haldið því fram að einhverra hluta vegna hafi formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., gersamlega þagnað þegar að þessari umræðu er komið, þá væri afskaplega fróðlegt ef hann verði nokkrum mínútum til þess að birta þingheimi framtíðarsýn sína í þessum efnum og hvort hún hafi að einhverju leyti breyst frá því sem var fyrir sex eða átta mánuðum. Hún hefur ekki breyst af hálfu okkar samfylkingarmanna. Við teljum að þrátt fyrir að mörgu leyti ánægjulegan samning sem eins og ég sagði áðan tókst þrátt fyrir miklar og erfiðar fæðingarhríðir, gefi hann okkur enga tryggingu fyrir því hvað gerist í framtíðinni því það liggur algerlega ljóst fyrir að stækkun Evrópusambandsins leiðir til ákveðinnar þróunar sem er engan veginn og getur aldrei orðið fyrirséð. Verið er að ræða stjórnkerfisbreytingar innan Evrópusambandsins og það allróttækar. Sumar þeirra eru nokkuð fyrirliggjandi en aðrar eru enn í umræðu. Ég hygg að öllum sé ljóst að vandi okkar Íslendinga gagnvart því að koma að ákvarðanatökuferlinu fram að þessu verður sýnu miklu meiri á næstu mánuðum og missirum en verið hefur. Ég held að um það þurfi ekkert að deila. Sumum finnst e.t.v. allt í lagi að það verði hlutskipti okkar áfram sem endranær að staðfesta tilskipanir sem þegar hafa átt sér stað og eru fyrirliggjandi, og ein slík birtist okkur rétt áðan í frv. sem hæstv. utanrrh. mælti fyrir, að það verði bara þannig — einhvers staðar í kringum 80% af lögum sem EES-samningurinn gerir okkur að staðfesta eiga rætur sínar í Brussel — að við verðum staðfestingarbatterí, að íslensk stjórnvöld hvort sem það er Alþingi ellegar ráðherra utanríkismála eða ráðherra einstakra fagráðuneyta geti með engu móti komið að þessu ferli. Ef menn meta það svo þá er það bara hin pólitíska ákvörðun hv. Alþingis.

Ég er hins vegar ekki sammála því. Ég held að litla Ísland eigi að hafa metnað til þess að koma í eins miklum mæli og nokkur kostur er að slíku ákvörðunarferli. Við verðum sannarlega aldrei stór í því sambandi, það liggur alveg ljóst fyrir. Við höfum hins vegar sýnt það í alþjóðlegu samstarfi fyrr og síðar að við höfum getað komið sjónarmiðum okkar vel á framfæri ef vel er að verki staðið.

Það var svo í því samhengi, af því að ég nefndi það til sögunnar, frú forseti, að ég sat ágætan fund í Kaupmannahöfn sl. föstudag þar sem menn voru að ræða samskipti Dana og Íslendinga í aðdraganda sjálfstæðisstofnunar og voru að stikla á þessum stóru atriðum í samskiptum þeirra þjóða, að þá sátu þar í pallborði samstarfsráðherra Íslands, Siv Friðleifsdóttir og danskur ráðherra nýlendumála og flóttamanna sem vakti sérstaka athygli á því og taldi að það mundi styrkja mjög verulega hið norræna samstarf ef sú yrði niðurstaðan að Ísland og Noregur yrðu aðilar að Evrópusambandinu innan tíðar. Hann benti m.a. á þá staðreynd að yrði niðurstaðan sú hefðu þessar norrænu þjóðir sem telja í kringum 25 millj. manna eða þar um bil, meira atkvæðavægi en t.d. Þýskaland sem telur þó í kringum 70 millj. manna. Það er því ekki alveg rétt eins og stundum hefur verið haldið fram að Evrópusambandið sé í raun samband hinna stóru sterku, Stóra-Bretlands, Þýskalands, Frakklands og Spánar, heldur er það þannig og það hafa þær Norðurlandaþjóðir sem hafa verið þar innan búðar, sumar lengi en aðrar skemur, sagt og fært rök fyrir æ ofan í æ.

Ég vildi fara yfir þetta í mjög grófum dráttum, frú forseti, og það leiðir auðvitað að þeirri niðurstöðu sem ég hef verið að gefa til kynna að sú niðurstaða er auðvitað verulegur styrkur fyrir okkur í öðru orðinu en hún gæti hins vegar skapað ákveðinn veikleika í hinu og þá veikleika inn í framtíðina því að hann vekur upp spurningar sem við erum í engu standi til að svara eins og sakir standa.

Formaður utanrmn. fór með réttu yfir vinnu nefndarinnar sem að mínu áliti var til mikillar fyrirmyndar. Nefndin gaf sér góðan tíma til að fara yfir ýmis þau álitaefni sem uppi voru og formaðurinn, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, gat þess réttilega að mestur tími fór í að ræða þá ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur pólitískt tekið um að Ísland grípi til heimildar í samkomulaginu um að fresta opnun vinnumarkaðarins um a.m.k. tvö ár. Alþýðusamband Íslands og aðilar vinnumarkaðarins komu á fund nefndarinnar og alþýðusambandsmenn voru til að mynda spurðir að því hvort þarna væri að finna ákveðna afstöðu til breytinga af þeirra hálfu því að ekki fyrir margt löngu var afstaða þeirra og raunar fleiri aðila að frjáls för fólks hvað vinnumarkað varðar væri eitt af grundvallaratriðum stækkunarinnar og ein af hinum styrku stoðum samningsins.

Nú hafa hins vegar flest aðildarríki Evrópusambandsins og raunar aðildarríki EES-samningsins kosið að fara þá leið að nýta sér ákvæðin til að fresta heimildunum, og við styðjum það. Það er ákveðin varúðarregla sem þar er gripið til. Ég vil hins vegar halda til haga, eins og um var getið í nál., að nefndin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvað gerist svo. Það sem verið er að horfa í er sá veruleiki að hin nýju aðildarríki eru misjafnlega á vegi stödd, atvinnuleysi í sumum þeirra er umtalsvert og áhyggjur ýmissa eru á þann veg að í þeim ríkjum komi til með að verða umtalsverður fólksflótti þar sem

stöðugur straumur fólks flytji frá þessum nýju aðildarríkjum til annarra ríkja Evrópusambandsins og EES-landanna þar sem atvinnuhorfur eru betri.

Þessar áhyggjur eru heldur ekkert nýjar af nálinni. Þær hafa ævinlega komið upp þegar breytingar hafa verið gerðar á Evrópusambandinu og stækkun hefur þar átt sér stað. Sumpart hafa þær haft við rök að styðjast og sumpart ekki. En tíminn einn mun leiða það í ljós. Við tökum undir það að athuguðu máli, og ekki síst í ljósi þess að önnur ríki ætla að fara þessa leið, að það sé sjálfsögð varúðarregla að halda svona á málum.

Að lyktum segi ég það eitt, frú forseti, að við styðjum málið og teljum brýnt að það nái fram að ganga hratt og vel. Það mun ekki standa á okkur samfylkingarmönnum að ganga frá lagafrv. fyrir tilskilinn tíma. Milli 1. og 2. umr. hefur farið fram ítarleg og góð vinna af hálfu utanrmn. og ég vænti þess að að lokinni 2. umr. málsins, sem verður væntanlega ítarleg og góð, sé Alþingi vel í stakk búið til að ganga frá málinu í 3. umr.

[14:18]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. flutti hér ágæta tölu. Hann talaði m.a. um að Íslendingar hefðu styrkt sjálfstæðisbaráttu þessara nýju ríkja og að við hefðum staðið með þeim í frelsisbaráttunni og það er auðvitað rétt. Hann lagði áherslu á að aðild þeirra að Evrópusambandinu og NATO væri þeim ákaflega mikilvæg í þessu sambandi.

Af þessu tilefni langar mig til að rifja upp, ekki síst vegna þess að ég held að bæði sú sem hér stendur og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson séum mjög áfram um veru okkar Íslendinga í NATO, nýlega yfirlýsingu frá varaformanni Samf., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þar sem hún lýsti því yfir að við Íslendingar ættum fremur að halla okkur að Evrópusambandinu í varnar- og öryggismálum í stað Bandaríkjanna og hervaldastefnu þeirra, ef ég man rétt var það orðað einhvern veginn á þann veg.

Nýlega kom hér sérfræðingur, hægri hönd Solana, sem fer með varnar- og öryggismál í Evrópusambandinu, sem lýsti því yfir að Evrópusambandið gæti alls ekki tryggt varnir Íslands, gæti ekki einu sinni tryggt varnir einstakra ríkja innan Evrópusambandsins.

Því vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm.: Er hann sammála þessari yfirlýsingu varaformanns Samf.?

[14:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er fagnaðarefni að hv. þm. skuli einmitt vekja máls á þessari viðkvæmu stöðu mála. Hún fór yfir það að talsmenn Evrópusambandsins hefðu aðspurðir tilkynnt að þeir hefðu ekki tök á að tryggja varnir Íslands.

Mér er óljúft að segja það, en mér sýnist ýmislegt benda til þess að vinaþjóð okkar í vestri, Bandaríkjamenn, séu það ekki heldur. Það er því ýmislegt í gangi í henni pólitík, frú forseti, einmitt á þessum sviðum. Við sem höfum reynt að fylgjast með orðræðum um samspil og samskipti og samstarf annars vegar Atlantshafsbandalagsins og hins vegar Evrópusambandsins í þessum efnum er það alveg ljóst að þar er einnig fjölmörgum spurningum algerlega ósvarað, um hraðlið Evrópusambandsins og hvar skuli vera hlutverkaskipti þar í millum, hvernig beri að hátta notkun Evrópusambandsins að búnaði NATO til að tryggja að ekki sé um tvöföldun að ræða. Ég hef setið fjöldamarga fundi á síðustu vikum og mánuðum þar sem menn eru einmitt að spyrja þessara sömu spurninga.

Er það þá skrýtið að varaformaður Samf. ellegar ég, talsmaður Samf. í utanríkismálum, veki upp spurningar af þessum toga? Það er því miður ekki þannig, frú forseti, þó hv. þm. kunni að halda það, að menn hafi bara hrein og klár já- eða nei-svör í alþjóðapólitíkinni eins og var áður en járntjaldið fór, að vera bara með eða á móti. Það var kannski afskaplega þægileg afstaða. En við jafnaðarmenn höfum talið það skyldu okkar í þessum síbreytileika og þessari gjörbreyttu stöðu varnar- og öryggismála, bæði hér heima og erlendis, að vekja máls á nýjum möguleikum, vekja upp umræðu um þá kosti sem gefast. Við höfum ekki gefið okkur neina niðurstöðu í því. Við erum algjörlega skýr í því og það hefur aldrei farið á milli mála að við höfum stutt NATO-aðildina, gerum það, höfum gert það áratugum saman og gerum það áfram. Við höfum líka stutt það að vera hluti af Evrópu, fara í fararbroddi fyrir EES. Við viljum brjóta í blað varðandi Evrópusambandið. Það hefur því verið hlutskipti okkar að fara á undan í þessari orðræðu. Það er ágætis hlutskipti.

[14:22]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu hv. þm. áðan var hann að líta til baka og líta til þess tíma er ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfsfl. stóðu að því að EES-samningurinn fór í gegnum Alþingi, ásamt ýmsum fulltrúum annarra flokka.

Þegar Samf. var stofnuð kom fram í stefnuskrá hennar afskaplega einkennileg stefna í varnar- og öryggismálum, ef við lítum til baka. Sú stefna var vægast sagt loðin, t.d. gagnvart aðild okkar að NATO. Þess vegna spyr ég hv. þm. aftur, og tel fulla ástæðu til: Er hann sammála þessari yfirlýsingu frá varaformanni Samf.? (**GÁS:** ... Ég skil ekki ...) Og ég ætlast til þess að fá svör við því. Hv. þm. veit það jafnvel og ég að þessi yfirlýsing hennar hefur vakið mikla athygli.

[14:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er nokkur vandi á höndum. Hér er vísað til yfirlýsingar sem hv. þm. gat ekki farið með. En hafi hún verið að vísa til blaðagreinar sem varaformaður Samf. skrifaði fyrir nokkrum dögum, sem ég las, get ég algerlega svarað því. Þar lagði varaþingmaðurinn Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samf., höfuðáherslu á að menn nálguðust þetta stóra og flókna viðfangsefni með nýjum hætti. Það höfum við einmitt gert í þinginu. Við lögðum fram fyrir örfáum dögum síðan — hafi það farið fram hjá hv. þm. — till. til ál. þar sem við lögðum til að Alþingi Íslendinga setti á stofn öryggismálanefnd sem skilgreindi annars vegar vána, hins vegar lágmarksvarnir Íslands.

Ég var satt að segja svo bláeygur að ég trúði því að ríkisstjórnarflokkarnir mundu koma til móts við okkur jafnaðarmenn í þessari vinnu, því það veit hv. þm. og þingheimur allur að það hefur ekki staðið á okkur jafnaðarmönnum í þessum efnum. Við höfum verið afskaplega — ja, ég vil nota orðið „loyal" — þegar það hefur komið að þeim vandamálum sem ríkisstjórnin hefur verið að berjast við gagnvart varnarliðinu á Miðnesheiði og viljað halda sínum kortum þéttar að brjósti og ekki viljað þiggja aðstoð eða ráðleggingar okkar í stjórnarandstöðunni, þó það hafi margsinnis verið boðið. Þá er það bara hin pólitíska ákvörðun ríkisstjórnarinnar ef hún vill gera það.

Það er blákaldur veruleiki sem við horfum framan í, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að það eru að verða umtalsverðar breytingar á varnarviðbúnaði á Miðnesheiðinni, ákvarðanir sem ekki eru teknar hér heima heldur vestur í Bandaríkjunum. Við viljum vera tilbúin að bregðast við þeim, ekki með því að stinga höfðinu í sandinn. Við verðum að horfast í augu við þann vanda sem við okkur blasir í þessum efnum sem öðrum.

[14:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið hjá framsögumanni skrifa ég undir nál. utanrmn. með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að tvennu, annars vegar ýmsu sem varðar útfærslu stækkunar Evrópusambandsins og þar með Evrópska efnahagssvæðisins og viðbragða Íslands við þeim gjörningi, þar á meðal spurningum sem tengjast opnun vinnumarkaðarins o.fl., og ég mun fara yfir á eftir.

Fyrirvari minn lýtur einnig að því að EES-samningurinn er, eins og hann hefur verið frá byrjun, á margan hátt gallaður þó að viðskiptaþáttur hans þjóni Íslandi vel að mestöllu leyti og hafi gert og var mín skoðun frá upphafi að sá þáttur málsins væri í öllum aðalatriðum (**Gripið fram í:** Ertu á móti honum eða með ...?) fullnægjandi fyrir Ísland. Ég hef hins vegar ekki skipt um skoðun hvað það varðar að EES-samningurinn er langt frá því að vera eins og æskilegast hefði verið. Að því leyti er afstaða mín óbreytt að einfaldara stofnanakerfi og einfaldari samningur, sem í aðalatriðum byggði á viðskiptaþáttunum, aðgangi Íslands að innri markaðnum og fjórfrelsinu en án stofnanaþáttarins, án þeirrar sjálfvirku yfirtöku gerða sem í samninginn er byggt, og samningur sem væri þannig úr garði gerður að minni vafi léki á því að hann stæðist stjórnarskrána hefði verið heppilegri fyrir Ísland. Þetta var mín afstaða og þetta er mín afstaða.

Varðandi hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson, formann Alþýðuflokksins, sem fór hér mikinn og óróaðist mjög vegna eins saklauss frammíkalls af minni hálfu, sem gefur mér kærkomið tækifæri til að fara aðeins betur yfir stöðu þessara mála og þar á meðal bregðast við því sem hv. þm. vék að mér og mínum flokki og taldi reyndar ekki þurfa að gera mikið með þar sem við værum ekki stór flokkur, öfugt við suma aðra. Ég segi við slíka ræðumenn að dramb er oft falli næst. Ég veit ekki hvort ég á heldur að kalla það steigurlæti eða rembing þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flytur slíkt fram sem rök fyrir máli sínu. (Gripið fram í.) Ég hélt satt best að segja að það væru hinar efnislegu röksemdir sem við tækjumst á um, við töluðumst við með rökum, og að vel rökstudd sjónarmið, hvort sem þau væru í umboði fleiri eða færri, ættu öll rétt á sér. Það er minn lýðræðisskilningur, frú forseti, af því að menn tala mikið um lýðræðið, skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi og aðra slíka hluti. Svo að það sé alveg á hreinu hef ég þennan skilning og tala hér sem slíkur.

Það er að vísu allrar athygli vert að það má heita orðið regla að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, sé framsögumaður Samf. í umræðum um utanríkismál. Mér sýnist að það sé mjög vel til fundið af því að ég á í vaxandi erfiðleikum með að greina nokkurn minnsta mun á núverandi utanríkisstefnu Samf. og stefnu gamla Alþýðuflokksins. Þar af leiðandi er ekkert nema eðlilegt og skiljanlegt að formaður Alþýðuflokksins tali fyrir hann.

Hitt er svo annað mál að menn leyfðu sér að bera upp spurningar sem tengdust afstöðu varaformanns Samf. Formaðurinn kom því á framfæri úr sæti sínu að hún ætti að vísu ekki sæti á þingi, sem er rétt, og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson reyndi að útskýra að ekkert væri við þann áherslumun að athuga sem þar hefur komið fram.

Auðvitað, frú forseti, eru þau hlutverkaskipti sem á margan hátt hafa orðið í umræðum um þessi mál athyglisverð. Þeir sem töldu EES-samninginn gallalausan og eiginlega fullkominn gerning, allt fyrir ekkert, á sínum tíma. Stuðningsmenn sömu viðhorfa fara nú á dögum oft mikinn í því að útmála ágalla samningsins og það hversu ónothæft tæki hann sé orðinn til að gæta hagsmuna Íslands. Auðvitað ber, svo sanngirni sé sýnd, að hafa það í huga að á honum hafa orðið vissar breytingar. En í grunninn er samningurinn sá sami og hann var frá byrjun og í grunninn eru það röksemdir þeirra sem ekki treystu sér til að styðja hann á sínum tíma eða greiddu atkvæði gegn honum sem nú eru notaðar af þeim sem vilja ganga alla leið og fara inn í Evrópusambandið. Þetta er veruleikinn.

Nú tala þeir eða skoðanasystkini þeirra sem ákafast mæltu fyrir EES-samningnum á sínum tíma mikið um lýðræðishallann, um að það sé óþolandi staða fyrir Ísland að taka allt að 80% af löggjöf sinni beint frá Evrópusambandinu án þess að hafa á hana áhrif og þar fram eftir götunum. Upp á síðkastið hef ég meira að segja heyrt frá talsmönnum úr þeirri átt viðraðar efasemdir um að EES-samningurinn standist stjórnarskrána. Það er sögulega séð mjög merkilegt fyrir okkur sem tóku þátt í umræðunum hér á Alþingi 1992–1993. Um þá röksemd var á þeim tíma tekist á af mikilli hörku. Þeir sem samninginn báru fram höfnuðu öllum efasemdum um það mál, vísuðu þeim á bug og höfnuðu því sömuleiðis að þjóðin fengi að vera æðsti dómari í málinu. Segja má að viss réttarþróun hafi líka orðið og þær efasemdir hafa gerst áleitnari, meðal fræðimanna a.m.k., að samningurinn standist stjórnarskrána strangt til tekið. Ég ætla þó ekki lengra inn í þá umræðu við þetta tækifæri.

Að lokum vil ég segja að mér finnst drissugheit hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar í Evrópumálum nú sérstaklega skemmtileg í ljósi þess að Samf., sem ætlaði sér mikið með Evrópumálin að því er virtist fyrir nokkrum missirum, tók þau og pakkaði þeim kirfilega saman ofan í læst koffort sín og hafði sem minnst um þau mál að segja í kosningabaráttunni í vor. Það var veruleikinn. Það gekk svo langt að ýmsir fóru að hafa af því áhyggjur að Evrópumál yrðu alls ekki rædd í þeirri kosningabaráttu. Reyndar voru þau allt of lítið rædd að mínu mati. Ég gerði í umræðuþáttum ítrekaðar tilraunir til að ná þeim á dagskrá en fékk lítinn stuðning, alla vega frá talsmönnum Samf. Svipað má reyndar segja um Framsfl. sem, þrátt fyrir stóru nefndina sína og alla tilburði formannsins, hæstv. utanrrh., kaus að gerast ekki margorð, gamla Framsókn, um þau mál í aðdraganda kosningabaráttunnar. En nú eru menn aftur komnir upp á dekk, a.m.k. sumir.

Um stækkun Evrópusambandsins almennt vil ég segja að það er margt gott um hana að segja. Að sjálfsögðu er vel skiljanlegur og meira en það áhugi Austur-Evrópuþjóðanna á að tengjast efnahagslegum og pólitískum böndum velmegunarríkjunum vestan við sig í álfunni. Menn þurfa ekki að hafa mikla þekkingu á sögu þessara þjóða til að skilja það. Sú hugsun er líka mjög göfug og falleg sem oft er höfð á forsíðunni þegar verið er að kynna þessi mál, að með þessu séu menn að reyna að fyrirbyggja hluti sem áður plöguðu þessa álfu, þ.e. styrjaldir og deilur og festa frið og farsæld varanlega í sessi á hinu gamla og merka meginlandi Evrópu.

Auðvitað hljómar þetta fallega og er göfugt svo langt sem það nær og að svo miklu leyti sem þetta er raunverulega að gerast. Hins vegar má hafa á því ýmsar skoðanir hvort ekki liggi meira undir. Þarna séu margir fiskar syndandi undir steinum þegar betur er að gáð. Það held ég reyndar að sé en það er annað mál.

Ég er stuðningsmaður þessarar hugsunar og ég hef þarf af leiðandi verið stuðningsmaður þess að vilji og óskir umsóknarríkjanna, nýju aðildarríkjanna sem verða frá og með 1. maí næstkomandi, verði virtar að þessu leyti. Mér finnst það eðlilegt. Mér finnst hins vegar að ríkin sem fyrir eru í Evrópusambandinu komi á ýmsan hátt ekki heiðarlega fram og hreint til dyranna í þessum efnum. Það vekur mikla undrun manns þegar maður skoðar ofan í kjölinn aðildarkostina sem ríkjum frá Austur-Evrópu voru boðnir. Þeir eru á margan hátt býsna harkalegir í garð þessara ríkja enda fór það svo að það kostaði talsverðan barning víða, t.d. í Póllandi og Eystrasaltsríkjunum, að fá aðildarsamningana samþykkta. Þegar á átti að herða tóku aðildarríki Evrópusambandsins, þau sem fyrir eru, sér rétt í hendur til að beita margs konar aðlögunarákvæðum og hleypa nýju aðildarríkjunum ekki nema í mjög smáum skrefum og á býsna löngum tíma inn í Evrópusambandið sem slíkt og að fullu og öllu. Það gildir t.d. um aðild þeirra að landbúnaðarstyrkjum Evrópusambandsins. Það gildir um opnun vinnumarkaðarins og um ýmis önnur svið sem nýju ríkjunum verður haldið algerlega utan við um langt árabil ef að líkum lætur, t.d. Efnahags- og myntbandalagið og jafnvel fleiri þætti, samstarf á sviði dómsmála, öryggismála og annað í þeim dúr.

Hver maður getur reynt að setja sig í spor fátækra pólskra bænda og skilja að þeir eru lítt hrifnir af því að fá sem nemur kannski fjórðungi fyrstu árin af ígildi styrkjanna sem ríku bændurnir í Vestur-Evrópu fá og sæta í viðbót talsverðum takmörkunum hvað varðar aðgang að markaði með framleiðsluvörur sínar. Sama gildir um opnun vinnumarkaðarins sem margir héldu að kæmi til sögunnar strax við inngöngu ríkjanna. Ef ég man rétt voru aðeins tvö ríki sem komu að því leyti, ég leyfi mér að segja það, fullkomlega heiðarlega fram. Það lá strax fyrir fyrir undirritun stækkunarsamninganna að þau ætluðu sér að beita aðlögun. Það voru Finnland og Þýskaland. Kannski hefur Austurríki fljótlega fylgt í kjölfarið. En önnur ríki létu yfirleitt að því liggja að þau hefðu ekki uppi nein sérstök áform um annað en opna vinnumarkað sinn fyrir nýju aðildarríkjunum frá byrjun.

En núna nokkrum mánuðum áður en stækkunin á að ganga í gildi fer rúlletta af stað og hvert ríkið á fætur öðru, og Ísland að lokum, tínist inn og tilkynnir um aðlögun. Það liggur í loftinu að það verði ekki bara tvö ár heldur kannski tvö plús þrjú og jafnvel tvö ár enn þannig að þegar upp er staðið verði vinnumarkaðir Vestur-Evrópu meira og minna lokaðir fyrir nýju aðildarríkjunum í allt að sjö ár. Þetta er auðvitað annað en látið var í veðri vaka. Þegar verið var að sannfæra menn um mikilvægi þess að gerast aðilar — ég þekki það vel vegna þess að ég heimsótti mörg af þessum löndum á sínum tíma, bæði sem nefndarmaður í Norðurlandaráði og utanrmn. — var gjarnan látið í veðri vaka að það sem nýju aðildarríkjunum stæði til boða væri fordæmið Írland. Menn sögðu: Sjáið hvernig Evrópusambandsaðildin hefur gagnast Írum, hversu hratt þeir hafa sótt fram í lífskjörum. Svona verður þetta hjá okkur. Maður bað guð sér til hjálpar, að menn væru ekki með málflutning af þessu tagi. Það er ólíku saman að jafna, aðstöðu Íra eins og hún var á sínum tíma og þeim ríkulega aðgangi sem Írar, sem eitt af aðeins fjórum ríkjum innan Evrópusambandsins sem naut þróunarstyrkja, hafði með enska tungu, menningu og hefðir, og því sem í vændum er hjá Austur-Evrópuríkjunum. Það væri barnaskapur að halda að þeim væru færar allar sömu leiðir og Írum til að snarbæta lífskjör sín með hliðstæðum hætti þó að maður vildi sannarlega að svo væri. Þess vegna var á köflum fullkomlega óábyrgur málflutningur vaðandi uppi um að gullöld og gleðitíð væri handan við þröskuldinn og engin vandamál yrðu því samfara, bara ef menn gengju í Evrópusambandið.

Annað er því miður að koma á daginn. Auðvitað hefðu menn mátt segja sér það fyrir. Það hefði ekki þurft annað en skoða sameiningu þýsku ríkjanna og hvernig hún hefur gengið og erfiðleikana sem enn er við að glíma í gamla Austur-Þýskalandi þrátt fyrir hina gífurlegu fjármuni sem þýska ríkið hefur reitt fram til að smyrja hjólin og láta sameininguna ganga hratt fyrir sig og jafna lífskjörin í öllu Þýskalandi. Ástandið er enn eins og raun ber vitni, atvinnuleysi allt upp í 20% á stórum svæðum í fyrrum Austur-Þýskalandi og umtalsverð óánægja hefur kraumað þar undir með framgang mála.

Í sambandi við þetta, frú forseti, er að síðustu rétt að minna á að stækkun Evrópusambandsins tengjast ýmsar breytingar á því sjálfu sem eðlilegt er að velt sé vöngum yfir. Þá á ég auðvitað við Nice-samninginn, breytingar samhliða honum og í framhaldi af honum hina nýju stjórnarskrá sem nú er í smíðum þó að sú smíðavinna gangi brösótt og hamarshöggin megi greina víða. Þetta er auðvitað allt samhangandi. Menn sjá illa fyrir sér að Evrópusambandið eins og það var, með hinni sterku stöðu framkvæmdastjórnarinnar, framkvæmdastjóra eða kommissera frá öllum ríkjum og jafnútbreiddu neitunarvaldi og áður var til staðar, mundi ganga upp með miklu fleiri ríkjum. Þess vegna var farið út í þessar breytingar sem draga tvímælalaust úr áhrifum smærri ríkja. Umræðan þessar vikurnar er mjög til marks um þá togstreitu og spennu sem þar er uppi.

Að mínu mati gerir þessi þróun Evrópusambandið að sjálfsögðu enn síður fýsilegt fyrir Íslendinga til að ganga í en það var fyrir og var ég þó ekkert sérstaklega upprifinn yfir þeirri hugmynd eins og hún lá fyrir á grunni eldra Evrópusambands. En ég á enn erfiðara með að sjá rökin fyrir því að hagsmunum Íslands yrði sérstaklega vel borgið þarna inni í ljósi þess hvernig Evrópusambandið er að þróast með hinni nýju stjórnarskrá sem auðvitað mun á margan hátt innsigla sambandsríkismyndunina sem þar er á ferðinni. Tilvist sameiginlegrar stjórnarskrár er í sjálfu sér áfangi í þeim efnum. Ein helsta röksemd margra ákafamanna um að ganga í Evrópusambandið er sú að við verðum að gera það til að vera þar inni og hafa áhrif en það blasir við hverjum manni að þróunin er mótdræg því að smáríki hafi áhrif. Það viðurkenndi Guðmundur Árni Stefánsson, að Ísland er smáríki þótt hann sé sjálfur stór og flokkurinn sem hann talar fyrir að eigin áliti.

Ég vil aðeins nefna, frú forseti, kröfur Evrópusambandsins á hendur Íslandi og Noregi sem urðu að veruleika í viðbótunum sem tengjast stækkun Evrópusambandsins og þá niðurstöðu að við höldum áfram að greiða þær þvinguðu 100 eða 150 millj. kr. sem áður höfðu verið píndar fram af hálfu Evrópusambandsins, sérstaklega Spánverja, að við greiddum í þróunarsjóði Evrópusambandsins án þess að okkur bæri nokkur skylda til þess samkvæmt upphaflegum

EES-samningi. Hann var reyndar þannig úr garði gerður að gagnvart þeim greiðslum voru formleg sólarlagsákvæði. Þær áttu að renna út árið 1997 eða 1998, ef ég man rétt, en menn þekkja þá sögu, að Íslendingar og Norðmenn létu undan þrýstingi og héldu þeim greiðslum áfram. En í tengslum við stækkunina og þá sjálfsögðu kröfu okkar að gerðar yrðu ráðstafanir til að viðskiptakjör Íslands og þess vegna Noregs versnuðu ekki við stækkun Evrópusambandsins tók Evrópusambandið upp á borðið kröfuna um áframhaldandi greiðslur af okkar hálfu og mun hærri en áður voru. Þeirri snerru lyktaði með niðurstöðu sem liggur fyrir, greiðslum upp á 500 millj. kr. eða svo, að hálfur milljarður fer af Íslands hálfu á ári hverju inn í þessa sjóði sem sérstaklega eiga að vísu að beinast að uppbyggingunni í Austur-Evrópu.

Ég vil taka sérstaklega fram að það eru ekki þessar greiðslur, ekki þessir fjármunir sem ég gagnrýni nema síður sé. Mér finnst réttlátt og eðlilegt að Ísland sem velmegunarland leggi sitt af mörkum til uppbyggingarinnar í Austur-Evrópu. Ég hefði stutt það hvar sem er og hvenær sem er og hef oft talað fyrir því að Ísland, burt séð frá Evrópska efnahagssvæðinu og samningnum um það, byðist til að leggja sitt af mörkum. En mér leiðist sú aðferð sem þarna var viðhöfð af hálfu Evrópusambandsins, að fara út í hrossakaup, að ég segi ekki hótanir eða þvinganir, til að knýja þetta fram samkvæmt sínum vilja og inn í þessa sjóði í stað þess t.d. að Ísland og Noregur sæju algerlega sjálfstætt um að koma á framfæri framlagi sínu til uppbyggingar á þessum svæðum. Þá hefðum við að sjálfsögðu getað stýrt því og haft á það meiri áhrif hvernig þeim fjármunum yrði varið, t.d. beint þeim eftir atvikum þangað sem við teldum þörfina ríkasta eða okkur, af sögulegum ástæðum og stjórnmálalegum, bæri skylda til að hjálpa, t.d. í Eystrasalsríkjunum og Póllandi.

Það er síður en svo að mér finnist óeðlilegt eða ósanngjarnt að Ísland og Noregur sem tvö af allra ríkustu löndum álfunnar og reyndar heimsins leggi þarna sitt af mörkum. Það er fyrst og fremst þessi aðferð, þau samskipti sem þarna áttu sér stað sem mér finnst ekki skemmtileg og ekki bera réttan svip.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson — af því að ég er hér þá að hverfa frá tengslunum við EES-samninginn — spurði um stefnu okkar í þessum efnum. Ég verð að hryggja hv. þingmann með því að hann kemur pínulítið upp um að hann er ekki mjög vel lesinn í þeim málum sem liggja fyrir þinginu úr því að hann spyr svo sem raun ber vitni. Á þskj. 114 liggur fyrir stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessum efnum með mjög skýrum hætti. Um hana má lesa í greinargerð ef menn svo kjósa og þurfa þá ekkert að velkjast í neinum vafa um það nægi þeim ekki mín orð og það sem ég hef hér farið yfir í þeim efnum. Stefna okkar er sú að við erum ekki með tillögur um að EES-samningnum verði sagt upp, hann er grundvöllur samskipta Íslands og Evrópusambandsins og á honum höfum við byggt nú í meira en tíu ár. Hann hefur á margan hátt, þ.e. viðskiptaþættir hans, þjónað okkur vel. Samningurinn er gallaður eins og hann var frá byrjun og við höfum skýra stefnu hvað það varðar að að svo miklu leyti sem til breytinga á honum kemur eða þarf að koma á næstu árum vitum við í hvaða átt við viljum þróa þau samskipti. Við viljum þróa þau í átt til einfaldari tvíhliða samskipta og samninga um viðskipti og samvinnu þannig að þá yrði leitað eftir því, af okkar hálfu, eftir því þá sem breytingar eiga sér stað, að stofnanaþátturinn yrði einfaldaður og þetta yrði líkara tvíhliða viðskipta- og samvinnusamningum.

Um þetta atriði segir m.a. í greinargerð ef það er upplýsandi fyrir einhverja sem ekki hafa hirt um að lesa sér til um þessa hluti. Ég les hér upp úr greinargerð með tillögu okkar til þál. um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum, með leyfi forseta:

„Vissulega er staða Íslands í samskiptum við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins langt frá því að vera eins og flutningsmenn teldu heppilegasta.“ — Flutningsmenn eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. — „Við Íslendingar höfum hins vegar aðlagað okkur að þeim aðstæðum sem EES-samningurinn skapar um nokkurt árabil. Tollalækkanir samkvæmt samningnum hafa auðvitað verið til bóta, enda höfum við borgað fyrir með veiðiheimildum og greiðslum í þróunarsjóð sem voru framlengdar með þvingunum. Þá höfum við líka þurft að bera okkar hlut af rekstrarkostnaði þunglamalegs stofnanakerfis o.s.frv. Deilur um hið liðna þjóna hins vegar litlum tilgangi, enda engan samanburð hægt að gera við það sem ella hefði orðið, t.d. samskipti á grundvelli einfaldari viðskipta- og samstarfssamninga í stað EES. Þá getur það tæpast þjónað hagsmunum Íslands að við veikjum tiltrú á eða gröfum með málflutningi undan samskiptum okkar við Evrópusambandið hvað sem um EES-samninginn má segja sem slíkan.“

Þetta vil ég nú láta duga fyrir mína hönd og minna vandamanna. Ég ætla að sæmilega skýrlæsum mönnum sé ekkert að vanbúnaði að átta sig á afstöðu okkar hafi þeir raunverulegan áhuga á því og vilja til þess að kynna sér það án þess að ætlunin sé að snúa út úr eða eitthvað í þeim dúr. Ef annað vakir fyrir mönnum eru þeir líka velkomnir upp á dekk í þeim efnum.

Ég ætla að gera grein fyrir fyrirvara mínum um stuðning við málið. Opnun hins stóra sameiginlega vinnumarkaðar Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins með eitthvað sem menn tala um sem 450 millj. íbúa er kannski eitt einstakasta og stærsta atriðið um hvernig til tekst í þessum efnum. Það er gríðarlega stórt og mikilvægt mál, ekki síst vegna þess að um óskaplegan lífskjaramun er að ræða og hann verður ekki jafnauðjafnaður nú eins og kannski áður var þegar Evrópusambandið stækkaði í áföngum og inn voru að koma eitt eða tvö ríki sem voru þannig sett hvað varðaði lífskjör að þau lágu undir viðmiðunarmörkum um 75% af meðaltekjum innan Evrópusambandsins og áttu þar af leiðandi rétt á þróunarstyrkjum o.s.frv.

Það má vissulega segja Evrópusambandinu til hróss að sú félagslega hugsun sem þar er til staðar og hefur birst í stuðningi við Spán og Portúgal, Írland og Grikkland, eins og það hefur verið á sínum tímum, er af hinu góða. Sama viðleitni er að sjálfsögðu uppi nú við stækkun Evrópusambandsins en það er ákaflega ólíku saman að jafna. Nú man ég ekki nákvæmlega, af því að ég hef ekki rifjað upp nýlega þessar prósentutölur og íbúafjöldatölur, en einhvern veginn er eins og mig minni að íbúafjöldinn sé þarna að aukast um ein 20% eða eitthvað í þeim dúr en tekjurnar ekki nema um 7–8% ef þetta er skoðað frá þeim sjónarhóli. Það segir auðvitað sína sögu um hversu mjög hallar á og hversu mikil hættan er þegar til stendur að stofna einn sameiginlegan vinnumarkað og eitt sameiginlegt atvinnu- og samskiptasvæði með þvílíkum lífskjaramun en sameiginlegum réttindum, þar á meðal sameiginlegum staðfesturétti, þ.e. rétti til að flytja sig búferlum og leita eftir atvinnu.

Þó að Evrópusambandið hafi fyrir sitt leyti ýmislegt gert til undirbúnings stækkuninni hefði maður alveg séð fyrir

sér að það hefði mátt vera meira. Mér fannst t.d. margir af sendimönnum Evrópusambandsins sem voru sendir til hinna væntanlegu aðildarríkja og opnuðu þar skrifstofur fyrir fjórum árum eða svo vera þar meira í áróðursskyni en nokkrum öðrum tilgangi. Mér blöskraði að heyra í sendimönnum Evrópusambandsins í Eystrasaltsríkjunum þegar efnahagsnefnd Norðurlandaráðs var þar á ferð og heyrði áróðursræðurnar sem þeir fluttu fyrir stækkun Evrópusambandsins, gylltu þar á meðal fordæmið um Írland en fjölluðu minna um hitt, hvernig í ósköpunum menn ætluðu t.d. að takast á við vinnumarkaðsmálin og hvað ætti að reyna að gera til þess að styðja við uppbygginguna í hinum nýju eða væntanlegu aðildarríkjum þannig að þau væru sæmilega eða betur í stakk búin til að þessi opnun gengi í gegn.

Á vettvangi Norðurlandaráðs hefur þetta verið talsvert rætt. Þar höfum við, fulltrúar vinstri manna, flutt tillögur um aðgerðir af hálfu Norðurlandanna til að styðja við bakið á uppbyggingu skipulagðra vinnumarkaðsstofnana í Eystrasaltsríkjunum. Þær eru ekki til staðar. Fyrir því eru pólitískar ástæður. Það er ekkert feimnismál að nefna það hér að það er ósköp einfaldlega af því að hægri menn hafa blokkerað það, komið meira og minna í veg fyrir að nokkuð yrði gert. Af hvaða ástæðum veit ég ekki en minna hefur orðið úr en til stóð að Norðurlöndin beittu sér og þá stjórnvöld, ekki bara aðilar vinnumarkaðarins heldur stjórnvöld sem slík í þessum efnum. Að vísu er fram undan, þegar líður að haustinu, mjög stór sameiginleg ráðstefna á vegum Norræna ráðherraráðsins og Norðurlandaráðs um þessi vinnumarkaðsmál, um opnunina og hvað Norðurlöndin gætu lagt af mörkum í þeim efnum, sérstaklega með Eystarasaltsríkin og Pólland í huga. Hún verður í haust og auðvitað ekki fyrr en stækkunin verður um garð gengin. Að vísu, vegna þess að nánast öll ríkin beita aðlögun, má segja að enn sé tími til stefnu að ýmsu leyti því að það verður fyrst eftir tvö eða jafnvel fimm ár sem þessi þáttur stækkunarinnar kemur til framkvæmda.

Eftir ferðalög um Eystrasaltsríkin þar sem við í efnahags- og atvinnumálanefnd Norðurlandaráðs og sérstakur starfshópur á vegum þeirrar nefndar höfum virkilega reynt, með stuðningi fulltrúa frá norrænu verkalýðshreyfingunum og víðar að, að setja okkur inn í ástandið og kortleggja það bregður manni auðvitað í brún þegar maður áttar sig á því hversu ákaflega vanþroskaðir — a.m.k. á þann mælikvarða sem okkur væri tamt að leggja á það, frá norrænum sjónarhóli — vinnumarkaðsinnviðirnir eru í þessum löndum. Þannig er t.d. aðild að verkalýðsfélögum hverfandi lítil. Það er helst hægt að segja að samtök opinberra starfsmanna séu til sem slík með þokkalega útbreiddri félagsaðild og sæmilegu skipulagi en þegar kemur út á almenna vinnumarkaðinn er það meira og minna í molum og þátttakan allt niður í engin til 5–10% af vinnuaflinu í hverri atvinnugrein fyrir sig. Ekki síður er skipulagið brotakennt vinnuveitendamegin og þar kvörtuðu þeir fáu starfsmenn og talsmenn sem til staðar voru til að ræða við mjög undan því að ákaflega erfiðlega gengi að fá atvinnurekendur til að bindast samtökum og að fá menn til að vera í forsvari fyrir slíku. Af hvaða ástæðum það sérstaklega er skal ég ekki segja, og vil kannski ekki segja það sem stundum er nefnt sem möguleg skýring í þeim efnum, en a.m.k. er staðreyndin sú að það gengur mjög erfiðlega.

Þetta þýðir að það er engum aðilum til að dreifa í hefðbundnum skilningi til að gera kjarasamninga, til að ræða um gagnkvæm réttindi og skyldur á vinnumarkaði, til að koma upplýsingum á framfæri, til að upplýsa menn um rétt þeirra og skyldur o.s.frv. Þetta er gríðarlegt vandamál. Ef menn ætla að láta þetta ganga sæmilega fyrir sig er lykilatriði að til staðar sé skipulag sem hægt sé að fara í gegnum. Barátta gegn ólöglegu vinnuafli, félagslegum undirboðum og öðru slíku verður algerlega vonlaus, eins og við Íslendingar sjáum á nýlegum dæmum, ef ekki eru til staðar vel skipulagðar sveitir frá báðum hliðum, vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, til að fara í gegnum. Slík barátta er vonlaus ofan frá.

Eitt af því sem t.d. norræna verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á og lagt til að yrði gert er að leggja miklu meiri krafta í aðstoð við aðila vinnumarkaðarins í þessum löndum, að sjálfsögðu á þeirra forsendum. Ekki er ætlunin að menn komi frá Norðurlöndunum og segi mönnum fyrir verkum, segi þeim hvernig allt eigi að vera, heldur er hægt að bjóða stuðning, aðstoð, ráðgjöf og jafnvel bara ósköp einfaldlega hreinlega fjárframlög til að byggja upp og reka slíkar einingar á einhverju aðlögunartímabili. Það ætti að vera í boði.

Síðan væri þá hitt mikilvæga atriðið, að miðla upplýsingum um réttindi og skyldur eins og mögulegt er í aðdraganda þess að vinnumarkaðurinn opnaðist þannig að menn væru sér meðvitaðir um þá hluti. Þá minnkar hættan á því að menn láti fara með sig eins og réttlausar og skynlausar skepnur í formi einhvers konar þrælahalds gegnum starfsmannaleigur eða hvernig sem það nú gerist. Á því er auðvitað mikil hætta, mjög mikil hætta. Þegar sá tími kemur að menn þurfa ekki lengur atvinnuleyfi, þurfa ekki lengur að uppfylla þær kröfur sem nú eru gerðar, verður miklum mun erfiðara að koma við eftirliti ef menn geta ekki sjálfir, vegna þess að þeir eru ómeðvitaðir um rétt sinn, tryggt að sæmilega sé að hlutunum staðið.

Ég sem sagt verð því miður að segja, forseti, að ég get ekki sagt að mér finnist tíminn hafa verið vel notaður að þessu leyti. Út af fyrir sig þýðir ekki fyrir okkur að vera mikið að röfla um Evrópusambandið og hvað það hefur vel gert, og miður vel. Við hefðum sem hluti af Norðurlöndunum og okkar sjálfra vegna getað að mínu mati lagt þarna meira af mörkum.

Fyrir Ísland er auðvitað Pólland alveg sérstaklega mikilvægt í þessum efnum. Langstærsti einstaki hópurinn á íslenskum vinnumarkaði af erlendu bergi brotinn er pólskur. Pólverjar hafa komist upp í að vera hér upp undir 2 þús. við störf þannig að það eitt og sér að Ísland hefði reynt að keyra sérstakt samstarfsverkefni með Póllandi í aðdraganda stækkunarinnar að þessu leyti, hvað vinnumarkaðinn snertir, hefði átt fullan rétt á sér. Mér finnst það enn koma til greina, og ég beini því til hæstv. utanrrh. að það verði hugleitt, að sérstaklega verði reynt að rækta sambandið við Pólland nú í aðdraganda þess að þetta opnast sem væntanlega verður þá, í einhverjum áföngum, að tveimur eða fimm árum liðnum eða hvað það nú verður.

Það má kannski segja að úr því sem komið er sé viss kostur að þessi aðlögunartími gefst þó að mér finnist að mörgu leyti miður að við skulum enda með því að þurfa að beita honum. Á hinn bóginn gefst þó e.t.v. tími til að reyna að vinna að því að þessar breytingar geti svo átt sér stað með farsælli hætti en ella hefði orðið.

Í þessu sambandi þurfum við líka að muna að málið er virkt í báðar áttir. Stækkun Evrópusambandsins felur m.a. í sér að allar reglur einfaldast og réttindi fyrirtækja til að flytja starfsemi sína verða bara eins og um innanlandstilflutning væri að ræða. Auðvitað er enginn vafi á því að margir

atvinnurekendur, ekki síst á Norðurlöndunum, munu horfa til hins ódýra vinnuafls í Eystrasaltsríkjunum í ríkari mæli en hingað til hefur verið þegar það verður miklu einfaldara en áður að flytja t.d. vinnuaflsfreka starfsemi og nýta sér lægri laun í þessum löndum, og er nú reyndar þegar gert í talsverðum mæli. Ég veit ekki betur en að stórum hluta til sé það sem eftir var af innréttingaiðnaði og öðru slíku hér í landinu komið þarna austur. Þá hafa menn sagt, og það er held ég alveg fullgilt, að mjög miklu máli skipti að báðir aðilar séu sér meðvitaðir um og upplýstir um réttindi sín og skyldur. Við getum ekki horft fram hjá því að sú hætta er fyrir hendi að norræn fyrirtæki geri út á lág laun, eymd og atvinnuleysi í þessum löndum eins og önnur í harðri samkeppni í alþjóðavæddum viðskiptaheimi.

Norðurlandabúar eru engir sérstakir englar í þessum efnum. Það verður að horfast í augu við að það fer býsna blandað orðspor af sumum norrænum fyrirtækjum í ákveðnum greinum iðnaðar í Eystrasaltsríkjunum þar sem þau hafa hreiðrað um sig og jafnvel lagt hann undir sig, eins og trjávöruiðnaðinn í Eistlandi og víðar þar sem sænsk og finnsk fyrirtæki hafa nánast lagt þann iðnað að fótum sér. Hættan er þá sem sagt sú að ef á hinum endanum eru mjög veikburða innviðir á vinnumarkaði, menn illa upplýstir um rétt sinn og stöðu, skapar það auðvitað aukna hættu á félagslegum undirboðum. Á því er enginn minnsti vafi.

Herra forseti. Ég læt þetta þá nægja um fyrirvara minn. Ég hef sem sagt ekki valdið hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni vonbrigðum a.m.k. að einu leyti, að ég hef haldið þá löngu ræðu sem hann gat sér til um að ég mundi halda, (**GÁS:** Ég styð það.) sjálfsagt leiðinlegu líka að hans mati og það verður þá bara að hafa það. Ég mun sofa rólegur í kvöld hvað sem líður áliti hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar á ræðuflutningi mínum.

[15:02]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er vissulega athyglisvert að hlusta á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon flytja ræður um Evrópska efnahagssvæðið og um Evrópusambandið vegna þess að sumu leyti er það hinn róttæki andstæðingur alþjóðasamvinnu Íslendinga sem talar í gömlum dúr svona svipað og menn gerðu, með réttu á ákveðinn hátt, fyrir nokkrum áratugum.

Að hinu leyti er gagnrýni hans á það sem er að gerast mjög svipuð því sem jafnaðarmenn í Evrópu, Evrópusinnar meiri en aðrir, meiri en menn í öðrum pólitískum hreyfingum, hafa uppi við. Það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þarf hins vegar að skýra er að ekki er nóg að tala bara um að viðskiptaþátturinn sé góður og að stofnanaþátturinn sé vondur á hinu Evrópska efnahagssvæði. Í hverju felst viðskiptaþátturinn? Hann felst ekki í prósentum tolla eða í aðlögunarákvæðum heldur felst hann í frjálsu flæði vöru, þjónustu og fjármagns og í frjálsri för fólks. Í kringum þetta frelsi, í kringum þann efnahagsramma sem þetta skapar verður auðvitað að vera jöfn staða fyrirtækja, verkafólks og annarra aðila í efnahagslífinu, sömu lög og sömu reglur. Þess vegna stendur enn þá upp á hv. þm., þó hann hafi lesið hér upp úr greinargerð með frv. eða greinargerð með þingmáli sem hann hefur flutt eða einhverjir hafa flutt á þinginu, að skýra fyrir okkur hvernig hann ætlar sér að hafa þennan fína viðskiptaþátt sem hann einmitt studdi, frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og frjálsa för fólks, fyrir tíu árum þegar hann greiddi atkvæði gegn Evrópska efnahagssvæðinu, hvernig hann ætlar að halda honum án þess að taka þann stofnanaþátt með sem einmitt tryggir það að þetta frelsi haldist og að aðilar standi jafnfætis eins og unnt er innan þessa markaðar.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég leiði hjá mér einkunnagjöf hv. þm. og útskýringar hans á því hvað ég sé. Ég legg til hér eins og venjulega að hver tali fyrir sig. Sjálfur skilgreini ég mig sem alþjóðasinna. Ég get glatt hv. þm. Mörð Árnason með því að m.a. á landsfundi okkar samþykktum við að taka upp alþjóðahyggju í okkar stefnuskrá og skrifa hana inn í hana sem eina af fjórum meginstoðum áherslna okkar fyrir utan kvenfrelsi, umhverfisvernd og róttæka jafnaðarstefnu. Ég geri ráð fyrir að þetta hljómi sæmilega í eyrum hv. þm. Marðar Árnasonar.

Ég er alþjóðasinni. Ég er Evrópusinni. En ég er ekki aðildarsinni. Ég er ekki Brussel-sinni. Ég bið menn að hafa þessa orðanotkun í huga. Við sem ekki teljum skynsamlegt að Ísland gangi í Evrópusambandið erum ekki á móti Evrópu. (Gripið fram í.) Við viljum bara aðrar áherslur í Evrópusamvinnunni heldur en þeir sem telja að okkur sé best borgið í Evrópusambandinu. Við hljótum að geta rætt þetta eins og fullvaxið fólk á grunni raka en ekki í einhverjum orðhengilshætti.

Varðandi viðskiptaþættina þá nefndi ég í ræðu minni, en það hefur kannski farið fram hjá hv. þm., aðild að innri markaðnum og ég nefndi fjórfrelsið. Í mínum huga eru engin sérstök vandamál samfara því, m.a. vegna þess að alþjóðaþróunin styður það líka. Það er einu sinni svo að í Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem öll þessi ríki eru, þá eru ákvæði sem eiga að tryggja að viðskiptakjör í skilningi fríverslunar gangi ekki til baka við neinar breytingar á tvíhliða eða marghliða samningum ríkja. Við reyndum aðeins að beita þessu fyrir okkur í sambandi við stækkunina. Evrópusambandið tók því illa og hafði í hótunum þegar þetta var nefnt. En þetta er þarna og þess vegna eiga menn ekki að tala um þetta einangrað bara út frá því sem er að gerast innan Evrópusambandsins því þó að það sé merkilegt þá er heimurinn stærri en það. Alþjóðaviðskiptastofnunin er til líka og það eru líka tvíhliða og marghliða fríverslunarsamningar sem skipta máli í þessu sambandi.

[15:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Að gefnu tilefni hlýt ég að óska hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni til hamingju með að hafa tekið alþjóðahyggjuna upp í flokk sinn með atkvæðagreiðslu. Það er oft svo að slíkar kenndir verða að byrja að innan og dugar ekki að greiða um þær atkvæði.

Á hinn bóginn hefur hv. þm. ekki skýrt það enn þá hvernig hann ætlar að koma fyrir á sameiginlegu markaðssvæði þeim reglum, þeim úrskurðaraðilum, þeim dómstólum sem eiga að tryggja grunninn í þeim viðskiptaþætti sem við virðumst vera sammála um að sé góður og hagsmunum Íslendinga mjög þolanlegur.

Það má vel vera og er auðvitað alveg rétt að við erum að reyna að gera þetta líka á alþjóðlegum grunni. En ef hv. þm. vill ekki týna þessu á Evrópska efnahagssvæðinu þá verður hann líka að skýra fyrir okkur hvað VG ætlar að gera, hvaða breytingar í stofnanaþættinum hann getur sætt sig við án þess að þær gangi á þetta fjórfrelsi sem við erum að tala um.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég geri ráð fyrir að það séu einlægar hvatir hjá hv. þm. að óska mér til hamingju með að við höfum samþykkt sérstaklega að inn í okkar einföldu stefnuskrá verði alþjóðahyggjan skrifuð og samþætt með öðrum áherslum og að engin eftirsjá sé í því af hálfu hv. þm. vegna þess að það passi illa inn í þá mynd sem hann hefur kannski gjarnan viljað búa til af mér eða einhverjum slíkum að ég sé mikill einangrunarsinni.

Ætli það sé nú ekki þannig þegar upp er staðið að ég hafi haft talsvert miklu meiri alþjóðasamskipti og hrærst meira í þeim sl. 20 ár en hv. þm., ef við færum yfir það, því að ég hef stanslaust verið virkur í einhverri alþjóðasamvinnu í rúmlega 20 ár. (**GÁS:** ... persónubundið?) (**MÁ:** Margar ferðir?) Ég held að ég hafi farið í þó nokkrar ferðir já og margar ágætar.

Varðandi Evrópusambandið er það tollabandalag og eitt af því sem margir gagnrýna bæði innan Evrópusambandsins og í nágrenni við það er auðvitað tilhneiging Evrópusambandsins til að múra sig þar af. Margir raunverulegir alþjóðasinnar segja einmitt að það sé einangrunarhyggja, því miður, sem Evrópusambandið að mörgu leyti stjórnast af í sambandi við tollmúra sína og fleira í þeim dúr.

[15:08]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það verði að virða mér og fleirum sem hér hafa talað það til vorkunnar að skilja ekki stefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í Evrópumálum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon formaður þess stjórnmálaflokks hefur nú talað og hver er stefna þess flokks í Evrópumálum?

Hv. formaður flokksins var á móti EES-samningnum og hann staðfesti það hér í umræðunum að hann væri enn á móti samningnum, eins og ég skildi hann. Samningurinn er með öðrum orðum slæmur og það var rétt að vera á móti honum. Eigi að síður byggir sá ágæti flokkur stefnu sína í Evrópumálum að miklu leyti á þessum vonda samningi. En svona til þess að bíta höfuðið af skömminni ætlar Vinstri hreyfingin – grænt framboð að byggja á tvíhliða samningi ef það skyldi vera rétt að það væri að fljóta undan EES-samningnum eins og margir hafa bent á. Bara þróunin sem virðist vera að eiga sér stað í Noregi getur t.d. bent til þess og ég veit að hæstv. utanrrh. hefur líka sjálfur staðfest að ekki sé þess að vænta að hægt verði að uppfæra þennan samning. Ég verð að spyrja hv. þm. hvað hann telji styðja það að það sé yfirleitt raunhæfur möguleiki að byggja á slíkum tvíhliða samningi ef undan þessum slæma samningi flæðir sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð byggir Evrópustefnu sína á. Við skulum ímynda okkur þá atburðarás að t.d. Noregur sækti um aðild að Evrópusambandinu. Þar hefur þróunin verið slík að vel gæti hugsast að það mundi gerast á næstu árum. Telur hv. þm. þá möguleika á að byggja á þessum samningi og telur hv. þm. raunhæfan möguleika á því að hægt sé að fá tvíhliða samning við Evrópusambandið þegar flestir eru orðnir úrkula vonar um að hægt sé að uppfæra þennan samning eins og hann liggur fyrir?

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að leyfa mér að halda því fram að það sé ekki sérstaklega minn vandi þó hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir skilji ekki stefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í Evrópumálunum. Ég vona að hv. þm. skilji stefnu eigin flokks. Sjálf skiljum við okkar stefnu og það er aðalatriðið. Auðvitað væri æskilegt að þetta væri líka gagnkvæmt, að við skildum alveg stefnu hvors annars. En það er þó ekki nálægt því jafnmikilvægt og að vita fyrir hvað menn standa sjálfir og það vona ég að sé í lagi í þessu tilviki. (**GÁS:** Erfitt að útskýra.)

Hv. þm. fór ekki alveg hárrétt með úr máli mínu varðandi tvíhliða samning, þ.e. það sem stendur í þessum texta. Hann talar alveg skýrt fyrir sig. Við segjum að eftir því sem til breytinga kemur eða þarf að koma á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þá teljum við að af Íslands hálfu þjóni hagsmunum okkar best að þróa þau samskipti í þessa átt, þ.e. frá hinu flókna stofnanakerfi og meira í áttina að tvíhliða samningum sem gætu eftir atvikum verið á mismunandi sviðum um viðskipti og samvinnu eins og þetta að hluta til var má segja. Undir liggur það, og það skiptir máli í sambandi við vangaveltur um Noreg, að við gefum okkur það, og ég geri það, að viðskiptakjörin verði ekki færð til baka og samskiptakjörin almennt. Hvers vegna ætti þess að þurfa? Telja menn að Evrópusambandið muni beita Ísland þvílíku harðræði að það muni ætla að knýja hlutina aftur á bak í samskiptum þessara aðila ef til breytinga þarf að koma að þessu leyti, t.d. vegna þess að Noregur kýs að ganga í Evrópusambandið. Mín afstaða gagnvart því máli er sú að *það er algerlega sjálfstætt mál eftir sem áður hvort Ísland eigi* að fara þangað inn eða ekki. Það eigum við að meta óháð því sem Norðmenn gera. Þó að þeir kunni að lenda þarna inn, sem ég reyndar tel litlar líkur á að verði á allra næstu árum, þá eigum við Íslendingar eftir sem áður að meta sjálfstætt hvað þjónar hagsmunum okkar best (Forseti hringir.) og þá er mjög mikilvægt að vita í hvaða átt menn kysu að þessi samskipti þróuðust.

[15:12]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var einmitt að inna hv. þm. eftir þessu. Stefna Samfylkingarinnar er skýr og hefur legið fyrir allt frá því á haustdögum 2001 eftir að við gengum í gegnum ákveðið ferli. Sú stefna byggir á því að það sé orðið tímabært fyrir okkur Íslendinga að skilgreina samningsmarkmið okkar og sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það eru engar vífilengjur um það.

Frú forseti. Það er hins vegar mjög undarlegt að byggja stefnu á samningi sem maður er á móti — ég verð að segja það. Mér finnst það mjög undarleg stefna — sem maður staðfestir síðan aftur og enn að rétt hafi verið að vera á móti, byggir sína stefnu á honum en sé síðan með, ég vil segja, einhverja draumsýn um hvað kunni að gerast ef þessi samningur reynist vera að renna sitt skeið á enda. Það er mjög margt sem bendir til þess að svo sé. Samningurinn *er vissulega byggður og forsendur okkar varðandi Evrópu*samstarfið byggja væntanlega á einhverjum gagnkvæmum samningi. Það er ekki nóg að við Íslendingar munum gjarnan vilja sjá þetta tvíhliða samstarf (Forseti hringir.) þróast. Það verður að vera vilji af beggja hálfu.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur finnist fyndið að reyna að snúa út úr þessu með að menn byggi á samningi sem þeir séu á móti. Mér finnst þetta ekki mjög málefnaleg umræða. (**BH:** Mér finnst þetta ekkert fyndið. Þetta er alvörumál.) Ef hv. þm. finnst þetta ekki einu sinni fyndið þá spyr ég: Til hvers er hv. þm. að

þessu því að mér finnst þetta engu máli skipta? Veruleikinn er eins og hann er. Veruleikinn, burt séð frá afstöðu einstakra manna til EES-samningsins á sínum tíma fyrir meira en tíu árum, hvort sem ég greiddi atkvæði gegn honum eða Halldór Ásgrímsson sat hjá eða ekki þá er veruleikinn sá — Samfylkingin hlýtur að skilja það þó að hún skilji lítið í þessum efnum — að á þessum grunni erum við búin að byggja síðan. Við höfum aðlagað viðskiptaumhverfi okkar. Fyrirtæki, stofnanir og samtök hafa byggt samskipti sín á þessum grunni burt séð frá afstöðu einstakra manna til þess.

Varðandi stefnu Samfylkingarinnar vil ég spyrja á móti og ég veit að fleiri eru í andsvörum. Stóð ekki til að skilgreina þessi samningsmarkmið fyrir tveimur eða þremur árum? (Gripið fram í.) Það hefur ekki gengið mikið hjá Samfylkingunni. (**Gripið fram í:** Það er ríkisstjórnarinnar að gera það.) Ég vissi ekki annað en að það hefði átt að gera fyrir tveim, þrem árum.

[15:15]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem ekki hingað til að skýra stefnu Samf. í Evrópumálum eða veita andsvar við andsvari hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég vildi bara segja að það er ekki á hverjum degi sem ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon erum sammála. Reyndar gerist það held ég nánast aldrei í sölum þessa ágæta þings að við séum sammála, heldur er það venjulega þannig að það ber himin og haf á milli skoðana okkar. (**SJS:** Útskýrðu ...) En nú ber svo við að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur algjörlega rétt fyrir sér þegar hann lýsir þeirri skoðun sinni og sjónarmiðum að það samræmist ekki hagsmunum Íslands að ganga í ESB og allra síst eftir að sambandið stækkar nú til austurs. Þetta er hárrétt hjá þingmanninum og ég leyfi mér að taka undir þau sjónarmið.

Ég vil líka taka undir það sem fram kom í ræðu hans varðandi Írland, að því hefur verið haldið fram, ekki bara hér, heldur annars staðar í Evrópu að framfarir og uppgangur í írsku efnahagslífi hafi eitthvað með Evrópusambandið og aðild Írlands að Evrópusambandinu að gera. Það er algjör sögufölsun og tóm vitleysa að halda því fram. Ástæðan fyrir uppgangi efnahagslífsins á Írlandi er sú að Írar tóku þátt í samkeppni sem hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er kannski ekki að skapi, svokallaðri skattasamkeppni. Þeir lækkuðu skatta á fyrirtæki og efnuðust mjög á því að laða til sín fólk og fyrirtæki á grundvelli hinna hagfelldu skattstefnu fyrir þá hópa.

En ég kom hingað upp til að inna hv. þm. eftir stefnu hans varðandi eitt atriði í umræðunni og það er vinnumarkaðurinn. Þingmaðurinn nefndi að annað hafi verið gefið í skyn við stækkun Evrópusambandsins til austurs, þ.e. að vinnumarkaðurinn mundi opnast. Hins vegar hafa ýmis ríki, þar á meðal íslenska ríkisstjórnin, lýst því yfir að hún hygðist leggja til tveggja ára aðlögunartíma. Ég óska eftir svörum við því hvort hv. þm. og Vinstri hreyfingin – grænt framboð styðji það (Forseti hringir.) að farið verði út í þennan aðlögunartíma, eða hvort hann sé á móti því.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi opnun vinnumarkaðarins þá geri ég það. Ég leggst ekki gegn því þó mér þyki það heldur miður að Ísland, úr því sem komið er, fari sömu leið og nánast öll ríkin í kringum okkur og sennilega öll hin Norðurlöndin, að beita aðlögun. Danir þykjast að vísu ekki vera að beita aðlögun, en í reynd eru þeir með nánast að öllu leyti óbreytt fyrirkomulag hvað varðar atvinnuréttindi þessara nýju EES-borgara, þ.e. þeir þurfa að fá atvinnuleyfi og það þarf að liggja fyrir að þeir séu með 100% starf í landinu o.s.frv. áður en þeir koma inn.

Það sem ég var að segja í sambandi við hvernig þetta gerðist var það að mér fundust þessar tilkynningar mjög síðbúnar. Eins og ég sagði var það eingöngu Finnland sem tilkynnti það strax. Það hefur legið fyrir í tvö til þrjú ár að þeir mundu beita aðlögun. Ég hef reyndar oft hreyft þessu á þingi sl. tvo vetur og spurt hvað Ísland ætli að gera, og fengið lítil svör. Það er loks alveg í lokin, í desember, janúar, febrúar, tveimur, þremur, fjórum mánuðum fyrir 1. maí n.k. sem að lokum verður ljóst hvað t.d. ríkisstjórnir annarra Norðurlanda ætla að gera, nema Danir voru aðeins fyrr á ferðinni.

Varðandi Írland erum við hv. þm. ekki alveg sammála. Ég verð að segja Evrópusambandinu og styrkjunum þaðan til málsbóta að ég tel að þeir séu einn af þáttunum sem nýttust Írum til að sækja fram til bættra lífskjara á sl. 20 árum eða svo. Þeir sjálfir telja gjarnan upp fimm hluti:

Rannsóknir og þróun. Þeir tóku um það ákvörðun fyrir um 20 árum að setja gríðarlega peninga í rannsóknir og þróun.

Þeir lækkuðu skatta, það er rétt.

Þeir gerðu umhverfið aðlaðandi fyrir fyrirtæki að koma inn.

Þeir lögðu mikla fjárfestingu í innviði sína, þar á meðal samgöngukerfið. Þeir voru með ungan og vel menntaðan vinnumarkað eða vinnuafl.

Í fimmta lagi gátu þeir nýtt styrki Evrópusambandsins.

[15:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum það mál sem fyrir fram hefði e.t.v. mátt ætla að yrði eitt af stóru málunum í þinginu í vetur. Evrópuumræðan skýtur öðru hverju upp kollinum í stjórnmálaumræðu dagsins eins og eðlilegt er og oft hefur því verið spáð að um þessi mál yrði fyrst og fremst tekist á í hinni pólitísku umræðu í landinu. En sannleikurinn er sá að þegar á hefur átt að herða, hefur það ævinlega reynst þannig að minna hefur orðið úr þessu en menn hefðu getað gert ráð fyrir. Það voru auðvitað gríðarlega mikil tíðindi sl. haust þegar niðurstaðan varð sú að ákveðið var að stækka Evrópusambandið svo mikið sem raun ber vitni og jafnframt að Evrópska efnahagssvæðið stækkaði samhliða með þeim samningum sem undirritaðir voru skömmu fyrir jól á sl. ári.

Þetta mál hefur heilmikil áhrif á stöðu Íslands í hinu alþjóðlega samfélagi og líka heilmikil áhrif á stöðu okkar í hinu efnahagslega samfélagi, vegna þess að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði er öðrum þræði samningur um markaðsaðgang sem skiptir okkur mjög miklu máli.

Þess vegna er á margan hátt ánægjulegt að veita því eftirtekt á þessum degi að umræðan fer fram með mjög málefnalegum hætti, efnislegum hætti, og er alls ekki háð þeim anda þeirrar miklu baráttu sem átti sér stað þegar við vorum að ræða um aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði fyrir 14 árum. Þetta segir okkur fyrst og fremst það að heilmikið vatn hefur runnið til sjávar og í raun og veru er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði á vissan hátt sáttagjörð í þessari miklu umræðu. Það er greinilega orðið þannig að samkomulagið um meginatriði samningsins um

hið Evrópska efnahagssvæði er miklu meira en menn gátu ímyndað sér þegar við ræddum þessi mál í þinginu veturinn 1991–1992, af gríðarlegri hörku.

Þetta finnst mér á vissan hátt segja okkur að við, sem vorum sannfærð alveg frá upphafi um að samningurinn væri þýðingarmikill fyrir okkur og skipti okkur miklu máli og gæti á vissan hátt verið grundvöllur fyrir heilmikinn árangur okkar, höfum sem betur fer orðið sannspá. Í raun og veru eru átökin ekki jafnmikil og áður. Það hefði t.d. að mínu mati verið nánast óhugsandi að ímynda sér það á þeim tíma, að þegar við værum að komast að niðurstöðu um stækkun á hinu Evrópska efnahagssvæði, að taka eins konar fermingarathöfn á samningnum, að fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna sem eiga sæti í utanrmn. skrifuðu undir nál., eins og er að gerast hér.

Ef við skoðum þetta er ótvírætt, m.a. að mati Alþýðusambands Íslands, að Evrópusamvinnan hefur verið að skila okkur mjög mikið fram á veginn. Ég vek athygli á því að á ársfundi Alþýðusambands Íslands var gerð samþykkt þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er óumdeilt að Evrópusamvinnan og þá sérstaklega samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hefur þjónað hagsmunum Íslands vel. Með EES-samningnum var íslensku efnahagslífi skapaður hliðstæður rammi og íslenskum fyrirtækjum sambærileg skilyrði og samkeppnisreglur og gilda annars staðar á svæðinu. Íslensk fyrirtæki og atvinnulíf hafa sýnt að til staðar er vilji og geta til að nýta sér þá möguleika sem Evrópusamvinnan hefur fært þeim til að efla starfsemi sína og auka samkeppnishæfni. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu og þátttaka Íslands í Evrópusamvinnunni hafa jafnframt haft mikla þýðingu fyrir framþróun vinnumarkaðar hér á landi og réttarstöðu launafólks."

Undir þessi orð er sjálfsagt að taka. Það er alveg rétt að það er óumdeilt að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði hefur þjónað hagsmunum okkar gríðarlega vel. Að vísu tel ég að menn hafi stundum ýkt mjög hin samfélagslegu áhrif EES-samningsins. Mjög margt af því sem hefur verið að færa okkur betri lífskjör eru ekki árangur eða afrakstur af EES-samningnum, heldur fyrst og fremst árangur af pólitískri stefnumótun sem við höfum unnið eftir frá árinu 1991. Það hefur auðvitað fyrst og fremst breytt samfélagi okkar og fært okkur fram á veginn.

Engu að síður, virðulegi forseti, er ástæða til þess þegar við fjöllum um þessi mál, sem eru í eðli sínu gríðarlega stór, að við veltum fyrir okkur stöðu málsins. Það sem upp úr stendur að mínu mati er í fyrsta lagi að menn eru að verða mjög sammála um gildi EES-samningsins eins og kemur fram í umræðunum og kemur fram í nál. utanrmn. Jafnframt þurfum við að velta fyrir okkur stöðunni þegar við horfum fram á veginn. Því hefur oft verið haldið fram að EES-samningurinn sé að verða úreltur og að stoðir hans séu að feykjast og verða feysknar. Þegar við hins vegar skoðum það betur er í raun mjög fátt sem bendir til þess. Menn vitna að vísu til einhverra óljósra orða einstakra pótintáta innan Evrópusambandsins, en nú skulum við aðeins velta öðru fyrir okkur.

Hvað reynir mest á samninga af þessu tagi? Þegar við tökum til við að stækka hið Evrópska efnahagssvæði, augljóslega. Þá reynir í grundvallaratriðum á hvort EES-samningurinn sé einhvers virði. Það sem kemur á daginn er að stækkunarferli Evrópusambandsins og aðild EES-ríkjanna tókst bara alveg prýðilega hvað varðaði samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Þar reyndi auðvitað í grundvallaratriðum á hvort EES-samningurinn stæðist. Einhver óljós skilaboð frá einstökum mönnum um að EES-samningurinn sé eitthvað sem Evrópusambandið vilji ekkert hafa með að gera er lítils virði í samanburði við það mikla próf sem EES-samningurinn var að gangast undir. Þetta er auðvitað stóra málið. Við höfum í raun og veru fengið staðfestingu á því að EES-samningurinn lifir ágætu og öflugu lífi. Þess vegna stenst talið um að við séum í einhverri stórhættu að einangrast í þeirri stöðu sem við erum núna í, Íslendingar, einfaldlega ekki. EES-samningurinn er að sýna og sanna gildi sitt.

Hins vegar er áhyggjuefni að við verðum vör við tilteknar hræringar innan Evrópusambandsins sem ekki lúta sérstaklega að EES-samningnum, en lúta hins vegar að eðli Evrópusambandsins sjálfs og hvernig það er að meðhöndla tiltekið mál. Gott dæmi um það er tiltekin einangrunarhyggja sem virðist koma stundum fram í tilteknum málum innan Evrópusambandsins. Glöggt dæmi um það er hvernig við þurftum nánast að berjast áfram í því að fá samþykkt svo sjálfsagðan hlut sem varðaði aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði og stöðu hins Evrópska efnahagssvæðis á nýjum sameiginlegum innri markaði, og við kynntumst þegar við vorum að berjast fyrir hagsmunum okkar varðandi markaðsaðgang með síldarflök.

Eins og við munum höfðum við þennan markaðsaðgang gagnvart okkar mikilvægasta landi, sem var Pólland. Það var býsna þýðingarmikið fyrir okkur, en gríðarlega þýðingarmikið fyrir Pólverja. Við sem fórum ferð á vegum utanrmn. Alþingis til Póllands fundum það mjög glögglega á sínum tíma að Pólverjar lögðu mjög mikla áherslu á þetta. Þeim var ljóst að þetta skipti þá sem tiltölulega fátæka Evrópuþjóð mjög miklu máli. Ekki bara fyrir Pólverja almennt, heldur fyrir þau svæði sérstaklega sem höfðu hagsmuni af þessu máli því fátæk héruð í Póllandi áttu mjög mikið undir því að það yrði áfram óheftur markaðsaðgangur með þessar vörur inn á hið Evrópska efnahagssvæði, til Póllands, eins og verið hafði.

Þess vegna var það mjög sérkennilegt, í ljósi þess að Evrópusambandið byggir eina meginstoð Evrópuhugsunarinnar á óheftum markaðsaðgangi, að Evrópusambandið skyldi sýna þá miklu stífni í þessum efnum sem raun bar vitni. Því ef við horfum á þetta frá okkar sjónarhóli, ef það hefði orðið niðurstaðan sem Evrópusambandið vildi á sínum tíma, þá var verið að draga úr fríverslun að þessu leytinu í Evrópu.

Það sjá allir að það rímar mjög illa við þær hástemmdu yfirlýsingar sem uppi hafa verið. Þetta voru auðvitað býsna miklir hagsmunir fyrir okkur. Það hefði munað okkur í tollum um 200–300 millj. kr., hefði væntanlega algjörlega eyðilagt þennan möguleika á útflutningi og eyðilagt þar með þessi viðskiptasambönd milli okkar og Póllands.

Ég kýs að ræða þetta og rifja aðeins upp vegna þess að þetta snertir á vissan hátt það sem mér hefur fundist ákveðin tilhneiging innan Evrópusambandsins. Annars vegar vitum við að grundvallaratriði í Evrópuhugsjóninni er hugmyndafræðin um hinn frjálsa innri markað, sem við öll skiljum. Við gerum okkur grein fyrir að hann getur skipt gríðarlega miklu máli. Við sem trúum að í frjálsum viðskiptum þjóða í milli sé fólginn drifkraftur og möguleiki á aðgangi að mörkuðum, ekki síst fyrir hinar veikari þjóðir, höfum af því áhyggjur þegar við finnum að innan Evrópusambandsins eru sjónarmið sem lúta fremur að því að búa til girðingar en hið

gagnstæða. Í því sambandi er hægt að vekja athygli á ýmsum undarlegum yfirlýsingum fulltrúa bæði Frakklands og Þjóðverja í þá veru. Þeir hafa, nokkuð ógreinilega þó, gefið til kynna að ýmislegt í fari Evrópusambandsins sé óhagkvæmt fyrir iðnað og framleiðsluvörur þessara tilteknu þjóða.

Þegar við stækkum hinn frjálsa, stóra markað og drögum úr og afnemum tollahindranir í viðskiptum á þeim markaði hefur það auðvitað áhrif á stærstu ríkin, ríkustu ríkin þar sem framleiðslan er dýrust. Þetta þekkjum við. Þess vegna er óhugnanlegt að hugsa til þess að það glitti í sjónarmið af því tagi sem heyrst hafa í ummælum hjá Chirac og Schröder. Menn hafa vakið athygli á því að þessi þróun kunni á einhvern hátt að vera ógnun við grundvöll iðnaðarframleiðslunnar í þessum ríkjum því að auðvitað verður að taka súrt með sætu í þessum efnum. Þegar tekin er ákvörðun um að verða hluti af þessu stóra markaðssvæði eru menn um leið að taka ákvörðun um að það geti leitt til tilfærslna innan svæðisins. Það er auðvitað eðli þessa máls.

Mér finnst því, virðulegi forseti, ástæða til, vegna þess að nú er rætt um Evrópumál á breiðum grundvelli og fullt tilefni til þess, að vekja athygli á að þarna eru tiltekin hættuboð sem ástæða er til fyrir okkur að hafa nokkur orð um.

Í þeirri umræðu sem fram fór innan utanrmn., eins og fram kemur í nál. hennar, var horft til þeirra afleiðinga sem stækkun Evrópusambandsins og stækkun EES-svæðisins hefði á vinnumarkað þessara ríkja. Þessi mál hafa verið rædd fyrr í dag og kannski ekki ástæða til að orðlengja það. Hins vegar er óhjákvæmilegt fyrir okkur að beina athygli okkar að því að hugmyndin um hina frjálsu för launafólks innan EES-svæðisins er grundvallaratriði í EES-samningnum og grundvallaratriði í hugmyndafræði Evrópusambandsins. Við getum sagt að þetta sé ein af þremur eða fjórum meginstoðum Evrópusambandsins, þ.e. hugmyndin um að fólk sem býr á einum stað innan hins Evrópska efnahagssvæðis geti unnið hindrunarlaust alls staðar innan þess svæðis. Á þessu byggir Evrópusambandið og þetta er Evrópusambandið í hnotskurn. Sú hugsun að svæðið sé eitt atvinnusvæði, að fólk, hvort sem það býr í Portúgal, á Íslandi, í Póllandi eða Þýskalandi, geti valið sér vinnustað á grundvelli tiltekinna reglna og farið til vinnu þar sem því hentar á þessu svæði. Út á það gengur þetta. Á þessu eru pólitískar skýringar. Við teljum að með þessu sé stuðlað að friðsamlegri sambúð þessara þjóða en á þessu eru líka efnahagslegar skýringar. Þetta er einnig talið munu leiða til hagkvæmni og þess vegna sé þetta nauðsynlegt.

En þegar til stykkisins kemur er athyglisvert að allar gömlu þjóðir hins Evrópska efnahagssvæðis, við erum ekki undantekning frá því, eru í óðaönn að sinna þeirri viðleitni sinni að reyna að koma í veg fyrir að þessi þáttur Evrópusambandshugsjónarinnar taki gildi. Út á það gengur þetta. Við fengum hér lista, dagsettan 5. febrúar, um hin gömlu ríki og samkvæmt honum er komið á daginn að alls staðar er viðleitnin hin sama. Við erum í raun ekki að opna fyrir þetta aðgengi fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö ár. Í Þýskalandi, stærsta ríki Evrópusambandsins, lá fyrir frá upphafi, sem kom t.d. glögglega fram í heimsókn okkar til Póllands, að þeir hygðust ekki veita nýju ríkjunum aðgang fyrr en eftir fimm eða kannski sjö ár. Við sjáum að í þessu er dálítill tvískinnungsháttur. Annars vegar er rætt um mikilvægi þess að stækka þetta allt saman en hins vegar erum við öll upp fyrir haus önnum kafin við að búa til reglur sem miða að lengri aðlögunartíma.

Ég er ekki að gera lítið úr þörfinni á aðlögun. Við vitum að á svæðinu eru mjög ólíkar þjóðir sem safnast saman inn á sama markaðinn. Annars vegar hinar forríku þjóðir Vestur-Evrópu og hins vegar miklu fátækari þjóðir. Auðvitað er það mikið aðdráttarafl fyrir þessar þjóðir að eiga þess kost að komast inn í ríkara samfélag og njóta kosta þess, m.a. velferðarkerfisins og annars slíks. Hins vegar er augljóst hvað hér er að gerast.

Þetta birtist okkur einnig í því að áhyggjur fara vaxandi hjá mörgum þjóðum innan Schengen-samstarfsins af afleiðingum þess samstarfs. Við vitum að sú staðreynd að ytri landamæri Evrópusambandsins og Schengen-svæðisins eru að stækka hefur afleiðingar og áhrif á alla hina pólitísku umræðu, jafneldfim og hún er. Þetta er annað atriði sem mér fannst nauðsynlegt að vekja athygli á, sem á vissan hátt er í mótsögn við þá grundvallarhugmyndafræði sem Evrópusambandið byggir á, einn meginþáttinn í allri Evrópuhugsuninni.

Enn eitt grundvallaratriði í Evrópuumræðunni er spurningin um hið sameiginlega myntkerfi, evruna. Við þekkjum hugmyndafræðina á bak við það, að með því að hafa myntsvæðið stórt verði hinn viðskiptalegi kostnaður minni. Það að eiga viðskipti milli margra ríkja með sömu mynt dregur úr viðskiptakostnaði þó að ýmsir annmarkar séu á þessu fyrirbrigði. En við sjáum líka að þau tvö ríki sem áttu hvað stærstan þátt í að koma á evrufyrirkomulagi og margir töldu að yrðu kjölfestan, akkerið í þessu samstarfi, þ.e. Þjóðverjar og Frakkar en alveg sérstaklega Þjóðverjar, eru í óðaönn að finna leiðir til þess að komast undan þeim skuldbindingum sem óhjákvæmilega fylgja því að verða hluti af hinum evrópska myntmarkaði. Við vitum að þessum löndum gengur hálfilla að koma heim og saman sínum efnahagslegu bókum. Þess vegna eru þau í óða önn að reyna að fá undanþágur frá slíkum grundvallaratriðum.

Virðulegi forseti. Ég hef nefnt þrjú atriði sem öll er hægt að segja að liggi til grundvallar í evrópsku efnahagssamvinnunni, grundvallaratriði innan Evrópusambandsins. En þau eru öll því marki brennd að stórar þjóðir leggja í raun til atlögu við þann grundvöll, á sviði þess sem menn hafa kallað frjálsa för launafólks, varðandi hinn innri markað og síðast en ekki síst evrópska myntsvæðið, evruna sjálfa sem stendur greinilega á mun fúnari fótum en menn ætluðu í upphafi.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að þetta mál hlyti að verða eitt af stóru málunum sem við fengjumst við í þinginu í vetur. Við tökumst á við heilmikið verkefni, þ.e. að verða aðilar að stærra Evrópsku efnahagssvæði með kostum þess og göllum. Í ljós hefur komið að staða okkar í þessu ferli er sterk. Evrópska efnahagssvæðið stendur styrkum fótum. Það hefur staðist þá miklu áraun sem var að búa til þetta stóra Evrópska efnahagssvæði. Við höfum lent í ákveðnum vandræðum í einstökum tilvikum varðandi Evrópusambandið. Þar innan er tilhneiging í þá átt að verja múra, gagnstætt þeirri hugsun sem það sjálft byggir á.

Aðalatriðið í hinu pólitíska samhengi innan lands finnst mér þó sú staðreynd að þessi umræða fer fram með allt öðrum hætti en sú sem við sem sátum á Alþingi veturinn 1991–1992 urðum vitni að. Þá fóru fram heiftarlegar umræður og menn fór dagfari og náttfari til að berjast í þessu mikla máli. Nú er einfaldlega búið til nál. sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka skrifa upp á. Þetta er að mínu mati til marks um þáttaskil í hinni pólitísku umræðu og sýnir fyrst og fremst sterka stöðu hins Evrópska efnahagssvæðis sem pólitískrar niðurstöðu í Evrópuumræðunni. Þetta ætti að verða okkur

leiðarljós í framtíðinni og sýna okkur að við þurfum ekki að vera að þessu Evrópusambandsdekri, eins og Samf. hefur verið með, reyndar með hangandi hendi í vetur, heldur getum við auðveldlega byggt Evrópustefnu okkar á hinu Evrópska efnahagssvæði sem hefur reynst okkur vel eins og Alþýðusamband Íslands hefur bent á. Það stendur styrkum fótum eins og samningsgerðin við Evrópusambandið hefur leitt í ljós.

[15:41]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Í niðurlagi nál. um frv. sem hér er til umfjöllunar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá félmrn. og dómsmrn. þurfi að gera breytingar, m.a. á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir 1. maí næstkomandi til að takmarka megi frjálsa för fólks frá nýju aðildarríkjunum. Nefndin leggur áherslu á að vinnu við þau frumvörp verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan stækkunarsamningnum.

Hv. formaður utanrmn. hefur sagt að útlendingar gegni veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi sem hefði ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra. Þeir gegna að mjög mörgu leyti lykilhlutverki, í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum og á ýmsum þjónustustofnunum. Við þetta vil ég bæta að útlendingar hafa auðgað menningarlíf þjóðarinnar og skapað fjölbreytni sem öllum þjóðum er nauðsynleg. En þrátt fyrir að útlendingar skipti miklu máli fyrir efnahag og menningu þjóðarinnar eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf. Það má jafnvel halda því fram að þeim sé tekið sem óvelkomnum gestum og að að hluta til búin dvalarskilyrði á Íslandi sem standast vart mannréttindi.

Í tengslum við frv. sem hér er til umræðu vil ég vekja athygli á tveimur frumvörpum sem tengjast útlendingum og atvinnuréttindum þeirra sem lögð voru fram á Alþingi í dag og dreift á borð þingmanna. Þau varða mannréttindi þessara útlendinga, þ.e. réttarstöðu niðja útlendinga, ungmennin. Þau varða réttarstöðu erlendra kvenna sem giftast íslenskum ríkisborgurum og sæta gjarnan frekar ofbeldi í sambúð sinni en íslenskar konur. Einnig varða þau réttarstöðu útlendinga sem hér eru með tímabundin atvinnuleyfi, sem ég vil kalla vistarband, ástand sem við þekktum á fyrri öldum í sambandi húsbænda og hjúa.

Ég tel rétt og eðlilegt að efni þessara tveggja frumvarpa sem ég geri að umtalsefni verði tekið til skoðunar í tengslum við þær breytingar sem gera þarf á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga samkvæmt nál. um frv. sem hér er til umræðu.

Ég vek athygli á því að í þeim tveimur frumvörpum sem dreift var til þingmanna í dag eru þessi tilmæli sett fram. Ég endurtek þau í ræðustól Alþingis og beini þeim til hæstv. utanrmn. og annarra nefnda Alþingis sem kunna að fá frumvörp að því er varðar breytingu á lögum um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga til umfjöllunar. Ég er að tala um lágmarksmannréttindi þeirra útlendinga sem starfa hér á landi, aðstandenda og niðja þeirra sem þeim fylgja.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er fagnaðarefni að þessi samningur skuli liggja hér fyrir. Þessi umræða, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í snjallri ræðu áðan, sýnir þá miklu breytingu sem orðið hefur á viðhorfum manna til Evrópu og til Evrópusambandsins og sérstaklega EES. Það sem menn rifust hér um daglangt og náttlangt, eins og hv. þm. rifjaði upp í ræðu sinni áðan, virðist núna vera samþykki hvers og eins. Breytingin á þessu er auðvitað fyrst og fremst sú sem speglaðist í því sem ég vil kalla endurfæðingu formanns VG. Í ræðu hans áðan kom margt fram sem ég gerði mér ekki grein fyrir.

Til skamms tíma var það svo að í munni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar var orðið Evrópusinni skammaryrði. Það eru ekki mörg ár síðan hann fyldi grön ef menn tóku sér í munn orðið jafnaðarmaður. Nú segist hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vera orðinn Evrópusinni. Hann er líka orðinn alþjóðahyggjusinni með atkvæðagreiðslu á landsfundi VG og hann er þar að auki orðinn róttækur jafnaðarmaður. Og það sem mestu skiptir, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kominn í slagtog með alþjóðlegum Evrópusinnum.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá hv. þingmönnum að fyrr í vetur gerðust þau stórmerki að Vinstri hreyfingin – grænt framboð tengdist böndum, órjúfanlegum vildi ég segja, nýjum samtökum vinstri flokka þar sem er að finna nokkra flokka sem eru róttækir jafnaðarmenn sem eru Evrópusinnar og sem vilja aðild að Evrópusambandinu. Margir af skoðanabræðrum og skoðanasystrum hv. þingmanna VG eru því beinlínis að berjast fyrir aðild að Evrópusambandinu í sínum heimalöndum. Og ég velti því fyrir mér: Kann að vera að VG sé líka að sjá þetta ljós? Það er ekki hægt að komast hjá því að taka eftir þeirri merku stefnubreytingu sem orðin er á ræðuhöldum hv. þm. og formanns VG, Steingríms J. Sigfússonar. Það er ekki bara að hann sé alþjóðahyggjumaður og Evrópusinni, hann kemur hingað í ræðustól og segir það bara hreint út að að ýmsu leyti sé EES gott, og eins og hv. þm. sagði: „Veruleikinn er eins og hann er." Það var sennilega það besta sem hv. þm. hefur sagt. Ég fæ ekki betur séð en að VG sé hægt og bítandi að fikra sig nær Evrópusambandinu en áður.

Ég verð líka að taka sneið hv. þm. til hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar til mín þegar formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs spurði hann áðan hvort það kynni að vera að hann hefði ekki lesið þau þingmál sem hér væru lögð fyrir og þá vísaði hv. þm. til stefnu VG í utanríkismálum. Ég verð að viðurkenna að mér var það ekki ljóst að sú stefnubreyting hefði orðið hjá VG að menn á þeim bæ væru hættir við að varpa EES út í hafsauga og taka upp tvíhliða samninga við Evrópusambandið. Það eru alla vega ekki mörg missiri frá því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hélt stormandi ræður um hvað það væri gott að gera tvíhliða samninga við Evrópusambandið. Ég átti í harðri orðræðu við hann fyrir u.þ.b. tveimur árum að ég hygg og var þá einmitt að reyna að leiða honum fyrir sjónir að það væri ekki æskileg vegferð og vísaði til fordæmis Svisslendinga sem eyddu miklum tíma og miklum fjármunum í að gera sjö eða átta tvíhliða samninga á ýmsum sviðum við Evrópusambandið með þeim árangri að þeir geta vart við þá búið. En ég segi auðvitað að batnandi mönnum er best að lifa og ég fagna því að VG er þó komið það nálægt okkur. Ég ætla ekki að segja að þeir séu endilega að stefna að því að verða deild í Samf. eins og einhverjir flokksbræður hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar leiddu getum að í Fréttablaðinu fyrr í vetur. En það er auðvitað alveg klárt að stefnubreytingin í umræðunni í þinginu, sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fann af næmni sinni áðan, stafar af því að hér er enginn flokkur lengur á móti EES. Það er einfaldlega svo að þeir sem börðust daglangt og

náttlangt fyrir EES, á móti t.d. hv. Steingrími J. Sigfússyni, höfðu rétt fyrir sér.

Það sem við vorum að segja á þeim árum að skipti mestu fyrir framtíð íslensks efnahagslífs var aðild að EES. Við höfðum rétt fyrir okkur. Ýmsir þingmenn sem þá töluðu gegn samningnum höfðu rangt fyrir sér. Eins og gerist oft í stjórnmálum hafa menn ekki alltaf rétt fyrir sér. Það hefur margoft hent mig og hæstv. utanrrh., en hið sögulega í þessari umræðu er að formaður VG hefur sagt úr þessum ræðustól að hinn efnahagslegi þáttur EES sé jákvæður. Það hefur aldrei komið fram með svo skýrum hætti hjá VG áður.

Nú er það svo að ég sakna hv. þm. Ögmundar Jónassonar í umræðunni því að hann er staddur erlendis. Það hefði verið gaman að hafa hann hér vegna þess að ég hef aldrei heyrt hv. þm. Ögmund Jónasson tala með þessum hætti eins og Steingrímur J. Sigfússon.

Það var misskilningur líka hjá hv. þm. og formanni VG að þau rök sem menn hefðu áður notað gegn EES, þ.e. að EES væri hugsanlega brot á stjórnarskrá Íslendinga, væru nú skyndilega orðin rök í munni okkar Evrópusinna fyrir aðild. Það er auðvitað ekki svo. Þeir hv. þm. sem halda því fram endurspegla ekkert nema vanþekkingu sína á eðli og þróun Evrópusambandsins.

Þegar samningurinn um EES var gerður á sínum tíma var það nú svo að við sem vorum miklir fylgjendur EES-samningsins veltum fyrir okkur hvort hugsanlegt væri að sá samningur fæli í sér það mikið afsal á fullveldi að bryti á bága við stjórnarskrá. Út af þessum vafa var því einmitt skotið til nefndar fjögurra vísra lagaspekinga hvort svo kynni að vera. Niðurstaða þeirra var sú að þarna værum við á gráu svæði. En niðurstaða þeirra var líka sú að að líkindum væri ekki um brot á stjórnarskrá að ræða. Þær líkur væru svo miklar að það væri verjanlegt að gera þennan samning.

Síðan hafa hlutirnir breyst. Á þeim tíma héngu menn á þeim njóla að Íslendingar áttu kost á því að hafa áhrif á gerninga Evrópusambandsins í gegnum samráð sem gerðist í tengslum við framkvæmdarstjórnina. Á þeim tíma var Evrópuþingið einskis megandi. Það var ákaflega valdalítið. Það var aftur undirstaðan og fóturinn undir þeirri umræðu innan Evrópusambandsins að það væri ólýðræðislegt, sem það var svo sannarlega í þá daga og er því miður enn þá. En breytingarnar sem menn réðust í í kjölfar þeirrar umræðu voru einmitt að færa Evrópuþinginu völd.

Nú er staðan einfaldlega sú að ef upp koma deilur á milli framkvæmdarstjórnarinnar og Evrópuþingsins og niðurstaða næst ekki í ákveðnu samráðsferli ræður hið lýðræðislega kjörna vald, eins og eðlilegt er, þ.e. Evrópuþingið. Það þýðir aftur að sú staða er komin upp að möguleikar okkar á því að hafa áhrif á tilskipanir sem við verðum að taka upp í lagasafn okkar eru miklu minni en áður. Það sem menn leggja stundum upp með í formi draga að tilskipunum endar oft gjörólíkt upphafinu. Þar með er komin upp sú staða að möguleikar okkar til þess að verja fullveldi eru minni en áður. Það er þess vegna sem ýmsir Evrópusinnar, þar á meðal ég, velta því fyrir sér í fullri alvöru hvort þessi þróun hafi ýtt okkur yfir hið gráa svæði. Það er því með engu móti hægt að koma hér og snúa þessu á hvolf eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði áðan.

Það liggur alveg ljóst fyrir að Samf. er Evrópusinnaður flokkur. Við viljum sækja um aðild að Evrópusambandinu og gera það í fullri alvöru með það fyrir augum að íslenska þjóðin verði aðili að Evrópusambandinu.

Það var líka misskilningur hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann spurði: Ætlaði ekki Samf. að skilgreina samningsmarkmið fyrir tveimur eða þremur árum? Nei, Samf. ætlaði ekki að gera það. Það kom alveg skýrt fram af hennar hálfu. Við sögðum: Það er nauðsynlegt að ná sem mestri samstöðu meðal íslensku þjóðarinnar um hvaðeina sem tengist samningsmarkmiðum. Þess vegna á það ekki að vera einn tiltekinn flokkur sem ræðst í það. Það á að vera verkefni ríkisstjórnarinnar. Á því hömruðum við margoft í þessum sölum. Það var ekki gert.

Því var sú afstaða tekin á landsfundi Samf. að til þess að reyna að hnika þeirri umræðu áfram skipaði Samf. sína eigin nefnd, eigin níu manna nefnd stjórnmálamanna og sérfræðinga til þess fyrir sína parta að geta lagt fram hugmyndir að því sem hún telur að ætti að vera samningsmarkmið. Forsendurnar voru þær að ríkisstjórnin brást í því. Þetta er afstaða Samf.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson benti á að þessi umræða væri miklu málefnalegri en áður og það er alveg rétt. Ástæðan er sú að segja má að hér hafi staðið linnulítil umræða missirum og árum saman um Evrópusambandið, og auðvitað leiðir umræða alltaf til þess að menn verða upplýstari og menn skilja hlutina betur. Það er t.d. áberandi í þessari umræðu í dag að einn þáttur hefur ekki komið upp, sem alltaf hefur gengið eins og draugur í gegnum allar umræður, og það eru þær fullyrðingar sem koma hér stundum frá ýmsum sjálfstæðismönnum og félögum í VG um að ef Íslendingar gengju í Evrópusambandið töpuðu þeir yfirráðum yfir fiskimiðunum. Maður er sem betur fer hættur að heyra upplýsta þingmenn halda þessu fram. Því er a.m.k. ekki haldið fram með þeim hætti sem áður var gert þegar menn staðhæfðu að togarar og floti erlendra fiskiskipa frá hinum og þessum löndum, og Spánn var sérstaklega nefnt þar, kæmi hingað askvaðandi inn í efnahagslögsöguna og tæki frá okkur fisk. Það er einfaldlega ekki hægt að skjóta neinum rökum undir þá staðhæfingu, og ég ætla ekki að svo stöddu að eyða tíma í að fara í gegnum þær röksemdir.

Ég vil þó minna á að þegar Spánn sótti um aðild að Evrópusambandinu og hlaut samþykki fyrir umsókn sinni kröfðust Spánverjar þess að fá að veiða innan efnahagslögsögu Evrópusambandsþjóðanna í krafti þeirrar staðreyndar að þeir höfðu fyrir útfærsluna, síðustu útfærslu, veiðireynslu á milli 50 og 200 mílna markanna. Því var hafnað. Og ef því var hafnað gagnvart Spánverjum með hvaða hætti ættu Spánverjar þá að geta notað slíkar röksemdir til þess að komast inn fyrir okkar?

Frú forseti. Það sem einkum hefur verið rætt í þessari umræðu og eðlilega eru þær takmarkanir sem þjóðir Evrópu eru að setja á frjálsa för vinnuafls. Mér fannst hv. þm. Einar K. Guðfinnsson með ákaflega rómantískum og notalega fallegum hætti draga þetta eðli Evrópusambandsins fram sem eina af meginstoðunum. Það er alveg rétt. Ef við ætlum að samþætta efnahagslíf álfunnar með þeim hætti sem forusta Evrópusambandsins er að gera þá er einn af burðarásum þeirrar þróunar frjáls för vinnuafls. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það sé mjög jákvætt fyrir þjóðirnar að fá nýja menningu, nýtt blóð, nýja atvinnuhætti, nýja siði með þeim hætti inn í samfélög sín.

Ég vil líka segja af því að ég hef gagnrýnt ýmislegt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu sinni að ég tek undir með honum þegar hann segir að úr því sem komið er sé það nokkur skaði að menn skuli hafa brugðið á þetta ráð.

Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að þær hættur sem menn sjá í þessu byggja ekki á sterkum rökum. Það liggja fyrir rannsóknir innan Evrópusambandsins, kannanir á viðhorfum íbúa þeirra nýju þjóða sem nú eru að ganga í sambandið, sem eru þess eðlis að ekkert bendir til að það bresti á mikið flóð nýrra verkamanna og verkakvenna til betur megandi Evrópusambandslanda.

Það er auðvitað óhjákvæmilegt að rifja það upp líka að við áttum nákvæmlega þessa umræðu 1993. Þá var því haldið fram af mönnum eins og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Páli Péturssyni sem hér var, og mörgum öðrum að þetta mundi leiða til þess að hingað kæmi mikill straumur erlends fólks sem hefði mjög erfið áhrif á vinnumarkaðinn. Auðvitað gerðist það ekki og það mun ekki gerast. Sá ótti sem greip um sig í tengslum við núverandi stækkun varð hins vegar til þess að mótstaða sérhvers ríkis á þessu sviði féll eins og dóminóspil og að lokum voru engin eftir að heita má sem vildu algerlega frjálsa för.

Í samhengi við þessa umræðu vil ég segja að ég tel að frjáls sala á þjónustu innan ESB hafi miklu meiri hættur í för með sér en frjáls för einstaklinga innan ESB og EES-svæðisins.

Í þessum sölum hef ég margsinnis tekið upp mál starfsmannaleigna. Þær flokkast sem þjónusta innan ESB og það er mjög erfitt að stemma stigu við þeim sjóræningjum sem reka fyrirtæki af því tagi. Ef við skoðum frjálsa för einstaklinga þá leiðir hún að lokum til þess að fólk kemur frá þeim löndum þar sem efnahagslífið er yfirleitt með dapurra móti en í betur megandi löndum EES-svæðisins eins og Íslands. Þetta fólk kemur hingað, tekur þátt í atvinnulífinu og í kjölfar þess koma oft fjölskyldur þess eða það stofnar fjölskyldur hér. Það leggur til samfélagsins. Þess vegna verð ég að segja út af orðum hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að auðvitað er ekkert að því að fólk sem leggur til samfélagsins eigi með sama hætti kröfu á að samfélagið komi því til aðstoðar ef eitthvað bjátar á. Það er sjálfsagt að íslenskt samfélag reiði af höndum fjármagn í gegnum félagslega kerfið, í gegnum skólakerfið, í gegnum heilbrigðiskerfið, í nákvæmlega sama mæli og gagnvart öðrum sem búa í landinu, þ.e. Íslendingum.

Við skulum heldur ekki gleyma því að það voru útlendingar, erlent vinnuafl sem má segja að hafi komið í veg fyrir að efnahagslíf þjóðarinnar hafi sprungið í sundur á síðasta kjörtímabili. Það voru þeir 7 eða 8 þús. útlendingar sem tóku þátt í vinnumarkaði Íslendinga. Þetta fólk kemur hingað, festir rætur og borgar skatta. Og þegar það borgar skatta á það kröfu á endurgjaldi í gegnum þá þjónustu sem samfélagið reiðir af höndum. Það gegnir allt öðru máli um þá sem koma hingað í gegnum starfsmannaleigur. Það fólk er ráðið af fyrirtækjum í þeim löndum Evrópu þar sem kjörin eru lág og það er ráðið á kjörunum sem ríkja í því landi. Það er síðan flutt, stundum eins og gripir, í önnur lönd eins og við höfum séð við Kárahnjúka og víðar. Þar gera þessar starfsmannaleigur og þeir sem notfæra sér þjónustu þeirra tilraun til að halda áfram þessum skelfilegu kjörum viðkomandi farandverkamanna.

Þau dæmi sem við sáum hér í tengslum við stóriðjuna, í tengslum við uppbygginguna á Kárahnjúkum þar sem menn voru látnir skrifa undir uppsagnarbréf sem voru tímasett langt fram í tímann, sum ódagsett, og gerðu það að verkum að ef menn voru að múðra yfir kjörum sínum eða þeir urðu veikir þá er bara hægt að senda þá heim, segja þeim upp. Uppsagnarbréfið er þá fyrir hendi.

Nákvæmlega þetta höfum við séð annars staðar. Þetta er alþjóðlegt vandamál. Þetta gerir það að verkum að vinnuaflið sem fyrir er í því landi sem umrædd verkefni eru unnin verður ekki samkeppnishæft. En fyrirtæki sem ýmist af etískum ástæðum eða öðrum treysta sér ekki eða vilja ekki taka þátt í slíku tapa samkeppnishæfni sinni. Þannig getur svona verknaður og svona framferði grafið undan vinnumarkaðnum, grafið undan samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ég lít á þetta sem alþjóðlegt vandamál og alþjóðlegum vandamálum svara menn ekki nema með alþjóðlegu samstarfi. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. og íslenska ríkisstjórnin beiti sér innan EES, noti þá möguleika sem viðkomandi stjórnmálamenn hafa til þess að alþjóðleg samstaða myndist um að berjast gegn þessu. En því miður veit ég að það er erfitt. Þar er á brattann að sækja. Ég er sjálfur nýkominn frá Írlandi þar sem ég átti með ýmsum forustumönnum norrænna jafnaðarmanna samtöl við írska Evrópuráðherrann. Það var alveg ljóst að það sem ég hef verið að lýsa sem miklum ókosti í tengslum við þróun EES lítur sá ágæti maður, írski Evrópuráðherrann, og væntanlega írska ríkisstjórnin öll á sem kost vegna þess að það lækkar kostnað atvinnulífsins. Svona hugsa menn nú misjafnt, hv. þm. Hjálmar Árnason, af því ég sé að hv. þm. er hugsi yfir þessum orðum. Sínum augum lítur nú hver á silfrið.

Þetta tel ég vera hættur. Ég hef engar áhyggjur af því að frjáls för einstaklinga verði til þess að setja íslenskan vinnumarkað úr jafnvægi. Ég er sannfærður um að ef þetta væri algjörlega frjálst þá mundum við sjá ákveðna aukningu á flutningi fólks hingað til lands. En hún yrði ekki varanleg. Hún yrði ekki mikil. Hún yrði ekki meiri en svo að hún yrði jákvæð bót við hinn íslenska vinnumarkað.

Hér í þessari umræðu hafa menn eðlilega verið að ræða um Evrópusambandið. Ég hef gert að umræðuefni þá varfærnu nálgun sem ég þykist sjá hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gagnvart Evrópusambandinu. Klárt er alla vega að þeir eru búnir að taka það mikilvæga skref að vera ekki lengur á móti EES. Þeir sjá ýmislegt jákvætt við Evrópusambandið eins og kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég er svo hins vegar algjörlega sammála hv. þm. um að það er oft önugt að skoða hvernig ESB hagar sér oft og tíðum eins og grimmúðlegt tollabandalag gagnvart ýmsum ríkjum sem fjarri eru og sem gaman væri nú að sjá geta flutt afurðir sínar og framleiðslu á markað Evrópusambandsins án þeirra múra sem við blasa þar í dag. Besta þróunaraðstoðin sem við í hópi hinna ríku þjóða getum veitt þeim sem minna mega sín í heiminum er einmitt að auka frjáls viðskipti, draga úr tollahindrunum og gefa öllum færi á að koma með vörur sínar inn á markað hjá okkur. Þetta hafa menn að sjálfsögðu ekki treyst sér til að gera. En þetta er þróunin og svona verður þetta. Frjáls verslun verður til þess að draga úr lífskjaramun í heiminum og það er frjáls verslun innan Evrópusambandsins sem mun leiða til að þær þjóðir sem í dag búa við miklu lægri og verri lífskjör en við hin á EES-svæðinu munu tosast upp. Það er það sem skiptir máli. Frjáls verslun er besta leiðin til þess að draga úr muninum á hinum ríku og fátæku í heiminum í dag.

Mig langar hins vegar, frú forseti, í tilefni af þessari umræðu um Evrópusambandið að spyrja hæstv. utanrrh. hver sé stefna Framsfl. varðandi Evrópusambandið núna. Ég rifja það upp að ágætur framsóknarmaður var settur til þess að stýra nefnd, svokallaðri Evrópunefnd Framsfl. Nokkru síð-

ar varð sá ágæti maður einmitt seðlabankastjóri við góðan orðstír, Jón Sigurðsson. Hann skilaði tillögum sem voru samþykktar í Evrópustefnunefnd Framsfl. og segja má að það mætti líkja þeirri ágætu niðurstöðu við þriggja þrepa eldflaug. Það voru lagðir fram þrír möguleikar, í fyrsta lagi tvíhliða samningur, í öðru lagi endurskoðaður EES-samningur og síðan í þriðja lagi full aðild að Evrópusambandinu.

Enginn hefur með meira sannfærandi hætti en hæstv. utanrrh. sýnt fram á að það er alveg tómt mál og hreint rugl að ætla sér að fara þá leið sem felst í tvíhliða samningnum sem var nú reyndar leið Sjálfstfl. þangað til hann skipti um skoðun á einni nóttu hér þegar ríkisstjórn var mynduð 1991. Hæstv. utanrrh. talaði lengi vel um að hugsanlegt væri að endurbæta mætti EES-samninginn. Ég hjó eftir því að nýr og efnilegur ráðherra, hæstv. félmrh. Árni Magnússon, orðaði það svo á vordögum skömmu eftir að hann varð félmrh. að fyrst þyrfti að ganga rækilega úr skugga um hvort hægt væri að endurskoða EES-samninginn og ef það gengi ekki þá væri ekkert eftir nema efsta þrepið, þ.e. sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Nú liggur það fyrir eins og hæstv. utanrrh. hefur sjálfur staðfest að engar líkur eru á að menn geti náð fram einhvers konar endurskoðun á EES-samningnum. Það eru ekki einu sinni líkur á því að okkur og Norðmönnum, burðarásunum í EFTA, takist að ná samstöðu um hvers konar endurskoðun ætti að ná. Og ef við náum ekki samstöðu um það, hvaða líkur eru þá á því að við getum barið Evrópusambandið til hlýðni? Sá gluggi er einfaldlega lokaður. Það er ekki bara búið að draga fyrir hann. Það er búið að steypa upp í hann. Þá sýnist mér að samkvæmt þeirri Evrópustefnuskýrslu sem Framsfl. lagði hér fram fyrir einhverjum missirum sé ekki nema einn kostur eftir og hann er að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Nú er það auðvitað þannig að ekki get ég talað fyrir aðra flokka þó mig langi það stundum, frú forseti. Þess vegna vil ég í lok ræðu minnar spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig sér hann þessi mál þróast í framtíðinni? Ég geri mér grein fyrir að hann er aðili að samsteypustjórn og þarf að ná málamiðlunum. En hver er stefna Framsfl. miðað við stöðuna eins og hún er í dag, miðað við það að engin von er um að við náum fram róttækri gagngerri endurskoðun á EES-samningnum?

[16:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst nú hv. þm. fara frjálslega yfir söguna. En það er út af fyrir sig kannski ekki aðalatriði málsins. Hv. þm. býr sér til sína eigin mynd af sögunni og afstöðu manna á liðinni tíð til þess að geta síðan lagt út af því á nokkru flugi hvernig menn hafi verið að skipta um skoðun eða færa sig til.

Ég hef aldrei litið svo á að orðið Evrópusinni væri skammaryrði. Ég hef iðulega um langt árabil einmitt mótmælt því að við værum ekki Evrópusinnar og vildum Evrópusamvinnu og teldum að Ísland tilheyrði Evrópu, sem hefðum þá skoðun að það væri hins vegar ekki hagstætt fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið. Ég hef alltaf haldið þessu aðgreindu. Sömuleiðis er það nú síðbúin gleði hjá hv. þm. ef hann hefur ekki áttað sig á því fyrr að ég á í engum vandræðum með orðið jafnaðarmaður. Ég þýði orðið sósíalisti eða „socialist" sem jafnaðarmaður. Ég lít á mig sem róttækan vinstri mann, róttækan sósíalista, róttækan jafnaðarmann. Vonandi er hv. þm. sáttur við þessa orðanotkun. Í mínum huga er hins vegar aftur hv. þm. Össur Skarphéðinsson svona heldur miðlægur eða miðsækinn krati, miðsækinn jafnaðarmaður og það er önnur tegund. Það er önnur týpa, a.m.k. önnur undirtegund.

Varðandi samstarfsflokka okkar á Norðurlöndum þyrfti ég að fræða hv. þm. aðeins betur um það mál við tækifæri. En það er í grófum dráttum þannig að þrír af þeim flokkum eru andvígir aðild sinna þjóða að Evrópusambandinu, þ.e. vinstri flokkurinn í Svíþjóð, sósíalíski vinstri flokkurinn í Noregi sem er höfuðafl í andstöðunni þar og Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Vinstrabandalagið í Finnlandi styður aðild Finnlands að Evrópusambandinu en sósíalíski þjóðarflokkurinn í Danmörku hefur verið einn af örlagavöldum Dana í Evrópumálum því hann hefur iðulega lagst gegn einstökum þáttum í Evrópusamningunum eins og Maastricht og átt stóran þátt í því að þeir voru felldir á sínum tíma, átti aðild að samkomulagi um undanþágur Dana á grundvelli Edinborgarsamninganna o.s.frv. Þetta þekkjum við nú.

[16:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði þá játningu hér sem gaman var að heyra, að hann væri sósíalisti. Nú er það svo að Samfylkingin heitir á frönsku Alliance socialiste og ég býð hv. þm. (Gripið fram í.) hér með velkominn í þann hóp. Allir erum við sósíalistar upp á frönsku.

Staðreyndin er einfaldlega þessi að munurinn á umræðunni hér í dag og oft áður birtist fyrst og fremst í því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að breyta afstöðu sinni. Formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur komið hingað og lýst þeirri skoðun flokksins sem hann mun hafa tekið upp fyrir nokkru að þeir eru ekki lengur þeirrar skoðunar að gera eigi tvíhliða samning við Evrópusambandið. Þeir ætla ekki að hrófla við EES. Þetta er stefnubreyting.

Hv. þm. kom hér líka og sagði: „Ég er Evrópusinni." Hv. þm. kom og sagði: „Ég er jafnaðarmaður", að vísu róttækur sem mun vera töluvert annað en einhverjir miðsæknir jafnaðarmenn. Allt hnígur þetta að einum ósi. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að breyta afstöðu sinni til Evrópu og það er ekkert skrýtið. Það er jákvætt fyrir alla. Kannski tengist það því sem hv. þm. var að lýsa hérna áðan, að sumir af þeim flokkum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er í alþjóðlegu sambandi við eru Evrópusinnar nýlega. SF í Danmörku er orðið að Evrópusinnuðum flokki. Það var ágæt vinkona hv. þm., Margrete Auken, Evrópusinni sem einmitt steypti af stóli toppframbjóðanda SF sem hafði verið á móti Evrópusambandinu. Hv. þm. man nú kannski eftir átökunum milli Pouls Nyrups Rasmussens og Svends Aukens, bróður Margrete, hjá jafnaðarmönnum. Þess vegna hefur SF komið með þetta ágæta slagorð: Hvers vegna að kjósa Rasmussen þegar Auken er í boði?

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég verð að hryggja hv. þingmann með því að okkur hinum í bandalagi vinstri grænna flokka á Norðurlöndunum finnst einmitt að þeir séu dálítið að linast, SF-arar í Danmörku. Ekki hef ég átt í erfiðleikum með að velja á milli þeirra Margrete Auken og Pernille Fram og kosið hina síðarnefndu sem er mjög gagnrýnin á Evrópusamrunann. Það eiga þessir flokkar yfirleitt sameiginlegt og þeir eru ákaflega gagnrýnir á margt í Evrópusamrunanum þó að þeir hafi mismunandi

afstöðu enda koma þeir frá mismunandi löndum og að sjálfsögðu er ekkert að því að ólíkar áherslur í einstökum málum rúmist innan flokka sem vinna saman á grundvelli breiðra meginatriða í pólitík.

Það er fyrst og fremst einn gríðarlegur meginmisskilningur hér í máli formanns Samf. og ég veit að það hryggir hann mjög þegar ég upplýsi það. Það er að það sem ég hef sagt hér í dag boðar enga stefnubreytingu af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það vill svo til að ég hef vitnað í þáltill. sem af undarlegum ástæðum hefur farið fram hjá annars tiltölulega vel lesnum — eða a.m.k. læsum — þingmönnum Samf. Þessi þáltill. er endurflutt líklega í fjórða sinn hér á þinginu. Hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að eitt af því sem við eyddum tíma í strax í aðdraganda stofnunar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs — löngu á undan Samf. sem fann svo upp Evrópumálin tveim, þrem árum síðar — var að fara mjög rækilega í gegnum áherslur okkar í alþjóðamálum og leggja grunninn að þeirri stefnu, m.a. að þessu leyti, sem við höfum síðan byggt á. Hún er skrifuð í stefnuskrá okkar og hefur birst í þessari till. til þál. um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum sem hefur verið ítrekað endurflutt hér á þingi og legið fyrir óbreytt.

Ef hún er svona mikil uppgötvun, þessi tillaga, og tíðindi fyrir formann Samf. og aðra þingmenn þess flokks skýrist það af öðru en því að þar sé um stefnubreytingu að ræða. Menn hafa þá bara einfaldlega ekki kynnt sér hana fyrr en nú og ekki áttað sig á því hvar við stöndum í þessum efnum. En þar hefur ekki orðið um stefnubreytingu að ræða, aldeilis ekki.

[16:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem mér finnst skipta langmestu máli í þessari umræðu er ekki hversu mikið eða hversu oft hv. þingmaður eða aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa skipt um skoðun og ekki hvort þeir eru orðnir Evrópusinnaðri eða komnir í hjónasæng með einhverjum norrænum Evrópusinnum. Það sem mér finnst skipta máli er að það hefur runnið upp fyrir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og þá vonandi öllum öðrum þingmönnum VG líka, að EES færði okkur gríðarmikinn efnahagslegan ávinning. Um þetta ekki síst stóð deilan hér 1992 og 1993. Þá var hv. þm. allt annarrar skoðunar.

Það blasir við öllum sem líta núna yfir slóð þessa máls og afleiðingar að sú efnahagslega velsæld sem við Íslendingar höfum búið við undanfarin ár á að verulegu leyti rætur að rekja til þess að við höfðum vit fyrir þeim sem voru á móti EES á sínum tíma. EES er ein af undirstöðunum fyrir því góðæri sem hér hefur ríkt töluvert lengi, og það skiptir ákaflega miklu máli að heyra það úr munni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hann gerir sér grein fyrir þessu. Hv. þm. Mörður Árnason benti honum síðan á að það væri ekki bara hægt að pikka og velja það besta. Til þess að njóta gæða hins innri markaðar verða menn líka að hafa leikreglur og einhvers konar eftirlitsstofnanir. Það stendur enn þá upp á VG í þessari umræðu að skýra hvernig þeir vilja þá hafa þetta eftirlit með höndum ef þeir vilja ná fram kostum innri markaðarins.

Til þess þurfum við þessar stofnanir og það þýðir að við höfum þurft að láta ákveðið fullveldi af höndum. Nú er staðan þannig í dag að ég er þeirrar skoðunar að það væri miklu betra fyrir okkur að stíga skrefið til fulls og ganga í Evrópusambandið.

[16:19]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur við að maður kunni ekki við að grípa inn í þessar einræður milli Samf. og Vinstri grænna. Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þessi umræða núna er alveg gjörbreytt frá því að við vorum að berjast í þessu máli hér á hinu háa Alþingi 1992–1993. Sú umræða var oft og tíðum mjög heiftúðleg og ótrúleg þannig að þetta eru vissulega söguleg tíðindi.

Það má auðvitað segja margt um ræðu hv. þingmanns en mig langar til að nefna tvennt hér. Hann virðist hvorki hafa áhyggjur af sjávarútvegsstefnunni né fólksflutningum. Erlent vinnuafl hefur vissulega reynst okkur vel og við viljum gera vel við það fólk. Samtök atvinnulífsins töldu að ekki væri ástæða til að beita aðlögunartíma í tvö ár vegna þess að frjáls för fólks kæmi atvinnulífinu hér til góða. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að beita þessum aðlögunartíma, einkum vegna kröfu frá Alþýðusambandi Íslands. Það taldi rök til þess að bíða í a.m.k. tvö ár.

Það má auðvitað búast við því að hingað komi fólk við opnunina, t.d. þegar litið er til þess að bara í Póllandi búa u.þ.b. 40 millj. manna, þ.e. helmingur af þeim íbúafjölda sem aukningin felst í við stækkun Evrópusambandsins, og í Póllandi er a.m.k. 20% atvinnuleysi. Þetta hlýtur að vera ákveðin vísbending.

Síðan langar mig til að rifja það að Franz Fischler, framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála í Evrópusambandinu, sagði nýlega í viðtali hjá veftímaritinu IntraFish að hann vildi gjarnan að Ísland og Noregur sæktu um aðild að ESB en hins vegar að Ísland gæti aldrei fengið undanþágu frá sjávarútvegsstefnunni. Þetta sagði hann raunar á fundi í Háskólanum í Reykjavík í haust. Ég vildi gjarnan fá að heyra álit formanns Samf. á þessum yfirlýsingum, sérstaklega með tilliti til þess að hann telur ástæðu til að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

[16:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Íslendingar þurfa ekki neina undanþágu frá þeim reglum sem Evrópusambandið hefur sett varðandi sjávarútvegsstefnuna.

Hver er hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins? Nákvæmlega það sem felst í þessum orðum, því sem er sameiginlegt. Það felst í sameiginlegri nýtingu sameiginlegra fiskstofna — og það sem skiptir öllu máli — innan sameiginlegrar efnahagslögsögu. Þar greinir á með okkur og Norðmönnum.

Norðmenn og ESB hafa sameiginlega efnahagslögsögu. Við Íslendingar höfum enga sameiginlega efnahagslögsögu með ESB. Við höfum enga sameiginlega staðbundna fiskstofna. Við höfum flökkustofna sem er samið um gagnvart Evrópusambandinu í öllum tilvikum nema einu.

Undir þessu er síðan ákveðinn kvótafótur, ákveðin veiðireynsla. Það liggur einfaldlega fyrir að það er ekkert ríki innan Evrópusambandsins sem hefur þannig kvótareynslu að í krafti hennar sé hægt að krefjast veiðiheimilda innan íslensku efnahagslögsögunnar. Ég tók dæmið af Spánverjum hérna áðan. Þeir fengu ekki í krafti slíkrar kröfu og gamallar veiðireynslu fiskveiðiheimildir milli 50 og 200 mílnanna hjá Evrópusambandinu. Hví skyldu þeir þá fá þær hér hjá okkur?

Það sem skiptir hins vegar máli er að þetta þýðir eigi að síður að það þyrfti að leyfa útlendingum að fjárfesta í sjávarútvegi. Ég er ekki andvígur því, að breyttu stjórnkerfi

fiskveiða. Það er líka alveg ljóst að eins og sakir standa yrði ákvörðun um heildaraflamark tekin í Brussel. Það er það sem stendur í Íslendingunum.

Hæstv. utanrrh. flutti merka ræðu í Brussel þar sem hann fann lausn á því. (**Utanrrh.:** Berlín.) Í Berlín. Það er lausn sem ég get meira en sætt mig við þannig að ég bendi formanni utanrmn. á að leita í smiðju hæstv. utanrrh. til að leysa þetta vandamál.

[16:24]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að rifja upp og velta fyrir mér hvað það þýddi að sjávarútvegsstefna ESB yrði tekin upp hér á landi og að Ísland mundi missa fullveldið yfir 200 mílna efnahagslögsögunni. Einhver kynni að mótmæla því að við værum að missa fullveldið og segja heldur að takmarka fullveldið. Í þeirri takmörkun á fullveldi felst þá væntanlega að ákvörðun um heildarkvóta, kvóta á einstakar tegundir, veiðitímabil, skiptingu kvóta milli ríkja og flota, ákvarðanir um stærð flotans o.s.frv. færi yfir til ESB.

Eðlismunur er á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu og því evrópska. Íslenska kerfið er byggt upp án ríkisstyrkja og fylgir sjónarmiðum um sjálfbæra þróun fiskstofna. Fiskveiðistefna ESB byggir fremur á félagslegum grunni og byggðasjónarmiðum en beinni verðmætasköpun, enda leggur ESB til gríðarlega styrki til sjávarútvegsins úr sameiginlegum sjóðum.

Í viðtölum mínum og annarra þingmanna í utanrmn. við þingmenn Evrópuþingsins nýlega kom glöggt fram að þeim þykir sjávarútvegsstefna ESB ekki til fyrirmyndar og jafnframt að aðrar þjóðir líta upp til Íslendinga varðandi fiskveiðistjórn. Nú veit ég að hv. þm. er ágætlega að sér í þessum málum en ég hlýt samt að spyrja aftur: Hefur hann ekki áhyggjur af því, ef Samf. nær því nú fram að sækja um aðild að Evrópusambandinu, hvað verði um okkur Íslendinga hvað þessa mikilvægu hagsmuni okkar varðar?

[16:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvelt að svara þessu. Ég hef ekki áhyggjur af því. Auðvitað geri ég mér grein fyrir að það eru ákveðnir byrjunarörðugleikar og ég er sammála hv. þingmanni um að fiskveiðistjórnarkerfi ESB er ekki til fyrirmyndar. Það er slæmt. En það er betra í dag en það var fyrir fimm árum og er miklu betra en það var fyrir tíu árum. Hvers vegna? Vegna þess að ESB horfir að ýmsu leyti til þjóða eins og Íslendinga og reyndar Norðmanna og er að breyta stjórnkerfi sínu. Fiskvernd er miklu betri núna innan ESB en hún var. Hún er ekki heldur nógu góð hjá okkur. Bæði við og ESB gætum gert betur í þessu.

En það hefur líka orðin ein meginbreyting hjá Evrópusambandinu varðandi stjórn fiskveiða á síðustu árum sem kann að hafa farið fram hjá hv. formanni utanrmn. Hún felst í því að byggðir með aðgang að sjó, strandsvæði, hafa meiri rétt til að stýra veiðibrögðum, veiðiaðferðum, en áður. Það skiptir máli.

Ef svo færi í þeirri framtíð sem hv. þm. var að lýsa upp, að Samf. ætti kost á því að sækja um aðild að Evrópusambandinu fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, yrði það ekki gert nema á grundvelli samningsmarkmiða. Eitt þeirra væri að það besta úr stjórnkerfi íslenskra fiskveiða yrði tekið upp af hálfu ESB. Telja menn að það yrði erfitt? Nei, það telja menn ekki. Það liggja fyrir yfirlýsingar ýmissa mikilhæfra stjórnmálamanna í Evrópusambandinu um að íslenska kerfið sé að mörgu leyti sú fyrirmynd sem menn ættu að taka upp. Nú veit ég að margir íslenskir stjórnmálamenn og sjómenn eru andvígir þessu. Svona er það samt.

Að því er varðar síðan það sem hv. þm. sagði, að ákvörðunin mundi færast til Brussel, vísa ég aftur til Berlínarræðu hæstv. utanrrh. Þar er lausnina að finna.

[16:28]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Sú ágæta umræða sem hér hefur farið fram í dag er á ákveðinn hátt upprifjun á umræðu sem átti sér stað fyrir meira en tíu árum. Mér heyrist á mönnum og man það sjálf að hún var ólíkt harðvítugri en sú sem fer hérna fram í dag. Þetta var ágætisupprifjun en er jafnframt ákveðin ávísun á það hvernig umræðan mun snúast ef og þegar til þess kemur að Norðmenn ganga í Evrópusambandið og við þurfum þá að fara að endurmeta stöðu okkar.

Umræðan er hins vegar, finnst manni, heldur lengri en við var að búast miðað við það að það frv. sem við erum að afgreiða úr utanrmn. og er tilefni umræðunnar er afgreitt þar í mikilli sátt og allir fulltrúar í utanrmn. standa að því. Eins og kom fram í upphafi umræðunnar hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, formanni nefndarinnar, gengur frv. út á það að fullgilda samning um þátttöku tíu lýðvelda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sú umræða sem aðallega fór fram í nefndinni snerist um hina frjálsu för og þennan stóra evrópska vinnumarkað sem við sjáum fram á. Vegna orða hv. þm. Einars Guðfinnssonar fyrr í dag, að þarna væri Evrópusambandið á ákveðinn hátt og þau ríki sem að því standa að setja takmarkanir sem væru ekki í takt við inntak Evrópusambandsins, er náttúrlega ljóst að ákvörðun okkar um þennan aðlögunartíma, þessi tvö ár til að byrja með, er komin til af því að hin ríkin innan Evrópusambandsins setja sér þetta.

Ég legg áherslu á, bæði hvað okkur varðar og hagsmuni okkar og hinna landanna, við fylgdum fordæmi þeirra í þessu, að fresturinn er fyrst og fremst hugsaður sem aðlögun. Við þurfum að velta fyrir okkur hvað tekur við þegar þessum aðlögunarfresti sleppir, hvar við stöndum þá. Hvað þýðir stækkunin, stærri vinnumarkaður, í raun fyrir okkur? Það er eitt af því sem er komið inn á nál. utanrmn., þ.e. að við þurfum að huga vel að ýmsum stofnunum samfélagsins, að þær séu við þessu búnar. Í nál. er sérstaklega nefnt félags- og skólakerfið og þá öll skólastigin. Það er viðbúið að með erlendum starfsmönnum komi fjölskyldufólk, ekki einungis einstaklingar. En þetta er eitt af því sem við þurfum að vera búin undir.

Ég teldi gott að við hugsuðum út í málið með svolitlum fyrirvara og að sú vinna mundi hefjast sem fyrst. Ég legg áherslu á að við getum unnið að þessu í samstarfi við önnur ríki, ekki síst Norðurlöndin sem við erum í mestu samstarfi við. Við mundum jafnframt læra af reynslu þeirra þjóða, bæði af því góða sem hefur verið gert á þessu sviði og eins mistökunum.

Mér finnst þetta stór dagur hjá okkur vegna málsins sem við ræðum hér og þeirrar afstöðu sem tekin hefur verið. Hún er í góðu samræmi við það sem á undan er gengið. Við erum að innsigla þá afstöðu sem við höfum haft árum saman, að styðja þessi lýðveldi í að gerast aðilar að Evrópusambandinu á sama hátt og við höfum stutt mörg þeirra í því að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Þarna erum við að auðvelda þessum þjóðum og styðja í því að tengjast Evrópu, bæði efnahagslegum og pólitískum böndum.

Ákveðnir menn berja sér nú á brjóst — ég ætla ekki að segja samfylkingarmenn, þeir tilheyrðu víst öðrum flokkum á þeim tíma — og segja: Við sögðum ykkur að EES-samningurinn mundi reynast okkur vel og muni reynast okkur vel. Í því sambandi er vert að hafa í huga að miðað við breytingarnar sem orðið hafa á Evrópusambandinu má segja að eina afstaðan sem getur komið á óvart eins og staðan er núna og miðað við þær breytingar sem hafa orðið sé afstaða sem stendur í stað. Breytingarnar hafa verið svo gífurlegar að við hljótum sýknt og heilagt að vera undir það búin að endurmeta stöðuna á sama hátt og við þurfum að gera gagnvart EES-samningnum núna, út frá reynslunni af honum, miðað við þær stjórnkerfisbreytingar sem hafa orðið á Evrópusambandinu og þær breytingar sem verða við stækkunina. Við stækkunina verða gífurlegar breytingar, ekki bara með nýju aðildarríkjunum heldur jafnframt með nýjum nágrönnum Evrópusambandsins.

Á sama tíma og við ákveðum að hafa tveggja ára aðlögunartíma að þessari frjálsu för fólks gagnvart vinnumarkaðnum, er ljóst að það er líka ákveðinn aðlögunartími fyrir þessi ríki þar til þau gerast fullgildir aðilar að Schengen-samstarfinu. Þá horfumst við í augu við ný og hugsanlega stór vandamál með þeim nýju nágrönnum sem Evrópusambandið eignast.

Hvort tveggja segir mér að við þurfum að nýta þennan tíma mjög vel, bæði þennan tveggja ára aðlögunartíma og einnig aðlögunartíma þessara ríkja áður en þau gerast fullgildir aðilar að Schengen-samstarfinu. Við þurfum m.a. að nýta tímann til að styrkja viðkomandi þjóðir í þeirri lýðræðisþróun sem hjá þeim á sér stað. Við þurfum að styrkja efnahagslega og félagslega stöðu þessara ríkja og einnig gagnvart lögreglusamvinnunni þegar hún kemst á með aðild þeirra að Schengen-samstarfinu.

Mér finnst aðlögunartíminn mjög eðlilegur. Við vitum í raun ekki hvað þessi stóra Evrópa kemur til með að þýða fyrir okkur. Ræðumenn voru fyrr í dag að vísa í fund með Evrópuþingmönnum sem fulltrúar allra flokka sátu fyrir einhverjum vikum. Þar var portúgalskur þingmaður sem m.a. vísaði til þess þegar Portúgalar gerðust aðilar. Þá héldu menn að Portúgalar mundu flykkjast tug- og hundruðum þúsunda saman til eldri Evrópuþjóðanna. Sú varð ekki raunin. Hann vísaði í viðtal við gamla konu, eða miðaldra konu skulum við segja, í einum af þessum nýju aðildarríkjum. Hún var spurð út í líkurnar á því að hún og fjölskylda hennar mundi flytja sig um set til einhverra af eldri ríkjunum við stækkunina. Gömlu konunni varð víst að orði: Eina sem ég geri mér vonir um að þessi stækkun færi mér og aðildin að Evrópusambandinu er baðkar í íbúðina. Ég held að þetta sé nær sanni og ótti margra við geysilegan tilflutning vinnandi fólks á milli landa sé ekki alls kostar á rökum reistur.

Hvað sem öðru líður tel ég að við þurfum að leggja í það vinnu og hugsun að undirbúa okkur fyrir þessar breytingar og nýta tímann vel. Ég bind vonir við að þessi tveggja ára aðlögunartími dugi okkur.

Þessi umræða í dag hefur verið ágætisupprifjun. En ég verð að segja fyrir mitt leyti að miðað við þær miklu breytingar sem hafa orðið á Evrópusambandinu frá því EES-samningurinn var gerður virðist mér eina afstaðan sem talist getur einkennileg sú afstaða sem staðið hefur í stað á þessum tíma.

[16:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Mér þykir bæði skynsamlega og fagurlega sagt hjá hv. síðasta ræðumanni að eina afstaðan sem ekki er tæk, ekki er bær að flytja á þessu þingi á þessum degi, sé einmitt sú að standa í stað. Ég veit að hvorki hv. þm. né flokkur hennar hefur staðið í stað í þessu máli á þeim rúma áratug síðan þetta mál hófst. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm.: Hvar er hún stödd á þessari vegferð?

Það var áðan rakið að menn hefðu svona þrjú þrep í Evrópueldflauginni. Eitt er fallið til jarðar, annað er, að manni sýnist, að falla til jarðar, þ.e. samningurinn um efnahagssvæðið óbreyttur, og hinn þriðji, eins og flokkur hv. þm. skýrði það, er sá að sækja um aðild að Evrópusambandinu og láta reyna á samningsskilmála okkar þar.

Ég vil spyrja hv. þm. kurteislega: Hver er afstaða hennar í því efni á þessum degi?

[16:37]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Í dag hafa menn í ræðum sínum reynt að gera grein fyrir eigin stefnu í Evrópumálum. Menn hafa líka reynt að gera grein fyrir stefnu annarra flokka í Evrópumálum. Stefna og stefnumörkun Framsfl. hefur verið rakin ágætlega, m.a. af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Eins og fram kom í máli hans var eitt það fyrsta sem Evrópunefnd Framsfl. setti fram að unnið skyldi að því að uppfæra EES-samninginn.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að því meira sem ég set mig inn í þetta mál, ég vísa þar enn og aftur í fund með Evrópuþingmönnum sem við áttum á dögunum, sýnist mér að við getum ekki gert okkur vonir um annað en að við fáum einhverja smávægilega tæknilega uppfærslu á þessum samningi en ekki að öðru leyti. Þetta held ég að mörg okkar séum smátt og smátt að horfast í augu við þessar vikurnar og á næstu missirunum.

[16:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Ég vil þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir þessa yfirlýsingu sem er mikilvæg. Þegar maður leggur hana saman við þau orð hennar áðan, að eina ótæka afstaðan sé að standa í stað, þá gæti falist í henni ákveðin gagnrýni, bein eða óbein, á samstarfsflokk hennar í ríkisstjórn. Eins og komið hefur fram í umræðunum í dag er hann, af þeim fjórum flokkum sem teljast geta haft nokkra reynslu og hefð í þessu efni, sá eini sem hefur einmitt staðið í stað.

[16:38]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi í dag er hann greindi stefnu Framsfl., að Framsfl. hefur aldrei útilokað aðild að Evrópusambandinu svo við höldum því til haga. Það er hins vegar ekki stefnumið hans eins og er. Enn eru menn að horfast í augu við það hvaða uppfærslu við náum á EES-samningnum.

Ég sagði í dag að mér fyndist, í ljósi þess hve mikið Evrópusambandið hefði breyst og stjórnkerfi þess, að hafi verið fullveldishalli á því í upphafi þá sé hann ekki minni í dag eins og stjórnkerfisbreytingarnar hafa þróast. Miðað við þá geysilegu stækkun sem orðið hefur á Evrópusambandinu er einkennilegt að menn treysti sér ekki til þess að skipta um skoðun og hangi í fyrri afstöðu.

Mér fannst heldur kúnstugt, herra forseti, þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson talaði um það ítrekað og sagði:

Ég sagði ykkur að þetta yrði farsælt. Sumir háttvirtra þingmanna sáu það þá, aðrir hafa séð það seinna. En mér finnst eðlilegt að menn breyti um afstöðu miðað við þær miklu breytingar sem hafa orðið á Evrópusambandinu og á Evrópu á þessum tíma.

[16:40]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 33. mál, nál. iðnn., þskj. 1073.

Samkeppnisstofnun, 721. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1070.

Þungmálmar og þrávirk lífræn efni í hafinu, 531. mál, svar umhvrh., þskj. 1022.

[16:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sá sem hér stendur studdi á sínum tíma þá stefnu Íslands að gerast aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, að tengjast þeim viðskiptasamböndum og reglum sem við urðum að undirgangast. Menn höfðu þá ýmsar efasemdir sem tengdust m.a. sjávarútvegsmálum og samningum okkar að því leyti, eins varðandi tollamál og ýmislegt sem fylgdi samningunum.

Einkum man ég eftir skiptum skoðunum um það hvort Íslendingar ættu að láta Evrópusambandinu í té nokkur þúsund tonn í aflaheimildum, 3 þús. tonn af karfa og fá í staðinn betri aðlögunarsamninga fyrir sjávarafurðir okkar. Þetta var gert og síðan endurskoðað 1995 vegna kröfu ESB-ríkjanna um aðgang að veiðisvæðunum við Ísland vegna þess hversu lítið Evrópuríkin gátu veitt af þeim heimildum sem þau höfðu sóst eftir. Sá samningur var lagfærður og hefur síðan verið í gildi. Smám saman hafa Evrópusambandsríkin nýtt sér meira af þeim heimildum sem þau fengu með þeim samningi en við höfum hins vegar notið viðskiptakjaranna og margs annars sem fylgdi þessum samningi.

Hér er um það að ræða að EES-samningurinn taki einnig til nýrra ríkja sem fá innan skamms aðild að Evrópusambandinu. Málið snýst um að Ísland ásamt öðrum EES-ríkjum og EFTA-ríkjum samþykki að þau tíu ríki sem upp eru talin í frumvarpinu verði samningsaðilar að EES-samningnum.

Ég er hlynntur þessu máli. Frjálsl. hefur tekið afstöðu til þess og telur ekki tímabært, eins og reyndar flestir hafa talið í umræðum í dag, að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hér hafa verið skoðanaskipti um það í dag. Við í Frjálsl. höfum ekki talið tímabært að sækja um aðild að Evrópusambandinu og höfum talið að EES-samningurinn byði upp á þá stöðu sem við viljum hafa.

Að sjálfsögðu höfum við tekið undir að reyna beri að lagfæra þau kjör sem að okkur snúa í því sambandi. Mér sýnist, virðulegur forseti, sumt af því hafa tekist í þessum samningi sem hér er um að ræða, m.a. í samningum um sölu á svokölluðum fiðrildaflökum eða síldarsamflökum til nýju ríkjanna. Það er vel því að þar er um að ræða háar upphæðir sem við hefðum ella þurft að greiða í tolla, sennilega upp á 80–90%. Því ber að fagna að tekist hafi að gera viðskiptasamninga að þessu leyti.

Almennt erum við hlynnt því að horfa til þess að ný ríki sem ganga í Evrópusambandið verði jafnframt aðilar að EES-samningnum. Við teljum að sú þróun sem á sér stað í Evrópu að þessu leyti sé til bóta.

Mig langar að ræða eitt atriði sérstaklega og það er hin frjálsa för launafólks sem gert er ráð fyrir í samningnum, en samkvæmt tillögunni sem við ræðum er sett takmörkun á frjálsri för launafólks til landsins og lagt til að við tökum upp aðlögun til tveggja ára. Ég tel ekki óeðlilegt af hálfu Íslands að hafa slíkan fyrirvara með tilliti til þess að önnur ríki hafa hann einnig. Við þurfum örugglega að búa til aðlögun að algjörlega frjálsri för launafólks milli landa. Þó verð ég að segja að niðurstaðan af EES-samningnum á sínum tíma leiddi ekki til þess flóðs af launafólki til Íslands sem margir höfðu búist við. Sá sem hér stóð hafði m.a. nokkrar efasemdir um það á þeim tíma hvort við værum ekki að taka einhverja áhættu sem við eigi réðum við. Ég tel að reynslan hafi sýnt að sá ótti var ástæðulaus.

Hins vegar á ekki alveg það sama við varðandi þau tíu ríki sem verið er að ræða um. Við getum t.d. tekið Pólland, sem hefur verið nefnt í ræðum manna, þar sem atvinnuleysi hefur lengi verið á bilinu 15–20%. Ef ég man rétt er pólska þjóðin um 45 milljónir þannig að við sjáum að atvinnulausir eru á bilinu 7–9 milljónir. Ef mikill fjöldi færi að leita sér að atvinnu samkvæmt opinni heimild gæti auðvitað orðið flóð. Við megum heldur ekki gleyma því að fjöldamargir Pólverjar eru búsettir hér á landi og hafa stundað hér vinnu á undanförnum árum og eru orðnir íslenskir ríkisborgarar. Það er því ekki eins og þessi þróun hafi eitthvað staðið í stað á undanförnum árum.

Hins vegar, virðulegur forseti, tel ég að það þurfi að skoða þá samninga sem til eru um atvinnuréttindi útlendinga og hvernig réttur atvinnurekenda er í því sambandi. Mér finnst dálítið skorta á réttindi fólksins að þessu leyti og tel að það þurfi að skoða réttarstöðu þess fólks sem hingað kemur, atvinnuréttindi útlendinganna og hvernig atvinnuleyfin eru gefin út. Þess vegna tek ég undir það sem segir í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá bendir nefndin á að mikilvægt virðist að taka til athugunar framkvæmd laga nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.“

Ég held að full ástæða sé til að skoða það og fara gaumgæfilega yfir hvernig þeim málum er háttað.

Í Eystrasaltslöndunum eru mjög lág kjör miðað við það sem gerist hér á landi. Ef ég veit rétt eru þau þó nokkuð lægri í sumum Eystrasaltslöndunum en kaupgjaldið í Póllandi. Það er því vissulega eftir miklu að slægjast hjá fólki ef það getur komið hingað og fengið vinnu. Ísland er lítið land þannig að ég tel ekki óeðlilegt að við höfum þennan tveggja ára fyrirvara og skoðum hvernig þessum málum verði best fyrirkomið, svo vel fari, en tek almennt undir að ég tel að við eigum af fremsta megni að leitast við að veita fólki þann rétt að það geti farið á milli landa og leitað sér atvinnu.

En á meðan aðrar þjóðir Evrópusambandsins gera fyrirvara að þessu leyti er auðvitað hætta á því að þau lönd sem ekki gerðu fyrirvara þyrftu að taka við flóðinu, ef það verður. Þess vegna tel ég eðlilegt að Ísland hafi þennan fyrirvara þar sem flest önnur ríki hafa hann, vegna þess að ástandið er náttúrlega erfiðara ef tiltölulega fá lönd eru opin að þessu leyti. Ísland er ekki stór vinnumarkaður þó við höfum vissulega notið hér starfa margra útlendinga á undanförnum árum og fólks sem hefur sest hér að og er orðið íslenskir ríkisborgarar. Ég tel að það hafi að mörgu leyti auðgað þjóðfélag okkar og erlendir ríkisborgarar sem hér hafa sest að hafa á mörgum sviðum fært okkur nýja víðsýni og jafnvel breytt atvinnutækifæri og nýrri, sem við hefðum ekki notið annars.

Varðandi það hvort það kunni að koma upp síðar að Ísland þurfi að sækja um aðild að Evrópusambandinu, kann það auðvitað að vera, þó við sjáum ekki neina ástæðu til

þess nú í mínum flokki. En staða okkar breytist verulega ef sjávarútvegsþjóð eins og Norðmenn sækir um aðild að Evrópusambandinu og við værum þá með öðruvísi samkeppnismöguleika en þeim stæði e.t.v. til boða með sjávarafurðir sínar.

Komi sú staða upp verðum við auðvitað að ræða hana eins og allar breytingar sem verða á samskiptum þjóða í nágrenni okkar og þeirra þjóða sem við höfum haft mest samskipti við, bæði menningarleg og á viðskiptasviði. Það fer því auðvitað ekkert á milli mála að verði slík breyting þurfa íslensk stjórnvöld á hverjum tíma og Íslendingar að endurmeta stöðu sína að þessu leyti.

Hér fór fram örlítil umræða, hæstv. forseti, um fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og að hún hefði verið að batna o.s.frv. og ríki innan Evrópusambandsins væru jafnvel á þeirri skoðun að taka sér íslenska fiskveiðistjórn til fyrirmyndar. Ég held, virðulegi forseti, að margar þjóðir innan Evrópusambandsins séu farnar að horfa með meiri áhuga til fiskveiðistjórnarkerfis Færeyja en Íslands, því Færeyjar er eina ríkið í Norður-Atlantshafinu sem stýrir fiskveiðum sínum þannig að þar er ekki þetta vandamál við brottkast. Síðast var upplýst í einhverjum þætti eða fréttum í Danmörku *að talið væri að brottkast þar væri um 36 þús. tonn*, ef ég man rétt og við höfum heyrt brottkastsumræðuna í Noregi og þekkjum brottkastsumræðuna á Íslandi.

Því miður er brottkast á afla talsverður fylgifiskur kvótakerfa og við þurfum ekkert að hafa um það neinar stórar deilur. Það er bara einfaldlega svoleiðis og á því þarf að taka ef menn vilja lagfæra stöðuna hér á landi og hefur svo sem verið gert svolítið í því á undanförnum árum, eins og Hafró-aflinn o.s.frv.

Ég held að það sé mikill misskilningur sem fram kom í umræðunni í dag að besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi sé á Íslandi. Ég er alveg sannfærður um að það er miklu betra botnfisksstjórnarkerfi í Færeyjum. Færeyingar nota hins vegar kvótaskiptingu varðandi uppsjávarveiðar og ég tel að það væri einnig hægt að nota stjórn veiða á uppsjávarveiðum með kvótaskiptingu hér á landi ef menn vildu viðhalda því. En það er ákaflega vandmeðfarið að stýra blönduðum botnfisksveiðum í veiðikerfi sem er samansett af kvótum.

Við erum auðvitað alltaf að læra hér á okkar blessaða landi varðandi lífríki okkar. Hér er veðurfar að hlýna. Sjávarhitinn er að hækka. Fisktegundir ganga öðruvísi við landið síðustu ár en undanfarin ár. Allt er því þetta breytingum háð og passar ákaflega illa inn í niðurneglt tegundakvótakerfið. Það er því að fjöldamörgu að hyggja.

Ég vildi bara láta þetta koma fram vegna umræðunnar sem fram fór í dag milli manna og vildi ekki láta því ómótmælt að íslenska kvótakerfið væri það besta í heimi að þessu leyti og að þangað væru öll ríki veraldar að horfa að því er framkvæmd þess snýr.

Ég hef sem sagt lýst þeirri skoðun að við í Frjálsl. erum hlynnt því frv. sem hér er lagt til og erum hlynnt því almennt að reyna að viðhalda EES-samningnum og ná aðlögun á honum ef um það er að ræða, en teljum að eins og málin standa í dag sé ekki ástæða fyrir íslenska þjóð að setja stefnuna beint inn í Evrópusambandið.

[16:56]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna þeirri líflegu umræðu sem hér hefur átt sér stað á milli hv. þingmanna sem tóku þátt í henni. Það var hins vegar tvennt sem stakk mig í umræðunni, sem snertir með beinum hætti EES-samninginn, sem mig langar aðeins að koma inn á.

Fyrra atriðið er þegar menn leggja það mat á að EES-samningurinn sé okkur fullnægjandi til lengri tíma og hið seinna er þegar hv. þm. gera lítið úr þeim þætti sem EES-samningurinn á í þeirri velgengni sem þjóðin hefur búið við undanfarinn áratug.

Ég ætla að byrja á að undirstrika það sem væntanlega flestir hv. þm. geta verið sammála um að EES-samningurinn er að sjálfsögðu lífæð Íslands í alþjóðaviðskiptum, enda gefur hann Íslandi aðgang að hinum svokallaða innri markaði Evrópusambandsins með fjórfrelsinu svokallaða, núna þegar rúmlega 60% af útflutningi Íslendinga til landa ESB og um 58% alls innflutnings kemur frá ESB til landsins.

EES-samningurinn hefur reynst Íslendingum drjúgur og má færa sterk rök fyrir því að sá stöðugleiki sem hefur einkennt íslenskt efnahagslíf undanfarin ár sé fyrst og fremst EES-samningnum að þakka. Einnig hefur EES-samningurinn stuðlað að hinu gjörbreytta samfélagi sem við lifum nú í. En flestar af þeim breytingum sem við höfum kynnst undanfarinn áratug á sviði frelsis og niðurfellingar hafta er EES-samningnum að þakka.

Þetta sést vel þegar við skoðum þær breytingar á löggjöfinni sem hafa átt sér stað undanfarinn áratug. Nánast allar veigamestu breytingarnar á viðskiptalöggjöfinni, samkeppnis-, kauphallar-, fjarskipta-, persónuverndar-, atvinnumála-, fjármagns- og umhverfislöggjöf eru komnar til vegna EES-samningsins. Við verðum því að breyta löggjöfinni í samræmi við tilskipanirnar sem koma frá Brussel.

Einnig er fróðlegt að skoða þau svið sem EES-samningurinn tekur ekki til, en þar hefur lítið sem ekkert gerst undanfarinn áratug. Þar má minnast á landbúnaðinn, sjávarútvegsmálin, jafnvel málefni ÁTVR, málefni Ríkisútvarpsins, landið eitt kjördæmi o.s.frv. Þetta eru svið sem EES-samningurinn tekur að sjálfsögðu ekki neitt tillit til, enda hefur lítið sem ekkert gerst í þeim málaflokkum.

Hins vegar hefur mikilvægi EES-samningsins minnkað með aukinni samvinnu landa ESB. Einnig hefur hlutverk stofnana ESB gjörbreyst frá því að EES-samningurinn var gerður og hafa tengsl EES-ríkjanna við ESB sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir ekki fylgt þeim breytingum eftir. Til dæmis gerir EES-samningurinn ekki ráð fyrir samvinnu við Evrópuþingið. En undanfarin ár hafa völd og áhrif þingsins verið stórlega aukin vegna aukinnar áherslu á lýðræði innan ESB.

Sömuleiðis hefur verið dregið úr völdum framkvæmdastjórnar ESB og völd ráðherraráðsins verið aukin. En EES-samningurinn lagði á sínum tíma höfuðáherslu á samvinnu við framkvæmdastjórnina. EES-samningurinn veitir heldur ekki fullan aðgang að innri markaðnum, þar sem hann tekur m.a. ekki til allra sjávarafurða og landbúnaðarafurða. EES-samningurinn veitir ekki fullan aðgang að tollabandalagi ESB. EES-samningurinn tekur heldur ekki tillit til þeirra málaflokka sem sífellt eru að verða mikilvægari, svo sem á sviði utanríkismála, stjórn peningamála, efnahagssamvinnu eða samvinnu í dóms- og lögreglumálum.

Enn ein rökin fyrir því af hverju EES-samningurinn er ekki fullnægjandi eins og staðan er í dag eru þau að nú flæða reglur og tilskipanir frá ESB vegna EES-samningsins yfir íslenskt samfélag sem Íslendingar hafa lítið sem ekkert um að segja. Í raun tekur Ísland við meiri hluta af þeim lögum sem ESB setur, eða um 80%. Í þessu sambandi ber að minnast

þess að EES-samningurinn tekur sífelldum breytingum og það gerir hann mjög sérstakan ef við berum hann saman við aðra alþjóðasamninga.

Aðgangur íslenskra stjórnvalda að ákvarðanatöku ESB er mestur í upphafi en er enginn á þeim vettvangi þar sem endanlegar ákvarðanir eru teknar. Til að mynda hafa EES-ríkin enga aðkomu að stefnumörkun ESB, enga aðkomu að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, enga aðkomu að störfum ráðherraráðsins, enga aðkomu að vinnunefndum ráðherraráðsins en þar taka tillögur oft miklum breytingum, enga aðkomu að störfum leiðtogafundar ESB, enga aðkomu að störfum Evrópuþingsins en geta þó sent þangað inn athugasemdir. Sama má segja um aðkomu að fundum ráðherraráðsins en EFTA-ríkin geta aðeins sent þangað inn athugasemdir. Eina raunverulega þátttaka EFTA-ríkjanna í ákvarðanatöku ESB er í gegnum þátttöku sérfræðinga í fundum framkvæmdastjórnarinnar en eftir það geta tillögur þó hæglega breyst til muna.

Ísland hefur því mjög takmarkaða möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanatöku sem snertir innri markaðinn og tekur ekki þátt í þeim málaflokkum ESB-samstarfsins sem sífellt eru að verða mikilvægari, svo sem peningamálum, utanríkis-, dóms- og lögreglumálum. Ísland og önnur EFTA- og EES-ríki hafa engin áhrif á frumrétt ESB. Þau hafa ekki atkvæðisrétt þegar fjallað er um afleidda löggjöf eða breytingar á samstarfinu. Svona mætti lengi telja.

Með inngöngu í ESB mundi hins vegar skapast möguleiki til að hafa áhrif, t.d. með réttinum til að greiða atkvæði í nefndum og stjórnum ESB og aðgengi sérfræðinga að þeim mundi aukast. Í raun má segja að fullveldi Íslands sé í meiri hættu með núverandi kerfi en ef við værum þátttakendur í ESB. Innganga í Evrópusambandið er því að mínu mati liður í sjálfstæðisbaráttu frekar en liður í afsali fullveldis eins og sumir virðast halda að þátttaka okkar í ESB mundi þýða.

Annað sem skiptir gríðarlega miklu máli eru þau áhrif sem dómstóll ESB hefur nú þegar á íslenskan rétt. Niðurstöður Evrópudómstólsins hafa réttaráhrif á Íslandi, m.a. í gegnum EFTA-dómstólinn sem lítur á niðurstöður Evrópudómstólsins við úrslausn sinna mála. Túlkun Evrópudómstólsins á allri Evrópulöggjöfinni hefur því gríðarleg áhrif á íslenskan rétt, en eins og áður hefur verið nefnt er íslenskum stjórnvöldum skylt að lögleiða stærstan hluta reglugerða ESB í mörgum málaflokkum.

16. desember 1999 féll tímamótadómur í Hæstarétti sem hefur verið kallaður Erlu Maríu dómurinn. Þar var fallist á að EFTA-ríki gæti orðið skaðabótaskylt ef lög ESB væru ekki lögleidd á réttan hátt í innlendan rétt viðkomandi ríkis. Íslensk löggjöf reyndist ekki vera í samræmi við tilskipun frá ESB og því myndaðist skaðabótaskylda á ríkið.

Ef Íslendingar gengju í ESB fengjum við fullan aðgang að pólitískri og efnahagslegri stefnumótun sambandsins. En með EES-samningnum höfum við einfaldlega ekki aðgang að henni. Enn fremur fengist fullur aðgangur að viðskiptasamningum ESB við önnur ríki, en ESB er stærsta viðskiptablokk í heimi, talsvert stærri en t.d. Bandaríkin. Með inngöngu í ESB fengist fullur aðgangur að tollabandalaginu, efnahags- og myntbandalaginu, sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum, utanríkis- og öryggismálum, byggðamálum, hlutdeild í fjárlögum sambandsins og í samstarfi í innanríkis- og dómsmálum. Einnig fengist aðgangur að leiðtogaráðinu, ráðherraráðinu, Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni, Evrópudómstólnum og hinum og þessum stofnunum Evrópusambandsins.

Áhrif ríkja innan ESB ráðast að verulegu leyti af því hversu mikilla hagsmuna þau hafa að gæta. Það hefur margoft sýnt sig að smáríki innan ESB ná einna best fram sínum hagsmunum, enda eru þeir oft mun sérhæfðari en þeir hagsmunir sem stóru ríkin hafa. Ríkin innan ESB beita sér einfaldlega í þeim málum sem skipta þau mestu máli. Þannig hafa Danir t.d. ekki einu sinni mætt á fundi ESB um ólífuolíurækt eða tóbaksrækt, en hins vegar hafa Danir tekið forustu innan ESB í umhverfismálum vegna þeirrar miklu sérfræðiþekkingar sem Danir búa yfir á því sviði.

Því má ætla að Íslendingar gætu tekið forustu í sjávarútvegsmálum ESB, enda er sérfræðiþekking Íslendinga á sviði sjávarútvegsmála gríðarlega mikil en þrátt fyrir fámenni eru Íslendingar með mestu fiskveiðiþjóðum heims. En á meðan við erum fyrir utan ESB höfum við engin áhrif á sjávarútvegsstefnu ESB.

Norðurlandasamstarfið hefur verið mikið og gott undanfarinn áratug. En það er fróðlegt að velta því fyrir sér að ef Ísland og Noregur færu inn í ESB yrði vægi Norðurlandaþjóðanna samanlagt meira en einstöku stóru ríkjanna. Þar af leiðandi yrðu Norðurlandaþjóðirnar að leiðandi afli innan ESB þrátt fyrir tiltölulega fáa íbúa, ef þær kærðu sig um það.

Hins vegar langar mig að lokum að koma hérna að grundvallaratriði í umræðunni og það snýst um að ef ekki verður sótt um inngöngu í ESB mun aldrei reyna á aðildarviðræður. Því er erfitt að tala um þær niðurstöður hvað þátttaka í ESB mun í raun og veru þýða fyrir Ísland. Í aðildarviðræðum ESB við ný ríki hefur ætíð verið tekið tillit til hagsmuna viðkomandi ríkis, enda er það ekki ESB í hag að þrengja að nýjum ríkjum í ESB. Í tæplega 50 ára sögu Evrópusambandsins eru þess engin dæmi að gengið sé gegn mikilvægum hagsmunum ríkja. Slíkt samræmist ekki stefnu og markmiðum sambandsins. Það er því tekið mikið tillit til allra ríkja í samstarfinu og vægi smáríkja er langt umfram stærð. Og staðreyndin er sú að smærri ríkjum hefur einfaldlega gengið mjög vel að ná fram markmiðum sínum á þeim sviðum þar sem þau eiga hagsmuna að gæta og búa að sérþekkingu.

Ef ESB væri ósveigjanlegt hvað snertir þær kröfur og reglur sem gilda í ESB þyrftu viðræður við ný ríki aldrei að eiga sér stað því annaðhvort gengju nýju ríkin undir reglur ESB eða ekki. En þannig er það augljóslega ekki og því er farið í sérstakar aðildarviðræður þegar ný ríki sýna áhuga á inngöngu í ESB.

Rétt er að hafa það í huga að aðildarsamningar hafa sömu réttarstöðu og eldri sáttmálar og breytast í reglur ESB við inngöngu nýrra þjóða í sambandið. Allt tal um að það sé ekkert hægt að semja er því algjörlega út í hött að mínu viti.

Að lokum langar mig að taka fram að það er hvorki heimska né tilviljun að allar þjóðir Evrópu hafa annaðhvort sótt um aðild að Evrópusambandinu eða eru nú þegar aðilar.

[17:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka utanrmn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og góða samvinnu í því sem varðar sennilega einn mikilvægasta samning sem við Íslendingar eigum aðild að, þ.e. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Mér finnst þessi umræða endurspegla þá staðreynd að það er enginn flokkur sem situr á Alþingi sem heldur því fram að

við getum staðið utan við Evrópusamvinnuna og enginn sem ætlar það að hægt sé að einangra Ísland frá Evrópusamvinnunni. Spurningin er og verður með hvaða hætti við eigum að tengjast henni.

Það má segja að allir þeir flokkar sem sitja nú á Alþingi hafi með einum eða öðrum hætti komið að því að koma þessu samstarfi á. Það er ljóst að þegar umræður um Evrópska efnahagssvæðið byrjuðu árið 1989 þá sat hér ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Það var samdóma álit manna í þeirri ríkisstjórn að ekki yrði staðið utan við Evrópusamvinnuna og að óhugsandi væri að sitja hjá í þeim viðræðum sem væru fram undan um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar sú ríkisstjórn fór frá 1991 má segja að allar stærstu línur hafi legið fyrir í því máli um hvernig það mundi þróast. Síðan kom hér til valda ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks sem innsiglaði það mál og gekk frá því. Það má því segja að allir þessir flokkar beri ábyrgð á því ástandi sem nú er og ég fyrir mitt leyti hef aldrei látið mér detta það í hug að staðið verði utan þeirrar samvinnu.

Það er náttúrlega alveg ljóst að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tryggir okkur aðild að innri markaðnum sem hefur komið hér fram að enginn vill standa utan. Hann tryggir okkur aðild að fjórfrelsinu sem enginn vill standa utan. Og hann er lykilatriði í aðgangi Íslands að alþjóðavæðingunni sem allir hafa verið sammála um í dag að er nauðsynlegur fyrir þróun íslensks samfélags.

Þetta eru að sjálfsögðu helstu kostir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Við getum líka talið að það sé kostur eins og var þá að við stöndum utan við sameiginlegu landbúnaðarstefnuna og sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna. Það eru viðkvæmustu atriðin sem varða Evrópusamvinnuna að því er okkur varðar. En það liggur líka fyrir í dag eins og lá fyrir þegar við gengum til þessarar samvinnu að við njótum ekki, eins og kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar, fulls tollfrelsis sérstaklega að því er varðar sjávarafurðir og þar hefur ekkert breyst. Og í reynd njótum við minna tollfrelsis en menn áttu von á þegar samningurinn var samþykktur á Alþingi. Það þýðir í sjálfu sér ekkert að tala um hvernig það fór og hvernig það var. Samningurinn er staðreynd og við hann búum við.

Það verður að segjast eins og er að það hefur verið bærilegur skilningur á þessum viðræðum á aðstöðu Íslands þó að það séu vissulega vonbrigði hve lítill áhugi er fyrir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í Evrópu. Þegar samningurinn var til umræðu á Evrópuþinginu tók t.d. enginn þingmaður til máls, sem eru vissulega vonbrigði. Og það eru því miður mjög margir í Evrópu sem vita ekkert um þennan samning eða um hvað hann fjallar.

Það má segja að skilningur Evrópusambandsins hafi þó komið fram, m.a. í því að það tókst að fá verulega lækkun á þeim miklu kröfum sem komu fram um greiðslur frá okkur. Það tókst líka að fá viðunandi niðurstöðu um viðskipti með síldarflök sem er mikilvæg útflutningsafurð. Og okkur hefur fundist að þau vandamál sem hafa komið upp að undanförnu hafi notið nokkurs skilnings. Ég get nefnt sem dæmi að um það voru deilur hvort við EFTA-ríkin ættum að fá sæti í nefnd um vinnulöggjöf. Lengi vel höfnuðu embættismenn Evrópusambandsins þessari beiðni okkar en sú deila leystist hins vegar nýlega með því að við höfum fengið aðgang að þeirri nefnd.

Annað dæmi er reglugerð Evrópusambandsins um flugvernd, sem var samþykkt fyrir réttu ári, og sú reglugerð og innleiðing hennar hér á landi hefði einfaldlega leitt af sér slíkan kostnaðarauka í innanlandsflugi okkar að það hefði jafnvel kippt fótunum undan rekstrargrundvelli innanlandsflugsins.

Af þessum sökum höfum við staðið í viðræðum við Evrópusambandið um aðlögunarákvæði fyrir Ísland vegna upptökugerðarinnar í EES-samninginn. Þeim viðræðum er vissulega ekki lokið en viðbrögð embættismanna framkvæmdastjórnar í þessu máli hafa þó einkennst af jákvæðni og skilningi á stöðu okkar.

Þannig eru ávallt að koma upp mál og nýjasta málið er því miður það að framkvæmdastjórnin ákvað fyrir stuttu að hefja formlega rannsókn á því hvort grípa eigi til verndaraðgerða gegn innflutningi á eldislaxi vegna erfiðrar rekstrarstöðu fiskeldisfyrirtækja, bæði í Skotlandi og á Írlandi. Þessi ákvörðun kemur í kjölfar beiðni Breta og Íra um að gripið verði til slíkra aðgerða.

Ákvæði um beitingu slíkra verndaraðgerða er að finna í reglugerð Evrópusambandsins frá 1994 og þau ákvæði byggja á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir. Helstu efnisskilyrði fyrir beitingu verndarráðstafana eru þau að innflutningur vöru á yfirráðasvæði viðkomandi aðila hafi aukist verulega og í öðru lagi að aukinn innflutningur valdi innlendri atvinnugrein alvarlegum skaða eða að hætta sé á slíkum skaða.

Þetta sýnir að í sumum tilvikum er ekki litið á okkur sem hluta af innri markaðnum. Litið er á okkur sem utanaðkomandi aðila í vissum tilvikum og þess vegna fer þessi rannsókn fram núna sem er að okkar mati mjög alvarleg og getur haft mjög slæmar afleiðingar á fyrirtæki hér á landi sem hafa verið í örum vexti. Að sjálfsögðu hefur þetta enn meiri áhrif á frændur okkar í Noregi sem eru eins og allir vita með gífurlega framleiðslu á eldislaxi. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir þannig að við erum alltaf að vinna á grundvelli þessa samnings, halda á íslenskum hagsmunum, meta hver staða samningsins er og hvernig við getum styrkt hann til frambúðar.

Það var von mín að við gætum fengið þennan samning uppfærðan en ég er miklu svartsýnni á það en oft áður. Því var bærilega tekið en eins og staðan er í dag getum við ekki gert okkur miklar vonir um að slíkar breytingar verði á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að þær færi okkur eitthvað nær ákvörðunartökunni eða geri það að verkum að við höfum meiri áhrif á stofnanir sem skipta sköpum þegar ákvarðanir eru teknar. Í upphafi var það stofnun eins og framkvæmdastjórnin og við vitum hvernig samningar voru um hana. Síðan hefur ráðherraráðið fengið mun meiri völd og Evrópuþingið sömuleiðis. Það eru engar vonir til þess að við fáum þar einhverja slíka aðild sem skiptir sköpum fyrir áhrif okkar. Þetta eru staðreyndir sem menn komast ekkert fram hjá.

Síðan eru atriði sem skipta máli í mati manna á Evrópusamstarfinu, sameiginlega utanríkis- og varnarmálastefnan. Við tókum þá afstöðu á sínum tíma að verða aðili að Vestur-Evrópusambandinu, þ.e. aukaaðili að því. Nú er búið að leggja það af þó að það lifi kannski sem einhver skúffa á einhverri skrifstofu. Í reynd hefur það verið yfirtekið af Evrópusambandinu. Við gerðumst aðilar að Schengensamstarfinu sem var umdeilt á sínum tíma. Það hefur að miklu leyti verið yfirtekið líka af Evrópusambandinu. Það var mikið gæfuspor að mínu mati því það er vafasamt að

við hefðum fengið aðild að því eins og málum er háttað í dag, enda hefur það verið nánast innlimað meira og minna í Evrópusambandið.

Sameiginlega myntstefnan er að sjálfsögðu atriði sem skiptir okkur miklu máli. Það fylgja því kostir og gallar að standa utan við hana. Það er enginn vafi á því í mínum huga að með aðild að sameiginlegu myntstefnunni væri fjármagnskostnaður lægri hér á landi. Hins vegar er sjálfstæði okkar í efnahagslegum ákvörðunum minna.

Ég held að mjög mikilvægt sé að halda áfram að þróa þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Mér finnst hún vera ágæt og raunverulega meiri samhljómur í henni en oft áður. Það hefur enginn, eða fáir sagt að aðild að Evrópusambandinu kæmi aldrei til greina. Slík orð hafa ekki verið hátt á lofti í þessari umræðu. Menn hafa sagt sem svo að við yrðum að halda áfram að þróa Evrópuumræðuna og hagsmuni Íslands í sambandi við Evrópuþróunina.

Ég bendi á að við í utanrrn. höfum leitast við að koma á framfæri upplýsingum og starfi um viðkvæmustu málin í þessu sambandi. Svokölluð hnattvæðingarskýrsla kom út, ef ég man rétt, á sl. ári eða árið áður þar sem mikið er fjallað um sameiginlega myntsamstarfið, kosti þess og galla. Skýrsla um EES, Hagsmunir íslenskra sveitarfélaga, er nýlega komin út. Það er ágætt starf þar sem sveitarfélögin hafa lagt mikið af mörkum. Þar er leitast við að meta hagsmuni sveitarfélaga í þessu samhengi. Núna í nóvember kom út skýrsla um íslenskan landbúnað og Evrópusambandið þar sem farið er yfir hagsmuni íslensks landbúnaðar í Evrópusamhengi, m.a. með hliðsjón af hugsanlegri aðild Íslands að Evrópusambandinu þar sem skýrt kemur fram að miðað við óbreytt stuðningskerfi hér á landi til landbúnaðar verði að telja að staða íslensks landbúnaðar verði verri innan ESB en utan þess. Hins vegar er tekið þar líka á þróuninni sem er að verða innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og hún rakin með skýrum hætti.

Þetta samstarf við Bændasamtökin er að mínu mati til fyrirmyndar og ég hvet hv. þingmenn til að kynna sér þessa skýrslu því mjög margt athyglisvert kemur fram í henni. Núna nýlega var hafið samstarf utanrrn. og sjútvrn. við aðila í íslenskum sjávarútvegi, bæði útveginn og sjómenn, um íslenskan sjávarútveg og Evrópusambandið. Þar verður leitast við að leggja mat á stöðu Íslands í þessu samhengi og fara yfir það með rökrænum hætti. Ég vænti þess að það starf geti líka skipt miklu máli í sambandi við þá umræðu sem fram undan er.

Það er nú svo með alla hluti að þótt við viljum ráða mestu um það hvaða stefnu við tökum, og eigum að sjálfsögðu að gera það á allan hátt, verðum við samt ávallt að taka mið af aðstæðum. Það var það sem við gerðum þegar við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Við tókum mið af aðstæðum. Sú var ástæðan fyrir því að við tókum þátt í þeim viðræðum frá 1989 og það var að sjálfsögðu ástæða þess að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu 1992. Með sama hætti verðum við að fylgjast vel með þróuninni í Evrópu og það kemur skýrt fram í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar hvað verið er að gera. Þær skýrslur sem ég hef hér vitnað til eru vísbending um það.

Ég vildi svo að lokum þakka fyrir þessa umræðu og þakka fyrir mjög góð störf utanrmn. Ég vænti þess að hægt verði að þróa umræðuna áfram á þeim grundvelli sem hér hefur komið fram í dag.

[17:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér fyrr í dag rifjaði hæstv. ráðherra upp að innan Framsfl. hefði verið starfandi sérstök Evrópustefnunefnd. Niðurstaða hennar í stærstum dráttum fólst í því að íhuga ætti þrjá kosti:

1. Þann möguleika sem fælist í tvíhliða samningi Íslands og Evrópusambandsins.

2. Að uppfæra samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

3. Að búa þannig um hnúta varðandi hag Íslands í framtíðinni að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Hæstv. utanrrh. hefur fyrir löngu slegið út af borðinu þann kost sem felst í tvíhliða samningi landsins við ESB.

Nú kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að hann telji ákaflega daufar vonir standa til þess að hægt verði að ná einhverri endurskoðun á EES-samningnum sem skiptir máli fyrir hag Íslands í framtíðinni. Því spyr ég hæstv. utanrrh.: Má draga þá ályktun af orðum hans og niðurstöðu Evrópustefnunefndar að skoðun Framsfl. í dag sé sú að best sé fyrir framtíð Íslands að leita eftir því að landið gangi í Evrópusambandið?

[17:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þingmanni hefur á vettvangi Framsfl. verið mikið unnið að þessu máli. Það er alveg rétt hjá honum að við teljum að tvíhliða samningur komi ekki til álita. Ég hef ekki heyrt nein rök sem mæla með slíku. Hins vegar höfum við margoft tekið það fram að því er varðar framtíðarhagsmuni Íslands að þar séu tveir kostir, annaðhvort að byggja á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til langrar framtíðar eða að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Við höfum verið að leggja mat okkar á framtíðarstöðu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það höfum við verið að gera á undanförnum mánuðum og árum. Þeirri vinnu er ekki lokið en það liggur fyrir hjá Framsfl. eins og öðrum flokkum í þessu landi að taka endanlega afstöðu til þess hvort eigi að byggja á þeim samningi til lengri frambúðar eða sækja um aðild. Á flokksþingi okkar höfum við ekki tekið slíka afstöðu en það er alveg ljóst að einungis flokksþing Framsfl. getur tekið slíka ákvörðun. Hún er viðamikil og ég get að sjálfsögðu ekki sagt fyrir um það hver verður niðurstaða flokksins í framtíðinni að því er varðar þetta mál. Það liggur alveg ljóst fyrir að það verður þar til umfjöllunar.

[17:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hefur í reynd í þessari umræðu slegið þann kost út af borðinu sem felst í því að ná fram endurskoðun á EES-samningnum sem Íslendingar gætu sætt sig við. Þá er bara einn kostur eftir. Hann er að sækja um aðild að Evrópusambandinu í fullri alvöru. Þeir tveir framsóknarmenn sem hér hafa talað í dag hafa verið sammála um þetta. Hæstv. utanrrh. segir: Þetta er viðamikil ákvörðun og það er ekki hægt að taka hana af einum manni eða nokkrum forustumönnum, flokksþing hlýtur að fjalla um það. Af sjálfu leiðir.

Hæstv. utanrrh. sagði jafnframt að það væri alveg ljóst að um þetta mál yrði fjallað á flokksþingi Framsfl. Hæstv. utanrrh. skiptir um ham þegar líður að lokum þessa árs. Ef allir draumar hans og flokksins ganga í fyllingu verður hann ekki hæstv. utanrrh., heldur hæstv. forsrh. Þá ber honum að

hafa forustu, að því er ríkisstjórnina varðar, um allt það sem til mestra bóta horfir um hag landsins.

Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh.: Mun hann þegar hann verður orðinn forsætisráðherra loksins taka af skarið í þessum efnum og skoða til þrautar hvort það eigi í fullri alvöru að sækja um aðild að Evrópusambandinu? Eða ætlar Framsfl. að halda þessum feluleik áfram?

[17:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er enginn feluleikur. Þetta er mjög viðamikið og alvarlegt mál. Það er ekki til að leika sér með. Ef menn ætla að sækja um aðild að Evrópusambandinu er það að mínu mati til þess að fara þar inn en ekki til þess að leika sér að eldi.

Við skulum ekki fara í sama sporið og Norðmenn gerðu tvívegis í því máli. Þetta mál þarf að undirbúa miklu betur en það hefur verið undirbúið í dag. Að sjálfsögðu er það Framsfl., eins og annarra flokka, að móta afstöðu sína.

Við munum gera það. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir hver stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar er. Það verður byggt á honum áfram, með sama hætti og í dag, jafnvel þótt það verði breytingar á ríkisstjórn. Það kemur þó ekki í veg fyrir umræðu um þetta mál, hvorki hér á landi né annars staðar, og það kemur ekki í veg fyrir að mál muni þróast. Meira get ég að sjálfsögðu ekki sagt um málið á þessu stigi og það veit ég að hv. þm. skilur.

[17:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. um að það er ákaflega þýðingarmikið að við getum rætt Evrópumálin og áttað okkur á stöðu þeirra. Dagurinn í dag er því mjög dýrmætur í þeim skilningi að við höfum átt þess kost að skiptast á skoðunum um þau mál.

Ég fagna einnig því frumkvæði hæstv. forsrh. að óska eftir tilnefningum þingflokkanna í sérstaka nefnd til að fara yfir Evrópustefnumálin til að menn geti áttað sig aðeins betur á þeim málum.

Vandinn finnst mér hins vegar m.a. felast í því sem ég kom að í ræðu minni áðan, þ.e. að stefna Evrópusambandsins er að verða æ mótsagnakenndari. Hún byggir á nokkrum meginþáttum og nú blasir við að í veigamiklum atriðum er Evrópusambandið farið að vinna gegn eigin hugmyndafræði.

Ég nefndi áðan það sem blasir við, varðandi hina frjálsu för launafólks, þar sem Evrópusambandsríkin reyna öll að girða vinnumarkað sinn af og gera það mjög meðvitað.

Í öðru lagi blasir við að stóru ríkin, bæði Frakkland og Þýskaland, reyna að koma sér undan þeim skilmálum sem fylgja hinu evrópska myntsvæði og reyna að komast undan því að breyta efnahagsstefnu sinni eins og myntsvæðið kveður á um.

Síðast en ekki síst gætir tilhneigingar til einangrunarhyggju innan Evrópusambandsins. Dæmið sem hæstv. utanrrh. nefndi áðan, varðandi rannsókn á innflutningi á laxi, er auðvitað mjög gott dæmi um það þegar Evrópusambandið reynir að verja eigin atvinnuveg með því að torvelda t.d. innflutning á laxi, hvort sem það er frá okkur eða öðrum samkeppnisaðilum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé ekki sammála mér um að þetta dæmi, sem hæstv. ráðherra nefndi og var afar athyglisvert, sé dæmi um vaxandi einangrunarhyggju sem sífellt er að skjóta upp kollinum innan Evrópusambandsins og virðist stöðugt purkunarlausari eftir því sem árin líða.

[17:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í sjálfu sér hafi ekki orðið mikil breyting á þessu innan Evrópusambandsins. Það hefur stundum sýnt mikla hörku í því að verja hagsmuni sína en hins vegar verið tilbúið að stíga skref til málamiðlunar á alþjóðavettvangi í sambandi við alþjóðaviðskipti. En það veldur vissulega miklum áhyggjum hjá okkur sem stöndum utan við Evrópusambandið en erum samt á innri markaði þegar svona mál koma upp.

Ég get nefnt annað dæmi varðandi fiskimjöl frá því fyrir nokkrum árum. Þá munaði engu að við yrðum útilokaðir frá slíkum viðskiptum á innri markaðnum. Það má nefna stálmálið, í sambandi við Bandaríkin, og það má nefna fleiri mál. Þetta veldur miklum áhyggjum og við hljótum að horfa til þessa máls sem ég nefndi í sambandi við laxinn með vaxandi áhyggjum. En það er ekki nýtt. Það hefur komið fyrir að svokölluðum „anti-dumping" reglum hafi verið beitt, m.a. í sambandi við þetta mál. Norðmenn hafa lent í miklum vandræðum. Við höfum ekki lent í sambærilegum vandræðum vegna þess að atvinnugreinin hefur verið tiltölulega lítil hjá okkur. En nú þegar fiskeldið er að vaxa hjá okkur getur þetta orðið vandamál.

Við munum að sjálfsögðu gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir þetta. Við höfum þegar byrjað að gera ráðstafanir í því sambandi. En við vitum ekki um niðurstöðuna. Þetta er eitt af því sem fylgir því að standa utan við Evrópusambandið, hvort sem manni líkar betur eða verr. Ef við og Norðmenn værum aðilar þá væri þetta ekki vandamál.

[17:34]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um þetta mál en það er auðvitað mikið vandamál sem snýr að þeim löndum sem standa utan Evrópusambandsins, að stefna Evrópusambandsins skuli vera svona mótsagnakennd.

Aðalatriði málsins finnst mér að Evrópusambandið hefur markað stefnu sína í þá veru að opna sinn innri markað. Aðilar að innri markaðnum eru Evrópusambandsríkin og þau EFTA-ríki sem gerðu þennan samning við Evrópusambandið. Þetta eru ekkert annað en tilburðir í þá átt að reyna að verja atvinnuvegi sína þegar Evrópusambandið síðan kýs að búa til nýjar girðingar undir fölsku yfirskyni til þess að koma í veg fyrir eðlilega samkeppni innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Þessu reyndi ég að koma til skila í máli mínu áðan. Ég var að benda á þær miklu mótsagnir sem mér virðast koma æ skýrar fram innan Evrópusambandsins, að menn treysti sér einfaldlega ekki til þess að fylgja eigin stefnu og hugmyndafræði eftir. Þetta er mikið áhyggjuefni fyrir okkur sem trúum á hugmyndafræði hinna frjálsu viðskipta milli þjóða. Þetta er að mínu mati mikið áfall fyrir Evrópuhugsjónina sjálfa og gerir það að verkum að það hlýtur að vera miklu flóknara fyrir okkur að velta fyrir okkur málum varðandi Evrópusambandið þegar Evrópusambandið sjálft er komið í bullandi mótsögn við sjálft sig.

[17:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú gömul saga og ný að þegar þjóðir og menn verja hagsmuni sína þá lenda menn oft í mótsögn við sjálfa sig. Það gerist því miður oft í alþjóðlegum viðskiptum

og það er erfitt að koma upp föstum reglum í alþjóðlegum viðskiptum.

Í þessu tilviki eru það hagsmunaaðilar á Írlandi og Bretlandi sem krefjast þess að þessi rannsókn fari fram. Þeir krefjast þess að sjálfsögðu að innflutningur annarra ríkja verði takmarkaður til þess að vernda eigin framleiðslu, svo einfalt er það. Vegna þess að við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu en erum samt aðilar að innri markaðnum þá stöndum við í þessum sporum. Hver niðurstaðan í þessu verður skal ég ekki fullyrða. Við skulum vona það besta.

En ég er sammála hv. þm. um að menn eru komnir í mótsögn við eigin stefnu og hugmyndafræði. En það hefur oft komið fyrir áður og ég er ekki alveg grunlaus um að það hafi líka komið fyrir Íslendinga.

[17:37]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög þessa umræðu. Umræðan sem farið hefur fram í dag um EES-samninginn hefur verið mjög góð, um stækkunina á Evrópusambandinu, um EES-samninginn og allt þetta ferli. Það er ljóst að hyggja þarf að mörgu í sambandi við þessa stækkun. Það þarf líka að ná fram ýmsum lagabreytingum fyrir 1. maí næstkomandi þegar stækkunin tekur gildi.

Ég vildi fá að rifja upp, með leyfi virðulegs forseta, það sem ég sagði í framsögu minni áðan um nál. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst Íslandi vel í meginatriðum og opnað aðgang að innri markaði Evrópusambandsins, fjármagnsmarkaði og vinnumarkaði. EES-samningurinn er einn mikilvægasti samningur Íslands á viðskiptasviðinu en við höfum þurft að hafa töluvert fyrir því að koma honum á og viðhalda honum. Hæstv. utanrrh. nefndi jafnframt ýmis atriði áðan sem ljóst er að við þurfum að hafa áhyggjur af.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þingmönnum fyrir góða umræðu. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að vera viðstaddur og taka þátt í þessum umræðum og nefndarmönnum í utanrmn. fyrir ákaflega vel unnin störf. Ég tel að það væri gott fyrir hið háa Alþingi ef við gætum tekið fleiri daga í málefnalega umræðu um málefni sem skipta okkur Íslendinga svo miklu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (búseta, EES-reglur). — Þskj. 360.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 542. mál. — Þskj. 817.

[17:40]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús. Ég tel að núverandi ástand í málefnum LSH sé algerlega óviðunandi. Landspítali og Borgarspítali voru sameinaðir fyrir nokkrum árum. Sú sameining átti að stuðla að betri nýtingu fjármagns, betri nýtingu starfsliðs, betra sjúkrahúsi og betri heilbrigðisþjónustu.

Persónulega tel ég að sameiningin komi aldrei að þeim notum sem til var ætlast nema LSH sé undir sama þaki og undir einni virkri stjórn. Það er hörmulegt að hugsa til þess að í byrjun 21. aldar skuli Íslendingar bjóða upp á þá aðstöðu sem sjúklingum er veitt á LSH. Nýlega var tekinn í gagnið Barnaspítali Hringsins, nýtt og glæsilegt sjúkrahús og allir himinlifandi yfir aðstöðunni þar en hann er ekki nýttur nema að nokkru leyti vegna skorts á fjármagni. Geðdeild Landspítalans á í miklum erfiðleikum með að veita þjónustu sem eðlileg getur talist og sama gildir um göngudeild krabbameinsdeildar. Það væri áhugavert fyrir hæstv. heilbrrh. að kynnast þeirri aðstöðu sem fólk þarf að búa við þar. Það situr í um 10–12 fermetra herbergi, í stólum sem minna á rakarastóla, situr þar allan daginn meðan lyfjum er dælt í viðkomandi nánast fyrir opnum tjöldum.

Svona væri hægt að halda lengi áfram. Einn kunningi minn sem er læknir sagði mér fyrir helgi: Heilbrigðiskerfið er allt í upplausn, það er að hrynja.

Virðulegur forseti. Ég styð heils hugar þá hugmynd er liggur að baki þessari þáltill. nokkurra jafnaðarmanna í Samf. Ég yrði stoltur af því, sem fyrrverandi starfsmaður Landssímans, ef tekjur af Símanum, þegar hann verður seldur, mundu að nokkru leyti ganga upp í að byggja nýjan Landspítala. Ég væri stoltur af því að geta ornað mér við að ég, sem starfsmaður í rúm 40 ár hjá Landssímanum, leggi þar nokkrar krónur í nýtt háskólasjúkrahús.

Starfsfólk LSH og þeir sem þar þurfa þjónustu eiga að fá miklu betri aðstöðu en nú er til staðar. Gefum íslensku þjóðinni samþykkt á þessari till. til þál. í tilefni af 100 ára heimastjórn. Það væri vegleg gjöf til íslensku þjóðarinnar.

[17:44]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna framlagningu þessarar þáltill. hv. þm. Kristjáns L. Möllers um það mikilvæga þjóðþrifamál sem uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss á einum stað er.

Í lok febrúarmánaðar heimsóttu allir þingmenn Samf. hinar ýmsu deildir Landspítala – háskólasjúkrahúss rétt eins og þeir heimsóttu allar deildir Háskóla Íslands í mánuðinum þar á undan. Þessi fordæmalausa heimsókn þingflokks á Landspítalann var afskaplega viðamikil og tók marga daga. Farið var í á annan tug bygginga á vegum spítalans. Tilgangurinn var m.a. að hlusta milliliðalaust á starfsfólk þessa stærsta vinnustaðar landsins. Ferð þeirri mun þingflokkurinn seint gleyma enda komu þar fram margar og góðar upplýsingar

Landspítalinn er stærsti vinnustaður landsins og fær um 10% af fjárlögum ríkisins. Það er því nauðsynlegt fyrir hvern þingmann að kynna sér þá stórkostlegu starfsemi sem þar fer fram.

Eitt atriði var eins og rauður þráður í máli flestra starfsmanna sem tóku á móti okkur. Það var staða húsnæðismála spítalans. Fólkið á spítalanum var almennt á því að gríðarlegum sparnaði mætti ná með uppbyggingu spítalans á einum stað. Nú þegar eru sumar þungavigtardeildir spítalans reknar á tveimur stöðum og dæmi eru um að starfsemi sé dreift um allan bæ. Hún fer jafnvel fram í mismunandi bæjarfélögum.

Það er rétt hægt að ímynda sér óhagræðið af slíku starfsumhverfi að ógleymdum kostnaðinum sem af því hlýst. Sameining spítalanna mun aldrei skila sér að fullu fyrr en við uppbyggingu spítalans á einum stað. Í heimsóknum þingmanna Samf. á spítalann kom fram að jafnvel mætti spara 10–15% rekstrarkostnaðar spítalans með uppbyggingu á einum stað. Svo að hv. þingmenn átti sig á því hvað það þýðir í tölum þá eru 10% 2,5 milljarðar kr. Til samanburðar má nefna að allur Háskóli Íslands kostar um 4 milljarða kr. árlega. Það er því ljóst að vel er hægt að nýta þessa 2–4 milljarða kr. sem hugsanlega væri hægt að spara í önnur þjóðþrifaverkefni.

Það kostar stundum að spara. Uppbygging Landspítalans á einum stað er gott dæmi um slíkt. Í þáltill. hv. þm. Kristjáns Möllers og annarra þingmanna kemur fram afskaplega sniðug hugmynd sem gerir uppbyggingu Landspítalans á einum stað raunhæfa og fyrirsjáanlega í náinni framtíð, þ.e. að tengja sölu Landssímans við uppbyggingu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Mikilvægt er að þegar Landssíminn verður loksins seldur verði söluandvirðinu vel varið og fari t.d. ekki í almennan rekstur eða í hina endalausu útþenslu ríkisvaldsins. Þá væri vel til fundið að verja söluandvirðinu til uppbyggingar á þjóðarspítala.

Þjóðin byggði Landssímann og á hann. Þjóðin þarfnast uppbyggingar Landspítala á einum stað. Þetta passar því vel saman. Hættan við jafnviðamikið verkefni og uppbygging Landspítalans augljóslega er er sú að fólk mikli verkið fyrir sér og dragi úr hömlu að hefjast handa. Þess vegna gerir hugmyndin um að verja söluandvirði Landssímans í uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss verkefnið raunsætt og, það sem meira er, fyrirsjáanlegt.

[17:48]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Mig langar í fáum orðum að taka undir efni þessarar till. til þál. um nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús, eða réttara sagt langar mig að fagna stuðningi Samf. við þetta verkefni, undirbúning að uppbyggingu Landspítalans, og fagna stuðningi Samf. við þá stefnu sem unnið er eftir af hálfu heilbrrn. og forustu Framsfl. í þessu máli.

Ég velti því fyrir mér þegar ég las greinargerðina með þáltill. áðan hvort flutningsmenn hefðu kynnt sér þá vinnu sem búið er að vinna og þá vinnu sem er í gangi, sem hefur einmitt þetta að markmiði, að byggja upp Landspítalann, færa hann undir eitt þak og nýta til fulls kostina við sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík og ná fram þeirri fullu hagræðingu sem ætlunin var þegar sjúkrahúsin voru sameinuð.

En fyrst og fremst sá ég ástæðu til að kom í ræðustól og fagna stuðningi Samf. við það verk sem verið er að vinna núna undir forustu Framsfl. Það sem hins vegar kemur flatt upp á mig og hugsanlega einhverja aðra er þessi afstaða Samf. allt í einu að ráðast í þetta, vegna þess að við munum mörg eftir því sem kom fram í ræðu hv. formanns Samf. á svokölluðum haustfundi, minnir mig að hann hafi heitið, þar sem hann vildi meina að það væri ekki fyrst og fremst fjárskortur sem háði heilbrigðisþjónustunni. En það er ljóst að hér er um að ræða dýrt og viðamikið verkefni og ég hef sjálf úr þessum ræðustól hvatt til þess að í það væri ráðist að við tryggðum fjárframlög á fjárlögum til þess að hægt væri að ráðast í þetta verkefni, en spyr hvort þarna hafi orðið einhver stefnubreyting á.

Mér leikur líka forvitni á að vita og spyr: Ef ekki verður af sölu Landssímans, hvað vill Samf. gera þá? Ég sé ekki ástæðu til að hnýta þetta tvennt saman því að þó að okkur takist ekki að selja Landssímann og dráttur verði á því, finnst mér alveg einsýnt að heilbrigðiskerfið og Landspítali – háskólasjúkrahús geta ekki beðið eftir því að peningarnir komi úr einhverri slíkri átt, heldur þurfum við að taka þá afstöðu sem fyrst í fjárlögum að veita nægilegt stofnfé til þessa viðamikla og bráðnauðsynlega verkefnis.

Eins og rakið er í greinargerð með þáltill. er því haldið fram, eins og ég hef gert áður, að full hagræðing af sameiningunni náist ekki fyrr en búið er að ráðast í nýbyggingar og sameina þetta undir einu þaki. Hér er m.a. rakið að reknar séu tvær bráðamóttökur. Ég held að þær séu gott fleiri en tvær, ég held að þær séu fimm, bráðamóttökurnar sem reknar eru, og þó að við næðum ekki að sameina þær nema í tvær væri það strax til bóta. Og eins og ég hef oftar en einu sinni og oftar en tvisvar vakið athygli á erum við með margs konar annan rekstur sem heyrir undir sjúkrahúsið á fleiri en einum stað og það segir sig alveg sjálft að full hagræðing næst ekki fyrr en við erum búin að sameina þetta.

Herra forseti. Þetta vildi ég fyrst og fremst segja og ítreka enn og aftur ánægju mína með að Samf. skuli nú leggja áherslu á það að heilbrigðiskerfið þurfi aukin fjárframlög í stofnkostnað vegna Landspítalans, og ánægju mína með stuðning Samf. við þá vinnu sem verið er að vinna á þessu sviði.

[17:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég fagna einlæglega þessari tillögu og vil þakka frumkvæði hv. þm. Kristjáns L. Möllers í þessu stóra máli. Það er ekki nýtt af nálinni að menn hafi lýst yfir áformum í þessa veru en um nokkuð langt árabil hafa verið uppi slík áform, enda hefur öllum verið það löngu ljóst að húsakostur Landspítalans og fyrirkomulag í þeim efnum væri með þeim hætti að gera þyrfti grundvallarbreytingar þar á.

Ég minnist þess að þegar ég átti þess kost að stýra heilbrrn. 1993–1994, ræddu menn auðvitað húsakost Landspítalans. Þá var K-byggingin í miðju kafi, það hafði verið hafist handa við hana mörgum árum áður og sá ekki fyrir endann á þeim byggingarframkvæmdum. Það hefur nefnilega, því miður, verið saga mannvirkjagerðar þegar kemur að heilbrigðismálum að menn hafa talað mikið, teiknað lengi, spjallað mikið en lítið sem ekkert gerst, og það hefur oft og tíðum þurft sérstakt átak til þess að menn hafi látið hendur standa fram úr ermum í þeim efnum.

Því kom mér satt að segja dálítið á óvart hin undarlega ræða hv. þm. Jónínu Bjartmarz áðan þar sem hún í öðru orðinu fagnaði þessu frumkvæði hv. þm. Kristjáns L. Möllers og annarra flutningsmanna en var í hinu orðinu að hnýta í það frumkvæði, og ég minntist sögunnar um refinn þegar hann sagði að berin væru súr.

Það kann vel að vera að heilbrigðisráðherrar Framsfl. frá 1995, í heil níu ár, hafi spáð og spekúlerað í þessa veru og haft uppi ýmis áform og sett á ýmsar nefndir. En sannast sagna er staða máls sú, frú forseti, að það er ekkert í pípunum og engar ákvarðanir sem liggja fyrir, engir peningar og ekkert fast í hendi um að ráðast skuli til atlögu í þessu máli. Það er engin áætlunargerð fyrirliggjandi, engin tímasetning, enginn tímarammi, heldur er þetta bara allt á spjallstiginu. Og þess vegna ekki síst, þó að auðvitað sé það afskapalega óvanalegt að þáltill. stjórnarandstöðunnar skipti sköpum í þessu máli,

er það einkar athyglivert í þessu sambandi hvernig tengd eru saman fyrirliggjandi og langvarandi áform núverandi ríkisstjórnarflokka um sölu Landssímans sem Samf. hefur stutt með ákveðnum skýrum skilyrðum þó sem getið er um í greinargerð, að þá sé það tryggt og niðurnjörvað að þeir milljarðar, þeir tugir milljarða sem koma sem endurgjald, væntanlega, fyrir sölu Landssímans, verði sú ákvörðun tekin — verði eyrnamerktir þessu stóra verkefni.

Það er ekkert í fyrsta skipti sem menn hafa haft uppi áform af þessum toga, hafi sett á eins konar markaðan tekjustofn fyrir tiltekin verkefni. Það gerir auðvitað málið meira spennandi og kannski hægt að binda meiri vonir við það að menn sjái einhverjar framkvæmdir inntar af hendi á yfirstandandi kjörtímabili.

Afstaða Samf. í málinu er alveg ljós og það er búið að rekja hana mjög skilmerkilega í þessari umræðu. Menn hafa réttilega bent á að það verður sannanlega sparnaður í því til lengri tíma litið í rekstri spítalans, sem er á þriðja tug milljarða á ári hverju, sem gæti skilað sér ef maður gefur sér það alveg án ábyrgðar að byggingarkostnaður svo stórs mannvirkis yrði nettó í kringum 20 milljarðar og hægt væri að ná því til baka í rekstrarsparnaði á 10–15 árum, svo ég tali ekki um þá stórbættu þjónustu sem til staðar yrði fyrir sjúklinga. Það er því alveg sama hvernig að málinu er komið, það er auðvitað til stórbóta að öllu leyti.

Hv. þm. Jón Kr. Óskarsson benti á og rifjaði upp að bygging Barnaspítalans varð auðvitað til þess að stórbæta þjónustu. Það mál ætti að verða okkur öllum að kenningu og við ættum að rifja það upp að áform um byggingu Barnaspítalans — áður en hann var opnaður nú í byrjun nýrrar aldar — ég held að ég muni það rétt að þau hafi verið u.þ.b. 30 ára gömul. Ég átti þess kost að koma eilítið nærri því árið 1994 með því að skrifa undir samning við Hringskonur og forsvarsmenn Landspítalans á þeim tíma en entist þó ekki líf og heilsa og aldur til í embætti að láta það ganga alla leið til verka, en ég vil þakka þeim sem á eftir komu að hafa klárað það verkefni. En einmitt það verkefni og það langa tilhlaup sem allir flokkar, og enginn er undanskilinn, þurftu að því verkefni ætti að vera okkur lexía í þessu máli að það þarf ekki alltaf allan þann tíma sem menn vilja gefa sér. Því er það mikið fagnaðarefni að hv. þm. Kristján L. Möller hafi frumkvæði í þessu efni og gefi þessu stóra og góða máli nýtt líf.

Samfylkingin hefur stutt þetta mál um langt, langt árabil, raunar löngu áður en hv. þm. Jónína Bjartmarz kom á þing. Það er því alltaf spurning um eggin og hænurnar í þessum efnum, svo ég vísi til þeirrar léttu pirringstölu hennar í þessu máli. En það gildir einu, ég vil einlæglega fagna stuðningi hennar við málið og vænti þess að hún sem formaður heilbrn., fari málið á þann vænginn, muni auðvitað einbeita sér að því að afgreiða málið úr nefnd fljótt og vel þannig að Alþingi Íslendinga geti afgreitt það á allra næstu vikum og fyrir vorið þannig að hjólin fari að rúlla. Ég skildi a.m.k. ræðu hv. þm. svo, formanns heilbrn., að hún fagnaði þessu máli af einlægni, hvort heldur hún túlkaði það sem stuðning við ríkjandi stjórnarstefnu eða hvaðeina, ég læt mér það í léttu rúmi liggja. Málið er allt of stórt til þess að standa í slíku stappi. En allt að einu er þá fyrirliggjandi stuðningur hennar og þingflokks hennar við þetta stóra mál og þá eru auðvitað engin ljón í veginum lengur, málið í heilbrn. til ítarlegrar alvöruskoðunar þar og út úr henni aftur og til afgreiðslu á þinginu. Við getum því farið af stað með þá nefnd sem á að hefja undirbúning og séð hlutina fara á framkvæmdastig kannski innan tveggja til þriggja ára, þó að það sé býsna bjartsýnt.

Allt að einu, málið er gott og ég skynja að hér er almennur stuðningur við það.

[17:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil taka undir það efni tillögunnar að tímabært sé að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk með höndum að undirbúa frekari framkvæmdir á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut, einhvers konar byggingar- eða stefnumótunarundirbúningsnefnd. Ég held að það sé ágæt hugmynd að slík nefnd verði til með umboði samkvæmt erindisbréfi í þá átt sem þarna er mælt fyrir um. Það mundi mér og okkar flokki finnast góð vinnubrögð. Eins og jafnan þegar mikilvæg og stór framtíðarmál eru á ferð, er að sjálfsögðu af hinu góða að menn leiti eftir þverpólitískri samstöðu eða þverpólitískri þátttöku í undirbúningi að slíku. Það mætti auðvitað velta fyrir sér hvort nefndarskipanin ætti að einhverju leyti að vera á breiðari grunni. Það mætti alveg hugsa sér, finnst mér, að fulltrúar starfsmanna og/eða stjórnenda stofnunarinnar kæmu að auk fulltrúa stjórnmálaflokka og ráðuneytis en það er útfærsluatriði sem menn geta velt fyrir sér í nefnd.

Staða málsins er sú eftir því sem ég best veit að mótuð hefur verið sú stefna að framtíðaruppbyggingin verði á lóðinni við Hringbraut. Það hefur að sjálfsögðu ekki verið óumdeilt. Menn þekkja umræður og jafnvel hugmyndir um að byggja frá grunni nýjan spítala á nýju svæði sem auðvitað hefði sína kosti ef menn vildu gerast svo stórhuga því þá væri hægt að byggja algerlega frá grunni, án þess að vera heftir af núverandi húsaskipan og núverandi aðstæðum, glæsilegan nýjan hátæknispítala. En hitt að gera þetta í áföngum og nýta alla þá miklu aðstöðu sem er þrátt fyrir allt á lóðinni við Hringbraut virðist manni vera á flestan hátt raunsærra og raunhæfara. Ég held að það geti varla verið mikill vafi á því að það svæði verður fyrir valinu frekar en Fossvogur. Ég sannfærðist endanlega um að þetta væri vænlegasta leiðin eftir ágætan fund eða ráðstefnu sem við fulltrúar flokkanna vorum á og boðað var til af starfsmönnum og stjórnendum stofnunarinnar í fyrra í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Það er því misskilningur ef samfylkingarmenn halda að þeir séu þeir einu sem hafa heimsótt Landspítala – háskólasjúkrahús (Gripið fram í.) en vissulega hrósa ég þeim fyrir þessa myndarlegu heimsókn sem þeir fóru í þangað á dögunum. Það er alltaf af hinu góða að menn setji sig vel inn í málin.

Fyrir mitt leyti, og ég held að ég geti talað þar fyrir hönd míns þingflokks, sannfærðist ég nokkurn veginn endanlega um að þrátt fyrir allt væri væntanlega raunhæfasta og vænlegasta leiðin að horfa til uppbyggingar á lóðinni við Hringbraut.

Um þörfina á frekari uppbyggingu og þróun Landspítala – háskólasjúkrahúss dettur mér ekki í hug eitt augnablik að sé nokkur pólitískur ágreiningur. Landspítali – háskólasjúkrahús er algert flaggskip í sérhæfðri íslenskri heilbrigðisþjónustu og gæði hennar munu ráðast mjög mikið af því hversu metnaðarfull starfsemin á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verður og hversu vel verður að henni búið.

Það má líka vitna til þess, eins og síðasti ræðumaður gerði, að það hefur engin deila verið um þau áform sem tekin hafa verið í þessum efnum þegar þau hafa loksins komist á koppinn eins og uppbygging K-byggingar á sínum

tíma og síðan uppbygging Barnaspítalans eða Barnadeildar Hringsins sem kannski væri að sumu leyti réttara að kalla.

Auðvitað koma sameiningarmálin aðeins við sögu. Það er rétt sem á er bent og menn hafa rætt m.a. í ljósi skýrslna sem sýnt hafa að sameiningin hefur ekki reynst neitt einfalt lausnarorð í málefnum þessarar stofnunar, þ.e. sameining stóru sjúkrahúsanna sem voru aðskilin á Reykjavíkursvæðinu á sínum tíma. Það gátu menn alveg sagt sér fyrir og því miður ætla Íslendingar að læra af sömu reynslu og ýmsar nágrannaþjóðir hafa gert að slík sameining er mikið vandaverk og eigi hún að heppnast vel og skila fljótt árangri, þarf að vanda til undirbúningsins með alveg gríðarlega markvissum hætti sem ég tel að því miður hafi ekki verið gert. Menn lentu í því að lokum að flýta sér talsvert mikið sem hefur leitt til þess að það er enn við ýmsa hluti að glíma í rekstrinum sem menn héldu kannski að yrði einfaldara að leysa úr.

Ég hygg að vísu að það sé rétt, vona það a.m.k., sem menn hafa talið sig geta lesið út úr úttektum og skýrslum að faglega hafi Landspítali – háskólasjúkrahús komið tiltölulega vel út úr þessari sameiningu, en hvað varðar ýmsa rekstrarþætti er enn margt óunnið og mætti svo sem segja ýmislegt af því sem maður heyrir þaðan í umræðum um andrúmsloft í deildum sem hafa verið sameinaðar o.s.frv.

En einu atriði í tillögunni er ég algerlega ósammála og það er að tengja þessi þörfu og brýnu uppbyggingaráform á nokkurn hátt við fyrirhugaða einkavæðingu Landssímans. Það held ég að sé misráðið. Í fyrsta lagi er ég andvígur því að selja Landssímann, einkavæða hann. Verði hann einkavæddur, a.m.k. af núverandi stjórnarflokkum, liggur því miður fyrir að það verði gert með sölu grunnnetisins og þar með fellur sú forsenda tillögunnar sem byggir á þeirri stefnu Samf. að halda eigi grunnnetinu eftir. Ég hef heldur aldrei séð neinn sérstakan tilgang í æfingum af því tagi að eyrnamerkja tilteknar krónur sem koma inn í ríkissjóð til eins verkefnis frekar en annarra. Þetta reyndu einmitt stjórnarflokkarnir að gera og sætta þjóðina við fyrirhugaða einkavæðingu bankanna að fjármunir úr þeim mundu renna til ýmiss konar átaksverkefna í atvinnumálum á landsbyggðinni, samgöngumálum o.s.frv. og var jafnvel bætt eitthvað í þá hluti til að byrja með. En hvað gerðist við afgreiðslu næstu fjárlaga? Þeir voru að verulegu leyti skornir niður aftur og þannig æfingar þjóna engum tilgangi. Ég hef aldrei séð að menn mundu geta merkt krónurnar og þær þekktust í sundur í kassanum hjá Geir H. Haarde eða hver sem kynni að verða fjmrh., hvort þær koma inn vegna almennra skatttekna eða vegna sölu ríkiseigna er erfitt að greina. Auðvitað er sala ríkiseigna, komi hún til, ósköp einfaldlega eins og hverjar aðrar tekjur að vísu þá tímabundnar sem falla til ríkissjóðs og þar af leiðandi alltaf álitamál hvort það er tæknilega og pólitískt eitthvað sem þjónar tilgangi að binda þetta saman. Ég hefði því frekar viljað að menn reyndu að safna liði um það sem tillagan gengur út á, sem er mjög þarft, að skipa þverpólitíska nefnd og reyna að ná þverpólitískri samstöðu um að koma hreyfingu á þessa hluti á nýjan leik.

Ég hygg að það sé nokkuð til í því sem hér var sagt af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að málið er svolítið á floti í augnablikinu. Eftir að uppbyggingu Barnaspítalans lauk hafa ekki beinlínis verið teknar nýjar ákvarðanir um framhaldið nema að þessu leyti að skipulagsmál í höfuðborginni og stefnan gengur út á að uppbyggingin verði við Hringbraut. Mér er ekki kunnugt um að teknar hafi verið neinar beinar ákvarðanir um hver næstu skref í þeim efnum verða þó örugglega sé verið að vinna þar ýmiss konar undirbúningsvinnu, en það væri tvímælalaust gott fyrir málaflokkinn að að henni kæmu fulltrúar allra flokka því ekki veitir af að skapa sem víðtækasta og pólitíska samstöðu um heilbrigðismálin, mikilvæg sem þau eru, og í þeim erfiðleikum sem menn eiga í þeim efnum að veita til þeirra nóga fjármuni.

[18:08]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég skil ágætlega að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé á móti því að selja Símann og þar með á móti því að verja ætluðum fjármunum af þeirri sölu til nokkurs hlutar. Mér finnst að hann eigi hins vegar ekki að láta það mál, sem ég ætla ekki að ræða við hann hér, skyggja á þá aðferð að átak eins og nýbygging Landspítalans sé fjármagnað með sérstökum hætti. Það hefur að vísu gefist misvel hjá okkur að fjármagna ýmsa hluti, því miður, á þessu landi sem lengi hefur verið fátækt og búið við of litla velsæld en við höfum þó gert það með ýmsum hætti. Við gerðum það með Þjóðarbókhlöðuna, við gerðum það með hringveginn og fleira mætti nefna. Það er ekki óeðlileg aðferð í ríkisbúskapnum, alveg eins og í búskap fjölskyldunnar, að þegar menn ráðast í sérstök verkefni þá séu þau fjármögnuð á sérstakan hátt þannig að hið venjulega efnahagslíf, hvort sem það er efnahagslíf það sem ríkið býr við eða það sem fjölskyldan býr við, þurfi sem minnst að hreyfast af þeim sökum.

Mig langar að spyrja hv. þm. að því hvort hann sé í grundvallaratriðum á móti slíkri fjármögnun í sérstöku átaki til að koma upp fasteignum til að auka samgöngur á tilteknum landsvæðum eða með öðrum hætti að koma sér upp jákvæðum hlutum sem hægt er að taka út úr hinum venjulega ríkisrekstri sem hinar venjulegu skattgreiðslur borga.

[18:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru fyrst og fremst tengingar af þessu tagi sem ég held ekkert sérstaklega upp á og tel að séu yfirleitt ekki skynsamlegar. Þetta hefur margoft verið reynt áður og ég geri grundvallarmun á aðferðum eins og þeim sem menn hafa farið til að tryggja verkefnum langtíma og stöðuga fjármuni með einna mestum tekjustofnum eins og átti við í tilviki Þjóðarbókhlöðunnar. Þar féll til árlegur tekjustofn sem gekk til þess verkefnis um árabil og síðan í framhaldinu til viðhalds og endurbóta á öðrum menningarstofnunum eða verðmætum. Það er dálítið annað en þessi hugsun að við sölu einstakra eigna séu þær tekjur sem í ríkissjóð koma með þeim hætti haldið aðskildum til þeirra verkefna.

Auðvitað má segja að það komi algerlega út á eitt ef við lítum til þess að ríkissjóður skuldar fjármuni og þarf að reka sig á hverju ári, borga af sínum lánum o.s.frv. ef hann ræðst í framkvæmdir og það falla jafnframt til á sama tíma einhverjar sölutekjur af eignum. Þá þarf bara að taka minni lán vegna þeirra framkvæmda eða annað í þeim dúr þannig að þegar upp er staðið skiptir það í sjálfu sér engu máli. Það er bókhaldsatriði eða þjónar einhverjum pólitískum tilgangi.

Það sem ég er líka að segja og veldur minni andstöðu við þennan þátt málsins er að þetta hefur verið notað af þeim sem vilja einkavæða alla skapaða hluti til þess að reyna að selja mönnum þá hugmyndafræði. Það er látið eins og þessir peningar koma af himnum ofan og þeir væru alls ekki til staðar ella. En ef menn einkavæða ekki á ríkið áfram eign sína og það verða ekki til nein ný verðmæti við sölu eigna. Menn selja þær yfirleitt einu sinni. Þvert á móti má færa

fyrir því rök að þegar í hlut eiga verðmæt fyrirtæki sem rekin eru með góðum hagnaði og skila árlega miklum tekjum í ríkissjóð eins og Landssíminn, sé einmitt skynsamlegt að eiga hann áfram. Kannski ættum við að ákveða að hagnaður Landssímans renni í þetta á hverju ári í 10 ár.

[18:12]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég held að þegar til stykkisins kemur sé þetta í raun og veru ekki þannig að allir peningar séu eins á litinn. Við þekkjum það t.d. úr fjárhag fjölskyldna að þegar þær verða fyrir því að einhverjir peningar koma í efnahaginn, vegna einhvers búhnykks eða vegna þess t.d. að arfur hefur fallið til, vilja menn gjarnan taka þá peninga út úr og merkja þá sérstaklega, ekki nota þá í eyðslu og óhóf heldur gera það við arfinn sem hinum látna hefði þótt skynsamlegt.

Ég held að hv. þm. Kristján L. Möller og meðflm. hans séu ekki að reka áróður fyrir sölu Landssímans. Ég dreg þá ályktun því að hér á þinginu er mikill meiri hluti fyrir sölu Landssímans sem skynsamlega væri að staðið og með ákveðnum skilyrðum af hálfu samfylkingarmanna. Hér er því ekki um slíkan áróður að ræða. Hins vegar er um það að ræða að þrýsta mönnum til þess, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, hennar flokki og samstarfsflokki hennar að láta sér annt um þetta mikla verkefni sem er að koma Landspítalanum undir einn hatt.

Ég vil, um leið og ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ekki hafi verið nægilega vel staðið að sameiningu spítalanna tveggja, vekja athygli hans á því og annarra sem skipa þingheim að þessu sinni að ein af ástæðunum var einmitt sú að ekki lá fyrir áætlun um nýbyggingu Landspítalans á þeirri lóð sem hún verður sennilega á núna eða neinni annarri.

[18:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að ég er ekki hrifinn af þessum eina málslið tillgr. en vil gjarnan styðja hana að öðru leyti. Ég vona að það sé engin forsenda af hálfu flm. að málið fáist afgreitt að þessi tenging sé þarna til staðar. Ef málið nýtur að öðru leyti stuðnings hefði ég talið og ég marka það líka af því að hv. þm. Framsfl. sem talaði áðan, Jónína Bjartmarz, benti á þann þátt málsins að ef svo færi að ekki yrði af sölu Landssímans um sinn vilja menn náttúrlega ekki vera heftir af því að þar með komist menn ekkert áfram af því að engar tekjur hafi fallið til. Ég er ósköp einfaldlega að benda á að eignin er þá til staðar og hefur ekkert gufað upp, hún er þarna og það sem meira er þá mundi hún skila góðum arði á hverju ári. Það er kannski sagt að einhverju leyti í gamni en líka í alvöru að ef t.d. væri pólitísk samstaða um að ráðstafa öllum rekstrarhagnaði Landssímans eða arði sem hann hefur verið að greiða undanfarin ár í ríkissjóð á hverju ári í 10 ár í þetta verkefni, kannski 20 millj. kr., mætti gera gríðarlegt átak í þessum efnum. Það sem ynnist væri að við fengjum þessa peninga og ættum að því loknu áfram Landssímann okkar sem væri náttúrlega langbesti kosturinn.

Varðandi málin almennt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hef ég fylgst með þeim lengi, allt frá dögum Ríkisspítalanna sálugu þar sem ég sat í stjórn á árunum 1984–1988, ef ég man rétt, og hef haft talsverð tengsl af ýmsum ástæðum og persónulegum að hluta til við þessa stofnun æ síðan. Þarna hafa auðvitað verið uppi ýmsar hugmyndir og við verðum að vera sanngjörn hvað það varðar að margt hefur verið þar í þróun. Sameiningin er tiltölulega nýtilkomin og sú ákvörðun sem ég lít svo á að sé loksins núna orðin endanleg, að fyrir valinu verði lóðin við Hringbraut, er nýleg. Hún er tiltölulega ný af nálinni þó að það hafi hins vegar verið gert ráð fyrir þeim möguleika lengi í skipulagsmálum, samanber hina frægu færslu Hringbrautar og fleira sem þessu tengist.

[18:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að stinga inn orði í þessa umræðu þó að liðið sé nokkuð á hana. Ég tel það þarft verk að flytja þessa þáltill. og hreyfa málinu eins og flutningsmenn gera. Þó svo að ég taki ekki undir allt sem í tillögunni kemur fram er engu að síður nauðsynlegt að brydda upp á þessu máli og ræða það frá öllum hliðum.

Ég vil fyrst segja að það sem ég sakna í tillögunni og finnst sárlega vanta er að fyrst þarf að ákveða hvað spítalinn á að gera, að áður en menn ákveði hvers konar húsnæði eða aðstöðu spítalinn þarf þurfi menn fyrst að ákveða hvað hann á að gera. Ég er ekki alveg sannfærður um að spítalinn eigi að gera allt það sem hann er að gera í dag. Ég hef efasemdir um það og tel fyllstu ástæðu til að fara í gegnum hlutverk spítalans með það fyrir augum að greina í sundur þá starfsemi sem þar fer fram núna og velta því fyrir sér hvað af henni væri eðlilegt að færa undan spítalanum og hafa með öðrum hætti, hvort sem það yrði sjálfstæð starfsemi eða færi undir aðra starfsemi. Að störfum er nefnd sem er einmitt að fjalla um þetta hlutverk og ég vil fá niðurstöðu úr þeirri nefnd áður en ég afgreiði þessa tillögu. Ég veit að í henni eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokkanna, m.a. Samf., þannig að ég mælist til þess að framgangurinn verði með þeim hætti að fyrst komi niðurstaða í hlutverkið og síðan setjist menn yfir það sem tillagan fjallar um.

Ég vil svo sem ekki segja margt um hugsanlegar breytingar á hlutverki spítalans, ég vil spara mér skoðanaskipti um það á þessu stigi málsins, en ég hygg að það megi þó segja að við ætlum þessum spítala að taka við tilvikum og öðru sem aðrir spítalar ráða ekki við og það sé að sumu leyti ekki nauðsynlegt að spítalinn sé í dag að fást við verkefni sem aðrir eru að fást við, bæði á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar.

Það eru einkum þrjú atriði sem eru í þessari tillögu. Í fyrsta lagi fjallar hún um húsnæði, í öðru lagi um staðsetningu og í þriðja lagi um fjármögnun. Ég er alveg sammála því sem fram kemur að rétt er að stefna að því að hafa eitt húsnæði fyrir meginstarfsemi spítalans. Ég hygg að menn muni sjá það þegar það verður skoðað og ég veit ekki annað en að verið sé að athuga líka að ávinningur verði að því að færa starfsemina á einn stað og hafa hentugt húsnæði undir hana þannig að það kann að vera álitlegt að byggja nýtt húsnæði undir starfsemi spítalans. Að því leyti til er ég því fremur fylgjandi þessari tillögu sem er að finna í ályktuninni.

Í öðru lagi um staðsetninguna. Í tillögunni er lagt til að nýbyggingin verði á lóð sjúkrahússins við Hringbraut. Um það hef ég efasemdir. Hringbrautin er ekki lengur miðjan á höfuðborgarsvæðinu og ég hygg að það gæti verið skynsamlegt að færa spítalann til innan höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega ef menn ráðast í nýbyggingu, þannig að hann sé nær því að vera miðsvæðis og aðgengi að þeim nýja stað sé mun betra en það er í dag við Hringbrautina. Ég held að menn eigi að skoða það mjög gaumgæfilega. Ég hef efasemdir um að spítalinn sé á besta staðnum með tilliti til

þess hlutverks sem spítalinn á að gegna, bæði fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu.

Í þriðja lagi fjallar tillagan um fjármögnun en lagt er til að hluti af söluandvirði ríkiseigna renni til þess að fjármagna byggingu spítalans. Ég er ekki alveg sammála því heldur að öðru leyti en því að það er sjálfgefið að söluandvirði bygginganna í Fossvogi og við Hringbraut eiga að mínu viti að renna til þess að fjármagna hina nýju byggingu. Ég aðhyllist ekki að það sé rétt að álykta sérstaklega um það að tekjur eða andvirði af öðrum ríkiseignum sem kunna að verða seldar í náinni framtíð eigi að renna til þessa verkefnis eins og lagt er til. Ég held að menn eigi ekki að tengja þetta saman, og söluandvirði eigna ríkissjóðs sem kunna að verða seldar á næstu árum renni einfaldlega í ríkissjóð og menn taki síðan sjálfstæða ákvörðun um að fjármagna bygginguna með fé úr ríkissjóði.

Ég vildi koma þessu á framfæri, virðulegi forseti, við umræðuna nú áður en málið gengur til þingnefndar til þess að menn hefðu þau sjónarmið til athugunar ásamt öðrum sem fram hafa komið í umræðunni.

[18:24]

Flm. (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Nú þegar líður að lokum umræðu um þá þáltill. sem ég er flutningsmaður að ásamt öðrum, þ.e. að skipa byggingarnefnd fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús, vil ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað og þó alveg sérstaklega það sem kom fram hjá hv. þm. Jónínu Bjartmarz, formanni heilbr.- og trn. sem væntanlega fær málið til umfjöllunar, svo og öðrum sem hafa tekið jákvætt undir þá tillögu sem hér er flutt þó svo að, eins og fram hefur komið, menn hafi skiptar skoðanir á ýmsum þáttum hennar eins og hvernig eigi að fjármagna nýbyggingar LSH.

Ég held að við þurfum ekki að ræða neitt um pólitíska ágreining eða hverjir hafi haft frumkvæði eða slíkt í málinu. Það sem er einfaldlega lagt til með tillögunni er að okkur takist að skipa þverpólitíska samstöðu um þetta mikilvæga verk sem við þurfum að vinna sem fyrst nú á nýbyrjaðri öld.

Ég mun kannski koma að því ef ég hef tíma til á eftir að það hefur verið ákaflega gaman að lesa um sögu Sjúkrahúss Reykjavíkur og síðar Landspítala í Landspítalabókinni sem var skrifuð um það mikla verk og þá miklu baráttu sem var á sínum tíma fyrir því að byggja annars vegar sjúkrahús í Reykjavík og síðar Landspítala, og vonandi kem ég að því síðar hvernig þessir frumkvöðlar og baráttumenn unnu það verk til sigurs þó að það tæki langan tíma.

En ég þakka kærlega fyrir það jákvæða sem komið hefur fram hjá nokkrum þingmönnum, eins og hv. þm. Jónínu Bjartmarz og jafnframt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem lýsti því að það væri ágæt hugmynd að skipa byggingarnefnd þó svo, eins og hann kom að, kannski mætti hafa þá nefnd á breiðari grunni en hér er lagt til og ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það. Það er auðvitað verkefni þeirrar nefndar sem málið fer til að útfæra ýmislegt frekar. Hann nefndi hér t.d. starfsfólk. Reyndar er kveðið á um það í tillögu minni að það sé gert, enda vinna mjög margir góðir starfsmenn á spítalanum sem hafa m.a. sótt menntun sína erlendis og hafa starfað þar á fjölmörgum spítölum og geta þá e.t.v. komið með fróðleik og annað um hvernig að þessu verki ætti að standa.

Það er í raun og veru það sama sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um að fyrst þarf að ákveða hvað á að gera í væntanlegum byggingum og væntanlegum Landspítala – háskólasjúkrahúsi þegar starfsemin er komin öll á einn og sama stað. Hér er líka fjallað um slíka þarfagreiningu og er mjög mikilvægt að það sé gert.

Þeir hv. þm. sem ég nefndi, þ.e. Steingrímur J. Sigfússon og Kristinn H. Gunnarsson, hafa líka rætt um staðsetningu. Annar telur að það sé raunsætt og raunhæfara að byggja, eins og hér er lagt til, við Hringbraut sem er niðurstaða svokallaðrar Ingibjargarnefndar, fyrrv. heilbr.- og trmrh. sem ásamt fleirum sem ég gat um í flutningsræðu skiluðu tillögu um að það væri framtíðarsvæðið. Hins vegar komu svo fram efasemdir hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um að það væri endilega besti staðurinn vegna þess að hann væri ekki lengur miðsvæðis í borginni miðað við hvernig hún hefur þróast. Engu að síður er það niðurstaða þeirrar nefndar og hygg ég að þar hafi ráðið miklu staðsetning og nálægð við háskólann þó svo að ekki muni miklu upp að gamla Borgarspítalanum í Fossvogi.

Ég sagði líka í flutningsræðu minni að í hinni miklu heimsókn okkar samfylkingarmanna á Landspítalann fyrir skömmu tók ég eftir því að skoðanir voru mjög skiptar meðal starfsmanna. Því held ég að það sé líka gott að þetta mál skuli vera komið hingað inn og þó svo að niðurstaða nefndarinnar um framtíðarstaðsetningu sé sú sem hér er lögð til, að þá eigi sér stað umræða í þinginu og í þingnefnd um framtíðarstaðsetningu. Ég get sagt að ég tók eftir því að það voru rök bæði með og á móti, bæði þegar maður las alla þessa skýrslu og ræddi við starfsfólk um þessi tvö svæði. Hins vegar held ég að það hafi komið út úr þessu að menn hafi algjörlega afgreitt þriðja svæðið frá sem var að byggja allt upp að nýju.

Ég held því að það væri gott að þetta yrði skoðað og það er náttúrlega hlutverk byggingarnefndar að fara betur í gegnum það þó svo að niðurstaða þessarar nefndar sé slík. En ég vil jafnframt geta þess, og held að ég fari ekki með rangt mál að ég hafi lesið það hér í gögnum að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi gert tillögu nefndarinnar að sinni um framtíðarsvæði við Hringbraut.

Ég vil enn á ný í upphafi seinni ræðu minnar þakka þeim þingmönnum sem um þetta hafa fjallað og er alls ekki að gleyma hv. flokksbræðrum mínum sem hafa talað, þeim Ágústi Ólafi Ágústssyni sem fór mjög vel yfir heimsókn okkar á Landspítala – háskólasjúkrahús og lýsti því að þrengsli og óhentugt húsnæði var rauður þráður hjá starfsfólki. Einnig fóru hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og Jón Kr. Óskarsson mjög vel í gegnum málið og lýstu því sem fyrir þeirra augu bar við heimsóknina.

Virðulegi forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að málið hafi komist á dagskrá, og þakka kærlega fyrir það, og að það skuli nú ganga til nefndar. Svo ég ljúki máli mínu um það sem fram hefur komið í ræðum þingmanna trúi ég því og treysti að hv. þm. Jónína Bjartmarz sem líka er stýrimaður, ef svo má að orði komast, í ákveðinni nefnd um starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss, að hún sem formaður nefndarinnar beiti sér fyrir því að málið verði sent sem víðast til umsagnar. Það verður gaman að safna þeim umsögnum saman og skoða málið og hvort ekki sé hugsanlegt að meðal fulltrúa allra flokka innan heilbr.- og trn. megi mynda hina þverpólitísku samstöðu sem hér er talað um að leggja til, þ.e. að skipuð verði byggingarnefnd. Mér finnst grundvallaratriði að fulltrúar allra flokka á hinu háa Alþingi, plús einhverjir fleiri sem nefndin kann að leggja til, skipi slíka byggingarnefnd.

Virðulegi forseti. Mér er það í raun og veru að meinalausu þó tillagan sé tekin og haft á henni einhver endaskipti ef út úr henni kemur það meginmarkmið að hreyfa við málinu, skipa byggingarnefnd og fara síðan í það. Ég hygg að það sé þverpólitísk samstaða um málið. Hér hefur eingöngu komið fram ágreiningur um þann hluta tillögunnar að verja hluta af sölu ríkiseigna, eins og t.d. Landssímans, til þessa verks eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og ég virði þá skoðun. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur talað gegn því að selja Landssímann og við því er ekkert að gera alveg eins og við í Samf. erum ekki sammála um að selja Landssímann með grunnnetinu. Þetta er samt sem áður allt saman útfærsluatriði. En ég vona að tillagan fái faglega og góða umfjöllun í heilbr.- og trn. og að fyrir þinglok megi mynda þá þverpólitísku samstöðu um að koma málinu af stað, því hafi verið hreyft og það komist á vinnslustig byggingarnefndar.

Það er rétt sem fram hefur komið, virðulegi forseti, að að mati starfsmanna og erlendra sérfræðinga hefur komið í ljós að sameining og flutningur starfseminnar í nýtt húsnæði sem er sérstaklega hannað geti þýtt allt að 10–15% sparnað í rekstrarkostnaði. Reynsla frá Evrópu hefur sýnt það, og eins og kom fram hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni getur þetta þýtt sparnað og rekstrarkostnað upp á 2,3–3,5 milljarða á ári. Það er því mjög mikilvægt að hafa þetta atriði í huga.

Ég vil rétt í lokin, virðulegi forseti, fara örlítið aftur í söguskýringar. Ég sagði áðan að ef ég hefði tíma til mundi ég aðeins geta um baráttu manna fyrir byggingu sjúkrahúsa í Reykjavík, Landspítala, og hvernig henni var háttað. Það er ákaflega ánægjulegt að lesa um hana í Landspítalabókinni og í kafla sem segir: Í upphafi var orðið — það er ekki innan gæsalappa, er t.d. fjallað um að orðið Landspítali kemur fyrst fyrir í íslensku máli árið 1863 og sennilega í tillögu eða ræðu fyrrv. landlæknis Jóns Hjaltalíns. Það er ákaflega fróðlegt að lesa þessa bók, hvernig hafist var handa við að safna peningum til að hrinda því í gang að byggja sjúkrahús í Reykjavík. Þar blandast inn í, eins og svo oft áður, að konur söfnuðu miklum peningum og lögðu fram framlög til verksins. Ég man ekki hvað það voru margir ríkisdalir í byrjun. Það er ákaflega gaman að fletta bókinni í gegn og það ættu þingmenn að gera einhvern tíma við tækifæri. Sagt er að á fæðingardegi Friðriks konungs VII., 6. október 1863 stofnuðu tíu Reykvíkingar félag til að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík. Forustumaður þeirra samtaka var Árni Thorsteinsson land- og bæjarfógeti og söfnuðust á einu og hálfu ári 1.316 ríkisdalir og einnig tókst að safna saman peningum í Danmörku til að setja í sjóðinn. Eignir voru gefnar ýmsum þekktum mönnum í Reykjavík og jafnvel erlendis og menn frá Hamborg sem vildu ekki láta nafns síns getið gáfu miklar fúlgur fjár í þetta.

Síðan er líka gaman að lesa um fyrsta almenna læknafundinn á Íslandi sem var haldinn í Reykjavík 27.–30. júlí 1896. Þessi læknafundur afgreiddi Landspítalamálið með ályktun í þremur liðum. Í þriðja liðnum segir m.a., með leyfi forseta:

„Fundurinn skorar á Alþingi að það veiti af landsfé nægilegt fé til byggingar og árlegs viðhalds á Landspítala í Reykjavík í tveimur deildum, kirurgiskri og medisinskri, er rúmi 40–50, þar af a.m.k. 20–30 ókeypis sjúkrarúm."

Þetta, virðulegi forseti, ásamt tillögu sem Alþingi samþykkti segir okkur að barátta fyrir byggingu Landspítala, því þjóðþrifaverki sem það var og er, var þannig að almenningur í landinu, verkamenn, stórkaupmenn og aðrir söfnuðu saman fé og mynduðu þverpólitíska samstöðu að hrinda því mikla máli í framkvæmd. Ég vitna í þessar gömlu söguskýringar, sem ég hefði viljað hafa meiri tíma til að fara betur í gegnum, því það er kannski einn megintilgangur tillögunnar að reyna að freista þess að mynda um það þverpólitíska samstöðu á hinu háa Alþingi að ráðast í þetta mikla verk, hvort sem það er eftir tvö ár, fjögur ár, fimm ár eða hvað. Skipa þverpólitíska byggingarnefnd og ætla til þess fé á fjárlögum eins og ég gat um áðan á komandi árum til að vinna þetta mikilhæfa verk. Þess vegna kemur fram í greinargerðinni að þetta er þjóðarátak sem þarf að ráðast í. Og hvort sem peningar fyrir sölu ríkiseigna eins og t.d. Landssímans verða notaðir í þetta eða þeir koma öðruvísi, má í raun og veru segja að hin mikla eign sem Íslendingar hafa eignast með viðskiptum sínum við Póst og síma, Landssíma og Símann, eða hvað þetta nú heitir, sem geta verið allt að 35–40 milljarðar, verði notaðir í þjóðarátak til að byggja Landspítala í staðinn fyrir eignina Landssíma. Þá er í rauninni verið að fara svipaða leið eins áður, þ.e. notuð verða hálfgerð samskot frá þjóðinni til að byggja betur við og koma Landspítalanum á einn og sama staðinn. Ég segi ekki að það verði undir eitt og sama þak.

Virðulegi forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða íslenskrar tungu, fyrri umr.

Þáltill. MÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 517.

[18:39]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu. Þetta er 387. mál á þinginu á þskj. 517, og hljóðar svo í upphafi sínu, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að setja á fót nefnd sem athugi réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Í áliti nefndarinnar komi fram staða íslenskrar tungu í löggjöfinni og tillögur til úrbóta ef þörf er talin á. Nefndin geri grein fyrir réttarstöðu þjóðtungna og annarra mála í grannlöndum og taki til sérstakrar athugunar stöðu íslensks táknmáls og tungumála nýbúa hérlendis. Þá íhugi hún hvort ástæða sé til að gefa grannmálum, einkum dönsku, færeysku, norsku og sænsku, eða tilteknum útbreiddum málum, til dæmis ensku, frönsku eða þýsku, sérstaka stöðu í löggjöfinni."

Í tillögunni er tiltekið hvaða menn skuli skipa í nefndina og kveðið á um að nefndin ljúki störfum nógu fljótt til að ráðrúm gefist til hugsanlegra lagabreytinga, þar á meðal stjórnarskrárbreytinga, á kjörtímabilinu.

Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurjón Þórðarson og koma flutningsmenn þar með úr öllum þingflokkum á Alþingi.

Það er rétt að nefna strax að nokkra umhugsun þurfti til að fela forsrh. sérstaklega að gera þetta því auðvitað komu aðrir ráðherrar til greina og þá einkum menntmrh. sem ýmsar stofnanir um íslenska tungu falla undir. Hins vegar þótti að lokum best við hæfi að það yrði forsrh. sem þetta gerði því íslensk tunga er slíkur þáttur í þjóðarvitund og þjóðlífi

Íslendinga að hún getur á sem almennastan hátt varla fallið undir annan en þann ráðherra sem fer með víðtækast umboð fyrir þjóðina.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að bæði fræðimenn og glöggir áhugamenn athugi stöðu íslenskrar tungu í löggjöf okkar og setji fram tillögu til úrbóta ef þurfa þykir. Meðal þess sem sjálfsagt er að nefndin athugi er hvort þörf sé á að setja í stjórnarskrá eða almenn lög að íslenska er þjóðtunga Íslendinga, og gera grein fyrir skynsamlegu inntaki slíkra laga miðað við aðstæður okkar nú. Miðað er við að þessum störfum ljúki í tíma, eins og ég sagði áðan, til þess að ráðrúm gefist til að breyta lögum á þessu kjörtímabili, m.a. vegna þess að stjórnarskrárbreytingu þarf Alþingi að samþykkja tvisvar, fyrir og eftir þingkosningar.

Hingað til hefur óljós staða íslensku í stjórnarskrá og almennum lögum ekki komið að sök svo heitið geti. Aðstæður breytast þó hratt. Alþjóðlegt samstarf eflist óðfluga og íslensk löggjöf tengist sífellt sterkari böndum ýmsum alþjóðasamningum og alþjóðastofnunum. Þetta kallar á skýrari ákvæði um stöðu íslensku sem þjóðtungu, en jafnframt kann að vera þörf á að skilgreina stöðu annarra tungumála í íslensku samfélagi, löggjöf og stjórnsýslu, Norðurlandamála t.d. og ensku, en e.t.v. einnig annarra alþjóðamála.

Síðustu ár og áratugi hafa sífellt fleiri flust frá útlöndum til Íslands og annars vegar gerst íslenskir ríkisborgarar, nýbúar eða innflytjendur, hvort sem menn kjósa að kalla, og hins vegar sest hér að til langdvalar og starfa en kjósa að halda ríkisborgararétti sínum í föðurlandinu. Við þetta getur fjölgað stórlega íbúum á Íslandi sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Þetta hefur áhrif á stöðu íslenskunnar og kann að auka þörf á skýrum reglum um notkun íslensku í stjórnsýslunni. Þetta vekur einnig spurningar um það hvort skynsamlegt sé að móðurmál nýbúa og útlendinga á Íslandi hafi viðurkennda stöðu í löggjöf, t.d. hvað varðar samskipti við stjórnsýsluna og aðstoð við skólaskyld börn. Óskir heyrnarlausra um að móðurmál þeirra sé viðurkennt hafa líka vakið spurningar um formlega stöðu íslensku í löggjöf og stjórnkerfi.

Að þessu samanlögðu teljum við flutningsmenn brýnt að ýta úr vör því verkefni sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ég vil benda á að í grg. með þáltill. er rætt nokkuð ítarlega um frekari tildrög hennar og bent á efni sem hafa má gagn af við umfjöllun um tillöguna og raunar einnig í starfi nefndarinnar sem stofna skal.

Ég ætla að fara aðeins nánar í tvo helstu efnisþætti þessa máls. Þá er fyrst til að taka að hér og nú mæli ég á íslenska tungu en raunar er ekkert ákvæði í stjórnarskrá eða í þingsköpum okkar um að svo skuli vera. Flestir telja íslensku opinbert tungumál í lýðveldinu Íslandi en þetta er ekki staðfest í stjórnarskránni eða með óyggjandi hætti í almennum lögum.

Það er hins vegar hefð að tungumál Alþingis og stjórnsýslunnar sé íslenska. Íslenska hefur verið töluð í þessari stofnun frá endurreisn Alþingis og var þó ekki átakalaust á sínum tíma. Lög hafa verið á íslensku frá 1859 og fyrir þann tíma lengi birt á íslensku samhliða dönskum frumtexta. Víðast í löggjöf má heita að gert sé ráð fyrir íslensku sem opinberu máli og almennu samskiptamáli en óvíða tekið fram beinlínis. Þetta þykir svo sterk hefð að margir lögfræðingar segja það nálgast stjórnskipunarvenju.

Það kemur fyrir að það er beinlínis tekið fram að íslenska sé það tungumál sem tala skal, þar á meðal og kannski einkum í lögum um meðferð einkamála þar sem segir í einni grein, 10. gr.: „Þingmálið er íslenska."

En þetta er nokkuð einstæð setning í íslenskri löggjöf og er ekki gert í samsvarandi lögum um meðferð opinberra mála sem þó eru frá sama ári, 1991. Þar kemur þó fram í einstökum greinum að íslenska er töluð í réttinum, talað er um mann sem ekki er nægilega fær í íslensku eða ekki skilur íslensku, og sennilega stafar munurinn á lögunum um meðferð opinberra mála og einkamála af því að mönnum hefur ekki þótt þörf á að taka þetta fram um opinber mál en þótt þörf á að taka þetta fram um einkamál þar sem annar aðilinn eða báðir gætu verið útlendingar og farið fram á að þeirra eigið mál yrði talað í réttinum eða eitthvert annað mál en íslenska.

Síðan eru auðvitað til ákvæði í ýmsum lögum um að vernda og efla íslenska tungu, í lögum um útvarp, leiklist, grunnskóla o.fl., og í öðrum lögum eru ákvæði um notkun íslensku, í samkeppnislögum, lögum um einkaleyfi, vörumerki, verslanaskrár, lögum um mannanöfn eins og frægt er, örnefnanefnd o.fl. Loks eru til sérstök lög um Íslenska málnefnd, sem skal „vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti" eins og þar segir, með leyfi forseta, meðal hlutverka.

Hins vegar virðist menntmrh. skorta glögga lagaheimild fyrir útgáfu auglýsinga sinna um stafsetningu og greinarmerki þótt nú séu liðin 76 ár á þessu ári frá fyrstu auglýsingunni um slíkt, árið 1918.

Þess er rétt að geta að orðið þjóðtunga kemur aðeins einu sinni fyrir í íslenskum lögum, reyndar þeim sem ég nefndi áðan, um Íslenska málnefnd, og er raunar ekki haft þar um íslensku sérstaklega.

Dæmi eru þess að til texta á öðrum tungum en íslensku sé vísað í lögum og reglugerðum. Þar er annars vegar um að ræða ensku eina saman, hins vegar Norðurlandamál og ensku. Þessi dæmi eru flest rakin í greinargerð með tillögunni og þegar þau eru skoðuð kemur í ljós að samræmi er heldur áfátt í þessum tilvikum. Stundum er miðað við ensku eingöngu, stundum við ensku og Norðurlandamál. Þetta getur valdið vandræðum og ruglingi og við erum einmitt þessa dagana, jafnvel á morgun, að skila af okkur úr umhvn. allflóknu frv. um verndun hafs og stranda, en í því frv. var upphaflega á einum stað lagt til að í reglugerð verði heimilt, með leyfi forseta, „að vísa til enskrar útgáfu efnalista og staðla" frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Fyrirspurn leiddi hins vegar í ljós að jafngildir frumtextar frá þessari alþjóðastofnun eru á ensku, frönsku, spænsku og rússnesku og engin ástæða til þess að Íslendingar bindi sig við aðeins eitt af þessum tungumálum, og sennileg niðurstaða þessa máls er sú að nefndin leggi til að allir þessir textar séu jafngildir gagnvart þessari reglugerð.

Telja má nokkuð viðurkennt á Íslandi að í ákveðnum undantekningartilvikum sé ekki ástæða til að þýða texta sem vísað er til í slíkum lögum eða reglugerðum um afar sérhæfð efni. Þó eru engin ákvæði í löggjöf okkar um rétt almennings til að fá slíkan texta þýddan eða skýrðan á íslensku ef á þarf að halda. Það er full ástæða til að huga að slíkum ákvæðum. Þarna er auðvitað um að ræða undantekningu frá þeirri stjórnskipunarreglu sem menn telja flestir að í gildi sé um íslenska tungu og það má ekki vera þannig að það að kunna ekki tiltekin erlend tungumál ræni menn rétti sínum hér á landi.

Í tillögutextanum er gert ráð fyrir því að þetta nefndarstarf leiði til þess að íslensk tunga verði með einhverjum hætti staðfest sem opinbert mál á Íslandi, jafnvel í stjórnarskrá, og e.t.v. sett sérlög um stöðu hennar í löggjöf og stjórnsýslu. Þetta er fremur undantekning en regla í grannlöndum okkar og er slíkur lagarammi tíðastur þar sem tvö eða fleiri tungumál eru töluð í ríkinu, svo sem í Finnlandi, Noregi eða Belgíu. Þó er að minnast Frakka sem hafa í stjórnarskrá sinni einart ákvæði um að opinbert tungumál franska lýðveldisins sé franska og eru til þess sögulegar ástæður sem gaman væri að ræða en ekki gefst tími til hér.

Þetta kann þó að vera að breytast í grannlöndum okkar samanber umfjöllun og tilvísanir í greinargerðinni til þess starfs sem nú fer fram í Svíþjóð. Þar þykir þörf á því annars vegar að skýra með vissu stöðu sænskunnar gagnvart ásæknum alþjóðatungum, fyrst og fremst ensku, og svo hins vegar samhengi sænsku og annarra tungumála sem Svíar og aðrir íbúar Svíþjóðar tala, hefðbundinna minnihlutamála á borð við finnsku nyrst í landinu, jiddísku og rómaní, mál sígauna, en einnig tungumála nýbúa og farandverkafólks í Svíþjóð, og síðan í þriðja lagi gagnvart sænsku táknmáli. Vinna Svía í þessu efni ætti að geta orðið okkur gagnleg þegar við byrjum að skilgreina réttarstöðu íslenskunnar og annarra tungumála Íslendinga í löggjöf og stjórnsýslu og menntaþjónustu hérlendis.

Nú er kominn tími til að heyrnarlausir Íslendingar nái árangri í réttindabaráttu sinni fyrir því að móðurmál þeirra öðlist viðurkenningu. Málflutningur hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur í réttindamálum heyrnarlausra vakti verulega athygli í haust og það er vonandi að framhald verði á umfjöllun um það þegar menntmn. þingsins, sem hingað til hefur sofið nokkuð værum svefni, vaknar, sem ég vona að gerist á næstu vikum. Ég tel raunar að það mál og þetta hér eigi að hafa samleið í umfjöllun nefndarinnar eins og kostur er. Það er í því sambandi merkilegt að fulltrúar heyrnarlausra og heyrnarskertra hafa vakið athygli á því að það torveldi starf þeirra að réttlátri lagastöðu íslenska táknmálsins hvað lagaákvæði um íslensku eru óskýr í lögunum, sjá t.d. bréf Hafdísar Gísladóttur sem fylgir greinargerðinni.

Þá er að segja frá því nánast að lokum að á Íslandi búa nú um 10 þúsund erlendir ríkisborgarar, 3,5% þeirra sem hafa lögheimili á Íslandi samkvæmt tölum Hagstofunnar frá desember 2002. Um nýbúa er erfiðara að nefna tölur samkvæmt eðli máls en Hagstofan segir rúmlega 19 þúsund manns á Íslandi hafa fæðst erlendis. Af tölum frá Hagstofu er óhætt að draga þá ályktun að um 5–6% íbúa á Íslandi eigi sér annað móðurmál en íslensku. Sú tala segir ekki alla söguna því að einkum er um það að ræða að þetta fólk sé í yngri aldurshópum og hlutfallið á þannig eftir að hækka jafnvel þótt innflutningur fólks aukist ekki, sem er ólíklegt.

Fram kom á ráðstefnu í Alþjóðahúsinu um daginn í tengslum við vetrarhátíðina í Reykjavík að um 1.340 börn í grunnskólum landsins ættu sér annað móðurmál en íslensku. 1.340 börn mundu fylla í Reykjavík Austurbæjarskólann og Melaskólann líka og þyrfti þó enn að útvega 140 börnum stað og þau kæmust fyrir í hálfum Vesturbæjarskólanum.

Hér er lagt til að nefndin athugi sérstaklega stöðu þessa hóps og safni saman tiltækum upplýsingum um hann, sérstaklega um tungumálaerfiðleika og íslenskukunnáttu, og geri tillögur um úrbætur. Ráðlegt er að nefndin athugi sérstaklega tilhögun þessara mála og reglur sem um þau gilda hjá öðrum norrænum þjóðum. Ég held að ef rétt er á haldið eigi það að styrkja stöðu íslenskunnar að hlúa að þessum tveimur tegundum tungumála og viðurkenna tilvist þeirra á Íslandi.

Forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta efni. Hér mætti auðvitað syngja tungunni hástemmt lof í bundnu máli eða óbundnu en ég held að það sé réttast að hafa þetta lágróma að sinni. Ég vona og hygg að hv. þm. skilji að hér er á ferð mikilvægt mál þó að það láti ekki mikið yfir sér. Ég vonast eftir góðu samstarfi um málið á þinginu og þakka meðflutningsmönnum mínum bæði liðsinni þeirra og áhuga og legg að lokum til að að lokinni fyrri umr. fari málið til hv. menntmn.

[18:54]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er einn flutningsmanna þessarar tillögu eins og kom fram hjá frummælanda en tillagan felur í sér að setja á fót nefnd sem athugi réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Ætlast er til að í áliti nefndarinnar komi fram staða íslenskrar tungu í löggjöfinni og tillögur til úrbóta ef þörf er talin á.

Ég tel fulla þörf á að fara yfir stöðu íslenskunnar og stöðu hennar í stjórnkerfinu. Það er rétt að geta þess að erlend tungumál hafa mismunandi réttarstöðu eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni og það er örugglega tímabært að fara yfir mismunandi réttarstöðu erlendra tungumála og fá yfirlit yfir stöðu þeirra. Ætla má að almenningur verði einna helst var við erlend tungumál og mismunandi réttarstöðu þeirra þegar hann fer í verslun og gerir innkaup og athugar innihaldslýsingar á vörum, en í reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla segir svo, með leyfi forseta:

„Merkja skal á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.“

Frú forseti. Ég tel einnig mjög mikilvægt að skoða sérstaklega réttarstöðu íslenskunnar í stjórnkerfinu út frá máli sem kom upp í haust en þá fór sá er hér talar fram á að fá þýðingu á ræðu æðsta embættismanns þjóðarinnar, forseta Íslands. Forsetinn flutti ræðu í Columbia háskólanum í New York miðvikudaginn 12. nóvember 2003 á ensku. Eftir því sem ég komst næst var ræðan hin áhugaverðasta og fjallaði m.a. um lífskjör Íslendinga nú og fyrr á tímum, heilbrigðiskerfið, stjórn fiskveiða og fleiri mikilsverð málefni.

Það kom mér algjörlega í opna skjöldu þegar mér barst bréf frá forsetaembættinu þann 21. nóvember 2003 undirritað af skrifstofustjóra forsetans, Örnólfi Thorssyni, þar sem ósk minni um þýðingu á umræddri ræðu forsetans var hafnað. Í bréfinu er vitnað í vinnureglu sem lengi hafi gilt hjá forsetaembættinu um að hvorki ræður forseta á erlendum tungumálum né textar hafi verið þýddir á íslensku. Því var borið við m.a. að ef þessar ræður yrðu þýddar væri það breyting á vinnureglu sem hefði gilt lengi og þýddi ákveðinn kostnaðarauka fyrir forsetaembættið.

Frú forseti. Ég verð að játa að mér þykir þessi vinnuregla æðsta embættis þjóðarinnar mjög sérkennileg, vægast sagt. Forsetinn flytur mál sitt fyrir hönd þjóðarinnar á erlendri grund á erlendu tungumáli sem landsmenn skilja misvel. Ég hefði talið það vera eitt af forgangsverkefnum embættis forseta Íslands að koma ræðum og ritum forsetans yfir á móðurmál landsmanna, íslenskuna. Landsmenn og kjósendur forseta Íslands ættu að eiga greiðan aðgang að málflutningi forsetans til þess að geta metið störf hans og haft skoðun á

málflutningi forsetans í opinberum erindagjörðum. Ég tel að breyta þurfi þessari vinnureglu.

Ég tel æskilegt að nefndin sem verður skipuð samkvæmt þáltill. fari yfir framangreinda vinnureglu og leggi mat á það hvort ekki sé löngu orðið tímabært að breyta henni.

Frú forseti. Það eru fleiri álitamál í stjórnkerfinu sem hafa komið upp og eru á leiðinni að verða að álitamáli. Ég vil tiltaka frv. til fullnustu refsinga. Þar eru nokkur ákvæði um tungumál, m.a. um að heimilt sé að krefjast þess að samtal fanga og gesta fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur, að símtöl fanga fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur og jafnvel að bréfaskriftir fanga fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur.

Nú er það svo að það er misjafnt hvaða mál fangaverðir skilja. Ég geri ekki ráð fyrir að margir fangaverðir skilji t.d. táknmál. Ég tel að vinna nefndarinnar, sem væri skipuð samkvæmt þáltill., þar sem farið væri yfir hvort veita ætti málum í nágrannalöndunum einhverja sérstaka stöðu í löggjöfinni, gæti í raun auðveldað ýmsa vinnu við að samræma löggjöf og setningu reglugerða á hinum ýmsu sviðum, m.a. í því frv. sem ég ræddi um hér, um fullnustu refsinga.

[19:00]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hv. þm., meðflutningsmanni mínum, fyrir orð hans. Ég skil vel að honum hugnist ekki að geta ekki fengið þýðingar á ræðum. Ég tel að eitt af því sem gæti gerst í framhaldi af þeirri nefndarvinnu sem hér er um að ræða sé að til verði samræmdar reglur um slíka hluti. Þetta á líka við um alþjóðasamninga á heimasíðu utanrrn. og ræður sem ráðherrar og fyrirmenn okkar flytja.

Það er álitamál, þegar menn flytja margar slíkar ræður, hvort leggja á í að þýða hverja og eina ræðu en það á a.m.k. að vera þannig að almenningur geti fengið þær skýrðar og þýddar að einhverju leyti á sitt mál, a.m.k. hvað meininguna varðar. Ég held að þetta sé mikilvægt réttindamál í kerfinu. Það er ekki þannig, þó að menn haldi það og gumi af því í útlöndum, að allir Íslendingar tali reiprennandi eitt, tvö, þrjú, fjögur eða fimm erlend tungumál. Þannig verður það sennilega aldrei.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 458. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 660.

og

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 459. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 661.

[19:02]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. forseti gat um eru þau tvö frumvörp sem hér eru til umræðu nátengd, eins konar tvíburafrumvörp. Þau eru ekki ný af nálinni. Þau hefur undirritaður ásamt meðflutningsmönnum flutt fimm sinnum áður. Þetta er í sjötta skiptið sem mál þetta er flutt en það hefur að vísu verið með endurbættri greinargerð frá ári til árs. Ég þarf því ekki að hafa mörg orð um þau mál sem hér um ræðir. Þessi frumvörp lúta að því að tryggja rétt alþingismanna til að fá upplýsingar um gang og stöðu mála hjá fyrirtækjum sem eru að helmingi eða meira í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Af hverju þetta mál? Reynslan hefur ítrekað sýnt það í þessum sal að það gengur oft á tíðum býsna erfiðlega að fá upplýsingar sem um er beðið þegar um er að ræða að stofnanir sem hafa verið í eigu ríkisins en verið breytt í hlutafélag. Þá er eins og allar dyr læsist. Tíðustu og nýjustu dæmin eru auðvitað um Landssímann þar sem afskaplega erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um gang mála. Í því sambandi hefur verið borið við viðskiptaleyndarmálum og nánast orðið eðlisbreyting á samskiptum þings og þessa stóra fyrirtækis, í 95% í eigu þjóðarinnar, frá því að háeff-væðingin var um garð gengin.

Í ræðustól Alþingis hafa menn oft talað um nauðsyn og mikilvægi þess að gagnsæi sé til staðar hjá þessum mikilvægu þjónustufyrirtækjum í eigu þjóðarinnar. En þegar til kastanna kemur hefur gengið erfiðlega að fá umræddar upplýsingar.

Greinargerðin segir að öðru leyti allt um það sem hér er á ferð. Ég vildi hins vegar ekki láta hjá líða að vekja sérstaka athygli á ábendingum umboðsmanns Alþingis sem er að finna í fylgiskjali með greinargerðinni. Ábendingum sínum kom hann á framfæri í skýrslu sinni vegna ársins 2001. Sú skýrsla var til umræðu á hinu háa Alþingi 7. nóvember 2002 og þá lýstu allir þeir ræðumenn sem til máls tóku yfir stuðningi sínum við mikilvægi þess að skýrari reglur um þessi efni væru til staðar.

Ég vil að lokum vitna í orð umboðsmanns Alþingis. Þau segja allt sem segja þarf um þessi efni. Umboðsmaður Alþingis segir í skýrslu sinni fyrir árið 2001, með leyfi forseta:

„Ég hef orðið þess var í störfum mínum að sífellt fleiri álitaefni vakna um það hvort og þá með hvaða hætti almennar reglur stjórnsýsluréttar eiga við um hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga. Hafa verður í huga að ekki er sjálfgefið að breytt rekstrarform opinberrar þjónustu eða verkefna leiði til þess að mögulegt sé að láta hjá líða að taka tillit til stjórnsýslureglna við framkvæmd slíkra málefna.“

Í sömu skýrslu segir umboðsmaður Alþingis, með leyfi forseta:

„Ég tel að framangreind þróun í einkavæðingu opinberrar þjónustu og verkefna leiði til þess að mikilvægt sé að tekin sé afstaða til þess þegar slík formbreyting á sér stað hvort og þá í hvaða mæli hinar almennu stjórnsýslureglur og þá einnig reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga eigi framvegis að gilda um starfsemina. Það er hvorki starfseminni né borgurunum í hag að réttaróvissa sé um þetta. Sérstaklega á þetta við þegar farin er sú leið af hálfu ríkis og sveitarfélaga að færa starfsemi yfir í hlutafélag eða annað einkaréttarlegt form án þess að það verði nein breyting á eignarhaldi eða verkefnum. Það á líka að vera hlutverk löggjafans og þeirra sem taka ákvarðanir um slíkar formbreytingar að taka afstöðu til þess í hvaða mæli sjónarmið um aukið hagræði og skilvirkni við framkvæmd opinberrar þjónustu eigi að skerða það réttaröryggi sem býr að baki tilvist almennra stjórnsýslureglna í samskiptum stjórnvalda og borgaranna.

Í þessu efni getur verið tilefni til þess að taka til athugunar hvort rétt sé að setja í lög almennar reglur um slík opinber fyrirtæki þar sem tekin væri afstaða til þess hvernig fara ætti um ýmis atriði þar sem álitamál er hvernig hinar hefðbundnu reglur félagaréttarins eiga við."

Áskorun umboðsmanns Alþingis höfum ég og félagar mínir mætt með þessum frumvörpum. Ég vil undirstrika það sem einnig er getið um í greinargerð, og um það hefur ekki verið deilt í þessum sölum, að réttur alþingismanna til upplýsinga hlýtur að ganga feti framar heldur en gengið er út frá varðandi rétt almennra borgara samkvæmt upplýsingalögum. Þingsköp standa til þess sem og stjórnarskrá.

Ég geri að tillögu minni að þessum frumvörpum verði nú sem fyrr vísað til allshn. Ég vænti þess að nú renni upp sú dagur, sú stund og það vor, að allshn. afgreiði þetta mál frá sér. Það er engin hemja að í störfum okkar á Alþingi skuli mál af þessum toga eða öðrum fara til umfjöllunar ár eftir ár án þess að almennum þingmönnum gefist kostur á að taka efnislega afstöðu til þeirra. Mér er auðvitað skapi næst að leggja næst fram tillögu til breytinga á þingsköpum sem mundi lúta að því að ákveðinn hámarksárafjöldi sé á því hve lengi nefndir hafi tækifæri til að salta mál þingmanna án þess að afgreiða þau til þingsins á nýjan leik.

Tillaga mín er sú að málum þessum verði vísað til allshn.

[19:08]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég tek undir þá hugsun sem fram kemur í þessum frumvörpum. Mér hefur lengi verið hugsað til þess að stjórnsýslulögin sem sett voru á síðasta áratug, upplýsingalögin og lög um umboðsmann Alþingis, voru sett til að tryggja réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkinu. Síðan hefur þróunin orðið sú með vaxandi einkavæðingu að réttarstaða einstaklinga sem störfuðu hjá ríkisfyrirtækjum sem hafa verið einkavædd hefur versnað til muna.

Í störfum mínum sem lögmaður hafa bæði stjórnsýslulög og upplýsingalög, svo ekki sé talað um umboðsmann Alþingis, verið það haldreipi sem best hefur dugað. Það er miður að upp úr þessum haldreipum trosnar þegar fyrirtæki í ríkiseigu hafa verið einkavædd. Frelsið hefur komið á undan. Ég hef sjálfur kallað það að menn hafi einkavætt frelsið en ekki ábyrgðina. Það hefur skort á að ábyrgðin hafi verið einkavædd. Þessu virðast hæstv. forsrh. og fleiri gera sér grein fyrir, m.a. í opinberum ummælum um bankastofnanir og fleiri fyrirtæki.

Þannig hefur ekki tekist til sem skyldi með einkavæðingu Landsbanka og Búnaðarbanka. Þessi stóru fyrirtæki hafa færst á fárra manna hendur. Þeir sem stýra þeim eru einir á ferli og réttarstaða starfsmanna hefur skerst til muna.

Ég hef talað fyrir því, eins og ég sagði áðan, að ábyrgðin verði einkavædd. Þess vegna hef ég m.a. beint fyrirspurnum til hæstv. forsrh. um hvort ekki beri að huga að gildissviði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga í þá veru að þau taki til stærri fyrirtækja, fyrirtækja sem hafa mikla eða markaðsráðandi stöðu, og eins þjónustufyrirtækja sem tekið hafa að sér verkefni í almannaþágu. Ég vænti að í þessu felist svipuð eða sama hugsun og fram kemur í þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu. Ég vildi vekja athygli á þessum þáttum og beini því til hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að huga að áðurnefndum fyrirspurnum þegar þær koma til svars og ganga til liðs við mig með að herja á hæstv. forsrh. um að veita svör við þeim þannig að hæstv. forsrh. verði sjálfum sér samkvæmur þegar kemur að ábyrgðinni.

[19:12]

Útbýting þingskjala:

Breiðbandið og leigulínugjaldskrá Landssímans, 722. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1071.

Börn með Goldenhar-heilkenni, 729. mál, fsp. VF, þskj. 1082.

Íslenski útselsstofninn, 725. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1078.

Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar, 607. mál, svar dómsmrh., þskj. 1024.

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, 724. mál, fsp. JGunn, þskj. 1077.

Virðisaukaskattur á lyfjum, 726. mál, fsp. JKÓ, þskj. 1079.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 19:13.

---

80. FUNDUR

miðvikudaginn 10. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 651. mál, þskj. 968. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 338. mál, þskj. 412, nál. 970. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 314. mál, þskj. 360. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, þáltill., 542. mál, þskj. 817. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Þingsköp Alþingis, frv., 458. mál, þskj. 660. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hlutafélög, frv., 459. mál, þskj. 661. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Klukkan 3.30 síðdegis fer fram utandagskrárumræða um skuldastöðu þjóðarbúsins. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. forsrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Átröskun, 732. mál, fsp. GÖg, þskj. 1085.

Barnavernd, 733. mál, fsp. GÖg, þskj. 1086.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 523. mál, svar landbrh., þskj. 1025.

Málefni erlendra barna, 728. mál, fsp. GÖg, þskj. 1081.

Notkun hættulegra efna við virkjunarframkvæmdir, 502. mál, svar umhvrh., þskj. 1023.

Starfsumhverfi dagmæðra, 731. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1084.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 590. mál, svar dómsmrh., þskj. 1026.

Vegamál í Vestur-Landeyjum, 730. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1083.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 552. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1087.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 727. mál, fsp. BJJ, þskj. 1080.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afplánun íslensks ríkisborgara í Texas.

[13:34]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Mál íslensks ríkisborgara sem hlaut 10 ára fangelsisdóm í Texas fyrir minni háttar afbrot sem hann framdi þegar hann var 11 ára gamall er bæði sorglegt og skelfilegt. Það er ljóst að reglur réttarríkisins eru ekki í hávegum hafðar í umræddu fylki Bandaríkjanna, enda er hægt að fullyrða að ekkert annað vestrænt ríki hefði brugðist eins við og Texas gerði í umræddu tilviki.

Nú hefur viðkomandi einstaklingur setið í bandarísku fangelsi í meira en 7 ár og mun sitja næstu 3 árin í ströngu stofufangelsi þar sem öll vinna er bönnuð, nánast öll samskipti við fjölskyldu og vini bönnuð og í raun öll útivera óheimil. Fylgst er með stráknum með staðsetningartæki og mun minnsta yfirsjón valda því að honum er hent aftur í grjótið.

Á sínum tíma beittu íslenskir embættismenn sér talsvert í málinu og hefur Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, meira að segja farið til Texas til að reyna að liðka fyrir málinu og eiga hann og aðrir embættismenn hrós skilið fyrir mikið starf og góðan vilja. En allt kom fyrir ekki og ekki hefur verið hægt að fá leyfi fyrir strákinn til að ljúka afplánun sinni hér á landi. Það er því mat þeirra sem hafa komið nálægt málinu að leiðir embættismanna séu fullreyndar og því beri að grípa til annarra lausna. Ein þeirra er aðkoma stjórnmálamanna að málinu. Það verður bara að viðurkennast að sum milliríkjamál leysast ekki fyrr en þau komast á borð stjórnmálamanna. Í svona málum getur aðkoma stjórnmálamanna, ég tala ekki um ef þeir eru hátt settir eins og ráðherrar eru, skipt sköpum. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann sé tilbúinn til að beita sér með beinum hætti fyrir lausn þessa sorglega máls, t.d. með því að hafa samband við stjórnvöld í Texas eða Washington til að umræddur Íslendingur geti lokið afplánun sinni hér á landi.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mál Arons Pálma Ágústssonar kom fyrst til umfjöllunar í ráðuneytinu 4. september 1997 en viku áður hafði þessi drengur verið dæmdur af dómstóli í Texas í 10 ára fangelsi fyrir þau afbrot sem hefur verið lýst. Móðir hans óskaði eftir því að ráðuneytið beitti sér fyrir því að Aron yrði framseldur hingað til lands.

Sendiráði Íslands í Washington var þegar falið að kanna aðstæður piltsins og hvort unnt væri að óska eftir framsali hans og jafnframt fól sendiráðið ræðismanni Íslands í Houston að hafa samband við lögfræðinga og saksóknara til að afla upplýsinga um stöðu málsins og horfur. Allar götur síðan hefur sendiráðið og ræðismaðurinn beitt sér af alefli gagnvart yfirvöldum með bréfaskriftum, símtölum, tölvupósti og fundum í máli Arons. Í stuttu máli sagt hefur þessi viðleitni ekki borið þann árangur sem skyldi og hann ekki fengist framseldur til Íslands.

Sendiherrar Íslands í Bandaríkjunum hafa tvívegis farið formlega fram á það, bæði núv. sendiherra og fyrrv. sendiherra.

Nú þegar ljóst er að hann er laus úr fangelsi virðast engar formlegar leiðir vera lengur færar til að tryggja framsal Arons Pálma hingað til lands en utanrrn. er nú að kanna hvort einhverjir möguleikar séu á því að hann verði framseldur hingað til lands af mannúðarástæðum. Ég get ekki gengið lengra á þessu stigi en það er til athugunar. Þetta mál er hið furðulegasta og það skal sagt hér að við erum mjög ósáttir við samskipti við ríkið Texas í málinu. Það hefur komið skýrt fram og mun koma skýrar fram.

[13:38]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf okkur í málflutningi sínum. Ljóst er að bæði utanrrn. og eins sendiherrar Íslands í Bandaríkjunum hafa komið að málinu þann tíma sem drengurinn var í fangelsi, en því miður er löggjöf Texas-ríkis með þeim hætti að okkur sem hér lifum og störfum þykir með ólíkindum að þetta skuli viðgangast í hinu frjálsa ríki Bandaríkjanna.

Ég hvet hæstv. utanrrh. og þær stofnanir sem geta komið að málinu að vinna að því áfram og vísa til mannúðarástæðna svo okkar íslenski ríkisborgari geti komið til Íslands og búið hér til frambúðar. Alla vega losa hann undan þeirri áþján sem stofufangelsið er sem hann býr við núna, eins ómannlegt og það er tel ég mikilvægt að halda áfram að vinna að málinu af mannúðarástæðum.

[13:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við málaleitan hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar og ítreka að það þarf að koma til mikil og sterk barátta íslenskra stjórnvalda til að færa heim einstaklinginn Aron Pálma Ágústsson.

Þegar hann var 17 ára gamall og tekin var ákvörðun um að flytja hann úr barnafangelsi yfir í fullorðinsfangelsi var niðurstaða dóms eftir málaferli sú að ekki bæri að flytja hann í fullorðinsfangelsi. Niðurstaða dómarans var að best væri fyrir hann að fara heim til Íslands og ljúka afplánun sinni þar og fá eðlilega aðstoð og meðhöndlun fagfólks heima á Íslandi. Þá héldu menn að málið væri unnið og kannski fyrst og fremst Bragi Guðbrandsson sem hefur beitt sér í málinu af alefli, en eftir ríkisstjóraskipti í Texas var hins vegar lokað á

allar frekari viðræður við íslensk stjórnvöld. Mér þykir gott að heyra að hæstv. ráðherra ætlar sér að láta það koma mjög skýrt fram að öll samskipti við Texas-ríki í málinu hafa verið fyrir neðan allar hellur og ekki sæmandi í samskiptum þjóða eins og menn hafa brugðist við og komið fram. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að beita sér í málinu.

[13:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágæt svör. Málið sem við lásum um í DV um helgina um þennan unga mann er alveg ótrúleg sorgarsaga, alveg með ólíkindum að svona lagað skuli geta gerst.

Texas er reyndar langt frá Íslandi og löggjöf þar með allt öðrum hætti en hér og sem betur fer er löggjöf hér miklu mannúðlegri en við sjáum í þessu ótrúlega máli. Það er nánast með ólíkindum að það skuli hafa liðið 7 ár frá því að íslensk stjórnvöld hófu afskipti sín af málinu og enn hafi ekki náðst nein niðurstaða í því. Ég tek það fram að það er mjög virðingarvert og þakklætisvert að íslensk stjórnvöld skuli hafa beitt sér í málinu og ég er sannfærður um að þau hafa þrátt fyrir allt reynt að gera það sem þau gátu. En ég held að það hljóti að vera hægt að gera betur og að það hljóti að vera hægt að finna lendingu í málinu og fá hann framseldan til Íslands af mannúðarástæðum eins og hæstv. utanrrh. lýsti áðan.

Ég vona svo sannarlega að hægt verði að finna snara lausn á málinu og ég veit að þingflokkur Frálsl. er mér heils hugar sammála í því.

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað að meðferð máls hins unga Íslendings, Arons Pálma Ágústssonar, hefur vakið bæði undrun og hrylling allra þeirra sem hafa fylgst með því og ástæða til að þakka hæstv. utanrrh. og íslenskum stjórnvöldum fyrir þann atbeina sem þau hafa haft að málinu. Það er alveg augljóst að mikið hefur verið gert til að reyna að hafa áhrif á gang málsins.

Hins vegar er staðan sú, eins og allir vita, að við höfum því miður ekki haft erindi sem erfiði í þessu máli. Þess vegna er ástæða til að fagna því að hæstv. utanrrh. vilji halda áfram því verki sem hann hefur hafið, að reyna að bæta úr varðandi þennan unga Íslending. Ég held að öllum sé ljóst og allir sammála um að það er mjög mikilvægt að áfram verði haldið að vinna að hagsmunum hins unga manns og tryggja að mál hans fái annan endi en stefnir í núna. Það er augljóst mál að meðhöndlun málsins og meðferð þessa unga manns hefur verið með allt öðrum hætti en þeim sem við teljum viðunandi hér á Íslandi og í hinu íslenska réttarríki. Þess vegna er full ástæða fyrir okkur að hafa það í huga að hér er á ferðinni ungur Íslendingur sem á undir högg að sækja við aðstæður sem eru alls ekki bjóðandi. Þess vegna er ástæða til að fagna yfirlýsingu hæstv. utanrrh.

[13:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil lýsa ánægju með svör hæstv. utanrrh. við spurningu minni áðan. Ég tel að hann hafi tekið hárrétta ákvörðun með afskiptum sínum af málinu sem ég lít á að verði að vera pólitísks eðlis. Það er alveg ljóst að það þarf atbeina ráðherrans sjálfs í þessu máli. Aðkoma embættismanna virðist ekki vera nægjanleg, en ég vil endurtaka þakkir til þeirra embættismanna sem hafa staðið sig eins og hetjur í þessu máli en við erum bara komin að leiðarlokum varðandi þá leið.

Raunveruleikinn er sá að aðkoma stjórnmálamanna getur skipt sköpum í slíkum málum og oft þarf ekki annað en taka upp símtólið. Við höfum fordæmi í máli Sophiu Hansen þar sem stjórnmálamenn reyndu að beita sér gagnvart þarlendum stjórnvöldum þótt það hafi ekki dugað í það skiptið þegar á hólminn var komið. Einnig er rétt að hafa í huga að mál umrædds einstaklings hefur verið á borði skrifstofu ríkisstjóra Texas og þar af leiðandi á pólitískum vettvangi. Það eitt eykur líkurnar á að afskipti hæstv. utanrrh. geti skipt máli.

Aðalatriðið er að sjálfsögðu að hér er um að ræða íslenskan ríkisborgara sem hefur verið beittur miklum órétti. Ég vil því fagna undirtektum hæstv. utanrrh. og ég vona að hann beiti sér af fullum pólitískum krafti til að leysa þetta mál farsællega

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 651. mál (peningaþvætti). — Þskj. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 2. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412, nál. 970.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurlS, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖS.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, HBl, KHG, LB, MS, SigurjÞ, SF, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem við greiðum nú atkvæði um hlýtur að teljast eitt hinna stærri á þessum vetri. Stækkun EES-svæðisins mun hafa veruleg áhrif hér á landi og í fleiri löndum sem eru aðilar að þessum samningi. Að mati ASÍ hefur samningurinn um EES þjónað hagsmunum Íslands vel. Það er til marks um þá sátt sem nú ríkir um EES-samninginn að fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka er eiga sæti í utanrmn. Alþingis standa að sameiginlegu nefndaráliti.

Því hefur verið haldið fram að EES-samningurinn stæði höllum fæti. Sú staðreynd að stækkun EES-samningsins er nú í höfn sýnir hins vegar þvert á móti og svart á hvítu að staða samningsins er sterk og mun eftir fullgildingu þjóðþinganna ná til um 400 millj. manna markaðar. Samningurinn getur því orðið um ókomin ár sú meginstoð í íslenskri utanríkispólitík sem hann hefur verið í um áratug og tryggt okkur aðgang að mikilvægu markaðssvæði.

[13:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Það var að frumkvæði jafnaðarmanna á sínum tíma, í upphafi tíunda áratugarins, að EES-samningurinn varð að veruleika. Um það voru miklar deilur á hinu háa Alþingi og þingheimur klofinn. Nú liggur það hins vegar ljóst fyrir, má segja á fermingarafmæli EES-samningsins þar sem staðfesta má skírnina, að umbreytingar hafa orðið og þingheimur allur hefur áttað sig á því að við jafnaðarmenn höfðum rétt fyrir okkur á þeim tíma og höfum það enn þá enn þann dag í dag. Vitaskuld segi ég já, frú forseti.

2.–3. gr. og fskj. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 314. mál (búseta, EES-reglur). — Þskj. 360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurlS, SP, StB, VF, VS, ÞBack, ÖS.
13 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, HBl, JÁ, KHG, LB, SigurjÞ, SF, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1092).

Nýbygging við Landspítala – háskólasjúkrahús, frh. fyrri umr.

Þáltill. KLM o.fl., 542. mál. — Þskj. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Réttarstaða íslenskrar tungu, frh. fyrri umr.

Þáltill. MÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 458. mál (upplýsingar um hlutafélög). — Þskj. 660.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 459. mál (réttur alþingismanna til upplýsinga). — Þskj. 661.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:53.

---

81. FUNDUR

miðvikudaginn 10. mars,
að loknum 80. fundi.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Fölsuð myndverk, fsp. ÖS, 476. mál, þskj. 703.
2. Greiðslur til fanga, fsp. MF, 574. mál, þskj. 865.

Til landbúnaðarráðherra:

3. Heimagerðar landbúnaðarafurðir, fsp. ÁRJ, 674. mál, þskj. 1003.
4. Stuðningur við aukabúgreinar, fsp. AKG, 696. mál, þskj. 1034.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Lokuð öryggisdeild, fsp. MF, 597. mál, þskj. 901.
6. Húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni, fsp. MF, 598. mál, þskj. 902.

Til iðnaðarráðherra:

7. Atvinnuráðgjöf, fsp. AKG, 697. mál, þskj. 1035.
8. Atvinnumál kvenna, fsp. AKG, 698. mál, þskj. 1036.

Til viðskiptaráðherra:

9. Verðtrygging lána, fsp. JGunn, 700. mál, þskj. 1038.

Til fjármálaráðherra:

10. Endurgreiðsla námslána, fsp. KLM, 706. mál, þskj. 1047.

Til menntamálaráðherra:

11. Skólagjöld í Háskóla Íslands, fsp. BjörgvS, 209. mál, þskj. 222.
12. Ábyrgðarmenn námslána, fsp. BjörgvS, 680. mál, þskj. 1009.
13. Sæðisútvarp, fsp. JGunn, 668. mál, þskj. 997.
14. Danskennsla og ræðumennska í grunnskólum, fsp. JKÓ, 712. mál, þskj. 1054.

Fölsuð myndverk.

Fsp. ÖS, 476. mál. — Þskj. 703.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Á síðustu árum hefur komið upp hér á landi ákaflega stórt málverkafölsunarmál. Því var haldið fram í

Ríkisútvarpinu að það væri eitt umfangsmesta fölsunarmál á sviði myndlistar í Evrópu. Ef mig brestur ekki minni voru velflestir gömlu íslensku meistaranna fórnarlömb þessa máls. Rannsóknin sem hrundið var af stað leiddi í ljós að hér var um skipulagða glæpastarfsemi að ræða sem tengdist raunar nafntoguðu galleríi hér á landi en teygði anga sína líka út fyrir landsteinana. Þessari rannsókn lauk með niðurstöðu dóms þar sem færðar voru sönnur á að 41 myndverk væri falsað og líkur voru leiddar að því að sama gilti um 60 önnur verk sem rétturinn fjallaði um.

Þar að auki má geta þess að menn í myndlistargeiranum telja að umfang falsananna hafi verið miklu meira. Sá maður sem kom fyrstur auga á að mikið var af fölsunum í umferð, Ólafur Ingi Jónsson forvörður, leiddi fram tiltölulega sannfærandi rök að því að hér kynni að vera um fast að 900 verk að ræða. Það reiknaði hann út frá því hversu mikið skyndilegt framboð varð allt í einu af tilteknum listamönnum sem ekki höfðu áður verið mikið í umferð á málverkamarkaðnum.

Til samanburðar get ég þess, frú forseti, að Listasafn Íslands hefur yfir að ráða 10 þús. verkum þannig að hér eru hugsanlega ansi mörg verk í umferð. Mér finnst ekki ólíklegt að á næstu árum eigi frekari dómar eftir að ganga og fleiri verk að koma í ljós sem sannanlega eru fölsuð. Þá vaknar spurningin: Hvað á að gera við þessi verk? Ágætt fólk hefur í góðri trú greitt fyrir þau og telst því væntanlega handhafar myndanna. Hins vegar greiða menn líka höfundaréttargjöld af myndverkum og í því felst þá viðurkenning á að listamaðurinn eigi líka sjálfstæðan rétt sem tengist myndverki sem annar einstaklingur eða stofnun á þó eignarréttinn að. Fölsun á verki myndlistarmanns hlýtur því að fela í sér skerðingu á þessum rétti listamannsins. Þá er ótalinn sá réttur sem skiptir hann líka máli, svokallaður sæmdarréttur listamannsins. Það lagalega hugtak er til í íslenskum rétti og ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vísa til 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, nr. 73/1972:

„Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni."

Því vaknar spurningin: Á að eyða þessum verkum? Til þess er ekki til heimild í íslenskum lögum og því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að samkvæmt lögum verði heimilað að eyða fölsuðum myndverkum?

[13:57]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir því að samkvæmt lögum verði heimilað að eyða fölsuðum myndverkum.

Hin almenna heimild til eignaupptöku er í 69. gr. almennra hegningarlaga en þar segir að gera megi upptæka með dómi hluti sem orðið hafa til við misgerning. Þetta á þó ekki við um eignir manns sem ekkert er við brotið riðinn. Ekki hefur verið til umræðu að gera breytingu á þessari meginreglu refsilaga.

Þá er myndverk, þótt falsað sé, eign sem nýtur verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ríkar ástæður þurfa að liggja til þess að stjórnvöld geti krafið eigendur falsaðra myndverka um að láta þau af hendi og er erfitt að sjá hvar eigi að láta staðar numið verði byrjað á slíku á annað borð. Í þessu sambandi ber að leggja áherslu á að það er á ábyrgð eiganda falsaðs myndverks að það fari ekki í umferð sem ófalsað verk. Þó hafa stjórnvöld gert ráðstafanir hvað varðar þau fölsuðu myndverk sem voru kveikjan að hinu svokallaða stóra málverkafölsunarmáli á síðasta ári. Búið var þannig um hnútana að skýrsla um rannsókn málsins var send til Listasafns Íslands til þess að myndir sem taldar voru falsaðar væru þekktar og gengju ekki kaupum og sölum. Á þessari stundu verður ekki séð að unnt sé að ganga lengra, og ítreka ég það enn að sú ábyrgð liggur hjá eigendum verkanna að þau komist ekki í umferð sem ófölsuð verk.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Mér fannst svar hæstv. dómsmrh. vera ákaflega athyglisvert. Mér fannst þó að þetta væri nokkur einföldun á stöðu málsins. Ég er honum sammála um að það hlýtur a.m.k. að vera álitamál hvort réttlætanlegt sé að taka upp eign manns sem hann hefur greitt fyrir, í þessu tilviki myndverk. Þá spyr ég hæstv. dómsmrh. á móti: Er höfundaréttur þess eðlis að hann njóti ekki verndar stjórnarskrárinnar? Er þar ekki líka um eignarréttindi að ræða?

Ég held þess vegna að það sé ekki hægt með svona einföldum hætti að vísa málinu út af borðinu. Ég held að það hljóti líka að taka tillit til þeirrar málsgreinar laganna sem ég las upp áðan með leyfi forseta. Þar er alveg klárlega verið að verja rétt einstaklings sem hefur skapað listaverk. Hvernig á að bæta honum þá skerðingu sem hann hefur orðið fyrir? Af hverju verður listamaður mikill? Það verður ekki í krafti einstakra verka sem hann hefur framleitt eða búið til. Það er miklu frekar í ljósi samfellunnar sem verk hans mynda og það verður að líta á verk hans öll sem heild sem framlag til þeirrar menningarlegu arfleifðar sem umhverfi hans býr að. Það er verið að rýra álit og orðstír listamannsins þegar búin er til fölsun á verkum hans vegna þess að þá er verið að falsa starfsferil hans. Þá er verið að falsa orðstír hans og sæmd. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Með hvaða hætti á að bæta það?

[14:01]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að túlka þá grein sem hv. þm. lagði út af. Ef hv. þingmaður eða aðrir telja að það sé forsenda til málshöfðunar og bótakrafna af hálfu listamanna á grundvelli þeirrar greinar vegna þess að höfundaréttur hafi verið brotinn á þeim með fölsun myndverka er það ekki mitt hlutverk sem dómsmrh. að meta það. Það verður að láta á það reyna á grundvelli höfundalaganna og ef það er ágreiningur um þessa þætti er sjálfsagt að dómstólar skeri þar úr um.

Ef menn líta svo á að fölsuð mynd sé skerðing á sæmdarrétti höfundar er það sérstakt álitamál sem ég var ekki spurður um þegar ég fékk þessa fyrirspurn, heldur var ég spurður hvort ríkisstjórnin hygðist beita sér fyrir því að samkvæmt lögum yrði heimilað að eyða fölsuðum myndverkum. Það var spurningin sem ég svaraði.

Varðandi túlkun á höfundaréttarlögunum og spurningunni um sæmdarréttinn verð ég að vísa því til annarra en mín, að leggja mat á það. Hér eru sérfræðingar í höfundarétti, til er sérstök höfundaréttarnefnd og fleiri sem koma að því að túlka höfundaréttinn. Sá réttur fellur þar að auki ekki undir dómsmrn. heldur menntmrn. og mér finnst eðlilegt að menn spyrji þá sem hafa slík mál á sinni könnu frekar en mig fyrir utan að ég tel að álitamálið sé þess eðlis að rétt sé að leita til dómstólanna til að fá úr því skorið.

Greiðslur til fanga.

Fsp. MF, 574. mál. — Þskj. 865.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til fanga í afplánun segir að fanga beri að stunda vinnu og að forstöðumaður fangelsis ákveði hvaða vinnu fanga er falið að sinna. Fanginn skal vinna alla virka daga að jafnaði frá kl. 8 til kl. 17. Þá segir að fangi skuli eiga kost á því að stunda nám eða starfsþjálfun. Nám getur komið í stað vinnuskyldu. Fyrir hverja unna klukkustund skal greiða 280, 315, 345 eða 365 kr., það síðasta þó aðeins til þeirra sem eru flokksstjórar. Fangi í námi fær 280 kr. fyrir hverja klukkustund en aldrei fleiri en 5 kennslustundir á dag. Þessi mismunur sem er á milli greiðslna fyrir tímakaup skýrist reyndar á því að minna er greitt fyrir kvennastörf en karlastörf í fangelsinu, mun minna fyrir kvennastörfin.

Þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á í lögum um rétt fanga til vinnu eða náms er það ekki þannig að hver sá sem afplánar dóm geti fengið vinnu eða stundað nám. Í slíkum tilvikum fá fangar greidda dagpeninga sem eiga að duga þeim fyrir brýnustu nauðsynjum. Fjárhæð þessara dagpeninga er 580 kr. á dag hvern virkan dag en þeir skerðast um 50% ef fangi brýtur agareglur fangelsis. Hæstu mögulegar greiðslur á viku geta því numið um 2.900 kr., þ.e. rúmum 10 þús. kr. á mánuði. Þessi fjárhæð á að duga til að kaupa allar þær nauðsynjar sem fanginn þarf á að halda. Sumar hverjar verður að kaupa í fangelsinu, enda bannað að koma með þær.

Fangar þurfa auk ýmissar daglegrar nauðsynjavöru að sjá sér sjálfir fyrir handklæðum, fatnaði, nærfatnaði og útifatnaði. Símakostnaður er 9,90 fyrir hverjar 2 mínútur en 15 sekúndur ef hringt er í GSM-síma. Öll afþreyingarvara er á þeirra kostnað. Fangi greiðir hluta af tannlæknakostnaði og það segir sig því sjálft að þær greiðslur sem fanginn fær duga hvergi fyrir brýnustu nauðsynjum. Það liggur því í augum uppi að aðeins þeir fangar sem eiga fjölskyldur sem hafa möguleika á að styðja þá fjárhagslega geta veitt sér nauðsynjar eins og fatnað eða afþreyingarvöru. Aðstandendur fanga bera því verulegan kostnað vegna dvalar þeirra. Í sumum tilvikum er um að ræða að fyrirvinna fjölskyldu afplánar dóm þannig að um tekjuhrun er að ræða sem getur valdið ómældum erfiðleikum. Dagpeningar, 580 kr. á dag, duga hvergi nærri fyrir brýnustu nauðsynjum. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvenær voru reglur um greiðslur dagpeninga til fanga endurskoðaðar síðast?

2. Við hvað er miðað þegar ákvarðanir um greiðslur eru teknar?

3. Fá fangar í gæsluvarðhaldi eða einangrunarvist greidda dagpeninga?

[14:06]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn beindi dóms- og kirkjumrn. erindinu til Fangelsismálastofnunar og fékk svohljóðandi bréf frá Fangelsismálastofnun, dags. 17. febrúar 2004, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Fangelsismálastofnun vísar til bréfs ráðuneytisins dags. 12. þessa mánaðar er fylgdi fyrirspurn á þingskjali nr. 865, um greiðslur til fanga.

Í fyrsta lagi er spurt um hvenær reglur um greiðslur dagpeninga til fanga voru endurskoðaðar síðast. Af þessu tilefni skal tekið fram að gildandi reglur um dagpeninga til fanga eru frá árinu 1998, sbr. reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga nr. 409/1998. Með reglugerð nr. 905/2002 var fjárhæð dagpeninga hækkuð úr 460 kr. í 580 kr.

Í öðru lagi er spurt um hvað miðað er við þegar ákvarðanir um greiðslur eru teknar. Fangelsismálastofnun hefur ekki upplýsingar um hvort einhver tölulegur grundvöllur hafi legið fyrir við ákvörðun dagpeninga árið 1998. Þegar Fangelsismálastofnun gerði tillögu um breytingu á fjárhæð dagpeninga í desember árið 2002 voru breytingar á vísitölu neysluverðs og launa frá setningu reglugerðarinnar frá 1998 hafðar til hliðsjónar.

Í þriðja lagi er spurt um hvort fangar í gæsluvarðhaldi eða einangrunarvist fái greidda dagpeninga. Fangar í gæsluvarðhaldi fá greidda dagpeninga óháð því hvort þeir eru í einangrun eða ekki. Aftur á móti skal tekið fram að algengt er að fangar sem fremja brot á reglum fangelsis séu beittir þeim agaviðurlögum að verða sviptir dagpeningum að hálfu í tilgreindan tíma."

[14:08]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Í 2. tölublaði Verndarblaðsins 2003 er þáv. tímakaup fyrir vinnu sundurliðað. Þar kemur fram að vinna á járnsmíðaverkstæði, trésmíðaverkstæði, við bílaþrif og í steypuskála er greidd með 345 kr. á tímann en fyrir þrif á deildum, við hreingerningar í íþróttahúsi, þrif heimsóknaraðstöðu og á öðrum stöðum eru 280 kr. á tímann.

Ég spyr: Er þetta hefðbundið vanmat á kvennastörfum eða hvernig stendur á þessum mismun á tímakaupinu?

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör Fangelsismálastofnunar ríkisins. Það kemur mér satt að segja ekki á óvart að sú stofnun sem fer með fangelsismál á landinu og kemur væntanlega næst ráðuneytinu skuli ekki hafa ígrundað það við endurskoðun á greiðslu á dagpeningum 2002 fyrir hvað þeir stæðu og til hvers þeir væru ætlaðir. Í reglugerðinni stendur mjög skýrum stöfum að þeir séu ætlaðir til að mæta brýnustu nauðsynjum.

Ef skoðað er verð á vöruflokkum sem afgreiddir eru í búð fangelsanna og sem ekki má koma með inn í fangelsin segir það sig sjálft að 580 kr. á dag duga hvergi nærri fyrir brýnustu nauðsynjum. Þar með er ekki bara verið að refsa brotamanninum fyrir þann verknað sem hann hefur framið og dómstólar kveðið upp dóm, heldur fjölskyldu hans líka. Það er ætlast til þess að hún sé með hann meira og minna á framfæri á meðan á afplánun stendur. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að hann láti endurskoða þær forsendur sem liggja að baki þessum greiðslum og launagreiðslunum því að eins og hv. þm. Atli Gíslason sagði frá áðan eru afar mismunandi greiðslur til fanga fyrir vinnu.

Þar er ríkið líka að mínu mati að brjóta lög. Það er svört atvinnustarfsemi stunduð á Litla-Hrauni. Það eru ekki borguð nein gjöld af vinnunni, engin tryggingagjöld og ekki neitt. Athugasemdir hafa borist frá ríkisskattstjóra þess efnis að þessu eigi að breyta en það hefur ekki verið gert.

Ég skora á hæstv. ráðherra að láta fara fram ítarlega endurskoðun á öllum þessum greiðslum um leið og hæstv. ráðherra beitir sér fyrir því að það frv. sem var lagt fram um fangelsismálin verði endurbætt.

[14:11]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Varðandi frv. sem ég lagði fram og hefur verið til meðferðar í allshn. hef ég tekið þá ákvörðun að það verði tekið til athugunar í ráðuneytinu í ljósi þeirra umsagna sem fram hafa komið. Var rætt um það í nefndinni í gær og vona ég að hún fallist á það sjónarmið mitt.

Varðandi spurningu hv. þm. Atla Gíslasonar er rétt að svara því að Fangelsismálastofnun bendir á að í 3. mgr. 13. gr. laga um fangelsi og fangavist segir m.a. að við ákvörðun launa skuli tekið tillit til arðsemi vinnunnar og á því byggist þessi mismunur (**Gripið fram í:** Arðsemi?) á launagreiðslum. Það er það sem Fangelsismálastofnun hefur notað sem viðmiðun í þessu þannig að fyrir þessu öllu eru ákveðnar reglur og ákveðin lög sem menn geta kynnt sér. Síðan verður aftur tekið til við þetta mál á þinginu þegar ráðuneytið mun leggja fram að nýju frv. um fullnustu refsingar.

Heimagerðar landbúnaðarafurðir.

Fsp. ÁRJ, 674. mál. — Þskj. 1003.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost í vetur að kynna mér þjónustu ferðabænda og heimsækja ferðafjós hér á landi. Það var mjög ánægjuleg reynsla, myndarbúskapur sem ferðafólki var kynntur, en það kom mér á óvart hve þröngur stakkur fólki í þessari þjónustu er skorinn við að selja afurðir sínar beint til ferðamanna og þeirra sem vilja kaupa beint af bóndanum. Þeir mega ekki selja osta eða mjólk eða nokkuð það sem þeir eru að framleiða og þótti mér það ótrúlega gamaldags forræðishyggja en hluti af því að veita ferðaþjónustu ætti að vera að selja ferðamönnum framleiðsluna á staðnum.

Ferðabændur vilja geta selt framleiðslu sína, svo sem sitt eigið hangikjöt, mjólkurvörur, mjólk, sultu, kæfu, berjavín og hvaðeina sem þeir eru að framleiða á búi sínu. (Gripið fram í.) Ég hef heimsótt ferðabændur víða um heim og þá hefur alltaf verið hægt að kaupa beint af bóndanum það sem hann framleiðir. Því spyr ég: Hvaða aðstæður eru öðruvísi hér?

Þessi framleiðsla er hluti af matarmenningu hvers lands og fáránlegt að láta tæknilegar hindranir standa í veginum fyrir því að hið sama sé mögulegt hér á landi. Slík sala er mikilvæg fyrir íslenska matarmenningu og hluti af kynningu á henni.

Það er líka mikilvægt að bændur skapi sér sérstöðu þannig að þeir geti selt gæðavöru undir eigin nafni og fengið þannig betra verð fyrir vöru sína. Margir matgæðingar og sælkerar kvarta undan því að það sé ekki hægt að ganga að því vísu að þeir séu að kaupa t.d. gott kjöt hér þó að það sé undir vel kynntum nöfnum, eins og VSOP eða Gourmet, því að bitarnir eru svo misjafnir og það sé m.a. ein af ástæðunum fyrir því að menn velji frekar fuglakjöt eða svínakjöt sem er nokkuð staðlað. Þeir geta aftur á móti verið öruggir ef þeir kaupa beint af bóndanum afurð sem þeir þekkja.

Og hvað t.d. með sauðaost, ost sem er mjög vinsæll og eftirsóttur víða í Evrópu? Hvers vegna er hann ekki búinn til hér? Það gæti drýgt tekjur margra sauðfjárbænda að framleiða hann og selja beint, enda er hann dýr afurð.

Landssamband kúabænda ályktaði á síðasta aðalfundi sínum um þessi sölumál og um að það yrði að ná fram tilslökunum og breytingum á þessum höftum. Ferðaþjónustubændur hafa líka lýst því yfir að þeir vilji fá breytingu þannig að þeir geti selt beint. Það er greinilegt að bændur vilja breytingar á þessu, og ég spyr: Hvað er í veginum? Hvað kemur í veg fyrir að bændur, svo sem ferðaþjónustubændur, geti selt afurðir sínar beint? Og ég spyr hæstv. landbrh. til viðbótar: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir breytingum á þeim reglum sem koma í veg fyrir að menn geti selt afurðir sínar beint til neytenda á búum sínum?

[14:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Spurt er: Hvað kemur í veg fyrir að bændur, svo sem ferðaþjónustubændur, megi selja heimagerðar afurðir sínar, osta, mjólk o.fl.? Það er auðvitað sú stranga matvælalöggjöf sem Alþingi hefur sett og er alveg skýrt í lögum. Fæst af því heyrir nú undir þann ráðherra sem hér stendur því að megnið af þessu heyrir undir Hollustuvernd og umhvrn. o.s.frv.

Almennt gildir sú regla að matvæli sem boðin eru til kaups séu unnin við aðstæður sem viðurkenndar hafa verið af heilbrigðisyfirvöldum. Bændum er þó heimilt að slátra heima til eigin nota og nýta mjólk úr eigin fjósi til heimilisins. Þetta eru lögin frá Alþingi. Þetta er löggjöfin sem unnið er eftir í dag, alveg skýr.

Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu, ef bændur koma sér upp lágmarksaðstöðu til vinnslu matvæla sem fær viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda, að þeir framleiði vörur til sölu á eigin búum til ferðamanna og annarra sem vilja kaupa. Skilyrði er í slíkum tilvikum að mjólk sé gerilsneydd og kjöt sé af gripum sem slátrað hefur verið í viðurkenndu sláturhúsi. Dæmi um slíkt er t.d. Austurlamb þar sem verið er að selja á netinu, en það eru allt lömb sem slátrað er í sláturhúsi undir kontról heilbrigðiskerfisins og dýralæknanna og er pakkað í afurðastöð o.s.frv.

Ég get tekið undir það hér að Alþingi hefur sett afar stranga matvælalöggjöf, sennilega þá ströngustu í heiminum og að sumu leyti er það ágætt. En að öðru leyti er það líka hindrandi á framtak manna og hindrar í dag ýmislegt í þeim efnum sem við vildum sjá í sveitunum ekkert síður en við sjáum í Evrópu. Ég get því tekið undir með hv. þm. að ég tel breytinga þörf í þessu og að yfir allar þessa reglur þurfi að fara.

Ég skipaði nefnd fyrir nokkrum vikum með fulltrúum frá landbrn., yfirdýralækni, Umhverfisstofnun, Hólaskóla og Ferðaþjónustu bænda, sem hefur það hlutverk að athuga hvernig bændur sem stunda ferðaþjónustu og eftir atvikum aðrir bændur geti selt afurðir sínar beint frá búunum. Við vinnu sína skal nefndin hafa hliðsjón af reglum sem gilda um slík viðskipti í Evrópu og nágrannalöndum okkar ekki síst.

Ég geri mér grein fyrir því sem Íslendingur að áhugi bænda er heilmikill í þessum efnum. Sveitafólkið er kunnáttufólk í matvælagerð og býr yfir mikilli menningu og mikilli sögu í þeim efnum. Ég tel að þetta sé úrvalsmatur og hefting með löggjöf og hefting á athafnafrelsi með þessum hætti samræmist ekki þeim tíma sem við lifum á. Neytendurnir eru mjög áhugasamir um þennan þátt landbúnaðarins, matvælaþáttinn, og í vaxandi mæli tengir fólk sig út í sveitirnar eftir því hvaðan það er ættað o.s.frv. Hólsfjallahangikjöt var og er frægt kjöt og þannig mætti lengi telja. Bændurnir

eru mjög leitandi eftir því að fara í ýmis sérverkefni til þess að efla sig með aukabúgrein og tengja sig sterkum þætti til þess að ferðamenn og neytendur sæki þá heim.

Mér finnst því að þessi nefnd sem ég hef skipað muni nú vinna þetta verk og gera tillögur til stjórnvalda um breytingar sem gætu orðið til heilla fyrir framtíðina. Ég held að það að rýmka þessar reglur og gefa meiri frelsi í þessum efnum mundi hafa í för með sér nýja atvinnusköpun. Við sáum það nú kannski best á matvælasýningunni Matur 2004. Þar voru glæsileg fyrirtæki, sveitaheimili. Af því að ég horfi á hv. þm. Jón Bjarnason dettur mér í hug æskuheimili hans með góðan harðfisk og hákarl, eitthvað sem allir Íslendingar þekkja orðið. Þeir í Bjarnarhöfn hafa verið snillingar í þessu og þannig er það víða um land. Ég tel að það þurfi að skoða þetta og er að því. Þessi nefnd mín er að gera tillögur um það hvernig megi auka frelsi fólks til þess að selja ekki bara landið heldur afurðir þess, afurðir sem fólk sem kann til verka fær frelsi til að vinna.

[14:21]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að vekja máls á þessu merkilega máli. Það er svo sannarlega tími til kominn að við ræðum þessi mál, þ.e. að hægt verði að framleiða osta t.d. til að selja ferðamönnum heima á bændabýlum.

Í Bretlandi t.d. er til félag sem heitir Home Maker sem er félag þeirra sem framleiða og selja heima á búum sínum og allt er þetta undir heilbrigðiseftirlitskröfum. Þar er það gert að skilyrði að eldhús séu hrein og allt til staðar sem þarf að vera. Ég vil líka vekja athygli á því að ekki má selja ógerilsneydda mjólk. Bóndi má gefa mjólk ógerilsneydda en hann má ekki selja hana.

Eins hefur það verið rætt að með aukinni kornframleiðslu getum við jafnvel farið að framleiða viskí og hafa Landeyjarnar verið nefndar í því tilviki. Síðan er ágætur þingmaður hér, sem mun örugglega taka til máls á eftir, með þáltill. um heimagerð vín.

[14:22]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna orðum hæstv. landbrh. um mögulega endurskoðun á þessari mjög svo ströngu löggjöf og hefur hann þegar sett vinnu af stað í því tiliti. Ég tel það vera mjög til góða fyrir okkur neytendur að skapa ríkari tengsl við framleiðandann, þ.e. bóndann, beint. Vil ég í því sambandi minnast á t.d. mikið frumkvöðlastarf sem hefur verið unnið á Austurlandi hjá Austurlambi, en það er gott dæmi um að framleiðendur vilja nálgast neytendur. Einnig hefur það verið markmið kvenna í bændastétt undir kjörorðinu Lifandi landbúnaður að nálgast neytendur meira. Ég held að enginn velkist í vafa um að þetta sé framtíð sem við sjáum öll fyrir okkur.

[14:23]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn sem hér hafa talað þakka fyrirspyrjanda fyrir það sem hún leggur hér fram og mjög greinargóða yfirferð með fyrirspurninni.

Það hlýtur að vera okkur mikið umhugsunarefni hversu miklu strangari kröfur við gerum hér en gerðar eru víða annars staðar í Evrópu. Reyndar verður það manni til umhugsunar þegar bent er á að hér má framleiða eða vinna úr fiski og afurðum úr sjónum og selja, hvort verið sé að gera strangari kröfur til aðstæðna bónda við framleiðslu hans en þeirra sem nýta hráefni úr sjó.

Ég vona svo sannarlega að þessi umræða verði til þess að þessi mál verði tekin til alvarlegrar skoðunar og bændum skapaður grundvöllur til að vinna úr afurðum sínum.

[14:24]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. landbrh. sagði að matvælalöggjöfin væri verk Alþingis og þá hlýtur það líka að vera verk Alþingis að breyta þeirri löggjöf ef hún er ekki sanngjörn eða nær þeim markmiðum sem við viljum að hún nái og taki til. Hæstv. ráðherra hefur skipað nefnd til þess að kanna breytingar á þessum lögum. Það finnst mér gott. Ég sakna reyndar að hann skyldi ekki nefna hvenær hún á að ljúka störfum. Fróðlegt væri að heyra það.

Jafnframt tel ég að hæstv. ráðherra geti nú þegar beitt sér fyrir því að gerð verði úttekt á eða unnar tillögur um lágmarksbúnað og aðstöðu heima á bæjum til þess að mega vinna mjólk, slátra og verka kjöt. Þetta hefur oft verið rætt hér áður og ef ég man rétt þá var slík nefnd einu sinni að störfum á vegum ráðuneytisins. Hún fjallaði um lágmarksbúnað til að reka lítil sláturhús.

Ég tel því að hæstv. ráðherra geti flýtt þarna verulega fyrir með því að láta vinna nú þegar framkvæmdartillögur.

[14:25]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Jafnframt fagna ég því sem fram kom í máli hæstv. landbrh., að hann er tilbúinn að skoða það að auka sveigjanleika í matvælalöggjöfinni því ég hef mikla trú á því að hér sé verið að tala um mjög mikið hagsmunamál fyrir sveitir landsins. Sjálfur hef ég farið víða að undanförnu og heyrt að margir bændur ræða þessi mál, þ.e. að sveigjanleikinn sé allt of lítill. Ég hef trú á því að ef við aukum sveigjanleika í matvælalöggjöfinni þá munum við styrkja sveitir landsins og mér heyrist að menn séu sammála í því.

Við sjáum að mörg samtök bænda og mörg fyrirtæki bænda eru að vinna mjög gott starf í markaðssetningu á landbúnaðarafurðum. Ég get nefnt Fjallalamb á Kópaskeri, Austurlamb og fleiri aðila. Ég tel að við hv. þingmenn ættum að taka höndum saman og auka sveigjanleika í þessari löggjöf sem við höfum rætt hér um.

[14:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli hafa verið fært hér inn til umræðu og að almennt hefur verið fjallað um það sem ég vil kalla framtak bænda til þess að framleiða matvöru til sölu. Ég hef sjálfur flutt hér frv. ásamt nokkrum öðrum þingmönnum um heimagerð vín og talið það til mikilla búdrýginda að leyfa það. Það hefur hingað til ekki fengist samþykkt í hv. Alþingi. En ég vona nú að þingheimur hressist, eins og sagt er, og taki af skarið í því máli.

Ég held að samræma þurfi reglur varðandi fiskframleiðslu og kjötframleiðslu og skoða það með því hugarfari að bændum sé heimilað að framleiða matvæli undir ákveðnum hreinlætisreglum og selja þau og nýta. Það mætti nú minna á hákarlsverkun í því sambandi, hæstv. landbrh.

[14:28]

Jón Kr. Óskarsson:

Frú forseti. Sem eldri borgari og eini löggilti eldri borgarinn á hinu háa Alþingi tek ég heils hugar undir þetta. Það gæti aukið lífsgildi eldri borgara og hamingju ef löggjöfin um þetta væri frjálsari.

[14:28]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég tók eftir því er ég sat hér úti í sal að ég var eiginlega eini þingmaðurinn hér inni sem ekki hafði talað í þessu mikilvæga máli. Það sýnir kannski enn og aftur hve djúpar rætur landbúnaður og bændur eiga á hinu háa Alþingi. (**Landbrh.:** Formaður Alþýðuflokksins ...) Óvenjumargir hafa tekið hér til máls og allir eru jákvæðir þannig að ég held að hæstv. landbrh. fái mjög gott nesti úr þessari umræðu um vilja þeirra sem hér sitja og hafa tekið til máls.

Auðvitað verðum við að auka frelsi bænda til þess að vinna frekar úr hráefni sínu. Auðvitað eigum við að reyna eins og við getum að koma til móts við þá sem sýna vilja til þess að gera meiri verðmæti úr þeim landbúnaðarafurðum sem þeir framleiða. Við sjáum það í fiskinum að menn komast þar af með tiltölulega lítið húsnæði, úttekið og allt í fínu lagi, til að sinna því að búa til einhverja eina ákveðna vöru sem þykir vinsæl. Af hverju geta íslenskir bændur ekki gert þetta líka í vélageymslu eða einhverju slíku?

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður og fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að taka á þessum málum. Ég fagna því svo sannarlega. Ég er alveg sannfærð um að þessar hömlur draga íslenskan landbúnað niður. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að flýta því að þessum reglum verði breytt í frjálsræðisátt því að ég er alveg sannfærð um að það mundi styrkja sveitir landsins og viðhalda betur íslenskri matarmenningu.

Mig langar að nefna það að ferðamannafjósið sem ég heimsótti hefur framleitt mikla úrvals gæðamjólk undanfarin tíu ár með mjög lága frumutölu og gerlatölu í mjólkinni. Bændurnir þar leggja metnað sinn í að framleiða mikla gæðavöru en þeir fá aðeins 25 aura á lítrann aukalega fyrir úrvalsmjólkina. Mér finnst þetta alveg ótrúlegt.

Ég held að krafan um þessa miklu gerilsneyðingu sé allt of mikil því að það er orðið þannig að menn geta varla nálgast ógerilsneydda mjólk nokkurs staðar til kaups. Það er staðreynd að sumir þolla illa gerilsneydda mjólk og mjólkurvörur og ferðabændur mega hvorki selja hana á búum sínum né í verslanir. Ég minni á að Íslendingar lifðu á ógerilsneyddri mjólk öldum saman og fjöldi fólks gerir það enn. Ég er alveg viss um að það fyrirkomulag sem við búum við, þessi mikla sterílisering sem við búum við, gengur allt of langt og gerir það að verkum að við þolum verr t.d. mat í útlöndum. Ég held að þetta hafi gengið allt of langt heilsufarslega.

Ég þakka fyrir umræðuna og hvet hæstv. ráðherra til að hraða þessum breytingum í þá veru að færa íslenskan landbúnað að þessu leyti frá fortíð til nútíðar eða framtíðar því að ég tel þetta vera mikið þjóðþrifamál fyrir íslenskan landbúnað og þakka kærlega fyrir.

[14:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu. En síðustu vikurnar hef ég einhvern veginn staðið í þeirri meiningu að ég væri að einangrast, væri einn haldinn sveitarómantík og sæi fyrir mér fjölskyldubú. Nú finn ég að þingið er fullt af þessu fólki sem styður mig í þessari stefnumótun (**JBjarn:** Hefur alltaf verið ...) og fyrir það vil ég þakka sérstaklega. Ég er nú að miða við þá umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum af hálfu alls konar frjálshyggjumanna og manna sem virðast vilja hafa landbúnaðinn í stórum verksmiðjum.

Við verðum auðvitað að passa okkur á að fara ekki að eins og skáldið sagði:

Læknarnir bregðast lýðsins vonum
og leggja á ráðin einskis nýt
í stað þess að segja sjúklingunum
að sitja heima og éta skít.

Þetta var nú ort á Húsavík í gamla daga. (**Gripið fram í:** Er heilbrrh. samþykkur?) (Gripið fram í.) Þá voru menn að fara akkúrat út í þessa umræðu um að þetta væri allt orðið of gerilsneytt og heilbrigðisvænt. (**Heilbrrh.:** Á að vera heilbrigðiskerfi?) Við finnum það ... Hæstv. heilbrrh. sér hér líka rómantík og tekur þátt í þessari umræðu utan úr sal og fagna ég því.

Ég þakka þessa umræðu. Ég hef sett þessa nefnd af stað og sannarlega finn ég að þingið stendur með mér í því. Við skulum sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Við þurfum að hafa gott samráð við hæstv. heilbrrh. um málið, hæstv. umhvrh. og auðvitað ríkisstjórnina alla og þingheim.

En ég vil leggja áherslu á þetta sem hér hefur komið fram, gamli góði íslenski maturinn er „in" í dag. Unga fólkið þráir að kynnast honum og meistarakokkar landsins eru tilbúnir að leggja bændum landsins mikið lið og hafa gert á síðustu árum í matvælagerð. Svo auðvitað blasir við að hér er vaxandi hiti og því er spáð að hér muni hitna veðráttan. Byggið vex. Kannski rætast draumar um vínframleiðslu og bjórframleiðslu. Ég veit það ekki. En það felast miklir möguleikar fyrir íslenska (Forseti hringir.) bændur, hæstv. forseti, í þjónustu við íslenska neytendur hvort sem það er búgrein eða aukabúgrein.

Stuðningur við aukabúgreinar.

Fsp. AKG, 696. mál. — Þskj. 1034.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Þessi fyrirspurn mín kemur í skemmtilegu framhaldi af því máli sem hér var til umræðu áðan og fékk svo góðar undirtektir sem raun ber vitni.

Orðið aukabúgrein kemur oft fyrir í umræðum um stöðu landbúnaðarins og er gjarnan notað um eitthvað sem bændur geti hallað sér að í þrengingum sínum. Mér leikur því forvitni á að fá frekari upplýsingar um hvað hér sé að ræða og hversu miklar upplýsingar liggi fyrir hjá ráðuneyti landbúnaðarins um þessi störf.

Ég spyr því hæstv. landbrh.:

1. Hvernig eru svokallaðar aukabúgreinar í landbúnaði skilgreindar?

2. Hvaða aukabúgreinar njóta fastra styrkja úr ríkissjóði og um hvaða fjárhæðir er að ræða?

3. Hefur ráðherra í hyggju að móta skýrar reglur um aukabúgreinar og efla stuðning við þær?

[14:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Spurt er: Hvernig eru svokallaðar aukabúgreinar í landbúnaði skilgreindar?

Orðið aukabúgrein kemur hvergi fyrir í íslenskri löggjöf og í íslensku orðabókinni sem gefin var út árið 2002 er þetta orð ekki heldur að finna. Svo flókið er nú málið.

Í almennu tali mun algengasta merking orðsins vera eitthvað sem menn stunda, hafa tekjur af til hliðar við aðalstarf sitt. Það er aukabúgrein. Kannski hafa hv. þingmenn einhverja aukabúgrein og kinkar nú hv. þm. Jón Bjarnason kolli. Bóndi sem hefur mjólkurframleiðslu að aðalstarfi getur haft sauðfjárbúskap eða ferðaþjónustu sem aukabúgrein eða eitthvað annað, t.d. framleiðslu á þeim matvælum sem við vorum að tala um áðan.

Spurt er um hvaða aukabúgreinar njóti styrkja. Um það er að segja að fastar stuðningsgreiðslur eru greiddar í formi beingreiðslna til handhafa greiðslumarks í mjólk og sauðfé svo og til framleiðslu á gúrkum, paprikum og tómötum. Einnig er greiddur stuðningur til bænda sem eru þátttakendur í skógræktarverkefnum, eins og hv. þingmenn þekkja. Það fer svo eftir aðstæðum hjá hverjum og einum hvort framleiðsla á viðfangsefni hans í þessum greinum telst aukabúgrein. Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir styrki til nýsköpunar í sveitum og þróunarverkefna í landbúnaði, þar á meðal til nýjunga sem talist geta aukabúgreinar, svo sem ferðþjónustu og handverks. Handverk er mikil aukabúgrein í sveitum þessa lands og ber að leggja áherslu á það.

Síðan vil ég segja hér um þá stóru spurningu hvort ráðherra hafi í hyggju að móta skýrari reglur að ég boðaði það við setningu búnaðarþings að ég mundi nú skipa starfshóp til þess að skrifa hina grænu bók landbúnaðarins, stefnumótunarbók landsins, sveitanna, landbúnaðarins til næstu 15 eða 20 ára. Ég tel það við þessar aðstæður mjög brýnt því að tækifæri sveitanna liggja ekki bara í því að styðja við búskap þar sem menn framleiða mjólk og kjöt. Það liggur á mörgum fleiri sviðum. Ég tel þetta mjög mikilvægt verkefni nú því að vissulega sjáum við nýjar sólir í hafi sem kalla á breytingar á stuðningskerfi ekkert síður en að Evrópa er nú að endurskipuleggja allt sitt stuðningskerfi í landbúnaði. Þess vegna, eins og ég sagði í þessari ræðu, er um að gera að vera fyrri til og gera það á sínum forsendum heldur en að láta knýja sig til verka nauðbeygða.

Þessi vinna mun fara í gang núna á næstu dögum þar sem grænbók landbúnaðarins, það stóra verkefni, verður skrifuð. Það má kalla hana hvítbók en ég vil kalla hana grænbók, að vísu ekki vinstri græna en grænbók (**JBjarn:** Hún gæti nú orðið það.) Já, það gætu komið góðir þættir inn í þá bók úr ágætri tillögu sem þeir hafa lagt hér fram í þinginu, hv. þingmenn. Ég veit að sem betur fer eru allir flokkar og allir þingmenn í þinginu að hugsa hlýtt til sveitanna og landbúnaðarins og auðvitað geta þeir lagt inn í þessa bók skrifaða kafla. Ég held að þessi grænbók verði merkilegasta bók sem skrifuð hefur verið um langa hríð og kannski sú mikilvægasta til að fara yfir þetta sem hv. þm. er að spyrja um, þ.e. hvernig við getum stutt hið mikilvæga og fjölþætta hlutverk landbúnaðarins og sveitanna.

Landbúnaðinum má líkja við stóra eik kannski með 15–20 atvinnugreinum út úr og margar eru nýjar. Við þurfum að beina skólakerfinu okkar inn á þær brautir að veita þekkingu og miðla þekkingu til fólks sem sér ótal mörg ný tækifæri á bújörðum sínum eða í sínum sveitum. Ég held því að það sé best sagt hér, hv. þingmaður, að aukabúgreinarnar séu margar. Það er erfitt að skilgreina þær en gegnum aukabúgreinarnar eða mörg smærri verk í sveitunum liggja gríðarleg tækifæri sem ég vil varpa ljósi á nú til þess að bæði Alþingi og þjóðin sé meðvituð um öll þau atvinnutækifæri. Þetta snýr líka að hinu stóra verkefni ferðaþjónustunni með 700 þús. erlenda ferðamenn eða milljón. Íslendingarnir ferðast meira um land sitt þannig að þetta er til að koma til móts við við þá með þjónustu, afþreyingu og allt það sem við höfum rætt í þessari fyrirspurn og hinni fyrri.

[14:41]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég fagna á vissan hátt stefnubreytingu eða verulegri breytingu í áherslum hjá hæstv. landbrh. þar sem horft er til þess að auka fjölbreytni í landbúnaðartengdri starfsemi og framleiðslu og að þá sé ekki endilega horft á hinar stærstu einingar. En undanfarin ár hefur óneitanlega verið sú þróun í gangi að allar einingar ættu að stækka og vera stórar og skipti þá minna máli þótt aðrar minni einingar lytu í gras. Ég fagna þessari stefnubreytingu.

Um eitt vil ég spyrja hæstv. ráðherra hér, þ.e. um slátrun alifugla frá litlum búum, gæsa og anda frá litlum búum. Hér áður fyrr var hægt að láta slátra þeim í hinum stærri sláturhúsum, fuglasláturhúsum. En nú er þetta orðið lokað. Framleiðandi á yfirleitt viðkomandi sláturhús sjálfur og hleypir þar engum öðrum inn. Þetta er (Forseti hringir.) til mikilla vandræða fyrir þá sem eru með lítil bú og möguleika á anda- og (Forseti hringir.) gæsaeldi t.d., frú forseti.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti vill minna þingmenn á að virða þennan knappa ræðutíma sem er í þessari umræðu.)

[14:42]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er mjög kærkomin og kemur mjög skemmtilega í kjölfarið á umræðunni áðan.

Mjög fjölbreytt starfsemi fer fram í sveitum landsins og miklu fjölbreyttari, held ég, en margir gera sér grein fyrir. Vil ég bara minna á baráttu margra fyrir þrífösun á rafmagni til þess að geta verið með svona aukabúgreinar til hliðar við sitt bú. Eins nefni ég mikilvægi skógræktarinnar sem er hjá sumum aðalbúgrein en hliðarbúgrein hjá mörgum. Hún er ekki bara mikilvæg fyrir bændurna heldur líka fyrir okkur öll vegna kolefnisbindingar. Svo má nefna veiði, bæði lax- og silungsveiði, æðarrækt og handverkið. Ég vil líka minna á þá ágætu styrki sem félmrn. hefur veitt konum á hverju ári til þess að styrkja atvinnumál kvenna í sveitum landsins.

[14:43]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir að taka þetta upp hér. Maður furðar sig eiginlega á því að við skulum ekki hafa rætt þetta áður því að, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir kom inn á hafa menn stundað mjög fjölbreytta starfsemi sem hefur í raun verið flokkuð til aukabúgreina, til þess að drýgja tekjur af öðrum búskap.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra ætlar að láta skrifa hinu grænu bók landbúnaðarins. Ég minnist fyrrverandi þingmanns sem eitt skrifaði hina grænu bók og gaf út fyrir kosningar. Hún reyndist alveg ágætlega og vonandi reynist hin græna bók landbúnaðarins jafn vel.

Ég ætla að taka undir það með hv. þm. Drífu Hjartardóttur að það að þrífösun á rafmagni, því verkefni, sé lokið er undirstaða þess að atvinnulíf í sveitum megi þróast.

[14:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér aukabúgreinar sem erfitt er að skilgreina samkvæmt umræðunni á undan en ég er alveg sannfærð um að þeim aukabúgreinum mun fjölga þegar hæstv. ráðherra verður búinn að breyta þeim reglum sem koma í veg fyrir að bændur geti selt sínar heimagerðu afurðir. Þá gætu aukabúgreinarnar t.d. orðið kæfa, ostur, sultur, vín, kjöt og ógerilsneydd mjólk þannig að þetta á ábyggilega eftir að aukast mjög mikið. (**Gripið fram í:** Og viskí.) Og viskí þess vegna. En ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hann hvetja til framleiðslu á einhverjum ákveðnum vörum með t.d. styrkjum? Ég nefndi áðan sauðaost sem er mjög eftirsóttur en við, þessi mikla sauðfjárræktarþjóð, framleiðum ekki sauðaost. Mun hann á einhvern hátt beita sér til þess jafnvel að fjölga þessum aukabúgreinum með einhverri stefnumörkun?

[14:46]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur en það er auðvitað svo að hæstv. landbrh. hefur verið afar ötull við að vekja athygli á aukabúgreinum bænda og þar vil ég taka undir með hv. þm. Drífu Hjartardóttur um t.d. skógræktina, lax- og silungsveiði, handverk, rjúpnaveiði o.fl. Það er ýmislegt sem bændur geta byggt á.

Ég vil segja frá lífsreynslu minni þegar ég hóf að ferðast um þau öflugu landbúnaðarhéruð sem eru í mínu kjördæmi, ég hef aðallega ferðast um þau, að það kom mér mjög skemmtilega á óvart hversu blómlegar aukabúgreinar eru hjá bændum. Og ég tel að það sé afar mikilvægt þegar við horfum til framtíðar, og ekki síst með tilliti til þess að nú á að fara að auka þessar svokölluðu grænu greiðslur, að bjóða upp á meiri fjölbreytileika í landbúnaði.

[14:47]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli því að full ástæða er til að ræða um aukabúgreinar í sveitum. Mér heyrðist á hæstv. ráðherra að hann væri ekki alveg viss á því hvað væru aukabúgreinar og hvað væru aðalbúgreinar en ég er nokkuð viss um að bændur eru ekki í nokkrum vandræðum með að skilgreina hvað aukabúgreinar eru.

Við vitum að bændur fá beina styrki í mjólkurframleiðsluna, í sauðfjárframleiðsluna, í garðræktina og ég held að enginn sem stundar þá starfsemi telji það aukabúgreinar. Minn málskilningur leyfir mér alla vega ekki að kalla þær greinar aukabúgreinar.

Ég held að það væri mjög sniðugt að menn færu að velta því fyrir sér, eins og oft hefur verið rætt hér, að bændur gætu hlotið meiri og fleiri styrki til að sinna einmitt slíkum aukabúgreinum en gætu þá kannski látið af því að fá styrki fyrir aðalbúgreinar.

[14:48]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil líkt og aðrir þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og að sjálfsögðu er það svo að þær aukabúgreinar sem menn hafa rætt um eru náttúrlega ákveðin nýsköpunarverkefni í sveitum landsins. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt að hið opinbera komi áfram að því að auka nýsköpun í sveitum landsins því sannarlega veitir ekki af að styrkja þann búsetugrundvöll sem þar þarf að vera. Þar vil ég nefna til sögunnar og spyrja hæstv. ráðherra hvort Framleiðnisjóður landbúnaðarins og m.a. Lánasjóður landbúnaðarins hafi ekki komið í nokkrum mæli að slíkum nýsköpunarverkefnum því það er alveg ljóst að við þurfum að halda áfram að þróa og efla íslenskan landbúnað. Þar sem ég þekki til er margt ungt fólk að setjast að í sveitum landsins og það er því mjög mikilvægt að við höldum áfram að efla nýsköpun til sveita. Ég spyr því enn og aftur hæstv. ráðherra hvort það sé ekki á stefnuskrá ráðherra að halda áfram að efla nýsköpun til sveita landsins.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka ráðherra landbúnaðarmála svörin sem hann gaf áðan og þingmönnum ágætar umræður. Ef ég reyni að draga ályktanir af svörum ráðherra áðan kemst ég að því að ekki er til stuðningskerfi fyrir annars konar atvinnu í sveitum en bara hinar hefðbundnu búgreinar. Það tel ég vera mjög slæmt ekki síst með tilliti til þess sem kom fram í máli ráðherrans og reyndar fleiri þingmanna áðan að við erum að fara í annað umhverfi og við vitum að það þarf að endurskipuleggja stuðningskerfi við sveitirnar og okkur mun því ekki haldast uppi að halda áfram stuðningi við þær á sama hátt og verið hefur hingað til.

Ég verð að hryggja ráðherrann með því að hann verður seint fyrri til en Evrópuþjóðir til þess að endurskipuleggja stuðningskerfi í landbúnaði því að Evrópusambandið kom síðast 2003 með ráðleggingar eða áætlun um hvernig þeir fara að því að endurskipuleggja stuðningskerfi sitt með tilliti til breyttra aðstæðna vegna krafna Alþjóðaviðskiptasambandsins, en hér er undirbúningur fyrst að hefjast. En ég vil leggja áherslu á, frú forseti, að það er mjög mikilvægt fyrir okkur að stuðningskerfið við sveitirnar sé endurskoðað og aukið meira frjálsræði og tekið tillit til þess að við verðum að breyta greiðslum okkar í grænar greiðslur eða eitthvað í líkingu við það sem Evrópusambandið er að taka upp nú um þessar mundir.

[14:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kannski er hv. fyrirspyrjandi Evrópusinni, ég veit ekkert um það, en ég ætla að fullvissa hana um það að íslenskur landbúnaður er langt á undan landbúnaði í Evrópu hvað varðar hina nýju hugsun. Evrópa öfundar íslenskan landbúnað af því hvar hann er staddur, öfundar íslenskan landbúnað af þeirri náttúru sem við eigum.

Danskur landbúnaður er búinn að gera í vögguna sína. Hann er á flótta frá Danmörku. Menn geta ekki drukkið vatn úr jörðinni nema fara tugi metra niður til að ná því upp þannig að við erum á mörgum sviðum langt á undan hvað þetta varðar. Hins vegar eru þeir kannski í sínum stuðningi búnir að tileinka sér hið fjölþætta kerfi aðeins betur en við og við getum tekið tillit til þeirra.

Hv. þm. Jón Gunnarsson, sem hér talaði, gerir sér ekki grein fyrir því, að sá peningur sem fer til landbúnaðarins, þau 2–3% af fjárlögum, er ekki bara ætlaður bændum. Hann er líka niðurgreiðsla til neytenda. Þetta eru 2–3% af fjárlögum og útgjöld til landbúnaðar hafa verið sílækkandi hlutfall. Ef þetta er tekið af mjólkinni og kjötinu gæti það hækkað verð til neytenda og neytendur ættu ekki aðgang að þessari hollustuvöru. Þetta er öryggisventill Alþingis til þess að allir eigi aðgang að góðum matvælum á sem lægstu verði.

Hins vegar kann að vera að það sé stuðningur við það á hinu háa Alþingi að styrkja íslenskan landbúnað meira í framtíðinni, 2–3% er ekki mikið, 6 milljarðar eru ekki há upphæð því allt kemur þetta til baka.

Ég tek undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur varðandi sauðaost. Það er margt í körfunni sem við þurfum að hugsa um og höfum ekki sinnt. Við höfum samt sem áður fengið styrki og hjálp frá bæði Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Byggðastofnun og fleiri aðilum, atvinnuþróunarsjóðum kjördæmanna, til að hjálpa í þessum efnum. Ég sé margar nýjar sólir á lofti og þakka þessa umræðu um landbúnaðarmál og að mér finnst góðan stuðning við grænbók landbúnaðarins og nýja sýn.

Lokuð öryggisdeild.

Fsp. MF, 597. mál. — Þskj. 901.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Hæstv. forseti. Hinn 13. nóvember sl. bar ég fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um lokaða öryggisdeild, fyrirætlanir varðandi lokaða öryggisdeild, hvar hún yrði staðsett og hvenær mætti vænta þess að slík deild tæki til starfa. Ástæðan var sú að fyrir meira en einu og hálfu ári var hér heilmikil umræða um þörfina fyrir lokaða öryggisdeild fyrir geðsjúka sem væru taldir hættulegir sér og öðrum og var þá fyrst og fremst verið að fjalla um þá sem ekki höfðu hlotið dóm, en væru af fagaðilum engu síður taldir hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Í ræðu minni þá benti ég á að við höfum og búum yfir ákveðinni þekkingu í meðhöndlun geðsjúkra á öryggisdeild á Sogni í Ölfusi þó að þar sé um að ræða ósakhæfa geðsjúka afbrotamenn en þar hafa einnig dvalið sakhæfir geðsjúkir afbrotamenn.

Í svörum hæstv. ráðherra kom fram að hann hefði falið fagfólki á Landspítalanum að skoða þetta mál sérstaklega og þar með að ákveða staðsetningu lokaðrar öryggisdeildar. Á fjárlögum þessa árs eru 25,8 millj. áætlaðar í þetta verkefni og þegar það var kynnt fyrir fjárln. á sínum tíma var talað um að þessi lokaða öryggisdeild yrði í Arnarholti og meira að segja tilgreint í hvað þessar 25,8 millj. sem líta verður á sem byrjunarfjárveitingu ættu að fara. Síðan þá hefur ýmislegt breyst við niðurskurð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Við blasir lokun á Arnarholti þar sem vilji stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss er að flytja alla þá sem þar eru í önnur búsetuúrræði, og það þarf alls ekki að vera af hinu vonda. Þvert á móti held ég að flestir þeir sem dvelja í Arnarholti í dag væru betur komnir í félagslegum úrræðum. Engu að síður liggur það enn í lausu lofti eða hefur ekki komið fram hjá hæstv. ráðherra eða heilbrrn. hvar staðsetning fyrirhugaðrar lokaðrar öryggisdeildar er og hvenær hún gæti hugsanlega tekið til starfa. Þörfin er til staðar og ástæða þess að ég tek þetta upp aftur er sú að Alþingi ákvað þessa fjárveitingu og hæstv. ráðherra sagði að málið væri í skoðun hjá yfirstjórnendum eða fagfólki Landspítala – háskólasjúkrahúss til að finna skynsamlegustu lausnina. Í mínum huga er skynsamlegasta lausnin að nýta þá þekkingu sem er á Sogni og þar er hægt að leysa málið með stuttum fyrirvara. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu lokaðrar öryggisdeildar m.a. fyrir geðveika sakhæfa einstaklinga. Ef svo er, hvar verður hún og hvenær má vænta þess að hún verði opnuð?

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir beinir til mín eftirfarandi fyrirspurn um lokaða öryggisdeild: „Hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu lokaðrar öryggisdeildar, m.a. fyrir geðveika sakhæfa einstaklinga. Ef svo er, hvar verður hún og hvenær má vænta þess að hún verði opnuð?“

Þetta mun vera þriðja fyrirspurnin sem ég svara á þessum vetri um þetta mál og eins og kom fram í svari mínu við svipaðri fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman skömmu fyrir jól, og það svar má lesa í þingtíðindum, skilaði nefnd þriggja manna tillögu til mín á nýliðnu ári um úrræði í málefnum alvarlega geðsjúkra einstaklinga. Meðal tillagna nefndarinnar var það að komið yrði á laggirnar geðdeild sem teldist millistig milli hefðbundinna geðdeilda og réttargeðdeildarinnar á Sogni til að mæta brýnni þörf á vistunarúrræðum fyrir tiltölulega fámennan hóp einstaklinga sem haldnir eru geðsjúkdómum sem erfitt er að meðhöndla og teldust jafnvel hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Nefndin gat um ýmsa möguleika á staðsetningu deildarinnar, svo sem staðsetningu í byggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss, í Arnarholti á Kjalarnesi, við Kleppsspítalann í Reykjavík eða nýbyggingu við réttargeðdeildina á Sogni í Ölfusi. Einnig lagði nefndin til að rekstur deildarinnar væri í höndum geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss einkum með það í huga að fela öflugustu geðdeild heilbrigðisþjónustunnar að annast um þennan mjög erfiða málaflokk.

Ég ákvað að fara að tillögu nefndarinnar og fól Landspítala – háskólasjúkrahúsi að hrinda þessum þætti tillagnanna í framkvæmd og óskaði eftir útfærslu þeirra á því hvernig þeir sæju þetta mál fyrir sér og útfærslu þeirra á tillögunum. Þetta mál hefur tekið lengri tíma en ég væntí á spítalanum og ég vænti þess að svar spítalans berist mér í þessum mánuði en það var ætlun mín að þessi deild tæki til starfa síðla á þessu ári.

Varðandi Arnarholt er það rétt að Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefur verið með starfsemina þar til skoðunar og hún er nú til skoðunar í sérstökum starfshópi sem er skipaður fulltrúum félmrn. og heilbrrn. og sú athugun er auðvitað einn þátturinn í þessu máli en staða þess er í rauninni óbreytt frá því að ég svaraði fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman rétt fyrir jól en áður hafði ég svarað fyrirspurninni sem hv. þm. vitnaði til.

[15:01]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, fyrir spurninguna sem hún lagði fram. Það er ekkert nýtt að hv. þm. spyrji um þennan málaflokk því hún hefur verið ötull baráttumaður þeirra skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins sem hér um ræðir.

Það er ekki undarlegt að óskað sé svara frá hæstv. ráðherra aftur og aftur í málinu því ég held að lykilatriðið í þessu sé einmitt það sem hæstv. ráðherra sagði sjálfur. Það er brýnt að mæta brýnni þörf, og ef það er brýnt að mæta brýnni þörf hlýtur einnig að vera brýnt að fara að taka ákvörðun í málinu og það dragist ekki vikum og mánuðum saman. Við héldum, miðað við þau svör sem við höfum áður fengið frá hæstv. ráðherra, að deildin færi á Arnarholt. Eftir heimsókn þangað gerðum við okkur grein fyrir því að það mun ekki verða.

Því hljótum við að spyrja og ganga eftir svörum frá hæstv. ráðherra: Hvenær verður þessi ákvörðun tekin? Getum við ekki farið að búast við endanlegu svari fljótlega?

[15:02]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka málið enn einu sinni upp í þingsal. Þetta er, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, í þriðja skipti á stuttum tíma sem við ræðum þessi mál og staðan er enn óbreytt. Ég treysti því að hæstv. ráðherraýti á eftir því að ákvörðun verði tekin. Ég legg mikla áherslu á mikilvægi þess að ekki sé verið að bæta við einni stofnuninni enn heldur að það sé nýtt sem fyrir er. Vil ég í því sambandi beina sjónum mínum að Sogni og þeirri starfsemi sem þar fer fram og það samstarf sem ætti svo sannarlega að geta verið í gegnum sjúkrahúsið á Selfossi.

[15:03]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég vil einnig þakka fyrir fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og finnst reyndar dálítið undarlegt að hér skuli fyrirspurnin vera komin fram í þriðja skipti á sama þingi, vegna þess að hæstv. ráðherra hefur tekið það skýrt fram að hann hefur vonir um að lokuð öryggisdeild muni taka til starfa síðar á árinu. Þess vegna er mjög mikilvægt að nefndin skili tillögum sínum sem fyrst og hæstv. ráðherra sagði áðan að þær muni koma í lok mánaðar og við verðum bara að treysta á það.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er alls ekkert undarlegt við það að þetta mál sé tekið upp í þriðja sinn og ef á þarf að halda munum við gera það í fjórða sinn á þessu þingi, vegna þess að við þurfum að fara að fá svör. Nú eru liðin hátt í tvö ár frá fyrstu yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að málefni alvarlega geðsjúkra yrðu leyst og það hefur ósköp einfaldlega ekkert gerst. Ég efa það ekki að öflugasta geðdeildin og breiðasta fagþekkingin er á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og eðlilegt að hæstv. ráðherra leiti sér ráðgjafar þar.

En ég minni á að á Sogni hafa alvarlega geðsjúkir, sem ekki hafa hlotið dóm og hvergi nokkurs staðar hefur verið hægt að koma fyrir í þessu þjóðfélagi, verið vistaðir. Þegar Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefur ekki treyst sér til að taka þessa einstaklinga inn, hefur fagfólk á Sogni gert það og jafnvel þó það hafi þurft að þrengja verulega að starfsemi sem fyrir er. Miðað við að þarna lágu fyrir teikningar um breytingar sem hægt var að gera á húsnæðinu með tiltölulega litlum kostnaði, upp á 29 millj. kr., hefði verið hægt að leysa málið strax ef gengið hefði verið í það. En því miður hefur það ekki verið gert. Enn er beðið eftir svörum fagfólks á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem þessa dagana er í óðaönn að finna út hvernig það getur skorið niður starfsemina sem þar er í gangi. Ef 25,8 millj. kr. eiga að fara til Landspítalans til að sinna þessari starfsemi, vita allir hv. þm. að það er hvergi nærri nóg.

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi tekur nokkuð upp í sig með því að segja að ekkert hafi verið gert. Þessi mál voru tekin upp fyrir tveimur árum eftir að þau höfðu legið í láginni áður. Það var skipuð nefnd þriggja ráðuneyta í málið sem vann ítarlega skýrslu um það. Nefndin skilaði til mín tillögum og það vantar ekkert ákvarðanir í þessu máli. Við höfðum skrifað Landspítalanum á sínum tíma, falið honum að útfæra tillögur nefndarinnar sem voru hreinlega um það að deildin yrði í tengslum við eða hluti af stærstu geðdeild landsins, sem hefur á að skipa flestu fagfólki á þeim forsendum að starfsemin væri þess eðlis. Það er mjög margbrotin starfsemi sem þarna þarf að fara fram. Hún kemur inn á verksvið þriggja ráðuneyta þannig að þetta er í rauninni mjög flókið verkefni. Eigi að síður hefur verið unnið stöðugt að því. Ég vonast til og veit reyndar að tillögur spítalans eru á lokastigi og ég mun vonandi fá þær á mitt borð í þessum mánuði.

Húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni.

Fsp. MF, 598. mál. — Þskj. 902.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu ræddi ég um athugasemdir sem gerðar höfðu verið vegna húsnæðis öldrunardeildar Sjúkrahúss Suðurlands af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Um leið var skilað inn verulegum athugasemdum varðandi vanhöld á viðhaldi húsnæðis réttargeðdeildarinnar að Sogni.

Hver sá sem kemur að Sogni og skoðar húsnæði réttargeðdeildarinnar sér að á undanförnum árum hafa ekki farið miklir fjármunir í viðhald. Fjármunir til reksturs hafa verið afar knappir og þó að Sogn sé undir yfirstjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hefur ekki verið neinn afgangur þar til að mæta þeirri þörf sem er fyrir viðhald á húsnæðinu, fyrir utan að sífellt meiri krafa hefur verið á Sogn að taka inn fleiri sjúklinga, ekki bara ósakhæfa geðsjúka heldur einnig sakhæfa geðsjúka sem hafa veikst í fangelsum landsins, m.a. á Litla-Hrauni. Í raun og veru er þörfin fyrir húsnæði á Sogni miklu meiri, það er þörf fyrir mikið stærra húsrými þar en er í dag þó ekki væri til annars en að geta sinnt þeim hundveiku einstaklingum sem eru að afplána dóm á Litla-Hrauni og annars staðar í fangelsum landsins.

Það liggja fyrir teikningar, úrbætur, sem þýða að hægt væri að taka einar sex stofur í gagnið til viðbótar við þær sem fyrir eru en þeim hugmyndum hefur ekki mikið verið sinnt og e.t.v. verða þrengslin minni þegar ekki verður lengur þörf fyrir pláss á Sogni fyrir alvarlega geðsjúka sem ekki hafa hlotið dóm heldur verður slíkt starf fært yfir á Landspítalann. Engu að síður er staðan sú í dag að þarna er yfirfullt. Það þarf að fara í verulegar endurbætur á húsnæðinu. Gefinn var frestur til 1. febrúar til að skila skýrslu um hvernig ætti að standa að þeim endurbótum. Síðan var sá frestur framlengdur til 1. mars og eftir því sem ég best veit er búið að framlengja hann enn frekar, til 1. apríl. Tillögum hefur verið skilað frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem fer með yfirstjórn á Sogni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Á hvern hátt verður brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands við húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni? Hvenær má vænta þess að úrbótum verði lokið?

Ég geri það í ljósi þess að það mun koma til kasta hæstv. ráðherra að leysa málið þar sem fjármagnið er ekki til staðar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurk., Margrét Frímannsdóttir, hefur beint til mín fyrirspurn: „Á hvern hátt verður brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands við húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni? Hvenær má vænta þess að úrbótum verði lokið?"

Úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á ástandi húsnæðis á Sogni var gerð 4. desember sl. og athugasemdir settar fram í sex liðum í bréfi til Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þaðan voru þessar athugasemdir sendar til ráðuneytisins. Það er unnið að frekari kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda sem farið er fram á og það er einnig unnið að því í ráðuneytinu þessa dagana í tengslum við vinnu fyrir fjárlög næsta árs að safna saman upplýsingum um nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir á húsnæði sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva og raða þeim í forgangsröð. Það eru mörg brýn verkefni á þeim lista og eru úrbætur á þeim atriðum sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fundið að á Sogni þar á meðal. Það leiðir af eðli máls að þar sem slíkar athugasemdir eru settar fram er mikil þörf og ástæða til þess að bregðast við því.

Hins vegar þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. sem á sæti í fjárln. að fjárveitingar til ... (Gripið fram í.) Hann á það ekki lengur, nei. (**MF:** Því miður ...) Já, ég er á eftir tímanum. Takmarkaðar fjárveitingar til viðhalds stofnana setja þessum málum mjög þröngar skorður svo ekki sé meira sagt. Ég verð því að segja alveg eins og er að ráðuneytið er í miklum vanda í þessum efnum. Þess vegna get ég ekki fullyrt um það á þessari stundu hve mikið verður unnt að vinna að viðgerðum á húsnæðinu á Sogni en við teljum að í það þurfi að ráðast. En eins og fram hefur komið eru fjárveitingar takmarkaðar til þess á þessu ári svo ég er ekki bjartsýnn um að því verði lokið á þessu ári en þetta er eitt af þeim málum sem við verðum að taka upp af okkar takmörkuðu fjármunum.

[15:14]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér hefur verið hreyft spurningunni um viðhald húsnæðis réttargeðdeildarinnar á Sogni, eðlilega, þar sem fyrir liggja athugasemdir frá heilbrigðiseftirliti svæðisins um það hvernig húsið lítur út.

Við vitum öll að víða um land er verulegur skortur á viðhaldi á opinberum byggingum og ekki síst byggingum í heilbrigðisgeiranum. Við hljótum að þurfa að fara að vinna að því saman að reyna að breyta þeirri hugsun að hægt sé að trassa viðhald. Ríkið á stórar og miklar eignir, mikil verðmæti í húseignum vítt og breitt um landið, og með því að trassa viðhald erum við einfaldlega að fresta því að þurfa að greiða það sem þarf til að gera við þessi hús og með því að fresta því munum við, þegar upp er staðið, þurfa að greiða talsvert mikið meira en ef við mundum ráðast strax í þetta viðhald. Þarna þurfum við því öll að taka höndum saman og breyta þessari hugsun. Viðhaldsfé er ekki fé sem við eyðum til einskis.

[15:15]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Orð eru að vísu til alls fyrst en mér fundust athyglisverð orð hæstv. heilbrrh. hér um það fjármagn sem hann hefði til að bæta úr á Sogni og vísaði í fyrri fyrirspurn líka um lokaða öryggisdeild. Mér leikur þá forvitni á að vita: Hvaða fjármagn er til ráðstöfunar, til viðbótar þessum tveimur verkefnum, í önnur verkefni sem ekki teljast síður brýn? Ég er ekki að gera lítið úr þörfinni á viðhaldi á Sogni og þörfinni fyrir lokaða öryggisdeild. Ég hef verið talsmaður þess í langan tíma að það væri meðal þess sem við þyrftum að koma á fót og starfrækja með sóma.

Maður spyr sig líka, við hljótum að spyrja okkur að því að hvaða marki við getum verið með á sömu deildinni þá sem eru sakhæfir og ósakhæfir og þá sem eru að afplána refsingu.

Það er líka alveg ljóst að til þess að geta starfrækt öryggisdeild, eins og fyrri fyrirspurn frá hv. fyrirspyrjanda laut að, þurfum við sennilega að huga að breyttri og nýrri löggjöf.

[15:16]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Það kom reyndar aldrei fram hjá fyrirspyrjanda hvað þetta kostar mikið eða hvað þetta eru alvarlegar athugasemdir. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra, auðvitað þarf að kostnaðargreina vandann og gera ráð fyrir því þegar ákveðið verður hvað á að gera því að það hlýtur að skipta máli. Sem betur fer er þó farið í það hjá ríkinu að taka orðið fé frá til viðhalds og vil ég þá minna á hjúkrunarheimilið. Gert er ráð fyrir ákveðnu fjármagni núna á fjárlögum sem á að fara í viðhald á því húsnæði.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem tóku hér til máls og hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að þau væru ekki þau sem ég vænti, að hægt væri að tímasetja endurbætur á Sogni.

Ég vil geta þess í framhaldi af orðum hv. þm. Drífu Hjartardóttur að ég er að spyrja hér um athugasemdir sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerði um húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni. Um kostnaðaráætlun get ég ekki sagt, ég hef ekki fagþekkingu til þess, og hæstv. ráðherra sagði að verið væri að gera kostnaðaráætlun í ráðuneytinu.

Við erum með húsnæði eins og þetta þar sem mjög veikir einstaklingar búa. Við erum með húsnæði þarna sem tekur við og reynir að bæta úr brýnni þörf fyrir þá einstaklinga sem ekki einu sinni hafa hlotið dóm, hvað þá að þeir séu ósakhæfir. Við búum þeim aðstæður sem eru alls ekki í lagi.

Við vitum að heilbrigðiseftirlitið tók aðeins til þess sem það taldi vera í algerum ólestri hvað varðar framtíð þessarar stofnunar og ég spyr hæstv. ráðherra: Hver eru viðhorf hans gagnvart framtíð þessarar stofnunar að Sogni? Hún er yfirfull og þörfin fyrir þá starfsemi sem þarna er er miklu meiri en stofnunin getur annað. Hvaða framtíð sér hæstv. ráðherra?

Viðhaldið hefur verið í lágmarki þrátt fyrir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur og langt undir því sem heilbrrn. hefur farið fram á, langt undir þeirri þörf sem er. Og það er okkar sök, hv. þingmenn, því að fjárveitingavaldið liggur hér en ekki í ráðuneytinu.

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr mig hvaða sýn ég hafi varðandi málefni Sogns. Ég hef ætíð álitið Sogn mjög mikilvæga stofnun sem hefur ákveðið hlutverk. Það var skilgreint á sínum tíma sem heimili fyrir ósakhæfa afbrotamenn. Það eru engin áform um að breyta því.

Ég tel einnig að Sogn hafi hlutverk við læknisþjónustu við fanga á Litla-Hrauni og hana þyrfti að efla. Ég tel að

það geti fallið að starfsemi Sogns áfram eins og það gerir reyndar núna. Ég leyni því ekkert að ég tel að þeir sem vinna að þessum erfiðu málum þurfi að hafa samstarf. Ég hefði álitið það heppilegt. Sogn hefur samstarf við geðdeild Landspítalans en ég tel að það þurfi að vera traust.

Varðandi viðhaldið og upphæðirnar. Ég get nefnt sem dæmi að 31 millj. fer í viðhald á öllum heilsugæslustöðvum í landinu samkvæmt tillögum til fjárlaga á síðasta ári, 23 millj. til viðhalds sjúkrastofnana, þannig að þetta eru ekki miklar upphæðir. Að vísu fara 248 millj. til viðhalds Landspítala – háskólasjúkrahúss, 25 millj. til viðhalds á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og 311 millj. til stofnkostnaðar í öllum heilbrigðisstofnunum landsins utan stóru spítalanna.

Atvinnuráðgjöf.

Fsp. AKG, 697. mál. — Þskj. 1035.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Atvinnulíf á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum á tiltölulega fáum árum. Landsbyggðin hefur fundið fyrir breyttum atvinnuháttum þar sem mannaflafrekar greinar hafa vélvæðst og dregist saman en uppbygging annarra greina látið standa á sér. Tregða í breytingaferlinu á sér ýmsar þekktar skýringar, m.a. landfræðilegar, þekking hefur úrelst og lágar meðaltekjur. Þrátt fyrir allt koma fram fjölbreyttar hugmyndir að nýjungum, bæði í þjónustu og framleiðslu, sem styðja þarf við og leiðbeina við að koma í framkvæmd. Við slíkar aðstæður skiptir miklu máli opinber stuðningur við eflingu og nýjungar í atvinnulífi fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélög sem njóta.

Nú er það svo að fjárframlög ríkisins til atvinnuþróunarfélaga hafa verið þau sömu í krónum talið svo árum skiptir og því í raun dregist saman þvert ofan í þarfir, og engar sérstakar ráðstafanir verið gerðar á láglaunasvæðum.

Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Mun ráðherra beita sér fyrir sérstökum stuðningi við atvinnuráðgjafa á láglaunasvæðum og ef svo er, hvenær?

2. Hvaða ráðstafanir verða gerðar til uppbyggingar atvinnu á láglaunasvæðum?

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hluti af framkvæmd byggðaáætlunar 2002–2005 er að styrkja starfsemi atvinnuráðgjafa. Byggðaáætlunin byggir á fimm markmiðum sem efnislega miða að því að draga úr mismun á lífskjörum fólks milli byggðarlaga í landinu. Þessum markmiðum á að ná m.a. með því að aðstoða byggðarlögin við að laga sig að hröðum breytingum í atvinnuháttum og veita markvissan stuðning við atvinnuþróun er leitt geti til þess að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Eitt veigamesta tækið til að ná þessum markmiðum er rekstur nýsköpunarmiðstöðvarinnar á Akureyri sem þjónar landsbyggðinni allri. Í byggðaáætluninni er tekið fram að starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar eigi að veita atvinnuþróunarfélögunum faglegan stuðning, efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Meginmarkmiðið sé að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Það fer varla á milli mála að allar byggðir landsins, hvort sem þær eru sjávarbyggðir eða til sveita munu njóta góðs af þessari starfsemi.

Stuðningur við atvinnuþróunarfélögin hefur skipt máli og ekki síður samstarfið við þau. Félögin gegna mikilvægu hlutverki á starfssvæðum sínum. Þar skiptir mestu víðtæk þekking heimamanna á eigin styrkleika og þörfum. Starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar á að leiða til þess að starf þeirra geti eflst og dafnað enn frekar og að þau verði betur í stakk búin að takast á við atvinnuþróun. Iðntæknistofnun, með nýsköpunarmiðstöðina innan borðs, á að vera þeim bakland sem veitir faglega ráðgjöf og leiðsögn.

Einn veigamesti þáttur í starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar hefur verið rekstur sérstakra stuðningsverkefna. Þau eru margvísleg og misjöfn að umfangi en taka til flestra þátta í starfsumhverfi frumkvöðla og fyrirtækja. Lögð hefur verið mikil áhersla á samstarf við atvinnuþróunarfélögin og aðrar stofnanir í stuðningsumhverfinu um rekstur stuðningsverkefnanna. Atvinnuþróunarfélögin hafa m.a. tekið þátt í sex samstarfsverkefnum með nýsköpunarmiðstöðinni.

Nýsköpunarmiðstöðin hefur sinnt athafnakonum sérstaklega og er verkefnið Brautargengi sniðið að þörfum þeirra. Á námskeiðunum læra þátttakendur um stefnumótun, vöru- og þjónustuþróun, markaðsmál, fjármál, stjórnun og fjölmörg önnur hagnýt atriði. Á þriðja hundrað konur hafa lokið Brautargengi frá 1996, en námskeiðið var fyrst haldið úti á landi 2003. Samkvæmt niðurstöðum könnunar á árangri Brautargengis eru nú 50–60% kvenna sem lokið hafa Brautargengisnámi með fyrirtæki í rekstri.

Eitt veigamesta stuðningsverkefnið er þó sennilega vöruþróun í starfandi fyrirtækjum sem fór af stað í byrjun sl. árs. Af þeim 11 fyrirtækjum sem tóku þátt í verkefninu hafa fimm nú þegar lokið við vöruþróunina og hin stefna hraðbyri í mark.

Þessu stutta yfirliti er ætlað að varpa litlu ljósi á þann stuðning sem iðnrn. hefur beitt sér fyrir til að styðja við atvinnuuppbygginguna á landsbyggðinni. Það þjónar engum tilgangi að draga sérstakar markalínur á milli tekjusvæða og er því ekki fjallað sérstaklega um það sem hv. fyrirspyrjandi kallar láglaunasvæði. Meginmarkmiðið er að iðnrn. hefur lagt áherslu á að stórefla þjónustu við atvinnuþróun á landsbyggðinni sem er öllum opin án tillits til búsetu og efnahags.

[15:27]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspurnina sem hér hefur komið fram frá hv. þm. Hér er um mjög þarft mál að ræða.

Ég vil nefna í því samhengi að það eru nú í gangi tímabundin verkefni atvinnu- og jafnréttisráðgjafa, bæði í Norðaust. og í Suðurk., sem hafa það sérstaklega að markmiði að auka og fjölga tækifærum fyrir konur í þessum kjördæmum. Ég þekki nokkuð til verkefnanna. Þau eru samstarfsverkefni milli félmrn. og Byggðastofnunar, sem heyrir nú undir hæstv. iðn.- og viðskrh., þannig að ég veit að þar er verið að vinna mjög gott starf. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafi í Norðaust. er staðsettur á Þróunarstofu Austurlands sem er mjög gott umhverfi fyrir þann ráðgjafa, og ég veit til þess að þar er unnið mikið og gott starf. Þess má geta að undanfari þessa tímabundna verkefnis var verkefni sem þáv. ráðherra, Páll Pétursson, setti á fót á Norðurlandi vestra sem hafði það að markmiði að bæta aðstæður kvenna í því kjördæmi. Ég veit að það verkefni skilaði þar miklum árangri.

[15:29]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Mér finnst uppleggið, að tala um láglaunasvæði, kannski ekki rétt. Ég vil heldur ræða um jaðarbyggðir og leggja áherslu á það sem er þó verið að gera, eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. fór yfir, það sem byggðaáætlun gerir, starf Byggðastofnunar. Ég vil minna á atvinnuþróunarsjóðina og aðeins vekja athygli á tveimur verkefnum sem hafa verið í gangi á Suðurlandi, þ.e. að sveitarfélögin Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur eru saman með atvinnu- og ferðamálafulltrúa og sama má segja um uppsveitir Árnessýslu. Allt hefur þetta gefið mjög góða raun og síðan er kominn atvinnufulltrúi kvenna á vegum atvinnuþróunarsjóðs.

Það sem skiptir þó mestu í öllu þessu máli er það sem þessi ríkisstjórn er að gera og það fjármagn sem hún leggur til landsbyggðarinnar í gegnum þessa sjóði og ekki síst stuðning hennar og velvilja við landbúnaðinn og það sem verið er að gera í samgöngumálum þjóðarinnar.

[15:30]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum með svar hæstv. iðnrh. varðandi þá fyrirspurn sem fram er komin frá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur. Mér fannst hæstv. ráðherra lesa hér upp úr byggðaáætlun um hvernig hlutirnir ættu að vera en ekki svara þeim spurningum sem bornar voru beint fram þar sem leitað er svara við því hvort hæstv. ráðherra ætli að beita sér fyrir sérstökum stuðningi núna eða einhverjum ákveðnum ráðstöfunum vegna láglaunasvæða.

Vegna þeirra orða sem féllu hér um að við ættum ekki að tala um láglaunasvæði þá verðum við að leyfa okkur að tala um láglaunasvæði ef marktækur munur er á milli landsvæða í launum manna. Við verðum að leyfa okkur að tala um láglaunasvæði og taka ákvörðun um hvort rétt sé að vera með sérstakar aðgerðir til styrktar þeim svæðum sem eru láglaunasvæði í samanburði við önnur svæði.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og hv. þm. hafa eflaust tekið eftir svaraði hæstv. iðnrh. ekki spurningum mínum sem lutu að láglaunasvæðum. Sagði reyndar að hún teldi það ekki þjóna tilgangi. Í því efni er ég henni algjörlega ósammála. Ég tel þvert á móti að ef við ætlum að hafa uppi markvissar aðgerðir til breytinga hvar svo sem þær eru verði aðgerðirnar að taka sérstaklega mið af aðstæðum á þeim svæðum sem við er átt hverju sinni.

Láglaunasvæði búa við meiri erfiðleika en önnur svæði hér á landi, m.a. þá að þar er óvíða til fjármagn til að leggja fram á móti því sem krafist er víðast hvar í stuðningskerfi atvinnuveganna á Íslandi. Ég held að hæstv. iðnrh. ætti að taka þetta til alvarlegrar skoðunar og jafnframt til endurskoðunar þá skoðun sína að ekki sé þörf á sérstökum aðgerðum á láglaunasvæðum.

Hæstv. ráðherra fór mörgum orðum um nýsköpunarmiðstöðina á Akureyri. Hún er án efa ágæt til síns brúks en ég ætla að láta í ljósi þá skoðun mína að það væri mun nær að styðja betur við þær ráðgjafarstöðvar sem eru nær viðkomandi aðilum hverju sinni, þ.e. atvinnuráðgjafana sem búa á svæðunum. Það hefur ekki verið gert eins og ég sagði áðan heldur þvert á móti verið dregið úr stuðningi við þá.

[15:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tók ekki eftir að hv. þm. treysti sér til að koma með það inn í umræðuna hvar þau svæði eru sem hún er að fjalla um og þau hafa ekki verið skilgreind það ég veit. Ráðstafanir okkar og starf okkar miðast að sjálfsögðu við landsbyggðina í heild sinni þegar ég er að fjalla um bæði starf Byggðastofnunar og nýsköpunarmiðstöðvarinnar hvað varðar byggðamál. Nýsköpunarmiðstöðin hefur svo sannarlega sýnt fram á það nú þegar að hún gegnir mjög mikilvægu starfi. Hún var að kynna starf sitt fyrir nokkrum dögum á því ári sem liðið er frá því hún hóf starfsemi sína og það hefði verið fróðlegt fyrir hv. þm. að fylgjast með því.

Það er ekki rétt sem kemur fram í máli hv. þm. að framlög til atvinnuþróunarfélaganna hafi ekki verið hækkuð. Það hefur verið gert. Atvinnuþróunarfélögin gegna, eins og kom fram í máli mínu áðan, mjög mikilvægu starfi og eru í nánum tengslum bæði við nýsköpunarmiðstöðina og Byggðastofnun.

Ástæða er til að geta þess líka að verulegum fjármunum er varið til kaupa í hlutafélögum af hálfu Byggðastofnunar sem er sérstakt átak sem ákveðið var af hálfu ríkisstjórnarinnar. 350 millj. kr. var varið til kaupa í hlutafélögum, í sprotafyrirtækjum á landsbyggðinni, sem skiptir náttúrlega verulega miklu máli. Það er mjög margt sem verið er að gera en það er ekki þar með sagt að ég sé að segja að ekki sé hægt að gera betur. Auðvitað á maður alltaf að hafa það að markmiði að gera betur.

Í lok umræðunnar er ástæða til að nefna að það hefur stórdregið úr flutningi fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, stórdregið úr þeim flutningum, og ég tel að það sé ákveðinn árangur af því starfi sem hefur verið í gangi á sviði byggðamála og lýsi mikilli ánægju með það.

[15:35]

Útbýting þingskjala:

Efnistaka við Þingvallavatn, 642. mál, svar iðnrh., þskj. 1028.

Fylgiréttargjald á listaverk, 507. mál, svar menntmrh., þskj. 1027.

Landssíminn, 723. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1072.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, 735. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1091.

Verndun hafs og stranda, 162. mál, nál. umhvn., þskj. 1075.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 734. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1090.

Umræður utan dagskrár.

Skuldastaða þjóðarbúsins.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Matsfyrirtæki og erlendar efnahagsstofnanir hafa ítrekað beint sjónum að miklum erlendum skuldum Íslands, ekki síst skammtímaskuldum. Þó ríkissjóður og Seðlabankinn hafi bætt stöðu sína að undanförnu, sem er vel, hafa aðrir aðilar safnað gríðarlega auknum skuldum, heimilin, atvinnulífið og sveitarfélögin. Þjóðarbúið í heild er skuldugra en nokkru sinni fyrr. Hreinar erlendar skuldir náðu

100% af landsframleiðslu á árinu 2001. Erlendar skuldir alls eru á annað þúsund milljarða króna og vaxandi.

Skuldir heimilanna á Íslandi eru einhverjar hinar mestu í heimi. Helst eru það Danir og Hollendingar sem eru jafnokar okkar í þeim efnum. Skuldir heimilanna við lánakerfið voru áætlaðar um 820 milljarðar í lok árs 2003, eða rúmlega 180% af ráðstöfunartekjum. Þessi hlutföll voru 20% 1980, 80% 1990, 140% 1998 og áætluð 180% um síðustu áramót eins og áður sagði. Hraði skuldaaukningar heimilanna er nú vaxandi á nýjan leik.

Skuldir atvinnulífsins eru miklar, t.d. sjávarútvegsins, og eignabreytingar þar á undanförnum mánuðum hafa þýtt tugi milljarða í viðbótarskuldsetningu. Aðilar sem eru að losa fé sitt og færa annað eru keyptir út fyrir milljarðatugi og greitt er að uppistöðu til með erlendum lánum. Skuldir sjávarútvegsins eru nú í nágrenni við 200 milljarða kr.

Í árslok 2002 námu skuldir íslenskra fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja tæplega einni og hálfri landsframleiðslu sem eru meiri skuldir en í nokkru öðru landi samkvæmt sambærilegum gögnum. Sem sagt heimsmet, og síðan hefur staðan farið versnandi.

Mikil útlánaþensla hefur verið að undanförnu og vekur það víða áhyggjur. Sérstaka athygli vekur bréf Seðlabankans til innlánsstofnana frá 18. desember sl. í þessu sambandi. Þar segir m.a.:

„Meginniðurstaðan er sú að áhyggjur sem bankastjórnin lýsti á fundunum" — þ.e. fundum með bönkunum — „einkum af hröðum vexti útlána og mikilli erlendri fjármögnun til skamms tíma, voru fyllilega tímabærar. Með bréfi þessu ítrekar bankastjórn Seðlabankans þessar áhyggjur.

Vöxtur innlendra útlána hefur aukist hratt undanfarna mánuði. Í heild jukust útlán innlánsstofnana á 12 mánuðum til loka október sl. um 16% sem er meira en samrýmst getur stöðugleika verðlags og efnahagslífs til frambúðar. Nærtækt er að líta til áranna 1998 til 2001 og afleiðingar mikils útlánavaxtar sem átti sér þá stað. Vanskil og útlánatap jukust í kjölfarið og um tíma þrengdi að erlendri fjármögnun banka og sparisjóða."

Enn segir:

„Áhættuálag á grunnvexti útlána hefur nú lækkað það mikið að það endurspeglar ekki lengur möguleg útlánatöp. Það gengur ekki til lengdar. Bankastjórn Seðlabanka Íslands vonar að lánastofnanir hafi lært af sögunni og sýni varfærni við útlánaákvarðanir.

Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa í auknum mæli fjármagnað starfsemi sína með erlendum lánum og námu þau í lok nóvember rúmum 700 milljörðum króna. Tæpur helmingur þessarar fjárhæðar fellur í gjalddaga á tímabilinu til loka nóvember nk. þannig að endurfjármögnunarþörf bankanna verður afar mikil á næsta ári" — þ.e. þessu sem er að líða.

„Bankastjórn Seðlabanka Íslands ítrekar áhyggjur sínar af þessari þróun og endurfjármögnunaráhættunni sem þetta skapar fyrir íslenska fjármálakerfið. Aðvörunarorð hafa borist víðar að. Má þar nefna Fjármálaeftirlitið og greiningardeildir banka."

Að þessu samanlögðu er ekki að ósekju að spyrja hæstv. forsrh., yfirmann Seðlabankans, sem ábyrgur er fyrir yfirstjórn efnahagsmála í ríkisstjórn, eftirfarandi spurninga:

1. Hvernig metur forsrh. þróun erlendra skulda og greiðslustöðu þjóðarbúsins í ljósi mikillar útlánaþenslu í formi innstreymis erlends lánsfjár með breytilegum vöxtum að undanförnu? Hvað hefur forsrh. að segja um aðvaranir sem birtust í bréfi Seðlabankans til innlánsstofnana í desembermánuði sl. en urðu ekki opinberar fyrr en síðar?

2. Hvernig metur forsrh. þá þróun að íslensk heimili séu í auknum mæli að taka erlend lán með veðsetningu í bílum eða húsnæði svo sem nú er raunin?

3. Hver er staða heimilanna og atvinnulífsins, svo sem sjávarútvegsins, til að mæta skyndilegri gengislækkun og/eða vaxtahækkun í ljósi mikilla beinna og óbeinna skulda?

4. Telur forsrh. koma til greina að gera úttekt á þolmörkum íslenskra banka og fjármálastofnana gagnvart breytingum sem orðið gætu á vöxtum og öðrum lánskjörum, gengi gjaldmiðla eða öðrum þáttum sem máli skipta, með sérstakri hliðsjón af mikilli endurfjármögnunarþörf bankanna á næstu mánuðum?

[15:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Fyrst var spurt um hvernig forsrh. mæti þróun erlendra skulda og greiðslustöðu þjóðarbúsins og hins vegar viðhorf hans til aðvarana sem kynntar voru hér frá Seðlabanka Íslands til innlánsstofnana.

Þegar verið er að ræða erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins er rétt að líta til þess að ríkið hefur verið að greiða niður erlendar skuldir sínar á síðustu árum. Á móti kemur hins vegar að erlendar skuldir viðskiptabankanna jukust um 300 milljarða kr. á liðnu ári. Þessi mikla lántaka fór fram við óvenjulega hagstæð skilyrði. Vextir voru í sögulegu lágmarki og íslenskir bankar leituðu með góðum árangri á nýjar slóðir eftir lánsfé og nutu þar m.a. tiltölulega góðs lánshæfismats alþjóðlegra fyrirtækja á íslenska ríkinu og á bönkunum sjálfum. Erlendar skuldir Íslendinga eru verulegar, hvort heldur sem borið er saman við fyrri ár eða erlendar skuldir annarra þjóða. Af því leiðir að erlendir vextir hafa mikil áhrif. Full ástæða er til þess að mínu mati að vara við því að of geyst sé farið í erlendum lántökum með breytilegum vöxtum af því að vextir séu nú svo lágir. Allt bendir til þess að þeir muni hækka þegar fram líða stundir og muni þá vaxtabyrði lánanna aukast að sama skapi. Við þetta getur bæst gengisáhætta, sérstaklega hjá þeim fyrirtækjum sem ekki hafa tekjur í erlendum myntum.

Stór hluti erlendra lána, og það er athyglisvert, hefur farið í að fjármagna yfirtökur og umbrot á fyrirtækjamarkaði, t.d. skuldsettar yfirtökur. Einnig eru einhver brögð að því að innlend fyrirtæki hafi flutt bankaviðskipti sín frá erlendum til innlendra banka.

Ég hef áður, og þá á viðskiptaþingi, tekið undir ábendingar og aðvaranir sem birtust í bréfi Seðlabankans til innlánsstofnana í desember og skorað á innlánsstofnanir að taka mark á þessum ábendingum og aðvörunum, enda voru þessi tilmæli bæði vinsamleg og skynsamleg í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við auk nýliðinnar sögu. Á hinn bóginn er rétt að vekja athygli á og benda á að þrátt fyrir auknar skuldir innlánsstofnana er eiginfjárstaða bankanna enn góð.

Þá er spurt hvernig forsrh. meti þá þróun að íslensk heimili séu í auknum mæli að taka lán í erlendum gjaldmiðli með veðsetningu í bílum eða húsnæði svo sem nú er raunin.

Skuldir heimila við innlánsstofnanir hafa trúlega hækkað um 13% á 12 mánuðum til loka janúar. Útlán Íbúðalánasjóðs, sem eru fyrirferðarmikil og að mestu til heimila, jukust um 14% í fyrra. Húsnæðisverð hefur hækkað talsvert umfram almennt verðlag undanfarin ár og er orðið hátt. Dregið hefur úr hækkunum á verði húsnæðis á síðustu vikum. Þrátt fyrir

tiltölulega miklar skuldir heimilanna er fjárhagsstaða þeirra tiltölulega traust svo lengi sem bærilega horfir um atvinnu og tekjur.

Varðandi þá þróun að íslensk heimili séu í auknum mæli farin að taka lán í erlendum gjaldmiðlum er rétt að benda á að heimilin taka ákvarðanir sínar um slíkt í ljósi aðstæðna og væntinga um hugsanlega þróun efnahagslífsins á næstu missirum og árum. Engu að síður er rétt, að mínu mati, að vara við slíkri þróun þó það sé einnig varasamt að grípa fram fyrir hendur á fólki og setja skorður við ákveðnum leiðum til lánsfjáröflunar. Rétt er að vekja athygli á því að enn sem komið er eru skuldir heimilanna í erlendum gjaldmiðlum a.m.k. mjög litlar.

Þá er spurt hver sé staða heimila og atvinnulífs og einstakra greina, þess vegna sjávarútvegsins, til að mæta skyndilegri gengislækkun og/eða vaxtahækkunum í ljósi mikilla beinna og óbeinna erlendra skulda?

Hvað fyrirtækin varðar er erfitt að alhæfa um áhrifin af breytingum eins og þeim sem spurt er um. Gengislækkun kæmi útflutningsfyrirtækjum að öðru jöfnu vel sem aftur gæti haft örvandi áhrif á vinnumarkað. Aukin eftirspurn á vinnumarkaði kæmi sumum heimilum vel. Hækkun vaxta mundi aftur á móti verka íþyngjandi fyrir fyrirtækin. Fyrir þau fyrirtæki sem ekki hafa tekjur í erlendri mynt mundi gengislækkunin hafa neikvæð áhrif og stundum mjög neikvæð áhrif, ef þeir notast við erlend hráefni við framleiðslu sína. En fyrir mjög margar greinar hafa gengissveiflur hins vegar lítil áhrif, svo sem flest fyrirtæki í þjónustu. Gengislækkun mundi hins vegar hafa jákvæð áhrif á þau fyrirtæki sem hafa tekjur í erlendri mynt, svo sem flest sjávarútvegsfyrirtæki. Að öðru jöfnu má ætla að staða heimilanna versni nokkuð við skyndilega gengislækkun og/eða vaxtahækkun, þar sem skuldabyrði lána yxi í kjölfarið.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að nýgerðir kjarasamningar og efnahagsstöðugleiki undanfarinna ára, sem þessir sömu samningar draga dám af, hafa þau áhrif að minni líkur eru nú en oftast áður á skyndilegum breytingum á gengi og vöxtum.

Síðan var spurt um þolmörk íslenskra banka. Í því sambandi vil ég benda á að Fjármálaeftirlitið gegnir mjög mikilvægu hlutverki með eftirliti með íslenskum bönkum og fjármálastofnunum. Fjármálaeftirlitið fylgist vel með breytingum á fjármálamarkaði og hefur staðið sig vel í að þróa nýjar aðferðir í takt við slíkar breytingar. Má þar nefna að á síðustu missirum hefur Fjármálaeftirlitið þróað nýjar aðferðir til að tryggja virkara aðhald með áhættustýringu. Þar á meðal er sérstakt áhættumatskerfi og álagspróf fyrir fjármálafyrirtæki. Þessi nýju tæki liggja til grundvallar nýjum reglum um mat á áhættustigi fjármálafyrirtækja og ákvörðunum um hærra eiginfjárhlutfall.

Að svo stöddu tel ég ekki nauðsynlegt umfram þetta að gera sérstaka úttekt á þolmörkum íslenskra fjármálafyrirtækja.

[15:47]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég held að óhætt sé að segja að það blasi við öllum að innstreymi erlends fjár er gríðarlegt um þessar mundir. Einungis í janúar var innstreymi erlendra endurlána um 16 milljarðar kr. en til samanburðar má nefna að gert er ráð fyrir að innstreymi vegna Norðuráls og Kárahnjúka verði samanlagt 18–22 milljarðar kr. á ári.

Það kann að hljóma fjarstæðukennt en við þessar aðstæður gæti bati í efnahagslífinu erlendis skapað erfiðleika hér á landi. Það bendir einmitt margt til að það sé bati fram undan á Vesturlöndum. Alls konar væntingavísitölur eru á uppleið. Á síðasta ári voru um 70% allra hagtalna í Bretlandi umfram væntingar. Þar er því góðæri og svipuð teikn koma frá Bandaríkjunum. Þetta getur leitt til þess, eins og hæstv. forsrh. hefur sagt, að vextir hækki erlendis og þá hljóta vextir á erlendum endurlánum með breytilegum vöxtum að hækka sjálfkrafa. Hækki vextir erlendis í það sama og þeir voru árið 2000 þá mundi það leiða til þess að viðskiptahallinn færi upp í 9% af landsframleiðslu. Það væri líklegt til þess að grafa undan genginu. Við það eykst höfuðstóll þeirra sem eru með erlend lán.

Fjölskyldur og fyrirtæki geta þannig lent í tvöföldum hremmingum í formi hærri vaxtabyrði og hærri höfuðstóls lána. Svona þróun gæti leitt til þess að greiðslubyrði fjölskyldna með slík lán mundi á mjög skömmum tíma tvöfaldast. Það er auðvitað alltaf auðvelt að kenna bönkunum um en þeir gera ekki annað en það sem reglurnar leyfa þeim.

En hverjir setja reglurnar og hverjir eiga að breyta þeim í samræmi við breytt efnahagsumhverfi? Fjármálaeftirlitið á að gera það. Ég er ósammála hæstv. forsrh. um að Fjármálaeftirlitið hafi staðið sig vel. Það getur breytt reglum um hlutfall eigin fjár og um áhættuflokkun. En Fjármálaeftirlitið skortir algjörlega frumkvæði, reyndar ekki aðeins í þessu efni heldur birtist sama aðgerðaleysi í þeim hildarleik sem er í gangi varðandi yfirtökur í atvinnulífinu. Ég er ósammála hæstv. forsrh. og segi: Það er ekki annað hægt en að gagnrýna Fjármálaeftirlitið harðlega fyrir frammistöðuna.

[15:49]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Í þessari umræðu ætla ég að einblína á skuldir hins opinbera. Eftir að skuldir hins opinbera höfðu aukist mjög á fyrri hluta síðasta áratugar urðu umskipti eftir árið 1995. Frá þeim tíma hafa skuldirnar lækkað ár frá ári, sérstaklega að því er varðar ríkissjóð. Samfara góðum árangri í ríkisfjármálum hefur verið lögð áhersla á að greiða niður skuldir ríkissjóðs en á sama tíma hefur verið allnokkur hallarekstur hjá sveitarfélögunum sem hefur leitt til aukinna skulda þeirra.

Í árslok 1995 voru hreinar skuldir hins opinbera tæplega 40% af landsframleiðslu. En í árslok 2003 eru þær áætlaðar um 25%. Í þessu skiptir lækkun skulda ríkissjóðs öllu máli. Samfara lækkun á skuldum ríkissjóðs njótum við góðs af hagstæðari vaxtajöfnuði. Árið 1998 greiddi ríkissjóður vexti umfram vaxtatekjur sem námu tæplega 8 milljörðum kr. Á þessu ári er reiknað með að þessi vaxtajöfnuður verði nálægt jafnvægi. Þetta þýðir einfaldlega að í stað þess að greiða marga milljarða umfram vaxtatekjur í vaxtagjöld má ráðstafa þeim fjármunum í önnur og mikilvægari verkefni.

Með efnahagsstjórn síðustu ára og þeirri stefnu sem stjórnarflokkarnir vinna eftir hefur náðst mikill árangur í að lækka skuldir ríkissjóðs. Með aðhaldi í ríkisútgjöldum og þeim efnahagslega stöðugleika sem við búum við undir styrkri handleiðslu stjórnarflokkanna munum við halda áfram að lækka skuldir ríkissjóðs, öllum þegnum landsins til hagsbóta.

Hvað hið opinbera varðar í heild sinni er mikilvægt að afkoma sveitarfélaganna verði betri en verið hefur þannig að sveitarfélögin nái einnig að lækka skuldir sínar og draga úr fjármagnskostnaði. Það er a.m.k. að hluta til sameiginlegt

verkefni ríkis og sveitarfélaga og er mikilvægt að góður árangur náist í þeim efnum þannig að enn betri árangur náist í að lækka skuldir hins opinbera í heild.

[15:51]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist áðan stuttlega á skuldir sjávarútvegsins sem ég ætla að gera að umtalsefni.

Samkvæmt tölum sem Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, lagði fram á aðalfundi samtakanna 4. október síðastliðinn var áætlað að heildarskuldir sjávarútvegsins næmu um 190 milljörðum kr. um mitt síðasta ár. Þær höfðu aukist úr 70 milljörðum kr. árið 1988, eða um 120 milljarða kr. á 15 árum. Nokkrir óvissuþættir fylgja þessum útreikningum og hér er að vissu leyti um áætlaðar tölur að ræða. Engu að síður er þetta háalvarleg þróun, frú forseti. Ekki er hægt að segja að tekjur útvegsins hafi aukist nema að hluta í takt við skuldaaukninguna. Heildartekjur voru um 50 milljarðar kr. árið 1988 en aðeins rúmlega helmingi meiri á síðasta ári, eða um 120 milljarðar kr.

Það er athyglisvert að skoða að heildarskuldir eru svipaðar og heildartekjur á hverju ári á öllu tímabilinu frá 1988 til 1995. En þá er eins og flóðgátt bresti og á síðasta ári voru skuldirnar rétt tæpir 200 milljarðar á meðan tekjurnar voru tæpir 120 milljarðar kr.

Af 200 milljarða kr. heildarskuld voru um 140 milljarðar kr. í skuld við íslenskar fjármálastofnanir um mitt síðasta ár. Um 65% af 200 milljarða kr. heildarskuld voru í erlendum gjaldmiðlum og ljóst er að lántökur sjávarútvegsfyrirtækja erlendis hafa aukist mjög á undanförnum mánuðum. Það kemur fram í skýrslu KB-banka sem hér hefur verið til umræðu.

Allnokkur fyrirtæki hafa verið afskráð í Kauphöllinni af ýmsum ástæðum og svokallaðar skuldsettar yfirtökur átt sér stað. Greiningardeild KB-banka telur að nýlegar yfirtökur á fimm sjávarútvegsfyrirtækjum sem horfið hafa af markaði hafi kallað á 25–30 milljarða kr. lántökur.

Hæstv. forseti. Menn hafa kannski aldrei fyrr stundað það af meira kappi að veðsetja óveiddan fiskinn í sjónum, fisk sem enginn veit í raun hvort verður til eða ekki. Hér er verið að taka mikla áhættu með fjöregg þjóðarinnar og ljóst að ekkert má út af bera eigi ekki illa að fara.

[15:54]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég tel fulla ástæðu til að staldra við og huga að því hvert stefnir í skuldasöfnun þjóðarinnar og einnig því hvernig henni er háttað innan íslensks samfélags, bæði hvað varðar atvinnulíf og einstaklinga.

Á síðasta ári, sem var þó á margan hátt gjöfult ár, var viðskiptahallinn 45,5 milljarðar kr. En árið á undan var hann nálægt jafnvægi. Erlendar skuldir þjóðarinnar jukust á síðasta ári um 246 milljarða kr. Þær voru í árslok ársins 2003 orðnar 1.210 milljarðar, eða um 150% af vergri landsframleiðslu.

Vert er að hafa í huga, virðulegi forseti, að samtímis höfum við breytt verulega umgjörð íslensks fjármálamarkaðar. Eins og hér hefur réttilega verið bent á er það ekki lengur ríkið sem er ábyrgt fyrir hinum erlendu lántökum og viðskiptahallanum heldur er það einkageirinn og ekki síst fjármálastofnanirnar.

Ég leyfi mér að vísa til ummæla Kristjáns Ragnarssonar, fráfarandi formanns bankaráðs Íslandsbanka, sem greint var frá í Morgunblaðinu 9. mars. Hann gagnrýndi viðvaranir og ábendingar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins á fjölmennum aðalfundi í Íslandsbanka sem haldinn var 8. mars. Í fréttinni segir, með leyfi forseta:

„Hann sagði að þessar stofnanir ættu ekki að setja fram almennar aðfinnslur um fjármálafyrirtæki, heldur að beina þeim að þeim fjármálafyrirtækjum sem aðfinnslurnar ættu við. Hann sagði enn fremur að ef hafa ætti virkt fjármálaeftirlit þyrfti aðgerðir í stað orða."

Það held ég að sé málið, frú forseti, að hér þarf aðgerðir en ekki bara orð.

[15:56]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til að taka undir þau viðvörunarorð sem hæstv. forsrh. og Seðlabankinn hafa látið frá sér fara að undanförnu um aukningu erlendra skulda. Innstreymi erlends lánsfjár í gegnum bankakerfið hefur verið verulegt að undanförnu. Í þeim efnum verða allir að fara að með gát, bæði fjármálastofnanir, fyrirtæki og heimili.

Ríkisstjórnir hafa á undanförnum árum beitt sér fyrir miklu frelsi á fjármálamörkuðum og afnámi hafta á fjármagnsflutninga og eins og svo víða þá kallar aukið frelsi á aukna ábyrgð. Samt er engin ástæða til að mála ástandið of dökkum litum. Menn verða að hafa í huga í þessari umræðu að íslenska hagkerfið hefur breyst mikið á undanförnum árum, ekki síst vegna meðvitaðra ákvarðana stjórnvalda og Alþingis. Hagkerfið er þar af leiðandi að mörgu leyti betur í stakk búið til að takast á við hugsanlegar sveiflur en áður.

Breytingar á fjármálamarkaðnum og atvinnulífinu auka líka aðlögunarhæfni hagkerfisins. Aukin alþjóðavæðing, frelsi í viðskiptum og sveigjanleiki í starfsumhverfi fyrirtækja vegur þungt í þessu efni. Aukin þekking á gengisvörnum og áhættustýring af ýmsu tagi skiptir líka máli í þessu sambandi.

Það má ekki gleyma því að um þessar mundir þá taka menn ákvarðanir í trausti þess að hagvöxtur verði umtalsverður á næstu árum, meiri en í löndunum í kringum okkur. Menn ganga út frá því að stöðugleiki haldist. Það er því gríðarlega mikilvægt verkefni fyrir stjórnvöld, Seðlabanka og ekki síst aðila vinnumarkaðarins að leggja sitt af mörkum til að viðhalda stöðugleikanum.

Varðandi fjármálamarkaðinn sérstaklega má benda á að Seðlabankinn hefur mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna gagnvart stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Fjármálaeftirlitið hefur mikilvægt hlutverk varðandi einstakar lánastofnanir. Fjármálaeftirlitinu voru nýlega fengnar í hendur auknar heimildir til að hafa eftirlit eins og forsrh. gat um áðan og það er mikilvægt að þær heimildir séu nýttar ef tilefni gefst til.

[15:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Skuldir þjóðarbúsins, ekki síst heimila og fyrirtækja, hafa nær tvöfaldast frá árinu 1995 til ársins 2002 á föstu verðlagi, úr 1.069 milljörðum kr. í 1.983 milljarða kr. Skuldir heimilanna hafa á þessum tíma vaxið um 85% og fyrirtækjanna um 130%. Þetta er ógnvekjandi vöxtur, ekki síst ef litið er til erlendu skuldastöðunnar. Erlendar skuldir þjóðarbúsins voru í árslok 2003 1.210 milljarðar kr. á sama tíma og erlendar eignir voru nær helmingi minni, eða 671 milljarður kr. Aukning erlendra skulda er nær 60% á síðustu þremur árum, en aukning erlendra skulda ein og sér á þessum tíma samsvarar nær tvöföldum fjárlögum íslenska ríkisins.

Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því hvaða áhrif svo gríðarmikið erlent lánsfjármagn hefur á efnahagslífið, gengi krónunnar, stöðugleika, verðbólgu og viðskiptahalla og hvort hlutabréf og fasteignaverð hríðfalli ekki í kjölfarið ef hægir á innstreymi erlends fjármagns.

Hvaða áhrif hefur það þegar einstaklingar og fyrirtæki taka mikla gengisáhættu í lánveitingum og vaxtaákvarðanir erlendra seðlabanka hafa meiri áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins en vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands?

Bankarnir eru líka farnir að ota gengistryggðum lánum að heimilunum eins og þeir gerðu með yfirdráttarlánin, sem er verulega áhættusamt þegar tekjur heimilanna eru í íslenskum krónum.

Þetta erlenda fjármagn er líka nýtt af fyrirtækjum og stórum fjármagnseigendum til að taka þátt í matadorspilinu og græðgisvæðingunni sem nú tröllríður þjóðfélaginu.

Það er vissulega umhugsunarvirði hvaða áhrif ákvarðanir og fjárfestingar valdablokkanna í viðskiptalífinu geta haft á efnahagslífið, stöðu smærri fyrirtækja og heimilanna í landinu. Það virðist stefna í að aðgerðir þessara fáeinu risafjármagnseigenda, sem smátt og smátt eru að eignast Ísland, skipti orðið meira máli fyrir þjóðarbúið en aðgerðir stjórnvalda.

[16:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er í þessu eins og öðru að það eru tvær hliðar á hverjum peningi. Á móti skuldum standa líka eignir. Við þekkjum það af hagtölum að eignir íslensku þjóðarinnar hafa vaxið gríðarlega mikið. Að sönnu skuldar íslenska þjóðin um 1.200 milljarða erlendis en hún á líka erlendar eignir upp á nærri 700 milljarða kr.

Við þekkjum það að íslenskar fjölskyldur eiga miklar eignir í lífeyrissjóðsverðmætum og bankakerfið stendur vel, efnahagsreikningar bankanna eru traustir þrátt fyrir að þeir hafi vaxið bæði eignamegin og skuldamegin. Ef við skoðum því stöðuna í heild er gott jafnvægi á móti eignum og skuldum og engin ástæða til að draga upp þá mynd að hér séu efnahagsmálin að fara á hliðina og við séum búin að steypa okkur í skuldir sem íslenska þjóðin ræður ekki við að greiða. Þvert á móti, við höfum aldrei fyrr í sögu íslensku þjóðarinnar átt aðrar eins eignir og við eigum nú.

En því er ekki að leyna að það eru líka hættumerki því það er ekki bara allt á annan veginn. Við sjáum það á ýmsum tölum að við skuldum meira, eða íslensk heimili skulda meira sem hlutfall af ráðstöfunartekjum en aðrar þjóðir og hlutfall erlendra skulda miðað við þjóðarframleiðslu er óvíða hærra en hér á landi. Þetta eru auðvitað hættumerki og við eigum að bregðast við þeim með því að stuðla að því að hlutföllin lækki.

Það er líka hættumerki að íslenskir bankar skuli taka svo mikið af lánum erlendis og endurlána innan lands vegna þess að greiðendurnir eru mjög viðkvæmir fyrir breytingum á vöxtum erlendis og breytingum á gengi, sem geta mjög raskað greiðslugetu lántakendanna með skömmum hætti og við höfum reynslu af því sem ekki er góð. Þess vegna eigum við að taka mark á þessum fyrirboðum og bregðast við þeim með mjög ákveðnum hætti.

[16:03]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að færa málið til umræðu á hinu háa Alþingi.

Í síðasta riti Seðlabanka Íslands, Peningamálum, sem fjallar um efnahagsmál kemur fram að Íslendingar eru á meðal skuldugustu þjóða heims, hvort sem litið er til einkageirans, skulda heimila eða fyrirtækja og hvort sem litið er til vergra eða hreinna skulda þjóðarbúsins.

Hins vegar, eins og kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, eru skuldir hins opinbera ekkert sérstaklega miklar. En ég tel réttara að skoða myndina í heild sinni. Ýmsar skýringar eru á skuldum þjóðarinnar, svo sem ungur aldur þjóðarinnar, hátt hlutfall eignaríbúða, en síðan eru aðrar ástæður, svo sem að stjórnvöld hafa komið á framseljanlegu kvótakerfi og gert fyrirtækjum kleift að veðsetja sameiginlegar eignir landsmanna og draga úr greininni gríðarlega mikla fjármuni sem hafa verið fjármagnaðir m.a. með erlendri lántöku.

Það sem gerir skuldsetninguna mögulega er að nú um stundir eru mjög lágir vextir í útlöndum. Erlend lán eru yfirleitt tekin með breytilegum vöxtum og ef vextir fara hækkandi mun það án efa verða erfiður baggi fyrir fyrirtækin í landinu sem hafa fjármagnað sig með þessum hætti og þar með fyrir þjóðarbúið í heild sinni.

KB-banki hefur nýlega tekið saman mjög áhugaverða skýrslu um hlutabréf og gengi krónunnar þar sem fjallað er um tengsl hækkandi gengis hlutabréfa og erlendar lántökur, en erlendrar lántökur hafa haft bein áhrif á gengi íslensku krónunnar. Það er alveg rétt sem fram kom í máli eins hv. þm. að valdabarátta á mörkuðum á síðustu mánuðum hefur leitt til geysimikillar erlendrar lántöku og þar með til hækkunar á gengi krónunnar. Það er ákveðin hætta á að þanþoli sé náð og við megum búast við skyndilegum gengislækkunum.

[16:05]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Erlendar skuldir þjóða heims eru að meðaltali núll og þær þjóðir sem skulda eru að greiða hinum vexti. Íslendingar hafa ætíð skuldað hlutfallslega mikið erlendis. Helgast það af smæð þjóðarinnar og mikilli og nauðsynlegri uppbyggingu en líka af mikilli eyðslugleði og litlum sparnaðarvilja almennings.

Neikvæð ávöxtun mikinn hluta síðustu aldar skapaði þá trú að það borgaði sig að skulda. Enn fremur hefur þjóðin verið laus við alvarlegt atvinnuleysi og önnur efnahagsleg áföll mjög lengi þannig að fólk fer að líta á velsældina sem náttúrulögmál, sem hún ekki er.

Erlendar skuldir myndast þegar halli er á viðskiptum. Hallinn getur verið góðkynja ef hann stafar af arðbærum fjárfestingum sem greiða niður skuldirnar, en því miður er því ekki alltaf að heilsa hér. Stór hluti hallans er vegna einkaneyslu sem tekin eru lán fyrir og endurspeglast í mikilli skuldastöðu heimilanna. Í því sambandi má þó ekki gleyma eignum einstaklinganna í íbúðarhúsnæði sem stendur að baki skuldunum og hafa hækkað miklu meira en skuldirnar. Einnig er eign landsmanna í lífeyrissjóðum um 5 millj. kr. á hvern vinnandi mann að jafnaði svo eigna- og skuldastaða einstaklinga er kannski ekki eins varasöm og sýnist.

En þess ber að gæta að íbúðarhúsnæði er ekki sérlega arðbært í þjóðhagslegum skilningi og það getur því orðið erfitt að standa undir greiðslum af þessum miklu skuldum fyrir einstaklinga.

Frú forseti. Fólk er ekki fætt með skuldir og skuldir heimilanna stafa af einstökum ákvörðunum. Fólk ætti almennt að reyna að átta sig á neikvæðum áhrifum mikillar greiðslu-

byrði á lífsgæði og hamingju, jákvæðum áhrifum sparnaðar og hófsemi og þess að við erum alla daga að taka ákvarðanir sem minnka skuldir okkar og auka sparnað eða öfugt. Fólk ætti að nota væntanlegan efnahagsbata til að grynnka á skuldum sínum og hafa að leiðarljósi þá góðu tilfinningu að eiga milljón í banka til að grípa til og engin vanskil vítt og breitt. Það eru lífsgæði sem eru meira virði en flottasti jeppi.

[16:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég vil bregðast sérstaklega við einu þeirra, þ.e. við spurningunni um það hvort ástæða sé til að gera úttekt á svokölluðum þolmörkum fjármálakerfisins, sem á nútímaíslensku í ónefndum byggingum hér í bænum er kallað „stress-test", hvað þola bankar, kerfið, sparisjóðir og aðrar fjármálastofnanir miklar snöggvægilegar breytingar í ljósi þess hversu hátt boginn er spenntur.

Ég tel að það að vísa í reglur Fjármálaeftirlitsins og boðaðar reglur samkvæmt heimildum í gildandi lögum um jafnvel hertar reglur sé ekki fullnægjandi svar. Ég vitna í því sambandi í afstöðu Fjármálaeftirlitsins sjálfs samanber t.d. viðtal við forstjóra þess í Morgunblaðinu 15. janúar, þar sem skýrt er tekið fram að tilgangur reglnanna sé ekki að veita almennt aðhald heldur að tryggja stöðu einstakra stofnana. Fjármálaeftirlitið lítur ekki á það sem hlutverk sitt að hafa áhyggjur af hinu almenna efnahagsástandi heldur að tryggja að einstakir aðilar standist kröfur. Þess vegna vísar Fjármálaeftirlitið í raun og veru frá sér því að bera ábyrgð á hinni almennu stöðu en horfir á hvern og einn fyrir sig.

Tilgangur umræðunnar, frú forseti, er ekki sá af minni hálfu að mála skrattann á vegginn. Ég fór með ekkert nema staðreyndir í máli mínu, vitnaði í opinberar og traustar heimildir, Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið, greiningardeildir banka og studdist við gögn frá Efnahags- og framfarastofnuninni. Ég met það við hæstv. forsrh. að hann gerir ekki lítið úr vandanum eða því hvað staðan er viðkvæm. Íslenska þjóðarbúið er ískyggilega skuldsett og þar bera nú um stundir hálfopinberir og opinberir aðilar, eins og bankarnir, mikla ábyrgð. Átti ekki ábyrgðin að aukast með einkavæðingunni? Annað upplifa margir nú, að nýríkir aðilar séu í gróðafíkn sinni orðnir óhæfilega áhættusæknir.

Er það kannski svo að hæstv. forsrh. ráði illa við uppvakninginn, draugsa einkavæðingarinnar?

[16:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður. Mér finnst gott að málshefjandi og aðrir hv. þm. hafi vakandi auga með því sem þarna er að gerast og ég tel það ekki að ástæðulausu. Ég hef sjálfur nokkrum sinnum vakið athygli á þessum þáttum þegar ég hef fengið tóm og tækifæri til, m.a. þar sem hlutaðeigendur mæta og eiga seturétt á þingum sem ég hef ávarpað. Afstaða mín liggur því nokkuð vel fyrir.

Ég tel að á marga lund sé það rétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan, að mál hafa þróast þannig að um sumt hefur áhrifavaldið færst frá opinberum aðilum til einkaaðila, til fjármálastofnana og banka. Við erum hér með fjárlög, sem ég geri svo sannarlega ekki lítið úr, að leitast við að skila ríkissjóði með afgangi upp á 4 eða 6 milljarða kr. og sláumst um hverja upphæð, ég geri ekki lítið úr því. Síðan, eins og ég nefndi áðan, aukast erlendar skuldir viðskiptabankanna á einu ári um 300 milljarða kr. Menn velta fyrir sér: Hvort skyldi hafa meiri áhrif, þessi ágæta afgangstala ríkissjóðs upp á 4 milljarða eða þetta inngrip, um 300 milljarðar, frá bankastofnunum?

Annað sem ég er hugsandi yfir er að þessi lán, mörg hver, sem þannig eru fengin inn eru til tiltölulega skamms tíma, skemmri tíma en áður tíðkaðist. Það er allt í lagi á meðan allt er í lagi, en um leið og harðnar á dalnum einhvers staðar annars staðar verða menn ofurseldir erlendu bankavaldi hvað þetta varðar.

Ég vek athygli á því að einn viðskiptabankinn til að mynda tekur helmingi hærra lán í einu vetfangi til einnar afgreiðslu en ríkissjóður og Seðlabanki hefur nokkru sinni treyst sér til að gera. Það hlýtur a.m.k. að vekja nokkra athygli.

Þess vegna, þó að við eigum ekki að takmarka frelsið ef við komumst hjá því, er það algjörlega nauðsynlegt hins vegar að menn hafi fulla aðgát í þessum efnum, bæði þingmenn og þær stofnanir þjóðfélagsins sem í hlut eiga.

[Fundarhlé. — 16:11]

[17:59]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 481. mál, nál. utanrmn., þskj. 1094.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, 611. mál, nál. utanrmn., þskj. 1093.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 736. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1096.

Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, 457. mál, svar félmrh., þskj. 1059.

Landsnet hf., 737. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1097.

Verndun hafs og stranda, 162. mál, brtt. umhvn., þskj. 1076; brtt. MÁ o.fl., þskj. 1095.

Atvinnumál kvenna.

Fsp. AKG, 698. mál. — Þskj. 1036.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Í nýlegri skýrslu frá Byggðastofnun kemur fram að af úthlutuðum fjármunum þeirra sjóða sem skýrslan nær til runnu aðeins um 20% til atvinnusköpunar kvenna á árabilinu 1997–2002. Handvinna þurfti kyngreindar upplýsingar úr gögnunum og í sumum tilfellum reyndist það ómögulegt, t.d. úr gögnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem enn er þó einn öflugasti sjóður sem hægt er að sækja í þótt fjármagn til hans hafi dregist saman. Ein kona var á móti hverjum fjórum körlum í úthlutunarnefndum og engin kona var formaður stjórnar. Konur reka 20% fyrirtækja á landinu og ljóst er að í krafti þeirra liggur mikið afl óvirkjað.

Jafnréttisráðgjafi Norðurlands vestra, sem er eitt af tekjulægstu svæðum landsins, lét vinna skýrslu fyrir nokkrum árum þar sem fram kemur að launakjör kvenna í landbúnaði á svæðinu eru að jafnaði 45% undir framfærslumörkum. Mér er ekki kunnugt um að sambærileg rannsókn hafi verið gerð annars staðar né um stærri markhóp sem þó hlýtur að teljast afar mikilvægt ef fyrirhugað er að fara í markvissar stuðningsaðgerðir. Stöður jafnréttisráðgjafa sem nú eru til

á tveim svæðum landsins, Austurlandi og Suðurlandi, eru aðeins tímabundnar, þ.e. til 2004 á Austurlandi en 2005 á Suðurlandi. Framhaldið er óljóst, jafnvel þótt að endamörkum tímabilsins sé að koma í öðru tilfellinu og vitað sé að starfsemi jafnréttisráðgjafa hafi gefist vel.

Stuðningur við atvinnuuppbyggingu kvenna er brýnn og mikilvægt að hann nálgist forsendur kvennanna sjálfra. Þekking á hugmyndum og aðstæðum kvenna er skilyrði þess að vel geti tekist til og þar er margt hægt að bæta. Það hvað konur skipa rýran sess í úthlutunarnefndum er vísbending um skeytingarleysi í því efni. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hvað hefur ráðherra gert til úrbóta í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni?

2. Hefur ráðherra skoðað sérstaklega stöðuna í atvinnumálum kvenna á láglaunasvæðum?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sértækum aðgerðum á þessu sviði og ef svo er, hvaða aðgerðum og hvenær má vænta þeirra?

[18:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Því er til að svara að í byggðaáætlun 2002–2005 eru verkefni sem lúta að konum á landsbyggðinni. Byggðastofnun vinnur nú að ýmsum verkefnum á þessu sviði, svo sem samstarfsverkefni með félmrn. um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa þar sem sérstaklega er leitast við að aðstoða og gefa konum í atvinnurekstri á landsbyggðinni ráð. Hv. þm. Birkir J. Jónsson kom að þessu máli hér vegna fyrirspurnarinnar sem síðast var á dagskrá á undan þessari.

Þá hefur Byggðastofnun nú nýlega lokið athugun á skiptingu styrkja stofnunarinnar og atvinnuþróunarfélaga eftir kynjum. Hv. fyrirspyrjandi kom inn á það mál.

Iðnrn. hefur einnig tekið þátt í samstarfsverkefninu „Lifandi landbúnaður" með landbrn., félmrn. og Bændasamtökunum þar sem markmiðið er að fá konur til aukinna áhrifa í landbúnaði.

Flest þau verkefni sem unnið er að á vettvangi iðnrn. og lúta að stuðningi við konur eru almenn og nýtast því landsbyggðarkonum eins og öðrum konum. Hér má t.d. nefna þjónustu við konur í atvinnurekstri hjá Impru. Lögð er sérstök áhersla á það hjá Impru að veita konum sem hyggja á atvinnurekstur aðstoð við stofnun fyrirtækis.

Lánatryggingasjóður kvenna er annað verkefni en markmið sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á allt að helmingi lána sem þær taka hjá Landsbanka Íslands til að fjármagna tiltekin verkefni.

Þá má nefna Brautargengi en það er námskeið fyrir konur í sambandi við stofnun og rekstur fyrirtækja. Impra stendur fyrir námskeiðinu með stuðningi sveitarfélaga. Síðastliðið haust var námskeiðið haldið í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

Ég hef ekki látið skoða sérstaklega stöðuna í atvinnumálum kvenna á láglaunasvæðum eins og hv. þm. kýs að nefna það, enda eru þau ekki skilgreind það ég best veit.

Ég hef ákveðið að nýtt verkefni iðn.- og viðskrn. í nýrri framkvæmdaáætlun um aðgerðir í jafnréttismálum sem félmrh. mun leggja fyrir Alþingi á næstunni verði atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni. Það verður á forræði Byggðastofnunar.

Ég vil leggja áherslu á það verkefni iðn.- og viðskrn. að stuðla að nýsköpun og fjölbreyttari atvinnurekstri kvenna á landsbyggðinni. Það er hins vegar ekki á forræði ráðuneytisins að skoða atvinnumál kvenna í víðum skilningi.

Vegna þess að hv. þm. talaði sérstaklega um þá athugun sem ég kom einnig inn á og varðar Byggðastofnun, styrkveitingar þaðan þar sem konur báru frekar skarðan hlut frá borði, er það stjórn stofnunarinnar sem fer með þau mál. Ráðherra, ég í því tilfelli, hefur ekki afskipti af daglegum rekstri Byggðastofnunar og ég get ekki í raun sagt henni fyrir verkum, hvorki hvað þetta varðar né annað. Ég held að það sé full ástæða til að taka það sérstaklega fram. Hins vegar var athyglisverð þessi úttekt sem gerð var og sýnir, a.m.k. hvað varðar þann sem skráður er fyrir styrkbeiðnum, að karlmenn eru í miklum meiri hluta þeirra sem fá jákvæð viðbrögð.

[18:07]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hérna er hreyft við athyglisverðu og mikilsverðu máli. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda og í svari hæstv. ráðherra er staða kvenna í atvinnulífinu algjörlega óviðunandi, og sérstaklega þegar litið er til landsbyggðarinnar. Þar sem launin eru hvað lægst er bókstaflega hægt að segja að staða kvenna í atvinnulífinu sé slæm. Það er ástæða til að grípa til sértækra aðgerða eins og spurt er um í fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda.

Í svari ráðherra kom fram að ekki er á döfinni að grípa til sértækra aðgerða, heldur almennra. Það er ástæða til að skora á hæstv. ráðherrann að endurskoða þetta. Eins er ástæða til að brýna stjórn Byggðastofnunar sérstaklega til að líta nú til þess að skoða þessi mál gaumgæfilega þegar úthlutað er og til að hvetja konur til að sækja þar um styrki til jafns við karla.

[18:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til að gera átak, eitthvað í þá veru sem hæstv. ráðherra nefndi, en ég tel að velja þurfi verkefnin með tilliti til þess hvernig þau gagnist þá konum best. Ég vil meina að t.d. séu mörg verkefni í ferðaþjónustu sem geti komið þar til greina og ég hvet eindregið til þess að þannig verði að málum staðið að menn velji verkefnin út frá því.

Síðan er annað líka sem menn þurfa að hafa í huga og það er atvinnuástandið á landinu. Það er ekki eins alls staðar. Og það verður auðvitað að stjórna Byggðastofnun. Þótt hæstv. ráðherra segist ekki hafa afskipti af Byggðastofnun eða afgreiðslum hennar vita allir menn að það þarf einhvers konar stefnumörkun fyrir því hvað Byggðastofnun gerir. Og Byggðastofnun er ekki eitthvert blint bákn sem fer bara í einhverja átt, heldur fer hún þangað sem menn hafa ákveðið að hún eigi að fara.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Svör ráðherra valda vissum vonbrigðum nú eins og svör hennar við fyrri fyrirspurn frá mér hér í dag. Það kemur í ljós í máli hennar aftur og aftur að hún hefur ekki skoðað sérstaklega þau svæði sem í hvað mestum vanda eiga, þ.e. þau svæði sem lægst hafa launin. Reyndar segist hún ekki hafa skoðað það hvaða svæði sérstaklega séu láglaunasvæði. Ég held að ekki þurfi mjög mikla þekkingu á landinu til að vita hvar tekjurnar eru lægri en meðaltal á landsvísu.

Ég get upplýst ráðherra um það t.d. að í hinu gamla kjördæmi Norðurlandi vestra eru meðaltekjur 14% undir landsmeðaltali og á sumum svæðum þar mun lægri. Ef ekki

er ástæða til að skoða málefni slíkra svæða sérstaklega umfram önnur veit ég ekki hvað við erum að gera hér í stjórn þessa lands. Því miður er það svo að altækar aðgerðir gagnast ekki alltaf, virðulegi ráðherra.

Þó að ráðherra hafi ekki afskipti af daglegum störfum Byggðastofnunar hlýtur ráðherra þó að taka mið af þeim skýrslum sem koma frá stofnuninni og miða stefnumótun sína til framtíðar við niðurstöður þeirra. Þar kemur m.a. fram að konur hljóta mun minni styrki, bæði sækja þær minna um sem segir einhverja sögu sem þyrfti að kanna, þær fá færri styrki og þær fá lægri styrki. Alla þessa sögu hljótum við að taka til skoðunar og athuga hvað við getum gert til að breyta þessu máli. Annars erum við ekki starfi okkar vaxin, herra forseti.

[18:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er alltaf umdeilanlegt hver er starfi sínu vaxinn og getur sitt sýnst hverjum í þeim efnum.

Ég held að hv. þingmenn hafi ekki tekið eftir því sem ég sagði hér áðan, sem sagt að ég hef ákveðið að nýtt verkefni iðn.- og viðskrn. í nýrri framkvæmdaáætlun um aðgerðir í jafnréttismálum sem félmrh. mun leggja fyrir Alþingi á næstunni verði atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni. Byggðastofnun mun hafa forræði í sambandi við það mál. Ég tel að þetta sé það merkileg ákvörðun að það sé allt í lagi að eftir henni verði tekið.

Ég vil benda hv. þingmanni og öðrum hv. þingmönnum frá Samf. sem hér hafa talað á að Samf. á hvorki meira né minna en tvo stjórnarmenn í stjórn Byggðastofnunar og það er langeinfaldast að setja fram skoðanir við þá einstaklinga sem hafa þar mjög mikil völd.

Hvað varðar styrki Byggðastofnunar tók ég eftir því að konur voru þar ekki mjög ofarlega á blaði en þá ber þess að geta líka að konur hafa verið meiri hluti í stjórn Byggðastofnunar þó að svo sé ekki akkúrat núna. Það er ekki þannig að þetta sé karlastjórn að úthluta til karla. Það ríkir mikið jafnræði hvað varðar kynskiptingu í stjórn Byggðastofnunar. (Gripið fram í.) Það eru ekki embættismenn sem úthluta. Það er stjórn sem tekur allar stórar ákvarðanir í Byggðastofnun.

Ég vil engu að síður þakka fyrir þessa fyrirspurn. Það veitir ekkert af að halda þessari umræðu áfram sem varðar það að auka jafnrétti í landinu. Það er eilíf barátta.

Verðtrygging lána.

Fsp. JGunn, 700. mál. — Þskj. 1038.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Íslensk heimili eru með þeim skuldsettustu í heimi. Skuldir þeirra sem hlutfall af ráðstöfunartekjum voru um 182% í árslok 2001. Þetta er með því allra hæsta sem þekkist í heiminum og því hafa vaxtagreiðslur og aðrar tengdar greiðslur, eins og greiðsla verðtryggingar til viðbótar háum vöxtum, mikið að segja um ráðstöfunartekjurnar.

Í þeirri fyrirspurn sem ég legg hér fyrir hæstv. viðskrh. er ekki spurt um vextina, þó að ekki væri vanþörf á eins og þeir eru, heldur einungis um verðtryggingarþátt lánanna.

Ég minnist þess úr kosningabaráttunni fyrir tæpu ári að mikið var rætt um stöðugleika og hve vel hefði tekist að koma böndum á verðbólgu. Ekki er því óeðlilegt að velta fyrir sér hvort verðtrygging lána sé jafnvel tímaskekkja í öllum þessum stöðugleika sem nú ríkir.

Óþarfi er að rifja upp það ástand sem ríkti þegar verðtrygging var tekin upp og hvernig óðaverðbólga lék þá eignir manna og lækkaði einnig skuldir þeirra sem aðgang höfðu að lánsfé. Ekki verður séð að núverandi staða efnahagsmála kalli á verðtryggingu skuldbindinga og eðlilegast væri að lánveitendur byggju við það hér eins og í flestum nágrannalöndum okkar að ákvarða vexti á hverjum tíma í samræmi við viðskiptakjör þeirra hjá Seðlabanka og almennar horfur í efnahagsmálum og á lánamarkaði.

Þegar mismunur vaxta er skoðaður á verðtryggðum lánum bankanna og þeim lánum sem bera óverðtryggða vexti kemur í ljós að oft eru vextir að viðbættum verðbótum jafnvel hærri en þeir vextir sem lántakendum er gert að greiða af óverðtryggðum skuldbindingum. Þetta er mjög undarlegt þar sem áhætta bankanna af verðtryggðum lánum er minni en af þeim óverðtryggðu. Lánstíminn getur þó spilað einhverja rullu og samanburður er því erfiður. Það þarf að fá fram afstöðu þeirra sem nú ráða í þessum málum til þess hvort til greina komi að breyta lögum nr. 38 frá 26. maí árið 2001, um vexti og verðtryggingu, í þá veru að afnema verðtryggingu, annars þarf að fá fram hvort hæstv. ráðherra telji að núverandi verðtrygging sé sanngjörn og eðlileg og skuli standa óbreytt áfram.

Árið 1996 spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þáv. viðskrh., Finn Ingólfsson, hliðstæðra spurninga og þá taldi hann ekki tímabært að afnema verðtryggingu.

Í tilraun til að fá fram skýr svör hæstv. ráðherra og komast að því hvort afstaða innan Framsfl. sé enn óbreytt leyfi ég mér, herra forseti, að bera fram eftirfarandi spurningar:

1. Telur ráðherra verðtryggingu lána enn eiga rétt á sér miðað við stöðuna í efnahagsmálum landsins?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir afnámi verðtryggingar lána til einstaklinga og fyrirtækja?

3. Er í gangi á vegum ráðuneytisins einhver skoðun á kostum og göllum núverandi verðtryggingar? Ef svo er, hvenær má vænta niðurstöðu úr henni? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir slíkri skoðun á næstunni?

[18:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Því er til að svara að lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 kveða á um heimild til verðtryggingar en ekki skyldu. Lánveitendum og útgefendum verðbréfa er því í sjálfsvald sett hvort þeir kjósa að verðtryggja fjárskuldbindingar sínar. Það fer eftir aðstæðum og eftirspurn eftir bréfum hvort skuldbindingar eru verðtryggðar.

Raunin hefur orðið sú að langflestar skuldbindingar eru verðtryggðar og hefur það lítið breyst á undanförnum áratug. Það geta verið margar ástæður fyrir því. Ein þeirra er sjálfsagt sú að fjárfestar á verðbréfamarkaði vilja verðtryggð bréf. Verðtryggð bréf eru einnig sífellt að verða vinsælli kostur á erlendum verðbréfamörkuðum.

Önnur ástæða er sú að raunvextir verðtryggðra lána hafa um langan tíma verið tveimur til þremur prósentustigum lægri en óverðtryggðra. Það er sem sagt ódýrara fyrir einstaklinga og fyrirtæki að taka verðtryggð lán en óverðtryggð. Ástæðan er einföld, öryggið sem fylgir verðtryggingunni leiðir til þess að lánveitendur treysta sér til að bjóða lægri vexti en ella. Lánveitendur þurfa að taka sér hærra áhættuálag á óverðtryggðum lánum.

Ég tel því ekki rétt að spyrja eins og hv. þm. gerir, hvort verðtrygging eigi rétt á sér. Það ríkir samningsfrelsi á þessu sviði. Það þyrfti sérstaka lagasetningu til að banna verðtryggingu. Það er ekkert sem bendir til þess að verðtrygging stefni stöðugleika í hættu. Reynsla síðustu tólf ára sýnir það svo ekki verður um villst að stöðugleiki og verðtrygging fjárskuldbindinga getur farið saman.

Á einu sviði ríkir þó ekki samningsfrelsi. Seðlabankinn hefur heimild samkvæmt vaxtalögum til að ákveða lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Að mati Seðlabankans er óheppilegt út frá stýringu peningamálastefnunnar að skammtímaskuldbindingar séu verðtryggðar. Því er í reglum Seðlabankans kveðið á um að óheimilt sé að verðtryggja styttri útlán en til fimm ára og styttri innlán en til þriggja ára.

Spurningu þingmannsins vil ég því svara svo að ég hef ekki í hyggju að beita mér fyrir afnámi verðtryggingar. Það er engin skoðun á vegum ráðuneytisins í gangi um þessar mundir á kostum og göllum verðtryggingar. Hins vegar er stutt síðan ég óskaði eftir því að Seðlabankinn skoðaði kosti þess að festa vexti verðtryggðra innstæðna og lána. Seðlabankinn svaraði því svo til að ekki væri rétt að fyrirskipa að vextir verðtryggðra skuldbindinga væru ætíð fastir. Byggðist það sjónarmið bankans á því að best færi á að þetta væri samningsatriði á milli aðila. Einnig var það mat bankans að hlutdeild fastra vaxta í verðtryggðum skuldum heimila væri nú þegar orðin afar há.

[18:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég man eftir því að ég skrifaði einu sinni upp á þingmál hér í þinginu ásamt formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, og fleirum um afnám verðtryggingar. Ég er enn á þeirri skoðun að verðtryggingin sé óeðlileg. Ég tel að það fjármálakerfi sem er í landinu geti lent í miklum erfiðleikum ef í framtíðinni verður mikil aukning á verðtryggingu lána því að því fleiri lán og hærri upphæðir sem verða verðtryggðar því meira lendir það á öðrum aðilum að bera verðbólguna og breytinguna á markaðnum sem kemur á hverjum tíma. Það er óeðlilegt að kippa út svo stórum hluta af fjármunum í þjóðfélaginu og gera þá verðtryggða. Það var þess vegna sem menn hörfuðu strax t.d. frá verðtryggingu launa í þjóðfélaginu, þ.e. vegna þess að þeir sáu að efnahagskerfið gat ekki þolað það.

[18:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hérna hreyfir hv. fyrirspyrjandi, Jón Gunnarsson, við miklu hagsmunamáli íslenskra heimila. Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda þá eru íslensk heimili hin skuldsettustu í heiminum. Það ætti nú að vera næg ástæða fyrir því að menn mundu hefjast handa við að endurskoða það hvort verðtryggingin eigi almennt rétt á sér. Á meðan bankar og lánastofnanir eru bæði með belti og axlabönd í útlánum sínum þá bætist verðtryggingarþátturinn ofan á skuldarana og kemur til móts við, má segja, það vaxtaokur sem nánast hefur ríkt hérna á Íslandi.

Því er ástæða til að brýna ráðherra til að skipta um kúrs í þessu máli þannig að menn hefji vinnu sem stefni að því að afnema heimildina til verðtryggingar þar sem hún á augljóslega ekki rétt á sér lengur.

[18:23]

Valdimar L. Friðriksson:

Hæstv. forseti. Það er eitt sem ég tók eftir að var ekki rætt um hér áðan en gaman væri að fá að vita. Það er varðandi verðtryggingu í öðrum löndum. Er það ekki rétt hjá mér að nánast sé búið að afleggja hana í nágrannalöndum okkar, ef ekki víðar?

Eins og fram hefur komið er fyrst og fremst með verðtryggingunni verið að hugsa um hag lánardrottnanna en ekki hagsmuni almennings. Það er svolítið sérstakt á þessum tímum núna að menn skuli ekki velta því alvarlega fyrir sér að fella verðtrygginguna niður þegar lánastofnanir skila þvílíkum arði eins og við heyrum á degi hverjum.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir hrein og bein svör. Það er oft sem maður kemur hér upp og spyr spurninga og eftir að búið er að fara í gegnum umræðu og svör þá er maður litlu nær. En hér veit ég nákvæmlega hvað það er sem hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir og hvað ekki.

Hæstv. viðskrh. sagðist ekki hafa í hyggju að beita sér fyrir því að afnema heimild til verðtryggingar. Þetta eru ákaflega skýr skilaboð af hálfu hæstv. ráðherra og gott fyrir hina skuldsettu Íslendinga vítt og breitt um landið að vita að hæstv. ráðherra mun ekki á næstunni alla vega beita sér fyrir því að verðtrygging skuldbindinga, lána, jafnvel þótt verðbólgan sé eins lág og raun ber vitni, verði aflögð.

Það kom einnig skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að engin skoðun er í gangi heldur. Það er ekkert verið að skoða hvort nú væri sniðugt eða rétti tímapunkturinn til þess að leggja af verðtryggingu. Skýrari geta skilaboðin í raun ekki verið.

Þriðju skilaboðin sem mér fannst hæstv. ráðherra flytja okkur í svari sínu voru að vextir af verðtryggðum lánum haldi áfram að vera breytilegir en ekki fastir eins og gerist þó meðal siðmenntaðra þjóða þannig að ekki séu bæði breytilegir vextir vegna verðtryggingar og líka breytilegir vextir vegna þess að bankarnir hafa leyfi til að breyta skilmálum eftir á.

Herra forseti. Það sem hæstv. ráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir þegar hún talar um að þetta sé samningsatriði milli bankanna og lántakenda er að samningsstaðan er náttúrlega alls ekki góð þegar við horfum á skuldsetta lántakendur. Það eru bankarnir sem setja kjörin. Það vita allir og það heitir ekkert annað en að berja höfðinu við steininn að halda því fram að vextir á Íslandi séu samningsatriði.

[18:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er talað um að það sé mikið hagsmunamál heimilanna að afleggja verðtryggingu. En meðan það er þannig, eins og ég lét koma fram í máli mínu áðan, að raunvextir verðtryggðra lána eru lægri, 2–3% lægri, þá get ég ekki haldið því fram að það sé betra fyrir heimilin að verðtryggingin sé aflögð. Ég er ekkert kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Ég er alveg tilbúin að skoða þetta ef það sýnir sig að það er betra fyrir hinn almenna borgara og Íslendinga að þetta verði aflagt. En það er bara það sem ég hef ekki sannfærst um enn þá og þess vegna hef ég ekki í huga að koma hér fram með frv. sem mundi breyta þessu ákvæði.

Það er rétt sem hér kom fram að verðtryggingin er mjög sérstök. Hún er í raun íslenskt fyrirbæri og að því leyti til er hún óæskileg að það er erfitt að útskýra þetta fyrir öðrum þjóðum. Kannski er það ekkert svo oft sem þarf á því að halda. Engu að síður er verra að vera með eitthvert fyrirkomulag hér, miðað við það að við erum á þessum opna

markaði Evrópu, sem aðrar þjóðir átta sig ekki á hvað er. Að því leyti til finnst mér þetta nú ekkert sérstaklega gott. Engu að síður er það staðreynd að raunvextirnir sem skipta öllu máli eru lægri á þessum verðtryggðu lánum.

Það er þetta með belti og axlabönd. Það var ég, held ég, sem nefndi það hér í fyrra einhvern tíma, eða hversu langt síðan það var nú, að bankarnir hefðu bæði belti og axlabönd. Það varðar þá þessa breytilegu vexti. Ég hef borið það upp við Seðlabankann hvort hann sjái ekki ástæðu til þess að gera þarna breytingu á. Svörin voru nú ekki í þeim dúr. En allt er þetta til skoðunar og verður eflaust áfram.

Skólagjöld í Háskóla Íslands.

Fsp. BjörgvS, 209. mál. — Þskj. 222.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fjárhagsstaða Háskóla Íslands er alvarleg. Háskólinn þarf að óbreyttu annaðhvort að vísa um 900 nýnemum frá námi næsta haust eða að taka upp harkalegar fjöldatakmarkanir verði ekki við stöðunni brugðist með öðrum hætti. Stjórnvöld hafa ekki sinnt óskum háskólans um auknar greiðslur í takt við fjölgun nemenda og kennslusamningurinn fyrir árið 2004 breytir engu þar um. Hann hafði hvorki áhrif á fjárveitingu þessa árs né á hámark fjölda virkra nemenda sem nú eru um 5.200. Háskólinn spáir því að fjöldi virkra nemenda verði að óbreyttu 5.750 haustið 2004 og aukningin svari til u.þ.b. 900 skráðra nemenda.

Hæstv. menntmrh. lét þau orð falla í viðtali við Stöð 2 þann 5. febrúar að Háskóli Íslands yrði eins og aðrar ríkisstofnanir að halda sig innan þess ramma sem honum væri settur og þar með kennslu- og rannsóknarsamningsins við ríkið sem kveður á um hve marga nemendur skólinn megi taka inn.

Með orðum hæstv. menntmrh. á sér í rauninni stað gagnger stefnubreyting í málefnum Háskóla Íslands. Þjóðskólinn er ekki lengur opinn skóli þeim sem þangað sækja og hafa til þess tilskilin réttindi. Með þessari yfirlýsingu hafa fjöldatakmarkanir við skólann verið staðfestar sem yfirlýst stefna nýs hæstv. ráðherra menntamála. Því þarf hæstv. ráðherra að svara því skýrt hvort sú sé raunin. Er hún að fyrirskipa fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands eða á skólinn að standa þeim opinn sem þangað sækja og á því að leggja honum til það fjármagn sem hann þarf til að geta tekið á móti þeim nemendum sem þangað sækja?

Auk fjöldatakmarkana hefur hæstv. ráðherra slegið úr og í hvað varðar upptöku skólagjalda við ríkisháskólana. Einnig þar verður að tala skýrt. Ef fjármagna á grunnnám í ríkisháskólunum með háum skólagjöldum er vegið hreint og klárt að jafnrétti til náms, hækkandi menntunarstigi og um hreina kúvendingu er að ræða í íslenskri menntapólitík.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort til athugunar í ráðuneytinu sé að taka upp frekari skólagjöld í Háskóla Íslands eða að taka upp strangari inntökupróf eða frekari fjöldatakmarkanir í skólanum til að mæta þeirri brýnu fjárþörf sem þar er uppi.

Háskólinn og háskólastigið allt býr við allt of lág fjárframlög og skortur á skýrri stefnumörkun bætir ekki stöðuna. Samkvæmt nýjustu skýrslu OECD frá árinu 2003 kemur fram að opinber fjárframlög til háskólastigsins á Íslandi voru einungis um 0,8% af landsframleiðslu á meðan annars staðar á Norðurlöndunum var varið á bilinu 1,2–1,7% til háskólastigsins, sem er allt að því tvöfalt hærra.

[18:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér varpar hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson til mín fyrirspurn sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Er til athugunar í ráðuneytinu að taka upp frekari skólagjöld í Háskóla Íslands eða að taka upp strangari inntökupróf eða frekari fjöldatakmarkanir í skólanum til að mæta fjárþörf hans?“

Ég hef margítrekað lýst því yfir og m.a. í samræðum okkar hv. fyrirspyrjanda hér undir liðnum Störf þingsins benti ég strax á það, og hef alla tíð gert, að ég fagna allri umræðu um nýbreytni í skólastarfi, líka nýjungum í fjárveitingum. Öll umræða er af hinu góða ef við sjáum að til verða önnur úrræði sem skerða ekki þau grundvallarsjónarmið sem íslensk menntastefna hefur alla tíð byggt á og m.a. íslensk heilbrigðisþjónusta, þ.e. að fólk hafi jöfn tækifæri til heilbrigðisþjónustu og fólk hafi jöfn tækifæri til menntunar.

Engu að síður tel ég í ljósi þessarar gríðarlega miklu útgjaldaaukningar sem hefur orðið til háskólastigsins, bæði rannsókna og kennslu, og líka ef við reynum að líta aðeins heildstæðara yfir sviðið, reynum að vera á málefnalegum nótum og sjáum til að mynda í hvaða hremmingum Englendingar hafa lent með sína háskóla og hvaða ákvarðanir á þeim bænum hin mikla fyrirmynd, m.a. hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, hefur þurft að taka og þær breytingar sem hann hefur staðið fyrir, þ.e. Tony Blair. — Hann beitti sér fyrir því að þar voru tekin upp skólagjöld. Hann var sannfærður um að sú leið sem þeir færu væri ekki ógnun við tækifæri fólks til þess að stunda nám við háskóla. Markmiðið hjá þeim var líka það að gera enska háskóla enn öflugri en þeir eru í dag, m.a. með tilliti til þess, að mér skilst, að til eru tölur um það að á meðal 100 bestu háskóla í heimi séu einungis tveir í Evrópu, þ.e. Oxford og Cambridge.

Það er enginn að segja að beint samhengi sé milli útgjalda ríkisins til m.a. háskólamála eða menntunar almennt og gæða kennslu. Af hverju segi ég það? Jú, m.a. vísa ég til þeirrar aðstöðu sem Þjóðverjar eru í í dag. Þjóðverjar lenda í því að vera í PISA-könnun sem við hér þekkjum ágætlega. Þar lenda Þjóðverjar frekar neðarlega og mun neðar en þeir gerðu sér vonir og væntingar um. Ég held að þeir hafi lent í 24. eða 26. sæti varðandi stærðfræði svo dæmi sé nefnt. Þeir urðu alveg undrandi á því því þeir hafa hæstlaunuðu kennarana innan Evrópusambandsins og þeir setja hvað mest í menntakerfið. Samt er árangurinn ekki meiri. Því er sjálfsagt og eðlilegt að maður hugsi hvaða leiða og aðferða við getum leitað til að háskólinn skili okkur enn betri nemendum og verði enn betri fyrir framtíðina.

„Er til athugunar í ráðuneytinu að taka upp frekari skólagjöld í Háskóla Íslands eða að taka upp strangari inntökupróf eða frekari fjöldatakmarkanir í skólanum til að mæta fjárþörf hans?“

Þetta var spurning hv. fyrirspyrjanda og er nú best að reyna að koma sér í að svara henni.

Ég vil strax segja það enn og aftur að ég ítrekaði að við búum hér við lög um háskóla og háskólar hér eru mjög sjálfstæðir. Hvaða leiðir þeir fara til að meta hvernig þeir vilja standa undir því að vera með háskólakennslu og háskólanám

innan þess ramma sem þeim er markaður hverju sinni er í rauninni á þeirra vettvangi og er ekkert öðruvísi farið að hér heldur en annars staðar, heldur en á Norðurlöndum.

Í ráðuneytinu er ekki formleg athugun á því hvort við ætlum að taka upp skólagjöld. Ég hef margítrekað það að ég fagna þeirri umræðu sem m.a. hv. fyrirspyrjandi hefur tekið þátt í, t.d. á síðum Morgunblaðsins. Mér finnst hann hafa verið nokkuð málefnalegur. Slíkri umræðu fagna ég ef við getum saman farið í að draga þann vagn að efla enn betur Háskóla Íslands, hvort heldur í gegnum skólagjöld eða annað. Við eigum eftir að komast að niðurstöðu um það. Umræðan er af hinu góða. En formleg athugun er ekki í gangi í ráðuneytinu. Engu að síður vil ég benda á að ég hef sett af stað ítarlega úttekt á stjórnsýslu- og fjárhagsmálum Háskólans annars vegar og hins vegar á vísindamálum. Þær úttektir koma til með að verða ákveðinn leiðarvísir í frekari umræðu og þær eru nauðsynlegar fyrir okkur, enda hafa háskólamenn bent á að þær séu grundvallargögn fyrir frekari umræðu um framtíðarþróun Háskóla Íslands.

[18:37]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda, Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir að halda til streitu og spyrja þessara spurninga enn og aftur sem hér er spurt.

Ég er ekki alveg með á hreinu hvort hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir því að taka upp skólagjöld við Háskóla Íslands eða ekki. Meðan fjárframlög til skólans duga ekki til þess að taka við öllum þeim nemendum sem þangað sækja þannig að skólinn verði rekinn hallalaus þá hlýtur það alla vega að leiða skólann í ákveðna átt. Það hlýtur að leiða hann í þá átt að annaðhvort þurfi að neita nemendum um skólavist eða að leggja á skólagjöld.

Ef við sjáum að fjármunirnir eru að leiða stofnunina í ákveðna átt þá megum við ekki tala eins og við ætlum í einhverja allt aðra átt. Skilaboðin þurfa að vera skýr. Það eru þau ekki og hæstv. ráðherra væri maður að meiri að taka af skarið og svara þessu bara skýrt.

[18:38]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kemur hér með bráðnauðsynlega fyrirspurn. Ég skildi hæstv. ráðherra svo að aðalvandamálið væri gífurleg aukning útgjalda hjá Háskóla Íslands. Ég skil ekki orð hennar betur en að það þýði að í raun verði að taka upp frekari skólagjöld — mér hefur annars eitthvað misheyrst — og að skólagjöld muni leiða til betri skóla. Er það rétt? Er það virkilega meiningin?

En ég spyr líka: Þýðir hækkun skólagjalda ekki jafnframt takamarkaðan aðgang almennings að skólanum? Á að hækka gjöldin eða ekki?

[18:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra fara nokkuð í kringum spurningarnar sem hér voru bornar fram. Spurt var hvort fjöldatakmarkanir kæmu til greina ef ekki yrðu sett á skólagjöld. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki fjalla nokkurn skapaðan hlut um það hvort það er uppi á borðinu hjá hæstv. ráðherra að taka upp fjöldatakmarkanir í skólanum.

Ég get ekki betur séð en að bara sé um tvennt að velja ef hæstv. ráðherra hefur ekki úr meiri fjármunum að spila en raun ber vitni og telur ekki ástæðu til þess eða treystir sér ekki til þess að útvega meiri fjármuni. Þá eru bara þessar tvær leiðir til. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra svara því bara skýrt hvora leiðina hún ætlar sér að fara eða hvort hún ætli sér kannski að fara þær báðar.

[18:40]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum fyrir umræður. Þó að við mörg hér megum vart mæla fyrir hæsi og kvefi þá vindum við okkur nú í það samt.

Ég tek undir með ráðherra að umræðan um framtíðarrekstur og rekstrarform háskóla almennt er þörf og nauðsynleg og allt það. En það stendur eftir að hæstv. ráðherra svaraði því ekki með neinum hætti hvernig eigi að leysa þann bráðavanda sem Háskóli Íslands stendur frammi fyrir hér og nú. Stjórnvöld háskólans hafa látið í það skína að að óbreyttu þurfi þau að taka upp harkalegar fjöldatakmarkanir eða leita heimilda til hækkunar skólagjalda.

Í þessari brýnu stöðu verða að koma skýr skilaboð frá hæstv. ráðherra menntamála af því að skólinn er í kreppu á meðan þessu er ósvarað. Háskóli Íslands er í kreppu af því að þar hefur nemendum sem betur fer fjölgað töluvert á undanförnum árum. Vissulega eru mjög margir nemendur þarna í hálfu námi eða hvernig sem má orða það. En eftir stendur þessi vandi skólans. Hann þarf að leysa nú þegar svo að skólinn geti haldið áfram að blómstra og dafna.

Ég skora því á hæstv. ráðherra að svara því hreint og klárt í síðara erindi sínu núna á eftir hvernig skólinn eigi að bregðast við þessum bráðavanda. Á hann að taka upp fjöldatakmarkanir? Á hann að óska eftir heimild til hækkunar á skólagjöldum á grunnnám til að bera rekstur sinn á næstunni?

Þegar þessum spurningum hefur verið svarað er ekkert því til fyrirstöðu að vinda sér í opinskáa og hreinskilna umræðu um það hvernig í framtíðinni sé best að haga málefnum háskólastigsins og Háskóla Íslands. Ég skora á hæstv. ráðherra að svara þessu skýrt.

[18:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef margoft ítrekað það að Háskóla Íslands ber eins og öðrum stofnunum ríkisins að halda sig innan ramma fjárlaga.

Við skulum aðeins rifja hér upp nemendatölur sem Háskóli Íslands hefur miðað sig við.

Fyrir árið 2003 bað hann fyrst um greiðslu fyrir 4.500 nemendur. Við samþykktum það. Síðan bað hann um fyrir 4.950, þ.e. viðbótaraukningu upp á 450 nemendur. Við samþykktum það. Og hver er viðmiðunartalan fyrir þetta fjárlagaár? Hún er 5.250. Þróunin hefur því orðið gríðarlega hröð. Það hefur orðið gríðarleg sprenging í nemendafjölda við Háskóla Íslands. Við höfum mætt þessu.

En það hlýtur einhvern tíma að koma að því að við segjum: Eigum við ekki að staldra við og skoða hvað hér er um að ræða? Hvert ætlum við með Háskóla Íslands? Ætlum við honum eingöngu þetta akademíska nám eða ætlum við líka að hafa þetta eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan, þ.e. að fólk sé í fullu starfi til hliðar við nám í Háskóla Íslands?

Við hv. þm. Jóhann Ársælsson vorum stödd á mjög merkilegu málþingi um hugsanlegan háskóla á Vestfjörðum. Þar kom m.a. í pontu einn Ísfirðingurinn sem sagði sem svo að hann vildi skoða möguleikann á skólagjöldum því að honum þætti það ekki réttlætanlegt að verkamenn landsins væru að borga menntun allra landsmanna sem kysu svo. Þar er hann örugglega m.a. með mastersnám í huga.

Hv. fyrirspyrjandi hefur m.a. komið inn á það að Samf. sé reiðubúin að leggja skólagjöld á nemendur í mastersnámi. Þessum spurningum verðum við að svara vonandi fyrr en síðar því að þetta eru eðlilegar spurningar af hálfu umbjóðenda okkar sem eru kjósendur. Af hverju á sá sem tekur meiraspróf, þungaflutningapróf, að borga fullt verð fyrir það en síðan sá sem tekur hugsanlega masterspróf við Háskóla Íslands að fá það fyrir svo til ekki neitt? Hann fær svo hugsanlega þreföld og allt upp í fimmföld laun vörubílstjórans. Er þetta réttlæti?

Ábyrgðarmenn námslána.

Fsp. BjörgvS, 680. mál. — Þskj. 1009.

[18:44]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Krafan um ábyrgðarmenn á námslán samræmist ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt og efnilegt fólk hafi orðið að hverfa frá fyrirætlunum sínum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Það gefur augaleið að aðgengi námsmanna að ábyrgðarmanni á námslán er mjög misjafnt. Margir eiga einfaldlega ekki kost á því að fá til uppáskrifta á námslán sín einstaklinga sem hafa fjárhagslega burði til að standa undir slíkum ábyrgðum. Til eru sorgleg dæmi þar sem aldrað fólk eða foreldrar námsmanna og aðstandendur verða fyrir alvarlegum eignamissi vegna slíkra uppáskrifta.

Vegna þessa og vegna þess að krafan um ábyrgðarmenn á námslán brýtur gegn jafnrétti til náms, brýtur hún einnig gegn því meginhlutverki sjóðsins að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir öllum fjárhagslegt aðgengi að námi, óháð efnalegri stöðu viðkomandi eða efnalegri stöðu þeirra sem að honum standa. Í ljósi þess er mikilvægt að taka upp lögin um lánasjóðinn líkt og við nokkrir þingmenn Samf. höfum nýlega lagt til í frv. til laga þar sem við leggjum m.a. til að þær breytingar verði gerðar, með leyfi forseta:

„Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán."

Til viðbótar við þessa breytingu leggjum við einnig til að 30% af lánum breytist í styrk eftir námslok, hafi eðlileg námsframvinda átt sér stað, og að námslán verði greidd fram jafnóðum. En það er annað mál og verður rætt hér síðar.

Hvað varðar ábyrgðarmenn á námslán leggjum við það til að hver námsmaður eigi sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns láns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður síðan hvaða skilyrði lántakandi þarf að uppfylla til að hann fái lán frá sjóðnum.

Með frv. eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem við leggjum til að krafan um ábyrgðarmenn verði felld brott úr lögunum þar sem hún samræmist ekki áðurnefndum ákvæðum um jafnrétti til náms óháð efnahag og efnalegri stöðu námsmanns eða aðstandanda hans. Því beini ég þeirri spurningu til hæstv. menntmrh.:

Er í undirbúningi breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem fæli í sér afnám ákvæða um ábyrgðarmenn námslána? Ef svo er ekki, telur ráðherra slíka breytingu koma til greina og þá hvenær?

[18:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er markmið ríkisstjórnarinnar að lánasjóðurinn, Lánasjóður íslenskra námsmanna, gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Það er grundvallarhlutverk hans. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 verður hugað að því að endurskoða lögin um sjóðinn. Sú vinna er ekki hafin og ljóst er að huga þarf að mörgu í því sambandi og eitt af þeim atriðum sem við þurfum að athuga vel þegar kemur að þessari endurskoðun er einmitt ákvæði laganna um ábyrgðarmenn námslána.

Burt séð frá kostum og göllum er ljóst að ákvæðið um ábyrgðarmenn námslána hefur mikla og víðtæka þýðingu fyrir námslánakerfið. Bæði með tilliti til útlána og endurgreiðslna hefur krafan um ábyrgðarmenn haft í för með sér ákveðið aðhald. Óbreytt ábyrgðarmannakerfi torveldar alltaf einhverjum að fá notið þeirrar aðstoðar sem er í boði hjá LÍN og í einstaka tilvikum kann það að útiloka menn frá því að fá námslán. Þetta er þó erfitt að sannreyna þar sem ákvörðun um töku námsláns er oft byggð á mörgum öðrum forsendum.

Óhjákvæmilegt er í umræðum um ábyrgðarmenn á námslánum að hafa í huga að núgildandi löggjöf byggir á því að námsaðstoð skuli vera í formi lána en ekki styrkja og því eru ákvæði í lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna um ábyrgðarmenn.

Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um með hvaða hætti megi bregðast við þeim vandamálum sem ábyrgðarmannakerfið vissulega skapar og í því sambandi hefur t.d. verið bent á að í stað þess að afnema ákvæði í lögum um ábyrgðarmenn, mætti stofna ábyrgðardeild við sjóðinn sem væntanlegir lántakar gætu leitað til við vissar aðstæður. Þetta er ein af þeim hugmyndum sem hafa komið upp.

Síðan kemur einnig til greina að bankar komi inn með sjálfskuldarábyrgð í stað ábyrgðarmannanna sjálfra. Þetta eru allt hugmyndir sem hafa verið uppi á borðum og menn eru að hugsa. Á meðan hluti námsaðstoðar er í formi lána þarf alltaf einhver að axla hina fjárhagslegu ábyrgð.

Enn önnur hlið á ábyrgðarmannakerfinu sem kannski er rétt að vekja athygli á er sú að á hverju ári hafa leitað til sjóðsins einstaklingar sem eru í gjaldþrotameðferð eða teljast af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur miðað við það fjármagnskerfi sem við búum við. Þessir einstaklingar geta fengið námslán með tilstyrk ábyrgðarmanna. Þar koma ábyrgðarmennirnir til skjalanna og gera þeim kleift að fá námslán hjá LÍN. Með afnámi þessa ábyrgðarmannakerfis væri líklega torveldara fyrir þessa ágætu einstaklinga að fá námslán.

Útistandandi lán sjóðsins eru um 50–60 milljarðar kr. og því er um gríðarlegar fjárhæðir að ræða sem tryggja þarf með ákveðnum hætti að skili sér til baka til sjóðsins. Við vitum að ríkið greiðir niður lánin um 50%, eða framlag ríkisins til lánasjóðsins er 50% og síðan eru endurgreiðslur námslána hinn helmingurinn.

Ég vil enn og aftur ítreka það, virðulegi forseti, að það er skoðun mín að ákvæðin um ábyrgðarmenn námslána koma að sjálfsögðu til endurskoðunar líkt og heildarlögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna og að sjálfsögðu verða þau ein af þeim ákvæðum sem við lítum til. Það eru eins og ég hef bent á bæði kostir og gallar við að hafa þessi ákvæði en þetta

verður eitt af þeim hlutverkum sem sú nefnd fær sem verður skipuð varðandi endurskoðun á lögunum sem er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

[18:51]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hér ræðum við ákaflega mikilvægt mál sem er ábyrgðarmannakerfið á námslánum. Við þekkjum ábyggilega öll dæmi þess að ekki eiga allir sem hyggja á að mennta sig á háskólastigi sterka að og því má segja að jafnrétti til náms sé í raun ekki að fullu komið á meðan ábyrgðarmannakerfið er við lýði.

Hæstv. ráðherra talaði um hugmyndir sem menn hafa verið að velta á milli sín varðandi ábyrgðardeild lána eða ábyrgðarlánasjóð einhvers konar, og ég held að slíkar hugmyndir séu allrar athygli verðar og menn þurfi að skoða hvort slíkt geti komið í stað sjálfskuldarábyrgðar skyldmenna á lán sem námsmenn verða að taka og taka hjá hinu opinbera.

Námslán munu hækka ef skólagjöld koma á, það er engin spurning, og því mun enn aukast ábyrgð skyldmenna ef skólagjöld koma inn í námslán.

[18:53]

Jón Kr. Óskarsson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. Mig langar að koma með eina litla spurningu. Mér heyrðist að þú teldir að um 50–60 milljarðar væru útistandandi í ...

(**Forseti** (BÁ): Hv. þm. er áminntur um að ávarpa ekki ráðherra eða einstaka þingmenn beint, heldur beina máli sínu annaðhvort til forseta eða þingheims alls.)

Herra forseti. Mig langar að koma með eina stutta fyrirspurn. Það er talað um að 50–60 milljarðar séu útistandandi hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Er mögulegt, herra forseti, að fá upplýsingar um hvað er í vanskilum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna?

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að hæstv. ráðherra menntamála skuli ekki útiloka þá breytingu á lögum um lánasjóðinn að koma megi til einhverra breytinga þannig að ábyrgðarmannakerfið verði afnumið með einhverjum hætti og aðrar leiðir farnar og fundnar til þess að tryggja lánin. Mín skoðun er, herra forseti, eins og við leggjum til, samfylkingarmenn, í því frv. sem ég ræddi um áðan þar sem við segjum, með leyfi forseta, aftur:

„Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán."

Ég held að það sé nægjanleg ábyrgð á láni hjá fólki almennt sem þarna er lagt til. Fólk sem tekur námslán til að framfleyta sér í gegnum hvort heldur er verknám, sérskólanám eða háskólanám, er svona nokkuð ábyrgt fyrir því að það hefur aðgang að bærilegri vinnu, ágætum launum og sjái sér allan hag í því að standa skil á lánum sínum til að lenda ekki í vanskilum og gjaldþroti. Þannig að eins og háttar í dag er það skoðun mín að sú ábyrgð sé fullkomlega nægjanleg.

En það virðist vera athyglisverður meiningarmunur á milli stjórnarflokkanna í þessu máli þar sem sex þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt til þá breytingu á lögum um lánasjóðinn að ábyrgðarmannakerfið verði afnumið og taka þar með undir eina af þeim meginbreytingum sem við í Samf. leggjum til að verði gerð á sjóðnum. Vona ég að hæstv. ráðherra og Sjálfstfl. fylgi þar eftir og skoði það með opnum huga í þeim breytingum sem ákveðnar voru í stjórnarsáttmála og hæstv. ráðherra nefndi áðan og að í þeirri endurskoðun komist menn að þeirri niðurstöðu að vænlegast sé að afnema þetta ákvæði til að tryggja fullkomlega og frekar jafnrétti til náms.

[18:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Um spurningu hv. fyrirspyrjanda um ábyrgðarmennina vil ég enn og aftur ítreka að við erum með þetta í endurskoðun. En við megum heldur ekki vanmeta þau hugsanlegu efnahagslegu áhrif sem við höfum af því að það eru ábyrgðarmenn. Við þekkjum það flestöll sem höfum tekið námslán að auðvitað er það líka ákveðið aðhald fyrir alla þegar ábyrgðarmenn eru á lánum. Menn hafa verið að tala um að foreldrar geti þá leynt og ljóst fylgst með því hvernig börnin greiða af lánunum. Hvort það er kostur eða galli ætla ég ekkert að segja annað en það að ég held að það geti hugsanlega haft miklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir sjóðinn ef við höfum ekki áfram þetta virka aðhald varðandi endurgreiðslurnar. Að sjálfsögðu munum við fara vel yfir þetta og ræða það.

Hvað varðar spurningu hv. þm. Jóns Kr. Óskarssonar varðandi vanskilin hjá LÍN þá er ég ekki með á takteinum hver þau eru, en ég beini því til hv. þm. að hann gæti komið með spurninguna í fyrirspurnarformi og þá er sjálfsagt að koma með skriflegt svar til hv. þm.

Varðandi skólagjöldin fram til þessa, sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á áðan, hefur LÍN að sjálfsögðu lánað nú sem hingað til fyrir skólagjöldum, m.a. við Bifröst og Háskólann í Reykjavík, og styrkir það m.a. þá fullyrðingu að verið er að styðja og efla það enn betur að hér ríki það ástand að fólk standi frammi fyrir jöfnum tækifærum til náms. Því kemur lánasjóðurinn m.a. fólki til hjálpar þegar á þarf að halda varðandi skólagjöld.

Svæðisútvarp.

Fsp. JGunn, 668. mál. — Þskj. 997.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ríkisútvarpið, útvarp okkar allra, rekur tvær útvarpsrásir sem ná til þorra landsmanna. Þessu til viðbótar rekur Ríkisútvarpið svokölluð svæðisútvörp sem leggja þá áherslu á svæðisbundnar útsendingar, oft í tiltölulega skamman tíma á degi hverjum. Svæðisútvarp á hverjum stað fjallar þá yfirleitt um málefni sem skipta viðkomandi svæði talsverðu máli á hverjum tíma og er vettvangur fyrir svæðistengd skoðanaskipti og áherslur. Það er skoðun mín að þessi þjónusta Ríkisútvarpsins sé af hinu góða og ekki hef ég heyrt nema ánægju frá þeim svæðum sem þessarar þjónustu njóta af hálfu þessarar ríkisstofnunar sem við jú öll greiðum til sama afnotagjaldið.

Það er akkúrat í framhaldi af þessum punkti sem ég fór að velta fyrir mér hvernig staðið væri að vali þeirra staða eða svæða sem njóta þessarar þjónustu, hvort ekki væru til gagnsæjar og skýrar reglur um hvernig velja skuli hvaða svæði skal sinna á þennan máta og að vel væri gætt að jafnræði allra til sömu þjónustu af hálfu ríkisins.

Þegar ég var að brjóta um þetta heilann rifjaðist upp fyrir mér að fyrir allmörgum árum var rekin útvarpsstöð á

Suðurnesjum sem hét Útvarp Bros. Þegar séð var fram á endalok þess rekstrar var gengið í það verk að reyna að fá Ríkisútvarpið til að hefja rekstur svæðisútvarps sem kæmi þá í stað þessarar útvarpsstöðvar sem góð reynsla hafði verið af. Sveitarstjórnarmenn á þessum tíma ásamt mörgu öðru góðu fólki reyndu allt sem mönnum kom í hug til að sannfæra ráðamenn útvarpsins um að það væri alveg bráðsnjallt að hefja rekstur svæðisútvarps á Suðurnesjum. Allt kom fyrir ekki. Engu tauti varð komið við þá sem réðu og ekkert útvarp leit dagsins ljós.

Það er sagt að sagan endurtaki sig alltaf. Ekki veit ég neitt um það en hitt veit ég að fyrir nokkru kom upp sama staða í Árborg. Þar hafði verið rekin sjálfstæð útvarpsstöð á svipaðan hátt og Útvarp Bros hafði verið rekið á Suðurnesjum. Þar kom að útvarpsstöðin í Árborg hætti rekstri en þá tók Ríkisútvarpið öðruvísi á málum en verið hafði á Suðurnesjum allmörgum árum fyrr og hóf þegar rekstur svæðisútvarps á staðnum.

Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning að ég tel að Ríkisútvarpið eigi að halda áfram að reka öflug svæðisútvörp á þeim stöðum þar sem það er gert nú og vona að íbúar þeirra svæða njóti þeirra sem lengst en ég væri ekki alveg heiðarlegur ef ég segði ekki að ég öfundaði þá af þjónustunni. Það er von mín að Ríkisútvarpið skoði nú í fullri alvöru að rekið verði svæðisútvarp bæði í Árborg og á Suðurnesjum og stuðli þannig að því að færa íbúana innan hins stóra og víðfeðma Suðurk. þéttar saman með svæðistengdri umfjöllun um kjördæmið allt. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Á hversu mörgum stöðum rekur Ríkisútvarpið svæðisútvarp og hverjir eru þessir staðir?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að svæðisútvarp verði starfrækt á Suðurnesjum?

3. Ef svo er, hvenær má vænta þess að slík stöð hefji útsendingar?

[19:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið starfrækir landshlutastöðvar á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi. Það sendir út svæðisbundnar fréttir og fréttatengt efni á dreifikerfi Rásar 2 í viðkomandi landshlutum þriðjudaga til föstudaga kl. 17.30–18.00 en á Akureyri eru mánudagsútsendingar einnig til staðar. Auk þess annast landshlutastöðvarnar fréttaöflun fyrir fréttasvið Ríkisútvarpsins, bæði útvarp og sjónvarp, taka að staðaldri þátt í dægurmálaútvarpi Rásar 2 og framleiða ýmsa dagskrárþætti til flutnings á báðum útvarpsrásum Ríkisútvarpsins. Hjá landshlutastöðvunum fjórum starfa samanlagt 17 manns við fréttaöflun, dagskrárgerð, tæknistörf og við auglýsingasölu. Heildarkostnaður við rekstur þeirra nam um 100 millj. kr. árið 2003.

Þá hefur Ríkisútvarpið samið við sjálfstætt starfandi fjölmiðlamann í Borgarnesi um fréttaöflun fyrir útvarp og sjónvarp á Vesturlandi og er það efni flutt í fréttatímum á aðalrásum útvarps og sjónvarps til landsins alls en þar er ekki um að ræða svæðisbundnar útsendingar. Í Borgarnesi er einnig unnið að dagskrárgerð fyrir Rás 1.

Ákvörðun um starfrækslu svæðisútvarps á Suðurnesjum er innri ákvörðun Ríkisútvarpsins. Ráðherra hefur ekki afskipti af slíkum ákvörðunum. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað hjá RÚV telur stofnunin sig ekki hafa tök á að hefja starfsemi landshlutastöðvar á Suðurnesjum að svo stöddu. Fréttastofur útvarps og sjónvarps í Reykjavík annast hins vegar fréttaþjónustu frá svæðinu.

[19:03]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þar hreyfir hv. fyrirspyrjandi Jón Gunnarsson við athyglisverðu máli og skemmtilegu. Svæðisútvörpin og rekstur þeirra hefur verið skemmtileg nýbreytni og mjög þörf inn á þau svæði þar sem þau hafa verið rekin af hvað mestum krafti, aflvaki ýmiss konar og að þjappa samfélögunum betur saman. Eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda væri mjög brýnt, t.d. eins og ef Suðurk. er tekið þar sem 2–3, eftir atvikum 4, býsna ólík og að mörgu leyti sundurlaus svæði eru sett saman í eitt kjördæmi, að eitt svæðisútvarp væri starfrækt yfir allt svæðið. Í haust tók til starfa svæðisútvarp á Suðurlandi sem nær bara yfir gamla Suðurlandskjördæmið, prýðilega rekið og skemmtilegt útvarp sem hefur strax skipt máli og því er mjög vert að beina þeim orðum til yfirmanna Ríkisútvarpsins að skoða þessa hugmynd mjög gaumgæfilega og reyna að hrinda henni í framkvæmd.

[19:04]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún bar fram. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að þjónustan á þeim svæðum þar sem svæðisútvörp eru rekin er góð, og sérstaklega má kannski segja að fréttir af þessum svæðum séu meira áberandi en af þeim svæðum þar sem ekki eru svæðisútvörp. Þar eru jú starfsmenn í fréttaöflun að meira leyti en á þeim stöðum þar sem ekki er svæðisútvarp.

Ég hef velt þessu fyrir mér út frá jafnræðissjónarmiðinu hvernig á því geti staðið að Ríkisútvarpið telji sig ekki eiga eða þurfa að reka svæðisútvarp á ákveðnum svæðum þegar það gerir það á öðrum svæðum sem búa við mjög svipuð skilyrði, jafnvel mjög svipaða fjarlægð frá Reykjavík og svipuð skilyrði eins og þau svæði sem ég er hér um að fjalla.

Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri innri ákvörðun útvarpsins og það mun einfaldlega þýða að sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og jafnvel á kjördæmavísu þurfa þá að beita sér fyrir því að óska skriflega eftir svörum frá Ríkisútvarpinu um það af hverju það treysti sér ekki til að reka svæðisútvarp á Suðurnesjum þegar við horfum til þess hve glæsilega það gerir það bæði fyrir vestan og eins á gamla Suðurlandinu. Það eina sem við sem búum á þessu svæði getum í raun gert nú til að ýta á eftir þessu máli, miðað við svör hæstv. ráðherra, er að óska eftir því við Ríkisútvarpið að það útskýri þá fyrir okkur hver rökin séu gegn því að reka útvarp á Suðurnesjum þegar útvarpið telur sig geta með jafnræðissjónarmiðum rekið útvarp á öðrum stöðum.

[19:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki frekar en varðandi málefni háskólans að skipta mér af sjálfstæði þessarar stofnunar. Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun og ákveður starfsemi sína um landið eins og ráðamenn útvarpsins telja rétt að standa að. Ég veit það sjálf eftir reynslu mína af að hafa unnið innan RÚV. Þá var ég m.a. sú sem stóð fyrir því að semja upphaflega við einkaaðila á Suðurlandi og koma á laggirnar þessu Útvarpi Suðurlands. Það stóð í ákveðinn tíma og síðan hefur útvarpið, eins og fyrirspyrjandi vissulega gat réttilega um, tekið það sjálft upp á arma sína. En ég stóð að því á sínum tíma og við tókum þá ákvörðun algjörlega sjálfstætt án afskipta ráðherra að víkka út Ríkisútvarpið, m.a. með það

í huga að reyna að tengja Suðurlandið. Þetta var sjálfstæð ákvörðun en engin afskipti hins pólitíska valds.

Ég hef verið að hugsa um það meðan ég hef verið að svara núna þremur fyrirspurnum, ágætisfyrirspurnum, frá hv. þingmönnum að einhvern veginn erum við alls staðar að kljást við ríkisútgerð. Alls staðar er það þannig og í öllum þessum þremur fyrirspurnum sem ég hef svarað fram til þessa hefur málflutningur hv. þingmanna verið á þann veg að auka beri ríkisútgjöld. Þarna greinir okkur einfaldlega á í mörgum tilvikum og meðan við viljum gæta aðhalds í ríkisrekstri, reyna að sjá hvernig hægt er að ná enn betri árangri varðandi ríkisfjármálin, kalla þingmenn eftir frekari ríkisútgjöldum, eins og m.a. í þessu tilviki. Það er skiljanlegt en ég vil engu að síður benda á að rekstur þeirra svæðisstöðva sem við þegar rekum, eins og ég gat um áðan, er um 100 millj. kr. á ári. (**Gripið fram í:** ... spyrja neitt um það.)

Danskennsla og ræðumennska í grunnskólum.

Fsp. JKÓ, 712. mál. — Þskj. 1054.

[19:09]

Fyrirspyrjandi (Jón Kr. Óskarsson):

Herra forseti. Ástæða þess að ég legg fram þessar fyrirspurnir er að ég tel það geysilegt forvarnastarf að börnum og unglingum sé veitt danskennsla og kennd ræðumennska og fundarsköp í grunnskólum landsins.

Mér er kunnugt um að í sumum grunnskólum landsins sé a.m.k. kenndur dans. Ég veit bara að fyrir drengi er sérstaklega mikið atriði að þora að bjóða stúlku upp og geta dansað. Við vitum að margur drengurinn hefur fengið sér eitthvað til að styrkja sig, til að telja í sig kjark til að bjóða upp stúlku.

Stúlkurnar eru að mínu áliti opnari gagnvart dansinum, a.m.k. dönsuðu sumar hverjar í frímínútum í mínu ungdæmi og rokkuðu alveg á fullu. Við drengirnir vorum dolfallnir yfir snilli þeirra.

Að kenna ræðumennsku og fundarsköp er byggt á sömu grundvallarhugsun. Það að geta haldið ræðu, staðið upp og tjáð sig er virkilega mikið atriði fyrir alla. Það stuðlar að öryggi fyrir viðkomandi, bæði í skóla og utan skóla, hann verður öruggari með sig. Viðkomandi verður hugsanlega betri nemandi, getur komið betur fyrir sig fyrirspurnum og svörum frá sér í kennslustundum.

Nokkrir foreldrar hafa tjáð sig um þessi atriði við mig. Sumir hafa velt því fyrir sér hvort kennsla í dansi gæti t.d. að einhverju leyti komið í staðinn fyrir sundkennslu eða leikfimikennslu. Á því eru sjálfsagt skiptar skoðanir en rétt er að skoða það atriði. Dansinn er mikil hreyfing, tjáning og tekur á ýmsum vöðvum líkamans.

Hæstv. menntmrh. Þessar fyrirspurnir eru fyrst og fremst fram komnar til að gera okkur grein fyrir því hversu mikil forvarnamál þessi mál eru. Ef hægt er að auka forvarnir í grunnskólum landsins með því að koma danskennslu, ræðumennsku og fundarsköpum inn í skólana enn frekar en nú er er ég viss um að einhverjum fjölda barna og unglinga yrði hjálpað til að halda sig frá vímuefnum. Það er vissulega þess virði, hæstv. menntmrh.

[19:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda, Jóni Kr. Óskarssyni, fyrir þessa skemmtilegu en um leið góðu fyrirspurn sem hefur vakið mann mjög til umhugsunar um það hvað við eigum að gera innan ramma aðalnámskrár. Við komum úr sama góða sveitarfélaginu, Hafnarfirði, og þar hef ég sem foreldri sjálf upplifað það hversu misjafnlega er að málunum staðið innan skólanna. Það er rétt að ítreka að hér er um sjálfstæða skóla að ræða og auðvitað er gaman þegar maður sér að skólarnir leggja mismunandi áherslur innan þess ramma sem þeim er búinn með aðalnámskránni. Sumir leggja áherslu á dans, aðrir leggja meiri áherslu á aðra hreyfingu eða annað sem líka getur rúmast innan aðalnámskrár.

Í Lækjarskóla í Hafnarfirði er til að mynda ekki boðið upp á dans meðan það er boðið upp á dans í Setbergsskóla og fleiri skólum bæjarins. Ég veit að það hefur verið þeim drengjum — af því að hv. fyrirspyrjandi minntist á strákana — til mikillar gleði sem eru í Setbergsskóla að taka þátt í dansinum, m.a. það að yfirvinna feimnina sem oft virðist hrjá drengi einhverra hluta vegna. Ég get reyndar ekki séð að það hrjái þá sem eru hér í þessum ágæta sal eða hafi nokkurn tíma hrjáð þá en einhverra hluta vegna virðast oft vera erfið og þung spor fyrir þá að dömunni til að bjóða henni upp í dans. Bara það að halda utan um stúlku er erfitt skref að yfirstíga. Þetta er mér sagt og tjáð af mætum piltum.

Í aðalnámskrá grunnskóla, listgreinum, frá 1999 er dans skilgreindur sem námssvið í grunnskóla. Skólar verða að tryggja að allir nemendur geti mætt lokamarkmiðum grunnskóla í dansi og líkamstjáningu. Samkvæmt aðalnámskránni má kenna greinina á námskeiðum og er lágmarkstímafjöldi slíkra námskeiða átta kennslustundir á vetri á yngsta stigi og miðstigi í grunnskóla en er valgrein á unglingastigi.

Dansinn má tengja öðrum námsgreinum grunnskóla á margvíslegan hátt. Kennsla í dansi og líkamstjáningu er samkvæmt aðalnámskrá í höndum almennra bekkjarkennara og sérgreinakennara, svo sem tónmenntakennara, íþróttakennara, danskennara eða viðurkenndra leiðbeinenda eftir aðstæðum. Í öllum tilfellum skal kennsla skipulögð í samræmi við lokamarkmið grunnskóla í greininni.

Grunnskólar skulu bjóða upp á danskennslu samkvæmt aðalnámskrá, grunnskólanemendum að kostnaðarlausu. Auk þess bjóða ýmsir skólar upp á dans sem hluta af tómstundastarfi skólanna og þá er heimilt að innheimta gjald vegna tómstundastarfsins eins og almennt tíðkast um starf af því tagi sem er fyrir utan lögbundið skyldunám.

Í aðalnámskrá grunnskóla í íslensku frá árinu 1999 er íslenskunámi skipt í nokkra þætti, þ.e. lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Lögð er jafnframt áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla og þar skal einkum leggja áherslu á þjálfun í töluðu máli, lestri, lesskilningi og ritun. Í aðalnámskránni segir að nauðsynlegt sé að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er við nám, í atvinnu, félagslífi eða einkalífi. Mikilvægt er að nemendur þjálfist á öllum skólastigum í að gera skipulega grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum. Góð framsögn og skýr framburður getur nýst í flestum námsgreinum.

Í aðalnámskránni eru síðan sett markmið fyrir hvert aldursstig í þessum meginþætti móðurmálsins. Í samfélagsfræði er einnig lögð áhersla á að nemendur komi þekkingu sinni

og skilningi á framfæri með fjölbreytilegum hætti, t.d. í ræðu og riti.

Engin sérstök kennsla er skipulögð í grunnskólum í ræðumennsku, en ýmsir skólar bjóða engu að síður upp á slíka fræðslu, t.d. í tengslum við starfsemi nemendaráða og í tómstunda- og félagsstarfi skólanna. Til er námsefni fyrir grunnskóla fyrir kennslu í fundarsköpum og ræðumennsku. Það er til staðar.

Með hliðsjón af því sem ég hef rakið hérna sé ég ekki sérstaka þörf á því að ég beiti mér fyrir sérstakri kennslu í dansi og fundarsköpum eða ræðumennsku þar sem slík kennsla á að vera eðlilegur þáttur í skólastarfinu samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eins og ég hef þegar rakið hér.

[19:16]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Kr. Óskarssyni fyrir að vekja máls á danskennslu í grunnskólum og kennslu í fundarsköpum og eins þakka hæstv. ráðherra fyrir góð svör við fyrirspurninni.

Það er nú einu sinni svo að grunnskólinn þarf ekki bara að búa nemendur undir að kunna að lesa, skrifa og reikna, heldur að þeir hafi einhverja leikni í því að takast á við lífið þegar þeir koma út úr grunnskóla, á þeim erfiða aldri sem menn eru þá á. Ég er alveg sannfærður um að meiri áhersla á danskennslu, jafnvel á kostnað leikfimikennslu, og kennsla í framsögn og því að tjá sig úr ræðustól mundi gagnast ákaflega mörgum mjög vel.

Í tilefni af því sem hæstv. ráðherra sagði áðan vil ég upplýsa að sá sem hér stendur var ekki frakkur í æsku og það hefði verið ákaflega gott ef það hefði verið skylda að ganga til stúlkna og bjóða upp í dans.

[19:17]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Jóni Kr. Óskarssyni fyrir að hreyfa við þessu skemmtilega og athyglisverða máli, sem er kannski miklu mikilvægara en mörgum virðist við fyrstu sýn, því hérna erum við einmitt að ræða kjarna málsins. Það sem fylgir einstaklingunum út í lífið og skiptir þá kannski mestu máli þegar skólagöngunni sleppir eru fögin sem margir kenna við lífsleikni hvers konar. Þegar páfagaukalærdómnum og staglinu sleppir skipta slíkar greinar oft mjög miklu máli, hvort sem um er að ræða, eins og hv. þm. nefndi, danskennslu, fundarsköp, skák, brids og ýmsa slíka kennslu, sem er mjög vert að taka í miklu meira mæli í grunnskólana á kostnað ýmissa annarra greina sem kannski, þegar allt kemur til alls, eru ekki eins mikilvægar og margur heldur. En þessar greinar skipta sköpum fyrir einstaklinginn þegar út í lífið er komið.

[19:18]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda, Jóni Kr. Óskarssyni, fyrir að brydda upp á þessu máli. Ég tel það vera algjöra nauðsyn að bjóða upp á kennslu í ræðumennsku og tjáningu strax í grunnskólum landsins. Það hefur oft verið vandamál hjá þessari þjóð að hún er talin lokuð og þarna gætum við allavega bætt eitthvað úr.

Það er rétt að minna á að dans er viðurkenndur sem íþrótt í dag og líkt og aðrar íþróttir hefur dans, jafnt sem tjáning, mikið forvarnagildi. Við skulum hafa það í huga að allar forvarnir, hverjar sem þær eru, fela í sér útgjaldasparnað. Ef ekki strax í dag þá alla vega í framtíðinni.

[19:19]

Fyrirspyrjandi (Jón Kr. Óskarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir góð, skemmtileg og skilningsrík svör. Það vill þannig til að ég á talsvert af barnabörnum og eitt barnabarn mitt, sem byrjaði í dansi í fyrra, var fúlt yfir því. Svo fór hann aftur í dans núna, 13 ára gamall, mjög ánægður. Ég minnist þess að þegar maður var unglingur í Flensborg voru málfundir í skólanum mánaðarlega sem voru mjög góðir, en strákarnir voru svolítið feimnir. En ég þakka innilega fyrir góð svör.

[19:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Áður en við föllumst í faðma og dönsum út úr þinghúsinu vil ég líka þakka fyrir umræðuna og hv. þm. Jóni Kr. Óskarssyni fyrir að hafa vakið athygli mína á þessu. Eins og ég gat um áðan tel ég ekki ástæðu til að ég taki þetta sérstaklega upp, því þetta rúmast innan aðalnámskrár. Engu að síður held ég að eitt besta aðhaldið fyrir m.a. skólastjórnendur heima í héraði sé athygli og aðhald foreldra og spurningar þeirra af hverju þetta er ekki kennt en frekar lögð áhersla á eitthvað allt annað sem við teljum jafnvel ekki henta börnunum okkar.

Ég tek eindregið undir að danskennsla og ekki síður framsögn og ræðumennska er eitthvað sem skólar ættu að leggja áherslu á. En þar erum við enn og aftur komin að sjálfstæði skólanna. Það getur vel verið að í jafnstórum sveitarfélögum og í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi komum við til með að sjá grunnskólana sérhæfa sig innan þeirra marka sem aðalnámskrá býður upp á. Þá erum við um leið komin út í enn þá stærra mál, miklu meiri skólapólitík, sem er að við foreldrar í samráði við börnin okkar getum valið um það í hvaða skóla börnin okkar fara. Ef kannski einn skóli sérhæfði sig í framsögn, ræðumennsku og danskennslu og væri góður í því, gætum við sent börnin okkar og barnabörnin jafnvel í þann skóla. Það er um að gera að styrkja og auka val foreldra og nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 19:22.

---

82. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana 2000–2002, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra.
2. Einkaleyfi, stjfrv., 303. mál, þskj. 1098. — 3. umr.
3. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 338. mál, þskj. 412. — 3. umr.
4. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv., 552. mál, þskj. 830, nál. 1087. — 2. umr.
5. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 164, nál. 1075, brtt. 1076 og 1095. — 2. umr.

6. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1073. — Síðari umr.

7. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019. — Frh. 1. umr.

8. Stytting þjóðvegar eitt, þáltill., 553. mál, þskj. 831. — Fyrri umr.

9. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 565. mál, þskj. 844. — 1. umr.

10. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, þáltill., 568. mál, þskj. 858. — Fyrri umr.

11. Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, þáltill., 571. mál, þskj. 861. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 303. mál, þskj. 1098.

Lækkun skatta á eftirlaun og ellilífeyri, 738. mál, þáltill. JKÓ o.fl., þskj. 1102.

Meðferðardeild við fangelsi landsins, 739. mál, fsp. MF, þskj. 1103.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samkeppnismál.

[10:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar meint samráð olíufélaganna kom upp á borð samkeppnisyfirvalda í fyrra brá mörgum við þegar í ljós kom verulegur ágalli á viðurlagakafla samkeppnislaga sem m.a. gæti leitt til þess að brot einstaklinga fyrndust ef ekkert væri að gert. Ekki var skýrt á hvaða stigi eða með hvaða hætti lögreglurannsókn ætti að hefjast en hún rýfur fyrningu á meðan rannsókn Samkeppnisstofnunar gerir það ekki. Með óvissu um hlutverk og aðkomu lögreglu annars vegar og hins vegar Samkeppnisstofnunar að svo alvarlegum brotum er hagsmunum almennings stefnt í voða, að ekki sé minnst á þá einstaklinga, seka eða saklausa, sem brotunum kunna að tengjast. Það var því þarft og mikilvægt þegar hæstv. viðskrh. ákvað í september sl. að skipa nefnd til að fara ofan í þetta mál. Eðli máls samkvæmt er nauðsynlegt að sú vinna gangi hratt og örugglega.

Í nefndina voru skipaðir þrír lögfræðingar, fulltrúar viðskrn. og lagadeildar Háskóla Íslands ásamt fulltrúa dómsmrn. Samkvæmt heimildum mínum skilaði nefndin af sér einróma niðurstöðu í lok janúar, fullbúnu frv. þar sem lagt er til að farin verði sú leið að ríkislögreglustjóri rannsaki brot einstaklinga en Samkeppnisstofnun lögaðila í slíkum málum.

Nú virðist sem málið hafi verið stoppað af hæstv. dómsmrh. sem þó átti fulltrúa sinn í nefndinni. Það verður að teljast hreint með ólíkindum, að fela fulltrúa sínum vinnu í nefnd en gangast síðan ekki við tillögum nefndarinnar þegar þær liggja fyrir. Hér er um alvarlegt mál að ræða og hæstv. viðskrh. hefur þá skyldu gagnvart Alþingi að svara því hver staða málsins sé.

Ég hlýt að krefja hana svara og kalla hér eftir þeim. Ætlar hæstv. ráðherra að standa fast á sínu og greiða úr þessu máli eða ætlar hún að láta úrtölutóna hæstv. dómsmrh. ráða för? Slík niðurstaða væri alvarleg. Hæstv. ráðherra verður að vera þeim vanda vaxin að greiða úr þessum málum sem fyrst og svo virðist sem henni sé ekkert að vanbúnaði að láta kné fylgja kviði og leggja frv. nefndarinnar fyrir þingið. Eða hvað er því til fyrirstöðu?

[10:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af umræðum sem urðu á sl. ári um samskipti samkeppnisyfirvalda annars vegar og lögreglu og ákæruvalds hins vegar skipaði ég, að höfðu samráði við dómsmrh., starfshóp í því skyni að koma með tillögur að breytingum á samkeppnislögum ef nauðsynlegt þætti. Í skipunarbréfi starfshópsins var tekið fram að einkum skyldi taka til skoðunar verkaskiptingu rannsóknaraðila og beitingu viðurlaga. Teldi starfshópurinn að gefnu tilefni nauðsynlegt að gera breytingar á öðrum lögum í tengslum við samkeppnislögin var óskað eftir ábendingum þar að lútandi.

Starfshópurinn hefur skilað af sér og málið er núna til umfjöllunar á milli ráðuneyta sem að málinu koma, sem sagt viðskrn. og dómsmrn. Á meðan slík vinna fer fram er ekki eðlilegt að ég greini opinberlega frá stöðu mála. Ég geri mér að sjálfsögðu vonir um að niðurstaða náist sem leiði til þess að hér verði lagt fram á næstu dögum frv. til breytinga á samkeppnislögum.

[10:36]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir vonbrigðum með svar hæstv. viðskrh. en eins og þjóðin man mjög vel frá sl. sumri myndaðist gríðarleg réttaróvissa um framkvæmd samkeppnismála hér á landi. Tvær lykilstofnanir í þjóðfélaginu, Samkeppnisstofnun og ríkislögreglustjóri, rifust allverulega um hvernig framkvæma ætti rannsókn á þessum alvarlegu glæpum gegn íslenskum almenningi. Það sem fékkst aðallega upp úr þeirri deilu var að stjórnmálamenn þurftu að taka af skarið um hvað gera átti. Fyrir utan ábyrg viðbrögð Samf. með fullunnu þingmáli strax í upphafi haustþings setti hæstv. viðskrh., yfirmaður samkeppnismála hér á landi, starfshóp á fót sem komst að ákveðinni niðurstöðu sem er reyndar keimlík tillögu Samf.

Nú hefur niðurstöðu þessa starfshóps verið harðlega mótmælt af öðrum meðlimi þessarar sömu ríkisstjórnar, sjálfum dómsmrh. Það er alveg með ólíkindum að þessi sama ríkisstjórn geti ekki komið sér saman um jafnviðamikið grundvallaratriði og framkvæmd samkeppnismála er. Því sem vinstri höndin gerir er hægri höndin ósammála.

Þetta mál sýnir í hnotskurn áhugaleysi ríkisstjórnarinnar á samkeppnismálum þegar á reynir. Þetta sást vel þegar Samf. bar upp tillögu um hógværa hækkun á fjárframlögum til Samkeppnisstofnunar rétt fyrir jólin en þar felldu allir þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. tillöguna einróma. Og svo ég rifji það upp fyrir þingheimi var einungis um að ræða 30 millj. kr. hækkun sem er nánast helmingi minna en bókin um Stjórnarráðið kostar ríkissjóð. Það er því ljóst að áhugi framsóknarmanna á samkeppnismálum er enginn, bara orðin tóm því að þegar á hólminn er komið eru þeir einungis í sínu liði. Það er ekki tilviljun að rannsókn á samkeppnisbrotum tryggingafélaganna standi í heil sex ár undir stjórn framsóknarmanna á samkeppnismálum þjóðarinnar.

Ég vil því taka undir áhyggjur hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur yfir þeirri óþolandi réttaróvissu sem ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. býður íslenskum fjölskyldum og fyrirtækjum upp á. Og svör hæstv. viðskrh. leysa ekki úr þeirri réttaróvissu.

[10:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er með ólíkindum að þetta mál skuli koma upp með þessum hætti á nýjan leik. Um það voru miklar deilur eins og menn muna, um rannsókn máls og hvenær lögreglan skyldi koma inn í það o.s.frv.

Maður veltir fyrir sér, virðulegi forseti, hvort þetta beri keim af því að nauðsynlegt sé að tefja eða að menn vilji af einhverjum ástæðum láta þetta mál dragast úr hömlu. Slíkar spurningar hljóta að vakna með okkur hv. þm., spurningar hvort innan stjórnarflokkanna séu deilur um málið á þeim forsendum að dómsmrh. vilji ekki að málið fái endanlega niðurstöðu.

Eins og menn muna voru miklar deilur milli Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra um hvernig með málið skyldi farið. Mér finnst að nú séum við að upplifa endurtekningu á þeirri stöðu. Þetta er algerlega óþolandi réttaróvissa og mér finnst að hæstv. viðskrh. sé skyldug til að upplýsa okkur betur en hún gerði áðan.

[10:40]

Ásgeir Friðgeirsson:

Herra forseti. Viðskipti hafa verið í brennidepli opinberrar umræðu hér á landi undanfarin missiri. Mest hefur borið á rannsóknum þeim sem hér um ræðir, ríkislögreglustjóra og Samkeppnisstofnunar, á einstaka málum. Það er alkunna hversu langan tíma rannsóknir þessar hafa tekið og þegar ofan í kaupið bætast óljós mörk og valdsvið stofnana leiðir af sjálfu sér að mikil óvissa ríkir í viðskiptalífi hvað þetta varðar. Því miður hefur þetta ástand varað lengi.

Núverandi ástand er illa viðunandi vegna þess hve lengi fyrirtæki þurfa að búa við grun og tortryggni. Það er óviðunandi að tefja í átta mánuði. Átta mánuðir eru kannski ekki langur tími í stjórnsýslunni en í íslensku viðskiptalífi eru átta mánuðir mjög langur tími, herra forseti.

Það er á ábyrgð stjórnvalda að skapa stöðugt og skilmerkilegt starfsumhverfi. Því ber að hraða niðurstöðum þessa máls og fá fram skýrar reglur.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að vísu umhendis fyrir okkur þingmenn að ræða um frv. sem er til meðferðar í ríkisstjórn eða á milli ráðuneyta og við höfum ekki séð. Það þarf auðvitað ekki að vera óeðlilegt að mál þurfi skoðunar við milli ráðuneyta þegar þau varða verksvið fleiri en eins ráðuneytis.

Hitt er mjög alvarlegt, sá dráttur sem er orðinn á því að hreinar línur komist í verkaskiptingu þessara embætta. Það er alveg neðan við allar hellur að það skuli bætast svo ofan á allt sem fyrir er og valdið hefur óvissu og vandræðum í þessum efnum að verkaskipting eða mörk milli embætta eins og Samkeppnisstofnunar og lögreglu séu ekki sæmilega ljós.

Þetta bætist við það að mörg stórmál sem varða meint ólögmætt samráð eða misbeitingu á markaðsráðandi stöðu stórfyrirtækja hafa legið afvelta árum saman. Olíufélagarannsóknin er nú að verða býsna löng en hún er ekki neitt borið saman við rannsóknina á vátryggingafélögunum sem hefur staðið árum saman. Þetta er algerlega óþolandi ástand. Samkeppnisstofnun er bersýnilega ekki nógu öflug, ekki nógu vel að henni búið hvað fjármuni og mannafla snertir til að hún geti klárað öll þessi viðamiklu mál sem hún er með til meðferðar. Svo bætir náttúrlega gráu ofan á svart að hún þurfi að standa í skaki við ríkislögreglustjóra eða lögregluyfirvöld um mál af þessu tagi.

Það sem stendur upp á ríkisstjórnina er að koma þessum hlutum á hreint og þótt fyrr hefði verið. Við verðum að vona að það verði uppstytta í samskiptum þessara hæstv. ráðherra á allra næstu dögum þannig að málið komist hér inn, fyrir þingið og verði klárað fyrir vorið.

[10:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ekkert svar að segja að verið sé að skoða málið á milli ráðuneyta. Þessir hæstv. tveir ráðherrar hafa verið að skoða málið síðan í september, hvor með sinn fulltrúa í nefnd ásamt fulltrúa lagadeildar Háskóla Íslands. Fulltrúar þessara hæstv. ráðherra hafa komist að einróma niðurstöðu. Hvað er til fyrirstöðu, hæstv. forseti?

Hæstv. viðskrh. hefur upplýsingaskyldu gagnvart þinginu og henni er skylt að svara því hér hvað veldur því að ekki sé hægt að láta þessa tillögu koma til framkvæmda. Það nægir okkur ekki, hæstv. forseti, að hæstv. viðskrh. voni að málið leysist. Valdið er hennar og ábyrgðin um leið og það er hennar að svara því hvað eigi að gera, og hvernig.

Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að hún teldi þá leið sem lögð er til einmitt í þessu frv., og m.a. Samkeppnisstofnun hefur mælt með, réttu leiðina. Hefur hæstv. ráðherra skipt um skoðun? Ábyrgðin er hennar.

Ég vil líka geta þess að í hv. efh.- og viðskn. er frv. sem Samf. lagði fram með Lúðvík Bergvinsson í broddi fylkingar um þetta mál. Það var nefnt hér áðan. Umsagnir um það mál hafa borist og þar hefur m.a. réttarfarsnefnd sem er ráðgjafarnefnd á sviði dómsmrn. undir hatti dómsmrh. mælt með því að sú leið verði farin. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra hvar í ósköpunum hún ætli að finna sérfræðinga sem mæli með annarri leið. Tónn hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar í þessu máli minnir því miður allt of mikið á þær raddir sem heyrast stundum úr röðum sjálfstæðismanna, að samkeppnisyfirvöld megi ekki styrkja um of, Samkeppnisstofnun skuli helst leggja niður.

Hæstv. viðskrh. þarf að standa vörð um hag neytenda í þessu máli og það er ekki eftir neinu að bíða með að leggja fram frv. sem þessir ágætu hæstv. ráðherrar hafa unnið að sameiginlega síðan í september.

[10:46]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég met mikils þann áhuga hv. þingmanna sem kemur hér fram á þessu máli en ég held því fram að meðan málið er í vinnslu á milli tveggja ráðuneyta geti ég ekki svarað nákvæmara en svona. Þess vegna er það svar. Málið er í vinnslu á milli viðskrn. og dómsmrn.

Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þingmenn hafa ekki séð frv. þannig að þegar því er haldið fram að það sé í líkingu við það frv. sem hv. þm. Samf. hafa lagt fram vita þau ekkert um það. Þau bara gefa sér það. (**BH:** ... í vor.) Sá fréttaflutningur sem hefur verið af málinu hefur ekki verið staðfestur þannig að hv. þm. vita ekkert um þetta frv. Vonandi rætist þó úr því. Ég vona svo sannarlega að hér muni birtast frv. áður en langt um líður.

Þegar verið er að tala um rannsókn á einhverju máli sem er hjá Samkeppnisstofnun, eins og á tryggingafélögunum, sem rannsókn „undir stjórn Framsfl." fara menn villur vegar. Þetta er sjálfstæð stofnun, Samkeppnisstofnun, og þó að svo vilji til að ráðherrann sem fer með málefni stofnunarinnar sé framsóknarmaður er ekki verið að rannsaka undir stjórn Framsfl. Ég vona að hv. þingmenn geri sér grein fyrir

því. Það er mjög ómálefnalegt að koma með slíkt innslag í umræðuna.

Málið er sem sagt í vinnslu og ég hlakka til að kynna það á hv. Alþingi þar sem áhuginn fyrir því er svona gífurlegur.

Launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana 2000–2002, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra.

[10:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri að fá að fjalla hér á Alþingi um stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana á árunum 2000–2002. Ég vil geta þess að hv. 1. þm. Suðurk. bað um umræðu um skýrsluna en samkomulag varð um að hafa umræðuna með þeim hætti sem forseti tilgreindi. Skýrslan er unnin að beiðni heilbr.- og trmrn. sem fór þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún legði mat á starfsmannahald, framkvæmd kjarasamninga og skipulag nokkurra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

Launakostnaður sjúkrastofnana hefur aukist umtalsvert umfram áætlanir á síðustu árum og er það meginorsök þess að kostnaður við rekstur þeirra stofnana hefur farið fram úr áætlunum. Í þessum fyrsta áfanga var tekið til skoðunar starfsmannahald og framkvæmd kjarasamninga. Í því felst fyrst og fremst skoðun á áætluðum og raunverulegum launakostnaði hjá einstökum stofnunum. Skýrslan leitast við að svara hvaða svigrúm stofnanirnar höfðu til launahækkana til einstakra hópa og hverjar launahækkanirnar urðu svo í raun. Úttektin náði til starfsmannahalds og launagreiðslna áranna 2000–2002, eins og áður sagði, og voru sex heilbrigðisstofnanir teknar til skoðunar, Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilbrigðisstofnunin Selfossi.

Í skýrslunni má sjá að launakostnaður þessara sex heilbrigðisstofnana jókst um rúmlega 30% sem er svipuð hækkun og hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Kostnaðarmat kjarasamninga gerir ráð fyrir 18–21% hækkun þannig að ljóst er að launakostnaður stofnana hefur aukist umfram kostnaðarmat um 7,5–10%. Ástæður fyrir þessu misræmi má ýmist rekja til launaskriðs eða breytinga á vinnuafli. Ljóst er þó að launaþróun þessara sex stofnana er sambærileg við það sem gerist á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þá er um umtalsverðan mismun að ræða hjá einstökum stofnunum. Mesta hækkunin var tæp 39% en sú stofnun sem var með minnstu hækkunina var með tæpa 25% hækkun.

Í umfjöllun síðustu daga um skýrsluna hafa launahækkanir til lækna verið fyrirferðarmestar. Þar hefur verið bent á mikinn launamun lækna á LSH og lækna á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Í því sambandi vil ég vekja athygli á að stór hluti lækna á höfuðborgarsvæðinu er jafnframt með sjálfstæðar lækningastofur en þær tekjur eru ekki meðtaldar.

Í skýrslunni er einnig vakin athygli á að launatengd gjöld hafa hækkað umtalsvert meira en útgreidd laun. Í síðustu kjarasamningum var samið um verulega hækkun greiðslna í séreignarlífeyrissjóði sem tóku síðan gildi í áföngum. Í kostnaðarmati fjmrn. á kjarasamningum hefur ekki verið tekið tillit til þessa kostnaðar. Fyrir stofnanir heilbr.- og trmrn. lætur nærri að hér sé um 400–500 millj. kr. útgjaldaauka að ræða sem stjórnendur stofnana fá engu um ráðið.

Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að því að bæta gerð kjarasamninga hjá ríkinu. Einn liður í þeim umbótum var að færa umsjón og ábyrgð með kjarasamningum til stjórnenda ríkisstofnana og dreifa valdi þar með betur en áður. Í stað aðlögunarsamninga tóku stofnanasamningar við einstök stéttarfélög við í kjarasamningum ríkisins 2001. Stofnanasamningunum var m.a. ætlað að stuðla að skilvirkara launakerfi sem átti að taka mið af þörfum og verkefnum stofnana. Ekki var gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna stofnanasamninga, heldur er gert ráð fyrir að standa verði undir slíkum útgjöldum með hagræðingu í rekstri. Á litlum stofnunum þar sem er um mjög fáa sérmenntaða starfsmenn að ræða getur verið erfitt að ná fram hagræðingu til að standa undir auknum útgjöldum vegna stofnanasamninga.

Niðurstöður skýrslnanna gefa sterklega til kynna að stofnanir hafi verið vanbúnar til að axla þá ábyrgð sem þeim var falin með að ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga væri í ríkara mæli færð til þeirra. Ástæður þess eru ugglaust margvíslegar og má benda á að takmörkuðu framboði á heilbrigðisstarfsmönnum eins og læknum og hjúkrunarfræðingum í dreifbýlli hlutum landsins megi að einhverju leyti um kenna. Sömuleiðis má benda á samræmdan þrýsting starfsstétta þar sem starfsmenn stéttarfélaganna, sitjandi í samstarfsnefndum, leggja áherslu á gerð stofnanasamnings sem framhaldskjarasamnings þar sem farið er fram á miklar hækkanir umfram kjarasamninga og kostnaðarmat hans.

Ríkisendurskoðun telur að miðlægur stuðningur fagráðuneytisins sé mikilvægur, það sé fagráðuneytisins að aðstoða við túlkun óljósra atriða í kjarasamningum og tryggja aðgang að upplýsingum um launamál. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að gera stjórnendur heilbrigðisstofnana betur hæfa til að takast á við þessa ábyrgð með auknu námskeiðahaldi og fræðslu.

Það er ekki svo að ráðuneytið komi ekki að kjaramálum. Starfsmenn ráðuneytisins eru í stöðugu sambandi við framkvæmdastjóra stofnana um fjárhags- og rekstrarstöðu. Unnið hefur verið að söfnun upplýsinga úr launabókhaldi þeirra stofnana sem eru utan launavinnslu fjmrn. og er stefnt að því að því verki ljúki í næsta mánuði. Þar með skapast möguleiki á reglulegum samanburði á launum og launaþróun milli stofnana. Þess ber að geta að í framhaldi af útkomu skýrslunnar mun ráðuneytið fara sérstaklega yfir framkvæmd kjarasamninga á þeim stofnunum sem Ríkisendurskoðun gerir helst athugasemd við.

Herra forseti. Það má segja að allt frá 1997 hafi stöðugt verið í gangi samningar við hin ýmsu stéttarfélög um kaup og kjör innan heilbrigðisstofnana sem kostað hefur ómælda vinnu fyrir stjórnendur þeirra og tilheyrandi útgjaldaauka sem oftast hefur ekki rúmast innan fjárlagaramma stofnananna. Við þessar aðstæður hlýtur sú spurning að vakna hvort rétt hafi verið staðið að því að færa umsjón og ábyrgð með kjarasamningum til stjórnenda ríkisstofnana og hvort vald hafi í raun og veru færst til stjórnenda eins og áformað var. Í stað þess að dreifa valdi til stjórnenda hafi svigrúmið í raun ekki aukist, heldur hafi kjarasamningagerð við stéttarfélög framlengst inn í stofnanirnar.

Í annan stað má spyrja hvort frágangur miðlægra kjarasamninga ríkisins sé ekki með öllu ófullnægjandi fyrst þeir leiða til áframhaldandi samningaviðræðna við stéttarfélögin

um kaup og kjör í stofnunum ríkisins þegar kjarasamningur á að vera í gildi. Ég hef áður lýst því yfir í ræðu og riti að rétt sé að skoða vel framkvæmd kjarasamninga og meta hvort kerfið þjónar þeim tilgangi sem lagt var upp með í byrjun. Þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar rennir enn frekari stoðum undir þá skoðun mína að launamál stofnana þurfi frekari athugunar við.

[10:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hér er til umræðu er fjallað um launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana árin 2000–2002. Þar kemur fram að ótrúlegur munur er á launum lækna sem starfa hjá sex stofnunum á landsbyggðinni og þeim sem vinna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi án eigin stofnanareksturs. Munar þar allt að 70%. Einnig er töluverður munur á launum hjúkrunarfræðinga annars vegar á þeim stöðum sem skýrslan fjallar um og hins vegar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öðru máli gegnir um laun sjúkraliða, þar er munurinn ekki eins mikill.

Kjaranefnd úrskurðaði um laun heilsugæslulækna haustið 2002 eftir harðar kjaradeilur. Þá var það álit hæstv. heilbrrh. að niðurstaða kjaranefndar þýddi að læknar mundu hækka í launum um 17–20%. Niðurstaðan varð allt önnur. Laun heilsugæslulækna úti á landi á þeim stofnunum sem úttekt Ríkisendurskoðunar nær til hækkuðu um 28–55% og ætla má að það sé ekki um einsdæmi að ræða hjá þessum stofnunum, heldur sé um sambærilegar hækkanir að ræða hjá öllum heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Hækkunin hjá sjúkrahúslæknum var ívið minni.

Það kemur á óvart að laun lækna á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem ekki var hægt að ráða til baka á sínum tíma vegna allt of hárra launa eru samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar í lægri kantinum.

Hluti skýringar á þessari launahækkun er að með úrskurði Kjaradóms átti að jafna kjör heilsugæslulækna og sjúkrahúslækna og að vinnu- og vaktaálag á læknum á landsbyggðinni er meira. Engu að síður er þessi launamunur óheyrilegur. Ef vinnu- og vaktaálag er jafnmikið og greiðslurnar benda til hljótum við að velta fyrir okkur hvort þar sé ekki of langt gengið með tilliti til þeirra öryggismarka sem eiga að gilda í heilbrigðisþjónustunni.

Síðan er það hin hliðin, launastefna ríkisins og hvernig staðið er að því að áætla launakostnað einstakra stofnana, ekki síst í heilbrigðisþjónustunni. Úrskurðir kjaranefndar eru ekki virtir í framlögum til stofnana né aðrir kjarasamningar heilbrigðisstofnana. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála og fjmrn. hafi brugðist í túlkun samninga og í því að tryggja aðgang að upplýsingum um launamál sem nýtast stofnunum, bæði í samningsgerð og eftirliti með launaþróun og að fjárveitingar fylgi ekki þeim samningum sem gerðir eru. Það skortir samræmi milli launakerfis og fjármálakerfis. Það er mat Ríkisendurskoðunar að fjármálastjórn ríkisins á þessum sviðum sé orðin mjög veik.

Þetta er þungur dómur, að í launa-, kjara- og samningsmálum sé fjármálastjórnin í algjöru klúðri. Ég er ósammála því að það sé við heilbr.- og trmrn. að sakast. Hér er um að ræða ákvörðun fjmrn. Fjmrn. kemur að samningum, fjmrn. samþykkir þá samninga sem gerðir eru en áætlar ekki það fjármagn til stofnana heilbrigðiskerfisins sem samningarnir fela í sér. Stofnanir eru því reknar með halla ár eftir ár.

Sú þróun sem Ríkisendurskoðun sýndi í skýrslu sinni varðandi sex stofnanir úti á landi hefur ekki stöðvast, síður en svo. Laun stétta, sérstaklega lækna, hafa haldið áfram að hækka langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Ég get nefnt dæmi frá einni af þessum sex stofnunum. Þar hækkuðu laun lækna á sjúkrahússviði á milli áranna 2002 og 2003 að meðaltali um 26% ef miðað er við rauntölur þessara ára. Ef horft er til heilsugæslusviðs sömu stofnunar eykst launakostnaðurinn vegna heilsugæslu um 68% milli áranna 2002 og 2003. Það skýrist að hluta af því að greiðslur fyrir gjaldskrárverk sem áður voru hjá Tryggingastofnun eru nú hjá viðkomandi stofnun. Ef lögð er saman hækkun læknalauna á sjúkrahússviði og heilsugæslusviði nemur hækkunin milli áranna 2002 og 2003, ára sem skýrslan nær ekki til, um 47% og þar er ekki talin með vinna á eigin stofum.

Þessi umrædda stofnun á í verulegum rekstrarerfiðleikum. 78% af rekstri eru launagreiðslur og hallarekstur hefur verið undanfarin ár, m.a. vegna þessa mikla launakostnaðar. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann bregðast við til að sporna gegn þessari þróun í launamálum stofnana innan heilbrigðiskerfisins? Hefur hann rætt við forsvarsmenn þeirra stofnana sem skoðaðar voru samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar? Hafa átt sér stað viðræður við þá lækna sem þarna eiga hlut að máli og telur ráðherra að þessi þróun launahlutfalls í rekstri viðkomandi stofnana sé eðlileg? Hver var vitneskja fjmrn. um stöðu og þróun mála?

Virðulegi forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir fullkomlega óeðlilega launaþróun hjá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Ef ekki verður spornað við þessari þróun er útilokað að rekstur stofnananna geti gengið til lengri tíma litið. Spurning mín er: Hver er stefna ráðherra og hvernig hyggst hann hrinda henni í framkvæmd án þess að skerða þjónustu heilbrigðiskerfisins á landsbyggðinni?

[11:01]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu er farið yfir launakerfi starfsmanna ríkisins á bls. 41–45. Það vill svo til að nokkrum sinnum á undanförnum árum hefur einmitt þetta launakerfi komið mjög til umræðu. Ég hef reynt að gera grein fyrir því nokkrum sinnum við litla hrifningu en ég vonast til þess, virðulegi forseti, að þingmenn lesi þessa kafla, sérstaklega á bls. 41–45, aftur og aftur svo að tryggt sé að allir viti við hvaða vandamál við erum að fást, hversu viðkvæm þau eru og erfið viðureignar. Þau eru mjög erfið, kjaramálin í heild sinni. Þessa skýrslu sem nær til sex stofnana er greinilega beðið um sérstaklega af hálfu ráðuneytisins og ég ætla að þessar sex stofnanir séu kannski þær sem hafa átt í hvað meiri erfiðleikum en aðrar, flestar hverjar. Það er huggun harmi gegn að við vitum af fleiri stofnunum úti um landið þar sem hefur gengið betur að hemja kostnaðarþróunina en þó má hverjum verða ljóst að hér erum við að fást við vandamál sem okkur hefur ekki tekist að leysa.

Kjarasamningar lækna eru þannig að ég mundi ekki kalla þá venjulega kjarasamninga, heldur væri nær að kalla þá einhvern óskapnað. Ég veit um fáa sem skilja þá samninga, kannski þá sem skrifuðu undir þá þó að mér sé það til efs.

Ég vil líka benda á úrskurð kjaranefndar frá 2002 um samninga heilsugæslulækna en ég tel að það plagg eigi að vera skólabókardæmi um hvernig samningar á vinnumarkaði eiga ekki að vera.

Við vitum öll að það er þverpólitísk samstaða um það hvernig við ætlum að standa að heilbrigðismálum. Við ætlum að fjármagna þau meira og minna á grundvelli samhjálpar og því verðum við öll að standa að þessum málum og koma þeim í annað form en þau eru í í dag.

Ég hef lengi haldið því fram við þá miklu ágætisstétt, lækna, að hún væri á villigötum í launamálum. Þeir verða að koma að þessum hlutum þannig að þeir, sem mest menntaða stéttin, þeir sem mesta kunnáttu hafa í heilbrigðismálum, axli þá ábyrgð sem verður að fara saman í forustu, að menn axli bæði fjárhagslega og faglega ábyrgð. Ég held að það sé sú leið sem við verðum að fara vegna þess að allar tilraunir hins opinbera á umliðnum árum sem hafa verið mjög miklar til þess að hemja launakostnað og kostnaðarþróunina í hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum hafa mistekist. Við verðum bara að horfast í augu við það, okkur leyfist ekki undan að líta.

Ég tel að núna loksins séum við með í höndunum tæki sem við þurfum til þess. Við höfum náð tökum á því að við getum mælt hjúkrunarþyngdina, við vitum hvernig við ætlum að kostnaðargreina hana. Við höfum bestu þjóðskrá í heiminum. Við vitum að faraldsfræðin er mjög góð á Íslandi. Þess vegna erum við með hlutlægar upplýsingar til að miða þennan rekstur við. Auðvitað er það best komið þannig að hinar menntuðu stéttir beri ábyrgðina eins og ég sagði áðan, bæði faglega og fjárhagslega.

Við verðum að viðurkenna að það er alvörumál þegar launaþróun fer á einum stað í ferli sem er ekki í neinu samráði við annað í þjóðfélaginu. Það virkar nákvæmlega eins og skemmt epli. Það eyðileggur allan vinnumarkaðinn. Þess vegna er þetta mjög mikið alvörumál sem menn verða að horfa til, að við getum ekki lifað við það að slíkt ferli sé svona misvísandi. Ég held og reyndar veit ég, herra forseti, að það er til tæki til að breyta þessu. Við eigum að hafa hugrekki til að fara nýjar leiðir við stjórn þessara stofnana og skipulag þessara mála. Við höfum margreynt það en það sem við höfum reynt og gert hefur ekki dugað. Þess vegna ber okkur að hugsa nýjar hugsanir. Við getum staðið öðruvísi að þessu og eigum að gera það með þeim tækjum sem við höfum í höndunum í dag.

[11:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka þessa skýrslu ríkisendurskoðanda og skýrslu hæstv. ráðherra en ástæða skýrslubeiðni, eins og kom fram, er úttekt ríkisendurskoðanda á launakostnaði nokkurra heilbrigðisstofnana sem hafa átt í miklum rekstrarvanda og það var ljóst að launakostnaður á þeim stofnunum hafði farið fram úr áætlunum. Því var beðið um skýrsluna. Ég tel að skýrslan sé í raun fyrsta skref til þess að skoða aðstæður þessara stofnana og annarra, sérstaklega í dreifbýlinu, til að standa að samningum við heilbrigðisstarfsmenn sína.

Niðurstaða úttektarinnar sem er frá 2000–2002 sýnir það í raun að bæði heilbrigðisstarfsmenn og aðrir starfsmenn umræddra heilbrigðisstofnana hafa fengið launakjör umfram strípaða samninga og þá er verið að bera saman við samninga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Tölurnar sýna meðallaun. Það er reynt að gefa sem raunverulegasta mynd af launum fastráðinna starfsmanna og þeir starfsmenn teknir út sem vinna tímabundið því að tímabundnar ráðningar hækka enn frekar launakostnaðinn. Eftir sem áður lendir sá launakostnaður á þessum stofnunum. Ekki eru reiknuð launatengd gjöld í greiðsluna þannig að meðallaunin eiga að vera nokkuð ljós, og eru hærri á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni en á LSH.

Herra forseti. Gert er ráð fyrir dreifstýrðum samningum, einstaklingsbundnum stofnanasamningum, eins og kerfið er í dag. Ég tel að það sé núna að koma í ljós sem hefði átt að vera fyrirsjáanlegt að þetta fyrirkomulag mundi leiða til launaskriðs, sérstaklega hjá stofnunum úti um hinar dreifðu byggðir, þ.e. minni stofnunum þar sem þær eiga mjög erfitt með að standast launakröfur starfsmanna, sérstaklega þegar fagaðilar eiga í hlut. Ég tel því mikilvægt að þetta fyrirkomulag á samningsgerð sé endurskoðað mjög gaumgæfilega með það í huga að líta til stöðu þessara stofnana, við að semja við mjög sterka heilbrigðisstarfsmenn.

Ég vil líka taka fram að mér finnst mjög erfitt að bera alveg einhliða saman bruttómeðaltekjur starfsmanna heilbrigðisstofnana úti á landi og Landspítalans þar sem aðstæður er svo gjörólíkar, m.a. stjórnunarlega. Það þarf ekki að horfa lengi á það að stjórn stofnunarinnar Landspítala – háskólasjúkrahúss er sterkasta stjórn heilbrigðisstofnunar sem við höfum í dag. Stjórnun er auðveldari. Það gerir starfsmannafjöldinn á Landspítalanum, m.a. varðandi afleysingar, vaktaálag og annað slíkt sem er hægt að hagræða á fjölmennum vinnustað. Svo er landfræðilegi þátturinn. Það verður að líta til þess að ekki gengur alltaf vel að fá fagfólk til þess að vinna úti um land, flytja sig um set. Það kostar og það á að reikna með staðaruppbótum. Þegar við lítum auk þess á laun lækna má segja að eingöngu þeir sem starfa á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri hafi möguleika á að vera með einkareknar stofur utan starfa sinna á heilbrigðisstofnuninni. Þau laun koma ekki inn í þessi meðallaun. Við vitum því ekki hvort launabilið á milli lækna úti á landsbyggðinni og lækna sem vinna við Landspítala – háskólasjúkrahús væri í raun jafnmikið og kemur fram í þessari töflu ef laun þeirra á einkastofunum kæmu inn í samanburðinn einnig.

Ég vil bara ítreka það að heilbrigðisstofnunum úti á landi er gert að fara í stofnanasamninga og hafa tekjuafgang til þess. Þetta eru stofnanir sem eru yfirleitt reknar með miklum sparnaði á núlli og ef á að semja um launahækkanir verður það ekki gert nema með niðurskurði eða að koma út í mínus eins og verið hefur.

[11:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni sem hér hefur kynnt skýrslu um launaþróun starfsmanna nokkurra heilbrigðisstofnana á árunum 2000–2002. Frjálsl. telur að við eigum að tryggja öllum landsmönnum rétt til að njóta bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni, að ríkisvaldið sjái um fjármögnun til heilbrigðisþjónustunnar og leiti leiða til að nýta þetta fjármagn sem best. Þó að rétt geti verið að nýta kosti einkaframtaks í heilbrigðisþjónustunni þar sem því verður við komið skal það gert með það að leiðarljósi að nýta fjármuni almennings sem best.

Þegar sú skýrsla sem hér er til umfjöllunar er skoðuð læðist óneitanlega að manni sá grunur, eða réttara sagt sú spurning, hvort fjármunir almennings séu nýttir með sem skilvirkustum hætti í heilbrigðisþjónustunni. Að sjálfsögðu velur maður að ætla að það eigi við í sem flestum tilvikum en kannski er víða pottur brotinn þegar grannt er skoðað.

Hér höfum við fengið að vita að launakostnaður við nokkrar, ég undirstrika nokkrar, en ekki allar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hafi aukist um tvöfalt meira á ár-

unum 2000–2002 en hækkun launavísitölu á sama tímabili. Þá hlýtur maður að spyrja hvernig farið sé með fé almennt á slíkum stofnunum. Hér er launaliðurinn hjá starfsmönnum heilbrigðisstofnana til umræðu. Frjálsl. telur sjálfsagt og eðlilegt að starfsfólk slíkra stofnana njóti sem bestra launakjara. Gott og vel. En menn verða að sjást fyrir og eiga fyrir launahækkunum, og launaliðurinn má ekki koma niður á starfsemi og þjónustu sem þessar stofnanir veita.

Fram kemur í skýrslunni að laun heilsugæslulækna hafi hækkað um 28–55% frá nóvember 2002. Auðvitað munar um þessar hækkanir, sérstaklega í ljósi þess, eins og fram hefur komið í umræðunni, að um 70% af kostnaði heilbrigðisstofnana er launakostnaður. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni þegar við sjáum þær tölur sem Ríkisendurskoðun hefur komið með og hæstv. heilbrrh. hefur kynnt fyrir hinu háa Alþingi í dag hvort launa- og verktakagreiðslur, einkum og sér í lagi til lækna á landsbyggðinni, séu ekki komnar út úr kortinu. Þeir sem mest fá, á sjö stöðum allt í kringum landið, þéna á bilinu 14–20 millj. kr. árlega. Þetta eru allt að helmingi hærri tekjur en meðallaun lækna í fullu starfi við Landspítala – háskólasjúkrahús en þess ber þó að geta að margir þeirra starfa utan við á eigin stofum og þær tekjur sem þeir afla þar koma væntanlega ekki fram í þessari könnun. Maður hlýtur þó að spyrja sig hvort læknar sem vinni svo mikið að þeir hafi 14–20 millj. kr. í árslaun séu ekki hreinlega yfirkeyrðir af vinnu og því vænlegra að fjölga stöðugildum til að létta þeim störfin.

Fjölmörg dæmi eru um að ekki sé ráðið í lausar stöður á landsbyggðinni. Ekki hafa fengist skýr svör um það hjá hæstv. heilbrrh. hvort það sé vegna fjárskorts. Reynt hefur verið að bera við að ekki hafi tekist að ráða í stöður hjúkrunarfræðinga en þær hafa einfaldlega ekki verið auglýstar. Skýrsla ríkisendurskoðanda bendir á að samræmi skorti tilfinnanlega milli launakerfis heilbrigðisstofnana og fjárlagakerfis ríkisins. Þegar stofnanir semja sérstaklega við sitt fólk hefur komið í ljós að gengið hefur verið til samninga án þess að fjármunir séu fyrir hendi.

Virðulegi forseti. Þarna hljótum við að kalla bæði hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. til ábyrgðar. Enn og aftur, fólk á að njóta sanngjarnra launa fyrir störf sín í heilbrigðisgeiranum en það hlýtur að vera á ábyrgð stjórnvalda að geta staðið við það sem þau og stjórnendur ríkisstofnana lofa án þess að svo mikilvægar stofnanir sem heilbrigðisstofnanir okkar eru lendi í uppnámi árlega vegna þess að ekki er innstæða fyrir loforðunum og allt í bullandi mínus þegar árið er gert upp.

[11:16]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Stærsti fjársjóður heilbrigðiskerfisins er starfsmenn kerfisins. Skýrslan sem hér er til umræðu fjallar um laun og launaþróun hjá hluta þess mannauðs á nokkrum heilbrigðisstofnunum. Skýrslan dregur m.a. fram að þegar farið er í að hagræða er ekki hægt að taka af öðru en launaliðnum svo nokkru nemi. Skýrslan dregur líka ótvírætt fram að meginástæður aðgerða sem kenndar eru við hagræðingu og sparnað eru þær að launahækkanir hluta heilbrigðisstarfsmanna hafa verið langt umfram mat fjmrn. við kostnaðaráætlanir vegna kjarasamninga. Skýrslan sýnir líka fram á að þörfin fyrir hagræðingaraðgerðir sprettur af því að framlög á fjárlögum byggja á þessu mati fjmrn.

Meginniðurstaðan, herra forseti, af þessari skýrslu, fyrir þá sem vilja horfa fram á veginn, er þörf fyrir samhæfða stjórnun og greiðan aðgang að upplýsingum. Skýrslan leggur áherslu á þörfina fyrir miðlægan stuðning fagráðuneytis, aðstoð við túlkun kjarasamninga og aðgang að upplýsingum um launamál sem nýtist bæði við samningsgerð og eftirlit með launaþróun. Þessi niðurstaða er í fullu samræmi við það sem segir í samantektinni í haustskýrslu Hagfræðistofnunar um fjármögnun á rekstri heilbrigðisþjónustunnar. Þar er bent á hversu margar stofnanir koma að rekstri og stjórnun heilbrigðisþjónustu og bent á þörfina fyrir að tryggja heildarsýn og samhæfða stjórn og rekstur á einum stað þar sem upplýsingum sé safnað, úr þeim unnið og með því tryggð yfirsýn yfir rekstur og gang kerfisins. Í þeirri skýrslu er líka lögð áhersla á að ný tækni, nýjar aðferðir og úrræði í læknavísindum fari í gegnum strangt ferli með samanburði á kostnaði og ábata og eftirlit sé haft með magntengdum greiðslum fyrir læknisverk og aðra heilbrigðisþjónustu sem ríkið kaupir af öðrum.

Niðurstaðan er að mínu mati, herra forseti, að ein forsenda aukinnar skilvirkni í heilbrigðisþjónustunni er að gera stjórnvöldum og þá heilbr.- og trmrn. kleift að sinna eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu. Því fleiri verk og meiri þjónustu sem ríkið felur öðrum, því brýnna er það.

[11:18]

Helgi Hjörvar:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa kallað eftir þeirri ágætu skýrslu sem hér liggur fyrir. Um leið vil ég segja að það er að vissu leyti óheppilegt að hæstv. fjmrh. sé ekki viðstaddur umræðuna og taki ekki þátt í henni. Eins og hér hefur komið fram varðar málið fjmrn. jafnmikið ef ekki meira en heilbrrn. Það þekkjum við úr störfunum í fjárln. Fyrir fjárln. hafa komið fulltrúar stofnana sem eins er ástatt fyrir og heilbrigðisstofnunum, að launakostnaður þeirra hefur verið vanáætlaður og samningar sem fjmrn. hefur gert hafa ekki verið bættir þeim. Það veldur viðkomandi stofnunum verulegum erfiðleikum. Þeir erfiðleikar eru ekki bundnir við stofnanir heilbrrn. heldur hafa þeir komið upp í fjölmörgum ríkisstofnunum. Það er sérstakt áhyggjuefni því að hér hefur launakostnaðarþróunin farið úr böndunum, sérstaklega við innleiðingu á því nýja kerfi sem nú er stuðst við.

Ég hlustaði því af athygli á hæstv. heilbrrh. og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson en fannst tiltölulega lítið um viðbrögð, stefnu eða lausnir á þessu mikilvæga viðfangsefni þó að hæstv. heilbrrh. reyndi með sínum hætti að vísa þessu á fjmrn. með því að tala um að kannski væri slæmri samningsgerð um að kenna.

Ég tel mikilvægt að ráðherrann svari í síðari ræðu sinni tveimur atriðum. Er það rétt hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að þessi þróun hafi haldið áfram og að veruleg aukning á launakostnaði sé líka frá árinu 2002–2003 og nú til ársins 2004? Ef svo er þá verða menn að hafa í huga að nýgerðir eru kjarasamningar á hinum almenna markaði upp á 15% hækkanir á fjögurra ára tímabili. Það gengur ekki að ríkisvaldið hagi svo launa- og lífeyrismálum hjá sér að það ógni eða verði skemmt epli í þeirri tunnu sem stöðugleikinn á hinum almenna vinnumarkaði er. Hæstv. ráðherra verður að svara því til hvaða aðgerða hann hyggst grípa til þess að sporna gegn slíkri þróun.

[11:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég sé ástæðu til að taka fram að hér er til umræðu skýrsla heilbr.- og trmrh. Það er umsaminn ræðutími milli þing-

flokka og þegar svo stendur á er út frá því gengið að aðrir ráðherrar komi ekki að þeirri umræðu. Það hefur margsinnis verið rætt í sölum Alþingis.

[11:21]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Laun eru stærsti kostnaðarliður stofnana, oft um 70–80% af rekstrarkostnaði. Í skýrslunni kemur fram að launakostnaður þeirra stofnana sem hér er til skoðunar óx um 32% á árunum 2000–2002. Það er um það bil tvöfalt meiri hækkun en launavísitala sama tímabils segir til um. Í skýrslunni kemur fram að þrír meginþættir skýri þessa þróun, þ.e. miklar umsamdar launahækkanir, launaskrið og aukið vinnuafl.

Það þarf mjög styrka stjórn við gerð stofnanasamninga, sérstaklega hjá minni stofnunum. Smærri stofnanir hafa oft ekki sama aðgang að upplýsingum og hinar stærri og e.t.v. eru kjarasamningar allt of flóknir. Ábyrgðin þarf að vera skýr. Rammafjárlög eru meginskilyrði þess að kostnaði við rekstur ríkisins sé haldið í skefjum. Með nýju launakerfi átti að færa vald launaákvarðana frá miðlægum aðila til einstakra stofnana. Þannig átti að taka mið af aðstæðum á hverjum stað, hagnaði starfsmanna, frammistöðu þeirra og eðli starfa við ákvörðun launa. Stofnanasamningar er ekki staðlaðir og eru því mismunandi á milli stofnana.

Kerfið átti í upphafi að stuðla að festu og aðhaldssemi í launahækkunum og átti að hafa svipuð kostnaðaráhrif og samningar á vinnumarkaði. Þetta hefur því miður ekki gengið eftir því að hjá sumum stofnunum hafa laun einstakra hópa hækkað meira en kjarasamningar segja til um. Oft kann það að eiga sínar skýringar og í dag hefur verið rætt um laun lækna á landsbyggðinni. Skýringuna á þeim má kannski að hluta til finna í meiri vaktskyldu á þeim og meira vinnuálagi heldur en annars staðar. Ég tel að það verði að taka mjög fast á þessum málum til að við missum þau ekki úr böndunum.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er gagnlegt að fá þessa skýrslu og þakkarvert að hún skuli tekin til umræðu í því formi sem gert er, þ.e. að hæstv. heilbrrh. mæli fyrir henni. Ég held að við ættum að temja okkur að hafa þennan hátt á oftar þegar eftirlitsstofnanir eða aðrir aðilar hafa skilað mikilsverðum skýrslum, að þær fái formlega meðhöndlun og það sé gert með þessum hætti, að ráðherra viðkomandi málaflokks hafi forgöngu um það og mæli fyrir þeim.

Skýrslan leiðir í ljós verulega hækkun launakostnaðar á viðkomandi stofnunum sem skýrist af, eins og hér hefur komið fram, umsömdum kauphækkunum, launaskriði og auknu umfangi starfseminnar. Mér er þó ekki síður í huga sá gríðarlegi launamunur sem þessi skýrsla leiðir í ljós milli starfsstétta og reyndar innbyrðis milli stofnana líka. Í sumum tilvikum sjáum við mjög há laun, sérstaklega hjá læknum. En í því sambandi verðum við kannski sérstaklega að hafa tvennt í huga til að sýna fulla sanngirni.

Annars vegar er það smæð þessara stofnana, t.d. þær aðstæður að nokkrir læknar á litlu sjúkrahúsi eru nánast stöðugt á vakt eða bakvakt. Starfsemin ósköp einfaldlega stendur og fellur með því að það starfsfólk sem til staðar er sætti sig við slíkar vinnuaðstæður. Það er ekki endilega að menn séu að þessu launanna vegna eða að þeir vilji hafa þetta svona, að vera stanslaust á vakt. Aðstæðurnar gera það ósköp einfaldlega að verkum að það er óhjákvæmilegt, eigi að vera unnt að halda þjónustunni úti.

Hitt sem við verðum að horfast í augu við er staðsetningin. Það hefur löngu verið viðurkennt að í vissum tilvikum verður einfaldlega að greiða hærri laun og/eða formlegar staðaruppbætur eigi að takast að manna ákveðnar stofnanir. Eða muna menn ekki ástandið eins og það var á köflum fyrir nokkrum árum síðan er embætti heilsugæslulækna og jafnvel lækna á spítölum á landsbyggðinni voru í stórum stíl ómannaðar? Ég held að vænlegasti kosturinn til að hafa sæmilega hreinar og skýrar leikreglur í þessu séu góð föst umsamin laun og formlegar staðaruppbætur sem taki mið af aðstæðum á hverjum stað.

[11:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða er færð inn í þingsali og þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að fara yfir umrædda skýrslu.

Ég vil hefja mál mitt, með leyfi forseta, á að vitna í nokkrar setningar úr skýrslunni á bls. 41, en þar segir m.a.:

„Með hinu nýja launakerfi átti að færa vald til launaákvarðana frá miðlægum aðila til einstakra stofnana ... Í þessu launakerfi mætti því búast við að einstakar stofnanir greiddu mismunandi laun fyrir sambærileg störf ... Stofnanasamningar eru ekki staðlaðir og eru því mismunandi milli stofnana. Algengt er í hinu nýja launakerfi að meta með reglulegum hætti störf og frammistöðu starfsmanna á grundvelli stofnanasamnings. Þess vegna eru laun mun oftar tekin til endurskoðunar í hinu nýja launakerfi en áður var þegar lítið gerðist í launamálum milli aðalkjarasamninga."

Í niðurlagi segir síðan, með leyfi forseta:

„Í raun má segja að ákvarðanir um laun séu því oftar upp á teningnum nú en áður var. Þetta skapar þrýsting til launahækkana." — Skyldi nú engum koma á óvart.

Mönnum hlýtur að hafa verið ljóst að þegar stofnanasamningarnir voru settir inn mundi það skapa þrýsting til launahækkana og það hlyti að búa til samanburð milli manna og samanburð milli stofnana. Það hlýtur að vera erfiðara að mæta kröfunni um að launahækkanir skuli eingöngu koma til með hagræðingu á minni stofnunum en hinum stærri. Þetta liggur í hlutarins eðli og ætti ekki að koma mönnum á óvart en sýnir að þetta fyrirkomulag mun ekki ganga upp ef við ætlum að halda utan um reksturinn.

[11:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem farið hefur fram um þetta mikilsverða mál. Ég vil fyrst taka fram, varðandi kerfið sem við búum við, að fjmrn. sér um miðlæga kjarasamninga. Það er reglan að bæta þá. Hins vegar er aftur reglan um að svokallaða stofnanasamninga eða aðlögunarsamninga eigi að bæta með hagræðingu í kerfinu. Það er víða erfiðleikum bundið vegna aðstæðna á stofnunum.

Spurt var um hver stefnan væri og hvað ég mundi gera í framhaldi af skýrslunni. Ég tel að skýrslan sé ábending til okkar í heilbrrn. Ég tala fyrir því að við þurfum að hafa meiri afskipti eða veita meiri leiðsögn í stofnanasamningum. Til þess þurfum við að efla launaskrifstofu okkar. Við munum leita leiða til þess. Ég tel einnig áríðandi að meira jafnvægi náist milli framboðs og eftirspurnar á heilbrigðisstarfsfólki. Úti á landi er víða mjög erfitt að fá heilbrigðisstarfsfólk til starfa, sérstaklega lækna og hjúkrunarfræðinga. Þar er

skortur í þeim starfsstéttum og kanna þarf hvaða leiðir eru færar í því efni.

Ég vil taka undir það sem fram hefur komið, að það er ekki gott að alhæfa í þessu efni varðandi stofnanir á landsbyggðinni. Sumar stofnanir eru litlar. Þar er kannski einn læknir sem er á bakvakt. Þeir læknar hafa mjög há laun og eðli málsins samkvæmt eiga þeir það skilið.

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 303. mál (EES-reglur, líftækni). — Þskj. 1098.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412.

[11:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðu mikið um þetta mál. Ég kom sjónarmiðum mínum á framfæri við 2. umr. og þá varð hér ágæt umræða um Evrópumál í tiltölulega almennu samhengi í tengslum við frv. um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Það er ástæðulaust að endurtaka hana hér nema menn vilji skemmta sér við það út af fyrir sig að æfa sig meira í þeim efnum.

Ég gerði grein fyrir þeim fyrirvörum sem ég hef við mál þetta sem við styðjum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, með þeim fyrirvörum þó sem ég gerði rækilega grein fyrir í ræðu minni, og þarf ekki að endurtaka. Ég vil gera einn þátt málsins aðeins ítarlegar að umræðuefni og hann varðar opnun hins sameiginlega vinnumarkaðar á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópusambandinu öllu þegar og eftir því sem hann verður að veruleika með stækkun svæðisins og hinum nýju aðildarríkjum að austan.

Í skýrslu sem liggur fyrir þinginu um störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og ég hafði ekki í höndum þegar ég ræddi málið við 2. umr. er komið inn á það starf sem efnahags- og atvinnumálanefnd Norðurlandaráðs hefur unnið að í þessu máli á undanförnum missirum og sagt sérstaklega frá starfshópi sem undirritaður sat í og hafði það hlutverk að huga að vinnumarkaðsmálum í tengslum við fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins. Það var sem sagt unnið undir formerkjum vinnumarkaðssamstarfs við Eystrasaltsríkin og ég vek athygli hv. þingmanna á því að sú skýrsla liggur fyrir og menn geta lesið sér þar til um þennan þátt starfa efnahags- og atvinnumálanefndar Norðurlandaráðs á þessu sviði. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vinnumarkaðsmál Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna voru mikið til umræðu árið 2002 en þá náðist ekki samstaða í nefndinni um tillöguflutning á þessu sviði. Í ljósi þess að samþætting vinnumarkaðar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna mun aukast mjög við stækkun Evrópusambandsins 1. maí 2004 var vinnuhópi komið á til þess að afla frekari upplýsinga og gera tillögur um aðgerðir. Einkum var vinnuhópnum ætlað að kanna á hvaða sviðum ólík löggjöf, uppbygging og skipulag vinnumarkaða gæti haft afleiðingar fyrir samþættingu þeirra í framtíðinni. Vinnuhópurinn hélt fimm fundi, fór í kynningarheimsóknir til sex samtaka launþega og atvinnurekenda í Eystrasaltsríkjunum og hélt auk þess þrjá fundi með utanaðkomandi sérfræðingum á þessu sviði.

Í lokaskýrslu vinnuhópsins kom fram m.a. að samtök aðila vinnumarkaðarins í Eystrasaltslöndunum standa systursamtökum sínum á Norðurlöndum langt að baki hvað varðar skipulag og styrk og að samningaviðræðuferlið sé sjaldnast í föstum skorðum. Það er sérstaklega tekið fram að hugsanleg aðstoð Norðurlanda við skipulag vinnumarkaða í Eystrasaltsríkjunum fari fram á forsendum heimamanna og fullt tillit verði tekið til sögulegra aðstæðna. Niðurstaða vinnuhópsins sem samþykkt var á Norðurlandaráðsþingi var að biðja norrænu ráðherranefndina að gangast fyrir vinnumarkaðsráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna með það að markmiði að greina þarfir samtaka vinnumarkaðarins í Eystrasaltsríkjunum fyrir stuðning og því næst gera tillögur um verkefni og aðgerðir á þessu sviði.“

Ég gat reyndar um að sú ráðstefna stæði fyrir dyrum, herra forseti, í ræðu minni við 2. umr. þessa máls en ég taldi ástæðu til að gera svolítið ítarlegar grein fyrir þessu og vitna þá beint í það sem um þetta segir í skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs því að mér finnst það eiga erindi inn í umfjöllun um málið að um það hefur einnig verið talsvert fjallað á vettvangi Norðurlandasamstarfsins. Ég hygg að það sé skynsamlegt að Norðurlöndin stilli saman strengi og beiti sér í þessum efnum í gegnum sinn sameiginlega vettvang, þ.e. Norðurlandaráð, þótt að sjálfsögðu skipti einnig máli að hvert og eitt ríki taki málin til skoðunar hjá sér og út frá sínum forsendum.

Mönnum finnst Norðurlandasamstarfið kannski stundum pínulítið fjarlægt og þeir átta sig ekki endilega á því að þar er þó jöfnum höndum verið að fjalla um praktísk verkefni sem hafa mikið gildi og þýðingu gagnvart atburðum í stjórnmálum og efnahags- og atvinnulífi í nútímanum — Norðurlandasamstarfið snýst ekki aðeins um menningarsamstarf og veisluhöld eins og sumir vilja vera láta — og hér er á ferðinni gott dæmi að mínu mati um mjög hagnýtt samstarfssvið þar sem enginn vafi er á að Norðurlöndin sameiginlega eru miklu betur í stakk búin til að beita sér en hvert ríki út af fyrir sig.

Það er líka ljóst að í þessum efnum horfa Eystrasaltsríkin og nýju aðildarríkin mjög til Norðurlandanna og norræns fyrirkomulags í þessum efnum um fyrirmyndir. Það stendur þá auðvitað upp á okkur að bregðast ekki þeim væntingum sem við okkur eru bundnar úr þeirri átt.

Til viðbótar Eystrasaltsríkjunum skiptir Pólland auðvitað miklu máli. Þó að þetta vinnumarkaðssamstarf við Eystrasaltsríkin væri undir þeim formerkjum á vettvangi Norðurlandaráðs var einnig reynt að horfa til Póllands og hinna níu aðildarríkjanna vegna mikilvægis þeirra. Það er hins vegar hlutur sem Ísland ætti kannski sérstaklega að skoða, eins og ég vék reyndar einnig að í ræðu minni við 2. umr., að okkar miklu samskipti við Pólland skapa því máli talsverða sérstöðu og mér fyndist tilvalið að það yrði skoðað af samtökum aðila vinnumarkaðarins hér, félmrn. og þinginu, að á næstu missirum yrði farið sérstaklega yfir það hvort ekki væri í gegnum tvíhliða samskipti ástæða til að Ísland og Pólland notuðu tímann fram að 1. maí 2006, ef um verður að ræða þennan tveggja ára aðlögunartíma og kannski ekki meira, til

að undirbúa hlutina þannig að samruni vinnumarkaðanna að þessu leyti milli Íslands og Póllands gæti gengið sem allra snurðulausast fyrir sig. Það mundi í sjálfu sér kannski ekki snúast svo mikið um reglusetningar eða annað í þeim dúr því að ósköp einfaldlega verður um það að ræða að pólskt verkafólk eigi þá fullan aðgang að íslenska vinnumarkaðnum, og öfugt auðvitað, frá þessum tíma. Það að miðla upplýsingum og kynna mönnum réttindi og skyldur frá báðum hliðum, launamanna og atvinnurekanda, eru hlutir sem örugglega mætti vinna í.

Þetta var það, herra forseti, sem ég ætlaði að bæta inn í umræðuna af minni hálfu og gera aðeins ítarlegar grein fyrir en ég gerði við 2. umr.

[11:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög við hina 3. umr. enda fór fram ítarleg umræða um málið við 2. umr. í fyrradag. Um margt var hún býsna gagnmerk og upplýsandi, og málefnaleg í alla staði. Rétt aðeins til að bregðast við vangaveltum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan vil ég taka undir að það er rétt hjá okkur Íslendingum að leggja í það vinnu á næstu tveimur árum að undirbyggja og gaumgæfa með hvaða hætti við gætum látið ákvæði samningsins taka gildi, þ.e. um opnun vinnumarkaðarins, hvort og þá með hvaða hætti. Hv. þm. vakti sérstaka athygli, með réttu, á tilteknum þjóðum, í því sambandi Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, og þá er vert að vekja athygli á því að samningurinn gefur auðvitað tækifæri á að „mismuna ríkjum". Það er með öðrum orðum hægt að opna vinnumarkaðinn fyrir tilteknum ríkjum Evrópusambandsins hins nýja en öðrum ekki. Sú leið er vafalaust mjög vandmeðfarin en eftir sem áður veitir samningurinn og samkomulag EES-ríkjanna við Evrópusambandið tök og tækifæri á því máli.

Í þessu samhengi er ekkert undan því að líta að það hljóta að vera hinum nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins veruleg vonbrigði að velflest ríki Evrópusambandsins sem fyrir eru og einnig ríki sem standa að EES-samningnum skuli hafa eitt af öðru tekið þá ákvörðun á síðari stigum máls að nýta sér ákvæðið til frestunar á opnun vinnumarkaðarins. Auðvitað er aðild þeirra ekki fullgild fyrr en öll ákvæði samningsins taka gildi. Það gefur augaleið. Nú veltum við ekki stórum steinum í þessu samhengi en eftir sem áður tel ég mikilvægt að við vinnum heimavinnu okkar í þessum efnum sem öðrum.

Ég tiltók í umræðu í fyrradag þann vinkil málsins sem er Norðurlöndin. Það má auðvitað skoða hann frá ýmsum sjónarhornum. Ég vakti sérstaka athygli á því að ef svo færi að Norðurlöndin yrðu ein heild sem aðildarríki Evrópusambandsins hefðu þau samanlagt meira atkvæðavægi á Evrópusambandsþinginu en hið stóra ríki Þýskaland. Saman stæðu þau afskaplega sterkt að vígi ef þau væru samstiga í þessum efnum. Hitt er svo ekkert launungarmál, og það vita auðvitað allir sem eru í einhverjum minnstu samskiptum við vini okkar á Norðurlöndum og síðan aftur í samskiptum við Mið-Evrópu, við Brussel og Strassborg þar sem hinar stóru ákvarðanir eru teknar, að sú staða máls þegar þrjú ríki eru innan sambandsins og tvö utan veldur auðvitað verulegum vandkvæðum. Allir hafa orðið varir við það að þau þrjú ríki sem eru innan sambandsins hafa í vaxandi mæli horft í austur eða horft til Mið-Evrópu, til Brussels, og það hefur gengið erfiðlegar ár frá ári að halda þeim við efnið innan Norðurlandasamstarfsins. Þannig er það bara og við verðum að horfast í augu við þennan veruleika. Auðvitað bendir allt til þess að það ástand fari ekki batnandi heldur þvert á móti, ekki síst núna þegar Eystrasaltslöndin eru komin inn í þetta samstarf við Evrópu. Þá minnkar vægi Norðurlandaráðs gagnvart þessum sömu ríkjum því að þau munu leita þráðbeint inn í Evrópusambandið en Norðurlandaráð sem stofnun verður ekki eins veigamikið í þeirra augum og verið hefur. Þetta er allt veruleiki sem við verðum að horfast í augu við hvort sem okkur líkar það betur eða verr og undirstrikar að við verðum að vera síkvik í þessum breytilega heimi.

Ég ætla ekki að fara í efnislegar umræður, herra forseti. Ég vildi bara halda því mjög ákveðið til haga að í gær urðu stórpólitísk tíðindi, söguleg tíðindi á hinu háa Alþingi. Má satt að segja vera undarlegt að fjölmiðlar landsins hafi ekki áttað sig á því. Hér gerðist það nefnilega í atkvæðagreiðslu við 2. umr. um þetta frv. þegar hin efnislega atkvæðagreiðsla fór fram að allir þingmenn úr öllum flokkum, hver einn og einasti, greiddu atkvæði með þessum samningi, úr Framsfl. sem var fyrir 12 árum þverklofinn í málinu, úr Sjálfstfl. sem var fyrir kosningarnar 1991 með miklar efasemdir í málinu, svo ég tali nú ekki um Vinstri græna sem voru harðir á móti málinu og höfðu fyrirvara í aðdraganda í tilhlaupi málsins í nál. Ég hlýddi af mikilli athygli á ræður hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, talsmanns flokksins í þessum efnum, og hlustaði grannt eftir því hverjir fyrirvarar hans væru. Þeir voru efnislega þó nokkrir. Ég þráspurði um það í umræðunni í fyrradag hver hans efnislega afstaða væri að lyktum til þessa máls hér, hvernig hann mundi að lyktum greiða atkvæði. Ég fékk svo sem ekkert svar við því en niðurstaðan varð eftir sem áður sú að þingflokkur hans greiddi atkvæði með EES-aðildinni, hinni endurnýjuðu, hinni nýju. Það eru stórpólitísk tíðindi að flokkur vinstri grænna sem fram að þessu hefur gersamlega séð rautt þegar EES og Evrópusambandið eru annars vegar hafi gengið til liðs við okkur hina sem teljum okkur mjög mikilvægt að halda þessu góða sambandi. Að vísu hittist þannig á að hv. þm. og formaður flokksins, Steingrímur J. Sigfússon, var illa fjarri góðu gamni en hans góðu félagar stóðu fast í báða fætur og greiddu atkvæði með frv. til laga um stækkun Evrópusambandsins og aðlögun EES-samningsins að þessu nána samstarfi Íslands við Evrópusambandið sem við þekkjum öll hér inni hvernig birtist okkur. Við höfum undirgengist grundvallargildi Evrópusambandsins, um frjálsa för fólks, fjórfrelsið og auðvitað um það að góðu heilli er okkur gert að innleiða tilskipanir Brussels.

Þetta eru stórpólitísk tíðindi, herra forseti, og undarlegt að ekki nokkur fjölmiðill skuli hafa áttað sig á þessu. Það kemur í ljós þegar formaður Vinstri grænna og flokkur hans munu gera betri grein fyrir þessari afstöðubreytingu sinni gagnvart landi og þjóð þegar tímar líða. En ég fagna þessu einlæglega og það er af þeim ástæðum sem ég vek sérstaka athygli á þessum stóru pólitísku tíðindum. Kannski er von til þess, í ljósi þess að nú er þingheimur loksins sameinaður og undantekningarlaust í að horfast í augu við veruleika hlutanna, að þeim flokkum og þeim þingmönnum fari fjölgandi á næstu vikum, mánuðum og missirum sem átta sig á því líka að nú fer senn að verða tími til að taka hin næstu skref sem við jafnaðarmenn höfum talað fyrir, nefnilega að leita eftir möguleikum okkar að aðild, sækja um aðild.

Ég sagði það í ræðu minni í fyrradag að það hefði gjarnan verið hlutskipti okkar jafnaðarmanna í alþjóðapólitíkinni að fara á undan og að stundum hefðum við verið skömmuð fyrir það blóðugum skömmum af pólitískum andstæðingum okkar og talið að við værum að fara langt á undan því sem

eðlilegt væri, værum of fljóthuga. Reynslan hefur hins vegar sýnt okkur að við höfum haft rétt fyrir okkar. Ég held að atkvæðagreiðslan í gær, herra forseti, hafi undirstrikað klárlega að það var heillaskref sem var tekið 1992 og að við jafnaðarmenn höfðum rétt fyrir okkur á þeim tíma. Stundum líður langur tími þar til aðrir vilja viðurkenna það en það gerðist með ótvíræðum hætti í gær. Ég býð hv. þm. velkomna í hópinn, þá einkanlega og sér í lagi fulltrúa Vinstri grænna. Það var það einkanlega sem ég vildi koma klárt og kvitt á framfæri við þessa umræðu áður en henni lyki.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, formaður Alþfl., talsmaður Samf. í utanríkismálum, fer hér mikinn og nokkuð í hjólför formanns síns Össurar Skarphéðinssonar sem taldi a.m.k. stórsögulegan atburð ef ekki bara heimssögulegan atburð hafa orðið hér í umræðum um þetta mál fyrir tveim dögum síðan. Minnir það mig á einn af lærifeðrum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í pólitík, núverandi Bessastaðabónda. Hann tók gjarnan þannig til orða að hlutir væru sögulegir (**ÖS:** Varst þú ekki ...) og miklir og þurfti ekki alltaf stórtíðindi til að sá ágæti maður og fyrrverandi hv. þm. væri upptekinn af sögunni.

Nú er það svo að stjórnmálin eru ekki raunvísindi. Stjórnmál eru ekki raunvísindi. Mér finnst hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson feila sig svolítið á því í sambandi við orðanotkun að stjórnmálin og stjórnmálasagan eru ekki eins og stærðfræði þannig að hægt sé að taka menn í próf og gefa þeim fyrir ýmist rétt eða rangt eftir því hvort útkoman úr dæminu er nákvæmlega í samræmi við lögmál stærðfræðinnar, lögmál raunvísindanna. Stjórnmál eru huglægt fyrirbæri, lifandi veruleiki og það er ákaflega erfitt finnst mér að kveða upp dóma um það gagnvart stjórnmálunum eins og öðrum þáttum sögunnar að einhverjir hafi haft rétt fyrir sér og aðrir rangt. Ég vandi mig af því fyrir um 15 árum held ég að taka þannig til orða í umræðum um stjórnmál. Réttrúnaðarhugsun eða raunvísindahugsun í umræðum um huglæg fyrirbæri eins og stjórnmál á ekki rétt á sér, finnst mér. Auðvitað verður hver að ráða sínum orðum og ef hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni líður betur með fullyrðingar af því tagi að sumir hafi haft rétt fyrir sér og aðrir rangt í sambandi við einstaka atburði í stjórnmálum, þá bara það, þá heldur hann því áfram.

Einn vandinn við að ræða hlutina undir þessum formerkjum í stjórnmálum er líka sá að við höfum aldrei samanburðinn. Það þýðir ekkert að ræða stjórnmál í páskildagatíð, ef, ef, þ.e. ef eitthvað hefði gerst öðruvísi eða orðið hinsegin. Hvernig væri heimurinn þá? Hver væri staðan? Þetta eru yfirleitt gagnslausar vangaveltur þegar frá líður vegna þess að rás atburðanna var með tilteknum hætti og skapar þann veruleika sem við stöndum frammi fyrir og út frá honum ræðum við málin og tökumst á í núinu. Það þjónar litlum tilgangi að velta því fyrir sér, ef, ef, ef, ja ef Napóleon hefði unnið en ekki tapað (Gripið fram í.) o.s.frv., ef menn hefðu ekki stofnað lýðveldi á Íslandi 1944 heldur væru enn hluti af Danmörku. Væru þá íslensk stjórnmál í ætt við þau færeysku í dag o.s.frv.? Þetta getur kannski verið sagnfræðilega skemmtilegt sem æfing en þjónar ekki miklum tilgangi, finnst mér, í raunheimi stjórnmálanna á líðandi stundu.

Varðandi afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þessa máls sem ég hef ítarlega gert grein fyrir þá liggur hún fyrir. Við höfum ýmsa fyrirvara á stuðningi okkar við þetta mál, en hann hefur legið fyrir, og eftir ágæta umfjöllun málsins í utanrmn. þá komst ég að þeirri niðurstöðu og lagði það til við minn þingflokk að við hefðum þessa afstöðu til málsins eins og við höfum iðulega gert gagnvart ýmsum málum sem tengjast Evrópusamvinnunni og tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þó að við höfum sum okkar — eða fyrst og fremst sá sem hér talar sem einn þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sat á þingi þegar sá samningur var afgreiddur — greitt atkvæði gegn honum. Það boðar enga stefnubreytingu af hálfu þessa flokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem var stofnaður 6. febrúar 1999 og þeirra nýju stjórnmálamanna sem skipa þar forustusveit og flestir gerðust virkir í stjórnmálum eftir að EES-samningurinn var tekinn hér upp.

Nú er það þannig að þrír flokkar af fimm a.m.k. á Alþingi telja ekki hagstætt fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið. Er það ekki svo? (**Gripið fram í:** Eða fjórir.) Ja, ég veit ekki, þrír og hálfur kannski. Samfylkingin virðist vilja það, já og hefur verið að fikra sig áfram í þá átt. Ég veit ekki hvort hv. þm. Össur Skarphéðinsson er að ýja að því að Framsókn sé kannski eitthvað svona ... (**ÖS:** Ja, þú sagðir þrír.) Ég sagði þrír þingflokkar já, þ.e. þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem stjórnmálaafl, Sjálfstfl. og Frjálsl. Ég hygg að það (Gripið fram í.) liggi skýrt fyrir að þessir þrír þingflokkar telja ekki hagstætt Íslendingum að ganga í Evrópusambandið við núverandi aðstæður. Þetta liggur fyrir. Engu að síður geta þessir flokkar og þingmenn þeirra vel stutt einstaka hluti af þessu tagi sem tengjast núverandi grundvelli Evrópusamvinnunnar sem er með kostum sínum og göllum eins og hann er. Svo einfalt er þetta mál. Sú ákvörðun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að styðja inngöngu þessara níu Austur-Evrópuríkja í Evrópusambandið sem auðvitað er ekki okkar mál að ákveða nema að því eina leyti að EES-samningurinn er þannig úr garði gerður að þessi ríki öðlast þar með sjálfkrafa hlutdeild í honum líka nema við leggjumst gegn því, boðar engin tíðindi, finnst mér, umfram það að við höfum oft stutt ýmsar gerðir sem koma frá Evrópusambandinu á grundvelli EES-Samningsins, þ.e. ef við höfum ekki talið ástæðu til að leggjast gegn þeim. Það höfum við hins vegar gert kannski einn flokka þegar svo ber undir að við höfum verið gersamlega andvíg því að Íslendingar innleiddu viðkomandi hluti. Dæmi: Raforkutilskipunin. Vinstri hreyfingin – grænt framboð einn flokka stóð þá vaktina og var með fulla meðvitund þegar í byrjun var fallið frá stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart raforkutilskipun Evrópusambandsins og síðar þegar það mál kom hér til formlegrar afgreiðslu. Þá sváfu allir á sínu græna eyra nema við. Svo vakna menn upp núna úti í ráðhúsi, varaformaður Samfylkingarinnar og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forustumaður sjálfstæðismanna í borgarstjórn, og spyrja hvers vegna í ósköpunum Ísland sé að innleiða þessa vitlausu orkutilskipun Evrópusambandsins sem kemur okkur ekkert við því að við erum einangraður orkumarkaður á eyju úti í miðju Atlantshafi. Það var vonum seinna að menn rönkuðu við sér þannig að við höfum, herra forseti, haft þann háttinn á, og munum hér eftir sem hingað til gera, að segja kost og löst á þessum hlutum og taka afstöðu til þeirra út frá því.

Er eitthvað um það að segja annað en gott þegar mál liggja fyrir með þeim hætti sem þau gera í þessu tilviki? Ég sé engar efnislegar ástæður til þess að leggjast gegn þessari stækkun

Evrópusambandsins. Það er ekki í okkar valdi að ákveða það að þessi ríki gangi í Evrópusambandið. Það eina sem gæti gefið tilefni til þess að við færum að leggjast gegn því væri að við teldum það á einhvern hátt algerlega ósamrýmanlegt hagsmunum okkar vegna Evrópska efnahagssvæðisins. Það er ekki svo úr því að sæmilegir samningar, að vísu dýrir, náðust um að tryggja áframhaldandi markaðsaðgang okkar að þessum svæðum. Heldur versnar hann að vísu því að áður höfðum við fulla fríverslun t.d. með síldarvörur inn á þessi lönd en nú eru tollfrjálsir kvótar þannig að auðvitað er þetta ekki að öllu leyti nógu hagstæð niðurstaða. En við verðum líklega að láta okkur það lynda eins og hún er í pottinn búin og við erum að borga fyrir þetta talsverða fjármuni. Því væri ósköp einfaldlega, herra forseti, óefnislegt og ómálefnalegt að leggjast gegn því að þetta gengi í gegn algerlega burt séð frá afstöðu manna til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma og burt séð frá því hvort menn hafi mótaða stefnu, eins og sumir flokkar hafa, um það hvort að hagstætt sé eða ekki hagstætt að ganga í Evrópusambandið. Það höfum við. Við höfum farið rækilega í gegnum þetta mál í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við gerðum það strax við stofnun flokksins og áherslur okkar í þeim efnum eru óbreyttar. Það er að sönnu mikill misskilningur, og ég hlýt að hryggja hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson með því að eyða allri óvissu hans og öllum misskilningi um það, að afstaða okkar gagnvart þessu máli boðar enga stefnubreytingu af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, 0,0. Það sannast m.a. af því að ég í ræðu minni við 2. umr. málsins vitnaði í þáltill. sem hefur legið fyrir á borðum þingmanna ár eftir ár og verið er að endurflytja í fjórða sinn. Þetta er í fimmta sinn sem sú tillaga sem lýsir kjarnanum í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hvað Evróputengslin varðar liggur fyrir þannig að það er skjalfast og rækilega sannað hér þó það væri á hinn bóginn í sjálfu sér ekkert merkilegt við það þó að einhverjar áherslubreytingar gætu orðið með tímanum hjá okkur eins og öðrum í málum af þessu tagi. Auðvitað eru menn alltaf með augun opin og að skoða það sem í kringum þá gerist. Það erum við a.m.k. og teljum það ekki þurfa að vera á kostnað þess að við getum ekki haft afstöðu í málinu.

Eitt af því undarlega við Evrópuumræðuna oft á undanförnum árum finnst mér vera að það er stundum talað eins og það sé eitthvað að því í sjálfu sér að hafa stefnu, að taka afstöðu í málinu, að þetta sé eitthvert fyrirbæri af því tagi að menn eiginlega megi ekki hafa of mikla skoðun á því af því að það þurfi að ræða það og skoða það og velta vöngum fyrir því. Þetta kemur mér spánskt fyrir sjónir. Mér finnst að þetta sé auðvitað þannig að menn skoða hlutina, taka svo afstöðu til þeirra eins og þeir liggja fyrir. Það er þeirra stefna. Það er niðurstaða þeirra í tíma og í því rúmi sem þeir finna sig í. Það þýðir ekki að hlutirnir verði óumbreyttir um aldur og ævi. Ég þekki engan stjórnmálaflokk sem yfirleitt er þeirrar skoðunar að þó að hann hafi ákveðna stefnu til mála á líðandi stundu þá þýði það að hann geti engu breytt, hann hafi þar með gengið frá því um aldur og ævi ad infinitum. Við vinnum a.m.k. ekki með því hugarfari hjá okkur, alls ekki, herra forseti.

Ég ætlaði svo sem ekki að fara að ýfa þessa umræðu upp að öðru leyti en úr því að tilefni gafst til ákvað ég að taka af skarið og upplýsa um þessa hluti nánar fyrir hönd míns flokks og vonandi taka menn það gilt. Ég held að það séu ekki aðrir bærari til þess að tala fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í þessum sölum en sá sem hér stendur.

[11:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að brjóta í blað með ræðum sínum um þetta efni. Það þýðir ekki fyrir hann að segja að þetta þýði enga stefnubreytingu af hálfu VG. Það getur vel verið að hann sé hræddur núna við sín eigin orð og sínar eigin ræður á fyrri stigum málsins. En staðreyndin er nú samt sem áður sú að hv. þm. lýsti því þá yfir að hann væri Evrópusinni, að hann væri jafnaðarmaður, að hann væri alþjóðahyggjusinni. Það sem skipti þó mestu máli, (**SJS:** Róttækur jafnaðarmaður.) frú forseti, var að hv. þm. lýsti því yfir að það væri margt gott við Evrópska efnahagssvæðið. Hann tók sérstaklega til efnahagslegra þátta þess, þ.e. þess ávinnings sem til þess mætti rekja hér á landi. Það voru hin sögulegu tíðindi fannst mér, en ekki það að hv. þm. teldi sig jafnaðarmann. Ég var auðvitað fyrir löngu búinn að sjá það að hjartað sem í brjósti hans slær er hjarta jafnaðarmannsins þó að ég vildi gjarnan að hann tæki með nokkrum öðrum hætti á ýmsum þáttum jafnaðarstefnunnar.

Það sem mér finnst hins vegar merkilegt er að hv. þm. er líka hættur að halda því fram að einhver vafi leiki á stefnu Samf. í þessum málum. Í ræðu sinni áðan sagði hann að líklegast væri Samf. Evrópuflokkur. En það er auðvitað alveg ljóst að Samf. vill sækja um aðild að Evrópusambandinu fyrir hönd Íslands og ganga þar inn ef samningar takast. Þetta er á hreinu.

Hv. þm. sagði hins vegar að hér væru þrír flokkar af fimm á móti. Ég tók það svo að að hans dómi væru Samf. og Framsfl. með. Þar með er hann að upplýsa að það er skilningur hans að það sé meiri hluti á Alþingi Íslendinga fyrir Evrópusambandinu. Guð láti gott á vita. En mig langar til þess að spyrja hv. þm.: Hvaða rök hefur hann fyrir því að Framsfl. styðji aðild?

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið settur í ýmis hlutverk um dagana, en eitt af þeim óvenjulegri er að útskýra utanríkismálastefnu Framsfl. enda var galsast hér með það að kannski væri það svona þrír og hálfur flokkur sem hefði þá afstöðu um þessar mundir að ekki væri hagstætt fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið. Út af fyrir sig skiptir það ekki máli. Ég tók það bara sem dæmi að þrír flokkar, þrír þingflokkar, hafa þá afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu en það breytir engu um að þeir geta stutt eða ekki stutt á víxl ýmis mál sem tengjast hinu sama Evrópusambandi gegnum þann grundvöll samskipta okkar við það sem EES-samningurinn er. Í þeim skilningi finnst mér því niðurstaða okkar í málinu ekki á nokkurn hátt eiga að þurfa að vekja einhverja undrun, enda alvenjuleg. Við höfum stutt ýmsar gerðir sem koma hingað í gegnum EES-samninginn til staðfestingar ef við sjáum ekki efnislega ástæðu til að leggjast gegn þeim.

Það er ekkert nýtt heldur að sá sem hér talar segi kost og löst á Evrópusambandinu. Hv. þm. má ekki falla í þá gryfju að búa til einhverja goðsögn um að ég eða flokksmenn mínir höfum talið allt illt sem þaðan kæmi og hefðum svo skyndilega breytt um stefnu. Hv. þm. orðaði það einhvern veginn þannig að ég hefði séð allt rautt sem þaðan kæmi. Ég gæti alveg eins hafa séð allt grænt eða rauðgrænt. Staðreyndin er sú að ég hef í þessum efnum eins og öðrum yfirleitt reynt að segja kost og löst á hlutunum. Ég tel mig Evrópusinna en

ekki aðildarsinna og varðandi þetta með jafnaðarstefnuna bið ég hv. þm. að vera nákvæmari, fara nákvæmlega með, því að það sem ég sagði var og er rétt að ég er róttækur jafnaðarmaður í skilningnum að jafnaðarmennska eða jafnaðarmaður sé þýðing á orðinu sósíalisti. Ég lít á mig sem róttækan sósíalista, róttækan vinstri mann og umhverfisverndarsinna. Það er mín definisjón.

[12:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minnist þess fyrr á árum að við áttum stundum í orðaleikjum, ég og hv. þm., áður en hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom á þing. Ég minnist þess að oftar en einu sinni vísaði hv. þm. til þáv. bæjarstjóra í Hafnarfirði sem fulltrúa hins róttæka arms jafnaðarmannaflokksins sem þá var. Það eru því ýmsir sem geta gert kröfu til þess að vera róttækur jafnaðarmaður.

Ég geri t.d. kröfu til þess með mínum hætti að litið sé á mig sem róttækan jafnaðarmann. Ég og hv. þingmenn Samf. erum aðilar að alþjóðlegum samtökum jafnaðarmanna. Þau heita á ensku Socialist International. (**Gripið fram í:** En á frönsku?) Þau heita ákaflega svipuðu nafni. Af því að hér er spurt hvað hlutir heita á frönsku, þá heitir Samf. á frönsku Alliance socialiste þannig að mér finnst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rúmist alveg þar innan og það er líka pláss fyrir hann innan Samf.

Hins vegar erum við að ræða um Evrópusambandið. Það sem mér finnst skipta máli er að það hefur orðið viðhorfsbreyting hjá hv. þm. Vinstri grænna. Áður fundu þeir ekki allt en flest EES til foráttu. Í umræðum um þátttöku okkar í því fyrir áratug notuðu menn hörð orð, jafnvel landráð, að vísu utan þessara sala. Hvað hefur breyst? Reynslan hefur sýnt fram á að þetta var farsælt fyrir efnahagslíf okkar Íslendinga og það er farsælt fyrir okkur að taka þátt í þessu sambandi og stækka það. Breytingin á viðhorfum hv. þm. Vinstri grænna birtist í því að þeir standa ekki gegn stækkun, eins og hv. þm. sagði, en þeir sitja ekki einu sinni hjá. Þeir greiða atkvæði með og það er hin sögulega stefnubreyting af hálfu Vinstri grænna. Þeir greiða nú atkvæði með stækkun EES og þar með með tilvist þess.

[12:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert frá því að það hafi verið rétt lýsing á einhverjum tíma í hinum gamla ótrúlega hægri sinnaða Alþfl. Þá hafi hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og dæmigerðir Hafnarfjarðarkratar tvímælalaust réttilega mátt teljast til róttækari eða vinstri arms þess flokks. Ég held að ég hafi haft það á tilfinningunni á sínum tíma og það skýrir sjálfsagt þessi ummæli mín, enda verðum við að muna eftir því að þetta var hinn gamli Alþfl. sem að margra mati var einn hægri sinnaðasti alþýðu-sósíaldemókrataflokkur í allri Evrópu. Ég held að það sé viðurkennt að hann var í hægri kanti þeirrar hreyfingar, jafnaðarmannaflokkahreyfingarinnar, a.m.k. ef maður bar hann saman við aðra norræna krataflokka, var hann bæði minni og miklu hægri sinnaðri en þeir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson skýrir að sjálfsögðu sjálfan sig í pólitík og ég tek mark á ummælum hans. Ég vitnaði t.d. í viðtal hans við Dagblaðið haustið 2002 held ég að það hafi verið þar sem hv. þm. fór mikinn og var ánægður með afrek sín í sambandi við Samf. og taldi sér það sérstaklega til tekna að undir forustu sinni væri Samf. að þróast í klassískan evrópskan jafnaðarmannaflokk sem væri meiri miðjuflokkur en vinstri flokkar. Orðrétt tók hv. þm. Össur Skarphéðinsson svona til orða. Þetta er það sem ég kalla miðlæga eða miðsækna hægri krata, jafnaðarmenn eða hvað sem við viljum kalla það.

Varðandi EES-samninginn þarf ekki að vera að þvæla um hann mikið meira. Það liggur fyrir, ég sagði það í framsöguræðu minni við 2. umr. og það stendur í tillögu okkar um alþjóðastefnu, að EES-samningurinn er auðvitað gallaður en hann er sá grundvöllur þessara samskipta sem við byggjum núna á. Umræður um hann á sínum tíma eru Vinstri hreyfingunni – grænu framboði óviðkomandi. Hún var ekki stofnuð fyrr en mörgum árum eftir að þær umræður fóru fram. Þær umræður eru því þeim stjórnmálaflokki sem slíkum að öllu leyti óviðkomandi.

[12:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær detta inn hinar stóru yfirlýsingar. Rétt áðan taldi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, að flokkurinn hefði enga fortíð og ekki hann heldur. Það er merkilegt að upplifa sjálfan sig í pólitík með þeim hætti. Ég hefði satt að segja ekki ímyndað mér að þessi litla upprifjun mín á sögunni, sem er ekki saga Napóleons, ekki saga sjálfstæðisbaráttunnar þegar hvorki ég né hv. þm. vorum fæddir eða hvergi nærri því að vera fæddir. Ég var einfaldlega að fara 12 ár aftur í tímann þegar hv. þm. var virkur í pólitík og lét til sín taka í þessum ræðustóli og talaði þannig um Evrópska efnahagssvæðið og Evrópusambandið að þetta væri sennilega svínslegasta atlaga að íslenska sjálfstæðinu eða íslenska lýðveldinu, hvorki meira né minna. (**SJS:** Hvenær notaði ég það orð?) Ég bið forláts, frú forseti. Ég er ekki að fara orðrétt með. Efnislega var þetta hins vegar innihald ræðna hans og ég bið hann að fletta því upp.

Mig óraði ekki fyrir því að þessi sakleysislega upprifjun mín á þeim veruleika fyrir 12 árum, sem er auðvitað samtíminn, og 12 árum síðar þegar við erum satt að segja að staðfesta skírnina, konfirmasjón, á EES-samningnum, stækkuðu Evrópusambandi, skuli hv. þm. hafa gersamlega kúvent og flokkur hans og greitt atkvæði með og fagnað í hvívetna. Ég er ekki einn um það. Ég hitti ágætan flokksfélaga hv. þm. í Hafnarfirðinum í gær og spurði hann út í þetta og hann kom algerlega af fjöllum þannig að ég er ekki einn um að undrast þetta. En það kann vel að vera að sá flokksmaður hv. þm. sé úr hinum armi flokksins sem maður hefur lesið um í blöðunum, óánægjuarminum og skilji þess vegna ekkert í þessum nýja armi, þingarminum.

[12:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að þingmenn Samf. hafa gaman af þessu og ég hef það í sjálfu sér líka og er tilbúinn til að vera í þessu í allan dag. Það er þá helst af tillitssemi við aðra hv. þm. og önnur verkefni á þinginu sem við ættum kannski að stilla okkur í hóf með þetta.

Það liggur einfaldlega þannig fyrir að stjórnmálaflokkur sem er stofnaður 1999 og setur sér þá stefnuskrá og mótar áherslur sínar er auðvitað óbundinn af einhverri fortíð annarra stjórnmálahreyfinga. Það gildir hins vegar annað um mig sem stjórnmálamann. Stjórnmálamaðurinn Steingrímur J. Sigfússon hefur að sjálfsögðu setið á Alþingi í 21 ár og ég hef ekkert til að skammast mín fyrir á þeim ferli svo ég viti og alls ekki fyrir afstöðu mína til EES-samningsins á sínum tíma. Mat mitt á honum og viðhorf mín til hans í almennu samhengi eru í aðalatriðum þau sem þau voru þá.

Ég hef ekki skipt um skoðun að hann er gallaður og á nú marga fylgismenn í því mati sem ekki töluðu þannig á sínum tíma og taka nú undir og hafa uppi ýmsar röksemdir, sem við sem ýmist ekki treystum okkur til að styðja hann eða greiddum atkvæði gegn þeim samningi á sínum tíma bentum á, svo sem í sambandi við aðkomu Íslands að samningnum, þolmörkum hans gagnvart stjórnarskránni og annað í þeim dúr. En það er önnur saga.

Síðan finnst mér öll umræðan dálítið skondin í ljósi þess að EES-samningurinn er ekki til afgreiðslu hér. Það er ekki verið að afgreiða EES-samninginn, hann er ekki til atkvæða hér sem slíkur. Hann liggur fyrir og ekki verið að breyta honum. Það er eingöngu verið að taka afstöðu til þess hvort við ætlum að leggjast gegn því eða samþykkja það að hin níu aðildarríki Evrópusambandsins gerist jafnframt eins og sjálfvirkt er innibyggt í gildandi fyrirkomulag, aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Menn þurfa að mínu mati að hafa einhver efnisleg rök ef þeir ætla að fara að leggjast gegn því, burt séð frá viðhorfum þeirra til Evrópusambandsins eða kostum og göllum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

[12:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær eru margar undarlegar slaufurnar. Það liggur í augum uppi og það veit hv. þm. að ef þetta samkomulag hefði ekki verið gert mundi EES-samningurinn heyra sögunni til mjög fljótlega. Það gefur auga leið. Hér er auðvitað verið að staðfesta hann að breyttu breytanda. Það þarf ekkert að velkjast í vafa um það.

Ég skil satt að segja ekki þessa varnartilburði hv. þm. og ég biðst forláts hafi ég gengið of langt í því að vera að gefa honum og flokki hans einkunnir í þessum efnum. Það var ekki meginmarkmið mitt. Sagan mun skrifa það að lyktum og fólk veit hvernig þingmenn og stjórnmálamenn eru í þessum efnum, hvort þeir séu þeirrar gerðar að þeir segi það sama í dag og í gær eða hvort þeir séu hinnar gerðarinnar og segi eitt í dag og annað á morgun. Þannig er það bara og þjóðin verður að dæma um það.

Minn tilgangur var fyrst og síðast sá að lyktum umræðunnar, að fagna því af einlægni að hv. þm. og flokkur hans væru komnir í Evrópuliðið, eru nú loks farnir að styðja EES-samninginn og stækkun Evrópusambandsins. Ég hafði í einfeldni minni túlkað og skynjað það þannig að hv. þm. og flokkur hans væru á annarri braut og fagnaði því sérstaklega að ég hafði haft rangt fyrir mér í þessum efnum og þeir væru komnir heim. Ég ítreka því: Veri hv. þm. velkominn í þennan góða hóp og ég hlakka til að starfa með honum að Evrópumálum í næstu framtíð. Gleði er mér því efst í huga á þessum drottins degi.

[12:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur ekkert til að biðjast afsökunar á. Mér er það fagnaðarefni ef ég hef getað glatt hv. þm. og megi liggja vel á honum sem oftast og lengst. Hitt er verra ef sú gleði byggist á misskilningi. Það er út af fyrir sig aldrei til bóta að menn gangi um þannig. Það er því alveg með herkjum að ég fái mig í að valda hv. þm. vonbrigðum með því að endurtaka það sem ég hef áður sagt. Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til þessa máls boðar enga stefnubreytingu. Hún er rökrétt í ljósi þeirrar grundvallarafstöðu sem við höfum í þessum efnum og einnig í ljósi þess að við temjum okkur að taka efnislega, skýra og málefnalega afstöðu til hlutanna. Ég held að hv. þm. þurfi ekki að vera með neinar vangaveltur um annað. Þrátt fyrir allt leyfi ég mér að segja að ég tel að við höfum fengið það orð á okkur, ekki síður en aðrir stjórnmálaflokkar svo að notað sé kurteislegt orðalag, að hafa sæmilega hreina og klára afstöðu til mála.

Það er því miður ekki þannig að hv. þm. geti þar með tekið mig með í eitthvað sem hann kallar Evrópuliðið. Ég veit ekki alveg hvað það felur í sér. Mér finnst að menn eigi að reyna að nota skýr hugtök og vanda sig í þeim efnum. Hið endalausa tal um að sumir séu Evrópusinnar og aðrir ekki finnst mér ekki viðeigandi. Við erum öll góðir Evrópubúar og viljum teljast til þess hóps þjóðanna, þeirrar fjölskyldu, þó að sum okkar telji ekki að við eigum að vera aðilar að Evrópusambandinu. Mér finnst það niðrandi tal um stóran hluta almennings, ekki bara á Íslandi, í Noregi, Sviss og Liechtenstein heldur líka innan Evrópusambandsins. Menn geta verið góðir Evrópubúar þó að þeir séu gagnrýnir á Evrópusamrunann og styðji ekki allt sem kemur frá Brussel. Svíar eru ekkert minni Evrópumenn þó að þeir hafi hafnað evrunni með afgerandi meiri hluta í kosningum.

Við eigum auðvitað að ræða þetta af yfirvegun og skynsemi og sýna skoðunum hvers annars virðingu.

[12:17]

Útbýting þingskjals:

Raforkulög, 740. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1104.

[12:17]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það lá við að ég þyrfti að berja í mig kjark til að fara í þessa umræðu núna. Umræðan sem af er þessum morgni hefur þróast þannig að það eru orðaskipti í hinni miklu heimshreyfingu sósíalista sem hér hefur verið fagurlega lýst, ýmist á íslensku, ensku eða frönsku. Ég verð satt að segja að játa það að mér finnst ég eiga frekar lítið erindi inn í þann hóp. Ég hef a.m.k. ekki verið boðinn þangað velkominn. Ég hef hins vegar tekið eftir því að formaður Samf. hefur verið að bjóða menn velkomna í þá miklu hreyfingu á báða bóga í allan morgun og það er eins og maður sé skilinn eftir út undan.

Maður upplifir sig þegar maður kemur inn í þennan hóp, þar sem allt er farið í bál og brand í þessari elskulegu fjölskyldu, líkt og maður sé kominn inn í fjölskylduboð og veit ekki sitt óvænna þegar fjölskyldumeðlimirnir eru allt í einu komnir í hár saman. (**ÖS:** Ertu ekki að tala um ríkisstjórnina?) Þetta er eins og var í gömlu ríkisstjórninni þar sem Alþfl. var, að skyndilega var allt komið í bál og brand. Engu að síður ætla ég að vona að þó að ég leyfi mér að trufla þetta fallega teboð verði mér fyrirgefið.

Ég tek undir það að að mörgu leyti hefur komið á óvart hversu litla athygli umræðan um stækkun EES hefur fengið. Ég hafði satt að segja vænst þess, og nefndi það í ræðu minni á þriðjudaginn, að þetta yrði eitt af stóru málunum á þinginu. Ég hafði gert mér í hugarlund að því fylgdu ekki átök á borð við þau sem urðu um málið fyrir tólf árum síðan á þinginu en ég bjóst hins vegar við því að menn tækjust dálítið á og umræðan yrði með öðrum formerkjum. Einkanlega bjóst ég við því að umræðan mundi enduróma í þjóðfélaginu. Ég gerði ráð fyrir að þetta mundi vekja athygli fjölmiðla, ekki síst vegna þess að í aðdraganda síðustu alþingiskosninga var í upphafi reynt að magna upp þessa umræðu. Menn höfðu tilhneigingu til að tala um þetta sem eitt af stóru málunum sem við þyrftum að kjósa um í kosningunum.

Síðan kom auðvitað allt annað á daginn. Við tökum eftir því að þessi umræða fer meira og minna fram hávaðalaust. Úti í þjóðfélaginu hygg ég að fæstir viti að við séum um það bil að lögfesta stækkun EES-samningsins, sem er heilmikið mál. Þetta er stærðarinnar mál. Við erum að lögfesta aðgang okkar að enn þá stærri markaði en áður hefur verið. Við verðum jafnframt þátttakendur í ferli sem hefur tekið mörg ár, þar sem þjóðir Austur-Evrópu eru að verða hluti af Evrópusambandinu. Við tengjumst þeim í markaðslegu tilliti og á ýmsa aðra vegu. Hér er einnig tekist á við spurninguna um hvernig við eigum að taka á móti því fólki sem hingað vill koma af þessu stóra efnahagssvæði. 400 milljónir manna eða rúmlega það eru skyndilega orðnar hluti af atvinnusvæði Íslands, hvorki meira né minna. Þetta eru heilmikil tíðindi sem við höfum ekki fyrr getað rætt eins og við gerum núna.

Ég hygg að meginástæðan fyrir því að umræðan um þessi mál er þrátt fyrir allt svo efnisleg sem raun ber vitni, bæði á þessum morgni og eins á þriðjudaginn var, sé sú reynsla sem við höfum haft af hinu Evrópska efnahagssvæði á síðustu tíu árum. Einmitt á þessu ári eru tíu ár liðin síðan samningurinn gekk í gildi. Samningurinn var undirritaður á vordögum 1992, við lögfestum hann 1993 en síðan varð hann fullgildur og að veruleika árið 1994. Nú er því tíu ára afmælisár þessa samnings. Þegar við skoðum málið kemur á daginn að þrátt fyrir að menn reyni að halda til haga sérstöðu sinni í málinu á báða bóga þá er engu að síður miklu meiri sátt um samninginn. Það eru ekki þessi miklu átök sem áður voru.

Skoðum málið í þessu ljósi, í ljósi sögunnar, í ljósi þess að menn greindi á um hvernig við ættum að skipa okkur í sveit innan Evrópu, hvort við ættum að ganga inn í Evrópusambandið eða ekki o.s.frv. Niðurstaðan var sú að árið 1994 urðum við aðilar að hina Evrópska efnahagssvæði. Tíu árum seinna tökum við umræðuna um að stækka það samningssvæði. Þá sjáum við að umræðan er ekki mjög stríð. Við erum miklu nær einhverri sátt, niðurstöðu sem menn una við. Menn eru henni kannski ekki sammála en menn una við hana. Það hygg ég að bendi til að niðurstaðan hafi verið mjög mikilvægt innlegg í tilraun okkar til að búa til þjóðfélagslega sátt um þennan stóra þátt í utanríkismálum okkar.

Ég nefndi það á þriðjudaginn var að því hefði oft verið haldið fram að EES-samningurinn væri að renna sitt skeið og þetta væri úreltur samningur. Það fer í taugarnar á sumum þegar þeir fara á fundi í Brussel og hitta einhverja bírókrata þar sem þekkja ekki almennilega EES-samninginn eða þykjast ekki þekkja hann, nenna ekki að tala um hann og slíkt. Maður heyrir alls konar lífsreynslusögur um þetta.

Sannleikurinn er hins vegar sá að þessi samningur hefur gengið í gegnum gríðarlega mikla prófraun. Það að EES-samningurinn er orðinn svona stór og að það skuli vera að takast að stækka samninginn segir okkur að hann á fullt erindi. Samningurinn færir okkur aðgang að þessum stóra markaði, samningur sem við höfum breytt svo mikið með því að taka inn allar þessar þjóðir. Það er auðvitað til marks um að þetta er lifandi samningur og kröftugur samningur. Ég hygg að færa megi fyrir því rök að EES-samningurinn sé einmitt sterkari núna en nokkru sinni fyrr, einfaldlega vegna þess að það er búið að láta reyna á hann í samningum við Evrópusambandið auk þess sem hann nær til miklu fleiri þjóða.

Þetta er að mínu mati stærsta niðurstaðan í þessu máli. Við getum búið við þennan samning eins og hann er um ókomin ár. Við þurfum því ekkert að fara á límingunum þó að menn telji ekki fært að uppfæra hann með einhverjum hætti. Aðalatriðið er að þessi samningur dugar okkur ágætlega og um hann er pólitísk sátt í þjóðfélaginu og engar ógnir sem af honum stafa.

Ég held að helsta ógnin gagnvart Evrópusamstarfinu sé Evrópusambandið sjálft. Ef eitthvað verður til þess að sundra Evrópusamstarfinu þá eru það hinar undarlegu tilhneigingar sem við sjáum innan Evrópusambandsins. Evrópusambandið hefur að mörgu leyti risið upp gegn eigin prinsippum. Ég fór yfir það nokkuð rækilega á þriðjudaginn var hvernig Evrópusambandið ræðst sífellt að eigin prinsippum.

Tvö dæmi skal ég nefna. Fyrst skal nefna að þegar við reyndum að ná endanlegu samkomulagi varðandi stækkun EES var það þannig í pottinn búið að bírókratarnir innan Evrópusambandsins, reyndar pólitíkusarnir líka, reyndu að koma í veg fyrir að við gætum haldið áfram þeirri fríverslun með síld sem við höfðum árum saman haft með höndum og skiptir talsverðu máli fyrir okkur en gríðarlega miklu máli fyrir eina af þessum stóru, fátæku þjóðum sem eru að koma inn í Evrópusambandið, Pólland. Maður hefði getað ímyndað sér að Evrópusambandið, sem heldur á lofti prinsippum um frjálsa verslun, hefði fúslega viljað taka yfir þennan fríverslunarsamning okkar við Pólland, gera hann að hluta af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og leggja þannig af mörkum til aukinnar fríverslunar í Evrópu.

Þá gerist það allt í einu að Evrópusambandið, sem þykist í orði kveðnu sérstaklega áhugasamt um frjálsa verslun, kýs allt í einu að leggjast þvert í þessu máli. Að hvaða hagsmunum var það að ráðast? Það réðst að hagsmunum einnar af stærstu þjóðunum sem var að ganga inn í Evrópusambandið, fátækrar þjóðar, Pólverja. Þar fyrir utan var þetta sérstakt hagsmunamál fátæks hluta þessa fátæka ríkis sem þarna var sótt að af hálfu Evrópusambandsins.

Við höfum auðvitað bjargað okkur, rík þjóðin. En sú fátæka þjóð sem var í þessari nauð mátti búa við árásir Evrópusambandsins, í raun voru það árásir gegn eigin prinsippum. Hefði það ekki verið fyrir hörku okkar manna og Pólverja þá hefði Evrópusambandið náð sínu fram. Það hefði verið undarlegt.

Hæstv. utanrrh. tók annað dæmi um hvernig skepnan er að rísa gegn skapara sínum í þessum efnum, hvernig Evrópusambandið ræðst gegn eigin prinsippum. Núna er það með alls konar tiktúrum að reyna að koma í veg fyrir að Íslendingar og aðrar þjóðir utan Evrópusambandsins fái að flytja inn eldislax til Evrópusambandsins, búa til tæknileg vandamál til að torvelda þetta. Þá segja menn: Ja, þetta eru rök fyrir því að við eigum að ganga í Evrópusambandið. Þvert á móti, virðulegi forseti, eru þetta auðvitað rök gegn því að ganga inn í Evrópusambandið. Hvernig getum við samþykkt það að verða hluti af sambandi sem vinnur með þessum hætti, að ráðast gegn hagsmunum sinna eigin ríkja, gegn hagsmunum sem það þykist sjálft bera fyrir brjósti. Við viljum auðvitað ekki verða hluti af svoleiðis spilverki.

Virðulegi forseti. Mitt erindi var nú fyrst og fremst að vekja athygli á því að hér er að ljúka gríðarlega stóru máli sem fyrir fram hefði mátt ætla að væri eitt af stærstu málum vetrarins. Hins vegar kemur á daginn að það er miklu meiri sátt um hið Evrópska efnahagssvæði en við hefðum getað gert okkur í hugarlund. Það er ljóst að náðst hefur meiri sátt um þessa nálgun varðandi Evrópuumræðuna en við höfðum trúað í upphafi. Við hljótum að fagna því að við séum nú að treysta í sessi þennan öfluga, kröftuga, síkvika og lifandi

samning sem EES-samningurinn er. Við fögnum því að hann nái yfir til þessara nýju ríkja og að um leið hafi tekist að treysta samninginn í sessi.

[12:28]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það er undarlegt að sú umræða sem hér fór fram um daginn um þetta þingmál skyldi ekki vekja meiri athygli. Það var sérkennilegt, svo ekki sé meira sagt, að fjölmiðlar skyldu ekki greina frá þeim merku umræðum og stefnubreytingum sem bersýnilega komu þar fram. Þar bar auðvitað hæst afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Hún hefur þegar verið gerð að umræðuefni og ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það.

Þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spyr sjálfan sig og þingmenn hvað valdi því að ekki varð meira endurkast af þessari umræðu núna, þegar verið er að stækka Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið, þá liggur svarið í augum uppi. Það eru engar deilur lengur í íslensku samfélagi um EES. Þau öfl sem áður lögðust gegn því hafa séð, í krafti veruleikans eins og hann er í dag, að þau höfðu rangt fyrir sér. Það er ekkert að því. Í stjórnmálum eins og annars staðar í lífinu hafa menn stundum rangt fyrir sér. Það hefur einfaldlega komið á daginn að sá efnahagsbati sem spáð var að fylgdi aðild okkar að EES hefur gengið eftir. Þá farsæld sem hefur einkennt íslenskan sjávarútveg og íslenskt atvinnulíf, má fyrst og fremst rekja til EES.

Íslenskur sjávarútvegur er í ákveðnum erfiðleikum núna. Hann sætir samkeppni sem hefur komið upp á allra síðustu missirum af hálfu Kínverja en hefur getað brugðist við með ákveðnum breytingum. Þessar breytingar urðu fyrst og fremst mögulegar vegna þess að ákveðnar leiðir sem EES-samningurinn fól í sér voru færar.

Frú forseti. Nú sé ég að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur gengið úr salnum. Ég vildi eiga orðastað við þann góða þingmann sökum þeirra orða sem féllu úr munni hans áðan. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði um tiktúrur Evrópusambandsins og benti réttilega á ýmislegt sem aðfinnsluvert er í fari þess sambands. Hins vegar er besta leiðin til að hafa áhrif á framferði sambands að vera aðili að því. Heldur hv. þm. Einar K. Guðfinnsson virkilega að það hefði ekki skipt máli ef Íslendingar hefðu haft rödd innan Evrópusambandsins þegar kom að því að meta framhald fríverslunarsamninga okkar, þegar kom að því að meta aðra hluti sem tengjast framferði Evrópusambandsins? Heldur hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að það hefði ekki skipt máli að við hefðum í samvinnu við aðrar þjóðir getað haft áhrif á tollastefnu Evrópusambandsins gagnvart öðrum þjóðum? Ég spyr vegna þess að hv. þm. talaði af nokkurri ástríðu og mér fannst hann, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, finna að því að Evrópusambandið reisti of háar og illkleifar tollagirðingar gagnvart umheiminum.

Ef Íslendingar yrðu aðilar að Evrópusambandinu mundum við auðvitað vera lítil þjóð þar. Menn eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tala eins og við værum áhrifalaus rödd þar innan. Staðreyndin er sú, frú forseti, að Íslendingar, þrátt fyrir smæð sína, hafa áhrif á alþjóðavettvangi sem er í engu samræmi við stærð þjóðarinnar. Við höfum miklu meiri áhrif í umheiminum en beinlínis stærð þjóðarinnar ætti að geta réttlætt. Af hverju? Vegna þess að við höfum sem smáþjóð borið gæfu til að eiga gott samstarf við aðrar þjóðir. Við höfum lagt ríka áherslu á að ná góðri samvinnu við smáþjóðir, en við höfum sérstaklega náð mjög góðum tengslum við Norðurlandaþjóðir.

Ef við og Norðmenn værum innan Evrópusambandsins má segja að Norðurlandaþjóðirnar væru ígildi stærstu þjóða Evrópusambandsins varðandi atkvæðafjölda innan sambandsins. Það hefur alltaf gengið eftir að Norðurlandaþjóðirnar hafa stutt hagsmuni okkar því í flestum tilvikum hafa þeir farið saman við hagsmuni þeirra, en líka vegna þess að við eigum til skyldleika að telja við þær. Við höfum alltaf stutt þær.

Ég vil segja við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og Steingrím J. Sigfússon að afl okkar innan Evrópusambandsins yrði alltaf miklu meira en sem nemur þeim atkvæðum sem við ein sem þjóð mundum fá.

Þar að auki bætist við að þrjár þjóðir eru nú að ganga í Evrópusambandið, baltnesku þjóðirnar Eistland, Litháen og Lettland. Ekki þarf að taka fram að við áttum okkar ósmáa þátt í lokahnykk sjálfstæðisbaráttu þeirra þjóða. Þau áhrif sem við höfðum á hana voru langt umfram stærð þjóðar okkar. Það er ekki langt síðan ég átti þess kost að ferðast með einum þingmanni, hv. þm. Gunnari Birgissyni, um þessi svæði og fann mjög vel, eins og allir íslenskir þingmenn sem þarna ferðast um, þann hlýhug sem þessar þjóðir bera til Íslands.

Þær þjóðir hafa lagt mikla áherslu á, á síðustu árum, að ná sem kröftugastri samstöðu með Norðurlandaþjóðunum. Sérstakt ráð, Eystrasaltsráðið, er vettvangur þeirrar samvinnu. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessar þjóðir horfa til Norðurlandanna sem helsta samstarfsaðila síns á sviði utanríkismála á næstu árum.

Ef við leggjum saman styrk smáþjóðanna sem Norðurlandaþjóðirnar teljast í dag og Eystrasaltsþjóðanna, er engum blöðum um það að fletta að það á að vera auðvelt fyrir okkur að hafa ákaflega þungt afl á bak við sanngjarnar kröfur sem við þyrftum að setja fram til þess að verja hagsmuni okkar. Ég óttast því ekki að innan Evrópusambandsins færu íslenskir hagsmunir forgörðum vegna smæðar þjóðarinnar.

Það er einfaldlega óþolandi minnimáttarkennd þegar íslenskir stjórnmálamenn tala með þeim hætti að vegna þess að við séum svo lítil getum við ekki haft áhrif innan stórra sambanda eins og Evrópusambandsins.

Hins vegar er alveg rétt sem ýmsir menn, sem kalla sig þessa dagana Evrópusinna eins og hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafa verið að segja í þessum sölum allra síðustu daga og í dag, að samt sem áður er margt aðfinnsluvert við Evrópusambandið. Það er í mínum huga fyrst og fremst tvennt: Evrópusambandið er ekki nægilega lýðræðislegt. Innviðir þess eru með þeim hætti að þegnar ríkjanna sem þurfa að hlíta lögum sem koma úr smiðju Evrópusambandsins hafa ekki haft nægilega rík áhrif á gerð þeirra. Hitt er það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur margoft gert að umræðuefni, að Evrópusambandið hefur reist mjög háa tollamúra í kringum sig sem gerir það að verkum að erfitt er fyrir fátækari þjóðir að koma framleiðslu sinni á vettvang í mörkuðum vel stæðra ríkja.

Mig langar að gera þetta tvennt að umræðuefni vegna þess að ég held að einmitt þessar tvær aðfinnslur sem þingmenn, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson, nota sem röksemdir gegn Evrópusambandinu, ættu að verða að röksemdum fyrir því að ganga í sambandið. Það þarf nefnilega þjóðir eins og okkar sem búa að ríkri lýðræðishefð og ríkri samstöðukennd

með fátækari og smærri þjóðum heimsins til að hafa áhrif til breytinga á einmitt þessum þáttum innan Evrópusambandsins.

Ég vil taka fram, frú forseti, að Evrópusambandið sjálft gerir sér grein fyrir þeim ágalla sem felst í því að lýðræði sé ekki nægilegt innan sambandsins. En lýðræðið innan Evrópusambandsins í dag er allt annað og miklu betra en fyrir fimm árum. Það er gjörólíkt því sem það var fyrir tíu árum. Alls staðar innan Evrópusambandsins eru vaxandi kröfur um aukið lýðræði. Lýðræðið vinnur þannig að þeir sem takast á með rökum, þeir sem vegast á með málefnalegum ágreiningi þoka hlutunum áfram.

Þess vegna hefur það verið styrkur Evrópuþingsins og eitt af driföflunum til aukinnar lýðræðisvirkni og breytinga í átt að lýðræði innan þess að hafa menn eins og Jens-Peter Bonde, hinn danska, harða talsmenn þeirra sem hafa verið á móti Evrópusambandinu. Þess vegna yrði það gott fyrir Evrópusambandið og Evrópuþingið að hafa menn eins og hv. þm. Ögmund Jónasson innan sinna vébanda vegna þess að gagnrýni þeirra hefur áhrif.

Þeir sem líta á sig sem raunverulega alþjóðasinna og vilja breyta heiminum þannig að réttlæti verði meira og fátæku þjóðirnar eigi meiri möguleika á að efla og bæta velferð sína, hljóta að horfa til þess möguleika að geta haft áhrif á stórt ríkjasamband eins og Evrópusambandið sem hefur áhrif um gjörvalla kringluna.

Ég er að komast á þá skoðun að besta leiðin til að aðstoða fátækar þjóðir á vegferð þeirra til bjargálna sé ekki sú hefðbundna aðferð sem við höfum beitt í formi þróunaraðstoðar, sem skilar sér með misjöfnum hætti og veraldarsagan sýnir allt of mörg dæmi um að hefur aðallega í sögunnar rás farið í að fóðra vasa spilltra stjórnarherra víðs vegar í illa þróuðum lýðræðisríkjum hér og þar í heiminum. Ég held að besta leiðin til að hjálpa örbjarga þjóðum til bjargálna sé að auka fríverslun. Fríverslun er besta ráðið til að ýta undir framleiðslu í þeim ríkjum, til að ýta undir frumkvæði og framtak einstaklinganna, til að skapa markað fyrir afurðir þeirra.

Þá blasir hins vegar við að stærstu ríki og ríkjasambönd heimsins hafa reist tollamúra sem byggjast miklu fremur á síngirni en réttlætiskennd, byggjast á því að verja sinn eigin hólma fremur en að greiða fyrir uppgöngu annarra.

Það er löstur Evrópusambandsins að hafa byggt í kringum sig múratolla. En nú vill það svo til að innan sambandsins, sem hefur komið til umræðu fyrr á þessum morgni, Alþjóðasambands jafnaðarmanna, gera menn sér grein fyrir þessu. Forustumenn Alþjóðasambands jafnaðarmanna hafa í vaxandi mæli verið að vekja máls á því að eigi að jafna kjörin meðal allra þeirra sem búa á jarðarkringlunni, þurfum við að draga úr tollamúrum. Ég vísa til þess að Tony Blair, forsætisráðherra Breta, fremsti maður Verkamannaflokksins og einn af áhrifamestu mönnum Alþjóðasambands jafnaðarmanna, hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á þetta á síðustu árum. Við jafnaðarmenn sem fylgjum Evrópusambandinu að málum getum hins vegar einmitt vegna stuðnings okkar við það leyft okkur að gagnrýna það harkalega. Og þessa þætti Evrópusambandsins gagnrýnum við harkalega. En þeir sem gera það utan frá og vilja ekki sjá sambandið verða að skýra af hverju þeir vilja ekki fremur fara inn fyrir múra þess og nota afl sitt þar til að sneiða af ágallana.

Þegar ég skoða umræðuna sem hefur átt sér stað er það merkilegasta í henni sú staðreynd að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur stutt þingmálið. Hún styður núna stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Hún situr ekki hjá, heldur greiðir atkvæði með henni. Það þýðir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í reynd skipt um skoðun á EES. Hún er búin að sjá að efnahagslegar afleiðingar þess eru að mörgu leyti ákaflega góðar. Það hefur formaður Vinstri grænna staðfest í ræðu hér. Hann hefur til upprifjunar fyrir þingmenn Vinstri grænna sem hafa gengið í salinn, sagst vera Evrópusinni, sagst vera jafnaðarmaður, sagst vera alþjóðahyggjusinni og segir að vinstri grænir séu fallnir frá þeirri stefnu að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið og vilji áfram hafa Evrópska efnahagssvæðið. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði: „Veruleikinn er eins og hann er."

Ef menn eru komnir á þá skoðun eru þeir í reynd búnir að fallast á að Íslendingar eigi að vera aukaaðilar að Evrópusambandinu. EES og aðild okkar að því felur ekki í sér neitt annað en það. Þá mundi ég segja að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé komin hálfa leið. Auðvitað skiptir þessi mikla samstaða í kringum stækkun EES, sem hér hefur myndast fyrst og fremst vegna stefnubreytinga hennar, miklu máli. En mér finnst að menn ættu líka að horfa lengra inn í framtíðina. Þeir sem barist hafa hvað lengst til að bæta kjör manna, ekki bara á Íslandi heldur líka alþjóðlega, af hverju ættu þeir ekki að komast að þeirri niðurstöðu að fyrst Íslendingar geta verið aukaaðilar að ESB, hví þá ekki fullgildir aðilar? Þeir gætu þá í krafti samstöðu með Norðurlandaþjóðum, í krafti samstöðu með Eystrasaltsþjóðunum, í krafti samstöðu með öðrum smáríkjum innan sambandsins læst saman klónum til að breyta verstu ágöllum sambandsins, sem eru tollamúrarnir, og um leið gefa fátækari þjóðum heimsins kost á að flytja framleiðslu sína á ríkustu markaði heimsins.

Út á hvað gengur stækkun Evrópusambandsins núna? Öryggissjónarmið ráða ekki síst ákvörðun sumra þjóða. En tvennt annað skiptir máli frá eigingjörnum sjónarhóli þeirra þjóða sem fyrir eru í sambandinu, hinna gömlu Evrópuþjóða. Auðvitað er verið að tryggja vinnuafl út þessa nýbyrjuðu öld. Það vantar tugi milljóna vinnandi handa þegar líður fram á öldina. Það er verið að tryggja vinnuafl með því greiða fólki þar frjálsa för inn á þau svæði Evrópu þar sem skortir vinnuafl. Það er eitt.

Hitt atriðið er að með því að þessi lönd verða aðilar að innri markaði Evrópusambandsins er búið að greiða leiðina fyrir afurðir þessara landa inn á markaði ríku þjóðanna sem geta greitt meira og hafa miklu meiri kaupmátt en er að finna í þessum ríkjum. Þar með er verið að beita frjálsri verslun til þess að lyfta kjörum þeirra sem búa í löndunum sem núna eru að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Það eru ríki sem búa við kjör sem eru snöggtum verri en t.d. í Englandi, Þýskalandi og Danmörku. En í gegnum frjálsa verslun sem innri markaðurinn býður upp á er verið að stefna að því að smám saman lyftist kjörin í öllum ríkjum Evrópusambandsins. Þetta er eðli frjálsrar verslunar. Hún hefur jafnandi áhrif.

Röksemd mín gagnvart þeim sem andæfa Evrópusambandinu á þeim grundvelli að það komi í veg fyrir að fátæku þjóðirnar geti selt vörur sínar inn á markaðinn er þessi: Komið þið með okkur í slaginn fyrir því að Ísland gangi inn í Evrópusambandið. Þar tökum við saman höndum við aðra sem gagnrýna þetta frá nákvæmlega þessum sjónarhóli til að breyta þessu. Ég er sannfærður um að ágætir menn eins og hv. þingmenn VG telja það erfitt af fullveldisástæðum.

Þegar við gengum á sínum tíma inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var álitamál hvort ekki væri verið að brjóta stjórnarskrána. Menn voru ekki sammála um það þá. Sú leið var farin að til voru kallaðir fjórir lagaspekingar sem gáfu álit á því og þeir töldu að við værum þarna á gráu svæði. Hins vegar töldu þeir að álitamálin væru ekki svo rík að þau nægðu til þess að hægt væri að komast að þeirri niðurstöðu að innganga í EES þýddi brot á stjórnarskránni. Þeir sögðu hins vegar: Það er á gráu svæði. Haldreipi manna þá var sú staðreynd að við gátum á fyrstu stigum lagasmíðar innan Evrópusambandsins haft áhrif í ákveðnum ráðgjafarnefndum framkvæmdarstjórnarinnar.

Nú hefur þetta breyst. Nú hafa auknar lýðræðiskröfur innan Evrópusambandsins gert það að verkum að valdið er ekki lengur í þeim mæli hjá framkvæmdarstjórninni sem áður var. Það hefur færst yfir til Evrópuþingsins til þess að svara lýðræðislegri þörf, en þar höfum við enga aðkomu vegna þess að við eigum engan fulltrúa þar. Með öðrum orðum, frú forseti, það sem hægt var að verja áður frá sjónarhóli stjórnarskrár er hugsanlega ekki hægt í dag. Þessar breytingar sem hafa orðið á innviðum Evrópusambandsins hafa mögulega ýtt okkur yfir hið gráa svæði, ýtt okkur þangað sem aðild að óbreyttu felur í reynd í sér brot á stjórnarskránni. Það er þess vegna sem það er líka ein af röksemdunum fyrir aðild hjá mér og mörgum Evrópusinnum að með því að ganga í sambandið er ljóst að enginn vafi leikur á að staða okkar gagnvart Evrópu sé í bága við núverandi stjórnarskrá. Frú forseti, aðild að Evrópusambandinu í dag eykur fullveldi okkar.

En ég vil líka taka fram að í dag er heimurinn þannig að það er styrkur sérhverrar þjóðar, sérstaklega öflugra smáþjóða, að deila fullveldi sínu. Í þessum alþjóðlega heimi er það þannig að ekkert ríki hefur fullveldi sitt óskert nema hugsanlega Albanía. Styrkur fullvalda ríkja eykst með því að deila fullveldinu. Þetta erum við alltaf að gera þegar við samþykkjum alþjóðlega samninga. Þeir fela yfirleitt ekkert annað í sér en það að við erum að deila fullveldi okkar með öðrum þjóðum.

Þegar við gerðum hinn merka samning um sameiginlegan vinnumarkað fyrir Norðurlöndin sem ég held að hafi verið gerður á sjöunda áratugnum, stórmerkan samning sem undirstrikaði skyldleika þessara þjóða, vorum við um leið að afsala okkur litlum hluta af fullveldi okkar til annarra þjóða. Við réðum ekki lengur að öllu leyti vinnumarkaðnum. Þetta fullveldisafsal takmarkaðist að vísu við hinar góðu frændþjóðir okkar. Ég nefni þetta sem dæmi um það hvernig alþjóðlegur samningur felur í sér afsal á fullveldi en verður samt til þess að styrkja fullveldið.

Frú forseti. Ég ætla nú ekki að hafa frekari orð um þetta. Ég tel eftir þessi sögulegu skipti sem mér finnast hafa orðið í umræðunni um Evrópu, og vísa þá til afstöðubreytingar VG, að þá ættu þeir ágætu menn sem þar ráða för að hugsa í fullri alvöru hvort þeir ættu ekki að stíga skrefið til fulls og taka undir þær óskir sem Samf. hefur sett fram um að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu. Það er mjög auðvelt fyrir þá sem skilgreina sig sem róttæka jafnaðarmenn og Evrópusinna, eins og VG gerir þessa dagana, að taka slíka ákvörðun á grundvelli krafna um aukinn jöfnuð innan Evrópusambandsins. Það er ekki síður auðvelt fyrir þessa róttæku jafnaðarmenn og Evrópusinna í VG að gera það til þess að reisa kröfuna um vaxandi lýðræði innan Evrópusambandsins. Við sjáum að sambandið er þegar að því leytinu til á góðri leið. En alltaf er þörf fyrir hjálpandi hönd.

[12:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var að mörgu leyti ágæt ræða sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti, eins og hans er von og vísa um þessi mál. Ég ber fulla virðingu fyrir skoðunum hans. Ég virði þær þótt ég sé þeim ósammála. Ég veit að í brjósti hv. þingmanns blundar sams konar tilfinning gagnvart þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. að hann vill virða okkar skoðanir.

Þess vegna sé ég mig knúinn til að leiðrétta ákveðinn misskilning sem þarna kom fram, að einhver grundvallarstefnubreyting hefði orðið hjá þingflokki okkar eða þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Svo er ekki. Við höfum aldrei verið þess fýsandi að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði yrði sagt upp. Ekki vegna þess að við teljum hann ýkja góðan og ekki vegna þess að við hefðum ekki fremur kosið tvíhliða samkomulag við Evrópusambandið. Við teljum að það hefði verið betra. Vígstaðan er hins vegar allt önnur eftir að á annað borð er gengist inn á þetta samkomulag og það gert. Vígstaða þess sem segir sig frá samkomulaginu um hið Evrópska efnahagssvæði er ekki ýkja sterk þegar að því kæmi að gera tvíhliða samkomulag eins og við alla tíð höfum talið og hefðum talið æskilegt að gera.

[12:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski álitamál hvort hér hefur verið stefnubreyting hjá VG. Hugsanlega höfum við þingmenn úr ýmsum flokkum sem höfum tekið þátt í þessari umræðu ekki fylgst nægilega vel með þróun innan þess flokks. Það er vel hugsanlegt að þessi afstöðubreyting hafi orðið miklu fyrr en við gerðum okkur grein fyrir.

En eftirfarandi er alveg ljóst: Formaður VG hefur lýst yfir í þessari umræðu að hann sé Evrópusinni, alþjóðahyggjusinni, róttækur jafnaðarmaður og að hann telji að efnahagslegar afleiðingar EES hafi verið mjög góðar. Það er auðvitað allt annað en hann taldi áður.

Það sem skiptir þó langmestu máli er að þingmenn VG sátu ekki hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Þeir greiddu atkvæði með stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, sem þýðir að þeir telja að tilvist þess sé jákvæð og réttlætanleg, ella hefðu þeir — þó þeir hefðu ekki greitt atkvæði gegn og staðið gegn stækkuninni — setið hjá. Afstöðubreytingin felst í því að þeir leggja atkvæði sitt með því að stækka EES og þar af leiðandi til að við getum notið þeirrar efnahagslegu velsældar sem hefur stafað af sambandinu og væntanlega af stækkun þess. Þetta er algjör stefnubreyting hvað varðar viðhorf VG til þessa og ég fagna henni auðvitað. Mér finnst þetta jákvætt.

Ég hef spurt hv. þingmenn VG af hverju þeir stíga ekki skrefið til fulls. Af hverju ákveða þeir bara ekki að slást fyrir umbótunum innan Evrópusambandsins í staðinn fyrir að vera stundum rödd hrópandans í eyðimörkinni langt fyrir utan?

[12:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun gera grein fyrir afstöðu okkar nánar í ræðu á eftir. Ég vil aðeins árétta það sem ég sagði áðan, að af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

hefur ekki átt sér stað nein grundvallarstefnubreyting gagnvart Evrópusambandinu eða hinu Evrópska efnahagssvæði. Það sem um er að ræða núna varðandi þetta þingmál sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vísar til um stækkun hins Evrópska efnahagssvæðis er spurningin um hvort við teljum eðlilegt að Íslendingar standi í vegi fyrir því að lýðræðislegur vilji þeirra þjóða sem nú eru að ganga inn í Evrópusambandið nái fram að ganga. Þetta er spurning um að virða þann lýðræðislega vilja.

Ég legg þetta ekki að jöfnu við stækkun hernaðarbandalagsins NATO. (**Gripið fram í:** Nú?) Við lögðumst gegn því að NATO yrði stækkað einfaldlega vegna þess að við teljum NATO skaðlegt bandalag, hernaðarbandalag sem við viljum á engan hátt styrkja. Þarna legg ég því ekki hlutina að jöfnu. Við teljum eðlilegt að lýðræðislegur vilji í þeim löndum sem eru núna að ganga í Evrópusambandið og þar af leiðandi inn í Evrópska efnahagssvæðið nái fram að ganga og verði virtur. Það er fullkomlega rökrétt af okkar hálfu.

[12:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð bara að segja að það er fullkomlega rökrétt afstaða af hálfu VG að hafa tekið miklu jákvæðari og vinsamlegri pól í hæðina til Evrópusamstarfsins en þeir hafa áður gert. Ég er ekki að halda því fram að hv. þingmenn VG séu orðnir einhverjir sérstakir Evrópusambandssinnar. En klárt er að viðhorf þeirra gagnvart EES eru allt önnur en áður.

Hins vegar fagna ég því að hv. þm. Ögmundur Jónasson boðar það að hann ætlar að halda ræðu hér í dag til að skýra afstöðu VG. Ég get upplýst hv. þm. um að formaður VG hefur þegar haldið ræðu hér í dag og tvær fyrir tveimur dögum einmitt til að skýra þessa afstöðu VG. Ég geri þá ráð fyrir að hv. formaður þingflokks VG sé að koma hingað til þess að leiðrétta afstöðu formanns VG.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur þá umræðu sem fór fram hið fyrra sinnið um þetta mál en ég hef fylgst með umræðum hér í morgun og heyrt þann enduróm sem hér hefur komið fram af þeim ræðuhöldum. Vegna þess að hér stendur einn af þeim sem greiddu atkvæði gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma finnst mér ástæða til að mæta í ræðustólinn og gera grein fyrir afstöðu minni til málsins núna.

Nú er það ekki þannig að ég líti svo á að ég sé kominn í skriftastól og þurfi að biðja einhvern afsökunar á afstöðu minni þegar þessi samningur var afgreiddur í þinginu. Það er síður en svo. Ég tel að það sem ég byggði afstöðu mína á á þeim tíma hafi allt saman verið rétt. Þetta var ekki bara á gráu svæði að mínu mati þá, hvað varðaði sjálfstæði þjóðarinnar, heldur bókstaflega á svörtu svæði. Það hefur verið leikið, reyndar oftar en í þetta sinnið, að fara yfir á það sem menn kalla sjálfir grátt svæði gagnvart stjórnarskránni og ekki tekist vel að mínu mati. Ég vil meina að í sölum hv. Alþingis ættu menn að gá að sér í málum þegar þeir telja sig vera komna á grátt svæði gagnvart stjórnarskránni. Hér var öllum tilmælum um það að beina úrskurði í þessu máli til þjóðarinnar neitað á sínum tíma og ekki hlustað á þá sem bentu á að þarna væri á ferðinni veruleg hætta á því að við værum að brjóta stjórnarskrána.

Það sem ég vil síðan segja er að þessi samningur hefur á margan hátt reynst vel hvað varðar efnahagslega hlutann og betur jafnvel en þeir sem trúðu á þann þátt málsins mest, héldu fram í sölum Alþingis. Það stóðt allt og fyllilega það.

Svo verð ég að bæta því við að mér finnst að okkur hafi tekist að lifa betur við valdaafsalið en við héldum sem greiddum atkvæði gegn samningnum á þeim forsendum. Ég verð að segja að þegar menn eru núna að ræða um þennan samning og stækkun hans er það engin spurning í mínum huga að við hljótum auðvitað að styðja þessa stækkun enda hefur hún engin áhrif á það valdaafsal sem við erum búin að gera með samningnum áður og breytir ekki stöðu okkar gagnvart honum að því leyti til.

En menn hljóta að velta því líka fyrir sér, af því að alltaf er umræðan uppi um það hvort við eigum að ganga alla leið inn í Evrópusambandið, hverju það mundi breyta gagnvart valdaafsali að gera það. Skoðun mín er sú að fátt hafi verið tínt fram sem bendi til þess að valdaafsalið við það að ganga inn í Evrópusambandið verði miklu meira en það sem þegar er. Af þeim ástæðum finnst mér alveg ástæða til að menn skoði þann kost nánar en gert hefur verið. Þar eru ýmsir hlutir sem þarf að skoða vandlega áður en menn taka slíka afstöðu, ef hún verður þá tekin, en mér finnst ekki ástæða til annars en að það mál verði skoðað mjög vandlega. Og ég verð að viðurkenna að mér finnst að sjálfstæðismenn, sem hafa tekið mjög harða afstöðu gegn því að ræða um aðild að Evrópusambandinu, hafi haft hlutverkaskipti við okkur sem börðumst á móti samningnum á grundvelli þess að við teldum að um of mikið valdaafsal væri að ræða til þess að við gætum fallist á það. Nú koma sjálfstæðismenn með þau rökin að ef menn gangi í Evrópusambandið sé valdaafsalið það sem skipti öllu máli.

Ekki skal ég hafa mjög mörg orð um þetta. Menn hafa gjarnan barið sér á brjóst og sagt: Við höfðum rétt fyrir okkur. Það get ég líka sagt vegna þess að við sem vorum á móti höfðum rétt fyrir okkur hvað varðar valdaafsalið. Hins vegar skilar það litlu að vera með slíkan brjóstbarning og minnir svolítið á þann sífellda barning sem frjálshyggjumenn í landinu hafa uppi um að þeir hafi haft rétt fyrir sér og að þjóðfélagið hafi breyst fyrir þeirra tilverknað í það sem það er í dag.

Auðvitað er það ekki þannig. Auðvitað höfðu þeir rétt fyrir sér í ýmsu en aðrir í öðru, og margt af því sem frjálshyggjumenn börðust á móti hefur orðið að veruleika. Ég held að félagshyggjufólk og sósíalistar geti býsna vel við unað þann árangur sem orðið hefur í baráttumálum þeirra á þessum sama tíma og frjálshyggjumenn hæla sér af því að þeir hafi náð málum fram. Þjóðfélagið hefur sannarlega þróast og réttindamál fólks hafa náð fram að ganga þó að ýmislegt sé þar eftir en auðvitað er pólitíkin þannig að menn geta ekki staðið í stað, heldur verða þeir sífellt að taka afstöðu til mála á grundvelli þeirrar stöðu sem er komin upp. Það erum við að gera hér.

Mér finnst það þjóna litlum tilgangi að hælast um yfir því að menn hafi haft rétt fyrir sér þegar þeir eru þá ekki tilbúnir einu sinni að viðurkenna í hvaða efni þeir höfðu rangt fyrir sér. Þó hafa þeir gert það, sumir hverjir að mínu viti, með þeim skýru yfirlýsingum sem fram hafa komið hjá mjög mörgum af stjórnmálamönnum hér, að það þurfi að leggja undir þjóðaratkvæði ef ganga eigi í Evrópusambandið. Ég verð að segja að það hlægir mig dálítið að menn skuli telja

það einsýnt að það eigi að leggja inngöngu í Evrópusambandið undir þjóðaratkvæðagreiðslu, sömu menn sem töldu einsýnt að Evrópska efnahagssamninginn ætti ekki að leggja undir þjóðaratkvæði. Og ég segi bara: Batnandi mönnum er best að lifa. Mér finnst að þá sé ástæða til að fagna því að um það skuli vera full samstaða, að ef til þess komi að tekin verði ákvörðun um inngöngu í Evrópusambandið fái hún staðfestingu þjóðarinnar. Þá tel ég a.m.k. ástæðu til að fagna því að þá væri ég í sigurliðinu.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að hafa mín orð fleiri. Mér fannst ástæða til að koma í ræðustól og lýsa því yfir að ég ætla að styðja stækkun Evrópusambandsins og að minna á að sú umræða sem fór fram var að mjög stórum hluta umræða um sjálfstæði þjóðarinnar og það valdaafsal sem fólst í samningnum. Þó að menn hafi ákveðið að sætta sig við það valdaafsal var það ekki minna en menn töluðu um, heldur meira. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að á hv. Alþingi renna í gegn ákvarðanir Evrópusambandsins án þess að alþingismenn, hvorki ég né aðrir, telji það hlutverk sitt að lesa í gegn nákvæmlega sem þar stendur, stundum þegar löng eru plöggin sem koma frá Evrópusambandinu til umfjöllunar á hv. Alþingi.

[13:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég get að ýmsu leyti tekið undir það með síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Norðvest., að hann hafði rök fyrir afstöðu sinni til Evrópska efnahagssvæðisins á sínum tíma þótt ég hefði þá aðra afstöðu en hann, jafnvel þótt við værum báðir þá í sama flokki, eins og við erum aftur nú.

Hins vegar stóðust þau rök sem þá voru fram borin af ýmsum þeim sem greiddu atkvæði á móti ekki nánari skoðun. Viðskiptaþáttur samningsins sem t.d. alþýðubandalagsmenn á þeim tíma, bæði hv. síðasti ræðumaður og sá sem hér sat þá, og nú er í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, studdu stóðst ekki án þess að í kringum hann væri ákveðinn stofnanaþáttur. Ég hins vegar virti það að menn tækju þá afstöðu á sínum tíma. Ég var mjög hugsi yfir því, bar reyndar ekki þá ábyrgð að greiða atkvæði um það í þingsal, að menn hefðu viljað fá það í þjóðaratkvæði.

Hitt verð ég að segja um afstöðu þingsins til þessara hluta að ég tel og hef lengi talið að í raun og veru hafi ríkisstjórn og þing brugðist í kjölfar þessa samnings um Evrópska efnahagssvæðið, einmitt í því að láta löggjafann skipta sér af framkvæmd samningsins og t.d. að í staðinn fyrir þessar handaupprettingar eða fingurábrýstingar hér sjálfkrafa tæki löggjafinn með sínum hætti þátt í undirbúningnum með því að hafa hér sérstaka Evrópunefnd og hafa sína menn á vettvangi í Brussel og annars staðar þar sem ákvarðanir eru teknar.

Ég held að þingheimur verði að kenna sjálfum sér um eða a.m.k. forvera sínum í líki þeirra þingmanna sem tóku við og mótuðu hér afstöðu til þessa samnings fyrir tíu árum eða svo.

[13:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru vitaskuld tvær forsendur fyrir andstöðunni á sínum tíma, annars vegar höfðu sumir, ýmsir reyndar, efasemdir um efnahagsþáttinn en tilfinningaríkasta andstaðan var vegna sjálfstæðisins. Menn höfðu virkilega rök fyrir því að þar væru menn að ganga lengra en góðu hófi gegndi gagnvart stjórnarskránni. Þeir sem hér réðu ríkjum hlustuðu ekki á það og þeir vildu ekki að það mál yrði lagt fyrir þjóðaratkvæði.

Hitt er svo annað mál sem ég held að alþingismenn almennt hafi þurft að horfast í augu við, að möguleikarnir til að breyta eða stöðva mál hér í þinginu eru nánast engir. Ef menn ætla að taka einhverjar ákvarðanir Evrópusambandsins og segja nei við þeim hér er auðvitað samningurinn í uppnámi og það vita menn. Hér er því nauðhyggjan alls ráðandi hvað varðar það að taka við þeim niðurstöðum sem hafa orðið hjá Evrópusambandinu um þau málefni sem hingað koma inn.

Þess vegna eru rökin fyrir því að ganga inn í Evrópusambandið þyngri en ella hvað þessi mál varðar, það er þá a.m.k. meiri möguleiki til þess að hafa áhrif á það sem um er að tefla en annars væri. Auðvitað þurfa Íslendingar að fara yfir þau mál alveg sérstaklega og kannski neyðast þeir til þess að horfast í augu við það að þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið sé að hverfa. Nú ætla Norðmenn líklega að kjósa um aðild að Evrópusambandinu hið þriðja sinnið. Allt er þegar þrennt er, segja menn stundum, og skyldi það verða þannig þar?

[13:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Ég hygg að það sé rétt hjá síðasta hv. ræðumanni að það er grundvallarmunur á því að hafa tekið afstöðu á sínum tíma gegn málinu vegna þess að menn álitu að það þyrfti að bera undir þjóðaratkvæði því það samrýmdist ekki stjórnarskránni eða að gera það á efnislegum forsendum. Þeir sem gerðu þetta á sínum tíma skulda okkur auðvitað skýringar á því vegna þess að málið heldur áfram að vera til núna.

Ég held að sá galli hafi kannski verið á þessum málatilbúnaði öllum að strax í upphafi bar þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið í sér ákveðna feigð, þannig að maður tali nokkuð stórt, þ.e. þetta var embættismannasamningur og menn héldu áfram að líta á hann sem nánast venjulegan alþjóðasamning og skiptu sér ekki af honum pólitískt. Það voru því embættismennirnir sem hittu embættismenn Evrópusambandsins og síðan ráðherrarnir í svona takmörkuðu samstarfi, en þingið í engu. Það þýddi það auðvitað undir eins að þingið missti í raun öll möguleg áhrif sem það gat haft. Það hefði — það er páskildagatíð, enda erum við bara í andsvörum en ekki í löngum þingræðum — en það hefði auðvitað átt að stofna strax Evrópunefnd sem hefði farið yfir þessi mál og hvað var að gerast í Evrópusambandinu áður en frumvörpin komu fullbúin hingað og þingið hefði átt að hafa sjálfstæða erindreka í Brussel til þess að fylgjast með og reka á eftir því sem þar gerðist.

Afleiðingarnar eru náttúrlega þær að nú stöndum við frammi fyrir því að samningurinn er í raun í dauðateygjunum og næst er það að ganga skrefið til fulls og taka á samningnum og á þessu samstarfi pólitíska ábyrgð með því að ganga í Evrópusambandið með þeim skilyrðum sem við að sjálfsögðu setjum fyrir því. Um það hygg ég að ég og hv. síðasti ræðumaður séum bara nokkuð sammála.

[13:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega í eðli samnings eins og þessa, þar sem Evrópusambandið með öll sín lönd er annar aðilinn á móti þeim litlu ríkjum sem eftir eru hinum megin, og var frá upphafi þannig að Evrópusambandið gæti ekki fallist á að breytingar innan þess væri hægt að stöðva með einhverjum hætti af þeim sem ættu aðild að þeim samningi sem við erum hér að tala um. Það lá því alltaf fyrir að

menn yrðu að horfast í augu við það að breytingar sem þeir ákvæðu mundu ganga hér yfir og undir það var skrifað í þessum samningi. Menn höfðu nánast ekkert um annað að velja en að segja sig frá samningnum eða fallast á þá niðurstöður sem hafa orðið hjá Evrópusambandinu. Það hafa menn gert fram að þessu og una við það betur en ég reiknaði með í upphafi.

Ég tel, eins og ég sagði áðan og vil endurtaka það, að nauðhyggjan sem fólgin er í þessu fyrirkomulagi sé niðurlægjandi fyrir Íslendinga og af þeim ástæðum sé full ástæða til að fara yfir það í fúlustu alvöru hvort ekki sé þá betra að ganga alla leið og ganga í þetta kaupfélag sem þarna er rekið, því kaupfélag er þetta nú að mestu leyti og hugsað út frá svipuðum grundvallarhugmyndum og kaupfélög hvað viðskipti varðar. En það hefur ýmislegt gott í för með sér. Þarna er verið að vinna við miklu fleira en kaupskap, mannréttindi t.d. og marga hluti sem ekki er hægt að ræða hér í stuttu andsvari.

Ég endurtek það bara að ég tel ástæðu til að menn fari yfir það vandlega og tel fulla ástæðu til að halda því fram að það geti verið meira sjálfstæði fólgið í aðild en því að hafa þennan samning.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er að mörgu leyti ágæt umræða og fróðleg og eðlilegt er að menn geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála. Það gerði m.a. fyrr í dag hv. þm. Össur Skarphéðinsson. En þar lét hann ekki sitja við það eitt að gera grein fyrir sinni afstöðu og síns flokks heldur einnig fyrir afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það reyndar kom fram ákveðinn misskilningur sem ég tel ástæðu til að leiðrétta. Ég gerði það að vísu í stuttu andsvari hér fyrr. Það virtist vefjast eitthvað fyrir hv. þm. að skilja hvers vegna Vinstri hreyfingin – grænt framboð greiðir ekki atkvæði gegn stækkun Evrópusambandsins. Það sem hér er um að ræða er að lýðræðislegur vilji þjóða sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu nái fram að ganga. Að sjálfsögðu leggjum við ekki stein í götu þess. Ég bar saman annars vegar stækkun Evrópusambandsins og hins vegar stækkun NATO sem er allt annar handleggur og við höfum ekki stutt einfaldlega vegna þess að við teljum skaðlegt að efla hernaðarbandalagið NATO. Það er eðlilegt að sá lýðræðislegi vilji þessara þjóða sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu og fengið nái fram að ganga og þá einnig í þeim samningum sem við eigum aðild að, samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Það gerist nú sem oft áður að menn mæra mjög þennan samning um Evrópska efnahagssvæðið án þess reyndar að tilgreina rökin. Þetta er svona eiginlega fast viðlag í umræðunni um hversu góður þessi samningur hafi verið. En síðan þegar menn eru beðnir að færa rök fyrir sínu máli og tilgreina dæmin þá vill það standa svolítið í þeim. Menn hafa t.d. iðulega sagt að launafólk hafi haft stórkostlegan ávinning af því að ganga í hið Evrópska efnahagssvæði og undir hið Evrópska reglugerðarverk. Þegar síðan spurt er hvaða dæmi menn vilji nefna um hina miklu áfangasigra þá stendur það svolítið í þeim. Á móti hefur verið á það bent, m.a. af þeim sem hér stendur, að stærstu framfaraskrefin sem Íslendingar hafa stigið á sviði réttindamála fyrir launafólk voru tekin innan lands. Ég vísa þar t.d. í lífeyrislöggjöf og breytingar sem gerðar hafa verið á lífeyriskerfinu hér. Ég vísa í lög um fæðingarorlof sem eru einn merkasti áfanginn í réttindabaráttu hér á landi í langan tíma. Ég gæti tekið fleiri dæmi um ákvarðanir sem Íslendingar hafa tekið á eigin spýtur á eigin forsendum og eru núna öfundarefni annarra þjóða.

Ég er sjálfur nýkominn af fundi verkalýðssamtaka á Norðurlöndum þar sem menn hafa einmitt verið að beina sjónum sínum að þessum þáttum, þ.e. þar sem Íslendingar skara fram úr og þykja gott fordæmi. Ég auglýsi því eftir rökunum um ágæti þessara samninga.

Síðan er hitt sem virtist vefjast fyrir formanni Samf. fyrr í dag, þ.e. að skilja hvers vegna Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem einu sinni var gegn samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði segi honum ekki upp og gangi til viðræðna um tvíhliða samning. Við höfum margoft skýrt frá því að það er tvennt ólíkt að ganga óbundinn til slíkra samninga annars vegar og hins vegar að segja sig frá því samkomulagi sem við höfum gert til að setjast að samningaborði um tvíhliða samning. Þessu er ekki saman að jafna. Við teljum að við mundum stórlega veikja stöðu okkar ef við færum að með þeim hætti. Hins vegar má vel vera að í framtíðinni munum við enda uppi með tvíhliða samning við Evrópusambandið. Það kæmi mér ekki á óvart.

Aðeins nánar um Evrópusambandið og Evrópusamrunann. Það er ánægjulegt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli kominn hingað til umræðunnar og efast ég ekki um að hann mun hlýða á hana, hvort sem það er hér í þingsalnum eða annars staðar. Saga Evrópusambandsins er um margt afskaplega merkileg. Upp úr lokum heimsstyrjaldarinnar síðari var stofnað kola- og stálbandalagið og síðan er undirritaður Rómarsáttmáli í lok sjötta áratugarins 1957. Síðan kom hver sáttmálinn á fætur öðrum. En það sem einkennir þessa þróun er að í upphafi er bandalagið mjög lausbeislað, mjög laust að öllu leyti. Það þróast síðan yfir í bandalag ríkja, síðan yfir í samband og núna að síðustu erum við að verða vitni að því að þetta samband er að renna saman í eitt ríki. Þetta er þróunin sem hefur orðið. Nú eru menn að ræða nýja stjórnarskrá fyrir þetta nýja ríki.

Ég rifja þetta upp vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði: „Hvers vegna reyna lýðræðissinnar, lýðræðissinnað félagshyggjufólk ekki að fá sínu framgengt innan þessa nýja ríkis, reyna að hafa áhrif á mótun þess? Hvers vegna gera menn þetta ekki í stað þess að standa þarna fyrir utan?“ Hann var að beina orðum sínum til okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sagði að við ættum að kúvenda í þessu efni og reyna að berjast fyrir okkar pólitísku markmiðum innan Evrópusambandsins en ekki utan þess.

Reyndar er það svo að innan Evrópusambandsins á sér stað geysileg togstreita. Hún birtist í margvíslegri mynd. Það er togstreita á milli þjóðríkisins og Evrópu eða samrunasinna, getum við kallað þá. Þátttakendur í þessari togstreitu eru þjóðþingin, Evrópuþingið, síðan stofnanir Evrópusambandsins, framkvæmdanefndin og ráðherraráðið. En vægi allra þessara stofnana, þjóðþinganna, Evrópuþingsins, framkvæmdanefndarinnar og ráðherraráðsins hefur verið að breytast í tímans rás. Hér fyrr á tíð höfðu t.d. einstök þjóðríki í nánast öllum málum neitunarvald. Í nánast öllum málum höfðu þjóðríki neitunarvald. Úr þessu hefur smám saman verið að draga.

Það hefur líka verið að draga úr áhrifum þjóðþinganna. Þau eru ekki öll sátt við þá þróun. En þetta er engu að síður staðreynd. Evrópuþingmennirnir segja eðlilega að eftir því sem ákvörðunarvaldið í mikilvægum málum færist inn

í miðlægar stofnanir, framkvæmdanefnd og ráðherraráðið sérstaklega, þá er eðlilegt að við fáum aukið vægi sem aðhaldsaðili að því valdi.

Ef við lítum nú á þær stofnanir sem verið er að hvetja okkur til að ganga inn í. Hverjar eru þær og hvernig hafa þær verið að þróast? Í framkvæmdanefndinni eiga fulltrúar hvers þjóðríkis aðild. Í framkvæmdanefndinni sitja embættismenn. Þeir hafa verið kallaðir ráðherrar eða framkvæmdastjórar, framkvæmdastjórar fyrir einstaka málaflokka. Ráðherranefndin hins vegar hefur á að skipa fulltrúum frá þjóðríkjunum. Þar eru núna 87 fulltrúar. Ef Íslendingar væru þar inni núna þá værum við sennilega með tvo fulltrúa. Við værum með meira en tveggja prósenta vægi. Þegar nýr sáttmáli verður hins vegar kominn til framkvæmda í ársbyrjun 2005 breytist þetta. Þá yrði vægi okkar innan við 1%. Þá er gert ráð fyrir að í ráðherraráðinu hefði verið fjölgað úr 87 yfir í 345. Ef við berum okkur saman við ríki af svipaðri stærð, Möltu, þá kemur Malta til með að fá þrjá fulltrúa. Það er sennilega fjöldinn sem við fengjum þarna inn.

Það er í þessu ráðherraráði sem ákvarðanir eru teknar sem snerta okkar hag. Til hvaða mála erum við að vísa þar? Við erum að vísa til ákvarðana t.d. um sjávarútvegsmál. Við inngöngu í Evrópusambandið mundum við glata valdinu til að semja um fiskveiðar á bilinu 12–200 mílur. Þar erum við einráð núna. Þar eru Íslendingar einráðir. Við mundum glata réttinum til að semja um fiskveiðar á því svæði, frá 12 mílum í 200 mílur.

Ekki nóg með þetta. Við mundum glata í hendurnar á þessu apparati, þar sem við hefðum innan við 1% vægi, möguleikum til að semja um allt sem gerist utan 200 mílnanna, úthafsveiðar, síld, loðnu, rækju, karfa, kolmunna. Þetta eru um 30% af útflutningsverðmætum íslensku þjóðarinnar sem koma úr sjónum sem þarna er um að tefla. Við mundum glata tækifæri til að semja um þetta.

Þá spyr ég: Hvers vegna í ósköpunum ætti þjóð sem kemur fram sem eitt atkvæði gagnvart öðrum þjóðum, stórum og smáum, sem einnig hafa eitt atkvæði, með öðrum orðum á jafnréttisgrundvelli, til samninga um slík brýn hagsmunamál okkar, hvers vegna í ósköpunum ættum við að afsala okkur þessu valdi? Hvers vegna í ósköpunum ættum við að gera það? Þetta er fullkomlega fráleitt.

Ég tók eftir því að hv. þm. Mörður Árnason sagði áðan þegar hann talaði fyrir þeirri skoðun sinni að við ættum að sækja um aðild að Evrópusambandinu samkvæmt þeim skilyrðum sem við kæmum til með að setja. Þetta er ein af alvarlegustu blekkingunum, þykir mér, í málflutningi þeirra sem segjast ætla að sækja um aðild og síðan sjá hvað kemur út úr þeirri umsókn. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað kemur út úr slíkri umsókn enda hefur það verið staðfest af þeim mönnum sem véla með þessi mál á vegum Evrópusambandsins. Má þar vísa meðal annarra í Franz Fischler, sjávarútvegsstjóra Evrópusambandsins, sem tók af öll tvímæli um að Íslendingar mundu missa yfirráð yfir miðunum í kringum landið frá 12–200 mílum ef við gengjum í Evrópusambandið. Þetta liggur allt ljóst fyrir.

Þetta tal um skilyrði og hvað kæmi út úr samningum um aðild að Evrópusambandinu er því bara blekkingar. Kannski er það sjálfsblekking. En sjálfsblekking er ekkert betri en aðrar blekkingar að því leyti að um er að ræða blekkingu.

Ég ber hins vegar fulla virðingu fyrir þeirri skoðun að segja að Íslendingar eigi heima í þessu samfélagi og við eigum þá að fórna yfirráðum yfir okkar málefnum til að fá að taka þátt í þeirri þróun allri. En að færa hana í lýðræðislegan búning finnst mér óskaplega vafasamt.

Ef við lítum til 20. aldar sögu þá hafa einkenni alþjóðasamstarfs verið fyrst og fremst samstarf þjóðríkja, samstarf á milli þjóðríkja. Þau hafa sameinast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þeirra stofnana sem þar er að finna. Við höfum komið að samstarfi um umhverfismál, ég vísa í Kyoto, um heilbrigðismál. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin er dæmi þar um og taka má mörg fleiri.

Ein slík stofnun er Alþjóðaviðskiptastofnunin sem hefur í seinni tíð verið að semja um sitthvað sem lýtur að landbúnaðarmálum að ógleymdum GATS-samningunum, General Agreement on Trade in Services, núna sem skipta okkur miklu máli. Hvernig ber Evrópusambandið sig að í þessum samningum? Gera menn sér grein fyrir því, þeir sem tala um lýðræðið þar á bæ? Þar er það framkvæmdanefndin sem fer með samninga fyrir hvert einasta ríki sambandsins og þjóðþingin hafa ekkert þar um að segja. Þau hafa afsalað sér samningsumboði í hendur framkvæmdanefndarinnar sem síðan hefur farið með þetta sem mannsmorð, hefur ekki viljað upplýsa um hvaða kröfur nefndin er að reisa á hendur viðskiptaaðilum Evrópusambandsins. Þetta er nú lýðræðið. Það þurfti rannsóknarblaðamann í Bretlandi til að hafa það upp úr Evrópusambandinu að framkvæmdanefndin væri búin að stilla þeirri kröfu upp gagnvart viðskiptaaðilum sínum, t.d. Kanada, að einkavæða vatnið, að Evrópusambandsríkin fengju aðild að vatninu, vatnsveitum í Kanada ef Evrópusambandið — þá var þetta hluti af viðskiptaleik stórum — færi að hleypa inn kanadísku korni, gæfi eitthvað eftir í landbúnaðarmálum. Þarna var framkvæmdanefndin ein að semja. Þetta er lokaður klúbbur. Hvers vegna ættu Íslendingar að afsala sér valdi yfir eigin málefnum til þess að fara inn í þennan klúbb? Ég spyr.

Eru ekki einhverjir sem sakna — ekki erum við ein um að sakna raddar Olofs Palmes, Svíanna á dögum Víetnamstríðsins? Ég tek það sem dæmi. Hvers vegna kemur mér þetta í huga? Jú, vegna þess að við inngöngu í Evrópusambandið og mjög svo ákveðið eftir að ný stjórnarskrá er orðin að veruleika — að vísu er enn tekist á um drögin — þá er það svo að Evrópusambandið talar einni röddu í utanríkismálum. Það er bara ein rödd. Vilja Íslendingar þetta? Viljum við þetta? Hvers vegna ættum við að afsala okkur valdi yfir eigin málefnum á þennan hátt? Halda menn að heimurinn verði betri fyrir vikið?

Ég veit að margir hrífast af Evrópudraumnum vegna þess að þar er komið mótvægi við stórveldið Bandaríkin. Ég tel að ekki eigi að mæta stórveldishugsjónum og yfirráðastefnu Bandaríkjamanna á þennan hátt, með valdi. Ég held að það eigi að gera það á annan hátt. Kannski í ætt við það sem Olof Palme gerði á sínum tíma, kannski í ætt við það.

Mér fannst dapurlegt þegar ég kom til Sameinuðu þjóðanna sem þingmaður fyrir fáeinum árum að kynna mér stöðuna þar og starfsemina, að sjá sænsku fulltrúana fara með Evrópusambandsríkjunum inn í klúbbherbergi sín til að ákveða hvað menn ættu að segja. Mér fannst það dapurlegt.

Mér finnst sú þróun þess vegna allt annað en lýðræðisleg. Þegar við metum árangurinn af hinum evrópska efnahagssamruna er að mörgu að hyggja, m.a. að lýðræðinu. Að mörgu leyti hefur verið þrengt að Íslendingum með Evrópusamrunanum. Það var á vettvangi Evrópusambandsins sem tekin var ákvörðun um t.d. einkavæðingu eða markaðsvæðingu símkerfanna, raforkunnar og nú er verið að véla um

vatnið. Þetta er stórt miðstýrt apparat sem vinnur ekki með hagsmuni t.d. fámennra byggðarlaga í huga. Það gerir það ekki. Við verðum að skipuleggja raforkuna á sama hátt á Vestfjörðum og menn gera í Munchen vegna þess að miðstýringarvaldið er svo algert. Menn ganga lengra en gert er í Bandaríkjunum t.d. hvað þetta snertir. Menn ganga lengra að þessu leyti. Einstaka ríki og einstaka borgir jafnvel í Bandaríkjunum hafa sjálfdæmi um það hvernig þau skipuleggja sína raforku. Los Angeles slapp við Enron-skandalinn vegna þess að þar áttu menn raforkukerfin, gengu ekki eins langt og Kaliforníuríki gerði hvað það snerti.

Í Evrópusambandinu hins vegar verður að skipuleggja raforkuna út frá miðstýrðum ákvörðunum í Brussel. Þetta er staðreynd. Svona er þetta á öllum sviðum.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu minni og okkar í þessum málum og frábið mér allan útúrsnúning um afstöðu okkar til Evrópusamstarfs. Við erum mjög ákveðið inni á því að efla samstarf í Evrópu og með Evrópuríkjum. Ég hef tekið þátt í samstarfi verkalýðsfélaga í Evrópu og geri það. Ég sit í stjórn evrópsku verkalýðshreyfingarinnar og tek heils hugar þátt í því starfi jafnt sem á víðari grunni. Verkalýðshreyfingin hefur náið samstarf á alþjóðavísu og að sjálfsögðu erum við Evrópusinnuð í þessu samhengi. Í því samhengi erum við að sjálfsögðu Evrópusinnuð á sama hátt og við erum alþjóðasinnuð. Við teljum hins vegar að Evrópusambandið þrengi sjóndeildarhringinn.

Þegar það síðan gerist að menn hætta að reiða sig á eigið frumkvæði og getu en fara að sérhæfa sig í evrópska sjóðakerfinu þá fer að halla undan fæti. Það sama gildir reyndar á öllum sviðum. Ef menn hætta t.d. að reiða sig á baráttu íslenskrar verkalýðshreyfingar, vissulega líka í samstarfi við alþjóðlega verkalýðshreyfingu, þá fer líka að halla undan fæti þar. Ég tel nefnilega að stór miðstýrð kerfi séu varasöm. (**MÁ:** Nema í verkalýðshreyfingunni.) Nei. „Nema í verkalýðshreyfingunni," segir hv. þm. Mörður Árnason. Ég er því eindregið fylgjandi að hún sé líka dreifðstýrð, að hún geti á nákvæmlega sama hátt og ríki koma saman ákveðið að grípa til aðgerða, þess vegna á heimsvísu, í umhverfismálum eða mannréttindamálum. En ég vil ekki hafa valdboð. Ég vil ekki valdstýrða miðstýringu. Gegn því er ég að mæla. Ég tel að Evrópusambandið sé að þróast í þá átt og hef verið að reyna að færa rök fyrir því hvernig stofnanaveldið er að breytast hjá Evrópusambandinu. Það er að verða miðstýrðara og það er að verða lokaðra. Síðan er það sjónarmið, eins og ég gat um áðan og eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði hér fyrir og horfði þá til þessara vankanta sem hann skilgreindi svo, að menn taki höndum saman um að reyna að breyta þessu.

Ég hef hins vegar efasemdir um að menn eigi að beina kröftum sínum í þessa átt. Menn eiga að hugsa víðar, ekki svona þröngt, ekki í þessa Evrópueinangrunarstefnu, heldur eiga menn að hafa helst allan heiminn undir.

[14:14]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það var sennilega ekki heppilegt orðalag hjá mér í máli mínu hér áðan, litlu andsvari, að tala um skilyrði því að auðvitað förum við ekki í samningaviðræður með einhverjum skilyrðum. Ég átti við samningsmarkmið og sum þeirra hljóta að vera þannig að menn geri ekki samninginn án þess að ná þeim þannig að menn geti sætt sig við.

Ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar var ekki tíðindamikil nema fyrir það að hún var gjörólík ræðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, flokksbróður Ögmundar, sem talaði í allt öðrum dúr og hafði að leiðarljósi þá kenningu hv. þm. Jónínu Bjartmarz að það versta í þessum málum væri að standa í stað. En það gerir hv. þm. Ögmundur Jónasson. Í ítarlegri ræðu skýrði hann því miður ekki hver stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur verið. En leitað hefur verið mjög að henni í þessari umræðu. Fram kom hjá ræðumanni að Evrópusambandið væri eitthvert hið miðstýrðasta og ferlegasta bákn á jörðu hér og þótt víða væri leitað, en ekki kom fram hjá honum hvernig við Íslendingar ættum að koma okkur burt frá þessu bákni og leita leiða til þess að vera lausir við allar þær hörmungar og skaðræði sem því fylgja. Stefnubreytingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu efni var einmitt fagnað hér fyrr í umræðunni vegna þess að í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og þeim texta sem hann las upp úr þáltill. sem hér er borin fram á þinginu, kom í ljós að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur að því er virðist sætt sig við veru Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu, hvað sem nú gerðist fyrir tíu árum. En þetta virðist ekki hafa verið kynnt fyrir hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Nú óska ég skýringar á því hver hans stefna, og þeirra sem hann styður í flokknum sínum, er til þessa máls.

[14:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gefur okkur ákveðna innsýn í hugarheim hv. þm. Marðar Árnasonar þegar hann talar um að mér hafi ekki verið kynnt ákveðin sjónarmið. Ég hafi ekki fengið fyrirmæli um stefnu sem ég eigi að fylgja. Ég get fullvissað hv. þm. um að innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingflokksins, og flokksins almennt, er fullkomin samstaða um þessi mál.

Ég reifaði áðan hvernig ég teldi að hagsmunum Íslands hefði verið betur þjónað með því að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið á sínum tíma fremur en að ganga inn í Evrópska efnahagssvæðið. Ég sagði jafnframt og tiltók rök fyrir því, að samningsstaða okkar til slíkra samninga væri allt önnur nú ef við gengjum út úr hinu Evrópska efnahagssvæði. Aðstaðan er önnur til að gera samninga um tolla og annað af því tagi. Þess vegna hefðum við aldrei lagt til að Íslendingar gengju út úr hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég hef hins vegar fært fyrir því rök að innganga í Evrópusambandið mundi veikja samningsstöðu okkar í mörgum helstu hagsmunamálum okkar. Ég vísaði þar sérstaklega í fiskveiðarnar. Við mundum tapa samningsumboði á milli 12 og 200 mílna og um allt sem hrærðist í úthafinu sem er um 30% af útflutningsverðmætum okkar úr sjónum. Ég varaði því eindregið við þeirri stefnu að við gengjum inn í Evrópusambandið. Ég tel það ekki heppilegt.

Ég held hins vegar að Íslendingar hefðu getað nýtt sér miklu betur heimildir til undanþágu en við höfum gert. Þar vísa ég t.d. til póstsins og raforkunnar. Margir eru einmitt farnir að taka þá afstöðu í seinni tíð.

[14:18]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég minnist þess að skömmu eftir að samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið, eða Efnahagssvæði Evrópu eins og Sigurður Líndal vill kalla þetta, voru samþykktir kom nokkuð djarfleg og hraustleg yfirlýsing frá sameiginlegum vini okkar hv. síðasta ræðumanns, Svavari Gestssyni, sem greiddi atkvæði gegn þessum samningi á þinginu. Ég held

það hafi verið einu eða tveimur missirum eftir að samningurinn var gerður að hann sagðist þeirrar skoðunar að við ættum ekki, úr því svona væri komið, að ganga úr Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta var mikil yfirlýsing vegna þess að hún varðaði grundvallarmál í stjórnmálum, ekki síst á þeim kanti sem ég og hv. síðasti ræðumaður erum á, á vinstri hluta íslenskra stjórnmála.

Það sem ég er einfaldlega að biðja um er ekki að hv. þm. lýsi því yfir hvort hann vill ganga í Evrópusambandið eða ekki, það er ekki umræðuefni dagsins, heldur hvort hann vill ganga úr Evrópska efnahagssvæðinu eða ekki. Það svar hefur ekki fengist. Þegar það fæst þá óska ég líka eftir því að fá að vita með hvaða hætti hann ætlar annaðhvort að vera í Evrópska efnahagssvæðinu eða að ganga úr því, miðað við þá stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ef ég skil nokkurn hlut yfir höfuð í þeim flokki lengur, að taka upp tvíhliða samninga við hið mikla Evrópusamband.

[14:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Forsendan fyrir því að skilja málið er náttúrlega að hlusta á það sem menn segja. Hv. þm. var ekki í þingsalnum nema að litlu leyti þegar ég flutti ræðu mína (**MÁ:** Ég fylgdist með henni.) og gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum. Hv. þm. segist hafa fylgst með. Gott og vel.

Ég hef lýst því yfir að ég telji ekki forsendur til þess núna að ganga út úr hinu Evrópska efnahagssvæði, þótt mér finnist ágallarnir mjög miklir. Ég tel, þegar ég skoða alla kosti og galla og veg þá saman, rétt að við bíðum átekta. Ég hefði talið og tel enn að það væri betra fyrir hagsmuni Íslands að búa við tvíhliða samninga. Við hefðum átt að reyna að velja þann kostinn á sínum tíma. Eins og málum er hins vegar komið núna held ég að samningur sem yrði til við þær aðstæður að við hlypum frá hinu Evrópska efnahagssvæði yrði ekki sambærilegur við það sem við hugsanlega hefðum náð árið 1992 þegar sá valkostur var uppi í stöðunni.

Eftir að hafa metið kosti og galla á stöðunni núna tel ég rétt að við bíðum átekta. Við eigum hins vegar að nýta okkur möguleika til að hafa áhrif innan þessa samnings betur en við höfum gert. Þetta eru ekki nýjar yfirlýsingar af okkar hálfu og ekki ný yfirlýsing af minni hálfu. Ég hef margoft sagt þetta. Ég hef sagt þetta við umræðuna. Ég hef sagt þetta í kosningabaráttunni. Ég hef sagt þetta í blaðagreinum og í viðtölum. Þetta eru því ekki ný tíðindi.

[14:22]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Nú tekur að líða að því að umræðunni ljúki um nál. utanrmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið. Eins og ég hef áður sagt í umræðunni hefur hún á margan hátt verið fróðleg, ekki síst þeim þingmönnum sem ekki sátu á þingi þegar umræðan fór fram á sínum tíma.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert grein fyrir afstöðu sinni og síns flokks, rakið það sem hann metur sem kosti og galla aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Hann hefur skýrt á hverju afstaða hans flokks til Evrópusambandsins er byggð. Hann hefur farið aftur í söguna og gert grein fyrir því af hverju þeir sem fylgja honum að málum voru þeirrar skoðunar á sínum tíma þegar umræðan var sem mest og deilurnar sem harðastar.

Mér finnst þetta þakkarvert í sjálfu sér en það sem ég hef hins vegar engan veginn skilið í þessari umræðu er hið endalausa karp og málflutningur þeirra sem hreykja sér af því að hafa greitt atkvæði með samningnum á sínum tíma en nudda öðrum upp úr því að þeir hafi jafnvel verið klofnir í afstöðu sinni og aðrir flokkar. Margir þeirra sjá í dag, eins og við gerum öll og sýnir sig best í afstöðunni til málsins sem hér er um að ræða, að þetta hefur verið íslensku samfélagi til góðs. En margir sem benda á að aðrir hafi verið klofnir horfast hins vegar ekki í augu við það að ef skoðuð er samsetningin á flokkum þeirra þá samanstanda þeir af þeim sem tóku afstöðu gegn samningnum og þeim sem stóðu með þessum samningi.

Afstaðan var allavega á sínum tíma en ég get ekki séð að þetta karp skili okkur nokkru, en einhvern tímann í náinni framtíð verður ástæða til að fara aftur í ítarlegri umræðu um hvaða rök eru með og hvaða rök eru á móti aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Mér segir svo hugur að það gæti orðið fyrr en seinna ef við skoðum t.d. þróunina í Noregi, að við þurfum að taka afstöðu upp á nýtt og fara djúpt í þessa umræðu.

Framsfl. hefur sagt að hann stefni að því að uppfæra samninginn, fá hann uppfærðan. Ég horfist í augu við það og þykist sjá að það verði aldrei hægt nema með einhver tæknileg atriði. Öðrum breytingum náum við ekki. Mér sýnist líka einsýnt, miðað við allt það sem Evrópusambandið stendur frammi fyrir á næstu árum vegna stækkunarinnar og ýmissa vandamála og viðfangsefna sem fylgja nýju aðildarríkjunum, að uppfærsla á þessum litla samningi, sem ég held óhætt sé að kalla hann, verði ekki efst á borði þeirra sem starfa innan þess sambands. Ég er hrædd um að það eigi eftir að verða útundan á verkefnalistanum um nokkur ókomin ár, jafnvel bara tæknileg uppfærsla. Ég ætla þó ekki að útiloka neitt í því sambandi.

Ástæðan fyrir því að ég bað um orðið var fyrst og fremst orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, þar sem hann fjallaði um Norðurlandasamstarfið. Ég segi eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson að ég held að það væri Norðurlöndunum öllum til góðs ef þau gætu starfað saman sem aðilar að Evrópusambandinu og hefðu öll aðild. Það mundi styrkja þau hvert um sig og styrkja Norðurlöndin sem heild.

Þegar hv. þm. vill hins vegar meina að helmingurinn, eða aðildarþjóðirnar þrjár Svíþjóð, Danmörk og Finnland séu alltaf með hugann í Brussel og séu ekki heils hugar í Norðurlandasamstarfinu þá er ég mjög ósammála. Ég held að veruleg stefnubreyting hafi orðið hjá þeim þjóðum og viðhorfsbreyting og þau vilji vinna meira, betur og markvissar, með hinum Norðurlöndunum að sameiginlegum hagsmunum Norðurlandanna í Evrópusamstarfinu. Margir frammámenn í pólitík þessara landa, bæði menn sem eru þar núna og menn sem hafa verið þar, hafa lagt ríka áherslu á gildi samstöðunnar í Evrópusamvinnunni í heild.

Ég held að aðild þessara þriggja þjóða að Evrópusambandinu væri síst til að koma niður á Norðurlandasamstarfinu. Þvert á móti sjá menn hversu miklu það skiptir að Norðurlandaþjóðir standi saman og starfi saman, þótt sumar þeirra séu utan Evrópusambandsins og sumar innan þess, alveg á sama hátt og sumar eru innan Atlantshafsbandalagsins og sumar fyrir utan það.

Þetta vildi ég sagt hafa en tek fram að ég er hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um margt sammála þegar kemur að Evrópusambandinu og ýmsum öðrum utanríkismálum. Í

því sambandi má nefna vonbrigði nýju aðildarríkjanna með að við og aðrar þjóðir tækjum okkur þennan aðlögunartíma, tveggja ára aðlögunartíma, sem er nú meginefni málsins sem hér er um að ræða. Ég tek undir það að það hljóta vissulega að vera vonbrigði. En ég vildi nefna og taka undir með hv. þm. varðandi þann möguleika sem við höfum á að veita undanþágur frá þessu, að við getum mismunað þessum þjóðum. Ástæðan fyrir að ég vildi hafa orð á því er sú að við höfum öðrum þjóðum framar staðið við bakið á baltnesku löndunum og sjálfstæðisbaráttu þeirra. Við höfum lagt mikla áherslu á forgang þeirra, ef á þyrfti að halda, varðandi aðild að Evrópusambandinu og eins innan Atlantshafsbandalagsins.

Á þessum aðlögunartíma er það m.a. eitt sem við þurfum að taka afstöðu til, ef við ætlum að tryggja okkur lengri aðlögun og hugsanlega í samstarfi við önnur ríki eða í takt við það sem önnur ríki gera, þ.e. þá möguleika að við opnum fyrr fyrir baltnesku löndin.

Af því að norræna samstarfið var nefnt, m.a. í ræðu hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, er líka rétt að rifja upp þann stuðning sem Norðurlöndin hafa sameiginlega veitt baltnesku löndunum á undanförnum árum, í um tíu ár. Norðurlönd hafa aðstoðað við að undirbúa þau undir aðildina að Evrópusambandinu og stutt þau með ráðum og dáð. Þau hafa einnig reynt að fá baltnesku löndin til samstarfs við Norðurlöndin innan Evrópu. Eitt skrefið í þá átt er nýtilkomin aðild baltnesku landanna að Norræna fjárfestingarbankanum. Þar er kominn samstarfsgrundvöllur þar sem Norðurlöndin og baltnesku löndin skipa sér saman sem tiltekið svæði innan Evrópu.

Þessu vildi ég halda til haga. En að lokum, vegna þess að við tölum gjarnan um lýðræðishallann og hina litlu aðild okkar að evrópsku löggjöfinni, þá veltir maður því stundum fyrir sér hvernig við stöndum okkur í utanríkismálunum, hvernig þingið axlar ábyrgð sína sem löggjafarvald. Ég tek undir orð þeirra sem um það hafa fjallað. Ég man ekki, herra forseti, hver hafði í dag orð á að hér væri þörf á ákveðinni Evrópunefnd, ekki bara utanríkismálanefnd eins og við erum með heldur sérstakri Evrópunefnd innan þingsins þar sem sjónarhornið væri fyrst og fremst Evrópurétturinn og Evrópusambandið. Ég tek undir það. Ég tel að brýn þörf sé á slíkri nefnd og held að afstaða manna til slíkrar nefndar fari ekki eftir því hvort þeir eru stuðningsmenn aðildar að Evrópusambandinu eða ekki.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að þetta væri bara sá veruleiki sem við búum við. Við erum aðilar að þessum samningi og þurfum að vinna sem best úr honum. Ég held að afstaða til öflugra Evrópustarfs á þinginu með sérstakri Evrópunefnd taki engan veginn mið af því hvort menn sjái fram á aðild okkar að Evrópusambandinu eða það að við stöndum áfram utan þess. Svo ég haldi því til haga hefur svo sem enginn flokkur útilokað um aldur og ævi að gerast aðili að Evrópusambandinu.

Í lokin get ég nefnt að ég veit að danskir þingmenn eiga orðið sinn sérstaka fulltrúa í Brussel. Þeir eru þá ekki háðir embættismönnum um allt heldur á danska þingið sinn sérstaka fulltrúa þar sem starfar náið með Evrópunefndinni í danska þinginu.

[14:31]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst til að taka undir með hv. þm. Jónínu Bjartmarz að þetta hefur verið afar fróðleg umræða. Hún hefur þó að stórum hluta snúist um söguskýringar, hver greiddi atkvæði hvernig á sínum tíma, og ég er auðvitað afar þakklát fyrir að það sé rifjað upp af og til í þingsölum. En þetta er 3. umr. þessa stóra máls sem þingheimur er tiltölulega sammála um að fari hér í gegn og ég vona að framvegis getum við tekið umræðu um Evrópska efnahagssvæðið, Evrópusambandið og framtíð okkar út frá þeim veruleika sem við búum við í dag og látið stjórnmálafræðinga háskólanna um söguskýringarnar.

[14:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir málefnalega og yfirgripsmikla ræðu. Ég er henni sammála um flestallt. Það eru ákveðnar áherslur, ákveðin bjartsýni sem ríkir í huga hennar hvað varðar stöðu og framtíð Norðurlandasamstarfsins sem ég get ekki tekið heils hugar undir en vildi þó gjarnan geta gert það. Ég orðaði það svo í morgun að reynsla mín a.m.k. á meðan ég var starfandi á þeim vettvangi var sú að hugur Evrópusambandsríkjanna innan Norðurlandanna, þ.e. Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur beindist í stórauknum mæli til Mið-Evrópu. Maður fann að stórkanónur í stjórnmálum þeirra landa voru í auknum mæli að festa sig í sessi á þeim vettvangi en í minna mæli á vettvangi Norðurlandaráðs. Guð láti gott á vita ef einhver breyting er að verða á þessu og ég vænti þess að hv. þm. kunni best skil á því og betur en ég.

Auðvitað eru ýmis vandamál sem átt hafa sér stað í þessu samhengi, m.a. þau gagnkvæmu réttindi sem Norðurlandasamstarfið hefur tryggt þegnum Norðurlandanna í gegnum tíðina. Ég minnist þess a.m.k. á síðari árum að það voru ákveðnir tæknilegir örðugleikar sem lutu að því að annars vegar var um hinn norræna rétt að ræða og síðan um annars konar rétt sem stundum var meiri og stundum minni er varðaði aðild EES að Evrópusambandinu og Tryggingastofnun og fleiri aðilar hér á landi áttu oft erfitt með að leysa úr þeim vandamálum og hvað þá þeir skjólstæðingar sem í hlut áttu. Vonandi og væntanlega hefur leyst úr flestum þeim málum, en það eru slíkir tæknilegir örðugleikar sem snerta líf og starf og möguleika, mannréttindi og réttindi fólks á Íslandi sem er um að tefla í því samhengi. Það ber því allt að sama brunni að þessi staða mun auðvitað aldrei verða skýr og augljós gagnvart notendum þjónustunnar fyrr en allir eru í sama bátnum.

[14:35]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skilur trúlega helst á milli mín og hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að hjá mér ræður bjartsýnin meira en hjá honum jafnt hvort um er að ræða norrænt samstarf eða annað. En það er hárrétt ábending hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að ýmislegt sem unnið hefur verið að á norrænum vettvangi á liðnum árum svo sem eins og afnám svokallaðra landamærahindrana, að Norðurlöndin séu einn hindrunarlaus vinnumarkaður, hefur ekki allt saman gengið eftir. Menn töldu til skamms tíma að Norðurlöndin ættu jafnvel að vera Evrópusamstarfinu fyrirmynd að þessu leyti, að við gætum sýnt þeim hvernig svona svæðasamstarf færi fram hindrunarlaust. En nú sér maður að á ýmsan hátt er verið að ryðja hindrunum úr vegi á grundvelli tilskipana frá Brussel þar sem Evrópusambandið stendur sig jafnvel betur en Norðurlöndin hafa gert. Ég nefni tilskipun sem er til umfjöllunar í utanrmn. núna varðandi kostnað við yfirfærslu

evrunnar á milli landa. Það er eitthvað sem við höfum viljað sjá í norræna samstarfinu.

Ég held að mergurinn málsins sé sá að Norðurlandaþjóðirnar sem eru aðilar að Evrópusamstarfinu séu smátt og smátt að sjá hversu ríka hagsmuni þær hafa af því að starfa saman innan Evrópu og ég held að óhætt sé að staðhæfa að þjóðirnar þrjár sem eru aðilar að Evrópusambandinu geri sér vonir um að þær sem eru það ekki, verði það innan tíðar. En það yrði þá að leggja grunninn að enn markvissara og árangursríkara samstarfi en við búum við núna.

[14:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. ætla ég mér ekki að fara að vigta bjartsýnina á einhverjar vogarskálar, það verða einhverjir aðrir að verða til þess. Mér dettur ekki í hug að tala Norðurlandasamstarfið niður. Það er langur vegur frá. Ég bendi hins vegar á það augljósa. Ég hygg að ég fari rétt með að engin stórskref hafi verið tekin á vettvangi Norðurlandaráðs um umtalsverða réttarbót innan Norðurlanda á seinustu tíu árum. Öll þau skref hafa verið tekin á vettvangi Evrópusambandsins. Það er veruleiki sem við verðum að horfast í augu við. Vissulega hafa stórir áfangar náðst í þessu sambandi eins og hv. þm. benti réttilega á, en það var á árum áður og við búum svo sem enn að því og það er fagnaðarefni. Ég ætla ekki að gera neitt lítið úr því en ég er bara að reyna að lýsa stöðu mála eins og hún er og ég gjörþekki.

Það er líka veruleiki sem við þekkjum vel til að möguleikar okkar til þess að hafa áhrif á gang mála og ákvörðunartöku í Brussel fara eftir ýmsum leiðum. Við erum að reyna það. Við erum m.a. að reyna það í gegnum Norðurlandaráð, ekki endilega af hinum pólitíska vettvangi, þó þar á meðal, heldur líka í gegnum embættismannanefndir á vettvangi Norðurlanda þar sem Íslendingar og Norðmenn eru að reyna að hafa áhrif á kollega sína á Norðurlöndum sem síðan fara með þau skilaboð til Brussel og reyna þar að tala fyrir þeim sjónarmiðum. Það er því verið að reyna að fara Krýsuvíkurleiðir til þess að komast að því borði þar sem ákvarðanir eru teknar. Eftir sem áður eru þetta afskaplega langar og torsóttar leiðir og margir þröskuldar á veginum og við það verðum við að búa meðan ekki verða tekin næstu skref. Því höfum við jafnaðarmenn talað fyrir því tiltölulega afdráttarlaust, og flokkur hv. þm. Jónínu Bjartmarz gerði það líka á tímabili, að við verðum að fara að huga að næstu skrefum til að ná milliliðalausum kontakti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 2. umr.

Stjfrv., 552. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 830, nál. 1087.

[14:39]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. við frv. til laga um breytingu á lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum, sem er 552. mál þingsins á þskj. 1087.

Með frv. eru lagðar til þær breytingar á lögunum að þau uppfylli kröfur stjórnarskrárinnar um gjaldtökuákvæði auk þess sem þar er lagt til að ráðherra verði veitt almenn reglugerðarheimild um nánari framkvæmd laganna. Við umfjöllun málsins með gestum sem komu frá ráðuneytinu á fund nefndarinnar kom fram og var almennt mat nefndarmanna og gesta að þörf væri orðin á því að endurskoða ákvæði laganna í heild. Að sögn gesta okkar úr heilbr.- og trn. kom jafnframt fram að undirbúningur að þeirri endurskoðun er hafin á þeim bæ.

Breytingin sem lögð er til í 1. gr. frv. á 1. mgr. 4. gr. laganna felur í raun í sér, eins og hún er orðuð, að Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra skuli aðeins annast þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar. Það kom þó fram í umfjölluninni og við nánari skoðun að það var ekki ætlunin því að í 3. gr. frv. er gjaldtökuheimild annars vegar fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og hins vegar fyrir þá sem eru það ekki. Að mati nefndarinnar þarf því að breyta 1. gr. frv. þannig að ljóst sé að stöðinni sé einnig heimilt að annast þjónustu við aðra en þá sem sjúkratryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum. Þá taldi nefndin í meðförum sínum á frv. að reglugerðarheimildin sem lagt er til að ráðherra verði veitt í 4. gr. frv. væri of víðtæk og leggur því til að hún verði felld brott. Nefndin leggur jafnframt til að við endurskoðun laganna verði kannað hvaða reglugerðarheimilda er þörf og ákvæði sett inn í samræmi við það.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., auk þeirrar sem hér stendur, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Pétur H. Blöndal, Þuríður Backman, Sigríður Anna Þórðardóttir og Guðrún Ögmundsdóttir.

[14:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Samfylkingin styður eins og fram hefur komið afgreiðslu þessa frv. og skrifar undir nál. án fyrirvara. Vegna þess að við 1. umr. voru einhverjar efasemdir um að þetta þyddi auknar gjaldtökuheimildir sem bitnuðu á þeim sem þurfa á þjónustu Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra að halda vil ég taka fram að í umræðu í nefndinni kom mjög skýrt fram hjá fulltrúum frá ráðuneytinu að svo er ekki. Það er ekki um auknar gjaldtökur að ræða, ekki neitt í þá veru, enda kom mjög skýrt fram í kostnaðarmati sem fylgdi frv. að það verða engar breytingar hvorki til tekjutaps né tekjuauka fyrir ríkissjóð verði frv. samþykkt. Hér er aðeins verið að uppfylla kröfur um lagasetningu varðandi gjaldtöku.

Þær breytingar sem hér hafa verið gerðar eru heldur til bóta. Við styðjum frv. en minnum jafnframt á að í umfjöllun hjá heilbr.- og trn. er annað frv. sem varðar Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, sem reyndar er kölluð Sjónstöð Íslands í dag. Það frv. er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl. þar sem fyrst og fremst er fjallað um rétt barna sem þurfa á aðstoð Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar að halda. Við styðjum því frv. en ég vildi aðeins að það kæmi mjög skýrt fram að það þýðir ekki auknar gjaldtökur, við vorum fullvissuð um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun hafs og stranda, 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (heildarlög). — Þskj. 164, nál. 1075, brtt. 1076 og 1095.

[14:44]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. um frv. til laga um verndun hafs og stranda frá umhvn. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund marga gesti til að fara yfir þetta mikilvæga mál. Einnig bárust nefndinni fjölmargar umsagnir sem komu að góðu gagni í vinnu nefndarinnar.

Með frumvarpinu er lögð til heildarlöggjöf sem ætlað er að koma í stað laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmið frumvarpsins er hið sama og laganna, að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins, raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Meðal helstu nýmæla frumvarpsins er að lagt er til það meginmarkmið að eftir mengunaróhapp verði umhverfi hafs og stranda fært til fyrra horfs. Lagafrv. er einnig ætlað að gilda um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

Lögunum er skipt í tvo meginframkvæmdakafla. Annars vegar er kveðið almennt á um vernd hafs og stranda, og hins vegar er að finna sérákvæði um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun sjávar. Frumvarpið er kaflaskipt með hliðsjón af markmiðum, gildissviði og skilgreiningum, stjórn og skipan, framkvæmd almennra ákvæða laganna, ákvæðum um bráðamengun, þvingunarúrræðum og refsiviðurlögum, ýmsum ákvæðum og ákvæðum til bráðabirgða. Þannig kemur fram í frumvarpinu í fyrsta lagi hvert er markmið laganna, í öðru lagi hverjir skuli sjá til þess að markmiðum laganna verði náð, í þriðja lagi hvaða tækjum skuli beitt til þess að ná fram markmiðum laganna og í fjórða lagi hvaða úrræði séu fyrir hendi til þess að þvinga fram aðgerðir og hver séu refsiviðurlög ef út af er brugðið. Sérákvæði um bráðamengun er að finna í IV. kafla.

Gert er ráð fyrir starfsemi sérstakra svæðisráða og kveðið á um hlutverk þeirra. Ábyrgð á framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar bráðamengun hefur orðið er í höndum Umhverfisstofnunar en hafnarstjórar annast hreinsun mengunar innan hafnarsvæða. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir, draga úr eða útiloka bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og að hún hafi um það samráð við Umhverfisstofnun og ef við á hafnarstjóra.

Kveðið er á um að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni að ákveðnu hámarki þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu skulu taka ábyrgðartryggingu er nemur sömu fjárhæð en nánar verður kveðið á um vátrygginguna og gildissvið hennar í reglugerð.

Mörg fleiri nýmæli eru í frumvarpinu, en ekki er ástæða til að rekja þau frekar.

Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn. Gerðar hafa verið þó nokkrar breytingar frá því að það var lagt fram síðast og var þar að stórum hluta tekið mið af þeirri umfjöllun sem málið hlaut í umhverfisnefnd á 128. þingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess. Vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á málinu milli þinga ákvað nefndin að senda málið til umsagnar og barst fjöldi athugasemda.

Nefndin skoðaði sérstaklega ákvæði 16. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til hlutlæg ábyrgð vegna bráðamengunartjóna að ákveðnu hámarki ef mengunin er af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum og þeim sem bæru ábyrgð á slíkri mengun gert að taka ábyrgðartryggingu sem nemur sömu fjárhæð. Fyrst og fremst er um að ræða ábyrgð á bráðamengunartjónum, þ.e. mengun sem verður skyndilega, ekki mengun sem verður smám saman og jafnvel á löngum tíma. Um það gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Hér er um nýmæli að ræða í íslenskri umhverfislöggjöf en við umfjöllun um málið kom fram að nágrannalöndin eru flest með lagaákvæði um hlutlæga ábyrgð vegna mengunar frá atvinnurekstri. Hér er stigið það skref að festa í íslenska löggjöf svokallaða mengunarbótareglu.

Að mati nefndarinnar er rétt að leitast við að veita umhverfinu aukna vernd með því að lögfesta ákvæði um hlutlæga ábyrgð þegar í hlut á atvinnurekstur sem kann að teljast hættulegur umhverfinu. Nefndin leitaði eftir upplýsingum um hversu mikið kostnaður atvinnulífsins vegna aukinna útgjalda í iðgjöldum mundi aukast við lögfestingu ákvæðisins. Ekki fengust fullnægjandi svör við því. Enginn sem nefndin leitaði eftir upplýsingum hjá treysti sér til að svara því vegna of margra óvissuþátta. Þó kom fram hjá einum gesta nefndarinnar að þær ábyrgðartryggingar sem fyrirtæki eru með nú taki til mengunartjóna og þær fjárhæðir sem byggt er á í 16. gr. rúmist innan þeirra trygginga. Nýmælið er hins vegar það að kveðið er á um ábyrgð án sakar sem gæti haft í för með sér að bótakröfum fjölgi. Breytingin sem nefndin leggur til á 16. gr. felur í sér að einungis verði heimilt að taka ábyrgðartryggingu. Telur nefndin að of óljóst sé hverjar aðrar fullnægjandi tryggingar geti verið. Til samræmis er lögð til breyting á w-lið 1. mgr. 6. gr.

Ákvæði frumvarpsins eru almenns eðlis þar sem um heildarlöggjöf á þessu sviði er að ræða. Nefndin lítur svo á að ákvæði sérlaga, t.d. siglingalaga, gangi framar ákvæðum frumvarpsins ef ákvæði skarast.

Efni frumvarpsins er þess eðlis að það snertir málefnasvið fleiri ráðherra en umhverfisráðherra sem leggur það fram. Nefndin leggur því til nokkrar breytingar til samræmis við gildandi löggjöf, m.a. ný lög um vaktstöð siglinga og lög um eftirlit með skipum. Einnig er lagt til að heimildarákvæði fyrir samgönguráðherra til að setja reglugerð um siglingar skipa innan mengunarlögsögu í 1. mgr. 20 gr. verði fellt brott þar sem það eigi betur heima í siglingalögum eða öðrum lögum á sviði samgönguráðherra.

Þá vekur nefndin athygli á að í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði háð leyfi Umhverfisstofnunar að höfðu samráði við ýmsa aðila, þar á meðal Siglingastofnun. Í gildandi löggjöf er ákvæði í 10. gr. laga um vitamál, nr. 132/1999, um lagningu þeirra. Í því ákvæði kemur fram að til að tryggja öryggi siglinga skuli áður en neðansjávarleiðslur og sæstrengir eru lagðir afla samþykkis Siglingastofnunar fyrir legu þeirra og skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Að mati nefndarinnar verður að skoða sérstaklega hvernig leyfisveitingum vegna neðansjávarleiðslna og sæstrengja skuli hagað. Þetta er mál sem varðar nokkurn fjölda stofnana og fyrirtækja og því væri farsælast að þau ráðuneyti sem málið

varðar skoðuðu heildstætt hvernig haga skuli leyfisveitingu eða eftir atvikum samþykki fyrir legu sæstrengja og neðansjávarleiðslna. Leggur nefndin því til að 2. mgr. 9. gr. verði breytt á þann veg að leita skuli samþykkis hjá Umhverfisstofnun áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar. Ekki verði kveðið á um leyfisveitingar fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um hvar þessum málum verður skipað.

Nefndin leggur einnig til breytingu á fyrirsögn frumvarpsins. Við umfjöllun um málið var bent á að ákvæði frumvarpsins beindust fyrst og fremst að mengunarvörnum. Engin líffríkisverndarákvæði væru í því og fyrirsögn frumvarpsins væri því ekki í samræmi við efni þess. Að mati nefndarinnar er um réttmæta ábendingu að ræða og leggur hún því til að fyrirsögn frumvarpsins verði „frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda".

Einnig er ástæða til að árétta breytingar á 1. mgr. 12. gr. sem varðar tilkynningarskyldu vegna losunar, varps og mengunar. Þar er lagt til að tilkynningarskyldan nái einnig til íslenskra skipa á úthafinu eftir því sem við á og til samræmis við skuldbindingar Íslands í alþjóðasamningum, en þeir eru tilgreindir í greinargerð með frumvarpinu.

Lögð er til breyting á gildistökuákvæði til að gefa nauðsynlegt svigrúm til undirbúnings áður en lögin öðlast gildi. Bráðabirgðaákvæði I er auk þess fellt undir gildistökuákvæði. Jafnframt er lagt til að bráðabirgðaákvæði II sé fellt brott en að mati nefndarinnar er það of opið. Telur nefndin að það svigrúm sem veitt er með rýmra gildistökuákvæði sé nægilegt.

Umhverfisnefnd gerir margar fleiri tillögur um breytingar á frumvarpinu sem ekki er ástæða til að rekja sérstaklega þar sem þær eru mjög nákvæmlega skýrðar í nál. Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins, en hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Mörður Árnason, Jón Kr. Óskarsson og Atli Gíslason skrifa undir nál. með fyrirvara. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Nokkur umræða varð í umhvn. um ákvæði 13. gr. um svæðisráð. Þar er gert ráð fyrir því að landið skiptist í viðbragðssvæði vegna bráðamengunar og skal svæðisráð starfa á hverju svæði kosið af sveitarstjórnum á svæðinu, til fjögurra ára í senn. Jafnframt eigi þar sæti fulltrúi atvinnurekenda á svæðinu.

Hlutverk svæðisráða verður fyrst og fremst að hafa umsjón með mengunarvarnabúnaði sem er í eigu hafnanna, reka hann og halda honum við, sem og annast fræðslu starfsmanna hafna um viðbúnað við bráðamengun, sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum og vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum. Ekki er gerð tillaga um fjölda eftirlitssvæða eða mörk þeirra í lögunum heldur er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði það í samræmi við flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði og kveði nánar á um verksvið svæðisráða í reglugerð.

Skiptar skoðanir eru í umhvn. um efni 13. gr. Ég vænti þess að það komi fram hjá einstökum nefndarmönnum í umræðum á eftir. Rétt er að geta þess í því sambandi að Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við þessa tilhögun að öðru leyti en því að það leggst gegn því að fullrúi atvinnurekandans sitji í svæðisráði. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kom á fund nefndarinnar lét hins vegar þá skoðun í ljós að það þyrfti aukið samstarf milli sveitarfélaga á þessu sviði. Svæðisráðin eru ágætur vettvangur til þess. Þeim er ætlað afmarkað hlutverk á sínu fagsviði.

Ég vil einnig geta þess að Reykjavíkurborg fékk frumvarpið til umsagnar og gerir engar athugasemdir við 13. gr.

Frv. til laga um verndun hafs og stranda hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun í umhvn. Náðst hefur ágæt sátt um þær brtt. sem nefndin hefur lagt fram. Hér er um mjög flókið en jafnframt mikilvægt mál að ræða fyrir okkur Íslendinga og augljóst að vanda þarf til verka til að markmið frv. nái fram að ganga, þ.e. að vernda hafið og strendur landsins, gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað líffríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Að lokum vil ég þakka hv. þingmönnum í umhvn. fyrir einkar ánægjulegt samstarf við umfjöllun málsins í þingnefndinni.

[14:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi því yfir að ég er samþykkur efni frv. í meginatriðum. Ég þakka einnig hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttir fyrir góða stjórn á fundunum og ítarlega yfirferð. Í framhaldi af því vil ég þó spyrja hana, vegna þess að ég hefði í raun viljað sjá vissar breytingar á frv. í umfjöllun um það, sérstaklega um þvingunarúrræðin. Samkvæmt frv. er það svo að ef einhver brýtur af sér þá fær hann áminningu. Næsta stig er lokun eða stöðvun rekstrar. Hefði ekki þurft að breyta þessu atriði almennt í umhverfislöggjöfinni og fara yfir löggjöfina í heild sinni, varðandi það að menn hafi einhverjar stjórnvaldssektir til að beita?

Ég er á því að það að fara út í að loka fyrirtækjum sé mjög drastísk aðgerð. Ég held að öllum væri greiði gerður með því að koma þar með vægara úrræði. Ég tel að í framhaldi af umræðunni í nefndinni þurfi að skoða umhverfislöggjöfina í heild sinni upp á það hvort ekki þurfi að finna vægari stjórnvaldsþvingunarúrræði til að ná fram markmiðum laganna.

[15:00]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau ákvæði sem eru í frv. eru auðvitað þaulskoðuð áður en þau eru sett fram. Við höfum einnig rætt þessi mál vandlega í þingnefndinni. Í 22. gr. er tíundað hvert þetta ferli er, það er áminning, tilhlýðilegur frestur til úrbóta og síðan stöðvun. Það er auðvitað mjög alvarleg aðgerð að stöðva starfsemi. En það er ekki gert nema þetta gangi á undan. Ég held því að ákvæðin séu eðlileg eins og þau eru sett fram í frv.

[15:01]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fallist á það ef allar aðrar leiðir eru fullreyndar að eðlilegt sé að loka. En það er spurning hvort ekki sé eðlilegt að það sé eitthvert millistig frá áminningu og yfir í lokun.

Síðan hef ég áhyggjur af öðru í sambandi við frv. og það varðar svæðisráðin. Svæðisráðin hafa umsjónarhlutverk og samræmingarhlutverki að gegna. En svæði þeirra er ekki skilgreint. Má vera að það henti að skilgreina þau eftir á. En kannski felst hætta í því að svæðisráðin hafa þetta umsjónarhlutverk sem Umhverfisstofnun hefur lögum samkvæmt. Því er hætta á að þarna sé ábyrgðin á tveimur stöðum, annars

vegar hjá svæðisráðinu og hins vegar hjá Umhverfisstofnun. Það er spurning þegar upp koma mál hvort ekki sé mjög gott að hafa það skýrt hvar ábyrgðin á samræmingarhlutverkinu liggi, hvort hún ætti ekki að liggja einmitt hjá Umhverfisstofnun og allur kostnaðurinn að liggja hjá Umhverfisstofnun í stað þess að koma þessu samræmingarhlutverki að einhverju leyti yfir á svæðisráðin og þá kostnaðinum á sveitarfélögin, hvort, eins og ég segi, Umhverfisstofnun ætti ekki að sjá alfarið um þá hlið.

[15:03]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt 13. gr. er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun annist samræmingu milli svæða og beri ríkissjóður kostnað af samræmingunni þannig að mjög skýrt er kveðið á um það í frv. Hins vegar er hugmyndin að baki svæðisnefndunum sú að tryggja tengingu heim í hérað varðandi nauðsynleg viðbrögð og viðbúnað við bráðamengun hafs og stranda og að þeir sem hafa þekkingu á aðstæðum og staðháttum, aðgang að mannafla og tengsl við fyrirtæki á svæðinu, komi að þessum málum og tryggi þannig samtengingu bæði við minni og stærri atvik. Þetta er í raun það sem verið er að ná fram með þessu.

Eins og ég nefndi áðan í framsögu minni taldi fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga sem kom á fund nefndarinnar að efla þyrfti samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði.

[15:04]

Mörður Árnason:

Forseti. Frv. sem hér um ræðir er á ýmsan hátt merkilegt þingmál. Þar eru ýmis nýmæli sem hv. formaður umhvn. Sigríður Anna Þórðardóttir fór ágætlega yfir í framsöguræðu sinni. Þó má taka út úr þrjú þeirra, þ.e. hið skýra markmið, ólíkt fyrri lögum, um það að eftir mengunaróhapp skuli markmiðið vera það að færa umhverfið til fyrra horfs. Í öðru og þriðja lagi er það skilgreiningin á bráðamengun sem fyrirbrigði sem þarf að bregðast öðruvísi við en öðru mengunaróhappi og í tengslum við það skýr ábyrgð mengunarvalds sem tiltekin er í lögum með hinni nýju mengunarbótareglu sem ég hygg að sé nýmæli í íslenskri löggjöf og þeirri hlutlægu ábyrgð sem henni fylgir sem ég tel að sé kannski eitt merkasta nýmælið í frv. Um það er ekki full eining svo sem búast mátti við af þeim aðilum sem um það véluðu í umræðu og umsögnum þó nefndinni hafi tekist ágætlega að verða sammála um það mál.

Líka eru ýmis álitamál eða gallar við frv. enn þá sem upphaflega voru í því og standa að sumu leyti enn þá eftir ítarlega umfjöllun nefndarinnar. Hún getur að sumu leyti kannski ekki gert mikið í því. Kannski varðar einn helsti gallinn það sem ekki stendur í frv. fremur en það sem í því stendur, eins og stundum er. Eins og sagt hefur verið frá er það tillaga nefndarinnar að breyta um nafn á frv. sem áður hét frv. til laga um verndun hafs og stranda en héti eftir breytinguna frv. til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda og lýsir því, eins og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði frá áðan, að ekki er í frv. fjallað um nema mengun hafs og stranda og þar með ekki um ýmislegt rask á umhverfi og lífríki, t.d. vegna dýpkunarframkvæmda, efnisnáms, hafnarframkvæmda, fyllinga, botnveiða með trolli og sköfu og kannski fleiri veiðarfærum, umferðar ferðamanna og vegna ágangs framandi tegunda í sjónum. Það bíður okkar ósköp einfaldlega, og er kannski meiningin á bak við tillöguna um nafnbreytinguna, að koma inn í þessi lög, ef frv. verður samþykkt, ákvæðum sem varða þetta efni. Það er sem sé eitt af verkefnum framtíðarinnar í íslenskri umhverfislöggjöf.

Annar galli er sá að kostnaður af frv. er óljós og liggur ekki fyrir. Að vísu hefur með venjulegum hætti verið gert ráð fyrir ákveðnum óverulegum kostnaði ríkisins af frv. En sá kostnaður sem við höfum rætt í nefndinni og höfum auðvitað áhyggjur af er annars vegar kostnaður fyrirtækja og hins vegar sveitarfélaga. Um þetta var mjög spurt í nefndinni og fundust engin svör þannig að hér verður reynslan ósköp einfaldlega að skera úr.

Þriðja álitamálið og gallinn, að ég vil segja, varðar kafla frv. um svæðisráðin. Fram komu af hálfu ýmissa nefndarmanna, þar á meðal þess sem hér stendur, þær skoðanir að þetta væri þunglamalegt fyrirkomulag og ákveðin ofstjórnun fælist í því að nánast skikka sveitarfélög sem e.t.v. vilja ekki taka þátt í svæðisráðum eða búa við þær aðstæður að þykja það óheppilegt, til þess að mynda slík samtök með nágrannasveitarfélögum. Þar að auki þótti okkur það óeðlilegt í samskiptum stjórnsýslustiganna að hið æðra, fyrra, þingið væri að skipa hinu, sveitarstjórnunum, að bindast slíkum samtökum. Að auki hefur ekki verið eining meðal umsagnaraðila um skipan þessara samtaka.

Á hitt er að líta, eins og fram kom í margtilvitnaðri framsöguræðu hv. formanns umhvn., Sigríðar A. Þórðardóttur, að af hálfu sveitarfélaganna var þessu ekki mótmælt þó ekki væri með nokkrum hætti knúið á um að þetta yrði gert. Að því voru fulltrúar þeirra spurðir og þeir fáruðust ekki yfir þeim kostnaði sem þau þurftu að bera vegna þessara svæðisráða þannig að sá sem hér stendur féll að lokum frá hugleiðingum sínum um að flytja brtt. um að fella þennan kafla frv. brott.

Um starf nefndarinnar vil ég segja að það hefur í þessu máli verið ákaflega gott. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir þá leiðsögn og það samstarf sem hún hefur séð um í þessu máli. Þetta þurfti mjög ítarlega meðferð og auðvitað gátu orðið ýmis slys á þeirri leið. En ég hygg að svo sé hennar forustu fyrir að þakka að hvorki varð langtímamengun né bráðamengun á þeirri leið.

Á hitt er að líta, og það kom mér á óvart sem nýliða við þingstörf, að miðað við að þetta er í þriðja sinn sem frv. er lagt fram þá var það af hálfu frumvarpsflytjanda eða a.m.k. frumvarpssemjanda nokkuð gallað. Það sést ágætlega af því að nefnd skipuð fulltrúum fjögurra ólíkra flokka og hinum fimmta í áheyrn varð sammála um að flytja við frv. breytingartillögur sem ganga vel á þriðju síðu. Það er undarlegt að ráðherra og starfsmenn hans í ráðuneyti skulu senda frá sér frv. sem þingið þarf að breyta svo mjög. Það verður að taka fram að flestar þessar breytingar eru ekki pólitískar breytingar heldur efnistæknilegar, lagatæknilegar eða orðalagstæknilegar svo ég tvinni saman nokkur nýyrði.

Eins og ég sagði áðan um svæðisráðin varð það niðurstaða mín og annarra efasemdarmanna að láta þann kafla frv. eiga sig í tillöguflutningi. Hins vegar náðist ekki samstaða um það í nefndinni að bæta skipan þeirra og er það hið eina sem út af stendur í þessu góða starfi. Við, auk mín hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Jón Kr. Óskarsson og Atli Gíslason, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni, flytjum því brtt. um að bætt verði við einum svæðisráðsmanni með breytingu á 13. gr. og þangað fari inn maður, þ.e. að auk þess sem atvinnurekendur á svæðinu tilnefna þá komi inn fulltrúi umhverfis- eða náttúruverndarsamtaka. Fyrir því eru í raun mjög svipuð rök og fyrir fulltrúa atvinnurekenda. Bæði er

þar um að ræða reynslu og þekkingu sem kæmi inn í þetta svæðisráð og er ekki endilega til fyrir hjá þeim fulltrúum sem þar sitja. Hins vegar væri þarna tryggð bein aðkoma af hálfu almennings, einkum þess hluta almennings sem lætur sig þessi mál varða miklu. Með þeim fulltrúa sem inn kæmi mynduðust líka tengsl við hreyfingu í héraðinu og raunar alls staðar um landið sem lætur sig þessi mál varða og hefur á að skipa sjálfboðaliðum og vinnufúsum höndum sem stundum kann að þurfa að kalla til þegar um bráðamengun er að ræða.

Orðalag tillögunnar er af ásettu ráði haft rúmt þannig að þessi fulltrúi geti verið frá umhverfis- eða náttúruverndarsamtökum sem skipulögð eru á svæðinu. Svo er að vísu ekki alltaf og væri þá hægt að leita til samskonar félaga á svæðinu, ferðafélaga, átthagafélaga o.s.frv. sem geta með nokkrum hætti talist vera umhverfissamtök. Fulltrúans væri líka hægt að leita hjá landshlutasamtökum, og þá auðvitað manns sem búsettur væri á því svæði sem um ræðir, eða landssamtökum eftir atvikum.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til formanns nefndarinnar og annarra nefndarmanna fyrir einstaklega gott samstarf í þessu máli sem ég hygg, þrátt fyrir að þingreynsla mín sé ekki mikil, að sé til fyrirmyndar við málatilbúnað af þessu tagi.

Forseti. Klukkan hefur hagað sér mjög undarlega í þessari ræðu minni.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun láta athuga klukkuna. Ég hygg að hún hafi talið upp en ekki niður vegna þess að ræðutími í þessari umræðu er ótakmarkaður.)

[15:15]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil bregðast við vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar um að undirbúningur frv. í umhvrn. hafi ekki verið nógu vandaður. Ég held að við verðum að taka með í þann reikning þegar það er skoðað að hér er um mjög flókið mál að ræða. Það bárust margar athugasemdir frá umsagnaraðilum og það er töluvert um skilgreiningar í frv. sem alltaf er álitamál hvað á að ganga langt í. Ég tel því að málið hafi verið mjög vel undirbúið af hálfu ráðuneytisins og líka það hversu langan tíma frv. hefur verið í þinginu, því þetta er í þriðja skipti sem það er lagt fram. Í millitíðinni eru sett lög á forræði samgrh. sem snerta ýmis efnisatriði sem búið var að setja í frv. þegar það var unnið af nefndinni á sínum tíma. Ég held því að það séu bara eðlilegar skýringar á því.

Hins vegar var umhvn. mjög fús til að vinna málið mjög nákvæmlega og ég tel að í rauninni sé búið að gera gott mál enn þá betra.

[15:17]

Mörður Árnason *(andsvar)***:**

Forseti. Ég er ekki sammála síðasta hv. ræðumanni. Ég tel að umhvrn. hefði getað undirbúið þetta mun betur, sérstaklega miðað við að þetta var í þriðja sinn sem frv. var lagt fram.

Undanfarnar tvær eða þrjár vikur hafa farið fram, að vísu slitrótt en þó í ákveðinni samfellu, umræður á þinginu um löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið, tengsl þessara tveggja, um starfshætti Alþingis og ýmis önnur mál sem varða þetta. Það var t.d. athyglisvert þegar hæstv. landbrh. kom í stólinn um daginn vegna umræðna um frv. um yrkisrétt og í ljós kom að honum hafði ekki tekist að skilja það sjálfur áður en hann lagði fram á þinginu. Ráðherrann lýsti því áliti sínu á þinginu að nefndir þess ættu að taka sig til og lagfæra alls konar tæknileg atriði, orðalagsmál, ýmsar skyssur og vitleysur sem frumvarpsgjafanum hefðu orðið á.

Ég er ekki sammála þessu. Ég tel að frv. sem menn koma með í þingið, hvort sem það eru stjórnarfrumvörp eða þingmannafrumvörp, eigi að vera eins tæknilega fullkomin og mögulegt er. Til þess höfum við þingmenn á að skipa mjög traustum starfsmönnum í þinginu sem reyna að bjarga okkur þegar við erum komin í dellu, og mér finnst lágmarkskrafa til ráðuneytanna að frv. sem þau koma með séu tæknilega vel undirbúin þannig að við þingmenn getum tekið til þeirra þá pólitísku afstöðu sem við erum kjörnir til en þurfum ekki að vera tæknimenn í margvíslegum skrýtnum fræðigreinum og ekki heldur prófarkalesarar og málsfarsleiðréttingarmenn.

[15:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju minni með frv. Markmiðið er göfugt, að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað auðlindirnar, raskað lífríki og spillt umhverfi o.s.frv. Það er einnig göfugt að markmið laganna eftir mengunaróhöpp er að færa umhverfið aftur til fyrra horfs.

Ég sé að lögin gilda einnig um íslensk skip utan mengunarlögsögu Íslands, eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig í alþjóðasáttmálum. Þetta er fagnaðarefni og ég hyggst einmitt láta efni ræðu minnar beinast svolítið að skipum og skipsflökum.

Hvað varðar það atriði að lögin eiga að gilda um íslensk skip utan mengunarlögsögu, flögrar hugurinn fljótlega að strandi sem varð við Noreg í júní að mig minnir árið 2000 þegar Guðrún Gísladóttir steytti á skeri og sökk. Flakið liggur enn þá við Lófót í Noregi og mér hefur alltaf þótt það hneisa hvernig við Íslendingar á vissan hátt að mér fannst, og ég fylgdist mjög grannt með þessu málum og hef alltaf gert, að við hálft í hvoru stungum af og skildum flakið eftir. Það var að vísu sendur björgunarleiðangur frá Íslandi til að reyna að ná því upp en það mistókst og einhvern veginn held ég að þær aðgerðir hafi allar verið hálft í hvoru í skötulíki og verið af vanefnum gerðar þó viljinn væri vissulega fyrir hendi. Hér hefðu íslensk stjórnvöld að sjálfsögðu átt að taka ábyrgð og sjá til þess að flakinu yrði lyft og mál okkar á þessum stað yrðu gerð upp. Það var álitshnekkir fyrir Íslendinga hvernig við stóðum að málinu og er enn í dag álitshnekkir fyrir okkur út á við, sérstaklega í Noregi. Ég hygg að Norðmenn séu enn í dag hálfreiðir okkur fyrir að hafa ekki staðið betur að málum en raun bar vitni.

Ég sé í 4. gr. laganna að umhvrh. fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum. Ég sakna þess mjög að sjá ekki hæstv. umhvrh. í þingsal þegar málið er tekið til 2. umr. Ég hefði líka gjarnan viljað sjá hæstv. sjútvrh. hér til að taka þátt í umræðum um þetta mikilvæga mál sem varðar hafið í kringum Ísland og raunar víðar.

Ég hnýt um það að sá sem veldur mengun í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem verður rakið til mengunarinnar. Eigendum skipa mun þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Ef hætta er á mengun hafs og stranda á sá sem ber ábyrgð á menguninni að gera allt sem hann getur til að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því

tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum. Það er í sjálfu sér ágætisákvæði.

En ef maður heldur áfram að blaða í lögunum stendur í 15. gr., með leyfi forseta, í 3. mgr.:

„Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun."

Þegar ég las þennan lagabálk og var að velta vöngum yfir honum kom náttúrlega strax í hugann nýlegt strand við suðurströnd Íslands í Skarðsfjöru rétt austan við Vík í Mýrdal. Þar varð því miður mjög bagalegt slys á dögunum, sem betur fer varð mannbjörg en skipið liggur núna uppi í fjöru og velkist þar um. Ég vona svo sannarlega að það takist að bjarga því. Það er mikið áfall fyrir íslensku þjóðina að missa svo dýrmætt atvinnutæki úr sjávarútveginum því skipin eru náttúrlega tekjuöflunartæki fyrir þjóðina alla. Ég vona að það takist að ná því aftur á flot en fari allt á versta veg, að skipið náist ekki út, hvað þá?

Grípum niður í 20 gr. laganna, með leyfi forseta:

„Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó strandað þannig að þeim verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó eða loftför sokkið getur Umhverfisstofnun krafist þess að þau verði fjarlægð. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað eða sokkið skip, pall, loftfar eða annað mannvirki er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli vera óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja hið sokkna skip, pall eða annað mannvirki. Við afgreiðslu málsins skal Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag."

Eiganda skipsins ber sem sagt skylda til að fjarlægja það af strandstað. Gott og vel. Hér er líka talað um að það eigi að fara fram eitthvað sem kallað er áhættumat. Þá spyr ég: Hver á að bera kostnaðinn af slíku mati og út á hvað á slíkt mat að ganga? Mér finnst svolítið óljós skilgreiningin út á hvað slíkt mat á að ganga. Slíkt mat gæti orðið þó nokkuð umfangsmikið og þó nokkuð dýrt.

Grípum niður í 23. gr., dagsektir. Ég vitna aftur til lagabálksins, með leyfi forseta:

„Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., ákveðið honum sektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt."

Ef eigandi skipsins fjarlægir það ekki er því hægt að dæma hann í dagsektir upp á 0,5 millj. kr. Það eru ansi háar sektir.

Þegar ég var að velta þessu fyrir mér fór ég að hugsa um eitt: Hvenær munu þessi lög hugsanlega taka gildi og hvað með nýjasta strandið við suðurströndina, mun það og hugsanlegar afleiðingar þess, þ.e. að skipið náist ekki út, falla undir þennan lagabálk? Nú gerist strandið áður en lögin taka gildi en skipið verður þarna samt sem áður — ef það næst ekki út — eftir að lögin hafa tekið gildi og hvað þá? Ber í raun og veru enginn ábyrgð á því hvað verður um skipið í dag? Ég man eftir málefni Víkartinds á sínum tíma, ég bjó reyndar erlendis þá og fylgdist með því úr fjarlægð, en ef ég man rétt var einmitt frekar óljóst hvað gera ætti í því tilfelli. Þetta eru spurningar sem mér þætti vænt um að fá svör við því að hér gæti orðið stórmál ef svo illa fer að Baldvin Þorsteinsson náist ekki á flot og beri beinin í sandinum eins og svo mörg önnur skip sem því miður hafa þurft að hvíla í þeim mikla skipakirkjugarði sem suðurströnd er og hefur verið í gegnum áratugina og aldirnar. En nóg um það.

Herra forseti. Í frv. á bls. 13 er bráðabirgðaákvæði III sem mér finnst líka svolítið athyglisvert. Þar segir að yfirvöld og umhvrh. — tilgreinir það svo sem ekki nánar — eigi að gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Áætlunin á að vera tilbúin ekki síðar en 1. júlí á næsta ári og ekki koma til framkvæmda seinna en 1. janúar 2006 og á að vera búið að hreinsa hafnirnar fyrir árslok 2008.

Bent hefur verið á það í sölum Alþingis að víða liggja ónotuð skip bundin við bryggju, úrelt skip jafnvel, skip í niðurníðslu. Við þurfum ekki að fara lengra en niður að Reykjavíkurhöfn, sem er nánast að verða skipakirkjugarður, þar sem skipum hefur verið hrúgað inn og liggja þar árum saman. Fleiri hafnir mætti nefna sem dæmi. Í Hafnarfjarðarhöfn lágu til langs tíma, og liggja sennilega enn, skip sem ekki voru til neinnar prýði — og það var fjölmiðlamatur á sínum tíma — enginn vissi hver átti þau og enginn vissi hvað átti að gera við þau. En ljóst er að af þessu er mikill kostnaður.

Ég vil í framhaldi af því og í sambandi við það minna á ágætis frv. til laga sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lagði fyrir þingið sl. haust um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum. Frumvarpið gengur út á að leyft skuli að sökkva skipum í sæ að því tilskildu að búið sé að hreinsa úr þeim öll mengandi efni sem geta valdið náttúrunni tjóni, að stálinu sé sökkt, eða réttara sagt eins og segir í svokölluðum OSPAR-samningi, Ósló-Parísarsamningi um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem var undirritaður haustið 1992 og tók gildi 1998, og við Íslendingar erum skuldbundnir, er heimilað varp skipa í hafið til loka þessa árs.

Hv. formaður umhvn., Sigríður A. Þórðardóttir, getur kannski svarað mér því hvort málið hafi komið til umræðu í umhvn., ég reikna með því að það hafi verið sent þangað, og á hvaða stigum það er og hvort þess sé að vænta að það komi aftur til 2. umr. í Alþingi, því tíminn líður hratt. Hann er ekki að vinna með okkur í þessu máli. Við höfum bara frest til loka þessa árs ef við ætlum að sökkva flökunum í sæ einhvers staðar við landið. Ég hef íhugað þetta og komist að þeirri niðurstöðu að ég er hlynntur því. Ég tel að það sé ekki til skaða fyrir náttúruna ef við gerum þetta með réttum hætti. Þvert á móti gæti það orðið til bóta. Þetta getur skapað búsvæði fyrir fiska. Það mætti hugsa sér að skipunum yrði sökkt á svæðum sem við vitum að hafa verið kóralsvæði, svæði sem geyma mikið lífríki og hagstæð skilyrði til slíks lífríkis sem við höfum því miður eyðilagt með togveiðum. Við gætum reynt að bæta þann skaða með því að sökkva skipunum á þessum slóðum. Við höfum séð það á neðansjávarmyndum að skipsflök draga að sér mikið líf og fiskur laðast að svona stöðum. Þetta gæti orðið til hagsbóta frekar en eitthvað annað. Með tíð og tíma eyðast skipsflök í hafinu. Þau vara ekki til eilífðar. Þau tærast upp og eyðast.

Ég held að ef farið verður í að drífa lagafrv. í gegnum þingið þarf að hefja strax undirbúning að því að gera skipin klár þannig að hægt sé að sökkva þeim, það þarf að hreinsa þau og gera þau tilbúin og náttúrlega velja þau skip sem á

að sökkva. Það þarf að finna hentugt svæði til að sökkva þeim skipum á, í samvinnu við t.d. Hafrannsóknastofnun og ekki síst sjómenn sem vita manna mest um lífríkið í hafinu kringum Ísland, vita manna mest hvar hentugast væri að velja slíkum skipakirkjugörðum stað. Ég vona því svo sannarlega að frv. hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar verði drifið í gegnum þingið, helst sem allra fyrst.

[15:32]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bregðast við tveimur atriðum í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þ.e. varðandi gildistökuna. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. október á þessu ári og fram að þeim tíma gilda að sjálfsögðu lög um varnir gegn mengun sjávar. Þetta er algerlega skýrt.

Síðan hvað varðar það frv. sem hv. þm. Einar Guðfinnsson hefur lagt fram þá hefur umhvn. ekki enn þá tekið afstöðu til þess. Það er mjög skammt síðan því frv. var vísað til nefndarinnar. Ég hef hins vegar skoðað umsagnir sem hafa legið fyrir vegna þess frv. því að það er endurflutt mál. Það er alveg ljóst að skiptar skoðanir eru um það mál. Eins er það alveg hárrétt sem kom fram í máli hv. þm. að í bráðabirgðaákvæði III í frv. um varnir gegn mengun hafs og stranda er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um hreinsun og að því átaki verði þá lokið 2008.

[15:34]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi ég skilið þetta rétt fellur þetta nýjasta strand „ef illa fer" ekki undir þessi lög þar sem svo langur tími líður þar til þessi lög taka gildi að það mun þá væntanlega ekki falla undir þau.

Annað sem ég hnýt um er að samkvæmt þessum nýju lögum er einmitt áætlað að farga þeim skipum sem liggja eins og hráviði í höfnum allt í kringum landið. Þá langar mig til vita hvort eitthvað hafi verið hugleitt hver eigi að bera kostnaðinn af því að farga þessum skipum. Bent hefur verið á að það er mjög dýrt. Meginástæðan fyrir því að þau liggja er að menn telja ekki svara kostnaði að rífa þau í brotajárn. Enginn hér á landi sér neinn pening í að gera það. Menn telja sem sagt að allt of dýrt yrði að fara út í miklar förgunaraðgerðir. Mér þætti því vænt um að heyra hvort það hafi verið hugsað til enda hver eigi að borga brúsann af slíkri aðgerð.

[15:35]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti Ég hef ekki á takteinum svör við þessum spurningum um kostnað að öðru leyti en því sem kemur fram í skýringum með frv. Þar segir að lagt sé til að umhvrh. skuli í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgrh., Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir gera áætlun um hreinsun stranda og hafnasvæða í þessu tilviki og um kostnað er af því leiðir. Skal áætlunin liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda hálfu ári síðar og skal hreinsun lokið fyrir árslok 2008.

Hvað snertir hið hörmulega skipsstrand sem þingmaðurinn nefndi og við höfum verið að fylgjast með síðustu dægrin þá tekst vonandi að koma skipinu á flot. En enginn veit í dag hvernig það endar.

[15:36]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist sem sagt, eins og hv. þm. Mörður Árnason benti á áðan, að ýmislegt sé frekar loðið í frv. enn þá og kannski sérstaklega hvað varðar kostnaðarþáttinn. Ég vona að ég hafi það rétt eftir hv. þm.

Mér finnst að þetta ætti að liggja betur fyrir því að eins og hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir benti á er frekar umdeilt að sökkva skipum. Það er líka frekar umdeilt að gera það ekki. Þekki ég Íslendinga rétt munu þeir geta rifist nánast endalaust um hvað eigi að gera við þessi flök ef við tökum ekki ákvörðun um það hið snarasta að sökkva þeim til botns á völdum stöðum. Eyðum tímanum og orkunni í að karpa um hvernig í ósköpunum eigi að fara að því að losna við þau eftir næstu áramót þegar OSPAR-samningurinn tekur fullt gildi um bann við því að varpa skipum í hafið eins og sagt er svo skemmtilega.

[15:38]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni umhvn. Sigríði Önnu Þórðardóttur vel fyrir skilmerkilega framsögu. Ég er samþykkur efni frv. með þeim fyrirvara sem felst í brtt. hv. þm. Marðar Árnasonar, Bryndísar Hlöðversdóttur, Jóns Kr. Óskarssonar og mín. Þar er gert ráð fyrir að í svonefndum svæðisráðum skuli auk atvinnurekenda sitja fulltrúar umhverfis- eða náttúruverndarsamtaka.

Ég hygg að það sé gott að sjónarmið beggja aðila fái að njóta sín í slíkri nefnd. Kjarni átaka í umhverfismálum er kannski einmitt sá að hagsmunir atvinnurekenda og umhverfissinna vegast á. Það er afar brýnt í þessum málum að ná sátt í þeim og það verður ekki gert með einhliða skipun atvinnurekenda í slíkar nefndir.

Ef til vill er besti rökstuðningurinn fyrir þessari tillögu að vísa til skipunar umhvn. Þar situr gott fólk með nokkuð fjölbreyttan bakgrunn úr atvinnulífi og öðrum störfum þjóðlífsins sem ná þeirri bærilegu sátt sem er um frv. Tekist er á um sjónarmiðin, þau koma fram og það næst mjög bærileg sátt um frv. þannig að það eru e.t.v. helstu rökin sem ég get fært fram hér auk þess að vísa í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar.

Hvað aðrar breytingar varðar og vil ég gera að umtalsefni athugasemdir hv. þm. Marðar Árnasonar. Það má vel vera að lögfræði sé skrýtið fag en ég tel það ekki eftir mér að vinna löggjafarvinnu á þinginu því að þar hélt ég að hún ætti að fara fram. Betur sjá augu en auga og það er auðvitað af hinu góða að nefndir þingsins skuli sjá annmarka og leiðrétta þá og taki ekki öllu sem sjálfsögðu sem kemur af ríkisskepnunni. Það veitir mér vissa öryggiskennd að upplifa það.

Fyrirvari minn hefði allt eins átt að lúta að öðru því að hann er í sjálfu sér ekki stórvægilegur miðað við allt þetta frv. En það væri e.t.v. óvenjulegur fyrirvari. Sá fyrirvari lýtur að störfum nefndarinnar ef fyrirvara má kalla. Ég vil bara lýsa yfir mikilli ánægju minni með vandaða málsmeðferð í nefndinni og faglega. Ég kom mjög seint að vinnslu þessa máls þannig að mér ber ekki að þakka fyrir það sem liggur hér fyrir. En ég komst þó ekki hjá því á þessum fundum sem ég sat um þetta frv. og vinnslu þess að veita þessum faglegu vinnubrögðum athygli. Þau vöktu ánægju mína. Því vildi ég halda til haga í öðrum fyrirvara mínum í þingræðu og þakka formanni nefndarinnar og nefndarmönnum góð störf.

[15:41]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur átt sér stað um frv. Ástæða þess að ég kem í pontu er fyrst og fremst orð hv. þm. Atla Gíslasonar um þennan fulltrúa. Hann kemst

svo að orði að atvinnurekendur og náttúruverndarsamtök séu andstæður. Ég vil fara örfáum orðum um það.

Ég held að ekki sé sjálfgefið að atvinnurekendur og náttúruverndarsinnar séu andstæðir pólar. Fjölmörg fyrirtæki hér í landi leggja sem betur fer mikla vinnu og mikla fjármuni í málefni náttúruverndar. Mörg fyrirtæki leggja mikið upp úr náttúruvernd annars vegar af fúsum og frjálsum vilja og vegna lagaramma. Þess vegna stend ég upp til að mótmæla því að við stillum þessum hlutum upp sem andstæðum. Ég held að þarna fari hagsmunir og vilji okkar íslensku þjóðar saman. Atvinnurekendur vilja vera náttúrunni hliðhollir.

[15:42]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. sem hér talaði hafi kannski gert fullmikið úr orðum mínum þegar ég talaði um andstæða póla. Ég hefði kannski betur orðað það þannig að þessir aðilar nálgast þetta viðfangsefni með mismunandi hætti. Ég taldi þess vegna rétt að sjónarmið beggja mættu njóta sín í slíkri umræðu án þess að ég væri og er alls ekki að gera lítið úr því sem atvinnurekendur hafa gert á Íslandi í þágu umhverfisverndar. Ég hefði að vísu vilja sjá þá taka duglegar til hendinni. En ég hygg að hv. þm. hafi eitthvað misskilið mig eða geri mér upp hugsun sem ég tel mig ekki hafa.

[15:44]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Atli Gíslason taldi sig hafa komið mjög seint að þessu máli. Ég kom enn þá seinna. Ég sé samt ástæðu til að velta upp tveim spurningum.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv. segir, með leyfi forseta:

„Í 5. mgr. 4. gr. segir að Landhelgisgæslan sjái um eftirlit á hafsvæðum umhverfis Ísland og Siglingastofnun Íslands annist eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna. Ekki er reiknað með auknum kostnaði af þessu."

Ég vek athygli á því að fjmrn. telur að það skapi ekki aukinn kostnað. Ég tel hæpið að þetta standist. Er gert ráð fyrir þessu í fjárlögum fyrir árið 2004? Ég vildi varpa þessu fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 690. mál (afnám laganna). — Þskj. 1019.

[15:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál var til umræðu fyrir tveim eða þrem dögum og þá lauk þeirri umræðu ekki en ég ætlaði að koma að fáeinum sjónarmiðum í sambandi við það. Það er skemmst frá því að segja að ég styð frv. og tel ekki ástæðu til þess lengur að hafa uppi þann hátt sem er á flutningsjöfnunarsjóði. Það ekki vegna þess að ég telji ekki ástæðu til að styðja við byggðir landsins eða slíkt en ég held að þetta sé aðferð sem hafi runnið sitt skeið. Hún var vissulega sett á á þeim tíma þegar hér var ein sementsverksmiðja sem framleiddi sement og innflutningur á sementi í samkeppni við hana var enginn. Nú hefur umhverfið breyst þannig að komin er samkeppni í sementssölu í landinu og það hefur breyst að því leyti til líka að flutningur á sementi hefur færst í auknum mæli upp á land. Það er nokkuð ljóst að flutningsjöfnunarsjóðurinn hefur að hluta til haft þessi áhrif.

Ef menn skoða hvernig flutningsjöfnunin hefur komið út á undanförnum árum er líka nokkuð ljóst að það er tiltölulega lítill hluti landsins sem fær jákvæða niðurstöðu í þennan flutning. Hæstu tölurnar í plús hvað varðar flutninginn eru á Norðurl. e. með tæpar 28 millj. árið 2002 og á Austurlandi í kringum 15,5 millj. Frá því þetta var, þ.e. árið 2002, hefur verið komið upp sementssílóum á þessum slóðum fyrir austan og síðan hefur flutningur á sementi inn á þessi svæði líka breyst.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að það eru ekki aðeins opinberir aðilar sem eru að jafna flutningskostnað í landinu, fyrirtæki í verslunarrekstri hafa líka verið að jafna út flutningskostnaðinum í landinu. Bónusverslanirnar eru t.d. með sama verð úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit að byggingarvöruverslun á Ísafirði og á fleiri stöðum er að bjóða sína vöru á sama verði þar og á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf því ekki endilega að þýða hærra sementsverð þó svo að þessi jöfnunarsjóður verði lagður af. Það verður fróðlegt að sjá hver framvindan verður eftir að búið er að leggja hann af, hvort seljendur sements í landinu muni þá sjálfir sjá til þess að bjóða sementið á svipuðu verði.

Ég vildi bara segja að þó að ég styðji það að þessi sjóður verði lagður af tel ég ástæðu til að skoða með heildstæðum hætti hvernig koma eigi til móts við þau vandamál sem skapast vegna þess að það er mjög dýrt að flytja vörur, ekki bara sement heldur allar vörur út um landið og það bætir ekki mikið þá stöðu þó að í gangi sé flutningsjöfnunarsjóður á sementi. Ef menn vilja í raun og veru taka á þessum vanda þarf að gera það með einhverjum aðferðum sem eru altækari og hafa meiri áhrif en þetta því almenningur úti á landi hefur í sjálfu sér engin ósköp út úr þessu nema um sé að ræða mjög afmörkuð dæmi, t.d. þegar menn eru að byggja sér hús eða eitthvað slíkt, eru í einhverjum framkvæmdum þá er gagn að því að hafa slíka flutningsjöfnun en á öðrum tímum fyrir fólk með sinn venjulega heimilisrekstur hefur flutningsjöfnun á sementi ekki mikið að segja fyrir viðkomandi. En þá hefur líka mikið að segja að allur flutningur er og hefur verið mjög dýr út á land. Ég vil því hvetja hæstv. iðnrh., sem jafnframt er byggðamálaráðherra, til þess að flýta þeim störfum sem í gangi eru við að skoða möguleika á því að jafna á einhvern hátt flutningskostnað á landsbyggðinni og að það verði þá gert með almennum hætti sem ekki raskar viðskiptalegu umhverfi. Það er mikið atriði líka svo ekki verði óæskileg áhrif á rekstur fyrirtækja eða samkeppni milli viðskiptaaðila sem eiga hlut að máli ef staðið verður í jöfnunaraðgerðum.

Þetta var það sem ég vildi koma á framfæri hvað þetta varðar og ég ætla ekki að hafa lengra mál um það.

[15:52]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um afnám flutningsjöfnunar á sement. Það er framhald umræðu frá því fyrr í vikunni þar sem mikið var rætt um flutningsjöfnun almennt út á landsbyggðina og mig langar að fara nokkrum orðum um þetta mál og mál er varða hliðstæða þætti.

Sementsflutningsjöfnun hefur verið í nokkra áratugi og hefur fyrst og fremst verið vegna þess að framleiðslan í landinu hefur verið á einum stað, þ.e. á Akranesi. Nú var gefinn frjáls innflutningur á því fyrir nokkru þannig að

sement er flutt með skipum erlendis frá til landsins og þá gefast auðvitað möguleikar á að flytja sementið inn til fleiri hafna. Helguvíkurhöfn á Reykjanesi hefur fyrst og fremst verið innflutningshöfn á erlendu sementi auk þeirra hafna á Austurlandi sem munu fóðra þær miklu framkvæmdir sem eru á Héraði og í Reyðarfirði.

Við þekkjum álíka breytingu í löggjöf hjá okkur. Þar má minna á flutningsjöfnun sem var á áburði miðað við svipaðar aðstæður og hafa verið og eru á sementsflutningum. Þá var ein verksmiðja sem var í Gufunesi og þar var flutningsjöfnun út á land, og rétt eins og með sementið voru það notendurnir sem notuðu mesta áburðinn, sem voru bændur á Suðurlandi, sem borguðu mest í flutningsjöfnunina en áttu jafnframt lengstan landveg að sækja sinn áburð.

Eins og við þekkjum var áburðarinnflutningur gefinn frjáls fyrir nokkrum árum og þá breyttust þessir hlutir. Þá komu nýjar hafnir. Til að mynda var farið að skipa upp áburði í Þorlákshöfn sem var næststærst á markaðssvæðinu. Það hafði aldrei verið gert áður og þannig megum við búast við að flutningastrúktúrinn, bæði með innlenda sementið og hið innflutta, breytist. Vonandi mun hann að einhverju leyti breytast á þann hátt að við notum sjóflutningana meira og minnkum þar af leiðandi vegslit sem var nokkuð í umræðunni um daginn varðandi þetta mál og það væri farsælt ef svo gæti orðið.

Að sjálfsögðu tekur umræðan svolítið mið af flutningsjöfnun og flutningi út á landsbyggðina. Við það er að bæta að þrátt fyrir að þessi flutningsjöfnun hafi átt sér stað til hinna ýmsu landshluta þá eru þar staðsettar stöðvar sem framleiða steypu og þær keyra steypuna um langan veg, allt frá kannski 50 og upp í 150 km og í þeim tilfellum er ekki verið að jafna neinn flutningskostnað. Það má því segja rétt eins og með áburðarjöfnunina að þetta sé orðið fyrirbrigði sem heyrir tímanum til.

Herra forseti. Fyrst ég nefni Áburðarverksmiðjuna þá er munurinn sá að hún var byggð fyrir Marshall-hjálp og þegar verksmiðjan var seld féllu eignir hennar til ríkisins og þannig var með Sementsverksmiðjuna þegar hún var seld. En þar sem við höfum verið að ræða svolítið um fleiri þætti í jöfnun búsetu á Íslandi má nefna að á sínum tíma, um leið og við fengum hjálp til að byggja Áburðarverksmiðjuna, fengum við Marshall-hjálp til að byggja Sogsvirkjanir og þeir fjármunir sem við fengum til að byggja þær hafa fallið sem eignarhluti Reykjavíkurborgar og það væri í sjálfu sér fróðlegt að vita hvers virði sú Marshall-hjálp er á þeim hluta Landsvirkjunar sem er eignarhluti Reykjavíkurborgar.

Ég held, herra forseti, að við eigum að horfa heildstætt á þessa flutningsjöfnun og við höfum einmitt rætt og munum taka fyrir frv. er varðar jöfnun flutningskostnaðar á rafmagni sem kemur auðvitað með öðrum hætti inn í byggðastefnu okkar en flutningsjöfnun á sementi. Að lokum vil ég segja að ég er samþykkur því að frv. verði samþykkt á Alþingi.

[15:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þær undirtektir sem frv. hefur fengið en auðvitað eru þær svona beggja blands eins og gengur. Ég tel að þarna sé ekki um stórkostlega breytingu að ræða þó svo að þessi jöfnun verði aflögð þar sem hún er svo lítill hluti af byggingarkostnaði í landinu. Með þessu móti er líka verið að gera upp á milli byggingaraðferða sem alla vega orkar tvímælis. Þar að auki kostar nokkuð að halda þessu kerfi úti og ég held að ekki sé hægt að neita því að auk þess er það nokkuð flutningshvetjandi. Svo er það aftur annað mál hvort ástæða er til að taka upp styrki vegna flutningskostnaðar almennt og ég vil gera greinarmun þar á vegna þess að annars vegar erum við að tala um jöfnun, þ.e. í sementinu, sem nú verður afnumin ef frv. verður að lögum, og hins vegar eru uppi hugmyndir um ákveðna styrki til þeirra fyrirtækja sem geta sýnt fram á mikinn kostnað vegna flutnings á vöru á markað þannig að þetta er ekki alveg sambærilegt, og það er það mál sem er til athugunar hjá stjórnvöldum og hjá Eftirlitsstofnun EFTA eins og er.

En ég vonast til þess að frv. fái greiðan gang í gegnum hv. Alþingi því að ég tel að þetta fyrirkomulag sé barn síns tíma og eigi í raun ekki rétt á sér lengur þó að því sé ekki að neita að það var sett á laggirnar með því hugarfari að lækka byggingarkostnað á landsbyggðinni. Engu að síður er það niðurstaða þeirrar nefndar sem fjallaði um málið og eins iðnn. fyrir nokkrum árum, sem lét það koma fram í nefndaráliti sínu í tengslum við annað mál sem þá var til umfjöllunar, að þetta kerfi þyrfti skoðunar við og niðurstaðan varð sú að leggja til að það yrði aflagt.

[15:59]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að þarna er skorið af og það er fyrst og fremst skorið af landsbyggðinni. Það er verið að auka verulega kostnað hinna dreifðu byggða landsins. Það er stóraukinn kostnaður sem þetta mun leiða af sér t.d. á Vestfjörðum og í fjarlægari sveitarfélögum frá borginni. Ég hefði talið að eitthvað hefði átt að koma í staðinn fyrir þessa jöfnun, einhver hugsun í staðinn fyrir þessa jöfnun.

[16:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. geri heldur mikið úr þeim áhrifum sem samþykkt þessa frv. hefði á byggingarkostnað á landsbyggðinni. Það er talað um 0,2–0,4% af kostnaðarverði við byggingu steinhúsa. Það eru ekki mikil áhrif þó vissulega séu það einhver áhrif. Hann spyr hvað komi í staðinn og í því sambandi get ég endurtekið það sem ég hef áður sagt. Það er unnið að því að taka upp ákveðið styrkjakerfi vegna flutningskostnaðar. Það tel ég miklu mikilvægara mál en þetta.

En talandi um jöfnun almennt og mikilvægi þess að beita slíkum aðferðum til að jafna kjör fólks í landinu þá erum við einnig að fjalla um raforkumál þessa dagana. Í næstu viku verður væntanlega mælt fyrir þeim frumvörpum þar sem við leggjum til að það eigi sér stað jöfnun í sambandi við rafmagnskostnað fólks í landinu. Það væri ákveðið skref í þá átt að jafna kjör fólksins í landinu. Þó að þetta séu í raun óskyld mál þá vil ég halda því til haga að það er ekki þannig að stjórnvöld komi almennt fram með tillögur sem eru fólkinu á landsbyggðinni í óhag, síður en svo. Í rafmagnsmálinu er þessi hugsun í heiðri höfð.

[16:02]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt smátt gerir eitt stórt. Þetta er fjandsamlegt gagnvart hinum dreifðu byggðum og ekkert öðruvísi. Þetta er fjandsamlegt gagnvart þeim. Þegar margar aðgerðir koma saman í senn þá blæðir landsbyggðinni. Öðruvísi er það ekki.

Að því er varðar raforkumálið, sem er allsendið óviðkomandi þessu sem hér er til umfjöllunar, vil ég þó geta þess að það liggur ekkert fyrir um hvaða kostnaðarauka það mun hafa í för með sér. Það vantar mjög mikið inn í það frv., m.a. alla kostnaðarútreikninga.

Á hvaða verði koma eignirnar inn? Hvaða ávöxtun á þetta fyrirtæki að hafa? Þá sömu og á ríkisverðbréfum. Það er of há ávöxtun og það leiðir til hækkunar á raforkuverði á landsbyggðinni og annars staðar, í Reykjavík líka.

[16:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ómögulegt að halda því fram að frv., ef það verður að lögum, sé fjandsamlegt gagnvart landsbyggðinni. Þá er allt of mikið sagt. 0,2–0,4% af byggingarkostnaði er ekki stórmál. Við skulum horfa á stóru málin. Þar skulum við taka á. Þar er ég tilbúin að taka á með hv. þm., t.d. í sambandi við málið sem blandast hefur í umræðuna en ekki á dagskrá fyrr en í næstu viku, varðandi jöfnun á rafmagni.

Ég er mjög sátt við þá niðurstöðu sem fékkst með frv. Ég veit reyndar að hv. þingmenn Vinstri grænna vildu ganga miklu lengra í jöfnun og fara alveg niður í 30 kílóvött í sambandi við flutningskerfið. Þar að auki vildu þeir ekki taka fjármagn úr ríkissjóði til að borga niður kostnað í dreifbýlinu. Það hefði þýtt mikinn kostnaðarauka fyrir höfuðborgarbúa og fólk á suðvesturhorninu.

Mér finnst það takmörkunum háð hve langt er hægt að ganga í þeim efnum. Við verðum að finna málamiðlun og ég tel að hún hafi fundist í því máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stytting þjóðvegar eitt, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 553. mál. — Þskj. 831.

[16:04]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 831, um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Einar Már Sigurðarson og Jóhann Ársælsson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd til að gera úttekt á hvernig megi stytta og bæta leiðir á þjóðvegi eitt og aðalvegum sem tengja byggðir landsins við þann veg.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004."

Mikilvægi góðra vegasamgangna fyrir eflingu og vöxt byggðar eykst stöðugt. Aðdráttarafl einstakra byggðarlaga ræðst að nokkru leyti af því hvernig vegamálum er háttað. Það skiptir því miklu að akstursleiðir séu öruggar og vel færar allan ársins hring og sem allra stystar.

Flutningsmenn leggja því til að samgönguráðherra verði falið að skipa nefnd til að kanna leiðir til að bæta og stytta þjóðveg eitt. Nefndin geri samanburð á mismunandi leiðum sem færar eru til að stytta vegalengdir á milli einstakra staða eftir þjóðvegi eitt og meti hagkvæmni þeirra með tilliti til umferðaröryggis, vegalengda, vetrarauksturs, kostnaðar og annarra þátta sem nefndin telur mikilvæga í slíku mati.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að því að bæta þjóðveg eitt en ekki liggur fyrir heildstætt mat þar sem gerður er samanburður á kostum sem velja má á milli til að bæta hann og stytta. Slíkt heildarmat gæti nýst sem stjórntæki fyrir Alþingi og aðra þá sem sinna vegamálum.

Þetta er ekki langt eða stórt þingmál en það er mikilvægt vegna þess að alþingismenn koma að ákvörðunum um hvaða vegi á að leggja, hvaða vegamannvirki skuli reisa, í hvaða röð og hvernig. Mér hefur alltaf fundist vanta á, þegar við komum að slíku verki, að ljóst sé hvaða kostir eru í stöðunni þannig að við getum valið á milli þeirra. Við komum yfirleitt að málunum þegar nánast er búið að ákveða hvaða leiðir skuli farnar. Niðurstaðan af vinnu eins og þeirri sem við leggjum til að nefndin fari í yrði því mjög mikilvæg fyrir þingmenn þegar þeir taka afstöðu í vegáætlun.

Við þekkjum að þingmenn hinna ýmsu kjördæma hafa á því skoðanir hvaða leiðir skuli fara. Það er kannski ekki endilega alltaf sú leið sem Vegagerðin leggur til. Ég get í því sambandi vísað í þingmál sem liggur fyrir þinginu frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, Önnur Kristínu Gunnarsdóttur og fleiri þingmönnum, um legu þjóðvegar eitt um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Þar er tillaga sem gagngert er lögð fram um ákveðna leið sem skuli athuga sérstaklega.

Ég get líka nefnt aðra framkvæmd sem er í nágrenni höfuðborgarinnar og inn í höfuðborgina, þ.e. Sundabrautina, sem við þurfum að skoða og velta fyrir okkur kostum og göllum við og möguleikum í því verkefni. Við þurfum að skoða hvernig best er að leggja brautina, hvort reisa eigi mannvirkið allt í einum áfanga eða hvort skipta eigi því upp. Skoða þarf kosti og galla, kostnað, umferðaröryggi o.s.frv. Kanna þarf hvaða leið er best að fara og hversu hratt skuli farið í það verk. Það væri mjög hagkvæmt að það mat lægi fyrir þegar þingmenn koma að ákvörðun í því máli.

Ég held því að þetta sé mjög mikilvægt verk sem við leggjum til að verði unnið fyrir okkur. Ég tel að það eigi eftir að koma sér vel og koma fram í hagræðingu og sparnaði þegar til lengri tíma er litið.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þáltill. en legg til að að umræðu lokinni verði málinu vísað til hv. samgn. og síðan vonandi til síðari umræðu.

[16:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessa máls. Ég tel reyndar að það sé ekki vansalaust að á undanförnum árum hafi ekki verið unnið eins og hér er lagt til.

Mér er kunnugt um að Vegagerðin hafi verið farin að undirbúa mál með þessum hætti, skoða einstakar útfærslur og hugmyndir og reyna að eiga til áætlanir um líklegar hugmyndir, athuganir og kostnaðaráætlanir sem hægt væri að byggja ákvarðanatöku á. En þessu hefur öllu verið pakkað niður á undanförnum árum og ekkert gert í málunum. Það er mjög erfitt fyrir þingmenn einstakra kjördæma að taka afstöðu til tillagna um vegagerð, endurbætur eða nýja vegi, ef ekki er til samanburður á þeim leiðum sem hugsanlegt er að fara og vænlegar leiðir til styttingar eru ekki til útfærðar og kostnaðargreindar.

Ég bendi t.d. á að um veginn yfir Grunnafjörð, milli Akraness og Borgarness, þar sem hægt væri að stytta leiðina um hátt í 8 km, eru ekki til upplýsingar, þ.e. hvað það kostar og hver væri þjóðhagsleg hagkvæmni af því að stytta þessar leiðir á milli þetta stórra byggðarlaga. Það hlýtur að skipta verulegu máli þar sem þetta er töluverð vegalengd. Auk þess

spila inn í byggðalegu áhrifin sem allir vita að eru mikil ef leiðir eru styttar á milli byggðarlaga. Það hefur t.d. verið mikill áhugi á að koma á þessari framkvæmd.

Vegagerðin hefur verið með ýmsar hugmyndir um styttingar á þjóðvegi eitt. Það eru til einhverjar upplýsingar um sumt af því. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefndi aðra þáltill. sem liggur fyrir þinginu, um legu þjóðvegar eitt um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Um það mál fluttum við sérstaka þáltill. einfaldlega vegna þess að það mál er lengra komið en ýmis önnur mál sem hér hafa verið nefnd. Heimamenn hafa unnið töluvert mikið verk við að skoða þá hugmynd. Það var hugsað í þeim tilgangi að reyna að sjá til þess að það verkefni yrði unnið af Vegagerðinni og klárað sem fyrst.

Við gerum okkur grein fyrir því að ef þáltill. sem hér er til umræðu verður samþykkt þá muni einstök mál ekki klárast alveg á næstunni. Það þarf auðvitað að leggja töluverða vinnu í sumt af því sem skoða þarf. Við erum ekki bara að tala um hringveginn. Hér er um að ræða hringveginn og það að bæta leiðir á aðalvegum, stytta þær sem tengjast við hringveginn. Í því sambandi mætti nefna leiðirnar um Vestfirði. Þar þarf virkilega að fara yfir málin, skoða möguleika á styttingu leiða og gera samanburð á kostnaði við mismunandi leiðir. Þetta hefur vantað.

Með þáltill. okkar erum við í raun að hvetja til að tekið verði á þessu máli hið snarasta. Menn sjá fram á það að á fáeinum næstu árum verði komið bundið slitlag á hringveginn, svona innan gæsalappa. Hugmyndin er að breyta út frá þeirri legu vegarins sem kallast hringvegur fyrir austan. Ég ætla ekki að tala meira um það. En þó svo að komið sé malbik á hringveginn þá liggur hann í hlykkjum og beygjum þó að svo þurfi alls ekki að vera. Hann liggur stundum um svæði sem eru síðri en önnur til vegalagningar og væri betra að hann lægi annars staðar. Þar fyrir utan vantar mikið á þá aðalvegi sem tengjast hringveginum, sem verður að líta á sem hluta hringvegakerfisins fyrir þá sem þar búa. Þeir eiga væntanlega sama rétt og við hin til að komast eftir almennilegum vegi, aðalvegi, til og frá heimili sínu.

Þess vegna er tillagan flutt. Ég trúi satt að segja ekki öðru en að menn séu tilbúnir til að veita henni brautargengi á Alþingi. Hér þurfa menn að hafa þessar upplýsingar í höndunum. Það er ekki nógu gott, eins og verið hefur síðustu ár a.m.k., að menn hafi ekki upplýsingar um kostina. Menn tala oft á tíðum um að ástæða væri til að fara í einhverja tiltekna framkvæmd en upplýsingar um kostnað, annmarka eða kosti viðkomandi framkvæmdar liggja ekki fyrir. Það er lágmarkið að slíkir hlutir liggi fyrir varðandi aðalvegi og aðaltengivegi á landinu.

[16:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar í Frjálsl. segja að við fögnum þessari þáltill. Við teljum hið besta mál að úttekt verði gerð á því hvernig megi stytta og bæta leiðir á þjóðvegi eitt og aðalvegum. Það er í samræmi við stefnu Frjálsl. Þar segir m.a. að meginmarkmið með nýjum vegum verði að stytta vegalengdir milli þéttbýlisstaða og landsvæða með varanlegum framtíðarlausnum svo sem jarðgöngum og þverun fjarða.

Mig langar til að koma aðeins inn á jarðgöng því það eru mjög merkileg og góð mannvirki. Ég vil t.d. leyfa mér að benda á reynsluna af Hvalfjarðargöngum sem hafa verið í rekstri um nokkurra ára skeið. Sú reynsla er afar góð. Ég held að enginn vafi sé á því að þó þau göng hafi verið dýr í gerð hefur kostnaður við rekstur þeirra frá því að þau voru gerð ekki verið mjög mikill og sennilega óverulegur ef við miðum við þann kostnað sem annars hefði farið í að halda við veginum fyrir Hvalfjörð.

Við skulum heldur ekki gleyma öðrum þætti sem er mjög mikilvægur og allt of lítið minnst á, að slysatíðni hefur stórlega minnkað. Fyrr á árum var alvanalegt að heyra um mjög alvarleg bílslys í Hvalfirði sem annaðhvort ollu örkumlun eða dauða. Það voru nokkur banaslys, það var lenskan í Hvalfirði nánast á hverju einasta ári. Síðan Hvalfjarðargöngin komu hefur ekki orðið eitt einasta slys að talist geti, enginn hefur meiðst þar, enginn hefur hlotið dauða af því að fara í gegnum göngin. Ég man heldur ekki til þess að nokkur hafi slasað sig á því að fara fyrir Hvalfjörð eftir að göngin voru gerð.

Þann þátt tel ég, virðulegi forseti, að við ættum að taka með í umræðuna um vegamál. Þetta snýst ekki bara um að stytta sér leið, þetta snýst líka um umferðaröryggi. Það er mín skoðun að við ættum alvarlega að íhuga að setjast niður og gera áætlun um að gera þau jarðgöng sem við þurfum að gera. Þetta eru ekkert afskaplega mörg göng þegar upp er staðið, kannski átta til tíu stykki sem við þurfum að bora. Gera hreinlega áætlun um að fara í þetta verkefni og ljúka því á einhverjum árafjölda. Ákveða hvar við ætlum að byrja, í hvaða röð við ætlum að taka þetta og hvar við ætlum að enda. Þá erum við búin að leysa þetta í eitt skipti fyrir öll. Víst mun þetta kosta pening, víst mun þetta verða dýrt en þá finnst mér að við ættum að íhuga það hreinlega að taka langtímalán í útlöndum til að fara í slíkar samgöngubætur, því jarðgöng eru varanlegar samgöngubætur. Þau spara mikinn pening í rekstrarkostnaði við vegi, bæði viðhald, mokstur og annað þess háttar og þau spara líka mörg mannslíf og hlífa okkur við slysum, ég er alveg sannfærður um það.

Ég hygg að þessi átta til tíu göng sem við þyrftum að bora til að leysa þessi mál umhverfis landið og stytta þá þjóðveg nr. eitt allverulega, að lengd þeirra er miklu minni en lengd þeirra ganga sem nú er verið að bora til Kárahnjúka fyrir vatn. Ég tel einnig að fara eigi hiklaust í Vestmannaeyjagöngin, virðulegi forseti, ef jarðfræðilegar forsendur eru fyrir hendi.

[16:20]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og get ekki heyrt annað en að menn séu á því að þetta sé vinna sem þurfi að fara í ef við eigum að geta tekið afstöðu til mála. Vissulega eru jarðgöng hluti af vegakerfinu og auðvitað þarf einnig að huga að þeim. Við þurfum líka að sjá hverju framkvæmdirnar skila í heild þjóðhagslega. Þar er ekki svo lítið upp úr að leggja hvað varðar umferðaröryggi því það er stór þáttur og ákaflega dýrt að vera með vegi sem eru miklir slysavegir eða með marga svarta bletti.

Þetta er því stórmál og ég get ekki ímyndað mér annað en að þingmenn muni styðja að farið verði í að gera úttekt á málinu því það ætti að koma þeim sérstaklega til góða í þeirri vinnu sem þeir þurfa að inna af hendi í vegáætlun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en bara þakka hana og vonast til þess að málið komi aftur í þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Frv. AtlG o.fl., 565. mál (upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild). — Þskj. 844.

[16:22]

Flm. (Atli Gíslason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Mér þótti nokkuð miður að frv. skyldi ekki komast á dagskrá á baráttudegi kvenna þann 8. mars sl. en við því er ekkert að segja. Ég hélt kannski að það mætti verða og mun e.t.v. koma að því síðar.

Ég hef um áratuga skeið verið áhugamaður um mannréttindi og margsinnis gripið til þeirra í störfum mínum sem lögmaður og á öðrum vettvangi. Ég reyni að hafa það fyrir reglu að setja upp mannréttindagleraugu þegar ég skoða einstök mál, þar á meðal mál er varða stöðu kvenna. Það gefur auðvitað sömu niðurstöðu að setja upp kynjagleraugu eða kvenfrelsisgleraugu.

Hvaða staða skyldi blasa við konum í dag, hver er staða kvenna í dag? Það liggur fyrir að atvinnutekjur kvenna eru að meðaltali tæp 60% af atvinnutekjum karla, en 70% ef horft er á jafnlangan vinnudag. Það liggur líka fyrir sú staðreynd að kynbundinn launamunur, þ.e. laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf er á bilinu 11%–18%. Því hefur verið haldið fram að 31% einstæðra mæðra hafi framfærslu af tekjum undir fátæktarmörkum. Það liggur fyrir að konur eru eingöngu um 20% af forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana og hið sama gildir um nefndir og ráð á vegum ríkisins og ástandið er sýnu verra þegar kemur að einkarekstrinum.

Það hefur verið yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar frá 1998 að jafna launamun kynjanna og gæta jafnréttis kynjanna við opinbera stefnumótun en þessi markmið hafa litlu sem engu skilað.

Það blasir líka við að mannvirkjagerð hefur verið lausnarorð í atvinnuuppbyggingu en við hana vinna 12,8% karla en 0,7% kvenna. Við heilbrigðis- og félagsþjónustu vinna hins vegar 3,6% karla en 25,7% kvenna. Sem sé, kvennastörf eru hvorki metin að félagslegum né fjárhagslegum verðleikum. Karlar eru norm í íslensku þjóðfélagi en konur eru frávik, verk karla eru meira metin en verk kvenna. Það kom m.a. skýrt í ljós í umræðu í gær þegar hv. dómsmrh. ræddi um að það væri greitt eftir árangri í fangelsinu á Litla-Hrauni og þrif við bíla væru meira metin en þrif innan húss. Það sýnir ástandið í hnotskurn.

Það blasir líka við í þessum málum að klámbylgja hefur flætt yfir landið nánast átölulaust síðasta áratuginn. Það blasir við að vændi er landlægt og eykst með vaxandi fíkniefnaneyslu. Heimilisofbeldi er því miður enn landlægt á Íslandi og það er ein allsherjarkynjaslagsíða á þjóðfélaginu. Verst þykir mér að horfa upp á það þegar barnatískan gerir stúlkubörn að klæðlitlum kynverum — eða stóð ekki á einhverjum bol sem seldur var í verslun í Reykjavík: „Pornstar in training". Óhuggulegt.

Við vitum allt þetta og margt fleira um stöðu mála. Öll þessi mismunun er auðvitað óþolandi frá sjónarhóli mannréttinda og kvenfrelsis og er eiginlega óskiljanleg í ljósi þess að í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um það að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis.

Síðan segir í 2. mgr. greinarinnar:

„Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Svo er alls ekki og það eru brotin mannréttindi á konum hvern einasta sólarhring, hverja klukkustund sólarhringsins, alla daga ársins. Það er ótrúlegt miðað við stjórnarskrána.

Þetta stjórnarskrárákvæði er ekki innantóm orð. Það er einu sinni svo að mannréttindi skipa og eiga að skipa æðsta sess í lýðræðissamfélagi nútímans. Konur búa hvorki við mannréttindi að þessu leyti né lýðræði eins og staðan er í dag og þar er kynbundni launamunurinn skýrasta dæmið. Það er verið að greiða mismunandi laun fyrir jafnlangan vinnudag fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf, 11%-18%.

Það er auðvitað spurt hvað sé til ráða þegar staðan er þessi. Við vitum hvað blasir við og við vitum líka hvað er til ráða.

Kyrrstaða í jafnréttismálum verður ekki rofin nema með hugarfarsbreytingu og ríkum og einbeittum vilja þeirra sem við stjórnvöld sitja. Það hefur maður séð greinilega, t.d. þegar horft er til Reykjavíkurborgar. Það verður að láta verkin tala og vilji er allt sem þarf. Ríkisstjórnin verður, í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, að beita sér fyrir þjóðarsátt um verulega hækkun lægstu launa, launa meiri hluta ófaglærðra kvenna. Það tækifæri fór því miður forgörðum í síðustu kjarasamningum, síðasta tækifæri núv. ríkisstjórnar.

Ríkisstjórnin verður að útrýma fátækt meðal kvenna sem bitnar sárast á einstæðum mæðrum og börnum þeirra, svo sem með verulegri hækkun meðlaga, hækkun barnabóta, húsaleigubóta og með skattaívilnun. Ríkisstjórnin verður að fela opinberri stofnun að hafa virkt eftirlit með því að konum séu greidd jöfn laun og njóti sömu kjara og karlar fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, eins og hér er lagt til, og eftirlit með öðrum réttindum og skyldum kvenna og eftirlit með bannákvæðum jafnréttislaga.

Ríkisstjórnin verður að styðja dyggilega við bakið á konum og börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og standa að öflugri kynningu og fræðslu á grafalvarlegum og ævarandi afleiðingum þessara ofbeldisbrota. Ríkisstjórnin verður líka að stöðva klám- og kynlífsvæðinguna sem veður uppi í þjóðfélaginu og það eru fjölmörg brýn verkefni ónefnd. Allt er þetta hægt ef vilji er fyrir hendi.

Ég hef ekki nefnt kynjakvóta við skipanir í stöður, ráð og nefndir á vegum ríkisins og í einkarekstri. Slík frv. hef ég reyndar þegar í undirbúningi og kalla eftir meðflutningsmönnum ef vilji er til þess.

Það þarf líka að huga að kynjafræðslu í skólum, forvörnum og fleiru. Síðasti áratugur hefur verið áratugur kyrrstöðu í kvenfrelsisbaráttunni sem er auðvitað, vel að merkja, sameiginlegt baráttumál beggja kynjanna. Jafnrétti er ekki einkamál eins eða neins. Frumvarpið er ein leið að þeim markmiðum og getur reynst beitt vopn í mannréttindabaráttu kvenna að mínu mati. Það verður að fara að lyfta glerþakinu af karlveldinu og lofta út, veita konum jafnrétti í raun, frelsi til orða og athafna.

Í núgildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er lýst mjög fallegum markmiðum í 1. gr. laganna, þ.e. að „viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins". Þetta eru háleit markmið og þau hafa verið uppi mjög lengi.

Í II. kafla laganna er fjallað um stjórnsýslu og þar er í 3. gr. fjallað um hlutverk Jafnréttisstofu. Henni eru falin ærin verkefni. Hún á að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og ég vil gera þetta starf Jafnréttisstofu að umtalsefni á eftir. Jafnréttisstofa á að hafa eftirlit með III. kafla laganna, um réttindi og skyldur, þ.e. að atvinnurekendur skuli „vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði". Jafnréttisstofa á líka að hafa eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun. Frú forseti. Það segir mér meira en mörg orð að Alþingi hefur enn ekki sett sér jafnréttisáætlun. Það færir mér heim sanninn um það hversu rík þörfin er á því að gera eftirlitið og valdheimildir Jafnréttisstofu virkar. Ég held að það ætti að bæta úr þessu sem fyrst. Þar með er ég þó ekki að segja að hér innan þingsins séu konur beittar misrétti eða öðru slíku. Það eru ekki mín orð. Jafnréttisáætlunin er leiðarljós, ekki bara um laun og skipan í störf, heldur líka um fjölskylduaðstæður og sitthvað fleira og er leiðarljós um að gera betur á morgun en í dag. Þess vegna er brýnt að hún sé sett.

Það eru fleiri atriði sem Jafnréttisstofa á að hafa eftirlit með. Það er auðvitað launajafnréttið, líka það að laus störf standi til boða bæði körlum og konum og það sem ég tel afar mikilvægt og kannski með mikilvægari hlutunum í dag er það sem heitir eftirlit með samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. „Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu." Þetta er auðvitað afar mikilvægt vegna þess að fjölskylduábyrgðinni er misskipt í dag. Ég held að enginn gangi gruflandi að því dæmi og það bitnar illa á konum úti á vinnumarkaði.

Aðeins í framhjáhlaupi vil ég nefna að með auglýsingu utanrrn. frá 28. júní 2000 var samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu, þ.e. starfsfólks með fjölskylduábyrgð, samþykkt.

Ég vek sérstaka athygli á inngangi þessarar samþykktar og þeim greinum sem þar fylgja á eftir, m.a. 3. gr. þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Með það fyrir augum að koma í raun á jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu skal sérhvert aðildarríki setja það markmið í stjórnarstefnu sína að gera einstaklingum með fjölskylduábyrgð, sem eru í atvinnu eða óska að vera það, kleift að framfylgja rétti sínum til þess án þess að verða fyrir mismunun og, að svo miklu leyti sem mögulegt er, án árekstra milli atvinnu þeirra og fjölskylduábyrgðar."

Þetta er síðan nánar útfært í 4., 5. og 6. gr.

Þrátt fyrir þessa auglýsingu hefur lítið gerst á þessu sviði og ég hygg að konur séu alls ekki samkeppnishæfar á vinnumarkaði, ef svo má að orði komast. Ég nota þetta orð vísvitandi hér, samkeppnishæfar, vegna þess að bankastjóri Íslandsbanka, Bjarni Ármannsson, taldi í ræðu á málþingi eigi alls fyrir löngu — að auki birtist grein eða viðtal við hann í Morgunblaðinu — að lausnin á hinum kynbundna launamun væri samkeppni á vinnustöðum. Ég var mjög ánægður að sjá það að Bjarni Ármannsson skyldi stíga fram og lýsa skoðunum sínum í jafnréttismálum, koma fram á vettvang þannig að við getum skipst á skoðunum. Það sem vantar inn í rökstuðninginn er forsendan, þ.e. samkeppnisstaðan er ekki fyrir hendi. Það væri viðlíka og að Alþingi setti lög á Íslandsbanka og segði við bankann: Þið eigið að bjóða viðskiptavinum ykkar 15% lægri kjör en samkeppnisaðilar og svo eigið þið að fara í samkeppni.

Það er nákvæmlega það sem er að gerast á Íslandi gagnvart konum. Þær eru ekki í þeirri stöðu að stunda samkeppni um störfin á vinnumarkaði. Þess sjást mörg dæmi á vinnumarkaðnum þar sem konur í þessum hörðu stórfyrirtækjum þurfa að gefast upp. Þær þola ekki þennan langa vinnutíma, þær standast ekki samkeppni við ungu strákana sem príla hraðar upp en þær af því að þær þurfa að fara heim að sinna börnum og búi.

Fleiri skyldur eru með lögunum lagðar á Jafnréttisstofu en þær sem ég hef þegar gert að umtalsefni. Jafnréttisstofa á að hafa eftirlit með kynferðislegri áreitni og mun ekki af veita í þjóðfélaginu eins og dæmin sanna og málafjöldi fyrir dómstólum í þessum leiðu málum. Það er eftirlitsskylda með auglýsingum, og hvernig er staðan þar? Sjáum við ekki nær daglega kvenlíkamann misnotaðan í auglýsingum konum til minnkunar og lítilsvirðingar? Það þarf ekki annað en að fletta næsta blaði. Jafnréttisstofa á síðan að hafa eftirlit með menntun og skólastarfi með þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Hvað er að gerast þar í eftirlitinu? 20% kvenna eru forstöðumenn ríkisstofnana.

Síðan á Jafnréttisstofa að hafa eftirlit með mismunun á grundvelli kynferðis, þ.e. bann við mismunun í kjörum, mismunun í ráðningu, í vinnuskilyrðum, bann við uppsögnum og varðandi menntun. Þetta eru afar viðamikil verkefni sem Jafnréttisstofu eru falin en henni er ekki gert kleift að sinna þeim, og hefur ekki verið gert.

Fyrir mér eru þessi lög eins og þau eru úr garði gerð orðin tóm. Þau eru fögur fyrirheit án nokkurra efnda. Við höfum haft jafnréttislög fyrir þessi lög. Það verða engin lög góð nema það séu tæki til að vinna þeim framgang. Þessu frv. er ætlað að veita Jafnréttisstofu auknar valdheimildir til að geta sinnt þessum brýnu eftirlitsstörfum sínum. Auðvitað leysir frv. ekki öll vandamál í þessu dæmi, ég geri mér fulla grein fyrir því, en þetta er ein leið að markinu.

Áður en ég vík að frv. sjálfu vil ég vekja athygli á því að í samræmdri könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi kemur í ljós að á Íslandi er kynbundinn launamunur á almennum markaði meiri en á hinum opinbera. Þetta er í samræmi við launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur og launakannanir Reykjavíkurborgar. Það skýrist af því að einstaklingsbundnir launasamningar eru algengari á almenna markaðnum en hinum opinbera.

Síðan hefur það gerst að starfsfólki á almennum vinnumarkaði fer fjölgandi og sífellt er algengara að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli. Við höfum öll séð þá einkavæðingu sem hefur átt sér stað þar sem frelsi til viðskipta og athafna hefur verið einkavætt en ekki ábyrgðin. Þessar staðreyndir sem hér liggja fyrir ásamt landlægri launaleynd gera það að verkum að það verður sífellt erfiðara að fylgjast með launum, launaþróun og launamisrétti og það eru ýmsar vísbendingar frammi um það að kynbundið launamisrétti hafi fundið sér nýjan farveg í aukagreiðslum, svo sem bílahlunnindum, óunninni yfirvinnu og dagpeningum. Það eru engin ráð til þess í dag að fylgjast með því hvernig körlum er hyglað með greiðslum af slíku tagi. Og það er ekkert sem bendir til þess heldur í dag að kynbundni launamunurinn muni fara minnkandi. Þvert á móti benda alþjóðlegar

rannsóknir til þess að kynbundinn launamunur muni aukast á næstu árum með auknum einstaklingslaunasamningum verði ekkert að gert.

Það er deginum ljósara að lagasetningar hafa ekki dugað til eins og málum háttar í dag og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki, flestallar, skilað þeim árangri sem stefnt var að. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að kerfislægri mismunun kynjanna en góð stjórnvaldstæki þarf til að vinna úr rótgrónum stöðumun kynjanna á vinnumarkaði. Að veita opinberri stofnun heimild til að afla gagna og vinna úr þeim upplýsingar er nauðsynlegt tæki til að greina stöðuna til að geta gripið til aðgerða.

Ólíkt hafast menn að á baráttudegi kvenna, 8. mars. Hér á Alþingi var frv. sem ég mæli fyrir fellt af dagskrá, ekki vannst tími til að ræða það. Ráðherrar og aðrir ráðamenn þjóðarinnar virðast hafa gleymt deginum. Enginn þeirra sá tilefni til að minnast hans og þeir höfðu ekkert til málanna að leggja á þeim degi.

Ólíkt hafast menn að. Þann 9. mars birtist forsíðufrétt í Morgunblaðinu þar sem stóð: „33,9% stjórnenda eru konur." Síðan segir í fréttinni að norsk stjórnvöld séu vel á veg komin með að ná fram því markmiði að 40% stjórnenda í opinbera geiranum verði konur. Ef það næst verður Noregur fyrsta landið í heiminum til þess. Af hverju skyldi þetta hafa gerst? Hver er ástæðan? Ólíkt hafast menn að.

Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, rifjaði það upp í ræðu sem hann hélt á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars sl., að ríkisstjórn hans hefði fyrir tveimur árum gert kröfur um kynjakvóta vegna starfa hjá hinu opinbera. Þær reglur voru settar og það hefur leitt til þess að hlutfallið hækkaði um 6% á tveimur árum og þeir gera sér góðar vonir um að ná markmiðum sínum um 40% eins og stefnt var að. Hér á landi sá ríkisstjórnin ekki ástæðu til að lyfta litla fingri.

Það er meira sem Norðmenn eru að gera. Þeir eru að búa sér til fleiri stjórnvaldstæki í þágu kvenna. Þeir vinna að því og eru komnir fram með breytingar á lögum sem snúa líka að einkarekstri, um að konur komist að í stjórnir hlutafélaga og víðar. Þar er auðvitað verk að vinna fyrir þá sem vilja fylgja þessu eftir.

Frumvarpið sjálft er tiltölulega einfalt. Í 1. gr. er lagt til að 4. og 5. mgr. 3. gr. falli brott. Reyndar verður 5. mgr. 3. gr. laganna að 6. mgr. nýrrar 4. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um eftirlitsheimildir til handa Jafnréttisstofu undir fyrirsögninni Upplýsingaskylda:

„Jafnréttisstofa getur krafið opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar."

Í núgildandi lögum er þessum heimildum ekki þannig varið. Eina heimildin sem Jafnréttisstofa hefur er í 4. mgr. 3. gr. sem segir, með leyfi forseta:

„Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar."

Hér er lagt til að upplýsingarnar verði sértækar og það verði tryggt að Jafnréttisstofu verði veittar bæði lagatæknilegar og fjárhagslegar forsendur til að sinna eftirlitsstörfum sínum. Það er líka gert ráð fyrir því að Jafnréttisstofa geti krafist þess að fá gögn afhent til athugunar og enn fremur að Jafnréttisstofa geti lagt þá skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði sem skipta máli við framkvæmd laganna.

Þetta er þýðingarmikið. Þá er hægt að skoða hvað er að gerast í launamálum fyrirtækisins og kalla svo eftir úrbótum og kalla eftir því að grein verði gerð fyrir þessum úrbótum á hálfs eða eins árs fresti. Gert er ráð fyrir því að Jafnréttisstofa geti farið á starfsstöðvar fyrirtækja þegar brýna nauðsyn ber til og ástæða er til að ætla að brotið hafi verið gegn lögunum.

Síðan verður 5. mgr. 3. gr. 6. mgr.

Í 3. gr. frv. er kærunefnd jafnréttismála gefin heimild til að leita til Jafnréttisstofu um gagnaöflun vegna meðferðar kærumála.

Gildistími laganna er 1. janúar 2005.

Frumvarpið veitir Jafnréttisstofu heimildir til að ganga úr skugga um það með rannsókn og gagnaöflun hvort réttindum og skyldum skv. III. kafla jafnréttislaganna sé fullnægt og að bannákvæðum IV. kafla þeirra sé framfylgt. Þetta getur Jafnréttisstofa gert að eigin frumkvæði, að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála.

Ég ætla að segja það hér og það kemur líka fram í greinargerð með frv. að það er samið í anda þeirra heimilda sem Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirliti, Heilbrigðiseftirliti, Vinnumálastofnun og fjölda annarra eftirlitsstofnana í landinu eru veittar. Ég vísa til greinargerða frv. að þeim lögum um þessar heimildir. Ég hef sagt það og segi enn: Ef hægt er að hafa eftirlit með þessum hætti með peningum og viðskiptum er þá tiltökumál að hafa eftirlit með því að ekki séu brotin mannréttindi og stjórnarskrá gagnvart konum? Er það tiltökumál?

Það gefur augaleið að Jafnréttisstofa verður að gæta laga um persónuvernd þegar hún skoðar mál en Jafnréttisstofu er, alveg eins og Samkeppnisstofnun, skattayfirvöldum og öðrum, í lófa lagið að gæta þess að misfara ekki með persónuupplýsingar. Sama gildir auðvitað um haldlagningu og leit. Það hefur ekki vafist fyrir samkeppnisyfirvöldum að stunda þessa starfsemi, þau hafa í undantekningartilvikum farið inn í fyrirtæki út frá rökstuddum grun og nægir þar að nefna heimsóknir til olíufélaganna sem sýndu að sá rökstuddi grunur var á rökum reistur.

Auðvitað á Jafnréttisstofa að halda uppi meira eftirliti en með launum, þ.e. sem sagt með III. og IV. kaflanum öllum. Gildistakan gerir það að verkum að fjárveitingavaldinu og félmrh. gefst ráðrúm til að hrinda þessum brýnu breytingum í framkvæmd og styrkja Jafnréttisstofu verulega.

Vilji menn kynna sér þær heimildir sem eru sambærilegar þessum get ég vísað til 39. gr. laga um samkeppnislög, nr. 8/1993. Ég get líka vísað til III. kafla laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar vísa ég til 8. og 9. gr. kaflans.

Ég vil segja það að lokum að mannréttinda- og kvenfrelsishugsjónir eru hvorki eign einstaklinga né flokka. Maður styður mannréttindabaráttu, maður styður hugsjónir, maður fylgir þeim eftir en enginn á þær. Þetta mál á þess vegna auðvitað að vera hafið yfir alla flokkadrætti og sérhagsmuni og ég hvet alla þingmenn sem aðra til að veita frv. öflugt brautargengi og vona að sá stuðningur komi fram í umræðum hér á eftir.

Ég legg að endingu til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. sem ég hygg að frv. heyri til.

[16:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Svo sannarlega hefði verið viðeigandi að þessi umræða hefði farið fram sl. mánudag, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. En jafnréttisumræða á svo sem alltaf rétt á sér og ég fagna því að hún skuli fara fram hér og nú. Hún er mjög nauðsynleg og ég get svo sannarlega tekið undir þau atriði sem komu fram í máli hv. þm. Atla Gíslasonar og þær brtt. sem koma fram í frv. hans.

Jafnrétti á langt í land og kvennastörf eru ekki metin að verðleikum. Þetta er svo sannarlega rétt og satt. Verk karla eru metin meira. Það var auðvitað sérstakt að hlusta á umræðurnar í gær í fyrirspurnatíma þegar því var lýst hvernig störfin á Litla-Hrauni eru metin.

Við búum við kynbundið launamisrétti og það er einmitt eitt af því sem Samf. hefur barist sérstaklega gegn og hefur sett á oddinn í málflutningi sínum. Sérstaklega vil ég minna á það að í síðustu kosningabaráttu, fyrir kosningarnar í vor, var jafnrétti kvenna og karla sérstakt baráttumál Samf. Í framhaldi af því lögðu þingmenn Samf. fram þáltill., þar sem 1. flm. var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, um framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Í stefnuskrá okkar fyrir kosningarnar kom það fram að ef Samf. kæmist til áhrifa eftir kosningar yrði fyrsta mál á dagskrá að vinna að leiðréttingu á kjörum og starfsframa kvenna hjá hinu opinbera. Í framhaldi af því kom fram þessi till. til þál. sem ég ætla að lesa hér, tillögugreinina, vegna þess að hún lýsir vel í hverju tillagan felst.

Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa framkvæmdaáætlanir til sex ára með því markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Framkvæmdaáætlanirnar verði tvær, annars vegar fyrir opinberan vinnumarkað og hins vegar fyrir almennan vinnumarkað. Þær skulu unnar eftir föngum í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga og í þeim skal sett fram tímaáætlun um aðgerðir. Beitt verði ákvæði 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun, að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara, sbr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Greina skal uppbyggingu launakerfa og kjarasamninga með tilliti til kerfislægrar mismununar.

Framkvæmdaáætlanirnar verði lagðar fyrir Alþingi haustið 2004. Á tveggja ára fresti fram til ársins 2010 skal fjármálaráðherra í samráði við félagsmálaráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framvindu mála."

Þetta er sú tillaga sem við, þingmenn Samf., höfum lagt fram og búið er að mæla fyrir í þinginu. Þegar málið var hér til umræðu tók hæstv. ráðherra undir nauðsyn þess að slík vinna færi í gang. Það er mjög mikilvægt að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi og virði lög og alþjóðasamþykktir um jöfn laun karla og kvenna og að fjmrh. sem er viðsemjandi opinberra starfsmanna sýni frumkvæði og ábyrgð í verki með því að beita sér fyrir markvissri áætlun um að koma á launajafnrétti kynjanna. Þetta er hægt að gera í gegnum kjarasamninga við opinbera starfsmenn, með eftirliti með því að opinberar stofnanir og ráðuneyti fylgi markvisst jafnréttisáætlun um að allar starfstengdar greiðslur eða hlunnindi skv. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gangi jafnt til kvenna og karla fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Mig langar til að nefna árangur Reykjavíkurborgar. Auðvitað ættu stjórnvöld að taka sér hana til fyrirmyndar. Árangur Reykjavíkurborgar í því að draga úr launamun kynjanna er mjög mikill og ánægjulegur. Það kom fram í könnun Félagsvísindastofnunar árið 2001 að óútskýrður minnkandi kynbundinn launamunur hjá Reykjavíkurborg hafi farið úr 15,5% á árinu 1995 niður í 7% árið 2001. Sé miðað við sömu aðferðafræði jókst hlutur kvenna í æðstu stjórnunarstöðum úr 10% í 50% á fáum árum.

Það kemur fram í formála launakönnunar Reykjavíkurborgar sem gefin var út 2002 að borgaryfirvöld telji að rekja megi þennan árangur til víðtækra aðgerða á mörgum sviðum í senn, til kjarasamningagerðar þar sem sérstök áhersla var lögð á að hækka launin í hefðbundnum kvennastéttum, til marghátta samræmingaraðgerða á kjarasamningum, svo sem milli félaga ASÍ og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, til sérstakra uppbóta til borgarstofnana með hátt hlutfall kvenna í hefðbundnum kvennastörfum, svokallaðir kvennapottar, og aðgerða innan einstakra borgarstofnana á grundvelli starfsáætlunar í jafnréttismálum, endurröðunar í störfum í kjölfar matskerfis á grundvelli hugmyndafræði starfsmats og svona mætti lengi telja.

Síðan hefur Reykjavíkurborg ásamt helstu viðsemjendum ráðist í gagngera uppstokkun á allri launamyndun með því að innleiða kynhlutlaust starfsmat en það er umfangsmesta einstaka aðgerðin frá upphafi sem Reykjavíkurborg hefur ráðist í til að draga úr kynbundnum launamun.

Ég vildi nefna þetta sérstaklega vegna þess að það er til fyrirmyndar hvernig Reykjavíkurborg hefur staðið að þessum málum og hvaða árangri hún hefur náð. Þetta eru einmitt atriði sem við höfum lagt áherslu á, Samf., í stefnu okkar og ég tel að verði þessi þáltill. sem við höfum lagt hér fram samþykkt ætti að nást árangur í jafnréttismálum, sérstaklega í launamálum. Auðvitað þarf samt að gera margt fleira og ég tel að þær tillögur til lagabreytinga sem koma hér fram í frv. hv. þm. Atla Gíslasonar o.fl. séu mjög mikilvægar í þá átt. Sérstaklega vil ég taka undir styrkingu Jafnréttisstofu því að það tel ég vera mjög stórt og mikilvægt mál.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma inn í þessa mikilvægu umræðu með þessi atriði en styð heils hugar það mál sem hér er til umræðu.

[17:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Því miður er margt sem bendir til þess að kynbundinn kjaramunur í landinu sé að aukast. Það á við á almennum vinnumarkaði, það á við hjá ríki og það á við hjá Reykjavíkurborg. Ég held að það sé aðeins orðum aukið að þetta sé allt að færast til betri vegar þar á bæ, en það var einmitt varað við því á sínum tíma þegar menn tóku upp dreifstýrðara launakerfi að niðurstaðan gæti orðið þessi.

Það sem hins vegar hefur gerst hjá Reykjavíkurborg, gagnstætt því sem gerðist hjá ríkinu, er að Reykjavíkurborg hefur haft uppi tilburði til þess að upplýsa um launakjörin, gera kannanir á stöðu mála, en hjá ríkinu hefur verið þögn að þessu leyti.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti mjög merkilegt frv. vegna þess að þar er gerð tilraun til að færa okkur í hendur tæki til þess að taka á þessum málum á markvissan hátt.

Það er alveg rétt sem hv. 1. flm. Atli Gíslason sagði áðan að jafnréttisbarátta væri mannréttindabarátta og mannréttindabarátta ætti að vera hafin yfir flokkadrætti. Þetta er rétt

og þannig á að hugsa. Hins vegar ætlaði ég í fullri hógværð að benda á að það er þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem stendur að þessu tiltekna máli og þar á 1. flm. mikinn heiður skilinn, hann hafði frumkvæði að málinu og veg og vanda af samningu frv.

Ég get alveg upplýst það hér og nú að nokkrar umræður urðu um málið innan þingflokksins. Þar á meðal staldraði sá sem hér stendur við það ákvæði 2. gr. frv. að Jafnréttisstofa gæti við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður væru til að ætla að brotið hefði verið gegn lögum eða fyrirmælum Jafnréttisstofu. Væri ekki langt gengið, spurði sá sem hér stendur, að færa Jafnréttisstofu nánast lögregluvald að þessu leyti? Þá var á það bent að við værum þegar allt kæmi til alls að tala um landslögin, að þau væru virt, og ekki bara landslög heldur stjórnarskrá lýðveldisins, því eins og fram kemur í grg. með frv. segir í 65. gr. stjórnarskrárinnar að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Síðan hefur komið fram í könnunum aftur og ítrekað að sú er ekki raunin, að kynjunum er mismunað freklega og ekki aðeins hvað varðar tekjurnar og möguleika til tekjuöflunar heldur einnig ef málin eru gaumgæfð með tilliti til vinnuframlags. Þá er um að ræða kynbundinn launamun sem talinn er vera á milli 14 og 18%, eins og fram kemur í grg. með frv.

Einnig kemur fram í frv. að kynbundinn kjaramunur er meiri á almennum markaði en hjá hinu opinbera en hins vegar hafi þróunin verið að færast í þá átt hjá hinu opinbera sem er við lýði á almennum markaði. Hvernig stendur á því? Jú, m.a. vegna breytinga á launakerfunum þar sem dregið hefur verið úr miðstýringu og launaákvarðanir færðar inn á einstakar stofnanir og jafnvel í átt að einstaklingsbundnum samningum. Það var um þau efni sem menn tókust á í hatrömmum átökum árið 1996, utan þings og innan. Þá voru gerðar ýmsar breytingar á lögum og var ætlunin m.a. að festa í lög ákvæði þess efnis að forstöðumenn í stofnunum hefðu sjálfdæmi um hvað einstaklingar fengju í laun. Mig minnir að þetta hafi verið hin umdeilda 9. gr. viðkomandi laga. Hún var hins vegar sett á ís vegna andstöðu frá stéttarfélögunum sem kröfðust félagslegrar aðkomu að kjarasamningum. Reyndar voru deilur innan samtaka launafólks um hve langt ætti að ganga í dreifstýrðum kjarasamningum. Sumir vildu fara hægt í sakirnar og aðrir vildu ganga nokkuð langt í því efni, en um hitt voru allir sameinaðir að mikilvægt væri að tryggja félagslega aðkomu að samningum.

Taka má sem dæmi að bónuskerfin, þótt skiptar skoðanir séu um slík kerfi hjá fólki sem vinnur annað en skorpuvinnu, byggja á félagslegum samningum. Þar er samið um tiltekna útreikninga og ákvæði en félagsleg aðkoma er að samningaborðinu. Þegar upp var staðið höfðu lögin því verið bætt nokkuð að þessu leyti.

Það sem er eftirminnilegt frá þeirri umræðu voru yfirlýsingar ráðherra og fulltrúa ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi, sem er sá sami og þá sat, um að allt væri þetta gert til að draga úr launamisrétti og sérstaklega kynjamisrétti. Launakerfisbreytingarnar væru sérhannaðar með það í huga. Við sem vorum efasemdarmenn um þetta nefndum þá eða spurðum út í þann þátt sem mestu máli skiptir, þ.e. upplýsingarnar, að launaleynd yrði aflétt. Það var svo í tengslum við aðra lagasetningu sem það fékk talsverða umræðu og það voru upplýsingalögin. Við vildum sum fá það fest í upplýsingalög að stéttarfélögin hefðu aðgang að upplýsingum um launakjör. Það náðist ekki fram. Hins vegar var það sett í greinargerð laganna og skýrt frá því þegar lögin voru kynnt á Alþingi í framsöguræðum að stéttarfélögin og reyndar allir ættu að hafa aðgang að öllum föstum samningum um launakjör, um bifreiðastyrki og um fasta yfirvinnu, ef um slíkt var að ræða. Stéttarfélögin ættu að hafa aðgang að öllu þessu.

Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin. Stéttarfélögin hafa ekki fengið aðgang að þessum upplýsingum. Þegar kærumálum eða kvörtunum var beint til úrskurðarnefndar um upplýsingalög, minnir mig að hún heiti, vísaði hún þessu frá. Lögum er því ekki framfylgt að þessu leyti. Og hér er ég kominn að þessu frv. og hinu róttæka framlagi sem það færir okkur inn í þessa umræðu, tæki til þess að taka á málum. Ekki aðeins á Jafnréttisstofa að geta krafið opinberar stofnanir, stofnanir í eigu og umsjá ríkis eða sveitarfélaga, heldur einnig fyrirtæki á markaði um upplýsingar um kjörin. Það skal að sjálfsögðu farið samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en þessi stofnun sem á að fylgjast með því að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé fullnægt, fái aðgang að þessum upplýsingum. Það er hið róttæka í þessu máli. Og það sem gerir þetta að öðru en orðunum tómum er að þarna er reynt að finna nýjar leiðir til þess að taka á markvissan hátt á málunum og það er skilgreint sem grundvallaratriði að aflétta leyndinni.

Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri um orð um frv. en taka undir það sem menn hafa verið að furða sig á innan þingsins og í þjóðfélaginu, sem fram kom í svari við fyrirspurn á Alþingi um launakjörin á Litla-Hrauni þar sem upplýst var að tiltekin störf sem karlar sinntu gæfu af sér meiri arð og þess vegna bæri að verðlauna þau meira en störf sem eru á sviði hefðbundinna kvennastarfa, þrif og umönnunarstörf. Það er gott að fá slíkar upplýsingar, það er gott að opna þessa umræðu því þarna erum við komin að kjarna málsins.

Það er rétt sem fram kom í umræðunni að þótt ég geti því miður ekki veitt Reykjavíkurborg sérstaka syndaaflausn í jafnréttismálum þegar kemur að launununum, þegar litið er á muninn á milli þeirra sem eru lægstir og það eru að uppistöðu til þá kvennastörf, og hins vegar hinna sem eru betur borgaðir, er engu að síður meiri og ríkari vitund um mikilvægi þess að taka á málum þar. Þess vegna olli það okkur sumum, sem gerðum kannski meiri kröfur til R-listans og stjórnenda Reykjavíkurborgar, nokkrum áhyggjum á sínum tíma, og við gagnrýndum það, þegar borgin greindi sig ekki frá ríkisstjórninni þegar hið nýja launakerfi var tekið upp í lok ársins 1996 og sérstaklega þó á árinu 1997.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Ég sakna þess reyndar mjög við umræðuna að enginn sjálfstæðismaður, enginn fulltrúi Sjálfstfl. og enginn fulltrúi Framsfl. sér ástæðu til að taka þátt í henni. Hvaða afstöðu hafa sjálfstæðismenn til þessa máls, frv. um breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla? Og hver er afstaða Framsfl.? Ég auglýsi eftir henni. Hér gerist það trekk í trekk þegar verið er að færa inn í þingið mál sem eiga að draga úr misrétti í samfélaginu, sem eiga í þessu tilviki að jafna stöðu kvenna og karla. Ég minni á mál sem hæstv. núv. forseti flutti um daginn og laut að kjörum láglaunafólks en þá tóku engir sjálfstæðismenn og engir framsóknarmenn þátt í umræðu um það efni. Ég auglýsi eftir afstöðu þeirra

flokka til þessa merkilega máls, sem ég tel vera, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

[17:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég sé ástæðu til við upphaf máls míns að þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir hans frumkvæði í þessu máli og fyrir að hafa lagt vinnu í að semja þetta frv. Ég leyfi mér að ganga svo langt að segja að frv. boði tímamót í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna, að mínu mati hiklaust mestu tímamót sem orðið hafa í þeirri baráttu síðan fæðingarorlofsskipanin hin nýja komst á fyrir nokkrum árum. Frá því að lögin voru sett sem tóku gildi í júní árið 2000 sem vissulega fólu í sér ákveðin nýmæli þó að önnur ákvæði þeirra væru umdeild og síðan fyrir um það bil svipuðum tíma að hin nýja skipan fæðingarorlofsmála komst á þá hefur satt best að segja ekki mjög mikið til borið í þessum efnum hér á vettvangi löggjafans fyrr en þetta frv. birtist. Það boðar alveg óumdeilanlega tillögur að verulegri endurskipulagningu þessara mála hvað varðar stöðu Jafnréttisstofu og möguleika hennar til að sinna sínum verkefnum.

Ég tek undir með síðasta ræðumanni að mig undrar mjög tómlæti talsmanna stjórnmálaflokkanna á þingi í þessu máli. Ég hafði gefið mér það að mælendaskrá mundi fyllast af áhugasömu fólki um jafnréttismál og frekar fleiri en færri kæmu frá hverjum flokki inn í umræðuna. Það er reyndar einnig athyglisvert og ágætt í sjálfu sér að karlar hafa verið áberandi í umræðunni að þessu sinni. Stundum hefur viljað fara svo að þegar jafnrétti kynjanna og kvenfrelsismál ber á góma hér á þingi taka fyrst og fremst þingkonur þátt í þeirri umræðu. Við höfum stundum verið tiltölulega einmana þeir karlar sem höfum reynt að blanda okkur í þann kór. En nú ber nýrra við og það er í sjálfu sér ágætt að við höfum fyrst og fremst verið karlar enn sem komið er a.m.k. sem höfum tekið þátt í umræðunni. Það er líka ánægjulegt og táknrænt í sjálfu sér fyrir þá hugsun að jafnréttismál og barátta fyrir jafnrétti kynjanna er ekki síður verkefni okkar karlanna en kvenna að 1. flm. málsins er karl.

Ég vil líka segja, frú forseti, að mér finnst að hæstv. ráðherra jafnréttismála ætti að vera viðstaddur svona umræðu. Ég vil a.m.k. að honum sé gert viðvart um það, hafi það ekki verið gert nú þegar, að hér fer fram umræða um málið. Ég heyrði ekki að hæstv. félmrh. hefði neina fjarvist frá þingstörfum í dag þannig að ég leyfi mér að koma þeirri ábendingu til forseta og óska eftir því að hæstv. jafnréttisráðherra verði látinn vita um að þessi umræða fari hér fram. En ég er ekki að gera kröfu til þess að hann verði sóttur eða umræðan verði stöðvuð. Ég legg það alfarið í mat hæstv. ráðherra hvað honum finnst við hæfi í þessum efnum.

(**Forseti** (JóhS): Forseti verður við ósk hv. þm. og mun gera hæstv. félmrh. viðvart um að þessi umræða sé í gangi í þinginu.)

Ég þakka forseta fyrir að bregðast vel við þessum óskum mínum.

Ég vil líka upplýsa það, frú forseti — mér finnst það eiga erindi inn í umræðuna í tengslum við þetta frv. sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum — að við höfum í okkar flokki á undanförnum missirum og í raun allt frá stofnun hans lagt mikla rækt við þennan málaflokk. Við tókum um það ákvörðun á okkar fyrsta reglulega landsfundi að fyrsti stóri málaflokkurinn, fyrsta stóra málasviðið eða annað af tveimur a.m.k., sem við ætluðum að taka sérstaklega fyrir og vinna upp ítarlega stefnumótun í, væri kvenfrelsismál sem við höfum kosið að kalla svo. Það var gert og niðurstöðunni skilað í sérstöku riti sem við höfum gefið út um þessi efni. Ég dreg í efa að aðrir stjórnmálaflokkar, með fullri virðingu fyrir þeim, hafi lagt meira af mörkum nú á allra síðustu missirum hvað þetta snertir en við höfum að þessu leyti gert. Við höfum lagt fram stefnu okkar í ítarlegu riti sem við reyndum að koma á dagskrá og kynna m.a. í síðustu kosningabaráttu. Það tókst nú alla vega því að ýmsir fjölmiðlar höfðu meiri áhuga á að reyna að snúa þar út úr einstökum setningum heldur en lyfta því framtaki að einn af stjórnmálaflokkum landsins hafði lagt í það vinnu að móta heildstæða og ítarlega kvenfrelsisstefnu og gefa hana út í sérstöku riti.

Hvað sjálfa grundvallarstefnuna varðar þá tókum við um það ákvörðun á síðasta landsfundi okkar í Hveragerði í byrjun nóvembermánaðar sl. að samþætta áherslur kvenfrelsis eða femínisma og alþjóðahyggju inn í stefnuskrá okkar eða stefnuyfirlýsingu. Það eru líka tímamót. Mér er ekki kunnugt um að aðrir stjórnmálaflokkar hafi á sínum vettvangi fyrr tekið þá ákvörðun að skilgreina sig sem kvenfrelsisflokka eða femíniska flokka, að sjálfsögðu með undantekningunni Kvennalistanum sem var stofnaður á þeim grunni eins og allir vita.

Ég vil enn fremur segja að ég held að sú mannréttindanálgun sem ég held að hv. þm. Atli Gíslason gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni og er í raun grundvöllur þeirrar hugsunar sem að baki þessu liggur sé mjög mikilvæg. Það hefur einmitt gerst á seinni árum að ýmsir aðilar sem eru að berjast fyrir réttindum umbjóðenda sinna hafa í vaxandi mæli farið að skilgreina baráttu sína eða heyja hana á mannréttindaforsendum. Það á t.d. við um samtök fatlaðra og fleiri slíkra hópa sem hafa átt á brattann að sækja hvað varðar fullgild mannréttindi og fullgilda þátttöku í samfélaginu. Að sjálfsögðu er mikilvægt að menn bregði upp mannréttindagleraugunum eins og ég hef heyrt hv. þm., frumflytjanda málsins, oft segja þegar þeir skoða hluti af þessu tagi. Það er beitt í slíkri baráttu. Það ýtir við mönnum. Það stuðar jafnvel marga og ég veit að sumum finnst sjálfsagt skrýtið að taka þannig til orða að barátta fyrir réttindum hálfs hluta mannkynsins sé mannréttindabarátta. En auðvitað er hún það rétt eins og baráttan er fyrir algildum mannréttindum okkar allra hvort sem við erum öll saman eða í smærri hópum.

Þetta frv. er að mínu mati sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur einmitt verið ítarlega rædd, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni áðan, þar sem tilhneiging er til vaxandi launaleyndar í þjóðfélaginu og það hvernig opnir gagnsæir almennir félagslegir kjarasamningar hafa á margan hátt átt á brattann að sækja í samfélaginu á síðustu tímum gegn stríðum mótvindum frjálshyggju og einstaklingshyggju sem hefur tilhneigingu til að vilja ýta þessu undir borðið, vilja færa þetta yfir í einstaklingsbundna samninga, geðþóttaákvarðanir einstakra stjórnenda eða ráðamanna. Gegn slíku öllu saman er í fyrsta lagi varðstaðan um gagnsæja félagslega kjarasamninga gríðarlega mikilvæg en líka þetta, þ.e. þær eftirlitsstofnanir sem eiga að hafa eftirlit með því, eins og Jafnréttisstofa, að lög séu ekki brotin að þessu leyti, að mannréttindi séu ekki brotin á mönnum hvað varðar jafnan rétt og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kynferði. Það skiptir miklu máli að menn hafi tæki og úrræði í sínum höndum af því tagi sem hér er gert ráð fyrir að komi með nýrri grein inn í jafnréttislögin.

Ég vil segja um heimildir Jafnréttisstofu sem frv. gerir ráð fyrir að hún fái í hendur að mér finnast þær sjálfsagðar og jafnvel þó meira hefði verið. Ég ætti ekki í nokkrum einustu vandræðum með að rökstyðja það að ef eitthvað væri mætti Jafnréttisstofa hafa sterkari og afdráttarlausari heimildir til þess t.d. að sækja sér þær upplýsingar sem hún kynni að hafa þörf fyrir í baráttu sinni frekar en hitt. Ef við hugsum þetta þannig þá hlýtur það að teljast stórskrýtið ef samkeppnisyfirvöld, Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirlit, skattyfirvöld, Evrópska eftirlitsstofnunin ESA og fleiri aðilar eigi að hafa miklu sterkari og ríkari heimildir til þess að sækja sér gögn, að fara inn í fyrirtæki, koma þangað fyrirvaralaust og leggja hald á gögn en sú stofnun sem á að gæta undirstöðumannréttinda sem jafnrétti kynjanna auðvitað eru og sem snýr að einstaklingunum en ekki fjármagni eða leikreglum fyrirtækja á markaði. Værum við ekki að verðleggja ansi ódýrt mannréttindabaráttuna ef við féllumst á að það væri eitthvað síður ástæða til þess að stofnun með hlutverk af þessu tagi hefði svona heimild? Ég býð þeim mönnum upp á dekk sem ætla að reyna að halda einhverju öðru fram og spái þeim ekki velfarnaði í þeirri rökræðu.

Frumvarpið er hins vegar þannig og það er ábyggilega hyggilegt, a.m.k. sem fyrsta skref í þessum efnum, að þar er um mildilegar heimildir að ræða. Það er hvergi farið offari í þessu efni. Þarna eru Jafnréttisstofu ætlaðar heimildir til að afla sértækra upplýsinga, krefja fyrirtæki eða launagreiðendur um upplýsingar og til þess eru veittir frestir og allt í þeim efnum þannig að þar er vægilega og mildilega um hlutina búið.

Jafnréttisstofa yrði þá eftirlitsstofnun að þessu leyti. Í raun er verið að leggja til að Jafnréttisstofa verði meira en sú ráðgefandi, fræðandi og upplýsandi stofnun sem henni er í grunninn ætlað með lögum nr. 96/2000. Hún yrði þá til viðbótar, ef svo má að orði komast, virk eftirlitsstofnun með heimildum eða tækjum til þess að annast eða rækja það hlutverk. Menn skulu þá hafa í huga að við erum að tala um lög sem banna algerlega tiltekna hluti og brot á þeim geta sætt viðurlögum samanber viðurlagaákvæði jafnréttislaganna. Menn geta þar sætt bæði skaðabótum samkvæmt almennum reglum og enn fremur má dæma þá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brjóta gegn þessum lögum. Það má dæma þá til að greiða þeim sem misgert er við bætur fyrir fjártjón ef því er að skipta en einnig vegna miska. Af hverju er það? Það er vegna þess ef menn verða fyrir því að á þeim er brotinn réttur í þessu sambandi þá snýst það iðulega um beint fjártjón í þeim skilningi að þeir hafi ekki fengið greidd laun eins og þeim bæri á jafnréttis- og jafnræðisgrundvelli við aðra af gagnstæðu kyni. Menn geta líka orðið fyrir verulegum miska vegna þess að þeir hafa goldið kynferðis síns við stöðuráðningar eða jafnvel verið vikið úr starfi og goldið í þeim efnum kynferðis síns eins og nýleg og heldur ljót dæmi eru kannski um.

Mér er auðvitað ofarlega í huga, frú forseti — og að því leyti til er líka skaði að hafa ekki hæstv. félmrh. hér — sú óhæfa þegar framkvæmdastýra Jafnréttisstofu var hrakin úr starfi sínu algerlega að ósekju nú fyrir nokkrum mánuðum. Svo kemur í ljós að engin tilefni voru til þess. Engar málsástæður voru til þess að knýja fram starfslok þessarar mætu framkvæmdastýru samanber niðurstöðu Hæstaréttar í því máli sem þar kom við sögu. Viðkomandi hafði sinnt því starfi af stakri kostgæfni og lagt alla orku sína í þá uppbyggingu sem hin nýja Jafnréttisstofa var að ganga í gegnum og án þess að nokkrar aðfinnslur, hvað þá áminningar eða annað slíkt, væru til staðar gagnvart embættisfærslu hennar. Það er lítill sómi að því fyrir hæstv. félmrh. að vera með það mál á bakinu og ég hvet þá hv. þingmenn og tilheyrendur, ef einhverjir kynnu að vera að þessari umræðu, til að lesa nýjasta tölublað tímaritsins Veru sem kemur enn út sem betur fer og er eitt af allra merkustu tímaritum sem hér halda velli. Þar er viðtal við Valgerði H. Bjarnadóttur þar sem farið er yfir það mál. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. hafi lesið viðtalið og meðan við heyrum ekki frá honum athugasemdir leyfi ég mér að líta svo á að það sem þar er sagt standi sem rétt og raunsönn frásögn af þeim atburðum sem þar urðu. Ég segi það bara fyrir mitt leyti standandi hér að ég vildi ekki sem ráðherra jafnréttismála á Íslandi hafa það á bakinu sem hæstv. félmrh. Árni Magnússon hefur í þeim efnum.

Ég held að það sé afar mikilvægt að frv. fái ítarlega umfjöllun. Ég spái því framgangi á Alþingi. Ég er sannfærður um að þetta er eitt af þeim málum sem mun vinna fyrir sér sjálft og þess verður ekki langt að bíða að þessar breytingar eða aðrar af sambærilegum toga verði komnar í jafnréttislöggin. Ég held að allir hljóti að viðurkenna að það er í raun og veru svo sjálfsagt þegar þetta er skoðað betur að taka skref af þessu tagi til að styrkja stöðu Jafnréttisstofu og gera eftirlit með lögunum virkt og beitt, að það eina sem menn hljóta að segja í þeim efnum þegar þeir hafa kynnt sér málið er: Hvers vegna í ósköpunum var ekki búið að þessu fyrir löngu? Það er a.m.k. mín niðurstaða. Auðvitað hafa ýmsir ágætir hlutir gerst í þessum efnum og við höfum viljað trúa því á undanförnum árum að okkur væri að miða eitthvað áfram en a.m.k. ekki aftur á bak í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og ég tel, eins og ég hef áður nefnt, að fæðingarorlofslögin hafi verið stór tímamót í þeim efnum. Reyndar má segja að áður en þau komu til var búið að brjóta ísinn þó í litlu væri með sjálfstæðum rétti feðra til fæðingarorlofs sem ekki væri yfirfæranlegur. Það vill svo til að meðal flutningsmanna þess frv. erum við tveir, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem fyrst fluttum málið inn í sali Alþingis, að tekið yrði í lög ákvæði um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Fluttum við um það þáltill. og skömmu síðar kom frv. frá ríkisstjórn um slíka breytingu. Það tímabil varði að vísu stutt, þ.e. að sá sjálfstæði réttur væri aðeins tvær vikur en nóg til þess að ýmsir nutu þess og þar á meðal sá sem hér stendur, en ég hefði gjarnan viljað að sá tími yrði lengri, þrír mánuðir eins og nú er.

Hitt er alveg ljóst, frú forseti, að þetta gengur allt of hægt. Baráttan við t.d. hinn illræmda kynbundna launamun gengur eiginlega ekki neitt. Það má jafnvel velta því fyrir sér hvort okkur sé ekki sumpart að miða aftur á bak í þeim efnum. t.d. á hinum almenna vinnumarkaði vegna þróunar sem þar er í átt til þess sem hér hefur oft verið nefnt, meiri einstaklingsbundinna samninga og þess sem greinilegt er að hinn kynbundni launamunur að þessu leyti virðist leita út í ýmsar óumsamdar greiðslur og aðallega felast í því að menn eru með greiðslur fyrir utan og til hliðar við eða ofan á hin umsömdu föstu laun, eðlilega, því enginn gengst við því með berum orðum að þau séu höfð misjöfn. Þá koma til sögunnar greiðslur fyrir bifreiðahlunnindi, óunna yfirvinnu eða hvað það nú er, jafnvel ferðalaga- og dagpeningasporslur og guð má vita hvað, sem í raun er grímulaus kynbundinn launamunur.

Aðalorrustan stendur um láglaunaástandið í þjóðfélaginu. Það þarf að ráðast gegn því með oddi og egg vegna þess

að konur eru að miklum meiri hluta til í láglaunastörfunum borið saman við karla. Ástandið er gersamlega óþolandi og ólíðandi og við getum ekki sætt okkur við það, sem höfum lengi staðið í eldlínu stjórnmálanna og reynt að berjast í þessum efnum, að okkur sé ekki að miða meira áfram en raun ber vitni. Þess vegna fagna ég frv. alveg sérstaklega, frú forseti.

[17:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en mig langar til að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að eðlilegt hefði verið að hæstv. félmrh. hefði verið viðstaddur umræðuna. Það er staðreynd að mörg góð mál sem fram hafa komið í þinginu eru bókstaflega þöguð í hel. Það fer fram um þau ein umræða, síðan er þeim vísað til nefndar og þar eru þau látin daga uppi. Þess vegna hefði verið eðlilegt að fulltrúar allra stjórnmálaflokka hefðu komið að umræðunni og lýst afstöðu sinni til málsins.

Ég ætla ekki að gera lítið úr almennum málum sem hér eru lögð fram af hálfu þingmanna. Menn eru að leggja áherslu á ýmsa þætti með þáltill. þar sem þeir vilja að tiltekin mál séu sett í brennifókus. Það sem aðgreinir þetta þingmál frá ýmsum öðrum er að hér er á markvissan hátt í lagafrv. settar fram hugmyndir um hvernig taka megi á launamisrétti kynjanna. Hér er markviss tillaga um hvernig skuli bera sig að og eðlilegt hefði verið að fulltrúar allra stjórnmálaflokka hefðu komið inn í umræðuna og skýrt afstöðu sína, ekki síst hæstv. félmrh.

Ég heiti á menn í félmn. sem munu væntanlega fá frv. til umfjöllunar að láta málið ekki daga uppi. Fyrir okkar leyti munum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem stöndum að frv. undir forustu hv. þm. Atla Gíslasonar, ekki láta okkar eftir liggja og munum engan veginn láta málið daga uppi.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill upplýsa að hæstv. félmrh. hefur verið gert viðvart um óskir hv. þingmanna. Hæstv. félmrh. er mjög önnum kafinn að því er upplýst er og biðst frekar undan því að mæta í þingið, nema þess sé sérstaklega krafist.)

[17:37]

Flm. (Atli Gíslason):

Frú forseti. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir lýsti yfir stuðningi við frv., fyrir utan samflokksmenn mína. Ég þakka henni stuðninginn sem kom mér að vísu ekki á óvart. Hv. þm. er auðvitað kunn að skoðunum sínum á þessu sviði.

Það er svo ótrúlega víða sem manni birtast þessi mannréttindabrot, þetta gríðarlega vanmat á störfum kvenna, og temji maður sér að horfa á einstök mál með kynjagleraugum eða með mannréttindagleraugum og æfir sig á því, kemur þetta upp á hverjum einasta degi. Með verri dæmum sem ég hef séð nokkuð lengi urðu á vegi mínum í gær þegar hér var rætt um tímakaup fanga. Tímakaup fyrir trésmíði, járnsmíði og þvott á bílum voru greiddar með 350 kr. en hin hefðbundnu kvennastörf, þrif innan húss, með 280 kr. Enn verra varð mér við þegar hæstv. dómsmrh. upplýsti að ákvörðunin væri tekin út frá arðsemi vinnunnar. Ég hygg satt best að segja að ég hafi ekki orðið meira undrandi lengi því ég hélt að grunnur þess að Alþingi starfaði væri að húsið væri þrifið reglulega. Ekki stæðum við lengi hér ef húsið væri ekki þrifið eins vel og það er gert á hverjum degi og gengið um það með miklum sóma.

Ég skora á þá sem horfa á mál á Alþingi, og auðvitað horfir fjöldi jafnréttissinna á öll frv. sem koma fram, öll þingmál, að horfa á þau með kynjagleraugum eða kvenfrelsisgleraugum og gera athugasemdir í hvert skipti sem mönnum verður á við að samþætta hagsmuni kvenna inn í þingmál.

Það eru vonbrigði fyrir mig að fleiri þingmenn skyldu ekki taka til máls og e.t.v. fyrst og fremst þingmenn ríkisstjórnarflokkanna. Ég verð líka að segja eins og er, að þegar rætt er um mannréttindamál á þingi hygg ég að hæstv. félmrh. hafi þurft að vera í ærið brýnum önnum til að láta vera að mæta og segja hug sinn til þessara mála, ungur maðurinn. Ég læt öðrum um að dæma um áhugaleysi þeirra, m.a. um áhugaleysi hæstv. félmrh.

Ég sagði í fyrri ræðu minni að það væri ekki tiltökumál að veita Samkeppnisstofnun og fleiri aðilum valdheimildir og eftirlitsheimildir og lýsti því með dæmi. Ég vísaði þar til 39. gr. samkeppnislaga þar sem allar heimildirnar eru veittar og mun fleiri. Þó er samkeppni ekki getið í stjórnarskránni. En kvenna er sérstaklega getið í 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og brot gegn samkeppnislögum varða milljónatugi í stærstu málum en mannréttindabrotin mega liggja á milli hluta. Ríkisstjórninni hefur ekki þótt tiltökumál að setja inn í lög eftirlitsheimildir af ýmsum toga. Síðast get ég nefnt frv. til laga um fasteignasala sem liggur fyrir allshn. núna og er þar til afgreiðslu. Þar er gert ráð fyrir að eftirlitsmenn fari þriðja hvert ár til hvers fasteignasala á landinu til skoðunar og fari í skjöl og bókhald og allt slíkt, jafnvel þó að ekkert liggi fyrir um rökstuddan grun um brot á lögum. Engu að síður leggur ríkisstjórnin til að hver og einn fasteignasali sæti skoðun þriðja hvert ár. Það ætti því vart að vera tiltökumál að veita frv. og þeim eftirlitsheimildum sem þar eru veittar brautargengi, og það öflugt brautargengi.

Ég minntist á það áðan að menn hefðust ólíkt að í heiminum. Hér gleymist 8. mars, hann er gleymdur forustumönnum þjóðarinnar í ríkisstjórn og víðar meðan forsrh. Noregs sá sérstakt tilefni til þess fyrir tveimur árum að grípa til stjórnvaldstækja sem hafa dugað. Ekki er hann félagsmaður í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Hann er íhaldsmaður sem skynjar fullkomlega að verið er að brjóta mannréttindi. (**Gripið fram í:** Kristilegur.) Kristilegur íhaldsamaður, það er kannski þess vegna. Ríkisstjórnin í Noregi undir forustu Kjells Magnes Bondeviks hefur farið lengra. Hún sættir sig ekki við að konur komi hvergi að einkarekstrinum nema með smásmugulegum hætti, í stjórnum og annað.

Nú fara í hönd ársfundir eða hluthafafundir, aðalfundir allra stærstu hlutafélaga landsins. Við munum sjá myndir í blöðunum á hverjum degi af stjórnarborðinu. Það er auðvelt fyrir hvern mann að gera talningu á þeim stjórnarborðum og sjá hver hlutur kvenna er í að stjórna landinu. Þegar svo er þarf að búa til stjórnvaldstæki. Hér er eitt stjórnvaldstæki til umræðu og orðið tímabært að setja þau upp, það eru kynjakvótar. Það er heldur ekki hægt að horfa upp á það að konum fækki á Alþingi eins og gerðist í síðustu kosningum. Það er þyngra en tárum taki. Ef þetta gengur þannig fyrir sig í stjórnmálaflokkunum verður að setja kynjakvóta við alþingiskosningar, annað er ekki hægt, setja stjórnvaldstæki. Það er þörf á róttækum aðgerðum vegna þess að mannréttindabrot kalla á róttækar aðgerðir.

Kvenfrelsi hefur verið leiðarljós Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs alveg frá stofnun hreyfingarinnar og hreyfingin hefur samið ítarleg stefnudrög um kvenfrelsi. Þetta

eru drög og þau eru enn í vinnslu eins og allir málaflokkar Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs. En þetta er einn meginkjarninn í stefnu flokksins, auk áherslu á umhverfismál og fleiri mál. Stefnudrögin segja eiginlega allt sem segja þarf í kvenfrelsismálum og opnuðu um margt augu mín þótt ég teldi mig þokkalega sjóaðan í þessu mikilsverða máli, hafandi fylgst með því frá því að rauðsokkurnar komu fram á sínum tíma. Við látum ekki staðar numið við að setja drög heldur fléttum við þessu inn í öll önnur stefnumál eins og við gerum varðandi umhverfismálin líka.

Frumvarpið sem hér er frammi er beitt vopn í mannréttindabaráttu kvenna, verði það að lögum, og ekki bara beitt vopn gagnvart einstökum atvinnurekendum, stofnunum eða ríkisfyrirtækjum. Það er ákveðið fordæmi út á við, það er ákveðið leiðarljós þannig að ef þessi vilji Alþingis kemur fram er sá vilji fordæmi fyrir þá sem stunda rekstur fyrirtækja, hvort sem er í einkarekstri eða opinberum rekstri og e.t.v. hugsa forstöðumenn ríkisstofnana eða stórra hlutafélaga sig um tvisvar og e.t.v getum við þá búið til þann samkeppnisgrunn sem Bjarni Ármannsson talaði um að mundi leysa kynbundna launamuninn. Hann verður ekki leystur fyrr en konur standa jafnfætis körlum á öllum sviðum. Þar á ég líka við um fjölskylduábyrgðina.

Mannréttindi eru brotin á konum alla daga ársins. Gegn því verður að snúast af þeim sem þora, af þeim sem vilja og af þeim sem geta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð þorir, getur og vill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:48]

Útbýting þingskjala:

Búnaður og húsnæði á varnarsvæðinu, 744. mál, fsp. GÁS og JGunn, þskj. 1114.

Framboð og kjör forseta Íslands, 748. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1119.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1117.

Lánveitingar Íbúðalánasjóðs, 742. mál, fsp. KLM, þskj. 1112.

Málefni fatlaðra, 364. mál, svar félmrh., þskj. 1061.

Ofbeldi í fíkniefnaheiminum, 500. mál, svar dómsmrh., þskj. 1060.

Stuðningur Byggðastofnunar við fiskeldisstöðvar, 745. mál, fsp. VF, þskj. 1115.

Tvöföldun Vesturlandsvegar, 741. mál, fsp. VF, þskj. 1105.

Úrskurðarnefndir, 746. mál, fsp. AtlG og SigurjÞ, þskj. 1116.

Verðmyndun á grænmeti, 501. mál, svar landbrh., þskj. 1111.

Þjónusta við varnarliðið, 743. mál, fsp. JGunn og GÁS, þskj. 1113.

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 568. mál. — Þskj. 858.

[17:50]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk. Megintilgangur hennar er að tryggja að réttur þeirra sem hafa þörf fyrir lögfræðiaðstoð verði ekki fyrir borð borinn sökum fátæktar eða vanefna.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að koma á opinberri lögfræðiaðstoð með það að markmiði að tryggja að efnalítið fólk geti leitað réttar síns. Aðstoðin taki til lausnar á lögfræðilegum álitaefnum og til mála sem lögð eru fyrir dómstóla og falla ekki undir ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð vegna gjafsóknar.

Dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á haustþingi 2004.“

Ástæðan fyrir því að þetta mál er hér lagt fram er að samfélagið er sífellt að verða flóknara og tæknivæddara og miklar breytingar hafa orðið á réttindum og skyldum fólks, m.a. með aukinni alþjóðavæðingu. Það er oft ekki á færi hins almenna borgara að fylgjast með réttindum sínum eða leita réttar síns nema með lögfræðilegri aðstoð. Einnig verður sífellt dýrara að leita sér slíkrar aðstoðar í lögfræðilegum málum og að reka mál fyrir dómstólum. Mál þetta snýst því að verulegu leyti um það að allir séu jafnir fyrir lögum og hafi sömu möguleika á að leita réttar síns í þjóðfélaginu. Að öðrum kosti er hætta á að efnalítið fólk glati þeim réttindum sem það hefur.

Álitaefni sem tengjast löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk eru t.d. á hvaða réttarsviðum lögfræðiaðstoð eigi að vera, hverjir og hvaða tekjuhópar eigi að njóta hennar, hverjir eigi að hafa á hendi ákvörðun og úrskurð í álitaefnum sem upp kunna að koma og hverjir eigi að veita þjónustuna. Í grein sem Gunnar Eydal hdl. og Ragnar Aðalsteinsson hdl. skrifuðu í Úlfljót fyrir þó nokkuð mörgum árum kemur fram að við úrlausn þessa máls þurfi að skoða eftirfarandi þætti, með leyfi forseta:

„a. Hverjir skulu eiga rétt til slíkrar lögfræðiaðstoðar og hversu mikil á hún að vera.

b. Hvaða aðili á að ákveða hverjir skuli eiga rétt til aðstoðar.

c. Á hvaða réttarsviðum á að veita aðstoðina.

d. Hverjir eiga að veita lögfræðiþjónustuna.“

Flutningsmaður þessarar þáltill. telur framangreind atriði helstu viðfangsefni sem taka þurfi á í löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk.

Réttaraðstoðin er oft takmörkuð við ákveðna málaflokka en algengustu málaflokkar sem óskað er aðstoðar við eru sifja- og erfðamál. Í Danmörku þar sem slík aðstoð fyrir efnalítið fólk hefur verið við lýði nær lögfræðiaðstoðin til eftirtalinna málaflokka:

a. persónu-, sifja- og erfðaréttarmálefna,

b. skaðabóta utan samninga,

c. vátryggingarmálefna,

d. lausaurakaupa eða samninga um verksleigu, þar með talið verk- og viðgerðarsamninga, þó ekki í atvinnuskyni,

e. leigu á íbúðarhúsnæði og ágreinings í sambandi við öflun íbúðarhúsnæðis,

f. vinnusamninga og orlofs,

g. mála sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kæra út af ákvörðunum þessara stjórnvalda.

Einnig tekur aðstoðin til samningar umsókna um gjafsókn.

Það er athyglisvert, herra forseti, að Ísland sker sig nokkuð úr varðandi löggjöf um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk en í flestum nágrannaríkjum okkar er að finna reglur og löggjöf um réttaraðstoð við tekjulítið fólk og lögfræðiaðstoð við almenning. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa slíkar reglur verið í gildi í 30–40 ár. Aðstoðin er að öllu jöfnu tekju- og eignatengd en mörkin eru mismunandi eftir ríkjum. Auk þess er ekki óalgengt að þeir sem leita sér þessarar aðstoðar taki einhvern þátt í kostnaðinum. Mismunandi er hver annast þjónustuna og virðist það ýmist vera ríkisvald eða ríki og sveitarfélög sameiginlega. Einnig er það breytilegt eftir löndum hvort lögfræðiaðstoðin er veitt af sjálfstætt starfandi lögmönnum gegn greiðslu frá hinu opinbera eða af sérstökum skrifstofum hins opinbera þar sem lögmenn starfa á föstum launum.

Þó að ekki hafi verið sett lög hér á landi um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk hefur lögfræðiaðstoð Orators og Lögmannafélags Íslands gegnt veigamiklu hlutverki í að aðstoða fólk í lögfræðilegum málefnum og við að leita réttar síns. Einnig ber að geta þess að ýmis önnur félagasamtök hafa verið með lögfræðilega leiðbeiningarþjónustu fyrir félagsmenn sína. Slík aðstoð kemur þó aldrei í stað þeirrar lögfræðiaðstoðar sem efnalítið fólk hefur áratugum saman átt rétt á í nágrannaríkjum okkar enda felst þjónusta þessara félaga fyrst og fremst í ráðgjöf um réttarstöðu þeirra sem þangað leita og hugsanlega framvindu máls þeirra. Ef frekari aðstoðar er þörf verður viðkomandi að leita annað og greiða fyrir þá þjónustu.

Þá er í lögum um meðferð einkamála að finna ákvæði um gjafsóknarheimildir. Samkvæmt þeim getur gjafsóknarnefnd mælt með því að gjafsókn verði veitt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi verður málstaður umsækjanda gjafsóknar að gefa nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarna en auk þess verður að fullnægja skilyrðum um annaðhvort efnahag eða hagsmuni umsækjanda.

Á síðasta áratug hafa þrívegis verið lögð fram stjórnarfrumvörp um opinbera lögfræðiaðstoð sem greidd yrði úr ríkissjóði að hluta eða að fullu til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Síðast var slíkt frumvarp lagt fram á 118. löggjafarþingi en áður á 112. og 113. löggjafarþingi. Einnig má nefna að árið 1974 var lögð fram tillaga á Alþingi frá þingmönnum um sama efni sem ekki náði fram að ganga. Af umræðum um fyrrgreind stjórnarfrumvörp á sínum tíma er ljóst að mikill vilji var fyrir framgangi málsins og má í því sambandi nefna að á 113. löggjafarþingi var málið afgreitt samhljóða úr allsherjarnefnd en náði þó ekki fram að ganga.

Það er skoðun mín, herra forseti, að þetta mál hafi hljómgrunn á hv. Alþingi miðað við það sem ég sagði, þetta hefur meira að segja náð það langt að þetta hefur farið úr allshn. þó að af einhverjum ástæðum hafi málið stöðvast eftir að það kom aftur til 2. umr. Ég vona því að málið fái farsæla niðurstöðu hér á þinginu. Ég flutti þetta mál á síðasta þingi og þá náði það ekki fram að ganga. Eftir því sem ég best veit, herra forseti, fékk það litla umfjöllun í þeirri nefnd sem fékk málið til meðferðar, sem ég hygg að sé allshn. Eftir því sem ég hef komist næst hefur það ekki einu sinni verið sent þar til umsagnar.

Herra forseti. Ég vil í lokin segja að með flóknara þjóðfélagi og flóknara réttarkerfi verður sífellt erfiðara fyrir efnalítið fólk að leita réttar síns. Það er markmið þessarar tillögu að fela stjórnvöldum að leggja fyrir Alþingi frv. til laga á haustþingi 2004 sem tryggi að efnalítið fólk hér á landi eigi rétt á sambærilegri lögfræðiaðstoð og tíðkast hjá helstu nágrannaþjóðum okkar.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þetta þingmál, till. til þál., en ég leyfi mér að spyrja, hæstv. forseti: Hvar eru stjórnarsinnar við þessa umræðu? Hvar eru fulltrúar Sjálfstfl.? Hvar eru fulltrúar Framsfl.?

Aftur og ítrekað gerist hið sama, fulltrúar þessara flokka láta ekki sjá sig þegar verið er að taka á málefnum sem snerta þá hópa í samfélaginu sem búa við erfiðustu kjörin. Þá hverfa fulltrúar stjórnarmeirihlutans af þingi. Ég held að það sé rétt að á meðal almennra þingmanna sé mikill stuðningur við þetta þingmál en það er ekki látið reyna á hann. Það hefur áður verið talað fyrir þessu máli af hálfu sama hv. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur. Málið hefur farið til nefndar og hún upplýsir það hér að nefndin hafi ekki einu sinni sent það til umsagnar.

Mér finnast þetta vera forkastanleg vinnubrögð.

Með þáltill. fylgir ítarleg greinargerð þar sem vísað er í samsvarandi löggjöf á Norðurlöndum, í Danmörku og víðar, sem lagt er til að verði lögfest hér á landi en málið fæst ekki einu sinni rætt.

Ég lít svo á að hér sé mikið þjóðþrifamál á ferðinni. Áhugamenn um sögu þekkja það að þegar frjálslyndisstefnan ruddi sér til rúms á 19. öld var lögð á það áhersla af hálfu þeirra sem báru uppi merki hennar að tryggja að einstaklingarnir stæðu jafnfætis frammi fyrir stofnunum samfélagsins. Meðal þessara stofnana voru að sjálfsögðu dómstólar. Síðan fór að renna upp fyrir mönnum að það væri eitt að tryggja í orði kveðnu jafnan aðgang að dómstólunum og annað að gera það í reynd. Þessi umræða kom hér upp mjög ákveðið fyrir fáeinum árum, allnokkrum árum, í tengslum við gjaldþrotahrinu í samfélaginu og þá voru stofnuð sérstök samtök, G-samtökin, sem börðust fyrir gjafsókn. Þar sögðu menn reynslusögur. Ég minnist þess að hafa komið á fundi samtakanna þar sem fólk var að kynna málstaðinn, fólk sem hafði gengið í gegnum gjaldþrot, og lýsti því hvernig það hefði leitað aðstoðar hjá lögmönnum sem spurðu að sjálfsögðu hvert tilefnið væri. Svarið var gjaldþrot. Þá var spurt hvernig viðkomandi ætlaði að greiða fyrir málskostnaðinn. Svarið var að hann yrði ekki greiddur. Þá urðu að sjálfsögð engin málaferli. Dómstólarnir stóðu öllum opnir en efnahagur viðkomandi kom í veg fyrir að hann fengi notið þeirra réttinda sem stjórnarskráin á að tryggja. Út á það gengur þetta þingmál, að tryggja efnalitlu fólki lögfræðiaðstoð og það er tilgreint í hvaða tilvikum það skuli gert. Ég tel að þetta sé sett fram á mjög málefnalegan hátt, tek heils hugar undir þetta þingmál og mun gera mitt til að veita því brautargengi í þinginu.

[18:02]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Ég fagna þessari endurfluttu tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og þakka henni eljusemi og dugnað við að framfylgja þeirri hugsjón eins og hún hefur

gert um árabil. Málið er mér nokkuð skylt. Ég hef komið að því alveg frá 1974, fyrst þegar ég var við framhaldsnám í Noregi og kynntist starfsemi sem kölluð var Juss-Buss. Eftir það var ég ásamt félaga mínum með ókeypis lögfræðiaðstoð á árunum 1977–1978 sem varð síðan að lögfræðiaðstoð Orators seinna, upp úr 1980. Þar hef ég verið ásamt Birni Ólafi Hallgrímssyni hæstaréttarlögmanni, Hilmari Magnússyni hæstaréttarlögmanni, Hildu Rós Úlfarsdóttur héraðsdómslögmanni og Karli Ó. Karlssyni, laganemum til ráðgjafar þegar aðstoðin er veitt á hverju fimmtudagskvöldi. Þar veita laganemar mjög gagnlega ráðgjöf. Hún er ekki síður gagnleg laganemum til náms og mikilvæg reynsla þeim til handa fyrir framtíðina. Ég beini því til þingmanna og fjárlaganefndar að veita laganemum og lögfræðiaðstoð Orators dyggari stuðning til starfseminnar en verið hefur. Ég ætla þó ekki að vanmeta að dómsmrh. hefur veitt stuðning sem hefur gert kleift að halda þessari starfsemi úti í rúm 20 ár.

Á aðalfundi Lögmannafélagsins 1977–1978 flutti ég tillögu um gjafsókn ásamt Ragnari Aðalsteinssyni. Hún var samþykkt. Skipuð var nefnd sem ég átti sæti í og hún skilaði af sér frv. sem ekki varð að lögum en við endurskoðun og réttarfarsbreytingar árið 1992 urðu að lögum núgildandi gjafsóknarákvæði sem hv. frummælandi hefur gert grein fyrir.

Á því kerfi eru ágallar. Þeir eru slíkir að það er brýnt að þessi till. til þál. nái fram að ganga. Ég vil hlaupa örstutt á þeim göllum. Í fyrsta lagi, sem er e.t.v. það alvarlegasta, virðist gjafsókn í opinberum málum vart vera til þó hún sé skuldbundin í mannréttindasáttmálanum, að fangar eigi að fá kostaða vörn sína, þ.e. ekki fangar heldur þeir sem eru sóttir í opinberum málum. Það er svo í orði kveðnu að ríkið borgar verjanda þóknanir lögmanna en endurkrefur hina dæmdu jafnvel mörgum árum eftir að dómur féll. Það er óviðunandi fyrir menn sem hafa breytt lífsferli sínum, stofnað fjölskyldur og komið undir sig fótunum, að þá birtist allt í einu innheimtukrafa frá ríkissjóði 5–7 árum seinna þar sem á að greiða málskostnað. Auðvitað á að skoða efni og aðstæður hins ákærða þegar ákæra er gefin út og málsmeðferð fer fram fyrir dómi. Það á að vera grundvöllur þess að gjafsókn sé veitt og málsvörnin ókeypis eins og mælt er fyrir í mannréttindasáttmálanum. Þetta er blettur á þessum málum.

Annað vil ég nefna sem gerir þessa till. til þál. brýna. Í upphaflegum tillögum sem samþykktar voru á aðalfundi Lögmannafélags Íslands var bæði tekið á þessu með gjafsókn í opinberum málum og líka því sem við köllum gjafsókn utan réttar. Nú er það svo að við búum við sífellt flóknara réttarkerfi og stjórnsýslukerfi, eins og sjá má af þeim lagafrumvörpum sem við erum að sýsla með á hverjum degi. Það verður sífellt erfiðara fyrir hinn almenna borgara að fóta sig á réttarsviðunum, t.d. réttarsviðinu umhverfismál eða réttarsviðum þar sem almannaréttur gildir. Fjöldi mikilsverðra mála er rekinn utan dómstóla. Töluvert af forsjármálum var rekið utan dómstóla. Þau koma nú meira inn fyrir dómstóla vegna gjafsóknarákvæðanna.

Í framhaldinu má nefna mál sem rekin eru fyrir úrskurðarnefndum, t.d. úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Mér var tjáð á fundi umhvn. í morgun að í landinu væru starfandi milli 40 og 50 sjálfstæðar óháðar úrskurðarnefndir. Ég hef í tilefni af því lagt fram fyrirspurn um það í dag, þ.e. hverjar þær eru og kostnað af þeim. Ég tel að þjóðfélagið hafi farið út á ranga braut með þessum úrskurðarnefndum. Ég vil leggja þau mál undir stjórnsýsludómstól eða hina almennu dómstóla, herra forseti. Svo gerist það í úrskurðarnefndunum að þar er úrskurðað og menn þurfa í kjölfarið hugsanlega að fara fyrir dómstóla með skaðabótakröfur ef brotið hefur verið á þeim.

Þetta er eitt, þ.e. úrskurðarnefndirnar 40–50. Þar eru engin gjafsóknarákvæði og enginn málskostnaður dæmdur. Það er yfirleitt ekki heimilt. Það er heimilt hjá yfirskattanefnd og í einni eða tveimur nefndum öðrum. Ég var að fá tvo úrskurði varðandi fasteignamat þar sem bæði málin unnust. Í kringum það var mikill kostnaður en í hvorugu dæminu var greiddur kostnaður vegna þess að það skortir lagaheimild.

Almenningur á ríkuleg erindi við stjórnvöld á hverjum degi og stofnanir ríkisins, Tryggingastofnun og hingað og þangað. Þar eru kveðnir upp úrskurðir þar sem koma oft upp lögfræðilega erfið álitamál til úrlausnar. Á slíkum málum getur efnalítið fólk ekki tekið. Það getur ekki leitað til lögmanns. Það getur ekki borgað lögmanni. Þessi staða mála er okkur til skammar. Þess vegna ítreka ég að ég fagna þessari tillögu og þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur elju hennar í þessum málum.

[18:09]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið hjá hv. 9. þm. Reykv. s. og hv. 8. þm. Reykv. n., Atla Gíslasyni. Það var mikill fengur, herra forseti, að fá þessi innlegg, ekki síst frá hv. þm. Atla Gíslasyni sem vissulega þekkir mjög vel til þessa máls. Það rifjaðist upp fyrir mér þegar ég hlustaði á mál hans að hann hefur mikið komið að þessu í gegnum Orator eins og hann nefndi. Hann hefur gífurlega þekkingu á slíkum málum og því er það mjög mikilvægt innlegg, herra forseti, við 1. umr. málsins að fá álit hans á þessari till. til þál. Athyglisvert var að heyra hann lýsa þeim ágöllum sem eru á framkvæmd mála í dag, t.d. varðandi gjafsóknina. Það er mikilvægt að fá þau sjónarmið inn í nefndina sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég mun svo sannarlega upplýsa a.m.k. fulltrúa Samf. um það. Fulltrúar Vinstri grænna vita örugglega líka um þá ágalla sem hér voru nefndir.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér var ekki kunnugt um þennan ágalla á gjafsóknarleiðinni sem hv. þm. Atli Gíslason vekur athygli á, að þar séum við hreinlega að brjóta mannréttindasáttmála. Mér var ekki kunnugt um að staðan væri svo alvarleg. Mér var ekki ljóst að framkvæmdin væri virkilega með þeim hætti að þótt ríkisvaldið borgi þóknanir lögmanna þá sé það bara að lána þeim sem dæmdir eru fyrir þóknuninni og byrji svo að elta menn uppi þegar þeir eru lausir úr fangelsi. Yfirleitt eiga fangar erfiðan tíma fram undan þegar þeir losna úr fangelsum. Þeir þurfa að byggja sjálfa sig upp og takast á nýjan leik á við lífið, koma sér upp þaki yfir höfuðið og fleira sem menn höfðu ekki gert áður en þeir voru settir í fangelsi. Þess vegna er það mannvonska og ekki hægt að tala um annað ef þannig er virkilega haldið á málum að fyrrverandi fangar séu eltir uppi eins og hv. þm. lýsti.

Ég tel fulla ástæðu til að leggja fram fyrirspurn um hvernig þetta hefur virkilega verið framkvæmt og hvað ríkissjóður hefur getað endurheimt af föngum með þessum hætti. Kannski veit hv. þm. um það en ég get ekki ímyndað mér að það sé mikið. Það eina sem þeir hafa þá upp úr þessu krafsi er að brjóta menn niður á nýjan leik þegar þeir koma úr fangelsi. Hv. þm. upplýsir einnig um gjafsóknir utan réttar.

Það eru vissulega mál sem þarf að skoða, þ.e. mál sem rekin eru fyrir úrskurðarnefnd eins og hv. þm. upplýsir.

Ég tek líka undir með hv. þm. varðandi það sem hann nefnir um Orator. Það er mjög mikilvægt starf, ekki síst meðan við höfum engin úrræði og enga lögfræðiaðstoð eins og nágrannalönd okkar bjóða upp á fyrir efnalítið fólk. Auðvitað er mikilvægt að styðja vel við bakið á Orator og þarf sérstaklega að huga að því við fjárlagagerðina.

Herra forseti. Málið sem við fjöllum um er mannréttindamál. Það snýst um að fólk sé jafnsett fyrir lögum, að fólk hafi jöfn tækifæri til að leita réttar síns. Það má ekki vera þannig að efnalítið fólk glati réttindum sínum af því að það hafi ekki efni á að leita sér lögfræðiaðstoðar. Ég vona, herra forseti, að Alþingi manni sig upp í að a.m.k. dómsmrh. verði falið að skoða það að koma á slíkri lögfræðiaðstoð, þótt ekki verði gengið lengra en skoða kosti þess og galla og hvað það kostar. Menn munu vonandi setjast yfir þetta brýna verkefni sem allt of lengi hefur dregist að setja í lög. Eins og ég rifjaði upp í framsögu minni var fyrst á árinu 1974 lögð fram tillaga um þetta mál á þingi.

Ég vil ítreka þakkir mínar til hv. þm. Atla Gíslasonar og Ögmundar Jónassonar. Það er full ástæða til að upplýsa að þegar málið var síðast til umræðu var það sent til nefndar í byrjun febrúar. Það var ekki einu sinni látið svo lítið, af þeirri nefnd sem fékk málið til umfjöllunar, að senda það til umsagnar. Þess vegna er ástæða, herra forseti, til að þingmenn fylgist hreinlega með því að ekki sé þannig búið að málum að þau fái ekki einu sinni að fara út til umsagnar, þó ekki væri nema til hægðarauka fyrir þá þingmenn sem flytja viðkomandi mál þannig að þeir geti á næsta þingi endurskoðað málin með tilliti til þeirra umsagna sem fram hafa komið. Þó að mál þingmanna fái ekki mikla umfjöllun á þingi eða í nefndum er það lágmarkskurteisi við þingmenn að málum sé ekki bara stungið ofan í skúffu heldur fái þau eðlilega umfjöllun. Það er afar slæmt, herra forseti, að ekki skuli hægt að skiptast á skoðunum við þá sem sitja á slíkum málum og vilja greinilega ekki afgreiða þau í þingsal. Þess í stað þurfum við ítrekað að ræða slík mál eingöngu í skoðanaskiptum milli þingmanna stjórnarandstöðunnar, sem eru sammála í þessu máli og fyrra málinu sem hv. þm. Atli Gíslason flutti, sem er mjög mikilvægt jafnréttis- og mannréttindamál eins og fram kom í þeirri umræðu.

Það er afar slæmt, virðulegi forseti, að þessi virðulega stofnun, sá virðulegi salur sem við stöndum hér í, sé ekki notaður til skoðanaskipta milli andstæðra sjónarmiða og menn geti svo tekist á með rökum um þau deilumál sem uppi eru hverju sinni. Við verðum að líta á málin sem deilumál þegar stjórnarliðar sitja endalaust á málunum og afgreiða þau ekki út úr nefndum. Árum saman fá þau sömu meðhöndlun í nefndum.

Mér finnst þetta raunar, herra forseti, það alvarlegt að þetta þurfi að ræða milli formanna þingflokka, þ.e. meðhöndlun og meðferð á þingmannamálum. Þetta er ítrekað að koma upp í þingsal.

Ég þakka þær umræður sem málið hefur fengið og vonast til að það fái betri og farsælli umfjöllun og meðferð í hv. allshn. á þessu þingi en á því síðasta.

[18:17]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann vel að vera að það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á, að við fáum ekki málefnalega andstöðu eða svör við þingmálum sem snerta mannréttindi hvað þá önnur, hafi leitt til þess að hér eru mjög stundaðar fyrirspurnir um störf Alþingis. Það er spurt um störf þingsins, það eru eilífar utandagskrárumræður og annað slíkt. Kannski fækkaði þeim eitthvað ef menn fengju málefnalega umræðu um þessi brýnu mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, fyrri umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 571. mál. — Þskj. 861.

[18:18]

Flm. (Birgir Ármannsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum. Meðflutningsmenn mínir eru fulltrúar í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, hv. þingmenn Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2003 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins á Eiði í Færeyjum 14.–16. ágúst 2003.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Lagt er til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið og þau verkefni sem sameiginlega verður ráðist í."

Ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundinum í Færeyjum í ágúst var byggð á umræðum og vinnu sem fram fór á sérstakri þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál sem fram fór í Ilulissat á Grænlandi í júní í fyrra. Ályktun ráðsins frá ársfundinum var efnislega á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið ályktar að fela ríkisstjórn Íslands og landsstjórnum Færeyja og Grænlands að fela heilbrigðisyfirvöldum landanna að auka samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Æskilegt er að finna samskiptum vestnorrænu landanna á sviði heilbrigðismála fastan farveg og grundvöll til frambúðar. Samskipti vestnorrænu landanna á heilbrigðissviði hafa verið óformleg á ýmsa lund. Á ráðstefnu um heilbrigðismál á Vestur-Norðurlöndum, sem Vestnorræna ráðið stóð fyrir í Ilulissat í júní 2003, gátu fulltrúar sannreynt það. Á þeirri ráðstefnu kom fram að sums staðar á Vestur-Norðurlöndum skortir margvíslega heilbrigðisþjónustu, en annars staðar er þjónustustigið mjög hátt. Með meiri samhæfingu væri án efa hægt að þjóna íbúum allra Vestur-Norðurlanda betur. Nokkur formleg samvinna hefur þó verið með löndunum á þessu sviði og má þar nefna samkomulag frá árinu 1997 um flutning bráðasjúklinga frá Austur-Grænlandi til læknismeðferðar á Íslandi. Í því samkomulagi segir að stefnt skuli að enn frekara samstarfi um heilbrigðisþjónustu.

Vestur-Norðurlönd eru víðáttumikil, vegalengdir eru miklar og margir staðir afskekktir og því nokkrum erfiðleikum bundið að uppfylla ýtrustu kröfur um samræmda heilbrigðisþjónustu. Vestnorræna ráðið hefur þrátt fyrir það

lagt til að heilbrigðisráðuneyti Íslands og Færeyja og heilbrigðisskrifstofa Grænlands taki upp samstarf og löndin miðli hvert til annars reynslu sinni af rekstri heilbrigðiskerfis og stjórnsýslu, skiptist á upplýsingum um fagleg málefni og kanni hvernig nýta megi krafta lækna og annars fagfólks öllum íbúum vestnorrænna landa til heilla. Þá hefur ráðið lagt til að heilbrigðisráðuneyti Íslands og Færeyja og heilbrigðisskrifstofa Grænlands láti útfæra „samvinnulíkan" sem hægt yrði að styðjast við til að leysa ýmis úrlausnarefni. Einnig hefur ráðið lagt til að framangreind stjórnvöld láti árlega taka saman skýrslu um framvindu samstarfsins sem yrði lögð fyrir þing landanna."

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, leggja til að þessari tillögu verði vísað til síðari umræðu og til hv. heilbrn., að ég hygg.

(**Forseti** (JóhS): Ég geri ráð fyrir að það sé heilbrn. en forseti mun kanna það. Málinu verður vísað til réttrar nefndar þegar að því kemur.)

Ég þakka forseta fyrir og legg þá að lokum til að tillögunni verði vísað til heilbrn. eða annarrar þeirrar nefndar sem forseti telur við hæfi.

[18:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka flutningsmanni þáltill., hv. þm. Birgi Ármannssyni, sem jafnframt er formaður þingmannanefndar Vestnorræna ráðsins á Íslandi, fyrir að hafa lagt tillöguna fram. Ég tel að hér sé mjög gott mál á ferðinni. Ég er sjálfur einn af flutningsmönnum og ég hef tekið þátt í einni ferð frá því að ég hóf störf í þinginu í maí. sl. sem var mjög áhugaverð og lærdómsrík, en það er sú ferð sem hv. þm. Birgir Ármannsson minntist á, á ráðstefnu sem haldin var í Ilulissat á Vestur-Grænlandi í júní á síðasta ári sem einmitt fjallaði um heilbrigðismál. Það var að sönnu mjög lærdómsríkt og athyglisvert og mikil upplifun að fara á þá ráðstefnu og hlusta á erindi sem þar voru haldin. Þarna hélt erindi fólk frá öllum þremur löndunum, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi, og þar komu fram mjög merkileg og athyglisverð sjónarmið og maður sannfærðist í raun og veru um að það hljóti að vera hægt að finna leiðir til þess að nýta heilbrigðiskerfin í þessum þremur löndum betur og að við Íslendingar gætum kannski orðið eins konar miðjupunktur hvað varðar ýmsar tegundir heilbrigðisþjónustu, þ.e. að sjúklingar gætu komið til Íslands frá Grænlandi og Færeyjum.

Grænlenska heilbrigðiskerfið er mjög ófullkomið, vegalengdir á Grænlandi eru miklar og þó nokkuð um ýmsa sjúkdóma sem hægt er að lækna en því miður eru læknar varla fyrir hendi og þar er slæm heilbrigðisþjónusta og mikill barnadauði. Þarna er því sannarlega verk að vinna, mjög þarft og gott verk að vinna. Ég held að við með okkar góðu heilbrigðisþjónustu hljótum að geta hjálpað vinum okkar á Grænlandi með því að efla samstarf við þá á þessu sviði.

Hvað varðar Færeyinga var m.a. nefnt á ráðstefnunni að Færeyingar hefðu t.d. áhuga á heilbrigðisþjónustu varðandi ýmsa hjartasjúkdóma á Íslandi. Það er ekki langur vegur frá Færeyjum til Íslands, það er rétt rúmur einn og hálfur tími að fljúga og sæmilega þokkalegar flugsamgöngur á milli. Færeyingum þykir jafnvel lengra að þurfa að fara til Danmerkur, þeir eru vanir að fara þangað til að sækja heilbrigðisþjónustu ef þeir þurfa á því að halda. Það er reyndar ágætis sjúkrahús í Þórshöfn í Færeyjum.

Ég held að ef okkur tækist að finna farveg í þessu þarfa máli væri mjög vel unnið. Ég vona svo sannarlega að þáltill. fái góða og vandaða afgreiðslu í heilbrn., að ég vænti, og að þingið muni síðan afgreiða hana og þetta samstarf komist á hið fyrsta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 18:27.

83. FUNDUR

mánudaginn 15. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Kosning aðalmanns í útvarpsráð í stað Sigurðar Inga Jónssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.
3. Einkaleyfi, stjfrv., 303. mál, þskj. 1098. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 338. mál, þskj. 412. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv., 552. mál, þskj. 830, nál. 1087. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 164, nál. 1075, brtt. 1076 og 1095. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Stytting þjóðvegar eitt, þáltill., 553. mál, þskj. 831. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 565. mál, þskj. 844. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, þáltill., 568. mál, þskj. 858. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, þáltill., 571. mál, þskj. 861. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 481. mál, þskj. 750, nál. 1094. — Síðari umr.
13. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 611. mál, þskj. 919, nál. 1093. — Síðari umr.
14. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, stjtill., 735. mál, þskj. 1091. — Fyrri umr.
15. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1119. — 1. umr.
16. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 736. mál, þskj. 1096. — 1. umr.
17. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1073. — Síðari umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Viðaukar og bókanir við fríverslunarsamning EFTA og Chiles.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Dýrahald í atvinnuskyni, 540. mál, svar umhvrh., þskj. 1074.

Einkaleyfi, 751. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1122.

Gagnabanki um mænuskaða, 629. mál, svar heilbrrh., þskj. 1088.

Kostnaðargreiningarkerfi í heilbrigðisþjónustu, 609. mál, svar heilbrrh., þskj. 1089.

Tekjuskattur og eignarskattur, 750. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1121.

Útlendingar, 749. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1120.

Veiðar á sjaldgæfum fiski, 587. mál, svar sjútvrh., þskj. 1064.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Stefna ríkisstjórnarinnar varðandi einkavæðingu.

[15:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Erindi mitt er að beina spurningu til hæstv. forsrh. um afleiðingar einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og hvaða áform hún hafi á prjónunum um viðbrögð við því sem úrskeiðis hefur farið og hvort hún hyggist endurskoða fyrri ákvarðanir í ljósi reynslunnar af einkavæðingu síðustu ára. Þá horfi ég ekki síst til fyrirhugaðrar sölu á Landssímanum.

Ég spyr að þessu núna að gefnu tilefni. Bæði hæstv. forsrh. og aðrir ráðherrar, nú síðast hæstv. félmrh. á iðnþingi, hafa lýst áhyggjum yfir þeirri þróun sem orðið hefur í íslensku atvinnulífi og á fjármálamarkaði hvað varðar einokun og eignarhald á fyrirtækjum. Þjóðin þekkir þessa stöðu mætavel. Örfáir aðilar hafa náð undirtökum í efnahagslífinu og hefur það t.d. gerst sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð varaði við þegar ríkisbankarnir voru seldir, að sömu aðilar og fara með völdin í atvinnulífinu hafa nú einnig bankana í sinni eign.

Er eðlilegt, spyr ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, að ofurvald einokunarfyrirtækjanna í íslensku atvinnulífi sé orðið slíkt að á mörkunum sé að það standist siðferðilega mælikvarða? Þá er spurt hvort eðlilegt sé að viðskiptabankarnir verji mestum kröftum sínum og fjármunum, jafnvel með miklum erlendum lántökum, í að brytja niður fyrirtæki í íslensku viðskiptalífi til hagnaðar fyrir sjálfa sig? Hæstv. félmrh. segist hafa tekið eftir því að starfshættir bankanna hafi breyst, þeir hafi áður verið þjónustustofnanir við heimilin og atvinnulífið en nú væru þeir virkir gerendur á fyrirtækjamarkaði. Þetta hljómar nánast eins og upp úr þingræðum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Á þennan veg hefur hæstv. forsrh. einnig mælt og hefur hann horft til þróunar í heimi fjölmiðla, á fjármálamarkaði og í atvinnulífinu almennt. Þess vegna er spurt: Hefur átt sér stað stefnubreyting hjá ríkisstjórninni varðandi einkavæðingu og sölu á ríkiseignum? Hefur t.d. komið til tals að hætta við sölu á Landssímanum í ljósi þess að hann er líklegur til að lenda inni í einokunarsoginu?

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég var algjörlega sammála þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá hæstv. félmrh. í ræðu nýlega, fannst það vera orð í tíma töluð. Ég er hins vegar ekki algjörlega sammála hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundi Jónassyni, um þær niðurstöður sem hann dregur af þeim atburðum sem orðið hafa. Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að einkavæðing á undanförnum árum hafi verið mjög réttmæt og eðlileg þar

sem menn kepptust að því að láta eðlilegan samkeppnisrekstur fara úr forsjá ríkisins yfir á einkamarkað. Í því efni áttum við samleið með öllum öðrum þjóðum á Vesturlöndum og skárum okkur ekki úr. Við hefðum fremur skorið okkur úr öllum öðrum þjóðum á Vesturlöndum hefðum við farið þá leið sem vinstri grænir vildu fara í þeim efnum.

Hitt er annað mál, eins og ég hef bent á og bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. félmrh. hafa bent á, að menn þurfa að huga að leikreglum á markaði. Markaðurinn er að eflast, stækka og styrkjast og það er vel en jafnframt þurfa menn að huga mjög vel að leikreglum á þessum stærri markaði en við höfum áður búið við. Ég held að það sé nákvæmlega verkefnið. Þess vegna hefur hæstv. viðskrh. skipað nefnd um hringamyndun og hugað að slíkum þáttum sem hæstv. félmrh. vék einmitt að í ræðu sinni og hæstv. menntmrh. hefur skipað nefnd sem snýr að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og samþjöppun fjölmiðlaeigenda gagnvart öðrum hlutum á markaði. Þetta hvort tveggja er nú til athugunar og kemur síðan til skoðunar. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að Síminn verði seldur og þeim ákvæðum hefur ekki verið breytt.

[15:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þeim áformum hefur ekki verið breytt, segir hæstv. forsrh. En ég spyr: Er ekki kominn tími til að reyna að draga lærdóma af sögunni? Þegar ákvörðun var tekin um það í þessum sal að gera Landssímann, Póst og síma, að hlutafélagi fyrir fáeinum árum sagði hæstv. þáv. samgrh., núv. hæstv. forseti Alþingis, að að hans mati kæmi ekki til greina að selja Landssímann, hann ætti að vera í eign Íslendinga um ókomin ár. Ég held að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin jafnvel hafi trúað þessu þá.

Núna segir núverandi forstjóri Símans: Æskilegt er að Síminn verði áfram að einhverju leyti í eigu Íslendinga. Er þetta virkilega framtíðarsýnin? Á að halda með allar okkar eignir út úr landinu, hvort sem það er til Búlgaríu eða til annarra staða? Er ekki kominn tími til að draga lærdóm af sögunni?

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef kannski misskilið eitthvað. Ég hef ekki orðið var við að eignir okkar væru fluttar til Búlgaríu. Ég veit ekki betur en að íslenskir menn séu að kaupa eignir í Búlgaríu. En þetta hefur kannski eitthvað farið fram hjá mér, það sem hefur verið að gerast í málinu.

Ég veit ekki betur en að um það hafi verið sæmileg sátt í þinginu, fyrir utan vinstri græna, að það sé skynsamlegt að samkeppnisatvinnurekstur sé ekki í eigu ríkisins. Mér skildist að þetta hefðu verið meginsjónarmið og kölluð nútímaleg sjónarmið varðandi rekstrarþætti.

Á hinn bóginn, og það ítreka ég, verður að gera miklar kröfur til stórra aðila á markaði. Ég tek undir það sem hæstv. félmrh. sagði, bankarnir eiga ekki til lengri tíma að vera með hagsmuni í stjórnum stærri fyrirtækja. Við getum viðurkennt að þeir geti gripið inn í slíkt eignarhald tímabundið en ekki með viðvarandi hætti þannig að það er algjör samhljómur hvað þetta varðar í báðum stjórnarflokkunum.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli þingsins og þjóðarinnar á því hve mótsagnakenndur málflutningur ríkisstjórnarinnar er innan þingsins. Stærstu mótsagnirnar eru að sjálfsögðu í orðum og síðan gjörðum ríkisstjórnarinnar. Hún grætur yfir afleiðingum eigin gjörða en heldur síðan áfram á nákvæmlega sömu braut. Hæstv. forsrh. drepur því á dreif þegar á það er bent að forstjóri Símans telji að Íslendingar kunni að einhverju leyti að halda eign yfir Landssíma Íslands. Að einhverju leyti. Honum finnst það ekkert tiltökumál og varla þess virði að ræða.

En hann víkur að leikreglum, lögum og reglum sem gilda eiga á markaði. Hvernig stendur á því að frv. sem hér hefur verið lagt fram af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að greina á milli fjárfestingarstarfsemi banka og viðskiptabanka er látið daga uppi enda þótt ráðherrar í ríkisstjórninni og stjórnarþingmenn hafi uppi önnur orð þegar það passar?

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Karl einn varð frægur þegar hann sagði: Þetta er afleiðingin af því sem koma skal. Mér finnst einhvern veginn að hv. þingmaður dragi vitlausar ályktanir af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir. Ég tel, og hef ítrekað það, að þó að ríkisstjórnin hafi fært mál í þann farveg að vera ekki með samkeppnisstarfsemi á sinni könnu, finni síðan að sumu leyti að því með hvaða hætti kaupin gerast á eyrinni og ætli að laga þá hluti í framhaldi af því séu menn ekki sjálfum sér ósamkvæmir. Ég tel að ríkisstjórnin hafi verið fullkomlega sjálfri sér samkvæm í meðferð allra þessara mála. Skoðanir forstjóra Símans eru síðan hans skoðanir. Ég er hvorki að andmæla þeim né samþykkja. Þetta eru skoðanir hans.

Starfshópur um eyðingarverksmiðjur.

[15:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þann 30. júní sl. var gengið frá skipan starfshóps á vegum landbrn. til að kanna möguleika á eyðingu sláturúrgangs og skilyrði til reksturs eyðingarverksmiðja. Þetta var gert með vísan til breyttra forsendna í kjötmjölsframleiðslu og samræmdra lausna á landinu öllu við þeim vanda sem uppi er í framleiðslu á kjötmjöli. Hugmyndin að baki skipan þessa hóps var að búa til umhverfi fyrir kjötmjölsverksmiðjur á landinu til að starfa sem eyðingarverksmiðjur í ljósi þeirra miklu erfiðleika sem framleiðslan er í og þeirrar miklu þarfar sem er fyrir fleiri eyðingarverksmiðjur á sláturúrgangi hvers konar.

Áföll á verðlagi kjötmjöls á heimsmarkaði leiddu af sér mikla erfiðleika í rekstri kjötmjölsverksmiðja, svo og hætta vegna riðu og sjúkdóma. Staða kjötmjölsframleiðslunnar hefur því verið afar erfið og horfur í rekstri þeirra vægast sagt slæmar. Þetta er afleit þróun fyrir margra hluta sakir og ekki síst þar sem um er að ræða mikilvægt umhverfis- og byggðamál. Því er þörf fyrir aðgerðir til að hjálpa til við að breyta kjötmjölsverksmiðjunum í eyðingarverksmiðjur.

Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. landbrh.: Hvenær mun starfshópurinn um eyðingarverksmiðjurnar skila af sér og ef hann hefur gert það nú þegar, hverjar eru niðurstöður hans? Til stóð að vinnuhópurinn skilaði af sér innan þriggja mánaða sem hefði þá verið í lok september sl. haust.

[15:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það var fyrir helgina sem ég spurði eftir vinnu starfshópsins og því starfi held ég að geti lokið á allra næstu dögum. Ég mun ganga eftir því að nefndin klári störf sín.

Hitt er svo annað mál að þeir stóru eigendur og öflugu sem áttu og byggðu kjötmjölsverksmiðjuna á Suðurlandi lentu í miklum hremmingum eftir að kúariða kom upp í Evrópu og mögnuð umræða í þá veru. Verðfall varð á þeim markaði sem þeir höfðu fundið sér í Asíulöndum og þar með voru fyrirheit þeirra eða ætlunarverk orðin að engu og þeir sátu uppi með verksmiðju sem hvorki hafði heimsmarkað til að selja inn á né gat selt það hér á landi. Þeir hafa nú horfið að því ráði að verksmiðjan verði eyðingarverksmiðja og um það snúast held ég framtíðarhorfur þessara sterku aðila sem eru margir sláturleyfishafar, sveitarfélög, Sorpa og fleiri sem eiga verksmiðjuna. Nefndin mun auðvitað ljúka störfum en verksmiðjan hefur alfarið verið rekin á þeirra ábyrgð, er einkaeign, nú KB-banka, og ríkið hefur ekki komið að henni sem slíkri.

[15:14]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ánægjuefni að ráðherra ætli að kalla eftir niðurstöðum vinnuhópsins núna þegar fer að banka í að það sé hálft ár frá því að hópurinn átti að skila niðurstöðum sínum. Það er ástæða til að hvetja hann til að kalla svolítið hressilega eftir niðurstöðunum. Hér er um ákaflega brýnt mál að ræða, ekki bara fyrir þá sem reka viðkomandi verksmiðju á Suðurlandi, kjötmjölsverksmiðjuna sem nú hefur verið breytt í eyðingarverksmiðju eftir talsverðar ófarir sem er hægt að rekja til margvíslegra ástæðna. Ekki er mál til að fara yfir þær hér en hæstv. landbrh. gat um þær í máli sínu áðan. Þeim mun mikilvægara er fyrir þessa aðila, svo og þá sem vilja tryggja almennilega og góða eyðingu á sláturúrgangi, að málinu sé fylgt eftir. Þarna er um að ræða mjög mikilsvert umhverfismál, ekki síður en atvinnu- og byggðamál heima í héraði, af því að það var mikið óefni þegar þessu var fargað með öðrum hætti og um mikla umhverfisbót að ræða þegar eyðingarverksmiðjur af þessu tagi hófu störf. Því er ástæða til að hvetja til þess.

[15:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. að þetta er mikið umhverfismál og ég held góð framtíðarsýn að allur úrgangur, innyfli úr dýrum o.s.frv., sé ekki settur í jörðina til frambúðar heldur eytt með þessum hætti. Ég minni á að þrátt fyrir margar aðvaranir um að óráðlegt væri að byggja upp kjötmjölsverksmiðju var það gert á ábyrgð þessara sterku fyrirtækja. Þau eru í sjálfu sér ekki í neinum vandræðum og þurfa kannski ekki á neinum úrræðum nefndarinnar að halda. Fulltrúar þeirra sitja í nefndinni og hafa starfað þar og þekkja því öll störfin. En það er sjálfsagður hlutur að nefndin ljúki störfum.

Ég óska síðan eyðingarverksmiðjunni allra heilla í framtíðinni.

[15:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og skora á hæstv. landbrh. að ýta við bakið á hinum vænukæra vinnuhópi sem hefur tekið sér heila sex mánuði fram yfir þann frest sem upp var gefinn þegar hópurinn var skipaður þann 30. júní sl. Þá var rætt um að hópurinn lyki störfum innan þriggja mánaða. Þeir þrír mánuðir eru orðnir að tæpum níu, ef rétt telst til, og hlýtur mikið að liggja undir og menn hljóta að bíða niðurstöðu vinnuhópsins með mikilli eftirvæntingu þar sem hann hefur tekið sér það bessaleyfi að fara hálft ár fram yfir uppgefinn frest. Maður skyldi ætla að þarna væri að vænta niðurstaðna og tillagna sem verða til þess að skjóta enn þá traustari stoðum undir eyðingarverksmiðjurnar enda, eins og ég sagði áðan, er um nokkuð glæsilegt fyrirtæki að ræða sem skiptir miklu í atvinnulegu tilliti á því svæði sem það var byggt á, þrátt fyrir að einhverjar blikur kynnu að vera á lofti, og eins og ég sagði áðan er ekki síður um mjög mikilvægt umhverfismál að ræða.

Félagslegt réttlæti á vinnumarkaði.

[15:18]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. lýsti því fyrir helgi að á vinnumarkaði væri á mörkum þess að menn væru á stundum innan hins siðlega og að nauðsyn væri að stjórnmálamenn stæðu vaktina og veittu aðhald. Þetta kom mér nokkuð á óvart sem fötluðum manni því ég fylgdist með því fyrr í vetur þegar Ísland neitaði að taka upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið tilskipunina gegn mismunun, en sú tilskipun tryggir okkur sem fötluð erum að við gjöldum þess ekki á vinnumarkaði, tryggir konum og körlum að þau gjaldi ekki kynferðis síns við ráðningar, starfsframgang og brottrekstur og tryggir fólki að það gjaldi ekki aldurs síns við hið sama, og er auðvitað tilkomin vegna þeirrar tilhneigingar óprúttinna manna þegar þeir brytja upp fyrirtæki að losa þau við starfsfólk sem höllum fæti stendur til að auka skyndigróða sinn. En þá missir oft vinnuna það fólk sem höllum fæti stendur og hefur fórnað viðkomandi fyrirtæki lífi sínu og stundum heilsu og á erfitt uppdráttar annars staðar.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. félmrh. hvers vegna Ísland, ólíkt Noregi, lagði lykkju á leið sína til að koma í veg fyrir að tilskipunin gegn mismunun á vinnumarkaði yrði réttindi launafólks á Íslandi, í Noregi og Liechtenstein eins og í Evrópusambandslöndunum, og hvers vegna það var okkur sérstakt metnaðarmál að félagslegt réttlæti á vinnumarkaði væri að þessu leyti minna á Íslandi en í Evrópusambandinu?

[15:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég kannast ekki við þá ákvörðun sem hv. þm. Helgi Hjörvar segir að tekin hafi verið á vettvangi ríkisstjórnarinnar um að taka ekki í reglur okkar og lög tilskipunina sem hér um ræðir.

Hins vegar leikur mikill vafi á því og það hefur verið túlkun okkar að samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið beri okkur ekki skylda til þess. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að full ástæða sé til að fara yfir tilskipunina og fella mörg meginatriði hennar í lög okkar og reglur og lýsi hér með yfir vilja mínum til þess. En þetta er ástæða þess að hún hefur ekki verið tekin upp í regluverk okkar í heild sinni.

[15:20]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Það er nokkuð seint í rassinn gripið hjá hæstv. félmrh. að ætla að fara að dusta rykið af tilskipuninni eftir að við höfum neitað að taka hana upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er með hreinum ólíkindum að við skulum leggja sérstaka lykkju á leið okkar og að þetta skuli vera eina vinnuréttartilskipunin sem Íslendingar hafa ekki viljað taka upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipunin sem tryggir stöðu fatlaðra, tryggir að fólk sem er orðið miðaldra verði ekki látið gjalda aldurs síns og tryggir stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði.

Ég hlýt að spyrja ráðherra jafnréttismála og málefna fatlaðra hvers vegna tilskipunin var ekki staðfest og tekin upp í samninginn, og ef hann sá á því einhverja tæknilega annmarka, hvers vegna hefur hann ekki komið fram með lög á þessu þingi sem tryggja launafólki á Íslandi sama félagslega réttlæti og launafólkið í Evrópusambandinu nýtur?

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Sá er hér stendur kannast ekki við að málið hafi komið til nokkurrar umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar frá því a.m.k. ég settist í stól félmrh. Ég hef lýst því við umræðuna og get gert það aftur, hv. þm. Helgi Hjörvar, að ýmis efnisatriði tilskipunarinnar sem eru til umræðu eru þess eðlis að full ástæða er til að fara yfir hvort ekki sé rétt að fella þau í lög okkar og reglur. (Gripið fram í.)

Hins vegar er ekki um það einhugur eða samstaða að þetta sé ein þeirra tilskipana sem okkur beri, samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að taka upp í reglur okkar. Er það svo að við eigum umhugsunarlaust að taka allt þar upp án þess að fara yfir það? (**Gripið fram í:** Góð mál.)

[15:22]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Auðvitað eigum við ekki að taka málið upp umhugsunarlaust, en við eigum ekki að velja þær tilskipanir sem lúta að félagslegu réttlæti og hafna þeim sérstaklega. Þetta er eina tilskipunin í vinnuréttinum sem við höfum ekki innleitt. Hæstv. félmrh. hlýtur að kannast við að hafa lýst því yfir í viðtali við Fréttablaðið í haust að tilskipunina ætti ekki að innleiða en hugsanlega leiða í lög ýmis ákvæði hennar. Af hverju er lagafrv. þess efnis ekki komið hingað?

Tilskipunin var sett árið 2000 og, hæstv. félmrh., það dugar ekki að hafa stóryrði um það sem aðrir aðhafast á vinnumarkaði þegar hæstv. ráðherra vinnumarkaðsmála hirðir ekki um að staðfesta grundvallartilskipanir um mannréttindi okkar á vinnumarkaði á Íslandi.

Lækkun smásöluálagningar lyfja.

[15:23]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Á sl. hausti fólu heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnun ríkisins Ríkisendurskoðun að kortleggja lyfjamarkaðinn á Íslandi. Markmið þeirrar vinnu var að skoða verðmyndun á lyfjakostnaði á Íslandi í samanburði við Norðurlönd og tilgangurinn að vinna tillögur að lækkun lyfjakostnaðar. Öll vitum við að lyfjakostnaður hefur verið að fara úr böndum og ekki óeðlilegt þó menn vilji skoða hvernig á því standi og hvernig hægt sé að grípa inn í það.

Ég veit að lyfjasmásalar hafa verið að vinna með Ríkisendurskoðun og lagt henni til upplýsingar um lyfjamarkaðinn og verðmyndunina á markaði, en segja má að það hafi komið öllum mjög á óvart þegar í ljós kom í síðustu viku að lyfjaverðsnefnd, undir forsæti Páls Pétursson, kom fram með tillögur um lækkun á smásöluálagningu. Tillögur lyfjaverðsnefndar á þessum tímapunkti koma verulega á óvart því eftir því sem okkur skilst munu niðurstöður Ríkisendurskoðunar af þeirri vönduðu vinnu sem hún hefur lagt í, liggja fyrir jafnvel í næstu viku.

Afleiðingin af tillögunum, eins og þær liggja nú fyrir frá lyfjaverðsnefnd, er að framlegð smásalanna er að mestu leyti gerð upptæk. Apótekin segjast ekki hafa neitt svigrúm til að mæta þessu annað en að hækka verulega sjúklingahluta lyfja. Því veltir maður fyrir sér hvort verið sé í raun með tillögunum að fara bakdyramegin að því að koma auknum kostnaði yfir á sjúklinga. Við sem höfum fylgst með lyfjaverði og lyfjaumræðu vitum að það hefur farið í taugarnar á Tryggingastofnun, og kannski með réttu, að apótekin hafa gefið sjúklingum verulega afslætti af lyfjum á sama tíma og Tryggingastofnun hefur ekki notið afsláttar.

Þess vegna hlýtur maður að spyrja hvort þetta sé með vitund og vilja ráðherra og hvort eðlilegt sé af hálfu lyfjaverðsnefndar að koma með þetta núna.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Svarið við báðum spurningunum er já. Þetta er með vitund og vilja ráðherra vegna þess að það hagar þannig til á lyfjamarkaðnum að Norðurlöndin eru dýrasti lyfjamarkaður í heimi. Það munar 15% á verði á Íslandi og á Norðurlöndunum og lyfjaverðsnefnd hefur unnið að því að minnka þennan mun, m.a. vegna þess að við þurfum að standa við fjárlög varðandi sparnað í lyfjakostnaði. Ég hef viljað ná þeim sparnaði frekar með lækkun á álagningu en að hækka sjúklingahlutann. Þannig stendur málið.

[15:26]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra upplýsir okkur um að það sé með vitund og vilja hans að verið er að fara þessa leið nokkrum dögum áður en skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir.

Ég verð að segja að þetta kemur mér mjög á óvart, að menn geti ekki beðið eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um lyfjaverðsmyndun á Íslandi, sem búið er að leggja verulega vinnu í á undanförnum mánuðum og aðeins örfáir dagar þangað til niðurstaða skýrslunnar á að liggja fyrir. Þá hleypur lyfjaverðsnefnd með vitund og vilja hæstv. ráðherra og kemur fram með mjög lítt ígrundaðar tillögur um lækkun á álagningu hjá apótekunum.

Ég held að menn hafi ekki skoðað þetta alveg til enda, vegna þess að lækkun á smásöluálagningu þýðir einfaldlega að apótekin þurfa að ná í framlegðina annars staðar og þau geta ekki náð í hana neins staðar annars staðar en hjá sjúklingum. Það er því verið að auka hlut sjúklinga með tillögunum sem nú liggja fyrir frá lyfjaverðsnefnd.

[15:28]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er einhver misskilningur að tillögurnar séu ekki ígrundaðar. Lyfjaverðsnefnd hefur unnið frá áramótum að þessum málum og hefur fjölgað fundum sínum,

fundar nú vikulega, og hefur unnið með aðilum að tillögugerð sinni.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er enginn endanlegur dómur í þessu efni. Þetta er heildarúttekt á lyfjamarkaðnum og hún er að koma, það er alveg rétt, þessa dagana og mér verður gerð grein fyrir henni innan tíðar, hef reyndar einhverja hugmynd um hvernig hún lítur út og mun biðja um að fá að gera Alþingi grein fyrir henni þegar hún kemur. Við erum með margs konar aðgerðir í lyfjamálum í undirbúningi og erum byrjuð að lækka lyfjakostnað, því við þurfum að gera það. Þetta er einn þátturinn í því.

Ég endurtek að ég hef ekki viljað hafa það sem forgangsmál að hækka sjúklingahlutann.

[15:29]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Til hvers er verið að fela Ríkisendurskoðun að leggja í mikla, dýra og vandaða vinnu ef ekkert á að gera með það sem kemur út úr henni? Ef menn hlaupa til, eins og nú er verið að gera, og koma með tillögur um breytingar á lyfjaverði örfáum dögum áður en skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir?

Það sem tillögur lyfjaverðsnefndar munu einfaldlega þýða er að þetta mun koma harðast niður á þeim sem nota lyf að staðaldri og njóta í dag mests afsláttar í formi þess að apótekin gefa afslátt af sjúklingahlutanum. Þær munu einnig koma í veg fyrir alla þá samkeppni sem þó hefur verið á lyfjaverðsmarkaðnum vegna þess að samkeppnin hefur að mestu leyti, eins og flestir vita, legið í því að berjast um sjúklingahlutann. Samkeppnin hefur falist í því að gefa afslætti til sjúklinga. Því hlýt ég að spyrja um leið og ég lýsi undrun minni: Af hverju í ósköpunum var ekki hægt að bíða í örfáa daga og sjá hvað út úr skýrslu Ríkisendurskoðunar kæmi áður en hlaupið var í þetta lítt ígrundaða mál?

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi málatilbúnaður kemur mér dálítið á óvart vegna þess að ég sé ekki betur en að hv. 10. þm. Suðurk. sé að verja þann verðmun sem er á Íslandi í lyfjamálum. Það kemur mér mjög á óvart að fá þessa umræðu. Þegar verið er að lækka álagninguna til að minnka þennan 15% mun á dýrasta markaðssvæði í heimi kemur hv. þm. og finnur því allt til foráttu að verið sé að lækka álagninguna á lyfjum. (Gripið fram í.) Það er mjög sérkennilegt að fá þessar trakteringar hér, ég verð að segja það, og úr þessari átt.

Kosning aðalmanns í útvarpsráð í stað Sigurðar Inga Jónssonar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122 30. júní 2000.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Kjartan Eggertsson skólastjóri.

[15:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þar sem varamaður í útvarpsráði, Kjartan Eggertsson, hefur nú verið kjörinn aðalmaður leggur forseti til, eftir ósk Frjálsl., að þegar á þessum fundi verði kjörinn varamaður í hans stað ef enginn hreyfir andmælum.

Fram kom ein tilnefning um varamann og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Óskar Hermannsson, starfsmaður sýslumannsembættisins á Patreksfirði.

Einkaleyfi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 303. mál (EES-reglur, líftækni). — Þskj. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, BjarnB, BH, EOK, EMS, GÞÞ, GÖg, GunnB, HHj, JBjarn, JKÓ, KHG, SAÞ, SJS, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1124).

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 3. umr.

Stjfrv., 338. mál (ný aðildarríki). — Þskj. 412.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁMM, BjarnB, EOK, EMS, GÞÞ, GÖg, GunnB, HHj, JBjarn, JKÓ, KHG, SAÞ, SJS, StB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1125).

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 552. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 830, nál. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]

Brtt. í nál. 1087,1 (ný 1. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1087,2 (4. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 690. mál (afnám laganna). — Þskj. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Stytting þjóðvegar eitt, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 553. mál. — Þskj. 831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. AtlG o.fl., 565. mál (upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild). — Þskj. 844.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS, 568. mál. — Þskj. 858.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 571. mál. — Þskj. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 481. mál (miðlun vátrygginga). — Þskj. 750, nál. 1094.

[15:38]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1094. Þetta er 481. mál þingsins, till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga.

Nefndin fékk á sinn fund þær Bergdísi Ellertsdóttir og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanrrn. og Þóru Hjaltested frá iðn.- og viðskrn.

Tilskipunin mælir fyrir um rétt vátrygginga- og endurtryggingamiðlara til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli skráningar í heimaríki en eitt helsta markmiðið er að afnema hindranir í störfum vátryggingamiðlara. Að auki er gert ráð fyrir að gerðar verði strangari kröfur til vátryggingamiðlara varðandi neytendavernd, m.a. með strangari ákvæðum um starfsábyrgðartryggingu og auknum kröfum um upplýsingagjöf.

Innleiðing tilskipunarinnar krefst lagabreytingar hér á landi og þurfa þær að hafa tekið gildi fyrir 15. janúar 2005. Samkvæmt upplýsingum frá iðn.- og viðskrn. hefur vinnuhópur verið skipaður til að gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum og verður þá farið ítarlega ofan í einstaka efnisþætti málsins. Gert er ráð fyrir að frv. þess efnis verði lagt fyrir Alþingi á hausti komanda.

Hv. þm. Magnús Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt og undir nál. þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson og Össur Skarphéðinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 611. mál (greiðslur yfir landamæri í evrum). — Þskj. 919, nál. 1093.

[15:41]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1093. Þetta er 611. mál þingsins. Um er að ræða till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

154/2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Bergdísi Ellertsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanrrn., Þóru Hjaltested frá iðn.- og viðskrn., Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í reglugerðinni er kveðið á um að kostnaður við greiðslur milli landa í evrum skuli vera hinn sami og kostnaður við greiðslur í evrum innan lands en verðlagning á þjónustunni eigi að öðru leyti að vera frjáls. Ákvæði þessi gilda um greiðslur allt að 12.500 evrum fram til ársins 2006 en þá hækkar fjárhæðin í allt að 50 þús. evrur. Jafnframt er gert skylt að hafa upplýsingar um kostnað við greiðslur milli landa aðgengilegar.

Meginþýðing þessara reglna er að ekki verði lengur leyfilegt að taka hærra gjald fyrir greiðslur í evrum yfir landamæri en tekið er fyrir sams konar færslur innan aðildarríkis.

Innleiðing reglugerðarinnar krefst lagabreytinga hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá iðn.- og viðskrn. verður lagafrumvarp væntanlega lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi. Þá verður farið ítarlega yfir einstök efnisákvæði reglugerðarinnar.

Hv. þm. Magnús Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt og undir nál. þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Bryndís Hlöðversdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson og Össur Skarphéðinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, fyrri umr.

Stjtill., 735. mál. — Þskj. 1091.

[15:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heimild til handa ríkisstjórninni til að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Chiles sem undirritaður var í Kristiansand í Noregi í júní 2003. Samningurinn við Chile er einn víðtækasti samningur sem EFTA-ríkin hafa hingað til gert. Í samningnum er kveðið á um tollfrjáls viðskipti með sjávarafurðir frá og með gildistöku samningsins auk fríverslunar með langflestar iðnaðarvörur frá sama tíma.

Auk vöruviðskipta tekur samningurinn til þjónustuviðskipta, opinberra innkaupa, samkeppnismála og hugverkaréttinda. Samningurinn við Chile skapar ný viðskiptatækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Íslenskur útflutningur til Chile hefur farið vaxandi, m.a. á sviði véla og tækja til veiða og fiskvinnslu.

Samhliða þessum fríverslunarsamningi gerðu EFTA-ríkin hvert og eitt tvíhliða landbúnaðarsamning um tollalækkanir fyrir ýmsar óunnar landbúnaðarvörur eins og tíðkast hefur við gerð fríverslunarsamninga. Einnig var gerður tvíhliða fjárfestingarsamningur milli Íslands og Chile.

Að samningnum við Chile meðtöldum hafa EFTA-ríkin nú gert fríverslunarsamninga við 20 ríki. Samningaviðræður við Líbanon er nýlega lokið og er stefnt að undirritun þess samnings á ráðherrafundi EFTA í júní nk. Viðræður við Kanada hafa staðið yfir um alllangt skeið, eins og kunnugt er, en einnig standa yfir samningaviðræður við Egyptaland, Túnis og Suður-Afríku.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framboð og kjör forseta Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 748. mál (kjörskrár, mörk kjördæma). — Þskj. 1119.

[15:46]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, með síðari breytingu.

Í frv. eru lagðar til tvær breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að mörk syðra og nyrðra kjördæmis í Reykjavík verði þau sömu og við síðustu alþingiskosningar. Breytingin er nauðsynleg til að umboð yfirkjörstjórna, sem er staðbundið, liggi fyrir þegar þær gefa út vottorð um kosningabærni meðmælenda vegna framboðs til forsetakjörs, komi til þess.

Í öðru lagi er lagt til að kjörskrá miðist við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag, enda er í framkvæmd engin þörf á að hafa frestinn lengri. Að óbreyttum lögum er viðmiðunin fimm vikur fyrir kjördag sem þýðir að hefja þyrfti umfangsmikla og kostnaðarsama kjörskrárgerð áður en framboðsfrestur er liðinn.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[15:47]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er lítið frv. og aðeins um leiðréttingaratriði að ræða. Engu að síður finnst mér ástæða til þess að taka inn í umræðuna þá þörf sem er varðandi breytingar sem lúta að forsetakjöri og þá fyrst og fremst kröfuna um að fjölga meðmælendum þeirra sem gefa kost á sér til þess að gegna hinu háa embætti forseta Íslands, sem er löngu tímabær. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að gerð verði breyting á lögum, þar sem hún á heima, varðandi fjölda meðmælenda þeirra sem ætla að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands og hvort við megum vænta þess að á þessu kjörtímabili verði tekin umræða um að herða kröfuna um fjölda meðmælenda. Mér fyndist persónulega eðlilegt að þar væri miðað við 5–10 þúsund manns og alveg upp í 10 þúsund þess vegna. Kröfurnar ættu að vera mun meiri en þær eru í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 1. umr.

Stjfrv., 736. mál (frestun á gildistöku reglugerðar). — Þskj. 1096.

[15:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að hinn 1. maí 2004 fjölgar aðildarríkjum Evrópusambandsins úr 15 í 25. Samtímis fjölgar ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu úr 18 í 28. Ný aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verða Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

Í aðildarsamningum framangreindara ríkja, að Kýpur og Möltu undanskildum, eru sérstök ákvæði um gildistöku reglna um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu 1. maí 2004 til 1. maí 2006 gildi löggjöf aðildarríkjanna um þetta efni en ekki reglur ESB. Í þessu felst að gömlu aðildarríkjunum verður í sjálfsvald sett hvort þau laga strax innlenda löggjöf að reglum ESB og láti hana taka til borgara nýju aðildarríkjanna og veiti þeim þar með hindrunarlausan aðgang að vinnumarkaði í löndum sínum.

Við lok tveggja ára tímabilsins þurfa aðildarríkin að ákveða hvort landslög haldi gildi sínu næstu þrjú árin eða hvort þau beita reglum Evrópusambandsins um frjálsan atvinnu- og búseturétt. Við lok þessa fimm ára tímabils er gert ráð fyrir að við nánar tilgreindar aðstæður verði aðildarríkjunum heimilt að beita landslögum enn um tveggja ára tímabil. Þannig er samtals gert ráð fyrir sjö ára aðlögunartíma, séu ákvæði stækkunarsamninganna nýtt til hins ýtrasta.

Á undanförnum mánuðum hefur afstaða núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins til aðlögunarákvæða stækkunarsamninganna verið að mótast. Þrjú aðildarríki ESB lýstu strax við upphaf samningaviðræðna við umsóknarríkin að þau óskuðu eftir aðlögunarfresti að því er varðar gildistöku reglna um frjálsan atvinnu- og búseturétt. Hér er einkum átt við ákvæði í 1.–6. gr. reglugerðar nr. 161268/EB, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópusambandsins. Þessi ríki voru Austurríki, Finnland og Þýskaland. Í þennan hóp hafa síðan bæst svo til öll aðildarríki Evrópusambandsins, þó undir nokkuð mismunandi formerkjum. Sum hafa lýst yfir að þau muni viðhalda gildandi reglum um atvinnu- og dvalarleyfi en önnur tilkynntu um aukið eftirlit og hertar reglur um aðgang að félagslegum stoðkerfum. Á það má minna að í aðildarsamningi Liechtensteins er að finna víðtækar undanþágur frá reglum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks á Evrópska efanahagssvæðinu.

Norsk stjórnvöld, sem áður höfðu lýst því yfir að reglur Evrópusambandsins tækju gildi við stækkun ESB, hafa endurmetið stöðuna og munu innleiða ýmsar reglur sem hafa að markmiði að draga úr hættu á aðstreymi launafólks frá nýju aðildarríkjunum sem stofni í hættu jafnvægi á vinnumarkaði eða auki þrýsting á almannatryggingakerfi landsins. Þróunin er því í þá átt að flest núverandi aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið muni viðhalda takmörkunum af einhverju tagi gagnvart borgurum nýrra aðildarríkja ESB að því er varðar rétt til atvinnu og búsetu eftir 1. maí nk.

Hæstv. forseti. Aukin hætta er á að þetta leiði til þess að aðstreymi fólks frá nýju aðildarríkjunum til þeirra ríkja sem ákveða að afnema þessar hindranir við stækkun EES 1. maí nk. verði umfram það sem upphaflega var gert ráð fyrir. Í dómsmrn. og félmrn. hefur verið fjallað um hugsanlegar afleiðingar af stækkun Evrópusambandsins og hins Evrópska efnahagssvæðis. Ljóst er að verulegur munur er á lífskjörum í nýju aðildarríkjunum og í þeim ríkjum sem nú eru aðilar að EES. Hvatinn til að flytja sig um set er því sterkari en við fyrri stækkanir Evrópusambandsins. Af því leiðir að stjórnvöld þeirra ríkja sem vilja nýta sér aðlögunarfresti óttast aukinn innflutning fólks frá nýju aðildarríkjunum og vilja þar af leiðandi enn um skeið viðhalda takmörkunum sem nú eru í gildi.

Útlendingalög og lög um atvinnuréttindi útlendinga fjalla um rétt fólks til að ráða sig í vinnu og taka sér búsetu hér á landi. Samkvæmt þeim lögum eru EES-borgarar undanþegnir kröfu um atvinnu- og dvalarleyfi. Lagabreyting er forsenda þess að hægt sé að nýta heimildir í stækkunarsamningum ESB og EES um að fresta gildistöku reglna hér á landi um frjálsan atvinnu- og búseturétt að því er varðar launafólk í nýjum aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Að því er varðar verksvið félmrh. er því lagt til að við lög nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og við lög nr. 97/2002 bætist bráðabirgðaákvæði. Í báðum bráðabirgðaákvæðunum felst að því er frestað um tvö ár, frá 1. maí nk. að telja, að ákvæðið um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks taki ekki til ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara.

Á það ber að leggja áherslu að þetta gildir um nýjar umsóknir um atvinnuleyfi fyrir borgara frá þessum nýju aðildarríkjum. Samkvæmt stækkunarsamningunum ber að taka tillit til ríkisborgara frá þeim ríkjum sem hafa þegar verið á vinnumarkaði í EES-ríki í tólf mánuði eða lengur. Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga geta erlendir ríkisborgarar sótt um óbundið atvinnuleyfi, hafi þeir átt lögheimili og dvalið hérlendis samfellt í þrjú ár.

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hefur verið reglulega á dagskrá samráðsnefndar ráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á sviði félags- og vinnumála á Evrópska efnahagssvæðinu. Samráðsnefndin hefur fengið upplýsingar um framvindu mála og á fundum hennar hefur verið skipst á skoðunum um viðbrögð við þeirri breyttu stöðu sem skapaðist við það að fleiri ríki slógust í þann þrönga hóp sem strax lýsti því yfir að þau mundu nýta sér heimildir til að fresta gildistöku áðurnefndra ákvæða um frjálsa för launafólks. Loks hafa verið haldnir fundir með fulltrúum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins þar sem farið hefur verið yfir stækkunarmálin. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir af hálfu framangreindra aðila við viðbrögðum stjórnvalda við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins 1. maí nk.

Einnig er ástæða til að upplýsa að samráðsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga, sem skipuð er á grundvelli tiltölulega nýrra laga um atvinnuréttindi útlendinga, hefur

einnig fjallað um stækkunarmálin. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar ASÍ, Samtaka atvinnulífsins, Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar auk fulltrúa félmrh. Nefndin starfar á grundvelli 25. gr. laganna og er hlutverk hennar skilgreint þannig að hún skuli kölluð saman til að fjalla um almenn álitamál varðandi veitingu atvinnuleyfa og umsóknir sem berast um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga. Með tilliti til þeirra stórframkvæmda sem nú standa yfir og væntanlegra breytinga á reglum um frjálsan atvinnu- og búseturétt og tillögum um breytta réttarstöðu borgara þriðju ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu taldi ég nauðsynlegt að setja nefndinni erindisbréf þar sem verkefni hennar eru nánar skilgreind. Ég tel þetta ekki síður mikilvægt í ljósi þess að nauðsynlegt er að hyggja vel að undirbúningi þess að reglur um frjálsa för taki að fullu gildi að tveimur árum liðnum frá 1. maí nk. að telja.

Nánar tilgreint eru verkefni nefndarinnar eftirfarandi:

1. Að taka til umfjöllunar ágreining sem snýr að túlkun ákvæða í lögum nr. 97/2002 og reglugerða sem settar eru með heimild í lögunum. Ef ástæða þykir til er nefndinni heimilt að setja fram tillögur til félagsmálaráðherra að breytingum á lögum og reglugerðum um atvinnuréttindi útlendinga.

2. Að vera ráðherra til ráðgjafar þegar vænta má að umsóknir um atvinnuleyfi fyrir stóra hópa berist Vinnumálastofnun vegna framkvæmda eða annarrar atvinnustarfsemi og gera hlutaðeigandi stjórnvöldum viðvart um þörf á aðgerðum ef nauðsynlegt þykir.

3. Að vera ráðherra til ráðgjafar við mótun stefnu stjórnvalda að því er varðar veitingu atvinnuleyfa og að fylgjast með þróun varðandi veitingu atvinnuleyfa hér á landi og framkvæmd laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og reglugerða til fyllingar þeim. Enn fremur að hafa frumkvæði að samstarfi og samræmingu á upplýsingaöflun og framkvæmd varðandi lög og reglugerðir er varða útlendinga og atvinnuréttindi þeirra hér á landi.

Það er ljóst að bregðast þarf við auknum fjölda útlendinga hér á landi með margvíslegum hætti. Framangreint er einungis eitt dæmi um það sem gert hefur verið í félmrn. Fleiri aðgerða er að vænta, t.d. að því er varðar aukna þjónustu við innflytjendur.

Hæstv. forseti. Athugasemdir með frv. þessu eru allítarlegar. Ég tel því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta málefni en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[15:59]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Í nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, er vakin athygli á því að félmrn. og dómsmrn. telji þörf á að gera breytingar m.a. á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 47/1993, sem hér eru til umfjöllunar. Leggur nefndin áherslu á að vinnu við þessi frv. til breytinga á þeim lögum sem ég nefndi verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan samningi um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins hinn 1. maí nk.

Í dag hefur verið dreift frv. til laga um breytingu á lögum um útlendinga þar sem tekið er á fleiri málefnum, hæstv. félmrh., en eingöngu þeim sem varða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Ég stend upp til að vekja athygli á því að tveimur frv. hefur verið dreift sem ég er flutningsmaður að, ásamt fleiri þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs. Frumvörp sem varða ákveðin grundvallaratriði, réttindi útlendinga hér á landi. Ég tel að um mannréttindaatriði sé að ræða og legg ríka áherslu á að hæstv. félmrh. gefi frv. gaum í lagavinnu sinni. Þau snerta rétt ungmenna sem koma hingað með erlendum foreldrum sínum og þurfa að sýna fram á sjálfstæða framfærslu 18 ára gömul. Koma hingað ef til vill 16 ára gömul og þurfa að sýna fram á sjálfstæða framfærslu. Ég legg til að yfirlýsing foreldris nægi í þeim tilvikum.

Í öðru lagi snýr frv. að lágmarksréttindum erlendra kvenna sem giftast íslenskum ríkisborgurum. Það er því miður þekkt í þeim samböndum að erlendu konurnar sæta oftar ofbeldi af hálfu maka sinna en almennt gerist og gengur. Konurnar sitja á margan hátt, hæstv. félmrh., í gíslingu hjónabandsins. Þær eru jafnvel látnar vita af því af mökum sínum að þær þurfi að fara úr landi ef þær svo mikið sem orða skilnað eða annað slíkt. Þetta er auðvitað algjörlega óþolandi og ég vona að hæstv. félmrh. hlusti betur á orð mín í dag en hann gerði sl. fimmtudag þegar ég fjallaði um frv. um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Ég ætlast til að ég nái eyrum hæstv. félmrh. um það sem ég er að segja, því mér er þetta alvörumál.

Í þriðja lagi stefna þessi tvö frv. mín að því að atvinnuleyfið verði skráð á útlendinginn en ekki á atvinnurekandann og við hverfum frá því vistarbandi sem nú gildir um útlendinga sem koma hingað, vistarbandi sem verður að horfa allt til miðalda til að fá samlíkingu á. Það er jafnóþolandi. Það gladdi mig mjög sl. miðvikudag eða fimmtudag þegar ég komst að því að Samtök atvinnulífsins styðja lagabreytinguna heils hugar og studdu hana reyndar þegar frv. til laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga voru til umfjöllunar síðast á Alþingi.

Ég vil taka það fram að ég hef fengið mjög eindreginn stuðning við þessi tvö frv., hæstv. félmrh., frá Alþjóðahúsi, fjölmenningarráði, sóknarpresti útlendinga hér á landi, Stígamótum, Samtökum um kvennaathvarf, Samtökum útlendinga og úr mjög mörgum áttum. Mannréttindamál útlendinga hér á landi eru ekkert einkamál mitt eða Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs, þetta hlýtur að vera mál okkar allra og ég hvet hæstv. félmrh. að huga vandlega að frumvörpunum og vonast til þess að hæstv. félmrh. beiti sér fyrir því að þau verði tekin til umfjöllunar í félmn., samhliða frv. sem hann mælir fyrir og samhliða frv. um breytingu á lögum um útlendinga sem mun verða lagt fyrir á næstunni.

Ég beini því líka til herra forseta að gefa orðum mínum gaum þannig að umfjöllun um þessi tvö frv. mín komist á dagskrá samhliða umfjöllun um stjórnarfrumvörpin vegna þess að hér er um að ræða sömu lög og breytingar mínar lúta að þeim.

Að endingu beini ég því til hæstv. félmrh. að upplýsa um afstöðu til frumvarpanna sem ég hef gert að umtalsefni og hvaða skoðanir hann hefur á þeim *réttindamálum* sem þar eru sett fram í lagaformi.

[16:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni fyrir orð hans. Ég tel margt í þeim málum sem hann nefnir og þeim frv. sem hann hefur boðað að hann hyggist flytja allrar athygli vert. Ég hef lagt til við forseta að þeim málum sem ég mæli fyrir verði vísað til hv. félmn. að lokinni umræðunni. Mér finnst full ástæða til og vænti þess að hv. félmn. taki þessi mál til umfjöllunar jafnhliða, því þarna er um að ræða

breytingar á lögum sem við getum verið sammála um að í einhverjum tilvikum sé pottur brotinn.

Hér er hins vegar, og ég vek athygli á því, um að ræða breytingu á lögum annars vegar um frjálsan atvinnu- og búseturétt og hins vegar um atvinnuréttindi útlendinga, sem sá er hér stendur mælir fyrir. En hv. þm. Atli Gíslason kom líka inn á annað mál sem mun verða mælt fyrir á Alþingi væntanlega á næstum dögum, sem er frv. til laga um breytingu á lögum um útlendinga sem er á forræði dómsmrh. Eitthvað af þeim atriðum sem hv. þm. tíndi til og vakti athygli á varða einmitt þau lög og ekki mitt að svara fyrir það, eins og ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir.

[16:06]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem ég hef fengið hjá hæstv. félmrh. Ég hvet hæstv. félmrh. til að beita sé eindregið fyrir því að þessi tvö frv. sem ég gerði að umtalsefni fái meðferð samhliða þeim frv. sem koma frá ríkisstjórninni í tengslum við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég veit að hæstv. félmrh. er í daglegu talsambandi við hæstv. dómsmrh. Því bið ég hæstv. félmrh. að beita sér fyrir því að koma skilaboðunum á framfæri við dómsmrh. og að sú hugsun sem kemur fram í frumvörpunum varðandi lög um útlendinga, verði tekin þar upp samhliða þeirri vinnu sem hér er unnin, því þetta er vinna sem verið er að vinna í ríkisstjórninni allri og varðar stækkunina. Einn hlutur snýr að hæstv. félmrh., annar að hæstv. dómsmrh.

[16:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns segja að ég hef alla samúð með þeim rökum og þeim málstað sem hv. þm. Atli Gíslason flutti áðan. Mér fannst hann gera það vel. Eins og áður í umræðu um mál sem tengjast vinnumarkaði benti hann a.m.k. sumum okkar á nýja hluti. Ég hvet hæstv. félmrh. að skoða grannt hvort ekki sé rétt að samþykkja þessi mál og þessar sjálfsögðu réttarbætur sem hv. þm. var að lýsa í þeim frv. sem hann flutti.

Ég vil að öðru leyti, herra forseti, lýsa því yfir að við í Samf. styðjum málin sem hæstv. félmrh. er hér að flytja. Þau eru ákveðin nauðvörn gegn hættu sem ég er þó ekki alveg viss um að sé fyrir hendi. Ég er þeirrar skoðunar að eitt af því sem birtir fegurðina í Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt hin frjálsa för einstaklinga um svæðið. Það er hluti af innri markaðnum. Þetta tvennt, hin frjálsa för launafólks og innri markaðurinn allur, miðar að því að gera þeim sem búa í löndum þar sem kjörin eru ekki eins góð og í löndum sem búa við góð efni kleift að rétta hlut sinn. Þetta finnst mér vera fallegt og göfugt markmið.

Ég skil hins vegar að þegar hvert landið á fætur öðru hefur skellt hurðum í lás, að verkalýðshreyfingin gjaldi ákveðinn varhuga við þróuninni. Af þeim sökum finnst mér því rétt að við í Samf. tökum undir þetta og styðjum frestunina.

Ég vil hins vegar segja að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á viðhorfi manna og kvenna í hinum nýju löndum sem nú eru að gerast fullgildir aðilar að Evrópusambandinu benda ekki til þess að það mundi verða flóð útlendinga frá þessum löndum yfir til ríkari landanna. Það má líka rifja það upp að við höfum ákveðna reynslu af málinu. Þegar við Íslendingar gengum í EES voru harðvítugar umræður í þinginu og því var haldið fram af andstæðingum samkomulagsins að vinnumarkaðurinn mundi riðlast, hingað mundi verða mikill straumur erlendra verkamanna og verkakvenna sem kynni að setja vinnumarkaðinn úr jafnvægi.

Ég rifja það sérstaklega upp að á þeim tíma voru efnahagsþrengingar í Finnlandi og því var haldið fram að þegar Finnar gengju í Evrópusambandið og við orðin partur af EES, mundu kröpp kjör Finna, frænda okkar, leiða til að þeir kæmu hingað í stríðum straumum. Ég held að það megi halda því fram, herra forseti, að það hefur varla sést Finni hér umfram það sem áður var hér á landi og allar þær bölsýnu spár sem menn höfðu uppi um gríðarlega aukningu á flutningi erlendra verkamanna til Íslands gengu ekki eftir. Það sama gilti reyndar um svo margt annað sem sagt var neikvætt um aðild okkar að EES.

Ég held að ef ríkin hefðu öll slakað á klónni og ekki gripið til þessara ráðstafana, hefðum við að sjálfsögðu séð nokkra aukningu á fjölda þeirra sem hingað koma í atvinnuleit. Hún gæti verið töluverð. En ég dreg mjög í efa að hún hefði orðið til að setja vinnumarkaðinn í EES úr jafnvægi, ef allir hefðu haldið sínum dyrum opnum. Það tókst því miður ekki og eins og mátti greina af máli hæstv. félmrh. hafa aðrir stjórnendur í öðrum löndum farið þessa leið með nokkrum semingi. Ég fann það á hæstv. ráðherra, og virði hann fyrir það, að honum fannst þetta kannski ekki það þægilegasta í stöðunni. En líkast til er hægt að verja þetta í stöðunni.

Hins vegar er annað mál sem ég tel að skipti meira máli varðandi vinnumarkaðinn á Íslandi og tengist einmitt auknu frelsi á flutningum milli landa og stækkun Evrópusambandsins. Það er frjáls sala á þjónustu á milli landa. Það mun hafa ákveðin áhrif á vinnumarkaðinn í þessum löndum og kynni að hafa meiri áhrif á vinnumarkaðinn á Íslandi en þegar hefur sést. Ég á við, herra forseti, málið sem tengist starfsmannaleigum. Starfsmannaleigurnar falla undir þjónustu og með stækkun Evrópusambandsins mun frjáls sala á þjónustu, gagnvart og frá þeim löndum sem nú verða aðilar að Evrópusambandinu, leiða til þess að mögulegt er að notkun starfsmannaleigna muni aukast verulega. Við sáum hvernig reynt var að brjóta niður það mynstur sem hefur skapast á vinnumarkaði í tengslum við starfrækslu sjóræningjaleigna, sem ég hef leyft mér að kalla svo, varðandi Kárahnjúka. Ég er alveg sannfærður um að þetta felur í sér hættu. Þetta felur í sér þá hættu að ósvífnir gróðabrallarar sem setja á stofn starfsmannaleigur, notfæri sér bág kjör í heimalandi fátækra verkamanna og verkakvenna og ráði þá þar á kjörum sem tíðkast í heimalandinu og leigi síðan vinnuafl þeirra til þriðja landsins og reyni að halda áfram að beita sömu kjörum. Þetta sáum við gerast við Kárahnjúka.

Þetta er alþjóðlegt vandamál. Þetta er miklu meira vandamál en það sem felst í frjálsri för verkafólks milli landa. Hið síðara leiðir til þess að erlent verkafólk kemur í nýtt land og slær tjöldum sínum þar. Það stofnar oft fjölskyldur eða fær til sín fjölskyldur og greiðir til samfélagsins. Það verður hluti af samfélaginu. Það er hið besta mál og slíkum flutningum ber að fagna. Við þær aðstæður er ekki gengið á réttindi eins eða neins. Samfélagið sem tekur við þessu nýja verkafólki auðgast af siðum þess, menningu og verkkunnáttu. Það gegnir allt öðru máli þegar um er að ræða flutninga á fólki í krafti starfsmannaleignanna. Þá er reynt að brjóta kjörin á viðkomandi starfsmönnum og við höfum séð það, bæði hér á landi og annars staðar, að aðbúnaður fólksins er fyrir neðan allar hellur. Þetta fólk fær stundum ekki rönd við reist. Við höfum séð það jafnvel í okkar landi, þar sem við töldum

að siðir af þessu tagi tíðkuðust ekki, að menn eru í upprunalandinu, í landinu þar sem starfsmannaleigurnar starfa, píndir til að skrifa undir ódagsett uppsagnarbréf. Það felur í sér að ef menn eru að múðra yfir kjörum sínum eða ef þeir verða veikir eru þeir umsvifalítið sendir heim. Þá er dregið upp hið ódagsetta uppsagnarbréf. Þá er engin miskunn.

Herra forseti. Þetta er brot á öllu því sem við, sem stundum köllum okkur siðaðar þjóðir, viljum sjá og höfum barist fyrir. Þjónusta af þessu tagi rýrir líka samkeppnishæfni þess lands sem fyrir barðinu verður. Í fyrsta lagi rýrir hún samkeppnishæfni vinnuaflsins vegna þess að enginn getur keppt við vinnuafl af þessu tagi. Í öðru lagi er um leið verið að rýra samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem eru fyrir í landinu og eru í samkeppni við þá sem notfæra sér starfsmannaleigur af þessu tagi. Þetta getur því ekki annað en leitt til þess að annaðhvort ganga slík fyrirtæki undir vegna þess að þau geta hvorki af siðferðilegum ástæðum né öðrum keypt sér þessa þjónustu eða þá, sem er verra, þau reyna í vaxandi mæli að taka þetta upp sjálf. Það er nokkuð sem við getum ekki látið bjóða okkur, ekki bara vegna þeirra hagsmuna sem íslenskt samfélag á í þessu máli heldur hljótum við líka að virða réttindi þeirra sem eru fórnarlömbin í málinu, hinna erlendu verkamanna. Mannréttindi þeirra eru fótum troðin og það er vegið að rótum sjálfsvirðingar þeirra. Við höfum því miður séð dæmi um þetta við Kárahnjúka. Þar voru menn sem höfðu þurft að gefa frá sér ódagsett uppsagnarbréf. Þar voru dæmi um menn sem veiktust en fengu læknisvottorð frá sjúkrahúsinu í Neskaupstað upp á að þeir væru vinnufærir. Engu að síður voru þeir sendir til heimalands síns. Það sem meira var, í samningnum sem var a.m.k. upphaflega í gangi var líka klásúla um að þeir ættu að bera kostnaðinn af því að senda nýjan mann í staðinn fyrir sig.

Sú bylgja sem reis hér gegn þessu hátterni sem og starfsemi opinberra stofnana, auk verkalýðshreyfingarinnar, hefur væntanlega spyrnt það rækilega gegn þessu að ég vona a.m.k. að þessi háttsemi tíðkist ekki lengur. Við höfum hins vegar séð þetta gerast við Kárahnjúka og hið sama er að gerast úti um Evrópu, í Noregi t.d. þar sem eru stór byggingarverkefni í gangi. Það verður að sporna við þessu. Það má segja að ein leið sé fær að einhverju leyti og hún var partur af nýlegum samningum sem Flóabandalagið og Starfsgreinasambandið gerðu við atvinnurekendur á dögunum. Þar var inni heimild til trúnaðarmanns um að fá að sjá einstaklingsbundna ráðningarsamninga við erlenda starfsmenn. Ég held að sá háttur eigi að geta takmarkað mjög ósvífna starfsemi af þessu tagi.

Við höfum líka orðið vör við þetta, Íslendingar, í öðrum starfsgreinum. Við höfum séð þetta aðeins skjóta upp kolli í málmiðnaði þar sem ekki hefur verið um að ræða ófaglærða verkamenn heldur ákaflega kunnáttusama verkamenn sem hafa verið fluttir inn til þess að inna af höndum ákveðin verk, látnir vera hér í nokkra mánuði við heldur þröngan kost, vondar aðstæður og miklu lægri laun en tíðkast á íslenska vinnumarkaðnum. Því miður eru líka einhver dæmi um að þetta sé að gerast, í takmörkuðum mæli þó, í landbúnaði fyrst og fremst, þar sem verið er að verksmiðjuframleiða hvítt kjöt. Þetta eru hlutir sem við getum ekki látið viðgangast og við hljótum að sporna gegn af öllu afli.

Ég ræddi við hæstv. félmrh. um þessi efni fyrr í vetur. Án þess að ég ætli að fara að leggja þessa umræðu undir það þingmál sem ég og Samf. fluttum af því tilefni um starfsmannaleigur get ég samt sem áður ekki annað en notað þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. félmrh. út í þetta mál. Hæstv. félmrh. tók nefnilega á sínum tíma nokkuð vel í að það þyrfti að höggva að rótum þess vanda sem ég hef verið að reifa. Hæstv. félmrh. sagði af því tilefni í ræðustóli og reyndar lét hann þess líka getið í fjölmiðlum að það kæmi vel til greina af hans hálfu að sett yrðu sérstök lög sem takmörkuðu og auðvelduðu eftirlit með starfsmannaleigum af því tagi sem ég hef verið að lýsa. Ég man ekki betur en að hæstv. félmrh. gengi skrefi lengra og lýsti því yfir að það kæmi einnig til greina af hans hálfu að hann mundi freista alþjóðlegrar samstöðu innan EES til að ná utan um þetta vandamál. Besta leiðin yrði auðvitað sú að með einhverjum hætti yrði lögð fram tilskipun og samþykkt innan Evrópusambandsins sem bæði fullgildir aðilar og aukaaðilar eins og við sem erum aðilar að EES yrðum síðan að hlíta.

Sjálfum finnst mér að nú þegar séu til ákveðnar tilskipanir sem hafa verið samþykktar, og ég veit ekki betur en við gætum tekið upp, sem mætti að nokkru leyti beita gegn þessum ófögnuði. Ég held að það væri hins vegar langbest að gerð yrði sérstök tilskipun sem tæki vel á þeim vanda sem ég hef hér verið að lýsa.

Ef hæstv. félmrh. meinar það sem hann hefur sagt í þessum efnum, og ég hef enga ástæðu til að efast um það, finnst mér að hann ætti að láta til sín taka. Það er stundum talað um að Íslendingar hafi lágværa rödd á alþjóðavettvangi en enginn getur sakað hæstv. félmrh. um það að rödd hans heyrist ekki. Þegar Íslendingar leggja saman með öðrum þjóðum sem eiga við svipaðan vanda að glíma er ekki efi í mínum huga að við getum náð þarna nokkrum árangri.

Ég hef sjálfur sem forustumaður jafnaðarmanna á Íslandi tekið þetta upp við hvert einasta tækifæri sem ég hef getað á erlendum vettvangi, nú síðast rætt þetta aðeins við írska Evrópumálaráðherrann sem ég átti fund með ásamt ýmsum forustumönnum norrænna jafnaðarmanna og forustumanna úr verkalýðshreyfingunni. Þar kom auðvitað í ljós að sínum augum lítur hver á silfrið og sá ágæti Evrópuráðherra írsku ríkisstjórnarinnar var mér algjörlega ósammála. Hann taldi að þetta yki samkeppnishæfni írsku þjóðarinnar vegna þess að með því að eiga kost á ódýrum vinnukrafti af þessu tagi gætu írsk fyrirtæki keppt betur á alþjóðlegum markaði. Ég held hins vegar að þetta sé ekki svona. Ég er alveg sannfærður um að ef það á að fara að knýja íslensk verktakafyrirtæki, sem mörg hver hafa getið sér ákaflega gott orð við vinnu við mjög erfiðar aðstæður á hálendi Íslands og eru af þeim sökum í ýmsum verkefnum erlendis núna, til að höggva í sama knérunn verður það mjög erfitt fyrir þau. Íslenskt siðferði leyfir það einfaldlega ekki. Það er ekki hægt að fallast á slíkt og sem betur fer er siðferðisvitund forustumanna í íslensku atvinnulífi með þeim hætti að það yrði sannarlega nauðvörn ef þeir létu rekast út í slíkt til að halda fyrirtækjum sínum á floti. Það má aldrei verða. Og það er skylda okkar, löggjafans, að skapa kringumstæður sem eru þannig að þeir verði ekki neyddir til þess.

Því langar mig að endingu, herra forseti, til að spyrja hæstv. félmrh.: Hvaða afstöðu hefur hann til þess að sett verði sérstök lög sem takmarka starfsemi starfsmannaleigna af þessu tagi og auðveldi eftirlit hins opinbera og ekki síður vinnumarkaðarins sjálfs með starfsemi þeirra?

Í öðru lagi: Er hann enn þeirrar skoðunar að það komi vel til greina, og hann sem félmrh. íslenska lýðveldisins beiti sér á alþjóðlegum vettvangi fyrir því, að ná samstöðu með þjóðum sem eiga við svipaðan vanda að glíma til þess að

setja alþjóðlegar reglur sem vinna gegn þessu meini?

[16:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort ég sé enn sömu skoðunar og ég var sl. haust. Já, ég er það. Ég tel koma til greina að ganga til lagasetningar af því tagi sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsir.

Ég vil gera grein fyrir því, hæstv. forseti, að í kjölfar þeirrar umræðu sem átti sér stað á Alþingi sl. haust sendi ég öllum kollegum mínum á Evrópska efnahagssvæðinu, öllum þeim ráðherrum sem með þessi mál fara, bréf þar sem ég spurðist fyrir um það með hvaða hætti tekið væri á þeim málum sem hv. þm. reifar og hef þar með verið að afla mér upplýsinga um það, bæði með hvaða hætti tekið er á þeim og hvaða afstöðu menn hafa til þessara mála.

Ég hef sömuleiðis beitt mér fyrir því að í drögum að norrænni samstarfsáætlun sé fjallað um þessi mál á þeim vettvangi. Ég hef enn fremur óskað eftir því við aðila vinnumarkaðarins hérlendis að þeir geri grein fyrir afstöðu sinni.

Þessi svör eru smám saman að berast í félmrn. og ég skal játa að við erum rétt að byrja að vinna úr þeim. Þar með er ekki tímabært fyrir mig að lýsa því nákvæmlega hér og nú hver afdrif máls verða.

Ég vil hins vegar líka, hæstv. forseti, gera grein fyrir að í nýgengnum kjarasamningum á vinnumarkaði náðist samkomulag aðila vinnumarkaðarins um eftirlit með kjörum þeim sem hv. þm. gerði að umfjöllunarefni, þ.e. varðandi kjör starfsmanna hjá þeim fyrirtækjum sem eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins. Við erum með til skoðunar núna í félmrn. í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins að festa í lög sams konar ákvæði og aðilar vinnumarkaðarins hafa þarna náð samkomulagi um gagnvart þeim fyrirtækjum sem ekki eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins.

[16:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Besti partur Framsfl. er alltaf sögulega þenkjandi og ég get ekki annað en rifjað það upp fyrir hinum unga og efnilega hæstv. félmrh. að hann er í blóðsifjum við fræga baráttukonu innan verkalýðshreyfingarinnar sem alltaf tók upp hanskann fyrir ekkjur, munaðarleysingja og alla þá sem áttu undir högg að sækja. Sú ágæta kona sat líka hér á þingi og eitt af þeim bréfum sem ég á í fórum mínum, sem ég met hvað mest, er einmitt bréf Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur til mín þar sem hún brýndi mig til dáða um leið og hún sagði mér af högum flórgoðans í Steinsmýrarflóðinu, ef ég man rétt, en það er önnur saga.

Ég sé að hæstv. ráðherra rennur blóðið nokkuð til skyldunnar. Hann hefur ekki setið iðjulaus í ráðuneyti sínu hvað þetta mál varðar og ég fagna því að hann hefur staðið við það sem hann sagði í haust, að hann mundi reka á eftir þessu máli. Það er gleðiefni. Ég hvet svo hæstv. ráðherra til að láta ekki sitja við bréfaskriftirnar einar heldur urra með röddu sinni á þessa menn sem hann er að hitta á fundum þar sem þessi mál koma til umræðu.

Ég er honum sammála um það, eins og ég gat um í ræðu minni áðan, að sá hluti kjarasamninga sem að þessu lýtur er mjög til bóta. En það sem við höfum aðeins spurnir af hér á landi er að í krafti þess ferðafrelsis sem við þökkum Schengen séu fyrirtæki farin að iðka það að koma hér inn með hóp af starfsmönnum í stuttan tíma. Viðkomandi sæta engri tilkynningarskyldu. Þau eru látin vinna hér í nokkrar vikur, farið er með þau út og svo koma þau aftur. Hagnaðurinn af því að hafa starfsfólk á svo lágum kjörum er nægilega mikill til þess að þetta borgar sig ríkulega fyrir viðkomandi fyrirtæki og þessi hluti kjarasamninga mun ekki bjarga þessu. Við þurfum lög til að útiloka þetta þannig að menn fái a.m.k. hamar dómsvaldsins í hausinn ef þeir verða uppvísir að þessu.

[16:28]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnar til Steinsmýrarflóðsins sem frænka mín, fyrrum hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, skrifaði bréfið til hans um en við skulum ekki gera það að sérstöku umfjöllunarefni hér, hv. þingmaður. Ég tel að við göngum ágætlega í takt í þessu máli eins og mörgum öðrum.

Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. þm. í því að það dugar ekki að senda bréf og kalla eftir þeim. Það verður líka að vinna úr slíku og eins og ég gerði grein fyrir áðan höfum við hafið þá úrvinnslu.

Hv. þm. bendir á ýmis atriði sem vert er að hafa í huga og fara yfir varðandi atvinnurétt útlendinga hér á landi. Ég er út af fyrir sig alveg sammála því. Við erum að horfast í augu við talsvert nýja tíma, Íslendingar, hvað þetta varðar og það er full ástæða fyrir okkur til að fara yfir þau mál frá degi til dags.

Ég vil, hæstv. forseti, gera grein fyrir því að ég á reglulegt samráð við aðila vinnumarkaðarins, bæði ASÍ og Samtök atvinnulífsins, þar sem við förum yfir mál af þessum toga. Ég tek að sjálfsögðu feginsamlega við ábendingum þeirra um það sem betur mætti fara á vinnumarkaði okkar og sömuleiðis ábendingum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og upprifjunum hans úr bréfum indællar frænku minnar heitinnar.

[16:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. verður að gera sér grein fyrir því að ef hann stendur sig ekki vel þá verður hægt að snúa vönd úr þeim bréfum. Ég vona þó að ekki komi til þess.

Ég ítreka að mér finnst gott að hæstv. ráðherra skilur að þetta er ákveðið vandamál. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að hafa lög sem fortakslaust banna að misbeita valdi gagnvart verkafólki, eins og gerst hefur í einhverjum mæli. Þeir samningar sem hafa verið gerðir fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar sem gera okkur kleift að hafa betra eftirlit en áður með starfsmannaleyfum af þessu tagi duga ekki varðandi ákveðna hópa.

Ég óttast, herra forseti, að takist okkur ekki að ráða við þetta vandamál þá geti tvennt gerst. Í fyrsta lagi er grafið undan samkeppnishæfni íslensks vinnuafls og í öðru lagi grafið undan einum af þeim dásamlegu hlutum sem nútímafólki eru færðir með aðild okkar að EES, þ.e. ferðafrelsi sem er við lýði í krafti Schengen. Ég held nefnilega að ef sú þróun eykst sem ég hef gert að umtalsefni og aðeins glittir í, hún hefur ekki rutt sér til rúms en glittir aðeins í hana, þá verður næsta krafa verkalýðshreyfingarinnar eðlilega sú að tekin verði upp einhvers konar tilkynningarskylda gagnvart öllum sem koma hingað til lands. Þar með mun hið sama auðvitað líka gilda um okkur þegar við förum til annarra landa. Mér líst ekki á það og þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að skoða málið niður í kjölinn og skoða það rækilega hvort ekki væri rétt að setja lög þannig að við höfum tæki til að taka hart á slíkum málum ef upp komast.

[16:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem í pontu til þess að lýsa því yfir að ég styð það mál sem hér er lagt fram í frv. af hæstv. félmrh., um takmörkun á frjálsri för launafólks tímabundið til 1. maí. Ég styð það miðað við þær forsendur sem gengið er út frá í málinu, þ.e. sömu forsendum og ég gerði grein fyrir þegar rætt var um stækkun á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar sem fjöldi ríkja innan Evrópusambandsins hyggst setja takmörk við frjálsa för launafólks þá tel ég eðlilegt að Íslendingar geri hið sama í svipaðan tíma. Samkvæmt frv. er þessi takmörkun til 1. maí 2006.

Ástæðan fyrir því að ég styð þessa aðgerð, þó ég sé almennt hlynntur frjálsri för launafólks, er einfaldlega sú að þar sem þetta gildir ekki almennt í löndunum væri hætt við því að straumurinn beindist til þeirra fáu landa sem láta mundu frjálsa för launafólks koma til framkvæmda þegar í stað. Þar af leiðandi gæti staða Íslands orðið mjög erfið. Ég tel óeðlilegt að taka þá áhættu meðan eigi liggur fyrir að allur markaðurinn verði opinn. Ég tel hins vegar að hefði vinnumarkaðurinn almennt verið opinn að þessu leyti þá hefðum við ekki átt að setja þessa bakvörn. Ég held að þá hefði ekki þurft að óttast mikið flóð launafólks til landsins. Dreifingin hefði orðið meiri og allt öðruvísi heldur en ef straumurinn hefði beinst að fáum löndum, sérstaklega að litlu landi og litlu atvinnusvæði eins og Íslandi.

Þetta er aðalástæðan fyrir því að ég tel eðlilegt að við höfum þennan fyrirvara og aðlögun. Almennt tel ég að svo hefði ekki átt að vera en reyna mætti að ná samtöðu um það með Evrópusambandsríkjunum hvenær þessari takmörkun verði aflétt þannig að við þyrftum ekki að setja takmörkun á frjálsa för launafólks á milli landa að þessu leyti.

Að öðru leyti vil ég taka undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að varðandi starfsmannaleigur. Hvernig má una við að á vinnumarkaði sé fólk sem fær laun sem eru önnur heldur við viljum að greidd séu hér á landi? Hvernig mun það þróast ef það fær að viðgangast að hér séu undirverktakar með starfsmenn og starfsmannahópa á vegum starfsmannaleigna sem séu í raun annar eða þriðji aðilinn að verkkaupum? Við gætum þess vegna hugsað okkur að íslenskt fyrirtæki byði í verk og fengi verkið en hefði á bak við samning um að inn komi fyrirtæki með ákveðna starfsmannahópa sem væru hér í ákveðinn tíma og á þeim grundvelli hefði eitt ákveðið fyrirtæki lægra tilboð heldur en önnur íslensk. Ég tek því undir þá umræðu sem hér hefur farið fram, að það þarf að skoða þetta mjög vandlega. Mér sýnist að þessi möguleiki sé opinn, að svona sé hægt að nota undirverktaka og starfsmannaleigur. Þess vegna fagna ég því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að nauðsynlegt væri að taka á þessu. Ég held að það hljóti að vera ef við ætlum að tryggja að málin þróist ekki í þá veru sem ég hef lýst.

[16:37]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá málefnalegu og góðu umræðu sem farið hefur fram um þetta mál. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni þegar hann segist þeirrar skoðunar að ef ekki hefði komið til takmörkun annarra þjóða á hinu Evrópska efnahagssvæði á frjálsri för launafólks frá hinum nýju sambandslöndum þá hefði ekki verið sérstök ástæða til að grípa til slíkra ráðstafana hér. Reyndin er hins vegar önnur og í ljósi þess, eftir að hafa átt samráð við aðila vinnumarkaðarins og reifað málið í ríkisstjórn, er niðurstaðan sú að við þessar aðstæður sé skynsamlegt, hæstv. forseti, að gera þessar breytingar á lögum okkar og takmarka frjálsa för, a.m.k. í þau tvö ár sem aðlögunartíminn gildir.

Hæstv. forseti. Ég ítreka þakkir mínar fyrir þessa umræðu og óska eftir að málið verði sent til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 33. mál. — Þskj. 33, nál. 1073.

[16:38]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Iðnn. fékk til umsagnar og umfjöllunar till. til ál. á þskj. 33, um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Impru – nýsköpunarmiðstöð, Handverki og hönnun, Félagi kvenna í atvinnurekstri, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Tillagan er endurflutt frá 128. löggjafarþingi og bárust þá umsagnir frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að vinna að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Nefndin er meðvituð um að í útfærslu framkvæmdaáætlunarinnar verði nauðsynlegt að taka mið af sérístenskum aðstæðum varðandi stærðarviðmið fyrirtækja án þess að skekkja samkeppnisstöðu þeirra því að samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins eru allflest íslensk fyrirtæki smá eða meðalstór á alþjóðlegan mælikvarða.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „haustið 2004“ í 2. mgr. tillögugreinarinnar komi: haustið 2005.

Áætlunin sem ályktað er að ríkisstjórninni verði falið að vinna skal sem sagt lögð fyrir Alþingi haustið 2005.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. En undir álitið skrifa auk mín, sem er formaður og framsögumaður, hv. þm. Kjartan Ólafsson, Sigurjón Þórðarson, Guðmundur Hallvarðsson

og Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem sat fundinn í stað Kristjáns Möllers.

[16:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að þetta mál skuli komið út úr iðnn. Alþingis og að allar líkur eru á því að það hljóti samþykki á þinginu. Það er því miður ekki venjulegt um þingmál frá stjórnarandstöðunni en þessi þáltill. er að öllu leyti samhljóða, nákvæmlega eins orðuð, og þingmál sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutti, fyrst á 128. löggjafarþingi og svo aftur nú. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja."

Síðan segir í þáltill. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögum til úrbóta. Þar er vísað í ýmsa þætti sem nauðsynlegt sé að gera athugun á: kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi; aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu; kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga; aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu; kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri; kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar; skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja; stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir; stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri; stöðu frumkvöðla og stöðu uppfinningamanna.

Síðan fylgir greinargerð þar sem rök eru færð fyrir því hve mikilvægt sé að styðja við bakið á smáum fyrirtækjum og hve mikilvæg þau eru fyrir atvinnulífið í heild sinni. Vísað er í starf sem fram fer á vegum Evrópusambandsins. Þar gildir sérstök stefna eða sáttmáli um smáfyrirtæki, European Charter for Small Enterprises.

Eins og kom fram í máli flutningsmanns, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, er sérstaklega tekið fram í nefndarálitinu að hér þurfi að taka tillit til íslenskra aðstæðna því samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins teljist allflest íslensk fyrirtæki smá eða meðalstór á alþjóðlegan mælikvarða.

Það er ekki aðeins á vegum Evrópusambandsins sem vinna og stefnumótun fer fram til að finna leiðir til að styrkja stöðu smárra og meðalstórra fyrirtækja. Það hefur einnig verið tekið upp á norrænum vettvangi og er gerð grein fyrir því í greinargerð með hinni upphaflegu þáltill.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég ítreka ánægju mína með að nefndin skuli hafa afgreitt þetta mál. Ég er sannfærður um að það er hið mesta þjóðþrifamál.

[16:46]

Ásgeir Friðgeirsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þáltill. sem er í alla staði hin merkasta. Ég tel ákaflega mikilvægt að unnin verði framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Ég held að það sé afar mikilvægt að þar komi fram, eins og kemur fram í tillögunni, skilgreining á því hver aðgangur smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu geti verið. Eins og fram kemur er jafnframt gert ráð fyrir að uppfinningamönnum, frumkvöðlum og smáfyrirtækjum verði auðveldað með kostnað varðandi einkaleyfi. Þá mætti sömuleiðis skoða hvort eitthvað megi ekki betur fara í skattalöggjöf okkar.

Allt er þetta hið besta mál. En ég vil nota þetta tækifæri til að koma að öðru máli sem þessu skylt, þ.e. heildarendurskoðun á stuðningi hins opinbera við nýsköpun, fyrirtæki, stór og smá og atvinnulífið í heild sinni. Við stöndum á þeim tímamótum að það hafa orðið mikil umskipti í íslensku atvinnulífi hvað varðar þátttöku hins opinbera á allra síðustu árum. Hið opinbera er að mestu hætt almennri atvinnustarfsemi. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur á þessum tíma að stokka spilin og skoða með hvaða hætti er eðlilegt og rétt að hið opinbera komi að stuðningi við atvinnulífið.

Ég er þeirrar skoðunar að þar skipti langmestu máli með hvaða hætti hið opinbera getur hlúð að hagnýtingu hugvits og stutt við rannsóknir og vöruþróun. Með fullri virðingu fyrir þessu ágæta máli þá held ég að það skipti ekki öllu máli í því sambandi hversu stór fyrirtækin eru eða hvort það eru smáfyrirtæki. Annað finnst mér hins vegar gilda að taka upp sértækan stuðning við t.d. kvennafyrirtæki eða svæðisbundinn stuðning.

Heildarendurskoðun sem miða mundi að því að auka stuðning við hugvitsgreinar, rannsóknir og vöruþróun, held ég sé nauðsynleg fyrir okkur að skoða í dag. Hvers vegna? Þannig er að hagvöxtur á Íslandi er öðruvísi tilkominn en hagvöxtur í flestum öðrum löndum sem við viljum bera okkur saman við. Hagvöxtur hér á landi er að stærstum hluta tilkominn vegna aukinnar nýtingar náttúruauðlinda. Hagvöxtur í nágrannalöndum okkar hefur að stærstum hluta orðið til vegna hagnýtingar hugvits.

Á síðustu 50 árum hafa rannsóknir og vísindi í Bandaríkjunum lagt til um 50% af árlegum hagvexti. Í Japan er samsvarandi framlag nærri 55% og í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi hefur þekkingarþróun skapað um 75% af árlegum hagvexti frá því um miðja síðustu öld. Grannar okkar í Finnlandi og Svíþjóð hafa náð sama marki á síðustu árum. Þessi hagvöxtur er sjálfbær og hann er æskilegur því hann gengur ekki á auðlindir jarðar. Sambærilegar úttektir hér á landi eru því miður ekki til staðar þrátt fyrir eftirgrennslan. Þó veit ég til þess að það er verið að reyna að vinna að því. En áætluð hlutdeild þekkingargreina í hagvexti hér á landi er rétt aðeins um 10%. Þetta þýðir að hagvöxtur hér á landi byggir mun meira á nýtingu náttúruauðlinda en hagvöxtur nágrannaþjóða okkar. Það má því segja að hugvit okkar Íslendinga sé ekki í askana látið líkt og hjá öðrum þjóðum.

Ég held að ef við skoðum stuðning hins opinbera við atvinnulíf í dag þá blasi við að þar skortir reglufestu. Stuðningurinn er lítt faglegur oftast ógegnsær. Ég held að við eigum að skoða starfsumhverfi og reglur um skatta og gjöld hjá atvinnufyrirtækjum í heild sinni og taka þar upp reglur sem miða að jafnri stöðu og hafa réttlæti að leiðarljósi og

raska ekki samkeppnishæfni. Ef við skoðum síðan fjárstuðning hins opinbera til vísinda og rannsókna þá fer hann að stærstum hluta í gegnum stofnanir hins opinbera.

Samkvæmt athugun sem ég hef óskað eftir kemur fram að rannsóknarstofnanir á vegum hins opinbera eru hvorki fleiri né færri en 92. Í gegnum fyrirspurnir sem slitrótt svör hafa borist við á síðustu vikum er að verða ljóst að þær forsendur sem eru notaðar til fjárstuðnings við þessar stofnanir eru mjög mismunandi. Það er sömuleiðis mismunandi stjórnvald tekur ákvarðanir um þessa fjármuni. Rétt eins og ég sagði áðan skortir þarna reglufestu og faglegar forsendur. Ég tel að það væri heppilegt og æskilegt að allur stuðningur hins opinbera við atvinnulíf væri gegnsær þannig að þing og þjóð sjái hver tekur ákvörðun, um hvaða fjárhæðir, til hvaða verkefna og hvaða árangri slíkt skilar.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að hafist verði handa við heildarendurskoðun á aðkomu hins opinbera að atvinnulífinu, endurskoðun sem miðast að því að hið opinbera styðji ungviðið í atvinnulífinu með faglegum, gagnsæjum og réttlátum hætti. Það er ljóst að ungviðið hreiðrar helst um sig í smáfyrirtækjum og því fagna ég áliti þessarar nefndar sem fram er komið og framgangi þessa máls á Alþingi.

[16:54]

Jón Kr. Óskarsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að koma með einn flöt á þessu frumvarpi. Mér datt í hug hvort þetta mál gæti hugsanlega orðið til hagsbóta fyrir eldri borgara þessa lands. Væri athugandi hvort aðgengi eldri borgara að vinnu við þetta frumvarp yrði til að efla áhuga þeirra og möguleika er þeir fara af hinum almenna vinnumarkaði? Gæti það ekki skapað þeim einhverjar aukatekjur?

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

84. FUNDUR

þriðjudaginn 16. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 481. mál, þskj. 750, nál. 1094. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
2. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 611. mál, þskj. 919, nál. 1093. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
3. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, stjtill., 735. mál, þskj. 1091. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1119. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 736. mál, þskj. 1096. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, þáltill., 33. mál, þskj. 33, nál. 1073. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Verndun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 164, nál. 1075, brtt. 1076 og 1095. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, stjfrv., 552. mál, þskj. 1118. — 3. umr.
9. Norræna ráðherranefndin 2003, skýrsla, 579. mál, þskj. 872. — Ein umr.
10. Norrænt samstarf 2003, skýrsla, 688. mál, þskj. 1017. — Ein umr.
11. Alþjóðaþingmannasambandið 2003, skýrsla, 567. mál, þskj. 857. — Ein umr.
12. Fríverslunarsamtök Evrópu 2003, skýrsla, 586. mál, þskj. 881. — Ein umr.
13. VES-þingið 2003, skýrsla, 601. mál, þskj. 908. — Ein umr.
14. ÖSE-þingið 2003, skýrsla, 614. mál, þskj. 922. — Ein umr.
15. Evrópuráðsþingið 2003, skýrsla, 621. mál, þskj. 929. — Ein umr.
16. NATO-þingið 2003, skýrsla, 637. mál, þskj. 951. — Ein umr.
17. Vestnorræna ráðið 2003, skýrsla, 649. mál, þskj. 966. — Ein umr.
18. Norðurskautsmál 2003, skýrsla, 694. mál, þskj. 1032. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Félagslegi túlkunarsjóðurinn, 753. mál, fsp. SigurlS, þskj. 1126.

Löggæsla við Kárahnjúka, 632. mál, svar dómsmrh., þskj. 1099.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 552. mál, þskj. 1118.

Þunglyndi meðal eldri borgara, 752. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 1123.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla frumvarps um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

[13:32]

Mörður Árnason:

Forseti. Á umhverfisnefndarfundi á fimmtudag óskaði ég eftir því að hæstv. umhvrh. yrði boðið á fund nefndarinnar til að skýra ummæli sín eftir fund Landeigendafélags Laxár og Mývatns í fyrri viku. Hv. formaður nefndarinnar féllst ekki á þetta og vísaði til samræðu við umhvrh. annaðhvort í þingsal eða undir fjögur augu. Ummæli ráðherra voru þau að henni þætti eðlilegt að málið biði þangað til eitthvað gerðist.

Nú er frv. um breytingar á lögum nr. 36/1974 ekki lengur á valdi ráðherra, heldur til umræðu í umhvn. Ráðherra hlýtur þess vegna með ummælum sínum að vera að beina erindi til nefndarinnar.

Nú er það svo að þingmálið er tvíþætt, annars vegar almennar breytingar á verndarsvæðinu sem um ræðir, frv. sem endurflutt er, og hins vegar bráðabirgðaákvæði III um hækkun stíflunnar í Laxá sem var skotið inn í frv. núna í haust. Spurningin er: Er ráðherra að tala um að bæði málin bíði?

Það er hvorki verulegur ágreiningur innan þings né utan um sjálft frv. Á afgreiðsla þess að bíða bráðabirgðaákvæðisins?

Í síðustu viku var hætt umfjöllun um stjfrv. í allshn. Það gerðist þannig að hæstv. dómsmrh. skrifaði nefndinni bréf og bað um það, sem nefndin samþykkti, að hætt yrði að vinna í málinu. Er eitthvert slíkt bréf í smíðum hjá hæstv. umhvrh., eða hvað meinar ráðherrann? Það hefur komið í ljós að bráðabirgðaákvæðið kemur í veg fyrir viðræður heimamanna og virkjunareigenda um rannsóknir og framkvæmdir við Laxá. Afstaða mín og Samf. er að fleygja bráðabirgðaákvæðinu strax en halda áfram að vinna frv. sjálft á eðlilegan hátt. Er hæstv. umhvrh. sammála þessu?

[13:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Í ljósi niðurstöðu fundar Landeigendafélags Laxár og Mývatns á Narfastöðum fyrir stuttu var eðlilegt að láta þetta mál sem hér er til umræðu bíða og gefa mönnum tækifæri á að ræða saman ef þeir kjósa svo. Það er alveg skýrt að miðað við þessa stöðu er lagafrv. ekki á leiðinni að verða að lögum. Menn geta rætt saman ef þeir vilja. Það er búið að gefa út þá yfirlýsingu að málið í heild bíði og það er búið að ræða það í stjórnarflokkunum. Það er ekkert óeðlilegt við það í ljósi þessarar stöðu. Kjósi menn að ræða þetta heima í héraði geta þeir gert það án þess að verið sé að vinna í þessu máli sérstaklega í þinginu. Það er alveg skýrt miðað við þetta að frv. er ekki að verða að lögum. Stjórnarflokkarnir hafa meiri hluta og auðvitað halda þeir utan um mál eins og þeim þykir eðlilegast að halda á þeim.

Varðandi það hvort eitthvert bréf sé á leiðinni er ekkert bréf í smíðum enda hefur þessi yfirlýsing komið fram, bæði í fjölmiðlum og núna á Alþingi, úr pontu. Það er búið að ræða þetta mál í stjórnarflokkunum þannig að það er alveg skýrt að málið bara bíður. Aðilar geta talað saman ef þeir hafa hug á því og okkur liggur ekkert á að flýta okkur með þetta mál í gegn miðað við þessar aðstæður.

[13:36]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er eðlilegt að þetta mál komi upp í umræðum um störf þingsins. Hér er um mjög flókið mál og viðkvæmt að ræða. Við stöndum frammi fyrir því að ef ekkert verður að gert hlýtur að koma að því fyrr en síðar að Laxárvirkjun verði lokað og ég hygg að enginn hv. þm. æski þess sérstaklega ef við hugsum um þá miklu byggðaþýðingu sem Laxárvirkjun hefur og hugsum um það reiðarslag sem það yrði fyrir Aðaldalshrepp og Þingeyinga. Það eru auðvitað takmörk fyrir því hversu mörg fyrirtæki er hægt að leggja niður í ekki stærra byggðarlagi en Þingeyjarsýslu.

Á hinn bóginn er alveg ljóst að ekki verður unnið að þessu máli nema í sátt og samlyndi meðal heimamanna og þeir hljóta nú að vinna að því að ná samkomulagi um það hvernig að þessu máli skuli unnið. Við stöndum frammi fyrir því að unnið hefur verið að endurbótum á undanförnum árum, ég hygg að Landsvirkjun hafi varið mjög háum fjárhæðum til þess að græða upp land við Kráká. Veiðifélög við Laxá hafa greitt milljónir kr. til hins sama með þeim góða árangri að svo hefur dregið úr sandburði að við getum sagt að Mývatnssveit sé borgið að þessu leyti. Við getum líka sagt að nú sé svo komið að Kráká er farin að grafa sig niður að sínum fyrra jarðvegi. Ég hygg að þeir sem kunnugir eru á þessum slóðum geri sér grein fyrir hvaða þýðingu það hefur ef hægt verður að halda þessu áfram og sandgildra komi í Kráká, og einnig ef hægt verður að draga úr sandburði í Laxá. Þetta er auðvitað mikið mál fyrir þá sem þarna búa.

[13:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Staða þessa máls er afskaplega sérkennileg, jafnvel neyðarleg svo ekki sé enn fastar að orðið kveðið. Nú gerist það í annað skipti á örskömmum tíma að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa áttað sig á villu síns vegar. Í fyrra tilfellinu, tilfelli hæstv. dómsmrh., var allshn. beðin um að draga til baka mál sem var fullkomlega vanbúið og var vakin athygli á við 1. umr. máls.

Nú gerist það í annað sinnið en með öllu óskýrari hætti. Hæstv. umhvrh. segir í einhverju blaðaviðtali að þetta mál megi bíða og endurtekur hér að yfirlýsingar hafi verið gefnar um þetta mál, að þingnefndin þurfi ekkert að sinna þeirri lögbundnu skyldu sinni að fara yfir og afgreiða mál frá sér.

Ég spyr: Hvaða yfirlýsingar eru það og í krafti og afli hvers? Nú er það einfaldlega þannig að málið er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi en ekki á vettvangi ríkisstjórnar, ekki á vettvangi ráðherra, þannig að ráðherrann hefur strangt til tekið ekkert um það að segja hvort og hvernig nefnd, umhvn. í þessu tilfelli, fer áfram með málið. Þannig er það bara og það þýðir ekkert að vísa með almennum orðum til þess að ríkisstjórnin búi við þingmeirihluta.

Ef ráðherra vill láta á það reyna hvort hún hafi þingmeirihluta í þessu máli, sem lá aldrei fyrir, á hún auðvitað að senda bréf til umhvn. og biðja formanninn og nefndina alla að bíða með málið. Öðruvísi gerist það ekki. Ella eru þingmenn ekki að sinna skyldum sínum á hinu háa Alþingi í nefndum með því að fara ekki yfir málið og vinna það ekki eins og lög og reglur standa til. Hér verða mál einfaldlega að vera skýr. Við búum við þingræði og eigum að hegða okkur í samræmi við það. Einhverjar óljósar meldingar, umhvrh. í þessu tilfelli, duga ekki. Hæstv. ráðherra hefur ekkert um það að segja hvernig umhvn. vinnur. Hún verður þá að biðja um það og játa á sig þá sök að hún hafi farið offari og beðið nefndina um að bakka.

[13:40]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það mál sem hér hefur verið gert að umtalsefni, og skýrt hefur komið fram að er ansi furðulegt frá hendi ríkisstjórnar, er að mestu leyti um það bráðabirgðaákvæði sem smeygt var inn í frv. á síðustu stigum og hefur valdið miklum deilum fyrir norðan. Hér hefur verið farið yfir það hvernig ráðherra hefur talað um að þetta eigi að bíða meðan menn ræða saman og það má eiginlega spyrja að því, virðulegi forseti, hvort ekki hefði verið ástæða til að aðilar ræddu saman áður en frv. var lagt fram, áður en hæstv. ríkisstjórn gerði allt vitlaust með því að hengja þetta svona saman.

Það má nefnilega segja sem svo að þetta séu tvö aðskilin mál og annað þeirra sjálfsagðar lagfæringar gagnvart Skútustaðahreppi. Þar hafa verið óskir sveitarstjórnar ansi lengi um að fá fram breytingar á þessum lögum um vernd Mývatns og Laxár, enda hafa þau hamlað framgangi og vexti sveitarfélagsins. Sem dæmi um það má taka að burtfluttur íbúi þessa sveitarfélags óskaði ekki alls fyrir löngu eftir því að fá

að byggja sér sumarbústað og eyða þar elliárum sínum. Það tók apparatið upp undir fjögur ár að koma því til leiðar að þessi burtflutti íbúi gæti byggt þarna og það er óþolandi fyrir eitt sveitarfélag að vera sett undir svona lög sem hamla vexti og viðgangi sveitarfélagsins og hengja þetta svona saman sem hér er.

Þess vegna hvet ég til þess, virðulegi forseti, að umhvn. slíti þetta í sundur, leggi bráðabirgðaákvæðið frá sér og vinni lögin. Hér á hinu háa Alþingi held ég að sé nokkuð mikil sátt, vonandi, um að klára allt annað en þetta bráðabirgðaákvæði. Það er auðvitað það sem við eigum að einhenda okkur í þannig að ég lýsi andstöðu minni við það sem hæstv. ráðherra segir, að það verði að bíða úr því að menn kjósi svo og að þetta sé ekki á leiðinni að verða að lögum á hinu háa Alþingi vegna þess sem þarna var skeytt við, þ.e. bráðabirgðaákvæði III. Ég hvet til þess að umhvn. haldi áfram með þetta mál og klári það sem að sveitarfélaginu snýr og varðar það.

[13:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að enginn vafi sé á því að við búum við þingræði. Það er hins vegar spurning hvort það er ekki eðlilegt að sá sem flytur mál, hæstv. umhvrh. í þessu tilfelli, hafi eitthvað um það að segja eftir að það kemur inn í nefndina ef hún kýs svo. Í þessu tilfelli er málum þannig háttað að hæstv. umhvrh. hefur óskað eftir því að hv. nefnd hægi á ferðinni til þess að hugsanlega verði hægt að ná þarna samkomulagi í mjög viðkvæmu máli. Það er í raun ekki rétt að málið sé algerlega tvíþætt því að allt snýst það um verndun Laxár og Mývatnssvæðisins.

Þarna eru mörg sjónarmið uppi, ekki síst hjá heimamönnum. Málið væri einfaldara ef heimamenn hefðu bara eina skoðun en þær eru margar, það eru þeir sem búa í Skútustaðahreppi og óska eftir því að hafa meira svigrúm í sambandi við framkvæmdir, það sé ekki í raun eins og þeir búi í þjóðgarði, og það eru Laxárdælingar sem sumir hverjir vilja ekki hækka stífluna fyrir nokkurn mun. Svo eru það þeir sem vilja umfram allt losna við sandinn úr ánni o.s.frv. Ef hægt væri að ná því fram með einhverri aðgerð að allt þetta leystist væri það náttúrlega það besta. Þá er ég að tala um að það er hugsanlegt að með því að hækka stífluna um nokkra metra sé hægt að vinna að því að fanga sandinn ofar þannig að hann fari ekki í virkjunina og ekki niður ána og þar með væri sá vandi leystur og Skútustaðahreppur hefði aukið svigrúm í sambandi við framkvæmdir sínar o.fl. Þetta er mál sem þarf að ræða og við munum ekki leysa það, a.m.k. ekki hér í þingsalnum. Það þarf að ræða það milli heimamanna, milli fyrirtækisins Landsvirkjunar (**Gripið fram í:** Hvað var verið að tala ...?) og þar fram eftir götunum.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Málsmeðferð hæstv. umhvrh. og ríkisstjórnarinnar í málinu hefur verið óeðlileg frá upphafi og hefur vakið upp nákvæmlega það sem ég spáði fyrir við 1. umr. málsins, harðvítugum deilum, og ákvæði til bráðabirgða III er efni frv. um breytingu á lögum um verndun Laxár og Mývatns að öðru leyti óviðkomandi. Ég kallaði ákvæðið smyglgóss og stend við það. Þetta er virkjunarákvæði í verndunarfrumvarpi. Það var einhliða ákvörðun hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar að tengja þessi tvö mál saman.

Það sem ríkisstjórnin er nú að reyna er ósköp einfalt. Það á að reyna að nota áhuga heimamanna, sérstaklega Mývetninga, á því að breyta gildissviði verndunarlaganna til að fleyta virkjunarheimildinni með í gegnum Alþingi. Þetta er augljóst hverjum manni og málsmeðferð sem er engum til sóma, allra síst hæstv. ríkisstjórn.

Svo vil ég segja það, frú forseti, að hæstv. umhvrh. og iðnrh. misskilja mjög stöðu sína gagnvart Alþingi. Málið er komið á forræði þingsins, er til umfjöllunar í þingnefnd, og hæstv. ráðherrum kemur það ekki við hvernig þingnefndirnar haga störfum sínum. Þær eru sjálfstæðar og til þess bærar að stjórna þeirri vinnu, jafnt hraða á afgreiðslu málsins sem öðru. Það eina sem flutningsmaður getur gert er að kalla frv. sitt til baka ef hann er hættur við það, ef hann vill ljúka þingmeðferðinni. Að öðru leyti eiga ráðherrar ekki að vera með puttana í því sem þingnefndirnar eru að gera. Nógur er yfirgangur framkvæmdarvaldsins samt gagnvart Alþingi.

Um málið er það að segja að það liggur fyrir að forsenda samstarfs við landeigendur er að ákvæði til bráðabirgða III fari út. (Forseti hringir.) Því hafa þeir lýst yfir á fundi og ályktað um það, þannig að þegar hæstv. ráðherrar tala um samkomulag liggur alveg fyrir í hverju lausn málsins er fólgin. Það er að kasta út ákvæði til bráðabirgða III. Þá geta menn farið að tala saman.

[13:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að hrósa hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa dregið umdeilt frv. um fullnustu refsinga til baka, en það var alveg greinilegt á vinnu sem fram fór í allshn. að málið þurfti að vinna betur.

Nú höfum við enn og aftur mál sem þarf að vinna betur sem er hér til umfjöllunar. Það er ekki einungis umdeild stíflugerð heldur er einnig verið að aflétta friðun á ýmsum náttúruperlum svo sem Dimmuborgum, Leirhnjúki og Hverfjalli. Mér finnst eina vitið að hæstv. umhvrh. dragi frv. einfaldlega til baka og fylgi góðu fordæmi hæstv. dómsmrh.

Hvað þýðir það að málið eigi að bíða í nefnd? Ég veit það ekki. Eftir hverju er verið að bíða? Mér finnst þetta vera óskiljanleg vinnubrögð.

[13:48]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kemur hingað upp í hlutverki spákonu, en ekki hafa allir spádómar hans ræst og hygg ég að það eigi við í þessu sem og mörgum öðrum spádómum hv. þm.

Ég vil jafnframt nefna það að röksemdin gengur ekki upp hjá hv. þm. þegar hann segir að hæstv. ráðherrum komi málið ekkert við. Auðvitað kemur hæstv. ráðherrum málið við.

Það má vekja athygli hv. þm. á því að málinu hefur verið vísað til þingnefnda og er þar með í höndum þingnefnda (**SJS:** Hver ræður þingstörfum?) Hv. þm. verður að tala þannig að röksemdafærslan gangi upp hjá honum.

Hvað hefur gerst í málinu? Hæstv. umhvrh. hefur lagt fram frv., kynnt það með ákveðnum forsendum og um það hefur verið fjallað við 1. umr. og því síðan beint til hv. umhvn. Síðan gerist það að forsendur breytast og hæstv. umhvrh. lýsir þeim sjónarmiðum. Það er ekkert óeðlilegt við það að hæstv. ráðherra lýsi þeirri skoðun sinni að forsendur hafi breyst og hvetur til þess að sættir náist frekar á heimaslóð. Það er ekkert óþinglegt við það, frú forseti. (**SJS:** Ætlar þú að fara að kenna ...?)

[13:50]

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Umræðurnar hafa verið fróðlegar og lýsa vel hvernig þingheimur skiptist í málinu. Það kemur ekki á óvart í hvaða tóni hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, hefur talað. Þetta minnir á margar ræður hans, m.a. um kísilgúrverksmiðjuna.

Það er alveg nýtt fyrir mér að hann geti hugsað sér að breyta lögunum um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins. Ég veit satt að segja ekki hvað hefur komið til, því að í hans huga hefur það verið heilagur pappír fram að þessu. (Gripið fram í.) Það sýnir að jafnvel þessi hv. þm. kann að breyta og skipta um skoðun stundum ef þrýstingurinn kemur frá réttum stöðum, en það var áreiðanlega ekki hans eigin skynsemi sem beindi honum á réttar leiðir. (Gripið fram í.)

Ég vil almennt segja um málið að það er ýmislegt annað, ef við sleppum bráðabirgðaákvæðinu, sem nauðsynlegt er að athuga í þessu samhengi eins og t.d. hvort ekki sé rétt að hv. þingnefnd taki til athugunar að Dimmuborgir skuli falla undir verndunarákvæði frv. Ég hygg að það sé nauðsynlegt. Ég vil eins og áður leggja áherslu á að nauðsynlegt er að heimamönnum sé gefið svigrúm til að ræða málin til þrautar sín á milli. Það verður síðan að skýrast eftir því sem málinu vindur fram hvernig skynsamlegast sé að standa að þeim viðræðum og undir hvaða kringumstæðum, en ég held að hv. þm. eigi ekki að vera með stóryrði í þingsalnum að svo stöddu, því hér er mikið í húfi og sterkar tilfinningar í málinu.

[13:52]

Mörður Árnason:

Forseti. Stóryrði hafa fallið í málinu af hálfu hv. 2. þm. Norðaust., en ekki annarra sem hér hafa talað.

Hins vegar er staða málsins ósköp einfaldlega sú að landeigendur við Laxá og Mývatn hafa sagt: Við tökum ekki þátt í viðræðum við Landsvirkjun nema bráðabirgðaákvæði III sé úti. Skútustaðahreppur, sem hefur mikla hagsmuni af frv., hefur samþykkt í hreppsnefndinni áskorun til okkar um að taka bráðabirgðaákvæðið út þannig að þeirra hagsmunamál geti gengið fram, fengið eðlilega umfjöllun með Dimmuborgum og hvaðeina. Undir þetta hefur t.d. búnaðarþing tekið og allir skynsamir menn eins og eðlilegt er. Hæstv. umhvrh. hefur klúðrað bráðabirgðaákvæði III, sem hún með einhverjum hætti var rekin til að fara í eða taldi sig knúna til að koma með fyrir þingheim. Henni er sæmst að kalla það aftur með þeim eina hætti sem ráðherra getur kallað slíkt aftur, með því að biðja nefndina með formlegum hætti að fjalla ekki um málið, á sama hátt og hæstv. dómsmrh. gerði, með akvont frv. sem honum var sýnt að væri, og hafði manndóm í sér til þess, sem er hrósvert, að kalla það aftur með þeim hætti. Það gerði hæstv. umhvrh. ekki.

Það verður ekki skilið nema á einn hátt. Annars vegar ætlar hún að hafa bráðabirgðaákvæði III hangandi í frv. sem einhvers konar svipu á landeigendur til þess að knýja þá áfram í málinu, gegn vilja þeirra, og annars vegar vonast hún til þess og væntanlega hæstv. iðnrh. með henni, eins og hún talaði áðan, að þeir í Mývatnssveit og annars staðar verði annar þrýstiaðili á landeigendur við Laxá og Mývatn til að koma þeim til samninga við Landsvirkjun. Þetta er svona, og hæstv. umhvrh. er ekki sómi að því.

Það sem við samfylkingarmenn munum hins vegar gera í umhvn., ef við fáum nokkru um það ráðið, er að halda áfram eðlilegri umfjöllun um frv. sem nú er flutt í annað skipti, en láta bráðabirgðaákvæðið eiga sig til eilífrar skammar fyrir þann hæstv. umhvrh. sem það flutti.

[13:54]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Til upprifjunar er rétt að halda því til haga að með bráðabirgðaákvæðinu var verið að gefa kost á því í fyrsta lagi að aflétta réttaróvissu varðandi umhverfismat. Í öðru lagi var verið að veita Landeigendafélaginu neitunarvald á framkvæmdina ef þeim hugnaðist hún ekki, m.a. vegna umhverfisverndarsjónarmiða. Síðan átti Umhverfisstofnun að hafa heimild til að gefa út leyfi fyrir framkvæmd ef umhverfisáhrifin væru ásættanleg. (**Gripið fram í:** Við vitum þetta.) Það er því verið að tala um minni háttar aðgerð sem menn gætu komið sér saman um. Þetta er málið.

Eftir að fundurinn var haldinn á Narfastöðum hjá Landeigendafélaginu lá beinast við, þar sem Landeigendafélagið átti að fá neitunarvald, að málið biði af því að það komu neikvæð skilaboð frá þeim fundi.

Það er því eðlilegt að málið bíði við þessar aðstæður. Við höfum rætt það í stjórnarflokkunum og auðvitað hafa stjórnarflokkarnir meiri hluta á þinginu og meiri hluta í umhvn. Það er því mjög skrýtið þegar hv. þm. er að boða einhver allt önnur vinnubrögð. Fulltrúi Samf. ætlar nú að fara að stýra vinnubrögðum umhvn.

Ég vil líka draga það fram, hæstv. forseti, að málið er mjög viðkvæmt og okkur er ekki sómi að því að æsa upp til ófriðar að óþörfu. (Gripið fram í.) Ég vil draga það fram að hv. þm. ...

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn um að gefa ræðumanni, hæstv. umhvrh., hljóð.)

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er búinn að ganga um og æsa upp til ófriðar, meira að segja úr þessum ræðustóli. Hann leyfði sér að tala til fólksins í sveitinni á þessu svæði með þeim hætti að ekki er sómi að því. Hv. þm. sagði hér að hann tryði því ekki að viðkomandi aðilar væru slíkir ættlerar að þeir létu þetta yfir sig ganga. Ég tel því að hér hafi verið farið mjög óvarlega fram í mjög viðkvæmu máli úr pontu Alþingis.

(**Forseti** (SP): Umræðu um störf þingsins er nú lokið.)

Um fundarstjórn.

Umræður um störf þingsins.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mér virðist sem nokkur brögð séu að því að liðurinn, umræður um störf þingsins, fari ekki fram á þeim grunni að jafnræði sé á meðal þingmanna. Þetta er ekki skipuleg utandagskrárumræða þar sem málshefjandi og ráðherra hafa rétt umfram aðra þingmenn. Ég veit ekki nákvæmlega í hvaða röð menn báðu um orðið, en hitt er ljóst að eftir að forseti þingsins hafði synjað mér um að taka til máls öðru sinni kom hv. þm. Halldór Blöndal og hélt seinni ræðu sína sem að uppistöðu til voru ávirðingar í garð þess sem hér stendur. Ekki bætti svo um betur þegar hæstv. umhvrh. kom og gjörði slíkt hið sama, vitandi þó báðir tveir, hv. þm. og hæstv. ráðherra, að ég var dauður í umræðunni og hafði ekki aðstöðu til að svara fyrir mig. Þetta er ekki stórmannlegt.

Fyrir utan það, frú forseti, að hér fóru fram, af hálfu hv. þm. Halldórs Blöndals og að nokkru leyti hæstv. umhvrh.,

hreinar efnisumræður um frv. sem er til meðferðar í þingnefnd og snerust á engan hátt um störf þingsins eða hina þinglegu meðferð málsins. Flestir aðrir ræðumenn voru þó að koma inn á eða tengja mál sitt við málsmeðferðina sjálfa og hvort t.d. hæstv. ráðherrar ættu að vera með puttana í því hvernig þingnefndir höguðu störfum. Ég endurtek það sem ég sagði áður um það, að það er ekki á þeirra forræði og ekki á þeirra valdi. Hæstv. ráðherrar verða þá að gjöra svo vel að fara í gegnum fulltrúa sína í nefndinni, þ.e. fulltrúa meiri hlutans, og koma þannig á framfæri formlegum skilaboðum í nefndina eða gera það eitt sem er í þeirra valdi, sem flutningsmanna málsins, að kalla það til baka.

Sú athugasemd, frú forseti, sem ég vil gera við fundarstjórn forseta lýtur sérstaklega að þessu, að tvennt var þarna ekki með þeim hætti sem ég tel réttast vera samkvæmt þingsköpum. Hið fyrra er að allir þingmenn standa jafnt að vígi gagnvart því að biðja um orðið og nýta rétt sinn til að gera athugasemdir um störf þingsins. Þar eru allir undir eitt seldir, jafnt þingmenn sem ráðherrar, og á ekki að gilda neitt fyrirframskipulag um málshefjanda og ráðherra sem kýs að svara ef honum býður svo við að horfa.

Hið síðara er að það hefur aldrei þótt góð latína í þingsölum, og er dapurlegt að verða fyrir því af hálfu þingreyndustu manna hér, að ráðast persónulega að þingmönnum sem eru dauðir í umræðunni og hafa ekki aðstöðu til að svara fyrir sig. Það segir hins vegar heilmikið um þá sem það ástunda.

[13:59]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, hv. málshefjandi umræðunnar og hæstv. umhvrh. höfðu beðið um orðið á undan hv. 5. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni. Það er aðeins ákveðinn tími sem hægt er að hafa í þessa umræðu samkvæmt þingsköpum. Sá tími var liðinn og raunar var komið nokkuð fram yfir þann tíma. Forseti hyggur því að hv. þm. hafi haft nokkuð góðan tíma til að ræða þetta mál.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 481. mál (miðlun vátrygginga). — Þskj. 750, nál. 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

11 þm. (AKG, ÁMM, ÁF, BjörgvS, BH, GunnB, HÁs, HBl, KLM, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1133).

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 611. mál (greiðslur yfir landamæri í evrum). — Þskj. 919, nál. 1093.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (AKG, ÁMM, ÁF, BjörgvS, BH, GunnB, HÁs, SAÞ, StB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1134).

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, frh. fyrri umr.

Stjtill., 735. mál. — Þskj. 1091.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Framboð og kjör forseta Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 748. mál (kjörskrár, mörk kjördæma). — Þskj. 1119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 736. mál (frestun á gildistöku reglugerðar). — Þskj. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 33. mál. — Þskj. 33, nál. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Brtt. í nál. 1073, samþ. með 53 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VF, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BjörgvS, BH, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, JKÓ, SAÞ, StB, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vildi við afgreiðslu málsins sem 1. flm. þess þakka fyrir þann stuðning sem það hlýtur hér. Ég þakka hv. iðnn. fyrir vinnu að málinu. Það tókst góð samstaða í nefndinni um afgreiðslu málsins sem byggði m.a. á jákvæðum umsögnum sem málið fékk í meðförum nefndarinnar. Ég er afar þakklátur og ánægður með að þessi tillaga skuli hljóta afgreiðslu og mættu góð þingmál oftar, án tillits til þess af hverjum þau eru flutt í þingsal, hljóta slíka afgreiðslu. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn taki vel á móti barninu og komi því til manns með framkvæmd.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BjörgvS, BH, GunnB, HÁs, HHj, KHG, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1135).

Verndun hafs og stranda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (heildarlög). — Þskj. 164, nál. 1075, brtt. 1076 og 1095.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1076,1–5 samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 54 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1076,6–10 samþ. með 54 shlj. atkv.
8.–12. gr., svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1095, felld með 29:26 atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JKÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

8 þm. (ÁMM, ÁF, BjörgvS, BH, GunnB, HÁs, SAÞ, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er um merkilegt frv. að ræða sem bætir verulega umhverfisrétt á Íslandi. Um það hefur náðst gott samstarf í umhvn. Einn af göllum þess er umbúnaður svokallaðra svæðisráða sem sveitarfélögunum er gert skylt að stofna. Með þessari brtt. er reynt að bæta grundvöll þessara ráða með því að veita þeim starfskrafta og þekkingu fulltrúa frá umhverfisverndarsamtökum á sama hátt og frá samtökum atvinnurekenda. Ég segi já.

13. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1076,11 samþ. með 53 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1076,12–13 samþ. með 53 shlj. atkv.
16.–17. gr., svo breyttar, samþ. með 53 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1076,14 (ný 19. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1076,15 samþ. með 53 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1076,16 samþ. með 52 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
23.–26. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1076,17 samþ. með 53 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1076,18 (ný 29. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1076,19 (ákv. til brb. I–II falli brott) samþ. með 52 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. III (verður ákv. til brb. I) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1076,20 samþ. með 51 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. IV (verður ákv. til brb. II), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1076,21 samþ. með 52 shlj. atkv.
Fylgiskjal I, svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Fylgiskjal II samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1076,22 (ný fyrirsögn) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, GunnB, HÁs, HBl, JÁ, LB, SAÞ, SJS, StB, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:14]

Mörður Árnason:

Forseti. Menn sjá eindrægni og störf umhvn. í verki við þessa löngu atkvæðagreiðslu. Það verður að segja að það er ekki beinlínis umhvrn. og hæstv. umhvrh. til hróss að hafa flutt frv. þetta gallað inn á þingið, einkum í ljósi þess að þetta er í þriðja sinn sem það er lagt fram og búið að taka tillit til fyrri athugasemda við það. Ég segi þó já.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 3. umr.

Stjfrv., 552. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 1118.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JKÓ, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, ÁF, BjörgvS, BBj, BH, EKG, GHH, GunnB, HÁs, HBl, HHj, JÁ, SAÞ, StB, VS, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1137).

Norræna ráðherranefndin 2003, ein umr.

Skýrsla samstrh., 579. mál. — Þskj. 872.

[14:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra um störf Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2003. Sem endranær var árið viðburðarríkt í norrænu samstarfi. Svíar sem voru í forsæti völdu sér einkunnarorðin „Norðurlönd sem heild". Aðlögun, samræming og samþætting jafnt innan landanna, milli þeirra og í samskiptum Norðurlandanna við grannsvæðin og ESB voru lykilatriðin í formennskuáætlun þeirra.

Árið 2002 birti Norræna ráðherranefndin skýrslu sem sýndi fram á að margvíslegar stjórnsýsluhindranir á norrænum landamærum standa enn í vegi fyrir þeirri innri samræmingu sem sóst hefur verið eftir um árabil á Norðurlöndum. Undir formennsku Svía náðist mikilvægur árangur í að ryðja úr vegi landamærahindrunum á Norðurlöndum en Poul Schlüter, fyrrv. forsætisráðherra Danmerkur, var fenginn til þess að samræma og leiða það starf. Þar með hófst hið svokallaða Schlüter-ferli sem var mjög virkt allt árið og leiddi m.a. til þess að í lok ársins var stofnuð sérstök deild á ráðherranefndarskrifstofunni í Kaupmannahöfn til að vinna gegn landamærahindrunum.

Á árinu tókst að leysa gamalt þrætumál Íslendinga og Svía, þ.e. nafnamálið svokallaða. Er nú unnið að því að finna lausn á þessu vandamáli fyrir þá Íslendinga sem búsettir eru í Danmörku. Danir og Svíar gerðu með sér sérstakan skattasamning sem kemur þeim sem búa á Eyrarsundssvæðinu til góða. Í ágúst var undirritaður nýr og endurskoðaður norrænn samningur um almannatryggingar en með endurskoðuninni var verið að aðlaga samninginn betur að ESB-reglum. Þá er unnið að því að einfalda skráningu fólks við flutninga milli landa með því að koma á beinu sambandi milli norrænu þjóðskránna og flýta þannig til muna fyrir úthlutun kennitalna. Enn standa þó ýmis vandamál eftir óleyst og því er nauðsynlegt að í ár haldi þessi vinna áfram af engu minni krafti.

Með þeirri fjölgun aðildarríkja ESB sem kemur til framkvæmda nú á vormánuðum breytist ásýnd Evrópu og Evrópusamstarfsins marktækt. Ein afleiðing stækkunarinnar er sú að svæðisbundið samstarf aðildarríkjanna innbyrðis og við grannríki Evrópu er eðlilegur og nauðsynlegur þáttur Evrópusamstarfsins. Þessi breyting hefur jákvæð áhrif á norrænt samstarf sem aldrei hefur fallið jafn vel að evrópsku samstarfi og nú. Aldrei hefur heldur verið sterkari vilji hjá norrænum stjórnmálamönnum til að nýta norrænan vettvang til pólitísks samráðs um norræn og alþjóðleg mál.

Hin evrópska vídd samstarfsins endurspeglast einnig í því beina samstarfi sem nú er stefnt að milli Norrænu ráðherranefndarinnar, ESB og annarra svæðisbundinna alþjóðastofnana sem hafa málefni norðlægra slóða á dagskrá. Þannig átti Norræna ráðherranefndin frumkvæði að því að haldnir voru fundir með fulltrúum Norðurskautsráðsins, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og ESB um Norðlægu víddina svokölluðu í því skyni að stilla saman krafta samtakanna, auka á hagkvæmni og ná þannig samlegðaráhrifum þar sem hagsmunir fara saman og viðfangsefni eru keimlík eða þau sömu.

Í framkvæmdaáætlun ESB um Norðlægu víddina sem lögð var fram í mars kemur fram að norræna ráðherranefndin sé reiðubúin til samstarfs um aðgerðir á fjölmörgum fagsviðum svo sem í öryggis- og umhverfismálum og aðstoð við að bæta lífskjör á norðurslóðum.

Á undanförnum 12 árum hefur Norræna ráðherranefndin átt þróttmikið samstarf við Eystrasaltsríkin þar sem markmiðið hefur verið að tryggja stöðugleika á svæðinu með því að styðja við lýðræðisþróun og markaðsvæðingu í ríkjunum þremur. Aðgerðir ráðherranefndarinnar til þessa hafa mestmegnis verið fjármagnaðar af norrænum fjárlögum. Kaflaskil verða í þessu samstarfi þegar Eystrasaltsríkin verða fullgildir meðlimir í ESB 1. maí næstkomandi. Meginþungi grannsvæðasamstarfsins færist því á næstu þremur árum yfir til Norðvestur-Rússlands. Líta má á svæðasamstarfið við Norðvestur-Rússland sem hluta af framlagi Norrænu ráðherranefndarinnar til hinnar Norðlægu víddar ESB.

Í samræmi við þessa stefnubreytingu var tekin upp sú meginregla á árinu 2003 að hefja ekki ný samstarfsverkefni við Eystrasaltsríkin án þess að annaðhvort kæmi til aðild Norðvestur-Rússlands að verkefninu eða kostnaðarþátttaka af hálfu Eystrasaltsríkjanna. Á sama tíma er lögð rík áhersla á að styrkja pólitískt samstarf við Eystrasaltsríkin og efla samstarfið við þau á jafnréttisgrundvelli. Það var í þeim anda að Norðurlöndin fimm, sem eigendur Norræna fjárfestingarbankans, buðu Eistlandi, Lettlandi og Litháen aðild að bankanum.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans er góð og er hann dæmi um norræna stofnun sem hefur skilað eigendum sínum, ríkisstjórnum landanna, miklu. Þannig var hagnaður bankans á liðnu ári þó nokkuð hærri en fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Íslendingar tóku við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 1. janúar síðastliðinn og einkenndi undirbúningur fyrir þau tímamót allt árið 2003. Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Ósló í októberlok lögðum við formennskuáætlun okkar fram til kynningar og mælti hæstv. forsrh. fyrir henni á fyrsta degi þingsins. Áætlunin sem unnin var í samstarfi allra ráðuneyta ber yfirskriftina Auðlindir Norðurlanda, lýðræði, menning, náttúra. Í yfirskriftinni felst að Norðurlöndum beri að nýta betur auðlindir sínar sem eru undirstaða velmegunarinnar. Þannig eigi að beina sjónum sérstaklega

að mannauðnum, menningarauðnum, lýðræðishefðinni og náttúruauðlindum.

Á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík vorið 2002 var bent á mikilvægi þess að fylgjast vel með lýðræðisþróuninni í okkar heimshluta. Þess vegna lögðum við Íslendingar til í formennskuáætlun okkar að skipuð yrði norræn lýðræðisnefnd með það hlutverk að skoða framtíð lýðræðis í ljósi hnattvæðingar og upplýsingatækni. Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, leiðir starf nefndarinnar fyrir Íslands hönd en aðrir nefndarmenn eru skipaðir af ríkisstjórnum hinna norrænu ríkjanna og heimastjórnum sjálfstjórnarsvæðanna þriggja.

Vinna gegn stjórnsýsluhindrunum verður áfram í forgrunni á formennskuári okkar Íslendinga. Það er mjög áríðandi að við nýtum vel þann byr sem Svíum tókst að fá í seglin vegna þessa máls. Hyggjumst við þess vegna fylgja því eftir af engu minni þunga en þeir gerðu. Poul Schlüter hefur samþykkt að liðsinna okkur í þeim efnum, a.m.k. fram á mitt ár 2004. Ég tel afar mikilvægt að unnið verði gegn landamærahindrunum af fullri einurð á öllum sviðum samstarfsins og legg á það áherslu að við tökum til við þær stjórnsýsluhindranir sem snúa að atvinnulífinu á Norðurlöndum því að sá málaflokkur er ekki síður mikilvægur.

Norrænn starfshópur sem samstarfsráðherrarnir höfðu falið að gera úttekt á stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi lagði fram skýrsluna Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi á vormánuðum 2003. Var hún samþykkt á fundi samstarfsráðherranna í júní sama ár. Skýrslan hefur að geyma margar hugmyndir og beinar tillögur sem eru til þess fallnar að efla samstarf þjóðanna við Norður-Atlantshaf. Þar er jafnframt lagt til að samstarf Vestur-Norðurlanda verði eflt á mörgum mikilvægum sviðum, svo sem varðandi samgöngur, ferðaþjónustu, rannsóknir, umhverfisvernd og fiskveiðistjórn. Einnig er lögð áhersla á að það þjóni heildarhagsmunum Norðurlanda að taka upp nánara samstarf við grannsvæðin við Norður-Atlantshaf og hvatt til að Norræna ráðherranefndin hefjist handa við að móta grannsvæðastefnu í vesturátt. Með því er einkum átt við Atlantshafshéruð Kanada, Írland og Norður-Írland og Skotland ásamt skosku eyjunum. Í skýrslunni er m.a. lagt til að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að bjóða grönnum við Norður-Atlantshaf aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda, að vestnorræna svæðasamstarfið NORA komi sterkar inn sem samræmingaraðili fyrir samstarf atvinnulífs á svæðinu auk þess sem grannsvæðunum í vestri verði boðin bein aðild að stofnuninni. Einnig er lagt til að norrænu húsin í Reykjavík, Þórshöfn og Nuuk, fái hliðstætt hlutverk að því er varðar menningarsamstarfið við Norður-Atlantshaf.

Þá er einnig lagt til að Norræna ráðherranefndin láti gera víðtæka úttekt á stöðu flug- og skipasamgangna innan vestnorræna svæðisins á milli Vestur-Norðurlanda og annarra ríkja.

Eitt helsta áherslumál okkar Íslendinga í ár þegar við höldum um stjórnartaumana í Norrænu ráðherranefndinni er að fylgja fyrrgreindri skýrslu eftir og koma til framkvæmda eins mörgum af tillögum hennar og kostur er. Við höfum því falið Páli Péturssyni fyrrv. félmrh. að fylgjast með því að tillögur skýrslunnar komi til umfjöllunar á árinu í viðeigandi embættis- og ráðherranefndum. Beinar tillögur í skýrslunni eru ýmist komnar til skoðunar eða framkvæmda. Þannig hefur íslenska samgrn. fyrir hönd norrænu samgönguráðherranna þegar látið hefja umrædda úttekt á samgöngumálum á Vestur-Norðurlöndum og er stefnt að því að kynna niðurstöður á fundi ráðherranna í ágúst næstkomandi.

Hæstv. forseti. Almennt má segja um norrænt samstarf að það sé í senn samfellt og sveigjanlegt. Á flestum sviðum samstarfsins hafa menn komið sér saman um að starfa eftir langtímaáætlunum sem oftast ná yfir nokkurra ára skeið. Stefnumótandi skýrslur og samþykktir skipta einnig miklu máli. Það land sem leiðir samstarfið hverju sinni er að sjálfsögðu bundið af því að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið. En kosturinn við norrænt samstarf er að það er líka sveigjanlegt. Með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni fylgja tækifæri til að setja mark sitt á samstarfið, koma með nýjar áherslur, beina því inn á nýjar brautir og bregðast þannig við kalli líðandi stundar. Þetta tækifæri fellur okkur Íslendingum í skaut í ár.

Gagngerar breytingar hafa verið boðaðar á stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í samstarfinu við grannsvæði Norðurlanda við Eystrasalt og Norðvestur-Rússland. Á sama tíma er meiri hljómgrunnur en oft áður fyrir því að horfa í vesturátt og móta grannsvæðastefnu á Norður-Atlantshafssvæðinu. Þessi áhersla fellur afar vel að stefnu okkar Íslendinga í utanríkismálum og um eflingu menningartengsla ásamt samstarfi og samráði varðandi auðlindanýtingu þjóðanna á svæðinu. Þess vegna er brýnt að við gerum okkar til þess að hún nái að skjóta rótum í norræna samstarfinu.

[14:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessa miklu skýrslu upp á tæplega 130 síður. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra út í samstarfið við Norðurlandaráð. Ég tek eftir því að í skýrslunni er mjög lítið fjallað um það, í sjö línum í skýrslunni er fjallað um samstarfið við Norðurlandaráð. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er vægi Norðurlandaráðs í eitthvað að minnka og hefur samstarf milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs minnkað að hennar mati? Hérna er því ekki gert sérstaklega hátt undir höfði. Af því að ég er ný í Norðurlandaráði spyr ég um þetta þegar ég sé að svo lítil áhersla er lögð á það starf.

[14:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alls ekki þannig að vægi Norðurlandaráðs fari minnkandi. Samstarf ráðherranefndanna og Norðurlandaráðs hefur verið mjög gott. Að mínu mati hefur það samstarf verið að styrkjast á síðustu árum. Ég get m.a. bent á að tilmæli Norðurlandaráðs eru tekin miklu fastari tökum en áður fyrr, þ.e. svokölluðum „rekommendasjónum" eða tilmælum ráðsins.

Þótt hv. þm. finnist kaflinn sem þetta varðar stuttur þá eru það alls ekki skilaboð um að samstarfið sé minnkandi. Að mínu mati hefur það styrkst hin seinni ár og ég tel mjög gott að svo sé. Það er mjög mikilvægt að gott samstarf sé á milli Norðurlandanna og ráðsins. Allir þessir aðilar vilja stuðla að norrænu samstarfi, bæta það og láta það snúa að þeim hagsmunum sem eru sameiginlegir þessum löndum.

[14:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að samstarfið við Norðurlandaráð er að styrkjast. Ef einhver sem ekki þekkir málið læsi skýrsluna gæti hann haldið annað, miðað við hvaða vægi lagt er á þetta samstarf í þessari skýrslu. Ég vil því leggja

áherslu á það að næst þegar svona skýrsla kemur, hver sem hana semur, verði starfi Norðurlandaráðs gert aðeins hærra undir höfði þar þannig að þeir sem koma ókunnir að lestri skýrslunnar viti nákvæmlega hvernig því er háttað.

[14:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er fullyrt í skýrslunni að svæðisbundið samstarf muni fá aukið vægi í ESB eftir stækkun þess. Þess vegna vil ég spyrja ráðherrann hvort sú sé raunin. Er þetta raunin? Síðan er lagt út frá því. Fróðlegt væri að fá nánari útlistun á því hvort þetta sé svo í raun og veru eða hvað.

Síðan er komið inn á rannsóknir sem er mjög nauðsynlegt að fara út í á ýmsum sviðum og skilgreind eru fjölmörg samstarfssvið í vestnorrænu samstarfi. Í fréttum hefur komið fram að orðið hefur mikil hlýnun, mun meiri en áður var talið. Ég tel að þarna þurfi að leggja í auknar rannsóknir og spyr hvort búið sé að ákveða að þær rannsóknir fari fram.

[14:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, svæðisbundið samstarf hefur vaxið, m.a. út af stækkun Evrópusambandsins. Maður getur t.d. litið bara til Norðurlandanna sjálfra. Samstarfið sem við höfum átt innan okkar svæðis, þ.e. innan Norðurlandanna, hefur aukist og komist meiri kraftur í það vegna stækkunar Evrópusambandsins. Maður sér að það er miklu líklegra að menn nái fram hagsmunum sínum ef þeir standa saman og eftir því sem ríkin verða fleiri eykst áherslan á það að menn þjappi sér saman um hagsmunamál sín.

Við getum líka séð þetta gagnvart Eystrasaltsríkjunum. Þegar menn sáu að ESB var að stækka til austurs, þ.e. Eystrasaltsríkin voru að fara inn, — reyndar út af mörgum öðrum atriðum eins og öryggismálum og almennri lýðræðisþróun, en líka út af stækkun ESB — þá juku Norðurlöndin svæðasamstarf sitt við Eystrasaltsríkin. Á sínum tíma var það samstarf mjög lítið. Það var lítið sem ekkert auðvitað á Sovéttímanum. En eftir að Sovétríkin féllu þá jókst þetta svæðasamstarf mjög mikið og mun verða áfram sterkara í framtíðinni af því að hagsmunir Norðurlandanna og hagsmunir Eystrasaltsríkjanna fara að verulegu leyti saman.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. nefndi, hlýnun á norðurhveli, þá hefur það komið fram nokkrum sinnum í umræðum á Alþingi að loftslag hlýnar tvisvar sinnum meira í kringum norðurheimskautið en hnattrænt. Við höfum vaxandi áhyggjur af því. Það er verið að rannsaka þau mál. Að því koma norrænir rannsóknaraðilar. Ég vil líka nefna hér að undir Norðurskautsráðinu eða arktíska ráðinu er verið að vinna núna mikla skýrslu um þessi mál.

[14:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Í þessari skýrslu er talað um að samstarfssviðin séu fleiri, t.d. fiskveiðistjórn og í framhaldi af ræðu hæstv. umhvrh. um rannsóknir á hlýnun er rétt að spyrja hæstv. ráðherra út í þessi samstarfssvið á sviði fiskveiðistjórnar, þ.e. hvort menn séu þá að taka á brottkasti sem hefur verið mikið í umræðunni nú upp á síðkastið á norðurslóðum. Nú hefur komið fram í máli hæstv. sjútvrh. að brottkast sem fjallað var um í fréttum fyrir skömmu væri ekki á lögsögu íslenskra stjórnvalda. Væri þetta þá eitt af þeim verkefnum sem þetta samstarf mun ná utan um, þ.e. hvernig hægt sé að ná utan um það að menn séu ekki að henda matvælum í norðurhöfum á svæðum sem eru kannski ekki vel skilgreind í þjóðréttarlegu tilliti? Er þetta eitt af þeim málum sem hæstv. samstarfsráðherra mun beita sér fyrir að tekið verði á innan þess samráðs sem um er rætt?

[14:36]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er það þannig í þessu norræna samstarfi að samstarfsráðherrann mótar í sjálfu sér ekki stefnuna innan hvers ráðherraráðs, innan hvers fagráðs, ef svo má að orði komast. Í þessu tilviki eru það sjávarútvegsráðherrar Norðurlandanna sem móta sína sameiginlegu stefnu um fiskveiðarnar og þá um brottkast og hvort þeir vilji sérstaklega skoða það þannig að samstarfsráðherrann mun ekki taka það mál inn á sitt borð.

Hins vegar er alveg ljóst að í því felast miklir hagsmunir fyrir hin norrænu ríki að eiga gott samstarf um fiskveiðistjórn og um málefni hafsins. Það er vegna þess að þessi ríki sum hver nýta sjávarafurðir og eru mjög háð þeirri nýtingu. Þess vegna er það sameiginlegt hagsmunamál þessara ríkja að upplýsa aðra um stöðuna í Norður-Atlantshafinu, þ.e. um að það sé með hreinustu höfum í heimi t.d. og um að við erum að nýta stofnana hér á sjálfbæran hátt. Þeir stofnar sem við erum að nýta hér eru ekki í mikilli hættu eins og stofnar víðast hvar annars staðar.

Mikill misbrestur hefur verið á því að stofnar hafi verið nýttir á sjálfbæran hátt, t.d. hjá mörgum ESB-ríkjum, og hefur gætt ákveðinnar tilhneigingar til þess að yfirfæra það á Norður-Atlantshafið. Því felast miklir hagsmunir í því fyrir okkur sameiginlega með Norðurlöndum að upplýsa um rétta stöðu fiskveiða okkar og um rétta stöðu varðandi hreinleika hafsins í Norður-Atlantshafi.

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þegar skýrsla samstarfsráðherra kemur hér til umræðu, sú fyrri af tveimur sem við munum ræða í dag og varða hið norræna samstarf — sú síðari er að sjálfsögðu skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs — þá eru nokkur atriði sem ég vil koma aðeins inn á og skipta þessu bróðurlega á milli þessara tveggja skýrslna eftir því sem mér sýnast efni standa til. Það er þá það sem lýtur meira að samstarfinu á ráðherravettvangi annars vegar og hins vegar það sem snýr að Norðurlandaráði sjálfu.

Almennt vil ég segja um hið norræna samstarf að ég held að það sé við ágæta heilsu, að það hafi komist nokkuð klakklaust út úr ýmiss konar breytingum og sviptingum sem yfir hafa gengið í stjórnmálum Norðurlanda og Evrópu og þó víðar væri leitað jafnvel á síðustu 10–15 árum. Auðvitað hefur norrænt samstarf ekki farið varhluta af þeim miklu hræringum sem verið hafa í alþjóðastjórnmálum á þessum tíma frekar en annað alþjóðasamstarf. Segja má að fjölgað hafi í fjölskyldunni því að á tímanum frá því um 1990 og fram til dagsins í dag hafa litið dagsins ljós margs konar samtök eða skipulögð samvinna ríkja sem Norðurlöndin eru þátttakendur í eða tengjast eins og Eystrasaltssamvinna, heimskautasamvinna, Barentshafssamvinna o.s.frv. Menn eru kunnugir því, geri ég ráð fyrir, sem leggja sig eftir því að fylgjast með á þeim vettvangi.

Ég held að óhætt sé að segja að norræna samstarfið haldi áfram og eftir sem áður velli sem kjarni í alþjóðasamstarfi okkar og þannig viljum við Íslendingar væntanlega flestir hafa það og að það standi alveg undir nafni sem slíkt. Í gegn hafa gengið talsverðar skipulagsbreytingar sem ástæðulaust

er að rifja upp hér og segja má að dálítil tilraunastarfsemi hafi verið í gangi með Norðurlandaráð á árunum frá árunum 1995 og fram um 2000. En menn hafa nú að nýju horfið til baka til hefðbundnara samstarfsforms þar sem um er að ræða fagnefndir. Það fellur betur að samvinnu Norðurlandaráðs annars vegar og norræna ráðherraráðsins hins vegar. Á því leikur lítill vafi. Nefndir Norðurlandaráðs hafa þá á nýjan leik fagráðherra til að leita til og vinna með í einstökum málum. Þess sér þegar stað að það er aukin samvinna á nýjan leik milli ráðherraráðsins og einstakra ráðherra á fagsviðum annars vegar og viðkomandi nefnda Norðurlandaráðs hins vegar.

Sú áhersla sem lögð er í skýrslu samstarfsráðherra á Vestur-Norðurlönd og hið vestnorræna samstarf er að sjálfsögðu eðlileg bæði út frá sjónarhóli og hagsmunum Íslands og eins í ljósi formennskuárs Íslands í hinu norræna samstarfi. Ég held að ástæða sé til að nefna það hér og fagna því að vestnorrænt samstarf hefur komist aftur á landakortið og nýtur núna meiri athygli á nýjan leik sem svæðisbundið samstarf undir hinni norrænu regnhlíf en áður var eða var á tímum mikillar athygli á Eystrasaltsríkjunum og Evrópumálum. Þess sá náttúrlega ekki síst stað í því þegar menn endurskipulögðu í grunninn sjálft hið norræna samstarf til þess að taka mið af veruleikanum í kringum sig, þ.e. bjuggu til Evrópunefnd og nærsvæðanefnd sem fyrst og síðast var hugsuð sem tæki til að vinna með Eystrasaltsríkjunum og þá kannski að einhverju leyti Norðvestur-Rússlandi.

Nú hafa menn sem sagt horfið frá þessu, eins og ég sagði áður. Sömuleiðis þykjumst við merkja það á ýmsan hátt að það sé aukin athygli á vestnorrænu samstarfi á nýjan leik og því fögnum við. Þannig kom út t.d. ágæt skýrsla sem var unnin og samþykkt af samstarfsráðherrum á vordögum fyrir um ári síðan þar sem vestnorrænt samstarf var kortlagt og hugsanleg vandamál og þróunarmöguleikar greindir umtalsvert. Einnig var litið til nærsvæða vestnorrænu landanna, eyþjóðanna og strandþjóðanna við norðan- og norðvestanvert Atlantshafið. Ég hef áður vitnað til þessarar ágætu vinnu og fylgiskýrslu sem var unnin af norrænu byggðaþróunarstofnuninni, Nordregio, og fylgdi nefndarálitinu eða skýrslunni til samstarfsráðherranna. Þar er að mínu mati á ferðinni gagnlegur grunnur til þess að byggja á og á að geta komið að gagni í sambandi við frekari þróun þessara mála, einnig vestnorræna samstarfið sem slíkt, þ.e. samskipti Íslands, Grænlands og Noregs sem eru jú í föstum skorðum.

Það er einn þáttur þeirrar skýrslu sem ég vil sérstaklega gera að umræðuefni og gjarnan spyrja hæstv. samstarfsráðherra út í. Hann varðar úttekt á samgöngumálum, flug- og skipasamgöngum, innan vestnorræna svæðisins. Sú tillaga er ein af tillögum starfshópsins sem ráðherraráðið hefur gert að sinni og ég veit ekki betur en standi til að hefjast handa um á þessu ári. Ég veit að samgrn. fer með það verkefni fyrir Íslands hönd á formennskuári Íslands og ég vil gjarnan spyrja hvað því líði að það verk verði boðið út eða hafist verði handa um það og hvort nægjanlegir fjármunir séu tryggðir til að það geti farið í gang og helst að því verði lokið sem fyrst. Ég er þeirrar skoðunar að það gæti orðið um afar gagnlegt innlegg í vinnu í þessu máli að ræða að fá slíka óháða úttekt sérfræðinga sem geta með gests augum skoðað fyrirkomulagið í flug- og skipasamgöngum innan vestnorræna svæðisins. Ég veit að áhugaaðilar á sviði samgangna og ferðaþjónustu líta til þessarar vinnu með nokkurri eftirvæntingu.

Þar af leiðandi er sömuleiðis eðlilegt að í formennskuáætlun Íslands sé sams konar áhersla lögð á Vestur-Norðurlönd og samstarf þeirra við grannsvæðin, kannski ekki bara í vestri heldur allt um kring, og það er löngu tímabært að menn átti sig á því að Norðurlöndin eiga nágranna í vestri, ekkert síður en í austri.

Sá atburður varð á árinu að það var endanlega ákveðið og staðfest að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að Norræna fjárfestingarbankanum. Það held ég að sé að mörgu leyti eðlileg og skynsamleg þróun. Stundum hafa komið upp umræður um að bjóða ætti Eystrasaltsríkjunum aðild að sjálfu Norðurlandaráði og hinu skipulega norræna samstarfi sem slíku. Þá væru að sjálfsögðu engin rök til annars en að ráðherrar frá Eystrasaltsríkjunum ættu sams konar aðild að ráðherraráðinu. Ég held að þetta sé vænlegri leið sem hér er verið að feta, að halda áfram að byggja brýr og tengja Eystrasaltsríkin við norrænt samstarf á ýmsum sviðum, t.d. eins og í þessu tilviki að bjóða þeim aðild að Norræna fjárfestingarbankanum áður en farið er að hreyfa við sjálfum hinum pólitíska grundvelli samstarfsins. Ég hef enn sem komið er a.m.k. verið hallur undir þá skoðun að það eigi að viðhalda ákveðnum kjarna norrænu ríkjanna sem verði fyrir þeirra samstarf eingöngu.

Mikil vinna hefur á undanförnum missirum farið í það sem menn kalla landamærahindranir eða hindranir í samskiptum innan Norðurlandanna. Það kom mörgum kannski dálítið á óvart þegar það var kortlagt, skoðað af starfshópum og unnar um það skýrslur við hvers konar ýmsar hindranir væri þrátt fyrir allt að glíma enn þá í innbyrðis samskiptum borgara Norðurlandanna og þess vegna fyrirtækja og aðila á þeim tímum sem menn tala hátíðlega um að ekki bara Norðurlöndin, heldur meira og minna öll Evrópa svo að ekki sé sagt allur heimurinn, séu að renna saman, jafnvel í eitt lítið heimsþorp. Það er kannski dálítið ofmælt þegar betur er að gáð og í ljós kemur að ýmsu leyti alveg hið gagnstæða, meira að segja innbyrðis innan Norðurlandanna er við ýmiss konar hindranir að glíma. Það á t.d. við um, eins og kom fram í skýrslu Ole Nordbaks sem síðan fyrrv. forsætisráðherra Dana, Poul Schlüter, var fenginn til að fylgja eftir, að hvað varðar skattalöggjöf, vandamál sem koma upp þegar menn vinna í einu norrænu landi en greiða skatta í öðru, yfirfærslu félagslegra réttinda innan almannatryggingakerfa og félagsáttmála á Norðurlöndunum, á sviði menntunar hvað varðar viðurkenningu á prófgráðum og ýmislegt í þeim dúr er við ýmsar hindranir að glíma. Þetta hefur t.d. komið upp þegar slík samskipti hafa stóraukist með tilkomu Eyrarsundsbrúarinnar og menn glíma við ýmiss konar vandamál sem tengjast skattlagningu launatekna og atriðum sem koma upp, eins og áður sagði, þegar menn eru í þeirri aðstöðu að vinna í einu landinu og greiða skatta í öðru, jafnvel vinna og vera búsettir í öðru landinu en eiga afganginn af fjölskyldu sinni í hinu o.s.frv. Þarna eru auðvitað ýmis praktísk viðfangsefni sem áfram er við að glíma og þarf að vinna að að ryðja úr vegi til að standa að hindranalausum samskiptum innan Norðurlandanna sem einu atvinnu- og félagsmálasvæði. Sumt af þessu er kannski meira sofandaháttur, að menn hafa ekki verið vel á verði í þessum efnum allra síðustu árin. Það er alveg ljóst að hið norræna samstarf var mjög framsækið og langt á undan samtíð sinni að mörgu leyti þegar ýmiss konar réttindi voru tryggð á öllu svæðinu, þegar Norðurlöndin voru gerð að einum vinnumarkaði, einu vegabréfasvæði o.s.frv. áratugum áður en menn fundu upp það hjól suður í Brussel eða annars staðar í Evrópu. Þess vegna er svolítið neyðarlegt,

ef maður má nota það orð, það er á köflum hálfneyðarlegt að standa svo frammi fyrir því að menn hafi sofnað á verðinum síðustu árin og þetta hefur kannski ekki þróast eins hratt og ætla hefði mátt út frá því hve framsækið norrænt samstarf var að þessu leyti á fyrri áratugum.

Í sumum tilvikum snýst þetta fyrst og síðast um það að koma upplýsingum á framfæri, t.d. hvað varðar skattamálin sem eru þarna býsna snúin viðfangs, skatta- og réttindamálin. Það er ekki verið að tala endilega um að menn eigi að leggja á nákvæmlega sömu skatta eða gera Norðurlöndin einsleit í þeim efnum, og áfram verður örugglega einhver munur á félagslöggjöf landanna þótt hann sé kannski ekki ýkja mikill. Það sem málið snýst um er að mönnum séu réttindi sín ljós og aðgengileg á hverjum tíma. Ég leyfi mér að halda því fram að þetta sé alveg sérstakt hagsmunamál fyrir Íslendinga vegna þess að því miður held ég að stuðningur við Íslendinga hvað varðar upplýsingar og aðstoð í tilvikum af þessu tagi sé minni en er annars staðar á Norðurlöndunum, t.d. til muna minni en er í Svíþjóð. Síðan eru Íslendingar hreyfanlegir í miklu meira mæli hlutfallslega en gildir annars staðar á Norðurlöndunum og sækja nám eða tímabundið vinnu eða annað til Norðurlandanna einhvern tíma á ævinni. Það er stórt og mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að í þessum hlutum sé unnið.

Á vettvangi efh.- og viðskn. hefur verið í undirbúningi tillaga um að setja á laggirnar einhvers konar norrænar *skattaupplýsingamiðstöðvar eða skatteiningar, ekki beinlínis* skattyfirvald eða skattaskrifstofur heldur einhvers konar skatteiningar sem hefðu að sjálfsögðu ekki álagningarvald eða annað í þeim dúr sem er í höndum einstakra landa en þessar skrifstofur gætu gert meira en bara að veita upplýsingar. Þær gætu greitt úr málum og gefið út einhvers konar álit um hvaða rétt menn hefðu og hvernig ætti að greiða úr ágreiningsmálum sem upp kæmu. Þær yrðu til stuðnings og aðstoðar þeim sem lenda í jaðartilvikum af ýmsu tagi og gætu átt það á hættu að óbreyttu að þeirra mál yrði afvelta og flæktist á milli skattyfirvalda í löndunum o.s.frv. Því miður eru að þessu talsverð brögð og það á líka við um ýmis félagsleg réttindi sem menn hafa haldið að þeir gengju að vísum þó að þeir flyttu sig innbyrðis milli Norðurlandanna en það er ekki alltaf tilfellið. Menn hafa mátt standa í alls konar barningi við að fá jafnsjálfsagða hluti og barnabætur greiddar þegar þeir fluttu sig milli landa.

Þetta voru nokkur af þeim atriðum, virðulegi forseti, sem ég ætlaði að koma inn á og varða beinlínis það sem hér er fjallað um í skýrslu norrænu samstarfsráðherranna.

[14:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að hefja mál mitt á því að þakka hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda, Siv Friðleifsdóttur, fyrir ágætisskýrslu. Norðurlandasamstarfið hefur alltaf vakið áhuga minn þó að því miður hafi minn litli flokkur ekki fulltrúa í íslenska þingmannahópnum sem starfar innan Norðurlandaráðs. Það stendur vonandi til bóta. Ef flokkurinn nær að stækka munum við taka þar fullan þátt. (Gripið fram í.) Það væri kannski hægt að segja sig úr flokknum og ganga í annan flokk. Nei, ætli það. Nóg um það.

Þetta Norðurlandasamstarf eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á áðan hefur lifað af þó að heimurinn hafi breyst mikið á undanförnum árum og sé alltaf í stöðugri breytingu. Ég sé á skýrslunni að Íslendingar hafa tekið við formennsku í norrænu ráðherranefndinni á þessu ári og það er að sjálfsögðu mjög jákvætt. Það er líka lögð áhersla á hluti varðandi auðlindir Norðurlandanna. Hér er t.d. greint frá því að útbúin hafi verið samræmd verkefnaáætlun sem var kynnt á Norðurlandaráðsþingi í október undir fyrirsögninni Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning og náttúra. Þetta vekur áhuga minn. Einnig sameiginleg þátttaka í heimssýningunni í Japan árið 2005.

Það sem ég ætlaði að gera að umræðuefni hér, hæstv. forseti, er starf innan norrænu ráðherranefndarinnar varðandi sjávarútvegsmál sem ég hef kynnst svolítið í gegnum störf mín. Ég hef fylgst með því á undanförnum árum. Ég sé að lögð er aukin áhersla á samstarf við nágranna okkar í norðvestri og það er mjög jákvætt en ef við skoðum vinnu varðandi umhverfismálin langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra nokkurs. Ef við lítum á bls. 56, lið e, sjáum við að það hefur þurft að koma í veg fyrir tvíverknað af hálfu samstarfsnefndar umhverfis- og sjávarútvegsmála hvað varðar umhverfismerkingar en einnig að stöðva verkefni um skráningu fisks í meintri útrýmingarhættu. Þetta er einhver ný lenska sem hefur verið tekin upp á undanförnum árum í mörgum löndum, menn hafa verið að flokka hina og þessa fiskstofna í rautt, gult og grænt. Fiskstofnar í rauða hópnum eru þá taldir vera í útrýmingarhættu. Gulir eru á einhvers konar gráu svæði og síðan mun vera óhætt að veiða úr grænum fiskstofnum og neyta þeirra.

Mér finnst þetta stórvarasöm þróun. Þarna er verið að einfalda hlutina oft og tíðum allt of mikið og það væri gaman að fá að heyra hvort það hafi verið komið í gang einhvers konar svona starf innan Norðurlandaráðs sem mér finnst nánast eiginlega með ólíkindum. Einnig væri ágætt að heyra frá hæstv. ráðherra eitthvað um hvernig gengur varðandi svokallaðar umhverfismerkingar. Þar höfum við t.d. samtök sem heita Marine Stewardship Council. Þau hafa pressað mikið á það að fiskstofnar yrðu vottaðir og umhverfismerktir og þau hafa mikið reynt að stíga m.a. í vænginn við okkur á Íslandi til að reyna að fá okkur með í þetta samstarf.

Norræna ráðherranefndin hefur unnið svolítið í þessu á undanförnum árum og það væri ágætt ef hæstv. ráðherra gæti kannski upplýst okkur aðeins meira um það hvað þessu starfi líður því að þarna er á ferðinni þróun sem við hljótum að verða að taka afstöðu til fyrr eða síðar.

Annars langaði mig svolítið til að koma inn á einmitt þetta með fiskveiðar. Þær skipta þó nokkuð margar Norðurlandaþjóðanna, a.m.k. okkur Færeyinga, Íslendinga og Norðmenn, mjög miklu máli og eru líka mikilvægar á vissum svæðum í Danmörku. Mig langar til að varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé rétt að haldin verði sameiginleg norræn ráðstefna um fiskveiðar og fiskveiðistjórn. Það er löngu orðið tímabært að það verði gert og það er sjálfsagt mál að norræna ráðherranefndin sem hefur verið töluvert þung innan fiskveiða fari í þá vinnu og láti halda svona ráðstefnu hið allra fyrsta. Því miður er mikil kreppa í fiskveiðum, t.d. í Norðursjó. Þar er allt í kaldakoli og Danir eru í miklum vandræðum með fiskiflota sinn. Menn telja þar að botnfiskstofnar séu að hruni komnir og það verði að gera eitthvað. Það eru áhöld um hvort það sé rétt eða ekki.

Við Noreg eru furðulegir hlutir að gerast. Þar er allt í einu allt fullt af fiski, mikil þorskgengd sem átti varla að vera til fyrir nokkrum árum ef marka mátti fiskifræðinga.

Við Færeyjar er ástandið mjög gott. Nýlega hefur komið fram á Íslandi að færeyski þorskstofninn er talinn vera sá

best haldni í öllu Norður-Atlantshafi. Það er þvert á spár fiskifræðinga líka sem hafa í mörg herrans ár varað við ofveiði við Færeyjar og talið að þar væri allt að fara á vonarvöl vegna þess að menn hlustuðu ekki á fiskifræðinga og vegna þess að menn tækju ekki upp kvótakerfi, og allra helst að fyrirmynd Íslendinga.

Það eru meira að segja mjög jákvæðar fréttir sem berast frá Færeyjum núna. Í nýjasta tölublaði Fiskifrétta var greint frá því að meðal tíu landa væri aflaverðmæti á hvern sjómann hæst í Færeyjum, 21,4 millj. Ísland er í öðru sæti með 16,3 millj. á hvern sjómann.

Ef við skoðum síðan fjölda sjómanna hefur fjöldi sjómanna í Færeyjum verið mjög stöðugur undanfarin ár. Þeir eru frá 2.500–3.000. Á Íslandi hefur sjómönnum fækkað um 21% frá árinu 1994. Í Noregi hefur sjómönnum fækkað um 34% á sama tímabili, þ.e. frá 1994.

Á Íslandi er mikið rætt um stöðugleika, þörfina á stöðugleika, að það þurfi að vera stöðugleiki í sjávarútveginum og menn þurfi að hagræða. Ég vildi leyfa mér að kalla eftir þessum stöðugleika og þessari hagræðingu þegar við sjáum að við Ísland eru flestir botnfiskstofnar í sögulegu lágmarki þrátt fyrir 20 ár með kvótakerfi, sjómönnum hefur hríðfækkað og því spyr ég: Er það endilega þjóðhagslega hagkvæmt að við fækkum þeim sem hafa lífsviðurværi sitt af helstu auðlind þjóðarinnar? Er það ekki miklu meiri stöðugleiki að sem flestir geti starfað við þessa undirstöðuatvinnugrein og haft af henni tekjur og það meira að segja ríflandi góðar tekjur eins og staðreyndin virðist vera í Færeyjum?

Hér eru atriði sem þyrfti að skoða alvarlega og eins og ég sagði áðan held ég að það væri mjög þarft verk ef slíkri ráðstefnu yrði komið á hið allra fyrsta þannig að við fengjum heildarmynd, fengjum að heyra hjá frændum okkar og vinum í nágrannalöndunum hvaða reynslu þeir hafa, menn geti borið saman bækur sínar og þá gætum við t.d. á Íslandi kannski gert okkur betur grein fyrir því eftir á hvað við höfum verið að gera rangt og hvað við höfum hugsanlega verið að gera rétt. Reyndar hef ég ákveðinn grun um að við höfum verið að gera ansi mikið rangt þegar við sjáum hvernig staðan er hér með hrikalegri skuldasöfnun sjávarútvegsins sem kannski hefur aldrei verið jafnbrjálæðisleg og á undanförnum vikum, með stöðugt færri sjómenn, stöðugt fleiri sjávarbyggðir sem lenda í miklum vandræðum og almenn hnignun, ef svo má segja, á landsbyggðinni á meðan t.d. í Færeyjum ríkir sátt og velmegun. Þar er nóg af fiski, nóg vinna og allir ánægðir.

[15:03]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir umræðurnar sem hér hafa orðið en af þeim má skilja að norrænt samstarf nýtur mikils velvilja í þinginu eins og vitað var. Í þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar hefur komið fram að það er almennur stuðningur við áherslur okkar á aukið vestnorrænt samstarf og vestnorrænt samstarf til vesturs þar að auki. Þó hafa komið upp nokkrar spurningar og ég ætla að freista þess að reyna að svara þeim.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um samgönguúttektina sem ég kom inn á í framsögu minni. Málin eru þannig stödd að verið er að gera úttekt á samgöngumálum milli vestnorrænu landanna innbyrðis og svo milli þeirra og annarra landa. Það verkefni er nú þegar hafið og það er Háskólinn á Akureyri sem annast þá úttekt og hún á að liggja fyrir í sumar. Meiningin er að kynna úttektina á fundi samgönguráðherranna sem mér skilst að eigi að vera á Egilsstöðum í lok ágúst, 23.–24. ágúst. Frétta er því að vænta af þessari samgönguúttekt á þeim fundi eins og áætlanir miða að.

Hv. þm. kom líka inn á hið mikla starf varðandi landamærahindranirnar og að það sé að vissu leyti hálfneyðarlegt hve þær voru margar þegar farið var yfir það mál og það er alveg rétt. Ég vil draga það fram sérstaklega að verkefnið „Hallo Norden" hefur verið mjög gott í því að skilgreina þessar landamærahindranir, en verkefnið felst í því að fólk getur hringt í ákveðið símanúmer og því er svarað. Það eru norrænu félögin sem sinna því verkefni, og fólk fær svör varðandi ýmsar hindranir sem á vegi þess verða þegar Norðurlandabúar fara á milli Norðurlandanna. Verkefnið „Hallo Norden" hefur því hjálpað okkur við að skilgreina þessar hindranir.

Hér á Íslandi sáum við ástæðu til þess, eins og reyndar var gert víðar, að halda sérstök námskeið fyrir embættismenn til að upplýsa um stöðu norrænna samninga og hvernig aðstoða mætti fólk í gegnum þessar hindranir. Einhverjar hindranir er því hægt að skrifa á þekkingarleysi embættismanna í kerfinu, en vonandi minnka þær núna þegar við höfum haldið slík námskeið sérstaklega fyrir þá.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um ýmis sjávarútvegsmál þá er alveg ljóst að við Íslendingar höfum að vissu leyti sett sjávarútvegsmálin á oddinn í formennskuáætlun okkar. Við teljum að samræma eigi upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og merkingu og rekjanleika sjávarafurða. Þessar upplýsingar mætti varðveita í samræmdum gagnabanka þar sem leita mætti upplýsinga um sérstöðu ólíkra hafsvæða og tegunda. Sjávarútvegsráðherrar landanna eru að skoða þetta mál og það tengist auðvitað því sem hv. þm. kom inn á, það kemur fram á bls. 56 í skýrslunni um skráningu fisks í meintri útrýmingarhættu sem er auðvitað mikið og vandasamt verk og má auðvitað alls ekki leiða til þess að menn misskrái fisktegundir. Það er einmitt það sem við höfum verið svo hrædd við í íslenskum sjávarútvegi.

Varðandi það hvort eitthvert slíkt samstarf eða starf hafi verið unnið á vettvangi Norðurlandaráðs þekki ég ekki beint og tel eðlilegt að hv. þm. grennslist fyrir um það sérstaklega hjá sjútvrh., ef hugur hans stendur til þess, þar sem ég get ekki farið mjög djúpt ofan í þá vinnu sem norræna embættismannanefndin vinnur að varðandi fisk eða sjávarútveg. Ég hef því ekki upplýsingar um hvað hún er komin langt með þau mál eða hvort eitthvað hafi verið unnið að þeim á vettvangi Norðurlandaráðs.

Ég vil þó segja að ég tek undir það sem kemur fram hjá norrænu embættismannanefndinni um að það sé meiri áhersla almennt á að merkja matvæli, að merkja fisk gagnvart innihaldi, og það er auðvitað framtíðin, neytendur vilja fá merkingar og vilja vita um efnainnihald þeirrar vöru sem þeir neyta. Þeir vilja líka vita um umhverfismálin á bak við hana og hvernig fisksins eða matar er aflað. Þetta er mjög jákvæð þróun og mun auðvitað styrkja allt umhverfisstarf í framtíðinni.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessar umræður og tel að þær hafi verið mjög gagnlegar.

[15:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra hefur velt fyrir sér málefnum hafsins og fiskveiðistofna og hefur kynnt sér það gaumgæfilega. Því langar mig að spyrja hæstv. umhvrh. sem er náttúrlega orðin sérfræðingur í umhverfismálum út frá starfi sínu og hefur lifað og hrærst í þeim heimi um nokkra hríð: Er ekki áhugavert að skoða það hvort við getum lært af öðrum þjóðum hvað varðar fiskveiðistjórn, t.d. Færeyingum, þar sem fiskstofnar eru í mjög góðu ástandi en hér hefur verið sýnt fram á að stofnar eru lakari en fyrir daga kvótakerfisins? Og vegna þess að hæstv. umhvrh. er sérfræðingur á þessu sviði, telur hún þá ekki áhugavert að skoða það stjórnkerfi sem Færeyingar hafa reynslu af og hefur skilað þeim mun meiri afla en Íslendingum en hér er afli helmingi minni að meðaltali en fyrir daga kvótakerfisins? Gætum við ekki lært eitthvað af Færeyingum og jafnvel haldið ráðstefnu eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson minntist á, væri ekki áhugavert að skoða þau mál? Í Færeyjum hefur náðst árangur en við höfum ekki af miklum árangri að státa, því miður.

[15:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil kannski ekki taka svo djúpt í árinni að segja að ég sé einhver sérstakur sérfræðingur í umhverfismálum þó að ég hafi starfað á þeim vettvangi um tíma. En hér er hv. þm. sérstaklega að ræða um nýtingu sjávarafurða og hvað við getum lært af Færeyingum og hvort það sé ekki áhugavert.

Mín skoðun er sú og það blasir auðvitað við öllum að umræðan varðandi nýtingu sjávarafurða á sér stað meira og minna í samfélagi okkar og hefur átt sér stað um árabil og það er margoft búið ræða um þær aðferðir sem Færeyingar nota og sitt sýnist hverjum. Það er því mikill áhugi á þessum málum almennt í samfélaginu. Bæði á vettvangi Alþingis og úti í samfélaginu eru þessi mál til sífelldrar umræðu. Ég sé því kannski ekki að það sé eitthvað nýtt sem á sér stað í Færeyjum núna sem kallar á einhver sérstök viðbrögð, a.m.k. af minni hálfu. En ég er alveg sannfærð um að auðvitað eigum við Íslendingar að skoða það sem nágrannalönd okkar eru að gera og við höfum verið að gera það, og það má læra af sumu en öðru ekki. Ég styð alla vega þá stefnu sem við höfum haft í okkar sjávarútvegi en fagsvið okkar í umhvrn. lýtur auðvitað miklu meira að mengunarmálum hafsins, loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á hafið o.s.frv. en að beinni nýtingu sjávarafurða. Það fellur undir sjútvrn.

[15:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. umhvrh. styður þá stefnu sem sýnt hefur verið fram á, m.a. í skýrslum Hafrannsóknastofnunar, að er ekki góð fyrir stofnana. Þeir eru helmingi lakari núna en fyrir daga þessarar fiskveiðistjórnar. Mér finnst þess vegna ekki óeðlilegt að menn eigi að skoða það, hvort sem menn eru ráðherrar eða hvaða störfum þeir gegna, ef þeir sjá árangur annars staðar. Auðvitað eiga menn að líta til þess með opnum huga og taka jákvætt í svona ábendingar og sérstaklega þegar um er að ræða samstarfsráðherra Norðurlandanna, að líta til árangurs annarra þjóða og hvar menn geta náð árangri. Ég er sannfærður um að við getum náð miklum árangri af því að líta til Færeyinga. Ég tala nú ekki um hæstv. umhvrh. sem er búin að kynna sér slíka hluti, það kom hér ítrekað fram, um verndun hafsins, verndun villtra stofna og veiðar. Ég teldi það mjög af hinu góða ef hún liti með opnum huga til þess hvernig Færeyingar stjórna sínum veiðum, hvernig þeim tekst að vernda sína stofna, hvers vegna þeir ná árangri en við ekki. Það kemur fram í umræddri skýrslu sem við erum að ræða hér að við eigum einmitt að líta til umhverfismála og við eigum að líta til stjórnar á fiskveiðum í samstarfi okkar, og ég tel að hæstv. umhvrh. ætti að leggja sérstaka áherslu á þetta vegna þess hve fiskveiðar eru mikilvægar fyrir íslenska þjóð. Og ef við getum gert betur er þá ekki rétt að líta til þeirra þjóða sem hafa gert betur? Mér finnst það bara eðlilegt.

[15:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel eðlilegt að líta á öll þessi mál með opnum huga og hef ávallt lagt mig fram um það. Ég tel að við nýtum fiskstofna okkar með sjálfbærum hætti og höfum tekið fremur góð skref í þeim efnum. Ég held að almennt sé litið svo á að við höfum ekki gengið um of á fiskstofna okkar eins og mörg önnur ríki hafa gert. Við höfum einkum haft niðurstöður sérfræðinga að leiðarljósi. Í umhvrn. höfum við hins vegar verið að skoða málefni hafsins út frá mengunarmálum, þ.e. því hvernig við getum varið hreinleika hafsins. Við höfum unnið að því að reyna að hafa áhrif á Sellafield, takmarka þrávirk lífræn efni í hafinu o.s.frv. Svona mætti lengi telja.

Við erum ekki með fiskveiðistjórnina undir okkar hatti. Ég sé engin efnisrök fyrir því af minni hálfu við að gera athugasemdir við fiskveiðistjórnina eins og hún er rekin hjá okkur í dag. Við erum mjög háð sjávarútvegi. Hann hefur haldið uppi efnahagslífi okkar um langan tíma og mun gera það áfram, a.m.k. meðan við sem hér erum drögum andann, býst ég við. Ég sé engar efnislegar ástæður til að grípa þar sérstaklega inn í. Auðvitað eigum við að skoða allt með opnum huga og fylgjast með nágrannaríkjum okkar og það höfum við gert í gegnum tíðina.

Norrænt samstarf 2003, ein umr.

Skýrsla ÍNR, 688. mál. — Þskj. 1017.

[15:17]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég kynni, sem formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, skýrslu Íslandsdeildarinnar um norrænt samstarf árið 2003. Að öðru leyti vil ég vísa til skýrslunnar í heild, á þskj. 1017, sem er nokkuð ítarleg umfjöllun um störf Íslandsdeildarinnar. Í þeirri skýrslu er fjallað um störfin, starfsemi nefnda Norðurlandaráðsins, fundi ráðsins, sameiginlega fundi með Eystrasaltsráðinu og Norðurlandaráðsþing. Í þeirri skýrslu er jafnframt fjallað um skipan ráðsins og fyrirkomulag á starfsemi og samstarfi ráðsins og ráðherranefndarinnar. En eins og fram kom áðan í umræðunni milli hæstv. samstarfsráðherra og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur er aðalsnertiflötur samstarfsins í gegnum Norðurlandaráð sem með samþykktum tilmælum hefur frumkvæði að málum sem ráðherrarnir taka upp og framkvæma. Jafnframt leggur ráðherranefndin framkvæmdaáætlanir sínar fyrir Norðurlandaráð til umsagnar áður en þeim áætlunum er hrint í framkvæmd. Flokkahóparnir fjórir sem starfa innan Norðurlandaráðs móta sameiginlega afstöðu til einstakra

mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Í upphafi ársins 2003 skipuðu Íslandsdeildina: Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Í kjölfar síðustu alþingiskosninga var kosin ný Íslandsdeild og hana skipuðu hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Sigurður Kári Kristjánsson auk þeirrar sem hér stendur. Þessi skipan hélst út árið. Stígur Stefánsson alþjóðaritari gegndi starfi ritara Íslandsdeildar á starfsárinu 2003 sem hér er til umræðu.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar sjö sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum, þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá. Töluvert var rætt um eftirfylgni við tilmæli Norðurlandaráðs en við breytingarnar á skipulagi ráðsins sem tóku gildi 1. janúar 2002 var lögð áhersla á nánari tengsl við þing ríkjanna og hlutverk landsdeilda við að fylgja tilmælum Norðurlandaráðs eftir heima í héraði. Að loknu Norðurlandaráðsþingi í byrjun nóvember var ákveðið að senda tilmæli Norðurlandaráðs til viðkomandi fastanefnda Alþingis. Hugmyndin að baki þessari ráðstöfun er fyrst og fremst sú að fastanefndirnar fái tilmæli ráðsins til upplýsingar og geti, eftir því sem þær kjósa, fylgt þeim eftir í löggjafarstarfi.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Siv Friðleifsdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, í aðdraganda 55. Norðurlandaráðsþings og var þingið sjálft, formennska Íslands og áherslur Norðurlandaráðs helstu umræðuefnin.

Íslandsdeildin hélt fund með nokkrum stjórnarmönnum og starfsmönnum Norræna félagsins um starfsemi félagsins, helstu verkefni og möguleika á samstarfi Íslandsdeildar og Norræna félagsins, m.a. varðandi hugsanlega norræna daga sem haldnir yrðu í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Reykjavík árið 2005.

Frú forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um starf nefnda Norðurlandaráðs. Málefnastarfið fer að mestu leyti fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Í upphafi starfsársins 2003 sátu Ísólfur Gylfi Pálmason, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður Anna Þórðardóttir í forsætisnefnd. Sigríður Jóhannesdóttir sat í menningar- og menntamálanefnd og Drífa Hjartardóttir í velferðarnefnd. Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í efh.- og viðskn. og Arnbjörg Sveinsdóttir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Að loknum alþingiskosningum breyttist nefndaskipan þannig að sú sem hér stendur tók við af Ísólfi Gylfa Pálmasyni í forsætisnefnd. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir tók við af Sigríði Jóhannesdóttur í menningar- og menntamálanefnd og Sigurður Kári Kristjánsson tók við af Arnbjörgu Sveinsdóttur í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Íslandsdeildin átti ekki mann í einni nefnd ráðsins, þ.e. borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs.

Ég ætla að láta við það sitja í stuttri framsögu að hafa nokkur orð um starfið í forsætisnefnd. Varðandi störf annarra nefnda vísa ég til skýrslunnar auk þess sem aðrir meðlimir Íslandsdeildarinnar kunna að kveðja sér hljóðs á eftir og fjalla um starf hinna nefndanna.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Norski þingmaðurinn Inge Lønning gegndi embætti forseta Norðurlandaráðs á árinu og er hann úr flokkahópi hægri manna. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs.

Eftir breytingar á nefndakerfi Norðurlandaráðs sem tóku gildi árið 2002 er aukin áhersla lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndar, þar á meðal friðargæslu og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri alþjóðastofnanir.

Af helstu málum sem forsætisnefnd fjallaði um fyrir utan hefðbundin störf má nefna landamæralaus Norðurlönd. Það málefni var í í brennidepli á starfsárinu og Norræna ráðherranefndin, eins og mig minnir að komið hafi fram í máli hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna, réð Poul Schlüter, fyrrv. forsætisráðherra Dana, til að hafa yfirumsjón með starfi til afnáms landamærahindrana. Það starf var eins og komið hefur fram í umræðunni fyrr í dag byggt á svokallaðri Norrback-rannsókn og skýrslu þar um. Nefndir Norðurlandaráðs unnu líka samtímis að tillögum um hvernig málefni landamæralausra Norðurlanda snertu málefnasvið þeirra. Til að samræma aðgerðir og tillöguvinnslu nefnda Norðurlandaráðs á þessu sviði kom forsætisnefndin á fót sérstökum stýrihóp innan ráðsins.

Annað mál sem er ofarlega á dagskrá forsætisnefndar var og er framtíðarstefnumótun Norðurlandaráðs varðandi stöðu og hlutverk Norðurlandanna í Evrópu eftir stækkun ESB. Stækkunin eykur þörfina á því að Norðurlöndin hafi samráð um hagsmunamál sín í Evrópusamstarfinu. Það á jafnt við um norrænu ESB-löndin og EES-löndin Ísland og Noreg. Enn fremur var litið til þess að Norðurlönd gætu átt samstarf við Eystrasaltsríkin þegar þau eru komin inn í ESB um að koma sameiginlegum hagsmunamálum fram. Umræðan um stöðu og áhrif Norðurlanda í Evrópu var nátengd umræðunni um afnám landamærahindrana því að með því að leysa þau vandamál mundu Norðurlönd styrkja sig í sessi og gætu um leið orðið fyrirmynd að afnámi landamærahindrana innan ESB.

Af öðrum málum sem komu til kasta forsætisnefndar má nefna Vestur-Norðurlönd og norðurskautsmál. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í þingmannanefnd um norðurskautsmál og skilaði skýrslum og tillögum til forsætisnefndar um aukinn stuðning við þann málaflokk.

Norðurlandaráð er í miklu samstarfi við Eystrasaltsríkin. En þjóðþing ríkjanna þriggja stofnuðu á sínum tíma í Eystrasaltsþingið að fyrirmynd Norðurlandaráðs. Komist hefur hefð á að halda sameiginlega fundi annað hvort ár til skiptis á Norðurlöndunum eða í Eystrasaltsríkjunum. Norðurlandaráð og Eystrasaltsþingið héldu fjórða sameiginlega fund sinn í Lundi í Svíþjóð 27.–29. apríl síðastliðinn. Þessir fundir eru afar mikilvægur samráðsvettvangur þar sem þingmenn ríkjanna og ráðherrar koma saman og taka fyrir þau pólitísku mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Meginþema fundarins í Lundi voru barátta gegn skipulagðri glæpastarfsemi, friðargæsla og öryggismál og byggðastefna ESB. Nánar má lesa um þennan fund og lokayfirlýsingu fundarins, frú forseti, í skýrslu Íslandsdeildarinnar.

Stærsti viðburður starfsársins var að sjálfsögðu sem endranær þing Norðurlandaráðs. Það var haldið í Ósló dagana 27.–29. október síðastliðinn. Ég get ekki látið hjá líða

að geta þess að Íslandsdeildin, sem er sannarlega minnsta landsdeildin innan Norðurlandaráðsins með aðeins sjö fulltrúa, var mjög virk á því þingi og lét ekki minna að sér kveða í umræðum en sumar stóru landsdeildirnar með 20 þingmenn. Ég tel það vera mjög gott og eiga hv. þm. Íslandsdeildarinnar hrós skilið fyrir virkni sína á þeim vettvangi.

Af stórum málum þingsins má nefna afnám landamærahindrana sem ég kom aðeins inn á áðan í umfjöllun um störf forsætisnefndar. Önnur stór þemu voru staða Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi, sem er sérstakt áhugamál okkar Íslendinga. Þar áttu þingmenn mjög góðar viðræður um samstarfsráðherrana um aðgerðir á því sviði. Aðgerðir gegn vændi og mansali voru til umræðu á þinginu og nokkuð tekist á um hvort Norðurlöndin ættu samleið í baráttunni gegn vændi með hinni sænsku leið, sem gengur úr á að gera vændiskaup refsiverð. Þá var rætt ítarlega um vinnumarkaðssamstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna eftir stækkun ESB, um umhverfismál og nýtingu náttúruauðlinda auk hefðbundinnar utanríkismálaumræðu.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um Norðurlandaráðsþingið. Ég vísa enn og aftur til skýrslu Íslandsdeildarinnar varðandi nánari upplýsingar um það. Að síðustu vil ég leggja áherslu á að gagnstætt því sem margir ætla er hið norræna samstarf í sífelldri þróun og sífelldri endurnýjun. Umhverfi okkar hefur breyst mikið á liðnum árum og helstu viðfangsefni Norðurlandaráðs eru allt önnur en fyrir 10–15 árum. Fyrir fall Berlínarmúrsins var norrænt samstarf t.d. nær einungis innan á við en teygðist síðar út á við. Norðurlöndin brugðust hins vegar strax við og studdu lýðræðislega og félagslega uppbyggingu í Eystrasaltsríkjunum. Þau lögðu mikið í það starf og hafa gert allar götur síðan. En síðan hefur margt breyst og Eystrasaltslöndin verða meðlimir í ESB eftir nokkrar vikur. Ég er þeirrar skoðunar að sú ímynd Norðurlandaráðs sem fjölmiðlar draga upp hafi ekki fylgt þessum breytingum eftir og allt of margir tengi norrænt samstarf einungis við menningarsamskipti og vinabæjamót. Þetta segi ég með fullri virðingu fyrir slíkum samskiptum. Ég tel að menn viti ekki nógu mikið um stöðu ráðsins sem öflugs samstarfsvettvangs á utanríkismálasviðinu.

Fyrir Íslendinga tel ég norrænt samstarf einkar mikilvægt sem farveg í utanríkismálum. Norðurlöndin eru okkar nánustu bandamenn í alþjóðamálum og við leitum jafnan fyrst til þeirra eftir stuðningi, til þessara bræðraþjóða, þegar mikilvæg hagsmunamál okkar Íslands ber upp á vettvangi alþjóðasamfélagsins. Gleggsta dæmið um þetta eru Evrópumálin. Ég greindi áðan frá stefnumótunarvinnu á vegum forsætisnefndar ráðsins um stöðu norræns samstarfs í Evrópu eftir stækkun ESB. Það er ljóst að Ísland nýtur góðs af norrænu samstarfi í Evrópumálum enda er þar vettvangur til viðræðna og og skoðanaskipta við þau ríki í ESB sem tengjast okkur nánustum böndum. Þar getum við mælt fyrir áherslum okkar í Evrópumálum og njótum góðs skilnings á íslenskum aðstæðum og sérstöðu. Norðurlandasamstarfið mun að mínu mati eftir sem áður verða okkar mikilvægasti pólitíski samráðsvettvangur í Evrópumálum. Það verður jafnframt brú okkar til álfunnar, hvernig sem við kjósum að haga tengslum okkar við álfuna að öðru leyti.

Mig langar, frú forseti, að ljúka máli mínu með því að minna á að Ísland mun eiga forseta Norðurlandaráðs á næsta ári. Ég er viss um að Íslandsdeildin mun þá veita Norðurlandaráði mjög öfluga forustu.

[15:30]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil koma inn í umræðuna um norrænt samstarf og greina stuttlega frá starfi velferðarnefndar sem ég hef átt sæti í síðastliðin ár.

Nefndin sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, fjölskyldumálum, börnum og unglingum og baráttu gegn misnotkun vímuefna. Landamærahindranir og afnám þeirra hafa verið nefnd fyrr í umræðunni, en umfjöllun um þau mál voru ofarlega á baugi hjá velferðarnefnd. Fjallaði nefndin einkanlega um vandamál á sviði félags- og heilbrigðismála við flutning á milli Norðurlanda. Vann nefndin m.a. tillögu um að einfalda og samræma skattlagningu á lífeyrisgreiðslum yfir landamæri. Þá gerði nefndin tillögu um að ráðherranefndin beitti sér fyrir einföldun og samræmingu á reglum um örorkubætur á Norðurlöndum.

Virðulegur forseti. Á sviði heilbrigðismála fjallaði nefndin um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sykursýki og norrænar rannsóknir á því sviði. Þá var sérstök áhersla lögð á vandamál samfara misnotkun áfengis og vímuefna á starfsárinu og vann nefndin tillögu um aðgerðir til að hamla gegn slíkri misnotkun. Kjarni tillögunnar voru tilmæli til norrænu ráðherranefndarinnar um að vinna með Eystrasaltsríkjunum að strangari og skilvirkari stefnu í Evrópu í þessum málaflokki, tryggja meðferðarúrræði fyrir vímuefnaneytendur og vinna að því að minnka neyslu áfengis með verðlagsstefnu og takmörkunum á aðgengi að því og takmörkunum á möguleikum framleiðenda til markaðssetningar.

Virðulegi forseti. Velferðarnefnd kom á fót vinnuhópi um málefni barna og ungmenna árið 2002 og starfaði hann áfram árið 2003. Nánar tiltekið á hópurinn að fylgjast með stöðu barna og ungmenna á Norðurlöndunum, í Eystrasaltslöndunum og í Norðvestur-Rússlandi og koma með tillögur að því hvernig Norðurlandaráð getur unnið að því að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði virt og virkt í Eystrasaltslöndunum og Norðvestur-Rússlandi. Í þessu skyni var sumarferð velferðarnefndar farin til Viborgar í Rússlandi þar sem nefndin skoðaði m.a. skýli og neyðarmóttöku fyrri götubörn, barnaheimili, barnaspítala og sumarbúðir fyrir börn og ungmenni, auk þess sem nefndin átti fund með fulltrúum hjálparsamtaka sem beita sér fyrir málefnum barna. Ég tók þátt í þessari kynningarferð og verð að segja að það tók á að sjá hversu hrikalegar aðstæður sum börn í nágrannalöndum okkar búa við.

Virðulegi forseti. Þetta var aðeins stutt samantekt á starfi velferðarnefndar Norðurlandaráðs á síðasta ári sem ég vildi koma að til að undirstrika það góða starf sem á sér stað á þessu sviði og tek heilshugar undir orð hv. formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

[15:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Í kjölfar ræðu formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, er fjallaði um starfsemi Íslandsdeildarinnar, vil ég greina örstutt frá því starfi sem ég kom að í menningar- og menntamálanefnd ráðsins. Samstarf á sviði mennta- og menningarmála hefur löngum verið hornsteinn norræns samstarfs og e.t.v. sá þáttur þess sem eflir hvað mest norræna samkennd. En ég sat í mennta- og menningarmálanefndinni fram að síðustu áramótum, frá því í maí.

Menningar- og menntamálanefnd annast breitt svið málefna sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Á starfsárinu 2003 beindi nefndin m.a. sjónum að aðstæðum til vísindarannsókna, sér í lagi möguleikum á samvinnu mennta- og rannsóknasvæða á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Þá voru íþróttir til umfjöllunar sem leið til aðlögunar ungra nýbúa að norrænum samfélögum og tungumálastefna og staða norrænna tungumála voru einnig á dagskrá nefndarinnar.

Á sumarfundi nefndarinnar sem haldinn var í Færeyjum sl. sumar, kynntu sérfræðingar frá Noregi og Svíþjóð reynslu þessara landa af íþróttum sem leið til að blanda nýbúabörnum betur inn í samfélagið. Þeir nefndu bæði kosti og galla við að beita þessari aðferð, nefndu t.d. hversu mikilvægt það stöðutákn er þegar keyptir eru erlendir leikmenn í Norðurlandaliðin, eða jafnvel bresku fótboltaliðin, og hvaða áhrif það hefði á nýbúabörnin að geta tekið þátt í íþróttum með þær fyrirmyndir. Sömuleiðis var tekið á ýmsum vandamálum eins og þeim að múslimskar stúlkur búa við mjög stranga hefð um klæðnað og ýmislegt fleira sem snýr að þeim trúarbrögðum.

Það er ýmislegt í reynslu bæði Svía og Norðmanna, að nota íþróttirnar sem leið til að blanda nýbúabörnunum betur inn í samfélagið, sem við gætum vel tekið okkur til fyrirmyndar, en það er of langt mál að að rekja það í þessari stuttu yfirferð.

Hér á undan nefndi bæði formaður Íslandsdeildar og norræni samstarfsráðherrann í umræðunni um skýrsluna stöðu Vestur-Norðurlanda í ræðum sínum. Mennta- og menningarmálanefnd beindi sjónum sínum að málefnum svæðisins og hélt sumarfund sinn í Færeyjum eins og ég nefndi áðan, þar sem menning og tungumál Vestur-Norðurlanda voru í brennidepli. Þar var fjallað m.a. um stöðu vestnorrænu tungumálanna á tímum hnattvæðingar og málstefnu stjórnvalda á Vestur-Norðurlöndum og í hvaða mæli önnur norræn tungumál væru kennd á svæðinu. Átti nefndin m.a. fund með menntamálanefnd Lögþingsins í Færeyjum og heimsótti ýmsar menningarstofnanir.

Þá hélt menningar- og menntamálanefnd málstofu um klámvæðingu í tengslum við septemberfund Norðurlandaráðs. Þar fjallaði fagfólk á því sviði um hvernig greiðara aðgengi að klámi, m.a. á netinu, hefur áhrif á viðhorf æskufólks til þess hvað það teldi eðlilegt og hvað ekki í kynferðismálum. Einnig var rætt hvernig klámvæðingin hefur haft áhrif á jafnrétti kynjanna og hvernig hún kæmi mismunandi niður á drengjum og stúlkum.

Þá var fjallað um tengsl kláms og fjölgun kynferðisglæpa og loks var kynnt átaksverkefni frá Noregi þar sem brugðist var við aukinni klámvæðingu með fræðslu og umræðuverkefnum í skólum. Ungt fólk sá um þessi verkefni og þarna er á ferðinni mjög áhugaverð aðferð til að vekja ungt skólafólk til umhugsunar um eðlilegt kynlíf annars vegar og hins vegar klám og kynferðislega áreitni.

Verðlaun Norðurlandaráðs á menningarsviðinu eru tvenn, bókmenntaverðlaun og tónlistarverðlaun. Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár, en frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt árlega, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjanda.

Ég get ekki stillt mig um að nefna að samíski listamaðurinn Mari Boine hlaut verðlaunin 2003, en hún hélt einmitt tónleika hér á landi í febrúar sl., sælla minninga, og komust færri að en vildu. Hún hefur lofað að koma hingað aftur til að bæta úr því fyrir þá sem ekki komust á tónleikana. Síðastliðna áratugi hefur nýjum kynslóðum tónlistarmanna og tónskálda tekist að endurnýja tónlist Sama með djarflegri tilraunastarfsemi og þar hefur Mari Boine verið í fararbroddi. Það er ekki auðvelt að setja tónlist hennar í ákveðinn bás, en undirstaðan er samískt jojk, en auðveldlega má greina áhrif afrískra rytma, heimstónlistar og rokk-fönks í tónlist hennar. Ég verð að segja að það var alveg sérstök upplifun að hlusta á Mari Boine flytja tónlist sína á Norðurlandaráðsþinginu í vetur.

Virðulegi forseti. Ég nefni þessi verðlaun nú því á starfsárinu 2003 var mikil umræða í menningar- og menntamálanefnd og forsætisnefnd um að koma á fót þriðju verðlaunum fyrir kvikmyndir. Það var gert og kom það í minn hlut að mæla fyrir áliti menningar- og menntamálanefndar á Norðurlandaráðsþinginu í Ósló í byrjun nóvember sl. Nefndin taldi tímabært að stofna til verðlauna fyrir kvikmyndamiðilinn, enda óumdeilt að Norðurlönd standa mjög framarlega í kvikmyndagerð. Innan Norðurlanda munu verðlaunin vekja athygli á norrænum kvikmyndum og norrænni menningu almennt, auk þess sem þeim er ætlað að styrkja stöðu norrænna kvikmynda á heimamörkuðum. Mikilvægast er að kvikmyndir, sem er helsti afþreyingarmiðill ungs fólks, gætu aukið áhuga nýrra kynslóða á bræðraþjóðum og norrænni menningu. Utan Norðurlanda munu hin nýju verðlaun vekja athygli á norrænum kvikmyndum og norrænni menningu og gætu orðið til þess að auðvelda dreifingu norrænna kvikmynda á alþjóðamarkaði.

Mig langar til að nefna í þessu sambandi að norræn kvikmyndastefna eða -mót hafa verið haldin fyrir ungt fólk á vegum Norðurlandaráðs. Síðast var slík hátíð haldin í Tromsö 13.–17. ágúst sl. Þar vann ungt fólk frá Norðurlöndunum saman að kvikmyndagerð undir leiðsögn hæfra kvikmyndagerðarmanna. Að vinnu lokinni sýndu þau afraksturinn á kvikmyndahátíð ungs fólks sem þau kölluðu „NUFF“ eða „Nordisk Ungdoms Filmfestival“. Verkefnið var kynnt á Norðurlandaráðsþinginu í vetur og myndirnar sýndar þeim sem áhuga höfðu á því. Það var einn Íslendingur með í hópnum, en alls voru þátttakendur 32 sem störfuðu saman í fimm hópum og gerði hver hópur eina stuttmynd á kvikmyndahátíðinni.

Á hátíðinni í Tromsö voru veitt verðlaun í þremur aldursflokkum: 15–17 ára, 18–20 ára og 21–25 ára og mjög ánægjulegt að það var Íslendingur, Sigurður Orri Þórhannesson, sem fékk verðlaunin í elsta aldurshópnum fyrir stuttmynd, teiknimynd, sem hann nefnir „Le Mime“, en mynd hans var valin úr hópi 40 stuttmynda sem sendar voru á hátíðina frá öllum Norðurlöndunum, en 20 þeirra voru sendar áfram til keppni. Þarna var ekki aðeins á ferðinni kvikmyndahátíð heldur var boðið upp á ýmsa aðra menningarviðburði, svo sem rokktónleika. Ég vona að fleiri ungmenni frá Íslandi

eigi þess kost að taka þátt í verkefni sem þessu því þarna var greinilega á ferðinni frjótt og skemmtilegt nám og starf.

Svo vil ég nefna Nordjobb sem hefur aðeins verið til umræðu í menningar- og menntamálanefndinni. Fleiri tækifæri fyrir ungt fólk mætti auðvitað nefna, en það væri of langt mál í þessari stuttu yfirferð.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en taldi rétt að gefa þingheimi stutt yfirlit yfir starfsemi menningar- og menntamálanefndar Norðurlandaráðs og það góða starf sem þar fer fram.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það má segja um norrænt samstarf að þar gildi hið fornkveðna að engar fréttir séu góðar fréttir, að norrænt samstarf gangi sinn vanagang og ekki sé við nein sérstök vandamál að etja. Það þýðir ekki það sama og að ekki sé verið að vinna hið merkasta starf, þó hinu sé ekki að neita að að ósekju mætti, að mínu mati og væntanlega fleiri sem því tengjast beint sem fulltrúar Alþingis, vera meiri umfjöllun um það sem þar er á baugi. Nokkur hætta er á því satt best að segja að almenningur gleymi eða átti sig ekki á hversu umfangsmikið og víðtækt norrænt samstarf er á fjölmörgum sviðum, ekki síst á meðal almennings eða á grasrótarplani ef svo má að orði komast, því minnstur hluti hins norræna samstarfs er í raun og veru sýnileg samvinna þjóðþinga og ríkisstjórna þó hún sé til umræðu hér.

Það er þvert á móti þannig að hin rótgróna og umfangsmikla samvinna félagasamtaka og ýmissa aðila á faglegum forsendum, aðila vinnumarkaðar, fyrirtækja o.s.frv. er stærstur hlutinn af hinni almennu snertingu Norðurlandanna. Það taka menn meira og minna sem gefið og þess vegna er nokkur hætta á því að þegar engin sérstök tíðindi eru þar á ferð falli þetta svolítið í skuggann.

Einn angi hins norræna samstarfs sem mikilvægt er að hlúa að eru norrænu félögin sjálf sem hafa það hlutverk að tengja saman almenning eða áhugafólk almennt um norræna samvinnu. Þeim er ætlað veigamikið hlutverk í hinu norræna skipulagi og ástæða til að minna á norrænu félögin hér og reyndar líka hægt að fagna því að á Alþingi var við afgreiðslu síðustu fjárlaga skilningur á mikilvægi þess að búa þannig að Norræna félaginu á Íslandi að það gæti sinnt sínu mikilvæga hlutverki og samstaða um að auka svolítið fjárveitingar eða stuðning Alþingis við félagið, sem ég held að hafi verið tímabært og rúmlega það.

Sá sem hér talar starfar í Flokkahópi vinstri grænna í Norðurlandaráði. Sá flokkahópur breytti reyndar nafni sínu á síðasta ári og tók upp það sem hann nú heitir, Flokkahópur vinstri grænna. Þar er um að ræða minnsta skipulagða flokkahópinn — en auðvitað þann duglegasta — með á milli 10%–15% af kjörnum fulltrúum í Norðurlandaráði, en allmargir, sem endurspegla sæmilega stærð flokkanna á norrænu þjóðþingunum, sem margir eru með á milli 10%–12%, 10–15% fylgi, með undantekningum þó í Grænlandi og Færeyjum þar sem flokkar sem tengst hafa flokkahópi vinstri sósíalista eða vinstri grænna sósíalista í Norðurlandaráði hafa fylgi á milli 20%–30% og eru í hópi stærstu flokka í þeim löndum.

Allmargir þingmenn kjósa að starfa utan flokka og mynda, má segja, fimmta hópinn í norræna samstarfinu, en eins og menn þekkja ugglaust hefur skipulögð samvinna flokkanna gegnt æ vaxandi eða veigameira hlutverki. Þeir eru núna á margan hátt í meira mæli kjölfestan í pólitísku [illegible]orðurlandaráðs og undirbúningur undir málflutning og ákvarðanatöku í Norðurlandaráði sjálfu fer í miklu ríkara mæli en áður fram innan flokkahópanna en í minna mæli á vettvangi landsdeilda.

Ég sit í efh.- og viðskn. Norðurlandaráðs, eins og þegar hefur verið nefnt af framsögumanni, formanni Íslandsdeildar. Þar eru undir mjög mörg málasvið sem mundu falla undir einar þrjár eða fjórar þingnefndir á Alþingi Íslendinga ef það er borið saman, þ.e. efh.- og viðskn., iðnn., félmn, og jafnvel fleiri nefndir, allshn. t.d. Efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs fjallar um efnahagsmál og starfsskilyrði atvinnulífsins, um innri markað á Norðurlöndunum, um frjálsa fólksflutninga án landamærahindrana, um viðskipti almennt, um byggðastefnu, vinnumarkaðsmál, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur, upplýsingatækni o.fl. þar fram eftir götunum. Starfssvið efnahags- og viðskiptanefndar er því mjög vítt og nefndin á samstarf við nokkra af ráðherrum ráðherraráðsins.

Vinnumarkaðsmálin og samstarf við Eystrasaltsríkin hafa verið fyrirferðarmikil á vettvangi efnahags- og viðskiptanefndar undanfarin ár og sérstakur starfshópur hefur unnið að því máli og skilað tillögum. Fram undan er, eins og ég hef áður nefnt í öðru samhengi, þ.e. þegar á þingi var til umræðu frv. um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, fram undan er stór vinnumarkaðsráðstefna sameiginleg á vegum Norðurlandaráðs, Norræna ráðherraráðsins og aðila vinnumarkaðarins með haustinu. Þar er m.a. ætlunin að fara yfir öll þau flóknu álitamál sem uppi eru í tengslum við aðild nýju Evrópusambandsríkjanna að sameiginlegum innri markaði og vinnumarkaði Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Ýmis fleiri áhugaverð mál hafa verið á dagskrá eða eru til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Norðurlandaráðs. Mætti nefna norræna sáttmálann um smáfyrirtæki, frumkvöðla og sjálfstæða uppfinningamenn. Það hefur mikið verið unnið að málefnum sem tengjast hugbúnaðarkerfum, opnum stöðlum og opnum hugbúnaðarkerfum, og ályktanir gerðar í framhaldi af nefndarstarfi um það efni, þar sem Norðurlöndin eru á margan hátt í fararbroddi. Hefur sú vinna vakið nokkra athygli, m.a. risanna í tölvuiðnaðinum, og ekki á hverjum degi sem stórfyrirtæki á borð við Microsoft og IBM fylgist grannt með starfi starfshópa á vegum Norðurlandaráðs, en það var tilfellið í þessu tilviki og væntanlega vegna þess að handan við hornið eru gríðarlega miklir viðskiptahagsmunir þar sem eru spurningarnar um það hvers konar hugbúnaðarkerfi og hvaða viðmiðanir, hvaða staðla löndin velja sér í þeim efnum. Ef norrænu ríkin riðu þar á vaðið og tækju upp formlegan stuðning við opna staðla gæti það reynst lítil þúfa sem veltir stóru hlassi ef það breiddist út og hefði áhrif almennt í tölvuheiminum.

Efh.- og viðskn. hefur erft mörg af þeim verkefnum sem unnið var að á vegum fyrri Evrópunefndar í Norðurlandaráði. Þar á meðal var þar unnið talsvert að breiðbandsmálum og upplýsingasamfélaginu og skilað gagnmerkum tillögum sem Norðurlandaráð hefur að mestu leyti gert að sínum í þeim efnum, sem m.a. lúta að skyldum opinberra aðila til þess að tryggja jafnræði og jafnan aðgang allra að hinu mikilvæga upplýsingasamfélagi. Er þar á ferðinni að ýmsu leyti róttæk tillögugerð sem Íslendingar gætu haft gott af að kynna sér, m.a. í tengslum við breytingar sem hér eru að verða eða hafa orðið í fjarskiptamálum.

Ég vil einnig nefna að undir efh.- og viðskn. falla byggðamál og að þeim hefur talsvert verið unnið. Sérstakur starfshópur skilaði tillögum um samræmdar norrænar aðgerðir í byggðamálum þar sem m.a. var lagt til að Norðurlöndin beittu sér sameiginlega á vettvangi Evrópusambandsins til að reyna að skapa skilning á því að við okkar aðstæður á hánorrænum breiddargráðum gæti verið þörf fyrir öðruvísi mælikvarða og öðruvísi viðmiðanir hvað varðar heimild til að beita sértækum aðgerðum en Evrópusambandið sjálft byggir á, sem fyrst og fremst lúta að því að skilgreina svæði út frá tekjum eða tekjustigi. En hér koma aðrir hlutir til sögunnar, á hánorrænum breiddargráðum getur verið við annars konar erfiðleika að etja en þá að tekjur séu lágar. Þar koma til miklar víðáttur og erfið veðrátta og annað í þeim dúr sem getur kallað á sértækar aðgerðir.

Lengi vel leit út fyrir að um þetta efni gæti orðið ágæt samstaða meðal Norðurlandanna og var ekki annað að heyra á norrænum þingmönnum en svo væri. Hins vegar skarst danska ríkisstjórnin úr leik þegar á átti að herða og lagðist gegn því að Norðurlöndin mótuðu sameiginlega áherslu af þessu tagi eða berðust fyrir henni, t.d. í samskiptum við Evrópusambandið, og því hefur minna orðið úr því en til stóð. Eftir sem áður er að mínu mati enginn vafi á því að það er mikið í það að sækja að Norðurlöndin efli samstarf sitt á þessum sviðum. Það er að mörgu leyti við hliðstæð vandamál að etja hvað varðar búferlaflutninga frá norðri til suðurs í öllum þessum löndum og úr strjálbýli í þéttbýli, og þó að vandamálin séu kannski af mismunandi stærðargráðu — og einna alvarlegust hafa þau verið á Íslandi — geta menn ýmislegt af því lært að bera saman bækur sínar. Síðast en ekki síst er að mínu mati ekki nokkur vafi á því að norræna byggðarannsóknastofnunin, Nordregio, er að vinna mjög gagnlegt starf, tekur saman og heldur utan um upplýsingar fyrir öll Norðurlöndin að þessu leyti, og reyndar njótum við góðs af því á ýmsan hátt, Íslendingar, að sækja í þann gagnabanka.

Ég vil taka eitt mál, frú forseti, sérstaklega sem varðar hið norræna samstarf í pólitísku samhengi, og það er ósk Færeyinga um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Ég hef talað fyrir því á norrænum vettvangi alveg eindregið og hér heima fyrir að við Íslendingar styðjum þessa ósk. Ég tel að okkur beri rík skylda til þess. Sjálfum finnst mér ósk Færeyinga við núverandi aðstæður í stjórnmálum þar fullkomlega eðlileg og um hana er aldrei þessu vant þverpólitísk samstaða í Færeyjum. Ég veit ekki annað en að ný ríkisstjórn hyggist halda óskinni til streitu. Þar með finnst mér að við hljótum að gera meira en bara að vísa því máli til Dana og að selja þeim sjálfdæmi í því hvernig Norðurlöndin bregðast við óskinni.

Að sjálfsögðu þurfa Danir og Færeyingar að leysa úr innri samskiptamálum sínum sjálfir og við getum ekki aðhafst mikið í þeim efnum nema eftir því verði óskað af þeirra hálfu að við séum þar einhvers konar milligöngumenn. En þegar málið snýst um sjálfsákvörðunarrétt færeysku þjóðarinnar í þeim skilningi að forustumenn þeirra hafa nú sameiginlega óskað eftir því að Færeyjar fái sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði er það ekki mál sem menn geta vísað frá sér með því einu að benda á Dani. Með fullri virðingu fyrir þeim svörum sem hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, gaf mér í umræðum um málið á síðasta Norðurlandaráðsþingi tel ég að við getum ekki látið þar við sitja. Þó vissulega skilji maður þá stöðu sem forsrh. telur sig vera í gagnvart starfsbróður sínum, hinum danska, breytir það ekki hinu að við Íslendingar getum haft okkar sjálfstæðu afstöðu í málinu. Það er ekki þar með sagt að málið sé strand þó stjórnarskráin danska torveldi það að Færeyjar við núverandi aðstæður fái sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði, í ljósi þess hvernig Helsinki-sáttmálinn er úr garði gerður. Það er breytanlegur hlutur, hann er einfaldlega fyrirbæri sem hægt er að taka upp og breyta og er einfaldara í vöfum en að breyta dönsku stjórnarskránni, eins og kannski einhverjir þekkja að er hægara sagt en gert vegna þess hversu stóraukinn hluta atkvæða þarf til að ná slíkum breytingum fram til viðbótar mikilli kosningaþátttöku. Það er mál sem mér finnst að eigi að taka til skoðunar, að Helsinki-sáttmálinn verði endurskoðaður með það í huga að sjálfstjórnarsvæði eða þjóð sem er á leið til fulls sjálfstæðis, eins og Færeyingar tvímælalaust eru, geti þegar einhverju vissu stigi sjálfstæðis er náð, öðlast sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Krafan sé ekki sú að þetta séu algerlega sjálfstæð ríki, heldur geti sjálfstjórnarsvæði sem þess óska og hafa náð tilteknu sjálfstæði öðlast fullgilda aðild að þessu leyti þó skoða verði sérstaklega hvernig færi svo aftur með aðild þeirra að ráðherraráðinu. Þetta vildi ég nefna hér, herra forseti, og er mér nokkurt áhugamál að okkur Íslendingum renni blóðið til skyldunnar í þessum efnum.

[15:59]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem ekki hingað upp til að halda langa ræðu né til að gera stórar athugasemdir við ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, en þakka honum fyrir ræðu hans sem innlegg í umræðuna um störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðsins.

Það síðasta sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á, frá því greinir og þeirri afstöðu hans í skýrslu Íslandsdeildarinnar og eins og hv. þm. kom inn á eru tvær leiðir færar. Önnur er sú að breyta dönsku stjórnarskránni, sem er ekki í okkar höndum, og hitt er að breyta Helsinki-sáttmálanum, grunnsamningnum að hinu norræna samstarfi. Þessu geri ég ráð fyrir að hv. þm. muni tala fyrir áfram og aldrei að vita nema á þessu verði einhverjar breytingar eins og á ýmsu öðru í samstarfinu.

Það sem mig langaði fyrst og fremst að gera var að taka undir með hv. þm. varðandi það að ímynd Norðurlandasamstarfsins er ekki nógu góð hérlendis og kannski annars staðar á Norðurlöndunum, eða réttara sagt leggja áherslu á að það þurfi að kynna samstarfið betur. Ég ætla bara að viðurkenna það að ég vissi ósköp lítið þegar ég kom inn í samstarfið eftir síðustu kosningar og ég verð líka vör við að margir í kringum mig, ágætlega upplýst fólk og vel að sér á öllum sviðum, spyr mann oftar en ekki undir fjögur augu: Út á hvað gengur þetta? Hvað er Norðurlandaráð og hvað er norræna ráðherranefndin og um hvað fjalla þessar ágætu stofnanir og deildir?

Ég held að þetta gæti verið til mikilla bóta, af því að eins og ég kom inn á og lagði áherslu á í ræðu minni hefur Norðurlandaráðssamstarfið breyst og þróast á liðnum árum. Það er orðið meira út á við en inn á við og við verðum að leggja mat á það, líka í samhengi við Evrópusamstarfið sem slíkt.

Þetta er því framtíðarstarf og mjög öflugur samstarfsvettvangur okkar í utanríkismálasviðinu í það heila.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í sambandi við fréttaflutninginn og kynningu á hinu norræna samstarfi held ég hreinlega að við verðum að taka það til skoðunar að setja einhverjar sérstakar aðgerðir í gang í þeim efnum. Mögulega er einfaldlega nauðsynlegt að gera fjölmiðlum t.d. betur kleift að fylgjast með og sækja atburði af því tagi sem við teljum að ástæða sé til að fái umfjöllun hér heima og almenningur viti af. Við erum hér með fremur litla og kannski fjárhagslega veikburða fjölmiðla á norrænan mælikvarða séð. Við erum hvorki með jafnöfluga ríkisfjölmiðla né einkafjölmiðla eða blöð eins og gerist annars staðar á Norðurlöndunum og við vitum vel að í vaxandi mæli hefur gætt þeirrar tilhneigingar að menn spari sér að senda fréttamenn, jafnvel á Norðurlandaráðsþing, hvað þá á aðra atburði. Mögulega verður þá að horfast í augu við það að einfaldlega fá slíkir atburðir ekki þá umfjöllun hér heima sem byggð er á viðveru fréttamanna og þekkingu á atburðum á staðnum nema þeim sé gert það kleift eða þeir með einhverjum hætti studdir til þess að rækja slíkt. Það er nokkuð sem við hljótum að þurfa að taka til skoðunar.

Varðandi sjálfstæða aðild Færeyinga, sem ég hef hér gert að umtalsefni og ekki í fyrsta skipti, mun ég halda áfram að nudda með það mál. Ég get lofað hv. þingmanni því, það er engin uppgjöf í mér í þeim efnum. Og mér fyndist fara vel á því að í formennskutíð okkar í Norðurlandaráði á næsta ári tækjum við Íslendingar það til alvarlegrar skoðunar hvort ekki eru færar leiðir, án þess að um það þurfi að verða ágreiningur, til þess að setja í gang skoðun, t.d. lögfræðilega og þjóðréttarlega skoðun á möguleikum þess að breyta Helsinki-sáttmálanum þannig að sjálfstjórnarsvæði með mjög hátt stig sjálfstæðis, eins og Færeyjar eru nú að ná með yfirtöku fleiri og fleiri málaflokka frá Dönum, geti átt sjálfstæða og fullgilda aðild að ráðinu.

[16:04]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er aldrei að vita nema fleiri sláist í hópinn með hv. þingmanni og nuddist áfram með honum fyrir sjálfstæðri aðild Færeyja að Norðurlandasamstarfinu.

Það sem ég hefði þó viljað nota þetta seinna andsvar til er að koma inn á annað sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni og það varðaði starf norrænu félaganna. Það er náttúrlega einn farvegurinn til að vekja athygli á þessum störfum á vegum Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar og norræna samstarfsins í það heila. Ég fagna því, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði, að það tókst að tryggja Norræna félaginu og þeirri starfsemi sem þar er rekin aukinn stuðning í fjárlagagerðinni núna. Það er Halló Norðurlönd, skrifstofan þeirra, sem veitir þessa leiðbeiningaþjónustu til fólks sem þarf að fara á milli en Halló Norðurlönd safnar líka upplýsingum um landamærahindranir og kemur þeim til skila til þeirra sem hafa það í hendi sér að bregðast við þeim vanda.

Hv. þm. hafði sérstaklega orð á því að hann tilheyrði flokkahópi vinstri grænna á Norðurlandaráðsþinginu og tók það svo fram að þeir væru minnstir og duglegastir. Ég tilheyri flokkahópi miðjumanna og ég vil þá fá að geta þess líka að þeir eru stærstir og mjög duglegir þó að ég fari ekki í meting við hv. þingmann um dugnaðinn.

Það sem ég held að sé kannski eitt það erfiðasta í þessu Norðurlandaráðssamstarfi er dvínandi áhugi íslensks æskufólks á norrænu tungumálunum og því að læra þau. Ég held að m.a. með aðild Eystrasaltsríkjanna að Norræna fjárfestingarbankanum þar sem framvegis verður töluð enska en ekki norræna sjáum við svolítið inn í framtíðina á þessu sviði. Ég vil þá í þessu samhengi leggja áherslu á að ég er eindreginn stuðningsmaður þess að gefa ungu æskufólki kost á að læra eitthvert norrænu tungumálanna en mér sýnist tungumálið valda því að áhuginn á norrænu samstarfi er minni en oft hefur verið áður.

[16:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það mun vera hárrétt hjá hv. þingmanni að flokkahópur miðjumanna sé stærstur í Norðurlandaráði og veldur þar nokkru að þar er áfangastaður og safnstöð fyrir ýmsa sem ekki vita alveg í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Ýmsum flokkum sem róla einhvers staðar í nágrenni við miðjuna finnst þægilegt að finna sér þar samastað, og jafnvel einstökum þingmönnum sem aðild eiga að Norðurlandaráði, þannig að segja má að það sé næsti bær við að vera utan flokka eða hlutlaus í þeim efnum hjá mörgum. Að sjálfsögðu eru klassískir miðjuflokkar uppistaðan í þeim hópi en þeim bætist liðsauki úr ýmsum áttum sem gerir það að verkum að sá hópur er býsna stór.

Auðvitað deili ég áhyggjum með hv. þingmanni yfir því að kannski sé ekki sami áhugi á norrænu samstarfi og að sækja sér menntun eða lífsreynslu til Norðurlanda og áður hefur verið meðal æskufólks á Íslandi. Þá má samt líka spyrja hvort við stöndum okkur nógu vel að ýmsu leyti í þeim efnum. Ég nefni t.d. til sögunnar þá smán að við Íslendingar skulum ekki hafa neina styrki til lýðháskólanáms eða yfirleitt að vera í hinum mestu vandræðum með að taka þátt í hinu merka lýðskólasamstarfi á Norðurlöndunum, annars vegar vegna þess að við eigum ekki nema í mjög takmörkuðum mæli skóla sem hægt er að kalla eiginlega lýðskóla eða lýðháskóla, og hins vegar vegna þess að ungmenni héðan eiga ekki kost á styrkjum til slíks náms með sama hætti og nágrannalöndin. Á því sviði höfðu einmitt norrænu félögin mikilvægu hlutverki að gegna og gera út af fyrir sig enn en þar er við verulega erfiðleika að etja. Við erum hálfpartinn upp á náð og miskunn frænda okkar annars staðar á Norðurlöndunum komin. Þetta þekki ég vel af eigin raun frá nýliðnum dögum þar sem ég reyndi að aðstoða ungt fólk við að komast í lýðháskólapláss. Það var verið að reyna að ráða fram úr því hvar væri vænlegast að bera niður, m.a. til þess að verða aðnjótandi styrkja sem hinar Norðurlandaþjóðirnar bjóða upp á en ekki við.

[16:08]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um þessa skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2003. Ég tók sæti í henni að loknum kosningum til Alþingis þann 10. maí sl. þegar ég var kosinn hér á þingi til setu í henni. Í kjölfarið var mér falið að taka sæti Arnbjargar Sveinsdóttur sem áður hafði verið fulltrúi Íslands í Norðurlandaráði og fulltrúi í Íslandsdeild Norðurlandaráðs í tveimur nefndum, annars vegar í eftirlitsnefnd ráðsins og hins vegar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Mig langaði í þessari stuttu tölu að gera í örstuttu máli grein fyrir því sem gert var í þessum tveimur nefndum og áherslum íslensku fulltrúanna þar.

Um eftirlitsnefndina er í sjálfu sér ekki mikið að segja. Sú nefnd fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi

sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Nefndin hafði sérstaklega með höndum verkefni sem varða úttekt á því hvernig nýtt skipulag Norðurlandaráðs virkar og heildarúttekt á upplýsingastarfi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að fara út í þau atriði hér en mig langar til að víkja aðeins að atriðum sem varða umhverfis- og náttúruauðlindanefndina sem, eins og ég segi, ég hef setið í frá því um mitt síðasta ár.

Nefndin annast málefni sem varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál, og eins og segir í skýrslunni á bls. 6 eru meðal helstu verkefna nefndarinnar vísindaráðgjöf við ákvörðun fiskkvóta og stuðningur við hafrannsóknastofnanir á Norðurlöndum. Það verður samt að segjast eins og er að meginþunginn í starfi nefndarinnar hefur varðað kannski önnur mál en sjávarútvegsmál, þ.e. umhverfismál sem varða umhverfi Eystrasaltsins og skipaumferð á því svæði. Menn hafa líka rætt um verndun hafsins, losun sorps og úrgangs í Norðursjó og hafsvæðin sem tilheyra þessum löndum sem mynda Norðurlandaráð. Sömuleiðis hefur mikið verið rætt um Sellafieldkjarnorkuverið og ýmis önnur atriði sem varða helst Skandinavíulöndin en auk þess hefur mikið verið lagt upp úr samstarfi á vettvangi umhverfismála við Eystrasaltslöndin og ekki síst við Vestur-Rússland.

Mig langar til að nefna það að við Íslendingar höfum á þessu starfsári Norðurlandaráðs hvað mest látið okkur hvalveiðar varða, þ.e. á vettvangi umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Í upphafi átti hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem þá sat í nefndinni, frumkvæðið að því að haldið var málþing í þinghúsinu í Stokkhólmi um hvali og seli. Á þessu málþingi var fjallað um stofnstærðir og forsendur fyrir sjálfbærri nýtingu, í annan stað um rök og gildi í hvalaumræðunni og þróun hennar og í þriðja lagi var fjallað um hina pólitísku hlið málsins.

Sjálfur sótti ég ekki þessa ráðstefnu en ég get þó upplýst um það að í kjölfar júnífundar Norðurlandaráðs í Villmanstrand í Finnlandi hélt umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sinn árlega sumarfund áður en nefndin hélt frá Finnlandi og til Eistlands. Á þeim fundi gerði ég grein fyrir því fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar að hún hefði, og við Íslendingar, orðið fyrir miklum vonbrigðum með afstöðu Svía og annarra Norðurlandaráðsþjóða á aðalfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem sérstaklega Svíar stóðu gegn þeim sjónarmiðum sem íslenskir fulltrúar á þeim aðalfundi töluðu fyrir. Þessi ályktun var bókuð og undir hana tekið, sérstaklega af hálfu Norðmanna sem hafa forsæti í nefndinni en sömuleiðis, eins og við mátti búast, tóku fulltrúar Grænlands og Færeyja undir málstað okkar hvað þetta varðar.

Á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í nóvember sl. hélt ég ræðu þar sem ég ítrekaði sjónarmið okkar varðandi sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og vísaði til þess að ég teldi ósamræmi í því að Norðurlönd berðu sér á brjóst og teldu sig í fararbroddi hvað varðaði sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda en um leið virtust sum löndin vera á móti sjálfbærri nýtingu sjávarspendýra. Menn eru hlynntir, og einstök Norðurlönd eru hlynnt, sjálfbærri nýtingu á tyllidögum en horfa fram hjá þeim prinsippum og eigin málflutningi þegar það hentar þeim.

Ég benti á að vandamálin varðandi hvalveiðar væru flókin en ef reynt væri að einfalda málið eins og frekast er unnt stæði eftir spurningin um það hvort ekki ættu að gilda sömu reglur um nýtingu auðlinda sjávar og um nýtingu annarra auðlinda. Ég sagði að fyrir þjóðir sem væru háðar nýtingu sjávarauðlinda væri óþolandi að aðrar kröfur væru gerðar til veiða í hafi en veiða á landi. Í báðum tilfellum hlyti grundvallarreglan að vera sú að maðurinn hefði rétt til nýtingar á villtum dýrastofnum, svo lengi sem það væri gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt, og þetta hlyti að vera grunnkrafa gagnvart öllum veiðum, hvort sem um væri að ræða hvalveiðar í Norður-Atlantshafi eða veiðar á elgjum og dádýrum á landi í Skandinavíu, þá kannski einkum í Svíþjóð.

Vonandi hefur þessi gagnrýni okkar á afstöðu, þá einkum Svía, til hvalveiðimála náð eyrum þeirra en satt best að segja hefur hún ekki orðið til neinnar verulegrar umræðu um málið umfram það sem var á málþinginu sem ég nefndi áðan.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi farið yfir þau atriði sem hér hafa verið tekin til skoðunar og kannski þau áhersluatriði sem við Íslendingarnir höfum haft varðandi þau málefni sem falla undir þessar tvær nefndir.

[16:17]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt á ræðu hv. þm. að það er mjög áhugavert og gagnlegt starf sem unnið er í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Nefndin annast m.a. málefni sjávarútvegsins og sjálfbæra þróun og það kemur fram hér í greinargerð að eitt af helstu verkefnum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar er vísindaráðgjöf við ákvörðun fiskkvóta og stuðningur við hafrannsóknastofnanir á Norðurlöndum.

Í framhaldi af því finnst mér rétt að spyrja hv. þm. vegna þess að hann hefur oft beitt sér fyrir einkarekstri á sem flestum sviðum: Hefur hann beitt sér fyrir umræðu um það að auka eigi veg sjálfstætt starfandi vísindamanna á sviði hafrannsókna? En þær stofnanir sem sinna hafrannsóknum eru oft og tíðum og oftar en ekki nær alfarið opinberar stofnanir og eru því háðar stjórnvöldum í veigamiklum atriðum og það hefur verið gagnrýnt á Íslandi og víðar. Ætti ekki að auka veg þeirra sem standa fyrir utan það kerfi sem er svona háð stjórnvöldum og veita aukið fjármagn til þeirra rannsókna? Sýnist hv. þm. ekki rétt að beita sér fyrir þeirri umræðu einmitt í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og gæti umræðan þá ekki orðið frjórri og við fengið betri ráðgjöf? Við höfum ekki haft mjög góðan afrakstur af þeirri ráðgjöf sem þjóðin hefur fengið á Íslandi. Hér er afli helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins. Það væri áhugavert að fá að heyra hvort hv. þm. gæti ekki beitt sér fyrir auknum einkarekstri einmitt á þessu sviði.

[16:19]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki tekið mikinn þátt í umræðu um bætta stöðu sjálfstætt starfandi vísindamanna í sjávarútvegi og hafrannsóknum á vettvangi Norðurlandaráðs. En ég get alveg upplýst þingmanninn um það að ég er áhugamaður um það almennt að koma opinberum störfum eða almennum störfum í hendur einkaaðila á þeim sviðum þar sem einkaaðilar eru betur eða að minnsta kosti jafn vel til þess fallnir að sinna þeim störfum og opinberir aðilar, og er tilbúinn til þess að skoða hvort það sé rétt að taka þessi atriði upp og ræða nánar innan og á vettvangi Norðurlandaráðs og Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Það er vel skoðandi. En a.m.k. á þeim tíma sem ég hef verið í Íslandsdeildinni og í nefndum innan Norðurlandaráðs hafa málefni sjávarútvegs-

ins ekki verið mjög mikið til umræðu í nefndinni og kannski minna en tilefni er til. En það má vel vera að það breytist á næstu missirum og það væri kannski vel til fundið að það gerðist.

[16:21]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir ágætisræðu um störfin í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd. Það var bara smáatriði sem ég hnaut aðeins um, a.m.k. til að byrja með. Það var talað um umhverfi Eystrasaltsins í brennidepli eftir slæm umhverfisslys í siglingum. Mér lék forvitni á að fá að vita svolítið meira um það og einnig starfið varðandi eftirlit og stjórn á rándýrastofnum, hvað var þar til umfjöllunar.

Ég vil síðan fá að láta í ljós þá skoðun mína að þó að hvalveiðar séu mikilvægar er þetta kannski ekki alveg rétti vettvangurinn, þ.e. Norðurlandaráð, til að halda heila ráðstefnu um þær því það eru svo fáar Norðurlandaþjóðir sem stunda hvalveiðar. Það er í raun og veru kannski vel af sér vikið að Íslendingum skuli hafa tekist að ná því í gegn að halda ráðstefnu um þær innan vettvangs Norðurlandaráðs því það er nú svo að það eru bara Norðmenn sem stunda þær og Íslendingar með sínar tilraunaveiðar og svo Færeyingar með eitthvað af grindhvalaveiðum og Grænlendingar, en hvorki Færeyingar né Grænlendingar eru fullgildir meðlimir í Norðurlandaráði.

Það stendur alla vega hér að þessi nefnd eigi t.d. að sjá um hluti varðandi hafrannsóknir og ákvörðun fiskkvóta. Og því vekur það furðu mína að íslenskir fulltrúar innan Norðurlandaráðs eða Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og þá kannski einkum og sér í lagi Sigurður Kári Kristjánsson, sem er fulltrúi okkar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, skuli þá ekki beita sér. Ég vil beina þeim vinsamlegu tilmælum til hans að hann beiti sér fyrir því að lögð verði meiri áhersla á þennan mikilvæga málaflokk, því eins og ég nefndi í ræðu minni áðan með röksemdum er full ástæða til að þau mál verði skoðuð og Norðurlandaráð er mjög góður vettvangur fyrir þann málaflokk.

[16:23]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo ég komi að öllum þeim atriðum sem hér voru nefnd, eða ég ætla að gera mitt besta til þess, þá voru eins og ég sagði í ræðu minni málefni Eystrasaltsins og umhverfismál á Eystrasalti mjög til umræðu innan Norðurlandaráðs og hafa verið lengi. Umhverfisslys hafa orðið í Eystrasalti og við Eystrasaltið og þetta eru mál sem þjóðirnar eru að taka á. Menn óttast mjög siglingar stórra skipa frá Vestur-Rússlandi og inn á Atlantshafið og eftir því sem ég best veit hefur orðið umhverfistjón vegna þeirra siglinga. Að sama skapi er það svo að áður en Ráðstjórnarríkin féllu og Sovétríkin liðu undir lok voru umhverfisspjöll í Eystrasaltsríkjunum gríðarleg, m.a. við ströndina í Eistlandi og menn hafa verið að grípa til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að sú mengun smitist út í Eystrasaltið. Það er því fullt af verkefnum á þessu sviði sem varða Eystrasaltið sem menn hafa verið að ræða á vettvangi þessarar nefndar.

Varðandi hvalveiðarnar tel ég að Norðurlandaráð sé prýðilegur vettvangur til þess að koma sjónarmiðum okkar á framfæri hvað þær varðar. Það höfum við gert bæði innan nefndarinnar og sömuleiðis á þingi Norðurlandaráðs. Og að loknu síðasta Norðurlandaráðsþingi tók Ásta R. Jóhannesdóttir, hv. þm. Samf., sæti í nefndinni og hefur m.a. sótt aðalfund NAMMCO til þess að fylgjast með og gæta hagsmuna okkar og tala máli okkar Íslendinga á þessu sviði. Ég tel því að þetta sé ágætisvettvangur til þess að láta rödd okkar Íslendinga heyrast, virðulegi forseti.

[16:26]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að Norðurlandaráð sé hinn fullkomni vettvangur til að fara að rífast um hvalveiðar. Að því er ég best veit er bara ein þjóð meðal Norðurlanda sem er alvarlega á móti hvalveiðum og það eru Svíar. Mér finnst stjórnvöld leggja áhersluna vitlaust á þennan málaflokk. Ég er ekki að draga úr mikilvægi þessa málaflokks, alls ekki, en ég held að það væri miklu nær fyrir okkur að reyna að vinna þessum málstað framgang í Evrópu og Norður-Ameríku og síðan í Japan, en ekki að vera að eyða okkar dýrmæta tíma og dýrmætu kröftum í það að tala um hval innan Norðurlandaráðs og reyna að finna réttlætingu og rök fyrir því að veiða hval á þeim vettvangi.

Það væri miklu nær fyrir okkur Íslendinga ef við viljum koma á framfæri mikilvægum málum hvað varðar umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs, að reyna að beina henni t.d. að umhverfismálum, umhverfisvöktun, bæði á landi og sjó og í vötnum. Það er mjög mikilvægur málaflokkur sem sem mundi síðan beinast að matvælaöryggi. Og síðan að þeim mikilvæga málaflokki sem er náttúrlega hafrannsóknir og fiskveiðistjórnarmál. Þau eru einfaldlega það mikilvæg og tengjast síðan aftur inn á aðra mikilvæga málaflokka eins og t.d. byggðamálin, sem margoft hefur verið bent á úr þessum ræðustól, og ég held að við ættum miklu frekar að reyna að fá Norðurlöndin í lið með okkur í þessum hlutum. Þarna getum við gert mjög góða hluti, gríðarlega góða hluti og þarna er mikið verk óunnið. Við eigum t.d. tvö mjög góð rannsóknaskip, hafrannsóknaskip sem liggja bundin við bryggju stóran hluta úr árinu vegna þess að við þykjumst ekki eiga peninga til að reka þau. Það væri kannski hægt að finna þeim verkefni annars staðar, t.d. á vettvangi norrænnar samvinnu, í staðinn fyrir að þurfa að horfa upp á þá skömm að þessi miklu og dýru skip með öllum sínum mannskap skuli liggja hér geld við bryggju, bundin nánast allt árið.

[16:28]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði nú ekki, svo það komi fram, að Norðurlandaráð væri kannski hinn fullkomni vettvangur til þess að berjast fyrir hagsmunum okkar Íslendinga í hvalveiðimálum, af því það var nefnt í andsvari hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Mér finnst það hins vegar vera sjálfsagður vettvangur til þess að tala máli okkar Íslendinga hvað varðar hvalveiðar og hagsmuni okkar hvað þær varðar. Ég get alveg tekið undir með honum að við eigum að sama skapi að berjast fyrir málstað okkar í Evrópu og Norður-Ameríku, en það þýðir ekki að við eigum að leggja árar í bát á vettvangi Norðurlandaráðs, alls ekki. Ég held við getum talað fyrir hagsmunum Íslendinga á öllum þessum stöðum án þess að það komi neitt sérstaklega niður á starfi okkar á þessum vettvangi að öðru leyti.

[16:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka fulltrúum úr Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir að hafa flutt hér mjög áhugaverðar ræður þar sem þeir hafa gert grein fyrir

starfseminni á liðnu ári. Ég sagði í fyrri ræðu minni í dag að þetta væri áhugamál hjá mér og einnig talsvert hjá mínum flokki. Við teljum að starfið innan Norðurlandaráðs sé mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst vegna þess að við erum utan Evrópusambandsins og þarna eigum við marga af okkar bestu vinum sem við getum ávallt stólað á í neyð og þegar illa árar hjá okkur og þeir vonandi að sama skapi á okkur.

Enn og aftur, bestu þakkir fyrir afskaplega góða og vandaða yfirferð yfir skýrsluna og um starfsemina.

Ég vil aðeins minnast örfáum orðum á hluti sem komu fram áðan. Það var talað um að fólk hefði áhyggjur af því að unga fólkið á Íslandi væri að missa áhugann á samstarfi innan Norðurlanda. Þetta er eflaust rétt og eflaust er tungumálapátturinn stór þáttur í því. Við Íslendingar höfum kannski gert mistök í gegnum árin, ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það væri ekki rétt að leggja þessa ofuráherslu á að kenna börnum dönsku, einfaldlega vegna þess að það er svo erfitt fyrir okkur Íslendinga að bera fram dönsku, munnleg danska er mjög erfið fyrir mjög marga. Ég man það greinilega sjálfur þegar ég var í barnaskóla og framhaldsskóla að það versta sem maður gat lent í var að lenda í munnlegu prófi í dönsku, þó reyndar sé það þannig að ef maður lærir eitt Norðurlandatungumál, t.d. norsku, dönsku eða sænsku nokkuð þokkalega er maður mjög fljótur að grípa hin einnig. En þarna held ég að við höfum kannski gert mistök og svo þegar blessuð Andrésblöðin hættu að koma á dönsku var það náttúrlega stórkostlegt menningarlegt áfall fyrir Íslendinga, sem við erum enn þá ekki fyllilega búin að jafna okkur á og gerum kannski aldrei.

Það þyrfti að auka samskipti hvað varðar menntun á milli Íslands og Norðurlandanna. Við ættum að reyna að taka umræðu um það og reyna að íhuga hvernig við getum reynt að bæta úr þessu, því eins og ég sagði áðan er Norðurlandasamstarfið afskaplega mikilvægt og við höfum svo sannarlega mjög mikið að sækja til þessara landa. Við höfum sótt mikið til þeirra í gegnum aldirnar og munum gera það áfram í framtíðinni og því megum alls ekki gleyma.

Ég vil aðeins segja örfá orð um það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á þar sem hann nefndi að það hefðu orðið einhver átök um þætti varðandi sjálfstæðisbaráttu Færeyinga á síðasta Norðurlandaráðsþingi sem var haldið í Ósló, 55. þing, í lok október. Minn flokkur, Frjálsl., hefur lýst því yfir að við styðjum viðleitni Færeyinga til að vera teknir fullgildir, eða að þeir fái sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Ég held að það væri fyllilega athugandi að kanna hvort ekki væri hægt að koma til móts við þetta með því að breyta Helsinki-sáttmálanum frá 1962, sem er grunnsamningur norrænna samstarfsins, þannig að þjóðir eins og Færeyingar geti öðlast fulla aðild, því ég held að það mundi bara, ef eitthvað væri, styrkja Norðurlandaráð og starfið innan Norðurlandaráðs og vinir okkar í Færeyjum hafa örugglega margt til málanna að leggja.

Verið er að leggja meiri áherslu á samvinnu Vestur-Norðurlandanna og við munum vonandi ræða síðar í dag starfsemi Vestnorrænna ráðsins, þar sem ég sem betur fer og mér til mikillar ánægju er einmitt einn af fulltrúum Íslands og hef lært mikið á því og orðið klókari og finnst það mjög gagnlegt. Í Vestur-Norðurlandasamstarfinu hefur einmitt verið talað um það, og ég sé í skýrslunni að hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir tók á síðasta Norðurlandaþinginu undir mikilvægi þess, að ráðherranefndin beindi sjónum sínum að Vestur-Norðurlöndunum og að lögð verði áhersla á samvinnu um umhverfi hafsins og nýtingu auðlinda þess.

Ég hjó líka eftir því áðan í skýrslunni sem við ræddum um norrænu ráðherranefndina að þar er líka að finna sömu áherslu. Við Íslendingar, tel ég, höfum greinilegt sóknarfæri í þessum málaflokki, sem gæti gagnast okkur mjög mikið í framtíðinni ef við höldum rétt á spilunum, því það er alveg ljóst að Norðurlandaráð, ef því er beitt á réttan hátt og starfinu innan Norðurlandaráðs er beitt á réttan hátt, er hægt að fá mikið út úr því fyrir okkur Íslendinga. Það er alls ekki rétt að þetta sé bara einhver svokölluð, ég leyfi mér að segja, kjaftasamkunda sem skili litlu, ég held að það sé fullljóst af þessum skýrslum sem við höfum rætt hér það sem af er degi að samstarfið er eitthvað sem við eigum að leggja góða og mikla rækt við.

[16:35]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í örfáum orðum taka undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni varðandi það sem hann sagði um áhersluna á Vestur-Norðurlöndin. Þetta hefur og er orðið eitt af áherslumálunum og eins og ég veit að hv. þm. veit og þekkir, hefur áherslan í Norðurlandasamstarfinu á undanförnum tíu árum meira og minna verið í austur og á samstarf og stuðning við Eystrasaltsríkin sem eru núna að ganga inn í ESB.

Varðandi áhersluna á Vestur-Norðurlöndin, er grunnurinn að þeirri vinnu sem núna fer fram úttekt og skýrsla sem norræna ráðherranefndin lét gera um hverju skyldi forgangsraða þar og hvaða leiðir og áherslur skyldi hafa í því samstarfi. Ég veit ekki hvort hv. þm. er kunnugt um að það var hv. fyrrv. þm., Ísólfur Gylfi Pálmason, sem upphaflega átti hugmyndina í flokkahópi miðjumanna innan Norðurlandaráðsins. Þaðan kom vinnan og tilmæli til ráðherranefndarinnar í gegnum Norðurlandaráðsþing um að þetta skyldi sett í öndvegi og í framhaldi af því var skýrslan unnin.

Hins vegar sýnist mér nokkuð einsýnt að þennan Vestur-Norðurlandavagn þurfa Íslendingar og fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðsins að vera nokkuð öflugir að draga vegna þess að eðlilega eru það kannski þau lönd, við, Vestur-Noregur, Færeyjar og Grænland sem hafa meiri áhuga á því en mörg önnur. Ég vil því láta þess getið að fulltrúarnir í Íslandsdeild Norðurlandaráðsins hafa upp til hópa allir verið mjög öflugir í því að tala fyrir auknu svæðasamstarfi á Vestur-Norðurlöndunum og áherslunum þar og þar með fyrir sjálfbærri nýtingu hafsins og auðlinda og öðrum málum sem eru sett í forgang í þeirri vinnu.

[16:37]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja mál mitt á að þakka fyrir ágæta skýrslu og umræðu um norrænt samstarf 2003, skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Það sem ég ætla að gera að umtalsefni er áhugavert starf velferðarnefndar. Það hefði verið ákaflega fróðlegt að fá nánari umfjöllun um tillögurnar um að einfalda og samræma skattlagningu á lífeyrisgreiðslum yfir landamæri, ef það væru nokkur tök á því. Einnig um tillögur um að nefndin beitti sér fyrir einföldun og samræmingu á reglum um örorkubætur á Norðurlöndum.

Svo eru aðrar tillögur sem mér finnst vera nauðsyn að ræða hér, en það eru tillögur um aðgerðir gegn misnotkun áfengis og vímuefna. Kjarni tillögunnar voru tilmæli til

norrænu ráðherranefndarinnar að vinna með Eystrasaltsríkjunum að strangari og skilvirkari stefnu í Evrópu í þessum málaflokki, tryggja meðferðarúrræði fyrir vímuefnaneytendur og vinna að því að minnka meðalneyslu áfengis með verðlagsstefnu, og það virðist vera kjarninn í tillögunum að væntanlega hækka verð á áfengi.

En þróunin hefur verið önnur ef marka má fréttaflutning. Það hafa borist fréttir af því að Danir séu að lækka verð á áfengi vegna þess að þeir eru að sporna við að Danir fari yfir til Þýskalands að kaupa veigarnar. Síðan hafa hin Norðurlöndin jafnvel séð sig knúin til að elta verðlækkunina svo að menn hópist ekki til Danmerkur til að kaupa áfengi. Það væri fróðlegt að fá að heyra nánar um tilmælin og hvernig menn sjá framkvæmdina á þeim.

Einnig væri fróðlegt að heyra t.d. frá fulltrúum Sjálfstfl. hvort þeir væru tilbúnir til að skrifa undir tilmælin, að takmarka aðgengi að vörunni. Það hafa verið raddir í stjórnmálum einmitt um að koma áfengi sem víðast í verslanir og mun jafnvel verða til umræðu á þinginu. Það væri fróðlegt að fá að heyra nánar um hvernig menn hugsa sér að ná árangri á þessu sviði.

Að lokum vil ég bara ítreka þakklæti fyrir ágæta skýrslu.

[16:40]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er heldur stuttur tími sem ég hef til að veita andsvar við hvorutveggja sem kom fram hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni.

Varðandi afnám landamærahindrana hafa allir fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs komið inn á það mál í dag. Það kom líka fram í framsöguræðu minni að Schlüter, fyrrv. forsrh. Dana, hefur verið að vinna að þessu og byggir á tiltekinni skýrslu þar sem var kortlagt hverjar landamærahindranirnar eru. Hann gerði síðan grein fyrir vinnu sinni á síðasta Norðurlandaráðsþingi. Áfram er unnið að þessu.

Eins og kom líka fram í umræðum í dag eru Halló Norðurlönd skrifstofurnar á öllum Norðurlöndum, sem eru reknar af norrænu félögunum á hverjum stað með styrk, hér á landi frá Alþingi, í rekstur sinn bæði að veita leiðbeiningar til fólks sem er að flytjast á milli og líka að skrá upplýsingar um þær hindranir sem enn eru. Síðan þurfa náttúrlega þær upplýsingar að fara í ákveðinn farveg hvort sem það er innan embættismannakerfisins eða til löggjafans svo hægt sé að bregðast við þessu.

Það hefur líka komið fram að staðið hefur verið fyrir námskeiðum fyrir embættismenn til að upplýsa þá betur um hvar hindranirnar eru og hvernig eigi að bregðast við þeim. Ein af niðurstöðum rannsóknarinnar á sínum tíma var einmitt að það væri ákveðin vankunnátta hjá embættismönnum til að geta leiðbeint fólki.

Hitt sem ég vildi fá að bregðast við, frú forseti, var það sem hv. þm. bendir á og heyrir undir velferðarnefndina og kjarna tillögu hennar til norrænu ráðherranefndarinnar um vinnu með Eystrasaltsríkjunum að strangari og skilvirkari stefnu í Evrópu í þeim málaflokki og að tryggja meðferðarúrræði fyrir vímuefnaneytendur, vinna að því að minnka meðalneyslu áfengis með verðlagsstefnu, sem hv. þm. lagði sérstaka áherslu á. Ég tek undir með honum að sú þróun sem hefur verið á sumum Norðurlöndum með verðlagningu á áfengi er í rauninni í bága við þá stefnu.

Fríverslunarsamtök Evrópu 2003, ein umr.

Skýrsla ÞEFTA, 586. mál. — Þskj. 881.

[16:43]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir ársskýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2003.

Síðasta ár var nokkuð annasamt hjá þingmannanefndinni. Samningaviðræður EFTA-ríkjanna og ESB um stækkun EES voru eðlilega stórt mál á dagskrá nefndarinnar. Nefndin fékk reglulega upplýsingar um gang mála og létu þingmenn í ljós álit sitt á öllum stigum málsins, bæði við ráðherraráð EFTA og ráðherra og embættismenn ESB.

Samstarf við svokölluð þriðju ríki, málaflokkur sem þingmannanefnd EFTA hefur haft mikinn áhuga á, þ.e. gerð fríverslunarsamninga, og var mikið fjallað um þau mál á árinu. Ég verð að viðurkenna að við íslensku þingmennirnir urðum svolítið óþolinmóðir gagnvart EFTA-skrifstofunni og ráðherraráðinu eftir því sem leið á árið og lítið virtist gerast í þessum málaflokki. Bentum við á að í sumum tilvikum væri sagt ár eftir ár að samningurinn væri væntanlegur án sýnilegs árangurs.

Sérstaklega var rætt um fríverslunarsamning við Kanada en samningaferlið hófst fyrir mörgum árum og ekkert hefur gerst síðustu þrjú ár. Vandamálið felst í því að Kanadamenn og Norðmenn geta ekki komið sér saman um samning er varðar skipasmíðar og varahluti til skipasmíða.

Nú hefur þingmannanefnd EFTA ákveðið að athuga hvort hún geti orðið að liði í málinu og ætlar að taka upp viðræður við kanadíska þingmenn og reyna að ýta á að samningar komist aftur í gang.

Þingmenn EFTA-ríkjanna sem sitja í þingmannanefnd EES hafa á síðustu árum oft rætt um það við kollega sína á Evrópuþinginu hvernig hægt sé að auka aðgang EFTA-ríkjanna að stofnunum ESB. Í framhaldi af þessum umræðum hafði sendinefnd Evrópuþingsins frumkvæði að því að koma því til leiðar að utanríkisráðherrum EFTA og EES-ríkjanna verði boðið að ávarpa utanríkismálanefnd Evrópuþingsins. Á síðasta fundi þingmannanefndar EES í nóvember sl. var sagt að þetta ætti að gerast fyrir kosningar til Evrópuþingsins sem fara fram í júní nk. Ég hef ekki heyrt hvort farið er að ræða málið við utanríkisráðherrana eða hvort tímasetning hafi verið ákveðin, en mun fylgja málinu eftir á næsta fundi þingmannanefndar EFTA. Hvort sem þetta verður fyrir eða eftir kosningar til Evrópuþingsins er þetta mjög gott tækifæri fyrir EFTA-ríkin til að koma áherslum sínum á framfæri og mikilvægt að það sé mjög vel nýtt.

Ég vil minnast aðeins á mál sem upp kom á árinu og tengist samstarfi þingmannanefndar og ráðherraráðs EFTA. Það kom upp hugmynd innan ráðherraráðsins, sem ég held að mér sé óhætt að segja að hafi komið frá Norðmönnum, um að fækka ráðherrafundum EFTA í einn á ári, en fundirnir eru nú tveir. Þetta hefði jafnframt þýtt að tækifærum þingmannanefndarinnar til að hitta ráðherrana hefði fækkað. Íslandsdeildinni leist vægast sagt illa á þessa hugmynd og taldi ekki veita af tveimur fundum með ráðherrum á ári. Með þessari hugmyndi væri verið að reyna að ýta þingmannanefndinni til hliðar að vissu leyti. Íslandsdeildin lagði áherslu á mikilvægt hlutverk þingmannanefndarinnar sem eftirlitsaðila með framkvæmdarvaldinu og nauðsynlega tengingu EFTA við þjóðþing aðildarríkjanna.

Ég vil taka fram að utanrrh. Íslands sýndi málflutningi Íslandsdeildarmanna skilning og vildi tryggja eðlilega aðkomu þingmannanefndarinnar að starfi EFTA.

Farsæl niðurstaða fékkst í þessu máli hjá ráðherranefndinni, en desemberfundir ráðherraráðsins verða í framtíðinni minni í sniðum. Það þýðir að þátttaka annarra aðila en ráðherraráðs og þingmannanefndar verður skorin niður, en hingað til hafa allar stofnanir EFTA tekið þátt í þessum fundi. Samhliða þessu verður lögð meiri áhersla á pólitíska stefnumótun á desemberfundunum. Íslandsdeildin fagnar almennt þessari niðurstöðu og sér jafnvel fram á betri fundi þar sem betra næði verði fyrir samráð ráðherraráðs og þingmannanefndar. Ég vil þakka utanrrh. sérstaklega þátt hans í því að þessi niðurstaða fékkst.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara frekar í það að rekja efni skýrslunnar hvað varðar starfsemi síðasta árs. Þingmenn hafa skýrsluna fyrir framan sig og geta lesið þar ítarlegar upplýsingar um störf hennar.

Hvað þetta ár varðar sér EFTA-nefndin síður en svo fram á verkefnaskort. Sá sem hér stendur hefur verið kjörinn formaður þingmannanefndar EFTA fyrir árið og jafnframt varaformaður þingmannanefndar EES. Á næsta fundi þingmannanefndar EES í apríl nk. verður tekin fyrir skýrsla um ársskýrslu embættisnefndar EES fyrir árið 2003 og skýrsla um sveitarstjórnir og EES, en það mál er reyndar tekið upp að frumkvæði hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

Samstarf við þriðju ríki verða áfram í brennidepli innan þingmannanefndar EFTA. Auk Kanada verður fylgst náið með gangi mála gagnvart t.d. Rússlandi, Bandaríkjunum, Egyptalandi, Túnis og fleiri ríkjum. Einhver hreyfing virðist núna vera á gerð fríverslunarsamninga, t.d. var nýlega verið að ljúka samningaviðræðum um Líbanon.

Stækkun innri markaðarins og hugsanlegar afleiðingar fyrir EFTA-ríkin verður væntanlega rædd innan EFTA og samstarf við nýju aðildarríkin einnig.

Sá sem hér stendur og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fóru nýlega í heimsókn til Eystrasaltsríkjanna, ásamt öðrum fulltrúum í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA, þar sem við kynntum EES-samninginn og ræddum ýmis hagsmunamál honum tengd. Þetta voru mjög góðir fundir og gagnlegir. Íslandsdeildin mun eins og hún hefur gert í mörg ár eiga fundi með þingmönnum þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB. Þessir fundir eru mikilvægir til að minna á okkur sem erum EFTA-megin í EES-samstarfinu og kynna helstu áherslumál okkar hverju sinni.

Það er staðreynd að margir aðilar innan ESB, jafnvel þeir sem ættu að vera sæmilega upplýstir, hafa ekki hugmynd um hvað EES-samningurinn er og veitir ekki af að vekja athygli á honum og stöðu Íslands í Evrópu við hvert tækifæri sem gefst.

Ég vil aðeins fjalla um áætlun um innri markað Evrópusambandsins 2003–2006 sem framkvæmdastjórn ESB gaf út á síðasta ári, en í henni er að finna almenna stefnumörkun um málefni innri markaðarins. Áhersla er lögð á að styrkja innri markaðinn og afnema hindranir. Í viðauka eru tillögur framkvæmdastjórnarinnar að nýrri lagasetningu til næstu þriggja ára. Þetta er plagg sem allar fastanefndir þingsins þyrftu að kynna sér vel ef þær hafa ekki þegar gert það. Mikilvægt er fyrir alþingismenn að gera sér grein fyrir hugsanlegum áhrifum áætlunarinnar á íslenska stefnumörkun.

Fylgjast þarf vel með starfi framkvæmdarvaldsins við að skilgreina íslenska hagsmuni. Í þessu sambandi skiptir máli að samnýta alla farvegi innan þingsins. Við þingmenn þurfum að koma að málum í tæka tíð á meðan enn er hægt að hafa áhrif á stefnumótunina. Það er til einskis fyrir okkur að koma að málum þegar tillaga að lagasetningu er þegar komin fram hjá ESB. Tími EFTA-ríkjanna til áhrifa er á fyrri stigum á meðan tillögur eru enn í mótun. Það er þá sem sérfræðingar ráðuneytanna eru að leggja línurnar hvað Ísland varðar. Utanríkismálanefnd, aðrar fastanefndir og Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA bera sameiginlega ábyrgð á því að Alþingi ræki skyldur sínar á sviði EES-mála.

Í þessu sambandi vil ég nefna eitt atriði, virðulegi forseti. Öðru hverju kemur upp sú umræða hvort Alþingi eigi að hafa starfsmann í Brussel. Má búast við að þessi umræða skjóti upp kollinum aftur núna þegar til umræðu er að sveitarfélögin hafi starfsmann í fullu starfi í Brussel, en slíkar tillögur má finna í nýlegri skýrslu utanrrn. Eflaust verða einhverjir til að benda á að ef sveitarfélögin telji þetta nauðsynlegt sé enn meiri ástæða fyrir Alþingi að íhuga slíkt skref. Ég tel að þessi umræða sé á villigötum. Það er engin þörf á að leggja í slíkan kostnað því það er vel hægt að sinna þessum málaflokki héðan á mun ódýrari hátt. Nær væri að styrkja alþjóðasvið þingsins með starfsmanni hér heima sem væri í fullu starfi við að fylgjast með Evrópumálunum. Það er mun ódýrari lausn þó að viðkomandi þyrfti að ferðast nokkrum sinnum á ári til Brussel því mjög dýrt er að halda uppi starfsmanni með búsetu erlendis. En vissulega er þörf á því að starfsmaður sé í fullu starfi við að sinna þessum málaflokki og miðla áfram upplýsingum innan þingsins til allra þeirra sem að málaflokknum koma.

Að lokum vil ég nefna, virðulegi forseti, að ákveðið hefur verið að halda ráðstefnu þingmannanefndar EFTA í samvinnu við ráðgjafanefnd EFTA í tilefni af 10 ára afmæli EES-samningsins. Ræða á hlutverk EFTA og EES í nýrri Evrópu. Ráðstefnan verður haldin í Reykjavík í haust, nánar tiltekið 21. október. Þátttakendur verða stjórnmálamenn af EES-svæðinu, aðilar vinnumarkaðarins, sveitarstjórnarmenn og embættismenn. Þetta verður gott tækifæri til að ræða stöðu okkar í Evrópu og framtíðarsýn. Vonast ég eftir góðri þátttöku frá Alþingi.

[16:53]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þessa skýrslu. Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur mælt fyrir henni og skýrt efni hennar prýðilega. Hann hefur gegnt formennsku af okkar hálfu í nefndinni af skörungsskap og ég vil leyfa mér að nefna það að formaður okkar í Samf., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem hefur til skamms tíma setið í þingmannanefndinni, hefur einmitt tekið til þess hversu vel hv. formanni nefndarinnar hefur farist það úr hendi og hversu ríkt hann hefur lagt sig eftir því að eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna. Ber að fagna því sérstaklega, enda miklu meiri árangur náðst en ef öfugt hefði verið farið. Það er mikilvægt því fyrir litla þjóð skiptir máli að standa saman út á við og hafa, eftir því sem kostur er, sameinaða málafylgju fyrir hagsmunum landsmanna allra.

Auðvitað er það svo að uppi eru mismunandi skoðanir og við í Samf. erum t.d. margir hverjir eindregnir Evrópusinnar. Við teljum að tími sé kominn til að sækja um aðild að Evrópusambandinu í fullri alvöru. Aðrir flokkar eru annarrar skoðunar eins og liggur fyrir. Eigi að síður höfum við í Samf. lagt okkur fram um það á vettvangi þingmannanefndar

EFTA að stilla ágreiningi í hóf og ná sem breiðastri samstöðu í málflutningi nefndarinnar fyrir málefnum íslensku þjóðarinnar.

Ég hef sjálfur átt þess kost, virðulegi forseti, að taka lítillega þátt í starfi nefndarinnar sem einn af varamönnum Samf. Það hefur verið ákaflega lærdómsríkt og fer ekki fram hjá nokkrum manni sem það gerir að þátttakan í EFTA er einn af mikilvægustu hornsteinum í utanríkismálum okkar Íslendinga.

EFTA er okkur ákaflega mikilvægt, ekki síst vegna þess að í krafti þess höfum við Íslendingar gert marga ákaflega mikilvæga samninga um fríverslun við margar aðrar þjóðir. Þeir eru okkur sérstaklega mikilvægir vegna þess að samningamenn okkar hafa alltaf borið gæfu til að leggja höfuðáherslu á fríverslun með fisk sem hefur verið mikilvægasti útflutningur okkar um árabil. Gott dæmi um þetta er sá samningur sem hæstv. utanrrh. mælti fyrir í þáltill. í gær um fríverslunarsamning við Chile.

Fríverslunarsamningar okkar gegnum EFTA hafa ekki síst verið mikilvægir vegna þess að þeir hafa í reynd verið samhliða þeim samningum sem Evrópusambandið hefur gert um fríverslun við sömu ríki. Við höfum því í gegnum EFTA getað tryggt atvinnulífi okkar, ekki síst sjávarútvegi, fríverslun við sömu ríki og Evrópusambandið gerir fyrir aðildarlönd sín. Á þessu er þó einn mikilvægur munur sem gæti verið okkur EFTA-þjóðunum í hag eins og ég kem að síðar í máli mínu. Það skiptir hins vegar máli að EFTA hafi skýra stefnu hvaða ríki á að setja í forgang þegar kemur að því að ákveða við hvaða ríki á að gera næstu samninga.

Þetta finnst okkur í Samf. hins vegar ekki liggja nógu ljóst fyrir. Því höfum við fulltrúar Samf. lagt fram sérstaka fyrirspurn um hver stefna EFTA um forgangsverkefni á þessu sviði sé. Verður þeirri fyrirspurn dreift á næstunni og kemur hér inn sem svar fljótlega og getur málið þá fengið frekari umfjöllun.

En í því ljósi langar mig að beina þeirri spurningu til hv. þm. Gunnars Birgissonar og formanns þingmannanefndar EFTA: *Hver er forgangslisti EFTA varðandi næstu samninga?* Af því tilefni langar mig sérstaklega að inna eftir því hvort á döfinni er að ræða fríverslunarsamninga við Japani. Vissulega er ég ekki hnútum kunnugur um hvernig tollar eru t.d. á fiskverkun gagnvart Japönum en veit þó að þeir eru mikilvæg viðskiptaþjóð á sviði fiskafurða og vaxandi og hlýtur því að skipta miklu máli að ná góðum samningum á því sviði. Ég spyr m.a. af því tilefni að mér er kunnugt um að í næsta mánuði fer sendinefnd þingmanna undir forustu hæstv. forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, til Japans og *væri ekki þjóðráð að fulltrúar okkar tækju það mál upp í* þeim viðræðum sem þá fara fram á milli fulltrúa þjóðanna, Íslendinga og Japana?

Aðalerindi mitt hingað er þó að inna eftir stöðu mála varðandi fríverslun við Kanada. Slíkur samningur væri okkur mikilvægur, m.a. vegna þess að Evrópusambandið hefur enn ekki gert slíkan samning. Og tækist okkur að ná fríverslunarsamningi við Kanada hefðum við ákveðið forskot á Evrópusambandið, sem væri gagnlegt og sýndi líka vissan styrk EFTA. Ég held að nú séu brátt liðin sex eða sjö ár frá því hingað kom sendinefnd frá Kanada og ræddi m.a. við hv. utanrmn. þingsins um slíkan samning. Kanadamenn virtust þá ákaflega áfjáðir í að gera slíkan samning. Af honum hefur þó enn ekki orðið, sem sætir vægast sagt furðu. Mér er kunnugt um að íslensku þingmennirnir, þar á meðal formaður Samf., hafa ítrekað tekið þetta mál upp á fundum EFTA og rekið á eftir því. Ágreiningur milli Norðmanna og Kanada hefur hins vegar leitt til þess að þetta hefur ekki gengið eftir. Hver er eiginlega staða málsins? Það er eiginlega orðið kátlegt hversu mjög það hefur dregist.

Nú er nýlega kominn nýr forsætisráðherra í Kanada sem stokkaði svo rækilega upp í ríkisstjórninni að segja má að um nýja ríkisstjórn hafi verið að ræða og ný ríkisstjórn hafi tekið við. Þó að sami flokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn, sem er einmitt systurflokkur hæstv. utanrrh., sé áfram við völd.

Ég vil því að endingu, hæstv. forseti, spyrja hv. formann þingmannanefndar EFTA hver staða málsins sé og hvort sé ekki kominn tími til að Íslendingar taki frumkvæði í þessu máli og ljúki því.

[17:00]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hlý orð í minn garð varðandi samstarf í EFTA-nefndinni. Það hefur verið afskaplega gott og nefndin ævinlega komið fram sem einn maður fyrir Íslands hönd sem er lykilatriði eins og hv. þm. nefndi í ræðu sinni, virðulegi forseti.

Okkur þingmönnum í nefndinni hefur oft þótt ganga hægt í þessum fríverslunarsamningum eins og kom fram í ræðu hv. þm. Björgvins Sigurðssonar. Þó liggur hér fyrir þinginu eitt mál til staðfestingar, fríverslunarsamningur við Chile, sem var skrifað undir í fyrra í Kristiansand í Noregi.

Varðandi Kanada, af því að spurt var um það, höfum við í tvígang spurt um það mál á ráðherrafundum EFTA þar sem EFTA-þingmannanefndin og ráðherrarnir hafa hist. Tiltölulega fátt hefur orðið um svör nema það liggur alltaf fyrir að það er ágreiningur varðandi skipasmíðar og varahluti til slíkra hluta. Íslenska þingnefndin hefur borið fram hvassar fyrirspurnir til framkvæmdastjórnar EFTA-fríverslunarráðsins og ekki fengið nógu skýr svör. Á síðasta fundi bauðst ég fyrir hönd nefndarinnar til að við tækjum að okkur forustuhlutverk til að reyna að ná sambandi við Kanada um þessi mál, sem við höfum og gert. En þar er, eins og kunnugt er, nýbúið *að skipta um ríkisstjórn og nýbúið að skipta um allt þannig* að þar er mjög erfitt að fá fast land undir fætur. Við eigum samt von á svari í næstu viku um hvort þeir séu tilbúnir til að hitta hluta þingmannanefndar EFTA til viðræðu um þessi mál til að ýta þeim á flot. Samningar við Kanada voru nánast á lokastigi og gífurlegur styrkur, eins og fram hefur komið, ef það næðist.

Það liggur fyrir að það er búið að landa fríverslunarsamningi við Líbanon. Það liggur fyrir líka að það munar mjög litlu að hægt sé að landa fríverslunarsamningi við Egyptaland. *Þar stendur einungis á kartöflum sem Norðmenn* vilja helst ekki flytja inn til Noregs þannig að, virðulegur forseti, ýmislegt kemur upp í þessum málum milli þjóða. Norðmennirnir ætluðu, held ég, að reyna að sansa það að hægt yrði að ná þeim samningi saman þrátt fyrir kartöflurnar. Það væru mjög litlar líkur á að það væri mikill vilji til að flytja egypskar kartöflur inn til Noregs þannig að menn gætu haft fría verslun á slíkri vöru.

Síðan eru samningar við Túnis mjög langt komnir og eftir því sem framkvæmdastjóri EFTA tjáði þingmannanefndinni *gæti slíkt legið fyrir á þessu ári og í síðasta lagi á því næsta.*

Fyrir tæplega tveimur árum spurðu Bandaríkjamenn starfsmenn EFTA hvort fríverslunarviðræður gætu farið fram milli Bandaríkjanna og EFTA. Miðað við alla samninga sem þá voru í gangi treystu menn sér ekki til að fara í

þá af alvöru en Íslandsdeildin hefur verið ýta á það við framkvæmdastjórnina að hún komi þessum málum í farveg. Bandaríkjamenn höfðu frumkvæði að þessu. Ég tala nú ekki um, virðulegi forseti, ef við næðum bæði Kanada og svo Bandaríkjunum inn, það mundi styrkja stöðu okkar verulega, sérstaklega í samstarfi við Evrópubandalagið. Þess má geta að EFTA-ríkin eru fyrir stækkun 7% af markaði Evrópubandalagsins.

Síðan hafa Rússar gefið merki um að þeir séu jafnvel til viðræðu um fríverslun. Þetta verður allt að koma í réttri röð. Okkur þykir það hérna á Íslandi að þegar við komum til útlanda til að fara að ná alþjóðasamningum gangi það allt voðalega hægt. En ég hef trú á því, virðulegi forseti, að hér muni eitthvað eiga sér stað, það er a.m.k. mjög góður tónn í EFTA-nefndinni milli Íslendinga, Norðmanna, Svisslendinga og Liechtensteina og allir tilbúnir að leggja sitt af mörkum og ýta á að þessi mál geti gengið sem hraðast.

[17:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hérna fer fram fróðleg og mikilvæg umræða um fríverslun Íslendinga og annarra þjóða gegnum EFTA-samstarfið. Vonandi er að egypsku kartöflurnar standi ekki í veginum fyrir slíku samkomulagi á milli EFTA og Egyptalands.

Vegna þessa og í ljósi þeirrar umræðu sem hér fer fram um mikilvægi fríverslunarsamnings við Kanada langaði mig til að beina þeirri spurningu til hv. formanns þingmannanefndarinnar hvort mögulegt sé, ef ekkert gengur á næstunni hjá EFTA, að Íslendingar geri hreinlega tvíhliða samninga á milli sín og Kanada. Ég spyr ekki síst með tilliti til þess að við höfum sérstök tengsl við Kanada, ættartengsl í gegnum þann stóra hóp Kanadamanna sem lítur á sig sem Íslendinga eða a.m.k. af íslensku bergi brotna þannig að það er mikill vilji fyrir því í Kanada að efla tengslin beint við Ísland á mörgum sviðum, hvort sem er fríverslun eða menningarmál, þó sérstaklega á sviði viðskipta sem kannski skiptir líka mestu máli í dag. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til formannsins hvort hann telji mögulegt, ef ekkert gangi hjá EFTA, að Íslendingar geri tvíhliða samkomulag á milli sín og Kanada.

[17:06]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi Kanada held ég að það verði að láta reyna á hvort þetta geti gengið. Það er fullur vilji, eða var það hjá gömlu viðskiptanefndinni hjá Kanada, að slíkt mundi ganga. Nú vitum við kannski ekki hvernig þetta nýja fólk tekur því en ég vil a.m.k. að við leggjumst á árarnar, allir EFTA-þingmennirnir, og það eru allir sammála því, jafnt Norðmenn sem aðrir, að láta reyna á það til þrautar. Það eru gífurlega miklir hagsmunir fyrir Íslendinga að fá fríverslunarsamning við Kanada, það eru gífurlega miklir hagsmunir fyrir íslenskt samfélag að fá slíkan fríverslunarsamning. Menn þurfa kannski að hugsa upp á nýtt ef slíkt strandar í viðræðum milli EFTA og Kanada en ég hef ekki trú á því. Þegar Kanadamennirnir verða búnir að svara munum við formennirnir fara, formenn landsnefndanna, þ.e. Íslands, Noregs, Sviss og Liechtensteins, og ræða við Kanadamennina til að reyna að koma þessu máli í höfn. Við látum a.m.k. fyrst reyna á það áður en við förum í tvíhliða viðræður við Kanada.

Virðulegi forseti. Viðskiptasamningur, fríverslunarsamningur við Kanada, er afar mikilvægur íslensku samfélagi.

[17:08]

Útbýting þingskjala:

Átak til atvinnusköpunar, 448. mál, svar iðnrh., þskj. 1062.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 522. mál, svar umhvrh., þskj. 1101.

Framkvæmd stjórnsýslulaga, 756. mál, þáltill. allshn., þskj. 1132.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, 755. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1130.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 754. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1129.

VES-þingið 2003, ein umr.

Skýrsla VES, 601. mál. — Þskj. 908.

[17:09]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 908 liggur fyrir skýrsla frá Íslandsdeild VES-þingsins fyrir árið 2003. Skýrslan er greinargóð lýsing á starfsemi VES-þingsins og Íslandsdeildar og því óþarfi að rekja allt sem í henni er en ég vil þó í máli mínu víkja að helstu þáttum hennar.

Á VES-þinginu sem fyrst hóf þingstörf 1954 koma saman þjóðkjörnir þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins en þau eru nú 10 talsins, þ.e. öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES.

Því næst að helstu málefnum ársins. Á árinu 2003 varð framhald á umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en síðustu ár hafa miklar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu. Forsaga þess máls er vel kunn og er rakin í skýrslunni.

Vil ég því víkja að þeim helstu þáttum sem marka framtíðarþróun öryggis- og varnarmála í álfunni.

Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar" ESB og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50–60 þús. manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington liggja til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hafa færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO.

Á árinu náðist loks samkomulag í sjö liðum um hvernig þessum málum verði háttað í framtíðinni og er það mikilsverður áfangi út af fyrir sig, sérstaklega í ljósi eindreginnar andstöðu Tyrkja þar til fyrir skömmu. Á hitt ber þó að líta að lítil reynsla er komin á samkomulag þetta og þykir ljóst að á næstu missirum verði prófsteinninn yfirfærsla friðargæsluverkefna Atlantshafsbandalagsins í Bosníu og Hersegóvínu til Evrópusambandsins.

Virðulegi forseti. Því miður standa öryggis- og varnarmál íbúum Evrópu-Atlantshafssvæðisins mjög nærri um þessar mundir. Breytt heimsmynd og baráttan gegn hryðjuverkum, útbreiðslu gereyðingarvopna og öfgahópum hefur verið ljóslifandi fyrir augum okkar á undanförnum missirum og jafnvel sl. vikum. Lýðræði, friði og stöðugleika er ekki unnt að ná nema með einurð, hernaðargetu og skilvirku samstarfi. Öryggis- og varnarmál Evrópu eru í örri þróun, eins og fyrr var sagt, og að sumu leyti má segja að metnaður ESB hafi farið fram úr eiginlegri getu. Ástæða er til að fagna því hversu mikill vilji er innan ESB-ríkja að axla meiri ábyrgð á öryggi álfunnar en hingað til en að sama skapi verður að undirstrika mikilvægi þess að þróun öryggis- og varnargetu ESB grafi ekki undan Atlantshafsstrengnum sem fært hefur íbúum álfunnar öryggi í yfir hálfa öld.

Í þessu samhengi hefur VES-þingið verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að nýja þingið yrði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna 15 tækju þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna þeirra evrópsku aðildarríkja NATO sem ekki eru aðilar að ESB.

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar.

Á árinu lagði Framtíðarráðstefna Evrópusambandsins fram drög að stjórnarskrá ESB og höfðu vonir staðið til að í drögunum kæmu fram svör við því hvernig haga bæri þátttöku þjóðkjörinna þingmanna í störfum ESB. Nokkur vonbrigði hafa verið hvað þetta atriði varðar því að í þeim drögum sem liggja fyrir leiðtogum aðildarríkja ESB er staða þjóðþinganna afar veik í ljósi þess að þar er ekki á þau minnst, heldur aðeins óljóst í viðauka. Umræðan um hlutverk þjóðþinganna í þessum málaflokki hefur því haldið áfram á árinu. Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þjóðkjörinnar þingmannasamkundu eins og VES-þingsins.

Þessi sjónarmið hafa einnig borið hátt í máli forseta þingsins og annarra sem talað hafa máli þess á alþjóðavettvangi. Óhætt er að segja að um þau ríki sátt innan vébanda VES-þingsins.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Katrín Fjeldsted, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sigríður Ingvarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Bjarni Benediktsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjón Hjörleifsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að umræðunni á VES-þinginu á árinu.

Dagana 2.–4. júní fór fyrri hluti 49. fundar VES-þingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Bjarni Benediktsson formaður, Drífa Hjartardóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir auk ritara. Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins annars vegar og Atlantshafstengslin hins vegar voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á fundinum að þessu sinni. Þess má geta að í fyrsta skipti í sögu þingsins var haldinn sameiginlegur fundur með Evrópuþinginu og var þá síðarnefnda umræðuefnið á dagskrá.

Hollendingurinn Jan Dirk Blaauw, forseti VES-þingsins, hélt í upphafi fundarins ræðu þar sem hann gagnrýndi mjög Framtíðarráðstefnu ESB. Hann sagði að hvorki hefði tekist með tillögum ráðstefnunnar að einfalda stofnanakerfi ESB né auka gegnsæi og lýðræði innan sambandsins. Kæruleysisleg vinnubrögð einkenndu starf ráðstefnunnar á sviði varnar- og öryggismála, tillögur um samstarfsform á þessu viðkvæma sviði væru óþarflega flóknar, ekkert tillit væri tekið til samstarfsríkja utan ESB sem væru aðilar að NATO og nýjustu tillögur varðandi lýðræðislegt aðhald í þessum málaflokki gerðu ekki ráð fyrir samstarfsvettvangi þjóðþinga. Hann sagði gjörsamlega óásættanlegt að einungis COSAC, samstarfsnefnd Evrópuþingsins og þjóðþinga ESB, bæri ábyrgð á lýðræðislegu aðhaldi í varnar- og öryggismálum. Þá gerði Blaauw getuleysi ESB á hernaðarsviðinu að umtalsefni og sagði ótraustvekjandi þegar varnarmálaráðherrar ESB væru með yfirlýsingar sem stönguðust á við raunveruleikann, t.d. þegar þeir segðu ESB tilbúið að framkvæma Petersbergverkefni í stórum stíl.

Aðrir sérstakir ræðumenn á þinginu voru Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, Vecdi Gönül, varnarmálaráðherra Tyrklands, Antonio Martino, varnarmálaráðherra Ítalíu fyrir hönd verðandi formennskulands í ESB og VES, og Yannos Papantoniou, varnarmálaráðherra Grikklands fyrir hönd formennskulands í ESB og VES. Jafnframt fór fram sérstök umræða um evrópsk varnarmál og Atlantshafstengslin og flutti Chris Patten ávarp við það tækifæri, en hann fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn ESB. Patten taldi að Evrópa og Bandaríkin næðu markmiðum sínum best með samvinnu. Hann sagði gildismat Evrópu og Bandaríkjanna í grundvallaratriðum það sama og efnahagslega væru Evrópa og Bandaríkin mjög háð hvort öðru, ekki síst á sviði fjárfestinga. Evrópa væri jafnoki Bandaríkjanna efnahagslega, en ekki hernaðarlega. Evrópumenn yrðu að vera reiðubúnir að beita hernaðarvaldi með sannfærandi hætti til að vera teknir alvarlega. Hann taldi að viðhorf Bandaríkjamanna hefðu ekki breyst í grundvallaratriðum eftir 11. september

og hagsmunir þeirra og Evrópumanna færu enn saman, þó að vissulega væru ólík viðhorf til Ísraels og Miðausturlanda.

Dagana 1.–3. desember var seinni hluti 49. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson formaður, Guðjón Hjörleifsson varaformaður og Bryndís Hlöðversdóttir, auk ritara. Umræður um sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB, áætlanir um Evrópuher og hugsanlegar höfuðstöðvar hans, auk samskipta Bandaríkjanna og Evrópu í kjölfar Íraksstríðsins voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á desemberfundi VES-þingsins. Þá beindust umræður öðrum þræði að stjórnarskrárdrögum ESB og spurningunni um hvort og með hvaða hætti ESB muni finna öryggis- og varnarmálastefnunni, og þá sérstaklega sameiginlegum vörnum, stað í stjórnarskránni. Í stjórnarskrárdrögum Evrópusambandsins sem ríkjaráðstefna þess á enn eftir að taka afstöðu til, er ekki gert ráð fyrir neinu formlegu hlutverki VES-þingsins á sviði öryggis- og varnarmálastefnu ESB, líkt og þingið hefur lengi barist fyrir.

Á fundinum kom fram eindreginn stuðningur við þá afstöðu að hagsmunir aðildarríkja VES og þjóðþinga þeirra væru best tryggðir ef ráðherraráði ESB væri skylt að upplýsa og leita ráðgjafar hjá fjölþjóðlegum þingmannasamtökum sem væru skipuð fulltrúum þjóðþinga. Þetta hvílir á þeirri forsendu sem margsinnis hefur komið fram hjá VES-þinginu að fjölþjóðleg samvinna innan ESB á sviði öryggismála yrði að haldast í hendur við fjölþjóðlega samvinnu þjóðþinga. Árangurinn hafi ekki látið á sér standa innan þeirra stofnana þar sem sá háttur hefur verið hafður á, sbr. VES, ÖSE og NATO.

Desemberfundur VES-þingsins fór fram stuttu eftir ráðherrafund ESB í Napólí þar sem fram kom að ekki eru miklar vonir til þess að staða þjóðþinganna verði styrkari hvað fjölþjóðlegt samstarf varðar í lokaútgáfu stjórnarskrárdraganna. Í ávarpi fráfarandi forseta VES-þingsins, Lúxemborgarans Marcels Gleseners, kom fram að í þeim drögum sem nú liggja fyrir leiðtogunum væri staða þjóðþinganna afar veik í ljósi þess að þar er ekki á þau minnst, heldur aðeins óljóst í viðauka eins og ég hef áður komið að. Hvað samvinnu á sviði varnarmála varðaði og möguleika á að stjórnarskráin innihaldi ákvæði um sameiginlegar varnir, væri enn óljóst hvort sáttatillaga Frakka, Þjóðverja og Breta í þeim efnum, sem kvæði á um skipulegt samstarf, hlyti náð fyrir augum leiðtoga ríkjanna 25 sem veita þyrftu samhljóða samþykki sitt. Enn væri eftir að útfæra orðalagið nánar og enn væru margar spurningar sem brýnt væri að svara í þessum efnum, t.d. hvernig hugsanleg ákvæði í stjórnarskránni mundu vera frábrugðin gr. 5 í endurskoðaða Brussel-sáttmálanum, hvaða skilyrði ættu að gilda svo að ríki gætu veitt samþykki sitt við sameiginlegum varnarskuldbindingum, hverjir ættu að skuldbinda sig til að veita hernaðarlegt öryggi til handa þeim ríkjum sem stæðu utan Atlantshafsbandalagsins og hvert væri hlutverk þeirra NATO-ríkja sem stæðu utan ESB í slíku samstarfi. Góður rómur var gerður að erindi forsetans. Áhugavert var að heyra í máli tignargesta sem boðið var til fundarins afar mismunandi skoðanir á því hvernig haga bæri öryggismálum og vörnum í stjórnarskrá ESB.

Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, hélt ræðu þar sem hann lagði áherslu á að tillögur Frakka, Þjóðverja og Breta um ákvæði um sameiginlegar varnir í stjórnarskrárdrögunum ættu að vera hluti af grunnstoð stjórnarskrárinnar og að þær yrði að útfæra á þrengri hátt. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að ESB-ríkin yrðu í framtíðinni að búa við sameiginlegan varnarviðbúnað. Þegar væru fyrir hendi ákvæði um sameiginlega aðstoð og sameiginlegar varnir ættu því heima í stjórnarskránni.

Í ræðu Bachs lávarðar, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bretlands, kom hins vegar fram að bresk stjórnvöld væru andvíg mörgum þeim tillögum sem komið hefðu fram í tengslum við ríkjaráðstefnuna. Sagði hann að Bretar væru andvígir ákvæði um sameiginlegar varnir ef það væri andstætt öryggisskuldbindingum þeim sem fælust í Norður-Atlantshafssáttmálanum. Þá mættu slík ákvæði og samstarf sem á þeim hvíldi ekki heldur grafa undan þeim forsendum öryggis- og varnarmálastefnu ESB sem fram hefðu komið og samþykktar á leiðtogafundinum í Nissa árið 2000. Sagði hann að aðeins skipulegt samstarf sem miðaði að því að bæta skilvirkni og hraða væri ásættanlegt. Á hinn bóginn sagði Bach að fullur vilji væri til þess innan bresku ríkisstjórnarinnar að breikka og útfæra svið Petersberg-verkefnanna svonefndu, friðargæslu og mannúðarstarf, en að á móti kæmi að viðvarandi fjársvelti herja ESB-ríkjanna kæmi í veg fyrir nauðsynlega hernaðarlega getu. Sagðist hann jafnframt fagna tillögum Ítala og Frakka um ný höfuðmarkmið ESB sem kvæðu á um að ESB, eitt og sér ef þörf krefði, gæti tekist á hendur hættuástandsstjórn 15 dögum eftir að slíkt ástand kæmist á.

Þá hlýddu fundarmenn á mál tveggja ráðherra frá hlutlausum ríkjum í ESB. Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, hélt ræðu á fundinum þar sem fram kom að ákvæði það um sameiginlegar varnir sem verið væri að semja um ætti að styrkja pólitíska einingu innan ESB en ekki skapa nýtt varnarbandalag. Sagði hann að ef Finnar þyrftu á öryggisskuldbindingum að halda mundu þeir að sjálfsögðu snúa sér til Atlantshafsbandalagsins. Dick Roche, Evrópumálaráðherra írsku ríkisstjórnarinnar, ræddi á sömu nótum og Tuomioja og sagði í ræðu sinni að hvorki væri þörf á sameiginlegum varnarsáttmála ESB né tveggja hraða kerfi er lyti að öryggis- og varnarsamstarfi. Sagði hann ónauðsynlegt að hafa í stjórnarskránni ákvæði um sameiginlegar varnir sem færi á svig við stjórnarskrár einstakra aðildarríkja. Rík þörf væri á því að finna lausn sem útilokaði enga þjóð.

Hér hefur verið drepið á því helsta sem fram kom á fundum VES-þingsins á árinu. Fyllri upplýsingar koma fram í skýrslu þeirri sem hér hefur verið lögð fram.

ÖSE-þingið 2003, ein umr.

Skýrsla ÍÖSE, 614. mál. — Þskj. 922.

[17:25]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2003.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er samstarf 55 ríkja í Evrópu og Norður-Ameríku og allt austur til Asíu. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Til hliðar við þessa stofnun starfar þingmannasamkunda ÖSE, ÖSE-þingið sem skipað er þjóðkjörnum þingmönnum aðildarríkjanna.

Að undanförnu hefur meginmarkmið ÖSE verið framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu,

friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði, uppbyggingarverkefni í Serbíu og Svartfjallalandi og verkefni í Mið-Asíulýðveldunum. Stofnuninni hefur verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðla og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar.

Áhersla ÖSE hefur þokast æ meir í austurátt og þá aðallega til Kákasus-ríkjanna og ríkja Mið-Asíu. Um þessar mundir starfrækir ÖSE 18 skrifstofur í 17 löndum allt frá Albaníu austur til Kirgistan og hefur í auknum mæli styrkt störf stofnunarinnar á vettvangi.

ÖSE hefur reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur fyrir mörg önnur knýjandi málefni líkt og baráttuna gegn mansali, eiturlyfjasmygli og vopnasmygli sem tengst hafa hryðjuverkastarfsemi með beinum eða óbeinum hætti.

Hjá ÖSE-þinginu starfa þrjár nefndir. Ein nefnd sem fjallar um stjórnmál og öryggismál, önnur um efnahags- og umhverfismál og þriðja um lýðræðis- og mannréttindamál. Eru þetta meginverkefni ÖSE.

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að lesa skýrsluna frá orði til orðs heldur vísa til þess sem þar kemur fram.

Starfsemi ÖSE-þingsins fer fram á þremur fundum. Fyrsti fundurinn á árinu 2003 var stjórnarnefndar- og málefnanefndarfundur í Vínarborg. Þátttaka í þeim fundi var góð en það orðin regla að fulltrúar þinganna hittist í Vín á hverjum vetri. Á fundinum í Vín þann 21.–22. febrúar árið 2003 var rætt um Hvíta-Rússland sem oftar. Urðu miklar umræður um það hvort fulltrúar þings Hvíta-Rússlands sætu á ÖSE-þinginu eða hvort nýtt þing ætti þar fulltrúa. Var niðurstaðan sú að þing Hvíta-Rússlands endurheimti sæti sitt á ÖSE-þinginu sem það hafði misst áður.

Utanríkisráðherra Hollands, sem fór með formennsku í ráðherraráði ÖSE árið 2003, þ.e. yfirmaður stofnunarinnar, hélt afar áhugaverða ræðu á fundinum. Hann sagði að Hollendingar hygðust m.a. setja baráttuna gegn mansali á oddinn í formennskutíð sinni. Hann taldi mansal vera nútímaþrældóm og eitt flóknasta og mikilvægasta úrlausnarefni Evrópubúa í nánustu framtíð. Sagði hann að öll rök bentu til að mansal hefði áhrif í nær öllum aðildarríkjum ÖSE og að skipulegt mansal vægi að hjarta grundvallarforsendna ÖSE um mannlegt öryggi, mannréttindi, réttarríkið og félagslegan og pólitískan stöðugleika.

Á fundi nefndar um stjórnmál og öryggismál var rætt um frekari samhæfingu aðildarríkja ÖSE í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.

Á fundi 3. nefndar sem fjallar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál, var rætt mikið um frelsi fjölmiðla, auk þess sem rætt var um stöðu sígauna eða róma í Evrópu, í nefnd sem fjallar um minnihlutahópa. Í erindi Freimuts Duves sem fjallaði um frjálsa fjölmiðlun kom fram að hann sagðist vera óþreytandi við að vekja máls á því sem miður hefði farið í fjölmiðlaþróun í álfunni og nefndi til að mynda fjölmiðlaeign í Rússlandi og Ítalíu máli sínu til stuðnings. Sagði hann að í báðum ríkjunum væri afar mikil hætta á að ráðamenn misnotuðu aðstöðu sína og að hann sjálfur hefði bent á það margsinnis. Varaði hann sérstaklega við þróun mála á Ítalíu. Þá ræddi hann um viðsjár á alþjóðavettvangi með tilliti til stöðu mála í Írak og minnti þingmenn á að ábyrgð fjölmiðla væri ákaflega mikil á stríðstímum því að sannleikurinn væri að öllu jöfnu fyrsta fórnarlamb stríðsátaka.

ÖSE veitir árlega blaðamannaverðlaun á vetrarfundinum í Vínarborg. Að þessu sinni hlaut þau rússneskur blaðamaður, Anna Politkovskaya, sem stundar blaðamennsku fyrir rússneska dagblaðið Novaya Gazeta. Hún hlaut verðlaunin fyrir störf sín í Tsjetsjeníu á undanförnum árum og hefur hún verið óþreytandi við að benda umheiminum á þau gífurlegu mannréttindabrot sem viðgengist hafa í Kákasus-héraðinu undanfarin ár.

Tólfti ársfundur ÖSE-þingsins var að þessu sinni haldinn í Rotterdam 5.–9. júlí. Hann er haldinn á hverju sumri í mismunandi borgum samstarfsins. Þar var rætt um hlutverk Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í hinni nýju stofnanaskipan Evrópu. Það var sem sagt rætt um samstarf ÖSE og samvinnu við aðrar stofnanir eins og Evrópusambandið og Evrópuráðið.

Fyrsti liður fundarins var fundur stjórnarnefndar sem skipuð er formönnum allra landsdeilda. Þar var rætt m.a. um ráðstefnur þar sem hafði verið rætt um lítil og meðalstór fyrirtæki, ráðstefnu um málefni Mið-Asíu sem haldin var í Almaty, auk þess sem rætt var um kosningaeftirlit á vegum ÖSE-þingsins.

Þá ræddi Rolf Ekeus, forstöðumaður stofnunar ÖSE, sem fylgist með mannréttindum minnihlutahópa um hættuástandsstjórnun, þ.e. hvernig leitast er við að koma í veg fyrir að félagsleg spenna myndist milli þjóðernis- eða trúarhópa sem gæti komið fram í átökum. Reynt væri að finna leiðir til að samþætta minnihlutahópa við ríkjandi hópa og standa þannig vörð um fjölmenningarsamfélagið. Þær leiðir sem væru nýttar væru tungumálakennsla, almenn menntun og þátttaka í stjórnmálum. Það er staðreynd, frú forseti, að mörg þau vandamál sem við glímum við í baráttunni fyrir friði og gegn ófriði stafa einmitt af spennu sem myndast milli þjóðarbrota.

Það var líka rætt um ákaflega neikvæða þróun er varðar fjölmiðlafrelsi í álfunni. Var rætt um það að eftirmál hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum væru að þeir hroðalegu atburðir hefðu verið nýttir sem skálkaskjól til að vega að frelsi fjölmiðla til að halda uppi gagnrýni á stjórnvöld. Taldi ræðumaður það vera mjög hættulega þróun sem menn þyrftu að sporna við og segja má, frú forseti, að á vissan hátt hafi hryðjuverkamennirnir sem frömdu glæpinn mikla í Bandaríkjunum í september náð fram markmiðum sínum með því að nú hefur verið gripið til mikilla ráðstafana sem hemja frelsi einstaklinga, því miður. Nýjustu atburðir á Spáni sýna okkur líka að í raun eru hermdarverkamenn farnir að stýra úrslitum kosninga.

Þá var rætt um bágan efnahag ríkja í Kákasus og Mið-Asíu og hve mikil hætta væri á að þau yrðu gróðrarstía fyrir hvers kyns skipulagða glæpastarfsemi á borð við mansal, vopnasmygl og eiturlyfjasmygl. Það er alveg á hreinu að þegar fólk býr við mikla örbirgð og fátækt er miklu meiri hætta á því að það leiðist út í glæpi. Og enn var rætt um Hvíta-Rússland á þessum fundum.

Ég ætla að hlaupa hratt yfir sögu og geta um aukastjórnarnefndarfund sem var haldinn í Róm 10. október sl. Meginefni fundarins var samskipti ÖSE-þingsins við Miðjarðarhafsríkin, en mikill áhugi er á því að efla þau tengsl, ekki síst í ljósi hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum. Marcello Pacini tók til máls og ræddi opinskátt um vandann við trú og trúarofstæki og hversu mikil ógn við friðinn trú getur orðið, sérstaklega ef tekið væri mið af stöðu mála í Mið-austurlöndum og á Balkanskaga. Meðal annars gat hann um

spennu sem virtist ríkja í samskiptum Tyrkja og Grikkja og hefur ríkt mjög lengi vegna málefna Kýpur sem klædd eru í trúarlegan búning í málflutningi margra stjórnmálamanna.

Forseti ÖSE-þingsins ræddi á þessum fundi um kosningaeftirlitshlutverk ÖSE-þingsins og sagði að það væri óæskilegt að aðrar stofnanir en ÖSE, þ.e. Evrópuráðið og Evrópusambandið, tækju yfir skyldur og skuldbindingar ÖSE á sviði kosningaeftirlits. Þá sagðist hann hafa orðið fyrir vonbrigðum með að fulltrúar Ísraels og Palestínu sem boðið hafði verið til fundarins skyldu ekki geta þegið boðið. Látið var að því liggja á fundinum að Ísraelsmenn hefðu lagt stein í götu fulltrúa palestínsku heimastjórnarinnar þannig að þeir gætu ekki sótt fundinn.

Á fundinum tók til máls Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, og ræddi um fjárlög ÖSE, en þeim hafði verið dreift í annað skipti til þingaðila og þá fjárlög ÖSE-stofnunarinnar. Hann sagði að drögin hefðu verið send til að endurspegla pólitískar áherslur framkvæmdastjórnarinnar og væru því alls ekki yfir gagnrýni hafin. Hann sagði að lögð væri áhersla á verkefni stofnunarinnar í stað þess að efla skrifstofurnar, eins og gert hafði verið áður.

Það kom fram að fjárlög stofnunarinnar hljóða upp á 185 millj. evra eða sem svarar 16 milljörðum ísl. kr. Það kostar að reka ÖSE-stofnunina á ári.

Svo mörg voru þau orð, frú forseti, í skýrslunni og ég vísa þá enn og aftur til skýrslunnar sem slíkrar. En ég vildi gjarnan koma inn á það hvernig þetta blasir við mér sem fulltrúa á þessu þingi að sækja ráðstefnur eins og hér um ræðir.

Því miður eru margar ræður sem haldnar eru á ÖSE-þinginu ekki mjög innihaldsríkar. Þær hefjast á því að menn þakka síðasta ræðumanni fyrir góða ræðu og síðan þakka menn fyrri ræðumönnum. Svo er starfsmönnum þakkað fyrir störfin sem þeir hafa unnið og svo tala menn eitthvað innantómt dágóða stund. Eftir ræðuna situr maður svo eiginlega og veltir fyrir sér hvað maðurinn var eiginlega að segja.

Ég held að það sé ekki rétt að safna saman 300 þingmönnum víðs vegar að úr Evrópu, Asíu og Ameríku til þess að hlusta á slíkar ræður. Reyndar eru inn á milli aftur og aftur góðar ræður og það skal viðurkennast sem gott er. Mér finnst samt sem áður að þessi gagnrýni megi gjarnan heyrast. Mér finnst að við eigum að spyrja okkur hvort ekki megi verja betur þeim fjármunum sem þarna er varið með annars lags skipulagi á þessum fundum. Þetta eru 16 milljarðar til ÖSE-stofnunarinnar og einhver hundruð milljónir til ÖSE-þingsins. Til dæmis teldi ég betra að nefndir frá hinum ýmsu þjóðþingum á ÖSE-þinginu hittust á þessum fundum og tækju upp skipulegar samræður sín á milli á skipulegan hátt. Það teldi ég vera mjög gott til þess að leysa þau vandamál sem ÖSE-þinginu er ætlað að leysa, þ.e. að bæta úr mannréttindum og friði í Evrópu.

Það blasir líka við þegar maður sækir þessar ráðstefnur að menn eru endalaust að ræða sömu málin. Það er verið að ræða um Kýpur og Hvíta- Rússland. En í engu miðar. Það er líka nokkurn veginn sama fólkið sem maður sér ár eftir ár á þessum ráðstefnum. Maður spyr sig hvort þetta sé eins gott starf og hægt er og hvort þetta sé eins góð nýting á þeim fjármunum sem um er að ræða, sem skattgreiðendur í öllum þessum löndum leggja fram, margir hverjir ekki mjög fjáðir því að þessi lönd eru sum hver mjög fátæk. Ég vil því gera kröfu til þess að þetta starf skili meiru en við mér blasir alla vega.

Að öðru leyti vísa ég til skýrslu Íslandsdeildarinnar um starf ÖSE-þingsins.

Evrópuráðsþingið 2003, ein umr.

Skýrsla ÍÞER, 621. mál. — Þskj. 929.

[17:41]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Á þskj. 929 liggur fyrir skýrsla frá Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2003. Ég vil fylgja skýrslunni úr hlaði með nokkrum orðum án þess að rekja efni hennar ítarlega.

Hvað starfsemi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og starfsemi þingsins sjálfs á árinu varðar vísa ég til skýrslunnar.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður og Margrét Frímannsdóttir. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristján L. Möller. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Sólveig Pétursdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Ritari Íslandsdeildarinnar var Andri Lúthersson.

Ég vil nota þetta tækifæri fyrir hönd Íslandsdeildarinnar til þess að koma sérstaklega á framfæri þökkum til Láru Margrétar Ragnarsdóttur fyrir mikilsverð störf hennar í þágu Evrópuráðsins. Þá vill Íslandsdeildin einnig þakka starfsfólki fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu sem veitt hefur þingmannanefndinni mikinn stuðning í störfum sínum.

Skýrslan sem hér liggur fyrir er ítarlegt skjal og óþarfi er að rekja öll efnisatriði hennar. Vil ég þó víkja aðeins að þeim helstu málefnum sem komu til kasta Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins á liðnu ári, málefnum sem að mörgu leyti varða veginn til næstu ára.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnahags-, laga- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Segja má að ríki Evrópuráðsins myndi nú eina órofa pólitíska heild með inngöngu 45. aðildarríkisins á árinu og með vaxandi verkefnum og auknum umsvifum er óhætt að segja að vægi ráðsins hafi því aukist verulega undanfarin ár. Á vettvangi ráðherranefndar Evrópuráðsins var nokkuð rætt um hugmyndir þess efnis á árinu að efna til þriðja leiðtogafundar ráðsins og hvaða málefni verði fjallað um þar. Fyrirhugað er að slíkur fundur verði haldinn árið 2004. Þá varð framhald á umræðum um endurskipulagningu Mannréttindadómstóls Evrópu og liggur framkvæmdaáætlun fyrir í þá veru. Samskipti Evrópusambandsins og Evrópuráðsins hafa verið mjög í deiglunni undanfarin missiri og á árinu varð framhald á þeim umræðum, sérstaklega með tilliti til stækkunar ESB, stjórnarskrárdraga sambandsins og svokallaðrar réttindaskrár Evrópusambandsins.

Þing Evrópuráðsins er umræðuvettvangur fyrir flestalla málaflokka sem eru samevrópskir í eðli sínu og er Evrópuráðsþingið nú eina samevrópska þingmannasamkundan þar

sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þessi staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi og ekki síður möguleika Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

Af lýðræðis-, réttarfars- og eftirlitsmálum sem jafnan eru til meðferðar á Evrópuráðsþinginu var staða mála í Moldavíu, Georgíu, Aserbaídsjan og Armeníu ofarlega á baugi á liðnu ári. Hvatti þingmannasamkundan ráðherraráð Evrópuráðsins til að nýta allar færar leiðir til að leysa úr þeim vanda sem skapast hefði í þessum ríkjum á undanförnum árum.

Nokkrar umræður voru jafnframt um málefni flóttamanna og landamærahindranir, en auk þess bar mikið á umræðu um hina alþjóðlegu baráttu gegn mansali og tengdri glæpastarfsemi.

Framan af árinu 2003 voru átökin í Tsjetsjeníu nokkuð hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins líkt og undangengin ár. Þá voru deilur um aðdraganda stríðsins í Írak og stríðsreksturinn sjálfan fyrirferðarmiklar á þinginu og hjá flestum alþjóðastofnunum á síðasta ári og blandaðist sú umræða við áframhaldandi umræður um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum staldra aðeins við síðastnefnda atriðið, baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Er það ekki að ósekju, enda erum við sem aðrir Evrópubúar slegin yfir þeim hörmungarfregnum sem bárust frá Madríd í liðinni viku. Á fundi Evrópuráðsþingsins í janúar sl. var efnt til umræðna um hryðjuverkastarfsemi og ógn hryðjuverka við lýðræðissamfélög. Sú sem hér stendur sagði í þeim umræðum að áhrifa hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin gætti enn og að umtalsverður árangur hefði náðst að undanförnu í baráttunni gegn hryðjuverkum. Hins vegar væru margar hindranir á þeirri leið. Í ræðunni kom fram að þessi barátta kallaði á nýjar og breyttar aðferðir og að sumar þjóðir hefði verið lengur en aðrar að átta sig á hinni nýju heimsmynd í kjölfar hryðjuverkanna 11. september 2001. Hins vegar væri staðan nú um stundir sú að allir ættu að geta talað sama máli og því væri brýn þörf á að friðelskandi þjóðir Evrópu sameinuðust í þessari baráttu. Varaði sú sem hér stendur jafnframt gegn áhrifum þess að grafa undan farsælu öryggissamstarfi Atlantshafsþjóða sem kynni að afvegaleiða hina afar knýjandi umræðu um baráttuna gegn hryðjuverkum.

Þá var sagt að leiðir til að stemma stigu við hryðjuverkaógninni væru mun fleiri en beiting hervalds sem lokaúrræði. Til að mynda væri rík nauðsyn á því að alþjóðasamfélagið almennt og Evrópuráðið sérstaklega næðu samstöðu um heildrænan alþjóðasáttmála um baráttuna gegn hryðjuverkum. Hryðjuverk væru hrein ógn við lýðræðið og að breytinga á sviði alþjóðalaga væri þörf til að uppræta þá ógn.

Sú grímulausa grimmd og það fólskulega hatur sem birtist okkur í hryðjuverkaárásunum á New York og Washington í septembermánuði árið 2001 hefur látið á sér kræla á ný. Þótt enn sé of snemmt að kveða upp úr um það hverjir beri ábyrgð á ódæðisverkunum í Madríd er ljóst að þau bera handbragð þeirra afla sem leitast við að skapa glundroða og ótta og vega að styrkum stoðum lýðræðis, mannréttinda og réttarríkis í vestrænum þjóðfélögum.

Evrópubúar þekkja svo sannarlega hryðjuverkaógnina af eigin raun. Á öndverðri síðustu öld börðust fjölmargir hryðjuverkahópar fyrir innihaldsrýrum málsstað með blóðugum aðferðum. En á hinn bóginn hafa Evrópubúar ekki kynnst hryðjuverkaógninni heima fyrir af slíkri stærðargráðu. Að mörgu leyti má segja að Evrópubúar séu að upplifa það sama og Bandaríkjamenn fyrir tæpum þremur árum. Er staðan nú slík að viðbúnaður er víðast hvar á hæsta stigi og búast verður við því að ógnin geti steðjað að hvar og hvenær sem er. Með þessum óhæfuverkum hefur kastljósið nú í einu vetfangi færst frá vám í Mið-Austurlöndum og Suður-Asíu til viðvarandi ógnar sem íbúum Evrópu stafar af hryðjuverkaöflum sem eira engu. Í ljósi slíkrar stöðu er ekki ólíklegt að hlutverk og áherslur Bandaríkjanna kunni að breytast á næstu missirum og kann það að hafa jákvæð áhrif á viðræður okkar og Bandaríkjamanna um framtíð varnarstöðvarinnar í Keflavík.

Þegar kemur að hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi erum við Íslendingar ekki undanskildir þótt jafnan heyrist raddir sem eru á öndverðum meiði. Til eru þeir sem telja að íslensk stjórnvöld geti komið sér hjá því að taka afstöðu til jafnmikilvægra mála og baráttunni gegn hryðjuverkaógninni. Enn aðrir telja að með því að fylkja sér um stefnu útlumanna og þeirra sem helst vilja fljóta sofandi að feigðarósi sé öryggi landsins best borgið.

Íslendingar, sem og aðrir þegnar ríkja Evrópuráðsins sem hér er til umræðu, geta ekki vikið sér undan ábyrgðinni að berjast af hörku gegn hryðjuverkaógninni. Sú barátta er hnattræn í eðli sínu og atburðirnir á Spáni sýna okkur enn og aftur glögglega fram á að alþjóðleg samvinna sem miðar að áþreifanlegum árangri er frumskilyrði á þessari vegferð.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið framsögu minni. Skýrslan sjálf er ítarlegt skjal og vísa ég til hennar um önnur efnisatriði starfsemi Evrópuráðsþingsins. Þá vil ég nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á þessum mikilvæga vettvangi. Evrópuráðið er sá vettvangur þar sem öll evrópsk ríki sameinast á jafnræðisgrundvelli. Þessi fyrirrennari Evrópusambandsins er því frjósamur farvegur og vettvangur þar sem unnt er að ná til annarra ríkja sem standa utan ESB. Þessi tenging er okkur Íslendingum afar mikilvæg og verður það til frambúðar.

[17:51]

Útbýting þingskjala:

Eftirlitsráðgjafar Umhverfisstofnunar, 758. mál, fsp. AtlG, þskj. 1139.

Fjöldi meðmælenda með frambjóðendum í forsetakjöri, 757. mál, fsp. MF, þskj. 1138.

Námslaun, 759. mál, fsp. ÁF, þskj. 1140.

Skýrslubeiðnir á Alþingi, 566. mál, svar forsrh., þskj. 1100.

Staðfesting aðalskipulags Reykjavíkur 2001--2024, 760. mál, fsp. MÁ, þskj. 1141.

NATO-þingið 2003, ein umr.

Skýrsla ÍÞNAA, 637. mál. — Þskj. 951.

[17:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Hér á þingskjölum liggur fyrir skýrsla frá Íslandsdeild NATO-þingsins fyrir árið 2003. Vil ég fylgja þeirri skýrslu úr hlaði með nokkrum orðum.

Það reyndi verulega á þanþol farsæls og stöðugs samstarfs Evró-Atlantshafsríkja á árinu 2003. Framan af ári settu

opinskáar og háværar deilur um aðdraganda stríðsins í Írak, lögmæti aðgerða og stríðsreksturinn sjálfur umtalsvert mark á Atlantshafsbandalagið og verður ársins eflaust minnst sem eins hins erfiðasta í sögu þess. Örðugt og tímafrekt reyndist að brúa þá gjá sem myndaðist milli Bandaríkjanna og nokkurra Evrópuríkja í aðdraganda stríðsins og sá djúpstæði ágreiningur sem uppi var meðal aðildarríkja öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna málefna Íraks endurspeglaðist í samskiptum NATO-ríkjanna. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins kom ágreiningurinn t.a.m. glögglega fram í kjölfar bónar Tyrklandsstjórnar um að NATO efldi hernaðarlegan viðbúnað í landinu vegna hugsanlegra átaka í Írak. Eftir því sem á árið leið dró úr ágreiningi og sýnir þróun síðustu mánaða að Atlantshafsbandalaginu hafi verið forðað frá miklum skaða vegna hræringa á alþjóðavettvangi. Ljóst þykir að NATO-ríkin hafa komist yfir einn erfiðasta hjallann sem orðið hefur á vegferð þess.

Á sama tíma og Atlantshafsstrengurinn virðist veikari en áður er Atlantshafsbandalagið að ýta úr vör einhverjum mestu umbreytingum í starfi sínu frá upphafi. Veigamiklum ákvörðunum leiðtogafundarins í Prag árið 2002 hefur þegar verið hrint að hluta í framkvæmd og þar með hefur mikið umbreytingaskeið hafist í samstarfi Evró-Atlantshafsríkja gegn nýjum ógnum á nýrri öld. Draga má árangur og þróun undangenginna tólf mánaða saman í sex þætti.

Í fyrsta lagi munu sjö ný aðildarríki gerast formlegir aðilar að NATO á vormánuðum 2004. Ríkin hafa verið afar virkir þátttakendur í NATO-samstarfi undanfarin ár og missiri raunar og lagt ríkulega af mörkum til viðhalds friðar og stöðugleika. Með stækkuninni í austurátt verður stuðlað að enn frekari styrk bandalagsins og auknum sveigjanleika.

Í öðru lagi hefur átt sér stað endurskilgreining á athafnasvæði NATO. Ógnir þær sem steðja nú að ríkjum Atlantshafsbandalagsins eru sprottnar utan Evrópu og Norður-Ameríku. NATO hefur beint sjónum sínum í austurátt, utan hins hefðbundna athafnasvæðis NATO, og fela nýlegar ákvarðanir bandalagsins um hlutverk NATO í Afganistan og Írak í sér viðurkenningu á þessari breytingu. NATO tók formlega við stjórn alþjóðagæsluliðsins í Afganistan í ágúst og var það í fyrsta sinn sem það tók að sér verkefni utan Evró-Atlantshafssvæðisins. Þá hefur NATO stutt áætlanagerð pólskra hersveita sem sinna gæsluverkefnum í Íran. Enn fremur má geta þess að umræður eru uppi um hugsanlega hlutdeild eða aðkomu NATO-ríkjanna að deilunni við botn Miðjarðarhafs milli Palestínumanna og Ísraela.

Í þriðja lagi er vísað til ákvörðunar varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna 19 um breytingar á herstjórn bandalagsins sem hafa það að markmiði að auka sveigjanleika, skilvirkni og styrk. Með herstjórnarbreytingunum er bandalaginu veittur aukinn styrkur til að beita sér með skjótum hætti þar sem íhlutunar er þörf.

Í fjórða lagi hefur orðið mikill og skjótur árangur af uppbyggingu hraðliðs Atlantshafsbandalagsins sem tekin var ákvörðun um að stofna á leiðtogafundinum í Prag. Þá var á fundinum ákveðið að skilgreina baráttuna gegn útbreiðslu gereyðingarvopna sem eitt helsta forgangsmál bandalagsins og í því samhengi hefur verið ákveðið að koma á fót sérstakri miðstöð gegn útbreiðslu slíkra vopna.

Í fimmta lagi hafa aðildarríkin leitast við að uppfylla skuldbindingar sínar um aukið bolmagn herja NATO-ríkjanna með það að markmiði að innan fárra ára muni þau hafa bætt veigamikla hernaðarþætti líkt og loft- og sjóflutninga, eldsneytistöku í lofti og leysistýrð skotfæri.

Í sjötta lagi náðu Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið sjö liða samkomulagi sem kennt er við Berlín-plús og kveður á um að ESB er tryggður aðgangur að herbúnaði Atlantshafsbandalagsins í þeim tilfellum þegar ESB beitir friðargæslusveitum sínum en NATO ekki. Markmið samkomulagsins er að tryggja að full samvinna verði milli ESB og NATO og að stofnanirnar vegi hvora aðra upp í stað þess að til tvíverknaðar komi.

Þessi árangur færir heim sanninn um að þrátt fyrir að djúpur ágreiningur kunni að verða meðal bandalagsríkja um tiltekin málefni stendur það ekki í vegi fyrir þróttmikilli starfsemi bandalagsins til að tryggja frið og stöðugleika og verjast nýjum ógnunum.

Starfsemi NATO-þingsins og umræður á þess vegum á árinu tóku mið af helstu málefnum sem komu til kasta bandalagsins á árinu, eins og hér hefur fyrr verið getið. Málefni Íraks voru afar fyrirferðarmikil í störfum þingsins allt árið og mótuðust umræður mjög af þeim deilum sem uppi voru í alþjóðasamfélaginu um hernaðaraðgerðirnar og um raunar erindrekstur innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Umræður á helstu fundum þingmannasamkundunnar voru hins vegar mun hófstilltari en við hefði mátt búast og þótt nokkur skoðanamunur hefði ríkt framan af ári, vakti athygli hve mikill vilji virtist ríkja meðal fulltrúa NATO-þingsins til að brúa þann klofning í afstöðu bandalagsríkjanna. Voru menn almennt sammála um að reyna yrði að koma í veg fyrir að öfl beggja vegna Atlantsála gerðu sér mat úr þessum meinta klofningi.

Af öðrum málum sem rædd voru á NATO- þinginu á árinu voru baráttan gegn hryðjuverkastarfsemi, niðurstöður leiðtogafundarins í Prag og umbreytingarnar á herstjórn bandalagsins, samstarf NATO og ESB, aukið samstarf við Miðjarðarhafsríkin, og nánari samvinna við Rússland og Úkraínu. Segja má að atburðir á árinu hafi sýnt fram á mikilvægi framlags NATO-þingsins og þeirrar viðleitni þingmanna að beita áhrifum sínum til að treysta Atlantshafsstrenginn.

Virðulegi forseti. Þess má geta að á síðasta ársfundi NATO-þingsins lýsti undirritaður yfir boði Alþingis til að gegna hlutverki gestgjafa á ársfundi NATO-þingsins haustið 2007.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar og skulu honum færðar bestu þakkir fyrir aldeilis frábært starf og aðstoð alla.

Vestnorræna ráðið 2003, ein umr.

Skýrsla ÍVN, 649. mál. — Þskj. 966.

[17:59]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég mun gera grein fyrir skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins um störf ráðsins á árinu 2003, en skýrslan í heild sinni er lögð fram á þskj. 966 sem er 649. mál þingsins.

Meginmarkmið Vestnorræna ráðsins er sem kunnugt er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum nágrannalandanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Íslands. Ráðinu er ætlað að gæta auðlinda, velferðar og menningar þjóðanna á sem víðtækastan hátt. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með

ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila og samtök á Vestur-Norðurlöndum og skipulagningu á ráðstefnum og öðrum verkefnum.

Vestnorræna ráðið rekur sérstaka skrifstofu og er framkvæmdastjóri ráðsins Færeyingurinn Ernst Olsen. Skrifstofa ráðsins hefur frá upphafi verið staðsett á Alþingi og nýtur í mörgum efnum sambýlisins við skrifstofu þingsins og starfslið þess, þó að reksturinn og starfsemin séu auðvitað að öðru leyti sjálfstæð.

Ég vík nú, virðulegi forseti, að skipan og störfum Íslandsdeildarinnar á liðnu ári.

Í byrjun árs 2003 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn: Einar Oddur Kristjánsson, formaður, Hjálmar Árnason, varaformaður, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Svanfríður Jónasdóttir og Kjartan Ólafsson. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Birgisson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðjón A. Kristjánsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 27. maí sl. Hana skipa sá er hér stendur, formaður, Hjálmar Árnason, varaformaður, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson. Varamenn voru kjörnir Gunnar Birgisson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigurjón Þórðarson. Íslandsdeildin var endurkjörin 1. október í upphafi 130. þings. Á fyrsta fundi deildarinnar hinn 8. október var sá er hér stendur endurkjörinn formaður og Hjálmar Árnason varaformaður. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var ritari Íslandsdeildar til 10. október en þá tók Arna Gerður Bang við starfinu.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt sjö fundi á árinu. Helstu störf hennar lutu að miklum undirbúningi við yfirgripsmikla úttekt á starfsemi Vestnorræna ráðsins, en deildin lagði metnað sinn í að skila inn greinargóðum tillögum til breytinga. Í tillögum sínum bendir Íslandsdeild sérstaklega á að starfsreglum ráðsins sé ábótavant í ýmsum efnum og ekki framfylgt á viðunandi hátt, einkum hvað varðar ákvæði um tímamörk, útsendingu fundargagna, tillöguflutning, fjárhagsáætlun o.fl.

Í greinargerð Íslandsdeildar er einnig hvatt til þess að forsætisnefnd ræði kosti þess og galla að lengja formennskutímabilið úr einu ári í tvö og einbeiti sér að kjarnastarfi sínu, þ.e. að efla tengsl á milli Vestnorrænu landanna í stað þess að beina kröftum sínum um of að alþjóðasamstarfi.

Einnig ræddi Íslandsdeildin hvort nauðsynlegt væri að hafa fullt stöðugildi fyrir framkvæmdastjóra og skrifstofurekstur ráðsins. Umræður um þessi efni hafa farið fram áfram innan forsætisnefndar ráðsins og eru nokkuð skiptar skoðanir milli landsdeildanna hvað þetta efni varðar. Vænta má að línur taki að skýrast nú með vorinu þannig að unnt verði að taka afstöðu til hugsanlegra breytinga á ársfundi ráðsins sem haldinn verður á Grænlandi í ágúst.

Á fundum sínum lagði Íslandsdeild fram úrbætur á tilhögun barnabókaverðlauna ráðsins og að frumkvæði Íslandsdeildar var efnt til samkeppni um sérstakt merki verðlaunanna. Ákvörðun um val á merki var tekin á fundi forsætisnefndar í Ósló í október sl. og hreppti þau Íslendingurinn Halldór Einarsson. Þær bækur sem hljóta tilnefningu eru á vegum menntamálaráðuneyta landanna þýddar á vestnorrænu málin og eitt norrænt tungumál og er gert ráð fyrir að bækurnar komi að gagni í fræðslustarfi landanna. Verðlaunin verða veitt annað hvert ár og næst nú í ár, árið 2004.

Norrænu húsin á Íslandi og í Færeyjum og Norræna stofnunin á Grænlandi hafa hug á að standa áfram fyrir uppsetningu vestnorrænnar veiðimenningarsýningar sem vakið hefur mikla og verðskuldaða athygli. Sýningin þykir vel heppnuð og hefur hvarvetna hlotið mikið lof. Sýningin hefur farið víða og m.a. verið sett upp í Færeyjum, í Reykjavík, á Akureyri, í Nuuk, í Kaupmannahöfn, á Hjaltlandseyjum og á Írlandi. Fyrirhugað er að sýningin verði einnig sett upp í Stokkhólmi og Helsinki á næstunni og hugsanlega í fleiri löndum síðar. Vegna þeirra góðu viðbragða sem sýningin hefur fengið hafa komið fram tillögur um að hún verði hugsanlega sett upp á sýningunni EXPO 2005 í Aichi í Japan. Vinna norrænu húsin þrjú að því marki og hefur forstöðumaður Norrænu stofnunarinnar í Nuuk forgöngu um málið. Íslandsdeildin hefur fyrir sitt leyti lýst stuðningi við þessi áform, en enn eru margir óvissuþættir varðandi framhaldið.

Dagana 10.–13. júní 2003 var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál haldin í Ilulissat á Grænlandi. Formaður Vestnorræna ráðsins, Jonathan Motzfeldt, hélt þar tölu þar sem fram kom að heilbrigðismál væru þema ráðstefnunnar að tillögu Grænlendinga. Heilbrigðismál væru afar vandasamur málaflokkur á Grænlandi enda væri heilbrigði og almennri heilsu Grænlendinga ábótavant í ýmsu. Erfitt er að manna stöður á sjúkrahúsum á Grænlandi og margir sjúklingar eru fluttir til Danmerkur, en barnadauði er t.d. þrefalt algengari á Grænlandi en í Danmörku. Jonathan Motzfeldt sagði einu lausn Grænlendinga liggja í auknu samstarfi á þessu sviði og því væri ráðstefna sem þessi afar brýn.

Á ráðstefnunni var umfjöllun um samning sem í gildi er milli Íslands og Grænlands frá árinu 1997, um að Íslendingar sinni bráðatilfellum frá Grænlandi. Í erindum á ráðstefnunni kom fram að heilbrigðisyfirvöld Grænlands og Íslands muni á næstunni fara yfir hvernig samningurinn hefur gengið og hvernig best sé að auka samstarfið.

Í lok ráðstefnunnar var samþykkt einróma ályktun sem kallaði á aukið samstarf vestnorrænu landanna í heilbrigðismálum og hefur sú tillaga verið lögð fram á Alþingi í formi þáltill.

Dagana 14.–16. ágúst 2003 var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn á Eiði í Færeyjum. Tvær ályktanir voru samþykktar á fundinum. Annars vegar var samþykkt ályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnir landanna að koma á frekara samstarfi í heilbrigðismálum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína betur á sviði heilbrigðisþjónustu. Í ályktuninni er auk þess skorað á heilbrigðisyfirvöld að gefa árlega skýrslu um samstarfið og þau verkefni sem sameiginlega hafi verið ráðist í. Þá var þar líka samþykkt ályktun um að auka samráð landanna þriggja um sjálfbæra nýtingu fiskstofna. Í greinargerð ályktunarinnar segir að löndin öll reiði sig öðru fremur á auðlindir hafsins og því sé framtíð þjóðanna undir því komin að umgengni um auð hafsins sé byggð á sjálfbærum grunni. Ályktanir fundarins voru samþykktar samhljóða.

Fjölbreytt verkefni bíða Vestnorræna ráðsins á árinu 2004. Þemaráðstefna ráðsins verður haldin í Reykjavík og Svartsengi dagana 9.–10. júní nk. og mun að þessu sinni verða fjallað um orkumál. Íslandsdeildin hefur þegar hafið undirbúning ráðstefnunnar og eru viðræður við aðila sem lagt gætu málefninu lið nú þegar hafnar.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að margvísleg málefni eru á döfinni hjá ráðinu sem snerta auðlindir, velferð og menningu vestnorrænu landanna þriggja. Það er von Íslandsdeildarinnar að þessum málum verði áfram sýndur sá áhugi sem þegar hefur komið fram á Alþingi. Í þessu efni skiptir verulegu máli að Ísland hefur lagt á það áherslu innan Norðurlandaráðs að vestnorrænum málefnum verði gefinn sérstakur gaumur nú á þessu ári sem er formennskuár Íslands í norrænu ráðherranefndinni.

Að þessum orðum sögðum læt ég lokið máli mínu um störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins á árinu 2003, en vísa varðandi nánari upplýsingar um starfsemi Íslandsdeildarinnar til þskj. 966 þar sem hana er að finna.

Alþjóðaþingmannasambandið 2003, ein umr.

Skýrsla ÍAÞ, 567. mál. — Þskj. 857.

[18:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2003.

Hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins eða IPU er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. IPU fjallar um alþjóðamál og vinnur að framgangi mannréttindamála. Aðild að sambandinu eiga nú 138 þjóðþing en aukaaðilar að sambandinu eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. IPU hefur áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og rétt til að dreifa skjölum sambandsins á allsherjarþinginu.

Starfsemi okkar Íslendinga á vegum IPU snýr fyrst og fremst að þeim ráðstefnum eða þingum sem haldin eru tvisvar á ári. Stórt þing er haldið að vori í einu af aðildarríkjum sambandsins og minna þing er haldið að hausti í Genf. Auk þess stendur sambandið fyrir nokkrum alþjóðlegum ráðstefnum og málstofum á ári hverju, oft um málefni sem efst eru á baugi innan Sameinuðu þjóðanna og yfirleitt í tengslum við tiltekna ráðstefnu þar sem stjórnvöld eru að semja um alþjóðlegar skuldbindingar.

Íslandsdeildin hefur verið virk í starfi sambandsins að svo miklu leyti sem fjárráð leyfa og má m.a. taka fram að sá sem hér stendur er formaður fastanefndar þingsins sem fjallar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lesa upp skýrsluna, enda þingmenn væntanlega búnir að því, heldur vil ég nota tímann og velta upp nokkrum málum sem tengjast starfsemi okkar í IPU.

Eitt það mikilvægasta í starfi sambandsins er starf það sem snýr að lýðræðisuppbyggingu og aðstoð við þjóðþing sem eru að fikra sig áfram í lýðræðisátt. Íslandsdeildin kom því til leiðar á síðasta ári að Alþingi styrkti námstefnu um fjárlagagerð sem haldin var í Sri Lanka fyrir þingmenn og embættismenn þjóðþinga í Suðvestur-Asíu. Verkefnið var unnið í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og fengu þing sem litla reynslu hafa af fjárlagavinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum aðstoð og leiðsögn í því hvernig ætti að bera sig að í þeirri vinnu. Þarna má segja að Alþingi hafi lagt nokkuð af mörkum til þróunarstarfs. Ég mundi vilja sjá okkur þróa slíkt starf enn þá frekar innan Alþingis.

Í þetta sinn var framlag okkar einungis fjárhagslegt en við gætum hugsanlega komið inn með sérfræðiþekkingu líka, bæði á vegum IPU og í tvíhliðasamstarfi við önnur þing. Ég veit að öflugt starf á þessu sviði er t.d. unnið á öðrum Norðurlöndum. Hví ætti Alþingi ekki að koma meira að þessum málum í framtíðinni? Við eigum þar fullt erindi. Við hljótum að leggja áherslu á að efnahagslegri framþróun fylgi samsvarandi átak í átt að lýðræði.

Annað mikilvægt verkefni sem IPU sinnir er að fylgjast með mannréttindum þingmanna um allan heim. Sérstök nefnd er starfandi sem rannsakar kvartanir, skrifar álit og fylgir málum eftir. Þingið samþykkir ályktanir á grundvelli þessarar vinnu sem sendar eru stjórnvöldum í viðkomandi löndum. Ég hef hug á því að fylgja þessu starfi betur eftir hér heima í framtíðinni þannig að Íslandsdeildin vekti athygli á þessum málum hér í þinginu og þeim væri fylgt eftir með einhverjum hætti, t.d. undirskriftalistum frá þingmönnum sem væru send viðkomandi þingi. Jafnframt væri hægt að óska eftir því að utanrrn. beiti sér í einstökum málum.

Alþjóðaþingmannasambandið er öðruvísi en aðrar þingmannasamkundur sem Alþingi á aðild að. Til þess að fá aðild þarf einungis að sýna fram á að þjóðþing sé starfandi í sjálfstæðu ríki. Engar kröfur eru gerðar um að þingið sé lýðræðislega kjörið. Á vissan hátt svipar IPU, Alþjóðaþingmannasambandinu, þannig til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Af þessum sökum er ég andvígur tilraunum tiltekinna aðila innan Alþjóðaþingmannasambandsins til að auka vægi þess í pólitískri stefnumótun á alþjóðavettvangi. Sumir vilja að framkvæmdastjóri og stjórn sambandsins geti komið fram sem einhvers konar fulltrúi allra þinga heims og fjallað í þeirra nafni um alls konar pólitísk mál. Það væri eflaust gaman fyrir viðkomandi að koma fram á alþjóðavettvangi, tjá sig um stórpólitísk mál og segja að viðkomandi tali fyrir hönd allra þingmanna í heiminum. En það er auðvitað út í hött að halda því fram að aðildarþing sambandsins hafi framselt eitthvert vald til IPU til að tala í nafni þess. Það kemur auðvitað aldrei til greina. Því finnst mér þessar vangaveltur vægast sagt óraunhæfar og Íslandsdeildin mun halda áfram að tala gegn slíkum hugmyndum, a.m.k. meðan ég fæ einhverju um það ráðið.

Ég vil í framhaldi af þessum síðustu orðum mínum leggja áherslu á að IPU vinnur mjög gott starf á mörgum sviðum. Auk þeirra sem ég hef þegar nefnt stuðlar sambandið að skoðanaskiptum á milli ólíkra menningarheima og samvinnu þingmanna. Málefnavinnan í nefndunum er mjög gagnleg til að skiptast á skoðunum og fá betri innsýn. Þá er IPU vettvangur fyrir þingmenn frá ríkjum sem eiga í deilum til að ræða saman. Menn verða hins vegar að kunna að sníða sér stakk eftir vexti og fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga hlýtur það sérstaklega að eiga við.

Norrænt samstarf er mjög sterkt innan IPU og norrænu landsdeildirnar eru almennt öflugar í starfi sambandsins. Norrænu landsdeildirnar halda samráðsfund fyrir hvert IPU-þing til undirbúnings og fram undan er einmitt slíkur fundur. Hafa norrænir fulltrúar t.d. stutt hvern annan til að ná kjöri í embætti á vegum IPU þar sem við höfum viljað hafa sterkt norrænt innlegg í starfið með áherslu á samnorræn gildi.

Flokkadrættir eru ekki áberandi í norrænu samstarfi innan Alþjóðaþingmannasambandsins. Sá sem hér stendur var t.d. dyggilega studdur af norrænum fulltrúum, m.a. jafn-

aðarmönnum og ekki síst þeim þegar ég bauð mig fram til formennsku í einni af nefndum sambandsins. Vissulega eru menn ekki alltaf sammála um einstök mál eða efnistök sem tekin eru fyrir innan IPU. Menn hafa eðlilega misjafnar áherslur um pólitísk mál, hafa mismunandi pólitíska sýn eins og von er og ræða þá þau mál í fullri hreinskilni. En við látum það ekki aftra okkur frá því að eiga gott samstarf þegar kemur að því að auka norræn áhrif innan Alþjóðaþingmannasambandsins.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna eitt leiðindamál sem upp kom innan IPU á síðasta ári. Til stóð að halda næsta þing sambandsins, sem fram fer í apríl á þessu ári, í Lundúnum. Það kom hins vegar babb í bátinn þegar Bretar lýstu sig bundna af ákvörðun Evrópusambandsins um ferðabann gagnvart um 60 nafngreindum einstaklingum úr stjórnkerfi Zimbabwe, þar á meðal nokkrum þingmönnum og ráðherrum. Vandamálið fólst í því að þau ríki sem halda IPU þing skrifa undir bindandi samning þess efnis að þau veiti sendinefndum allra aðildarríkja vegabréfsáritun til þess að sækja þingin. Bretar gátu skiljanlega ekki skrifað skilyrðislaust undir slíkan samning af ofangreindri ástæðu. Því kom upp krafa um að þingið yrði fært frá Bretlandi. Ég lýsti yfir stuðningi við þinghald í Lundúnum og varaði alvarlega og eindregið við afleiðingum þess ef öll EES-ríkin yrðu útilokuð frá því að geta haldið IPU-þing, en þannig yrði það ef við tækjum bókstaflega kröfu IPU, sem við yrðum að gera.

Flestir innan Tólfplús-hópsins, sem er samráðsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, tóku í sama streng og ég gerði en því miður var ekki algjör samstaða innan hópsins. Margir biluðu í þessari miklu baráttu. Eftir mikinn hasar á síðasta þingi Alþjóðaþingmannasambandsins var tillaga um að staðfesta London sem þingstað felld, því miður, og þingið fært til Mexíkó. Ég tel að þetta mál sé álitshnekkir fyrir IPU. Þessi regla á auðvitað að tryggja að sendinefndir vissra ríkja verði ekki fyrir pólitískum ofsóknum af hendi annarra ríkja en á hitt ber að líta að það gengur ekki að neyða einstakar þjóðir til þess að hleypa glæpahyski inn í landið, en það hefur orðið í tilviki Zimbabwe. Það er ljóst mál að Zimbabwe hefði nýtt þetta mál sér til pólitísks framdráttar og hefði talið það mikilsvert að geta niðurlægt Breta með því að senda eftirlýsta og yfirlýsta glæpahunda sem fulltrúa sína inn á þing Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldið væri í Bretlandi. Það er spurning hvort þetta mál muni draga einhvern dilk á eftir sér. Vonandi verður það þó ekki.

IPU fylgist ekki eingöngu með starfsemi Sameinuðu þjóðanna heldur á sambandið einnig samstarf við aðrar alþjóðastofnanir eins og WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunina. Vilji er til þess að vinna líka með Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Á þeim tíma sem Vilhjálmur Egilsson sat sem einn af forsvarsmönnum þess sjóðs voru þessi mál rædd, m.a. fyrir mitt frumkvæði og tilstilli, og komust á nokkurn rekspöl. Þess þarf nefnilega að gæta að ekki verði til margir hópar, starfandi, sem keppi um það á hinum alþjóðlega vettvangi að vinna sama starfið, en það hefur verið nokkur tilhneiging í þá átt, því miður. Það er ekki æskilegt að fjölga alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum þingmannasamtökum þannig að sífellt þurfi að stofna til fleiri alþjóðanefnda. Við Íslendingar ættum sérstaklega að vera á varðbergi gagnvart þessu og leggja áherslu á að samstarf við alþjóðastofnanir sem nái til sem flestra þjóða heims séu á hendi IPU. Við vitum að það er vaxandi krafa um aukið alþjóðlegt samstarf. Við vitum líka að fyrir litlar þjóðir með takmarkaðan mannafla í stjórnsýslunni og þinginu er mjög erfitt að taka þátt í slíku samstarfi sem þó er bráðnauðsynlegt í heimi sem einkennist æ meir af alþjóðlegu samstarfi og þess vegna þurfum við sífellt að vera á varðbergi gagnvart því að treysta það að reynt sé að gæta alls hófs og ráðdeildar og skilvirkni í slíku samstarfi. Ég tel það hlutverk okkar í Íslandsdeildinni að fylgjast með starfi þessara stofnana og væri gott að hafa bolmagn til að gera það með markvissari hætti í framtíðinni. Í því sambandi held ég að skynsamlegt væri fyrir okkur að beita okkur fyrir því að hinn pólitíski vængur og pólitíska samstarf í alþjóðlegum stofnunum færðist meira inn í þær stofnanir sem fyrir væru, t.d. á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins. Ég tel jafnframt eðlilegt af þeim ástæðum að Íslandsdeildin haldi utan um samskipti við þessar stofnanir ef til þeirra verði stofnað á næstunni eins og eðlilegt er og búast má við.

Norðurskautsmál 2003, ein umr.

Skýrsla ÍNSM, 694. mál. — Þskj. 1032.

Enginn tók til máls.

Fundi slitið kl. 18:19.

---

85. FUNDUR

miðvikudaginn 17. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Útgáfa bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands, fsp. MÁ, 583. mál, þskj. 876.

Til menntamálaráðherra:

2. Samræmd stúdentspróf, fsp. BjörgvS, 489. mál, þskj. 761.

3. Þjónustusamningur við Reykjavíkurakademíuna, fsp. MÁ, 681. mál, þskj. 1010.

4. Fyrirtæki sem framleiða sjónvarpsefni, fsp. ÁF, 685. mál, þskj. 1014.

Til félagsmálaráðherra:

5. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, fsp. JóhS, 596. mál, þskj. 900.

6. Stuðningur við börn með Goldenhar-heilkenni, fsp. VF, 718. mál, þskj. 1067.

Til umhverfisráðherra:

7. Hættumat fyrir sumarhúsabyggð, fsp. SigurjÞ, 593. mál, þskj. 892.

8. Vernd votlendis samkvæmt Ramsar-samþykktinni, fsp. MÁ, 679. mál, þskj. 1008.

9. Veiðikort, fsp. MÁ, 705. mál, þskj. 1046.

Til heilbrigðisráðherra:

10. Speglunaraðgerðir í hnjám, fsp. RG, 532. mál, þskj. 807.

11. Þverfaglegt endurhæfingarráð, fsp. ÞBack, 615. mál, þskj. 923.
12. Framtíð sjúklinga á Arnarholti, fsp. MF, 646. mál, þskj. 963.
13. Samstarf heilbrigðisstofnana, fsp. AKG, 695. mál, þskj. 1033.
14. Símaþjónusta barnadeildar á Landspítalanum, fsp. ÞBack, 707. mál, þskj. 1049.
15. Afsláttarkort Tryggingastofnunar, fsp. ÞBack, 713. mál, þskj. 1055.

Til iðnaðarráðherra:

16. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, fsp. EMS, 628. mál, þskj. 937.
17. Byggðakjarnar, fsp. KLM, 704. mál, þskj. 1045.

Til samgönguráðherra:

18. Hálkuvarnir á þjóðvegum, fsp. JBjarn, 636. mál, þskj. 950.
19. Áætlunarflug milli Sauðárkróks og Reykjavíkur, fsp. JBjarn, 701. mál, þskj. 1039.

Til dómsmálaráðherra:

20. Brot á lagaákvæðum um áfengisauglýsingar, fsp. MÁ, 673. mál, þskj. 1002.
21. Nauðungarvistun, fsp. MF, 699. mál, þskj. 1037.
22. Meðferðardeild við fangelsi landsins, fsp. MF, 739. mál, þskj. 1103.

Til fjármálaráðherra:

23. Endurgreiðsla námslána, fsp. KLM, 706. mál, þskj. 1047.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.

Tilkynning um afturköllun þingmáls.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill tilkynna að 730. mál þingsins, fyrirspurn á þskj. 1083, er kölluð aftur.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Þá vill forseti geta þess að kl. hálffjögur síðdegis fer fram utandagskrárumræða um þróun atvinnuleysis og kjör atvinnulausra. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hæstv. félmrh., Árni Magnússon, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 514. mál, nál. allshn., þskj. 1150.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 479. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1148.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, 612. mál, nál. utanrmn., þskj. 1146.

Tölfræði Hagstofunnar í heilbrigðismálum, 575. mál, svar hagstrh., þskj. 1108.

Athugasemdir um störf þingsins.

Tímasetning ráðstefna á vegum ráðuneyta.

[13:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera stutta athugasemd og koma með ábendingu til stjórnar Alþingis, en Alþingi og stjórn þingsins með forseta í fararbroddi hafa áður beint tilmælum eða óskum til ráðuneyta og ráðherra um að ráðstefnur sem skipulagðar eru á þeirra vegum og alþingismönnum er sérstaklega boðið til verði ekki skipulagðar í miðri þingviku og á miðjum þingdegi. Að þessu sinni á forsrn. og hæstv. forsrh. í hlut. Boðað er til mjög áhugaverðrar ráðstefnu um jafnréttismál í tilefni af heimastjórnarafmæli, aldarafmælinu, í Salnum í Kópavogi. Hæstv. félmrh., ráðherra jafnréttismála, kemur til með að ávarpa þessa ráðstefnu og tveir alþingismenn taka þar þátt í pallborðsumræðum. Mér er kunnugt um að margir þingmenn, þar á meðal þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefðu áhuga á að sækja þessa ráðstefnu en eiga ekki heimangengt vegna þess að til hennar er boðað á miðjum þingdegi í miðri þingviku.

Ég ítreka það, herra forseti, að ráðstefnan er mjög áhugaverð og ekkert nema gott um hana er að segja. En einmitt þess vegna ber að hafa í huga störf Alþingis og taka tillit til þeirra.

[13:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að taka þetta mál upp. Minn þingflokkur hefur tekið eftir þessu líka, þ.e. að umrædd ráðstefna er sett upp á þeim tíma þegar þing er í fullum gangi. Ég vil ítreka að það er mjög bagalegt fyrir þingflokka, sérstaklega litla þingflokka sem hafa ekki á að skipa miklum mannafla, þegar svona lagað kemur upp. Minn þingflokkur hefði svo gjarnan viljað fá að taka þátt í þessari ráðstefnu. Hún er mjög áhugaverð eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á. En við erum bara í mestu vandræðum vegna þess að við höfum ekki mannskap í það því miður. Við verðum bundnir við störf þingsins í allan dag. Þetta kemur sér mjög illa og mér finnst þetta lykta af slæmri skipulagningu og engu öðru. Ég vona svo sannarlega að þetta muni ekki endurtaka sig.

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér finnst þetta miður. Ég veit að hv. þm. sem síðast talaði er mikið í mun að mæta vel til ráðstefna. En það er nú þannig með ráðstefnur af hvers konar tagi að þær eru meira og meira farnar að fara yfir á virka daga því það er líka kvartað yfir því að taka helgarnar frá fólki í stórum stíl. Yfir því er líka kvartað.

Þannig vill til að fyrirspurnadagur er í dag og samkvæmt þingsköpum eru menn ekki bundnir við setu í þingsalnum. Það er sérstök undanþága frá því í þingsköpunum þannig að til þess er horft einnig í þessu sambandi. Eingöngu þeir sem bundnir eru við fyrirspurnir þurfa hér að vera. Ég hef ætlað mér að fara á þessa ráðstefnu þegar ég hef lokið mínu verki hér og fylgjast þar nokkuð með. En það dregst nú eitthvað vegna þess að menn eru að ræða hér um ráðstefnur. Látum það nú vera. Það er reynt að passa sig að öllu leyti hvað þetta varðar. Ég tel að það hafi verið gert í þessu tilviki og ég tel, þó að sjálfsagt sé að hlusta á ábendingar, að töluverður vandi

sé að setja ráðstefnur eingöngu á kvöldin sem eiga eins og þessi að standa í allmarga klukkutíma.

[13:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja hæstv. forsrh. umfram það sem nauðsynlegt er en ég tek undir hvert orð sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði. Ég held að æskilegt væri, ef hægt er að koma því við að ráðstefnur og fundir sem boðaðir eru á vegum ráðuneyta séu ekki á þingtíma. Síðast í gær, um tíuleytið í gærmorgun, var þingmönnum Suðurk. boðið að vera við undirritun samnings að Gunnarsholti í gær, þ.e samdægurs kl. 4, á þingtíma. Við sáum okkur auðvitað ekki fært að koma, alla vega vorum við þó nokkur sem ekki gátum mætt en hefðum gjarnan viljað vera þar. Ég tek undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

[13:39]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tel að meginsjónarmiðin hafi komið fram í þessu og hefur þegar verið skýrt af hæstv. forsrh. að í dag er verið að ræða fyrirspurnir og það er ekki skyldumæting eins og það hefur verið orðað. Þetta leiðir líka hugann að því, eins og þingmenn hafa orðið varir við, að verið er að boða þingmenn á alls konar ráðstefnur og fundi einmitt á föstudögum og eru boðin slík að það er eiginlega útilokað fyrir þingmenn að komast yfir það allt saman.

Það má líka vekja athygli á því að framkvæmdarvaldið hlýtur að geta boðað til ráðstefna og funda án þess að taka mið af störfum þingsins. Á þessum ráðstefnum er verið að fjalla um almenn mál sem eru ekkert einkamál þingsins. Hitt er svo annað mál hvort þingmenn eru látnir vita af þessu og boðið að sitja slíkar ráðstefnur og slíka fundi. Það hljóta þingmenn að gera upp við sig hver og einn. En þetta hlýtur að vekja okkur dálítið til umhugsunar um það hvernig þingmenn eiga að komast yfir að sitja allar þessar ráðstefnur og fundi, ég tala nú ekki um ef það hrúgast á þá daga sem ekki er þing. En það gerist nú ýmislegt utan þingsins hvort sem það er að störfum eða ekki.

[13:40]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér þykir skipta máli fyrir þingmenn hvort um er að ræða ráðstefnur af sérstöku tilefni eins og þessi virðist vera eða ráðstefnur og þing sem bundin eru í lög, eins og t.d. umhverfisþingið sem haldið var í haust á þingtíma og eðlilegt er að þingmenn sæki.

Á hinn bóginn kann að vekja athygli með þessa ráðstefnu og aðrar þær sem framkvæmdarvaldið stendur fyrir, fyrir hvern þær eru þegar þær eru skipulagðar á miðjum vinnutíma ekki einungis þingmanna heldur alls almennings á Íslandi. Kannski er framkvæmdarvaldið hætt að skipuleggja aðrar ráðstefnur en þær sem þeir sækja sem fá laun fyrir.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Málsvörn hæstv. forsrh. í þessu tilviki er nú ekki beysin. Ég held að betur hefði farið á því að hæstv. forsrh. hefði, að vísu þá, brugðið vana sínum og einfaldlega beðist velvirðingar á því að þessi árekstur skyldi hafa orðið. Menn hefðu haft þá heldur tilhneigingu til að fyrirgefa það kannski sem aðgæsluleysi eða klaufaskap að láta þetta takast svona til. En reyna að færa fyrir því rök að þetta sé eðlilegt, það stenst ekki. Það gengur engan veginn upp.

Fyrirspurnadagar eru þingdagar alveg nákvæmlega eins og aðrir dagar og þingmenn og ráðherrar eiga að gegna þingskyldum þá daga eins og aðra. Það er ósköp einfaldlega þannig. Þingsköpin eru þannig úr garði gerð að allir þingmenn geta gert athugasemdir þó að aðalmálflutningur fari fram milli fyrirspyrjanda og þess ráðherra sem svarar. Hér eru á dagskrá í dag 23 fyrirspurnir frá líklega 13 eða 14 þingmönnum. Augljóslega er sá hópur og þeir ráðherrar sem ættu að svara fyrirspurnunum bundinn af því að vera hér.

Nú er mér kunnugt um að verið er að vandræðast hér með röð fyrirspurna m.a. vegna fjarveru ráðherra út af þessu ágæta málþingi. Þetta er klaufalegt og svona á ekki að standa að málum. Nóg er nú ráðstefnufarganið samt sem þingmönnum er boðið til og gjarnan ætlast til að þeir mæti á. Það er jafnvel talið til marks um áhugaleysi á viðkomandi málaflokki ef menn reyna ekki að láta þar sjá sig sem einkaaðilar og félagasamtök og aðrir slíkir standa fyrir þó að það bætist ekki við að ráðuneytin sjálf auki mjög á þennan átroðning og þennan vanda. Þetta hefur verið margrætt. Forsetar hafa það ég best veit beint þeim tilmælum til ráðuneyta um að láta þetta ekki endurtaka sig. Frægt varð auðvitað að endemum þegar umhverfisþing sem þingmönnum er lögum samkvæmt ætlað að sitja, samanber lög þar um, var haldið í miðri þingviku. Þetta finnst mér ekki til fyrirmyndar, ekki til eftirbreytni og var þó nógur vandræðagangurinn orðinn samt út af þessu blessaða 100 ára afmæli.

[13:43]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Þetta eru nokkuð skondnar umræður dag eftir dag í þinginu um ráðstefnuhald úti í bæ. Ég held að það hafi ekki aftrað þingmönnum að sækja þær ráðstefnur sem þeir hafa kært sig um og viljað sækja. Þeir geta fengið leyfi frá störfum þá stund sem þeir fara á ráðstefnur. Ég vil bara þakka fyrir það ef ráðstefnur eru haldnar í miðri viku en ekki um helgar (Gripið fram í.) og því hefur löngum verið mótmælt af þeim sem starfa að jafnréttismálum að allar ráðstefnur skulu vera settar á helgar, á laugardaga og sunnudaga, þegar þann tíma ætti að nota með fjölskyldunni.

Svo vil ég aðeins bæta einu við af því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hafði mörg orð um samflokksmenn sína, að þeir væru svo önnum kafnir í þingsal. Ég sé ekki betur en að hann sé bara einn hér núna í dag. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS): Forseti telur að flest viðhorf hafi náð fram að koma í þessari umræðu og hefur hlýtt á hana en sér ekki ástæðu til að botna hana sérstaklega. Hann vekur athygli á því að það er löng dagskrá fram undan.)

[13:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vek athygli á því að stjórnarþingmönnum finnst skondið þegar stjórnarandstaðan gerir athugasemdir við framferði framkvæmdarvaldsins og ráðherra. Þær athugasemdir sem hér hafa verið settar fram eru ekki settar fram í neinum hugaræsingi og fullkomlega reiðilaust. Ég vek athygli á því að hér er einvörðungu verið að ítreka þá stefnu sem stjórn Alþingis hefur þegar mótað. Stjórn þingsins hefur áður beint þeim tilmælum til ráðherra að þeir leitist við að skipuleggja ráðstefnur á sínum vegum sem þingmönnum er ætlað að sækja og eru auk þess áhugaverðar og þingmenn gjarnan vilja sækja — og það á við í þessu tilviki — að slíkar ráðstefnur séu skipulagðar þar sem þingmenn eiga heimangengt vegna þingstarfa. Ég

mælist til þess að hæstv. forseti þingsins taki þetta mál til umræðu við ráðherra og þá sérstaklega viðkomandi ráðherra að þessu sinni, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson.

Útgáfa bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands.

Fsp. MÁ, 583. mál. — Þskj. 876.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Fyrirspurn sú til hæstv. forsrh. sem nú skal svarað er sett fram vegna tilkynningar á heimasíðu sem Júlíus Hafstein hefur komið upp vegna hátíðahalda ríkisstjórnarinnar á þessu ári í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar. Þar kom fram í ársbyrjun að síðasti liður í dagskrá Júlíusar Hafsteins á þessu ári væri útgáfa bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands. Sú útgáfa er dagsett 15. september næstkomandi kl. 16.00. Rétt þykir að gefa hæstv. forsrh. færi á að lýsa fyrir þingheimi þessu bókverki sem ekki hefur áður verið kynnt eða rætt um á hinu háa Alþingi.

Nú er það raunar svo að á þessu ári er ekki sérstaklega að minnast stöðu forsætisráðherra. Það starf varð ekki til á Íslandi fyrr en árið 1917 og aldarminning fyrstu ríkisstjórnar Íslands, ráðuneytis Jóns Magnússonar, verður þess vegna varla minnst fyrr en árið 2017. Áður var um að ræða svokallaða ráðherra Íslands en þeir höfðu sem kunnugt er búsetu á Íslandi og voru háðir meirihlutastyrk á Alþingi frá 1904–1917.

Ef fjalla hefði átt um ráðherra í tilefni heimastjórnarafmælisins hefði því annað tveggja verið eðlilegt, að velja þá fimm menn sem í Íslandssögunni gegndu stöðu ráðherra Íslands í Reykjavík eða þá að fjalla um alla ráðherra Íslendinga eftir 1904, því að t.d. menntamálaráðherrar, landbúnaðarráðherrar eða umhverfisráðherrar eru arftakar ráðherra Íslands á sama hátt og forsætisráðherrar. Útgáfa bókarinnar á þessu ári er þess vegna vandskýrð með tilvísun til ráðherra Íslands í Reykjavík árið 1904.

Það kann hins vegar að valda nokkru um þessa bókargerð að um það hefur samist milli stjórnarflokkanna að einmitt útgáfudag hennar, 15. september, á núv. hæstv. forsrh. að láta af því embætti, a.m.k. um stundarsakir.

Forseti. Fyrirspurn minni um þetta efni var dreift á þinginu 12. febrúar, fyrir vel rúmum mánuði. Í frétt í dagblaðinu DV 9. mars síðastliðinn kemur í ljós í viðtali við Júlíus Hafstein að þrátt fyrir tilkynninguna á heimasíðunni lágu 9. mars — eða 8. mars öllu heldur — ekki fyrir helstu upplýsingar um þessa bók, um höfundskap hennar, um kostnað eða um ýmsa tilhögun útgáfunnar. Það er fremur óvenjulegt í íslenskri bókaútgáfu að slíkar ákvarðanir hafi ekki verið teknar í mars um bækur sem eiga að koma út um miðjan september. Segja má að hér sé þegar kominn enn einn atburðurinn í hátíðahaldaferli ársins þar sem ríkisstjórnin brýtur í blað.

Ég vona þó að þessar upplýsingar liggi fyrir núna og verði veittar á eftir. Spurningar mínar til hæstv. forsrh. um bókina Forsætisráðherrar Íslands liggja fyrir á þingskjali, á sérstökum blöðum, og ég þarf ekki að endurtaka þær hér.

[13:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get eiginlega ekki annað en haft gaman af því hvað heimastjórnarafmælið virðist irrítera óskaplega mikið suma hv. þingmenn og er það einkar athyglisvert.

Reyndar er það svo, varðandi það sem hv. þm. fjallaði um í sambandi við ráðherra Íslands annars vegar og síðan forsætisráðherra, að það hefur aldrei vafist fyrir neinum, nema þá hv. þm., að þeir sem hafa verið í forsæti fyrir Stjórnarráðinu allt frá 1904 eru ráðherrar Íslands fram undir 1917 og síðan forsætisráðherrar. Þar er algjört sögulegt samhengi og hafa allir litið þannig á nema þessi hv. þm. Hann getur auðvitað haft sitt sjónarmið.

Fyrst er spurt:

„Hvenær var tekin ákvörðun um útgáfu bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands á vegum ríkisstjórnarinnar?“

Síðastliðið sumar fól forsrh. fjögurra manna starfshópi, Júlíusi Hafstein, Illuga Gunnarssyni, Birni Inga Hrafnssyni og Halldóri Árnasyni, að gera tillögur um hvernig minnast ætti þeirra tímamóta á árinu 2004 er 100 ár væru frá því að Ísland fékk heimastjórn og þingræði var komið á hér á landi. En þann 1. febrúar 1904 var Stjórnarráð Íslands stofnað undir forsæti íslenskra ráðherra sem höfðu á bak við sig stuðning meiri hluta Alþingis.

Starfshópurinn skilaði tillögum til forsrh. ásamt kostnaðaráætlun. Í framhaldi var sótt um fjárveitingu til Alþingis á fjárlögum 2004. Ein tillaga starfshópsins var útgáfa á bók sem hefði að geyma stuttar frásagnir af öllum þeim sem gegnt hafa starfi ráðherra Íslands og síðan forsætisráðherra. Um er að ræða bók sem verður 350–400 síður. Gert er ráð fyrir allt að 100 myndum í svart/hvítu. Bókin verður innbundin, þ.e. saumuð, með góðu bókbandsefni og gyllingu á framhlið og kili. Hlífðarkápa verður í fjórlit og lökkuð.

Í öðru lagi er spurt:

„Hefur þetta verk verið boðið út?“

Verkið er ekki komið það langt á veg að farið sé að huga að prentun og útgáfu. Þegar að því kemur verða allar hagkvæmar leiðir skoðaðar.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hver er áætlaður kostnaður við útgáfu bókarinnar og hvernig skiptist hann, höfundarlaun, þóknun ritstjóra eða ritnefndar, myndir, umbrot, prentun, kynningarkostnaður?“

Heildarkostnaður er áætlaður um 8 millj. kr. Þar af eru laun ritstjóra 1,6 millj. kr. miðað við starf í átta mánuði. Höfundarlaun til þeirra sem skrifa eru áætluð um 2,6 millj. kr. Þá mun þóknunarnefnd ákveða laun ritnefndar en ætla má að heildarþóknun verði u.þ.b. 300 þús. kr. Kostnaður vegna mynda er áætlaður um 400 þús. kr. og kostnaður vegna umbrots, prentunar og annarra þátta er áætlaður um 3 millj. kr. Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir tekjum af bókinni sem gætu lækkað heildarkostnað töluvert en gert ráð fyrir að bókin komi a.m.k. út í 2 þús. eintökum.

Í fjórða lagi er spurt:

„Hver er höfundur bókarinnar?“

Endanlegur fjöldi höfunda hefur ekki verið ákveðinn en þeir gætu orðið allt að 24 að hámarki, þ.e. jafnmargir þeim sem gegnt hafa starfi ráðherra Íslands og forsætisráðherra. Nú þegar mun liggja fyrir að þeir verða a.m.k. 23 og jafnvel 24.

Í fimmta lagi er spurt:

„Hver er fyrirhugaður formlegur útgefandi bókarinnar?“

Um það hefur ekki verið tekin ákvörðun. Rétt er að nefna það hér til minnis, þó að um það sé ekki sérstaklega spurt, að í ritnefnd þessarar bókar eru Júlíus Hafstein, framkvæmdastjóri hátíðahaldanna, Sigurður Líndal, fyrrv.

prófessor, Haraldur Ólafsson, fyrrv. prófessor og alþingismaður, Ingólfur Margeirsson, rithöfundur og blaðamaður, og Jakob F. Ásgeirsson, rithöfundur og blaðamaður.

Að lokum er spurt:

„Hyggur ríkisstjórnin á útgáfu fleiri bóka á árinu og þá hverra?“

Þriðja bindi Sögu Stjórnarráðs Íslands kemur út þann 17. júní. Jafnframt er að því stefnt þann sama dag að endurútgefa rit Agnars Klemensar Jónssonar Stjórnarráð Íslands 1904–1964.

Þá má nefna í framhjáhlaupi að ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að styrkja útgáfu á sérstöku riti um krabbameinsrannsóknir og í annan stað að styrkja útgáfu á riti um utanríkisverslun Íslands, með fyrstu stuðningsgreiðslu við það. En það verk mun væntanlega taka tvö til þrjú ár og ríkisstjórnin hyggst styðja það.

[13:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin er komin út í nokkuð umfangsmikla bókaútgáfu. Ég ætla svo sem ekki að væla mikið út af því. Ég fagna því að góðar bækur séu gefnar út, sama hvert tilefnið er, hverjir höfundar eru og hverjir standa að útgáfu.

Ég vil þó benda á að þessi tvö bindi, Stjórnarráð Íslands I og II, hafa að því er ég best veit kostað á bilinu 50–60 millj. kr. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. áðan stendur til að gefa III. bindið út 17. júní.

Mér finnst að þegar ríkið stendur í svo umfangsmikilli bókaútgáfu ætti það að fara nýjar leiðir í að koma efninu til þeirra sem borga brúsann, þ.e. fólksins í landinu. Mér finnst því að menn ættu alvarlega að íhuga að þetta efni verði gert aðgengilegt, t.d. á internetinu og bækur eins og þessar, sem kosta núna 7 þús. kr. út úr bókabúð, þessi tvö bindi, verði seldar við vægu verði. Fólkið sem borgar brúsann fengi þá að njóta afurðanna.

[13:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það var ekki upplýst í umræðunni hverjir verða höfundar þessarar bókar. En í einhverjum fjölmiðli kom fram að hæstv. forsrh. ætlaði að skrifa um einn af fyrirrennurum sínum. Ástæða væri til að fá á hreint hvort það er rétt. Ef svo er væri vert að spyrja hvort hæstv. ráðherra ætlar að taka sér til þess einhvers konar orlof, já fæðingarorlof, fram að þeim tíma sem bókin á að koma út. Stutt er þangað til. Mér fyndist ástæða til að fá þetta upplýst vegna þess að í einhverjum fjölmiðli kom þetta fram.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil fagna þeim upplýsingum sem hafa fengist um næsta útgáfuverk forlagsins „Bókaútgáfa ríkisins“ sem á varnarþing í forsrn. Ég vil líka fagna því að hæstv. forsrh. og hæstvirtir félagar hans hafa gert sér grein fyrir því að munur er á fyrstu fimm ráðherrum Íslands og síðan á þeim forsætisráðherrum í ríkisstjórnum Íslands sem við tóku árið 1917, þó að sá munur komi að vísu ekki fram í þessari bók.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa bók eða aðrar þær sem „Bókaútgáfa ríkisins“ hyggst taka til útgáfu á þessu ári nema að segja hæstv. forsrh. að eins og aðrir landsmenn þá hlökkum við ákaflega til hins 15. september.

[13:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Það er gott að geta glatt menn út af litlu. En vegna þess sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk., sagði áðan þá var það rangt hjá honum, að kostnaðurinn sem nefndur hefur verið til sögunnar sé eingöngu út af hinum tveimur bindum. Það er heildarkostnaðurinn og þriðja bindið einnig sem þar er um að ræða.

Ég vek einnig athygli á því að við erum að tala um 8 millj. kr. án þess að tekjur komi á móti. Hér kemur iðulega fyrir að þingmenn stjórnarandstöðunnar skella í einu vetfangi fram beiðni um skýrslur, sem síðar koma út í 100–200 eintökum sem kostað geta milli 5 og 10 millj. kr. vinnu. Þeir hafa ekkert spurt um það fyrir fram hvað það mundi kosta, 5–10 millj. kr. vinna, þessir menn sem hafa svona miklar áhyggjur af bókaútgáfu í landinu eins og maður hefur tekið eftir (**MÁ:** Er það samanburðarhæft, bókaútgáfa þín og skýrslur?) Já, það er samanburðarhæft. Það er samanburðarhæft varðandi kostnaðinn þegar menn tala um og velta fyrir sér hvað sé gagnlegast fyrir kjósendur og almenning í landinu. Ég leyfi mér að hafa skoðun á því, alveg sama hvaða pirringur er í hv. þm. Ég leyfi mér algjörlega að hafa skoðun á því.

Varðandi hina spurninguna, þar sem spurt er um hvort ég muni skrifa einn kaflanna eða hvort ég hafi ákveðið að skrifa einn kaflann. Ritnefndin hefur skrifað mér bréf með ósku um að ég taki að mér að skrifa einn kaflann. Ég mundi gera það með mikilli ánægju og tel það áhugavert fyrir mig. Í þessu felast engar nútímalegar rannsóknir eins og menn vita. Bókin er ekki af því tagi.

Ég las mér til mikillar ánægju í eina tíð mjög skemmtilega bók um forsætisráðherra Bretlands eftir Harold Wilson, sem skrifaði um alla sína kollega, stutta kafla, tíu, tólf síður. Bókin var afar áhugaverð og enginn maður í Bretlandi var svo lítill, eins og litlu karlarnir hér, að hafa áhyggjur af því.

Samræmd stúdentspróf.

Fsp. BjörgvS, 489. mál. — Þskj. 761.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta samræmda stúdentsprófið verður haldið í íslensku þann 3. maí nk. Einnig verður prófað í íslensku með samræmdu prófi í desember síðar á þessu ári. Á árinu 2005 verða auk íslensku haldin samræmd stúdentspróf í stærðfræði og ensku í maí og desember. Frá og með árinu 2005 verða allir sem ljúka stúdentsprófi að hafa tekið a.m.k. tvö samræmd stúdentspróf.

Prófin, virðulegi forseti, vega að fjölbreytileika og sérstöðu framhaldsskólanna þar sem aðaláherslan verður einungis á þau þrjú fög sem hér voru nefnd. Hugmyndafræðin á bak við samræmd stúdentspróf er röng. Þau mæla einungis ákveðnar greinar og steypa alla skólana í sama mót. Megintilgangur þessara prófa er sagður vera sá að jafna aðstöðu nemenda og gera þeim og viðtökuskólunum kleift að bera frammistöðu nemenda saman á jafnréttisgrundvelli þannig að háskólar geti tekið mið af einkunnum þegar teknir eru inn nýir nemendur. Það er hins vegar ljóst að í háskólum fer fram mjög sérhæft nám sem t.d. er ekki kennt á framhaldsskólastigi og í því ljósi orkar þessi gjörningur tvímælis svo vægt sé til orða tekið.

Árangur í samræmdu íslenskuprófi hefur ekkert að gera með hæfni viðkomandi til að læra til heimspekings, læknis, lögfræðings eða prests svo dæmi séu tekin. Samfylkingin hafnar þessari miðstýringu. Samræmd stúdentspróf búa þar að auki til óvægna samkeppni á milli skóla á kostnað nemenda og þó sérstaklega á kostnað skólanna úti á landi sem oft hafa ekki aðgang að sömu flóru menntaðra kennara til að keppa við skóla á stórhöfuðborgarsvæðinu sem geta einnig fengið færa kennara í stundakennslu o.s.frv.

Þá er mikilvægt að halda því á lofti að samræmd stúdentspróf vega að sérstöðu framhaldsskólanna. Þeir eru mjög fjölbreytilegir, hver með sínu sniði, og er óhætt að fullyrða að fjölbreytileikinn er einn stærsti kostur íslenska framhaldsskólakerfisins. Skólar eins og MR og MH eru gjörólíkir svo dæmi séu tekin og eiga að sjálfsögðu að vera það. Með upptöku samræmdra stúdentsprófa færist þungi og meginmetnaður kennslunnar yfir á samræmdu greinarnar og áhersla á ýmislegt annað nám minnkar verulega.

Í ljósi þeirra ágalla sem nú eru á samræmdum stúdentsprófum skora ég því á hæstv. ráðherra menntamála að beita sér fyrir því að minnka miðstýringuna í menntakerfinu og falla frá samræmdum stúdentsprófum. Leyfum þúsund blómunum að blómstra, hæstv. ráðherra, og því spyr ég hvort til athugunar sé í ráðuneyti hennar að falla frá samræmdum stúdentsprófum í framhaldsskólum.

[14:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil minna á lögin um framhaldsskóla frá árinu 1996 þar sem segir m.a. að stúdentspróf skuli vera samræmd í tilteknum greinum og að í reglugerð skuli sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa og framkvæmd þeirra. Í bráðabirgðaákvæði laganna segir að samræmd lokapróf skuli ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2003–2004.

Í reglugerð sem menntmrh. setti síðan í mars 2003 var ákveðið að samræmd próf skyldu þreytt í íslensku, ensku og stærðfræði og er þar áskilið að nemendur þreyti próf í a.m.k. tveimur greinum.

Í bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar segir jafnframt að einungis skuli haldið samræmt stúdentspróf í íslensku í maí og desember 2004 og að þátttaka í prófinu sé valkvæð fyrir þá nemendur sem útskrifast með stúdentspróf í lok voreða haustannar 2004. Það er rétt að rifja það upp hér að samkvæmt lögum sem Alþingi setti um samræmd próf segir í greinargerðinni með frv. að meginforsendan fyrir því að halda eigi samræmd lokapróf sé m.a. að það sé sjálfsagt réttlætismál fyrir nemendur, foreldra, viðtökuskóla og atvinnulíf að lokapróf allra framhaldsskóla séu jafngild. Þetta segir í rökstuðningi í greinargerðinni. Það væri einnig sjálfsagður réttur nemenda að nám væri sambærilegt að gæðum milli framhaldsskóla og að lokapróf úr framhaldsskóla væru jafngild hvar sem þau væru tekin.

Gagnrýnt hafði þá verið að það skorti á samræmingu á námsframboði og námskröfum milli framhaldsskóla og jafnvel innan sama skóla. Markmiðssetning, kennsla, próf og námsmat væri að öllu leyti í höndum einstakra kennara án þess að þessu frelsi skóla og kennara væri fylgt eftir með virku ytra eftirliti. Til að tryggja jafnan rétt nemenda til sambærilegs náms óháð því hvar það væri stundað gerðu lögin ráð fyrir að lokapróf úr framhaldsskólum yrðu samræmd í tilteknum námsgreinum.

Ég vil vekja athygli hv. fyrirspyrjanda á því að það þarf atbeina Alþingis til ef falla á frá því að halda samræmd stúdentspróf. Menntmrh. getur í reglugerð gert breytingar á framkvæmd prófanna en hann fellir þau ekki alfarið niður að óbreyttum lögum. Ljóst er að haldgóð rök þurfa að vera fyrir hendi ef breyta á vilja Alþingis sem endurspeglast í greinargerðinni sem ég vitnaði til áðan.

Ég vil jafnframt leyfa mér að benda á að þingmenn þeirra flokka sem hafa verið kallaðir forverar Samf., þar á meðal Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn, greiddu ekki atkvæði gegn þessu frv. á sínum tíma, árið 1997, þannig að skýr vilji var a.m.k. hjá þeim flokksbrotum á þeim tíma. Það er skoðun mín að til þess kunni að koma, og ég vil undirstrika það, að endurskoða þurfi fyrri áform um að skylda alla nemendur sem ljúka stúdentsprófi til að þreyta samræmd próf. Í þessu sambandi má m.a. nefna að skýrslur þriggja starfshópa sem eru að störfum við að útfæra tillöguna um styttingu framhaldsskólans munu væntanlega liggja fyrir í næsta mánuði og er þess að vænta að þar með muni liggja fyrir helstu forsendur til þess að hægt sé að taka ákvörðun um það hvort stytta eigi námstíma til stúdentsprófs eða ekki.

Undirbúningur fyrir samræmt próf í íslensku er á lokastigi og hefur prófdagur verið ákveðinn 3. maí. Eftir vandlega athugun mína er það niðurstaða mín að ekki verði horfið frá því að halda samræmt stúdentspróf í íslensku í vor, í það hefur verið lagður mikill undirbúningur, heldur verði prófið haldið og reynslan af því metin. Mér skilst að hátt á fimmta hundrað manns hafi skráð sig í þessi samræmdu próf í framhaldsskólunum. Áhuginn er greinilega til staðar. Hins vegar áskil ég mér rétt, eins og ég sagði áðan, til að endurskoða framkvæmd þessara prófa og þá ekki síst með tilliti til þeirra áforma sem eru núna uppi hjá mér um að stytta námstíma til stúdentsprófs.

[14:06]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna yfirlýsingum hæstv. menntmrh. um endurskoðun í sumar en ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hún hafi einhverja vitneskju um að í sumum framhaldsskólum sé verið að hræða nemendur til að taka samræmda stúdentsprófið í vor, að öðrum kosti fái þeir jafnvel ekki inngöngu í háskóla.

Ég vil taka það fram að langflestir skólar leyfa nemendum sjálfum að meta próftökuna á eigin forsendum og þannig á það auðvitað að vera. Ég tel að hér sé í gangi slæmur áróður á fölskum forsendum, og tek aftur fram að hér er einungis um fáa skóla að ræða, en eðlilega fer þetta mjög illa í nemendur og ég hef fengið ábendingar síðustu daga frá nemendum um að þetta sé í gangi.

[14:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tel að það eigi að fara afar varlega í að efna til samræmdra prófa í framhaldsskólum og reyndar einnig í grunnskólum. Samræmd próf leiða til falskrar samkeppni og hættan er sú að önnur verkefni hjá viðkomandi skólum njóti sín ekki sem skyldi vegna þeirrar áherslu sem lögð er á hin samræmdu próf.

Ég vil líka benda á að gerðar eru miklar kröfur til kennaramenntunarinnar og þeirra starfsmanna sem vinna að kennslu, meira en til nokkurs annars starfs í landinu nánast, nema þá ef við tölum um heilsugæslustörf eða eitthvað slíkt. Þar er valinn maður í hverju rúmi og ætti að geta sinnt þessu starfi án þess að þurfa að leggja einhvern landsmælikvarða á það.

Ég hvet hæstv. menntmrh. til að endurskoða ákvörðunina um samræmd próf og væri gott ef ráðherrann beitti sér fyrir því að lögum um þetta yrði breytt.

[14:08]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég fagna þeim orðum hæstv. menntmrh. að það sé eðlilegt að þessi samræmdu próf öll verði endurskoðuð. Ég held að það hljóti að verða til athugunar líka í hv. menntmn. að velta því fyrir sér hvort þetta lagaákvæði sé ekki þess eðlis að ástæða sé til að gera tillögu um að það verði fellt brott.

Hæstv. *ráðherra vitnaði einmitt í greinargerð* með frv. sem sýnir að á þeim tíma sem lögin voru í meðhöndlun Alþingis hafa menn haft oftrú á prófum sem matstæki á skólastarf. Mjög margt hefur breyst í skólastarfi og í mati á skólastarfi frá þeim tíma. Bæði hefur komið til innra og ytra mat á skólastarfi sem gefur miklu betri mynd af því sem er verið að gera í skólanum og það er líka á margan hátt eðlilegra að háskóladeildir ákveði með hvaða hætti þær vilja hafa inntökur í deildir sínar, þ.e. hvers konar blanda af stúdentsprófum verði þar og jafnvel verði þar tekin upp einhver inntökupróf. Ég held að allir aðilar eigi að geta sameinast um að þetta ákvæði verði tekið til sérstakrar skoðunar.

Að lokum, herra forseti, væri fróðlegt ef hæstv. menntmrh. gæti upplýst þingheim um það hvaða kostnaður er því samfara að hafa þessi samræmdu próf.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því viðhorfi sem virðist koma fram hjá þingheimi, að menn eru almennt á þeirri skoðun að endurskoða eigi upptöku samræmdra stúdentsprófa og með það að markmiði að leggja þau af. Þau eru úreltur mælikvarði á frammistöðu einstakra nemenda og þurfi háskólaráð á öðrum viðmiðum að halda en þeim sem stúdentsprófin gefa geta þeir sjálfir framkvæmt slík viðmiðunarpróf. Það gefur augaleið. Kostirnir eru fáir. Ég fagna því að hæstv. ráðherra lýsir því þó yfir að hún ætli að endurskoða upptöku samræmdra stúdentsprófa eftir að prófið hefur verið haldið í vor. Ég vona, og beini þeim tilmælum eindregið til hennar eins og þeir hv. þm. sem hér hafa talað, að sú endurskoðun verði til þess að samræmdu stúdentsprófin verði lögð af. Fyrir þeim eru engin haldbær rök en þau hafa hins vegar marga ókosti í för með sér eins og þá að vega mjög harkalega að sérstöðu og þeirri skemmtilegu flóru sem er að finna meðal íslenskra framhaldsskóla. Þeir eru mjög ólíkir innbyrðis og nemendur hafa því val um að stunda talsvert ólíkt og öðruvísi samansett stúdentspróf heldur en var þegar skólarnir voru færri og samræmdari. Það er engin ástæða til að breyta þessu með neinum hætti, frekar að styrkja skólana þannig að þeir geti áfram byggt upp fjölbreytt og skemmtilegt nám til stúdentsprófs sem hefur gildi.

Þá ber þess að geta að um leið og menn skoða það sjálfsagða markmið að lækka útskriftaraldur úr framhaldsskólum leiðir það auk heldur til þess að samræmdu stúdentsprófin verði lögð af. Eins og segir í 6. gr. reglugerðarinnar, með leyfi forseta.

„Nemandi skráir sig í samræmd stúdentspróf þegar hann telur sig hafa náð þeim markmiðum sem prófgráður miðast við.“

Þarna liggur t.d., herra forseti, vandi bekkjakerfisskólanna því að þeir hafa ekki staðlað einingakerfi og málefni skólanna og námsefni eru mjög ólík. Þess vegna verður að gefa bekkjakerfisskólunum tækifæri á að gera sig sambærilega áfangaskólunum.

[14:12]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og ég hef þegar komið inn á er umfangsmikil vinna í gangi í ráðuneytinu varðandi styttingu námstíma til stúdentsprófs. Þar erum við með allt skólakerfið undir, frá leikskóla til háskóla, og við áskiljum okkur rétt til að meta það á heildstæðum grunni. Þess vegna hef ég sagt að það kunni að koma til þess að við þurfum að endurskoða þessi lagaákvæði um samræmd stúdentspróf. Þó áskil ég mér allan rétt til að gera það þegar stúdentsprófinu í íslensku sem við ætlum að láta nemendur þreyta nú í vor hefur verið lokið. Það getur líka verið að við öðlumst umfangsmikla reynslu af þessu samræmda stúdentsprófi í íslensku sem verður þreytt 3. maí í vor. Ég bið hv. þingheim að vera rólegan þar til því prófi er lokið því eins og ég gat um áðan hefur hátt á fimmta hundrað manns þegar skráð sig í prófið. Skráningarfresti er lokið. Áhuginn á að taka þetta próf er greinilega til staðar og nemendur vilja vita hvar þeir standa og hvaða þekkingu þeir hafa öðlast í náminu eftir þann tíma sem þeir hafa stundað framhaldsnám.

Rétt aðeins út af orðum hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, ég hef ekki heyrt neitt um þetta og tel engan fót vera fyrir því að skólar með kennara eða skólastjórnendur í broddi fylkingar séu að hræða fólk til að taka samræmd stúdentspróf. Við höfum ekki einu sinni fast í dag hvort háskólarnir munu miða við slík próf. Það eru skiptar skoðanir innan háskólasamfélagsins. Ég var á fundi uppi í Háskóla Íslands um daginn þar sem forsetar deildanna voru ekki á einu máli um það hvaða gildi samræmt próf ætti að hafa varðandi inntöku í HÍ.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurakademíuna.

Fsp. MÁ, 681. mál. — Þskj. 1010.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Upphaf Reykjavíkurakademíunnar árin 1997–1998 minnir nokkuð á söguna um egg Kólumbusar. Eitthvað svona hafði lengi vantað en enginn hafði almennilega vitað hvað átti að gera í því fyrr en — „Auðvitað! Svona á að gera þetta.“ Tíu ungir fræðimenn leigja saman skrifstofuhúsnæði og um leið er orðið til allt annað og meira en tíu sinnum ungur fræðimaður, nefnilega sjálfstætt fræðasamfélag með þekkingu og hæfni, spennandi samræður og samstarf, og svo skapast vettvangur fyrir fræðafundi og ráðstefnur, gróandi og verðandi í þessum hugvísindum og félagsvísindum, fyrir höfundskap og ýmsar tengdar listir, sérstaklega nýjabrum. Að lokum vaxa úr þessum jarðvegi sameiginleg þjónustuverkefni við rannsóknir og kennslu, jafnvel sprotafyrirtæki sem geta fært menntun og atvinnulífi ýmsan hagnað sem ólíklegt er að fáist annars staðar.

Fyrir hug- og félagsvísindi er Reykjavíkurakademían orðin ómissandi. Í stað hinna tíu fyrstu sem fluttu inn á efstu hæð JL-hússins er nú komið 80 manna iðandi samfélag fræðimanna, rithöfunda, blaðamanna og fleiri á þremur hæðum með ráðstefnuhaldi, málstofum, samvinnu um kennslu við Viðskiptaháskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Hugmyndir eru þar um rannsóknarmiðstöðvar á ýmsum

sviðum og góð tengsl með ýmiss konar samvinnu við stóru frænku í Háskóla Íslands.

Bæði ríki og borg hafa lagt sitt af mörkum til Reykjavíkurakademíunnar eins og vera ber og stuðningur úr ríkissjóði hefur falist bæði í hagstæðum leigukjörum á fyrra skeiði og í nokkurri fjárveitingu úr ríkissjóði.

Reykjavíkurakademían stendur á tímamótum um þessar mundir. Húsnæðismálin kreppa að en um leið er metnaður mikill, m.a. eru uppi mótaðar hugmyndir um formbreytingu úr félagi í sjálfseignarstofnun og orðin er brýn þörf fyrir hæft starfslið til að fást við verkefni dagsins og morgundagsins. Nokkurt hlé hefur orðið á að undanförnu en liðin þó þrjú eða fjögur ár síðan Reykjavíkurakademían hóf umleitanir við menntmrn. um gerð þjónustusamnings sem gæti tryggt henni öruggar tekjur og fært ríkinu og landinu ýmsan ávinning á móti. Með því gæti almannavaldið tryggt mikilvæga tilvist þessa fræðasamfélags á sviði sem t.d. nýju háskólarnir hafa ekki sinnt. Það er líka eðlilegt að ríkið gerði kröfu um ákveðna lágmarksstarfsemi í fræðunum og í þágu almennings, t.d. ákveðinn fjölda af ráðstefnum eða málstofum sem gæfu almenningi kost á fræðslu og umræðu á tilteknum sviðum. Spennandi efni í slíkan samning væri þróunarstarf, skipulagning og ýmis kennsluverkefni fyrir háskóla og háskólasetur víða um landið.

Nú er verið að tala um háskóla á Ísafirði. Hver veit nema Reykjavíkurakademían ætti að sjá þar um heimspekideild og félagsvísindadeild?

Þess vegna spyr ég nýjan og vaskan hæstv. menntmrh.:

Hvað líður gerð þjónustusamnings við Reykjavíkurakademíuna?

[14:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að vekja athygli á þeirri merku akademíu sem Reykjavíkurakademían vissulega er.

Opinber stuðningur við Reykjavíkurakademíuna hófst árið 1998 þegar fjmrn. með hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde í broddi fylkingar ákvað að framleigja félaginu tvær hæðir í JL-húsinu við Hringbraut gegn vægu gjaldi til ársins 2002.

Árið 1999 ákvað fjárln. þingsins að veita félaginu 5 millj. kr. til undirbúnings þjónustusamnings við menntmrn. og árið 2000 hækkaði Alþingi styrkinn í 10 millj. kr. Í fjárlögum 2001 fékk Reykjavíkurakademían aftur sérstakt tímabundið 10 millj. kr. framlag til að byggja upp rekstrarform, stjórnsýslu og starfsmannahald, til að stofnunin stæðist þær kröfur sem gerðar eru til sjálfseignarstofnana sem gera samninga um rekstrarverkefni við einstök ráðuneyti.

Alþingi samþykkti síðan 7 millj. kr. fjárframlag til Reykjavíkurakademíunnar árið 2002. En vegna mikilla rekstrarörðugleika á því ári samþykkti menntmrn. að veita stofnuninni 3 millj. kr. til viðbótar af safnliðum ráðuneytisins. Síðan þá hafa framlög ríkisins til stofnunarinnar verið 10 millj. kr. á ári. Þessu til viðbótar hefur Reykjavíkurakademían hlotið styrki frá Reykjavíkurborg.

Menntmrn. hefur ekki treyst sér til að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma á þeim nótum sem væntingar Reykjavíkurakademíunnar standa til. Hefur ráðuneytið því miður ekki haft svigrúm til að gera þjónustusamning um önnur verkefni en þau sem ráðuneytinu ber að fjármagna lögum samkvæmt. Ekki er hins vegar deilt um það ágæta starf sem fer fram innan Reykjavíkurakademíunnar. Reykjavíkurakademían gengst fyrir rekstri fjölfaglegs fræðaseturs í Reykjavík og er vettvangur sjálfstætt starfandi fræðimanna, einkum í hugvísindum. Þar er einyrkjum á ýmsum fræðisviðum sköpuð aðstaða til fræðaiðkunar og samstarfs. Áhrifa af þessari starfsemi gætir m.a. í fjölda útgefinna fræðirita sem meðlimir Reykjavíkurakademíunnar eru höfundar að, ráðstefnum og málstofum ýmiss konar.

Hins vegar er rétt að minna á að menntmrn. hefur ekki lögformlega skyldu gagnvart þeim hópi fólks sem hefur aflað sér menntunar á sviðum sem falla að starfsemi Reykjavíkurakademíunnar. Einstaklingar sem starfa innan akademíunnar hafa róið á mið samkeppnissjóða, innlendra og erlendra, sem styrkja rannsóknir af þessum toga og hefur mörgum þeirra gengið vel í þeirri sókn.

Í nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs er vikið að skilyrðum sem sjálfstætt starfandi vísindamenn búa við og með þeirri stækkun samkeppnissjóða sem ríkisstjórnin stefnir að á kjörtímabilinu — ég minni á að við ætlum að auka framlög til Vísinda- og tækniráðs og tæknisjóða um 1 milljarð kr. — er fjölgað tækifærum sem munu ekki síst nýtast þeim vísindamönnum sem starfa hjá Reykjavíkurakademíunni. Ég átti mjög góðan fund í morgun með forsvarsmönnum Reykjavíkurakademíunnar og þar tóku þeir einmitt undir þessi atriði.

Það er mat ráðuneytisins að besti stuðningur við þessa starfsemi sé að veita keppni til samkeppnissjóða sem þetta fólk getur þá keppt um innbyrðis og við önnur svið vísinda og fræða til að tryggja að bestu verkefnin njóti stuðnings af opinberu fé.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúin til að beita mér fyrir áframhaldandi rekstrarframlagi til Reykjavíkurakademíunnar. Eins og ég kom inn á áðan átti ég vel heppnaðan fund með forsvarsmönnum Reykjavíkurakademíunnar þar sem við fórum yfir þeirra mál og ég gerði þeim grein fyrir þeirri aðstöðu sem ég er í núna. Að sjálfsögðu mun ég reyna að beita mér fyrir því að rekstrarumhverfi þeirra og almennt starfsumhverfi verði tryggt. Hvort það verður í formi þjónustusamnings, því vil ég ekki lofa hér og nú. Þá væri ég að lofa upp í ermina á mér og það er nákvæmlega það sem ég hef sagt við þá. En ég hef allan skilning á starfi þeirra sem þar starfa, enda styður það mjög við þá þróun sem við höfum verið að beita okkur fyrir í háskólasamfélaginu, einmitt að tryggja sem mest frelsi innan háskólasamfélagsins og hafa sem fjölbreyttasta flóru af m.a. sjálfstætt starfandi fræðimönnum.

Tækifærin eru mýmörg til þess að tengja Reykjavíkurakademíuna við annaðhvort háskóla eða háskólanámssetur eins og hv. þm. Mörður Árnason gat réttilega um þó að þeir færu nú ekki inn í háskóla á Vestfjörðum sem er ekki stofnaður. Það yrði þá frekar háskólanámssetur á Vestfjörðum eða eitthvað því um líkt sem þeir gætu stutt við uppbyggingu á. Þeir hafa, held ég, bæði þekkingu og styrk til þess að koma vel að slíkum málum.

Ég mun halda áfram að vera með málefni Reykjavíkurakademíunnar uppi á borðum hjá mér en get í bili ekki annað sagt en að í dag muni ég beita mér áfram fyrir rekstrarframlagi til Reykjavíkurakademíunnar.

[14:22]

Ásgeir Friðgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hlý orð í garð Reykjavíkurakademíunnar. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir íslensk stjórnvöld að styðja vel við þann sjálfsprottna rannsóknarkraft sem þar býr. Það er rétt að hafa í huga að rannsóknarstofnanir sem heyra undir menntmrn.

skipta tugum. Ég held ég fari nærri með að þær séu á fjórða tug og ég held að það sé afar mikilvægt að ráðherra endurskoði hvernig stjórnvöld styðja við rannsóknarstarf á því sviði. Það gleður mig jafnframt að ráðherra skuli hafa áhuga á því að styðja og styrkja enn frekar samkeppnissjóði því að ég veit að það góða starf sem unnið er í Reykjavíkurakademíunni mun nýta þá möguleika sem auknir samkeppnissjóðir munu gefa. Það er þannig að okkar besta vísindafólk hlýtur samkeppnissjóðina og því tek ég heils hugsar undir þau orð ráðherra að styðja við þá.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður þakka menntmrh. fyrir jákvæð svör og hlýjan hug. Ég get ekki annað en tekið eftir því að við virðumst vera öll þrjú nokkuð sammála um gagnsemi Reykjavíkurakademíunnar.

Ég vil hins vegar segja að ég tel eðlilegra að stofnun eins og Reykjavíkurakademían, sem er nú félag reyndar enn þá en stofnun svona í félagsfræðilegum skilningi, geri þjónustusamning við opinbera aðila, borg og ríki heldur en að hún fái þaðan beint rekstrarframlag því ekki er um það að ræða og á ekki að vera að hún verði einhvers konar opinber stofnun heldur einmitt að störf hennar í samfélagsþágu séu viðurkennd annars vegar og hins vegar að henni séu falin tiltekin verkefni á vegum hinna opinberu aðila, ríkis og auðvitað borgar líka því að Reykjavíkurakademían styrkir ekki síður menningar- og vísindastarf hér á svæðinu og þar með auðvitað allt landið.

Ég fagna því svo sérstaklega að hæstv. ráðherra skuli taka upp þessa hugmynd, sem var nú bara hugmynd mín en kannski líka fleiri, um að Reykjavíkurakademían verði háskóli á Vestfjörðum að nokkru leyti. Við náum greinilega bara saman um þetta og styrkjum menningu og vísindi hér í gegnum stofnanir eins og Reykjavíkurakademíuna.

[14:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að fara að togast á um hugmyndir en hugmyndin um Vestfirðina og uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum kom einmitt upp á þessum ágæta fundi okkar í morgun með forsvarsmönnum Reykjavíkurakademíunnar þar sem við leyfðum okkur að fara í svona ákveðið hugarflug um hvar hægt væri að efla og styrkja betur háskólanám á landsbyggðinni. Þar tókum við Vestfirðina inn í. Ég tel einmitt Reykjavíkurakademíuna hafa alla burði til þess að efla og styrkja það nám.

Eins og ég gat um áðan og m.a. í ljósi þeirra lögbundnu skyldna sem hvíla á menntmrn. er okkur einfaldlega þröngur stakkur sniðinn núna varðandi fjárframlög til frjálsra félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana. Ég vil benda mönnum á að við erum núna að reyna að efla Tækniháskólann. Við gerðum Tækniskólann að háskóla árið 2000 og það er núna í ár sem þessi mörg hundruð manna skóli er að fá grunnframlag til rannsókna upp á 25 milljónir. Það er rétt rúmlega helmingi meira en það sem Reykjavíkurakademían er að fá. Ég held því að ef við reynum að skoða myndina heildstætt þá verðum við að sinna náttúrlega mörgum háskólastofnunum og reyna að styrkja og efla þær eins og við getum.

Ég get líka í sjálfu sér tekið undir það sem hefur komið hér fram að sér í lagi þegar um svona umfangsmikið starf á fræðasviðinu er að ræða eins og gengur og gerist innan Reykjavíkurakademíunnar þá er heppilegra að þetta verði í formi þjónustusamnings því eins og aðstæður eru núna höfum við ekki burði til þess að setja fram nægilega stöndugan, ef maður getur komist svo að orði, þjónustusamning við Reykjavíkurakademíuna. En ég mun eftir sem áður beita mér fyrir því að rekstrarframlagið verði nægilegt til þess að þeir geti haldið starfsemi sinni úti.

Fyrirtæki sem framleiða sjónvarpsefni.

Fsp. ÁF, 685. mál. — Þskj. 1014.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Friðgeirsson):

Virðulegi forseti. Alþjóðavæðing fjölmiðla hefur skapað stóran markað fyrir sjónvarpsefni hvaðanæva að. Á þessum markaði hafa Íslendingar því miður fyrst og fremst verið þiggjendur, innlend dagskrárgerð fyrir sjónvarp stendur veikum fótum. Sjóður sem styrkja á gerð á leiknu íslensku sjónvarpsefni fékk á síðasta ári 15 millj. kr. til ráðstöfunar og ríkissjónvarpið keypti frá sjálfstæðum framleiðendum íslenskt efni fyrir samtals 58 millj. kr. á árinu 2003. Rétt er að geta þess að stærsti hluti innlendrar dagskrárgerðar er hins vegar unninn innan veggja RÚV og má ekki með neinum hætti gera lítið úr því ágæta starfi.

Á Íslandi í dag skiptir hundruðum það unga fólk sem hefur menntun, hæfileika, reynslu og kunnáttu á sviði sjónvarpsmyndagerðar og það hungrar eftir verkefnum. Þetta eru framleiðendur, leikstjórar, tökumenn, hönnuðir, hljóðmenn, ljósamenn, klipparar, leikarar, tónskáld, hljóðfæraleikarar og svo mætti áfram telja. Þessi auðlind okkar er í dag vannýtt.

Staða fyrirtækja í framleiðslu á sjónvarpsefni hefur verið slæm lengi. Stefnumótun stjórnvalda hefur engin verið og opinberir stuðningssjóðir veikir. Helsta von þessara fyrirtækja hefur verið að ríkissjónvarpið tæki myndir þeirra til sýninga.

En nú virðist steininn hafa tekið úr. Samkvæmt nýlegum fréttum fjölmiðla er svo komið að það litla fé sem ríkissjónvarpið hefur til kaupa á innlendu efni er uppurið fyrir þetta ár. Stjórnendur RÚV hafa lýst því yfir að þeir muni halda að sér höndum við innkaup á innlendu efni. Í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi vísaði hæstv. iðn.- og viðskrh. vanda fyrirtækja í framleiðslu á sjónvarpsefni alfarið yfir á hæstv. menntmrh. Viðskrh. deildi áhyggjum af alvarlegri stöðu þessara nýsköpunargreina og hvatti til þess að hæstv. menntmrh. yrði spurð um stöðu greinarinnar.

Því er spurt: Telur ráðherra þörf á sérstökum aðgerðum til stuðnings fyrirtækjum sem framleiða sjónvarpsefni í ljósi þess að helsti kaupandi efnis, ríkissjónvarpið, hefur lýst því yfir að fyrirtækið muni halda að sér höndum við kaup á íslensku dagskrárefni það sem eftir lifir ársins 2004?

[14:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Í reglugerð um Kvikmyndasjóð er gert ráð fyrir að fjárveitingar úr sjóðnum renni til undirbúnings og framleiðslu þriggja tegunda kvikmynda- og sjónvarpsefnis, þ.e. til leikinna kvikmynda í fullri lengd, til heimildar- og stuttmynda og til leikins sjónvarpsefnis. Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs árið 2004 eru um 313,4 millj. kr. Ef litið er til þess efnis sem framleitt er, m.a. til sýninga í sjónvarpi, eru veittar 100 millj. kr. til heimildar- og stuttmynda og 15

millj. kr. til leikins sjónvarpsefnis. Framlög til síðastnefnda þáttarins voru fyrst veitt í fyrra því að ráðuneytið taldi nauðsynlegt að styðja þennan þátt íslenskrar kvikmyndagerðar, enda fellur það að stefnu stjórnvalda að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu hér á landi.

Eins og fram hefur komið er Ríkisútvarpið stærsti kaupandi íslensks sjónvarpsefnis. Það hefur hins vegar ekki lýst því yfir að það muni halda að sér höndum við kaup á íslensku dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum það sem eftir lifir árs 2004, eins og fullyrt hefur verið, heldur aðeins að það muni halda að sér höndum þar til fjárhagsstaða þess verður skýrari. Sjónvarpið hefur þegar keypt mikið efni sem bíður sýningar auk þess sem það hefur gert samninga við framleiðendur um kaup á leiknu efni sem er í framleiðslu eða á undirbúningsstigi. Samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins er búist við að svipuð fjárhæð verði veitt á yfirstandandi ári til innkaupa á íslensku dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum og verið hefur undanfarin ár. Hugsanlega verður um að ræða mjög óverulegan niðurskurð en það skýrist þegar líður á árið. Fullyrðing um að sjónvarpið hyggist draga verulega úr innkaupum virðist því ekki eiga við rök að styðjast. Ráðuneytið hefur engin áform uppi um að veita fé til þeirra fyrirtækja sem framleiða íslenskt sjónvarpsefni umfram það sem þegar hefur verið veitt í Kvikmyndasjóð, enda vandséð með hvaða hætti það ætti að vera.

Eins og fram hefur komið renna um 115 millj. kr. í sjóði sem sjálfstæðir framleiðendur geta sótt í og ætlaðir eru til þróunar og framleiðslu efnis sem hæfir m.a. til sýninga í sjónvarpi. Ef tekið er meðaltal síðustu fimm ára varði sjónvarpið að jafnaði 110 millj. kr. á ári til kaupa á innlendu efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þessar tölur eru án virðisaukaskatts.

Þá er ótalin sú dagskrá sem sjónvarpið framleiðir sjálft. Til fróðleiks má einnig geta þess að Nordisk Film- og TV-Fond veitti á árunum 1994–2003 sjálfstæðum íslenskum framleiðendum 24.667 þús. danskar kr., þ.e. tæplega 290 millj. kr., í framleiðslustyrki til stutt- og heimildarmynda, kvikmynda og sjónvarpsþátta sem sýndir hafa verið í sjónvarpinu á síðustu árum.

Í þessari umræðu, herra forseti, er nauðsynlegt að geta þess að það er ekki aðeins Ríkisútvarpið sem kaupir efnið frá sjálfstæðum framleiðendum. Svo virðist sem hinar sjónvarpsstöðvarnar hafi tilburði til að auka innkaup og framleiðslu eigin efnis. Að öllu samanlögðu verður því að telja að ástand þessara mála sé vel viðunandi þótt vissulega séu alltaf óskir um meira fjármagn og færa megi rök fyrir því að efla beri enn frekar framleiðslu innlends sjónvarpsefnis. Ég held að allir geti tekið undir að það sé hægt og það megi auka enn frekar þessa framleiðslu en ástand mála er engu að síður nokkuð viðunandi.

Ráðuneytið hefur áform um að auka fjárveitingar til framleiðslu leikins sjónvarpsefnis þótt ekki liggi fyrir á þessari stundu nákvæmlega hvort það verði með undirbúningi fjárlaga fyrir næsta ár eða síðar.

[14:34]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða það málefni sem kannski kalla má týnda hlekkinn í íslenskri menningarstarfsemi, innlenda sjónvarpsgerð, og vantar verulega bót þar á. Það beinir sjónum að því hvað er til úrbóta og margt kemur upp í hugann, t.d. má nefna reglur Kvikmyndasjóðs sem bjóða upp á þann skrípaleik sem átti sér stað og opnaði augu margra í fyrra, þegar myndin Opinberun Hannesar rataði alla leið í Háskólabíó þar sem örfáir sáu hana. Samkvæmt reglum var hún bundin af því að vera sýnd í bíói þó að hún væri augljóslega framleidd fyrir sjónvarp, enda töldu margir fagmenn að þarna væri um að ræða mynd sem varla stæði undir því að vera bærilegt heimabíó.

Í öðru lagi ber að nefna umsvif RÚV á auglýsingamarkaði. Verða menn ekki að takmarka þau umsvif að einhverju leyti til að hleypa lífi í einkarekstur ljósvakamiðlanna þannig að þeir hafi umsvif til að athafna sig og geti bæði framleitt og keypt innlent sjónvarpsefni? Staða þeirra er svo þröng á örmarkaði okkar að þeir geta það ekki í dag.

[14:36]

Mörður Árnason:

Forseti. Eitt af því sem hér er að er að hlutverk Ríkisútvarpsins er langt frá því að vera nægilega vel skilgreint og það hefur í raun og veru ekkert verið fengist við að skilgreina hlutverk og stöðu Ríkisútvarpsins frá því að það var losað við einokun sína á næstsíðasta áratug. Það á auðvitað að vera eitt af helstu hlutverkum Ríkisútvarpsins að kaupa og efla innlenda framleiðslu af bæði leiknu efni og öðru. Við það hefur það því miður ekki getað fengist vegna þess að það er bundið af öðru. Það er bundið af grimmri samkeppni á markaði þar sem því er ætlað að vera í raun og veru bara ein stöðin enn í staðinn fyrir að bera höfuð og herðar yfir stöðvarnar með ákveðinni stefnumótun, með ákveðinni leiðsögn og forustu sem ekki hefur gengið í tíð þeirra menntmrh. sem setið hafa síðan, flestra úr Sjálfstfl. Það er kominn tími til að undinn verði bráður bugur að því að breyta því.

[14:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er miklu mikilvægara mál en margir mundu halda vegna þessarar litlu fyrirspurnar. Þetta er mál sem snýst um menningu, möguleika fagfólks í greininni og þetta er mál sem svo sannarlega snýst um viðhorf stjórnvalda til framleiðslu sjónvarpsefnis.

Ég á sæti í Norræna menningarsjóðnum og ég kvaddi mér hljóðs til að nefna að ég hef auðvitað orðið vör við að það hefur mjög aukist að verið sé að sækja þangað inn eftir stuðningi við smærri myndir og sjónvarpsefni af ýmsu tagi. Þar sem sjóðurinn hefur ekki mikla fjármuni er núna búið að taka ákvörðun um að sinna ekki slíkum verkefnum. Þarna er enn einn staður í raun og veru búinn að loka og það verður að horfa á það að möguleikarnar eru heima, stuðningurinn þarf að vera heima.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Friðgeirsson):

Herra forseti. Það veldur mér vonbrigðum hversu vel hæstv. menntmrh. virðist una því ástandi sem ríkir á þessu sviði hér á landi nú um stundir. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra líkt og hjá mér að um 15 millj. kr. hefði verið varið á síðasta ári til leikins efnis. Það jafngildir tugum síðna í útgáfuefni forsrh. af tilefni heimastjórnarafmælis.

Eitt er að bera ekki skynbragð á mikilvægi sjónvarps í nútímamenningu og nauðsyn sögulegrar og þjóðlegrar viðspyrnu á tímum aukinnar alþjóðavæðingar og annað að skilja ekki þann veigamikla þátt sem menning, einkum dægurmenning, hefur í atvinnulífi þróaðra þjónustusamfélaga. Tónlist, sjónvarpsefni og kvikmyndir eru stórar útflutningsgreinar í mörgum nærliggjandi löndum. Menning eykur öðrum útflutningsgreinum byr á öðrum mörkuðum. Björk og 101 Reykjavík hafa trúlega gert meira fyrir íslenska

ferðaþjónustu en öll ráðuneyti núv. forsrh. frá 1991. Það er mikilvægt að fá fram hjá hæstv. menntmrh. hvort hann sé sáttur við hlut innlendrar dagskrárgerðar í íslensku sjónvarpi.

Það var ánægjulegt að heyra að til stendur að auka fjármagn til þessarar greinar. En þá vil ég vitna, með leyfi hæstv. forseta, í grein eftir flokksbróður hæstv. menntmrh. og fyrrum borgarstjóra Sjálfstfl., Markús Örn Antonsson. Hann segir, með leyfi:

„Ráðamenn hafa við hátíðleg tækifæri gefið fögur fyrirheit um eflingu innlends sjónvarpsefnis. Minna hefur orðið úr framkvæmdum."

Þessi málaflokkur hefur heyrt undir Sjálfstfl. í hartnær tvo áratugi. Megum við að þessu sinni vonast til þess að menntmrh. Sjálfstfl. muni efna loforð sín?

[14:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að tala um menningu og menningarmál því að ég fullyrði að menningin hafi aldrei blómstrað jafn vel og mikið og nú um stundir í íslensku samfélagi. Við erum að tala um menntmrh. og menningarmálaráðherra undanfarinna ára og þegar maður lítur yfir menningarlíf landans má með sanni segja að ég geti verið stolt yfir að vera menntmrh. og vera eftirmaður flokksmanna minna sem hafa setið á þessum stóli (Gripið fram í.) því að þeir hafa vissulega staðið sig vel. Ég vil m.a. minnast á að því framlagi sem var aukið og sett í kvikmyndir fyrir 4–5 árum var fagnað gjörvallt af kvikmyndagerðarmönnum og fleiri listamönnum því að þá var um stóraukið framlag fjármagns til kvikmyndagerðar á landinu að ræða. Það var mikil innspýting í þá merku listgrein.

Við erum að tala um RÚV og ég vil draga það inn í umræðuna sem ég hef áður sagt á þessum vettvangi og ítreka það hér með að inni í þessu er náttúrlega stóra uppstokkunin sem er endurskipulagning á starfsemi RÚV. Velta RÚV er um 3,3 milljarðar. Ég veit það sjálf sem fyrrum starfsmaður Ríkisútvarpsins að þar eru margir góðir hlutir gerðir og margt gott og vandað starfsfólk sinnir dagskrárgerð en það má gera eitt og annað varðandi innra skipulag Ríkisútvarpsins. Það hef ég sagt áður, og ég mun beita mér fyrir því að RÚV verði endurskipulagt með það fyrir augum að auka fjármagn innan Ríkisútvarpsins til innlendrar dagskrárgerðar og dagskrárkaupa, þar með talið sjónvarpsefnis.

Speglunaraðgerðir í hnjám.

Fsp. RG, 532. mál. — Þskj. 807.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. heilbrrh. um viðbrögð hans við fjölda og miklum kostnaði vegna speglana á hnjáliðum með holsjá og hvort ráðuneytið hafi látið kanna ástæður og þörf fyrir þennan mikla fjölda hátækniaðgerða. Tilefni fyrirspurnarinnar er umfjöllun í Speglinum, ágætum fréttaþætti Ríkisútvarpsins, í lok janúar. Þar var kastljósi beint að markvissri rannsókn sem virt læknablað, New England Journal of Medicine, greindi frá um árangur af þessum aðgerðum. Niðurstaða bandarísku læknanna var að slíkar aðgerðir hefðu enga þýðingu þar sem jafnstórt hlutfall náði bata, hvort sem um var að ræða einungis skinnsprettu á hné eða raunverulegar aðgerðir. Þetta varð til þess að opinber þarlend tryggingastofnun ákvað að slík aðgerð yrði ekki greidd úr opinberum sjóðum og einhver einkarekin tryggingafyrirtæki ákváðu að hafa sama hátt á.

Ég vil undirstrika að með þessari fyrirspurn er ekki verið að leggja það til að draga úr möguleikum fólks á að fá bót meina sinna en umfjöllun þessi vakti upp margar spurningar og er þess vegna tekin til umræðu á hv. Alþingi. Hér eru samkvæmt fréttinni gerðar um það bil 1.700 speglanir ár hvert og á síðustu þremur árum hefur kostnaður við þessar hnjáaðgerðir nálgast hálfan milljarð kr. ef upplýsingar sem þarna komu fram eru réttar. Aðgerðirnar eru oftast gerðar á stofum úti í bæ enda tiltölulega einfaldar.

Þegar rætt var við Sigurð Guðmundsson landlækni um málið nefndi hann m.a. þýðingu þess að hér kæmist á rafræn sjúkraskrá með samtengingu heilbrigðisstofnana og stofa úti í bæ í sameiginlegt upplýsingakerfi og þá yrðu menn hæfari til að telja saman aðgerðir og meta árangur þeirra.

Nú ber svo við að sú er hér stendur og hæstv. heilbrrh. hafa nýverið rætt undirbúning rafrænnar sjúkraskrár og ljóst er að nokkur ár eru í að hún verði að veruleika. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh.:

Hvernig metur hann þessi mál? Hafa þau verið skoðuð í ráðuneytinu og hvert er útlitið með þann mikla fjölda aðgerða sem virðast hafa orðið til með hinum mikla og beina aðgangi að sérfræðingum?

[14:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur beint til mín spurningu um speglunaraðgerðir á hnjám með holsjá og spyr hver séu viðbrögð ráðherra við fjölda speglunaraðgerða á hnjám með holsjá og miklum kostnaði, hvort ráðuneytið hafi látið kanna ástæður og þörf fyrir þennan mikla fjölda hátækniaðgerða.

Nýverið var í fjölmiðlum nokkur umfjöllun um rannsókn sem gerð var á árangri á mismunandi aðgerðum vegna slitgigtar í hnjám þar sem ýmsum liðspeglunaraðgerðum var beitt. Bentu niðurstöður rannsóknarinnar til þess að aðgerðir gerðu takmarkaðra gagn en áður hafði verið talið við ákveðinn flokk aðgerðanna. Fram að því höfðu allmargar rannsóknir áður bent til að slíkar aðgerðir gætu dregið úr sársauka. Síðan hefur mikil umræða átt sér stað um þessar niðurstöður, einkum meðal bæklunarlækna víða um heim. Landlæknisembættið hefur rætt við bæklunarlækna hér á landi um málið og vakið athygli á rannsókninni og niðurstöðum hennar. Þá munu bæklunarlæknar einnig hafa fjallað um rannsóknina í sínum hópi og verið áfram í samskiptum við landlæknisembættið um þann lærdóm sem af rannsókninni má draga.

Nokkuð erfitt er að fá upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins um fjölda þeirra aðgerða sem eingöngu falla undir þann flokk sem rannsóknin fjallaði um. Upplýsingar eru ekki haldbærar um svo nákvæmar ábendingar aðgerðanna. Eftir því sem næst verður komist má þó áætla að aðgerðafjöldi af þessum toga hafi verið á árinu 2001, 435, árið 2002, 595 og árið 2003 um 700. Frekar má taka fram í þessu tilefni að liðspeglunartæknin hefur gerbreytt allri aðkomu við rannsóknir og aðgerðir á stórum liðum þar sem áður þurfti að gera opnar aðgerðir með meiri áhættu á fylgikvillum, lengri batatíma o.fl.

Eins og áður hefur komið fram hefur landlæknisembættið þegar vakið athygli á niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar.

Embættið hefur einnig lagt til að bætt verði úr skráningu á þeim aðgerðum sem Tryggingastofnun greiðir fyrir þannig að auðveldari verði nánari flokkun aðgerða eftir sjúkdómum. Mun landlæknisembættið vinna að frekari tillögum um slíka breytta skráningu sem mundi auðvelda að fylgjast með árangri, umfangi og fjölda einstakra undirflokka aðgerðanna. Landlæknisembættið mun áfram verða í viðræðum við forustumenn bæklunarlækna og hefur í bígerð að ganga frá leiðbeiningum til að vekja frekari athygli á þessum nýju upplýsingum.

Herra forseti. Ég vona að þessar upplýsingar svari fyrirspurn hv. þm.

[14:48]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir fyrirspurnina og ráðherra fyrir svarið. Það sem mig langaði að hnykkja á var þetta verðuga verkefni landlæknis að vinna að frekari tilhögun um slíka skráningu þannig að hægt sé að fylgjast með umfangi, fjölda og síðast en ekki síst árangri. Það er alveg ljóst af svari hæstv. ráðherra að það hefur ekki skort fjármagn til þessa. Aðgerðirnar hafa næstum því aukist um helming á milli tveggja ára. Eftirspurnin byggist vitaskuld á því að fólk taldi sér trú um að þetta gæti linað sársauka, það væri árangur af aðgerðunum. Maður hlýtur að spyrja sig hvort ekki sé verðugt að vera með frekari rannsóknir á þessu sviði þannig að við séum að veita fjármagn í heilbrigðiskerfið þangað sem brýnust þörfin er fyrir það.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Það vakna auðvitað spurningar um það hvort við höfum sofið á verðinum með einmitt að halda utan um aðgerðir, halda utan um árangur aðgerða. Í þingsalnum er aftur og aftur búið að ræða í mikilli alvöru um kostnað í heilbrigðiskerfinu, um sparnað í heilbrigðiskerfinu en þegar upp er staðið áttum við okkur á því að meginvandinn er sá hve við höfum litla yfirsýn, hvað er verið að gera hvar.

Það vaknar líka spurning m.a. um það sem ég nefndi áðan, hvort þær mörgu aðgerðir tengist beinum aðgangi sjúklinga að sérfræðingum, hvort þeir séu að velja virkustu leiðina að þeirra mati strax í stað þess að fara annað fyrst og hvort staða heilsugæslunnar sé þarna áhrifavaldur. Mér finnst að við eigum að staldra við það og beini þeim orðum til hæstv. heilbrrh.

Getur verið að auðveldari aðgangur að læknum Heilsugæslunnar mundi e.t.v. verða til þess að aðrar leiðir væru reyndar? Því í sumum tilfellum snýst þetta um holsjáraðgerðir vegna slitgigtar en ekki eingöngu vegna slitgigtar ef marka má umfjöllunina og rannsóknina. Hvort e.t.v. ætti að reyna aðrar og ekki eins dýrar aðferðir fyrst og jafnvel mætti ná jafngóðum árangri þannig, miðað við að í niðurstöðu rannsóknarinnar er ekki marktækur munur á árangri vegna aðgerðar á lítilli skinnsprettu á helmingi þeirra er tóku þátt í rannsókninni og hins vegar á mikilli holsjárskoðun.

Það er í raun og veru staðreynd, virðulegi forseti, að sérfræðingar eru farnir að iðka heimilislækningar. Það er ekki sú leið sem við eigum að fara, með fullri virðingu fyrir þeim. Við þurfum að efla heilsugæsluna og það tel ég eitt stærsta verkefnið og áhugavert að heyra hvað hæstv. heilbrrh. segir um það.

[14:52]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi velti því fyrir sér hvort við hefðum sofið á verðinum varðandi þessi mál. Ég vil vara við því að draga alhliða ályktanir af því þó slíkar niðurstöður rannsókna komi. Þær eru mun víðtækari í heilbrigðiskerfinu og sem betur fer leiða þær athyglisverðar niðurstöður í ljós. Það er aðalatriðið fyrir okkur að draga af þeim lærdóma.

Ég tek undir að vissulega verðum við að framkvæma aðgerðir og þjóna í heilbrigðiskerfinu á ódýrari stigum. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það þarf að efla heilsugæsluna, einkanlega á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hefur heilsugæslan ekki verið í stakk búin að mínu mati til að taka upp tilvísanakerfi. Ég hef ekki tekið upp áform um það aftur en við höfum lagt allt kapp á að efla heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu og munum opna heilsugæslustöð væntanlega á þessu ári í Voga- og Heimahverfi. Við erum nýbúin að opna heilsugæslustöð í Kópavogi. Vonandi getum við komið af stað heilsugæslustöð í lok ársins í Hafnarfirði. Það miðar því í þessa átt og sem betur fer er meiri eftirspurn eftir námsstöðum í heilsugæslunni en verið hefur lengi. Ég tel því að ekki sé svo svart fram undan í þessu en það þarf að efla heilsugæsluna og æskilegt væri að þar væri fyrsti viðkomustaður í kerfinu. Hins vegar þurfum við að draga lærdóma af þessari athyglisverðu rannsókn sem hefur borist upp í hendurnar á okkur.

Framtíð sjúklinga á Arnarholti.

Fsp. MF, 646. mál. — Þskj. 963.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í niðurskurðar- og hagræðingartillögum Landspítala – háskólasjúkrahúss kemur fram að ætlunin er að loka Arnarholti og flytja þá sjúklinga sem þar eru á aðra staði og er sjúkradeildin að Kleppi nefnd í því tilliti fyrir yngri sjúklinga sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða, en Landakot fyrir þá sem eldri eru.

Síðastliðið haust lögðu stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss niður rekstur sem verið hafði að Gunnarsholti í Rangárvallasýslu og hluti þeirra sjúklinga sem þar dvöldu var fluttur að Arnarholti, enda eru í sjálfu sér engar forsendur fyrir því að Landspítali – háskólasjúkrahús reki langlegudeild eins og þá sem var að Gunnarsholti. En það sama má e.t.v. segja um þann rekstur sem er á Arnarholti. Stærsti hluti þeirra sjúklinga sem þar dvelja, jafnvel allir, ættu að fá félagslega búsetu- og umönnunarþjónustu.

Fyrir stuttu heimsótti þingflokkur Samf. Landspítala – háskólasjúkrahús og kynnti sér þá starfsemi sem þar fer fram. Meðal annars heimsóttum við Arnarholt. Augljóst er að hugsað er afar vel um þá einstaklinga sem þar dvelja og sumir hafa, eftir að hafa dvalið þar árum saman, farið að líta á staðinn sem heimili sitt og starfsfólk og sjúklinga sem heimilisfólk sitt.

Landspítali – háskólasjúkrahús er hátæknisjúkrahús og eins og áður sagði vandséð að rekstur eins og sá sem er að Arnarholti sé í verkahring Landspítala – háskólasjúkrahúss og því eðlilegt að niðurskurðar- og hagræðingaraðgerðir stjórnar sjúkrahússins feli í sér að leggja reksturinn af. Engu að síður verður að huga vel að því hvaða úrræði eru til staðar

fyrir fólkið sem þar dvelur og þarf frekar á félagslegum úrræðum að halda en þjónustu hátæknisjúkrahúss. Umhverfið að Arnarholti er frábært og örugglega hægt að byggja þar upp enn frekar með tilliti til þeirrar þjónustu sem einstaklingarnir þurfa. En að mati fagfólks sem þarna starfar hafa flestir góða möguleika á að fara í önnur búsetuúrræði en þau verða þá að vera til staðar. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hversu margir sjúklingar verða fluttir frá Arnarholti?

2. Hversu mörgum þeirra gætu nýst félagsleg úrræði eins og t.d. sambýli?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir slíkum úrræðum áður en sjúklingarnir verða fluttir frá Arnarholti?

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um framtíð sjúklinga á Arnarholti, en sem kunnugt er hefur í tillögum Landspítala – háskólasjúkrahúss mátt sjá tillögu um að breyta verulega starfseminni á Arnarholti og ná þar með nokkurri rekstrarlegri hagræðingu. Er þar gert ráð fyrir flutningi vistmanna til annarra deilda eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, svo sem legudeildar á Landakoti eða til Kleppsspítala. Af hálfu Landspítalans hefur verið lagt mat á aðgerðina, m.a. um aukin félagsleg úrræði fyrir suma þessa einstaklinga.

Vegna tillagna Landspítalans ákvað ég að setja á laggirnar starfshóp til að fara yfir og fjalla um þá starfsemi og þá skjólstæðinga sem nú vistast í Arnarholti. Hópnum er einnig ætlað að gera svipaða athugun á þeim sem vistuðust á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Kópavogi og fá þar meðferð. Hópurinn skyldi sérstaklega skoða tengsl og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu einstaklinganna og með hvaða hætti þjónustunni væri best fyrir komið.

Hópnum var einnig ætlað að skoða frekari möguleika um framtíðaruppbyggingu á báðum stöðunum, þ.e. bæði í Arnarholti og Kópavogi. Er þar horft bæði til hugsanlegrar þjónustu á sviði heilbrigðismála og félagsmála. Hópurinn hefur þegar tekið til starfa og hefur í upphafi einbeitt sér að málum einstaklinganna og starfseminni í Kópavogi.

Ég á von á því að nú muni hópurinn snúa sér að því að skoða málefni einstaklinganna í Arnarholti en ljóst er að í tillögum Landspítalans er gert ráð fyrir að allir vistmenn yrðu færðir frá Arnarholti. Í ljósi þess að áðurnefndur starfshópur mun skoða málið nánar tel ég ekki rétt að geta nánar á þessu stigi um þann fjölda einstaklinga sem gæti notað hin ýmsu úrræði sem í boði eru og geta verið, en ljóst er að leitað mun allra ráða til að finna bestu möguleg úrræði fyrir hvern og einn og þar með talin félagsleg úrræði.

Ég vil bæta því við að málin eru í skoðun og starfshópurinn mun einbeita sér að þeim, þannig stendur málið því núna. Ég vona að þetta upplýsi hv. þm. um stöðuna eins og hún er og vonandi verða nánari fréttir af málinu innan tíðar.

[15:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg óþolandi hvernig haldið er á þessum málum. Á sínum tíma, fyrir fjölmörgum árum, var samþykkt tillaga á Alþingi um að fara yfir félagsleg verkefni sem enn þá héngu undir heilbrigðiskerfinu frá fyrri tíma og flytja þau sem þyrfti yfir til félmrn. Sú nefnd dó drottni sínum með blessun hæstv. forsrh. Það hefur mörgum sinnum gerst og því miður hafa það verið heilbrigðisráðherrar Framsfl. sem hafa látið það gerast að loka slíkum stofnunum í þrengslum sínum í fjárlagagerðinni. Þannig var það með *vistheimilið Bjarg, vistheimili barna við Kleifarveg* og þannig er það núna með Arnarholt að ég tali ekki um hve seint hefur gengið að ganga frá málum íbúa á Kópavogshæli. Af hverju er ekki hægt að gera þetta með sóma? Af hverju er ekki hægt að setjast niður tímanlega, tveir ráðherrar frá sama flokki, og ákveða hvernig þetta eigi að vera án þess að þetta gerist æ ofan í æ?

[15:01]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Það er ljóst að sú vinna sem starfshópnum sem hæstv. heilbrrh. nefndi áðan hefur verið falið, eru viðbrögð við aðgerðum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, hagræðingaraðgerðum þar. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst sérstakt fagnaðarefni að þarna séu fulltrúar þessara ráðuneyta, auk fjmrn. og Landspítala, að setjast yfir þetta viðfangsefni. Og það sem mér finnst sérstakt ánægjuefni er að sú vinna miðar að því að leita að og finna úrræði og lausnir, einstaklingsmiðuð úrræði og lausnir fyrir þessa einstaklinga.

Það sem ég vildi kannski halda til haga í umræðunni er að enda þótt þetta þýði breytingar er ekki endilega sjálfgefið, eins og oft má merkja í umræðunni, að þær séu til hins verra. Ég sé fyrir mér að þær gætu orðið til bóta með auknum félagslegum úrræðum sem allir eru sammála um að henti hugsanlega þessum hópi sjúklinga betur en þau úrræði sem *þeir hafa verið í*.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég fagna því að það skuli vera búið að setja á laggirnar starfshóp sem á að taka sérstaklega á málum þessara einstaklinga, þess hóps sem býr í Arnarholti og athuga með framtíðarbúsetuúrræði fyrir þann hóp.

En ég vil hins vegar taka undir það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan. Það er alltaf svolítið seint í rassinn gripið. Auðvitað er, eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz kom inn á, verið að bregðast við viðbrögðum stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss sem taka þá ákvörðun, þegar þeim er gert að skera niður og hagræða, að taka fyrst og fremst út þá starfsemi sem e.t.v. á ekki heima inni á hátæknisjúkrahúsi, en viðbrögðin eru samt fyrst og fremst vegna aðgerða stjórnvalda eða ákvarðana sem teknar eru á Alþingi, sem fer með fjárveitingavaldið.

Ég vildi gjarnan geta spurt, virðulegi forseti, tvo hæstv. ráðherra í einu því einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni að það sé svo að ef hægt er að tala um bæði framlög til ýmissa heilbrigðisstofnana og hópa eins og þarna er um að ræða að þá þurfi kannski fyrst og fremst að ræða við hæstv. fjmrh. um þær fjárveitingar, rammafjárveitingar sem fara til heilbrrn., því allt stýrist þetta af því. Og Alþingi, hv. þingmenn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, hafa ekki haft kjark í sér til að breyta einni einustu tillögu sem frá ríkisstjórninni kemur. Þar þarf alltaf að biðja um leyfi og síðan er hægt að vísa ábyrgðinni yfir á stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss.

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er athyglisvert í umræðunni að ljóst er að stuðningur er við það hjá þeim sem hafa talað, að félagsleg verkefni eigi ekki heima á hátæknisjúkrahúsi. Hins vegar talaði hv. 4. þm. Suðurl. með nokkrum æsingi um það

að ekki væri búið að leysa úr öllum málum. Það er alveg rétt, það er ekki búið. Ég vil hins vegar fullvissa hv. þm. um að það er ágætissamstarf milli félmrn. og heilbrrn. um þessi mál og gott samstarf um að vinna saman að þeim. En það er ekkert einfalt mál. Það eru mörg grá svæði milli ráðuneytanna. Það er því ljóst að vanda þarf til þessa verks af því að þarna er verið að fjalla um ofurviðkvæm mál, einstaklingsbundin í mörgum tilfellum. Við höfum fullan vilja til að vinna að þessu og eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. s. eiga þrjú ráðuneyti fulltrúa í starfshópnum auk spítalans af því að hann er með starfsemi í Arnarholti enn þá. Og ef ég held mig við það mál höfum við fullan hug á því að reyna að gera verkaskiptinguna milli ráðuneytanna eins skýra og hún getur verið. Hins vegar verður alltaf um að ræða einhver grá svæði þarna á milli, málin eru þannig vaxin.

Samstarf heilbrigðisstofnana.

Fsp. AKG, 695. mál. — Þskj. 1033.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ein afleiðing byggðaröskunar sem orðið hefur undanfarin ár er að nýting heilbrigðisstofnana víða um land hefur breyst. Í tveggja til þriggja klukkustunda akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri þar sem stærstu heilbrigðisstofnanirnar eru staðsettar, eru nokkrar stofnanir sem bæði búa yfir húsnæði og sérfræðikunnáttu sem hugsanlega mætti nýta á hagkvæman hátt í samvinnu við stóru sjúkrahúsin og stytta þannig biðtíma sjúklinga eftir aðgerðum eða endurhæfingu. Sem dæmi um slíkt má nefna sjúkrahúsið í Stykkishólmi sem hefur upp á að bjóða sérfræðiþekkingu sem ekki er til staðar annars staðar á landinu og er að stórefla endurhæfingaraðstöðu og þjónustu sína. Með bættum samgöngum ættu möguleikar á samstarfi heilbrigðisstofnana að vera góðir og þar með aukinni nýtingu á fjárfestingum landsmanna.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. heilbrrh.:

Hefur verið skoðað hvort og þá á hvern hátt megi þróa samstarf heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni annars vegar og Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hins vegar? Ef svo er, á hvaða sviðum er slíkt samstarf vænlegast, hvenær verður því komið á og um hvaða heilbrigðisstofnanir er að ræða?

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur beint til mín spurningu um samstarf heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni við Landspítala – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Hv. þm. vekur máls á mjög mikilvægu máli. Samstarf þessara tveggja stóru sjúkrahúsa við ýmsar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hefur átt sér stað til margra ára og áratuga í ýmsu formi. Samstarfið hefur verið á fjöldamörgum sviðum eftir því hvernig á hefur staðið á hverjum stað á hverjum tíma. Þetta samstarf hefur m.a. verið á sviði mönnunar, þjónustu, almennrar ráðgjafar og annars stuðnings sem stofnanirnar hafa haft þörf fyrir.

Hvað varðar mönnunina hafa læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hlaupið í skarðið þegar ýmsar heilbrigðisstofnanir úti á landsbyggðinni hafa þurft á að halda. Hefur það oft komið að mjög góðum notum til að viðhalda þjónustu á viðkomandi stað. Einnig hafa átt sér stað mannaskipti til starfsþjálfunar á milli ákveðinna deilda þar sem starfsfólk af landsbyggðinni hefur verið til þjálfunar á hinum stærri sjúkrahúsum.

Þá hefur það einnig átt sér stað að sérfræðingar í ýmsum greinum hafa farið á heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni til að veita þar beina þjónustu í ýmsum sérgreinum og hafa starfað þar um nokkurra daga skeið og unnið í samstarfi við heimamenn. Þar hefur t.d. verið um að ræða skurðlækningar af ýmsum toga, lyflækningar, geðlækningar, barnalækningar og fleira mætti telja.

Um nokkurt skeið hefur átt sér stað þróun í fjarlækningum milli stofnana. Þar hefur einkum verið um að ræða sendingar til myndgreiningar á milli stofnana, bæði til Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þessi þáttur fjarlækninga sem og aðrir þættir þess máls eru í mjög örri þróun og fylgist ráðuneytið með því af áhuga, enda má telja víst að þetta geti verulega stutt við stofnanir á landsbyggðinni. Hefur ráðuneytið stutt við þessa þróun undanfarin ár og mun gera það áfram.

Í tengslum við fjarþjónustu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni má nefna að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur nú um nokkurt skeið boðið mörgum stofnunum upp á þátttöku í fræðslufundum sem fara fram á fjarfundaneti stofnunarinnar. Ráðuneytinu er kunnugt um að þetta hefur verið mjög vinsælt og örvandi og fræðandi fyrir margar þessara stofnana.

Ég vona að ofangreindar upplýsingar svari fyrirspurn hv. þm. um samstarf heilbrigðisstofnana að einhverju leyti.

[15:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp og reyndar ráðherra líka fyrir svör hans og þann áhuga sem hann hefur sýnt á því að koma á föstu og formlegu samstarfi milli stofnana úti á landi við þessi tvö stóru sjúkrahús sem auðvitað hafa mjög mikla sérstöðu, Landspítali – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þetta hefur einnig verið rætt töluvert í þeim nefndum sem hæstv. ráðherra hefur skipað, bæði svokallaðri Jónínunefnd, sem hæstv. forseti þekkir býsna vel, og einnig nefnd sem á að fjalla um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það er mikill almennur vilji fyrir því, held ég, í þjóðfélaginu öllu að komið verði á frekara og formfastara samstarfi milli þessara stofnana en áður hefur verið og það getur auðvitað stytt legutíma á hátæknisjúkrahúsunum, sem hlýtur að vera ódýrari kostur.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Mér var að vísu kunnugt um flest af því efni sem hann taldi upp áðan og sennilega hef ég ekki orðað spurningar mínar alveg nógu skýrt með tilliti til þess sem mig langaði fyrst og fremst að fá að vita, þ.e. hvort það hafi verið eitthvað til umræðu í ráðuneytinu að beina sjúklingum frá stóru sjúkrahúsunum inn á minni sjúkrahúsin ýmist til aðgerða eða til þjónustu eftir aðgerðir. Því eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á áðan eru legudagar á hátæknisjúkrahúsunum til muna dýrari en á minni sjúkrahúsunum, auk þess sem það mundi styrkja til muna starfsemi litlu sjúkrahúsanna ef sjúklingum

og þjónustu við þá væri beint þangað í meira mæli en nú er gert. Ég held að það sé engin frágangssök fyrir fólk að sækja sér þjónustu á stofnanir í tveggja til þriggja klukkustunda fjarlægð frá heimaslóð, hvort sem það er í Reykjavík og nágrenni eða Akureyri og nágrenni. Við þurfum ekki að fara stóran radíus t.d. út frá Reykjavík til að finna mörg sjúkrahús sem hafa mjög góða aðstöðu sem hægt væri að nýta, bæði til aðgerða og eins til endurhæfingar, og ég tel mjög mikilvægt að fullnýta.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Vera kann að svar mitt við fyrirspurninni hafi ekki verið tæmandi. Þetta samstarf sem hér um ræðir er mjög margs konar og það er vissulega ástæða til að auka það ef mögulegt er að flytja sjúklinga til þjónustu eftir aðgerðir. Ég veit það t.d. að fólk sem hefur verið í bæklunaraðgerðum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur fengið þjónustu við Heilbrigðisstofnunina á Húsavík, svo ég nefni eitt dæmi um slíkt samstarf.

Ég held að það sé fremur um að ræða, nema þá í einhverjum örfáum tilfellum, að sjúkrahúsin geti komið sterk inn í þjónustu eftir aðgerðir á stóru sjúkrahúsunum. Það er náttúrlega þannig, eins og við hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir þekkjum bæði, að t.d. heilbrigðisstofnun Skagafjarðar hefur átt mjög mikið samstarf við stóru sjúkrahúsin og kannski er það samstarf formfastast þar af öllum heilbrigðisstofnunum og samstarf þeirra við sérfræðinga. Ég held að af því megi t.d. mikið læra að sú stofnun er mjög sterk, lýtur sterkri forustu og hefur unnið að þessu samstarfi farsællega á undanförnum árum.

Ég vil segja það að hér er hreyft mjög þörfu og athyglisverðu máli og ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að gera það.

Þverfaglegt endurhæfingarráð.

Fsp. ÞBack, 615. mál. — Þskj. 923.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um þverfaglegt endurhæfingarráð. Eins og hér mun hafa komið fram í umræðu um fyrirspurn varðandi Arnarholt fyrr í þessum fyrirspurnatíma þá kemur niðurskurður — ég kalla það niðurskurð en ekki sparnað — á þjónustu Landspítalans víða við. Vegna aðhaldsaðgerða reyna stjórnendur Landspítalans að skilgreina þá bráðaþjónustu sem nauðsynleg er og koma út úr starfsemi sjúkrahússins allri þeirri þjónustu sem mögulegt er. Þar með mundu flokkast félagsleg verkefni eða verkefni á gráu svæði sem hafa verið á borði Landspítala – háskólasjúkrahúss fram að þessu. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að ég hef marggagnrýnt hér þau vinnubrögð að geyma ekki allar slíkar ákvarðanir þangað til sú nefnd sem er að fara yfir verkaskiptingu Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur lokið störfum.

Margir hafa áhyggjur af þessu og m.a. ályktuðu sjúkraþjálfar um málið. Þeir telja að með því að skera niður þjónustu á endurhæfingarsviði með fækkun stöðugilda sjúkraþjálfa á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sé í raun verið að færa til verkefni, þau hverfi ekki heldur þurfi að þjóna þessum sjúklingum einhvers staðar annars staðar og m.a. mundi þetta beinast að sjúklingum á Arnarholti og í Kópavogi.

Í áskorun sinni bendir Félag íslenskra sjúkraþjálfa á að í gildandi heilbrigðisáætlun sem gildir til 2010 er bókstaflega sagt fyrir um að á áætlun sé og að að það sé við næsta horn, að skipa þverfaglegt endurhæfingarráð.

Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Hefur ráðherra skipað þverfaglegt endurhæfingarráð sem ákveðið var að koma á fót eins og fram kemur í heilbrigðisáætlun?

2. Mun ráðherra fresta breytingum á hæfingar- og endurhæfingarþjónustu LSH þar til heildstætt þverfaglegt mat hefur farið fram á þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem nú vistast í Arnarholti og Kópavogi, og mun endurhæfingarráð koma að því mati?

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 10. þm. Norðaust. hefur beint til mín fyrirspurn í tveimur liðum, annars vegar um hvort stofnað hafi verið þverfaglegt endurhæfingarráð, hins vegar hvort frestað verði breytingum á hæfingar- og endurhæfingarþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss þar til heildstætt þverfaglegt mat hafi farið fram á þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem nú vistast í Arnarholti og Kópavogi, og hvort endurhæfingarráð muni koma að því mati.

Því er fyrst til að svara að ekki hefur verið hrint í framkvæmd þeirri ákvörðun að koma á fót þverfaglegu endurhæfingarráði líkt og fram kemur í heilbrigðisáætlun. Mál endurhæfingar hafa verið í almennri skoðun bæði innan ráðuneytisins og meðal þeirra stofnana sem að endurhæfingu koma. Hafa þær viðræður m.a. leitt af sér vissa verkaskiptingu milli stofnananna sem ég tel af hinu góða.

Skipun hin þverfaglega endurhæfingarráðs hefur dregist af þessum sökum. Ég tel að nú verði brátt tímabært að skipa það formlega. Hins vegar hef ég skipað starfshóp eins og áður kom fram í svari mínu við fyrirspurn hv. 1. þm. Suðurk. Ég hef skipað starfshóp til að fara yfir og fjalla um þá starfsemi og skjólstæðinga sem nú vistast í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð þess í Kópavogi og Arnarholti. Í þeim starfshópi eru, eins og áður hefur komið fram, fulltrúar frá heilbr.- og trmrn., félmrn., fjmrn. og frá Landspítalanum. Honum er ætlað að skoða sérstaklega tengsl og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu við þessa einstaklinga og hvernig þjónustunni verði best við komið. Þá er starfshópunum einnig ætlað að athuga mögulega framtíðaruppbyggingu á þessum stöðum og skal þá horft til hugsanlegrar þjónustu á sviði heilbrigðis- og félagsmála, svo sem nýtingu lóðanna og mannvirkja til annarrar heilbrigðisþjónustu.

Ég bind miklar vonir við vinnu þessa starfshóps. Hann kynnti mér nýlega frumathugun sína á stöðu endurhæfingarmála og þeirri þjónustu sem boðin hefur verið við endurhæfingardeild Landspítalans í Kópavogi, bæði þjónustu við vistmenn sem þar dvelja og þá sem koma frá heimilum sínum. Ég tel mikilvægt að leita allra leiða til að viðhalda þeirri þjónustu sem þarna hefur verið í boði og sú vinna er nú í gangi á vegum starfshópsins og ráðuneytisins. Það er trú mín að sú mikilvæga starfsemi sem þarna hefur veitt fjölbreytta endurhæfingu geti haldið áfram en hugsanlega þá með breyttu rekstrarformi.

Eins og áður hefur komið fram hefur starfshópurinn í byrjun einbeitt sér að málum þeirra sem endurhæfingu hafa

þegið í Kópavogi en mun nú snúa sér að málum þeirra skjólstæðinga sem dvelja á Arnarholti. Ég hef svarað því til að ég vona að niðurstöður liggi fyrir innan tíðar og er áríðandi að svo verði.

Eins og fram kom í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur eru þessi mál í skoðun en vissulega er vonandi að línur fari að skýrast í þessum málum innan tíðar.

[15:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða kemur í raun í beinu framhaldi af þeirri umræðu sem við tókum áðan um sjúklingana sem dveljast að Arnarholti.

Það er mjög fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra að nú er starfshópur að störfum sem á að skoða möguleikana á framtíðarúrræðum fyrir sjúklinga í endurhæfingu á Arnarholti eða í Kópavogi á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Ég gleðst auðvitað yfir því að ekki var gripið strax til þeirra lokana sem boðaðar voru. Hins vegar hlýtur maður að velta því fyrir sér, hæstv. ráðherra, hvort stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss sem leggja fram þessar tillögur vegna ákvarðana sem teknar eru á Alþingi um fjárveitingar til Landspítala – háskólasjúkrahúss, verði að bera þá allan kostnað af þeirri frestun og athugun sem á sér stað á vegum hæstv. ráðherra.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Það er hálfönugt að vita til þess að allar þær breytingar sem nú standa fyrir dyrum skuli stafa af aðhaldi í rekstri Landspítalans. Þess í stað ætti að vinna skipulagsbreytingar á faglegum grunni eins og segir m.a. í heilbrigðisáætlun, þ.e. að skipa þetta þverfaglega endurhæfingarráð og vinna lausnir út frá þeim forsendum en ekki út frá sparnaðarsjónarmiðum því að þessi sjúklingar gufa ekki upp.

Sem betur fer er búið að fresta lokun á þessum tveimur stöðum, Arnarholti og Kópavogi. Ég vil benda á einn stað til viðbótar. Það er Teigur sem er á þessu gráa svæði og þar sem einnig fer fram mikilvæg þjónusta.

Að endingu snýr þetta allt að fjármagni og það er alveg ljóst að þó svo að mörgum hafi fundist fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar hafa aukist umtalsvert á undanförnum árum þarf að koma meira í þann málaflokk. Það er alveg ljóst. Hvort sem þessi þjónusta er eyrnamerkt heilbrigðisþjónustunni eða félagsþjónustunni þá þarf þarna meira fjármagn. Við viljum standa að heilbrigðis- og félagsþjónustu eins og menn.

Varðandi húsnæðið í Arnarholti og Kópavogi þá hentar það mjög vel fyrir einstaklinga eins og þá sem hafa verið á þeim stöðum. Mér þykir miður ef brjóta ætti þjónustuna upp þannig að einhver allt önnur starfsemi kæmi þarna inn. Ég tel að hæfing og endurhæfing ætti að vera undir sérstakri rekstrareiningu og á ábyrgð heilbrrh. Það á að halda í það góða starf og starfsfólk sem þarna hefur verið og starfað og getur starfað áfram, í staðinn fyrir að brjóta þetta allt saman upp.

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að í Kópavogi hefur verið afbragðs starfsfólk. Þar fer fram mjög góð starfsemi og ég vona að starfsfólkið geti verið þar áfram. Ég ber vonir í brjósti um það.

Varðandi þessi mál almennt og aðhaldsaðgerðir Landspítalans og þessi mál tvö sem hér hafa verið til umræðu þá eru þau nú ekki að koma til umræðu núna í fyrsta skipti. Málefni Arnarholts og Kópavogshælis hafa verið til meðferðar áður en fjárlög voru afgreidd í lok síðasta árs. Þessi starfsemi hefur, eins og hér hefur komið fram, svona skarast nokkuð á við félagsleg úrræði og stjórnendur spítalans hafa oft rætt hvort þessi starfsemi eigi heima í spítalanum. Þær aðgerðir sem fóru fram núna upp úr áramótum hafa vafalaust hert á þessu málum. Ég viðurkenni það. En þetta er ekki eingöngu verið að ræða í tengslum við aðhaldsaðgerðir. Þarna er verið að ræða skipulagsmál og vonandi tekst okkur að ná farsælli niðurstöðu. Ég tel að málið sé nú í skynsamlegum farvegi og ég ber þá von í brjósti að við náum skynsamlegri niðurstöðu í þessum ofurviðkvæmu málum því þarna er um að ræða mál skjólstæðinga sem eru afar viðkvæm. Ég vona að við getum leitt þessi mál til farsællar niðurstöðu en fjárhagsmálefni Landspítalans verða auðvitað til umræðu áfram í tengslum við næstu fjárlagagerð og verður að taka afstöðu til þess hvaða áhrif tafir hafa.

[Fundarhlé. — 15:30]

Umræður utan dagskrár.

Þróun atvinnuleysis og kjör atvinnulausra.

[15:32]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Atvinnuleysi er eitt mesta böl sem nokkurn mann getur hent. Fjölmargar rannsóknir sýna að langvarandi atvinnuleysi leiði til sjúkdóma og þunglyndis, og örvænting og félagslegir erfiðleikar eru hlutskipti þeirra sem ekki geta unnið. Menn tapa oft sjálfsvirðingunni og þeir þokast smám saman út á jaðar samfélagsins.

Núverandi ríkisstjórn hefur mistekist hrapallega að skapa umhverfi sem tryggir gott atvinnustig. Undir stjórn hennar hefur atvinnuleysi ekki minnkað. Það hefur þvert á móti stóraukist síðustu mánuði. Í september voru 3.904 Íslendingar án atvinnu en í dag eru þeir orðnir 5.100. Þetta eru afrek hæstv. ríkisstjórnar. Útlitið er því miður ekki nægilega gott. Síðasta könnun Samtaka atvinnulífsins á ráðningaráformum fyrirtækja leiddi í ljós að þau hyggjast fremur fækka en fjölga fólki.

Hagdeild ASÍ sem er eina stofnunin sem hefur farið rétt með spár varðandi atvinnuleysi spáir því núna að á þessu ári verði fleiri einstaklingar án atvinnu en í fyrra og að á næsta ári verði fleiri atvinnulausir en í ár. Þetta, frú forseti, er allt annar veruleiki en ríkisstjórnin sem nú situr við völd lifir í. Það er ekki hægt að hrósa sér af góðæri meðan ríflega 5 þús. Íslendingar ganga um atvinnulausir.

Það er þrennt sem veldur sérstökum áhyggjum við þróun atvinnuleysis í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ungu fólki án atvinnu hefur fjölgað mikið. Langtímaatvinnuleysi fer mjög vaxandi og atvinnuleysi meðal kvenna er að aukast um þessar mundir. Ég tel sérstaka þörf á því að við á hinu háa Alþingi tökum til sérstakrar umræðu hlut unga fólksins.

Ég rifja það upp að hæstv. félmrh. lýsti miklum áhyggjum af því á ársfundi Vinnumálastofnunar sl. haust að þá hefði 21% atvinnulausra verið ungt fólk á aldrinum 16–24 ára. Hæstv. félmrh. Í dag er þetta hlutfall 26%. Frá því að

hæstv. ráðherra viðraði sínar þungu áhyggjur á ársfundinum í september hefur atvinnulausum ungmennum fjölgað úr 872 í 1.440. Þetta eru hrikalegar tölur og það er sorglegt að sjá aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar andspænis þessum mikla vanda.

Á sama fundi lýsti hæstv. ráðherra því líka yfir að hann hygðist ráðast í sérstakt átak gegn atvinnuleysi ungs fólks. Ég spyr: Hvar er þetta átak? Ég spyr vegna þess að síðan hefur ekki til þess spurst. Það sem meira er, langstærstur hluti þessa fólks er án menntunar og kerfið sem hæstv. ráðherra býður upp á letur það beinlínis til að leita sér starfsþjálfunar vegna þess að atvinnuleysisbætur skerðast ef menn fara á námskeið eftir þriggja mánaða atvinnuleysi sem þó er langsamlega mikilvirkasta úrræðið til að koma mönnum aftur á vinnumarkað samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir í ráðuneyti hæstv. ráðherra.

Það er athyglisvert, frú forseti, að skoða feril Framsfl. varðandi kjör atvinnulausra. Eitt fyrsta verk flokksins var að hætta að tengja bæturnar við lægstu launataxta. Á sl. hausti var þannig búið að klippa sem svarar tveggja mánaða bótum af atvinnulausu fólki sem þó er fjárhagslega verst stadda fólkið á Íslandi. Ég rifja það svo upp að fyrsta verk núv. hæstv. félmrh. var að leggja til að lækka bæturnar enn meira með því að klippa þrjá daga framan af fyrsta mánuðinum í atvinnuleysi. Var það ekki Framsókn sem bjó til slagorðið „fólk í fyrirrúmi"? Flokkurinn hefði kannski átt að bæta við „nema atvinnuleysingjar". Sem betur fer knúði verkalýðshreyfingin hæstv. ráðherra til uppgjafar í þessu máli og það var líka hún sem knúði það í gegn að bæturnar hækka upp í 88 þús. kr. Það vita hins vegar allir að á þessu getur enginn lifað og það veit enginn betur en hæstv. ráðherra. Þegar hann tók við lá á skrifborði hans skýrsla hans eigin ráðuneytis sem sýndi að 40% þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eru atvinnulaust fólk og næstum tveir þriðju þeirra sem draga fram lífið á atvinnuleysisbótum verða að leita eftir hjálp sveitarfélaga eða hjálparstofnana. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að gera til að efla atvinnu ungs fólks? Hvað ætlar hann að gera til að draga úr langtímaatvinnuleysi? Hvað ætlar hann að gera til að efla atvinnu kvenna?

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra þessarar spurningar sem ég bið hann um að íhuga vel áður en hann svarar: Treystir Árni Magnússon sér til að lifa af 88 þús. kr. á mánuði?

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Það er vissulega gott frumkvæði sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sýnir með því að óska eftir umræðum utan dagskrár um atvinnuleysi, þróun þess og kjör atvinnulausra. Málefni þetta hefur verið mér hugleikið síðan ég kom í ráðuneytið og raunar miklu lengur. Allir vita hversu slæmt atvinnuleysi er fyrir einstaklinga og fjölskyldur, fjárhagslega og félagslega. Atvinnuleysi er samfélagslegt böl sem ber að vinna gegn með ráðum og dáð og er það markmið mitt og ríkisstjórnarinnar.

Ég vil minna á að ríkisstjórnin og minn flokkur hafa látið málefni vinnumarkaðarins mjög til sín taka með setningu laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, og 12/1997, um atvinnuleysistryggingar. Þau mörkuðu á sínum tíma mikil þáttaskil í þessum efnum. Með þeim var komið upp samræmdu vinnumarkaðskerfi um allt land. Þjónusta opinberu vinnumiðlunarinnar var bætt og samræmd. Áhersla var lögð á virkar aðgerðir fyrir atvinnulausa. Með virkum aðgerðum er átt við starfsleitaráætlanir og þátttöku í námskeiðum sem hafa það að markmiði að gefa hinum atvinnulausa tækifæri til að auka færni sína og starfsmöguleika. Með lögunum varð til sérstök stofnun, Vinnumálastofnun, sem hefur farið með framkvæmd laganna og fylgst náið með framvindunni á vinnumarkaðnum.

Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að atvinnuleysi hefur verið nokkurt hér á landi undanfarin missiri. Það veldur áhyggjum. Á síðasta ári var atvinnuleysið að meðaltali um 3,3%. Áætlanir fjmrn. gera ráð fyrir 3,1% atvinnuleysi í ár og 2,7% á því næsta. Þó að atvinnuleysi sé á Íslandi með því minnsta sem gerist í OECD-ríkjunum og þessar tölur ekki háar í þeim samanburði er engu að síður ástæða til að vera á varðbergi og stuðla enn frekar að því að halda atvinnuleysi í skefjum. Það er ekki hægt að halda því fram að ríkisstjórnin hafi horft aðgerðalaus á þróunina. Ráðist hefur verið í mestu framkvæmdir Íslandssögunnar á Austurlandi. Á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin að verja milljörðum kr. til að auka framkvæmdir og draga úr atvinnuleysi. Allt útlit er fyrir að gerðir verði samningar um stækkun álversins á Grundartanga. Leitað er leiða til að styrkja atvinnustarfsemi í einstökum byggðarlögum, skapa ný tækifæri og efla íslenskt samfélag. Hagvöxtur var um 2,5% á síðasta ári og áætlað að hann verði um 3% í ár. Þótt um nokkurt atvinnuleysi sé að ræða um þessar mundir má fullyrða að þegar á heildina er litið sé bjart fram undan hjá okkur Íslendingum.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum Vinnumálastofnunar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lét ekki getið var atvinnuleysi í febrúar sl. 3,6% en var 4,1% á sama tíma í fyrra. Vinnumálastofnun spáir áframhaldandi minnkun atvinnuleysis þegar litið er fram. Helstu úrræði sem svæðisvinnumiðlun í landinu hefur yfir að ráða eru að gefa hinum atvinnulausa kost á þátttöku í námskeiðum. Um er að ræða sjálfstyrkingar- og tölvunámskeið, menntasmiðjur af ýmsu tagi, starfsþjálfunarverkefni og starfsleitarnámskeið. Vinnumiðlun getur einnig veitt atvinnuleitanda námsstyrk til að sækja nám eða námskeið á eigin vegum. Þetta er þó háð ákveðnum skilyrðum, t.d. að hinn atvinnulausi hafi rétt til atvinnuleysisbóta og námið auki verulega líkur á því að hann komist í starf. Samtals höfðu í lok nóvember sl. 4.936 atvinnuleitendur tekið þátt í slíkum námskeiðum á árinu 2003. Þetta er umtalsverð fjölgun frá árinu 2002 en þá luku 2.217 atvinnuleitendur þátttöku í úrræðum svæðisvinnumiðlunar. Hér er um að ræða ríflega tvöföldun á milli ára.

Á síðasta ári var varið samtals 224 millj. kr. til slíkra úrræða fyrir atvinnuleitendur auk styrkja til sérstakra átaksverkefna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Af þessum tölum, hæstv. forseti, sést að á vegum Vinnumálastofnunar hefur verið umfangsmikil starfsemi í þágu atvinnuleitenda.

Þessu til viðbótar hef ég gripið til ýmissa aðgerða. Í desember sl. var skipaður sérstakur starfshópur sem nýtur formennsku Hjálmars Árnasonar alþingismanns. Þessi hópur hefur það hlutverk að greina orsakir langtímaatvinnuleysis, sérstaklega ungs fólks, og setja af stað staðbundin verkefni sem eiga að treysta stöðu viðkomandi hópa á vinnumarkaði. Þótt lög um atvinnuleysistryggingar hafi verið endurskoðuð 1997 tel ég tímabært að staldra við og meta kerfið. Ég hef því ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða lögin um atvinnuleysisbætur og vinnumarkaðsaðgerðir. Bréf hefur þegar verið sent tilnefningaraðilum og ég vænti þess að nefndin geti hafið störf um eða upp úr næstu mánaðamótum.

Það hefur mikið áunnist með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í ljósi ýmissa breytinga sem hafa átt sér stað í samfélagi okkar og nýbreytni ýmiss konar í þessum efnum í nágrannalöndunum er full þörf á því að meta þessi kerfi, skilvirkni þeirra og árangur.

Hæstv. forseti. Framlag ríkisstjórnarinnar í tengslum við nýgerða kjarasamninga er töluvert. Mér finnst ánægjulegt að standa að því nú að hækka atvinnuleysisbætur um 11,3% í tengslum við kjarasamningana, úr rúmum 79 þús. kr. á mánuði í tæp 89 þús. Fyrr á árinu hækkuðu bæturnar um 3% og samanlögð hækkun bótanna á þessu ári er því 14,6% sem er mesta hækkun bóta á einu ári í langan tíma, a.m.k. frá 1991 svo dæmi sé tekið. Kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs í ár er áætlaður vegna þessa breytinga 330 millj. kr. Er þá ógetið framlags í starfsmenntasjóði atvinnulífsins á samningstímabilinu sem ætlað er að verja 400 millj. kr. til.

[15:42]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu. Atvinnulausum eru, hvað sem tautar og raular, hvorki búin mannsæmandi kjör né mannsæmandi aðstæður. Atvinnuleysislaun verða 90 þús. kr. á mánuði frá og með yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar. Þau voru um 80 þús., það er bitamunur á þessu en ekki fjármunur. Og steininn tekur úr þegar þessu fólki er gert að greiða skatta, 8 þús. kr. af þessum 90 þús. kr. Það lifir enginn af þessum fjárhæðum, það gefur augaleið, og það velur sér enginn það hlutverk að vera atvinnulaus í lífinu. Því ráða ytri aðstæður og á þeim aðstæðum ber ríkisstjórnin mesta ábyrgð.

Hvað blasir við manni sem hefur 300 þús. kr. mánaðarlaun þegar hann verður atvinnulaus? Allt lífið hrynur. Húsnæðislán fara í vanskil, viðkomandi hefur ekki efni á að veita börnum sínum lágmarksaðstoð til tómstunda, íþrótta, tónlistarnáms o.s.frv. Gjaldþrot blasir við og það hefur orðið raun margra. Þeir eru niðurlægðir í kerfinu, tortryggðir og teknir sem óþurftarmenn. Það birtist í vikulegum skráningum. Það birtist í afstöðu til þeirra í veikindum og ríkið sjálft reynir vart að ráða til sín atvinnulausa í þær fjölmörgu lausu stöður sem losna í viku hverri. Ég segi og staðhæfi að þetta er brot á 76. gr. stjórnarskrárinnar um rétt til aðstoðar í atvinnuleysi og ég spyr: Þurfa atvinnulausir að fara sömu leið að ríkisvaldinu og öryrkjar hafa gert?

[15:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er grafalvarlegt mál þegar stór hluti þjóðarinnar, þ.e. æskan, lendir í miklu atvinnuleysi. Hins vegar reiknar Vinnumálastofnun með og það liggja fyrir vísbendingar um að atvinnuleysi á árinu 2004 muni minnka frá árinu 2003 og verða að meðaltali lítið eitt hærra en 3%. Auðvitað þurfa stjórnvöld að taka svo á málum að atvinnuleysi verði ekki mikið. Við komumst aldrei hjá því, því miður, að það verði eitthvert atvinnuleysi. Hins vegar hafa Íslendingar borið þá gæfu að það hefur ekki verið mikið á Íslandi.

Það er rétt að rifja aðeins upp að það er ekki langt síðan R-listinn í Reykjavíkurborg klofnaði um afstöðu sína til ábyrgðarhlutverks vegna lántöku Landsvirkjunar. Hvernig ætli ástandið væri ef sjálfstæðismenn hefðu ekki komið þar til hjálpar til að ýta á framkvæmdina vegna Kárahnjúka?

Annað sem rétt er að benda á eru framkvæmdirnar sem fram undan eru á Grundartanga. Auðvitað er nauðsynlegt og það er gott að ríkisstjórnin haldi á málum eins og hún hefur gert. (Gripið fram í.) Allir gera sér auðvitað grein fyrir alvarleikanum sem hér er. Nú brosir hv. þm. Austfirðinga yfir miklu og góðu atvinnuástandi þar sem auðvitað kom til vegna þess að sjálfstæðismenn hjálpuðu stærstum hluta eigenda Landsvirkjunar í því að gera rétt í því máli. En merkilegt nokk kemur svo leiðandi maður Samf. og deilir á ríkisstjórn fyrir að hún skuli ekki halda betur á málum, en flokksmenn viðkomandi héldu ekki betur á málum þá en svo að það varð að draga þá að landi í þeim málum. Hvernig væri ástand og horfur hér í dag ef svo hefði ekki farið? (**Gripið fram í:** ... Framsóknarflokknum.)

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða skuli tekin fyrir á Alþingi. Spá stjórnvalda í þjóðhagsáætlun síðasta haust gerði ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 2,5% og mundi minnka á árinu 2005 niður í 2%. Atvinnuleysi hefur síðan farið vaxandi síðustu mánuði og er mest 4,4% á Suðurnesjum. Það tengist uppsögnum um 100 starfsmanna varnarliðsins.

Í ræðu hæstv. forsrh. 2. október síðastliðinn sagði hann eitthvað á þá leið að lokaákvörðun um stálpípuverksmiðju í Helguvík væri á næsta leiti og taldi að það mundi skapa 200 ný störf. Því miður er enn beðið eftir því að sú verksmiðja komist á framkvæmdastig.

Það er í raun aðeins á Austurlandi sem atvinnuleysi er innan þess ramma sem gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá ríkisstjórnarinnar. Við megum heldur ekki gleyma því að Austfirðir hafa notið mestra áhrifa á atvinnulífið vegna loðnuvertíðar sem nú virðist lokið. Sá sem hér talar og fleiri þingmenn vöruðu við því að Kárahnjúkaumsvifin mundu ekki skila sér nema að mjög takmörkuðu til annarra landshluta og ríkisstjórnin væri að ofmeta áhrif virkjunar á Austurlandi til atvinnuaukningar almennt. Síðan hefur komið í ljós að fjöldi útlendinga við Kárahnjúka er meiri en gert var ráð fyrir.

Ríkisstjórnin ákvað að draga úr verklegum framkvæmdum, m.a. í vegagerð, um 1 milljarð kr. á þessu ári. Það er mjög áleitin spurning hvort ekki eigi, í ljósi aukins atvinnuleysis, að endurskoða þær aðgerðir og efla atvinnu. Einnig er rétt að minna á að verulegt verðfall er nú á sjávarafurðum sem minnkar tekjur og atvinnu. Þær vísbendingar voru ljósar við fjárlagaumræðuna og á þær bentu ég og fleiri þingmenn.

Ég hlýddi áðan á ræðu hæstv. félmrh. Hann minntist á það afrek að hækka atvinnuleysisbætur. Í nokkur ár hafa atvinnuleysisbætur dregist aftur úr og síðan mikla menn sig af því að hafa látið undan kröfu verkalýðshreyfingarinnar í smááföngum.

[15:49]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Atvinnuleysi á landsbyggðinni hefur verið viðvarandi undanfarin ár og er hluti af þeim þjóðarvanda sem stundum er rangnefndur landsbyggðarvandi. Atvinnuleysisskráning í prósentum er eitt en fjöldi íbúa á íbúaskrá er allt annað. Íbúum hefur fækkað á landsbyggðinni, það er sem sagt hin hliðin á atvinnuleysinu, vegna fækkunar starfa, samdráttar og breytingar í atvinnuháttum. Fyrrv. félmrh. Páll Pétursson sagði að Framsfl. hefði gleymt landsbyggðinni. Það er rétt að taka undir það með honum.

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst einnig um atvinnuleysisbætur sem er einn mesti smánarblettur landsins, þ.e. upphæðin, ásamt ellilífeyri og örorkubótum. „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að atvinnuleysisbætur hækki og verði frá 1. mars árið 2004 rúmar 88 þús. kr.“, segir í yfirlýsingu

hæstv. ríkisstjórnar frá 7. mars. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að við erum að tala um árið 2004 — 88 þús. kr., hugsið þið ykkur. Atvinnuleysisbætur á mánuði á síðasta ári voru 77 þús. kr. Þá voru greiðslur með hverju barni 147 kr. og um áramótin hækkuðu greiðslur með barni um fjórar krónur, heilar fjórar krónur.

Með þeirri hækkun bóta sem nýverið var ákveðin hækkar greiðsla með hverju barni um 17 kr. Hæstv. félmrh., ertu virkilega hreykinn af þessum afrekum þínum?

Atvinnulaus einstaklingur með tvö börn hefur 96 þús. kr. úr að spila í atvinnuleysisbætur. Af þessu, virðulegi forseti, er hann látinn borga 10–11 þús. kr. í skatt til ríkisins. Atvinnulaus maður borgar tæplega 4 þús. kr. meira í skatt eftir þá smánarhækkun sem ákveðin hefur verið.

Virðulegi forseti. Atvinnuleysisbætur hafa verið allt of lágar undanfarin ár. Hæstv. ríkisstjórn á ekki að hreykja sér af þessum málum. Um hæstv. ríkisstjórn og atvinnuleysisbætur mætti segja: Hinn saddi veit ei hvað hinn svangi líður.

(**Forseti** (JBjart): Forseti áréttar við hv. þm. að beina orðum sínum til forseta en ekki til hæstv. ráðherra.)

[15:51]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Sannarlega er það dökk mynd sem hv. stjórnarandstæðingar draga upp af atvinnuleysinu. Ekki skal ég gera lítið úr alvarleika atvinnuleysis. En það vekur furðu að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa ekki vikið að neinum lausnum hvað varðar atvinnuleysi, heldur er dregin upp hin dökka mynd. Hvorki hafa þeir nefnt langvarandi lausnir, svo sem eins og þær að fá hjól atvinnulífsins til að snúast og skapa fyrirtækjunum þá umgjörð að hjól atvinnulífsins snúist og til verði ný störf. Þegar slíkar umræður fara fram á Alþingi hafa stjórnarandstæðingar þvert á móti gagnrýnt ríkisstjórnarflokkana fyrir að skapa skilyrði til atvinnusköpunar.

Hv. málshefjandi óskaði eftir því að vita og spurði um átakið gegn skammtímaatvinnuleysi. Ég veit að það er mikið verk að vera formaður stórs flokks. Þess vegna kann ýmislegt að hafa farið fram hjá hv. þm. Honum til upplýsingar skal ég benda honum á að hafa t.d. samband við svæðisvinnumiðlun Eyþings, Eyfirðinga og Þingeyinga sem eru að vinna að mjög metnaðarfullu átaki fyrir fólk á atvinnuleysisskrá.

Ég vil enn fremur benda hv. þm. á að hafa samband við sérstakan verkefnishóp á Suðurnesjum sem er að vinna með samfélaginu öllu, með Fjölbrautaskólanum, símenntunarmiðstöð, atvinnurekendum, verkalýðsfélögum, og þannig mætti áfram telja, að sérstökum átaksverkefnum til að koma fólki af atvinnuleysisskrá og til starfa. Þetta lýtur ekki síst að því að koma ungu fólki inn á starfsmenntabrautir og í starfsþjálfun, að koma fólki til starfa hjá fyrirtækjum, þannig að atvinnuleysisbætur fylgi með fyrstu sex mánuðina, í sérstök átaksverkefni á vegum sveitarfélaga og á frumkvöðlanámskeið. Þetta eru verkefni sem unnið er að. Þetta eru lausnir sem skapa bjartsýni en ekki þá dökku mynd sem stjórnarandstaðan dregur upp.

[15:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samf., fyrir að hafa frumkvæði að þessari umræðu. Hún er nauðsynleg og þyrfti að fara fram með reglulegu millibili til að halda ríkisstjórninni og einnig löggjafarsamkundunni við efnið. Slíkt böl er atvinnuleysi og á okkur öllum hvílir sú kvöð að gera allt sem í okkar valdi stendur til að útrýma því.

Það vill hins vegar henda að menn líti á atvinnuleysi, jafnvel fjöldaatvinnuleysi, sem fasta stærð sem ekki sé hægt að hrófla við. Þetta er alrangt. Atvinnuleysi er fyrst og fremst skipulagskreppa sem er pólitísk í eðli sínu.

Hæstv. ráðherra vék að pólitíkinni að baki atvinnuleysinu. Hann komst hins vegar að röngum niðurstöðum að mínum dómi. Við höfum reynt að setja atvinnuleysið í pólitískt samhengi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum bent á að það ráðslag ríkisstjórnarinnar að slá milljarðalán til óarðbærra framkvæmda, eins og við Kárahnjúka, sem valda því að grípa þarf til aðgerða til að slá á þenslu í þjóðfélaginu sem aftur leiða til fjöldauppsagna, nú síðast á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, sem leiðir til atvinnuleysis. Við höfum orðið vitni að háskalegri stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart atvinnulausum.

Fyrst minnst er á Kárahnjúka minnist ég þess að í umræðu um framkvæmdir við Kárahnjúka var um það rætt að í framkvæmdunum yrðu 80% Íslendingar en 20% aðflutt vinnuafl. Þetta hlutfall er öfugt. Þetta er þó ekki það alvarlegasta við þær ráðstafanir og við þá stefnu. Við eigum eftir að súpa seyðið af henni síðar meir.

[15:55]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu þróun atvinnuleysis og kjör atvinnulausra. Allt atvinnuleysi er slæmt en atvinnuleysisumræðan er vandmeðfarin. Það er því miður fólk á atvinnuleysisskrá sem getur ekki gengið í álagsstörf þegar mikil vinna er eins og í dag. Þetta þurfum við að skoða sérstaklega.

Í upphafi nýttu sveitarfélög sér þann kost að ráða fólk af atvinnuleysisskrá í vinnu í tímabundin verkefni, fá atvinnuleysisbætur en í staðinn að greiða laun og launatengd gjöld. Þetta hefur gefist vel og nú er almenni markaðurinn einnig farinn að taka við sér í sams konar verkefnum. Oft á tíðum fær viðkomandi framtíðarstarf hjá fyrirtæki en stundum gerist það að eingöngu er unnið út umsaminn reynslutíma. Einstaklingar sem ekki fá framtíðarstarf koma samt sem áður ekki mikið inn á atvinnuleysisskrá aftur. Þeir fá sjálfstraust, fara sjálfir að bjarga sér og leita sér að vinnu.

Aldrei í sögunni hafa atvinnuleysisbætur hækkað eins mikið á einu ári eins og nú. Þær hafa hækkað úr 77.449 kr. í 88.767 kr. eða um 14,6%, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Þetta er myndarlegt framlag ríkisstjórnarinnar í kjölfar nýrra kjarasamninga.

Ekki má gleyma þeim þætti er snýr að Starfsmenntasjóði verkafólks en framlag í hann var hækkað um 200 millj. kr.

Frú forseti. Ef við skoðum ráðstöfunartekjur atvinnulausra að teknu tilliti til skatta, skattkorts og matarinnkaupa, um 40 þús. kr. á mánuði, þá kemur fram miðað við verðlag dagsins í dag að 1. desember 2003 hafði sá atvinnulausi eftir 34.200 kr. en 1. apríl 2004 á hann eftir 42.017 kr. Þetta er hækkun upp á 22,6%. Þegar lækkun matarskatts og lækkun tekjuskatts bætist við hefur viðkomandi 48.023 kr., þ.e. um 39,63% hækkun sem er mikið í 1–3% verðbólgu. Þetta verður mesta bylting í sögunni hvað varðar kjör atvinnulausra og láglaunafólks.

[15:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Stjórnvöld og við sem sitjum hér á hinu háa Alþingi getum aldrei leyft okkur að sofa á verðinum

gagnvart atvinnuleysisdraugnum. Hann er böl sem ber að forðast af öllum mætti. Ég hef sem þingmaður Suðurk. miklar áhyggjur af þeim draug því að atvinnuleysi er hæst á landinu á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Þegar talið berst að atvinnuleysi og því hvernig finna megi lausnir gegn því þá hlýtur hugurinn að leita til undirstöðuatvinnuveganna sem skapa bæði gjaldeyristekjur og störf. Þar er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða sjávarútveginn. Það þarf ekki að tíunda á hinu háa Alþingi að hvert sjómannsstarf skapar sennilega a.m.k. þrjú til fjögur störf í landi. Þetta sjá allir í hendi sér sem á annað borð hafa vit á sjávarútvegi.

Fyrr í þessari viku birti norska sjávarútvegsblaðið Fiskaren athyglisverða samanburðarkönnun þar sem skoðað var hvernig fjöldi sjómanna hefur þróast hér á landi, í Noregi og í Færeyjum á árunum 1994–2002. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands fækkaði íslenskum sjómönnum úr tæplega 6.400 árið 1994 í rétt tæplega 5.000 árið 2002, eða um 21%. Ef fækkun sjómanna er margfölduð með fjórum þýðir þetta að störfum í landi hafi fækkað um tæplega 6.000, bara vegna fækkunar sjómanna.

Nú hafa menn og þá kannski ekki síst stjórnarliðar og þau fjárhagslegu öfl sem styðja þá til þingsetu hamrað á því að svokölluð hagræðing í sjávarútvegi hafi verið bráðnauðsynleg til að skapa stöðugleika, hagnað og vernda fiskstofna. Það er nefnilega það. Þegar við lítum til Færeyja hefur fjöldi sjómanna þar, samkvæmt könnun Fiskaren, verið stöðugur, í kringum 2.500 menn. Með trillukörlum eru þeir 3.000 talsins. Þannig hefur það verið árum saman. Fiskstofnar þar eru mjög sterkir og þar er við lýði svokallað sóknardagakerfi og Færeyingar telja að einmitt því kerfi beri að þakka að þeim hafi tekist að halda stöðugleika og hagkvæmni í sjávarútvegi sínum og jafnvægi í byggðum landsins, þvert á það sem gerst hefur hér á landi.

Hvenær ætla menn að vakna? Ég spyr bara: Hvenær ætla menn að vakna og gera sér grein fyrir því að við étum ekki prósentur, eins og einn ágætur þingmaður sagði hér áðan? Við lifum á því sem landið gefur.

[15:59]

Helgi Hjörvar:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að vekja máls á því brýna efni sem hér er til umfjöllunar og sérstaklega fyrir að draga fram þá stöðu sem er í atvinnuleysi ungs fólks. Það var hins vegar heldur lítið að heyra í svörum hæstv. félmrh. um einmitt stöðu unga fólksins.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson upplýsti að hæstv. félmrh. hafi lýst því yfir í september að hann hygðist ráðast í sérstakar aðgerðir í málefnum atvinnulauss ungs fólks og innti hæstv. ráðherra eftir efndum á þeim yfirlýsingum. Hæstv. ráðherra tilgreindi engar efndir á þeim yfirlýsingum og engar aðgerðir til að vinna á þessari meinsemd í samfélagi okkar sem er vaxandi atvinnuleysi meðal ungs fólks.

Hv. þm. Kristján L. Möller hefur dregið fram hversu skammarlega lágar atvinnuleysisbæturnar eru, 88 þús. kr. Þó stjórnarliðar geti komið í ræðustólinn og lesið upp einhverjar prósentutölur um hækkanirnar á þeim bótum, borðar maður ekki prósentutölur. Það er einfaldlega ekki hægt að lifa af 88 þús. kr. á mánuði svo að vel sé. Ég vil leggja áherslu á að við þurfum að endurhugsa atvinnuleysisbæturnar.

Það er einfaldlega þannig að við erum ekki lengur tilbúin til að fórna hverju sem er til að halda háu atvinnustigi. Við megum búast við því að atvinnuleysi verði viðvarandi og jafnvel vaxandi verkefni stjórnmála, ekki bara á Íslandi heldur alþjóðlega, og við verðum að búast við því að fólk geti tímabundið um ævina átt von á því að missa atvinnu sína. Það er mikilvægt að við ræðum það hvort ekki sé rétt að fyrstu mánuðina meðan atvinnuleysi stendur hafi fólk í tekjur hlutfall af launum sínum meðan það leitar að annarri atvinnu og reynir að aðlaga sig á vinnumarkaði, en að fjárhagslega sé fótunum ekki kippt undan því og það komist í vítahring sem það getur aldrei losnað úr, viðvarandi langtímaatvinnuleysi.

[16:02]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Um leið og ég fagna umræðunni sem hér fer fram um atvinnuleysi, sem er mjög þörf umræða, vil ég taka nokkra hluti fram. Ég hlustaði mjög vel á mál hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann talaði um að atvinnuleysi í tíð núverandi ríkisstjórnar hefði aukist. Vil ég minna hann á að þegar hann var ráðherra í ríkisstjórn árið 1995 fyrir Alþýðuflokkinn sáluga og þegar Alþýðuflokkurinn gekk úr ríkisstjórn og Framsfl. gekk í ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstfl. voru 9.000 manns atvinnulausir í landinu.

Það eru 5.000 atvinnulausir í dag þannig að atvinnuleysi hefur frá þeim tíma lækkað um helming tæplega. Það má því segja að árangur eins parts Samf. í atvinnumálum er ekki mjög mikið til að hrópa húrra fyrir.

Ég vil minna á að við búum við mjög sveigjanlega vinnulöggjöf sem páv. félmrh., Páll Pétursson, setti á fót og við búum við mun sveigjanlegri vinnulöggjöf en í löndum Evrópusambandsins og það er viðurkennt. Í þeim samanburði — Samf. á það til að bera Íslendinga saman við þjóðir Evrópusambandsins — vil ég taka fram að atvinnuleysi hér á landi er margfalt minna en í löndum Evrópusambandsins.

En það ber að hafa í huga að það er ömurlegt hlutskipti að vera atvinnulaus og stjórnvöldum ber að halda úti öflugri atvinnustefnu og umfram allt að skapa skilyrði fyrir fyrirtækin í landinu til að halda úti öflugu atvinnulífi. Það hefur tekist. Fyrirtæki hér á landi eru með mjög blómlegan rekstur og standa vel að vígi hvað það varðar. Við horfum á mjög mikla uppbyggingu í íslensku atvinnulífi. Það er mikil atvinnuuppbygging á Austurlandi og það er hart að hlusta á suma samfylkingarþingmenn guma sig af því að Samf. hafi staðið með þeirri framkvæmd þegar félagar þeirra í borgarstjórn stóðu ekki að framkvæmdinni.

Við horfum á uppbyggingu á Grundartanga og fleiri stöðum. Við framsóknarmenn viljum reka öfluga atvinnustefnu samhliða uppbyggingu öflugs velferðarkerfis. Það gerum við með því að bæta umhverfi íslensks atvinnulífs, en því miður er það svo að þann skilning virðist vanta sárlega hjá ýmsum aðilum innan stjórnarandstöðu á þingi.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það sem stendur eftir umræðuna er að enginn hv. þm. Framsfl. hefur nefnt einu orði atvinnuleysi ungs fólks. (Gripið fram í.) Þó liggur það fyrir að hæstv. félmrh. tapaði næstum því svefni af áhyggjum í september yfir atvinnuleysi hjá ungu fólki, sem þó liggur fyrir að hefur stóraukist síðan.

Ég spurði hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að gera til að bregðast við þeim vanda? Svarið var fyrst og fremst eitt, sama svar og við fáum alltaf frá Framsfl. Hann ætlar að setja enn eina nefndina, eða er búinn að setja enn eina nefndina,

og það eina sem nefndirnar virðast eiga sammerkt er að hv. þm. Hjálmar Árnason situr í flestum.

Frú forseti. Það er ekki hægt að sitja alltaf á afturendanum og gera ekki neitt. Framsfl. verður að láta verkin tala í þessum efnum.

Það hlýtur að vera til marks um mistök í hagstjórninni þegar hagvöxtur er jafnríkur og hann er núna en við sjáum samt sem áður vaxandi langvarandi atvinnuleysi, vaxandi atvinnuleysi hjá konum og vaxandi atvinnuleysi hjá ungu fólki. (**Gripið fram í:** Stóðst þú þig vel?) Hæstv. ríkisstjórn hlýtur að þurfa að skoða vel framferði sitt að því er hagstjórnina varðar.

Hvernig má það vera að það sé góðæri og hagvöxtur en samt sem áður er atvinnuleysið að aukast? Hæstv. ráðherra sagði áðan að gert væri ráð fyrir 3,1% atvinnuleysi. Hvað sögðu þeir í upphafi?

Þegar ríkisstjórnin lagði fram frv. sitt til fjárlaga taldi hún að það yrði 2% atvinnuleysi. Því miður hefur Framsfl. mistekist í þessu og það er satt að segja nöturlegt þegar hv. þm. Framsfl. koma hingað og stæra sig af því að hafa aukið atvinnuleysisbætur. Það þurfti næstum því að reka þá til þess eins og staðar kvígur á bás.

[16:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Málflutningur stjórnarandstöðunnar við umræðuna er með ólíkindum.

Hv. þm. Atli Gíslason segir um hækkun atvinnuleysisbóta á þessu ári: Bitamunur en ekki fjár. Að fara úr 77 þús. kr. á 89 þús. kr. á þremur mánuðum: Bitamunur en ekki fjár. Að hækka bæturnar um 14,6% á þremur mánuðum: Bitamunur en ekki fjár. Athyglisverð afstaða.

Stjórnarandstaðan er kannski á móti aðgerðinni eins og hún heyktist á því að greiða atkvæði með tvöföldun örorkubóta til yngstu öryrkjanna á Alþingi fyrr í vetur.

Össur Skarphéðinsson sendi fólkinu í landinu tóninn. Hann virðist vera á móti því að stjórnvöld vinni með verkalýðshreyfingunni, með atvinnurekendum að breytingum á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni. Hann virðist vera á móti því að fólkið á Suðurnesjum, á Eyjafjarðarsvæðinu vinni gegn langtímaatvinnuleysi ungs fólks. Þetta er móðgun við fólkið í landinu.

Sá sem hér stendur rakti við fyrri umræðu þær aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu ríkisstjórnarinnar til að bregðast við atvinnuleysi í landinu, ekki síst langtímaatvinnuleysi. Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég undra mig á því hvernig stjórnarandstaðan hefur staðið að umræðunni.

Ég hef áður sagt að mikið hefur áunnist með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Við eigum hins vegar að halda áfram. Við eigum að velta fyrir okkur hvort bætur eigi að einhverju leyti að taka mið af tekjum, jafnvel með sérstakri tryggingu, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar sagði í máli sínu og Framsfl. hefur ályktað um á flokksþingum sínum. Við eigum sömuleiðis að velta fyrir okkur hvort efla þurfi vinnumarkaðsaðgerðir til að stuðla enn frekar að virkri þátttöku atvinnuleitenda við vinnuleit.

En umræða á borð við þá sem stjórnarandstaðan hefur haft í frammi við utandagskrárumræðuna skilar engu. Engar lausnir, bara hróp hrópandans í eyðimörkinni.

[Fundarhlé. — 16:09]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Erfðafjárskattur, 435. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1151; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1152.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 162. mál, þskj. 1136.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna.

Fsp. JóhS, 596. mál. — Þskj. 900.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í apríl árið 2002 var samþykkt þáltill. þingmanna úr öllum flokkum stjórnar og stjórnarandstöðu sem fjallaði um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna. Ályktunin beindi því til ríkisstjórnarinnar að skipa nefnd sem hefði það verkefni að gera tillögur um hvernig unnt væri að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Hér var átt við allan vinnumarkaðinn en ekki aðeins að fjalla um veikindarétt foreldra langveikra barna. Mér hefur fundist gæta misskilnings þar um. Nefndina átti að skipa fulltrúum félmrn., heilbr.- og trmrn., aðilum vinnumarkaðarins og Samtaka um málefni langveikra barna. Nefndin átti í starfi sínu að hafa hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Ísland hefur skorið sig úr þegar gerður er samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna miðað við önnur Norðurlönd. Hér á landi eru aðeins greiddir tíu veikindadagar á ári vegna barna undir 13 ára aldri, óháð því hvort um langveik börn er ræða og fjölda barna. Þennan rétt er ekki hægt að flytja á milli ára hafi barn t.d. ekki verið veikt í tvö ár en yrði svo veikt í 20 daga í einu. Annars staðar á Norðurlöndum er rétturinn ýmist til 16 eða 18 ára aldurs barns og hvergi er veikindarétturinn skemmri en 2–3 mánuðir og nær hann til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar.

Í Svíþjóð eru greidd sem samsvarar 90% launa í 120 daga á ári fyrir barn að 16 ára aldri. Í Noregi eru greidd full laun í 260 daga. Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Hér er aðeins um að ræða tíu daga almennan veikindarétt á ári.

Annars staðar á Norðurlöndum er veikindarétturinn greiddur af hinu opinbera en hér á landi eru einungis umönnunarbætur til fatlaðra og langveikra barna greiddar úr ríkissjóði.

Ég hef því leyft mér að leggja fsp. fyrir félmrh. um hvað líði framkvæmd þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002 þar sem skipa átti nefnd sem hefði það verkefni að gera tillögur um hvernig unnt væri að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Niðurstöðurnar áttu að liggja fyrir, herra forseti, á haustþingi árið 2002 en nú er komið árið 2004.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að tveimur árum áður var samþykkt tillaga um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna. Mér er kunnugt um að á vegum félmrh. hefur verið starfandi nefnd sem er að skoða réttarstöðu foreldra langveikra barna. Það er allt annað mál og auðvitað mjög brýnt. En þessi ályktun sem samþykkt var tveimur árum síðar fjallar um að auka almennan rétt foreldra vegna veikinda

barna, allra barna en ekki einungis langsjúkra. Ég vona því að hæstv. ráðherra fari ekki að rugla þessu tvennu saman í svari sínu sem ég vænti að verði skýrt og skilmerkilegt.

[18:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr um hvað líði framkvæmd þál. um skipun nefndar sem átti að gera tillögur um hvernig unnt væri að tryggja betur rétt foreldra til fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna.

Félmrh. skipaði nefnd þann 29. janúar 2001 sem hafði það hlutverk að tryggja betur en nú er rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna langvarandi veikinda barna. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar félagsmálaráðuneytis, sem er formaður nefndarinnar, fulltrúi fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Bandalags háskólamanna, Samtaka atvinnulífs, Bandalags ríkis og bæja, ASÍ og fulltrúi Umhyggju. Í ljósi þess að þegar var starfandi nefnd sem falið hafði verið að fjalla um sambærilegt efni og ályktunin hljóðaði upp á, sem skipuð hafði verið á sambærilegan hátt og þar var kveðið á um, var ákveðið að fela nefndinni jafnframt framkvæmd umræddrar þingsályktunar.

Skipun nefndarinnar var í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna frá febrúar 2000 þar sem kemur fram að stuðla skuli að aðgerðum sem beinast að því að tryggja enn betur rétt langveikra barna og foreldra þeirra á sviði almannatrygginga og að fjárhagsleg aðstoð vegna langveikra barna verði aukin. Þá segir að aukinn verði réttur foreldra á vinnumarkaði. Var markmið skipunar nefndarinnar að finna leiðir í því skyni að auka rétt foreldra á vinnumarkaði til að sinna langveiku barni heima enda ljóst að fjarvera foreldra langveikra barna frá vinnu getur verið mikil.

Nefndin hefur, hæstv. forseti, víða leitað fanga og m.a. kynnt sér fyrirkomulag þessara mála á Norðurlöndunum. Þá kynnti nefndin sér mismunandi réttindakerfi sjúkrasjóða og styrktarsjóða stéttarfélaganna. Eins hefur hún reynt að átta sig á hversu stóran hóp foreldra er um að ræða sem leggja þarf niður störf vegna veikinda barna sinna.

Það sem helst hefur staðið störfum nefndarinnar fyrir þrifum er að ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar um aðstæður fjölskyldna langveikra barna, þar á meðal hversu margir foreldrar þurfa að leggja niður störf þegar barn þeirra greinist með langvarandi veikindi, í hve langan tíma og hve mikinn viðbótarkostnað fjölskyldur þeirra bera vegna veikindanna. Ekki er ólíklegt að fyrri nefndir hafi staðið frammi fyrir sambærilegum vanda. Þótti því mikilvægt að kanna hverjar raunverulegar aðstæður fjölskyldna þessara barna eru, í stað þess að nefndin kæmi fram með tillögur sem ekki væru forsendur til að fylgja. Það væri einungis vísir að stofnun annarrar nefndar.

Vorið 2003 sendi nefndin út spurningalista til foreldra langveikra barna. Úrtakið reyndist ekki gefa rétta mynd af þessum hópi þar sem nokkuð var um styrktaraðila sem og foreldra eldri barna sem jafnvel höfðu náð heilsu á nýjan leik. Nú stendur til að gera nýja könnun meðal þessa hóps þar sem fundið verði betra úrtak sem ætla má að endurspegli betur ástandið en fyrra úrtakið. Standa vonir til að niðurstöður þeirrar könnunar liggi fyrir í vor.

Hæstv. forseti. Af þeim sökum sem hér hafa verið raktar hefur því miður dregist að ljúka störfum nefndarinnar. Sá er hér stendur hefur óskað eftir því að nefndin ljúki störfum fyrir 15. maí næstkomandi, þegar niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir. Þær upplýsingar munu koma fram í lokaskýrslu nefndarinnar ásamt tillögum að leiðum til að bæta kjör foreldra þeirra barna sem hér um ræðir. Félmrn. telur að jafnframt verði varpað ljósi á hvernig megi betur tryggja rétt foreldra barna til launa vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna, eins og þingsályktunin kveður á um. Niðurstöður nefndarinnar verða kynntar þingmönnum við fyrstu hentugleika.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að skiptar skoðanir eru um hvernig megi stuðla að bættum réttindum foreldra þessara barna á vinnumarkaði. Það er mjög æskilegt að samstaða náist um slíkra tillögur. Þess vegna þótti mikilvægt að kanna raunverulegar aðstæður þessa hóps í því skyni að átta sig betur á umfangi verkefnisins.

[18:08]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði að hæstv. ráðherra mundi rugla saman þessum tveim ályktunum sem Alþingi samþykkti, annars vegar sérstakri ályktun um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna og hins vegar tillögu sem samþykkt var tveimur árum síðar, um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna. Ég hef haft af því spurnir, herra forseti, hjá þeim sem sitja í þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra tilgreindi, að þar hafi ekkert verið fjallað um almennt aukinn rétt foreldra veikra barna heldur einungis langsjúkra barna. Ályktunin sem ég er að spyrja ráðherrann um fjallar um almennt aukinn rétt foreldra á vinnumarkaði vegna veikinda barna. Þar er ekki einungis fjallað um foreldra langveikra barna. Um þá var sérstök ályktun sem ég geri ekki lítið úr. Hún er afar mikilvæg og þarf að fara að skila niðurstöðu.

En ég spyr hæstv. ráðherra aftur: Hvernig stendur á því að í nefndinni hefur ekki verið fjallað almennt um veikindarétt foreldra vegna veikinda barna? Tillagan fól það í sér. Það átti að skoða skipulag og fyrirkomulag þessara mála annars staðar á Norðurlöndum þar sem veikindaréttur er að lágmarki 2–3 mánuðir á ári meðan við erum með tíu daga almennan veikindarétt vegna veikinda barna. Hvernig stendur á því að nefndin hefur ekki fengið fyrirmæli frá ráðherra fyrst hæstv. ráðherra skipaði ekki nýja nefnd í samræmi við þessa nýju ályktun til að taka sérstaklega á því máli? Sú ályktun snýst ekki bara um aðstæður foreldra langveikra barna þótt það sé líka mikilvægt. Langveikum börnum hefur fjölgað verulega. Frá 1997 hefur langveikum börnum fjölgað um helming, þ.e. þeirra sem fá umönnunarbætur. Þeim hefur fjölgað úr 2.000 í 4.440. Þar er um mikinn vanda að ræða.

En ég og við sem stóðum að þessari þáltill., þingmenn úr öllum flokkum, vildum skoða hvort bæri að auka almennt veikindaréttindi foreldra á almennum markaði. Það er allt annar handleggur og þar erum við að tala um tugi þúsunda barna. Ég bið því hæstv. að svara því sem um er spurt.

[18:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. metur það svo að ég hafi ekki svarað fyrirspurninni, ekki var það ætlun mín að hlaupa undan því verki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef um starf nefndarinnar hefur þar vissulega verið fjallað um réttindi foreldra langveikra barna að mestu leyti. Hins vegar má gera ráð fyrir að þar fari saman hagsmunir foreldra þeirra barna sem eiga við langvarandi veikindi að

stríða og hinna, að langmestu leyti. Eins fram kom í mínu svari þótti ástæða til að fela þeirri nefnd sem þá þegar var að störfum að fjalla um þetta efni.

Aukin réttindi á vinnumarkaði vegna veikra barna geta annars vegar falist í því að starfsmanni sé tryggður réttur til fjarveru í tiltekinn tíma frá störfum sínum og hins vegar til launaðrar fjarveru í tiltekinn tíma. Eins og við vitum er meginreglan á vinnumarkaði sú að um kaup og kjör fer eftir því sem aðilar vinnumarkaðarins semja um í kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Nefndinni var frá upphafi ljóst að það væri fyrst og fremst á forræði samningsaðila á vinnumarkaði að auka réttindi vegna veikra barna en ekki opinberrar nefndar.

Auðvitað væri vert að kanna hugsanlega aðkomu ríkisins að þessum málum eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vekur athygli á. Komið hafa fram þau sjónarmið að þar sem langvarandi veikindi barna geta staðið yfir í töluverðan tíma gæti talist ósanngjarnt að einstakir atvinnurekendur bæru einir þann kostnað. Það gæti því talist mikilvægt að ríkið legði þar hönd á plóg með einhverjum hætti, svo sem með sambærilegum hætti og í hinu nýja fæðingaorlofskerfi eða sjúkratryggingakerfinu. Engin niðurstaða er komin í málinu en þetta er eitt af því sem rætt hefur verið í nefnd þeirri sem þeir aðilar sem ég áður taldi upp eiga aðild að. Auðvitað er mikilvægt að menn komi sér saman um þetta mikilvæga verkefni.

Stuðningur við börn með Goldenhar-heilkenni.

Fsp. VF, 718. mál. — Þskj. 1067.

[18:13]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Á síðustu mánuðum hefur verið mikil umræða um málefni barna með svokallað Goldenhar-heilkenni og aðstandendur þeirra. Hér er um að ræða langveik og fötluð börn. Barn með Goldenhar-heilkenni þarf mikla umönnun og er viðkvæmt fyrir smiti þannig að foreldrar þurfa að sinna því mikið og jafnvel að hætta að sinna vinnu utan heimilis. Foreldrar og fjölskyldan öll verða fyrir miklu álagi, fjárhagslegu jafnt sem andlegu, og til að leita læknisúrræða þarf að fara í kostnaðarsamar ferðir til útlanda. Langveik börn eiga rétt á stuðningi frá ríkinu, m.a. í formi umönnunarbóta. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum falla þessi börn utan kerfis í dag og fá einungis hluta af umönnunarbótum eða um 35.000 kr.

Aðstandendur þeirra fimm barna sem greinst hafa með Goldenhar-heilkenni hafa fengið að kynnast kerfinu. Þeir hafa misgóða reynslu af sveitarfélögunum þar sem Hafnarfjörður stendur að vísu upp úr. Þeir hafa því miður oft haft slæma reynslu af ríkinu, a.m.k. enn sem komið er. Það eru til margar sögur af þrautagöngu foreldra í völundarhúsi kerfisins, erfiðum, löngum og ströngum ferðum. Eins og það sé ekki nógu erfitt að eiga langveikt barn eða fatlað, en að þurfa svo líka að berjast við kerfið, kerfi sem á í raun að vinna með fólki en ekki á móti.

Herra forseti. Það er á okkar ábyrgð að leysa þessa kerfisvillu. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vakti athygli á þessu máli í þingsölum 12. nóvember síðastliðinn með fsp. til heilbrrh. Þar kom m.a. fram að málefnið snertir líka félmrn. Því beindi ég þeim tilmælum til hæstv. félmrh. í ræðu minni á Alþingi þann 6. desember síðastliðinn að hann tæki á þessu máli sem fyrst. Þar benti ég m.a. á þá staðreynd að foreldri í Mosfellsbæ færi á milli aðila í kerfinu þar sem ríkið benti á sveitarfélag og öfugt.

Stuttu síðar birtist í Fréttablaðinu viðtal við hæstv. félmrh. þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Við erum að reyna að finna lausn á málinu og ég hef auðvitað mikla samúð með fólkinu. Ég vona að það fari að komast niðurstaða í þetta mál."

Ég velti því fyrir mér hvort lausn sé í sjónmáli og í framhaldi af þessu spyr ég, virðulegi forseti: Hvað hefur félmrh. gert til að koma til móts við börn með Goldenhar-heilkenni og aðstandendur þeirra?

Eru fram komnar tillögur í því efni? Ef ekki, hvenær er von á þeim?

[18:15]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Valdimar L. Friðrikssyni fyrir spurningu hans.

Félmrn. hefur á undanförnum mánuðum átt í viðræðum við foreldra barna með Goldenhar-heilkenni þar sem reynt hefur verið að kortleggja á hvern hátt ráðuneytið og undirstofnanir þess gætu komið að þjónustu og stuðningi við þessi börn sem og önnur börn sem álíka er ástatt um. Goldenhar-heilkenni er einn af fjölmörgum fæðingargöllum sem hafa það sammerkt að vera hver um sig mjög sjaldgæfur. Flest þessara heilkenna eru mjög breytileg hvað varðar alvarleika einkenna. Þeim fylgir mismikil skerðing í þroska og færni og líkamlegir gallar eru einnig breytilegir. Þarfir þessara barna til íhlutunar eru því mjög mismunandi. Hins vegar er ljóst að um ríka þörf til aðstoðar getur verið að ræða allt frá fæðingu barnsins þegar enn er ekki komið í ljós hvort ástand þess leiðir til alvarlegrar röskunar í þroska. Auk þess þurfa fjölskyldur barnanna fjölþættan stuðning og aðstoð vegna þeirra sérstöku þarfa sem fylgir oft umönnun þeirra, t.d. læknisfræðilegrar meðferðar.

Við uppbyggingu og skipulag þjónustukerfis fatlaðra er leitast við að mæta þörfum hvers einstaklings án tillits til þess hver er frumorsök röskunarinnar. Litið er til þeirrar skerðingar í aðlögun, færni eða þroska sem leiðir af ástandi barnsins. Þegar til staðar er alvarleg og langvinn röskun á þroska eða færni barns eiga barnið og fjölskylda þess rétt á þjónustu þeirra stofnana félmrn. sem starfa að málefnum fatlaðra. Jafnframt eiga fjölskyldur rétt á stuðningi félagsþjónustu sveitarfélags í samræmi við þær reglur sem þar um gilda. Þá eiga bæði fötluð og langveik börn rétt á ýmissi þjónustu og fyrirgreiðslu á vegum heilbrrn. og Tryggingastofnunar ríkisins.

Félmrn. er í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins að skoða möguleika stofnunarinnar á að veita þessum hópi barna aðgengi að snemmtækri íhlutun stofnunarinnar. Í nýlegum lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er skilgreint hlutverk stofnunarinnar að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geti leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Þá er Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins samkvæmt lögunum ætlað að fylgjast sérstaklega með þekkingaröflun og veita eftirfylgd á sviði fátíðra fatlana.

Hvað þessi börn varðar og önnur börn með sjaldgæf meðfædd heilkenni er í bígerð að Greiningarstöðin komi að þjónustunni á fyrstu mánuðum þó ekki sé komin fram skýr

vísbending um frávik í þroska. Um væri að ræða ráðgjöf og stuðning vegna þroska og færni, upplýsingagjöf um félagsleg réttindi og samhæfingu þjónustu sem börnin og fjölskyldur þeirra njóta, m.a. með auknu samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Á sama hátt verður skoðað hvernig stofnunin getur komið að eftirfylgd og fræðslu á þessu sviði í samræmi við 4. gr. laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem kveður á um langtíma eftirfylgd þegar um er að ræða óvenju flóknar eða sjaldgæfar þroskaraskanir.

Hæstv. forseti. Þegar um er að ræða það mikil frávik í færni og þroska að það telst fötlun til lengri tíma eiga þessi börn rétt á þjónustu svæðisskrifstofa í samræmi við þarfir hvers og eins og fötlunargreiningu. Hér getur verið um að ræða stuðningsfjölskyldur, skammtímavistunarúrræði og ráðgjafarþjónustu svæðisskrifstofanna. Þau munu jafnframt eiga rétt á almennri félagsþjónustu hjá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna. Þannig eiga fötluð börn rétt á liðveislu frá sínu sveitarfélagi.

Félmrn. er kunnugt um þau sjónarmið sem aðstandendur barna sem hér um ræðir hafa um þau kjör og aðbúnað sem þau hafa búið við og þörf barna þeirra fyrir sértæka þjónustu. Aðkoma ráðuneytisins byggir hins vegar að sjálfsögðu á þeim lögbundnu skyldum sem á því og stofnunum þess hvíla.

Þrjú þeirra barna sem nefnd hafa verið í umræðunni njóta nú þegar þjónustu á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og hefur að einhverju marki verið vísað í aðra þjónustu í samræmi við þroskastöðu þeirra, m.a. í þjálfun af ýmsum toga. Reyndin er hins vegar sú að því miður er allnokkur biðtími eftir þjónustu þeirra sérfræðinga og stofnana sem sinna slíku. Félmrn. hefur þannig rætt málefni þeirra sem hér um ræðir við Greiningarstöðina og viðkomandi svæðisskrifstofur og lagt áherslu á að sú þjónusta sem þessi börn fá verði í fullu samræmi við lög um málefni fatlaðra og lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Ráðuneytið mun jafnframt vekja athygli viðkomandi sveitarfélaga hverju sinni á stöðu foreldra langveikra og fatlaðra barna.

Hæstv. forseti. Félmrn. hefur reynt á undanförnum vikum og missirum að koma eins og því er nokkur kostur til móts við óskir og þarfir foreldra þeirra barna sem hér um ræðir og vona ég svo sannarlega til að vel megi takast til við það.

[18:20]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég hef verið í sambandi við umræddra foreldra sem eiga börn með Goldenhar-heilkenni og þau hafa verið sæmilega sátt við hæstv. félmrh. En nú heyrir þetta mál einnig undir annan ráðherra, hæstv. heilbr.- og trmrh., og þeir hafa síður en svo verið ánægðir með aðkomu hans að málinu. Ég vil því koma þeirra athugasemd að, og það væri mjög áhugavert að fá það upplýst í umræðunni síðar hvernig samvinna þessara tveggja ráðherra hafi verið til að leysa mál þessara barna þannig að þeim sé ekki vísað úr einu ráðuneytinu í annað. Það væri miklu nær að taka þessa foreldra að sér og reyna að skoða mál þeirra heildstætt, eins og sagt er.

[18:21]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og þann áhuga sem hann virðist hafa sýnt þessu máli. Ég vona að hann fylgi því áfram. Sérstaklega vil ég þakka honum fyrir að hafa sett sig í samband við aðstandendur, það er mjög gott mál.

Það kom fram í máli hæstv. heilbrrh. fyrr í dag að ýmis mál, eins og kom líka fram hér áðan, eru á gráu svæði, þ.e. á milli ráðuneyta, verkefni skarast. Ég hef að sjálfsögðu líka lagt fram fyrirspurn til heilbrrh. í þessu máli, en ég vænti þess að hæstv. félmrh. muni hafa frumkvæði að því að leysa þetta mál á milli þeirra ráðuneyta.

[18:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir umræðuna, þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu þarfa umræðuefni og þátttakendum í umræðunni. Málið snýst að hluta til um það, sem er rétt ábending, hver beri kerfislega ábyrgð á þjónustunni við þessi börn og samræmingu hennar. Þau fá læknismeðferð eftir þörfum og umönnunarbætur í samræmi við reglur Tryggingastofnunar ríkisins. Þjónusta stofnana félmrn. hefur farið eftir því hvort þau teljast fötluð í lagalegum skilningi, þ.e. hvort um er að ræða langvinna skerðingu í færni eða þroska.

Í 2. gr. laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er alvarleg þroskaröskun skilgreind sem meðfætt eða áunnið ástand sem veldur því að þroski og færni víkur verulega frá því sem eðlilegt er talið og hindrar einstakling í að aðlagast venjulegum kröfum þjóðfélagsins án markvissrar aðstoðar á uppvaxtarárum.

Öll læknismeðferð vegna langvinnra sjúkdóma er hins vegar á forræði heilbrigðiskerfisins. Langvinn skerðing á félagslegri stöðu er verkefni félmrn. Og þarna kristallast það sem fram hefur komið í umræðunni, hæstv. forseti, að þessi mál eru oft á gráu svæði, ekki síst á milli þessara tveggja ráðuneyta og þess vegna er það auðvitað mjög mikilvægt, eins og líka hefur verið bent á, að góð samvinna takist með þeim ráðuneytum um úrlausn þessara efna.

Ég get svarað hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni því að samvinna ráðuneytanna í þessu máli hefur verið með ágætum. Við gerum okkur grein fyrir því, ég og heilbrrh., að þau þarfnast heildstæðrar úrlausnar. Það er það sem við höfum verið að einbeita okkur að og höfum átt um það ágæta samvinnu.

Hættumat fyrir sumarhúsabyggð.

Fsp. SigurjÞ, 593. mál. — Þskj. 892.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Hver er ástæðan fyrir þeim drætti sem hefur orðið á gerð hættumats fyrir fyrirhugaðar sumarhúsabyggðir á grundvelli laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, en Veðurstofan hefur ekki fengið heimild til að vinna slíkt mat síðasta hálfa árið?

Ástæðan fyrir því að ég ber upp þessa spurningu er að sveitarfélag í kjördæmi sjálfs hæstv. byggðamálaráðherra hefur ekki fengið afgreitt erindi þar sem óskað er eftir bráðabirgðahættumati vegna ofanflóða vegna frístundabyggðar á Grund í Grýtubakkahreppi. Erindið hefur ekki fengið neina afgreiðslu frá því 15. október sl. Í bréfi Veðurstofu Íslands til Guðnýjar Sverrisdóttur sveitarstjóra, dags. 25. nóvember sl., kemur fram að ástæðan fyrir drættinum væri sú að ekki

sé ljóst hver eigi að greiða fyrir hættumatið. Ég hafna alfarið þeirri skýringu sem kemur fram í umræddu bréfi þar sem ég tel að skýr lagafyrirmæli segi til um það að Ofanflóðasjóður eigi að greiða fyrir slíkt hættumat. Og í umræddu bréfi Veðurstofunnar kemur enn fremur fram að Ofanflóðasjóður hafi greitt sambærilegt mat fram til þessa. Nú er fullljóst að reglugerðir og lög hafa ekki breyst, heldur einungis túlkun Ofanflóðasjóðs á lögun og reglum.

Í framhaldi af því vakna þær spurningar hvort Ofanflóðasjóður hafi þá áður veitt opinbert fé án þess að hafa heimild fyrir því. Menn verða að hafa einhverjar málefnalegar ástæður fyrir því að breyta túlkun reglugerðanna. Auðvitað er það mjög undarleg stjórnsýsla að menn geti tekið upp á sitt eindæmi að túlka reglur mismunandi frá mánuði til mánaðar.

Ég vil að lokum minna á að með töfum á afgreiðslu erinda er verið að koma í veg fyrir atvinnuuppbyggingu í dreifbýli og það kemur mér undarlega fyrir sjónir að hæstv. ráðherra skuli tefja fyrir atvinnuuppbyggingu í hjarta kjördæmis sjálfs byggðamálaráðherra.

[18:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er spurt: „Hver er ástæðan fyrir þeim drætti sem hefur orðið á gerð hættumats fyrir fyrirhugaðar sumarhúsabyggðir á grundvelli laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, en Veðurstofan hefur ekki fengið heimild til að vinna slíkt mat síðasta hálfa árið?"

Því er til að svara að umhvrn. hefur í samráði við Veðurstofu Íslands forgangsraðað vinnu við gerð hættumats vegna ofanflóða. Í samræmi við lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, er meginákersla lögð á að meta ofanflóðahættu á svæðum þar sem fyrir er þétt byggð og föst búseta fólks, enda tilgangur laganna um varnir gegn snjóföllum og skriðuföllum að leysa þann fortíðarvanda sem skapast hafði í þéttbýlisstöðum víða um land vegna vanþekkingar á hegðun náttúruaflanna, en hættumat er forsenda fyrir frekari aðgerðum, svo sem vörnum eða uppkaupum.

Í framkvæmdaáætlun um aðgerðir til varnar snjóflóðum í þéttbýli sem ríkisstjórnin samþykkti 1997 er gert ráð fyrir að ljúka nauðsynlegum varnaraðgerðum fyrir eldri íbúabyggð á árinu 2010. Kostnaður við hættumat er greitt af Ofanflóðasjóði, en tekjur hans eru tímabundið árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir í landinu. Hættumat vegna ofanflóða hefur nú verið staðfest fyrir átta þéttbýlisstaði, Patreksfjörð, Bíldudal, Bolungarvík, Ísafjörð, Siglufjörð, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Eskifjörð. Unnið er að hættumati fyrir Ólafsvík, Grundarfjörð, Tálknafjörð, Flateyri, Suðureyri, Þingeyri, Súðavík, Ólafsfjörð og Fáskrúðsfjörð. Er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki fyrri hluta næsta árs. Með því telur ráðuneytið að meginmarkmiði laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sé náð, þ.e. að meta hættu vegna ofanflóða á svæðum þar sem fyrir er þéttbýli með fastri búsetu.

Í ljósi þessa svo og þeirrar reynslu sem fengist hefur á reglugerð nr. 505/2000, um gerð hættumats og nýtingu hættusvæða, telur ráðuneytið að endurskoða þurfi reglur um hættumat og endurmeta forgangsröðun, t.d. með tilliti til dreifbýlis, frístundabyggðar og skíðasvæða sem nú eru í byggð eða notkun. Meðan endurskoðun reglugerðarinnar er ekki lokið tekur ráðuneytið og Ofanflóðasjóður ekki þátt í hættumatsgerð, nema í þeim verkefnum sem þegar hafa verið ákveðin og uppfylla skilyrði svo sem um þéttbýli og fasta búsetu. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að aðilar sem hafa í hyggju að leggja lönd sín undir nýja sumarhúsabyggð leiti til Veðurstofu Íslands um gerð hættumats á eigin kostnað ef þeir óska að hefja framkvæmdir á þeim svæðum.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Fram kom í máli hæstv. ráðherra að ekkert sé því til fyrirstöðu að þeir sem hyggja á að fara út í atvinnuuppbyggingu geti gert það á eigin kostnað. En nú stendur óvart — eða líklegast ekki óvart, það hefur verið sett með vilja — að þetta skuli greiðast af Ofanflóðasjóði. Er þá ekki rétt að breyta reglunum áður en menn fara að breyta framkvæmdinni? Mér hefði fundist það miklu eðlilegri stjórnsýsla. Menn fara ekki að túlka reglur og lög með einum hætti frá mánuði til mánaðar. Ef menn ætla að fara í breytta framkvæmd og hætta að greiða það sem Ofanflóðasjóði ber að greiða samkvæmt lögunum á auðvitað að breyta lögunum fyrst og fara síðan að vinna út frá nýjum lögum. Ég botna í rauninni ekkert í þessari framkvæmd að menn geti bara hætt að vinna eftir lögunum og hætt að úthluta.

Einnig ber að taka fram í málinu að hér er ekki um dýrt mat að ræða. Þetta er frekar ódýr vinna sem kannski tekur örfáa daga yfirleitt og ég átta mig eiginlega ekki á því hver stefna hæstv. ráðherra er í málinu. Er þetta stefna gagnvart dreifbýlinu sem birtist m.a. í fleiri málum, svo sem að skera einhliða niður framlög til minka- og refaveiða? Ég átta mig ekki á því hvað er verið að fara.

Ég hefði talið miklu nær að menn breyti lögunum áður en menn fara að breyta framkvæmdinni.

[18:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg á röksemdafærslunni í ræðu hv. þm. sem heldur því fram að við séum hætt að vinna eftir lögunum. Það er alls ekki þannig. Eins og stendur í 4. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Jafnframt (**SigurjÞ:** Viltu ekki lesa 13. gr. líka?) fari slíkt mat fram á skipulögðum skíðasvæðum."

Megintilgangurinn með lögunum er að meta ofanflóðahættu á svæðum þar sem fólk er í dag. Menn eru aðallega að leysa þann fortíðarvanda sem skapast hafði á þéttbýlisstöðunum þar sem menn höfðu byggt upp vegna vanþekkingar á hegðun náttúruaflanna. Eftir þeirri forgangsröðun er verið að vinna. Ég taldi upp í fyrra svari mínu að hættumatið er komið ágætlega áleiðis, búið er að staðfesta að það eru átta þéttbýlisstaðir en ekki er búið að klára það fyrir nokkuð marga aðra.

Það er því svo sannarlega, hæstv. forseti, verið að vinna eftir lögunum og vinna eftir þeirri forgangsröðun sem gerð var. Ef hins vegar aðrir vilja fara út í að vinna hættumat vegna fyrirhugaðrar byggðar sem menn vilja reisa geta þeir gert það á eigin kostnað, en meðan staðan er svona vinnum við eftir forgangsröðuninni sem var sett upp.

Vernd votlendis samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Fsp. MÁ, 679. mál. — Þskj. 1008.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Alþjóðasáttmálinn um verndun votlendis, kenndur við borgina Ramsar í Íran, tók gildi á Íslandi árið 1978. Þá þegar, fyrir rúmum aldarfjórðungi, tilnefndu Íslendingar Mývatns- og Laxársvæðið sem íslensk Ramsarsvæði samkvæmt sáttmálanum. Síðan hafa bæst á Ramsarskrána Þjórsárver 1990 og Grunnafjörður í Borgarfirði árið 1996.

Til Ramsarsvæðanna ber að taka sérstakt tillit við landnotkun og allar ákvarðanir um framkvæmdir eða aðgerðir sem geta haft áhrif á stöðu þeirra. Íslendingum er skylt að fylgja tilnefningunum eftir með því að vinna og samþykkja verndaráætlun fyrir hvert svæði. Þetta var samþykkt á ríkjaráðstefnu Ramsarríkjanna í borginni Kushiro í Japan árið 1993 að ég hygg.

Í skýrslu sem hæstv. umhvrh. lagði fram í maí árið 2000 segir að vinna við gerð sérstakrar verndaráætlunar fyrir Þjórsárver eða Grunnafjörð hafi ekki hafist. Um Mývatns- og Laxársvæðið sagði ráðherra hins vegar í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Þar er hafin gerð verndaráætlunar fyrir svæðið en ekki er hægt að segja til um hvenær hún verður fullgerð þar sem fjárveitingar til verksins munu ráða miklu um verklok."

Hinn 3. febrúar á þessu ári ræddum við um náttúru- og umhverfisvernd á þinginu. Þá svaraði hæstv. umhvrh. spurningu frá mér um þessi svæði þannig að um verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá væri sér, með leyfi forseta, „kunnugt um að Umhverfisstofnun er komin áleiðis með að skipuleggja þá vinnu en hún er ekki hafin".

Í þrjú ár og tíu mánuði hafði því ekkert gerst með verndaráætlun fyrir Þjórsárver og fyrir Grunnafjörðinn en með Mývatn höfðu, samkvæmt svörum ráðherrans, orðið þau merkilegu undur á þessum tíma að áætlun, sem í maí 2000 hafði verið hafin, var í febrúar 2004 komin aftur á skipulagningarstig. Má segja, virðulegur forseti, að með bókmenntabragði því sem kallað er útdráttur, sé hér óvenjulegt verklag á ferð.

Að öllu gamni slepptu er orðið afar brýnt að hefja störf við áætlanirnar allar og ljúka þeim. Mest liggur auðvitað á áætlun fyrir Mývatn og Laxá sem með réttu hefði átt að liggja fyrir áður en lagt var fram frv. um nokkrar breytingar á því svæði. „Vilji er allt sem þarf," sagði Einar Ben. og Gunnar Thor. Viljinn kemur því miður ekki fram í ýmislegum staðhæfingum hæstv. umhvrh. heldur í því fé sem veitt er til verkefnanna.

Vídalín sagði: „Þá er efndanna vant þegar heitið er komið". Nú er spurt um efndirnar en ekki heitin.

[18:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt:

„Hvað líður verndaráætlunum í tengslum við Ramsarsamþykktina fyrir

a. Mývatn og Laxá,

b. Þjórsárver,

c. Grunnafjörð?

2. Hvenær eru áætluð verklok við gerð verndaráætlana fyrir þessi svæði?"

Því er til að svara að Umhverfisstofnun fer með umsjón og stjórn þeirra þriggja svæða sem Ísland hefur tilkynnt á skrá Ramsarsamningsins. Stofnunin hefur þegar hafið undirbúning að gerð verndaráætlunar fyrir Mývatns- og Laxársvæðið og miðað við það fé sem stofnunin hefur til verkefnisins og stöðu rannsókna á svæðinu er útlit fyrir að stofnunin ljúki gerð verndaráætlunarinnar á þessu ári og áætlunin verði tilbúin á næsta ári.

Vinna við gerð verndaráætlunar fyrir Þjórsárver er þegar hafin. Umhverfisstofnun telur ekki þörf á frekari rannsóknum vegna þeirrar vinnu og gerir stofnunin ráð fyrir að ljúka gerð verndaráætlunar fyrir svæðið á þessu ári.

Gerð verndaráætlunar fyrir Grunnafjörð er ekki hafin en Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að ljúka gerð hennar innan þriggja ára. Að mati stofnunarinnar er ekkert sem ógnar svæðinu í dag en stofnunin telur þörf á frekari rannsóknum á svæðinu.

[18:38]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Nú hefur það komið fram að frv. um verndun Mývatns og Laxár bíður í umhvn. að frumkvæði hæstv. umhvrh. Þess vegna væri fróðlegt að fá að heyra í máli hæstv. umhvrh. á eftir hvort hún telji, af því að frv. er farið að bíða, að það eigi e.t.v. að bíða fram yfir að umrædd verndaráætlun verði tilbúin. Nú er ekki langt í hana og hvort ekki væri bara ráð að láta hana bíða.

[18:39]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Ég þakka svörin. Þau eru nokkuð greið, sérstaklega svörin um að verndaráætlun um Mývatns- og Laxársvæðið verði tilbúin á næsta ári. Hún hefði nefnilega þurft að vera tilbúin helst á þessu ári og helst í vor. Þess er þá að vænta að umhvn. muni í umfjöllun sinni um hið tvöfalda frv. hæstv. umvhrh., annars vegar frv. um þrengingu verndarsvæðis og hins vegar um virkjunarákvæðið, kalla eftir drögum að áætluninni um svæðið sem nú er til.

Varðandi Þjórsárver er auðvitað ekki hægt annað en að gleðjast yfir því að sú vinna skuli ganga vel. Það er vel kannað svæði í sjálfu sér og ekki að efa að Umhverfisstofnun hafi rétt fyrir sér.

Með Grunnafjörð stendur það sem sé til bóta innan þriggja ára að gerð verði verndaráætlun. Ég þakka svörin en fullvissa mig jafnframt um það að sú fjárveiting sem nú er til reiðu fyrir verndaráætlun um Mývatn og Laxá til Umhverfisstofnunar nægi, ásamt þeirri fjárveitingu sem fram kom í svari hæstv. umhvrh. að tryggð hefur verið til stofnunarinnar á næsta ári fyrir verndaráætlunina um Mývatn og Laxá.

[18:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Varðandi verklok á verndaráætluninni á Mývatns- og Laxársvæðinu er alveg ljóst að miðað við það fé sem stofnunin hefur til verkefnisins áætlar hún að ljúka gerð verndaráætlunar á þessu ári þannig að áætlunin verði tilbúin á næsta ári.

Varðandi þá spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni er alveg ljóst að það þarf ekkert að bíða með frekari vinnu í verndaráætluninni, sú vinna er í fullum gangi og frv. um Laxár- og Mývatnssvæðið bíður. Við erum nýbúin að fara yfir það mál á hv. Alþingi að frumkvæði hv. þm. Marðar Árnasonar sem tók það upp um störf þingsins þannig að þingmanninum er fullkunnugt um stöðu málsins.

Það er verið að vinna í verndaráætluninni og frv. um vernd Laxár og Mývatns er ekki að verða að lögum eins og hér hefur komið fram.

Veiðikort.

Fsp. MÁ, 705. mál. — Þskj. 1046.

[18:42]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það býr margt í þokunni, þar á meðal rjúpan. Nú er komið fyrsta tímabil af umdeildu rjúpnaveiðibanni sem hæstv. umhvrh. setti í haust og frægt er. Ég tel að veiðibann af þessu tagi sé úrræði sem ekki á að grípa til nema í neyð og það eigi að standa eins stutt og hægt er.

Ein af ástæðum þess eru auðvitað veiðimennirnir. Ég er sannfærður um að þó misjafn sauður sé í mörgu fé vill meiri hluti rjúpnaveiðimanna vel og ég held að það hefði verið mjög mikilvægt að halda áfram því samstarfi umhverfisstjórnvalda, vísindamanna og veiðimanna sem tókst á síðasta áratug með reglum um veiðikort, hæfnispróf og rannsóknir. Þess er rétt og skylt fyrir mig að minnast að það var tekið upp á tímum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í umhvrn.

Ef vel er staðið að málum geta veiðimenn orðið hluti af hinum græna her almennings sem á að vera umhverfisvernd í landinu gríðarlegur styrkur. Fáir eru í raun meiri vinir rjúpunnar en einmitt þessir áhugaveiðimenn sem við erum að tala um eða meiri kunnáttumenn um hagi hennar. Hættan núna við veiðibannið og aðferðir umhvrh. við að setja það á og viðhalda því er sú að veiðimennirnir séu gengnir úr bandalaginu og komi e.t.v. ekki í það aftur.

Það er sérstakt áhyggjuefni vegna þess kerfis sem hefur verið tekið upp í kringum veiðikortin að fé til rannsókna kunni að skorta vegna þess að fé til rannsókna á þessu sviði er nú einkum bundið við veiðikortasjóðinn, þó það hafi ekki verið meiningin í upphafi og sé í raun og veru óeðlileg regla um þessi mál.

Rannsóknir eru einmitt núna sérstaklega mikilvægar og hafa aldrei verið mikilvægari vegna þess að án þeirra verður markmiðum verndaraðgerða, hverjar sem þær eru, og einkum þeirra sem nú standa yfir því þær kosta verulegar fórnir af margra hálfu, ekki náð nema að hluta til. Þess vegna eru þessar fyrirspurnir sem varða tekjur af veiðikortagjaldi síðustu þrjú ár og á þessu ári um rannsóknir, um hvernig þessum tekjum var ráðstafað, um ráðstafanir ráðherra til að tryggja fjármagn til rannsókna á rjúpustofninum nú og um gildi upplýsinga úr veiðikortum.

[18:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hverjar voru tekjur af veiðikortagjaldi árin 2001, 2002 og 2003? Hverjar eru áætlaðar tekjur fyrir árið 2004?“

Því er til að svara að heildartekjur sjóðsins árin 2001–2003 eru 58,7 millj. kr. sem skiptast þannig milli ára: 19,8 millj. kr. árið 2001, 20,2 millj. kr. árið 2002 og 18,7 millj. kr. árið 2003. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að tekjur sjóðsins árið 2004 nemi um 15 millj. kr.

Í öðru lagi er spurt: „Hversu mikið af tekjunum fór hvert ár um sig annars vegar til rannsókna og hins vegar til vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra? Hver er áætlunin fyrir 2004?“

Því er til að svara að frá 1. júlí 1994 þegar veiðikortasjóður tók til starfa skv. lögum nr. 63/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, hefur tekjum sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur veiðikortakerfisins, sem nemur um 6 millj. kr. á ári, verið úthlutað til rannsókna og vöktunar stofna veiðidýra.

Úthlutun frá og með 2001 hefur verið sem hér segir: Árið 2001 fara 6,5 milljónir til vöktunar á rjúpu, 1,6 milljónir í refarannsóknir og 4,2 milljónir í rannsóknir á gæsum og öndum. Árið 2002 fara 6,6 milljónir í vöktun á rjúpu, 1,8 milljónir í refarannsóknir, 1,2 milljónir í rannsóknir á gæsum og öndum. Árið 2003 fara 6 millj. kr. í rannsóknir á rjúpu, 6 millj. kr. í vöktun á rjúpu, 1,8 millj. kr. í refarannsóknir, ekki er gefin upp tala í rannsóknir á gæsum og öndum. Árið 2004 fara 3,5 millj. kr. í rannsóknir á rjúpu, 6 millj. kr. í vöktun á rjúpu og 1,8 millj. kr. í refarannsóknir, ekki er gefin upp tala í rannsóknir á gæsum og öndum.

Það er því alveg ljóst að fé til rjúpnarannsókna hefur verið stóraukið árið 2003–2004, en rannsóknirnar voru dýrari í upphafi, þ.e. árið 2003.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur ráðherra gert ráðstafanir til að tryggja fé til rannsókna á rjúpnastofninum nú og næstu ár vegna minnkandi tekna veiðikortasjóðs?“

Því er til svara að vegna rjúpnaveiðibanns er viðbúið að tekjur sjóðsins dragist saman eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Gerðar verða tillögur til þess að mæta þeim kostnaði sem hugsanlega verður ekki mætt vegna samdráttar í tekjum sjóðsins við fjárlagagerð í haust.

Í fjórða lagi er spurt: „Hefur gildi upplýsinga úr veiðikortum breyst eftir að kunnugt varð um núverandi rjúpnaveiðibann?“

Því er til að svara að gildi upplýsinga í veiðiskýrslum er háð því hvernig menn skrá veiði í veiðiskýrslur til Umhverfisstofnunar. Skil á veiðiskýrslum fyrir árið 2002 dróst saman og miðað við skil undanfarinna ára vantar enn um 2.000 skýrslur um veiðiárið 2002. Þá eru brögð að því í veiðiskýrslum fyrir árið 2003 að gefnar séu upp bersýnilega rangar tölur og gætir þess sérstaklega í veiðitölum fyrir rjúpur og gæsir. Það er því ljóst að gildi veiðiskýrslna og upplýsinga um veiði hefur breyst og mikil vinna er fyrirsjáanleg við að vinsa úr þær veiðiskýrslur sem augljóslega eru rangt færðar til þess að hægt verði að nýta þær veiðitölur sem eru réttar.

Af þessu tilefni vil ég sérstaklega taka fram að formaður Skotvíss, Sigmar B. Hauksson, hefur skorað á félagsmenn sína að skila réttum veiðitölum í veiðiskýrslur og dregið fram að það væri auðvitað sjálfum þeim til góða. En það er greinilegt að þrátt fyrir þau tilmæli allra hlutaðeigandi aðila til skotveiðimanna hafa ekki allir hlýtt því kalli, því miður.

[18:49]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ef ég man rétt lagði Náttúrufræðistofnun til fimm ára veiðibann vegna þess að ekki fékkst í gegn sölubann. En síðan var ákveðið af hæstv. umhvrh. að bannið yrði til þriggja ára. Því væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. ráðherra: Ef rannsóknir sýna fram á að það verði mikið um rjúpu núna mun hún þá endurskoða umrætt veiðibann? Það væri fróðlegt að fá að heyra það áður en hún lætur af embætti.

[18:50]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það var eins og mig grunaði að tekjur sjóðsins hafa dregist verulega saman og er nú nánast öllum þeim sem til rannsókna geta farið veitt til rjúpnarannsókna, en ljóst að fé milli ára, frá fyrra ári til þessa, til rannsókna á rjúpu minnkar mikið. Ef á að halda þeim áfram verður að fá það fé annars staðar eins og hæstv. umhvrh. er reyndar að búa sig undir fyrir fjárlagagerðina í haust. Samkvæmt upplýsingum ráðherrans hafa þessar tekjur dregist saman um nánast fjórðung, farið úr 19,8 og 20,2, úr um 20 millj. kr. árin 2001 og 2002 í um 15 millj. kr. á næsta ári. Mér sýnist að rjúpnaveiðibannið hafi ekki verið undirbúið með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið og verið sett í nokkurri skyndingu. Ég verð að segja það fyrir mína parta að ég er mjög farinn að efast um að þetta bann eigi að halda áfram og hugleiði eins og ýmsir aðrir hvaða aðrar ráðstafanir komi til greina þannig að aftur geti tekist sú samvinna sem ég ræddi áðan og er að mínu viti grundvöllur þess að rjúpa og fálki, þau mikilvægu íslensku dýr, geti verið í íslenskri náttúru til frambúðar.

Ég verð að segja að mér finnst hæstv. umhvrh. ekki hafa staðið sig vel í þessu máli og að þær upplýsingar sem hér koma fram, og ég þakka að sjálfsögðu fyrir, sýni að málið er að fara á verri veg en menn höfðu jafnvel ástæðu til að ætla í haust leið.

[18:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Veiðibannið var sett á vegna eindreginnar ráðgjafar Náttúrufræðistofnunar. Átti ég fundi með bæði forstjóra þeirrar stofnunar, Jóni Gunnari Ottóssyni, og vísindamönnum hennar, fuglafræðingum. Þeir lögðu til að skynsamlegast væri að setja veiðibann til fimm ára með endurskoðunarmöguleika eftir þrjú ár. Það var vegna þess að stofninn á að vera í svokölluðum tíu ára sveiflum, það er hans náttúrulega ferli. Stofninn var í lágmarki og hann óx ekki um 50% milli ára eins og áætlað var heldur um u.þ.b. 20% milli ára. Þannig að hann var ekki í sjálfbærum sveiflum, ef svo má að orði komast.

Það var mitt mat að við ættum að banna rjúpnaveiðar í þrjú ár, en ekki fimm ár með endurskoðunarmöguleika eftir þrjú ár. Það varð niðurstaðan. Að sjálfsögðu vonast ég til þess að rjúpnastofninn nái að vaxa núna þannig að hann rétti úr kútnum. Við sjáum því vonandi hækkandi tölur í talningunum. En þessi þrjú ár voru hugsuð til þess að stofninn fengi tækifæri til að ná sér almennilega á strik. Það er þess vegna ekkert sem bendir til þess í augnablikinu að banninu verði breytt.

Nú er að störfum nefnd, sjö manna nefnd hagsmunaaðila, sem er að undirbúa tillögur um í hvaða formi veiðin á að vera þegar hún hefst aftur. Og það er alveg öruggt að mínu mati að við munum ekki búa við sama kerfi og áður. Það verða einhvers konar frekari takmarkanir, líklega miklu stærri uppvaxtarsvæði og líklega sölubann í framtíðinni og fleiri aðgerðir sem grípa verður til til þess að fleiri geti veitt.

Hálkuvarnir á þjóðvegum.

Fsp. JBjarn, 636. mál. — Þskj. 950.

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini spurningum mínum til hæstv. samgrh. um hálkuvarnir á þjóðvegum landsins:

1. Hvaða vinnureglur gilda hjá Vegagerðinni um aðgerðir til hálkuvarna á þjóðvegum landsins?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir samræmdum reglum um hálkuvarnir, líkt og gilda t.d. um snjómokstur, til að auka öryggi í umferðinni á þjóðvegum landsins?

Í samgönguáætlun fyrir árið 2003–2014 er kveðið skýrt á um þau markmið að ná auknum flutjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Um öryggismál vega segir svo, með leyfi forseta:

„Götur og vegir og umhverfi vega gert öruggara, meðal annars með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu."

Alþingi hefur sett sér metnaðarfull markmið í umferðaröryggismálum til ársins 2012. Þar stendur að fjöldi þeirra sem slasast alvarlega eða látist í umferðarslysum verði innan við 120 í lok tímabilsins árið 2012, sem er um 40% fækkun frá síðasta tímabili og framtíðarsýnin er sú að enginn slasist í umferðarslysum á Íslandi. Vegagerðin hefur einnig sett sér metnaðarfull markmið til að ná fram auknu umferðaröryggi og sömu markmiðum og sett eru í umferðaröryggisáætluninni. Þar er m.a. lögð áhersla á öruggari vegi, betri þjónustu, skilvirkari samvinnu, betra mat á umferðaröryggi vega og fækkun svokallaðra svartra bletta, svo eitthvað sé nefnt.

Þrátt fyrir göfug markmið í þessum efnum hefur þróunin því miður gengið í öfuga átt hvað varðar banaslys. Í tillögum starfshóps um umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2002–2012 kemur fram að banaslysum í umferð fjölgaði um 25% á sl. tíu ára tímabili og þá hefur þróunin auk þess orðið sú að banaslysum í dreifbýli hefur fjölgað en aftur á móti fækkað í þéttbýli.

Í máli mínu hér vil ég draga athyglina að slysum vegna hálku á þjóðvegum landsins. Ég hef ekki tölfræðilegar upplýsingar um dauðsföll, örkuml, langvarandi baráttu við afleiðingar slysa, eignatjón í farartækjum og vörum vegna hálkuslysa. En umferðarslys í hálku verða oft mjög alvarleg þar sem bifreið lætur ekki að stjórn og lendir framan á bíl sem kemur á móti og oft er mikill stærðarmunur og því afleiðingar alvarlegar. Ég þarf ekki að nefna fréttir af hálkuslysum á Vestfjörðum, Borgarfirði, Snæfellsnesi, Ströndum, Húnavatnssýslum, Suðurlandi, reyndar um allt land. Og við minnumst nýlegra sorglegra atvika af banaslysum vegna hálku í umferðinni.

Frú forseti. Við viljum komast leiðar okkar og við þekkjum snjómokstursreglur og högum ferðum okkar með tilliti til þeirra. En um hálku vitum við oft lítið, enda er hún breytileg á langri ferð. Við viljum líka komast leiðar okkar þó að hálka eða hálkukaflar séu á vegum, en okkur eru engan veginn kunnar reglur Vegagerðarinnar um hálkuvarnir og stundum finnum við reyndar að viðbrögð eru misjöfn eftir landsvæðum og vegaköflum.

Frú forseti. Því legg ég spurningar til hæstv. samgrh. um hálku og hálkuvarnir og samræmdar vinnureglur þar að lútandi.

[18:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt fyrir mig eftirfarandi spurningar:

„Hvaða vinnureglur gilda hjá Vegagerðinni um aðgerðir til hálkuvarna á þjóðvegum landsins?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir samræmdum reglum um hálkuvarnir, líkt og gilda t.d. um snjómokstur, til að auka öryggi í umferðinni á þjóðvegum landsins?"

Svar mitt er svohljóðandi:

Reglur um snjómokstur á þjóðvegum sem Vegagerðin setur og vinnur eftir eru staðfestar af samgrn. Í reglunum er kveðið á um fjölda mokstursdaga á viku hverri á einstökum leiðum. Hjá Vegagerðinni gilda ákveðnir gæðastaðlar um þjónustustig á einstökum leiðum þar sem tekið er mið af tíðni mokstursdaga, umferðarþunga og hvort um sé að ræða stuttar tengileiðir milli þéttbýlisstaða, langleiðir á láglendi eða fjallvegi. Í þjónustustaðlinum er gert ráð fyrir fimm þjónustuflokkum með mismunandi þjónustustigum.

Þjónustuflokkur eitt. Um hann segir að hann sé í hæsta gæðaflokki og er miðað við að vegur skuli hálkuvarinn hvenær sem hálka kemur upp eða hætta sé á að hálka geti myndast. Í fyrsta þjónustuflokki eru um 100 km af vegakerfinu, þ.e. umferðarmestu vegirnir í nágrenni og út frá höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustuflokkur tvö. Gert er ráð fyrir að vegurinn skuli hálkuvarinn á varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður og aðstæður þar sem flughálka er til staðar. Í þessum flokki eru um 450 km.

Þjónustuflokkur þrjú. Þar er gert ráð fyrir hálkuvörnum á mjög varasömum stöðum svo og á varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður þar sem flughálka er til staðar. Í þessum flokki eru um 1.450 km.

Þá kemur þjónustuflokkur fjögur. Þar er gert ráð fyrir hálkuvörnum þegar flughálka er á mjög varasömum stöðum eða við varasamar aðstæður. Í þessum flokki eru 2070 km.

Þjónustuflokkur fimm. Þar er gert ráð fyrir hálkuvörnum þar sem sérstök ástæða er til á mjög varasömum stöðum eða þar sem aðstæður eru mjög slæmar og flughálka hefur myndast. Í þessum flokki eru um 650 km.

Á öðrum vegum er engin föst vetrarþjónusta, hvorki snjómokstur né hálkuvarnir.

Þá spyr þingmaðurinn: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir samræmdum reglum um hálkuvarnir, líkt og gilda um t.d. snjómokstur, til að auka öryggi í umferðinni á þjóðvegum landsins?"

Svar mitt er þetta:

Eins og fram kemur í umfjöllun um fyrri spurninguna eru í notkun samræmdar reglur um hálkuvarnir hjá Vegagerðinni. Þær eru til staðar. Reglur þessar eru hluti af þjónustustaðli um vetrarþjónustu. Staðall þessi þarf að vera í stöðugri endurskoðun en eðlilega verður hann að taka mið af því fjármagni sem til ráðstöfunar er í fjárlögum og á vegáætlun, eins og eðlilegt verður að teljast. Ljóst er að verði fé til þjónustu af þessu tagi aukið mun það koma niður á framkvæmdafjármagninu miðað við að ramminn um fjármagn til vegagerðar sé fastur. Það er ljóst að vaxandi þörf er fyrir hálkuvarnir og vetrarþjónustu og jafnframt að auka þarf fjármuni til vetrarþjónustu í samræmi við aukna umferð.

Gera verður ráð fyrir að við endurskoðun á samgönguáætlun í haust verði fjallað um það í þinginu með hvaða hætti verði staðið að málum. Með skipulegri vetrarþjónustu sem hefur aukist samhliða aukinni umferð og öflugri upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar á heimasíðu, í textavarpi og með símaþjónustu hefur þjónusta við vegfarendur stórbatnað. Með betri þjónustu fer ekki á milli mála að öryggi á vegum ætti að hafa aukist. Engu að síður er alveg ljóst að þær reglur sem Vegagerðin vinnur eftir þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Lögð er rík áhersla á það hjá Vegagerðinni að standa sem best að þeirri mikilvægu þjónustu.

[19:03]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir ágæt svör hjá hæstv. ráðherra en ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni varðandi það að umferðaröryggi er gríðarlegt hagsmunamál fyrir þjóðina. Við þurfum að fara að gefa þessum málaflokki aukinn gaum.

Fróðlegt væri að fá að heyra hjá hæstv. samgrh. hver kostnaðurinn er við hálkuvarnir. Hefur hann eitthvað um það? Það væri áhugavert að fá að heyra.

[19:03]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin og þær áherslur sem hann kemur með í umræðuna, um að þörf sé á stöðugri endurskoðun á öryggisreglum, m.a. með tilliti til hálkuvarna. Ég vil draga þetta mál fram því að landsmenn verða stöðugt háðari því að komast á milli staða. Hálkuvarnir eru einmitt mikilvægur hlekkur í því að tryggja öryggi í umferð.

Ég vil ítreka að við höfum samþykkt áætlun í umferðaröryggismálum. Það væri ekki óeðlilegt að hún fengi forgang og aukið verði fjármagn inn í vegáætlunina. Ég er jafnframt klár á því að bættir vegir auka umferðaröryggi. En hér er líka um sértækt mál að ræða, þ.e. hálku á þjóðvegum. Hálkan eykst jafnvel við að komið er bundið slitlag á vegi og verður enn þá hættulegri. Þess vegna er enn meiri ástæða til að taka hálkuvarnir inn í þetta mál.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir þeirri flokkun sem hæstv. ráðherra lýsti, um hvenær hálkuvörnum skuli beitt. Þegar ég keyri af stað frá Reykjavík og norður í land, norður í Skagafjörð eða norður á Strandir geri ég mér ekki grein fyrir að ákveðinn vegur eða vegarspotti sé flokkaður niður eftir hálkuvörnum. Á hálkunni þarf maður að átta sig eftir því sem maður keyrir eftir veginum. Ég skora á hæstv. samgrh. að beita sér enn frekar í umferðaröryggismálum. Ég hvet til að auka til þeirra fjármagn til að vinnubrögð varðandi hálkuvarnir verði samhæfð og allar aðalleiðir falli undir þennan flokk númer eitt sem hæstv. ráðherra lýsti áðan.

[19:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu fer ekki á milli mála að auknar kröfur eru um og vaxandi áhersla er lögð á umferðaröryggi. Allar þær framkvæmdir sem eru í gangi við þjóðvegakerfið miða í raun að sama marki, að auka umferðaröryggi. Smátt smátt batnar vegakerfið og umferðaröryggi eykst.

Sama gildir um vetrarþjónustuna. Með aukinni vetrarþjónustu hin síðari ár hefur orðið gjörbylting. Ég fullyrði að orðið hefur gjörbylting á síðustu árum hvað varðar vetrarþjónustuna. Þetta þokast því allt í rétta átt. Það er alveg ljóst að við eigum langt í land með að geta staðið fyrir hálkuvörnum með sama hætti á öllum þjóðvegum landsins. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir að leggja verður áherslu á vegi þar sem umferðarþungi er mikill. Til þeirra verður að gera meiri kröfur. Jafnframt

er ljóst að það verður að gera miklar kröfur til ökumanna. Þess vegna gegna aðvörunarkerfin sem Vegagerðin stendur fyrir, þjónustukerfi, upplýsingar um síma, á netinu og víðar mjög mikilvægu hlutverki. Með þeim má vara ökumenn við aðstæðum á þjóðvegum. Sú þjónusta mun á næstunni aukast frekar en hitt.

Áætlunarflug milli Sauðárkróks og Reykjavíkur.

Fsp. JBjarn, 701. mál. — Þskj. 1039.

[19:08]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgrh. um áætlunarflug á milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Hvernig hyggst ráðherrann bregðast við þeirri fyrirætlan Íslandsflugs að hætta áætlunarflugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur í maí næstkomandi að óbreyttum rekstrarskilyrðum?

Með bréfi dagsettu 27. febrúar síðastliðinn tilkynnti Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Íslandsflugs, sveitarstjórn Skagafjarðar, bæjarstjórn Siglufjarðar og samgrh. að Íslandsflug treysti sér ekki lengur til að halda uppi flugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur að óbreyttum rekstrarskilyrðum. Eina leiðin, að mati Íslandsflugs, til að tryggja áframhald umræddsflugs er að það verði styrkt með fjárframlögum. Að óbreyttu verði fluginu hætt í maí næstkomandi.

Sauðárkróksflugvöllur er hluti af grunnneti samgöngukerfisins samkvæmt skilgreiningu samgönguáætlunar. Það þýðir að gert er ráð fyrir að reglubundið áætlunarflug sé um völlinn. Í Skagafirði eru fyrirtæki, skólar og þjónustustofnanir í örum vexti. Starfsskilyrði þeirra og vaxtarmöguleikar eru mjög háðir góðum samgöngum og ekki síst við höfuðborgarsvæðið. Þar má nefna Háskólann á Hólum, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Byggðastofnun, Íbúðalánasjóð, sjúkrahús og fyrirtæki Kaupfélags Skagfirðinga. Fyrirtækin byggja vöxt sinn, viðgang og samkeppnishæfni á greiðum og öruggum ferðum og stuttum ferðatíma.

Flugið er ekki síður mikilvægt fyrir Siglufjörð. Þegar áætlunarflug þangað var fellt niður var farþegum beint inn á Sauðárkróksflugið og ganga nú rútubílar á milli Sauðárkróks og Siglufjarðar til að þjóna þeim. Það er ljóst að fyrir eflingu atvinnulífs og þjónustustarfs í Skagafirði og Siglufirði skiptir áætlunarflugið miklu máli.

Ferðaþjónustumöguleikar eru einnig háðir öruggum og góðum samgöngum.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að skipulögð áætlunarleið í samgöngum sé ekki lengi í uppnámi. Ferðaþjónustan, viðskipta- og þjónustuaðilar reiða sig á áætlanir um flug til lengri tíma. Það yrði því mikið áfall fyrir Skagafjörð og Siglufjörð ef áætlunarflug til Sauðárkróksflugvallar legðist af. Að mínu viti þarf að finna leiðir til að efla þetta flug en jafnframt þarf nú þegar að grípa inn í og tryggja framtíðarrekstur flugsins milli Sauðárkróks og Reykjavíkur. Sé það ekki hægt með öðrum hætti mætti koma þar að hliðstætt því sem gert er með flug til Hafnar í Hornafirði og til Bíldudals. Ég leyfi mér því að ítreka spurningu mína til hæstv. samgrh.: Hvernig hyggst ráðherra bregðast við fyrirætlunum Íslandsflugs og koma í veg fyrir að umrætt flug leggist niður?

[19:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. spyr um hvernig ráðherra hyggist bregðast við þeirri fyrirætlan Íslandsflugs að hætta áætlunarflugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur í maí að óbreyttum rekstrarskilyrðum.

Áður en fyrirspurninni er svarað er nauðsynlegt að gera grein fyrir aðstæðunum í þessu tilviki. Það hefur verið brugðið til þessa ráðs að bjóða út flug milli staða, aðallega til jaðarbyggða þar sem samgöngur eru mjög erfiðar. Dæmi um það er útboð á flugi milli Reykjavíkur og Gjögurs, vegna ystu byggða Strandasýslunnar. Hið sama á við um Grímsey, flug frá Akureyri til Grímseyjar, frá Akureyri til Þórshafnar og Vopnafjarðar og sömuleiðis, eins og kom fram hjá hv. þm., flug milli Bíldudals og Ísafjarðar yfir vetrartímann þegar allt er lokað og milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði.

Hv. þingmenn verða að gera sér grein fyrir því að í þeim byggðum sem ég nefndi eru aðrar aðstæður en á Sauðárkróki. Hins vegar er ljóst að um samgöngur við Siglufjörð gilda önnur lögmál. Þangað er lengra að fara. Þess vegna tók samgrn. ákvörðun um að gera samning um það við sérleyfishafa sem ekur milli Siglufjarðar og Sauðárkróksflugvallar að hann fengi verulega háar styrkfjárhæðir til að halda úti sérleyfisferðum milli flugvallar og Siglufjarðar í tengslum við áætlunarflug Íslandsflugs. Við töldum eðlilegt að koma þannig til móts við aðila, að þannig gæti flugfélagið verðlagt þjónustu sína í samræmi við þá heildarflutninga og kostnað sem farþegarnir þurfa að greiða. Þetta er myndin sem blasir við.

Að sjálfsögðu verður skoðað hvernig eðlilegt er að standa að þessu í framtíðinni, hvort gerðir verði aðrir samningar við sérleyfishafann eða brugðist við á annan hátt. Á þessari stundu tel ég ekki ráðlegt að gefa neinar yfirlýsingar um framhaldið. Það kann vel að vera að aðrir flugrekstraraðilar sjái sér þann leik á borði að taka við þessari þjónustu. Ég tel ekki rétt að afskrifa það þó að sá flugrekstraraðili sem flogið hefur þarna milli, Íslandsflug, hafi tilkynnt að félagið muni hætta því flugi í maí. Ég held að hv. þingmenn hljóti að átta sig á því að það verður að skoða þetta mál í ljósi allra þeirra aðstæðna.

Á Höfn í Hornafirði eru aðstæður t.d. þær að þangað er tiltölulega löng vegalengd. Gert hefur verið ráð fyrir að styrkur vegna flugs milli Reykjavíkur og Hafnar tengist því að þar er afar mikilvægt að sinna sjúkraflutningum með flugi, vegna þessarar löngu leiðar. Sjúkrahúsþjónusta er ekki í því sveitarfélagi.

Samgrn. mun að sjálfsögðu fara yfir þetta mál og huga að því hvernig eðlilegt væri að koma til móts við þessar byggðir. Ég tel að það hafi verið gert mjög myndarlega. Þess vegna veldur það vonbrigðum að Íslandsflug skuli áforma að hætta að fljúga til Sauðárkróks. Það er alveg augljóst að það dregur úr mikilvægri þjónustu. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda varðandi það hve æskilegt er að halda þar úti flugi, svo ekki sé talað um að nýta þau mikilvægu og ágætu flugvallarmannvirki sem á Sauðárkróki eru.

[19:17]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Auðvitað skiptir þetta gríðarlegu máli fyrir þær byggðir sem um er að ræða, Sauðárkrók og Skagafjörð en þó sérstaklega fyrir Siglufjörð. Vegna þess að við erum að ræða um almenningssamgöngur til Siglufjarðar tel ég rétt að rifja upp að hæstv. samgrh. ber sérstaka ábyrgð á

Siglufirði. Hann endurnýjaði ekki sérleyfi þeirra aðila sem höfðu stundað akstur til Siglufjarðar í meira en hálfa öld.

Menn verða að svara þessu vegna þess að nú nálgast sú stund er Íslandsflug hefur sagst ætla að hætta að fljúga á Sauðárkrók. Menn verða að fá skýr svör um hvernig bregðast eigi við. Fá menn sérleyfið á ný? Hvað hyggst ráðherra fyrir? Á að keyra í veg fyrir flug á Akureyri? Auðvitað verða menn að svara þessu.

[19:18]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektirnar. Ég veit að hann gerir sér grein fyrir því hversu mikilvægt þetta flug er og hve Sauðárkrókur og mannvirkin þar eru mikilvæg. Sauðárkróksflugvöllur er hluti af grunnneti flugsamgangna og um hann á að fara reglulegt áætlunarflug. Samkeppnishæfni stofnana í Skagafirði og atvinnulífs á Siglufirði er líka háð flugi. Við heyrum frá Akureyri hversu Háskólinn á Akureyri hefur t.d. talið gríðarlega mikilvægt fyrir samkeppnishæfni þess skóla að bjóða upp á tíðar flugferðir á milli Akureyrar og Reykjavíkur þannig að starfsmenn Háskólans á Akureyri geti kennt og tekið þátt í störfum í Reykjavík samdægurs og eins að menn komi frá Reykjavík og kenni á Akureyri. Samkeppnishæfni þessara stofnana og vaxtarmöguleikar eru háðir þessu örugga samgöngukerfi og tíðum ferðum.

Nú eru átta ferðir í viku á milli Sauðárkróks og Reykjavíkur og finnst mörgum sem þær megi ekki færri vera. Ég legg áherslu á það, frú forseti, að hæstv. ráðherra gangi sem fyrst í þetta mál og létti af óöryggi sem hefur skapast með yfirlýsingu Íslandsflugs um að hætta flugi til Sauðárkróks nema til komi breyttar rekstrarforsendur, hvort sem að því kæmi Íslandsflug eða annar aðili. Það er ljóst að menn hafa gert ráð fyrir að fá slíka þjónustu og það væri gríðarlegt áfall fyrir vöxt, viðgang og samkeppnishæfni þessarar byggðar ef flug legðist af, sem ég treysti hæstv. ráðherra til að bregðast við og koma í veg fyrir.

[19:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er skaði að hv. þm. Sigurjón Þórðarson skuli ekki vera í salnum (**SigurjÞ:** Ég er hérna.) því hann þarf sjáanlega á uppfræðslu að halda um sérleyfismál í Skagafirði. Það kom fram hjá hv. þm. að ekki hefði verið endurnýjað sérleyfi við þá sem hafa (**SigurjÞ:** Suðurleiðir.) séð um sérleyfi í Skagafirði og til Siglufjarðar um langan tíma. Það er rangt. Sá samningur hefur verið endurnýjaður og þetta tiltekna fyrirtæki hefur sérleyfi á þessari leið, frá Sauðárkróksflugvelli og til Siglufjarðar (**SigurjÞ:** En ekki frá Siglufirði til Reykjavíkur.) en hins vegar ekki á leiðinni frá Varmahlíð til Reykjavíkur. Enda er annað fyrirtæki sem þar hefur sérleyfi og mjög óeðlilegt að ríkið geri samninga við tvö fyrirtæki um að sinna sömu leiðinni. Það gerum við ekki. En fyrirtækið fær verulegar greiðslur fyrir að sinna þessari þjónustu á svæðinu. Það er nauðsynlegt að hv. þm. átti sig á því.

Hvað varðar flugið hafa þær breytingar sem samgrh. hefur beitt sér fyrir í innanlandsfluginu sem betur fer leitt til þess að staða innanlandsflugsins er miklu betri en áður hefur verið. Fyrirtækin hafa verið að skila umtalsverðum hagnaði og þeir samningar sem hafa verið gerðir um styrki hafa gengið upp. Það er mikil aukning í innanlandsfluginu og þess vegna veldur miklum vonbrigðum að staðan á fluginu til Sauðárkróks skuli ekki vera betri. Yfir það mál förum við sérstaklega í samgrn. í samstarfi við Vegagerðina sem hefur séð um útboð á flugleiðum og sérleyfisleiðum. Við munum reyna að finna leiðir til þess að bæta þar úr.

Út af dagskrá voru tekin 14.–17. og 20.–23. mál.

Fundi slitið kl. 19:23.

---

86. FUNDUR

fimmtudaginn 18. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104. — 1. umr.
2. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097. — 1. umr.
3. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117. — 1. umr.
4. Einkaleyfi, stjfrv., 751. mál, þskj. 1122. — 1. umr.
5. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 754. mál, þskj. 1129. — 1. umr.
6. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090. — 1. umr.
7. Erfðafjárskattur, stjfrv., 435. mál, þskj. 605, nál. 1151, brtt. 1152. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Einari K. Guðfinnssyni, dagsett 18. mars:

„Þar sem Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, er erlendis í einkaerindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Ásta Möller, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Ásta Möller hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Umræður utan dagskrár.

Starfsskilyrði héraðsdómstólanna.

[10:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um starfsskilyrði héraðsdómstólanna. Málshefjandi er

hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:32]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Frá árinu 1998 þegar ný lög um dómstóla tóku gildi hefur dómsmálum fjölgað geysilega í flestum málaflokkum. Innkomin mál á árinu 1998 voru 15.459 en árið 2003 voru þau 35.861. Einkamálum hefur á sama tíma fjölgað úr 6.369 í 16.538, þ.e. um 160%. Opinberum málum hefur fjölgað úr 1.811 í 6.483 á sama tíma, þ.e. um 258%, svo dæmi séu nefnd. Jafnframt þessari fjölgun verða dómsmál sífellt fjölbreytilegri og vandasamari. Meðalmálsmeðferðartími hefur verið að lengjast hin síðari ár. Þannig lengdist hann í munnlega fluttum einkamálum úr 233 dögum 2002 í 248 daga 2003. Í ályktun félagsfundar í Dómarafélagi Íslands 23. febrúar sl. segir svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa verkefni dómstólanna aukist, einkum vegna ört vaxandi málafjölda, flóknari mála og nýrra lögskipaðra verkefna. Á sama tíma hefur dómendum í héraði fækkað úr 50 í 38, þar sem stöður dómarafulltrúa voru lagðar niður árið 1998, án þess að gripið væri til fullnægjandi ráðstafana til mótvægis.

Dómstólar ráða ekki verkefnum sínum en verða að ljúka þeim öllum innan hæfilegs tíma. Réttaröryggi almennings felst m.a. í því að afgreiðsla mála hjá dómstólum sé skilvirk. Dómarar líta á það sem mikilvægan þátt starfsskyldu sinnar að hraða málum eftir föngum. Leiðir þetta af beinum fyrirmælum réttarfarslaga og mannréttindasáttmálum sem Ísland er skuldbundið til að fylgja."

Áfram segir í ályktun Dómarafélagsins: „Dómarar hafa ekki talið það samrýmast eðli starfa þeirra að bera vandamál dómstólanna á torg. Nú þegar enn er þrengt að fjárhag héraðsdómstólanna og réttarvernd almennings með því stefnt í hættu geta dómarar ekki lengur látið kyrrt liggja. Telja dómarar afar brýnt að fjárveitingavaldið leiðrétti nú þegar fjárveitingar til héraðsdómstóla. Þá leggja dómarar áherslu á að með lögum verði tryggt að fyrirkomulag fjárveitinga taki mið af stöðu dómstóla sem eins þriggja þátta ríkisvaldsins."

Þetta stóð í ályktun frá Dómarafélaginu. Þegar hæstv. dómsmrh. er spurður um starfsskilyrði dómstólanna og fjárhagsvanda þeirra svarar hann með útúrsnúningi og segir að upplýsingar um fjárþörf þeirra hafi borist of seint frá dómstólaráði fyrir fjárlagagerð. Það er hins vegar rangt hjá hæstv. ráðherra að fjárþörf dómstólanna hafi ekki legið fyrir. Að því er ég best veit voru fjárhagserfiðleikar dómstólanna kynntir fyrir ráðherra á allnokkrum fundum á árinu og fjárhagsstaða dómstólanna var einnig kynnt fjárln. bæði haustið 2002 og haustið 2003 og samhljóða erindi voru enn fremur send dómsmrn. Þá átti gríðarleg aukning mála fyrir dómstólum að vera ráðherra kunn.

Héraðsdómstólarnir hafa nú verið skikkaðir til að skera enn frekar niður í starfsemi sinni á þessu ári. Starfsmönnum verður fækkað, þar á meðal um þrjá lærða aðstoðarmenn dómara, á Ísafirði, Akureyri og í Reykjavík, yfirvinna hefur verið skert og laganemar ekki ráðnir í námsvist sem ekki er hvað síst alvarlegt fyrir starfsmenntun og þjálfun lögfræðinga. Ekki hefur enn verið ráðið í dómarastöður sem losnuðu 1. desember sl. og 1. janúar sl.

Í fréttatilkynningu dómstólaráðs frá 26. janúar sl. segir, með leyfi forseta:

„Dómstólaráð telur að afkastageta starfsmanna dómstólanna sé fullnýtt ef málafjöldinn helst svipaður og verið hefur tvö síðustu ár og eykst ekki. Mun meðferð dómsmála lengjast verulega á árinu. Héraðsdómstólarnir hafa verið stoltir af þeim góða árangri sem náðist í styttingu málsmeðferðartíma eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði árið 1992. Þessum góða árangri hefur verið teflt í tvísýnu með knöppum fjárveitingum," segir í ályktun frá dómstólaráði.

Virðulegi forseti. Lögð hefur verið áhersla á þrískiptingu valdsins sem hornstein lýðræðisins, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Dómstólarnir heyra nú undir framkvæmdarvaldið, dómsmrh., og í stað þess að taka sjálfstæða ákvörðun um fjárþörf dómstólanna er þeim stillt upp innan ramma fjmrn. og þeir látnir keppa um fjárveitingar við önnur verkefni, svo sem löggæslu og önnur verkefni dómsmrn. Slík er staða dómstólanna, þeir sitja fastir í klóm framkvæmdarvaldsins og ályktun Dómarafélagsins bendir til þess. Það hlýtur því að vera íhugunarefni fyrir Alþingi hvort sjálfstæði dómstólanna sé með þeim hætti sem ætlað er og hvort ekki sé rétt og jafnvel afar brýnt að skilja algerlega í milli og færa stjórnsýslu dómsmálanna frá framkvæmdarvaldinu og beint undir Alþingi til að tryggja sjálfstæði þeirra.

Virðulegi forseti. Ég beini erindi dómstólaráðs til hæstv. dómsmrh.

[10:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja máls á þessu máli í þinginu. Hann veltir fyrir sér hvernig fjárveitingar til dómstólanna hafi fylgt fjölgun mála hjá dómstólunum á sl. árum. Í fjárlögum ársins 1999 var rekstur allra héraðsdómstóla sameinaður undir einn fjárlagalið. Frá og með þeim fjárlögum hafa fjárveitingar í fjárlögum hækkað um rúmlega 300 millj. kr. varanlega til dómstólanna. Þar af eru um 235 millj. kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga og er því hækkun að raungildi tæplega 65 millj. kr. á þessu tímabili. Heildarframlag á fjáraukalögum til héraðsdómstóla á þessum árum hefur verið um 100 millj. kr. Þar af voru tæpar 50 millj. kr. árið 2002. Umtalsverð raunhækkun hefur því orðið á fjárframlögum til héraðsdómstóla undanfarin ár og allt tal um að þrengt hafi verið að fjárhag þeirra er úr lausu lofti gripið.

Þá er rætt um fjölgun þingfestra mála. Þeim hefur fjölgað mjög eins og fram hefur komið en þar munar mest um þau mál þar sem ekki er haldið uppi vörnum og enginn munnlegur málflutningur fer fram. Slík mál eru að jafnaði afgreidd með einfaldri áritun dómara.

Fjöldi munnlega fluttra mála hefur ekki breyst nærri því svo mikið sem ætla mætti af skyndiskoðun á fjölda þingfestinga en þessar tölur sveiflast milli ára. Þannig má nefna að árið 1993 voru munnlega flutt mál 1.250 en voru 1.260 árið 2001. Fjöldinn varð síðan 1.385 mál árið 2002 en önnur ár má svo taka til að fá aðrar tölur. Þessar tölur segja aðeins hluta sögunnar því að hins er að geta að árið 1993 voru starfandi svokallaðir dómarafulltrúar en með dómstólalögunum árið 1998 voru þau störf aflögð. Mér finnst ástæða til að spyrja hvort þar hafi Alþingi stigið heilladrjúgt skref. Dómarafulltrúakerfið hafði vissulega sína kosti enda hafa nágrannaþjóðir okkar ekki farið þá leið að leggja það af.

Í dómsmrn. er unnið að tillögum að lagabreytingum til að efla skilvirkni dómskerfisins og þá m.a. hugað að því að

veita aðstoðarmönnum dómara vissar heimildir til afgreiðslu mála.

Þá var eitt af því sem hv. málshefjandi velti fyrir sér hvort ég mundi beita mér fyrir lagabreytingum til að styrkja dómstólaráð. Það stendur ekki til en ég tel ekki að dómstólaráð, með fullri virðingu fyrir því, sé endilega forsenda þess að sjálfstæði dómara sé tryggt. Ég tel ekki að íslenskir dómstólar hafi ekki hlotið sjálfstæði fyrr en dómstólaráð var stofnað hinn 1. júlí 1998. Íslenskir dómstólar voru sjálfstæðir fyrir þann tíma og þeir eru það enn.

Árið 1998 hafði hver og einn héraðsdómstóll svipaða stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu hvað varðar fjármál og aðstöðu alla og Hæstiréttur Íslands hefur um þessar mundir. Enginn efast um sjálfstæði Hæstaréttar. Úr því að rætt er um sjálfstæði dómara er rétt að hafa í huga að sjálfstæði dómarans beinist ekki að dómsmrn. eða framkvæmdarvaldinu einu heldur einnig öðrum aðilum. Dómari á vitaskuld að vera óháður öðrum mönnum og þjóðfélagsöflum og einnig óháður öðrum dómurum og félögum þeirra eða ráðum.

Þá hefur hv. málshefjandi lesið hér upp ályktun Dómarafélags Íslands sem hefur verið til umræðu en eins og ég hef áður nefnt og sagt, bæði vegna þeirrar ályktunar sérstaklega og einnig í þessum orðum mínum, tel ég það mjög orðum aukið að dómstólar landsins búi við fjárhagslegt harðræði. Raunaukning hefur orðið í fjárveitingum til þeirra undanfarin ár og Alþingi hefur auk þess samþykkt aukafjárveitingar. Dómsmrn. fylgist grannt með framvindu mála hjá dómstólunum og bregst við auknum verkefnum og auknu álagi þeirra í tillögum sínum við gerð fjárlaga.

Um þessar mundir er jafnframt hugað að breytingum á lögum til að auka hagræðingu við dómstörf. Rétt er að hafa í huga að samkvæmt núgildandi lögum geta einungis héraðsdómarar, en tala þeirra er fastbundin í lög, afgreitt þau mál sem til dómstólanna berast. Auknar fjárveitingar einar og sér breyta engu um fjölda dómara eða hve mörgum málum hver dómari þarf að sinna.

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi bent á að fjárveitingar til dómstólanna hafi aukist en ekki minnkað á undanförnum árum vil ég að lokum taka skýrt fram að ég tel afar mikilvægt að dómstólar landsins hafi þau skilyrði sem þeir þurfa til að geta sinnt verkefnum sínum á eðlilegan hátt og ég er þess fullviss að í framtíðinni takist okkur að gæta þess að svo verði eins og hingað til.

[10:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég skildi niðurlagsorð hæstv. ráðherra þannig að hann mundi beita sér fyrir auknum fjárveitingum til dómstólanna í landinu. Ég skildi það þannig að hæstv. ráðherra mundi reyna að tryggja þeim það umhverfi að þeir geti starfað eins og lög kveða á um.

Það er hins vegar dálítið vandmeðfarið að taka þátt í þessari umræðu þar sem annars vegar eru fullyrðingar um að dómstólar standi frammi fyrir því að geta ekki sinnt þeim störfum sem þeir eiga að sinna og hins vegar yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að allt sé í þokkalegu standi. Fyrir liggur þó, og ég held að það sé alveg ómótmælt, að launakostnaður og húsaleigukostnaður dómstólanna í dag er um það bil 92% af fjárveitingum þeirra. Það sjá allir að þau 8% sem standa út af eru ekki mikið til þess að klára allt annað, þar á meðal hita, rafmagn, síma, pappír, endurmenntun, ferðalög, sérfræðiþjónustu, útgáfumál, tölvuupplýsingamál, tækjakaup og hvaðeina sem fellur til þannig að flest bendir til að verulegar fjárhæðir vanti til að dómstólar geti sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla.

Ég er líka sannfærður um að það er mikill vilji í þinginu til að tryggja dómstólum það svigrúm og það fjárhagslega umhverfi sem tryggir þeim að þeir geti starfað eins og lög kveða á um. Því er það fyrst og fremst spurning um hvort hæstv. dómsmrh. sé tilbúinn að beita sér sem skyldi í þessum málum og eins það að forgangsraða þannig að dómstólar sem eru ein af undirstöðum skipulags okkar hér á landi, einn af þremur þáttum ríkisvaldsins, fái það umhverfi sem þeir þurfa. Ég er alveg sannfærður um að vilji þingsins stendur til þess. Spurningin er fyrst og fremst: Er hæstv. dómsmrh. tilbúinn að beita sér fyrir því og er hann tilbúinn að forgangsraða á þann hátt? Það á eftir að koma í ljós.

[10:45]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Hv. málshefjandi og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafa báðir gert grein fyrir orsökum þess rekstrarvanda og hallareksturs sem héraðsdómstólarnir hafa staðið frammi fyrir undanfarin fjögur ár og ég ætla ekki að rekja það nánar. En ein ástæðan er sú að fjárveitingar hafa ekki tekið að fullu tillit til kostnaðarins við rekstur dómstólaráðsins, sem er stjórnarnefnd héraðsdómstólanna.

Dómstólaráði var með dómstólalögum falið mjög víðtækt og veigamikið hlutverk, m.a. að gera tillögur til ráðherra um fjárveitingar til dómstólanna. Ráðið þurfti framan af að berjast fyrir tilvist sinni en því hefur nú tekist að ráða einn starfsmann eða, réttara sagt, fjárveitingar standa undir einum starfsmanni. Langstærstur hluti eða stærsta verkefni ráðsins til þessa hefur verið að berjast fyrir nægjanlegu rekstrarfé til dómstólanna.

Mér finnst í þessu samhengi nauðsynlegt að hafa hugfast að í huga löggjafans á sínum tíma þegar dómstólaráði var komið á var eitt meginmarkmið laganna að tryggja sjálfstæði dómstólanna og hvað héraðsdómstólana varðar var sú leið að koma á dómstólaráði eitt meginatriðið.

Þetta hefur ekki gengið eftir heldur hefur þvert á móti sigið stöðugt á ógæfuhliðina síðan lögin voru sett 1998 eins og allar upplýsingar og tölulegar staðreyndir sýna fram á. Mér finnst í þessu tilliti að stórar efasemdir hljóti að vakna um það hvort dómstólarnir eru nægjanlega óháðir og sjálfstæðir gagnvart framkvæmdarvaldinu og hvort aðkoma framkvæmdarvaldsins að fjárveitingum dómstólanna, auk þess að skipa í dómaraembættin, tryggi þá stjórnskipun eða það öryggi sem stjórnskipuninni er ætlað að tryggja og við teljum ásættanlegt. Eins og við vitum er hlutverk dómstólanna m.a. að hafa eftirlit með hinum þáttum stjórnskipunarinnar, þáttum ríkisvaldsins, löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu. Það hlýtur að vera sameiginlega á ábyrgð ráðherra og Alþingis að tryggja þeim eðlilegan starfsgrundvöll og sjálfstæði í störfum sínum (Forseti hringir.) svo og að standa vörð um réttaröryggi almennings.

[10:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er staðreynd að héraðsdómstólar landsins verða að grípa til ýmissa aðhaldsaðgerða. Þeir glíma við uppsafnaðan rekstrarvanda, það er staðreynd.

Þess vegna var afar sérstakt að heyra fyrr í umræðunni hæstv. dómsmrh. segja að þetta sé úr lausu lofti gripið.

Fyrir skömmu barst allshn. þingsins bréf frá Dómarafélagi Íslands þar sem greint er frá fækkun dómenda úr 50 í 38

á sama tíma og fjöldi mála hefur vaxið og mál orðin flóknari. Í ályktuninni kemur m.a. fram að dómarar hafa lagt sig fram um að halda málsmeðferðarhraða í horfinu þrátt fyrir að það hafi haft í för með sér mikla vinnu, langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

Nú telja dómarar að svo sé þrengt að fjárhag dómstóla að réttarvernd almennings sé stefnt í hættu. Ég tel þetta miklar fréttir. Þeir telja afar brýnt að fjárveitingavaldið auki nú þegar fjárveitingar til dómstóla. Ég tel að hér hafi verið um að ræða mjög kurteisleg tilmæli frá dómendum landsins til okkar í allshn.

En hvernig brást hæstv. dómsmrh. við? Hann brást við með mikilli ólund. Hann sagði yfirlýsingu dómaranna vera með miklum ólíkindum og að þeir sýndu ákveðið ábyrgðarleysi. Eflaust þykir hæstv. dómsmrh. brýnna að fjölga í sérsveitinni. Er það brýnna en að tryggja starfrækslu dómstólanna?

Hvað sem því líður tel ég að á síðustu árum hafi orðið þróun í þá átt að auka veg ýmissa úrskurðarnefnda stjórnsýslunnar. Ég tel að menn eigi að setja spurningarmerki við þá þróun. Það eigi jafnvel frekar að færa ýmsar ákvarðanir sem verið er að taka í úrskurðarnefndum til dómstólanna og hyggja að því að efla þá.

[10:50]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég þakka umræðuna og vil geta þess að á árinu 1992 var gerð breyting á dómstólaskipaninni og réttaröryggi tryggt í landinu. Síðan 1998 hefur þrengt að. Dómarafulltrúar sem dæmdu aðallega hin svokölluðu skriflega fluttu mál voru ekki taldir bærir til að vera dómarar og voru af mannréttindaástæðum felldir út úr því dæmi og þar varð fækkun um 12 sem sinntu dómstörfunum. Síðan hefur orðið veruleg aukning á málafjölda.

Dómstólaráð hefur margsinnis kallað eftir úrbótum, sérstaklega á árinu 2003, með málefnalegum og faglegum hætti. Hið sama hefur félagsfundur Dómarafélags Íslands gert og haft faglegar áhyggjur af þróun mála og margir lögmenn skynja það einnig í störfum sínum. Það er mikið vinnuálag, málahali hefur aukist, það er vinnuþreyta hjá dómendum, þeir koma oft verr undirbúnir undir mál o.s.frv. og kerfið þolir vart veikindi eins þeirra.

Ég vil þó skoða þetta í miklu stærra samhengi og það samhengi er sjálfstæði dómstólanna sem er ein þriggja meginstoða lýðræðisins, hins þrískipta ríkisvalds. Sjálfstæði dómstóla er að mínu mati ekki nægilega tryggt í núverandi kerfi, framkvæmdarvaldið stýrir fjárveitingum og það skipar í dómarastöður. Ég hygg að það fari ekki saman að framkvæmdarvaldið geti með þessum hætti haft áhrif á sjálfstæði dómstóla sem fjalla m.a. daglega um mál sem framkvæmdarvaldið er aðili að. Framkvæmdarvaldið er svo sannarlega ekki alltaf ánægt með þær niðurstöður sem dómstólar koma með og er öryrkjamálið gott dæmi um það.

Ég hvet hæstv. dómsmrh. til að huga að kerfisbreytingum þannig að dómstólar verði óháðir framkvæmdarvaldinu. Slík kerfisbreyting styrkir lýðræðið í landinu og eflir réttaröryggið.

[10:52]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Öll umræða um starfsskilyrði héraðsdómstólanna í landinu og dómsmál almennt skiptir landsmenn miklu máli. Það er hlutverk okkar á hinu háa Alþingi að setja reglur um réttarfar í landinu og jafnframt að tryggja fjármagn til þess að starfsemi dómstólanna geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra.

Í fréttatilkynningu frá dómstólaráði frá 26. janúar sl. segir að síðustu fjögur árin hafi héraðsdómstólarnir verið reknir með verulegum halla.

Hver er staðreyndin varðandi þetta mál? Með fjáraukalögum árið 2002 var ákveðið að veita 48,4 millj. kr. framlagi til héraðsdómstólanna og var tekið fram í nál. meiri hluta fjárln. að framlaginu væri ætlað að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla svo ekki þyrfti að koma til samdráttar í starfsmannahaldi.

Uppsafnaður halli héraðsdómstólanna í árslok 2003 er 37,4 millj. kr. og þar af eru 30 millj. kr. vegna ársins 2003. Með öðrum orðum, allur uppsafnaður rekstrarvandi héraðsdómstólanna er frá síðasta ári. Meðalmálsmeðferðartími í munnlega fluttum einkamálum lengdist um 15 daga á síðasta ári. Þrátt fyrir að þetta sé óæskileg þróun er réttarvernd almennings engan veginn í hættu. Sá sem þingfesti mál snemma á þessu ári getur gert ráð fyrir því að fá dóm síðar á árinu og verði málinu áfrýjað fæst endanleg niðurstaða í Hæstarétti 14–16 mánuðum eftir þingfestingu fyrir héraði. Allir sem koma að rekstri dómsmála eru sammála um að þetta er ásættanlegur málshraði.

Þau skilaboð berast frá dómstólaráði að afkastageta starfsmanna dómstólanna sé fullnýtt og ef ekki komi til frekari fjárveitinga muni meðferð dómstóla dragast miðað við það sem tíðkast hefur. Það er full ástæða til að taka þessum ábendingum af fullri alvöru, en í ljósi þess sem ég hef rakið má spyrja hvort ekki sé fulldjúpt í árinni tekið á félagsfundi Dómarafélags Íslands 23. febrúar sl. þar sem ályktað var á þann veg að réttarvernd almennings væri stefnt í hættu.

Virðulegi forseti. Það er enginn vafi á því að með breytingum á réttarfarslögum má auka hagræðingu við dómstörf. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir felst í því að kanna slíkar leiðir og jafnframt að leggja yfirvegað mat á fjárhagslega stöðu dómstólanna. Þannig tryggjum við réttaröryggi borgaranna til lengri tíma.

[10:54]

Helgi Hjörvar:

Frú forseti. Það er einkennilegur málflutningur af hálfu hæstv. ráðherra og hv. þm. Bjarna Benediktssonar að láta sem svo að eðlileg skipan sé að verið sé æ ofan í æ að bjarga fjárhag dómstólanna á fjáraukalögum og einkennilegt að hv. fjárlaganefndarmaður Bjarni Benediktsson skuli láta að því liggja.

Auðvitað eiga fjárlögin að vera með þeim hætti hverju sinni að dómstólunum séu búin sæmileg skilyrði. Ástandið nú þarf ekki að koma neinum á óvart. Það kom fram við undirbúning fjárlaga í haust. Við í fjárln. höfðum frumkvæði að því að kalla dómstólaráð til fundar og þeir gerðu grein fyrir stöðunni. Þeir sögðu okkur frá því að síðast þegar þeir vöktu athygli Alþingis á þeirri stöðu hefðu þeir fengið tiltal úr ráðuneytinu, trúlega barðir leiftursnöggt í höfuðið með reglustiku ef maður þekkir stjórnarhættina hér rétt.

Ráðherra getur ekki komið hingað og látið eins og vandinn sé ekki fyrir hendi. Hann hefur sjálfur játað vandann í janúar, sagði bara að athygli hans hefði verið vakin of seint á honum. Hinn 27. janúar lofaði hann tillögum á næstu dögum. Næstu dagar liðu og mánuður leið og þá loks var þolinmæði dómenda þrotin.

Það er ekki gamanmál þegar Dómarafélagið kemur saman og ályktar með jafnalvarlegum hætti og raun ber vitni. Dómarar landsins eru ábyrgir og hæfir embættismenn sem ályktа

ekki með þessum hætti að gamni sínu heldur einvörðungu vegna þess að rík ástæða er til og þeir sjá ekki aðrar leiðir.

Ég vil, frú forseti, taka eindregið undir efasemdir hv. þm. Jónínu Bjartmarz um að hér sé sjálfstæði dómstólanna tryggt, því það er sannarlega til vansa og trúlega vandfundið í nokkru sæmilegu lýðræðisríki að hæstv. dómsmrh. skuli telja sér sóma að því að standa í deilum af því tagi sem hann hefur átt í við dómendur landsins.

[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. er annt um öryggi manna, það hefur komið fram. Hluti af öryggi manna er réttaröryggi. Hluti af réttaröryggi er að mál séu rannsökuð fljótt og vel og í þeim sé dæmt. Á þessu er iðulega stórfelldur misbrestur. Það gerist æ ofan í æ, eins og við heyrum í fréttum, að refsingar eru léttar eða felldar niður eða mál jafnvel ónýtast vegna þess að þau hafa verið allt of lengi í umfjöllun, annað hvort á rannsóknar- eða dómstigi.

Það tjáir því ekki fyrir hæstv. dómsmrh. eða stuðningsmenn hans í þessum sölum að láta eins og allt sé í himnalagi. Það er alveg gagnslaust í þessu tilviki að reyna að skjóta sendiboða hinna slæmu frétta, þ.e. dómstólaráð. Ég verð að segja að oft hef ég verið undrandi á geðvonskulegum viðbrögðum hæstv. ráðherra þegar einstakar stofnanir sem undir þá heyra reyna að leita réttar síns í þjóðfélaginu og vekja athygli á vandræðum sínum, en mér fannst taka steininn úr þegar hæstv. dómsmrh. hjólaði í dómstólaráð og dómstólana með þeim hætti sem hann gerði, með ónotum og mikilli ólund og lét meira að segja að því liggja í viðtali við Ríkisútvarpið í lok janúar að huga þyrfti að því hvort ekki ætti að leggja dómstólaráð niður. Hæstv. dómsmrh. gerði það í viðtali við Ríkisútvarpið 27. janúar sl. Þetta eru hin klassísku viðbrögð valdastjórnarmannanna sem þola ekki að undirmenn þeirra, stofnanir eða aðrir sem undir þá heyra, reyni að leita réttar síns, t.d. hjá Alþingi, þegar þeir eru ár eftir ár látnir búa við óviðunandi starfsaðstæður. Við vitum að mönnum hefur nánast verið hótað brottrekstri fyrir það eitt að ætla að ganga á fund fjárln. og kynna þar mál sín. Fyrrum undirmenn hæstv. dómsmrh., meðan hann var menntmrh., lentu í slíku.

Þetta er fyrir neðan allar hellur og ég tek undir það að skoða beri hvort ekki eigi að forða dómstólunum undan framkvæmdarvaldinu og koma þeim í skjól á Alþingi.

[10:59]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á síðustu vikum hafa málefni dómstólanna verið til umræðu og því hefur verið haldið fram að dómstólarnir muni á næstunni fækka starfsfólki vegna fjárskorts. Dómstólaráð hefur sent frá sér fréttatilkynningu og stjórn Dómarafélagsins ályktað.

Af málflutningi stjórnarandstöðunnar má ætla að réttaröryggi almennings sé í hættu verði ekki gripið til aðgerða. Staðreyndin er hins vegar sú að bylting hefur orðið á síðustu árum hvað varðar rekstur dómsmála bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Fjöldi dómsmála hefur aukist en að sama skapi hefur málsmeðferðarhraði fyrir dómstólum og þar með réttaröryggi borgaranna aukist stórkostlega. Það má nefna sem dæmi að málsmeðferðartími fyrir Hæstarétti hefur verið styttur úr 3–4 árum í 3–12 mánuði.

Einnig verður ekki fram hjá því litið að fjárveitingar til dómstólanna hafa aukist umtalsvert því samkvæmt upplýsingum úr ríkisreikningi hafa fjárframlög til héraðsdómstólanna á tímabilinu 1998–2002 aukist um 39% en um 28% til Hæstaréttar. Það hlýtur því að liggja í hlutarins eðli að aukin fjárframlög til héraðsdómstólanna ættu að bæta starfskjör þeirra.

Lögmenn hafa tjáð sig opinberlega um það mál sem hér er til umræðu, en þeir starfa við dómstólana eins og kunnugt er. Í Viðskiptablaðinu þann 3. mars sl. birtust viðtöl við tvo reynda hæstaréttarlögmenn og fyrrum formenn Lögmannafélagsins, þau Þórunni Guðmundsdóttur og Jakob Möller. Báðir lögmennirnir lýstu því yfir að þeir hefðu ekki orðið varir við það að aukinn málafjöldi hefði haft neina breytingu í för með sér til hins verra. Í Viðskiptablaðinu segir Þórunn Guðmundsdóttir, með leyfi forseta:

„Ég hef ekki orðið vör við að meðferð mála sem varða viðskiptahagsmuni gangi hægar en áður.“

Í sama streng tekur Jakob Möller þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Þetta hefur ekki verið vandamál í héraðsdómstólunum undanfarin ár og fjarri því að vera vandamál í Hæstarétti.“

Það liggur því fyrir, virðulegi forseti, að þeir lögmenn sem starfa við dómstólana og fara með hagsmuni fyrir þeim eru ekki sammála hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls í umræðunni í dag.

[11:02]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og ég met það við hæstv. dómsmrh. að í lok ræðu sinnar hafi hann viðurkennt og lofað að athuga mál dómstólanna, bæði hvernig styrkja megi og efla starfsskilyrði þeirra, alla vega túlkaði ég orð hæstv. ráðherra svo, og einnig að huga að því að þeir búi við það fjárhagslega öryggi sem nauðsynlegt er til að tryggja starfsemi þeirra. Annað væri hrein léttúð. Annað væri hreint og beint að skella skollaeyrum við hógværum, alvarlegum ábendingum frá þeim sem rækja dómstörf hér á landi, Dómarafélaginu og dómstólaráði.

Það er ekki nokkur vafi á því og ég held að enginn okkar efist um það í raun að þessir aðilar senda ekki frá sér ályktun nema þeir telji ástæðu til. Það er þess vegna ósanngjarnt að láta að því liggja að allt sé í lagi vegna þess að mál gangi þó eins og er, því að sjálfsögðu reyna þessar stéttir, sem fara með eina þrístoð lýðræðisins sem er dómsvaldið, að vinna verk sín eins hratt og vel og nokkur kostur er. Dómarastéttirnar hafa einmitt greint frá því að með miklu vinnuálagi reyni þær að sjálfsögðu að bregðast við fjölgun mála og auknum kröfum þannig að þessar stéttir standa svo sannarlega undir því hlutverki sem þeim er ætlað í lýðræðisþjóðfélagi. Það er síðan okkar að búa þeim þau starfsskilyrði að svo geti verið. Ég tek undir þá áskorun hér að hugað verði að því að dómstólar verði færðir beint undir Alþingi og frá framkvæmdarvaldinu til að tryggja sjálfstæði þeirra.

[11:04]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður. Ég verð enn að árétta þá skoðun mína að ég er algerlega ósammála þeim sem telja að dómstólarnir séu ósjálfstæðir og að sjálfstæði dómstólanna sé ekki tryggt. Það er mjög alvarlegt að heyra hvern þingmanninn á eftir öðrum koma hér upp og efast um sjálfstæði dómstólanna við þá skipan sem nú er, og að það hafi síðan, eins og einn þingmaður orðaði það, sigið á ógæfuhliðina eftir að dómstólaráð kom til sögunnar árið 1998. Ég skil í raun og veru ekki þessar umræður og ég skil

ekki hvernig þingmönnum dettur í hug að halda því fram að dómstólarnir séu ósjálfstæðir og að hér þurfi að gera einhverjar sérstakar stjórnskipulegar breytingar í þjóðfélaginu og á stjórnskipun ríkisins til að tryggja sjálfstæði dómstólanna. Mér finnst það vanvirðing við dómstólana að koma fram í ræðustól á Alþingi og tala þannig að dómstólarnir séu ekki sjálfstæðir og að í störfum þeirra komi fram eitthvert ósjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu eða ríkisvaldinu. Það er ekki svo og það er vanvirða fyrir alþingismenn að ganga þannig fram gagnvart dómsvaldinu eins og ýmsir þingmenn hafa gert hér.

Það er líka rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég hafi verið að svara dómstólaráði. Hann ruglar saman fundi Dómarafélags Íslands og dómstólaráði. Það er til marks um þessar umræður hvernig menn ganga hér fram og telja sig vera að tala málefnalega um alvarleg mál og rugla saman dómstólaráði og fundi hjá Dómarafélagi Íslands. Það var ályktun Dómarafélags Íslands sem ég gerði að umtalsefni og gagnrýndi þegar þeir voru að tala um að réttarvernd borgaranna væri skert vegna þess að fjárhagur dómstólanna væri á þann veg.

Ég hef hins vegar þá skoðun eins og kom fram í ræðu minni og ég hélt því fram, og væri nær fyrir þingmenn að vitna í það sem sagt er í þessum ræðustól, að það væri full ástæða til að skoða hvort það skipulag sem við höfum með dómstólaráði væri rétt og skynsamlegt miðað við þær aðstæður sem eru. Ég benti einnig á nauðsyn þess að fara aftur til baka og skoða hvort skynsamlegt hafi verið af Alþingi á sínum tíma að fella niður starf dómarafulltrúanna og það vald sem þeir höfðu.

Tilhögun þingfundar.

[11:06]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að hæstv. iðnrh. hefur óskað eftir því að þrjú fyrstu dagskrármálin, raforkulög, Landsnet hf. og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, verði rædd saman, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa. Verður orðið við því ef enginn hreyfir andmælum.

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 18. mars 2004:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar eftir því, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, að ræðutími við 1. umr. í 1.–3. dagskrármáli, þ.e. raforkulög, Landsnet hf. og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málanna."

Undir bréfið ritar Þuríður Backman, varaformaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við þessari beiðni verður orðið.

Raforkulög, 1. umr.

Stjfrv., 740. mál (flutningur raforku, gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 1104.

og

Landsnet hf., 1. umr.

Stjfrv., 737. mál. — Þskj. 1097.

og

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 1. umr.

Stjfrv., 747. mál. — Þskj. 1117.

[11:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Að fengnu leyfi hv. Alþingis mun ég hafa þann hátt á að mæla samhliða fyrir þremur frv. Frumvörp þessi eru nátengd og segja má að tvö hin síðari séu til fyllingar því sem fyrst er í röðinni. Ég mun fyrst fjalla um frv. til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Að því loknu fjalla ég um frv. til laga um stofnun Landsnets hf. og að lokum vík ég að frv. um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er taka hin nýju raforkulög sem samþykkt voru hinn 15. mars 2003 til leyfisveitinga, framleiðslu, sölu, dreifingar og flutnings á raforku auk eftirlits með raforkustarfsemi.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII í lögunum var gildistöku III. kafla laganna sem fjallar um flutning raforku frestað til 1. júlí 2004. Fram að þeim tíma gildir bráðabirgðatilhögun um flutning raforku sem nánar er lýst í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði.

Í samræmi við bráðabirgðaákvæði VII í lögunum skipaði iðnrh. nefnd sem ætlað var að gera tillögur um fyrirkomulag flutnings raforku, m.a. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess og kerfisstjórnun skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá var nefndinni og falið að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar allra þingflokka, Sambands ísl. sveitarfélaga, Samorku, launþegasamtaka og Neytendasamtakanna auk fulltrúa frá iðn.- og fjmrn.

Auk hinna 19 skipuðu fulltrúa sátu tveir fulltrúar orkufyrirtækja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar. Nefndin var skipuð í júní 2003 og lauk störfum fyrri hluta febrúar sl.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er niðurstaða af vinnu nefndarinnar en eins og um getur í raforkulögum bar nefndinni að skila áliti sínu sem drögum að frv. um breytingu á raforkulögum. Er hér m.a. að finna tillögur um breytingar á ákvæðum III. kafla laganna um flutning raforku. Nefndin hefur einnig fjallað um uppbyggingu gjaldskrár dreifiveitna og hvernig standa skuli að jöfnun kostnaðar vegna flutnings og dreifingar raforku í samræmi við bráðabirgðaákvæði VII í raforkulögum.

Hæstv. forseti. Tillögur frv. eru á þann veg að flutningskerfi raforku landsins nái til þeirra háspennulína og tengivirkja sem nú eru á 66 kV spennu eða hærri. Auk þess miðist flutningskerfið við tiltekna afhendingarstaði þannig að allar dreifiveitur sem nú starfa í landinu verði tengdar flutningskerfinu. Þó er ekki gert ráð fyrir að flutningskerfið nái inn fyrir mörk þéttbýlis þar sem starfandi er dreifiveita er veitir notendum eðlilega þjónustu. Í samræmi við þetta er lagt til að flutningslínur sem liggja að veitukerfi Vestmannaeyja, Rafveitu Reyðarfjarðar og Orkuveitu Húsavíkur tilheyri flutningskerfinu. Samkvæmt þessari tillögu verður raforka frá flutningskerfinu afhent til dreifiveitna á 55 stöðum.

Lagt er til að sett verði á fót samninganefnd skipuð fulltrúum eigenda fyrirtækjanna sem leggja eignir til flutningsfyrirtækisins. Ef samkomulag næst í samninganefndinni er gert ráð fyrir að eigendur flutningsvirkjanna yfirtaki rekstur hlutafélagsins og eignist hlut í samræmi við eignarhluti sína á grundvelli matsins. Ef ekki næst samkomulag um verðmat flutningsvirkja geta eigendur þeirra vísað málinu til lögskipaðrar matsnefndar. Þegar málið liggur fyrir munu þeir sem leggja eignir til félagsins taka við rekstri þess.

Í frv. er gerð tillaga um að flutningsfyrirtækið afhendi dreifiveitum á sama verði raforku á öllum sölupunktum. Sömuleiðis er gerð tillaga um að allar virkjanir sem selja raforku á markaði greiði til flutnings- og dreifikerfisins í samræmi við selda orku án tillits til stærðar. Framleiðsla virkjana til eigin þarfa, búrekstrar og heimilisnota verði þó undanskilin. Aðeins mæld og seld orka kemur til uppgjörs milli aðila.

Lagt er til að sérstök flutningsgjaldskrá verði fyrir stórnotendur raforku en það eru þeir sem nota meira en 14 mW og hafa a.m.k. 8000 stunda nýtingu á ári. Sama gjaldskrá verði fyrir alla innmötun virkjana á raforku og úttekt stórnotenda. Þá er gert ráð fyrir að umframkostnaður nýrra virkjana eða stórnotenda verði gerður upp sérstaklega. Sama eigi við ef tenging nýrra virkjana eða notenda leiði til hagkvæmni fyrir flutningskerfið í heild.

Í frv. er lagt til að lögbundin verði sú meginreglna að hver dreifiveita hafi eina gjaldskrá. Þó verði heimilt að sækja sérstaklega um gjaldskrá fyrir dreifbýlissvæði enda geti viðkomandi dreifiveita sýnt fram á hærri kostnað við dreifingu raforku í dreifbýli. Orkustofnun verði falið að leggja mat á þörf fyrir sérstakra gjaldskrá fyrir dreifbýli og ákveða mörk gjaldskrársvæða.

Hæstv. forseti. Arðsemi raforkuflutningsfyrirtækis og dreifiveitna hefur verið mjög til umræðu að undanförnu, m.a. vegna fyrirvara er nokkrir nefndarmenn í 19 manna nefndinni höfðu á arðsemiskröfum flutningsfyrirtækisins. Vitaskuld þarf að vera arðsemi af starfsemi þessara fyrirtækja þó svo þau búi við náttúrulega einokun. Raforkuflutningur og dreifing eru æðakerfi nútímatækniþjóðfélags sem endurnýja þarf og efla til að mæta auknum kröfum samfélagsins. Fyrirtæki í þessari starfsemi þurfa því að skila hagnaði þó svo hann þurfi ekki að vera sambærilegur við þá arðsemi sem gerð er til fyrirtækja í samkeppnisrekstri.

Í frv. er lagt til að í upphafi miðist tekjumörk flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna við helming af arðsemi markaðsávöxtunar óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemisviðmiðunin hækki á fimm ára tímabili í þá ávöxtun sem kveðið er á um í gildandi lögum. Með þessu er stefnt að því að leyfa þessum fyrirtækjum að njóta hluta þeirrar hagræðingar sem þau eiga að ná innan þess tekjuramma sem þeim er settur án þess að það muni leiða til hækkunar á gjaldi til flutnings og dreifingar raforku.

Samkvæmt gildandi raforkulögum á sá kafli þeirra sem fjallar um flutning raforku að koma til framkvæmda 1. júlí 2004. Í frv. er lagt til að hið nýja fyrirkomulag sem nefndin leggur til komi til framkvæmda 1. jan. 2005. Það bráðabirgðafyrirkomulag sem gilt hefur verði því framlengt til loka þessa árs. Verði frv. þetta að lögum á vorþingi er augljóst að nokkurn tíma þarf til að meta núverandi flutningsvirki og vinna að stofnun flutningsfyrirtækisins.

Vík ég nú að frv. til laga um stofnun Landsnets hf. sem er 737. mál þingsins. Með frv. þessu er lagt til að iðnrh. beiti sér fyrir stofnun hlutafélags, Landsnets hf., er hafi hlutverk flutningsfyrirtækisins er starfi á grunni III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003.

Í frv. til breytinga á raforkulögum sem fyrr er vikið að er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins er hafi það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun í raforkukerfinu á grundvelli ákvæða III. kafla raforkulaga. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði stofnað af ríkinu en verði að loknum undirbúningstíma starfseminnar og að fenginni niðurstöðu um verðmæti flutningsvirkja alfarið í eigu þeirra fyrirtækja er nú eiga flutningsvirki er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga.

Ástæða þess að þessi leið er lögð til við stofnun fyrirtækisins er sú að í ferli því við mat flutningsvirkja sem lagt er til í frv. til breytinga á raforkulögum, er nauðsynlegt að sá lögaðili sem gegna mun hlutverki flutningsfyrirtækisins sé til staðar. Lagt er til að lögaðili þessi eignist eða hafi til umráða með leigu öll flutningsvirki er teljast munu til flutningskerfisins. Nauðsynlegt er að Landsnet hf. hafi þegar verið stofnað þegar unnið er að undirbúningi fyrir starfsemi flutningsfyrirtækisins.

Í frv. til breytinga á raforkulögum, sem fyrr er nefnt, er lagt til að eigendur þeirra flutningsvirkja sem falla undir skilgreiningu á flutningsvirki skv. 6. tölul. 3. gr. raforkulaga tilnefni menn í samninganefnd er hafi það hlutverk að koma sér saman um verðmæti flutningsvirkja. Niðurstaða nefndarinnar eigi síðar að marka innbyrðis eignarhlutföll milli þeirra sem kjósa að leggja flutningsvirki sín inn í flutningsfyrirtækið Landsnet hf. Niðurstaða verðmats eignanna mun einnig marka grunn að gjaldskrá fyrir Landsnet hf.

Fari svo að ekki náist niðurstaða um öll flutningsvirki í samninganefndinni er gert ráð fyrir að heimilt verði að leita úrlausnar hjá sérstakri matsnefnd sem starfi á svipuðum grunni og matsnefnd eignarnámsbóta. Ljóst er að vegna aðildar fyrir matsnefndinni er nauðsynlegt að Landsnet hf. hafi þegar verið stofnað. Rétt er að ítreka að þó að Landsnet hf. sé stofnað af ríkinu mun fyrirtækið aðeins verða í eigu ríkisins þar til endanleg niðurstaða fæst um verðmæti allra flutningsvirkja er undir það heyra. Það er hins vegar nauðsynlegt að standa svona að stofnun fyrirtækisins vegna þess að það mun koma fram gagnvart núverandi eigendum flutningsvirkja fyrir matsnefnd flutningsvirkja og fyrir dómstólum ef ágreiningur um verðmæti flutningsvirkja verður borinn undir þá.

Í frv. er kveðið á um hlutverk Landsnets hf. og er það hlutverk í samræmi við ákvæði raforkulaga um hlutverk flutningsfyrirtækis og kerfisstjóra. Kveðið er á um að heimild sé til staðar til þess að selja allt hlutafé ríkisins í Landsneti hf. Heimildin er takmörkuð við það að kaupendur hlutafjár

geti einungis verið eigendur flutningsvirkja sem falla undir skilgreiningu 6. tölul. 3. gr. raforkulaga á flutningskerfinu. Er þessi heimild í samræmi við það bráðabirgðahlutverk sem ríkinu er ætlað sem eiganda Landsnets hf. við undirbúning og upphaf starfsemi. Gert er ráð fyrir því að það fé sem ríkið þarf að leggja til félagsins í upphafi skili sér til baka í ríkissjóð þegar félagið er framselt til þeirra aðila sem verða endanlegir eigendur.

Athygli er vakin á því að samkvæmt frv. verður eigendum hlutafjár til loka árs 2011 einungis heimilt að selja hlutafé sitt til annarra hluthafa í flutningsfyrirtækinu en ekki til aðila utan þess.

Í frv. er kveðið á um að skattskyldu Landsnets hf. skuli skipa með sama hætti og annarra orkufyrirtækja. Ástæða þess að þetta er gert með þessum hætti er að líklegt er að á næstunni verði breytingar á skattskyldu orkufyrirtækja. Eðlilegt þótti við samningu frv. að skattskylda Landsnets hf. ákvæðist í samræmi við það hvernig skattskyldu raforkufyrirtækja almennt verður háttað í framtíðinni.

Vert er að ítreka það að ekki er ætlunin að ríkið sjái til framtíðar um rekstur Landsnets hf. Gert er ráð fyrir að eftir stofnun hlutafélagsins Landsnets hf. skipi iðnrh. stjórn þriggja manna til bráðabirgða. Hlutverk hennar verði að koma fram fyrir hönd félagsins við mat á verðmæti flutningsvirkja auk annarra lögbundinna stjórnarstarfa samkvæmt lögum um hlutafélög. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin sitji þar til endanleg niðurstaða fæst um verðmæti flutningsvirkja og þar með um eignarhlutföll hluthafa í félaginu. Þeir núverandi eigendur flutningsvirkja sem kjósa að leggja flutningsvirki sín inn í Landsnet hf. sem hlutafé munu síðan taka við stjórn félagsins.

Hæstv. forseti. Ég sný mér þá að frv. til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku sem er 747. mál þingsins. Í frv. er að finna tillögur sem lúta að því hvernig staðið verði að jöfnun dreifingarkostnaðar raforku. Í 9. gr. frv. til laga um breytingu á raforkulögum er lagt til að heimilt verði, að uppfylltum vissum skilyrðum, að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá fyrir raforkudreifingu á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður við dreifingu raforku er sannanlega hærri en í þéttbýli. Í frv. þessu er að finna reglur um það með hvaða hætti kostnaði við dreifingu raforku verður jafnað ef ákveðið er á fjárlögum að veita fé til þess verkefnis. (Gripið fram í.) Það er alltaf ákvörðun Alþingis hverju sinni hvernig fjárlög líta út.

Jöfnun dreifingarkostnaðar raforku verður samkvæmt frv. þannig háttað að jöfnun mun aðeins beinast að þeim svæðum þar sem dreifiveitur hafa sýnt fram á að dreifingarkostnaður er hærri en í þéttbýli. Miðað er við að raforkukaupendur á dreifbýlisgjaldskrársvæðum þurfi ekki að greiða hærra gjald fyrir dreifingu raforku en sem nemur hæsta gjaldi almennra gjaldskráa dreifiveitna eftir að tillit hefur verið tekið til niðurgreiðslna.

Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að ákveðið verði á fjárlögum hverju sinni hvort fé verði varið til þess að greiða niður dreifingarkostnað raforku. Með frv. þessu fylgir eins og endranær kostnaðarumsögn fjmrn. Samkvæmt henni og gögnum Orkustofnunar er áætlað að árlegur kostnaður við jöfnun dreifingarkostnaðar verði 230 millj. kr.

Vert er að geta þess að tekið er skýrt fram í frv. að það fé sem ákveðið er til niðurgreiðslna á dreifingarkostnaði raforku verður ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Ber dreifiveitum að láta féð renna til þess að lækka dreifingarkostnað hjá almennum raforkunotendum á dreifbýlisgjaldskrársvæðum. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun fari með framkvæmd laganna og hafi eftirlit með að eftir þeim sé farið. Er það í samræmi við nýja skipan raforkumála þar sem Orkustofnun fær breitt og viðamikið hlutverk við stjórnsýslu raforkumála.

Sú jöfnun dreifingarkostnaðar raforku sem felst í frv. er mikilvæg til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu. Rétt er að geta þess að víðtæk samstaða var innan hinnar svokölluðu 19 manna nefndar um að haga jöfnun dreifingarkostnaðar á dýrustu svæðunum með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rakið efni þeirra þriggja frv. um raforkumálefni sem ég hef lagt fyrir Alþingi. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja nánar efni frumvarpanna að svo stöddu og vænti þess að þeim verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[11:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem er til komið vegna tilskipunar frá Evrópusambandinu og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin, í þessu tilviki iðnrn., fór ekki í það að fylgjast með því hvað var að gerast í Evrópu þegar vinna við þessa tilskipun var hafin þannig að við gætum fengið undanþágu frá henni? Þetta er mál sem ekki varðar Ísland af því að við erum ekki hluti af innri markaði í raforkumálum. Hvernig stendur á því að við fengum ekki undanþágu sem átti við sérstöðu okkar í málinu? Það gerði Lúxemborg t.d. og fékk undanþágu sem sneri að þeim, en við sitjum uppi með þessa tilskipun án nokkurrar undanþágu og verðum að innleiða þessi lög.

Vegna þess sem kemur fram í 3. gr. frv. um jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku, þar sem það hefur komið fram hjá þeim sem gerst þekkja að þetta muni fela í sér hækkun á heimilin í landinu og m.a. muni það bitna á höfuðborginni og höfuðborgarbúum, en í 3. gr. stendur: „Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku skal hann einungis greiddur niður á svæðum ...“ o.s.frv., þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra:

Er það eitthvert „ef“ að jöfnunin komi úr ríkissjóði ef jafnað verður út á landsbyggðina? Ég hélt að það væri alveg ákveðið að það kæmi úr ríkissjóði.

[11:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í raun mjög gott að fá þessa fyrirspurn í upphafi umræðunnar vegna þess að enn er á ferðinni sá draugur að við hefðum ekki þurft að innleiða þessa tilskipun og í raun kemur fyrirspurnin úr sérkennilegri átt þegar hún kemur frá Samf. þar sem hv. samfylkingarþingmenn eru mjög Evrópusinnaðir. (**Gripið fram í:** Þú ert það nú líka.) Og tel ég nú ekki mikilvægt að þeir skuli telja mikilvægt að fá undanþágur. Þetta er mál sem var farið mjög gaumgæfilega yfir. Árið 1999 var þessi tilskipun um raforkumál felld inn í EES-samninginn og vorið 2000 samþykkti Alþingi að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara. Þegar undirbúningurinn fyrir þessa innleiðingu stóð yfir í Evrópu var bent á aðstæður á Íslandi, t.d. smæð markaðarins, einangrun og eðli orkuöflunar, og þá kom mjög skýrt fram að ekki væri um það að ræða að fá undanþágu frá ákvæðinu um vinnslu, þ.e. að undanþága frá því að taka upp samkeppni í vinnslu væri eitthvað sem aldrei yrði samþykkt.

Ríkisstjórnin ákvað í framhaldi af því að innleiða þessa tilskipun en það var byggt á tvennu í raun, að Ísland fengi

tveggja ára aðlögunartímabil og því var miðað við 1. júlí 2002, og að Ísland fengi sömu stöðu og lítil einangruð ríki, og það má nefna Lúxemborg í því sambandi.

Vegna þess að Ísland gat í raun fengið undanþágu frá öðrum þáttum þurfti að fá Orkustofnun til þess að meta hvort það væri vandkvæðum bundið fyrir Ísland að innleiða tilskipunina. Orkustofnun komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki og því stöndum við þar sem við stöndum í dag að við erum að innleiða þessa tilskipun og ég tel það aldeilis ekkert neyðarbrauð.

[11:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki vera mjög sannfærandi í því að rökstyðja hvers vegna við fengum ekki undanþágu hvað varðar þennan þátt raforkulaganna. Það var greinilega ekki farið nógu snemma af stað við að vinna að því að fá undanþáguna. Auðvitað hefðum við getað fengið hana alveg eins og Lúxemborgarar út frá því að við erum ekki hluti af innri markaði í raforkumálum, við erum alveg sérmarkaður, (Gripið fram í.) og þessi tilskipun snýst um að bregðast við því að í Evrópu er sameiginlegur markaður og þess vegna er verið að grípa til þessarar lagasetningar og tilskipunar. Auðvitað eigum við að fá undanþágu frá því sem á ekki við hjá okkur, alveg eins og aðrar þjóðir, eins og Lúxemborgarar eru að gera.

Hæstv. ráðherra og ráðuneyti hennar voru bara sofandi á verðinum, því miður. Þess vegna stöndum við frammi fyrir þeirri stöðu í dag sem ég óttast svo sannarlega að muni bitna á heimilunum með hærra verði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu sem við munum alls ekki sætta okkur við.

[11:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta fyrirkomulag á ágætlega við hjá okkur. Það vill svo til. Og hv. þm. hefur greinilega ekki sett sig alveg nógu vel inn í málin ef hún telur að svo sé ekki.

Fyrir hverju er hv. þm. að tala? Er hún að tala fyrir því að Landsvirkjun hafi einokun áfram á framleiðslu og vinnslu raforku? Það er málið. (**ÁRJ:** Ég var að tala um flutning.) Og hún talar um Lúxemborg, að Lúxemborg hafi fengið undanþágu. Hvers konar undanþága var það? Það var sú undanþága (Gripið fram í.) að ekki yrði greint á milli flutningskerfisins og dreifikerfisins. Það vill svo til að flutningskerfi plús dreifikerfi í Lúxemborg eru um 14 km. Það var hin stórkostlega undanþága sem þeir fengu í Lúxemborg og hv. þm. er að vitna til. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að raforkukerfið verður gegnsætt og við getum vitað hvernig verðið verður til. Það vitum við ekki í dag og það verður ekki dýrara. Það er stóra málið. Það er hins vegar verið að gera ákveðnar breytingar í sambandi við flutningskerfið. Vegna þess að við erum að taka upp samkeppni þarf að vera ákveðið slagæðakerfi sem jöfnun á sér stað í. Það er forsenda þess að hægt sé að taka upp samkeppni.

Hvað varðar það að fjármagn sé til á fjárlögum til þess að koma til móts við kostnað á dreifingu þar sem kostnaður er mestur er það bara þannig að Alþingi tekur ákvörðun um eitt ár í senn í sambandi við fjárveitingar. Miðað við það að stjórnarflokkarnir eru ákveðnir í því að við þessum kostnaði verði brugðist með því að hér verði samþykkt lög sem kveða á um það hvernig honum skuli mætt treysti ég því að þannig verði það áfram og ég er ánægð með að Samf. hefur staðið vel að málum að mínu mati í sambandi við vinnslu á þessu máli í 18 manna nefndinni. (**ÁRJ:** 19.)

[11:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hæstv. iðnrh. að Samf. stendur ævinlega vel að öllum störfum sem hún tekur sér fyrir hendur, sama hvort það er að sitja í 19 manna nefnd eða annað. Andsvar mitt snýst um eina grein þessa frv., 7. gr., en í henni segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef orka frá flutningskerfi er afhent á hærri spennu ber að lækka gjaldskrá með tilliti til þess." — Þetta á þá líka við í hina áttina, ef orkan er með lægri spennu mun gjaldskráin hækka. Þetta snýst sennilega langmest um Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, þ.e. að ef þessi hærri spenna er afhent hvort ekki sé sanngjarnt að lækka verðið, og því spyr ég hæstv. iðnrh.: Hvað var skoðað í þessum efnum? Þetta er að mínu mati sanngirnissjónarmið gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur, gagnvart dreifiveitunni, og mig langar að spyrja hæstv. iðnrh.: Hvaða prósentur telur hún koma til greina í þessum efnum?

[11:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta ákvæði varðar í raun það að verið er að afhenda vöru, hvort sem hún er meira eða minna unnin. Þegar fyrirtæki kaupa rafmagnið með hærri spennu þurfa þau að standa í þeim kostnaði að lækka hana. Þess vegna er þetta ákvæði í frv., og eins ef það er á hinn bóginn, til að koma til móts við þennan kostnað. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þetta varðar stórfyrirtækin á suðvesturhorninu og það er kannski ekki rétt af mér að fara nákvæmar ofan í þetta eða nefna tölur í því sambandi en þær tölur sem eitthvað hefur verið unnið með hafa verið 4–6%, eitthvað slíkt. Þetta á eftir að skoða frekar því að, eins og hv. þm. sér, ekki eru ákvæði um það nákvæmlega í frv. hversu mikinn afslátt yrði um að ræða. Ég tel ekki ósanngjarnt að hafa þetta með þessum hætti.

[11:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins taka undir að ég er sammála hæstv. iðnrh. hvað varðar þennan þátt gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Hver prósentan verður á eftir að koma í ljós. Mér finnst, til að hafa það alveg á hreinu, að þetta séu sanngirnissjónarmið.

Önnur spurning mín til hæstv. iðnrh., og varðar öll þessi þrjú frv. sem við erum að ræða, er um þá niðurgreiðslu á raforku sem er í fjárlögum núna, þessar rúmu 850 millj. eins og þær hafa tosast upp í núna. Sem betur fer erum við komin upp í þessa tölu og er upphæðin notuð til að niðurgreiða raforku hjá fjölda landsmanna sem greiðir sannarlega mjög hátt orkuverð. Hvað verður um þessa upphæð sem þarna er inni á fjárlögum hvað þetta varðar? Þá undanskil ég það algjörlega út frá þeim 250–260 millj. sem hér er talað um til dreifiveitna. Er gulltryggt að þessar 850 millj. haldi áfram að vera inni í kerfinu til niðurgreiðslu eða er einhver lymskuleg aðferð í gangi við það að tosa þetta út hægt og sígandi?

[11:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ja, hvað er gulltryggt í pólitík? Það veit ég ekki. En ég veit hins vegar að meðan sú ríkisstjórn og þeir stjórnarflokkar sem nú hafa völdin í landinu verða við völd verður haldið áfram að greiða niður húshitunarkostnað á

landsbyggðinni. Þetta eru 860 millj. og það er ekki á nokkurn hátt verið að reyna að komast inn í þann pott til að nota á annan hátt. Hins vegar veit hv. þm. kannski að frv. liggur fyrir iðnn. sem varðar í raun skyldan þátt mála — ég fer ekki frekar út í það hér — sem varðar styrki til hitaveitna. Þetta er mikilvægt atriði og það eru engin áform uppi um að draga úr þeim niðurgreiðslum.

Mig langar til að koma því að hérna í sambandi við fyrirspurn frá hv. þingmanni, af því að ég náði því ekki áðan, að við erum á innri markaði Evrópu og þar af leiðandi erum við í samkeppni í raun þó að við séum einangrað raforkukerfi. (**ÁRJ:** Við hvern?) Við erum t.d. í samkeppni í sambandi við stóriðjuna, raforkuverð til stóriðju, og það er sennilega ástæða þess að Evrópusambandið tók ekki í mál að veita undanþágu frá þeim þætti mála.

Við getum svo hugsað okkur að fyrst að við verðum að taka upp samkeppni í vinnslu er þá ekki trúlegt að við höfum lent inni í fyrirkomulagi sem er ekki ólíkt því sem kveðið er á um í þessum frv.? Það er ekki hægt að opna bara í annan endann og hafa lokað í hinn.

[11:39]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Þau frv. sem við ræðum og hæstv. iðnrh. hefur fylgt úr hlaði eru um margt mjög merkileg. Þau koma meðal annars að breytingu á raforkulögum sem við samþykktum í fyrra, lögum nr. 65/2003, þar sem má eiginlega segja að verið sé að fjalla um og hnýta enda sem ekki tókst að binda þá. Svo varð úr að hin svokallaða 19 manna nefnd færi í gegnum þau og er hún að skila af sér þessu frv. Svo er frv. um að stofna fyrirtæki sem á að heita Landsnet hf. og í þriðja lagi er frv. um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Það er rétt að taka fram, virðulegur forseti, strax í upphafi að markmiðsgrein þess frv., um jöfnun kostnaðar við dreifingu, er mér mjög að skapi þar sem segir m.a.: „Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda.“ — Það er jafnaðarmannahugsjón, skulum við segja, sem kemur þarna fram og sem blandast inn í umræðu í gegnum tíðina á ýmsum þáttum. Við skulum halda okkur við raforkumálin, eins og ég gerði í stuttu andsvari áðan. Vegna þess hve mikið verðbilið hefur verið milli svæða eru inni í fjárlögum ríkisins 850 millj. kr. á þessu ári sem eru notaðar til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði en eru þó með þeim annmörkum að niðurgreiða eingöngu húshitunarkostnað sem verður til með rafmagni.

Fulltrúi okkar jafnaðarmanna í 19 manna nefnd var Svanfríður Jónasdóttir, fyrrv. alþingismaður. Hún skrifar undir álit 19 manna nefndar, með nokkrum fyrirvörum þó sem eru sérstaklega gagnvart óútkljáðum málum. Og ég vil, virðulegi forseti, strax í byrjun ítreka þá fyrirvara sem fulltrúi okkar setur inn í álit 19 manna nefndar og gera þá að mínum. Þeir snúa sem sagt að þessum óútkljáðu málum sem eru í frv. og snúa að ávöxtun og arðsemi, hvort arðsemin verður 3% eða 6% og á hve mörgum árum. Þessi fyrirvari snýst m.a. um eigendur að Landsnetinu, eins og hæstv. iðnrh. lýsti, hvernig það er hugsað. Fyrirvararnir eru líka um matið á verðgildi flutningsmannvirkjanna, hvernig þessar margafskrifuðu eignir ríkisins eða ríkisfyrirtækja, Landsvirkjunar, Rariks eða hvað þau nú öll heita, eru metnar og hvaða verð verður sett á þessar flutningslínur þegar þær verða teknar inn í hið nýja fyrirtæki, Landsnet hf.

Það eru mörg atriði sem rétt er að hafa í huga og ráða mjög miklu um niðurstöðu í þessu máli, hvort ekki verði sátt á Alþingi og á Íslandi milli svæða um það frv. sem hér er verið að leggja fram. Það er með öðrum orðum, virðulegi forseti, rétt að hafa í huga að margar af þeim háspennulínum, flutningslínum, sem eru vítt og breitt um landið og hafa verið byggðar upp af ríkisfyrirtækjum, og vafalaust oft fyrir bein framlög ríkissjóðs á fjárlögum, hafa verið afskrifaðar á 30–40 árum núna. Við sjáum línur sem eru miklu eldri en 30 eða 40 ára. Að sama skapi vitum við um önnur raforkuvirki, eins og spenna og annað slíkt, sem ber að afskrifa á miklu styttri tíma.

Ég vildi, virðulegi forseti, koma aðeins inn á þetta vegna þess að það er mjög mikilvægt atriði í málinu hvernig matinu reiðir af, hvaða mat verður sett á flutningslínurnar, hver ávöxtunin verður o.s.frv. Það má með öðrum orðum segja að notendur hafi náttúrlega hag af því að arðsemin verði lág en ekki það lág að fyrirtækin geti ekki byggt upp fé til að standa að lagfæringum, endurbótum og uppbyggingu. Það kemur svo aftur frá öðrum aðilum, fulltrúum úr atvinnulífinu, fulltrúum úr bankakerfinu og öðrum sem telja vafalaust að arðsemin, ávöxtunin, þurfi að vera hærri, kannski upp undir því hámarki sem hefur verið nefnt í umræðunni. Það er ekki endilega þar með sagt að það sé hagur þessara „eigenda“ sem munu eiga flutningsmannvirkin. Þarna gildir, eins og svo oft áður, að finna hið gullna jafnvægi þannig að allir megi vel við una. Það má með öðrum orðum segja að jafnaðarmennskan muni vera leiðarljós í verkinu.

Inn í þetta blandast líka, virðulegi forseti, sú hagræðing sem getur átt sér stað á komandi árum í orkudreifingarfyrirtækjunum sem getur auðvitað, ef hún eykst mikið, lækkað arðsemiskröfuna vegna þess að í fyrirtækjunum séu hugsanlega hagræðingarmöguleikar, eins og ég sagði áðan, sem geta leitt til þess að þetta verði, vegna þess að hér er það vissulega mjög vel sett niður hvaða gögn og kostnað orkufyrirtækin geta lagt fyrir Orkustofnun til að meta kostnaðinn sem má lesta á, ef svo má að orði komast, kostnaðinn við dreifinguna.

Þegar frumvörpin eru rædd öll í einu er rétt að fara yfir stærsta málið og nokkrar greinar frv. um breytingu á raforkulögum frá því í fyrra. Í 1. gr. er t.d. skilgreint hver stórnotandi er, sem er held ég mjög til bóta. Í 2. gr. er talað um hvað raforkuver megi minnst vera, undir 1 mW, sem eru margar heimavirkjanir, smávirkjanir. Það er mál sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér en mun gera í iðnn. þar sem ég á sæti, um hvernig smávirkjanirnar leggja orku í dreifikerfið og þann rekstrargrunn sem smávirkjanirnar munu hafa eftir að lögin verða öll tekin í gildi. Ég veit til þess, virðulegi forseti, að smávirkjanabændur sem eiga smávirkjanir og eru að selja inn á netið hafa verið að kvarta yfir því að nú sé gengið þannig fram að verið sé að krefjast mikils afsláttar frá því sem upphaflega var ætlað í sölu á raforku frá þeim. Það breytir mjög rekstrarskilyrðum smáveitnanna vegna þess að það er kannski stutt síðan þeir voru með rekstrarplön sín með allt öðru verði. Ég ætla ekki að fara nánar í það núna, en mun óska eftir því að það verði skoðað sérstaklega í iðnn.

Síðan er talað um hlutafélag í 4. gr., Landsnet hf., og hverjir þar leggja inn og gefinn möguleiki á því að þeir sem eiga línur í dag geti lagt þær inn sem verðgildi hlutafjár, leigt þær, eða ekki, eða selt þær. Þeir þurfi ekki endilega að vera hluthafar en auðvitað væri æskilegt að allt þetta legðist inn.

Í 5. gr. er fjallað um upplýsingar sem þarna eiga að vera og má eiginlega segja að í greininni sé gengið dálítið lengra en maður hefur átt að venjast hingað til með upplýsingagjöf frá

hlutafélagi. Þarna verða eftirlitsaðilar eins og Orkustofnun, Samkeppnisstofnun og notendur sem selja og kaupa. Ég vil aðeins stoppa við þetta, og mun kannski koma betur að síðar undir frv. um Landsnet, og spyrja hæstv. iðnrh. út í upplýsingagjöfina þarna. Við alþingismenn höfum orðið varir við að erfitt er á hinu háa Alþingi að fá fram upplýsingar í þinginu frá fyrirtækjum sem eru háeffuð. Nægir að nefna Landssímann og Íslandspóst þar sem við getum ekki fengið upplýsingar vegna þess að þau er orðin hlutafélög. Það er auðvitað mjög bagalegt þó það snúi kannski að öðrum lögum og hefur verið fjallað um á hinu háa Alþingi að alþingismenn skuli ekki eiga kost á því að fá upplýsingar frá ráðherrum viðkomandi málaflokks um fyrirtæki eins og og Landsnet hf., sem eru fullkomlega í eigu ríkisins til að byrja með. Til að segja það strax, og hef ég þá komið því á framfæri, er ég mjög efins um að í stjórn Landsnets eigi eingöngu að vera þrír menn sem ráðherra fær til að sitja í stjórn apparatsins, ef svo má að orði komast.

Ég mundi vilja, og hef þá kastað fram þeirri hugmynd, að við skoðuðum að stjórn Landsnets hf. verði stærri og ég held að við eigum líka að freista þess að fulltrúar allra flokka á Alþingi eigi fulltrúa þar inni með bráðabirgðaákvæði í svo og svo mörg ár meðan þetta barn er að slíta barnsskónum og ganga sín fyrstu skref. Ég held að það væri freistandi að hafa það þannig að allir flokkar ættu þar fulltrúa, það þurfa ekkert endilega að vera þingmenn, til að auðvelda þessi fyrstu skref í sátt og samlyndi allra landsmanna. Hef ég þá komið því á framfæri undir þessum lið.

Í 7. gr. frv. er talað um tekjumörkin sem Orkustofnun mun krefjast og fara eftir. Það má skjóta því að að eftir því sem mér skilst erum við síðasta Evrópulandið til að taka inn tilskipunina og ætla ég ekki að blanda mér í deilur um hvort það var nauðsynlegt eða ekki, en það má eiginlega segja að það sé kostur að vera síðust vegna þess að menn hafa getað lært af reynslu annarra. Hér er dálítið miðað við reynslu Norðmanna og sett upp lagaákvæði um það hvernig Orkustofnun skuli fylgjast með og fá tekjumörkin vegna kostnaðar við flutninga á raforku, haga eftirliti með því.

Inni í greininni er einn af þeim fyrirvörum sem ég gat um áðan sem fulltrúi okkar jafnaðarmanna hafði inni, sem er 2. mgr., um arðsemina.

Ég hef áður spurt út í hluta af 7. gr. og vil ítreka það sem ég sagði áðan að þau orkufyrirtæki sem taka hærri spennu til sín og þurfa sannarlega að standa í kostnaði við að spenna niður eiga að mínu mati að fá afslátt til þess. Ég hygg að ákvæðið ætti líka að verða til þess að auðvelda það sem ég held að hafi verið stormur í vatnsglasi þegar nefndin var að skila af sér um einhverja stórkostlega hækkun á höfuðborgarsvæðinu til að greiða niður til landsbyggðarbúa. Ég held að þetta sé liður í því að auðveldara verði að skapa sem mesta sátt um þá aðferð sem við erum að fara í, það verkefni jafnaðar sem við sjáum í frumvörpunum.

Þetta er mikilvægt atriði, og eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er kannski ekki komið inn hver talan ætti að vera en væntanlega kemur það fram í iðnn. að það þurfi að fara betur yfir þessi atriði.

Í 12. gr. eru fimm ný ákvæði til bráðabirgða og má segja sem svo að það séu þeir fyrirvarar sem fulltrúi okkar, Svanfríður Jónasdóttir, setti við málið, þ.e. í IX., Arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna, í X., Stofnun flutningsfyrirtækis og XI., Mat á verðmæti flutningsvirkja, sem eru mikil atriði.

Ég fagna því líka að í frv. er komið endurskoðunarákvæði um að ráðherra skipi nefnd sem falin skal endurskoðun laga þessara. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 31. desember 2010. Hvort 2010 er rétta árið eða 2008 ætla ég ekkert að segja til um en fagna þessu endurskoðunarákvæði.

Eins er í frv. takmörkun á heimild til framsals hlutafjár í flutningsfyrirtæki til 2011 og þá einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu en ekki til aðila utan þess. Ég vil taka skýrt fram að það er svo á hendi Alþingis, ef mönnum sýnist svo, að framlengja frestinn ef þannig ber undir, en ég sé ekki alveg fyrir mér að Landsnet hf. fari á almennan markað og hver og einn geti keypt þar. Öðru gegnir kannski um, sem er kastað hér fram sem hugmynd og ekki frá mér heldur hefur hún oft komið fram í umræðunni, hvort lífeyrissjóðir okkar Íslendinga eiga að eiga í fyrirtækinu eftir x mörg ár. Ég ætla ekki að tjá mig um það hér og nú.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi farið að mestu yfir frv. sem er um breytingu á raforkulögunum. Ég ætla ekki að fara í allt of mikla efnislega umræðu um það hér vegna þess að ég sit í iðnn. og hlakka mikið til að fara í gegnum málið þar.

Sný ég mér þá aðeins að frv. um Landsnet. Þó að ég hafi sagt þar allt sem ég vildi segja um þriggja manna stjórnina, hvort hún ætti ekki að vera stærri, vil ég líka segja að við, þingflokkur Samf., vorum á fundi í gær þar sem verið var að kynna fyrir okkur niðurstöður sem fulltrúar atvinnulífsins voru með, og ég kann nú ekki að nefna nákvæmlega hvað hétu, þar sem fjallað var um leiðbeiningar til stjórna fyrirtækja um hvernig þær skuli koma öðruvísi fram og uppfylla ýmis skilyrði sem gefur þeim betri viðskiptavild eða betri almannahylli. Þær tillögur geta átt við um það ríkisfyrirtæki sem hér er verið að stofna, Landsnet, þ.e. að óháðir aðilar séu jafnvel í stjórn og annað. Þetta er í raun og veru enn einn rökstuðningur fyrir því að stjórnin sé stærri og fleiri komi að henni, eins og ég sagði áðan, og má yfirleitt hugsa sér, þó það sé náttúrlega tiltölulega erfitt að finna þann aðila, að fulltrúi almennings eða fulltrúi neytenda ætti setu í stjórninni. Ég hygg að með þeirri hugmynd sem ég kastaði fram að þingflokkar á Alþingi ættu þarna aðila yrði það gulltryggt að menn mundu fara aðeins betur í gegnum þetta, en óneitanlega komu þarna fram athyglisverðar tillögur.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan um upplýsingaskyldu fyrirtækisins til Alþingis. Ég harma það ef það verður svoleiðis og óttast það að við þetta verði okkur alþingismönnum gert ókleift að fá upplýsingar um fyrirtækið.

Kem ég þá, virðulegi forseti, að síðasta frv., sem er um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Markmið allra laganna, eins og hefur komið fram, er að fara í þessa kerfisbreytingu og einkum koma á markaðskerfi fyrir orkuvinnslu og setja upp orkuverð á landinu sem er óháð búsetu kaupendanna. Í 1. gr. kemur fram, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að markmið laganna er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda, sama hvar þeir búa á landinu. Þetta er hið göfuga markmið.

Ég stoppa hins vegar við 3. gr. og vil biðja hæstv. iðnrh. að punkta það hjá sér og ræða aðeins betur um hana í seinni ræðu sinni. Þar er fjallað um að „ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku um dreifbýlið ...“, sem hefur komið fram að gæti numið allt að 250 millj. kr. til að jafna orkuverð dreif-

býlisins gagnvart hæstu gjaldskrá í þéttbýli. Það er varðandi þetta „ef" í byrjun 3. gr.

Mig langar að heyra, vegna þess að það er auðvitað ákveðin skýring og leiðbeiningar til iðnn. í leiðinni um hvað hæstv. ríkisstjórn hugsar í þessum efnum, hvers vegna þetta „ef" er sett þarna inn. Er þetta eitthvert almennt „ef" og vegna fjárlaga á komandi árum geti enginn sagt til um það? Í mínum huga er það algjört skilyrði fyrir því að sátt náist um frumvörpin að sá peningur sem þarf til að greiða niður raforkuverð í dreifbýli, til sveitabæja og annarra, komi beint úr ríkissjóði, að þessar 250 millj. kr. verði ekki teknar þannig að það verði lagt á alla aðra orkukaupendur. Þetta er grundvallaratriði í mínum huga og þess vegna vil ég stoppa við þetta „ef" sem er í upphafi 3. gr. laganna. Ég bið hæstv. ráðherra að leyfa okkur að heyra skýringar hennar betur á því. Ég tók eftir að þær komu örlítið fram í örstuttu andsvari við hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur rétt áðan, en ég hefði viljað fá betri skýringu á því hvað þarna er átt við. Ég ítreka það sem ég segi að það er algert skilyrði í mínum huga til að reyna að skapa sem mesta sátt um þetta að þeir fjármunir komi úr ríkissjóði.

Hæstv. forseti. Ég hef farið á algeru hundavaði yfir þessi þrjú frv. sem hér eru lögð fram en ítreka það sem ég sagði áðan að mér finnst þetta mjög spennandi mál og legg áherslu á að það er mikið atriði að um það skapist sem mest sátt. Eins og ég sagði áðan á ég sæti í hv. iðnn. og ég enda orð mín á því að segja að ég hlakka mikið til að fá að vinna frv., fá til okkar umsagnaraðila, fá umsagnir og klára að vinna frv. sem verður vonandi að lögum áður en þing fer heim í vor.

[12:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir mjög góða ræðu og lýsi ánægju með þann málflutning sem hér kom fram. Þó vil ég nefna örfá atriði, t.d. þetta með arðsemi eða mat á flutningsvirkjum. Það er stórmál. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Það höfum við rætt. Bæði hefur það verið rætt í nefndinni og eins innan ráðuneytisins að þar er mikilvægt að vel takist til því það skiptir miklu máli upp á verð á raforku þegar kemur að því þannig að vanda verður til þess til að alla vega verði ekki um ofmat að ræða.

Hvað varðar smávirkjanir opnar þetta nýja fyrirkomulag leið fyrir þær til að selja inn á netið sem er þá orðið einfaldara en hefur verið. Það er ekki að mínu mati gott að koma því við eða ekki í raun æskilegt að það verði eitthvert sérstakt fyrirkomulag í sambandi við smávirkjanir, t.d. hvað varðar þátttöku í flutningskerfinu. Hins vegar njóta smávirkjanir þess að geta, eins og kom fram í máli mínu áðan, framleitt til eigin nota án þess að það valdi kostnaði við flutningskerfið. Það er ákveðið svigrúm t.d. hvað varðar greiðslu dreifiveitu ef um það er að ræða að sérstaklega hagkvæmt sé að taka rafmagn inn á viðkomandi stað.

Um upplýsingarnar er það að segja að fram kemur í greinargerðinni um 5. gr. að kveðið er sérstaklega á um að flutningsfyrirtækinu sé skylt að veita stjórnvöldum og viðskiptavinum almennar upplýsingar. En þarna er líka viðkvæmt að ekki séu veittar upplýsingar er varða samkeppnisaðila þannig að þarna verður að greina mjög vel á milli. En ekki eiga að vera vandræði með upplýsingar til stjórnvalda.

[12:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra fjallaði um þau tvö atriði sem ég hafði fyrirvarann um og sem ég hygg að allir hafa, þ.e. annars vegar um arðsemina og hins vegar um stærsta atriðið sem er mat á flutningsvirkjum. Hæstv. ráðherra sagði að vandað yrði til þess verks og að passað yrði upp á að ekki verði ofmat. Það er auðvitað aðalatriðið í þessu máli, þ.e. á hvaða verðgildi þessar svo og svo mörgu línur verða sem margar hverjar eru löngu afskrifaðar en standa vel fyrir sínu og gagnast okkur enn — þær eru þess vegna 40, 50 eða 60 ára gamlar — þ.e. að það verði ekki ofmetið vegna þess að þetta ræður auðvitað öllu um það hvernig þessi gjaldskrá fer og allt það. Ég vil því bara taka undir það. Hins vegar má segja, vegna þess að ég gleymdi því áðan, að auðvitað er það galli við að vinna þetta frv. núna á Alþingi og í nefnd og að ætlunin sé að klára það fyrir vorið, að samhliða þessu sé ekki unnið að matinu og því öllu saman því annars værum við að vinna þetta allt í heild sinni og hefðum þetta allt á borðinu. Þá væru ekki neinar spurningar, svo sem eins og hvað ef og hvað verður þegar við byrjum að verðleggja þetta. Þetta er sambærilegt við það sem við alþingismenn bendum stundum á þegar við fáum lagafrv. frá ráðherrum sem geta innihaldið jafnvel tugi ákvæða í hinum ýmsu greinum um að ráðherra setji reglur um hitt og þetta eftir á. Þetta getur, virðulegi forseti, breytt mjög miklu um málið og þess vegna hefði verið langbest ef þetta hefði verið unnið allt saman áfram.

Vegna þess að hæstv. ráðherra ætlar e.t.v. að koma í annað andsvar þá vil ég spyrja hvort það hafi einhvern tíma komið til tals að vinna þetta samhliða þannig að við hefðum öll spilin á borðinu þegar við erum að ræða þetta frv. á hinu háa Alþingi sem getur, ef illa fer, valdið miklum deilum í þjóðfélaginu sem það má alls ekki gera.

[12:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar það sem hv. þm. nefndi núna í lokin þá er ljóst að hægt verður að vinna ákveðna undirbúningsvinnu áður en þessi lög verða sett. Ég svaraði ekki nokkrum atriðum áðan og ætla ég að koma að þeim núna. Það er t.d. með stjórn Landsnetsins sem er þriggja manna samkvæmt frv. Þarna er í raun um vinnustjórn að ræða sem náttúrlega skiptir miklu máli að geti verið skilvirk. Hún er einungis til skamms tíma þannig að ég held að þetta sé ekki stórmál. Ef pólitísk samstaða er um það hvað séu þarna meginatriðin held ég að ekki sé endilega ástæða til að hafa hana stærri.

Hvað varðar reynslu annarra þjóða af þessu fyrirkomulagi er það almennt gott. Af því að Norðmenn voru sérstaklega nefndir þá taka Norðmenn upp þetta fyrirkomulag áður en tilskipunin kemur frá Evrópusambandinu. Mér finnst það segja sína sögu. En almennt er ekki slæm reynsla af þessu fyrirkomulagi.

Ég segi eins og hv. þm. að mér finnst þetta mjög spennandi mál þegar maður fer að vinna við það. Þetta er náttúrlega gríðarleg breyting en áreiðanlega breyting til batnaðar fyrir heildina.

Svo er það þetta „ef" sem hv. þm. hefur áhyggjur af. Þetta er bara sama fyrirkomulagið og er varðandi 860 millj. sem fara til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði, þ.e. að þetta er alltaf háð fjárlögum hverju sinni. En ég tek undir það að það er mjög mikið atriði að þetta sé á fjárlögum en ekki sem

jöfnunargjald ofan á orkuverð því það hefði þýtt þó nokkra hækkun á orkuverði, sérstaklega á suðvesturhorninu sem ég tel ekki að hefði verið af hinu góða. Ég held því að við séum í öllum aðalatriðum sammála.

[12:08]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að hafa í huga, eins og hér kom fram með Norðmennina, að þessi tilskipun um innri markað og annað slíkt sem hefur verið dálítið deiluefni á Íslandi, þó svo ég sé ekki að mæla Evrópusambandinu bót sem slíku, að hluti af tilskipuninni er náttúrlega gerður til að skapa samkeppni um raforkuframleiðslu og raforkusölu. Það er svo aftur dálítið skrýtið náttúrlega að þegar Kárahnjúkavirkjun verður komin í gagnið fara 90% af raforku okkar til stóriðju þannig að samkeppni myndast um þessi 10%.

Ég hef ekki tíma til að fara núna út í smávirkjanirnar. Ég geri það kannski í seinni ræðu ef ég sé ástæðu til eða þá bara í nefndinni eins og ég talaði um áðan. Ég tel mikilvægt að verndarhendi sé haldið yfir þeim smávirkjunum sem hafa verið gerðar vítt og breitt um landið vegna þess að þær eru mjög hagkvæmar og góðar og það hvernig einstaklingar hafa verið að byggja þetta upp er náttúrlega alveg frábært.

Það sem ég sagði aðeins áðan var það bara að ég vil ekki að neitt í þessu geri það að verkum núna að þeir sem kaupa orku af þessum smávirkjunum komi núna, eins og ég veit að eru dæmi um í kjördæmi okkar hæstv. iðnrh., og krefjist þess að fá lækkun á orkuverðinu frá þessum smávirkjunum sem er algerlega úr takt við þær áætlanir sem hafa verið notaðar fyrir kannski einu til tveimur árum síðan til þess að hleypa framleiðslu viðkomandi virkjunar í gang, þ.e. að búa virkjunina til, og eru rekstrarforsendur fyrir lánum og öðru slíku. Það má ekkert rugla það dæmi. Ef eitthvað er í þessum frv. sem gerir það þá vil ég segja það, virðulegi forseti, að ég tel fullkomlega koma til skoðunar að setja þar bráðabirgðaákvæði inn um að rekstrarforsendur þeirra virkjana sem eru komnar í gagnið og hefur verið lánað út á út frá ákveðnum forsendum verði að fá að standa.

[12:10]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á raforkulögum sem voru samþykkt á Alþingi árið 2003, frv. til laga um stofnun Landsnets hf. og frv. til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þetta er sem sagt það, virðulegi forseti, sem skilið var út undan og látið standa eftir í fyrravetur þegar mjög umdeild ný lög um raforkumál voru samþykkt á Alþingi. Þau voru svo umdeild að ekki tókst að ljúka þar einum meginkafla þeirra sem laut að flutningi og jöfnun á raforkuverði.

Þau voru líka mjög umdeild vegna þess að þar var verið að innleiða samkeppni á raforkumarkaði á litlu eylandi, Íslandi, eins og við værum stödd í miðri heimsálfu með önnur lönd á alla kanta, þ.e. værum stödd í miðju samkeppnisumhverfi Evrópu, Asíu eða Bandaríkjanna. Það var sá raunveruleiki sem hæstv. iðnrh. Framsfl. lifði í þegar hún lagði fram frv. til raforkulaga á sl. vetri og síðan er hér framhald á.

Það veit líka alltaf á eitthvað, virðulegi forseti, þegar hæstv. iðnrh., ráðherra einkavæðingar og fákeppni, segir að málið sé mjög spennandi. (**Gripið fram í:** ... er stórhættulegur.) Þá kastar tólfunum þegar talsmaður Samfylkingarinnar tekur í sama streng og þau mæra hvort annað, hæstv. ráðherra og hv. þm. Kristján L. Möller, og gleðjast yfir því hvað þau séu sammála um einkavæðingu raforkukerfisins sem hér er verið að leggja til.

Ég átti sæti í 19 manna nefnd sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna sem samþykkt voru á sl. vetri og átti að fara ofan í forsendur fyrirkomulags flutnings raforku, stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess og kerfisstjórn skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð, eins og segir í erindisbréfi með leyfi forseta. Þá var nefndinni einnig falið að móta tillögur um það hvernig jafna ætti kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Þessi 19 manna nefnd starfaði í sumar og haust og lauk störfum í byrjun febrúar eins og áður hefur komið fram.

Ég skilaði séráliti við afgreiðslu þessarar nefndar og, frú forseti, ég verð að gera athugasemdir hér við það hvernig hæstv. ráðherra leggur fram þessi frumvörp því látið er að því liggja að nefndin standi á bak við frumvörpin. Það kemur ekki fram í frumvörpunum að ágreiningur hafi verið í nefndinni um ákveðna þætti heldur sagt að þau hafi verið unnin á grundvelli vinnu þessarar nefndar. Það var að sjálfsögðu mikill ágreiningur í nefndinni um allmarga þætti og ég mun hér gera grein fyrir þeim atriðum sem ég lagði til grundvallar séráliti mínu.

Í fyrsta lagi greinir okkur á um grundvallaratriði, um hvers eðlis raforka er. Í hugum Vinstri grænna er raforka hluti af (Gripið fram í.) samfélagslegri þjónustu. Þar erum við að nýta sameiginlegar auðlindir landsmanna til þess að veita samfélagslega þjónustu, almannaþjónustu, grundvöll fyrir atvinnulíf og búsetu í landinu, grundvöll þess að hér geti blómgast mannlíf, en ekki til þess að það eigi í sjálfu sér að vera atvinnurekstur sjálfs sín vegna og eigi að skila arði til eigenda sinna á eigin grundvelli. Þarna skilur á milli okkar og Framsfl. og, að því er virtist, málflutnings hv. þm. Kristjáns Möllers líka því að við lítum á þetta sem samfélagsþjónustu og grunnþjónustu, almannaþjónustu, og að þannig eigi að búa þessu umgerð.

Hæstv. félmrh. tjáði sig á dögunum um hvernig þróunin hefði verið á bankamarkaðnum og var að sneiða að hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir að hún hefði sofið á verðinum gagnvart þróuninni á fjármálamarkaðnum. Hæstv. félmrh. fór að lýsa því að bankar og bankaþjónusta væru hluti af almannaþjónustu fyrir heimili og atvinnulíf í landinu en ekki eins og hver annar atvinnurekstur í sjálfu sér. Kannski ættu hæstv. iðnrh. og hæstv. félmrh. að ræða um skilgreiningar sínar á almannaþjónustu.

Mér hugnast betur, virðulegi forseti, sú skilgreining sem hæstv. félmrh. dró upp varðandi almannaþjónustuna. Raforkukerfið ætti miklu frekar að heyra undir félmrn. en iðnrn. Það held ég að væri miklu nær viðhorfum okkar til raforkudreifingar, að hún ætti að vera undir félmrn. sem almannaþjónusta, grunnur fyrir atvinnulíf og búsetu í landinu en ekki undir gírugum hæstv. einkavæðingarráðherra viðskipta og iðnaðar sem hefur þráfaldlega verið gagnrýnd, beint og óbeint, fyrir að bera ábyrgð á þróuninni í efnahags- og viðskiptalífi á síðustu missirum.

Hér er hæstv. ráðherra að fara inn á nákvæmlega sömu braut og farin var með bankana, með fjármálastofnanirnar, sömu leið og fara á með Landssímann. Sömu leið skal draga raforkukerfið, einkavæða það, markaðsvæða það og innan skamms að selja það öðrum til opinberrar sölu. Þetta er stefna hæstv. iðnrh. í raforkumálum. Ég leyfi mér að halda, virðulegi forseti, að þjóðin sé komin með upp í kok

af einkavæðingar- og fákeppniaðgerðum hæstv. iðnrh. og viðskrh., sem ráðherrann vinnur að með stuðningi ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl., ríkisstjórnar einkavæðingar, fákeppni og skertrar siðferðisvitundar í öllum viðskiptum á fjármálamarkaði. Nú á raforkukerfið að fara á sama veg.

Í áliti mínu, ég skilaði séráliti, lagði ég til að flutningskerfið yrði miðað við að farið yrði niður í dreifipunkta við 30 kV spennu. Um það var rætt í nefndinni og virtist á tímabili nokkur sátt um að það yrði gert. Mér þótti miður þegar, við lok nefndarstarfsins, lagt var til af formanni nefndarinnar að flutningskerfið yrði einungis miðað við 66 kV spennu. Forsendan fyrir því að ná hagkvæmni í dreifikerfinu, að aðaldreifikerfið sé á einni hendi og til að ná jöfnun, er að þetta sé tilgreint sem víðast. Ég tel að það hefði átt að ná niður að 30 kV og harma að það skuli ekki hafa orðið tillaga meiri hluta nefndarinnar.

Í nefndinni var rætt um eignarhaldsformið á þessu flutningsfyrirtæki. Þá kom strax fram, eins og reyndar stendur í frv., að það skuli vera hlutafélag. Hins vegar er jafnframt klárt að þetta yrði hlutafélag með sérleyfi vegna þess að hér er náttúrlega enginn samkeppnismarkaður fyrir flutning á raforku enda átti fyrirtækið að fá sérleyfi. Hlutafélagalögin falla því afar illa að þessu kerfi. Ég gerði strax mjög ákveðnar athugasemdir við það að hér væri farið beint inn í einkavæðinguna með stofnun hlutafélags um raforkudreifikerfið.

Þriðja meginatriðið sem ég gerði verulegar athugasemdir við var um arðsemiskröfuna sem sett er inn í flutningskerfið, að það eigi að vera heimilt að hækka arðsemiskröfuna á ákveðnu árabili, byrja lágt en síðan heimilt að hækka hana það verulega að það færi að koma niður á raforkuverði. Auk þess yrði með því farið á svig við það grundvallarsjónarmið að um þjónustu sé að ræða sem eigi sem slík ekki að bera arð fyrir eigendur sína. Arður af svona rekstri á að skila sér í afhendingaröryggi og ódýrum flutningi, það á að vera arðurinn sem þetta fyrirtæki skilar. Það á ekki að hugsa um að skila arði til eigenda sinna, af og frá. Þá erum við komin út fyrir hugtökin almannafyrirtæki og almannaþjónustu.

Þetta eru þrjú meginatriði sem ég hef gert athugasemdir við, þ.e. að það eigi að einkavæða þetta, gera að hlutafélagi sem síðan eigi að selja á opnum markaði og að sett skuli á svo há arðsemiskrafa, sem verður náttúrlega að vera ef það á að vera hægt að selja það. Þannig mundum við gera þetta fyrirtæki að atvinnufyrirtæki sem hugsar fyrst um að skaffa eigendum sínum arð í stað þess að skila öruggri og góðri þjónustu til neytenda.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að sameiginlegar auðlindir landsmanna eigi að vera á forræði almannavaldsins. Þannig verði best tryggð sjálfbær nýting þeirra og raforkukerfið á Íslandi er dæmi um afrakstur þess að almannafé hafi verið nýtt til uppbyggingar og nýtingar sameiginlegra auðlinda landsmanna. Áhersla mín í raforkumálum hefur verið á hagsmuni innlendra notenda og almennings fremur en stóriðju. En eins og öllum er ljóst stefnir í að yfir 80% af heildarraforkuframleiðslu í landinu verði bundin í stóriðju.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur frá upphafi varað við afleiðingum þess að tilskipun Evrópusambandsins um innri skipan raforkumála yrði tekin upp á Íslandi. Ýmsar ástæður valda því að Íslendingar hefðu átt að fara fram á undanþágu. Sú sem öllum er augljós er landfræðileg sérstaða Íslands miðað við aðrar Evrópuþjóðir. Markmið flutningskerfis raforku er að annast ákveðna skilgreinda almannaþjónustu og miðlun rafmagns á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt jafnframt því að annast verðjöfnun á raforku til neytenda þannig að hún sé í boði á sama verði og sömu gæðum hvar sem er á landinu.

Raforkukerfið á Íslandi hefur verið byggt upp á löngum tíma, á grundvelli einkaleyfis og samræmdrar yfirstjórnar og hefur gefist vel. Með því hefur náðst góður árangur í að eiga við álagstoppa og tryggja stærðarhagkvæmni sem eru veigamiklir þættir í rekstri raforkukerfa. Ekki verður séð hvernig öryggi, skilvirkni og hagkvæmni verður betur tryggð með því að innleiða svokallaða markaðsvæðingu og samkeppni í slíkri þjónustu. Hætta á offjárfestingum á einu svæði og skerðingu þjónustu á öðru er meðal þeirra fjölmörgu agnúa sem fylgja því að innleiða markaðsvæðingu og samkeppni í almannaþjónustu á borð við öflun og dreifingu rafmagns. Einnig er vert að benda á að mikilvæg forsenda þess að raforkuframleiðsla valdi sem minnstu raski á umhverfi er að henni sé vel stýrt og sem minnst sóun verði á raforku vegna offramleiðslu og óþarfa taps í dreifikerfinu.

Reynsla undanfarinna missira af kerfisbilunum í Bandaríkjunum, Kanada og á meginlandi Evrópu, hefur staðfest að markaðsvæðingin felur í sér margvíslegar hættur, m.a. hættu á offjárfestingu og lélegu viðhaldi sem grafið gæti undan öryggi raforkukerfisins. Þessi dæmi ættu að vera okkur til marks um að forðast beri að markaðsvæða raforkukerfið. Dæmi eru til um að ríkið þurfi að leysa til sín aftur misheppnaða, einkavædda og markaðsvædda almannaþjónustu eins og flutningskerfi rafmagns. Af hverju ætti samkeppni á raforkumarkaði að virka betur hér en í öðrum löndum, löndum sem ættu þó að liggja betur við þeirri samkeppni en eyríkið Ísland? Það þarf miklu ítarlegri rökstuðning fyrir því en hingað til hefur komið fram.

Samkvæmt mínum skilningi verður þetta flutningsfyrirtæki með einkaleyfi á flutningi og raforku og hefur ekki heimild til að stunda óskylda starfsemi. Því er ekki um samkeppnisrekstur að ræða. Ekki er því réttmætt að fyrirtæki skaffi eigendum sínum arð umfram það sem þarf til eðlilegs viðhalds og endurnýjunar búnaðar og mannvirkja. Ég tel, frú forseti, að það ætti að binda í lög hámarksarðsemiskröfu í þessu sambandi. Hún ætti ekki að vera hærri en 2–3%. Engin rök mæla með hærri kröfu né er sýnilegur tilgangur með arðsemiskröfu á fjármagn almannaþjónustufyrirtækis. Lægri arðsemiskrafa dregur úr þörf fyrir hækkun raforkuverðs á einstökum dreifisvæðum en að sjálfsögðu er æskilegt, upp á samstöðu um þessar breytingar, að hvergi komi til umtalsverðra verðhækkana. Að því marki sem slíkt gerist er einnig rétt að huga að því að breytingar komi til framkvæmda í áföngum.

Í frv. því sem hæstv. iðnrh. var að mæla fyrir er gert ráð fyrir að fyrirtækið geti gengið kaupum og sölum, hvort sem er í heild sinni eða að ákveðnum hluta. Fyrst í stað er það reyndar svo að einungis þeir aðilar sem leggja hluti sína inn í fyrirtækið mega kaupa hluti hver af öðrum. En frv. gerir ráð fyrir að eftir árið 2011 megi hver sem er kaupa hluti í fyrirtækinu. Alla vega hefur það komið skýrt fram, bæði í texta laganna og einnig í máli hæstv. iðnrh., að ætlun ríkisins sé að losa sig sem allra fyrst úr eignarhaldi á fyrirtækinu. Það á að fara sem allra fyrst út á einkamarkað með beinum eða óbeinum hætti og þar með beri ríkið ekki eignarlega ábyrgð á því.

Virðulegi forseti. Ég tel afar mikilvægt að tryggja neytendum og orkuframleiðendum opinn aðgang að öllum upplýsingum um flutningsfyrirtækið sjálft og starfsemi þess og

að eðlilegt væri að almenn upplýsingalög giltu um flutningsfyrirtækið og starfsemi þess eins og um aðra almannaþjónustu. Einnig legg ég áherslu á að flutningsfyrirtækið verði óháð og ekki í beinum eignatengslum við einstaka orkuframleiðendur eins og frv. gerir ráð fyrir. Að mínu viti þarf flutningsfyrirtækið skilyrðislaust að vera í opinberri eigu. Öll framantalin atriði sem ég hef minnst á mæla gegn því að fyrirtækið sé gert að hlutafélagi. Við þekkjum reynsluna af því þegar ríkið er að einkavæða almannaþjónustu, búa til úr henni hlutafélög og selja síðan í pörtum.

Ég benti á tvær meginleiðir að því fyrirkomulagi sem ég teldi að ætti að vera á eignarhaldi á hinu nýja flutningsfyrirtæki. Sú besta sem ég vildi mæla með er að eigendur að flutningsfyrirtækinu yrðu ríkið og sveitarfélögin í landinu. Eignarformið gæti verið byggðasamlag eða einhvers konar sameignarfyrirtæki með skilgreindri ábyrgð hvers og eins og þannig gengið frá að sú ábyrgð væri eðlileg og í lagi. Sem stendur eiga sveitarfélögin og ríkið þau orkufyrirtæki sem fyrir eru, hvort sem það eru Rarik, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja eða Orkubú Vestfjarða. Fyrirtækin eru í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þessar eignarmyndanir hafa orðið með ýmsum hætti. Fyrst og fremst hafa notendur greitt þennan kostnað. Hluti hefur verið greiddur með aðstoð sem fékkst á sínum tíma. Eftir stríð kom erlend aðstoð sem fór í uppbyggingu á raforkuverunum en þessi eign hefur fyrst og fremst orðið til fyrir tilverknað fólksins, landsmanna. Það er því með öllu óeðlilegt að flutningskerfið fari á flot í höndum eignaraðila sem hafa ekki lengur bein tengsl við íbúa landsins.

Það er líka afar óréttlátt að þeir íbúar landsins sem ekki eru formlegir aðilar að þeim sveitarfélögum sem nú eiga t.d. Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja skuli ekki fá neinn reiknaðan hlut inn í þetta sameiginlega kerfi. Í umræðunni sl. vetur þegar rætt var um raforkulögin kom fram sú skoðun margra sveitarfélaga að þau teldu að þau ættu eignarkröfurétt í eignum Rariks og Landsvirkjunar t.d. og fyrst og fremst í eignum Rariks vegna þess að þær hefðu verið byggðar upp af notendagjöldum íbúa þeirra. Það er því fullkomlega óeðlilegt að mínu mati að fyrirtækin sjálf séu að mynda þetta flutningsfyrirtæki eins og hér er gert ráð fyrir. Því legg ég afdráttarlaust til að eigendur verði ríki og sveitarfélögin í landinu. Það er hinn eðlilegi kostur og að þetta sé almannaþjónustufyrirtæki en ekki hugsað sem gróðafyrirtæki.

Hinn möguleikinn er að fyrirtækið verði að fullu í ríkiseign og yrði þá ríkisstofnun eða sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins og leysti til sín þær eignir í flutningsvirkjum sem aðrir eiga nú.

Ég hef ítrekað það og ítrekaði það í nefndinni að ég taldi mjög mikilvægt að fá faglegan samanburð á kostum og göllum mismunandi eignar- og rekstrarforma áður en nokkru yrði slegið föstu um það en sá samanburður hefur ekki verið gerður og hér með eru áfram ítrekaðar óskir um að hv. iðnn., þegar hún fær málið til meðferðar, láti kanna stöðu og valkosti í eignarformum á fyrirtækinu en kokgleypi ekki hlutafélagsformið og einkavæðinguna eins og hér er lagt til af hálfu hæstv. iðnrh.

Virðulegi forseti. Varðandi hinn þáttinn sem fjallað var um, verðjöfnunina, var það ekki alveg rétt hjá hæstv. iðnrh. að samkomulag hefði verið um að jöfnunin ætti að greiðast úr ríkissjóði. Hins vegar var samkomulag í nefndinni um að það ætti að vera fullur jöfnuður.

Ég leyfi mér að vitna í álit frá meiri hluta 19 manna nefndarinnar hvað þetta varðar, með leyfi forseta:

„Ljóst er að það fyrirkomulag sem hér er lagt til varðandi umfang flutningskerfisins og gjaldskrá fyrir flutningi raforku mun leiða til meiri jöfnunar kostnaðar en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Því til viðbótar leggur nefndin til að hver dreifiveita hafi sömu gjaldskrá fyrir alla notendur á sínu veitusvæði. Það mun þýða að íbúar á Hvammstanga og Hvolsvelli munu greiða sama verð fyrir flutning og dreifingu raforku enda dreifir Rarik raforku á báðum stöðum og gildir þá einu þótt flutningskerfið nái til Hvolsvallar en ekki til Hvammstanga. Sama á við um Patreksfjörð og Ísafjörð á veitusvæði Orkubús Vestfjarða. Hins vegar er eins og að framan greinir gert ráð fyrir að hægt verði að setja sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli að uppfylltum tilteknum skilyrðum."

Í framhaldi af þessu segir svo:

„Ef miðað er við að íbúar á dreifbýlissvæðum þessara veitna ættu ekki að greiða hærra raforkuverð en íbúar í þéttbýli greiða hæst þá þyrfti um 230 millj. kr. til að niðurgreiða dreifingarkostnað til þeirra. Nefndin telur eðlilegt að þessum kostnaðarauka verði mætt. Það verði annaðhvort gert með framlögum úr ríkissjóði eða jöfnunargjaldi á raforkudreifingu."

Ég, virðulegi forseti, er talsmaður jöfnunargjalds og tel að raforkan sé hluti af almannaþjónustunni í landinu. Raforkuauðlindirnar eru almannaeign og þá eigum við líka að tryggja að þetta sé í raun jöfnun og raforka sé á sama verði hvað flutning varðar um allt land. Það er bara fullkomlega eðlilegt út frá því hvernig forsendurnar eru. Ég lagði áherslu á þetta í áliti mínu.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir því sérálíti sem ég hafði í vinnu 19 manna nefndarinnar og legg áherslu á að það er mjög mikilvægt að skoða frumvörpin mjög vandlega. Það er verið að fara út á einkavæðingar- og markaðsvæðingarbraut varðandi raforkukerfið. Það er að vísu talið að farið verði hægt af stað í fyrstu en stefnt að því markvisst að gera raforkuflutningskerfið hæft til sölu á almennum markaði. Það er markmiðið. Höfum við ekki fengið nóg af einkavæðingu í almannaþjónustunni þó svo að við eigum ekki líka að fara að horfa á þessa grunnalmannaþjónustu sem raforkan er fara inn á þennan einkavæðingar- og fákeppnismarkað sem við höfum nú þegar fengið upp í kok af en er trúaratriði hjá hæstv. iðnrh. og hjá núv. ríkisstjórn?

Virðulegi forseti. Ég legg þunga áherslu á að frv. fái vandaða og trausta meðferð í iðnn. og að meginþáttum þess verði snúið við landsmönnum öllum til heilla. Ef stefnir fram eins og nú er gert á að einkavæða raforkukerfið og innan nokkurs tíma að setja það á almennan fjármagnsmarkað og því erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði algjörlega á móti. Þetta er almannaþjónusta og við eigum að búa henni lagalega umgjörð sem slíkri.

[12:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum ekki alveg sammála í málinu, ég og hv. þm. Hann talar um rafmagnið út frá félagslegri þjónustu í raun. Það má þá velta því fyrir sér hvort matvörusala sé þá kannski félagsleg þjónusta líka og þar fram eftir götunum.

Það sem kemur mér virkilega á óvart í sambandi við afstöðu hv. þm. og Vinstri grænna er að þeir skuli vilja leggja á jöfnunargjald í stað þess að fjármunir komi úr sjóðum ríkisins til að greiða niður kostnaðinn við dreifingu á raforku

á þeim svæðum þar sem dýrast er að dreifa. Þetta er á skjön við álit t.d. Neytendasamtakanna sem leggja áherslu á það í nefndaráliti sínu að niðurgreiðslum vegna dreifbýlissvæða verði mætt með framlagi úr ríkissjóði.

Sama má segja um Samtök atvinnulífsins, en þau segja, með leyfi forseta:

„Loks telja Samtök atvinnulífsins eðlilegt að opinber stuðningur við tiltekna raforkunotendur eigi að vera eins gegnsær og unnt er en eigi ekki að fela í raforkuverðinu."

Bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritað leggjum áherslu á að kostnaður vegna niðurgreiðslna á raforkudreifingu verði greiddur úr ríkissjóði."

Svona má lengi telja. Þarna eru því hv. þm. Vinstri grænna með algjöra sérstöðu og ég undrast það.

Það kom margt fram sem ástæða er til að bregðast við og þetta með arðsemina, auðvitað þarf hún að vera, enda kom það fram hjá hv. þm. síðar í ræðunni að það verður að vera einhver arðsemi af rekstri flutningskerfisins til að hægt sé að viðhalda því. Við erum að tala um 3% og það er eftirlit Orkustofnunar sem þarna kemur til sem skiptir miklu máli. Er þá hv. þm. að segja að hann treysti ekki Orkustofnun til að hafa eftirlit með þessu?

Það að þetta megi ekki vera hlutafélag er bara þessi venjulega afstaða Vinstri grænna, þeir eru á móti hlutafélögum.

[12:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að aðgengi að matvælum sé ein af grunnforsendum mannlífs. Ég er því ekki sammála hæstv. iðnrh. að aðgengi að matvörum skipti engu máli. Stór hluti heimsins sveltur einmitt vegna misskiptingar í aðgengi að matvörum. Hins vegar er hér á landi enn þá sú samkeppni og það framboð á matvörum að það þarf ekki að beita sameiginlegum eða félagslegum aðgerðum, en það getur farið svo ráði stefna hæstv. iðn.- og viðskrh., því hver talar ekki um fákeppni á matvörumarkaðnum og að þar sé jafnvel ógn af? Hæstv. iðn.- og viðskrh. skyldi því tala varlega á þessu svelli.

Það er alveg rétt að grundvallarmunur er á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsfl. hvað varðar almannaþjónustuna og skilgreiningu á henni og hæstv. iðnrh. undirstrikar það. Hæstv. iðnrh. vill einkavæða almannaþjónustuna og segir það alveg berum orðum, sem er svo sem virðingarvert.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að raforkan sé hluti af grunnalmannaþjónustu í landinu og eigi ekki að reka eins og hvert annað fyrirtæki sem á að skila eigendum sínum arði. Ég vil benda á varðandi jöfnunina, frú forseti, að einmitt stór samtök eins og BSRB og ASÍ, sem eru með fylgiskjöl með nál., mæla með innri jöfnun. En það er hin langtímaarðsemiskrafa af hálfu hæstv. iðnrh. sem hleypir verðinu upp, ekki jöfnunarkrafan.

[12:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er arðsemiskrafan sem hleypir verðinu upp, segir hv. þm. Það er hins vegar svigrúm, ég fullyrði að það er svigrúm innan kerfisins, innan fyrirtækjanna til að hagræða þannig að þó þau fari úr 3% arðsemiskröfu upp í 6% þarf það alls ekki að þýða hækkun á raforkuverði. Það er nefnilega þannig með þetta kerfi allt að það er ekkert eftirlit með því í dag. Það eru tilfærslur á milli rekstrarþátta og ekkert útilokað t.d. hjá þeim fyrirtækjum sem eru bæði hitaveitu- og raforkufyrirtæki að þar hafi verið flutt á milli liða og ég nánast fullyrði að það hefur verið gert. Það gæti því verið að heita vatnið lækkaði bara á móti ef hækka þarf raforkuverðið örlítið, sem merki eru um.

En að halda því stöðugt fram að þarna sé um almannaþjónustu að ræða þá sé ég ekki af hverju við Íslendingar ættum að hafa annað fyrirkomulag en aðrar þjóðir í þessum efnum, að taka sem sagt upp þetta kerfi. Það vill svo til að það eru ríki og sveitarfélög sem eiga fyrirtækin sem mynda Landsnetið og ákvæði eru í frv. um að það verði ekki fyrr en 2010 sem opnað verði fyrir nýja eigendur.

Það er ekkert hægt að tala um álagstoppa og afhendingaröryggi í þessu sambandi. Því er alls ekki ógnað með frv., verði það að lögum. Við búum náttúrlega við gott fyrirkomulag á Íslandi eða gott kerfi að því leyti að það er mikið öryggi í afhendingu raforku, meira en nokkurs staðar þar sem ég þekki til, og það skiptir miklu máli.

Aðalatriðið er að við erum að breyta forminu, við erum að fara út í gegnsæi og það er náttúrlega þess vegna sem Neytendasamtökin mæla með þessu, verið er að búa til fyrirkomulag þar sem við getum séð hvernig rafmagnsverð verður til, og það veit ekki nokkur maður í dag.

[12:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ætli við vitum betur hvernig rafmagn verður til þegar búið er að einkavæða bæði raforkuvinnsluna og raforkukerfið. Nú er þetta gagnsætt þannig að Landsvirkjun, Rarik og Orkuveita Reykjavíkur eru allt opinber fyrirtæki sem lúta reikningsskilum og endurskoðun. Ríkisendurskoðun endurskoðar Landsvirkjun og Rarik þannig að þar er það gagnsætt. Ég sé ekkert standa í vegi fyrir því að eitt mætti styðja annað.

Það er bara grundvallarmunur á sjónarmiðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Framsfl. um að standa vörð um almannaþjónustuna. Framsfl. með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar vill einkavæða almannaþjónustuna, vill einkavæða raforkukerfið, vill einkavæða flutningskerfið. Það á að fara opinberlega á markað 2011, þá á það að vera orðið hæft til að fara á opinberan markað, þ.e. arðsemiskrafan á að vera orðin það há. Þarna greinir okkur mjög alvarlega á.

Ég held, virðulegi forseti, að kjósendur Framsfl. greini líka á. Ég er ekki viss um að kjósendur Framsfl. styðji þessa stefnu hæstv. iðnrh. í einkavæðingu rafmagnsins, ég dreg það stórlega í efa.

Virðulegi forseti. Það er hollt að vitna hér í lokin til orkumálastjóra Kaliforníu sem var hér á ferð í ágúst sl. En í Kaliforníu voru miklar truflanir á raforku.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Hryðjuverk eru alþjóðlegt vandamál. Nýlegt rafmagnsleysi var ekki af völdum hryðjuverkamanna. Það þurfti ekki hryðjuverkamenn til að finna út hvernig ætti að loka fyrir rafmagnið til 50 milljóna manna. Við vorum einfær um það með vanrækslu og trassaskap fólks á hinum frjálsa markaði sem trúði því að markaðurinn leysi allan vanda. Stjórnvöld eiga að bera ábyrgð á rafmagninu."

Það var reynsla orkumálastjóra Kaliforníu og hví skyldi það þá ekki vera okkar líka að gera það?

[Fundarhlé. — 12:45]

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mér þótti ákaflega áhugaverð í umræðunni í morgun og í svörum við andsvörum hjá hæstv. iðn.- og viðskrh. ánægja hæstv. ráðherra með þessi frv. og þá skipan raforkumála sem hér á að taka upp. Hæstv. ráðherra réði sér nánast ekki fyrir kæti yfir því að vera að taka þessi stóru skref í átt til markaðs- og einkavæðingar raforkukerfisins í landinu. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi gengið þarna lengra en flestir ef ekki allir aðrir í því að lýsa beinlínis sérstakri ánægju og spenningi yfir þessum breytingum. Í umræðunni víða annars staðar hafa menn kannski talað á þeim nótum að þeir yrðu að láta þetta yfir sig ganga sem illa nauðsyn vegna þess að þetta væri tilskipun frá Evrópusambandinu sem okkur væri nauðugur einn kostur að uppfylla, og eru þó skiptar skoðanir um það eins og ég kem að síðar. En það var ekkert slíkt á ferðinni hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra talaði um að það væri ekki í kot vísað að taka upp það fyrirkomulag að markaðsvæða og undirbúa einkavæðingu raforkusviðsins. Þetta væru mjög spennandi mál og eftir því sem ráðherra skoðaði þetta betur litist henni betur og betur á það og þar fram eftir götunum.

Þá fer maður auðvitað að skilja að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn, ef hún er öll sama sinnis, væri eðlilega ekki að gera mikið í því að láta á það reyna hvort við gætum fengið undanþágu frá þessari tilskipun eða a.m.k. staðið þannig að innleiðingu hennar hér að það hefði sem minnsta röskun á því fyrirkomulagi raforkumála í för með sér sem við vildum kannski halda óbreyttu. Nú getur vel verið að hæstv. ráðherra og Framsfl. séu orðin þeirrar skoðunar almennt að það eigi að einkavæða slíka hluti hvað sem það kostar og þó að það skapi ýmis vandræði og sé flókið úrlausnarefni eins og við vitum að það er. Það getur vel verið að við stöndum frammi fyrir því að Framsfl. sé orðinn markaðssinnaðasti flokkurinn á Íslandi, sé farinn að ganga lengra í þeim efnum en Sjálfstfl. Ég er ekki frá því, því að úr röðum sjálfstæðismanna hafa komið þó nokkrar efasemdir um þetta, t.d. núna upp á síðkastið.

Hér talar hæstv. iðn.- og viðskrh. og mótmælir því að rætt sé um veitustarfsemi af þessu tagi sem samfélagsþjónustu — þetta er bisness í augum ráðherrans, það kom fram í orðaskiptum hæstv. ráðherra við hv. þm. Jón Bjarnason áðan — og lýsir sérstakri ánægju með þennan markaðs- og einkavæðingarherleiðangur raforkumálanna. Þá er rétt, frú forseti, að menn geri sér grein fyrir því að ríkisstjórnin hefur valið, og samkvæmt því sem hæstv. ráðherra segir hér er það ákvörðun sem rekur sig allt aftur til 1999, að ganga talsvert lengra í þessum efnum en við strangt tekið þyrftum til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar. Hæstv. ráðherra sagði að það sem hefði komið í ljós við könnun, sem aldrei hefur fengist upplýst hve ítarleg var og mikil, væri a.m.k. það að við hefðum ekki getað fengin undanþágu frá því að innleiða samkeppni á framleiðslusviðinu, í framleiðslu raforku.

Gott og vel. En það er gengið lengra hér. Allt raforkusviðið og dreifingin eru lögð undir og það eru ekki einu sinni notaðir þeir möguleikar sem væru til þess að innleiða fyrirkomulag í anda þessarar orkutilskipunar á hluta orkumarkaðarins, t.d. gagnvart stóriðjunni. Það nægir, miklu meira en nægir. Það liggur fyrir að vegna þess hve hátt hlutfall raforkusölu á Íslandi fer til stóriðju væri Ísland búið að gera meira en nóg til þess að uppfylla samkeppnisþætti þessara mála með því að innleiða slíkt fyrirkomulag með aðskilnaði framleiðslu og dreifingar til stóriðjufyrirtækjanna, sem eru með 75 og bráðum 85 eða 90% af íslenska raforkumarkaðnum sem kaupendur.

Ég held, frú forseti, að það sé óhjákvæmilegt að rifja aðeins upp forsögu þessa máls, þ.e. þá að þetta er ekki eitthvað sem menn ættu að vera að vakna upp við vondan draum til nú, að það standi til að innleiða þessar evrópsku samkeppnisreglur á sviði raforkumála hér. Strax þegar Evrópusambandið setti sér þessar reglur, á árinu 1998, var vakin athygli manna á þessu hér. Ég hygg að fyrstur hafi gert það á Alþingi hv. þáv. þm., Hjörleifur Guttormsson, sem vakti þá athygli á þessu og vildi fá umræður um hvað þessi tilskipun boðaði, því ljóst mátti vera að hún færi síðan þessa leið, inn á borð sameiginlegu EES-nefndarinnar og til afgreiðslu þar og þannig væntanlega inn í EES-samninginn eða til fullgildingar á grundvelli hans.

Við reyndum, þingmenn og frambjóðendur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í alþingiskosningunum 1999 að koma þessu máli á dagskrá þá og spurðum t.d. hvaða viðhorf menn hygðust hafa til þess sem að okkur mun bera á næsta ári, hvort við ætluðum að taka upp orkutilskipunina, sem er auðvitað gríðarlega stórt mál. Það fór lítið fyrir umræðum um það þá. Þegar tillagan kom svo fyrir þingið veturinn 1999–2000, í kjölfar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar á árinu 1999, voru það við einir, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem lögðum til að ríkisstjórnin yrði send til baka með málið og falið að leita eftir undanþágu, helst ótímabundinni en til vara tímabundinni, við þessa tilskipun. Fyrir því eru mjög veigamikil rök sem ég hef ekki trú á öðru en að hægt hefði verið að fá skilning á á vettvangi Evrópusambandsins og meðal annarra þjóða sem við erum þar í samstarfi við. Fyrir því eru mörg fordæmi að menn hafa fengið rúma möguleika til að bregðast við út frá sínum séraðstæðum í málum af þessu tagi.

Ég nefni t.d., eins og ég vakti athygli á í nefndaráliti mínu sem minni hluti utanrmn. vorið 2000, að Ísland fékk umyrðalaust undanþágu frá tilskipun um gagnsæi verðlagningar og gegnumflutninga á jarðgasi á Evrópska efnahagssvæðinu. Hvers vegna skyldi Ísland hafa fengið undanþágu frá því? Jú, augljóslega sáu menn að það var meiningarlaust og út í loftið að Ísland þyrfti að fara að innleiða hér einhverja tilskipun um verðlagningu og flutninga á jarðgasi þar sem ekkert grasdreifingarkerfi er til. Við gátum að langmestu leyti fært sömu rök fram fyrir því að við fengjum undanþágu frá raforkutilskipuninni vegna þess að einn megintilgangur raforkutilskipunarinnar er að innleiða samkeppni í raforkusölu, ekki síst milli landa og gera allt meginland Evrópu að einum orkumarkaði sem er algerlega merkingarlaust fyrir Ísland.

Þriðja meginmarkmiðið, svo kaldhæðnislegt sem það nú er í tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku, er að tryggja öryggi í afhendingu raforku. Ég bið menn að færa fyrir því rök að það sé liður í því að tryggja öryggi í afhendingu raforku hér á landi að einkavæða eða markaðsvæða dreifingarkerfið þar sem reynslan úr öllum áttum hrópar á okkur um hið gagnstæða, þannig að sú röksemd fellur og eftir er þá það eitt að fjórði megintilgangur tilskipunarinnar er að auka samkeppni í framleiðslu á raforku. Okkur er ekkert að vanbúnaði að gera það og hún er út af fyrir sig til staðar nú þegar eins og menn sjá í vissum skilningi, t.d. þegar stórnotendur eiga í hlut er mönnum frjálst að keppa um að reyna að selja þeim raforku og það geta menn gert.

Því miður, frú forseti, fór það svo við atkvæðagreiðslu 8. maí árið 2000 að það voru eingöngu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem greiddu atkvæði með tillögu minni um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og fela henni að taka málið upp á nýjan leik á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar með þeirri leiðsögn að leita þar eftir ótímabundinni undanþágu, eða til vara að Íslendingar fengju mun lengri aðlögunartíma að þessum breytingum að lágmarki 12–15 ár.

Á þessum tíma var á það bent af okkar hálfu hversu gríðarlega mikið væri óunnið áður en við gætum undirgengist þessa skilmála og hvað mörg stór álitamál þyrfti að útkljá áður. Það hefur heldur betur komið á daginn, sá tveggja ára aðlögunartími sem menn héldu að dygði í þeim efnum var fram á sumar 2002. Síðan varð málið afvelta og í deilum milli manna og Ísland komst í raun og veru í ónáð af því að það hafði ekki fullgilt tilskipunina innan tilskilinna tímamarka. Og enn er málið hér með verulega lausa enda á ferðinni og margt óséð fyrir enn um það hvernig tiltekst. Það er ekki aldeilis búið að ná samkomulagi milli aðila um að verðleggja mannvirkin inn í nýtt fyrirtæki. Ætli það gæti ekki átt eftir að reynast handleggur? Það vita auðvitað allir sem vilja vita að það hafa verið logandi átök á bak við tjöldin milli þessara aðila, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Rariks og fleiri aðila.

Frú forseti. Hér er auðvitað verið að taka risaskref í að markaðsvæða og undirbúa einkavæðingu raforkumála í landinu. Þá er enn eitt sviðið af þessu tagi sem mörgum okkar er tamt að telja til undirstöðuþjónustu, almannaþjónustu, að fara þessa leið. Formúlan er alveg klár. Það er gert að skilyrði að um hlutafélag sé að ræða. Það er gert að skilyrði að ef menn ætli að vera með félagslegar ráðstafanir gagnvart viðkomandi málasviði sé það utan kerfisins, þá komi það á fjárlögum. Það er auðvitað vegna þess að hyggist menn markaðsvæða og einkavæða vilja einkaaðilar ekki taka við slíkum pinklum í framtíðinni. Nei, þá er betra að þar komi til greiðslur úr ríkissjóði. Þetta er formúla frjálshyggjunnar.

Hæstvirtir ráðherrar, sérstaklega Framsfl. sem eru eins og stundum áður duglegir í flórmokstrinum, eru í verkunum fyrir íhaldið sjálft, leggja niður slíka jöfnun á hverju sviðinu á fætur öðru. Það er kannski bara ekki svo leitt sem lætur. Kannski er það orðið eins og ég sagði í byrjun, að Framsfl. sé kominn fram úr Sjálfstfl. og sé að verða meiri frjálshyggjuflokkur nú en íhaldið sjálft. Það skyldi ekki vera. Þá tek ég auðvitað til hliðar tíst af því tagi sem heyrðist frá hæstv. félmrh. á iðnþingi á dögunum, sem er til aflausnar held ég. Meðan menn gera ekki annað en lýsa áhyggjum þjónar það væntanlega fyrst og fremst slíkum tilgangi. (**Iðnrh.:** Það liggur illa á einhverjum.) Það liggur mjög vel á þingmanninum. Ég er hins vegar að ræða um pólitík, frú forseti. En það er greinilegt að framsóknarmönnum er það ótamt og þeir vilja sem minnst um hana tala.

Ég skil vel að hæstv. ráðherra þyki þetta ekki skemmtilegt og að meira gaman væri að vera á einhverjum öðrum vettvangi þar sem ekki væri talað um pólitík og grundvallarmál í fjármálum. Það er auðvitað bara leiðindaröldur að menn séu eitthvað að velta því fyrir sér hvernig menn ætla að hafa samfélagið og móta það í grunninn. Ég er bara þeirrar gerðar að ég leyfi mér að hafa skoðun á því. Ég held henni fram og er ófeiminn við það. Það skiptir mig engu máli þó að menn beri fyrir sig tískuklisjur eða telji að pólitík sé bara straumur og tíðarandi sem allir hljóti að berast með. Það er ekki þannig. Það er ekki sjálfgefið að við eigum að markaðsvæða alla skapaða hluti í samfélaginu og leggja verðmælikvarða á alla hluti.

Hvað verður næst? Hvað verður reynt að einkavæða næst eða markaðsvæða? Lífshamingjuna? Á að koma böndum á hana og selja mönnum hlutabréf í henni? Hvað er eftir ef undirstöðuþættir í samfélaginu af þessu tagi í landi eins og Íslandi, stóru og strjálbýlu landi þar sem orkan skiptir gríðarlega miklu máli, ef öryggið varðandi afhendingu hennar og jafnræði þegnanna gagnvart því er látið lönd og leið? Þá er víglínan komin ansi innarlega. Það er auðvitað að gerast. Hún er að færast að innsta kjarna samfélagsins með einkavæðingu ýmissa undirstöðuþátta. Ef það gerist nú á nokkrum mánuðum eða missirum að bæði raforkumálin og fjarskiptin, þ.e. Landssíminn, fara þessa sömu leið þá fer að hrikta dálítið í. Ætli menn viti ekki að þetta eru undirstöðuþjónustuþættir sem skipta sköpum fyrir menn upp á að geta lifað og starfað í nútímasamfélagi?

Hvernig hefur gefist að henda þessu í einkaaðila? Hvernig hefur það gefist? Hvernig er ástandið í raforkudreifingarmálum austan hafs og vestan þar sem menn hafa farið slíkar leiðir? Þurfum við alltaf að gera sömu mistökin og allir aðrir. Það hefur beinlínis komið í ljós að ýmislegt af þessu tagi eru hrapalleg mistök?

Hið alvarlegasta, frú forseti, í málinu er markaðsvæðingin, sú aðsemiskrafa sem taka á inn og tilburðir til að skapa eitthvað sem menn kalla samkeppnisumhverfi á sviði sem lýtur óumflýjanlega lögmálum náttúrulegrar einokunar. Ég vek athygli manna á því, t.d. sjálfstæðismanna, að ríkið ætlar með frv. þessu að stuðla að því að einkavæða einokunarstarfsemi. Það stendur í frv. að eitt fyrirtæki skuli annast flutning raforku og kerfisstjórnun, eitt fyrirtæki. Það er gengið frá því í lögunum að einu fyrirtæki skuli falið þetta hlutverk. Eðlilega. Enda væri lítil skynsemi í öðru af því að hér er um að ræða starfsemi sem í eðli sínu lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar. Samt á að innleiða á þessu sviði einhvers konar aðsemishugsun. Það á að reka þetta fyrirtæki með hagnaði og draga út úr því arð þó að það lúti lögmálum náttúrulegrar einokunar.

Þetta eru mestu ógöngurnar sem menn hafa hvarvetna ratað í þar sem ofstækið hefur borið menn ofurliði í einkavæðingunni. Þetta er það sem gerist. Hver er niðurstaðan? Jú, niðurstaðan er sú að menn vanrækja öryggisþættina. Aðsemiskrafan hefur yfirhöndina. Lestarteinarnir grotna niður, raforkukerfin bila og menn verða rafmagnslausir, milljónum og milljónatugum saman. Sú er niðurstaðan. Þannig fór í Kaliforníu, á austurströnd Bandaríkjanna, í Suður-Svíþjóð og á Sjálandi. Þetta á við um Nýja-Sjáland, við bresku lestirnar, bresku vatnsveiturnar o.s.frv.

En það er ekkert hik á framsóknarmönnum. Nei. Ég held að það verði að senda frú Thatcher skeyti um að hún hafi eignast alveg nýja og gallharða bandamenn á Íslandi undir forustu iðnrh. Framsfl.

Við erum talsmenn þess að jöfnunin sé innan kerfisins. Af hverju erum við talsmenn þess? Hæstv. ráðherra furðaði sig á því í umræðum fyrr í morgun. Jú, við erum það m.a. vegna þess að slík jöfnun er ekki í hendi nema um hana sé búið þannig. Hæstv. ráðherra hendir aftur á móti út þeirri jöfnun, þeirri félagslegu hugsun sem hefur verið í ýmsum kerfum af þessu tagi, t.d. flutningsjöfnun á sementi eða á raforku, og segir að það eigi að koma á fjárlög ef menn vilji jafna.

Frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku er þannig úr garði gert, frú forseti, að þar segir:

„Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku ...“

Hæstv. ráðherra var svo vinsamlegur að kenna mér að svona væri alltaf ákveðið í fjárlögum á hverju ári. Ég þakka fræðsluna. En svo mikið veit ég um lagatexta að það þarf ekki að standa „ef“. Alþingi getur ákveðið í lögum að á fjárlögum *skuli verja fé til að jafna flutningskostnað vegna dreifingar á* raforku. Hæstv. ráðherra getur farið í lagasafnið og lesið að þar er mjög víða slíkt orðalag. Auðvitað væri strax skárra ef textinn væri þannig úr garði gerður að hann fæli um leið í sér stefnumótun af hálfu Alþingis um að svo skuli gera. Það er lýsandi fyrir hugarfarið, a.m.k. hjá frumvarpshöfundunum, að hafa „ef“ til að halda til haga því að það sé auðvitað ekki sjálfgefið. Nei, alls ekki. Málið er haft alveg opið og engin stefna á að koma fram eða vilji, að því er virðist, bara að ráðherra hafi sitt fram.

Hvers vegna setti ekki ráðherra inn annað orðalag? Til dæmis mætti segja: Ákveða skal á fjárlögum hverju sinni fjármuni til að jafna eða lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku o.s.frv. Í því væri þó strax ákveðin viljayfirlýsing fólgin, ákveðin stefna. Auðvitað getur þingið breytt því og þingið ákveðið upphæðirnar. En þó væri ljóst að það þing sem gengur frá lögunum í byrjun gengi út frá því að svo sé gert. Maður spyr sig að því hvers konar vinnubrögð það eru að koma inn með þetta svona en tala í leiðinni um að það sé ákaflega mikilvægt að stjórnarflokkarnir séu sammála um að æskilegt sé að hafa þessa jöfnun.

Ef ekki væri hin mikla arðsemiskrafa sem þarna á að taka inn væri verðjöfnunarþátturinn í flutningskerfinu svo lágur að hann sjálfur mundi leiða til hverfandi hækkunar á rafmagni, fáeinna aura á kílóvattstund. Það er ekkert til þess að æsa sig yfir. Að menn skuli fara á taugum út af því að hent sé fram útreikningum um risahækkun á raforkuverði, sem tekur eftirlitskostnað, arðsemiskröfuna og allt inn í myndina og gjaldfærir á flutningsjöfnunina, það er alveg dæmalaust.

Ég skildi það svo að niðurstaða meiri hluta 19 manna nefndarinnar væri sú að þar væri yfirgnæfandi stuðningur við að flutningsjöfnunin færi fram innan kerfisins, a.m.k. að verulegu leyti. Auðvitað var talið mögulegt að fara blandaða leið. Þá væri það líka í hendi að ef menn ætluðu síðan síðar að fara að einkavæða eða rassakastast í því fyrirtæki hefði það þá kvöð á herðunum.

Landsvirkjun hefur haft kvöð á herðunum. Landsvirkjun hefur haft mikil réttindi en hún hefur líka haft skyldur. Það hefur verið látið haldast í hendur og verið sagt að Landsvirkjun skuli afhenda rafmagnið á sama verði á öllum sínum afhendingarstöðvum enda hefur hún mjög víðtæk réttindi sem henni eru sköpuð í sérlögum.

Varðandi eignarhaldið og fyrirtækjaformið gengur hæstv. ríkisstjórn út frá því að þetta skuli vera hlutafélag. Hvers vegna? Hvers vegna á það að vera hlutafélag sem hefur einokun á því hlutverki að dreifa rafmagni um landið? Af hverju að innleiða viðskiptahugsun með arðsemissjónarmiðum inn í það mál? Af hverju er þetta ekki skilgreint í grunninn sem þjónusta og látið vera í sameignarfyrirtæki á grundvelli sérlaga eða í sjálfseignarstofnun eða með einhverjum öðrum slíkum hætti um það búið til að halda þessu algerlega aðskildu? Svo geta menn verið með fyrirtæki sem selja eða dreifa á hinum endanum. En varðandi einokunaraðila á að vera algerlega skýrt samkvæmt lögum og miðað við rekstrarform að þar sé ekki um að ræða fyrirtæki í hefðbundnum skilningi að það þjóni þeim markmiðum, kannski umfram öll önnur, að færa eigendum sínum arð. Það er óeðlilegt og fráleitt að hugsa svo nema menn séu búnir að ákveða að í framtíðinni, kannski fyrr en síðar, verði þetta einkavætt, nema markaðsvæðingin sé bara undanfari einkavæðingar. Auðvitað glittir í það.

Í frv. um Landsnet er tekið fram að ríkissjóði sé heimilt að selja allt sitt hlutafé strax. Til hverra? Jú, til hinna aðilanna sem hafa þá lagt flutningsvirki inn í púkkið. Þeir aðilar geta einkavæðst og þar með er auðvitað galopnað á einkavæðinguna strax þótt annað sé látið í veðri vaka. Þora menn þá ekki að koma alveg hreint til dyranna?

Í ræðu sem ráðuneytisstjóri iðn.- og viðskrn., Kristján Skarphéðinsson, hélt á málþingi um íslenska orkustefnu — hann má þó eiga það að hann fór ekki í launkofa með það — kom fram að sú hugsun svífur yfir vötnunum í iðnrn. að einkavæða þetta, að ríkið og jafnvel sveitarfélögin einnig fari út úr þessu þannig að einhverjir geti grætt á þessu.

Í þeirri ágætu ræðu segir, ef ég má vitna í hana, með leyfi forseta: „... að mikilvægt sé að hafa í huga að markaðsvæðing raforkukerfisins þurfi ekki endilega að þýða einkavæðingu þess“. — Nei, það er nú sennilega rétt. Það þarf ekki endilega að þýða það en gæti mjög líklega gert það. Áfram er talað um Noreg sem dæmi um slíkt. Það er alveg rétt að Norðmenn hafa stigið varlega til jarðar, miklu varlegar en Íslendingar, og t.d. oft mótað þá stefnu að ríkið haldi áfram að vera meðeigandi í ýmsum mikilvægum fyrirtækjum og stofnunum sem það hefur átt aðild að, t.d. bönkum, öfugt Ísland þar sem þessu er bara hent yfir í einkaaðila á einu bretti.

En síðan segir ráðuneytisstjóri iðnrn.:

„Hins vegar kann að teljast æskilegt í framtíðinni að ríkið stefni að því að draga sig smátt og smátt út úr samkeppnisþætti raforkumarkaðarins og almennir fjárfestar taki við. Slík markaðsvæðing raforkuframleiðslunnar væri til þess fallin að auka hagræði og samkeppni og efla hlutabréfamarkað.“

Já, það gæti verið að einhverja langaði þar í matarholu sem núna er eitthvað farin að minnka þegar blaðran er orðin dálítið þanin. Að vísu segir ráðuneytisstjórinn, og þökk sé honum, að raforkumarkaðurinn sé enn þá svo óþroskaður að hann þurfi að líkindum töluverðan tíma áður en sölu- og framleiðslustarfsemi raforkufyrirtækja verður hæf til sölu á almennum markaði.

Það gæti verið að t.d. Landsvirkjun sé ekki sérstaklega fýsileg til einkavæðingar í augnablikinu með Kárahnjúkana á bakinu og bullandi erfiðleikar fram undan hvað varðar eiginfjárstöðu þess fyrirtækis og afkomu á næstu árum, ef svo heldur sem horfir, því miður.

Nei, frú forseti. Það á auðvitað ekki að reyna að fara í launkofa með það. Hæstv. ráðherra á ekki að reyna að fela það að Framsfl. er að ryðja brautina, ekki bara fyrir algerri markaðsvæðingu raforkumálanna heldur líka að undirbúa einkavæðingu. Framsfl. gengur þannig frá hnútunum að söluheimildin á hlut ríkisins í einokunarfyrirtækinu liggur fyrir frá byrjun. Frá fyrsta degi verður heimilt að selja hlut ríkisins um leið og búið er að koma fyrirtækinu saman og ná samkomulagi, ef það þá tekst, um skiptahlutföllin.

Samt liggur fyrir að yfir Íslendinga hefur á undanförnum mánuðum og missirum rignt fréttum af þeim ógöngum sem menn hafa lent í annars staðar þar sem þeir hafa markaðs- og einkavætt raforkukerfin. Við höfum fengið gesti sem hver á

fætur öðrum hefur varað við og sagt: Nei, nei, bíðið nú við, Íslendingar. Þið eruð í grunninn með ágætt fyrirkomulag og hvers vegna skylduð þið breyta því og fara á eftir okkur út í foraðið sem hefur gefist skelfilega? Reynsla manna í Kaliforníu, á austurströnd Bandaríkjanna, á Skáni, í Suður-Svíþjóð og Danmörku er víða skelfileg. Svo ekki sé minnst á Nýja-Sjáland sem í þessum tilvikum eins og fleirum hefur lent í öllum hremmingunum sem nýfrjálshyggjunni tengdust, enda gengu þeir lengra en flestir aðrir í tilraunastarfsemi sinni með nýsjálenskt samfélag. Þeir hafa heldur betur fengið að súpa af því seyðið í heilbrigðiskerfinu, orkumálum, fjarskiptunum o.fl.

Hingað komu t.d., frú forseti, þingmenn af Kaliforníuþingi. Skyldi nú ekki standa til að Alþingi endurgjaldi heimsóknina síðar á þessu ári? Við ætlum þá kannski að færa þeim fréttirnar af því að við höfum ekki gert mikið með þeirra góðu ráð? Þeir báðu okkur, eins og guð sér til hjálpar, að lenda ekki í sömu ósköpunum og þeir lentu í með raforkumálin í Kaliforníu, kannski með þeirri einu undantekningu að Los Angeles borg slapp betur en afgangurinn af fylkinu. Það var af því að þeir höfðu varið eignarhaldið á sínum veitum sjálfir.

Þessir ágætu þingmenn, Bruce McPherson og Dede Alpert, eða hvað frúin heitir, hvort úr sínum flokki, repúblikani og demókrati, sögðu einfaldlega eins og Morgunblaðið hefur eftir þeim með fyrirsögn: „Þetta mistókst herfilega." — Þetta mistókst herfilega.

Þessi Bruce McPherson er spurður að því hvort hann sé þá orðinn algjörlega afhuga einkavæðingu og hann segir bara ósköp einfaldlega: Ja, reynslan af þessu er sú að ég hef enga trú á því að menn vilji nokkurn tímann aftur prófa þetta hjá okkur. Þetta er ekki einhver róttækur sósíalisti sem talar. Nei, þetta er repúblikani og í þeim flokki þykir orðið frjálslyndur skammaryrði, þeir eru svo hægri sinnaðir. Það þykir, eins og menn heyra núna úr kosningabaráttunni í Bandaríkjunum, skammaryrði að segja það um mann að hann sé frjálslyndur í skoðunum þegar repúblikanar auglýsa í sjónvarpi. En Bruce nokkur McPherson, repúblikani frá Kaliforníu, segir þetta um markaðsvæðingu raforkukerfisins: Þetta mistókst svo herfilega að við höfum enga trú á því að menn langi til að reyna annað eins í bráð. Svo ekki sé minnst á þingmann demókrata sem auðvitað segir að þetta sé frá sínum sjónarhóli öflug röksemd gegn einkavæðingunni og talar um að raforka og vatn og aðrar slíkar grundvallarauðlindir eða slík grundvallargæði eigi að vera sameign allra. Og það er orðið dálítið magnað þegar demókratar frá Bandaríkjunum tala þannig að það hljómar eins og hálfgerður sósíalismi hér, demókratar frá Kaliforníu. Framsfl. er hægra megin við repúblikanaflokkinn í málinu, repúblikana í Kaliforníu. Ja, öðruvísi mér áður brá.

Við fengum annan góðan gest frá Kaliforníu, úr því að maður er kominn þarna til ríkis sólarinnar þar sem er auðvitað ágætt að vera, a.m.k. er veðráttan góð og kemur sér vel þegar menn eru meira og minna rafmagnslausir að það sé ekki mjög kalt í veðri. En orkumálastjóri Kaliforníu kom hingað líka, David Freeman. Freeman heitir maðurinn, bara næstum því nafni Miltons Friedmans, og hann segir um þetta:

„Það olli okkur vandræðum að heittrúaðir boðberar frjáls markaðshagkerfis og afnáms sérleyfa komu þeirri vitlausu hugmynd inn hjá okkur að sala á raforku gæti farið fram í einkageiranum. Það gekk ekki. Það olli fólki hugarangri þegar í ljós kom að fjárfestingar í dreifikerfum raforku höfðu verið vanræktar. Við vitum öll að dreifikerfi raforku eru viðkvæm, en ef rafmagnið fer er hægt að koma því aftur á næsta dag. Ég hef það á tilfinningunni að núverandi raforkukerfi Íslendinga sé mjög gott. Af hverju ættuð þið að einkavæða það?" spyr orkumálastjóri Kaliforníu. (**Iðnrh.:** Við erum ekki að einkavæða það.) Það er verið að markaðs- og síðan einkavæða þetta kerfi, hæstv. ráðherra. Eru menn orðnir eitthvað feimnir undir þessum lestri?

Og áfram heldur ... (Gripið fram í.) Ég hef haldið þessu rækilega aðgreindu í ræðu minni. Hér er verið að markaðsvæða kerfið algerlega með því að fara með það yfir í hlutafélagaform og síðan er opnað fyrir einkavæðinguna með söluheimildum frá byrjun. Það hefur enginn misskilningur verið hér á ferðinni af minni hálfu en ég heyri að hæstv. ráðherra er að verða eitthvað viðkvæm.

David Freeman segir, aðspurður um það hvort menn óttist þar vestra að hryðjuverkamenn muni ráðast á rafveitukerfið í Bandaríkjunum, þó að kannski sé alveg á mörkunum að viðeigandi sé að nota þá samlíkingu var hún nú tekin upp þarna:

„Nýlegt rafmagnsleysi var ekki af völdum hryðjuverkamanna. Það þurfti ekki hryðjuverkamenn til að finna út hvernig loka ætti fyrir rafmagnið til 50 milljóna manna. Við vorum einfær um það með vanrækslu og trassaskap fólks á hinum frjálsa markaði sem trúði því að markaðurinn leysi allan vanda. Stjórnvöld eiga að bera ábyrgðina á rafmagninu," segir David Freeman, raforkumálastjóri þeirra í Kaliforníu.

Svona er tónninn í mönnum þar vestra eftir meira en áratuga reynslu af þessum æfingum. Svipað segja menn nú á austurströnd Bandaríkjanna þar sem menn hafa neyðst til að leysa á nýjan leik til sín einkavæddar veitur af því að allt var í kaldakoli og ólestri. Hvað kom í ljós í Skandinavíu? Dreifikerfið er að drabbast niður og mönnum liggur svo á að græða að þeir fylla ekki einu sinni uppistöðulónin. Þeir tappa af þeim hraðar en skynsamlegt er miðað við afhendingaröryggi allt árið. Og kólni í veðri í nokkrar vikur umfram það sem vant er er allt í hafarí. Þá þarf að keyra allt varaafl inn með gríðarlegum kostnaði. Niðurstaða manna þar er sú að þeir hafi goldið þessara breytinga á allan hátt. Öryggið er minna og verðið er hærra. Til hvers er þá leiðangurinn? Til hvers er hann?

Og að heyra svo fjarstæðukennt fjas sem ég leyfi mér að kalla svo, eins og hæstv. ráðherra var með áðan, að þetta henti Íslandi alveg sérstaklega, finnst mér með endemum. Þetta hentar Íslandi náttúrlega á engan hátt. Við með okkar litla sérhæfða notendamarkað í þessari hörmulegu sambúð við stóriðjuframleiðsluna, sem aldrei skyldi verið hafa. Það er enn síður líklegt að útkoman út úr því verði gæfuleg fyrir okkur ef við ætlum að feta okkur inn á þá braut að fara að taka arð út úr þessari þjónustu sem notendurnir verða að borga og þeir mest sem hæsta borga rafmagnsreikningana, og fara að bæta ofan á eftirlitskostnaði, því að um leið og að nafninu til er farið að tala um einhverja samkeppni þarf gjaldskrár og eftirlit. Og hvað verður Orkustofnun? Hvað þarf að auka mikið við starfsemi hennar til að hún geti sinnt því o.s.frv.? Niðurstaðan er þessi og reynslan er ólygnust.

Auðvitað er það líka umhugsunarefni í ljósi sögunnar ef það á að verða svo að þessi ósköp eigi yfir okkur að ganga, að eigendur raforkufyrirtækjanna, sem eru ríkið og tiltekin sveitarfélög í landinu, fara að draga sér arð út úr þessari starfsemi. Og hverjir borga hann? Notendurnir, og þeir mest sem hæsta borga rafmagnsreikningana. Það er auðvitað þannig.

Og þá lenda þeir enn einu sinni verst út úr því sem alltaf eru að lenda verst út úr þessu. Það eru íbúar svæðanna sem ekkert eiga í þessum fyrirtækjum en eiga að fara að greiða hinum arðinn. Þetta er það fyrirkomulag sem menn eru að fara út í.

Því segi ég: Ekki hefur núverandi ástand að öllu leyti verið gott. Hlutverk Rariks er auðvitað óhagstætt og óhagkvæmt fyrir þá sem við það búa, að við skulum vera með sérfyrirtæki sem dreifir orkunni á fámennustu og strjálbýlustu svæði landsins, og þar borga menn hæstu reikningana. En að fara úr öskunni í eldinn hefur eiginlega ekki hvarflað að mér fyrr en nú að stæði til, en það er það sem ég óttast að menn séu að fara hér inn á.

Þegar svo við bætist að verðjöfnunin er „ef", verðjöfnunin á að vera „ef" á hverju einasta ári í fjárlögum, þá lýst mér ekki á blikuna. Hvernig hefur stundum farið um þessi ef? Jú, það er þannig að í hvert skipti sem fjárlög eru afgreidd geta menn gripið til þess ráðs að krukka aðeins í þetta. Er það ekki? Hvernig hafa menn oft farið með liði af þessu tagi þó að í byrjun séu kannski settir þar inn fjármunir? Menn nota þá aðferð til að skerða þá að þeir láta þá ekki fylgja verðlagi. Og þegar það bætist við að þessar breytingar þýða, og það er boðað, að Landsvirkjun fellir nú niður afslætti sína til húshitunarrafmagns, að ein gjaldskrá á að gilda innan hvers dreifisvæðis til allra notenda, óháð því hvort keypt er til húshitunar eða annarra þátta. Það þýðir að húshitunarrafmagnið hækkar sjálfsagt um hátt á annað hundrað ef ekki 200 millj. kr. eða eitthvað af þeirri stærðargráðu því afslættir Landsvirkjunar eru upp á 100 millj., Rariks 20, Orkubús Vestfjarða 5 millj. o.s.frv. Til viðbótar verður svo gjaldskrárhækkun vegna þess að hún jafnast út. Þá verður það nú handleggur að ná þeim peningum inn í fjárlögin. Eða hafa peningar vaxið á trjánum í slíka hluti, í svona verkefni? Ég hef ekki orðið var við það, ekki finnst þeim það a.m.k. á Landspítalanum. Þetta er því ekki svona einfalt eins og hæstv. viðskrh. vill, að mínu mati, vera láta.

Hver verður verðmiðinn á þessu gagnvart þjóðinni þegar upp er staðið? Það er enginn vafi á því að þetta hækkar raforkuverðið. Arðsemiskrafan og eftirlitskostnaðurinn gera það óumflýjanlega. Fjármunir eru teknir út úr dæminu sem ekki þarf ef ríkið á þetta og rekur þetta sem samfélagsþjónustu án þess að gera tilkall til arðs. Það eru eingöngu settir fjármunir í að tryggja eðlilega endurnýjun og viðhald kerfisins. Þann verðmiða vantar. Hann hefur ekki verið reiknaður. Það eitt og sér er mikill ábyrgðarhluti að gera á þennan hátt.

Það sem er langréttast að gera, frú forseti, er auðvitað að senda ríkisstjórnina til baka með málið, senda fulltrúa Íslands inn í EES-nefndina aftur og segja: Það kemur í ljós þegar málin eru skoðuð að það veldur þvílíkum erfiðleikum á Íslandi að taka upp þessa tilskipun að við biðjum um undanþágu. Það er ekkert í EES-samningnum sem kemur í veg fyrir það eða bannar það að menn fari fram á breytta framkvæmd hans að þessu leyti. Það eru í sjálfu sér heldur engin sérstök ákvæði sem beinlínis gera ráð fyrir slíku, enda er það ekki venjan í samningnum, en það mætti vitna til 102., 111. og 112. gr. EES-samningsins, fara með erindið inn í sameiginlegu EES-nefndina og láta á það reyna þar hvort skilningur fengist fyrir því að Ísland fengi varanlega undanþágu eða a.m.k. tímabundna til nokkuð langs tíma vegna þess að niðurstaðan af skoðun mála hér hefði leitt í ljós að þessu fylgdu miklir erfiðleikar og það væri óhagstætt Íslandi að fara að raska sínum raforkumálum, enda engin ástæða til þar sem við erum með einangraðan raforkumarkað á eyju í miðju Atlantshafi.

[14:11]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að fara örfáum orðum um ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann gerði að umtalsefni afhendingaröryggi sem í sjálfu sér er afar eðlilegt og sjálfsagt að ræða í þessu samhengi, sem og hinar miklu breytingar á raforkulögum. Hann ber saman aðstæður í Bandaríkjunum og Kanada, hann nefndi reyndar Kaliforníu og það má nefna fleiri lönd eins og Mexíkó. Við þekkjum það að í þeim löndum og þeim fylkjum sem ég nefndi er ástand raforkukerfis allt annað en á Íslandi. Meira að segja í borgum þessara landa og fylkja eru kerfin hangandi í staurum, allt saman loftlínur, loftlínur eru á landsbyggðinni o.s.frv. Og það eru slík kerfi sem hann er að lýsa að hafi hrunið. Hann nefnir viðhaldsleysi. Kerfið okkar á Íslandi er með allt öðrum hætti. Afhendingaröryggi er tiltölulega gott. Í borg og bæjum hjá okkur eru dreifilínur undantekningarlaust í köplum í jörðu.

Á undangengnum árum hafa rafveiturnar verið að auka það að setja flutningskerfið í jarðkapla og það tryggir afhendinguna. Það er bókstaflega gert ráð fyrir því í lögunum að Orkustofnun eigi að hafa eftirlit með því hvernig afkoma þessa fyrirtækis er, Landsnets, með tilliti til þess að þeir geti fullnægt þeim þörfum sem við þekkjum svo vel sem er afhendingaröryggi.

Hv. þm. talar um arðsemiskröfuna. Mér sýnist að gerð sé nokkuð góð grein fyrir því í lagafrv. að gert er ráð fyrir að fylgst sé með því að þetta fyrirtæki fari ekki á hausinn.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu þarf að hafa í huga ef menn eru að gera samanburð á raforkukerfum að aðstæður eru mismunandi, bæði stærðir og landfræðilegar aðstæður, veðurfarslegar og annað. Þó ég taki mið af reynslu og nefni til sögunnar reynslu manna af einkavæðingu raforkukerfa í Kaliforníu á austurströnd Bandaríkjanna, Skáni og Sjálandi o.s.frv. þýðir það ekki að ég sé þar með að fullyrða að þetta sé að öllu leyti eins, ekki efnislega eins. En ég tel að hætturnar sem eru samfara einkavæðingunni, gryfjurnar sem menn hafa lent í, séu allar til staðar hjá okkur, þ.e. að arðsemiskrafan og það að skila eigendunum hagnaði, að draga arð út úr fyrirtækjunum, kemur til sem breyta og menn fara að hafa tilhneigingu til að trassa það og spara sér það sem þeir geta í aftaginu viðhald og fyrirbyggjandi aðgerðir. Það dregur úr öryggginu bæði vegna þess að menn reka kerfið á meiri viðskiptaforsendum dag frá degi, eins og ég nefndi dæmin um frá Skandinavíu þar sem mönnum lá svo á að selja rafmagnið að þeir gáfu sér ekki tíma til að láta safnast í uppistöðulónin, og síðan trassa menn dreifikerfin og það eru náttúrlega fyrst og fremst háspennulínurnar og meginflutningakerfin sem eru varasöm í sambandi við rafmagnsleysi. Þó að menn kunni að hafa gamlar loftlínur í einhverjum kaupstöðum í Mexíkó eða hvar það nú er til að dreifa rafmagninu í þéttbýli, sem er fyrirkomulag sem okkur mundi ekki lítast á, er það ekki eins alvarlegt og þegar rafmagnsleysið breiðist út í meginflutningakerfunum. Það var það sem olli hinu stórfellda rafmagnsleysi bæði á austurströnd Bandaríkjanna, á Skáni og Sjálandi o.s.frv.

Hvað varðar afhendingaröryggi og hluti eins og t.d. þá að menn líti á það sem skyldu sína að tryggja öryggi, og þess

vegna hefur Rarik lagt jarðstrengi til að flytja rafmagn yfir erfið svæði eins og Melrakkasléttu. Mundu einkafyrirtæki með arðsemiskröfuna á bakinu gera það? Ég er ekki viss um það.

[14:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki nýtt að hv. þm. sé á móti breytingum þannig að ef við hefðum verið að fara úr því kerfi sem (Gripið fram í.) — óskaplega eru hv. þm. viðkvæmir fyrir þessari látlausu setningu sem ég færi fram. Ef við hefðum verið að fara úr því fyrirkomulagi sem við erum að búa til og yfir í það sem við erum með í dag, hefði hann líka verið á móti því.

Mikið er talað um Kaliforníu og ástæða til að láta það koma fram að það sem þar gerðist og það sem við erum að fjalla um á Íslandi og það sem hv. þm. er að gera sér hugmyndir um að gæti gerst er ekki sambærilegt. Þessi fyrrv. raforkumálastjóri sem kom frá Kaliforníu ruglaði saman hugtökum. Hann talaði ýmist um markaðsvæðingu eða einkavæðingu, einkavæðingu þegar markaðsvæðing átti við og þar fram eftir götunum. Það var því ekki eins og einhver stóri sannleikur sem sóttur var til Kaliforníu í þann tíð.

Það voru margir þættir sem lögðust á eitt í Kaliforníu sem ýttu undir hækkanirnar sem urðu á heildsöluverði á rafmagni. Það má t.d. nefna að á síðasta áratug hefur eftirspurn aukist um fjórðung en framboðið hins vegar staðið í stað þannig að lítil umframraforka var til reiðu. Svo varð óvænt aukning á eftirspurn t.d. vegna þess að miklir hitar voru í vesturfylkjunum og þurrkar í norðvesturfylkjunum og það minnkaði framboð á vatnsorku og vinnslukostnaður raforku, úr gasi og öðrum jarðefnaeldsneytum, margfaldaðist. Þetta varð til þess að það ástand skapaðist sem raun ber vitni og hefði alveg eins skapast þó þeir hefðu verið með eitthvert annað fyrirkomulag. Hv. þm. ætti því að leita sér að rökum einhvers staðar annars staðar en í Kaliforníu.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Enda gerði ég það, ég nefndi mörg dæmi úr ýmsum áttum í heiminum þar sem lærdómurinn er meira og minna allur sá sami. Þetta hefur ósköp einfaldlega gefist illa. Það er til marks um hina trúarbragðakenndu nálgun nýfrjálshyggjumanna og markaðshyggjumanna, eins og reyndar orkustjórinn í Kaliforníu benti mönnum á, að reynslan skiptir engu máli. Raunheimurinn skiptir engu máli. Kenningin skal vera rétt. Það skal vera rétt að halda út á þessa markaðs- og einkavæðingarbraut þó svo þetta hafi leitt til meiri og minni ófarnaðar alls staðar. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra hefur gaman af setningunni að við séum á móti. En að hæstv. ráðherra sé þar með að sanna að t.d. sá sem hér stendur sé hentistefnumaður í pólitík, það er ný tilraun ef hæstv. ráðherra er á þeirri skoðun. Mér heyrist það liggja í orðunum að ef við hefðum verið með einkavætt raforkukerfi og ætluðum að færa það yfir í félagslegan rekstur hefði ég líka verið á móti því, af því að aðalatriðið væri að vera á móti. Finnst hæstv. ráðherra þetta líklegt fyrir utan hvað þetta er málefnalegt?

Nei, ég held að við höfum fært fram mjög gild og veigamikil rök fyrir mikilvægi og gildi þess að líta á hluti af þessu tagi sem undirstöðu samfélagsþjónustu, sem undirstöðu almannaþjónustu, tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang og jafnan rétt eftir því sem kostur er af því að í slíku samfélagi viljum við búa. Það er ákaflega athyglisvert. Það eru að mínu mati veruleg pólitísk tíðindi hvernig Framsfl. hefur með öllu yfirgefið grundvallarviðmið af þessu tagi í stjórnmálum. Er á margan hátt orðinn markaðssinnaðri en Sjálfstfl., sérstaklega hin nýja forusta Framsfl. Ég trúi því ekki að nafni minn Hermannsson hefði nokkurn tíma staðið í ræðustóli á Alþingi og talað með þeim hætti um undirstöðu almannaþjónustu eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. gerði áðan. (Gripið fram í.) Ekki gerði hann það a.m.k. á þeim dögum sem við unnum saman í pólitík. En nýja forustan í Framsfl. er komin til hægri við repúblikanaflokkinn í Kaliforníu. Það er meginniðurstaða umræðunnar í dag.

[14:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara rifja það upp af því að hér var minnst á Steingrím Hermannsson að það var hann sem átti upptökin að því að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu svo því sé til skila haldið. Hann var forsrh. á þeim tíma. Evrópska efnahagssvæðið, innri markaðurinn, er alltaf þannig í vextinum að það er markaðskerfið sem gildir. Við erum aðilar að EES og hv. þm. greiddi atkvæði með stækkun EES þannig að það er ekki eins og það séu ekki framfarir hjá hv. þm. Vinstri grænna. Nú er hann orðinn stuðningsmaður EES-samningsins og það er eitthvað það jákvæðasta sem ég hef séð í fleiri vikur á mínum pólitíska ferli.

Ég tók reyndar eftir því að hv. þm. óttast að það verði hækkun á raforkuverði, m.a. út af því að nú þurfi að fara að gera arðsemiskröfur í kerfinu og það verði svo mikið eftirlit. Ég trúi því ekki að hv. þm. styðji ekki að það verði eftirlit. Ég er alveg sannfærð um að eftirlitið mun skila mikilli hagræðingu í kerfið, því það er ekki eftirlit í dag og það eru millifærslur á milli liða. Það er kannski vandamálið í öllum þeim útreikningum sem hafa verið sýndir upp á síðkastið að það er alltaf verið að bera saman kerfið eins og það verður eftir lagabreytinguna og kerfið eins og það ætti að vera í dag. Það er nefnilega ekki verið að bera saman kerfið eins og það er í dag því þar er svo margt öðruvísi en það á að vera. T.d. er verið að greiða niður kostnað við dreifingu með hitaveiturekstrinum o.s.frv. Þetta verður ekki hægt með hinu nýja kerfi, við munum fá gegnsætt kerfi. Ég er dálítið stolt af frumvörpunum mínum þremur eins og hv. þm. hefur tekið eftir en fullyrði að þetta „ef" sem stendur í frv. er ekki eins hættulegt og hv. þm. vill vera láta því vilji ríkisstjórnarflokkanna er sá að þetta sé greitt úr ríkissjóði.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þá á hæstv. ráðherra eftir að útskýra, ef vilji stjórnarflokkanna stendur til að gera þetta, af hverju er þá haft „ef", af hverju er ekki sagt „skal"? Greiða skal úr ríkissjóði. Það stendur á meðan það stendur. Það gildir á meðan það eru lög. Alþingi getur auðvitað breytt þeim en það er ekkert að því að ganga þannig frá lögum. Ég verð að segja að ég undrast þetta „ef" þeim mun meir sem ég heyri hæstv. ráðherra gera fleiri tilraunir til að útskýra hvers vegna það er haft svona.

Það er alveg rétt og út af fyrir sig gott að hæstv. iðn.- og viðskrh. er hamingjusöm, ánægð og stolt af verkum sínum. Mér finnst það bara fínt úr því að Framsfl. er orðinn svona gallharður markaðsvæðingar- og einkavæðingarflokkur að hann vill taka þessi svið almannaþjónustunnar hvert á fætur öðru og færa þau á það torg, þá er það bara þannig. Hæstv.

iðn.- og viðskrh. er ánægð með verk sín í þeim efnum og þá liggur það fyrir og er gott, þ.e. fyrir hæstv. ráðherra. Það er auðvitað vont fyrir þjóðina að sitja uppi með hæstv. ráðherra í mikilvægum verkum sem hefur þessi viðhorf.

Ég hef mjög miklar áhyggjur af því, frú forseti, hvert þetta er að leiða okkur í raforkumálum og voru þó nóg áhyggjuefnin fyrir vegna þess sem er meginmeinsemdin í kerfinu að stóriðjusalan er í kerfinu sem aldrei átti að vera. Það átti að halda virkjunum og dreifingu fyrir almennan markað aðskildum og hafa stóriðjuna alveg sér. Hvers vegna er það ekki gert, þó seint sé, að nota nú tækifærið og setja stóriðjuna og línurnar vegna hennar og virkjanirnar sem selja henni út og láta það standa á eigin fótum og afskrifa niður skuldirnar á hinu kerfinu? Það mundi þýða að almenningur gæti innan fárra ára búið við miklu hagstæðara raforkuverð en hann gerir í dag af því að hann er beint og óbeint að niðurgreiða rafmagnið ofan í stóriðjuna. Það er auðvitað þannig sem allir sjá.

[14:25]

Útbýting þingskjala:

Afsláttur af þungaskatti, 762. mál, fsp. KLM, þskj. 1143.

AVS-rannsóknasjóður í sjávarútvegi, 767. mál, fsp. LB, þskj. 1165.

Fjarskiptaþjónusta í Húnaþingi vestra, 769. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1167.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ, 768. mál, fsp. VF, þskj. 1166.

Hundaræktarbúið í Dalsmynni, 761. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1142.

Starfsskilyrði loðdýraræktar, 763. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1144.

Styrkjakerfi landbúnaðarins, 641. mál, svar landbrh., þskj. 1109.

Tækniháskóli Íslands, 766. mál, fsp. RG, þskj. 1164.

[14:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum verið að ræða raforkufrumvörpin síðan í morgun og hv. þm. Kristján L. Möller fór ágætlega yfir þau atriði sem við höfum helst við þau að athuga í fyrstu umferð. Málin munu koma til hv. iðnn. þar sem ég á sæti og við munum auðvitað skoða málið betur þar.

Mig langar að nefna örfá atriði áður en við ljúkum umræðunni. Mig langar til að þakka 19 manna nefndinni fyrir það starf sem hún innti af hendi við að reyna að komast að niðurstöðu í málinu, en eins og menn vita eru frumvörpin að hluta til hluti af nýju raforkulögunum sem við erum að breyta og eru tilkomin vegna tilskipunar frá Evrópusambandinu eins og margoft hefur komið fram.

Ég er alveg viss um að ef íslensk stjórnvöld hefðu brugðist við á meðan sú tilskipun var í vinnslu hefðum við getað fengið undanþágu frá tilskipuninni en það er orðið of seint í dag. Við stöndum frammi fyrir gerðum hlut. Af því að hæstv. ráðherra talaði um það í morgun í andsvari að hún furðaði sig á því að Samf. vildi undanþágur af því að við værum mikill Evrópuflokkur, er það náttúrlega rétt hjá hæstv. ráðherra. En auðvitað eigum við að fá undanþágu frá þeim þáttum sem ekki henta okkur og einn af þeim er tilskipunin sem á við allt annað umhverfi en við búum við vegna þess að við erum ekki á þessum opna markaði. Við stöndum frammi fyrir gerðum hlut og ég er alveg viss um að ekki er hægt að breyta honum úr þessu því samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er ekki þannig að menn geti pikkað út og valið það sem þeir vilja. Það þarf að koma að vinnslu málanna á vinnsluferlinu áður en tilskipanirnar verða að veruleika.

Mig langar að nefna eitt atriði, sem hv. þm. Kristján L. Möller kom reyndar aðeins inn á, og það er aðgengi þingmanna að upplýsingum frá hlutafélagi í ríkiseigu. Það er náttúrlega óþolandi ástand sem ríkir hér þegar þingmenn geta ekki kallað eftir upplýsingum frá hlutafélögum í eigu ríkisins. Við þekkjum mörg dæmi um það, m.a. frá Landssímanum og Símanum, og það hefur verið margoft til umræðu á þingi. Þó að það komi fram í frv. að aðgengi skuli vera að upplýsingum til stjórnvalda frá hlutafélaginu sem á að stofna um flutninginn, Landsnet hf., hefði ég talið fulla ástæðu til að þarna komi inn skýrara ákvæði um að þingmenn geti kallað eftir upplýsingum frá hlutafélaginu. Það er eitt af því sem ég tel að við þurfum að skoða í nefndinni og vona að hæstv. ráðherra taki undir það, að skerpa megi á ákvæðinu um upplýsingarnar frá félaginu þannig að Alþingi eða þingmenn geti kallað eftir upplýsingum, ekki eingöngu stjórnvöld. Ég tel það vera atriði sem við eigum að koma að.

Annað atriði sem ég vil nefna, sem hefur verið dálítið til umræðu alveg frá því að ég kom að því í andsvari í morgun, er þetta „ef" um að „ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað", þ.e. hvort það sé eitthvert „ef" um það að peningar komi úr sameiginlegum sjóðum okkar til að greiða niður kostnað úti á landi. Við getum gert breytingar á þessu í iðnn. sé vilji fyrir því. Ég legg til að við skoðum það í nefndinni að þetta „ef" verði tekið út og við getum sett inn að ef orkuverð er jafnað til dreifbýlla staða eða á landsbyggðina „skuli" sú fjárveiting koma úr ríkissjóði. Hún á ekki að lenda á heimilunum t.d. í Reykjavík. Hún á að koma úr sameiginlegum sjóðum. Það er hin rétta leið til jöfnunar. Tel ég að það sé eitt af því sem við þurfum að koma að.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, ég veit ekki hvort hún er hérna, hæstv. ráðherra, heyrir hún í mér? Ég er með spurningar til hæstv. ráðherra vegna þess að það hefur verið mikið í umræðunni um frumvörpin að þau muni valda heimilunum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Reykjavík, miklum kostnaðarauka. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig munu breytingarnar koma fram á raforkureikningum heimilanna í Reykjavík og hvað gerir hún ráð fyrir að þeir reikningar muni hækka mikið?

Sérfræðingar í þessum málum hafa staðhæft við mig að reikningarnir muni hækka verulega og þó að það verði ekki strax eftir að lögin taka gildi mun það verða á næstu árum. Ég bið hæstv. ráðherra um að skýra það fyrir okkur hvernig það muni verða, hvort íbúar á höfuðborgarsvæðinu eigi eftir að horfa fram á að fá mun hærri, allt upp í 20% hærri, raforkureikninga í kjölfar lagabreytinganna, eða er það ekki rétt?

Það eru ýmsar fleiri upplýsingar sem ástæða væri til að kalla eftir og ég mun að sjálfsögðu gera það í nefndinni, en vildi gjarnan fá svar frá hæstv. ráðherra um þetta efni við 1. umr.

[14:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar upplýsingarnar sem hv. þm. vill skerpa á bið ég hana að lesa það sem sagt er um 5. gr. í grg. Mér finnst það í sjálfu sér alveg skýrt að stjórnvöld eiga að geta fengið þarna upplýsingar, nema þær sem gætu varðað virkilega samkeppnisþætti fyrirtækjanna sjálfra.

Varðandi kostnaðinn hef ég ánægju af að lesa upp ákveðnar tölur sem hafa verið settar fram. Hvað varðar Hitaveitu

Suðurnesja mun stækkun flutningskerfisins þýða að það er lækkun í dreifingu en hækkun í flutningi upp á 26. Þarna erum við að tala um aura á kwst. Síðan kemur greitt fyrir eigin vinnslu og það eru 17 aurar. Þegar á heildina er litið er hækkun upp á 2,5% hjá Hitaveitu Suðurnesja.

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur er í stækkun flutningskerfisins samdráttur um 10 aura í dreifingunni en kostnaðarauki upp á 26 aura. Í heildina kemur það út sem 1% hækkun.

Hjá Rarik er þetta mínus 50 í dreifingu, plús 26 í flutningi sem gerir 2,6% lækkun.

Hjá Orkubúi Vestfjarða er dreifingin upp á 59 aura en flutningurinn er plús 26 aurar. Það gerir 1,5% hækkun og hjá Norðurorku er 1,4% hækkun, ég hef ekki tíma til að fara nánar út í það.

Þetta eru því öll ósköpin, 1% og 2,5% hækkun þegar því hefur verið haldið fram að þarna væri um 20% hækkun að ræða.

[14:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki heyrt fyrri spurningu mína um upplýsingarnar. Ég var auðvitað búin að fara í gegnum 5. gr. og taldi ekki nóg að það væru eingöngu stjórnvöld sem gætu kallað eftir upplýsingum frá hlutafélaginu. Ég tel fulla ástæðu til að þingmenn og Alþingi geti kallað eftir upplýsingum, það hef ég gagnrýnt harðlega hvað varðar önnur hlutafélög. Ég tel að þarna þurfum við að skerpa á því að þingmenn geti kallað eftir upplýsingum frá hlutafélaginu.

Varðandi hina spurninguna mína heldur hæstv. ráðherra því fram að hækkunin verði aðeins um 1%–1,5% á raforkureikningum á höfuðborgarsvæðinu. Ég þori varla að treysta því að þetta sé rétt vegna þess að því hefur verið haldið statt og stöðugt fram að það verði mun meiri hækkun á raforkureikningum. Við eigum eftir að sjá hvað verður. Verður þessi hækkun 1%–1,5% á rafmagnsreikningum höfuðborgarbúa um leið og lögin taka gildi? Eða má búast við því að frekari hækkun verði á næstu árum, eins og sérfræðingar hafa haldið fram í mín eyru, að það verði mun meiri hækkun á næstu tveimur til fjórum árum? Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra lýsi því yfir að það verði ekki frekari hækkanir á rafmagnsreikningum hjá höfuðborgarbúum en þessi 1% sem hún nefnir hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

[14:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er algjörlega útilokað að ég geti lýst því yfir að það verði ekki hækkanir á raforkureikningum Reykvíkinga. (**ÁRJ:** Vegna þess að ...?) Já. Það er eins gott að láta það fylgja því auðvitað er þetta fyrirtæki sem hefur sjálfsagt uppi ýmis áform um framkvæmdir og fleira. Ég get því ekki svarað því nema að þetta er það sem við höfum reiknað út í sambandi við áhrif breytinganna. Það er 1% hjá Orkuveitu Reykjavíkur, og það held ég að hljóti að vera aðalatriðið.

Það sem gerir það að verkum að hv. þingmenn og forsvarsmenn fyrirtækisins hafa verið að tala um miklu hærri upphæðir er væntanlega vegna þess að þeir gefa sér að ávöxtunarkrafan verði miklu hærri en við höfum reiknað með. Við teljum að hún eigi að vera 3% í upphafi, eða heimild til þess. Þó hún hækki upp í 6% síðar eigi að vera svigrúm innan kerfisins til að auka þá arðsemi án þess að hækka verðið, vegna þess að hagræðingin hafi þá náð áhrifum sínum. Það er mikill möguleiki á hagræðingu í kerfinu, því vil ég halda fram.

Hvað varðar upplýsingarnar stendur einmitt í 5. gr., með leyfi forseta:

„Flutningsfyrirtækinu er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði við flutning raforku.“

Ég held því að þetta geti ekki verið öllu rýmra til að bæði hv. þingmenn og almenningur geti fengið upplýsingar.

[14:39]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum að fara yfir lög er varða raforkumarkaðinn, sérstaklega dreifinguna. Mig langar aðeins að fara yfir sögulega þætti málsins, líta örlítið í baksýnisspeglana og átta okkur á því um leið hvernig málunum hefur verið háttað hingað til. Ég held að það sé ágætt innlegg í umræðuna þegar við stöndum á þeim tímapunkti hér og nú að fjalla um lög sem eiga að marka raforkuflutningi og orkumarkaði ákveðin spor næstu árin og áratugina.

Allt frá því að byrjað var að rafvæða á Íslandi með litlum rafstöðvum í einstaka byggðarlögum voru þau einungis tengd innbyrðis. Síðan komu virkjanirnar og samveiturnar, Rarik fór að leggja línur vítt og breitt um landið. Þá féllu frá í mörgum tilfellum litlu heimarafstöðvarnar sem höfðu þjónað ákveðnum þáttum þjóðlífsins. Þrátt fyrir að samveiturnar á vegum Rariks hafi verið settar á stofn á sínum tíma eftir að virkjað var í Ljósafossi m.a. þar sem vatnið var notað úr Þingvallavatni, þrátt fyrir kerfið sem við höfum búið við tókst ekki rafvæðing bæjanna sem búa við Þingvallavatn fyrr en um 1980. Fram að þeim tíma voru þessir ágætu aðilar með heimarafmagn, dísilrafstöðvar, þannig að það kerfi sem við bjuggum við til þess tíma þjónaði ekki því fólki betur en raun ber vitni. Það er því kannski ýmislegt að því kerfi sem við höfum búið við til lengri tíma.

Þannig mætti líka segja frá því að þeir aðilar sem búa næst aðalorkuvinnslusvæðunum, eins og í uppsveitum Árnessýslu og uppsveitum Rangárvallasýslu þar sem mest er framleitt af rafmagninu, hafa ekkert sérlega gott aðgengi að rafmagni í dag. Þá má nefna þriggja fasa rafmagn. Þeir aðilar hafa heldur ekki notið neinna sérkjara í því kerfi sem við búum við núna. Þetta vildi ég nefna í upphafi og sýna fram á að núverandi kerfi hefur auðvitað verið götótt.

Ljóst er af umræðunni sem hefur átt sér stað hingað til að það eru stóru aðilarnir á Reykjavíkursvæðinu, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, sem lagabreytingin kemur öðruvísi við en hjá öðrum notendum í landinu. Hvað varðar Hitaveitu Suðurnesja tel ég hyggilegt og sjálfsagt að skoða sérstöðu þess fyrirtækis því hún er með öðrum hætti en annarra orkufyrirtækja í landinu. Ég vil beita mér fyrir því að séraðstæður þess verði skoðaðar og lagafrumvörpin sem við erum að fara yfir taki svolítið tillit til þeirra aðstæðna sem þar eru.

Í frumvörpunum kemur fram sem ekki var í drögunum sem við skoðuðum í fyrravetur, að nú á flutningsjöfnunin að vera meiri en bara aðalnet eða meginflutningskerfi Landsvirkjunar, eins og kynnt var í fyrravetur. Nú á að taka inn til að mynda, svo ég nefni einstök byggðarlög, Vestmannaeyjar og Snæfellsnes. Það er verið að bæta þeim inn í og reyndar öllum þéttbýlisstöðum sem eru með 66 kV spennu.

Það eru atriði í frv. sem ég vildi gera örlítið að umræðuefni. Í raforkulagafrv. er talað um stórnotendur. Þar er sérákvæði um að stórnotendur geti hugsanlega keypt beint af flutningskerfinu, af Landsneti. Þá er spurning með mörkin sem þar er getið um og aflið og hvort stórnotendurnir þurfi að vera jafnþröngt skilgreindir og er í frumvarpstextanum. Mér finnst koma til greina að skoða þá grein, sem er c-liður 1. gr. frv., með tilliti til þess að það verði hvatning hjá fyrirtækjum í landinu til að nota meira af raforku. Fyrirtæki geta komið með nýja atvinnustarfsemi, jafnvel útflutning, tengdum því að þau geti farið að kaupa með öðrum hætti en hingað til hefur tíðkast. Það er atriði sem við þurfum virkilega að skoða gagnvart þessum þætti málsins í c-liðnum í 1. gr.

Það má nefna ýmiss konar fyrirtæki. Mér er kunnugt um iðnfyrirtæki sem framleiðir úr plastefnum, m.a. gosflöskur, og notar gríðarlega mikið rafmagn sem er stór þáttur í framleiðslukostnaði þeirrar iðnframleiðslu. Það kann að vera að slík fyrirtæki geti farið að ástunda útflutning ef þau hafa það aðgengi sem gert er ráð fyrir í þessum lið laganna.

Ég vil nefna grein í landbúnaði, ylrækt, sem hefur náð miklum árangri í notkun á raforku til framleiðslu sinnar og er með tiltölulega háa kílóvattstundanotkun á ári sem gerir þeim hugsanlega kleift að fara undir þennan lið, með tilliti til þess að sú grein gæti farið að stunda útflutning.

Í 6. gr. frv. er talað um að eigendur flutningsmannvirkjanna sem nýja fyrirtækið tekur á leigu verði að sjá um viðhald á þeim eignum. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvernig eigi að tryggja að eigendur viðkomandi flutningsmannvirkja sem Landsnet leigir af trassi ekki viðhald sitt? Hvort það geti verið um yfirtöku að ræða, sektir eða eitthvað slíkt? Vegna þess að afhendingaröryggið var til umræðu áðan er rétt að við höfum alla hluti hvað það varðar á hreinu. Ég hugsa að þarna sé þáttur sem við þurfum að skoða svolítið í hv. iðnn. Þar á ég einmitt sæti þannig að við reynum að fá úr því skorið nákvæmlega.

Í frv. um Landsnet er í 2. gr. talað um að Landsneti sé heimilt að reka raforkumarkað. Þá kemur kannski upp í hugann hvort það sé einhvers konar markaður hliðstæður fiskmarkaði. Það er spurning hvort ekki þurfi að skilgreina nákvæmlega hvað átt er við. Það er reyndar gert að hluta til í athugasemdum við 2. gr. frv., en það sem maður hræðist er ef viðkomandi fyrirtæki færi í annars konar rekstur, óskyldan því sem er skilgreint hlutverk þess. Má nefna að orkufyrirtækin í dag hafa leitað til ýmissa annarra þátta en bara að framleiða, flytja, dreifa og selja orku.

Í tengslum við umræðuna í sambandi við markaðinn hefur aðeins verið vitnað til norska markaðarins og að norsku aðilarnir hafi tekið upp þetta aðskilda kerfi sem við erum að ganga í. Það er ákveðinn munur þar miðað við okkar markað þar sem Norðmenn eru tengdir Evrópumarkaðnum og hafa stundað þá iðju að selja rafmagn á þeim tíma sólarhrings sem raforka er dýrust í Evrópu, hafa sparað vatnsaflið yfir nóttina og um helgar þegar markaðurinn er á lægri verðum og síðan skrúfað frá vötnunum sínum á daginn. Þetta er hlutur sem Norðmenn hafa getað spilað á. En ég sé ekki á meðan við erum ekki tengd Evrópu með sæstreng að þessir kostir geti nýst hér, enda höfum við ekki þá umframorku í kerfinu okkar, eins og stendur a.m.k.

Í umræðunni hefur nokkuð verið rætt um mat á þeim eignum sem eiga að fara í Landsnetið og arðsemiskröfuna. Mér finnst að einstaka þingmenn hafi fallið í þá gryfju að stilla ætti verðið eitthvað af og það væri samningsatriði að stilla verðið af til notendanna með ákveðinni arðsemisprósentu. Mér sýnist að nokkuð vel sé tekið á þessu í frv. Þar er bókstaflega gert ráð fyrir því að Orkustofnun fylgist með hvernig afkoma fyrirtækisins er. Því er ekki ætlað að skila arði eins og hér hefur verið talað um og því er heldur ekki ætlað að tapa. Það er kannski meginhluturinn sem við þurfum að hafa í huga, að fyrirtækið á að ástunda að reka línur sínar með þeim hætti að afhendingaröryggið sé sem best, en það á ekki að skila einhverjum gríðarlegum arði til eigenda sinna. Það má undir engum kringumstæðum gerast að fyrirtækið fari að ganga á eigur sínar og éta af sér eins og sagt er um mörg fyrirtæki.

Nokkuð hefur verið rætt um eftirlitsþáttinn sem Orkustofnun á að annast. Það er nokkuð skilmerkilega sagt frá honum í frumvörpunum og það hlutverk skilgreint. En auðvitað þarf að gæta þess að nýi iðnaðurinn sem við þekkjum hér á landi, eftirlitsiðnaðurinn, fari ekki úr hófi fram. Hlutverk okkar alþingismannanna er að fylgjast með því að sá eftirlitsiðnaður sem við erum að koma á fót vaxi ekki út í hið endalausa.

Í lok ræðu minnar eru spurningar um þætti sem snerta landsbyggðina öðru fremur og varða nýframkvæmdir. Hvernig mun sú ákvörðunartaka eiga sér stað hjá Landsneti með nýframkvæmdir í nýjum hverfum? Það geta verið íbúðahverfi eða sumarbústaðahverfi á landsbyggðinni. Hver tekur ákvarðanir um þrífösun? Það eru spurningar í þessa átt sem væri fróðlegt að heyra álit hæstv. iðnrh. á.

[14:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrirhugaðar eru grundvallarbreytingar á raforkubúskap Íslendinga, skipulagi hans. Hér hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á breytingarnar af margvíslegum toga. Það hefur verið bent á að ríkisstjórnin leggi upp í þessa för án þess að hafa gert nægilegar rannsóknir á hverjar líklegar afleiðingar breytinganna eru. Það hefur t.d. verið vísað í tilkostnað af breytingunum, en tölur um það eru mjög á reiki.

Það vakti athygli mína þegar sagt var frá því, að vísu var það ekki flennt yfir útsíður neinna dagblaða, að Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, hefði sagt á ráðstefnu um raforkumál að hann teldi að tilkostnaðurinn við markaðsvæðingu raforkugeirans væri um 1 milljarður króna, bara við markaðsvæðingu raforkugeirans. Hann sagði líka að sýnt væri hverjir mundu hagnast á breytingunni. Það yrðu að öllum líkindum stórfyrirtækin, en hinir almennu neytendur mundu blæða.

Hver skyldi hafa tekið undir þetta sjónarmið á sömu ráðstefnu? Hann heitir Friðrik Sophusson og er fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, núverandi forstjóri Landsvirkjunar. Þetta var samdóma álit þessara aðila sem koma innan úr raforkugeiranum.

Það er fleira sem hefur verið gagnrýnt í tengslum við frumvörpin og það eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem eru vægast sagt mjög ámælisverð. Skipuð var allfjölmenn nefnd til að fjalla um málin og gera um það tillögur hvernig staðið skyldi að verkinu. Nefndin klofnaði. Það voru birt ítarleg minnihlutaálit og voru þar ekki á ferðinni neinir minnihlutar í íslensku samfélagi. Ég vísa í heildarsamtök launafólks sem lýstu mjög eindreginni andstöðu við hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að markaðsvæða raforkugeirann.

Hv. þm. Jón Bjarnason, þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sat einnig í nefndinni og sendi frá sér mjög

ítarlega greinargerð með rökstuddri gagnrýni á frv. Hennar er hvergi getið í grg. með frv. Það hefði verið eðlilegt þar sem á annað borð var tekið fram að frv. væri grundvallað á vinnu nefndarinnar, að menn hefðu gert grein fyrir þeim ágreiningi sem þar kom upp. Það var ekki gert. Það er engin tilraun gerð til þess að reifa þau álitamál sem uppi voru af hálfu minnihlutans í nefndinni. En þetta fyrst um frumvarpssmíðina.

Vík ég þá að aðdraganda málsins sem einnig hefur verið nokkuð til umræðu í þinginu í dag en ég ætla að fara aðeins nánar í hann.

Við þekkjum að lagabreytingarnar eiga rót að rekja til samþykktar innan Evrópusambandsins á árinu 1996. Þá var gefin út tilskipun um innri markað fyrir raforku í Evrópu. Síðan gerist það að á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar, hinn 26. nóvember 1999, var samþykkt að fella í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Síðan er næsta skref hjá okkur að málið er tekið fyrir í þáltill. með fjöldanum öllum af tilskipunum frá Evrópusambandinu til að fá samþykkt þingsins um heildarstefnuna. Það voru í sjálfu sér ekki óeðlileg vinnubrögð um margar þær tilskipanir sem voru í þáltill., enda gerðum við aldrei neinar athugasemdir við þá málsmeðferð í sjálfu sér um tilskipanir sem enginn ágreiningur var um. Þannig var að við höfðum þá af Íslands hálfu fallist á málin í EES-nefndinni en það skorti lagastoð. Í þeim tilvikum sem ekki vannst tími til að vinna lögin eða móta þau var brugðið á það ráð að fella slíkar tilskipanir í þál., fá almenna viljayfirlýsingu frá þinginu.

Þáltill. kemur fyrir þingið á árinu 2000. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gerðum þá þegar mjög alvarlegar athugasemdir við hana. En fyrst: Á hverju byggir stefnumótun Evrópusambandsins um raforkugeirann? Hún byggir á fjórum meginþáttum.

Í fyrsta lagi að gera raforkugeirann að hluta innri markaðar Evrópusambandsins í áföngum, í öðru lagi að tryggja öryggi á afhendingu raforku, það var eitt markmiðið með þessum breytingum, í þriðja lagi að auka samkeppni í framleiðslu á raforku, og í fjórða lagi að gera fyrirtækjum kleift að eiga viðskipti með raforku milli landa á svæðinu.

Gerður var fyrirvari af Íslands hálfu um með hvaða hraða ætti að taka þetta upp, en þegar málið kom fyrir utanrmn. þingsins gerði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon alvarlegar athugasemdir við málsmeðferðina og sendi frá sér minnihlutaálit þegar málið kom til 2. umr. í þinginu. Það er athyglisvert að vitna í röksemdir hans í því nál. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur í fyrsta lagi að Ísland eigi, sem eyja og algerlega einangrað í þessu tilliti, ekkert erindi inn í þetta umhverfi sameiginlegs orkumarkaðar, þ.e. raforkumarkaðurinn á Íslandi er án nokkurra tengsla við raforkumarkaðinn á meginlandi Evrópu."

Ég geri hlé á tilvitnuninni en hér var einmitt tekið fram að eitt meginmarkmiðið af hálfu Evrópusambandsins með þessum breytingum væri að gera raforkugeirann að hluta innri markaðar í Evrópusambandinu. Og áfram held ég tilvitnun í minnihlutaálit hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi býr Ísland við mikla sérstöðu hvað orkumál varðar þar sem við framleiðum nánast alla raforku okkar úr innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Einnig er hér öll uppbygging og skipulag í orkumálum, bæði framleiðslu og dreifingu, mjög sérstakt og tekur að sjálfsögðu mið af sérstökum íslenskum aðstæðum.

Ísland hefur í þriðja lagi mikla sérstöðu hvað varðar landfræðilegar aðstæður. Hér býr mjög fámenn þjóð í mjög stóru en orkuríku landi. Ef litið er til meginmarkmiða tilskipunar Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku kemur í ljós að a.m.k. tvö af fjórum eiga alls ekki við á Íslandi, þ.e. að gera raforkugeirann að hluta að innri markaði Evrópusambandsins. Það markmið fellur um sjálft sig hvað Ísland snertir því að raforkumarkaðurinn hér er einangruð heild og ekki tengdur markaði annarra landa Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um fjórða markmiðið, að auðvelda fyrirtækjum í raforkugeiranum að eiga viðskipti milli landa á EES-svæðinu. Slíkt er ekki inni í myndinni í tilviki Íslands þar sem raforkumarkaðurinn er einangraður og verður væntanlega áfram um alllangt skeið. Því vakna spurningar um hvað vakti fyrir mönnum að leita ekki eftir því frá upphafi, sem augljós rök mæltu með, að Ísland fengi varanlega undanþágu frá því að falla undir þessa tilskipun. Sú leið var valin þegar Ísland af næsta augljósum ástæðum fékk undanþágu frá tilskipun um gagnsæi verðlagningar og gegnumflutning á jarðgasi á Evrópska efnahagssvæðinu. Frá byrjun hefði átt að leita eftir sambærilegri varanlegri undanþágu fyrir Ísland á innri markaði með raforku."

Hér vitnaði ég í minnihlutaálit í utanrmn. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði, en í lok þess í niðurstöðu hans leggur hann til að leitað verði eftir varanlegri undanþágu. Það hafi verið mistök að leita ekki eftir varanlegri undanþágu fyrir Íslands hönd heldur aðeins tímabundinni og leggur hann til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, tekið upp að nýju og reynt að fá slíkt fram.

Ég verð að segja að eftir því sem ég hef kynnt mér þessi mál betur og fylgst með pólitískri umræðu um málið innan þings sem utan hef ég styrkst í þeirri trú að við eigum enn að fara þá leið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði það til í ræðu sinni áðan og það er afstaða okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að slíkt beri að gera, að við eigum að taka málið upp að nýju og leita eftir undanþágu. Við vitum að það er stuðningur við slíkt innan ríkisstjórnarinnar. Einn ráðherra hefur lýst því yfir að hann telji að það hafi verið mistök að leita ekki eftir undanþágu. Þar vísa ég í hæstv. núv. dómsmrh., Björn Bjarnason, og við höfum heyrt það á mörgum þingmönnum úr stjórnarliðinu að þeir telji þetta hafa verið mistök þótt menn hafi ekki hátt um það.

Þá er spurningin sú: Gætum við náð slíku fram? Nú er liðinn alllangur tími, við erum að tala um tilskipun frá 1996. Við erum að tala um samþykkt í EES-nefndinni 1999, við erum að tala um þál. sem samþykkt var á árinu 2000. Hverjir eru möguleikar okkar í þessu efni?

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði rækilega grein fyrir því hverjir þeir væru og vísaði í lög og reglur og ákvæði þar að lútandi. En ég vil vísa í eitt til viðbótar og það heitir heilbrigð skynsemi. Ef hún á annað borð rúmast innan stofnana Evrópusambandsins og innan EES-samningsins ætti að vera hægt að taka málið upp á grundvelli heilbrigðrar skynsemi. Ef við teljum heppilegt að fara þessa leið eigum við að sjálfsögðu að láta á slíkt reyna.

Ég sagði að menn hefðu verið á þessu máli innan þings sem utan. Mér hefur fundist sláandi að heyra sjónarmið manna úr raforkugeiranum hvað þetta snertir, hve mjög þau eru á þennan veg. Ég minnist þess að hafa heimsótt einhverju

sinni Orkubú Vestfjarða og hlýtt á forstöðumenn þar á bæ lýsa skoðunum sínum og þeir voru spurðir — og ég get vísað í forstöðumenn og stjórnendur í fleiri orkufyrirtækjum sem ég hef heyrt spurða — hvort þeir teldu þær skipulagsbreytingar til bóta sem upprunnar eru í Brussel um raforkugeirann. Svörin hafa verið á einn veg. Nei, þeir telja þær arfavitlausar. En við neyðumst víst til að gera þetta vegna þess að þetta er tilskipun sem hefur auk þess verið samþykkt í þál. og síðan í lögum á Alþingi.

Ég hef stundum sagt hér áður að það er sem betur fer ekki bannað með lögum að breyta lögum og ef það hentar hagsmunum Íslendinga eigum við að sjálfsögðu ekki að hika við að fara þá leið.

Hvert er framhaldið? Eitt er sláandi við þessar kerfisbreytingar og það dylst náttúrlega engum að það er lagt út á braut einkavæðingar raforkugeirans á Íslandi. Verið er að hefja markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkugeirans. Menn tala misskýrt í þessu efni. Frumvarpið segir að vísu að dreifingarfyrirtækið eigi að vera hlutafélag. Það er afdráttarlaust. Hversu hratt eigi hins vegar að ganga í því að koma þessu hlutafélagi á markað er svo önnur saga. Ráðuneytisstjórinn í iðn.- og viðskrn., Kristján Skarphéðinsson, sagði á málþingi um íslenska orkustefnu hvað þetta snertir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að hafa í huga að markaðsvæðing raforkukerfisins þarf ekki endilega að þýða einkavæðingu þess. Líta má til Noregs sem dæmi um markaðsvæðingu án einkavæðingar. Hins vegar kann að teljast æskilegt í framtíðinni að ríkið stefni að því að draga sig smátt og smátt út úr samkeppnisþætti raforkumarkaðarins og almennir fjárfestar taki við. Slík markaðsvæðing raforkuframleiðslunnar væri til þess fallin að auka hagræði og samkeppni og efla hlutabréfamarkað. Raforkumarkaðurinn er hins vegar enn sem komið er óþroskaður og þarf að öllum líkindum töluverðan tíma áður en sölu- og framleiðslustarfsemi raforkufyrirtækja verður hæf til sölu á almennum markaði."

Hér er að vísu fyrst og fremst vísað í samkeppnishlutann, þ.e. sölu- og framleiðslustarfsemi. (**Iðnrh.:** Hann var að tala um samkeppnisþáttinn.) Hann var að tala um samkeppnisþáttinn, segir hæstv. ráðherra. Ég hef hins vegar heyrt fulltrúa úr þessum geira tala um mikilvægi þess að fá stóra fjárfesta að hinu fyrirkomulaginu líka og menn hafa þar t.d. vísað í lífeyrissjóði landsins, að þeir hljóti að koma þarna inn í þennan hluta kerfisins líka.

En ég spyr: Ef það er svo, og ég ætla ekki að gefa mér neitt í þessu efni, að ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér er staðráðinn í því að fara ekki með þennan þátt, dreifikerfið, inn á markað, hvers vegna í ósköpunum er verið að búa til hlutafélag? Hvers vegna er þetta gert að hlutafélagi? Þarf ekki að skýra það? Þarf ekki að tala svolítið skýrt um þetta efni? Við sættum okkur ekki við neinar hálfkveðnar vísur.

Ég vísaði í það hér í ræðustól fyrir nokkrum dögum eða minnti á yfirlýsingar sem gefnar voru um Landssímann, Póst og síma, þegar honum var breytt í hlutafélag. Það stóð ekki til að selja hann, að sjálfsögðu á ekki að selja hann sögðu ráðherrarnir sem sátu á þessum bekkjum. Þeir sögðu að ekki stæði til að selja Símann. Við eigum það svart á hvítu hvað þáv. hæstv. samgrh. sagði um það efni og fulltrúar stjórnarmeirihlutans sögðu það aftur og ítrekað í þingsalnum.

Hvað er nú að finna í yfirlýsingum forsvarsmanna Símans? Jú, þeir segja núna að þeim finnist vel koma til álita að Íslendingar eigi að einhverju leyti hluta í Símanum. Það er ekki verið að deila um hvort selja eigi hann eða ekki. Nei, að Íslendingar eigi að einhverju leyti einhvern hlut í Símanum. Við erum komin þangað.

Ég vil því fá girðingar og afdráttarlausa lagalega fyrirvara. Ef það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að markaðsvæða ekki dreifikerfið, þá eigum við að fá aðra lagaumgjörð en þessa. Það er alveg kýrskýrt að þá verður að búa öðruvísi um hlutina að þessu leyti.

Síðan spyr ég um eitt: Þegar menn eru að horfa til lífeyrissjóðanna sem fjárfesta í orkugeiranum, hvaða fyrirvara skyldu lífeyrissjóðir setja um slíkt? Hvaða fyrirvara halda menn að lífeyrissjóðir setji við slíka fjárfestingu? Þeir eru bundnir lögum samkvæmt. Að hvaða leyti? Að því leyti að *þeir verða að leita eftir hámarksarðsemi hverju sinni.* (**Iðnrh.:** Hv. þm. þekkir þetta vel.) Ég þekki þetta vel, hámarksarðsemi hverju sinni, sem var ákveði sem ég greiddi reyndar atkvæði gegn og ég hef alla tíð haft mikla fyrirvara um, vegna þess að ég tel að lífeyrissjóðirnir eigi einmitt að ávaxta sitt pund á þjóðfélagslega ábyrgan hátt sem kemur samfélaginu öllu til góða án þess að leita eftir skammtímagróðasjónarmiðum, að elta þau hverju sinni. En þetta eru lögin.

Þá spyr ég: Fara nú saman hagsmunir notenda og neytenda og fjárfestanna? Hagsmunir notenda og neytenda eru væntanlega þeir að verðlagið sé sem lægst, hagsmunir fjárfestanna að fá sem mestan arð út úr fyrirtækjunum. (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur þegar, heyrist mér, boðað þátttöku sína í þessari umræðu og er það vel, ég hlakka til að heyra sjónarmið hans á markaðsvæðingu raforkukerfisins. En þetta eru atriði sem ég er engu að síður að benda á og tel mikilvægt að við höfum í huga. Ég mun koma nánar að hlutafélagaforminu að öðru leyti á eftir eða í síðari ræðu ef ekki gefst tækifæri til þess hér. Eitt er alveg víst að þetta á eftir að kalla á mikla umræðu í þinginu. Þetta er bara 1. umr. um málið. Það á eftir að fara til umfjöllunar í nefnd og væntanlega á eftir að leita umsagna víðs vegar í þjóðfélaginu *og síðan á eftir að fá umræðu um það hér.*

Það er eitt sem vakti góðar vonir hjá mér og mér fannst vera góðs viti og það var þegar hæstv. ráðherra í fyrsta skipti var reiðubúin hér áðan, eða gaf vísbendingu um að hún væri reiðubúin, til að taka þátt í umræðu um reynslu annarra þjóða af þessum kerfisbreytingum. Ég heyrði ekki betur en að hún væri með skýringar uppi um hvað valdið hefði orkutapinu eða rafmagnsleysinu í Kaliforníu á sínum tíma. Þetta finnst mér gott. Þetta er það sem á skortir. Og ég er ekki að gera grín að þessu. Ég er að taka þessu mjög vel vegna þess að það sem á skortir er málefnaleg umræða um þetta brýna hagsmunamál íslensku þjóðarinnar, og reyndar allra þjóða, að við reynum virkilega að læra af reynslu annarra.

Hins vegar kom einnig margt mótsagnakennt fram hjá hæstv. ráðherra. Hún var með undarlegar athugasemdir við þingmenn fyrr í dag, þá sérstaklega þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hún sagði vera á móti hlutafélögum eða hlutafélagavæðingu, það væri bara vitað. Þetta er alrangt hjá ráðherranum. Þetta er mjög ómálefnaleg nálgun. Við erum að sjálfsögðu ekki á móti hlutafélögum. Hlutafélagaformið er mjög gott til síns brúks þar sem það á heima. Við höfum hins vegar miklar efasemdir um það að nýta þetta form inn í grunnþjónustu á borð við rafmagn, *vatnsveitur eða annað af því tagi.*

Ég fagna því þó ef ráðherrann er að boða málefnalega umræðu um reynslu annarra þjóða af breytingum í raforku-

kerfinu. Um þetta hefur verið skrifað og fjallað á undanförnum árum og mjög svo á allra síðustu missirum. Menn eru að rýna í rafmagnsleysi og niðurbrot á þessum kerfum og reyna að átta sig á því hvort tengja megi það markaðsvæðingu raforkugeirans, eða hvort það er annað sem veldur.

Ég er hér t.d. með skýrslu sem er unnin af stofnun sem heitir PSRIU, Public Service Research Institute, starfar við Greenwich-háskólann í Lundúnum og hefur m.a. unnið og birt rannsóknarskýrslur fyrir samtök sem heita EPSU, European Public Service Union, og láta mjög að sér kveða á vettvangi Evrópusambandsins af hálfu launafólks í almannaþjónustu og hafa einmitt farið mjög rækilega í saumana á þessum málum. Þar er m.a. verið að reyna að kortleggja þennan geira. Margt orkar tvímælis í þessu og erfitt að átta sig kannski að fullu nema menn hafi lagt í mjög mikla stúdíu um þetta mál, miklar rannsóknir um hvernig þessi geiri er skipulagður. Hann er mjög í gerjun, tekur miklum breytingum, en hér segja menn að almennt sé dreifikerfið enn þá annaðhvort í eigu eða undir stjórn opinberra aðila. Hér eru t.d. talin upp hvað þetta snertir Finnland, Svíþjóð, Noregur, Frakkland, Ítalía, Grikkland og Írland en víða í þessum löndum er hins vegar búið að markaðsvæða framleiðsluna. Síðan takast menn á um það hvernig eigi að fara með þessi kerfi hér.

Í skýrslunni sem ég vísaði til eru menn með mjög miklar efasemdir, og færa mjög rækileg rök fyrir máli sínu, um þessa grundvallarhugsun Evrópusambandsins. Það er t.d. dregin upp samlíking á milli raforkugeirans hvað þetta snertir og járnbrautanna bresku. Þar var aðgreint — þar var allt markaðsvætt reyndar, teinarnir og svo líka fyrirtækin sem ráku lestarnar. Þeir segja í skýrslunni að reynslan af þessu hafi verið mjög slæm vegna þess að engin tengsl voru á milli þeirra sem áttu að sjá um sjálfan grunninn og hinna sem áttu að nýta sér hann, áttu að sjá um þjónustuna. Þetta leiddi til þess að fjárfesting í sjálfu grunnnetinu var af mjög skornum skammti, leiddi síðan til margvíslegra vandræða og á endanum til þess að fyrirtækið sem var stofnað um járnbrautarteinana varð gjaldþrota með hrikalegum afleiðingum fyrir breska skattgreiðendur. Þarna er verið að gagnrýna þessa grundvallarbreytingu sem verið er að gera á kerfunum.

Síðan eru tekin hér mjög rækilega fyrir markmiðin sem menn eru að reyna að ná og hvernig til hefur tekist um sjálfa framkvæmdina.

Þegar menn segja að raforkugeirinn hafi hins vegar ekki verið markaðsvæddur eða einkavæddur, t.d. á Norðurlöndum, er það alrangt enda þótt þessi dreifikerfi séu enn á vegum opinberra aðila. Ég tek sem dæmi að raforkuframleiðendur í Svíþjóð eru núna þrír, þrír eru stærstir. Þeir eru Vattenfall sem er sænskt félag, Sydkraft í þýskri eigu og Fortune í finnskri eigu.

Ég sá mjög athyglisverða umfjöllun um þetta í Aftonbladet, sænsku stórblaði, í nóvemberbyrjun þar sem menn lýsa áhyggjum yfir því hvert stefni á sænskum raforkumarkaði því raforkuverð sé á leiðinni upp og sænskir neytendur þurfi að borga brúsann. Þeir segja líka að þessi stóru fyrirtæki sem eru að komast í eigu Þjóðverja, Finna og vissulega Svía séu að kaupa upp öll litlu fyrirtækin. Þegar þessi grein var skrifuð í nóvember sl. var t.d. Sydkraft að kaupa upp raforkufyrirtækið Graninge. Formúlan virtist þá vera einkavæðing sem síðan leiðir til fákeppni, gróði stýrir för, engin samfélagsleg ábyrgð og uppsprengt verð. Hér er ég að vísa í umfjöllun sænskra fjölmiðla um þróunina þar á bæ. Ég man svo ekki hvort það var 2002 eða 2003 sem raforkuverð í Svíþjóð hækkaði um 400% á fjórum mánuðum.

Af því að áðan var vitnað í Noreg og raforkugeirann þar, ég held að það hafi verið hv. þm. Kjartan Ólafsson, get ég vísað í umfjöllun norska neytendaráðsins sem hefur gagnrýnt þessar kerfisbreytingar mjög og telur að þetta hafi verið norskum notendum mjög í óhag, þ.e. almenningi. Hér er ég með tilvitnun í Per Anders Stalheim, talsmann norska neytendaráðsins. Hann segir að norsk raforkufyrirtæki raki saman milljörðum og hagnaðurinn í raforkugeiranum sé ævintýralegur. Síðan er farið nánar út í þessa sálma. Þetta er að gerast.

Hvað veldur því að raforkuverðið er á uppleið? Jú, það er vegna þess að af hálfu þeirra sem vilja fá skjótfenginn gróða er ekki fjárfest í varabirgðum. Þegar birgðirnar þrýtur þarf að leita yfir á rándýra markaði annars staðar. Þannig hafa Svíarnir og Norðmennirnir t.d. þurft að kaupa rafmagn frá Póllandi og frá Þýskalandi þegar rafmagn eða orkuna hefur þrotið á þeirra heimaslóð.

Varðandi þær fullyrðingar hæstv. ráðherra um að lítið búi að baki andstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við hlutafélagavæðingunni, að þetta sé fyrst og fremst vegna þess að við séum á móti hlutafélögum almennt, vil ég skýra hvað veldur þessari afstöðu okkar. Við teljum að grunnþjónustan þurfi að byggja á miklu öryggi. Eitt af því sem tryggir slíkt öryggi er eigandinn, að hægt sé að treysta á að eigandinn hlaupist ekki undan merkjum. Ef við hins vegar erum farin með eignarhaldið inn á hlutabréfamarkað þar sem markmið eigandans er að fá skjótfenginn gróða er ekki á hann treystandi þegar á móti blæs. Þegar illa gengur hjá fyrirtækinu fer hann einfaldlega eitthvað annað.

Ég get nefnt sem dæmi að British Energy sem selur 25% rafmagns í Bretlandi var með markaðsvirði upp á 2.000 millj. sterlingspunda en var á tímabili komið niður í 173,8 millj. Þá gekk illa, hlutabréfaeigendur fóru út úr fyrirtækinu og vildu reyna annars staðar fyrir sér. Hvað gerðist? Skattgreiðandinn varð að koma inn með stórfellda innspýtingu. Á einu ári t.d. féll verðgildi hlutabréfa um 91%. Þá fara menn eitthvað annað. Það er þetta sem ég er að vísa í þegar ætlast er til að lífeyrissjóðirnir komi inn í þessa starfsemi. Þeir hugsa nákvæmlega á sömu vísu og þeim er einnig gert að gera það, bara lögum samkvæmt.

Athyglisvert er að í Bretlandi var fjöldi fyrirtækja í raforkugeiranum mjög illa staddur, afar illa staddur — ég mun koma að því nánar í síðari ræðu þegar ég verð búinn að finna þessa tilvitnun sem virðist ekki ætla að takast núna. Þar sem tíminn er á þrotum hjá mér — hér er ég búinn að finna þetta. Þeir segja í þeirri skýrslu sem ég vísaði til áðan og unnin er af háskólanum í Greenwich, Public Service Research Institute, að í Bretlandi hafi Eastend Distribution Network skipt um eigendur á átta árum. Og það er nákvæmlega út af þessu. (**Gripið fram í:** Átta?) Á átta árum komu fimm sinnum nýir eigendur að fyrirtækinu.

Síðan er annað sem ég líka velti fyrir mér. Þegar um það er rætt að það verði að vera alger aðskilnaður á milli framleiðslu raforkunnar, dreifingar og smásölu spyr ég um hitt: Hvað með samskipti við önnur fyrirtæki, eignarhald í öðrum geirum? Má hann vera fyrir hendi? Ég spyr að gefnu tilefni. Eitt sem valdið hefur miklum vandræðum í einkavæddri grunnþjónustu í Evrópu er einmitt það að fyrirtæki sem hafa fjárfest t.d. í vatni, Vivendi Universal í Frakklandi, hafa jafnframt verið að fjárfesta í ýmsum öðrum geirum.

Vivendi Universal var orðið einn stærsti fjölmiðlarisi í heiminum. Síðan gengu þau fyrirtæki afar illa og þá bitnaði það á vatnsveitum í Frakklandi.

Þetta eru m.a. rökin fyrir því að við teljum hlutafélagavæðingu grunnþjónustu, stoðþjónustu, varhugaverða. Hún sem slík tryggir ekki það öryggi sem við erum að kalla eftir. Ef menn ætla að ráðast í kerfisbreytingar, beina þeir ekki sjónum til þeirra sem hafa tryggt öryggið? Horfum við ekki til þeirra kerfa sem hafa tryggt öryggið í raforkuþjónustunni? Horfum við til þeirra um fyrirmynd sem í einu vetfangi á einum degi slökktu rafmagnið hjá 50 milljónum Bandaríkjamanna? Er það þarna sem við ætlum að leita eftir fyrirmynd?

Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Kjartan Ólafsson segði í umræðunni fyrr í dag að við hefðum búið, og byggjum, við prýðilegt kerfi. Ef maður ætlar að gera við eitthvað verður maður að vita hvað er bilað. Fyrst er að skilgreina hvað er að og síðan að ráðast í viðgerðirnar. Maður byrjar ekki á viðgerðum bara út í loftið, ég tala nú ekki um ef hluturinn er heill. Byrjar maður þá að gera við? Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hvers konar handarbakavinna er þetta?

Ég spyr enn og aftur: Hver er afstaða hæstv. ráðherra til þeirrar tillögu sem við höfum verið að reifa hér, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að við tökum málið upp að nýju og leitum eftir því við hlutaðeigandi yfirvöld sem standa að okkar sameiginlega EES-samningi, hvort ekki sé hægt að taka þetta til endurskoðunar á ný og að við skipuleggjum raforkugeirann á íslenskum forsendum en ekki forsendum Evrópusambandsins? Eins og kom fram eru markmiðin sem Evrópusambandið setti sér með ákvörðun sinni eða samþykkt frá árinu 1996 þau að tryggja raforkumarkað í Evrópu, í Evrópusambandinu.

Reyndar er ég þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið hyggileg ráðagjörð fyrir Evrópu heldur en ég ætla að leyfa mér að hugsa fyrst og fremst um Íslendinga og á þá ósk heitasta að ríkisstjórn Íslands leyfi sér þann munað að hugsa um hagsmuni íslensku þjóðarinnar einu sinni.

[15:33]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það sem ég óttast er að verið sé að búa til flókið kerfi, mikið bákn í kringum raforkukerfi landsmanna. Við erum að skipta því upp í dreifingarkerfi og flutningskerfi sem verður einokun um og síðan eitthvert samkeppnissvið sem er framleiðslan.

Ég get að vissu leyti tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það er ákveðin hætta á að við séum að taka evrópska tilskipun hráa inn í íslenskt samfélag. Það hefði verið spurning um að reyna að aðlaga kerfið betur íslenskum veruleika. Staðan er sú að á Íslandi greiða iðnfyrirtæki á landsbyggðinni 30% hærra verð fyrir orkuna en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Það er staðreynd. Ef við skoðum frv. til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku kemur í ljós að 3. gr. er frekar loðin, þ.e. „ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé“ o.s.frv. Það er mjög loðið hvort menn ætli í raun og veru að jafna aðstöðumun og samkeppnisstöðu fyrirtækja. Ég tel það vera mikið sanngirnismál.

Þess vegna vil ég að hæstv. byggðamálaráðherra svari því hvort þær breytingar sem verið er að innleiða hér muni í raun jafna samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Mér finnst það ekki endilega vera skýrt í þeim frv. sem við ræðum hér. Einnig tel ég ákveðna hættu, get tekið undir það með hv. þm. Kjartani Ólafssyni, ef við skilgreinum stórnotanda í lögunum mjög þröngt. Ég tel þurfa ákveðinn sveigjanleika þannig að menn geti komið til móts við atvinnugreinar eins og t.d. ylrækt og veitt þeim brautargengi.

Stórnotandi er samkvæmt frv. sá sem notar á einum stað tiltekna orku. Hvað er átt við með „einum stað“? Á það við bæjarfélag? Mun t.d. Kaupfélagið á Sauðárkróki verða skilgreint sem stórnotandi með alla sína starfsemi, eða við hvað er átt? Þetta þarf að skýra.

Svo er ákveðinn hlutur sem ég held að við verðum að ræða varðandi Landsnetið, þetta hlutafélagaform. Í sjálfu sér held ég að hlutafélagaformið sé mjög jákvætt þar sem við höfum samkeppni. En þegar við erum með einokunarfyrirbæri eins og dreifinguna á orkunni eða flutninginn á orkunni um landið verða menn að skoða það að hlutafélagaformið er kannski ekki hentugt, sérstaklega ekki fyrir ríkisfyrirtæki. Það er ljóst að í hlutafélögum veita hluthafar stjórnum og framkvæmdastjórum félaganna ákveðið aðhald og við sjáum að hér erum við að tryggja rétt minni hlutans í hlutafélögum með ýmsum hætti. Það er ákveðin hætta á að ef við höfum ríkisfyrirtæki í hlutafélagaformi verði ekkert aðhald vegna þess að pólitískt aðhald vanti. Ef þetta er hlutafélag er ekki tryggt að minni hlutinn geti veitt pólitískt aðhald og fengið upplýsingar um starfsemi félagsins. Ég tel fulla þörf á að veita öllum félögum ákveðið aðhald. Hluthafar í hlutafélögum veita þá stjórnum fyrirtækjanna aðhald og ég tel að í fyrirtækjum í eigu ríkisins geti og eigi minni hlutinn, pólitíski minni hlutinn, að veita stjórnvöldum aðhald. Ég tel mjög nauðsynlegt að þetta mál og sérstaklega þetta atriði fái mikla umfjöllun í iðnn. Það gengur ekki upp að hafa ríkisfyrirtæki alfarið á ábyrgð meiri hlutans.

Áður en maður tekur beina afstöðu með frv. tel ég að það verði að skýra ákveðinn hlut og það er hvernig menn ætla að verðmeta flutningsmannvirki. Í frv. kemur fram að það eigi að gerast einhvern tíma eftir að frv. verði samþykkt. Mér finnst það ótækt og í raun ekki bjóðandi að þeir sem eiga að samþykkja frv. viti ekki í rauninni hvað þeir eru að samþykkja.

Það kemur hér fram að samninganefndin skuli hafa lokið störfum eigi síðar en 1. ágúst 2004. Þessar upplýsingar eiga að liggja á borðinu því að þær eru í raun mikilsverðar og ég tel að iðnn. verði að bíða eftir þeim upplýsingum áður en hægt verður að meta frv. og veita þeim brautargengi.

[15:40]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að taka til máls í umræðum um þau frv. á sviði raforkuframleiðslu, dreifingar o.s.frv. sem hér eru til umfjöllunar. Í sjálfu sér eru að mínu mati mörg atriði sem rétt er að taka til skoðunar varðandi frv. og ég geri ráð fyrir að við sem sitjum í hv. iðnn. munum gera það. Ég ætla í sjálfu sér ekki að víkja að öllum þeim atriðum sem kannski væri ástæða til að hafa orð á, aðrir hv. þm. hafa gert það hér í dag og ég ætla svo sem ekki að lengja umræðuna.

Mig langar þó til að víkja að einu atriði varðandi þessi mál sem ekki hefur verið til umræðu í dag. Ég tel að við endurskoðun og breytingar á raforkulögunum og breytingu á þessu kerfi í heild sinni sé nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta lögunum þannig að hlutverk orkufyrirtækjanna og þeirra aðila sem undir þessi lög falla verði skilgreind nánar en nú er gert og starfsemi þeirra afmörkuð með skýrari hætti en gert er, með öðrum orðum að

færð verði í lög nánari ákvæði um þau verkefni sem þessum fyrirtækjum er skylt og heimilt að sinna.

Ef við skoðum núgildandi raforkulög, nr. 65/2003, kemur fram í 4. mgr. 8. gr. laganna sem fjallar um rekstur flutningskerfis og kerfisstjórnun að „flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum". Það er loku fyrir það skotið að flutningsfyrirtækjunum sé heimilt að standa í annars konar og óskyldri starfsemi en þeim er ætlað að sinna samkvæmt lögunum.

Víkjum síðan að IV. kafla laganna sem varðar dreifinguna og skoðum sérstaklega 2. mgr. 16. gr. en hún fjallar um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi."

Vegna annarrar starfsemi, virðulegi forseti. Dreifiveitum er heimilt samkvæmt núgildandi lögum að standa í annarri starfsemi en dreifingu á raforku. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart og það er alveg ljóst hvert tilefni þessarar ræðu og þessarar athugasemdar minnar er. Ástæðan fyrir því að ég færi þessi atriði í tal er sú að fyrirtæki hér í bæ, Orkuveita Reykjavíkur, hefur tekið sér fyrir hendur starfsemi á síðustu missirum og síðustu árum sem tengist ekki að neinu leyti þeirri þjónustu sem því fyrirtæki er ætlað að veita. Fyrirtækið hefur verið mjög umsvifamikið á fjarskiptamarkaði með fjárfestingum sínum í fyrirtækjum eins og Tetra Ísland og Línu.neti og ég tel að þær fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur séu ekki í nokkru samræmi við starfsemi þess fyrirtækis. Við vitum það af fréttaflutningi undanfarinna vikna og missira að fyrirtækið hefur orðið fyrir gríðarlegum rekstrarlegum áföllum og tekjutapi vegna þessara fjárfestinga og það tap leiðir óneitanlega, og hefur leitt, til þess að stjórnarmenn fyrirtækisins hafa þurft að ná þessu tapi inn með einhverjum hætti. Þá er nærtækast að rukka þá sem nýta sér þessa þjónustu um hærri gjöld.

Steininn tók síðan úr þegar fyrirsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur upplýstu okkur landsmenn, og Reykvíkinga, um það að þeir hygðu á þátttöku í svokölluðu risarækjueldi. Það þarf ekki skynsaman mann til að sjá að þátttaka orkufyrirtækis í fiskeldi er út úr öllum kortum og langt fyrir utan það svið sem slíkum fyrirtækjum er ætlað að sinna. Ég tel að raforkufyrirtækin, sérstaklega þegar þau eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, eigi að einbeita sér að þeirri þjónustu sem þeim ber að sinna en ekki að vera að eyða fjármunum borgaranna í gæluverkefni eins og þau sem ég hef hér nefnt. Þau eiga að einbeita sér að því að rukka notendur ekki fyrir annað en þá þjónustu sem veitt er og ekkert umfram það.

Ég nefni þetta sem dæmi til rökstuðnings fyrir því að ég tel að við yfirferð þessara frv. og yfir þetta svið í heild sinni beri hv. iðnn. að taka þessi atriði til skoðunar, m.a. með hliðsjón af reynslu sögunnar, og kanna möguleika á því hvort ekki sé ástæða til, eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar, að skilgreina hlutverk orkufyrirtækjanna nánar og afmarka þá starfsemi sem þeim er ætlað að sinna. Þá vísa ég aftur einkum til 2. mgr. 16. gr. núgildandi raforkulaga þar sem ekki er loku fyrir það skotið að dreifiveitur sem stunda raforkudreifingu sinni annarri starfsemi svo lengi sem fjárhagurinn er aðskilinn í bókhaldi félagsins eða fyrirtækisins. Ég tel rök til þess, eins og ég segi, virðulegi forseti, að þessi atriði verði könnuð nánar og að iðnn. taki þetta atriði sérstaklega til athugunar.

[15:48]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi frv. sem við erum hér að ræða eru afrakstur eða byggja á afrakstri nefndar, svokallaðrar 19 manna nefndar, sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í raforkulögum frá sl. vetri, nefndar sem átti að fara yfir þá þætti sem við fjöllum um, þ.e. um fyrirkomulag flutnings raforku, stærð flutningskerfisins, hvernig rekstur þess og kerfisstjórnun skuli háttað og um öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og hvernig þau atriði verði best tryggð. Þá var nefndinni falið að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Nefndin var skipuð á sl. þingi, þ.e. á grundvelli lagasamþykktar um raforkumál, til að yfirfara og gera tillögur um þau atriði sem þá stóðu út af og ekki var sátt um.

Það er allt gott og blessað en í greinargerð með frv. er látið að því liggja að frv. séu byggð á starfi allrar nefndarinnar. Að vísu er þess getið í greinargerðinni að frv. byggist á meirihlutaáliti nefndarinnar, þess er þó getið í lítilli setningu.

Nefndinni var ætlað samkvæmt erindisbréfi að fara nákvæmlega ofan í þetta mál. Þá hefði mér fundist eðlilegt og rétt að í greinargerð með þessum frv. hefði verið greint frá því að nefndin hefði skipst ekki aðeins í meiri hluta og minni hluta heldur hefði einnig verið greint frá veigamestu minnihlutaálitum, þeim álitum sem voru lögð fram, og jafnframt hefði í greinargerðinni verið greint frá því hvar ágreiningurinn lá. Þessi vinna var unnin, frv. voru lögð fram á grundvelli þessarar nefndar og það var ekki ætlunin, ekki hef ég skilið það, að bara meirihlutasjónarmiðið ætti að koma fram.

Mér hefði jafnframt fundist eðlilegt að meirihlutaálit nefndarinnar hefði komið fram sem fylgiskjal með frv., bæði meirihlutaálitið og líka minnihlutaálitin. Í allnokkrum atriðum er í þessum frv. vikið frá þeim tillögum eða farið á svig við þær tillögur sem 19 manna nefndin lagði til. Það hefði verið eðlilegt að þær tillögur, greinargerðir nefndarinnar, hefðu fylgt sem fylgiskjöl. Þau koma ekkert fram á síðari stigum vinnslu þessa máls því að nú verða frv., þegar þau fara til nefndar, aftur send til umsagnar ákveðinna, skilgreindra aðila en nál. sem slík munu ekki koma fram í þessari meðferð.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnrh.: Finnst ráðherranum þetta eðlileg málsmeðferð? Eða er kannski ráðherrann eitthvað að fela? Er verið að reyna að koma í veg fyrir að ákveðin atriði sem koma fram bæði í meirihlutaálitinu og líka í minnihlutaálitunum komi fram og verði hér með til umræðu með formlegum hætti sem hluti af þeirri vinnu sem liggur að baki þessum frv.?

Ég hef í fyrri ræðu minni gert grein fyrir minnihlutaáliti mínu sem ég gerði við lokaskil nefndarinnar, rakti að það er grundvallarskilningur minn og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að raforkan sé hluti almannaþjónustunnar og ekki hvað síst dreifikerfi hennar. Þess vegna er það skilyrðislaus krafa af hálfu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að raforkudreifikerfið verði í opinberri eigu staðfastlega og verði ekki boðið til sölu eins og frv. gerir ráð fyrir, með opinni söluheimild, þó að sett séu einhver takmörk á árafjölda. Þar er kveðið skýrt á um að ríkið skuli losa eignarhald sitt sem allra fyrst og að eftir 2011 megi það fara á opinberan markað. Þetta tel ég alrangt, að hlutafélagavæða raforkukerfið með þessum hætti. Þetta form sem

lagt er hér upp stríðir gegn þeirri stefnu og þeirri sýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að raforkan sé sameign okkar allra, hluti almannaþjónustunnar. Við eigum að hafa þar jafnan aðgang, við eigum að njóta hennar sameiginlega. Hún er hluti af því að gera okkur að einni þjóð. Þess vegna er það að búta kerfið niður eða bjóða upp á að setja það á markað, einkavæðingu og markaðsvæðingu, algjörlega andstætt þeim sjónarmiðum sem ég hef og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þetta var það fyrsta.

Í öðru lagi teljum við að hið opinbera eigi að eiga flutningskerfið, ríkið og sveitarfélögin. Sveitarfélögin, íbúar alls landsins, hafa lagt í núverandi orkufyrirtæki með einum eða öðrum hætti, með skattlagningu, með greiðslu skatta, með greiðslu fyrir notkun á orku sinni, þannig að íbúarnir og ríkið eiga sameiginlega þessi fyrirtæki. Og þó að um þau hafi verið stofnuð fyrirtæki eins og Rarik og Orkuveita Reykjavíkur eru þau nú í eigu þessara sveitarfélaga en þau geta seinna farið á markað fari fram sem horfir og þá er þetta allt saman komið á eitt einkavæðingarflipp, raforkukerfi landsmanna, orkukerfi landsmanna. Þessu erum við andvíg og teljum að ríkið og sveitarfélögin eigi að eiga flutningskerfið.

Í þriðja lagi erum við andvíg þeirri stefnu sem mörkuð er í frv. um að gerð skuli arðsemiskrafa, vaxandi arðsemiskrafa, til þessa þjónustumálaflokks, til raforkudreifingarinnar, og það sé farið að líta á þetta sem arðgefandi fyrirtæki. Við erum andvíg því sjónarmiði í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þetta er þjónusta sem ekki á að gera arðsemiskröfur til. Arðurinn er fólginn í afhendingaröryggi og í góðri þjónustu sem nær til allra landsmanna. Þarna skilur á milli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ráðherra Framsfl. og ríkisstjórnarinnar sem leggur fram frv., ríkisstjórnar einkavæðingar og fákeppni í almannaþjónustu.

Það voru fleiri aðilar sem skiluðu líka stórum álitum í þeirri nefndarvinnu sem liggur að baki frv. og ég vil gera grein fyrir þeim. Ég hef áður gert grein fyrir nál. mínu. Fulltrúar ASÍ og BSRB sem voru í umræddri nefnd skiluðu mjög ítarlegu séráliti sem hvergi hefur hér verið nefnt og hæstv. ráðherra minntist ekki einu orði á. Það kemur hæstv. ráðherra kannski illa að svona stór, fjölmenn samtök skuli hafa afdráttarlausa skoðun á því hvernig haga skuli raforkumálum í landinu.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp það sérálit Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem fulltrúar þessara félaga lögðu inn við lokaafgreiðslu nefndarinnar:

„Við undirrituð fulltrúar ASÍ og BSRB leggjum hér með fram sérálit vegna niðurstöðu svokallaðrar 19 manna nefndar um raforkuflutning og dreifingu.

Í upphafi skal tekið fram að full ástæða er til þess að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki tryggt Íslendingum undanþágu frá tilskipun 96/92 EB. Fullljóst er, að landfræðileg lega Íslands útilokar bæði heimili og fyrirtæki frá því að geta tekið þátt í raunverulegum innri markaði með raforku. Með raforkulögunum sem sett voru á síðasta ári og þessu frumvarpi er engu að síður verið að umbreyta öllu raforkukerfi landsmanna til þess eins að uppfylla þessa tilskipun, án þess að möguleiki sé á að gera sér nægjanlega grein fyrir tæknilegum og efnahagslegum afleiðingum þess. Þannig hefur ekki verið hægt að svara einföldum spurningum eins og hvaða áhrif þessar breytingar hafa, bæði vegna uppskiptingar kerfisins, aukinnar jöfnunar á flutningskostnaði, breyttrar áhættudreifingar og aukinna arðsemiskrafna á raforkuverð til heimila og fyrirtækja. Upplýsingar um einstaka rekstrarþætti liggja ekki fyrir né heldur hvert matsverð núverandi fjárfestinga í raforkukerfinu er. Því er að sumu leyti verið að óska eftir óútfylltri ávísun hvað raforkuverð varðar í framtíðinni. Forsendur fyrir því að nefndin hafi getað lokið störfum með viðunandi hætti hafa því ekki verið fyrir hendi þar sem ofangreindar upplýsingar hefur skort. Því er afar mikilvægt að virk endurskoðunarákvæði séu í lögunum þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana ef í ljós kemur að kerfisbreytingarnar leiði til hækkaðs raforkuverðs. *Stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því að erfitt getur* reynst að ganga frá kjarasamningum með óbeina hótun um tugprósenta hækkun á raforkuverði, sem þegar vegur þungt í framfærslukostnaði landsmanna, yfirvofandi."

Þetta álit var skrifað áður en gengið var frá kjarasamningum sem reyndar á eftir að greiða atkvæði um.

„Afstaða ASÍ og BSRB til þessa máls byggist á þeirri grundvallarsýn að vatns- og gufuorka sem nýtist til raforkuframleiðslu sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti. Lög sem snerta nýtingu þessarar auðlindar verða því að taka mið af þessu grundvallarsjónarmiði. Orkan er ein af mikilvægustu forsendum lífskjara hér á landi og ljóst að framtíðaruppbygging í atvinnumálum byggist að miklu leyti á hagkvæmri orku. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að raforkukerfi landsmanna er mikilvæg samfélagsleg fjárfesting. Ef við ætlum að taka upp ávöxtunarkröfu markaðsins á allar þessar fjárfestingar, líkt og raforkulögin gera ráð fyrir og þetta frumvarp áréttar varðandi flutnings- og *dreifiveiturnar, mun tvennt gerast. Búsetuskilyrði heimila* og samkeppnisskilyrði fyrirtækja munu versna alls staðar á landinu með hækkun á raforkuverði. Rekstraröryggi kerfisins verður stefnt í voða, en reynsla erlendis hefur sýnt að skammtímahagsmunir markaðarins um hagnað í árshlutauppgjöri fá sífellt meira vægi. Þetta kemur fram í minni vilja til viðhalds og endurfjárfestinga auk þess sem dregið er verulega úr mannahaldi þannig að mikilvægur mannauður hefur glatast. Áherslur ASÍ og BSRB grundvallast á að hin nýju raforkulög þjóni hagsmunum almennings, miði að því að öll heimili og fyrirtæki njóti raforkukerfisins í landinu með sem jöfnustum hætti og að með lagasetningu verði afhendingaröryggi og gæði rafmagns tryggð sem og lækkandi verð til almennings í landinu.

Ofangreind heildarsamtök launafólks munu því ekki styðja framkomið frumvarp nema að eftirfarandi atriði verði að finna í frumvarpinu.

1. Við höfnum því að sett verði markaðsleg arðsemiskrafa á samfélagslegar fjárfestingar eins og flutningsfyrirtækið og dreifiveitur eru. Það mun valda hækkun á raforkuverði alls staðar á landinu og jafnframt leiða til röskunar á skilyrðum til búsetu og atvinnusköpunar. Miða skal við að gjaldskrár ásamt öðrum tekjum standi undir rekstri kerfisins, þar með talið fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun og má hér vísa til nýframkomins frumvarps um vatnsveitur sveitarfélaga. Arðsemiskrafa fyrirtækja í raforkuiðnaði verður að vera hófleg og taka mið af því að hér er um samfélagslegar fjárfestingar að ræða. Við teljum að eðlileg arðsemiskrafa liggi á bilinu 2–3% (arðsemi af eigin fé). Hlutfall hagnaðar fyrir vaxtagreiðslur og skatta af bókfærðu virði fastafjármuna (sem í frumvarpinu og raforkulögunum er kallað arðsemiskrafa) taki mið af þessari arðsemiskröfu.

2. Flutningsfyrirtækið verði í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda er því ætlað að vera hluti af almennri grunngerð og þjóna almenningi og fyrirtækjum sem þjónustuaðili og er auk þess með einokunaraðstöðu. Því er mikilvægt að tryggja að slíkt félag verði ekki selt einkaaðilum í framtíðinni, né að rekstur þess og arðsemiskröfur verði sett undir markaðslegar forsendur um skammtímahagnað. Tryggja verður að bæði neytendur og orkuframleiðendur hafi opinn aðgang að öllum upplýsingum varðandi flutningsfyrirtækið sjálft og starfsemi þess.

3. Til þess að stuðla að sátt um bæði flutningsjöfnunina og rekstraröryggi flutningskerfisins föllumst við á tillögur um að flutningskerfið nái til 66 kV. Með þessu er jöfnun á flutningskostnaði sem best tryggð.

4. Jöfnun á dreifingarkostnaði raforku til heimilanna verði fjármögnuð með jöfnunargjaldi innan raforkukerfisins.

5. Í lögunum er gert ráð fyrir samstarfsnefnd um framkvæmd laganna. Í nefndinni á sæti m.a. fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, en ekki er gert ráð fyrir fulltrúum stærstu samtaka launafólks, hvorki BSRB né ASÍ. Undirrituð telja að fulltrúar launafólks eigi fullt erindi í umræddа nefnd og óska því eftir að fá sæti í henni.

6. Samráðsnefndin hafi það verkefni að fylgjast með verðmyndun og verðþróun á raforku á næstu missirum og komi með tillögur að úrbótum reynist forsendur þessa frumvarps rangar með þeim afleiðingum að verð hækki óeðlilega frá því sem nú er.

7. Áhersla er lögð á að þess verði gætt að niðurgreiðslur vegna húshitunar á köldum svæðum landsins verði auknar í samræmi við hækkun á raforkuverði til húshitunar ef t.d. Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða ákveða að fella niður afslætti til húshitunar.“

Þetta segir í hinu ítarlega áliti fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands í 19 manna nefndinni.

Mér finnst, virðulegi forseti, ámælisvert af hæstv. ráðherra að leggja fram þessi frv. sem unnin eru á grundvelli vinnu umræddrar nefndar og gera ekki grein fyrir meginálitaefnum og þeim meginnefndarálitum eða álitum einstakra nefndarmanna og aðila í þeim frv. sem hér eru lögð fram. Mér finnst þetta, virðulegi forseti, verulega aðfinnsluvert við vinnubrögð hæstv. ráðherra og kannski er ráðherrann að reyna að koma í veg fyrir að sjónarmið þessara stærstu samtaka launafólks landsins fái að koma hér með sama hætti inn í umræðuna og vert væri. Því hef ég, virðulegi forseti, gert grein fyrir þeim álitum. Í þeim eru nákvæmlega sömu atriði og ég hef verið að leggja áherslu á, lögð áhersla á að orkuflutningsfyrirtækin verði skýrt og ávallt afdráttarlaust í opinberri eigu, verði ekki seld, verði ekki með þessum opnu heimildum, eins og stendur í frv., til að selja. Fyrst mundi ríkið selja sinn hluta og síðan færi fyrirtækið á almenna markaði.

Í ræðum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í umræðum um málið hefur ítarlega og rækilega verið bent á þær hættur sem felast í einkavæðingu raforkukerfisins við þær aðstæður sem eru á Íslandi. Bent hefur verið á þær hryllilegu afleiðingar sem hafa orðið í öðrum löndum þar sem þessi leið hefur verið farin, leið einkavæðingar og markaðsvæðingar á raforkukerfinu. Hví skyldum við gera það hér? Alveg fráleitt.

Því miður virðast gæfuleysi núv. ríkisstjórnar, einkavæðingarríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl., engin takmörk sett. Ákefð hæstv. iðnrh. í einkavæðingu almannaþjónustunnar er löngu landskunn og íbúar landsins fyrir löngu búnir að fá upp í kok af þeirri stefnu.

Ég óska eftir því og skora á hv. iðnn. að þegar hún fær þetta mál til meðferðar fari hún rækilega ofan í saumana á því, taki á því á sjálfstæðan hátt og breyti því í þá veruna að hagsmunir hinnar íslensku þjóðar, íbúanna og atvinnufyrirtækjanna um land allt verði hafðir í fyrirrúmi við lagasetningu um raforkumál en ekki einkavæðingaræði og einkavæðingarflipp hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. iðnrh. sem við erum búin að fá miklu meira en nóg af.

[16:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um eignarhald í raforkugeiranum. Hann svaraði í rauninni spurningu sem ég velti fyrir mér áðan um eignarhald á dreifikerfinu og heimildir til að stunda annan rekstur, vísaði þar í 8. gr. núverandi raforkulaga þar sem segir að „flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum“. Hann benti jafnframt á að dreifiveiturnar hefðu rýmri heimildir hvað þetta snertir.

Ég tel þetta hins vegar vera mjög mikilvæga lagagrein sem ég vísaði hér til, 8. gr. núverandi raforkulaga, því ég hafði varað við þeim hættum sem gætu fylgt því að flutningsfyrirtækið fjárfesti jafnframt annars staðar og vísaði þar í reynslu erlendis frá, frá Vivendi Universal, franska vatnsveiturisanum, sem gerðist annar stærsti fjölmiðlarisi í heimi og tapaði miklum fjármunum á því með mjög glannalegum fjárfestingum. Hlutabréf féllu í verði um 80% á einu ári sem síðan bitnaði á þessari grunnþjónustu. Hér er hins vegar girt fyrir þetta í ákvæði núverandi raforkulaga. Að þessu leyti er ég að svara sjálfum mér og leiðrétta misskilning sem kom fram hjá mér.

Það breytir ekki hinu að ég tel mjög mikilvægt og tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar fyrir stundu að í lögunum þarf að kveða skýrt á um það að flutningsfyrirtæki verði í eigu opinberra aðila. Það verði ekki sett á markað. Reynslan kennir okkur að sú er og verður raunin nema girt sé fyrir það í lögum. Reynslan kennir okkur að ef ekki er girt fyrir það með lögum verði það fyrr eða síðar sett á markað. Við höfum allt of oft orðið fyrir þeirri reynslu að fyrirheit eru gefin um hið gagnstæða en síðan er reyndin allt önnur. Vísa ég þar aftur í Póst og síma, reyndar í ríkisbankana líka og önnur fyrirtæki sem hafa verið einkavædd.

Annað atriði sem ég vék hér að eru hugmyndir stjórnvalda hvað þetta snertir. Það er rétt að ekki hafa komið fram tillögur um að setja sjálft flutningskerfið á markað og ég vísaði í yfirlýsingar ráðuneytisstjóra í iðnrn. þar sem hann talaði um markaðsvæðingu en þó einvörðungu á samkeppnissviðinu, ekki á flutningssviðinu.

Athyglisverðar áherslur koma fram í máli hans. Hann segir að markaðsvæðing raforkuframleiðslunnar væri til þess fallin að auka hagræði og samkeppni og efla hlutabréfamarkaðinn. Við eigum að setja raforkugeirann á markað til að efla hlutabréfamarkað. Er ekki markmiðið með raforkuframleiðslu að framleiða rafmagn og koma því til notenda á sem hagkvæmustum prísum? Og þar vísa ég aftur í yfirlýsingar sem komið hafa frá forstjórum úr orkugeiranum, bæði Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, og Friðriki Sophussyni, forstjóra Landsvirkjunar, sem hafa

lýst því afdráttarlaust yfir að þessar kerfisbreytingar muni í fyrsta lagi leiða til umtalsverðs kostnaðar — markaðsvæðingin ein muni hafa í för með sér milljarðs kostnaðarauka, segir forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur — og þetta muni bitna á hinum almenna notanda en verða stórnotandanum, stórfyrirtækjunum, í hag. Þetta segja þeir báðir, bæði Guðmundur Þóroddsson og Friðrik Sophusson. Þessu lýstu þeir yfir á ráðstefnu um orkumálin ekki alls fyrir löngu.

En varðandi þessar yfirlýsingar og fullyrðingar, vonir og þrár ráðuneytisstjóra iðnrn. hefur reynslan erlendis frá sýnt allt annað. Þetta eykur ekki hagræði. Þetta skapar ekki þá samkeppni sem mundi leiða til hagræðis fyrir notendur, nema síður sé. Ég nefndi breska fyrirtækið British Energy sem sér um fjórðunginn af raforkuframleiðslunni í Bretlandi. Það hefur hvað eftir annað rambað á barmi gjaldþrots og hefur þurft á umtalsverðum fjármunum frá breskum skattgreiðendum að halda. Það kemur fram í skýrslu sem gerð hefur verið um raforkugeirann þar í landi að fyrirtæki sem framleiða 40%, næstum helming af allri raforku í Bretlandi, eru annaðhvort orðin gjaldþrota eða við það að verða gjaldþrota. Og hvert er svarið þá? Jú, það er að fá fjármagn frá ríkinu, frá skattgreiðandanum. Enda eru ráðleggingarnar sem koma t.d. frá fjármálageiranum annars vegar og gjörðum stjórnvalda hins vegar harla mótsagnakenndar. Evrópski fjárfestingarbankinn hefur sent frá sér skýrslu, svo dæmi sé tekið, þar sem segir að í raforkudreifikerfunum megi reikna með því til framtíðar að ríkið verði þar að koma inn. Þetta segir í yfirlýsingu frá Evrópska fjárfestingarbankanum, að á svæðum sérstaklega sem ekki gefa af sér hámarksarð verði ríkið að koma inn og að ekki sé hægt að treysta á einkafjármagnið hvað þetta snertir. Það er mjög skýrt.

Ég velti fyrir mér hver skýringin er á því að þrátt fyrir alla þá vankanta sem koma upp í tengslum við kerfisbreytingarnar, markaðsvæðingu og einkavæðingu, skuli haldið áfram. Hvers vegna er þessari för haldið áfram? Vandi Sovétríkjanna sálugu á sínum tíma var fyrst og fremst sá að það var einræðisríki sem þoldi ekki gagnrýni, þoldi ekki opna frjóa umræðu, gagnrýna umræðu. Mál voru keyrð áfram af meirihlutavilja þar sem stjórnarmeirihluti í þinginu var til málamynda, bara punt, til sýnis nánast. (**JBjarn:** Það er ekki svoleiðis hjá okkur.) Þar fylgdu allir stjórnarlínunni. En hitt var öllu verra. Hin ástæðan fyrir því að það ríki hrundi var að fyrst og fremst skyldi keyrt á hugmyndafræðinni. Menn höfnuðu reynslunni. Menn sögðu sem svo: Það er ekki að marka reynsluna, hugmyndirnar eru ekki orðnar að veruleika. Það þarf að láta reyna á þær áður en við gefum þeim einhvern dóm.

Hið sama er að gerast núna með einkavæðinguna og frjálshyggjuna, með markaðsvæðingu samfélagsþjónustunnar. Menn horfa til reynslunnar, á kerfi sem eru að hrynja, sem eru notendum í óhag og almenningi í óhag en engu að síður er haldið áfram á þeirri braut. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum er þetta gert? Þetta er gert vegna þess að menn trúa á hugmyndafræðina. Menn trúa að í grunninn muni þetta leiða til góðs þegar til langs tíma er litið. Það er trú manna. Svo verður bara stuttur tími langur og enn er reynslan slæm en menn halda áfram á þessari braut.

Þetta er náttúrlega eins og hver önnur tíska. Við þekkjum öll að þegar támjóir skór voru í búðunum og ekkert annað þá gengu allir í támjóum skóm. Svo komu þykkir sólar og allir fóru á þykka sóla. Þetta virðist eins í heimi stjórnmálanna. Þarna kemur þó enn eitt aflið til, þ.e. hagsmunatengdir aðilar sem vilja komast í skjótfenginn og auðveldan gróða af grundvallarþjónustu samfélagsins, þjónustu sem ekkert samfélag getur verið án. Þar er að sjálfsögðu komin skýringin á því að aðilar á borð við Verslunarráðið og önnur hagsmunasamtök atvinnurekenda kyndi undir þessari þróun.

Að lokum, varðandi spurninguna um jöfnunarkostnaðinn, hvar hann eigi að liggja. Á hann að liggja inni í kerfinu eða utan þess? Á það að vera á hendi skattborgarans að greiða inn í kerfið eins og nú er rætt um eða á jöfnunin að vera innan kerfisins? Ég tel grundvallaratriði að halda honum innan kerfisins. En þeir sem vilja markaðsvæða þennan geira leggja áherslu á hið gagnstæða, á nákvæmlega sama hátt og gerðist á sínum tíma með markaðsvæðingu póstþjónustunnar og símans. Menn sjá fyrir sér að í framtíðinni komi margir aðilar að málum og ekki verði hægt að láta þá sín í milli véla um eða taka á sig einhverjar slíkar sameiginlegar byrðar, þar þurfi að koma að þriðji aðili, ríkisvaldið. Þess vegna var ákveðið að gera Landssímann að hlutafélagi og þegar spurt var: Hvað á að gera gagnvart hinum dreifðu byggðum bæði varðandi símann og ekki síður póstinn? Þá var svarið þetta: Jú, ríkið á að koma þar inn. Þar á skattgreiðandinn að koma inn. Þar var horfið frá þeirri hugsun að landsmenn tækju allir þátt í jöfnuninni í gegnum þá Póst og síma. Þetta var markaðsvætt og hver eining átti að bera sig en síðan á ríkið að koma inn með stuðning. Þetta finnst mér alrangt.

Mér hefur alltaf fundist mikið ranglæti í þeirri þróun sem hefur átt sér stað innan raforkugeirans á síðustu árum. Mér fannst mjög miður þegar Akureyri og Reykjavíkurborg fóru að krefjast þess á sínum tíma fyrir fáeinum árum að arður yrði greiddur út úr Landsvirkjun á grundvelli þess að þeir væru það stórir eignaraðilar, Reykjavíkurborg með 45% og Akureyri með 5%.

Landsvirkjun er eign allra landsmanna. Með þessum kerfisbreytingum er verið að yfirfæra þetta ranglæti á nýtt kerfi. (Gripið fram í.) Já, ég vil líta á þetta sem sameiginleg gæði allra landsmanna. Ég vil að jöfnunin innan kerfisins eigi að taka til landsins alls. Mér finnst grundvallaratriði að gera það með þeim hætti.

Mér finnst mjög misráðið að fara með þessar jöfnunargreiðslur í gegnum ríkissjóð og láta skattborgarann greiða fyrir þetta. Mér finnst að þetta eigi að vera inni í kerfinu. Þetta er sjónarmið sem ég vildi gjarnan að kæmi fram við þessa 1. umr. í máli sem án efa á eftir að fá mjög rækilega umræðu í þinginu, bæði í þingnefnd, í iðnn. þingsins og að sjálfsögðu við 2. og 3. umr. málsins.

[16:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur nú gert grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu. Þau liggja fyrir og fyrir þeim eru auðvitað þau rök sem hann hefur borið fram. Því er ástæðulaust annað en að taka þau alvarlega eins og önnur sjónarmið sem fram hafa komið í umræðunni. Ég er sannfærður um að þetta mál muni fá vandaða meðferð í þinginu. Það er víst að iðnn. mun vanda til verka við efnistök í þessu máli þannig að menn þurfa ekki að óttast að kastað verði til höndunum við yfirferð málsins í þingnefnd.

En mig langar að biðja hv. þm. að útskýra fyrir mér framkvæmd sem notið hefur stuðnings flokks hans í Reykjavíkurborg. Hún er andstæð því sjónarmiði sem hann lýsti varðandi þingmálið. Ég veit ekki betur en að þeir sem stjórna í Reykjavíkurborg og hafa gert á undanförnum árum hafi með arðgreiðslum fært milljarða króna frá Orkuveitu Reykjavíkur

yfir í borgarsjóð og að sá arður sem krafist hefur verið á undanförnum árum sé síst lægri en sá sem gert er ráð fyrir í frv. Ef ég skil málið rétt munu fulltrúar flokks hans samþykkja og hafa samþykkt á undanförnum árum þá framkvæmd sem lögð er til í þessu frv. og hann leggst gegn hér í þingsölum. (**JBjarn:** Ekki hlutafélagavæðingunni.)

[16:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér aldrei verið andvígur þeirri grundvallarhugsun að færa arð úr veitustofnunum yfir til samfélagslegra stofnana, til bæjarfélags eða yfir í ríkissjóð. Það sem menn hafa hins vegar verið að vara við, og ég hef tekið undir það, er að fara með slík fyrirtæki út á markað og einkavæða þau. Ef menn fara með arð frá samfélaginu yfir í vasa fjárfesta þá hef ég um það miklar efasemdir.

Svo dæmi sé tekið hef ég t.d. ekki verið andvígur því í sjálfu sér að arður sé tekinn út úr vatnsveitum. Ég er ekki andvígur þeirri grundvallarhugsun í sjálfu sér. Ef við yfirfærðum þetta t.d. á olíu, að ef hér fyndist olía og mikill arður kæmi af henni þá ætti hann að sjálfsögðu að renna til samfélagsins.

Það er hinn heimurinn sem við erum að halda inn í sem er farinn að móta sjónarmið mín hvað þetta snertir. Ef við hlutafélagavæðum þessa starfsemi og gerum hana að atvinnurekstri sem menn fjárfesta í til að taka stórfelldan arð og hlunnfara þannig samfélagið þá set ég við það fyrirvara. Það er verið að halda með okkur inn í þennan einkavæðingarheim, einkavædda heim. Í ljósi þess verða til nýjar aðstæður. Við breytum nálgun okkar með það í huga.

[16:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Sjónarmið hv. þm. hafa skýrst við þetta svar. Ég skil það þannig að hann sé ekki andvígur því að veitufyrirtæki greiði arð og gert sé ráð fyrir því við ákvörðun gjaldskrár fyrir þá vöru sem fyrirtækið selur að það þurfi að hafa hagnað af starfseminni sem eigandinn taki til sín sem arð. Ágreiningur liggur þá í því að arðurinn eigi að renna til samfélagslegra verkefna en ekki fjárfesta sem eru ekki í opinberri starfsemi. Gott og vel.

Mig langar samt aðeins að halda áfram með þetta. Orkuveita Reykjavíkur og fyrirtækin sem áður stóðu að henni, þ.e. voru sjálfstæð áður en það fyrirtæki varð til, hafa ekki bara greitt arð til borgarinnar sem síðan hefur verið notaður til verkefna þar heldur hafa þau fyrirtæki ráðstafað tekjum sínum að einhverju leyti til fjárfestinga sem ekki falla undir almenna, opinbera starfsemi, heldur miklu fremur undir atvinnuþróun eða nýsköpun. Hér var nefnd risarækja, heyrði ég áðan. Það er eitt dæmið.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að setja fram sjónarmið um það. En telur þingmaðurinn eðlilegt að fyrirtæki eins og þetta hagi gjaldskrá sinni þannig að það eigi afgang af rekstri til að borga umtalsverðan arð til eiganda síns og einnig afgang til að standa undir fjárfestingarstarfsemi í atvinnugreinum algjörlega óskyldum starfsemi stofnunarinnar?

[16:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, ég hef um það ákveðnar efasemdir. Mér hafa borist þær fréttir að tekin hafi verið ákvörðun innan stjórnar Orkuveitunnar um að draga stórlega úr slíkum fjárfestingum enda munu menn nokkuð brenndir í því efni.

Þetta færir okkur heim sanninn um það sem við höfum bent á í umræðunni um markaðsvæðingu og einkavæðingu raforkugeirans á Íslandi, hve varhugaverðar þær tengingar eru. Þetta sýnir okkur hve mikilvægt er að samfélagið standi að grunnþjónustunni í landinu, eignarhaldið sé samfélagsins, ríkis og sveitarfélaga, en að gróðahagsmunir stýri þar ekki för. Þetta færir okkur heim sanninn um þetta. Við hörmum að ríkisstjórnin skuli halda með okkur inn á þessa braut einkavæðingar með raforkugeirann í landinu.

Einkavæðing er það ekki, segir hæstv. viðskrh. og hristir höfuðið. Fyrsta skrefið er markaðsvæðing, þ.e. að búa til markaðseiningar úr geiranum. Það er hugsunin á bak við ákvörðun Evrópusambandsins frá 1996. Ég vék að því áðan, þetta er til á prenti, að hugmyndin er að búa til umhverfi markaðs- og einkavæðingar, að sjálfsögðu. Þetta liggur skýrt fyrir.

Við hörmum að ríkisstjórnin skuli hafa frumkvæði að þessu leyti. Það er ekki of seint að grípa í taumana og við leggjum til að ríkisstjórnin leiti eftir undanþágu frá EES-samningnum hjá samningsaðilum okkar á Evrópska efnahagssvæðinu til að fá að endurskoða málið og skipuleggja raforkugeirann á íslenskum forsendum.

[16:30]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um mjög stórt og flókið mál, sem er breytingar á raforkulögum og stofnun Landsnets, flutningskerfi fyrir landið. Ástæða þess er kannski fyrst og fremst tilskipun frá Evrópusambandinu. Síðan telja menn að það hefði verið hægt að gera það með öðrum hætti, en yfirvöld notfæra sér að setja þetta allt í eitt kerfi sem er af hinu góða. Það hefur verið skoðun mín lengi, frú forseti, að menn hafa haft möguleika til að selja inn á kerfið og selja þeim kúnnum sem þeir vilja og kaupa síðan af raforkuframleiðendum, þ.e. þeim sem nota það, af þeim sem býður best.

Hér hefur því verið talað mikið, m.a. fulltrúar þess flokks, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jón Bjarnason, virðulegur forseti, sem vilja hafa allt ríkisvætt eða samfélagsvætt. Raforkan er eign landsmanna sagði einhver hv. þm., en það er náttúrlega ekki þannig, hún getur orðið eign einhverra færri aðila.

En ég tel mikinn kost að setja inn á kerfið til ákveðinna notenda. Ég fylgdist með því þegar menn voru að byrja á þessu í Evrópu á sínum tíma. Menn bundu miklar vonir við þetta. Og hvað gerðist þegar menn voru búnir að setja inn eitt kerfi í Evrópu? Menn komust að því þegar byrjað var að samkeyra raforkukerfin að það varð allt í einu afgangsrafmagn í kerfinu. Menn nýttu þetta betur og verð lækkaði til neytendanna. Aftur á móti horfir þetta svolítið öðruvísi við hér þar sem einn framleiðandinn framleiðir 90% af rafmagninu og hinir það sem eftir er. Ég held samt að kerfið muni verða hvati fyrir fleiri til að virkja og fram kæmu smávirkjanir, hagkvæmar virkjanir o.fl. Einnig geta menn selt inn á netið og kannski selt kúnnum ódýrara af netinu og þar af leiðandi hvatt menn til að fara í slíka framleiðslu.

Þá er næsta spurning með Landsnet, eða þetta kerfi: Á kerfið að vera í eigu hins opinbera eða ekki? Þá er spurningin sú að ef það væri selt og sá sem mundi kaupa, lífeyrissjóður eða einhverjir fjárfestar, hvaða ávöxtunarkröfu mundu þeir gera á Landsnet? Það hefur verið skoðun mín í málinu að þetta eigi ekki að fara í slíkt, heldur að vera í eigu hins opinbera. Nákvæmlega sama gildir um grunnnet Símans að mínu mati. Því ávöxtunarkrafa þess sem mun taka yfir mun

verða — ja, hver er ávöxtunarkrafan í dag? 6%–8% á eigið fé.

Svo spyr maður sig, frú forseti, þegar þetta er komið, sem að mínu mati er af hinu góða: Hvað gerist með raforkuverðið í landinu? Hækkar það eða lækkar það? Lækkar það eins og það gerði í Evrópu eða hækkar það?

Eins og ég gat um í upphafi er þetta flókið mál og töluverð vinna að setja sig inn í það og átta sig á staðreyndum málsins. En með því að hlusta á það sem forstjórar stærstu orkufyrirtækjanna hafa látið frá sér fara, eins og t.d. forstjóri Landsvirkjunar, sem hefur sagt að þetta sé flókið og mötunarbúnaður, stýring og annað í kerfinu sé mjög dýrt og menn þurfi að fjárfesta í stýrikerfum sem gæti þýtt allt að 4% hækkun á flutningi raforkunnar.

Síðan hlustar maður á forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur sagt að þetta gæti verið allt að 20% hækkun á rafmagnsverði á höfuðborgarsvæðinu, ef ávöxtunarkrafan er færð upp í 6%. Forstjóri Hitaveitu Suðurnesja hefur svipaða sögu að segja.

Í 9. gr. segir að 17. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta, vegna kostnaðar við dreifingu raforku, þ.e. um dreifiveitur:

„Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.

2. Arðsemi dreifiveitu skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta og bókfærðs verðs fastafjármuna.“ — Þetta viðmið er athyglisverðast í þessu.

„3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem dreifiveitan veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn. Þó er heimilt að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.“

Enn fremur segir í sömu grein, með leyfi forseta:

„Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs.“

Þetta segir mér að ávöxtunarkrafa dreifiveitnanna er tiltölulega bundin niður og hleypur á einhverju bili. Forstjórar Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitunnar hafa bent á þetta. Talað er um að menn eigi að leggja af stað með 2%–3% arðsemi af fastafé. Og hvað svo? Mun orkuverðið hækka eða lækka? Ég skora á hv. iðnn. að skoða þessi mál mjög vel og fara mjög vel í gegnum þetta. Það er ekki nóg bara fyrstu þrjú árin eða fyrstu fimm árin, heldur til framtíðar. Ef við horfum á hvað gerðist í Evrópu lækkaði orkuverðið út af gnótt af raforku. Það var bara eðli markaðarins. En hvað gerðist? Verð til heimila hækkaði. Verð til fyrirtækja lækkaði út af því að fyrirtækin voru náttúrlega í betri stöðu til að semja við orkuframleiðendurna um orkuna og verð á orkunni en heimilin. Þetta er það sem er gert þar.

Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfa á. Ég get fyrir mína parta ekki fallist á að við séum að fara í þetta kerfi svona, sem ég er mjög hlynntur, tek það fram, frú forseti, en ég er ekki hlynntur því ef það þýðir að orkuverð til heimila og fyrirtækja í landinu hækkar. Þá spyr maður sjálfan sig: Til hvers vorum við að þessu? Hefðum við getað farið með tilskipunina frá Evrópusambandinu einhvern veginn öðruvísi, sem menn hafa verið með ýmsar meiningar um?

Hér verður að vanda mjög vel vinnuna í málinu. Þetta er flókið mál og erfitt að setja sig í þaula inn í alla hluta þess. Þetta hefur verið þannig hjá sumum hverjum sem hafa framleitt, eins og hjá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitunni, að dreifikerfið hefur verið greitt niður með ódýrri framleiðslu. Hvernig á að reikna þetta núna? Eiga menn að gera þetta áfram? Og þetta á ekki að hafa nein áhrif á verðið, eða eiga menn að fara eftir lögunum með arðsemiskröfurnar og allt það?

Það sem ég er að segja er að ég tel að flutningskerfið eigi að vera áfram í eigu hins opinbera með eðlilegar arðsemiskröfur. Ef við seljum þetta til aðila eiga arðsemiskröfurnar eftir að hækka og verðið þar af leiðandi líka. Sama gildir um grunnnet Símans, enn og aftur.

Ég er mjög fylgjandi fyrirkomulagi sem hvetur menn til að framleiða ódýrt rafmagn og geta selt það notanda sem kaupir það. Þá er hann í kerfi sem hann getur stungið í samband og greiðir fyrir flutninginn til notandans. Það er plúsinn í kerfinu. Við megum samt ekki hafa stýringar á kerfinu og allt það tæknilega flókið að orkuverðið hækki.

Ég vil slá þessa varnagla og skora á hv. iðnn. að skoða málið mjög gaumgæfilega til að ekki komi til slíks, því fyrir mína parta verður maður að taka mark á þeim mönnum sem hafa verið með þessar fullyrðingar í fjölmiðlum æ ofan í æ. Manni finnst einhvern veginn ekki hægt að láta þetta fljóta fram hjá og ég bið menn að skoða það og fara mjög varlega í málinu.

[16:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umræðuna sem hefur verið málefnaleg. Það er eðlilegt að fólk geri athugasemdir og hafi mismunandi skoðanir á málinu, þá er ég að tala um grundvallarþætti málsins. En ég hef, eftir að vera búin að vinna í málinu öll þau ár sem ég hef verið í iðnrn., sannfærst um að við erum að taka upp gott fyrirkomulag. Ég heyrði það á hv. síðasta ræðumanni að hann er fylgjandi fyrirkomulaginu og ég er ánægð að heyra það. En af því hann talaði um að við þyrftum að vanda okkur á hv. Alþingi í meðförum þingsins, vil ég segja að við erum búin að vera að vanda okkur öll þessi ár og höfum lagt gríðarlega vinnu í málið alveg frá upphafi, ekki bara síðan ég kom í ráðuneytið um áramótin 1999/2000 heldur alveg frá því að upphafleg vinna hófst við málið af hálfu forvera míns og þáltill. kom fyrir þingið eins og hv. þingmenn muna. Síðan er ferlið enn til umfjöllunar, þ.e. hvort hægt hefði verið að fá undanþágu frá tilskipuninni.

Ég fór yfir það í andsvari fyrr í umræðunni hvernig það mál var vaxið og hvað stjórnvöld gerðu til að athuga um slíkt. Í stuttu máli sagt var niðurstaðan sú að ekki væri hægt að fá undanþágu í sambandi við vinnsluna, þar yrði að taka upp samkeppni, vegna þess að þar erum við m.a. í samkeppni þó svo við séum eyland, þá er ég með stóriðjuna í huga.

Við hefðum getað fengið skilgreiningu sem einangrað ríki eða einangrað raforkukerfi, en þá þurftum við líka að geta sýnt fram á að það væri vandkvæðum bundið að taka upp fyrirkomulagið og miðað við niðurstöðu Orkustofnunar var það ekki vandkvæðum bundið. Ég vil halda því fram að

það sé ekki vandkvæðum bundið þó það sé gríðarlega flókið og mikil breyting sem við erum í raun að fara út í.

En er einhver tilbúinn að segja að fyrirkomulagið sem við höfum í dag sé óaðfinnanlegt? Ég held að það sé það ekki. Ég held að það að forstjórar allra orkufyrirtækjanna hafi verið mjög á varðbergi og ekki sérstaklega áfjáðir að taka upp þetta fyrirkomulag hafi kannski eitthvað með það að gera að þeir hafa verið að vinna í mjög lokuðu kerfi þar sem ekki hefur verið kallað á miklar upplýsingar og ekki verið mikil upplýsingaskylda í raun og því hefur verið mikið svigrúm til þess að færa kostnað á milli liða og annað slíkt. Þeim tíma er að ljúka og nú þurfa þeir að einbeita sér að því að reksturinn verði gegnsær. Og eftirlitið er til staðar og verður unnið að því af hálfu Orkustofnunar.

Ég vil þá svara þeirri spurningu sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni þegar hann talar um að enn eigi að reyna undanþágu. Ég tel að það sé ekki ástæða til þess og það er svarið. Hv. þm. verður fyrir vonbrigðum, ég veit það.

Svo er spurningin: Mun þetta hækka orkuverð til heimila eða ekki? Ég fór yfir það líka fyrr í umræðunni hvernig það dæmi lítur út miðað við orkufyrirtækin í landinu. Það hefur verið farið í gríðarlega vinnu til þess að átta sig á því. Hjá Hitaveitu Suðurnesja sýnist mér þetta hækka verðið um 2,5% og það er fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa notið algjörrar sérstöðu innan kerfisins með því að þurfa ekki að taka þátt í flutningskerfinu nema að mjög takmörkuðu leyti vegna eigin framleiðslu. Við erum ekki tilbúin að veita einu fyrirtæki einhver sérstök forréttindi og ég held að það standist bara ekki ákvæði EES-samningsins.

Það er svo sem ekki bara Hitaveita Suðurnesja sem notið hefur ákveðinna sérréttinda í þessum efnum, heldur má segja að það hafi líka átt við um Orkubú Vestfjarða og þar gæti verð hækkað um 1,5% miðað við þessar breytingar, hjá Norðurorku um 1,4%, Orkuveitu Reykjavíkur um 1%, en hins vegar lækkað um 2,6% hjá Rarik af því að Rarik hefur ekki notið sérstöðu, heldur hafa verið settar ákveðnar kvaðir á það fyrirtæki sem nú eru ekki heimilar og ekki ástæða til þess að viðhafa.

Þetta er það sem við höfum fengið út úr okkar reikningsdæmi og ég hlýt að halda því fram að þetta séu ekki breytingar sem eru svo miklar að ástæða sé til að gera mikið veður út af þeim.

Hins vegar miðað við tillögu frá þingmönnum Vinstri grænna eða sérálit sem kom frá þeim, þá eru þeir tilbúnir að leggja ákveðið gjald á alla kaupendur og sérstaklega náttúrlega á kaupendur á suðvesturhorninu. Ég tel að við verðum að fara ákveðna millileið í þessu með fullri virðingu fyrir aðstæðum landsbyggðarinnar, og ég sem ráðherra sem fer með þann málaflokk, byggðamál, tel samt að ekki sé hægt að ganga til hins ýtrasta í þessu sambandi og sú leið sem mælt er með í frv. að flutningskerfið nái niður á 66 kV (**JBjarn:** Framfærsluleiðin.) sé í raun ágætis millileið sem við ættum að geta sæst á.

Ég tel að það sé rétt ábending frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að við hefðum getað látið koma fram í greinargerð að ekki var samstaða í 19 manna nefndinni og það var bara klaufaskapur, held ég að megi segja. Hv. þm. hefur lagt sig fram um í dag að láta koma fram í umræðunni að það hafi orðið ágreiningur í nefndinni. En mér finnst hann ekki hafa verið mikill og þó svo að ekki fleiri hafi treyst sér til að skrifa undir nál. meiri hlutans þegar til kastanna kom var þetta ekki grundvallarágreiningur.

Varðandi fyrirspurnir sem hér hafa komið fram kom fyrirspurn frá hv. þm. Kjartani Ólafssyni um hvernig tryggt yrði að eigendur flutningsmannvirkja trassi ekki viðhald. Orkustofnun hefur þarna hlutverki að gegna. Hún getur beitt dagsektum sem eru allt upp í 500 þús. kr. á dag ef um vanrækslu er að ræða í sambandi við viðhald.

Komið er svar við því að Landsnet getur ekki í raun staðið í óskyldum rekstri.

Hvað varðar þrífösunina er það dreifiveitunnar að taka ákvarðanir um slíkt og það yrði borið undir Orkustofnun sem þarf að krefjast rökstuðnings fyrir öllum fjárfestingum og það yrði eins í sambandi við þrífösunina. Ég veit að þetta er eitt af hinum mikilvægu málum á landsbyggðinni og ég heyri það hvar sem ég kem á fundi.

Stórnotandi var eitt af því sem hv. þm. velti fyrir sér varðandi skilgreiningu. Það er skilgreint nokkuð þröngt, a.m.k. það þröngt að verið er að tala um einn mæli, þ.e. einn mælir er það sem þarna ræður ferð. Það er því ekki hægt að safna saman mælum þó að það tilheyri sama greiðanda og hann fái þannig afslátt.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson talaði um flókið kerfi sem verið væri að búa til og óttaðist það. Því er ekki að neita að fljótt á litið virðist þetta ansi flókið og sérstaklega er flókið að fara úr því kerfi sem við erum með í dag og yfir í þetta. En þegar við verðum búin að búa í nokkur ár við það kerfi hef ég trú á að það muni sanna sig.

Svo er það þetta „ef" sem margir hv. þm. hafa nefnt og mislíkar að þetta ákvæði skuli vera orðað eins og raun ber vitni í frv., að ríkið greiði kostnað við dreifingu í mesta dreifbýlinu. Ég get alveg tekið undir að þetta er ekki venjulegt orðalag í frv. eða lögum, þannig mér er ekki sárt um að þetta verði orðað með öðrum hætti ef það verður niðurstaða hv. nefndar.

Af því hv. þm. talaði um mikinn kostnað við raforkukaup iðnfyrirtækja á landsbyggðinni, þá eru náttúrlega, eins og kom fram í máli mínu áðan, líkur á því að á Rarik-svæðinu verði um lækkun að ræða hjá kaupendum raforku, ekki síst á þéttbýlissvæðunum þar sem iðnfyrirtækin eru fyrst og fremst, af því að Rarik hefur eins og menn vita jafnað innan dreifikerfis síns með því að láta þéttbýlið í raun greiða fyrir dreifbýlið. En það verður ekki um það að ræða í hinu nýja kerfi.

Ég ætla ekki að fara mjög djúpt ofan í hugtök og frasa sem eru einkavæðingarfrasar, og hafa verið nefndir dálítið mikið í umræðunni. Verið er að markaðsvæða og það er ekki það sama og að einkavæða. Ég tel það fyrirkomulag að Landsnetið sé hlutafélag sé í raun mjög eðlilegt. Það er skýrt rekstrarform sem við þekkjum og hefur marga kosti. En það væri flókið mál ef ríkið þyrfti að fara að kaupa flutningsvirki af þeim fyrirtækjum sem eiga flutningsvirki önnur en ríkið og ekki kannski sérstaklega auðvelt að ná samningum um slíkt. Þetta er því allt í býsna góðu standi að mínu mati.

Þá er þetta komið að mörgu leyti. Hv. þm. las upp sérálit ASÍ og BSRB og við erum svo ljónheppin á hv. Alþingi að við erum með ágætan fulltrúa hér frá BSRB sem getur komið því vel á framfæri sem þar er sagt. En mér fannst það álit ekki vera mjög róttækt og það fellur í raun á margan hátt að því sem hér er lagt til í frv. (**JBjarn:** Arðsemin og eignarhaldið, fjarri því.) Ja, arðsemin, það er talað um að arðsemin eigi ekki að vera há en við verðum að bara horfast í augu við það að þegar búið er að taka þetta kerfi og einangra það er ekki hægt að reka það til frambúðar nema krefjast

einhverrar arðsemi. Það sem hefur verið gert fram að þessu er að orkufyrirtækin hafa verið að taka fjármagn úr öðrum geirum til að geta viðhaldið þessum þáttum sem eru sérleyfisþættir, dreifikerfið og flutningskerfið, og það er bara ekki hægt í þessu nýja kerfi og þess vegna ekki hægt að reka það til langframa nema þar sé krafist einhverrar arðsemi.

Þarna er farin ákveðin millileið. Við erum ekki að ganga eins langt og t.d. Samtök atvinnulífsins í séráliti sínu. Þeim finnst þetta allt of lág arðsemiskrafa. Mér finnst hún viðunandi og þegar við tölum um að hún muni hækka meinum við náttúrlega fyrst og fremst það að hún hækki ekki vegna þess að verðið sé hækkað, heldur að fyrirtækin nái að hagræða.

Ég held ég hafi þá ekki fleiri orð um þetta. Ég var búin að koma upp í andsvörum nokkrum sinnum og svara einhverju af því sem þá hafði komið fram. En við lok umræðunnar vil ég bara þakka fyrir hana. Ég er bjartsýn á að við náum að búa til kerfi sem verður skilvirkt og okkur til framdráttar þegar til lengri tíma er litið.

[16:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra segir að þetta sé býsna gott frv. og að mjög hafi verið vandað til þess. Ég efast ekki um að menn hafi vandað sig við vinnuna. En hins vegar er mörgum spurningum ósvarað, t.d. ýmsu sem lýtur að kostnaði við þessar kerfisbreytingar og þar heyrum við yfirlýsingar frá þeim sem vel þekkja til í þessum geira bera brigður á það sem frá stjórnvöldum kemur.

Hitt er rangt hjá hæstv. ráðherra að við höfum, eins og hún segir og vísar þar væntanlega í ríkisstjórnina, vandað okkur mjög í öllu þessu ferli. Svo var ekki. Þegar sú grundvallarafstaða var tekin árið 1999 að samþykkja tilskipun Evrópusambandsins frá 1996 hafði engin umræða farið fram um þetta í landinu. Og þegar þál. var samþykkt árið 2000, aðeins gegn andmælum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fór engin umræða fram um málið. Það er ekki fyrr en á síðari stigum, eftir að allar grundvallarákvarðanir hafa verið teknar, að menn setjast niður og fara að vinna sín mál. Þá er það svo að veigamikil atriði eru óútkljáð, t.d. eftirlitsþátturinn, hvað kemur hann til með að kosta? Og ýmislegt sem lýtur að öðrum kostnaði.

Það er hins vegar ekki þetta sem við gagnrýnum fyrst og fremst þó að það sé ámælisvert og þurfi að hreinsa upp áður en málið heldur lengra, heldur sú grundvallarstefnubreyting sem frv. felur í sér og hefur mætt mikilli andstöðu í þjóðfélaginu. Menn skyldu ekki gera lítið úr því þegar stærstu heildarsamtök launafólks í landinu vara við þeirri þróun sem ríkisstjórnin er að halda með okkur inn á með einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkugeirans á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum, 777. mál, fsp. JBjart, þskj. 1177.

Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni, 775. mál, fsp. KLM, þskj. 1175.

Framboð og kjör forseta Íslands, 748. mál, nál. allshn., þskj. 1174.

Fríverslunarsamningur við Kanada, 771. mál, fsp. RG, þskj. 1169.

Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu, 776. mál, fsp. JBjart, þskj. 1176.

Hlutur ábyrgðarmanna í endurgreiðslum námslána, 778. mál, fsp. JBjart, þskj. 1178.

Hugbúnaðarkerfi ríkisins, 498. mál, svar fjmrh., þskj. 1158.

Hverfaskipting grunnskóla, 772. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1170.

Jöfnun búsetuskilyrða á landinu, 773. mál, fsp. KLM, þskj. 1171.

Lækkun flutningskostnaðar, 774. mál, fsp. KLM, þskj. 1172.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, 482. mál, nál. utanrmn., þskj. 1147.

Úthald rannsóknarskipa, 770. mál, fsp. JÁ, þskj. 1168.

Varðveisla Hólavallagarðs, 765. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 1153.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 764. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 1149.

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 751. mál (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). — Þskj. 1122.

[17:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Með frv. þessu sem lagt er fram í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 29. nóvember 2002, um aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum, er aðallega stefnt að breytingum á lögum um einkaleyfi vegna aðildar Íslands að *evrópska einkaleyfasamningnum, auk breytinga vegna* ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi sem Ísland er aðili að og samræmingar á einkaleyfaframkvæmd á alþjóðavettvangi.

Evrópski einkaleyfasamningurinn var undirritaður árið 1973 og gekk í gildi 1977, en var m.a. breytt árið 2000. Þá var einnig gert ráð fyrir aðild að samningi sem snertir 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins og varðar þýðingar einkaleyfa.

Utanrrh. leggur fram þáltill. sem geymir m.a. texta viðkomandi samningsákvæða. Í tillögu hans verður farið fram á heimild til aðildar að samningnum.

Það skal tekið fram að Evrópska einkaleyfastofnunin, European Patent Organisation, (EPO) sem hefur höfuðstöðvar í München, er sæðisstofnun í skilningi samstarfssamningsins um einkaleyfi. Í samstarfssamningnum felst að leggja má inn alþjóðlegar umsóknir sem sendar eru áfram til einstakra ríkja til skráningar.

Markmið með evrópska einkaleyfasamningnum er hins vegar að koma upp samræmdu einkaleyfakerfi í Evrópu sem gerir það auðveldara, ódýrara og tryggara að fá einkaleyfi í aðildarríkjum, eða evrópska einkaleyfasamningnum. Má þannig sækja um einkaleyfi á einum stað á einu tungumáli fyrir aðildarríkin öll. Sömu réttindi fást við veitingu leyfis og ef sótt væri um í einstöku ríki. Verður kostnaðurinn við

að fá evrópsk einkaleyfi almennt svipaður og kosta mundi að öðlast einkaleyfi með því að leita til þriggja ríkja.

Til samanburðar má nefna að í heiminum er að meðaltali sótt um einkaleyfi í níu ríkjum fyrir hverja uppfinningu, þannig að augljós sparnaður getur hlotist af aðild að evrópska einkaleyfasamningnum.

Þess má geta til fróðleiks að á árinu 2002 voru yfir 4 milljónir einkaleyfa í gildi í heiminum. Umsóknarfjöldi á hverju ári í heiminum öllum hefur verið um 700.000. Evrópska einkaleyfastofnunin fékk um 150.000 umsóknir á árinu 2001 til meðferðar, eða um fimmta hluta allra einkaleyfaumsókna í heiminum.

Hinn 1. ágúst 2003 voru aðildarríki að evrópska einkaleyfasamningnum 27, m.a. öll 15 ríki Evrópusambandsins og auk þess Sviss, Liechtenstein, Tékkland, Slóvakía, Búlgaría, Eistland, Tyrkland, Kýpur, Mónakó, Slóvenía, Ungverjaland og Rúmenía. Á árinu 2004 er ráðgert að Pólland, Litháen, Lettland og Malta bætist við. Af Norðurlöndunum eru það aðeins Ísland og Noregur sem eiga ekki aðild að evrópska einkaleyfasamningnum. Gert er ráð fyrir aðild Noregs á árinu 2005.

Aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum og gerð lagafrv. á sér nokkurn aðdraganda. Meðal annars komst nefnd, sem ég sem iðnrh. skipaði, að þeirri niðurstöðu á árinu 2001 að kostir aðildar Íslands að samningnum væru ráðandi og að engin veigamikil atriði mæltu á móti henni. Vinna við gerð frv. mæddi einkum á iðnrn. og Einkaleyfastofunni. Frumvarpið er í öllum meginatriðum samhljóða löggjöf um evrópsk einkaleyfi annars staðar á Norðurlöndunum. Með evrópska einkaleyfasamningnum er verið að styrkja samvinnu meðal Evrópuríkja varðandi vernd uppfinninga. Eru einkaleyfi veitt á grundvelli sameiginlegrar málsmeðferðar. Með einni umsókn á ensku, þýsku eða frönsku er unnt að fá einkaleyfi í fleiri en einu aðildarríki. Má segja að evrópskt einkaleyfi sé ígildi margra landsbundinna einkaleyfa sem þarf þó að staðfesta í hverju landi til að það öðlist gildi. Evrópskt einkaleyfi, sem hefur verið staðfest í aðildarríki, veitir sömu réttindi og einkaleyfi veitt í viðkomandi landi.

Þótt íslenskir aðilar hafi getað sent umsóknir til Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar, er nú talið rétt að Ísland skipi sér í sess með nágrannaríkjum sínum með aðild að samningnum. Er talið að viðskiptaumhverfi og samkeppnisstaða fyrirtækja hér á landi batni með frv. verði það að lögum. Verður íslenskum aðilum gert kleift að öðlast réttindi í mörgum ríkjum með einu einkaleyfi með einfaldari og ódýrari hætti.

Fleiri kostir geta tengst aðild. Samheitalyfjaiðnaðurinn telur hins vegar að einhver aukning einkaleyfa geti orðið hér á landi af hálfu lítilla erlendra lyfjaframleiðenda, en erfitt er að meta neikvæð áhrif af slíku. Stóru erlendu lyfjaframleiðendurnir eru taldir gæta hagsmuna sinna með einkaleyfi hér á landi, hvort sem Ísland er aðili að evrópska einkaleyfasamningnum eða ekki. Í þessu sambandi má minna á að það mun hafa jákvæð á hrif á hagsmuni íslenskra samheitalyfjaframleiðenda að Evrópusambandið er um þessar mundir að breyta reglum sínum um möguleika á þróun og skráningu samheitalyfja á einkaleyfistíma og hins vegar um leynd lyfjaupplýsinga.

Ég vil taka fram að í frv. er tekið tillit til þeirra breytinga sem samþykktar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000, þar eð stefnt er að því að Ísland verði aðili að breytingasamningnum, auk samningsins frá 1973.

Þá er gert ráð fyrir, eins og ég hef greint frá, að Ísland gerist aðili að svokölluðum Lundúnasamningi um beitingu 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins samfara aðild að þeim samningi. Geta aðildarríkin á grundvelli samningsins vikið í heild eða að hluta frá kröfum um þýðingar á einkaleyfum. Þannig þarf ekki að þýða einkaleyfislýsingu, en heimilt er að krefjast þýðingar á einkaleyfiskröfum sem eru mun styttri. Getur þýðingarkostnaðurinn lækkað stórlega við þetta eða um u.þ.b. 50%.

Hvað snertir áhrif aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum vil ég fyrst taka fram að miklar breytingar hafa orðið á einkaleyfamálum undanfarna áratugi. Hafa þær einkennst af stórauknu alþjóðlegu samstarfi m.a. svæðisbundnu samstarfi og samræmingu reglna. Því hafa orðið til alþjóðleg kerfi til hagræðis þeim sem sækjast eftir verndun uppfinninga sinna. Evrópska einkaleyfastofan, European Patent Office, sem er hluti af Evrópsku einkaleyfastofnuninni, er ein af þremur helstu stofnunum í heiminum sem veita einkaleyfi. Hinar tvær eru bandarísk einkaleyfastofan og japanska einkaleyfastofan.

Eins og áður segir fer um fimmta hver einkaleyfisumsókn í heiminum til Evrópsku einkaleyfastofunnar og með starfi hennar er reynt að stuðla að meiri nýsköpun, aukinni samkeppni og eflingu hagvaxtar í Evrópu, enda er hátæknisamfélag nútímans talið krefjast öflugs og trausts einkaleyfakerfis sem nýta má til umbunar og verndar fyrir þá sem vinna að nýsköpun og þróun. Með aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum er rennt frekari stoðum undir nýsköpun og þróun hér á landi.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar við veitingu einkaleyfa mun breytast nokkuð við aðild að evrópska einkaleyfasamningnum. Evrópska einkaleyfastofan veitir einkaleyfi fyrir öll aðildarríki sín. Búast má við því að meiri hluti allra einkaleyfa hér á landi verði einkaleyfi frá Evrópsku einkaleyfastofunni. Ýmis ný verkefni munu tengjast útgáfu evrópsku einkaleyfanna hér á landi og draga mun úr verkefnum sem tengjast útgáfu landsbundinna einkaleyfa. Verkefni Einkaleyfastofunnar munu því breytast. Jafnframt mun aðildin hafa áhrif á rekstur Einkaleyfastofunnar. Einkaleyfayfirvöld í aðildarríkjum hafa ekki tekjur af evrópskum einkaleyfisumsóknum. Tekjur þeirra byggjast á útgáfugjöldum og árgjöldum fyrir veitt einkaleyfi en helmingur árgjaldanna nánar tiltekið rennur til aðildarríkjanna.

Gera má ráð fyrir að tekjur Einkaleyfastofunnar dragist því verulega saman í 3–5 ár eftir aðild að evrópska einkaleyfasamningnum þegar umsóknagjöld dragast saman en aukist síðan eftir það þegar Einkaleyfastofan fer að fá hluta árgjalda af einkaleyfum og útgáfugjöld.

Helstu nýmæli frv. eru þau að bætt er inn í einkaleyfalöggjöfina kafla um evrópsk einkaleyfi þar sem íslensk löggjöf er samræmd evrópska einkaleyfasamningnum frá 1973, breytingum á þeim samningi frá 2000 og Lundúnasamningnum varðandi þýðingar, sem snertir 65. gr. samningsins. Verður þannig skapaður lagagrundvöllur fyrir það að unnt sé að framfylgja viðkomandi samningum hér á landi.

Má nefna sem dæmi að afnumin er sú takmörkun varðandi einkaleyfishæfi þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir að um fyrstu læknisfræðilegu notkun þurfi að vera að ræða. Hefur framkvæmd meðal ríkja víða breyst varðandi þetta atriði. Þannig eru nú víða veitt einkaleyfi fyrir uppfinningu sem varða það þegar fundin er ný læknisfræðileg notkun þekkts efnis.

Ekki þykir ástæða til að geta allra nýmæla í ræðu minni hér, hæstv. forseti. En ég mælist til þess að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 1. umr.

Stjfrv., 754. mál (breytt eignarhald). — Þskj. 1129. [17:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum, um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, sem er 754. mál þingsins.

Frumvarpið er flutt til að afla heimilda til að gera breytingar á aðalsamningi á milli ríkisstjórnar Íslands, Elkem ASA og Íslenska járnblendifélagsins ehf. Breytingarnar eru fyrst og fremst tilkomnar vegna breytinga á eignarhaldi Íslenska járnblendifélagsins. Þá er í frv. lagt til að ýmis ákvæði laga nr. 18/1977 verði felld úr gildi eða þeim breytt þar sem þau eru ýmist orðin óþörf eða úrelt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á rekstri Íslenska járnblendifélagsins. Í kjölfar undirritunar samnings um aukningu hlutafjár og stækkun verksmiðju félagsins árið 1997 öðlaðist norska fyrirtækið Elkem ASA meiri hluta í félaginu. Ári síðar ákvað ríkisstjórnin að selja hluta af hlutabréfum ríkissjóðs í félaginu til kjölfestufjárfesta, auk þess sem almenningi og starfsmönnum Íslenska járnblendifélagsins var boðið að kaupa bréf í félaginu. Íslenska járnblendifélagið var skráð á aðallista Verðbréfaþings Íslands 18. maí 1998.

Í kjölfar skráningar á Verðbréfaþingi Íslands komu upp erfiðleikar í rekstri félagsins sem nánari grein er gerð fyrir í grg. frv. Þessir erfiðleikar leiddu til þess að hluthafar urðu í tvígang að grípa til hlutafjáraukningar. Tók ríkissjóður þátt í þeim aðgerðum, sem m.a. voru hugsaðar til að koma í veg fyrir að sú hætta skapaðist að félagið gæti ekki staðið við skilmála langtímalána um lágmarkseiginfjárhlutfall.

Í maí 2002 áttu fulltrúar Elkem og iðnrn. fund um málefni Íslenska járnblendifélagsins. Á fundinum kom fram að Elkem hafði hug á að auka hlutafé félagsins enn frekar og breyta rekstri félagsins þannig að möguleikar gæfust á að fara út í annars konar framleiðslu, samhliða öðrum rekstri. Vegna þeirra breytinga væri þörf á umtalsverðri fjárfestingu og lýsti Elkem yfir áhuga á að eignarhald yrði einungis á hendi Elkem. Fyrir lá sú stefna ríkisstjórnarinnar að hverfa úr félaginu sem eignaraðili og að ríkissjóður hefði því ekki hug á að taka þátt í frekari hlutafjáraukningu.

Í kjölfar þess fundar ákvað ríkisstjórnin að ganga til viðræðna við Elkem með það að leiðarljósi að ríkissjóður færi út úr félaginu, en reynt yrði að tryggja hagsmuni annarra smærri hluthafa eftir því sem kostur væri. Viðræður við Elkem voru teknar upp að nýju í lok árs 2002 og 11. desember það ár undirrituðu fulltrúar iðnrh., Sumitomo Corporation og Elkem samninga um kaup Elkem á hlut ríkissjóðs og Sumitomo í Íslenska járnblendifélaginu. Eftir kaupin átti Elkem 86,51% allra útgefinna hluta í félaginu. Í samningnum var jafnframt tryggt að Elkem byðist til að kaupa hluti annarra hluthafa á sömu kjörum. Í samræmi við þetta gerði Elkem öðrum hluthöfum kauptilboð og bárust 434 samþykki frá hluthöfum. Við það varð hlutur Elkem í Íslenska járnblendifélaginu 97,18%. Í kjölfar þessara viðskipta var ljóst að félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði skráningar í Kauphöll Ísland og var félagið afskráð í mars á síðasta ári. Í lok síðasta árs eignaðist Elkem síðustu hlutina í Íslenska járnblendifélaginu og varð þar með eini eigandi félagsins. Í kjölfarið var Íslenska járnblendifélaginu breytt í einkahlutafélag.

Samhliða undirritun samninga um kaup á hlut ríkisins og Sumitomo í Íslenska járnblendifélaginu undirrituðu fulltrúar ríkisstjórnar Íslands, Elkem, Sumitomo og Íslenska járnblendifélagsins viðauka við aðalsamning aðila þar sem felld *voru brott ákvæði sem vörðuðu eignarfyrirkomulag* og ekki höfðu lengur þýðingu í ljósi þess að íslenska ríkið og Sumitomo voru ekki lengur hluthafar. Í samningnum var jafnframt kveðið á um að ríkisstjórnin og Elkem mundu gera aðrar nauðsynlegar breytingar á aðalsamningnum fyrir 31. maí 2003. Viðræður um þessar breytingar hafa staðið lengur en ráð var fyrir gert í upphafi en nú liggja fyrir drög að nýjum aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Elkem ASA og Íslenska járnblendifélagsins ehf.

Helstu breytingar frá gildandi samningi eru að Sumitomo er ekki lengur aðili að samningnum og aðild ríkisstjórnarinnar takmarkast við stjórnskipulegar valdheimildir og ekki er lengur um að ræða nein ákvæði er varða réttindi eða skyldur ríkisins sem eins af hluthöfum félagsins. Í samningnum er kveðið á um að Elkem og Íslenska járnblendifélagið ehf. skuli halda í gildi rafmagnssamningi við Landsvirkjun, lóðarleigusamningi við ríkissjóð og hafnarsamningi við Hafnarsjóð Grundartangahafnar. Ákvæði er varða skráningu og tilgang félagsins standa óbreytt en tekin hafa verið inn ný ákvæði varðandi heimildir Elkem til framsals á eignarhlutum í Íslenska járnblendifélaginu. Ákvæðum um rekstur verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hefur verið fækkað nokkuð en þau sem eftir standa eru tekin nær óbreytt úr gildandi aðalsamningi. Í drögunum er að finna nýmæli að því er varðar reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum Íslenska járnblendifélagsins við Elkem og fyrirtæki í eignatengslum við eigandann. Þessi ákvæði eru ný og sambærileg *ákvæðum fjárfestingarsamnings um álverksmiðju í* Reyðarfirði, en nauðsynlegt er að taka upp slík ákvæði í ljósi breytinga á eignarhaldi félagsins. Í viðauka við samningsdrögin er að finna nánari útfærslu í þessu efni. Ákvæði um umhverfis-, öryggis- og starfsmannamál eru nánast óbreytt eins og ákvæði er varða skattamál félagsins og Elkem. Breytingar á umræddum ákvæðum felast fyrst og fremst í niðurfellingu á úreltum ákvæðum og uppfærslu lagatilvísana. Þó er að finna þrjú ný ákvæði varðandi skattamál sem eru efnislega samhljóða ákvæðum í áðurnefndum fjárfestingarsamningi. Orðalag ákvæða varðandi aðflutningsgjöld hafa verið samræmd ákvæðum fjárfestingarsamnings um álverksmiðju í Reyðarfirði en breytingarnar fela ekki í sér neina efnisbreytingu. Önnur ákvæði samningsins standa óbreytt að öðru leyti en því að þeim er breytt í samræmi við breytingar á eignarhaldi og sum þeirra einfölduð og stytt.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar yfir frv. en mælist til þess að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 1. umr.

Stjfrv., 734. mál (EES-reglur, gildissvið). — Þskj. 1090. [17:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum. Málið er á þskj. 1090 og er 734. mál þingsins.

Frumvarpið miðar að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001, um öryggi vöru.

Tilskipunin felur í sér endurskoðun á eldri tilskipun 92/59/EBE frá 29. júní 1992, um öryggi framleiðsluvöru, en gildandi ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eru íslensk innleiðing á ákvæðum þeirrar tilskipunar.

Við endurskoðun tilskipunarinnar hefur verið höfð hliðsjón af þeirri reynslu sem eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið á undanförnum árum við framkvæmd eftirlits með vörum og þjónustu sem veitt er í tengslum við þær, samanber ákvæði núgildandi laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Í frv. því sem ég mæli hér fyrir er því að finna ýmsar endurbætur á gildandi lagaákvæðum um öryggi vöru sem innleiða þarf vegna endurbóta sem gerðar hafa verið á tilskipuninni um öryggi vöru.

Á framleiðendum og dreifingaraðilum hvílir sú almenna skylda að framleiða og markaðssetja einungis vöru sem ekki geti valdið hættu eða tjóni fyrir neytendur sem jafnframt uppfylla evrópska staðla um hættueiginleika vöru þegar það á við.

Á meðal einstakra nýmæla í frv. má nefna að þar er nú að finna skýrari ákvæði um að vara telst vera örugg ef hún er framleidd í samræmi við evrópska staðla sem gilda um öryggi vöru og hafa verið samþykktir og birtir á Evrópska efnahagssvæðinu. Evrópskir öryggisstaðlar eru unnir af evrópsku staðlasamtökunum á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni og verða þeir birtir hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir aukinni upplýsingaskyldu af hálfu framleiðenda og dreifingaraðila um hættueiginleika vörunnar. Einnig ber þeim að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að afturkalla vörur sem hafa komið á markað og í ljós hefur komið að geti valdið hættu fyrir neytendur og almenna kaupendur vörunnar. Framleiðendum og dreifingaraðilum ber sem fyrr segir að gæta þess að vörur sem þeir markaðssetja uppfylli þær kröfur sem t.d. staðlar gera varðandi öryggi vörunnar. Samkvæmt reglum staðla ber framleiðendum og dreifingaraðilum að tryggja sönnun fyrir því að vörur uppfylli gildandi kröfur með útgáfu skjala eða svonefndra samræmisyfirlýsinga þar sem skjalfest er hvernig kröfur staðla hafa verið uppfylltar um öryggi vörunnar. Það veitir þeim einnig heimild og skyldu til að merkja vörurnar með svonefndu CE-merki.

Í því frv. sem ég mæli fyrir er kveðið skýrt á um að á framleiðendum og dreifingaraðilum hvíli skylda til geymslu á skjölum sem tengjast vörunni. Framangreint ákvæði tryggir einnig að unnt verður að rekja feril hættulegrar vöru sem eftirlitsstjórnvöld telja að eigi að afturkalla af markaði af einhverjum ástæðum sem varða öryggiseiginleika vörunnar. Auk þess er lagt til að skylda verði lögð á framleiðendur og dreifingaraðila að upplýsa eftirlitsstjórnvöld um að vara sem sett hefur verið á markað sé hættuleg eða verulega áhætta geti fylgt notkun hennar án frekari öryggisráðstafana eða úrbóta af hálfu framleiðenda eða dreifingaraðila.

Til að stuðla að betri neytendavernd og auka öryggi almennings er í frv. lagt til að heimilt verði með ákvæðum í reglugerð, sem sett er að fenginni umsögn eftirlitsstjórnvalda, að krefjast þess að aðvaranir og upplýsingar um hættueiginleika vöru séu á íslensku enda geti notkun haft með sér áhættu fyrir neytendur við tiltekin skilyrði sem nauðsynlegt er að veita þeim upplýsingar um á þeirra eigin móðurmáli.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frv. og ég hef gert grein fyrir snúa þó ekki einungis að því að aðlaga íslensk lög að fyrrgreindri tilskipun um vöruöryggi. Í frv. er einnig lagt til að gildissvið laganna verði fært út þannig að þau nái einnig til þjónustu en ekki einungis til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eins og gert er í gildandi lögum um öryggi vöru. Þessi tillaga er í samræmi við lagaþróun á Norðurlöndum en einnig á sér stað umræða í þessa átt á vettvangi Evrópusambandsins.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni um þetta frv. sem varðar öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 2. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 605, nál. 1151, brtt. 1152. [17:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. efh.- og viðskn. um frv. til laga um erfðafjárskatt, sem er á þskj. 1151. Þá flytur nefndin brtt. við frv. sem er á þskj. 1152.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Elvu Ósk Wiium, lögfræðing í fjármálaráðuneyti. Auk þess bárust nefndinni skriflegar umsagnir fjölda aðila sem hún fór yfir og ræddi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er þar gerð tillaga um miklar breytingar frá núgildandi lögum. Þar er helst að telja verulega lækkun skatthlutfallsins, sem fór hæst í 45% en fer samkvæmt frv. hæst í 10%, og hækkun skattfrelsismarka sem og mikla einföldun á regluverkinu. Í frumvarpinu er einnig að finna breytingar á flokkun skattaðila og hverjir skuli teljast skattskyldir, ákvæði um ákvörðun skattstofns erfðafjárskatts eru gerð skýrari en ákvæði gildandi laga og málsmeðferð erfðaskattsmála hjá stjórnvöldum breytt og erfingjum veitt kæruheimild til yfirskattanefndar.

Nefndin fagnar framkomu frumvarpsins og telur flest atriði þess horfa til verulegra bóta en að tillögu fulltrúa meiri hlutans um eitt skatthlutfall fyrir alla og eftir umræður um ýmsa aðra þætti málsins í nefndinni tók formaður nefndarinnar til sérstakrar athugunar að gera breytingar á frumvarpinu sem skyldu miða að enn frekari einföldun og jöfnun á stöðu erfingja. Formaður nefndarinnar samdi tillögur sem hann lagði fyrir nefndina til samþykktar og grundvallast álit þetta á þeim tillögum að verulegu leyti. Þær tillögur eru á þskj. 1152.

Í frumvarpinu er lagt til að erfðafé verði skattlagt með tilliti til þess í hvaða flokki það lendir eftir skyldleika erfingja við arfleifandann. Þannig er lagt til að börn og aðrir niðjar arfleifanda greiði 5% erfðafjárskatt en foreldrar, systkini og aðrir greiði 10% erfðafjárskatt. Út frá athugasemdum við frumvarpið má álykta að meðalskatthlutfall hefði orðið 5,75% miðað við að 85% erfingja lentu í lægra skattþrepinu, en í lægra skattþrepinu lenti arfur eftir þá arfleifendur sem höfðu átt barn eða niðja á ævinni. Nefndin leggur til að skatthlutfallið verði jafnað þannig að allir greiði 5% erfðafjárskatt. Þó skuli fyrstu 1.000.000 kr. í búi vera skattfrjálsar sem og arfur til maka eins og frumvarpið hafði gert ráð fyrir.

Jöfnun skatthlutfallsins í 5%, og tekjutap þess vegna, er mætt með breytingum á eignamati hlutabréfa. Nefndin leggur til þær breytingar að þau verði metin á markaðsverði eða innra virði félags í stað nafnverðs eins og nú er gert og frumvarpið miðast við. Nefndin telur þessar breytingar í samræmi við markmið frumvarpsins um að erfðafjárskattur skuli lagður á markaðsverð eigna og telur hún ekki ástæðu til að undanskilja hlutabréf frá þeirri reglu. Verðmæti hlutafélaga hefur breyst mikið á undanförnum árum og er nafnverð ekki lengur sá mælikvarði á verðmæti þeirra sem það áður var.

Það að skattleggja alla erfingja utan maka með sama skatthlutfalli leiðir til enn frekari einföldunar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og ætti að gera lögin aðgengilegri fyrir almenning.

Til að gera alla framkvæmd skýrari leggur nefndin til að mat á verðmæti eigna miðist við dánardag arfleifanda nema þegar um er að ræða fyrirframgreiddan arf eða skipti á óskiptu búi.

Nefndin leggur til breytingar á 1. gr. þannig að miðað er við að öll búskipti hér á landi falli undir lögin og þar með eignir búanna um allan heim. Enn fremur taki lögin til eigna hér á landi sem falla til búa sem skipt er erlendis og krefjast m.a. atbeina innlendra aðila við eigendaskiptin. Þetta er útvíkkun frá því sem er í frv. þar sem gert var ráð fyrir því að einungis fasteignir sem falla undir bú erlendis skyldu vera skattskyld. Slík skipti falla þó í ákveðnum tilvikum undir tvísköttunarsamninga sem íslenska ríkið hefur gert við önnur ríki.

Í tillögum nefndarinnar kemur ný 2. gr. í stað 2.–7. gr. frv. Helgast sú einföldun af því að samkvæmt tillögunum greiða allir sama skatthlutfall af arfi nema þeir séu undanþegnir skattskyldunni. Leiðir þetta til mjög mikillar einföldunar á lagasetningunni og regluverkinu. Með brtt. er skatturinn mjög einfaldur, hann er 5%. Þó skuli fyrstu 1.000.000 kr. í búi vera skattfrjálsar sem og arfur til maka.

Önnur meginbreytingin í tillögum nefndarinnar felst í breyttu mati á verðmæti hlutabréfa og getur það leitt til hækkunar erfðafjárskatts í einstökum tilfellum miðað við gildandi lög og ákvæði frv. Þessi breyting er hins vegar sanngjörn og tekur mið af þróun á verðmati hlutafélaga. Á þeim tíma sem nafnverð hlutabréfa var tekið upp í lög um erfðafjárskatt var það góður mælikvarði á verðmæti hlutafélaga. Frá þeim tíma hefur orðið mikil breyting með tilkomu virks markaðar með hlutabréf og breytingum á skattalegri meðhöndlun arðs af hlutafé. Þessar breytingar hafa leitt til þess að nafnverð gefur oft ekki rétta mynd af hinu raunverulega verðmæti hlutabréfa og er breytingum sem nefndin leggur til ætlað að taka á þessu. Allar eignir skulu metnar á markaðsvirði, jafnt hlutabréf sem aðrar eignir.

Ekki er hægt að bera saman álagningu eignarskatts og erfðafjárskatts hvað varðar skattlagningu eigna í hlutafélögum þar sem félagið greiðir eignarskatt af öllum eignum öðrum en nafnverði hlutafjár en eignaskatt af nafnverðinu greiðir eigandi hlutafjárins. Öll eignin í hlutafélagi er því skattlögð á þann hátt við álagningu eignarskatts. Þess vegna er ekki fullnægjandi að miða erfðafjárskattinn aðeins við nafnverð hlutafjár á sama hátt hjá eigandanum þar sem félagið greiðir ekki erfðafjárskatt af eignum sínum umfram nafnverð hlutafjár þegar eigandinn fellur frá, eðli máls samkvæmt.

Ekki er lögð til efnisleg breyting á 10. gr. frv., er verður 5. gr., sem snertir skuldir bús en rétt er að árétta að skuldir skulu metnar með áföllnum vöxtum og verðbótum á dánardegi eins og gert er við mat á sambærilegum eignum.

Nefndin leitaði í vinnu sinni upplýsinga um hvernig farið er með stofnverð til útreiknings á fjármagnstekjuskatti þegar eign erfist. Fram kom hjá ríkisskattstjóra að þar sé miðað við að fjármagnstekjuskattur reiknist út frá stofnverði eignar í hendi arfleifanda til söluverðs hjá erfingja seinna án tillits til verðmats eignarinnar til erfðafjárskatts og verður ekki séð að frv. eða brtt. nefndarinnar breyti þessu, enda fer það mat eftir ákvæðum annarra laga.

Nefndin gerir tillögu um að gildistaka laganna verði 1. apríl í stað 1. júlí 2004, sem var í frv., með þá hugsun að leiðarljósi að ekki líði langur tími frá því að frv. verður samþykkt sem lög á Alþingi þar til þau taka gildi vegna eðlis málsins. Miðað er við að þeir falli undir lögin sem andast eftir að lögin taka gildi.

Með leyfi forseta vil ég lesa hvernig ákvæðið hljómar í brtt. nefndarinnar:

„Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2004 og taka til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar.“

Það er sem sagt alveg á hreinu að þeir sem andast 1. apríl eða síðar falla undir lögin og getur það leitt til mikillar breytingar á erfðafjárskatti til hækkunar en yfirleitt alltaf til mikillar lækkunar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þskj., 1152.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja brtt. við málið. Fyrirvari þeirra lýtur fyrst og fremst að brottfalli heimildar til handa ráðherra til að undanþiggja kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög greiðslu erfðafjárskatts.

Þessir aðilar munu eftir breytinguna sem hv. efh.- og viðskn. gerir einungis greiða 5% skatt í stað 10% eins og gert var ráð fyrir í frv. sem lagt var fram og nefndin hafði til umfjöllunar.

[17:36]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um breytingu á lögum um erfðafjárskatt. Mér er nokkuð kunnugt um frv. því ég lagði fram frv. af sama toga fyrir þingið fyrir ári síðan ásamt nokkrum öðrum flutningsmönnum þar sem lagt var til að það yrði eitt skattþrep, 5%.

Lögin í dag eru þannig að það eru þrjú þrep, þ.e. fyrst er erfð allt að 10%, þegar kemur til næstu erfða er það 25% og svo 45% þegar það er fjarskyldara.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir leggur til að það skuli vera tvö þrep, þ.e. 5% við fyrstu erfð og 10% við aðra.

Eftir að nefndin skoðaði málið, eins og formaður nefndarinnar fór í gegnum áðan, hefur komið breyting um að þetta verði eitt skattþrep, þ.e. að allir borgi hið sama óháð erfð, einnig líknarfélög. Það eru engar undanþágur og einfaldur skattur. (**Gripið fram í:** Núll fyrir maka.) Já, og svo er núll fyrir maka sem sitja í óskiptu búi.

Sumir vilja halda því fram að erfðafjárskattur sé ósanngjarn skattur. Það má rétt vera. Það eru tvö sjónarmið uppi í því máli, að hann eigi að vera núll eða að kynslóðir borgi skatt af þeim fjármunum sem sú kynslóð sem er að hverfa komi yfir til þeirra.

Það er ljóst að einhver kostnaður er við skiptingu á dánarbúum og þar sem gert er ráð fyrir 5% í frv. má reikna með að tekjumissir ríkisins verði einhver, þó er það ekki alveg vitað. Alla vega ætti sá kostnaður sem kemur inn vegna skattsins að duga fyrir skiptikostnaðinum. Ég hef alltaf litið þannig á að þessi 5% ættu að standa undir kostnaði ríkisins. Reynt hefur verið að fá þessar upplýsingar en það er mjög flókið þar sem öll skiptin fara fram hjá hinum ýmsu sýslumannsembættum víðs vegar um landið og ekki heiglum hent að ná þeim upplýsingum.

Hérna er líka það nýmæli eða breyting á lögunum að miða ekki við nafnvirði hlutabréfa heldur markaðsvirði. Menn geta spurt sig, herra forseti, hvers vegna? Þegar textinn var settur í frv. á sínum tíma, sennilega upp úr 1970, voru verðbréf og nafnvirði sama og markaðsvirði. Í dag er þetta allt öðruvísi þar eð nafnvirði getur verið $^1/_{100}$, $^1/_{50}$ eða $^1/_{30}$ af markaðsvirði bréfa, þannig að samkvæmt frv. verður greiddur skattur af raunvirði eigna búanna, gegnsær skattur, eitt þrep og engar undanþágur. Ég verð því að óska okkur til hamingju með það að hér eru að koma lög um skattheimtu á vegum ríkisins sem eru einföld í allri framkvæmd, þess heldur eins og þetta er í dag með þremur mismunandi skattþrepum, eins og ég gat um áðan, allt upp í 10%, 25% og 45%, er alveg ljóst að undanskot í kerfinu eru veruleg. Maður þekkir sjálfur, herra forseti, dæmi þess og veit að slíkt hefur verið í gangi. Með þessari nýju tilhögun, að hafa bara eitt þrep og 5%, er alveg ljóst að undanskotum mun fækka og skattskilin munu verða betri. Það er spurning hvort það dugi til að standa á jöfnu fyrir ríkissjóð varðandi tekjurnar af skattinum, sem eins og ég sagði, má kalla umsýslugjald við skiptingu búanna.

Ég ætla ekki að rekja málið mikið frekar. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Pétur H. Blöndal, hefur farið ágætlega í gegnum breytingarnar sem eru verulegar. Búið er að stytta lagabálkinn talsvert og gera þetta einfaldara og úrvinnslan verður öll mjög einföld þegar kemur til skipta í þessum málum.

Eðlilega styð ég þetta og stend að nál. og óska okkur til hamingju með að vera komin svona langt með málið.

[17:42]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Syndir mannanna eru margvíslegar og ég verð að játa á mig synd í þessum ræðustóli. Ég hafði nefnilega ekki fyrir því sökum verkaskiptingar okkar innan stjórnarandstöðunnar að lesa nál. En ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég hefði aldrei skrifað undir nál. ef ég hefði gert það.

Ég skal ekki hafa mörg orð um það með hvaða hætti hv. formaður nefndarinnar gerir úr hlut sínum en mér finnst stjórnarandstöðunni vera hneisa gerð þegar við fylgjum niðurstöðu sem ég taldi að væri sameiginleg innan hv. efh.- og viðskn., en erum síðan gerð að einhverjum annars flokks þingmönnum hér með því að rakið er sérstaklega að það hafi verið samkvæmt tillögu meiri hlutans að farið var út í breytingarnar og síðan kemur lofrollan sem formaðurinn skrifar greinilega um sjálfan sig.

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að á 12 ára ferli mínum á þinginu, þar sem ég hef bæði innan stjórnar og í stjórnarandstöðu hvað eftir annað átt þátt í niðurstöðu sem byggist á samkomulagi, hef ég aldrei séð þetta.

Þegar menn taka á málum innan þingnefndar eru tveir kostir uppi. Annaðhvort skilja leiðir og menn skila mismunandi álitum eða menn komast að sameiginlegri niðurstöðu. Það gerðu menn í þessu máli. Það kom fram tillaga innan meiri hlutans. Nú hefur það reyndar verið upplýst af hv. þm. Gunnari Birgissyni að upphafsmaðurinn að því, a.m.k. opinberlega, var hv. þm. Gunnar Birgisson sem lagði fram tillögu um þetta á fyrri þingum.

Við í Samf. tókum málið og ræddum það í okkar hópi og töldum að við værum aðilar að sameiginlegri niðurstöðu. En svo er ekki. Ég ætla ekki að hafa nein stærri orð um þetta en það býr í mér heldur þung þykkja yfir vinnubrögðum af þessu tagi. Ekki hefur farið fyrir, a.m.k. í upphafi núverandi þings, miklum vilja af hálfu hv. formanns til að efla samstarfið í nefndinni, en ég segi: Svona geta menn ekki unnið — og ætla svo að kæfa bræði mína og reyna að koma efnislega að nokkrum þáttum frv. En ég segi við hv. þm. stjórnarliðsins í nefndinni: Það er ekki vel til þess fallið að efla samstarfsanda að koma fram með svona hætti, og þá undanskil ég algjörlega með hvaða hætti hv. formaður þjónar hégóma sínum með því að lýsa eigin þætti í þessu.

Ef menn komast að sameiginlegri niðurstöðu er hún sameiginleg hvaðan sem hún kann að koma. Ég er ekki vanur því þegar nefndir komast að sameiginlegri niðurstöðu að þá sé rakið hvaðan það kemur. Það hefur margsinnis gerst í stórum málum og smáum málum að ágætar tillögur að niðurstöðu hafa komið frá stjórnarandstöðu — ég man ekki eftir því að það hafi verið rakið sérstaklega — eða frá stjórnarliðinu, og ég man heldur ekki eftir því að það hafi verið rakið sérstaklega.

Ég talaði um það, virðulegi forseti, að þarna hefði mér orðið á synd. Það var ekki ásetningssynd en hún kemur yfir fleiri en mig því að ég hafði innan stjórnarandstöðunnar tekið að mér, virðulegi forseti, að koma því á framfæri að sá fyrirvari sem ég ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur höfum við þetta frv., er sami fyrirvari og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur líka, auk þess sem hann hefur áskilið sér rétt til þess að hafa ýmsa aðra fyrirvara á málinu líka. En ég taldi að ég hefði sent nefndarritara boð um þetta að kvöldi dagsins áður en málinu var lokið þannig að ég vil að það komi hér skýrt fram að það er mín sök að þess er ekki getið að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur þennan tiltekna fyrirvara. Það skiptir máli fyrir hann og líka fyrir okkur vegna þess að þar er um réttlætismál að ræða.

Við styðjum umrætt frv. Við teljum að það sé fullkomlega verjanlegt að skattleggja erfðafé. Við getum síðan rætt um með hvaða hætti það á að gera, hvort þarna er verið að fara of lágt eða of hátt. Við skulum sjá hvaða reynsla kemur á þetta.

Ég get líka tekið undir það, eins og ég hélt að fram hefði komið af okkar hálfu í nefndinni, að þarna er verið að einfalda skattlagninguna og það er ágætt. Nóg hefur þessi ríkisstjórn flækt skattlagningu á ýmsum stigum skattkerfisins þó ekki væri á það bætandi. En frv. sjálft var framför og þessar tillögur eru framför líka að því leytinu.

Menn þurfa að vega og meta hvað á að setja í forgangsröð. Er það í forgangi að draga úr þeim upphæðum sem renna í ríkissjóð í formi erfðafjárskatts eða er það með einhverjum öðrum hætti sem við eigum að verja því svigrúmi sem til er? Flokkur minn hefur lagt á það langmesta áherslu að sú skattalækkun sem ráðist verði fyrst í verði lækkun á virðisaukaskatti á matvælum. Ástæðan fyrir því að við treystum okkur þó til að styðja þetta er vegna þess að hér er um ákveðið réttlæti í málinu að ræða en líka vegna þess að samhliða voru gerðar aðrar breytingar á málinu sem auka tekjur, og það má færa rök að því að fyrr en seinna muni sú breyting sem felst í því að meta hlutabréf ekki lengur á nafnvirði heldur á markaðsvirði leiða til þess að tekjur sem renna í ríkissjóð vegna erfðafjárskatts stóraukist þegar fram líða stundir. Færð eru ágæt rök að því í álitinu að líkast til muni þetta vega upp mjög fljótt þá minnkun á tekjum ríkisins sem felst í breytingum sem nefndin stendur sameiginlega að.

Virðulegi forseti. Það sem ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson höfum gert fyrirvara við er hins vegar að meiri hlutinn hefur ekki treyst sér til að taka upp þá ósk okkar að fella burt það ákvæði í frv. sem frá ráðherranum kom, sem afnemur heimild til handa ráðherra til að undanþiggja kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða -félög greiðslu erfðafjárskatts. Í lögunum sem í gildi eru er líka að finna ákvæði sem undanþiggur öryrkja eða ívilnar öryrkjum við sérstakar aðstæður. Það eru að vísu sjaldgæfar aðstæður en þó teljum við að það sé ekki heldur hægt að fella það brott. Við erum þeirrar skoðunar að það skipti máli að örva menn til þess að láta af höndum rakna í göfugum tilgangi eftir sinn dag, hluta af því fjármagni sem þeim hefur áskotnast í gegnum vegferð sína hér á jörðu — ég vil ekki segja í þessum táradal — og í vaxandi mæli held ég að hér gæti verið um tekjustofn að ræða fyrir þessi félög vegna þess að við vitum að til þessa hefur gangur veraldarsögunnar, a.m.k. síðustu alda, verið með þeim hætti að sérhver kynslóð hefur orðið ríkari en kynslóðin sem á undan gengur og sú velsæld sem nú ríkir á Íslandi og obba síðustu aldar er líklega að leiða til þess að þau fjárframlög sem með þessum hætti renna í sjóði líknarfélaga og menningarstofnana kunni að aukast verulega.

Líknarstofnanir taka að sér verk í göfugum tilgangi en verk sem ekki bara bæta hag mjög margra sem þeirra njóta heldur draga líka úr þeim kostnaði sem ríkið ella hefði af að sinna þeim fyrir sitt fé. Við vitum líka að líknarfélög ná því í krafti sjálfboðastarfa og ýmissa annarra þátta að fara miklu betur með fé og ná miklu meiru út úr fé en ef svipuðum fjárhæðum hefði verið eytt af hálfu ríkisins. Við teljum þess vegna að þetta sé ekki góð aðferð til að sjá til þess að hvers konar líknandi starfsemi sé af höndum innt. Þess vegna höfum við, þessir fjórir þingmenn, lýst því yfir að við munum flytja brtt. sem lýtur að þessu og það munum við gera við 3. umr. Ég vænti þess að allir þeir ágætu þingmenn stjórnarliðsins sem hafa réttlátt hjarta, og þeir eru margir, treysti sér til þess að styðja hana.

[17:52]

Útbýting þingskjala:

Aflaheimildir fiskiskipa úr íslenskum deilistofnum, 602. mál, svar sjútvrh., þskj. 1106.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 525. mál, svar félmrh., þskj. 1110.

Jafnrétti kynjanna, 666. mál, svar umhvrh., þskj. 1127.

Stjórnsýsludómstóll, 779. mál, fsp. AtlG, þskj. 1180.

[17:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil að mestu leyti taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Hann gerði ágætlega grein fyrir fyrirvara mínum við frv. hvað lýtur að brottfalli heimilda til handa ráðherra til að undanþiggja líknarfélög og öryrkja sem búa við sérstakar aðstæður erfðafjárskatti.

Að öðru leyti vil ég skýra frá því að við 1. umr. um málið hafði ég talsverðar efasemdir um það. Í fyrsta lagi byggðust þær á því að ég tel vafasamt að rýra tekjur ríkissjóðs með skattalækkunum sem síðan leiða til niðurskurðar á sviðum sem ég vil varðveita, eins og dæmin sanna, við þurfum ekki annað en að horfa til Landspítala – háskólasjúkrahúss, og að sjálfsögðu skiptir máli þegar tekjur ríkissjóðs eru rýrðar um 300–400 milljónir, eins og áætlað var samkvæmt frv. eins það upphaflega kom fram.

Í öðru lagi hef ég sagt að mér finnist erfðafjárskattur í rauninni ekki vera ósanngjarn skattur. Ef litið er á skatthheimtu almennt finnst mér ekki ósanngjarnt að skattleggja eignir sem erfast og það er rangt að mínum dómi þegar talað er um að þar sé um tvísköttun að ræða. Það sem gerist er að eign færist úr hendi eins í hönd annars og þá er ekki óeðlilegt að þar komi til skattlagning. Síðan eru að sjálfsögðu ýmsar hliðar á þessu, um hve nákomna ættingja er að ræða, börn o.s.frv.

Nema nú er komin fram brtt. sem lýtur að því að lækka skatthlutfallið enn. Gert var ráð fyrir tveimur skattþrepum í frv. eins og það lá upphaflega fyrir, 5% og 10%, en nú er lagt til að það verði flöt skattprósenta, 5%

Hvernig stendur þá á því að ég er kominn inn á þessar breytingar, með fyrirvara þó? Jú, það er vegna þess að í brtt. efh.- og viðskn. er einnig gert ráð fyrir því að eignir skuli nú metnar á markaðsvirði, jafnt hlutabréf sem aðrar eignir. Hlutabréf voru metin á nafnvirði en ekki markaðsvirði og sérfróðir menn ætla að þessi kerfisbreyting ein geti hugsanlega vegið upp á móti því tapi sem ríkissjóður ella hefði orðið fyrir við að færa 10% skatthlutfallið niður í 5%. Þetta er mat sérfræðinga, þó að það sé að sjálfsögðu byggt á getgátum.

Mér finnst þetta vera mjög góð breyting og einnig er það vissulega til góðs að einfalda kerfið, að einfalda þessar skattgreiðslur. Þótt það hefði ekki verið mín forgangsröð við skattkerfisbreytingar að ráðast í lækkun á erfðafjárskatti, ég hefði gert aðra hluti ef ég hefði ráðið för, varð niðurstaðan engu að síður sú eftir umræðu í þingflokki okkar, og erum við öll þar á einu máli um að þegar á heildina er litið sé frv. með þessum breytingum orðið ásættanlegt og munum við styðja það en áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til að flytja brtt. í þá veru sem við höfum gert grein fyrir.

[17:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér finnst aðalatriðið í þeim breytingum sem efh.- og viðskn. gerir tillögu um vera það að nefndin

leggur til einfalt kerfi sem ætla má að sé skilvirkt og skili ríkissjóði ekki minni tekjum en áætlað var að yrðu samkvæmt frv. Ég hygg reyndar að ætla megi, og færi fyrir því nokkur rök, að ef þær breytingar ná fram að ganga sem nefndin leggur til hafi ríkissjóður ívið meiri tekjur af erfðafjárskatti en menn telja að ríkissjóður fengi af því fyrirkomulagi sem lagt er til í frv.

Ég tel því að nefndin hafi styrkt það markmið skattsins að afla ríkissjóði tekna frá því sem frv. gerði ráð fyrir og að nefndin hafi líka náð því fram að leggja til og koma á fót kerfi, ef samþykkt verður, sem er einfalt og skilvirkt og miklu meiri líkur á að verði sátt um en það fyrirkomulag sem verið hefur og var upphaflega lagt til í frv.

Eins og fram kemur í niðurstöðu málsins að nefndin stendur sameiginlega að málinu, er kannski skýrasta merkið um að fyrirkomulagið er einfaldara og betra en menn hafa búið við og það fyrirkomulag sem lagt var til í frv.

Aðeins einn fyrirvari er á málinu af hálfu stjórnarandstöðunnar og hann er að mínu viti ekki stórvægilegur í ljósi þeirra tillagna sem lagðar eru til í nál.

Þegar sú niðurstaða verður að hafa lága skattprósentu er ég á þeirri skoðun að þá eigi undanþágur helst engar að vera. Ég hallast að því fyrirkomulagi eins og menn tóku upp varðandi fjármagnstekjuskatt að það væri betra fyrirkomulag að hafa lága skattprósentu og engar undanþágur, eða mjög fáar og afmarkaðar, en hinn valkostinn sem er að hafa hærri skattprósentu með ívilnunum eða undanþágum. Þær hafa tilhneigingu til að stækka og verða víðtækari með tímanum og þá þarf að hækka skattprósentuna enn meir til að afla þeirra tekna sem markmiðið er að ná í viðkomandi skattstofni. Þannig að varðandi það atriði sem gerður er fyrirvari um er afstaða mín mjög skýr í þeim efnum. Þegar menn fara þá leið að hafa lága skattprósentu og einfalt kerfi er það mín skoðun að ekki eigi að hafa undanþágur á því kerfi og því mun ég ekki styðja það sjónarmið, ef fram kemur, að undanskilja einhverja aðila frá almennu skattlagningarreglunum í brtt. efh.- og viðskn. Enda má segja að ef menn fara inn á þá braut munu menn enda í hinu kerfinu, þ.e. menn þurfa að hækka skattprósentuna og það mun síðan leiða til þess að það verður þrýstingur á að opna á fleiri undanþágur. Ég tel því að menn grafi undan niðurstöðu nefndarinnar með því að reyna að ná fram þessum undanþágum. Í sjálfu sér finnst mér ekkert að því að allir aðilar greiði þennan skatt jafnvel þótt féð að öðru leyti renni til aðila eins og kirkna eða líknar- og menningarstofnana. Með þeim rökum mætti auðvitað halda áfram þeim málflutningi gagnvart öðrum tekjustofnum ríkissjóðs, eins og t.d. óbeinu sköttunum eða virðisaukaskatti eða launatengdum gjöldum og öðru slíku og segja sem svo að af því að málefnið er þannig eða starfsemi viðkomandi sjóðs sé réttlætanlegt að fella niður þessi og þessi opinberu gjöld. Ég er hræddur um að fljótlega yrðu menn komnir í ógöngur með að fylgjast með því kerfi og þeim aðilum sem nytu þessara undanþágna frá almennum reglum skattheimtu. Ég held því að sú leið sé yfir höfuð ákaflega vandmeðfarin og menn eigi að hafa sem minnst af sérstökum ákvæðum í þessu skyni. Það er miklu frekar að opinberir aðilar eða ríkissjóður styrki þá starfsemi sem um er að ræða með beinum framlögum fremur en með sérákvæðum í skattalögum. Ég hygg að það sé miklu skynsamlegri leið og hægt sé að ná ágætri samstöðu um að fara þá leið frekar en með þessum hætti.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti. Afstaða mín til kerfisbreytingarinnar sem nefndin nær samkomulagi um að gera á frv. er þessi: Ég er því fylgjandi almennt og var því fylgjandi í nefndinni að við leitumst við að ná saman um að einfalda frv. og þegar ljóst var að menn voru hlynntir því taldi ég og tel eðlilegt að opna ekki undanþágur á það kerfi.

Fleira er svo sem ekki að segja um málið. Ég vil þó geta þess sem mér finnst skipta mjög miklu máli við þessa breytingu, að skattur leggist á öll verðmæti eigna eins og þau eru sönnust talin vera á þeim tíma sem til skattlagningarinnar kemur. Það hefur verið, og var á frv. að mínu viti, mikill ljóður að gert er ráð fyrir að verðmæti eins og hlutabréf séu skattlögð á nafnverði en ekki raunverulegu verðmæti. Þess vegna er ég mjög ánægður með að náðst hafi samstaða um að leggja til þá breytingu að almennt séu öll verðmæti metin á markaðsvirði þeirra eða raunverulegu virði þannig að ekki skipti máli um hvers konar verðmæti er að ræða, hlutabréf, önnur verðbréf, fasteignir eða annað slíkt. Skatturinn leggst á þau með sama hætti óháð eðli eignanna. Ég vek t.d. athygli á því sem fram kemur í breytingartillögunum, að aflaheimildir eru tilteknar í frumvarpstextanum eins og hann kemur frá nefndinni þannig að það er tekið sérstaklega fram að slíkar heimildir eigi að meta á almennu markaðsverðmæti. Fasteignir eru metnar á fasteignamatsverði því það á að endurspegla markaðsverð eigna. En þó er möguleiki fyrir þá sem telja að markaðsverðmætið sé lægra en Fasteignamatið gefur út að óska eftir endurmati þannig að þeir greiði þá erfðafjárskatt af matsverði eða mati þeirra aðila sem fá málið til úrlausnar og kveða upp sína niðurstöðu sem erfðafjárskattur greiðir þá af. Þeir sem búa á landsvæðum þar sem ætla má að raunverulegt fasteignamat sé lægra en það sem Fasteignamat ríkisins gefur út eiga því möguleika á að fá leiðréttingu á stofnverðinu til samræmis við það.

Ég vek líka athygli á því að þessi möguleiki gildir ekki í hina áttina þannig að varðandi þá sem búa á landsvæðum þar sem markaðsverð fasteigna er talið vera hærra en fasteignamatsverð geta t.d. skattyfirvöld ekki óskað eftir endurmati til að fá matið hækkað þannig að skattstofninn verði hærri en fasteignamatsverðið gefur til kynna. Þetta þýðir einfaldlega að íbúar á höfuðborgarsvæðinu þar sem fasteignamatsverð hefur farið mjög hækkandi á síðustu árum — trúlega er fasteignamatsverð sem útgefið er af Fasteignamati ríkisins lægra en markaðsverð — njóta þá góðs af þessari breytingu og greiða í raun skatt af lægri skattstofni en raunverulegt verðmæti gefur til kynna. Það varð einfaldlega niðurstaða í nefndinni að svona skyldi þetta vera, að menn tækju upp þá einföldu reglu að miða við fasteignamatsverð, það sem Fasteignamat ríkisins gefur út með þeim möguleika að menn gætu lækkað skattstofninn þar sem þeir teldu að raunverulegt verðmæti væri lægra.

Svo að lokum, herra forseti, varðandi þennan þátt eru það hlutabréfin sem voru og eru samkvæmt gildandi lögum metin á nafnverði en verða núna metin á almennu markaðsverði þar sem það er til eða á gangverði í viðskiptum þar sem það er til eða þá á bókfærðu verði eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi viðkomandi félags þannig að þær eignir sem felast í hlutabréfum ganga þá til skattstofns með sama hætti og aðrar eignir. Það er mikil bót að því, sérstaklega í ljósi þess hversu verðmæti hafa mjög færst yfir í hlutabréfaformið á undanförnum tíu árum eða svo. Það er ekki sanngjarnt að þeir sem eiga slíkar eignir geti með ákvörðun í lögum komist hjá því að greiða erfðafjárskatt með sama hætti og þeir sem fá eignirnar í öðru formi.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum mínum að og lýsa yfir almennri ánægju með þá breytingu á frv. sem samstaða tókst um í nefndinni. Ég tel að frv. sé fyrir þá sem við það þurfa að búa miklu betra svona frágengið en lögin sem við búum við og það frv. sem hér var lagt fram. Ég tel einnig að ríkissjóður geti unað betur við þá niðurstöðu sem nefndin komst að því að ég er nokkuð viss um að tekjur ríkissjóðs af þessum skatti verða ekki minni en áætlað var að hann yrði samkvæmt frv., líklega eitthvað meiri.

[18:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka nefndarmönnum fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi. Mér sýnist að þeir hafi bætt frv. og gert það einfaldara. Ég tek einnig undir þau sjónarmið sem komið hafa fram í umræðunni að með þeirri útfærslu sem hér er talað um varðandi markaðsverðmæti bréfa og einnig aflaheimilda, þótt skatturinn sé lækkaður niður í 5% sem er að vísu mjög lág skattprósenta en hafður í einu þrepi með þeim útfærslum sem hér eru lagðar til og gefnar hafa verið skýringar á hér, þá tel ég að sennilega séum við að stefna til þess að afla ríkissjóði meiri tekna en með frv. eins og það var áður úr garði gert. Ég held að frv. sé vel og vandlega unnið og gott að hafa það einfalt, þ.e. með eitt þrep upp á 5%. Það er svo sem hægt að velta því fyrir sér hvort nota hafi átt einhverja aðra tölu með tilliti til þess að í frv. eins og það kom inn voru bæði nefndir 5% og 10% skattstofn. Ég geri ekki athugasemdir við það og sé að í nefndarálitinu segir að áheyrnarfulltrúi okkar, hv. þm. Gunnar Örlygsson, sé álitinu samþykkur. Auðvitað geri ég engar athugasemdir við það og lít þannig á að þar hafi hann verið að lýsa yfir þeirri afstöðu okkar í þingflokknum að við mundum almennt styðja þetta mál. Ég fagna því þegar vinna tekst svo til í nefndum Alþingis að menn ná efnislega saman um útfærslur eins og hér um erfðafjárskattinn. Erfðafjárskatturinn er nokkuð sérstakt fyrirbæri. Flestallir eru nú búnir að greiða skatta alla ævi af tekjum sínum upphaflega og síðan af eignum sínum í einhverju formi. Það eru fasteignagjöld, eignarskattar og síðan fjármagnstekjuskattur ef menn hafa átt einhverja slíka reikninga o.s.frv. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að hér skuli vera sett inn einhver lágmarksupphæð sem ekki er greiddur skattur af — hún er ákveðin 1 millj. kr. og er sem sé skattfrjáls — og að sjálfsögðu að maki þurfi ekki að greiða erfðafjárskatt.

Niðurstaða mín er sem sagt sú, hæstv. forseti, að hér hafi þokkalega tekist til og að frv. í þeim búningi sem við erum að ræða sé þarft og gott mál. Ef það reynist niðurstaðan eftir einhver ár að menn hafi farið of neðarlega með skattprósentuna í þessi 5% þá mun væntanlega myndast vilji til þess á hv. Alþingi að skoða þá prósentu. En ég held að útfærslan sem hér er lagt upp með og allir þingmenn hafa tekið undir sé góð.

Varðandi fyrirvarann sem sumir hér hafa rætt, þ.e. um líknarfélög, má velta því fyrir sér að líknarfélög verja oftast nær fjármunum sínum til ýmissa þjóðfélagslegra þarfa. Ég þekki mörg dæmi þess í íslensku þjóðfélagi að líknarfélög hafa staðið að því að styrkja þá sem minna mega sín, efla tækjakost sjúkrastofnana, vistheimila o.s.frv. þannig að það er auðvitað spurning. En þegar skatturinn er hins vegar kominn niður í 5% þá veit ég ekki hvort við eigum neitt að flækja málið með því að hafa þar undanþágur. Við eigum að sjá til hvernig þetta kemur út. Ég tel að málið sé í góðum búningi eins og það er og lýsi yfir stuðningi við það.

[18:14]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. Hún hefur verið mjög málefnaleg og góð. Ég bendi þeim á sem telja að skattleggja eigi erfðir hátt að alla jafna er svona 30 ára bil á milli kynslóða. Þegar maður tekur inn í dæmið líka að systkini erfa og frændur og frændgarður allur þá má áætla að svona 25 ár séu á milli þess að eignir skipta um hendur með erfðum og í hvert skipti tekur ríkissjóður 5% svona gróft séð þannig að ríkissjóður tekur á einni öld fimmtung allra eigna í landinu til sín. Það ætti því að róa þá sem finnst prósentan vera of lág. (Gripið fram í.) Já, en yfirleitt sér nú einstaklingurinn til þess að eignirnar vaxi og dafni og það er sjónarmið sumra að þær ættu sem mest að vera í höndum einstaklinga en ekki í höndum opinberra aðila.

Breytingin sem efh.- og viðskn. sameinast um er verulega mikil einföldun frá frv. sem aftur var verulega mikil einföldun frá lögunum, enda eru gildandi lög þess eðlis að almenningur veit yfirleitt ekki hvaða erfðafjárskatt á að greiða.

Mikið er kvartað undan því í þjóðfélaginu og ég verð mikið var við það þegar ég tala við kjósendur að fólk kvartar undan því hvað kerfin séu flókin, bótakerfin, skattkerfin o.s.frv. Hér er gerð tilraun til þess að einfalda þetta. Það er ekki auðvelt að einfalda lög vegna þess að taka þarf tillit til fjölda annarra laga, t.d. laga um tekju- og eignarskatt, það þarf að taka tillit til erfðafjárlaga o.s.frv. þannig að það var ekkert sérstaklega létt að einfalda þessi lög eins og hér hefur þó orðið niðurstaðan. Svo þarf náttúrlega að gæta ákveðins rökræns samhengis þannig að ekki myndist gloppur eða göt. Lögin þurfa að vera rökrétt.

Eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á er mjög mikilsvert að hafa skattstofninn án glufa, án undantekninga, þ.e. að það réttlæti lága skattprósentu að hafa skattstofninn heilan og heilsteyptan þannig að ekki sé möguleiki á því að komast hjá skatti. Það var einmitt reynt að gera og þess vegna er ég ekki hrifinn af því að veita kirkjum, líknarfélögum og öðrum slíkum afslátt af þessum skatti enda má segja að skatturinn sé orðinn það lágur að það ætti ekki að íþyngja þeim samtökum neitt mikið að borga kannski 50 þús. kr. af hverri millj. sem þau fá í arf.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi lægra fasteignamat í Reykjavík. Vera kann að það valdi því að eignin sé eitthvað undirmetin, kannski um 10–15% í sumum tilfellum. En á móti kemur að í flestum eignum sem menn erfa er dulinn eða falinn fjármagnstekjuskattur. Ef maður erfir t.d. hlutabréf og selur þau daginn eftir að hann erfði þau á einhverju markaðsverði sem lagt var til grundvallar erfðafjárskatti þá þarf hann að borga af því fjármagnstekjuskatt frá því stofnverði sem hinn látni keypti bréfin á — ég benti á þetta í framsögu með málinu áðan – þannig að segja má að að því leyti sé eignin ofmetin, af því að dreginn er frá einhver fjármagnstekjuskattur sem getur orðið allt að því 10% af eigninni. Það kemur á móti þessu vanmati sem hv. þm. nefndi. Ég hugsa því að réttlætið sé beggja megin borðsins í þessu máli.

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu og vil þakka samnefndarmönnum mínum sem og fólki í ráðuneytinu sem vann mjög ítarlega að því að finna á þessu einfalda lausn. Ég tel að við séum að stíga hérna skref til mikillar einföldunar sem ekki er vanþörf á og mætti kannski gera með fleiri lög sem eru orðin óhæfilega flókin. Ég nefni

gjöld á bifreiðar og allt sem tengist rekstri þeirra. Við þurfum að hafa í huga að borgarinn í landinu þarf að lifa við lögin. Í hans tilfelli eru einstök lög eitthvað sem hann rekst á einstaka sinnum, mjög sjaldan og hann getur ekki aflað sér almennrar þekkingar á lögunum þess vegna. Því er mjög mikilsvert fyrir borgarann að lög séu einföld og skýr og klár þannig að ekki leiki neinn vafi á því hvernig eigi að framfylgja þeim eða hvernig eigi að skilja þau. Ég tel að það hafi náðst með þessum tillögum hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:20.

---

87. FUNDUR

mánudaginn 22. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Einkaleyfi, stjfrv., 751. mál, þskj. 1122. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 754. mál, þskj. 1129. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Erfðafjárskattur, stjfrv., 435. mál, þskj. 605, nál. 1151, brtt. 1152. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1119, nál. 1174. — 2. umr.
10. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 514. mál, þskj. 786, nál. 1150. — 2. umr.
11. Útlendingar, stjfrv., 749. mál, þskj. 1120. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121. — 1. umr.
13. Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, stjfrv., 755. mál, þskj. 1130. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Suðurk., Lúðvíki Bergvinssyni, dags. 18. mars:

„Þar sem ég fer í fæðingarorlof frá og með næsta mánudegi, sbr. 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og sæki því ekki þingfundi næstu tvo mánuði óska ég eftir því, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðurk., Brynja Magnúsdóttir, sjúkraliði í Keflavík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Brynja Magnúsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Gjald af áfengi og tóbaki, 343. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1182; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1183.

Háskóli Íslands, 780. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1184.

Jafnrétti kynjanna, 667. mál, svar utanrrh., þskj. 1128.

Kynjahlutföll, 781. mál, þáltill. AtlG, þskj. 1192.

Útflutningsmarkaðir fyrir dilkakjöt, 541. mál, svar landbrh., þskj. 1145.

Verslun með áfengi og tóbak, 342. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1181.

Virðisaukaskattur á lyfjum, 726. mál, svar fjmrh., þskj. 1154.

Minning Garðars Sigurðssonar.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Garðar Sigurðsson, fyrrverandi alþingismaður, lést síðastliðinn föstudag, 19. mars, á hjúkrunarheimilinu Skjóli hér í bæ. Hann var sjötugur að aldri.

Garðar Sigurðsson var fæddur í Reykjavík 20. nóv. 1933, sonur hjónanna Sigurðar Hjálmarssonar bifreiðasmiðs og Klöru Tryggvadóttur. Hann fluttist barn að aldri með móður sinni og síðari manni hennar, Hallgrími Júlíussyni skipstjóra, til Vestmannaeyja og ólst þar upp með þeim. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1953 og lagði síðan stund á verkfræði við Háskóla Íslands í tvö ár. Hann var kennari við Gagnfræðaskólann á Neskaupstað 1957–1961 og eftir það við Gagnfræðaskólann í Vestmannaeyjum til 1971, settur skólastjóri hans veturinn 1969–1970. Garðar Sigurðsson fór ungur til sjós, var sjómaður á sumrin frá fermingaraldri meðan hann var í skóla og að aðalstarfi nokkur ár eftir að hann hvarf frá námi. Hann lauk stýrimannaprófi utan skóla í Reykjavík árið 1962 og var upp frá því stýrimaður á fiskiskipum í hléum frá kennslu eða öðrum störfum.

Garðar Sigurðsson varð þegar á unga aldri róttækur í skoðunum og gekk til liðs við sósíalista. Hann var kjörinn í bæjarstjórn Vestmannaeyja árið 1966 fyrir Alþýðubandalagið og varð skjótt forustumaður þess þar í bæ, sat í bæjarstjórn til 1978. Við alþingiskosningarnar í júní 1971 var hann í framboði fyrir Alþýðubandalagið og var kosinn þingmaður Suðurlandskjördæmis. Hann sat samfellt á þingi til ársins 1987, á 18 þingum.

Garðar Sigurðsson var tæplega fertugur er hann var kjörinn á Alþingi og hafði þá þegar talsverða reynslu af stjórnmálastörfum. Hann hafði mikla þekkingu á málefnum sjávarútvegs, bæði sem sjómaður og forustumaður í bæjarmálum í öflugum útgerðarbæ. Hann lét sig þau mál mestu skipta í umræðum hér á Alþingi, svo og samgöngumál. Hann var kjörinn í flugráð 1972 og sat þar til 1980. Er jarðeldar komu upp á Heimaey 1973 var hann kjörinn í stjórn Viðlagasjóðs sem var settur á stofn til að bæta það tjón sem þá varð á eignum Vestmanneyinga og til að hefja þar uppbyggingu að nýju. Hann sat í bankaráði Útvegsbankans 1981–1987. Enn fremur tók hann allmikinn þátt í alþjóðasamstarfi þingmanna, einkum í Alþjóðaþingmannasambandinu og á vettvangi Evrópuráðsins.

Garðar Sigurðsson var öflugur talsmaður síns flokks og þeirra þjóðfélagsskoðana sem hann aðhylltist. Hann var þó sjálfstæður í málflutningi, snjall ræðumaður, orðheppinn og vel ritfær. Hann var réttsýnn og hreinskilinn, var glaðsinna og góður félagi í þingmannahópi.

Eftir að Garðar Sigurðsson hvarf af þingi vann hann hjá Veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins og varð síðar starfsmaður Landsbanka Íslands þar til hann lét af störfum sakir heilsubrests, aðeins sextugur að aldri. Hann átti síðar við þungbæran sjúkdóm að stríða.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Garðars Sigurðssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Raforkulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 740. mál (flutningur raforku, gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 1104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Landsnet hf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 737. mál. — Þskj. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, frh. 1. umr.

Stjfrv., 747. mál. — Þskj. 1117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Einkaleyfi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 751. mál (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). — Þskj. 1122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 754. mál (breytt eignarhald). — Þskj. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 734. mál (EES-reglur, gildissvið). — Þskj. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Erfðafjárskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 605, nál. 1151, brtt. 1152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Brtt. 1152,1 (ný 1. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, VS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÁS, HHj, SAÞ, SJS, StB, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:10]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Samf. styður í meginatriðum þær breytingar sem verið er að gera á frv. Við teljum að þær hnígi í réttlætisátt og þær einfaldi mjög framkvæmd þessa máls. Við teljum jafnframt að þær breytingar sem gerðar eru leiði til þess að ekki sé um tekjutap ríkissjóðs að ræða. Hins vegar vill Samf. mótmæla því harðlega að samhliða þessu er verið að fella niður ákvæði sem gerir kleift að undanþiggja erfðafjárskatti líknarfélög, menningarstofnanir og ákveðna einstaklinga sem búa við sérstakar og erfiðar aðstæður. Við munum við 3. umr. málsins leggja til brtt. um að slíkt ákvæði verði tekið upp í lögin.

[15:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Meginástæða fyrir því að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styður frv. er sú að stefnt er að því að gera innheimtu á erfðafjárskatti markvissari, en fyrst og fremst vegna þess að horfið er frá því að skattleggja eignir, þar á meðal hlutafé, á nafnvirði en þess í stað skulu eignirnar metnar á markaðsvirði.

Þessi breyting mun vega upp á móti tekjutapi ríkissjóðs sem ella hefði orðið en á því byggðist fyrst og fremst gagnrýni okkar við 1. umr. um frv. Við munum standa sameiginlega með Samf. að tillögum um að undanþiggja líknarfélög og menningarstofnanir erfðafjárskattinum.

Brtt. 1152,2 (ný 2. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÁS, HHj, JÁ, MÞH, SAÞ, SJS, StB, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 1152,3–13 (breytingar á 3.–26. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÁS, HHj, JÁ, SAÞ, SJS, StB, ÞBack) fjarstaddir.

3.–26. gr. (verða 3.–21. gr.), svo breyttar, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VF, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMagn, ÁMM, GÁS, HHj, JÁ, SAÞ, SJS, StB, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Framboð og kjör forseta Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 748. mál (kjörskrár, mörk kjördæma). — Þskj. 1119, nál. 1174.

[15:14]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands skuli miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag í stað fimm vikna og að mörk kjördæma skuli vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Breytingin varðandi kjörskrána helgast af því að í framkvæmd er engin þörf á að hafa frestinn lengri. Að óbreyttum lögum er viðmiðunin fimm vikur fyrir kjördag sem þýðir að hefja þyrfti umfangsmikla og kostnaðarsama kjörskrárgerð áður en framboðsfrestur er liðinn. Breytingin varðandi mörk kjördæmanna miðar að því að mörk syðra og nyrðra kjördæmis í Reykjavík verði þau sömu og við síðustu alþingiskosningar, en hún er nauðsynleg til að umboð yfirkjörstjórna, sem er staðbundið, liggi fyrir þegar þær gefa út vottorð um kosningabærni meðmælenda vegna framboðs til forsetakjörs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 2. umr.

Stjfrv., 514. mál (vátryggingar). — Þskj. 786, nál. 1150.

[15:18]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frv. er lagt til að ákvæði 5. gr. laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn verði komið í það horf að unnt verði að kaupa vátryggingar sem ákvæðið mælir fyrir um án vandkvæða, en það þykir nú of víðtækt og almennt orðað þannig að torvelt hefur reynst að kaupa þær tryggingar sem menn eru þó skyldaðir til að taka. Þá er lagt til að bætt verði við lögin reglugerðarheimild varðandi vátryggingarskylduna.

Nefndin bendir á að rétt sé að reglugerð um vátryggingarskylduna verði samin í samráði við viðkomandi aðila til þess að tryggja að enginn ágreiningur rísi eftir að breytingin hefur verið gerð á lögunum um að vátryggingaverndin sem stefnt er að í lögunum verði hin sama og að er stefnt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari athugasemd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 750. mál (dótturfélög sparisjóða, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1121.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Eins og rakið er í athugasemdum við frv. er með því kveðið á um nokkrar minni háttar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í frv. er í fyrsta lagi lagt til að sparisjóði verði heimilt að sækja um samsköttun með dótturfélögum sínum. Þessi breyting á lögunum er lögð til þar sem óvissa hefur ríkt um það hvort sparisjóðum sé heimil samsköttun með dótturfélögum. Rétt þykir að um það sé ótvírætt ákvæði í lögunum. Þess vegna er það lagt til.

Í öðru lagi er tillaga um að kveðið verði skýrar á um heimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins til að láta færa mann til skýrslugjafar ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt. Lagt er til að girt verði fyrir þann möguleika að skattaðili geti komið sér hjá því að mæta til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Ákvæðið er í eðli sínu sambærilegt við úrræði sem er til staðar þegar kveðja þarf mann til skýrslugjafar hjá lögreglu eða þegar tryggja þarf að maður mæti við aðfarargerð. Borið hefur á því að skattaðilar hafi komið sér hjá því að mæta til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra og þannig tafið mál og gert erfiðara um vik að upplýsa málsatvik. En með ákvæði þessu er opnuð heimild til að koma í veg fyrir að þannig ástand skapist.

Í þriðja lagi er með frv. þessu lagt til að við lög nr. 90/2003 komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem árétti að breytingar sem gerðar voru á fjárhæðum í ákvæðum A- og B-liðar 68. gr., 77. gr., 82. gr. og 83. gr. laganna með lögum nr. 143/2003 í desember sl. komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003 og við ákvörðun bóta á árinu 2004. Með þeim hætti verður unnt að framfylgja áætlunum um hækkun á viðmiðunarfjárhæðum þessara ákvæða í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004, eða um 2,5% komi ótvírætt til framkvæmda.

Í fjórða lagi er lagt til að ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003. Það ákvæði kveður á um að ákvarða megi barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda séu framfærandi og barnið tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Ekki er ástæða til að ætla að lögtaka frv. hafi nokkur áhrif á útgjöld ríkisins.

Þess vegna legg ég til, herra forseti, að svo mæltu, að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem hér er lagt fram felur í sér breytingar á 1. og 3. gr. sem mér finnast ákaflega skynsamlegar og tel ekki að muni leiða til nokkurs ágreinings. En mig langar í tilefni af 2. gr. að spyrja hæstv. ráðherra hvort það séu mörg tilefni fyrir hendi sem gera það að verkum að nauðsynlegt er að hnykkja sérstaklega á skyldu lögreglunnar með þessum hætti í lögum.

[15:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan að það komi fram að breytingin er ekki lögð til að tilefnislausu en sem betur fer eru ekki mörg dæmi um að menn hafi reynt að koma sér undan því að mæta til skýrslugjafar, en það þykir öruggara til að tryggja hnökralausa framkvæmd að þetta ákvæði og þessi heimild sé fyrir hendi í lögunum, þó vonandi reyni ekki oft á ákvæðið.

[15:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að fara ákaflega spart með ákvæði af þessu tagi. Ég taldi að í gildandi lögum væru nægar heimildir fyrir hendi til að lögreglan og skattrannsóknarstjóri gætu sameiginlega náð þessum tilgangi. Það er eitt af því sem við munum skoða í nefndinni. Ef framkvæmdarvaldið telur að brögð séu að því að menn færist undan því að mæta þegar um er að ræða alvarlegar rannsóknir og veita upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegt til að hægt sé að grafast fyrir um meint sakamál er sjálfsagt að styðja það og ég tek að sjálfsögðu orð hæstv. ráðherra gild í þeim efnum.

Ég vil samt segja að ég geld varhuga við því að menn feti sig of langt á þessum brautum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, 1. umr.

Stjfrv., 755. mál. — Þskj. 1130.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. sem fram er komið í tilefni af því að ráðherranefnd Norðurlanda, sem fer með málefni Norræna fjárfestingarbankans samþykkti á sl. hausti að heimila bankanum að hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlandanna. Um er að ræða hækkun úr 3,3 milljörðum í 4 milljarða evra án þess þó að auka eigendaábyrgð vegna þessa útlánaflokks sem nú er 1,8 milljarðar evra. Hér er um að ræða að fjmrh. verði veitt heimild fyrir hönd ríkissjóðs til að samþykkja umrædda hækkun. Slíkt samþykki þarf að veita á Alþingi og því er óskað eftir því að það verði gert með lögum.

Umrædd lán hafa verið við lýði um nokkurra ára skeið og ekki hafa orðið nein útlánatöp vegna þeirra. Þessi þjónusta bankans hefur þvert á móti orðið til þess að styðja og styrkja meginverkefni bankans, ekki síst í tengslum við verkefnaútflutning norrænna fyrirtækja til hagsbóta bæði fyrir Norðurlönd og bankann sjálfan.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útlendingar, 1. umr.

Stjfrv., 749. mál (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). — Þskj. 1120.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga. Frumvarpið miðar í fyrsta lagi að því að leggja til breytingar í því skyni að nýta aðlögunarheimildir samnings um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem tekur gildi 1. maí 2004. Aðlögunarákvæðin fela m.a. í sér að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993, gilda ekki um launafólk frá hinum nýju aðildarríkjum EES frá gildistöku stækkunarsamningsins fram til 1. maí 2006.

Til þess að nýta heimildir þær sem í aðlögunarákvæðunum felast þarf að breyta lögum um útlendinga eins og lagt er til í frv. þessu ásamt áðurnefndum lögum nr. 47/1993 og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, en frv. um það er nú til umfjöllunar í félmn. Brýnt er að breytingar þessar taki gildi 1. maí nk.

Í annan stað eru í frv. lagðar til breytingar á lögum um útlendinga vegna ábendinga sem borist hafa frá helstu aðilum sem koma að framkvæmd laganna. Í 1. gr. eru lagðar til breytingar sem miða að því að gera ferli skráningar útlendinga hér á landi skýrara. Lagt er til að útlendingur sem uppfyllir augljóslega öll skilyrði þess að fá dvalarleyfi geti komið hingað til lands þegar umsókn hans um dvalarleyfi er samþykkt og eftir atvikum fengið skráningu í þjóðskrá ef hann ætlar að dvelja hér lengur en í þrjá mánuði.

Þá eru í 2. gr. frv. lagðar til breytingar sem eiga að girða fyrir það að málamyndahjúskapur eða nauðungarhjónabönd geti orðið grundvöllur dvalarleyfis fyrir aðstandanda. Einnig geti verið refsivert að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar til málamynda, sbr. 16. gr. frv.

Er þetta lagt til að gefnu tilefni því yfirvöld hér á landi hafa vísbendingar um að brögð séu að slíku athæfi. Nauðsynlegt er að bregðast við því nú þegar því þetta samrýmist alls ekki markmiðum og tilgangi ákvæða útlendingalaga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Til þess að sporna við vandanum var leitað fyrirmynda í dönsku útlendingalögunum og er lagt til í frv. að kveðið verði beinlínis á um að leiki rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað til að afla dvalarleyfis og ekki hafi verið sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, veiti hann ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir um nauðungarhjónaband og er gert ráð fyrir að það geti ekki verið grundvöllur dvalarleyfis fyrir aðstandendur frekar en málamyndahjúskapur.

Sú hefð sem ríkir meðal sumra þjóðfélagshópa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap er vandi sem hin vestrænu ríki standa frammi fyrir og er engin ástæða til að ætla að við séum þar undanskilin. Danir hafa brugðist við þessu á þann hátt að maki sem sækir um dvalarleyfi aðstandanda verður að hafa náð 24 ára aldri og er sams konar regla lögð til í frv. þessu. Grundvöllur hennar er sá að þeim mun eldri sem viðkomandi er því auðveldara er fyrir hana eða hann að sýna mótþróa og sporna við þvinguninni. Hér ber ávallt að hafa í huga að útlendingar geta sótt um dvalarleyfi á eigin forsendum, þ.e. ekki sem aðstandendur heldur sem vinnandi einstaklingar á eigin framfærslu.

Síðastnefnt á einnig við um þá reglu að ættmenni útlendings eða maka að feðgatali á þeirra framfæri verða að hafa náð 67 ára aldri til að geta sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandanda. Er gengið út frá því að fólk geti almennt framfært sér fram að því tímamarki. Einnig eru lagðar til breytingar er snúa að rannsókn lögreglu, sbr. 7. gr. frv., m.a. að heimilt verði að krefjast rannsóknar á erfðaefni ef vafi leikur á að umsækjendur um dvalarleyfi aðstandenda séu í raun ættmenni útlendings.

Fleiri ákvæði varða ólögmæta eða refsiverða háttsemi eða könnun á því hvort um hana geti verið að ræða. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um að heimilt sé að synja útlendingi um inngöngu í landið til bráðabirgða við komu til landsins á meðan kannað er hvort efni séu til frávísunar en þá telst útlendingur vera við landamæri og í raun ekki kominn inn í landið. Þá er lögð til heimild til að brottvísa útlendingi í ólöglegri dvöl, sbr. 5. gr. frv., en á móti kemur að lagt er til í 4. gr. að svigrúm til frávísunar vegna ólöglegrar dvalar verði rýmra þannig að unnt sé að beita vægara úrræði þegar það þykir vera sanngjarnt.

Þá verði refsiákvæði laganna breytt, sbr. 16. gr. frv., en ákvæðin hafa í nokkrum tilvikum reynst örðugur grundvöllur saksóknar. Meðal annars er lagt til að varsla falsaðra vegabréfa verði refsiverð og að engu skipti hvort aðstoð við útlending til að koma ólöglega til landsins sé í hagnaðarskyni eða ekki, en slíkt getur verið erfitt að sanna.

Nokkrar breytingar lúta að lagfæringum á lögunum, m.a. að heimilt verði að veita EES-borgurum búsetuleyfi í samræmi við almennar reglur laganna, sbr. 9. og 10. gr. frv., en slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum. Auk þess er lagt til í 13. gr. frv. að börn flóttamanna sem fæðst hafa eftir að foreldrar þeirra fengu stöðu flóttamanna hér á landi fái sömu réttarstöðu. Enn fremur fái útlendingar sem heimiluð er koma í flóttamannahópi dvalarleyfi án takmarkana í þrjú ár og myndar það grunn búsetuleyfis. Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að gefa út dvalarleyfi til lengri tíma en tveggja ára í senn en lagt er til að undanþága verði gerð fyrir þennan hóp með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu sem þeir njóta sem í honum eru.

Loks bera að nefna að í 8. gr. frv. er lagt til að útlendingur eigi ekki rétt á að honum sé skipaður talsmaður við kæru á synjun um hæli þegar efnismeðferð málsins fer fram í öðru ríki á grundvelli nánar tiltekinna alþjóðlegra samninga.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir helstu efnisatriði frv. en um efni þess að öðru leyti er vísað til greinargerðar með því. Ég legg áherslu á að brýnt er að frv. verði samþykkt þannig að lögin geti tekið gildi 1. maí nk.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[15:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. má segja að tilgangurinn með frv. sé í raun og veru tvíþættur,

annars vegar sá að nýta aðlögunarheimildir sem samningurinn um stækkun Evrópusambandsins og EES felur í sér, sem tekur gildi 1. maí 2004. Samkvæmt stækkunarsamningi er heimilt að beita aðlögunarákvæðinu að því er varðar frjálsa för launafólks frá þeim tíu ríkjum sem bætast í hópinn.

Ég vil segja hvað þennan þátt málsins varðar, hæstv. forseti, að mér sýnist að vel sé staðið að undirbúningi hans. Aðlögunarheimildir á borð við þessa hafa verið nýttar af fjölmörgum öðrum ríkjum, þar á meðal flestum Norðurlandanna ef ekki öllum, hugsanlega hefur Svíþjóð ekki gert það. Ég held því að það sé ekkert óeðlilegt við þetta og sérstaklega í ljósi þess sem tekið er fram í frv. að haft hafi verið eðlilegt samráð við aðila vinnumarkaðarins um þessa aðlögun. Á þessu stigi geri ég því ekki athugasemdir við þennan þátt frv. en auðvitað með þeim fyrirvara að við munum síðan gera ítarlega skoðun á þessum þætti málsins eins og öðrum í hv. allshn., kalla til gesti eftir atvikum og fá umsagnir.

Hinn þáttur frv. eru að því er greinir í frv. breytingar vegna ábendinga sem borist hafa frá helstu aðilum sem komu að framkvæmd laganna. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég hef verulegar áhyggjur af a.m.k. hluta þeirra breytinga sem þar eru lagðar til og mér sýnist þar vera á ferðinni vafasöm stefnumörkun og því miður oft og tíðum gripið til mjög viðamikilla heimilda að því er virðist án þess að tilefni sé til. Ég mun m.a. kalla eftir því í framsögu minni að hæstv. dómsmrh. geri okkur grein fyrir því hvaða neyð rekur til þess að farið sé út í aðgerðir á borð við lífsýnatöku og frekari heimildir til húsleitar til þess að skera úr um forsendur dvalarleyfis. Mér finnast þetta vera mjög stórar og miklar aðgerðir sem vega mjög nærri persónuvernd og friðhelgi einkalífs og það hlýtur að þurfa að rökstyðja það mun betur en gert er í frv. hvaða nauðsyn kallar á slíkar aðgerðir.

Ég vil líka draga það strax fram að ákvæðið sem kveður á um að þegar sótt er um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar geti Útlendingastofnun farið fram á rannsókn á erfðaefni og krafist lífsýnis. Hið háa Alþingi hefur þegar hafnað slíku ákvæði í fyrri meðförum frv. sem nú er orðið útlendingalög, og það hljóta að vera mjög veigamiklar ástæður sem kalla á að þessi þáttur frv. sé lagður fram aftur.

Rökstuðningurinn sem helst er tíndur til er sá að vísað er til þess að komið hafi ábendingar frá helstu aðilum sem koma að framkvæmd laganna og samráðsfundir verið haldnir með þátttöku fulltrúa ráðuneytisins, embættis lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnunar og þjóðskrár. Það vekur athygli mína, hæstv. forseti, ef marka má greinargerðina, að ekki virðist hafa verið haft samráð við þann hóp sem verður óneitanlega fyrir þessari röskun á persónuvernd og friðhelgi einkalífs sem fram kemur í frv., sem eru innflytjendur sjálfir. Það er ekki a.m.k. tekið fram í greinargerðinni að haft hafi verið samráð við Alþjóðahús, Rauða krossinn eða aðra sem hafa með málefni útlendinga að gera og eftir því kalla ég hér, virðulegi forseti: Hafði ráðuneytið samráð við þessa aðila við gerð frv. og leitaði álits þeirra á því?

Ég held að það sé nefnilega mjög mikilvægt, hæstv. forseti, ef við búum í lýðræðisþjóðfélagi að það sé ekki bara nóg, með fullri virðingu fyrir embættismönnum og stjórnmálamönnum eða stofnunum sem starfa að málefnum útlendinga eins og hér er lagt til, að þeirra sjónarmið rati í frumvörp. Það er mjög mikilvægt að haft sé samráð við þá líka sem þessi úrræði bitna í raun og veru á og leitað álits þeirra. Það virðist ekki vera ef marka má greinargerð frv.

Ég ætla helst að víkja að þeim atriðum sem ég geri athugasemdir við. Í fyrsta lagi vil ég geta þess að mér sýnist 1. gr., sem snýst um það að nægilegt sé að umsókn um dvalarleyfi hafi verið samþykkt áður en útlendingur kemur til landsins, í stað þess að dvalarleyfið hafi verið gefið út eins og núgildandi ákvæði mælir fyrir um, vera jákvæð breyting og geri ekki athugasemdir við hana, en ætla að eyða fleiri orðum í það sem ég set kannski spurningarmerki við.

Ef við förum í a-lið 2. gr., sem er breyting á 13. gr. laganna, er verið að breyta því að til þess að fá leyfi á grundvelli hjónabands þarf erlendi makinn að vera a.m.k. 24 ára gamall. Í greinargerðinni kemur fram að tillagan sé fengin upp úr dönsku lögunum og rökin séu þau að um sé að ræða ríkt verndarsjónarmið sem byggja á reynslu nágrannaríkjanna þar sem algengt er meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap.

Ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvað er það sem kallar á slíka reglu hér á landi? Hvað er það sem kallar á það að þetta sé gert hér á landi? Fyrirheit um verndarsjónarmið til þess að koma í veg fyrir að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap eru mjög fögur en eru einhver tilfelli hér á landi sem kalla á að slíkt ákvæði sé sett í lög? Auðvitað hljótum við að sjá að slík ákvæði takmarka eða hafa neikvæð áhrif á persónufrelsi þeirra Íslendinga og útlendinga sem hér dvelja löglega að ganga í hjúskap með erlendum ríkisborgara. Þarna er verið að setja ákveðna takmörkun sem er ekki í íslenskum lögum, Íslendingar þurfa ekki að vera orðnir 24 ára til þess að mega giftast og þarna er því verið að búa til óðruvísi reglur fyrir útlendinga. Mér finnast það ekki nægilega sterk rök, hæstv. forseti, að þarna búi verndarsjónarmið ein að baki og kalla eftir því hvað það er sem krefst þess að slík takmörkun sé gerð. Þarna hlýtur alltaf að koma til skoðunar jafnræðisregla stjórnarskrárinnar um að fólki sé ekki mismunað, m.a. eftir uppruna, og þarf að færa ansi sterk rök fyrir því að setja slíka reglu í lög að mínu mati.

Gerð er líka breyting í þá veru að til að foreldri geti fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar þurfi það að vera eldra enn 66 ára, þ.e. orðið 67 ára, og tilgangurinn er sagður sá að koma í veg fyrir að ættmenni fari á þennan hátt hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Það er líka spurning að mínu mati hvort þetta sé nauðsynlegt. Það eru þó kannski fleiri rök sem mæla með þessari aðgerð en þeirri sem snýr að hjúskapnum að mínu mati, en er ekki svo að löggjöfin í dag tryggi nokkuð vel að ekki sé hægt að fara hjáleið inn á vinnumarkaðinn? Ég hefði haldið það, vegna þess að til þess að ráða ríkisborgara utan EES-svæðisins til vinnu þarf að auglýsa starfið á svæðinu í þrjár vikur, stéttarfélag að gefa umsögn og að lokum Vinnumálastofnun að meta atvinnuástand í landinu, þannig að ég held að það sé okkuð vel girt fyrir þetta. En kannski hefur hæstv. dómsmrh. einhver frekari rök fyrir því en fram koma í frv. af hverju nauðsynlegt sé að gera þetta.

Það atriði sem mér þykir hvað alvarlegast í frv. snýr að breytingum á 29. gr. útlendingalaganna sem í frv. er b-liður 7. gr. Þar er sagt að við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hafi Útlendingastofnun heimild til að krefjast þess að umsækjendur um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni, og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða.

Ég held að þarna sé verið að fara inn á nokkuð vafasamar brautir. Ég held að þetta sé eitthvað sem við þurfum að fara mjög varlega í en, eins og ég nefndi áður í máli mínu, hefur

Alþingi áður hafnað því að til þessa úrræðis sé gripið. Þarna er verið að fara ansi langt inn á friðhelgi einkalífs fólks. Og það kunna að vera uppi ýmsar aðstæður þar sem erfðaefni gefur kannski ekki bestu upplýsingarnar um hvort um náinn aðstandanda er að ræða og má þá kannski nefna sem dæmi, þótt það sé kannski langsótt, að ef barn er t.d. rangfeðrað gefur erfðaefnið væntanlega ekki réttar upplýsingar en það kann eigi að síður að vera náinn aðstandandi. En þetta er möguleiki.

Ég held að í mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur staðfest og gerst aðili að sé friðhelgi persónulífs eða einkalífs meðal helgustu mannréttinda. Það er viðurkennt jafnt á alþjóðavettvangi sem og í íslenskum lögum að þessa friðhelgi megi rjúfa ef rökstuddur grunur er um að einstaklingur hafi framið refsiverðan verknað, það eru sett ströng skilyrði þar um og þannig á það að sjálfsögðu að vera.

Ef maður skoðar lögin um lífsýni og lögin um persónuvernd er litið þannig á, samkvæmt íslenskum lögum, að taka lífsýnis teljist til mikilvægra persónuupplýsinga sem séu vandmeðfarnar og beri að vernda. Ég tel að þess vegna þurfi nokkuð sterk rök fyrir þessu. Við þurfum að standa frammi fyrir verulegum vandamálum til að taka svona úrræði upp í lög okkar, hæstv. forseti.

Ég verð líka að segja að mér finnst orka mjög tvímælis þegar Alþingi hefur áður hafnað slíku ákvæði, að það komi aftur fyrir þingið í nýrri mynd, að því er virðist um hjáleið í gegnum stækkun EES-svæðisins og Evrópusambandsins sem er meginástæðan fyrir því að þetta frv. er lagt fram nú. Hér er um að ræða stórt atriði sem þarfnast náinnar skoðunar og þarf mjög sterk rök fyrir að taka upp.

Virðulegur forseti. Í frv. er einnig gert ráð fyrir að refsivert sé að stofna til málamynda- eða nauðungarhjónabanda. Lögregla fær nokkur úrræði til þess, m.a. heimild til húsleitar ef grunur leikur á slíku. Ég held að við getum öll verið sammála um að slík hjónabönd séu ekki af hinu góða. Í sjálfu sér er kannski ekki ástæða til að gera athugasemd við að refsivert sé að stofna til hjónabands í þeim tilgangi einum að afla viðkomandi dvalarleyfis eða neyða aðra manneskju í hjónaband. Spurningin er kannski frekar um aðgerðirnar vegna þess að þær vega enn og aftur verulega að persónufrelsi einstaklinga.

Það er t.d. ekki skilgreint hvað átt er við með orðinu málamyndahjónaband. Að mínu mati þyrfti slík skilgreining að liggja fyrir. Reyndar er það svo að í íslenskum veruleika eru oft á tíðum mismunandi ástæður fyrir hjónaböndum. Spurningin til hæstv. dómsmrh. er því: Hvað er það sem kallar á þessa breytingu? Er þetta stórt vandamál sem yfirvöld standa frammi fyrir og er ástæða til að bregðast við á þennan hátt?

Ég vil líka minnast á 7. gr. frv. sem breytir 3. mgr. 29. gr. útlendingalaga. Ákvæðið mælir fyrir um heimild til húsleitar ef útlendingur neitar að upplýsa hver hann er. Í dag er heimildin til staðar ef útlendingur neitar að upplýsa hver hann er og leynir upplýsingum varðandi það. Samkvæmt frv. er lagt til að bætt verði við ákvæðið að hið sama gildi ef rökstuddur grunur leikur á málamynda- eða nauðungarhjónböndum. Spurningin er hvort það sé óeðlilega opið sem hér segir, að lögregla má „leita á útlendingnum, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á". Eigum við ekki að stíga varlega til jarðar þegar við setjum svona heimildir í lög? Ég vil a.m.k. leggja til að þetta atriði verði skoðað betur í hv. allshn. þegar þar að kemur.

Um málamyndahjónaböndin segir í frv., líklega í athugasemdunum, að þegar metið er hvort grunur sé á málamyndahjónabandi sé m.a. litið til þess hvort aðilar hafi búið saman fyrir stofnun hjúskapar. Ég vek athygli á því að það er ekki sett sem skilyrði fyrir því að Íslendingar fái að ganga í hjónaband að þeir hafi búið saman fyrir stofnun hjúskapar. Ég vil líka benda á að í mörgum ríkjum er beinlínis ekki talið eðlilegt að fólk búi saman fyrir stofnun hjúskapar. Þetta finnst mér því kannski svolítið hæpin forsenda.

Þá skal taka tillit til aldursmunar og þess hvort þau tali tungumál hvors annars. Ég er ansi hrædd um, hæstv. forseti., að í ansi mörgum fullkomlega löglegum hjónaböndum hér á landi eigi í hlut Íslendingur og erlendur ríkisborgari þar sem viðkomandi skilja ekki tungumál hvort annars, tali kannski saman á þriðja tungumáli. Varðandi það hvort viðkomandi hjón þekki til einstakra atriða eða atvika úr lífi hvors annars, eins og segir í athugasemdum með frv., verð ég að segja, hæstv. forseti, að ég tel að þar séum við komin út á ansi hæpna braut. Við þurfum að stíga mjög varlega til jarðar, hæstv. forseti. Þótt vissulega kunni að hafa komið upp vandamál hvað þetta varðar — það væri gaman að fá að vita hversu stór þau eru í sniðum — þá þurfum við að hafa í huga að með tilliti til mannréttindasamninga og jafnræðisreglu megum við ekki setja of miklar hömlur á einkalíf innflytjenda hér á landi eða þeirra sem stofna til hjónabanda með erlendum ríkisborgurum.

Fleiri atriði væri vert að skoða í hv. allshn., t.d. að það er talið refsivert samkvæmt frv. að vera með fölsuð vegabréf eða önnur ferðaskilríki. Ef maður skoðar t.d. 31. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna og leiðbeiningarreglur Alþjóða rauða krossins þá er aðildarríkjum gert að leggja ekki refsingar við að flóttamenn komi ólöglega til ríkjanna. Ég held að við þurfum að skoða þetta ákvæði í samhengi við þá samninga. Það má líka benda á að hér hefur verið nokkur umræða í þjóðfélaginu um mansal. Flest erum við líklega sammála um að það þurfi að uppræta með öllum mögulegum ráðum. En fórnarlömb mansals eru oft með fölsuð ferðaskilríki. Þetta hefur margoft komið fram í umræðum um mansal. Þessi tillaga að lagaskyldu virðist líka brjóta í bága við skyldu ríkja samkvæmt Palermo-samningnum til að vernda fórnarlömb mansals.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð við 1. umr. Ég treysti því að hv. allshn. taki frv. til mjög viðamikillar skoðunar. Ég tel að a.m.k. þau ákvæði frv. sem ég hef gert að umtalsefni komi til með að mæta nokkurri gagnrýni. Maður hefur þegar heyrt þá gagnrýni víða í samfélaginu. Ég ítreka enn og aftur spurningar mínar til hæstv. dómsmrh.: Hvað er það sem kallar á að gripið skuli til svo viðamikilla aðgerða? Hversu brýn er þessi þörf og hversu stórt er vandamálið? Hversu mörg eru tilfellin? Hve oft koma þessi vandamál til skoðunar hjá yfirvöldum?

[15:53]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi sem hefur ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra. Þeir gegna að mörgu leyti lykilhlutverki í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum og í ýmsum þjónustustofnunum. Þá hafa útlendingar auðgað menningarlíf þjóðarinnar og skapað fjölbreytni sem öllum þjóðum er nauðsynleg.

Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir að útlendingar skipti miklu máli fyrir efnahag og menningu þjóðarinnar eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf. Það má jafnvel halda

því fram að þeim sé tekið sem óvelkomnum gestum og að hluta eru þeim sköpuð dvalarskilyrði hér á landi sem standast ekki mannréttindi.

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar litast nokkuð af því að útlendingar séu ekki aufúsugestir, þrátt fyrir mikilvægi þeirra fyrir íslenskt atvinnu- og menningarlíf. Frv. ber þess öll merki, að öðru leyti en því er varðar stækkun ESB sem ég leggst ekki gegn, að þar ráði einberir hagsmunir stjórnsýslunnar ef hagsmuni skyldi kalla. Hagsmunum útlendinga í frv. er ýmist ekki gefinn gaumur eða hagsmunir þeirra fyrir borð bornir.

Ástæða framlagningar frv. er eins og ég sagði áðan stækkun ESB. Við það er hins vegar ekki látið sitja heldur eru lagðar til fleiri breytingar sem örugglega munu valda því að erfitt verður að ná frv. fram fyrir 1. maí. En það er mjög brýnt að ákvæði er varða stækkunina nái fram að ganga. Það er vegna þess að þær breytingar sem eru lagðar til til viðbótar kalla á mikla umræðu og ítarlega skoðun. Þessar breytingar munu þyngja meðferð frv. og meðferð stækkunarákvæðanna.

Ég beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. dómsmrh. að huga að því að draga þau ákvæði til baka sem varða annað en stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og taka lögin um útlendinga til heildarendurskoðunar og vinna að því faglega. Það gefst afar skammur tími til að huga að þeim viðamiklu breytingum sem lagðar eru til og eru, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, svo mikilsverðar og um margt vafasamar og hæpnar út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og öðrum ákvæðum. Það er rétt að staldra við og hugsa alvarlega um þau ákvæði.

Ég tel einnig að í frv., öðrum þáttum en þeim er snúa að stækkun ESB, felist ákveðin forgangsröðun, breytingar sem ég á erfitt með að una við þegar nauðsyn ber til að breyta ákvæðum um útlendinga eins og þau eru í lögum í dag til að útlendingar séu virtir til mannréttinda.

Ég sagði áðan að umrætt frv. væri stofnanafrumvarp. Að því hefur verið vikið af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Hún vakti athygli á því hverjir væru umsagnaraðilar frv. Ég segi að þetta sé stofnanafrumvarp. Það sést þegar maður les hverjir eru umagnaraðilar. Það eru lagðar til breytingar á lögum vegna ábendinga sem borist hafa frá helstu aðilum sem koma að framkvæmd laganna. Hverjir eru þessir helstu aðilar? Það eru ráðuneytin, lögreglustjórinn í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli, ríkislögreglustjóri, Útlendingastofnun og þjóðskrá. Þetta eru ekki helstu aðilarnir. Þetta er bara helmingurinn af helstu aðilunum. Hvar er rödd útlendinganna? Hvar er rödd Samtaka útlendinga? Hvar er rödd Toshiki Toma, þess ágæta sóknarprests útlendinga? Hvar er rödd fjölmenningaráðs? Hvar er rödd Alþjóðahússins? Hvar er rödd Samtaka um kvennaathvarf? Hvar er rödd Stígamóta? Hvar er rödd Rauða krossins? Allt eru þetta samtök og stofnanir sem gegna veigamiklu hlutverki í samskiptum þeirra ríkisstofnana sem nefndar eru í frv. og eru grunnur þess að kerfið gangi vel. Þessar raddir hefðu eðlilega átt að heyrast löngu fyrr og áður en frv. var samið. Þess vegna er þetta stofnanafrumvarp. Þess vegna er það ekki betur úr garði gert en það er, því miður, vegna þess að þar heyrast ekki raddir útlendinga.

Raddir útlendinga eiga sér ekki allt of marga talsmenn. Toshiki Toma talar um þetta sem raddirnar sem ekki heyrast, raddir útlendinga. Það er í margfaldri merkingu. Ein merkingin er m.a. sú að þeir kunna ekki íslensku. Það þekki ég dæmalaust vel því að alla helgina var ég í framtalsaðstoð hjá Eflingu – stéttarfélagi. Ég hitti þar tugi útlendinga sem leituðu aðstoðar. Ég gat ekki átt samskipti við mikinn fjölda þeirra vegna þess að þeir gátu ekki tjáð sig á íslensku. Þeir skildu ekki einu sinni orðið skattframtal. Ég varð að hafa uppi leikræna tilburði til að sýna einum þeirra hvað það væri, með því að setja eyðublaðið í umslag og segja: Fékkstu svona, fékkstu svona? Það tók mig 5 mínútur að koma þessum skilaboðum á framfæri. Þetta er rödd sem á erfitt með að koma fram. Þess vegna er Alþjóðahúsið. Þess vegna er fjölmenningaráð o.s.frv.

Ég ætla ekki beinlínis að rekja frumvarpsdrögin, það hefur verið sett fram gagnrýni á þau, en þarna er verið að loka fyrir hinn svokallaða málamyndahjúskap og verið að þrengja að fjölskyldum útlendinga. Ef nokkurt grundvallaratriði er í lífinu er það það að hafa fjölskylduna hjá sér og vera í kringum hana, en frv. gengur fremur í þá átt að þrengja þann rétt, jafnvel fólks sem hefur verið hér á landi um árarаðir. Verið er að þrengja rétt kvenna sem hafa komið frá Tælandi og hafa ekki börnin með sér og vilja fá börnin til sín, eðlilega. Það finnst mér algjörlega óskiljanlegt.

Ég hef heyrt gagnrýnisraddir frá útlendingum, frá Toshiki Toma sóknarpresti þeirra sem gagnrýnir aldurstakmörkin við 24 ár í hjúskap. Af hverju á aldursmark fyrir útlending í hjónaband að vera annað en samkvæmt íslenskum lögum? Hvert erum við að fara? Hvaða hugsun býr að baki svona ákvæði? Hvaða orð dettur mönnum fyrst í hug? Ég læt hv. þm. um að geta sér til um það. Toshiki Toma gagnrýnir þetta harðlega.

Er skynsamlegt eða eftirsóknarvert að íslensk stjórnvöld setji sérstök hjúskaparmörk í útlendingalög? Er einhver skynsemi í því? Er einhver skynsemi í því að setja aldursmörk á þá aðstandendur og niðja sem mega koma til landsins til útlendings sem hefur verið hér til fjölda ára? Útlendinguriinn er ekki hér að gamni sínu, því ef maður skoðar þetta í stærra samhengi hefur það gerst að fólki frá Tælandi, Austur-Evrópu, sérstaklega konum, hefur verið gert mjög erfitt fyrir að framfæra sig, þess vegna sækir það annað. Þetta fólk er afar gott starfsfólk, það fer mjög gott orð af því. Auðvitað eru undantekningar á því eins og öllu í lífinu.

Að setja aldursmörk fyrir ættingja 66 ár. Hvað með mann sem er 50 ára og á ekki innangengt í vinnu á Íslandi æskudýrkunarinnar, hvað verður um hann?

Það er verið að koma í veg fyrir eðlilegt fjölskyldusameyti, það er verið að þrengja samneytið. Það er verið að gera útlendinga að öðruvísi fólki, það er verið að gera útlendinga að annars flokks borgurum. Ég uni því ekki, þetta er fólk eins og ég.

Ég gagnrýni líka svokallað málamyndahjónaband. Hvað er það? Er hjónaband okkar að íslenskum lögum hið eina rétta en hjónaband af öðrum trúarbrögðum málamyndahjónaband? Það er þekkt í Tælandi. (**Gripið fram í:** Hver er að tala um það?) Ég er að tala um það, vegna þess að þetta er ekki skilgreint. Það er grundvallaratriði að skilgreina hvað málamyndahjónaband er. Sú skilgreining ætti að vera í hjúskaparlögunum en ekki í útlendingalögunum. Er verið að búa til sérreglur um hjónabönd útlendinga?

Í ríkjum sem við þekkjum ekki til menningar í, tökum Tæland og Íran, þykir fólki svokallað „arrangement marriage" ekkert mál, það er hluti af tryggingu fjölskyldunnar og annað slíkt. Þetta kemur okkur einkennilega fyrir sjónir en þannig er þetta í öðrum menningarríkjum og við eigum auðvitað að virða menningu annarra þjóða og eigum ekki að

setja okkur á þann háa hest að við séum æðri en aðrar þjóðir menningarlega.

Valdheimildir Útlendingastofu eru óskilgreindar og opnar. Það sem stingur mig almest í þessu eru svokallaðar erfðarannsóknir. Það eru ekki einu sinni sett skilyrði að taka megi sýni eða erfðaefnisrannsóknir, þetta er bara almenn opin heimild og viðkvæmustu persónuupplýsingar sem koma út úr því, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir nefndi áðan.

Hvað sýnir erfðaefnisrannsókn ef viðkomandi útlendingur hefur verið ættleiddur? Hvað mundum við segja, Íslendingar, ef okkur væri gert að gefa lífsýni þegar við förum til Danmerkur í nám eða til starfa? Horfum á það þannig. Hvað við mundum við segja ef ég ætlaði til náms eða starfs í Bandaríkjunum og það yrðu tekin af mér lífsýni? Hver mundi segja já við því? Auðvitað enginn.

Allir þeir gagnrýnispunktar sem ég hef flutt eru til umræðu meðal útlendinga í landinu og Toshiki Toma gerir þá að umtalsefni í bréfum og gögnum. Ég vil líka segja, hæstv. dómsmrh., að í núgildandi lögum um útlendinga eru skýrar og góðar valdheimildir sem ég hygg að dugi. Það er ég að segja vegna þess að þegar verið er að tala um málamyndahjúskapinn erum við að taka á undantekningarvandamálum sem eru vandamál, ég neita því ekki, en við megum ekki búa til meginreglur út frá undantekningum. Ég gagnrýni það að búa til meginreglu um lífsýnarannsóknir og um málamyndahjónaband um 24 ára aldur, út frá undantekningum.

Ég veit að íslenskir karlmenn hafa gengist undir þann samning að giftast konum og koma með þær hingað til lands. Ég velti því stundum fyrir mér hvort þeir séu ekki að gera hreina gustuk í kynlífstengda ferðamannamarkaðnum í Tælandi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur staðið fyrir þar sem vinna við hrísgrjónarækt o.fl. hefur fallið niður. Ég velti því stundum fyrir mér, þó það sé náttúrlega sérkennilegt, en auðvitað á maður að skoða allar hliðar máls og skoða allt í samhengi.

Hugsunin er þröng og einkennist af því að við séum æðri. Ég tel að forgangsröðunin sé röng og minni á að ég hef flutt frumvörp til breytinga á lögum um útlendinga. Ég óskaði reyndar eftir í frumvarpsgreinargerðinni að þær yrðu teknar til umræðu samhliða lögum sem þarf að breyta um frjálsa för útlendinga og búsetu, um atvinnuréttindi útlendinga og um útlendinga, sem hér er til umræðu, í tengslum við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og hefur verið boðuð. Það hefur því miður ekki komist á dagskrá til umfjöllunar samhliða, en í dag hef ég lagt fram — það er ekki búið að dreifa henni — brtt. við frv. sem byggir á þeim frumvörpum sem ég nefndi.

Í þeim brtt. eru tvenn grundvallarmannréttindaatriði. Í fyrsta lagi er það svo í dag að ungmenni sem kemur 16 ára með útlendingi til landsins, þegar ungmennið verður 18 ára þarf það sjálft að sanna að það geti framfært sig og það dugir ekki yfirlýsing ábyrgra foreldra. Ungmennið, 18 ára, þarf að sanna framfærslu sína með því að fara að vinna og fara í gegnum leyfakerfið eða leggja 70 þús. kr. inn á banka sinnum 12. Hver hefur efni á því og hvaða venjulegt foreldri hleypst undan ábyrgð á börnunum sínum? Það gerir enginn, maður sinnir börnum sínum, það er manns ríkasta skylda og skyldi eitthvað annað gilda um útlendinga? Eru þeir öðruvísi við börn en við? Er þetta ekki eins fólk, er þetta ekki fólk?

Hin breytingin er sú að það er því miður þekkt í hjónaböndum íslenskra ríkisborgara að erlendar konur sæti ofbeldi í þeim hjónaböndum. Erlendar konur eru 3,75% af konum sem búa á Íslandi. Talið er að allt að 14% þeirra sem leita til Stígamóta eða Samtaka um kvennaathvarf séu af erlendu bergi brotnar. Þessar tölur segja allt sem segja þarf.

Fyrstu árin í hjúskap hér á landi búa þessar konur á margan hátt í gíslingu hjónabandsins. Ef þær eru beittar ofbeldi eiga þær ekki í nein hús að venda nema fara heim til sín. Það hefur líka gerst og eru dæmi um það, og ég er núna, hæstv. dómsmrh., að tala sem betur fer um undantekningar, sömu undantekningar en miklu alvarlegri en frv. stefnir að, að eiginmennirnir hafa sagt við þær: Ef þú ferð frá mér, ef þú skilur, ertu úr landinu. Þetta er algjörlega óþolandi staða í nútímaþjóðfélagi. Útlendingar eru ekkert öðruvísi en við, þeir eru bara fólk.

Þriðja atriðið sem ég legg til breytingar á varðar framfærsluna, að hægt sé að tryggja framfærslu með öðrum hætti en með bankainneignum eða vinnu, og þá er ég aftur að tala um undantekningartilvik sem snúa að þeim konum sem eru beittar ofbeldi. Hvaða framfærslumöguleika hafa þær sem leita til Stígamóta eða til Samtaka um kvennaathvarf til að framfæra sig? Það er ósköp eðlilegt að samfélagið liðsinni þeim konum í leiðinni.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta, en vil að lokum árétta það sjónarmið, hæstv. dómsmrh., að vel má vera að þarna séu vandamál sem stofnanir sem vísað er til í grg. telja vera vandamál. Ég tel að stofnanirnar geri of mikið úr þeim og tel að þetta muni torvelda lagasetningarvinnuna. Það er mín skoðun og ég teldi eðlilegast að það yrði dregið til baka.

Ég óska sérstaklega eftir því að þær brtt. sem ég hef gert og var að vonast til að kæmu fram en náðu ekki á dagskrá, sem ég gerði að umtalsefni, fari til allshn. og hæstv. formaður allshn., til að spara vinnuna og tímann, sendi brtt. samhliða frv. sem hér er til umræðu til umsagnar Alþjóðahússins, Stígamóta, Rauða krossins, sóknarprests útlendinga o.s.frv., þannig að við sjáum heildarmyndina í dæminu. Ég beini þessu sérstaklega til hv. formanns allshn. og enn fremur beini ég því til hæstv. dómsmrh. að ljá þessu sjónarmiði mínu lið.

[16:12]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga frá 15. maí 2002, þ.e. hér eru strax komnar brtt. við glænýtt útlendingalög sem ollu bæði uppnámi og miklum umræðum í þinginu ekki fyrir margt löngu. Það er ýmislegt sem er líka jákvætt í frv., það ber að taka það fram og kom jafnframt fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur.

Mig langar að nefna eitt sem er jákvætt, t.d. í 2. gr., að nú er búið að setja inn samvistarmaka, sem var ekki í lögunum, þó svo að það hafi verið rætt áður.

En það er ýmislegt sem ber hreinlega að harma að skuli vera komið aftur í þingið. Þá er ég auðvitað að tala um 7. gr. laganna er varðar rannsókn á erfðaefni og töku lífsýnis.

Þegar fyrra útlendingafrumvarp var í þinginu kom það fram í þinginu í tvígang. Í fyrri umferð voru gríðarlega miklar umræður og fengnar umsagnir um málið. Málið fór aftur inn í ráðuneyti og var tekið út þar vegna einróma athugasemda. Það var alveg sama hvar okkur bar niður, hvort það var Persónuvernd, Mannréttindaskrifstofan eða Lögmannafélagið. Það eina sem allir sögðu var: Þetta er of langt gengið.

Meira að segja Norðurlöndin ganga ekki svona langt. Þau eru að sjálfsögðu með fingraför og myndir og meira að segja með gríðarlegar skilgreiningar hvenær má taka það

og hvenær má nota það. Við erum ekki með það miklar skilgreiningar þar undir.

Það væri ráð að skoða gömlu umsagnirnar. Ég á umsagnirnar frá því er málið kom fyrir nefndina í síðara skiptið sem þetta var tekið út. Sem betur fer var ýmislegt lagað í annarri umferð. Þetta er háalvarlegt mál. Með því að setja slík ákvæði fram núna er verið að skapa úlfúð um atriði sem koma inn vegna stækkunar EES. Það á að nota ferðina til að koma inn ákvæðum sem eru ekki boðleg. Það verður spennandi að sjá hvað Persónuvernd og allir aðrir segja um þau ákvæði. Þetta ákvæði þarf að skoða nánar.

Einnig þarf að skoða 10. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Um skilyrði fyrir útgáfu búsetuleyfis EES-útlendings gilda ákvæði 15. gr.“

Þarna er um að ræða greinina um íslenskunámið. Ég fæ ekki betur séð en að um þetta hafi einnig verið rætt þegar fjallað var um áðurnefnt frumvarp. Þetta var ekki sett inn í það frumvarp enda kemur það inn á samninginn um frjálsa för milli landa. Við þurfum að skoða hvaða samninga við mundum brjóta eða a.m.k. fara út í jaðarinn á með því að setja slíkt í lög.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti einnig á mjög vafasöm atriði í 16. gr. sem stangast á við það sem rætt var um á fundi í Norræna húsinu, um mansal, og 31. gr. flóttamannasamningsins. Þetta eru athugasemdir sem við verðum að skoða í nefndinni og kalla eftir umsögnum um hvort stangist á við skuldbindingar okkar að því leyti. Útlendingalögin, hin glænýju lög, voru um margt helmingi þrengri en önnur lög. Það er oft talað um að þetta sé gert til samræmis við lög á Norðurlöndunum. Guð láti gott á vita með að við tökum upp jákvæða hluti úr lögum á Norðurlöndunum, t.d. að stjórn sé sett yfir útlendingastofnanir sem sjá um það að ráða, reka og taka sýni, hafa lækni til þess starfa. Að hafa stjórn yfir þeim veitir ákveðið aðhald. Þar sæti fólk frá mannréttindasamtökum og Rauða krossinum o.s.frv. þannig að fólk hefði möguleika að bera hönd fyrir höfuð sér. Það væri mjög gott ef við fengjum hið jákvæða úr öðrum lögum inn í okkar lög. Við ættum kannski að sæta lagi og setja það inn í lögin núna. Það mundi vinna gegn hinum raunverulegu vandamálum sem komið hafa upp. Hér hefur verið rætt um nauðungar- og málamyndahjónabönd. Þau eru talin vandamál. Ég veit um örfá slík dæmi en þó er ekki þar með sagt að setja þurfi það þannig í lögin að það geti skert mannréttindi. Þetta er spurning um miklar heimildir án mikils tilefnis.

Það sem ég hefði viljað sjá sem hluta af þeim breytingum sem gera á eru umbætur á aðstæðum barna sem hingað koma án foreldra og eru forsjárlaus. Það er eitt af stóru málunum sem voru rædd í útlendingalögunum síðast. Það fékkst ekki í gegn en samt kom fram í meirihlutaáliti frá nefndinni að þau mál mundu tekin fyrir í tengslum við barnaverndarlög. Barnaverndarlögin voru jafnframt í vinnslu þingsins en þetta var ekki sett inn í þau. Það er hins vegar mjög mikilvægt. *Ég vil benda öllum hv. þm. á að í norskum, sænskum og* dönskum lögum er tekið á hagsmunum barna upp að 18 ára aldri sem koma til landanna forsjárlaus. Í Noregi og Svíþjóð er gríðarstór hópur slíkra barna. Við þurfum að bregðast við áður en slíkum vandræðamálum fjölgar. Við þekkjum eitt tilfelli, þ.e. drengina frá Sri Lanka. Við eigum að fyrirbyggja að hingað komi yngri börn. Við verðum að vita hvernig á að taka á málunum, hvaða ferli á að fara í gang og hvernig standa skuli að slíkum málum. Okkur væri sómi af því.

Auðvitað er margt jákvætt í frv. Vinnslan í nefndinni verður eflaust talsverð þótt spurning sé um hvort ekki verði að tvískipta þessu og taka EES-stækkunina sér því að um hitt þarf mikla umræðu. Það er vafasamt að stofna til hennar að óþörfu.

[16:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um 24 ára aldursmörkin, hin ströngu ákvæði og erfðarannsóknir. Það hafa flokkssystur mínar úr Samf., hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, gert ágætlega. Ég ætla að tala um annað sem er mér ofarlega í huga í tengslum við þessa umræðu.

Ég skil ekki hvers vegna ríkisstjórnin er svo hrædd við útlendinga. Mér stendur stuggur af þeirri löggjöf sem ríkisstjórnin setur í málefnum útlendinga. Þetta er ekki í fyrsta sinn. Það er löngu ljóst að núverandi stjórn er í nöp við þá útlendinga sem hingað koma.

Það er ekki mjög langt síðan á komst löggjöf um útlendinga. Það hafði verið beðið eftir henni mjög lengi. Það tók margra ára eftirgrennslan, eftirgangsmuni og fyrirspurnir á Alþingi. Hvað líður vinnunni? Hvenær verða sett lög um útlendinga? Á hverju strandar með að setja lög um útlendinga í takt við þá alþjóðasamninga sem við höfum gert, ekki síst flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna? Af hverju er ekki hægt að drífa í þessu verki?

Margir ráðherrar höfðu verið í dómsmrn. frá því að fyrst var spurt um þessi mál og þar til lögin voru loksins sett. Hið merkilega er að þeir hafa allir verið frá sama flokknum, frá Sjálfstfl. Þeir hafa haft forræði málsins. Þegar gengið var eftir því að sett yrðu lög í samræmi við alþjóðasamning um flóttamenn var alltaf sagt: Það er verið að vinna að þessu í ráðuneytinu. Þetta kemur bráðum. Það kemur seinna á þinginu. Það kemur í haust. Það kemur í vetur.

Réttindi útlendinga sem komu til landsins sem hælisleitendur voru algerlega fyrir borð borin. Alþingi og viðkomandi ráðherrar fengu æ ofan í æ erindi og bréf um að réttindi þeirra, þá er ég t.d. að tala um flóttamenn, væru ekki virt. Það að fá skilgreindan rétt flóttamanna við komu til landsins, að fá túlk, dróst. Þeir fengu ekki strax afgreiðslu og þann rétt tók langan tíma að færa í lög.

Það er mjög sérkennilegt að árið 2004 skulum við fjalla um sambúð fólks þvert á landamæri og lesa frv. af því tagi sem hér er sett fram. Það eru mjög mikil vonbrigði að skynja hve uppteknir menn eru af því að verjast útlendingum. Þetta hefur svo sem gerst annars staðar. Þegar ríkisstjórnin sem nú situr í Danmörku komst til valda setti hún mjög fljótlega lög um útlendinga. Um þau lög urðu mikil átök í Danmörku. Viðbrögð við þeim voru meira að segja mikil og sterk í Norðurlandaráði. Það var ekki ljóst þegar þau lög voru skoðuð hvort þar væri meira að segja gengið á Norðurlandasamninga sem við höfum virt í gegnum árin og hafa skapað þær aðstæður að þeir sem búa á Norðurlöndunum eigi *sömu réttindi í hverju landi fyrir sig og þeir hafa heima fyrir.* Um þetta komu margar fyrirspurnir og þetta var erfitt mál fyrir ríkisstjórn Danmerkur. Ákefðin í að setja lögin hafði verið það mikil að það var ekki auðvelt að svara því hvort þau stönguðust á við Norðurlandasamninga. Eina spurningin sem ég ætla að bera fram við hæstv. dómsmrh. er hvort það hafi verið skoðað við samningu þessa frv.

Ég sé að hér er vísað í rétt samkvæmt samningi Noregs, Íslands og Evrópusambandsins, EES-samninginn. En ég spyr hvort Norðurlandasamningar hafi verið skoðaðir sérstaklega.

Hins vegar kveð ég mér ekki hljóðs vegna þessa. Það er löngu ljóst að ef viðhalda á velferðarsamfélögum, eins og við þekkjum þau á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu, þurfum við á útlendingum að halda. Færri og færri eru til að skila þeim störfum sem velferðarsamfélagið þarf á að halda. Eftirlaunaþegum fjölgar og færri börn fæðast. Um þetta er rætt í nágrannalöndum okkar. Það er búið að gera úttekt á því hversu mörgum innflytjendum líklegt er að Vestur-Evrópulöndin, ekki síst Norðurlöndin, þurfi á að halda til að geta sinnt þeim mikilvægu störfum sem við viljum að leyst séu af hendi.

Auðvitað hafa Íslendingar alltaf unnið mjög mikið. Um það ganga frægar sögur að Íslendingar vinni tvö störf. Við eigum að varast slíkar hugsanir í dag. Tímarnir eru breyttir. En það er eitt sem ég hefði talið að við værum sammála um í öllum flokkum, þ.e. að við ætlum ekki að rýra samfélagsgerð okkar. Þess vegna er mjög mikilvægt að samfélag eins og okkar bjóði fólk sem vill koma og starfa með okkur að uppbyggingu þjóðfélagsins velkomið til starfa og þátttöku í þeirri tilveru sem Íslendingar búa við. Okkur finnst það hentugt þegar á þarf að halda.

Ég minni á að þegar ákveðið var að ráðast í risavirkjun norðan jökla þótti ekki tiltökumál að hingað kæmu verktakar með fjölda fólks með sér. Kannski hentar það núv. ríkisstjórn best að þeir útlendingar sem hingað koma séu geymdir uppi á fjöllum. Kannski vill ríkisstjórnin bara fá hópa sem eru tilbúnir að koma í örskamma stund og hverfa svo, flytja til annarra landa þar sem vinnu er að hafa. En það þarf að horfa til framtíðar í þessum málum eins og öðrum. Mér finnst mikilvægt að þegar allshn. skoðar þetta mál hugi hún að því hvernig taka skuli á móti því fólki sem hingað kemur og ætlar að deila með okkur kjörum. Ætlar allshn. að setja þannig lög að þessu fólki sé mætt með virðingu og samkennd?

Ég vona að Alþingi, sem setur lögin þó að ráðherrar og ríkisstjórn leggi frv. fyrir það, beri gæfu til að snúa frá þeirri andúð sem birtist í lagasetningum ríkisstjórnarinnar varðandi útlendinga. Alþingi verður að skoða hverju þarf að breyta og breyta því þannig að komið sé fram við fólk sem hingað kemur með virðingu. Það er forsenda þess að til okkar verði horft með virðingu.

[16:28]

Útbýting þingskjala:

56. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf, 788. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1201.

Erfðafjárskattur, 435. mál, brtt. ÖS o.fl., þskj. 1200.

Húsnæðismál, 785. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1196.

Jafnrétti kynjanna, 665. mál, svar sjútvrh., þskj. 1131.

Veðurþjónusta, 784. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1195.

Veiðieftirlitsgjald, 787. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1198.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 786. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1197.

[16:29]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu umræðu um frv. Ég tel þó að brugðið hafi verið upp rangri mynd af frv. þegar menn hafa rætt það í því stóra samhengi sem hér hefur verið gert. Ég tel ástæðulaust að túlka ákvæði frv. á þann veg sem gert hefur verið, að með því sé breytt ímynd Íslands út á við og útlendingum sýnt kuldalegt viðmót og eitthvað í þeim dúr. Hér er tekið á úrlausnarefnum sem upp hafa komið á grundvelli gildandi laga. Síðan er komið til móts við þau sjónarmið sem mér heyrðist allir sammála um, að setja bæri fyrirvara varðandi stækkun Evrópska efnahagssvæðisins.

Að sjálfsögðu er litið til þess að frv. brjóti ekki í bága við Norðurlandasamninga. Það liggur ljóst fyrir og það ákvæði frv. sem þingmenn gerðu sérstakar athugasemdir við, að því er varðar heimildir til að taka lífsýni, er sambærilegt við ákvæði í dönskum lögum. Einnig er verið að ræða sama mál í Svíþjóð og frv. um sama efni liggur fyrir í Noregi. Með frv. er því ekki gengið lengra en þær þjóðir telja skynsamlegt að ganga sem mest eru metnar í heiminum fyrir virðingu sína fyrir mannréttindum. Við erum í þeim hópi og skerðum mannréttindi ekki á neinn þann hátt sem hér hefur verið talað um. Að sjálfsögðu verður staðið þannig að framkvæmdinni að það standist ákvæði um persónuvernd og aðra slíka þætti.

Menn mega ekki gleyma því í þessu sambandi að fyrst og síðast er verið er að ræða um það í frv. að koma í veg fyrir að menn misnoti þær heimildir sem eru í lögum, að menn gangi ekki í hjúskap sem hafi þann tilgang einan að útvega dvalarleyfi fyrir annað hjóna. Það eru þau atriði sem verið er að fjalla um. Og þegar menn velta fyrir sér hvað felist í hugtakinu málamyndahjónaband kemur það fram í þessum orðum í athugasemdum við frv.: „Einnig er lagt til að hjúskapur, sem hefur þann tilgang einan að útvega dvalarleyfi fyrir annað hjóna, geti ekki myndað rétt til dvalarleyfis fyrir aðstandanda."

Það er þetta sem verið er að fjalla um. Það er ekki verið að fjalla um hvernig fólk er gefið saman, hvort það er gefið saman í Tælandi samkvæmt einhverjum reglum þar eða annars staðar, heldur þegar fyrir liggur að menn misnota hjúskapinn og hann er til málamynda í því skyni einu að útvega sér dvalarleyfi. Það er þetta sem menn verða að hafa í huga þegar um þetta er rætt og skoða það, en ekki að hv. þingmenn leggi út af frv. á allt annan veg en ástæða er til miðað við efni þess og þær greinargerðir sem því fylgja og komi inn í umræðum á Alþingi ranghugmyndum hjá útlendingum sem menn segjast á hinn bóginn bera fyrir brjósti þannig að þeir eigi erfitt með að átta sig á og skilja hvað um er að ræða þegar þetta frv. kemur fram eða önnur mál sem við ræðum í þinginu.

Skilgreining á því hvað átt er við með málamyndahjúskap stendur alveg skýrt í frv. Það er hjúskapur sem stofnað er til í þeim eina tilgangi að koma hingað og afla sér dvalarleyfis á þeim fölsku forsendum sem hjúskapurinn er þegar litið er til þessa þáttar. Það er ekkert annað sem um er að ræða. En að leggja þetta upp og tala um þetta eins og gert hefur verið hér og koma inn ranghugmyndum í umræðum á þinginu um málið finnst mér hins vegar ekki í samræmi við þá umhyggju sem hv. þingmenn telja sig í hinu orðinu hafa fyrir stöðu útlendinga í landinu. Það er sjálfsagt að koma vel fram gagnvart öllum þeim sem eru hér á lögmætum og réttum forsendum, en það á ekki heldur að hafa lög þannig að auðvelt sé fyrir aðra að koma óorði á alla sem eru hér á réttmætum forsendum með því að misnota þá aðstöðu sem hér hefur verið sköpuð. Þessi lög eiga m.a. að stuðla að því að þær reglur séu skýrar og það sé ástæðulaust að efast um að fólk sé hér á einhverjum fölskum forsendum eða málamyndaforsendum. Um það snýst málið fyrst og síðast og þau úrræði sem við erum að tala um. Þau snúa að mínu viti að því að treysta réttarstöðu þeirra útlendinga sem eru í landinu á réttmætum forsendum og til að koma í veg fyrir að

menn misnoti sér þær heimildir sem hér eru og annars staðar í Evrópu þegar við lítum til þessara þátta.

Það er rétt að nýlega er búið að setja hér útlendingalög en á þeim tíma frá því að þau voru sett hefur mikil breyting orðið. Það eru hinar neikvæðu hliðar alþjóðavæðingarinnar sem við erum að takast á við og tilraunir allt of margra til að misnota sér frelsið sem felst í alþjóðavæðingunni og nota það í tilgangi sem við hljótum að telja ólögmætan, og ég tala nú ekki um nauðungarhjónaböndin, sem dæmi hafa verið um og menn geta lesið um í blöðum.

Ég ætla ekki að rekja einstök atriði hér, enda get ég ekki talað um málefni einstaklinga þegar ég er að fjalla um mál af þessum toga. Ég veit ekki hvaða upplýsinga allshn. getur aflað sér, hún hefur öll tök á að ræða við embættismenn sem að þessum málum koma og fara yfir einstaka þætti í frv. Það eru staðfest dæmi um að leitast hefur verið við að stofna til málamyndahjónabanda og bera fé ekki aðeins á karlmenn, karlmenn hafa ekki endilega verið að bera fé, heldur á íslenskar konur til að útvega karlmönnum dvalarleyfi hér á fölskum forsendum. Það liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Þetta vita allir.) Já, þetta liggur fyrir, og ég tel mikilvægt að hafa í lögum ákvæði sem gerir okkur kleift að koma í veg fyrir slíka ólögmæta starfsemi og það sé m.a. liður í baráttunni gegn mansali að hafa þessi ákvæði skýr og klár.

Þegar menn tala hér um málið á þann veg að verið sé að vega að því fólki sem hefur staðið á lögmætan hátt að öllum gjörðum sínum þá er það ekki tilgangurinn með frv. Þvert á móti er tilgangur þess að treysta þau tæki sem við höfum í höndunum til að koma í veg fyrir ólögmæta starfsemi í landinu og að fólk komi hingað til lands á ólögmætum forsendum, sem við erum öll sammála um í raun og veru að eru forsendur sem við eigum ekki að sætta okkur við. Við erum þess vegna að flytja þetta frv. til að hafa tæki til að bregðast við þeirri hættu.

Ég tel að þetta sé ekki eins flókið og kom fram í ræðum þingmanna, og þegar menn kynna sér málið átta þeir sig á því að ákvæðin eru til þess fallin að auðvelda allar afgreiðslur þessara mála, ekki til þess að níðast á neinum heldur til að taka á því sem er ólögmætt og menn telja að þurfi svo sannarlega að sýna fram á með skýrum hætti að sé ólögmætt til þess að útlendingar hér á landi njóti þess að það sé vissa um að allir séu hér á lögmætum og réttmætum forsendum. Það er lykilatriði í málinu. Um það snýst málið. Það snýst ekki um að níðast á þeim sem hafa alla sína hluti í lagi, nema síður sé. Og að blanda þessu máli inn í komu fólks til að vinna hér við virkjanastörf og annað slíkt, frv. snýst ekki um það nema að því leyti að við erum að nýta okkur þá fyrirvara sem við höfum í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að þeir sem koma inn á svæðið núna fái ekki strax sama rétt og þeir sem eru á svæðinu fyrir. Það er kannski í því sem við getum sagt að við séum að þrengja að fólki sem vill koma hingað og vinna á grundvelli Evrópska efnahagssvæðisins.

Varðandi lífsýnið þá er það í dönskum lögum eins og ég sagði. Það er komið frumvarp í Noregi, verið er að velta fyrir sér að koma því fyrir í sænskum lögum. Það er því ekki um það að ræða að við séum að ryðja neina braut. Við erum líka farin að tala um það sem við köllum nú og viljum að verði notað á íslensku sem á erlendum málum er kallað „biometrics", en við viljum að sé kallað lífkenni og það eru fingraför og annað sem sett er í passa. Það er líka að koma til sögunnar eins og við vitum. Það eru miklar umræður um þetta í Evrópusambandinu og þær umræður hafa aukist eftir hryðjuverkin í Madríd og menn eru í sjálfu sér alltaf að velta fyrir sér strangari og strangari reglum, leikreglum að þessu leyti sem ná til allra borgara hvort sem þeir eru að reyna að blekkja yfirvöld eða ekki.

En málamyndahjónabönd og nauðungarhjónabönd eru hlutir sem við erum öll sammála um að á ekki að líða. Við erum hér að mæla fyrir um að tækin til að bregðast við þeim séu skýrari og auðveldari í meðferð en áður og að reglurnar séu skýrari þannig að allir sem að þessum málum koma viti hvar þeir standa.

Rökin fyrir því að hafa 24 ára aldurinn rakti ég í ræðu minni. Auðvitað geta menn verið sammála þeim eða ósammála og ekki fellt sig við þau rök. Ég get ekki breytt því, annaðhvort fallast menn á þau eða ekki. Ég þarf ekki að endurtaka þau í sjálfu sér hér, en ég vil líka minna á að þetta á við um það mál þegar um er að ræða umsókn um dvalarleyfi aðstandanda. Málið snýst um það að menn séu ekki að misnota þann rétt sem þeir hafa til þess að sækja um dvalarleyfi fyrir aðstandanda og gera það í raun og veru í blekkingarskyni. Við erum að koma í veg fyrir það og það er sú framkvæmd sem við erum að tryggja. Við erum síður en svo að vega að útlendingum og ósanngjarnt að setja málið upp á þann veg. En álitamálin eru að sjálfsögðu til staðar og ég er viss um að nefndin mun taka þau til athugunar.

Eins og hér kemur fram er málið unnið af þeim sem hafa komið að framkvæmd laganna. Við höfum ekki dregið dul á það og nefndin hefur öll tækifæri sem hún vill hafa til að kalla fólk til viðræðna við sig um málið. Ég tel að hér sé vel að verki staðið og það fólk sem hefur komið að því að semja frv. hefur mikla reynslu af því að sinna slíkum málum og vinna að þeim. Ég tel að við verðum betur í stakk búin, og að útlendingar verði einnig í betra réttarumhverfi hér, verði frv. að lögum.

[16:40]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við eigum eftir að heyra það frá útlendingum og þeim sem hafa unnið mest með þeirra mál hvort þeir líti á frv. sem réttarbót. Ég leyfi mér að efast um að svo sé.

En hæstv. ráðherra verður að svara því, mér fannst það ekki koma skýrt fram í ræðu hans hvað það er sem kallar á þessar breytingar. Hversu mörg tilfelli erum við að tala um þar sem um er að ræða rökstuddan grun um nauðungarhjónabönd, um að foreldrar séu að ráðstafa börnum sínum hjúskap — eftir þeim heimildum sem ég hef eru slík dæmi vart til hér á landi — eða um málamyndahjónabönd? Það hljóta að vera einhver haldbær rök fyrir því að verið er að fara út í eins alvarlegar aðgerðir og hér er lagt til. Ég vil taka fram eins og ég sagði í ræðu minni að ég er sammála því eða ég tel ekkert óeðlilegt við að refsivert sé að stofna til málamyndahjónabands til þess eins að öðlast dvalarleyfi. En ég leyfi mér að spyrja hvort ástæða sé til að setja þessar reglur, hvort vandamálið sé raunverulegt. Í öðru lagi set ég mikla fyrirvara við það sem talað er um í athugasemdum hvernig eigi að meta þetta, hvort fólk skilji tungu hvors annars, hvort verulegur aldursmunur sé á milli hjóna. Almáttugur. Eru þetta haldbær rök að leggja fram í frv. frá hæstv. dómsmrh. nema hann geti þá sagt að þetta sé stórt vandamál?

Og af því að alltaf er verið að vísa til annarra þjóða og þess sem þær eru að gera, þá erum við að tala um Norðurlöndin þar sem hlutfall útlendinga af íbúafjölda er mun hærra en hér á landi. Erlendir ríkisborgarar eru 3,5% af íbúafjölda hér

á landi, allflestir á vinnumarkaði. Við erum með allt önnur vandamál hér heldur en þar. Við eigum að fara varlega og við eigum að gæta þess að við lendum ekki í sömu vandræðum, en við megum ekki apa eftir hluti jafnvel þó að þeir sé framkvæmdir á Norðurlöndunum þar sem hugsanlega eru raunveruleg vandamál til staðar sem verið er að takast á við. En við eigum að fara varlega í að setja svona verulegar takmarkanir á persónuvernd og persónufrelsi og friðhelgi einkalífs eins og lagt er til í frv.

[16:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé svolítið einkennilegt að koma hér upp og þurfa að standa í rökræðum út af þessu máli úr því að við erum sammála um markmið frv. Við erum sammála um að við viljum ekki að fólk misnoti land okkar til þess að afla sér dvalarleyfis því það er ekki bara að fá dvalarleyfi hér, það er líka að fara inn á Schengen-svæðið. Það er líka að standa að því að reyna að komast ekki endilega hingað, heldur að reyna að svindla sér inn á Schengen-svæðið og notar sér kannski glufur í íslenskum lögum þegar litið er til þeirra aðgerða sem gripið er til alls staðar annars staðar á Schengen-svæðinu þar sem Norðurlöndin hafa m.a. gengið fremst í flokki, og okkur er nauðsynlegt að hafa þessi tæki.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan ætla ég ekki að fara að tíunda einstök dæmi sem ég hef af því ég vil ekki fjalla um málefni einstaklinga. Ég tala um þetta almennum orðum. Ég bendi hv. þingmönnum á að alls staðar í nágrannalöndunum er verið að vinna með sambærilegum hætti að þessum málum, alls staðar standa menn frammi fyrir þeim vanda að verið er að reyna að svindla sér inn í löndin og inn á Schengen-svæðið með því m.a. að nota hjúskapinn sem skálkaskjól. Við erum sammála um að þetta eigi ekki að líða og við erum að leggja til skýr ákvæði um hvernig vinna eigi að þessum málum.

Síðan er í athugasemdum við frv. bent á vísbendingar sem gætu verið því til stuðnings að komast að því hvort um málamyndahjónaband sé að ræða. Það eru vangaveltur í greinargerð, ekkert ákvæði í lögum. Það er hægt að tíunda margt fleira og greinargerðin gæti verið lengri og hægt er að benda á ýmis önnur atriði því það er mjög einstaklingsbundið hvaða aðferðum menn beita í þessu. Við erum að skapa þessi tæki og við erum að skapa forsendurnar til þess að ná markmiði sem við erum öll sammála um að skynsamlegt sé að ná, til þess m.a. að tryggja réttarstöðu þeirra sem eru á lögmætum forsendum í landinu. Ég á eftir að sjá menn andmæla því að sú réttarstaða sé tryggð.

[16:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að einmitt sé verið að setja þarna reglur sem geti hugsanlega bitnað á þeim sem eru hér löglega í landinu. Ég dró fram í ræðu minni t.d. regluna um 24 ára hjúskapinn ef einstaklingur er af erlendu bergi brotinn. Ég tel ekkert réttlæta slíka reglu og hæstv. dómsmrh. fellur svolítið í þessari rökræðu á því að geta ekki svarað hversu mörg dæmi við erum að tala um. Hæstv. dómsmrh. fullyrðir það í andsvari að menn séu að svindla sér inn á Schengen-svæðið með þessum aðferðum. Er það svo? Við höfum ekki fengið svör við því enn og eftir því sem ég hef verið að reyna að spyrjast fyrir frá því að frv. kom fram virðist vera fátt um svör þegar maður spyr um fjölda dæma sem verið er að takast á við.

Ég trúi því, hæstv. forsrh., að hæstv. dómsmrh. sé sammála mér í því að ekki eigi að setja meiri hömlur á persónufrelsi og friðhelgi einkalífs fólks yfirleitt nema fyrir því séu verulega brýn rök og brýn nauðsyn. Því tel ég, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. verði að svara þessu hér. Auðvitað geri ég ráð fyrir að hann muni ekki gera það úr því sem komið er. Búið er að margreyna að kalla eftir slíkum dæmum. Ég er ekki að biðja um að einstaklingar séu nefndir til sögunnar. Ég er að biðja um fjölda dæma. Hvert er vandamálið?

Við munum að sjálfsögðu taka það til skoðunar í hv. allshn. en ég tel að hæstv. dómsmrh. eigi ekki að leggja fram frv. á borð við þetta sem felur í sér slíka takmörkun á persónufrelsi og friðhelgi einkalífs óðruvísi en hafa fyrir því haldbær rök og önnur en þau, virðulegur forseti, að vísa bara til Norðurlandanna sem kunna að standa frammi fyrir allt öðrum vandamálum en við stöndum frammi fyrir hér á landi.

[16:46]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig er það nú í þessum málum. Einkennilegt er að vera að spyrja mig um einstaklinga og neita að horfa á heildina. Staðreyndin er sú í þessum málum að menn reyna á þann hlekk sem er veikastur. Ef það er svo að hvarvetna í nágrannalöndum okkar sé verið að setja ákvæði af þessum toga til að sporna við því að menn misnoti gistilandið, eða ég veit ekki hvað á að kalla það þegar menn nota hjónabandið sem skálkaskjól, eigum við þá að sitja auðum höndum og verða veikasti hlekkurinn? (Gripið fram í.) Er það vilji þingmannsins? Er það vilji þingmannsins að íslensk löggjöf sé þannig að þeir sem setjast niður og kynna sér ákvæði í lögum á Schengen-svæðinu átti sig á því að útlendingalöggjöfin á Íslandi sé þannig úr garði gerð að auðveldast sé að komast á ólögmætan hátt inn á Schengen-svæðið í skjóli þeirrar löggjafar?

Ég er ekki þeirrar skoðunar og ég tel að þetta séu meginrökin í málinu fyrir utan svo einstök dæmi. Þingmaðurinn vill vera í einhverjum smáatriðum í þessu. Ég lít á stóru myndina. Ég veit að þingmaðurinn er eindreginn talsmaður þess að Ísland gangi í Evrópusambandið og þingmaðurinn vill að Ísland sé helst með sömu löggjöf og öll Evrópusambandsríkin. Þingmaðurinn vill að við séum hluti af því stjórnkerfi sem Evrópusambandið leiðir.

Með frv. leggjum við til þá samræmingu sem er nauðsynleg þegar við lítum á Schengen-svæðið og þegar við lítum á þau tæki sem við þurfum að hafa í höndunum til að geta tekist á við viðfangsefni sem við okkur blasa í landamæravörslu á Íslandi. Það er það sem þetta mál snýst um. En ég ætla ekki eins og ég sagði, virðulegi forseti, að ræða einstök málefni og einstök dæmi. Ég tel að þau séu minni atriði en stóra myndin í þessu máli.

[16:48]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á að með núgildandi lögum er hægt að bregðast við þeim vandamálum sem um er að ræða. Í 16. gr. núgildandi laga segir, með leyfi forseta:

„Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða

búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum."

Það eru fullar heimildir fyrir þessu. Það er hægt að taka á þessu vandamáli. Hvað hafa útlendingastofnanir gert hér? Á Íslandi eru þúsundir útlendinga og ég held að þau dæmi sem verið er að tala um hér nái ekki tug. Þau ná því ekki og verið er að taka á þeim dæmum innan kerfisins í dag. Samt eru lögin ný. Útlendingalögin eru svo ný. Leyfum þeim að þróast, leyfum þeim að reynast, leyfum þeim að slíta barnsskónum áður en við förum í þessar drastísku breytingar. Setjum ekki lög um undantekningar sem bitna á öllum hópnum.

Eitt í viðbót. Mér þótti leitt að heyra hæstv. dómsmrh. bera á mig ranghugmyndir. Ég kann ekki við slíkan málflutning. Hafi ég slíkar ranghugmyndir deili ég þeim með samtökum útlendinga á Íslandi, með Alþjóðahúsinu og með sóknarpresti útlendinga á Íslandi.

[16:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í fyrri ræðum mínum erum við sammála um meginmarkmið laganna. Nú segir hv. þm. að með núgildandi lögum sé unnt að bregðast við þessum vanda. Ef hv. þm. túlkar núgildandi lög þannig að allt það sem ég legg til í þessu frv. sé innan ramma laganna, hvers vegna er hann þá á móti því? Af hverju telur hann að það sé einhver frelsisskerðing sem ég legg hér til og skýrir einstaka þætti í lögunum í staðinn fyrir að hafa það með þeim almenna hætti sem hv. þm. segir að rúmist innan núgildandi laga? Ég skil ekki hvernig hægt er að saka mig um að flytja frv. sem þrengi að mannréttindum ef það sem ég er að leggja til rúmast í raun og veru innan þeirra laga sem eru í gildi. Þá finnst mér allt málið hrynja í raun og veru, að vegið sé þannig að útlendingum að þeir séu verr settir eftir að þau ákvæði sem ég legg til verða að lögum. Ég tel að þau séu nauðsynleg, eins og ég sagði, til að skerpa á þeim tækjum sem við höfum til að koma í veg fyrir að menn misnoti þessi lög í ólögmætum tilgangi. Það er tilgangur frv. míns og ég fagna því ef hv. þm. telur að frv. rúmist innan núgildandi laga. Þá erum við ekki að deila um nein meginatriði í þessu. Þá er þetta meira útfærsla sem við erum að ræða hér en einhver meginatriði. Ég skildi ræðuna áðan eins og þetta væri eitthvert stórkostlegt meginatriði sem við værum að deila um.

[16:52]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. dómsmrh. virðist hafa misskilið orð mín að einhverju leyti. Ég sagði að hægt væri að leysa þau vandamál sem upp hafa komið á grundvelli núgildandi lagaheimilda í útlendingalögunum. Flóknara er það ekki.

Ég segi: Þessi ákvæði eru óþörf. Ég segi líka að verið er að búa útlendingum annað réttarumhverfi en Íslendingum. Það er m.a. verið að skilgreina nýjan hjúskaparaldur fyrir útlendinga, verið að búa til nýtt málamyndahjúskaparhugtak í útlendingalögunum sem ættu að vera í hjúskaparlögunum og það sem gengur lengst og verst er að verið er að heimila lífsýnatöku. Það er ekki orð um að það þurfi að vera rökstuddur grunur eða nokkur skapaður hlutur. Þess vegna er ég á móti þessum ákvæðum frv. þótt ég styðji hins vegar það sem snýr að stækkun Evrópubandalagsins eins og ég hef sagt áður.

[16:53]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að lengja þetta frekar. Ég vil bara árétta að það sem hér er um að ræða er, eins og ég sagði, hjúskapur sem hefur þann tilgang einan að útvega dvalarleyfi fyrir annað hjóna. Hann á ekki að geta myndað rétt til dvalarleyfis fyrir aðstandanda. Um það snýst málið en ekki það sem hv. þm. er að tala um þegar hann segir að verið sé að breyta hjúskaparlögunum með þessu.

Frumvarpið snýst um rétt manna til að afla sér dvalarleyfis en ekki annað. Það má ekki eins og ég sagði koma inn með þær ranghugmyndir sem hv. þm. var enn og aftur að ítreka, að frv. snerist um eitthvað allt annað, það væri breyting á hjúskaparlögunum. Svo er alls ekki, að sjálfsögðu ekki.

[16:54]

Útbýting þingskjala:

Aflaheimildir fiskiskipa úr stofnum utan lögsögu, 603. mál, svar sjútvrh., þskj. 1107.

Fríverslunarsamningur við Ísrael, 677. mál, svar utanrrh., þskj. 1156.

Útlendingar, 749. mál, brtt. AtlG, þskj. 1203.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:55.

---

88. FUNDUR

þriðjudaginn 23. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, stjfrv., 755. mál, þskj. 1130. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Útlendingar, stjfrv., 749. mál, þskj. 1120. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Framboð og kjör forseta Íslands, stjfrv., 748. mál, þskj. 1119. — 3. umr.
5. Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, stjfrv., 514. mál, þskj. 786. — 3. umr.
6. Erfðafjárskattur, stjfrv., 435. mál, þskj. 1199, brtt. 1200. — 3. umr.
7. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 342. mál, þskj. 416, nál. 1181. — 2. umr.
8. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 343. mál, þskj. 417, nál. 1182, brtt. 1183. — 2. umr.
9. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 479. mál, þskj. 729, nál. 1148. — Síðari umr.
10. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 482. mál, þskj. 754, nál. 1147. — Síðari umr.
11. Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, stjtill., 612. mál, þskj. 920, nál. 1146. — Síðari umr.

12. Uppsögn af hálfu atvinnurekenda, þáltill., 453. mál, þskj. 647. — Fyrri umr.

13. Stjórn fiskveiða, frv., 485. mál, þskj. 757. — 1. umr.

14. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 577. mál, þskj. 868. — Fyrri umr.

15. Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, þáltill., 578. mál, þskj. 870. — Fyrri umr.

16. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 595. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Geir H. Haarde fjmrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Skýrsla nefndar dómsmálaráðherra um reynslulausn.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 5. þm. Suðvest., Siv Friðleifsdóttur, dags. 22. mars:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður minn á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, Páll Magnússon, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Páll Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Erfðafjárskattur, 435. mál, þskj. 1199.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 527. mál, svar sjútvrh., þskj. 1161.

Jafnrétti kynjanna, 656. mál, svar dómsmrh., þskj. 1155.

Jafnrétti kynjanna, 659. mál, svar hagstrh., þskj. 1159.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, 479. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1202.

Sóttvarnalög, 790. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1205.

Staða fríverslunarsamninga EFTA, 678. mál, svar utanrrh., þskj. 1157.

Tilhögun þingfundar.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil geta þess að atkvæðagreiðsla hefur verið ákveðin kl. 3 í dag. Ég vil biðja þingmenn að hafa það í huga.

Umræður utan dagskrár.

Afleiðingar hermdarverkanna í Madríd.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um afleiðingar hermdarverkanna í Madríd. Málshefjandi er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hryðjuverkin í Madríd þann 11. mars sl. þar sem meira en 200 saklausir borgarar létu lífið færðu okkur enn og aftur heim sanninn um að enginn er óhultur fyrir bylgju glæpaverka sem framin eru af hryðjuverkamönnum sem virða engin lög eða landamæri, ráðast að almennum borgurum og hlífa engum. Í öllum löndum hins lýðfrjálsa heims eru yfirvöld að fara yfir það hvernig treysta megi öryggis- og varnarmál vegna þessarar síauknu hættu hryðjuverka. Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins funduðu í gær og ábendingum er komið til almennings í nágrannalöndum okkar á borð við Bretland og Danmörku þar sem fólk er hvatt til að hafa vara á sér og tilkynna yfirvöldum ef minnstu grunsemdir vakna um tilvist hryðjuverkamanna.

Við Íslendingar þurfum á sama hátt að fara rækilega yfir stöðu mála hérlendis. Ég vil alls ekki ala á neinum ótta meðal almennings en óhjákvæmilegt er að ræða stöðu öryggismála hérlendis í ljósi þeirrar hættu sem hryðjuverkin eru. Því hlýt ég að spyrja hæstv. utanrrh. hvort og þá með hvaða hætti viðbrögð ríkisstjórnarinnar í þessum efnum hafi verið. Hvernig hafa íslensk yfirvöld brugðist við í kjölfar árásanna í Madríd? Hver er viðbúnaður okkar vegna þessa? Hvað erum við Íslendingar að gera í þessum málum? Þessi mál verðum við að ræða efnislega.

Samstaða lýðræðisríkja er grundvallaratriði í baráttunni gegn hryðjuverkum. Hinu er þó ekki að leyna að deilur um réttmæti innrásarinnar í Írak fyrir rétt rúmu ári orsökuðu það að vík varð á milli fyrrum vinaþjóða og enn er uppi ósætti vegna þeirrar innrásar og afleiðingar hennar á stöðu mála í Írak og á þann heimshluta allan.

Við jafnaðarmenn lögðumst þannig eindregið gegn því að Ísland skipaði sér á lista hinna viljugu eða staðföstu sem studdu innrás Breta og Bandaríkjamanna fyrir rúmu ári, ekki síst í ljósi þess að innan SÞ var alls ekki samstaða um þær aðgerðir. Meginástæða innrásarinnar var meint tilvist gereyðingarvopna í Írak sem í ljós hefur komið að engin voru. Æ fleiri sérfræðingar, m.a. sérfræðingar Bush Bandaríkjaforseta, hafa opinberað að gefnar forsendur fyrir innrásinni voru byggðar á blekkingum og hálfsannleik.

Ástandið í Írak er því miður enn þá afar óstöðugt. Það er langt í frá festa eða öryggi til staðar. Hryðjuverkamenn virðast hafa tekið sér þar bólfestu. Hermenn og borgarar láta þar lífið nánast á degi hverjum.

Alþjóðasamfélagið hefur látið til sín taka með ýmsum hætti á síðustu missirum og árum til að stemma stigu við ógnarstjórn, þjóðarmorðum og illvirkjum og náð um það samstöðu. Má þar nefna aðgerðir í Kosovo og á Balkanskaga öllum sem og í Afganistan.

Hins vegar er því ekki að leyna að aðgerðaleysi alþjóðasamfélagsins í deilunum fyrir botni Miðjarðarhafsins milli Palestínu og Ísraels, einkum vegna andstöðu Bandaríkjanna

gagnvart pólitískum afskiptum vestrænna þjóða, gerir það að verkum að þar sýður og kraumar. Þar eru blóðug átök viðvarandi án þess að fyrir endann sjái.

Þessi dægrin er t.d. allt á suðupunkti vegna dráps Ísraelsmanna á einum forustumanna Hamas-samtakanna, Ahmed Yassin. Er hreinlega beðið hermdaraðgerða þeirra síðarnefndu. Það er lífsnauðsynlegt að koma af stað friðarferli í Palestínu og þar verða lýðfrjálsar þjóðir að stýra för.

Lýðræðið hafði sigur á hryðjuverkunum á Spáni í frjálsum kosningum sem þar fóru fram. Margir benda á að tilraunir hægri stjórnar Aznars til að afvegaleiða fólk og telja því trú um að ETA í stað Al Kaída hefðu verið ábyrg fyrir ódæðinu hefðu í raun leitt til ósigurs stjórnarinnar. Það er nefnilega nauðsynlegt að yfirvöld komi fram af hreinskilni og segi satt og rétt frá í þessari baráttu lýðræðis gegn hryðjuverkum. Yfirvöld og almenningur þurfa að standa saman í baráttunni. Annað leiðir til ófarnaðar.

Það er óhjákvæmilegt að við Íslendingar skilgreinum lágmarksviðbúnað sem okkur er nauðsynlegur hér á landi. Við höfum í meira en 50 ár notið herverndar Bandaríkjamanna. Á því gætu orðið grundvallarbreytingar á næstu mánuðum eða missirum. Bandaríkjamenn vilja fara. Enn þá er fátt af því að frétta hver staða þeirra mála er en því lýst að viðræður um varnarmálin séu fyrirhugaðar í næsta mánuði. Hvert upplegg okkar er í þeim viðræðum er um sumt óljóst, og mikilvægt er að utanrrh. og ríkisstjórnin skýri þá afstöðu fyrir þingi og þjóð. Um það spyr ég nú: Hver er lágmarksvarnarviðbúnaður okkar Íslendinga að mati utanrrh.? Hryðjuverkaváin hlýtur óhjákvæmilega að spila þar inn í þegar varnir Íslands eru skoðaðar og skilgreindar til framtíðar. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þeim efnum? Um það spyr ég, virðulegi forseti.

[13:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Á morgun verður minningarathöfn um fórnarlömb hinna hræðilegu hryðjuverka í Madríd. Á þeirri stundu er hugur okkar allra hjá spænsku þjóðinni og við þá minningarathöfn verður hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde fulltrúi íslensku ríkisstjórnarinnar.

Þingkosningarnar á Spáni voru lýðræðislegar og það er aðdáunarvert að Spánverjum skuli hafa tekist að ganga að kjörborðinu í skugga slíks harmleiks. Á hinn bóginn verður aldrei vitað hvort beint orsakasamhengi var á milli hryðjuverkanna og úrslitanna. Það eina sem er víst og óruggt er að ríkisstjórnin sem fór frá hafði lagt mikið af mörkum í baráttunni gegn hryðjuverkum og í því ljósi má e.t.v. segja að hryðjuverkaöflunum hafi tekist ætlunarverk sitt.

Það má leiða líkum að því að það hafi verið ásetningur hryðjuverkamannanna að hafa áhrif á spænska kjósendur og þannig veikja samtöðu þeirra ríkja sem hafa herlið í Írak. Ef svo hefur verið er það einungis tímabundið markmið íslamskra öfgamanna og við verðum að gæta þess að gleyma ekki grundvallarmarkmiðum þessara manna. Það eru ekki grundvallaratriði íslamskra öfgamanna að koma spænskum eða öðrum vestrænum hermönnum frá Írak né heldur að tryggja sjálfstæði, lýðræði og hagsæld til handa Palestínumönnum. Grundvallarmarkmið þeirra er að hnekkja vestrænum gildum, m.a. lýðræði og umburðarlyndi, hvar sem þau hafa skotið rótum.

Það er minnst á Írak í þessu samhengi en við skulum ekki gleyma því að Írakar sjálfir og fjöldi annarra múslima hafa orðið að þola mannskæðar morðárásir fylgismanna sömu hugmyndafræði og virðist hafa staðið að baki hryðjuverkunum í Madríd. Skoðanakannanir benda til þess að mikill meiri hluti íröksku þjóðarinnar fagni falli stjórnar Saddams Husseins og það sé bjartsýni ríkjandi um framtíðina. Vestræn ríki sem voru andvíg íhlutun í Írak þola nú einnig alvarlegar hótanir af hálfu þessara öfgamanna og nefni ég þar Frakkland sérstaklega til sögunnar sem virðist vera af öðrum ástæðum. Enginn er óhultur í þessu sambandi.

Að því er varðar Ísland tóku öryggismál á Keflavíkurflugvelli miklum stakkaskiptum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum árið 2001. Skilgreining lágmarksviðbúnaðar er allt önnur en áður og það er ekki ástæða til að auka viðbúnaðarstig þar nema áreiðanlegar upplýsingar berist um að sérstök ógn sé fyrir hendi. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að útlista slíkar öryggisráðstafanir í smáatriðum en ég vil nefna nokkur atriði.

Nánast allur vopnaleitarviðbúnaður hefur verið endurnýjaður og þjálfun starfsmanna stóraukin. Tekinn hefur verið í notkun sérstakur búnaður til gegnumlýsingar á öllum farangri brottfararfarþega. Eftirlitsmyndavélar hafa verið endurnýjaðar og eru nú fjórfalt fleiri en áður. Stöðug vopnuð gæsla er nú í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í kjölfar eflingar sérsveitar ríkislögreglustjóra verður hluti hennar tiltækur á Keflavíkurflugvelli. Öll aðgangsstýring að flugvallarsvæðinu hefur verið hert. Samráð og samstarf við viðeigandi lögregluyfirvöld í nágrannaríkjunum er nú mun meira en áður var. Þá hefur verið gripið til ýmissa annarra ráðstafana sem ekki er hægt að greina frá opinberlega af öryggisástæðum. Þessar ráðstafanir hafa krafist fjölgunar starfsmanna og árlegur kostnaðarauki sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli er 150 millj. af þessum sökum.

Öryggismálin verða áfram í stöðugri endurskoðun og gripið verður til allra nauðsynlegra og raunhæfra aðgerða til að tryggja áframhaldandi öryggi flugvallarsvæðisins.

[13:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. Íslands, Halldór Ásgrímsson, lýsti því yfir í gær að hann fordæmdi morðið á Yassin, leiðtoga Hamas-samtakanna í Palestínu. Þar er ég honum sammála og ég heyrði ekki betur en að hann fordæmdi aðferðafræðina, að uppræta meint ofbeldi með enn meira ofbeldi, að kveða niður hreyfingu með því að myrða forsvarsmenn hennar.

Aðferðafræðin sem Ísraelsmenn beita er engu að síður nákvæmlega sama aðferðafræðin og Bandaríkjastjórn hefur viðhaft. Ríkisstjórn Bush í Bandaríkjunum í slagtogi með ríkisstjórn Tonys Blairs á Bretlandi og með stuðningi svokallaðra staðfastra ríkja, þar á meðal Íslands, hefur einmitt farið fram undir þeim formerkjum að hernaðarofbeldi sé réttlætanlegt og skynsamlegt til þess að kveða niður hryðjuverk.

Fjöldamorðin á Spáni eru enn eitt dæmið, eitt hið allra hryllilegasta, um að þessi aðferðafræði er röng. Hún er hvorki réttlætanleg né skynsamleg. Meira að segja Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í sjónvarpsviðtali fyrir fáeinum dögum að bandarískra herstjórnin í Írak réði ekki við hryðjuverkamenn. Þeir gætu alltaf látið til sín taka á óvæntan og ófyrirsjáanlegan hátt. Það þyrfti nánast að vera maður á mann. Mér varð hugsað til þess að einmitt það væri nú að gerast í mörgum ríkjum heims með vaxandi eftirliti með borgurunum og mjög sterkri tilhneigingu í átt til lögregluríkis, einkum hjá stjórnlyndum hægri mönnum.

Þær ríkisstjórnir sem lögðu blessun sína yfir árásina á Írak töldu sig hafa sannanir fyrir því að það væri nauðsynlegt. Nú hefur komið á daginn að þær sannanir reyndust upplognar og hefur þetta leitt til pólitísks uppgjörs í mörgum hlutaðeigandi ríkjum. Slíkt hefur ekki gerst hér og er það löngu tímabært. En það sem fyrst og fremst skiptir máli er að forsvarsmenn utanríkismála þjóðarinnar breyti um stefnu varðandi stuðning við leiðir til að uppræta ofbeldi í heiminum. Því miður heyrðist mér á hæstv. utanrrh. að ekkert hefði breytt afstöðu hans. Hann talar mikið um öfgar og öfgamenn. Það hæfir kannski vel fyrir forsvarsmenn ríkisstjórnar sem hefur skipað okkur í flokk ríkja sem aðhyllast hernaðarhyggju.

[13:46]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að tímasetningin á þessari umræðu hjá hv. málshefjanda er nokkuð einkennileg þar sem utanrmn. hafði ákveðið að fjalla um þessi mál á morgun á fundi með hæstv. utanrrh.

Hryðjuverkaárásin á Madríd þann 11. mars sl. var hryllileg aðför að lýðræðinu, tilefnislaus árás á saklausa borgara. Hryðjuverkamenn hafa farið með ófriði gegn ríkisstjórnum fjölmargra ríkja. Stjórnvöldum er gert erfitt fyrir, enda er alltaf reynt að finna skýringar á því hvers vegna slíkir atburðir eiga sér stað.

Skýringin er einföld. Hér eiga í hlut samviskulausir glæpaflokkar sem aldrei verður séð fyrir hvað taki sér fyrir hendur. Í þessu sambandi má nefna hryðjuverkin á Balí og árásina á World Trade Center 1997.

Á ráðstefnu sem ég sótti í Bratislava í síðustu viku var rætt um öryggis- og varnarmál jafnframt nýrri stefnu Evrópusambandsins gagnvart nýjum nágrönnum þess eftir stækkun. Sammerkt málflutningi allra þessara aðila var að NATO væri grundvallarstofnun varðandi varnar- og öryggismál í heiminum í dag og að Norður-Atlantshafstengslin bæri að styrkja og efla. NATO telur nýjar ógnir felast í hryðjuverkum og að grípa þurfi til aðgerða gegn þeim. Á þessari ráðstefnu var raunar ekkert minnst á stríðið í Írak.

Eftir atburðina þann 11. september 2001 var flugstöðin í Keflavík tekin út sérstaklega með tilliti til öryggismála. Það var eitt af framlögum okkar til baráttunnar gegn hryðjuverkum. Schengen-upplýsingakerfið hefur verið ómetanlegt tæki í þessari baráttu og við höfum náð árangri. Við höfum einnig lagt gríðarlega áherslu á að viðhalda varnarviðbúnaði á Keflavíkurflugvelli á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Viðræður eru væntanlega að fara af stað aftur í næsta mánuði.

Loftvarnir eru eitt af grundvallaratriðunum í að tryggja varnir. Fælingarmáttur orrustuþotna og herlið sem staðsett er hér á landi verður seint ofmetið.

Hæstv. forseti. Hv. þm. þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að ríkisstjórnin fylgist ekki með gangi mála og grípi til þeirra aðgerða sem unnt er.

[13:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Fjöldamorðin á saklausum borgurum í Madríd sýna enn á ný að ný tegund af hryðjuverkum hefur rutt sér til rúms. Svipað hefur gerst í Moskvu, New York, Istanbúl og á Balí. Framkvæmd voðaverkanna er með mjög myndrænum og hryllilegum hætti til að áhrifin verði sem allra mest. Dreifa á ótta og óöryggi á meðal borgaranna, grafa undan þjóðskipulagi og ríkisstjórnum, veikja lýðræðisskipulag og jafnvel hagkerfi þeirra ríkja sem verða fyrir þessum hryllilegu hryðjuverkaárásum. Þessi svívirðilegu glæpaverk eru réttlætt með því að verið sé að framkvæma einhverja óljósa hefnd. Allt virðist benda til að öfl sem eiga rætur að rekja til Miðausturlanda hafi gegnt lykilhlutverki í sprengjuárásunum í Madríd. Þessi öfl telja sig eiga harma að hefna gegn vestrænum ríkjum. Óánægja, vonbrigði og firring kraumar undir niðri í þjóðfélögum Miðausturlanda, fátækt, kúgun, arðrán, úrelt stjórnskipulag einræðisstjórna, auðmýkjandi framkoma vestrænna þjóða gagnvart menningu og trú Miðausturlanda og stríðið endalausa milli Palestínumanna og Ísraela sem haldið er uppi af Bandaríkjunum, allt eru þetta þættir sem skapa skilyrði til að öfgaöfl nái að koma ár sinni fyrir borð og eitra ekki síst huga ungu kynslóðarinnar.

Hryðjuverkin í Madríd marka tímamót. Í fyrsta sinn er slíkt voðaverk framið í Vestur-Evrópu innan landamæra ríkis sem bæði er í Evrópusambandinu og NATO. Öryggi Evrópu er ógnað.

Þau öfl sem nú ráða ríkjum í Bandaríkjunum hafa sýnt að þau eru gersamlega ófær um að leita leiða til að finna lausnir á vanda Miðausturlanda. Æ fleiri íbúar Evrópu og Bandaríkjanna gera sér nú grein fyrir þessu. Það er mikil einföldun, eins og heyra mátti á hæstv. forsrh. á dögunum, að halda því fram að Spánverjar hafi látið hryðjuverkamenn hræða sig til að kjósa sósíaldemókrata til valda. Niðurstöður þingkosninganna á Spáni endurspegla annað og meira. Þær sýna að traust almennings í Evrópu og trúverðugleiki í stefnu Bandaríkjamanna í utanríkismálum er nú í algjöru lágmarki og fer minnkandi dag frá degi.

Vandi Miðausturlanda verður ekki leystur með vopnavaldi eins og ráðamenn Íslands virðast trúa. Hann verður heldur ekki leystur með því að sjálfumglaðir ráðamenn hér á landi og annars staðar bindi trúss sitt við vopnaglaða stefnu öfgamanna í Bandaríkjunum þvert á vilja sinna eigin þjóða.

Íslendingar ættu að fylgja fordæmi Spánverja og losa sig við slíka ráðamenn hið fyrsta.

[13:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ofbeldið í Ísrael og Palestínu og stríðið milli Bandaríkjanna og Íraks er orðið víðfeðmara og leiðir í ljós gjaldþrota stefnu. Þetta finnst mér Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins sl. sunnudag undirstrika einkar vel. Morðið á Yassin vekur svo mikla ólgu og trúarhita að enginn veit afleiðingar þessa. Fréttaskýrendur um allan heim lýsa furðu sinni á þessum atburði og í hádegisútvarpinu í dag lét Íslandsvinurinn Mustafa Barghouthi, formaður læknaráðs Palestínu, í ljósi ótta sinn um að ofbeldisalda muni nú ganga yfir Miðausturlönd.

Það lítur út fyrir að Al Kaída sé að verða samheiti á ólíkum hryðjuverkahópum sem spretta upp hér og þar og ef svo er má álykta að bin Laden sé ekki endilega alls staðar höfuðpaurinn. Sjálfsmorðsárásir og hryðjuverk eiga að miklu leyti rætur í félagslegri og efnahagslegri örbirgð. Alþjóðasamfélagið verður að finna leið til úrbóta í þessum efnum og ég geri þá kröfu til íslenskra stjórnvalda að þau gangi fram í þessum efnum en elti ekki gjaldþrota stríðsstefnu Bandaríkjastjórnar.

Ég hlýt líka í þessari umræðu að vekja athygli á hve veikburða SÞ hafa reynst þegar Miðausturlönd eiga í hlut. Hermdarverkin á Spáni eru mjög alvarleg fyrir okkur öll vegna þess að Evrópa sjálf lendir nú í eldlínunni og Evrópa

er fjölmenningarlegt samfélag. Spurningin sem vaknar er því: Hvernig á að gera Evrópu, já og Ísland líka, að þannig samfélagi að það sé opið og umburðarlynt samfélag þar sem allir geta lifað og starfað saman, óháð trúarbrögðum, óháð kynferði, áháð kynþætti?

[13:53]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Heiti þessarar umræðu er: Afleiðingar hermdarverkanna í Madríd. Afleiðingarnar eru ótvírætt þær sem hryðjuverkamennirnir ætluðu sér. Hundruð saklausra borgara liggja í valnum og ótti og öryggisleysi hefur vaxið um allan heim. Meginmarkmið hryðjuverkanna með þessari árás, eins og með mörgum öðrum, einnig þegar þeir ráðast á Íraka og aðra múslíma, er þó að valda sem mestum skaða á grundvallargildum frelsis, lýðræðis og mannréttinda. Það er hins vegar undir viðbrögðum okkar komið hvernig þeim tekst til og hvort þeir ná þeim markmiðum sínum.

Herra forseti. Í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 2001 var ljóst að þjóðir heims yrðu að vera viðbúnar því að bregðast við þessari nýju ógn og að þær þyrftu að endurskoða allan viðbúnað sinn í varnar- og öryggismálum. Þetta hefur verið gert úti um allan heim og við þeim hörmungum hefur líka verið brugðist hérna heima. Öryggismálin á Keflavíkurflugvelli hafa gjörbreyst frá 2001 með tilheyrandi nauðsynlegum kostnaði. Hitt brýna verkefnið í samstarfi við aðrar þjóðir er að vinna gegn stuðningi við hryðjuverkamenn og íslamska öfgamenn. Það gerum við best á alþjóðavettvangi, ekki með því að leita að einhvers konar réttlætingu á aðgerðum hryðjuverkamanna heldur með hvers konar stuðningi þar sem hans er mest þörf, stuðningi við lýðræðisþróun og við efnahagslegar og félagslegar umbætur.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er rétt að fram komi að ég óskaði eftir því á fundi utanrmn. í síðustu viku að utanrmn. færi yfir öll þessi mál og við munum hefja það á morgun. Þar er hægt, í utanrmn., að ræða þessi mál og einnig þau sem eðli málsins *samkvæmt er erfitt að ræða opinberlega.*

Atburðirnir í Madríd á dögunum eru hörmulegir og spænska þjóðin á samúð heimsins þessa dagana eftir að hafa orðið fyrir barðinu á þessum grimmilegu hermdarverkum sem beindust gegn óbreyttum borgurum. Þessir atburðir, rétt eins og morðið á leiðtoga Hamas-samtakanna í gær, eru til marks um það hvernig menn geta lokast af innan vítahrings ofbeldis á báða bóga. Tengsl atburðanna í Madríd við hina ólögmætu innrás og valdatöku Bandaríkjamanna og Breta í Írak og stuðningur fráfarandi hægri stjórnar á Spáni við þessar aðgerðir er ljós. *Það hvort spænskir kjósendur* voru fremur að refsa hægri stjórn Aznars fyrir stuðning við Íraksstríðið í óþökk meiri hluta þjóðarinnar eða fyrir blekkingarnar sem haldið var í í lengstu lög, að ETA-menn hefðu verið að verki, skiptir ekki höfuðmáli. Niðurstaða spænskra kjósenda er niðurstaða spænskra kjósenda og hæstv. forsrh. Íslands ætti að hafa það í huga.

Mergurinn málsins er sá, herra forseti, að aðferðafræðin er röng. Hvorki stríðið í Afganistan né Írak hefur gert heiminn öruggari. Þvert á móti hefur hin herskáa og hrokafulla árásarstefna Bandaríkjastjórnar gert *illt verra, gert jarðveg* hryðjuverkaaflanna frjórri og það er hörmulegt að ríkisstjórn Íslands með þá Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, hæstv. ráðherra, í fararbroddi skuli leggja nafn landsins við slíka stefnu. Öryggi Íslands er best borgið með virkri friðarstefnu og allra síst með því að ríghalda hér í gamaldags herstöð.

[13:57]

Bjarni Benediktsson:

Hæstv. forseti. Hinir hörmulegu atburðir í Madríd 11. mars sl. voru grimmdarverk miskunnarlausra hryðjuverkamanna. Þó að enn eigi eftir að skýrast hverjir stóðu að baki þessum árásum er ljóst að þarna voru að verki hryðjuverkasamtök en sameiginlegt einkenni þeirra er að þau svífast einskis til að vekja athygli á málstað sínum og eira engu í aðgerðum sínum. Hryðjuverkasamtök eru þannig einn höfuðóvinur lýðræðisins. Þau hafa ítrekað ráðist beint að kjarna lýðræðisskipulagsins. Í Madríd réðust hryðjuverkamenn á saklaust fólk í frjálsu landi, almenna borgara, og drápu og særðu hundruð. Undir engum kringumstæðum má láta atburðina í Madríd verða til þess að draga úr baráttunni gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, þvert á móti er ljóst að ríki þurfa í auknum mæli að efla og treysta samstarf um hryðjuverkavarnir. Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna hafa þegar hafið viðræður í þessum tilgangi. Við Íslendingar þurfum að standa undir þeim kröfum sem þátttaka okkar í samfélagi þjóðanna leggur okkur á herðar. Það er jafnframt mikilvægt að við öxlum ábyrgð á eigin öryggi eftir því sem aðstæður leyfa með því að byggja upp hér á landi sérfræðiþekkingu í gegnum alþjóðlegt samstarf. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um eflingu sérsveitanna og þau dæmi sem hæstv. utanrrh. hefur nú nefnt um aðgerðir á Keflavíkurflugvelli eru dæmi um rökrétt viðbrögð í breyttu umhverfi.

Þeir sem segja kosningaúrslitin í Madríd vera sigur lýðræðisins eru á villigötum. Ríkisstjórnarflokki Joses Marias Aznars var þrátt fyrir eindreginn stuðning sinn við Íraksstríðið og þó nokkur mótmæli spáð sigri í kosningunum. Hins vegar tókst hryðjuverkamönnum með aðgerðum sínum að setja kosningabaráttuna í slíkt uppnám að það verður ekki fram hjá því horft að margt bendir til að stærsti sigurvegarinn í kosningunum á Spáni hafi verið hryðjuverkamenn. Þetta er dapurleg staðreynd (Gripið fram í.) en sýnir að við höfum *hér ljóslifandi dæmi þess hversu mikil ógn stafar af hryðju*verkasamtökum í lýðræðisríkjum. Þau áhrif sem árásirnar í Madríd hafa haft geta virkað sem olía á eld þeirra, hreinlega sem hvatning til að grípa til sams konar aðgerða á öðrum stöðum í öðrum löndum.

[13:59]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að færa þetta mál til umræðu í þinginu.

Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni áðan að ríkisstjórn Joses Marias Aznars *hefði lagt mikið af mörkum í baráttu* sinni við hryðjuverk í alþjóðlegu samhengi. Þetta má vera rétt hjá honum og ég efast ekki um að allir í þessum sölum hafi sama metnað og allar þjóðir heims, að uppræta hryðjuverk í heiminum. En fyrst og fremst er þetta spurning um aðferðafræði.

Hryðjuverkin í Madríd hinn 11. mars sl. eru svívirðilegt óhæfuverk þar sem lífi saklausra borgara var fórnað. Aukið hatur öfgafullra múslima á vestrænum siðum og vestrænum þjóðum hefur sannarlega litað nútímamannkynssögu blóði og hryllingi. *Risaveldið Bandaríkin, smáríkið Ísland og vel* á þriðja tug annarra þjóða hafa talið rétt að svara slíkum óhæfuverkum með umfangsmiklum stríðsrekstri þar sem lífum þúsunda saklausra borgara hefur verið fórnað. Áhrif þeirra mistaka hafa nú endurspeglast á síðustu missirum.

Hatur enn fleiri múslima á hinum vestræna heimi hefur aukist eftir innrásina í Írak og ég leyfi mér að fullyrða að heil kynslóð hættulegra hryðjuverkamanna sé raunin og aldrei hafi heimsbyggðinni staðið meiri ógn af hryðjuverkum en nú, heilu ári eftir innrásina í Írak.

Rót vandans er áralangar erjur Ísraelsmanna og palestínsku þjóðarinnar. Það hlýtur að liggja í augum uppi eftir þær löngu hatrömmu deilur að stríð og hryðjuverk komi ekki á þeim friði í veröldinni sem við öll viljum að verði framtíð barna okkar. Íslensk þjóð, þjóð sem ávallt hefur staðið vörð um friðinn, ratаði í villigötur á síðasta ári. Ég tel að það hafi verið ráðandi öflum í okkar landi til mikils vansa að hunsa íslenskt samfélag með eins afgerandi hætti og raunin varð á síðasta ári. Ógnin af óhæfuverkum hryðjuverkamanna stendur okkur nær en nokkurn tíma fyrr.

Ég votta spænskri þjóð mína dýpstu samúð.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. þegar hann vottar spænsku þjóðinni samúð vegna þeirra hræðilegu hermdarverka sem urðu í Madríd í síðustu viku. Enginn málstaður réttlætir hermdarverk gegn saklausum borgurum eins og við urðum þá vitni að eða þann 11. september 2001 í New York.

Hæstv. utanrrh. minntist á Írak. Hvað veldur spennunni í alþjóðamálum í dag? Það eru fyrst og fremst árekstrar milli múslima og Vesturlanda. Stríðið í Írak sem byggðist á uppspunnum vísbendingum og hreinum lygum var ekki annað en eldsmatur í þann bálköst. Gerðum við eitthvað til að draga úr þeim eldi? Nei, við gerðum það ekki. Við studdum stríðið í Írak. Hæstv. utanrrh. skipti snögglega um skoðun og studdi stríðið í Írak. Hann á eftir að greina okkur frá því af hverju hann gerði það. Íslenska ríkisstjórnin á líka eftir að skýra fyrir okkur hvers vegna hún tók þessa ákvörðun. Hún á eftir að viðurkenna að henni urðu á hrapaleg mistök.

Hæstv. utanrrh. sagði: Enginn er óhultur. Það er rétt hjá honum. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sagði að þingheimur þyrfti ekki að óttast að íslenska ríkisstjórnin fylgdist ekki með málum. Guð láti gott á vita. En það er ekki nóg. Við verðum að huga að innra öryggi okkar og í því efni komumst við ekki hjá því að taka á okkur auknar skyldur og aukinn kostnað.

Atburðir síðustu missira sýna að allar þjóðir verða alltaf að vera við öllu búnar. Við getum hins vegar ekki verið við öllu búin nema við skilgreinum hvers konar hættur eru fyrir hendi, hvaða þarfir við höfum fyrir viðbúnað og hvers konar samstarf við getum haft við aðrar þjóðir til að mæta þessum þörfum. Þar hefur núv. ríkisstjórn ekki staðið í stykkinu. Það sem hæstv. utanrrh. sagði áðan gefur ekki tilefni til þess að ætla að þeir hafi gripið til réttra viðbragða. Það hefur ítrekað verið gengið eftir því að gert verði mat á öryggisþörfum okkar og það hefur greinilega ekki verið gert enn.

[14:03]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hryðjuverkin í Madríd eru dæmi um þá ógn sem steðjar að allri heimsbyggðinni. Við Íslendingar verðum að gera okkur grein fyrir því að þar erum við ekki undanskildir. Umræðan um atburðina í Madríd, þar sem ýmsir aðilar hafa reynt að draga fram hvað bjó að baki þeim, er mikið út og suður. Margar kenningar hafa komið fram. Margir telja nærtækast og auðveldast að tengja þessi voðaverk við stuðning Spánverja og þátttöku í aðgerðunum í Írak. Þar með vilja margir tengja málið við al Kaída hryðjuverkasamtökin, sem er í reynd ekki í samræmi við þá mynd sem dregin hefur verið upp af tengslum samtakanna við Írak.

Hins vegar hafa komið fram margar aðrar kenningar í málinu. Það sýnir hve hryðjuverkastarfsemi í heiminum er margslungin. Leiða má líkur að því að þessir atburðir hafi á einhvern hátt haft áhrif á úrslit kosninganna á Spáni þótt eflaust verði seint hægt að sanna nokkuð í þeim efnum. Hins vegar voru kosningarnar lýðræðislegar og spænskir kjósendur gengu til þeirra eftir lýðræðislegum leikreglum.

Voðaverkin í Madríd sýna okkur enn á ný fram á mikilvægi þess að þjóðir heims taki höndum saman um að berjast sameiginlega gegn hryðjuverkastarfsemi í heiminum. Virk hryðjuverkasamtök eru fjölmörg og því er augljóslega ekki einfalt að eiga við það verkefni. Starfsemi þeirra er í mismunandi umhverfi og hefur ólík markmið þannig að um er að ræða raunverulega ógn við heimsbyggðina.

Við Íslendingar hljótum að taka þátt í því með öðrum þjóðum, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra samtaka, að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi í heiminum. Þar er af mörgu að taka og við getum ekki litið svo á að við séum frjáls frá þessari ógn. Með yfirveguðum hætti hljótum við að hafa uppi eins miklar öryggisráðstafanir hér á landi og talið er þurfa hverju sinni til þess að gæta öryggis þjóðar okkar.

[14:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég tel hana um margt gagnlega þótt ég undrist að formaður utanrmn., fulltrúi Sjálfstfl. í umræðunni, hafi kveinkað sér undan henni. Ég vildi láta koma fram að ég óskaði eftir utandagskrárumræðu um málið fyrir heilli viku síðan. En af henni gat ekki orðið fyrr en nú vegna fjarveru hæstv. utanrrh.

Ég þakka jafnframt hæstv. utanrrh. svörin. Hann upplýsti um nokkrar aðgerðir sem gripið hefur verið til í kjölfar árásanna á tvíburaturnana 11. september fyrir rétt um þremur árum. Ég spurði hann líka um hvernig hann sæi fyrir sér að varnarliðið á næstu mánuðum, missirum og árum kæmi að því að tryggja þessar lágmarksvarnir. Hann svaraði því ekki. Það er mikilvægt að fá um það upplýsingar og einnig um hitt, hverjar þessar lágmarksvarnir eru að hans áliti, m.a. með tilliti til loftvarna.

Auðvitað er allt of mikil einföldun að halda því fram að aðgerðir gegn hryðjuverkum snúist eingöngu um þau ráð sem gripið er til á heimavelli. Það er að sönnu mikilvægt en vissulega skiptir líka mjög miklu máli hver hin stjórnmálalega afstaða ríkjandi valdhafa er hverju sinni. Fram hjá því er ekki hægt að horfa. Það er fjarri lagi að halda því fram að það sé til marks um linkind stjórnmálamanna þegar þeir vilja ekki fara í einu og öllu eftir órum og duttlungum Bush Bandaríkjaforseta. Þannig er það auðvitað ekki í henni veröld.

Það skiptir máli hvaða heildarstefnu við höfum í þessum málum og við jafnaðarmenn viljum taka fast og örugglega á þessum glæpamönnum. En við viljum gera það með kalt höfuð en heitt hjarta. Því miður er það þannig að ríkisstjórn Íslands hefur í allt of ríkum mæli farið að órum Bandaríkjastjórnar, gert of mikið í Írak en allt of lítið í þeim suðupotti sem Miðausturlönd eru í deilu Palestínumanna og Ísraela. Á því þarf að verða breyting. Þar skiptir pólitík öllu máli.

[14:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er á stundum nokkuð erfitt að átta sig á þessari umræðu á Alþingi. Í annan stað krefjast menn aukins öryggis og aukinnar gæslu en aðra daga er jafnvel gert gys að því að menn skuli ætla að efla lögregluna.

Í annan stað er talið fráleitt að vinna á alþjóðavettvangi með Bandaríkjunum og Bretum að öryggis- og varnarmálum. Hér í umræðunni er það kallað að elta stríðsstefnu þeirra. Á hinn bóginn er hvatt til að efla samstarf við þessi ríki um varnarviðbúnað á Íslandi.

Hér er því haldið fram að innrásin í Afganistan hafi verið röng. Því var ekki haldið fram eftir 11. september í Bandaríkjunum árið 2001. Því er haldið fram að það hafi verið rangt að fara inn í Írak. Því er enn haldið fram. Auðvitað var það umdeilt. En það vill svo til að í öryggismálum í Evrópu eru menn ekki mikið að tala um það. Menn eru að tala um framtíð þeirrar þjóðar, tala um framtíð afgönsku þjóðarinnar og framtíð íröksku þjóðarinnar, 25 milljóna manna sem sækja til lýðræðis og berjast fyrir framtíð sinni. Það er að sjálfsögðu aðalatriðið. Það er jafnframt verið að stunda hryðjuverk í þessum löndum. Hryðjuverkaógnin stafar af þeim þannig að það er ekki sá ágreiningur um þessi mál sem látið er í veðri vaka á Alþingi.

Okkur ber að sjálfsögðu að standa með þeim öflum sem vilja byggja upp nýtt Afganistan, vilja byggja upp nýtt Írak og berjast gegn þeirri sameiginlegu ógn sem hryðjuverkin eru gagnvart heiminum.

Framboð og kjör forseta Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 748. mál (kjörskrár, mörk kjördæma). — Þskj. 1119.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 3. umr.

Stjfrv., 514. mál (vátryggingar). — Þskj. 786.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 3. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 1199, brtt. 1200.

[14:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við þingmenn Samf. og raunar þingmenn allrar stjórnarandstöðunnar lýstum því yfir við 2. umr. um frv. að við styddum í grófum drættum niðurstöðuna. Við teljum að verið sé að einfalda lögin með þeim breytingum sem lagðar eru til við frv. Sömuleiðis má færa rök að því að aukið réttlæti sé fært inn í kerfið.

Eins og fram kom í máli okkar sem tókum til máls fyrir hönd stjórnarandstöðunnar er álitamál hvaða skattalækkanir eiga að vera í forgangi. Við í Samf. höfum lagt langmesta áherslu á að það svigrúm sem kann að gefast hjá ríkissjóði til að lækka skatta á þegnum landsins verði fyrst og fremst notað til að lækka virðisaukaskatt á matvörum. Ástæðan er sú að við teljum að það væri réttlátasta skattalækkunin af því að hún kemur öllum til góða. Hún kemur líka þeim til góða sem minnst hafa úr að spila og eru hugsanlega á þeim mörkum að þurfa ekki að greiða skatt af tekjum sínum. Það væri sú skattalækkun sem hefði átt að beita fyrst þegar menn fara að ganga á það svigrúm sem ætlað er af hálfu ríkissjóðs.

Við hv. þm. Ögmundur Jónasson létum koma skýrt fram við atkvæðaskýringu við lok 2. umr. að stuðningur okkar flokka við málið byggðist ekki síst á því að samhliða er verið að gera aðrar breytingar á frv. sem lagt var fyrir þingið sem leiða til þess að tekjur ríkisins aukast töluvert. Ég vísa til ákvæðis þar sem lagt er til að hlutabréf verði metin á markaðsvirði en ekki nafnvirði. Hlutafjáreign landsmanna eykst hröðum skrefum. Þetta er nýtt form sparnaðar og það er ljóst að þegar menn munu í framtíðinni heimta inn skatt af þessu tagi munu tekjur ríkisins aukast verulega.

Í hinu upphaflega frv. var gert ráð fyrir að tekjur ríkisins mundu minnka, miðað við þá gerð frv., um 300–400 millj. kr. Breytingin sem liggur í brtt. nefndarinnar kann að mati þeirra sem fóru yfir það mál að kosta ríkið 60 millj. ein og sér. Þegar þessi breyting á meðferð hlutabréfa er tekin með er hins vegar mjög líklegt að innan fárra ára muni tekjuaukning ríkisins af þeim völdum leiða til að þessi samanlagða upphæð, sem er nokkuð undir hálfum milljarði, muni nást og rúmlega það. Ég tel þess vegna að þetta hafi verið ákaflega farsæl lending.

Við þingmenn Samf. og hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfðum hins vegar fyrirvara á samþykki okkar við brtt. Ástæðan var sú að við töldum ekki forsvaranlegt að fella niður ákvæði í gildandi lögum þar sem líknarfélög og menningarstofnanir voru undanþegin erfðafjárskatti.

Við teljum og að það sé ákveðinn sparnaður fyrir þjóðina og ríkið að hvetja líknarfélög til að vinna sem mest og til þess þurfa þau fjármagn. Líknarstofnanir taka að sér verk í göfugum tilgangi, verk sem bæta hag ákaflega margra. Við vitum að eins og samfélagið hefur þróast og skautunin hefur orðið í íslensku samfélagi á undanförnum árum þar sem velsæld hefur sannarlega að meðaltali aukist, hefur eigi að síður þeim fjölgað sem verða út undan. Við þær aðstæður skiptir máli að hafa félög og stofnanir sem leggja líknandi hönd að því að bæta hag þeirra sem með einhverjum hætti hafa hrapað utan vegar. Þess vegna skiptir það ákaflega miklu máli að ríkið og hið opinbera greiði götu hvers kyns félagasamtaka sem inna af höndum sjálfboðastarf og sem vinna af mannkærleika í göfugum tilgangi, eins og líknarfélög.

Sömuleiðis var það áður þannig samkvæmt lögunum að menningarstofnanir sem fengu fjárframlög við arfleiðslu þurftu ekki að greiða skatt af þeim. Þetta teljum við ákaflega mikilvægt. Eins og samfélagið hefur þróast í gegnum söguna hefur til þessa verið staðreynd að sérhver kynslóð hefur verið auðugri en sú sem á undan hefur gengið. Það er alveg ljóst að velsældin sem hefur verið að aukast í íslensku samfélagi mun leiða til þess að líknarfélög og menningarstofnanir munu í

framtíðinni fá töluvert meira í sinn hlut við arfleiðslu en hingað til. (Gripið fram í.) Það skiptir miklu máli að örva slíkt.

Hv. formaður nefndarinnar, sem ekki treysti sér til þess af mannkærleik sínum að undanþiggja líknarstofnanir erfðafjárskatti, kallar fram að það sé ríkisstjórninni að þakka. Miðað við það sem kom fram í nál. hv. þm. er það ekki ríkisstjórninni að þakka hversu góð lög þetta voru, heldur fyrst og fremst honum sjálfum. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu aftur því við gerðum út um þau mál í síðustu umræðu, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Virðulegi forseti. Ég mæli í lok ræðu minnar fyrir tillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni, sem hljóðar svo:

„Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:

Af arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi séu hlutir þessir ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.“

Herra forseti. Ég tel að tillagan þjóni göfugum tilgangi. Ég tel að tillagan geti bætt samfélagið og sannarlega getur tillagan náð þeim tilgangi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal talar mjög oft um að sé hinn þarfasti. Hún getur dregið úr útgjöldum ríkisins. Það er einfaldlega staðreynd að fyrir það fé sem rennur í gegnum líknarstörf, líknarsamtök til mannúðarstarfa, fæst miklu meira en ríkið þyrfti að reiða af höndum fram ef það yrði ella að vinna þessi sömu störf. Við erum því hér, hæstv. forseti, að leggja til að háttur sem áður var hafður á og reyndist vel verði tekinn upp aftur í þau lög sem væntanlega verða að endingu staðfest á Alþingi síðar í dag.

[14:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins í örfáum orðum að ítreka afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til frv. Við 1. umr. málsins lýstum við ákveðnum efasemdum um fyrirhugaðar lagabreytingar, fyrst og fremst á þeirri forsendu að fyrirsjáanlegt þótti af hálfu fjmrn. að samþykkt frv. mundi leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð sem nemur 300–400 millj. kr. og með hliðsjón af þeim niðurskurði sem við verðum vitni að, ekki síst innan velferðarþjónustunnar þessa dagana, töldum við okkur ekki geta staðið að slíkum lagabreytingum.

Samkvæmt frv. var ætlunin að erfðafjárskatturinn yrði þrepaskiptur, 5% og 10%. Menn vita ekki með vissu hvernig skatturinn skiptist núna eða hvernig innheimtan er, en eftir að brtt. kom fram um að færa efra skattþrepið niður og hafa þau bæði 5% ætla menn að skattheimtan mundi að meðaltali liggja í 5,85%. Við umræðu í nefndinni kom fram tillaga um að breyta öðrum ákvæðum frv. og veigamest er sú breyting að líta til eigna á markaðsvirði en ekki nafnvirði og horfa menn þar ekki síst til hlutafjáreignar. Þetta er mikið réttlætismál og mat margra sem til þekkja að lagabreytingin muni færa ríkissjóði umtalsverðar tekjur umfram það sem nú er af þessum tekjustofnum. Í ljósi breytinganna og í ljósi þess að líklegt þykir að skattheimtan á erfðafjárskatti verði markvissari, höfum við ákveðið að styðja breytingarnar. Sjálfur hef ég haft efasemdir um að lækkun erfðafjárskatts sé mikið réttlætismál. Ég hefði kosið að fara aðrar leiðir í þeim efnum og horfa sérstaklega til launafólks, lágtekjuhópa og millitekjuhópa um að létta skattbyrðar.

Varðandi brtt. sem hér liggja fyrir, hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson gert rækilega grein fyrir þeim. Ég er sammála málflutningi hans í einu og öllu og ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta.

[14:23]

Ásta Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um það frv. til laga sem er til umfjöllunar um erfðafjárskatt, þar sem ég hef ekki haft tækifæri til þess að taka þátt í umræðunni fyrr. Það sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi er að hérna er eitt af fyrstu merkjunum um þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur boðað að séu fram undan. Ég fagna því að frv. er komið fram og hlakka til að sjá fleiri merki um skattalækkanir eins og boðað hefur verið.

Ég hef líka fylgst með umræðunni í þinginu um erfðafjárskattinn og vil taka fram að ég tel að hv. efh.- og viðskn. hafi tekið skynsamlega ákvörðun með því að samræma skatthlutfallið í eina tölu, 5%, sem er ákveðin einföldun á erfðafjárskattinum. Þetta er einföldun í skattlagningu og auðvelt að fylgja henni eftir því eftir því sem skattalögin eru einfaldari, því auðveldara er að fylgja þeim.

Það má í rauninni færa ýmis rök fyrir því að fella alfarið niður erfðafjárskatt. Á sama hátt má líka taka undir að það eru ákveðin rök fyrir því að fella niður erfðafjárskatt af því sem fer til líknarfélaga. Ég tek undir það sem sagt hefur verið í dag að mjög mikilvægt er að styðja við líknar- og menningarstofnanir með ýmsum hætti, því það hefur oft verið talað um að fjármagn sem fer til líknarfélaga og til sjálfstæðra félagasamtaka hafi þá náttúru að margfaldast í meðhöndlun þeirra sem hafa fjármagnið með höndum.

Ég held hins vegar að það sé rétt niðurstaða að samræma þetta og að sama regla gildi yfir alla. Ég held að það skipti ekki meginmáli til framtíðar hvort það er 5% erfðafjárskattur á því fjármagni sem færi til líknarfélaga eða enginn.

Ég vildi í örfáum orðum lýsa ánægju minni með þá breytingu sem hefur átt sér stað í meðhöndlun hv. efh.- og viðskn. og styð málið.

[14:26]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil fara í nokkrum orðum yfir þau sjónarmið sem hafa komið fram í 3. umr. um málið. Það er athyglisvert að um meginefni frv. hefur verið frá upphafi tiltölulega góður stuðningur og allgóð samstaða af hálfu þeirra sem eiga sæti á Alþingi. Þannig var í upphafi, ef mig misminnir ekki, almennur stuðningur við þá breytingu sem er að finna í frv., að lækka erfðafjárskatt úr því sem þá var og niður í tvö þrep. Það kom hins vegar strax fram það sjónarmið sem hér hefur verið gert að umtalsefni af tveimur ræðumönnum, að menn töldu rétt að hafa áfram skattfrelsi á erfðafé til líknarfélaga, kirkna og fleiri skyldra aðila. Síðan hefur málið tekið breytingum þannig að skatthlutfallið hefur enn verið lækkað, úr 2%, 5% og 10% niður í eitt, sem er 5%. Einnig hefur verið tekið upp skattfrelsi á eignir að skattstofni upp að 1 millj. kr.

Í þeim búningi sem frv. er nú hefur það að geyma þá miklu breytingu frá því sem áður var að það er lágur undanþágulaus skattur með ákveðnu skattfrelsi eigna upp að 1 millj. kr. Það tel ég vera sjónarmið sem menn eiga að geta sameinast um að er skynsamlegt og líklegt til að vera einfalt í framkvæmd og ekki hvati til að sniðganga kerfið eins og verið hefur til þessa.

Það hlýtur að vera æskilegt markmið laga og lagasetningar að tryggja að framkvæmdin sé með eðlilegum hætti en stuðli ekki að því að menn finni sér leiðir til þess að komast hjá ákvæðum laganna, eins og menn vita að hefur verið í reynd að mörgu leyti undir gildandi lögum.

Hér hafa verið sett fram þau sjónarmið að jafnvel þrátt fyrir þessar miklu breytingar á frv. vilji menn samt gera frekari breytingar með því að hafa undanþágu. Ég vil aðeins staldra við það, því ég held að menn geti ekki valið hvort tveggja í þeim efnum. Menn verða að velja annað hvort. Annaðhvort verða menn að velja kerfi með lágri skattprósentu sem er undanþágulaust eða menn velja kerfi með undanþágum, en þá er líka skattprósentan hærri. Ég fæ það ekki til að ganga upp að menn vilji hafa lága skattprósentu með undanþágum. Þá er ég hræddur um að menn séu komnir með kerfi sem er ekki skynsamlegt til lengri tíma. Þau rök sem borin voru fram fyrir því að hafa undanþágurnar voru þau að málefnið sem í hlut ætti væri svo þarft og það mundi spara ríkissjóði fé ef þessir aðilar fengju meira fé til sín í formi erfða eða í gegnum erfðir eða vera arfleiddir að fé vandalausra aðila.

Væntanlega telja menn þá að hafi þessar stofnanir meira fé undir höndum, hvort sem það er vegna þess að meira af arfi rennur til þeirra eða skatturinn er minni, geti þær eða félög unnið meira starf og þannig sparað ríkissjóði fé.

Gott og vel. Þá spyr ég: Hvar getum við endað með þessari röksemdafærslu? Þetta er ekki eini skatturinn sem ríkissjóður hefur og lýtur að starfsemi þessara félagasamtaka og stofnana. Við erum með tekjuskatt, launatengd gjöld, virðisaukaskatt o.fl. Með sömu rökum er hægt að segja að þessi starfsemi eigi að vera undanþegin öllum þessum gjöldum. Hvar ætla menn að enda í því? Ég fæ það ekki í raun og veru til að ganga upp að menn geti með þessum rökum borað göt á það einfalda kerfi sem hér er verið að smíða. Ef menn vilja fara þá leið að hafa undanþágur, og ég ætla út af fyrir sig ekkert að gera lítið úr því sjónarmiði sem að baki því liggur, hljóta þeir að enda í hærri skattprósentu. Þeir sem leggja til undanþágur frá þeim tillögum sem hér liggja fyrir eru jafnframt að leggja til hærri skattprósentu. Það er ekki hægt að hafa bæði lága skattprósentu og víðtækar undanþágur. Það held ég að sé tvískinnungur, herra forseti, sem menn eigi ekki að gefa undir fótinn með að hægt sé að ástunda.

Hvernig geta menn sem hafa samþykkt tveggja þrepa kerfi með 5%, 10% og þessum undanþágum ætlast til þess að kerfið gangi í einu þrepinu með 5% og sömu undanþágum? Það sjá allir þegar við skoðum málavöxtu í þessu að undanþáguleiðin í þeim tillögum sem hér liggja fyrir er ekki annað en til að bora gat á kerfið og spilla því verulega þannig að menn verða að hækka skattprósentuna til að hafa jafnvægi í tekjuöfluninni. Þetta vildi ég leggja áherslu á, herra forseti, þannig að menn lykju ekki þessari umræðu með þau sjónarmið ein að það yrðu að vera undanþágur.

[14:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að tveir kostir séu uppi, annars vegar að hafa kerfi þar sem er lág skattprósenta og engar undanþágur og hins vegar kerfi þar sem er há skattprósenta og hugsanlega margvíslegar undanþágur.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að þetta eru valkostirnir sem uppi eru gagnvart hinum hefðbundnu skattstofnum. Ég get vel skilið þessa röksemdafærslu gagnvart tekjuskatti og virðisaukaskatti. Við erum hér hins vegar með dálítið merkilegan skatt, erfðafjárskatt, og það er ekki hægt að tala um að menn séu að bora göt í það kerfi. Við leggjum einfaldlega til að líknarfélög og menningarstofnanir verði að öllu leyti undanþegnar því að greiða skatta af arfleiðslufé.

Þarna er um að ræða tiltölulega takmarkaðan skattstofn. Við skulum vona að hann aukist þegar fram líða stundir, en hver er tilgangurinn með þessu? Hann er tvíþættur. Annars vegar, sem skiptir minna máli, að auka það fjármagn sem líknar- og menningarstofnanir öðlast með þessum hætti. Hins vegar að örva og undirstrika nauðsyn á því að þegar menn koma fram á sinn síðasta dag og hafa safnað í kistur á langri vegferð um þennan heim hugsi þeir til samtaka af þessum toga sem leggja líknandi hönd á samfélagið. Þau vinna í göfugum tilgangi og við eigum að gera allt sem við getum til að ýta undir sjálfboðasamtök. Það er stefna langflestra stjórnmálaflokka, m.a. stefna flokks sem hv. þm. tilheyrir í dag, hvað sem verða kann í framtíðinni.

Ég tek því ekki þessa röksemdafærslu gilda að öllu leyti.

[14:35]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við leggjum af stað með undanþágur með þeim rökum að þær stuðli að því að viðkomandi líknarfélög og stofnanir hafi meira fé til umráða getum við ekki endað með þá röksemdafærslu þar. Hún hlýtur að gilda gagnvart öðrum sköttum sem snúa að þessari starfsemi, svo sem óbeinum sköttum og beinum sköttum. Ef þeir eru þá felldir niður eða lækkaðir gagnvart þessari sömu starfsemi eykst það fé sem viðkomandi líknarfélag eða stofnun hefur til umráða. Með þessari röksemdafærslu endum við í hinu.

Í öðru lagi, með því að undanþiggja einhverja aðila greiðslu skattsins erum við að draga úr tekjumöguleikum ríkissjóðs og þeirri tekjurýrnun verður aðeins mætt með því að hækka skattprósentuna. Það er ekki hægt að gera það öðruvísi. Nema þá að draga úr einhverjum útgjöldum ríkissjóðs sem menn geta út af fyrir sig líka gert. Til þess að hafa jafnvægi í tekjuöflun sem lögin þjóna fyrst og fremst — þau eru til tekjuöflunar — verður að hækka skattprósentuna.

Í þriðja lagi er erfitt að finna innra samræmi í framkvæmdinni sem getur uppfyllt það réttlæti sem menn telja að löggjöf af þessu tagi verði að uppfylla. Ef kirkjan t.d. er undanþegin skattgreiðslu en ekki nánir ættingjar, ekki öryrkjar eða fátækt fólk, finnst einhverjum sér mismunað. Við þurfum líka að gá að þessum hlutum, herra forseti.

[14:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þingmaður lærðum einu sinni efnafræði saman og ef ég man rétt var hv. þm. býsna slyngur í þeim vísindum. Þar komumst við að raun um að í þeim ósveigjanlega heimi raunvísindanna standa óhögguð lögmál. Annað gildir um mannanna verk.

Ég hef enga fyrirvara á því að telja að þær reglur sem við setjum okkur til þess að skipa samfélagi okkar í skorður geti ekki verið án undantekninga. Ég tel alls ekki hægt að tala af þessum sjónarhóli hinnar stífu og ósveigjanlegu reglustiku eins og mér finnst hv. þm., sem ég veit að er gamall endurskoðandi, tala. Það kann vel að vera að hv. þm. sé kunnugri heimi endurskoðunarinnar en ég og viti þess vegna hvaða viðhorf tíðkast þar. Ég skal ekki um það segja.

Einu rökin sem hefur verið teflt gegn þessari tillögu stjórnarandstöðunnar eru þau sem sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur komið fram með. Hv. þm. gerir alltaf ráð fyrir því að mannskepnan grípi til hins versta sem hægt er að gera. Hv. þm. hefur hreyft þeim möguleika að ef þessi undanþága væri gild mundu menn notfæra sér hana með því að stofna líknarfélög í kringum sjálfa sig og fjölskyldu sína. Það er röksemd sem ég vísa ekki algjörlega út í myrkur en ég tel mögulegt að sýna fram á að hægt sé að vinna gegn áhrifum af slíku.

Mér finnast þau rök sem hefur verið teflt fram gegn hugmyndum okkar í stjórnarandstöðunni ekki halda. Hér er um að ræða skatt sem rennur ekki til þess að halda úti hinum hefðbundna rekstri ríkisins heldur til að örva mannbætandi og göfugt starf líknarfélaga, fá meira fyrir minna fé en ef það væri í höndum ríkisins.

[14:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er svo sem búinn að fara yfir sjónarmið mín varðandi þessi rök sem hv. þm. nefndi núna, um að undanþágan leiddi til öflugri starfsemi þeirra sem undanþágunnar njóta.

Ég vil almennt fara yfir það að það er verra fyrir ríkissjóð að hafa innheimtukerfi eða skattlagningarkerfi sem byggir á háum skattprósentum sem síðan er þá mætt með því að hafa svo og svo víðtækar undanþágur fyrir afmarkaða hópa eða einstaklinga til þess að skattheimtan lendi ekki á þeim af fullum þunga, búa til skattfrelsi o.s.frv. Við þekkjum það t.d. í tekjuskattinum, við erum með tiltölulega háa skattprósentu og mætum henni með því að hafa tiltölulega háan persónuafslátt o.s.frv. Svipað má segja um virðisaukaskattinn, við erum komin með mjög háan virðisaukaskatt og honum er mætt með því að hafa suma hluti í lægra skattþrepi og enn aðra hluti í engu skattþrepi, þ.e. í 0%, og það er togstreita um að færa einstaka vöruflokka á milli skattþrepa, úr hærra skattþrepi í lægra skattþrep, eins og menn hafa heyrt í þessum sal á málflutningi manna, hvort sem það eru matvörur, barnaföt eða annað. Það er það sem leiðir af kerfi með hárri skattlagningarprósentu, menn lenda í verulegum ógöngum. Menn þurfa að mæta því með undanþágum og sitja síðan uppi með töluverðan vilja einstaklinga til að fara fram hjá kerfinu og losa sig undan því að greiða skattinn.

Þess vegna tala ég fyrir því almennt — og það á við í þessu máli sérstaklega — að hafa lága skattprósentu, og helst undanþágulausa. Ég er ekki þar með að gera lítið úr þeim sjónarmiðum sem liggja að baki hjá þeim sem flytja þá brtt. sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES-reglur). — Þskj. 416, nál. 1181.

[14:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um 343. mál á þskj. 1181, um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak.

Meiri hlutinn hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings og framleiðslu tóbaks verði afnuminn. Þrátt fyrir þessar breytingar mun einkaréttur ríkisins til heildsölu tóbaks haldast óbreyttur og ÁTVR tryggja áfram merkingar á tóbaki og álagningu áfengisgjalds.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur dregið í efa að einkaleyfi ríkisins á innflutningi og framleiðslu tóbaks samrýmist ákvæðum EES-samningsins þar sem tóbak hefur verið fellt undir reglur samningsins um frjálst flæði vöru.

Vegna óvissu um réttmæti einkaleyfis ríkisins á innflutningi og framleiðslu tóbaks og þar sem meiri hlutinn telur sýnt að breytingin sem lögð er til í frumvarpinu muni ekki hafa áhrif á tóbaksvarnir leggur hann til að frumvarpið verði samþykkt.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson.

[14:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni fyrra frv. af tveimur um skyld efni, um verslun með áfengi og tóbak. Eins og fram kemur í greinargerð með þessum frv. er verið að samræma íslenska löggjöf tilskipunum EES-samningsins en frá 1. janúar árið 2002 var vörusviði samningsins breytt þannig að nú fellur tóbak undir almennar reglur samningsins um frjálst flæði vara.

Í greinargerðinni kemur enn fremur fram, eins og fram kom í máli hv. framsögumanns, Péturs H. Blöndals, að Eftirlitsstofnun EFTA hafi gert athugasemdir við einkarétt ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki og er það einkaréttarákvæði numið brott með þessum lögum.

Um þetta frv. hafa borist umsagnir nokkurra aðila og ég ætla að leyfa mér að vísa hér í athugasemdir sem bárust frá BSRB. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„BSRB telur fráleitt að líta á tóbak sem hverja aðra verslunarvöru í ljósi þess hve mikill skaðvaldur tóbak er fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Í ljósi þess að þetta frumvarp losar um það fyrirkomulag sem hér er á verslun með tóbak og opnar leið til frekari markaðsvæðingar þessarar vöru og þar með aukins þrýstings á neyslu tóbaks, lýsir BSRB fyrirvara gagnvart þessum lagabreytingum."

Þá vekur BSRB athygli á að opnað er á heimildir til að framleiða tóbak hér á landi en hingað til hefur þessi réttur verið takmarkaður við ÁTVR. Ekki verður séð að þetta horfi til framfara.

Þessum breytingum er ekki andmælt af hálfu ÁTVR. Í umsögn sem kemur frá fjmrn. er tekið skýrt fram að þessar breytingar munu ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð. Hins vegar vil ég taka undir þau sjónarmið sem hér var vísað til, að verið er að losa um það fyrirkomulag sem hér er á verslun með tóbak, enda segir það sig sjálft þegar verið er að færa þessa vörutegund undir almennar reglur EES-samningsins um frjálst flæði vara.

Ég tek undir það sem segir í niðurlagi álitsgerðar BSRB, að ekki horfi til framfara að færa verslun með tóbak inn á

þessar brautir. Fyrir fáeinum árum þótti það bera vott um íhaldssemi að vilja halda í ÁTVR, verslun ríkisins með tóbak og áfengi, en þessi viðhorf eru að breytast mjög í seinni tíð. Þjóðfélagið er að vakna til vitundar um mikilvægi þess að líta á verslun með áfengi, og tóbak einnig, í ljósi heilbrigðissjónarmiða. Þetta er mikill skaðvaldur í samfélaginu og ber að taka á honum sem slíkum.

Ég lýsi þess vegna fullum fyrirvara varðandi þessar breytingar og mun ekki geta veitt þeim brautargengi þegar þessi frv. koma hér til atkvæða.

[14:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. til laga um breyting á verslun með áfengi og tóbak. Samhliða því frv. er einnig rætt um frv. um áfengis- og tóbaksgjald.

Ég vil segja nokkur orð um frv. Ég hef lesið umsagnir um það og eins það sem fram kemur í athugasemdum við lagafrv. Þar er bent á að með frv. sé verið að fara að þeim ákvæðum EES-samningsins sem tóku gildi 1. janúar árið 2002 en þá var tóbak sett undir þá skilgreiningu að það væri eins og hver önnur vara og félli þar af leiðandi undir regluna um frjálst flæði vara á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Við þessu er lítið að segja. Þetta er skilgreining sem búið er að festa. En ég verð að segja að mér finnst þeir sem fjalla um tóbak eins og hverja aðra eðlilega neysluvöru vera á villigötum að viðurkenna ekki tóbakið sem mjög skaðlegt efni. Í raun og veru ætti þar af leiðandi stöðugt að fjalla um það með ákveðinni sérstöðu og hafa ekki tóbak undir nákvæmlega sömu ákvæðum og matvöru og aðra vöru. Þetta eru hugleiðingar mínar um tóbakið og mér finnst það vera tímaskekkja, og það á árinu 2002, að fella tóbakið þarna undir. Við sitjum uppi með þessi ákvæði og verðum að aðlaga okkur þeim.

Ég tel að nokkuð vel hafi verið unnið úr þeirri skyldu okkar að afnema einkaleyfi ÁTVR á innflutningi á tóbaki en ég vil hafa uppi nokkur varnaðarorð því ljóst er og það kemur fram í athugasemdum við frv. að talið er mjög líklegt að umboðsaðilar verði einnig innflytjendur tóbaks og að þeim muni fjölga. Hluti af varnarbaráttu okkar gegn neyslu á tóbaki hefur verið sú staða ÁTVR að geta haft hemil á innflutningi á ódýru tóbaki. Stóru tóbaksrisarnir hafa víða notað þá sölumennsku að koma tóbaki á markað með því að hafa verðið mjög lágt eða allt að því gefa tóbaksbirgðir til að koma ákveðinni vöru á markað. Þar er Marlboro þekktasta dæmið með markaðssetningu fyrir ungmenni þar sem þeir hafa komið vörunni inn á mjög lágu verði. Í þessum frv. er enginn fyrirvari hvað varðar lágmarksverð þannig að ég tel að ÁTVR muni verða að leggja áherslu á að fara eftir skilgreiningu á innihaldi tóbaksins, þ.e. nikótínmagni og tjörumagni og öðru slíku til þess að forðast að hingað á markað flæði tóbak sem er verri vara — allt er þetta nú óhollt — en við þekkjum hér á landi í dag með hærra nikótínmagni og meira tjöruinnihaldi. Þar höfum við nokkrar varnir en hvaða varnir eru gegn markaðssetningu á vöru þar sem fyrirtækin eru tilbúin til að taka á sig kostnað til að koma inn á markaðinn með því hreinlega að gefa vöruna? Ég vil koma þessum orðum að í umræðuna því hvergi er getið um lágmarksverð eða einhvers konar viðbúnað gagnvart ódýru tóbaki. Þar sem gert er ráð fyrir að innflytjendum fjölgi harðnar samkeppnin þar með og ódýrt tóbak gæti orðið ákveðin hliðarverkun ef við stöndum ekki vel vaktina hvað varðar fjölda tegunda og að forða því sem dunið hefur yfir aðrar þjóðir, að fá inn á markaðinn mjög ódýrar sígarettur í ákveðinn tíma sem höfða sérstaklega til unglinga og þeirra sem eru að byrja að reykja sem verða svo háðir reykingum. Ákveðin tískufyrirbæri ríkja í unglingamenningu. Marlboro og örugglega fleiri tegundir falla undir þessa skilgreiningu, en þar sem Marlboro er þekktast af þeim nota ég það vöruheiti.

Hvað varðar tóbaksvarnir eiga þær þrátt fyrir þessa lagabreytingu að geta verið svipaðar og í dag. Þetta á ekki að hafa áhrif á merkingar á tóbaki eða möguleika okkar til þess að stunda tóbaksvarnir eins og verið hefur, en ég tel að það séu fleiri að átta sig á því að það er ákveðin fyrirbyggjandi aðgerð að hafa innkaup og umboð á sölu tóbaks á hendi ÁTVR. Það er aðhald í því og það er þá ekki frjáls samkeppni með þessa vöru, sem á alls ekki að flokkast undir venjulega vöru, og með því utanumhaldi eins og kemur fram í frv. mun ríkið fá sömu tekjur af tóbakinu, þ.e. því sem fer þar í gegn og ekki er smyglað, sem alltaf er eitthvað um.

Ég vil nefna það hér að það er víðar tilhneiging en á Íslandi til að selja ríkisfyrirtæki til að fá peninga í kassann. Í Alberta í Kanada var þeirra ÁTVR eða ríkiseinkasala seld og var talið að eftir sem áður kæmu sömu tekjur í kassann af sölu áfengis þó að ríkið væri ekki með söluna en annað hefur sýnt sig. Alberta fær miklu lægri tekjur í dag en áður þannig að það er ekki allt fengið með einkarekstrinum.

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að koma þessum aðvörunarorðum að og af þeirri ástæðu mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins en vona aftur á móti að ÁTVR nái að halda vel utan um þessi mál og halda verðlaginu eins og verið hefur og með því að forða því að við fáum inn á markaðinn tegundir sem mundu ná markaðssetningu með lágu verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald af áfengi og tóbaki, 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 417, nál. 1182, brtt. 1183.

[14:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, frá hv. meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Svönu Margréti Davíðsdóttur og Guðrúnu Sigtryggsdóttur frá tollstjóranum í Reykjavík.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, sem við ræddum áðan.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en við meðferð þess fyrir nefndinni voru ræddar frekari breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, sem meiri hlutinn telur rétt að gerðar verði. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur með bréfi, dags. 25. mars 2003, vakið athygli íslenskra stjórnvalda á mismun á stöðu innlendra framleiðenda áfengis og innflytjenda slíkrar vöru sem getur falist í núgildandi reglum um greiðslufrest á gjöldum á áfengi og viðurlögum vegna vangreiðslu

þeirra gjalda. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er ætlunin að jafna stöðu innlendra framleiðenda áfengis og innflytjenda hvað þessi atriði varðar.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Lagt er til að krafa um tryggingar þegar veittur er gjaldfrestur á áfengisgjaldi, sem er að finna í lögunum, verði felld á brott og þar af leiðandi einnig heimild ráðherra til að setja reglugerð um slíkar tryggingar. Í stað kröfu um tryggingar komi stöðvunarheimild í nýrri lagagrein. Þá telur meiri hlutinn að með tillögunni verði ákvæði laganna skýrari hvað varðar gjaldfrest og gjalddaga áfengisgjalds.

Lagt er til að reglur sem gilda fyrir innflytjendur áfengis og framleiðendur áfengis verði samræmdar hvað varðar álagningu áfengisgjalds þannig að innflytjendum og framleiðendum verði gert að sæta álagi ef áfengisgjald er ekki innt af hendi á gjalddaga. Hið sama gildir ef áfengisgjald hefur verið áætlað á framleiðanda áfengis vegna þess að áfengisgjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað inn eða henni verið ábótavant, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kærufrests. Ef áfengisgjald er ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Þá er lagt til að lögfest verði sú skylda tollstjóra að synja innflytjanda og/eða framleiðanda áfengis um frekari greiðslufrest á meðan vanskil vara. Loks er lagt til að lögfestur verði stöðvunarréttur til handa tollstjóra ef ítrekuð eða stórfelld vanskil eru á greiðslu áfengisgjalds, álags og dráttarvaxta. Þessi stöðvunarréttur, sem er án fyrirvara, felur í sér heimild til þess að stöðva tollafgreiðslu á vörum til hvort heldur er innflytjanda eða framleiðanda og láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji hann hagsmuni ríkissjóðs ekki tryggða með öðrum hætti. Eðlilegt verður að telja að tollstjóri hafi stöðvunarrétt þegar ítrekuð eða stórfelld vanskil verða á áfengisgjaldi, enda er um vörsluskatt að ræða og oft um miklar fjárhæðir að tefla.

Þá ber að geta þess að í lögum um virðisaukaskatt sem og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda má finna sambærilegan stöðvunarrétt fyrir innheimtuaðila ríkissjóðs. Auk þess verður að telja stöðvunarrétt hjá innflytjendum sem og innlendum framleiðendum vera nægilega tryggingu fyrir greiðslu áfengisgjaldsins og því óhætt að fella brott kröfu laganna um framlagningu tryggingar.

Hér um það að ræða að hafa sambærileg ákvæði um innheimtu á áfengisgjaldi og fyrir t.d. virðisaukaskatt og staðgreiðslu, þá er hægt að nota sambærileg kerfi sem gerir eftirfylgnina miklu markvissari en ella.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álitið með fyrirvara hvað varðar þær breytingartillögur sem lagðar eru til og varða gjald af áfengi en ekki innheimtu tóbaksgjalds sem er efni frv. sem vísað var til nefndarinnar í þessu máli.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Össur Skarphéðinsson með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson með fyrirvara og Jóhanna Sigurðardóttir með fyrirvara.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 750. mál (dótturfélög sparisjóða, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, frh. 1. umr.

Stjfrv., 755. mál. — Þskj. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Útlendingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 749. mál (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). — Þskj. 1120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Framboð og kjör forseta Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 748. mál (kjörskrár, mörk kjördæma). — Þskj. 1119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DO, EMS, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JBjart, MÞH, MF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1224).

Björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 514. mál (vátryggingar). — Þskj. 786.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DO, EMS, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JBjart, MF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1225).

Erfðafjárskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 435. mál (heildarlög). — Þskj. 1199, brtt. 1200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Brtt. 1200, felld með 28:16 atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, GÁS, JóhS, JGunn, KLM, MÁ, RG, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DO, EMS, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JBjart, MF, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum hér atkvæði um brtt. frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni. Flestir eru sammála um að skattar eigi að vera almennir og án undantekninga með helst lágri prósentu. Oft snýst baráttan á hinu háa Alþingi um að verja heildstæða skattstofna fyrir góðum málum, undantekningum sem hola skattstofninn. Hér er þegar byrjað að bora gat í skattstofninn sem verið er að mynda. Ég vara við því og segi nei.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DO, EMS, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JBjart, MF) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er ekki oft sem þingheimur greiðir atkvæði um mikla einföldun á skattalögum eða lögum yfirleitt. Hér er um að ræða verulega einföldun á skattalögum, skapaður er heildstæður almennur stofn til erfðaskatts án undantekninga, verulega lækkun prósentu sem kemur venjulegu fólki til góða með íbúðina sína eða húsið sitt. Lagfært er misræmi sem skapast hefur á milli eigna í hlutabréfum og húseignum undanfarin ár. Ég er mjög ánægður með þessa breytingu, einföldunina og lækkunina á skattstofninum og segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1226).

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 2. umr.

Stjfrv., 342. mál (einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES-reglur). — Þskj. 416, nál. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÖS.

4 þm. (AtlG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DO, EMS, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JBjart, MF, SigurjÞ) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÖS.

4 þm. (AtlG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, DO, EMS, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JBjart, MF, MÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 417, nál. 1182, brtt. 1183. [15:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meirihluta efh.- og viðskn. með fyrirvara og það gera einnig hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Lúðvík Bergvinsson. Vil ég í örstuttu máli gera grein fyrir þeim fyrirvörum.

Í fyrsta lagi setjum við fram þennan fyrirvara til að lýsa andstöðu okkar við þá málsmeðferð sem málið fékk af hálfu fjmrn., en eftir að málið kom fyrir efh.- og viðskn., eftir 1. umr. í þinginu, komu fram af hálfu ráðuneytisins til nefndarinnar mörg ný efnisatriði þar sem teknar voru upp margháttaðar breytingar sem varða refsiheimildir ef lögunum er ekki fylgt. Það er lítið til fyrirmyndar, herra forseti, að hafa þann háttinn á að koma raunverulega með nýtt frv. í efh.- og viðskn. eftir að hún hefur hafið umfjöllun sína á máli sem kom frá ráðuneytunum.

Í öðru lagi fengust engin skýr svör við því í nefndinni þó eftir því væri gengið hvort innheimtuhagsmunir ríkissjóðs væru betur tryggðir með þeirri breytingu sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til, að tilhlutan fjmrn.

Við skrifum því, herra forseti, undir álitið með fyrirvara hvað varðar þær brtt. sem lagðar eru til og varða gjald af áfengi, en ekki innheimtu tóbaksgjalds sem er efni frv. sem vísað var til nefndarinnar í málinu.

Herra forseti. Með öðrum orðum styðjum við frv. eins og það var lagt fram á þingi við 1. umr. málsins, en höfum fyrirvara við þær brtt. sem meiri hlutinn flytur. Það er ástæða til að hafa um þær örfá orð og hvernig fyrri úrræðum hefur verið framfylgt sem beitt var til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs. Finnst mér það vægast sagt, herra forseti, nokkuð skrautleg saga, vegna þess að ekki er hægt að fá upplýsingar um það hve oft fyrri ákvæðum um tryggingar hefur verið beitt eða hve miklu þau úrræði hafa skilað til ríkissjóðs. En þau ákvæði um tryggingar byggja á ákvæðum reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti og öðrum aðflutningsgjöldum í tolli, með síðari breytingum, en samkvæmt 3. gr. þeirrar reglugerðar var gert ráð fyrir að innflytjandi skilaði inn yfirlýsingu banka, sparisjóðs eða viðurkennds tryggingar- eða ábyrgðarfélags með umsókn um greiðslufrest á áfengisgjaldi. Yfirlýsingin skyldi kveða á um skilyrðislausa sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð, lánaðs áfengisgjalds og taka til áfengisgjalds sem innflytjanda hafði verið veittur gjaldfrestur á, auk dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kynni af vanefndum.

Ábyrgðin var ótímabundin og uppsegjanleg af hálfu ábyrgðaraðila með ábyrgðarbréfi til viðkomandi tollstjóra með þriggja mánaða fyrirvara. Eftir uppsögn ábyrgða var tollstjóra óheimilt að tollafgreiða vörur á lánskjörum til viðkomandi innflytjanda, nema önnur ábyrgð væri sett í staðinn. Kæmi, herra forseti, í ljós að innflytjandi uppfyllti ekki lengur ofangreind skilyrði bar tollstjóra þegar í stað að krefjast ábyrgðar.

Það var ekki hægt að fá nokkra vitneskju um það, hvorki frá tollstjóraembættinu né fjármálaráðuneytinu hve oft það hefði komið til að tollstjóri hefði þurft að krefjast ábyrgðar eða hvað tryggingin hefði skilað í ríkissjóð ef henni hefði verið beitt. En þar með er ekki öll sagan sögð. Auðvitað var nauðsynlegt að fá það upplýst til að reyna að vega og meta hvort innheimtuhagsmunir ríkissjóðs væru betur tryggðir eftir eldri leiðinni eða samkvæmt nýjum ákvæðum sem hér er verið að leggja til.

Með tilkomu reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, var fyrirkomulaginu sem ég lýsti áður breytt. Samkvæmt þeirri reglugerð er ekki gert ráð fyrir skyldu til framlagningar ábyrgða vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi. Það er nokkuð furðulegt að í reglugerðinni er ekki gert ráð fyrir þeirri skyldu, en það hefur stoð í lögum að þetta skuli vera skylda. Reglugerðin hljóðar engu að síður svo eða hluti hennar, með leyfi forseta:

„Ríkistollstjóri getur, til að tryggja skil áfengisgjalds í ríkissjóð, sett tiltekið hámark á fjárhæð áfengisgjalds sem heimilt sé að lána einstökum áfengisinnflytjendum á uppgjörstímabili og gert að skilyrði að sett verði trygging fyrir lánuðu áfengisgjaldi umfram þá fjárhæð."

Það segir hér á minnisblaði um áfengisgjald sem við fengum frá tollstjóranum í Reykjavík um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Hér er um heimildarákvæði að ræða fyrir ríkistollstjóra sem þá var, nú fjármálaráðuneytið eða tollstjórinn í Reykjavík, líklega fjármálaráðuneytið, til að krefjast tryggingar ef fjárhæð skuldfærðs áfengisgjalds færi yfir tiltekið mark. Ríkistollstjóri gaf aldrei út tilkynningu um framangreinda hámarksfjárhæð og því síður fjármálaráðuneytið eða tollstjórinn í Reykjavík. Hugmyndafræðin að baki framlagningar tryggingar var sú að hennar yrði einungis krafist ef innflytjandi færi yfir þetta tiltekna hámark. Þar sem hámarksfjárhæðin var aldrei sett var ekki krafist tryggingar eftir gildistöku reglugerðarinnar."

Það virðast því engin ákvæði hafa verið í gangi um þetta atriði frá 1999 þrátt fyrir skyldu í lögum. En í lögum nr. 96/1995, segir um þetta ákvæði, með leyfi forseta:

„Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að veita gjaldfrest á áfengisgjaldi við innflutning í allt að tvær vikur enda séu settar fullnægjandi tryggingar."

Það er alveg skýrt hér að setja átti fullnægjandi tryggingar en það hefur aldrei verið gert. Öll framkvæmdin að því er varðar tryggingarnar hefur því verið í skötulíki í langan tíma og ekki virkað eins og löggjafinn ætlaðist til. Til þess að kóróna allt er síðan sett reglugerð sem ekki hefur stoð í lögum.

Nú má vel vera, virðulegi forseti, að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu til bóta í því efni að þær fari þá að virka. Og það má líka vera að það sé ekki óeðlilegt að sömu skilyrði gildi fyrir skuldfærslu áfengisgjalds sem og annarra gjalda sem aðilum er treyst til að fá skuldfærð.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns erum við fyrst og fremst að setja þessa fyrirvara til að lýsa andstöðu okkar við málsmeðferð fjmrn. á þessu máli að koma raunverulega fram með nýtt frv. eftir að umfjöllun er hafin í efh.- og viðskn. um frv. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir við 1. umr. málsins sem ekki innihélt þessar miklu og meiri háttar breytingar. Og hins vegar líka, herra forseti, að við höfum enga stöðu til að meta hvort innheimtuhagsmunir ríkissjóðs hefðu verið betur tryggðir með fyrri ákvæðum, ef þau hefðu verið virk, herra forseti, sem þau voru ekki, en með þeim breytingum sem hér eru gerðar.

Þetta er ástæðan fyrir því að við setjum fyrirvara okkar. Við munum styðja frv. eins og það kom fram við 1. umr. og hæstv. fjmrh. mælti fyrir því, um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggi á og innheimti tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða framleiddar hér á landi. En við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þær brtt. sem meiri hlutinn mælti fyrir og ég hef reifað í stuttu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:18]

Útbýting þingskjala:

Áhrif gengisþróunar á lyfjaverð, 795. mál, fsp. DJ, þskj. 1210.

Bólgueyðandi lyf, 796. mál, fsp. DJ, þskj. 1211.

Fjárfestingar viðskiptabanka, 798. mál, fsp. JóhS, þskj. 1213.

Hjúskapur og dvalarleyfi, 792. mál, fsp. BH, þskj. 1207.

Kötlugos, 797. mál, fsp. HBl, þskj. 1212.

Opinber störf í sjávarútvegi, 793. mál, fsp. EMS, þskj. 1208.

Störf á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu, 794. mál, fsp. EMS, þskj. 1209.

Tónlistar- og ráðstefnuhús, 799. mál, fsp. GunnB, þskj. 1214.

Umferðarslys, 789. mál, fsp. MÞH, þskj. 1204.

Verðbreytingar á vöru og þjónustu, 548. mál, svar hagstrh., þskj. 1160.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, síðari umr.

Stjtill., 479. mál. — Þskj. 729, nál. 1148.

[15:20]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1148. Þetta er 479. mál þingsins, till. til þál. um staðfestingu samnings um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003:

1. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 22. maí og 4. júní 2003.

2. Samkomulag milli Íslands og Noregs um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gert var í Ósló 26. júní 2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hélt nefndin fund með sjútvn. Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins að viðstöddum fulltrúum utanrrn., sjútvrn. og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Samningarnir fela í sér að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sé 710 þús. lestir í stað 850 þús. lesta árið áður auk 1.500 lesta sem koma í hlut annarra ríkja samkvæmt nánari ákvörðun Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar og er aflahlutdeild Íslands óbreytt frá árinu 2002 eða 15,54% af heildarafla. Hins vegar er gert ráð fyrir í þetta skipti að Ísland láti 1% af leyfilegum heildarafla, þ.e. 7.100 lestir, í skiptum fyrir aukinn aðgang að efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Hæstv. forseti. Þessi þáttur málsins var töluvert ræddur í nefndinni. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað mun hafa verið gripið til þess ráðs að gefa eftir ákveðið hlutfall af leyfilegum heildarafla gegn veiðum innan norskrar lögsögu. Ljóst er að samningsstaðan var frekar erfið á síðasta ári og var fallist á þetta til að leysa málið í bili en Norðmenn höfðu haft uppi kröfur um að fá allt að 90% af heildaraflanum í sinn hlut. Þessi málamiðlun var gerð í fullu samráði við Landssamband íslenskra útvegsmanna og ég held að ég geti fullyrt að mikilvægara hafi verið að hafa samning um veiðarnar og fara þessa leið en að hafa engan samning. Þá má gera ráð fyrir að verðmætari afurð fáist fyrir það sem veiðist innan norsku lögsögunnar.

Meiri hlutinn leggur hins vegar áherslu á að þetta fyrirkomulag sem beitt var við samningagerðina árið 2003 hafi verið bráðabirgðalausn sem beita þurfti í þetta eina skipti til að ná samningum. Nefndin bendir hins vegar á að íslensk skip veiði ákveðinn hluta af heildaraflanum innan norskrar lögsögu og að það geti orðið til að styrkja stöðu Norðmanna í samningum Íslands og Noregs um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum síðar meir og að það verði að teljast frekar óheppilegt.

Hæstv. forseti. Samningar þeir sem hér um ræðir voru frágengnir í júní 2003 og telur meiri hlutinn að rétt hefði verið að leggja þá fyrir Alþingi strax í upphafi haustþings en ljóst er að þeir koma mjög seint til efnismeðferðar nú í þinginu. Meiri hlutinn kemst ekki hjá því að gera athugasemd við þennan drátt á málsmeðferðinni.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ritar undir nál. með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir formaður, Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara, Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson.

[15:24]

Frsm. minni hluta (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Atvinnusaga Íslendinga er samofin síldveiðisögu þjóðarinnar. Segja má að atvinnulíf okkar Íslendinga hafi framan af síðustu öld þróast með vissum hætti í kringum síldveiðar. Mjög víða voru síldveiðarnar undirstaða uppbyggingar í ákaflega mörgum fyrirtækjum og byggðarlögum við ströndina. Þegar kom fram á sjöunda áratuginn má segja að á nokkrum árum hafi orðið bylting í ákveðnum byggðarlögum vegna þess að Íslendingar náðu forskoti á aðrar þjóðir í krafti þess að þeir tóku tæknina sem þá var að þróast í síldveiðum og veiðum á uppsjávarstofnum miklu hraðar í sína þjónustu en aðrar þjóðir, t.d. Norðmenn. Þetta leiddi til þess að þegar sótt var hvað harðast í norsk-íslenska síldarstofninn veiddu Íslendingar langmest allra þjóða. Á hátindi veiðanna rétt áður en til hrunsins kom og eftir að Norðmenn höfðu hafið gegndarlausa rányrkju á seiðum í norskum fjörðum, voru Íslendingar að veiða upp undir og yfir 40% af heildarafla. Þannig held ég að segja megi að árið 1965 eða 1966 hafi Íslendingar veitt 43% af fullorðnu síldinni.

Það skiptir þess vegna ákaflega miklu máli fyrir þróun byggðar á austur- og suðausturhluta landsins að okkur takist í samvinnu við aðrar þjóðir að byggja stofninn upp aftur. Það er engum blöðum um það að fletta að eins og markaðir eru að þróast og eins og hagsæld þjóða sem líta má á sem hefðbundnar síldarneysluþjóðir er að aukast úti í Evrópu, þá eru þarna miklar vonir um verðmæti í framtíðinni. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig Íslendingar halda á málum gagnvart þeim sem ásælast þennan stofn. Ég á þá fyrst og fremst við þær óbilgjörnu kröfur sem Norðmenn hafa sett fram á síðustu árum og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir lýsti ágætlega.

Ég vil líka segja það áður en lengra er haldið að mér finnst nál. meiri hlutans að mörgu leyti ákaflega gott. Ég get tekið undir margt af því sem þar segir. Ég er algjörlega sammála þeim varhuga sem hv. formaður utanrmn. geldur við því nýmæli sem hún gerði að sérstöku umræðuefni og varðar heimild til veiða af hálfu Íslendinga innan norskrar efnahagslögsögu. Það kom alveg skýrt fram í máli hv. formanns utanrmn. að Norðmenn eru bersýnilega að reyna að þrýsta okkur til þess að veiða meira innan sinnar efnahagslögsögu, ekki aðeins gegn því að þeir fái meira í sinn skerf af heildaraflanum heldur eru þeir beinlínis að gera það til þess að veikja samningsstöðu okkar eins og ég og fleiri hv. þm. úr stjórnarandstöðunni munum koma að í ræðum okkar í dag.

Ég tek sérstaklega undir með hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að það er ekki heppilegt að samningur af þessu tagi,

jafnmikilvægur og hann er, sem varðar jafnþunga hagsmuni og við Íslendingar höfum af nýtingu þessa stofns, skuli koma með þeim hætti í þingið eins og raun ber vitni. Hv. formaður utanrmn. gerði að sérstöku umræðuefni þá staðreynd að samningunum, sem gerðir eru við tvær þjóðir, var lokið annars vegar við Færeyinga 4. júní og hins vegar við Norðmenn 26. júní. Nú ætla ég ekki að gera kröfu til þess jafnvel þó að þessum samningum hefði verið lokið í tíma fyrir vorþing sem háð var að loknum kosningum að þeir hefðu verið lagðir fyrir þetta þing. Hefðin er önnur. Ég geri ekki athugasemdir við það.

Hins vegar verður að gera harðar athugasemdir við þá staðreynd að samningarnir voru ekki lagðir fram á haustþingi. Þeir voru lagðir fram á fyrsta degi eftir að þing kom saman á þessu ári, þ.e. 28. janúar sl. Það eru algjörlega óásættanleg vinnubrögð. Um það erum við þingmenn Samf. og hv. þm. Frjálsl. algjörlega sammála. Þetta eru vinnubrögð sem hvorki þeir starfsmenn utanrrn. og sjútvrn. sem komu til fundar við nefndina gátu útskýrt þá, né hæstv. utanrrh. þegar hann var inntur eftir þessari óskiljanlegu töf hér við umræður málsins, sem fóru fram þegar það var lagt fram.

Ég verð að segja að það þjónar harla litlum tilgangi að ræða samninga sem eru búnir að renna hálft skeið sitt á enda, ný samningalota er hafin og henni er í reynd lokið. Til hvers er verið að leggja fram slíka samninga til umræðu í þinginu? Vissulega þarf formlega staðfestingu þingsins. En ætlan þingsins, þegar upphaflega var lagt á þá braut að ræða samning af þessu tagi, var auðvitað ekki sú að þingið yrði eins konar formlegur stimpill sem engu máli skiptir fyrir framvindu málsins. En það má lesa að það viðhorf sé það sem ráði hjá hæstv. utanrrh. með þessum slælegu vinnubrögðum.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að eitt af því sem hlýtur að vera höfuðtilgangur með umræðu samninga af þessu tagi er að fá fram viðhorf þingmanna til einstakra efnisatriða í samningum og finna hvort um þá er samstaða. Þetta skiptir ekki síst máli, herra forseti, þegar við blasir, eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður utanrmn., gerði að sérstöku umræðuefni að um er að ræða nýmæli í samningnum sem hægt er að deila um. Hv. þm. sem hafði framsögu áðan tíndi til ákveðnar skýringar sem fengust á því. Ég ætla ekki að gera nokkrar athugasemdir við þær skýringar. Við sem stöndum að nefndarálitinu gerum okkur líka grein fyrir því að menn þurfa að gefa eftir til þess að ná samningum. Það er hins vegar ákaflega mikilvægt að vilji þingsins, einstakra flokka og einstakra þingmanna til þessa tiltekna ákvæðis sem varðar skipti á aflahlutdeild gegn möguleikum á að veiða innan marka norskrar efnahagslögsögu komi fram í þinginu. Hægt er að finna að þessu og eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sagði í ræðu sinni áðan er þetta óheppilegt fyrirkomulag.

Það er rétt hjá meiri hlutanum að þetta styrkir fremur samningsstöðu Norðmanna en okkar. Raunar veikir þetta samningsstöðu okkar. Það mátti glöggt lesa á milli línanna hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að það var augljóst á lýsingu hennar að Norðmenn höfðu verið þessa fýsandi. Hv. þm. sagði að þetta hefði verið nauðsynlegt til þess að ná samningum. Af því er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að Norðmenn hafi ekki viljað ljúka samningum fyrr en það var alveg ljóst að búið var að þrýsta Íslendingum til að veiða ákveðna hlutdeild innan norsku efnahagslögsögunnar.

Ég tel, herra forseti, að það hefði verið mjög gagnlegt fyrir hæstv. utanrrh. að hafa þau viðhorf sem ég er að túlka og aðrir þingmenn eins og t.d. Frjálsl. og hugsanlega VG líka eru sammála um. Það er hin lýðræðislega aðferð. Þingið á að fá að hafa skoðun á slíkum málum og hæstv. utanrrh. verður a.m.k. að hafa hliðsjón af þeim viðhorfum, þó ekki sé hægt að gera þá kröfu að hann fari endilega eftir þeim. En mér þykir þinginu lítill sómi sýndur með þessu.

Það hefði verið einkar gagnlegt fyrir ríkisstjórnina að hafa þetta til hliðsjónar þegar endurnýjunarferlið hófst. Við sem stöndum að nefndarálitinu tökum þess vegna undir þau orð sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir lét um þetta falla. Við göngum reyndar lengra, við áteljum þessi vinnubrögð og teljum að það sé ekki í þágu samningshagsmuna Íslendinga að vinna með þessum hætti. Það eru því eindregin tilmæli okkar til hæstv. utanrrh. að hann hagi vinnulagi sínu með öðru móti í framtíðinni.

Ég sagði áðan að við sem stöndum að nefndarálitinu höfum fullan skilning á því að í samningum þurfa menn stundum að slaka á. Við höfum fullan skilning á því að menn þurfa að gera ýmislegt til þess að ná samningum um veiðar úr stofni sem er jafnmikilvægur og sá norsk-íslenski. Það er hins vegar svo að sú hlutdeild sem Íslendingar hafa fengið allar götur frá því á síðasta áratug úr þessum stofni er í engu samræmi við sögulega veiðireynslu. Þar er um mikla fjármuni að tefla. Vonir standa til þess að okkur takist að byggja stofninn upp í framtíðinni með því að haga nýtingu skynsamlega í samvinnu við aðrar þjóðir. Ef stofninn nær aftur fyrri stærð standa allar líkur og öll söguleg reynsla hnígur að því að fullorðna síldin taki aftur upp göngur á svæðin sem hún dvaldi á áður og eru nú innan og við íslensku efnahagslögsöguna. Áður fyrr dvaldi hún þar í ætisleit sjö til átta mánuði á ári og ástæðan fyrir því að hún tók sér ból á þeim árstíma þá var að stofninn var svo stór að það var einfaldlega ekki pláss fyrir fullorðna síld sem var að byggja sig upp fyrir hrygningu við strendur Noregs og annars staðar.

Mér finnst að mjög hafi skort á í máli hæstv. utanrrh. alveg frá því að hann mælti fyrir samningnum um skiptingu úr þessum stofni árið 1996, að það yrði reifað á hinu háa Alþingi hvaða röksemdir standa að því að við eigum að geta krafist ríflegs skerfs úr stofninum. Niðurstaðan er eins og hér hefur komið fram að Íslendingar hafa 15,54% af stofninum. Það er allt of lítið og það hefur ekki síst byggst á óbilgirni Norðmanna sem hafa krafist þess að fá ákaflega stóran hlut úr stofninum. Þeir hafa byggt það á fölskum staðhæfingum um að það hafi verið veiðar Íslendinga sem drápu niður stofninn þegar hann hrundi upp úr 1967. Þetta er hins vegar ekki rétt. Fyrir liggja vísindalegar niðurstöður og álit virtustu fræðimanna Norðmanna á sviði fiskvísinda sem sýna í reynd fram á allt annað. Og það er síst í þágu íslenskra hagsmuna, og alls ekki í ljósi þeirra óbilgjörnu krafna sem Norðmenn hafa verið að setja fram, að þeim staðreyndum skuli ekki vera haldið hátt á lofti.

Enn síður, herra forseti, er hægt að skýra það sem ekki er hægt að kalla annað en linkind í ummælum sem hæstv. utanrrh. hefur látið falla í umræðum um samninginn á hinu háa Alþingi. Þau ummæli er ekki hægt að túlka með öðru móti en svo að hæstv. utanrrh. telji koma til greina að gefa enn frekar eftir gagnvart Norðmönnum.

Ég er hér, herra forseti, að vísa til umræðna sem fóru fram á Alþingi 24. febrúar og það er ekki síst í krafti þeirra og vegna þeirra ummæla sem við, þingmennirnir sem að þessu stöndum, treystum okkur ekki til þess að styðja það álit sem meiri hlutinn stendur að. Í umræðunni 24. febrú-

ar sagði hæstv. ráðherra m.a. um samskipti Norðmanna og Íslendinga, með leyfi forseta:

„Það er ekki afsakanlegt að setja samskipti þeirra í uppnám út af nokkrum þúsundum tonna af síld."

Hvað var það sem hæstv. utanrrh. átti við? Hvað var það sem vakti fyrir manni sem hefur formlega forustu fyrir samningaviðræðum við Norðmenn að láta svona út úr sér rétt í þann mund sem það er meira að segja að slitna upp úr samningum? Ég innti hæstv. ráðherra eftir því og hann skýrði þessi orð sín síðar í sömu umræðu á þessum febrúardegi með svofelldum hætti, með leyfi forseta:

„Það sem ég átti við þegar ég talaði um nokkur þúsund tonn af síld er að ég tel, og ég skal endurtaka það, að t.d. 3.000–5.000 tonn af síld séu ekki af þeirri stærðargráðu að þau réttlæti upplausn í samskiptum Íslands og Noregs. Hvaða efnahagslega stærð er það fyrir stórveldið Noreg? Hvaða máli skiptir það í efnahagslegu samhengi? Það skiptir meira að segja tiltölulega litlu máli fyrir Ísland sem er efnahagslega miklu minna."

Þetta sagði hæstv. utanrrh. í þeirri umræðu. Við sem stöndum að nefndarálitinu teljum algjörlega fráleitt og óábyrgt af hæstv. ráðherra að tala með slíkum hætti, ekki síst þegar ekki er búið að ljúka samningum og þeir eru í uppnámi. Hvað felst í þessum orðum? Það er ómögulegt að leggja annan skilning í þau en þann að þarna sé hæstv. ráðherra að gefa sterklega til kynna að verjanlegt sé að gefa eftir 3.000–5.000 tonn af hlutdeild Íslendinga til að friða Norðmenn. Og þessi orð fóru úr þessum ræðustól svo að segja í þann mund sem menn voru að ljúka árangurslausum samningaviðræðum við Norðmenn. Við sem stöndum að nefndarálitinu teljum engin efnisleg rök fyrir þeirri eftirgjöf og þeirri linkind sem felst í orðum hæstv. ráðherra frá þessum degi. Við teljum að þetta þjóni ekki hagsmunum Íslendinga og miklu frekar hlýtur viðhorf sem kemur fram af munni hæstv. utanrrh. að styrkja stöðu Norðmanna hvað þá þegar þau eru sögð á Alþingi.

Það er skoðun mín, herra forseti, að ummæli af þessu tagi og það viðhorf sem þar birtist af hálfu utanrrh. gefi til kynna að hæstv. ráðherra skilji ekki hvernig gangur veiðisögunnar var og geri sér ekki grein fyrir því að það voru ekki við sem áttum sök á óförum stofnsins. Það voru einmitt Norðmennirnir sem hann er að tala um í þessum orðum í þá veru að réttlætanlegt sé að láta eftir enn ríkari skerf af okkar hlut.

Mér sýnist því, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. hafi mengast nokkuð af þeirri umræðu sem reglulega sprettur upp af miklum ofsa í Noregi, og er fyrst og fremst knúin af norskum útvegsmönnum, þar sem staðhæft er að hrun stofnsins á sjöunda áratugnum megi fyrst og fremst rekja til rányrkju Íslendinga. Og fyrir bragðið segja þeir sem svona tala að þá sé sögulegur réttur Íslendinga til að veiða úr stofninum rýr.

Ég ítreka að frá sjónarhóli allra, ekki bara Íslendinga, heldur allra þeirra sem hafa skoðað þessi mál, m.a. norskra vísindamanna, er þetta ekkert annað en hrein fölsun á sögunni. Það hefur ítrekað komið fram og ég rifja það sérstaklega upp að Gunnar Flóvenz, sem á sínum tíma varð eins konar ókrýndur síldarkóngur Íslendinga vegna þess að hann hélt ákaflega vel og dyggilega utan um hagsmuni Íslendinga sem tengdust síldveiðum, ítrekaði þetta aftur og aftur í ræðu og riti.

Það er hins vegar svo að þetta virðist ekki hafa náð eyrum ráðamanna íslensku þjóðarinnar og þeirra sem stýra samningaviðræðum við Norðmenn. Þeir virðast ekki gera sér grein fyrir eða hafa ekki haft fyrir því að kynna sér málflutning þeirra sem hafa verið að reyna að upplýsa þá og uppfræða að hið mikla hrun stofnsins upp úr 1965 má alfarið rekja til gífurlegrar rányrkju Norðmanna sem þá hafði staðið yfir á seiðum í meira en áratug. Þetta eru staðreyndir sem norsk stjórnvöld reyna jafnan að fela. Og það verð ég að segja norskum fræðimönnum til hróss að þeir hafa gengið að því að greina orsakir hrunsins eins og vísindamönnum sæmir af hlutleysi og hlutlægni og þeir hafa einfaldlega komist að annarri niðurstöðu. Ég er að vísa til þess að árið 1980 birtu norskir sérfræðingar fræðilega úttekt á þróun veiða úr stofninum og það er ákaflega athyglisvert að ein af þremur meginniðurstöðum þeirra var að veiðar Norðmanna á núll til tveggja ára síld leiddu til hruns norsk-íslenska síldarstofnsins á seinni hluta sjöunda áratugarins.

Þetta er auðvitað það sem skiptir máli og það er sú röksemd sem við eigum að tefla fram gegn Norðmönnum, ekki síst nú um stundir þegar þeir koma með haffræðilega dreifingu stofnsins eins og fallstykki í hausinn á okkur í hverjum samningaviðræðunum á fætur öðrum.

Rányrkjan sem norsku vísindamennirnir vísa til, þó að þeir orði það ekki svo, var ekkert í líkingu við neitt sem við þekkjum hér á landi. Við veiðarnar notuðu Norðmenn svo smáan möskva að jafnvel það sem hægt er að flokka undir örseiði sluppu ekki undan. Það var beinlínis sérstök útgerðargrein sem gerði út á veiði á smáseiðum á haustin þegar árgangur sem var nýklakinn úr hrognum leitaði skjóls inn á fjörðum. Sú veiði hélt svo áfram inni á fjörðunum út veturinn.

Þess ber að geta til upplýsingar að síldin varð ekki fullþroska, þ.e. hún náði ekki hrygningarþroska, fyrr en hún var orðin fjögurra ára gömul en norskir fiskimenn veiddu daglangt og náttlangt það sem þeir kölluðu feitsíld, sem var eins til fjögurra ára síld, úti fyrir Finnmörku og Lófót. Þessar veiðar hófust síðla sumars og stóðu með ofsa og miklu kappi langt fram á haustið.

Þegar menn skoða aflatölur sem liggja fyrir í opinberum gögnum og opinberum vísindagreinum, m.a. þeirra fræðimanna sem ég vísaði til, birtist hversu ótrúleg rányrkjan var á ungviðinu.

Á tímabilinu 1950 og næstu 15 ár á eftir veiddu Norðmenn af síldarseiðum og smásíld hundruð þús. tonna. Darraðardansinn var slíkur að upp úr 1965, rétt fyrir hrun stofnsins, öfluðu Norðmenn 550 þús. tonna af því sem ekki er hægt að kalla annað en smásíld, og ári síðar veiddu þeir nánast það sama eða 450 þús. tonn.

Mönnum kann að standa ógn af þessum tölum þegar þeir standa andspænis villiveiði af þessum toga. Hvað segja menn þegar síðan er skoðað hvað menn veiddu beinlínis af síldarseiðum sem voru ekki orðin tveggja ára? Þá kemur í ljós að á hverju einasta ári á þessu 15 ára skeiði sem ég nefndi, veiddu Norðmenn aldrei undir 100 þús. tonnum af síldarseiðum. Stundum veiddu þeir miklu, miklu meira.

Í byrjun sjötta áratugarins veiddu þeir um 300 þús. tonn af síldarseiðum og fyrsta árið þess sjöunda veiddu þeir 250 þús. tonn. Það má til samanburðar geta þess að afli okkar Íslendinga þessi sömu ár, sem uppistóð aðallega af 6–8 ára síld á þessum árum, stundum að vísu miklu eldri síld, var snöggtum minni og þó var alveg ljóst að sú veiði hafði ekki áhrif á stofninn.

Ef menn skoða hlutfall hvers árgangs sem slapp undan rányrkju Norðmanna og náði því að lifa í fjögur ár og komast þannig inn í þann flokk síldarinnar sem má skilgreina sem

fullorðna hrygningarsíld sést kannski best hvað var að gerast þarna. Af tölum norskra fræðimanna kemur í ljós að seiðaveiðin og smásíldarveiðin gjöreyddi mörgum árgöngum. Í sumum tilvikum náðu einungis örfá prósent að stálpast og verða fullorðin og ná að ganga á slóðirnar fyrir utan og austan Ísland og þroskast og ganga síðan til baka og hrygna. Það er hægt að taka einstök ár til þess að sýna hvers konar villimennska var á ferðinni.

Ef við skoðum t.d. árið 1965 náði aðeins 0,1% eða 1 prómill fjögurra ára aldri. Það þýðir með öðrum orðum að úr heilum árgangi var lífið murkað, árganginum var gjöreytt og má segja að í kringum þetta ár hafi þeir sokkið dýpst í rányrkju sinni. Það voru dæmi um aðra árganga þar sem örlítið meira komst upp, 0,2%. En það er engum blöðum um það að fletta að þessi rányrkja eyddi stofninum, drap milljarða síldarseiða, á sumum árum tugi milljarða.

Til samanburðar við það hvað Íslendingar voru að taka í fjölda af árgöngunum má taka metveiðiárið 1967. Það ár voru 6 milljarðar stórsíldar veiddar og Íslendingar veiddu aðeins 2,6 milljarða, þannig að sá fjöldi sem við tókum af hrygningarsíld var í engu samræmi við þann gríðarlega fjölda sem Norðmenn drápu á seiðastigi. Fræg eru ummæli Eyvinds Bolle, sem var sjávarútvegsráðherra Norðmanna á sínum tíma, að veiðarnar hefðu verið þvílíkar að hægt hefði verið að koma 16 síldum í eldspýtnastokk.

Herra forseti. Þeir norsku fræðimenn sem ég hef vísað til, Olav Dragesund, Johannes Hamre, sem okkur Íslendingum eru að ágætu kunnir, og Öyvind Ulltang skrifuðu yfirlitsgrein um þróun norsk-íslenska síldarstofnsins og bakreiknuðu hvernig ýmsar leiðir til stjórnunar hefðu getað haft áhrif á þróun stofnsins. Þeir komust að því að ein leið bar af. Hún fólst einfaldlega í því að gera ráð fyrir að veiðar á 0–2 ára síld hefðu verið bannaðar.

Niðurstaða þeirra var eftirfarandi í þýðingu minni, með leyfi hæstv. forseta:

„Eina takmörkunin sem þurfti til að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins var að setja á árunum fyrir 1960 reglur um lágmarksstærð síldar í afla, sem verndu 0- og 1-árganginn."

Þeir fundu það út á þessum grunni, að ef gripið hefði verið til slíks veiðibanns á því sem við köllum seiði og smásíld í dag hefði eftirfarandi gerst:

1. Hrygningarstofninn hefði orðið 6 millj. tonna árið 1966 en eftir 1960 komst hann aldrei svo hátt.

2. Veiðarnar hefðu náð 2 millj. tonna strax árið 1965 og staðið í 2 millj. tonna út áratuginn.

3. Þeir gerðu ráð fyrir með framreikningum sínum að eftir það hefðu veiðarnar sveiflast á milli 1 og 2 millj. tonna og töldu að líklega hefði það verið nær 2 millj. tonna.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að rifja þetta upp, þó ekki væri nema til þess að það lægi fyrir svart á hvítu í skjölum þingsins að þessir hlutir hafa verið sagðir á Alþingi. Þó að hæstv. utanrrh. virðist ekki hafa gefið sér tíma til að kynna sér söguna eða hirða um þessar staðreyndir eru það þó þær sem gefa okkur þann sögulega rétt sem við höfum til að krefjast hlutdeildar í stofninum og miklu meiri en þau 15,54% sem við höfum í dag.

Þessa ræðu flyt ég ekki síst vegna þess að utanrrh. er í fyrsta lagi að gera því skóna að verjanlegt sé að láta Norðmenn fá enn meira af hlut Íslendinga. Í öðru lagi kom hann hingað um daginn og sagði að niðurstaðan 1996 hefði verið bærilega ásættanleg. Því var mótmælt af öllum þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem tóku til máls um málið á þeim tíma og enginn þingmaður stjórnarandstöðunnar 1996 greiddi samningnum atkvæði sitt á þeim tíma. Það er alveg ljóst að hrunið sem hjó stórt skarð í efnahagslíf Íslendinga á þeim tíma og leiddi til þess að þúsundir Íslendinga þurftu að leita sér að atvinnu og framfærslu hjá öðrum þjóðum, að það eru Norðmenn sem bera — kannski í hugsunarleysi — að öllu leyti ábyrgðina á því. Á þeim grunni getum við krafist þess að tekið sé tillit til þess sem við setjum fram við samningaborðið og á þeim grunni getum við hrundið óbilgjörnum kröfum Norðmanna, sem virðast núna hafa deyft skilningarvit hæstv. utanrrh. í þeim mæli að hann er enn að gefa því undir fótinn að Norðmenn fái meira. Ef réttlæti ætti að ríkja hlyti niðurstaðan miklu fremur að vera sú að Íslendingar fengju meira.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að rekja frekar þær sögulegu forsendur sem liggja að máli mínu. En mig langar aðeins undir lok ræðu minnar að koma að því sem ég hóf mál mitt á, þ.e. hinu umdeilda nýmæli sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir gerði að umræðuefni og hv. þm. meiri hlutans taka, eins og ég skil álit þeirra, hæstv. ráðherra vara fyrir að halda áfram.

Í samningnum sem ég er að ræða er ákvæði sem felur í sér að Íslendingar gefa eftir sem nemur 1% af heildarafla eða 7.100 lestum á gildistíma samningsins. Í staðinn fá þeir aukinn aðgang til veiða í efnahagslögsögu Noregs norðan 62. gráðu. Ég ítreka það að í áliti meiri hlutans er tekið með lofsverðum hætti á þessu tiltekna máli og við í Samf. og þeir sem að þessu standa, hv. þm. Frjálsl. taka undir þau orð sem standa í meirihlutaálitinu, að óheppilegt sé frá sjónarhóli íslenskra samningahagsmuna að auka veiðar íslenskra skipa í norskri lögsögu. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að því meira sem við erum háðir aðgangi að norskri lögsögu til að ná kvóta okkar því veikari er staða okkar. Að sama skapi styrkist staða Norðmanna.

Þess vegna fannst mér einkar fróðlegt að hlusta á hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur tala með þeim hætti að hún lítur bersýnilega svo á að það hafi verið þrýstingur af hálfu Norðmanna að ýta íslenskum sjómönnum inn fyrir norska efnahagslögsögu, að öðru leyti hefðu þeir verið miklu seinbúnari til að ljúka samningum. Ég gat ekki skilið orð hv. formanns utanrmn. öðruvísi.

Ég segi því fyrir hönd þeirra sem að nál. standa að þarna var um einstakt tilvik að ræða og ég held að það væri óheppilegt ef af hálfu Íslendinga væri lögð mikil áhersla á þetta í framtíðinni. Ég vek eftirtekt á því, þó það komi hvorki fram í nál. sem ég er að mæla fyrir né hjá hv. þm. meiri hlutans, að samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í nefndinni var töluverður vegur frá því að Íslendingar nýttu sér þennan rétt. Ekki eykur það á vægi þess að kröfunni eða ákvæðinu sé fram haldið. Ég geri mér vitaskuld grein fyrir því að einstakar útgerðir kunni að sjá sér hag í þessu því sannarlega er verðmæti þeirrar síldar sem hægt er að afla á þessum árstíma töluvert meira en það sem íslensku skipin eru endranær að veiða. En við erum að horfa á framtíðarhagsmuni, við erum að horfa á samninga sem eru gerðir í þeirri stöðu að utanrrh. hefur gefið undir fótinn með tilslökun og Norðmenn sækja fast á. Þá megum við ekki fyrir stundarhagsmuni fórna því sem eru hagsmunir til lengri tíma, sem er að styrkja samningsstöðu okkar.

Það er því miður svo að á síðustu árum hefur stofninn, vegna þess að hann hefur ekki náð nægilegri stærð, gengið í of takmörkuðum mæli inn fyrir mörk lögsögunnar og flest

íslensku síldveiðiskipanna hafa þá gjarnan verið að veiðum annars staðar þegar upplýsingar hafa borist um að stofninn hafi gengið inn fyrir lögsögu okkar. Það hníga þó öll söguleg rök og rök reynslunnar að því að ef stofninn fær svigrúm til að vaxa og verður að leita norðar og vestar í ætisleit mun hann ganga aftur á sínar fornu slóðir á Rauða torginu úti fyrir Austfjörðum. Það er líka hugsanlegt að breytingar sem eru að verða á hitafari sjávar ýti undir þá þróun.

Við sem að nál. stöndum erum því þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ýta undir það að íslensk síldveiðiskip veiði sem mest af heimildum sínum innan íslensku lögsögunnar. Og það er tvennt sem við vekjum sérstaka eftirtekt á í nál. okkar sem getur stuðlað að því.

Í fyrsta lagi að stjórnvöld sjái til þess að göngur stofnsins séu vel vaktaðar þannig að sá tími sem hann dvelur innan íslensku lögsögunnar sé vel nýttur til veiða af hálfu íslensku skipanna. Þess vegna þarf að fylgjast með því þegar síldin gengur inn fyrir og hvernig hún dreifir sér þar. Það er ekki hægt að leggja of mikla áherslu á að Íslendingar notfæri sér það, vegna þess að það styrkir samningsstöðuna til framtíðar.

Í annan stað veltum við líka upp þeim möguleika að þeim skipum sem veiða innan lögsögunnar verði ívilnað með því að þau fái aukinn kvóta árið á eftir. Þetta mundi hvetja til aukinna veiða meðan síldin er á íslensku hafsvæði og þess vegna styrkja kröfur Íslendinga um aukna hlutdeild úr norsk-íslenska stofninum.

Í ljósi þessa sem ég hef sagt, allra þeirra röksemda sem ég hef flutt fyrir hinum sögulega aðdraganda, í ljósi vinnubragðanna við framlagningu málsins á hinu háa Alþingi og síðast en ekki síst í ljósi þeirra ábyrgðarlausu ummæla sem hæstv. utanrrh. lét falla og gáfu til kynna að vænta mætti eftirgjafar af hálfu Íslendinga getum við sem að nál. stöndum ekki stutt meirihlutaálitið eða samninginn. Það verður með einhverjum hætti að reyna að koma þessum rökum inn fyrir höfuðskeljar þeirra sem stýra samningum okkar og það teljum við að við höfum reynt að gera með nál. þar sem þessi rök eru rifjuð upp.

Það er sannarlega kominn tími til þess að hæstv. utanrrh. og sjútvrh. skilji hvað það var sem leiddi til hruns stofnsins og skilji á hvaða rétti og á hvaða sögulega grunni við stöndum þegar við erum að verjast óbilgjörnum kröfum Norðmanna og þegar við erum að krefjast meira en við höfum í dag, sem er allt of lítið, einungis 15,54%.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hluta utanrmn. með fyrirvara. Ég ætla að gera grein fyrir þeim fyrirvörum og afstöðu minni til málsins. Fyrst vil ég taka fram að ég tel að utanrmn. hafi unnið vel að því að fara yfir alla þessa samninga og stöðuna í samskiptum okkar við næstu nágranna okkar að þessu leyti, þ.e. Norðmenn um norsk-íslenska síldarstofninn og Færeyinga og Grænlendinga um þann stofn og loðnustofninn og aðra slíka. Þessi yfirferð tók m.a. mið af niðurstöðum fyrri umræðna um samningana. Þá urðu allmiklar umræður um þessi mál. Það gaf tilefni til þess að utanrmn., að hluta til á sameiginlegum fundi með sjútvn., færi yfir stöðu málsins í heild sinni. Ég tel að sú yfirferð hafi verið gagnleg.

Ég vil enn fremur taka fram að ég er í öllum aðalatriðum efnislega sammála því sem fram kemur í nál. minni hluta utanrmn. Þar er margt kunnuglegt enda höfum við oft áður rætt þá hluti á hinu háa Alþingi. Við höfum oftast verið samferða, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, allt frá því að við stóðum saman í því að gagnrýna upphaflega síldarsamninginn við Norðmenn árið 1996. Við kvörtuðum þá undan of lágri upphafsprósentu sem kæmi í hlut Íslendinga, sem þá var reyndar hærri en nú er vegna þess að Evrópusambandið stóð utan samninganna og í Íslands hlut komu ein 18%, sem nú eru 15,5%.

Það hefur gengið eftir sem við óttuðumst á þeim tíma, að það reyndist erfitt að þoka þessari prósentu upp. Nær sanni væri að segja að menn séu í vandræðum með að verja það sem þeir þó hafa. Það verður að viðurkennast að göngumynstrið eða hegðun síldarinnar hefur ekki lagst með okkur í þeim efnum. Hún hefur ekki aukið göngur sínar á Íslandsmið jafnmikið og við vonuðumst til á þeim tíma. Á árunum 1994–1996 ríkti almenn bjartsýni um að stækkandi stofn og stærri árgangar af fullorðinni síld mundu í auknum mæli taka upp fyrri hegðun sína, náttúrlegu hegðun frá því um miðbik og upp úr miðbiki 20. aldar, ganga inn á Íslandsmið á sumrin og jafnvel dvelja hér fram á haust eins og stundum gerðist. Það hefur ekki orðið í þeim mæli sem gjarnan hefði mátt verða. Því valda sjálfsagt bæði aðstæður í hafinu og að einhverju leyti aðstæður í stofninum sjálfum.

Ég held að ég hafi orðið fyrstur til að hreyfa við því hér í umræðum, því nýmæli sem var að finna í samningum síðasta árs, sem við ræðum hér, samningnum fyrir árið 2003. Í raun erum við hér að ræða um samning sem þegar hefur runnið sitt skeið. Segja má að þessi málflutningur þjóni fyrst og fremst táknrænum eða sögulegum tilgangi í þeim skilningi. Þar var að finna það nýmæli að við slógum talsvert af hlutdeild okkar í heildaraflanum, eða sem nam 7.100 lestum, til að rúmlega tvöfalda aðgang okkar að norsku lögsögunni, möguleika okkar til að veiða innan norsku lögsögunnar. Þar var ósköp einfaldlega verið að auka möguleika vinnsluskipanna til að ná í verðmætari síld á haustin til vinnslu í norsku lögsögunni. Út af fyrir sig var það einnig til að tryggja betur möguleika manna á að fullnýta veiðiheimildirnar. En það er nokkuð dýru verði keypt, sameiginlega af öllum hópnum sem aflaheimildir fær í norsk-íslensku síldinni. Að þessu leyti má segja að um tilfærslu sé að ræða, yfir til þeirra skipa sem eru í aðstöðu til að nýta sér þetta.

Ég tel mjög varhugavert að ganga lengra inn á þessa braut, einfaldlega vegna þess að það er ekki í okkar þágu að Norðmenn hafi í höndum sannanir, í gegnum samninga af þessu tagi, fyrir því að okkur sé það sérstakt keppikefli að fá aukinn aðgang að norsku lögsögunni og við séum í vandræðum með að ná okkar hlut án samninga við þá. Reynslan sýnir okkur þvert á móti að það er ekki fyrr en við sýnum fram á getu okkar til að veiða okkar hlut eða það sem við teljum að sanngjarnt sé að í okkar hlut komi í lögsögu okkar eða á hinu alþjóðlega hafsvæði að Norðmenn fást til samningaviðræðna við okkur. Það er reynslan frá upphafsárunum og einnig reynslan af því ári sem við ræðum hér.

Það var mikið gleðiefni þegar síldarinnar varð aftur vart á okkar slóðum. Ég var svo heppinn að vera staddur á Raufarhöfn að morgni dags síðsumars 1994 þegar fyrsta norsk-íslenska síldin kom þar að landi eftir áratuga hlé. Það er stemning sem ég gleymi seint þegar fyrsti drekkhlaðni síldarbáturinn, Súlan frá Akureyri, sigldi inn í höfnina á Raufarhöfn eftir að allt of mörg ár höfðu liðið frá því að svo vænn farmur sást þar síðast. Menn trúðu þá að í hönd færi gullöld og nýir gleðitímar, m.a. þar á bæ sem því miður hefur

ekki orðið reyndin. Það er dapurlegt til þess að vita að þeir staðir sem áttu allt sitt undir síldinni á sínum tíma, staðir eins og Raufarhöfn og Siglufjörður, búa við ótryggan aðgang að okkar hlut í þessum mikilvæga stofni. Ekki virðist mikið gefið fyrir sögulegan rétt þeirra byggðarlaga og fólksins sem þar þraukar enn til nýtingar á silfri hafsins.

Herra forseti. Eins og ég sagði áður erum við að ræða samning sem hefur runnið sitt skeið á enda, samkomulag milli Íslands og Noregs um nýtingu á þessum stofni fyrir árið 2003. Það hefur auðvitað verið gagnrýnt og með réttu að þessir samningar komu ákaflega seint fyrir þingið. Í raun er heldur snautlegt að ræða þá hér þegar marsmánuður á árinu þar á eftir er því sem næst liðinn. En formsins vegna verður víst að ljúka þeirri umfjöllun og betra er seint en aldrei.

Ég tek undir þær röksemdir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti í ágætum fyrirlestri um norsk-íslenska síldarstofninn og orsakir þess að hann hrundi á sínum tíma. Hann fór þar yfir mikla rányrkju Norðmanna eða veiðar á ungsíld. Til viðbótar því, sem er auðvitað röksemdafærsla með neikvæðum formerkjum í þeim skilningi að við værum þá í raun og veru að höfða til einhvers konar siðferðilegrar ábyrgðar Norðmanna á því að hafa leikið stofninn þannig, höfum við auðvitað mjög sterka stöðu með því einfaldlega að vísa í okkar miklu nýtingu á stofninum um langt árabil á síðustu öld. Það var sannanlega þannig að við Íslendingar veiddum milli 30 og 40% af fullorðinni síld á löngu árabili. Stofninn dvaldi innan íslensku lögsögunnar frá fjórum og allt upp í níu mánuði á ári þegar mest lét fyrir norðan og síðan fyrir norðaustan land. Þessi sögulegu rök eru að mínu mati okkar sterkasta vopn. Þau gefa okkur tilefni til bjartsýni því að það er auðvitað engin ástæða til að ætla annað en að fyrr eða síðar taki stofninn upp þessa sömu hegðun. Það má líka leika sér með það, þó að það séu ekki nein nákvæmnisvísindi, að aðstæður í hafinu, hitastig og fleira hafi þróast með hliðstæðum hætti og á hlýskeiðinu milli 1920 og fram um 1960 og ástæða sé til að ætla að aðstæðurnar ættu að fara að líkjast þeim sem þá voru. Þær leiddu sannarlega til þess, að vísu miðað við miklu stærri stofn og hærra hlutfall af fullorðinni síld, að stofninn dvaldi stóran hluta ársins á Íslandsmiðum. Ef við ímyndum okkur að aðstæðurnar yrðu svipaðar á þessu ári kannski og nokkrum hinum næstu og þær voru á árunum 1950 og fram undir 1967 þá værum við frekar að tala um eitthvað af stærðargráðunni 35–40% hlutdeild til handa Íslendingum fremur en eitthvað minna.

Mér er það minnisstætt í þessu sambandi — það má alveg koma fram í ræðustól á þingi og fara inn í þingtíðindin með þeim upplýsingum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur tryggt að verði geymdar þar, bæði með nefndaráliti þessu og ræðu sinni áðan — að þegar úthafsveiðiráðstefnan stóð í New York á árunum 1995–1996 fór ég þar fyrir sendinefnd Íslendinga á einum fundi. Þetta var þegar hæst stóð í Smugudeilunni og öll samskipti Íslendinga og Norðmanna upp í loft, þar á meðal var auðvitað ekkert samkomulag um síldina fyrir utan tvíhliða samning milli Íslands og Færeyja. Jafnframt stóðu miklar deilur og harðar um veiðar okkar í Barentshafi. Það var alger uppstytta í öllum viðræðum milli landanna og ekki hafði verið boðað til fundar lengi milli embættismanna. Engu að síður var ákveðið að sendinefndir Íslands og Noregs á úthafsveiðiráðstefnunni mundu hittast óformlega svo lítið bæri á. Menn þreifuðu þar á því hvort einhver flötur væri á að mjaka viðræðum af stað. Þá var farið yfir deiluna í sambandi við Smuguna, rætt um loðnu og fleira og loks um norsk-íslenska síld. Við Íslendingarnir fluttum röksemdir okkar fyrir því að við ættum að fá drjúgan hluta af þeim stofni og tíunduðum veiðireynslu Íslendinga á síðustu öld og nefndum ártöl í því sambandi. Þá spurði foringi Norðmanna sem var stór og mikill rumur úr norska sjávarútvegsráðuneytinu, Marius Hauge, hvort við værum að tala um fyrir eða eftir Kristsburð. Honum þótti nokkuð langsótt að við Íslendingar værum í þessu sambandi að vísa í ártöl aftur á miðri síðustu öld.

Norðmenn hafa auðvitað viljað stilla klukkuna á núll og helst halda hlutum þannig. Eftir að þeir höfðu ofveitt stofninn og rányrkt þannig að hann var svipur hjá sjón þá er það vissulega rétt að hann hélt sig nær alfarið innan norsku lögsögunnar um ákveðið árabil. Hann byggðist aftur upp og þar eru auðvitað hrygningarslóðirnar og uppeldisstöðvarnar. En það er alveg ljóst að eigi þessi stofn einhvern tíma aftur að verða svipaður því sem var þegar best lét, þá var hann með allt norðanvert Atlantshafið undir ef svo má segja, er enginn vafi á því að hin frjósömu Íslandsmið og góð vaxtarskilyrði þar á sumrin mundu skipta sköpum í viðgangi stofnsins. Hér var fullorðna síldin á beit, fitaði sig og safnaði forða fyrir veturinn. Frjósemin á miðunum fyrir norðan og norðaustan land voru undirstaða þess að stofninn gat orðið jafnstór og raun ber vitni. Við höfum, bæði af líffræðilegum og sögulegum ástæðum, mjög sterka stöðu til þess að gera ákveðnar kröfur til hlutdeildar í þessum stofni og það eigum við auðvitað að gera.

Ég hef ekki skipt um skoðun í þessu máli, herra forseti. Ég er á þeirri skoðun enn sem ég var í byrjun, að upphaflegi samningurinn hafi verið okkur óhagstæður. Hann hafi verið það minnsta sem hægt var að sættast á og í raun má færa fyrir því rök að við hefðum ekki tekið mikla áhættu með því að halda áfram samningslaus og sett okkur kvóta einhliða næstu árin á eftir. Við hefðum einfaldlega getað hvatt til, jafnvel með ívilnandi aðgerðum, að íslensk skip sýndu fram á veiðigetu sína á miðunum við Ísland, í lögsögu Færeyja á grundvelli tvíhliða samninga við Færeyinga og úti í Síldarsmugunni eftir því sem á hefði þurft að halda.

Ég vil líka minna á að í Jan Mayen-samningnum frá 1976 eru ákvæði sem gera ráð fyrir því að Íslendingar hafi aðgang að þeirri lögsögu. Það var hluti af Jan Mayen-samkomulaginu frá þeim tíma, sem margt mætti um segja en er eins og það er. Við eigum ekki að líta á það sem einhverja sérstaka gustuk af hálfu Norðmanna þótt við höldum þeim aðgangi. Ég hef aldrei lagt þann skilning í það ákvæði að forsenda þess sé að áður hafi verið samið við Norðmenn um nákvæma skiptingu þess stofns sem þar á í hlut. Ég tel að það ákvæði geti alveg eins gilt þótt veiðarnar séu t.d. á grundvelli einhliða kvótasetningar hvors aðila um sig. Sjálfsagt má þó deila um það allt saman.

Afstaða mín til þessa máls er þar af leiðandi eins og hún hefur verið undanfarin ár, að ég gagnrýni þessa samninga. En þeir eru staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Samningurinn er í sjálfu sér marklaus úr þessu. Það sem mestu máli skiptir er framhaldið.

Ég tel ágætt að stjórnvöld hafi hitann í haldinu, að menn viti, þar á meðal hæstv. utanrrh., að menn eru ekkert allt of ánægðir með það hvernig hlutirnir hafa þróast. Það er ekki mikill stuðningur við það, a.m.k. ekki hjá stjórnarandstöðunni á þingi, að menn fari til áframhaldandi viðræðna, ef þær verða einhverjar, með einhvern uppgjafar- eða eftirgjafartón í farteskinu. Þvert á móti þarf hið gagnstæða ef eitthvað er.

Það er hin efnislega afstaða mín. Ég hef hins vegar ekki séð ástæðu til að taka aðra afstöðu hvað atkvæði mitt snertir til samningsins núna en ég hef gert á undanförnum árum. Ég mun því styðja hann með þeim fyrirvörum sem ég hef gert grein fyrir.

[16:17]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um staðfestingu á samningi um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum. Málið er um margt merkilegt, kannski ekki síst fyrir þær sakir að hv. 1. þm. Reykv. n., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur farið yfir og sett fram í nefndaráliti minni hluta utanrmn. greinargott yfirlit þar sem farið er aftur til þeirra svörtu daga í Íslandssögunni þegar síldveiðar við Ísland hrundu, með öllum þeim efnahagslegu vandamálum sem því fylgdu. Ég vil þakka sérstaklega fyrir að það skuli gert á svo greinargóðan hátt sem gert er í því nefndaráliti. Ég þakka hv. þm. jafnframt fyrir ræðu hans og yfirferð um þetta mál. Mér fannst ræða hans mjög fróðleg og mikilvæg fyrir þessa umræðu, til að skerpa á kröfum okkar Íslendinga í samningum við Norðmenn út af Norðurlandssíldinni, sem ég kýs að nefna svo fremur en norsk-íslenska síldarstofninn.

Segja má að Norðurlandssíldin hafi verið upphafið að mikilli velsæld á Íslandi, meðan síldveiðar voru stundaðar fyrir norðan og austan land, sérstaklega fyrir norðan land. Sú mikla síldarvinnsla sem þar var er grunnur að ýmsum stórum framfaramálum okkar Íslendinga. Jafnframt varð líka mikið áfall við hrun síldarstofnsins eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur dregið skýrt upp. Ég hygg að íslensk stjórnvöld, sérstaklega hæstv. utanrrh., hefði átt að vera við umræðuna og fylgjast með því sem hér hefur verið sagt og sett á blað. Hér eru staðreyndir settar á blað sem eiga að vera okkar aðalrök í samningum við Norðmenn, þ.e. rök fyrir kröfu okkar um að fá meira úr þessum sameiginlega síldarstofni, meira en 15,54% á komandi árum.

Virðulegi forseti. Á þeim tíma er síldveiðarnar voru hvað mestar var á hinu háa Alþingi oft og tíðum beðið með að setja saman fjárlög íslenska ríkisins. Þá var beðið eftir niðurstöðunni af síldveiðum, síldarsöltun og síldarsölu okkar. Á árum áður tóku menn mið af því til að átta sig á hvernig fjárlög íslenska ríkisins yrðu sett saman. Það kemur heim og saman við þessa söguskýringu og vert að benda á hve mikilvægar síldveiðarnar voru okkur Íslendingum. Þær gætu þess vegna orðið jafnmikilvægar aftur þó að þær verði aldrei eins hlutfallslega og áður var. Það er með öðrum orðum, virðulegi forseti, afar gott hjá fulltrúum samfylkinganna sem skrifa nefndarálitið, ekki síst hv. 1. þm. Reykv. n., Össuri Skarphéðinssyni, að draga þetta fram eins og ég hef áður sagt. Nefndarálitið er gott mótvægi — án þess að ég vilji vera of dónalegur eða harðorður um framgöngu stjórnvalda — við þá umræðu hæstv. utanrrh. að það sé ekki ástæða til að skemma samskipti Norðmanna og Íslendinga út af nokkrum þúsundum tonna af síld. Það er mikilvægt að halda þessu til haga og hvetja íslensk stjórnvöld til að forðast undanlátssemi í þessum efnum. Þau verða að koma fram við norska samningamenn af fullri hörku og beita þeim söguskýringum sem m.a. eru settar fram hér. Hér er meira að segja vitnað í niðurstöður sem þrír Norðmenn komust að árið 1980, álit norskra vísindamanna á því af hverju norsk-íslenski síldarstofninn eða Norðurlandssíldin hrundi.

Gegndarlaus rányrkja Norðmanna, eins og hér kemur fram, á síldarseiðum og smásíld gerði það að verkum að síldarstofninn hrundi, ekki það að við Íslendingar veiddum of mikið af fullorðinni síld. Ég tek undir það sem fram kemur í nál. minni hluta nefndarinnar og furða mig á ummælum hæstv. utanrrh. um málið, að hann skuli tala um það á svo léttvægan hátt sem hann gerði þegar málið var flutt. Þetta er mikilvægt að hafa í huga.

Virðulegi forseti. Við eigum að sækja fram með þessi rök og önnur af fullri hörku gegn Norðmönnum og krefjast þess að fá meira úr síldarstofninum á komandi árum. Auk þess vil ég sérstaklega minnast á annað sem einnig kemur fram í nefndarálitinu, að það eigi að skoða það alvarlega að íslensk skip fái einhvers konar ívilnun vegna þess síldarafla sem þau veiða eftir að síldin er komin inn í íslenska fiskveiðilögsögu. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Auðvitað verður það þannig þegar tekist verður á í samningaviðræðunum að menn munu fara í veiðisöguna, heimildir um hvað hefur verið veitt á árum áður. Þá verður spurt hvar síldin var veidd og hverjir veiddu hana. Hvað veiddu Norðmenn mikið, hve mikið veiddu Íslendingar og á hvaða hafsvæði? Þá er mikilvægt að halda þessu á lofti og ég hvet hæstv. ríkisstjórn og hæstv. utanrrh. til að skoða þetta mál mjög alvarlega þegar næsti samningur verður gerður, hvenær sem það verður. Eins og hér hefur komið fram, virðulegi forseti, erum við að ræða um samning sem gerður var í fyrra og löngu er búið að inna af hendi.

Nefndarálitið er, eins og ég hef sagt, mjög fróðleg lesning. Þar kemur fram söguskýring á því hvernig þessi gríðarlega rányrkja Norðmanna á seiðum og ókynþroska síld leiddi til hruns síldarstofnsins með þeim alvarlegu afleiðingum sem fylgdu fyrir okkur Íslendinga, þ.e. um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar er síldveiðar hrundu við Íslandsstrendur. Sú rányrkja leiddi til efnahagsþrenginga, í raun og veru harðinda sem voru búin til af manna völdum, þ.e. Norðmönnum. Í því sambandi nægir að nefna ýmis sjávarpláss norðan lands og austan sem fóru illa út úr hruni síldarstofnsins. Ég gæti byrjað á að nefna þann ágæta bæ Siglufjörð og haldið áfram austur um, á Raufarhöfn, Seyðisfjörð, Neskaupstað og mörg fleiri sveitarfélög og byggðarlög fóru mjög illa út úr þessu hruni, þeirri efnahagskreppu sem skapaðist í framhaldi af því. Hér er það sett fram á mjög greinargóðan hátt hvernig Norðmenn stunduðu rányrkju með áðurnefndum afleiðingum.

Virðulegi forseti. Það er kannski dálítið táknrænt að þetta skuli sett svo skýrt fram og hér er gert og um það skapist nokkur umræða. Í sumar á einmitt að minnast þess að Íslendingar hafa veitt síld við Íslandsstrendur í 100 ár. Þetta er sett fram á 100 ára afmæli þeirra veiða, eftir að Norðmenn kenndu okkur að veiða síld.

Ég vildi aðeins skerpa á þessu aðalatriði í málinu. Ég ítreka að ég ætla ekki að fara yfir alla söguna. Það hefur verið gert af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég fagna því að þingmenn Frjálsl. skuli taka undir þetta álit sem hér kemur fram og muni ekki styðja málið á Alþingi. Það er ekki síst gert til að herða á íslenskum stjórnvöldum, utanrrh., sjútvrh. og öðrum íslenskum samningamönnum sem þurfa að véla um þetta við Norðmenn á komandi árum. Samningamenn Íslands verða að hafa í huga að hrun norsk-íslensku síldarinnar, Norðurlandssíldarinnar, var ekki af okkar völdum heldur af völdum Norðmanna sem, e.t.v. í hugsunarleysi eða vegna ónógrar þekkingar á ástandinu, stunduðu ofveiði eins og raun ber vitni. Það hafði síðan hrikalegar afleiðingar í för með sér. Það á að vera veganesti samninganefndarmanna okkar í viðræðum við Norðmenn að sýna þeim fram á þá

óbilgirni að krefjast þess að fá meira, allt að 90% eins og hér kom fram að mig minnir í ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, framsögumanns meiri hluta utanrmn. Á svo óbilgjarnar kröfur Norðmanna á ekki að hlusta.

Við höfum hér sóknarfæri og sögulegar skýringar sem benda til þess að við eigum að krefjast meira. Ég vil líka árétta það atriði, virðulegi forseti, að íslensk stjórnvöld hugi að því að veita íslenskum skipum sem vilja bíða með síldveiðar sínar, bíða eftir því að síldin gangi inn í íslenska fiskveiðilandhelgi, einhverja ívilnun í staðinn. Eitt af því sem væntanlega mun gerast á næstu árum vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í hafinu, þ.e. hlýnandi sjávar, er að síldin gæti á komandi árum gert meira af því að ganga inn í íslenska fiskveiðilandhelgi. Veri hún velkomin til Íslands á ný.

[16:28]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið til umræðu samningur um veiðar á hinni svokölluðu norsk-íslensku síld. Það er að sjálfsögðu afskaplega þarft mál þó að samningurinn sem hér er til umræðu sé í raun runninn úr gildi. Um veiðarnar þarf að sjálfsögðu að reyna að ná nýjum samningi. Hér er um að ræða mikilvægan fiskstofn fyrir Íslendinga. Menn hafa farið yfir söguna og réttilega bent á það með mörgum góðum rökum að þessi stofn hafi verið mjög mikilvægur.

En það er eitt, herra forseti, sem ég hnýt svolítið um. Mér finnst menn gera fremur mikið úr því að Norðmenn hafi eingöngu verið ábyrgir fyrir því að stofninn hrundi á sínum tíma. Það er rétt svo langt sem það nær. Þeir stunduðu mikla rányrkju á ungsíld, nánast síldarseiðum, á þessum árum, á fimmta, sjötta og sjöunda áratugnum, við Noreg. Þar af leiðandi eyðilögðu þeir möguleika síldarinnar til nýliðunar, þ.e. að ungir árgangar bættust inn í hrygningarstofninn. Hrygningarstofninn gat þannig ekki viðhaldist og það var úr þeim hrygningarstofni sem við Íslendingar stunduðum fyrst og fremst veiðar okkar við Ísland, bæði undan Norðurlandi og hinu svokallaða Rauða torgi.

Það sem ég vildi benda á, herra forseti, var að í lok sjöunda áratugarins urðu gríðarlegar náttúruhamfarir í hafinu, sérstaklega norður af Íslandi. Áður en ég yfirgaf skrifstofu mína áðan greip ég með mér bók sem heitir Hafrannsóknir við Ísland. Hún er eftir dr. Jón Jónsson, fiskifræðing og fyrrv. forstjóra Hafrannsóknastofnunar til margra ára. Þetta er bók sem kom út árið 1990, afskaplega gott rit í tveimur bindum, þar sem gerð er grein fyrir sögu hafrannsókna við Ísland nánast frá örófi alda til loka tíunda áratugarins á síðustu öld. Í öðru bindi þessarar bókar er greinargóður kafli um síldarrannsóknir og svolítið líka um sögu síldveiða við Ísland. Mig langar að blaða aðeins í þeirri bók og lýsa því, með leyfi forseta, sem gerðist í lok sjöunda áratugarins. Hér sendur:

„Árið 1966 var hitastig sjávar norðanlands 1–2°C undir meðallagi og algjörlega átulaust út af Norðurlandi allt sumarið. Veiðin var á líku svæði og árið áður, og síldin hagaði sér líkt og þá utan þess að hluti norska síldarstofnsins gekk ekki í vestur í átt til Íslands eins og venjulega, heldur á svæðið vestur af Bjarnarey“ — en Bjarnarey er í Barentshafi — „en þaðan hélt þessi síld vestur á bóginn og var komin suður af Jan Mayen um miðjan október. Hún blandaðist síðan þeim hluta norska síldarstofnsins er hélt sig út af Austurlandi.“ — Það er á því svæði sem kallað er Rauða torgið. — „Þetta ár var síldarafli Íslendinga meiri en nokkru sinni áður eða 770 þús. tonn og hér var svo til eingöngu um að ræða síld af norskum uppruna.“

770 þús. tonn, heildarársafli Íslendinga úr þessum mikla stofni, er engin smáveiði. Í fyrra veiddum við eitthvað um 110 þús. tonn, þ.e. einn sjöunda hluta þessa. Þetta var árið 1966 þegar allur búnaður til veiða, fiskiskipin, veiðarfærin og öll tæki, t.d. á dekki, fiskleitartæki og annað þess háttar, var minni að sniðum minna en er í dag. Á þeim tíma var tækjabúnaður miklu ófullkomnari og erfiðari aðstæður til veiða. Samt tókst okkur að veiða þetta gríðarlega magn, 770 þús. tonn árið 1966.

En því miður hallaði mjög fljótt á ógæfuhliðina eftir þetta, sennilega vegna þess, eins og ég rakti áðan, að það urðu hamfarir í hafinu. Vorið 1968 var hafísár, mikill hafís fyrir Norðurlandi og sjórinn mjög kaldur. Það var lítið af átu og rannsóknir Íslendinga og Norðmanna á síld sýndu að síldin leitaði allt of lítið vestur á bóginn, hún hélt sig austur í hafi og æddi vorið 1968 norður á bóginn og fór allt norður til Svalbarða og hélt sig þar í lítilli átu en 700–900 sjómílna fjarlægð frá Íslandi. Öll skilyrði til síldveiða urðu því allt í einu gríðarlega erfið. Það var ekki mikið af síld. Í bókinni Hafrannsóknir við Ísland, við erum stödd árið 1968 í lok sumars, stendur, með leyfi forseta:

„Í lok ágústmánaðar fór síldin að ganga suður, en að þessu sinni hélt hún sig þó mun nær austur- og suðurjaðri pólstraumsins en endranær og var komin á venjulegar vetursetustöðvar seinni hluta október. Hegðun síldarinnar þetta haust var mjög óvenjuleg. Hún var dreifð yfir stórt svæði allt fram í desember í 2–5 faðma lagi á 200–350 m dýpi á daginn, en kom síðan alveg upp á nóttunni, en þó oftast dreifð um allan sjó. Það sem eftir var ársins veiddust á þessu svæði samtals 10 þús. tonn, en heildaraflinn á vertíðinni varð einungis 75 þús. tonn.“ — Þetta er aðeins tveimur árum eftir metárið 1966. — „Næsta ár var heildaraflinn af norður- og austurmiðum aðeins 500 tonn, sem fengust vestur af Svalbarða í júlí.

Var þá lokið mesta síldveiðitímabili í sögu Íslendinga.“

Þarna hafði stórslysið gerst. Það kom eitthvað alvarlegt fyrir hrygningarstofninn þetta sumar. Það urðu gríðarleg afföll, ekki bara vegna veiða heldur sennilega líka vegna náttúrulegra skilyrða. Í raun vitum við ekki alveg og höfum ekki gert okkur grein fyrir því hvað gerðist í raun. En þarna urðu hreint og beint algjör ragnarök.

Það bætti síðan gráu ofan á svart að Norðmenn höfðu stundað mikla rányrkju á ungsíld þannig að það var ekki fyrir hendi nóg ungsíld til að bæta upp þetta mikla tap sem orðið hafði í hrygningarstofninum. Þarna vorum við því búin að tefla okkur bæði í skák og mát og stofninn hrundi. Það tók áratugi að byggja hann upp aftur og það gerist ekki fyrr en á 10. áratugnum eða fyrir einum 8–10 árum að síldarstofninn nær sér á strik og fer að ganga aftur vestur á bóginn í ætisleit og í átt að Íslandi. Reynslan af þessum árum og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að göngu síldarinnar og líffræðileg útbreiðsla er mjög breytileg frá ári til árs. Það atriði held ég að við ættum að hafa í huga í samningaviðræðum við Norðmenn. Við höfum orðið vör við síld á Íslandsmiðum. Það veiddist síld við Færeyjar fyrir nokkrum árum. Þá var hún þar. Það hefur líka veiðst síld á hinu svokallaða Svalbarðasvæði. Við skulum hafa það í huga að réttarstaða Norðmanna á Svalbarðasvæðinu er mjög ótrygg og óviss. Það hangir gersamlega í lausu lofti hversu mikinn tilgang Norðmenn hafa til veiða og nytja á fiskstofnum á

hinu svokallaða Svalbarðasvæði, sem er ekkert smáræðis hafsvæði.

Þarna tel ég að við Íslendingar eigum alveg skýlausan rétt sem við ættum að leita leiða til að notfæra okkur og mér finnst að við ættum að reyna að herða bæði forsrh., utanrrh. og ríkisstjórnina alla til að gera eitthvað alvarlegt í því að leita leiða til að bæta rétt okkar á því mikla hafsvæði. Þarna er síldin að verulegum hluta, þarna höfum við veitt töluvert af síld á hverju sumri undanfarin ár og munum vafalaust gera það í framtíðinni.

Svalbarðasvæðið tilheyrir ekki norsku lögsögunni. Að mínu mati er Svalbarðasvæðið alþjóðlegt hafsvæði sem á að falla undir fiskveiðistjórn. Það á að falla undir Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina, NEAFC, sem hefur stjórnað síldveiðum á alþjóðahafsvæði á úthafskarfaveiðum með ágætisárangri svo dæmi sé nefnt. Þetta er hlutur sem við megum ekki gleyma í samningaviðræðum við Norðmenn.

Annað sem ég vildi minnast á er að það er því miður staðreynd að við Íslendingar höfum ekki staðið okkur nógu vel í að kortleggja göngur þessa mikla fiskstofns á undanförnum árum. Við höfum ekki staðið okkur nógu vel í hafrannsóknum og það er gríðarlega alvarlegt mál. Við höfum ekki reiknað heimadæmin okkar og við höfum ekki unnið heimavinnu okkar. Við höfum ekki fylgst nógu vel með göngum síldar í íslensku lögsöguna. Nánast það eina sem hefur verið gert er að notast við gögn frá fiskiskipum sem hafa kannski rambað fram á síldartorfur í íslensku lögsögunni eða annars staðar í hafinu á milli Íslands, Noregs og Svalbarða, en skipuleg leit og rannsóknir hafa allt of lítið verið stundaðar. Þarna eru íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin og þeir sem bera ábyrgð á þessum málum, sek um mjög alvarlega handvömm og vanrækslu. Við hefðum átt að eyða miklu meiri tíma, orku og peningum í að reyna að kortleggja göngu síldarinnar á undanförnum árum.

Ég vil t.d. í framhaldi af því og í sambandi við það nefna að það voru mjög mikil mistök sem við gerðum á sínum tíma þegar við fengum nýja Árna Friðriksson, að selja gamla skipið. Gamli Árni Friðriksson, sögufrægt hafrannsóknarskip, afskaplega gott og traust skip sem búið var að eyða mjög miklum peningum í að gera upp og búa vel úr garði til að geta stundað á því hafrannsóknir og fiskrannsóknir, skip sem gefið var af útvegsmönnum til Íslands fyrir síldarpeninga í lok sjöunda áratugarins, hafði þjónað okkur dyggilega um áratugaskeið allt frá árinu 1966, ef ég man rétt, var selt Færeyingum fyrir slikk fyrir örfáum árum. Það var alveg með ólíkindum. Ég stóð á bryggjunni og horfði á eftir skipinu með miklum trega þegar það sigldi héðan í síðasta skipti. Þarna misstum við af mjög góðu skipi sem við hefðum getað gert út með tiltölulega litlum kostnaði til að stunda fiskirannsóknir, fylgjast með fiskgöngum, bæði kolmunna, síld og jafnvel loðnu að sumarlagi með tiltölulega litlum tilkostnaði því rekstur skipsins kostaði bara brot af því sem stóri risinn sem liggur bundinn við bryggju stóran hluta ársins kostar. Við áttum aldrei að selja skipið. Við áttum að halda því og gera það út þó ekki hefði verið nema um sumartímann einmitt til að afla okkur gagna, til að afla okkur skotfæra til að nota í samningaviðræðum við nágrannaþjóðirnar um þessa miklu flökkustofna, kolmunnann, loðnuna, síldina og jafnvel úthafskarfann líka. Þetta voru alvarleg mistök.

Ég vil að lokum þakka fyrir ágæta og skemmtilega umræðu. Það er alltaf gaman að tala um fisk, fiskifræði, fiskstofna og hafrannsóknir og vil enn á ný brýna fyrir stjórnvöldum, utanrrh., sjútvrh. og öðrum þeim sem að samningaviðræðum við Norðmenn koma að gefa ekki eftir. Við höfum þokkaleg spil á hendi þrátt fyrir allt, að ég tel, til að hopa ekki hænufet. Ég vara við tilhneigingu hæstv. utanrrh. til að stökkva alltaf úr einni skotgröf yfir í aðra og vera alltaf að hopa, hopa smám saman undan Norðmönnum, skref fyrir skref. Á endanum verða þetta ansi mörg skref og alveg klárt mál að Norðmenn notfæra sér öll veikleikamerki til hins ýtrasta.

Ég vil líka taka undir hugmyndir um að íslenskum veiðiskipum sem stunda síldveiðar verði gefin eins konar kvótaívilnun fyrir að stunda síldarleit í íslensku lögsögunni á vorin þegar mestar líkur eru á að síldin sé að ganga hingað inn. Á meðan stjórnvöld hafa ekki manndóm í sér til að veita fé til að stunda almennilegar hafrannsóknir og síldarrannsóknir á Íslandi verðum við að treysta á að sjómennirnir okkar geri það. Ég treysti þeim í sjálfu sér alveg fyllilega til þess, þeir búa yfir mikilli þekkingu og mikilli færni til að sinna því verkefni, en við verðum þá að gefa þeim svigrúm til að gera það þannig að við fáum almennileg gögn til að nota sem spil í þeim mikla póker sem við stundum við Norðmenn um þessar stundir.

[16:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Umræðan hefur að mörgu leyti verið fróðleg og skemmtileg og vafalaust upplýsandi fyrir marga. Ég tel að ég þurfi litlu að bæta við varðandi fiskifræðina, hún hefur verið rakin mjög skilmerkilega af hv. þm. sem hafa talað um málið og ber að þakka það, vegna þess að ekki er vanþörf á því að sagan sé annað slagið rifjuð upp.

Ég vil hins vegar gera að umtalsefni það sem stundum er sagt þegar menn eru í samningum, sérstaklega í kjarasamningum, en ég held að eigi jafn vel við í samningum okkar við aðrar þjóðir, að menn eiga ekki að byrja á að semja við sjálfan sig nema í lokuðu herbergi þar sem enginn heyrir til. En það er einmitt það sem hæstv. utnrrh. gerði í pontu, hann fór að lýsa þeim einkennilegu ummælum yfir, sem er mótmælt alveg sérstaklega í nál. minni hlutans og í ræðunum sem hafa verið fluttar í dag, að það væri e.t.v. ekkert sérstakt mál að gefa eftir eins og 3–5 þús. tonn í viðbót til að ná samningum við Norðmenn og það bæri ekki að halda úti ágreiningi milli þjóða út af slíku.

Þetta er nauðsynlegt að draga fram í ljósi þess að þegar er búið að gefa eftir 7.100 tonn af síldinni til að komast frekar í lögsögu Norðmanna við veiðar á síld, sem hefur verið réttilega bent á í dag að þýði að Norðmenn geta sagt að við séum að veiða meiri hluta af heimildum okkar innan norskrar lögsögu, sem styrkir málflutning þeirra.

Ég hygg að það sé líka rétt sem hefur komið fram í umræðum í dag að ef við hefðum ekki samið 1996 þann samning sem við gerðum við Norðmenn hefðum við að öllum líkindum ekki veitt minna en við gerðum samkvæmt samningnum heldur meira og hefðum örugglega getað styrkt stöðu okkar. Við höfðum þá gagnkvæma samninga við Færeyinga og gátum veitt að hluta til innan færeysku lögsögunnar. Staða okkar upprunalega varðandi samningana 1996 var því sterk og mikill ágreiningur um það, eins og menn muna, þegar gengið var til þess samkomulags sem þá var gert og hlutdeildina sem við áttum samkvæmt samningnum rétt á að veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Sá samningur sem við ræðum nú og skrifað var undir í júní á sl. ári, 26. júní 2003, er náttúrlega fyrir veiðar á

síðasta ári og við erum að ræða samninginn til staðfestingar af hálfu Alþingis þegar nánast er komið að næsta tímabili að veiða síld, því líklegt er að hægt verði að hefja síldveiðar, ef menn vilja, um mánaðamótin apríl/maí eða jafnvel fyrr. Það er afar sérstakt og ámælisvert að við fjöllum um staðfestingu á samningunum svo löngu eftir að þeir hafa verið gerðir, einkanlega með tilliti til þess að það var mjög umdeilt, svo ekki sé meira sagt, að við skyldum samþykkja að láta frá okkur 1% af hlutdeild þeirri sem við áttum og kaupa þar af leiðandi aðgang að norsku lögsögunni með 7.100 tonnum af síld.

Síðan er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, því lýst yfir í umræðum af hæstv. utanrrh. að menn eigi ekki að gera það að ásteytingarsteini við að ná samningum þó gefa þurfi eftir 3–5 þús. tonn til viðbótar til að ná samkomulagi.

Ég kalla þetta að byrja á að semja við sjálfan sig og gera það fyrir opnum tjöldum og lýsa því yfir að menn séu tilbúnir að gefa eftir áður en farið er í samningaferlið, áður en því er lokið. Þetta held ég að sé afar misráðið og ámælisvert að hæstv. utanrrh. skuli hafa látið þau ummæli falla hér.

Þess vegna held ég að viðbrögð stjórnarandstöðunnar séu mjög eðlileg því við teljum ekki rétt að málin beri að með þeim hætti sem þau gera, að fjallað sé um þau löngu síðar og að við séum að góðkenna þá samninga og þá eftirgjöf sem var gerð fyrir samningana árið 2003 og hins vegar þau viðhorf sem hæstv. utanrrh. hefur lýst varðandi frekara framhald samningsgerðarinnar.

Það er fyrst og fremst okkar hagur að reyna að veiða sem mest af síldinni innan íslenskrar lögsögu, gangi hún inn í lögsögu okkar, eða á alþjóðlegu hafsvæði. Það styrkir samningsstöðu okkar langmest til frambúðar og skiptir langmestu máli fyrir okkur varðandi hag okkar og samningsstöðu.

Við skulum ekki gleyma Smugudeilunni í þessu sambandi. Við hefðum aldrei náð nokkrum einustu samningum við Norðmenn ef við hefðum ekki keyrt á veiðar í Smugunni á sínum tíma. Það er einfaldlega þannig þegar verið er að tala um samninga á alþjóðlegu svæði að það eru veiðarnar og veiðisagan sem hægt er að byggja á, það er sögulegur réttur, dreifing stofnsins, uppeldisstöðvar og hrygningarstöðvar. Þetta eru meginsjónarmiðin, en svo er til eitthvað sem heitir sanngirnissjónarmið sem tengist því að þjóðir séu mjög háðar fiskveiðum o.s.frv. Það eru fyrst og fremst slík meginsjónarmið sem hafa verið notuð til grundvallar við gerð allra samninga, sama hvort við erum að tala um úthafskarfann eða aðra samninga sem við höfum tekið þátt í fyrir Íslands hönd á undanförnum árum.

Með hækkandi hitastigi sjávar hér við land eru miklar líkur til þess að síldin taki upp fyrri göngur sínar og sæki meira í íslenska lögsögu. Við sjáum það t.d. á dreifingu á kolmunnastofninum að hann leitar meira í íslenska lögsögu með hlýnandi sjó. Þar er um ósaminn stofn að ræða og alveg ljóst að miklar veiðar okkar á þeim stofni byggja undir samningsstöðu okkar í framtíðinni, eins og miklar veiðar á síld á alþjóðlegu hafsvæði og innan lögsögu okkar mundu byggja undir samningsstöðu okkar í framtíðinni.

Ég tek undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson rakti mjög gaumgæfilega, að við eigum ekki að gleyma sögunni í þessu sambandi varðandi veiðar okkar og veiðirétt og hvernig við nýttum stofninn áratugum saman á fullvaxta síld hér við land, en Norðmenn fóru hins vegar þá leið, því miður, að veiða niður ungviðið og rústa í raun og veru stofninum með því að halda til mikilla smásíldarveiða.

Þó aðrir hafi gert miklar athugasemdir við það verður að segja samt söguna eins og hún er, hæstv. forseti, að við Íslendingar erum ekki alveg saklausir í smásíldarveiðum. Við höfum stundað smásíldarveiðar hér við land á okkar eigin stofnum, m.a. norður í Ísafjarðardjúpi fyrir mörgum árum þar sem skip stunduðu veiðar á millisíld og smásíld eingöngu til bræðslu. Einnig munum við hvernig við sóttum hart að sumargotssíld okkar við suðurströndina fyrir áratugum síðan, en bárum sem betur fer gæfu til að bregðast við og stöðva þær veiðar. Þetta viðhorf var nokkuð ríkjandi á árum áður, menn héldu því jafnvel fram að smásíldin væri sérstofn og óhætt væri að ausa upp smásíldinni vegna þess að þetta væri síld sem yrði ekki stærri. En það hefur verið afsannað með síðari rannsóknum.

Fyrst og fremst vil ég vara við því, hæstv. forseti, að við lýsum því yfir á hv. Alþingi að við séum tilbúin í samninga þar sem við ætlum að bjóða upp á meiri eftirgjöf. Það gengur ekki. Menn geta nefnt einhverjar hugsanlegar niðurstöður og lausnir í lokuðum herbergjum þegar menn eru að velta upp möguleikum og semja við sjálfa sig, en menn koma ekki í ræðustól á hv. Alþingi og lýsa því yfir að niðurstaðan geti verið sú að það verði enn frekari eftirgjöf til að ná samningi, til viðbótar við þau 7.100 tonn sem við þegar slökuðum út á síðasta ári.

Ég fagna því að í nál. meiri hlutans er sérstaklega tekið á því að hér hafi verið um einstakt atriði að ræða sem ekki beri að endurtaka og var lögð á það sérstök áhersla. Ég tel að meiri hlutinn sé einnig að senda utanrrh. afar skýr skilaboð um að framganga hans og framsetning á málinu sé ekki sú stefna sem Alþingi getur fallist á. Ég ætla að gera mér vonir um, hæstv. forseti, að hæstv. utanrrh. hlusti á þau orð og þá orðræðu og skoðanaskipti sem fara fram í hv. Alþingi um þessi mál og það verði veganesti okkar til framtíðar að utanrrh. geti bent á það að á Alþingi sé ekki vilji fyrir frekari slökun í samningum við Norðmenn og það þýði ekkert að fara til Noregs og koma heim með samninga sem eiga að slaka á meiru í þessa veru til að ná samningum, eingöngu samninganna vegna.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti, og tel að þar sem samningarnir eru nú í lausu lofti sé ekkert annað fyrir okkur að gera en að hvetja með öllum ráðum til öflugra síldveiða, verðlauna menn fyrir að veiða sem mest innan lögsögunnar og fara snemma til veiðanna, taka okkar skerf og rúmlega það, keyra á 50–100 þús. tonnum fram úr því sem við höfum samið um á undanförnum árum. Þá kemur annað hljóð í vini og frændur okkar Norðmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, síðari umr.

Stjtill., 482. mál. — Þskj. 754, nál. 1147.

[16:53]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1147. Þetta er mál nr. 482, till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 31. mars og 15. apríl 2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hélt nefndin fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins að viðstöddum fulltrúa utanrrn., sjútvrn. og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2003–2004 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2003 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2003. Loks geymir samningurinn ákvæði um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila en hér er um nýmæli að ræða.

Nefndin vekur athygli á því að áður en samningur þessi var gerður á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands var ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2003, þ.m.t. lúðu, en ákvörðun um heildarafla var tekin af sjávarútvegsráðherra á grundvelli samningsins og því er sá samningur í sjálfu sér ekki til meðferðar hér. Samningur þessi ásamt bókunum við hann var hins vegar lagður fyrir nefndina.

Í þessu sambandi vekur nefndin athygli á að samkvæmt upplýsingum sem fram komu í skriflegu svari sjávarútvegsráðherra á Alþingi í þskj. 897, mál 533, er lúðustofninn í mjög slæmu ástandi og hefur lúðuafli minnkað ár frá ári og mun nú vera í sögulegu lágmarki. Þá var einnig bent á að í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar „Nytjastofnar sjávar 2002/2003 og aflahorfur fiskveiðiárið 2003/2004“ var lýst mjög slæmu ástandi stofnsins og stjórnvöldum ráðið frá því að heimila beinar veiðar á lúðu.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða í apríl 2003 og telur nefndin að rétt hefði verið að leggja hann fyrir Alþingi strax í upphafi haustþings en ljóst er að hann kemur mjög seint til efnismeðferðar í þinginu. Utanrmn. kemst ekki hjá því að gera athugasemd við þennan drátt á málsmeðferðinni.

Hæstv. forseti. Samstaða var um málið í nefndinni og leggur hún til að tillagan verði samþykkt.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson.

[16:57]

Útbýting þingskjala:

Fjárveitingar til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, 803. mál, fsp. VF, þskj. 1218.

Heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs, 809. mál, fsp. GunnB, þskj. 1227.

Hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi, 800. mál, fsp. GunnB, þskj. 1215.

Jafnrétti kynjanna, 664. mál, svar samgrh., þskj. 1163.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 810. mál, fsp. VF, þskj. 1228.

Refa- og minkaveiðar, 802. mál, fsp. GunnB, þskj. 1217.

Skipurit og verkefni Vegagerðarinnar, 605. mál, svar samgrh., þskj. 1162.

Starfsstöð sýslumannsembættisins í Reykjavík í Mosfellsbæ, 801. mál, fsp. GunnB, þskj. 1216.

Strandsiglinganefnd, 811. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1229.

[16:58]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á síðasta ári.

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, formanni utanrmn., fyrir að hafa farið ágætlega yfir nál. Ég hef í sjálfu sér ekkert við samninginn að athuga. Hann hefur verið nokkuð stöðugur á undanförnum árum og er kannski til vitnis um það að samband okkar við Færeyjar á fiskveiðisviðinu er afskaplega gott og hefur verið til margra ára. Samningurinn sem hefur verið í gildi hefur fram að þessu verið mjög góður fyrir báða aðila, að ég tel. Við höfum látið þá hafa óverulega kvóta í botnfiski en fengið t.d. í staðinn aðgang til kolmunnaveiða í færeyskri landhelgi sem hefur skilað okkur þó nokkrum verðmætum.

En ég hnýt um eitt og það er að í dag bárust fréttir af því að Árni M. Mathiesen, hæstv. sjútvrh. Íslands, og Bjørn Kalsø, sjávarútvegsráðherra Færeyja, hafi hist á fundi í Þórshöfn í Færeyjum í gær til að ræða um fiskveiðisamning fyrir þetta ár. Ég lýsi því bæði eftir hæstv. sjútvrh., Árna M. Mathiesen, í þingsal hins háa Alþingis og hæstv. utanrrh., Halldóri Ásgrímssyni. Þeir eru hvorugir til staðar þegar verið er að ræða þessa samninga. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hefði, ef hann er á landinu, átt að mæta á þing og upplýsa hið háa Alþingi og þingmenn um samninginn sem hann var að gera við Færeyinga í gær.

Samningurinn virðist, samkvæmt frétt sem var birt á vefritinu skip.is fyrr í dag, í öllum aðalatriðum eins og sá samningur sem var gerður í fyrra og við ræðum fyrst nú á Alþingi, með einni undantekningu, að til greina kemur að viðurkenna rétt Færeyinga sem strandríkis við loðnuveiðar.

Hæstv. forseti. Þetta eru nokkur tíðindi, því muni ég rétt mun þetta fela í sér að ef Færeyingar fá viðurkenningu Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga sem strandríki til loðnuveiða öðlast þeir sjálfkrafa rétt til fastrar kvótahlutdeildar í loðnustofninum við Ísland, þ.e. þeir munu fá ákveðna prósentu fast og þurfa ekki að semja við einn eða neinn um það. Þeir hafa rétt sem strandríki alveg eins og Íslendingar, Norðmenn og Grænlendingar hafa í dag til veiða úr loðnustofninum. Ég hefði metið það mikils ef hægt hefði verið að upplýsa þingmenn um það hvað felst í þessu, einmitt núna við þetta tækifæri þegar við ræðum um samninginn sem gerður var í fyrra og er runninn út.

Þetta er kannski enn eitt dæmið um það, mér liggur við að segja virðingarleysi sem ríkisstjórnin og stjórnarliðar sýna þingmönnum með því að bera fyrir þá einhverja gamla, dragúldna samninga sem eru löngu gengnir úr gildi og láta okkur standa og diskútera þá fram og til baka. Það er í sjálfu sér gott og blessað að við diskúterum eðli samninga og hvað liggur á bak við og að sjálfsögðu hvað eigi að liggja fyrir í

framtíðinni. En enn á ný, mér finnst mjög gagnrýnivert, fyrst verið var að leggja drög að samningi við Færeyinga í gær að ekki skuli vera hægt að nota tækifærið í dag til að upplýsa okkur þingmenn um samningagerðina því okkur varðar málið jafnmikið og ríkisstjórnina. Þegnar Íslands eiga rétt á því að vita strax, um leið og færi gefst, hvað ríkisstjórnin er að bralla í samskiptum við önnur ríki, en því miður hefur oft verið pottur brotinn í því efni á undanförnum missirum.

[17:02]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Vegna óska hv. þm. um viðveru hæstv. sjútvrh. skal það upplýst að hann hefur fjarvistarleyfi í dag.

[17:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekkert við það að athuga að framlengja samninginn sem hér er til umræðu. Eitt atriði í nál. hefði ég þó viljað ræða. Það snýr að því sem þar er sagt um lúðustofninn.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar er vissulega talað um að lúðustofninn sé í mikilli lægð og þar beri að fara varlega og að beina sókn í lúðu þurfi að takmarka. Þetta er alveg rétt tilvitnun sem hér stendur. Ég vil hins vegar leyfa mér að draga mjög í efa, virðulegi forseti, að það eitt að takmarka veiðar á stórlúðu, þ.e. hina beinu lúðusókn sem svo hefur verið kölluð, muni hafa nokkur sérstök áhrif til að efla lúðustofninn á komandi árum. Ég hygg að það sem hefur mest afgerandi áhrif á stærð lúðustofnsins við landið sá meðafli af smálúðu sem kemur í togveiðarfæri, þá bæði troll og snurvoð. Ég tel að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, jafnvel sérfræðingar um lúðu, hafi ekki meiri þekkingu á lúðunni en svo að hægt væri að setja fram þessar tölur miðað við aflareynsluna. Menn hafa skoðað aflareynsluna og fullyrða síðan út frá því að sóknin sé of mikil.

Það sem mér finnst einkennilegt og verð að gera athugasemdir við er að menn skuli leggja fram þá tillögu að fyrst og fremst skuli takmarka beina lúðuveiði, þ.e. lúðuveiði með haukalóð, að hún vegi mest að stofninum. Ég hygg að mikil veiði á smálúðu á grunnslóð, m.a. í snurvoð, hafi miklu meiri áhrif á það hvernig stofninum reiðir af á næstu árum. Eins og með marga aðra fiskstofna koma upp öflugir lúðuárgangar og þá veiðist mikil smálúða. Þetta er hægt að sjá í upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun og skoða. Sum ár hefur verið mikil veiði á smálúðu, áberandi mikil, en síðan koma mörg ár í röð sem lítið veiðist af smálúðu.

Ég dreg í efa að sú aðgerð sem lögð er til í skýrslu Hafrannsóknastofnunar og tekin er upp í nál. meiri hlutans, um að hið vænlegasta til árangurs sé að takmarka sókn með krókum í stórlúðu, muni hafa veruleg áhrif til uppbyggingar á stofninum.

Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að um það er sérstaklega getið í nál. Í nál. segir að ráðið sé frá því að heimila beinar veiðar á lúðu. Þar er vitnað til skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem ég er með fyrir framan mig. Ég tel að það þurfi að bæta ástand lúðustofnsins með öðrum aðferðum en þeim að takmarka beinar veiðar með haukalóð. Við þetta vildi ég gera athugasemd.

[17:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég taka fram að ég minnist þess ekki að í nál. séu aðferðirnar sem koma fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar teknar upp.

Í skýrslu Hafró kemur hins vegar fram að stofninn sé í mjög slæmu ástandi. Fyrir skömmu lagði ég fram fyrirspurn til sjútvrh. um þróun lúðuveiða síðustu tíu ár. Í svarinu kemur fram, eins og hv. þm. sér ef hann skoðar það, að þar er lúðuveiðin nánast blátt strik niður á við. Veiðar á lúðu minnka ár frá ári.

Ég hef líka aflað mér upplýsinga um það með bréfaskiptum við Fiskistofu hvernig veiðar Færeyinga hafa þróast. Í ljós kemur að þær hafa þróast með nákvæmlega sama hætti. Þó að kvótinn samkvæmt samningnum frá 1976, sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir gat um áðan, minnki ár frá ári hefur Færeyingum ekki tekist að veiða upp í kvótann undanfarin fimm ár a.m.k. Það er það tímabil sem mínar upplýsingar ná til. Veiðar þeirra minnka stöðugt og kvótinn minnkar stöðugt. Það er ekki hægt að draga nema eina ályktun af því, þ.e. að stofninn er að minnka.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. um að meðaflinn er erfiðasta vandamálið. Okkur ber hins vegar siðferðileg skylda til að gera allt sem við getum til að verja stofninn. Ég tel siðferðilega óverjandi, á þeim tímum er ljóst er að stofninn er á tiltölulega örri niðurleið, að heimila beinar veiðar úr stofninum. Ég held líka að það sé í bága við alls konar alþjóðlega samninga sem við erum aðilar að. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram. Mér finnst það mjög skynsamlegt sem í áliti hv. utanrmn. stendur um þetta mál.

[17:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af þessu vil ég segja að ég tel að fljótvirkasta aðferðin til að ná lúðustofninum upp sé að beita takmörkun með svæðaskiptingum, þ.e. með veiðarfæra- og svæðastýringum á veiðunum þar sem veiðar á smálúðu eru mestar, þ.e. lúður frá hálfu kílói og upp í 3 kíló. Á því bili er meðaflinn að langmestu leyti, í troll og einkanlega snurvoð.

Ef menn ætla að fara út í beinar takmarkanir á veiðum á haukalóð er auðvitað hægt að gera það tímabundið eftir svæðum. Ég er hins vegar á því að uppbygging á lúðustofninum, viðgangur hans og vöxtur, verði miklu fljótvirkari með því að minnka veiðarnar á smáfiskinum en því að friða ákveðinn fjölda einstaklinga á haukalóðunum. Ég ætla ekki að hafna þeirri aðferð en það þarf líka að gera út frá svæðaskipulagi og slíku. Ég tel t.d. ekki að veiðar á stórlúðu á grunnslóð, þar sem tiltölulega fáir fiskar eru veiddir yfir sumartímann þegar lúðan gengur á grunnslóð, hafi mikil áhrif á stofnstærðina. Það væru þá miklu frekar skipulagðar lúðuveiðar í djúpkantinum sem hefðu þar áhrif.

[17:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig skiptir í raun engu máli, varðandi þetta tiltekna atriði, vernd lúðunnar, hvaða aðferðum við beitum til að ná henni fram. Ég hugsa að þetta sé rétt sem hv. þm. sagði, að fljótvirk aðferð til að vernda hana sé að takmarka með einhverjum hætti veiðar á henni þar sem mest er af ókynþroska ungviði.

Hitt er þó klárt að á meðan stofninn er í svo slöku ástandi sem hann er núna, eins og allar upplýsingar bera vott um, þá verðum við að fara báðar þessar leiðir. Mér finnst a.m.k. alls ekki siðferðilega verjandi að heimila beinar veiðar á tegund sem er á jafnhraðri niðurleið og lúðan hefur verið.

Ég þekki ekki jafn vel og hv. þm. — en ég gerði það einu sinni, — hvernig veiðum á lúðu er háttað. Ég geri mér ekki grein fyrir hvort sókn með trolli og með snurvoð hafi aukist svo síðustu árin að skipt hafi sköpum fyrir stofninn. Ég held

að það hafi verið of mikil bein sókn í stórlúðu. Ég er þeirrar skoðunar að það skipti mjög miklu máli fyrir stofninn að það komist upp góð hrygning úr þessum tiltölulega litla stofni stórlúðu. Ég held að það skipti mjög miklu máli.

Ég er algjörlega ósammála hv. þm. um að þetta eigi ekki heima í nál. Það á sannarlega heima þar. Það ber vott um ráðdeild og hófstillingu og varúð sem við eigum alltaf að viðhafa gagnvart náttúrunni, að taka svona til orða. Ég verð að segja að ég er hissa á því að hv. þm. skuli gera þetta að sérstöku umræðuefni. Hann ætti frekar að taka undir með því áliti sem þarna er sett fram, að það beri að vernda lúðustofninn með öllum tiltækum aðferðum á meðan hann er jafnilla staddur og núna.

[17:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók til máls til að lýsa því að ég hef ekki trú á að við náum stofninum upp með fljótvirkum hætti ef við ætlum að halda áfram veiðum á grunnslóð í togveiðarfæri og snúa sóknartakmörkunum eingöngu að beinni sókn í lúðu, eins og Hafrannsóknastofnun leggur til. Mig og hv. þm. greinir nokkuð á um það.

Ég tel að það muni ekki leiða til árangurs að snúa verndunaraðgerðum eingöngu að haukalóðinni. Það er mín niðurstaða. Reynsla mín segir að annað slagið koma upp góðir árgangar af lúðu. Ef við beittum skynsamlegum sóknartakmörkunum á þeim svæðum þar sem lúðan er meðan hún er að alast upp þá held ég að við næðum skjótari árangri. En við náum því ekki með því að fara eftir tillögu Hafrannsóknastofnunar um að beina eingöngu takmörkuninni að beinum krókaveiðum á lúðu.

[17:15]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar um þau mál sem farið hafa á milli mín og hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um ástand lúðustofnsins. Ég er ekki að öllu leyti sammála honum og ég er þeirrar skoðunar að hann geri sér ekki grein fyrir alvarleika málsins hvað varðar þá tilteknu tegund en ætla að láta útrætt um það í bili.

Ég vildi aðeins í örfáum orðum segja að ég tel að við Íslendingar eigum að efla samstarf við Færeyinga eins og kostur er á öllum sviðum, sérstaklega er mikilvægt að gera það á sviði sjávarútvegs. Við höfum haft ákaflega mikla nytsemd og mikinn hag af þeim gagnkvæmu samningum um fiskveiðar sem við höfum gert við Færeyinga. Það hefur ekki síst komið í ljós á síðustu árum þegar Íslendingar hafa nánast búið til nýja auðlind í hafinu þar sem er kolmunninn. Kolmunninn var áður vannýtt tegund en nú sækja allir í hann. Við höfum lagt, Íslendingar, og sérstaklega útgerðarfyrirtæki á norðausturhorni landsins, í gríðarlegar fjárfestingar og sýnt mikið áræði við að nýta þennan stofn. Ekki er hægt að nýta hann svo vel sé nema með sérstaklega útbúnum skipum og útgerðir hafa lagt í kostnaðinn sem því fylgir. Fyrir bragðið er verið að sækja núna mjög mikil verðmæti í hafið í formi þessa stofns. Ég er sannfærður um að á næstu árum þegar kraftasökninni linnir og veiðarnar verða ekki með ólympískum hætti eins og núna þar sem áherslan er lögð á að ná sem mestu, mun sjávarútvegurinn einbeita sér að því að vinna þessa tegund til manneldis. Ekki má gleyma því að kolmunninn er þorskur, að vísu mjög smávaxinn þorskfiskur en hann verður án efa nýttur og unninn til manneldis í ríkari mæli í framtíðinni en núna er gert. Nú þegar eru íslensk fyrirtæki farin að flytja út frystan kolmunna til svæða þar sem vinnuafl er miklu ódýrara en hér til þess að vinna hann og selja síðan inn á markaði þar sem verðið er miklu hærra en menn fá fyrir bræðslu.

Ég tel að sá samningur sem gerður var í fyrra sé að öllu leyti góður nema einu og það varðar lúðuna. Það er af ástæðum sem ég hef þegar rakið. Ég tel að ábending utanrmn. sé fyllilega réttmæt og sýni varfærna nálgun málsins. Fram hefur komið að Hafrannsóknastofnun hefur beinlínis ráðið frá veiðum á lúðu. Nú veit ég ekki með hvaða hætti hægt er að takmarka þær með öðrum aðferðum en stofnunin hefur gert. Hitt er alveg ljóst að þarna finnst mér að utanrmn. hafa staðið vel að verki.

Í þessum samningi eru nýmæli. Þar er gert ráð fyrir gagnkvæmum veiðiheimildum Færeyinga og Íslendinga á túnfiski innan lögsagna þjóðanna beggja. Túnfiskur er ein af þeim tegundum sem við höfum verið að fikra okkur til að veiða og vinna. Við höfum haft uppi hugvitssamlegt samstarf við Japani, sem hefur ekki kostað okkur mikið, varðandi rannsóknir á veiðum og útbreiðslu bláuggatúnfisks sem gengur annað slagið inn í lögsöguna. Það hefur verið ákaflega dýrmæt reynsla. Hún hefur bent til þess að hugsanlega kunni að vera farsælt fyrir þá Íslendinga sem vilja stunda túnfiskveiðar að geta sótt inn í lögsögu Færeyja. Það er þess vegna mjög gott að þetta ákvæði skuli vera í samningnum.

Sömuleiðis er að finna ákvæði um makrílveiðar. Samningurinn færir okkur Íslendingum heimildir til að veiða 1.300 tonn af makríl. Það er kannski fulllítið til þess að hægt sé fyrir útgerðir að sérhæfa sig og einbeita sér að makrílveiðum og ég tel, og vil að það komi hér fram í máli mínu, að á næstu árum eigi hæstv. sjútvrh. að reyna að kanna hvort það sé mögulegt fyrir okkur að fá meiri veiðiheimildir í makríl en áður var. Þetta er of lítið til þess að sérhæfðar veiðar standi sérstaklega undir þeirri sókn sem nemur ekki nema 1.300 tonnum.

Ég vil síðan segja um þennan samning eins og aðra samninga um fiskveiðar sem hér liggja fyrir að það er auðvitað með ólíkindum að hæstv. utanrrh. skuli sýna það sleifarlag að leggja ekki þessa samninga fyrir þingið við fyrsta tækifæri. Fræðilega hefði hann getað lagt þennan samning fyrir vorþingið en ég geri ekki athugasemdir við að það hafi ekki verið gert. Hins vegar er það ekki verjandi að svona samningur skuli ekki vera tekinn til umræðu í þinginu við fyrsta tækifæri, þ.e. í haust. Það var ekki gert. Ég veit ekki hvers konar vinnubrögð valda þessu en það er ljóst að ekki er verið að leita eftir afstöðu þingsins nema sem einhvers konar formlegum stimpli, en það er ekki hlutverk þingsins að veita slíka afgreiðslu. Við erum hér að ræða þetta málefnalega.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði áðan að það er með ólíkindum að búið sé að gera nýjan samning fyrir næsta ár áður en afgreiðslu þessa samnings er lokið. Það stappar nærri ósvífni af hálfu ríkisstjórnarinnar að gera slíkt og undirstrikar það að skoðanir Alþingis eru einskis metnar. Og ef það er svo að utanrmn. hafi að ófyrirsynju beint þeim ráðleggingum til hæstv. sjútvrh. að hann takmarki eða leggi af að veita kvóta í þá tegund sem við höfum rætt um, þ.e. lúðuna, þá finnst mér það ótrúlegt. Mér finnst það varla tímans virði að við séum að ómaka okkur og niðurlægja þingið með því að ræða um samninga þegar það er alveg ljóst að ekkert er hlustað á það. Ég vil þó bíða með að kveða upp einhvern stóradóm þangað til ljóst er hvort þetta sé svona.

Ég vil líka að það komi fram að þó að ég hafi verið hvatamaður að þeim takmörkunum í samningnum sem tengjast lúðuveiðum er ég þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að gera allt sem þeir geta til þess að styðja gott samstarf við Færeyinga og eigi ekki að skera við nögl þann aðgang og þær heimildir sem þeir veita Færeyingum.

Ég segi líka að það var eitt af þeim verkum sem ég tók þátt í í ríkisstjórn sem ég var hvað stoltastur af á þeim tíma þegar Færeyingar áttu í krappri neyð í byrjun síðasta áratugar — og Íslendingar voru svo sem ekkert sérlega vel staddir þá eftir að við höfðum neyðst til þess að skera niður okkar eigin veiðiheimildir til þess að vernda stofna í kjölfar kolsvartrar skýrslu sem þá kom fram — að við skárum ekki niður þær heimildir sem við veittum Færeyingum. Það borgar sig alltaf að vera góður við granna sína og vera góður við ættingja sína. Við höfum alltaf lagt ríkt kapp á að styðja Færeyinga í öllu. Og eins og kom fram hjá þeim þingmönnum sem hér hafa talað má segja að þeir hafi endurgoldið það margfalt með þeirri aðstoð sem þeir veittu okkur á síðustu árum varðandi nytjar á kolmunnastofninum. Ég ímynda mér að það hafi verið margföld greiðsla á við það sem þeir hafa áður fengið frá okkur.

Það var líka ljóst hér á árum fyrri þegar við hófum aftur veiðar í norsk-íslenska síldarstofninum að vinátta og stuðningur Færeyinga og liðsemd þeirra og greiðvikni varðandi veiðar þá og þeir möguleikar sem þeir hafa veitt okkur til þess að taka hlutdeild okkar í þeim stofni innan færeyskrar lögsögu, er ómetanleg.

Ég segi þetta, frú forseti, vegna þess að ég tel, þó að það komi ekki fram í nefndarálitinu, að íslensk stjórnvöld eigi, þegar að því kemur sem hlýtur að verða að þau skera niður þessa heimild til lúðuveiða, að bæta þeim það upp með einhvers konar öðrum ívilnunum. Við eigum ekki að vera nánasir þegar kemur að því að vinna með þessum góðu grönnum og þegar kemur að því að efla samstarf við þá. Það hefur alltaf borgað sig og það á eftir að borga sig enn betur. Það er vel hugsanlegt að göngur norsk-íslenska síldarstofnsins breytist með breyttu hitafari í sjónum og það er vel hugsanlegt að við komumst upp á lag með að nýta túnfisk í ríkari mæli en núna og það er vel hugsanlegt að við eigum fyrir höndum einhverja framtíð í veiðum á makríl. Allar þessar nytjar eru háðar góðu samstarfi við Færeyjar.

Því fagna ég þessum samningi en ég átel það harðlega að hann skuli lagður svona seint fyrir þingið og mér finnst skelfilegt að heyra að búið sé að gera nýjan samning við Færeyinga án þess að hæstv. ráðherra hafi einu sinni fyrir því að kynna sér hvað þingmenn hafi að segja við endanlega afgreiðslu málsins í þinginu.

[17:25]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bara árétta að samkvæmt þeirri frétt sem ég hef í höndunum af vefritinu skip.is felur þessi nýi fiskveiðisamningur Íslands og Færeyja fyrir árið 2004 í sér að Færeyingar fá 80 tonna lúðukvóta alveg eins og á síðasta ári. Hæstv. sjútvrh. Árni Mathiesen er því búinn að gefa grænt ljós á það að lúðuveiðar Færeyinga halda áfram í íslenskri lögsögu á þessu ári eins og í fyrra.

Nú kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan að Færeyingar hafi ekki nýtt þessa lúðukvóta sína að fullu á undanförnum árum. Mér er ekki kunnugt um hvernig að þessu hefur verið staðið og ég tel að ágæt fyrirspurn sem hann fékk svar við um daginn kalli í raun og veru á nýja fyrirspurn og miklu ítarlegri fyrirspurn um hvernig lúðuveiðum hefur verið háttað hér við land á undanförnum árum. Ég hef t.d. á margan hátt grun um að einhverri lúðu hafi verið landað svart og komi því ekki fram í veiðiskýrslum á Íslandi þannig að kannski er ástandið ekki alveg jafnkolsvart og sumir vilja vera láta.

Ég hef það líka eftir heimildum, það kom til mín sjómaður á skrifstofu mína fyrir örfáum dögum sem hefur margra ára reynslu af lúðuveiðum við Ísland og hann sagði mér að lúðustofninn væri núna greinilega að hjarna við á nýjan leik, að menn væru farnir að verða varir við meira af lúðu en þeir hafa gert mörg undanfarin ár. Það er því ekki alveg víst að þetta sé jafnslæmt og menn halda.

Ég held að þessi samningur sé í raun og veru alveg ágætur þrátt fyrir allt. Í staðinn fyrir að láta Færeyinga hafa lúðukvóta mætti kannski — mér datt það í hug þegar hv. þm. var að tala áðan — bjóða þeim grálúðukvóta við Suðurland. Ég á einhvers staðar í fórum mínum uppi á háalofti heima hjá mér gamla vísindagrein sem skrifuð var af Rússum frá því að ég var að læra fiskifræði á sínum tíma, þar sem kemur fram að rússneskt rannsóknaskip hafi fundið grálúðu undan suðurströnd Íslands. Þetta eru mjög merkilegar heimildir. Þarna er kannski um að ræða ónýttan fiskstofn og Færeyingar væru kannski tilbúnir til að finna hann fyrir okkur fyrst við nennum því ekki.

[17:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að halda hér frekari fyrirlestra um fiskifræði. Ég vil samt í tilefni af þessum samningi og möguleikunum sem hann opnar benda á að við eigum enn ónumdar lendur á djúpsvæðunum á Hatton-Rockall og þá er alveg ljóst að við munum þurfa á liðveislu Færeyinga að halda. Ég tel reyndar að það sé með ólíkindum að Íslendingar skuli ekki hafa reynt að skapa sér veiðireynslu á þeim svæðum, sér í lagi þegar horft er til þess að aðrar þjóðir eru að reyna að gera það.

Hvað varðar þær upplýsingar sem hv. þm. færir okkur eftir að hafa verið á netinu, og það er nú hættulegt að vera of mikið á netinu eins og við báðir vitum, verð ég að segja að mér finnst með ólíkindum ef það er rétt að hæstv. sjútvrh. skuli þvert á ráðgjöf eigin stofnunar, þvert á upplýsingar sem hann er nýbúinn að veita þinginu, ívilna Færeyingum með þessum hætti. Mér finnst það ekki hægt. Ég vil ekki fullyrða það en ég held þó, og mun skoða það betur, að þetta sé í andstöðu við aðra alþjóðlega samninga sem við höfum gert um verndun tegunda.

Ég dreg svo í efa að þær svörtu veiðar sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson upplýsti hér um geti skýrt þá þróun sem við sjáum á lúðunni. Það verða þá alla vega að vera til staðar framhjáveiðar á svörtum markaði hjá Færeyingum líka vegna þess að þar birtist nákvæmlega sama þróun. Í þeim upplýsingum sem ég kaus ekki að óska eftir að kæmu inn í þingið, heldur fékk persónulega bréflega frá Fiskistofu, er sama þróun þar. En ástæðan fyrir því að ég vildi ekki draga þær inn í þingið er sú að ég vildi ekki gefa nein tilefni til þess að ætla að Alþingi Íslendinga væri með einhverjum hætti viljugt til þess að skera við nögl gagnvart Færeyingum. Ef við gerum það verðum við, eins og ég sagði áðan, að bæta það upp með einhverjum öðrum hætti því við viljum ekki minnka samstarf okkar og stuðning við þá.

[17:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Formaður Samf. nefnir það að við eigum ekki að vera sínk í sambandi við samninga við frændur okkar Færeyinga. Þarna birtist góður hugur til góðra granna og ég er mjög ánægð með þau orð hans.

En það voru orð hans um hitastig sjávar sem kveiktu í mér og það er tilefni þess að ég kem hér upp með athugasemd. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit manna best, miðað við hve langt er síðan ég las fyrstu greinar doktors Árnýjar Sveinbjörnsdóttur um breytingar á hafstraumum og hugsanlegar hitastigsbreytingar í sjó, eru að koma fram og nú síðast í nóvember miklar skýrslur á vegum Norðurskautsráðsins og miklar vísbendingar um að mikil hitnun sé fram undan og að ís muni bráðna og lausasnjór hverfa og að það muni verða opinn sjór í kringum norðurskautið.

Á fundi sem ég var á fyrir stuttu var því einmitt velt upp hverjir muni fá yfirráð yfir svæðunum eða halda um stjórn veiða þegar fiskurinn verður kominn norður fyrir þau hefðbundnu veiðisvæði sem við þekkjum til í dag. Og það er sannarlega hagsmunamál bæði fyrir okkur Íslendinga og vini okkar Færeyinga og e.t.v. ástæða til að byrja að huga að þeim málum fyrr en seinna.

[17:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. er þarna kominn hættulega nálægt hjónarúminu á Vesturgötunni og ég hætti mér ekki út í umræðu sem beinlínis lýtur að því.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm. að breytingar á hitafari sjávar geta leitt til stórfelldra breytinga á dreifingu nytjastofna við Ísland, sér í lagi flökkustofna sem fara vítt yfir. Ástæðan fyrir því að þeir flækjast svona langt, að vísu yfirleitt samkvæmt hefðbundnu mynstri, er sú að þeir eru að leita sér að átu. Átan breytist og færist eftir hitastiginu þannig að sú staða sem hv. þm. nefnir getur alveg komið upp. Þá þurfum við væntanlega á samvinnu og liðsemd Færeyinga að halda.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga að Íslendingar sömdu af sér Jan Mayen á síðustu öld, sem voru skelfileg mistök af hálfu okkar, tel ég. Í annan stað, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur lýst í umræðum áður, eru Íslendingar að veiða síld við Svalbarða. Svalbarði er á yfirráðasvæði Norðmanna, þ.e. Norðmönnum var falið það svæði til vörslu með Versalasamningnum eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Íslendingar gerðu önnur mistök með því að þeir gerðust ekki aðilar að Svalbarðasamningnum fyrr en komið var fram yfir byrjun síðasta áratugar. Norðmenn hafa í allt of ríkum mæli fengið að valsa um Svalbarðasvæðið. Okkur og öðrum þjóðum hefur kerfisbundið verið ýtt þaðan í burtu. Norðmenn eru í reynd með ferli í gangi sem miðar að því að þeir fái að lokum full yfirráð fyrir því svæði. Það getum við aldrei leyft og til þess þurfum við styrk og samstöðu annarra þjóða í Norðurhöfum.

[17:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en innkoma hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan gefur auðvitað fullt tilefni til þess fara í langa umræðu um þróun Norðurhafa og breytingu á hitafari sjávar.

Ég vék að því umræðuefni þegar við ræddum um þessa samninga í febrúar. Þá ræddum við almennt um loðnuveiðarnar og hvaða þróun og breytingar gætu orðið á hafsvæðunum norðan við okkur. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan, að samningana um Jan Mayen spiluðum við af okkur á sínum tíma. Það er mín skoðun á því máli. Við hefðum átt að gera miklu ríkari kröfu um að hagsmunir okkar væru virtir og réttur okkar til að nytja svæðið umhverfis Jan Mayen, m.a. vegna landfræðilegrar legu þeirrar eyjar.

Ég vildi víkja aðeins að, án þess að teygja þessa umræðu mikið, því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi áðan, að með hlýnandi hafsvæðum fyrir norðan land verði næsta varnarstaða um þorskveiðina. Loðnan mun örugglega fara norðar og þar af leiðandi mun þorskurinn fara norðar ef sjór hlýnar mikið fyrir norðan land frá því sem nú er. Við skulum ekki gleyma því að þegar eru komnar fréttir af því að besta veiðin fyrir Norðurlandi seinni part hausts hafi verið 30 mílur fyrir norðan Kolbeinsey en ekki sunnan við hana. Menn þurfa að fylgjast með til að átta sig á því sem er að gerast. Það er alveg rétt ábending að hafsvæðið er að hlýna og það mun leiða til mikilla breytinga, kannski stórkostlegri breytinga en við gerum okkur almennt grein fyrir. Auðvitað væri full ástæða til að við skoðuðum í alvöru hvað gæti verið fram undan hjá okkur á næstu 10–20 árum. Það er ekki víst að breytingarnar séu lengra fram undan en það.

Við gætum þurft að horfa upp á að margir af nytjastofnum okkar, t.d. loðna, þorskur og grálúða, fari norðar á hafsvæðunum norðan við land og í átt til Grænlands en þeir gera í dag. Þá erum við allt í einu komin í þá stöðu að við stjórnum ekki nema meginnýtingunni yfir vertíðartímann þegar fiskur gengur hér til hrygningar, þ.e. þegar ætisslóðirnar verða miklu norðar en þær eru í dag.

Við vitum að Evrópusambandið hefur árum saman gert samning við Grænlendinga um veiðar þar sem þeim hefur verið heimiluð þorskveiði, þó að þeir gætu ekki nýtt þær. Þetta hefur alltaf verið kallað pappírsfiskur í þeim samningum. Þau ákvæði eru öll í samningnum milli Evrópusambandsins og Grænlands. Ef þorskur fer að ganga yfir til Grænlands þá telja Grænlendingar auðvitað að það sé þeirra fiskur. Þeir munu ekki, að óbreyttum samningum, taka öðruvísi á því.

Ég vil í þessu sambandi minnast á grálúðuna sem menn hafa haft áhuga á að ná samningum um milli Íslands og Grænlands. Það hefur ekki tekist enda eiga Grænlendingar mikilla hagsmuna að gæta við nýtingu á grálúðustofninum. Grálúðan er náttúrlega inni á fjörðum þeirra, sem eru öðruvísi en hér við land. Þeir hafa því mikið til síns máls í að vilja ekki semja við okkur um að við höfum meiri hluta af grálúðunni til margra ára. Ef svo fer að svæðin við Austur-Grænland fari að verða meira og minna íslaus mun örugglega koma upp veiði þar, bæði á þorski og gráðlúðu. Það ástand verður allt annað en það sem við höfum lifað við á undanförnum árum. Það er alveg ljóst. Ég held að stjórnvöld verði að fara að gera sér grein fyrir því. Ef menn hafa talið að Ísland væri eins og fiskabúr fyrir þorskinn og við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af því að þorskurinn synti út fyrir lögsögu okkar þá er það draumsýn sem getur horfið á örfáum árum með hlýnandi hitafari sjávar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:38]

Útbýting þingskjala:

Auglýsingar í grunnskólum, 805. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 1220.

Hreinsun skolps, 804. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1219.

Kostnaður við gerð skýrslna samkvæmt beiðni á Alþingi, 807. mál, fsp. MÁ, þskj. 1222.

Löggæslumál í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti, 806. mál, fsp. VF, þskj. 1221.

Menntun fótaaðgerðafræðinga, 808. mál, fsp. AKG, þskj. 1223.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, síðari umr.

Stjtill., 612. mál. — Þskj. 920, nál. 1146.

[17:39]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1146, um till. til þál. um staðfestingu samninga milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.: 1. samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003, 2. samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003, og 3. tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs sem gert var í Reykjavík 9. júlí 2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hélt nefndin fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins að viðstöddum fulltrúum frá utanrrn., sjútvrn. og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Gildandi loðnuveiðisamningum á hafsvæðinu milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen var sagt upp af Íslands hálfu þann 30. október 2002 og féllu þeir úr gildi þann 1. maí í fyrra. Ástæða uppsagnarinnar var sú að ekki höfðu náðst samningar við Noreg um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem ég gerði grein fyrir undir 9. dagskrárlið þessa fundar, og samningarnir hefðu framlengst sjálfkrafa um tvö ár hefði þeim ekki verið sagt upp. Samningar hafa nú tekist um öll þessi atriði. Samningarnir sem nú liggja fyrir eru nánast samhljóða fyrri samningum. Þó er rétt að vekja athygli á því að nú gilda samningarnir aðeins til eins árs í upphafi og framlengjast sjálfkrafa um eitt ár í senn í stað tveggja ára áður. Uppsagnarfrestur er hins vegar sá sami og áður, þ.e. sex mánuðir.

Samningarnir voru undirritaðir í júlí 2003 og telur nefndin að rétt hefði verið að leggja þá fyrir Alþingi strax í upphafi haustþings, en ljóst er að hann kemur mjög seint til efnismeðferðar í þinginu. Utanríkismálanefnd kemst ekki hjá því að gera athugasemd við þennan drátt á málsmeðferðinni eins og í hinum tveimur dagskrármálum þingsins hér á undan.

Hæstv. forseti. Samstaða var um málið í nefndinni og leggur hún til að tillagan verði samþykkt.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa auk mín hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson.

[17:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi spyrja að því, m.a. í ljósi þeirrar umræðu hér hefur farið fram um norsk-íslensku síldina, samningsleysið þar og þá framtíð alla, hvort ekki hafi verið rætt í utanrmn. um hvaða afstöðu Ísland hygðist taka til samningsins um loðnuveiðarnar gagnvart Norðmönnum. Það er ljóst að við sögðum samningnum upp, m.a. til að knýja á um samninga varðandi norsk-íslensku síldina. Síðan var þessi samningur gerður þegar það lá fyrir.

Ég spyr hvort þau sjónarmið hafi ekki komið fram í nefndinni að huga þyrfti að því að segja samningnum upp. Eða ætlum við að hafa samning við Norðmenn um loðnuna á sama tíma og þeir telja að þeirra hagsmunum sé betur borgið án þess að gera samning um síldina?

Það er vitað að í mörg ár hafa Norðmenn nánast eingöngu veitt loðnuna innan okkar lögsögu eða í grænlensku lögsögunni en ekki í Jan Mayen lögsögunni. Þess vegna kann það að vera liður í því að lagfæra samningsstöðu okkar gagnvart Norðmönnum að segja þessum samningi upp. Ég vil spyrja hvort sá kostur hafi ekki verið ræddur í utanrmn., sérstaklega á þeim fundum þar sem fulltrúar utanrrn. og LÍÚ komu til fundar við nefndina. Voru þau sjónarmið ekki reifuð?

[17:44]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um í framsögu minni hélt nefndin fund með sjútvn. Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins. Þar voru viðstaddir fulltrúar frá utanrrn., sjútvrn. og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Reynt var að fara yfir sem flesta þætti málsins og stuttlega minnst á þetta atriði. Ef ég man rétt var farið yfir þetta mál allnákvæmlega í fyrri umræðu um málið á hinu háa Alþingi og hæstv. utanrrh. tók þátt í þeirri umræðu.

[17:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var allt rétt sem fram kom í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, m.a. að hæstv. utanrrh. var í umræðunni en það eina sem hann sagði, var ef ég man rétt og verð þá leiðréttur af þeim sem betur muna sem hér eru staddir, að það næðist ekki að segja samningnum upp fyrir næsta ár vegna þess að tímamörkin væru liðin. Þess vegna bjóst ég við að það sjónarmið væri rætt í nefndinni, að þar sem við værum með lausan síldveiðisamning til hvaða átta menn horfðu varðandi loðnusamninginn, ekki fyrir árið sem nú er hafið heldur fyrir árið þar á eftir því það þarf að segja samningnum upp með sex mánaða fyrirvara og þetta er ekki skyndiákvörðun sem menn taka. Ef menn ætla að halda uppi þrýstingi í málinu verður að taka þá ákvörðun í tíma en vera ekki alltaf á eftir sjálfum sér eins og allt framlag samninganna ber vott um.

[17:47]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að athuga ábendingar hv. þm., en eins og ég gat um áðan var sameiginlegur fundur með sjútvn. og utanrmn. Það var sérstök ósk sem kom frá sjútvn. varðandi þann fund og á þeim sameiginlega fundi átti fulltrúi Frjálsl. sæti þannig að ég geri ráð fyrir að hv. þm. geti óskað eftir upplýsingum frá honum um hvað var rætt þarna.

Verkefni utanrmn. í þessu tilviki er að afgreiða þáltill. um samninga sem þegar er búið að gera og það er á höndum framkvæmdarvaldsins að gera slíka samninga.

[17:48]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa spunnist milli formanns utanrmn. og hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar vil ég rifja það upp með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að þetta kom til umræðu við fyrri umræðu þegar við ræddum samninginn. Það sem ég vildi helst hressa upp á minni hv. þm. er að það var einmitt við umræður um þann samning en ekki norsk-íslensku síldina sem umræðan spannst milli þingmanna stjórnarandstöðunnar og hæstv. utanrrh. hvort það ætti að gefa eitthvað eftir varðandi norsk-íslensku síldina. Það var í þeirri umræðu sem hæstv. utanrrh. sýndi það sem mér fannst vera ábyrgðarleysi og fólst í því að hann gaf til kynna að til greina kæmi að slaka á gagnvart Norðmönnum með síldina.

Þetta vildi ég að fram kæmi vegna þess að það var svo einboðið af máli hæstv. ráðherra um síldina og líka af þeim orðum sem féllu um loðnuna að hann hafði ekki nokkurn einasta áhuga á að beita þrýstingi gagnvart Norðmönnum með uppsögn samninga. Alveg ljóst var t.d. af þeirri umræðu að honum hefur ekki til hugar komið það sem hv. þm. nefndi fyrr í dag, að herða aðeins skrúfuna á Norðmenn með því að láta samninginn um síldina ganga á enda og hefja síðan veiðar eins og Íslendingar vilja. Þetta var kannski ástæðan fyrir því að málið var ekki með þessum hætti tekið upp á sameiginlegum fundi nefndanna að það lá alveg fyrir skýr vilji hæstv. utanrrh. að hann ætlaði sér, fremur en setja samskipti þjóðanna í uppnám eins og hann sagði, að slaka á. Þess vegna hafði hann engan áhuga á að setja einhvern sérstakan þrýsting á pottinn og hækka hitastigið þannig að gufan léti aðeins hrikta í lokinu.

[17:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ef þetta er rétt mat hjá hv. þm. á athöfnum og vilja utanrrh. veldur það mér miklum vonbrigðum að hæstv. utanrrh. skuli í raun og veru vera búinn að lýsa því formlega yfir að hann sé tilbúinn að gefa eftir svo og svo mikið af síldinni til að ná samningum þar, og vegna þess að hann sé fyrir fram ákveðinn í því að slaka öllu út ætli hann ekki einu sinni að nota sér það vopn sem snýr að loðnusamningunum að segja þeim upp með nægum fyrirvara þannig að uppsögnin öðlist gildi og það skapist einhver samningsstaða vegna þess að fyrir liggi ákvörðun um að segja loðnusamningnum upp. Ég átta mig bara ekkert á þeirri samningatækni sem hæstv. utanrrh. er að beita í málinu ef þetta er rétt lýsing hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Ég verð að segja að mér finnst hún alveg furðuleg og hægt að orða það svo að menn séu ekki að gæta ýtrustu hagsmuna Íslendinga með því að fara í málið með þeim hætti sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsir. Ef mat hans á athöfnum utanrrh. er rétt er þetta alveg makalaust mál.

[17:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég rifja það upp að það spunnust umræður milli þingmanna stjórnarandstöðunnar, sem mig minnir endilega að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi verið viðstaddur og hæstv. utanrrh. Þar var þrennt sem fram kom af hálfu ráðherrans. Í fyrsta lagi sagði hann að það mætti ekki láta samningana valda upplausn í samskiptum þjóðanna. Af því tilefni nefndi hann sérstaklega að þetta væri lítið sem í milli bæri ef miðað væri við efnahagsleg umsvif Norðmanna og jafnvel, hann tók það fram, líka þó miðað væri við umsvif Íslendinga í efnahagslífinu. Viðhorf hans að þessu leyti lágu því alveg ljós fyrir.

Hann var í öðru lagi inntur sérstaklega eftir því í þeirri umræðu hvort ekki kæmi til greina að segja upp samningnum um loðnuna sem við erum að ræða. Ég gat ekki skilið ummæli hans öðruvísi en að hann teldi það áhorfsmál og ræddi það, ef ég man rétt, að það væri viðurhlutamikið að grípa til slíkra ráða. Það var ekkert á máli hans sem ráða mátti af að hann hygðist beita þessum aðferðum til að setja aukinn þrýsting á Norðmenn. Í þriðja lagi var það í sama svarinu sem hæstv. utanrrh. gaf það til kynna að hann væri greinilega reiðubúinn til að slaka á klónni gagnvart Norðmönnum um síldina og gefa eftir 3–6 þús. tonn. Samanlagt er það því niðurstaða mín og túlkun að hæstv. ráðherra hafi a.m.k. verið kominn niður á annað knéð gagnvart Norðmönnum. Það er ljóst að það er enginn baráttuvilji á þeim bæ og enginn vilji til að skaka skellum að Norðmönnum þegar þeir koma með offorsi á okkur og nota þau tækifæri sem við höfum til þess. Hv. þm. verður svo bara að spyrja hæstv. ráðherra um þetta. Ég þekki ekki nýrun og hjörtun í framsóknarmönnunum.

[17:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég undrast það að málið skuli vera með þeim hætti að hv. þm. Össur Skarphéðinsson meti það svo að hæstv. utanrrh. sé þeirrar skoðunar að semja beri við Norðmenn undir hvaða kringumstæðum sem er og nánast leggja það með í samningana sem til þurfi. Ég geri mér alveg grein fyrir því að vegna ákvæðanna í loðnusamningnum varðandi sex mánaða fyrirvara til uppsagnar muni slík uppsögn ekki hafa praktískt gildi varðandi veiðar Norðmanna á árinu sem nú er hafið. En ef menn ætla að beita þrýstingi með því að segja samningnum upp verður það að gerast með löglegum fyrirvara og nýta okkur þá stöðu sem upp kemur með því að samningurinn sé í uppnámi fyrir næsta ár. Til þess að það gerist þarf að segja samningnum upp með sex mánaða fyrirvara og mig undrar að það skuli ekki hafa verið skoðað og að mat hv. þm. sé að til þess sé enginn vilji hjá hæstv. utanrrh. að koma okkur í betri samningsstöðu en við erum í í dag.

[17:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég met það svo að ummæli hæstv. ráðherra um síldina hafi veikt samningsstöðu Íslendinga. Það er alveg ljóst. Það flýgur hver sem hann er fiðraður og þetta er mat mitt á þeim orðum. Mat mitt á öðru sem fram kom af hálfu hæstv. ráðherra er að hann hafi ekki verið giska áfjáður í að leggja í erfiða samninga. Ég vil þó að það komi alveg skýrt fram af minni hálfu að ég tel að það sé ekki einboðið að segja upp loðnusamningnum þó að tök væru á til að setja þrýsting á Norðmenn varðandi síldina. Ég tel að það séu aðrar leiðir til að láta þá fá meiri hita í haldið. Hv. þm. hefur sjálfur fyrr í dag bent á leiðir til þess sem hljóta að sjálfsögðu að koma til greina í stöðunni sem við erum að sigla inn í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsögn af hálfu atvinnurekenda, fyrri umr.

Þáltill. BH og RG, 453. mál. — Þskj. 647.

[17:56]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gengur út á það að veita íslensku launafólki á almennum vinnumarkaði betra starfsöryggi en er í dag. Ég vil byrja á því áður en ég geri grein fyrir efni tillögunnar að segja litla dæmisögu úr íslenskum veruleika og segja frá dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 11. mars 2004 í máli nr. 342/2003, Alfreð Hafsteinsson gegn Skagstrendingi hf. Örlítil tengsl við raunveruleikann áður en við byrjum að ræða efni tillögunnar.

Málavextir voru í stuttu máli þeir að í ársbyrjun 2002 var vélstjóra á frystitogara frá Skagaströnd sagt upp störfum þar sem hann hlýddi ekki skilyrðislausri fyrirskipun fyrirsvarsmanna útgerðarinnar að flytjast búferlum með eiginkonu sína og þrjú börn frá Reykjavík til Skagastrandar. Vélstjórinn naut góðra launa á frystitogaranum og þótti eðlilega sárt um skiprúm sitt og reyndi því að sætta mál við fyrirsvarsmenn útgerðarinnar. Lagði vélstjórinn fram þá lausn að eiginkonan og börnin flyttust til Skagastrandar að afloknum vorprófum barnanna sem þá voru 11, 13 og 16 ára. Þótti þeim hjónum að fyrirvaralaus búferlaflutningur hefði í för með sér verulega röskun á stöðu og högum fjölskyldunnar, þá einkum barnanna. Þessu tilboði höfnuðu fyrirsvarsmenn útgerðarinnar umsvifalaust og var stefnanda í kjölfarið sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Vélstjórinn höfðaði síðan mál á hendur útgerðinni og byggði mál sitt einkum á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, vísaði einnig til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu til skýringar og fyllingar á innanlandslöggjöfum, réttarvernd launþega fyrir ómálefnalegum uppsögnum. Við munnlegan flutning málsins fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra létu fyrirsvarsmenn útgerðarinnar ekki sjá sig þrátt fyrir áskoranir þess efnis. Þeir höfðu ekki mótmælt framburði vélstjórans um málsatvik en höfðu ekki heldur samþykkt hann. Þeir einfaldlega neituðu að tjá sig og töldu að sér væri stætt á því, þeir hefðu skilyrðislausan rétt til að segja starfsmanni upp störfum.

Það kom fram fyrir dómnum, og virtist ekki vera umdeilt, að vélstjórinn hafi verið afbragðsstarfskraftur en þrátt fyrir það sýknaði héraðsdómur útgerðina. Hæstiréttur gerði að auki rök héraðsdóms fyrir sýknu útgerðarmannsins að sínum. Í niðurstöðu dómsins kemur m.a. fram að vélstjórinn hafi verið mjög vel hæfur til vélstjórnarstarfa og að ekkert hafi verið undan störfum hans að kvarta, raunar hafi hann verið mjög góður starfsmaður. Í niðurstöðu dómsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Í málinu liggur því ekki fyrir svo óumdeilt sé hver ástæða uppsagnarinnar var en þó er ljóst að stefnandi gegndi starfi sínu óaðfinnanlega og því hefur honum ekki verið sagt upp vegna slælegrar frammistöðu. Er því ekki óvarlegt að ætla að búseta stefnanda hafi skipt þar mestu.“

Dómurinn fellst þannig á það sjónarmið að búsetan hafi verið ástæða uppsagnarinnar. Ég ítreka að í þessu tilviki neitar útgerðin að tjá sig.

Ástæður að baki uppsögninni skiptu samt engu máli að því er virtist. Almenn lög eru í þessum dómi látin ganga framar skýrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, 65. gr., jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis o.s.frv. og m.a. er vísað til stöðu að öðru leyti. Hæstiréttur hefur áður staðfest að orðin „stöðu að öðru leyti“ geti vísað til búsetu.

Þessi nýi dómur Hæstaréttar staðfestir þannig það sem margur hefur vakið athygli á, að það má segja fólki upp, jafnvel þótt vísað sé til ómálefnalegra ástæðna. Má þá ekki með sömu rökum, virðulegi forseti, segja fólki upp á grundvelli kynferðis — reyndar ekki á grundvelli kynferðis vegna þess að það er sérstaklega varið í öðrum lögum — á grundvelli trúarbragða, stjórnmálaskoðana o.s.frv.?

Tillagan sem hér er mælt fyrir gengur út á það að launafólki á almennum vinnumarkaði hér á landi verði tryggð ákveðin grundvallarréttindi þegar það verður fyrir því að vera sagt upp störfum. Í dag skortir verulega á að svo sé, eins og þessi dómur Hæstaréttar sýnir. Þessi grundvallarréttindi sem eru talin felast í tillögunni eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að starfsmaður eigi rétt á rökstuðningi fyrir uppsögninni óski hann eftir því. Það hefur verið gagnrýnt mjög af hálfu atvinnurekenda, þegar þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur verið rædd, og þeir gjarnan bent á að þetta geti gert réttarvernd starfsmannsins enn verri, að fyrir liggi rökstuðningur um að viðkomandi sé hugsanlega ómögulegur starfsmaður o.s.frv. — Ég vek athygli á því að þarna er það starfsmaðurinn sem á að hafa val um hvort hann biðji um rökstuðninginn. Hann metur það sjálfur hvort hann telji æskilegt að gera það.

Í öðru lagi að starfsmanni skuli ekki sagt upp nema að baki liggi gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins. Það er skilgreint í tillögunni hvað teljist ekki gildar ástæður uppsagnar og þar eru talin upp atriði eins og aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi þess, að gegna stöðu trúnaðarmanns, sem reyndar eru varðir sérstaklega í lögum nú þegar, að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málssókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða öðrum reglum, kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð o.s.frv.

Í þriðja að tekið skuli upp tiltekið málsmeðferðarkerfi sem kemur til við uppsögn þar sem starfsmanni skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar. Hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila.

Þessi réttindi hafa flestar nágrannaþjóðir okkar litið á sem grundvallarréttindi launafólks en samþykkt nr. 158 sem hér er mælt fyrir er ein af grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Því tel ég mjög óæskilegt að hún skuli ekki hafa verið tekin upp í lög hér á landi þar sem hún felur í sér ákveðin grundvallarréttindi.

Ég vil líka vísa til þess að þessi tillaga, ef gerð verður að lögum, mun draga örlítið úr því óhemjumisræmi sem nú gildir á íslenskum vinnumarkaði á milli réttarstöðu annars vegar þeirra sem eru á almenna markaðnum og hins vegar þeirra sem eru ríkisstarfsmenn eða opinberir starfsmenn. Slíkt misræmi eins og menn búa nú við hvað varðar starfsöryggi er óþolandi og ég leyfi mér að efast um að það ástand sem nú er hér á landi standist ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég er ekki ein um þá skoðun, virðulegi forseti, og ég vil í þessu samhengi vitna til orða Einars Páls Tamimis lögfræðings, lektors við Háskólann í Reykjavík og forstöðumanns Evrópuréttarstofnunar. Hann fjallaði um þetta efni á málþingi sem haldið var

af hálfu BHM og Læknafélags Íslands í nóvember sl. og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Hvernig verður þá tryggt að vinnuréttarsamband af þessu tagi leiði ekki til skoðanakúgunar og takmörkunar tjáningarfrelsis?“ — Hann er að fjalla um málið út frá tjáningarfrelsinu. — „Jú, með löggjöf um réttarstöðu starfsmanna, hvort sem er hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði. Kjarasamningar kæmu þar einnig til álita en ég læt það liggja á milli hluta að þessu sinni. Eins og stendur er lagaumhverfi starfsmanna ríkisins með þokkalegu móti sem og annarra þeirra er reitt geta sig á stjórnsýslulög og ólögfestar reglur stjórnsýsluréttarins. Ástandið á almennum vinnumarkaði er hins vegar ömurlegt að þessu leyti. Ef litið er til hins almenna vinnumarkaðar þá er í stuttu máli hægt að lýsa lagaviðhorfum þannig að vinnuveitendur megi reka starfsmenn að vild án sérstakra skýringa þar á. Þeir eiga hins vegar ákveðin réttindi, svo sem til uppsagnarfrests o.s.frv. samkvæmt kjarasamningum. Þannig er ekkert sem kemur í veg fyrir að verktakafyrirtæki í eigu framsóknarmanns reki starfsmann vegna þess að hann fór í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Bara ef hann segir ekki frá því, sem honum ekki ber að gera. Þannig er mjög langt í land með að hægt sé að fyrirbyggja skerðingu tjáningarfrelsis og skoðanakúgun í einkageiranum. Reyndar eru nú uppi raddir, þar á meðal mín, sem hafa miklar efasemdir um að þetta fyrirkomulag á almennum vinnumarkaði samræmist Mannréttindasáttmála Evrópu, og kannski helst að þar verði skjól að finna í fyrirsjáanlegri framtíð.“

Virðulegi forseti. Ég held að það verði ekki lengur við þetta ástand búið á íslenskum vinnumarkaði. Ég held að íslenska ríkisstjórnin verði að skynja ábyrgð sína í þessum efnum. Sú leið hefur verið farin af hálfu íslenskra stjórnvalda hingað til í þríhliða nefndinni sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að þessi tillaga hefur verið tekin nokkrum sinnum til umræðu og ávallt verið hafnað vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag á milli atvinnurekenda annars vegar og fulltrúa launafólks hins vegar.

Ríkisstjórnin hefur ábyrgð í þríhliða samstarfi. Hún þarf að hafa stefnu og hún getur ráðið úrslitum í svona málum. Það gengur ekki, hæstv. forseti, að atvinnurekendur geti komið í veg fyrir svo sjálfsögð mannréttindi launafólks sem rökstuðningur fyrir uppsögn þess er. Ekki er verið að tala um einhver útgjöld eða einhverjar meiri háttar breytingar. Það er einungis verið að tala um grundvallarréttindi.

Af því að ég hef nokkrum sinnum áður lagt fram tillögu um fullgildingu á þessari samþykkt án þess að hún hafi fengið hljómgrunn hjá meiri hlutanum á hinu háa Alþingi, hef ég líka farið þá leið að draga út sérstaklega rökstuðning uppsagnar og setja hana inn í lagafrv. í þeirri von að þá mætti taka þennan mikilvæga þátt út sem ég tel vera algjör grundvallarmannréttindi, að þegar fólk er svipt atvinnu sinni fái það rökstuðning og að það séu gildar ástæður fyrir uppsögninni en ekki hefur heldur verið fallist á þá leið. Ég vona að umhverfið eða andrúmsloftið sé svolítið að breytast hér, sérstaklega þegar umræðan er farin að snúast á þann veg að hugsanlega munum við fá þessa réttarbót með vorskipunum, eins og svo margt annað, frá Evrópu. Ég geri mér vonir um að þá sjái kannski hið háa Alþingi að sér og drífi í að gera þarna bót á. Ég vona það svo sannarlega og því er þessi tilraun gerð einu sinni enn, að leggja tillöguna fram.

Auk mín er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir flutningsmaður að tillögunni.

Tillögugreinin hljóðar einfaldlega upp á það að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 158 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um tillöguna. Ég tel mig hafa lýst efni hennar í meginatriðum og hvet til þess að hún verði samþykkt og að það megi takast að gefa íslensku launafólki þessa nauðsynlegu réttarbót. Ég held að enginn ætti, og allra síst atvinnurekendur, að þurfa að hafa áhyggjur af því að með því væri sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði stefnt í óeðlilega hættu þó að þeir þyrftu að gefa rökstuðning fyrir uppsögn og að komið væri í veg fyrir að hægt yrði að segja fólki upp á ómálefnalegum forsendum. Við erum að tala hér um grundvallarmannréttindi, virðulegi forseti.

[18:10]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og meðflutningsmanni að þáltill., hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir þennan tillöguflutning sem ég styð heils hugar og þann málflutning sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hafði uppi og þau skynsamlegu rök sem hún mælti fyrir. Sérstaklega þótti mér gott að heyra tilvísun hennar í jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég upplifi þessar geðþóttauppsagnir daglega í störfum mínum og ég kalla það geðþótta þegar engar ástæður eru tilgreindar. Geðþóttauppsagnir eru hrein og klár óvirðing við launamenn. Skrifleg uppsögn er lagaskylda í dag og atvinnurekanda sem vill hafa allt sitt á hreinu og vill hafa starfsemina með sóma er í lófa lagið að rökstyðja slíkar uppsagnir. Slíkar uppsagnarreglur eru líka hluti af eðlilegu og gegnsæju lýðræði. Það er hluti af lýðræði í landinu að borin sé virðing fyrir fólki.

Það felst líka annað í þessum geðþóttaumsögnum sem ég vildi vekja máls á og það er að atvinnulausum meðal miðaldra karla og kvenna fjölgar stöðugt. Það er út af því sem kallað hefur verið æskudýrkun í störfum. Mönnum er sagt upp fimmtugum, sextugum bara til þess að skipta út þó svo menn ættu að vita það að betur vinnur vit en strit hjá eldra fólki sem er fullboðlegt á vinnumarkað hvar sem er. Einhverra hluta vegna hafa ýmis stórfyrirtæki, sérstaklega fjármálastofnanir, valið að kalla til starfa fólk sem er undir fertugu og það fer nánast eftir fertugt. Mig minnir að það hafi verið kallað í Kaupþingi á sínum tíma stuttbuxnadeild. Þegar komið var þar inn vissi maður ekki hvort maður var í gagnfræðaskóla eða á vinnustað. Þetta er æskudýrkun. En þessar reglur mundu styrkja hlut miðaldra fólks á vinnumarkaði mjög verulega og þess vegna styð ég þær heils hugar.

Það er svo sem ekkert nýtt í þinginu að mælt sé fyrir gagnmerkum málum á sviði vinnumarkaðarins og það er jafndæmigert að félmrh. eða stjórnarliðar skuli ekki láta sjá sig í þingsölum til andsvara eða að segja skoðun sína á málinu. Það gerist aftur og aftur. Það er líka vanvirðing við góð málefni.

Fyrir mér er þessi fjarvera og óvirðing sem ég kalla skýrasta vísbending um að núv. ríkisstjórn er ekki fyrir fólkið í landinu ef frá eru taldir hátekjumenn og stóreignamenn en þá umlykur ríkisstjórnin í bómullarhnoðra dýrlegs fagnaðar auðs og valda. Nú síðast mun það gerast þegar við upplifum í þinginu dag hvern að það er verið að skera niður út um allt. Nú síðast, miðað við fyrirspurn sem ég fékk svar við um

daginn, mun lækkun á eignarskatti, sérstökum eignarskatti og hátekjuskatti leiða til 7,5 milljarða tekjuskerðingar á ári. Það eru peningar sem ég hefði viljað sjá í velferðarkerfinu. Það eru peningar sem ég hefði viljað umlykja launamenn með. Varað var sérstaklega við því nýverið að það stefndi í mikið óefni í ríkisrekstrinum og skyldi það vera út af því að stóreignafólki eru réttir á silfurfati 7,5 milljaðar? Skyldi það vera út af því? Á hverju einasta ári eftir árið 2006 eða 2007.

Ég ítreka þakkir til hv. flutningsmanna tillögunnar og lýsi yfir eindregnum stuðningi mínum.

[18:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Það mál sem hér er tekið til umræðu er afskaplega mikilvægt og það er pólitískt. Það er samt svo undarlegt að það lýtur ekki pólitískum lögmálum frekar en önnur þau mál sem fram koma hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni.

Eins og kom fram í máli flm., Bryndísar Hlöðversdóttur, Samf., fer það í þríhliða nefnd félmrn. Í eðli sínu er hún þannig að ef atvinnurekendur leggjast gegn tillögum eða samþykktum Vinnumálastofnunarinnar sem þar eru teknar upp leggjast þær á ís, þær komast ekki áfram, þær eru þarna einhvers staðar en þær eru ekki fullgiltar af ríkisstjórn Íslands.

Þau eru orðin allmörg, árin sem við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir höfum reynt að þoka áfram tveimur slíkum samþykktum. Hin sem ég ætla að víkja örlítið að á eftir er alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Hún er sama eðlis, að ekki megi segja upp fólki vegna fjölskylduábyrgðar.

Það kemur fram í greinargerð með þessari tillögu að stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar geri ekki ráð fyrir því að stjórnvöld leiki hlutlausan aðila í svona þríhliða nefnd, enda þríhliða samstarfið þannig uppbyggt að nauðsynlegt er að hið pólitíska vald taki afstöðu til mála eftir að hafa rætt þau í nefndinni. Sú stefna sem tekin hefur verið í þríhliða nefndinni hefur bitnað á því starfi sem henni er ætlað að sinna og skýrir það þessi fáu mál sem hafa verið tekin fyrir hér eða notið náðar.

Í greinargerð er sagt frá því hversu margar samþykktir hafa verið samþykktar og fullgiltar á Norðurlöndunum en við það er ástæða til að bæta því að þær tillögur sem skipta máli í þessum efnum og hafa ekki verið fullgiltar hafa verið færðar inn í kjarasamninga eða settar í lög. Stundum hefur jafnvel verið búið að því áður af því að þessi samfélög Norðurlandanna hafa verið mjög framsýn og þau eru þjóðfélög þar sem rétti starfsmanns hefur verið lyft fremur en hitt. Við getum ekki einu sinni borið okkur saman varðandi fjölda samþykkta vegna þess að aðferðin er líka önnur. Það hefur verið gengið lengra á ýmsum sviðum.

Tillaga okkar er ekki um stórfelld atriði. Hún er um grundvallaratriði, að skylt sé að rökstyðja uppsögn, að ástæða skuli vera gild, að tiltekið málsmeðferðarkerfi fari í gang og að það sé réttur starfsmanns við uppsögn.

Hv. þm. Atli Gíslason nefndi það að oft færu fram geðþóttauppsagnir. Mér er kunnugt um það, af því að ég þekki slík dæmi, hversu mikill sársauki fylgir því þegar starfsmaður sem trúir því að hann sé virtur á vinnustað sínum og skili góðu starfi er skyndilega kallaður inn og við hann sagt: Þér er sagt upp. Það er, nákvæmlega eins og hér var tilgreint af flm., nóg að segja: Af því bara. Það þarf ekki að tilgreina ástæðu og starfsmaðurinn situr eftir með þá tilfinningu að hafa verið fleygt, að vera gagnslaus, og sárast er að fá ekki skýringar. Endalausar spurningar, af hverju og af hverju, hvað var það sem ég gerði rangt, hvað er að mér? Við þeim fást engin svör. Þess vegna er það brot á grundvallarmannréttindum að svona sé hægt að koma fram við starfsmenn.

Ég ætla síðan að víkja hér örlítið að og segja frá í leiðinni þessari alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Hún er mjög hliðstæð þessari tillögu vegna þess að hún er um það að ekki megi segja upp starfsfólki vegna fjölskylduábyrgðar. Það þýðir í raun að tilteknar aðstæður á heimili, hvort heldur er vegna barna, aldraðra eða annarra nákominna sem þarf að sinna og hefur hugsanlega valdið einhverri röskun varðandi starf viðkomandi, megi ekki vera ástæða uppsagnar. Ég byrjaði að hreyfa þeirri tillögu 1994 og gekk jafnvel svo langt, af því að ég hafði tækifæri til þess, að fara með slíka tillögu inn í ríkisstjórn. Þar fékk ég ekki stuðning við að hún yrði lögð fram. Þannig hefur veto-réttur Vinnuveitendasambands og seinna Samtaka atvinnulífsins verið algildur í þessum efnum.

Hins vegar gerðist það, ekki kannski síst vegna þess að þegar þessar tillögur hafa verið sendar til umsagnar hafa þær fengið gífurlega jákvæða umsögn alls staðar þar sem máli skiptir, að þegar loksins var afgreidd opinber fjölskyldustefna á Alþingi var flutt inn í hana að skoða skyldi hvað þyrfti til að koma til að þessi samþykkt yrði fullgilt. Það hefur sennilega verið árið 1996 eða 1997 og síðan hefur ekkert gerst þannig að við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir munum jafnframt fara fram með fyrirspurn til að reka á eftir því hvað hefur gerst í máli þar sem jafnvel stjórnvöld hafa fallist á að stuðla að því að það komist áfram.

Einnig er full ástæða til að nefna það að EES-samningurinn fyrst og fremst hefur bætt úr þar sem úrbætur hafa orðið í réttindum launafólks hér og undarlegt þegar við berum okkur saman við Norðurlöndin að íslensk stjórnvöld skuli vera svo vanhæf til að stuðla að rétti starfsmanna á vinnumarkaði.

Þá hlýt ég að koma að öðru máli sem lýtur að opinberum starfsmönnum. Í 44. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er ákvæði um að skylt sé að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum og jafnframt að ef starfsmaður óskar skuli rökstyðja uppsögn skriflega. Nú er verið að áforma að taka áminninguna út og minnka þetta svigrúm starfsmannsins. Nær væri að ríkisstjórnin tæki skref til að auka rétt á almennum vinnumarkaði í stað þess að byrja að rýra rétt opinberra starfsmanna. Það er eins og alltaf sé gripið til þess ráðs að jafna niður á við eða fella út rétt. Núverandi ríkisstjórn er ekki ríkisstjórn sem eykur rétt, hvorki fólks á vinnumarkaði, barnafólks né fjölskyldunnar.

Starfsmannarétturinn sem felst í ILO-samþykkt er framandi fyrir fólk á íslenskum vinnumarkaði. Það er vant miklum öfgum. Hægt er að segja fólki upp án skýringa. Hins vegar eru gerðir rándýrir starfslokasamningar þar sem mönnum þykir það henta.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[18:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að koma með þetta mál í þingsályktunarformi þar sem því er beint til ríkisstjórnarinnar að samþykkja þessa samþykkt frá Alþjóðavinnumálastofnuninni nr. 158, um uppsögn starfsmanna af

hálfu atvinnurekenda. Við væntum þess auðvitað að ríkisstjórnin mælist til þess við þingmenn sína að þeir leggi þessu máli loksins lið. Það er virkilega tími til kominn og ég vonast vissulega til að þessi till. til þál. verði samþykkt á hv. Alþingi.

Ég vil aðeins gera að umræðuefni það mál sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vék að í upphafi máls síns, um réttarstöðu fólks. Hún vitnaði þar til uppsagnar vélstjóra hjá Skagstrendingi. Ekki er hægt að ráða annað af málinu, og reyndar hafði ég heyrt um það áður, en að krafan sem sett hafi verið fram af hálfu atvinnurekanda hafi verið sú að viðkomandi aðili færði búsetu sína og fjölskyldu sinnar, eiginkonu og barna, á þann stað þar sem hann stundaði atvinnu sína, í þessu tilfelli til Skagastrandar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég furða mig á því að héraðsdómur skyldi komast að þeirri niðurstöðu og að hún skyldi svo vera staðfest í Hæstarétti. Ástæður sem krefjast þess að menn flytji búferlum vegna atvinnu sinnar tel ég í fyrsta lagi ekki eiga rétt á sér, að ekki sé hægt að knýja menn til þess. Það verða þá a.m.k. að vera einhverjar rekstrarlegar ástæður fyrir því að staðurinn sem atvinnan er stunduð frá sé þannig í sveit settur að nauðsynlegt sé að menn búi þar. Ég tel það ekki eiga við í þessu tilviki. Þarna er um að ræða starf á frystitogara þar sem langdvölum er verið á sjó og ég tel að ekki sé hægt að sýna fram á að viðkomandi starfsmaður þurfi nauðsynlega starfsins vegna að vera búsettur á staðnum, enda hafa ekki verið færð fyrir því nein rök að hann gæti ekki sinnt starfi sínu án þess.

Síðan er annað atriði sem ég vil benda á og víkja að. Starfsmaðurinn býður upp á mjög sjálfsagða, eðlilega og sanngjarna lausn af sinni hálfu á þessu ágreiningsmáli við atvinnurekandann, að flytja búsetu fjölskyldu sinnar — þó að hann eigi ekki að vera skyldugur til þess — til staðarins þegar börnin hafi lokið skóla. Ég tel að þessi réttur mannsins eigi stoð í stjórnarskránni, bæði í þeirri grein sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vitnaði til áðan, jafnræðisreglu 65. gr., og í 76. gr. stjórnarskrárinnar er líka vikið að réttindum barna. Þar segir:

„Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“

Þetta er mjög skýrt og afmarkað. Það er sem sagt velferð barnanna sem þarf að líta til þegar upp koma svona mál, t.d. um að flytja búferlum, og að eigi skuli litið til þess að ekki sé hægt að verða við því með neinum sanngjörnum hætti öðruvísi en að börn fái að ljúka skólanum. Ég tel að viðkomandi starfsmaður hafi átt fyllsta rétt til þess að byggja kröfu sína á m.a. þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þess vegna furða ég mig á því, hæstv. forseti, að við skulum vera hér með í höndunum dóm sem staðfestur er að því leyti að útgerðin hafi haft rétt til þessarar kröfu. Rök mannsins í þessu tilfelli og sáttatilboð hans tók tillit til fjölskyldunnar og til barna hans, varðandi vernd, umönnun og velferð þeirra. Þau eru einnig vernduð í stjórnarskránni. Mér finnst einkennilegt að við skulum á hv. Alþingi ræða mál sem hefur fallið á þann hátt að Hæstiréttur gerði rök héraðsdóms að sínum án þess að líta til þess að viðkomandi einstaklingur hafði boðið fram lausn í málinu sem féll að kröfum útgerðarinnar þó að ég telji að hann hafi ekki verið skyldugur til þess. Að sjálfsögðu lítur hann til fjölskylduhagsmuna sinna og í því tilviki til skólagöngu barna sinna og krefst þess að á móti verði þeim sjónarmiðum hans mætt að hann geti ekki flutt búsetu sína öðruvísi en líta til hagsmuna barna sinna. Til þess tel ég að hann eigi verndaðan rétt í stjórnarskránni. Ég furða mig þess vegna á því að dómurinn skyldi hafa gengið með þeim hætti sem hér er en hann hnykkir í raun á því að það er ekki vonum seinna að sú tillaga sem hér er flutt, um samþykki á 158. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunar, verði samþykkt hér.

Ég lýsi yfir fyllsta stuðningi við þetta mál og þakka enn á ný þeim þingmönnum sem fluttu það hingað inn. Það er furðulegt hvað við Íslendingar höfum oft verið sein að innleiða réttindi launafólks. Það virðist ævinlega vera nægilegt að atvinnurekendur setji sig upp á móti samþykktum sem eiga að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði, þá gengur íslenska ríkið ekki fram fyrir skjöldu, tekur aldrei af skarið með neinni forustu í málunum heldur lætur þau danka árum og áratugum saman.

[18:31]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég má til með að bregðast örlítið við ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Ég þakka honum fyrir að lýsa yfir stuðningi við málið.

Vegna dæmisins sem ég nefndi og ég sá sem ágæta leið til að draga fram það gríðarlega óöryggi sem fólk býr við á íslenskum vinnumarkaði, almennt launafólk, er það þannig í því dæmi að viðkomandi var í vinnu þegar þessi krafa var gerð. Þetta var ekki skilyrði fyrir því að hann fengi vinnuna. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að atvinnurekandinn hafi í hendi sér hvort hann ráði mann í vinnu sem býr í Reykjavík ef hann vill að hann búi á Skagaströnd en að gera slíkt að skilyrði eftir á hjá starfsmanni sem er að því er virðist ekki umdeilt að hafi verið góður starfsmaður, a.m.k. er því ekki mótmælt af hálfu atvinnurekandans, er óeðlilegt.

Ég get verið sammála hv. þingmanni um að þetta sé ekki góð niðurstaða, eða eðlileg, t.d. með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, en dæmið dregur fram að mínu mati mjög skýrlega — ég gæti nefnt fjölmörg fleiri, þetta er bara glænýr dómur — hversu mikill glundroði í raun og veru ríkir í þessum efnum fyrir fólk. Það er engin vernd í lögum nema um sérstakar ástæður sé að ræða, eins og að menn séu trúnaðarmenn, þungun og nokkur atriði sem eru sérstaklega tekin út en að öðru leyti á fólk ekki rétt á neinum rökstuðningi og það á ekki rétt á málefnalegri ástæðu fyrir uppsögn.

Ég get hins vegar verið sammála hv. þingmanni um að þetta sé ekki eðlilegt en þetta kallar þá bara á það að við gerum lögin skýrari og að við skynjum ábyrgð okkar í þeim efnum.

[18:33]

Helgi Hjörvar:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fá að færa flm., þeim hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur, kærar þakkir fyrir framtakið.

Það er dapurlegt að við skulum árið 2004 enn vera að ræða margflutt mál, staðfestingu á jafnsjálfsögðum grundvallarréttindum og 158. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, um réttinn til að fá upplýstar ástæður uppsagnar og að hún þurfi að eiga sér málefnaleg rök. Það er synd að ekki sé löngu búið að samþykkja málið.

Samþykktin er gerð árið 1982. Ég vek sérstaka athygli á því, frú forseti, að það er að verða aldarfjórðungur síðan samþykktin var samþykkt og hefur þó enn ekki verið hér í lög leidd. Það var ótrúlegt að heyra það dæmi sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir tilgreindi, um dóm í Hæstarétti hinn 11. mars sl., og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur

líka fjallað um. Ég held að Hæstiréttur hljóti að hafa átt síðasta orðið í því máli, til hvers lög standi, og það er þá ótvíræður úrskurður Hæstaréttar að Alþingi hafi ekki tryggt launafólki betur rétt í lögum en svo að dómur sem þessi falli og að réttindi þessa tiltekna sjómanns séu að lögum svo léleg að maður á bágt með að trúa því þegar maður heyrir endursögnina af málinu og málavöxtu.

Þetta er því miður ekki eina dæmið um það hversu höllum fæti launafólk stendur að ýmsu leyti í grundvallarréttindum á vinnumarkaði og það er sérstakt áhyggjuefni ef tilhneigingin og þróunin er slík að við séum hér að dragast aftur úr alþjóðlega hvað varðar réttindi launafólks. Hér hefur verið bent á þessar tvær samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og á mánudaginn var dró ég fram atriði sem lúta að svipuðum hlutum, þ.e. gerðir Evrópusambandsins gegn mismunun á vinnumarkaði, gerð nr. 43 frá árinu 2000, gegn mismunun á grundvelli kynþáttar eða uppruna, og gerð nr. 78 frá árinu 2000 sem er beint gegn mismunun á grundvelli fötlunar, aldurs, trúar, litarháttar og annarra slíkra þátta. Ísland hefur lagst gegn því að þessar gerðir yrðu teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og yrðu þar með að réttindum launafólks á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir að hafa tekið þá afstöðu hefur ekkert verið gert til að innleiða í íslensk lög svipuð eða sambærileg réttindi og Norðmenn, frændur okkar, hafa gert. Þannig virðast vera þó nokkrar samþykktir og tilskipanir í nágrannalöndum okkar, frú forseti, sem varða lágmarksmannréttindi vinnandi fólks sem tekin hefur verið um pólitísk ákvörðun á Íslandi að innleiða ekki. Það er áhyggjuefni, frú forseti, og það er full ástæða til að taka það dæmi sem hinn ágæti lögmaður Einar Páll Tamimi vék að í máli sínu og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir las hér upp. Það er full ástæða til að taka það alvarlega þegar lögmaðurinn Einar Páll Tamimi bendir á að þannig gæti t.d. verktaki sem væri framsóknarmaður sagt upp starfsmanni hjá sér vegna þess að hann færi í framboð fyrir Sjálfstfl.

Ef lagaumhverfið er þannig að hægt sé að kúga starfsfólk og beita ómálefnalegum ástæðum fyrir uppsögnum er full ástæða til að hafa áhyggjur enda er ekki lengra síðan, frú forseti, en svo að í kosningunum árið 2003, á síðasta ári, leyfðu einstaka forsvarsmenn fyrirtækja sér að beina því til starfsfólks síns að það ætti atvinnuöryggi sitt undir því að styðja ekki tiltekin stjórnmálaviðhorf.

Það á að vekja alþingismenn til umhugsunar um rétt launafólks ef það er raunverulega svo og ef málsmetandi fræðimenn á sviði lögfræði vekja athygli á því að hér sé hægt að beita skoðanakúgun og að lágmarksmannréttindi launafólks á Íslandi séu svo illa varin að þessu leyti að þau standi trúlega ekki gagnvart mannréttindasáttmála Evrópu.

Ég vil þess vegna í lok máls míns, frú forseti, fá að beina þeim eindregnu tilmælum til hins nýja félmrh., Árna Magnússonar, að hann beiti sér sérstaklega fyrir því að þær samþykktir sem hér eru til umfjöllunar og þær tilskipanir sem ég vakti máls á hér á mánudaginn sem beinast gegn mismunun á vinnumarkaði verði teknar upp í íslensk lög. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Atla Gíslasyni að við höfum því miður sívaxandi fjölda dæma um það að fólk, miðaldra fólk, konur og karlar, missi atvinnu án sýnilegrar, málefnalegrar ástæðu. Hv. þm. vísaði í því efni til æskudýrkunar eða einhverra slíkra ástæðna. Þetta fólk sem unnið hefur fyrirtækjum sínum allt sitt besta, stundum árum og áratugum saman, á ákaflega erfitt uppdráttar á vinnumarkaði eftir slíka meðferð. Það er mjög mikilvægt að við tryggjum fólki visst öryggi, í fyrsta lagi að atvinnurekandi þurfi að tilgreina ástæðu uppsagnar, í öðru lagi að atvinnurekandi þurfi að rökstyðja hvers vegna hann segir upp starfsmanni og í þriðja lagi að þær ástæður verði að vera málefnalegar og megi ekki lúta að aldri, fötlun, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum eða öðrum slíkum hlutum. Vinnan, það að hafa vinnu, er grundvöllur lífsgæða og skiptir okkur Íslendinga jafnvel meira máli en margar aðrar þjóðir, svo stór hluti er hún af sjálfsmynd okkar og menningu allri. Sá sem missir með ómálefnalegum hætti, t.d. vegna aldurs, á miðjum aldri atvinnuna án þess að það sé rökstutt á það á hættu að verða fyrir alls kyns félagslegum hremmingum og fjárhagserfiðleikum sem á endanum verður verkefni samfélagsins, sem á endanum verða félagsleg vandamál sem þetta þing og sameiginlegir sjóðir okkar þurfa að bregðast við. Þess vegna er ekkert sjálfsagðara en að við hér höfum sameiginlega skoðun á því hvernig skuli standa að starfslokum vinnandi fólks.

[18:41]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Frú forseti. Ég vil í lokin fá að þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur verið mjög málefnaleg og góð og ég þakka líka fyrir þann stuðning sem komið hefur fram í ræðum hv. þingmanna.

Ég tel mjög mikilvægt, og það hefur komið glögglega fram í umræðunum, að hv. þingmenn hér á hinu háa Alþingi taki höndum saman og tryggi íslensku launafólki þau grundvallarmannréttindi sem fólgin eru í þessari tillögu. Mér finnst það a.m.k. og ég trúi því að mjög margir hér geti tekið undir að það er algerlega ólíðandi að atvinnurekandi geti svipt starfsmann vinnu vegna þess eins að starfsmaðurinn vill ekki búa þar sem atvinnurekandinn vill að hann búi. Virðulegi forseti. Það gengur einfaldlega ekki að hafa þetta umhverfi þannig og hv. þm. Helgi Hjörvar vísaði til dæmis sem kom upp í kosningabaráttunni árið 2003, það er ekki lengra síðan, þar sem tilteknir útgerðarforstjórar fóru í þá aðgerð gagnvart starfsmönnum sínum að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir þeirra, nánast með því að hóta þeim því að þeir mundu þurfa að gjalda fyrir með starfi sínu ef þeir styddu tilteknar stjórnmálaskoðanir. Þá er ég vísa til þess að starfsmenn sem mundu hugsanlega styðja einhverjar verulegar breytingar á kvótakerfinu fengu þau skilaboð frá forstjórum sínum.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta mjög alvarleg mál sem við erum að ræða. Við þurfum einfaldlega að gera betur, við þurfum að skýra íslenska löggjöf mun betur að þessu leyti, og satt best að segja er ergilegt að þetta skuli vera umræða dagsins og að það skuli vera umdeilanlegt í íslensku samfélagi að starfsmaður eigi rétt á svo lítilfjörlegu réttlæti eins og að fá uppsögn sína rökstudda.

Auðvitað er eðlilegt að atvinnurekandi hafi ákveðið frjálsræði í því, stjórnunarréttur atvinnurekanda er mjög ríkur í íslenskri löggjöf, en hann verður ekki rýrður óeðlilega mikið með þeim breytingum sem felast í þessari tillögu, langt í frá. Það er einungis verið að búa svo um hnútana að gild ástæða þurfi í raun að vísa til hæfni eða hegðunar starfsmanns en hún má líka byggjast á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins. Atvinnurekandinn hefur eigi að síður ansi mikið svigrúm til að ráða því hverja hann hefur í vinnu. Það er hins vegar þetta óréttlæti sem fólk stendur frammi fyrir þegar það missir atvinnu sínu sem við viljum breyta og leggjum til að verði breytt í þessari tillögu.

Þetta þarf að vera skýrara í íslenskum lögum. Ég spái því að það sé einungis tímaspursmál, frú forseti, hvenær farið verður með mál á borð við það sem hér var nefnt sem dæmi úr íslenskri dómasögu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Ég tek undir það með þeim sem ég vitnaði hér til í fyrri ræðu minni, Einari Páli Tamimi, að sennilega munu réttarbætur í þessa veru koma frá Evrópu að endingu en a.m.k. höfum við tækifæri hér, með því að samþykkja þessa tillögu, til að breyta því sjálf og tryggja íslensku launafólki grundvallarmannréttindi þegar kemur að uppsögn.

[18:45]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Meðan hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, annar flm. þessarar ágætu þáltill., var að rifja upp þennan dóm um uppsögn á sjómanni rifjaðist upp fyrir mér annað atvik sem snýr að sams konar máli. Það snýst um atvinnuöryggi launþega og hver réttur þeirra er í svona málum og þá kom upp í huga minn nokkuð sem ég vil endilega láta koma fram á hinu háa Alþingi. Það er innlegg í umræðuna og sýnir hvað það er mikilvægt að taka upp þá fullgildingu sem hér er rætt um og að nánar sé kveðið á um réttindi starfsmanna og annað slíkt við þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað á Íslandi.

Það mál sem ég ætla að taka hér sem dæmi er þekkt um sjómann sem var skikkaður til að flytja lögheimili sitt í heimahöfn skipsins. Maðurinn var ekki giftur þótt hann ætti heimili annars staðar á landinu, byggi þar með konu sinni og börnum. Síðan gerist það að þessi viðkomandi starfsmaður verður fyrir slysi á leiðinni frá útgerðarstaðnum, heimahöfn skipsins, til fjölskyldu sinnar og ætlar að sækja slysatryggingu sína til Tryggingastofnunar eins og lög gera ráð fyrir. Þá var honum hafnað á þeirri forsendu að hann væri ekki á leið heim til sín vegna þess að hann hafði verið skikkaður til að flytja lögheimilið, í heimahöfn skipsins í þessu tilviki, og þótt hann væri að fara til fjölskyldu sinnar var hann í þessu tilfelli, í anda laganna, ekki á heimleið vegna þess að í tryggingalögunum er talað um lögheimili. Þarna er þessi viðkomandi starfsmaður algjörlega réttindalaus vegna slyssins sem hann verður fyrir á leið frá vinnu til heimilis.

Þetta vildi ég örstutt leggja inn í umræðuna vegna dæmis hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um uppsagnir vegna þess að starfsmaðurinn hafði neitað að flytja lögheimili sitt. Það er greinilegt að við þessar miklu breytingar, atvinnuháttabreytingar, þegar menn eru skikkaðir til að flytja lögheimili sitt hefur ekki fylgt með að breyta tryggingalöggjöfinni. Það eru sjálfsögð mannréttindi að maðurinn sem er á leiðinni heim til fjölskyldu sinnar njóti tryggingar en það telst ekki vera í anda laganna, þessara gömlu laga.

Ég vildi aðeins leggja þetta örstutt inn í umræðuna, frú forseti, um leið og ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að flytja þáltill. inn til þings. Það er stórfurðulegt að ekki skuli vera löngu búið að fullgilda þessa samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GMJ og JBjarn, 485. mál (sóknardagar handfærabáta). — Þskj. 757.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, um að gólf verði sett í sóknardagakerfi smábátaflotans. Fyrsti flm. er Grétar Mar Jónsson sem sat á þingi í fjarveru minni á haustmánuðum en að auki flytur málið hv. 8. þm. Norðvest. Jón Bjarnason, Vinstri grænum.

Lagt er til að texta laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, verði breytt og 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo: Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs skulu aldrei vera færri en 23 og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla umfram 230 þúsund tonn á hverju fiskveiðiári."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frumvarpið miðar að því að skapa festu í veiðikerfi handfærabáta sem leyfi hafa til veiða með takmörkun á sóknardögum. Þessir bátar eru í dag um 300 talsins og hafa leyfi til að stunda handfæraveiðar árlega á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Frv. gerir ráð fyrir því að í stað þess að sóknardögum haldi áfram að fækka eins og lögin eru nú úr garði gerð, eða réttara sagt reglugerð um þessar veiðar, verði sett gólf í kerfið og miðað við 23 daga.

Algjört ósamræmi hefur verið í lögum að því er varðar handfæraveiðar smábáta þar sem veiðimöguleikar þeirra eru skertir á sama tíma og aflaheimildir annarra fiskiskipa sem hafa kvóta eru að aukast. Þorskaflinn var aukinn um 30.000 tonn á þessu fiskveiðiári og aukning hefur orðið á heildarafla á bæði ýsu og ufsa. Auk þess var afli annarra skipa sem veiða með krókum aukinn sérstaklega rétt fyrir jól með lögum um línuívilnun eins og frægt varð en þeir sem ekki beita á krókana og veiða með handfærum eiga enn að búa einir við aukna skerðingu á veiðum.

Frú forseti. Það er full ástæða til að nota orðið skerðing í þessu tilfelli. Heildarfjöldi sóknardaga handfærabáta var 21 dagur á síðasta ári en í ár stefnir í að þeir verði 19. Dagafjöldi þessara báta hefur hríðminnkað á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátaeigenda voru dagarnir alls 84 á hvern bát fiskveiðiárið 1996–1997. Næsta fiskveiðiár var þeim fækkað í 40 þar sem stjórnvöld og hagsmunaaðilar innan kvótakerfisins sáu ofsjónum yfir því að þessir bátar fengju afla úr sjó.

Enn á ný var höggvið í sama knérunn á árunum 1998–2002 en þá var þessum handfæraflota leyft að vera á sjó í alls 23 daga árlega, hverjum bát. Segja má þó að árið 2002 hafi nokkur bragarbót verið gerð á málefnum dagabátanna þar sem tekin var upp breyting sem gerði það að verkum að í stað þess að telja sjóferðir bátanna í heilum dögum var farið út í að telja þær klukkustundir sem fóru í að róa til fiskjar og var það mikil og sanngjörn bót á máli að mati þess sem hér talar.

Eins og reglurnar eru í dag hafa þeir sóknardagabátar, eins og ég sagði áðan, leyfi til að róa ákveðinn fjölda daga á hverju ári. Upphaflega var lagt af stað með það að þessi tími ætti að duga þeim til að veiða þann heildarafla sem þeim er ætlaður af stjórnvöldum. Nú er það svo, og réttilega hefur

verið bent á það, að bátarnir hafa veitt töluvert umfram þessa viðmiðun. Ég er hér með tölur af heimasíðu Landssambands íslenskra útvegsmanna sem ég tel enga ástæðu til að rengja því að segja má að ekki ljúgi LÍÚ. Það vitum við. Tölurnar sýna að heildarársafli þessara báta undanfarin fimm ár hafi verið eitthvað á bilinu 5.500–11/12.000 tonn á ári. Aukningin hefur verið jafnt og þétt frá 1998–2002, úr 5.500 tonnum í 12.400 tonn. Þetta á sér eflaust margar skýringar. Þetta er töluvert umfram hinn svokallaða viðmiðunarafla sem hefur á tímabilinu verið á bilinu 1.300–2.100 tonn. Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur bent á að í staðinn fyrir að veiða tæp 8.000 tonn sem þessum bátum var ætlað hafi þeir veitt 44.000 tonn, og hér erum við að tala um þorsk.

Ég sé satt best að segja, frú forseti, ekki miklum ofsjónum yfir þessu. Ég tel það bara hið besta mál að menn og konur, duglegt fólk á Íslandi, fái tækifæri til að bjarga sér og það geti aflað vel ef skilyrðin í hafinu eru slík að vel fiskist á krókana.

Ég verð að segja í fullri hreinskilni að ég hef aldrei skilið svona grasserandi öfundarmálflutning út í þennan flota, málflutning sem kynt hefur verið undir af öllu afli af ákveðnum öflum. Það hefur verið reynt að keyra þennan flota inn í kvóta. Undanfarið hafa verið uppi háværar raddir um þetta. Ég tel að svo megi aldrei verða. Ég tel að það yrði mikil ógæfa fyrir Ísland ef handfæraflotinn, þessi sóknardagafloti, yrði settur inn í kvótakerfi.

Margar ástæður má tína fram til að rökstyðja þá skoðun. Ég ætla svo sem ekki að fara ítarlega út í þá sálma hér og nú, tækifæri til þess mun gefast síðar, en það er alveg ljóst að þessi floti hefur marga kosti. Veiðiaðferðir hans eru góðar, sóknarmark hefur ótvíræða kosti fram yfir aflamark, þ.e. kvótakerfi, t.a.m. er ekkert brottkast í sóknarkerfi, menn hirða allan þann afla sem þeir fá og koma með hann að landi. Það gerir alla fiskveiðistjórn markvissari. Við vitum hvað menn veiða á hverjum tíma og getum hagað veiðistjórninni í samræmi við það. Annað er það að handfæraveiðar eru mjög vistvænar, það er engum vafa undirorpið, og þær valda engu tjóni á náttúrunni.

Það er annað sem ég get líka bent á sem oft gleymist í umræðunni, menningarlegt gildi slíkra veiða og þessa flota og gildi hans fyrir mannlífið á Íslandi og úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Líf færist yfir hafnirnar í þorpunum víða í kringum landið á vorin þegar þessi floti byrjar að veiða. Svo er hann mjög hreyfanlegur, fer oft og tíðum nánast umhverfis landið, ef svo má segja, og skilur eftir sig peninga, atvinnu og mannlíf.

Það er eitt til viðbótar í þessu sambandi sem ég vil nefna og það er að flotinn er yfirleitt að vinna á sama tíma og hér er hvað mestur ferðamannastraumur. Það er einmitt það sem ferðamenn á Íslandi vilja sjá, eitthvert líf á bryggjunum, að það sé eitthvað að sjá þegar fólk gengur niður á bryggju. Þetta veit ég sjálfur. Og það er fátt sem ferðamönnum þykir skemmtilegra að horfa á en þegar bátar koma að landi hlaðnir fiski og menn eru að landa úr bátunum. Ferðamennirnir fá að sjá hvaða fisk menn veiða á Íslandsmiðum. Betri auglýsingu getur íslenskur sjávarútvegur ekki fengið, það er ég alveg sannfærður um.

Enn eitt sem má nefna, frú forseti, er að þessi floti hefur mjög jákvæð áhrif á nýliðun. Hún hefur verið mjög mikið vandamál í íslenskum sjávarútvegi, þ.e. nýliðun útgerðarmanna. Nýliðun gefur ungum mönnum tækifæri til að hefja útgerð, róa til fiskjar, án þess að þurfa að skuldsetja sig allt of mikið. Ungir duglegir menn geta komið undir sig fótunum með því að byrja að róa í þessu kerfi og ég tel það mjög jákvætt.

Þetta eru aðeins örfáar röksemdir sem má nota til að mæla með því að umræddur floti verði varinn með ráðum og dáð. Ég tel að frv. sé mjög gott og þarft skref í þá átt að svo verði gert.

Að lokum, frú forseti, gagnrýni ég þá málsmeðferð stjórnvalda sem við höfum séð á undanförnum árum þar sem stöðugt er verið að krukka í þennan flota og fækka dögum á sama tíma og ekkert er gert annað sem stjórnvöldum bæri kannski skylda til að gera, þ.e. að reyna að hafa áhrif á sóknargetu flotans, t.d. takmarka rúllufjölda, burðargetu eða annað þess háttar. Þar hefur hæstv. sjútvrh. að mínu mati algerlega brugðist hlutverki sínu. Hann hefði fyrir löngu átt að setja reglugerðir þar um en hann hefur ekki gert það af einhverjum undarlegum orsökum. Ég tel að sú aðferð stjórnvalda að láta þessa báta sífellt fækka dögunum í staðinn fyrir að reyna frekar að grípa inn með öðrum hætti, eins og t.d. með að takmarka rúllufjölda og annað þess háttar, kippi grundvellinum undan flotanum. Það er kannski það sem vakir fyrir stjórnvöldum.

Eins og ég sagði áðan tel ég að svo megi aldrei verða og vil að lokum benda á að margt bendir til að mikill stuðningur sé við þetta frv. meðal smábátasjómanna allt í kringum landið. Þeir hafa mörg undanfarin ár, félög þeirra allt umhverfis Ísland, ályktað nánast einróma um það að gólfið verði 23 dagar eins og lagt er til með þessu frv. þeirra hv. þm. Grétars Mars Jónssonar og Jóns Bjarnasonar. Ég reikna með að frv. fari eftir umræðuna, sem fer kannski ekki fram í dag en síðar, til hv. sjútvn. og fái þar góða og sanngjarna umfjöllun.

[18:58]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frv. til laga sem við hv. þm. Grétar Mar Jónsson erum flm. að snertir einmitt dagabátana, þetta elsta fiskveiðistjórnarkerfi landsins, að sækja á mið og veiða á grunnslóð. Leyfilegum sóknardögum hjá þeim flota hefur stöðugt fækkað og þeir voru síðast settir í hámark 23 daga en síðan var ákveðið að þeim mætti fækka enn frekar. Má búast við að innan eins til tveggja ára verði dagarnir kannski komnir niður í 16–18 daga á ári. Að óbreyttu ráðslagi er í raun verið að stúta þessum flota. Það gefur augaleið að fækkun daga frá því sem nú er, og reyndar er ærið nóg fyrir, mun leiða til þess að slík útgerð getur ekki staðið undir neinum útgerðarkostnaði, skaffað atvinnu eða laun til þeirra sem stunda hana, hún missir veðhæfni og verður þess vegna gersamlega að lúta í gras að óbreyttu.

Það er styrkur sjávarútvegs á Íslandi að vera með sem fjölbreyttast útgerðarmynstur, vera með togara, net, línuveiðar, handfæri, sóknardaga og báta sem veiða eftir sóknardagakerfinu. Það væri mikill missir fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnu í byggðum landsins, fjölbreytni í þessari útgerð, ef sóknardagakerfið yrði lagt af enda er það ekki vilji stjórnvalda ef í það er lesið.

Í skoðanakönnun sem gerð var fyrir líklega tveimur árum kom fram að þjóðin vill standa vörð um strandveiðiflotann, hún vill standa vörð um þann flota sem sækir og skilar afla heim daglega. Hún vill standa vörð um þennan flota og þar einmitt eru sóknardagabátarnir visst flaggskip.

Þær aðgerðir sem stjórnvöld miða nú að til að reyna að drepa þennan flota eru því í algerri andstöðu að mínu mati við vilja þjóðarinnar.

Ég hefði gjarnan viljað skiptast á skoðunum við hv. þm. Norðvest., Kristin H. Gunnarsson, þingmann Framsfl. Hann sem varaformaður sjútvn. stýrði fyrir áramót vinnu sjútvn. um frv. um breytingar á stjórn fiskveiða sem laut að línuívilnun. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom inn í sjútvn. við upphaf þeirrar vinnu með tillögur sínar, eða minnispunkta til að vinna úr, sem hann vildi að nefndin skoðaði. Auk línuívilnunarinnar vildi hann að sett yrði gólf í dagabátakerfið. Þegar við svo afgreiddum þetta málamyndalínuívilnunarfrumvarp fyrir jól ítrekaði hv. þm., þáv. starfandi formaður sjútvn., það í umræðum á Alþingi að hér væri aðeins um áfanga að ræða, að ljúka þessu línuívilnunarmáli, en eftir biði að leysa málefni dagabátanna og sagði að í það yrði ráðist strax á næsta ári, þ.e. þá í upphafi þessa árs.

Það fer heldur lítið fyrir þeirri vinnu og ég vil vitna í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hann flutti hér 12. desember 2003, með leyfi forseta:

„Mér finnst ástæða til þess að halda þessu til haga til þess að draga það fram að stjórnarflokkarnir komust að þeirri niðurstöðu að þeir vildu frekar hafa handfæraveiðarnar í þessu kerfi en undir aflamarkskerfi. Og það er mikill vilji til þess innan stjórnarflokkanna að reyna að ná samkomulagi um breytingar á kerfinu sem geti gert það að verkum að menn geti búið við það í því formi sem menn hafa unnið á undanförnum árum.“

Þarna er hann að tala um dagabátakerfið.

Í greinargerð með línuívilnunarfrumvarpinu í haust var einmitt komið inn á það að þetta væri ógert og þar stóð, með leyfi forseta:

„Málefni svonefndra dagabáta hafa verið rædd í nefndinni“ — þ.e. í sjútvn. „Ekki reyndist unnt að leggja til tillögur um framtíðarskipan í málefnum þeirra, sem þó er mikilvægt verkefni. Meiri hlutinn“ — það eru þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl. — „leggur áherslu á að vinnu við það verði hraðað.“

Þetta er sagt í tillögunum sem samþykktar voru um línuívilnun rétt fyrir jól. Það fer enn þá ósköp lítið fyrir þeim fyrirheitum sem gefin voru við afgreiðslu þess frv.

Á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna gerði hæstv. sjútvrh. sér grein fyrir því að þar væri líka ounnið verk af hans hálfu því að hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Þá bíður okkar enn þá óleyst vandamál varðandi veiðar dagabáta og munum við jafnframt vinna að lausn þess.“

Báðir þessi fulltrúar stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., hafa því lýst því opinberlega að þeir ætli sér að vinna að góðri lausn á málefnum dagabátanna og þess vegna ber þeim skylda til að skila henni hingað inn í þing fyrir þinglok. Því miður, forseti, ber ekkert á henni enn og þá læðist að okkur sá grunur að ætlunin sé að svíkja þau fyrirheit sem gefin voru og horfa á eftir því að útgerð á sóknardagakerfi leggist af sem verður ef ástand breytist ekki. Það kalla ég hrein svik miðað við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í þinginu af fulltrúum stjórnarflokkanna, hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, við umræður um þetta mál.

Virðulegi forseti. Þess vegna leggjum við til, þingmenn Vinstri grænna og Frjálsl., að sett verði gólf í sóknardagakerfið þannig að þeir verði aldrei færri en 23. Við teljum það algjört lágmark. Aukist fiskgengd á Íslandsmiðum þannig að veiða megi þar meira en nú er viljum við að sú aukning komi líka í hlut dagabátanna þannig að dögum þeirra fjölgi um 1 fyrir hver 20 þús. tonn leyfðs heildarþorskafla umfram 230 þús. tonn á hverju fiskveiðiári.

Virðulegi forseti. Þetta er gríðarlegt sanngirnismál og þetta er gríðarlegt réttlætismál fyrir þá sem stunda þessar veiðar. Þetta er líka mál fyrir byggðirnar vítt og breitt um landið sem treysta á fiskveiðar dagabátanna. Það væri verulegur sjónarsviptir og skaði fyrir sjávarútveg, fiskveiðar í landinu, ef þessi útgerð legðist af jafnframt því sem það væri gríðarlegur styrkur og mundi færa aukið líf í sjávarútveginn, í fiskveiðiþorpin, ef hægt yrði að efla þá útgerð eða tryggja hana í sessi þannig að hún haldi a.m.k. þeim hlut sem hún hefur nú.

Ég legg áherslu á það, frú forseti, að það er afar brýnt að málið fái afgreiðslu á þingi fyrir þinglok. Í ljósi þeirra ummæla sem fulltrúar stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., hafa gefið hér á þingi og í sjútvn. tel ég að hér sé bara um sleifarlag í vinnu að ræða, að þeir skuli ekki vera búnir að koma þessu máli hér áfram. Þetta frv. er þá til þess að hvetja til að málið fái afgreiðslu í þinginu eins og hugur allra stendur til ef marka má orð bæði varaformanns sjútvn. og hæstv. sjútvrh. Ég treysti því að þetta mál fái þá hraðbyr í gegnum þingið.

[19:08]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta frv. sem er hér til umræðu er afar einfalt og felur fyrst og fremst í sér að leyfilegir sóknardagar verði aldrei færri en 23. Það má öllum vera ljóst sem hugsa eitthvað um fiskveiðar og fiskveiðistjórn að þjóðinni er engin hætta búin þó að við höfum ákveðið gólf í þessu kerfi. Stofnarnir verða ekki fyrir skaða þó að frv. verði samþykkt, síður en svo.

Hins vegar má fullyrða að margar útgerðir handfærabáta muni standa illa ef atvinnuréttindi handfærabáta verða skert frekar en nú er, þ.e. eins og stefnir í. Í raun mæla engin rök á móti því að frv. verði samþykkt. Ef einhver hv. þm. hefur þau væri mjög áhugavert að fá að heyra þau í þingsalnum, í umræðunni.

Nú standa yfir viðræður Landssambands smábátaeigenda og hæstv. sjútvrh. um stöðu sóknarbáta og hver sóknin skuli vera. Búið er að halda tvo fundi sem hafa ekki skilað neinum árangri. Ég hefði talið eðlilegast fyrir ríkisstjórnina að grípa frv. á lofti, veita því brautargengi á hinu háa Alþingi og gera það að lögum. Hæstv. sjútvrh. ætti að sjá hag sinn í að spara sér fundarhöld og koma á sæmilegri sátt við útgerðarmenn handfærabáta eins og lofað var ítrekað fyrir síðustu kosningar. Hv. þm. Jón Bjarnason benti á að vilji þjóðarinnar væri fyrir því að samþykkja þetta frv. Ég tel líka að svo sé. Ég tel einnig að það sé meiri hluti á hinu háa Alþingi fyrir því að samþykkja frv. Það hefur komið fram í umræðunni, m.a. á frægum fundi á Ísafirði 13. september sl. þar sem nær allir þingmenn Norðvest. tóku til máls. Það var á þeim að heyra þar að þeir styddu að gólf yrði sett í dagabátakerfið. Það kom m.a. fram hjá hæstv. samgrh., Sturlu Böðvarssyni, að hann væri efnislega samþykkur frv. Það væri mjög fróðlegt að fá að heyra nánar um sjónarmið hans í þessu máli, hvaða gólf hann var að tala um þarna fyrir vestan.

Það má sjá alla umræðuna frá þessum fræga línuívilnunarfundi á ágætum vef okkar í Frjálsl., xf.is. Þegar Guðrún Pálsdóttir, útgerðarmaður frá Flateyri, spurði þingmenn hvort þeir væru tilbúnir að styðja frv. um að sóknardagar handfærabáta yrðu aldrei færri en 23 — þeir eru 19 núna —

svaraði hver þingmaðurinn á fætur öðrum að þeir styddu slíkt frv. ef það kæmi fram. Það var ekki einungis hæstv. samgrh. sem lýsti vilja sínum í þessu efni, heldur voru það fleiri, m.a. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég hef margsinnis lýst því yfir að það sé lífsnauðsynlegt fyrir dagabátana að hafa þetta gólf, margsinnis lýst því yfir að ég er tilbúinn að styðja þessa 23 daga og svarið er já, áfram."

Það er sem sagt á hreinu að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson styður frv. og ég vænti þess að hann veiti þessu ágæta frv. brautargengi.

Svar hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar við spurningu Guðrúnar Pálsdóttur útgerðarmanns var að vísu eilítið óljósara en engu að síður mátti skilja að hann styddi 23 daga gólf í dagabátakerfinu, það mátti skilja það. Það má lesa svar hans, eins og áður segir, á vef okkar í Frjálsl. af því að okkur þótti merkilegt að heyra þessi skýru svör. Ég hefði talið það vera verðugt verkefni fyrir þingfréttamenn að kanna hvort þessir þingmenn styðji enn í dag 23 daga gólfið í áðurnefndu dagakerfi. Mér fyndist verðugt verkefni að kanna það, fara yfir það með þessum ágætu mönnum sem lýstu því yfir að þeir styddu það.

Ég á ekki von á öðru en að þeir geri það enn í dag. Það væri ómerkilegt að halda einu fram á Ísafirði og öðru hér við Austurvöll nokkrum mánuðum síðar. Ég tel samt fróðlegt að fara yfir þessi mál og kanna það, ganga á þessa hv. þm. og spyrja þá út í það hvort þeir ætli ekki að veita þessu frv. okkar brautargengi. Ég tel að við eigum eftir að njóta liðsinnis þessara ágætu þingmanna og að við eigum vísan stuðning þeirra við frv.

Það ætti heldur ekki að vefjast fyrir framsóknarmönnum að samþykkja frv. Það kom fram í grein eftir helsta sérfræðing Framsfl. í sjávarútvegsmálum, hv. þm. Hjálmar Árnason, fyrir síðustu kosningar að hann væri mjög fylgjandi því að setja gólf í dagabátakerfið. Núna getur hv. þm. látið verkin tala, stutt þetta ágæta frv. Frjálsl. og Vinstri grænna. Það væri mjög fróðlegt síðar í umræðunni — ég á von á að þessari umræðu verði frestað eftir ræðu mína — að fá álit hans á þessu máli. Getur hann stutt það óbreytt eða vill hann fjölga dögunum, vill hann e.t.v. fækka þeim? Mér finnst eðlilegt, og ég geri þá kröfu á hv. þingmann, að hann komi hér fram síðar í umræðunni og svari spurningunni: Hvað meinti hann með ágætri grein sinni um gólf í dagabáta? Mér finnst vera kominn tími til þess að menn gefi upp hvort þeir ætli að standa við það sem þeir segja og skrifa fyrir kosningar þegar kosningum er lokið. Við í Frjálsl. tókum ómakið af honum með því að búa til þetta ágæta frv. þannig að hann getur nú stokkið á vagninn með okkur og veitt þessu ágæta frv. brautargengi. Þá ræðst það hvort orð hv. þm. Hjálmars Árnasonar standa og hvað þau þýddu.

Ég veit ekki betur, frú forseti, en að samþykkt hafi verið þáltill. hér á síðasta ári um að skoða kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Átti nefnd sjútvrh. að skila skýrslu til þingsins og ég held að skiladagurinn hafi verið fyrir viku, 15. mars. Það væri fróðlegt að fá að heyra af störfum nefndarinnar. Mér finnst eðlilegt að hv. þm. Hjálmar Árnason greini okkur frá þeim. Hann hefur verið helsti hvatamaður að því að skoða kosti og galla færeyska kerfisins og er nokkurs konar sérfræðingur í því. Það væri mjög fróðlegt að fá að heyra sjónarmið hans síðar í umræðunni. Ég á ekki von á öðru en að greinargóð skýrsla komi úr nefndinni og e.t.v. er búið að leggja hana fram.

Hvað sem því líður var birt viðtal við ágætan færeyskan stórútgerðarmann ekki alls fyrir löngu í Morgunblaðinu, Olav Olsen, fyrrum ráðherra í Færeyjum, sjávarútvegsráðherra og atvinnumálaráðherra. Hann telur færeyska kerfið mjög gott og hann hefur engan áhuga á því að fara yfir í íslenskt kvótakerfi, stórútgerðarmaðurinn í Færeyjum. Ég held að það væri mjög áhugavert fyrir íslenska stórútgerðarmenn að kynna sér nánar sjónarmið Olavs Olsens. Hann segir að menn eigi ekki að vera hræddir við að fara í sóknardagakerfið. Það kemur fram að Færeyingar hafi veitt umfram ráðgjöf fiskifræðinga en vegna góðs sóknarkerfis hafi fiskstofnarnir sjaldan eða aldrei verið í betra ástandi. Ég tel vert að fara yfir þessi mál.

Það er mjög athyglisvert eitt sem kom fram í þessu ágæta viðtali við Olav Olsen í Morgunblaðinu. Færeyingar hafa notað þetta sóknardagakerfi síðustu sjö árin og í viðtalinu kemur fram að hann telur smábátana í Færeyjum ekki í beinni samkeppni við togarana. Það er athyglisvert að heyra í ýmsum talsmönnum stórútgerðarinnar á Íslandi, þeir eru æfir yfir hverjum degi sem á að auka við sóknargetu smábátanna. Bátarnir eru ekki nema 322, ef ég man rétt. Þá telja útgerðarmennirnir að verið sé að stela af þeim fiskinum. Olav Olsen telur jafnvel að það megi gefa veiðar frjálsar á minnstu bátana og línuveiðar innan 12 mílnanna. Eins og menn virðast hugsa þetta hérlendis held ég að þeir haldi að einn fiskur sem er veiddur fyrir Norðurlandi geti dregist frá kvóta á Suðurlandi. Ég tel þetta hins vegar líffræðilega fásinnu.

Samþykkt þessa frv. er mjög mikilvæg. Það er mjög mikilvægt fyrir hinar dreifðu byggðir, allt frá Breiðafirði og alveg austur um land. Það er skylda íslenskra stjórnvalda að stuðla að því að þær byggðir fái að njóta næstu fiskimiða sinna. Það að vera að svipta smábátana atvinnuréttindum og draga úr þeim er óþolandi. Það jaðrar við að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða vegna þess að kvótakerfið hefur verið réttlætt með því að heildarhagsmunum þjóðarinnar væri borgið með því að stofna ekki fiskstofnunum í hættu. Það er staðreynd að þó að við aukum sókn smábátanna eilítið mun það ekki stofna íslenska þorskstofninum í hættu.

Þetta hefur verið ein helsta leiðin fyrir unga menn að koma sér inn í útgerð. Þetta hefur verið leið fyrir menn að taka þátt í útgerð og það er það sem íslenskur sjávarútvegur þarf á að halda. Það gengur ekki að þetta sé lokaður klúbbur. Ungir menn verða að geta hafið sókn í þessum atvinnuvegi eins og öðrum. Framtíðarsýn fyrir íslenskan sjávarútveg er ekki björt ef enginn nýliði getur tekið þátt í sjávarútvegi.

Eins og ég sagði áður á ég von á því að hv. þm. sem lýstu því yfir að þeir væru fylgjandi þessu gólfi vestur á Ísafirði muni einnig gera það hér við Austurvöll.

[19:21]

Útbýting þingskjala:

Ábúðarlög, 782. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1193.

Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, 791. mál, fsp. BH, þskj. 1206.

Jarðalög, 783. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1194.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–16. mál.

Fundi slitið kl. 19:22.

89. FUNDUR

mánudaginn 29. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 343. mál, þskj. 417, nál. 1182, brtt. 1183. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 479. mál, þskj. 729, nál. 1148 og 1202. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 482. mál, þskj. 754, nál. 1147. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
5. Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, stjtill., 612. mál, þskj. 920, nál. 1146. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Uppsögn af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 453. mál, þskj. 647. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196. — 1. umr.
8. Stjórn fiskveiða, frv., 485. mál, þskj. 757. — Frh. 1. umr.
9. Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, þáltill., 572. mál, þskj. 862. — Fyrri umr.
10. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 577. mál, þskj. 868. — Fyrri umr.
11. Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, þáltill., 578. mál, þskj. 870. — Fyrri umr.
12. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 595. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.

Fjarvistarleyfi:

Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan 3.40 síðdegis, að loknum óundirbúnum fyrirspurnum, verða atkvæðagreiðslur.

Síðan fer fram umræða utan dagskrár um hugbúnaðarkerfi ríkisins. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir en hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 816. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1244.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 651. mál, nál. utanrmn., þskj. 1231.

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, 348. mál, svar umhvrh., þskj. 1190.

Háskólinn á Akureyri, 818. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1246.

Húsaleiga framhaldsskóla, 623. mál, svar menntmrh., þskj. 1185.

Jafnrétti kynjanna, 658. mál, svar fjmrh., þskj. 1179.

Jafnrétti kynjanna, 660. mál, svar heilbrrh., þskj. 1173.

Kennaraháskóli Íslands, 817. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1245.

Leiklistarnám, 585. mál, svar menntmrh., þskj. 1186.

Meðlagsgreiðslur forsjárlausra feðra, 812. mál, fsp. GÖrl, þskj. 1230.

Námslán fyrir skólagjöldum, 580. mál, svar menntmrh., þskj. 1187.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, 735. mál, nál. utanrmn., þskj. 1233.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, 571. mál, nál. utanrmn., þskj. 1232.

Starfslok og taka lífeyris, 813. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 1240.

Stimpilgjald, 814. mál, frv. MF og JóhS, þskj. 1241.

Tækniháskóli Íslands, 819. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1247.

Umfjöllun um vetnisáform, 430. mál, svar iðnrh., þskj. 1048.

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, 724. mál, svar utanrrh., þskj. 1238.

Viðmiðunarreglur fyrir byggingar framhaldsskóla, 534. mál, svar menntmrh., þskj. 1189.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Stjórn fiskveiða.

[15:05]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. sjútvrh. um framkvæmd á 12. gr. fiskveiðistjórnarlaganna en 1. mgr. hennar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess."

Í fyrirspurn minni til hæstv. sjútvrh. og svari hans um eftirstöðvar rækjukvóta undanfarinna fiskveiðistjórnarára kemur margt skringilegt í ljós sem á ekki að geta gengið að mínu mati miðað við þessa 1. mgr. 12. gr. sem ég las upp. Þannig er, virðulegi forseti, að minnsti bátur á Íslandi sem er með skráðan rækjukvóta er sirka tveggja brúttólesta trilla sem getur ekki veitt rækju.

Önnur dæmi sem koma fram í svari hæstv. ráðherra sýna hreinlega, að mínu mati, að verið er að braska með rækju, kaupa óveidda rækju og skrá á smábáta til að geta leigt frá sér dýrari tegund, t.d. þorsk. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, nefna fleiri dæmi í þessu sambandi, eins og þegar menn eru að leika sér að því með 5 brúttólesta trillu að kaupa rúm 70 tonn af rækju og leigja til sín fyrir 600–700 þús. kr. Á sama tíma leigja þeir frá sér um 100 tonn af þorski fyrir 7–8 millj. kr.

Fyrirspurn mín til hæstv. sjútvrh. er þessi: Telur hæstv. sjútvrh. þetta samrýmast áðurnefndri 1. mgr. 12. gr. fiskveiðistjórnarlaga?

[15:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hefja máls á þessu atriði undir þessum lið. Þó að ég hafi ekki nægjanlegar upplýsingar um þau einstöku atriði sem hann nefndi í ræðu sinni til að geta gefið honum svar um þau sérstaklega get ég upplýst hann um að þetta mál, út frá þeim grunnforsendum sem fram koma í spurningu hans, er til athugunar í ráðuneytinu, þ.e. hvort rétt sé og þá hvernig eigi að bregðast við þeim aflaheimildaflutningi sem fram hefur farið á þennan hátt.

Að vísu er það langt liðið á þetta þing að ég á ekki von á að hægt verði að koma fram með niðurstöður úr þeirri athugun á því en hugsanlegt er að það verði hægt á næsta þingi á hausti komanda.

[15:08]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið en ég hvet til þess að þetta verði skoðað út frá reglugerðarákvæði. Ég held að lögin tali alveg skýrt um þetta. Þetta á ekki að vera hægt miðað við anda laganna, þ.e. 1. mgr. 12. gr. sem ég las upp. Ég tel að það þurfi að athuga þetta tiltölulega hratt vegna þess að mér finnst þessi tegund af skjalatöskuútgerð — þetta er ekkert annað en það — hreinlega koma miklu óorði á kvótakerfið sem slíkt. Ég get nefnt annað dæmi sem ég spurði um fyrir nokkrum árum. Það átti við um rækju en fyrir nokkrum árum tíðkaðist að menn keyptu loðnu og jafnvel dauða loðnu og skráðu á báta sína til að halda áfram að braska og leigja frá sér dýrari tegundir.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég líka geta þess að minnsti bátur sem er skráður með rækju á Flæmingjagrunni er um 10,5 brúttórúmlesta bátur en skráður með rúm 600 tonn af rækju á Flæmingjagrunni. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða þetta. Þetta getur ekki staðist lögin og hann getur tekið á þessu með reglugerð.

Skerðing kolmunnakvóta.

[15:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. sjútvrh. Ástæðan er sú að sjútvrh. hefur ákveðið að kolmunnakvóti íslenskra skipa verði 493 þús. tonn á þessu ári. Þetta er 10% skerðing frá síðasta ári og mig langar til að vita hverjar röksemdir sjútvrh. eru fyrir þeirri ákvörðun.

Í ljós hefur komið í fréttum að Norðmenn hafa hafið kolmunnaveiðar. Það er mokveiði vestur af Skotlandi. Þeir eru nú þegar búnir að rífa upp rúmlega 300 þús. tonn á tiltölulega fáum vikum. Færeyingar eru sjálfir búnir að veiða 100 þús. tonn. Þessar veiðar ganga afskaplega vel og einhvern veginn er það þannig að þó að veiðar hafi verið miklar úr fiskstofninum á undanförnum árum, langt umfram ráðgjöf fiskifræðinga, er eins og varla sjái högg á vatni.

Við erum núna í mjög erfiðum samningaviðræðum um skiptingu á veiðum úr þessum stofni við önnur strandríki í Norður-Atlantshafi, Norðmenn, Rússa, Færeyinga og Evrópusambandið. Þær samningaviðræður ganga mjög illa en það virðist sem sagt vera þannig að Norðmenn séu að reyna að tryggja sér samningsaðstöðu sína með því að stunda hömlulausar veiðar. Færeyingar virðast vera að gera það sama en við Íslendingar sitjum á hakanum, rígnegldir niður í þessa kvótasetningu sem er, eins og ég sagði áðan, 10% minni en hún var í fyrra. Mér finnst þetta skjóta afskaplega skökku við.

[15:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Mér finnst þessi fyrirspurn undirstrika að hægt sé að sjá a.m.k. tvær hliðar á hverju máli. Engin þjóð hefur aukið eins mikið veiðar sínar í kolmunna og við Íslendingar á síðustu árum, ef telja má frá árinu 1997 þegar veiðar okkar í þessum stofni hófust að einhverju marki. Þrátt fyrir að þessar veiðar hafi hins vegar verið óheftar að undanförnu, í heildina tekið mjög óábyrgar og einkennst af því að menn væru að keppa til þess að styrkja stöðu sína í þessum samningum höfum við Íslendingar reynt að vera í þeim hópi sem fer varlegar og er ábyrgari. Við höfum því ásamt Evrópusambandinu reynt að draga aðeins úr veiðum okkar. Það hefur enn sem komið er ekki leitt til þess að aðrir hafi fylgt fordæmi okkar og ekki leitt til þess að veiðarnar hafi minnkað á síðustu vertíð. Um það voru merki á þarsíðustu vertíð en þá voru það reyndar líka Norðmenn sem sprengdu sig frá því sem aðrir voru þá að reyna að gera.

Ég held að ekki sé til eftirbreytni að veiða á þann hátt sem sumir af samningsaðilum okkar hafa gert að undanförnu og að við eigum eftir sem áður að reyna að halda okkur í þeim hópi sem er þó ábyrgari, ef hægt er að tala um það í þessari heildarmynd, og halda okkur við þann kvóta sem við höfum nú þegar ákveðið.

[15:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka sjútvrh. fyrir svör hans en ég á svolítið erfitt með að sjá af hverju þær veiðar eru svona voðalega óábyrgar þegar það er áfram mokveiði úr þessum mikla fiskstofni og það þrátt fyrir að farið hafi verið langt fram úr ráðgjöf fiskifræðinga á undanförnum árum.

Það er kannski miklu frekar ástæða til að spyrja hvort ekki sé eitthvað athugavert við þá veiðiráðgjöf sem hefur verið gefin út á undanförnum árum vegna þessa stofns. Þá má jafnvel spyrja þeirrar spurningar hvort kvótasetning á honum hafi ekki verið gersamlega óþörf. Þessi kvótasetning, a.m.k. á Íslandi, kom sér mjög illa fyrir margar ágætar útgerðir. Í mínu kjördæmi, Suðurk., er t.d. hlutdeild Vestmanneyinga í stofninum miklu minni en ég tel að hún ætti að vera þannig að mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh.: Væri ekki rétt að afnema íslenska kvótasetningu á kolmunna?

[15:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi kynnt sér frumgögn í málinu og hvað liggur að baki mati fiskifræðinga á því að stofninn sé ofveiddur. Þá hefur hann örugglega tekið eftir því að mat þeirra byggist á því að verið er að veiða úr yngri og yngri árgöngum þannig að fiskurinn nær ekki að stækka og verða eldri og hrygna nægjanlega oft til að styrkja stofninn.

Hvað varðar það að stofnveiðarnar voru kvótasettar á sínum tíma var það gert til að ná tökum á veiðinni þegar við vorum að takmarka veiðarnar í fyrsta skipti. Það úrræði sem við höfum til að draga úr veiðum á stofni eins og kolmunnastofninum er að setja hann í kvóta. Hafi einhverjar útgerðir, einhver tiltekin bæjarfélög eða landshlutar minni kvóta en einhverjir telja að þeir ættu að hafa er það vegna þess að þeir höfðu ekki aflareynslu á þeim tíma þegar stofninn var

kvótasettur og aðrir höfðu verið að veiða árin á undan sem lögð voru til grundvallar.

[15:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég tel hreinlega að við Íslendingar séum að verða af miklum tækifærum, við erum að eyðileggja samningsaðstöðu okkar í málinu með því að setja þennan kvóta og hefta þannig flotann okkar. Við erum líka að eyðileggja möguleika okkar á því að kortleggja útbreiðslu stofnsins. Ég vil benda á það að núna t.d. stendur yfir leiðangur vestur af Írlandi þar sem verið er að mæla stærð kolmunnastofnsins. Í þeim leiðangri taka rannsóknarskip frá Noregi, Hollandi, Írlandi og Rússlandi þátt.

Hvar eru Íslendingar, hvar eru íslensku hafrannsóknaskipin? Af hverju erum við ekki með í þeim leiðangri? Af hverju er ekki sett meiri vinna í að kortleggja göngur og útbreiðslu kolmunnans sérstaklega í íslenskri lögsögu þannig að við getum náð betri samningsaðstöðu? Það er alveg ljóst, herra forseti, að hér er verið að tala um gríðarleg verðmæti, þetta er mjög verðmætur stofn. Afurðaverð er hátt núna bæði á fiskimjöli og lýsi og ég hreinlega skil ekki að við skulum hefta flotann okkar með þessum hætti.

[15:17]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Við höfum einmitt á undanförnum árum verið að auka rannsóknir okkar á kolmunna. Við höfum lagt áherslu á rannsóknir á kolmunna innan íslensku lögsögunnar og þau gögn sem þar hafa komið fram eru lögð til grundvallar í kröfum okkar, í samningum okkar um skiptingu á veiðiheimildum úr kolmunnastofninum.

Endurgreiðsla tannlæknakostnaðar.

[15:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Síðastliðinn laugardag var haldið mjög áhugavert málþing Tannlæknafélags Íslands undir yfirskriftinni „Er tannheilsa íslenskra barna í hættu?" Á því málþingi kom mjög margt áhugavert í ljós og m.a. að mjög sterkar vísbendingar eru um að það sé orðið samband á milli efnahags foreldra og þess að börn þeirra fari til tannlæknis og eins að unglingar 16–18 ára fari ekki til tannlæknis eins og þau þyrftu.

Eitt af því áhugaverðasta sem fram kom á þinginu voru ummæli yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins, Reynis Jónssonar, sem sagði, með leyfi forseta:

„Gildandi almannatryggingalög heimila að mínu mati ekki að elli- og örorkulífeyrisþegum sé veitt boðleg þjónusta á kostnað sjúkratrygginga. Þó að það þætti t.d. eðlilegt árið 1974 að banna greiðslur sjúkratrygginga fyrir krónur og brýr er það okkur til vansa að þetta ákvæði skuli enn standa óbreytt 30 árum síðar. Þessu þarf að breyta. Næstu skref ættu svo að vera að hækka endurgreiðslualdurinn sem fyrst í 20 ár til samræmis við önnur Norðurlönd. Minn draumur er að verkið verði svo fullkomnað í fyrirsjáanlegri framtíð og munnholinu verði aftur leyft að teljast fullgildur hluti manns-líkamans og njóta sömu réttinda gagnvart sjúkratryggingum og aðrir líkamspartar hafa."

Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh.:

Mun ráðherra beita sér fyrir hækkun endurgreiðslualdurs vegna tannlækninga og bæta þjónustu við elli- og örorkulífeyrisþega á kostnað sjúkratrygginga?

[15:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég sat hluta af málþinginu og hlustaði á umræður sem þar fóru fram. Tryggingayfirlæknir flutti þar skoðanir sínar á málinu sem fólu ekki í sér áform ráðuneytisins um hækkun greiðsluþátttöku.

Við erum að byrja á viðamikilli rannsókn á tannheilsu, m.a. barna, og fyrr en rannsóknaniðurstöður liggja fyrir vil ég ekki gefa neinar yfirlýsingar um hækkun á greiðsluþátttöku enda snýst það um fjármuni. Ég vil fá niðurstöðurnar vegna þess að engar niðurstöður liggja fyrir um þetta og ekkert nema vísbendingar sem eru ekki studdar rannsóknum, en þær rannsóknir þurfa að fara fram.

[15:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að rannsóknir hafa verið mjög slitróttar, síðast var gerð rannsókn 1996, og búið að setja upp rannsóknaáætlun sem á að standa næstu fimm árin. Að ári liðnu ættu að liggja fyrir það grófar niðurstöður sem hægt væri að byggja á pólitíska stefnumörkun hvað varðar endurgreiðslur og hafa önnur Norðurlönd að fyrirmynd. Við höfum dregist aftur úr, við erum með minni þátttöku og endurgreiðslu Tryggingastofnunar en annars staðar á Norðurlöndunum, breytingar kosta vissulega peninga. Miðað við bætta tannheilsu þjóðarinnar, sérstaklega hjá börnum, er það töluvert verk en mikilvægt að mínu mati að fara í algjöra endurskoðun á endurgreiðslu og aðkomu tannlæknaþjónustunnar með það að leiðarljósi að ekki verði gert upp á milli barna út frá fjárhag foreldra.

[15:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það kom m.a. fram á ráðstefnunni að það er almenn skoðun að tannheilsa íslenskra barna sé með því besta í Evrópu og við þurfum auðvitað að vera á verði hvort við höldum þeirri stöðu. Þær rannsóknir sem ég nefndi eru til þess að renna stoðum undir það.

Eins og er telja sumir af þeim fyrirlesurum sem fram komu þarna að hætta sé á að tannheilsunni hraki en við þurfum að fá úr því skorið. Ég vil undirstrika að þarna eru mjög mikil tækifæri fyrir hvern og einn að hafa uppi forvarnir vegna þess að forvarnir í þessum geira eru afar einfaldar, að nota flúortannkrem og hirða um tennurnar. Ábyrgð foreldra er mikil í því efni og hægt að hafa uppi forvarnir með litlum tilkostnaði.

[15:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tel að við getum öll stutt það að kerfisbreytingar séu byggðar á rannsóknum. Eins og ég sagði fyrr í máli mínu getur verið nokkuð langt í að heildarniðurstaðan liggi fyrir.

Miðað við þær athuganir og meira en tilfinningu langflestra tannlækna benda þær til þess að ákveðnir hópar barna og unglinga hafa orðið og eru útundan hvað varðar tannlæknaþjónustu, í fyrsta lagi vegna efnahags en einnig vegna uppruna. Þetta eru það alvarlegar ábendingar að ég tel mjög mikilvægt að fara þegar að undirbúa breytingar hvað varðar endurgreiðslu almannatrygginga.

[15:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er vissulega eitt sem þarf að huga sérstaklega að í þessu efni sem ég legg mikla áherslu á og það er

hvaða ástæður eru fyrir því að börn koma ekki til tannlæknis. Eitt af því sem við þurfum að kanna og fá vitneskju um er hvort efnahagslegar ástæður séu fyrir því. Það er einmitt þess vegna sem við erum að fara í þessa viðamiklu rannsókn til að undirbúa stefnumörkun í þessu efni.

Norræni tungumálasamningurinn og táknmál.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. „Lýðræðið er ekki sjálfgefið heldur þarf stöðugt að vaka yfir því. Leita þarf leiða til að allir samfélagshópar fái sem best notið lýðræðislegra réttinda. Í sönnu lýðræðisþjóðfélagi er engin rödd svo veik að hún heyrist ekki," segir í formennskuáætlun Íslands sem er með formennsku í norrænu ráðherranefndinni á þessu ári.

Mjög hefur verið rætt um stöðu heyrnarlausra á vettvangi Norðurlandaráðs undanfarin missiri, m.a. hafa jafnaðarmenn í Norðurlandaráði þrýst á upptöku táknmálsins í tungumálasamninginn. Í skýrslu Ole Norrback um landamærahindranir var bent á að heyrnarlausir njóta ekki sama réttar og aðrir Norðurlandabúar þegar kemur að rétti til túlkunar í samskiptum við opinberar stofnanir.

Á grundvelli sömu skýrslu var ákveðið að endurskoða norræna tungumálasamninginn og auk grænlensku, færeysku og samísku var starfshópi sem hefur verið að störfum undanfarna mánuði falið að kanna möguleikana á að bæta táknmáli í tungumálasamninginn.

Norræni tungumálasamningurinn gefur heyrnarlausum ekki rétt hér heima, heldur annars staðar á Norðurlöndunum, en enginn vafi er á að jákvæð niðurstaða nefndarstarfsins mun hafa þýðingu varðandi að sækja frekari rétt heima á Íslandi.

Fyrirhugað er að starfshópurinn skili af sér í maí og því spyr ég hæstv. menntmrh. hvaða umboð fulltrúi Íslands í starfshópnum hafi frá ríkisstjórninni á formennskuári Íslands með svo glæsilega stefnumörkun í farteskinu varðandi þetta mikilvæga mál, að táknmálið fari inn í norræna tungumálasamninginn.

[15:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hreyft við merkilegu máli, en eins og hv. þm. kom inn á er málið einmitt í því ferli að það er í höndum starfshóps. Varðandi fulltrúa ríkisvaldsins hefur hann nokkuð víðtækt umboð og m.a. það að hann eigi að fara mjög heildstætt yfir málið og skoða hvernig það getur samræmst stefnu íslenskra stjórnvalda.

[15:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Nefndinni eða starfshópnum er ætlað að skoða hvort norræni tungumálasamningurinn veiti sömu réttindi og aðrir samningar, hvort hann standist kröfu Evrópusambandsins um bann gegn mismunun, til hvaða tungumála hann eigi að ná og hvort taka eigi upp norrænt táknmál í samninginn.

Þetta er mjög mikilvægt fyrir þann hóp sem á hér hlut að máli. Hér hefur mjög oft verið rætt um stöðu táknmálsins, um að fullgilda að setja það í stjórnarskrá sem tungumál heyrnarlausra. Um það næst ekki enn þá samstaða á Íslandi. Þess vegna er afskaplega mikilvægt hvaða veganesti íslenska ríkisstjórnin og væntanlega menntmrh. hefur gefið þessum hópi til að samþykkja að táknmálið fari í tungumálasamninginn.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég kem aftur í ræðustól til að ítreka það sem ég sagði áðan. Verksvið þessa starfshóps er mjög skýrt og klárt, þ.e. þeirra innan starfshópsins sem taka þátt í að ákveða nákvæmlega hvernig leggja skuli línurnar. Umboðið er víðtækt en í samræmi við þau markmið og það verksvið sem starfshópnum er ætlað að fara yfir.

[15:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég bið alla viðstadda að leggja á minnið þessi góðu orð. Umboðið er víðtækt. Það kemur ekkert fram um að vöflur séu á ríkisstjórninni með að samstaða náist um það í starfshópnum að táknmálið fari inn í tungumálasamninginn, að það standi á Íslandi varðandi þetta mál. Ég ætla því í lok máls míns að minna á formennskuáætlunina. Ein forsenda þess að lýðræðið sé virkt er að allir samfélagshópar eigi kost á að hafa raunveruleg áhrif í þjóðfélaginu. Miðað við feril þessa máls á Alþingi verð ég að segja að nú reynir á að orð og athafnir fari saman.

Gjaldtaka af umferðarmannvirkjum.

[15:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgrh. út af gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja. Um þetta hefur orðið nokkur umræða, m.a. fyrir kosningar, sérstaklega vegna gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum. Inn í málið hefur einnig blandast umræða um gjaldtöku fyrir önnur samgöngumannvirki, t.d. Sundabraut og fleiri samgöngumannvirki.

Hæstv. ráðherra hefur verið yfirlýsingaglaður varðandi lækkun kostnaðar í Hvalfjarðargöngum og afnám virðisaukaskatts eða lækkun á honum. Einnig lýsti ráðherrann því yfir á Alþingi, líklega 5. desember, að nefnd sem hann hefur skipað ætti upp úr áramótum, eins og hæstv. ráðherra sagði í ræðunni, að skila tillögu um stefnumörkun í gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja. Það er mjög brýnt að slík stefnumörkun verði til sem allra fyrst.

Það er verið að grafa jarðgöng á Austurlandi. Fyrirhugað er að grafa fleiri. Það þarf auðvitað að liggja fyrir stefnumörkun um hvernig eigi að standa að gjaldtöku fyrir samgöngumannvirki, eigi á annað borð á að gera það. Þar þarf að gæta hófs og jafnvægis milli landshluta.

Ég spyr því hæstv. samgrh. hvort það sé búið að rífa af dagatalinu í ráðuneytinu, hvort tíminn upp úr áramótum sé ekki kominn, hvort tillögur nefndarinnar liggi fyrir og hvað við eigum að fjalla um í framhaldi af vinnu hennar um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja af því tagi sem hér hafa verið nefnd.

[15:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm., að það er verið að fara yfir gjaldtökumál af samgöngumannvirkjum í ráðuneytinu. Það er einn af mjög mörgum þáttum sem við vinnum að sem tengjast endurskoðun á samgönguáætlun. Eins og lög gera ráð fyrir er unnið að endurskoðun á samgönguáætluninni, þ.e. fjögurra ára áætluninni. Gert er ráð fyrir því að endurskoðuð áætlun verði lögð fram á þingi næsta haust.

Hv. þm. er mikill áhugamaður um gjaldtöku og það er vel. Ég tel einsýnt að það verði að fara yfir þau mál, ekki síst vegna þess að þegar Hvalfjarðargöngin voru grafin var mörkuð mjög skýr stefna varðandi það að skapa þau skilyrði að einkaaðilar, hlutafélög eins og í því tilviki, gætu átt kost á að taka að sér slíkt verkefni. Þess vega er nauðsynlegt að stjórnvöld leggi línurnar fyrir það hvernig þetta verði gert til framtíðar.

Það liggur engin niðurstaða fyrir í þessu máli. Það er skiljanlegt að hv. þm. sé órólegur en engu að síður verður að tengja málið samgönguáætlunarvinnunni. Ég vona að áður en langt um líður muni heyrist meira af þeirri vinnu en frv. um það eða stefnumótun í því efni verður ekki lögð fyrir yfirstandandi þing heldur er þetta liður í endurskoðun á samgönguáætluninni.

[15:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með svör hæstv. ráðherra. Það var mjög skýrt hjá honum þann 5. desember að kynna ætti niðurstöður strax upp úr áramótum. Nú er talað um að hnoðast eigi með þetta allt saman þangað til samgönguáætlun liggur fyrir eða tillögur að henni.

Hæstv. ráðherra upplýsti ekki heldur hvar tillögur um lækkun á gjaldi í Hvalfjarðargöngum væru á vegi staddar. Hann hefur þó lýst yfir að hann ætli að beita sér fyrir þeirri lækkun. Er það meiningin að lækka gjöldin á næstunni, afnema virðisaukaskattinn eða lækka hann? Ég tel fulla ástæðu til að menn fái að sjá tillögur þessarar ágætu nefndar, sem hæstv. ráðherra nefndi, til að einhver umræða geti farið fram um málið á Alþingi áður en þingið fer heim. Væntanlega ætlar hæstv. ráðherra að vinna með þá umræðu í framhaldinu þannig að hægt sé að taka tillit til hennar við mótun tillagna um samgönguáætlun.

[15:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Þingmaðurinn talar eins og hann geri ráð fyrir að hægt sé með einni ákvörðun að fella niður gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum, þar sem tiltekið félag fékk leyfi til að leggja á gjald. Það er mikill misskilningur eins og hv. þm. veit mjög vel.

Það er hins vegar ljóst að ég hef verið mikill áhugamaður um að Spölur lækkaði þetta gjald. Til viðbótar hef ég lýst því yfir að þegar gengið verður í að lækka virðisaukaskattinn falli gjaldið þar undir lægra þrepið eins og að er stefnt. Þegar virðisaukaskatturinn verður lækkaður þá mun hann lækka á gjaldinu einnig. Ég hef sagt hv. þm. frá þessu. Hann er því ekki að heyra þetta í fyrsta skiptið.

Það er sem sagt á valdi hlutafélagsins Spalar að lækka gjaldið í Hvalfjarðargöngum.

[15:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kom fram í skýrslu nefndar sem hæstv. ráðherra skipaði að ýmsar leiðir væri hægt að fara til að lækka gjöldin í göngin, m.a. mætti yfirtaka hamfaratryggingu og hryðjuverkaárásartryggingu sem er á þessum göngum og fá þannig fram lækkun á gjaldinu fyrir að nota göngin. Eins liggur fyrir loforð um að virðisaukaskattur af gjaldinu verði felldur niður eða lækkaður.

Ég er auðvitað áhugamaður um að gjald af umferð um þessi göng verði lækkað en mér finnst hæstv. ráðherra, þó hann segist vera áhugamaður um það, ekki mjaka sér mjög hratt í málinu. Hinu hef ég svo enn meiri áhyggjur af, þ.e. að það gangi ekki nógu vel að koma framtíðarstefnumörkun hvað þessi málefni varðar á lappirnar. Það er nauðsynlegt að slík stefnumörkun liggi fyrir áður en menn opna umferð um næstu göng í landinu.

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það hefur ekki komið fram í ræðu hv. þm. hver afstaða hans er til að taka upp gjaldtöku af þessu tagi. Það væri mjög fróðlegt að heyra þótt það verði vart við þessa umræðu.

Ég tek undir það með hv. þm. hve mikilvægt er að við mörkum klára stefnu hvað þetta varðar. Það er einmitt það sem unnið er að um þessar mundir eins og fram kom í svari mínu áðan. Þegar nauðsynlegri undirbúningsvinnu er lokið verður að sjálfsögðu hægt að kynna þá vinnu fyrir þinginu. Ég geri ráð fyrir að þá verði hægt að gera grein fyrir málinu gagnvart hv. samgn.

Við þurfum að vanda okkur við þetta verk því að hér er um stórt mál að ræða. Ef við ætlum að taka upp gjaldtöku vegna notkunar á umferðarmannvirkjum verður eitt yfir alla að ganga. Það þarf þess vegna að undirbúa mjög vandlega og að því er unnið.

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 417, nál. 1182, brtt. 1183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]

Brtt. 1183 (tvær nýjar greinar, verða 1. og 2. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BrM, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, MF, RG, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GunnB, JBjarn, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Varðandi atkvæðagreiðsluna vil ég segja að sú breyting sem hér er verið að gera kemur í framhaldi af breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak sem búið er að afgreiða. Ég vil geta þess að þrátt fyrir að þar sé farið að tilmælum Evrópusambandsins þá höfum við búið við mjög gott fyrirkomulag hvað varðar innflutning og sölu á tóbaki.

Við afgreiðslu laga um verslun með áfengi og tóbak nefndi ég að við þurfum að varast innflutning á ódýru tóbaki. Við erum að fjalla um tóbaksgjald en breytingarnar bjóða upp á samkeppni og það býður hættunni heim þegar fleiri aðilar munu flytja inn tóbak. Umboðsaðilar verða innflytjendur og það sem ber að varast er að á markaðinn flæði ódýrt og verra tóbak en verið hefur hingað til.

1. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, StB, VS, ÞKG.
16 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BrM, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, MF, RG, VF, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GÁS, GunnB, JBjarn, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. síðari umr.

Stjtill., 479. mál. — Þskj. 729, nál. 1148 og 1202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS, ÞKG.
21 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BrM, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack) greiddi ekki atkv.
11 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GunnB, JBjarn, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:45]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess sögulega aðdraganda sem rakinn er í ítarlegu nál. fulltrúa Samf. í utanrmn. þar sem sýnt var með óhrekjandi rökum fram á að hrun stofnsins á sínum tíma mátti alfarið rekja til gríðarlegrar rányrkju Norðmanna á síldarseiðum og smásíld, einnig í ljósi ummæla utanrrh. 24. febrúar sl. þar sem hann gerði því skóna að hugsanlega mætti enn gefa eftir 3–5 þús. tonn af síldarkvóta Íslendinga til Norðmanna og í þriðja lagi í ljósi óvandaðra vinnubragða utanrrn. sem birtist í því að málið var ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en helmingurinn af samningstímanum var útrunninn verður ríkisstjórnin sjálf að bera ábyrgð á þessum vonda samningi. Því munu þingmenn Samf. ekki greiða atkvæði í málinu, heldur sitja hjá.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að óska eftir staðfestingu Alþingis á samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem unnið var eftir á sl. ári. Þessi samningur fól í sér afsal á veiði upp á 7.100 tonn sem eftirgjöf fyrir aðgang að norsku lögsögunni. Sú eftirgjöf stjórnvalda var afleit leið enda ganga nú Norðmenn á lagið með meiri kröfur. Eftirgjöf má ekki endurtaka sig.

Seinagangur stjórnvalda við að leggja mál milliríkjasamninga fyrir Alþingi er ámælisverður og við erum að fjalla um síldveiðisamning þegar óðum styttist í næstu síldarvertíð. Þá síldarvertíð þarf að framkvæma af miklum krafti af okkar hálfu og efla þannig samningsstöðu okkar. Við mótmælum því að samningar berist inn löngu eftir að þeir hafa verið framkvæmdir og greiðum ekki atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS, ÞKG.
21 þm. (ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BrM, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, VF, ÞBack) greiddi ekki atkv.
12 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHall, GunnB, JBjarn, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1253).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, frh. síðari umr.

Stjtill., 482. mál. — Þskj. 754, nál. 1147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[15:48]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um samning um veiðiheimildir milli Íslands og Færeyja í lögsögu beggja ríkja. Við erum hlynntir þessum samningi en sökum þess hvernig stjórnvöld draga á langinn staðfestingu hans og lítilsvirða þannig Alþingi er einnig rétt að vekja athygli á því að gerður var annar samningur fyrir fáum dögum sem við ættum frekar að fjalla um, við Færeyinga um veiðar á þessu fiskveiðiári. Slík slóðavinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru óvirðing við Alþingi. Við greiðum ekki atkvæði.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SP, StB, VF, VS, ÞKG.
6 þm. (GAK, GÖrl, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
11 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GunnB, JBjarn, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.

3 þm. (GAK, GÖrl, MÞH) greiddu ekki atkv.
13 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GunnB, HHj, JBjarn, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1254).

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, frh. síðari umr.

Stjtill., 612. mál. — Þskj. 920, nál. 1146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.
4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GunnB, JBjarn, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um loðnusamning sem framlengist sjálfkrafa miðað við 31. maí um eitt ár í senn. Samningnum þarf að segja upp með 6 mánaða fyrirvara eigi að segja honum upp, þ.e. fyrir 1. desember ár hvert.

Það er eins með þennan samning og þá aðra sem við höfum verið að greiða atkvæði um, hann er lagður fram löngu eftir að hann var gerður. Við teljum að það eigi að segja upp samningnum um loðnuveiðar við Norðmenn í ljósi þeirrar stöðu sem núna er í samningaviðræðum milli Íslendinga og Norðmanna varðandi síldina. Við munum ekki greiða þessum samningi atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞBack.
4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (AKG, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GunnB, JóhS, JBjarn, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1255).

Uppsögn af hálfu atvinnurakenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH og RG, 453. mál. — Þskj. 647.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Hugbúnaðarkerfi ríkisins.

[15:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ástæða þess að ég hef óskað eftir að eiga orðastað við hæstv. fjmrh. utan dagskrár er svar sem ég fékk frá hæstv. ráðherra um upptöku nýs hugbúnaðarkerfis. Af því svari er full ástæða til að draga þá ályktun að Alþingi hafi verið gefnar rangar og villandi upplýsingar á árinu 2001 og aftur á árinu 2002 þegar ákveðið var að endurnýja bókhalds- og starfsmannakerfi ríkisins.

Samkvæmt nýlegu svari fjmrh. til mín voru útgjöld ríkisins vegna þessa á árunum 2001–2003, þ.e. á þremur árum, samtals 1.535 millj. kr. Á þessu ári mun svo bætast við kostnaður upp á 300 millj. þannig að útgjöldin eru að nálgast 2 milljarða kr. en þegar Alþingi var fyrst kynnt málið á árinu 2001 er einungis gert ráð fyrir 160 millj. kr. framlagi til kaupa og aðlögunar á hugbúnaðarkerfi. Svo mikið klúður hefur líka verið á allri framkvæmdinni að enn er verið að reka tvö kerfi samtímis auk reksturs á nýju kerfi á þessu ári. Kostar um 96 millj. til viðbótar að reka gamla kerfið. Enginn veit hvort það stenst sem nú er áformað, að taka upp nýtt kerfi um nk. áramót og leggja af það gamla, auk þess sem ég heyri víða miklar efasemdir og áhyggjur í stjórnkerfinu um hvernig þetta kerfi muni standa sig.

Ég vil rökstyðja það nánar, hæstv. forseti, hvers vegna ég tel að Alþingi hafi verið gefnar rangar og villandi upplýsingar sem er mjög alvarlegt. Víða erlendis varðar það við lög um ráðherraábyrgð. Þegar áform um nýtt bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ráðuneyti og stofnanir þess var fyrst kynnt á fjárlögum ársins 2001 var einungis gert ráð fyrir 160 millj. kr. framlagi til kaupa og aðlögunar á nýju bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ráðuneyti og stofnanir þess, eins og það var orðað í greinargerð fjárlaganna. Síðan kom fram í greinargerð að ekki væri fyrirhugað að láta smíða nýtt bókhaldskerfi sérstaklega fyrir ríkisreksturinn, heldur yrði leitað eftir stöðluðum kerfum sem þegar eru fyrir hendi ásamt viðeigandi aðlögun í útboði á verkinu. Í engu var þess getið að hér væri einungis um brot af áætluðum útgjöldum að ræða vegna hugbúnaðarkerfisins og því var þingið látið standa í þeirri trú að um heildarútgjöld væri að ræða. Svo bregður við að þá þegar í fjáraukalögum þetta sama fjárlagaár, árið 2001, er leitað eftir 350 millj. kr. aukafjárveitingu til viðbótar 160 millj. í fjárlögum sama ár.

Í skýringum í fjáraukalögum kemur fram að samkvæmt samningi fjmrn. og Skýrr hf. sé kostnaður vegna nýs fjárhags- og starfsmannakerfis ríkisins um 819 millj. kr. Ekkert er getið um að fjárhæðin sé án virðisaukaskatts sem hækkað hefði fjárhæðina í rúman 1 milljarð og enn á ný látið líta svo út að um heildarkostnað sé að ræða.

Samkvæmt svari fjmrh. til mín svara áætluð útgjöld á árinu 2004 og heildarkostnaður við hugbúnaðarkerfið nær 1.900 millj., þ.e. rúmum milljarði umfram þann kostnað sem getið var um í fjáraukalögum árið 2001, langt yfir 100%. Ef miðað er við frá fjárlögum 2001 þegar áformin voru fyrst kynnt og einungis rætt um 160 millj. kr. kostnað stöndum við nú frammi fyrir tólffalt hærri fjárhæð, eða nálægt 2 milljörðum kr.

Fram kemur líka í svari hæstv. fjmrh. að það muni kosta um 200 millj. á ári að reka kerfið og til viðbótar þessum 200 millj. þurfi að gera ráð fyrir frekari þróun og uppsetningu á kerfinu. Það er meira en tvöfalt hærri fjárhæð en kostar að reka gamla kerfið. Bæði stofn- og rekstrarkostnaður virðist því hafa farið úr öllum böndum og vera langt frá því sem Alþingi var gerð grein fyrir. Þarna er greinilega ekki krafist sama aðhalds og sparnaðar og hjá sjúkrahúsum eða í velferðarkerfinu.

Það furðulega í svarinu er líka að fjmrn. viðurkennir að hafa blekkt þingið vísvitandi með röngum upplýsingum. Í svarinu kemur fram að við gerð fjárlaga fyrir árið 2001 hafi einungis verið sett fram fjárlagabeiðni sem byggðist á áætlun fjársviðsins um kostnað við innleiðingu kerfisins eða um 160 millj. en kostnaðurinn nú þegar er að verða nær 2 milljarðar eða tólffalt hærri fjárhæð en Alþingi var kynnt í upphafi. Skýringin sem borin er á borð fyrir þingið í svarinu er að það hafi verið gert vegna þess að fjárlög kæmu fram á undan útboði og því hafi ekki þótt rétt að upplýsa bjóðendur um hvað ríkið gerði ráð fyrir að kerfi mundi kosta. Með öðrum orðum var Alþingi vísvitandi blekkt og því voru gefnar rangar og villandi upplýsingar. Eftir því sem ég kemst næst hafa aldrei, hvorki þá né síðar, verið lagðar réttar kostnaðaráætlanir um verkið fyrir þingið og Alþingi ekki einu sinni gerð grein fyrir því rétta í stöðunni eftir að útboð fór fram og samningar voru gerðir á árinu 2001.

Ég sé ekki annað í þessari stöðu en að leita til Ríkisendurskoðunar og fá hana til að gera úttekt á öllu málinu frá byrjun, m.a. hvernig staðið var að upplýsingaskyldu til fjárveitingavaldsins um kostnað vegna þessa hugbúnaðarkerfis. Erlendis, t.d. í Danmörku, varðar það við lög um ráðherraábyrgð að veita þjóðþinginu rangar og villandi upplýsingar. Hér hefur ítrekað verið reynt að fá slíkt inn í lög um ráðherraábyrgð en ekki tekist. Ég mun því óska eftir því í framhaldi af þessari umræðu að málinu verði vísað til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er ekki hægt að vísa utandagskrárumræðu til Ríkisendurskoðunar.)

[15:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það væri auðvitað athyglisverð nýjung í þingstörfum að vísa utandagskrárumræðu út fyrir þingið. En ég hef verið að velta því fyrir mér, herra forseti, hvað fyrir hv. þingmanni hafi vakað með því að óska eftir utandagskrárumræðu um skriflegt svar sem liggur fyrir í þinginu. Þetta svar sem hefur verið útbýtt, svarar öllum spurningum um þetta mál. Það kemur á daginn að hér hefur verið ráðist í bráðnauðsynlega endurnýjun og endurgerð á fjárhags- og svokölluðum mannauðskerfum íslenska ríkisins þar sem ný kerfi koma í stað úreltra tölvukerfa. Þá má spyrja sig, í fyrsta lagi: Var þörf fyrir slíka breytingu? Svarið er tvímælalaust já. Það varð ekki hjá því komist og þá var farið út í að kaupa staðlað kerfi í stað þess að sérhanna kerfi fyrir ríkið eins og gert var í upphafi, fyrir 20 árum þegar þessi kerfi voru sett á laggirnar.

Í öðru lagi: Hvernig átti þá að gera þetta? Það var gert með útboði. Var eitthvað athugavert við þetta útboð? Nei, það var ekkert athugavert við það. Það var reyndar í fleiri en einu lagi. Það var kerfið sjálft og síðan voru það aðrir þættir sem því tengjast. Tvö stór fyrirtæki unnu þau útboð, hvort fyrirtæki um sig. Aðrir aðilar sem töldu hugsanlega á sér brotið létu reyna á það fyrir dómstólum, eins og eðlilegt getur talist ef menn telja á sér brotið, hvort svo hefði verið. Niðurstaða liggur fyrir í dómsmáli í því efni um að svo hafi ekki verið.

Þá má spyrja sig: Var þetta kannski of dýrt? Það kemur fram í svari mínu hér að kostnaður við þetta er innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur veitt. Alþingi hefur veitt í þetta heilmiklum upphæðum, vissulega, en heildarkostnaðurinn er minni en þeim nemur, eins og kemur fram í svarinu.

Hvað er þá að í þessu máli? Átti kannski ekkert að ráðast í það? Er það niðurstaða þingmannsins — sem væntanlega er álíka sérfróð um þetta og ég sem veit ekkert um tæknilega hlið málsins — að óþarft hafi verið að fara út í þessa endurnýjun? Væntanlega er niðurstaða þingmannsins að þetta hafi bara allt verið einhver vitleysa sem einhverjir tæknimenn hafi platað fjmrh. til að ráðast í.

Þannig er það ekki. Þessi kerfi sem eru orðin yfir 20 ára gömul, jafnvel 30 ára gömul, voru að hruni komin. Það var ekki um annað að ræða en að gera þetta. Í leiðinni fara fram heilmiklar umbætur. Það er miklu meira inni í þessum kerfum en var í þeim gömlu og það eru margs kyns nýjungar sem hægt er að fara út í með þessum kerfum. Hér er boðið upp á starfsmannakerfi, greiðslukerfi, áætlanakerfi, ferðareikningakerfi, verkbókhald, birgða- og innkaupakerfi, viðveru- og vaktakerfi og margt fleira sem við í þessum sal höfum aldrei heyrt nefnt. Það er vegna þess að verið er að taka í notkun fullkomnasta búnað sem völ er á í þessu efni og það er ekki verið að tjalda til einnar nætur. Þó að þetta séu háar upphæðir verða menn að sætta sig við að það kostar sitt að koma þessu á, innleiðingin, fjárfestingin, stofnkostnaðurinn. Vissulega er alveg hárrétt að þetta eru miklir peningar en Alþingi hefur samþykkt að veita fjármagn í þetta og það mun skila sér í bættum rekstri ríkisins og ríkisstofnana á komandi tíð.

Ég hafna því algjörlega, herra forseti, að ég hafi reitt fram á fyrri stigum þessa máls rangar og villandi upplýsingar til Alþingis vegna þessarar fjárfestingar. Ég tel það algjörlega rangt. Ég vísa líka á bug fullyrðingum þingmannsins um að nú sé mikið klúður í gangi vegna þess að tvö kerfi séu í gangi o.s.frv. Auðvitað tekur sinn tíma að innleiða nýja tækni og nýja þætti í svona starfsemi en það er verið að því núna og það gengur ágætlega. Auðvitað eru samt einhverjir barnasjúkdómar eins og alltaf er þegar svona lagað er á ferðinni.

Ef hv. þm. telur að framkoma mín í þessu máli og sú forusta sem fjmrn. hefur haft varði við lögin um ráðherraábyrgð skora ég á hana að fylgja því bara eftir og láta á það reyna. Ég hef ekkert við það að athuga, herra forseti, að Ríkisendurskoðun skoði þetta mál, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég tel það hins vegar óþarfa, eins og segir í svari mínu við fyrirspurn þingmannsins, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja í málinu að vera að óska eftir einhverri sérstakri athugun á þessu. Það er nákvæmlega ekkert við þetta að athuga en ef þingmaðurinn fer fram á það ætla ég ekki að leggjast gegn því, það er bara fínt.

[16:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ýmislegt í svari hæstv. fjmrh. við spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vekur athygli og það er eðlilegt að bera það saman við orðalag frá því að við fyrst

kynntumst þessu máli. Það var í fjárlagafrv. fyrir árið 2001 og þar segir, með leyfi forseta:

„Helsta breyting frá fjárlögum þessa árs er sú að gert er ráð fyrir 160 millj. kr. framlagi til kaupa og aðlögunar á nýju bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins."

Skýringuna á þessu orðalagi má finna í svari hæstv. ráðherra en þar segir, með leyfi forseta:

„Við gerð fjárlaga fyrir árið 2001 var sett fram fjárlagabeiðni sem byggðist á áætlun Fjársýslunnar um kostnað við innleiðingu. Þar sem fjárlög komu fram á undan útboði þótti ekki rétt að upplýsa bjóðendur um hvað ríkið gerði ráð fyrir að kerfið kostaði. Því var ákveðið að setja fram hógværa fjárhæð í fjárlögum."

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á orðalaginu „hógværa fjárhæð". Hógværa fjárhæðin var 160 millj. kr. Þegar kom að því að fjalla um fjáraukalög fyrir árið 2001 í fjáraukalagafrv. var hins vegar upplýst að kostnaðurinn hefði verið tæplega 820 millj. kr. Hógværa fjárhæðin hafði þar af leiðandi hækkað um rúmlega 400%. Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta sé venjulegt vinnulag við áætlanagerð hjá fjmrn. Það má nú eitthvað á milli vera þó að ekki skeiki um rúmlega 400% í tölum.

Þar að auki var í tví- eða þrígang í ferlinu áætlað fyrir kostnaði án þess að geta um virðisaukaskatt og verður það líka að teljast afar sérkennilegt.

[16:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þó að sú sem hér talar sé hvorki í fjárln. Alþingis né hafi sérstaka þekkingu á því máli sem hér um ræðir, þ.e. hugbúnaðarkerfum almennt fyrir svo stórt kerfi sem hér um ræðir, verð ég að segja að málflutningur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er afar sannfærandi varðandi það að Alþingi Íslendinga hafi ekki fengið nægilega haldgóðar upplýsingar í upphafi þessa máls. Hæstv. fjmrh. hefur ekki svarað þeim grundvallarspurningum sem hv. þm. leggur fyrir hann í ræðu sinni í upphafi þessarar umræðu.

Mér þykir skipta verulegu máli að við horfum á það að hér er um prinsippmál að ræða. Við erum að fjalla um það hvort stjórnvöld eigi að sjá fyrir gerðir sínar þegar um stórar fjárfestingar er að ræða eða hvort stjórnvöldum eigi að vera heimilt að auka kostnað við stórar framkvæmdir tólffalt án þess að Alþingi Íslendinga fái um það viðvörun eða sé upplýst um það nema bara í framhjáhlaupi, að því er virðist, meðan málið er afgreitt.

Ég verð að segja eins og er að ef það hefur verið látið í veðri vaka að heildarkostnaðurinn við þessa breytingu hafi átt að vera um 160 millj. í upphafi og við stöndum núna, örfáum árum síðar, frammi fyrir því að hann er 2 milljarðar finnst mér um verulega alvarlegt mál að ræða. Og mér finnst ekki óeðlilegt þó að máli af þessu tagi sé vísað til Ríkisendurskoðunar því að Alþingi Íslendinga hefur þó þá stofnun til að leita til þegar upp koma mál af þessu tagi. Hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. forseti Alþingis eiga að tala af léttúð um það að hv. þingmenn vilji vísa málum hér til Ríkisendurskoðunar til frekari skoðunar.

[16:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hef ekki talað af léttúð um það. Á hinn bóginn sagði ég einungis að það er ekki hægt að vísa umræðum utan dagskrár til Ríkisendurskoðunar. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingmann að hafa rétt eftir.

[16:07]

Helgi Hjörvar:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að taka málið hér upp og hæstv. fjmrh. fyrir svörin að svo miklu leyti sem það voru einhver svör. Ég hafði satt að segja hlakkað nokkuð til þeirrar umræðu sem hér færi fram vegna þess að mér hafði þótt forvitnilegt hvernig 160 millj. geta í meðförum ríkisins orðið að 1 milljarði og síðan að öðrum milljarði án þess að nokkur virðist bera ábyrgð á því eða þurfi að svara fyrir það. Mér fannst hæstv. fjmrh. fjalla með nokkuð ómálefnalegum hætti um þann vanda sem hér er. Hann taldi allt vera í besta lagi þó að leitt hafi verið í ljós að þinginu var talin trú um að hér væri um miklu minni kostnað að ræða en raun ber vitni. Auðvitað á það að vera hæstv. fjmrh. áhyggjuefni og okkur í fjárln. ekki síður.

Ég var ekki kjörinn hér á síðasta kjörtímabili þegar þetta mál var til umfjöllunar en mér virðist þó af stuttum störfum í fjárln. að þingið standi því miður allt of oft frammi fyrir orðnum hlut, frammi fyrir því að framkvæmdarvaldið fari fram úr sér og efni til kostnaðar sem verði árviss langt inn í framtíðina án þess að gerð hafi verið grein fyrir því með nægilega glöggum hætti fyrir fram og hægt að fjalla um það á vettvangi Alþingis nægilega skýrt þannig að ákvörðunin sé tekin af fjárveitingavaldinu en sé ekki orðinn hlutur í einhverju nefndarstarfi á vegum framkvæmdarvaldsins. Ég held þess vegna að það sé full ástæða til að Ríkisendurskoðun verði fengin til að fara yfir þetta stóra og vissulega mikilvæga mál sem ég dreg ekki í efa að starfsmenn framkvæmdarvaldsins hafi unnið að af heilindum af sinni hálfu og að útboðið hafi verið vel og réttilega framkvæmt. Ég held samt að það sé engum blöðum um það að fletta að ýmislegt megi læra af því hvernig 160 millj. urðu að tveimur milljörðum og að Ríkisendurskoðun kunni að vera best til þess fallin að kenna okkur eitthvað um hvernig það gerist og hvernig megi varna því að það gerist aftur.

[16:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég sat í morgun og reyndi að átta mig svolítið á þessu máli. Ég skildi í raun og veru ekki alveg hvað Samf. var að fara með því að efna til þessarar umræðu. Ég las í gegnum þessi svör og verð bara að segja í fullri hreinskilni að mér finnast svör hæstv. fjmrh. vera þokkalega sannfærandi.

Ég held að öllum ætti að hafa verið ljóst að 160 millj., ef það hefur verið nefnt í upphafi, er allt of lág tala. Hér er um að ræða mjög umfangsmikinn hugbúnað, það er alveg greinilegt af þessu svari, hugbúnað sem réttilega, eins og hæstv. fjmrh. benti á, leysir af eldgamlan og úr sér genginn hugbúnað sem hafði verið í gildi í ein 20 ár. Hér er verið að fjárfesta í nýjum búnaði fyrir hið opinbera, búnaði sem á að endast í a.m.k. tíu ár og sennilega gott betur. 160 millj. kr. tala fyrir slíkan búnað er út í bláinn. Þó að ég hafi ekki mikið vit á tölvum eða þeim pakka sem var verið að bjóða út hefði ég a.m.k. brugðist við og talið að þetta væri allt of lág tala.

Ég var ekki á þingi þegar málið var til umfjöllunar en hefði ég verið það hefði ég alveg örugglega staldrað við og einmitt gert athugasemd um það að þetta væri allt of lág tala. Mér finnst, eins og ég sagði áðan, svar hæstv. fjmrh. bara nokkuð sannfærandi og get ekki séð að það hafi verið staðið neitt svo hræðilega illa að þessu. Tveir milljarðar eru að sjálfsögðu há tala en það verður bara svo að vera. Hér er

ekki verið að tjalda til einnar nætur, hér er verið að fjárfesta í kerfi sem á að vara í a.m.k. tíu ár, sennilega 20.

[16:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi fram hjá mér að ég var ekki að bera á móti að hér gæti verið um bráðnauðsynlega framkvæmd að ræða eða að þörf væri fyrir þessa breytingu. Það sem ég er fyrst og fremst að gagnrýna er hvernig staðið var að málinu, hvernig það var kynnt fyrir Alþingi þannig að Alþingi var greinilega blekkt. Ég held að það sé alveg ljóst.

Ráðherra vísaði því á bug með engum rökum þegar hann þvertók fyrir að Alþingi hefði verið blekkt, að Alþingi hefðu verið gefnar rangar og villandi upplýsingar. Staðreynd málsins er samt sú að Alþingi var kynnt að kerfið kostaði 160 millj. en þessi framkvæmd er komin í næstum 2 milljarða.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Var aldrei ástæða á neinum stigum málsins frá árinu 2001 að leggja kostnaðaráætlanir fyrir þingið, þó að það væri ekki nema fyrir fjárln., t.d. þegar samningurinn við Skýrr lá fyrir? Það er ekki boðlegt að halda því fram að vegna þess að útboð hafi átt eftir að fara fram væri ekki hægt að gera Alþingi grein fyrir áætluðum kostnaði í þessu sambandi, eða a.m.k. fjárln.

Ég tel því fulla ástæðu til þess að eftir þeim leiðum sem við þingmenn höfum verði óskað eftir því að Ríkisendurskoðun fari ofan í málið og skoði það gaumgæfilega, m.a. hvernig staðið var að því að kynna það fyrir Alþingi. Ég tel það til vansa og bera vott um þá lítilsvirðingu sem framkvæmdarvaldið sýnir oft Alþingi.

Ráðherrann segir að ef þetta varði við lög um ráðherraábyrgð geti ég bara skoðað það og látið á það reyna. Ég hef ítrekað reynt að koma því inn í þá löggjöf að það varði við lög um ráðherraábyrgð ef ráðherra veitir Alþingi rangar og villandi upplýsingar. Ég hefði svo sannarlega látið á það reyna ef það ákvæði hefði verið komið inn í þau lög. Það er í dönsku lögunum og full ástæða er til að við setjum það inn í okkar ráðherralög líka vegna þess að það kemur aftur og aftur fyrir að framkvæmdarvaldið og ráðherrar veiti Alþingi rangar og villandi upplýsingar eins og gert var í þessu tilviki.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég held að það sé nú upplýst hvað er á ferðinni í þessu máli, í þessari umræðu. Hér er, eina ferðina enn, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að gera úlfalda úr mýflugu. Hér er talað eins og það hafi verið gefið í skyn árið 2001 að 160 millj. kr. upphafsfjárveiting væri heildarfjárveitingin sem þyrfti til málsins og síðan þyrfti ekkert að koma frekar að málinu. Þetta er auðvitað algjört rugl, herra forseti.

Hér kemur skýrt fram í svari mínu að Alþingi sjálft, við sem sitjum í þessum sal, hafði veitt til þessa verks til ársloka 2003 1.585 millj. kr. en kostnaðurinn var 1.536 millj. Það munar þarna þó nokkrum milljónum, 49 millj., sem fjárveitingaheimildirnar eru meiri en þær sem varið hefur verið í þetta verk til síðustu áramóta. Spurning mín út af þessu máli er náttúrlega óbreytt: Hvað verður til þess að hér er reynt að gera úlfalda úr mýflugu? Hvers vegna hafa þá hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og þeir sem hér hafa talað með henni sofið á þessari vakt undanfarin 4–5 ár og bara ekki tekið eftir þessu? Var þetta ekki fjárlagafrv. fyrir 2001? Var það ekki lagt hér fram á haustmánuðum árið 2000? Er ekki búið að vera að vinna í málinu samfellt síðan? Og það er verið að taka þessi kerfi í notkun núna og það á að vera búið að innleiða allt kerfið seinna á þessu ári. Hvar voruð þið þá þegar Róm brann ef þetta ástand er eins skelfilegt og þið haldið fram? Hvernig stendur á því að (Gripið fram í.) þetta mál er tekið upp mörgum árum eftir að um það er gerður samningur og þetta hefur legið hér fyrir í fjárlögum og fjáraukalögum árum saman?

(**Forseti** (HBl): Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að hann beini orðum sínum til forseta.)

Ég biðst afsökunar, forseti góður.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 785. mál (íbúðabréf). — Þskj. 1196.

[16:17]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frumvarpið felur í sér breytingar á fyrirkomulagi lánveitinga Íbúðalánasjóðs sem munu leiða til einfaldari lánveitinga, lægri vaxtakostnaðar og minni óvissu um verðmyndun fjármögnunarbréfa Íbúðalánasjóðs á markaði.

Markmið frv. er að tryggja landsmönnum hagkvæmari húsnæðislán í gegnum Íbúðalánasjóð með ódýrari fjármögnun á almennum verðbréfamarkaði. Þessu markmiði á að ná með stækkun skuldabréfaflokka og einföldun bréfanna frá því sem nú er. Þá mun Íbúðalánasjóður veita peningalán verði frv. að lögum en afla fjár til þeirra lánveitinga með útgáfu íbúðabréfa á markaði. Endurskipulagning þessi eykur hagkvæmni fjármögnunar, sníður af helstu agnúa sem eru á núverandi skuldabréfaútgáfu og skapar grundvöll fyrir traustri verðmyndun fjármögnunarbréfa á verðbréfamarkaði.

Í frv. er samt á engan hátt hvikað frá markmiðum gildandi laga um að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu, og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Hæstv. forseti. Í þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar er byggt á þeirri grunnhugsun sem var að baki húsbréfakerfinu þrátt fyrir að skipti á húsbréfum verði lögð af. Húsbréfakerfið hefur þjónað okkur vel og var á sínum tíma snjöll lausn á því vandamáli sem hafði skapast á fasteignamarkaði vegna viðvarandi skorts á fjármagni á afar vanþroskuðum fjármálamarkaði þess tíma. Minna má á að húsbréfakerfið var sett á laggirnar fyrir tíma kauphallarviðskipta og frjálsra fjármagnsflutninga milli landa. Síðan þá hafa allar aðstæður á verðbréfamarkaði breyst og verðmyndun verðbréfa með ríkisábyrgð orðið mjög stöðug. Það er ekki síst að þakka húsbréfakerfinu sem gegnt hefur lykilhlutverki í að skapa virkan verðbréfamarkað á Íslandi. Við þessar aðstæður er því eðlilegt að stíga næsta skrefið í þróuninni, byggja á ávinningi húsbréfakerfisins, en eyða því óhagræði sem skipti á húsbréfum og fasteignaveðbréfum valda kaupendum íbúðarhúsnæðis.

Erlendir fjárfestar eru orðnir mikilvægir þátttakendur á íslenskum fjármálamarkaði. Það má ætla að nú sé ekki minna en 15% hús- og húsnæðisbréfa í beinni eða óbeinni eigu þeirra. Innkoma þeirra á íslenskan markað undanfarin missiri hefur leitt til verulegrar lækkunar á ávöxtunarkröfu

bréfanna á eftirmarkaði, enda gera þessir aðilar aðrar og lægri kröfur um ávöxtun en innlendir kaupendur skuldabréfa.

Þessi lækkun ávöxtunarkröfu húsbréfa hefur hins vegar ekki skilað sér í lægri vöxtum til þeirra sem kaupa og byggja íbúðarhúsnæði, m.a. vegna núverandi fyrirkomulags húsbréfakerfisins þar sem vextir til lántakenda eru fyrir fram ákveðnir og lægri ávöxtunarkrafa skilar sér því eingöngu til seljenda. Þessu er ætlunin að breyta með frv. og í framtíðinni verða það því fjölskyldurnar í landinu sem munu njóta lægra vaxtastigs vegna aukinnar eftirspurnar eftir fjármögnunarbréfum Íbúðalánasjóðs.

Til að ná þessu markmiði munu íbúðakaupendur fá íbúðalán greidd út í peningum og áhrif affalla við sölu húsbréfa verða þar með úr sögunni. Lánin munu bera vexti í samræmi við ávöxtunarkröfu á markaði hverju sinni og ávinningur af aukinni eftirspurn bréfa Íbúðalánasjóðs á markaði mun því gagnast lántakendum með beinum hætti.

Hæstv. forseti. Það er ljóst að áhugi erlendra fjárfesta á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs er mikill en vegna núverandi forms húsbréfanna hafa þeir samt sem áður fjárfest í bréfunum í minna mæli en búast má við. Þar skiptir mestu útdráttarheimild Íbúðalánasjóðs á húsbréfum.

Fjármálaráðherra skipaði árið 2001 nefnd til að gera tillögur um úrbætur á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs til að bæta verðmyndun bréfanna og skilaði hún skýrslu í október 2003. Í samræmi við þær tillögur er lagt til í frv. að útdráttarákvæði þau sem nú eru á húsbréfunum verði afnumin og að skuldabréfaskiptafyrirkomulagið sem nú er í húsbréfinu verði lagt niður.

Þess má geta, hæstv. forseti, að í Danmörku hafa nýlega verið boðaðar áþekkar breytingar á danska húsbréfakerfinu sem verið hefur við lýði í 130 ár og var fyrirmynd íslenska húsbréfakerfisins. Ástæða þess er sú að dregið hefur úr samkeppnishæfni bréfanna á evrópskum skuldabréfamarkaði.

Í stað þess að Íbúðalánasjóður afhendi lántakendum markaðsverðbréf í skiptum fyrir fasteignaveðbréf eins og nú tíðkast í húsbréfakerfinu munu íbúðabréf verða boðin út á markaði og lántakendur fá andvirði veðbréfsins greitt út í peningum. Stefnt er að því að íbúðabréf verði gefin út í fáum, stórum flokkum sem verði opnir allan líftímann og því markaðshæfir á alþjóðlegum markaði. Kjör íbúðalána munu ráðast af fjármagnskostnaði Íbúðalánasjóðs í heild, þ.e. annars vegar vaxtakjörum sem ráðast af niðurstöðu útboðs íbúðabréfa og hins vegar fjármagnskostnaði vegna uppgreiðslna fjármögnunarbréfa Íbúðalánasjóðs. Vaxtaákvörðun mun byggja á þessum tveimur þáttum. Að auki kemur álag vegna afskrifta og kostnaðar við fjáröflun sjóðsins með sama hætti og nú er við lánveitingar Íbúðalánasjóðs og sölu hans á húsnæðisbréfum.

Þetta nýja fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að vextir af útlánum Íbúðalánasjóðs verði ákvarðaðir eftir hvert útboð og endurspegli því kjör á fjármagnsmarkaði á hverjum tíma. Þessi aðferð felur í sér að lántaki veit þegar lán er tekið hvers má vænta um vaxtakjör út líftíma lánsins.

Þess er vænst að þessar breytingar hafi í för með sér enn lægri ávöxtunarkröfur til bréfa Íbúðalánasjóðs á markaði en nú þegar er raunin. Ef horft er til ávöxtunarkröfu húsnæðisbréfa á fjármálamarkaði að undanförnu má ætla að vextir almennra húsnæðislána Íbúðalánasjóðs hefðu undanfarna mánuði getað verið á bilinu 4,3–4,8% í stað 5,1% ef hið nýja fyrirkomulag hefði verið komið til framkvæmda.

Tillögur frv. miða því að því að skapa forsendur fyrir a.m.k. óbreyttri ávöxtunarkröfu frá því sem nú er og helst umtalsverðri lækkun. Erfitt er hins vegar að fullyrða af nákvæmni um hvert vaxtastig íbúðalána verður þegar þessar breytingar eru um garð gengnar en það er bjargföst trú mín, hæstv. forseti, að þær skapi forsendur fyrir vaxtastigi sem sé áþekkt því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Til að flýta fyrir að íbúðabréf verði markaðshæf verður eigendum hús- og húsnæðisbréfa boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf og haldin verða skiptiútboð. Unnið er að útfærslu skiptiútboðs og verður hún kynnt fljótlega. Gert er ráð fyrir því í frv. að það taki gildi 1. júlí 2004 en að útboð á íbúðabréfum hefjist strax í kjölfar þess að frv. verði afgreitt sem lög frá Alþingi.

Hæstv. forseti. Það fyrirkomulag á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem lagt er til í fyrirliggjandi frv. mun styðja við þá þróun sem verið hefur að undanförnu á fjármagnsmarkaði og leitt hefur til lægri ávöxtunarkröfu húsbréfa. Tilgangur þess er að tryggja að sú þróun skili sér til fjölskyldnanna í landinu í formi lægri vaxta á húsnæðislánum. Einnig er vonast til þess að með breytingunni verði brotin leið fyrir enn frekari lækkun útlánavaxta á íbúðalánum og þá vonandi einnig fyrir almennri lækkun vaxta á íslenskum skuldabréfamarkaði. Ef það tekst er það stór áfangi fyrir heimilin í landinu og raunar atvinnulífið einnig og mun styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[16:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við í þingflokki Frjálsl. teljum þessar breytingar á löggjöfinni um húsnæðismál almennt mjög jákvæðar. Þó þarf að koma vissum hlutum á hreint áður en hægt verður að leggja endanlegan dóm á hvernig til tekst, sérstaklega fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Meginspurningin er nú: Hvert verður þakið á hámarkslánum? Talað hefur verið um að verði þakið hækkað mjög mikið muni það valda þensluáhrifum. Ríkisstjórnin hefur boðað 90% lán af verðgildi eigna og þá er nauðsynlegt að fá upp — lögin taka gildi 1. júlí þannig að menn hafa örugglega gert sér í hugarlund hversu há lánin eiga að vera — hver upphæðin verður þegar verið er að meta áhrif þessarar löggjafar. Hæstv. félmrh. hlýtur að hafa einhverjar hugmyndir um hvert þakið verður á hámarkslánunum.

[16:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir þann almenna stuðning við málið sem fólst í orðum hans. Hins vegar er í þessu máli ekki verið að fjalla um neina breytingu á hámarkslánunum. Þetta frv. tekur ekki til þess þáttar, heldur er þarna eingöngu verið að fjalla um breytingu á fyrirkomulagi við fjármögnun húsnæðislánanna úr því að byggja á húsbréfakerfi yfir í að fara yfir í þetta íbúðabréfakerfi sem byggir þá á beinum peningalánum. Frv. kemur hins vegar ekki að hámarki lánanna sem nú hefur verið skilgreint sem svo að af notuðu húsnæði er það 9,2 millj. en af nýjum íbúðum er það 9,7 millj. Þetta mál, hæstv. forseti, tekur sem sé ekki til neinna breytinga í þeim efnum.

[16:28]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einnig væri fróðlegt að fá að heyra mat hæstv. ráðherra varðandi 17. gr. Þar kemur fram að Íbúðalánasjóður geti áskilið sér rétt til vaxtaálags til að mæta rekstrarkostnaði og einnig kostnaði sem getur orðið vegna þess að ef við fáum lægri vexti út úr þessum útboðum sem vonast er til og eru talsverðar líkur til verður ákveðin tilhneiging hjá lántakendum til að endurfjármagna eldri lán. Fólk vill náttúrlega geta endurfjármagnað lán sem bera hærri vexti. Það mun örugglega tefja það að íbúðakaupendur fái strax lægri vexti með lánunum. Það væri fróðlegt að fá að heyra í máli hæstv. ráðherra hvernig hann sjái fyrir sér þá þróun. Munu margir íbúðakaupendur fara í að endurfjármagna lán sín? Mun það þá ekki verða til þess að vextir lækki strax? Hvernig verður þróunin?

Sérfræðingar Íbúðalánasjóðs hafa eflaust reynt að gera sér grein fyrir þessu. Einnig hljóta menn að hafa séð fyrir sér að einhverju marki þróun hámarkslánanna. Ég tel nauðsynlegt að fá að heyra það í máli hæstv. ráðherra. Ég skora á hann enn á ný að koma fram með hvernig hann sjái fyrir sér að hámarkslánin verði.

[16:29]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem áður kom fram í máli mínu að þetta mál tekur ekki til hámarkslána sjóðsins. Ég reikna með að hv. þm. sé að vísa til þess sem ríkisstjórnin hefur boðað að sé á stefnuskrá hennar, að hækka hámarkslánin og hækka lánshlutfallið líka. Það mál er til sérstakrar skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA og verður fjallað um það á Alþingi þegar niðurstaða stofnunarinnar liggur fyrir. Ég mun leggja fram frv. hér á Alþingi vegna þess máls en það er annað mál og varðar ekki þetta.

Hvað varðar vaxtaákvörðunina er gert ráð fyrir að hún myndist í fyrsta lagi af þeim kjörum sem ráðast í útboði á markaði, í öðru lagi af því uppgreiðsluálagi sem gert er ráð fyrir að dreift verði á lántakendurna, og ekki liggur fyrir nákvæmlega hvert gæti orðið, og í þriðja lagi af rekstrarkostnaði sjóðsins, rétt eins og er núna, og af afskriftaþörfinni, enn fremur eins og nú er. Þannig mundi vaxtaákvörðunin skapast.

Það er hins vegar ógerningur, hæstv. forseti, að spá fyrir um það nákvæmlega hver líkleg þróun vaxta verður í þessu kerfi. Þó er allt sem bendir til þess, allar forsendur, að vextir af húsnæðislánum fari í kjölfar þessara breytinga lækkandi og þá um leið vonandi almennt af vöxtum á lánamarkaði okkar.

[16:31]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska eftir frekari upplýsingum við upphaf þessa máls. Ég vil taka fram að ef af þessum breytingum verður og það rætist að vextir af íbúðalánum lækki þá er það af hinu góða. Það skiptir m.a. máli í þessu sambandi.

Ég vildi fá upplýsingar varðandi Íbúðalánasjóð og það fyrirkomulag sem við höfum í dag, ákveðna stjórnsýslu sem heldur utan um lán til íbúðakaupa. Nú á að fella niður húsbréfin sem verið hafa og færa greiðslurnar yfir í beinar peningagreiðslur. Ég vil fá svör frá hæstv. ráðherra varðandi Íbúðalánasjóðinn: Er það á stefnuskrá hæstv. ríkisstjórnar og ráðherra að halda Íbúðalánasjóðnum áfram og því fyrirkomulagi, eða er þetta undanfari og undirbúningur þess að koma lánveitingum til íbúðakaupa yfir í bankakerfið?

[16:33]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir spurningar hennar og þann stuðning við málið sem ég taldi felast í ræðu hennar.

Ég vil svara því skýrt að það er ekkert í þessu máli sem hér er til umfjöllunar sem lýtur að því að gera breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs, alls ekki. Ég vil, með leyfi forseta, vitna til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 23. maí. Þar segir orðrétt:

„Að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki."

Þarna kemur fram sú stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í stefnuyfirlýsingunni, að við höldum áfram húsnæðislánakerfi okkar innan vébanda Íbúðalánasjóðs. Það mál sem hér er til umfjöllunar gerir alls ekki ráð fyrir neinni breytingu þar á. Þvert á móti er gert ráð fyrir að við viðhöldum í grunninn því kerfi sem við höfum byggt upp með ágætum árangri.

[16:34]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er ekki á hverjum degi sem ég get lýst stuðningi við að þættir stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar haldi. Það er ekki oft sem maður getur lýst því yfir en ég geri það nú. Vissulega stendur ekkert um hugsanlegar breytingar hvað varðar Íbúðalánasjóðinn í frv. Mér fannst mikilvægt að hafa skjalfest hvort þetta væri undirbúningur að því að færa kerfið yfir í bankakerfið. Maður heyrir þær raddir og kröfur frá mörgum að þeir telji eðlilegt að bankakerfið sjái um þessi lán og sé fullfært um það. Fari svo er ég hrædd um að markmið hæstv. ríkisstjórnar og ráðherra um að lækka vexti með þessu fyrirkomulagi muni ekki standast.

[16:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Gallinn við íbúðakaup hefur verið sá að þau eru ekki rétt, þ.e. seljandinn hefur verið látinn bera afföllin af húsbréfunum í staðinn fyrir kaupandann. Það hefur leitt til alls konar vandræða í gegnum tíðina. Það kom bersýnilega í ljós þegar gengið á húsbréfum fór upp fyrir nafnverð því að þá gat kaupandinn að sjálfsögðu farið og selt húsbréfin og borgað með staðgreiðslu.

En þetta er aukavandamál. Það sem við glímum við er alltaf sá vandi ef sá sem tekur lán má greiða upp lánið en sá sem fjármagnar lánið með skuldabréfaútgáfu, þ.e. Íbúðalánasjóður eða einhver annar, þarf að geta mætt því þegar of margir greiða upp vegna þess að vextir hafa lækkað.

Í húsbréfum var þetta gert þannig að það mátti fara fram aukaútdráttur á húsbréfum ef of margir greiddu upp húsbréfin, t.d. þegar vextir lækkuðu. Ef vextir á markaði lækkuðu umtalsvert niður fyrir ávöxtunarkröfuna á húsbréfunum þá borgaði sig fyrir fólk að greiða upp lánin sín til að taka ný lán. Þarna er þó um ákveðinn þröskuld að ræða, þ.e. vextir þurfa að vera töluvert lægri vegna stimpilgjalda og lántökukostnaðar o.s.frv.

Þessi vandi, sem er nánast óleysanlegur, er ekki leystur í frv. Gert er ráð fyrir að skuldabréfin sem eru seld verði með

óbreytanlegum vöxtum. Þau eru seld á ákveðnum degi með ákveðinni ávöxtunarkröfu og þar með er búið að negla niður vextina til framtíðar. Síðan er heimilt að setja á ákveðið álag, vaxtaálag, sem Íbúðalánasjóður getur bætt ofan á til að mæta þessari vaxtaáhættu, þ.e. ef vextirnir skyldu nú lækka og íbúðakaupendur færu að greiða upp lánin í stórum stíl. En það er hætt við því að það álag geti orðið allt of lágt ef um er að ræða umtalsverða vaxtalækkun á markaði, segjum 2–3%, ef vextir færu niður í það sem er í löndunum í kringum okkur þar sem raunvextir eru kannski 2–3%. Þá getur þetta orðið óskaplegur baggi fyrir ríkissjóð og ég vara við því. Ríkissjóður er með ábyrgð á þessum bréfum en hefur enga útgönguleið ef vextir lækka mjög mikið. Það getur orðið mjög þungbært fyrir ríkissjóð.

Ég vildi eingöngu koma upp til að benda á þetta. Við erum að reyna að leysa óleysanlegt vandamál sem felst í því að skuldarinn má greiða upp.

Annað ráð við því væri hreinlega að skuldarinn mætti ekki greiða upp nema taka á sig afföllin, sem hann þá yfirleitt réði ekki við. Það mundi þýða að ákvörðun um að taka lán væri mjög mikil ákvörðun, menn væru þá að negla niður vexti sem þeir þyrftu að borga í 40 ár eða hver sem lánstíminn er.

Þarna verður ekki haldið og sleppt. Menn þurfa að átta sig á þessu og ganga með galopin augun af því að þeir eru að taka á sig mjög mikla skuldbindingu fyrir ríkissjóð og ég vara við því.

[16:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Þegar miklar breytingar eru gerðar á húsnæðislöggjöfinni á meginmarkmiðið að vera það að þær breytingar tryggi betur hag íbúðakaupenda og íbúðaseljenda. Þó að húsbréfakerfinu hafi verið komið á í minni tíð sem félmrh. á auðvitað að breyta því og leggja það niður ef sýnt er fram á að það tryggi betur hag íbúðakaupenda og íbúðaseljanda. Afstaða mín til þessa máls mun fyrst og fremst ráðast af því hvort ég tel ástæðu til að ætla að svo verði.

Það er ástæða til að velta fyrir sér hverra hag er verið að tryggja með þessari umbyltingu á húsnæðismálum og hvort hún hafi verið nauðsynleg. Í mínum huga hefur þeirri spurningu alls ekki verið svarað þótt vel megi vera að það verði gert í umfjöllun félmn. um málið. Við höfum of oft farið í gegnum breytingar á húsnæðislöggjöfinni með slæmum afleiðingum fyrir íbúðakaupendur og íbúðaseljendur. Ég nefni þar 86-kerfið, þetta svokallaða biðraðakerfi. Ég nefni líka niðurlagningu á félagslega íbúðakerfinu sem leiddi til verðsprengingar, bæði á eigna- og leigumarkaðnum. Auðvitað væri hægt að hafa langt mál um það.

Það er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra, í upphafi míns máls, hvort ekki hafi verið neitt að marka hæstv. ráðherra fyrst þegar hann settist í stól félmrh. Hann sagði, með leyfi forseta, og þá var hann að ræða um að hækka lánshlutfallið í 90%:

„Ég ætla mér að setja þessa vinnu af stað núna svo að við verðum komin með nokkuð góða áætlun um framkvæmd þessara tillagna þegar Alþingi kemur saman í haust."

Hæstv. forseti. Hvar er áætlun ráðherrans um að hækka 90% lán? Í Morgunblaðinu var sett fram framkvæmdaáætlun og 1. des. 2003 átti lánshlutfallið að fara allt að 70% og hámarkslánin að hækka í 10 millj. kr. 1. maí 2004, eða eftir rúman mánuð, átti lánshlutfallið að fara í 75% og hámarkslánin að hækka í 12 millj. kr. Hvar eru þessar áætlanir, hæstv. forseti? Við erum einungis að fjalla um breytingar fjmrn. á löggjöfinni en ekki það sem hæstv. ráðherra hefur lofað.

Ég held að flestir hafi átt von á að ráðherrann mundi standa við orð sín en það er ekki að sjá að svo verði, eins og ráðherrann a.m.k. lagði málið upp þegar hann settist í stól ráðherra.

Ég spyr líka, eins og ASÍ hefur kallað eftir: Hvenær er að vænta aðgerða fyrir leigjendur? Ég tel það brýnna mál heldur en það sem við erum að fjalla um hér. Biðlistarnir eru orðnir mjög langir, á annað þúsund bíður eftir leiguíbúðum og leigukjörin eru að sliga leigjendur. Eina sem við sjáum um það í skýrslunni sem fylgir með í frv. er að sú nefnd sem fjallaði um breytinguna sem hér er verið að gera vill greinilega hætta niðurgreiðslu á lánum til leiguíbúða. Hvert á þá að vísa niðurgreiðslunni? Á sveitarfélögin og hækkun húsaleigubóta. Það er hið eina sem við sjáum um þetta. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um hver staðan er núna í ráðuneyti hans. Hvar eru tillögurnar til að bæta stöðu leigjenda?

Það eina sem leigjendur hafa séð á umliðnum mánuðum, fyrir utan það að hætt var að skattleggja húsaleigubæturnar, er hækkun á vöxtum á leiguíbúðum. Ég tel að þar hafi verið stigið afar slæmt skref, að hækka vexti á leiguíbúðum úr 1% í allt að 4,9%. Ég sé ekki betur en að verið sé að boða að setja leiguíbúðirnar á markaðskjör.

Í upphafi þessarar umfjöllunar um frv. er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann telji það ekki móðgun við þingið — málið er í höndum þingsins en ekki ráðherra — að í ákvæði til bráðabirgða skuli gert ráð fyrir að heimilt verði að hefja útgáfu og sölu íbúðarbréfa 15. apríl eða eftir hálfan mánuð. Þingið er rétt að byrja að fjalla um málið. Ætlast ráðherrann virkilega til að þetta frv. verði orðið að lögum eftir hálfan mánuð?

Bankarnir hafa fagnað mjög þeirri kerfisbreytingu sem boðuð er, að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp peningalán, enda gengur breytingin mjög í átt til þess sem bankarnir hafa sjálfir lagt til. Það er líka ljóst að breytingarnar munu auðvelda það, þó ekki sé verið að leggja það til núna, að setja íbúðalánakerfið í bankana eins og bankarnir vilja. Og þó því sé alfarið neitað af hæstv. félmrh. að tilgangurinn með kerfisbreytingunni sé að auðvelda það að flytja íbúðalánakerfið í bankana minnir þetta óneitanlega á fyrri tíma þegar því var alltaf alfarið neitað þegar verið var að hlutafélagavæða bankana, að verið væri bara að hlutafélagavæða þá, ekki selja þá. Þannig var hlutafélagavæðingunni komið inn varðandi bankana. Spá mín er sú að eftir að kerfisbreytingin er gengin í gegn muni ekki mjög langur tími líða þar til kerfið verður einkavætt og sett inn í bankana. Svo geta menn haft á því skoðanir hvort það er til góðs eða ills.

Tilgangurinn með breytingunni er sagður vera að auka hagkvæmni fjármögnunar og skapa grundvöll fyrir trausta verðmyndun á frum- og eftirmarkaði. Það má vel vera að breytingin liði fyrir að hægt sé að mynda betri grunn með nýju fyrirkomulagi, verðmyndun verðtryggðra skuldabréfa, en ég held að meira sé úr því gert en efni standa til. Ef menn eru að hugsa um erlenda fjárfesta tel ég að verðtryggingin sem við búum við sé ekki síður þröskuldur í vegi fyrir að erlendir fjárfestar komi inn í miklum mæli með kaup á húsbréfum eða íbúðabréfum heldur en útdráttarfyrirkomulagið sem menn telja helsta ókostinn í húsbréfakerfinu.

Það er ekki síður hægt að koma stórum flokkum húsbréfa á markað, eins og íbúðabréfum, sem hefur veruleg áhrif á

verðmyndun bréfanna. Ég minni á að eftir að stórir flokkar húsbréfa voru teknir upp og eftir að helstu flokkar húsbréfa voru rafskráðir hafa húsbréfin lagað sig vel að markaðnum og vandamálið varðandi útdráttarfyrirkomulagið hefur minnkað verulega.

Erlendir fjárfestar hafa á síðustu tveimur til þremur árum sýnt húsbréfunum mikinn og vaxandi áhuga sem m.a. hefur leitt til yfirverðs á húsbréfum og ekkert hægt að fullyrða um að áhugi þeirra verði meiri varðandi íbúðabréfin en húsbréfin, ef þau hefðu áfram verið á markaði. Í því sambandi vil ég minna á að heildarskuldir Íbúðalánasjóðs sl. áramót í hús- og húsnæðisbréfum voru um 411 milljarðar kr., þar af um 311 milljarðar kr. í húsbréfum. Talið er að erlendir fjárfestar eigi um 100 milljarða kr. af þessum 311 milljörðum kr., eða um þriðjung, en mest voru kaup erlendu fjárfestanna á húsbréfunum á sl. ári. Það er einmitt tilgangurinn, að aðlaga skuldabréfaútgáfuna með þeim hætti að erlendir fjárfestar hafi frekar áhuga á kaupum, en ég rifja upp að þeir hafa á sl. tveimur árum eftir að flokkarnir voru stækkaðir haft verulegan áhuga á húsbréfunum líka.

Það er því mín skoðun, hæstv. forseti, að kostir íbúðabréfanna gagnvart erlendum fjárfestum séu ofmetnir samanborið við húsbréfakerfið og það sé miklu fremur verðtrygging sem hafi áhrif, eins og ég nefndi áðan, sem hefur verið helsta hindrunin fyrir erlenda fjárfesta á kaupum á skuldabréfum.

Svo er auðvitað sérkafli sem menn ættu að hugleiða ef treysta á á erlenda fjármögnun í húsnæðiskerfinu, hvaða áhrif það hefur fyrir almenning og þjóðarbúið ef fjármagna á húsnæðislánakerfi landsmanna helst með erlendum lántökum. Það er hægt að velta fyrir sér þegar treyst er svo mjög á fjármögnun erlendra fjárfesta eins og nýja kerfið byggir á hvað muni gerast ef erlendir fjárfestar fara skyndilega burt af markaðnum í stórum stíl, innleysa bréf sín. Því fylgir mikil hætta á að ávöxtunarkrafa bréfanna hækki mikið eins og gerðist í Svíþjóð fyrir nokkrum árum.

Ég held líka að hvorki sé hægt að fullyrða eða slá út af borðinu að breytt fyrirkomulag eins og hér er lagt til stuðli að lægri vöxtum til lengri tíma litið og full ástæða til að vara við of mikilli bjartsýni í því sambandi, enda margt annað sem hefur áhrif á vaxtamyndun í landinu en hvort þær breytingar verða á fyrirkomulagi húsnæðismála sem lagt er til. Það er þó von að það gangi eftir að endurskipulagningin á skuldabréfaútgáfunni muni stuðla að frekari lækkun á langtímavöxtum í framtíðinni.

Það sem miklu ræður um framvindu kerfisins er hvernig háttað verður áhættugreiningu og áhættustýringu. Vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi það sem boðað var, að Ráðgjöf og efnahagsspá verði falið það verkefni að meta vaxtaáhættuna í kerfinu. Hefur það verið gert? Það átti að kynna niðurstöður áhættugreiningarinnar áður en frv. yrði lagt fram, sem er mikilvægt fyrir þingmenn til að geta metið kosti og galla kerfisins og ekki síst vaxtaáhættunnar sem mun að fullu bitna á lántakendum.

Ég vil vitna í skýrslu Landsbankans um efnahagsmál og skuldabréfamarkað, um áhættuna vegna uppgreiðslna, en eitthvað hefur þetta breyst eftir að frv. var lagt fram, þá kom vaxtaálag í staðinn og þar hefur verið sett belti og axlabönd ef allt fer úrskeiðis varðandi uppgreiðsluna og ég ætla að koma nánar inn á það á eftir. En Landsbankinn metur þetta svo, með leyfi forseta:

„Vaxtaáhættan eykst eftir því sem líkur eru meiri á uppgreiðslu af hendi lántakenda/einstaklinga þar sem lántakendum verður áfram heimilt að greiða upp húsbréfalán í nýja kerfinu, en ÍLS óheimilt að greiða upp með aukaúrdrætti þann hluta húsbréfastaflans sem skipt hefur verið yfir í íbúðabréf. Íbúðalánasjóður gæti þar af leiðandi staðið frammi fyrir því að þurfa að endurfjármagna uppgreiðslurnar á töluvert lægri vöxtum. Miklar uppgreiðslur gætu þar af leiðandi myndað verulegt ójafnvægi í rekstri sjóðsins."

Þarna liggur vissulega hætta fyrir hendi sem þarf að skoða nánar.

Mjög miklar breytingar hafa orðið á fjármálamarkaðnum frá því biðraðakerfið frá 1986 var við lýði og engu hér saman að jafna, svo miklar stökkbreytingar hafa orðið, enda væri kerfisbreytingin klárlega ávísun á nýtt biðraðakerfi ef ekki væri umbylting á fjármálamarkaðnum. Engu að síður er ákveðin hætta á því í kerfinu að bið geti orðið eftir lánum. Það þarf ekki annað en líta til þess sem segir í skýrslu fjármálaráðherra um að ekki verði lánað út umfram það sem fjármagnað hefur verið í útboði. Það segir alveg skýrt að á því byggir breytingin. Það þarf ekki annað að koma til en að útboð mistakist til að einhver lengri bið verði eftir lánum með tilheyrandi kostnaði fyrir íbúðakaupendur. Sú hætta er einnig fyrir hendi að margir ráðist í íbúðakaup á þeim tíma sem hagstæð útboð nást fram á lægri vöxtum sem skapar áhlaup á kerfið og leiðir til þenslu og hækkunar í íbúðakerfinu.

Það er ástæða til, virðulegi forseti, að hafa áhyggjur af því að greiningardeildir bankanna hafa verið að hvetja fólk til að fresta íbúðakaupum þar til nýtt kerfi er komið á sem leitt geti til þenslu og hærra íbúðaverðs ef einhver fjöldi frestar viðskiptum sínum þar til nýtt kerfi verður tekið upp. Það er full ástæða til að vara við því. Það er nóg komið af íbúðaverðshækkunum m.a. vegna þeirra kerfisbreytinga sem ráðist hefur verið í varðandi félagslega íbúðakerfið eins og ég nefndi, en það hefur verið um 70% raunhækkun á íbúðaverði frá 1997. Ef við lítum bara á síðustu tvö ár hefur tveggja til fjögurra herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 18% og 120–150 fermetra íbúð um 21,6%.

Þá er ljóst, sem er galli á nýja fyrirkomulaginu, að miklar sveiflur geta orðið á vöxtum frá einu útboði til annars þannig að vaxtagjöld geta orðið mjög misjöfn á sambærilegum íbúðum. Það gæti vissulega, virðulegi forseti, haft þau áhrif að það skekki verðmyndun á sambærilegum íbúðum á markaði vegna þess að sambærilegar íbúðir geta borið mismunandi vexti þannig að verðlagning á þeim getur verið mismunandi.

Ég ætla aðeins að ræða þá fullyrðingu sem haldið hefur verið fram, m.a. af hv. þm. Hjálmari Árnasyni, hæstv. ráðherra og fleirum, að nú séu afföll úr sögunni með þessari breytingu. Mér finnst ansi langt gengið þegar forsvarsmenn nýja kerfisins fullyrða að afföll verði úr sögunni og hver étur upp eftir öðrum. Það er beinlínis rangt og hrein blekking að bera það á borð fyrir fólk að afföllin verði úr sögunni. Það er stundum, virðulegi forseti, eins og sumir skilji hreinlega ekki hvað afföll eru og þau hafi fyrst komið með upptöku húsbréfakerfisins. Það er ástæða til þess að fara aðeins yfir það.

Það hefði verið sáraeinfalt að eyða öllum afföllum í húsbréfakerfinu þau 14 ár sem kerfið hefur starfað með því að hafa nafnvexti húsbréfanna ekki lægri en ávöxtunarkröfuna sem markaðurinn gerir til þeirra. Í nýja kerfinu eiga vextir einmitt að ráðast af niðurstöðu útboðs íbúðabréfa auk alls konar áhættuálaga sem ég ætla að koma nánar inn á á eftir.

Afföllin sem fólk greiðir í nýja kerfinu eru sem sagt falin í alls konar vaxta- og áhættuálagi og koma fram í þeim markaðskjörum sem verða á vaxtakjörum á peningalánunum. Nafnvextir á húsbréfum eru og hafa lengi verið 4,75%. Ef ávöxtunarkrafa er hærri en t.d. 5% koma fram afföll við sölu bréfanna á markaði og þannig fá kaupendur þeirra sína 5% ávöxtun. Afföllin dekka því þann mun sem er á ávöxtunarkröfunni og nafnvöxtunum og ef nafnvextir húsbréfa eru þeir sömu og ávöxtunarkrafan koma engin afföll fram. Þegar afföll af húsbréfum voru t.d. allt að 25% var ávöxtunarkrafa til húsbréfanna rúm 7%. Ef nafnvextirnir hefðu þá verið rúm 7% hefðu engin afföll komið fram við sölu þeirra á þeim tíma. Og þegar nýtt húsnæðislánakerfi leysir húsbréfakerfið af hólmi mun Íbúðalánasjóður bjóða út skuldabréf, íbúðabréf, og vextir af húsnæðislánum munu síðan taka mið af þeirri ávöxtunarkröfu sem koma mun fram í þeim útboðum sem verða með reglulegu millibili auk sérstaks vaxtaálags. Ef nýja kerfið sem við erum að ræða hefði t.d. verið við lýði þegar afföllin í húsbréfakerfinu voru allt að 25% hefðu vextirnir af húsnæðislánunum í nýja kerfinu verið yfir 7%, í stað 5% vaxta í húsbréfakerfinu.

Þess vegna er það grundvallarmisskilningur að afföllin í húsbréfakerfinu hafi verið eitthvert einangrað fyrirbæri bundið við húsbréfakerfið og mundi ekki koma fram í peningalánakerfinu. Í staðinn fyrir að koma fram í afföllum mundu vextirnir einfaldlega vera hærri með hliðsjón af ávöxtunarkröfunni.

Ég ætla í þessu sambandi að vitna í Tryggva Þór Herbertsson, forstöðumann Hagfræðistofnunar. Hann segir í Morgunblaðinu 3. janúar, með leyfi forseta:

„Hann segist ekki viss um að það sé rétt sem fullyrt hafi verið að áhætta sú sem fólgin hefur verið í mismiklum afföllum af húsbréfum verði úr sögunni með væntanlegri kerfisbreytingu. Áhættan verði nákvæmlega eins og verið hefur þegar fólk muni standi frammi fyrir því að Íbúðalánasjóður muni bjóða út skuldabréf í hinu nýja peningalánakerfi. Vaxtakjörin verði ákvörðuð í útboði og gagnvart fólki verði áhættan eins varðandi það að vaxtakjörin í hinu nýja kerfi geti breyst eins og afföllin í húsbréfakerfinu í dag."

Það er nauðsynlegt að menn hafi þetta hugfast en ekki sé sí og æ verið að telja fólki trú um að nú muni vextir lækka niður í 4%–5% og öll afföll muni hverfa.

Ef nýja kerfið hefði gilt t.d. á árinu 2001 hefði fólk þurft að borga 6,12% í vexti auk áhættuálags. Á árinu 2002 hefðu vextir í nýja kerfinu verið 5,79%, en þetta var á þeim tíma þegar meðalfjármögnunarkostnaður með vaxtaálagi sem fékkst með sölu húsnæðisbréfa á markaði vegna viðbótarlána á sama tíma og vextir í húsbréfakerfinu voru 5,1%, en þá höfðu vextir í nýja kerfinu á mismunandi tíma verið 5,79% eða 6,12%.

Það er líka athyglisvert að þó fjármögnunarkostnaðurinn hafi verið 4,76% á sl. ári, þ.e. í útboðunum varðandi viðbótarlánin, voru engu að síður vextir viðbótarlána 5,6%. Þannig að 1% vaxtamunur var milli vaxtakjara viðbótarlána og fjármögnunarkostnaðarlánanna hjá Íbúðalánasjóði. Þar er um að ræða peningalán sem eru fjármögnuð á markaði eins og áformað er með öll húsnæðislánin, gangi málið fram. Samt fékkst í útboðunum 4,76% en viðbótarlánin báru 5,6% vexti.

Þetta eru þau kjör sem fengust í útboði á húsnæðisbréfunum vegna viðbótarlána á þeim tíma, en lánakjör íbúðakaupenda munu í nýju kerfi vera markaðskjör að teknu tilliti til áhættu og kostnaðar. Lánskjörin fyrir íbúðakaupendur gætu því allt eins orðið lakari en þau eru nú í húsbréfakerfinu, auk þess sem uppgreiðsla lána og aukaafborganir verða kostnaðarsamari í nýju kerfi, en kosta ekkert í húsbréfakerfinu. Af peningalánunum geta því orðið mikil afföll vegna sveiflna í vaxtakjörum frá einum tíma til annars og viðbótarálagi sem ekki er í núverandi kerfi.

Ég sé, virðulegi forseti, að tíma mínum er lokið. Ég hef samt ekki lokið máli mínu þannig að ég bið um að fá að fara aftur á mælendaskrá.

[17:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þátttöku hennar í umræðunni.

Í fyrsta lagi tel ég að það hafi komið skýrt fram í máli mínu í upphafi umræðunnar að þessar breytingar eru fyrirhugaðar til hagsbóta fyrir fjölskyldurnar í landinu því að allar líkur eru til þess að þær feli í sér lækkun vaxta.

Hvað varðar hugleiðingar hv. þm. annars vegar um áætlun um 90% lán og hins vegar aðgerðir fyrir leigjendur þá er hvorugt þeirra atriða umfjöllunarefni þessa frv. Hins vegar get ég upplýst það, hæstv. forseti, eins og ég hef reyndar áður gert, að áætlunin um hækkun hámarkslánanna og hækkun lánshlutfallsins er til umsagnar hjá Eftirlitsstofnun EFTA og ég mun gera grein fyrir niðurstöðu hennar um leið og hún liggur fyrir. Sérstök nefnd er að störfum á vegum félmrn. með aðild þeirra sem helst eiga þar að koma að og hún fjallar um stöðu félagslega kerfisins og leiguíbúðanna.

Hv. þm. nefnir til sögunnar dagsetningu í frv. sem er 15. apríl. Hún er ekki heilög. Hins vegar er brýnt að flýta málinu sem kostur er. Gert er ráð fyrir að lög þessi taki gildi 1. júlí nk. og brýnt er að nægur tími gefist til undirbúnings, ekki síst vegna þeirra skuldabréfaskipta sem gert er ráð fyrir að gengið verði til.

Ég hafna því algjörlega, eins og ég hef áður gert, hæstv. forseti, við þessa umræðu, að hér sé einhver undanfari þess að færa húsnæðislánin inn í bankana. Þvert á móti er hér verið að staðfesta það fyrirkomulag húsnæðislána sem gilt hefur í samfélagi okkar. Það er mjög erfitt að færa fyrir því rök að sá sem hér stendur og raunar ríkisstjórnin öll væri að leggja á sig alla þá vinnu og allt það erfiði sem er fólgið í því að senda þá áætlun og fá hana til umsagnar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, eins og ég hef áður lýst, ef ætlunin væri sú að færa þetta allt saman inn í bankakerfið.

[17:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi nú sagt að þetta muni auðvelda það, ef menn kjósa að gera það, að flytja húsnæðiskerfið inn í bankana og einkavæða það. Ég held að það liggi alveg fyrir að það að breyta þessu svona eins og bankarnir sjálfir hafa lagt til muni auðvelda það, hver svo sem niðurstaðan verður. Mín spá er engu að síður sú að það verði gert fyrr en seinna.

Varðandi dagsetninguna í frv. þá lýsir ráðherrann því yfir að henni þurfi örugglega að breyta. Ekki ætlar hann að fara að gefa út þessi bréf eða fara í útboð áður en þetta er orðið að lögum og nefndin mun auðvitað skoða það.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra nokkuð nánar um leigumarkaðinn. Nú held ég að við hæstv. ráðherra hljótum að vera sammála um að mjög liggi á þessu máli. Neyðarástand ríkir á leigumarkaðnum.

Hæstv. ráðherra vísar til þess sem hæstv. ráðherrar gjarnan gera, þ.e. að nefnd sé að störfum að kanna málið. Ég vísa til þess að nefnd var að störfum á vegum Páls Pétursonar forvera hæstv. núv. félmrh. Hún gerði ítarlega skýrslu um stöðu og þróun á leigumarkaðnum og hvaða tillögur þyrftu að komast til framkvæmda til að bæta þar stöðuna. Það snerti m.a. niðurgreiðslu á lánum, stofnstyrki o.fl. sem sveitarfélögin tóku undir. Það hefur því nægjanlega verið skoðað að mínu viti hvernig hægt sé að bregðast við neyðarástandinu á leigumarkaðnum. Það vantar bara viljann og það skortir á að menn viðurkenni að það þurfi að setja í þetta meira fjármagn til að bæta stöðu leigjenda.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær má vænta þess að nefndin ljúki störfum? Mun það verða áður en þingi lýkur þannig að við getum fjallað um þær breytingar sem ég vona að hæstv. ráðherra muni leggja hér fyrir þingið þannig að við þurfum ekki að horfa upp á í allt sumar og út þetta ár það neyðarástand sem nú ríkir hjá leigjendum?

[17:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki þori ég að lofa úr þessum stól nákvæmri dagsetningu varðandi skil þeirrar nefndar sem ég nefndi og fjallar um leigumarkaðinn enda ekki hér til sérstakrar umræðu. En það verður á vordögum tel ég að ég geti fullyrt.

Ég vil aðeins halda áfram að reyna að svara spurningum sem fram komu í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Varðandi áhuga erlendra aðila, sem hv. þm. gerði að umfjöllunarefni, á þessum nýju bréfum má nánast ganga út frá því sem vísu að hann muni aukast, ekki síst við það að horfið verður frá útdráttarfyrirkomulaginu sem hefur verið við lýði í húsbréfakerfinu. Það er niðurstaða okkar að verðtryggingin virðist ekki vega nærri jafnþungt í ákvörðun þessara erlendu fjárfesta þegar kemur að henni.

Hæstv. forseti. Ég vil líka ítreka að ekki er um erlendar lántökur að ræða. Hér er ekki verið að setja upp kerfi sem gerir ráð fyrir erlendri lántöku. Hér er þvert á móti um að ræða fjárfestingu í íslenskum skuldabréfum, fjárfestingu innlendra og erlendra fjárfesta í íslenskum skuldabréfum, sem er auðvitað allt annað en lántaka.

Hv. þm. gerir einnig að umfjöllunarefni áhættugreiningu og áhættustýringu í hinu nýja kerfi og það er rétt að mjög brýnt er að áhættustýring Íbúðalánasjóðs taki framþróun. Ég veit að sjóðurinn hefur verið að undirbúa það mjög markvisst, fengið m.a. til liðs við sig alþjóðlegan ráðgjafa til að tryggja að það verði sem best gert.

Hvað vaxtaákvörðunina varðar er henni hins vegar þannig varið að þar eru upplýsingar sem varða aðila á markaði og í sjálfu sér er ekki hægt að fjalla nákvæmlega um það í þessari umræðu, eins og ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir.

[17:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir mjög miður að hæstv. ráðherra getur ekki talað skýrar þegar leigjendur eiga í hlut. Þeir ættu að hafa forgang þegar við ræðum breytingar á stöðu leigjenda og húsnæðismálin. Þess vegna þykir mér það miður. Mér finnst reyndar svör hans gefa tilefni til að ætla að ekkert verði gert í málefnum leigjenda áður en þingi lýkur, því miður.

Varðandi það hvort áhugi erlendra fjárfesta á þessum nýju bréfum verði meiri eða minni en varðandi kaup þeirra á húsbréfunum, sem ég nefndi að hefði vaxið mjög á umliðnu ári, verður auðvitað tíminn einn að leiða í ljós. Ég held að við getum ekki karpað mikið um það hér í ræðustól. Það verður bara að koma í ljós hvort áhugi þeirra verði meiri eða minni á fjárfestingu í slíkum bréfum.

Ég varpaði því fram áðan um áhættustýringuna sem hæstv. ráðherra nefnir, hvort Ráðgjöf og efnahagsspá hafi verið falið það verkefni að meta vaxtaáhættuna í kerfinu. Ég gat ekki heyrt að hæstv. ráðherra svaraði því. En ég sé að hæstv. ráðherra kinkar kolli þannig að þetta ætti þá að liggja fyrir. Ég spyr þá um niðurstöðuna af þeirri áhættugreiningu. Ég hefði gjarnan viljað sjá hana með þessu frv. af því að boðað var að þetta mundi liggja fyrir áður en frv. yrði lagt inn í þingið. Nauðsynlegt er að þingið fái þetta til meðferðar einnig vegna þess að þetta er mikilvægur þáttur í því hvort hér sé verið gera breytingu, eða a.m.k. meta það eins og kostur er, sem skilar sér til hagsbóta fyrir kaupendur og seljendur íbúða, sem er auðvitað meginmarkmiðið og ræðst af því hver afstaða mín til frv. endanlega verður í þinginu.

[17:08]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Engum dylst að húsbréfakerfið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir stóð að í félagsmálaráðherratíð sinni reyndist afskaplega vel og var ákaflega jákvæð félagsleg aðgerð sem leysti af hólmi fyrirkomulag sem hafði gefist miður vel og hlýtur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ævarandi þakkir fyrir.

En börn eldast og nú er svo komið að barnið er að verða stálpað. Þá gerist það núna eins og oft að barnið fer að heiman. Það er oft sársaukafullt að sjá á eftir ungunum sínum fara að heiman. En tímarnir hafa breyst og sannarlega er fjármálaumhverfið öðruvísi núna en var þegar núverandi húsbréfakerfi var komið á. Ég tel að frv. sem hér liggur fyrir taki einmitt mið af breyttu umhverfi.

Ég spyr hvort hv. þm. geti ekki verið sammála því að það að einfalda fyrirkomulagið, að gera þetta vænlegri fjárfestingarkost — og þá ætti það að leiða til þess að vextir í landinu munu lækka — sé í sjálfu sér eitt og sér afskaplega jákvæð félagsleg aðgerð, ekki bara fyrir heimilin heldur efnahagslífið í heild sinni, því eins og hv. þm. veit stýrir ekkert jafnmikið vaxtastiginu í landinu og þau lán sem hér eru til umræðu.

Í annan stað, hvað afföllin varðar, er auðvitað reginmunur á því að í stað þess að taka allt að 25% afföll í byrjun, þegar síst skyldi, er verið að dreifa þessum vaxtamun yfir allt tímabilið. Það hlýtur að teljast jákvæð félagsleg aðgerð líka.

Að lokum hvað varðar dagsetninguna 15. apríl þá tekur hún auðvitað mið af því, geri ég ráð fyrir, hvenær frumvarpið var samið. En sé ætlunin að breyta húsbréfakerfinu yfir í íbúðabréf hlýtur að vera skynsamlegt að láta þá breytingu ganga fljótt fyrir sig til þess að eyða óvissu.

[17:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég ítreka bara það sem ég sagði í ræðu minni áðan að það er fullkomlega sársaukalaust af minni hálfu að leggja niður húsbréfakerfið ef ég er sannfærð um að það sé til hagsbóta fyrir fólk, en eins og fram hefur komið í máli mínu er ég ekki fullkomlega sannfærð um það enn þá.

Mér finnst mjög gott að hv. þm. viðurkennir það sem hann hefur nú ekki gert áður, að það eru afföll í þessu kerfi. Þau birtast bara í þeim vaxtamun sem fólk er að greiða allan

tímann í stað affallanna sem eru eingreiðsla í byrjun en koma ekki fram allan lánstímann, auk þess sem afföllin skiptust á kaupendur og seljendur í mörgum tilvikum. En í peningalánakerfi munu lántakendur greiða hærri vexti en ella vegna hárrar ávöxtunarkröfu allan tímann þegar og ef vextir verða háir. Með peningalánakerfinu munu hinir hækkuðu vextir hins vegar alfarið lenda á kaupendum þegar þeir koma fram en afföllin ekki skiptast milli kaupenda og seljenda eins og nú er. Það er eitt af því sem hugsanlega gæti verið afturför frá því sem nú er.

Ég þakka lofið sem húsbréfakerfið fær hér frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og reyndar hæstv. ráðherra líka. Það var nú ekki svo létt að koma húsbréfakerfinu á á sínum tíma með allan þingflokk framsóknarmanna á bakinu. Þeir töfðu fyrir því í marga mánuði að húsbréfakerfið kæmist á. Það leiddi til þess að tvö kerfi voru að flækjast saman í einhvern tíma og það leiddi m.a. til affalla. Þeir þurftu þennan tíma til þess að sjá að það var farsæl lending á þeim tíma að ráðast í húsbréfakerfið. En ég held að ég gleymi því aldrei hvað langan tíma tók að sannfæra framsóknarmenn um að hleypa því þó í gegnum þingið og ég held að þeir hafi verið ansi margir sem voru á móti kerfinu eða a.m.k. sátu hjá þó að við værum saman í ríkisstjórn.

Ég er ekki að segja að hið nýja fyrirkomulag sem hér er verið að taka upp geti ekki verið til bóta. En ég vil fá meiri sannfæringu fyrir því en ég hef í dag.

[17:12]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt eins og tímarnir breytast þá breytast framsóknarmenn líka og ég vona að framsóknarmenn þurfi ekki að fara með þetta frv. í gegnum þingið með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á bakinu heldur hafa hennar einlæga stuðning í málinu, enda er meginmarkmiðið með þessu, eins og fram hefur komið í umræðunni, að lækka vexti, að lækka afborgunina hjá þeim sem munu njóta þessara bréfa. Það er megintilgangurinn. Það hefur efnahagslega jákvæð áhrif. Það er trú okkar og sannfæring að það hafi jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir efnahagslíf okkar allt og þar með almenning og fyrirtækin í landinu. Það sem skiptir mestu máli er að almenningur mun hafa greiðari aðgang að ódýrara fjármagni til þess að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þau eru markmiðin og ég veit að við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir deilum þeim markmiðum saman. Ég trúi því og skynja það að hv. þm. hefur séð ljósið í þessu góða frv. og hlakka ég til þess að vinna það með henni í hv. félmn.

[17:14]

Útbýting þingskjala:

Kennitölukerfi, 820. mál, þáltill. SigurjÞ, þskj. 1248.

Skráning nafna í þjóðskrá, 821. mál, þáltill. SigurjÞ, þskj. 1249.

Þriðja kynslóð farsíma, 815. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1243.

[17:14]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, talsmaður okkar í Samfylkingunni í félmn., hefur nú farið nokkuð yfir þau ýmsu álitaefni sem uppi eru um það frv. sem hér liggur fyrir og mun halda því áfram á eftir af yfirburðaþekkingu sinni og reynslu af málaflokknum. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að tækifæri hafa verið vannýtt til þess að gefa út stóra flokka húsbréfa og kannski hafa ekki náðst fyrir vikið nægilega hagstæð lánskjör í öllum tilfellum. Binda má ákveðnar vonir við að þær fyrirætlanir sem í frv. eru um útgáfu fárra stórra flokka geti leitt til nokkurrar lækkunar vaxta. Yfir það verður einfaldlega að fara vandlega í meðförum félmn.

Ég vil þó spyrja hæstv. félmrh. um nokkur atriði. Kannski er fyrst til að taka það atriði sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur bent á, að sú hætta sé vissulega fyrir hendi þrátt fyrir mjög breytt fjármálaumhverfi frá árinu 1986 að bið geti orðið eftir lánum í þessu kerfi. Nú trúi ég því að hæstv. félmrh. flytji frv. ekki með það að markmiði heldur þvert á móti til þess að bæta og efla þjónustu Íbúðalánasjóðs. Ég velti því þess vegna fyrir mér og vil spyrja hann hvort til álita komi að taka af allan vafa í þessu efni með einföldum ákvæðum í frv. um hámarksbiðtíma notendanna þannig að áfram verði tryggð sú hraða og góða þjónusta sem verið hefur í þessum efnum eftir þetta frv. eins og áður.

Í öðru lagi koma upp í hugann heimildir stjórnar Íbúðalánasjóðs í frv. Þær virðast mér vera bundnar við flokka verðtryggðra lána með föstum vöxtum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að til greina komi að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi heimild til víðtækari útgáfu en hér er gert ráð fyrir, þ.e. ef stjórn Íbúðalánasjóðs metur það svo að óverðtryggð lán eigi rétt á sér á markaði, að slíkur flokkur gæti notið góðra vaxtakjara og eftirspurn gæti verið eftir slíkum bréfum hjá íbúðakaupendum, hvort ekki sé eðlilegt að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi einfaldlega heimild til þess að bjóða út óverðtryggð lán rétt eins og verðtryggð, þ.e. að það þurfi ekki að vera sérstök lagaleg ákvörðun.

Í þriðja lagi vil ég koma inn á það sem ýmsir hér hafa nefnt og snýr að 90% lánunum. Komið hefur fram hjá hæstv. ráðherra að það mál er til umfjöllunar hjá Eftirlitsstofnun ESA. En ég held að það sé mikilvægt vegna fasteignamarkaðarins og væntinga í samfélaginu að ráðherrann staðfesti að það sé fyrirætlun ríkisstjórnarinnar, að því gefnu að eftirlitsstofnunin fallist á málið, að hér verði í boði á þessu kjörtímabili 90% lán, að hámarki 18 millj. kr., til íbúðakaupa þannig að markaðurinn og þeir sem eru í íbúðakaupahugleiðingum geti gengið út frá því sem vísu að gefi ESA grænt ljós verði þetta þær heimildir sem tiltækar verði íbúðakaupendum í síðasta lagi vorið 2007.

Loks óska ég eftir viðbrögðum ráðherrans við athugasemdum hv. þm. Péturs H. Blöndals um hina miklu áhættu sem ríkissjóður tæki með uppgreiðsluheimildum lántakenda og inni hæstv. ráðherra eftir því hvað hann geri ráð fyrir að vaxtaálag Íbúðalánasjóðs vegna vaxtaáhættunnar, vegna rekstrarkostnaðar, vegna afskrifta, ofan á þá vexti sem Íbúðalánasjóður fær á markaði á hverjum tíma, geti numið miklu, hvort hann eigi von á því að það séu 0,2%, 0,5%, 1%, 2% eða jafnvel þaðan af meira.

[17:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir þátttöku hans í umræðunni.

Ég vil byrja á því að segja að ég tel ekki nokkrar líkur til þess að hætta sé á því að við sjáum verða til einhvers konar biðfyrirkomulag eftir fjármagni með þessu nýja kerfi. Við vitum hvers lags framþróun hefur orðið á fjármagnsmarkaði þó ekki væri litið til nema síðustu örfárra ára, hvað þá heldur síðustu tíu ára frá gildistöku EES-samningsins og frjálsra fjármagnsflutninga og alls sem því hefur fylgt. Ég tel því að þarna sé ekki um raunverulega hættu að ræða. Gert er

ráð fyrir í frv. að Íbúðalánasjóður bjóði reglulega út þessa lánaflokka þannig að ég tel, hæstv. forseti, að ekki sé hætta á þessari stöðu.

Ekki er gert ráð fyrir í frv. að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi víðtækari heimild til vaxtaákvörðunar en svo að þar sé um fasta, verðtryggða vexti að ræða og ég tel raunar mikilvægt að við þessa ákvörðun sé gætt ákveðinnar íhaldssemi og a.m.k. í þessum umgangi og við þessar breytingar verði ekki opnað á slíka heimild.

Ég vil nota tækifærið, hæstv. forseti, til þess að svara hv. þm. alveg skýrt að gert er ráð fyrir því að á þessu kjörtímabili verði Íbúðalánasjóði heimilt að veita allt að 90% lán af verði hóflegs íbúðarhúsnæðis. Hver sú hámarkskrónutala verður nákvæmlega á endanum get ég ekki sagt fyrir um, en ég bíð ekki síður spenntur eftir niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA en hv. þm. og iða satt best að segja í skinninu, hæstv. forseti, að koma með það mál inn í sali Alþingis.

Hvað varðar líklegt vaxtaálag Íbúðalánasjóðs er erfitt fyrir mig að spá um en þess má þó geta að það er nú 0,35%.

[17:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Við höfum nú farið í gegnum nokkurn hluta frv. en ég vil aðeins staldra við þau ákvæði sem eru í því varðandi heimildir til gjaldtöku og ýmsar álagsheimildir.

Ég vil fyrst áður en ég fer inn á það velta fyrir mér hvers vegna ekki hafi verið hægt að fara neðar með vextina að því er varðar viðbótarlánin ef útboðin hafa verið svona hagstæð á húsnæðisbréfunum og þarna er um að ræða peningalán. Hvers vegna var ekki hægt að fara neðar með vextina? Hagnaður Íbúðalánasjóðs og hreinar vaxtatekjur eru með ólíkindum háar. Hagnaðurinn á árunum 2002 og 2003 er tæpir 3 milljarðar og hækkaði milli áranna 2002 og 2003 um 32%. Hreinar vaxtatekjur á þessum tveimur árum eru 3,6 milljarðar. Eins og ég skil málið best á að nota hagnað Íbúðalánasjóðs til þess að gera hann betur í stakk búinn til að þjóna landsmönnum sem best við veitingu íbúðalána og halda vöxtum þeirra niðri. Hvers vegna hefur þá ekki, þegar svo mikill hagnaður er á sjóðnum og vaxtatekjurnar svo gífurlegar, þeim fjármunum sem stofnunin hefur yfir að ráða verið beitt til þess að lækka frekar vexti í núverandi kerfi?

Hvað varðar gjaldtökuálagsheimildirnar sem heimilt verður að leggja ofan á þau vaxtakjör sem fást í útboðum er full ástæða til að hafa áhyggjur af hvernig þær verða nýttar. Ég vænti þess að ráðherrann svari því áður en umræðunni um áhættugreininguna sem við vorum að ræða áðan lýkur, hvers vænta megi í því efni.

Í fyrsta lagi taka vaxtakjörin mið af fjármögnunarkostnaði í útboðum sem geta verið breytileg frá einum tíma til annars. Síðan á að leggja á álag til að mæta vanskila- og tapsáhættu og álag til að mæta rekstrarkostnaði. Þetta eru þær heimildir til vaxtaálags sem eru til staðar í dag og vaxtaálagið er 0,35% auk húsbréfavaxtanna 4,75, eða samtals 5,1%. Til viðbótar álagsheimildunum er kallað eftir enn frekari gjaldtöku- og álagsheimildum í frv. auk óskilgreindra þjónustugjalda. Ég sakna þess að hæstv. ráðherra fari ekki nokkuð nánar yfir þetta vegna þess að af því ráðast kjörin sem fólkinu verða boðin.

Í öðru lagi er það nýtt að beðið er um heimild í frv. fyrir álagi vegna fjármagnskostnaðar af uppgreiddum lánum, sem er ný gjaldtökuheimild. Síðan má ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla veðbréfa verði aðeins heimiluð gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði veðbréfs og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs, eins og kemur fram í 12. gr. frv., sem er einnig ný gjaldtökuheimild.

Alls staðar er verið að tryggja — að setja á axlabönd og belti — og um leið er náttúrlega verið að opna fyrir nýjar álagsheimildir sem munu bitna á lántakendum.

Loks er líka ný gjaldtökuheimild í 4. gr. frv. sem er upptaka þjónustugjalda. Hvað er það, hæstv. forseti? Ég spyr ráðherrann og vísa þar til að bæta á þjónustugjöldum við gjaldtökuheimildir sem ráðherra ákveður með reglugerð. Ástæða er til að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það nýmæli að taka upp þjónustugjöld og hvort ráðherra telji það standast að hann fái slíka opna heimild með engum takmörkunum á hvernig hann nýtir hana. Ég efast um að það standist að hæstv. ráðherra fái svona opna heimild. Hér er greinilega verið að setja nýja kostnað á íbúðakaupendur með upptöku þjónustugjalda.

Þegar menn tala um að með frv. — og setja fram þá gulrót — sé verið að lækka vexti hjá fólki verða menn að horfa á þær nýju heimildir sem verið er að opna á til gjaldtöku og alls konar álög sem enginn mun bera nema auðvitað fólkið sjálft sem tekur lánin. Ég hef áhyggjur af þessu.

Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af því hvaða áhrif sú heimild hefur á vaxtakjör lántakenda að vextir ákvarðist m.a. af fjármagnskostnaði vegna uppgreiddra lána. Auk þeirrar heimildar sem greinilega á að lögfesta ef mikið er um uppgreiðslur, er greiðsla sérstakrar þóknunar sem á að jafna upp muninn á uppgreiðsluverði og markaðskjörum sambærilegra íbúða.

Ég spyr: Hvað getur þetta þýtt fyrir lántakendur? Mér finnst nærri útilokað að ég geti staðið að frv. með því að greiða því atkvæði, sem er með svona opnum heimildum, vegna þess að ég vil vita hvort við erum að fara inn í peningalánakerfi sem þjónar fólkinu betur eða ekki. Ég er bara alls ekki sannfærð um það þegar ég les frv. og greinargerð með því.

Þetta er einn af ókostunum sem fylgja hinu nýja kerfi og menn verða að taka með í reikninginn, og hv. þm. líka þegar þeir meta hvort þeir ætli að styðja frv. eða ekki. Það finnst mér mikilvægt.

Í núverandi húsbréfakerfi geta menn greitt aukaafborganir og greitt upp lán án nokkurs kostnaðar en nú á að taka fyrir þá þjónustu sérstök gjöld, ekki á aðeins að taka tillit til þess í vaxtakjörum heldur á einnig að fá sérstaka heimild til að taka þóknun fyrir það. Það hefur verið mikilvægt í húsbréfakerfinu að heimildir til aukaafborgana og uppgreiðslna hafa verið fyrir hendi, en frá 1999–2003 voru það um 16 milljarðar kr. sem fóru í uppgreiðslur og um 18 milljarðar til viðbótar ef skoðaðar eru uppgreiðslur í byggingarsjóðunum sjálfum, eða samtals frá 1999–2003 um 34 milljarðar kr. Fólk vill kannski ef hagur þess vænkast geta komið með aukaafborganir eða jafnvel greitt upp lán, en það eru alls konar þóknanir og álag sem fólk þarf nú að reiða fram ef það vill fara þá leið að greiða aukaafborgun eða greiða upp lán.

Ég hvet því til þess, hæstv. forseti, að það verði farið vandlega yfir frv. í nefnd og það er skylda okkar þingmanna að skoða nýja kerfið með gagnrýnum augum því að óvissuþættirnir eru ýmsir. Það á ekki að gleypa hráar nýjungar sem spretta upp og ekki gera breytingar á okkar viðkvæmu húsnæðislöggjöf bara breytinganna vegna. Þar er sagan ólygnust og sporin hræða eins og við höfum farið í gegnum.

Ég geri ráð fyrir, hæstv. forseti, að það taki nokkurn tíma að fara yfir málið og kalla eftir ýmsum upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir áður en þingið getur afgreitt það. Það mundi greiða fyrir málinu ef hæstv. ráðherra svaraði í þessari umræðu ýmsum spurningum sem vakna þegar við förum yfir frv. eins og hef nefnt hér og er ég ekki síst að tala um þær heimildir sem verið er að auka til að leggja á ýmiss konar álag og þóknunargjöld sem eru auðvitað með þeim hætti að það eru lántakendurnir sjálfir sem greiða þau þegar upp er staðið.

Ég vil loks spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi engar áhyggjur af þeirri hvatningu sem kemur frá bönkunum og hefur verið á undanfarinni einni, tveimur eða þremur vikum, þar sem verið er að hvetja fólk til þess að fresta íbúðakaupum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi engar áhyggjur af því að þarna geti safnast upp í stíflu sem brestur þegar þetta nýja frv. verður að lögum um mitt árið, 1. júlí, ef um er að ræða að fólk sé mikið að fresta lántökum sínum. Og ég spyr: Eru einhver merki þess hjá Íbúðalánasjóði að svo sé, að það sé eitthvað um það að fólk sé að fresta því að kaupa íbúðir vegna þessarar hvatningar frá bönkunum? Vegna þess að ég ber umhyggju fyrir því, ef frv. verður að lögum, að það verði þá gert með eins farsælum hætti og hægt er og kerfið byrji ekki á því að leiða til einhverra verðhækkana eða að vextir verði með þeim hætti að útilokað verði að lækka þá. Því vil ég spyrja ráðherrann að því og það mun verða lokaspurning mín að sinni hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að þarna myndist stífla með ófyrirséðum afleiðingum þegar nýja kerfið tekur gildi.

[17:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti athyglisvert að heyra hv. þingmann tala um möguleika á því að stífla gæti myndast í kerfinu sem brysti þegar nýja kerfið kæmi á. Ég vil rifja það upp að það sem hér er verið að leggja til að taka upp er í raun og veru svipað kerfi og samdist um milli þáv. ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar árið 1986 og kallað var 86-kerfið, peningalánakerfi með föstum vöxtum. Þá stóð hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hér í þingsölum, talaði mjög gegn því og hvatti fólk til að sækja um vegna þess að stífla mundi myndast í því kerfi sem menn mundu ekki ráða við, ekki væri til nægjanlegt fjármagn til að standa undir eftirspurninni. Þingmaðurinn bjó til það ástand að kerfið í raun og veru sprakk, 86-kerfið komst aldrei almennilega á koppinn vegna þess að búið var til það ástand sem eyðilagði kerfið. Fjármagnsmarkaðurinn var ekki orðinn það öflugur að hann gæti tekið við þessari skyndilegu eftirspurn sem kölluð var fram.

Nú eru allt aðrar aðstæður í þjóðfélaginu, nægjanlegt fjármagn til, þannig að ég sé ekki neinar þær forsendur fyrir hendi sem geta rökstutt það að það ráði ekki við breytingar á eftirspurn sem geta auðvitað orðið frá einum tíma til annars, jafnvel þó að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggi sig fram um að búa til eins mikla eftirspurn og hægt er til að koma kerfinu á kné.

Út af fyrir sig kemur andstaða þingmannsins og neikvætt tal ekki á óvart því að þetta er í samræmi við málflutning þingmannsins á þeim tíma sem menn voru að byrja að taka upp þetta kerfi sem nú í raun og veru er verið að endurvekja.

[17:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða er alveg með ólíkindum. Er hv. þm. virkilega að halda því fram að máttur minn sé svo mikill að orð mín hafi leitt til þess að tveggja til þriggja ára biðröð myndaðist eftir lánum í 86-kerfinu? Er hv. þm. virkilega í alvöru að halda þessu fram? Það var bara kerfið sjálft sem leiddi þetta af sér. Við vöruðum við því, vissulega, hvað mundi gerast en orð okkar eru þó ekki svo máttug að þau leiði til þess að mynda biðraðirnar. Það var bara kerfið sjálft sem ól þær af sér. Það er staðreynd málsins og allir hugsandi menn geta sagt sér það sjálfir en ættu ekki að bera þá firru á borð að einn þingmaður hafi þann mátt að vegna orða hans myndist biðraðir.

Vegna þess sem ég beindi hér til ráðherra, sem varð tilefni þess að hv. þm. viðhafði þessi ósmekklegu orð hérna áðan, vil ég segja að ég hef af því áhyggjur að þetta geti leitt til þess, ef fólk heldur í miklum mæli að sér höndum og kaupir ekki þær íbúðir sem það ella hefði gert, vegna hvatningarinnar frá bönkunum, að stærri hópur fari af stað 1. júlí en ella yrði. Það geta allir sagt sér afleiðingarnar af því ef svo fer. Þá myndast ákveðin stífla, fleiri fara af stað að leita að íbúðum á þeim tíma en kannski markaðurinn ræður við. Það getur leitt til hærra verðs á íbúðum en ella væri. Það er bara lögmál framboðs og eftirspurnar að þegar fleiri fara af stað en framboðið ræður við getur það leitt til bæði verðhækkunar og síðan vaxtahækkunar.

Mér finnst ekkert ólíklegt að hæstv. ráðherra hafi af því dulitlar áhyggjur að það geti skeð ef þetta er í miklum mæli.

[17:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engum blöðum um það að fletta — menn geta farið í gömul blöð og flett upp ræðum hv. þingmanns frá þeim tíma — að hún lagði sig ákaflega mikið fram um það á þeim tíma að spilla tiltrú almennings á þessu nýja kerfi sem verkalýðshreyfingin hafði þá samið við ríkisstjórnina um. Þingmanninum varð vel ágengt í því enda byggist hvert kerfi á trú fólks á því. Þingmaðurinn lagði sig mjög fram um að spilla trú manna á kerfinu og varð verulega ágengt í þeim efnum, m.a. vegna þess að fjármagnsmarkaðurinn var það veikur. Það var ekki til nægjanlega mikið fjármagn frá lífeyrissjóðunum til að standa undir þessari ofboðslegu eftirspurn sem búin var til á mjög skömmum tíma. Það kom m.a. fram í því að þegar skipt var yfir í húsbréfakerfið kom það fram í afföllum sem fólkið varð að taka á sig, allt upp í 25% afföll. Það lofaði að skulda sjóðnum fjórar krónur en fékk ekki nema þrjár til að kaupa íbúðir. Þetta var fína kerfið sem hv. þm. bar ábyrgð á að búa til og það ástand sem leiddi til þessara affalla.

Hv. þm. kveinaði hér undan því að framsóknarmenn hefðu talað á móti upptöku húsbréfakerfisins á sínum tíma og tafið framgang málsins en framsóknarráðherrann Alexander Stefánsson, sem var félmrh., samdi við verkalýðshreyfinguna árið 1986 og það var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem stóð hér í þingsölum tímunum saman til að spilla fyrir því samkomulagi og eyðileggja árangur ríkisstjórnarinnar af samkomulaginu. Það er mikil ábyrgð sem þingmenn takast á hendur með því að standa að slíku framferði í þingsölum, jafnvel þó að hv. þingmaður hafi þá verið í stjórnarandstöðu eins og nú.

[17:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi einungis gert skyldu mína á þeim tíma þegar 86-kerfið var tekið upp, þ.e. að vara við þeim hættum sem voru í því kerfi sem svo kom í ljós að reyndust allar til staðar. Að hv. þingmaður vogi sér hér að tala um afföll í húsbréfakerfinu — ég vil minna hv. þingmann á, og hann getur flett því upp, að Ríkisendurskoðun var fengin til að skoða þau afföll sem komu fram í 86-kerfinu. Þeir útreikningar sýndu 50–60% afföll í 86-lánakerfinu vegna þess að það var ýmis kostnaður sem fólk þurfti að taka á sig með því að bíða 2–3 ár eftir lánum. Það hafði kannski fjárfest í íbúð, það hafði þurft að taka skammtímalán í bönkum, dýr skammtímalán, hafði kannski þurft að leigja. Allt var þetta kostnaður, allt var þetta metið.

Þetta er ekkert annað en afföll og kostnaður. Það er alveg sama hvort þetta heitir afföll eða kostnaður ef fólk þarf að bera það. Það var miklu meira í þessu 86-kerfi en nokkurn tíma í húsbréfakerfinu, og afföllin í húsbréfakerfinu voru m.a. af því sem ég nefndi hér áðan, að framsóknarmenn, margir hverjir, voru mjög tregir í taumi — hv. þm. var þá að vísu ekki í Framsfl. ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Það gekk mjög erfiðlega að fá þá til að breyta úr þessu 86-kerfi yfir í húsbréfakerfið sem þeir eru núna að lofa og prísa.

Þess vegna þurftum við að keyra saman tvö kerfi, hæstv. forseti, sem leiddi til verulegra tímabundinna affalla. Þeir byrjunarerfiðleikar sem húsbréfakerfið gekk í gegnum stöfuðu fyrst og fremst af afstöðu framsóknarmanna. Þeir skulu ekki hafa hátt í húsnæðismálunum, að mínu viti, vegna þess að saga þeirra er ekki svo glæsileg þegar horft er til 86-kerfisins og félagslega kerfisins sem hefur leitt til neyðarástands núna á húsnæðismarkaðnum. (Gripið fram í.)

[17:41]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um það mál sem ég hef mælt fyrir.

Ég vil í upphafi þessarar lotu máls míns byrja á að bregðast við nokkrum þeim efnislegu atriðum sem fram hafa komið hér, einkum í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hv. þm. gerir að umtalsefni hagnað Íbúðalánasjóðs á fyrst og fremst undanförnum tveimur árum. Þessar tölur hafa vakið athygli mína eins og þingmannsins og vissulega er ástæða til að fagna því að Íbúðalánasjóður er rekinn með þeim myndarbrag sem þarna um ræðir þótt ekki sé það hlutverk hans að skila arði svo neinu nemi, heldur fyrst og fremst að tryggja fólkinu í landinu sem hagkvæmust húsnæðislán. Í því liggur kannski grundvöllur þess að sá er hér stendur hefur verið talsmaður þess að viðhalda húsnæðislánakerfi okkar inni í Íbúðalánasjóði en færa það ekki yfir í bankakerfið, þ.e. að þarna er um eðlismun að ræða í starfsemi þessara tveggja, Íbúðalánasjóðs annars vegar og bankanna hins vegar. Bönkunum er auðvitað fyrst og fremst ætlað að skila eigendum sínum arði á meðan Íbúðalánasjóði er ekki ætlað það sem gerir það að verkum að hann getur rekið sig fyrir minni afgang en bankarnir.

Hvað varðar hugleiðingar hv. þingmanns um vexti og af hverju ekki hefði mátt ganga lengra í átt til lækkunar þeirra vil ég, hæstv. forseti, minna á að um áramótin voru vextir af viðbótarlánum og vegna lána til endurbóta lækkaðir úr 5,7% og 5,6% í 5,3%. Þannig háttaði til á þeim tíma að Seðlabanki Íslands varaði við mikilli vaxtalækkun með tilliti til aðstæðna í efnahagslífi okkar og niðurstaða stjórnar Íbúðalánasjóðs varð sú að taka tillit til þeirra ábendinga á þeim tíma. Þarna er samt sem áður um áþreifanlega lækkun vaxta að ræða á þeim tíma.

Hv. þm. gerði að umfjöllunarefni 4. gr. frv., um þjónustugjöld. Þar er ekki um neina efnislega breytingu að ræða frá því sem nú er í lögunum og ef ég man rétt er fjallað um þetta í 49. gr. núgildandi laga.

Hv. þm. spyr hvort sá er hér stendur hafi áhyggjur af hvatningarorðum bankanna, a.m.k. sumra, og greiningardeilda þeirra til húsnæðiskaupenda um að fresta íbúðakaupum. Sá er hér stendur er hvorki spámaður né spámannlega vaxinn og þess vegna hef ég lagt á það mikla áherslu, hæstv. forseti, í málflutningi mínum um allt þetta mál að ganga varlega um þær dyr og kveða ekki fastar að orði en ég hef talið skynsamlegt á hverjum tíma. Í því ljósi tel ég að fara beri varlega þegar spáð er um framtíðina í þessum efnum. Þarna er um að ræða mál sem varða hagsmuni fjölskyldnanna í landinu mjög miklu og þrátt fyrir að hér sé lagt fram frv. til laga sem ég geri ráð fyrir að muni í fyllingu tímans leiða til lækkunar vaxta og sé þar með til hagsbóta fyrir fjölskyldurnar í landinu tel ég að það sé a.m.k. ekki mitt hlutverk að hvetja fólk til hvort sem er að hrökkva eða stökkva.

Í þessu sambandi spurði hv. þm. einnig hvort merkja mætti það af útlánum Íbúðalánasjóðs að íbúðakaupendur væru að fresta viðskiptum sínum. Ef mig brestur ekki minni er um að ræða 3% útlánaaukningu sjóðsins ef bornir eru saman febrúarmánuðir í fyrra og á þessu ári. Það er því ekki um samdrátt að ræða í útlánum sjóðsins.

Ég tel, hæstv. forseti, að ég hafi þá svarað þeim spurningum sem upp hafa komið við þessa umfjöllun. Ég tek undir með hv. þingmönnum að það er auðvitað mikilvægt að málið fái vandaða umfjöllun í félmn. Hér er um viðamikið mál að ræða sem varðar fjölskyldurnar í landinu mjög miklu, hagsmuni þeirra og alla framtíð. Þegar um svona mál er að ræða koma vissulega til álita ýmsar leiðir til útfærslu. Í félmrn. og með Íbúðalánasjóði og fleiri aðilum höfum við legið yfir málinu vikum og mánuðum saman sem eðlilegt er. Ég hef sannfæringu fyrir því að hér sé komið fram mál sem verði til framfara á húsnæðismálamarkaði okkar og að hér séu þá tíndar til þær aðferðir sem bestar megi reynast til framtíðar.

Að því mæltu ítreka ég ósk mína um að máli þessu verði vísað til 2. umr. og félmn. til umfjöllunar og þakka hv. þingmönnum þátttöku í umræðunni.

[17:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þjónustugjöldin sem fram koma í 4. gr. frv. heldur hæstv. ráðherra því fram að þetta sé gjaldtaka sem sé fyrir í húsnæðislöggjöfinni. Ég get ekki séð að það sé rétt vegna þess að það segir um 4. gr. þar sem þjónustugjöldin koma fram, með leyfi forseta:

„Auk þess er talið eðlilegt að bæta þjónustugjöldum við þessa upptalningu, en um ákvörðun þeirra gilda ákvæði 49. gr. laganna.“

Þegar maður horfir á 10. gr. laganna eru taldar upp þær tekjur sem sjóðurinn hefur og verið er að leggja til viðbót við þær þrjár upptalningar sem eru í 4. tölul., að þar komi þóknanatekjur. Ég get því ekki séð annað en að hér sé nýtt ákvæði á ferðinni.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra af því hann nefndi ekki þetta með áhættugreininguna: Liggur hún fyrir? Hefur verið farið ofan í það, því við verðum að geta lagt eitthvert mat

á gjaldtökurnar og vaxtaálögur og þær nýju heimildir sem ráðherrann er að fá varðandi vaxtaálag og þóknanir hvers konar. Það er því mikilvægt að það liggi fyrir í nefndinni hvert mat þeirra sem best þekkja til og hafa farið ofan í áhættugreininguna er, hvað þetta geti þýtt fyrir lántakendur miðað við það sem menn sjá fyrir sér í nánustu framtíð. Það verður að kortleggja nákvæmlega hvers megi vænta.

Varðandi samanburðinn, að draga þá ályktun að miða við að í febrúar á síðasta ári og í febrúar núna sé aukning frá febrúar í fyrra, er ekki samanburður sem þarf að líta á til að sjá hvort menn séu að halda að sér höndum heldur hvernig þetta var undanfarna mánuði og lengra aftur í tímann. Ég held að þetta þurfi að skoða þegar menn leggja mat á hvort hætta sé á stíflu þarna.

En það kemur í ljós. Maður verður að vona það besta, að það hafi ekki neikvæð áhrif þegar kerfið fer af stað 1. júlí að hvatningin hafi legið fyrir hjá bönkunum.

[17:49]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi vitna til 49. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um gjaldtöku. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs, lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum og gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og gjöld vegna annarrar sambærilegrar þjónustu. Heimilt er að jafna kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn."

Í 50. gr. er fjallað um að félmrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Þarna er því, hæstv. forseti, ekki um neina efnislega breytingu að ræða. Þarna kemur fyrir orðið þjónustugjöld, vissulega, en í gildandi lögum er sagt, með leyfi forseta:

„ ... svo og gjöld vegna annarrar sambærilegrar þjónustu" — eða þjónustugjöld.

Eins og fram kom í máli mínu áðan, hæstv. forseti, liggur fyrir mikil vinna í félmrn. að baki frv. og vissulega mun hv. félmn. fara yfir málið og að sjálfsögðu hafa aðgang að þeim upplýsingum sem fyrir liggja í félmrn. Hluti af því sem lýtur að endanlegri vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðsins er, hæstv. forseti, eins og fram kom í máli mínu fyrr í dag, þess eðlis að það varðar viðkvæmar upplýsingar á markaði og fara verður með þær upplýsingar í samræmi við það.

[17:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef gjaldtökuheimildin um þjónustugjöld er fyrir hendi í 49. gr., hver er þá ástæðan fyrir því að verið er að bæta þessu við í 10. gr. laganna sem fjallar um tekjur? Þar er sagt að Íbúðalánasjóður fjármagni þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum með þeim hætti sem hér segir, með leyfi forseta:

„1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins. ...

2. Með útgáfu húsbréfa.

3. Með sölu húsnæðisbréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni."

Síðan er lagt til í frv. að við bætist liður sem orðist svo: „Með þjónustugjöldum skv. 49. gr."

Ef ráðherrann telur sig þegar hafa heimildina í lögum varðandi 49. gr., hvers vegna er verið að bæta við sérstöku ákvæði í 10. gr. þar sem verið er að vitna til hvernig Íbúðalánasjóður fjármagnar sig? Þar er verið að bæta inn lið sem heitir Þjónustugjöld.

En við skoðum þetta væntanlega nánar í efh.- og viðskn. sem fær málið til meðferðar.

Ég hef ítrekað spurt um áhættugreininguna. Mér finnst ráðherrann ekki svara því og ég hef raunverulega ekki fengið svar við því þó ég hafi ítrekað spurt um það hvort hún liggi fyrir, hvort fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspá sem vitnað var til í skýrslu Landsbankans hafi skilað niðurstöðu sinni, en niðurstaðan átti að liggja fyrir áður en frv. yrði lagt fyrir þingið. Ég held að sú skýrsla hljóti að gefa okkur mikilvægar vísbendingar um hvers megi vænta varðandi vexti, vaxtaálag og áhættu og hvaða kjör lántakendum bjóðast. Þess vegna hefði ég viljað fá það uppgefið hér og nú hvort skýrslan sé ekki öllum opin og hvort efh.- og viðskn. fái hana ekki til umfjöllunar.

[17:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér ekki svarað þessum spurningum skýrar en ég hef gert nú þegar við umræðuna. Hvað varðar þjónustugjöldin og umræðuna um þau er fyrst og fremst um lagatæknilegt atriði að ræða. Það er fyrst og fremst verið að breyta orðalagi í greininni, en ekki verið að efna til nýrra gjalda af neinum toga eins og ég tel mig, hæstv. forseti, hafa rakið í máli mínu áðan.

Hvað varðar síðara atriðið er hægt að upplýsa það, eins og ég tel mig hafa gert áðan, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að það fyrirtæki sem hér er gert að umtalsefni, Ráðgjöf og efnahagsspá, er einn þeirra aðila sem hefur verið fenginn til að leggja mat á þær breytingar sem felast í frv. Að sjálfsögðu eru þær upplýsingar sem þar liggja fyrir ekkert leyndarmál. Hins vegar, eins og ég gat líka um áðan, eru ákveðin atriði málsins þess eðlis að þau varða viðkvæmar markaðsupplýsingar og um þær verður að fara með þeim hætti sem tilhlýðilegt er samkvæmt lögum og reglum.

[17:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hafa orðið miklar breytingar á húsnæðiskerfinu á undanförnum árum og hámarkslán til þeirra sem hafa þurft á lánum að halda hafa breyst mjög mikið. Þetta hefur valdið því að ýmsir sem eru núna á miðri leið að borga upp þau lán sem þeir hafa fengið, hafa verið og eru í mikilli þörf fyrir lánsfé vegna húsnæðiskaupa sinna. Þeir hafa ekki getað fengið úrlausn nema með dýrum lánum í bankakerfinu og greinilegt að ekki er gert ráð fyrir að koma til móts við aðila af þessu tagi í frv.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið skoðað í tengslum við frv. og hvers vegna menn hafi ekki gefið möguleika á því að menn fengju viðbótarfjármögnun ef þeir fengu miklu lægri fjármögnun á húsnæðislán sín fyrir tiltölulega fáum árum. Það eru mörg dæmi um þetta. Það er í raun og veru búið að segja við menn á undanförnum árum: Ef þið viljið fá viðbótarfé vegna húsnæðis ykkar skuluð þið selja og kaupa annað húsnæði og kosta til þess miklum peningum. Þannig hefur mönnum verið svarað og mér sýnist að þannig eigi að svara mönnum áfram miðað við frv.

[17:56]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að ítreka það sem fram hefur komið í umræðunni fyrr í dag, að málið fjallar út af fyrir sig ekki um lánsfjárhæðirnar í húsnæðislánakerfinu.

Hins vegar er það rétt sem hv. þm. bendir á að hámarkslánin hjá Íbúðalánasjóði hafa ekki þróast á undanförnum árum í takt við þróun almenns verðlags eða þróun húsnæðisverðs. Hámarkslánin eru núna vegna nýrra íbúða 9,7 millj. kr. og vegna notaðra 9,2 millj. kr. Ef þau hefðu þróast í takt við umræddda þróun væru þau einhvers staðar á bilinu 14–15 millj. kr. Það er því rétt sem fram kemur í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að þess vegna m.a. hafa íbúðakaupendur þurft að leita fyrir sér við fjármögnun íbúðarhúsnæðis síns þar sem vaxtakostnaðurinn er meiri og ýmiss annar kostnaður. Þetta er hins vegar umfjöllunarefni þess máls sem ég lýsti áðan, hæstv. forseti, að ég hlakkaði til að koma með í sali Alþingis þegar niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA um hækkun lánshlutfallsins og hækkun hámarkslánanna liggur fyrir og ég heyri ekki annað en að hér sé að vænta stuðnings við það mál frá fulltrúum flestra, ef ekki allra flokka á Alþingi.

[17:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi koma að málinu vegna þess að ég tel fulla ástæðu til að þetta verði tekið með í umfjöllunina um þetta málefni. Það er ekki eðlilegt að þeir sem eiga jafnvel verulegt eigið fé í íbúðum sínum og vilja sitja í þeim áfram, en þurfa á fjármögnun að halda, geti ekki fengið slíka fyrirgreiðslu hjá sjóðnum. Mér finnst að það hljóti að vera hægt að setja skýrar og eðlilegar reglur um slíka fjármögnun. Þá er kannski ekki nauðsynlegt að menn fái fjármagn upp í hæstu mögulega fjármögnun eins og hún verður þegar búið er að ákveða hana. Ég held að menn þurfi ekki endilega svo mikið. En það er alveg ljóst að á undanförnum árum hefur töluverður hópur, hann er kannski ekki mjög stór, þurft að búa við það að taka lán sem hafa engan veginn dugað til þess að kaupa íbúðirnar og hefur þurft að bæta við mjög dýrum lánum og velta þeim áfram. Sá hópur væri miklu betur settur með að fá endurfjármögnun á sinni íbúð en að standa í því að selja íbúðina sína og kaupa aðra til að geta endurfjármagnað húsnæði sitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GMJ og JBjarn, 485. mál (sóknardagar handfærabáta). — Þskj. 757.

[18:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frv. sem snýr að svokölluðum dagabátum sem veiða í sóknarkerfi og stöðu þeirra mála almennt.

Ljóst er að dagakerfi handfærabátanna er í raun eina sóknarkerfið sem eftir er í núverandi fiskveiðistjórnarútfærslu. Það kerfi getur sýnt okkur þróun fiskigengdar á miðunum við Ísland, það endurspeglar hver fiskigengdin er og hvaða aflabrögð eru á hinum viðkomandi fiskimiðum í kringum landið.

Það er jafnframt sérstakt við sóknardagakerfið að í því kerfi er ekki mér vitanlega neinn hvati til brottkasts. Menn hafa hag af því að koma með allan fisk að landi, það er ekki verið að fiska upp í kvótakíló sem úthlutað hefur verið fyrir fram. Menn sjá sér ekki hag í að velja úr aflanum. Þeim eru ekki sett aflatakmörk varðandi það hvað þeir mega bera að landi. Þeim eru úthlutaðir þessir dagar sem hafa verið 23 lengi vel en stefnir nú í að verði 19. Það er afar sérstakt að þetta kerfi skuli látið þróast með þeim hætti sem orðið hefur á undanförnum árum, kannski ekki síst í ljósi stöðunnar á þessu fiskveiðiári. Það er vægast sagt undarlegt að kerfið skuli látið þróast þannig að dögunum fækki sífellt.

Ég vil leyfa mér að fullyrða, virðulegi forseti, í ræðustól á Alþingi að í raun séu atvinnuréttindi manna brotin og atvinnumöguleikar þeirra þannig leiknir að það stangist á við stjórnarskrá. Í 75. gr. stjórnarskrárinnar segir að á atvinnufrelsi manna megi einungis leggja höft ef það þjóni almannahagsmunum.

Skoðum hvað gerst hefur á þessu fiskveiðiári. Búið er að bæta 30 þús. tonnum við þorskkvótann í hinu almenna aflamarkskerfi, sennilega tvöfalda ýsukvótann á tveimur árum, tvöfalda ufsakvótann á tveimur til þremur árum og eins og ákveðið var á Alþingi í desember að veita sérstaka ívilnun vegna línuveiða ef sett yrði beita á krókana, reyndar handbeitt í landi. Allt hefur þetta orðið til að auka möguleika þeirra sem starfað hafa í aflamarkskerfinu. Þeir hafa fengið auknar veiðiheimildir í þorski, um 30 þús. tonn. Ufsakvótinn hefur verið tvöfaldaður og ýsukvótinn nærri þrefaldaður á fáum árum. Á sama tíma og þeir sem vinna í aflamarkskerfinu hafa fengið fleiri verkefni og meiri atvinnu erum við með sérstakt kerfi, sóknardagakerfi, í gangi sem telur niður atvinnumöguleika manna, þess takmarkaða fjölda sem gerir út handfærabáta eftir sóknardagakerfi.

Ég tel að þetta fari í bága við stjórnarskrána. Það getur ekki verið réttlætanlegt að við höldum áfram að skera niður sóknarmöguleika handfærabátanna á sama tíma og allir aðrir sem starfa í útvegi eru að bæta við sig heimildum, að við tölum nú ekki um stórútgerðina sem hefur verið að fá hvern fiskstofninn á fætur öðrum inn í kvótaúthlutun sína, eins og kolmunnaveiðarnar, sem eru alveg hrein viðbót, norsk-íslensku síldina, sem rætt var um áðan o.s.frv.

Ég sé ekki betur, virðulegi forseti, en að málið horfi þannig við, ef við lítum til þess hvaða réttindi menn telja að stjórnarskráin ætti að veita þeim, en það segir nákvæmlega svo, með leyfi hæstv. forseta, í stjórnarskránni í 75. gr.:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

Ég spyr: Hvernig má það gilda um þessa 322 báta í sóknardagakerfi? Er verið að þjóna almannahagsmunum í landinu með því að skerða atvinnurétt í því kerfi? Eins og menn vita segir í 72. gr. stjórnarskrárinnar:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Atvinnurétturinn hefur hingað til verið talinn eignarréttur að því leyti að hann verður ekki skertur nema það teljist almannahagsmunir. Þess vegna spyr ég, hæstv. forseti: Hvernig víkur því við að þeir 322 bátar sem gerðir eru út í dagakerfi skuli sæta niðurskurði á atvinnurétti þegar allir aðrir sem stunda fiskveiðar við Ísland fá aukinn atvinnurétt? Heimildir til annarra eru að aukast. Ef menn hafa verið svo ólánsamir að það hafi þurft að skera niður kvóta þeirra, eins og í rækju og hörpuskel, þá hafa menn fengið sérstakar bætur, hæstv. forseti, út á það.

Sóknardagakerfið er áfram skorið niður og í því á áfram að telja niður eins og lögin eru úr garði gerð. Miðað við þá

þróun sem hefur orðið í aflamarkskerfinu, að þar hafa verið að aukast heimildir og einkum núna hin síðari ár í botnlægum fiskum eins og ýsu og ufsa, síðast í þorski þegar kosningakvótinn kom, 30 þús. tonnin sem fundust norður á Akureyri á sl. vetri, er ljóst að aðrir fá aukna atvinnumöguleika en ákveðinn hópur manna missir atvinnutækifæri. Það stefnir auðvitað í að þegar dagarnir eru komnir niður í 19, að ég tali ekki um ef þeir halda áfram að telja niður með óbreyttum lögum, muni atvinnuréttindi þessara manna ekki duga þeim til framfærslu. Þar með verður sá hluti útgerðarmanna skorinn niður. Hann mun ekki hafa framfærslu af atvinnu sinni lengur á sama tíma og tekjumöguleikar annarra aukast.

Þetta held ég að fái ekki staðist til langframa. Það var vafalaust hægt að mæla þessu kerfi bót með fækkun sóknardaga á meðan menn skáru endalaust niður kvóta. Eins og menn vita hefur kvótakerfið ekki fært okkur mikla uppbyggingu um fjöldamörg ár þó að nú hafi um skeið árað þannig að ákveðnir fiskstofnar hafa stækkað. Þeir voru reyndar settir inn í kvótakerfið, t.d. ýsan, steinbíturinn og ufsinn á smábátunum þegar engin þörf var á því. Þegar loksins sást fram á að veiðiheimildir bátanna mundu aukast var þar tekið upp kvótakerfi sem engin þörf var á.

Við stöndum frammi fyrir þeim mismun í kerfinu, að atvinna sumra er minnkuð og dregið úr möguleikum þeirra til að framfleyta sér og sínum. Rekstrardæmið endar með því að menn sjá sér ekki fært að stunda slíka útgerð og hvað skeður þá? Jú, þá fara þeir sem mesta hafa veiðireynsluna, eins og ævinlega er þekkt, að biðja um kvóta. Þeir munu hugsa sér að þá sé tími til kominn að reyna að selja sig úr kerfinu með þá reynslu sem menn hafa myndað. Þetta er alþekkt og stjórnvöld hafa iðulega ýtt undir með því að láta það leka út á bak við tjöldin, án þess að á því fáist nokkur staðfesting, að e.t.v. sé möguleiki á að úthluta kvótum upp á 70–80% af veiðireynslunni. Þar með er hengd upp gulrót fyrir þá sem mesta veiðireynslu hafa haft á undanförnum árum. Þeir fara að segja: Ja, miðað við lögin sem keyra okkur niður ár eftir ár er best að við óskum frekar eftir kvóta. Slíkar raddir hafa smátt og smátt farið að heyrast. Ég kalla þetta að svelta menn til hlýðni við ómögulega framtíð.

Framtíðin í kvótakerfinu virðist ekki líkleg til að við getum verið stoltir af því sé litið á alla fleti málsins. Því verður ekki á móti mælt að kvótakerfið færir með sér brottkast. Það er ekki bara hér á landi. Það hefur komið upp í Noregi, í Danmörku og víðar. Á sama tíma erum við með sóknarkerfi í nágrannaríki okkar, Færeyjum. Þeir hafa notast við það kerfi í sjö ár og gengur prýðilega. Það hefur ekki orðið til þess í Færeyjum að gengið hafi á fiskstofnana, þvert á móti. Fiskstofnarnir hafa braggast við Færeyjar, hraðar og betur en hér. Þar hefur verið nokkuð góður og jafn afli á undanförnum árum. Þar er notað sóknarkerfi, eftir að Færeyingar hættu við það sem þeir kölluðu mestu sóun sem nokkurn tíma hefði sést í Færeyjum, þegar Danir settu yfir þá tímabundið kvótakerfi. Þá upphófst það sama og hér á landi, að menn fóru að velja úr aflanum. Við þekkjum þetta enn betur. Hér erum við með leigu á aflaheimildum og varanlega sölu aflaheimilda sem allt ýtir undir að valið sé úr aflanum.

Fyrir ekki svo mörgum árum, hæstv. forseti, voru dagar sóknardagabáta á handfæraveiðum 80. Þeim fækkaði síðan niður í 40 og voru síðan 23 í nokkur ár, eins og ég gat um áður. Því miður eru lögin þannig úr garði gerð að þeir halda áfram að telja niður, dagarnir. Það þýðir að smátt og smátt verða afkomumöguleikar í þessari grein engir.

Hins vegar var gerð ákveðin lagfæring á dagakerfinu sem ég held að hafi orðið til mikilla bóta þegar hin svokallaða tímamæling á veiðunum var tekin upp. Menn gátu þá losnað úr því endalausa stressi að þurfa að stíma til hafnar á tilteknum sólarhring, sem bauð hættunni heim. Útfærslan í dag er einfaldlega sú að tíminn sem menn eru í sjósókn telur. Það breytir ekki öllu hvort menn eru klukkutíma lengur eða skemur á leið úr sjóferð. Ég tel að það hafi aukið öryggið og hafi orðið til mikilla bóta í útfærslunni á kerfinu.

Skoðun okkar, sem flytjum þetta frv. og höfum verið fylgjandi því að viðhalda sóknardagakerfi fyrir handfærabátana, er að lagfæra þurfi þessa stöðu og setja botn í dagana. Við höfum lagt til að botninn í dagakerfinu miðist við 23 daga. Þannig hefur það verið ein tvö eða þrjú fiskveiðiár í röð, að dagarnir voru 23. Við teljum að það sé algjört lágmark til að menn geti rekið þessa útgerð sómasamlega og haft af því lifibrauð.

Við teljum líka óeðlilegt, og það felst í frv., að ef aflabrögð aukast umfram 230 þús. tonn sitji dagakerfið eftir eitt og sér án þess að fá aukningu á afla en allir aðrir haldi áfram að fá aflaaukningu. Þess vegna er lagt til í frv. að þegar heildarafli þorsks á Íslandsmiðum er ákveðinn yfir 230 þús. tonn þá komi viðbótardagur, og þannig koll af kolli fyrir hver 20 þús. tonn sem bætast við. Þannig væri sjálfvirkt inni í sóknardagakerfinu að þegar heildarafli vex á Íslandsmiðum varðandi þorskinn, hann er auðvitað uppistaðan í afla króka- og dagabátanna, þá aukist dagafjöldinn sem þessir bátar megi stunda veiðar. Það mundi gerast á sama hátt og verkefnin aukast hjá flotanum sem vinnur eftir aflamarkskerfinu.

Ég tel mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að viðhalda þessu kerfi og hafa þessa sóknarmælingu í gangi þannig að menn sjái í fyrsta lagi hvernig fiskigengd er við landið, hvar hún er við landið og hver aflabrögð eru miðað við sóknareiningu. Sóknarkerfið heimilar mönnum að koma að landi með aflann sem þeir veiða. Það gefur hugmynd um hvað miðin gefa af sér, hver þéttleiki fisks er á miðunum o.s.frv. Auðvitað er þetta allt háð tíðarfari en við megum heldur ekki gleyma því að flotinn, sóknardagabátar og handfærabátar, er mjög færanlegur.

Það fer ekkert á milli mála að Norðvesturkjördæmið hefur notið þessara dagabáta vel á undanförnum árum. Það er einfaldlega vegna þess að miklar handfæraveiðar eru stundaðar á því svæði, frá Breiðafirði, frá Vestfjörðum, frá Ströndum, frá Norðvesturlandi o.s.frv. og allt austur um og í kringum landið. Þannig hefur verið á undanförnum árum að þeir sem gera út í sóknardagakerfinu hafa fært sig til eftir því sem fiskurinn hefur legið við landið og þó bátar séu skráðir allt í kringum land hefur sumarveiðin þar af leiðandi, vor- og sumarveiði handfærabátanna, iðulega fært mikla umsetningu og mikinn afla inn í byggðirnar frá Breiðafirði og norður og austur um að sumartímanum til.

Þetta skiptir geysilega miklu máli fyrir þetta svæði og ekki veitir nú af í Norðvesturkjördæminu og á Mið-Norðurlandi, að viðhalda þar atvinnutækifærum og atvinnumöguleikum. Við horfum jú upp á að mikil umsvif eru á hálendinu á Austurlandi og til stendur að byggja álver á Austurlandi. Þar mun verða mikil uppsveifla sem þegar er farin að hafa veruleg áhrif til atvinnuuppbyggingar og íbúafjölgunar á því svæði, a.m.k. lítur út fyrir það.

En Norðvesturkjördæmið situr talsvert eftir í því tilliti að þar er ekki um nein ný verkefni að ræða sem samsvara neinu í líkingu við það sem er að gerast á Austurlandi.

Norðvesturkjördæmið hefur byggt atvinnu sína að miklu leyti á sjósókn og landbúnaði. Þeir atvinnuvegir hafa verið grunnatvinnuvegir kjördæmisins. Ferðamennskan fer vaxandi með batnandi samgöngum og allt gott er um það að segja. En það breytir ekki því að fyrir þetta svæði landsins skiptir ofboðslega miklu máli hvernig sóknardagakerfinu reiðir af vegna þess að þetta færir mikinn afla inn á umrætt svæði og eykur atvinnumöguleika þar mikið.

Því miður hafa stjórnvöld haft horn í síðu þessa kerfis. Ég lít svo á að sjútvrh. hafi frekar lítinn vilja til þess að lagfæra kerfið en hins vegar mikinn vilja til þess að fara inn í kvótasetningu með smábátana og ná því fram eins og menn segja, að færa kerfið allt í einn búning, þ.e. að allir verði kvótasettir. Ég vil líka minna á það, hæstv. forseti, að í skýrslu um byggðaáætlun fyrir Vestfirði, þar sem vitnað er í stefnu ríkisstjórnarinnar um byggðamál, segir, með leyfi forseta:

„Tekið er undir það sem fram kemur í þingsályktun um byggðamál þar sem fram kemur að brýnt sé fyrir útgerðarfyrirtækin og útgerðarstaðina að stöðugleiki ríki í stjórn fiskveiða ...“

Skyldi þetta ekki eiga alveg jafnt við um sóknarkerfi handfærabátanna og það sem menn eru að vitna til varðandi annað?

Því er alveg ljóst, hæstv. forseti, að þetta skiptir ofboðslega miklu máli í útfærslu og hefur mikil áhrif á það hvernig atvinna skapast við þessar veiðar.

Hinum minni útgerðarstöðum hefur handfærakerfið verið mikil lyftistöng og eflt mjög atvinnutækifæri og möguleika manna við fisköflun og hráefnisöflun og það ber að líta alveg sérstaklega til þess.

Sjósóknin og fiskvinnslan er sá grunnur sem atvinnulífið byggir á, ekki síst á svæðum eins og Vestfjörðum, Norðurlandi og við Breiðafjörð. Þess vegna teljum við flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að taka á þessu kerfi þannig að það verði lagfært. Ég minni á það sem margir þingmenn úr Norðvesturkjördæminu lýstu yfir á fundi vestur á Ísafirði í september, að mig minnir, þar sem var talað um fiskveiðistjórnarmál. Það var 13. september. Þar lýstu margir þingmenn kjördæmisins því yfir að þeir teldu meira en sjálfsagt að setja 23 daga gólf í dagakerfið. Ég treysti því að menn sjái hagsmuni kjördæmis síns í því að festa þetta kerfi í sessi og viðhalda því.

[18:20]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það komu fram mjög alvarlegar ásakanir í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, þ.e. að miklar líkur séu á því að hér sé verið að skerða atvinnuréttindi manna umfram það sem stjórnarskráin leyfir. Mér finnst þetta vera mjög alvarlegar ásakanir. Hér er hugsanlega um stjórnarskrárbrot að ræða. Það er þá ekki í fyrsta skipti sem þau stjórnvöld sem nú ríkja væru að brjóta stjórnarskrána. Allir þekkja viðskipti ríkisstjórnarinnar og öryrkja. Þar sem málið er svo umdeilt væri þá ekki eðlilegt að hæstv. sjútvrh. væri hér til andsvara og reyndi að skýra sjónarmið sín í þessu máli? Hér er verið að skerða atvinnuréttindi manna hringinn í kringum landið. Nú þekkir hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson lítillega til innviða Sjálfstfl. Hefur hann einhverjar skýringar á því hvers vegna menn þora ekki að mæta hér og ræða þetta mál eða hafa þeir einfaldlega engan áhuga á því?

Mér finnst þetta mjög furðulegt. Við erum sí og æ að reyna að ræða við hv. þingmenn Sjálfstfl. um fiskveiðistjórn og fiskveiðar. En þegar þessi mál eru tekin á dagskrá á hinu háa Alþingi lætur enginn sjá sig úr flokki þessum, stærsta flokki landsins. Mér finnst það undarlegt fyrir lýðræðið að menn láti ekki sjá sig hér til að ræða mikilsverð mál því hér er um einn meginatvinnuveg landsins að ræða. Eini þingmaður Framsfl. sem kemur til umræðu og mætir til leiks venjulega þegar verið er að ræða fiskveiðistjórnarmál virðist hafa allt aðrar áherslur en afgangurinn af Framsfl. Mér finnst mjög sérstakt að horfa upp á það á hinu háa Alþingi að þjóðinni sé boðið upp á þetta.

[18:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fyllilega tekið undir áhyggjur hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um að það er vægast sagt undarlegt að sá flokkur sem fer með sjávarútvegsmál í landinu, Sjálfstfl., þingmenn hans, svo ég tali nú ekki um hæstv. ráðherra, skuli ekki hafa nokkra döngun í sér til að fylgjast með umræðum í Alþingi þegar talað er um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, ekki síst þegar það er vitað að hæstv. ráðherra hefur staðið í viðræðum við Landssamband smábátaeigenda. Landssamband smábátaeigenda hefur margsinnis endurtekið yfirlýsingar um það og öll félög innan Landssambands smábátaeigenda hafa ályktað um það á undanförnum árum að menn ættu að viðhalda dagakerfinu og fá í það eðlilegt gólf. Það er bara sérstakt réttlætismál. Þess vegna tek ég undir það sem hv. þm. sagði áðan, að það er mjög undarlegt vægast sagt að á sama tíma og ráðherrann — ja, ég vil bara orða það svo — þykist vera að halda uppi viðræðum sem eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu að viðhalda sóknardagakerfinu þá skuli hann ekki hafa nokkurn vilja til þess að hlusta á málflutning þingmanna um það sama kerfi og hann er að vinna með úti í bæ. En það er nú einfaldlega þannig því miður að við stöndum uppi með það í dag að hér er enginn þingmaður frá Sjálfstfl. Vonandi verður hægt að særa þá hingað í salinn. Ég trúi því ekki að þeir séu orðnir svo aumir að þeir geti ekki tekið þátt í þessari umræðu. Skárri væri það nú aumingjaskapurinn, hæstv. forseti, ef menn segja eitt vestur á fjörðum en geta svo ekki staðið við það að taka þátt í umræðu þegar verið er að ræða framtíð og möguleika fjölda manna og ekki síst hagsmuni þess kjördæmis sem þeir eru þingmenn fyrir.

[18:24]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og áður segir eru þetta mjög alvarlegar ásakanir, þ.e. að menn séu að brjóta stjórnarskrána — ég verð að segja það — ef menn eru með kerfi sem væri að skila einhverjum árangri. Þess vegna væri fróðlegt að heyra um þetta hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni sem hefur stundað sjóinn meira en flestir aðrir sem starfa á hinu háa Alþingi. Við höfum vitnisburð um árangur þess kerfis sem er verið að verja hér, þ.e. kvótakerfisins. Nú er staðreyndin sú að þegar lagt var af stað með kvótakerfið var stefnt að því að aflinn yrði að jafnaði 500 þús. tonn. Hver er aflinn núna? Nú er hann innan við helmingur þess sem upphaflegt markmið var. Þess vegna er meira en lítið skrýtið — ég vil nú taka undir með hv. þm. og segja að mér finnst þetta vera aumingjaskapur af Sjálfstfl. — að geta ekki sent hingað fulltrúa til að ræða þessi mál þegar verið er að taka fyrir mál manna sem starfa við sjávarútveg hringinn í kringum landið. Það er verið að skera niður sóknargetu þessara báta. Við höfum hér frv. til þess að tryggja það að þeir geti rekið útgerðir sínar áfram og menn taka engan þátt í þessari umræðu. Mér finnst þetta

alveg með ólíkindum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þingmenn Sjálfstfl. láta ekki sjá sig þegar sjávarútvegsmál eru rædd.

Ég vil minna á að sumir þessara þingmanna sitja jafnvel í alþjóðanefndum um auðlindastjórn og fiskveiðistjórn. Hverju ætli þetta sæti, frú forseti? Ég vil fá að spyrja hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson að því hvaða skýringu hann hafi á þessum málum.

[18:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði það áðan og stend við það að skilningur minn á stjórnarskránni að því er varðar það að hægt sé að leggja höft á atvinnufrelsi manna byggist á því að það þjóni almannahagsmunum. Ég fæ það ekki til að ganga upp að það séu almannahagsmunir að taka niður vinnu kannski um 500 sjómanna í þessu sóknardagakerfi, rúmlega 300 báta, á sama tíma og allir aðrir eru að bæta við sig atvinnurétti og atvinnumöguleikum og Alþingi sjálft í desember var að auka atvinnumöguleika þeirra manna sem veiða á króka og beita línu. En ef fiskurinn bítur á krók á handfæri án þess að það sé beitt fyrir hann þá skal skera atvinnuréttinn niður. Ég fæ það ekki til að ganga upp miðað við stjórnarskrána að hér sé verið að fylgja því fram að þetta þjóni almannahagsmunum. Ef það á að þjóna almannahagsmunum hlýtur það að þurfa að ná jafnt til allra. En það gerir það ekki. Þannig er þetta mál vaxið og ekki er hægt að túlka það öðruvísi.

Með leyfi forseta langar mig að lesa hér smákafla úr byggðaáætlun fyrir Vestfirðinga. Þar segir:

„Sjávarútvegur hefur verið undirstöðuatvinnuvegur Vestfirðinga frá upphafi byggðar og mun verða það áfram. Aðrar atvinnugreinar hér á Vestfjörðum eru flestar tengdar sjávarútvegi eða byggjast algerlega á honum. Þess vegna hlýtur byggðaáætlun fyrir Vestfirði að byggjast á þeim grunni sem traustastur er.“

Skýrara getur það nú varla verið hjá sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum og fjölda annarra sem koma að mótun byggðaáætlunar fyrir Vestfirði sem ég vitnaði til og sýnir þetta þá áherslu sem Vestfirðingum og okkur þingmönnum sem eigum að vinna fyrir það svæði og norðvestursvæðið í heild ber að leggja á það að viðhalda þessum atvinnurétti manna.

[18:29]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill benda hv. þingmönnum, Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Sigurjóni Þórðarsyni, á að andsvör eru ætluð til að gera athugasemdir við ræður en ekki til að taka undir með ræðumanni.

[18:29]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. um framtíð dagabátaflotans og lagt til í frv. að leyfilegir sóknardagar á hverju fiskveiðiári verði aldrei færri en 23 og jafnframt lagt til að þeim geti fjölgað um einn dag fyrir hver 20 þús. tonn af þorski sem heildaraflinn er aukinn umfram 230 þús. tonn.

Ég tel rétt að rifja aðeins upp söguna í þessu efni þannig að menn hafi til hliðsjónar í umræðunni sem hér fer fram hvernig málið hefur þróast frá upphafi, en það á rætur sínar að rekja til Valdimarsdómsins sem féll í byrjun desember 1998. Þá voru fengnir sérfræðingar á vegum ríkisstjórnarinnar til að greina dóminn og fá fram mat á því hvað dómsvaldið væri að segja með þeim merka dómi sem þá féll. Ríkisstjórnin komst að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur væri að gera kröfu til þess að aðgangur að fiskimiðunum væri opnaður frá því sem verið hafði fram að þeim tíma og það væri mat Hæstaréttar að aðgangurinn væri of takmarkaður og draga yrði úr hindrunum fyrir nýja aðila inn í kerfið með því að skilgreina veiðiheimildir og gera mönnum kleift að afla sér þeirra í smærri einingum en aflahlutdeildum og þannig gætu menn komist yfir heimildir til að hefja útgerð eða gera út með minni tilkostnaði en ella. Þetta var í stuttu máli sú greining sem sérfræðingar ríkisstjórnarinnar settu fram á dómi Hæstaréttar.

Það varð niðurstaða ríkisstjórnarinnar að eina leiðin til að mæta sjónarmiðum Hæstaréttar væri að hafa eitt kerfi fyrir allan flotann og allir yrðu að vera í framseljanlegu aflamarkskerfi. Frumvarp um það var lagt fram í desembermánuði 1998, skömmu áður en Alþingi fór í jólaleyfi. Síðan var þingið kvatt saman í janúarbyrjun 1999 til að taka fyrir frv. hæstv. sjútvrh. og afgreiða það og gera að lögum svo fljótt sem unnt væri.

Á þeim tíma var ég formaður sjútvn. þannig að það hvíldi dálítið á mínum herðum að stýra vinnunni og sjútvn. eyddi miklum tíma í að fara í gegnum þingmálið frá ríkisstjórninni og rökstuðninginn sem Hæstiréttur setti fram fyrir niðurstöðu sinni. Eftir mikla yfirlegu varð niðurstaða okkar í sjútvn., a.m.k. meiri hluta hennar, að það væri ekki verið að kveða á um það með dómnum að eina leiðin sem unnt væri að beita til að stýra veiðum við Ísland væri aflamarkskerfið. Þvert á móti komust menn að þeirri niðurstöðu að það væri heimilt að halda áfram sóknarstýringu. Ég beitti mér mjög fyrir því innan meiri hluta sjútvn., og fleiri þingmenn þar, að tala fyrir þeim sjónarmiðum að menn gætu haft áfram sóknarstýringu á veiðunum.

Fyrir 2. umr. málsins skilaði meiri hluti sjútvn. af sér mjög viðamiklum tillögum um breytingar á stjórnarfrv. þar sem snúið var við stórum hlutum í frv. sem lutu að veiðum smábáta. Þar var lagt til að taka upp sóknardagakerfið sem hefur í meginatriðum verið við lýði síðan. Þá var lagt til að dagarnir yrðu 23 og reyndar var málið afgreitt með þeim hætti að hækkun daganna á milli ára gat farið allt upp í 25%. Síðar tókst að fá það lækkað þannig að það varð ekki meira en 10% ár hvert. Ég held að það hafi skipt sköpum að það tókst í fyrsta lagi að ná fram samstöðu um að viðhalda áfram sóknardagakerfi á smábátum og í öðru lagi að fækkunin milli ára yrði þó aldrei meiri en 10%.

Ég lagði mjög mikla áherslu á að menn sameinuðust um þessa niðurstöðu því það þurfti líka að horfa til þess sem Hæstiréttur var í raun að segja, að við yrðum að ganga frá stjórn veiðanna með þeim hætti að einhvers staðar gætu menn hafist handa án þess að aðgangshindrunin inn í kerfið væri of stór. Hæstiréttur var í raun að gera athugasemdir við að kerfið væri of lokað, það væri of dýrt að komast af stað í kerfinu eins og það var. Út frá þeim sjónarmiðum gerðum við breytingar á sóknardagakerfinu sem hafði verið áður á þá lund að við aðskildum veiðileyfið og dagana, töldum okkur skylt að gera það til þess að mæta sjónarmiðum Hæstaréttar að gera mönnum mögulegt að geta keypt sér daga í smærri einingum en 23 saman, sem var það kerfi sem hafði verið áður. Menn keyptu veiðileyfi og í veiðileyfinu var öll heimildin til veiða ein og óskipt og verðlögð samkvæmt því. En við töldum okkur skylt, til að mæta sjónarmiðum Hæstaréttar, að skilgreina einingarnar í minna mæli. Það gerðum við með því að hafa þær í dögum og gera þær framseljanlegar að vissu

marki, en settar voru töluverðar hindranir á það framsal eins og menn þekkja og ber að rifja það upp hér, sem gera það að verkum að verðið á heimildunum er miklu lægra en það mundi vera ef einingarnar yrðu skilgreindar í magni, sem kíló.

Með þessu tókst okkur að búa til kerfi þar sem þeir sem voru í kerfinu gátu haldið áfram og þeir sem vildu komast inn gátu farið inn með minni tilkostnaði en ef þetta væri allt í einu aflamarkskerfi. Ég held að reynslan hafi sannað að það sé rétt að reglurnar sem settar voru hafi gert það að verkum að verðlagningin á dögunum er lægri og jafnvel má segja verulega lægri en hún mundi vera ef þetta væru skilgreindar sem heimildir í aflamarki og kerfið væri eitt. Það skiptir því máli upp á verðlagninguna hvernig reglurnar eru, m.a. um framsal.

Ég vil vísa til nál. meiri hluta sjútvn. frá þeim tíma, sem er 123. löggjafarþing, og er að finna á þskj. 656 og brtt. nefndarinnar á þskj. 657. Ég vil enn fremur vísa til framsöguræðu minnar fyrir nál. og vil leyfa mér að rifja upp aðeins hluta úr henni til að skýra þau sjónarmið sem við settum okkur og útskýra hvers vegna við gerðum þær viðamiklu breytingar á frv. ríkisstjórnarinnar sem lá fyrir nefndinni, með leyfi forseta:

„Meiri hluti sjútvn. setti sér það markmið í upphafi að gera lágmarksbreytingar á gildandi lögum. Eftir viðræður við sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar lá fyrir að unnt væri að viðhalda sóknardagakerfi smábáta án viðamikilla breytinga, en um 320 bátar af um 800 smábátum hafa róið samkvæmt því. Var því horfið frá þeirri tillögu í frv. að fella allar veiðar smábáta inn í aflahlutdeildarkerfi og gefa þeim kost á að velja á milli þess að vera áfram í sóknardagakerfi eða fara í aflahlutdeildarkerfi. Núverandi aflamarkskerfi verður því áfram aðskilið frá krókakerfinu en það kerfi verður einfaldað og mun skiptast í tvö kerfi í stað þriggja áður. Veiðar samkvæmt krókakerfi munu áfram takmarkast við línu og handfæri og í því verða ekki heimilaðar netaveiðar."

Þetta vildi ég rifja upp til að skýra svolítið aðdragandann að því að sóknardagakerfið er yfir höfuð til. Ég tel að menn eigi að halda áfram að starfa á grundvelli stefnumörkunarinnar frá því í janúar 1999.

Málið kom mjög til umræðu fyrir áramót í sjútvn. Alþingis þegar við ræddum frv. um línuívilnun og meiri hluti sjútvn. lét koma fram í nál. sínu fyrir því frv. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Málefni svonefndra dagabáta hafa verið rædd í nefndinni. Ekki reyndist unnt að leggja til tillögur um framtíðarskipan í málefnum þeirra sem þó er mikilvægt verkefni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að vinnu við það verði hraðað."

Það var því tekið fram af hálfu meiri hlutans að menn litu svo á að málefnið væri mikilvægt og það yrði að ná niðurstöðu um framtíðarskipan dagabátanna vegna þess að fækkunin um 10% á hverju ári er óviðunandi fyrir þá sem starfa í kerfinu og það þarf að nást niðurstaða í stöðugleika í því kerfi.

Yfirlýsingin sýnir að menn innan stjórnarliðsins eru sammála um að það jafnvægi í kerfinu sem menn ætla sér að ná byggist á sóknardagakerfinu en ekki á því að kvótasetja núverandi dagakerfi. Það er ekki lýst yfir hvar gólfið eigi að vera í dögunum í áliti meiri hluta sjútvn., enda liggur niðurstaða um það ekki fyrir, en því er lýst yfir að menn telji að það verði að setja gólf. Þetta liggur fyrir, herra forseti, um afstöðu stjórnarliðsins í málinu.

Ég tel þýðingarmikið að halda því til haga að af hálfu stjórnarliðsins er ekki stuðningur við að kvótasetja dagabátana. Þetta vildi ég taka alveg skýrt fram og er ekki unnið að því á þeim grundvelli. Þeir aðilar sem eru að vinna því fylgi úr hópi dagamanna eru því ekki að vinna samkvæmt þeirri stefnu sem stjórnarliðið hefur markað sér í málinu.

Hæstv. sjútvrh. er þessa dagana í viðræðum við Landssamband smábátaeigenda til að ná fram sameiginlegum tillögum þeirra um framtíðarskipan dagabátakerfisins og vonast er eftir því að niðurstaða úr þeim viðræðum geti legið fyrir mjög fljótlega þannig að menn nái saman um hvar menn vilja setja gólf í dagana. Ég geri mér því vonir um að menn nái ásættanlegri niðurstöðu í þeim efnum mjög fljótt enda verður það að vera svo ef stjórnarliðið ætlar að standa við þá yfirlýsingu sem það gaf í desember sl., og ég legg áherslu á að það geri það.

Ég get lýst yfir sjónarmiðum mínum um hvar gólfið ætti að liggja. Ég tel að það eigi að vera við 23 daga eins og ákveðið var í upphafi og það eigi að festa það sem jafnvægispunkt í kerfinu. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að fallast á takmarkanir til að tryggja sóknargetu flotans þannig að unnt sé að hafa frekari bönd á því en nú er hversu mikinn afla flotinn dregur að landi ár hvert. Landssamband smábátaeigenda hefur kynnt hugmyndir um það sem takmarkar vélarafl og fjölda handfæra á rúllum. Ég held að menn eigi að reyna að ná samkomulagi á þeim grundvelli og gólfið eigi að liggja við 23 daga.

Ég er að því leyti sammála fyrri hlutanum í tillögu frv. að það verði ekki færri en 23 dagar ár hvert. Ég hef allan fyrirvara á því hvort rétt sé að fallast á seinni hluta 1. gr., að unnt verði að fjölga dögunum eftir heildarafla ár hvert af þorski. Ég hallast frekar að hinni leiðinni sem Landssamband smábátaeigenda hefur kynnt sem þeirra hugmyndir til að ná samkomulagi í þessum efnum.

Ég vildi, herra forseti, gera grein fyrir forsögu málsins og afstöðu minni til þess og frv. Ég tel að frv. sé ágætt innlegg í umræður um málið og gott fyrir sjútvn. Alþingis að hafa málið til umfjöllunar því það fer að styttast sá tími sem þingið hefur til að ljúka málinu fyrir þinglok í vor. En ég legg áherslu á að menn nái lendingu á Alþingi í þessum efnum og heykist ekki á því að ljúka málinu með sæmilegu samkomulagi fyrir vorið.

[18:45]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að taka þátt í þessari umræðu með okkur og fyrir það hvernig hann fór yfir þetta mál eins og það hefur snúið við verkum hans og skoðunum á undanförnum árum. Mér fannst hann tala að mörgu leyti skýrt. Hann talaði alveg skýrt varðandi 23 dagana, það væri eðlilegt að hafa botninn þar. Mér fundust hins vegar, og er það kannski lengra mál en maður kemst yfir í einu andsvari, útleggingarnar út af Valdimarsdómnum þess eðlis að við þær mætti gera ýmsar athugasemdir og hafa á þeim skoðanir. Þegar Valdimarsdómurinn var túlkaður af þeim sem mér heyrðist hv. þm. nota um orðið sérfræðingar var það þannig að þeir sérfræðingar fengu örugglega nokkuð góð fyrirmæli um að það skyldi koma sem flestum inn í varanlegt framseljanlegt kvótakerfi. Það tel ég að þeir hafi fengið sem veganesti og að út frá þeirri hugsun hafi menn unnið. Röksemdirnar hins vegar í

Valdimarsdómnum voru m.a. þær að ekki þyrfti bæði að hafa takmörkun á kvóta og takmörkun á veiðileyfum og skipum og úreldinguna heldur væri nægilegt að hafa takmörkun á kvóta og að nýir aðilar gætu komist inn í kvótakerfið. Vegna hvers? Jú, ekki bara vegna þess að hægt væri að kaupa minni einingar, heldur einnig vegna þess sem þeir bentu á í greinargerð, að fjöldi fisktegunda var þá utan kvóta. Fjöldamargar fisktegundir voru utan kvóta. Þeir bentu m.a. á það í krókakerfinu að þar væru allar fisktegundir utan kvóta nema þorskur. Síðan var bent á keilu, löngu, skötusel o.s.frv. Það voru ýmis rök sem menn lögðu með sér í það að ákveðin leið væri opin inn í kerfið.

Þetta vildi ég bara láta koma hérna fram vegna þess að það er nauðsynlegt að halda utan um söguna.

[18:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála þeim röksemdum hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að það skipti máli við mat á málinu hversu margar fisktegundir eru utan kvóta og verðmæti þess afla sem hægt er að veiða þar. Þær breytingar sem orðið hafa síðan eru í meginatriðum þær að tegundum innan kvóta hefur fjölgað og ábatasamar veiðar á tegundum utan kvóta hafa dregist saman vegna þess að möguleikarnir eru miklu minni. Það eru eðlileg rök sem ég fellst á í málinu.

Greiningin á dómi Hæstaréttar var ekki bara greining þeirra sem voru í meiri hluta sjútvn., heldur líka unnin í samráði við þá fjóra lögfræðinga sem ríkisstjórnin fékk sér til ráðuneytis. Sú niðurstaða að ekki væri verið að krefjast kvótasetningar í dómnum er ekki bara niðurstaða okkar. Hún er almenn niðurstaða þeirra sem fjölluðu um málið. Menn féllust á að sú tillaga ríkisstjórnarinnar gengi lengra en dómurinn gerði kröfur um og að ekki væri verið að gera kröfu um framseljanlegt aflamarkskerfi, hins vegar væri verið að gera kröfu um að menn gætu komist inn í kerfið án þess að aðgangshindrunin væri of stór.

Þess vegna tel ég t.d. hugmyndir sem verið hafa á kreiki hjá launþegasamtökum sjómanna og LÍÚ um að takmarka leiguframsal á kvóta vinna gegn dómi Hæstaréttar. Hún gerir mönnum síður kleift að leigja til sín kvóta á viðráðanlegu verði. Ég tel að slíkar breytingar á lögum mundu vinna gegn anda dóms Hæstaréttar.

[18:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það síðasta í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem rök í málinu er örugglega rétt að því leyti til að á meðan hægt er að leigja til sín heimildir á frjálsum markaði er auðvitað hægt að halda því fram að aðgangur sé inn í kerfið.

Ég vil hins vegar aðeins víkja að öðru atriði í ræðu hv. þm., að sóknardögunum, að menn þyrftu þá líka að geta selt sóknardaga í smáum einingum. Það var sett inn í lögin að menn gætu gert það en í því tilliti var hins vegar notuð ákaflega gömul viðmiðun, þ.e. viðmiðun fiskveiðiáranna 1996–1997 og 1997–1998. Svo er enn. Það er enn þá verið að nota þessa gömlu viðmiðun til að leggja verðmat á sóknardagana, alveg óháð því hvernig aflamörk eru að breytast og hvað aðrir hafa fengið í öðrum kerfum eins og aflamarkskerfinu. Ég vek athygli á því að á þessum fiskveiðiárum sem notuð eru til viðmiðunar varðandi verðgildi sóknardaganna og hvernig má nota það voru leyfðar heildaraflaheimildir af þorski sem voru 186 þús. tonn annað árið og 203 þús. tonn hitt árið. Það tekur mið af því sem þá var til staðar.

Reynslan er orðin gömul og spurningin er: Ef menn ætla að vera með framseljanleika í þessu kerfi, á þá sóknardagakerfið að verðleggjast á einhverri viðmiðun langt aftur í fortíðinni en aflamarkskerfið að taka mið af markaðnum bara fram og til baka? Það er margt við þetta að athuga og margt sem þarf að velta fyrir sér.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þingmannsins að fljótlega verði niðurstaða úr viðræðum Landssambands smábátaeigenda og sjútvrh. og ég vona að hún verði í þá átt að tryggja kerfið í sessi.

[18:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að möguleikinn til framsalsdaga miðast við nýtingu báts á úthlutuðum sóknardögum á tveimur fiskveiðiárum, annars vegar 1996–1997 og hins vegar 1997–1998. Bátur sem var lítið gerður út á þeim árum hefur t.d. mjög lítinn möguleika á að framselja daga. Það má alveg hugsa sér að endurskoða það. Megintilgangurinn með þessari tillögu var að takmarka möguleikana á framsali þannig að ef menn seldu frá sér fleiri daga en heimilt var er mönnum refsað með því að skerða hluta af þeim dögum sem eftir standa. Þetta hefur áhrif á verðlagningu daganna í þá veru að svona takmarkanir draga úr verðgildinu. Ef við ætlum að rýmka þetta og leyfa frekara framsal, t.d. að fella niður það sem mætti kalla viðurlögin, að ef menn selja frá sér fleiri daga en heimilt er falli niður hluti af þeim dögum sem eftir standa, erum við að liðka fyrir framsalinu.

Það er spurning hvaða áhrif það hefur. Það má velta fyrir sér hvort það leiddi til lægra verðs á dögum eða hvort það leiddi þvert á móti til hærra verðs á dögum. Mér finnst skipta máli hvor niðurstaðan yrði ofan á. Ef það leiddi til þess að verðið á einstökum degi mundi hækka drægi það úr möguleikum manna til að komast inn í kerfið, þ.e. kaupa daga, en ef þetta leiddi til þess að verð daganna lækkaði mundi það vinna með því sjónarmiði sem lá til grundvallar dómi Hæstaréttar.

[18:54]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að ræða við okkur um þetta mál. Hann er eini þingmaður stjórnarflokkanna sem hefur tekið þátt í þessari umræðu og stundum er hann einn á báti hvað varðar skoðanir sínar eða svona einn síns liðs varðandi sjávarútvegsmál innan stjórnarflokkanna. Manni hefur þótt það oft og tíðum. Í þessu máli á hann þó marga skoðanabræður sem hafa tekið undir með honum í þessum málflutningi. Ég vil nefna hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem hefur lýst því yfir að hann styðji þetta mál, fyrri hlutann, rétt eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Ég vil einnig nefna hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem tók mjög jákvætt í málið á fundi á Ísafirði 13. september og sama má segja um hæstv. samgrh., Sturlu Böðvarsson, hann tók mjög jákvætt í 23 daga gólfið. Eru þá ekki allar líkur á því að þetta frv. verði samþykkt, að það fái mjög jákvæða umfjöllun í stjórnarflokkunum, að frv. verði að lögum, í það minnsta fyrri hluti þess?

Það hefur einnig komið fram, m.a. í blaðagreinum, að hv. þm. Hjálmar Árnason sem hefur litið mikið til Færeyja eftir fyrirmynd um hvernig eigi að stjórna fiskveiðum, hafi lýst því yfir að hann vilji koma á gólfi í dagabátakerfið. Þess vegna langar mig að spyrja, frú forseti, hv. þingmann hvort

hann telji ekki allar líkur á því að þetta frv. renni í gegn.

[18:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja varðandi sjónarmið þingmannsins um að ég sé oft einn með sjónarmið mín í Framsfl. að ekki er allt sem sýnist í þeim efnum. Ég vil minna á að á síðasta kjörtímabili starfaði innan flokksins sjávarútvegsnefnd sem var skipuð til þess að yfirfara stefnu flokksins í sjávarútvegsmálum í tengslum við það að á Alþingi stóð þá yfir heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Í þeirri nefnd voru fleiri en dæmi eru um að hafi verið í nokkurri nefnd á vegum flokksins, 160–170 manns. Sérstaklega var mikil þátttaka af hálfu þeirra sem starfa í atvinnugreininni en líka annarra sem hafa áhuga á þessum málum. Nefndin starfaði nokkuð mikið og að lokum valdi hún á milli tveggja meginsjónarmiða, annars vegar þess að hafa óbreytt kerfi með veiðigjaldi og hins vegar þess að gera verulegar breytingar á kerfinu í gegnum svonefnda fyrningarleið, leið til að laga núverandi kerfi að nýju kerfi.

Niðurstaðan úr kosningu í nefndinni um þessar tvær leiðir var sú að tvær jafnstórar fylkingar flokksmanna voru með hvorri leið um sig. Ég get því ekki tekið undir að sjónarmið mín eigi ekki fylgi að fagna innan flokksins. Þvert á móti veit ég að þau eiga miklu fylgi að fagna meðal flokksmanna. Þótt niðurstaðan hafi orðið sú sem reyndin varð eiga þessi sjónarmið mikinn stuðning innan flokksins.

Hvað varðar það hvort líklegt sé að frv. renni í gegn ræðst auðvitað af því hvort niðurstaða fæst úr viðræðum sjútvrh. við Landssamband smábátaeigenda. Ef engin niðurstaða fæst af því og ráðherra flytur ekkert mál tel ég koma mjög til skoðunar að afgreiða frv.

[18:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hefði talið eðlilegra að niðurstaðan réðist ekki af viðræðum sjútvrh. við fulltrúa dagabátanna. Ég hefði talið eðlilegra að menn reyndu að standa við orð sín, m.a. á Ísafirði, þar sem menn lýstu því yfir að þeir væru fylgjandi umræddu gólfi í dagabátakerfi, 23 daga botni í kerfið. Ég hefði talið eðlilegra að menn létu orð standa.

Ég þekki ágætlega til stefnu Framsfl. í sjávarútvegsmálum — ég er með hana á borðinu hjá mér — en þegar komið er í þingsalinn og menn þurfa að fara að greiða atkvæði er eins og þeir leggi þessa ágætu stefnu Framsfl. sem má taka undir ýmislegt í algjörlega til hliðar og taki bara upp stefnu LÍÚ. Þá er eins og að stefna Framsfl. og það sem fólk samþykkir á flokksþingum fyrir kosningar skipti ekki lengur máli. Það er ekkert gert með það, því miður. Það er margt ágætt að finna í sjávarútvegsmálum Framsfl. en þegar á reynir er bara stefna LÍÚ.

Það er eitt sem ég hefði áhuga á að heyra. Nú höfum við mjög góðan vitnisburð frá Færeyjum þar sem menn hafa reynt að stýra fiskveiðum með sóknarstýringu. Það væri áhugavert að heyra hvort hv. þingmaður geti tekið undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni um að við eigum kannski að leita í smiðju þeirra hvað varðar úrlausnir á stjórn á fiskveiðum okkar.

[19:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svo lengi verið talsmaður þess að sóknarstýring sé að mörgu leyti skynsamleg leið að ekki þarf að spyrja hvort ég geti tekið undir það að skoða þann möguleika. Það er vissulega vel fyrir hendi að mínu mati. Ég tel að við megum ekki missa það út úr núverandi fiskveiðilöggjöf að stjórna þessum veiðum með sóknarstýringu og tel frekar að menn eigi að styrkja það en veikja og gæta þess að þar sé þó möguleiki á innkomu í kerfið. Auk þess sem ég tek undir almenn sjónarmið um að núverandi sóknardagakerfi skili svo og svo miklum afla á land á þeim stöðum landsins sem helst þurfa á því að halda að þangað berist afli á land. Breytingar í þá veru að þessi floti missi rekstrargrundvöll yrðu því afar slæmar og ekki hægt að standa að því að lögfesta þær.

Ég vil ekki útiloka fyrir fram, og vil gefa hæstv. sjútvrh. svigrúm til þess að vinna það verk sem hann tók að sér fyrir hönd stjórnarliðsins, að freista þess að ná samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda um framtíðarskipulag kerfisins, að niðurstaða sem þeir kunna að ná sé ásættanleg að mínu mati. Það væri óskynsamlegt að gera slíkt. Hins vegar er það mitt sjónarmið að eðlilegt sé að gólfið sé 23 dagar og ef ekki kemur nein ásættanleg niðurstaða frá hæstv. ráðherra úr viðræðum um framtíðarskipulag kerfisins tel ég að menn eigi og það sé skynsamlegt að afgreiða frv. frá sjútvn. þannig að við getum freistað þess að ná einhverri niðurstöðu í málið svo allt fari ekki á annan endann vegna stöðugs samdráttar í möguleikum manna til útgerðar á þessu sviði.

[19:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að taka eftir því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur sagt um þessi mál í dag. Hv. þm. er talsmaður Framsfl. í sjávarútvegsmálum og varaformaður sjútvn. og hefur lýst því yfir mjög skýrt að hann muni fylgja þessu máli eftir hvort heldur ráðherrann komi með málið hér inn eða ekki.

Það er full ástæða til að menn standi við orð sín í þessu efni því að vandinn í sjávarbyggðunum og sjávarútveginum núna er fyrst og fremst fólginn í því að engin nýliðun er í greininni. Vandinn er fólginn í því ranglæti sem menn hafa komið á í sjávarútvegi þar sem eignarhald hefur verið sett á réttinn til að veiða fisk og því úthlutað með hinum aðskiljanlegustu aðferðum til hinna ýmsu aðila í sjávarútvegi þar sem samræmið er ekki mjög merkilegt oft og tíðum. Það eru alveg jafngóð og sennilega hægt að segja miklu betri rök fyrir því ef mönnum dytti t.d. í hug að úthluta framtíðaraflaheimildum hvort sem þær væru í formi sóknareininga eða kvóta til smábátanna í þessu kerfi, að þeir ættu að fá fullkomlega það sem þeir hafa verið að veiða síðustu tvö eða þrjú árin, eins og oftast nær hefur verið miðað við þegar úthlutun hefur verið gerð í kerfinu, eins og að taka eigi tillit til einhvers alls annars, kannski langt aftur í tímann, 1997 eða eitthvað svoleiðis, eins og stendur núna í lögunum.

Það er eiginlega svo að Alþingi verður að horfast í augu við það að hér hefur ekki verið samræmi í hlutunum. Hér hafa verið notaðar aðferðir sem eru óforsvaranlegar um langa tíð. Vandinn í þessu er svo sá að sjávarbyggðirnar allt í kringum landið líða fyrir það að engin nýliðun er í sjávarútvegi og ef menn láta það viðgangast að dagakerfið hverfi líka ofan á allt annað sem hefur verið að gefa sig hvað varðar nýliðun er alveg augljóst að margar af minni sjávarbyggðunum munu verða fyrir miklum áföllum. Það er augljóst að ef menn taka ekki þá ákvörðun að varðveita dagakerfið með því að setja botn í það hrynur sá floti sem verið hefur að stunda veiðar eða sá hópur útgerðarmanna sem verið hefur að stunda veiðar gufar upp. Þar eru menn á mörkunum. Það verður ekki hægt

að varðveita kerfið ef menn láta dagana rýrna niður fyrir 18, 19 daga eða eitthvað slíkt. Menn munu missa trú á kerfið í hrönnum og það mun þá skreppa saman eins og reyndar gert var ráð fyrir í þeim lögum sem sett voru.

Hv. þm. rifjaði upp umræðurnar í sambandi við lagasetningu í kjölfar á svokölluðum Valdimarsdómi þar sem talað er um að menn hafi byggt niðurstöðu sína á hæstaréttardómnum. Menn byggðu niðurstöðuna á túlkun sinni á hæstaréttardómnum og Hæstiréttur varð síðan fyrir þvílíkri árás af hendi hæstv. forsrh. að ekki eru til dæmi um annað eins. Hvað gerðist síðan í framhaldinu? Það sem gerðist var að tveir af þeim fimm dómurum sem tóku þátt í því að dæma fyrri dóminn lentu í því að verða ósammála öðrum sem tóku þátt í að kveða upp þann sama dóm í næsta dómi á eftir. Það er auðvitað ömurlegur ferill að öllu leyti að svo skuli hafa verið. Það var ekki sjálfgefið mál, nema síður væri, að hæstaréttardómurinn skyldi vera skýr hvað það varðaði að menn ættu að fá úthlutað veiðileyfi ef þeir sæktu um það þýddi að það væri brot á stjórnarskránni eins og meiri hlutinn túlkaði það, fengju þeir ekki veiðileyfi sem væri bara til þess gert að hengja upp á vegginn hjá sér og því fylgdu engin réttindi til að veiða fisk. Þetta var það sem verið var að bjóða mönnum upp á í túlkuninni og í framhaldi af því bjuggu menn til þetta kerfi. Menn standa bara frammi fyrir því sem gerðum hlut, og ef menn láta lagasetninguna sem þar liggur til grundvallar ganga áfram mun molna undan atvinnumöguleikum þeirra manna sem gera út á þessa litlu báta. Það skiptir ekki litlu máli hvort 322 atvinnutæki fái möguleika til þess að vera rekin áfram eða hvort þau séu slegin af, eins og lögin gera ráð fyrir að gerist. Ef menn láta lögin standa og halda áfram að skerða þetta munu menn sitja eftir með það að eftir tiltölulega fá ár yrði einungis örlítill hluti flotans eftir með þau veiðiréttindi sem miðað var við að hann ætti að fá á árunum 1997/1998 og 1996/1997 sem viðmiðanirnar voru teknar við. Auðvitað hljóta menn að taka tillit til þessa ástands þegar þeir taka afstöðu til þess hvort þeir styðji það mál sem hér liggur fyrir.

Reyndar liggur fyrir afstaða til málsins að því leyti til að fram fór atkvæðagreiðsla um þessar tillögur í vetur. Greitt var atkvæði um þær sem breytingartillögur við lögin um stjórn fiskveiða sem breytt var í vetur þegar línuívilnunin var til afgreiðslu. Þá voru þessar tillögur felldar. Við samfylkingarmenn studdum fyrri hluta þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir, þ.e. um 23 sóknardaga, en við sátum hjá við aukninguna í síðari hluta tillögunnar, sem gengur út á það að bæta eigi við einum degi fyrir hver 20 þús. tonn sem leyfður þorskafli yrði hækkaður. Það liggur því algerlega fyrir að við styðjum þetta. En það liggur að mínu viti hreint ekki fyrir hvort liðsinni er í stjórnarflokkunum við málið vegna þess að það var fellt fyrr í vetur og það væri fróðlegt að vita hvers vegna menn eru svona vissir um að það sé meiri hluti fyrir málinu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson getur kannski útskýrt það fyrir okkur á eftir úr því að það féll við atkvæðagreiðslu í vetur.

Mín skoðun er sú að á meðan þetta ólánskerfi er til staðar, það kvótakerfi sem er til staðar núna, eigi menn að viðhalda dagakerfinu innan kerfisins og menn eigi ekki að setja hömlur á það nema sem allra minnstar. Ég tel að eðlilegast væri að menn mættu stækka þá báta sem eru í kerfinu upp í 6 tonn og að þeir fengju þá að veiða 23 daga á ári. Og mér finnst það ekkert annað en byggðastefna sem fólgið er í því að reyna að sjá til þess að þessi floti geti fengið að fiska. Ég sé ekki nokkurn hlut eftir þeim fiski sem hann ber að landi.

Við getum bara litast um á bryggjunum í þeim sjávarbyggðum þar sem vertíðarflotinn er gufaður upp, þar sem krókaaflamarksbátunum hefur fækkað síðustu árin og sér fram á fækkun í þeim. Og það að styðja við þennan flota í staðinn getur hjálpað eitthvað og þó að það sé kannski ekki mikið skiptir það mjög miklu máli fyrir ýmsar hinar smærri byggðir. Það er þess vegna skoðun mín að leyfa eigi þessum flota að veiða 23 daga, að leyfa eigi að þessir bátar stækki upp undir 6 tonn, en það eigi ekki að fara út í eitthvert kukl í kringum vélarafl eða eitthvað slíkt á þeim flota. Menn eigi bara að horfast í augu við að þeir varðveita hér yfir 300 atvinnutækifæri og gera þau að alvöruatvinnutækifærum inn í framtíðina á bátum sem er alveg fullkomlega verjandi að gera út frá 1. apríl og fram til 1. september eins og verið hefur.

Þetta er það sem ég vildi koma á framfæri og mér finnst eiginlega ekki hægt að gera neitt minni kröfur hvað það varðar að á meðan þetta arfavitlausa kvótakerfi er til staðar sjái menn a.m.k. til þess að ekki sé verið að rústa meiru en þörf er á, og að það sé til staðar svolítill stokkur af smábátum sem geta staðið undir nafni og hægt er að hafa sæmilega afkomu við að gera út.

[19:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert um að það lægi fyrir svo og svo mikill stuðningur frá stjórnarliðum um að gólfið í dögunum verði 23. Ég sagði hins vegar að yfirlýsingin sem gefin var í nefndarálitinu sé um að menn vilji fá niðurstöðu um framtíðarskipan í þessu kerfi og það þýðir auðvitað að menn eru sammála því að það verður að setja gólf. Það liggur ekkert fyrir hvar menn vilja hafa gólfið en það liggur fyrir að menn telja að koma þurfi á stöðugleika í kerfinu og það verður auðvitað ekki gert nema með því að setja gólf. Það er það sem segir í yfirlýsingunni í nefndarálitinu. Síðan verður bara að koma í ljós hvaða skoðun menn hafa á tillögunni um að gólfið sé 23.

Varðandi það sem hv. þm. benti á að tillagan um 23 daga hefði verið felld í desember þá var hún a.m.k. af hálfu stjórnarliða felld með atkvæðaskýringu sem vísaði til nefndarálitsins þannig að hún var ekki felld efnislega. Hún var felld með þeim rökum að verið væri að vinna að tillögum um framtíðarskipan og því væri ekki rétt að samþykkja tillöguna sem þá var borin upp. Það verður alltaf að horfa til þeirra skýringa sem menn gefa á atkvæðunum svo menn dragi ekki víðtækari ályktanir en þær skýringar gefa tilefni til.

Mig langar síðan að spyrja hv. þm. af því að hann lýsti skoðun sinni á því að menn gætu leyft öllum bátum allt upp í 6 tonn, og það eru nokkuð margir bátar af dagabátunum sem eru minni, hvað hann telur að sú breyting feli mikla möguleika í sér til aukinnar veiði. Hvað mun veiðin aukast mikið ef hugmyndir hans ganga eftir?

[19:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi lokaorð síðasta ræðumanns get ég ekki nefnt nákvæmlega hvað flotinn gæti aukið við sig. Ég held þó að hann gæti aukið það mikið við sig að það mundi skipta máli fyrir byggðirnar. Þá væri til einhvers barist ef svo væri. Stærstu bátarnir gætu fiskað meira en hinir minni en ekki munar mjög miklu á skaki, á því hvað hægt er að veiða á 3–4 tonna bát samkvæmt þessum mælingum og 6

tonna bát. Þar hleypur ekki á miklu en til er töluvert af bátum sem eru 3,5–4 tonn og minni sem mundu stækka ef leyfi fengist til þess. Í framtíðinni yrðu sjálfsagt flestir bátar hátt í sex tonn, ef þetta yrði leyft. Ég held að sá floti gæti orðið gagnlegur og betri bátar en menn hafa verið að gera út. Þetta eru óttalegir hrútspungar, sumt af því sem róið er á og varla mönnum bjóðandi.

Ég fagna því að hv. þm. telur að þessi tillaga hafi verið felld efnislega þó að menn hafi ekki verið með fulla andstöðu við að 23 dagar yrðu ofan á. Ég ætla ekki að efna til neins ófriðar um málið á meðan það er ekki lengra komið og lýsi mig tilbúinn til samstarfs um að reyna að sjá til að þetta mál komist í gegnum Alþingi sem allra fyrst. Það skiptir miklu máli fyrir þá sem standa í slíkri útgerð að fá fast land undir fæturna.

[19:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gæti verið ágætt að rýmka fyrir mönnum í kerfinu þannig að menn gætu stækkað bátana upp í hámarksstærð, sex tonn, og menn hafi þá frjálsar hendur innan þess tímaramma sem þeim er settur að öðru leyti. En það mun óhjákvæmilega leiða til þess að flotinn veiði meira. Ég held að við getum ekki dregið fjöður yfir það. Mitt mat er að það sé ekki raunhæft að ná samstöðu á Alþingi um að setja gólf í dagakerfið verði ekki settar takmarkanir á sóknargetuna. Það er bara mitt mat. Ég tel engar líkur á að menn fái samþykki fyrir hinu, að setja 23 daga gólf og síðan hafi menn opna möguleika á að sækja.

Ég held að möguleikinn á að setja gólf við þessa daga, sem menn eru að sækjast eftir að ná samkomulagi um, felist í því að menn séu tilbúnir að gera samkomulag sem drægi úr sóknar- og veiðimöguleikum flotans. Ég tel að það sé samhengi og vélarafls og veiðigetu. Ef það er rétt þá tel ég rétt að menn noti það til að reyna að ná samkomulagi í málinu. Ég tel einnig að það sé samband á milli þess hversu margar handfærarúllur eru á hverjum bát og möguleika bátsins til að veiða. Ég tel líka rétt að hafa það undir í viðleitninni til að ná samkomulagi um gólf í dagabátana.

[19:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er örugglega hárrétt að ólíklegt sé að fullur salur af þingmönnum sé tilbúinn að skrifa upp á það sem ég hélt áðan fram að ætti að gera í þessu efni. Ég vil hins vegar vara við því að menn fari út í flóknar ákvarðanir sem erfitt verður að framfylgja í sambandi við vélarstærðir og einhverja slíka hluti til þess að minnka sóknargetu, rúllufjölda o.s.frv. Ef menn vilja á annað borð takmarka þessa möguleika þá hljóta menn líka að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að fara einföldustu leiðina, að sett verði hámarksveiði á hvern bát. Það er auðvitað einfaldasta leiðin.

Ég held að það hljóti að verða að skoða í samhengi frekar en halda inn á þá slóð að fara í flókið og dýrt eftirlit sem verður örugglega reynt að snúa á og erfitt að framkvæma. Það er nokkuð sem ég hef ekki mikla trú á. En ég veit að forustumenn smábátaeigenda hafa talið að fara ætti þessa leið með vélarstærðina og jafnvel með rúllufjöldann. Það er að mínu viti flókið og snúið að fylgja því eftir.

[19:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki eins vantrúaður og hv. þm. Jóhann Ársælsson á að þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel allar líkur á því. Hvernig stendur á því að ég trúi því? Jú, ég hef þá trú að menn reyni að standa við orð sín. Margir þingmenn úr stjórnarliðinu lofuðu þessu hátíðlega á opnum fundi, m.a. á Ísafirði 13. september sl., þegar Guðrún Pálsdóttir, útgerðarmaður frá Flateyri, spurði hvort þeir styddu málið sem hér er til umræðu. Ég verð að trúa því að mennirnir séu ekki að ljúga að fólkinu á Ísafirði og komi síðan í þennan sal og greiði atkvæði með allt öðrum hætti. Það væri mjög ómerkilegt og ómálefnalegt. Ég ætla ekki þeim þingmönnum, t.d. hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að gera það. Ég ætla honum að standa við orð sín. Það má minna á að hæstv. samgrh. tók vel í þessar hugmyndir og sama má segja um hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Ég ætla þeim ekki að vera svo ómerkilegir að standa ekki við það sem þeir lofa hátíðlega á fundi.

Ég hef fulla trú á því, sérstaklega í ljósi þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur tekið vel í málið og það hefur komið skýrt fram í máli hans að hann muni styðja það, a.m.k. fyrri hlutann. Ég tel því allar líkur á að frv. verði samþykkt.

[19:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn er ekki komið í ljós um hvað verður kosið hér, þ.e. hvaða ákvæði koma frá sjútvn. til afgreiðslu á Alþingi. Það er alveg hægt að láta sér detta í hug að þar inni verði takmarkanir en ekki þessi dagafjöldi. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson tók það fram áðan að þessir 23 dagar væru ekkert klárir, það lægi ekki fyrir stuðningur við þann dagafjölda. Hér hefur verið talað um aðrar takmarkanir þannig að þegar málið kemur að lokum frá sjútvn., ef hún kemur t.d. í upphafi frá hæstv. sjútvrh., þá megum við búast við því að sú tillaga verði ekki eins vaxin og málið sem hér er til umræðu.

Menn geta velt því fyrir sér hvort menn hafi svikið gefin loforð þegar þar að kemur. Ég ætla ekkert að fara út í vangaveltur um það hér. Menn geta auðvitað flutt brtt. við það sem kemur úr sjútvn. þegar þar að kemur og þá gera menn það. En ég trúi því að sumt af því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði í ræðum sínum fyrr í dag megi taka sem aðvörun um að menn ætli að klípa ýmislegt utan af þessum ákvæðum áður en sá stuðningur fæst við málið sem stjórnarliðið þarf til þess að það fari í gegn.

[19:26]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 427. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1262; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1263.

Evrópufélög, 203. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1265; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1266.

Hlunnindi af sel, 825. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1258.

Íslensk leikritun, 561. mál, svar menntmrh., þskj. 1188.

Jafnrétti kynjanna, 662. mál, svar landbrh., þskj. 1235.

Rannsókn flugslysa, 451. mál, nál. samgn., þskj. 1260; brtt. samgn., þskj. 1261.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál, nál. félmn., þskj. 1264.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:28.

90. FUNDUR

þriðjudaginn 30. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, frv., 485. mál, þskj. 757. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193. — 1. umr.
4. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194. — 1. umr.
5. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197. — 1. umr.
6. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198. — 1. umr.
7. Sóttvarnalög, stjfrv., 790. mál, þskj. 1205. — 1. umr.
8. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 342. mál, þskj. 416. — 3. umr.
9. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 343. mál, þskj. 1252. — 3. umr.
10. Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, þáltill., 571. mál, þskj. 861, nál. 1232. — Síðari umr.
11. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 651. mál, þskj. 968, nál. 1231. — Síðari umr.
12. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, stjtill., 735. mál, þskj. 1091, nál. 1233. — Síðari umr.
13. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 214, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.
14. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 593, nál. 1262, brtt. 1263. — 2. umr.
15. Framkvæmd stjórnsýslulaga, þáltill., 756. mál, þskj. 1132. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum, 824. mál, fsp. GÖg, þskj. 1257.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 521. mál, svar heilbrrh., þskj. 1234.

Gjald af áfengi og tóbaki, 343. mál, þskj. 1252.

Starfssamningar við lýðháskóla, 823. mál, fsp. GÖg, þskj. 1256.

Stuðningur Byggðastofnunar við fiskeldisstöðvar, 745. mál, svar iðnrh., þskj. 1239.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fjarskiptalög og misnotkun netmiðla.

[13:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Á Stöð 2 í gærkvöldi kom fram að lög sem Alþingi samþykkti í fyrra, þ.e. fjarskiptalög, auðveldi barnaníðingum iðju sína á netinu. Fram kom einnig að þetta væri mat lögreglunnar sem varaði Alþingi við því að samþykkja lögin. Ríkislögreglustjóri lagði til heimild í lögin í því skyni að varðveita gögn um fjarskiptaumferð í allt að sex mánuði sem samgn. tók ekki til greina. Staðan er því sú að ekki er hægt að rannsaka netnotkun með eðlilegum hætti vakni grunur um glæpsamlegt athæfi, eins og t.d. þegar reynt er að lokka börn til fylgilags, en lögreglan óttast að löggjöfin eins og hún er nú sé til þess fallin að hvetja til brotastarfsemi á netinu og draga athygli erlendra brotamanna að Íslandi.

Það vekur vissulega furðu að samgn. hafi ekkert gert með þessar alvarlegu athugasemdir hjá ríkislögreglustjóra, ekki síst þegar hvers konar brotastarfsemi, ekki síst upplýsingar um aðgerðir barnaníðinga á netinu, er orðin óhugnanlega algengur atburður í þjóðfélagi okkar. Ríkislögreglustjóri hefur fengið til rannsóknar flestar tegundir brota á internetinu þar sem niðurstaða hefur oltið á aðgengi að gögnum á netinu. Ríkislögreglustjóri vísar í tilskipun um persónuvernd sem samgn. lagði ekki til að yrði beitt þar sem segir að ríkið geti í þágu þjóðaröryggis, almannaöryggis, til varnar rannsókn og saksókn afbrota tekið upp í lög úrræði til að tryggja varðveislu gagna í takmarkaðan tíma. Ég gerði samgrh. viðvart um þessa umræðu sem hann gat ekki verið viðstaddur, var á förum til útlanda, en ég tel reyndar að málið snúi að Alþingi og það sé raunar skylda samgn. að taka það upp og leggja til nauðsynlegar breytingar sem reisi þær girðingar að lögreglan geti með eðlilegum hætti nálgast gögn á netinu sem nauðsynlegar eru til að hindra eða rannsaka glæpi. Hvet ég til þess að ákvæði sem ríkislögreglustjóri hefur lagt til verði lögfest áður en þingi lýkur.

[13:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað að ríkislögreglustjóri hefði sent nótu til hv. samgn. og ítrekað það mál sem var unnið við lok Alþingis á sl. vori heldur en að fara með það beint í fjölmiðla.

Engu að síður er málið grafalvarlegt. Í umræðu sem fram fór síðustu daga fyrir lok Alþingis fyrir kosningar var um þetta fjallað og m.a. hafði vinnuhópur sem vann að samningu frv. samband við fjarskiptafyrirtæki meðan á vinnunni stóð en gafst ekki ráðrúm til að leita til allra aðila sem hugsanlega gætu haft hagsmuna að gæta.

Í umsögn Persónuverndar er ekkert komið inn á þessa 42. gr. fjarskiptalaga en það er ljóst að umrædd regla er sú meginregla sem á að gilda um meðferð umferðargagna á Evrópska efnahagssvæðinu. Hins vegar er heimilt að setja sérstakar reglur um heimildir og skyldur vegna rannsóknarhagsmuna og slíkar reglur þurfa að vera vel ígrundaðar enda er að mörgu að hyggja, t.d. hver eigi að bera kostnað af geymslu gagna o.s.frv.

Hins vegar er það alveg rétt og ég tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hér er grafalvarlegt mál á ferðinni. Það er ekki vilji Alþingis að leyfa barnaníðingum slíkar uppákomur á netinu eins og ríkislögreglustjóri hefur látið að liggja. Ég ítreka að það er eðlilegt og rétt að hv. samgn. taki þetta mál til meðferðar en ég ítreka það enn og aftur að ég tel miður að ríkislögreglustjóraembættið skuli fara í fjölmiðla áður en komið er til starfsnefnda Alþingis.

[13:36]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög alvarlegu máli og ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju með viðbrögð hv. formanns

samgn. við því erindi sem hér er til umræðu. Ég tek sömuleiðis undir það með hv. þingmanni að það hefði verið eðlilegt að ríkislögreglustjóri sendi nótu til samgn. um þetta og með sama hætti mætti segja að ekki hefði verið óeðlilegt að hv. þingmaður hefði tekið þetta mál upp við virðulegan formann samgn. Látum það þó liggja á milli hluta. Málið er grafalvarlegt.

Hér er um flókin mál að ræða, fjarskipti, og engin ástæða er til að efa eitt augnablik að samgn. afgreiddi málið í bestu trú. Það ber að fagna þeirri yfirlýsingu sem hv. formaður samgn. gaf um að nefndin væri reiðubúin til að leggjast yfir það. Það er auðvitað full ástæða til. Ef það er rétt sem haldið er fram að barnaníðingar hafi frelsi til að stunda sína svívirðilegu glæpi á netinu og geri það í skjóli laga er auðvitað full ástæða til að fara yfir það og að Alþingi bregðist við. Ég ítreka því enn einu sinni ánægju með yfirlýsingu og viðbrögð formanns samgn.

[13:38]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að flestallir þingmenn sem hlustuðu á fréttir í gærkvöldi hafi verið jafnhissa á því sem þar kom fram. Auðvitað er það samt þannig að þau mál sem eru núna í deiglunni hafa gert það að verkum að fjölmiðlar eru að vinna sína vinnu. Þá komast þeir að því að þarna voru gerð mistök hjá hv. samgn. í því máli sem hér er um rætt. Þá hafa þeir auðvitað samband við ríkislögreglustjóra o.s.frv.

Það sem ég vil líka benda á er að þótt veraldarvefurinn sé góður hefur hann líka sínar afar slæmu hliðar og það er nauðsynlegt að reisa þessar girðingar. Ég tek heils hugar undir að auðvitað var samgn. líka að gera þetta í sinni bestu trú, ég efast ekki um það, og mér finnst afar góð sú yfirlýsing frá hv. formanni Guðmundi Hallvarðssyni um að nefndin muni taka þetta upp og skoða það.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á fyrirliggjandi þáltill. um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Hún er nefnilega afar mikil og það verður að gera hana mjög skýra. Svíar hafa gert það. Þeir gerðu það kannski í trássi við tilskipun Evrópusambandsins sem er angi af þessu sama máli. Það er mjög mikilvægt að ábyrgð netþjóna sé algjörlega skilyrðislaus á því efni sem þeir hafa fram að færa. Þetta tengist líka umræðunni og tillögum í skýrslunni um klám og vændi. Svo að því sé haldið til haga hér var líka bent á þetta og mikilvægi þess að gera ábyrgðina skýra.

[13:40]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Hér er hreyft við mjög alvarlegu máli. Það er alveg ljóst að fjarskiptalögin voru afgreidd héðan með nokkru hraði sl. vor. Þau eru mjög flókin og vandasöm, tæknin er mikil, og ég tel að með þessari ábendingu frá lögreglustjóra eigi samgn. að taka málið upp, skoða það vandlega og fara vel yfir hvort ekki sé hægt að gera lögin þannig úr garði að hægt sé að forða því að barnaníðingar og þeir sem nota veraldarvefinn fyrir glæpastarfsemi, sama hvort það eru barnaníðingar eða fyrir klám og vændi eða hvers konar ólöglega starfsemi aðra, hafi þennan vettvang fyrir slíka starfsemi en fullrar persónuverndar sé gætt.

Ábyrgð netþjónanna er mikil og þeim ber auðvitað að bera ábyrgð á því efni sem flutt er. Það er bent á að til þess að geta unnið að þeim alvarlegu málum sem lögreglan hefur núna í vinnslu þurfi að geyma gögn í a.m.k. sex mánuði. Þetta þarf auðvitað að skoða mjög vandlega. Því miður hefur veraldarvefurinn gert barnaníðingum auðveldara með að athafna sig. Starfsemi þeirra er greinilega orðin meiri að umfangi en verið hefur og þetta eru það alvarlegir glæpir að ég tel að málið eigi þegar að fara inn á borð samgn.

[13:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta mál upp undir liðnum störf þingsins og vekja athygli á þeirri frétt sem var í fjölmiðlum í gær. Hér er auðvitað um mjög alvarlegt mál að ræða og því miður fjölgar málum sem tengjast misnotkun á börnum. Menn nota nýjustu tækni til að að nálgast fórnarlömb sín. Okkur á hv. Alþingi ber auðvitað skylda til að bregðast við.

Lögin voru afgreidd fyrir síðustu kosningar, kannski í nokkru hasti, báru e.t.v. keim af því að þetta var kosningaár og menn ákváðu að keyra lögin skart í gegn. Það breytir þó ekki því að menn vilja vel og ég þakka þær undirtektir sem formaður samgn. hafði hér, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að ætla að taka málið fyrir og gera lagfæringar í þá veru sem nauðsynlegt er til að tryggja megi öryggishagsmuni barna og að lögreglan geti skoðað þær upplýsingar sem fara um netið.

[13:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst á því sem komið hefur fram að alvarleg mistök urðu við lagasetningu fyrir þinglok sl. vor. Ég held að hv. samgn. ætti að taka þetta mál upp strax á fimmtudaginn en þá er fastur fundur nefndarinnar og ég gat ekki heyrt betur en að hv. formaður nefndarinnar nefndi það í máli sínu og einnig málshefjandi, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að við gerðum það. Þar sem ég á nú sæti í samgn. tel ég liggja beint við að við tökum málið upp á fundinum á fimmtudaginn og að nefndin beiti sér fyrir því að leiðrétta þessi mistök sem urðu í fljótaskriftunum í vor. Þá átti ég ekki sæti í nefndinni þannig að ég er ekki alveg viss um hvað átti sér stað en vissulega virðast hafa orðið mistök og ég held að við verðum að leiðrétta þau strax. Þetta getur haft mjög alvarlegar afleiðingar ef það verður ekki gert.

[13:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að fulltrúar í samgn. hafa boðað að þetta mál verði tekið upp í samgn. og að þetta ákvæði sem ríkislögreglustjóri lagði til fyrir ári síðan verði skoðað.

Mér fannst á máli formanns samgn. eins og þessi athugasemd ríkislögreglustjóra hefði fyrst birst í sjónvarpinu í gær. Það er alrangt. Hér er um að ræða athugasemdir frá ríkislögreglustjóra upp á níu blaðsíður sem lágu fyrir samgn. í fyrra áður en hún afgreiddi málið. Þann 5. mars er umsögnin dagsett en málið er afgreitt 11. mars. Ég veit ekki betur en að ríkislögreglustjóri eða fulltrúi hans hafi líka óskað eftir því að koma á fund til að greina frá þessu máli, svo alvarlegar voru athugasemdirnar. Og það er auðvitað alvarlegt að þessa er ekki einu sinni getið í nál. eða í ræðum þingmanna hér þegar fjarskiptalögin voru afgreidd, þessara alvarlegu athugasemda sem koma frá ríkislögreglustjóra. Ég hreinlega skil ekki að svona hafi farið fram hjá nefndarmönnum og ég hvet þingmenn til að lesa athugasemdirnar sem koma hér fram.

Hér segir beinlínis að ástæða sé til að óttast að löggjöf sem þessi, þ.e. frv. eins og það lá fyrir, sé til þess fallin að

hvetja til brotastarfsemi á internetinu, ekki síst barnaníðinga, og draga athygli og áhuga erlendra brotamanna að Íslandi. Það er sagt að skilyrði til þess að lögregla geti fengið aðgang að gögnum á netinu séu miklu strangari en skilyrði heimilda til húsleitar á heimilum fólks, svo að dæmi sé tekið. Svona er hver blaðsíðan á fætur annarri sem rökstyður það mjög ítarlega og faglega að nauðsynlegt sé að bregðast við og taka upp þessi ákvæði sem ríkislögreglustjóri lagði til. Þess vegna er það auðvitað rangt sem fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að samgn. hafi afgreitt málið í bestu trú. Í bestu trú. Ég mótmæli því að ríkislögreglustjóri sé hér hafður fyrir rangri sök. Hann varaði Alþingi vissulega við því að verið væri að lögsetja frv. sem tæki ekki nógu alvarlega á þrjótum á internetinu.

[13:47]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna, en vil þó geta þess að í grg. frá Persónuvernd komu engar athugasemdir við þessa margnefndu 42. gr. Greinin var heldur ekki ágreiningsatriði innan samgn. Það kemur engin athugasemd við hana hvorki í meirihluta- né minnihlutaáliti. Enda segir, með leyfi forseta:

„Varðandi reglur um meðferð umferðargagna sem fram koma í 42. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, hafa þær staðið í tilskipunum ESB síðan 1997. 6. gr. tilskipunar 97/67/EB hafði þessa reglu að geyma. Sú tilskipun var ekki innleidd að fullu þegar fjarskiptalög nr. 107/1999 voru sett.

Sama regla kemur fram í 6. gr. tilskipunar 2002, nr. 58 frá EB, sem leysir hina eldri af hólmi. Þegar unnið var að samningu frv. til nýrra fjarskiptalaga var stefnt að því að innleiða allar fjarskiptatilskipanir á fullnægjandi hátt og gera það á réttum tíma. Til stóð að hinar nýju tilskipanir tækju gildi í öllum EES-ríkjum á sama tíma, þ.e. 25. júlí 2003."

Það voru því engin mistök hjá nefndinni. Við vorum að fara þær leiðir sem búið var að móta af hinu margumtalaða EES, og kannski því miður. Við horfum kannski allt of mikið í þá átt. (**Gripið fram í:** Við gengum lengra en þar var kveðið á um.) Það er rétt sem hv. þm. kallar fram.

Eins og ég hef sagt áður mun hv. samgn. taka málið upp. Alþingismenn hafa ekki þá hugsun að ætla níðingum, barnaníðingum eða öðrum aðilum sem ástunda ýmsa glæpi á netinu að geta leikið þar lausum hala. Það er alveg ljóst.

[13:49]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Málið liggur nokkuð ljóst fyrir. Hv. formaður samgn. hefur lýst því yfir að hann hyggist hafa frumkvæði að því að taka málið upp í nefndinni þannig að menn geti farið yfir það aðeins betur og áttað sig á því út á hvað málið gengur. Það er ljóst að þetta er flókið mál og af því tagi sem menn taka mjög alvarlega, það þarf ekkert að ræða það frekar.

Mér finnst hins vegar að í umræðunni hafi þess misskilnings gætt að frv. eða lögin hafi verið keyrð í gegn algjörlega að óathuguðu máli. Það liggur fyrir að löggjöfin var til meðhöndlunar í þinginu alllengi þannig að þingmenn voru ekki að rasa um ráð fram en voru einfaldlega að skoða málin mjög vel. Þetta er flókinn málaflokkur en engin ástæða til að gera því skóna að menn hafi ekki skoðað málið eins vandlega og þeir gátu.

Svo má ekki gleyma því sem hv. formaður nefndarinnar nefndi áðan að menn voru að styðjast við tilskipanir Evrópusambandsins og gengu fram í löggjöfinni í þeirri trú að það væri fyrst og fremst verið að reyna að fullnusta að þessu leyti tilskipanirnar og vinna í samræmi við Evrópuréttinn eins og menn ætla sér að gera.

Að lokum má ekki gleyma því, eins og hv. formaður hefur líka verið að vekja athygli á, að Persónuvernd, sem menn horfa mjög til í málum eins og þessum, gerði ekki athugasemdir. Og eins og fram kom líka í máli hv. þm. var ekki sérstakur ágreiningur um þetta atriði í þinginu, það kemur a.m.k. ekki fram í þeim málskjölum sem maður hefur undir höndum.

Við verðum að horfa til þess að þetta er flókið mál. Mál sem Alþingi ætlaði sér samt sem áður góðan tíma í og það liggur fyrir að hv. formaður nefndarinnar ætlar að kalla saman nefndina og ræða þessi mál þegar tóm gefst til.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 785. mál (íbúðabréf). — Þskj. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GMJ og JBjarn, 485. mál (sóknardagar handfærabáta). — Þskj. 757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Ábúðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 782. mál (heildarlög). — Þskj. 1193.

[13:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 1193, 782. máli, en um er að ræða frv. til ábúðarlaga.

Þau frumvörp sem ég mæli fyrir, bæði um jarðalög á eftir og ábúðarlög nú, hafa verið lengi í smíðum og komið að þeim nefndir og verið til umfjöllunar á búnaðarþingi hvað eftir annað og til umsagnar hjá sveitarfélögum. Málið hefur því fengið mikla meðferð síðustu fjögur til fimm árin.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi ábúðarlög nr. 64/1976, með síðari breytingum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra jarðalaga sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að ábúðarlög, nr. 64/1976, eru í fjölmörgum atriðum

orðin úrelt og eiga engan veginn lengur við aðstæður hér á Íslandi. Núgildandi ábúðarlög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði sem og á öðrum sviðum í íslensku þjóðfélagi. Í raun má segja að allar forsendur fyrir landbúnaðarstarfsemi séu gjörbreyttar í dag miðað við það sem var þegar ábúðarlög, nr. 64/1976, voru sett. Þá voru enn fremur ýmis ákvæði laganna að stofni til byggð á enn eldri löggjöf.

Í greinargerð með frv. til nýrra jarðalaga, sem lagt er fram samhliða þessu frv., er gerð grein fyrir ýmsum takmörkunum sem jarðalög, nr. 65/1976, leggja á jarðeigendur. Í ábúðarlögum, nr. 64/1976, eru enn fremur ýmis ákvæði sem fela í sér verulegar takmarkanir á eignarrétti og ráðstöfunarheimildum jarðeigenda.

Frumvarp þetta felur í sér miklar breytingar frá þeim ákvæðum sem fram koma í núgildandi ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, en með þeim er stefnt að því að færa löggjöf um ábúð á jörðum í átt til nútímans og að samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Núgildandi löggjöf um ábúð felur í sér verulegar takmarkanir á eignarrétti jarðeigenda. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta úr þessum annmörkum en þó er leitast við að tryggja að við þær breytingar sem lagðar eru til séu sjónarmið bæði jarðeigenda og ábúenda höfð að leiðarljósi.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Felld eru úr gildi ákvæði í 2. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, með síðari breytingum, um heimildir sveitarstjórnar til að knýja jarðeigendur til að ráðstafa jörðum sínum með tilteknum hætti í þágu sveitarfélags eða íbúa þess. Meðal annars er þar fellt úr gildi ákvæði um að hverjum þeim sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur sé skylt að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi jarðanefndar og að sveitarstjórn geti knúið eiganda jarðar til að fara að þessu ákvæði. Einnig er fellt úr gildi ákvæði um að ef eigandi jarðar hefur nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni en hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili og jörðin rýrnar svo að sveitarfélagið bíður hnekki af skuli sveitarstjórn krefjast þess að jarðareigandi bæti það sem áfátt er eða byggi jörðina til ábúðar en að öðrum kosti getur sveitarstjórn ráðstafað jörðinni.

2. Fellt er úr gildi ákvæði um að ef jarðareigandi hefur vanrækt að gera byggingarbréf skuli litið svo á að ábúandi hafi öðlast lífstíðarábúð á jörðinni. Gert er ráð fyrir að við þær aðstæður hafi stofnast ótímabundinn ábúðarsamningur sem hægt er að segja upp fyrir áramót og tekur uppsögnin gildi í fardögum.

3. Fellt er úr gildi ákvæði um að ef jarðareigandi segir upp ábúð en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar sé sú uppsögn ógild. Samkvæmt þessu ákvæði í núgildandi lögum á ábúandi rétt á að fá jörðina aftur ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni auk þess sem jarðareigandi þarf að bæta honum allan skaða sem af því hlýst.

4. Nýmæli er um að jörð skuli byggð í því ástandi sem hún er og verulegar breytingar gerðar á ákvæðum um skyldu jarðareigenda til að láta ábúðarjörð fylgja ákveðinn húsakost. Fellt er úr gildi ákvæði um að jarðareiganda sé skylt að láta jörð sem ráðstafað er til ábúðar í takmarkaðan tíma fylgja tiltekin hús og sé skylt að bæta úr því innan ákveðins frests ef þau eru ekki leiguhæf með venjulegu viðhaldi í tíu ár. Í frv. er miðað við að jörð sé byggð í því ástandi sem hún er við upphaf ábúðar, hvort sem um er að ræða ábúð í takmarkaðan tíma eða til lífstíðar.

5. Verulegar breytingar eru einnig gerðar á ákvæðum um heimild ábúenda til að framkvæma endurbætur á mannvirkjum jarðarinnar og til að byggja ný mannvirki og miðað við að ábúanda séu einungis heimilar þær endurbætur og framkvæmdir sem jarðareigandi hefur samþykkt skriflega. Þó er sá fyrirvari gerður að ef mannvirki á ábúðarjörð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um þá starfsemi sem þar fer fram á vegum ábúenda sé jarðareiganda skylt að veita leyfi og samþykkja kaupskyldu á framkvæmdum við ábúðarlok.

6. Verulegar breytingar eru gerðar á kaupskyldu jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda en í frv. er gert ráð fyrir að jarðareigandi hafi einungis kaupskyldu á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda ef hann hefur samþykkt þær skriflega og jafnframt skuldbundið sig til að kaupa þær af fráfarandi ábúanda við ábúðarlok svo og á eignum og endurbótum sem ábúanda er heimilt að gera ef mannvirki uppfylla ekki kröfur laga og stjórnvaldsreglna um starfsemi ábúanda, sbr. 6. tölul. Í ákvæði til bráðabirgða er þó sett sérákvæði um þau mannvirki sem hafa verið reist samkvæmt heimildum í ákvæðum ábúðarlaga nr. 64/1976, fyrir gildistöku þessara laga en um kaupskyldu á þeim mun fara eftir reglum sem eru sambærilegar og 16. gr. núgildandi ábúðarlaga nr. 64/1976, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.

7. Fellt er úr gildi ákvæði í 20. gr. núgildandi ábúðarlaga, nr. 64/1976, um að ef jarðareigandi telur sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum sem á hann eru lagðar samkvæmt lögunum geti hann boðið ábúanda jörðina til kaups fyrir það verð er úttektarmenn meta enda fái leiguliði gjaldfrest á helmingi þess kaupverðs er kann að vera umfram veðskuldir. Einnig er fellt úr gildi ákvæði um að ef ábúandi vill ekki kaupa jörðina eftir núgildandi lögum hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum og hefur þá sveitarstjórn rétt til að ganga inn í kaupin með þeim skilmálum sem jörðin var boðin ábúanda.

8. Verulegar breytingar eru gerðar á ákvæðum núgildandi laga um ábúðartíma, jarðarafgjald og aðra skilmála ábúðarsamninga og gert ráð fyrir að aðilar hafi meira frelsi til samninga um slík atriði. Í frv. eru fjölmargar aðrar breytingar sem of langt mál er að rekja hér en þær eru flestar tilgreindar á bls. 13–17 í greinargerð er fylgir frv.

Ég læt þetta nægja í bili og vísa til þess að í greinargerð með frv. og athugasemdum við einstakar greinar er gerð mjög ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem frv. hefur í för með sér miðað við núgildandi löggjöf. Í fylgiskjali með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemda með frv.

Hæstv. forseti. Nú er liðinn rúmlega aldarfjórðungur síðan núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, voru samþykkt. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið hér á landi á þeim langa tíma sem beinlínis kalla á að breytingar verði gerðar á núgildandi löggjöf um þetta efni. Í frv. því sem hér liggur fyrir er reynt að svara því ákalli og koma til móts við þær þarfir sem hafa skapast í íslenskum landbúnaði og annarri landnýtingu, meðferð og umsýslu jarða. Við samningu frv. hefur eins og kostur er verið reynt að hafa jafnt að leiðarljósi sjónarmið ábúenda og jarðeigenda. Ég tel því að hér sé um að ræða nauðsynlega tímamótalöggjöf sem þingið þarf að

taka til alvarlegrar skoðunar miðað við núgildandi aðstæður í íslenskum landbúnaði og hvernig landnýtingu er að öðru leyti háttað hér á landi. Það er von mín að frv. og þau ákvæði sem það hefur að geyma sé svar við kröfum nútímans um sanngjarna löggjöf um ábúð og eignarhald jarða við þær aðstæður og þá framkvæmd sem er ríkjandi hér á Íslandi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[14:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í upphafi máls hæstv. landbrh. að þessi mál hafa verið lengi til skoðunar, þ.e. þau tvö frv. sem hér er verið að ræða, annars vegar það sem við erum núna með í umræðunni, um ábúðarlög og hins vegar frv. um jarðalög, þ.e. að þau hafi verið lengi til skoðunar og umfjöllunar á mörgum stöðum, hjá nefndum, ráðum, bændasamtökum og víðar, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt. Það er af hinu góða ef menn hafa lagt tíma og metnað í að endurskoða þessi lög. Ég hef ekkert við það að athuga. Það er sjálfsagt að lög séu tekin til endurskoðunar og jafnvel oftar en á 27 ára fresti eins og hér er verið að gera.

Það sem vekur hins vegar furðu mína og ég vil spyrja ráðherrann að er ákvæði í frv. um að gildistakan skuli vera 1. júlí á þessu ári. Mér finnst alveg makalaust — ég verð að orða það þannig — að hér skulum við fá tvo gríðarmikla lagabálka nánast í lok þings — ég held að það séu einir 11 eða 12 þingdagar eftir páska — og að okkur sé ætlað að afgreiða þessi frv. sem snerta mjög marga einstaklinga persónulega. Þau og snerta sveitarfélögin mikið í landinu og eftir því sem ég heyrði á máli ráðherra þá er verið að taka svolítið völdin frá sveitarfélögunum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé eðlilegt í því ljósi að þessi mál hafa verið mikið og lengi til umfjöllunar í þjóðfélaginu, að alls ekki verði gerð krafa til þess að þingið kláraði þetta nú á vordögum heldur fengjum við nægan tíma til þessarar umfjöllunar.

[14:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað gildistöku laganna varðar þá fær landbn. málið til umfjöllunar og metur hvort hún klárar það á þessu þingi. Ég skal ekkert fullyrða um það. Ég tek undir það með hv. þm. að ég mæli fullseint fyrir málinu. Það var lengi til meðferðar í ríkisstjórn eins og gerist, í þingflokkum stjórnarflokkanna og kemur hingað þegar ekki eru margir þingdagar eftir. En ég minntist samt á hina ítarlegu meðferð sem málið hefur fengið í þinginu. Það hefur verið hér til umræðu áður og farið til umsagnar og síðan má nefna alla þá vinnu sem lögð hefur verið í það. Það verður því auðvitað fyrst og fremst mat þingsins hvort þessi lög taka gildi 1. júlí. Ég ætla ekki að vera með neina kröfugerð eða heimtufrekju um það, hv. þm. Ég legg málið í dóm þingsins og meðferð þingsins og treysti hv. landbn. til þess að fara sterkum höndum um það og þess vegna bara yfir þetta ákvæði þó ég telji reyndar mjög mikilvægt og vona að málið sé það mikið unnið að hægt sé að afgreiða það hér á vorþinginu. (**JBjarn:** Það kemur annað vorþing.)

[14:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna sem hæstv. ráðherra lýsir yfir varðandi gildistökuákvæðið. En samt má skilja það mjög skýrt á máli hæstv. ráðherra að hann ætlast til þess að við afgreiðum þetta mál á vordögum. (**Gripið fram í:** Hann langar.) Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég tel að við eigum ekki að flýta okkur í þessu máli. Þetta eru tveir mikilvægir lagabálkar sem, eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu, skipta miklu máli fyrir fjölmarga einstaklinga í landinu sem eiga jarðir, eru þar ábúendur eða eiga jarðir án þess að þær séu í ábúð og þetta skiptir miklu máli fyrir sveitarfélögin. Mér heyrðist á máli ráðherra að verið væri að draga úr því valdi sveitarfélaganna að þau gætu haft afskipti af jörðum, hvernig væri með þær farið o.s.frv.

Ég held að menn verði að skoða þetta mjög vandlega. Ég er ekki endilega að mæla á móti breytingum á valdsviði sveitarstjórna að þessu leyti en sveitarstjórnirnar þurfa samt að hafa ákveðið vald til þess að geta komið í veg fyrir að jarðir séu látnar drabbast niður. Búseta í sveitunum má ekki verða mál sem kemur sveitarstjórnum ekkert við. Það tel ég algerlega útilokað og við hljótum að horfa til þess.

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta mál eigi að fá góða umfjöllun í nefnd og að vinna eigi með málið í vor, að senda eigi það til umsagnar, vinna með það í sumar og taka það fyrir á hausti komanda með það að leiðarljósi að þinginu hafi gefist nægur tími til að vinna þessi tvö stóru lagafrumvörp.

[14:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þykir mér orðinn beygur í gamla harðjaxlinum, skipstjóranum af Vestfjörðum sem taldi nú ekki eftir sér að vaka eina vorvertíð og fiska vel. Nú er á honum hik og hann vill geyma verk til morgundagsins. (**GAK:** Það eru lög um vinnutíma í þessu landi núorðið. Svona var ekki ... í gamla daga.) Hann vill geyma verk til haustsins og hafa þau sein. Ég ætla ekkert að segja um það. Ég hef sagt að þetta er á valdi þingsins. Ég er að leggja mitt mál fram til umfjöllunar þingsins og treysti því vel.

Ég hygg að þó að löggjöfin hafi í meginatriðum staðið með þessum eða hinum hættinum síðustu ár þá hafi meðferð þeirra mjög verið að breytast í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir því að mörg mál hafa farið fyrir dómstóla út af jörðum o.s.frv. og tapast þar og eignarréttur einstaklinganna hefur ekki verið með sama hætti og gerist í þéttbýlinu þannig að þarna hafa verið átök. Auðvitað varðar sveitarstjórnir um búsetuna, umhirðu síns sveitarfélags. Um það er til löggjöf frá þinginu og heimildir þannig að það breytir engu þar. Ég held að við hv. þm. náum samkomulagi um það að menn muni gera sitt besta og sjá svo til.

[14:13]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frv. til ábúðarlaga sem hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir er fyrir margra hluta sakir tímabært. Eins og ráðherra gerði grein fyrir byggja núgildandi ábúðarlög á nokkuð gömlum en um margt nokkuð traustum grunni.

Ákvæði um ábúð og um búseturétt og ábúðarrétt fólks á jörðum, þó svo það ætti ekki jarðirnar, og eins líka um meðferð á landgæðum voru einmitt bundin í þessi ábúðarlög. Þau hafa því skipt gríðarlega miklu máli fyrir okkur í gegnum aldirnar og áratugina. Því er rétt að hafa í huga þegar fjallað er um endurskoðun á ábúðarlögum að við erum að taka á vissum hornsteini, grunni búsetu, landnýtingar og landverndar hér á landi.

Þó allmörg atriði í núgildandi ábúðarlögum séu sannarlega á vissan hátt orðin úrelt eða tákn síns tíma fer því fjarri að grunnur ábúðarlaganna sé úreltur. Þar vil ég alla vega staldra við, frú forseti. Ég vil staldra við þau pólitísku

skilaboð sem ábúðarlög fela í sér. Hingað til hafa þau falið í sér rétt fólks til þess að sitja og búa á jörðum og til þess að geta nýtt sér eðlilega þann jarðargróða, það sem viðkomandi jörð gat boðið upp á með nokkuð góðu atvinnuöryggi og það til lengri tíma.

Sjálfsagt hefur mönnum fundist sá réttur ábúandans vera nokkuð til þess að skerða rétt eigandans sem leigði út jörðina sem vildi helst, í sumum tilfellum með skömmum fyrirvara, geta breytt um ráðstöfun á viðkomandi jarðnæði. Því hafa þessi lög haft það hlutverk að tryggja bæði stöðu þess fólks sem þar hefur jarðarafnot og einnig ákveðna verndun og nýtingu á þeim auðlindum sem tilheyra viðkomandi jörð.

Ég held að það sé alls ekki tímabært og engan veginn rétt að ætla að slá þessa grunnhugsjón af og það eigi að fara gætilega í að veikja þá hugsjón sem staðið hefur að baki ábúðarlögunum. Það getur verið að við séum núna tímabundið, a.m.k. einhverjir stjórnmálamenn, með nokkra glýju af þeirri frjálshyggju sem nú tröllríður þjóðfélaginu um að þeim sem teljast eiga hvort sem það eru jarðir eða peningar skuli í auknum mæli leyfast flest. Og þær breytingar sem hér eru lagðar til lúta nánast alfarið í þá átt að auka rétt jarðareigandans til inngripa í jarðarafnot sem hingað til hafa verið umsamin með einhverjum hætti.

Ég tel mjög varhugavert að nálgast það með þessum hætti. Með því er verið að gefa þau skilaboð varðandi jarðarafnot í ábúð eða leigu að reyna eigi með beinum eða óbeinum hætti að þrengja rétt þeirra sem hafa búsetu á jörðum án þess að hafa efni á eða vilja kaupa þær.

Það mætti líka hugsa sér hina nálgunina, að rýmka þennan rétt, að gera það fýsilegra að búa á jörðum og nytja þær og nýta til skemmri eða lengri tíma án þess að þurfa að eignast þær. Það mætti líka hugsa sér þá nálgun. Ég tel að þetta eigi að vega betur saman en frv. gerir ráð fyrir. Það eigi líka að skoða ábúðarlögin og breytingar á ábúðarlögum með tilliti til þess fólks sem vill nýta jarðir og lönd án þess að eiga þau, ekki eigi að horfa nánast alfarið á eigendahliðina eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta vil ég í fyrsta lagi draga fram sem pólitískt atriði í málinu, stefnumarkandi atriði, að hlutur jarðareigandans er aukinn og styrktur en hlutur ábúandans er veiktur.

Annað mál sem ég vil líka draga athygli að er stefna ríkisins almennt gagnvart jörðum í ríkiseigu. Ríkið á meginhluta þeirra jarða eða þess lands sem ekki er setið af viðkomandi jarðareigendum. Mér hefði fundist að ríkið, eða hæstv. landbrh. fyrir hönd ríkisins, ætti að leggja fram skilgreinda stefnu hins opinbera í jarðeignamálum sínum, ekki bara í svona bútum í ábúðarlögum og jarðalögum. Leggja ætti fram skilgreinda stefnu um það en ekki eins og við upplifum nú, að auglýsa með að því er virðist handahófskenndum hætti jarðir til sölu, ein jörð í dag og önnur á morgun o.s.frv., án þess að það sé hluti af nokkurri heildarstefnu nema ef vera skyldi þeirri að ríkið ætti ekki að eiga jarðir, sem getur verið stefna út af fyrir sig og er vel í anda frjálshyggjustefnunnar. Ég tel á hinn bóginn að það sé í hæsta máta eðlilegt að ríkið eigi land og eigi jarðir og sé í sjálfu sér ekkert að flýta sér að losa sig við þær. Það á að hugsa til langs tíma og umgangast jarðeignir sínar og landeignir með tilliti til þess. Þarna finnst mér vanta stefnu sem ég hefði viljað að kæmi fram, a.m.k. á annan hátt en hér birtist, að reynt er að þrengja að þeim sem eru með land á leigu og búa á jarðeignum ríkisins.

Ég vil nefna eitt atriði í þessu sambandi, það er t.d. um veðhæfnina. Hvað varðar rétt og möguleika þeirra sem búa á jörðum sem þeir eiga ekki en þurfa að framkvæma og búa í haginn fyrir sinn rekstur þá skiptir veðhæfnin náttúrlega miklu máli. Hingað til hefur a.m.k. ekki verið litið svo á að veð í húseignum eða mannvirkjum á jörðum sem ekki eru eignarlönd væri mjög hátt og verið mjög erfitt að skilja á milli veða í húseignum eða mannvirkjum annars vegar og jörðum hins vegar. Ef þetta er mjög aðskilið hefur reynst erfitt að fá eðlilegar veðsetningar þannig að samkeppnisstaða þeirra sem búa á þessum jörðum getur verið verulega skert gagnvart þeim sem búa á eignarjörðum. Ég vil líka leggja áherslu á að þetta verði skoðað, að við forðumst að þrengja að þeim sem búa á jörðum sem þeir eiga ekki og skerða samkeppnisstöðu þeirra mjög umfram þá sem eru á eignarjörðum. Mér sýnist á þeim lagagreinum sem verið er að breyta, um rétt til framkvæmda og til veðsetningar, að með þeim sé verið að þrengja að veðmöguleikum þeirra sem eru að framkvæma á slíkum jörðum.

Þetta frv. kveður mjög á um nýtingu lands og hingað til hafa verið mjög skýr og ákveðin ákvæði um rétt sveitarfélaga til að grípa inn í ef talið er að land eða jörð sé ekki nýtt með þeim hætti til ábúðar eða landnot séu ekki með þeim hætti að þau þéni hagsmunum sveitarfélagsins eða samfélagsins. Þá hafa þau getað gripið inn í og skikkað landeiganda til þess að gera þar úrbætur.

Að sjálfsögðu þarf að vera þar hóf á en þó verðum við líka að fara gætilega þarna, því það geta einmitt verið fólgnar auðlindir í viðkomandi jörðum og viðkomandi landi sem eru í sjálfu sér ekki einkamál einstakra jarðareigenda, sem hafa bara takmarkaðan ævitíma hér á jörðinni. (**Gripið fram í:** Og sveitarstjórnir líka.) Já, og sveitarstjórnir líka, en það koma nú aðrar, þó að við fellum eina sjálfstæðissveitarstjórn þá kemur alltaf önnur betri í staðinn. En við erum stöðugt með öðrum lagasetningum að kveða skýrar á um skyldur sveitarfélaga til að skipuleggja og ákveða landnot, bæði í dreifbýli og þéttbýli, og smám saman eru í rauninni að fara burt einhver skil á milli skipulagsskyldna í dreifbýli og þéttbýli. Þetta er að verða ein heild og þar með eru líka landnotin. Mér hefði fundist að þessi lög ættu að skoðast með tilliti til annarra laga sem lúta að réttindum, skyldum og kvöðum sem aðrir aðilar bera varðandi meðferð og nýtingu á landi. Eins og þessi lög gera ráð fyrir eru þau nánast alfarið bara til þess að létta kvöðunum af landeigendunum eða draga úr kvöðunum á þeim frá því sem er í gildandi lögum. Ég tel þetta varhugavert og það eigi að fara mjög gætilega í þetta.

Sjónarmið mitt er það að auðlindir jarða, hvort sem þær eru í einkaeign eða í opinberri eigu, hvort sem þær eru í ábúð eða ekki í ábúð, eigi að vera til þess að styrkja og efla viðkomandi samfélag sem liggur að þeim og það eigi að vera forgangssjónarmið. Þess á líka að gæta að þeim auðlindum sé ekki spillt, að það sé einhver eftirlitsaðili sem passi upp á að þeim sé ekki spillt.

Í skipulagslögum er skylt að fái maður úthlutað lóð til að byggja á verði maður að hafa gert það innan ákveðins tíma, annars getur byggingarleyfið fallið úr gildi. Það ætti þess vegna að vera eins í ábúðarlögum að ef jarðareigandi nýtir ekki jörð með þeim hætti sem kveðið er á um í skipulagsskilyrðum viðkomandi sveitarstjórnar geti sveitarstjórn lagt tilsvarandi kvöð á jarðareigandann og lögð er á lóðareigandann. Að minnsta kosti má fara varlega í að draga þarna algjörlega á milli, að ef maður er kominn á einhverja jörð gildi allt aðrar reglur en gilda um lóðir.

Ég lít því svo á að það eigi að skoða þessi lög með tilliti til réttinda og skyldna sveitarfélaganna til að hafa áhrif og afskipti af verndun og nýtingu lands og auðlinda, þó svo að ekki sé kveðið á um það í ábúðarlögunum eða verið að taka þau ákvæði út úr ábúðarlögunum eigi að huga að því hvernig það geti með öðrum hætti komið inn í lagaumgjörðina þannig að það verði ekki dinglandi meira og minna í lausu lofti, eins og gæti í fljótu bragði virst í þessu frv. til ábúðarlaga.

Ég ætla ekki hafa mörg fleiri orð um frv. Ég vil þó vekja athygli hæstv. ráðherra á að þó að málið hafi komið nokkrum sinnum fyrir eða verið kynnt og verið umræða um það á búnaðarþingi er fjarri því að búnaðarþing hafi afgreitt það með einhverjum hætti. Þegar málið kom fyrir nýafstaðið búnaðarþing var því bara dreift á miðju þinginu, sem situr bara í fjóra daga, og búnaðarþingsfulltrúar töldu sig ekki hafa neinar forsendur til að taka á því efnislega á þeim skamma tíma sem þingið stóð og óskuðu eftir því í ályktun sinni að málið kæmist áfram til vinnslu af hálfu ákveðinnar milliþinganefndar sem búnaðarþing kaus til að fjalla um það mál. Mjög mikilvægt er því að ekki sé hrapað að afgreiðslu málsins þó svo að það sé sjálfsagt og nauðsynlegt að skoða einstök ákvæði þess. En ég ítreka að ástæða hefði verið til þess að sýna samt vissa íhaldssemi og athygli eða gjörhygli og skoða málið mjög vandlega áður en farið er að breyta í grundvallaratriðum þeim anda sem staðið hefur að baki ábúðarlögunum til þessa.

[14:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat þess ekki nógu skýrt að málið kom auðvitað fyrir síðasta löggjafarþing og fór til landbn. og umfjöllunar hér þannig að það er búið að fá mikla meðferð.

Hv. þm. kemur inn á nokkur atriði og segir mikilvægt að tryggja ekki síst stöðu ábúandans. Ég tók það fram að þarna væri tekið tillit til hvors tveggja, eiganda jarðarinnar og ábúandans.

Það er nú töluverð tíska og margir eiga orðið jarðir og bújarðir en þeir hafa veigrað sér við að byggja þær jarðir vegna gildandi laga. Þau hafa verið það vilhöll ábúandanum að menn hafa jafnvel tapað eign sinni hér um bil frá sér. Það er því mjög mikilvægt að færa þetta í nútímahorf.

Hv. þm. hefur verið bóndi, átt jörð og verið stór atvinnurekandi á einni stærstu jörð Íslands þannig að hann þekkir hve mikilvægt það er að standa vel að málinu, hafa um það rétta samninga og standa rétt að leigu jarða. Hann vill rýmka réttinn og gera hann fýsilegri fyrir ábúandann fyrst og fremst. Ég held að rétturinn verði mjög fýsilegur fyrir ábúandann í kjölfar þessara lagabreytinga og miklu líklegra að jarðir verði leigðar af þeim sem hafa verið að eignast þær. Ég vil bara taka það fram.

Réttur sveitarfélaga til að ráðstafa jörðum stenst vart stjórnarskrána, inngrip o.s.frv., og hefur oft verið mjög vafasöm ákvörðun hreppsnefnda og mikið dómstólamál hér. Ég held því að þetta horfi allt til réttrar áttar, hv. þingmaður.

[14:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg sammála hæstv. landbrh. um að taka þurfi þessi mál til endurskoðunar og jafnframt, eins og ráðherra hefur ítrekað, að gera þurfi það mjög vandlega. Ég dreg vilja hæstv. ráðherra til þess að gera það alls ekki í efa.

Ég nefndi aðeins þessar áherslur sem ég hefði viljað sjá í ábúðarlögunum. Við fyrstu sýn virðast mér þau snúa meira að jarðareigendunum, eigendaáhyggjur frekar en ábúendaáhyggjur. Ég vildi líka ítreka að þó að sveitarfélögin hafi hingað til haft rétt til þess að grípa inn í ábúð þeirra eru nú að koma önnur sjónarmið inn þar sem sveitarfélög hafa ábyrgð á að meðferð og nýting á viðkomandi landi og auðlindum sé í samræmi við framtíðarhagsmuni og vilja bæði sveitarfélagsins og þjóðarinnar. Það er því alveg rétt, finnst mér, að draga þau sjónarmið miklu sterkar inn.

Ég hefði líka viljað sjá hér í upphafi greinargerðarinnar einhver pólitísk markmið sem menn hefðu sett sér, pólitíska sýn sem menn settu sér fyrir breytingu á ábúðarlögunum, þannig að það velktist ekki fyrir fólki hvort lögin miðuðu að því að gera erfiðara eða betra fyrir ábúendur að búa á þeim. Það er bara vaðið beint í ákveðin tæknileg atriði ábúðarlaganna án þess að í rauninni sé gerð grein fyrir nokkurri stefnu í þeim. Ég hefði viljað sjá skýrari stefnu varðandi ábúð og jarðanot. Að vísu kemur það fram aðeins meira í jarðalögunum. Bara eitt atriði enn, réttur ábúanda til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi hefði t.d. mátt vera honum meira í hag.

[14:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nýting jarðarinnar, meðferð hennar o.s.frv. fellur auðvitað undir þessi lög og önnur lög, og sveitarstjórnir hafa þar heilmiklar heimildir til inngripa. Landgræðslulögin o.s.frv. eru líka skýr í þessum efnum og þingið hefur markað þar skýra stefnu. Þetta snýst samt ekkert um það, þetta snýst fyrst og fremst um að gera þetta þannig að jarðir séu með svipuðum hætti og svo margt annað í þjóðfélaginu, eignarrétturinn á Íslandi er nokkuð skýr og hann er viðkvæmur. Ég get sett mig í þessa stöðu. Ef ég ætti jörð, sem mig eðlilega dreymir um, vildi ég auðvitað að lögin væru skýr. Ég vil auðvitað, á þeim forsendum sem ég set, leigja hv. þm. Jóni Bjarnasyni þá jörð. Ég vil ekki að hann hafi tekið af mér allan eignarréttinn á örfáum missirum. Það getur eins og ég sagði áðan komið í veg fyrir að jarðir hreinlega verði settar til ábúðar eða leigðar í dag.

Það er engin stefna hér út í loftið, hv. þingmaður. Það er hin opinbera stefna að þeir bændur sem hafa setið ríkisjarðir vel í tíu ár — vonandi styttist sá tími ef hitt frv. verður samþykkt — eigi kauprétt að jörðinni. Síðan koma til meðferðar þingsins og eru staðfestar í fjárlögum allar þær jarðir sem jarðeignadeildin og landbrn. vilja og telja rétt að selja. Stefnan er nokkuð skýr og ég held að hún sé líka ljós, að þessar eignir eru betur komnar í höndum einstaklinga og mikilvægt í sjálfu sér að þær fari þangað.

Svo eru auðvitað allt aðrar jarðir sem er bara mikilvægt að ríkið eigi, séu sameign þjóðarinnar. Þeirrar skoðunar er ég. Ég vil ekki selja allar jarðir ríkisins. Þær eru mikilvæg sameign, mín, þín og framtíðarinnar.

[14:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. landbrh. vék einmitt að þessu sem ég var að gagnrýna, að það væri kannski viss tilhneiging í þessu frv. til að þrengja að þeim sem vilja búa á jörðum án þess að eignast þær. Ég tel að það eigi ekki að vera tilgangur svona frv. og ég tel allt í lagi að ríkið eigi jarðir þó að jafnsjálfsagt sé líka að ábúendur jarða eigi sem greiðastan aðgang til að leysa til sín jarðir sem þeir eru með í ábúð. Þá á ekki með beinum eða óbeinum hætti að þrengja þeim til að kaupa þær jarðir.

Ég legg bara áherslu á það, frú forseti, að þetta mál fái vandaða meðferð í nefndinni og auknar umsagnir. Ég ítreka að ég tel að það eigi að huga betur að hag og stöðu ábúandans í frv.

[14:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi lög eru á margan hátt til mikilla bóta að mínu mati. Það er verið að færa þau meira í átt að því sem gerist í raunveruleikanum í dag. Það er ekki verið að taka mikinn rétt af ábúanda. Það er samt að mínu mati verið að auka rétt jarðareiganda þannig að hann hafi eitthvað um eigur sínar að segja.

Það kom afskaplega vel fram að það var ríkisbóndinn sjálfur, Jón bóndi á Hólum, sem hér talaði áðan. Að sjálfsögðu vill hann að allar jarðir séu í ríkiseigu og ég skil vel að hann vilji það. Það viljum við aftur á móti ekki. Mér finnst alveg fráleitt þegar hann talar hér um að sveitarstjórn eigi að ráðskast með það hvernig menn vilja búa á jörðum sínum. Ef einhver vill hætta með sauðfé og fara í skógrækt og ef einhverjum í sveitarstjórninni líst ekki á það, á þá sveitarstjórn að geta ráðstafað því hvernig á að fara með jörðina? Það hugnast mér ekki. Það er einmitt verið að draga úr núgildandi 2. gr. ábúðarlaganna þar sem stendur að sveitarstjórnir geti knúð jarðareigendur til að ráðstafa jörðum sínum með tilteknum hætti, að „hver sá, sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda, að dómi jarðanefndar". Samkvæmt lögunum eins og þau eru í dag hefur eigandinn því ekkert um eignarrétt sinn að segja.

Ég tel að þetta frv. muni fá mjög ítarlega umfjöllun í landbn. Ég vil bara vekja athygli á því að þessi lög voru líka til umræðu hér í fyrravor og fóru í umsagnir. Bændasamtökin eru búin að vera með þetta mál mjög lengi, hafa verið með nefndir í því, munu halda áfram að vinna við það og þau verða kölluð til.

[14:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka það að ég tel alveg tímabært að endurskoða þessi lög og það sé bara í hæsta máta rétt.

Í þessari 1. umr. legg ég fram þau ákveðnu stefnumarkandi atriði sem ég tel mikilvægt að hafa í huga þegar verið er að endurskoða þessi lög, það sé hugað annars vegar að rétti ábúandans, hins vegar að rétti samfélagsins þar sem viðkomandi jörð er, að hafa afskipti, og enn fremur líka þá verndun og nýtingu á þeim auðlindum sem felast í viðkomandi jarðeign. Þessi atriði verða öll að vera þarna undir.

Varðandi það sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist á er einmitt verið að herða á frekar en hitt, að ábúandi geti breytt um búskaparhætti á jörð sinni.

Það stendur þarna, með leyfi forseta:

„Nýmæli er um að ef ábúandi óskar eftir að gera verulegar breytingar á landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skal hann sækja um leyfi hjá jarðareiganda. Sama gildir ef ábúandi vill hætta landbúnaðarstarfsemi sinni." — Það er sem sagt kveðið á um þetta þarna.

Hv. þm. lagði mér þau orð í munn að ég vildi að allt land væri í ríkiseign. Það sagði ég ekki. Ég sagði að ég teldi enga ástæðu til þess að ríkið ætti að losa sig við jarðeignir annars vegar og hins vegar væri verið að ráðast á bændur í þjóðlendum, það væri ósamræmi í því. En óháð því þarf ríkið að marka sér stefnu með ríkisjarðir sínar og það gæti verið í hæsta máta eðlilegt að ríkið leysti ákveðnar jarðir til sín af ýmsum ástæðum, enda kveða þessi lög ekkert sérstaklega á um það.

[14:42]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekkert einkennilegt við það að jarðareigandi sé spurður ef breytingar verða hjá ábúanda sem leigir jörðina, ef hann er t.d. að breyta um búskaparhætti, kannski jafnvel með stórfelldum breytingum. Ég vil leggja þetta alveg að jöfnu við það að hv. þm. Jón Bjarnason ætti nokkrar íbúðir í Reykjavík sem hann leigði út og leigutakinn tæki upp á því að fara bara að byggja við húsið eða íbúðina eða breyta henni á stórfelldan hátt án þess að tala við eiganda íbúðarinnar. Þetta felst líka bara í að varðveita þann rétt sem jarðareigandinn á og þann rétt má ekki taka af honum.

Ég tel að í þessu frv. sé verið að styrkja rétt bæði ábúenda og jarðareigenda.

[14:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég benti á þetta atriði af því að hv. þm. minntist á að það væri óeðlilegt að sveitarstjórn skipti sér af því hvað væri gert með viðkomandi land. Ég benti á að svona ákvæði væri áfram í lögunum um afskipti af því af hálfu jarðareiganda.

Ég ítreka, frú forseti, að ég tel að þessi sjónarmið, réttur ábúandans og réttur samfélagsins til þess að hafa um það að segja hvernig með landið er farið og það nýtt, réttur þess samfélags þar sem viðkomandi jörð er og auðlindir hennar eiga að vera til þess að styrkja viðkomandi samfélag, eigi að vera fyrir hendi. Ég tel mikilvægt að þessi lög séu skoðuð með hliðsjón af hvaða aðkomu sveitarstjórnir hafa í gegnum önnur lög, bæði um réttindi og skyldur sveitarstjórna til að hafa áhrif á meðferð og nýtingu landsins gæða í nágrenni sínu.

Frú forseti. Ég lýk þessu andsvari mínu með því að ég tel tímabært að ábúðarlögin séu endurskoðuð. Það er mjög mikilvægt að sú endurskoðun verði vandlega unnin og menn missi ekki af sér í neinni sjálfshyggjuglýju sem ríður núna svolítið yfir samfélagið en haldi sig niðri á jörðinni hvað þetta varðar og gæti hagsmuna lands og þjóðar til hins ýtrasta.

[14:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns gera athugasemdir við það hvernig þetta mál ber að landbn. Eins og komið hefur fram, bæði í máli manna í dag og áður hefur þetta mál áður komið fyrir Alþingi og verið sent út til umsagnar. Frv. þetta var síðan lagt fram til kynningar á búnaðarþingi fyrir nokkrum vikum en var fyrst lagt fram til kynningar á Alþingi í gær. Tíminn sem þingmenn í landbn. hafa til að kynna sér þessi viðamiklu, merkilegu og mikilvægu mál, bæði frv. til ábúðarlaga og til jarðalaga, er því afar skammur. Auk þess þurftum við að sitja fund í morgun, m.a. með fulltrúa frá landbrn., sem var að fara yfir þetta mál með okkur. Ég lét í ljósi óánægju mína með það í morgun að þannig væri að málum staðið. Ég tel að til að yfirferð okkar yfir málið geti verið markviss þurfi þingmenn að kynna sér málið sjálfstætt. Ég reikna með því að það sé almennt ekki vilji þingmanna að þeir séu matarðir.

Þá ætla ég að snúa mér að efni frumvarpanna. Í fyrsta lagi sé ég að skilgreiningar í 2. gr. þessara lagafrv. eru ekki þær sömu. Þó er um að ræða sama málaflokkinn og að sjálfsögðu sömu orð, sem ég tel að skýra þurfi jafnt í öðru frv. sem hinu.

Hér er t.d. ekki skýrt hvað ítak þýðir eða gefin skilgreining á ríkisjörð, sú skilgreining er þó í frv. til jarðalaga.

Í 4. gr. stendur að ábúendur geti samkvæmt lögum þessum verið einstaklingar. Samkvæmt skýringum við 4. gr. þýðir það að félagasamtök geta ekki tekið jarðir á leigu og tekist á hendur þær skyldur og öðlast réttindi sem getið er um í þessu lagafrv. Hagsmunaaðilar gagnvart jörðinni eru eigandi jarðarinnar, ábúandi jarðarinnar, byggðarlagið sem viðkomandi jörð er í og hið stærra samfélag. Að sjálfsögðu þarf að gæta þess að hagsmuna eins sé gætt án þess að troða á hagsmunum annars. Ég er á því að í vissum tilfellum er í þessu frv. um bót að ræða frá fyrri lögum en í öðrum tilfellum tel ég um mjög vafasöm atriði að ræða. Ég vil t.d. nefna 7. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Við upphaf ábúðar skal liggja fyrir úttekt úttektarmanna skv. 39. gr. um ástand jarðar, ræktunar og mannvirkja og annað er máli skiptir gerð á síðustu sex mánuðum. Jarðareigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt."

Segjum svo að tíð ábúendaskipti verði á jörðum. Það þýddi að jarðeigandi þyrfti að kosta úttekt á jörð sinni hvað eftir annað. Þarna eru honum lagðar á herðar skyldur sem ég tel að gætu orðið þungar og jafnvel ónauðsynlegar.

Í 10. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ábúandi skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar. Það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja sem jörðin sjálf gefur af sér án þess að hún eða sá hluti hennar sem afraksturinn gefur rýrni eða eyðileggist við notkunina. Til leiguliðaafnota telst ræktun og öll mannvirki svo og greiðslumark og hlunnindi er jörðinni fylgja, sbr. þó 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I."

Það er sérstaklega þetta með hlunnindin sem ég vil taka til umfjöllunar. Í 11. gr. er fjallað frekar um þessi leiguliðaafnot og þar segir í síðari málsgreininni, með leyfi forseta:

„Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot af réttindum skv. 1. mgr. enda séu slíkir samningar í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma."

Í fyrri málsgreininni er talinn upp fjöldinn allur af leiguliðaafnotum, t.d. vatns- og jarðhitaréttindi, sand- og malarnámur og önnur jarðefni, sem ég tel eðlilegt að jarðeigandi og leiguliði geti samið um, t.d. að leiguliði geti nýtt sandnámur eða malarnámur og þar með hækki afgjald fyrir jörðina. En setjum svo að jarðeigandi sjálfur vilji nytja ákveðin hlunnindi á jörðinni. Ég ætla að taka æðarvarp sem dæmi. Að sinna æðarvarpi krefst ákveðinnar þekkingar. Ég þekki dæmi þess að þau hlunnindi hafi rýrnað mjög vegna vankunnáttu í umsjón leiguliða. 11. og 10. gr. gefa ekki færi á að semja um minni réttindi leiguliða til nýtingar á hlunnindum. Það tel ég mikinn galla og í raun alveg ófært. Ég tel að mönnum hljóti að eiga að vera leyfilegt að semja um minni afnotarétt jafnt sem meiri afnotarétt af hlunnindum á jörðunum.

Í 15. gr. er talað um veðsetningu þar sem ábúanda er gert heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína. Í greininni segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Heimildir ábúanda til veðsetningar á ábúðarjörð sinni eru bundnar því skilyrði að heildarskuldir ábúanda sem tryggðar eru með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í ræktun og mannvirkjum á jörðinni."

Í þessari grein og skýringunum sem fylgja á bls. 20 kemur fram ósamræmi. Í skýringum við 15. gr. er aðeins talað um mannvirki á jörðinni en í lagagreininni er talað um ræktun. Ábúanda er samkvæmt greininni heimilt að veðsetja ræktun en skýringarnar virðast ekki gera ráð fyrir því, enda tel ég það vægast sagt afar hæpið, frú forseti, að heimilt sé að veðsetja ræktun. Við ábúendaskipti stæði væntanlega eigandi jarðarinnar frammi fyrir því að þurfa að greiða af veðinu sem er af ræktun eða þá að öðrum kosti selja viðkomandi ræktun til að losna við þetta veð og ábúandi stendur ekki undir því. Þetta finnst mér ekki standast og hljóta að þurfa breytinga við.

Ég vil líka gera athugasemd við 20. gr. Þar segir að ábúanda sé heimilt að leyfa not landsnytja til beitar og slægna án leyfis jarðareiganda. Ég tel að þarna geti verið um vafasaman gerning að ræða. Við vitum t.d. að það tíðkast að hross séu tekin í beit. Ég tel að jarðeiganda eigi að vera heimilt að setja skilyrði um hvernig þeim málum sé fyrir komið þannig að ekki verði um ofbeit að ræða. Það er ekki heimilt samkvæmt þessari grein.

26. gr. um rétt til ábúðar við skilnað hjóna og 32. gr. til erfðaábúðar finnast mér sérkennilegar, sérstaklega þó 2. tölulið í 32. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Erfðaréttur erfist til barns þess hjóna sem erfðaábúðarréttindin stofnaði eða erfði og til barna þeirra og kjörbarna." — Þarna vantar mig skýringu. Mér finnst afar einkennilegt orðalagið „til barns þess hjóna". Ég held að það hljóti að vera hægt að koma þessu á betri íslensku. Ég held að alveg væri hægt að segja einfaldlega: Erfist til barns þess einstaklings. Það nær sama markmiði, eftir því sem ég skil þessa grein. Hins vegar finnst mér ekki ljóst hvaða börn og kjörbörn er verið að ræða um og hvaða barn þessara hjóna er þarna raunverulega verið að tala um. Þetta er mjög illa orðað.

Í 8. tölulið 32. gr. virðist mér vera rökvilla. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ef erfingi ábúðarréttar deyr barnlaus innan tíu ára frá því að hann tók við ábúð, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann lést, hefur næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina." Ég lít þannig á að maður sem hafi tekið kjörbarn sé ekki barnlaus. Þetta er því bara della sem þarna stendur, virðulegi forseti.

Í V. kafla, 34. gr., stendur um ábúðarlok, með leyfi forseta, í 2. mgr.:

„Ef ábúandi deyr áður en tímabundnum ábúðarsamningi lýkur skal dánarbú hans segja upp ábúðarsamningnum. Slík uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið."

Þarna getur dánarbú lent í því, eins og ég skil þessa grein, að þurfa að greiða leigu af viðkomandi jörð í eitt og hálft ár, mjög langan tíma. (Gripið fram í.) Já, þarna er um marga mánuði að ræða. Ég var búin að reikna mig fram í eitt og hálft ár en vera kann að það sé vitleysa.

Annað við þetta frv. olli mér líka mikilli umhugsun, þ.e. hvernig réttur sveitarstjórna til afskipta er skertur í lagafrv. Ég er sammála því sem komið hefur fram í máli manna fyrr í dag að það þarf að tryggja að eigandi hafi ákveðinn rétt yfir eign sinni. En þær aðstæður kunna að koma upp að samfélagið þurfi að hafa ákveðin afskipti af því hvernig með þessa eign sé farið. Ég ætla að taka sem dæmi að mér sýnist að í þessum lögum sé komið til móts við þá sem hafa keypt jarðir til tómstundaiðkunar, t.d. hrossaeigendur. Við vitum líka að talsvert er um að stóreignamenn hafi keypt jarðir meðfram veiðiám. Ég þekki þess dæmi að heilu dalirnir séu í eigu manna sem búa víðs fjarri og koma þar hvergi nærri nema til að veiða þar nokkra daga á ári. Nú kunna þessir tilteknu einstaklingar að vera margir og þeir kunna að vera fáir. Þeir hafa kannski þá skoðun að þeim sé ekki til hagsbóta

að stunda eða láta stunda landbúnað á þessum jörðum sínum en þá getur það þýtt að bestu jarðirnar í gróinni sveit standi auðar og séu ekki nýttar til landbúnaðar allt árið. Þetta tel ég hæpið.

Ég held að íbúar í þéttbýli mundu illa sætta sig við að einhver tæki upp hjá sér að kaupa blokk, bara til að láta hana standa tóma. Við sjáum fyrir okkur hvernig það mundi líta út þegar við kæmum í sveitarfélög þar sem gardínulausar blokkir, auðsjáanlega tómar, stæðu ár eftir ár. Þetta eru auðvitað mynd sem ég dreg upp til samanburðar en hv. þm. geta væntanlega ímyndað sér hvernig er að koma í sveit og sjá heilu svæðin án ábúðar. Jarðirnar fara smám saman úr rækt. Eins og ég sagði mun það oft þýða að nýtingin færist, jafnvel á óhagkvæmari svæði. Þó að það sé gott og gilt að vilja koma til móts við þá sem kaupa sér jarðir til að iðka tómstundir þá þarf líka að gæta hagsmuna þeirra byggðarlaga sem í hlut eiga.

Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni varðandi það að þetta ákvæði með gildistökuna er alveg út í hött. Eins og hér hefur komið fram er stuttur tími til þingloka og bæði tvö frumvörpin mjög viðamikil og þurfa vandaða umfjöllun. Ég tel að það þurfi að fá umsagnir fjölmargra aðila af því að margs konar hagsmunir eiga í hlut. Það kunna að verða árekstrar oft og tíðum og okkar er að reyna að finna einhvern milliveg. Þetta er það helsta sem ég hef um málið að segja í þessari umferð.

[15:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fór yfir mörg atriði í yfirgripsmikilli ræðu. Til að fyrirbyggja misskilning, sem ég held að allir hljóti að sjá, þarf að vera einstaklingur til þess að fá ábúð. Félagasamtök geta eigi að síður tekið jarðir á leigu, verið leiguliðar á jörðum, en fá ekki ábúðarréttinn. Hann er því bundinn við einstaklinginn.

Hvað varðar ýmsar greinar. Ef við förum í 11. gr., réttindi undanskilin leiguliðaafnotum, er greinin alveg eins og lögin eru í dag, nema viðbótarákvæðið: „Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot af réttindum," o.s.frv.

Hv. þm. minntist á æðardúnsrækt. Hún mundi falla undir 10. gr. og veiðiréttur og annað slíkt, en svo yrði þetta kannski samningsatriði á milli aðila.

Hvað varðar 32. gr., með óðalsréttinn og erfðaábúðina, er þetta eins og lögin standa í dag. Erfðaréttur erfist til sameiginlegs barns þess hjóna sem erfðaábúðarréttindin stofnaði.

Ég vil taka undir með hv. þm. að mikilvægt er að byggja jarðir, hún nefndi veiðijarðir. Ég hygg t.d. að engin sveitarstjórn hafi tekist á við að byggja slíkar jarðir um langa hríð. Það er kannski af því að eigendur jarðanna hafa ekki treyst sér til þess því ábúandinn réði þar meira en eigandinn. Þetta getur einmitt auðveldað að slíkar jarðir verði byggðar í framtíðinni.

[15:05]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi 10. og 11. gr. Það sem hæstv. landbrh. fór yfir var nákvæmlega það sem ég var að benda á að ég teldi óásættanlegt. Í 10. og 11. gr. er ekki gert kleift að semja um að t.d. veiði og hlunnindi af æðarvarpi séu undanskilin í leigusamningi. Úr því að verið er að tala um undanþágur á annað borð finnst mér að það eigi að gera undanþágur í báðar áttir, þ.e. að leigutaka sé heimil meiri afnot af hlunnindum en 10. gr. gefur til kynna og jafnframt að eiganda sé heimilt að nýta sér þau hlunnindi sem honum hentar. Ég tel að æðarvarpið sé einmitt dæmi um það því það getur verið mjög mikilvægt fyrir verðmæti jarðarinnar til lengri tíma litið að eigandinn sjálfur fái að nytja varpið, þar sem það þarf sérkunnáttu og natni sem er alls ekkert gefið að leiguliði hafi.

Varðandi 32. gr. segir ekki að barnið sem talað er um í 2. tölul. sé sameiginlegt barn hjóna. Sú grein er mjög óskýr og þarfnast lagfæringar.

[15:07]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Margt ágætt kom fram í ræðu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur áðan. En mér fannst anda ansi köldu til þeirra sem hafa keypt jarðir á landsbyggðinni og stunda þar annað en landbúnað með ær og kýr. Ég held að flestir, alla vega þar sem ég þekki til, sinni jörðum sínum afskaplega vel og allur almannaréttur um umgengni á jörðum er fyrir hendi. Jarðareigandi má ekki hefta aðgang að jörð sinni. Það mega allir ganga um hana. Það er bannað að girða ár og læki þannig að aðgengi að ám á að vera frjálst. Þetta er í lögum sem hafa verið samþykkt á Alþingi. Það mega allir tjalda hvar sem þeir vilja, nema innan 300 metra radíusar frá húsi að mig minnir. Almannarétturinn er því mjög ríkur.

Miklar breytingar hafa orðið í landbúnaði og ef það á að vera ákvörðun sveitarstjórnar, í sveit þar sem hafa t.d. verið 30 mjólkurbændur áður en eru aðeins 8 eftir í dag, að það skuli bara vera áfram bændur sem stunda landbúnað með ær og kýr. Landbúnaður er svo víðtækur og starfsemin líka að það gengur ekki ef sveitarstjórn ætlar að fara að ráðskast með það hvernig menn nýta jarðir sínar.

[15:09]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðja hv. þm. Drífu Hjartardóttur að hlusta betur á það sem sagt er ef hún hefur hugsað sér að gera athugasemdir. Ég minntist alls ekkert á að almannaréttur væri skertur af þeim sem hafa keypt jarðir en búa annars staðar. Ég var hins vegar að tala um svipmótið sem getur komið á byggðir landsins ef jarðir eru óbyggðar. Það er allt annað mál. Ég held að allir hljóti að kannast við það hversu leiðinlegt það er fyrir svipmót, og ég tók þéttbýlið sem dæmi, ef hluti byggðar er mannlaus, ljóslaus. Ég var heldur ekkert að tala um að sveitarstjórnir ættu að skylda tiltekna tegund af búskap á jörðum, en ég tel mikilvægt fyrir byggðir landsins að sá réttur sé í höndum sveitarstjórna að hlutast til um það að jarðir séu nýttar til byggðar ef þeim sýnist það mikilvægt fyrir viðkomandi byggðarlag.

[15:10]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur vel verið að ég hafi misskilið hv. þm. eitthvað, en mér fannst ég lesa þetta úr ræðu hennar. Ábúðarlögin geta einmitt rýmkað fyrir því að landeigandi geti sett jörð sína í ábúð sem hefur verið mjög íþyngjandi og sveitarstjórnir hafa ekki treyst sér til að ganga í þau mál. Sveitarstjórnir hafa, eins og við ræðum um á eftir varðandi jarðalögin, ekki nýtt sér forkaupsréttinn nema í örfáum tilvikum vegna þess að það er kaupréttur og kaup og sala manna á milli. Það er sama með ábúðarlögin, verið er að færa þetta meira í frjálsræðisátt þannig að hægt er að vinna þetta meira með samkomulagi milli jarðareigenda og ábúenda.

[15:11]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að verið er að gera ákveðnar breytingar sem kunna að liðka fyrir nýtingu á jörðunum. Hins vegar er verið að taka af þennan varnagla sem var í höndum sveitarfélaganna og hægt að gera breytingar á samskiptum eiganda og ábúanda án þess að taka hann af. Fulltrúar í sveitarstjórn eru kosnir til að gæta almannahagsmuna og ég sé ekki nokkra þörf á því að taka af þeim þessi ráð sem þeir hafa samkvæmt fyrri lögum. Það má alveg endurskoða þau ákvæði sem lúta að sveitarfélögunum án þess að taka af þeim öll ráð.

[15:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fagna frv. sem er komið fram því það lagar stöðu sem var nánast óbærileg þar sem ábúðarlögin voru mjög einhliða og mjög takmarkandi á frjálsa samninga aðila.

Ég er á því að lög eigi að vera leiðbeinandi fyrir þá sem hafa litla lagaþekkingu, þ.e. það á að setja inn ákvæði sem gilda ef ekki er um annað samið, en svo eigi menn að hafa heimild til að semja sig frá öllu sem þeir vilja. Þá verða lögin sem minnst hamlandi í eðlilegum viðskiptum. Ég held að greinilegt sé að núgildandi lög hafa verið þannig að margar jarðir hafa ekki byggst af þeim sökum. Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að það er mjög brýnt að jafna og laga stöðu landeigandans.

Ábúandi er fyrir mér einfaldlega bóndi, þ.e. búandi. Yfirleitt er bóndi ábúandi, en hann er jafnframt eigandi, sem betur fer. Ég ætlaði að spyrja að því, það kemur ekki fram í frv., hversu margir eru ábúendur án þess að vera eigendur jarðar? Allar þessar ríkisjarðir sem eru, ég man ekki hvort þær eru 500 eða 600, finnst mér algjör óþarfi. Mér finnst að ríkið eigi ekki að eiga jarðir heldur eigi að selja þær allar saman með góðum kjörum. Hins vegar sjáum við nýja þróun, það er fólk sem hefur gaman af að standa úti í á og gutla þar, ná í einhver kvikindi sem synda þar, aðrir þeysast um á hrossum og sumir stunda tómstundir. Fólk kaupir jarðir til að geta stundað þessa iðju sína. Það getur vel farið saman að einhver annar stundi landbúnað á viðkomandi jörð og miklu hugguleg ra að koma heim, eins og hæstv. síðasti ræðumaður benti á, að bæ sem er vel búinn og byggður en að koma að einhverju eyðibýli til að fara að gutla í ánni. Það er því hagur beggja að það sé ábúandi á jörðinni. Það er líka hagur landeigandans en þá þurfa lögin að vera þannig að jörðin sé ekki hálfpartinn tekin af honum ef hann leyfir einhverja ábúð. Mér finnst enn þá brydda á þessu í lögunum, það er dálítið mikið hallað á eigandann eða verið að grípa inn í það sem er óþarfi að grípa inn í.

Ég sakna þess sérstaklega að í þessum ábúðarlögum er ekki tekið á mjög veigamiklum hlut sem hefur valdið miklum ágreiningi, þ.e. greiðslumarkinu, grundvelli beingreiðslna. Það er ekkert tekið á því. Ef maður lítur á 38. gr. frv., sem segir að eigandinn eigi að bæta ýmislegt sem ábúandinn hefur skaffað á jörðinni, ræktun, nýbyggingar og annað slíkt, en greiðslumarkið er ekkert annað en afrakstur af starfi ábúandans en ekki landeigandans. Það finnst mér. En því er einmitt öfugt farið, greiðslumarkið fer til landeigandans, t.d. ríkisins sem á einhverja ríkisjörð, þó að bóndinn hafi með ævistarfi sínu komið þarna upp sauðfé og búið til þessi réttindi sem núna eru allt í einu orðin mjög mikils virði, m.a.s. meira virði en jörðin sjálf. En það er ekki tekið á þessu í frv.

Ef maður aftur á móti gluggar í frv. sem við ræðum hér á eftir, um jarðalög, stendur þar í 13. gr., með leyfi forseta:

„Um eignarhald, meðferð, nýtingu og heimild til framsals á greiðslumarki lögbýla fer eftir ákvæðum laga nr. 99/1993."

Ég er engu nær, herra forseti.

Ef maður les síðan skýringu við þetta ákvæði, 13. gr., stendur: „Ákvæðið þarfnast ekki skýringa." Þá hlýt ég bara að vera svona takmarkaður, það getur ekki annað verið. Auðvitað getur maður flett upp í heilum lögum til að finna út úr því en væri ekki eðlilegra að segja bara hreinlega að landeigandinn eigi þessi réttindi í dag? Þannig hafa dómar fallið og því um líkt þó að mér finnist það mjög óeðlilegt og það stangist á við hugsunina í 38. gr.

Svo er þarna stílbrjótur eða rökleysa, finnst mér. Í 2. gr. stendur:

„Ábúandi merkir í lögum þessum einstakling sem hefur afnotarétt af jörð" o.s.frv. Þetta er sem sagt einstaklingur.

Síðan er öll 4. gr. undirlögð, þar stendur:

„Ábúendur samkvæmt lögum þessum geta verið einstaklingar."

Þá segir rökfræðin mér að ábúandi geti verið einstaklingur en hann getur líka verið hlutafélag, sveitarfélag, lífeyrissjóður o.s.frv.

Í skýringum með þessari 4. gr. sem er ekkert annað en þetta stendur, með leyfi forseta:

„Hér er að finna ákvæði um hverjir geti verið ábúendur samkvæmt frumvarpinu og tekið af skarið um að einungis einstaklingar geti verið ábúendur."

Það stendur ekkert í ákvæðinu. Þess vegna þyrfti að breyta þessu ákvæði eða bara hreinlega fella það niður því að það stendur í skilgreiningunni: Ábúendur eru einstaklingar. Það ætti að standa: Ábúendur samkvæmt lögum þessum geta eingöngu verið einstaklingar. Svo geta menn rökrætt hvort það sé eðlilegt. Bændur sem jafnframt eru ábúendur á eignarjörðum sínum hafa mjög margir stofnað hlutafélög um reksturinn. Hver skyldi þá vera ábúandinn? Er það hlutafélagið eða er það bóndinn sjálfur? Ég veit ekki betur en að þessi hlutafélög fari með allan rétt og allar skyldur á því búi og kannski eru menn með þessu ákvæði að eyðileggja fyrir bændum þann möguleika að setja reksturinn undir hlutafélag. Ég vil að hv. landbn. kanni það mjög ítarlega og passi sig á því að skemma ekki það sem bændur hafa verið að byggja upp til þess að njóta ýmiss konar hlunninda skattalaga, mjög eðlilegra hlunninda, þeirra að reka jarðirnar sem hlutafélög.

Síðan er smálapsus í 20. gr. Þar stendur að framsal og veðsetning ábúðarréttar sé óheimil.

„Ábúanda er þó heimilt að leyfa not landsnytja til beitar og slægna án leyfis jarðareiganda. Slík ráðstöfun af hálfu ábúanda gildir aðeins í eitt ár í einu."

En það þarf að gæta þess að hann ráðstafi ekki slægjunum fram yfir ábúðartímann. Það þarf þá að segja „ekki lengur en til loka ábúðartímans". Þennan fyrirvara þarf að hafa alveg sérstaklega vegna þess að í 29. gr. stendur að óheimilt sé að semja um að ábúendur taki að sér meiri skyldur eða öðlist minni réttindi „nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstaka heimild þess efnis", sem sagt lögin eru ófrávíkjanleg að mjög mörgu leyti.

Þessu mundi ég vilja snúa við. Ég mundi vilja hafa þessi lög leiðbeinandi en það mætti semja sig að þeim öllum. Þá gera menn nefnilega þessi samskipti lipur og þá eru miklu

meiri möguleikar til þess að tómstundaeigendur séu tilbúnir til að leyfa einhverjum ábúð á jörðinni til þess að hafa þar lömb í haga og hross á beit og kýr sem er miklu hugguleg þegar menn standa úti í ánni við að veiða silunginn eða laxinn.

Þessi lög yrðu þó greinilega mjög mikil bót og framför frá því sem hefur verið. Gildandi lög eru hin argasta forneskja og bændum í raun mjög andsnúin. Ég fagna því frv.

[15:21]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða og ég tel að það hefði átt að leggja það fyrr fram og taka góðan tíma í að ræða það. (Gripið fram í.) Það er ómögulegt að landbn. verði sett í tímapressu með þetta mál og ég mun rekja það nánar hér í ræðu minni, hv. þm. Drífa Hjartardóttir.

Eins og áður segir er þetta mikilvægt mál sem snertir mjög ríka hagsmuni einstaklinga víða um land. Í framhaldi af því, til að varpa skýrara ljósi á frv., vil ég spyrja hæstv. landbrh. Guðna Ágústsson nokkurra spurninga og vonast til þess að svörin auðveldi okkur að taka afstöðu til málsins og landbn. vinnuna. Í fyrsta lagi: Hvað eru ábúendur margir? Ég sé það ekki í greinargerðinni. Við höfðum skamman tíma til að lesa frv. í gegn og það væri áhugavert að fá það upp hvað þetta snertir marga einstaklinga og fjölskyldur.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort ábúendur hafi með með sér eitthvert félag. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá fram sjónarmið þeirra í þessu máli vegna þess að hér hefur ítrekað komið fram að verið sé að tryggja rétt jarðeigenda. Það er eflaust ágætt. En það er nauðsynlegt að hlutur ábúenda verði ekki fyrir borð borinn og menn leiti eftir sjónarmiðum þess hóps. Ég tel ekki nægjanlegt að leita bara beint í Bændasamtökin þó að þau séu góð og gegn. Ég er ekkert endilega viss um að sjónarmið ábúenda séu þar ríkjandi, ég er ekki viss um það. Ég tel þess vegna að það sé rík skylda á formanni landbn., hv. þm. Drífu Hjartardóttur, að leita sérstaklega eftir sjónarmiðum þeirra. Ég vil spyrja hvort leitað hafi verið eftir sjónarmiðum þeirra þegar frv. var samið. Mér finnst mikilvægt að fá svör við því hér hjá hæstv. ráðherra, Guðna Ágústssyni.

Ég tek einnig undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að það sé rétt að taka á greiðslumarkinu og ræða það hér þegar við erum að ræða um ábúendur. Þess eru dæmi, og þau ljót, m.a. austur á landi, á Vestfjörðum og víða um land, að þegar fólk, sem hefur verið ábúendur og jafnvel flutt með bústofn sinn á eyðijarðir, hefur ætlað að bregða búi hefur greiðslumarkið skyndilega orðið eign jarðeiganda. Ég þekki nokkur dæmi um þetta og það þarf að taka á því. Mér finnst að hæstv. landbrh. ætti að taka það mál upp í tengslum við þetta og jafnvel að ræða það hér hvort ekki sé rétt að bæta þessu fólki það tjón sem hefur orðið. Ég held að varla hafi verið markmið löggjafans að svipta þetta fólk þessum réttindum og færa jafnvel vinnu þess og starf í hendur jarðeigenda. Ég get ekki séð það. Því væri fróðlegt að fá að heyra sjónarmið hæstv. landbrh. í þessu máli.

[15:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvað ábúendur séu margir. Mjög margar ríkisjarðir hafa verið seldar. Þær gætu verið um 300 talsins eftir en þeim hefur farið hríðfækkandi því að áhugi ábúendanna á að nýta sér kaupréttinn hefur verið mikill. Ég hef verið stórtækur jarðasali hvað það varðar að selja fólkinu sem hefur setið þessar jarðir vel jarðirnar á síðustu árum. (**Gripið fram í:** ... ráðherra ...) Nei, það eru fáir í þeim hópi sem hafa keypt. En flestir eru þetta góðir bændur sem hafa setið jarðirnar og kosið á síðustu árum að nota sér réttinn og eignast þær.

Ég hef ekki heldur hugmynd um en ég hygg að það séu mjög fáir ábúendur í dag á einkajörðum. Það er engin tilkynningarskylda um það þannig að ég hef ekki tölur um það. Hér er ekki verið að tryggja rétt bara jarðeigenda, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, það er verið að jafna þennan rétt töluvert mikið. Réttur ábúenda verður heilmikill á eftir.

Ég hef sagt í umræðunni að það er alveg ljóst að þessi breyting á löggjöfinni er tímabær. Gildandi lög eru mjög úrelt og þau geta meira að segja stuðlað að því að jarðir verði fremur byggðar.

Hv. þm. minnist svo á þetta atriði sem einhver dæmi eru um, sorgleg dæmi, að leiguliðar eða ábúendur sem hafa byggt upp rétt á á jörðum einstaklinga o.s.frv. hafa tapað honum, ekki fengið að njóta hans. Þetta er hárrétt hjá hv. þingmanni, ég þekki einhver svona dæmi sem hafa gengið fyrir dómstóla þannig að það er eitthvað sem ekki er tekið upp á nýjan leik og hefur auðvitað gengið sína leið.

Það verður hver að gá að sér þar sem hann er staddur og semja fyrir sig en ég tek undir að ég þekki einhver tilfelli þar sem fólk hefur farið illa út úr því eftir að tekið var upp greiðslumark, kvóti o.s.frv. Það byggði upp bústofn á jörð sem leiguliðar og naut hans ekki, gat hvorki farið með hann né selt hann. Ég tek undir með hv. þingmanni að það eru ýmis sorgleg dæmi í því.

[15:28]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það eru dæmi um þetta, ljót dæmi, og ég tek undir það með hæstv. ráðherra. Nú þekkir hann eflaust betur til þessa málaflokks en ég, miklu betur, og þess vegna langaði mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta séu mörg dæmi og hvort ekki sé rétt, ef þetta eru fá dæmi og skipta þessa einstaklinga verulega miklu máli, að ríkið taki einhvern veginn á sig að reyna að bæta þessu fólki það fjárhagstjón sem það hefur orðið fyrir. Mér finnst að það ætti að koma til greina að skoða það ef dæmin eru ekki mörg. Það er í raun sanngirnismál og mundi ekki kosta ríkið mikið.

Þetta eru einungis 300 bændur eða ábúendur og því spyr ég hvort það hafi verið leitað sérstaklega eftir sjónarmiðum þeirra. Ég tel nauðsynlegt, ef við ætlum að gera þessi lög vel úr garði, að fara vel yfir málið og fá fram og kalla eftir sjónarmiðum þeirra. Ég veit ekki til þess að þessir 300 ábúendur hafi með sér samtök en eflaust veit hæstv. ráðherra það betur en ég.

[15:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fullyrði að ríkið hefur farið vel með ábúendur sína og leiguliða og gefið þeim mikinn rétt. Frv. sem ég mæli fyrir hér á eftir eykur þann rétt og styttir þann tíma sem menn þurfa til að fá kauprétt á leigujörðinni. Þessir aðilar hafa ekki séð ástæðu til að stofna með sér samtök ábúenda, heldur hafa þeir notið bæði sterkrar lagaumgjarðar og góðrar meðferðar af hálfu landbrn. í gegnum tíðina.

Ég get ekki sagt að hvar sem einstaklingar verði fyrir slysum geti ríkið alltaf borgað skaðann. Þetta eru auðvitað skattpeningar almennings. Þau mál sem hv. þm. minntist á, að einstaklingar hafi byggt upp rétt á jörðum og ekki fengið

að njóta hans við sölu o.s.frv., hafa sum hver gengið fyrir Hæstarétt og ég sé ekki hvernig ríkið á að grípa inn í þau eða bæta því fólki þann skaða. Það er skaði sem hefur orðið milli tveggja aðila. Hæstiréttur er æðsti dómstóll okkar og þekkt er að ekki þýðir að deila við dómarann. Hygg ég að þeir séu sammála mér í því í Frjálsl.

[15:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talar um að byggja upp rétt. Þegar menn búa til þetta greiðslumark eru menn um leið að verðfella annað land. Dæmi eru um það, m.a. austur á landi, að maður hafi flutt með bústofn sinn á milli jarða, frá eignarjörð og yfir á jörð þar sem hann var ábúandi. Með því að búa til þetta greiðslumark verðfelldi ríkið jörðina sem hann bjó á fyrir vegna þess að hann getur ekki ákveðið að fara þangað og hefja búskap á ný. Ég tel að það hafi ekki verið ætlun ríkisins og þetta séu ákveðin mistök og því beri ríkisvaldinu í rauninni siðferðileg skylda til að skoða þessi mál sérstaklega og fara yfir þau og ég tel að menn eigi að skoða þau og bæta. Mér finnst ekkert að því að menn skoði það vegna þess að þarna hafa einstaklingar orðið fyrir mjög miklum fjárhagslegum skaða vegna slakrar löggjafar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 783. mál (heildarlög). — Þskj. 1194.

[15:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til jarðalaga sem er 783. mál þingsins á þskj. 1194.

Um er að ræða frv. til nýrra jarðalaga og má segja að það sé eins og hitt frv. búið að vera lengi í smíðum og hefur farið í gegnum mikla vinnslu í landbrn., til umsagnar sveitarfélaga og búnaðarþings. Það er komið fyrir þingið eins og á síðasta löggjafarþingi og hefur verið sent til umsagnar og fengið umfjöllun og hefur verið tekið tillit til margra tillagna í þessari vegferð. Frumvarpið er samið í landbrn. samkvæmt ósk minni sem landbrh. og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Það er lagt fram samhliða frv. til nýrra ábúðarlaga sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að gildandi jarðalög eru í fjölmörgum atriðum orðin úrelt og eiga ekki lengur við aðstæður á Íslandi í dag. Gildandi jarðalög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði eins og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Má í raun segja að allar forsendur í landbúnaði séu gjörbreyttar frá þeim tíma.

Í núgildandi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru ýmis ákvæði sem fela í sér umtalsverðar takmarkanir á rétti jarðeigenda til meðferðar og ráðstöfunar á jörðum sínum. Hér má t.d. nefna að land sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku laga nr. 65/1976 er óheimilt að taka til annarra nota nema með leyfi landbrh. Sveitarstjórnir og jarðanefndir sem eiga að hafa eftirlit með meðferð og ráðstöfun jarða og starfa fyrir hverja sýslu þurfa að samþykkja hvers konar aðilaskipti að jörðum, hvort heldur er fyrir kaup, gjöf, skipti, sameiningu, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, leigu og ábúð o.fl. Enn fremur eiga sveitarfélög forkaupsrétt að næstum öllum jörðum sem seldar eru í sveitarfélaginu. Örfáar undantekningar eru frá þessu íhlutunarvaldi sveitarstjórna og jarðanefnda sem gilda einkum um ríkisjarðir og jarðir sem ráðstafað er til náinna ættingja jarðareiganda. Einnig má nefna að ef einn sameigandi jarðar sem er í óskiptri sameign fleiri aðila rekur bú á jörðinni getur hann með vissum skilyrðum fengið leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa til sín eignarhluta sameigenda sinna í jörðinni án tillits til þess hvort sameigendur hans eru því samþykkir eða andvígir. Fyrir eignarhlutann greiðir hann matsverð sem ákveðið er af matsnefnd eignarnámsbóta. Sömu heimildir hefur aðili sem rekur bú á jörð til að leysa til sín jarðarpart sem skipt hefur verið út úr jörðinni.

Framangreindar takmarkanir á eignarráðum jarðareiganda hafa verið skýrðar með hliðsjón af 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en þar kemur fram að tilgangur laganna sé að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Með framangreindum ákvæðum hefur verið reynt að tryggja að byggð haldist í sveitarfélögum á landsbyggðinni og að jarðir sem eru hæfar til búskapar séu nýttar til landbúnaðarstarfsemi.

Með frumvarpi þessu er ekki eingöngu lögð áhersla á landbúnað og hagsmuni sveitarfélaga þótt það séu auðvitað mikilvægir þættir í ákvæðum frv. heldur er þar einnig lögð áhersla á að opna aðgang almennings að landi okkar. Hefðbundinn landbúnaður hefur dregist saman á undanförnum árum og ættliðaskipti ekki orðið með sama hætti og áður. Jarðir sem nýttar voru til landbúnaðar hafa verið teknar til annarra nota, t.d. fyrir sumarhúsabyggð, aðra frístundastarfsemi o.fl. Ekki er sama þörf og áður fyrir að jarðir hér á landi séu nýttar til landbúnaðarstarfsemi. Þegar litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa í landbúnaði síðan jarðalög, nr. 65/1976, voru sett og þess að forsendur í landbúnaði sem voru fyrir hendi á þeim tíma eru í raun mjög breyttar tel ég að kominn sé tími til að gera breytingar á íslenskri löggjöf að þessu leyti og slaka að nokkru leyti á þeim takmörkunum á ráðstöfunarrétti jarðareiganda sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976.

Frumvarp þetta felur í sér miklar breytingar á þeim ákvæðum sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Með ákvæðum þessa frumvarps er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og að samræma eins og unnt er eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir eru í gildandi löggjöf verulegar takmarkanir á ráðstöfunarrétti jarðeigenda og ýmsar kvaðir lagðar á þá sem geta verið mjög íþyngjandi og hafa oft í framkvæmd reynst ósanngjarnar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta að nokkru leyti úr þessum annmörkum án þess að gengið sé lengra en þörf krefur.

Hæstv. forseti. Í frumvarpi þessu eru einnig nokkrar breytingar sem eiga rætur að rekja til þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert ýmsar athugasemdir við nokkur ákvæði jarðalaga nr. 65/1976 og telur þau brjóta gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA hafa einkum beinst að ákvæðum 6. gr. laganna um um tvöfalt samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, 11. gr. laganna sem áskilur að þeir sem vilji kaupa jarðir eða

fá umráðarétt yfir jörðum og nýta þær til landbúnaðar skuli hafa stundað landbúnað hér á landi í a.m.k. tvö ár nema landbrh. veiti undanþágu frá því svo og ákvæði 30. gr. laganna um forkaupsrétt sveitarstjórna og Jarðasjóðs ríkisins. Með frumvarpi þessu er að reynt að koma að verulegu leyti til móts við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA án þess þó að gengið sé lengra en þörf krefur í því efni.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frv. eru þessar:

1. *Markmiðum eða tilgangi laganna er breytt nokkuð í* ljósi breytinga sem orðið hafa á aðstæðum, atvinnuháttum og nýtingu jarða í íslensku þjóðfélagi. Gildandi jarðalög, nr. 65/1976, leggja of einhliða áherslu á landbúnaðarnot miðað við breytta atvinnuhætti og er reynt að breyta ákvæði 1. gr. í samræmi við það en jafnframt að tryggja þá veigamiklu hagsmuni sem fólgnir eru í þeim landkostum sem til eru hér á landi.

2. Jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Í stað þess er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé skylt að hafa starfandi sérstakar landbúnaðarnefndir sem hafa það hlutverk að hafa eftirlit með að eignarhald og meðferð jarða og annars lands sé í samræmi við lög og að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir um öll mál er varða gildissvið laganna, sbr. 10. gr. Felld hafa verið niður ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi til aðilaskipta að jörðum, öðru landi eða fasteignum sem lögin gilda um. Í stað þess er einungis skylt að tilkynna slík aðilaskipti til sveitarstjórnar, sbr. 15. gr., og lögð skylda á sveitarstjórn að halda skrá um slík aðilaskipti.

3. Fellt er niður ákvæði 11. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að aðilar sem óska eftir að kaupa land eða aðra fasteign hér á landi sem fellur undir ákvæði laganna og nýta hana til landbúnaðar þurfi að hafa stundað landbúnað hér á landi í tvö ár nema landbúnaðaráðherra veiti undanþágu í einstökum tilvikum.

4. Felld eru niður ákvæði um innlausnarrétt ábúenda og sameigenda að eignarhluta í jörðum sem eru í óskiptri sameign, sbr. 13. gr. *gildandi jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari* breytingum, og landspildum sem skipt hefur verið út úr jörðum, sbr. 14. gr. laganna.

5. Breytt er verulega ákvæðum gildandi jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum en skilyrði þess að sveitarstjórn geti neytt forkaupsréttar eru þau að sveitarfélagi sé þörf á jörð sem á að selja til nota fyrir starfsemi sveitarfélagsins eða til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þá er fellt niður ákvæði um að sveitarfélög geti framselt forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins.

6. Óheimilt er að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku laganna en miðað við að þær jarðir sem eru ættaróðul geti verið það fram að andláti núverandi óðalseiganda og gildir VII. kafli laganna um þær jarðir. Ættaróðalið skal þá falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum. Þrátt fyrir ofangreint á óðalseigandi rétt á að halda ættaróðal í óðalsböndum eftir næstu ættliðaskipti og óslitið eftir það ef sótt er um leyfi landbúnaðarráðherra til þess efnis og sýnt fram á að um eignarhald og meðferð ættaróðalsins hafi að öllu leyti verið gætt ákvæða þessara laga og eldri laga um sama efni.

7. Ef fleiri eigendur eru að jörðum eða jarðahlutum er þeim skylt að hafa með sér félag um eignarhald, fyrirsvar og rekstur jarðarinnar eða jarðarhlutans og er skylt að tilnefna sérstakan forsvarsmann félagsins sem kemur fram fyrir hönd félagsins gagnvart sveitarstjórn og öðrum aðilum við úrlausn mála er lúta að réttindum og skyldum jarðeigenda. Nánari ákvæði eru í lögunum um heimildir forsvarsmannsins, en aðrar ráðstafanir þurfa að jafnaði samþykki allra félagsmanna. Undantekningar eru frá þessu ákvæði ef eigendur jarðar eru hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra.

Í frv. eru fjölmargar aðrar breytingar sem of langt mál er að rekja hér en þær eru flestar tilgreindar á bls. 22–27 í greinargerð er fylgir frv. Ég læt þetta nægja í bili og vek *athygli á því að í greinargerð með frv. og athugasemdum við* einstakar greinar frv. er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem frv. hefur í för með sér miðað við núgildandi jarðalög, nr. 65/1976.

Á fylgiskjali með frv. er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemda með frv.

Hæstv. forseti. Nú er liðinn rúmlega aldarfjórðungur síðan *núgildandi* jarðalög, nr. 65/1976, voru samþykkt. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið hér á landi á þessum langa tíma sem beinlínis kalla á að breytingar verði gerðar á núgildandi löggjöf um þetta efni. Í frv. því sem hér liggur fyrir hefur verið reynt að svara því ákalli og koma til móts við þær þarfir sem skapast hafa í íslenskum landbúnaði og annarri landnýtingu, meðferð og umsýslu jarða hér á landi. Ég tel því að hér sé um að ræða nauðsynlega tímamótalöggjöf sem mikilvægt er að þingið taki til alvarlegrar skoðunar miðað við núgildandi aðstæður í íslenskum landbúnaði og hvernig landnýtingu er að öðru leyti háttað svo og annarri meðferð og umsýslu jarða hér á landi. Það er von mín að frv. og þau ákvæði sem það hefur að geyma sé svar við kröfum nútímans um sanngjarna löggjöf um eignarhald, meðferð og nýtingu lands á Íslandi í dag.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til jarðalaga. Í upphafsgrein frv. segir:

„Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.“

Ég tel, herra forseti, að í sjálfu sér sé þetta markmið góðra gjalda vert. Það mætti kannski tína til fleiri markmið, fleiri skyldur sem hvíla ættu á þeim sem eiga að bera ábyrgð á landi, fleiri skyldur sem lúta að almannarétti, nýtingarrétti eða aðkomu heimafólks að viðkomandi svæðum. Það ætti kannski að kveða enn sterkar á um það í 1. gr.

Hæstv. ráðherra gat þess í framsögu sinni að verið væri að færa hina lagalegu umsýslu landsins í átt til þess sem á sér stað um aðrar eignir. Víst má til sanns vegar færa að ákveðnar breytingar er nauðsynlegt að gera á jarðalögum. Hins vegar er mikilvægt að hafa hugfast að það er ekki sjálfgefið að sömu lög gildi um meðferð á jörðum og öðrum slíkum náttúruauðæfum og gilda um fasteignir, þ.e. mannvirki, hús og annað slíkt. Það er alls ekki sjálfgefið að hliðstæð lög og reglur gildi um það. Svo er reyndar alls ekki. Flest lönd hafa löggjöf sem takmarkar meira ráðstöfunarrétt einstaklinga á löndum og jarðarinnar gæðum en öðrum fasteignum.

Ég vil hvetja til þess að við vinnu og afgreiðslu þessa frv. sé gætt varfærni. Hér er um að ræða meðferð og ráðstöfun lands til lengri tíma, miklu lengri tíma en snertir takmarkað eignarhald einstaklinganna. Hér er fjallað um land og landgæði sem snúa að fleiri en einum einstaklingi. Þess vegna ætti lagaumgjörðin að taka mið af því.

Í grg. með þessu frv. er bent á að önnur lönd hafa mjög ákveðnar takmarkanir á meðferð jarðeigna í landbúnaðarnotum. Ég vil vitna til þess sem stendur hér í grg., með leyfi forseti. Hér stendur:

„Í Danmörku eru víðtækar takmarkanir á meðferð jarðeigna í landbúnaðarnotum og þarf leyfi ráðherra til að leysa slíkar eignir undan skyldu til landbúnaðarnota ... Í Noregi eru einnig víðtækar takmarkanir á meðferð og nýtingu lands sem er í landbúnaðarnotum og miðað við að halda skuli öllu slíku landi í ræktun og að ekki megi taka það til annarra nota en landbúnaðarstarfsemi, nema landbúnaðarráðuneytið veiti til þess leyfi. Það gildir þó ekki um land sem hefur verið skipulagt eða ráðstafað hefur verið til annarra nota með skipulagsáætlun eða öðrum ákvörðunum stjórnvalda."

Það er mikilvægt að líta til þess að önnur lönd hafa farið varlega í og viljað hafa fingurna í ráðstöfun og meðferð á landi. Ég er því ekki alveg sammála því sem stendur í grg. Þar er fullyrt og því slegið fram eins og segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi er ekki sama þörf fyrir land til landbúnaðarnota og áður en víða um heim er hins vegar lögð mikil áhersla á að vernda land sem nýtanlegt er til landbúnaðar og matvælaframleiðslu."

Ég tel, virðulegi forseti, ekki síðri þörf til að huga að meðferð og nýtingu lands á Íslandi. Heilu samfélögin byggja á að geta nýtt þessar auðlindir, bæði til búsetu og framfærslu fyrir einstaklinga sem þar búa og einnig til uppbyggingar þess samfélags. Þörfin birtist með öðrum hætti en erlendis. Við eigum við ákveðið dreifbýli að stríða. Við eigum líka við það að stríða að þeir sem búa úti í dreifbýli geta oft ekki nýtt sér landsins gæði, þó að þau liggi að þeim, vegna þess að þau eru komin í hendur annarra sem hirða ekki um þau verðmæti út frá sjónarhóli þeirra sem búa á svæðinu. Hjá þjóðum erlendis eru settir ákveðnir varnaglar um ráðstöfun þessa lands. Ég tel að við ættum einnig að vera á varðbergi og gæta þess að rétturinn til að nýta þessi landsgæði sé fyrst og fremst bundinn við það fólk sem býr á viðkomandi svæðum og er háð því að nýta þær auðlindir og því að þær gangi þá ekki úr sér. Sú þörf er ekkert síðri hér en í öðrum löndum. Þau rök sem í öðrum löndum eru færð fyrir því að standa vörð um landgæðin og nýtingu þeirra eiga eins við hér og þar.

Ég vil líka benda á þau rök að alþjóðlegir dómstólar, kröfur frá EFTA eða Eftirlitsstofnun EFTA, geri kröfu til að við breytum lögum um meðferð jarðeigna hér. Það má vel vera tilfellið en ég geld varhuga við því að við göngum þar harðar fram en efni standa til og búum okkur til þörf til þess að verða við tilskipunum frá Eftirlitsstofnun EFTA. Við höfum almennt fengið nóg af því. Skoða mætti málin hjá öðrum löndum sem eru undir sömu reglugerð sett, Danmörku, Noregi og öðrum Norðurlöndum. Fróðlegt væri að vita hvernig þessum málum er háttað, t.d. á Englandi og Skotlandi, varðandi heimild til ráðstöfunar lands, réttindi og skyldur samfélagsins annars vegar og hugsanlegra eigenda hins vegar. Við megum ekki búa okkur til einhverjar sérástæður og sérafsökun í skjóli erlendra reglna sem ekki hafa kannski nægilega vísun íslenskan veruleika og önnur lönd kunna að hafa meðhöndlað á annan hátt. Okkur er gjarnt að hlaupa þar fram úr okkur í þeim efnum.

Ég vil ítreka það sem ég sagði við umræðuna um ábúðarlögin, að það er nauðsynlegt, þegar þessi lög eru endurskoðuð og þeim breytt, að horft sé til annarra laga sem lúta að aðkomu hins opinbera að ráðstöfun lands sem falla niður við þessar lagabreytingar. Við höfum þar skipulagslög og skyldur sveitarfélaga sem hafa gert ráð fyrir aðkomu sinni að málum í gegnum þau lög. Nú þurfa þau að athuga hvaða þætti þau vilja áfram verja eða eiga möguleika á að nýta sér í gegnum önnur lög, t.d. skipulagslög. Í þessu frv. eru lagðar til gríðarlega miklar breytingar. Þær miða nánast alfarið að því að skerða aðkomu hins opinbera, sérstaklega sveitarfélaganna, að ráðstöfun lands frá því sem var. Vel má vera að þar séu ákveðnir þættir sem þyrftu endurskoðunar við en menn þurfa þar að ganga varlega um dyr og gæta þess að í óðagotinu í lagabreytingunum detti ekki niður nauðsynlegir varnaglar og eðlileg og nauðsynleg aðkoma sveitarfélaga að ráðstöfun lands, sem hætt er við.

Ég ítreka líka það sem ég sagði í umræðunni um ábúðarlögin. Ég hefði viljað sjá stefnumörkun af hálfu hins opinbera fyrir meðferð, eignarhald og nýtingu á jarðnæði í eigu ríkisins og almennt í landinu, að það ætti að vera eins konar inngangsgrein í lögunum hvaða stefnu sé lagt upp með.

Hjá hæstv. ráðherra kom fram að þetta mál hefur lengi verið í vinnslu og svo sem ekkert óeðlilegt við það þó að því þurfi líka að ljúka. Mér er kunnugt um að þetta var lagt fram til kynningar á síðasta búnaðarþingi, nýafstöðnu. Búnaðarþing taldi sér ekki unnt að fjalla um það efnislega á svo skömmum tíma, enda gríðarlega mikið og margflókið mál á ferðinni. Þingið óskaði eftir því að sérstök nefnd á vegum búnaðarþings fengi að fjalla um málið á milli þinga, sem ég tel að sé rækileg ábending um að þeir telji að skoða þurfi mun betur það frv. sem nú hefur verið lagt fram.

Það er mikilvægt að vinna málið vel og taka tillit til samfélagslegra hagsmuna bæði í nútíð og framtíð. Einnig þarf að taka tillit til sjónarmiða þeirra sem nýta og byggja landið á hverjum tíma. Menn gæti sín að falla ekki bara fyrir þeim sjónarmiðum sem uppi eru um frelsi einkaframtaksins til að vaða yfir allt og alla. Menn mega ekki falla í þá gryfju heldur verða þeir að líta á málið út frá framtíð íbúanna vítt og breitt um landið, búsetunnar og markmiða þeirra til langs tíma. Við vitum að meðferð þessa máls snertir stefnuna í byggðamálum, byggða- og búsetumálum. Þannig er að mörgu að hyggja þegar frv. til jarðalaga er lagt fram, með svo viðamiklum breytingum sem hér eru lagðar til.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég tel að málið þurfi meiri umfjöllun og vandaðri meðferð, frekari skoðunar bæði af hálfu þingsins og einnig af aðilum utan þings, áður en ætlast má til að hægt sé að afgreiða það sem lög frá Alþingi í því formi sem það birtist.

[16:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu og málefnalega. Hann gerir ekki margar athugasemdir en lætur að því liggja að lítil virðing sé borin fyrir því að vernda land til landbúnaðar. Það er langt frá því. Frumvarpið geymir sterk ákvæði um það. Við getum áreiðanlega verið sammála um að breytingar í landbúnaði, stærri bú og færri og önnur landnot hafa kallað á nýja atvinnustarfsemi sem er mjög mikilvæg

í sveitum landsins og byggðinni í landinu og sjálfsagt að verða við því kalli.

Ég hef lagt mikla áherslu á að menn þurfi að varðveita jarðirnar og ræktunarlöndin og við vitum aldrei hvað framtíðin þarf í þeim efnum. Hér eru alveg skýr ákvæði hjá okkur eins og í Danmörku og Noregi. Hv. þm. lét liggja að því að við værum á einhverri frjálshyggjuferð að gefa allt eftir og *ætluðum ekki að taka neitt tillit til þess*. En þó hér sé kannski ekki sama þörf til landbúnaðarnota og við eigum stórt land og víðlent er það svo víða um heim einnig, en hér er mikil áhersla lögð á að vernda land sem nýtanlegt er til landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Enn fremur er landbúnaður í örri þróun sem ekki sér fyrir endann á og því hyggilegt að þess sé gætt að nægjanlegt land sé til staðar fyrir landbúnaðarstarfsemi framtíðarinnar. Ég vil leggja áherslu á það og er sammála hv. þm. að mikilvægt er að hér sé rými fyrir sterkan landbúnað og mikla matvælaframleiðslu því við eigum gott landbúnaðarland og höfum eitthvert besta land til matvælaframleiðslu, vegna þess að hér er móður jörð hrein og náttúran ekki svo menguð sem hún er í mörgum nálægum löndum okkar. Þessa auðlind eigum við því að varðveita. Þar hygg ég að við séum sammála og frv. geymir þau viðhorf áfram að svo skuli gert samkvæmt lögum.

[16:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. kemst alltaf svo óskaplega fallega að orði, sem er mjög gott og við fögnum því, en ég vil líka sjá það á prenti. Það þarf að komast á prent.

Ég tek undir með ráðherranum að við eigum mikla framtíð sem matvælaframleiðsluland. Þess vegna verðum við að gæta þess í tímabundnum ákafa okkar að verða við einhverju í því frjálshyggjuóráði sem ríður yfir þjóðina að láta ekki jarðirnar fara úr landbúnaðarnotkun eða í óvissa notkun. Við eigum að standa vörð um þær, því við vitum ekki hvenær við þurfum að kalla aftur til þeirra þó við þurfum ekki brýnt á þeim að halda í dag. Fyrir utan landbúnaðarnotin, eins og t.d. *ferðaþjónustan, sem er tvímælalaust það landbúnaðarnot* sem er hvað mest vaxandi í dag, er ekki gott að vera búin að missa ráðstöfun á landinu í hendur aðila sem eru andvígir því að samfélagið geti haft aðgang að því. Við þekkjum þetta með keðjurnar á veginum. Um leið og einkaaðilar eru búnir að kaupa jörðina er komin keðja á veginn og sagt að þetta sé einkavegur og einkaland. Fyrir sveitarfélög sem eru að gera áætlun um nýtingu auðlinda sinna eru orðnar allt of margar keðjur sem takmarka möguleika íbúanna á viðkomandi svæðum til að njóta og nýta auðlindir sínar, bæði í eigin þágu og í atvinnuskyni. Þess vegna tel ég að fara eigi mjög varlega í breytingar sem lúta að því að skerða rétt almennings til þess að hafa áhrif á land og landnotkun.

[16:06]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom margt fram í máli hv. þm. Hvað búnaðarþing varðar hefur málið verið sent til búnaðarþings og það er milliþinganefnd að ræða þessi mál. Að sjálfsögðu mun landbn. senda frumvörpin til umsagnar og við munum fá til okkar gesti og fara mjög vandlega yfir þessi mál.

En af því hv. þm. telur að verið sé að takmarka mjög rétt almennings að jörðum þá er það ekki þannig. Ég ætla aðeins að fara yfir þau lög sem gilda um meðferð og ráðstöfun jarða á Íslandi. Það eru jarðalög, ábúðarlög og ýmis atriði um meðferð og nýtingu jarða í öðrum lögum. Það eru lög um jarðasjóð, um landskiptalög og um landamerki. Lög um lax- og silungsveiði, vatnalög, girðingalög og lög um afréttarmálefni, fjallskil. Það eru orkulög, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, skipulags- og byggingarlög, lög um náttúruvernd og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lög um lausn ítaka á jörðum, lög um bæjarnöfn, lög um eignarrétt og lög um afnotarétt fasteigna, lög um hefð, lög um landgræðslu, lög um skógrækt og lög um landshlutabundin skógræktarverkefni. Lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um samningsveð, um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingalög og lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og þjóðminjalög. Það eru því æðimörg lög sem snerta þá sem eiga jarðir.

[16:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur lesið upp nöfn á mörgum lagaheitum. En eins og hæstv. ráðherra gerði ræki lega grein fyrir í máli sínu er fyrst og fremst verið að skerða afskipti og aðkomumöguleika sveitarfélaga að ráðstöfun á jörðum og landi í frv. og nefndi dæmi sem sýndu hvað þetta væri erfitt í meðförum nú. Sjálfsagt er það hárrétt í einstaka tilvikum, en engu að síður snúa lögin fyrst og fremst að því. Þá benti ég á að sveitarfélögin hafa treyst á aðkomu sína að landnotkun og meðferð lands í gegnum lögin. Ef hún er skert þarf að athuga hvort sveitarfélögin geta og vilja treysta aðkomu sína með öðrum hætti að ráðstöfun lands. Það getur verið með öðrum hætti en tilgreint hefur verið í jarðalögunum. Almenningur á fyrst og fremst aðgang að landi í byggð í gegnum sveitarfélögin, sem frv. fjallar fyrst og fremst um, og sveitarfélögin geta nýtt sér auðlindir þess til að styrkja búsetu og atvinnusköpun heima í héraði í gegnum aðkomu sína að lögunum.

Ég tel því að við eigum að fara mjög vandlega í gegnum þá umræðu að tryggja sveitarfélögunum áfram nokkuð örugga aðkomu að verndun, nýtingu og meðferð á landi í byggð eins og lögin kveða á um.

[16:10]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðstöfun á sölu jarða og kaupum manna á milli er það sem sveitarfélögin hafa ekki viljað. Nokkur sveitarfélög hafa gert þetta en ekki alltaf með góðum árangri. Það er alveg með ólíkindum að sveitarstjórn eigi að ákveða hvort Jón eða Gunna kaupi tiltekna jörð og með hvað viðkomandi ætlar að búa. Það er alls ekki rétt að verið sé að takmarka umgengni almennings um jarðir með lögunum, það er bara alveg af og frá. Í lögum er líka hægt að taka land eignarnámi ef almannahagsmunir þurfa þeirra með. Þetta er því útúrsnúningur hjá hv. þm. varðandi lögin enda vill hann náttúrlega að ríkið eigi allar jarðir.

[16:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkið er bara við, en hv. þm. er stöðugt að gera mér upp skoðanir. Kannski vill hún bara afhenda ríkinu Keldur sem er stór, vegleg og falleg jörð.

En málið snýst ekki um það. Málið snýst m.a. um eins og kemur fram í 1. gr. frv. um markmið laganna að „stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra". Ég legg áherslu á að staðið sé vörð um þetta og þess vegna sé athugað mjög gaumgæfilega áður en skert er svo

verulega aðkoma sveitarfélaganna að ráðstöfun lands eins og frv. gerir ráð fyrir. Hvar við drögum mörkin er svo aftur annað mál. Frumvarpið miðar að því að skerða þá aðkomu sem sveitarfélögin hafa hingað til haft og því mjög mikilvægt að kanna hvort við séum sammála um það og hvort sveitarfélögin hafi aðra skoðun á því og einnig að tryggja lagalegan rétt þeirra í gegnum önnur lög. Við erum búin að fá meira en nóg af keðjum sem falla á veginn. Um leið og land er komið í einkaeign er komin keðja á veginn sem segir að hér sé einkavegur og óviðkomandi umferð bönnuð, óháð því hvort það sé lagalega heimilt eða ekki. En í gegnum aðkomu sveitarfélaganna hefur almenningur haft sinn rétt. Það þarf þá að athuga hvernig við getum tryggt hann með öðrum hætti.

[16:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem fékk mig til að veita andsvar við ræðu hv. þm. var þessi ótrúlega árátta Vinstri grænna til miðstýringar og hvernig þeir umhverfast ef eitthvað er reynt að draga úr henni í landinu. Ég get ekki í fljótu bragði, bæði með því að hlusta á umræðurnar og lesa mér til um frv., séð að verið sé að ganga nema hið allra skemmsta til móts við eðlileg sjónarmið hvað varðar að breyta til frjálsræðisáttar meðferð eignar á jörðum og kominn tími til fyrir langa löngu.

Ákvæðin sem varða sveitarfélögin, sem hv. þm. segir að skerði vald sveitarstjórnanna, er fráleitt fyrirkomulag sem hefur verið í gegnum tíðina og hefur sett margar sveitarstjórnir í mikinn vanda að liggja undir þeim kröfum að þurfa að tryggja með einhverjum ráðum búsetu í sveitarfélaginu. Í raun og veru virðist hv. þm. vera að gera kröfu um að sveitarstjórnirnar hafi það á sinni könnu að geyma jarðir í eyði þangað til einhver vill búa á þeim.

Auðvitað er þetta ekki hægt. Eignarhald á jörðum verður að vera svipað eða eins og á öðrum eignum, þ.e. að menn geti farið með þær á eðlilegan og frjálsan hátt. Ég er ekkert að draga úr þeim möguleikum sem þurfa að vera til þess að menn fari með gát og að gengið sé vel um, að snyrtilega sé farið um eins og sveitarfélög eiga að tryggja hvert á sínu svæði. En ég vil fagna þessu frv. fyrst og fremst og kem hér upp til þess að mótmæla þeim hugsanagangi sem er á bak við andmæli hv. þingmanns.

[16:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki almennilega af hverju hv. þm. var að koma hérna upp. Annars vegar var hann að gera mér upp orð varðandi allt sem ég hefði sagt og hins vegar kom hann til þess að árétta þau sjónarmið sín að sveitarstjórnir ættu ekkert að bera hag íbúa sveitarfélaga fyrir brjósti, að það væri ekki sveitarstjórna að huga að því hvernig atvinnu eða annarri umgjörð búsetu væri háttað. Ég er bara algjörlega andvígur hv. þm. Ég tel einmitt að sveitarstjórnir séu kosnar til þess, að þær séu kosnar til þess að standa vörð um hagsmuni íbúanna sem best að því marki sem þær geta komið þar að málum og þar á meðal nýtingu auðlinda þeirra sem búa á landinu sem viðkomandi sveitarfélag tekur yfir. Ég er því ekki sammála því sjónarmiði hv. þm. að sveitarstjórnum komi þetta ekkert við. Reyndar tel ég að það sé bara þveröfugt. Ég tel einmitt að hlutverk sveitarstjórna sé afar mikilvægt við ráðstöfun og meðferð á landsins gæðum í hverju sveitarfélagi og að þeim beri að huga að velferð íbúa sveitarfélagsins. Hluti af því er að huga að landsins gæðum sem innan sveitarfélagamarkanna eru.

[16:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði verið að gera sér upp orð. Það er ekki rétt enda leiðrétti hann það sjálfur með því að fara yfir það aftur sem hann sagði um vald sveitarstjórna sem hann vill að haldi áfram að hafa þau réttindi sem þær hafa haft til þess að ráðskast með eigur manna og taka jarðir og þess vegna koma þeim í hendurnar á þeim sem þeim líkar. Þetta hefur oft valdið miklum vanda, bæði sveitarstjórna og þeirra aðila sem átt hafa hlut að málum.

Ég tel að allar sveitarstjórnir eigi að bera hag íbúa sinna fyrir brjósti. En það telst ekki þar með í að ég telji að sveitarstjórnarmenn eigi að hafa ráð manna í hendi sér, þ.e. hvernig þeir fara með eigur sínar eins og verið hefur fram að þessu. En það vill hv. þm. Jón Bjarnason.

[16:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. ætlar að taka þátt í andsvörum væri honum nær að hlusta á ræðu hv. þm. sem hann er að veita andsvör við. Ég sagði alls ekki í ræðu minni að sveitarstjórnir ættu að ráðstafa jörðum til þeirra sem þeim hugnaðist og ég taldi alls ekki endilega sjálfgefið að þetta ætti að vera með þeim hætti sem verið hefði í öllum tilvikum. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt þegar menn taka svona stóran málaflokk upp að huga mjög vandlega að aðkomu sveitarfélaganna og hvort þessi lög breytt séu fullnægjandi varðandi hana eða hvort skerpa þurfi á þessu í öðrum lögum, því hlutur sveitarfélaganna er gríðarlega mikilvægur hvað almannaheill snertir, þ.e. hlutverk sveitarfélaganna gagnvart íbúum sínum og að þau standi vörð um hagsmuni þeirra. Það tel ég mjög mikilvægt og líka hvað varðar nýtingu á landsins gæðum sem fólgin eru í jörðum og jarðarafnotum. Þar erum við hv. þm. Jóhann Ársælsson greinilega ekki sammála. Ég tel hlutverk sveitarfélagsins mjög mikilvægt.

[16:20]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að velta aðeins fyrir mér skilgreiningum í þessu frv. Meðal þess sem hér er skilgreint eru orðin jörð og lögbýli. Ég fór að velta fyrir mér hver væri munurinn á jörð og lögbýli. Hvort er víðtækara jörð eða lögbýli og hvað er skylt og hvað er óskylt með þessu tvennu? Í skilgreiningu um lögbýli stendur, með leyfi forseta:

„Lögbýli merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða búrekstraraðstöðu að unnt sé að stunda þar búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003."

Þarna stendur sem sagt að lögbýli sé jörð. Þar með er jörð víðtækara en lögbýli.

Síðan er skilgreiningin á jörð svona, með leyfi forseta:

„Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum."

Seinni helmingur þessarar málsgreinar vekur upp spurningar, þ.e. „... ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum". Verður þá lögbýli að hafa sameiginlegt beitiland með öðrum? Samkvæmt því sem hérna er skráð hlýtur það að vera. Það tel ég nú að sé alls ekki reyndin í dag, virðulegur forseti.

Í þessum skilgreiningum er hjáleiga ekki skilgreind. Ég tel að þörf sé á því ekkert síður en að þörf þykir á að skil-

greina t.d. orðið ríkisjarðir. Ég held að ríkisjörð sé algengari í munni landans og betur skilin en orðið hjáleiga sem ég held að sé núna svona helst að finna í gömlum skáldsögum.

Í 7. gr. frv. er fjallað um sumarbústaðahverfi. Samkvæmt skilgreiningu á landbúnaði, og almennum skilningi einnig, telst ferðaþjónusta til landbúnaðar, ferðaþjónusta í sveitum. En í 7. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að byggja sumarbústaðahverfi á landi sem ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru samliggjandi eða á sama landi."

Í 8. gr. stendur síðan að leita skuli leyfis landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum áður skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu. Samkvæmt þessum tveim greinum sýnist mér að ferðaþjónustubændur geti ekki bætt aðstöðu til þjónustu við gesti sína með því að byggja sumarhús nema leysa viðkomandi land úr landbúnaðarnotum. Það finnst mér aftur á móti vera í algjörri andstöðu við skilgreininguna á ferðaþjónustu í sveitum sem er hluti af landbúnaðarnotum, ef ég hef skilið það rétt.

Ef ég fer svo í 9. gr. þá þykir mér mjög strangt ákvæði þar sem ég spyr hvort ekki sé hægt að haga eitthvað mildara? Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ef landnotkun er ekki í samræmi við ákvæði þessara laga ... getur landbúnaðarráðherra ákveðið að taka viðkomandi land eignarnámi að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar."

Ég bara tek sem dæmi að ef leiguliði fer ekki vel með land eða fer ekki með land í samræmi við þetta lagafrumvarp þá er landeigandi kominn í þá stöðu að landbúnaðarráðherra getur tekið landið eignarnámi. Ég held að það hljóti að vera hægt að beita þar öðrum viðurlögum, herra forseti, alla vega til að byrja með, til að vita hvort ekki sé hægt að ná fram betri niðurstöðu með því.

Með 10. gr. um landbúnaðarnefndir sveitarfélaga sýnist mér að verið sé að leggja sveitarfélögum á herðar mjög viðamikið verkefni með skipan þessara nefnda sem þau eiga að standa straum af. Ég tek hér dæmi, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarnefndir sveitarfélaga skulu í umboði sveitarstjórnar vera ráðgefandi um landnotkun, hafa eftirlit með að meðferð og nýting lands, annarra fasteigna og fasteignaréttinda sé í samræmi við ákvæði þessara laga ... stuðla að góðri umgengni um land og mannvirki."

Þarna er mjög viðamikið verkefni á ferðinni ef það á að vinnast vel og mér finnst óeðlilegt að leggja sveitarfélögunum þessa skyldu á herðar þannig að þau eigi að sjá um þetta alveg á sinn kostnað.

Mér finnst síðan að taka þurfi til endurskoðunar 16. gr. um jarðaskrá og 31. gr. um lögbýlaskrá með tilliti til skýrari skilgreininga á þýðingu orðanna jörð annars vegar og lögbýli hins vegar.

Svo vil ég benda á að í 30. gr. þar sem talað er um félagsbú, stendur með leyfi forseta:

„Hjón ein sér eða með ófjárráða barni eða börnum geta þó ekki stofnað til félagsbús."

Það er ekki nema eðlilegt. Svo stendur, með leyfi forseta:

„Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og á barn saman eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár."

Nú kann svo að vera að annar aðilinn í þessari óvígðu sambúð eigi barn en hinn aðilinn ekki. Þá er samkvæmt þessari lagagrein heimilt að stofna félagsbú með þessu barni og sambúðarfólkinu. Mér sýnist vera gerður greinarmunur á hvort fólk er í vígðri sambúð eða óvígðri.

Í VII. kafla, 43. gr. er fjallað um ríkisjarðir, um mat á söluverði ríkisjarða og að það mat skuli taka til jarða, hlunninda, mannvirkja, ræktunar og greiðslumarks. Hins vegar kemur ekki einn þáttur inn í sem ég tel að skipti mjög miklu máli fyrir verðmæti jarðar, þ.e. staðsetning hennar. Við getum nefnt sem dæmi jörð sem er staðsett nálægt þéttbýli og gæti hentað til uppbyggingar ferðaþjónustu svo eitthvað sé nefnt og svo aftur á móti sambærilega jörð að öðru leyti en því að hún er bara staðsett einhvers staðar víðs fjarri en hentar að öðru leyti ágætlega til landbúnaðar, er með hlunnindi og allt hvað nöfnum tjáir að nefna. En þarna kemur staðsetningin ekki inn í og það finnst mér galli á þessu frv. sem þarf að taka af.

Eflaust þarf að skoða fjölmörg atriði betur og það verður auðvitað gert í landbn. Ég vil ítreka mótmæli mín frá því áðan í umræðum um frv. til ábúðarlaga. Ég gagnrýni hversu skamman tíma við þingmenn höfum haft til að fara yfir þessi frv. áður en þau komu til 1. umr. á Alþingi. Ég tel að ekkert hefði átt að vera því til fyrirstöðu að við fengjum betri tíma, samanber það að bæði þessi lagafrv. voru kynnt á búnaðarþingi fyrir nokkrum vikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197.

[16:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rætur að rekja til þess að á árinu 2002 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem felur í sér að frá og með 1. september 2004 verði lagt sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla þegar ekki er um úthlutun að ræða. Jafnframt var þess getið í greinargerð með frumvarpinu að þegar til greiðslu veiðigjalds kæmi væri við það miðað að niður féllu gjöld sem útgerðin greiddi og voru áætluð samkvæmt fjárlögum ársins 2002 um 850 millj. kr., þ.e. veiðieftirlitsgjald, 226,5 millj. kr., og þróunarsjóðsgjald, 621 millj. kr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. laganna verði felld niður frá 1. september nk. Samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstursreikningi Þróunarsjóðs fyrir árið 2003 var hrein eign sjóðsins um 318 millj. kr. í árslok 2003 og var það í fyrsta skipti frá sjóðsstofnun sem sjóðurinn sýnir jákvæðan höfuðstól. Gangi áætlanir Þróunarsjóðs fyrir árin 2003–2009 eftir má gera ráð fyrir að hrein eign sjóðsins verði um 370 millj. kr. í árslok 2009 er starfstíma hans lýkur samkvæmt lögunum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

[16:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. var fljótur að mæla fyrir þessu frumvarpi. Af því gætu menn ráðið að málið sem hér er til umræðu sé ekki svo óskaplega stórt. Hins vegar er það staðfesting á því að ríkisstjórnin sem nú situr ætlar að halda sig við ákvarðanir sínar um sátt í sjávarútvegsmálum, sem svo var kölluð á sínum tíma.

Mér finnst þó að hæstv. sjútvrh. þurfi að útskýra ýmislegt fyrir Alþingi og þjóðinni í tengslum við frumvörp sem hér liggja fyrir, um Þróunarsjóðinn og gjöld sjávarútvegsins til hins opinbera. Mér fyndist t.d. full ástæða til að hæstv. ráðherra gerði tilraun til að setja fram hver munurinn er á gjöldum sem útgerðin greiðir eða hefur verið að greiða til hins opinbera samkvæmt lögum sem eru í gildi og því gjaldi sem útgerðin mun á þessu ári greiða eftir þeim frumvörpum sem hér eru lögð fram og með veiðigjaldinu. Mér þætti fróðlegt að sjá í hverju þær dýru álögur á sjávarútveginn felast sem forustumenn LÍÚ hafa kveinað undan að undanförnu þegar þeir hafa nánast krafist þess að hið svokallaða veiðigjald yrði lagt af. Ekki mundi ég nú gráta það að menn legðu þetta veiðigjald af ef við tæki leið sem væri meiri sátt um en sú sem ríkisstjórnin markaði með upptöku þess. Það er ekki minna ósætti um sjávarútvegsmálin í dag en verið hefur. Þegar rætt var um gjaldtökumálin á sínum tíma þá minnir mig að rætt hafi verið um að útgerðin mundi greiða í kringum milljarð á þessu ári þegar búið væri að leggja saman og draga frá þau gjöld sem útgerðin á að greiða samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi og þær álögur sem koma til vegna veiðigjaldsins.

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir þessu. Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir því að ráðherra ákveði fyrir 15. júlí hvert veiðigjaldið á að vera sem kemur til álagningar á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september. Það hlýtur þess vegna að vera farið að huga að þessum málum í ráðuneytinu. Upplýsingar um þetta hljóta því að vera til staðar.

Mig langar til að ræða aðeins um sjávarútvegsmál í tengslum við þessa umræðu. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur þrátt fyrir ósamstöðu, a.m.k. í öðrum stjórnarflokknum, ákveðið að reyna að festa í sessi eignarhaldið á veiðiréttinum samkvæmt lögunum. Það var gert með þessu veiðigjaldsmáli sem við höfum oft rætt um.

Ég hef tekið eftir því að hæstv. ráðherra virðist hafa aðrar skoðanir á þessu máli þegar hann fer út fyrir landsteinana. Það var í einhverjum fjölmiðli borið fyrir ráðherrann hvernig honum litist á hugmyndir Breta, um að taka upp sams konar kerfi og hér. Hæstv. ráðherra var klár á því að þeir mundu aldrei taka upp það kerfi, þá gætu Spánverjar keypt upp veiðirétt á miðum Breta og það yrði aldrei niðurstaðan. Mér finnst þetta skynsamlegt hjá hæstv. ráðherra. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að skynsemin ætti líka að ríkja á heimaslóð. Mér finnst ágætt að sjá hv. þm. Kristin H. Gunnarsson koma í gættina og helst vildi ég sjá hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson, sem hefur haft sig mjög í frammi í sjávarútvegsumræðu, formann þingflokks Sjálfstfl. um þessar mundir.

Það er ekki að ástæðulausu að ég nefni þessa tvo ágætu menn. Þeir hafa báðir skrifað um sjávarútvegsmál í Bæjarins besta á Ísafirði undanfarna daga. Mér finnst sem skrif þeirra lýsi nokkuð ástandinu sem er í stjórnarflokkunum hvað varðar afstöðuna til sjávarútvegsmála.

Mig langar fyrst að grípa niður, með leyfi forseta, í grein sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, skrifar í Bæjarins besta fyrir einum eða tveimur dögum. Þar segir hv. þm. í upphafi greinar sinnar, með leyfi forseta:

„Ekkert lát er á umræðunni um sjávarútveginn sem verið hefur í mörg ár. Hún hefur verið misjafnlega kraftmikil en jafnan gosið upp á nýjan leik þegar menn hafa talið að málinu væri lokið í kjölfar einhverrar pólitískrar niðurstöðu á Alþingi. Þannig var fyrir síðustu alþingiskosningar. Pólitískir greiningarmenn, sjálfskipaðir snjallhugar og skjálfandi hagsmunaaðilar luku upp einum munni í aðdraganda kosninganna og tilkynntu að málinu væri lokið."

Þetta segir hv. þm. í upphafi greinar sinnar en annars staðar í grein sinni segir hann, undir millifyrirsögninni Kjósendur vildu en þorðu ekki:

„Stjórnarflokkarnir áttu í vök að verjast í kosningabaráttunni, það verður að viðurkennast. En segja má að þeir hafi bjargað sér fyrir horn. Annars vegar með því að boða tilteknar breytingar á kerfinu, svo sem línuívilnun og aukinn byggðakvóta og svo hins vegar komu valdir útgerðarmenn til hjálpar. Eru þar minnisstæðastir forystumenn stórra fyrirtækja eins og Brims, Vinnslustöðvarinnar og Þorbjarnarins sem lögðu sig fram um að hræða líftóruna úr starfsfólki sínu með útleggingum sínum á því sem gerast mundi ef hugmyndir stjórnarandstöðuflokkanna um breytingar næðu fram að ganga. Hvort tveggja bar árangur og stjórnarflokkarnir héldu þingmeirihluta sínum."

Þetta segir hv. varaformaður sjávarútvegsnefndar Alþingis í nýlegri grein. (**KLM:** Bragð er að þá barnið finnur.) Á öðrum stað fer hann yfir fyrningarleiðina. Í því samhengi lýsir hann þeirri leið sem stjórnarflokkarnir fóru í málinu. Hann kallar þá leið nauðungarleið.

Síðan kemur enn ein fyrirsögnin, þ.e. Illgresið burt. Með leyfi hæstv. forseta, þá vil ég lesa þann hluta greinarinnar sem er um veiðigjaldið, það sem við erum hér að ræða um. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaðan er þá að óbreytt kerfi er ekki skömminni skárra og enginn friður verður til frambúðar með því. Ólgan í sjávarútvegi mun halda áfram þar til að breytingar verða gerðar sem taka á orsökum ólgunnar. Það er verkefni stjórnarflokkanna að hafa forgöngu um það. Þeir hafa fengið annað tækifæri til þess að takast á við það verkefni og verða að leysa það á þessu kjörtímabili. Óvarlegt er að gera ráð fyrir því að kjósendur sýni frekari biðlund. Þetta er stærra mál en svo að lausnin felist í línuívilnun og byggðakvótum. Þær aðgerðir eru til hjálpar, en eru ekki meira en verkjalyf við vondum hausverk. Það þarf almennar breytingar á leikreglum kerfisins. Þegar sjálfir höfuðpafar kvótakerfisins á Akureyri eru farnir að reiðast vegna afleiðinga kerfisins og predika nú samfélagslega ábyrgð bankanna er orðið tímabært að safna liði til þess að uppræta illgresið sem þrífst í skjóli kvótakerfisins. Það verður ekki falið með aflátsbréfi veiðigjaldsins."

Þetta er dómur hv. þm., Kristins Gunnarssonar, um kerfið sem hann rétti upp hönd til stuðnings við á hv. Alþingi fyrir kosningar.

Fleiri Vestfirðingar hafa haft sig í frammi um sjávarútvegsmálin í gegnum tíðina. Þar hafa verið fremstir í flokki hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson. Öll þjóðin, a.m.k. ég og allir sem ég talaði við og vissi um héldu að þessir tveir hv. þm. væru á móti þessu fyrirkomulagi

í gegnum langa tíð. Þannig töluðu þeir ævinlega eða maður skildi þá svo. En það hafa orðið einhver umskipti á bæjunum því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skrifar núna í Bæjarins besta grein sem er afskaplega áhugaverð og ætti eiginlega að vera skyldulesning fyrir alla, finnst mér, sem langar til að fylgjast með í sjávarútvegsumræðunni. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í þetta greinarkorn hv. þm. þar stendur á einum stað „Fyrningarleiðinni hafnað" — það er millifyrirsögn í þessari grein hv. þm.:

„Það er öllum ljóst að kröfunni um fyrningarleið í sjávarútvegi var hafnað í alþingiskosningunum." — segir hv. þm. — „Þeir sem báru hana fram af mestum þunga höfðu ekki erindi sem erfiði. Ómótmælanlega glímdu þeir við mikinn andbyr í sjávarbyggðunum. Þeim tókst einfaldlega ekki að útskýra það fyrir íbúum sjávarbyggðanna að afskrift á veiðirétti sem menn höfðu aflað sér með striti og baráttu yrði þeim, fjölskyldum þeirra eða íbúum byggðanna til góða. Fræg er ferðin af helstu oddvitum Samfylkingarinnar í mína heimabyggð þar sem málstaður fyrningarleiðarinnar var rekinn lóðrétt ofan í kok á þeim af starfandi sjómönnum og útgerðarmönnum smábáta."

Ég var á þessum fundi og ekki upplifði ég þetta svona. Þarna voru að vísu mættir menn sem áttu svolítil kvótaréttindi og voru hræddir um þau og vildu fá útskýringar á því hvernig þetta mundi virka fyrir þá. En ég er hræddur um að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi fengið varmari viðtökur á ýmsum fundum um sjávarútvegsmál en við fengum þarna, a.m.k. kvarta ég ekki undan þeim fundi. Hverjir voru í raun og veru að mótmæla þarna? Það voru þeir sem höfðu svona sæmilegan rétt. En þeir sem búa við það að eiga heima í þessum byggðarlögum og eiga enga möguleika á því að stofna til nýrrar útgerðar vegna þess að nýliðun er óhugsandi í þessu kerfi hlustuðu auðvitað grannt á það sem við vorum að segja þar.

Og svo segir hv. þm. áfram, með leyfi forseta:

„Sjónum beint að byggðaþróuninni. — En um leið og fyrningarleiðinni var hafnað beindust sjónir manna að stöðu sjávarbyggðanna, öryggisleysinu sem verður þegar ótti skapast við að aflaheimildirnar hverfi og að veiðiréttirnir verði afnuminn. Það hefur orðið hlutskipti margra." — Undir hvaða kerfi? Undir hvaða kerfi hefur þetta hlutskipti orðið hjá mörgum? Nú, auðvitað því eignarhaldskerfi sem er í gildi. — „Ekki þarf að nefna dæmin," segir hv. þm., „þau eru í fersku minni fólksins. Nauðvörnin var eins og menn vita oft á tíðum veiðikerfi smábátanna. Þess vegna hefur verið barist svona hart fyrir veiðiréttindum þeirra."

Þarna vísar hv. þm. til baráttu þeirra sjálfra fyrir smábátakerfið. Og að það væri farið öðruvísi með veiðiréttindi hvað varðar útgerð smábáta en aðra hluta flotans. Það er nákvæmlega það sem hefur verið notað til þess að reyna að halda í einhvers konar möguleika til endurnýjunar og nýliðunar í sjávarútvegi á undanförnum árum. Ekki hef ég mælt með þessu fyrirkomulagi. En maður hefur svo sem skilið það stundum að menn skuli hafa valið þann kostinn að einhvers staðar væri möguleiki til þess að nýliðun yrði.

Og svo segir í einni fyrirsögninni hjá hv. þm., með leyfi forseta:

„Sjávarútvegur á landsbyggðinni, stoðgreinarnar í Reykjavík. — Sannleikurinn er sá að afar illa gengur að byggja upp aðrar atvinnugreinar, opinber þjónusta safnast á höfuðborgarsvæðið og svo nærtækt dæmi sé tekið þá eru hér um bil allar opinberar stoðgreinar sjávarútvegsins fyrir sunnan og maður verður ekki var við mikinn opinberan áhuga hagsmunaaðila að breyta því. Þess vegna er ekki við öðru að búast en að menn reyni að verjast í þeim vígum sem eru til staðar."

Og svona er þetta allt saman. Öll þessi grein er uppfull af þeim vandræðagangi og vesöld sem kerfið kallar yfir landsbyggðina en samt skín það í gegn að hv. þm. hefur gengið til liðs við það kerfi sem hann barðist, að allir héldu, gegn.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að það kom mér ýmislegt á óvart í þeim tveimur greinum þar sem þeir hv. þm. sem ég hef verið að fjalla hér um létu í ljós skoðanir sínar. Síðasti parsusinn í grein hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar hefur millifyrirsögnina „30 milljarða herkostnaður". Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Athyglisvert er einnig að allir sem vettlingi geta valdið reyna nú að vera höndum fljótari að verja fyrirtæki sín. Þau eru afskráð úr Kauphöllinni til þess að koma í veg fyrir óvinveitta yfirtöku. Mönnum er ljóst að fagurgala sem var óaðskiljanlegur hluti sameininga í sjávarútvegi er varlegt að treysta. Sporin úr fortíðinni hræða einfaldlega. Þetta er hins vegar dýrkeypt vörn. Ætli skuldsetning sjávarútvegsins aukist ekki um a.m.k. 30 milljarða vegna uppstokkunarinnar og vegna þess að menn eru að verja hagsmuni fyrirtækja sinna og byggðanna. Það er mikill herkostnaður. Þetta er mjög mikilvægur lærdómur sem við drögum af þessari umræðu. Hún varpaði að mörgu leyti nýju ljósi á þá umræðu sem farið hefur fram um sjávarútveginn og byggðirnar og brýnir okkur í því að reyna að treysta þær stoðir sem eru undir byggðunum og að fjölga þeim svo menn séu ekki jafnháðir sjávarútveginum og verið hefur. Það er ástæða til þess að hvetja hagsmunaaðila til dáða með okkur öðrum." — stendur þarna í lokin.

Og hvaða dáða er verið að hvetja menn til þess að fremja? Þessi grein hv. þm. ber vott um það að hann er að lýsa vandamálunum sem hafa dunið yfir byggðirnar vegna kerfisins sem hann hefur varið og rétt upp hendur með hér á Alþingi og hvetur menn svo til dáða til þess að vinna með honum. Að hverju? Að því að styrkja og efla kerfið? Að halda því áfram sem menn hafa verið að gera hér?

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst einhvern veginn að í vetur höfum við ekki farið yfir þessi mál með þeim hætti sem þyrfti. Mér finnst ástæða til þess að menn fari kannski fáeinum orðum á hv. Alþingi um þann feril sem orðið hefur síðan menn tóku þá ákvörðun í hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðinu að fara veiðigjaldsleiðina. Við sem vorum á móti því, hæstv. forseti, gerðum úrslitatilraun í hinni svokölluðu sáttanefnd til þess að leiða starf hennar inn á sáttabraut. Og ég segi eins og er að ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum með þá niðurstöðu sem þar varð og hvernig hana bar að, vegna þess að mér var það alveg ljóst í ferli málsins að það var vilji í stjórnarflokkunum til þess að leita sátta á tímabili í starfi þeirrar nefndar. Og undir forustu hv. þm. sem þá var hér, Vilhjálms Egilssonar, var farið inn á braut sem virtist benda til þess að menn gætu náð einhvers konar samkomulagi. En þegar minnst varði, og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var staddur á Ítalíu þegar það var, var snögglega haldinn fundur í nefndinni og öllu slúffað sem þar hafði verið uppi á borðum. Það var mjög merkilegt og ætti kannski að vera rannsóknarefni hvernig á því stóð. Ég hef ekki tíma til þess að fara yfir það í þessari ræðu.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Barna- og unglingageðdeild, 830. mál, fsp. VF og MF, þskj. 1271.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 524. mál, svar iðnrh., þskj. 1250.

Fækkun ríkisstofnana, 827. mál, þáltill. BjarnB o.fl., þskj. 1267.

Gjaldfrjáls leikskóli, 835. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 1276.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 829. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1270.

Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, 834. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1275.

Samþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 831. mál, fsp. RG og BH, þskj. 1272.

Sumardvalarheimili fyrir fatlaða, 833. mál, fsp. VF, þskj. 1274.

Tannheilsa barna og lífeyrisþega, 826. mál, fsp. JóhS, þskj. 1259.

Undirbúningur Norðlingaölduveitu, 828. mál, fsp. MÁ, þskj. 1269.

Útlán lífeyrissjóða, 832. mál, fsp. PHB, þskj. 1273.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 836. mál, frv. MÁ o.fl., þskj. 1277.

[16:57]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. — það er nú hvorki stórt né mikið — kemur fram að þessar breytingar eiga rætur að rekja til þess að á árinu 2002 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem fela í sér að frá og með 1. september 2004 verður lagt sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla þegar ekki er um úthlutun að ræða.

Í raun er hæstv. sjútvrh. að leggja fram tvö systurfrumvörp vegna þessarar breytingar, annars vegar frv. sem ég nefndi hér, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, og síðar á dagskránni frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, sem að mestu kemur til vegna sömu breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Þetta eru í raun einfaldar breytingar sem nauðsynlegar eru til að mæta upptöku veiðigjaldsins eða auðlindagjaldsins svokallaða sem samþykkt var á árinu 2002 og sett var inn í lögin um stjórn fiskveiða.

Veiðieftirlitsgjaldið og gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins eru um 985 millj. á þessu ári samkvæmt fjárlögum sem búið er að samþykkja, en koma til með að lækka samkvæmt þeim lögum sem hér er verið að leggja til um 780 millj. vegna þess hve stuttur tími líður þangað til veiðigjaldið kemur og tekur við.

Veiðigjaldið sem samþykkt var með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á árinu 2002 er breytilegt gjald, þ.e. við getum ekki enn vitað hvert gjaldið endanlega verður. Það mun byggjast á aflaverðmæti á lönduðum afla á tímabilinu 1. maí í fyrra, 1. maí 2003, til 30. apríl nk. Það er því rúmur mánuður eftir af tímabilinu sem lagt verður til grundvallar þegar farið verður að reikna út þetta veiðigjald og eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé nú þegar til einhver áætlun af hálfu sjútvrn. um hvert veiðigjaldið verði á þorskígildiskíló á næsta fiskveiðiári eða hvert heildargjaldið gæti orðið.

Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að ekki er hægt að segja endanlega til um hver sú upphæð verður þar sem ekki liggur fyrir það endanlega aflaverðmæti sem lagt verður til grundvallar á útreikningi og að sjálfsögðu er einnig óvissa enn þá um hvert útgefið heildaraflamark verður á næsta fiskveiðiári. En einhver nálgunarútreikningur hlýtur þó að hafa verið gerður eða framkvæmdur í sjútvrn.

Ef við veltum aðeins fyrir okkur á hverju veiðigjaldið byggir sem kemur í staðinn fyrir gjöldin sem nú er verið að leggja niður, er byrjað á aflaverðmætinu á því tímabili sem ég var að nefna en síðan skal draga frá því ákveðnar upphæðir sem fylgja rekstri fiskiskipa. Samkvæmt lögunum á að draga reiknaðan olíukostnað upp á 6.218 millj. kr. frá aflaverðmætinu. Þetta er tala sem sett var niður í lögunum, en hún á að taka breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals þess tímabils sem notað er sem grunnur undir útreikning á veiðigjaldi. Þetta verður þá annaðhvort eitthvað minna eða meira en 6.218 millj. kr. sem dragast frá aflaverðmætinu sem um ræðir.

Síðan skal draga frá reiknaðan annan rekstrarkostnað. Fjárhæðin í lögunum er 17.568 millj. kr. en þessi grunnur á að taka breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til þess tímabils sem lagt er til grundvallar í útreikningi veiðigjalds.

Að lokum skal draga frá aflaverðmæti reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti eins og það er reiknað af aflaverðmætinu sem lagt er til grundvallar.

Þetta eru í sjálfu sér ekki einfaldir útreikningar og þó ekki svo flóknir. Það sem þeir segja er að við vitum ekki hvert veiðigjaldið verður sem kemur í staðinn fyrir þau gjöld sem nú er verið að leggja niður.

Þegar búið er að draga þennan kostnað frá aflaverðmætinu skal reikna þetta yfir á þorskígildi miðað við þorskígildisstuðla á næsta fiskveiðiári og veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 6% af niðurstöðu þess sem þar kemur út.

Í lögunum var gert ráð fyrir 9,5% en ekki 6%, en ákvæði til bráðabirgða kveður á um að í upphafi, þ.e. á þessu ári, verði veiðigjaldið einungis 6%. Það kemur síðan til með að taka breytingum: Verður 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8% árið 2007, 8,7% árið 2008 og endar í 9,5% árið 2009. Það er því í raun ekki fyrr en á árinu 2009 sem veiðigjaldið verður 9,5% af útreiknaða stofninum sem gert er ráð fyrir.

Í fyrstu tillögum sem fram komu frá auðlindanefnd, sem sett var á til að reyna að koma á einhverri sátt í sjávarútvegi sem enn hefur ekki tekist að finna, var gert ráð fyrir að veiðigjaldið skiptist í tvennt. Annars vegar yrði um fast gjald að ræða sem dygði fyrir þeim beina kostnaði sem tengdist umsýslu og eftirliti með sjávarútveginum. Þegar frv. var lagt fram var beini kostnaðurinn metinn á 1.490–1.540 millj. kr. Hins vegar lagði auðlindanefndin til að það yrði breytilegt afkomutengt gjald til viðbótar hinu fasta. Nefndin lagði til að það yrði einhvers konar fasti í kerfinu þannig að menn vissu þó að út úr veiðigjaldinu næðu þeir einhverri lágmarksupphæð sem dygði fyrir umsýslunni og eftirlitinu sem tengist sjávarútveginum, en síðan væri afkomutengt gjald sem væri í raun og veru afgjald sem þeir sem væru að nýta auðlindina greiddu þjóðfélaginu eftir því hvernig gengi hverju sinni.

Árið 2002 var reynt að meta hvert veiðigjaldið gæti orðið miðað við þær forsendur sem menn þekktu best þá og í kostnaðarmati sem fylgdi frv. þar sem veiðigjaldið var sett

fram var gert ráð fyrir að í ár, 2004, gæti gjaldið numið um 1,1–1,2 milljörðum kr. Í raun var heildargjaldið sem þarna var verið að meta talsvert lægra en eingöngu fastagjaldið sem auðlindanefndin var að leggja til að sett yrði á. Þegar gjaldið væri komið í 9,5% eins og það kemur til með að verða hæst á árinu 2009, er gert ráð fyrir 1,8–2,1 milljarði kr. í tekjur af gjaldinu til ríkisins.

Við í sjútvn. hljótum að þurfa að skoða það vel, frú forseti, hvers sé að vænta með upptöku á hinu nýja veiðigjaldi og bera saman þær tekjur sem nú er verið að leggja til að falli niður, vegna þess að tilgangurinn með breytingunni var ekki sá að fara að minnka það sem sjávarútvegurinn greiðir upp í umsýslu og eftirlitskostnað með sjálfum sér. Við hljótum að verða að tryggja að þær tekjur sem koma beint frá sjávarútveginum upp í þennan kostnað, eða þessi gjöld, dugi til að mæta honum alla vega að því leyti sem þau hafa gert miðað við núgildandi lög.

Það er erfitt að ræða þessi tvö frumvörp sitt í hvoru lagi og eiginlega nauðsynlegt að ræða þau saman og fara með þessar tölur eins og ég hef gert, því bæði veiðieftirlitsgjaldið og þróunarsjóðsgjaldið hangir saman.

En fyrst og fremst langar mig til að vita, frú forseti, frá hæstv. sjútvrh. hvort búið sé að reyna að nálgast það eitthvað betur en gert var á árinu 2002 hvert gjaldið gæti orðið á núverandi ári.

[17:06]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Með frv. er verið að leggja til að fella niður gjald á sjávarútveginn og taka upp annað gjald, veiðigjald. Ég tel nauðsynlegt fyrir hæstv. sjútvrh. að gera grein fyrir því hvort það verði einhver mismunur. Er verið að auka álögur á undirstöðuatvinnugrein landsmanna eða er verið að létta af henni byrðum? Ég tel að það sé nauðsynlegt ef við eigum að ræða þetta af einhverju viti að fá upp hvert verið er að fara með þessu gjaldi. Hvað stendur til? Er verið að aflétta gjöldum eða er verið að auka gjöld?

Það hafa margir talað um það, m.a. hefur það komið fram í Morgunblaðinu, að auðlindagjald væri forsenda sáttar í sjávarútvegi. Ef við stöndum uppi með að jafnvel sé verið að minnka álögur í sjávarútvegi er sú forsenda sáttar brostin að mati Morgunblaðsins. Ætli það verði niðurstaðan í þessu?

Það mátti lesa það um daginn á síðum Morgunblaðsins, gott ef það var ekki í leiðara, að með upptöku veiðigjaldsins væri umræðunni um veiðistjórnun og kvótakerfi lokið. Í ljósi þess að e.t.v. er ekki verið að auka álögur, eða ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra er að fara með frv., mun Morgunblaðið e.t.v. taka á ný upp umræðu um sjávarútvegsmál. Það er aldrei að vita.

Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að hvað sem því líður er verið að festa í sessi kvótakerfi með frumvörpunum. Er það skynsamlegt? Ég tel að við verðum að svara því. Er einhver árangur af kvótakerfinu? Ég tel að hæstv. sjútvrh. ætti að svara því við þessa umræðu hvort það sé í raun skynsamlegt. Menn hafa reynt að ræða sjávarútvegsmál í þessum sal á undanförnum mánuðum og verður að segjast eins og er að það hefur verið einkennandi fyrir þá umræðu að enginn sjálfstæðismaður hefur mætt. Ég man varla eftir því að formaður sjútvn. þingsins hafi mætt í umræðu um sjávarútvegsmál, en ég á von á því að hæstv. sjútvrh. leiðrétti mig ef hann man eftir að hafa tekið til máls um sjávarútvegsmál.

Í gær ræddum við mikilvægt mál fyrir 322 dagabáta. Það tók enginn sjálfstæðismaður til máls. Mér finnst það mjög merkilegt. Alveg ótrúlegt. Ég tala nú ekki um að hv. þm. flokksins, Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson, höfðu lýst því yfir að þeir væru samþykkir því frv. efnislega, í það minnsta fyrri hluta þess. Ég tel að það sé mjög þarft að hæstv. sjútvrh. ræði það vegna þess að það er liður í því að festa í sessi kvótakerfið að ræða árangur þess.

Fyrir um tuttugu árum þegar menn ákváðu að taka upp kvótakerfið var það ekki hugsað til langs tíma, en því miður erum við enn þá með kvótakerfi sem hefur ekki skilað miklum árangri. Það var lagt upp með það markmið að aflinn yrði 500 þús. tonn. Ég veit ekki betur en aflinn verði rétt rúm 200 þús. tonn. á þessu ári. Mér finnst að hæstv. sjútvrh. verði að svara því, vegna þess að frv. er liður í því að skjóta stoðum undir þetta vonlausa kerfi, hvort honum finnist það í raun árangur. Mér finnst það ekki. Mér finnst þetta vera falleinkunn.

Ég tel, frú forseti, að nauðsynlegt sé fyrir hæstv. sjútvrh. að gera okkur grein fyrir því, fyrst við erum að ræða sjávarútvegsmál og aldrei þessu vant er sjálfstæðismaður í salnum, að ég veit ekki betur en tillögu hafi verið vísað í fyrra til hæstv. ríkisstjórnar um að taka út kosti og galla færeyska kerfisins. Mér finnst tímabært, vegna þess að í þáltill. var gert ráð fyrir því að skilað yrði skýrslu um miðjan þennan mánuð á þessu ári, að vita hvað þeirri vinnu líður. Það er árangur í Færeyjum en hérna er enginn árangur. Er ekki rétt að skoða með opnum huga þar sem menn hafa náð virkilega góðum árangri í fiskveiðistjórn? Það er mun meiri sátt um fiskidagakerfið í Færeyjum en nokkurn tímann hér. Ég hefði talið að það ætti að vera eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar að fara í þessa vinnu, að fara yfir þar sem mönnum hefur tekist vel upp þegar það er borðleggjandi að hér hefur okkur mistekist, því miður, með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir byggðir landsins.

Við tökum þátt í utandagskrárumræðum næstu daga um þorp sem stendur illa vegna þess að kvóti er horfinn úr byggðarlaginu. Þessa umræðu eigum við eftir að taka sí og æ upp ef við tökum ekki á kerfinu og leitum leiða til að ná árangri. Mér fyndist eðlilegt að það væri forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar. Það hefur komið í ljós að í kerfinu sem við búum við núna og með samþykkt frv. erum við að skjóta rótum undir það og reyna að festa það í sessi að það er mjög erfitt fyrir nýliða að koma inn í greinina. Það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. sjútvrh. þyki það ekki áhyggjuefni.

Það er mjög slæmt fyrir atvinnuvegi ef það komast engir nýir aðilar inn í greinarnar. Það á jafnt við um sjávarútveg sem aðrar greinar. Ég held að hæstv. ráðherra geti verið sammála okkur í Frjálsl. hvað það varðar að nýir menn koma með nýjar hugmyndir og setja ákveðna pressu á þá sem fyrir eru í greininni um að standa sig. Hvers vegna megum við ekki fá nýja athafnamenn, menn á borð við þá sem stofnuðu Samherja? Kerfið sem við búum við núna kemur í veg fyrir nokkra nýliðun. Það er algjör stöðnun fyrir atvinnugreinina.

Það er mjög undarlegt t.d. að horfa upp á það að búið er að leggja niður báða fiskvinnsluskólana. Það er óásættanlegt og ég skil í rauninni ekkert í hæstv. ráðherra að sætta sig við það, fyrir utan náttúrlega brottkastið. Ég vænti þess að ríkisstjórnin hafi hafið þá vinnu að skoða kosti og galla færeysku leiðarinnar. Það stóð til að ríkisstjórnin skilaði skýrslu um miðjan mánuðinn samkvæmt þáltill. hv. þm. Hjálmars Árnasonar, mikils áhugamanns um færeysku leiðina og örugglega

mikils stuðningsmanns hennar. Það væri fróðlegt að heyra hvort sú vinna sem ríkisstjórnin er eflaust byrjuð á hafi leitt í ljós hvort brottkast sé meira hér en í Færeyjum og álit hæstv. ráðherra á því hvort sóknarstýring í meira mæli geti jafnvel komið í veg fyrir brottkast.

Mér finnst auðsætt mál að í sóknarstýringu sé miklu minni hvati til brottkasts en í kvótakerfinu. Fyrir utan byggðarösk-unina væri fróðlegt að vita hvort þeir í Færeyjum glími við sömu vandamál og við og hvort þau séu í eins miklum mæli. Ég er sannfærður um að ríkisstjórnin hefur hafið þessa vinnu. Það væri fróðlegt að fá að heyra það hér hjá hæstv. ráðherra hvernig þeirri vinnu miðar vegna þess að þar hefur þeim tekist mjög vel upp en hér gengur ekkert.

[17:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þetta litla frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér fram er í raun á vissan hátt sögulegt. Það fjallar í eðli sínu um það að menn ætla sér að taka upp hið svokallaða veiðigjald, veiðileyfagjald eða aflagjald, frá og með næstu fiskveiðiáramótum, þ.e. 1. september árið 2004, þ.e. síðar á þessu ári. Ég var nú ekki á hinu háa Alþingi þegar lögin um þetta gjald voru samþykkt. Ég hef hins vegar lengi haft ákveðna skoðun á þessu gjaldi og vil fá að nota tækifærið fyrst ég er kominn hingað í ræðustól til að lýsa því yfir að ég hef alltaf verið á móti þessu gjaldi. Þetta er ekkert annað en aukaálagning, aukaskattálagning á sjávarútveginn og ég er á móti slíkum álagningum á atvinnugreinar landsmanna, mikið á móti þeim.

Það er engin sátt falin í þessu gjaldi. Þetta gjald mun ekki leiða til þess að umræðan um sjávarútvegsmál og fiskveiðistjórn sé lokið á Íslandi eins og mátti lesa í leiðara Morgunblaðsins á dögunum. Það er engin sátt um þetta gjald og hefur aldrei verið. Ég á ekki von á því að það muni leiða til þess að nein frekari sátt verði um þetta blessaða fiskveiðistjórnarkerfi okkar í framtíðinni þó þetta gjald komi á þann 1. september nk., alls ekki. Ég man ekki betur en t.d. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, mikill sérfræðingur um sjávarútvegsmál, fyrrverandi útgerðarmaður á Vestfjörðum, hafi einmitt lýst því yfir hér í ræðustól á dögunum að þetta gjald væri engin lausn. Þar er ég hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni hjartanlega sammála.

Til þess að sátt náist um þessi mál þarf að gera allt aðrar breytingar en leggja aukaskatt á sjávarútveginn, að stilla greininni upp við vegg og heimta að hún borgi einhvers konar höfuðlausn frá þeim deilum sem tröllriðið hafa þjóðfélaginu undanfarin 20 ár út af þessu kvótakerfi. Það er mín skoðun. Lausnin, frú forseti, er fyrst og fremst fólgin í því að við gerum grundvallarbreytingar á þessu kerfi, að við viðurkennum sjálfsagðan rétt byggða landsins t.d. til að nýta sína fremstu auðlind sem er fiskimiðin í kringum Ísland. Í því felst hin raunverulega lausn.

Við þurfum líka að finna leiðir til þess að ungir menn geti haslað sér völl í þessari grein, geti byggt sig upp. Við þurfum að finna lausnir sem miða að því að nýliðun verði á ný möguleg í þessari grein. Þetta eru höfuðvandamálin. Þarna liggur hundurinn grafinn. Hann liggur ekki grafinn í svona skóbótum eins og við sjáum lagðar fram núna með þessu litla frv. hæstv. sjútvrh. Það er nú mín sannfæring.

Ég hef svo sem oft viðrað þær hugmyndir sem ég og minn flokkur höfum í þessum málum. Tíminn hefur gert mig æ sannfærðari um að þar séum við að slá réttan tón með þeim leiðum sem við höfum lagt þar til, þ.e. að flotanum verði skipt í fjóra flokka, að við byrjuðum á því að reyna að opna þetta kerfi neðan frá og settum strandveiðiflotann til að byrja með í sóknarstýringu í staðinn fyrir að hafa hann í kvóta. Ég tel að það sé rétta leiðin, það sé sú leið sem mundi skapa frið um þetta kerfi, það sé sú leið sem mundi gera fólk miklu ánægðara með kerfið en það er í dag. Þetta er sannfæring mín og eftir því sem tíminn líður, eins og ég sagði áðan, verð ég æ sannfærðari um að þetta sé sú leið sem við eigum að fara.

Það þarf að slaka á klónni. Það þarf að gefa upp þessa kvótahysteríu sem hefur tröllriðið hér öllu á undanförnum áratugum. Það þarf að taka ýmsar tegundir út úr kvóta og leyfa fólkinu í landinu að fara að lifa af þessari auðlind. Þó við mundum gera þessar tilslakanir yrði hér ekki nein gegndarlaus ofveiði. Fiskstofnarnir mundu ekki hrynja og annar hver Íslendingur væri ekki allt í einu kominn út á sjó að reyna að veiða fisk. Það er ekki svo.

Hvernig var það fyrir daga kvótakerfisins? Voru þá allir Íslendingar á sjó? Voru þá allir Íslendingar hvern einasta dag þegar gaf einhvers staðar að róa til fiskjar? Nei, það var ekki þannig og þannig mun það heldur ekki verða. Það er ég alveg sannfærður um.

Það er nefnilega þannig að það að stunda fiskveiðar í kringum Ísland er ekki fyrir hvern sem er. Það er ekkert mál að setja reglur til að koma á ákveðnum hömlum á því að menn sæki sjóinn. Við í mínum flokki fórum með það alveg hiklaust í kosningabaráttuna að við ættum að leyfa öllum íslenskum ríkisborgurum að róa til fiskjar ef þeir vildu á ákveðnu tímabili á hverju ári, á sumrin. Við sögðum: „Tvær handfærarúllur á mann." En það voru líka fleiri skilyrði sett hvað varðar þetta. Það voru sett skilyrði um að menn yrðu að eiga bát, trillu með haffærniskírteini, þeir yrðu að hafa farið á öryggisnámskeið og þeir yrðu að hafa svokallað pungapróf. Allt þetta var til þess að þeir færu sér ekki að voða.

Það var mikið hlegið að þessu í kosningabaráttunni. Það var gert stólpagrín að okkur. Ég man eftir því að einn hv. þm. á Alþingi, hv. 6. þm. Suðurk. Hjálmar Árnason, fullyrti það fullum fetum að þetta mundi leiða til þess að menn mundu draga hér að landi fleiri hundruð þúsund tonn af bolfiski á hverju ári, að hér yrði stórkostleg ofveiði og hrun fiskstofna. Það er algjör fásinna að halda þessu fram vegna þess að ef svona skilyrði yrðu sett þá mundu þau leiða til þess að aðeins þeir duglegustu mundu gefa sig í þetta. Aðeins þeir duglegustu mundu þá endast í þessu. Það er bara þannig vegna þess, eins og ég sagði áðan, að það er ekki fyrir hvern sem er að stunda fiskveiðar við óblíð veðurskilyrði hér við Ísland. Þetta er basl og þetta er puð. Þetta er eingöngu á færi fólks sem er hraust, hefur dug, þekkingu og þor. Þannig er það.

Ég held að svona hlutir mundu skapa sáttina og líka ef hinn svokallaði strandveiðifloti yrði færður yfir í sóknarmark. Við mundum þá sjá endurreisn hins svokallaða vertíðarflota, þ.e. báta af millistærð, báta sem lönduðu fersku hráefni til vinnslu í landi. Þetta mundi skapa sáttina.

Sóknarmark fyrir þennan flota mundi þýða að menn mundu leitast á ný við að gera út frá þeim stöðum allt í kringum landið sem liggja vel við gjöfulum fiskimiðum. Ef við skoðum Íslandskortið, förum allt í kringum landið, þá er hellingur af ágætum stöðum þar sem fyrir hendi eru góðar hafnir, þokkalegar aðstæður, fiskverkunarhús, jafnvel vinnufúsar hendur, þekking. Þetta er allt til staðar. Og menn mundu á nýjan leik fara að leitast við að róa frá þessum

stöðum ef við tækjum upp sóknarstýringu. Við getum nefnt stað eins og t.d. Raufarhöfn. Raufarhöfn er hinum megin á landinu, á norðausturhluta landsins. Þarna er ein besta höfn landsins, besta náttúrugerða höfn landsins. Þarna fyrir utan eru mjög gjöful fiskimið. Ég var á Raufarhöfn í fyrrasumar. Ég hitti þar sjómann. Hann sagði mér frá því að í fyrravetur hefði verið besta fiskirí sem hann hefði upplifað á sínum 15 ára ferli sem sjómaður róandi frá Raufarhöfn. Það vantaði ekki fiskinn. Það vantaði ekki höfnina. Það vantaði heldur ekki fiskvinnsluhúsið. Það vantaði ekki vinnufúsar hendur. Nei. Hvað vantaði? Jú, fólkið í þorpinu hafði ekki leyfi til að róa til fiskjar. Vegna hvers? Jú, það var búið að hirða af því kvótann. Það var búið að sigla togaranum á brott. Honum var siglt til Akureyrar. Með honum fór kvótinn og með honum fór nýtingarréttur byggðarinnar á þeirri auðlind sem byggði þorpið upp á sínum tíma. Þar af leiðandi var allt atvinnulíf á þessum stað í lamasessi.

Það er þetta sem mér finnst blóðugast við fiskveiðistjórnarkerfið íslenska í dag. Það er einmitt þetta, að við virðum ekki nýtingarrétt þessara þorpa til að nýta auðlindina. Það er það blóðugasta. Það er það sem skapar vandamálið og það er það sem veldur hruni í byggðum landsins.

Mér sýnist að æ fleiri séu farnir að sjá þetta, jafnvel flokksbræður hæstv. sjútvrh. Einar Kristinn Guðfinnsson, hv. 4. þm. Norðvest., skrifar mjög merkilega grein í síðasta tölublað Ægis. Ég hvet ykkur til að lesa hana. Þar kemst þingmaðurinn að þeirri niðurstöðu, hann viðurkennir það hreint út, að fiskveiðiheimildirnar séu einmitt nauðsynlegar fyrir byggðirnar í landinu til þess að þær fái haldið velli. Hann vísar öllum fullyrðingum um annað út í hafsauga, m.a. kenningum sem komið hafa úr Háskóla Íslands um að veiðiheimildirnar skipti ekkert endilega máli fyrir þessar byggðir heldur eitthvað allt annað.

Frú forseti. Æ fleiri eru farnir að sjá ljósið. Æ fleiri eru farnir að sjá að þetta er ekki að ganga upp hjá okkur. Það er bara ekki að ganga upp. Íslenska fiskveiðistjórnarkerfið er ein stórkostlegasta tilraun sem nokkurt vestrænt ríki hefur farið í, stórkostlegasta hagstjórnar- og félagsfræðitilraun sem nokkurt ríki hefur farið í á undanförnum áratugum. Það var ætt út í þessa tilraun. Við vissum ekkert hvað við vorum að gera. Ég er ekki að segja að við höfum gert þetta af illum hug, alls ekki. Það var lagt af stað með góðum hug. Menn vildu vel. En því miður mistókst þetta. Það er hin kalda staðreynd málsins. Þetta mistókst.

Núna sjáum við að einhverjir bolfiskstofnanna eru eitthvað að hjarna við, kannski ýsan, jú. Ufsinn er að vísu flökkustofn þannig að það er nú kannski ekki kvótakerfinu endilega að þakka. Hann kemur sennilega sunnan úr hafi, úr færeysku lögsögunni, jafnvel úr Norðursjó, frá Noregi. Þorskurinn liggur enn þá niðri, allt of langt niðri og miklu lengra niðri en við gerðum okkur vonir um þegar við lögðum af stað með þetta kerfi. Nei, karfinn er illa staddur segja fiskifræðingar. Þeir segja líka að grálúðan sé illa stödd.

Ég verð að segja það að ég er orðinn ansi efins um að margt af því sem fiskifræðingar eru að reyna að segja okkur sé alltaf rétt. Reynslan hefur sýnt annað. Minn ágæti félagi, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, minntist áðan á færeyska kerfið og reynslu Færeyinga. Þeir hafa notað sér sóknarstýringu núna í sjö ár. Um leið og þeir tóku upp sóknarstýringu og aflögðu kvótakerfi að okkar fyrirmynd þá var sagt við íslenska alþýðu, fólk á Íslandi, að Færeyingar væru viti sínu fjær, að þeir væru núna að taka upp kerfi sem mundi leiða til þess að þeir yrðu búnir að fiska sjálfa sig í rot á örfáum missirum. Þetta var útbásúnað í íslenskum fjölmiðlum. Nú eru liðin sjö ár og hvað hefur gerst? Jú, við sjáum árangurinn. Þeir eru með hámarksveiði í öllum sínum bolfiskstofnum. Þar er fjöldi sjómanna stöðugur, búinn að vera síðan 1994 — nýjar tölur sýna það — 2.500 manns, 3.000 manns ef við tökum trillukarlana með.

Á Íslandi hefur sjómönnum fækkað um 21% frá árinu 1994 í allri hagræðingunni hér. Í allri hagræðingarholskeflunni hér hefur þeim fækkað um 21%. Tuttugu og einn af hverjum hundrað sjómönnum hefur horfið. Stýrimannaskólinn stendur auður, Vélskólinn nánast sömuleiðis. Það er búið að leggja niður stýrimannaskóla sem voru allt í kringum landið, í Vestmannaeyjum, Dalvík og fleiri stöðum. Okkur er tjáð að mjög lítil aðsókn sé sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri. Þetta kalla ég ekki stöðugleika. Ég vil heldur ekki kalla þetta hagræðingu. Ég kalla það stöðugleika og hagræðingu ef okkur tekst að halda uppi háu atvinnustigi, ef okkur tekst að halda stöðugleika í byggðum landsins. Það kalla ég stöðugleika og ég mundi líka kalla það hagræðingu.

Hvernig er með skuldasöfnunina í sjávarútveginum á Íslandi? Hvernig er hún? Um hvað vorum við að tala hér um daginn? Vorum við ekki að tala um 230 milljarða? Það eru einir 30 milljarðar bara frá áramótum. Menn eru að keppast við að fá lánað fé í erlendum bönkum til þess að geta keypt félaga sína og gamla vini og samherja út úr greininni jafnvel þvert á vilja þeirra, borgað þá út úr fyrirtækjunum. Þeir skella síðan öllu í lás, taka fyrirtækin af markaði, múra sig inni bak við þykka veggi í heimabyggðum sínum einmitt til þess að forðast það að eitthvert peningavald komi t.d. úr Reykjavík og hirði af þeim fyrirtækin og kvótann. Af hverju skyldi þetta vera? Jú, þetta er vegna þess að menn hafa gert sér grein fyrir því, alla vega mjög margir, að enginn er öruggur í þessu kerfi og getur aldrei verið öruggur. Þarna ríkir hið fullkomna frumskógarlögmál. Þarna eru stóru hákarlarnir. Þeir eira engu, ef þeir fá færi á manni eira þeir engu.

Er þetta stöðugleiki? Nei, þetta er ekki stöðugleiki. Er þetta hagræðing? Nei, þetta er heldur ekki hagræðing. Þetta er algert brjálæði að mínu mati.

Ég tel að við ættum að setjast niður og íhuga það alvarlega hvernig við getum komist út úr þessu, hvernig við ættum að fara að því að vinda ofan af þessu áður en illt hlýst af. Ég get ekki séð að ríkisstjórnarflokkarnir sem ráða núna á Íslandi hafi nokkur ráð. Þeir eru gersamlega ráðþrota. Það eina sem þeim dettur í hug er að setja eitthvert veiðileyfagjald á atvinnugrein sem þegar berst bæði í bökkum og bönkum, skuldar gríðarlega peninga. Afurðaverð hefur hríðlækkað á undanförnu ári. Við höfum séð fréttir um það undanfarið. Aflaverðmæti er að detta niður. Þá ætla menn að setja eitthvert afkomutengt gjald á þessa grein.

Hvernig hafa afkomutölur verið undanfarið frá stóru sjávarútvegsfyrirtækjunum? Þær hafa nú ekki verið merkilegar, það er ekki hægt að segja það. Þær hafa verið mjög slæmar, því miður.

Frú forseti. Ég er ekki að tala hér vegna þess að ég sé á móti sjávarútvegi. Ég er að tala hér vegna þess að ég ber hag sjávarútvegsins fyrir brjósti. Ég vil sjá öflugan sjávarútveg, góð aflabrögð og vinnu fyrir fólkið í landinu þannig að það fái að njóta þessarar auðlindar. Það er það sem ég vil sjá. Ekki gegndarlausa skuldasöfnun eins og við höfum séð á undanförnum missirum.

Enn og aftur Færeyjar. Þar eru litlar skuldir í sjávarútvegi og þar er ágætishagnaður. Þar eru menn núna jafnvel farnir að smíða ný skip eftir að hafa tekið því rólega í mörg ár. Og hvert fara þeir til að kaupa ný skip? Jú, þeir sækja hingað til Íslands. Íslenskar skipasmiðjur hafa verið á fullu undanfarin missiri við að smíða strandveiðiskip fyrir Færeyinga, stálskip. Við getum nefnt Ósey í Hafnarfirði sem hefur verið að smíða smátogara fyrir Færeyinga eins og á færibandi undanfarin missiri. Skipasmíðastöðin á Akranesi, fyrsta nýsmíði þar í mörg herrans ár er myndarlegur togari sem stendur þar nú og verið er að útbúa. Þetta kalla ég árangur. Góð aflabrögð, allir ánægðir, nóg vinna handa fólkinu og jafnvel uppgangur.

Nei, auðlindagjaldið er engin lausn, alls engin lausn.

[17:32]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Í fyrri ræðu minni bar ég upp nokkrar spurningar en ég sá ekki að hæstv. ráðherra gerði sig líklegan til að svara þeim þannig að þær hafa kannski farið fram hjá honum. Ég ákvað því til að tryggja það að þær færu ekki alveg fram hjá honum og í þeirri von að hann svari þeim að spyrja, en mig minnir að fyrsta spurningin hafi verið hvort hann sjái fyrir sér að veiðileyfagjaldið sem sett verði á, verði eitthvað hærra en það gjald sem hann er að fella niður núna. Það er mjög mikilvægt þegar við tökum afstöðu til málsins að við fáum það á hreint, vegna þess að ég lít svo á að þetta sé liður í því að festa kvótakerfið í sessi, og ef svo er ekki er rétt að hæstv. ráðherra leiðrétti mig með það. Er þetta kannski liður í því að taka upp sóknarkerfi sem skilar meiri árangri? Það væri mjög áhugavert að fá að heyra það en hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson rakti hér að það kerfi hefur skilað mun betri árangri í Færeyjum og þar eru stofnar í mun betra ásigkomulagi en hér.

Ef þetta er til að festa kerfið í sessi væri áhugavert að fá að vita hvort sú vinna sem ríkisstjórninni var falið að vinna hafi engu skilað varðandi úttekt á færeyska kerfinu. Var það mat sem ríkisstjórnin lagði á það neikvætt? Það væri mjög fróðlegt að fá það fram í umræðunni, vegna þess að við erum sannfærðir um það í Frjálsl. að þar gæti verið svarið við því að stjórna á fiskveiðum með miklu árangursríkari hætti, en eins og ég rakti í fyrri ræðu minni hefur kvótakerfið ekki skilað neinu.

[17:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að hv. þm. Sigurjón Þórðarson hafi eitthvað misskilið bendingar og talið að ég ætlaði ekki að koma og svara ræðumönnum eða taka þátt í umræðunni.

Það er alveg greinilegt að sumir hv. þm. hafa ekki enn gert sér grein fyrir því að það þarf að stjórna fiskveiðum og það er beinlínis krafa umheimsins að það sé gert. Við erum með takmarkaða auðlind í höndunum sem við höfum rétt til þess að nýta en við þurfum að gera það vel og geta skilað henni í hendur afkomenda okkar eins góðri og hún var þegar við tókum við henni og hugsanlega betri. Við höfum gert það með því að byggja upp markaðskerfi sem er jafnframt byggt á ráðgjöf vísindamanna um veiðina og það hefur gengið vel.

Nokkuð hefur verið rætt um færeyska kerfið. Kerfið þar er í stórum dráttum mjög svipað því íslenska að það byggir á takmörkuðum aðgangi miðað við reynslu. Það byggir á grundvallaratriðum markaðarins að hluta, þó ekki eins mikið og kerfið hjá okkur. Einingarnar þar eru sóknardagar en ekki kvóti, en meginmunurinn felst ekki í því heldur í veiðarfærastýringunni, mun stærri hluti aflans í kringum Færeyjar er veiddur á línu og handfæri en hjá okkur. Miklu minna hlutfall af aflanum er veitt í net eins og við gerum hér en við fáum reyndar verðmætasta afla okkar á þann hátt á vertíðinni og seljum hann á verðmætasta fiskmarkað í heimi sem er saltfiskmarkaðurinn í Barcelona í Katalóníu.

Spurt hefur verið um úttekt á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu. Sú úttekt felst í vinnu nefndar sem er að fjalla um líffræðilega fiskveiðistjórn. Öll grundvallaratriði sem þar er um að ræða er verið að fjalla um í þeirri nefnd. Ég á von á að hún skili mjög fljótlega af sér áfangaáliti en ég held að of snemmt sé að gera því skóna að einhver endanleg niðurstaða verði í þeim álitaefnum sem þeirri nefnd var falið að fjalla um.

Hins vegar hafa fiskifræðingar á Hafrannsóknastofnun fjallað opinberlega um ýmsar athuganir og samanburð sem gerður hefur verið á fiskveiðum við Færeyjar og fiskveiðum hér við land í gegnum tíðina yfir langt tímabil. Ein meginniðurstaðan úr því er sú að á um 30 til 40 ára löngu tímabili, ég man ekki alveg nákvæmlega hver viðmiðunarárin eru, hefur veiðin við Færeyjar einfaldlega verið minni en veiðin við Ísland, að við höfum nýtt okkar stofn meira en þeir hafa nýtt hann.

Annað meginatriði er að frá því að hægt er að tala um að hlýnun sjávar hafi hafist á ný eftir hið svokallaða kuldaskeið hefur nýliðun aukist hraðar í kringum Færeyjar en hér hjá okkur, þó að hún hafi vissulega aukist á báðum stöðum. Færeyingar hafa fengið inn nokkra mjög góða árganga meðan hrygningin og nýliðunin hjá okkur hefur einungis náð því að vera meðalnýliðun en hún var hins vegar komin langt niður fyrir það.

Athyglisvert er að hv. þingmenn skuli gagnrýna íslenska kvótakerfið á sama tíma og bresk stjórnvöld, undir forustu Verkamannaflokksins og Tonys Blairs, eru að leggja fram tillögur um að taka upp kerfi sem samkvæmt fréttum í breskum og íslenskum fjölmiðlum er byggt á þeim meginatriðum sem íslenska kerfið byggir á, sömu meginatriðum og nýsjálenska kerfið byggir á og að einhverju leyti á atriðum sem Hollendingar hafa notað í fiskveiðistjórn sinni.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson fjallaði um greinaskrif nokkurra þingmanna í ræðu sinni. Ég kann ekki þessar greinar eins vel utan að og hv. þm. þannig að ég treysti mér til þess að fara beinlínis í umræður um einstaka atriði í þeim greinum, þó að auðvitað sé það athyglisvert og væri jafnvel ástæða til að fjalla um fleiri greinar sem birtust á sama vettvangi en þær sem hv. þm. vitnaði í. En hann vitnaði hins vegar líka í frétt Morgunblaðsins um þær tillögur sem ríkisstjórn Tonys Blairs í Bretlandi, verkamannaflokksríkisstjórnin, leggur til og í umsögn mína um þær tillögur í Morgunblaðinu í vikunni. Það er rétt hjá hv. þm. að ég er ekki mjög bjartsýnn á það að Verkamannaflokknum takist að koma þessum breytingum á, ég á frekar von á því að þeim verði tekið illa af breska sjávarútveginum. Ástæðan fyrir því að ég met það svo er hin sameiginlega fiskveiðistefna Evrópusambandsins. Ef framseljanlegir aflakvótar yrðu teknir upp og aðlagaðir að grundvallaratriðum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar gætu þeir kvótar gengið kaupum og sölum á milli landa eða milli útgerða í hinum aðskiljanlegu löndum Evrópusambandsins. Við það held ég að verði mikil andstaða í Bretlandi.

Ég gat ekki skilið hv. þm. Jóhann Ársælsson öðruvísi en svo en að hann hefði skilning á þessu og ég verð að segja að ég hef vissulega skilning á þessu sjónarmiði líka. Það má segja að sú gagnrýni sem ég hef haft uppi á hina sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins, og sú gagnrýni sem ég hef haft uppi á stefnu Samf. í Evrópumálunum að vilja ganga inn í Evrópusambandið og selja sig undir þessa stefnu, sé að hún gæti haft sömu afleiðingar hér og upptaka kvótakerfis sem aðlagað væri að sameiginlegu fiskveiðistefnunni gæti haft í Bretlandi og hv. þm. Jóhann Ársælsson áttaði sig á. Þannig held ég að við skiljum þessa stöðu, tillögur ríkisstjórnar Verkamannaflokksins og hina sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og stöðu Bretlands gagnvart henni, á sama hátt. Og hugsanlega er styttra á milli okkar í afstöðu okkar varðandi aðild að Evrópusambandinu en mér sýnist a.m.k. vera milli mín og helstu forustumanna Samf. í þessu máli, og vitna ég þá til ummæla formanns Samf. í fjölmiðlum á undanförnum mánuðum og missirum.

Hæstv. forseti. Hvað varðar málið sem hér er til umræðu, veiðigjaldið sjálft, kemur fram í fjárlagafrv. að þar er áætlað að veiðigjaldið verði u.þ.b. 900 millj. kr. á þessu fjárlagaári og er þá miðað við afkomutölur frá 1. maí 2002 til 30. apríl 2003 og útreikninga eins og hv. þm. Jón Gunnarsson fór svo skilmerkilega með áðan. Ég hef ekki látið gera sérstaka útreikninga enn sem komið er á því hvernig þetta muni raunverulega verða miðað við tímabilið frá 1. maí 2003 til 30. apríl 2004, það er það skammt í að hægt sé að gera þá útreikninga endanlega að ég held að það hafi engan sérstakan tilgang en auðvitað hafa orðið breytingar á afkomunni á þessu tímabili. Það er ekki endilega víst að verðbreytingar á mörkuðum og þá sérstaklega erlendum mörkuðum hafi svo mikið að segja í þessu en þær hafa heldur ekki verið svo gríðarlega miklar á þessu tímabili.

Hins vegar gætu gengisbreytingarnar haft þar meiri áhrif enda var mjög skilmerkilega gerð grein fyrir því þegar ég mælti fyrir frv. um veiðigjaldið á sínum tíma að gengi íslensku krónunnar hefði gríðarlega mikið að segja um afkomu greinarinnar. Það má auðvitað öllum vera augljóst. Þar af leiðandi hefur það líka gríðarlega mikið að segja um afkomutengt veiðigjald. Hátt gengi krónunnar hefur óhagstæð áhrif á upphæð veiðigjaldsins, séð frá sjónarhóli ríkissjóðs, en að hinu leytinu til þá hagstæð áhrif séð frá sjónarhóli atvinnugreinarinnar. Það er auðvitað í samræmi við það að gjaldið eigi að tengjast afkomunni, að það sé þá lægra þegar afkoman er slök en þegar afkoman er góð. Hins vegar hafa engin grundvallaratriði varðandi forsendur í þessu máli breyst frá því sem var vorið 2002 og það að gjaldið verði tekið upp í áföngum, eins og skýrt kom hér fram í umræðunni. Ef menn eru að miða við áhrifin til lengri tíma væri auðvitað rétt að reikna það út frá 9,5%. Ef við hins vegar horfum á þetta út frá afkomu ríkissjóðs, sem náttúrlega er gagnlegt og áhugavert líka, og miðum við þær tölur sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og síðan við það sem um er að ræða hér að mundi falla niður, miðað við árið 2002, væri um 670 millj. kr. viðbótartekjur í ríkissjóð að ræða þar sem höfuðstóll Þróunarsjóðsins er jákvæður.

Ég held að ég hafi náð að fara yfir flestar af þeim spurningum sem hér voru bornar fram. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að ef sjútvn. óskar eftir frekari útreikningum á þessu muni sjútvrn. að sjálfsögðu leggja sig fram um að fara að þeim óskum til að gefa mönnum sem gleggsta mynd ef þeir hafa ekki áttað sig á því hver staðan í þessu máli er í dag og hvernig það muni líta út eftir 1. september þegar veiðigjaldið mun taka gildi.

[17:48]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á dauða mínum átti ég von en ekki því að ég ætti eftir að standa hér og ætla að halda fyrirlestur fyrir hæstv. sjútvrh. um það hvernig maður ætlar að stjórna fiskveiðum. Málið er það nefnilega að það er ekkert mál að stjórna fiskveiðum þó að maður sé í sóknarstýringu, það er ekki nokkur vandi. Það er hægt að gera það á margan hátt, það er hægt að stunda svokallaða veiðarfærastýringu sem Færeyingar hafa gert með góðum árangri, maður getur takmarkað fjölda báta í hverjum flokki og maður getur lokað svæðum. Þannig er hægt að gera það, þannig er hægt að stjórna fiskveiðum.

Ég tel, hæstv. forseti, að Færeyingar stundi í raun og veru miklu markvissari fiskveiðistjórn en við Íslendingar. Vegna hvers? Jú, vegna þess að þeir nota allar þessar þrjár breytur, veiðarfærastýringu, fjölda báta og síðan svæðalokanir. Það gera þeir með mjög góðum árangri.

Svo er annað og það er að þegar maður er með sóknarmark er ekkert brottkast og ekkert kvótasvindl. Allur afli sem veiddur er úti á miðunum berst á land. Þegar maður stundar fiskveiðar og fiskveiðistjórn er það atriði númer eitt, tvö og þrjú að maður viti hvað flotinn er að veiða á hverjum tíma. Ef maður veit það getur maður brugðist við og stjórnað veiðunum. Þetta er lykilatriði í fiskveiðistjórn.

Ég hefði haldið að menn við Skúlagötu 4 vissu þetta. Það kemur mér á óvart að svo virðist ekki vera. Þetta finnst mér alveg stórundarlegt. Það er nefnilega hægt að stjórna fiskveiðum í sóknarmarki, það er ekki nokkurt mál.

Hæstv. sjútvrh. sagði að færeyska kerfið væri svipað og það íslenska, og það væri lokað. Á vissan hátt er þetta rétt en þetta er líka rangt. Færeyska kerfið hefur það fram yfir íslenska kerfið að það er opið, það er opið neðan frá. Neðst í kerfinu ríkir mikið frelsi sem gerir það að verkum að nýliðar eiga möguleika á að komast inn í greinina og það gerir það líka að verkum að t.d. leiguverð á sóknardögum helst lágt og innan skynsamlegra marka.

Ég hvet hæstv. sjútvrh. til að kynna sér færeyska kerfið, fara til Færeyja og kynna sér kerfið.

[17:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson reyni að kenna mér eitthvað um fiskveiðistjórn. Hins vegar kemur mér á óvart að hann segi að það sé ekkert mál að stjórna fiskveiðum. Það hafa svo margar þjóðir reynt með misjöfnum árangri að ég held að það hljóti öllum sem að þessu koma að vera ljóst að það er heilmikið mál að stjórna fiskveiðum svo vel sé. (Gripið fram í.)

Hv. þm. nefndi færeyska kerfið, og hann og félagar hans í Frjálsl. vitna oft til þess. Ég hef kynnt mér færeyska kerfið, hef farið til Færeyja þó nokkrum sinnum, var þar síðast í síðustu viku. Ég sé bara ekki neina samlíkingu með stefnu Frjálsl. og færeyska kerfinu. Það eru bara gjörsamlega ólík kerfi, a.m.k. eins og þau birtast mér. Ekki veit ég hvort það er vegna þess að ég átta mig ekki á því sem Frjálsl. er að segja, því sem þeir eru að gera í Færeyjum eða hvort það er vegna þess að Frjálsl. tekst svona illa að útskýra þetta fyrir mér. Ég verð hins vegar var við að mjög mörgum öðrum er líkt farið hvað það varðar og mér.

[17:51]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður að vera vandamál hæstv. sjútvrh. að hann skilji ekki hvað við erum að fara þegar við tölum um stjórn fiskveiða í Frjálsl. Ég tel að við höfum talað skýrt. Við höfum gert tillögur að nýju kerfi hér við Ísland. Að sjálfsögðu er það kerfi lagað að íslenskum aðstæðum og við höfum verið mjög hófsamir í því. Við höfum t.d. sagt að frystitogararnir gætu verið áfram í kvótakerfi, við höfum sagt að uppsjávarflotinn gæti verið áfram í kvótakerfi. Við höfum verið mjög hófsamir. Að sjálfsögðu höfum við haft þetta færeyska kerfi til fyrirmyndar en við höfum reynt að laga það að íslenskum aðstæðum.

Hæstv. sjútvrh. segir allt í einu núna að veiðiálag við Færeyjar sé miklu minna en hér við Ísland. Það er þvert á það sem aðrir hafa sagt, m.a. fiskifræðingar Alþjóðahafrannsóknaráðsins til margra ára. Forsvarsmenn LÍÚ hafa sagt til margra ára að það væri gegndarlaus ofveiði við Færeyjar og að Færeyingar væru mjög óábyrgir í fiskveiðum sínum. Fyrst veiðiálag við Færeyjar er miklu minna allt í einu núna en hér við Ísland vil ég fá að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé þá ekki bara staðfesting á því að okkur hafi gersamlega mistekist fiskveiðistjórn okkar undanfarin 20 ár.

[17:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ekki að það sé rétt ályktun hjá hv. þingmanni af því hve mikið hafi verið veitt að mönnum hafi gjörsamlega mistekist.

Þar sem hann kannast ekki við þær tölur sem ég var að vitna í bendi ég honum á fréttir af fyrirlestri sem Einar Hjörleifsson fiskifræðingur hélt á málþingi sem Hafrannsóknastofnunin stóð fyrir fyrir nokkrum vikum. Þar er einmitt fjallað um þetta á nákvæmlega þeim nótum sem ég var að fara með. (Gripið fram í.)

[17:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri hægt að gera ýmsar athugasemdir við ræðu hæstv. sjútvrh. Það sem er sérkennilegt er að svo virðist sem Tony Blair sé orðinn hæstiréttur í ýmsum málum hjá Sjálfstfl., skólagjaldaumræðu og fiskveiðistjórn, (**MÞH:** Stríðið í Írak.) stríðinu í Írak og ýmsu fleiru.

Ég var á ferð um Bretlandseyjar, m.a. að ræða fiskveiðistjórn, með fráfarandi sjútvrh. Færeyinga. Það var ekki að heyra á breskum útgerðarmönnum og sjómönnum að þeir litu til íslenska kerfisins, langt í frá. Það var helst varðandi uppsjávarveiðar, þeir litu svo á að kannski væri hægt að stjórna þeim með kvótum.

Ég held að einn megingallinn í Bretlandi sé sá að þar er afla mikið landað fram hjá vigt. Þar er kvótakerfi þó að það sé með öðrum hætti en hér. Þegar afla er landað fram hjá vigt fá menn rangar tölur í módelin. Það er einmitt það sem er að gerast hér, þegar menn henda minnsta fiskinum fá þeir rangar tölur í aldursaflagreiningum og ákvörðunum fiskstofna út frá þeim. Þá fá menn ekki réttar nýliðunartölur.

Ég verð að segja að það kæmi mér algjörlega í opna skjöldu ef breskir sjómenn og útgerðarmenn legðu það kerfi til miðað við það sem ég heyrði til þeirra. Ýmsir höfðu jafnvel unnið hjá íslenskum útgerðum, vita hvernig íslenska kerfið er og þeim leist hreint ekki neitt á það.

[17:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að það er auðvitað svolítið sérstakt að heyra menn úr mínum flokki vitna í Tony Blair, leiðtoga Verkamannaflokksins í Bretlandi. En jafnvel forustumanni þess flokks tekst að hitta á það öðru hverju að komast að skynsamlegum niðurstöðum, eins og hann hefur gert í Íraksstríðinu, skólagjaldamálinu og núna síðast varðandi fiskveiðistjórnina.

Ég held hins vegar að afstaða mín, sem kom m.a. fram í Morgunblaðinu í vikunni og ég útlistaði hérna áðan, byggist á svipaðri upplifun og hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur upplifað í afstöðu sjómanna og útgerðarmanna í Bretlandi. Þeir eru hræddir við framseljanlegt kvótakerfi sem byggir á sameiginlegu fiskveiðistjórnarkerfi Evrópusambandsins.

Ég var nýlega á fundi á Írlandi þar sem nokkrir af þessum mönnum sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson hitti ræddu þetta mál einmitt við mig á þessum nótum. Þeir reyndar báðu mig fyrir kveðju til hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar en mér hefur láðst að skila henni þar til nú.

[17:57]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ágætt að ræða bara almennt um kvótakerfið. Þá er kannski rétt að horfa til þess hvar kvótakerfi hefur virkilega skilað árangri. Hefur það skilað árangri í Norðursjó? Þar hefur lengi verið stjórnað með kvótum. Einnig á Nýfundnalandi og í Írska hafinu þar sem ég var sl. haust að skoða árangurinn. Ég verð að segja að það er enginn árangur í kvótakerfinu.

Ef við förum síðan til Færeyja þar sem fiskveiðum er stjórnað með sóknarstýringu sjáum við árangur. Er ekki rétt að horfa á þessar staðreyndir? Er ekki eðlilegt að sjá hvar árangur næst, horfa til þess með opnum huga og leggja til hliðar kvótakerfi í blönduðum fiskveiðum? Það sjá allir sem skoða þetta gagnrýnum augum og leggja til hliðar hagsmuni, veðsetningar og bankaveð að við erum ekki að ná árangri hér. Við erum langt frá upphaflegu markmiði.

[17:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Já, það er eins og oft áður að sínum augum lítur hver á silfrið. Þó að hv. þm. sjái ekki árangur á hafsvæði okkar eru mjög margir aðrir sem sjá árangur í því sem hér er að gerast, (Gripið fram í.) að flestir okkar fiskstofnar eru annaðhvort í góðu jafnvægi eða á uppleið.

Við verðum hins vegar líka að átta okkur á því að við getum verið með gott kerfi og við getum látið þær ákvarðanir sem teknar eru í samhengi við það kerfi ganga upp með eftirliti. Ef ákvarðanirnar eru hins vegar rangar hvað varðar heildaraflamarkið náum við ekki þeim árangri sem við ætlum okkur að ná. Það er fleira en bara það að hafa kvótakerfi sem skiptir máli, það er auðvitað eftirlitskerfi og það eru líka ákvarðanirnar sem byggðar eru á upplýsingum frá vísindamönnum.

[17:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst eiginlega hæstv. ráðherra koma svolítið fátæklega til umræðunnar með upplýsingar um það hvernig þetta veiðigjald kæmi út. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hefði átt að vita fyrir fram að spurningar um það hlytu að koma upp við þessa umræðu.

Hæstv. ráðherra nefndi þetta innlegg sitt í Morgunblaðinu í vikunni um breska kerfið og að það gengi ekki upp að hans

mati vegna þess að framseljanlegar veiðiheimildir mundu þýða að önnur af efnahagsbandalagslöndum kæmust þá yfir veiðiheimildir á bresku miðunum. Í því samhengi nefndi hann að Samf. vildi samt sem áður ganga í Evrópusambandið.

Hæstv. ráðherra veit vel að ágreiningur um sjávarútvegsmálin milli Sjálfstfl. og Samf. snýst fyrst og fremst um eignarhaldið á veiðiréttinum. Auðvitað þarf að leysa það vandamál, það er engin spurning um það. Ef fyrningarleiðin yrði farin og komið á leigukerfi veiðiheimilda á Íslandsmiðum þyrftu menn ekki að hafa áhyggjur af því að tapa veiðiréttinum frá landinu. Auðvitað væri hugsanlegt fyrir Breta að fara þá leið og þeir gætu þá haldið sínum veiðirétti heima.

Það er hægt að ímynda sér að Bretar taki upp þetta framseljanlega veiðiheimildakerfi í svipuðum dúr og við erum með vegna þess að munurinn á þessu tvennu er ekkert óskaplega mikill. Hann er hins vegar afskaplega mikilvægur.

[18:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika að það sem ég sagði í Morgunblaðinu var að ég var að meta hver væri afstaða atvinnugreinarinnar, sjómanna og útgerðarmanna í Bretlandi, til tillagna Verkamannaflokksins og hvort þeim mundi takast að koma þeim fram. Ég var ekki að tala um hvort tillögurnar væru skynsamlegar eða ekki. Hins vegar er þar um sömu galla að ræða og mundu koma upp við aðild okkar að Evrópusambandinu, sem Samf. hefur á stefnuskrá sinni.

Hv. þm. talaði um leiguheimildakerfið, að Bretarnir gætu tekið upp leiguheimildakerfi. Auðvitað gætu þeir það. En af hverju er það ekki tillaga Verkamannaflokksins? Af hverju er það ekki tillaga Tonys Blairs að taka upp þær tillögur sem Samf. hafði í síðustu kosningabaráttu? Af hverju hefur Verkamannaflokkurinn ekki tekið þær tillögur upp? Af hverju tekur hann upp tillögur þær sem núv. ríkisstjórn hefur unnið eftir?

[18:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki verið í neinu sambandi við Tony Blair og get ekki svarað þessu. Kannski hefur hann bara ekki fengið upplýsingar um þær hugmyndir sem við höfum sett fram.

Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að geta verið sáttur við að fá að svara því skýrt hvað hann telur um þær fullyrðingar okkar í Samf., að leigukerfi veiðiheimilda á Íslandsmiðum mundi tryggja eignarhald á veiðirétti okkar þrátt fyrir að við gengjum í Evrópusambandið. Ég held að það væri ágætt og ég kalla eftir heiðarlegu svari hvað það varðar. Ég sé engar röksemdir benda til annars en að við gætum varið veiðiheimildir á Íslandsmiðum fullkomlega með slíku fyrirkomulagi, jafnvel þó að við gengjum í Evrópusambandið.

[18:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti svo sem ekki von á að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefði verið í beinu sambandi við Tony Blair. Hins vegar gefa a.m.k. aðrir forustumenn Samf. í skyn í fjölmiðlum að þeir séu í beinu sambandi við forustu Verkamannaflokksins í Bretlandi, gott ef þeir hafa ekki mætt á fundi, ráðstefnur og skemmtanir þar sem forustumennirnir, þar með talinn Tony Blair, hafa verið á ferðinni. Það væri ekkert skrýtið, miðað við þá áherslu sem Samf. hefur lagt á tillögur sínar varðandi fiskveiðistjórnina, að hún hefði kynnt það fyrir þessum flokki í Bretlandi.

Varðandi spurningu hv. þm. þá er svarið við henni það að ég tel ekki að tillögur Samf. mundu tryggja yfirráð Íslendinga yfir auðlindinni, ef því kerfi væri komið á og við mundum ganga í Evrópusambandið. Ég tel að það mundi alls ekki gerast.

[18:05]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa nokkuð verið til umræðu hugmyndir sem mér heyrast komnar frá Tony Blair og Verkamannaflokknum í Bretlandi um að taka upp kvótakerfi að íslenskri fyrirmynd í Norðursjó. Ég er ekki viss um að það sé lausnin. Ég er sigldur maður eins og fleiri hér inni. Ég hef komið á þessa staði, t.d. til Skotlands og hitt þar menn. Ég hef komið í þessa bæi eins og Peterhead og Fraserburgh, talað þar við sjómenn og útgerðarmenn. Þeir eru alls ekki á því að kvótar hafi skilað miklu fyrir veiðar þeirra í Norðursjó eða þá að fiskveiðistefna Evrópusambandsins hafi skilað Bretum, bresku þjóðinni eða Skotum eða Írum miklu, því miður.

Þarna hefur ástandið verið mjög slæmt um margra ára skeið. Menn hafa verið í kvótastýringu. Þarna hefur t.d. verið gríðarlegt brottkast og kvótasvindl. Þar viðurkenna allir fúslega, ef maður fer um bryggjurnar í Peterhead og Fraserburgh, að þeir hendi alveg gríðarlegu af fiski og þeir svindli eins og þeir geta á kvótunum. Það er töluvert miklu meira veitt af þorski og landað í skoskum höfnum en nokkurn tíma kemur fram á skýrslum.

Talað er um að í Norðursjó sé allt komið á vonarvöl vegna ofveiði. Sjómenn eru ekkert endilega sammála þessu. Þeir segja að fiskurinn hafi flutt sig til, m.a. vegna hækkandi hitastigs, þorskurinn hafi t.d. fært sig norðar í Norðursjó. Menn eru enn í dag dag að fá ansi góðan afla í Norðursjó. Hér er t.d. forsíða breska sjávarútvegsblaðsins Fishing News frá 19. mars. Hér er fullur trollpoki af stórum þorski sem veiddur er 180 mílur norðaustur af Peterhead. Það var vinur minn, Peter Bruce, skipstjóri og útgerðarmaður á togaranum Budding Rose, góður og ábyrgur maður og mjög duglegur útgerðarmaður, sem fékk þennan afla. Hann hefur sagt mér að ástandið í Norðursjónum sé miklu betra en fiskifræðingar Evrópusambandsins vilja halda fram. Málið er að varðandi Norðursjóinn er ekki hlustað á sjómenn, ekki hlustað á það sem þeir segja. Vísindamennirnir þar hlusta ekki. Því miður hafa þeir ekki heldur gert það í nægilegum mæli á Íslandi.

Ef við förum til Færeyja þá er það þannig að þar hafa vísindamenn í mörg herrans ár varað við ofveiði. Þeir hafa sagt að nú færi veiðin að minnka og loks væru menn komnir fram að hengifluginu. Það hefur þó ekki gerst enn þá. Í Færeyjum hafa menn borið gæfu til þess að hlusta ekki of mikið á fiskifræðingana en hlusta því meira á sína eigin sjómenn.

Í Færeyjum er að störfum svokölluð fiskidaganefnd. Í henni eru hagsmunaaðilar og sjómenn sem hafa mikið að segja um hversu margir fiskidagar eru gefnir út á næsta fiskveiðiári í Færeyjum, sem er það sama og fiskveiðiárið við Ísland, frá 1. sept. til 31. ágúst ár hvert. Þar hafa menn borið gæfu til að halda haus, ef svo má segja, að halda sjó. Þar ríkir stöðugleiki og hefur ríkt undanfarin sjö ár. Þorskstofninn við Færeyjar er núna talinn sá sterkasti í Norður-Atlantshafi hvernig sem á því stendur. Ég sakna enn og aftur skýringa hæstv. sjútvrh. á því hvernig svo má vera fyrst að þeir eru búnir að ofveiða svo ofboðslega á undanförnum árum.

Hér er mikið talað um Tony Blair og Verkmannaflokkinn, að þar sé íhugað að taka upp kvótakerfi að íslenskri fyrirmynd. Það má vel vera að þeir séu svo vitlausir að vilja láta sér detta það í hug. Ég ætla svo sem ekki að tala illa um hæstv. forsætisráðherra Breta, Tony Blair, í þessum ræðustól. Ég vil þó leyfa mér að fullyrða að hann hafi afskaplega lítið vit á fiskveiðum. Hann gæti örugglega ekki þekkt þorsk frá ýsu þó að líf hans lægi við. Þó að slíkar hugmyndir komi frá breska Verkamannaflokknum um þessi mál þá tek ég því temmilega alvarlega, ég verð að segja það. Ég tek meira mark á sjómönnum og útgerðarmönnum í Norðaustur-Skotlandi en einhverjum stjórnmálamönnum í Whitehall í London.

Ég hvet hæstv. sjútvrh., af því að ég veit að hann er menntaður í skoskum háskóla, til að gera sér ferð til sjávarbyggða á Norðaustur-Skotlandi og tala þar við sjómenn og útgerðarmenn, fá þá til að lýsa reynslu sinni, bæði af fiskveiðistefnu Evrópusambandsins og líka reynslu sinni í Norðursjó, lýsa því sem þeir hafa upplifað á undanförnum árum og hvað fólkið hefur þurft að ganga í gegnum. Þar hefur verið gegndarlaus niðurskurður, stærstur hluti fiskveiðiflota þeirra hefur verið sendur í brotajárn til Danmerkur. Bátarnir hafa verið dregnir í halarófu yfir hafið og höggnir í spað, ný skip, strandveiðiflotinn. Það er búið að rústa strandveiðiflotanum í norðausturhluta Skotlands af því að menn hafa ímyndað sér að það sé á vonarvöl í Norðursjó. Þetta er skelfilegt ástand. Ég hvet hæstv. sjútvrh. enn og aftur til að kynna sér ástandið þarna. Þetta er gersamlega ólíðandi, atvinnuleysi, vonleysi, félagsleg vandamál, hrein og klár eymd. Það er ekkert grín hvað þetta fólk hefur þurft að ganga í gegnum á undanförnum missirum í kvótakerfi Norðursjávarins, sem hefur ekki skilað neinu.

Ég veifaði áðan Fishing News frá 19. mars. Þar segja sjómennirnir hreinlega: Við vorum svo heppnir að þetta var að langmestum hluta þorskur. Ef þetta hefði verið ýsa, þetta hal upp á fleiri tonn, þá hefðum við neyðst til að henda aflanum vegna þess að við erum ekki með veiðileyfi á ýsu. Svona er fiskveiðistjórnin þarna.

Ég hitti eitt sinn skoskan sjómann sem sigldi með mér — það væri gaman að fá að segja þá sögu fyrst ég er hér — frá Skotlandi til Íslands einn vetur fyrir einu og hálfu ári síðan. Við tókum tal saman og hann sagði mér einmitt frá reynslu sinni í Norðursjó. Þeir höfðu verið að veiða Noregsmegin í Norðursjónum og fengið mjög góðan afla. En af því að brottkast var bannað með lögum í norsku lögsögunni, sem er helmingur af Norðursjó nánast, þá hirtu þeir aflann. En um leið og þeir voru komnir yfir línuna yfir á yfirráðasvæði Evrópusambandsins þá stoppuðu þeir skipið, hífðu kassana úr lestunum og hentu öllum þeim fiski sem þeir höfðu ekki kvóta fyrir áður en þeir fóru heim til að landa. Þetta er algjör geðveiki og gjörsamlega óverjandi á allan hátt. En þetta er gegnumgangandi vandamál.

Ég hef líka verið í Noregi og veit hvernig ástandið er þar. Þar hafa oft ansi vafasamir hlutir verið að gerast. Hvað með Nýfundnaland á sínum tíma? Það var ekki alltaf björgulegt þar heldur. Nei, kvótakerfi í botnfiskveiðum hafa hreinlega ekki verið að skila því sem menn hafa verið að vonast eftir. Ég vil enn og aftur hvetja til þess að við tökum upp sóknarstýringu í strandveiðiflota okkar Íslendinga og hættum að ofsækja þessar 300 trillur á sóknarmarki við Ísland. Við ættum frekar að fjölga í þessum flota, bakka út úr kvótakerfinu og binda öflugan fiskveiðiflota sem landar fersku hráefni í vinnslu. Nú um stundir gefur það einna best verð.

Norðmenn eru farnir að sjá möguleika á að framleiða fersk flök fyrir Frakklandsmarkað. Þangað er salan á ferskum fiski. Hún hefur fjórfaldast á einu ári. Það eru ekki frystitogarar sem veiða þennan afla. Nei, það er strandveiðiflotinn.

Öflugur strandveiðifloti er ekki svo slæmur. Hann er mjög góður og hefur marga kosti, bæði fyrir fiskstofna og fólkið í landinu.

[18:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gæti nú verið að Skotinn Tony Blair hefði nú eitthvert vit á ... (**MÞH:** Skoti?) Skoti, hann er fæddur í Edinborg og uppalinn. Það gæti verið að hann hefði eitthvert vit á fiskveiðistjórn einmitt vegna þess að stærstur hluti bolfiskafla Bretlands kemur að landi í Skotlandi. Ég var reyndar þar seinni hluta síðasta árs á tveimur fundum um fiskveiðistjórn, annars vegar á Hjaltlandseyjum og hins vegar í Edinborg. Ég held að ég sé vel fær um að tjá mig um það hver upplifun mín var af fólki sem ég hitti þar.

Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, að ástandið í Norðursjónum er alveg skelfilegt. En fiskveiðistjórnarkerfið þar hefur auðvitað ekkert með fiskveiðistjórnarkerfið hér að gera. Þar gildir hin sameiginlega fiskveiðistjórnarstefna Evrópusambandsins. Þar er ekki bara um kvótakerfi að ræða heldur líka dagakerfi. Það þýðir því ekki fyrir hv. þm. að reyna að stimpla ástandið í Norðursjó sem kvótakerfisástand þar sem það er líka dagakerfisástand.

[18:15]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er það kvótakerfið. Það veldur því að menn hafa t.d. verið að hegða sér með þessum hætti. Menn hafa verið að stunda kvótasvindl og verið að henda fiski og það hefur gert alla fiskveiðistjórn mjög ómarkvissa og í raun og veru út í hött. Það eru allar veiðitölur meira og minna kolvitlausar. Þetta blindar menn í fiskveiðistjórn. Þeir hafa ekki nógu góð gögn í höndunum til þess að bregðast við því sem kemur á land og stjórna veiðum. Þarna liggur hundurinn grafinn. Mér finnst skrýtið að menn skilji þetta ekki. Það er fyrst og fremst kvótakerfið.

[18:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson heyri orð mín því ég ætla aðeins að ræða um stefnu Frjálsl. í sjávarútvegsmálum. Ég er nefnilega á þeirri skoðun að hv. þm. og flokkur hans hafi gleymt að setja botninn í kerfið hjá sér. Þó að það sé ágreiningur um margt í sjávarútvegsmálum hér á landi er ekki mikill ágreiningur um að það þurfi að stjórna fiskveiðum. Ég geri ekki ágreining um það með hvaða aðferðum menn vilja stjórna fiskveiðum en ég tel að eitt hafi alveg sýnt sig við fiskveiðistjórn á Íslandi, að ef menn fara að stjórna fiskveiðum verður til verðmæti sem er fólgið í því að fá að stunda sjó og það skiptir þá ekki öllu máli hvort menn skammta með kvótum, dögum eða einhverju öðru.

Fiskveiðistjórnarkerfið á Íslandi er sett saman úr öllum þeim þáttum sem hv. þm. taldi upp áðan. Hér hafa verið notaðar alls kyns veiðitakmarkanir í gegnum tíðina, veiðarfæratakmarkanir, möskvastærðir, leyfi til veiða með tilteknum veiðarfærum á vissum svæðum, svæðalokanir og allt sem nöfnum tjáir að nefna, hvenær menn megi veiða á árinu o.s.frv. Allt eru þetta takmarkanir en ofan á þær hafa menn sett ýmist daga eða kvóta og þá verður til verðmæti

sem er fólgið í eignarhaldi. Það er að mínu viti kominn tími til þess að menn greini á milli ágreinings um fiskveiðistjórn og ágreinings um eignarhald á veiðirétti í umræðunni sem fer fram um sjávarútvegsmál á Íslandi. Það er ekki nokkur leið að þola það lengur að menn geri ekki greinarmun á þessu tvennu því aðalágreiningurinn hefur alltaf staðið um eignarhaldið á veiðiréttinum og Samf. hefur ráðist til atlögu gegn því með tillögum sínum. Þær byggjast á því að hafa kvótakerfið áfram og breyta eignarhaldinu þannig að um það geti orðið sátt, þ.e. að aflétta því einkaeignarhaldi sem er á veiðiréttinum. Ég tel að það sé fullkomlega hægt að gera og fiskveiðistjórnin mun ekki líða fyrir það með nokkrum hætti.

Ég tel reyndar, þvert ofan í það sem hæstv. ráðherra sagði áðan og ég hefði viljað heyra rökstuðning hans fyrir, að ef búið væri að koma á leigukerfi með veiðirétt þar sem mönnum væri gefinn kostur á þeirri þjónustu frá hendi ríkisins að leigja til sín veiðiheimildir mundum við tryggja fullkomlega yfirráð okkar yfir fiskveiðum við Ísland um ókomna tíð þegar — og ég segi þegar en ekki hvenær — útlendir aðilar koma inn í útgerð á Íslandi. Það er alveg á hreinu að í framtíðinni munu menn ekki getað búist við því að Íslendingar komist upp með það að banna erlendum mönnum og fyrirtækjum að eignast útgerðir eða hlut í útgerðum á Íslandi en ætla sér jafnframt sjálfir stóra hluti í útgerð í helstu viðskiptalöndum okkar. Þetta mun einfaldlega bresta á að lokum og þá er mikilvægast af öllu að við höfum tryggt að eignarrétturinn yfir veiðiheimildunum á Íslandi sé eins og hann á að vera, hjá þjóðinni. Það er hægt með þeirri leið sem við höfum bent á og því fyrr sem menn komast að þeirri niðurstöðu því betra. Þangað til menn komast að þeirri niðurstöðu hafa menn varnir eins og hæstv. sjútvrh. sem sér enga aðra vörn en að múra sig inni, annars vegar með því að útlendir aðilar megi ekki eiga hlut í íslenskum útgerðum og hins vegar með því að aldrei í lífinu komi það til að menn gerist aðilar að Evrópusambandinu. Þetta er að mínu viti að sofa áfram að hafa þessa afstöðu því í framtíðinni mun þetta ekki duga. Ég er líka sannfærður um að menn gætu tekið upp svona kerfi erlendis. Ég hef engar upplýsingar um hvar fiskveiðistjórnarhugmyndir með kvótakerfi eru á vegi staddar í Bretlandi og treysti mér ekki í þá umræðu og ætla mér ekki að taka hana upp. Ég veit ekkert hvað þar er á ferðinni.

Ég er alveg sannfærður um að ef menn halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð af núverandi ríkisstjórn og breyta ekkert út af henni, halda sig við einkaeignarhaldið á veiðiréttinum inn í framtíðina munu varnirnar hægt og bítandi halda áfram að bresta því þær hafa verið að gera það og menn munu viðurkenna eignarhaldið.

Ég var á fundi í Sjómannaskólanum fyrir fáeinum dögum. Þar talaði framkvæmdastjóri LÍÚ alveg hreint út, að auðvitað ættu útgerðarmenn að fá að fara með eign sína, þ.e. kvótann, eins og hverja aðra eign. Hvað gerir maður þegar maður á einhvern hlut? Maður vill fá að versla með hann, kaupa hann og selja að vild. Hve lengi mun Alþingi komast upp með það ef viðurkennt er endanlega að útgerðarmenn á Íslandi, stór fyrirtæki á Íslandi eigi veiðiréttinn á Íslandsmiðum að vera að setja einhverjar hömlur á það sem eru fólgnar í því að menn eru að veiða þetta á sín skip, mega ekki selja eða leigja öðrum aðganginn. Hvað verður þá uppi? Nákvæmlega ekkert annað en að til verða fáein fyrirtæki á Íslandi sem eiga Íslandsmið og selja aðganginn að þeim. Þetta er óhjákvæmilega sú framtíð sem bíður ef menn ætla að halda áfram á þeirri einkaeignarbraut sem núna er farin.

Hin leiðin er fólgin í því að gera það sem allir gera sem eiga einhverja eign og vilja nýta hana en vilja ekki selja hana, þá leigja menn öðrum aðgang og nýtingu að eigninni og ekkert bogið við það. Menn eru bara að nýta eign sína og fá af henni arð án þess að láta hana af hendi. Þetta vill Samf. að verði gert og hefur mótað stefnu um það. Ég tel að það sé mikil sögufölsun í gangi og ég nefndi greinaskrif hv. þm. Vestfirðinga, sérstaklega Einars Guðfinnssonar, í því efni þar sem hann hélt því fram að síðustu kosningar hefðu gert út af við fyrningarleiðina. Af hverju? Af því að Samf. komst ekki til valda eða hvað? Eða voru það úrslit kosninganna sem átt var við? Hægt er að velta því fyrir sér. Ýmsir sjálfstæðismenn hafa verið að hafa á orði að fyrningarleiðinni hafi verið hafnað í kosningunum. Hvaða leið var hafnað? Hverjir töpuðu í kosningunum? Var það ekki Sjálfstfl. sem tapaði langmest af öllum flokkum í kosningunum? Var þá ekki verið að hafna leið hans í málinu úr því að þetta snerist um sjávarútvegsmál, eða hvað? Ég held því ekki fram að fólk hafi sérstaklega verið að hafna leiðum Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum í kosningunum. Það er einfaldlega ekki hægt að lesa úr kosningum með þessum hætti. Það er bara rugl.

Það hefur líka komið fram að klofningurinn var nokkurn veginn 50% í Framsfl. um hvort ætti að fara fyrningarleiðina eða þá leið sem varð ofan á hjá hæstv. ríkisstjórn. Sá klofningur var í innstu kjörnum Framsfl. Það eru til nákvæmar skoðanakannanir þar sem farið var yfir hver afstaða fólks í landinu var til þessa fyrirkomulags, eignarhaldsins á veiðiréttindum. Meira að segja í Sjálfstfl. er langstærsti hluti fylgjendanna á móti fyrirkomulaginu. Þannig er það í öllum flokkum. Ég held að veiðigjaldsleiðin sé feigðarflan. Hún leysir engin vandamál og því fyrr sem menn setjast niður og fara að leita leiða til sátta í málinu, því betra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:26]

Útbýting þingskjala:

Aldurstengd örorkuuppbót, 837. mál, fsp. JóhS, þskj. 1278.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1279.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 787. mál (afnám gjalds). — Þskj. 1198.

[18:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rætur að rekja til þess að á árinu 2002 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem felur í sér að frá og með 1. september 2004 verður lagt sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla ef ekki er um úthlutun að ræða. Jafnframt var þess getið í greinargerð með frumvarpinu að ef til greiðslu veiðigjalds kæmi væri við það miðað að niður féllu gjöld sem útgerðin greiddi og áætluð voru samkvæmt fjárlögum ársins 2002 að fjárhæð um 850 millj. kr., þ.e. veiðieftirlitsgjald 226,5 millj.

kr. og þróunarsjóðsgjald 621 millj. kr. Með frumvarpi þessu er lagt til að veiðieftirlitsgjaldið falli niður frá 1. september nk. Þar sem 2. gr. laganna fellur þar með niður þykir nauðsynlegt að árétta að gjöld sem innheimt eru samkvæmt lögunum renni til reksturs Fiskistofu.

Í 2. gr. er lagt til að innheimt verði sama gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild enda sama vinna í því fólgin. Ekki hefur verið innheimt gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa en nauðsynlegt er að það verði gert til að gæta samræmis milli aðila sem stunda fiskveiðar. Er því lagt til að umræddar breytingar verði gerðar á lögunum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

[18:28]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu. Það er í sjálfu sér búið að ræða málið í fyrri umræðunni en mig langar samt að spyrja hæstv. sjútvrh. um breytinguna sem verið er að gera, að fara að innheimta gjald fyrir flutning á sóknardögum, þörfina á því að koma með það núna. Er þetta að aukast svona mikið að það þurfi að fara að rukka fyrir þetta gjald? Ég sé að rökin sem sett eru fram í athugasemdum við lagafrv. eru þau að það beri að gæta samræmis milli aðila sem stunda fiskveiðar. Þá veltir maður fyrir sér hvort þess væri ekki full þörf á mörgum öðrum sviðum vegna þess að ég held að megingagnrýni á hið íslenska kvótakerfi sé einmitt að það sé ekki jafnræði, það sé ekki gætt samræmis milli aðila sem stunda þar fiskveiðar.

Við getum í því sambandi velt fyrir okkur þeim sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum eða fengu þær á sínum tíma án þess að greiða fyrir þær og svo þeim sem greiða annaðhvort leigu eða borga fyrir þær, hvaða samræmi er þar á milli.

Spurningin er sem sagt þessi: Er flutningur á sóknardögum milli skipa að aukast það mikið að nú verði Fiskistofa að fá gjald fyrir þetta þannig að hún verði ekki fyrir einhverju tapi á þessu?

[18:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan er ekki sú að flutningur sé að aukast svo mjög. Ég hef reyndar engar sérstakar tölur um það. Ástæðan er einungis sú sem ég nefndi í ræðu minni að verið er að gæta samræmis á milli hliðstæðra hluta og hliðstæðrar afgreiðslu hjá Fiskistofu.

[18:30]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að svara þessu, og svara mjög skýrt. Ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni og þeirri afstöðu að við hljótum þá að þurfa í þessu sambandi og hvað varðar lögin um stjórn fiskveiða að fara í gegnum þau með nákvæmlega það sjónarmið að leiðarljósi að gæta samræmis milli aðila sem eru að gera svipaða hluti.

[18:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað göfugt sjónarmið hjá hv. þingmanni að fara í gegnum lögin og gæta samræmis. Menn verða þá að gera það á sömu forsendum, að þegar samræmis er gætt sé verið að bera saman epli og epli og appelsínur og appelsínur en ekki epli og appelsínur, eins og mér heyrðist hann reyndar vera að gera í fyrstu ræðu sinni.

[18:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan fá svör frá hæstv. ráðherra um það hvort það hafi verið skoðað í tengslum við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fara ekki eftir tillögum meiri hluta nefndarinnar sem lagði til að fara þessa leið hvað varðar veiðieftirlitsgjaldið og þróunarsjóðsgjaldið, sérstaklega veiðieftirlitsgjaldið. Þar var nefnilega lagt til að þetta gjald yrði í tvennu lagi, annars vegar grunnur sem væri innheimtur vegna kostnaðar hins opinbera og hins vegar veiðigjald sem væri þá hugsað sem gjald vegna afnota af fiskstofnunum.

Ég spyr vegna þess að við höfum séð það á síðustu árum að hér á hv. Alþingi hefur þróast sú grundvallarafstaða til mála að ekki eigi að innheimta hærri gjöld en sem nemur kostnaði af þeirri starfsemi sem verið er að innheimta fyrir. Veiðieftirlitsgjaldið er hugsað til að koma á móti þeim kostnaði sem hið opinbera hefur af veiðieftirlitinu.

Nú týnist þetta allt í þessum sjó sem þarna hefur verið búinn til og engin leið að gera sér grein fyrir því hvað er veiðieftirlitsgjald og hvað til að mæta einhverjum öðrum kostnaði sem ríkið þarf að mæta vegna sjávarútvegsins, og hvert er hið raunverulega veiðigjald sem er þá endurgjald fyrir að fá að nýta auðlindina.

Ekki veit ég af hverju menn tóku þessa ákvörðun en maður gæti látið sér detta í hug að menn hafi bara ekkert kært sig um að það væri hægt að sjá það svart á hvítu hvað væri í raun og veru innheimt sem gjald fyrir aðgang að auðlindinni og hvað ekki.

Veiðieftirlit hlýtur að koma upp í hugann við þessa umræðu og þess vegna langar mig að nefna eitt atriði sem ég hef ekki fengið tækifæri til að ræða um við hæstv. ráðherra. Það er sífellt verið að breyta veiðieftirliti hér og hæstv. ráðherra er að gera breytingar á hinum ýmsu reglugerðum. Eitt af því sem hæstv. ráðherra gerði nýlega var að breyta reglugerð um veiðar í grásleppunet á Breiðafirði. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um það. Þarna á Breiðafirðinum hafa menn mátt byrja veiðar í grásleppunet 20. apríl en hæstv. ráðherra er núna búinn að leyfa að þær veiðar byrji 1. apríl. Á sama tíma stendur yfir fæðingarorlof hjá þorskinum á þessum slóðum eins og annars staðar, hæstv. ráðherra gefur út leyfi til fæðingarorlofs eða hrygningarstopps á þorski. Satt að segja botna ég hvorki upp né niður í því að niðurstaðan hjá hæstv. ráðherra skuli vera að leyfa netaveiðar, enn þá meiri en voru, einmitt á þeim tíma sem hrygningarstoppið stendur yfir. Ég hefði frekar talið að menn ættu að fara í hina áttina og reyna að tryggja að hrygningarstoppið virkaði betur.

Það er vitað að menn veiddu verulega mikið af þorski í grásleppunetin í fyrravor og það er alveg ljóst að það verður mikil veiði á stórþorski í grásleppunetin. Þessi þorskur kemur annaðhvort ekki að landi að stórum hluta til eða skemmdur. Þetta vita allir sem hafa kært sig um að vita það.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið mistök hjá honum og bið um það héðan úr ræðustól að mjög grannt verði fylgst með. Þau net sem eru notuð til að veiða grásleppu á þessum tíma sem hrygningarstoppið stendur yfir eru ekkert smávegis. Gífurlega miklar netaveiðar fara fram á þessum tíma og ég hefði talið að það væri miklu skárri kostur að gefa þá grásleppunni smáhrygningarstopp líka í leiðinni með þorskinum því að það er nógur tími til að veiða grásleppu í framhaldi af hrygningarstoppinu.

[18:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar við fjölluðum um veiðigjaldið fyrir tveimur árum var ítarlega farið í það hvers vegna farið var út í að hafa eitt gjald í staðinn fyrir tvö. Ástæðan var sú að það var talið til einföldunar að hafa eitt gjald. Þegar búið var að reikna út ýmsa möguleika á þessu gáfu þeir mjög svipaða ef ekki bara nánast sömu niðurstöðu. Niðurstaðan til einföldunar varð því sú að hafa eitt gjald.

Seinna atriðið sem hv. þm. nefndi varðaði hrognkelsaveiðarnar, hrygningarstoppið og eftirlit með því. Það getur vel verið að þessi ákvörðun orki tvímælis og þess vegna er sjálfsagt að verða við því sem hv. þm. óskar hér eftir, að eftirlit verði haft með þessu. Reynist það rétt sem hann heldur fram er þá hægt að breyta þessu á næsta ári eða grípa jafnvel inn í ef í óefni stefnir. Hins vegar er svolítið erfitt að setja hrognkelsin í hrygningarstopp þar sem þau eru sérstaklega veidd til þess að hirða úr þeim hrognin.

[18:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður ekki mikið um grásleppu á Íslandsmiðum ef einhverjar þeirra fá ekki að hrygna. Það var það sem ég átti við, að eitthvað af grásleppunni þurfi að fá að hrygna til að viðhalda stofninum. Það mætti þá alveg eins gerast framan af vertíðinni eins og aftan til á henni.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir jákvæð svör hvað þetta varðar. Ég held að þetta sé eitthvað sem menn eigi að fara í rólegheitum yfir og athuga hvort ekki eigi að taka á og fylgjast a.m.k. mjög vel með hvaða áhrif þetta hefur.

Hitt vildi ég svo segja að ég velti því fyrir mér í tengslum við eina gjaldið sem er hugsað í þessu samhengi sem við vorum að ræða hér áðan, bara vegna þess að það hefur komið mjög skýrt fram að það sé brot á lögum að innheimta gjöld sem eru ekki í samræmi við þá þjónustu sem ríkið veitir. Ég held að hluti af því hljóti að vera að mjög nákvæmlega sé greint hver kostnaðurinn sé og hvert gjaldið eigi að vera hvað varðar opinbera starfsemi. Þetta er að mínu viti á skjön við þær reglur sem menn hafa verið að færa sig inn á á undanförnum árum hvað þessa hluti varðar.

[18:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað mjög virðingarvert að hv. þingmaður skuli halda uppi því sjónarmiði að gjald skuli reiknast í samræmi við kostnað. Hins vegar gegnir hér aðeins öðru máli, þetta gjald er ekki nákvæmlega skilgreint sem kostnaðargjald og um það fjalla alveg sérstök lög. Fyrir forsendum gjaldsins var gerð gríðarlega góð grein í umræðum hér á Alþingi á þeim tíma þannig að ég held að enginn eigi að velkjast í neinum vafa um það hvað þarna er um að ræða.

Ég tek undir að almennt eru þetta sjónarmið sem stjórnvöld eiga að fara eftir en hér tel ég hins vegar að gegni öðru máli þar sem um sérstakt mál og sérstök lög er að ræða.

[18:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég hnýt hér aðeins um athugasemdirnar við lagafrv. sem hæstv. sjútvrh. var að leggja fram áðan. Í síðustu mgr. stendur, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. er lagt til að innheimt verði sama gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild enda sama vinna í því fólgin. Ekki hefur verið innheimt gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa en nauðsynlegt er að það verði gert til að gæta samræmis milli aðila sem stunda fiskveiðar. Er því lagt til að umræddar breytingar verði gerðar á lögunum."

Mig langar í raun og veru til að vita hvers vegna ekki hefur verið innheimt gjald fyrir flutning á sóknardögum. Mér skilst að þetta gjald eigi að renna, og það á að renna samkvæmt þessu frv., til reksturs Fiskistofu. Er það einhverra hluta vegna þess að eftirlit með þessum sóknardagabátum hefur verið kostnaðarminna en eftirlit með kvótabátunum? Það væri gaman að fá svör við þessari spurningu hjá hæstv. sjútvrh.

Svo langar mig aðeins til að minnast á ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar áðan þar sem hann talaði mikið um að eignarhaldið á kvótunum þyrfti að leysa og að sjávarútvegsstefna Samf. væri lausnin á því. Ja, guð láti gott á vita, segi ég. Ég er ekki alveg viss um það og er svo sem ekki alveg sammála því að einhver fyrningarleið á kvótum, þar sem menn ætli síðan að vera áfram í kvótakerfi í blönduðum bolfiskveiðum, sé lausnin, langt í frá. Ég er algjörlega ósammála því.

Þessi spurning um eignarhald hefur að sjálfsögðu bitnað verst á þeim sem svo gjarnan vildu fá að stunda fiskveiðar við Ísland en fá ekki í dag. Ég held að það mundi miklu frekar leysast með því að við settum þennan strandveiðiflota okkar inn í sóknarmark eins og ég hef lýst hér fyrr í dag og að við reyndum að opna kerfið neðan frá.

Ef við lítum enn og aftur til Færeyja hefur það verið þannig, það er bara staðreynd, að verð þar, t.d. í sóknardögum, bæði í leigu og síðan varanlegt verð, hefur haldist innan skynsamlegra marka vegna þess að menn hafa alltaf valmöguleika. Ef verð á þessum dögum er allt of hátt, að þeir telja, t.d. miðað við fiskverð á hverjum tíma, geta þeir einfaldlega bara farið út og róið á trillu. Þar er nóg til af veiðileyfum. Það hefur gert það að verkum að spennan í færeyska kerfinu verður aldrei jafnmikil og spennan hefur oft og tíðum verið hér við Ísland. Það er hin einfalda lausn. Þetta er ekkert voðalega flókið mál.

Svo eiga menn bara að anda rólega, anda með nefinu og vera ekkert að fara á límingunum þó að stundum aflist vel. Það er bara þannig að þegar maður stundar strandveiðarnar eru svo margar breytur sem hafa áhrif á aflabrögð, svo sem gæftir, göngur á fiski, ætisframboð á miðunum, hvort veitt er með línu eða handfærum til að mynda. Þessar breytur hafa allar mikil áhrif. Og þessu ráðum við ekki. Við sjáum hvernig reynslan hefur verið hér á undanförnum árum. Hvernig er með skötuselinn t.d. sem menn héldu að væri ofveiddur fyrir nokkrum árum? Hann flæðir um öll mið og er farinn að veiðast á ólíklegustu stöðum. Það virðist vera miklu meira af honum en fiskifræðingar sögðu okkur. Ég veit ekki betur en að keilustofninn sé líka að braggast. Einhver var að hvísla því í mín eyru á dögunum.

Málið er að þau vísindi sem við höfum grundvallað ákvarðanir okkar á eru einfaldlega ekki nógu góð. Þau eru ekki nógu nákvæm. Hafið er svo óboðslega stórt. Að ætla að stjórna því eftir reglum þar sem menn mæla allt í kílóum gengur ekki upp í blönduðum botnfiskveiðum. Það er bara einföld staðreynd. Ég skil hreinlega ekki, með mínum besta vilja, að fólk skuli ekki ná þessu, ég næ því ekki.

Áðan var líka minnst á Norðursjóinn. Við getum haldið áfram að tala um það líka. Hæstv. sjútvrh. hefur gert mikið úr grein í Morgunblaðinu sem einhverra hluta vegna fór

fram hjá mér, um að Bretar væru að taka upp kvótakerfi að íslenskri fyrirmynd. Það er svolítið skrýtið hvaða greinar og fréttir rata í Moggann. Kannski er enn þá merkilegra hvaða fréttir rata ekki þangað.

Ég vil benda á að tveir ágætir Íslendingar hafa ferðast um Írland og Bretland, Jón Kristjánsson fiskifræðingur og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, í slagtogi við þriðja mann, Jørgen Niclasen, fyrrv. sjávarútvegsráðherra Færeyja. Þessir ágætu herramenn fóru á síðasta ári til Kilkeel í Norður-Írlandi, til Peterhead og Fraserburgh í Norðaustur-Skotlandi og síðan fóru Jón Kristjánsson og Jørgen til Danmerkur. Ég er þannig innréttaður að ég fylgist mjög vel með í fjölmiðlum, ekki síst sjávarútvegsfréttum, m.a. í nágrannalöndunum og í öðrum fjölmiðlum ef svo ber undir. Erindi sem þessir menn fluttu á þessum stöðum vöktu gríðarlega athygli og komust alls staðar í fjölmiðla. Jón Kristjánsson var m.a. svo frægur að komast í danska sjónvarpið, helsta fréttatímann þar, í janúar. Var sagt frá þessu á Íslandi í íslenskum fjölmiðlum? Nei, frá því var ekki sagt. Hvers vegna skyldi það nú vera?

[18:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ástæðan fyrir því að ekki hafi verið lagt til að innheimta gjald vegna flutnings á sóknardögum hafi einfaldlega verið vangá. Það hefur ekkert með umfang eftirlitsins að gera. Varðandi þessa frétt í Morgunblaðinu, um það að Bretar leggi til kvótakerfið, þá hóf ég ekki máls á henni heldur hv. þm. Jóhann Ársælsson. En þar sem hún hefur farið fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni er rétt að geta þess að hún var á forsíðu Morgunblaðsins og byggðist reyndar á frétt úr Daily Telegraph, breska dagblaðinu.

Hins vegar má svo sem alveg taka undir það með hv. þm. að maður veltir því oft fyrir sér hvað ráði fréttamati íslenskra fjölmiðla. En hv. þm. hefur kannski meiri reynslu af því en ég og ætla ég ekki að fara lengra út í það að þessu sinni. Hins vegar heyrist mér á honum að honum hafi þótt það hið mesta happaráð að setja skötuselinn og keiluna í kvóta því að báðir þessir stofnar virðast síðan hafa blómstrað sem aldrei fyrr.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það ekki hafa verið happaráð. Ég held að hægt hefði verið að ná meiri afla úr þessum tveimur ágætu fiskstofnum ef þeir hefðu ekki verið settir í kvóta.

Það sem ég benti á í málflutningi mínum var einfaldlega að þessi vísindi eru svo ónákvæm að þó að afli detti kannski niður í einstökum stofnum á einhverjum árum, einu ári, tveimur eða þremur ef því er að skipta, þá þarf það ekki endilega að þýða að stofninn sé ofveiddur.

Í gær benti hæstv. sjútvrh. t.d. á að menn væru farnir að veiða sífellt yngri kolmunna, það væri merki um ofveiði í kolmunnastofninum. Ég er ekki sammála því. Ástæðan fyrir því að menn hafa verið að fá mikið af smáum kolmunna á undanförnum árum hefur einfaldlega verið sú að tveir gríðarlega sterkir árgangar af kolmunna hafa komið inn í veiðina. Þetta er ekkert flóknara en það. 1999 og 2000 árgangarnir eru stærstu kolmunnaárgangar sem menn hafa nokkurn tíma séð. Þessir árgangar hafa komið inn í veiðina og þess vegna hafa menn verið að veiða þá. Það er einfaldlega svo mikið af þessum kolmunna á slóðinni að menn komast ekki hjá því að veiða hann. Þetta hefur ekkert með ofveiði að gera.

[18:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að fiskifræðin er ónákvæm vísindi. En það þýðir hins vegar ekki að ekki eigi að taka mark á vísindum. Það þýðir að þá eigi að fara varlega í þeim ákvörðunum sem við byggjum á vísindunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 790. mál (skrá um sýklalyfjanotkun). — Þskj. 1205.

[18:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að við 3. og 5. gr. verði bætt ákvæðum um að haldin skuli skrá um sýklalyfjanotkun hjá mönnum. Talið er að náið en flókið samband sé á milli vaxandi notkunar á sýklalyfjum og útbreiðslu sýkla sem eru ónæmir fyrir lyfjunum. Sýklalyf sem hafa stuðlað að lækningu og bættri heilsu manna hafa jafnframt stuðlað að auknu ónæmi sýkla fyrir sýklalyfjum. Því er ekki hægt að komast fyrir vandann með því að þróa stöðugt ný sýklalyf.

Sýklalyfjaónæmi getur verið ógnun við heilsu manna, valdið auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustuna og haft alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir samfélagið í heild. Nauðsynlegt er því talið að fylgjast með notkun sýklalyfja.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Evrópusambandið hafa hvatt til að fylgst verði með sýklalyfjanotkun. Framkvæmdastjórn ESB hefur farið þess á leit að þær stofnanir þjóða ESB og EES sem bera ábyrgð á vöktun smitsjúkdóma sinni einnig vöktun á notkun sýklalyfja. Þessar stofnanir hafa talið nauðsynlegt að bregðast við vandanum innan ESB og EES með því að hvetja til varúðar í notkun sýklalyfja.

Nauðsynlegt er því að koma á nákvæmum vöktunarkerfum sem veita samanburðarhæfar upplýsingar um nýgengi og algengi ónæmra sýkla og upplýsingar um notkun sýklalyfja innan ESB og EES. Skráningarkerfi það sem í frv. þessu er lagt til að verði tekið upp er hluti af vöktunarkerfi sem er tæki í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi og er ætlað að varpa ljósi á möguleg tengsl milli notkunar á sýklalyfjum og myndunar ónæmis. Slíkar aðgerðir miða að því að draga úr misnotkun sýklalyfja og geta minnkað líkur á myndun sýklalyfjaónæmis.

Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um framkvæmd skráningarinnar í reglugerð nr. 129/1999, um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma, og fylgja drög að viðeigandi breytingum á reglugerðinni með frumvarpinu. Lagt er til að upplýsingar um skrá í sýklalyfjanotkun verði ópersónugreinanlegar og sóttvarnalæknir gefi nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar og öryggi persónuupplýsinga. Haft var samráð við Persónuvernd við samningu frv. og viðeigandi breytingu á reglugerð.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[18:53]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mig langar að segja nokkur orð um frv. sem hér er til umræðu, um breytingar á sóttvarnalögum sem miða að því að haldin sé skrá um sýklalyfjanotkun. Ég skil ágætlega ástæðu þess að ákvæðið um sýklalyfjanotkun skuli sett í sóttvarnalög, sérstaklega í ljósi þess hve alvarlegar aðstæður geta komið upp þegar menn mynda ónæmi gagnvart sýklalyfjum. Meira að segja hefur verið um það rætt að þær aðstæður geti komið upp að mannkynið stæði frammi fyrir sömu aðstæðum og voru áður en pensillínið var fundið upp. Það er ekki skemmtileg framtíðarsýn þannig að ég skil ástæðurnar sem liggja þarna að baki.

Hins vegar vakna nokkrar spurningar við lestur frv., sérstaklega varðandi framkvæmd þessa ákvæðis, ekki síst um hvernig þessar breytingar tengjast breytingum á lyfjalögum sem varða gagnagrunn, ekki lyfjagagnagrunn heldur tölfræðigagnagrunn, þ.e. breytingar sem gerðar voru á lyfjalögum á síðasta kjörtímabili, á síðasta ári ef ég man rétt.

Mig langar fyrst að beina augum að 2. gr. frv. Þar er talað um að haldin skuli skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geti ónæmi gegn sýklalyfjum. Ég velti fyrir mér hvort hér sé um að ræða skrá yfir öll seld sýklalyf eða hvort verið er að beina athyglinni að sérstökum tegundum sýklalyfja sem sýnt er að myndi lyfjaónæmi. Mig langaði að fá upplýsingar um það.

Varðandi framkvæmdina hef ég verið að reyna að sjá fyrir mér hvernig þetta yrði gert, hvort sett yrði upp nýtt kerfi eða hvort tölfræðigagnagrunnurinn verði notaður í þessum tilgangi. Ef við erum að setja upp nýtt kerfi þá átta ég mig ekki á umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem segir að ekki verði séð að samþykkt frv. leiði til umtalsverðra útgjalda fyrir ríkissjóð. Þetta er það umfangsmikið verkefni að það hlýtur að kalla á aukin aðföng og fjármagn til að halda utan um þetta verkefni.

Ég vildi aðeins varpa fram þessari spurningu, annars vegar varðandi umfangið, hvort verið er að tala um öll sýklalyf eða einhver ákveðin sýklalyf og hins vegar varðandi tengingu þessa frv. við tölfræðigagnagrunninn. Hvaða upplýsingar, ef þetta er sérstök upplýsingaöflun, er þarna að hafa sem ekki er að öðru leyti hægt að afla næst því að fá upplýsingar í gegnum tölfræðigagnagrunninn, sem ég reyndi að gera mér ljóst að er ekki kominn á laggirnar?

[18:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. er flutt að beiðni sóttvarnalæknis til að skjóta lagastoðum undir þann gagnagrunn sem hér um ræðir og notkun hans. Þessar upplýsingar eru til og í 2. gr. frv. segir:

„Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.“ — Það eru sem sagt þau lyf sem um ræðir í þessu sambandi.

Varðandi kostnaðinn og skráninguna þá er búið að breyta lögum, eins og fram kom hjá hv. ræðumanni, varðandi lyfjagagnagrunna og verja til breytinganna fjármagni. Í samræmi við ákvæði um persónuvernd þarf að dulkóða þessar upplýsingar. Persónuvernd hefur þegar skilað greinargerð um frv. Eins og fram hefur komið hefur Persónuvernd gefið grænt ljós á framlagningu þessa frv.

Ég hygg að viðbótarkostnaður í þessu sambandi muni vera óverulegur eins og fram kemur í umsögn fjmrn. Áður er búið að samþykkja löggjöf um lyfjagagnagrunna og veita til þess fjármuni. Hér er verið að skjóta frekari lagastoðum undir þessa tilteknu skráningu samkvæmt beiðni sóttvarnalæknis.

[18:59]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski skýrist málið nánar í umræðu í þingnefndinni en mér er ekki alveg ljóst hvort tenging er þarna á milli, hvort þessar upplýsingar liggja þegar fyrir, hvort verið er að afla þessara upplýsinga í dag, hvort sérstakt átak verði gert í því og sérstakar ráðstafanir til að afla þeirra eða hvort notast verði við tölfræðigagnagrunninn. Það skiptir kannski ekki meginmáli hvernig það verður gert en tilgangur minn með því að koma hér upp er að benda á að gerðar hafa verið breytingar á lyfjalögum sem gera okkur kleift að ná í þessar upplýsingar í gegnum tölfræðigagnagrunninn. Við samþykktum þær á síðasta ári en ég er ekki klár á því enn hvaða leiðir verða farnar í þessu. Ég átta mig ekki á því hvort það er rétt sem fjárlagaskrifstofan segir, að þetta muni ekki leiða til umtalsverðra útgjalda. Ég sé ekki hvort þessir, ef ég má sletta með leyfi forseta, „resusar“ eru til staðar í kerfinu eða hvort búa á til nýja.

[19:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að heilbr.- og trn. kalli eftir upplýsingum í vinnslu málsins, en eftir þeim upplýsingum sem ég hef munu þær liggja fyrir í kerfi Tryggingastofnunar og þarf að draga upplýsingarnar út á þann hátt sem samrýmist reglum um persónuvernd. Annars er einboðið að nefndin fari yfir málið og kalli eftir upplýsingum um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verslun með áfengi og tóbak, 3. umr.

Stjfrv., 342. mál (einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES-reglur). — Þskj. 416.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjald af áfengi og tóbaki, 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 1252.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, síðari umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 571. mál. — Þskj. 861, nál. 1232.

[19:03]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1232. Þetta er mál nr. 571, till. til þál. um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, verði falið að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og að leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Þá er lagt til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Birgi Ármannsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Tillagan byggist á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 1/2003 sem samþykkt var á ársfundi þess sem haldinn var 14.–16. ágúst 2003 og leggur nefndin til að hún verði samþykkt.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Einar K. Guðfinnsson.

[19:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mig langar til að segja örfá orð varðandi þáltill. þar sem ég hafði ekki tækifæri til þess við fyrri umr. Eins og kemur fram í nál. hv. utanrmn. á þáltill. rót í samþykkt ályktana Vestnorræna ráðsins frá því í ágúst 2003 um að fela ríkisstjórn Íslands og landsstjórnum Færeyja og Grænlands að auka samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi í des. sl. í var ég ásamt hæstv. heilbrrh. að ræða um heilbrigðisþjónustu til útlendinga. Þar kom m.a. fram að Íslendingar hafa um nokkurt skeið selt útlendingum heilbrigðisþjónustu, sérstaklega Grænlendingum sem hafa fengið bæði bráðaþjónustu og einnig ákveðnar varaaðgerðir. Jafnframt var greint frá því að það væru yfirstandandi viðræður við Færeyinga sem hefðu áhuga á samstarfi við Íslendinga á ákveðnum sviðum.

Ég tel að sú þróun sem ég hef lýst sé mjög jákvæð og jákvætt framhald af góðri samvinnu nágranna okkar á norðurslóðum og merki um þann velvilja sem ríkir á milli þjóðanna. Ég hef á síðustu missirum bæði skrifað og rætt töluvert um þá möguleika sem Íslendingar hafa til að selja heilbrigðisþjónustu til útlendinga. Við höfum allar forsendur til þess, við höfum hágæðaþjónustu, góða menntun heilbrigðisstarfsmanna og erum tæknilega mjög vel útbúin til þess.

Ég bendi á að á lýðheilsuþingi sem haldið var sl. haust tók Berglind Ásgeirsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri OECD, það sérstaklega fram að hún teldi að Ísland væri tilvalið til að selja útlendingum heilbrigðisþjónustu og íslensk heilbrigðisþjónusta væri í sóknarfæri til útflutnings. Mér hefur ekki fundist að þessu máli hafi verið gefinn nægilegur gaumur á síðustu missirum og því fagna ég þáltill. sem er að fara í gegnum þingið sem má líta á sem ákveðna rennibraut í þessa veru. Það væri hægt að prófa sig áfram með því að byrja á að gera samninga við landsstjórnir Grænlendinga og Færeyinga um þessa þjónustu.

En við erum ekki ein um að vera í þessum hugleiðingum. Bæði eru íslenskir fagaðilar í heilbrigðisþjónustu þegar farnir að selja heilbrigðisþjónustu til útlendinga og í nýrri skýrslu Verslunarráðsins um ný tækifæri í heilbrigðisþjónustu er sérstaklega fjallað um sölu á heilbrigðisþjónustu til útlendinga sem sóknarfæri og bent á að þetta er gjaldeyrisskapandi fyrir Ísland, það færist fjármagn inn í íslenska heilbrigðisþjónustu og veitir kannski ekki af. Þetta er atvinnuskapandi og í því sambandi má benda á að fjölmargir íslenskir heilbrigðisstarfsmenn, sérstaklega læknar erlendis, bíða eftir tækifæri til að komast heim. Þarna gætu skapast tækifæri fyrir þá að fá atvinnu á Íslandi og einnig aukið tækifæri fyrir fagfólk að láta til sín taka.

Fyrst og og fremst verður, í samhengi við það sem þáltill. fjallar um, tækifæri til að styðja við nágrannþjóðir okkar og vinaþjóðir að ná heilbrigðismarkmiðum sínum og vil ég sérstaklega taka fram að ýmis merki um heilbrigðisátak Grænlendinga eru í þá veru að við gætum verulega látið til okkar taka og aðstoðað þá við að ná betra heilbrigði.

Eins og ég sagði áðan tel ég þetta verðugt upphafsskref til skipulagðrar sóknar í heilbrigðisþjónustu til útlendinga en tækifærin eru víða, ekki síst gagnvart Evrópu eftir niðurstöðu Evrópudómstólsins frá 12. júní 2001 sem varðaði viðurkenningu á rétti sjúklinga í Evrópusambandinu til að leita sér heilbrigðisþjónustu í öðru landi ef sambærileg þjónusta býðst ekki tímanlega í heimalandi viðkomandi á kostnað sjúkratrygginga viðkomandi í heimalandi sínu. Þetta hefur orðið til þess, eins og ég hef rætt um, að t.d. bresk sjúkrasamlög eða breskar sjúkratryggingar senda Breta í stórum stíl til annarra landa, sérstaklega Frakklands og Þýskalands, til að grynnka á biðlistum sínum og sama tækifæri gæti snúið að okkur Íslendingum.

Ég vil að lokum benda á að nú nýverið kom nefnd um byggðamál á Eyjafjarðarsvæðinu fram með þá hugmynd að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri gæti orðið miðstöð heilbrigðisþjónustu við útlendinga. Ég get í sjálfu sér tekið undir þá hugmynd og vil reyndar útvíkka hana yfir stærra svæði, en að gera Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að miðstöð heilbrigðisþjónustu fyrir útlendinga færi í rauninni ágætlega saman við miðstöð sjúkraflugs sem þar er og því flugfæri bæði við Grænland og Færeyjar.

Ég fagna því að þáltill. sem hér er til umræðu er komin til síðari umr. og ég hef miklar væntingar um að hún hreyfi þessu mikilvæga máli og verði fyrsta skref opinberra aðila á nýrri braut í íslenskri heilbrigðisþjónustu því ég hef bent á að það þarf að taka ákveðnar ákvarðanir, það þarf að setja stefnu í þessum málum. Það er ekki nægjanlegt að einstaklingar, fagaðilar í heilbrigðisþjónustu, leiti á þessi mið. Þeir þurfa að fá ákveðinn stuðning frá stjórnvöldum, ekki síst í formi stefnu, og að ákvörðun verði tekin um að fara þessa leið.

Að lokum vil ég benda á að Bláa lónið hefur náð góðum árangri í sölu á heilbrigðisþjónustu til útlendinga á sínu sviði, sem er húðvandamál, og innan tíðar munum við sjá útlendinga koma hingað í meira mæli en áður einmitt til að leita til þeirrar sérstöku aðstöðu sem Bláa lónið og heilbrigðisaðstaðan þar býður upp á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 651. mál (peningaþvætti). — Þskj. 968, nál. 1231. [19:12]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1231. Þetta er mál nr. 651, till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 98/2003, um breytingu á IX. viðauka, sem er Fjármálaþjónusta, við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003, um breytingu á IX. viðauka, sem er Fjármálaþjónusta, við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001, um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti.

Tilskipunin sem hér um ræðir mælir fyrir um breytingar á gildandi tilskipun Evrópubandalagsins frá árinu 1991 um aðgerðir gegn peningaþvætti, sem var hluti af íslenskum rétti. Efni nýju tilskipunarinnar, sem breytir þeirri gömlu og verið er að taka yfir, hefur að meginstefnu til verið innleitt með lögum nr. 42/2003. Hins vegar stendur eftir að gera frekari lagabreytingar, einkum á almennum hegningarlögum.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað frá dómsmálaráðuneyti er lagafrumvarp í undirbúningi.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Einar K. Guðfinnsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, síðari umr.

Stjtill., 735. mál. — Þskj. 1091, nál. 1233. [19:14]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. á þskj. 1233. Þetta er mál nr. 735, till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og lýðveldisins Chiles sem undirritaður var í Kristiansand í Noregi 26. júní 2003.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Fríverslunarsamningurinn við Chile kveður á um fríverslun með allar sjávarafurðir og langflestar iðnaðarvörur. Þá tekur hann til þjónustuviðskipta, verndunar hugverkaréttar, opinberra innkaupa og samkeppni auk þess að geyma ákvæði um stofnsetningarrétt. Sérstakir tvíhliða samningar hafa hins vegar verið gerðir um viðskipti með landbúnaðarafurðir og vernd fjárfestinga.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Einar K. Guðfinnsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

---

91. FUNDUR

miðvikudaginn 31. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þrúnarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Sóttvarnalög, stjfrv., 790. mál, þskj. 1205. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Verslun með áfengi og tóbak, stjfrv., 342. mál, þskj. 416. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 343. mál, þskj. 1252. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, þáltill., 571. mál, þskj. 861, nál. 1232. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 651. mál, þskj. 968, nál. 1231. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, stjtill., 735. mál, þskj. 1091, nál. 1233. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjóni Þórðarsyni, dags. 31. mars:

„Þar sem ég fer nú í hluta fæðingarorlofs, sbr. 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, Steinunn K. Pétursdóttir, taki sæti mitt á Alþingi frá og með deginum í dag að telja til 16. apríl nk."

Steinunn K. Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Tryggur lágmarkslífeyrir, 822. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 1251.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 727. mál, svar sjútvrh., þskj. 1237.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla þingmannamála úr nefndum o.fl.

[13:34]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Á fyrstu mánuðum mínum sem þingmaður hef ég orðið var við vinnubrögð sem koma mér undarlega fyrir sjónir í þinginu. Ber þar hæst meðferð þingmannamála í þingnefndum en þau mæta jafnan afgangi í meðferð og vinnslu nefnda og tel ég þar vera pott brotinn. Mál frá framkvæmdarvaldinu hljóta jafnan skjóta meðferð og stundum er yfirtroðningurinn svo mikill að á síðustu vikum og jafnvel dögum fyrir þinghlé er stórum og yfirgripsmiklum málum frá framkvæmdarvaldinu skotið fram fyrir þingmannamál sem beðið hafa vikum og jafnvel mánuðum saman eftir eðlilegri afgreiðslu í nefndum. Slík vinnubrögð getum við ekki kallað heilbrigt lýðræði.

Það er harkalega vegið að lýðræðinu þegar þingmannamál eru látin daga uppi í nefndum. Það er óvirðing gagnvart þeim sem eiga hagsmuna að gæta í viðkomandi málum og síðast en ekki síst óvirðing gagnvart vinnu og metnaði viðkomandi þingmanna sem fá ekki atkvæðagreiðslu um mál sín á Alþingi. Án nokkurra efasemda tel ég að meiri hluti þingmanna vilji almennt breyta starfsháttum þingnefnda hvað þetta varðar. Ég get ekki séð neina haldbæra röksemd fyrir því að slíkur háttur sé áfram viðhafður að mál þingmanna séu ekki afgreidd út úr nefndum og fái ekki þá lýðræðislegu afgreiðslu að koma til atkvæðagreiðslu með eðlilegum hætti á Alþingi.

Þjóðkjörnir fulltrúar, alþingismenn í þessum sölum, hvort sem um er að ræða úr röðum stjórnarandstöðu eða stjórnarliða eiga að taka höndum saman og breyta gömlum og í raun ólýðræðislegum hefðum í störfum þingnefnda. Ef tími er ekki nógu rúmur fyrir afgreiðslu allra mála út úr nefndum og áfram til meðferðar í þinginu ber alvarlega að huga að uppstokkun á vinnutíma Alþingis yfir höfuð. Sjálfur tel ég að stytta mætti sumarfrí þingmanna til að auka afköstin. Það er algert grundvallaratriði að íslensk þjóð sjái sína þjóðkjörnu fulltrúa hafa þann lýðræðislega rétt að mál þeirra séu almennt og alltaf borin undir atkvæði á Alþingi. Með þeim hætti er tryggt að þegnar þessa lands fái vitneskju um afstöðu allra þingmanna til allra mála sem koma til meðferðar í þinginu.

[13:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Lokaorð hv. þingmanns eru eins og töluð út úr mínu hjarta. Það er skoðun mín að við verðum að skoða starfsáætlun og vinnulag þingsins upp á nýtt. Við erum með æ lengra jólahlé og nú mun vanta um það bil viku upp á að sumarhlé þingmanna verði fimm mánuðir. Þetta er óásættanlegt miðað við vinnulagið í þinginu, ekki síst á álagspunktum.

Ég kem núna af fundi í umhvn. þar sem við vorum að fjalla um mikilvæg stjórnarfrumvörp. Þar gerðist það að formaðurinn sat í nefndinni með einum varaþingmanni frá stjórnarliðinu sem aldrei áður hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og nokkrum frá stjórnarandstöðunni. Mér finnst það niðurlæging þegar það er orðið þannig að það er verið að reyna að troða upp í öll hlé sem skapast í störfum þingsins til að komast áfram með mikilvæg stjórnarmál sem við höfum áhuga á að verði sem best úr garði gerð. Við fáum á tilfinninguna að bara sé verið að fullnægja einhverju með því að halda fund fyrir stjórnarandstöðuna. Ég tek það sérstaklega fram hvað varðar umhvn. að þetta er ekki vilji formannsins og hún harmar mjög að svo illa var mætt.

Ég hlýt í sambandi við þetta að minna á að fyrir þinginu liggur tillaga frá þeirri sem hér stendur og hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um að breyta þinghaldinu þannig að það hefjist um miðjan september, því ljúki 16. júní og farið verði í að endurskipuleggja þinghaldið þannig að við séum ekki í þessari streitu. Þannig hefðum við tíma til að vinna með öll mál og gætum tryggt það í vinnulagi okkar og vinnubrögðum að það hafi a.m.k. verið haldið vel á málum og það sé ekki fyrir slugs eða hraða yfirferð sem það verði galli á lagasetningu héðan frá Alþingi. Það gerist stundum.

Tillagan var lögð fram á þinginu 10. október og fyrir henni var mælt 1. mars.

[13:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég get tekið undir það að afgreiðsla þingmannamála stjórnarandstöðunnar út úr nefndum er misjöfn og dregst í mjög mörgum tilfellum langt úr hófi. Það verður samt líka að taka það fram að það er misjafnt eftir þingnefndum og ber að virða þegar vel er gert. Í heildina liggja þingmannafrumvörp stjórnarandstöðunnar allt of mikið til hliðar.

Ég tel að það sé mikilvægt að horfa til nefndarstarfanna og skipulags starfa í nefndunum sjálfum, þar sé markvisst unnið og tíminn vel nýttur. Það verður að segjast eins og er að meðan fá mál eru inni í upphafi þings má oft nýta tímann betur og auðvitað á að senda öll þingmannamál út til umsagnar. Eðlilegast væri að þau fengju afgreiðslu á þinginu.

Ég vil aðeins víkja að stjórnarfrumvörpum. Það er auðvitað aldeilis óþolandi að ár eftir ár komi hingað fram á þinginu stór og mikil frv. eins og var talað fyrir í gær, frv. til jarðalaga og frv. til ábúðarlaga sem eru mikil að vöxtum og þurfa ítarlega yfirferð og umsagnir. Þar sem þessi frv. hafa bæði verið lengi í vinnslu tel ég að þarna sé um að ræða vinnubrögð sem séu ekki til eftirbreytni. Við ræddum í gær líka um störf þingsins og í þeirri umræðu kom í ljós að lög um fjarskipti voru afgreidd á síðasta vori í það miklum flýti

að hugsanlega var ekki farið nægilega vel yfir málið. Þetta er þinginu til vansa. Ég held að við þurfum að skoða þetta og ég vil beina þessu sérstaklega til stjórnarmanna.

[13:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að stjórnarfrumvörp sem lögð eru fram eru lögð fram með fulltingi meiri hluta þingsins sem ríkisstjórnin styðst við og það er ekkert óeðlilegt við það að þau mál fái greiðan aðgang í störfum þingsins eftir því sem kostur er. Þegar svo er staðið að verki er fyrir fram ljóst að meiri hluti stendur á bak við þau, oftast nær eru menn búnir að taka efnislega afstöðu en a.m.k. eru menn búnir að samþykkja að leggja þau fram og taka þau til vinnslu.

Hvað varðar þingmannamál er það rétt að það hefur verið allur gangur á því hvernig unnið hefur verið í þeim í þingnefndum. Ég tek undir þau sjónarmið að eðlilegt væri að þingnefndir störfuðu lengur á hverju ári en nú er. Ég tel satt að segja alveg fráleitt að þingið ljúki störfum 7. maí og þingnefndir séu aðgerðalausar fram til 1. október. Það er ekkert sem bannar þingnefndum að halda störfum sínum áfram í maí og júní og eftir atvikum í september en þær gætu þá ekki lagt fyrir þingið niðurstöður athugunar sinnar fyrr en þá á næsta þingi og þá er það um seinan.

Fjórum þingmannamálum hefur verið vísað til hv. iðnn. og af þeim hefur nefndin þegar afgreitt eitt þeirra, um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri sem Alþingi hefur síðan samþykkt sem ályktun Alþingis. Till. til þál. um vetnisráð er í umsögn sem rann út í síðustu viku og verður tekin til umfjöllunar á næstu fundum nefndarinnar. Síðan eru tvö önnur þingmannamál sem hafa verið tekin fyrir og boðað að verði tekin til umræðu í iðnn. og það er gert í samráði við flutningsmenn þeirra.

[13:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau viðhorf sem komu fram í máli hv. þm. Gunnars Örlygssonar um störf þingsins. Það er einfaldlega svo að ef við eigum að breyta vinnubrögðum þingsins og gera þau markvissari þurfum við að lengja starfstíma þingsins. Ég tel það einboðið og hef reyndar lýst þeim skoðunum mínum áður, á síðasta kjörtímabili, að það bæri að skoða störf þingsins. Hér er réttilega inni mál um það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er 1. flm. að. Ég tel einboðið að farið verði að skoða þingstörfin og tel að þingið eigi að hefja störf mun fyrr á haustin en það gerir, t.d. 10. september, og þingstörfum ætti svo að ljúka kannski í kringum 10. júní.

Með því að lengja þingið með þessum hætti væri hægt að hafa kannski tvö eða þrjú 10 daga hlé inni í þingtímanum og starfa svo mun skipulegar að afgreiðslu mála. Það er ömurlegt að við skulum ár eftir ár flytja hér fjölda mála, þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem ekki fá afgreiðslu. Síðan þegar farið er að ræða þessi mál úti í þjóðfélaginu er venjulega viðkvæðið hjá stjórnarliðinu ef spurt er um afstöðu til mála að þau hafi ekki komist út úr nefnd þannig að þau hafi ekki verið kláruð. Fyrir vikið fá kjósendur ekki skýra mynd af því hver afstaða einstakra þingmanna er til einstakra mála. Þetta tel ég óviðunandi og að það eigi að breyta þessum vinnubrögðum. Ég tek mjög undir það sem hér hefur verið rætt um það.

[13:45]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt að mál þingmeirihlutans fái brautargengi í þinginu. Þannig er verið að endurspegla þingviljann í málinu. Það er mjög eðlilegt að mál sem meiri hluti þingsins ber fram komist áfram og séu síðan til lykta leidd með atkvæðagreiðslu og málin gerð að lögum eða með öðrum þeim hætti sem þingið ákveður. Það er ekkert óeðlilegt við það nema síður sé.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að við höfum í störfum þingsins, m.a. núna í vetur, verið að reyna að skapa sem mest rými fyrir þingmannamál. Ég hef t.d. sem formaður þingflokksins beitt mér fyrir því að reyna að auðvelda það að sem flest þingmannamál kæmust á dagskrá til þess einfaldlega að kalla fram þessa umræðu þannig að menn geti tjáð skoðanir sínar og þá gæti komið fram afstaða manna til þessara mála.

Auðvitað er það þannig að í því felst tiltekin afstaða þegar tekin er um það ákvörðun af meiri hluta þingnefndar að ákveða að afgreiða ekki mál út úr þingnefnd. Í því felst ákveðin vísbending eða afgreiðsla á því viðkomandi þingi.

Ég vísa því alveg frá að ekki sé verið að takast á við þingmannamál. Öðru nær. Þvert á móti er hægt að sýna fram á að reynt hefur verið að opna á það að menn gætu lagt fram sem flest þingmannamál og rætt þau. Hins vegar er það dálítið áhyggjuefni að stundum hafa menn kosið að gera það í einstökum flokkum að nánast blokkera mælendaskrána þannig að málin hafa komist mjög seint áfram. Það er ekki til þess fallið að greiða fyrir þingstörfum þegar það gerist að heilu þingflokkarnir raða sér á mælendaskrá og halda nánast hér uppi málþófi heilu dagana þannig að mjög fá þingmannamál komast fyrir vikið á dagskrá. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Við höfum líka verið að auðvelda störf þingsins með því að hafa sérstaka nefndardaga til þess að geta komist betur í þau mál sem verið er að fjalla um. Og af því að alltaf er verið að tala um að ekki séu viðhöfð nægilega vönduð vinnubrögð í þinginu þá vil ég vekja athygli á því að langflest þeirra mála sem við fjöllum um taka vikur og mánuði og fyrir utan það má ekki gleyma því að á morgun, fimm vikum áður en þinginu á að ljúka, er síðasti dagur sem menn geta dreift málum þannig að tryggt sé að þau komist á dagskrá. Það er því verið að reyna að tryggja að þessi mál öll sömul fái vandaða meðferð og nægilegan tíma.

[13:47]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Lýðræðið er merkisskepna og getur tekið á sig ólíklegustu myndir. Eins og hér hefur komið fram er það ein birtingarmynd lýðræðisins að þingmeirihluti ákveður forgangsröð mála og það er þingmeirihluti sem tekur afstöðu til mála og afgreiðir mál. Það er ein birtingarmynd lýðræðisins og það er hluti af lýðræðinu.

Eitt er ekki rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni og það er að málflutningnum er hagað þannig að ætla mætti að eingöngu stjórnarandstæðingar flytji þingmannamál. Það gera líka stjórnarsinnar. Stuðningsmenn ríkisstjórnar flytja þingmannamál einnig og ég sé ekki gerðan greinarmun á þeim.

Ég get sagt hvað hv. félmn. varðar að þau þingmannamál sem þangað hefur verið vísað hafa komið til umræðu þar og þau hafa öll verið send út til umsagnar eins og önnur mál, og að því mun koma að afstaða verður tekin til þeirra. En það er þá líka lýðræðisleg afstaða innan nefndarinnar. Þar

tekur bara einfaldlega meiri hlutinn afstöðu til þess. Þannig er lýðræðið: Afgreiðsla bíður. En þau fá vandaða meðferð eins og önnur mál.

Ég get alveg tekið undir það að auðvitað gildir um þennan vinnustað eins og aðra að vinnulag á að vera til stöðugrar endurskoðunar þannig að hér verði skilvirk vinnubrögð. Háttvirt Alþingi er ekkert hafið yfir það frekar en aðrir vinnustaðir. En ég held að í slíkri endurskoðun, sem ég geri ráð fyrir að hv. forsn. sé með til stöðugrar umræðu, hljóti menn einmitt að taka til skoðunar, til þess að auka hér svigrúm til frekari umræðu og frekari málsmeðferða á einstökum málum, hið langa málþóf sem oft og tíðum verður hjá virðulegri stjórnarandstöðu þar sem talað er jafnvel klukkutímum saman, sömu efnisatriðin tuggin upp aftur og aftur í 2. og 3. umr. Það tekur um leið tíma frá öðrum málum. Við skulum hafa allt undir ef við ætlum að endurskoða vinnubrögð þingsins almennt.

[13:49]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess, vegna umræðunnar sem hér hefur farið fram, að ábendingar um verklag og vinnulag í nefndum snýr að nefndunum sjálfum og formanni og varaformanni og nefndarfólki. Aðrar ábendingar lúta að breytingum á þingsköpum og ber að taka upp á þeim vettvangi.

Forseti vill enn fremur vekja athygli hv. þingmanna á yfirliti um stöðu þingmála þar sem glöggt kemur fram hver hefur verið staða þeirra, bæði stjórnarfrumvarpa og þingmannafrumvarpa. Þingmenn geta glöggvað sig á stöðu þeirra.

[13:50]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir þátt sinn í umræðunni. Það gleður mig að vita að á meðal hv. þm. stjórnarliða eru einstaklingar sem eru þessu viðhorfi sammála. En að sama skapi er einnig að finna einstaklinga sem eru þessu ósammála.

Ég er sammála því að vinna beri eftir lýðræði. En staðreyndin er einfaldlega sú að hægt er að fara illa með lýðræði án þess að brjóta lög eða reglur. Þetta eru eingöngu spurningar um það hvernig við ætlum að taka á hefðum sem eru að mínu mati orðnar ansi úreltar í störfum þingnefnda. Ég tel það jákvæða þróun, bæði fyrir þingmenn stjórnarandstöðu og líka þingmenn stjórnarliða sem ekki skipa ráðherrasæti, að ná þessu fram. Ég hvet því alla formenn nefnda að íhuga þetta alvarlega, láta þetta velkjast með sér og kannski í raun taka þetta upp á nefndarfundum og ræða þetta áður en kemur til annarra efna þar og það helst á næstunni.

[13:51]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir með hv. málshefjanda Gunnari Örlygssyni um að Alþingi Íslendinga og vinnubrögð þess eru á margan hátt föst í hlekkjum gamals tíma og býsna fornaldarlegs fyrirkomulags, sérstaklega er lýtur að þingtímanum. Ástæða er til að skora á Alþingi að veita máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur brautargengi þar sem má segja að lögð sé til nútímavæðing á starfsemi Alþingis.

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu er ekki hægt að láta hjá líða að nefna starfsemi nefndanna sérstaklega í þessu samhengi af því að þar fer nú sjálf vinnan fram eftir 1. umr. í þinginu. Sérstaklega vil ég geta þess að um bókstaflega fáránlega lítil fundahöld er að ræða t.d. í þeirri nefnd sem ég sit í, menntmn. Þar liggja fyrir mörg stór og merkileg mál, svo sem þingmál okkar úr Samfylkingunni um Lánasjóð íslenskra námsmanna og þróun iðn-, verk- og listnáms. Þar hafa málin legið frá því á haustdögum, t.d. í tilfelli þáltill. um starfsnámið. Það hefur legið þar inni frá því í október án þess að hafa fengist rætt í nefndinni. Viku eftir viku er boðað fundarfall þó svo að þessi merkilegu og brýnu mál liggi þar fyrir. Í staðinn fyrir að taka sérstaka daga undir þetta aukalega og fjölga þannig fundunum í nefndinni eru þeir sífellt skornir við trog og þessi merkilegu mál daga þar uppi án þess að koma inn í þingið fyrir vorið nema þá rétt undir lokin þegar unnið er hér sleitulaust dögum saman til að klára einstök mál.

[13:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill nefna það að lyktum þessarar umræðu um störf þingsins að samkvæmt áðurnefndu yfirliti um stöðu þingmála frá síðasta föstudegi voru þingmál samtals 811. Það bíða 56 frv. og þáltill. umræðu í þinginu. Það bíða 126 fyrirspurnir svars. Því bíða afgreiðslu samtals 182 þingmál í þessum sal en þingmálin eru 811. Oft hefur því ástandið verið verra, má segja.

Ábúðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 782. mál (heildarlög). — Þskj. 1193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 783. mál (heildarlög). — Þskj. 1194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 787. mál (afnám gjalds). — Þskj. 1198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 790. mál (skrá um sýklalyfjanotkun). — Þskj. 1205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Verslun með áfengi og tóbak, frh. 3. umr.

Stjfrv., 342. mál (einkaréttur til innflutnings á tóbaki, EES-reglur). — Þskj. 416.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SKK, SP, StP, VF, ÞKG.
2 þm. (KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjarnB, GHH, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, JBjarn, KLM, SAÞ, SJS, StB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1292).

Gjald af áfengi og tóbaki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (tóbaksgjald). — Þskj. 1252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SKK, SP, SJS, StP, VF, ÞKG, ÞBack.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjarnB, GHH, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, JBjarn, KLM, SAÞ, StB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1293).

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, frh. síðari umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 571. mál. — Þskj. 861, nál. 1232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SKK, SP, SJS, StP, VF, ÞKG, ÞBack.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjarnB, GHH, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, JBjarn, KLM, SAÞ, StB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1294).

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 651. mál (peningaþvætti). — Þskj. 968, nál. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SKK, SP, SJS, StP, VF, ÞKG, ÞBack.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjarnB, GHH, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, JBjarn, KLM, SAÞ, StB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1295).

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles, frh. síðari umr.

Stjtill., 735. mál. — Þskj. 1091, nál. 1233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁS, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, PM, PHB, RG, SKK, SP, SJS, StP, VF, ÞKG, ÞBack.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BjarnB, GHH, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, JBjarn, KLM, SAÞ, StB, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1296).

Fundi slitið kl. 13:59.

92. FUNDUR

miðvikudaginn 31. mars,
að loknum 91. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Fölsun listaverka, fsp. KolH, 506. mál, þskj. 778.
2. Íslensk byggingarlist, fsp. KolH, 559. mál, þskj. 838.
3. Tækniháskóli Íslands, fsp. RG, 766. mál, þskj. 1164.
4. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ, fsp. VF, 768. mál, þskj. 1166.
5. Fjárveitingar til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, fsp. VF, 803. mál, þskj. 1218.
6. Auglýsingar í grunnskólum, fsp. ÁMöl, 805. mál, þskj. 1220.

Til iðnaðarráðherra:

7. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, fsp. EMS, 628. mál, þskj. 937.
8. Byggðakjarnar, fsp. KLM, 704. mál, þskj. 1045.
9. Jöfnun búsetuskilyrða á landinu, fsp. KLM, 773. mál, þskj. 1171.

Til sjávarútvegsráðherra:

10. Íslenski þorskstofninn, fsp. GÖrl, 630. mál, þskj. 943.
11. Eldisþorskur, fsp. JGunn, 675. mál, þskj. 1004.

Til dómsmálaráðherra:

12. Brot á lagaákvæðum um áfengisauglýsingar, fsp. MÁ, 673. mál, þskj. 1002.
13. Nauðungarvistun, fsp. MF, 699. mál, þskj. 1037.
14. Meðferðardeild við fangelsi landsins, fsp. MF, 739. mál, þskj. 1103.
15. Löggæslumál í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti, fsp. VF, 806. mál, þskj. 1221.

Til heilbrigðisráðherra:

16. Forvarnastarf í áfengismálum, fsp. MÁ, 684. mál, þskj. 1013.
17. Börn með Goldenhar-heilkenni, fsp. VF, 729. mál, þskj. 1082.

Til félagsmálaráðherra:

18. Staða og afkoma barnafjölskyldna, fsp. RG, 692. mál, þskj. 1030.
19. Starfsumhverfi dagmæðra, fsp. BjörgvS, 731. mál, þskj. 1084.

Til fjármálaráðherra:

20. Endurgreiðsla námslána, fsp. KLM, 706. mál, þskj. 1047.
21. Afsláttur af þungaskatti, fsp. KLM, 762. mál, þskj. 1143.
22. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, fsp. VF, 810. mál, þskj. 1228.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla fjarskiptalaga úr samgöngunefnd.

[14:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í viðtali við formann samgn., hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, á Stöð 2 í gær var hann inntur eftir því hvers vegna ekki hefðu verið teknar til greina alvarlegar athugasemdir ríkislögreglustjóra sem gerðar voru við fjarskiptalögin en brtt. sem ríkislögreglustjóri lagði til áttu að auðvelda lögregluyfirvöldum að ná til barnaníðinga á netinu. Skýringin sem formaður samgn. gaf var þessi og ég vitna orðrétt í fréttina, með leyfi forseta:

„Formaður samgöngunefndar segir ágreining á milli lögreglu og Persónuverndar um vörslu slíkra gagna.“ Síðar í sömu frétt segir hv. þm. orðrétt: „Að það var annars vegar ríkislögreglustjóri með þessa skoðun. Persónuvernd hafði aðra skoðun á þessu máli og þetta hefði þýtt það að málið hefði þá bara orðið strand.“

Persónuverndartilskipun heimilar varðveislu gagna í takmarkaðan tíma, m.a. í þágu rannsóknarafbrota. Ég kannaði því málið í morgun og hafði samband við Persónuvernd sem ekki kannast við að hafa gert neinar athugasemdir við brtt. ríkislögreglustjóra og reyndar var ekki annað að heyra en Persónuvernd væri sammála þeim brtt. sem lögreglustjóri lagði til. Því vil ég spyrja: Hvað gengur formanni samgn., hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, til að segja þjóðinni ósatt sem er alvarlegt og skýla sér á bak við Persónuvernd í málinu?

[14:02]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég sagði allt sem segja þurfti í gær. Varðandi það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur eftir — ja, ég veit ekki úr hvaða frétt hún var að lesa upp. (**JóhS:** Stöð 2.) Stöð 2. Það sem hér kemur fram er að það var rætt um þessi tvö mál sem snúa að Persónuvernd og ríkislögreglustjóra og ég gat um það í gær að engin athugasemd hefði komið frá Persónuvernd varðandi 42. gr.

Ég er ekki að segja þjóðinni ósatt varðandi þetta mál, ég er ekki að segja þjóðinni ósatt að nefndin, bæði minni hluti og meiri hluti samgn. skilaði áliti þar sem 42. gr. var ekki frekar ígrunduð. Þannig liggur málið. Ég hef lýst því yfir að málið verði tekið fyrir í fyrramálið og þar verði enn frekar unnið að málinu og því væntanlega komið í farsæla höfn. Meira hef ég ekki um málið að segja.

[14:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég var að vitna í viðtal við hv. formann samgn. í gær þar sem segir að það hafi verið ágreiningur á milli Persónuverndar og ríkislögreglustjóra og það hefði þýtt að málið hefði orðið strand sem þýðir að ef nefndin hefði farið að taka upp tillögur ríkislögreglustjóra hefði málið orðið strand. Það kemur fram að formaður samgn. segir ágreining á milli lögreglu og Persónuverndar um vörslu slíkra gagna. Þetta kom fram í fréttum í gær þar sem hv. þm. er að bera það fyrir sig að Persónuvernd hafi verið á móti brtt. og þess vegna hafi nefndin ekki getað tekið þær upp. Þetta er mjög alvarlegt vegna þess að Persónuvernd kannast ekki við þetta og segir reyndar að hún sé sammála brtt. lögreglustjóra.

Hvers vegna í ósköpunum var þá hv. þm. að bera fyrir sig Persónuvernd í gær í fréttum? Reyndar er það svo að þegar farið var yfir nefndastörfin í samgn., sem ég lét líka gera í morgun, komu ekki fram neinar athugasemdir frá Persónuvernd varðandi brtt. frá ríkislögreglustjóra. Mér finnst mjög alvarlegt, herra forseti, ef hv. þm. er að skrökva að þjóðinni og þinginu og bera fyrir sig Persónuvernd þegar samgn. hefur ekki staðið sig í stykkinu með afgreiðslu á þessum málum eins og ljóslega hefur komið fram. Það er mjög alvarlegt og ég á ekki von á öðru en Persónuvernd láti heyra í sér um þetta mál.

[14:04]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er mjög gott að hér er kominn þingmaður sem er farinn að glugga mjög gaumgæfilega í störf nefnda þingsins. Það er ágætt, enda hefur þingmaðurinn lengi sótt það fast að hér yrði settur á sérstakur rannsóknardómur á meðal alþingismanna og er langþráður draumur hv. þingmanns.

Varðandi Persónuvernd og ríkislögreglustjóra er alveg ljóst að Persónuvernd gerði engar athugasemdir við 42. gr. Það hefur margsinnis komið fram og ég held að það þurfi ekki frekar vitnanna við varðandi þetta mál. Það verður tekið fyrir í samgn. í fyrramálið þar sem verður farið yfir málið.

Um ósannindi eða ósannsögli hirði ég ekkert um að svara vegna þess að það kom fram í máli manna sem ekki er ástæða til að vera að fjalla um frekar hér hvernig á yrði haldið.

[14:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé viðeigandi af hálfu hv. þm. Guðmundar Hallvarðsonar að svara í þeim tón sem hv. þm. svaraði og ásaka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að sinna störfum sínum og gera athugasemdir við það hvaða meðferð málið fékk í hv. samgn. Skýringarnar sem hingað til hafa komið fram eru alls ekki trúverðugar. Þar hefur hver fullyrðingin rekist á annarrar horn. Fyrst var skýringin sú að umsögnin frá ríkislögreglustjóra hafi ekki komið nægilega snemma fram og ekki hafi verið vitað af henni þegar nefndin tók ákvörðun í málinu. Síðan kom þetta sem hv. þm. bendir á með afstöðu Persónuverndar. Ég held því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þurfi að útskýra mál sitt betur.

Það sem skiptir kannski mestu máli er að hv. samgn. taki málið til ítarlegrar umfjöllunar, skoði það vandlega, (Gripið fram í.) en ég tel alls ekki viðeigandi, virðulegi forseti, að hv. þm. sé að gera því skóna að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé að fara á einhvern óeðlilegan hátt fram í málinu og mér finnst ósmekkleg þau orð að hún eigi sér þann draum heitastan að sérstakur rannsóknardómur starfi á hinu háa Alþingi. Þingmanninum til upplýsingar er ákvæði sem gerir ráð fyrir sérstakri rannsóknanefnd í 39. gr. stjórnarskrárinnar og hún er ekki uppfinning hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Fölsun listaverka.

Fsp. KolH, 506. mál. — Þskj. 778.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Á síðustu missirum hafa komið upp alvarleg málverkafölsunarmál sem enn er ekki séð fyrir endann á. Meðal ágreiningsatriða og óvissuþátta í þessum málum má nefna atriði er varða eignarrétt og höfundarétt og flókið samspil þessara þátta. Menn greinir á um hversu mörg verk koma við sögu en víst er að þau skipta hundruðum og snerta málin marga helstu meistara íslenskrar málaralistar. Þar af leiðandi er ekki um að ræða þrönga einkahagsmuni eigenda myndverkanna heldur er beinlínis um að ræða almannahagsmuni í ljósi þess að málin snerta þjóðararf okkar í myndlist og í því ljósi ber að skoða þessi mál.

Ýmsir, og þar á meðal forstöðumaður Listasafns Íslands, óttast mjög hættuna á að fölsuð myndverk geti komist aftur í umferð og þannig haldið áfram að skaða íslenskan listaverkamarkað enda, eins og komið hefur fram í umfjöllun um málið, koma ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga og ákvæði í 55. gr. höfundalaga í veg fyrir að fölsuð myndverk verði gerð upptæk þar sem um er að ræða eign grandalauss þriðja aðila, kaupanda í góðri trú sem ekkert er við brotin riðinn. Eigendur hinna fölsuðu verka fá þau aftur í hendur eftir að dómsmáli vegna þeirra lýkur þó vitandi það að upplýsingar um verkin verða skráð hjá Listasafni Íslands.

Hins vegar vita menn að líftími myndverka er talsvert lengri en ein mannsævi og því ekki hægt að tryggja að saga verkanna fylgi þeim um aldur og ævi þó svo hún sé einhvers staðar skráð. Það er ekkert sem tryggir að vitneskjan um fölsun gangi til erfingja verkanna og er raunar líka ákveðin hætta fólgin í því að verkin verði flutt úr landi og seld þar sem engar upplýsingar um þau er að finna.

Varðandi þennan þátt er athugandi hvort ekki geti annars konar úrræði en þau að gera myndverkin upptæk komið til. Mætti ekki t.d. hugsa sér að heimilað verði með lögum að merkja sérstaklega þau verk sem færðar hafa verið sönnur á að séu fölsuð? Það væri að öllum líkindum ekki óeðlilegt í ljósi hættunnar á því að verkin fari aftur í umferð.

Í þessu sambandi má líka velta fyrir sér hvort hið opinbera ætti að taka sig til og láta vinna fullkomna verkaskrá helstu meistara okkar svo tryggja megi að fölsunarmál af því tagi sem við nú glímum við endurtaki sig ekki.

Svo er annar flötur á málinu, sá lýtur að hugverkaréttinum. Hver er t.d. réttur þeirra höfunda myndverka eða erfingja þeirra sem þurfa að sætta sig við að í umferð séu myndverk með nafni þeirra, nafni listamanns, sem ekki kom nálægt því að mála viðkomandi mynd? Geta þessir höfundarétthafar, höfundar eða erfingjar þeirra t.d. gert kröfu um að fölsuð auðkenni verði afmáð af slíkum verkum?

Ég tel þessar spurningar afar áleitnar og legg þær fyrir hæstv. menntmrh. eins og þær eru fram bornar á þskj. 778.

[14:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir fsp. til mín en þær eru tvenns konar. Annars vegar hvernig ég komi til með að bregðast við aukinni hættu á því að fölsuð listaverk verði á boðstólum á listaverkamarkaði og hvort til greina komi að breyta lögum á þann veg að t.d. myndverk sem færðar hafa verið sönnur á að séu fölsuð yrðu merkt sérstaklega.

Ef við förum yfir þá hættu sem liggur fyrir varðandi þessar meintu falsanir og falsanir sem þegar er búið að sanna er hættan í rauninni tvenns konar: Bæði brýtur fölsun listaverka gegn höfundarétti viðkomandi listamanna og síðan geta neytendur verið blekktir til að kaupa listaverk sem hafa verið fölsuð. Það er sem sagt annars vegar verið að brjóta á listamanninum og hugverkarétti hans og hins vegar neytandanum.

Af þessu tilefni vil ég taka fram að það hefur engin ákvörðun verið tekin af minni hálfu um aðgerðir gegn viðskiptum með fölsuð listaverk á listaverkamarkaði en við fylgjumst afar náið með framvindunni sem á sér stað og vitum öll til hvaða aðstæðna ég er að skírskota til.

Bent skal á að sala listaverka í atvinnuskyni fer ýmist fram með sölu þeirra í listmunahúsum eða listmunauppboðum.

Um starfsemi listmunahúsa og uppboðshaldara listaverka fer eftir lögum um verslunaratvinnu frá 1998 en framkvæmd laganna heyrir undir iðn.- og viðskrn.

Varðandi ráðstafanir gegn fölsuðum listaverkum þegar slíkt hefur sannast fyrir dómi skal tekið fram að það er á valdi dómara í opinberum málum þar sem ákært er fyrir fölsun listaverks að mæla fyrir um upptöku eða eyðileggingu þess í samræmi við 55. gr. höfundalaganna. Telja verður með hliðsjón af lögum um verslunaratvinnu og lögum um neytendakaup frá árinu 2003 að gera megi skýlausa kröfu til þess sem selur listaverk í atvinnuskyni að upplýsa kaupanda um að listaverk sé falsað áður en kaupin fara fram. Sé það ekki gert kann söluaðili að baka sér refsiábyrgð samkvæmt 248. gr. hegningarlaganna.

Gera verður þann fyrirvara að framangreind úrræði höfundalaganna um upptöku og eyðingu listaverka eigi ekki við gagnvart þeim sem í grandaleysi hefur eignast falsað verk, sbr. 55. gr. fyrrnefndra höfundalaga.

Síðan spyr hv. fyrirspyrjandi hvort til greina komi að breyta lögum á þann veg að myndverk sem færðar eru sönnur á að séu fölsuð verði merkt sérstaklega eða gerð upptæk á þeim grundvelli að um stuld á hugverkarétti sé að ræða. Af þessu tilefni skal tekið fram að hér koma bæði til álita breytingar á höfundalögum og lögum um verslunaratvinnu. Varðandi það atriði hvort sporna megi gegn viðskiptum með fölsuð listaverk til breytinga á höfundalögum hef ég ákveðið að beina erindi um þetta atriði til höfundaréttarnefndar sem er nefnd fimm sérfróðra manna um höfundarétt og starfar samkvæmt 58. gr. höfundalaga. Nefndinni er ætlað að vera menntmrh. til ráðuneytis um höfundarétt og þess vegna tel ég rétt og viðeigandi að höfundaréttarnefndin fari yfir málið.

Varðandi aðrar lagabreytingar er kynnu að sporna við viðskiptum með fölsuð listaverk hafa komið fram hugmyndir um að skylda listmunahús og uppboðshaldara listmunauppboða að upplýsa væntanlega kaupendur um eigendasögu listaverka sem eru til sölu. Slíkar hugmyndir lúta hins vegar að breytingu á lögum um verslunaratvinnu sem falla undir iðn.- og viðskrh. og því tel ég rétt og eðlilegast að iðn.- og viðskrh. svari fyrir hvort slíkar lagabreytingar komi til greina.

Síðan er önnur spurning frá hv. fyrirspyrjanda hver réttur listamanna og annarra rétthafa sem hafa þurft að sæta því að á markaði hafi verið verk með fölsuðu höfundarnafni sé. Í höfundarétti felast tvenns konar einkaréttindi fyrir höfunda, þ.e. annars vegar rétturinn til að njóta arðs af fjárhagslegri nýtingu verks og hins vegar sæmdarréttur sem felst m.a. í þeim rétti höfunda til að njóta viðurkenninga fyrir verk sitt og þurfa ekki að sæta breytingum á því eða afbökun. Í spurningunni felst því hvort sæmdarréttur listamanna og annarra rétthafa teljist vera svo sterkur að gera megi um það kröfu að fölsuð höfundarmerking listaverks verði afmáð.

Hér kemur að mínu mati til álita hvort við eigum að líta til 55. gr. höfundalaga sem hljóðar einhvern veginn á þann veg að í stað upptöku til afhendingar séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota. Það má ákveða þetta sem sagt. Ekki hefur á það reynt svo kunnugt sé hvort beita megi þessu ákvæði til að krefjast þess að fölsuð höfundarmerking verði afmáð af listaverki. Um það verða dómstólar að skera úr eftir kröfu ákæruvaldsins í ákæruskjali eða eftir kröfu rétthafa í einkamáli. Taka ber fram að við síðari spurningunni veiti ég svar með fyrirvara þar sem ekki er kunnugt um að fjallað hafi verið einmitt um þetta tiltekna atriði um að afmá merkingu fyrir hérlendum dómstólum.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og sérstaklega það að hún skuli ætla sér að bera þessar hugmyndir eða spurningar undir höfundaréttarnefnd því að sú nefnd er sá aðili í kerfinu sem ætti að taka faglega afstöðu til slíkra mála. Það er auðvitað sameiginlegt hagsmunamál okkar allra að spornað sé gegn verslun með fölsuð myndverk og reynt að lágmarka eins og hægt er þann skaða sem íslenskur myndlistarmarkaður hefur þegar orðið fyrir vegna þeirra atburða sem átt hafa sér stað. Höfundaréttarnefnd er því sannarlega rétti aðilinn til að tjá sig um þessi mál. Síðan má auðvitað taka undir með hæstv. ráðherra varðandi það að dómstólar þurfi að skera úr um sæmdarrétt höfundanna. Ég veit sjálf ekki til þess að dómstólar hafi fengið til meðferðar mál sem varða 2. tölulið fyrirspurnar minnar, þ.e. hvort nokkur höfundur eða erfingi höfundar hafi sóst eftir því að falsað höfundarnafn sé afmáð af mynd. En þar kemur vissulega til sæmdarréttur höfundanna og erfingja hans.

Það sem er erfitt viðureignar varðandi það að falsaðar myndir geti farið í umferð er auðvitað tímafaktorinn því það líður svo langur tími frá því að málin eru útkljáð fyrir dómstólum og gæti liðið mannsaldur eða tveir þangað til verkin færu aftur í umferð. Þar af leiðandi er möguleiki á því að erfingjum verka sé alls ekki kunnugt um að viðkomandi verk hafi farið fyrir dómstóla og hafi verið dæmt falsað ef ekki er gerð krafa um að verkið sé sérstaklega merkt þegar dómstólar hafa dæmt það.

Eins og hefur komið fram í máli mínu, virðulegi forseti, og í máli hæstv. menntmrh. er hér um flókin mál að ræða en það er afar mikilvægt að við tökum á þeim og ég held að það verði best gert í samvinnu þeirra ráðherra sem málin heyra undir. Hæstv. dómsmrh. hefur svarað fyrir um þessi mál, þau heyra líka undir hæstv. iðnrh. og hæstv. menntmrh. og ég treysti því að menn vinni að því í sameiningu að reyna að lágmarka þann skaða sem hér gæti verið á ferðinni.

Íslensk byggingarlist.

Fsp. KolH, 559. mál. — Þskj. 838.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Segja má að kveikja þeirrar spurningar sem ég legg fyrir hæstv. menntmrh. um íslenska byggingarlist sé fengin úr afskaplega athyglisverðri sýningu arkitektafélaga allra Norðurlandanna sem boðið var upp á í Reykjavík í ágúst síðasta sumar. Sýningin bar heitið Auðlegð í norrænni byggingarlist og fjallaði á afar fróðlegan hátt um vistvæna íbúabyggð eftir 1995 þar sem þættir eins og landslag og tengsl við náttúru, borgarbyggð, mismunandi sambýlisform o.fl. koma við sögu.

Stjórnvöld í nágrannalöndum okkar hafa mörg hver verið að koma sér upp opinberri stefnu í byggingarlist á síðustu árum. Þannig eru Finnar, Svíar og Danir búnir að samþykkja slíka stefnu og ýmis sveitarfélög í nágrannalöndum okkar og einstakar borgir hafa líka mótað stefnu um sitt afmarkaða

svæði. Hér á landi var unnið mikið brautryðjendastarf á vegum Akureyrarbæjar sem mótaði sér stefnu í byggingarlist fyrir skemmstu og nú mun vera væntanleg svipuð stefna hjá Reykjavíkurborg, en sú vinna fór af stað að frumkvæði Arkitektafélags Íslands og hefur verið unnin undir stjórn Þorvalds S. Þorvaldssonar borgararkitekts.

Í ljósi þeirrar vakningar sem hefur orðið í umræðunni um skipulagsmál og vistvænar byggðir og byggingar, t.d. í tengslum við Staðardagskrárverkefnið og Dagskrá 21, er eðlilegt að spyrja hæstv. menntmrh. sérstaklega um þátt vistvænnar byggingarlistar í framtíðarstefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, en eins og kunnugt er hafa íslensk stjórnvöld gefið út stefnu um sjálfbæra þróun til framtíðar undir heitinu Velferð til framtíðar, og undir slíka stefnu hugmyndir um vistvæna byggð.

Í sýningarskrá sem fylgdi sýningunni Auðlegð í norrænni byggingarlist segir Valgerður Bjarnadóttir, formaður Arkitektafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Aðstandendur sýningarinnar telja mikilvægt að vekja umræðu um breytt verðmætamat og leita lausna sem stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda og minni sóun verðmæta. Í stað sóunar og þess að farga ónýtum hlutum megi líta á ónothæfa hluti sem auðlind sem finna megi nýjan tilgang. Í stað þess að rífa og henda megi hlúa að, breyta og bæta, líta á úrgang sem auð, breyta vandamáli í tækifæri."

Virðulegur forseti. Í tilefni þessa hef ég lagt fyrir hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurningar:

1. Hafa íslensk stjórnvöld mótað samræmda stefnu í málefnum íslenskrar byggingarlistar?

2. Með hvaða hætti hafa stjórnvöld komið að starfi íslenskra arkitekta á norrænum vettvangi um auðlegð í norrænni byggingarlist?

3. Hvaða sess skipar vistvæn byggingarlist í framtíðarstefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun?

[14:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Menntmrn. hefur til athugunar tillögur um að ráðast í stefnumótun á sviði byggingarlistar. Ráðuneytinu er kunnugt um það starf sem unnið hefur verið á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu á þessu sviði og hefur þegar orðið sér úti um gögn þar að lútandi. Stefnumótunina þarf að vinna í samstarfi við ýmis önnur stjórnvöld svo sem iðnrn., fjmrn. og umhvrn. og stofnanir á vegum þeirra svo og fagfélög á sviði byggingarlistar. Einnig þurfa að vera góð tengsl við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Það er álit mitt að helsta gildi stefnu í byggingarlist sé annars vegar að stuðla að auknum gæðum hins manngerða umhverfis og hins vegar að efla byggingariðnaðinn sjálfan hér á landi.

Menntmrn. veitti Arkitektafélagi Íslands tvo styrki, samtals að fjárhæð um 450 þús. kr., til að taka þátt í samsýningu norrænna arkitekta í tengslum við heimsþing þeirra alþjóðasamtaka sem haldið var í Berlín árið 2002, en meginefni þingsins var Resource Architecture. Sýningin var fyrst sýnd í sendiráðum norrænu þjóðanna í Berlín sumarið 2002 og síðan opnuð í Kaupmannahöfn á menningarnótt þeirra í október 2002, í Dansk Arkitektur Center í Gammel Dok. Sýningin var hluti af menningarnóttinni í Reykjavík í ágúst í fyrra og fór þaðan til Færeyja. Framlag íslenskra arkitekta til sýningarinnar var umhverfismiðstöðin á Sólheimum í Grímsnesi. Í tengslum við sýninguna var síðan haldin ráðstefna í Norræna húsinu í nóvember 2002 um vistvæna byggingarstarfsemi.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar, eins og við vitum, er fjallað um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar, og þar er ekki með beinum hætti vísað til byggingarlistar en á hinn bóginn eru þar til umfjöllunar ýmis efni sem tengjast skipulagi og framkvæmdum. Stefnt er að reglulegri endurskoðun stefnunnar og verður þá nánar fjallað um hið byggða umhverfi. Þessi stefnumótun er á verksviði umhvrn. og því rétt að hv. fyrirspyrjandi beini fyrirspurn sinni hvað það tiltekna atriði varðar til þess ráðherra.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og að fá þá vitneskju nú að ráðuneytið skuli hafa þessi mál til athugunar varðandi íslenska byggingarlist og stefnu í þeim efnum. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra sömuleiðis til þess að efna til þess samstarfs sem hún getur hér um réttilega að þurfi að fara fram milli fagaðila og stjórnvalda í þessu máli og lýsi því hér yfir að það er ánægjulegt að einhver skoðun skuli vera að hefjast á þessum málum í ráðuneytinu.

Hvað varðar nauðsyn þess og mikilvægi þess að komið verði á opinberri stefnu í byggingarlist nefndi hæstv. ráðherra að aukin gæði hins manngerða umhverfis væru einn þátturinn og annar sá að efla íslenskan byggingariðnað.

En það má ekki gleyma því heldur, herra forseti, að hér er líka um menningararf að ræða. Hluti af okkar íslenska menningararfi er fólginn í byggingum okkar, í húsagerðarlist okkar, og við skulum ekki gleyma því að húsagerðarlistin sem slík og vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð við hana í gegnum tíðina er hluti af menningararfi okkar og er þess vegna mikilvægt að mínu mati að þar verði um ákveðna varðveislu að ræða og að stjórnvöld komi þar aktíft inn til þess að sjá til þess að byggingarlist okkar nái flugi í framtíðinni og að í henni sé ákveðið samhengi við fortíðina.

Mér þykir skipta verulegu máli að hæstv. menntmrh. lýsi áhuga sínum á því að starf af þessu tagi fari fram. Og þó svo að hæstv. umhvrh. þurfi kannski að ákveðnu leyti að koma að hinum vistvæna þætti þessara mála þá er það rétt og ef hæstv. iðnrh. þarf að koma að málunum að einhverju leyti líka varðandi hönnunarþáttinn má segja að að ákveðnu marki sé byggingarlistin á gráu svæði á milli ráðuneyta. Í mínum huga ætti þó meginábyrgðin að hvíla á herðum menntmrn. og hvet ég því hæstv. menntmrh. til að halda frumkvæði í þessum málum.

[14:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég hef kannski ekki miklu við þetta svar mitt að bæta nema því að að sjálfsögðu tek ég keflið á lofti þar sem hv. fyrirspyrjandi henti því til mín og auðvitað mun menntmrn. eftir sem áður hafa frumkvæði í allri þeirri stefnu sem viðkemur list og listsköpun. Þá skiptir ekki máli hvort við erum að tala um byggingarlist, myndlist, tónlist eða kvikmyndalist, öll sú listsköpun sem ég hef nefnt hér og ekki nefnt fellur að sjálfsögðu undir ráðuneyti menningarmála og mun gera framvegis.

Tækniháskóli Íslands.

Fsp. RG, 766. mál. — Þskj. 1164.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég spyr hæstv. menntmrh. um framtíðarstaðsetningu Tækniskóla Íslands og það fer vel á því. Nú eru um 40 ár frá því að fyrsta undirbúningsdeild að tækninámi var sett á laggir við Vélskólann í Reykjavík og opnaði þá á námsmöguleika sem fram að því voru óþekktir á Íslandi og áttu eftir í fyllingu tímans að breyta miklu í menntamálum okkar.

Það er mjög mikilvægt að mínu mati að búa vel að þessum skóla og efla starfsemi hans. Þegar fjallað er um framtíðarstaðsetningu stofnana og t.d. skóla á háskólastigi er mjög gjarnan horft annars vegar til Reykjavíkur og hins vegar til landsbyggðarinnar til að koma til móts við menntakröfur heima fyrir og oft og tíðum líka varðandi stofnanir og háskóla sem lyftistöng fyrir þau byggðarlög og möguleika á að halda ungu fólki heima og að fá til sín nýja starfskrafta sem felst í því að kennarar og starfsfólk sæki til slíks skóla.

En staðreyndin er sú að höfuðborgarsvæðið nær langt út fyrir Reykjavík og það er löngu farið að líta á höfuðborgarsvæðið sem eina heild — höfuðborgarsvæðið. Því er það alveg sérstaklega áhugavert varðandi Tækniskóla Íslands að tveir bæir í Suðvesturkjördæmi hafa boðið fram aðstöðu fyrir Tækniskólann. Þeir bæir eru Mosfellsbær og Hafnarfjörður.

Nú ber svo við að ég þekki betur stöðuna í Hafnarfirði þar sem þingmönnum kjördæmisins hefur verið kynnt hvað þar er í boði. Þar hefur verið unnið deiliskipulag að háskólasvæði sem að sjálfsögðu er fyrir hendi og verður nýtt hvort sem Tækniskólinn kemur þangað eða ekki, en ég hlýt að segja frá þeirri framsýni að þar hefur verið unnið deiliskipulag að háskólasvæði, gert ráð fyrir leiguíbúðum fyrir stúdenta á svæði sem liggur að glæsilegri íþróttaaðstöðu, húsi, útivistarsvæði og sundlaug. Ein af stofnleiðum almenningsvagna mun liggja beint inn á svæðið og það er því mjög áhugavert að heyra hvað hæstv. menntmrh. hefur að segja. Fyrst og fremst á það auðvitað við þróun skólans og framtíðarsýn en einnig hvert pólitískt mat hæstv. ráðherra er á því að staðsetja skóla eins og þennan í nágrannabæjunum.

[14:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Tækniháskóli Íslands hefur undanfarin ár starfað í nokkuð óhagkvæmu leiguhúsnæði á Höfðabakka 9. Húsnæðið var upphaflega byggt sem iðnaðarhúsnæði og er því fremur óhentugt sem skólahúsnæði.

Núverandi stærð þess húsnæðis sem Tækniháskólinn nýtir er 8.500 fermetrar og nýtist það misvel vegna skipulags þess. Húsaleigusamningurinn um núverandi húsnæði gildir til næstu 10 ára eða til 2014 en hann er uppsegjanlegur.

Nemendum Tækniháskóla Íslands hefur fjölgað mikið síðustu ár og voru ársnemendur skólans 624 árið 2000 en í fjárlögum ársins 2004 er gert ráð fyrir 855 ársnemendum, þ.e. fjölgað hefur um rúmlega 200 nemendur á þessum árum. Í áætlun skólans kemur einnig fram að stjórnendur skólans telja að nemendum komi til með að fjölga á næstu árum. Fyrirkomulag núverandi húsnæðis og nemendafjölgun hefur hvort tveggja þrýst á um breytingar í húsnæðismálum skólans.

Stjórnendur Tækniháskólans hafa um skeið, að eigin frumkvæði, skoðað hugmyndir um framtíðarstaðsetningu skólans. Starfshópur á vegum Tækniháskólans gerði úttekt á núverandi húsnæði skólans og frumkönnun á fjórum mögulegum staðsetningum skólans til framtíðar. Niðurstöður hópsins lágu fyrir í febrúar 2003. Til að fylgja eftir þeirri vinnu var unnin greinargerð af hálfu Arkís ehf. í samvinnu við Land-ráð sf., sem er ráðgjafarfyrirtæki dr. Bjarna Reynarssonar. Þeirri vinnu lauk í desember 2003 og var greinargerðin gefin út í febrúar 2004. Markmið greinargerðarinnar var að meta þá staði á höfuðborgarsvæðinu sem þegar hafa verið valdir af hálfu Tækniháskólans og eru helst taldir koma til greina fyrir framtíðarstaðsetningu skólans. Greinargerðinni er ætlað að gefa hlutlaust mat á kostum og göllum hvers staðar út af fyrir sig út frá skipulagslegum sjónarmiðum og benda út frá því mati á æskilegustu staðsetningu skólans. Greinargerðinni er þannig ætlað að verða hluti þeirra gagna sem notuð verða við endanlegt val á staðsetningu Tækniháskólans til framtíðar.

Auk núverandi staðsetningar Tækniháskólans voru eftirfarandi sex staðir teknir til umfjöllunar. Það er lóð Hampiðjunnar í Ártúnshöfðahverfi, vestan Höfðabakka og norðan Vesturlandsvegar; svæðið við rannsóknastofnanir atvinnuveganna í Keldnaholti; svæði á Urriðaholti í Garðabæ; svæði fyrir vísindagarða í Vatnsmýrinni við Háskóla Íslands; svæði við miðsvæði Valla í Hafnarfirði og svæði í nágrenni við miðbæ Mosfellsbæjar.

Niðurstöður matsins á ofangreindum stöðum eru þær að út frá skipulagslegu sjónarmiði koma tvö svæði á höfuðborgarsvæðinu best út. Þau hafa reyndar verið skilgreind af skipulagsyfirvöldum sem þekkingarkjarnar eða miðstöðvar fyrir háskóla og rannsóknarstarfsemi til framtíðar. Þessi svæði eru Keldnaholt og Vatnsmýri. Urriðaholt er einnig skilgreint sem svæði undir svipaða starfsemi en þar sem uppbygging svæðisins er ekki hafin og það nokkuð fjarlægara samstarfsaðilum skólans en hinir tveir staðirnir fékk Urriðaholt slökustu útkomu þessara þriggja svæða.

Keldnaholt fékk bestu einkunn í samanburði kostanna. Þar vega þungt atriði eins og staðsetning, gott aðgengi, nálægð við rannsóknastofnanir með möguleika á enn nánara samstarfi. Einnig má nefna gott vaxtarrými, fallegt náttúrulegt umhverfi og nálægð við eitt helsta vaxtarsvæði þjónustuíbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu næstu áratugi. Þetta kemur fram í þeirri skýrslu sem ég hef vísað til.

Vatnsmýrin fékk lægri einkunn en Keldnaholtið þegar staðsetningarkostirnir voru bornir saman. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum um þekkingarþorp í Vatnsmýrinni er ekki sýnt sérstakt svæði fyrir Tækniháskólann til framtíðar og óvíst er hvort sú staðsetning endurspegli í raun sérstöðu hans sem háskóla atvinnulífsins sem hann vill undirstrika að hann sé.

Ég hef ekki tekið afstöðu til þeirra hugmynda sem hafa fram komið í greinargerðinni enda hefur verið bent á, m.a. af bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ, að þær viðmiðanir sem þessi greinargerð miðar við séu ekki alveg réttar. Talið er að hægt væri að gera úttekt á fleiri svæðum í Mosfellsbænum þar sem það er vilji fleiri sveitarfélaga en Reykjavíkur að fá þennan ágæta skóla inn á sitt svæði.

Þetta er allt gott og gilt. Þessi gögn munu hjálpa okkur að fikra okkur áfram að í að finna út hvar framtíðarhúsnæði Tækniháskólans eigi að vera. Ég vil taka sérstaklega undir með hv. fyrirspyrjanda varðandi það að það er ekki gefið að Tækniháskóli Íslands verði áfram í Reykjavík. Ég hef oft sagt að það sé eins og einu staðirnir sem hægt er að byggja á

skóla eða opinberar stofnanir séu annaðhvort í Reykjavík, þá helst 101, eða úti á landi. Ég tel að ekki hafi verið nægilega mikið litið til þeirra kosta sem bæirnir í kringum Reykjavík hafa að bjóða.

[14:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef nokkrum sinnum komið í húsnæði Tækniháskóla Íslands og verð að segja að til fjölmargra ára hefur það verið þeirri stofnun til minnkunar að ekki hafi verið bætt úr því ástandi sem þar hefur verið. Mér finnst að hæstv. ráðherra, sem tók þannig til orða áðan að menn væru að feta sig áfram í þessu máli, þyrfti að gefa svolítið skýrari svör um hve hratt menn ætli að feta sig áfram til að koma þessari starfsemi undir viðunandi þak. Þannig hefur það ekki verið í gegnum tíðina.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að láta virkilega til sín taka í málefnum Tækniháskólans því að þar hefur þörfin verið mjög brýn of lengi. Það er mikilvægt að menn leggi áherslu á að standa við bakið á annarri háskólastarfsemi en hinni hefðbundnu.

[14:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og einnig sumu í svörum hæstv. ráðherra. Ég tek einkanlega undir þau skýru viðhorf hennar að vel kæmi til greina, og væri æskilegt raunar, að skipa menntastofnunum og öðrum opinberum eða hálfopinberum stofnunum sess í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur.

Hæstv. ráðherra rakti forgangsröðun sérfræðinga. Sú forgangsröð rennur alltaf í svipaðan farveg. Það á að skipa þessum stofnunum sess nærri stöðum þar sem eitthvað annað er fyrir. Menn eru fastir í þeirri hringrás og þess vegna er sérstakt fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli fús til og reiðubúinn að skoða það af fullkominni alvöru að brjótast út úr þeirri hringrás að staðsetja opinberar stofnanir í Reykjavík og koma þeim annars vegar suður í Hafnarfjörð eða í Mosfellsbæ eftir efnum og ástæðum.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að staldra við það hve mikið er búið að leggja í góðar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og út fyrir höfuðborgarsvæðið. Það er hægt að líta upp til Akraness í því sambandi. Það er farið að verða auðvelt að fara á stuttum tíma á milli staða og ef vilji er til er hægt að skapa nýjar aðstæður í skólamálum hjá þeim bæjum sem ég vék að áðan.

Ég verð að segja að mér finnst gott að heyra hve faglega hefur verið haldið á þessum málum, þ.e. miðað við það ferli sem hingað til hefur farið fram og ráðherra lýsti. Þó hlýt ég að staldra við það að litið skuli til Keldnaholts. Er það örugglega best fyrir skóla að vera bætt inn í samfélag eins og þar hefur þegar vaxið upp? Á Tækniháskólinn heima þar? Er ekki ástæða til að líta jafnframt til mikils rýmis og fagurs umhverfis þar sem nýtt skólasvæði er í undirbúningi, með miklu rými fyrir íbúðir og annað, eins og ég benti á að á sér stað í Hafnarfirði.

Það sem mig langar að spyrja ráðherra um í síðari ræðu minni er: Kemur virkilega til greina að Tækniskólinn verði áfram í leiguhúsnæðinu? Mér fannst hálfpartinn að það kæmi fram. Hefur verið sest yfir það hvenær eigi að taka afstöðu til framtíðarstaðsetningar skólans?

Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Ég er tiltölulega ánægð með svör hæstv. ráðherra þrátt fyrir að ekki sé komin niðurstaða í þetta mál og ekki sé mikill vilji, miðað við það sem hingað til hefur gerst, til að líta til uppbyggingar í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur.

[14:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er alveg ljóst að staður fyrir framtíðarhúsnæði Tækniháskólans verður fyrst og fremst valinn með hagsmuni nemenda og skólans að leiðarljósi. Sá staður getur að sjálfsögðu verið allt í kringum Reykjavík eins og í Reykjavík miðri. Það er alveg á hreinu af minni hálfu.

Varðandi húsnæðismál Tækniháskólans þá verður að líta á húsnæðismál annarra háskóla. Það verður að segjast eins og er að það þarf einnig að leysa húsnæðismálin hjá öðrum háskóla, þ.e. Listaháskóla Íslands. Sá skóli er í brýnni húsnæðisþörf. Þau mál erum við líka að fara gaumgæfilega yfir. Eins og gefur að skilja, þegar maður reynir að sýna ábyrga fjármálastjórn, verð ég að vera hreinskilin og segja að ég held að ég komi fyrst til með að líta yfir málefni Listaháskóla Íslands. Það verður að hafa í huga að samningur Tækniháskólans um leiguhúsnæðið er til 10 ára og mjög dýrt að segja þeim samningi upp. Þar fyrir utan hafa menn einfaldlega ekki ákveðið sig innan Tækniháskólans um hvað eigi að gera í málefnum hans.

Við sjáum m.a. á þessari úttekt að málin eru að þróast í jákvæðan farveg. Menn eru farnir að opna augun fyrir öðru en 101 Reykjavík og ég vildi óska þess að svo hefði líka verið þegar lagt var til að Listaháskóli Íslands yrði færður suður í Hafnarfjörð á Norðurbakkann. Á þeim tíma voru frábærar hugmyndir uppi á borðum. Menn keyptu hins vegar ekki þá góðu hugmynd, kannski út af því að ákveðnir barir voru ekki nálægt þeim góða Norðurbakka.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ.

Fsp. VF, 768. mál. — Þskj. 1166.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Mosfellsbær er eitt af þeim sveitarfélögum sem fer ört stækkandi. Þar eru í dag 6.500 íbúar. Þar á sér mikil uppbygging stað og er jafnframt áætluð næstu árin. Mikil ásókn er í að búa þar í sveitinni og ljóst er að ef þar fjölgar eins í stefnir þá verður íbúafjöldinn árið 2006 um 8.000 manns. Af þessum 6.500 íbúum eru í dag um 440 framhaldsskólanemendur. Áætlað að þeim fjölgi í um 550 árið 2008 og verði allt að 650 árið 2010.

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir því að framhaldsskóli rísi í sveitarfélaginu í framtíðinni, skóli sem gæti auk þess að þjóna Mosfellingum þjónað nærliggjandi hverfum sem risið hafa í Reykjavík og koma til með að rísa á næstu árum, t.d. undir hlíðum Úlfarsfells. Í ljósi þessa spyr ég hæstv. menntmrh.:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhaldsskóla verði komið á fót í Mosfellsbæ? Ef svo er, hvenær gæti orðið af því?

[14:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mosfellsbær tók á sínum tíma þátt í stofnkostnaði við byggingu Borgarholtsskóla ásamt Reykjavíkurborg og ríkinu. Hlutur Mosfellsbæjar var 12% af áætlaðri kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna við skólann. Jafnframt aðild Mosfellsbæjar að Borgarholtsskóla var gert samkomulag um að nemendur úr Mosfellsbæ ættu aðgang að öðrum skólum í Reykjavík til jafns við Reykvíkinga. Síðan var landið allt gert að einu upptökusvæði, það gerðist í millitíðinni í málum framhaldsskólanna.

Á síðasta ári fóru fram óformlegar umræður á milli ráðuneytisins og forsvarsmanna Mosfellsbæjar um möguleika á byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ en í dag eru hvorki formlegar né óformlegar viðræður í gangi út af því máli þó því sé haldið vakandi af hálfu forráðamanna bæjarins.

Ég vil fyrir mitt leyti segja að ráðuneytið hefur ekki á prjónunum að gangast fyrir byggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ á allra næstu árum. Hins vegar mun ráðuneytið ekki skorast undan viðræðum við Mosfellsbæ um byggingu framhaldsskóla ef eftir því verður leitað. Ég vil hins vegar ítreka að ég kem til með að ganga óbundin til slíkra viðræðna. Ég loka því engan veginn á viðræður um framhaldsskóla í Mosfellsbæ en það má velta því fyrir sér hvort það sé tímabært eins og sakir standa, m.a. í tengslum við stærð bæjarins. Við erum fyrst og fremst að hugsa um það ef við komum upp framhaldsskóla í Mosfellsbæ þá verði hann raunverulegur og góður valkostur við aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ mun að öllum líkindum verða að veruleika eftir einhver ár en eins og staða er í dag tel ég það ekki tímabært.

[14:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn sem fram er komin hjá hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni um hvort til standi að byggja framhaldsskóla í Mosfellsbæ og einnig þeim tóni í svari ráðherra sem laut að því að það væri ekki útilokað framtíðarmarkmið að stefna að því að byggja upp sérstakan framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Þó að hlutunum sé ágætlega fyrir komið eins og sakir standa í hinum mjög svo framsækna og góða Borgarholtsskóla þá held ég að það sé nauðsynleg framtíðarsýn fyrir þetta byggðarlag, sem er þarna eins og er enn þá á jaðri Reykjavíkurborgar og fyrir utan sjálfa höfuðborgina, að stefna að því að byggja þar upp öflugan og sértækan framhaldsskóla utan um einhver ákveðin svið. Það held ég að muni styrkja verulega byggðina þar og þar vestur úr, af því að við höfum séð á þróun framhaldsskólanna hvernig þær byggðir hafa blómstrað þar sem framhaldsskólar hafa verið reistir. Þær einfaldlega blómstra en hinar sitja eftir.

[14:47]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er ávallt gaman að heyra umræður um framhaldsskóla og staðsetningu þeirra enda er fátt mikilvægara hverju byggðarlagi en öflugir skólar eins og dæmin sanna. Mér finnst svar hæstv. ráðherra lýsa mikilli ábyrgð, þ.e. að horfa til framtíðar en meta stöðuna eins og hún er í dag. Þá vaknar þessi grundvallarspurning: Hvenær er tímabært að hefja rekstur framhaldsskóla í sveitarfélagi? Þetta hefur alltaf verið slagur, eins og sagan sýnir.

Mig langar til að velta því upp hvort hæstv. ráðherra teldi koma til greina að varpa framhaldsskólanum yfir til sveitarfélaganna, að þá verði tekið mið af því í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin geti axlað þessa ábyrgð og þau sem framsæknust eru geti tekið sjálfstæða ákvörðun um þetta og þannig í rauninni keppt sín á milli. Eiga framhaldsskólar endilega að vera á herðum ríkisins, af hverju ekki alveg eins sveitarfélaga?

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka menntmrh. fyrir svörin og þeim sem hafa tekið þátt í þessum umræðum. Ég tek undir spurningu hv. þm. Hjálmars Árnasonar: Hvenær er í raun tímabært að hefja uppbyggingu skóla í sveitarfélagi miðað við stærð?

Það hefur jafnframt sýnt sig varðandi Borgarholtsskóla, sem Mosfellsbær tók réttilega þátt í að byggja upp, að vegna samgangna er hann nokkuð úr leið nemenda sem vilja sækja hann úr Mosfellsbæ þannig að þeir sækja í aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil jafnframt velta því hér upp, úr því að hæstv. menntmrh. hefur alla vega velt því fyrir sér að reisa framhaldsskóla í Mosfellsbæ, að hún gæti t.d. tekið sérstaklega á umhverfismálum og atvinnu- og ferðamálum.

[14:49]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason velti upp hér gríðarlega stórri og merkilegri spurningu um það hvort við eigum að flytja framhaldsskólann yfir til sveitarfélaganna. Eins og staðan er í dag tel ég það ekki tímabært einfaldlega út af nægum verkefnum sem sveitarfélögin eiga núna, eins og staðan er í dag, fullt í fangi með að sinna. Verkefni hafa verið flutt yfir til sveitarfélaganna og ég held að við eigum að láta tíma líða og leyfa þessum málum að þroskast. Við erum að tala líka um önnur málefni sem eru mjög merkileg og sem hugsanlega þá fara einnig yfir til sveitarfélaganna, t.d. málefni fatlaðra. Að mörgu er því að hyggja þegar talað er um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þar verðum við að stíga varlega til jarðar.

Ég ítreka fyrra svar mitt um framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Ég sé fyrir mér að í ört stækkandi bæ eins og Mosfellsbær er munu ríkið og sveitarfélagið Mosfellsbær að sjálfsögðu fara í að ræða um framhaldsskóla. En eins og staðan er í dag tel ég það ekki tímabært, sér í lagi með það í huga að íbúar á framhaldsskólaaldri í Mosfellsbæ verða að hafa raunverulegan valkost. Ef við færum að byggja upp framhaldsskóla núna þá yrði hann eins og staðan er í dag kannski ekki nægilega sterkur valkostur við alla þá góðu skóla sem eru á Reykjavíkursvæðinu.

Fjárveitingar til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Fsp. VF, 803. mál. — Þskj. 1218.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands eru landssamtök og í þeim eru um 150 þúsund félagsmenn. Innan sambandsins eru 24 sérsambönd og stefnt er að því á næsta þingi ÍSÍ 24. apríl að stofna 25. sérsambandið.

Sérsambönd eru í dag æðstu aðilar í sínum íþróttagreinum. Áður fyrr var íþróttastarfið fyrst og fremst í héraðssamböndum og á vegum íþróttabandalaga en á síðustu áratugum hefur það þróast í það að sérsamböndin eru mjög mikilvægur hlekkur í íþróttastarfinu. Þau stýra viðkomandi íþróttagreinum, mótahaldi, uppbyggingu, fræðslu og útbreiðslustarfsemi.

Sérsamböndin eru misstór og gengur misvel að afla sér tekna til rekstursins. Sérsambönd hafa umsjón með þátttöku þjóðarinnar í íþróttagreinum á erlendri grund. Þau sinna mörgum verkefnum og eru því miður að mestu leyti rekin eingöngu af sjálfboðaliðum. Tími þeirra fer að mestu leyti í að reyna að halda í horfinu, sinna daglegum rekstri, framþróun og útbreiðslustarf bíður.

Á fjármálaráðstefnu ÍSÍ fyrir nokkrum árum hélt ég því fram að frumkvæði um fastar fjárveitingar til íþróttahreyfingarinnar ætti að koma frá ríkisvaldinu. Mér er minnisstætt að hæstv. menntmrh. sem þá var óbreyttur þingmaður taldi hins vegar að frumkvæðið ætti fyrst og fremst að vera hjá íþróttahreyfingunni sjálfri.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur sýnt frumkvæði í beiðni til fjárln., t.d. síðasta haust, um fjárveitingar til sérsambanda. Þeirri beiðni var því miður hafnað. En enn á ný hefur ÍSÍ sýnt frumkvæði með bréfi til menntmrn. og fjárln. þann 12. febr. sl. þar sem fram kemur beiðni um sérstakt fast fjárframlag til sérsambanda.

Í þessu sambandi spyr ég, frú forseti:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands? Ef svo er, hvenær og um hvaða fjárhæðir er að ræða?"

[14:54]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að nú þegar er undirbúningur hafinn að fjárlagagerðinni fyrir árið 2005 og hafa menntmrn. þegar borist skriflegar tillögur Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands vegna rekstrarstyrkja til sérsambandanna fyrir næsta ár og þær tillögur eru auðvitað til skoðunar í ráðuneytinu.

Hafa ber í huga að sérsambönd ÍSÍ eru alls 24, eins og kom fram áðan, og eru eins og gefur að skilja mismunandi að stærð og misvel í stakk búin að afla sér tekna til reksturs. Ég mun gera mitt besta til þess að mæta óskum ÍSÍ en þó innan þess ramma sem ég hef við undirbúning fjárlagagerðar fyrir næsta ár.

Í ljósi þessarar fyrirspurnar ber þess að geta að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fær á fjárlögum ársins 2004 74,7 millj. kr. og 15 millj. að auki vegna Ólympíuleikanna núna í sumar. Þá hafa Íþróttasamband fatlaðra og Glímusamband Íslands um langt árabil fengið fjárveitingar til starfsemi sinnar. Önnur sérsambönd ÍSÍ hafa almennt ekki hlotið fjárveitingar á fjárlögum en þó með einstaka undantekningum og þá til ákveðinna og afmarkaðra verkefna. Einnig hafa sérsamböndin notið stuðnings af safnliðum menntmrn. til ákveðinna verkefna og einnig vegna stórmóta og ýmissa viðburða á þeirra vettvangi. Auk þess geta sérsambönd sótt um fjárstuðning úr íþróttasjóði vegna umsóknar þeirra um sérstök verkefni sem falla innan reglugerðar sjóðsins.

Í þessari umræðu má heldur ekki gleyma að aðaltekjulind íþróttahreyfingarinnar er hagnaðurinn af lottósölunni og skiptist sá hagnaður með ákveðnum hætti til aðila hreyfingarinnar.

Þá ber þess að geta að öllum sérsamböndum ÍSÍ var sent bréf þar sem þeim var gefinn kostur á að senda inn umsóknir um stuðning á fjárlögum fyrir árið 2005.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, einnig upplýsa þingheim um að ég hef tekið þá ákvörðun að boða til árlegs fundar með forsvarsmönnum ÍSÍ ásamt forsvarsmönnum allra sérsambanda ÍSÍ og vænti ég góðs árangurs af því samráði í framtíðinni, en þetta er nýmæli.

[14:56]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Valdimar Leó Friðrikssyni fyrirspurnina.

Ég er ekki í nokkrum vafa, virðulegi forseti, um að okkar skeleggi og hæstv. ráðherra menntamála og íþróttamála í þessu landi hafi mikinn áhuga og metnað til þess að efla almennt íþróttahreyfinguna í landinu. Þrennt verður að skoðast í þessu sambandi — ég mun vekja frekari athygli á því síðar þar sem tillaga er væntanleg þeim sem hér stendur til umræðu hér eftir páska — þ.e. að sparnaður felst í því fyrir heilbrigðiskerfið að auka vægi íþróttahreyfingarinnar. Fjárhagsleg velta leiðir til tekna atvinnufyrirtækja o.s.frv. Svo má líka meta þá miklu sjálfboðaliðsvinnu sem fer fram innan vébanda hreyfingarinnar og sparar um leið opinber útgjöld vegna samsvarandi lausna samfélagsins.

Ég ítreka enn og aftur ánægju mína með fyrirspurnina.

[14:57]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég tek undir mikilvægi opinbers stuðnings við íþróttagreinar og sérstaklega til stuðnings sjálfboðastarfi eins og nefnt var áðan.

Ég vil þó í þessu sambandi benda á ójafnræðið milli opinberra framlaga til íþróttamála annars vegar og félags- og tómstundamála hins vegar, sérstaklega það sem snýr að börnum. Eins og við vitum felur bæði þátttaka í íþróttastarfi og félags- og tómstundastarfi í sér mjög mikilvægt uppeldislegt gildi og forvarnagildi fyrir börn og ungmenni. Kannanir sýna að um 40% barna og ungmenna taka þátt í íþróttastarfi en um 75% barna og ungmenna í félags- og tómstundastarfi. En opinbert framlag til íþróttafélaga er svona á milli fimm og sex sinnum hærra en til félags- og tómstundastarfs ungmenna og þá tel ég þar með framlög sveitarfélaga. Ég vil vekja athygli á því að kannski þarf að forgangsraða og leggja meiri áherslu á félags- og tómstundastarf í framtíðinni.

[14:59]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Fyrir það fyrsta vil ég taka undir með og þakka hæstv. menntmrh. fyrir yfirlýsinguna sem hún gaf hér um árlega samráðsfundi með forustu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, hvort heldur ÍSÍ eða sérsambanda. Það held ég að sé mjög til bóta og til fyrirmyndar og vona að út úr því komi eitthvað annað en bara svona glansfundur vegna þess að sannarlega þarf að taka á mörgum málum.

Hv. þm. Valdimar L. Friðriksson vekur hér athygli á einu mjög góðu máli, þ.e. framlögum til sérsambanda sem berjast í bökkum. Annað atriði sem ég vil nefna og er ekki síður mikilvægt atriði á sviði íþrótta er ferðajöfnunarsjóður. Ferðalög og kostnaður við þau er að sliga mjög mörg íþróttafélög og gerir það að verkum að fjöldi manns getur ekki tekið þátt í íþróttakappleikjum út af hinum geysiháa ferðakostnaði.

Annað mætti nefna í þessu sambandi — það var í fréttum í dag — og er ekki verkefni eins sérsambands eins og Knatt-

spyrnusambands Íslands, þ.e. að fjármagna viðbyggingu við stúkuna í Laugardalshöllinni sem við eigum auðvitað að vera stolt af að er þjóðarleikvangur okkar Íslendinga. Það á að vera verkefni okkar allra.

[15:00]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil eins og síðasti hv. ræðumaður fagna yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um þennan samráðsvettvang. Samráðsvettvangur íþróttahreyfingarinnar og hins opinbera er löngu tímabær einmitt með þeim rökum sem hér voru kynnt að íþróttir eru svo mikilvægar samfélaginu öllu og fátt sem hefur jafnmikið forvarnagildi og íþróttir. Við gerum miklar kröfur til afreksfólks okkar og höfum verið að standa okkur eins og um heimsveldi væri að ræða á því sviði. Hins vegar eru svo hinar svokölluðu almenningsíþróttir sem ekki endilega eru keppnisíþróttir. Til þess að við stöndum okkur í afreksíþróttum kostar það okkur gífurlega peninga. Vandinn er sá að það verður alltaf erfiðara að fá fólk til þessara svokölluðu hugsjónastarfa og þess vegna er mikið leitað á náðir hins opinbera. Þarna þarf að finna hinn gullna meðalveg og einmitt þess vegna er svona samráðsvettvangur svo mikilvægur.

[15:01]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er fín umræða sem hér fer fram um ágæta fyrirspurn hv. þm. Valdimars L. Friðrikssonar. Ég kem upp aðallega til að taka undir með hv. þm. Ástu Möller um mikilvægi þess að annað tómstundastarf en íþróttir verði metið betur að verðleikum en það er í dag. Staðreyndin er sú að það er tómstundastarf sem er hollt hverju nafni sem það nefnist. Það eru ekki líkt því allir unglingar eða börn sem eiga þess kost af ýmsum orsökum, andlegum eða líkamlegum, að stunda íþróttir, en geta tekið þátt í annars konar tómstundastarfi séu þeim skapaðar aðstæður til og það er mikilvægt.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir ágæt svör og öllum þeim þingmönnum er tóku þátt í umræðunni. Ég fagna að sjálfsögðu sérstaklega yfirlýsingunni um frumkvæði ráðherra að hafa samráðsfundi með sérsamböndum ÍSÍ.

Hér hefur aðeins verið rætt um tómstunda- og æskulýðsmál. Ég minntist á það áðan að íþróttahreyfingin er nú einu sinni stærstu landssamtök Íslands, telur yfir 150 þús. félagsmenn, og samhliða íþróttastarfi fer þar að sjálfsögðu fram tómstunda- og æskulýðsstarf. Ég frábið mér það að þegar menn sækjast eftir auknum styrkjum til íþróttahreyfingarinnar að þá þurfi yfirleitt að koma og reyna að teygja það í eitthvað annað, hvort sem um er að ræða æskulýðsstörf eða menningarstörf.

Við verðum að átta okkur á að sérsamböndin sinna þarna mjög mikilvægu starfi. Þau bera ábyrgð á keppni íþróttamanna fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi. Þeir sem starfa hvað mest þar, þ.e. stjórnarmenn og aðrir, eru í raun og veru að sinna í sjálfboðaliðastarfi þjónustu fyrir ríkið sjálft. Það er í sjálfu sér grunnástæðan fyrir því að slíkt starf á hreinlega að vera á föstum fjárlögum, þ.e. menn eiga ekki að þurfa að reka alþjóðlega íþróttastarfsemi eða keppni á erlendri grundu í sjálfboðaliðastarfi einu saman.

[15:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem komið hefur fram hjá hv. þm. Ástu Möller og hv. 6. þm. Norðvest., Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, að æskulýðs- og tómstundastarf sé mjög mikilvægt fyrir allt okkar góða samfélag. Ég dreg ekki dul á að það hefur gríðarlega mikla þýðingu, eins og hefur m.a. komið fram í mjög góðri úttekt og skýrslu sem hv. þm. Ásta Möller stóð fyrir að gefa út og vinna fyrir menntmrn. Á hinn bóginn fjöllum við hér um fyrirspurn varðandi íþróttastarf og þá hljótum við að geta rætt um íþróttir án þess endilega að teygja annað inn í og það er það sem ég ætla að reyna að gera.

Ég ítreka það að á síðustu missirum og árum höfum við stóraukið framlög til íþróttamála almennt. Við erum búin að efla afrekssjóð. Við erum líka að efla íþróttamál og íþróttahreyfinguna á annan hátt í gegnum ungmennafélögin, sem fyrrverandi kandídat til formanns UMFÍ veit mætavel, og svo má lengi telja, m.a. með uppbyggingu íþróttavalla víðs vegar um landið. Það eru allir tilbúnir, og það er mjög jákvætt, að koma með góðar tillögur og sumar hverjar raunhæfar til þess að efla og styrkja íþróttahreyfinguna og íþróttastarfið í landinu, m.a. eins og menn hafa verið að tala um ferðasjóð íþróttafélaga. En þá spyr maður á móti: Er ekki rétt að íþróttahreyfingin forgangsraði líka sjálf innan síns ramma og segi: Gott og vel, við fáum aukið fjármagn en í hvað á það að fara? Á það að fara í ferðasjóð íþróttafélaga? Á það að fara í uppbyggingu á íþróttavöllum? Ég held að sú pólitíska íþróttastefna sé mál sem íþróttahreyfingin verður sjálf að takast á við, því við höfum takmarkaða fjármuni sem fara í þessi mál, við verðum að horfast í augu við það, og þá verðum við að forgangsraða, bæði við stjórnmálamennirnir og íþróttahreyfingin sjálf.

Auglýsingar í grunnskólum.

Fsp. ÁMöl, 805. mál. — Þskj. 1220.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Í nýlegum pistli á skólavef grunnskólans á Ísafirði vekur Skarphéðinn Jónsson skólastjóri athygli á vaxandi áleitni auglýsinga gagnvart börnum. Í pistlinum segir skólastjórinn eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Auglýsendur virðast einnig í auknum mæli vera að sækja að stofnunum sem hafa með börnin að gera svo sem grunnskóla, félagsmiðstöðvar og fleiri stofnanir. ... Nú er svo komið að fyrirtæki, stofnanir og samtök líta á grunnskólann sem heppilegan vettvang til að dreifa ýmiss konar auglýsingum um hitt og þetta og virðast stundum líta á starfsfólk skólanna sem samverkamenn í markaðssókn viðkomandi fyrirtækja. ... Yfirleitt fá skólarnir sendingu þar sem óskað er eftir dreifingu á tilteknu efni. Einnig fá skólarnir aragrúa tölvupóstsendinga þar sem óskað er eftir dreifingu á hinum og þessum tilboðum til nemenda og starfsmanna."

Nefnir skólastjórinn tvö nýleg dæmi um slíka auglýsingamennsku, eins og þau hafa birst í grunnskólanum á Ísafirði. Annars vegar var einkafyrirtæki að auglýsa áskriftartilboð gagnvart nemendum og hins vegar var ÍSÍ að auglýsa teiknimyndasamkeppni meðal barna og var auglýsing

frá kreditkortafyrirtæki á bakhlið nemendabæklings. Skólastjórinn lýsti því í pistli sínum að honum blöskraði ágangur auglýsinga að börnum og markaðssetning á vörum og þjónustu sem beint er að börnum. Síðan segir hann eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Okkur er vandi á höndum í grunnskólunum, stöðug ásókn einkafyrirtækja varðandi auglýsingar er vaxandi. Fyrirtækin eru oft svo ósvífin að þau senda án leyfis tugi eða hundruð pésa til skólanna sem kennurum er svo ætlað að dreifa til nemenda.“

Síðan segir hann frá því að skólastjórnendur í Ísafjarðarbæ hafi útbúið verklagsreglur til að taka á slíkum málum.

Ég hef fylgst með þessum málum um nokkurt skeið, eða síðan ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. fyrir réttum þremur árum hvort hún mundi beita sér fyrir því að setja reglugerð um börn og auglýsingar á grundvelli 30. gr. samkeppnislaga. Slíkar reglur hafa enn ekki verið settar þrátt fyrir að umboðsmaður barna hafi ítrekað gengið eftir því. Ef eitthvað er hefur áreitni auglýsinga gagnvart börnum aukist á þessum þremur árum.

Víða erlendis hafa verið settar leiðbeinandi reglur um markaðssetningu í skólum. Þær fjalla m.a. um hvernig skólastjórnendur eigi að taka á tilboðum frá fyrirtækjum um ókeypis kennsluefni, tæki eða annað efni og um þau skilyrði sem slíkt efni eða vörur eigi að uppfylla til að hægt sé að þiggja það. Einnig er fjallað um kostun og auglýsingar í skólum og um þátttöku foreldra í slíkum ákvörðunum. Skólastjóri grunnskóla Ísafjarðar skrifaði pistilinn til að vekja athygli á þessu máli og segist sjálfur vilja hlífa skólanum gegn óvægri markaðssókn fyrirtækja.

Nú vil ég því spyrja hæstv. menntmrh. hvort hún muni beita sér fyrir því að settar verði leiðbeinandi reglur um dreifingu auglýsinga í grunnskólum sem beint er að skólabörnum.

[15:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að hreyfa þessu sérstaka máli. Menntmrn. hefur nýlega fengið bréf frá grunnskóla þar sem vakin er athygli ráðuneytisins í aukinni ásókn ýmissa fyrirtækja til þess að auglýsa beint eða óbeint í grunnskólunum. Jafnframt var ráðuneytið spurt hvort komið hafi til tals að semja reglur á landsvísu til að takmarka ásókn einkafyrirtækja í grunnskólana.

Ráðuneytið svaraði því til að ekki hefði komið til tals að menntmrn. semji slíkar reglur á landsvísu, enda skorti ráðuneytið heimildir til þess. Ráðuneytið telur eðlilegt að skólastjóri taki í hverjum skóla ákvarðanir um hvaða auglýsingar eða tilkynningar skuli heimilaðar í skólum. Ráðuneytið telur til fyrirmyndar að hver skóli eða sveitarfélag setji sér verklagsreglur í þeim efnum og að þær reglur séu vel kynntar meðal nemenda, starfsfólks skóla og foreldra. Eðlilegt er að birta slíkar verklagsreglur í skólanámskrá skólans.

Ég vil einnig vekja athygli á því að skipaður var starfshópur af samráðsnefnd grunnskóla árið 1999 sem hafði það hlutverk að fjalla um rannsóknir og kannanir í grunnskólum. Hann setti fram viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í grunnskólum og var þessi skýrsla starfshópsins birt í maí árið 2000. Samkvæmt þeim viðmiðunarreglum sem settar voru fram er það skólastjóri sem tekur ákvarðanir um hvaða kannanir heimilað er að leggja fyrir nemendur eða kennara, eða annað starfsfólk í skólunum sem heyrir undir hann á skólatíma, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað fyrirkomulag.

Ég tel því í rauninni eðlilegt að sambærilegt verklag sé viðhaft vegna dreifingar auglýsinga í grunnskólum og tel að grunnskólarnir, sem eru á vegum sveitarfélaganna, eigi að gera þetta í samvinnu við foreldra, í samvinnu viðkomandi sveitarfélög og setja sér sjálfir slíkar reglur.

Ef samráðsnefnd grunnskóla tekur þetta mál upp aftur við ráðuneytið mun ég að sjálfsögðu fara yfir það en eins og staðan er í dag tel ég eðlilegast að slíkt sé hjá sveitarfélögunum sjálfum og grunnskólunum sjálfum að setja nákvæmlega niður hvaða reglur það eru sem eiga að gilda en ekki að því verði miðstýrt beint úr ráðuneytinu.

[15:12]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli en eins og við höfum séð í fréttum af og til undanfarna daga fjölgar þeim sífellt tilfellunum þar sem auglýsendur í blindri græðgi sinni herja á grunnskóla og aðrar stofnanir sem hafa með börn að gera og líta á þau sem einhvers konar óplægðan akur fyrir auglýsingastarfsemi á vörum sínum og er þetta að mínu mati algerlega óþolandi. Það er óþolandi að innrás græðginnar skuli með þessum hætti vera að herja á grunnskólana. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir setningu reglna sem veita börnum lágmarksvernd gegn græðgi og yfirgangi einstakra auglýsenda. Það er algerlega óþolandi að grunnskólarnir skuli vera næsti áfangastaður fyrir auglýsingamarkaðinn. Það er nóg samt. Þetta er ósiðlegt, óboðlegt og það er þörf á reglum. Dæmin sanna það. Ég skora á hæstv. ráðherra menntamála að beita sér fyrir setningu slíkra reglna.

[15:13]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta mál enn einu sinni upp í þingsölum. Hún hefur gert það áður. Og ég vil taka undir með hæstv. menntmrh. að í sjálfu sér er það í rauninni skólayfirvalda og sveitarfélaga að taka frumkvæði í þessum málum. Umboðsmaður barna hefur ítrekað óskað eftir að settar væru reglur um lágmarksvernd barna undir 18 ára aldri. Mér finnst kannski einum of hart fram gengið af hv. þm. Björgvini Sigurðssyni þegar hann talar hér um græðgi því ekki er þetta allt um sölumennsku, heldur líka um upplýsingar. Auðvitað eiga starfsmenn skóla ekki að vera í vinnu fyrir þá sem eru að auglýsa starfsemi sína, hvort sem það eru vörur eða annað sem þeir vilja koma á framfæri. En ég tel að þetta sé mál sem skólayfirvöld og sveitarfélög eigi að taka fast á og gera það í samráði sín á milli.

[15:14]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er hreyft afskaplega viðkvæmu en um leið stóru máli og ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að hreyfa því.

Grunnskólanemendur eru líklega einn fýsilegasti markaður fyrir sölumenn sem um getur. Þar er bæði hægt að undirbúa verðandi markað og þar er þegar markaður í dag. Því er það auðvitað skylda okkar og samfélagsins að verja krakka sem eru skyldaðir til þess að vera í skóla.

Ég vil taka undir það sjónarmið að skólastjórar hafi allar heimildir til þess að setja sínar reglur og eigi að gera það. Ef þeir ekki gera það eru þeir að mínu mati að bregðast skyldum sínum og það er þá skólanefndar að bregðast við því. Ein

af frumskyldum skólastjórnenda er að setja slíkar reglur og verja nemendur sína. En jafnvel þó allar auglýsingar væru bannaðar innan veggja skólans er bara nútímatæknin þannig að auglýsingar eru alls staðar og þess vegna hlýtur það að vera mikilvægasta verkefni hvers skóla að byggja upp sterka einstaklinga sem kunna að verjast auglýsingaflóðinu.

[15:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. þm. Ástu Möller fyrir að hafa hreyft þessu ágæta máli. Þetta er þarft mál að ræða, auglýsingar í grunnskólum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Hjálmar Árnason benti á að grunnskólar eru fýsilegur markaður fyrir auglýsendur. Við skulum líka hafa í huga að þetta eru ekki allt saman slæmar auglýsingar eins og kom fram hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Sumar eru sakleysislegar tilkynningar. Ég tel engu að síður ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu og tel fulla ástæðu til að mótaðar séu einhvers konar reglur í kringum þetta. Mér fyndist eiginlega best ef þær reglur kæmu frá skólastjórnum, sveitarfélögum og að foreldrar veittu skólanum aðhald og væru á verði. Það tel ég að væri besta lausnin.

Ég verð að segja sem foreldri að ég hef miklar áhyggjur af auglýsingaflóðinu sem dynur á börnum, ekki bara í skólum heldur líka í sjónvarpi. Þar er gríðarlega mikið af auglýsingum, sérstaklega ef maður er með aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum. Þar er beinlínis verið að gera út á börn með miklu auglýsingaflóði.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og þeim sem tóku þátt í umræðunni sérstaklega fyrir innlegg þeirra. Ráðherra sagði að ekki hefði komið til tals að setja slíkar reglur því menntmrn. skortir heimildir til þess. Ég get alveg sæst á það en bendi jafnframt á, fyrst hæstv. viðskrh. er komin í salinn og ég hef rætt það mál við hana áður, að viðskrh. hefur heimild samkvæmt samkeppnislögum að setja reglur um börn og auglýsingar.

Ég get hins vegar vel sæst á það sem hæstv. menntmrh. sagði og kom jafnframt fram í máli ýmissa þingmanna, að setning slíkra reglna eigi að vera á vettvangi skólastjórnenda. Þá geri ég ráð fyrir að í framhaldi af þessu muni menntmrh. beina slíkum tilmælum til skólanna og standi fyrir umræðu um þessi mál því ég held að mjög mikilvægt sé að skoða málin í þessu samhengi.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni sé ég ákveðna þróun frá því ég tók málið upp fyrir þremur árum. Það er aukin áleitni auglýsinga gagnvart börnum því auglýsendum er náttúrlega ljóst að það er auðvelt að hafa áhrif á börn og þeim er einnig kunnugt um að börn hafa töluverð áhrif á hvernig peningum foreldranna og fjölskyldnanna er varið bæði í stóru og smáu. Við sjáum æ oftar að auglýsingum fyrir vörur sem ætlaðar eru fullorðnum er beint að börnum. Jafnframt gera auglýsendur sér grein fyrir því að börnin eru stórneytendur og kaupendur framtíðarinnar.

Ég bendi á að við megum ekki sofa á verðinum því þetta er heill iðnaður erlendis. Það er meira að segja heilt hugtak yfir hann sem heitir „Kidvertisers" samanber „Advertisers" og eru heilu ráðstefnurnar og fundirnir haldnir til þess að finna leiðir til að fara inn fyrir varnir barnanna og ná áhrifum auglýsinganna til þeirra. Ég held að við séum sammála um, og ég heyri það á umræðunni, að við viljum halda auglýsingum utan grunnskólanna og beita ákveðnum ráðum í þeim efnum.

[15:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega undirstrika að það er mjög alvarlegt hve mikil ásókn auglýsenda margra hverra hefur verið í grunnskólana og oftar en ekki á mjög hæpnum siðferðislegum forsendum og gagnvart slíkri ásókn eigum við að verjast. Hins vegar finnst mér algerlega ótækt að tala um að hjá öllum auglýsendum ráði græðgissjónarmiðið og það séu gírugir gróðapungar sem herja á grunnskólana. Eins og ég gat um áðan eru sumir ekki að beita góðum siðferðislegum meðulum á meðan oft, eins og ýmsir hv. þm. hafa bent á í dag, eru það bara eðlilegar tilkynningar sem viðkomandi fyrirtæki, þó það sé einkafyrirtæki, er að koma á framfæri við nemendur.

Ég ítreka einnig að ég tel ekki rétt að ráðuneytið setji fram miðstýrða reglu. Ég tel að það verði mun skilvirkara að það verði gert heima í héraði ef svo má kalla, að þetta verði samvinna á milli skólanna, foreldranna og sveitarfélaganna að setja reglur fyrir grunnskólana á heimaslóð.

Ég mun hins vegar huga að því hvort ég komi til með að beina því til sveitarfélaganna að þau taki þetta upp og skoði málin alvarlega í samvinnu við skólastjórnendur. Að því mun ég huga á næstu dögum.

Byggðakjarnar.

Fsp. KLM, 704. mál. — Þskj. 1045.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. iðnrh. fjallar um framkvæmd byggðaáætlunar, þ.e. framkvæmd á þeirri 19 lína byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 3. maí árið 2002 og gildir fyrir árin 2002–2005. Í áliti meiri hluta iðnn. var fjallað um skilgreiningu á byggðakjörnum og bætt svolítið við það sem var í upphaflegu tillögunni. Með leyfi forseta vil ég lesa upp það sem stóð í meirihlutaáliti ríkisstjórnarflokkanna:

„Eðlilegt er að skilgreina nokkra byggðakjarna og skilgreina hlutverk þeirra og stöðu í þjóðfélaginu. Í ljósi byggðaþróunar þykir nefndinni rétt að taka mið af eftirfarandi skiptingu:

Byggðakjarnar: Meiri hlutinn tekur undir hlutverk Akureyrar sem mótvægis við höfuðborgarsvæðið. Meiri hlutinn telur jafnframt að byggðakjarnar skuli byggðir upp á Ísafirði og á Miðausturlandi. Með því móti væru sköpuð boðleg búsetuskilyrði fyrir stærstu landshluta. Í hverjum byggðakjarna er eðlilegt að styðjast við sérkenni hvers staðar og byggja upp innviði á þeim grunni."

Þetta sagði um byggðakjarnana sem fjallað var um í till. til þál. um stefnu í byggðamálum. En ég ætla að halda áfram, virðulegi forseti, að lesa úr meirihlutaákvæðinu vegna þess að þar var bætt við tveimur þáttum. Annars vegar um vaxtarsvæði:

„Auk meginkjarna og byggðakjarna telur meiri hlutinn rétt að skilgreina vaxtarsvæði þar sem hið opinbera tryggir grunnþjónustu."

Hins vegar, virðulegi forseti, var fjallað um jaðarsvæði. Lagt var til að fjalla þyrfti sérstaklega um búsetuskilyrði

á jaðarsvæðum, þ.e. svæðum sem falla utan byggðakjarnasvæðisins og vaxtarsvæðisins samkvæmt áliti meiri hluta iðnaðarnefndar.

Það kom fram, virðulegi forseti, hjá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga að ofangreind skipting hafi ekki átt sér stað og meiri hlutinn taldi því mikilvægt að þeirri vinnu yrði lokið fyrir 1. janúar 2003, í fyrra, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt telur meiri hlutinn mikilvægt að unnið verði landshlutaskipulag fyrir allt landið. Því vil ég í lokin, virðulegi forseti, leggja fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um hvað gert hafi verið til að skilgreina það sem ég hef lesið upp úr meirihlutaáliti iðnaðarnefndar. Spurningin er svohljóðandi:

Hvað hefur verið gert til að skilgreina byggðakjarna og hlutverk þeirra, samanber álit meiri hluta iðnaðarnefndar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005?

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Iðnrn. hefur unnið í þeim anda sem fram kemur í nál. meiri hluta iðnn. Umræddir þrír byggðakjarnar hafa verið skilgreindir sem áhersluatriði og hefur ráðuneytið umfram annað beint sjónum sínum að þeim. Einnig hefur ráðuneytið fjallað um hlutverk þeirra og stöðu og ráðist í framkvæmd verkefna í samræmi við það.

Veigamikið grundvallaratriði sem ráðuneytið hefur látið vinna og stuðst við varðandi hlutverk og stöðu byggðakjarnanna er skýrslan „Fólk og fyrirtæki. Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni". Markmið rannsóknanna sem skýrslan byggir á var að kanna búsetuskilyrði einstaklinga og starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni og leggja til leiðir að því markmiði að á Íslandi myndist þrír sterkir byggðakjarnar á landsbyggðinni.

Rétt er að það komi strax skýrt fram að ástæðan fyrir því að áhersla er lögð á þessa kjarnauppbyggingu er ekki sú að byggð á jaðarsvæðum skipti minna máli en aðrar byggðir. Þvert á móti er markmiðið með uppbyggingu miðlægra byggðakjarna að afleidd áhrif uppbyggingarinnar leiði til styrkingar viðkomandi svæðis í heild sinni. Í þeim tilgangi að stuðla að öflugum og sjálfbærum þéttbýliskjörnum og almennri stöðugri byggð hefur iðnrn. m.a. lagt áherslu á að almenn lögmál tryggi viðgang og vöxt byggðarlaganna í stað forsjárhyggju. Á grundvelli þessa hefur verið lögð sérstök áhersla á eftirfarandi áherslusvið:

1. Nýsköpun og atvinnuþróun.
2. Menntun og menningarstarfsemi.
3. Ferðaþjónusta sem byggir á sérkennum byggðarlaganna.
4. Rafræn grunngerð og hagnýting rafrænna lausna.
5. Jöfnun flutningskostnaðar svo nokkuð sé nefnt.

Á öllum þessum sviðum eru verkefni í gangi. Áherslurnar beinast ekki alfarið að byggðakjörnunum. Þess er gætt að svæði umhverfis þá njóti þeirra ríkulega einnig. Með þessu móti er markvisst stefnt að því að sem flestir geti tekið þátt í og notið nútímasamfélags óháð búsetu. Engu að síður er skýr áhersla á uppbyggingu byggðakjarnanna.

Nú er lokið vinnu við byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð og vinna við byggðaáætlun fyrir Ísafjörð er komin vel á veg, en hún byggir í raun fyrst og fremst á tillögum heimamanna og þeirri skýrslu sem unnin var af heimamönnum.

Hvað Miðausturland varðar eru þar í gangi framkvæmdir sem hafa munu meiri og víðtækari áhrif til eflingar byggð en nokkur framkvæmd sem ráðist hefur verið í hér á landi.

Efling menntunar er ein helsta forsenda fyrir farsælli þróun landsbyggðarinnar og uppbyggingu byggðakjarna. Aukið framboð menntunar tryggir búsetu og framboð menntaðs fólks sem aftur skapar nýjar forsendur og tækifæri fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Aukinn mannauður á landsbyggðinni verður þannig til þess að efla og styrkja fyrirtæki sem þar eru staðsett.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða umhverfis byggðakjarna er undir því komin að vel takist til um skipulagningu og uppbyggingu samgangna innan svæðanna. Með stækkun atvinnusvæða er í raun verið að breyta atvinnu- og þjónustustigi þeirra byggðarlaga sem í hlut eiga, ekki eingöngu þéttbýlisins heldur einnig vaxta- og jaðarsvæða umhverfis. Upplýsinga- og fjarskiptatækni á að nýtast öllum og þarf að tryggja að þær samskiptabrautir séu sem greiðastar.

Þau fáeinu atriði sem ég hef gert að umfjöllunarefni er ætlað að varpa ljósi á þá vinnu sem er í gangi varðandi styrkingu byggðar með áherslu á þéttbýliskjarnana þrjá og hvernig unnið er að því að byggja upp heildstæða sýn á hlutverk þeirra og stöðu. Sú mynd er stöðugt að skýrast og mun þróast áfram og vafalítið taka breytingum þegar fram líða stundir.

[15:29]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er að heyra á orðum hæstv. ráðherra að mikið sé unnið í ráðuneytinu og kröftuglega. Hins vegar er þeim byggðarlögum sem í hlut eiga, til að mynda Ísafirði og byggðarlögum þar í kring, allsendis ókunnugt um hvað verið er að gera í ráðuneytinu og nú nýverið var kallað til neyðarfundar vestur á Ísafirði vegna ófremdarástands í atvinnumálum og slæmra horfa. Það er ansi mikið á skjön við þann veruleika sem ráðherra boðar þegar opinber þjónusta er stöðugt dregin saman á þeim svæðum sem þó eiga að heita uppbyggingarsvæði og eiga að njóta sérstakrar aðhlynningar.

Það er því miður ekki nóg að vinna sé í gangi ef vinnan gengur svo hægt að allt bendi til þess að tímabilið sem byggðaáætlun á að ná til verði runnið út áður en vinnunni er lokið.

[15:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulega frú forseti. Upplýsingar og fjarskipti fyrir alla, segir hæstv. ráðherra iðnaðarmála.

Í nýlegri fyrirspurn minni til samgrh. á dögunum, um háhraðatengingar og aðgengi Íslendinga að þeim kemur fram að upp undir 8% landsmanna eru án háhraðatenginga. Íbúar þeirra staða, þeirra dreifðu byggða, eru dæmdir til að búa í annars flokks byggðarlögum hafi þeir ekki aðgengi að þeirri fjarskiptatækni sem er grundvallaratriði þess að fólk geti nýtt sér tækifæri nútímans, tækifæri tækninnar og tækifæri upplýsingabyltingarinnar.

Hingað til hefur þetta fólk fengið tóm orð, innantómar yfirlýsingar. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau ætli ekkert að gera til að tryggja þessum byggðarlögum aðgengi að háhraðatengingum. Allt tal um að styrkja byggðir, veita fólki aðgengi að upplýsingahraðbrautinni og nýjum tækifærum framtíðarinnar eru innihaldslaus og án nokkurrar staðfestu.

[15:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Einn af þessum byggðakjörnum er Ísafjörður. Þar var kallað til neyðarfundar fyrir fimm eða sex vikum. Þar höfðu sveitarstjórnarmenn ekki orðið varir við

að búið væri að skilgreina hvað byggðakjarni þýddi í máli hæstv. ráðherra. Í framhaldi af þeim fundi lýsti 1. þingmaður kjördæmisins því yfir að fundað yrði með þingmönnum strax í framhaldinu. Sá fundur hefur ekki enn farið fram.

Mér finnst ástæða til þess að spyrja: Hvað er eiginlega um að vera? Er verið að vinna í þessu máli? Þarna lýstu menn aðstæðum, ástandi og horfum sem eru í raun skelfilegar. Það var enginn munur á ræðum manna eftir því hvort þeir studdu stjórnar- eða stjórnarandstöðuflokka á þessum fundi á Ísafirði.

Þeir spyrja eftir efndum hvað það varðar að skilgreina byggðakjarna og koma þeim byggðakjörnum til hjálpar sem á þurfa að halda.

[15:32]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Umræðan um byggðamál vill oft verða ansi neikvæð. Ég ætla að reyna að birta aðeins yfir henni með því að fagna því sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, að nú væri lokið við byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Það tel ég tímamót og þetta merka yfirlýsingu. Ég var síðast í gær að forvitnast um hvernig þetta mál stæði og fékk þær fréttir að þessu væri ekki lokið. Ég fagna mjög að náðst hafi að hnýta þá enda sem óhnýttir voru í gær og þessu sé lokið. Ég vil nota tækifærið og óska hæstv. ráðherra til hamingju með að tekist hafi að ljúka þessu verki. Jafnframt vil ég þó spyrja hæstv. ráðherra um hvenær við, óbreyttir þingmenn, fáum að njóta og kynnast þeirri áætlun sem nú er nýfrágengin.

[15:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Menn telja að hér sé byggðaáætlun í gangi. Hæstv. ráðherra lýsti því að markvisst væri unnið eftir henni.

Það er rétt sem nokkrir hv. þingmenn hafa vikið að, að haldinn var sérstakur fundur vestur á Ísafirði þar sem sveitarstjórnarmenn óskuðu alveg sérstaklega eftir því að þingmenn Norðvest. mættu vegna þess að þar væri samfelldur samdráttur í opinberum störfum og ekki horfur á öðru en að þjónustustörfum mundi halda áfram að fækka. Í raun virðist hin markvissa byggðastefna felast í því að fækka störfum frekar en hitt.

Virðulegi forseti. Við höfum yfirleitt haldið því á lofti hér á þingi að það bæri að reyna að byggja upp það sem byggðirnar kynnu best. Út frá því ganga Vestfirðingar í sinni sérstöku byggðaáætlun, að sjávarútvegurinn sé besta undirstaðan sem menn geti þar byggt á. En því miður hefur þróunin verið í allt aðra átt í klóm hins slæma kvótakerfis.

[15:35]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er ekki nema rétt ár síðan byggðaáætlun var samþykkt á Alþingi. Þess vegna er furðulegt að heyra (Gripið fram í.) heyra þann talsmáta hér að það er eins og sú byggðaáætlun hafi gert ráð fyrir því að innan árs skyldu öll þau háleitu markmið sem þar eru sett ... (**GAK:** Það er eins og þú hafir verið á tunglinu.) Ég vil biðja hv. þm. um að gæta hófs, ég hef bara eina mínútu og nenni ekki að eyða henni allri í hv. þm.

Þó er ekki liðið nema eitt ár, frú forseti. Rétt er að rifja upp að fyrir einu og hálfu ári eða svo var ástandið á Austfjörðum ekki svo afskaplega beysið. Þar ríkti mikil svartsýni. Ef við skoðum hvernig ástandið er á Austfjörðum í dag þá hefur þar orðið mikil breyting. Það er mikill árangur á einu ári.

Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að í gangi sé vinna hvað Norðvest. varðar. Við væntum þess sama í Suðurk. Unnið er að fjarskiptaáætlun sem á að ná um landið allt og þar eru metnaðarfull markmið og þar fram eftir götunum.

En það sem ávallt mun halda uppi byggð í landinu er atvinnulíf en ekki opinber störf fyrst og fremst.

[15:36]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún gaf áðan. Það er verið að gera ýmislegt í byggðamálum. Ég á sæti í stjórn Byggðastofnunar sem styrkir ýmis ágætis verkefni um allt land. Við væntum náttúrlega mikils af þeirri byggðaáætlun sem núna er unnið að. Ríkisstjórnin hefur lagt mjög mikla fjármuni til byggðanna í landinu. Ég vil taka undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að það sem mestu máli skiptir er að atvinnulífið fái að blómstra í þessu landi.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa komið og þeim þingmönnum sem hafa imprað á ýmsum málum.

Eitt kom ákaflega skýrt og skilmerkilega fram, þ.e. frá fulltrúa Framsfl. sem talaði hér, hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem telur að byggðaáætlun hafi ekki verið í gildi nema í eitt ár. Hér er kannski komin, virðulegi forseti, skýring á aðgerðaleysi iðnrh. í byggðamálum. Það eru að verða tvö ár síðan byggðaáætlun var samþykkt. Hún var samþykkt 3. maí 2002. Það er kannski skýring á þessu aðgerðaleysi og sofandahætti Framsfl. í byggðamálum, að þeir eru ekki á sama tímaskeiði og við. Þar er kannski komin skýringin, að 2000-vandinn svokallaði hafi fest sig svo í sessi í ráðherrum og þingmönnum Framsfl. (Gripið fram í.) Vandinn hefur greinilega hlaupið í framsóknarmenn vegna þess að þeir hafa ruglast í tímatalinu. (**ÖS:** Og þá hlaupa þeir fyrir björg.) Þá hlaupa þeir fyrir björg, já. (**ÖS:** Eins og svínin í Biblíunni.) Nú veit ég ekki.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn um að stilla sig svo að ræðumaður geti haldið áfram.)

Hæstv. ráðherra sagði að unnið væri að þessum skilgreiningum og að myndin væri að skýrast nú þegar tveggja ára afmæli byggðaáætlunar stendur fyrir dyrum. Það er gott að það skuli gert en ríkisstjórnin hefur ekki staðið sig í að skilgreina þessi svæði og koma til móts við þau.

Tökum dæmi um svæði sem yrði ábyggilega skilgreint jaðarsvæði, Hrísey. Í dag bárust þær upplýsingar að þar væri verið að segja upp öllum starfsmönnum á stærsta vinnustað eyjarinnar. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra segi bara að markaðsöflin eigi að ráða þar. Ég segi, virðulegi forseti: Markaðsöflin í fiskveiðistjórnarkerfinu fúnkera ekki alls staðar. (Forseti hringir.) Ef þau fúnkera ekki þar þá verður hið opinbera að koma til móts við það samfélag. Því miður hef ég ekki tíma til að taka fleiri dæmi en til þess gefst tækifæri í öðrum fyrirspurnum á eftir.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er hlutverk hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar að veita aðhald og alltaf er hægt að gera betur í þessum málaflokki, það efast ég ekki um.

Hins vegar vil ég fullvissa hv. þingmenn um að við erum að leggja okkur fram um að bæta stöðu landsbyggðarinnar. Ég tel að það hafi nú þegar borið nokkurn árangur miðað

við að landsbyggðarflóttinn, ef svo má að orði komast, hefur stórlega minnkað. Í sumum landsbyggðarkjördæmum hefur fjölgað sem er mjög jákvætt.

Hér hefur margt borið á góma. Hv. þingmenn hafa skiljanlega talað um háhraðatengingu, opinber störf, kvótakerfi o.fl. En ég vil bara ítreka að þótt ég fari með byggðamál þá fer ég ekki með þessa málaflokka. Mér finnst mikilvægt að ítreka það. Mér finnst stundum, þegar hv. þingmenn eru í því stuðinu, að þá vilji þeir helst setja alla ábyrgðina á mig. Þó að ég hafi nokkuð sterk bein þá finnst mér það stundum aðeins of mikið. (**ÖS:** Það sýnir traust.) Það sýnir mikið traust, já, sennilega er það rétt.

Fyrirspyrjandi talar um að skilgreina og leggur gríðarlega áherslu á skilgreiningu á byggðakjörnum. Ég er ekki viss um að ástæða sé til að skrifa miklar skýrslur um það. Hv. þm. hefur stundum kvartað yfir því að of mikil vinna sé lögð í að skrifa skýrslur. Er það aðalatriðið fyrir okkur að við séum búin að skilgreina þetta nákvæmlega í skýrslu? Er ekki aðalatriðið að láta verkin tala? Mér finnst ekki aðalatriðið hvað það þýðir nákvæmlega að viðkomandi staðir hafi verið útnefndir sem byggðakjarnar eða vaxtarsvæði.

Ég get fullvissað hv. þm. um að við erum að leggja okkur fram um að bæta stöðu landsbyggðarinnar, ekki bara þeirra byggðakjarna sem hafa verið útnefndir heldur landsbyggðarinnar í heild. Hins vegar höfum við ekki svör við öllu og það geta komið upp aðstæður í ákveðnum byggðarlögum sem gera ástandið mjög erfitt, því miður.

Jöfnun búsetuskilyrða á landinu.

Fsp. KLM, 773. mál. — Þskj. 1171.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Það er rétt sem fram kom í svari hæstv. iðnrh. við þeirri fyrirspurn sem við vorum að ljúka umræðu um að það þarf að láta verkin tala. Hún lét þess líka getið í hinni stuttu byggðaáætlun sem samþykkt var, sem telur 19 línur, 19 línu áætlun, að láta verkin tala. Því höfum við oft kallað eftir á hinu háa Alþingi, að hæstv. ráðherra láti verkin tala.

Má ég biðjast undan því, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. komi og svari fyrirspurn minni um búsetuskilyrði, sem ég ætla að bera upp eftir smástund, með því að fjalla um nýsköpunarmiðstöðina, sem er gott mál, vegna þess að hæstv. ráðherra er nýbúinn að segja okkur allt um það. Mætti ég líka biðja hæstv. iðnrh. um að segja okkur ekki frá hinni stórkostlegu uppbyggingu á Miðausturlandi. Það er líka búið að segja okkur frá því. Má ég líka biðja hæstv. iðnrh. í svari sínu að segja okkur ekki frá því að einhver stofnun hafi verið látin búa til bók um fólk og fyrirtæki, um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni, af því að við erum búin að lesa alla þá bók. (Gripið fram í.) Við vitum um allt sem stendur í bókinni. En það er svo, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Norðvest. að menn lifa ekki á skýrslum eða bókum einum saman á landsbyggðinni heldur á aðgerðum. Það eru þær sem ég kalla eftir.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til iðnrh. að þessu sinni snýst um hvað líði aðgerðum til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu eins og boðað er í núverandi byggðaáætlun.

Í gögnum um byggðaáætlun segir svo, með leyfi forseta:

„Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar fram tillögur um breytingar ef þurfa þykir. Í því sambandi verði m.a. horft til reynslu nágrannaþjóða."

Ég get tekið dæmi af reynslu nágrannaþjóða, ekkert sem þarf að finna upp að nýju heldur hefur lengi viðgengist, t.d. frádrátt vegna ferðalaga um langan veg til og frá vinnu. Einnig mætti nefna jöfnun á flutningskostnaði sem hæstv. iðnrh. segir stranda á reglum frá Brussel. Að mínu mati eru það arfavitlausar tillögur sem hún er að leggja fram í þeim efnum.

Virðulegi forseti. Ábyrgð á þessari tillögu á þessum punkti byggðaáætlunar er á hendi iðnrn. eins og þar segir.

Þess vegna hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvað líður aðgerðum til þess að jafna búsetuskilyrði? Hvers má fólk vænta á næstu missirum að gert verði miðað við þær ágætu tillögur sem koma fram í áðurnefndri bók? Hvernig gengur með framkvæmdina?

[15:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Nú er hálfnaður gildistími stefnumótandi áætlunar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. og fyrirspyrjanda Kristjáni L. Möller, að í byggðaáætluninni eru boðaðar aðgerðir til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu. Raunar má segja að byggðaáætlun öll sé um það markmið að draga úr mismunun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.

Farin var sú leið að skilgreina 22 beinar aðgerðir til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Í henni er skýrt tekið fram hver ber ábyrgð á framkvæmd hverrar þeirra 22 aðgerða sem þar eru tilgreindar, en það eru ýmist einstök ráðuneyti eða Byggðastofnun.

Það er rétt að taka skýrt fram að þessar aðgerðir eru auðvitað ekki tæmandi og staðið hefur verið fyrir fjölda annarra aðgerða í því skyni að jafna búsetuskilyrði í landinu á gildistíma núgildandi byggðaáætlunar. Í skýrslu sem iðnrn. tók nýverið saman um framvindu byggðaáætlunarinnar er m.a. gerð grein fyrir því hvaða aðgerðum stjórnvöld hafa staðið fyrir í því skyni að ná markmiðum sínum. Þessari skýrslu hefur verið dreift á Alþingi og ég leyfi mér að vísa til hennar þar sem hér gefst hvorki tími né rúm til að rekja stöðu allra þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í. Ég vona að hv. þm. hafi tekið eftir því að þessari skýrslu hefur verið dreift.

Þó er skemmst frá því að segja að flestum þeirra aðgerða sem eru sérstaklega skilgreindar í byggðaáætluninni miðar vel og framkvæmd hluta þeirra er að fullu lokið. Ég get nefnt sem dæmi að Impra, nýsköpunarmiðstöð, tók til starfa á Akureyri í lok árs 2002, en miðstöðinni er ætlað það mikilvæga hlutverk að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda og auka þannig fjölbreytni atvinnulífsins og efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni allri. Reynsla af starfi nýsköpunarmiðstöðvarinnar lofar góðu um framhaldið.

Þá er rétt að segja frá því að annars vegar Ölfus, Hveragerðisbær og Árborg og hins vegar Aðaldælahreppur, Húsavík, Þingeyjarsveit, sem unnu samkeppni Byggðastofnunar um rafrænt samfélag, hafa nú undirritað samstarfssamninga við stofnunina um framkvæmd tilraunaverkefnis um rafrænt samfélag. Þetta er verkefni sem hefur það m.a. að mark-

miði að auka nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, bæta afkomu íbúanna og efla menntun og menningarstarfsemi.

Mig langar að geta þess að ráðuneytið hefur gert samninga við ýmsa aðila um framkvæmd þeirra aðgerða sem skilgreindar eru í byggðaáætlun. Þannig hafa t.d. menntamála- og iðnaðarráðuneytið gert með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni, samgöngu- og iðnaðarráðherra um sameiginleg verkefni í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni og þannig mætti áfram telja.

Að lokum langar mig að nefna að nýlega kom út skýrslan Líftækninet í auðlindanýtingu. Hún er unnin á grunni byggðaáætlunar og samkvæmt samkomulagi iðnaðar-, menntamála- og sjávarútvegsráðherra um að láta kanna möguleika á uppbyggingu öndvegisseturs í auðlindalíftækni á Akureyri.

Hvað varðar aðrar aðgerðir til jöfnunar búsetuskilyrða en þær sem beinlínis eru tilgreinar í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er ljóst að stjórnvöld hafa unnið að því á ýmsum sviðum að efla og bæta starfsskilyrði atvinnulífsins og búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Ýmsar þeirra aðgerða eru taldar upp í skýrslunni um framvindu byggðaáætlunar sem ég vísaði til áðan. Af þeim aðgerðum sem iðnrn. hefur komið að vil ég einkum nefna sérstaka fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna á landsbyggðinni. Auk þess er unnið, eins og hér hefur komið fram áður í fyrirspurn, að byggðaáætlun með Vestfirðingum og nýlega er lokið ákveðnu verki sem tengist Eyjafjarðarsvæðinu og er það sérstök byggðaáætlun fyrir það svæði.

Ýmislegt má nú nefna. En ég hafði vænst þess að skýrslan sem hefur verið lögð fram um framkvæmd byggðaáætlunar gæti komið til umfjöllunar á hv. Alþingi áður en því lýkur í vor og þá er hægt að fara miklu dýpra í málin. Ég er svo sannarlega ekki feimin við að tala við hv. fyrirspyrjanda né aðra hv. þingmenn um framkvæmd byggðaáætlunar vegna þess að ég tel að hún sé nú þegar farin að skila árangri.

[15:50]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að vekja athygli á þessum málum með fyrirspurn sinni.

Frjálslyndi flokkurinn hefur þegar lagt fram frv. sem lýtur að þessu máli þar sem lagt er til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120 þús. kr. á ári verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur þar sem mikill ferðakostnaður fólks á landsbyggðinni til og frá vinnu er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfi byggðarlaga um vinnuafl.

Einnig vil ég vekja athygli á því að gjald sem innheimt er af þeim sem tíðum fara um Hvalfjarðargöng er ekki til þess fallið að jafna búsetuskilyrði í landinu og tel ég rétt að skoðaðar verði leiðir til þess að bæta úr því.

[15:51]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka upp þráðinn þar sem ég lagði hann frá mér áðan af því að í allri umræðu um jöfnun á búsetuskilyrðum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis eða þéttbýlisins á suðvesturhorninu verður ekkert gert að neinu marki nema tryggja svæðum út um hinar dreifðu byggðir aðgengi að háhraðatengingum til að fólk eigi einhverja möguleika á því að nýta sér tækifærin, enda er þarna um grundvallarmismunun að ræða í samhengi nútímasamfélags. Ég skora á hæstv. ráðherra byggðamála að beita öllu sínu pólitíska afli til að tryggja að þarna verði leikar jafnaðir.

Í þessu sambandi má nefna svæði um allt Ísland, strjálbýli á Vesturlandi, strjálbýli á Norðurlandi vestra, strjálbýli á Norðurlandi eystra og strjálbýli á Suðurlandi þar sem íbúar allt á milli 2.800 upp í 5.200 eru án aðgengis að háhraðanettengingum. Þessu verður að breyta og ég skora á ráðherra að gera það að forgangsmáli.

[15:52]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu jöfnun búsetuskilyrða. Ég tel að gert hafi verið töluvert mikið til þess og að verið sé að vinna að því. Ég vil nefna nokkur atriði. Ég vil nefna jöfnun húshitunarkostnaðar, jöfnun ferðakostnaðar námsmanna, fjarnámið og hvernig það hefur aukist ár frá ári. Það er orðið alveg gríðarlega umsvifamikið á öllum stigum framhaldsnáms. Ég vil nefna samgöngur sem hafa verið bættar alveg feikilega mikið. Ég vil einnig taka fram að það skiptir máli líka að talað sé jákvætt um það sem verið er að gera vegna þess að það er líka byggðamál út af fyrir sig að tala jákvætt um byggðarlag sitt og hvað þar er verið að gera. Það er betra en að rífa allt niður því margt er verið að gera. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að vekja máls á því og skapa tækifæri til þess að hér komi fram hvað verið er að gera í byggðamálum.

[15:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði hér um það áðan að hún væri ekki feimin að ræða byggðamálin við þingmenn. En ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst full ástæða fyrir hæstv. ríkisstjórn og ráðherra byggðamála alveg sérstaklega að skammast sín svolítið fyrir það hvernig ástandið er. Fyrirséð var fyrir langa löngu að á Austfjörðum yrði mikil spenna á næstunni en á öðrum stöðum í landinu ekki. Það þurfti að bregðast við því fyrir löngu. Við samfylkingarmenn fluttum tillögu hér um ójafnvægi í byggðamálum fyrir hálfu öðru ári síðan einmitt vegna þessa. En ekki var hlustað á þá tillögu og það hefur ekki verið hlustað enn. Enn þá hafa ekki komið til neinar framkvæmdir frá ríkisstjórninni til þess að taka á því ójafnvægi sem er augsýnilega að koma upp vegna þessarar miklu spennu fyrir austan. Á öðrum landsvæðum virkar ekki sú spenna.

[15:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að hreyfa mjög þörfu máli og ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að vekja máls á þessu.

Við í Frjálslynda flokknum við höfum aldrei velt okkur svo mikið upp úr einhverjum sértækum aðgerðum til að jafna búsetuskilyrði í landinu. Við teljum einfaldlega að ef við tryggjum að fólkið í landinu fái að lifa af sínum fremstu auðlindum ... (**ÖS:** Þið eruð á móti brottkasti.) Við erum á móti brottkasti en það hefur ekki áhrif á búsetu í landinu. Við höfum viljað tryggja fólkinu í landinu aðgang að sínum fremstu auðlindum þannig að það hafi atvinnufrelsi til að nýta þær og ef það er tryggt munu hlutirnir að mestu leyti leysast af sjálfu sér. Það er hins vegar skylda stjórnvalda að sjá til þess að samgöngur séu í lagi, heilbrigðismál séu í lagi, menntamál séu í lagi og að fjarskipti séu í lagi.

Ef við tryggjum atvinnulífinu ramma til að blómstra þá er fólk sem býr úti á landi, þetta ágæta fólk, fullfært um að bjarga sjálfu sér.

Ég vil svo lýsa yfir samúð minni með Hríseyingum vegna þess sem dynur yfir þá í dag og vil minna á að kvótinn var hirtur af þeim fyrir nokkrum árum og farið með hann til Dalvíkur.

[15:55]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra kvartaði yfir því áðan að það væri verið að skamma hana fyrir það sem hún hefði ekki yfir að segja. Hún sagði að menn ættu að reyna að einbeita sér að því að skamma hana fyrir það sem hún hefði yfir að segja og það ætla ég að gera.

Hæstv. ráðherra er yfirmaður Rariks, hefur yfir Rarik að segja. Víða um sveitir landsins, sérstaklega á Suðurlandi þar sem ég þekki aðeins til, vantar þriggja fasa rafmagn. Þriggja fasa rafmagn er grundvöllur þess að bændur geti á mörgum svæðum tekið upp nýjustu tækni í hefðbundnum búskap og ég tala ekki um grundvöllur þess að þeir geti farið út í nýjar atvinnugreinar eða lagað til fyrir sér og sínum á sínum jörðum. Þarna hefur hæstv. ráðherra tækifærið. Hún hefur yfir Rarik að segja og ég skora á hana að skoða aðstæður hinna dreifðu byggða sem ekki hafa möguleika á því að komast í þriggja fasa rafmagn. Hún hlýtur að vera fljót að kippa því í liðinn.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar líflegu umræður um byggðamál í þessum fyrirspurnartíma, en hann er nú oft og tíðum eini tíminn sem gefst til þess að ræða um byggðamál.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra sagði að það var í aðdraganda kosninga rétt eftir samþykkt byggðaáætlunar sem hæstv. ráðherra talar um að sé tveggja ára — það er nú gott að tímaskynið er komið í lag hjá framsóknarmönnum — að skrifaðar voru miklar skýrslur sem ég vitnaði til áðan. Þar er mjög mikið af góðum tillögum. Þar er fín greining á vandanum og ótal tillögur. Það sem ég gagnrýni fyrst og fremst, frú forseti, er að það vantar svo mikið á framkvæma tillögurnar. Stundum veit vinstri hönd ríkisstjórnar ekkert hvað sú hægri er að gjöra. Tökum nú bara eitt dæmi, byggðakvóta. Í sjónarspili og samningaviðræðum stjórnarflokkanna fyrir jól þegar línuívilnun var troðið upp á landið, hvað var þá gert í leiðinni? Byggðakvótarnir voru lagðir af. Má ég aðeins nefna, virðulegi forseti, t.d. Stöðvarfjörð. Þar hefur sveitarstjórnin sagt að byggðakvótinn sé algjört úrslitaatriði í því sem þar hefur verið að gerast. Sama má segja um Breiðdalsvík og fleiri staði. Við getum líka tekið Hrísey sem dæmi.

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram að atvinnumálin séu númer eitt, tvö og þrjú. Ég er því hjartanlega sammála. Ég skal segja hæstv. ráðherra það að þegar og ef þessi skýrsla kemur til umræðu skal ég hæla henni fyrir það sem hægt er að hæla henni fyrir þegar ég hef meiri tíma til þess. En ég tek hérna þessi dæmi. Hæstv. ríkisstjórn hefur gengið fram fyrir skjöldu við að leggja niður byggðakvótana sem voru skilyrtir ákveðnum byggðarlögum, voru lagðir fram til vinnu og kannski tvöfaldaðir, jafnvel þrefaldaðir. Væri ekki gott, virðulegi forseti, ef hæstv. ríkisstjórn hefði núna úr að spila einhverjum byggðakvóta til þess að veita að Hríseyingum? (Forseti hringir.) Gætum við ekki ímyndað okkur að samfélagið í Hrísey mundi vaxa (Forseti hringir.) og dafna áfram ef þar hefðu menn t.d. yfir (Forseti hringir.) 300, 400 eða 500 tonnum að ráða í óframseljanlegum byggðakvóta? (Gripið fram í.)

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það var nú reyndar farið inn á sjávarútvegsmálin eins og svo oft þegar byggðamál eru til umfjöllunar. (**GAK:** Eru þau ekki atvinnumál?) Ég ítreka að sérstakur ráðherra fer með sjávarútvegsmál í ríkisstjórninni. Hann er ekki til svara nú.

Ég vil hins vegar leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm., að byggðakvótarnir hafi verið lagðir af. Það er ekki þannig. Mér finnst ekki rétt af honum að senda röng skilaboð út í samfélagið eins og hann gerir gjarnan. Mér finnst heldur ekki sérstaklega viðeigandi að tala um einstaka staði á landinu í svona umræðum eins og hér fara fram.

Það er vissulega þannig, eins og ég sagði áðan, að upp geta komið erfiðleikar á einstaka stöðum og ég ætla ekki að draga neina fjöður yfir það að fiskveiðistjórnarkerfið sem við höfum á Íslandi er ekki þannig að það tryggi byggð í landinu. Þetta fyrirkomulag er bara ekki þannig. (Gripið fram í.) Þess vegna viljum við hafa möguleika til þess að grípa til aðgerða, þ.e. til þess að bregðast við þegar vandi kemur upp og það er það sem við reynum að gera.

Hvað Rarik varðar þá svaraði ég hér fyrirspurn ekki alls fyrir löngu um það málefni frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég fer því ekki frekar út í það.

Af því að hér var talað um þenslu á Austurlandi og að þurft hefði að bregðast við henni, hvernig var þá þegar þenslan var á Vesturlandi? Af því að hv. þm. er þingmaður Vesturlands má nefna að mikil þensla var á Vesturlandi án þess að sérstaklega væri brugðist við henni á Norðurlandi eða Austurlandi. (**Gripið fram í:** Hún hefði getað ...)

Það er þannig að þegar tækifæri skapast í uppbyggingu atvinnulífs, eins og hefur gerst á Vesturlandi og eins og hefur gerst á Austurlandi og á eftir að gerast í auknum mæli á Vesturlandi, þá erum við þakklát fyrir það og nýtum þau tækifæri. Ég vona að hv. þm. sé ekki að tala um að hætta eigi við vegna þess að slík þensla eða slík uppbygging atvinnulífs nái ekki til alls landsins.

Forseti (Þuríður Backman):

Hv. 3. þm. Norðaust. óskar að bera af sér sakir.

[16:02]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. nýtir sér hér sitt síðasta svar í ræðustóli til að segja að það sé rangt hjá mér að byggðakvótar hafi verið lagðir af. Við fjölluðum áðan um tímaskyn framsóknarmanna sem var vitlaust en er nú búið að rétta af. Bíddu, höfum við ekki setið á sama Alþingi Íslendinga? Vorum við ekki að samþykkja í haust með línuívilnuninni að byggðakvótar yrðu lagðir af, byggðakvóti Byggðastofnunar þegar núna í upphafi næsta kvótaárs, að mig minnir, og svokallaður ráðherrabyggðakvóti færi árið þar á eftir? Allir þessir sérmerktu byggðakvótar verða lagðir niður og það var gert með breytingu á fiskveiðistjórnarlögunum út af línuívilnuninni. Það eina sem stendur eftir — ef hæstv. ráðherra er að rugla við það — eru 12 þús. tonnin sem verða í 9. gr. Það er ekkert öruggt að þau séu byggðakvótar. Ef við þyrftum að grípa til byggðakvóta í dag t.d. þá er ekkert eftir af þessum 12 þúsund tonnum í 9. gr. vegna þess að þeim hefur verið úthlutað jafnt til allra hinna sem höfðu kvóta á undan.

Ég vildi því bera af mér þær sakir, virðulegi forseti, þann ranga áburð sem ráðherra ber hérna á mig, að það sé rangt

hjá mér að byggðakvótar hafi verið aflagðir. (Gripið fram í.)

[16:03]

Útbýting þingskjala:

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 402. mál, nál. félmn., þskj. 1288; brtt. félmn., þskj. 1289.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 840. mál, frv. landbn., þskj. 1290.

Kostnaðarhlutdeild sjúklinga, 647. mál, svar heilbrrh., þskj. 1236.

Lúðuveiðar Færeyinga við Ísland, 847. mál, fsp. ÖS, þskj. 1302.

Málefni aldraðra, 570. mál, brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1304.

Meðferð á barnaníðingum, 843. mál, fsp. JóhS, þskj. 1298.

Nám í hótel- og matvælagreinum, 846. mál, fsp. RG, þskj. 1301.

Sjálfbær hagvöxtur, 845. mál, fsp. ÁF, þskj. 1300.

Vátryggingarsamningar, 204. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1286; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1287.

Veðurathugunarstöðvar, 844. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1299.

[Fundarhlé. — 16:05]

[18:02]

Útbýting þingskjala:

EES-reglur um bifreiðar, 839. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1285.

Fjárveitingar til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs, 842. mál, þáltill. ÁF o.fl., þskj. 1297.

Lax- og silungsveiði, 850. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1307.

Málefni aldraðra, 570. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1303.

Mismunandi rekstur heilsugæslustöðva, 838. mál, fsp. RG, þskj. 1284.

Sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði, 841. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 1291.

Stjórnunarhættir fyrirtækja, 851. mál, skýrsla viðskrh., þskj. 1308.

Íslenski þorskstofninn.

Fsp. GÖrl, 630. mál. — Þskj. 943.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Örlygsson):

Virðulegi forseti. Kvótakerfi aflaheimilda var sérstaklega tekið upp út frá verndunarsjónarmiðum fyrir íslenska þorskstofninn. Ekki hafa allir fræðimenn erlendir og innlendir verið á eitt sáttir um aðferðafræði Hafró. Sú stofnun tekur öðrum fremur ákvarðanir ásamt sjútvrh. um heildarveiði íslenskra fiskiskipa á þessum stofni. Einnig hefur verið deilt um veiðarfærastíl íslenska fiskiskipaflotans. Jafnan er talað um umhverfisvænar veiðar þegar kyrrstæð veiðarfæri eiga í hlut. Einnig er áberandi í umræðunni aukinn þrýstingur frá kaupendamarkaði afurða ytra að Íslendingar láti í ríkari mæli af togveiðum og innleiði frekari hlutdeild kyrrstæðra veiðarfæra í íslenskri lögsögu.

Um árabil hefur Hafró fyrst og fremst starfað eftir stærðfræðilegri hugmyndateoríu. Fæðuframboð, hitastig og önnur almenn líffræðileg skilyrði í hafinu virðast lítið vægi hafa í ráðgjöf og störfum stofnunarinnar. Sem dæmi, virðulegi forseti, er vaxandi vandamál með þorsk á grunnslóð. Þorskurinn er mjög sýktur af hringormi. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þeirrar staðreyndar að fæðuframboð er mjög takmarkað.

Í fyrsta lagi hefur verið gengið mjög á loðnustofninn á hverju ári með tilliti til fæðuþarfar botnfiskstofna. Í annan stað er ljóst að hækkandi hitastig sjávar veldur því að þorskurinn, okkar mikilvægasti botnfiskstofn, heimtar meiri fæðu, hann brennir meiru. Þorskurinn leitar því meira í botnfæðu, til að mynda krabba, slöngustjörnu og botnskít, og vandamálið með hringorminn vex.

Ef ekki koma til róttækar breytingar á starfsaðferðum Hafró má leiða líkur að því að á endanum verði til dvergvaxinn stofn, úrkynjaður og langt frá því að vera í líkingu við þann nytjastofn sem við viljum öll að þorskurinn verði áfram umhverfis landið. Nú þegar er farið að bera á þessari þróun. Þorskurinn verður kynþroska langtum fyrr en áður.

Það verður að auka veiðiálagið verulega. Aukning upp á 50 þús. tonn af þorski yrði að koma mestmegnis frá strandveiðiflotanum. Til að mynda mætti fjölga veiðidögum dagróðrabáta. Ef ekkert verður að gert mun þessi slæma þróun á endanum skaða þorskstofna okkar á grunnslóð. Ég get skilið að í öndverðu hafi þróunarkenning Darwins mætt andstöðu ýmissa bókstafstrúarmanna en að sjálfur hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála á Íslandi skuli ekki sjá þá vitleysu sem viðgengst í stjórn fiskveiða er með ólíkindum og það árið 2004.

Því verður að spyrja hæstv. ráðherra Árna M. Mathiesen hvort hann hafi ekki efasemdir um aðferðir Hafró sem liggja til grundvallar þeirri ráðgjöf sem við búum við. Í annan stað spyr ég hver hafi verið vaxtarþróun íslenska þorskstofnsins frá því að kvótakerfið kom á árið 1983 og til dagsins í dag.

Í þriðja lagi spyr ég: Hefur hæstv. sjútvrh. einhver áform um að auka hlutdeild vistvænna veiða úr heildarafla íslenskra botnfiskstofna?

[18:06]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að menn tjái sig um málin og spyrji spurninga. Þær spurningar sem hv. þm. bar upp í ræðustólnum eru svolítið öðruvísi en spurningarnar á þingskjalinu sem ég fékk til að svara á þeim tíma sem ég hef til ráðstöfunar.

Þær spurningar eru svohljóðandi:

„1. Hverjar telur ráðherra ástæður þess að árlegur þorskafli hefur aðeins verið 210 þúsund tonn að jafnaði sl. áratug?

2. Hefur ráðherra einhver áform um að auka hlutdeild svokallaðra „vistvænna“ veiða í heildarafla íslenska fiskiskipaflotans?“

Til að svara fyrstu spurningunni tel ég að samdráttur í veiðum verði fyrst og fremst skýrður með ofveiði til lengri tíma auk þess sem nýliðun var mjög léleg á árunum 1985–1996. Frá 1997–2002 hafa umskipti orðið til hins betra í nýliðun að undanskildum árgangi 2001, sem var mjög lítill. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að stjórn veiða úr þorskstofninum hefur verið markvissari undanfarin tíu ár en hún var þar áður. Þær takmarkanir sem verið hafa á þorskveiðum hafa eðlilega leitt til þess að veiðin hefur verið minni en ella. Hins vegar er ljóst að þær takmarkanir munu skila sér þegar litið er til veiða á næstu árum. Hrygningarstofninn

hefur braggast nokkuð frá því sem hann var en slíkt var talið nauðsynlegt og miðuðu friðunaraðgerðir m.a. að því.

Ég held að þróunin komi best fram í tölunum.

Á árunum 1962–1972 var meðalþorskaflinn 405 þús. tonn, meðalveiðistofninn 1.080 þús. tonn og meðalhrygningarstofninn 505 þús. tonn.

Á árunum 1973–1982 var meðalþorskaflinn 380 þús. tonn, meðalveiðistofninn 971 þús. tonn og meðalhrygningarstofninn 384 þús. tonn.

Á árunum 1983–1992 var meðalþorskaflinn 332 þús. tonn, meðalveiðistofninn 742 þús. tonn og meðalhrygningarstofninn 249 þús. tonn.

Á árunum 1995–2002 var meðalþorskaflinn 216 þús. tonn, meðalveiðistofninn 569 þús. tonn og meðalhrygningarstofninn 296 þús. tonn.

Ég held að á þessum tölum sjáist það samhengi sem ég var að nefna, um ofveiði til lengri tíma sem skýringu á þessu ástandi.

Hvað varðar síðari spurninguna eru ekki, alla vega enn sem komið er, uppi áform um að hafa áhrif á það með beinum afskiptum í hvaða veiðarfæri afli er veiddur. Hins vegar er ávallt reynt að fylgjast með veiðum og koma í veg fyrir skaðlegar veiðar, t.d. með svæðalokun. Í þessu sambandi má nefna að á vegum ráðuneytisins hefur starfað nefnd sem fjallað hefur um líffræðilega fiskveiðistjórn og kemur til með að skila áfangaáliti fljótlega. Hvort hún hefur tillögur í þá átt sem hér er spurt um er ekki enn vitað. Þó er líklegt að áfangaálitið leiði til frekara starfs hjá nefndinni og að svo viðamiklar breytingar, ef til kæmu, þ.e. að reyna að hafa áhrif á það hvaða veiðarfæri aflinn er veiddur í, muni taka lengri tíma — komi til þess að það verði lagt til.

[18:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki furða að menn spyrji um íslenska þorskstofninn og stöðu hans. Þegar þessari bók er flett, skýrslu Hafró, er kaflinn um þorskinn ekki sérlega upplífgandi.

Ég held að það sé engum vafa undirorpið að eitthvað er verulega mikið að þegar svo illa gengur að fá almennilegan afrakstur úr þessum mikilvægasta nytjastofni okkar Íslendinga. Við sjáum það t.d. ef við lítum á raðtölur Hafró að meðalþyngd þorsks árið 2003 var undir meðaltali áranna 1985–2002. Það gæti t.d. skýrt þá fullyrðingu hv. þm. Gunnar Örlygssonar að það sé ætisskortur á miðunum. Ég hef áður úr þessum ræðustól varað við því að menn væru að veiða allt of mikið af loðnu, taka of mikla orku út úr vistkerfinu og þannig veiða undan stofninum.

Ég hef í sjálfu sér ekki mikla trú á að hér sé um ofveiði að ræða. Ég bendi enn og aftur á reynslu Færeyinga. Menn töluðu lengi um að þar væri ofveiði en hvað sjáum við í dag? Í gær tók sjútvrh. undir það að sá stofn væri hvað sterkastur í Norður-Atlantshafi í dag. Hvar er sú ofveiði?

[18:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Menn velta náttúrlega fyrir sér hinni slöku nýtingu á þorskstofninum undanfarin 20 ár, kannski sérstaklega stöðunni eins og hún hefur verið sl. 10 ár. Við höfum veitt rétt rúm 200 þús. tonn að meðaltali, sem er náttúrlega langt frá nýtingu okkar áratugum saman.

Það er líka athyglisvert, hæstv. forseti, að skoða tölur frá Hafrannsóknastofnun, t.d. töflur um einstaka árganga, hvernig matið er á þriggja ára árgangi í töflunum. Þá sveiflast tölurnar ótrúlega, frá því að sami árgangur er metinn 80 millj. einstaklinga upp í að vera metinn 204 millj. þriggja ára nýliða. Allt eftir því á hvaða ári staðan er tekin.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er mjög margt sem þarf að skoða í rannsóknunum eins og vikið hefur verið að.

[18:12]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er ákaflega flókið gangvirki sem ræður framgangi tegunda og stofna í hafinu. Sé það t.d. rétt sem hv. þingmenn hafa sagt, að það sé skortur á átu á miðum lengra frá landinu þá er ég hræddur um að ekki sé hægt að bæta úr því með stjórnkerfi fiskveiða, a.m.k. ekki því stjórnkerfi sem beinist að bolfiski. Hugsanlegt er að hin mikla sókn í uppsjávarfiska á síðustu árum eigi meiri þátt en við gerum okkur grein fyrir í að fella stoðir undan þorskstofninum.

Tvennt vildi ég nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi liggja fyrir rannsóknir sem sýna að stóri hrygningarfiskurinn er mjög mikilvægur varðandi viðkomu þorsksins og nýliðun. Við höfum, a.m.k. til fárra ára, sótt mjög hart í þann stofn.

Í annan stað er það rétt sem hv. þm. Gunnar Örlygsson segir, að með veiðum okkar höfum við valið úr stóra fiskinn og þar með lækkað kynþroskaaldur fisksins. Þarna er um að ræða arfgengar breytingar sem ég held að menn deili ekki um lengur. Minni kynþroskaaldur þýðir líka minni meðalvigt veiddra fiska. Þetta skiptir máli.

Síðan má ekki gleyma því að staðbundnir stofnar virðast skipta meira máli en við gerðum okkur áður grein fyrir.

[18:14]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessum jafnstöðuafla, eins og hann hefur verið í þorski undanfarin 10 ár.

210 þús. tonn, sem jafnstöðuafli undanfarin tíu ár, er náttúrlega allt önnur tala heldur en þær sem sáust 10 árum á undan kvótakerfinu. Ég hef oft velt fyrir mér hvernig á því standi að svokallaðir hagsmunaaðilar í útvegi skuli ekki velta fyrir sér af meiri alvöru en mér virðist gert hve seint hefur gengið að byggja upp þennan verðmæta stofn sem þorskstofninn er.

Kvótakerfið hefur verið við lýði það lengi að við erum farnir að tala um fleiri en eina kynslóð þorska. Það sem gerðist fyrir kvótakerfi hefur því kannski ekki megináhrif á það sem er að gerast núna. En mér finnst vanta raunverulega gagnrýnar spurningar um kerfið frá hagsmunaaðilum. Hvernig í ósköpunum stendur á því að svo hægt gengur að byggja stofninn upp þegar skilyrðin í sjónum eru með því besta sem við þekkjum?

[18:15]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Örlygsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þm. sem tekið hafa hér til máls.

Í svörum hæstv. ráðherra var áfram að finna stærðfræðilega hugmyndateoríu þar sem tiplað var á milli áratuga, talað í tölum, magni o.s.frv. Þetta endurspeglar nákvæmlega þær starfsaðferðir sem Hafró hefur unnið eftir og ég er farinn að spyrja mig: Getur verið að fiskverndarkerfið sem átti að heita því nafni í upphafi en er orðið að hagsmunakerfi örfárra aðila í dag, sé ástæðan fyrir því að menn eru á rangri braut í þessum efnum? Getur verið að það sé orðið hagsmunakerfi

en ekki fiskverndarkerfi? Að menn séu orðnir það þrjóskir eða stoltir að þeir vilji ekki líta til frænda okkar í Færeyjum þar sem árangurinn er með því besta sem gerist í veröld vorri, heldur sitja áfram í þrjósku sinni eða stolti og horfa ekki til þeirra líffræðilegu þátta sem um er að ræða? Þorskurinn skilur ekki algebru. Og menn verða að fara að læra þá lexíu að það er eitthvað annað og meira en stærðfræði í hafinu kringum landið. Þetta er spurning um fæðuframboð. Þetta er spurning um hitastig.

Ég minntist á Darwin í upphafsræðu minni áðan. Gera menn sér ekki grein fyrir því að við erum á leið með að búa hér til úrkynjaðan dvergstofn sem mun gera það að verkum að stærsti útvegur okkar gæti hlotið mikinn skaða af? Ég fagna því þó að stjórnarandstöðuflokkarnir, allir með tölu, eru tilbúnir að horfa til þeirrar framtíðarstefnu að koma hér á sjálfbærum fiskveiðum og hugsa til þeirra afkomenda sem taka við af okkur.

[18:17]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það hefur margt athyglisvert komið fram í umræðunni. En ég held að menn einblíni einum of mikið á kerfið þegar menn tala á þessum nótum og þeir gleymi því að á u.þ.b. fyrstu tíu árunum sem kvótakerfið var í notkun var alltaf ákveðinn kvóti umfram það magn sem fiskifræðingarnir lögðu til. Og síðan var alltaf veitt enn þá meira umfram það sem ákveðið var að kvótinn ætti að vera. (**Gripið fram í:** Hvernig er það búið að vera í Færeyjum?) Þannig að þær ákvarðanir sem við erum að taka í dag og byggjum á ráðleggingum vísindamanna, eftir að þeir eru út af fyrir sig búnir að ganga í gegnum sína reynslusögu í því að reyna að ákvarða stærð stofnsins, gera það vonandi ekki að verkum að þær leiði til ofveiði eins og var mestallt tímabilið sem ég nefndi á undan.

Hugmyndir um það að við höfum verið að veiða ofan af stofninum, veiða stærsta fiskinn og þann fisk sem vex hraðast og það leiði síðan til þess að við höfum áhrif á erfðamengi stofnsins og hann verði minni, eru mjög athyglisverðar kenningar. En enn sem komið er eru þær einungis kenningar og verið er að grafast fyrir um hvort hægt sé að staðfesta þær og hvort hægt sé að leggja þær til grundvallar í framtíðarákvörðunum okkar.

Jafnframt eru kenningar um að við höfum verið að veiða of mikið af uppsjávarfiskinum sem sé grundvöllur fæðu fyrir bolfiskinn. Það eru líka enn sem komið er einungis kenningar. Þar á sér líka stað vinna í því að grafast fyrir um hvort sú kenning á einhverjar rætur sem við þurfum síðan að leggja til grundvallar í ákvarðanatökunni.

Frú forseti. Margt af því sem hér hefur komið fram er verið að athuga og vonandi munu niðurstöðurnar gefa okkur betri grundvöll til ákvörðunartöku.

Eldisþorskur.

Fsp. JGunn, 675. mál. — Þskj. 1004.

[18:20]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Þorskeldi á Íslandi vex stöðugt fiskur um hrygg og það er gott því eldið getur verið góð viðbót við veiðar á hinum villta stofni. Í dag fer þetta þannig fram að það er að mestu leyti villtur þorskur sem veiddur er og alinn er áfram í kvíum og ég tel ekki þörf á að hafa miklar áhyggjur af því, sérstaklega ef fiskurinn sem um ræðir er veiddur á svæði sem er í námunda við staðsetningu kvíanna. Það er mikil framþróun í þorskeldi og áhugaverðir hlutir að gerast. Hafró er að búa til þorskseiði í tilraunastöð sinni í dag, þ.e. þeir safna saman hrognum, frjóvga og klekja út seiði, venja þau við þurrfóður og síðan eru þau nýtt í áframeldi vítt og breitt um landið.

Nú er það orðið viðurkennt og vitað að í kringum Ísland eru staðbundnir þorskstofnar og ástæða til að velta upp þeirri spurningu hvort við gætum verið að stuðla að einhverri blöndun stofna þegar fiskur sleppur úr kvíum umfram það sem annars hefði orðið ef ekki hefði verið átt við eldi. Það er þekkt og vitað að þorskur sleppur úr kvíum. Það er alltaf einhver hluti fisks í eldiskvíum sem sleppur úr kvíunum.

Mig langar, með leyfi forseta, að fara aðeins með smátexta sem ég hnaut um á Intrafish 19. febrúar, en þar segir að eldisþorskur finni alltaf flóttaleiðir:

„Að sögn norskra þorskeldisaðila er þorskur í eldiskví naskur á að finna sér leið út úr kvínni og er meira um að þorskur sleppi burt en lax. Myndavélar í kvíunum hafa sýnt að þorskurinn syndir meðfram nótaveggnum og leitar að gati. Ef gat er á veggnum finnur þorskurinn það og treður sér út og fleiri fylgja í kjölfarið. Ef þorskurinn finnur ekki gat, byrjar hann að naga þræðina í netinu og rekja þá upp. Í ljós kom jafnvel að ef sá sem byrjaði að naga hættir því, kemur annar á nákvæmlega sama staðinn og heldur áfram að naga og svo koll af kolli þar til gat myndast. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að styrkja kvíarnar, t.d. með því að hafa þær tvöfaldar og með sverari net með minni möskvum og með því að nota grófa þræði í netið. Þrátt fyrir þetta virðist þorskurinn finna leiðir til þess að sleppa."

Það er einnig markmið í öllu eldi að auka vaxtarhraða fiska og auka afurðir sem af þeim nýtast. Þetta er oft og tíðum gert með því að hræra í kynþroska, velja saman einstaklinga sem gefa aukinn vöxt, og á síðari tímum með erfðaefnisbreytingu. Því tel ég fulla ástæðu til að spyrja hæstv. sjútvrh.:

1. Hverjir hafa eftirlit með því hvort eldisþorskur sleppur í einhverjum mæli úr kvíum?

2. Hefur verið metið hvort og þá hvaða hættur geti stafað af því ef kynbættur eldisþorskur sleppur í miklum mæli úr kví og blandast staðbundnum þorskstofnum?

3. Hefur ráðherra í hyggju að setja reglur um leyfilegar kynbætur á eldisþorski

[18:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta eru athyglisverðar vangaveltur sem fram koma hjá hv. þm. og lýsingin á þorskinum sem er að reyna að troða sé út um gatið á netinu í kvínni minnir óneitanlega á rollurnar sem reyna að troða sér í gegnum gatið á girðingunni til þess að komast inn fyrir í túnið. Það er því víða líkt atferlið í náttúrunni.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þm. þá er fyrsta spurningin um hver hafi eftirlit með því hvort eldisfiskur sleppi í einhverjum mæli úr kvíum. Slíkt eftirlit er eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst á vegum eldisfyrirtækjanna sjálfra, enda er það þeirra hagur að sem minnst sleppi úr kvíunum. Hvað opinbert eftirlit varðar er það á hendi Fiskistofu, sbr. lög nr. 32/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, og reglugerð við þau lög nr. 238/2003, með síðari breytingum.

Önnur spurningin er: „Hefur verið metið hvort og þá hvaða hættur geti stafað af því ef kynbættur eldisþorskur sleppur í miklum mæli úr kví og blandast staðbundnum þorskstofnum?“

Ekkert slíkt fræðilegt mat hefur enn sem komið er farið fram en hins vegar er ljóst að erfðafjölbreytni íslenska þorskstofnsins er mikil miðað við aðra stofna sömu tegundar. Mikil þörf er á að koma upp kynbættum íslenskum eldisstofni þorsks og er það raunar ein helsta forsenda þess að þorskeldi hér við land nái að dafna. Að þessu verkefni er unnið bæði af vísinda- og fiskeldismönnum á vegum bæði opinberra stofnana og fiskeldisfyrirtækja og er styrkt m.a. af AVS-verkefnissjóðnum. Kapp verður lagt á að kynbættur fiskur sleppi ekki úr kvíum. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að þó að fiskur sleppi stöku sinnum í litlum mæli getur slíkt vart valdið teljandi tjóni. Erfðablöndun í einhverjum mæli á sér ekki stað nema um nokkuð stöðugt ferli verði að ræða og fyrirtækin sjálf munu ekki láta slíkt gerast einfaldlega vegna hagkvæmnissjónarmiða, auk virks eftirlits Fiskistofu, samanber svar við fyrstu spurningunni.

Þriðja spurningin er: „Hefur ráðherra í hyggju að setja reglur um leyfilegar kynbætur á eldisþorski?“

Það mál hefur þegar verið lagt fram á Alþingi og samþykkt lög hvað það varðar, lög nr. 3/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Þar segir m.a. í 4. mgr. 3. gr. laganna eins og þau eru í dag: „Þar á meðal um takmörkun eða bann eldis á nytjastofnum er lög þessi ná til ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða að líffræðilegri fjölbreytni sé ógnað og tegundum eða stofnum stefnt í hættu.“

Það hefur því verið lagður lagalegur grundvöllur að þessari vinnu og henni mun vinda fram í samræmi við þá þróun sem á sér stað í þorskeldinu. Ef okkur tekst vel upp ætti okkur að geta tekist að ala hér þorsk þannig að þjóðarbúið bæti hag sinn á því en án þess þó að það komi niður á villtum stofnum ef einhver brögð verða að því að þorskur sleppi úr kvíum.

[18:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er fullt tilefni til þess að velta fyrir sér þorskeldinu hér á landi og hvernig það muni þróast á komandi árum en ljóst er að við búum við staðbundna þorskstofna þó að það hafi ekki verið viðurkennt fyrir nokkrum árum síðan. Það er líka alveg ljóst að ef menn ala seiði uppi á landi og færa þau síðan á milli landshluta til eldis er verið að færa til einstaklinga sem ekki hafa alist upp á viðkomandi svæðum og ef þeir sleppa út blandast þeir inn í umhverfi þar sem þeir voru ekki aldir upp og hentar kannski ekki.

Ég vil segja frá því svona til gamans að ég skoðaði seiði vestur í Ísafjarðardjúpi sem alin voru upp í Grindavík og hins vegar seiði sem veidd voru úr Ísafjarðardjúpi og voru í sitt hvoru kerinu. Ég verð að segja alveg eins og er að seiðin sem komu úr Grindavík og voru alin upp af fiskifræðingum voru ákaflega taugaveikluð, hrukku við ef maður kom nálægt kerinu.

[18:28]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér er talað um þorskeldi og erfðafræði. Hæstv. sjútvrh. kom inn á að það væri mikil erfðafjölbreytni hjá íslenska þorskinum. Það skyldi þó aldrei vera að vegna þess að það eru margir þorskstofnar við Íslands að þá sé ekkert verið að skoða einn einstakan stofn, heldur marga staðbundna litla stofna. Það skyldi þó aldrei vera. Gaman væri að heyra á hve miklum rannsóknum hæstv. sjútvrh. byggir þessa fullyrðingu sína eða hvort hann byggir hana hreinlega bara á kenningum, eins og hann sakaði hv. þm. Gunnar Örlygsson um að gera áðan.

Ég held að fullt tilefni sé til þess að tala um þetta með gagnrýnum hætti ef menn fara út í þorskeldi af öllum krafti sem ég reyndar þó efast um því fiskverð hefur verið að falla töluvert undanfarið og ekki útséð um að hægt sé að stunda slíkt eldi með hagkvæmum hætti. En ef svo fer er full ástæða til að fara vel yfir þessi mál því að við sáum það greinilega með laxeldið fyrir austan, og höfum kannski ekki enn þá bitið úr nálinni með það, að þar var undirbúningi á ýmsan hátt verulega ábótavant.

[18:29]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þær upplýsingar sem hv. þm. Jón Gunnarsson flutti okkur inn í umræðuna, benda auðvitað til þess að þorskurinn sé miklu gáfaðri skepna en við gerðum okkur áður grein fyrir. Ef það er svo að hjörðin í kvínni nagar sig með kerfisbundnum hætti út er það auðvitað eitthvað sem menn þurfa að taka tillit til.

Ég er þeirrar skoðunar að þorskeldi eigi eftir að verða gríðarleg lyftistöng fyrir íslenskan sjávarútveg. Ég er líka jafnmeðvitaður um að ef við ætlum okkur að fá öll þau verðmæti úr þorskeldi sem menn miða að í framtíðinni verður það ekki gert nema með mjög miklum kynbótum á sviði þorskeldis. Það hefur alltaf verið undirstaðan undir hagkvæmu fiskeldi. Við sjáum líka núna að sú takmarkaða reynsla sem við höfum af þorskeldi bendir til þess að fiskur alinn í kvíum henti miklu betur til vinnslu en villti þorskurinn og þrýstingurinn er til staðar.

Þessi hætta er fyrir hendi og því er rétt hjá hv. þm. að taka málið upp. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og ég held að hæstv. ráðherra ætti í framhaldi af þessari umræðu að hefja þá vinnu sem hv. þm. er að spyrja eftir og enn er ekki farin af stað.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni og eins hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann bar hér fram.

Í raun hefur ekki tekist enn þá að sýna fram á neina arðsemi af þorskeldi. Kostnaðurinn við að ala þorsk í dag, að framleiða seiði og ala þorsk í kvíum, er einfaldlega of mikill miðað við það afurðaverð sem hægt er að fá fyrir hann þannig að alveg ljóst er að menn þurfa með einhverju móti að ná fram breyttum vexti eða breytingum í eðli þorsksins til að gera þetta eldi arðbært.

Það kom fram í svörum hæstv. ráðherra að eftirlitið væri að mestu í höndum fyrirtækjanna sjálfra og ég treysti þeim svo sem vel til þess að hugsa um að reyna að halda þorskinum inni. En Fiskistofa á þó að hafa hið opinbera eftirlit. Ég held að það vanti reglur um það hvernig tilkynna skuli Fiskistofu t.d. ef fiskur einhverra hluta vegna sleppur vegna slyss úr kvíum eða eitthvað kemur upp í kvíunum sem ekki var við búist, að til séu sem sagt fyrir fram einhverjar viðbragðsáætlanir og áætlanir um það hvernig menn ætla að taka á hlutum ef þetta gerist.

Ráðuneytið hefur ekki lagt fram neina vinnu til að meta hvaða kynbætur eru nauðsynlegar eða hvaða kynbætur á að leyfa á þeim þorski sem ala á í kvíum og miðað við lýsingar mínar hér áðan á því hvernig þorskurinn reynir að sleppa úr kvíunum og reynslu manna af eldi á fiski í kvíum þá held ég að við getum ekki leyft okkur annað en að vera á varðbergi gagnvart því sem þarna getur gerst vegna þess að sjútvrn. er farið að styrkja kynbótastarf í þorski og við hljótum að verða að gera okkur grein fyrir hvað getur gerst ef þorskur í stórum stíl fer að fara úr kvíum.

Það kom fram hér áðan og það er alveg rétt að þorskurinn er hin gáfaðasta skepna meðan hann er í sínu náttúrulega umhverfi í sjónum. Einu heimsku þorskarnir eru þorskarnir á þurra landinu.

[18:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Við þurfum að vera á varðbergi, eins og hv. þm. segir. Það er rétt hjá honum. En við þurfum líka að gæta þess að setja ekki svo þröngar og stífar reglur um atvinnugrein sem er að þróast að hún nái ekki þeim þroska sem þarf til þess að hún geti blómgast. Enn sem komið er er ekki verið að ala þorsk í kvíum í miklu magni, hvað þá ala eldisþorsk í kvíum í miklu magni, því að mest af þeim þorski sem alinn er í kvíum í dag er villtur þorskur sem hefur verið fangaður í hinu villta umhverfi. Þar af leiðandi er sú hætta sem hv. þm. nefndi, að eldisþorskur, kynbættur þorskur slyppi úr kvíum í miklu magni, ekki enn þá fyrir hendi. En við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta getur orðið vandamál. Við höfum séð í öðrum eldisgreinum að menn hafa haft af þessu áhyggjur og við munum vera við þessu búin þegar þar að kemur að hér verði eldi í einhverjum þeim stíl að það kalli á viðbrögð við þessari hættu. Hv. þm. og hv. þingheimur þarf ekki að hafa áhyggjur að ekki verði vel að þessu staðið og allt vel undirbúið þegar til þess kemur.

Brot á lagaákvæðum um áfengisauglýsingar.

Fsp. MÁ, 673. mál. — Þskj. 1002.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Áfengisauglýsingar eru nú staðreynd á Íslandi í ýmsu formi þrátt fyrir 20. gr. laga nr. 75/1998 sem bannar slíkar auglýsingar.

Ég var um daginn, það var 18. febrúar, að reyna að ræða þetta mál við hæstv. dómsmrh. Svör hans voru þá nokkurn veginn þau að ákvæði um bann við áfengisauglýsingum sé í gildi, að lögregla og ríkissaksóknari taki við kærum um brot á þeim ákvæðum, að ráðherra ætli ekki að beita sér fyrir neinni vinnu gagnvart lögunum eða vinnu í reglugerð, breytingum eða skýringum á þessu ákvæði, að tóbaksmál, bann við tóbaksauglýsingum sé ekki samanburðarhæft af því að til er svokallað léttöl en ekki til nikótínlausar sígarettur og að telji ég sem hér stend og hef spurt um þetta mál að þessi lög séu brotin þá eigi ég sjálfur að kæra. Hæstv. dómsmrh. hefur þar með gert mig að eins konar opinberum saksóknara á þessu sviði. Ég þakka að vísu heiðurinn en ég held að vinnuveitendur mínir, kjósendur í Reykv. s., ætli mér annað hlutverk á þinginu.

Svörin benda til þess að spurningarnar hafi verið illa samdar. Þess vegna hef ég vandað mig og samið nýjar spurningar eins og sjá má á þingskjölum. Ég vil hins vegar nota tækifærið til þess að kynna áskorun sem ansi mörg samtök hafa gert og er þess eðlis að skorað er á alla hlutaðeigandi að standa vörð um velferð barna og unglinga og sameinast um að virða og framfylgja skýru banni við áfengisauglýsingum. Sá hópur sem stendur að þessu verki minnir á tilmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um að börn og unglingar fái að alast upp án hvatningar til neyslu áfengis.

Í áskoruninni segir, með leyfi forseta:

„Við minnum einnig á það markmið íslenskra stjórnvalda að draga úr áfengisneyslu meðal ungs fólks. Áfengisauglýsingar og önnur hvatning til neyslu áfengis vinnur gegn þessum markmiðum.

Þessi hópur segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Við hvetjum til samstöðu um að halda áfengi og hvatningu til neyslu áfengis sem mest frá börnum og unglingum og skorum á framleiðendur og seljendur áfengis, lögreglu, dómstóla, fjölmiðla og landsmenn alla að sýna ábyrgð og sjá til þess að lögum sé fylgt í þessu efni."

Grundvallarspurningin til hæstv. dómsmrh. er auðvitað þessi: Hverju ætlar hann að svara forustumönnum Bandalags íslenskra skáta, Barnahreyfingar IOGT, Bindindisfélags ökumanna, Bindissamtakanna IOGT á Íslandi, Heimilis og skóla, Íslenskra ungtemplara, Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, KFUM og K, Kvenfélagasambands Íslands, Samfoks, Samtaka félagsmiðstöðva, Samtaka skólamanna um bindindisfræðslu, Ungmennahreyfingar IOGT og Vímulausrar æsku?

[18:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég kem til að svara fyrirspurnum hv. þm. sem hefur lagt fyrir mig fimm spurningar. Sú fyrsta var:

„1. Hvað hafa lögreglu borist margar ábendingar eða kærur um meint brot á banni við auglýsingum á áfengi skv. 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, árin 2000–2003?"

Svarið er: Miðað við stöðu mála í málaskrá lögreglu hafa 37 brot vegna banns við auglýsingum á áfengi skv. 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 verið skráð frá árunum 2000–2003. Flest brot eru skráð árið 2000 eða 14. Árið 2001 eru skráð brot níu talsins, fjögur brot árið 2002 og á síðasta ári voru tíu brot skráð.

Þá er spurt:

„2. Hve mörg þessara mála hafa verið felld niður, hve mörg endað með sátt og hve mörg farið í ákæru?"

Á árunum 2000–2003 var ákært í fjórum málum vegna brota á 20. gr. áfengislaga. Sjö mál voru felld niður samkvæmt 112. gr. laga um meðferð opinberra mála og fallið var frá saksókn skv. 113. gr. laganna í tveimur málum. Í öðrum tilfellum hefur málum verið lagt upp eða rannsókn þeirra hætt með skírskotun til 76. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Í þeim fjórum málum sem ákært var á árunum 2000–2003 voru þrjú mál til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og eitt fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Í einu málanna var sýknað, í einu tilfelli var um að ræða viðurlagaákvörðun skv. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. nokkurs konar dómsátt, og í tveimur tilfellum var um að ræða dæmd viðurlög. Þessu til viðbótar má nefna að það sem af er árinu 2004 hafa verið gefnar út tvær ákærur vegna ætlaðra brota gegn banni við áfengisauglýsingum.

Ekki er um það að ræða að málum vegna brota á 20. gr. áfengislaga sé lokið með lögreglusátt enda er slíkt ekki heimilt samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum ríkissaksóknara, en núgildandi fyrirmæli ríkissaksóknara um þetta efni eru nr. 2 frá 30. apríl 2001. Brot gegn 20. gr. áfengislaga eru ekki tilgreind á skrá yfir brot sem heimilt er skv. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála að ljúka með lögreglustjórasátt.

Þá er spurt í þriðja lagi:

„3. Hefur lögreglan á þessum tíma rannsakað að eigin frumkvæði mál sem varða áðurnefnda lagagrein? Hve mörg þeirra mála hafa verið felld niður, hve mörg endað með sátt og hve mörg farið í ákæru?"

Þessar upplýsingar er ekki unnt að nálgast á einum stað enda er það ekki skráð sérstaklega í málaskrá lögreglu ef rannsókn er hafin að frumkvæði lögreglu. Þegar málin eru hins vegar skoðuð og rýnt í þær skráningar sem fyrir liggja samkvæmt málaskrám má sjá að árið 2000 var um að ræða tíu brot þar sem aðilar voru skráðir í mál en hvorki tilkynnandi né kærandi skráður. Árið 2001 voru brotin sex, árið 2002 þrjú og fjögur árið 2003. Ég get þó nefnt það í þessu sambandi að samkvæmt athugun minni hefur lögreglustjóraembættið í Reykjavík alls 14 sinnum á árunum 2002–2003 haft frumkvæði að því að rannsaka ætluð brot gegn 20. gr. áfengislaga. Af öllum 37 málunum sem til málsmeðferðar eru á þessu árabili hafði embættið í Reykjavík 23 mál til meðferðar á þessu árabili. Af 14 frumkvæðismálum Lögreglunnar í Reykjavík var ákært í einu máli. Í tólf málanna var rannsókn hætt eða málið fellt niður, en rannsókn stendur yfir í einu málanna.

Í fjórða lagi spurt:

„4. Hafa áfengisauglýsingar verið kannaðar með almennum hætti í dómsmálaráðuneytinu frá og með árinu 1988, hjá ríkislögreglustjóra eða annars staðar hjá lögreglunni, svo sem með skipan nefndar, starfshóps eða vinnuteymis einhvers konar, eða með gerð skýrslu, minnispunkta eða álits af einhverju tagi? Hverjar eru niðurstöður þess starfs?"

Í marsmánuði árið 2000 setti Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri á fót vinnuhóp til að gera úttekt á brotum gegn 20. gr. áfengislaga sem fjallar um bann við áfengisauglýsingum og gera tillögur um viðbrögð við slíkum brotum. Hópurinn lauk störfum í nóvember 2001 og skilaði af sér skýrslu sem send var dómsmrh. með bréfi 5. febr. 2002. Helstu niðurstöður vinnuhópsins voru m.a. þær að þar sem bann er við áfengisauglýsingum er neysla minni og minna er um vandamál sem rekja má til áfengisneyslu, svo sem ölvunarakstur, og bann við áfengisauglýsingum hefur forvarnagildi.

Þrátt fyrir að vinnuhópurinn hafi ekki framkvæmt sérstaka úttekt á hugsanlegum áfengisauglýsingum var bent á mörg dæmi sem hópurinn taldi vera ótvíræðar áfengisauglýsingar. Vinnuhópurinn taldi að þrátt fyrir að lögregla hefði í nokkrum mæli tekið mál til rannsóknar að eigin frumkvæði mætti ætíð gera betur í því efni og hvatti til þess að lögregla héldi vöku sinni og tæki öllum ábendingum um brot gegn auglýsingabanni alvarlega. Bent var á að mikilvægt væri að rannsókn þessara mála væri hraðað. Einnig þótti vinnuhópnum það athugunarefni hvort hald skuli lagt á auglýsingu á meðan á rannsókn máls stendur.

Vinnuhópurinn bendir á í skýrslu sinni að margar áfengisauglýsingar séu með þeim hætti að lögin taki ekki nægilega skýrt til þeirra. Það var einnig mat vinnuhópsins að taka þurfi 20. gr. áfengislaga til skoðunar og gera ákvæðið ítarlega, nákvæmara og ótvíræðara, jafnframt að tekið verði til athugunar hvort brot á ákvæðinu eigi að varða leyfissviptingu. Þá verði refsiábyrgð á áfengisauglýsingum tekin til skoðunar.

Nauðungarvistun.

Fsp. MF, 699. mál. — Þskj. 1037.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í lögræðislögum, nr. 71/1997, eru ákvæði um nauðungarvistun einstaklings. Með því er átt við að sjálfráða maður er færður nauðugur í sjúkrahús og haldið þar eða þegar einstaklingi sem dvalið hefur á sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja er haldið þar nauðugum. Ástæður nauðungarvistunar geta vissulega verið mismunandi en þó er algengast að það sé vegna alvarlegra geðsjúkdóma og/eða mikillar neyslu fíkniefna. Aðstæður þeirra sem eiga við geðveiki að stríða geta verið þannig að hinn veiki geri sér enga grein fyrir sjúkdómnum þó læknar og ættingjar telji viðkomandi svo veikan að nauðsynlegt sé að leggja hann á sjúkrahús. Í þeim tilvikum er möguleiki á að leggja sjúklinginn inn án þess að samþykki hans sé til staðar.

Nauðungarvistun þarf þó ekki að fela í sér að lögráða einstaklingur sé sviptur sjálfræði eins og var áður en lögræðislögum var breytt 1997. Hægt er að nauðungarvista einstakling í allt að þrjár vikur í senn án þess að viðkomandi sé sviptur sjálfræði. Ákvörðun um nauðungarvistun er ávallt í samráði við lækni en ættingjar hins veika verða að leggja fram beiðnina um nauðungarvistun til dómsmrn. sem tekur málið þegar til meðferðar því nauðungarvistun má ekki vara lengur en 48 klukkustundir nema úrskurður dómsmrn. liggi fyrir. Það eru augljóslega þung spor ættingja einstaklings sem talinn er mjög geðveikur að óska eftir nauðungarvistun. Slík ákvörðun ætti aðeins að byggjast á faglegu mati og umsókn í höndum fagaðila eða viðkomandi félagsmálayfirvalda. Beiðni ættingja um nauðungarvistun hefur brotið upp fjölskyldur, valdið hjónaskilnuðum og ómældri sorg og erfiðleikum innan fjölskyldna. Rúmlega 3% þeirra sem leggjast inn á geðdeildir eru nauðungarvistaðir. Á síðustu átta árum hafa 578 einstaklingar verið nauðungarvistaðir, en síðustu þrjú árin skiptist það þannig að 2001 var 61 nauðungarvistaður, 2002 86 nauðungarvistaðir og 2003 92 nauðungarvistaðir. Fjöldinn hefur því farið vaxandi. Þó má reikna með að þörfin sé í raun meiri, en ætla má að það skilyrði að ættingjar undirriti komi í veg fyrir að þessu úrræði sé beitt þó þörfin sé fyrir hendi.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur ráðherra í hyggju að breyta reglum varðandi nauðungarvistun geðsjúkra? Ef svo er, á hvern hátt og hvenær má vænta þeirra breytinga?

[18:46]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég get svaraði þessari spurningu á mjög einfaldan og skýran hátt. Ég hef ekki í huga að beita mér fyrir breytingum á lögræðislögunum, nr. 71/1997, um þetta atriði. Ég hef hér fyrir framan mig álit sem byggt er á samtölum við lækna og aðra sem að framkvæmd þessara laga hafa komið. Samkvæmt því kemur hvergi fram að nauðsynlegt sé að

breyta þessum lögum. Frekar dreg ég þá ályktun af þessum umsögnum að lögin hafi reynst vel og að ekki hafi neitt í sjálfu sér komið fram sem að mati þessara aðila gefi tilefni til breytinga á ákvæðum laganna um nauðungarvistanir.

Ég tók eftir því að hv. fyrirspyrjandi vék sérstaklega að því að það væru þung spor fyrir nána ættingja þeirra sem sæta þessu úrræði að þurfa að stíga skref í þessa átt. En ég veit ekki hvaða hugmyndir aðrar menn hafa um það hverjir eigi að koma að því að beita sér fyrir því að fólk sé beitt þessu úrræði. Það er miklu meira mál en svo að ástæða sé til þess fyrir ráðherrann að lýsa einn skoðun á því, því það þarf að skoða þetta og taka mið af reynslunni sem við höfum frá 1997, fara yfir málin og átta sig á því í samráði við sérfræðinga hvernig eigi að taka á því ef við ætlum að breyta þessu ákvæði.

Að sjálfsögðu er þetta erfitt mál. Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda að málið er mjög viðkvæmt og vandmeðfarið. En að ætla að víkka þennan hóp og stækka er líka mjög vandmeðfarið og stórt skref að stíga fyrir löggjafann að taka ákvarðanir um slíkar breytingar. Ég tel því að nauðsynlegt sé í öllu tilliti að stíga varlega til jarðar í þessu máli.

[18:48]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég get sannarlega tekið undir það með hæstv. ráðherra að það þarf að stíga varlega til jarðar í þessum efnum við breytingar. Ég er alls ekki að leggja til að sá hópur sem þarf að koma að málum við nauðungarvistun einstaklings verði stækkaður. Það sem ég hef fyrst og fremst í huga er að eingöngu sé um að ræða undirritun fagaðila, þ.e. að fjölskylda þess einstaklings sem er nauðungarvistaður þurfi ekki að undirrita beiðni um nauðungarvistun frá aðstandendum. Samkvæmt vitneskju sem ég hef m.a. frá Geðhjálp og fjölskyldum ýmissa þeirra sem hafa verið nauðungarvistaðir á undanförnum tveimur árum, samtölum við þá, þá eru þetta afar þung spor sem hafa orðið til þess að splundra fjölskyldum, einfaldlega vegna þess að sá sem er nauðungarvistaður er í flestum tilvikum svo veikur að hann getur ekki með nokkrum hætti tekist á við það af skynsemi að fjölskyldan hafi undirritað plagg þess efnis að nauðungarvistun skuli eiga sér stað.

Ég efast ekki um að læknar og fagaðilar sem þarna koma að vilja hafa á þessu gott kerfi. En ákvæðinu sem við búum við í dag, þ.e. að fjölskyldur verði að undirrita beiðni um nauðungarvistun, tel ég að þurfi nauðsynlega að breyta, einfaldlega vegna þess álags sem er á fjölskyldu þessara einstaklinga. Þeir eru býsna margir eins og kemur fram í þessum tölum því að 2003 var 91 nauðungarvistaður. Þó sýnir það sig að þeir eru heldur færi hér í samanburði við Norðurlöndin og kannski fyrst og fremst vegna þess að við erum með þessar reglur um fjölskylduna.

Meðferðardeild við fangelsi landsins.

Fsp. MF, 739. mál. — Þskj. 1103.

[18:50]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að eðli afbrota hefur breyst mjög á undanförnum hér á landi. Ef skoðuð er saga þeirra sem gista fangelsi landsins bara núna síðustu 15–20 ár þá sýnir það sig að þeir eru í vaxandi mæli fíkniefnaneytendur og hafa oft og tíðum verið í mjög harðri neyslu nokkur undanfarin ár áður en þeir eru vistaðir í fangelsi. Vakin hefur verið athygli á því að við höfum kannski ekki í okkar fangelsismálum svarað þessari auknu þörf fyrir meðferð fanga vegna fíkniefnaneyslu. Árið 1994 kom skýrsla frá nefnd Evrópuráðsins um hvernig staðið er að fangelsismálum, aðbúnaði fanga og framkvæmd refsinga. Sú nefnd skoðaði fangelsin hér 1993 og sendi frá sér skýrslu 1994. Þar voru gerðar ýmsar athugasemdir um framkvæmd refsinga og aðbúnað fanga hér á landi, sérstaklega hvað varðar gæsluvarðhald og heilbrigðisþjónustu. Nefndin sendi frá sér tilmæli um úrbætur til íslenskra stjórnvalda þar sem fyrst og fremst var farið fram á aukna heilbrigðisþjónustu í fangelsum og réttindi fanga þar að lútandi voru ítrekuð. Sérstaklega voru lögð fram tilmæli hvað varðar forvarnir og fíkniefnameðferð. Í tilmælunum segir, með leyfi forseta:

„Forvarnir gegn vímuefnaneyslu skulu efldar, vímuefnameðferð bætt og undirbúningur fyrir lausn úr fangelsi aukin til að minnka líkur á því að fangi hefji aftur neyslu.“

Í skýrslu starfshóps um stefnumótun í geðheilbrigðismálum sem þáverandi heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir skipaði og skilaði af sér í október 1998 er einnig lögð áhersla á nauðsyn þess að efla meðferðarþjónustu fyrir fanga vegna geðsjúkdóma og áfengis- eða vímuefnafíknar. Það er einnig þekkt að þetta tvennt fer oft saman. Þar er vakin athygli á að geðdeildir sjúkrahúsanna hafi ekki tekið við afplánunarföngum í áfengismeðferð og þó SÁÁ hafi boðið upp á samstarf við fangelsisyfirvöld hafa fangar átt kost á meðferð við lok afplánunar.

Nú er ljóst að sífellt fleiri, eins og ég sagði áðan, afplána dóma vegna afbrota sem framin eru undir áhrifum vímuefna. Flestir eru háðir vímuefnum og hafa verið í mikilli neyslu þegar til afplánunar kemur og þyrftu nauðsynlega á langvarandi meðferð að halda strax og afplánun hefst. Í langan tíma hafa þeir sem hafa látið sig fangelsismál varða lagt áherslu á að stofnuð verði sérstök meðferðardeild við fangelsin og fyrrverandi dómsmrh. hefur einnig tekið undir þau sjónarmið. En því miður hefur heldur lítið gerst í málinu.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að opnuð verði meðferðardeild vegna áfengis- og vímuefnaneyslu við fangelsi landsins. Ef svo er, þá hvenær, ef ekki, hver er ástæða þess?

[18:54]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að fangar eigi kost á því meðferðarúrræði sem þeir þarfnast vegna áfengis- og vímuefnaneyslu á meðan afplánun þeirra stendur. Ég vek athygli á því að samkvæmt nýju ákvæði í lögum um fangelsi og fangavist frá árinu 1997 er það á verksviði heilbr.- og trmrn. að annast og bera ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun. Mér er kunnugt um að af hálfu landlæknis er fylgst náið með framkvæmd þessara mála.

Í því frumvarpi um fullnustu refsinga sem hefur verið til meðferðar hér á þingi og er nú að nýju til athugunar hjá dómsmálaráðuneytinu er ekki gert ráð fyrir því að horfið verði frá þeirri skipan varðandi heilbrigðismál fanga sem lögfest var árið 1997.

Vímuefnameðferð í fangelsum er nú svo háttað að Fangelsismálastofnun hefur í samstarfi við SÁÁ gefið föngum kost á að ljúka afplánun í meðferð. Að öllu jöfnu eiga

fangar kost á því að ljúka síðustu sex vikum afplánunar í vímuefnameðferð. Í sumum tilvikum hafa vímuefnameðferðarstofnanir sem Fangelsismálastofnun á í samstarfi við talið að ákveðnir fangar þurfi langtímameðferð og hefur Fangelsismálastofnun veitt leyfi til þess að fangar sæki slíka meðferð meðan á afplánun stendur.

Fangar í fangelsinu á Litla-Hrauni hafa átt kost á því að sækja vímuefnameðferð á öllum stigum afplánunar. Sálfræðingur fangelsisins sem og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem starfa þar hafa veitt föngum með vímuefnavanda meðferð meðan þeir eru í afplánun. Að öllu jöfnu má segja að þeir fangar sem vilja aðstoð við að hætta í vímuefnaneyslu eigi kost á því að fá meðferð meðan á afplánun stendur. Því má ekki heldur gleyma að til þess að vímuefnameðferð eigi að bera árangur er brýnt að stemma stigu við smygli á vímuefnum inn í fangelsi.

Ákvörðun um að koma á fót sérstakri meðferðardeild fyrir fanga byggist á samvinnu yfirvalda fangelsismála og heilbrigðismála. Af hálfu þeirra sem reka fangelsi hafa verið skoðaðir kostir þess að slík deild yrði á Litla-Hrauni. Hefur verið hugað að nauðsynlegum framkvæmdum vegna þess en fjármunum hefur ekki enn verið forgangsraðað í þágu þeirra. Yfirvöld fangelsismála munu halda áfram athugunum sínum á jákvæðum forsendum í samstarfi við þá sem sinna heilbrigðismálum fanga.

Þá er rétt að geta þess að rætt var um sérstök meðferðarúrræði fyrir fanga í nefnd um vanda geðsjúkra afbrotamanna sem skipuð var af heilbr.- og trmrh., en þar átti fulltrúi dómsmrn. sæti. Nefndin taldi brýnt að hugað yrði nánar að uppsetningu sérstakrar vímuefnameðferðardeildar í fangelsi og uppbyggingu og styrkingu úrræða eins og Byrgisins, en undanfarin ár hefur verið nokkur samvinna milli Byrgisins og Fangelsismálastofnunar.

Eins og hér hefur komið fram fer því víðs fjarri að þessi málefni séu ekki á döfinni hjá þeim sem huga að heilbrigði og velferð fanga. Það er ekki spurning um það hvort vilji sé að stíga frekari skref í þessa átt heldur hvernig það verður best gert. Ég mun vinna að þessu máli til að það þróist til réttrar áttar án þess að ég vilji setja nokkur tímamörk í því efni, því í raun tekur viðfangsefni eins og þetta mið af aðstæðum einstaklinga hverju sinni.

[18:57]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu þarfa máli með fyrirspurn sinni. Ég tel brýnt að farið sé fordómalaust og rækilega yfir árangur núverandi stefnu í fangelsismálum og tel ég fulla þörf á að þjóðfélagsfræðingar og afbrotafræðingar meti hvaða leiðir skili þjóðfélaginu bestum árangri í baráttunni gegn glæpum.

Við í Frjálsl. viljum leggja áherslu á betrun fanga umfram refsingu vegna þess að staðreyndin er sú að allir íslenskir fangar fara fyrr eða síðar út í þjóðfélagið á ný. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að yfirfara hvaða þættir muni auka eða draga úr líkum á ítrekun afbrota eftir afplánun refsingar í fangelsi. Meðferð við vímuefnavanda er tvímælalaust úrræði sem verður að vera fyrir hendi sem liður í afplánun þannig að jafnvel sé unnt að dæma menn til meðferðar í stað refsivistar.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég skil orð hans svo og einnig það að dregið var til baka frv. um fangelsi og fangavist eða refsivist sem hér var lagt á borð þingmanna, að hæstv. ráðherra vilji fara í heildarendurskoðun á því hvaða úrræði eru best þegar refsing fyrir afbrot er annars vegar. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að stemma þyrfti stigu við smygli á fíkniefnum inn í fangelsin. Ég tek undir það að skýrar leiðir þurfa vera til þess að möguleiki sé á því að stemma stigu við smygli á fíkniefnum í fangelsin. En ef til væri meðferðarúrræði innan fangelsis við upphaf afplánunar, þ.e. meðferðardeild þar sem boðið væri upp á langtímameðferð, þá væri þörf fanga fyrir fíkniefni minni. Við megum ekki gleyma því að oft er um að ræða alveg hundveikt fólk sem fær ekki meðferð við sínum sjúkdómi. Fíknin ræður för í öllu tilliti. Ef viðkomandi fær ekki fíkniefnin þá eru fráhvarfseinkennin alveg rosaleg. Því hlýtur að vera allra hagur að rekin verði öflug meðferðardeild innan veggja fangelsa. Ég skil hæstv. ráðherra þannig að hann vilji alla vega skoða leiðir til þess að bæta úr þeirri starfsemi sem við höfum í dag.

Virðulegi forseti. Ég vil svo nota tækifærið og fagna því að umræða um fangelsismál er meira á döfinni í þjóðfélaginu núna en nokkru sinni áður. Vonandi verður það til þess að markmið og leiðir að markmiðunum, hvað refsivist þýðir, verði skýrari en verið hefur.

[19:01]

Útbýting þingskjals:

Úthald rannsóknarskipa, 770. mál, svar sjútvrh., þskj. 1242.

Löggæslumál í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti.

Fsp. VF, 806. mál. — Þskj. 1221.

[19:01]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Frú forseti. Mosfellsbær er ört vaxandi sveitarfélag og fjölgun íbúa þar er mjög hröð. Það sama má segja um þau hverfi er liggja að Mosfellsbæ úr Reykjavík, þ.e. Grafarvog og Grafarholt. Þarna er samræmd löggæsla á vegum lögreglunnar í Reykjavík en bæjarstjórn Mosfellsbæjar ásamt fleiri sveitarfélögum í lögsagnarumdæminu hefur óskað eftir auknum fjárveitingum og telja að niðurskurður hafi bitnað á löggæslunni. Mosfellsbær er, auk þess að vera vaxandi, frekar dreift sveitarfélag og íbúasamsetningin er sérstök að því leyti að fjölmennasti hópurinn er 25 ára og yngri eða um 2.600 manns af 6.500 manna íbúafjölda.

Í þessu sambandi spyr ég hæstv. dómsmrh.:

Telur ráðherra að löggæsla í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti sé næg til að tryggja öryggi íbúanna þar?

Telur ráðherra að eftirlit lögreglunnar að næturlagi sé nægt til að tryggja öryggi íbúa í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti?

[19:03]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi leggur fyrir mig tvær spurningar:

„1. Telur ráðherra að löggæslan, eins og hún er nú, sé næg til að tryggja öryggi íbúa í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti?

2. Telur ráðherra að eftirlit lögreglunnar að næturlagi sé nægt til að tryggja öryggi íbúa í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti?“

Við spurningum hv. fyrirspyrjanda eru einföld svör. Ég tel að löggæslan eins og hún er nú í Reykjavík og öðrum bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sé góð, bæði að degi sem nóttu, og að sjálfsögðu á þetta við um Mosfellsbæ og hverfin Grafarvog og Grafarholt í Reykjavík. Til glöggvunar fyrir hv. fyrirspyrjanda má geta þess að eftirliti í Mosfellsbæ er þannig háttað að þar eru tveir lögreglumenn á merktri lögreglubifreið á vakt allan sólarhringinn. Í Grafarvogi er gerður út bíll með tveimur mönnum stóran hluta sólarhringsins auk þess sem bætt er við bíl við eftirlit eftir þörfum á tilgreindum tímum. Í Grafarholti sinnir lögreglubifreið almennu eftirliti sem fer um Breiðholt, Árbæ og Grafarholt auk þess sem bíllinn í Grafarvogi sinnir útköllum þar.

Þessu eftirliti til viðbótar eru gerðir út ómerktir lögreglubílar allar nætur og fara þeir um öll hverfi borgarinnar og önnur sveitarfélög sem heyra undir lögregluna í Reykjavík. Lögreglan í Reykjavík hefur nýverið sett sér metnaðarfull markmið á ýmsum sviðum þar á meðal varðandi innbrot, að þeim skuli fækkað bæði í hús og bíla. Ómerktar eftirlitsbifreiðar gegna þar lykilhlutverki.

Þessu til viðbótar er rétt að geta þess að umferðardeild lögreglunnar gerir út lögreglubíla stóran hluta sólarhringsins og sinna þeir bílar umferðareftirliti og umferðaróhöppum um alla borgina og að þessu koma einnig lögreglumenn á bifhjólum. Upptalningunni er ekki lokið því að til viðbótar þessu eftirliti lögreglunnar í hverfum borgarinnar eru hverfalögreglumenn við störf á öllum þessum stöðum og í raun í öllum hverfum borgarinnar. Einn er með aðsetur í Mosfellsbæ, annar í Grafarvogsstöð og síðan eru tveir með starfsaðstöðu í Breiðholtsstöð þar sem annar sinnir Árbæjarhverfi og Grafarholti. Hefur vinna þessara lögreglumanna, sem vinna náið með íbúum, félagsmálayfirvöldum og skólum á sínum svæðum, skilað miklum og góðum árangri. Sérstaklega má í því sambandi nefna frumkvöðlastarf lögreglunnar og borgaryfirvalda í Grafarvogi með verkefnið Hringurinn og hefur það starf þegar verið útvíkkað og tekið upp í Breiðholti. Nú er að störfum nefnd sem vinnur að lokatillögum sínum um enn frekari útvíkkun verkefnisins.

Síðast en ekki síst er í þessu samhengi öllu að nefna nýlega eflingu sérsveitar lögreglunnar sem var afar brýnt skref til að tryggja enn frekari öryggi lögreglunnar og landsmanna allra. Sú skipulagsbreyting sem varð 1. mars sl. felur jafnframt í sér umtalsverða aukningu á löggæslu í höfuðborginni sem kemur ekki bara íbúum í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti til góða heldur einnig öllum íbúum á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu. Ég fæ ekki betur séð en íbúar í því bæjarfélagi og tveimur hverfum sem hv. fyrirspyrjandi vísar til séu almennt ánægðir með þjónustu lögreglunnar. Nýlega var til að mynda gerð breyting á viðveru lögregluþjóna á hverfastöðinni í Grafarvogi samkvæmt óskum íbúa sem var afar vel tekið eins og fram kom nýlega í Grafarvogsblaðinu sem gefið er út af fulltrúum hverfisins.

Þegar skoðaðar eru tölur um fjölda brota í helstu brotaflokkum á þeim stöðum sem fyrirspyrjandi spyr um kemur fram að lítil breyting hefur orðið undanfarin ár að teknu tilliti til íbúafjölda. Ég get því ekki annað sagt en að lögreglan í Reykjavík sinni vel þeim þremur stöðum sem hér eru gerðir að umtalsefni vel sem og öðrum stöðum sem undir hana heyra. Ég vil minna á að um miðjan febrúar sl. var samþykkt ályktun í borgarstjórn Reykjavíkur þar sem því var sérstaklega fagnað að fjölgað yrði í lögreglunni og því þarfa starfi sem unnið er í borginni.

Einnig vil ég nefna að Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, situr í sérstakri verkefnisstjórn sem ég hef skipað til þess að ræða um löggæslumálefni, breytingar og þróun þeirra. Ég vil til áréttingar vísa í Grafarvogsblaðið þar sem segir að bætt þjónusta lögreglunnar sé fagnaðarefni og ætti enn að auka öryggi íbúa í Grafarvoginum. Starfsaðferðir hverfislögreglunnar í Grafarvogi, góð þekking á íbúum og aðstöðu í hverfinu hefur ásamt öðru gert það að verkum að afbrot eru fátíð í Grafarvogi og þau afbrot sem framin eru upplýsir lögreglan yfirleitt með skjótum hætti.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 16.–22. mál.

Fundi slitið kl. 19:08.

---

93. FUNDUR

fimmtudaginn 1. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Háskóli Íslands, stjfrv., 780. mál, þskj. 1184. — 1. umr.
2. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 817. mál, þskj. 1245. — 1. umr.
3. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 818. mál, þskj. 1246. — 1. umr.
4. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 819. mál, þskj. 1247. — 1. umr.
5. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244. — 1. umr.
6. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270. — 1. umr.
7. Framkvæmd stjórnsýslulaga, þáltill., 756. mál, þskj. 1132. — Fyrri umr.
8. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 593, nál. 1262, brtt. 1263. — 2. umr.
9. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 214, nál. 1265, brtt. 1266. — 2. umr.
10. Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, stjfrv., 402. mál, þskj. 540, nál. 1288, brtt. 1289. — 2. umr.
11. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 644, nál. 1260, brtt. 1261. — 2. umr.
12. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867, nál. 1264, brtt. 1279. — 2. umr.
13. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 215, nál. 1286, brtt. 1287. — 2. umr.
14. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 860, nál. 1303, brtt. 1304. — 2. umr.
15. Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, þáltill., 572. mál, þskj. 862. — Fyrri umr.

16. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 577. mál, þskj. 868. — Fyrri umr.

17. Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, þáltill., 578. mál, þskj. 870. — Fyrri umr.

18. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 595. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Um kl. 1.30 síðdegis, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um lífsýnatöku úr starfsfólki. Málshefjandi er hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og hæstv. félmrh. Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 780. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1184.

[10:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999. Lögð er til í þessu frv. breyting á skipun dómnefnda til að meta hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf skv. 3. mgr. 12. gr., lögfesting heimildar til að ráða í tiltekin störf við háskólann án auglýsingar, skv. 7. mgr. 12. gr., og lögfesting ákvæðis til bráðabirgða í tengslum við flutning starfsmanna vegna yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Í 3. mgr. 12. gr. laganna er fjallað um skipun dómnefndar til þess að fjalla um hæfi þeirra sem sækjast eftir starfi við kennslu eða fræðastörf við háskólann. Í a-lið 1. gr. frv. er lögð til sú breyting á ákvæðinu að í stað þess að dómnefnd sé skipuð frá grunni í hvert sinn er meta þarf umsækjendur um kennara- og sérfræðingsstörf er gert ráð fyrir föstum dómnefndarmönnum sem skipaðir séu af rektor til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans sem eru hugvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, samfélagsvísindasvið og verkfræði- og raunvísindasvið. Háskólaráð tilnefnir síðan einn mann í hverja dómnefnd og menntmrh. annan. Skal sá sem er tilnefndur af háskólaráði vera formaður dómnefndarinnar og sá sem tilnefndur er af menntmrh. varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Meiri hluti dómnefndar sé skipaður samkvæmt þessu en einn dómnefndarmaður verði síðan sérfræðingur, tilnefndur af deild háskólans, til þess að fjalla um hvert einstakt mál.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi. Þetta mun fyrirsjáanlega leiða til þess að einfalda megi og stytta ráðningarferli háskólamanna sem er mikilvægt þar sem skipan og störf dómnefnda hafa haft tilhneigingu til þess að dragast á langinn. Slík breyting er í þágu hagsmuna bæði umsækjenda um störf og stofnunarinnar sjálfrar án þess þó að í nokkru sé dregið úr kröfum til umsækjenda.

Þá er lagt til í b-lið 1. gr. frv., þ.e. í 7. mgr. 12. gr. laganna, að sett verði heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mæli fyrir um að að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu. Slík heimild kæmi til viðbótar undantekningum frá auglýsingaskyldunni sem fyrir er í lögunum sbr. 5. og 8. mgr. 12. gr. þeirra. Í framkvæmd hefur komið í ljós að þessum undantekningum eru settar fullþröngar skorður. Þau rök sem búa að baki þessum lögfestu undantekningum eiga einnig við um fleiri tilvik og því hefur það verið afstaða háskólans að heimilt eigi að vera að víkja frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf við skólann og stofnanir hans í nokkrum nánar ákveðnum tilvikum sem öll byggjast á sérstöðu starfa við háskólann. Þessi brtt. hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt og einungis á grundvelli nánari reglna sem háskólaráð mun setja.

Að lokum, virðulegi forseti, er í 2. gr. frv. lögfesting á ákvæði til bráðabirgða í tengslum við flutning starfsmanna vegna yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Unnið er að málinu á grundvelli viljayfirlýsingar sem háskólaráð og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hafa undirritað með fulltingi menntmrn. Meðal þess sem gengið er út frá er að hin nýja Jarðvísindastofnun verði skipulagslega hluti af Raunvísindastofnun en þó mjög sjálfstæð. Lögformlega gerist samruninn með yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar sem samhliða verður lögð niður sem sjálfstæð norræn stofnun.

Í samningaviðræðum hefur verið miðað við að störf hjá Norrænu eldfjallastöðinni verði lögð niður og starfsmönnum boðin störf við sambærileg verkefni hjá nýrri Jarðvísindastofnun. Vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um auglýsingaskyldu er nauðsynlegt að breyta ákvæðum laga um Háskóla Íslands til þess að bjóða megi störf með þessum hætti en sú leið hefur áður verið farin við færslu verkefna á milli stofnana.

Frú forseti. Ég hef rakið efni frv. í meginatriðum. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[10:37]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það frv. sem hæstv. menntmrh. leggur fram er í megindráttum varðandi þrjú svið. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á skipan dómnefnda. Í öðru lagi er lögð til undanþága varðandi auglýsingu á störfum og í þriðja lagi er bráðabirgðaákvæði sem fjallar um Norrænu eldfjallastöðina. Ég hef í hyggju að fjalla lítillega um öll þessi þrjú meginatriði frv.

Í fyrsta lagi vil ég varpa því fram hvort rétt sé að fara þá leið sem hér er lögð til varðandi dómnefndir. Nú er mér að vísu kunnugt um að menntmrn. hefur jafnan með einhverjum

hætti komið að því þegar settar hafa verið upp meiri háttar dómnefndir sem varða embætti við Háskóla Íslands.

Töluverð umræða hefur verið uppi um sjálfstæði háskóla. Hún hefur m.a. birst í því að hæstv. menntmrh. hefur ekki viljað blanda sér í það sem hún hefur kallað innri mál skólans. Stundum hefur manni þótt jafnvel nóg um, t.d. varðandi lykilatriði eins og skólagjöld, en það verður hver að fljúga sem hann er fiðraður. Hér er þessi tillaga lögð fram með þeim hætti að gert er ráð fyrir því að þriggja manna dómnefnd fjalli jafnan um ráðningar. Ferlið sem lagt er til er jákvætt og líklegt til þess að flýta fyrir málum. Háskólinn á að skipa formann og háskólinn á síðan að skipa þriðja mann eftir því hvers eðlis staðan er sem verið er að sækja um. En menntmrh. sjálfur á að skipa varaformann. Ég dreg það í efa, frú forseti, að þetta sé rétt skipan og í samræmi við það sem er yfirlýst stefna þessarar ríkisstjórnar, að efla sjálfstæði háskólans. Í þessu felst það ekki að efla sjálfstæði háskólans, ef menntmrh. sjálfur ætlar áfram í reynd að vera með puttana, í óeiginlegri merkingu, í ráðningum í meiri háttar stöður við Háskóla Íslands. Ég er ekki viss um að þessi aðferð sé rétt og ég hvet þá sem um þetta véla, ekki síst hæstv. menntmrh., til að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að efla sjálfstæði háskólans enn frekar með því að ráðherra komi ekki með þessum hætti að því að byggja upp innra skipulag háskólans með því að hafa í reynd áhrif á skipan prófessora og annarra sem þarna koma að.

Meginástæða þess að ég kom þó hér upp er að ég er ekki fyllilega sáttur við þá breytingu sem lögð er til í b-lið 1. gr. Þar er lagt til að háskólinn geti mælt svo fyrir að það megi undanþiggja sérstök tímabundin störf eðlilegri starfsauglýsingu. Þetta er auðvitað réttlætanlegt í ákveðnum tilvikum. Það eru talin upp sex tilvik og á fimm þeirra get ég alveg fallist. Mér finnst fullkomlega eðlilegt, og byggi það m.a. á eigin reynslu frá því að ég var einu sinni vísindamaður og stýrði rannsóknarverkefnum, að námsmenn í framhaldsnámi séu ráðnir án auglýsingar.

Við sem einhvern tíma höfum komið að þekkingarsviðum vitum að gangvirki nýrrar þekkingarsköpunar er að verulegu leyti í höfðum þeirra manna og kvenna sem eru í framhaldsnámi, eru í meistaraprófsnámi og doktorsnámi. Þar er deigla nýrra hugmynda þessara tilvonandi rannsóknarmanna sem eiga eftir að varða allan feril þeirra út ævina og það er eðlilegt að slíkt fólk sé ráðið af kennurum sínum eða prófessorum og hugsanlega sett upp verkefni í kringum tilteknar hugmyndir hjá þeim. Sama má segja um flest af þessu.

Mér finnst hins vegar óeðlilegt þegar verið er að undanþiggja auglýsingu starf háskólakennara eða rannsóknarsérfræðings sem er byggt á rannsóknarstyrkjum. Hér er oft um að ræða mjög stóra og mikla styrki. Þróunin er sú að slíkir styrkir eru að verða alþjóðlegir og þetta eru gríðarlegar fjárhæðir. Þetta eru styrkir sem skólarnir fá í krafti, ekki bara atgervis þeirra sem um þá sækja eða eru umsóknarstjórar, heldur í krafti atgervis viðkomandi rannsóknastofnunar og háskóla. Ég tel ekki eðlilegt eins og segir í frv. að viðkomandi verkefnastjóri hafi fullt vald til að ráðstafa styrknum. Um er á stundum að ræða styrki sem hlaupa á tugum milljóna, jafnvel hundruðum milljóna. Þróunin er sú að eftir því sem við þættumst betur inn í hið alþjóðlega rannsóknarkerfi og styrkjakerfi verða þessir styrkir æ stærri. Þá finnst mér að tekið sé að sneyðast um stöðu sjálfstæðra rannsóknarmanna, ungs fólks sem er að koma úr námi og vill hasla sér völl, ef á að halda í þetta gamla kerfi þar sem prófessorar og einstakir stjórar geta pikkað út vildarmenn sína úr námi eða annars staðar að. Það er ekki jafnræði.

Sem jafnaðarmaður er ég á móti þessu. Ég get fallist á hin atriðin. Ég þarf a.m.k. miklu sterkari rök en koma þarna fram og ég er hissa á jafnágætum ráðherra og hæstv. menntmrh. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að taka svo til orða eins og hún gerir, með leyfi forseta:

„Þessi brtt. hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt...“ — Má ég spyrja, frú forseti: Hvað ætlar hæstv. ráðherra að sitja lengi? Hvernig getur hún um aldur og eilífð tryggt það að sú miskunn og hlífð sem í þessu kemur fram af hennar hálfu verði jafnan við lýði? Að sjálfsögðu er ekki svo. Í öllu falli getur ráðherra aldrei lofað slíku, allra síst þegar jafnflókin verksmiðja og háskóli er annars vegar.

Ég tel að þarna hafi frumvarpshöfundur, eða sá sem ber ábyrgð á frv., verið að sýna iðrun sína yfir því sem á eftir kom vegna þess að ég held að þetta hljóti að vera komið inn í frv. fyrir tilstilli þeirra smákónga sem eðlilega ráða miklu í fabrikkum eins og Háskóla Íslands. Það er ekkert skrýtið við það að allir vilji verja hólmann sinn. Ég þekki það sjálfur að þeir sem hafa stýrt verkefnum vilja stýra þeim algerlega og ráða því algerlega hverjir eru ráðnir þar til starfa. Það er ekkert skrýtið við það en það er hlutverk okkar sem setjum lögin, hv. formaður þingflokks framsóknarmanna, að stemma slíka menn. Við eigum að setja lög þar sem allt hvílir á jafnræði og ég held að hér sé um að ræða það stóra styrki og viðamikil verkefni að við verðum að tryggja því unga fólki sem er að koma úr námi og telur sig hugsanlega hafa burði til að sinna verkefnum sem falla undir svona kost á að sækja um þau störf. Það verður þá að vera á verksviði þeirra sem ráða að velja og hafna. En það á ekki að útiloka menn fyrir fram. Með þessu lagi er í reynd verið að setja þá skör ofar sem hafa unnið með viðkomandi verkefnastjórum. Ég tala af reynslu.

Í þriðja lagi — ég ætlaði að beina spurningum til hæstv. ráðherra og vona að hún hlýði á mál mitt — er hér bráðabirgðaákvæði sem varðar Norrænu eldfjallastöðina. Mig langaði þá að spyrja hæstv. ráðherra: Hver er aðdragandinn að því að Norræna eldfjallastöðin er flutt með þessum hætti inn fyrir veggi háskólans? Ég tel það ekkert óeðlilegt, ég vil taka það alveg skýrt fram, og ég er almennt þeirrar skoðunar að það eigi að sameina rannsóknastofnanir íslenska ríkisins eftir því sem hægt er. Ég tel ekkert óeðlilegt við það en ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er aðdragandinn? Svo er þess getið að það séu 18 starfsmenn hjá Norrænu eldfjallastöðinni og samkvæmt frv. er 11 boðið starf við Háskóla Íslands. Það er að vísu skilyrt því að það sé ljóst að viðkomandi starfsmenn uppfylli lágmarkshæfniskröfur. Ég er þeirrar skoðunar, frú forseti, að þegar menn eru með flutning af þessu tagi eigi að flytja með manni og mús. Það á ekki að skapa erfiðleika, jafnvel ekki tímabundna, og mér finnst að þeir sem hafa verið nógu góðir til að starfa hjá þeirri stofnun séu nógu góðir til að starfa að svipuðum verkefnum innan háskólans ef það er á annað borð verið að flytja stofnunina.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra ef hún getur svarað því núna — ég geri ekki mikið mál úr því þó að hún geti það ekki — en hversu margir starfsmenn uppfylla ekki lágmarkshæfniskröfur? Er það kannski ekki að gefnu tilefni sem þetta er orðað svona? Mér finnst sem framkvæmdarvaldið sé þarna að fá heimild okkar sem myndum löggjafann til að ganga kannski fram af hörku gagnvart einhverjum tilteknum

starfsmönnum. Það kann að vera nauðsynlegt en ég vil fá að vita það. Er það svo?

Í síðasta lagi varðandi þetta atriði er ljóst að sjö starfsmenn eru með ráðningarsamninga sem renna út fyrir 1. júlí 2004. Ég skil textann svo að þessi tímamörk hafi verið sett til að tengjast þessari yfirfærslu. Það má með nokkuð grófari hætti túlka það þannig að menn hafi þarna verið að nota þessa yfirfærslu til þess að skera niður.

Mig langar að spyrja: Hvers eðlis eru þessir starfsmenn? Eru þetta t.d. útlendir styrkþegar sem hafa komið hingað til lands til að sinna ákveðnum rannsóknarverkefnum og er sagt upp á þennan hátt? Ég geri mér grein fyrir því að þetta er kannski fullítarleg spurning til þess að hæstv. ráðherra geti svarað núna en þetta eru atriði sem ég þarf að vita áður en ég get ljáð samþykki mitt við þessu.

Varðandi Norrænu eldfjallastöðina er meginspurning mín þessi: Hver var aðdragandinn að þessum flutningi?

[10:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég sé ekki annað en að hér sé á ferðinni mál sem í fyrsta lagi kemur til með að einfalda fremur þunglamalegan ráðningarferil í stöður við Háskóla Íslands. Við þekkjum það öll sem höfum komið að málefnum háskólans að þar hefur verið kvartað undan slíku hingað til þannig að ég sé ekki annað en að 1. gr. eigi að liðka þar fyrir og fagna því að það skuli gert á þennan hátt.

Ég get á hinn bóginn alveg tekið undir vangaveltur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar varðandi skipun dómnefndarmanna, varðandi dómnefndirnar sem eiga að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf, þannig að kannski er rétt að hæstv. menntmrh. varpi ljósi á það, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson óskaði eftir.

Svo mun auðvitað menntmn. óska eftir umsögnum um þetta mál og þá m.a. frá Félagi háskólakennara, BHM og öðrum hagsmunaaðilum sem að þessu máli munu koma. Ég held að við þessa 1. umr. málsins sé samt ágætt að fá örlítið frekara ljós frá hæstv. ráðherra á sjónarmið hennar varðandi það hvert markmið hennar er með því að hafa einn ráðherraskipaðan aðila í þessari dómnefnd. Auðvitað verðum við öll að standa vörð um sjálfstæði Háskóla Íslands, alveg hreint eins og hæstv. ráðherra hefur óskað eftir og lýst yfir í ótal ræðum að hún vilji gera, þannig að hér væri sannarlega fengur að skýringum hennar í þessum efnum.

Varðandi síðan yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar sé ég ekki annað en að hér sé í bígerð spennandi stofnun nýrrar Jarðvísindastofnunar við Háskóla Íslands og ég verð að segja að ég fagna því líka þar sem stofnanir háskólans hafa verið að koma til liðs í auknum mæli. Þær hafa verið að eflast, bæði Umhverfisstofnun og Siðfræðistofnun, svo eitthvað sé nefnt, þannig að ný öflug Jarðvísindastofnun kemur til með að auka veg Háskóla Íslands og jarðvísinda almennt í umræðunni.

Í skýringu við 2. gr. kemur fram að verið sé að vinna að þessu máli á grundvelli viljayfirlýsingar sem háskólaráð og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hafi undirritað og það sé gert með fulltingi menntmrn. Eins og þetta virkar í frumvarpstextanum sé ég ekki annað en að það sé ástæða til að horfa björtum augum til framtíðar varðandi það að hér sé verið að bæta við einni stoð í þegar öflugan Háskóla Íslands.

Eins og ég segi er hér mál á ferðinni sem menntmn. Alþingis mun fara yfir af kostgæfni og ég þakka líka þær ábendingar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur komið hér inn með í ljósi og krafti þekkingar sinnar á þessum málum. Ég held að þessi mál verði tekin til skoðunar af alvöru í nefndinni.

[10:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu og að mörgu leyti ágætar ábendingar frá hv. þm. sem tóku þátt í henni og um leið ágætum vísindamanni líka hér innan þingheims. Ég ætla að reyna að fara kerfisbundið yfir þær spurningar sem að mér var beint og um leið að upplýsa einnig um eitt atriði sem mér láðist að geta um áðan.

Hv. þm. hafa verið að velta fyrir sér skipan dómnefndar. Upphaflega kveikjan að þessu var m.a. ábending frá Háskóla Íslands um að breyta þyrfti tilhögun á skipan dómnefnda og þetta var samið í sátt og samlyndi við Háskóla Íslands með það m.a. í huga, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á, að reyna að losa um þessar þunglamalegu umsagnir dómnefnda. Við vitum að þessi ferli við skipun og ráðningu fræðimanna og kennara við Háskóla Íslands hafa oft tekið allt of langan tíma, allt upp í 10–11 mánuði, og skilvirkni verið lítil. Slíkt gengur náttúrlega ekki fyrir jafnmerkilega stofnun og Háskóli Íslands er. Skilvirkni verður að vera þar til staðar þannig að menn horfðu einfaldlega raunsætt á málið og ákváðu að taka þetta upp.

Varðandi sjálfstæði Háskóla Íslands og skipun fulltrúa menntmrh. innan þessarar þriggja manna dómnefndar vil ég benda á að það er skoðun mín að hún komi ekki til með að ógna sjálfstæði Háskóla Íslands. Menntmrh. hefur einn og háskólinn hefur þessa tvo fulltrúa, annars vegar háskólaráðið og hins vegar viðkomandi fræðasvið. Ég vil hins vegar benda á að menntmn. þingsins mun fara mjög vel yfir þetta og taka ábendingar hv. þingmanna til athugunar. Í sjálfu sér má m.a. nota röksemdir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar varðandi sjálfstæði háskólans og ítreka að Háskóli Íslands sé sjálfstæð stofnun, sem ég vissulega tek eindregið undir, sem eigi að taka á málum sínum sjálf. Þá má líka segja að menn taki hér undir þær röksemdir mínar að þessi stofnun, sem og aðrar sjálfstæðar menntastofnanir, eigi að taka sjálf þátt í að móta menntastefnu sína og menntapólitík, þar með talið umræðu um skólagjöld. Þess vegna tel ég ekkert óeðlilegt að þessi umræða verði tekin innan háskólans eins og háskólinn hefur líka verið að gera.

Við stjórnmálamenn höfum ekki legið á liði okkar við að lýsa yfir skoðunum okkar og hvaða stefnu við viljum fylgja. Við komum alltaf til með að afmarka stefnu okkar í menntamálum. En ég held líka að það sé nauðsynlegt fyrir Háskóla Íslands að gefa út skýrt og eindregið hver stefna hans er, hvort sem það eru skólagjöld eða eitthvað annað, varðandi þau mál sem lúta að innri málum háskólans. Ég vil enn og aftur undirstrika þetta sjálfstæði háskólans.

Hins vegar varðandi aðdraganda flutnings á Norrænu eldfjallastöðinni var hann m.a. ákveðinn á vettvangi norrænna ráðherra þar sem markmiðið er að þau ríki sem slíkar stjórnsýslustofnanir eru staðsettar í yfirtaki þær. Að mínu mati hefur þessi leið gefist afskaplega vel fyrir okkur. Við höfum tekið vel á móti Norrænu eldfjallastöðinni. Það hefur verið ákveðið í ríkisstjórninni að árlega komi til með að fylgja aukalega 15 millj. kr. framlag með Norrænu eldfjallastöðinni þannig að fjárhagslegi grundvöllurinn er mjög sterkur fyrir hana að koma inn í þá Jarðvísindastofnun sem ég tel að hafi verið mjög góð en verði mun sterkari fyrir vikið. Allar

aðstæður til að við fáum hér enn öflugri Jarðvísindastofnun eru til staðar. Jarðvegurinn er góður.

Aðdragandinn er á grundvelli norræns samstarfs þar sem menn hafa ákveðið að reyna að yfirtaka þessar norrænu stofnanir sjálfir, eða að löndin geri það sjálf, m.a. með tilliti til þess að skilvirknin verði meiri fyrir stofnanirnar.

Varðandi athugasemdir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar út af auglýsingunni og þeirri lögskýringu sem er í greinargerðinni með frv. tel ég alls ekki óeðlilegt að það standi einmitt þarna að þessar undanþágur varðandi auglýsingar beri að túlka þröngt. Það er hreint og klárt verið að segja: Háskólinn verður að stíga varlega til jarðar varðandi þetta atriði því að meginreglan er eftir sem áður að það beri að auglýsa allt sem viðkemur stöðuveitingum, styrkjum o.fl. á vegum háskólans. Ég held að það sé m.a. ágætlega farið yfir það í greinargerðinni með 1. gr. frv.

Ég vil geta þess að nýlega barst mér bréf frá Háskóla Íslands um nákvæmlega þetta frv. Það er dagsett 26. mars og barst ráðuneytinu 29. mars þar sem farið er fram á það að eingöngu hlutinn um Norrænu eldfjallastöðina verði tekinn fyrir en ekki þessi ákvæði um dómnefndirnar og m.a. skilst mér að ágreiningur sé núna innan háskólans varðandi það hvaða leiðir eigi að fara með þessar dómnefndir. Ég mat það sem svo, m.a. í ljósi þeirrar umræðu sem hefur orðið vegna stöðu í fornleifafræði, að engu að síður væri rétt að þingið sjálft hefði tækifæri til að fjalla um þetta í nefndinni þannig að ég geri ekki kröfu um það af minni hálfu að þetta fari í gegn. Ég tel réttast að þingið fái þetta til meðferðar og þingið kalli til þá aðila innan háskólans sem vilja og eiga að fjalla um þetta mál og fái þeirra sjónarmið. Nákvæmlega þetta tiltekna atriði varðandi dómnefndirnar tel ég að þingmenn eigi að hafa kost á að móta í samráði við þá aðila sem málið varðar. Þetta kemur allt til með að koma enn betur fram í meðferð menntmn. á frv.

[10:59]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær faglegu og ágætu ábendingar sem komu hérna fram í ræðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur. Við munum að sjálfsögðu fara vel og vandlega yfir þetta mál í nefndinni þegar þar að kemur og fá umsagnir um þau vafaatriði sem fram eru komin.

Fyrst að hæstv. ráðherra nefnir þá miklu umræðu sem átt hefur sér stað um skólagjöld og fjármögnun grunnnáms í Háskóla Íslands, sem og framhaldsnáms, en sem ekki hefur náð með neinum skýrum hætti hingað inn í þingsali þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ákvað ég að koma í andsvar við ráðherra. Óhætt er að halda því fram að yfirvöld menntamála hafi verið á harðahlaupum undan þeirri pólitísku meginforustu sem þeim ber að taka í þessu máli og þeirri ábyrgð sem yfirvalda er að axla í því. Hérna erum við að ræða um stórpólitískt menntamál og í allri umræðu um sjálfstæði Háskóla Íslands þýðir það alls ekki að varpa eigi þeim beiska bikar í fangið á háskólanum að hann eigi að hafa einhverja forustu um það hvort hér eigi að taka upp skólagjöld sem augljóslega hafi það í för með sér að verulega verði vegið að jafnrétti til náms auk þess sem verið er að fara klárlega fjallabaksleið að því að auka framlög til skólans þar sem lánað yrði fyrir hluta af þessu. Það yrði mjög dýrt. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka af allan vafa um viðhorf hennar í þessum málum og veita þá pólitísku forustu sem henni ber að gera í málefnum Háskóla Íslands og skýra það hvernig hún sjái Háskóla Íslands fjármagna kennslu sína í framtíðinni en bíða ekki eftir einhverjum fundum ofan úr skóla. Það er ekki háskólans að taka ákvörðun um þetta eða hafa forustu í þessu máli. Það er menntamálayfirvalda að axla þessi pólitísku skinn þó að þau séu þung og erfið að bera og veita skýra pólitíska forustu um það hvort Háskóli Íslands eigi að taka upp aukin skólagjöld eða ekki.

[11:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn þurfi ekki að vera beiskir yfir þeim umræðum sem fram hafa farið á þingi og annars staðar um menntastefnuna í þjóðfélaginu, m.a. að því sem lýtur að Háskóla Íslands.

Við erum að tala um sjálfstæði háskólans. Hv. þingmenn Samf. hafa undirstrikað það og ég tel ekki óeðlilegt að Háskóli Íslands taki sjálfur á þessu málefni, hvort hann eigi að knýja á um þá heimild sem felst í skólagjöldum. Hentar það stefnu skólans? Styrkir það menntun skólans? Styrkir það gæði kennslunnar? Þetta er sjálfsögð menntastefna sem sjálfstæður háskóli á að taka ákvörðun um. Með því er ég alls ekki að segja að ég komi til með að firra mig ábyrgð eða taka ákvörðun í þessu máli. Að sjálfsögðu er hinn pólitíski vettvangur allt annað svið.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vanda mjög til allrar vinnu sem viðkemur menntastefnunni, sér í lagi þegar kemur að Háskóla Íslands. Það er alls ekki sjálfgefið að hér verði tekin upp skólagjöld, m.a. með tilliti til þess að þau koma til með að hafa í för með sér umtalsverð fjárútlát fyrir ríkissjóð. Af hverju segi ég það? Það er m.a. út af því að Lánasjóður íslenskra námsmanna mun að sjálfsögðu lána að fullu fyrir skólagjöldum við Háskóla Íslands sem og aðra skóla. Ég bendi á að slík heimild mundi hafa umtalsverð fjárútlát fyrir ríkissjóð í för með sér.

Í ljósi þess að Háskóli Íslands kallar eftir því að fá að vera sjálfstæður — hann er sjálfstæður skóli — er sjálfsögð og eðlileg krafa að hann taki ákvörðun um það sjálfur hvort hann vill fá skólagjöld. Það hefur bein áhrif á kennsluna, hvort við aukum gæði kennslunnar og aukum fjölbreytnina. Það hefur áhrif á starfsemi skólans ef þeir fá heimild til skólagjalda.

Síðan getum við alltaf, ég og hv. þm., tekið sennu um hvort við eigum að heimila skólagjöld. Hv. þm. hefur þegar lýst því yfir að hann vilji skólagjöld á framhaldsháskólanám.

[11:04]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ánægjulegt að hæstv. ráðherra skuli lýsa því yfir að ekki sé sjálfgefið að tekin verði upp skólagjöld við Háskóla Íslands. Ýmsum hefur virst það á þróun undanfarinna ára að verið sé að svelta háskólann út í það horn og hann sjái sér ekki aðra kosti færa en að óska heimildar til aukinna skólagjalda til að halda sjó í þeirri samkeppni sem er á íslenskum háskólamarkaði, bara til að halda lágmarksgæðum kennslunnar. Skólagjöld eru augljóslega ekki lausnin við allar deildir skólans. Það gefur augaleið. Margt bendir til þess að skólagjöld í auknum mæli á hvaða deild sem er yrði skólanum einungis til tjóns og einskis annars.

Hæstv. ráðherra segir að háskólinn eigi að hafa forustu um þau mál sjálfur, eigi að óska eftir heimildum til skólagjalda og veita pólitíska forustu í þessu grundvallarmáli í íslensku

menntasamfélagi. Ég hafna þessum málflutningi algerlega. Þetta er einfaldlega alrangt. Það er að mínu mati alrangt að Háskóli Íslands eigi að hafa pólitíska forustu um hvernig hann skuli fjármagnaður. Það er stjórnmálamanna, okkar á Alþingis og framkvæmdarvaldsins að hafa pólitíska forustu í því máli.

Ég skora á ráðherra að taka af allan vafa um hvernig hún sjái þessum málum best komið. Auðvitað á að vanda vel til verka og leggja áherslu á að fram fari vönduð og ítarleg umræða um þessi mál. En það er ekki næg ástæða til að velta ábyrgðinni á Háskóla Íslands og bíða þess að háskólafundur verði haldinn í lok maí þegar Alþingi hefur farið í sumarleyfi, Háskóli Íslands lokið störfum og pólitískur þungi farinn úr samfélaginu. Það er óeðlilegt að þess fundar sé beðið. Við á Alþingi eigum að senda skýr skilaboð til Háskóla Íslands um hvernig þessum málum eigi að vera háttað.

[11:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer að velta fyrir mér, m.a. út af þessari umræðu og umræðum milli mín og hv. þm. um framhaldsskólastigið hér á landi, hvort það sé einfaldlega ekki hlustað á þau svör sem ég veiti úr ræðustólnum.

Ég ítreka að ábyrgðin er okkar stjórnmálamanna. En ábyrgðin er líka hjá Háskóla Íslands, um leið og hann kallar eftir því að vera sjálfstæður þá felast ekki bara réttindi í því heldur líka ákveðnar skyldur. Ég tek það skýrt fram að háskólinn á að hafa ákveðna stefnu og menntasýn eins og við stjórnmálamenn höfum okkar stefnu varðandi háskólann, framhaldsskólann og fleiri skólastig.

Ég vil enn og aftur benda á að það er auðheyrt á málflutningi hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar að fara þarf mjög vel yfir allt þetta mál og ekki aðeins þau mál sem tengjast skólagjöldum. Við þurfum að skoða kostnaðarhliðina, að meta kostina og gallana við skólagjöldin. Ég ítreka það og vona að það nái til eyrna hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, að það er ekki sjálfgefið að við tökum upp skólagjöld. Það eru ekki bara kostir við það heldur líka gallar. Miklar fjárhagslegar skuldbindingar fylgja því að taka upp skólagjöld. Það er ekkert sjálfgefið og við þurfum að vinna okkar heimavinnu alveg eins og Háskóli Íslands þarf að vinna sína heimavinnu.

Stúdentar við Háskóla Íslands hafa verið mjög ábyrgir og m.a. bent á ýmsar leiðir sem Háskóli Íslands og sú stjórnsýsla sem þar á sér stað getur farið í til að hagræða innan háskólans sem gætu haft í för með sér umtalsverðan fjárhagslegan sparnað. Það eru til ýmsar leiðir til að hagræða.

[11:08]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tók eftir því að í svari hæstv. menntmrh. við spurningum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, um skipan dómnefndanna, kom það eitt fram að menntmrh. teldi að fulltrúi menntmrh. í þessum dómnefndum ógnaði ekki sjálfstæði háskólans. Eftir sem áður yrðu tveir af þremur í dómnefndum tilnefndir af aðilum innan háskólans, frá deildinni og af háskólaráði.

Hæstv. menntmrh. þarf að skapa sér annan stíl í svörum sínum við fyrirspurnum af þessu tagi. Ráðherrann þarf að gera sér grein fyrir því, fyrr en síðar, að þegar hún flytur frv. á þinginu er ekki um það að ræða að þingmenn eigi að leggja í það eigin skilning heldur á ráðherra að skýra af hverju hún leggur til þær breytingar. Þær eru ekki sjálfsagðar. Hún á að skýra fyrir þinginu og þar með þjóðinni hvers vegna, hver rök eru fyrir því, af hvaða ástæðum hún leggur fram þær breytingar. Hún á að skýra hvers vegna hún vill sjálf skipa einn mann í þessar þriggja manna dómnefndir sem eiga að sitja í mörg ár hver og ráða töluvert miklu, nánast öllu um skipan manna í stöður í háskólanum. Hún þarf að leggja fram þau rök sem hún hefur fyrir því að menntmrh. eigi að ráða einum þriðja í þeirri stofnun, að þessar dómnefndir eigi sem sé að vera pólitískar að einum þriðja.

Þetta mál á sér sögu. Sú saga er náttúrlega, eins og Íslandssaga 20. aldar, nokkuð broguð, mótast af flokksræði sem hér viðgekkst í samfélagi okkar og gerir að sumu leyti enn. Slík sjónarmið réðu að miklu leyti um miðja síðustu öld en á síðustu áratugum höfum við borið gæfu til að verða sammála um að reyna að slá á þau áhrif og lyfta faglegum sjónarmiðum, ná sátt um hluti sem áður voru ákvarðaðir af úthlutunarnefndum stjórnarflokka og stundum í samtryggingu allra flokkanna í trausti þess að stjórnarandstöðuflokkar yrðu stjórnarflokkar.

Á 9. áratugnum urðu verulegar deilur, sem ráðherra ætti að rifja upp, um þau áhrif sem ráðherrar höfðu þá á skipan manna í stöður í Háskóla Íslands, deilur um gerðir ráðherra sem fóru fram hjá áliti háskólans, óskum háskólans og fram hjá þeim dómnefndum sem þar höfðu verið búnar til og starfað með ærinni vinnu og ærnum kostnaði. Í kjölfar þessara deilna var komið á nýrri skipan við Háskóla Íslands. Um það er ekkert fjallað í athugasemdum við frv. Það er eins og menntmrn. hafi misst úr sér söguna við það að semja þetta frv. fyrir ráðherrann. Það er rétt að upplýsa þingheim um hvernig þetta var.

Á þeim tíma tókst um það pólitísk sátt, forseti, að losa samfélagið við pólitísk afskipti af stöðuveitingum í háskólanum. Gengið var út frá því að háskólinn sjálfur fengi fullt forræði í þessum efnum, hann einn réði því hverjir yrðu skipaðir í stöður á hans vegum, að því „universitas“ sem stendur vestur á Melum yrði gert að stjórna sjálfu sér í þessu efni og ekki yrði leitað aðstoðar menntmrh. hverju sinni til að ákveða hverjir væru pólitískt hæfir, hverjir væru pólitískt vinsælir til að stunda fræði og kenna í Háskóla Íslands. Fræðaheimurinn hefur þá sögu að framþróun og gerjun í fræðunum, árangur á því sviði, fer ákaflega illa saman við pólitísk afskipti.

Hér mætti hefja nokkuð langa sögu sem mundi t.d. geta stiklað á Galíleó og kirkjunni í Róm, afskiptum fursta og páfa, (**ÖS:** Gleymdu ekki Kepler.) Kepler og Bruno, sem brenndur var á Blómatorginu í Róm. Ég vona að hæstv. menntmrh. ætli ekki að feta í þau spor en þó er hún með vissum hætti að taka þá hefð upp aftur. Það sem er að gerast nú með þessu frv. og er ekki skýrt í athugasemdum við frv. er að menntmrh. er að fara aftur í söguna, aftur á hinar íslensku miðaldir í þessum efnum, aftur til þess tíma er pólitíkusar skiptu sér með beinum hætti af skipan fræðimanna og kennara í Háskóla Íslands.

Menntmrh. ætlar sér að taka þriðjung af dómnefndinni til sín og hafa þar bein ítök, bein áhrif. Hún ætlar að hafa þau völd og fulltrúi hennar hefur auðvitað meira vægi en hinir tveir fulltrúarnir vegna þess að hann er fulltrúi valdsins, fulltrúi peninganna og hinna stjórnmálalegu ákvarðana sem skipta máli í Háskóla Íslands eins og annars staðar og menn hafa í sambúð stjórnmálamanna og háskólamanna verið nokkuð hallir undir.

Það sem hér þarf að gerast er að menntmrh. svari við 1. umr. af hverju hún leggur þetta til. Eru það óskir Háskóla

Íslands, eru það óskir frá háskólaráði, frá háskólarektor, frá Félagi háskólakennara, frá stúdentaráði eða einhverjum öðrum aðilum innan Háskóla Íslands, að menntmrh. komi þeim til hjálpar, komi til sérstakrar aðstoðar við að skipa þriggja manna dómnefndir? Hafa komið fram ábendingar um að háskólinn treysti sér ekki til að skipa nema tvo af mönnum í þessa dómnefnd og þurfi á sérstakri aðstoð hæstv. menntmrh. Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur að halda til að skipa þriðja manninn á hinum merku fræðasviðum í Háskóla Íslands? Er það svo?

Það væri fróðlegt að heyra. Engin rök hafa enn þá borist frá hæstv. menntmrh. um þetta mál. Hún tyggur það hins vegar fram og aftur að Háskóli Íslands eigi að vera sjálfstæð stofnun, einkum þegar kemur að því að bera ábyrgð á erfiðum málum eins og skólagjaldamálum, sem ráðherrar Sjálfstfl. hafa þrýst háskólanum til að reyna að taka ákvörðun um vegna þess að skort hefur pólitíska forustu og ábyrgð sem menntamálaráðherrar eiga að sýna í þessu efni.

Það er gott að hæstv. menntmrh. hjálpi mönnum með tölvurnar sínar en þar með er ekki sagt að nærveru ráðherra sé beinlínis óskað í öllum fræðaheiminum heldur þeirrar pólitísku forustu sem menntamálaráðherra og ríkisstjórn á hverjum tíma á að sýna í mótun rammans í kringum menntakerfið. Það varðar m.a. skólagjöld. Það á ekki að líðast að menntmrh. kasti þeirri ákvörðun með fjársvelti til háskólans, þ.e. hæstvirtir undanfarnir menntamálaráðherrar, með því að búa háskólasamfélaginu þann ramma að standa í samkeppni sem það getur ekki annað en tapað í sumum deildum af þessum sökum.

Forseti. Ég er reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni meðan þær tilfæringar hér í salnum fara fram sem menn eru uppteknari við en mál þingmanna úr ræðustól. (Gripið fram í.) Ég virði það.

Maður verður auðvitað að gera kröfu til þess að ráðherrar, þegar þeir koma með frumvörp, meini það sem í þeim stendur þó að þeir taki auðvitað fullt mark á vilja þingsins, þótt þeir geti ekki annað en lagt frv. sín fyrir þingheim og tekið því sem þingheimur ákveður. En orðalag eins og það að ráðherrann geri ekki kröfu til að eitthvað fari í gegn er afar sérkennilegt. Hann á enga kröfu á að neitt fari í gegnum þingið. Hann leggur frumvörp sín fyrir þingið til skoðunar, til athugunar. Það er þingið sem hefur forræðið að svo komnu máli og ráðherra á að skýra hvers vegna hann leggur til að þessu verði breytt, hvers vegna fulltrúi framkvæmdarvaldsins, sem er ráðherra í þessu tilviki, menntamálaráðherra, leggur til við löggjafarvaldið að þessu verði breytt. Málið um þennan þriðjung, einn af þremur sem á að ráða pólitíkusinn, framlengingu af valdi menntmrn. sem á héðan í frá, að vilja ráðherrans, að ráða stöðum og skipunum í Háskóla Íslands, verður hæstv. menntmrh. ósköp einfaldlega að skýra.

Verið getur, forseti, að fyrir þeirri grein eða þeim setningum í frv. — þær eru hvorki skýrðar í athugasemdum við lagafrv. þetta né í athugasemdum við einstakar greinar frv. og hefði ekki verið úr vegi og ekki mikið verk fyrir hæstv. menntmrh. og starfsmenn hans að láta skýringar fylgja — séu til rök til þess að einn maður í slíkri dómnefnd sé sem óháðastur háskólanum sjálfum. Satt að segja getur verið að sú breyting sem varð eftir að menn reyndu að yfirgefa með öllu sögu afskipta hins pólitíska valds af skipunum í háskólanum hafi ekki með öllu tekist nógu vel. Ýmis dæmi í sögu háskólans á þeim tíma sem síðan er liðinn virðist sýna að full þörf sé, eins og aðrir hv. þm. hafa sagt á undan, á að gera þetta kerfi liðugra og hugsanlega forða því með einhverjum hætti frá ákveðnu ástandi sem stundum skapast í stofnunum, þá á ég við í félagsfræðilegum skilningi, stofnunum eins og í Háskóla Íslands, þar sem völd einstakra manna geta orðið fullmikil og bandalög skapast sem fara þvert á hina rökréttu, eðlilegu og fræðalegu framþróun í málinu. Við í menntmn. ættum kannski að athuga hvort ráð væri að fleygja út fulltrúa menntmrh. og setja inn annan fulltrúa sem gæti komið að málinu með öðrum hætti.

Ég hygg að ég fari rétt með að í umfjöllun um doktorspróf frá háskólanum sé það iðulega þannig — ég veit ekki hvort það er samkvæmt lögum eða sérstökum reglum háskólans — að einn af þeim sem dæmir um hæfi doktorsefna er mjög gjarnan fenginn utan háskólans, annaðhvort maður sem er sjálfstætt að störfum eða sem algengt er að fenginn er maður úr öðrum háskólum, gjarnan erlendum háskólum, oft erlendur maður, og hefur gefist vel. Það má vel vera að slík skipan væri eðlileg fyrir háskólann, eðlileg leiðrétting sem bætti úr göllum þess kerfis sem tók við af hinum pólitísku miðöldum sem menntmrh. virðist einungis hafa hugmyndaflug til að snúa aftur til af einhverjum ástæðum.

Þetta kann að vera frum- eða grunnástæða fyrir því hvernig málum er hagað í frv. En það verð ég að lesa sjálfur úr skýjunum eða lifur fórnardýra. Ekki kemur það fram, hvorki í athugasemdum við frv. né í þeim tveimur ræðum sem hæstv. menntmrh. hefur hingað til haldið um málið.

[11:22]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þm. Mörð Árnason á þá þingvenju að ávarpa ráðherra sem hæstvirtan. (**MÁ:** Ég gerði það.)

[11:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég minni hv. þm. Mörð Árnason á að það er rektor sem að lokum ræður viðkomandi til starfa. Hér höfum við verið að fjalla um dómnefnd sem metur hæfi umsækjenda.

Ég vil líka geta þess að við hv. þm. hljótum að vera sammála um að ráðningar á síðustu árum hafa gengið þokkalega vel innan háskólans. Hvernig stendur á því? Það er meðal annars út af því að dómnefndir sem hafa starfað innan háskólans starfa samkvæmt núgildandi lögum. Ástæðan fyrir því að engin útskýring fylgir þeirri skipan að menntmrh. hafi þennan fulltrúa í dómnefnd er sú að það er ekki verið að breyta neinu, ekki nokkrum sköpuðum hlut.

Menntmrh. hefur samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi, einmitt samkvæmt því fyrirkomulagi sem sátt náðist um og hv. þm. Mörður Árnason gat um, fulltrúa í þessum dómnefndum. Það er ekki verið að breyta nokkrum sköpuðum hlut. Við ættum að halda okkur við nútímann en ekki miðaldir.

Ég held að hv. þm. Mörður Árnason ætti að lesa sér betur til um núgildandi lög og hverju er nákvæmlega verið að breyta. Það er hefð fyrir því þegar frumvörp eru lögð fram að tiltekin séu þau atriði sem verið er að breyta. Þess vegna var ekki nokkur skapaður hlutur um fulltrúa menntmrh. í þessari nefnd. (Gripið fram í.)

En ég vil geta þess enn og aftur að í upphafi var frv. samið m.a. að ábendingu frá Háskóla Íslands.

[11:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hér á auðvitað að gera grundvallarbreytingu á dómnefndunum. Það á að skipa fastar dómnefndir sem hafa miklu meiri völd yfir viðkomandi fræðasviði en þær dómnefndir sem hingað til hafa starfað og taka fyrir eina og eina umsókn í einu. Það er því fullkomlega eðlilegt að gera grein fyrir því hvernig sú skipan á að vera. Ég þarf ekki meira að segja við ráðherrann um það.

[11:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Völd dómnefndanna eru nákvæmlega þau sömu. Hér er einfaldlega verið að gera þetta kerfi skilvirkara með því að hafa þessar dómnefndir fastar. Ætlunin er einfaldlega að ýta undir þau skilvirknissjónarmið sem eiga að gilda og eru í gildi innan Háskóla Íslands.

[11:25]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég met það að verðleikum þegar forsetar leiðrétta þingmenn, mig og aðra, í ræðustól fyrir að sveigja frá þingsköpum. Raunar tel ég að forsetar eigi að gera það oftar en þeir gera. Hér viðgengst það jafnvel af reyndustu þingmönnum að þeir ávarpi menn úti í sal og rugli saman því orðfæri sem viðhafa á samkvæmt hefð og þingsköpum í salnum.

Ég vil hins vegar biðja forseta að skoða aftur ræðu mína þegar hún kemur á þvílíkt form að það sé hægt. Ég tel að ég hafi ævinlega ávarpað menntmrh. með þinglegum hætti.

Það er hins vegar þannig að þegar maður hefur bætt viðeigandi lýsingarorði við titil menntmrh. og hvaða ráðherra sem er — hæstvirts gæti ég sagt hér en ég á nú við þá alla, ráðherrana sem slíka — þá þarf maður ekki að tyggja það upp í sömu setningu nánast. Ég tel að nægilegt sé að gera það í hverri efnisgrein eða hverjum kafla ræðunnar og þurfi síðan ekki að endurtaka hvað mönnum finnst um þann ráðherra sem hverju sinni er rætt við eða um þá þingmenn sem maður vitnar til.

Ég tel að ég hafi algjörlega gætt þinglegrar kurteisi í þessu og tekið fram að mér þætti menntamálaráðherrann sem hér talaði hæstvirtur og þeir þingmenn sem ég ræddi um einnig vera háttvirtir, þó að ég hafi ekki gert það í hvert einasta skipti sem ég þurfti að minnast á þá.

[11:27]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti telur það skyldu sína að áminna þingmenn þegar við á um bæði þingsköp og venjur sem gilda um ávörp í ræðustól en lætur þess getið að hv. þm. Mörður Árnason ávarpaði forseta í ræðu sinni af og til sem hæstv. en af og til ekki sem slíkan.

[11:28]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka til máls. Þó að hæstv. menntmrh. hafi þegar svarað hv. þm. Merði Árnasyni vil ég ítreka að nú þegar skipar menntmrn. fulltrúa í dómnefndir í háskólanum og því vandséð af hverju hæstv. menntmrh. hefði þurft að útskýra það sérstaklega í framsögu áðan. Hæstv. menntmrh. er hér að leggja fram frv. sem unnið hefur verið í samráði við háskólayfirvöld. Sameiginlegt markmið er jú að einfalda og flýta því þunglamalega ráðningarkerfi sem nú tíðkast þar.

Einnig vil ég segja um ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, að mér fannst hún sérkennileg, að tala um valdhroka og valdníðslu sem ég hef ekki orðið vör við hjá hæstv. menntmrh.

[11:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti, sem svo hefur verið ávarpaður frá upphafi Alþingis hins nýja og er í sjálfu sér slíkur virðingartitill, að vera forseti Alþingis, að ekki þarf að bæta við hann. Leita má í Alþingistíðindum nokkuð lengi og víða að lýsingarorðum sem höfð eru um hann. Menn geta séð að alla jafna er nóg að ávarpa forseta með þeim fína titli, með því virðingarheiti og þarf ekki við það að bæta.

Um ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur er það að segja að það sem við erum að tala um er sjálfstæði háskólans. Um það ræddi menntmrh. lengi vel, einkanlega í svari sínu við ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það er þess vegna sem þetta mál er sérstaklega tekið til umræðu. Samrýmist það sjálfstæði háskólans að skipaðar séu fastar dómnefndir sem sitja hver um sig í þrjú ár, að mig minnir, og hafa þess vegna gríðarlega mikið að segja um stefnu deildarinnar sjálfrar og þess meginfræðasviðs sem um er að ræða? Samrýmist það sjálfstæði háskólans?

Þá er vert að minnast á, þótt núverandi hæstv. menntmrh. hafi ekki staðið fyrir því, breytingar á háskólanum í verri átt í tíð núverandi ríkisstjórnar þegar yfirstjórn háskólans var breytt með þeim hætti að menntmrh. á þar beina pólitíska fulltrúa. Það er ekki í sjálfstæðisátt fyrir Háskóla Íslands. Þetta er það ekki heldur. Það hefði verið full ástæða til að gera þetta með öðrum hætti. Það hef ég sagt í stólnum að ég muni leggja til að gert verði í menntmn.

[11:31]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir áherslur hv. þm. Marðar Árnasonar á sjálfstæði háskólans. En ég vil líka velta upp ákveðnum spurningum. Við eigum t.d. þjóðlífsfulltrúa í háskólaráði. Ég hef sjálf reynslu af því að sitja þar. Ég er þeirrar skoðunar að sú seta hafi afskaplega jákvæð og góð áhrif á t.d. háskólaráð og Háskóla Íslands. Slíkir fulltrúar hafa jafnvel aðrar áherslur og koma með önnur sjónarmið sem ég held að sé alltaf gott, að hafa breitt svið á þeim vettvangi. Þetta hefur gefist vel í dómnefndum innan háskólans. Eins og hæstv. menntmrh. kom inn á áðan er það auðvitað undir menntmn. komið hvenær við tökum á þessu máli. Við munum leita umsagna og það verður fróðlegt að sjá hvaða umsagnir berast um nákvæmlega þetta atriði.

[11:32]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hygg að hér takist í raun á tvær hugmyndir um háskóla. Annars vegar sú hugmynd að háskólar eigi að vera praktískt verkfæri ríkisvalds og atvinnulífs hverju sinni til að búa til þá fræðslu, fræðimenn og iðnaðarmenn í sínum greinum sem talið er samkvæmt áætlunum að á þurfi að halda og hins vegar hin hugmyndin, um háskólann sem samfélag, sem universitas, sem ættuð er frá miðöldum og jafnvel aftur í fornöld í heimspekiskóla Sókratesar í Aþenu og jafnvel lengra aftur. Síðari hugmyndin gerir ráð fyrir að í kjarna sínum hafi skólinn þörf á fullkomnustu sjálfstæði um hver hans fræðilega rannsókn á að vera, að hverju hún á að beinast og frelsi til að ræða það sem út úr henni kemur, hvort sem það er valdhöfum, atvinnulífinu eða aðstandendum til meina eða fagnaðar.

Einhverri málamiðlun þarf kannski að ná á milli þess arna. Það sem menn hafa rætt núna er einmitt að Háskóli Íslands eigi að fá að vera þetta universitas sem hann hefur alltaf stefnt að að vera og borið sig saman — stundum á nokkuð skringilegan hátt, kannski sérstaklega fyrstu áratugina en nú á síðari árum með fullum rétti — við aðra þá háskóla í Evrópu og á meginlöndunum í kringum okkur sem hafa náð mestri fullkomnun á þessu sviði. Menn hafa talið að það væru frekar hinir skólarnir á háskólastigi sem eigi að gegna því hlutverki sem fyrr var nefnt.

[11:34]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það má segja að þrjú grundvallaratriði liggi undir í umræðunni. Í fyrsta lagi álitamál um fyrirkomulag dómnefndanna. Í öðru lagi, atriði sem ég vildi koma upp til að ræða sem hefur orðið útundan í umræðunni að mestu leyti, þ.e. hvort heimila eigi háskólanum að víkja frá þeirri meginreglu að auglýsa eigi öll störf. Í þriðja lagi hefur hæstv. menntmrh. fært inn í umræðuna enn eitt áhorfsmálið sem eru skólagjöld.

Ég verð að segja að mér finnst sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir og hæstv. menntmrh. missi sjónar af þeirri staðreynd að eins og hér er lagt til að skipa dómnefndir er verið að breyta grundvallaratriði. Áður fyrr var það þannig, eins og ég gat um í upphafsræðu minni, að menntmrn. hafði að sönnu fulltrúa í dómnefndum. Þær voru hins vegar skipaðar af sérhverju tilefni. Nú er hins vegar verið að rígnegla tökin, þ.e. áhrif og íhlutunarrétt menntmrh. inn í ráðningar, með því að hafa einn og sama fulltrúann í öllum þessum nefndum sem tengjast meginfræðasviðunum. Af sjálfu leiðir að hæstv. ráðherra mun jafnan skipa til þriggja ára manneskju sem er honum eða henni handgengin. Þetta fyrirkomulag, eins og hér er lagt upp með, skapar hæstv. ráðherra miklu ríkari rétt og möguleika til að hafa áhrif á skipan prófessora og annarra sem koma að því að byggja upp háskóla. Þetta er grundvallarbreyting. Ég tel að í reynd sé ráðherra með þessu veittur ríkari réttur en áður, með því að setja upp varanlegar nefndir.

Ástæða þess að ég tók þetta upp, með ýmsum öðrum atriðum í ræðu minni fyrr í morgun, er sú staðreynd að innan háskólans og innan framkvæmdarvaldsins eru menn stöðugt að tala um nauðsyn þess að efla sjálfstæði háskólans. Menn gera það m.a. út frá samkeppnissjónarmiðum. Góðu heilli eru að koma upp nýir og öflugir háskólar sem skapa jákvæða samkeppni á háskólastigi. Ég tel að það eigi að ýta undir þá samkeppni.

Til að gera Háskóla Íslands, sem gamalgrónum og öflugum skóla, kleift að standast hinum nýju samkeppnisaðilum snúning þá tel ég að efla þurfi sjálfstæði hans eins og kostur er. En ég er ekki einn um þá skoðun. Þessa skoðun hafa hv. þm. Dagný Jónsdóttir og hæstv. menntmrh. líka lagt fram ítrekað. Um þetta sjónarmið má heita að sé samstaða. Ef við á annað borð segjum að við ætlum að efla sjálfstæði háskólans þurfum við líka að taka raunhæf skref til þess. Hér var tækifæri til þess. Hér var tækifæri til að standa ekki í gamla ístaðinu heldur að sveifla sér af stað og spretta úr spori inn í nýja framtíð. Ég tel að ef menn ætluðu að breyta þessu á annað borð væri hugsanlegt að efla sjálfstæði háskólans með því að skera á tengslin við menntmrn. að því er varðar ráðningar.

Nú verður auðvitað að gæta hófs í málflutningi. Það verður líka að horfa á hina hliðina. Það eru töluvert mörg dæmi, að vísu ekki mörg frá umliðnum árum, þar sem háskólinn, sem hafði vald til þess að ákvarða með hvaða hætti tilteknar stöður ættu að vera, auglýsti þær þannig að eflaust vantaði ekki nema skónúmerið á viðkomandi kandídat sem var þá fyrir fram ákveðinn. Það er ákveðin hætta í þessu.

Ég minnist þessa þegar hér spunnust miklar umræður um ráðningu dr. Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í embætti hið fyrsta sinn í Háskóla Íslands. Þá tók ég upp hanskann fyrir þann mann þótt sannarlega væri hann ekki í pólitískum vinahópi mínum. Ástæðan var sú að mér fannst sá háskólakennari, sá umsækjandi, rangindum beittur. Þá lá alveg ljóst fyrir að viðkomandi deild háskólans var að auglýsa eftir tilteknum manni sem var þá þegar staddur innan deildarinnar. Það var bara verið að festa hann. Þarna var um að ræða það sem er alltaf hættan, ákveðna vinavæðingu í grónum stofnunum. Það þarf að koma í veg fyrir að hún geti grafið um sig og skaðað. Það hefur gerst og hefur ekki verið háskólanum til sóma. Það hefur ekki aukið veg hans. Eins og hæstv. menntmrh. sagði hefur ríkt tiltölulega mikill friður um þessar stöðuveitingar.

Þarna eru tvö sjónarmið sem vegast á og ég orðaði það svo í ræðu minni að þetta væri eitt af því sem þyrfti að koma til álita og skoða. Ég hef heldur herst við þessa umræðu í þeirri afstöðu minni að skera eigi á þann naflastreng sem bindur háskólann við móðurkviðinn í menntmrn.

Sé það hins vegar svo, eins og hæstv. menntmrh. hefur sagt, að þetta ákvæði hafi komið inn samkvæmt tilmælum háskólans er umhendis að ætla sér síðan, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði í ræðu sinni um þetta tiltekna atriði, að óska eftir áliti háskólans. Þá getum við gefið okkur svarið fyrir fram. En háskólinn er þjóðskóli. Hann varðar ekki bara þá sem starfa innan hans sem kennarar eða sem nemendur. Hann varðar okkur öll. Hann varðar hag samfélagsins og þess vegna hafa allir leyfi til að hafa skoðanir á þessu. Þess vegna tel ég að þessi umræða sé heppileg og farsæl.

Ef háskólinn á að vera sjálfstæðari þá eigum við að taka raunhæf skref í átt að auknu sjálfstæði hans. Þetta er eitt af þeim. Almennt er ég þeirrar skoðunar að því meira vald sem háskólinn hefur í sínum málefnum og innri málum þeim mun hæfari sé hann til að standast snúning þeim nýju og þróttmiklu háskólastofnunum sem eru að koma upp. Við sjáum nú þegar að það er að skapast jákvæð samkeppni á háskólastigi. Við sjáum það í auknum valkostum, nýjum greinum, öðruvísi háskólagráðum sem hæfa betur einstaklingum og atvinnulífi. Þetta er allt af hinu góða. En við megum samt sem áður aldrei gleyma því að háskólinn okkar gamli, þjóðskólinn, verður að hafa nægilegt andrými til þess að geta sótt sér örendi til að standast samkeppnina. Ég ímynda mér þess vegna að þetta verði eitt af því sem menn skoði vel.

Ég kem þá aðeins að Norrænu eldfjallastöðinni. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að þetta sé heppileg ráðstöfun eins og ég sagði í minni fyrstu ræðu. Ég tel almennt heppilegt að fækka stofnunum og sameina þær. Mér er málið kannski of skylt til að ég vilji fara út í miklar umræður um það en ég tel það hárrétt sem fram kemur í greinargerðinni, að þetta mun stórefla Raunvísindastofnun sem er einhver öflugasta rannsóknastofnun sem við höfum. Hún er kannski hin eina frjálsa akademía sem við höfum í dag innan hins opinbera kerfis. Þar starfa rannsóknarmenn sem fá fjárveitingar frá ríkinu og velja sér rannsóknarsvið að eigin ósk og löngun.

Við sjáum að óvíða er jafndjúpt og vel plægður svörðurinn á vísindaakrinum og einmitt þar. Þetta er hið besta mál.

Ég spurði hver aðdragandinn hefði verið. Svar hæstv. menntmrh. var að þetta hefði verið gert á grundvelli norrænna samskipta. Það kom mér ekki á óvart. Ég sat í ríkisstjórn árið 1995 þar sem þetta var í fyrsta sinni kallsað af þáverandi menntmrh. Ólafi G. Einarssyni að ósk Norrænu ráðherranefndarinnar. Auðvitað var það þannig að hún tók ákvörðun um að reyna að koma þeim verkum af sínum höndum til ýmissa stofnana, sem kalla mætti stjórnsýslustofnanir sem tengdust Norrænu ráðherranefndinni, opinberra og óopinberra í þeim ríkjum sem að henni eiga aðild. En hví þótti mér rétt að inna hæstv. ráðherra eftir þessu? Í fyrsta viðtali sem ráðherrann lét við sig taka í Fréttablaðinu skömmu eftir áramót nefndi hún til marks um hvað hún væri að gera til þess að efla Háskóla Íslands, að hún hefði tekið ákvörðun um að sameina Norrænu eldfjallastöðina við Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun. Hún var með öðrum orðum að slá sjálfa sig til riddara á því að hafa í eigin höfði tekið þessar tilteknu ákvarðanir. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta hefur verið til umræðu lengi, eins og fram kom nú í máli hæstv. ráðherra.

Frú forseti. Ég ætlaði mér að dvelja aðeins við það sem hæstv. ráðherra sagði um skólagjöldin. En tími minn er á þrotum. Ég tek fram að það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir, að það er ekkert óeðlilegt að HÍ hafi sjálfstæða skoðun varðandi skólagjöld. Hins vegar verður að gera þá kröfu að hæstv. menntmrh. hafi slíka skoðun. Hún hefur þá skoðun aldrei í þessum sölum. Hún hefur skoðun á málinu utan þingsins en aldrei hér.

[11:44]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur átt sér stað athyglisverð umræða um Háskóla Íslands í kjölfar umræðna um nýframkomið frv. hæstv. menntmrh. um ráðningarmál í skólanum. Hæstv. ráðherra kippti inn í umræðuna nokkuð óvænt þeirri miklu umræðu sem farið hefur fram um skólagjöld og fjármögnun opinbera háskólastigsins. Það er því ástæða til að dvelja við þann punkt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var kominn að þegar ræðutími hans rann út.

Staðreyndin er sú að Háskólinn er í tilvistarkreppu og þess vegna er ekki hægt að fara yfir málefni hans með neinum vitrænum hætti án þess að dvelja sérstaklega við þann mikla vanda sem skólinn á í og kemst ekki út úr án þess að gripið sé til einhverra aðgerða. Staðreyndin er sú að hann þarf að óbreyttu að vísa frá hátt í 1.000 nýnemum næsta haust eða taka upp harkalegar fjöldatakmarkanir fái hann ekki aukin fjárframlög.

Til að varpa ljósi á það mál er ég með undir höndum athyglisvert minnisblað sem skrifað var vegna fundar Háskóla Íslands með fjárln. Alþingis, 20. nóvember 2003, í fjárlagagerðinni miðri síðasta haust. Þar komu fulltrúar Háskólans til fundar við fjárln. og lögðu minnisblaðið fram sem dregur mjög skýrt fram þá stöðu sem Háskólinn er í. Með leyfi forseta ætla ég að renna yfir helstu atriði þessa athyglisverða minnisblaðs sem kemur beint að kjarna málsins og þeirri stöðu sem íslensk stjórnvöld hafa rekið Háskóla Íslands í með því að sinna ekki og fylgja ekki eftir þeirri ánægjulegu þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og áratugum, sem er sívaxandi sókn Íslendinga í háskóla- og framhaldsnám.

Hér segir, með leyfi forseta:

„1. Háskóli Íslands og menntamálaráðuneytið vinna að endurnýjun kennslusamnings og rannsóknarsamnings. Drög að texta kennslusamnings liggja fyrir en fjárhagslegir þættir samningsins eru ekki útræddir.

2. Að óbreyttu mun Háskóli Íslands þurfa að vísa frá 900 nýnemum haustið 2004 (950 skráðir nemar samsvara 550 virkum nemum). Háskóli Íslands verður þá ekki lengur þjóðskóli."

Ég endurtek, með leyfi forseta: „Háskóli Íslands verður þá ekki lengur þjóðskóli," segir í minnisblaði frá Háskóla Íslands til fjárln. sl. haust.

„3. Á árunum 2001 og 2002 hefur Háskóli Íslands ekki fengið greitt fyrir 300 virka nemendur sem er meginástæða 300 millj. kr. skuldar Háskólans við ríkissjóð."

Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti.

Í fjórða lið segir, með leyfi forseta:

„4. Í samningi um kennslu sem rennur út 31. desember 2003 segir: „Fjárhæðir sem leiða af samningi þessum og grundvallast á verðútreikningi í fyrrgreindum reglum um fjárveitingar til háskóla breytast í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga fyrir sambærilegar ríkisstofnanir. Kveði kjaranefnd upp úrskurð sem eykur launakostnað skólans skal breyta launaforsendum reglnanna, til samræmis við mat á þeirri hækkun. Sama gildir hækki laun annarra háskólakennara samkvæmt kjarasamningi við fjármálaráðherra. Hið aukna framlag skal greiða í samræmi við greiðsluáætlun. Menntamálaráðherra skipaði vinnuhóp til þess að meta þróun einingarverða í samræmi við ákvæði samningsins. Sá hópur átti að skila áliti fyrir 11. apríl 2003 en hefur ekki gert það." — Segir í nóvember. — „Á árunum 1999–2003 hafa raunlaun í Háskóla Íslands hækkað um 40% en nemendaframlög hafa hins vegar hækkað um 23%.""

Þarna er mikið bil sem Háskóli Íslands náði að sjálfsögðu ekki að brúa því framlög fylgdu ekki aukningunni.

Áfram, með leyfi forseta:

„Í brautskráningarræðu 25. október sl. haust óskaði Páll Skúlason rektor eftir því að rætt yrði hvort taka ætti upp skólagjöld í háskólum í eigu ríkisins. Nauðsynlegt er að sú umræða eigi sér stað þar sem samkeppnisstaða þeirra deilda Háskóla Íslands sem eiga í samkeppni er óviðunandi."

Svo er vísað í töflu þar sem staða skólans er rakin.

Að lokum segir, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum ársins 2004 er fjárveiting til rannsókna lækkuð um 105 millj. kr. að raungildi. Fjárveitingin stendur undir grunnkostnaði sem ekki er unnt að sækja til sjóða. Nauðsynlegt er að þetta verði leiðrétt."

Það hefur ekki verið gert, virðulegi forseti, og því er Háskóli Íslands í þeirri háskalegu stöðu sem hann er í núna og ágætt að hæstv. ráðherra tók inn í umræðuna um málefni Háskólans, þó það hafi verið af öðrum toga við upphaf umræðunnar þá tengist þetta allt og ekki hægt að ræða málefni Háskóla Íslands án þess að koma inn á þann nánast einstaka vanda sem stjórnvöld hafa hrakið skólann í með sinnuleysi sínu og undarlegu framferði á síðustu árum í staðinn fyrir að efla skólann og styrkja í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað. Stjórnvöld hafa ekki sinnt ítrekunum Háskólans um auknar greiðslur í takt við fjölgun nemenda og breytir kennslusamningurinn fyrir árið 2004 sem var lokið þegar minnisblaðið var ritað engu þar um. Hann hafði hvorki áhrif á fjárveitingu þessa árs né hámark virkra nemenda sem eru nú 5.200. Háskólinn spáir að fjöldi virkra nemenda verði að óbreyttu 5.750 haustið 2004, aukningin svari til u.þ.b. 900

skráðra nemenda. Einmitt þeirri aukningu hefur Háskólinn ekki bolmagn til að mæta og því leggur hann til í minnisblaðinu að t.d. geti ein af leiðunum til að mæta fjárhagsvandanum verið að taka ekki inn þessa aukningu. Þar liggur því vandinn, virðulegi forseti.

Háskóli Íslands hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna og þess vegna förum við í gegnum stöðu hans í dag. Sérstaða hans felst í því að hann er og hefur verið rannsóknarháskóli á heimsmælikvarða. Í því felst líka sérstaða Háskóla Íslands á íslenskum háskólamarkaði, ef svo má að orði komast, því háskólinn er fjölþættur rannsóknarháskóli sem tekur yfir allar eða flestar greinar fræða og rannsókna. Á honum hvílir ekki aðeins sú skylda að halda úti kennslu í hinum ólíkustu fögum, heldur líka umfangsmiklum rannsóknum.

Á nokkrum árum hefur hrein bylting átt sér stað bæði í meistara- og doktorsnámi við skólann en nemendafjöldi í framhaldsnámi hefur tólffaldast, úr 100 í 1.204 á þessum vetri. Þessari glæsilegu þróun verður að mæta með auknum fjárframlögum til skólans, það gefur augaleið, en menntamálayfirvöld hafa því miður ekki gert það, virðulegi forseti.

Norrænir rannsóknarháskólar sem eru samanburðarhæfir við Háskóla Íslands hvíla almennt á þremur jafngildum stoðum, framlögum til kennslu, framlögum til rannsókna og sértekjum til rannsókna frá fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum í samfélaginu. Í norrænu skólunum kemur ein króna frá ríkinu til rannsókna á móti hverri krónu til kennslu. Hér koma einungis 47 aurar á móti hverri krónu og munurinn er hróplegur. Þróunin hér er öfug við það sem hún ætti að vera þar sem framlög til rannsókna hafa staðið í stað á meðan nemendum fjölgar gríðarlega.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, hefur fjölgunin verið tólfföld á mjög fáum árum sem er stórmerkilegt og ástæða til að vekja sérstaka athygli á því í allri umræðu um stöðu Háskóla Íslands. Meðan stjórnvöld hafa verið að kreista hann út í horn fjárhagslega hefur átt sér stað mikil uppbygging, framsókn og framsækni innan skólans þar sem fyrsta flokks fræðimenn eru að byggja upp rannsóknarnám og framhaldsnám á heimsmælikvarða í skugga þess fjársveltis sem stjórnvöld hafa hrakið skólann í og ætla núna að mæta með sinnuleysi og neyða skólann með einhverjum hætti til að hafa forustu í því að mæta fjársveltinu með því að fjármagna námið að verulegu leyti með skólagjöldum á grunnnámi í háskólanum.

Við vanda háskólans verður að bregðast hratt og undanbragðalaust. Fjárhagsvandinn og vanhugsuð viðbrögð við honum mega aldrei verða til þess að skerða jafnrétti til náms og þyngja byrðar námsmanna, nóg er nú samt. Ástæða er til að nefna það sérstaklega, af því að inn í þetta allt saman blandast staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna, að það kom almennt fram vilji hjá stjórnmálaflokkunum öllum, eða flestum, fyrir síðustu alþingiskosningar að létta með einhverjum hætti endurgreiðslubyrði námslána, sem er mjög há og íþyngjandi fyrir mjög marga þar sem hún nemur upp undir einum mánaðarlaunum á ári hjá fólki sem er á sama tíma að basla í húsbyggingum og barnsburðum. Ef á að láta fólk taka milljónir kr. í aukin námslán er engin leið að sjá hvernig það á að haldast í hendur við markmið um lækkun á endurgreiðslubyrði. Þess vegna er ástæða til að ítreka þessar spurningar við ráðherra fyrst hún er stödd hérna. Hvernig ætlar hún að bregðast við fjárhagsvanda Háskóla Íslands? Er möguleiki í augum ráðherrans að fjöldatakmarkanir verði teknar upp við deildir háskólans til að mæta fjárhagsvanda skólans eða er það stefna nýs hæstv. menntmrh. að Háskóli Íslands fái heimild til innheimtu skólagjalda líkt og sjálfseignarskólarnir hafa?

[11:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ekki laust við að ég hafi heyrt þessa ræðu áður, ég held að ég sé að heyra hana í níunda eða tíunda skipti. Hún breytist lítið hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og mér finnst eins og allri umræðunni sé alltaf snúið á hvolf.

Ég mótmæli því harðlega að það sé eitthvert sinnuleysi af hálfu menntamálayfirvalda í garð Háskóla Íslands. Þvert á móti höfum við stóraukið framlög til háskólans, við höfum styrkt hann og eflt á allan hátt og reynt að mæta að meginhluta til öllum þeim kröfum sem hann hefur sett fram. En eðlilega fylgja ákveðnar kröfur ábyrgri fjármálastjórn sem er greinilega ekki í orðabók margra hv. þm.

Það er einfaldlega þannig að í samræmi við aukningu á nemendafjölda við Háskóla Íslands hefur aukning á fjárframlagi nokkurn veginn haldist í hendur til Háskóla Íslands.

Þó það sé í raun algjörlega óskylt því máli sem við fjöllum um í dag, sem átti að vera nokkuð auðvelt og einfalt mál og átti að ganga hratt og örugglega til menntmn. sem átti að fá tækifæri til að fara vel yfir það, verða menn einfaldlega að spyrja sig í þessu samhengi: Hvernig kennslu viljum við halda uppi? Viljum við bara ýta inn eins mörgum nemendum í kennslustofurnar í Háskóla Íslands og hægt er, hafa 300, 400, 500 nemendur í hverri kennslustofu í engri nánd eða í engum tengslum við kennara? Er það þannig nám sem við viljum bjóða upp á í Háskóla Íslands eða er ekki rétt að við reynum að staldra aðeins við og hugsa hvernig kennsluháttum er best hagað innan Háskólans? Eru það mjög mikil gæði á kennslu þegar það eru 400–500 manns í stofu, ég bara spyr?

Varðandi fjárhagsmál Háskóla Íslands og heildarmálefni hans vil ég einfaldlega vísa enn og aftur til þeirra stjórnsýslu- og fjárhagsúttekta sem ég hef þegar beðið Ríkisendurskoðun að gera á Háskóla Íslands og vonandi fæ ég þá úttekt með haustinu. Sú úttekt kemur til með að vísa veginn varðandi fjárhag og stjórnsýslu háskólans en enn og aftur bendi ég á að við höfum fengið mjög marktækar ábendingar frá háskólastúdentum sem gjörþekkja háskólakerfið og stjórnsýsluna þar til yfirvalda Háskóla Íslands um hvernig megi hagræða og gera stjórnsýsluna skilvirkari en hún er nú. Ég tel því sjálfsagt og eðlilegt að yfirmenn Háskóla Íslands fari yfir þær ábendingar sem stúdentar hafa beint til þeirra hvað það varðar.

Varðandi málið sem við fjöllum um í dag vil ég leyfa mér, þrátt fyrir að eitt og annað hafi fallið í umræðunni, að þakka þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í henni og m.a. hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir mjög málefnaleg sjónarmið og mörg gild rök sem hann færði fyrir málflutningi sínum. Ég hvet hv. menntmn. til að fara vel yfir röksemdir hans, m.a. í tengslum við dómnefndina. Ég vil enn og aftur benda á bréf sem við fengum nýlega frá háskólanum þar sem hann beinir því til mín og ég vil beina því til hv. nefndar að fara vel yfir ákvæðin um dómnefndirnar því mér sýnist háskólinn hafa að einhverju leyti bakkað með sjónarmið sín varðandi þær og vilji fara betur yfir þau mál, og ég tel sjálfsagt og eðlilegt að það verði gert.

Virðulegi forseti. Ég vona að málið fái góða afgreiðslu hjá hv. menntmn. Ég þekki mjög vel hvernig nefndin starf-

aði á síðasta kjörtímabili og var gaman að fá að taka þátt í þeirri vinnu. Nú horfi ég til hv. þm. Marðar Árnasonar og öfunda hann hálft í hvoru yfir því að fá að taka þátt í þeirri skemmtilegu vinnu sem á sér iðulega stað innan þingnefnda, lýðræðisleg umræða þar sem öll sjónarmið fá að koma fram og hlustað er á þau, og ég veit að enginn munur verður á því.

Ég vona að hv. þingmenn hleypi alla vega hluta frv., og ég er sérstaklega með Norrænu eldfjallastöðina í huga þegar ég segi þetta, í gegn.

[12:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir gott að hæstv. menntmrh. tekur hér upp umræðu um skólagjöld. Hæstv. ráðherra orðaði það svo í sínum fyrri ræðum að hún hlyti að hafa talað heldur lágri röddu þegar hún hefur áður rætt skólagjöld ef þingheimur hefur ekki heyrt rök hennar í málinu.

Ég hef saknað þess mjög af hálfu hæstv. menntmrh. að hún taki upp umræðu um skólagjöld. Skólagjaldaumræðan er umræða um algjör grundvallaratriði. Ég hef tekið undir það hjá hæstv. ráðherra að það er ekkert óeðlilegt og raunar sjálfsagt að Háskóli Íslands hafi sjálfstæða skoðun á því máli. Hins vegar er það krafa frá okkur, frá háskólanum, frá þegnum þessa lands að framkvæmdarvaldið hafi einhverja skýra skoðun á því máli. Hæstv. menntmrh. hefur ekki haft skýra skoðun á því máli.

Það er reyndar athyglisvert að þegar hæstv. ráðherra talar um skólagjöld í sölum Alþingis setur hún upp ákveðna fyrirvara gagnvart skólagjöldum. Ítrekað hefur hún talað um að ekki sé sjálfgefið að þau verði tekin upp og það er rétt hjá henni. En þegar hún hefur verið í viðtölum utan sala þingsins er hún miklu meiri skólagjaldasinni en hér innan. (**Menntmrh.:** Eins og?) Eins og í Fréttablaðinu.

Hæstv. ráðherra hefur hins vegar sagt sem rök fyrir því að ekki sé sjálfgefið að taka upp skólagjöld að það gæti haft umtalsverð fjárútlát fyrir ríkið í gegnum Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta færir mér heim sanninn um það að hæstv. ráðherra hefur a.m.k. hugsað sig í gegnum hluta þessarar umræðu. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Verði tekin upp skólagjöld, er þá ekki sjálfgefið að íslenska ríkið láni fyrir þeim? Erum við ekki sammála, ég og hæstv. ráðherra, um að það sé alger lykilforsenda fyrir upptöku skólagjalda hvort heldur það er í grunnnámi eða í framhaldsnámi?

[12:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, það er algert lykilatriði að mínu mati að Lánasjóðurinn komi til með að lána fyrir slíkum gjöldum. Hann gerir það hvort sem er núna til þeirra skóla sem taka skólagjöld, þeirra sjálfstæðu skóla.

Það er líka ljóst að skólagjaldaumræðan er mjög stórt og umfangsmikið mál eins og kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Þess vegna áskil ég mér allan rétt til þess að fara vandlega yfir kosti og galla mála sem tengjast skólagjöldum og skólagjaldaumræðunni til þess að reyna að kortleggja betur hvað það kostar fyrir ríkið að heimila töku skólagjalda við Háskóla Íslands. Það er mjög einfalt fyrir mig að leggja málið svona upp því að ég tel ekki rétt af mér að koma hingað og segja að ég vilji skólagjöld þegar ekki er búið að fara vel yfir hvað það kostar um leið fyrir ríkið að leggja á skólagjöld.

Ég ítreka enn og aftur, virðulegi forseti, að það var ekki ég sem hóf þessa umræðu um skólagjöldin heldur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Hann hóf þá umræðu hér. Ég ætlaði mér að ræða önnur málefni og merk um Háskóla Íslands.

[12:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það skipti máli að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að forsenda þess að tekin verði upp skólagjöld sé að íslenska ríkið láni fyrir þeim. Það hefur verið mikil umræða um skólagjöld. Ég hef verið heldur í þeim hópi sem hefur verið andstæður skólagjöldum. Hins vegar vil ég líka að það komi alveg skýrt fram að ég tel að það eigi að greina á milli annars vegar grunnnáms við Háskóla Íslands og hins vegar framhaldsnáms. Reyndar er ég þeirrar skoðunar, án þess að það beinlínis komi þessari umræðu við, að það eigi síðan að taka sérstaklega á þeim sem eru að verða sér úti t.d. um rannsóknargráður eins og doktorsgráður við Háskóla Íslands. Ég tel einfaldlega að slíkar rannsóknir skili svo miklum arði fyrir samfélagið og að slíkt nám sé svo dýrt fyrir viðkomandi námsmann ef hann á að standa undir sér sjálfur að það þurfi að taka alveg sérstaklega á því. En það er önnur saga.

Hins vegar er það algert skilyrði að hæstv. ráðherra viti hvað er að gerast í þessum málum, ekki síst í sínu eigin ráðuneyti. Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra að hún telur að það sé óábyrgt af sjálfri sér að taka upp umræðu um skólagjöld áður en búið sé að meta hvað upptaka þeirra mundi kosta íslenska ríkið. Frú forseti. Ég er standandi hissa á þessum umræðum. Það kemur fram í svari við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur hvað þetta kosti. Og hver veitir þetta svar? Það er einmitt konan sem rétt áðan var að lýsa því yfir að fyrst þyrfti að meta kostnaðinn af skólagjöldum fyrir íslenska ríkið áður en menn geta tekið ákvörðun. Þetta liggur fyrir í upplýsingum frá henni sjálfri. Þetta er einfalt, frú forseti, því ef tekin verða upp skólagjöld í ríkisreknum háskólum sem nema 200 þús. kr. á hvern nemanda þá hefur það milljarð í kostnað í för með sér fyrir íslenska ríkið. Ef skólagjöldin eru fimmfölduð þá tífaldast útgjöld íslenska ríkisins.

[12:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að skoða þarf þau hugsanlegu fjárhagslegu áhrif sem skólagjöldin kynnu að hafa í för með sér. En það er svo miklu fleira sem hangir á spýtunni. Það eru ekki bara þessi fjárhagslegu atriði heldur snýst stóra spurningin fyrir okkur sem höndlum með menntamálin og menntastefnuna í landinu, að mínu mati, um gæði kennslunnar og kröfur til gæða kennslu á næstu árum.

Erlendur flokksbróðir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, Tony Blair, sagði menntun, menntun, menntun og kom síðan á skólagjöldum af því að hann taldi að enskir háskólar gætu staðist samkeppni til lengri tíma með því að auka gæði kennslunnar þannig að nemendur gætu útskrifast eftir það gæðanám sem þeir hefðu krafist. Ég held að stóra spurningin fyrir okkur í þessum sal sem fjöllum um menntamál snúist um það hvernig við getum aukið gæði menntunar og um leið gæði þeirrar reynslu og þess náms sem háskólanemarnir hafa farið í gegnum. Þessi spurning er ögrandi og krefjandi. Auðvitað fléttast skólagjöld inn í þetta því að sýnt hefur ver-

ið fram á að skólagjöld geta ekki bara leitt til hagræðingar heldur geta þau umfram allt leitt til þess að gæði kennslunnar aukist.

[12:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. menntmrh. fyrir lýsingu hennar á hinum lýðræðislegu og málefnalegu umræðum í menntmn. Ég vil segja að þó ég hafi verið í þeirri nefnd frá því í október og reyndar frá því í fyrrasumar þá hlakka ég mjög til þess sem nýliði að kynnast vinnubrögðunum í menntmn., lýðræðinu og hinum málefnalegu umræðum, og vona að óskir ráðherrans til mín um að mér muni líka þær vel rætist.

Ég kom ekki eingöngu til að segja þetta þó mér sé það ákaflega ljúft heldur til að biðja hæstv. menntmrh. að skýra aðeins betur þetta bréf sem ráðherrann hefur fengið frá háskólanum um skipan dómnefnda. Ég hef bara ekki tekið nógu vel eftir því, en á ég að skilja þetta svo að háskólaráð sé farið að efast um þessa skipan dómnefnda sem við vorum að gagnrýna hér nokkrir áðan og að menntmrh. sé sem sagt að flytja þetta í trássi við bréfið frá háskólanum vegna þess að nú sé kominn 1. apríl eða tíminn að renna út, þ.e. ráðherrann sé að biðja þingið um lagasetningu sem ráðgjafar hennar í háskólanum vilji hafa einhvern veginn öðruvísi? Ég verð bara að viðurkenna að hef ekki alveg náð þessu í ræðum hæstv. menntmrh.

[12:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að hv. þm. nái þessu. En ég skal reyna að útskýra þetta sem best. Hér fyrir framan mig er bréf, með leyfi forseta, þar sem segir m.a.:

„Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Frumvarpið er lagt fram að ósk Háskóla Íslands og tekur til nokkurra efnisatriða. Eitt þeirra varðar 3. mgr. 12. gr. þar sem fjallað er um skipan dómnefnda til þess að dæma um hæfi umsækjenda um störf kennara og sérfræðinga.

Á fundi háskólaráðs 25. mars sl. samþykkti ráðið að fela rektor að fara þess á leit við menntamálaráðherra að sá hluti lagabreytingarinnar sem fjallar um dómnefndir verði ekki afgreiddur á Alþingi að svo stöddu."

Þetta hef ég verið að reyna að útskýra fyrir hv. þingheimi. Þetta frv. var upphaflega lagt fram að ósk Háskóla Íslands og það er ekki venjan að menntmrh. sé að flytja frumvörp að ósk einhverra úti í bæ þó það sé Háskóli Íslands í þessu tilviki. En ég taldi rétt að fara með frv. eins og þeir lögðu til m.a. í ljósi þeirra frétta sem í millitíðinni hafa verið um dómnefndir og dóm Hæstaréttar varðandi dómnefnd sem fjallaði um kennara við fornleifadeildina ef ég man rétt. Hv. þm. getur þá leiðrétt það. Ég taldi einfaldlega rétt að þingið ætti að fá tækifæri til að taka á þessu og fjalla um þetta sjálft. Nú er bleik brugðið ef þingið má allt í einu ekki fara að fjalla um svona málefni. Ég taldi rétt að menntmn. sjálf mundi einfaldlega kalla til sín þá aðila sem hún mundi kjósa til að fjalla um þetta og hafa þá um leið tækifæri til að haga breytingum í þá veru sem hún óskar og telur rétt að fara, sem sagt að Alþingi hafi þetta vald.

[12:11]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Já, það verður eiginlega að virða mér til vorkunnar að ég hef ekki alveg tekið eftir og ekki alveg skilið kjarnann í málflutningi hæstv. menntmrh. Hér höfum við staðið — ætli það sé ekki kominn einn og hálfur tími eða svo — og rætt um frv. sem hæstv. menntmrh. ætlast ekki til að þingið afgreiði eða leggur þinginu (Gripið fram í.) sjálfu það í vald hvort það vill afgreiða það eða ekki.

Nú er það að vísu svo samkvæmt stjórnarskrá að enginn segir þinginu neitt um það hvort það eigi að afgreiða frv. eða ekki. Hins vegar hefur hefðin verið sú þegar ráðherrar leggja fram frumvörp í þessari þingræðisskipun okkar, sem ég tel ekki til fyrirmyndar og tel að við eigum kannski að fara að endurskoða, að þá hefur það verið þannig að þau eru lögð fyrir fundi stjórnarflokkanna sem samþykkja þau með tilteknum hætti. Síðan koma menn gassamiklir hér í ræðustól og segja að meiri hluti þingsins hafi ákveðið eitt og annað.

Það upplýsist sem sagt hér með að hæstv. menntmrh. hefur engan áhuga á því að þetta frv. verði að lögum. Háskóli Íslands hefur sérstaklega beðið um að menn fari sér mjög hægt í þessu máli og gefur þau sérstöku ráð til ráðherrans og nú þingsins að þetta frv. verði geymt. Það er þá kannski ráð að setja það undir koddann og vera ekki að eyða tíma Alþingis, þjóðarinnar, fjölmiðlanna, háskólamanna og annarra sem nærri koma í að spyrja út í eða stæla um það sem ekki á að fjalla um og ekki á að afgreiða.

[12:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna sem, eins og hv. þm. Mörður Árnason gat um áðan, er búin að standa í meira en einn og hálfan klukkutíma. Það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að hv. þingmenn Samf. hafa notað tækifærið í þessari umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1999 að tala um skólagjöld við háskólann.

Mér liggur ýmislegt á hjarta varðandi skólagjöld í Háskóla Íslands og þó svo hér sé ekki verið að fjalla um þau samkvæmt dagskrá þingsins get ég ekki látið hjá líða vegna þess að umræðan hefur þróast þannig og verið þannig lögð út af þessum hv. þm., að útlista það hér að sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi skólagjöld í Háskóla Íslands eru algerlega skýr. Þau eru ekki hin sömu og Samf. sem virðist vera tilbúin að samþykkja skólagjöld í Háskóla Íslands þegar um framhaldsnám er að ræða. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er alfarið á móti skólagjöldum í Háskóla Íslands. Það er að hluta til vegna þess að það mundi skerða til verulegra muna jafnrétti til náms, jafnrétti til grunnnáms og jafnrétti til framhaldsnáms.

Ég hef þörf fyrir að þetta komi fram hér líka vegna þess að hæstv. menntmrh. hefur dregið fram í umræðuna þá staðreynd að þó svo að skólagjöld yrðu lögð á þá yrðu þau að öllum líkindum lánshæf hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það hefur sömuleiðis komið hér fram að það mundi auðvitað auka verulega útgjöld hins opinbera því námslánin eru að sjálfsögðu niðurgreidd af hinu opinbera. Við skulum vera í þeirri umræðu minnug þess að Bandalag háskólamanna hefur til skamms tíma mótmælt því að byrðar á námsmenn séu auknar svo að nokkru nemi og hafa fært okkur heim sanninn um það hvernig greiðslubyrði námsmanna vegna námslána hefur verið að þróast. Hún hefur verið að aukast gífurlega mikið. Það er svo komið að háskólamenn eru að greiða allt upp í ein mánaðarlaun á ári í afborganir af námslánum og ég

verð að segja, virðulegur forseti, að ekki er á þá greiðslubyrði bætandi. Þjóðskóli á að mínu mati og okkar hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs ekki að stefna inn á þá braut að leggja einhver hundruð þúsunda króna í skólagjöld á hverju einasta ári á nemendur Háskóla Íslands og nota námslánasjóðinn sem einhvers konar líflínu í þeim efnum að rökstyðja að slíkt verði gert. Við eigum einfaldlega að halda þjóðskólanum utan við skólagjöld. Við eigum að hafa reisn til þess að gera það. Við höfum skattkerfi og ríkissjóð sem getur gert okkur það kleift þannig að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur algerlega skýr sjónarmið í þessum efnum. Ég vil að þau komi hér fram úr því að hv. þm. fengu þessa umræðu til þess að þróast á þá vegu sem raun ber vitni.

Varðandi síðan síðasta atriðið sem hv. þm. Mörður Árnason ræddi um og laut beint að frv. sem hér er til umræðu, vil ég segja að ég met það í sjálfu sér við hæstv. menntmrh. að frv. skyldi ekki hafa verið breytt þegar það var komið hér fram á prentuðum skjalapappír í þingsölum þó svo að bréfið frá háskólanum hafi borist til hæstv. ráðherra. Mér finnst ekki óeðlilegt að menntmn. Alþingis fái að fjalla um þetta mál faglega og ígrundað með því að kalla til alla þá sem hafa tjáð sig um málið, alla þá sem eðlilega hafa skoðanir á þessum dómnefndum. Ég verð að segja að ég lít það bara jákvæðum augum að nefndin skuli fá það verkefni upp í hendurnar, vil ég meina, að taka sjálfstæða ákvörðun um hvernig málið skuli unnið áfram. Ég get því ekki tekið undir þau orð hv. þm. Marðar Árnasonar að hér sé á einhvern hátt undarlega að verki staðið því að ég sé ekki að málinu hefði verið gerður neinn greiði með því að helminga það niður í það að fjalla eingöngu um Norrænu eldfjallastöðina og sameiningu hennar við Háskóla Íslands. Ég tel að menntmn. Alþingis hafi verk að vinna sem ég sé ekki annað en að sé á hennar verksviði og að það geti verið gefandi og skapandi starf fyrir nefndina fram undan að taka á þessu máli.

[12:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það sem ég var að finna að og varð hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að umræðuefni var ekki einkum það að menntmrh. skyldi leggja frv. fyrir Alþingi þrátt fyrir bréf háskólaráðs, heldur að mér þótti sem ráðherranum væri skylt að lýsa vilja sínum í því efni þegar hún leggur fram frv. fyrir löggjafarþingið sem það á samkvæmt venju annaðhvort að samþykkja, breyta, fella eða taka ekki til umræðu. Mér finnst eðlilegt þegar ráðherrar koma hér að vilji þeirra sé skýr. Mér finnst lágmarksskilyrði þegar menn leggja fram frv. á þinginu að það sé klárt að sá sem flytur frv. vilji gera það í samfélaginu sem stendur í frv. Mér finnst satt að segja, þó að ég sé ákaflega tornæmur og heyrnarsljór og á flestan hátt lítt fallinn til almennrar, lýðræðislegrar og málefnalegrar umræðu í þinginu eða nefndum þess eins og löngum hefur komið fram og verið vakin sérstök athygli á í dag, að það sé eitt af því sem þingmenn, jafnvel þó að þeir séu orðnir ráðherrar, eigi að hafa í huga, að meina það sem þeir segja og sérstaklega þegar það er skrifað í frumvarpsformi.

[12:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er leitt að heyra hve sjálfsmynd hv. þm. er farin að brotna og falla á hana. Ég held að ég verði að porra sjálfstraustið upp í hv. þm. Hann gerir þá kröfu á hæstv. ráðherra að hún lýsi sjónarmiði sínu. Það höfum við ekki fengið fram þannig að ég tel að við eigum bara að taka málið, taka þann kaleik og segja: Nú, gott og vel, það er ekki alltaf sem ráðherrarnir eru með bendiprikið á lofti yfir okkur og segja að þetta vilji þeir að verði gert og svo sjái stjórnarþingmennirnir í viðkomandi nefndum til þess að það verði gert. Ég sé því ekki annað en að við höfum hér eins og ég sagði áðan skapandi tækifæri til þess að fara ofan í gagnrýnivert atriði í frv. Ég held að við eigum að fagna því og ekki að vera nöldra yfir því að ráðherrann í þessu tilfelli skuli ekki vilja láta í ljósi sjónarmið sitt af því er virtist í ræðum hæstv. ráðherra að viðkomandi bréf barst einungis fyrir örfáum dögum. Við skulum bara líta á það sem tækifæri fyrir nefndina til að taka á málinu, fjalla um það faglega og opið og með ráðgjöf frá þeim sem best þekkja til og þakka fyrir að það er ekki meiri forskrift frá hæstv. ráðherra en raun ber vitni í þessu tilfelli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 817. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1245.

og

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 818. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1246.

og

Tækniháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 819. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1247.

[12:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og virðulegur forseti gat um áðan er hér um þrjú frv. að ræða sem eru svona nokkurn veginn samkynja. Ég vil taka sérstaklega fram að í einu frv., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, er örlítið frávik frá hinum tveimur, þ.e. frv. um Háskólann á Akureyri og frv. um Tækniháskóla Íslands. Ég vil strax gera grein fyrir þeim mun.

Í frumvörpunum eru lagðar til breytingar á lögunum sem snerta ráðningar háskólakennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Hvað varðar Kennaraháskólann er í fyrstu efnismálsgrein 1. gr. frv. lagt til að kveðið verði á um að háskólaráð setji nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna. Slíkt almennt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um

Kennaraháskólann, en er að finna í sérlögum um aðra ríkisháskóla. Þá er lagt til að tekin verði upp heimild til undanþágu frá meginreglunni um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu. Að mati skólanna er þörf á heimild til að víkja frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf við skólana og stofnanir þeirra í nokkrum nánar ákveðnum tilvikum sem öll byggjast á sérstöðu starfa við skólana. Þessi breytingartillaga hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt og einungis á grundvelli nánari reglna sem háskólaráð mun setja. Í frumvörpunum eru tekin nokkur dæmi af störfum sem hér gætu átt við svo sem störf háskólakennara eða sérfræðinga sem byggjast á rannsóknarstyrkjum, störf nemenda sem eru í rannsóknatengdu framhaldsnámi eða störf vísindamanna sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum til rannsókna styrkþeganna sjálfra.

Fleiri dæmi eru nefnd í frumvörpunum og ég vísa til umfjöllunar um þau í athugasemdum við þau.

Í annarri efnismálsgrein 1. gr. frumvarpanna er lagt til að skólunum verði heimilað að ráða kennara og aðra til vísinda- og fræðistarfa tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn samkvæmt nánari reglum sem háskólaráðin setja. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum um Háskóla Íslands. Heimild þessi til tímabundinnar ráðningar er rýmri en heimild 2. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því leyti til að í því lagaákvæði er miðað við tveggja ára ráðningartíma. Sömu sjónarmið liggja hér til grundvallar og voru við setningu gildandi laga um Háskóla Íslands, þ.e. að starf háskólakennara og vísinda- og fræðimanna hafi þá sérstöðu að það réttlæti lengri tímabundinn ráðningartíma, m.a. þegar litið er til þess tíma sem þarf til undirbúnings starfi og þjálfunar í því. Þá er eðlilegt að samræmi sé milli laga um ríkisháskólana í þessu efni að mínu mati.

Í þriðju efnismálsgrein 1. gr. frumvarpanna er lagt til að heimilað verði að ráða kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt verði að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólanna eða starfi við stofnanir þeirra samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

Heimildarákvæði þessi er að finna í gildandi lögum um Háskóla Íslands og hafa aðrir ríkisháskólar lagt áherslu á að sömu heimildir verði lögfestar í sérlögum sem um þá gilda. Um ráðningu kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur er lögð áhersla á að um heimildarákvæði er að ræða og gera verður ráð fyrir að gætt sé sambærilegra hæfniskrafna og gerðar eru til þeirra sem gegna fullu starfi.

Er þá við það miðað að heimildin til að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólanna eða starfi við stofnanir þeirra samkvæmt reglum sem háskólaráð setur verði ekki bundin við störf hjá opinberum stofnunum eingöngu. Heimild þessi er nauðsynleg til að auka svigrúm háskólanna sem við fjöllum um hér til að tengjast fleiri aðilum utan þeirra, enda vinni háskólarnir markvisst að því að tengja kennslu- og rannsóknastarfsemi sína atvinnulífi og annarri rannsóknastarfsemi í landinu.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið efni þessara frumvarpa í meginatriðum og legg til að þeim verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 816. mál (hækkun bóta). — Þskj. 1244.

[12:26]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna nýlegra kjarasamninga Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins við Samtök atvinnulífsins. Það var ánægjuefni að samningar tókust milli aðila án teljandi vandkvæða og má ætla að þessir kjarasamningar séu raunhæfir. Það voru því ákveðin vonbrigði þegar fréttist í byrjun vikunnar að samningar hefðu verið felldir á tveimur stöðum, þ.e. á Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Ríkisstjórnin kom að þessari samningsgerð með yfirlýsingu undir lok viðræðna aðila þar sem m.a. kom fram að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að atvinnuleysisbætur sæti hækkunum á næstu þremur árum. Gert var ráð fyrir því að fyrsta hækkunin tæki gildi á sama tíma og kjarasamningarnir eða þann 1. mars sl. og yrðu atvinnuleysistryggingar þá að fjárhæð kr. 88.767. Síðan er gert ráð fyrir að þær hækki um 3% 1. janúar 2005, 2,5% 1. janúar 2006 og 2,25% 1. janúar 2007.

Hækkunin sem lögð er til með frv. nemur því um 11,3% þar sem atvinnuleysistryggingar hækka úr rúmum 79 þús. kr. á mánuði í tæp 89 þús. Fyrr á árinu hækkuðu atvinnuleysistryggingarnar um 3% þannig að samanlögð hækkun atvinnuleysistrygginga á þessu ári nemur um 14,6% sem er mesta hækkun þessara trygginga á einu ári í langan tíma. Kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs er í ár áætlaður um 330 millj. kr. vegna þessara breytinga. Breytingar á fjárhæð hámarksatvinnuleysistrygginga hafa komið til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Venja hefur verið að breyta fjárhæðum laganna með auglýsingu og hefur verið miðað við að breytingarnar hafi tekið gildi um áramót. Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru uppi og vegna þess hve mikil hækkunin er var hins vegar ákveðið að bregða út af vana og leggja fram sérstakt lagafrv. til breytinga á fjárhæð 7. gr. laganna í því skyni að færa hana til samræmis við þá fjárhæð sem í gildi verður.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef áður getið hef ég ákveðið að beita mér fyrir endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þótti mér alveg tímabært að þetta kerfi yrði tekið til endurskoðunar enda komin töluverð reynsla á það kerfi sem tekið var í notkun fyrir tæpum sex árum. Markmiðið með endurskoðuninni nú er fyrst og fremst að bæta stöðu og öryggi fólks sem er án atvinnu sem og að tryggja gæði vinnumarkaðsaðgerða og auka skilvirkni kerfisins almennt. Þá er ætlunin að meta árangur vinnumarkaðsaðgerða síðustu ára og hverju þær hafa skilað fólkinu sem nýtt hefur sér þjónustuna. Ég hef þegar leitað tilnefninga hjá fjmrn., Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja í nefnd sem fyrirhugað er að skipa þar sem í munu eiga sæti sex fulltrúar. Mun ég skipa tvo fulltrúa án tilnefningar og verður annar þeirra formaður nefndarinnar. Standa vonir til að nefnd þessi skili tillögum sínum næsta haust þannig að unnt verði

að undirbúa frv. til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir strax á næsta vetri.

Þá er vert að minnast þess að samhliða kjarasamningsgerðinni í mars sl. var gert samkomulag um eflingu starfsmenntasjóða atvinnulífsins um samtals 400 millj. kr. á samningstímanum. Þetta er, eins og ég hef áður sagt, gífurlega mikilvægt mál sem hefur það að markmiði að gera starfsmönnum kleift að laga sig að breyttum aðstæðum í atvinnulífinu hvort sem það er á vinnustaðnum eða að takast á við ný og ögrandi verkefni.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[12:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Heldur þokast nú til réttrar áttar með hæstv. félmrh. Við minnumst þess þegar hann byrjaði feril sinn hér á þinginu. Þá voru fyrstu áform hans að klippa þrjá daga framan af fyrsta mánuði í atvinnuleysi. Ekki hefði það orðið til þess að bæta kjör atvinnulausra. Honum var hjálpað til að endurskoða stefnuna og ég sé að það hefur gengið þokkalega.

Ég kem aðallega upp, frú forseti, til þess að inna hæstv. félmrh. eftir því hvort enn sé í gildi sú stefna sem mótuð var á síðasta flokksþingi Framsfl., að stefnt skyldi að því í tíð þessarar ríkisstjórnar að atvinnuleysisbætur yrðu ekki lægri en lægstu taxtar.

[12:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur í hlutarins eðli að sú stefna sem samþykkt var á síðasta flokksþingi framsóknarmanna hefur ekki tekið breytingum enda hefur ekki annað flokksþing verið haldið síðan.

[12:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gleður mig að Framsfl. er ekki eins laus í rásinni í þessum málum og hann virtist um skeið. Nú stefna lægstu taxtar, samkvæmt þeim samningum sem hæstv. félmrh. vísar til, í 100 þús. kr. á mánuði. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Hvenær munu atvinnuleysisbætur ná 100 þús. kr. á mánuði?

[12:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt því samkomulagi sem ég lýsti í ræðu minni áðan er gert ráð fyrir því að atvinnuleysisbæturnar taki hækkunum á kjarasamningstímanum og verði í lok hans á milli 96 og 97 þús. kr. Við sjáum þetta því, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti áðan, allt saman þokast í rétta átt.

[12:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna því frv. sem hér er lagt fram og vissulega tilbreyting að fjalla um frv. frá ríkisstjórninni sem bætir stöðu atvinnulausra. Við höfum vanist því að fjalla frekar um mál frá ríkisstjórninni eða aðferðir í tengslum við fjárlagafrv. o.fl. sem skerða kjör atvinnulausra. Það þurfti auðvitað verkalýðshreyfinguna til að draga ríkisstjórnina í að bæta kjör atvinnulausra og er það umhugsunarefni að kjarabætur fyrir atvinnulausa þurfi ávallt að vera í tengslum við kjarasamninga en ríkisstjórnin hafi ekki sjálf frumkvæðið að því að bæta það ömurlega hlutskipti í kjörum sem þeim er búið og hafi ekki dug í sér til að færa málið fyrir þingið án þess að það þurfi að vera liður í lausn á kjarasamningum.

Það er tilefni til að fara nokkrum orðum um atvinnulausa og atvinnuleysið í tengslum við þessa umræðu. Ég hef nokkrar fyrirspurnir til hæstv. félmrh. í því sambandi.

Það er ástæða til að draga upp þá mynd að á árunum 1999–2002 hafa atvinnuleysisbætur og lífeyrisgreiðslur, þ.e. grunnlífeyrir og tekjutrygging, hækkað margfalt minna en launavísitala eða laun verkamanna. Þannig sýnir breyting á kaupmætti launa og bóta að meðallaun hafa hækkað um 6%, laun verkamanna um 10%, en atvinnuleysisbætur um 1% og lífeyrisgreiðslur um 2% á árunum 1999–2002. Þessar upplýsingar koma fram í útreikningum sem ég óskaði eftir frá ASÍ. Þetta sýnir ljóslega, þegar við skoðum kaupmátt þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, að hann er mun minni en annarra og er ég þá sérstaklega að tala um stöðu atvinnulausra og lífeyrisþega. Þetta eru sláandi upplýsingar um hvernig núverandi ríkisstjórn hefur skilið atvinnulausa og lífeyrisþega eftir úti í kuldanum á undanförnum árum. Þetta er hinn blákaldi sannleikur um hvernig bótaþegar, þeir tekjulægstu í þjóðfélaginu, hafa verið hlunnfarnir af ríkisstjórninni.

Frumvarpið á að hækka atvinnuleysisbætur um 11,3% og fara í 89 þús. kr. 1. mars, þ.e. hækka um 10 þús. kr. Þá er líka ástæða til að rifja upp, virðulegi forseti, að samkvæmt upplýsingum fyrrverandi félmrh. á Alþingi í svari til mín hefðu atvinnulausir haft um 15 þús. kr. meira á mánuði í atvinnuleysisbætur ef ekki hefði verið afnumið á árinu 1996, af þessari sömu ríkisstjórn, að miða greiðslur atvinnuleysisbóta við taxta almenns fiskvinnslufólks. Við erum því að tala um að atvinnulausir hefðu haft 15 þús. kr. meira á mánuði, eða 180 þús. kr. á ári, ef ekki hefðu verið afnumin tengsl atvinnuleysisbóta við taxta almenns fiskvinnslufólks. Áður höfðu atvinnuleysisbætur fylgt þeim taxta og því haldið í við launagreiðslur á vinnumarkaði.

Í stað þess voru teknar upp nokkurs konar geðþóttaákvarðanir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ákveðið var að miða lífeyri og atvinnuleysisbætur við almenna launaþróun eða verðlag sem ákveðið hefur verið síðan við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni.

Þegar sá litli lífeyrir sem þeir sem eru atvinnulausir fá er tekinn inn í reikninginn þá er til skammar að málum skuli þannig háttað að atvinnulausir skuli greiða skatt af atvinnuleysisbótum, greiða skatt af þeim litlu bótum sem þeir hafa. Sömuleiðis er fjárhagsaðstoðin einnig skattlögð. Fjárhagsaðstoð gengur í töluverðum mæli til atvinnulausra. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna hefur aukist um nær helming frá árinu 2000–2003 og farið úr 600 millj. kr. í rúmar 1.100 millj. kr., virðulegi forseti. Það sýnir náttúrlega ljóslega að fólk getur ekki lifað af þessum bótum og sækir því til sveitarfélaga sinna til að fá viðbót á framfærslu sína og hefur fjárhagsaðstoðin vaxið á þremur árum úr 600 millj. kr. í rúmar 1.100 millj. kr. árunum 2000–2003.

Nú vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort hann telji að hætta eigi að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Það hefur verið áhugamál sveitarfélaganna um langan tíma og réttlætismál að hætta að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort honum finnist eðlilegt að greiddur sé skattur af atvinnuleysisbótum, hvort hann sé ekki reiðubúinn til þess a.m.k. að sest verði yfir að skoða hvort ekki sé réttlætanlegt að finna leiðir til að hætta að skattleggja fjárhagsaðstoð og atvinnuleysisbætur.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti eitthvað upplýst okkur um hvað líði þessum tillögum til úrbóta um

aðgerðir gegn fátækt. Ég er margbúin að kalla eftir því í allan vetur og þetta virðist aldrei sjá dagsins ljós þótt bæði hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. hafi í ræðustól kynnt úrbætur í þeim efnum og að tillagna um aðgerðir væri að vænta á næstu dögum. Ég hef áhyggjur af því að ef fram koma bærilegar tillögur, sem ég ætla að leyfa mér að vona, þurfi lagabreytingar til. Það er ekki mjög langt eftir af tíma þingsins þannig að ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki fylgst með, ef það er forsrh. að kynna þessar tillögur, og hvort við fáum ekki bráðum að sjá þær.

Hæstv. ráðherra boðaði að hann væri að setja á fót nefnd sem ætti að skoða og endurskipuleggja vinnumarkaðsaðgerðir, stöðu atvinnulausra og skoða einnig árangur og meta vinnumarkaðsaðgerðir sem hefði verið farið í á síðastliðnum árum. Ég fagna því að slík nefnd sé að störfum. Ég hefði viljað sjá að hæstv. ráðherra hefði fyrr sett þessa nefnd á fót. Allt tekur þetta tíma og mér finnst staða atvinnulausra slík að aðgerðirnar þoli ekki bið.

Við sjáum, hæstv. forseti, nýjar birtingarmyndir atvinnuleysisins í þjóðfélaginu. Við sjáum, eins og fram kom nýlega, að atvinnuleysi vex meðal fólks með háskólapróf. Þar er talað um að atvinnuleysi hafi tvöfaldast á undanförnum árum. Við sjáum í verulegum mæli atvinnuleysi menntafólks. Við sjáum í auknum mæli, eins og fram kemur í úttekt Vinnumálastofnunar á atvinnuleysi, atvinnuleysi hjá ungu fólki og atvinnuleysi núna í febrúarmánuði árið 2004 nam 3,6%. Á sjötta þúsund manns eru atvinnulaus. Atvinnulausir eru langflestir á höfuðborgarsvæðinu, 3.377 og á landsbyggðinni 1.720.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að atvinnuleysi sé að aukast hjá menntafólki og hjá ungu fólki. Ég vil spyrja hann hvort það eigi bara að vísa því á þá nefnd sem er að skoða málið eða hvaða skoðun hæstv. ráðherra hefur á þessu aukna atvinnuleysi hjá ungu fólki.

Í þessari umræðu er ástæða til að vitna til þess sem Jón Baldvinsson, framkvæmdastjóri Ráðningarþjónustunnar, segir í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 21. mars, að hann segist vart muna eftir jafnslæmu atvinnuástandi og nú.

Með leyfi forseta, segir hann orðrétt:

„Hann segir að sér hafi borist 1.100 til 1.200 nýjar atvinnuumsóknir frá áramótum og hjá Ráðningarþjónustunni séu nú um 4.500 manns virkir að leita sér að atvinnu."

Þar eru hvorki meira né minna en 4.500 manns virkir að leita sér að atvinnu.

Orðrétt segir hann:

„Atvinnuástandið er einfaldlega mjög slæmt. Það kom smá kippur í þetta núna í mars og maður hélt að góðærið væri að byrja en það er ekki svo."

Og áfram heldur Jón, með leyfi forseta:

„Ég held utan um þetta frá ári til árs og ég er ekki ánægður með að vera með 4.500 manns sem eru að leita sér að vinnu og margir búnir að vera að því í meira en ár. Fyrirtækin eru að halda að sér höndum, en þetta er mánuður þar sem allt á að vera í blússandi gangi í ráðningum. Þetta verður því svipað og í fyrra og hittiðfyrra. Félagsmálaráðherra hefur sagt á Alþingi að það séu um 5.000 manns atvinnulausir, en spurningin er hvar þeir eru atvinnulausir. Ég segi að það sé ekki minna en 6% atvinnuleysi hér á höfuðborgarsvæðinu, því miður, og það hefur ekkert gætt þessarar velmegunar frá Kárahnjúkum sem búist var við."

Þetta er maður sem á hverjum degi tekur púlsinn á þessu. Hann segir að hann muni vart eftir jafnslæmu ástandi á vinnumarkaðnum og tiltekur að a.m.k. 4.500 manns séu virkir núna í atvinnuleit.

Við horfum upp á nýjar birtingarmyndir atvinnuleysis og ég man ekki eftir því að hafa heyrt eins mikið talað um það og á undanförnum mánuðum og missirum að fólk yfir ákveðnum aldri, með kennitölu sem sýnir að fólk er 45 ára, 50 ára eða eldra, virðist lítið sinnt á vinnumarkaðnum. Það hefur þær sögur að segja að því sé raunverulega vísað af vinnumarkaðnum og ekki virt viðlits. Þegar þetta fólk er að sækja um vinnu hjá ráðningarstofum eða vinnumiðlunum segist það sjaldnast kallað í viðtal. Samt er um að ræða fólk sem ég þekki til að er vel menntað. Það fær enga vinnu, hvorki við sitt hæfi né í láglaunastörfunum í þjóðfélaginu. Sú sem hér stendur er í nefnd á vegum hæstv. félmrh. sem er að skoða þetta vandamál á vinnumarkaðnum. Það er nokkuð alvarlegt, að fólk fái ekki orðið vinnu á vinnumarkaði þegar það er komið yfir 45–50 ára aldur.

Ég held að þetta sé ekki svona í löndunum í kringum okkur. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er þetta eitthvert sérískenskt fyrirbrigði að þegar fólk er komið yfir ákveðinn aldur fái það ekki vinnu, að það sé litið á kennitöluna, reynslan sé raunverulega einskis metin hjá þessu fólki eða menntun sem það hefur aflað sér, að fyrst og fremst sé litið á kennitöluna? Þetta fólk er ekki virt viðlits á vinnumarkaðnum og ekki einu sinni kallað í viðtöl á ráðningarstofum. Þetta fólk er mánuðum saman atvinnulaust og það drepur niður fólkið, því finnst að þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn sé að hafna því. Þetta er alvarlegt vandamál sem við verðum að taka á.

Þegar við ræðum um stöðu atvinnulausra verður ekki hjá því komist að ræða að verulegar kostnaðarhækkanir hafa orðið á ýmsu sem þetta fólk þarf á að halda, kannski umfram aðra vegna þess að atvinnulausir þurfa oft að leita sér læknisaðstoðar og kaupa lyf sem hafa hækkað verulega. Það er mál sem við þurfum að taka á og í svari t.d. frá hæstv. forsrh. sem ég hef fengið kemur fram að útgjöld vegna húsnæðiskostnaðar hefur hækkað alveg gífurlega á síðustu fjórum árum, um 54,5% eða tæplega 25% umfram almennt verðlag og það hefur orðið veruleg hækkun í heilbrigðisþjónustunni umfram verðlag. Það hefur orðið mjög mikil hækkun á skólagjöldum, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi og hefur sömuleiðis orðið um 30% hækkun á verðlagi í heilbrigðisþjónustunni. Þetta bitnar með fullum þunga á atvinnulausum. Ég held að þessi litla hækkun sem við ræðum geri lítið meira en að ganga upp í þær hækkanir sem við höfum verið að upplifa á ýmsum þjónustuþáttum á undanförnum mánuðum og missirum.

Það hefur líka komið fram að veruleg hækkun er á ýmiss konar þjónustu hjá hinu opinbera umfram almennt verðlag þannig að ég held að þetta sé ekki til að hrópa hátt húrra fyrir sem atvinnulausir eru að fá.

Varðandi jólauppbót atvinnulausra. Ég hef aldrei skilið hvers vegna ríkisstjórnin gekk svo langt í skerðingu á kjörum þessa fólks að atvinnulausir fá enga jólauppbót þrátt fyrir að nær allir hópar fái uppbót í einhverju formi þegar kemur að jólunum. Árið 1997 felldi ríkisstjórnin niður sérstaka uppbót á atvinnuleysisbætur sem verið hafði í gildi frá árinu 1990, án þess að atvinnuleysisbætur hafi hækkað samsvarandi, og atvinnuleysisbætur sem voru árið 1996 hærri en byrjunartaxti fiskvinnslufólks er nú 11 þús. kr. hærri. Launauppbótin sem var felld niður á fyrri hluta árs 1997 var að fjárhæð 27.685 kr. á ári. Það munar um minna, hæstv. forseti, og ég spyr hæstv. ráðherra: Var ástæða til að ganga svo langt

að hætta með jólauppbót til atvinnulausra sem allir í þjóðfélaginu fá? Af hverju er með þessum hætti verið að stíga á þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu og taka af þeim lítinn glaðning sem það fékk fyrir jólin? Það er ástæða til að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra til þess, sem er nýlega sestur í stólinn. Vonandi hefur hann aðra afstöðu en þeir sem afnumdu hækkunina á árinu 1997.

Herra forseti. Af því að við erum að ræða um atvinnulausa, þó ég ætli mér ekki að fara að taka upp umræður um fæðingarorlofið sem hæstv. ráðherra hefur lagt inn, þá hef ég fengið símtöl og tölvupóst frá atvinnulausu fólki sem hefur áhyggjur af því sem fram kemur í fæðingarorlofslögunum, þ.e. við hvaða tekjur verið er að miða greiðslur á fæðingarorlofi. Nú á að fara að miða við 24 mánaða meðaltal tekna. Ég er með tölvupóst upp á tvær síður frá ungum hjónum þar sem maðurinn hefur verið atvinnulaus í tvö ár og þetta eru hjón sem langar til að fara að eignast barn.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef við förum nú að leyfa okkur það að eignast barn mun fæðingarorlofið sem ég fæ skerðast svo mikið, vegna þess að ég hef verið atvinnulaus í tvö ár, að ég mun ekki fá nema kannski 20% af þeim tekjum sem ég hafði fyrir þremur árum síðan þegar ég var á vinnumarkaðnum.“

Í sjónvarpsþætti þar sem rætt var við hæstv. ráðherra kom fram að það eru undanþágur varðandi viðmiðanirnar um tvö ár fyrir stúdenta og foreldra sem eignast annað barn fljótlega. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er ekki full ástæða til að skoða það þegar við erum að tala um mikið langtímaatvinnuleysi hjá fólki að gerðar séu undanþágur að því er varðar þessi tímamörk þegar fólk er atvinnulaust og tímabilið á undan skoðað þegar fólkið var virkir þátttakendur á vinnumarkaði þannig að fæðingarorlofsgreiðslur séu miðaðar við það? Mér finnst þetta vera réttlætismál og ég tel mig þekkja hæstv. félmrh. það vel að þetta væri eitthvað sem hann mundi a.m.k. vilja hugsa um þegar þetta er svona stórt vandamál gagnvart atvinnulausum.

Ég hafði ekki áttað mig á því fyrr en ég fór að heyra mikil viðbrögð frá atvinnulausum eftir að nýja fæðingarorlofið kom fram að hér er greinilega um stórt vandamál að ræða, og ég spyr: Hver var reynslan af fæðingaorlofslögunum þegar miðað var við eitt ár gagnvart atvinnulausum? Sjálfsagt hefur hæstv. ráðherra kynnt sér það, ég hef ekki haft tíma til þess, en það væri mikilvægt að fá það í umræðuna og ég held að það mundi vera mikið réttlætismál gagnvart atvinnulausum ef hæstv. ráðherra og félmn., þegar hún fær málið til umsagnar, mundu íhuga að gera þær breytingar sem tryggðu að réttur atvinnulausra til fæðingarorlofs væri miðaður við annan tíma en þegar það er í bullandi langtímaatvinnuleysi með mjög litlar tekjur. Mér finnst ekkert annað sanngjarnt í þessu.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég hef lagt ýmsar spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Ég vona svo sannarlega að atvinnulausir og fátækir í þjóðfélaginu fari að sjá bjartari tíma þó ég geri mér ekki ýkja miklar vonir um það miðað við hvernig núverandi ríkisstjórn hefur verið að hlunnfara þessa hópa. Ég verð þó að segja að ég bind enn þá vonir við skýrsluna sem hefur verið unnin, m.a. á vegum félmrh., um úrbætur og aðgerðir fyrir fátæka og ég vona að við sjáum hana á þingi áður en þingið fer heim.

[12:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Atvinnuleysi er eitt alvarlegasta vandamál sem hvert samfélag glímir við, um það er ekki ágreiningur í þessum sal. Síðan kemur spurningin um það hvernig á að ráðast gegn atvinnuleysinu.

Það hefur verið og er stefna Framsfl. að ráðast gegn því fyrst og fremst með því að örva atvinnulífið í landinu, láta hjól atvinnulífsins snúast til þess að skapa verðmæti og skapa störf.

Hafandi hlýtt á ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur rifjast upp ýmsar ræður þegar hér hafa komið til umræðu ýmsar aðgerðir sem lúta einmitt að því að skapa störf. Ég nefni t.d. stóriðjuframkvæmdir fyrir austan sem hafa skapað u.þ.b. 800 störf á Austurlandi og þannig má áfram telja.

Þegar ekki tekst hins vegar að skapa öll þau störf, þegar skilyrði eru þannig í samfélaginu, lýtur spurningin að hinum félagslegu aðgerðum. Þá er annars vegar um að ræða vinnumiðlun, þess vegna höfum við lög um Atvinnuleysistryggingasjóð og vinnumiðlun, og ég heyrði reyndar ekki hv. þm. minnast á sérstök átaksverkefni sem eru í gangi, m.a. á Suðurnesjum og norður í Eyjafirði, í sérstöku átaki gegn atvinnuleysi á því svæði.

Síðan komum við að atvinnuleysisbótum sem hér eru til umræðu. (**ÖJ:** Voru átaksverkefni ...?) og rétt að minna á þá eilífu spurningu um hversu háar slíkar bætur eiga að vera. Ég skal fúslega taka undir það að enginn er sæll af þeim atvinnuleysisbótum sem í boði eru. En þær bætur taka ávallt mið af launatöxtum.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hv. þm.: Hvar telur hv. þm. að atvinnuleysisbætur eigi að vera miðað við lægstu taxta?

Í annan stað vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort hún muni hversu mikið atvinnuleysisbætur hækkuðu í tíð hennar sem félmrh.

[12:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Atvinnuleysisbætur í tíð minni sem félmrh. voru of lágar. Þær tóku þó alltaf mið af launatöxtum og voru á sama róli og launataxtar, en eins og ég kom að í máli mínu áðan var það slitið úr samhengi á árinu 1997. Ég gekk ekki svo langt eins og núverandi ríkisstjórn að taka jólauppbótina af atvinnulausum eins og gert var á árinu 1997. Atvinnulausir fengu sambærilegar bætur eða sambærilegan lífeyri eins og var t.d. gagnvart taxta fiskvinnslufólks.

Hvar eiga bæturnar að liggja? Auðvitað eru taxtar láglaunafólks allt of lágir. Jafnvel þó samið sé um að þeir fari í 100 þús. kr. er það allt of lágt og dugir engan veginn fyrir framfærslu. Ég tel t.d. að við þurfum að hugleiða alvarlega að fara að binda lágmarkslaun í landinu og ég tel að við þurfum líka að skoða það að hækka verulega lífeyrisgreiðslur til samræmis við það sem ASÍ hefur t.d. lagt til, að lægstu samsettu bætur lífeyrisþega séu 110 þús. kr. Ég tel að varla sé hægt að fara lægra og það sé í raun og veru of lágt vegna þess, eins og Harpa Njáls hefur rætt um að þegar hún tekur allt til varðandi framfærslukostnað hjá fólki og miðar það við skilgreiningu félmrn. ættu bætur að vera 140 þús. kr. Atvinnuleysisbætur ættu því að vera á bilinu 110–140 þús. kr., fyrir utan það að við ættum að skoða að binda lágmarkslaun.

Ég sé að ég hef ekki tíma til þess en ég gæti farið yfir atvinnuleysisbætur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sem eru miklu hærri en hér á landi og ekki úr vegi að spyrja hv. þm.

hvort hann sé reiðubúinn að tengja atvinnuleysisbætur við laun, eins og t.d. í nágrannalöndum okkar, og hvar hann telur að atvinnuleysisbætur ættu að liggja.

[12:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Ég heyri að við erum sammála, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, um að eðlilegt sé að atvinnuleysisbætur taki mið af lágmarkslaunum. En þá er líka rétt að fylgja því eftir að það er ekki ríkisstjórn sem semur um launin. Það eru aðilar vinnumarkaðarins og eðlilegt að atvinnuleysisbætur taki mið af því. Um það er greinilega ekki ágreiningur hjá mér og hv. þm.

Mér finnst hv. þm. tala dálítið sem hin flekklausa og saklausa í umræðum um atvinnuleysisbætur. Og af því að hv. þm. nefndi engar tölur um hækkun atvinnuleysisbóta þegar hún var félmrh. skal ég rifja þær upp. Samkvæmt útskrift frá félmrn. hækkuðu bætur 1992 um 1,7%, sem er ekki mikil hækkun. Ef hv. þm. man ekki betur skal ég líka rifja upp hvernig tölurnar voru 1993. Þær voru 0%. Og ekki skánaði það 1994 því þá voru þær líka 0%.

Það þýðir því ekki fyrir hv. þm. að koma upp og segja að aldrei í sögunni hafi það gerst, a.m.k. ekki í hennar tíð, að bætur til atvinnulausra hafi verið skertar. Auðvitað voru þær skertar. Og 0% hækkun á atvinnuleysisbótum er 0% meðan verðbólga er í landinu þar að auki. Það er því skerðing og ekkert annað. Og minnsta hækkun sem orðið hefur á bótum var í félagsmálaráðherratíð Jóhönnu Sigurðardóttur.

Frá því að kratar fóru úr félmrn. og þar til núna hafa atvinnuleysisbætur hækkað um u.þ.b. 130%, voru rúmlega 40 þús. kr. þegar kratar slepptu félmrn. og eru núna að fara í um 89 þús. kr. Það er ekki mikil upphæð en það er mikil hækkun. Þess vegna finnst mér einkennilegt að heyra hv. þm. tala hér sem hin syndlausa og flekklausa.

[13:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo sannarlega ekki réttur samanburður að bera saman atvinnuástandið og ástandið í þjóðarbúinu á árunum 1991, 1992 og 1993 þegar mikil niðursveifla var, við þá uppsveiflu sem núverandi ríkisstjórn hefur búið við vegna hagstæðra ytri skilyrða o.s.frv.

Það sem við gerðum þó á þeirri tíð var að kaupmáttur lífeyris og kaupmáttur atvinnuleysisbóta hélst alltaf í hendur við kaupmátt launa á þeim tíma og hækkanirnar voru alltaf sambærilegar.

Hér sjáum við aftur á móti að í mikilli uppsveiflu, þar sem ríkisstjórnin hefur nálægt 100 milljörðum meira til ráðstöfunar en var á þeim tíma, hefur kaupmáttur þeirra verst settu, atvinnulausra, einungis hækkað um 1–2% á sama tíma og kaupmáttur meðallauna hefur hækkað um 6% og lágmarkslauna um 10%. Þannig að hvernig sem á málið er litið hefur kaupmáttur þeirra sem verst eru staddir aukist miklu minna en annarra í þjóðfélaginu í góðærinu. Það er staðreynd málsins.

Hv. þm. vill lítið tala um jólauppbótina, 27 þús. kr., sem þó var greidd þegar við vorum í niðursveiflu en núverandi ríkisstjórn afnam. Hann vill lítið tala um það að viðmiði atvinnuleysisbóta við laun var kippt úr sambandi með þeim afleiðingum að atvinnuleysisbætur eru núna 15 þús. kr. lægri á mánuði, eða 180 þús. kr. ári, en þær ættu að vera. Þegar við vorum í ríkisstjórn á þessum tíma pössuðum við þó alltaf upp á að lífeyrisgreiðslur og greiðslur atvinnulausra væru á sama róli og annarra í þjóðfélaginu.

[13:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þátttöku hennar í umræðunni.

Hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum sem ég ætla að reyna að svara. Í fyrsta lagi spyr hv. þm. hvort það kunni að vera séríslenskt fyrirbrigði að fólk yfir tilteknum aldursmörkum fái ekki vinnu. Því miður held ég, hv. þm., að það sé ekki séríslenskt fyrirbrigði. Ég get tekið undir með hv. þm. þegar hún lýsir áhyggjum sínum af þeirri þróun. Það er vissulega mjög slæm þróun sem á sér stað þegar fólk yfir tilteknum aldri, jafnvel niður undir fimmtugt, stendur frammi fyrir því, hæfileikaríkt fólk með mikla reynslu og ágæta menntun, að það fær hvergi vinnu að því er virðist eingöngu aldursins vegna. Og það er mál sem við erum sérstaklega að skoða í félmrn., m.a. með þátttöku hv. þm. eins og hún benti á.

Ég hef sömuleiðis, og hef lýst því yfir úr þessum ræðustól, áhyggjur af auknu atvinnuleysi og ekki síst auknu langtímaatvinnuleysi og auknu atvinnuleysi ungs fólks. Það var þó sem betur fer heldur minna atvinnuleysi í febrúar sl. en í febrúarmánuði fyrir ári, aðeins virðist þetta því þokast í rétta átt, en það er langt frá því að það dugi til, hv. þm.

Við erum með ýmsar aðgerðir til þess að ráðast gegn þessum vanda. Ég lýsti því áðan að nefnd sem mun sérstaklega fjalla um atvinnuleysistryggingalöggjöfina og vinnumarkaðsaðgerðirnar er að taka til starfa. Það sem fram kom í máli hv. þm. og varðar atvinnuleysisbæturnar, upphæðirnar, jólauppbótina o.fl. sem hv. þm. nefndi, finnst mér vera atriði sem sú nefnd ætti að taka til skoðunar. Við erum sömuleiðis að fjalla um langtímaatvinnuleysi og sérstakar aðgerðir í þeim efnum, við nefndum eldri starfsmennina og nú erum við að hækka bæturnar, þannig að ekki er hægt að halda því fram, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin sé ekki að hugsa um hagsmuni þeirra sem eru, því miður, án atvinnu.

[13:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og við skulum vona að við sjáum betri tíð fram undan fyrir atvinnulausa með starfi þeirra tveggja nefnda sem hæstv. ráðherra nefndi.

En hæstv. ráðherra svaraði ekki því sem ég spurði varðandi afstöðu hans til þess hvort hætta ætti að skattleggja atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Mér finnst mjög mikilvægt að fá sjónarmið hans inn í þá umræðu. Hér er kannski um að ræða ósanngjörnustu skattlagningu sem til er, að skattleggja atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.

Ég spurði líka hæstv. ráðherra um aðgerðir gegn fátækt en mér skilst að það mál sé bara tilbúið og á borðum ráðherranna og ég skil ekki af hverju það er ekki komið inn í þingið.

Síðan vildi ég mjög gjarnan fá fram afstöðu ráðherrans til fæðingarorlofsins gagnvart atvinnulausum sem ég nefndi vegna þess að ég held að það sé vandamál sem við hljótum að verða að skoða í sameiningu.

Varðandi upphæð atvinnuleysisbóta sem við hv. þm. Hjálmar Árnason ræddum, þá er víða erlendis, eins og hæstv. ráðherra þekkir, atvinnuleysisbótaviðmiðið hlutfall af tekjum sem viðkomandi hefur haft á vinnumarkaðnum og ég held að við verðum að fara að skoða þá leið. Ég held líka

að við þurfum að fara að skoða þá leið að lögbinda lágmarkslaun sem eru allt of lág og halda niðri atvinnuleysisbótunum að mínu viti. Þess vegna held ég að við verðum að skoða leið til þess að hækka lágmarkslaunin og ég sé orðið ekki aðra leið til þess en að fara í einhvers konar lögbindingu á þeim vegna þess að eins og þau eru og hafa þróast halda þau atvinnuleysisbótunum niðri.

[13:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort ég telji að afleggja eigi skattlagningu fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna eða atvinnuleysisbótanna. Nú er það svo að skattleysismörk launa eru ákveðin og ég á, hæstv. forseti, erfitt með að sjá fyrir mér að skapast gæti nokkur samstaða eða sátt um að hafa önnur skattleysismörk hvað varðar bætur en laun. Það er svar mitt við því, hv. þm.

Hv. þm. spyr einnig um afdrif skýrslu eða niðurstöðu nefndar sem hefur verið að vinna að málefnum fátækra. Ég hef ekki séð endanlega útgáfu þeirrar skýrslu. Ég vonast sannarlega eftir því, eins og hv. þm., að það mál fari að klárast og við getum rætt það.

Ég held, hæstv. forseti, að ég sé búinn að svara — nei, fyrirgefðu hv. þm., fæðingarorlofið og samspil þess við atvinnuleysisbæturnar er eftir. Við fáum tækifæri til þess að ræða það sérstaklega í sölum Alþingis, en lenging viðmiðunartímans úr 12 mánuðum í 24 á engu að breyta gagnvart þessum hópi. Deilireglan verður eftir sem áður sú sama, þ.e. teknir eru jafnmargir mánuðir að lágmarki og áður var ef fólk hefur ekki verið við vinnu allan þann tíma sem viðmiðunartímabilið tekur til. Þetta er kannski orðið hálfflókið, hæstv. forseti, en einfalda svarið við þessu er að breytingin á ekki að hafa áhrif á þann hóp fólks sem hv. þm. gerir hér að umtalsefni en við fáum tækifæri til að ræða það betur síðar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:09]

Umræður utan dagskrár.

Lífsýnatökur úr starfsfólki.

[13:33]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Tilefni þessarar umræðu um lífsýnatöku úr starfsfólki er ráðningarsamningar sem eru að ryðja sér til rúms hér á landi. Þar er krafist heimilda frá launþegum um að atvinnurekendur megi framkvæma læknisskoðun og sýnatöku á launþegum hvenær sem er á vinnutíma. Yfirlæknir Vinnueftirlitsins hefur lýst yfir miklum áhyggjum yfir slíkri þróun. Telur hann slíkt vald hjá atvinnurekendum ekki vera siðferðislega verjandi og hvetur til umræðu um málið.

Bent hefur verið á ráðningarsamninga sem starfsmenn álversins í Straumsvík verða að undirrita en þar stendur, með leyfi forseta:

„Allir starfsmenn sem ráðnir eru þurfa að gangast undir læknisskoðun þar sem m.a. er prófað fyrir ólöglegum efnum, auk þess sem fyrirtækið áskilur sér rétt til að kalla starfsmenn í rannsókn hvenær sem er á vinnutíma."

Aðaltrúnaðarmaður starfsmanna álversins hefur sagt að þessi heimild fyrirtækisins til að taka lífsýni úr starfsmönnum hvenær sem er sé í algjörri andstöðu við starfsmennina og vilja þeir fá þetta út. Upplýsingafulltrúi álversins hefur hins vegar sagt að fyrst og fremst sé um vinnuöryggismál að ræða og markmiðið sé að tryggja vímulausan vinnustað. Einnig telur hann að álverið sé í fullum rétti til að setja slíka skilmála þar sem allir aðilar hafa verið upplýstir.

Það er rétt að taka fram að slíkt réttindaafsal einskorðast ekki eingöngu við álverið í Straumsvík og er þetta víðtækara mál en svo. Með sömu rökum og álverið beitir má koma svona áskilnaði á á öllum vinnustöðum sem eiga að vera vímulausir. Hvernig þætti þingmönnum að eiga von á lífsýnatöku af hálfu hæstv. forseta hvenær sem er? Verður næsta skref að starfsfólkið í Hagkaupum eða Eimskipi verði beðið um lífsýni?

Hér er hins vegar um að ræða mjög flókið mál þar sem samþykki launþega er til staðar. Það er ljóst að fullt jafnræði er hins vegar ekki á milli aðila þegar kemur að slíkum samningsákvæðum og það er ákveðinn nauðungarbragur á umræddu samþykki vegna þeirrar staðreyndar að slíkt samþykki er forsenda fyrir vinnu. Sá sem neitar að samþykkja lífsýnatökuna fær ekki vinnu. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga kemur m.a. fram að samþykkið sé ótvírætt og sérstök yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja. Þegar forsenda fyrir atvinnu er yfirlýsing af slíku tagi sem hér um ræðir verður að teljast að ekki sé mikið eftir af hinum fúsa og frjálsa vilja. Við höfum nú þegar úrræði í samningalögum sem taka á samningum sem taldir eru ósanngjarnir þegar litið er til efnis samnings, stöðu samningsaðila eða atvika við samningsgerðina. En þótt áskilnaður um lífsýnatöku eða fyrirvaralausa blóðprufu fyrir starfi sé þó líklega löglegur miðað við núverandi lög verður að telja slíkt fyrirkomulag siðferðislega óverjandi.

Í raun er þetta mál spurning um hvert við viljum stefna. Þetta er spurning um hugmyndafræði og pólitík. Það er einfaldlega ekki fyrirtækja að biðja um slíkt afsal á persónuréttindum launþega sinna og hæpið er að markmið um vímulausan vinnustað, eins göfugt og það er, réttlæti svona heimild til atvinnurekenda.

Í framlögðu stjórnarfrumvarpi um vátryggingarsamninga eru settar takmarkanir á rétti tryggingafélaga á upplýsingum um erfðaeiginleika manns þrátt fyrir samþykki viðkomandi og í raun verður bannað að biðja um slíkt samkvæmt frv. Í Danmörku eru beinlínis gerðar lagalegar takmarkanir á rétti vinnuveitenda til að óska eftir sjúkraskrá launþega þrátt fyrir að viðkomandi launþegi samþykki slíkt. Það er því hægt að setja lagalegar takmarkanir fyrir áskilnaði hjá atvinnurekendum um lífsýnatöku þrátt fyrir að formlegt samþykki sé fengið hjá launþegum.

Með skilyrðislausum rétti atvinnurekenda á lífsýnatöku úr starfsfólki er því gengið allt of langt. Slíkur réttur hjá atvinnurekendum brýtur gróflega á persónurétti þegna þessa lands og býður heim hættunni á misnotkun. Hvaða valkosti eiga launþegar ef þetta fyrirkomulag verður að almennri reglu í þjóðfélagi okkar? Hvert erum við að fara ef skilyrði fyrir atvinnu verða háð afsali á mikilvægum persónuréttindum? Það gengur ekki að menn skýli sér á bak við samþykki sem er gefið án nokkurra raunverulegra valkosta. Löggjöfin verður að geta tekið afstöðu til slíkra mála sem snerta þessi grundvallarréttindi þegnanna. Það er sömuleiðis mikilvægt að sporna gegn þessari þróun í tæka tíð og á meðan hún er viðráðanleg. Ég spyr því þingmenn hvort þetta sé sú leið sem við viljum fara.

Það verður afar fróðlegt að heyra afstöðu hæstv. félmrh. til þessarar þróunar og hvort hann telji að þörf sé á að hafa takmarkanir á rétti atvinnurekenda á lífsýnatöku úr starfsfólki á vinnumarkaði.

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir að hefja umræður um málefni þetta.

Vangaveltur hans lúta að því hvaða augum beri að líta kröfur vinnuveitenda um að starfsmenn samþykki við ráðningarsamning að framkvæma megi læknisskoðun og sýnatöku á launafólki hvenær sem er á vinnutíma.

Hér er um afar viðkvæm og vandmeðfarin mál að ræða. Umræðan er hins vegar þörf og nauðsynleg í ljósi þróunar og aðgerða í þessum efnum. Mál þetta er hægt að skoða út frá nokkrum sjónarhornum, í fyrsta lagi út frá sjónarmiðum er lúta að persónuvernd er reyndar fellur undir verksvið annars ráðuneytis en þess sem ég er í fyrirsvari fyrir. Mikilvægt er að hafa í heiðri rétt starfsmanna þegar óskað er eftir að hægt sé að taka sýni vegna starfsins eða tilvika á vinnustað og ekki sé gengið lengra í þeim efnum en þörf er á þó að málefnaleg sjónarmið séu fyrir hendi. Vinnuveitendur og starfsmenn verða að vera sér meðvitaðir um að við hvers konar öflun persónugagna starfsmanna er mikilvægt að litið sé til laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna fjalla upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun undir viðkvæmar persónuupplýsingar. Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í 8. gr. laganna en auk þess þarf vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að fullnægja einhverju skilyrði 9. gr. laganna.

Ætíð verður að tryggja, hæstv. forseti, að ekki sé gengið lengra en þörf krefur í þessum efnum og að málefnaleg sjónarmið ráði ferðinni. Í 7. gr. laga um persónuvernd eru taldir upp þeir þættir sem gæta skal að við meðferð persónuupplýsinga. Þar á meðal er sett skilyrði um að þær upplýsingar sem aflað er séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Enn fremur kemur fram að upplýsingar skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Eins skiptir miklu máli hvernig að slíku er staðið og aðferðin þarf að liggja fyrir við undirritun ráðningarsamnings. Í mínum huga er eðlilegt að þriðji aðili framkvæmi slík próf eða annist sýnatöku, t.d. trúnaðarlæknir eða heilsugæslustöð. Þá tel ég afar þýðingarmikið að sérstök skilyrði sem þessi séu starfsmanni ljós þegar hann sækir um viðkomandi starf. Eins tel ég brýnt að þegar hann undirritar ráðningarsamninginn sé honum gerð sérstaklega grein fyrir þeim skilyrðum sem hann undirgengst í þessum efnum sem og réttur hans með vísan til laga um persónuvernd.

Hæstv. forseti. Það er ekki unnt að ganga fram hjá þeirri staðreynd að framkvæmd sumra starfa telst mjög hættuleg þar sem afleiðingar slysa geta orðið mjög alvarlegar. Aðgæsluleysi starfsmanna í slíkum störfum getur ekki einungis leitt til slysa á hlutaðeigandi starfsmanni heldur einnig samstarfsmönnum hans. Þá eru einnig til dæmi um störf þar sem gáleysi starfsmanns getur stofnað lífi og heilsu annarra starfsmanna í meiri hættu en eigin lífi og heilsu. Það kunna því að vera miklir hagsmunir í húfi sem réttlæta það að vinnuveitandi setji það skilyrði fyrir ráðningu að hægt sé að sannreyna það, jafnvel með skjótum hætti, að ástand og heilsa starfsmanns sé með þeim hætti að ekki stafi hætta af. Málið kann þó að varða líf og heilsu starfsmannsins sjálfs, samstarfsmanna hans og almennings. Þegar framangreind sjónarmið eru virt saman má e.t.v. leiða að því líkum að læknisrannsókn starfsmanna til að kanna ástand þeirra með tilliti til fíkniefnaneyslu geti verið réttlætanleg í einhverjum tilvikum. Á þetta sérstaklega við um störf þar sem áhætta er mjög mikil og aðgæsluleysi getur valdið alvarlegum vinnuslysum þar sem lífi og heilsu hlutaðeigandi starfsmanns er ekki einungis stefnt í hættu, heldur einnig lífi og heilsu samstarfsmanna hans.

Ég teldi hins vegar fulllangt gengið ef læknisrannsóknir þær sem hér eru til umræðu yrðu að einhvers konar meginreglu hjá íslenskum fyrirtækjum eða þá að allir starfsmenn fyrirtækis sættu slíku eftirliti óháð þeirri áhættu sem fylgir störfum þeirra. Þar sem lítil eða engin áhætta fylgir framkvæmd starfa fólks hlýtur að teljast eðlilegt að vægari úrræða sé leitað til að upplýsa hvort starfsmenn neyti ólöglegra lyfja. Í því sambandi er vísað til þess að það hljóti að teljast meginregla að gagnkvæmt traust ríki milli vinnuveitanda og starfsfólks í þessu efni.

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að þetta mál er mjög umfangsmikið í eðli sínu og varðar viðkvæmar persónuupplýsingar er ekki talin ástæða til að taka afstöðu til þess hér og nú hvort setja eigi sérstök lög um slíkar rannsóknir eða aðrar reglur að svo stöddu máli. Hins vegar hlýtur þetta efni að eiga heima á borði stjórnar Vinnueftirlits ríkisins þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga sæti. Það er ákjósanlegt að mínu mati, hæstv. forseti, að þeir ræði málin sín í milli á þeim vettvangi enda varðar það fyrst og fremst samskipti vinnuveitenda og starfsmanna ásamt því að tengjast sjónarmiðum er lúta að vinnuvernd og persónuvernd. Mun ég beita mér fyrir því, hæstv. forseti, að stjórn Vinnueftirlitsins fjalli um þetta mál á næstu mánuðum.

[13:43]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Það er mjög mikilvægt að þegar sé tekið á þessum málum og þau rædd, ekki bara núna við þessa umræðu heldur fari út í þjóðfélagið og verði virk umræða meðal atvinnurekenda og launþega. Ég tel að í framhaldi af því komi sú umræða hingað inn á hv. Alþingi þar sem mér finnst mikilvægt að við horfum til nágrannalanda okkar og setjum takmarkandi reglur um möguleika atvinnurekenda á að taka ýmist sýni eða krefjast persónulegra upplýsinga frá starfsmönnum sínum.

Aftur á móti finnast mér mjög skiljanlegar áhyggjur margra vinnuveitenda og það hefur komið fram að margar óskir um upplýsingar um aðgerðir til að upplýsa um fíkni- og vímuefnaneyslu hafa borist frá félagasamtökum, eins og verslunarfélögum úr Samtökum atvinnulífsins, og spurningar um það hvernig eigi að bregðast við. Í því þjóðfélagi sem við búum í núna, með sívaxandi og aukinni neyslu ólöglegra vímu- og fíkniefna, er spurt hvaða leið eigi að fara. Ég tel að það að opna fyrir þá leið sem hefur verið farin í Straumsvík sé of mikið, það gangi allt of nærri persónufrelsi starfsmanna að láta þá skrifa undir slíka yfirlýsingu þar sem hún er allt of opin og gefur vinnuveitendum allt of mikið vald yfir starfsmönnunum.

Það á að fagna því að fyrirtæki hafi ábyrga starfsmannastefnu en ef grunur kemur upp um neyslu tel ég miklu vænlegri leið að byrja á því að kalla til meðferðarfulltrúa eða aðra sérfræðinga sem haldi fund með starfsmönnum,

fræði og upplýsi og hjálpi þar með fíklinum til þess að fara í meðferð og taka þannig á vandanum.

[13:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að stundum á ég nokkuð erfitt með að átta mig á því hvers vegna og hvaða ástæður eru fyrir því að menn fara út í viðkomandi utandagskrárumræður. Ég tók um daginn þátt í umræðu um hafrannsóknir og átti mjög erfitt með að átta mig á því af hverju viðkomandi hóf máls á þeim og þrátt fyrir að ég fylgdist með umræðunni var erfitt að átta sig á því.

Ef ég skil málshefjanda núna rétt, eins og hann sagði í framsögu sinni, finnst málshefjanda siðferðislega óverjandi að það sé verið að prófa fyrir ólöglegum efnum hjá starfsmönnum í viðkomandi fyrirtæki, siðferðislega óverjandi.

Ég vil velta því upp, virðulegi forseti, hvernig umræðan væri í sölum þingsins ef slys hefði orðið sökum þess að einhver starfsmaður hefði neytt ólöglegra efna og valdið slysi. Hvernig hefði umræðan verið þá, virðulegi forseti?

Nú liggur það fyrir á umræddum vinnustað að þar eru menn með heita málma og það eru margir aðrir vinnustaðir þar sem eru gríðarlegir öryggishagsmunir í gangi. Það liggur alveg fyrir þó að ekki hafi verið umræða hér um það að hér á landi hefur mönnum um áratuga skeið umsvifalaust verið vikið heim ef þeir hafa verið undir áhrifum áfengis sem er einn þáttur vímuefnaneyslu. Jafnvel hefur mönnum verið sagt upp störfum.

Mér finnst sjálfsagt að ræða flesta hluti og taka þá upp en ég vil, virðulegi forseti, að þingheimur hugleiði að við þurfum að huga að öryggi fólksins, bæði starfsmanna og almennings. Það er vá fyrir dyrum, ólögleg vímuefni, og ég er alveg hreint sannfærður eftir að hafa starfað í þinginu að ef sú staða kæmi upp að slys yrði af þeim völdum væru menn hér í löngum röðum að koma upp og kalla eftir ábyrgð vinnuveitenda.

[13:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á að þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að hefja máls á umræðu á hinu háa Alþingi um lífsýnatöku úr starfsfólki. Hér er á ferðinni mikilvæg og bráðnauðsynleg umræða sem ég vona að stöðvist ekki innan veggja þings heldur endurómi og haldi áfram sem víðast um þjóðfélagið. Það var alveg með ólíkindum að heyra í síðasta ræðumanni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Ég tel það mjög varhugavert þegar vinnuveitandi tekur sér það vald að geta kallað starfsmenn til rannsóknar hvenær sem er á vinnutíma og að starfsmenn séu látnir skrifa upp á samþykki fyrir þessu þegar þeir undirrita ráðningarsamning. Á sama tíma er hægt að fallast á rök vinnuveitanda eins og álversins í Straumsvík fyrir að þetta geti verið nauðsynlegt til að auka öryggi á hættulegum vinnustað. Ég get tekið undir það. Álvinnsla felur í sér mörg hættuleg störf þar sem menn verða að geta treyst vinnufélögum sínum til fullnustu. Hið sama má segja um mörg önnur störf. Það nýmæli að fyrirtækið skuli einhliða áskilja sér þennan rétt til lífsýnatöku úr starfsmönnum með skírskotun til öryggis gengur þó ekki upp að mínu mati nema fyrir hendi séu skýrar reglur um slíkt, reglur sem þá yrðu settar af hinu opinbera. Við erum að glíma hér við mál sem hefur ríka skírskotun til siðferðislegra sjónarmiða þar sem persónuvernd einstaklingsins vegur þungt.

Forseti. Ég lýsi furðu minni á að stjórnendur álversins telji sig í fullum rétti til að ákveða sisona að þeir geti hafið lífsýnatökur úr starfsmönnum sínum nánast upp úr þurru. Það getur varla staðist. Kjarni máls míns er sá að það er hægt að fallast á svona lífsýnatöku en þá aðeins með mjög ströngum skilyrðum og eftir skýrum reglum sem settar eru af hinu opinbera. Stéttarfélög ættu að hafa fullkominn rétt til eftirlits með svona sýnatökum til að tryggja réttindi starfsmanna.

Frú forseti. Fyrirtæki eiga ekki að komast upp með að stofna eftirlitskerfi til að fylgjast með starfsmönnum sínum án þess að fyllsta aðhalds sé gætt og réttinda fólks að sjálfsögðu líka í hvívetna.

[13:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er einkennandi fyrir þessa umræðu eins og oft áður á hinu háa Alþingi að menn eru komnir út í miðja á þegar þeir fara að kíkja á vaðið og vita ekki hvort það er betra að fara alla leið yfir eða snúa til baka. Þannig virðist mér það vera í þessari umræðu um lífsýnatöku úr starfsfólki hér á landi og ég gat ekki heyrt betur en að hæstv. félmrh. væri að leggja blessun sína yfir það að þetta yrði gert. Ég verð að lýsa undrun minni á þeirri afstöðu ráðherrans meðan málin eru stödd þar sem þau eru núna, úti í miðri á ef þannig má að orði komast. Ég er ekki eins hissa á málflutningi hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem fyllir flokk sjálfskipaðra verndara frelsis, sérstaklega einstaklingsfrelsis og líklega persónuverndar hér á landi, og kom hér upp og varði rétt fyrirtækja með ráðum og dáð til þess að gera hvað sem er í nafni — jú, atvinnuöryggis, en ég hefði haldið að fyrirtæki hér á landi hefðu önnur ráð til þess í krafti trausts og trúnaðar við starfsfólk sitt, m.a. til að ráða bót á vímuefnavanda.

Frú forseti. Staðreyndin er líka sú að vímuefnavandi Íslendinga stafar að litlum hluta af ólöglegum fíkniefnum. Mestur vímuefnavandi Íslendinga stafar af löglegu fíkniefni sem heitir áfengi þannig að þetta eru býsna stórtækar aðgerðir til þess að tryggja öryggi á vinnustöðum, innrás í einkalíf fólks, þegar hægt er að bæta siðlegar og venjulegar samskiptareglur í samskiptum atvinnurekenda og launþega til að vinna bug á vímuefnanotkun og til þess að tryggja öryggi á vinnustöðum sem er þá gert í samvinnu allra sem þar eru en ekki með nauðungaraðgerðum af þessu tagi.

[13:53]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Til eru einfaldar aðferðir til þess að komast að því hvort einstaklingur hafi verið að dópa sig eða ekki. Það eru aðferðir til að taka sýni af svita eða munnvatni. Það eru einfaldar aðferðir. Fyrir foreldra er gott að vita af slíkum einföldum aðferðum ef þeir hafa minnsta grun um að barn þeirra sé að ánetjast fíkniefnum og þá er mjög gott fyrir foreldra að geta gripið inn í og bjargað börnum sínum frá því að ánetjast fíkniefnum. Það eru mannréttindi að bjarga börnum frá slíku.

Með sama hætti má segja um vinnustaði að það séu mannréttindi að grípa inn í og bjarga fólki frá því að ánetjast fíkniefnum. Það eru líka mannréttindi að hafa vinnustaði örugga og það eru mannréttindi að hafa vinnustaði án fíkniefna. Ég fagna þess vegna því átaki fyrirtækja ef þau með slíkum aðferðum, með upplýstu samþykki starfsfólks og viðurkenndu eftirliti, vilja ganga til liðs við allan þann fjölda sem vill berjast gegn fíkniefnum í landinu. Ég trúi því ekki að

fólk leggist gegn þessu. Svo mikið er víst að fíkniefnasalar munu fagna því ef slíkar aðferðir eru gerðar tortryggilegar.

Við skulum minnast þess að það er ekki auðvelt að ná trausti þeirra sem eru komnir í fíkniefnin. Það er engin auðveld leið að ná trausti þeirra um neyslu sína. Við skulum minnast þess að þeir sem ekki eru í dópi óttast ekkert og hafa ekkert að óttast. Þeir munu þvert á móti fagna. Það eru dópistar og ekki síst fíkniefnasalar sem verða hræddir við hertar aðgerðir. Það eru mannréttindi að losa umhverfið undan fíkniefnum og ég hvet hæstv. ráðherra til að styrkja slíkt ferli með upplýstu samþykki og viðurkenndu eftirliti.

[13:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að taka þessa umræðu hingað inn á Alþingi. Í ráðningarsamningum hjá Alcan sem varð kveikjan að þessu máli segir að fyrirtækið, með leyfi forseta, „áskilji sér rétt til að kalla menn í rannsókn hvenær sem er". Undir þetta eru starfsmenn látnir skrifa þegar þeir eru ráðnir til starfa.

Hæstv. ráðherra sagði að nauðsynlegt væri að taka umræðu um þetta mál hjá Vinnueftirliti ríkisins. Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins, hefur þegar tjáð sig um málið. Það gerði hann m.a. á vefsíðu BSRB í síðustu viku. Þar segir hann að sér finnist þetta vera siðferðislega rangt. Orðrétt segir yfirlæknirinn, með leyfi forseta:

„Fræðilegu rökin fyrir þessari leið eru heldur ekki sterk í mínum huga og koma málinu takmarkað við nema í mjög völdum tilfellum. Ég hvet til umræðu um málið. Hún er bráðnauðsynleg og ég fagna því að hún skuli hafin."

Hvað er í húfi? Í mínum huga er það mjög einfalt mál. Mannréttindi eru í húfi. Spurningin snýst um það hvaða vald eigi að færa atvinnurekandanum til að ryðjast inn í einkalíf fólks. Atvinnurekandinn á að hafa rétt til að ganga úr skugga um það hvort starfsmaður ræki þær skyldur sem starfið krefst af honum en hann á ekki að hafa rétt til þess að kanna hvað býr þar að baki ef um heilsufar einstaklingsins er að ræða. Það á að vera mál einstaklingsins og heilbrigðiskerfisins en ekki atvinnurekandans.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagðist ekki skilja hvers vegna þessi umræða færi fram. Ég vil ráðleggja honum að lesa bækur Georges Orwells. Hann skrifaði um forræðis- og eftirlitsþjóðfélagið. Þar er að finna skýringuna á þessari umræðu.

[13:57]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Engum blöðum er um það að fletta að í umræðu um töku lífsýna úr starfsfólki vegast á mikilvægir hagsmunir vinnuveitenda og starfsmanna en einnig hagsmunir samstarfsmanna þeirra og ekki síst neytenda. Í þessari umræðu hafa verið færð rök fyrir því að taka lífsýna úr starfsfólki fyrirtækja eigi ekki rétt á sér og fari gegn viðteknum meginsjónarmiðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífsins.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að veigamikil rök má færa fyrir gagnstæðri skoðun þó að ég sé ekki fylgjandi því að slíkt verði gert að meginreglu á vinnumarkaðnum. Það geta engu að síður verið rök til þess að grípa til slíkra aðgerða.

Í umræðunni mega menn ekki gleyma því að ein meginskylda vinnuveitanda er að tryggja öryggi starfsmanna sinna en jafnframt ber vinnuveitendum skylda til þess að tryggja að þeir sem leita eftir þjónustu viðkomandi fyrirtækis megi ekki eiga það á hættu að ástand starfsmanna þess kunni að leiða til tjóns fyrir viðkomandi. Slík varúðarskylda og aðgerðir til þess að takmarka tjón eða koma í veg fyrir að tjón verði getur réttlætt að vinnuveitendur áskilji sér rétt til þess að kanna ástand starfsmanna sinna. Ég tel hins vegar mikilvægt að slíkur áskilnaður liggi fyrir, helst áður en til vinnuréttarsambands stofnast, þannig að starfsmaður viti að hverju hann gengur verði hann ráðinn þegar hann óskar eftir því að vera tekinn í vinnu.

Virðulegi forseti. Sum störf eru þess eðlis að framkvæmd þeirra getur talist hættuleg auk þess sem afleiðingar þeirra slysa geta verið mjög alvarlegar. Í slíkum tilfellum kann að vera rétt að gera áskilnað þann sem ég hef hér nefnt. Í því sambandi má nefna dæmi um starfsmenn sem vinna í hættulegu umhverfi, svo sem við vinnuvélar, þótt ekki væri nema til að tryggja öryggi starfsmanna þeirra. Það sama má t.d. segja um lækna og heilbrigðisstarfsmenn sem fara með mikilsverða hagsmuni í störfum sínum. Þá má ekki gleyma flugmönnum, flugstjórum og öðrum flugverjum og reyndar er slíkt eftirlit heimilað í 37. gr. laga um loftferðir.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að ég vil ekki sjá að þetta verði meginregla á vinnumarkaði og að menn gæti hófs, skilgreini tilgang þessara athugana og upplýsi starfsmenn sína um það.

[14:00]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að taka þessa áleitnu spurningu upp til umræðu í þinginu. Ég vil lýsa því jafnframt yfir að það hefur verið dapurlegt að fylgjast með ræðuhöldum ungra sjálfstæðismanna hér við umræðuna þar sem þeir hafa reynt að mæla bót þessari aðför að persónufrelsinu. Það er alveg ljóst að Samf. hefur tekið við hlutverki Sjálfstfl. sem helsti talsmaður persónuverndar og friðhelgi einkalífsins á þessum vettvangi og um þessi efni.

Ég þakka líka hæstv. félmrh. fyrir svör hans um leið og ég verð að lýsa mig algerlega ósammála þeim sjónarmiðum sem hann setur fram um að hér sé um að ræða réttlætanlegar aðgerðir og þær byggi á málefnalegum sjónarmiðum.

Við skulum taka þetta tilvik með Íslenska álfélagið í Straumsvík. Það liggur alveg fyrir að þetta er í andstöðu við starfsmennina. Það er ekki annað að skilja á aðaltrúnaðarmanni starfsmanna en að þetta sé nauðung starfsmönnunum en ekki gert af fúsum og frjálsum vilja, umsamið af þeirra hálfu. Það á auðvitað strax að hringja bjöllum þegar þannig er í pottinn búið.

Í öðru lagi nær aðgerðin til allra starfsmanna álversins í Straumsvík. Jafnvel þótt menn litu svo á að hluti starfsmanna þar sinnti svo veigamiklum og hættulegum störfum að nauðsynlegt væri að þeir gengjust undir slík ákvæði getur það ekki átt við um alla starfsmenn í Straumsvík og hlýtur þess vegna að vera allt of víðtæk aðgerð. Fyrst og fremst hygg ég þó að þessi umræða endurspegli að hér vantar algerlega tilefnið. Það að allir starfsmenn í fjölda fyrirtækja þurfi að gangast undir það að afsala sér friðhelgi einkalífs síns með þeim hætti sem hér hefur verið lýst kann að vera nauðsynlegt en ef svo væri þyrftu að vera fyrir slíku ríkir almannahagsmunir og sannanleg tilefni. Í allri þeirri umræðu sem við höfum hér átt hafa engin tilefni komið fram.

[14:02]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir að hreyfa við því málefni sem meðferð persónuupplýsinga er. Meðferð persónuupplýsinga er mjög vandmeðfarið mál og þegar þau mál ber á góma ber að fara varlega. Þegar rætt er um heimild atvinnurekenda til töku lífsýna úr starfsfólki þurfum við fyrst að fá svör við nokkrum spurningum.

Hver er tilgangur atvinnurekanda? Hvaða upplýsingar vill atvinnurekandi fá um viðkomandi starfsmann? Margar persónulegar upplýsingar er hægt að fá með töku lífsýna og því er brýnt að það sé fyrir fram ljóst hvaða upplýsingum er verið að falast eftir.

Ég spyr: Hvaða upplýsingum er hægt að ná fram, t.d. með munnvatnssýnum? Ég tel að það megi ekki fara á milli mála eftir hvaða upplýsingum er verið að falast. Ég fagna því viðbrögðum hæstv. félmrh. um að þetta málefni verði tekið upp á vettvangi Vinnueftirlits ríkisins því að ég tel að það sé mjög þarft að ræða málið til hlítar. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að við undirritun ráðningarsamnings þurfi að liggja fyrir hvort og þá hvernig staðið verði að lífsýnatöku ef atvinnurekanda sýnist svo og ef það er yfir höfuð löglegt. Þetta þarf að vera ljóst þegar starfsmaður sækir um viðkomandi starf.

Í umræðunni hjá atvinnurekendum hefur verið að slík heimild sé æskileg ef grunur leikur á um fíkniefnaneyslu hjá starfsmanni. Það segir sig sjálft að ef einstaklingur er í neyslu fíkniefna, í klóm fíkniefnadjöfulsins, er ekki að sökum að spyrja. Fíkniefnin breyta oft þeim einstaklingi, þá oft til verri vegar. Neysla þessara efna er kostnaðarsöm og því þurfa neytendur fíkniefna oft að grípa til neyðarúrræða til að fjármagna neyslu sína. Við þurfum ekki vitnanna við, oft og iðulega heyrum við af ránum og öðrum glæpum tengdum fíkniefnaheiminum og það er því skiljanlegt að umræða sé meðal atvinnurekenda um að taka lífsýna geti í einhverjum tilvikum átt rétt á sér. Ég ítreka að þessi umræða er þörf og við þurfum að taka hér ákvörðun að vel ígrunduðu máli.

[14:04]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Jafnframt þakka ég öðrum hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunni.

Ég vil þó byrja á að lýsa vonbrigðum með svör hæstv. félmrh. sem lýsir stuðningi við þessa aðför að persónuréttindum hins vinnandi manns og telur hana réttlætanlega. Hæstv. félmrh. tekur undir að þessi réttur skuli vera hjá atvinnurekendum og er það miður. Þótt menn setji slík ákvæði í ráðningarsamninga af góðum vilja verðum við að hafa í huga að menn réttlæta iðulega hvers konar eftirlit og skerðingu á persónuréttindum með fögrum markmiðum og á því ætti hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson að átta sig. Hér er einfaldlega gengið of langt og það er hægt að bregðast við með öðrum og vægari leiðum. Opin heimild til atvinnurekenda um fyrirvaralausa lífsýnatöku án skilyrða er siðferðislega óverjandi. Fólk er með réttu viðkvæmt fyrir sýnatökum, t.d. með hliðsjón af þeim mistökum sem iðulega gerast við slíkar sýnatökur. Á það hefur verið bent.

Nú er víða rætt um að allt sé leyfilegt í nafni framleiðniaukningar og öryggis. En við þurfum að gæta þess að mannréttindi og frjáls réttur einstaklingsins séu ekki virt að vettugi. Það er alveg með ólíkindum að hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna hafi talað í þessari umræðu eins og þeir hafa gert. Hv. þm. Hjálmar Árnason ber þetta aðra stundina saman við eftirlit foreldra á hugsanlegri vímuefnanotkun barna sinna og hina stundina talar hann eins og starfsmenn fyrirtækja upp til hópa séu undir áhrifum vímuefna. Þetta er mjög furðulegur málflutningur sem kemur þessu máli ekkert við.

Hins vegar er hægt að taka undir þau hvatningarorð yfirlæknis Vinnueftirlitsins að þessi umræða þarf að fara fram. Samf. vill opna umræðu um þessi grundvallarmál. Við getum ekki lætt svona afsali á persónuréttindum inn í samfélag okkar án umræðu.

Að lokum þakka ég enn og aftur fyrir þessa umræðu. Ég tel hana einungis vera upphafið að skoðanaskiptum um þessi grundvallaratriði sem varða persónuvernd og hvort og hversu langt við viljum ganga á slík réttindi.

[14:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég tel að þessi umræða sem hér hefur farið fram sé bæði gagnleg og tímabær. Heilsa fólks er mikilvæg. Hún er mikilvæg í einkalífi og hún er mikilvæg á vinnustað. Samspilið milli vinnuverndar og persónuverndar í þessu sambandi er því þýðingarmikið og tryggja þarf ákveðið jafnvægi í þeim efnum.

Umræða um þessi mál hefur farið fram á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópuráðsins sem og á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Megininntakið í þeim sjónarmiðum sem þar hafa komið fram er í samræmi við það sem ég lýsti fyrr í máli mínu. Í því felast sjónarmið um að gagnvirkni sé á milli löggjafar á sviði vinnuréttar og vinnuverndar annars vegar og löggjafar um persónuvernd hins vegar. Söfnun persónuupplýsinga vinnuveitenda getur átt rétt á sér í ákveðnum tilvikum en vinnslu slíkra upplýsinga þarf að meta hverju sinni og gæta þess að ganga ekki lengra en brýnasta þörf krefur.

Auk þess eiga íslensk stjórnvöld áheyrnaraðila að svokallaðri 29. greinar nefnd sem starfar á grundvelli tilskipunar nr. 95/46 og fjallar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem Persónuvernd annast. Þar hefur m.a. verið fjallað um söfnun og varðveislu persónuupplýsinga starfsmanna af hálfu vinnuveitenda. Það er því ljóst að þessi mál hafa víðar verið rædd, hæstv. forseti.

Ég ítreka að það kunna að vera ýmis málefnaleg rök fyrir því að vinnuveitandi fari fram á það að setja í ráðningarsamninga slík skilyrði sem hér eru rædd. Það ætti ekki að vera meginregla, hæstv. forseti, því hef ég ekki haldið fram við þessa umræðu. Það er rangt, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson. Ég hvet til áframhaldandi umræðu um þessi mál og ég mun ekki láta mitt eftir liggja hvað varðar þær hliðar sem að mínu ráðuneyti snúa. Það er mikilvægt að Samtök atvinnulífsins, stéttarfélög, vinnueftirlit, félags- og heilbrigðisyfirvöld og stjórnmálamenn haldi áfram umræðu um þessi mál.

Ég ítreka, hæstv. forseti, að ég mun beita mér fyrir því að umræðan verði tekin upp innan Vinnueftirlits ríkisins.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 816. mál (hækkun bóta). — Þskj. 1244.

[14:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ágæt umræða fór fram um þetta málefni hér í morgun og það er út af fyrir sig ástæða til að fagna því að verið er að hækka atvinnuleysisbætur. Samt er hækkunin staðfesting á þeirri láglaunastefnu sem gildir í landinu og hefur gilt til langrar tíðar. Sú stefna þarf svo sannarlega á því að halda að menn taki hana til endurskoðunar og aldrei kannski meira en nú vegna þess að fátækt í okkar auðuga þjóðfélagi er auðvitað okkur til skammar. Þeir sem lifa á atvinnuleysisbótum eru virkilega í þeim hópi að mega teljast fátækir, margir hverjir. Það verður enginn lengi atvinnulaus öðruvísi en það reyni mikið á fjárhaginn.

Mér finnst full ástæða til þess að menn skoði líka hin lágu laun í landinu í samhengi við það sem er að gerast í þeirri alþjóðavæðingu sem er að ríða yfir. Nú gengur það greinilega ekki inn í framtíðina að hér séu svo lágir taxtar sem verið hafa og menn hafi þá afsökun að menn fái ekki þessa taxta borgaða heldur fái menn hærri laun, eins og meira að segja verkalýðsforingjar leyfa sér að útskýra þessi málefni. Það eru virkilega til hópar sem taka strípaða lága taxta. Við stöndum líka frammi fyrir því að erlent vinnuafl er flutt til landsins til að vinna á þessum lágu töxtum, jafnvel fólk með sérþjálfun og sérþekkingu til að vinna við iðnaðarstörf, þ.e. störf sem mega flokkast undir iðnaðarvinnu að ýmsu leyti. Þeir útlendingar sem koma hingað í þessu skyni fá borgaða lágmarkstaxta verkalýðsfélaganna. Það er alveg klárt mál að þetta umhverfi mun draga niður laun á Íslandi í framtíðinni ef menn taka ekki þarna á.

Mér finnst líka ástæða til að ræða um þann tvískinnung sem gætir í sölum Alþingis hvað varðar afstöðuna til þess hvað menn eiga að fá í atvinnuleysisbætur og hvernig menn síðan taka allt aðra afstöðu þegar farið er að tala um aðra hluti, t.d. fæðingarorlof. Fæðingarorlofssjóðurinn var miðaður við að menn fengju borgað í fæðingarorlofinu í samræmi við þau laun sem þeir hefðu í vinnu. Núna er verið að taka peninga úr Atvinnuleysistryggingasjóðnum til að tryggja mönnum laun í fæðingarorlofi, laun sem eru margfalt hærri en atvinnuleysisbæturnar. Hvers vegna hafa menn aðra afstöðu til þess að miða við laun þegar talað er um fæðingarorlof en þegar talað er um atvinnuleysi? Ég tel að ekki geti verið nein jafnréttissjónarmið á bak við það. Ég veit ekki betur en það sé greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð í prósentuvís af launum þannig að sömu aðferð er beitt við söfnun fjármuna í Atvinnuleysistryggingasjóðinn eins og söfnun fjármuna í Fæðingarorlofssjóðinn. Ég verð að segja að mér finnst vafasamt að flytja fjármuni úr Atvinnuleysistryggingasjóði í Fæðingarorlofssjóð á meðan ekki er búið betur að þeim sem atvinnulausir eru. Mér finnst það orka verulega tvímælis að ætla að bjóða svona lágar atvinnuleysisbætur og skerða svo sjóðinn í þeim tilgangi sem þarna liggur fyrir að verði gert.

Mér finnst að það þyrfti að líta á verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvernig megi nota fjármuni hans úr því að þar eru afgangsfjármunir. Ég bendi á að það væri miklu nær að menn skoðuðu möguleikana á því að gefa þeim sem verða atvinnulausir á efri árum en hafa ekki fengið rétt til töku lífeyris möguleika á því að fara fyrr á lífeyri, samanber tillögu sem ég hef gengist fyrir flutningi á í þinginu. Það er miklu nær að Atvinnuleysistryggingasjóður komi til móts við slíka aðila en að hann sé notaður í þeim tilgangi sem þarna hefur verið gert. Ég er ekki á móti Fæðingarorlofssjóðnum en ég tel að fjármögnun hans eigi að vera einsleit og fara fram með greiðslum til hans úr atvinnulífinu, að það eigi ekki að taka peninga úr Atvinnuleysistryggingasjóði í þessum tilgangi, a.m.k. ekki á meðan menn telja sér ekki fært að gera betur við atvinnulausa en gert er.

Mig langar til að hvetja ungan og sprækan, nýjan, hæstv. félmrh. til að fara yfir þessi mál öllsömul og ekki bara hve lúsarleg þau laun eru sem menn fá í atvinnuleysi, heldur líka hvernig komið er fram við það fólk sem er atvinnulaust. Ég hef talað við fleiri en einn og fleiri en tvo og fleiri en þrjá sem hafa lent í því að vera atvinnulausir og hafa gengið þá braut að fá atvinnuleysisbætur. Þeir hafa lýst því yfir við mig að þeir muni allt gera frekar en að fara aftur á atvinnuleysisbætur. Kröfurnar til þess fólks sem þarf að sækja bæturnar eru niðurlægjandi. Bæturnar eru ekki hærri en svo að kannski eru einhverjir möguleikar til þess að komast yfir sambærilega fjármuni með einhverjum öðrum hætti í samfélaginu. Það munu flestir reyna mjög áður en þeir ganga þessa göngu sem hafa reynt hana áður.

Þetta vildi ég segja hér og endurtek að ég hvet hæstv. félmrh. til þess að bjóða fáeinum sem hafa þurft að súpa þá fjöru að vera atvinnulausir og þiggja slíkar bætur til viðtals við sig og fara yfir það hvort komið er fram við þá á sómasamlegan, mannlegan máta.

Ég vildi koma þessu að í umræðunni, hæstv. forseti. Við stjórnarandstæðingar megum búa við það að það getur orðið býsna tvísýnt um að mál sem við flytjum komist til umræðu og því vildi ég vekja máls á þessu þingmáli sem ég nefndi hér áðan, um rétt manna til að flýta starfslokum og töku lífeyris, vegna þess að ég tel að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi fullt erindi að koma að þessu. Hann þarf væntanlega að borga ýmsum af þeim atvinnuleysisbætur sem lenda ofarlega á starfsævinni í því að verða atvinnulausir og þess vegna væru full rök fyrir því að sjóðurinn kæmi að því að hægt yrði að flýta lífeyristöku manna sem lenda í þessum aðstæðum. Alþingi ætti að vera skylt að skoða þetta mál því menn viðurkenndu þá staðreynd að það gæti orðið erfitt fyrir menn að tapa vinnunni sinni, verða snögglega atvinnulausir á einhverjum erfiðum tímapunkti, áður en þeir hafa fengið lífeyrisréttindi. Það var tekið á því gagnvart þingmönnum og ráðherrum hér fyrir áramótin og þótti ástæða til að gera það. Þar voru þessar staðreyndir viðurkenndar sem ég hef nefnt og ég tel að það væri ástæða til þess fyrir hæstv. félmrh. að beita sér fyrir því að skoðað verði hvort ekki sé hægt að koma til móts við fleiri launþega en ráðherra og þingmenn ef þeir missa vinnuna á viðkvæmum aldri og eiga erfitt með að fóta sig í atvinnulífinu á ný.

Ég endurtek það svo að lokum að auðvitað hljóta menn alltaf að fagna því þegar eitthvað ávinnst hvað varðar atvinnuleysisbætur. Þessar eru of lágar. Þær munu ekki hækka að marki fyrr en menn taka nýja afstöðu, fyrr en hv. Alþingi breytir um stefnu. Ég segi það vegna þess að hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi áðan að það væri ekki Alþingis að breyta um stefnu, aðilar vinnumarkaðarins ákveddu hver lágmarkslaunin væru í landinu. Ég vil bara mótmæla því. Það er einfaldlega hið opinbera, ríkisvaldið, sem er stærsti atvinnurekandinn í þessu landi, gerir kjarasamninga við fjölda fólks og er aðili vinnumarkaðarins. Þessi aðili vinnumarkaðarins, hið opinbera, hefur leitt launaþróunina á undanförnum árum. Hækkanir sem hafa komið eftir samninga við ríkið

hafa leitt út um allt þjóðfélag. Ef hið opinbera gerir góða kjarasamninga við fólk sem er á lágum launum hjá því mun auðvitað vinnumarkaðurinn taka mið af þeim samningum. Það er engin spurning að ríkið og þeir sem þar ráða ferð geta haft afgerandi áhrif á það hver lágmarkslaunin eru. Og ég hvet til þess að menn skoði þetta allt í samhengi og fari að móta stefnu sem miðar að því að feta sig út úr þessari láglaunastefnu sem hefur gilt og heldur fólki við fátæktina sem er vissulega til hér.

[14:21]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun skaðabótalaga, 857. mál, þáltill. ÁRJ, þskj. 1314.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 855. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1312.

Lokafjárlög 2002, 848. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1305.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 852. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 1309.

Sveitarstjórnarlög, 856. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1313.

Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan íslensku lögsögunnar, 853. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 1310.

[14:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er fjallað um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar en frv. felur það í sér að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar. Er það í samræmi við niðurstöður kjarasamninga nú ekki alls fyrir löngu en í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var af því tilefni segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að atvinnuleysisbætur hækki og verði frá 1. mars 2004 88.767 kr., en hækki síðan um 3% 1. janúar 2005, 2,5% 1. janúar 2006 og um 2,25% 1. janúar 2007."

Hér er um að ræða 11,3% hækkun á hámarksbótum atvinnuleysistrygginga. Í umræðu sem hér fór fram fyrir nokkrum dögum utan dagskrár höfðu ýmsir þingmenn úr stjórnarandstöðunni á orði að atvinnuleysistryggingabætur væru lágar. Ég minnist þess að hæstv. félmrh. byrsti sig þá og spurði hvort menn væru ekki nokkuð vanþakklátir þegar ríkisstjórnin sýndi lit í þessu máli. Auðvitað hljótum við að fagna því að verkalýðshreyfingin hafi knúið ríkisstjórnina til undanhalds á þessu sviði en eins og menn eflaust muna er ekki langt síðan að uppi voru áform af hálfu ríkisstjórnarinnar, ekki um að hækka atvinnuleysisbætur, heldur um að skerða þær, skerða atvinnuleysisbætur í upphafi atvinnuleysistímans um 10.000 kr.

Í kjölfar þeirrar umræðu bárust okkur þingmönnum, a.m.k. þeim sem tóku þátt í umræðunni, bréf frá atvinnulausum manni. Hann sagði að í rauninni skipti hann litlu máli hvort atvinnuleysisbæturnar væru 70, 80 eða 90 þús. kr., staða hans væri slík. Þetta er tæknifræðingur sem hafði verið atvinnulaus um nokkurt skeið. Hann sagðist lifa á uppsöfnuðu sparifé nú um stundir, hann þyrfti að sjá fyrir fimm manna fjölskyldu og hann væri jafndauður hvort sem upphæðin væri 70, 80 eða 90 þús. kr. Hann sagði: „Það sem ykkur ber að hyggja að eru leiðir til þess að ráða bót á atvinnuleysisvandanum." Ég ætla að koma aðeins að því hér á eftir áður en ég segi skilið við kjörin sem atvinnulausu fólki eru búin.

Fyrir tekjulítinn einstakling skiptir hver króna að sjálfsögðu máli. Þótt sá maður sem ég var að vitna í setti málin í annað og stærra samhengi í sínu lífi er það vissulega svo að hver króna skiptir máli. Líka desemberuppbótin sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hafði af atvinnulausum árið 1997. Árið 1996 nam þessi desemberuppbót sem hafði verið við lýði allar götur frá árinu 1990 þegar vinstri stjórn fór síðast með völd í landinu — þá var sett sérstök desemberuppbót fyrir atvinnulaust fólk — 27.685 kr. Hún var numin brott. Og ef krónurnar skipta hinn atvinnulausa máli og hver króna telur er óskiljanlegt að ríkisstjórnin sem þá sat og var að uppistöðu til sú sama og nú er við völd í landinu skyldi afnema þessa greiðslu. Ég fagna því að hæstv. félmrh. lét í það skína í umræðunni fyrr í dag að honum þætti ástæða til að endurskoða þennan þátt og að sú nefnd sem mun taka á málefnum atvinnulausra og er í þann veginn að hefja störf fái það verkefni inn á sitt borð. Það er hið besta mál.

Atvinnuleysi í landinu er mjög mikið núna. Það er um 3,6% ef ég man rétt en samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Vinnumálastofnunar eru núna 5.453 einstaklingar án atvinnu. Ef við bætum fjölskyldum þeirra við eða þeim sem þessum einstaklingum eru háðir erum við að tala um mjög stóran hóp, mjög stóran hluta af íslensku samfélagi. Ég tel að það þurfi að leita allra leiða, ekki aðeins til að finna fólki vinnu eða skapa aðstæður þar sem atvinnutækifærin verða til, heldur þarf núna að rýna mjög í kjaramálin. Ég nefndi desemberuppbótina sérstaklega.

Hér var sú hugsun orðuð fyrr í dag að atvinnuleysisbætur yrðu undanskildar skatti, og reyndar félagsaðstoð einnig, en hæstv. félmrh. taldi slíkt ekki vera hyggilegt. Almennt hef ég verið þeirrar skoðunar að við ættum eftir fremsta megni að hafa almennar reglur í skattamálum sem giltu yfir alla línuna. Mér finnst hins vegar við ekki geta haldið okkur í slík markmið ef það er á kostnað hópa eins og þessara tekjulægstu hópa í samfélaginu, ef við komumst ekki út úr þessu fari vegna þess að við höfum sett okkur einhverja svona hugmyndafræðilega stefnu. Ég held að við eigum að vera reiðubúin að endurskoða þennan hátt, auk þess sem ég tel mjög brýnt að atvinnuleysisbæturnar verði hækkaðar umtalsvert umfram það sem hér er gert ráð fyrir.

Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að ríkisstjórnin væri að gera átak, hún væri að gera sérstakt átak í atvinnuleysismálum, atvinnumálum öllu heldur, og vísaði til Suðurnesja. Ég minni á Landspítalann – háskólasjúkrahús, þar er líka slíkt átak í gangi. En það er undir öfugum formerkjum. Þar er verið að segja fólki upp störfum, þar er verið að draga saman seglin.

Ég vil minna á það einnig við þessa umræðu að sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir og hefur fylgt í efnahags- og atvinnumálum er ekki til þess fallin að auka atvinnu í landinu. Ég minnist þess að þegar við ræddum Kárahnjúkavirkjun hér á sínum tíma voru uppi orð um það að við framkvæmdirnar á því stigi sem við erum nú á mætti gera ráð fyrir að 80% starfsmanna yrðu íslensk og 20% erlend en eftir því sem ég hef fengið fregnir af er þetta hlutfall öfugt. Það mun vera eitthvað minna, 60–40%, en engan veginn í þá veru sem menn höfðu uppi spádóma um á sínum tíma.

Síðan er hitt og ég ætla að minna á það, án þess að ég ætli að fara út í mikil ræðuhöld um þetta mál á þessu stigi, öll sjónarmið hafa í rauninni komið hér fram, að það er samhengi milli stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi og niðurskurðarins á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þegar framkvæmdaféð rennur upp í Kárahnjúka standa margir í þeirri trú að hér sé eitthvert gjafafé á ferðinni. Þetta er íslenskt lánsfé, við eigum eftir að borga til baka hverja einustu

krónu. En það kom síðast fram á ársfundi Seðlabankans ekki alls fyrir löngu að til þess að þetta mikla fjármagn sem verið væri að spýta inn í efnahagskerfið mundi ekki valda þar ofhitnun og þenslu væri nauðsyn að stíga á bremsurnar og það yrði gert fljótlega með hækkun stýrivaxta Seðlabankans. Önnur ráð sem hafa verið boðuð eru að draga úr umfangi opinberra framkvæmda og opinbers reksturs. Og þar erum við aftur komin inn á ganga Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Hæstv. forseti. Ég hef áður lýst sjónarmiðum mínum til þessa málefnis. Ég tel mjög brýnt að málefni atvinnulauss fólks verði reglulega tekin upp til umræðu í þinginu til þess að halda ríkisstjórninni og reyndar okkur öllum við efnið.

[14:33]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel það gleðiefni sem hér er rætt. Hækkun bóta til atvinnulausra ber tvímælalaust að fagna og ég má til með að nota tækifæri það sem ég hef hér í ræðustól til að hrósa hæstv. félmrh. fyrir framgöngu sína í málinu, að stíga þetta skref og bæta á þennan hátt lífsskilyrði þeirra sem án atvinnu eru, að einhverju leyti.

Mig langar hins vegar að nefna að ég hef kynnt mér ályktun flokksþings Framsfl. frá síðasta ári í fjölskyldumálum og ég verð að segja, frú forseti, að margt í þeirri stefnu er góðra gjalda vert. Hins vegar virðist sem hugur fylgi kannski ekki alveg máli hjá þingmönnum flokksins, a.m.k. ekki hvað varðar atvinnuleysisbæturnar. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í þessa ályktun. Þar segir:

„Skoða verði hvort mögulegt sé að atvinnuleysisbætur verði ákveðið hlutfall af launum sem hinn atvinnulausi fékk síðast greitt."

Þetta tel ég vera ágætistillögu og ég væri mjög hlynnt því að þetta mál yrði skoðað. Hins vegar er auðséð að þetta frv. sem nú er til umræðu felur ekki í sér þessa breytingu sem Framsfl. ákvað að skoða. Hækkun fullra atvinnuleysisbóta í 88.700 kr. á mánuði er ekki í samræmi við þá stefnu sem flokkurinn boðaði á flokksþingi sínu. Því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugsað sér að framfylgja áðurnefndri ályktun, þessari fínu ályktun, í ráðherratíð sinni.

[14:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Steinunni K. Pétursdóttur fyrir þátttöku hennar í umræðunni og vil svara spurningu hennar í örfáum orðum. Sú nefnd sem hér hefur komið til umræðu að þessu sinni, sem hefur störf á næstu dögum og er ætlað að skoða sérstaklega lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, mun m.a. skoða hvort mögulegt verði að atvinnuleysisbætur taki í einhverju mið af þeim launum sem hinn atvinnulausi hafði áður en til atvinnuleysisins kom. Það er meðal þess sem ég mun óska eftir að nefndin skoði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 576. mál (heildarlög). — Þskj. 867, nál. 1264, brtt. 1279.

[14:37]

Frsm. félmn. (Hjálmar Árnason):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nefndin fjallaði nokkuð ítarlega um frv., fékk fjölmarga gesti til sín og skriflegar umsagnir eins og tilgreint er á þskj. 1264.

Þetta frv. byggir á frv. sem áður hefur verið lagt fyrir hv. Alþingi en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Megintilgangur þess er að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri á vatnsveitum.

Eins og ég nefndi hefur þetta frv. áður komið til þingsins án þess að hljóta afgreiðslu en fékk þá málefnalega umfjöllun og ýmsar ábendingar og frv. í núverandi mynd hefur tekið nokkurt mið af þeim ábendingum. Það sem er kannski meginatriðið þar er að í þessu frv. má segja að tekið sé á heildarlögum um vatnsveitur sveitarfélaga og ákvæði um einstaka þætti þess eru gerð nokkuð skýrari.

Það er meginatriði í þessu að samkvæmt efni frv. er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin en skapi hins vegar sveitarfélögunum möguleika á að hagræða í rekstri vatnsveitna sem hlýtur að vera sveitarfélögunum og íbúum sveitarfélaganna til hagsbóta.

Sú breyting efnisleg er einnig gerð frá fyrra frv. að stofn til útreiknings á vatnsgjaldi er núna tengdur fasteignamati en var áður tengdur álagsstofni og talið er að það geri rekstur allan skýrari og einfaldari gagnvart vatnsnotendunum.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði sem mæla fyrir um heimild sveitarfélags til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags. Þau ákvæði hlutu nokkuð ítarlega umfjöllun innan nefndarinnar og má segja að nokkuð skiptar skoðanir hafi verið um þau enda eru fyrirvarar hjá nokkrum hv. nefndarmönnum sem fylgja nál. þessu byggðir á 4. gr. En það er niðurstaða meiri hlutans í nefndinni að réttur sveitarfélaga sem leggja stofnveitur sínar inn í stærri stofnun eða félag með samruna, eins og þekkist bæði hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og fleirum, sé tryggður nægjanlega með skýru ákvæði um innlausnarrétt þessara sveitarfélaga ef þau kjósa að ganga út úr slíku samstarfi aftur. Það er sem sagt niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að þetta innlausnarákvæði, réttur sveitarfélaganna til innlausnar, sé tryggður með þessum hætti og þar með hagsmunir sveitarfélagsins og í rauninni eignarréttur yfir vatnsréttindunum.

Hitt atriðið varðar 10. gr. frv., um gjaldskrá vatnsveitu, og skal svo sem engan undra að það ákvæði var mikið rætt. Þar stangast á tvö meginsjónarmið, annars vegar það að menn vilja nánast gefa þeim alveg opna heimild til þess að hafa arðsemi mikla. Með það að leiðarljósi óttast ýmsir að þar með sé verið að skapa ákveðinn grundvöll fyrir einkavæðingu og að gera vatnsveitur að fýsilegum kosti fyrir einkafjárfesta. Hins vegar liggur fyrir að það er ekki markmið þessa frv. Á hitt ber einnig að líta að það að byggja upp vatnsveitur og halda þeim við gerir auðvitað kröfu um eðlilega arðsemi þannig að borð sé fyrir báru og vatnsveiturnar geti haldið áfram að þróast tæknilega og þar fram eftir götunum.

Segja má að frv. sé málamiðlun þar á milli og í stað þess að nefna einhverja tiltekna arðsemisprósentu er vísað til almennra heimilda á grundvelli sveitarstjórnarlaganna þar

sem segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna. Með því að vísa í hin almennu sveitarstjórnarlög telur meiri hlutinn að verið sé að leysa þennan vanda ef vanda skyldi kalla.

Meira þarf í rauninni ekki um þetta að segja, virðulegur forseti. Undir nál. rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, með fyrirvara, Birkir Jón Jónsson, Ásta Möller, Pétur H. Blöndal, Helgi Hjörvar, með fyrirvara, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, sem og Valdimar L. Friðriksson.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. óbreytts.

[14:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um þingmál sem var eitt mesta átakamálið á Alþingi á síðasta þingi. Þá lá fyrir frv. frá ríkisstjórninni um að heimila sveitarstjórnum að einkavæða vatnsveiturnar, að einkavæða Gvendarbrunna. Menn stilltu þessu upp sem spurningu um lýðræði: Hver á að ráða? Ætlar Alþingi með lagasetningu að koma í veg fyrir að lýðræðislegur réttur í sveitarfélögum nái fram að ganga?

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sögðum já, það á að setja slíkar skorður. Sveitarstjórnir koma og fara og það á ekki að vera komið undir duttlungum einstakra sveitarstjórna hvernig grundvallarmannréttindum er ráðstafað. Þannig ber að líta á drykkjarvatnið og þannig líta SÞ á drykkjarvatnið.

Á vettvangi SÞ hefur verið samþykkt yfirlýsing sem kveður á um að drykkjarvatnið heyri til mannréttinda og það eigi ekki að ganga kaupum og sölum á markaði eins og hver önnur markaðsvara. Á þessu byggði afstaða okkar og við erum ekki ein um þetta.

Í Hollandi, svo dæmi sé tekið, lá fyrir frv. um að festa í stjórnarskrá landsins ákvæði þess efnis að drykkjarvatnið yrði undir almannastjórn og í almannaeign. Og þetta er okkar stefna. Við erum einfaldlega hér á Alþingi að framfylgja stefnu SÞ hvað þetta snertir.

Við fengum því áorkað hér sl. vor, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þingflokkurinn, að málið var á endanum tekið út af dagskrá. Það var ákveðið að freista þess í sumar og haust að ná samkomulagi sem tryggði breiða samstöðu um málið. Það hefur því miður ekki tekist en talsvert hefur þokað í þá átt. Nú er gert ráð fyrir því að vatnsveitur, jafnvel þótt þeim verði ráðstafað til sérstakra stofnana eða félaga, verði að meiri hluta til í eign sveitarfélaga, opinberra aðila. Um þetta er kveðið á í 4. gr. frv.

Við teljum þetta reyndar ekki vera nóg vegna þess að ef um er að ræða sameign margra sveitarfélaga getur markaðsaðili haft þar ráðandi hlut. Ef um er að ræða mörg smá sveitarfélög getur markaðsaðili haft ráðandi hlut. Þetta gerðist t.d. þegar danski síminn var einkavæddur á sínum tíma. Þá fékk bandarískt fyrirtæki, sem hafði aðsetur í Chicago og var reyndar komið með símafyrirtæki úti um allan heim í sínar hendur, ráðandi hlut í danska símanum á grundvelli 30% eignar. Ameritech hét það og heitir, ég veit þó ekki hvort það er enn ofan jarðar, búið að selja sinn hlut í danska símanum núna. Þetta teljum við varasamt og fyrir þetta er ekki girt í frv.

Menn hafa tekist á síðan um arðgreiðslur. Ég hef lýst því áður hér við umræðuna að mér finnist það ekki vera sáluhjálparatriði í sjálfu sér hvort heimilt er að taka arð út úr vatnsveitum eða orkuveitum. Spurningin er hvert hann rennur og í hverra þágu hann er nýttur. Ef um væri að ræða olíu fyndist okkur sjálfsagður hlutur að sveitarfélagið eða ríkið sem byggi yfir þessum dýrmætu lindum gæti nýtt sér þær til annarra verkefna í samfélaginu en þess eins að kynda húsin. Í prinsippinu, ef við slettum aðeins, er í sjálfu sér ekkert rangt við það.

Ef hins vegar fyrirtækið er komið á markað og menn þar farnir að gera sér það að féþúfu er þetta óeðlilegt. Og þetta er sú leið reyndar sem Bandaríkjamenn hafa farið, að setja mjög strangar skorður við arðtöku út úr stofnunum sem gegna mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki eins og orkuveiturnar gera. Menn tókust nokkuð á um þetta.

Við hefðum fyrir okkar leyti verið reiðubúin að heimila arð ef menn hefðu viljað girða betur fyrir einkavæðingu í eignarhaldinu. Það voru menn hins vegar ekki reiðubúnir að gera og núna liggur fyrir brtt. um að það verði gert enn betur. Sú brtt. er frá Samf. og ég mun styðja hana. Ég fagna því að Samf. sé komin inn á þessa braut vegna þess að við áttum ekki samleið sl. vor. Nú horfum við að sjálfsögðu fram í tímann og fögnum því ef við náum saman í þessum efnum, að sjálfsögðu gerum við það. Það skiptir miklu máli að hafa sem breiðasta samstöðu til varnar þessum mikilvægu eignum samfélagsins.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja hér einhverja maraþonræðu um málið þótt fullt tilefni sé til þess. Þetta er mjög mikilvægt mál sem við erum hér að fjalla um. Ég ætla engu að síður að vísa í greinargerðir sem koma frá tveimur aðilum sérstaklega. Þá er ég að tala um verkalýðshreyfinguna á Íslandi, BSRB sem staðið hefur dyggilega þessa vakt og Alþýðusamband Íslands. Bæði þessi samtök, þessi stærstu samtök launafólks á Íslandi, vara við því að vatnsveiturnar verði einkavæddar og settar á markað eins og hver önnur markaðsvara. Í athugasemdum BSRB er vísað í vatnið sem mannréttindi sem þurfi að standa vörð um og hér er vitnað orðrétt í mannréttindasamþykkt SÞ hvað þetta snertir. Hér segir, með leyfi forseta:

„Réttindi manna til aðgangs að drykkjarvatni er undirstaða lífs og heilsu. Nægjanlegt og öruggt drykkjarvatn er forsenda annarra mannréttinda. Rétturinn að drykkjarvatni þýðir að allir eiga kröfu á öruggu, nægjanlegu, aðgengilegu vatni á viðráðanlegu verði sem nægi til daglegra þarfa einstaklings (til drykkjar, heimilishreinlætis, matargerðar og líkamlegs hreinlætis). Nægilegt drykkjarvatn á að túlka á þann veg að mannlegri reisn verði haldið en ekki með þröngum hætti með tilvísun í rúmmálseiningar og tækni, né heldur með því að meta vatn fyrst og fremst sem verslunarvöru. Viðhalda skal rétti manna til drykkjarvatns með sjálfbærum aðferðum sem tryggi að menn haldi þessum réttindum í nútíð og framtíð."

Þetta er úr yfirlýsingu SÞ.

Síðan fjallar BSRB um hlutafélagaformið og varar við því að fara með vatnið inn á þær brautir, fjallar líka um einkaréttinn. Gerð er ítarleg grein fyrir GATS-samningunum og á hvern hátt þeir fléttast við löggjöf einstakra ríkja, m.a. um nýtingu vatnsréttinda. Vísað er í upplýsingaskyldu og eftirlit en eins og við vitum er starfsemi komin á bak við lokuð tjöld og niður í skúffu þegar búið er að hlutafélagavæða hana. Við þekkjum þetta úr Símanum og annars staðar. Það er fjallað um arðsemiskröfuna en sem áður segir er henni haldið í lágmarki.

Í frv. sl. vor var heimild fyrir 7% arðtöku. Sú heimild er ekki fyrir hendi. Það er heimild til þess að halda arði inni

í starfseminni henni til uppbyggingar og samkvæmt sveitarstjórnarlögum er heimilt að taka arð út úr starfseminni en þó í mjög takmörkuðum mæli.

Enda birtist sorgarfrétt á vefsíðu Verslunarráðsins þegar þeim þar á bæ varð ljóst að ekki yrði heimiluð hámarksarðtaka út úr vatnsveitunum. Að sjálfsögðu gekk trúboðið hjá Verslunarráðinu út á það að einkavæða vatnið. Þeir ætluðu að hleypa skjólstæðingum sínum að vatninu til þess að fjárfesta í því og gera sér það að féþúfu.

Í greinargerð BSRB er síðan vikið að samræmi í lögum. Það er eitt sem ég vil leggja áherslu á, miklu heppilegra hefði verið að taka heildstætt á málaflokknum, á vatnalögunum, á þessum lögum og öðrum lögum sem heyra undir önnur ráðuneyti, iðnrn. (**Gripið fram í:** Landbrn.) og landbrn., og gera það á heildstæðan hátt. Það hefðu verið eðlilegri vinnubrögð. Ég hef orðið var við það að þeir sérfræðingar sem hafa komið að þessu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hafa einnig verið á þessu máli.

Áður en ég hverf frá umsögn BSRB er vísað í það að hér er að finna ítarlega greinargerð um rannsóknarskýrslur sem hafa verið gerðar víðs vegar um heiminn um reynsluna af einkavæðingu vatnsins, ítarlegar skýrslur. Hér eru endalausar vefslóðir fyrir þá sem kjósa að kynna sér málið. Það hefur hins vegar verið takmarkaður vilji fyrir því hjá ýmsum þó að ég ætli ekki að alhæfa í því efni. Við höfum hvatt til þess, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að menn kynni sér afleiðingarnar af einkavæðingu vatnsins.

Þetta eru greinargerðir og samantektir sem unnar hafa verið á vegum BSRB. Páll H. Hannesson hefur haft veg og vanda af þeirri vinnu sem er fróðleg fyrir þá sem vilja skoða þessi mál nánar. Eins og hér hefur komið fram við umræðuna er þetta frv. fyrst og fremst heimildarfrumvarp, þetta er heimild til sveitarstjórna en ekki endanleg ákvörðun. Ég hvet sveitarstjórnir til að kynna sér málavöxtu áður en hafist verður handa um einkavæðingu.

Eitt skil ég hjá sveitarstjórnunum, það er að þær vilji hafa hreyfanleika í eignarhaldinu, geta átt samstarf við önnur sveitarfélög um rekstur vatnsveitnanna og orkuveitnanna. Það er eðlilegt. Það á að vera kostur og möguleiki. Ég hef áður sagt að þingið hefur brugðist í því að finna fyrirtækjaform eða stofnanaform sem sameinar kosti opinbers reksturs um eftirlit, gagnsæi og eignarhaldið en býður jafnframt upp á sveigjanleika um samstarf. Við erum með byggðasamlögin sem geta séð okkur fyrir þessum möguleika en ég tel að við eigum enn eftir að finna formið sem þjónar hagsmunum okkar hvað þetta snertir.

Alþýðusamband Íslands er að mínum dómi með mjög góða umsögn um frv. Þar eru mjög svipaðar áherslur og koma fram hjá BSRB. Þar segir að það sé „skoðun ASÍ að aðgangur að vatni sé eitt af grundvallarmannréttindum og ber að líta á það í ljósi samfélagslegra sjónarmiða og heilbrigðisþátta fremur en viðskiptasjónarmiða". — Þarna kveður við sama tón og hjá BSRB.

„ASÍ lítur því svo á að það sé skylda sveitarfélaga að tryggja nægilegt, ódýrt og hreint vatn og það sé réttur íbúa viðkomandi sveitarfélaga að hafa tryggan aðgang að vatnsveitum í opinberri eigu." — ASÍ leggst gegn hlutafélagavæðingu vatnsins.

Hæstv. forseti. Ég er búinn að halda margar og langar ræður um vatnið. (**DrH:** Þing eftir þing.) Þing eftir þing, segir hv. þm. Drífa Hjartardóttir og það er rétt. Því miður heldur einkavæðingarhrinan áfram. Ég lít svo á að þótt ég sé ekki sáttur við þetta frv. hafi nokkuð þokað í rétta átt. Það sem meira er, ég tel að það sé vaxandi skilningur, bæði í þjóðfélaginu almennt og hér innan þingsins, á því að við eigum að fara varlega í að hlutafélagavæða eða einkavæða almannaþjónustu. Hlutafélagaformið er nefnilega varasamt form þegar að henni kemur. Og ef okkur hefur tekist með málflutningi okkar að breyta viðhorfum að einhverju leyti í þessa átt er okkar starf a.m.k. til einhvers unnið.

[15:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að það væri mikilvægt að arðurinn af vatnsveitunum rynni til samfélagslegra þarfa. Hugsum okkur að sveitarfélag taki lán til að byggja vatnsveitu upp á 100 millj. og greiði af því láni 7% vexti og þeir vextir renni til einhverra manna úti í bæ, sem sagt ekki til samfélagslegra þarfa. Segjum hins vegar að þetta nákvæmlega sama sveitarfélag stofni hlutafélag, að einhverjir aðilar eigi með sveitarfélaginu hlut í þessari vatnsveitu og hlutafélagið borgi 7% arð, nákvæmlega sama arð. Verður hann þá að renna til samfélagslegra þarfa? Eru Vinstri grænir, sá hv. þingflokkur, virkilega að leggja til að við bönnum vexti? Mér heyrist það, nema þeir renni til samfélagslegra þarfa. Það væri kannski alveg nýtt í þessu þjóðfélagi og í ætt við það sem gerðist á miðöldum sums staðar og gerist víst enn þá í örfáum ríkjum, einu kannski, þ.e. slíkar hugmyndir hafa verið uppi þar sem er múhameðstrú, að banna vexti. En það væri alveg nýtt. Síðan segir hv. þm. að BSRB sem er samtök launafólks og hann er víst formaður fyrir, hv. þm., styðji hann í þessu máli.

Finnst honum eðlilegt að samtök sem opinberir starfsmenn verða að greiða í samkvæmt lögum, hvort sem þeir vilja eða ekki, hvort sem þeir eru í þeim eða ekki, séu látnir borga pólitíska stefnu hv. þingmanns?

[15:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki alveg rétt orðað hjá hv. þingmanni að samtökin styðji mig í þessu máli. Ég styð stefnu samtakanna í málinu. Ég er að vísa í stefnu sem samþykkt hefur verið á þingum BSRB, síðast í október sl., og ég er að vísa í samþykktir og stefnu Alþýðusambands Íslands. Ég er að tala um stefnu fjölmennustu samtaka launafólks í landinu og hún er ekki ákveðin af einum manni eða fáu fólki, heldur miklum fjölda fólks. Þannig vinna lýðræðisleg samtök. Ég veit ekki hverju þingmenn Sjálfstfl. eru vanir í þeim efnum.

Um það hvort ég vilji banna vexti, því fer að sjálfsögðu fjarri að ég vilji gera það. Það sem um er að ræða er hvernig við ætlum að skipuleggja til framtíðar rekstur veitnakerfisins, raforkunnar og vatnsins. Ætlum við að setja það út á markað og gera að markaðsvöru þar sem það gengur kaupum og sölum og þar sem fjárfestar reyna að hafa sem mestan arð niður í sína eigin vasa eða ætlum við að skipuleggja þessa starfsemi í þágu samfélagsins og láta það njóta ávaxtanna af því starfi? Því er ég fylgjandi og því hef ég verið að tala fyrir.

[15:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. vill ekki að arður renni til markaðsaðila sem eru víst voðalega vondir menn. Finnst honum þá í lagi að vextir renni frá þessum sömu félögum til markaðsaðila sem m.a. eru lífeyrissjóðir? Það vill svo til að hv. þm. situr í stjórn eins slíks og er einn af þessum grimmu hákörlum sem hirða til sín arð og vexti.

Varðandi samtök launafólks, BSRB, og samanburðinn við Sjálfstfl. er það nú þannig að menn eru ekki skyldaðir til að borga í Sjálfstfl. Þannig er það ekki. Menn geta meira að segja gengið í hann og úr. Það er nefnilega félagafrelsi í landinu, nema þegar kemur að opinberum starfsmönnum. Þeir skulu greiða í BSRB hvort sem þeir vilja eða ekki, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Það er samkvæmt lögum frá Alþingi. Það er spurning hvernig því fólki hjá BSRB, launþegum í BSRB, sem ekki aðhyllast þá stefnu að leggja niður vexti, eða að vextir skuli renna til samfélagslegra þarfa eða allt þetta pólitíska stríð um vatnsveitur, skyldi líða að þurfa að borga til BSRB hvort sem það vill það eða ekki.

Talandi um lýðræði í verkalýðshreyfingunni, ég held að við ættum að hafa sem fæst orð um það.

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil minna hv. þingmann á að við erum að ræða hér um vatnsveitur.)

[15:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekkert undarlegt að hv. þm. Pétur H. Blöndal vilji vekja athygli á gömlum draumum sínum um að leggja niður verkalýðshreyfinguna eða grafa undan réttindabaráttu samtaka launafólks. Og hvað er svo hræðilegt sem samtök launafólks eru að gera að þessu sinni, BSRB og Alþýðusamband Íslands, í mjög eindregnum áskorunum til Alþingis? Jú, það er að koma í veg fyrir að vatnið, að Gvendarbrunnarnir verði einkavæddir þannig að þeir verði að féþúfu fjárafla- og fjárgróðamanna. Um það snýst þetta mál. Út á það ganga hneykslisræður hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Hvort ég vilji banna vexti eða arð. Að sjálfsögðu ekki. Ég er heldur ekki á móti því að hlutafélög blómstri, enda er ég fylgjandi blönduðu markaðskerfi. Ég andmæli hins vegar því að grunnþjónustan í landinu, hvort sem hún er skólpið, drykkjarvatnið, raforkan, að ekki sé minnst á heilbrigðisþjónustuna, sé einkavædd og færð út á markaðstorgið, í samræmi við það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert að hugsjón sinni.

Varðandi arðinn og vextina vil ég hins vegar að sjálfsögðu reyna að halda slíkum greiðslum frá samfélaginu og niður í vasa fjárfesta í algeru lágmarki. Ég lít á það sem hlutverk mitt sem hagsmunagæslumanns fyrir samfélagið hér innan veggja þingsins.

[15:07]

Frsm. félmn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki vil ég gera lítið úr áhrifum Vinstri grænna en ég leyfi mér að efast um að rödd þeirra hafi nú mótað þetta frv., enda hefur aldrei staðið til — það hefur komið fram hjá núverandi félmrh. þegar hann mælti fyrir frv., sem og forvera hans, að markmið frv. er ekki að einkavæða vatnsveitur. Nú hengir hv. þm. Ögmundur Jónasson sig nokkuð í það að í frv. eru ákvæði um að vatnsveitur skuli vera í meirihlutaeigu hins opinbera, ríkis eða sveitarfélaga. Hið sama gildir í rauninni um brtt. sem fylgir frá hv. þingmönnum Samf. og væntanlega verður rædd hér síðar í dag.

Þá vilja menn túlka það þannig að það að það skuli ekki vera 100% í eigu hins opinbera sé vottur um einkavæðingu. Þá vil ég benda á að þetta tekur mið af nauðsynlegum sveigjanleika, m.a. vegna þess að það er að gerast um þessar mundir að ýmsir aðilar í orkubransanum eru að renna saman. Ég nefni t.d. bændur sem hafa verið að virkja hjá sér. Ég nefni líka samruna minni orkufyrirtækja við stærri til þess að skapa stærri einingar. Í orkubransanum má líta á t.d. vindmyllur sem menn m.a. á Suðurlandi eru að ræða um að koma upp, vindgörðum sem einkaframtak til að framleiða rafmagn. Hvað ef þessir aðilar vilja síðan sameinast stærri fyrirtækjum? Á þá að útiloka þá eða eiga þeir þá að afsala sér þessum eigum sínum?

[15:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vonandi rétt að það hafi ekki verið Vinstri hreyfingin – grænt framboð ein sem hafi viljað standa vörð um vatnsveiturnar og koma í veg fyrir að vatnið, drykkjarvatnið, yrði einkavætt. Það er engu að síður staðreynd að þegar um þessi mál var deilt sl. vor stóðum við þá vakt, þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Málflutningur okkar og málafylgja olli því að málið var tekið út úr þinginu. Þetta er bara staðreynd. Og menn geta alveg látið okkur njóta sannmælis fyrir það.

Hins vegar fagna ég því ef sá málflutningur og sú málafylgja hefur orðið þess valdandi að menn vakni upp við þær hættur sem stafa af því að einkavæða og markaðsvæða grunnréttindi á borð við drykkjarvatnið. Þá er það fagnaðarefni. Ég tel til góðs að þær breytingar sem þó hafa verið gerðar á frv. muni að öllum líkindum ná fram að ganga. Þar er verið að nálgast okkar sjónarmið. Það þykir mér rétt.

Varðandi það sem hv. þm. Hjálmar Árnason nefnir, að bændur reka veitur og það eru ekki einvörðungu sveitarfélög og opinberir aðilar, er það nokkuð sem ég geri mér alveg grein fyrir. Ég er ekki viss um að ég kunni alveg svörin við því að öllu leyti. Það sem við hins vegar verðum að gera þegar við erum að tala um lagasmíð sem setur þessari starfsemi lagaramma til framtíðar er að takast á um það hvort við eigum að fara með þessa starfsemi, hvort við eigum að fara með vatnið, drykkjarvatnið, á markað eða hvort við eigum ekki að gera það, hvort við eigum að verða við beiðni og áskorunum samtaka launafólks á Íslandi eða hvort við eigum að láta Verslunarráðið ráða. Ég vil fylgja ráðum launafólks.

[15:11]

Frsm. félmn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Hv. þm. Ögmundur Jónasson viðurkennir það hér, og ber að virða það, að hann veit ekki alveg hvaða lausn á að vera á því ef orkufyrirtæki vilja ganga til samstarfs við einkaaðila, svo sem eins og bændur, eða aðra sem kunna að fara út í þennan orkugeira eins og vindmylludæmið sem ég nefndi hér áðan eða aðra slíka. Frv. er einmitt sniðið að þessu umhverfi. En það eru ekki einkavæðingaráform sem búa þar að baki, heldur áform um að hafa sveigjanleikann til að geta farið í samstarf við slíka aðila sem ég tel af hinu góða og hefur ekkert með einkavæðingu að gera.

Þar að auki er einmitt með þessu almenna ákvæði í sveitarstjórnarlögunum, sem er vísað til og eins og þetta frv. er lagt upp með þar sem vísað er til hinna almennu arðsemissjónarmiða, þetta er bara alls ekkert mjög fýsilegt fyrir fjárfesta.

Að lokum vil ég bara segja það að ef menn ætluðu sér að einkavæða vatnsveitur mundu menn einfaldlega segja það. Það er ekkert flóknara en svo. Hér er ekki verið að fara inn á þá braut, enda eru menn ekkert að tala um það, ekki nema hv. þm. Ögmundur Jónasson, og ég held að hann sé eiginlega að búa sér til ímyndaðan óvin. Ef menn ætluðu sér að fara út í þær hugmyndir mundu menn einfaldlega segja það.

[15:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru engir ímyndaðir óvinir. Ég er að vísa í hagsmunaaðila á borð við Verslunarráð Íslands sem berst fyrir því af alefli að grunnþjónustan í samfélaginu verði einkavædd og markaðsvædd. Þetta eru bara staðreyndir. Og það er líka staðreynd að á vettvangi Evrópusambandsins er tekist mjög harkalega á um stefnuna í þessum málum núna. Þar eru annars vegar samtök atvinnurekenda og systur- eða bróðursamtök Verslunarráðsins og aðilar af því tagi sem þrýsta mjög á um einkavæðingu þessarar þjónustu. Hins vegar er verkalýðshreyfingin sem stendur vaktina. Sama mynstur er hér uppi. Við vitum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í hvorum hópnum við erum.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Samf. í hv. félmn. höfum skrifað undir þetta nál. með fyrirvara en ásamt mér eru það Helgi Hjörvar og Valdimar L. Friðriksson. Við styðjum málið en fyrirvari okkar varðar efni 4. gr. frv. sem ég vil lýsa nokkru nánar.

Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar hafa verkalýðsfélögin, þ.e. bæði BSRB og Alþýðusamband Íslands, gert mjög harðar og alvarlegar athugasemdir við 4. gr. sem að þeirra mati er þannig að þau óttast að þetta sé fyrsta skrefið að því að setja vatnsveitur úr höndum sveitarfélaga og setja þær til einkaaðila.

Ég minnist þess ekki að Alþýðusamband Íslands hafi á fyrri stigum málsins, þegar það var til umfjöllunar á 128. löggjafarþingi, sett fram svona harðar athugasemdir við það og við teljum full efni til þess að taka mark á þeirri umsögn sem kemur frá Alþýðusambandi Íslands um málið.

BSRB skilar mjög ítarlegri umsögn og er efni hennar að mörgu leyti svipað þeim athugasemdum sem fram koma hjá ASÍ. BSRB segir, með leyfi forseta, að ekki sé „hægt að afsala þessari lögboðnu skyldu að öllu eða hluta til í hendur einkaaðila og gera vatn þar með að markaðsvöru þar sem þeir einir fái notið sem greiði uppsett verð."

BSRB lagði til ákveðna breytingartillögu við frv. sem það rökstyður svo, með leyfi forseta:

„Þó BSRB telji þá skilyrðingu á meðhöndlun hlutabréfa í hugsanlegri hlutafélagavæddri vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 2. mgr. 4. gr., vera til bóta frá fyrra frumvarpi sama efnis, þá telur BSRB hana ekki fullnægjandi. Vill BSRB benda á að þó svo framsal sveitarfélags á einkarétti sínum og skyldum sé bundið við stofnun eða félag sem er í meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga, þá hindrar það ekki einkaaðila sem þátttakanda í því hlutafélagi að fara þar með ráðandi hlut.

BSRB leggur því til að orðin „að meiri hluta" í 2. mgr. 4. gr. verði felld brott."

Það er raunverulega sú tillaga sem við fulltrúar Samf. í félmn. tökum undir og leggjum til að þau orð falli brott. Ef sú breytingartillaga nær fram að ganga mundi þessi málsliður 4. gr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum."

Ég vil aðeins fá að vitna örstutt í stutta umsögn Alþýðusambands Íslands sem lýsir fullkomlega þeim sjónarmiðum sem standa að baki breytingartillögu okkar en í umsögn ASÍ segir, með leyfi forseta:

„Það er skoðun ASÍ að aðgangur að vatni sé eitt af grundvallarmannréttindum og ber að líta á það í ljósi samfélagslegra sjónarmiða og heilbrigðisþátta fremur en viðskiptasjónarmiða. ASÍ lítur því svo á að það sé skylda sveitarfélaga að tryggja nægilegt, ódýrt og hreint vatn og það sé réttur íbúa viðkomandi sveitarfélaga að hafa tryggan aðgang að vatnsveitum í opinberri eigu."

Það kom mjög ítarlega fram bæði í umsögn ASÍ og BSRB líka að þau telja að reynsla annarra þjóða hafi sýnt að þar sem opinberar vatnsveitur hafa verið einkavæddar hafi þjónusta þeirra yfirleitt versnað og vatnsgjöld hækkað. Er það mjög ítarlega rökstutt einkum í umsögn BSRB, sem ég ætla ekki að fara út í nánar, en þetta eru hlutir sem þessir aðilar hafa kynnt sér sem ástæða er til að taka mark á.

Og áfram segir í umsögn ASÍ, með leyfi forseta:

„Frumvarpið opnar fyrir þann möguleika að hlutafélagaváeða vatnsveiturnar. ASÍ óttast að þetta sé fyrsta skrefið í því að selja vatnsveitur úr höndum sveitarfélaga og selja þær til einkaaðila. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt það að þar sem opinberar vatnsveitur hafa verið einkavæddar hefur þjónusta þeirra yfirleitt versnað og vatnsgjöld hækkað. Vatnsveitur eru hluti af almennri grundvallarþjónustu við almenning og fyrirtæki auk þess að vera í einokunaraðstöðu. Því er mikilvægt að tryggja að vatnsveitur verði ekki seldar einkaaðilum í framtíðinni, né að rekstur þeirra verði settur undir markaðslegar forsendur um skammtímahagnað. ASÍ leggur áherslu á að vatn er ekki venjuleg verslunarvara og að vatnsveitur hafa samfélagslegu hlutverki að gegna. Þær á því ekki að reka með hagnaði, heldur á miða vatnsgjöld og aðrar tekjur við það að þær standi undir stofnkostnaði og rekstri vatnsveitunnar.

Það er grundvallarsjónarmið ASÍ að vatnsveitur séu í eigu opinberra aðila þar með talið grunnvatnsréttindi, vatnsból, fasteignir vatnsveitunnar, fastur tækjabúnaður, vatnsæðar og aðrir fastafjármunir.

Ákvæði í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins á að tryggja það að rekstur vatnsveitna verði ekki falinn einkaaðila eða lögaðila sem ekki er að meiri hluta í eigu opinberra aðila. Það er hins vegar mat ASÍ að þetta ákvæði sé gallað og komi ekki í veg fyrir að einkaaðili nái ráðandi hlut í því fyrirtæki sem sveitarfélagið hefur framselt einkahlut sinn til vatnsveitu. Hægt er að hugsa sér þær aðstæður þar sem samanlagður hlutur opinberra aðila er 51% en einn einkaaðili fer með 49% hlut og fer þar með ráðandi hlut í félaginu. Því er mikilvægt að tryggja að einn einstakur opinber aðili fari með ráðandi hlut í félaginu eða stofnuninni."

Það er einmitt þetta sem sú breytingartillaga á að tryggja sem við flytjum hér og ég hef lýst.

Ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að fara efnislega frekar ofan í málið. Það voru miklar umræður um heimild til arðgreiðslu sem aðrir ræðumenn hafa komið inn á á undan mér og skal ég ekki ræða það, enda var niðurstaðan sú að gera engar breytingar á frv. að því er þann þátt varðar. Ég vil þó aðeins í lokin nefna að ég hef að sumu leyti nokkrar áhyggjur af því ákvæði sem kemur inn í 6. mgr. 5. gr. sem kveður á um að krefja notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar vatnseignar að auka vatnsþrýsting hennar m.a. vegna brunavarna. Maður veltir þá fyrir sér hvort verið er að setja nýjar gjaldtökur á eða hvaða fjárhagsleg áhrif það hefur. Þau svör sem við fengum eru að ákvæðið væri nýmæli og komi inn að tillögu Samorku og menn treysta sér ekki til að segja neitt um

fjárhæðir en gera ráð fyrir að þær geti í einstökum tilvikum verið verulegar. Í athugasemdum við frv. segir einmitt um þetta, með leyfi forseta:

„Jafnframt er lagt til að í 6. mgr. komi heimild til að krefja notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna."

Eftir því sem upplýst var í nefndinni eru röksemdir Samorku fyrst og fremst þær að eðlilegt sé að framkvæmdaraðili taki a.m.k. þátt í hluta af kostnaði þegar framkvæmdir krefjast þess að ráðist verði í sérstakar ráðstafanir vegna eðlis þeirrar starfsemi sem fram á að fara í húsinu. Nú má vera að þessar röksemdir eigi fyllilega rétt á sér en það er alltaf óþægilegt, finnst mér, að afgreiða frá sér ákvæði eða frv. og gera það að lögum án þess að menn geri sér fyllilega grein fyrir hvaða útgjöld það hafi í för með sér fyrir notendur. En eftir því sem við komumst næst eftir yfirferð í félmn. um þessi mál er gengið út frá því að þetta ákvæði frv. verði ekki íþyngjandi fyrir notendur og muni ekki hafa áhrif til hækkunar á gjaldskrá. Í trausti þess, hæstv. forseti, munum við styðja málið með þeirri undantekningu og fyrirvara sem ég hef lýst og leggjum til að sú breytingartillaga sem við höfum flutt verði samþykkt.

[15:23]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem hæstv. félmrh. leggur fram er að mestu leyti mjög gott. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara þar sem ég var ósáttur við 4. gr. frv., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum."

Starfræksla vatnsveitu utan þéttbýlis er ekki skylduverkefni sveitarfélaga. Þetta skylduverkefni tekur því aðeins til hluta íbúanna. Sveitarfélög hafa samkvæmt þessu frv. einkaleyfi til þess að reka vatnsveitu og selja vatn. Þessar skyldur sveitarfélaganna má eingöngu fela stofnun eða fyrirtækjum sem að meiri hluta eru í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga.

Hvað er að gerast t.d. hjá Hitaveitu Suðurnesja? Hún hefur verið að kaupa orkufyrirtæki þar með talið vatnsveitur sveitarfélaga og því koma viðkomandi sveitarfélög ekkert að rekstri vatnsveitnanna en eiga hlutabréf í Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveitan er þó ábyrg fyrir vatnsveitu viðkomandi sveitarfélags þó svo að sveitarfélagið selji hlutabréf sín í Hitaveitu Suðurnesja.

Hvað gerðist ef Reykjanesbær og Grindavík seldu hlutabréf sín í Hitaveitu Suðurnesja? Þau eiga rúm 49% í Hitaveitu Suðurnesja. Önnur sveitarfélög, Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar, Sandgerði, Garður og Vogar og ríkissjóður geta ekki selt hlutabréf sín nema opinberum aðilum. Með öðrum orðum: Þau geta ekki selt eignir sínar til þess að greiða niður skuldir. Ég hefði viljað sjá heimildarákvæði í 4. gr. um að vatnsveita geti verið í eigu annarra með sömu skyldum og um væri að ræða ábyrgð sveitarfélags. Það er kannski ekki spennandi fjárfesting að kaupa slíkt fyrirtæki, sérstaklega þegar ekki næst samstaða um heimild til að njóta arðsemi af rekstrinum. Það er ekki einu sinni heimild til að njóta arðs með hagræðingu án þess að gjaldskrá hækki. Þetta er ekki hvetjandi fyrir fjárfesta eða rekstraraðila.

Ef arður væri af slíkum rekstri væri hægt að nýta hann í niðurgreiðslu á annarri gjaldskrá hjá þeim fyrirtækjum sem reka samhliða rafveitu og hitaveitu. Það var af þeim ástæðum sem ég skrifaði undir með fyrirvara og ég hefði viljað sjá 4. gr. gefa sveitarfélögunum meira svigrúm en um getur í greininni, en það náði ekki fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég undrast mjög þessa breytingartillögu. Hér er verið að koma í veg fyrir að sveitarfélög eða opinberir aðilar geti selt hlutabréf sín í orkufyrirtækjum til þess að greiða niður skuldir eða ráðstafa andvirði hlutabréfa þeirra í orkufyrirtækjum í önnur mikilvæg verkefni. Sérstaklega kemur mér á óvart hv. þm. Helgi Hjörvar, sem flutti breytingartillögu ásamt samflokksmönnum sínum við afgreiðslu á fjárlagafrv. um að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja og ráðstafa andvirði þess í atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi. Í þeirri breytingartillögu er verið að koma í veg fyrir að slík sala fari fram, nema þá til sveitarfélaga sem yfirleitt hafa ekki burði í slíkar fjárfestingar. Það verður gaman að sjá hvernig samflokksmenn Helga í fjárln. greiða þeirri tillögu atkvæði.

Ef tillaga þessi verður samþykkt gerum við að engu þriggja ára áætlanir sveitarfélaga sem hafa hug á því að selja eignir, sem eru m.a. hlutabréf í orkufyrirtækjum, og komum í veg fyrir að þau geti greitt niður skuldir. Við sem erum í félmn., sem fer með málefni sveitarfélaga, höfum áhyggjur af fjárhagsstöðu og skuldum sveitarfélaga og svo koma fulltrúar Samf. í félmn. með breytingartillögu sem útilokar að sveitarfélög geti létt á skuldum sínum með sölu hlutabréfa í orkufyrirtækjum sem jafnframt eru með rekstur á vatnsveitum.

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil áminna hv. þm. um að ávarpa þingmenn með viðeigandi hætti.)

[15:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Um málið sem við nú ræðum, þótt orðið sé mikið breytt frá því sem var, fóru fram miklar umræður á 128. löggjafarþingi. Í þeim drögum sem við ræddum þá var fyrirhugað að selja mætti vatnsveitur til einkafyrirtækja og einkavæða rekstur þeirra án þess að sveitarfélögin hefðu beina aðkomu að. Um þetta urðu miklar deilur eins og menn muna sem fylgdust með þeirri umræðu og við höfðum margir, m.a. sá sem hér stendur, mikinn fyrirvara við að fara þá leið og töldum að þar væri verið að stíga skref í átt til einkavæðingar sem ekki teldist eðlileg og töldum að ekki væri rétt að stíga skrefið með þeim hætti sem lagt var upp með á 128. þingi.

Nú hefur málið fengið mikla umfjöllun og er að mörgu leyti komið í mun betri búning en áður var þannig að ég sé ekki annað en að meiri hluta til megi fallast á efni þessa frv. Ég er hins vegar orðinn þess sinnis, hæstv. forseti, eftir að hafa séð hin einstöku einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar, framkvæmd þeirra og afleiðingar, að það sé óhætt að fara varlega í þessum skrefum og við hefðum kannski betur farið varlega í ýmsum einkavæðingarskrefum sem við höfum stigið í þjóðfélaginu á undanförnum árum og séð til þess að breytingarnar gerðust hægar, m.a. með dreifðri eignaraðild að bönkum, með takmörkunarheimildum á framsali einkavæðingar þegar bankarnir áttu í hlut og að breytingarn-

ar hefðu gerst hægar en þær gerðu. Hér hafa orðið miklar sviptingar í sambandi við einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Niðurstaða mín er því sú að í þeim búningi sem málið er nú sé hægt að styðja það eins og það liggur fyrir, en ég tek samt undir og styð breytingartillögu sem Samf. hefur lagt hér fram, en að við flýtum okkur hægt í því að færa eignarböndin of mikið frá sveitarfélögum og að vatnsveiturnar geti verið í meirihlutaeigu einhverra annarra. Ég tel að við eigum að sjá til þess að við förum þá vegferð mjög gætilega.

Þetta segi ég m.a. vegna þess sem ég áður sagði að ég held að það sé ýmislegt að varast í því einkavæðingarferli sem við höfum farið. Núna stendur til að fara að selja Símann og ég ætla að segja það við þessa umræðu að ég er algjörlega andvígur því að dreifikerfi Símans sé selt. Það kann vel að vera að hægt sé að selja Símann sem fyrirtæki en ég tel að dreifikerfið eigi að vera eign ríkisins og ríkið eigi að sjá til þess að fyrirtæki hafi aðgang að dreifikerfinu. Eins og málið er í pottinn búið lýsi ég því yfir að ég mun styðja brtt. sem hefur verið lögð fram en tel að frv. sé komið í mun betri búning en það var á 128. löggjafarþingi og vona að það skref sem við erum núna að stíga sé ekki meira en það að við getum öll verið sátt við það í framtíðinni og alveg óþarfi að flýta sér meira en hér er lagt upp með.

[15:31]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga sem er að koma til 2. umr. hefur verið til meðhöndlunar í þinginu áður, m.a. á síðasta þingi. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir var hart tekist á um frv. þá og fyrir sérstakan atbeina þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var afgreiðslu frv. frestað fyrir ári síðan. Það voru svo hörð einkavæðingarákvæði í því frv. að að mati þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var fullkomlega óásættanlegt að afgreiða það þannig. Það gleðilega við það er að nú er eins og það sé vakning, bæði í þinginu og hjá öflugum samtökum og einstaklingum í þjóðfélaginu um að kannski sé þessi einkavæðing á almannaþjónustunni sem hefur verið í gangi á undanförnum árum ekki að leiða til góðs. Þær umsagnir sem hefur verið vitnað í um frv., frá stórum samtökum eins og Alþýðusambandi Íslands og frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja lúta að því að aðgengi að vatni sé hluti af grundvallarmannréttindum og að almannaþjónusta og almannaheill snúi að því að allir geti haft aðgang að vatni, það sé ekki ofurselt einkaframtaki eða einkaaðilum sem geta haft rekstur á því fyrst og fremst til eigin gróða.

Það er því mjög ánægjulegt þó svo að enn þá sé í frv. of mikill einkavæðingarþefur, einkavæðingarbragur, sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefðum gjarnan viljað fá enn þá betur út, er einkavæðingaráráttan sem hefur tröllriðið núverandi ríkisstjórn á undanförnum árum sem betur fer á nokkru undanhaldi. Það er líka ánægjulegt hvað þessi stóru samtök hafa skilað afdráttarlausum umsögnum um andstöðu sína við hlutafélagavæðingu og markaðsvæðingu almannaþjónustunnar eins og neysluvatnsins.

Í því samhengi má nefna að sama verður upp á teningnum núna með afgreiðslu raforkulaganna, um dreifikerfi raforkunnar, sem er líka árátta. Innan skamms mun liggja fyrir þinginu frv. um hlutafélagavæðingu og heimild til sölu á dreifikerfi raforku. Og sömu samtök hafa einmitt lagst alfarið gegn einkavæðingunni á raforkukerfinu.

Það er von mín að sú umræða sem hefur átt sér stað um vatnsveitur sveitarfélaga og sú áréttting að þetta séu grundvallarmannréttindi, grunnalmannaþjónusta, og eigi þess vegna að vera á samfélagslegri ábyrgð, að sú umræða komi einnig mjög sterk í umræðuna um raforkudreifinguna þannig að einnig þar hugsi ríkisstjórnin sig um áður en hún keyrir áfram þau einkavæðingarákvæði og þau markaðsvæðingarákvæði sem eru í frv. um dreifingu á raforku sem liggur fyrir þinginu.

Frú forseti. Ég kom hér upp til þess að árétta sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gagnvart þeirri almannaþjónustu sem á að vera á almannaábyrgð, á að vera á ábyrgð sveitarfélaganna og ríkisins. Það á ekki að einkavæða vatnsveiturnar, það á ekki að markaðsvæða kalda vatnið okkar og vonandi drögum við líka þann lærdóm af þessari umræðu að einkavæðingarákvæðin í nýju frv. um flutningskerfi raforku verði líka að endurskoða því einkavæðingin á ekkert frekar heima í dreifikerfi raforku. Kannski væri rétt að huga að því að stjórnsýsla dreifikerfis raforku færi frá iðnrn. og heyrði undir félmrn. til að undirstrika að þetta er almannaþjónusta. Dreifing raforku er hluti af almannaþjónustunni og ætti þess vegna kannski frekar að heyra undir félmrn., hliðstætt við frv. til laga um vatnsveitur og vatnsveiturnar heyra undir almannaþjónustuna.

Frú forseti. Ég vona að við séum hægt og bítandi að vinna á einkavæðingunni í almannaþjónustunni og meira að segja harðsvíruðustu einkavæðingarsinnar í Framsfl. fari líka að sjá að sér og trappi niður einkavæðinguna í almannaþjónustunni.

[15:37]

Frsm. félmn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var að mörgu leyti athyglisverð ræða. Það er eins og hv. þm. Jón Bjarnason hafi verið búinn að sefja sig upp í að ræða um frv. sem fæli í sér einkavæðingu. En það hefur margsinnis komið fram að það er ekki markmið frv. og tilgangurinn er ekki sá.

Hv. þm. nefndi einkavæðingu Landssímans, og það er alveg rétt, ríkisstjórnarflokkarnir hafa tekið ákvörðun um það og hafa flutt frv. um það sem hefur verið samþykkt og þá segja menn að þeir ætli sér að einkavæða. Hefðu menn ætlað sér að einkavæða vatnsveiturnar með þessu frv. hefðu menn líka sagt það.

Ég vil segja enn einu sinni að hér er verið að opna fyrir þann möguleika að samruni geti átt sér stað milli starfandi orkufyrirtækja og einkaaðila á borð við bændur í orkugeiranum sem vilja hugsanlega fara til samstarfs við slíka aðila. Það er mjög mikilvægt að opna fyrir þann sveigjanleika. Ef sá sveigjanleiki er ekki settur inn verða bændur, sem eru með veitur sínar og vilja hugsanlega fara í samstarf við aðra eða nýir aðilar sem t.d. ætla sér að koma upp vindgörðum til að framleiða rafmagn, úti. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Jón Bjarnason leggist gegn slíku samstarfi m.a. hjá bændum.

[15:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var einmitt að fagna því að það hefðu orðið nokkrar breytingar á frv. til laga um vatnsveitur frá því að það var fyrst lagt fram. Þær breytingar hafa orðið til bóta. Þær hafa áréttað að vatnsveitur eru almannaþjónusta þó svo að enn þá séu inni markaðsvæðingarhugtök og markaðsvæðingarákvæði sem ég teldi betra að færu út.

Ég vakti þess vegna athygli á því að það frv. sem liggur fyrir þinginu um flutningskerfi raforku er mjög svipað og frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga var þegar það kom fyrst fram fyrir tveimur árum. Á því hafa orðið töluverðar breytingar og ég var að vonast til þess að ráðherrar Framsfl. sem bera ábyrgð á þessum málaflokki mundu sjá að sér og breyta líka frv. til laga um flutning á raforku með því að fella burt markaðsvæðingar- og einkavæðingaráformin í því frv.

Það er síðan allt annað mál hvernig við tengjum möguleika einstakra aðila til að virkja og tengja orku sína inn á þjónustukerfið. En dreifikerfið til almennings og til atvinnulífsins á að vera á opinberri ábyrgð og gæði og öryggi þjónustunnar hvað varðar dreifingu á rafmagni á að vera á opinberri ábyrgð þó svo að fleiri geti komið þar að til þess að framleiða raforkuna inn á kerfið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:41]

Útbýting þingskjala:

Borgaralegir og hernaðarlegir þættir í starfi Íslensku friðargæslunnar, 859. mál, fsp. SJS, þskj. 1317.

Markaðssetning dilkakjöts erlendis, 860. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1318.

Skattgreiðslur vegna virkjunarframkvæmda, 863. mál, fsp. SJS, þskj. 1321.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 854. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 1311.

Vátryggingarsamningar, 204. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1316.

Vátryggingarsamningar, 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 215, nál. 1286, brtt. 1287.

[15:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um vátryggingarsamninga frá hv. efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Kjartan Gunnarsson og Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti og Sigmar Ármannsson og Gunnar Felixson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný lög um vátryggingarsamninga sem felur í sér allnokkrar breytingar frá núgildandi lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, hvað varðar uppbyggingu og áherslur. Framlagning frumvarpsins á sér nokkurn aðdraganda og telur nefndin ljóst að reynt hafi verið að vanda til allrar vinnu bæði við einstakar greinar þess og eins athugasemdir sem eru mjög ítarlegar. Ráðherra skipaði nefnd sérfræðinga til að vinna að frumvarpinu og samráð var haft við fjölda aðila á ýmsum stigum málsins auk þess sem drög að frumvarpinu voru gerð aðgengileg almenningi á heimasíðu ráðuneytisins. Frumvarpið var lagt fram á 128. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá.

Segja má að aðaleinkenni frumvarpsins sé aukin neytendavernd sem kemur m.a. fram í aukinni upplýsingaskyldu vátryggingafélaga. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að samningsfrelsi vátryggingafélaga og vátryggingartaka verði skert þar sem ákvæði frumvarpsins eru að meginreglu til ófrávíkjanleg.

Frú forseti. Ákvæðum frumvarpsins er skipt í tvo meginkafla. Sá fyrri fjallar um skaðatryggingar og sá síðari um persónutryggingar en kaflarnir samsvara hvor öðrum. Að auki eru tveir smærri kaflar í lokin þar sem finna má almenn ákvæði og ákvæði sem mæla fyrir um gildistöku og breytingar á öðrum lögum. Nefndin telur þessa uppbyggingu góða og líklega til að gera lög um vátryggingarsamninga aðgengilegri almenningi en núgildandi lög. Að teknu tilliti til þess hve mikilvægt það er að lög á þessu sviði séu skýr styður nefndin að sú leið hafi verið valin að semja frumvarp til nýrra heildarlaga fremur en að leggja fram tillögu um verulega viðbót og breytingu á núgildandi lögum. Uppbygging frumvarpsins er að norskri fyrirmynd og getur þarlend réttarframkvæmd síðustu ára ef til vill nýst að einhverju marki við lögskýringu á meðan ákvæði frumvarpsins festast í framkvæmd hér á landi, verði það að lögum.

Við meðferð málsins reyndi nefndin að afla upplýsinga um hvaða áhrif samþykkt fyrirmyndarinnar í Noregi hafi haft á tryggingarkostnað þar. Staðfestar upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir en svo virðist sem lagabreytingarnar í Noregi hafi haft mjög takmörkuð áhrif á verð tryggingа þar, í það minnsta gátu þarlend neytendasamtök ekki staðfest verulega hækkun vegna þeirra. Það verður því að teljast ólíklegt að ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, muni hækka tryggingaverð svo að nokkru nemi til langs tíma litið. Tryggingafélög munu að sjálfsögðu hafa einhvern kostnað af endurgerð skilmála og aðlögun að nýjum reglum. Á móti kemur að tryggingafélög sinna nú flestum skyldum sem lagðar eru á þau með frumvarpinu auk þess sem þar er reynt að gera allar reglur skýrari en nú og ætti það að fækka dómsmálum. Það minnkar kostnað.

Nefndin ræddi nokkuð notkun orðsins „afhenda“ í frumvarpinu og hvort með því væru lagðar of miklar skyldur á tryggingafélög varðandi afhendingu upplýsinga til viðskiptavina og möguleg þróun rafrænna viðskipta á þessu sviði jafnvel takmörkuð. Í þessu tilliti ræddi nefndin m.a. þann möguleika að leggja til breytingar þannig að notað yrði annað orð eða hugtak sem mætti telja opnara, t.d. „að láta í té“. Niðurstaða nefndarinnar var þó sú að leggja ekki til breytingar á þessu. Nefndin telur koma skýrt fram í athugasemdum með frumvarpinu að alls ekki sé ætlast til þess að orðið sé skilið bókstaflega þannig að afhending skilmála, skírteinis, breytinga á þessu tvennu o.fl. þurfi að fara fram hönd í hönd heldur geti tryggingafélög í flestum tilvikum uppfyllt skyldur sínar um afhendingu á rafrænan eða annan sannanlegan en hagkvæman hátt.

Við meðferð frumvarpsins bárust nefndinni ítarlegar umsagnir fjölda aðila sem nefndin hefur tekið tillit til að nokkru leyti.

Helstu breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

1. Í a-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er heimiluð undantekning frá ófrávíkjanleika ákvæða fyrsta hluta frumvarpsins þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og rekstraraðilinn hefur fleiri en tíu ársverk á hendi auk hærri heildarveltu en 500 millj. kr. samkvæmt ársreikningi eða ef niðurstöðutala efnahagsreiknings nær 200 millj. kr. samkvæmt ársreikningi. Mælir nefndin með að þessu verði breytt þannig að aðeins verði miðað við að rekstraraðili hafi fleiri en fimm ársverk og undanþága verði óháð niðurstöðum á ársreikningi. Þetta er gert til einföldunar og talið er að

þetta nái til fleiri atvinnufyrirtækja en ella en jafnframt sé haldið þeim eiginleika frumvarpsins að vera neytendavernd gagnvart einstaklingum.

2. Lagt er til að upplýsingaskylda vátryggingafélaga skv. 6. gr. verði takmörkuð þannig að upplýsingaskylda skv. 1. mgr. vakni aðeins ef samningur á að grundvallast á annarri löggjöf en þeirri íslensku, þ.e. að það þurfi ekki að upplýsa menn um íslensk lög.

3. Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 10. gr. sem miða að því að tryggja að vátryggingarskírteini verði stutt og skýrt og þar komi fyrst og fremst fram grundvallaratriði, áréttíng á ákveðnum þáttum skilmála auk ákvæða vátryggingarsamnings sem ekki koma fram í skilmálum. Samsvarandi breyting er lögð til á 70. gr. frumvarpsins sem fjallar um persónutryggingar. Þá er lagt til að 3. mgr. greinarinnar falli brott.

4. Lagt er til að 2. mgr. 11. gr. falli brott og tengist það breytingum sem lagðar eru til á 10. gr.

5. Lagðar eru til breytingar á 19. gr. sem fyrst og fremst miða að því að tryggja að gætt sé góðra viðskiptahátta og ekki gengið lengra en nauðsynlegt er við öflun upplýsinga um líf og heilsu vátryggingartaka og vátryggðs. Samsvarandi breyting er lögð til á 82. gr.

6. Lagt er til að síðari málsliður 1. mgr. 27. gr. falli brott þar sem ekki er hægt að fallast á efni hans og honum ofaukið þar sem hann stendur nú.

7. Lagt er til að „skipum" verði bætt við upptalningu í a-lið 2. mgr. 29. gr. til að takmarka vafa sem upp gæti komið við lestur greinarinnar.

8. Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 32. gr. sem tekur sérstaklega á hver greiðslufrestur skuli vera ef vátrygging er tekin með einhliða yfirlýsingu sem t.d. er velþekkt við ökutækjatryggingar.

9. Lagt er til að orðalagi 3. mgr. 44. gr. verði breytt og þar lögfest sérregla um samlagsaðild í dómsmálum á þessu sviði þannig að það varði frávísun ef tjónþoli virðir að vettugi kröfu vátryggingafélags um að hann beini máli einnig að vátryggðum. Það er sem sagt ekki nóg að hann beini máli sínu eingöngu að vátryggingarfélagi.

10. Lagt er til að á eftir orðinu „vátryggingarskírteini" í 1. mgr. 56. gr. komi „eða staðfest afrit þess" og þannig gert skýrt að þegar um hópvátryggingu er að ræða þurfi ekki allir í hinum tryggða hópi að fá eiginlegt skírteini í hendur heldur dugi að gefa út eitt skírteini sem aðilar hópsins fá svo afrit af. Að teknu tilliti til hvaða rétt afrit getur veitt þeim sem það hefur í höndum telur nefndin þó rétt að áskilið sé að afrit skuli vera staðfest og geta þá samningsaðilar samið um hvernig það skuli gert og hver geti staðfest afrit.

11. Lögð er til orðalagsbreyting á 3. mgr. 61. gr. svo að skýrt sé um hvers konar vátryggingu sé að ræða.

12. Breytingar sem lagðar eru til á 70. gr. samsvara þeim sem lagðar eru til á 10. gr. eins og áður segir.

13. Lagt er til að sá frestur sem mælt er fyrir um í síðari málslið 2. mgr. 80. gr. verði styttur úr sex mánuðum í fjóra mánuði enda verður sá tími að teljast nægilegur fyrir vátryggingartaka og fá rök fyrir því að halda félagi í óvissu í lengri tíma.

14. Lagðar eru til breytingar á 82. gr. sem samsvara þeim breytingum sem lagðar eru til á 19. gr. og miða að því að skerpa reglur greinarinnar.

15. Lagt er til að nýr stafliður bætist við 86. gr. sem heimilar félagi að gera fyrirvara við tjónsatvik sem rekja mætti til ástands sem vátryggingartaki mátti vita um þegar samningur var gerður.

16. Lagt er til að orðalagi 97. gr. verði breytt þannig að skýrt verði að ákvæðið taki aðeins til hreinna áhættulíftrygginga en ekki til sjúkdómatrygginga.

17. Lagt er til að orðinu „vátryggðs" verði bætt inn í upptalningu 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. og félagi þannig gert að tilkynna honum auk vátryggingartaka og eiganda réttinda um skráningu líftryggingar. Telur nefndin þetta geta takmarkað möguleika á misnotkun og svindli við kaup á líftryggingum.

18. Lögð er til ítarlegri upptalning trygginga í 1. mgr. 124. gr. til að gera greinina skýrari.

19. Lagt er til að orðalagi lokamálsliðar 1. mgr. 125. gr. verði breytt til samræmis við breytingartillögur við 124. gr.

20. Lagt er til breytt orðalag 129. gr. sem samsvarar breytingum sem lagðar eru til á 1. mgr. 56. gr.

21. Loks er lagt til að breytt verði gildistökuákvæði frumvarpsins og gildistöku frestað til 1. janúar 2006. Var það gert til að veita tryggingafélögum lengri aðlögunartíma til að taka upp þær viðamiklu breytingar sem hér eru lagðar til.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Varðandi það hversu viðamiklar þessar breytingar eru þá verður að hafa í huga að frumvarpið sjálft er 147 greinar. Það er því ekki óeðlilegt að nokkrar breytingar þurfi að gera á svo viðamiklu lagafrumvarpi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari þeirra lýtur að takmörkunum á upplýsingagjöf og þá fyrst og fremst 82. gr. frumvarpsins.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu að öðru leyti en því að hann tekur undir þann fyrirvara sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson gera.

Hv. þm. Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson.

[15:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá formanni efh.- og viðskn. skrifum við, þingmenn Samf. í efh.- og viðskn., undir nál. með fyrirvara. Eins og þar kemur fram lýtur fyrirvari okkar fyrst og fremst að takmörkun á upplýsingagjöf, fyrst og fremst 82. gr. frumvarpsins.

Í þessu sambandi vil ég vitna til tveggja umsagna sem okkur bárust um 82. gr., annars vegar frá Persónuvernd og hins vegar frá Læknafélagi Íslands, sem við tökum undir að öllu leyti. Í umsögn Persónuverndar segir, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 82. gr. er kveðið á um að vátryggingafélagi sé óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Félaginu sé einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé að fá slíkar upplýsingar. Persónuvernd fagnar þessu ákvæði en gerir þó

athugasemd við niðurlag þess, þ.e. að þetta bann gildi þó ekki um athugun á núverandi eða fyrra heilsufari manns ins eða annarra einstaklinga. Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að samkvæmt þessari undanþágu má athuga heilsufar skyldmenna til að meta tilefni til þess að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar vátryggingar. Ekki sé hins vegar heimilt að athuga heilsufar skyldmenna til að kanna arfgenga þætti. Persónuvernd telur ekki unnt að aðgreina þetta tvennt. Í athugasemdunum segir raunar að ljóst sé að munurinn á þessu tvennu sé ekki glöggur. Aftur á móti telur Persónuvernd að athugun á heilsufari skyldmenna til að meta tilefni til að rannsaka heilsufar vátryggðs geti eðli málsins samkvæmt ekki falið í sér annað en könnun á því hvort telja megi hættu á arfgengum sjúkdómi og hvort sérstök könnun á heilsufari vátryggðs sé þar af leiðandi nauðsynleg. Leggur Persónuvernd því til að orðin „eða annarra einstaklinga" aftast í 2. mgr. 82. gr. frv. verði felld brott."

Við tökum einmitt upp þessa tillögu, að fella brott orðin „eða annarra einstaklinga" og höfum sett fram slíka brtt. Því miður náðist ekki að dreifa henni fyrir þessa umræðu eða láta samþykkja um hana afbrigði til að hún mætti verða tekin fyrir og greidd um hana atkvæði við 2. umr. þannig að sú brtt. mun lögð fram við 3. umr. og verður þá tekin til atkvæða. Við teljum að með því að taka þessi orð út „eða annarra einstaklinga" sé með afgerandi hætti komið í veg fyrir að heimilt sé að kanna heilsufar skyldmenna viðkomandi sem leitar eftir tryggingum. Við teljum þetta afar mikilvægt.

Ég vil því næst benda á, hæstv. forseti, að Læknafélag Íslands tekur líka undir þetta. Í umsögn þess segir, með leyfi forseta:

„Félagið telur að of langt sé gengið með lokamálslið 1. mgr. 82. gr. Vandasamt getur verið að skera úr um það hvað séu sérstök atriði sem vátryggingartaki má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat tryggingafélags á áhættu. Á það ekki síst við á tímum þar sem læknavísindunum fleygir fram og þeim atriðum fjölgar hratt sem hægt er að halda fram að vátryggingartaki hefði mátt vita um. Er full ástæða til að óttast að tryggingafélög mundu nýta sér lagaákvæði sem þetta til að losna við greiðslu bóta."

Virðulegi forseti. Ég tel nægilegt að vitna til þessa sem rökstuðnings fyrir brtt. okkar. Í annan stað vil ég leggja áherslu á það sem fram kemur í nál., að við reyndum eins og hægt var að nálgast það hvort ákvæði í frv. gætu gefið tryggingafélögunum tilefni til að hækka iðgjaldagreiðslur. Stuðningur minn byggist á því að ég treysti því að ákvæði þessa frv. leiði ekki til þess að tryggingafélögin nýti þau til að hækka iðgjaldagreiðslur. Er að nokkru leyti tekið á því í nál. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 1. umr.

Stjfrv., 829. mál (ÍLS-veðbréf). — Þskj. 1270.

[16:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, sem ég hef þegar mælt fyrir. Í því frumvarpi er lögð til endurskipulagning á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs. Eitt af nýmælum þess frumvarps er ÍLS-veðbréf. ÍLS-veðbréfum er ætlað að koma í stað fasteignaveðbréfa Íbúðalánasjóðs.

Hæstv. forseti. Upphaflegur tilgangur laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga var að jafna greiðslubyrði af fasteignaveðlánum einstaklinga sem tekin voru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Skyldi misgengi sem orsakast af hækkun lánskjaravísitölu eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa ekki valda því að greiðslubyrði af lánum þyngdist. Í frumvarpi þessu er lagt til að við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

„Ákvæði laga þessara taka þó ekki til ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður veitir eða afgreiðir frá og með 1. júlí 2004."

Einnig er lagt til að breyting þessi taki þegar gildi.

Nauðsynlegt þykir að undanskilja ÍLS-veðbréf ákvæðum laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga þar sem þessi gömlu lög valda því að áætlað innstreymi útlána verður óvisst en það eykur að einhverju marki vaxtaáhættu Íbúðalánasjóðs.

Hæstv. forseti. Benda má á að Íbúðalánasjóður hefur fengið heimildir til að mæta greiðsluerfiðleikum lántakenda samkvæmt 48. gr. laga um húsnæðismál og reglugerð um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs. Má þar nefna skuldbreytingu á vanskilum í nýtt lán, frystingu lána og lengingu lána. Telja verður að þessi greiðsluerfiðleikaúrræði geti komið í stað ákvæða laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Varðandi frekari umfjöllun um frv. er vísað í meðfylgjandi greinargerð með frv.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (matsreglur, EES-reglur). — Þskj. 593, nál. 1262, brtt. 1263.

[16:03]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, frá hv. efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti og Guðmund Guðbjarnason frá RSK sem kom f.h. fjármálaráðuneytis og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Einar Guðbjartsson dósent, Albert Ólafsson og Vigni Gíslason frá reikningsskilaráði.

Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu eru tillögurnar sem lagðar eru fram í því byggðar á félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB frá 27. september 2001 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með

takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn samkvæmt samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað orðsins „gangverð" í frumvarpinu komi orðið „gangvirði". Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hafa ensku orðin „fair value" verið þýdd á margvíslegan hátt. Í frumvarpinu er notað orðið „gangverð". Hér er lagt til að notuð verði þýðingin „gangvirði". Enn fremur er lagt til að notað verði orðið „gangvirðisreikningur" í stað orðsins „gangvirðissjóður".

2. Lagt er til að nýr málsliður bætist við 1. gr. frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um það að saman fari mat á fjármálagerningum og skuldbindingum sem tengjast afleiðusamningum á gangvirði og er það í samræmi við þær reglur sem tilskipunin byggist á.

3. Með breytingu á 3. tölul. 2. mgr. a-liðar 2. gr. er verið að samræma orðalag við 1. tölul. a-liðar 3. gr.

4. Með nýrri málsgrein í b-lið 2. gr. er verið að taka af öll tvímæli um að ekki sé heimilt að færa fjármálagerninga og skuldbindingar milli flokka eftir eigin vali á milli ára.

5. Þá gerir nefndin breytingartillögu við gildistökuákvæði frumvarpsins þess efnis að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við samningu ársreikninga fyrir árið 2004 eða síðar og er það í samræmi við tilskipunina sem frumvarpið byggist á. Auk þess er lagt til að ákvæði um innleiðingu tilskipunarinnar verði fært í sér grein.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali, 1263.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópufélög, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (EES-reglur). — Þskj. 214, nál. 1265, brtt. 1266.

[16:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um Evrópufélög, frá hv. efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Elínu S. Jónsdóttur frá dómstólaráði, Ragnar Þ. Jónasson frá Kauphöll Íslands og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins. Þá barst nefndinni nokkur fjöldi umsagna um málið sem segja má að hafi allar verið jákvæðar hvað varðar meginefni frumvarpsins þó svo að einstaka umsagnaraðili hefði kosið breytingar á tilteknum ákvæðum þess.

Meginefni frumvarpsins eru reglur er varða stofnun og stjórnun Evrópufélaga. Fylgiskjal við frumvarpið er íslensk þýðing reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Verði frumvarpið að lögum munu ákvæði reglugerðarinnar hafa lagagildi hér á landi. Með reglugerðinni er félögum er starfa í meira en einu ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins gefinn sá valkostur að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Félög sem velja þetta rekstrarform munu kallast Evrópufélög og verður þeim skylt að hafa skammstöfunina SE í heiti sínu. Evrópufélagsreglugerðin á að öðlast gildi 8. október 2004 og skulu öll aðildarríkin hafa innleitt hana í rétt sinn á þeim degi.

Verði frumvarpið að lögum verður aðild starfsmanna að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélags lögbundin sem er nokkuð frábrugðið því fyrirkomulagi sem venjulegt er hér á landi. Við munum ræða frumvarp þar að lútandi á eftir. Um aðild starfsmanna að Evrópufélögum gilda ákvæði tilskipunar 2001/86/EB. Félagsmálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum sem byggist á tilskipuninni og er nátengt þessu frumvarpi.

Í IV. og VI. kafla frumvarpsins eru dómstólum landsins falin ákveðin verkefni. Dómstólaráð sem fékk málið til umsagnar mótmælti því ekki að dómstólum væru fengin þessi nýju verkefni en fór fram á í umsögn sinni að lagt yrði mat á fjölda mála sem búast mætti við að kæmu til dómstóla ef frumvarpið yrði að lögum og þann kostnaðarauka í rekstri héraðsdómstólanna sem því fylgdi. Þetta ræddi nefndin sérstaklega. Það var niðurstaða nefndarinnar að samþykkt frumvarpsins mundi hafa óveruleg eða engin áhrif á verkefni dómstóla á yfirstandandi fjárlagaári enda ekki hægt að koma Evrópufélagi á laggirnar fyrr en eftir 8. október 2004 þegar reglugerðin tekur gildi. Erfiðara er að spá lengra fram í tímann þar sem ekki er við neina reynslu að styðjast. Það er þó mat nefndarinnar að litlar líkur séu á að um mörg mál verði að ræða fyrstu árin þar sem þetta form á eftir að sanna sig, að öllum líkindum mun það helst henta stærri fyrirtækjum og óvíst er hve spennandi kostur Evrópufélag er fyrir athafnalífið á meðan ekki hefur tekist að samræma ýmsa aðra þætti félagaréttar og skattaréttar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Herra forseti. Frumvarpið og reglugerðin um Evrópufélög eru liður í framþróun félagaréttar á Evrópska efnahagssvæðinu sem Ísland verður að taka þátt í sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að síðari málsliður 3. mgr. 6. gr. falli brott þar sem upptalningin þar er óþörf og fellur ekki vel að fyrri hluta málsgreinarinnar. Þá er lagt til að leiðrétt verði tilvísun sem er í 4. mgr. þannig að þar sem í frumvarpinu stendur „4. mgr." komi: 3. mgr.

2. Lagt er til að í stað orðanna „á ákveðnum degi" í 2. mgr. 13. gr. komi „tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði" og þannig skerpt hvenær kröfuhafar verða að hafa tilkynnt að þeir leggist gegn flutningi Evrópufélags. Það að frestur kröfuhafa til að mótmæla sé festur í ákvæðinu

á þennan hátt á að auðvelda félögum að undirbúa flutning og uppgjör skulda og trygginga.

3. Lagt er til að sá tími sem eftirlitsstjórnarmaður í Evrópufélagi má gegna starfi framkvæmdastjórnarmanns verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá til að auka svigrúm félaga við þær sérstöku aðstæður sem ákvæðinu er ætlað að taka til.

4. Lagt er til að kröfu í 1. mgr. 20. gr. um að fæst fimm menn sitji í eftirlitsstjórn Evrópufélags með tvíþætt stjórnkerfi verði breytt þannig að krafist verði þriggja manna þar sem nefndin telur að í mörgum félögum eigi þriggja manna eftirlitsstjórn að geta sinnt vel þeim verkum sem eftirlitsstjórn er ætlað að sinna.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm.Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (EES-reglur). — Þskj. 540, nál. 1288, brtt. 1289.

[16:14]

Frsm. félmn. (Hjálmar Árnason):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, frá hv. félmn. Frumvarpið tengist frv. sem var til umræðu undir síðasta dagskrárlið, um stofnun Evrópufélaga, en frv. sem er til umræðu nú lýtur að aðild starfsmanna að slíkum Evrópufélögum.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja rétt starfsmannafélaga, sem kunna að verða rekin í Evrópufélagsforminu eins og var lýst undir síðasta dagskrárlið, og þátttöku starfsmanna í stjórn slíkra félaga. Frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á tilskipun ráðsins, nr. 86/2001, og um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32e XVII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002, hvorki meira né minna.

Í athugasemdum sem nefndinni bárust og í skýringum frá Guðjóni Bragasyni, starfsmanni félmrn., kemur fram að í frv. er öllum meginatriðum ákvæðum tilskipunarinnar fylgt en einmitt vegna þess hvers eðlis málið er þarf að vera samræmi milli innleiðingar tilskipunarinnar í íslenskan rétt og þess hvernig tilskipunin er innleidd í rétt annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Gert er ráð fyrir að tilskipunin taki gildi 8. október 2004 og skulu öll aðildarríkin hafa innleitt hana á þeim degi. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast að með félögum okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin gerir ekki miklar breytingar. Það eru aðeins orðalagsbreytingar sem raktar eru á þskj. 1289. Þó er ein efnisleg breyting um gildistöku frumvarpsins, en samkvæmt breytingartillögum okkar er lagt til að gildistakan sé 8. október 2004.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, mælist ég og hv. félmn. til þess að frv. verði samþykkt með þeim smávægilegu breytingum sem ég nefndi.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Ásta Möller, Guðjón Hjörleifsson, Birkir J. Jónsson, Pétur H. Blöndal, Valdimar L. Friðriksson, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn flugslysa, 2. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 644, nál. 1260, brtt. 1261.

[16:17]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frumvarp til laga um rannsókn flugslysa, frá samgn.

Þetta mál hefur fengið allítarlega umfjöllun, bæði á árinu 2002 og 2003 í samgn. og aftur nú í ár. Það nál. sem hér er mælt fyrir er samþykkt samhljóða af samgn.

Fjölmargir aðilar komu til nefndarinnar til að fara yfir málið og var greinilegt að þegar umræðan fór fram hafði mikið verið unnið í málinu. Nokkuð góð sátt virtist því almennt um helstu atriði hjá þeim sem að þessu máli koma.

Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu felur það í sér heildarendurskoðun á löggjöf um rannsóknir flugslysa. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga enda varð samgöngunefnd þá vör við mikla andstöðu við ýmis ákvæði þess frumvarps. Samgönguráðherra skipaði starfshóp 2. maí 2003 sem í voru Andri Árnason hrl., formaður, Hilmar B. Baldursson, f.h. Flugráðs, Loftur Jóhannsson, f.h. Félags íslenskra flugumferðarstjóra, Þormóður Þormóðsson, f.h. rannsóknarnefndar flugslysa, og Kjartan Norðdahl, f.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Starfshópurinn yfirfór eldra frumvarpið og lagði fyrir ráðherra tillögur til breytinga sem virðast hafa tekið nokkurt mið af þeim athugasemdum sem bárust samgöngunefnd vegna eldra frumvarpsins auk þess sem hópurinn leit til þróunar alþjóðareglna á þessu sviði. Það er mat nefndarinnar að vel hafi tekist til við breytingar á frumvarpinu og í athugasemdum sem nefndinni bárust vegna málsins kemur skýrlega fram að mun meiri sátt er um þetta frumvarp en það sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi.

Samgn. leggur þó til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að orðalagi 1. mgr. 2. gr. verði breytt til að auka skýrleika ákvæðisins sem mælir fyrir um hvert skuli vera markmið flugslysarannsóknar.

2. Lagt er til að fyrri málsliður 4. mgr. 3. gr. falli brott enda telur nefndin rétt að aðsetur rannsóknarnefndar flugslysa geti ráðist af aðstæðum og að ekki þurfi að ákveða það í lögum.

3. Lagt er til að orðalagi 2. mgr. 6. gr. verði breytt þannig að skýrt sé að forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður flugslysarannsóknarnefndar skuli hafa sérmenntun auk starfsreynslu á sviði flugmála og/eða flugslysarannsókna. Nefndin telur að orðið „flugmála“ geti haft nokkuð víðtæka merkingu og þannig náð til hinna ýmsu þátta í

flugi, svo sem flugstjórnar, flugumferðarstjórnar, verkfræði, flugréttar o.fl.

4. Lagt er til breytt orðalag í 8. gr.

5. Lagt er til að í stað orðsins „tafarlaust" í fyrri málslið 1. mgr. 11. gr. komi „án ástæðulausrar tafar" þar sem nefndin telur það orðalag ná betur yfir þá skyldu sem verið er að leggja á fólk. Þá er lagt til að vaktstöð samkvæmt lögum nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun, verði bætt við þá aðila sem hafa sérstakar skyldur samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 11. gr. þar sem ljóst er að einstaklingar sem ekki tengjast flugi náið muni ekki hringja beint í rannsóknarnefnd flugslysa heldur miklu fremur í neyðarnúmerið 112 og tilkynna flugslys sem þeir verða vitni að og uppfylla þannig skyldu sína skv. 1. mgr.

6. Lagt er til að í stað orðsins „slyssins" í síðari málslið 1. mgr. 17. gr. komi „flugslyssins" sem er það yfirhugtak sem notað er annars staðar í frumvarpinu.

7. Smávægileg orðalagsbreyting er lögð til við fyrri málslið 2. mgr. 19. gr.

8. Lagt er til að gildistöku verði frestað til 1. september 2004, þar sem eðlilegt er að tími vinnist til að undirbúa gildistöku lagasetningar þeirrar sem hér um ræðir.

9. Loks er lagt til að 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins falli brott.

Ég vil geta þess sérstaklega að nefndin hefur fjallað um atriði sem snýr að varðveislu muna vegna flugslysa varðandi hluta úr vélum eða annað þess háttar. Nefndin er sammála um að ræða það mál á milli funda, taka það aftur inn í samgn. og gera smávægilega breytingu á frumvarpinu sem væri þó afar mikilvæg með tilliti til flugslysa og upplýsinga um þau, geymslu muna eða þess sem hugsanlega gæti haft áhrif á upplýsingu mála.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson og Guðjón Arnar Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Um það gat ég áðan.

Þuríður Backman sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu en þó með fyrirvara hvað varðar skipan rannsóknarnefndar flugslysa. Sá fyrirvari hv. þm. lýtur að því sem segir í frumvarpinu, að flugslysanefnd verði skipuð þremur mönnum, auk tveggja starfsmanna en í eldri lögum var talað um að í flugslysanefnd ættu sæti fimm aðilar.

Nefndarálit þetta er undirritað 25. mars 2004. Undir það rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson og með fyrirvara, hv. þm. *Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson*, Einar Már Sigurðarson og Guðjón A. Kristjánsson.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað aftur til samgn. og síðan til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:27]

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, fyrri umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 572. mál. — Þskj. 862.

[16:45]

Flm. (Birgir Ármannsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson. Þau eru auk mín fulltrúar í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Tillögugreinin orðast svo:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla enn frekar samstarf landanna um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og stuðla að samningum sem tryggi áfram sjálfbæra nýtingu þeirra."

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2003 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 14.–16. ágúst 2003. Ályktunin var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið ályktar að fela ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að auka samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Góður efnahagur Vestur-Norðurlanda, Færeyja, Grænlands og Íslands, er að langmestu leyti kominn undir skynsamlegri nýtingu auðæfa sjávar og af þeim sökum er brýnt að löndin hafi áfram með sér gott samstarf um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Auðlindir hafsins eru ekki óþrjótandi. Arðbær nýting á sameiginlegum fiskstofnum er háð því að Vestur-Norðurlönd standi saman um ábyrga stefnu. Með því móti fá komandi kynslóðir einnig notið þess arðs sem sjávarútvegur aflar íbúum landanna. Afar mikilvægt er að vestnorrænu löndin hafi með sér nána samvinnu um ábyrga fiskveiðistjórn á Norður-Atlantshafi svo að auðlindin nýtist þeim öllum til hagsbóta.

Enginn vafi er á því að Vestur-Norðurlöndum hefur tekist betur en mörgum öðrum að fullnægja grundvallarkröfum um nýtingu fiskstofna. Löndin eru aðilar að alþjóðasamningum um fiskveiðar og milli landanna eru í gildi tvíhliða samningar sem öll löndin hafa hag af.

Ávallt er þó hægt að bæta um betur og þess vegna er mikilvægt að með tvíhliða samningum um fiskveiðar og á fjölþjóðlegum vettvangi, eins og í Norðaustur- Atlantshafsfiskveiðiráðinu, vinni vestnorrænu löndin áfram í sameiningu að eðlilegri þróun sjávarútvegs.

Hingað til hafa Vestur-Norðurlönd getað leyst í sameiningu vandamál varðandi sameiginlega fiskstofna og er tillögu þessari ætlað að stuðla að því að svo verði áfram.

Vestnorræna ráðið beinir því þeim tilmælum til ríkisstjórna Vestur-Norðurlanda að samþykkja ályktun um þetta efni.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:48]

Útbýting þingskjala:

Kuðungsígræðslur, 862. mál, fsp. GAK, þskj. 1320.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1306.

Virðisaukaskattur af áskrift að netmiðlum, 861. mál, fsp. HjÁ, þskj. 1319.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 868. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1326.

Út af dagskrá voru tekin 7., 14. og 16.–18. mál.

Fundi slitið kl. 16:49.

94. FUNDUR

mánudaginn 5. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Háskóli Íslands, stjfrv., 780. mál, þskj. 1184. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 817. mál, þskj. 1245. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 818. mál, þskj. 1246. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 819. mál, þskj. 1247. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 593, nál. 1262, brtt. 1263. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 214, nál. 1265, brtt. 1266. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, stjfrv., 402. mál, þskj. 540, nál. 1288, brtt. 1289. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 644, nál. 1260, brtt. 1261. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867, nál. 1264, brtt. 1279. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 215, nál. 1286, brtt. 1287. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, þáltill., 572. mál, þskj. 862. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326. — 1. umr.
15. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306. — 1. umr.
16. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að þegar að loknum atkvæðagreiðslum um 13 fyrstu dagskrármálin hefst umræða utan dagskrár um horfur í atvinnu- og byggðamálum á Djúpavogi. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Barnavernd, 733. mál, svar félmrh., þskj. 1281.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, 869. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1327.

Búnaðarfræðsla, 879. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1337.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 872. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1330.

Eiturefni og hættuleg efni, 877. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1335.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana, 530. mál, svar menntmrh., þskj. 1191.

Fjáröflun til vegagerðar, 865. mál, frv. SKK og SP, þskj. 1323.

Íþróttaáætlun, 886. mál, þáltill. GÖrl o.fl., þskj. 1345.

Kuðungsígræðslur, 862. mál, fsp. GAK, þskj. 1320.

Lyfjalög, 880. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1338.

Lækkun flutningskostnaðar, 774. mál, svar iðnrh., þskj. 1344.

Lögreglulög, 870. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1328.

Málefni erlendra barna, 728. mál, svar forsrh., þskj. 1268.

Meðferð opinberra mála, 871. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1329.

Sala áfengis og tóbaks, 887. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 1346.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landsíma Íslands hf., 858. mál, frv. SJS og JBjarn, þskj. 1315.

Sjómannaafsláttur, 544. mál, svar fjmrh., þskj. 1349.

Sjórnsýsluviðurlög og refsiviðurlög, 867. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 1325.

Tekjuskattur og eignarskattur, 866. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 1324.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 875. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1333.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 876. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1334.

Umhverfisvænar sjávarafurðir og sjálfbærar veiðar, 645. mál, svar sjútvrh., þskj. 1280.

Virðisaukaskattur af áskrift að netmiðlum, 861. mál, fsp. HjÁ, þskj. 1319.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aukið eftirlit með ferðamönnum.

[15:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að vekja athygli þingheims á fréttum sem voru í Ríkisútvarpinu um helgina þess efnis að Bandaríki Norður-Ameríku hygðust hefja stóraukið eftirlit með fólki frá 27 þjóðlöndum sem þangað kæmu sem ferðamenn. Eftirlitið á að felast í því að tekin verði fingraför og teknar andlitsmyndir af ferðamönnum við komuna til landsins og mun þetta hefjast 30. september nk. Einnig hefur verið frá því sagt að Evrópusambandið íhugi að gera svipaðar kröfur á Schengen-svæðinu.

Mig langar, hæstv. forseti, að spyrja hæstv. utanrrh. hver viðbrögð íslenskra stjórnvalda séu eða verði við þessu, hvort einhverjar upplýsingar hafi hingað borist um þetta fyrir fram og hvernig viðbrögðin verði í framhaldi af því. Það liggur

ljóst fyrir, eins og kom fram í fréttum í morgun og í máli framkvæmdastjóra Persónuverndar, að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því hver hefur slíkar persónuupplýsingar með höndum, hvernig með þær er farið og hvort t.d. megi samkvæmt bandarískum lögum, þó að það mætti kannski ekki hér eða annars staðar í Evrópu, samkeyra svona upplýsingar við aðra gagnabanka. Því þætti mér vænt um, hæstv. forseti, að fá um það svör hér hvernig íslensk stjórnvöld hyggist bregðast við þessu og líka í framhaldi af því hvort stjórnvöld sjái sér fært að verða við þeim kröfum að allar slíkar upplýsingar verði komnar inn í vegabréf landsmanna eigi síðar en haustið 2006.

[15:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi ákvörðun Bandaríkjamanna er því miður vitnisburður um þá miklu auknu öryggisgæslu sem er í heiminum vegna hryðjuverkastarfsemi og glæpastarfsemi. Að sjálfsögðu eru uppi miklar efasemdir um að þetta gagnist vel en þessi ákvörðun Bandaríkjamanna kemur í framhaldi af því að þeir telja góða reynslu af því að þeir hafi haft slíkar reglur gagnvart öðrum löndum, þ.e. löndum sem þurfa vegabréfsáritun, og nú hefur þessi ákvörðun verið tekin.

Jafnframt hafa verið samþykkt lög í Bandaríkjunum sem gera ráð fyrir því að upplýsingar um lífsýni séu í vegabréfum, þ.e. með tölvuflögum, en bandarísk stjórnvöld telja að þau séu ekki tilbúin til að taka það upp fyrr en haustið 2006. Ég reikna með að önnur ríki séu ekki tilbúin til þess heldur.

Þetta er mál sem hefur lítið verið rætt enn sem komið er af okkar hálfu. Hæstv. dómsmrh. mun að sjálfsögðu ræða þessi mál við önnur Schengen-lönd á þeim vettvangi vegna þess að það verða að gilda alveg sömu reglur á öllu Schengen-svæðinu. Ég býst við að sú verði niðurstaðan og það er þannig með alla ferðamenn sem koma hingað til lands að það eru teknar myndir af þeim á Keflavíkurflugvelli. Það liggur fyrir og með þær upplýsingar er farið samkvæmt íslenskum lögum um persónuvernd. Það liggur sem sagt ljóst fyrir og hefur komið fram í fréttum að undanförnu þegar alvarleg mál hafa verið upplýst að slíkar myndir eru fyrir hendi.

[15:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt þegar söfnun og meðferð persónuupplýsinga er annars vegar að fyllstu varkárni sé gætt í slíkum málum og við þær breytingar sem hér er verið að ræða um. Ég held að við eigum, virðulegi forseti, með tilliti til friðhelgi einkalífs og persónuverndar að vera talsmenn þess að mjög varlega sé stigið til jarðar í þessum efnum.

Við vitum að markmiðin með setningu slíkra reglna eru alltaf göfug, og þau eru það eflaust núna. Það er bent á öryggishagsmuni og það er bent á ógnina sem heiminum stafar af hryðjuverkum en þannig hefur það líka alltaf verið, markmiðin hafa verið göfug þótt því miður séu dæmin fjölmörg úr mannkynssögunni um það að slíkar upplýsingar hafi verið misnotaðar í miður góðum tilgangi. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að rödd íslenskra stjórnvalda á alþjóðlegum vettvangi og í samræðum við önnur ríki um slík mál sé rödd varfærni og þess að varlega sé farið í sakirnar.

Það hefur líka verið bent á það af hálfu Persónuverndar að svona reglur geti falið í sér ákveðið ósamræmi, t.d. á milli löggjafar annars vegar í Bandaríkjunum og hins vegar Evrópu, um það hvernig fara skuli með slíkar upplýsingar. Þetta getur verið áhyggjuefni og hugsanlega er ástæða til að gerðir verði alþjóðlegir samningar um þessi mál. Ég held að við munum hljóta að taka vel í slíka viðleitni en látum það vera skilaboð íslenskra stjórnvalda að varlega eigi að fara í setningu slíkra reglna, jafnvel þótt markmiðin séu alltaf góð og göfug.

[15:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég nefndi það áðan að vegabréf kynnu í framtíðinni að innihalda lífsýni. Það er rangt. Ég átti þar við lífkenni, fingraför eða sambærilegar upplýsingar, svo að það sé enginn misskilningur um það. En okkur er líka mjög í mun hér á landi að Keflavíkurflugvöllur sé talinn öruggur flugvöllur og þar sé nauðsynlegt eftirlit vegna þess að við erum mjög háð samgöngum til annarra landa. Við erum háð samgöngum til meginlands Evrópu, við erum háð samgöngum til Bandaríkjanna og þess vegna verður Keflavíkurflugvöllur að uppfylla nauðsynleg öryggisskilyrði svo að það sé ekkert hik hjá flugfélögum að fara þar í gegn og að Keflavíkurflugvelli sé ekki vantreyst.

Auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því að þessi stígur er vandrataður. En við búum við vaxandi glæpastarfsemi í heiminum. Við búum við vaxandi hryðjuverkastarfsemi. Við vitum jafnframt að þetta kemur við frelsi einstaklinganna, frelsi okkar sem einstaklinga til að ferðast um heiminn. En við höfum þá líka val. Ef einstaklingar vilja ekki ferðast til Bandaríkjanna á þessum forsendum geta þeir að sjálfsögðu tekið ákvarðanir um það. Ég held að sá tími sé kominn, því miður, þar sem vaxandi öryggiseftirlit verður og það er komið til með að verða áfram. Þótt það sé erfitt að sætta sig við það er það nokkuð sem við verðum að búa okkur undir.

[15:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Hæstv. ráðherra orðaði það sem svo að við yrðum að sætta okkur við að hingað værum við komin, sætta okkur við orðinn hlut, mætti segja. Mér þykir það illt vegna þess að ég sé ekki í fljótu bragði rökin fyrir aðgerðum sem þessum. Ég skil hins vegar mjög vel að utanrrh. og Alþingi Íslendinga breyti ekki vilja bandarískra stjórnvalda í þessum efnum. Hins vegar hljóta íslensk stjórnvöld að kanna mjög rækilega til hvers manngreiniupplýsingar af þessu tagi, svokölluð lífkenni, eru notuð. Það verður að liggja fyrir í samskiptum þessara tveggja landa hvernig eigi að nota upplýsingarnar, hvort og þá hvernig eigi að keyra þær saman við aðrar upplýsingar, aðra gagnabanka, með hvaða hætti og með hvaða lagaheimildum bandarísk stjórnvöld hyggist nota þær.

Ég hygg að það sé orðið tímabært að ríki heims komi sér upp einhvers konar samskiptareglum, samningi eða sáttmála, um það hvernig svona upplýsingar eru notaðar, og þá líka hér á landi við komu fólks í Leifsstöð, ef þess gerist þörf. Ef eitt er víst er það það að svona upplýsingar má hæglega misnota, ég tala nú ekki um þegar þær eru komnar saman í stóra gagnabanka.

Háskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 780. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 817. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 818. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tækniháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 819. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1247.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 816. mál (hækkun bóta). — Þskj. 1244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 829. mál (ÍLS-veðbréf). — Þskj. 1270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 427. mál (matsreglur, EES-reglur). — Þskj. 593, nál. 1262, brtt. 1263.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Brtt. 1263,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1263,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1263,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1263,4 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1263,5 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Evrópufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (EES-reglur). — Þskj. 214, nál. 1265, brtt. 1266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1266,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
7.–12. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1266,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
14.–17. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1266,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1266,4 samþ. með 49 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
21.–29. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (EES-reglur). — Þskj. 540, nál. 1288, brtt. 1289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1289,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
4.–13. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1289,2–6 samþ. með 49 shlj. atkv.
14.–26. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1289,7 (ný grein, verður 27. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Rannsókn flugslysa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 644, nál. 1260, brtt. 1261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara geta þess hér að við þingmenn Samf. í samgn. skrifuðum undir nál. með þessu máli með fyrirvara. Við stöndum að öllum brtt. sem nefndin hefur gert við frv. Aftur á móti teljum við að það þurfi að fara nánar yfir ákveðin atriði í málinu, sérstaklega 15. gr., um það að gögnum verði ekki fargað við ákveðnar aðstæður. Hv. formaður nefndarinnar hefur tekið undir það. Við óskuðum sem sagt eftir því að málið færi til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Við því var orðið og menn eru sammála um það þannig að ég vildi geta þess hér að við styðjum þær brtt. sem komnar eru en það er ekki ólíklegt að frekari breytingar þurfi að gera á málinu milli 2. og 3. umr.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1261,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1261,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1261,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

17 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÖg, GunnB, HBl, HHj, JÁ, JónK, MÞH, MF, RG, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:31]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég er samþykk þessum brtt. sem gerðar eru á frv. og frv. í heild og eins varðandi brtt. á 6. gr. en hvað varðar 6. gr. sem slíka hef ég þann fyrirvara að núverandi skipan á rannsóknarnefnd flugslysa hefur gefist mjög vel og þó svo að núverandi fyrirkomulag sé stjórnskipulega ekki rétt, þá hafa ekki komið neinar athugasemdir, engir árekstrar eins og nefndin hefur starfað. Hún er samábyrg í verkum sínum og ég tel að í raun og veru sé verkefni hennar af því tagi að það sé ástæðulaust að vera að breyta, breytinganna vegna, stjórnskipun sem hefur gefist vel. Ég mun því sitja hjá varðandi þessa breytingu.

6. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÖg, HBl, HHj, JÁ, JónK, MF, RG, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1261,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1261,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
12.–16. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1261,6 samþ. með 51 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1261,7 samþ. með 51 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
20.–24. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1261,8 samþ. með 51 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1261,9 samþ. með 51 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 576. mál (heildarlög). — Þskj. 867, nál. 1264, brtt. 1279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagst hart gegn öllum hugmyndum um markaðs- og einkavæðingu neysluvatns, þ.e. uppbyggingar og reksturs kaldavatnsveitna. Við beittum okkur gegn afgreiðslu frv. af því tagi hér sl. vor eða nær væri að segja á útmánuðum sl. vetrar en þá var frv. svipaðs eðlis til umfjöllunar á þingi.

Það var síðan lagt fram aftur á þessu þingi, þá nokkuð breytt, og hafa orðið talsverðar framfarir í þeim efnum. Frv. er nú mun betra en það sem við beittum okkur fyrir að væri stöðvað hér á þingi í fyrra. Sérstaklega munar þar um að nú er horfið frá hugmyndum um að áskilja einkaaðilum sem tækju að sér rekstur vatnsveitna fyrir hönd sveitarfélaga umtalsverðar arðgreiðslur í sinn hlut. Eftir sem áður er gert ráð fyrir framsali á einkarétti sveitarfélaga til handa fyrirtækjum eða félögum sem geta verið allt að 49,9% í eigu einkaaðila eða annarra en ríkis og sveitarfélaga.

Að þessu leyti erum við ósátt við efni frv. og hefðum þar að auki viljað taka á málefnum neysluvatns heildstætt og taka þar mið m.a. af stefnumótun á vettvangi SÞ þar sem hollt og nægjanlegt neysluvatn er skilgreint sem frumþörf og ein af sameiginlegum auðlindum manna. Að því leyti er enn verk að vinna hvað varðar viðhorf manna á Íslandi og

mönnum er tamt hér að líta svo á sem vatn sé ætíð óþrjótandi og við höndina. Svo er ekki alls staðar í heiminum eins og kunnugt er.

Þá ágalla á frv. sem við gerum enn miklar athugasemdir við er að finna í 2. og 4. gr. frv. þar sem heimilað er framsal á skyldum og rétti sveitarfélaganna til að starfrækja vatnsveitu á sínu svæði. Við munum því í samræmi við þetta, herra forseti, greiða atkvæði með efni þessa frv. að slepptu efni 2. og 4. gr. sem við erum andvíg.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 48:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

11 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÖg, JónK, MF, RG, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1279 felld með 29:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, BJJ, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS.

11 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÖg, JónK, MF, RG, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 33:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BJJ, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StP, StB, VS.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÖg, JónK, MF, RG, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

5.–12. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Vátryggingarsamningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 215, nál. 1286, brtt. 1287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Brtt. 1287,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1287,2–3 samþ. með 52 shlj. atkv.

3.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.

7.–9. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1287,4 samþ. með 50 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1287,5 samþ. með 52 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

12.–18. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1287,6 samþ. með 51 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

20.–26. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1287,7–17 samþ. með 50 shlj. atkv.

27.–80. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.

81. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1287,18 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, SJS, StP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

12 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GHH, GÖg, JónK, MF, RG, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fulltrúar Samf. hafa gert athugasemdir við 82. gr. sem fjallar um takmarkanir og upplýsingagjöf sjúklinga vegna áhættu en gagnrýni okkar er í samræmi við umsögn Persónuverndar og Læknafélagsins. Við styðjum 1. mgr. þessarar greinar og 2. mgr. um að vátryggingafélagi sé óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóm, sömuleiðis að óheimilt sé að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé að fá slíkar upplýsingar. Aftur á móti greiðum við atkvæði gegn niðurlagi 2. mgr. sem kveður á um að athuga megi heilsufar skyldmenna til að meta tilefni til að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þeirra sem óska vátryggingar. Læknafélagið segir m.a. að full ástæða sé til að óttast að tryggingafélag mundi nýta sér þetta lagaákvæði til að losna við greiðslu bóta. Ég óska því eftir að sá málsliður gangi sérstaklega til atkvæða.

82. gr., 1. mgr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

82. gr., 2. mgr., 1. og 2. málsl. að orðunum: Framangreint bann, samþ. með 51 shlj. atkv.

82. gr., lokamálsliður 2. mgr., samþ. með 29:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BJJ, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EMS, GÖg, JónK, MF, RG, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

82. gr., 3. mgr., samþ. með 51 shlj. atkv.
83.–85. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1287,19–24 samþ. með 50 shlj. atkv.
86.–129. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
130.–145. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1287,25 samþ. með 52 shlj. atkv.
146. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
147. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, frh. fyrri umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 572. mál. — Þskj. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Horfur í atvinnu- og byggðamálum á Djúpavogi. [15:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er kannski rétt að gera andartakshlé á fundi á meðan þeir forða sér úr salnum sem ekki eru það uppteknir af atvinnuástandinu á Djúpavogi eða horfum þar og í öðrum sambærilega settum sjávarbyggðum að þeir ákveði að ráðstafa tíma sínum öðruvísi en vera í þingsalnum.

Óvissa hangir yfir atvinnumálum á Djúpavogi og hefur gert undanfarnar vikur og ástæðan er gamalkunn. Verið er að selja þær veiðiheimildir sem hafa tryggt umsvif í veiðum og vinnslu uppsjávarfisks á staðnum undanfarin ár. Heimamenn fá enga rönd við reist í kerfi fullkomlega frjáls framsals veiðiheimilda án nokkurrar tengingar eða trygginga fyrir byggðirnar. Forsaga málsins er sú að Ker hf., sem ýmsir kannast betur við undir nafninu Olíufélagið Esso, sem sagt Ker hf., sem fyrir skömmu eignaðist alfarið Útgerðarfélagið Festi og þar með dótturfélagið Gautavík sem á og rekur fiskimjölsverksmiðjuna á Djúpavogi, virðist hafa ákveðið að selja utanaðkomandi aðilum fyrirtækið ásamt eða kannski öllu heldur fyrst og síðast með öllum veiðiheimildum. Hafa verið nafngreind í þessu sambandi sem kaupendur Skinney – Þinganes á Hornafirði, Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði, Grandi hf. og jafnvel fleiri aðilar. Með þessu hverfur af staðnum sú tenging eignarhalds á veiðiheimildum og vinnslu í landi sem hefur verið kjölfestan í starfseminni og forsenda fjárfestinga og uppbyggingar undanfarin ár. Þetta gerist þrátt fyrir samkomulag milli fyrri eigenda Festar og Kers hf., þegar síðarnefnda fyrirtækið eignaðist helming í fyrirtækinu fyrir tæpum tveimur árum, um að treysta veiðiheimildirnar í sessi á Djúpavogi.

Það er óhætt að segja að það hafi gengið nokkuð vel á Djúpavogi undanfarin ár og hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því að staðurinn hefur verið að byggjast upp. Atvinnuástand hefur verið nokkuð gott og talsverð umsvif á staðnum. Ríki, sveitarfélag og fyrirtæki hafa lagt í talsverðar fjárfestingar til að bæta aðstæður til löndunar og vinnslu sjávarafla. Þannig hafa verið lagðar vel á annað hundrað milljónir kr. í hafnargerð og löndunaraðstöðu samhliða uppbyggingu fiskimjölsverksmiðjunnar og fyrirhuguð var lenging viðlegukants í gömlu höfninni næsta sumar vegna mikillar umferðar síldarbáta. Fyrirtækið Búlandstindur í eigu Vísismanna hefur fjárfest umtalsvert í vinnslubúnaði fyrir uppsjávarfisk og gæti orðið að afskrifa hundruð milljóna kr. fjárfestingu ef grundvöllur slíkrar vinnslu brestur á staðnum. Í allt eru í húfi 40–50 störf eða allt að 35 ársverk ef starfsemin leggst af. Ríki og sveitarfélag hafa lagt mikla fjármuni í hafnaraðstöðu og fleiri mannvirki sem verða þá vannýtt. Fyrirtæki hafa fjárfest og þau og sveitarfélagið verða fyrir miklu tekjutapi. Mest yrði þó auðvitað áfallið fyrir íbúana og byggðarlagið sem slíkt.

Þannig er nú staðan að ákvörðun núverandi, utanaðkomandi eigenda undirstöðufyrirtækja staðarins í veiðum og vinnslu uppsjávarfisks, um að selja fyrirtækin en þó fyrst og fremst veiðiheimildirnar sem á að skipta niður á nokkra aðila, kippir í einu vetfangi grundvellinum undan atvinnustarfseminni og þeim fjárfestingum sem lagt hefur verið í að undanförnu. Hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni fyrir ríki og sveitarfélög almennt séð hvernig þessir hlutir geta gengið fyrir sig. Aðstaða heimamanna eða öllu heldur aðstöðu- eða aðkomuleysi að málinu er tilfinnanlegt. Þeir hafa enga aðild eða aðkomu átt að viðræðum undangenginna vikna um sundurlimun og sölu fyrirtækja og veiðiheimilda sem eru burðarás byggðarlagsins í atvinnulegu tilliti. Reyndar fékk sveitarstjórn Djúpavogs loks í morgun formlegt svar við málaleitan sinni til Kers hf. um að fá að koma að viðræðum um fyrirhugaðar eignabreytingar þegar allt er sagt um garð gengið. Hvort það er tilviljun að það svar barst sama dag og þessi umræða fer fram skal ósagt látið.

Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a.eftirfarandi um stöðu sjávarbyggða:

„Leitast verður við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða, til dæmis með því að kanna kosti þess að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga og lögaðila, að nýta tekjur af veiðigjaldi til uppbyggingar þeirra, takmarka framsal aflaheimilda innan fiskveiðiársins, auka byggðakvóta og taka upp ívilnun fyrir dagróðrabáta með línu."

Ég vil því spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. sem fer með byggðamál — það fer vel á því af þessu tilefni að spyrja hæstv. ráðherra úr Framsfl. því þeim framsóknarmönnum er málið ákaflega skylt af ýmsum ástæðum: Hvað líður efndum á einhverjum af þeim aðgerðum sem boðaðar eru í stjórnarsáttmálanum einmitt til að taka á vanda af því tagi sem byggðin á Djúpavogi nú stendur frammi fyrir?

Eru uppi áform um að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga að veiðiheimildum þó að vísast yrði það of seint í þessu tilviki?

Stendur til að auka byggðakvóta, t.d. taka upp einhverja byggðakvóta í uppsjávartegundum?

Hvað hefur ríkisstjórn Íslands að segja við byggðarlög eins og Djúpavog nú eða Hrísey þar sem verið var að segja upp fólki eða Raufarhöfn eða fjölmörg önnur minni og meðalstór sjávarbyggðarlög sem hafa staðið eða eiga eftir að standa í sömu sporum og Djúpivogur gerir nú að óbreyttu kerfi?

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það hefur vissulega verið óvissuástand í atvinnumálum á Djúpavogi að undanförnu en vonir mínar standa til þess að farsæl lausn finnist á málum þar. Sú lausn er ekki fundin á þessari stundu en viðræður eiga sér stað á milli aðila. Það er erfitt að draga ályktanir um stöðu sjávarbyggða landsins út frá því sem er að gerast á Djúpavogi. Við vitum þó að fleiri sjávarbyggðir eiga í erfiðleikum af mismunandi ástæðum og þetta ástand er ekki bundið við einn landshluta frekar en annan. Hinu má þó ekki gleyma að í öllum landshlutum eru byggðarlög sem hafa styrkst.

Ríkisstjórnin gerir sér fyllilega grein fyrir því að óvissa getur komið upp í sjávarbyggðum landsins. Ríkisstjórnin hefur og mun áfram leitast við að styrkja stöðu þeirra. Mig langar til að nefna ýmsar aðgerðir sem staðið hefur verið að og miða að þessu markmiði beint eða óbeint.

Snemma á síðasta ári fól ríkisstjórnin Byggðastofnun að kaupa hlutafé fyrir 350 millj. kr. í félögum sem væru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Keyptir voru hlutir í 23 félögum og að verulegum hluta fyrirtækja í sjávarbyggðum. Það má nefna fyrirtæki í úrvinnslu sjávarafurða og fyrirtæki sem framleiða vörur fyrir sjávarútveginn. Það er ljóst að mikil nýsköpun á eftir að eiga sér stað í sjávarútvegi á næstu árum, bæði að því er varðar nýtingu áður vannýttra auðlinda og ekki síður úrvinnslu afurða.

Ein þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í á grundvelli byggðaáætlunar snýr einmitt beint að þessu, þ.e. auknu verðmæti sjávarfangs og líftækni. Markmiðið er að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í sjávarútvegi og stuðla þannig að sterkari stöðu til sjávar og sveita.

Sjútvrh. hefur sett á stofn sérstakan sjóð, AVS-sjóðinn, sem veitir styrki til rannsóknarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og unnið hefur verið að því að kanna möguleika á uppbyggingu öndvegisseturs í auðlindalíftækni á Akureyri til að renna styrkari stoðum undir líftækniiðnaðinn á Íslandi. Það mundi ekki síst koma sjávarbyggðum til góða en sumar þeirra eru þegar farnar að hasla sér völl innan iðnaðarins.

Byggðastofnun vinnur nú að því að veita styrki til atvinnuskapandi stuðningsverkefna en ríkisstjórnin fól stofnuninni að úthluta 150 millj. kr. í þessu skyni. Þegar hafa verið teknar ákvarðanir um þátttöku í verkefnum sem ætla má að séu vel til þess fallin að efla grunngerð þekkingar og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs, fiskvinnslu og annarra greina sem munu gagnast sjávarbyggðum.

Ég vil minna á að línuívilnun var samþykkt á yfirstandandi þingi, eins og boðað var í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og veiðigjald verður lagt á frá og með 1. september nk. en ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að það eigi að nýta tekjur af veiðigjaldinu til uppbyggingar sjávarbyggða landsins.

Víða um landið hefur tekist vel til að því er varðar úthlutun byggðakvóta og reynslan sýnir að hann getur, ef vel er á málum haldið, orðið til þess að styrkja verulega búsetu í sveitarfélögum sem mjög eru háð sjávarútvegi. Á vegum sjútvrh. er nú unnið að skoðun á því hvernig þessum málum verði best fyrir komið framvegis. Niðurstöður eru væntanlegar á vormánuðum.

Ég vil að lokum geta þess að Byggðastofnun hefur frá sl. sumri unnið að því að meta stöðu sjávarbyggða í landinu. Sveitarfélögunum hafa verið sendir spurningalistar og staðirnir í kjölfarið heimsóttir til að fá gleggri mynd af ástandinu. Niðurstaða matsins mun væntanlega liggja fyrir snemmsumars og mun gera stjórnvöld betur í stakk búin til að greina og taka á þeim málum sem upp kunna að koma.

Að allra síðustu vil ég segja að málefni sjávarbyggða verða ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Það er hins vegar mjög mikilvægt að nýta styrkleika byggðanna, eins og gert er á Austurlandi, með uppbyggingu stóriðju. Þær framkvæmdir skipta gríðarlega miklu máli fyrir landsfjórðunginn og munu þau áhrif, með bættum samgöngum, ná til Djúpavogs. Í þessu sambandi má einnig nefna fiskeldið sem miklar vonir eru bundnar við að muni skapa mörg störf í framtíðinni á Djúpavogi. Það er hins vegar sárt til þess að vita að hv. málshefjandi skuli hafa barist gegn þessari atvinnuuppbyggingu af öllum mætti.

[16:04]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það málefni sem hér er tekið til umræðu utan dagskrár, málefni og atvinnuástand á Djúpavogi, væri því miður hægt að ræða um miklu fleiri byggðarlög á landsbyggðinni. Það er þetta sem hefur hangið yfir lengi, þ.e. að með einni undirskrift sé hægt að selja í burtu allar veiðiheimildir. Atvinnan er flutt í burt og eftir stendur fólk með verðlitlar eða jafnvel verðlausar eignir eftir slíkan gjörning.

Þannig er þetta með eignayfirfærsluna á almenna markaðnum en þau sveitarfélög og þau landsvæði sem ekki renta sig á þessum almenna hlutabréfamarkaði sitja eftir með sárt ennið.

Það versta við þetta allt saman er að hæstv. ríkisstjórn er ekki með neitt plan B, ef svo má að orði komast, um hvað gera skuli þegar svona er að gerast eins og þarna er. Einu tillögur ríkisstjórnarinnar hingað til hafa verið að skrifa skýrslur. Svo kemur hæstv. byggðamálaráðherra og segir okkur hér rétt einu sinni frá nýsköpunarmiðstöðvum, gott og góðra gjalda vert, öndvegissetri, gott og góðra gjalda vert, og stóriðjunni á Austurlandi, gott og góðra gjalda vert. (Gripið fram í.) En þetta er ekki nóg, hæstv. iðnrh. (**Iðnrh.:** Ég minntist ekki á nýsköpunarmiðstöðina.)

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. ræðir hér líka um byggðakvótann sem hún tók þátt í að taka af. Byggðakvóti í núverandi mynd verður lagður af. Hvar eru þau 12 þús. tonn sem 9. gr. fjallar um núna, hvar eru þau? Sá pottur er tómur, það er búið að úthluta því öllu. Ég get nefnt hér ótal mörg önnur byggðarlög, Hrísey og vandamálið á Siglufirði við rækjuverksmiðju og endurreisn hennar þar sem 35 manns störfuðu. Í hverju stendur það núna? Staðan er sú, virðulegi forseti, að enginn banki vill taka viðkomandi fyrirtæki í viðskipti, lífeyrissjóðir fólksins mega ekki og vilja ekki koma nálægt þessu, staða krónunnar veldur erfiðleikum í sjávarútvegsfyrirtækjum og stuðlar að auknum innflutningi.

Herra forseti. Þetta er Ísland í dag.

[16:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í íslenskum sjávarbyggðum veldur það alltaf kvíða og óróa þegar útlit er fyrir að breytingar verði á eignarhaldi þeirra fyrirtækja sem eru undirstaða atvinnulífs í byggðarlaginu, og skyldi engan undra.

Á Djúpavogi er staðan þannig að þegar Vísir keypti Búlandstind af sömu aðilum og nú ætla að búta niður fyrirtækið Festi — en þeir aðilar eru forverar og bakhjarlar Kers hf. — var um það samkomulag að bræðslan yrði seld til aðila sem mundu standa myndarlega að rekstri hennar. Þessu trúðu sveitarstjórnarmenn, stjórnvöld og við þingmenn Austurlands sem beittum okkur fyrir því að koma hafnarmálum

á Djúpavogi í það góða ástand sem er þar nú. Þessu trúðu einnig forsvarsmenn Vísis sem lögðu í hundruð milljóna kr. fjárfestingar til þess að geta nýtt síldaraflann og uppsjávarfiskinn sem best.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvaða viðskiptasiðferði menn hafa sem hafa stjórnað undanfara alls þessa máls.

Hæstv. forseti. Nú er uppi viðkvæm staða. Forsvarsmenn Skinneyjar – Þinganess hafa uppi áform um að halda áfram rekstri verksmiðjunnar sem er auðvitað mikilvæg forsenda þess að síldarverkun geti verið hagkvæm hjá Vísi. Það er einnig ánægjulegt að Vísir og Samherji hafa nú ákveðið að taka upp öflugt samstarf sem forsvarsmenn Vísis hafa tjáð mér að muni verða til þess að styrkja undirstöðurnar á Djúpavogi.

Hæstv. forseti. Nú er mikilvægast að vinnsla geti haldið áfram sem undirstaða byggðar á Djúpavogi. Þar eru miklar fjárfestingar og mikill mannauður og nauðsynlegt að það allt nýtist sem best.

[16:08]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Umræðan um málefni og horfur í atvinnumálum Djúpavogs er þörf og ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka hana upp hér á hinu háa Alþingi.

Enn á ný verðum við vitni að því að það er vélað með nýtingarrétt heillar byggðar á hennar fremstu og mikilvægustu auðlind, auðlind sem ávallt hefur verið forsenda fyrir því að mannlíf þrifist í byggðinni. Lykilfyrirtæki og þar með veiðiréttur byggðarinnar eru seld burtu til hæstbjóðanda og eftir situr fólkið með sárt ennið. Atvinnuhorfur eru mjög dökkar, húseignir verða nánast verðlausar þar sem þær eru illseljanlegar og framtíðin ekki björt.

Ég hygg að engum nema kannski þeim sem eru hvað harðastir í ofstæki sínu til að verja núverandi fiskveiðistjórnarkerfi með frjálsu framsali á kvóta dyljist sú staðreynd að það eru bein og skýr tengsl á milli veiðiheimilda og byggðaþróunar. Sjávarplássin allt umhverfis landið byggja tilveru sína fyrst og fremst á því að hafa rétt til að nýta Íslandsmið með einum eða öðrum hætti. Þetta verður ríkisstjórnin að fara að skilja. Það þýðir ekki endalaust að búa til nýjar skýrslur og þvæla fram og aftur með byggðaáætlanir, nýsköpunarverkefni og hvað þetta nú allt saman heitir og hæstv. byggðamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir er svo dugleg að telja upp í hvert sinn sem málefni landsbyggðarinnar eru til umfjöllunar. Fólk lifir ekki á skýrslum og það lifir ekki á klisjukenndum loforðum stjórnvalda um betri tíð með blóm í haga.

Nei, herra forseti, það sem gildir fyrir fólk í þessum byggðum er að þær haldi nýtingarrétti sínum á fiskimiðunum. Hann á að vera jafnsjálfsagður og rétturinn til að drekka vatn og anda að sér súrefni. Eyrarbakki, Stokkseyri, Þorlákshöfn, Sandgerði, Raufarhöfn, Hrísey og nú Djúpivogur, hvar endar þetta? Það er hægt að nefna ótal byggðir sem farið hafa halloka í núverandi kvótakerfi. Ekki af því að fólk nenni ekki að vinna á þessum stöðum og ekki af því að það vanti fisk í sjónum. Nei, af því að stjórnvöld hafa með aðgerðum sínum skapað skilyrði sem leyfa það að lífsbjörgin sé fjarlægð frá þessum byggðum og fólki síðan bannað að bjarga sér á eigin forsendum. Það er ekki flóknara en svo, herra forseti.

[16:10]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram í fréttum og lýst hefur verið hér í framsöguræðu er atvinnu og byggð á Djúpavogi ógnað vegna hugsanlegra eigendaskipta Kers og brottflutnings aflaheimilda af staðnum. Þetta er óþolandi ástand, ástand sem allar sjávarbyggðir búa við í dag, þ.e. að hafa ekki fastan kvóta, tengdan byggðarlaginu, að allt eignarhald fyrirtækja sé á almennum markaði. Hrísey er síðasta dæmið um brotthvarf kvóta úr einu byggðarlagi og dæmi um stöðugt varnarleysi íbúanna gagnvart atvinnuleysi og hruni byggðanna af þessum sökum.

Herra forseti. Sveitarstjórnir hafa mjög takmarkaða möguleika á að hafa afskipti af eignayfirfærslum milli fyrirtækja á hinum almenna markaði. Sveitarstjórn Djúpavogs hefur reynt að komast að samningaborðinu sl. vikur eftir að ljóst varð að samningaviðræður um kaup á kvóta Kers hf. voru til skoðunar en ekki tekist, eins og fram hefur komið í fréttatilkynningu og lýst var hér í upphafi þessa máls. Eina trygging hvers sveitarfélags er sú uppbygging sem fer fram hjá viðkomandi fyrirtæki og fjárfestingar þess. Það er það akkeri sem íbúarnir horfa til en þegar það brestur kemur í ljós að það heldur ekki frekar en annað.

Ég vil einnig beina þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnrh. hvaða aðgerðir séu núna í undirbúningi hvað varðar jaðarbyggðir og áhrif stóriðjunnar á svæði utan áhrifasvæðis álversins á Reyðarfirði. Djúpivogur er sannarlega og verður utan þess svæðis og það þýðir ekki að benda eingöngu á ýmsa sjóði eins og hæstv. ráðherra hefur gert.

[16:13]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðaust. fyrir að taka þetta mál hér á dagskrá. Það er auðvitað svo að þegar atburðir verða eins og þeir sem nú eru að gerast á Djúpavogi verður fólk sem þar býr órólegt og má benda á ýmislegt í því sambandi sem veldur þeim óróa, eins og þá tregðu að heimamenn og Vísir hafi getað komist að viðræðum við þá sem keyptu Festi um það hvað við tæki. Eins og málin blasa við núna er það bjarta að mjög náið samstarf hefur tekist með Vísi og Samherja sem tekur bæði til markaðsmála og til vinnslu. Þegar ég átti tal við Pétur Pálsson, forstjóra Vísis, í dag fullvissaði hann mig um að þessi fyrirtæki væru að vinna í þeirri stöðu sem nú væri komin upp á Djúpavogi og kanna alla möguleika til að vinnsla gæti haldist þar áfram og atvinnulegur grundvöllur staðarins þannig tryggður. Auðvitað er ljóst að þessi óvæntu tíðindi komu mönnum í opna skjöldu þó að menn vissu að breytingar væru fram undan.

Það er rétt sem hæstv. iðn.- og viðskrh. sagði hér áðan, það er ýmislegt annað bjart að gerast í kringum Djúpavog, eins og það laxeldi sem þar hefur tekist í stórum stíl. Við skulum ekki gera lítið úr þeim möguleikum sem þorpið hefur í ferðaþjónustu. Óvíða er jafnfagurt og í Djúpavogi, gistihús gott og fjölmargir staðir þar og í kring sem eiga sér merka sögu, bæði náttúrufræðilega og sögulega, þannig að ég er ekki hræddur um að framtíð Djúpavogs sé ekki björt. Ég legg samt áherslu á að það er unnið að því að vinna sig út úr þeim vandræðum sem ella blöstu við, m.a. vegna þess að þau útgerðarfyrirtæki sem hafa getið sér gott orð hafa nú tekið sig saman um að vinna úr málum eins og þau liggja fyrir.

[16:15]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Atvinnuástandið á Djúpavogi eða öllu heldur horfur í atvinnumálum þar hafa verið mjög til umræðu að undanförnu og ekki að tilefnislausu. Ástandið hefur verið gott þar undanfarin ár og hafa íbúar t.d. verið ánægðir með að fyrirtækið Vísir skyldi setja sig þar niður og fjárfesta mikið í uppbyggingu fyrirtækisins. Nú gæti hins vegar farið svo að möguleikar fyrirtækisins til að stunda áfram vinnslu síldar yrðu takmarkaðir.

Ég ætla mér ekki að fara út í smáatriði málsins en læt þess þó getið að ég fór austur á Djúpavog á föstudaginn og kynnti mér málavöxtu. Það virðist nokkuð ljóst að ekki hafa allir fengið sömu tækifæri til að koma að borðinu þar sem höndlað er með þær eignir og aflaheimildir sem nú virðast í uppnámi á Djúpavogi. Menn vita ekki hvort kaupendur ætla sér að halda bræðslunni opinni á vertíðartíma. Það gefur augaleið að ef hún verður ekki starfrækt á síldarvertíðinni á fyrirtækið Vísir mjög erfitt með að losna við síldarúrgang en hann er um 5 tonn á vertíð. Ég vona innilega að staðan skýrist fljótt og kaupendur sýni samfélagslega ábyrgð.

Djúpavogsbúar hafa í gegnum tíðina verið þekktir fyrir þrautseigju sína og sannast það enn í þessu máli. Ég fann það á ferð minni austur að menn halda í vonina og vonandi munu nýir eigendur sjá hag í því að nýta þá aðstöðu sem þarna er til staðar, enda hefur verið mikið fjárfest í t.d. uppbyggingu hafnarmannvirkja á síðustu árum. Það er ekki verið að biðja um neina ölmusu í þessu máli heldur eingöngu að viðskiptin séu uppi á borðinu, allir eigi jafna aðkomu að þeim, og að sú starfsemi sem fram fer á Djúpavogi og hefur skilað hagnaði fái að halda áfram. Óvissan er verst. Ég tek undir vonir hæstv. iðnrh. um að farsæl lausn finnist sem allra fyrst. Samstarf Vísis og Samherja er vissulega jákvætt skref í þessari baráttu.

[16:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða segir að auðlindin sé sameign okkar Íslendinga. Markmiðið sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu hennar og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Undir þeim lagafyrirmælum starfar auðvitað ríkisstjórnin eins og öðrum lögum sem okkur hafa verið sett.

Það er ákaflega dapurlegt að hlusta aftur og aftur, sennilega á milli tíunda og tuttugasta skiptis, á hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur, ráðherra byggðamála, tala endalaust um að vissulega sé óvissuástand í hinum dreifðu byggðum og erfiðleikar af mismunandi ástæðum. Þetta eru setningar sem maður er búinn að heyra mjög oft að hafa verið sagðar hér í hvert skipti sem talað hefur verið um vandann í sjávarbyggðunum.

Síðan er talað um að Byggðastofnun sé að búa til nýja skýrslu og að fara eigi að meta stöðu sjávarbyggðanna. Það voru búnar til skýrslur áður en kvótakerfinu fyrir smábátana var breytt sem sýndu beinlínis fram á að störfum mundi fækka um fleiri hundruð á Vestfjörðum, hæstv. ráðherra. Það getur ekki verið að lesa þurfi sama sannleikann aftur og aftur. Það er alveg ótrúlegt hvernig hæstv. ráðherrar tala um þessi mál.

Í blaðið Ægi sem ég tók með mér hingað upp skrifa fjórir þingmenn, tveir stjórnarandstæðingar og tveir stjórnarliðar. Ekki er hægt að sjá mikinn mun á skrifum þeirra. Þeir eru eiginlega allir sammála um að þetta sé kolómögulegt kerfi og algerlega vonlaus niðurstaða sem við erum að vinna í. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson segir þar, með leyfi forseta:

„Þetta leiðir hins vegar í ljós að það er beint samband á milli kvótaþróunar, atvinnutekna og byggðaþróunar ...“ — Auðvitað, hæstv. ráðherra, það þarf ekki að fá samþingmann minn úr ríkisstjórninni til að segja hvað er að í þessu kerfi og hér er grein eftir Kristinn Gunnarsson. Lestu hana.

[16:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í dag ræðum við málefni Djúpavogs. Við höfum áður rætt um málefni annarra sjávarbyggða vítt og breitt um landið. Allt ber að sama brunni, að kerfið sem við búum við í stjórn fiskveiða er byggðafjandsamlegt. Íbúar byggðarlaganna hafa ekkert með það að gera sem varðar auðlindir sínar, hafa ekkert um það að segja sem varðar atvinnuöryggi sitt, hafa enga aðkomu við að tryggja örugga búsetu í byggðarlagi sínu sem byggist á nýtingu þessara auðlinda. Þeir eru gersamlega orðnir háðir duttlungum eða aðgerðum stórfyrirtækja þar sem eigendurnir eða þeir sem stjórna búa fjarri þessum byggðum og eru í litlum eða engum tengslum við samfélagið sem þar á allt sitt undir þessum auðlindum.

Við ræddum fyrr í vetur hvernig fjármálafyrirtæki og einstök stórfyrirtæki eru að taka peninga út úr atvinnuveginum. Bara við sölu á Brimi var sjávarútvegurinn skuldsettur um marga milljarða kr. Þar stóðu að verki fyrirtæki sem voru tengd viðskiptablokkum eða valdablokkum Sjálfstfl. á sínum tíma og eru enn en nú ræðum við um vandamál Djúpavogs og þar eru á ferðinni fyrirtæki sem tengjast gömlum valdablokkum Framsfl. Þannig eru þessi uppskipti. Og hæstv. iðnrh. lofar fleiri skýrslum, en ráðherrann hefur bætt einu við: Nú skal senda spurningalista til sveitarfélaganna og spyrja hvað sé að og hvað þau vilji fá og hvað vanti. Já, við erum búin að fá mörg mörg kíló af skýrslum og allt ber að sama brunni. Fiskveiðistjórnarkerfið er galið og gengur á rétt byggðanna. Við viljum tryggja íbúunum sjálfum forgangsrétt til auðlindanna en ekki senda þeim spurningalista eins og hæstv. iðnrh. vill nú gera.

[16:22]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er nokkur óvissa í atvinnumálum á Djúpavogi um þessar mundir, í sveitarfélagi sem hefur á umliðnum árum verið í sókn í atvinnumálum. Ástæður þessarar óvissu má rekja til breytts eignarhalds á einum stærsta vinnustað sveitarfélagsins eins og hér hefur áður verið farið yfir.

Við framsóknarmenn töluðum fyrir aukinni sátt um íslenskan sjávarútveg fyrir síðustu alþingiskosningar og kom ég m.a. að þeim málflutningi. Í þeirri sátt hef ég talað um ríka samfélagsskyldu fyrirtækja fyrir umhverfi sitt. Það er alveg ljóst að ef sátt á að ríkja um íslenskan sjávarútveg þurfa þeir aðilar er að þessari atvinnugrein standa að sýna samfélagslega ábyrgð. Við skulum hafa í huga að kvótinn er sameign þjóðarinnar sem útgerðin hefur afnotarétt af. Verði sá afnotaréttur misnotaður á þann veg að heilu byggðarlögin standi eftir með sárt ennið er erfitt að standa að slíku kerfi.

Ég spyr jafnframt um aðgerðir til stuðnings byggðarlögum er byggja afkomu sína nær eingöngu á sjávarútvegi. Mikil hagræðing hefur átt sér stað innan greinarinnar og

þar af leiðandi hefur störfum fækkað í íslenskum sjávarútvegi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að svokölluðu veiðigjaldi skuli m.a. varið til uppbyggingar atvinnumála í byggðarlögum er hafa haft viðurværi sitt af fiskveiðum. Ég kalla því eftir nýsköpun til uppbyggingar þeirra byggðarlaga er hafa orðið illa úti í hagræðingu sjávarútvegsins. Við höfum fjármuni til þeirra verkefna. Það er alveg ljóst. Mál er að linni. Aðgerða er þörf í þessum efnum.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þau svör sem hafa verið veitt. Ég er sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um að það er fallegt á Djúpavogi og það er gott að fjallið mikla, Búlandstindur, er á sínum stað. Ég vil taka sérstaklega fram að í þessari umræðu er af minni hálfu ekki falið neitt vantraust á nýja eigendur sjávarútvegsfyrirtækja og veiðiheimilda og að sjálfsögðu vonum við að vel úr rætist. En það breytir ekki hinu, þeim aðstæðum sem íbúar Djúpavogs standa nú frammi fyrir og hafa búið við undanfarnar vikur. Staða minni og meðalstórra byggða við sjávarsíðuna, þeirra sem ekki hafa höfuðstöðvar eða meginstarfsstöðvar einhverra af 10–15 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna, er og verður í óbreyttu kerfi algerlega óviðunandi. Sú óvissa vofir yfir hvern einasta dag að menn hafa enga tryggingu fyrir því að aðgangurinn að auðlindinni, undirstaða alls atvinnulífs og fjárfestinga í byggðarlögunum haldist þar kyrr. Og meðan eitthvert lágmarksöryggi hvað þennan aðgang að auðlindinni varðar er ekki tryggt eru líka fjárfestingar samfélagsins, ríkis og sveitarfélaga, í þeirri sömu stöðu og nú er um að ræða á Djúpavogi, fjárfestingar í hafnarmannvirkjum og öðru slíku upp á hundruð milljóna króna, að undan öllu slíku getur grundvöllurinn horfið með einni undirskrift undir sölusamning á veiðiheimildunum burt úr byggðarlaginu. Meðan það varir er ég algerlega sammála Kristni H. Gunnarssyni um að það verður áframhaldandi ólga í sjávarútvegi og mér finnst að Framsfl. hefði kannski átt að láta hann vera einn af þremur ræðumönnum sínum í dag til þess að tryggja jafnvægið í hlutunum.

Ég spurði hæstv. iðn.- og viðskrh. sem fer með byggðamál, af því að þetta er fyrst og síðast byggðamál: Hvað líður orðum stjórnarsáttmálans, fallegu orðunum um aðgerðir til að treysta stöðu sjávarbyggðanna? Eru þau bara til eins gangs brúks á fjögurra ára fresti eða er eitthvað meira á bak við þau?

[16:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það fór eins og mig grunaði að þetta var umræða um sjávarútvegsmál. Þrátt fyrir að við, ég og hv. frummælandi, hefðum átt samtal áður en umræðan hófst og ég spurt hann að því hvort umræðan yrði um sjávarútvegsmál því ef svo væri ætti hún að fara fram gagnvart sjútvrh. Hann sagði að svo væri ekki. Umræðan hefur verið um sjávarútvegsmál og þar sem ég fer ekki með sjávarútvegsmál í ríkisstjórn Íslands hef ég ekkert frekar til málanna að leggja.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 5. þm. Norðaust. óskar að bera af sér sakir.

[16:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil bera af mér þær sakir að ég hafi á nokkurn hátt haft rangt við í samskiptum við hæstv. iðn.- og viðskrh. í sambandi við undirbúning þessarar umræðu. Það er hárrétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hún spurði að því hvort umræðan yrði um sjávarútvegsmál. Ég sagði að ég ætlaði að taka útgangspunkt í byggðamálaþætti þess sem þarna væri að gerast, stöðu þessarar byggðar gagnvart aðstæðum af því tagi sem þarna væru að koma upp. Í umræðunum hér hafa komið fram fjölmargir þættir sem eru auðvitað fyrst og síðast byggðamál. Eins og t.d. hvaða stöðu fjárfestingar í byggðarlögum af þessu tagi hafa þegar atburðir af þessu tagi geta gerst. Þó að atvinnugreinin sem í hlut á sé sjávarútvegsmál erum við að ræða um áhrifin á stöðu þessarar byggðar, á atvinnuástandið í byggðarlaginu og framtíðarhorfur byggðarlagsins.

Það gengur ekki fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh. að reyna að vísa því alfarið frá sér að bera ábyrgð á byggðamálaþætti þessara hluta þó að í hlut eigi sjávarútvegur. Hvernig er þá umræðan um byggðamál ef því er vísað á hina einstöku fagráðherra eftir því af hvaða tagi eða upp úr hvaða atvinnugrein vandamálin kunna að vera sprottin sem valda afkomubresti eða hruni í málefnum byggðarlagsins. Er það þá sitt á hvað viðfangsefni landbrh., sjútvrh. eða þá iðnrh. að svara fyrir slíka hluti?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill fara fram á að efnisumræða um málið haldi ekki áfram undir þessum lið.)

Ég er að rökstyðja það, herra forseti, og ég tek þá ásökun alvarlega að ég hafi á nokkurn hátt komið óheiðarlega fram við hæstv. iðn.- og viðskrh. í þessum efnum. Ég tók það skýrt fram að ég tæki útgangspunkt í þeim orðum stjórnarsáttmálans sem lúta að aðgerðum til að styrkja stöðu sjávarbyggða. Það gerði ég. Út frá því og því einu spurði ég. Ég tel því að hæstv. ráðherra hafi engar innstæður fyrir því að ásaka mig um það í lokaorðum sínum þegar ég hef þar á ofan ekki kost á að svara fyrir mig innan umræðunnar að eitthvað hafi verið athugavert við það með hvaða hætti ég lagði þessa hluti upp gagnvart hæstv. ráðherra. Ég vildi fá þessa umræðu í grunninn sem byggðaumræðu, enda hafa nóg önnur tækifæri verið og munu áfram gefast til þess að þrátta per se um stjórnkerfi fiskveiða, það gerum við oft og iðulega, en ég held þegar atburðina ber að með þessum hætti þá sé líka þarft að horfa á þá frá þessum sjónarhóli, þ.e. stöðu byggðanna, og mér er algerlega óskiljanlegt að hæstv. iðn.- og viðskrh. geti kvartað undan því að fá umræður um slíka hluti. Þvert á móti ætti hæstv. ráðherra að fagna því sérstaklega að fá umræðu í þinginu um þann málaflokk sem ráðherrann fer með eða gerði síðast þegar ég vissi nema þar hafi orðið á skyndilegar breytingar.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hæstv. iðnaðarráðherra óskar að bera af sér sakir.

[16:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kvarta ekki yfir því að eiga orðastað við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. En þar sem hann hefur setið á hv. Alþingi í 21 ár, ef ég kann það rétt, þá veit hann eins vel og ég að þessi umræða var um sjávarútvegsmál.

Þegar hann talar um að það megi ekki vísa hinum ýmsu málum til viðkomandi fagráðherra, hvað er þá maðurinn að tala um, hv. þm.? Auðvitað fara fagráðherrar með málaflokka sína. Það vill svo til að ég fer ekki með sjávarútvegsmál í þessari ríkisstjórn. Eins og hann talar þá mætti skilja það þannig að ég fari með öll mál sem varða landsbyggðina. Þá

hlýt ég að svara hér fyrir landbúnaðarmál líka, er það ekki? Öll mál, jafnvel samgöngumál á landsbyggðinni.

Þetta gengur ekki. Það er kominn tími til að hv. þm. og fleiri hv. þingmenn sem hafa þennan skilning á hlutverki mínu geri sér grein fyrir því að þau mál sem ég fer með eru þau mál sem hæstv. forsrh. fór með fyrir 1. janúar árið 2000 (Gripið fram í.) og varða fyrst og fremst Byggðastofnun og framkvæmd byggðaáætlunar.

Ég fer ekki með sjávarútvegsmál. Ég hef mikinn áhuga á þeim en af tillitssemi við hæstv. sjútvrh. ætla ég ekki að svara fyrir þau hér á Alþingi.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 1. umr.

Stjfrv., 868. mál. — Þskj. 1326.

[16:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, sem sett voru í aðdraganda Alþingishátíðar 1930, til að tryggja hinu opinbera full umráð Þingvallalands og þess nágrennis sem þá þótti þurfa og búa því viðeigandi vernd fyrir þeim „hermdarverkum" sem á völlunum þóttu hafa verið unnin og gera þá líkari því sem náttúran hafði við þá skilið. Ekkert slíkt tilefni er sem betur fer til flutnings þess frv. sem hér er mælt fyrir. Ástand garðsins bendir þvert á móti til að gildandi lög hafi að þessu leyti náð markmiðum sínum og vel það. Frá því þau lög voru sett hafa hins vegar öll viðhorf til náttúruverndar gjörbreyst og kröfur um verndun aukist, sérstaklega um verndun Þingvallavatns. Um Þingvallavatn og vatnasvið þess er áformað að flytja sérstakt frv. sem hæstv. umhvrh. hefur í undirbúningi.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er á hinn bóginn fjallað um hið friðhelga land á Þingvöllum og lagt til að það verði nálega sexfaldað að stærð og stækkað úr 40 ferkílómetrum í 237 ferkílómetra. Með því móti fellur innan friðlandsins allt það svæði sem talist hefur til svonefnds áhrifasvæðis Þingvallanefndar í næsta nágrenni þjóðgarðsins en miklar takmarkanir hafa hvort eð er verið á framkvæmdum á því svæði. Allur fjallahringurinn á Þingvallasvæðinu verður þá innan þjóðgarðsmarkanna og segja má að um hann skapist betri náttúruleg heild en nú er.

Á þennan hátt er stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru á svæðinu en jafnframt lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við stærsta þéttbýlissvæði á landinu. Þetta er í senn meginefni frv. og markmið.

Í samræmi við þetta eru mörk þjóðgarðsins dregin í 1. gr. frv. og þau friðlýst sem helgistaður allra Íslendinga og eign íslensku þjóðarinnar. Til skýringarauka eru sömu mörk dregin upp á landakorti því sem fylgir frv. sem fskj. I.

Inntaki friðunarinnar er síðan lýst í 3. gr. frv. á þann hátt að markmið hennar sé að varðveita ásýnd landsins innan þjóðgarðsins sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari þar. Mikilvægt er að þetta gangi fram í lögunum sjálfum enda hlýtur öll stjórn staðarins að taka mið af þeim markmiðum. Sérstaklega er þó hnykkt á því að almenningur skuli jafnframt eiga þess kost að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem um það verða settar. Er það til marks um að friðunin og aðgerðir vegna hennar megi þó ekki ganga svo langt að almenningur hafi ekki að því aðgang.

Í 2. gr. frv. er lagt til að stjórn Þingvalla verði sem fyrr í höndum sérstakrar þriggja manna nefndar, Þingvallanefndar, sem lögbundið er að skipuð skuli alþingismönnum. Það er með öðrum orðum almennt hæfisskilyrði fyrir að geta tekið sæti í nefndinni að eiga jafnframt sæti á Alþingi. Það er vissulega nokkuð einstök skipan í íslenskri stjórnsýslu en um leið til marks um hin nánu og sérstöku tengsl Alþingis við hin forna samkomustað þingsins á Þingvöllum.

Í frv. þessu er þó jafnframt lagt til að skýrar verði kveðið á um tengsl nefndarinnar við hefðbundna stjórnsýslu ríkisins og þar með áréttað að yfirstjórn mála er þjóðgarðinn varða heyri undir forsrn. Það er út af fyrir sig einnig til marks um þá stjórnskipulegu sérstöðu sem Þingvellir njóta innan stjórnkerfisins að þeir skuli heyra undir forsrn., enda heyra þjóðgarðar almennt undir umhvrn. Stjórnarfarslega er það hins vegar ekki breyting frá þeirri skipan sem verið hefur.

Í 4., 5. og 6. gr. frv. eru valdheimildir Þingvallanefndar síðan skilgreindar. Í meginatriðum eru þær tvenns konar. Annars vegar er í 6. gr. gert ráð fyrir að garðinum verði stjórnað með almennum stjórnvaldsfyrirmælum um hvað eina sem snýr að verndun og meðferð þjóðgarðsins, svo sem gestakomu, umferð, veiðum og flutningi hættulegra eða mengandi efna innan hans. Hins vegar er lagt bann við hvers konar jarðraski og mannvirkjagerð innan garðsins á þann hátt að til slíkra framkvæmda þarf í öllum tilvikum leyfi nefndarinnar skv. 4. gr., og henni verður heimilt að binda þau þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg í þágu markmiða friðunarinnar.

Þá er í 5. gr. frv. að finna tvenns konar heimildir gagnvart eignum sem aðrir en ríkið kunna að eiga innan garðsins. Annars vegar er lagt til að Þingvallanefnd hafi heimild til að semja um kaup á fasteignum, mannvirkjum og nytjaréttindum innan þjóðgarðsins en hins vegar er lagt til að nefndin hafi með samþykki forsrh. heimild til að taka sömu réttindi eignarnámi í þágu friðunar garðsins.

Í 3. mgr. 5. gr. er að finna ákvæði um bótaábyrgð ríkisins vegna fjártjóns af völdum inngrips í þágu friðunarinnar sem er umfram þær takmarkanir sem almennt leiða af náttúrufriðun. Þetta er að vísu sama niðurstaða og leiða mundi af almennum reglum en rétt þykir engu að síður að hnykkja á því í lögum til að greiða fyrir um framkvæmd þeirra.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að öðrum greinum frv. en vísa til athugasemda sem frv. fylgja.

Þá vill svo vel til, vegna hins sérstaka skipulags sem haft er á stjórn Þingvalla, að nefndarmenn eiga allir sæti á hinu háa Alþingi og því er einnig hægt að eiga við þá orðastað um efni frv., en það var einmitt samið að tilhlutan nefndarinnar.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:38]

Útbýting þingskjala:

Lýsing á Reykjanesbraut og Vesturlandsvegi, 891. mál, fsp. MÞH, þskj. 1351.

Rannsóknir í Brennisteinsfjöllum, 888. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1347.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1336.

Réttarstaða íslenskra skipa á Svalbarðasvæði, 893. mál, fsp. GAK, þskj. 1353.

Samkeppnislög, 882. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1340.
Virkjun í Skjálfandafljóti, 889. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1348.

[16:38]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Eins og hæstv. forsrh. sagði í framsögu fyrir þessu góða frv. þá er það samið að tilhlutan Þingvallanefndar. Ég vil byrja á að þakka bæði hæstv. forsrh. fyrir að hafa flutt þetta mál og liðsinnt því á allan hátt og sömuleiðis félögum mínum, hæstv. ráðherrum Guðna Ágústssyni og Birni Bjarnasyni, formanni nefndarinnar, fyrir ákaflega gott samstarf við undirbúning að frv. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að tímabært væri að færa út mörk þjóðgarðsins, fyrir því liggja mörg rök.

Frú forseti. Ég nefndi þetta þjóðgarð þó svo sé ekki en það er samkvæmt almennri málhefð. Það er eitt af því sem þetta frv. breytir, að þetta svæði, þinghelgin, verður formlegur þjóðgarður.

Ástæðan fyrir því að ég tel að það sé brýnt og tímabært að færa út mörk þjóðgarðsins er sú að gestakomur í þjóðgarðinn hafa aukist mjög. Á hverju ári koma 700–800.000 gestir með einhverjum hætti til heimsóknar í þjóðgarðinn. Það er alveg ljóst að töluvert mikil ánauð er á því landi sem mest er sótt í þjóðgarðinn, og ekki síst þess vegna er nauðsynlegt að færa út mörkin. Sömuleiðis er svæðið orðið í vitund þjóðarinnar ein samfelld heild sem rétt er að staðfest sé lögum samkvæmt að þjóðin eigi sameiginlega, að þar sé um þjóðareign að ræða. Eins og hæstv. forsrh. gat um mun þetta frv., ef af lögum verður, leiða til þess að allur sá fagri fjallahringur sem við sjáum þegar við stöndum þar sem þingið stóð áður verði að sameiginlegri eign þjóðarinnar. Ég tel að það skipti miklu máli.

Ég vil líka lýsa tveimur skoðunum mínum sem tengjast framtíð þessa svæðis. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að þessu frv. fylgi frv. um vatnsvernd sem lengi hefur verið í burðarliðnum. Hæstv. umhvrh. hefur það á könnu sinni að flytja það frv. Mér þætti vænt um að það kæmi fram í umræðunni hvenær þess er að vænta og hvort einhverjir meinbugir séu á að það komi fram. Ástæðan fyrir því að ég inni eftir þessu er að ég tel að vatnasvæði, sem nær frá Langjökli og Skjaldbreiði niður í Þingvallavatn og síðan út í gegnum Úlfljótsvatn og alla leið eftir vötnum og ám út til hafs, sé ákaflega mikilvæg auðlind sem við verðum að vernda og varðveita.

Um síðari hluta þessarar aldar muni þéttbýlissvæðin á suðvesturhorninu þurfa á þeim vatnsforða sem þarna streymir til hafs að halda til framleiðslu og heimilishalds. Þarna er því um auðlind að ræða sem á eftir að verða ákaflega dýrmæt og því nauðsynlegt að vernda hana.

Jarðfræði þessa svæðis er hins vegar með þeim hætti að það er auðvelt að skemma það og menga. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að það sé í gadda slegið hvað má og hvað ekki á þessu svæði.

Ég spyr því hæstv. forsrh. og eftir atvikum umhvrh.: Hvenær er að vænta þessa frv.? Ætla menn ekki að láta þessi tvö frumvörp fylgjast að í gegnum þingið?

Ég vil að það komi fram að Samf. lítur á það sem brýnt mál að samþykkja þetta frv. sem við höfum hér til umræðu. Samf. mun leggja sig fram um að auðvelda leið þess og hraða gegnum þingið.

Í annan stað vil ég geta þess, frú forseti, að ég tel að þarna sé stigið mikilvægt skref í átt að stærri áfanga. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að horfa til langs tíma og þetta eigi ekki að vera síðasta skrefið. Ég tel að stefna eigi að því að í framtíðinni verði búinn til enn stærri þjóðgarður sem mundi ná að umlykja Þingvallavatn allt. Ég tel að það væri eðlilegt framhald af samþykkt frv. um vatnsvernd.

Ég vek athygli á því að margar af þeim jörðum sem liggja að Þingvallavatni eru ýmist í eigu ríkis eða Reykjavíkurborgar. Ég tel því að til lengri framtíðar litið ætti að vera mögulegt að skapa þarna jafnvel mun stærri þjóðgarð en lagt er til með þessu frv. Gleymum því ekki að það er einstakt fyrir hverja höfuðborg að hafa svo að segja í túnfæti sínum gersemi, menningarlega og í náttúrufari, eins og þetta svæði er. Sem útivistarsvæði er það líka einstakt og ótrúlega fjölbreytt. Sennilega bjóða fá svæði á landinu upp á jafnólíkt og fjölbreytt landslag sem þar. Það er skoðun mín að við eigum ekki að láta staðar numið hér en horfa til þess að í framtíðinni, síðar á þessari öld, verði mörk þessa þjóðgarðs stækkuð. Ég vek eftirtekt á því að ýmislegt í frv. veitir stjórnvaldinu heimild til að sækja í þá átt.

Frú forseti. Það sem skiptir fyrst og fremst máli í þessu frv. er stækkunin. Þinghelgin, eins og hún er í dag, er um 40 ferkílómetrar, sem er ákaflega lítið ef við erum að tala um þjóðgarð. Með þessari stækkun er flatarmálið hins vegar sexfaldað. Þjóðgarðurinn mun þá verða fast að 240 ferkílómetrar og það er mikið fagnaðarefni.

Önnur breyting sem ég tel líka rétt að reifa felst í því að með frv. er tekinn af vafi um að forsrn. er það stjórnvald sem Þingvellir falla í reynd undir. Þetta kann í augum sumra að vera umdeilanlegt í ljósi þess að þeir sem samþykktu lögin á sínum tíma lögðu á það mikla áherslu að þinghelgin yrði undir stjórn Alþingis. Ég tel að í sögulegu tilliti hafi það verið ákaflega góð og farsæl tenging. Hins vegar hefur stjórnsýslunni undið fram með þeim hætti að hún er orðin flóknari en áður og nauðsynlegt að einhver hluti framkvæmdarvaldsins hafi stjórnsýslulega ábyrgð, m.a. með tilliti til kæra sem fram kunna að koma vegna ákvarðana Þingvallanefndar. Það er ljóst að til þess að tryggja rétt borgaranna þarf æðra stjórnvald að vera fyrir hendi og ég tel að það fari vel á því að það sé forsrn. Það hefur verið gott samstarf milli Þingvallanefndar og forsrn., sem hefur veitt nefndinni drjúgan stuðning við margvísleg verkefni sem hún hefur komið að og tekið ákvarðanir um. Ég er því þeirrar skoðunar að þetta sé rétt breyting og tel nauðsynlegt að það komi fram vegna þess að það kom fram í máli mínu fyrr á árum að ég teldi þetta vera álitamál.

Reynslan hefur hins vegar sýnt að þetta hefur verið góð breyting og í reynd er þarna verið að staðfesta ákveðið ferli sem þegar hefur átt sér stað.

Það sem hefur einkum leitt til deilna í tengslum við þjóðgarðinn eru byggingar sem hafa verið á áhrifasvæði þjóðgarðsins eða innan hans. Það kemur fram í frv. að þar eru heimildir fyrir Þingvallanefnd til þess að kaupa upp sumarbústaði. Sumarbústaðir innan þjóðgarðs hafa verið mörgum þyrnir í augum, m.a. þeim Þingvallanefndarmanni sem hér stendur. Ég teldi æskilegast að þjóðgarðurinn væri laus við það sem ég hef stundum kallað áþján sumarbústaðanna. Ég er hins vegar raunsær og tel að eins og verðþróun hefur verið á sumarbústöðum innan þjóðgarðsins sé það varla á skattborgarana leggjandi að Þingvallanefnd nýti þann forkaupsrétt sem hún hefur samkvæmt heimildum laga.

Hins vegar er það þannig að fyrir utan sumarbústaðina sem eru suðvestan Valhallar eru líka sex bústaðir í landi Gjá-

bakka. Samkvæmt frv. verður Gjábakki órjúfanlegur hluti af þjóðgarðinum sjálfum. Þessir sex bústaðir komu til á síðustu öld og leiddu til mikilla deilna, og án þess að ég fullyrði neitt hefur mér jafnan fundist sem það sé nokkur samstaða um það í Þingvallanefnd að þeir væru óæskilegir. Ég tel að eitt af því sem Þingvallanefnd á að beita sér fyrir í framtíðinni sé að bústaðirnir verði keyptir upp þegar færi gefst.

Frú forseti. Ég hef verið þeirrar skoðunar að bæði Alþingi Íslendinga og forsrn. ættu að eiga sumarhýsi á Þingvöllum. Ég tel að það sé eðlilegt sökum þeirra miklu sögulegu tengsla sem Alþingi hefur haft við þennan stað. Því hef ég sagt það áður í þessum sal að ég tel að það eigi að vera hluti af þeirri framtíðarsýn sem við höfum fyrir Þingvelli að Alþingi Íslendinga eignist þar sumarhús sem það getur nýtt m.a. til þess að taka á móti gestum sem koma og sækja þingið heim. Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar að það ætti að festa kaup á bústað sem forsrh. hverju sinni gæti haft sem eins konar embættisbústað sinn, ef svo mætti að orði kveða. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að sá háttur sem nú er hafður á varðandi Þingvallastað, sem er eins konar móttökustaður fyrir forsrh., sé ekki heppilegur að mörgu leyti, og allra síst eins og heimurinn hefur þróast á síðustu missirum og árum. Þetta vil ég segja til að afstaða mín til þessa liggi alveg ljós fyrir. Þetta er eitt af því sem við eigum að hafa í huga.

Ég tel hins vegar að Þingvallastað ætti að nota með öðrum hætti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg prýðilegt eins og nú er að framkvæmdastjóri Þingvallanefndar, sem verður þjóðgarðsvörður að frv. samþykktu, hafi þar ákveðið athvarf. Ég tel að hinar burstir bæjarins eigi í framtíðinni að nýta með þeim hætti að þar eigi að bjóða fræðimönnum og hugsanlega listamönnum tímabundna íveru og helst þeim sem með einhverjum hætti eru að sinna sögu eða menningu Þingvalla. Ég tel að með þeim hætti sé verið að undirstrika enn frekar samband þjóðar og Þingvalla.

Það sem hefur stundum valdið okkur sem í Þingvallanefnd sitjum hugarangri, og mörgum öðrum, er ástand Valhallar. Valhöll er eitt af því sem hefur orðið órjúfanlegur partur af ímynd Þingvalla í huga þjóðarinnar. Sérhver Íslendingur fer til Þingvalla á ungum aldri og hluti af þeim minningum sem hann tekur strax með sér er þetta fallega hús. En eins og við sem erum kunnug á Þingvöllum vitum er það að hruni komið og ekkert fram undan annað en að leggja í gríðarlega dýrar endurbætur á því húsi eða einfaldlega láta það hverfa. Hvað á þá að koma í staðinn? Eins og við vitum hafa verið umræður um það á hinu háa Alþingi og hafa raddir talað hátt í þá veru að það ætti ekkert að byggja í staðinn. Ég tel hins vegar að það komi fyllilega til greina þegar eða ef að því kemur að Valhöll verði fjarlægð í núverandi mynd, að þar verði byggð lítil ráðstefnumiðstöð, hugsanlega í samvinnu einkaaðila og ríkisins þar sem ríkisstjórn getur haft eftir atvikum móttökur, þar sem hægt er að hafa ráðstefnur og hugsanlega mætti tengja það gistirými og veitingaaðstöðu. Þetta er eitt af því sem ég tel að þurfi að skoða en ljóst er hins vegar að næsta áratug þurfa menn að taka ákvarðanir um framtíð Valhallar. Mín skoðun er að hún sé tæpast á marga vetur setjandi eins og hún er og það sé ekki vel farið með fé skattborgaranna ef hið opinbera neyðist til þess að ráðast í viðgerðir á henni og endurbyggingu.

Þetta, frú forseti, eru í stórum dráttum þau aðalatriði sem ég vil nefna varðandi frv. Ég styð það heils hugar. Ég fagna alveg sérstaklega stækkuninni og fyrir mig skiptir það ákaflega miklu máli að sjá frv. og ég hef verið fylgjandi þessum breytingum mjög lengi. Ég tel enn fremur að þau viðhorf sem ég hef flutt varðandi byggingar innan marka þjóðgarðsins séu þættir sem menn eigi að skoða og ég vil hafa nefnt þá hér vegna þess að þetta er eitt af því sem ég vil beita mér fyrir innan Þingvallanefndar og sem alþingismaður.

Að lokum, frú forseti, vil ég segja það að Þingvallavatn er sem betur fer núna loksins, 40 árum eftir það mikla slys sem varð þegar bráðabirgðastíflan fyrir mynni Efra-Sogsins brast á þjóðhátíðardaginn 1959, að ná sér. Þingvallavatn er að blómstra sem aldrei fyrr. Allir fiskstofnar í vatninu eru að ná sér vel. Það er til marks um hversu einstakt vatnið er og til marks um það hve mörgum dásemdum það hefur yfir að ráða sem menn gera sér ekki alveg grein fyrir að í dag er sennilega hvergi hægt að finna nokkurt stöðuvatn sem er jafnframleiðið hvað fisk varðar. Það er sennilega ekkert stöðuvatn í heiminum þar sem jafnmikið aflast af silungi á hektara og þarna. Þetta hefur gerst á síðustu árum vegna þess að loksins eru þær sveiflur sem urðu í vatninu í kjölfar slyssins sem ég nefndi að hverfa.

En jafnframt hefur annað gerst. Menn hafa góðu heilli tekið upp baráttu fyrir því á síðasta einum og hálfa áratug að Landsvirkjun dragi úr því að nota Þingvallavatn sem miðlunarlón, en fáir gera sér grein fyrir, að Þingvallavatn, þessi perla okkar Íslendinga, er miðlunarlón fyrir Landsvirkjun. Eðli miðlunarlóns er að yfirborð þess sveiflast og það hafa verið miklar sveiflur á yfirborði Þingvallavatns í gegnum árin sem hafa leitt til þess að ýmiss konar dýr eins og kuðungar hafa unnvörpum dáið og tortíming þeirra hefur með þessum sveiflum leitt til þess að sériślenskir fiskar, eins og kuðungableikja, sem er einstakur fiskur og finnst ekki annars staðar, hafa átt í vök að verjast.

Á síðustu árum hefur tekist að fá Landsvirkjun til að draga úr þessum sveiflum og þá gerist það að allt blómstrar í vatninu, kuðungableikjan sem aldrei fyrr. Sveiflurnar, sem nú eru miklu minni en áður, hafa líka leitt til þess að straumar hafa breyst á gömlum hrygningarstöðum urriðans í neðri hluta Öxarár en líka hefur þetta leitt til þess að gamlir hrygningarstaðir, sem áður sukku ár hvert fyrir Nesjahrauni sem aftur leiddi til þess að urriðinn sem þar hrygndi kom ekki upp ungviði sínu og þeir stofnar dóu út, eru að ná sér upp aftur. Þetta er, frú forseti, fagnaðarefni og sýnir hvað er hægt að gera ef menn ætla sér að breyta því sem mennirnir hafa gert illa í náttúrunni.

En það er ekki nóg að gert, það þarf að stíga lengra í þessa átt. Það þarf að koma algjörlega í veg fyrir að Landsvirkjun noti Þingvallavatn sem miðlunarlón. Ég tel líka að eitt af því sem er óhjákvæmilegt að gera til þess að lyfta vatninu til fyrri vegs og virðingar sé að stjórnvöld beiti sér fyrir því að í framtíðinni verði stíflan rofin þar sem Efra-Sogið rann áður niður, þar sem útfall Þingvallavatns gekk áður frjálst í gegnum farveg Efra-Sogs niður í Úlfljótsvatn. Þarna varð til stórvaxnasti urriðastofn sem nokkurn tíma hefur þekkst. Þó að sá stofn hafi aldrei verið mældur báru menn gæfu til þess að mæla einungis einu sinni stærð og þyngd hrygningarurriða í Öxará, sem öllum sem til þekktu bar saman um að var þó minni en stofninn sem átti óðöl sín í Efra-Sogi. Það kom í ljós að hvergi í heiminum eru heimildir um urriðastofn sem var jafnstórvaxinn þegar hann var fullþroska. Meðalþyngd þeirra fiska var meiri en meðalþyngd hrygningarlaxa í öllum ám á Íslandi sem ég hef skoðað. Það sýnir hvers konar gripur þessi urriði var.

Ég tel, frú forseti, að þetta sé skuld sem við eigum lífríki Þingvallavatns að gjalda. Í dag mundi engum manni detta í hug, og væri sennilega ekki hægt í krafti þeirra laga sem nú liggja fyrir um mat á umhverfisáhrifum, að ráðast í þær framkvæmdir sem menn gerðu þá.

Ég ætla ekki að fara fram á að menn rífi stíflurnar í Soginu í burtu en ég tel að það sé mjög mikilvægt að menn grípi til ráða sem duga til þess að urriðinn nái sér aftur í Efra-Sogi. Ég sat einu sinni í ríkisstjórn sem lifði ekki alveg nógu lengi til þess að ná því fram, en á síðustu dögum hennar var þó að myndast samstaða um þetta. Vísa ég þá einkum til lofsverðra ummæla páv. landbrh. og núv. forseta þingsins sem lýsti því yfir í þessum ræðustól að þetta ætti að gera. Og ég skora á hæstv. forsrh., dómsmrh. og umhvrh. að láta sér þessi orð Halldórs Blöndals að kenningu verða og taka undir baráttu okkar forseta þingsins fyrir þessari breytingu. Það er líka partur af því sem menn eru að gera með frv., að verja og vernda.

[16:59]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langaði að nota þetta andsvarsform til að útskýra fyrir hv. þm. fyrirspurn sem hann kom með varðandi vatnsverndarfrumvarpið.

Frumvarpið var samið undir hatti Þingvallanefndar á sínum tíma. Staðan á því er þannig að ég hef átt fund með Bláskógabyggð vegna frv. og farið yfir málið fyrr á árinu. Það komu fram athugasemdir hjá sveitarfélaginu um vatnsverndarmörkin og við höfum látið skoða þau mörk hjá sérfræðingum Orkustofnunar og nú er verið að draga upp mörk hjá Landmótun. Þetta er á lokastigi og vonandi verður hægt að klára málið í ríkisstjórninni á næstu dögum þannig að þá er okkur ekkert að vanbúnaði að láta þessi mál fylgjast að eftir því sem hægt er í þinginu.

Ég vil taka undir með hv. þm. að það er mjög mikilvægt að vernda vatnasvið Þingvallavatns af því að Þingvallavatn og vatnasvið þess er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi. Eins og hv. þm. þekkir er þetta vatn það eina í heiminum sem býr yfir fjórum afbrigðum af bleikju, sem er algjörlega einstakt. Vatnsverndarfrumvarpið er því á lokastigi og þingmenn mega eiga von á því að fá það inn á næstu dögum.

[17:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt er það. Ég hafði haft pata af því að Þingvallavatn væri einstakt að því er varðar þessar bleikjur. Sannarlega væri mér ánægja að því að fara með hæstv. umhvrh. og sýna henni mestu gersemina af þessum fjórum bleikjum, hina mystísku gjábleikju sem hímir í gjánum og elur þar aldur sinn. Nýjustu upplýsingar úr lífríki Íslands eru einmitt þær að þessi gerð bleikju sé einstök vegna þess að hún er ekki bara í gjánum á Þingvöllum, heldur er hún í öllum gjám sem ná í gegnum sprungusveiminn sem liggur um gosbeltið frá Reykjanesi, um suðvesturhornið yfir landið og yfir á norðausturhornið og er algjört „raritet".

Að því er varðar vatnsverndarfrumvarpið fagna ég því að hæstv. ráðherra skuli hafa ráðslagað með Bláskógabyggð. Það var sjálfsagt að gera það. En við sem upphaflega komum að þessu frv. í Þingvallanefnd ráðslöguðum einmitt rækilega um þau mál við þáverandi sveitarstjórn, það var fyrir sameiningu og tilurð Bláskógabyggðar. Þá var fullkomin eining á millum Þingvallanefndar og sveitarstjórnar um allt það sem laut að vatnsvernd, þjóðgarðsnotkun og öðru. Það þarf að liggja alveg ljóst fyrir að Þingvallanefnd hreyfði sig ekki í því máli án þess að fyrir lægi bæði ráðstefna hennar og sveitarstjórnarmanna og algjört samþykki. Það var engin misklíð í þeim efnum.

Á hitt ber svo að líta að þarna er um að ræða mikla auðlind. Þetta er auðlind sem mun skipta stóran hluta þjóðarinnar mjög miklu máli og við verðum að horfa til þess. Við verðum að horfa til hagsmuna hinnar stóru heildar, jafnvel þótt einhverjir kunni að reka hnýflana í þetta sem ég hef auðvitað orðið var við.

Hitt vil ég þakka að hæstv. ráðherra lýsir því yfir að það sé skammt í að þetta komi hér fram og verði þá væntanlega samþykkt á þessu þingi eða hinu næsta.

[17:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel hér vera gott mál á ferðinni sem þingmenn ættu að geta sameinast um, að öllu leyti vona ég. Þingvellir og umhverfið þar í kring er þjóðinni mjög verðmætt og liggur mjög vel við þéttustu byggð Íslands á suðvesturhorninu þannig að þetta er auðlind sem hver einasti Íslendingur hefur getað notað sér þótt hún liggi auðvitað betur við suðvesturkjarnanum og Suðurlandi heldur en stöðum sem fjarri liggja. Eftir sem áður býst ég við að flestallir Íslendingar komi á Þingvöll einhvern tímann á ævi sinni, og sem betur fer margir mjög oft, og njóti þeirrar sérstöku náttúru sem þar er til staðar, þeirrar sögu og staðhátta sem þar má kanna og horfa á.

Ég vil í upphafi máls míns gera grein fyrir bréfi sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sendum hæstv. forsrh. í dag. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Efni: Skipun Þingvallanefndar.

Komið er fram á Alþingi frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Samkvæmt því er hið friðhelga land á Þingvöllum stækkað umtalsvert frá því sem nú er. Með stækkun þjóðgarðsins eykst vægi hans enn og kallar það á breytta stjórn og starfshætti, auk þess sem Þingvallanefnd er falið víðtækara verksvið. Engin breyting er hins vegar lögð til í frumvarpinu á skipun Þingvallanefndar sem er þannig háttað að kjörnir eru þrír alþingismenn hverju sinni í nefndina að loknum kosningum til Alþingis. Hefur svo verið allt frá stofnun þjóðgarðsins árið 1928 en þá voru þingflokkarnir aðeins þrír.

Undirritaðir formenn Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsa almennt séð mjög jákvæðum viðhorfum til stækkunar hins friðhelga lands og þeirra markmiða sem sett eru um tilgang friðunarinnar, varðveislu þess lands sem fellur innan þjóðgarðsmarka. Það er hins vegar sameiginleg formleg ósk undirritaðra að ákvæði um skipun Þingvallanefndar verði breytt og fjölgað í nefndinni svo að allir þingflokkar eigi þar sína fulltrúa. Þess er hér með farið á leit að þessi ósk verði tekin til umfjöllunar í viðkomandi þingnefnd og vænst stuðnings fulltrúa annarra þingflokka við þá ósk."

Undir þetta skrifa sá sem hér stendur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Það hefur verið nokkuð fróðlegt að fara í gegnum forsögu þessa máls og ég gerði það mér til gamans og fróðleiks að skoða þingtíðindi frá árinu 1928 þegar þetta mál var hér upprunalega til afgreiðslu. Þegar þeim þingtíðindum er flett, hæstv. forseti, kemur í ljós að mestöll umræðan fór fram um landnýtingu, um jarðarnýtinguna, um gróðurinn, um hag bænda af jörðum sínum, hvort beita mætti hraun og gróður í

hrauni eða ekki, og hvort ákveðnar byggingar væru mönnum til sóma eða ekki, hvort ætti að fjarlægja þær fljótt eða síðar o.s.frv.

Eins og hv. þm. sjá er þetta þó nokkurt plagg sem ég hef með hér sem útskrift úr þessum þingtíðindum. Ég fullyrði eftir að hafa lesið þetta að stærsti hlutinn er um þennan ágreining manna, um landnytjar, hvert verð skuli koma fyrir og hvort kindur og geitur almennt eigi að fá að ganga á þessu landi. Þeir hafa þó að sumu leyti verið framsýnir því að þeir segja í ræðum sínum að það beri auðvitað að sjá til þess að ref og annan ófögnuð megi skjóta og viðhalda þannig lífríkinu sem er annað en við gerðum í Hornstrandafriðlandi um árið þar sem við höfum alið upp þau dýr með þó nokkrum árangri í því að útrýma mófugli víða um land.

Það sem ég ætlaði aðallega að vitna til og var það sem ég var að skoða var tilurð Þingvallanefndarinnar og hvernig menn hefðu lagt upp með það mál. Ég vil leyfa mér að vitna í þingtíðindi. Sá sem ég vitna í er þáverandi dómsmrh., Jónas Jónsson, en hann segir í dálki 2311 þegar verið er að tala um nefndina og þá sátt sem boðið sé upp á um það fyrirkomulag, með leyfi forseta:

„Jeg get fullvissað hann [þ.e. þingmanninn sem hann var að vitna til, þ.e. 1. þm. Skagfirðinga] um, að það er ekki gert af vantrausti, hvorki á núverandi stj. nje hv. þm. (MG) [sem er Magnús Gunnarsson], þegar hann kemur í stj. næst. Það er gert vegna þess, að stjórnirnar hafa vanalega öðru að sinna [er þá verið að tala um ríkisstjórnir]. Til minningar um það, að Alþingi hefði ákveðið að gefa Þingvöllum sína helgi aftur, þykir rjett, að allir flokkar eigi fulltrúa í Þingvallanefnd, sem sje varanleg. Mjer þykir betur hlýða, að á Þingvöllum ráði ekki flokksstjórn, heldur þingið sjálft."

Þetta var það skeleggasta sem ég fann í þeim þingtíðindum sem ég er með undir höndum. Það kann svo sem að leynast eitthvað einhvers staðar annars staðar. Þarna lýsti dómsmrh., sem flutti frv., því mjög skýrt yfir að hann teldi að það væri sómi þingsins og vilji að allir þingflokkar á Alþingi ættu fulltrúa í Þingvallanefnd og að það væri ekki flokksstjórn sem stjórnaði Þingvöllum, enda geri ég ekki ráð fyrir og hef ekki orðið þess var meðal manna í Þingvallanefnd eða þingmanna yfirleitt að mikill ágreiningur hafi verið um verndun Þingvalla. Ég á reyndar ekki von á því að svo verði í framtíðinni, að það verði mikill ágreiningur milli manna um það hvernig skuli standa að verndun Þingvalla fyrir komandi ár og aldir, fyrir fólkið í landinu.

Þegar þetta var sem ég vitnaði til, hæstv. forseti, hagaði svo til á Alþingi að Framsókn átti 19 þingmenn, Íhaldsflokkurinn 16 og jafnaðarmenn fimm. Síðan voru tveir utan flokka, einn úr Sjálfstæðisflokki minnir mig og einn utan flokka. Þannig var skipan þingsins þá og það var sem sagt niðurstaða manna þá að allir þingflokkar á Alþingi skyldu eiga fulltrúa í Þingvallanefnd.

Ég tel að ef það erindi sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon höfum sent frá okkur í dag um þetta atriði varðandi Þingvallanefnd verði skoðað, ætti í ljósi sögunnar kannski ekki að þurfa að valda miklum ágreiningi, enda eins og ég sagði áður býst ég ekki við því að meðal þingmanna ríki nokkur pólitískur ágreiningur um verndun og viðhald Þingvalla í sem óbreyttastri mynd. Ég geri fyrir mína parta ekki neinn ágreining um það að forsrh. skuli skv. 2. gr. fara með yfirstjórn þessara mála, ég held að það sé í sjálfu sér bara vel til fallið. Frv. að öðru leyti tel ég jafnframt vera til bóta og gott mál.

Ég vil hins vegar láta þess getið með tilliti til þess sem ég las upp úr eldri þingtíðindum um nýtingu jarða og eignir og eignaupptöku við stækkun friðlands að ég er ekki sérfræðingur í því hverjir eiga jarðir í kringum Þingvallavatn. Það plagar mig ekki mikið hverjir eiga þar sumarbústaði eða lönd, ég vona að allir sem þar eiga ítök njóti þeirra og fái notið þeirra áfram. Ég sé ekki sérstakan tilgang í því að vera að skikka menn til að rífa húseignir sínar ef þær eru fallega umgengnar og eigendum til sóma, hvort sem þeir eiga þær innan eða utan þjóðgarðs. En það hlýtur að verða að gera kröfu til þess að húseignir innan friðlands séu nokkuð vel hirtar og landi og þjóð til sóma.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál sem hér er verið að ræða, stækkun þjóðgarðsins á Þingvöllum, sé þjóðþrifamál og vonandi að við berum gæfu til þess að klára það svo fljótt sem nauðsyn ber til og að um það ríki þá næg og mikil sátt. Ég tel ekki að um verndun Þingvalla og umhverfis þeirra geti staðið pólitískur ágreiningur milli þjóðkjörinna fulltrúa.

[17:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir það erindi sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest., flutti hér fyrir hönd okkar beggja um að samsetningu Þingvallanefndar verði, þótt seint sé liggur mér við að segja, nú þannig breytt að hin upprunalega hugmynd um að í henni sitji fulltrúar allra þingflokka verði aftur virt. Ég hygg að sú tilvitnun sem hv. þm. fór með í þáverandi dómsmrh., Jónas frá Hriflu, taki af allan vafa um það hvernig þetta var hugsað á sínum tíma, enda ekki tilviljun að nefndarmenn voru þá þrír og þrír flokkar áttu fulltrúa á þingi.

Ég held að það sé í samræmi við þingræðishefðina og þá skipan að Alþingi fari með yfirstjórn mála að svona sé að verki staðið og það er líka til að undirstrika þá samstöðu og þá sátt sem á að ríkja um meðferð mála í þessum þjóðarhelgidómi. Ég leyfi mér að trúa því þangað til annað kemur í ljós að undir þessa sanngjörnu kröfu verði tekið og málinu breytt á þann veg og það njóti stuðnings bæði málflytjenda, hæstv. forsrh., fulltrúa annarra þingflokka og þingmanna almennt.

Ég vil einnig segja um málið að alltaf má velta vöngum yfir því hversu hátt eigi að reiða til höggs eða af hversu miklum metnaði menn eigi að ganga fram ef farið er í breytingar á annað borð á því fyrirkomulagi sem þarna hefur ríkt tiltölulega óbreytt býsna lengi. Það er enginn vafi á því að sú stækkun þjóðgarðsins sem hér er lögð til er geysimikilvægur áfangi til þess að bæði tryggja betur vernd svæðisins og til að stækka það svæði sem er sérstaklega tekið frá og friðlýst til útivistar og til að njóta sem umgjarðar um sjálfan þinghelgidóminn, sem er Lögberg og þingvellirnir og svæðið þar hið næsta.

Þessi stækkun þjóðgarðsins úr um 40 ferkílómetrum í tæplega 240 ferkílómetra er gríðarmikil og má ljóst vera að svæðið breytist um margt, breytir um eðli að nokkru leyti frá því að vera fyrst og fremst verndarsvæði utan um sjálfa þinghelgina í að vera allstór þjóðgarður eða verndarsvæði í næsta nágrenni höfuðborgarinnar. Um leið breytist talsvert verksvið þeirra sem þarna fara með mál því að slepptu svæðinu umhverfis þinghelgidóminn verður meðferð mála þarna væntanlega meira og minna í samræmi við það sem almennt gerist um þjóðgarða eða verndarsvæði af þessum toga. Það hlýtur líka að koma til álita þegar talið berst að stjórnskipu-

lagi og fyrirkomulagi á þessu svæði að hvaða leyti sömu rök standa áfram fyrir því að skipa málum með þessum sérstaka hætti og að hvaða leyti er í raun orðið um að ræða forvöltun og verkstjórn á friðlýstu svæði eða verndarsvæði sem á flest sameiginlegt með öðrum slíkum annars staðar í landinu.

Ég hafði í sjálfu sér, herra forseti, allt eins átt von á því að þegar farið yrði af stað á annað borð yrði jafnvel um enn meiri stækkun þjóðgarðsins að ræða og var ég þá sérstaklega með í huga vatnsverndina og landslags- og jarðfræðivernd vegna þess að þær gersemar sem að svæðinu liggja eða því tengjast, svæðið norður og norðaustur af þingvöllunum gefur fullt tilefni til að þjóðgarðsmörkin eða verndarsvæðismörk séu færð mun lengra inn til landsins en hér er ákveðið að gera. Nú er að vísu boðað að í vændum sé sérstakt frv. sem lýtur að verndun Þingvallavatns og vatnasviðsins eða vatnasvæðisins sem því tengist og er það vel og þá hljóta menn að ætla sér að hafa talsvert stærra svæði undir en nákvæmlega hér er uppteiknað.

Um vinnubrögðin og undirbúning málsins er ég svo sem ekki til frásagnar um, enda málið á annarra höndum. Maður hefur einhvern veginn í gegnum tíðina öðlast þá tilfinningu að virðuleg Þingvallanefnd sé ákaflega forframaður klúbbur og virðulegur og í þeim selskap sitja helst ekki minna en óbreyttir ráðherrar a.m.k. og formenn flokka (**Gripið fram í:** Fyrrverandi ráðherrar.) og fyrrverandi ráðherrar. Það ríkir nokkur stjórnfesta í nefndinni og hefur haft tilhneigingu til að gera og er það vel. Ég held þó að það megi velta vöngum yfir því hvort menn hafi kannski á köflum ekki náð að leysa málin með alveg nógu farsælum hætti og mér finnst ljóður á framkomu þessa annars ágæta frv. að það skuli samtímis rísa upp ágreiningur við eitt af þeim sveitarfélögum sem í hlut á, sem sagt Bláskógabyggð. Mér liggur við að kalla það klaufalegt að ekki skuli vera betra samkomulag við viðkomandi sveitarfélag um málsmeðferðina þegar málið birtist á borðum þingmanna. Að ekki skuli vera samkomulag áður en frv. er lagt fram í sjónmáli, sem teiknar upp útlínur að hinum nýja og stækkaða þjóðgarði, um hluti eins og Gjábakkaveg eða vegtengingu inn á svæðið er ekki eins og æskilegast hefði verið. Vonandi er hægt að leysa úr þeim hlutum. Að sjálfsögðu er ekki hægt að lofa því fyrir fram að samkomulag takist um alla hluti, e.t.v. verður að lokum að höggva á einhverja hnúta eða taka af skarið með einhver ágreiningsmál sem uppi eru, en æskilegast væri að um þetta ríkti sem allra mestur og bestur friður, bæði nú þegar málið er til umfjöllunar á Alþingi og ekki síður í framhaldinu þegar þetta er komið til framkvæmda.

Um stjórnskipulag mála ætla ég ekki að hafa mörg orð. Ég vísa til þess sem ég áður sagði að með því að þjóðgarðurinn stækkar jafnmikið og raun ber vitni er ljóst að margt af því sem verður á könnu Þingvallanefndar verður mjög sambærilegt við það sem stjórnendur í þjóðgörðum annars staðar í landinu eða á verndarsvæðum annars staðar hafa við að glíma og verksvið Þingvallanefndar er fært talsvert út að þessu leyti. Reyndar verður Þingvallanefnd hálfgerð ríkisstjórn með lögsögu á öllum sviðum, samanber t.d. ákvæði 6. gr. frv. Það jaðrar við að vera hliðstætt við hið víðtæka valdsvið eða hlutverk utanrrh. á svokölluðum verndarsvæðum, en utanrrh. er ráðherra allra málaflokka eins og kunnugt er, t.d. í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og fer þar með dómsmál, lögreglumál og hvaðeina. Þannig fær Þingvallanefnd mjög viðamikið hlutverk, getur til að mynda sett í reglugerð ákvæði um gestagjöld innan þjóðgarðsins og væri athyglisvert að fá upplýsingar um hvaða pólitík er þar fyrirhuguð. Er útfært af hálfu nefndarinnar hvernig hún mun fara með þessar heimildir? Verður um að ræða almenna gjaldtöku í garðinn sem maður á erfitt með að sjá fyrir sér eða hvernig verður slíku fyrir komið og hvernig verður það afmarkað? Þingvallanefnd getur jafnvel sett tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins, verður hálfgerð umferðarlögregla á svæðinu, stjórnar veiðum dýra og fugla innan garðsins, setur reglur um meðferð spilliefna og frárennslis og þar fram eftir götunum.

Auðvitað má velta fyrir sér hvort fær hefði verið sú leið að sá háttur málsins sem snýr að yfirstjórn þingsins, Alþingis, á málefnum vegna tengslanna við þingstaðinn forna og söguna hefði verið fyrir komið með sérstökum hætti, en dagsdagleg stjórnun mála í þjóðgarðinum hvað varðar samskipti við almenning, t.d. um útivist á svæðinu, hefði verið fyrir komið með einhverjum venjubundnum hætti þannig að menn hefðu deilt að einhverju leyti með sér verkum. Það má líka velta því fyrir sér hvort ekki væri ástæða til að skoða þær hræringar aðrar sem uppi eru í málefnum þjóðgarða, en eins og kunnugt er er heilmikið að gerast í þeim efnum, og jafnvel rætt um að núverandi þjóðgarðar, tveir af fjórum, þ.e. þjóðgarðurinn í Skaftafelli og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum nyrðra renni saman í einn og um Vatnajökulsþjóðgarð og jafnvel stóran miðhálendisþjóðgarð sem að endingu teygir sig frá strönd til strandar verði sett sérlög. Stendur þá eftir undir venjulegum náttúruverndarlögum aðeins einn af fjórum þjóðgörðum í landinu, þ.e. hinn nýstofnaði þjóðgarður kringum Snæfellsjökul þar sem Þingvallanefnd fer með þennan, og er það orðið nokkuð sérkennilegt ef sú yrði niðurstaðan.

Það kann því að vera, virðulegi forseti, að ástæða gæti verið til að fara yfir öll þessi mál í heild sinni. Í raun og veru held ég að það sé þarft að umhvn. Alþingis, sem væntanlega fær málið til umfjöllunar eða þær þingnefndir sem um það kunna að fjalla sameiginlega — nú heyrði ég ekki hvort hæstv. forsrh. lagði til nefnd (Gripið fram í.) það er allshn. — Að mínu mati er í öllu falli sjálfgefið að málið gangi til umhvn. til álitsgjafar varðandi þann þátt málsins þannig að þingnefndirnar fari e.t.v. að einhverju leyti sameiginlega yfir þessa hluti og gefi sér þann tíma sem þarf til að skoða málin vandlega. Ég sé ekki neina sérstaka nauðsyn til þess að þetta mál, þó þarft sé og gott, þurfi endilega að verða að lögum á þessu vorþingi ef efni máls kalla á að það verði skoðað betur í samhengi við annað.

Ég tek líka undir það sem hér hefur verið nefnt af ræðumönnum á undan mér að það er ákaflega mikilvægt að í framhaldi af þessu komi frv. sem á að taka á frekari vernd Þingvallavatns og vatnasviðsins sem væntanlegt er frá hæstv. umhvrh. og hér kemur fram.

Að síðustu vil ég segja það, virðulegur forseti, að það er meginafstaða mín til meðferðar mála á þessum helga stað, sem eru Þingvellir, Lögberg, Almannagjá og næsta nágrenni, að það beri að varðveita þetta svæði sem allra ósnortnast í þeirri mynd sem það er í dag og hefur af náttúrunnar hendi verið um aldir og árþúsundir. Og þó mennirnir hafi auðvitað sett á það visst mark og gert þær breytingar sem ég geri ekki ráð fyrir að neinir hafi áhuga á að gera afturhverfar eins og flutning Öxarár á sínum tíma, held ég að menn eigi að láta þar við sitja og reyna sem minnst að vera með tilburði uppi til þess að betrumbæta það náttúrunnar meistaraverk sem Þingvellir eru. Ég er með öðrum orðum tiltölulega andvígur hvers kyns mannvirkjagerð eða umróti af því tagi á þessu

svæði. Ég tel að það eigi að halda þar öllu slíku algerlega í lágmarki og það eigi eingöngu að miða að því að greiða fyrir umferð fótgangandi manna og eftir atvikum akandi eftir því sem þörf er inn að svæðinu og það eigi frekar að láta byggingar hverfa þegar þeirra tími er kominn en að reisa aðrar nýjar eða fjölga þeim. Út af fyrir sig held ég að að mati þjóðarinnar fari vel á því að á Þingvöllum standi lítil kirkja og einn fallegur bær og ég er ekki að gera neinar tillögur um að því verði breytt, a.m.k. eins og mál standa, en mikið meira þarf og á að mínu mati ekki að vera þar. Samkomur eiga að fara þar fram undir berum himni enda þekki ég enga arkitekta eða byggingarmenn sem ég hef trú á að geti betrumbætt það náttúrunnar meistaraverk sem Þingvellir eru og það fer líka vel saman við söguna og þá menningararfleifð sem þingfundir í heyranda hljóði undir berum himni bera með sér sem fram fóru þarna til forna.

Reyndar get ég alveg upplýst það, úr því að ég er kominn út í þessa sálma á annað borð, að ég hef oft látið mér detta í hug þá rómantík að Alþingi væri sett á Þingvöllum og þingsetningin færi fram undir berum himni síðsumars eða jafnvel á hinum forna tíma þegar þing var kvatt til funda í lok júnímánaðar, ef ég man rétt, og síðan mætti fresta fundunum og taka til að nýju þegar efni stæðu til með haustinu.

Svipað fyrirkomulag hafa frændur okkar Færeyingar. Þeir setja þing sitt með mjög hátíðlegum hætti á þjóðhátíð sinni, Ólafsvökunni, og það starfar síðan ekki mikið fyrr en seinna á árinu. Þannig er þingsetningin sjálf gerð táknræn og hátíðleg og auðvitað mundi það verða með því að hún færi fram á Þingvöllum. Út af fyrir sig hefur það líka verið og er gott fyrirkomulag að minnast stærstu atburða í sögu þjóðarinnar með því að kveðja þing saman til funda á Þingvöllum og hefur verið gert, þó að sumir séu ekki svo heppnir að upplifa slíka atburði á þingferli sínum, enda líða oft áratugir á milli slíkra hátíðahalda eins og kunnugt er. En í öllu falli finnst mér að hafa eigi í huga með hvaða hætti þetta verði best tengt saman, þ.e. sagan að þessu leyti og störf þjóðþingsins á hverjum tíma. Og það er kannski best gert með því að leyfa staðnum að njóta sín eins og hann er, eins og hann kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í sem allra ríkustum mæli.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Ég held að engin ástæða sé til að ætla neitt annað en að mjög mikil og góð sátt geti orðið um stækkun Þingvallaþjóðgarðs þó að auðvitað séu þarna ýmis mál sem ástæða er til að fara ofan í saumana á.

[17:31]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil að gefnu tilefni spyrja að því hvernig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson hafa hugsað sér skipan hinnar stærri Þingvallanefndar því að nú er stjórnarnefnd af þessu tagi gjarnan þannig að í henni ræður að lokum tiltekinn meiri hluti atkvæða og þá er heppilegt að tala nefndarmanna sé oddatala. Þannig að ef þingflokkarnir væru fjórir, sex eða tveir væri kannski ekki heppilegt að hver þeirra hefði sinn fulltrúa. Svo háttar til núna að til þess að kjósa fulltrúa allra þingflokka í nefnd samkvæmt d'Hondt-reglunni þarf sú nefnd að vera 11 manna. Því vakna auðvitað strax spurningar við þá tillögu sem kemur fram í bréfi hv. þingmanna til forsrh. hvernig þeir hafa hugsað sér skipan Þingvallanefndarinnar stærri.

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að ekki beri að túlka spurningu hv. þm. þannig að hann sé á grundvelli þingræðis- og lýðræðishugsunar andvígur því fyrirkomulagi að tryggt sé að allir þingflokkar eigi fulltrúa í Þingvallanefnd. Ég vona svo sannarlega að ekki beri að túlka spurningar hv. þm., sem virtust fela í sér að hann sæi ákveðin tormerki á því að hlutum yrði þannig fyrir komið, sem efnislega andstöðu við það og vil ekki trúa slíku fyrr en ég tek á því. Fyrir mér er það fyrst og fremst tæknilegt úrlausnarefni sem er þá auðleyst hvernig því er fyrir komið, ef menn hafa af því áhyggjur yfir höfuð að nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka sé ekki fullfær um að leysa úr málum af þessu tagi. Fyrir mér undirstrikar þetta einmitt að hér er það ekki spurning um meiri hluta eða minni hluta, stjórnarflokk og stjórnarandstöðu, heldur er það Alþingi sjálft sem stofnun og þingflokkar á Alþingi sem fara með þetta hlutverk. Hafi menn áhyggjur af því að stundum komi upp slétt tala, má ganga frá því þannig að atkvæði formanns ráði úrslitum og er gjarnan gert ef svo ber undir. Auðvitað má líka hugsa sér að sett sé föst tala á nefndina, en þó þannig að jafnan skuli sitja í nefndinni t.d. sjö, meðan það dugir a.m.k. ef þingflokkar verði ekki fleiri, en ganga síðan frá því að jafnan skuli þá vera að lágmarki einn frá hverjum þingflokki.

Það eru ýmsar útfærslur færar, held ég, í þeim efnum ef viljinn er til staðar, ef menn hafa hug á því og vilja til þess að nálgast málið þannig að það sé sanngirnismál, réttlætismál og í samræmi við þingræðis- og lýðræðis- og fjölræðisheiðir að um stór táknræn viðfangsefni af þessu tagi sem tengjast hvorki meira né minna en sjálfu Alþingi og stjórnskipun landsins sé reynt að hafa þverpólitíska og mikla samstöðu á hverjum tíma.

Höfundar málsins á sínum tíma, 1928, gerðu greinilega ekki ráð fyrir því að um hlutfallskosningu yrði að ræða, samanber þau ummæli dómsmrh. að fulltrúar allra þingflokka skyldu eiga sæti í nefndinni. (Forseti hringir.) En þá stóð þannig á að einn þeirra var aðeins með fimm þingmenn og hafði ekki styrk til að ná d'Hondt-kosningu fulltrúa í nefndina, en fékk það engu að síður.

[17:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er óþarfi að túlka saklausa spurningu af þessu tagi. Við erum að heyra þetta, þingheimur, í fyrsta sinn núna í þessari umræðu og ég hygg að enginn hafi kannski tekið afstöðu til þess sem enn þá er bréf tveggja hv. þingmanna til hæstv. forsrh. en ekki komið í tillöguform með einum eða neinum hætti og móttakandi bréfsins hefur raunar ekki haft tækifæri til þess að svara, hvort sem hann gerir það hér í umræðunni eða ekki.

Það sem ég spurði ósköp einfaldlega um var hvað menn gerðu ráð fyrir að nefndin yrði stór. Ég vakti athygli á því að í nefndinni þyrftu að vera 11 til þess að hún uppfyllti hvort tveggja að hafa oddatölu nefndarmanna og fulltrúa allra þingflokka. Hv. þm. hefur upplýst að hann geti hugsað sér sjö manna nefnd, en þó þannig að fullur þingstyrkur flokkanna komi ekki fram. Ég þakka honum svörin og bið hann að sinni að leggja sig ekki mjög fram um að túlka þessa saklausu spurningu í andsvarinu.

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það bara fram að ég vonaði að ekki bæri að túlka þetta sem andstöðu hv. þm. Ég hlýt að mega leyfa mér að bera þá von í brjósti. En hv. þm. spurði út frá því sem mátti ætla að væru að hans mati einhver tæknileg vandamál varðandi það að koma þessu fyrirkomulagi á. Ég held að í þessu tilviki þurfi menn náttúrlega ekki frekar en oft endranær að velja þann kost endilega að festa sig algerlega og rígbinda sig í hlutfallslegan þingstyrk flokka, enda er mjög víða frá því vikið. Nærtækasta dæmið er t.d. réttur manna hér til máls og tillöguflutnings, þátttaka í útvarpsumræðum og annað í þeim dúr, svo dæmi sé tekið. Þá er hið gagnstæða valið að viðurkenna menn sem fulltrúa flokka, fulltrúa sjónarmiða. Og á grundvelli þingræðis og fjölræðis, fjölþátta stjórnmála, er gengið út frá því að mikilvægt sé að öll sjónarmið komi fram, séu til staðar og allir hafi aðstæður til að hafa áhrif á gang mála.

Ég held að lýðræðið eigi ekki síður mikið undir því en hinu að menn séu rígbundnir í stærðfræðina og hlutfallafræðina. Sem betur fer er þetta víða endurspeglað í stjórnskipan okkar, þó vissulega verði að viðurkenna að gætt hafi ákveðinna tilhneiginga á allra síðustu árum, t.d. hér í þinginu, til að færa þetta yfir í hinn farveginn eins og hv. þm. með vangaveltum sínum um að í nefndinni þurfi þá að vera minnst 11 til þess að allir þingflokkar hafi hlutfallslegan þingstyrk til að eiga þar sæti.

Ég held að frjálsa skoðanamyndun, lýðræði og þingræði í landinu sé ekki síður mikilvægt að tryggja, að öll sjónarmið fái að njóta sín og heyrast og vera til staðar þar sem mikilvægt er að þau séu það. Mér finnst það eiga við um mál af þessu tagi sem menn eiga að leggja sig fram um að láta ríkja sem víðtækasta og þverpólitískasta sátt um.

[17:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna framkomnu frv. til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum og fyrirhugaða stækkun hans. Margt af því sem mér liggur á hjarta varðandi þetta mál hefur komið fram í umræðunni nú þegar og ekki þá síst í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Steingríms J. Sigfússonar.

Mig langar engu að síður að fara yfir nokkrar hugleiðingar mínar varðandi stjórnsýslu og fyrirkomulag hennar og umsjón þjóðgarðsins. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að hann í stækkaðri mynd heyri undir Þingvallanefnd eins og sá þjóðgarður sem við nú búum við gerir og hefur gert. Ég vil aðeins velta því fyrir mér hvort ekki beri að hugleiða mögulegar breytingar á þessu fyrirkomulagi. Mér finnst í sjálfu sér alveg eðlilegt þó ekki væri nema sögunnar og hefðarinnar vegna að Þingvallanefnd haldi áfram hlutverki sínu hvað varðar stjórnsýslu á svæðinu sem getur afmarkast af þinghelginni, en ég set nokkur spurningarmerki við völd Þingvallanefndar yfir hinum stækkaða þjóðgarði sem greinilega hefur ekki eingöngu sögulegt eða menningarsögulegt gildi heldur líka náttúrufarslegt. En í upphafi greinargerðar með frv. segir, með leyfi forseta:

„Frá því að lögin voru sett [þ.e. 1928] hafa öll viðhorf til náttúruverndar gjörbreyst auk þess sem umferð um þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans er miklu meiri en áður."

Jú, frú forseti, mikið rétt. Öll sjónarmið og viðhorf til náttúruverndar hafa breyst mikið á seinni árum og ég sé ekki annað þegar rýnt er í frv. en að verið sé að gera tillögu um stækkun þjóðgarðsins vegna þess að vernda þurfi hið upprunalega náttúrufar svæðisins og auka vægi þjóðgarðsins með því að taka ákveðin landsvæði eða áberandi einingar þessa svæðis undir vernd þjóðgarðsins. Ég velti þessu fyrir mér kannski sérstaklega í framhaldi af þeirri umræðu sem átti sér stað í þingsölum fyrir skemmstu varðandi væntanlegan Vatnajökulsþjóðgarð, sem mögulega verður á endanum þjóðgarður frá strönd til strandar, þ.e. frá Öxarfirði í norðri og til suðurstrandarinnar í suðri, að tillögur um hann gætu mögulega falið í sér að sérstök nefnd eða sérstök stofnun komi til með að fjalla um málefni hans. Mér þykir þá farið að skjóta nokkuð skökku við ef reyndin á að verða sú að stofnunin sem við höfum hér sameiginlega sett á laggirnar til þess að annast umhverfismál okkar öðrum stofnunum fremur, Umhverfisstofnun, skuli eingöngu eiga að hafa umsýslu með einum þjóðgarði, þ.e. þjóðgarðinum sem stofnaður var umhverfis Snæfellsjökul. Ég held að í umfjöllun um þetta mál verðum við að spyrja okkur þessara spurninga og athuga hvort hér sé eins vel á málum haldið og mögulegt er.

Ég hef sjálf ekki myndað mér neina endanlega skoðun í málinu, frú forseti, en mér finnst þessar hugleiðingar varðandi stjórnsýslu og skörun hlutverka vera fullgildar í þessari umræðu. Í því sambandi vil ég líka nefna, af því að hæstv. forsrh. vísar málinu beint til allshn., að ég tel sjálfsagt að umhvn. þingsins fái það líka til skoðunar og geri svo sem ráð fyrir að það verði auðsótt að formaður allshn. eða allshn. geti mögulega vísað ákveðnum þætti málsins til umhvn., því hér er líka eins og ég segi um verndun á náttúrufarslegum forsendum að ræða.

Til gamans vil ég geta þess að þó að frumvarpshöfundar virðist að ákveðnu leyti hafa haft eldri lög, þ.e. núgildandi lög, til hliðsjónar við samningu frv. þá sakna ég ákveðinna þátta í þeim efnum sem eru til staðar í núgildandi lögum. Málfarið á hinum eldri er afar fallegt og blæbrigðaríkt og ég vil til gamans lesa hér upp 4. gr. núgildandi laga sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja."

Ég verð að segja að blærinn á þessari grein er slíkur að ég tel að það hefði verið mjög gaman ef hans hefði gætt áfram í hinu nýja lagafrumvarpi. En það sem ég vil gera sérstaka athugasemd við er að orðið friðlýst land „hið friðlýsta land" er alveg komið út úr þeim frumvarpstexta sem liggur fyrir okkur. Ég veit ekki hvaða fælni það er hjá stjórnvöldun en það virðist gæta ákveðinnar fælni og sú fælni hefur verið viðurkennd í orðum hæstv. umhvrh. að hugtakið „friðlýstur" sé orðið erfitt í meðförum í stjórnsýslunni.

Ég er ekki viss um að við á löggjafarsamkundunni þurfum að ... (Gripið fram í.) „friðlýstur helgistaður" bendir hæstv. forsrh. mér á að standi hér. Ég veit það. En það er talað um helgistað, (**Forsrh.**: Friðlýstan helgistað.) friðlýstan helgistað og það er talað um hið friðhelga land og að mörk hins friðhelga lands skuli vera hin og þessi. Það er talað um að ákveðnir hlutir eigi að samrýmast markmiðum friðunarinnar. En ef undan er skilin þessi fyrsta setning í 1. gr. þá er hugtakið friðlýstur farið út úr lagatextanum. Það er ég að gera athugasemd við. Ég tel það óþarfa hjá okkur á löggjafarsamkundunni að beygja okkur undir það að hugtakið friðlýstur sé orðið eitthvað erfitt í meðförum. Það er að mínu viti fullkomlega gilt hugtak. Það er í náttúruverndarlögunum. Það er í núgildandi lögum um friðun Þingvalla og mér finnst svona gæta ákveðinnar undanlátssemi í þessum efnum, þ.e.

að menn hafi lent í vandræðum með að túlka friðlýsingu og þar af leiðandi sé verið að hreinsa þetta út úr lagatexta.

Ég get tekið undir það, frú forseti, að ég hefði og eflaust hefðum við öll kosið að þetta frv. hefði verið lagt fram í fullkominni sátt þeirra sem næst standa. Það er ekki fallegt til afspurnar að stjórnvöld skuli þurfa að leggja þetta frv. fram ofan í mótmæli sveitarstjórnar í Bláskógabyggð. Bæði blöð og ljósvakamiðlar eru uppfullir af fréttum um ágreining á milli stjórnvalda og sveitarstjórnarmanna í þessum málum. Ég tel að stjórnvöld eigi að ganga á undan með góðu fordæmi í svona löguðu. Menn vita það af reynslunni — það nægir að nefna reynsluna úr Mývatnssveitinni í Þingeyjarsýslu vegna laga um vernd Mývatns og Laxársvæðisins — að mál af svona tagi eru best fram sett ef það er hægt að gera í fullri sátt og í samráði við heimamenn sem hafa á síðustu missirum viljað tjá sig mjög um friðlýsingar stjórnvalda. Ég tel að stjórnvöld hefðu getað afstýrt þeim árekstrum sem hér virðist hafa komið til ef einungis hefði verið hugað að þeim málum og svolítil stjórnkænska sýnd í þeim efnum, ef menn hefðu talað saman og undirbúið þetta mál betur en greinilega hefur verið gert í heimabyggð.

Sjálf hef ég verið afar hlynnt því að Þingvellir fái sæti á heimsminjaskrá UNESCO og hef úr þessum ræðustóli lýst fullum stuðningi við þau áform. Ég tel að þetta frv. eða grunnhugmyndir þess komi til með að styrkja þær hugmyndir sem liggja að baki þeirri umsókn. Ég fagna því sem fram kemur í Morgunblaðinu í dag frekar en í gær þar sem hæstv. dómsmrh., formaður Þingvallanefndar, Björn Bjarnason, lýsir því yfir að nú muni að vænta frétta varðandi það mál í byrjun júlí nk. Ég vona því sannarlega að við eigum í vændum jákvæðar fréttir af þeim vettvangi og að áður en árið er liðið getum við fagnað því að Þingvellir hljóti þann sess sem við öll höfum vonað að þeir geti hlotið.

Ég get tekið undir orð sem hér hafa fallið um að auðvitað hefði verið eðlilegt ef hitt frv., um vatnsvernd Þingvallavatns, hefði legið hér frammi samhliða þessu frv. því þessi mál tengjast afskaplega mikið og umfjöllunin um þau ætti að njóta þess að þau gætu verið til umfjöllunar í nefndum þingsins á sama tíma, enda, eins og fram kom í máli hæstv. umhvrh. áðan, er vatnsverndarfrv. þess eðlis að það lýtur að vernd stærstu grunnvatnsauðlindar Íslands. Ég tel eðlilegt að þessi frv. hefðu getað legið fyrir á sama tíma í þinginu.

Frú forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja að grunnhugmyndin í frv. er mér mjög að skapi. Þingvellir eru, eins og við öll vitum, slík náttúruperla að Þingvellir þurfa að njóta þeirrar verndar sem hér er um getið og um fjallað í þessu frv. Þessar hugleiðingar mínar eru kannski tæknilegs eðlis og varða stjórnsýsluna og fyrirkomulag umsjónar þjóðgarðsins. Ég tel að nefndir þingsins komi til með að fjalla um það á yfirgripsmikinn hátt. Ég sé því ekki betur en hér sé í uppsiglingu spennandi vinna hjá nefndunum sem getur svo sem átt eftir að breyta einhverjum atriðum í frv. En í grunninn er hugmyndafræðin sem hér liggur að baki mér mjög að skapi.

[17:50]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er fram komið gott frv., þarft og gagnlegt, í framhaldi af góðu starfi Þingvallanefndar hin síðustu ár sem ég hef fylgst nokkuð með sem áhugamaður um Þingvelli og er reyndar nokkuð tíður gestur í þjóðgarðinum og nágrenni hans, einkum hin síðari ár.

Með frv., verði það að lögum, vinnst margt, stækkun þjóðgarðsins sem er afar brýnt mál, það að skýrð er betur stjórnskipuleg staða þjóðgarðsins, það að yfirstjórn hans fær auknar heimildir til afskipta af framkvæmdum til að kaupa upp eignarlönd, einkum sumarbústaði og jafnvel beita eignarnámi ef ekki nást sættir, og það að inni er mikilvægt ákvæði í 3. gr. um markmið friðunar sem eðlilega vantar í lögin eins og þau eru nú. Ákvæðið er um að varðveita ásýnd þjóðgarðslandsins sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Auk þess eru smærri breytingar, svo sem um þjóðgarðsstjórann sem nú yrði lögum samkvæmt framkvæmdastjóri nefndarinnar. Það vantaði í lögin. Með því væru endanlega aflögð óeðlileg starfstengsl sem áður höfðu tíðkast og menn þekkja. Þetta er allt mjög til bóta enda hefur umsókn okkar um að Þingvellir verði á heimsminjaskrá sett okkur í þá stöðu að kröfur til okkar aukast, ekki einungis vegna þess sem nóg er, þ.e. af hinum íslensku þjóðlegu ástæðum, heldur vegna þess að erlendir menn og heimurinn allur gerir þá kröfu á okkur að við sinnum þessu svæði vel og vegna þess að hlutverk þess og staða á eftir að magnast á næstu áratugum, ekki eingöngu vegna þess að við viljum hafa það þannig með því að setja það á heimsminjaskrá og gera þar ýmsar breytingar heldur líka vegna þess sem hér hefur verið rakið að þetta er einhver allra mikilvægasti útivistarstaður og heimsóknarstaður þorra þjóðarinnar sem í nágrenni hans býr. Raunar hefur mig furðað á því stundum þegar ég kem á Þingvöll hvað þar eru eftir allt saman fáir og raunar hef stundum þóst heppinn hvað fáir fara,. En það gerist á kostnað þeirra sem ekki fara og ég hygg að það verði nú ekki lengi þannig að Þingvellir séu fásóttir.

Það vantar auðvitað frv. það sem boðað er að hæstv. umhvrh. flytji. Það verður að virða við hana að hún hefur hér lýst yfir að það sé á leiðinni á næstu dögum. Þar gerir maður ráð fyrir ákvæðum um vernd vatnasviðsins og vatnasvæðisins. Þar er væntanlega að finna — og ég kannski spyr um það að gefnu tilefni — einhvers konar ákvæði um flutninga á vegum. Í þungaflutningum með hættuleg efni t.d., einkum olíu, þarf ekki nema eitt slys á vondum stað til sárrar eyðileggingar á vatninu og umhverfi þess sem ekki má koma fyrir. Það má bara aldrei koma fyrir, svo upp sé tekið orðalag úr lögunum frá 1928. Þar er væntanlega líka að finna ákvæði um lífríki Þingvallavatns sem hér hefur verið rætt, gjámurtuna, stórurriðann, bleikjutegundirnar og öll hin minni dýr sem við þekkjum ekki með nafni en eru undirstaða alls þess lífs sem er nær okkur í hinni dýrafræðilegu flokkun og við kunnum að fylgjast betur með.

Þar vænti ég líka að tekið sé á því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi áðan, þ.e. að Þingvallavatn er þó ótrúlegt sé miðlunarlón. Að vísu hefur tekist að hemja Landsvirkjun í því að nota það sem slíkt að ráði hina síðari áratugi þannig að eyðilegging stafi af. En það er miðlunarlón samt og á því þurfum við að ráða bót til frambúðar. Það er aðeins eitt ráð við því að lokum og það er að leggja af virkjunina í Soginu og afnema hlutverk Þingvallavatns sem lóns fyrir virkjanir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur eins og aðrir þátttakendur í þessum umræðum talað af mikilli þekkingu. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hann sagði af hálfu Samfylkingarinnar en vil bæta við nokkrum atriðum frá eigin brjósti. Ég bjóst við og hlakkaði til að takast á við þetta mál í umhvn. Mér kemur nokkuð á óvart að því skuli vísað til allshn. og spyr hverju það eigi að sæta. Hið sérstaka í þessu máli felst

í því að forsrh. flytur frv. og sérstök Þingvallanefnd stjórnar þessu svæði. En að sjálfsögðu er þetta fyrst og síðast umhverfismál og hefði átt að ganga til umhvn. Ég tek undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um það að ef það verður samþykkt, sem ekki er víst, að frv. fari til allshn. þá verði þættir þess faldir umhvn. til umsagnar.

Mig langar að fjalla örlítið um breytingar á markmiðs- og eignarákvæðum sem lagðar eru til í þessu frv. og umfjöllun um þessa stjórnskipulegu stöðu.

Ég tek undir það sem menn hafa sagt hér um vernd Alþingis. Auðvitað er þetta sérstakt mál, sérstæð skipan, að nefnd alþingismanna sem kjörnir eru á þinginu stjórni þjóðgarðinum og væri ekki sjálfsögð ef við værum að búa til þessi lög nú. En þetta hefur gefist nokkuð vel. Þetta hefur tryggt sérstöðu svæðisins og tengsl svæðisins og stjórnar þess við þingið eru nokkuð klár. Það má segja að þingið beri ábyrgð á þessum stað af sögulegum ástæðum. Má þó reyndar minna á að þriðji þingstaðurinn er til, þ.e. Salurinn í Menntaskólanum í Reykjavík. Það væri nú kannski ráð að athuga hvernig tengsl þingsins eru við hann. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði það til hér áðan eða sagði frá þeirri rómantísku hugmynd sinni að þingið yrði sett á Þingvöllum. Kannski ættum við að setja þingið öðru hverju í Salnum í Menntaskólanum í Reykjavík og ganga svo í skrúðfylkingu hingað niður eftir til þess að minnast þeirra ára þegar þingið var þar háð og hét þá í munni skáldanna Alþing hið nýja.

Þetta er sérstakt og við eigum að muna það. Ég tel að stjórnsýsla eigi ekki að vera á vegum þingsins að öðru leyti þó hún sé það að nokkru, t.d. um Jónshús þar sem reglur og yfirráð virðast óskýr og órökrétt. *Ég vonast til þess* að fá tækifæri síðar til að fjalla um það mál vegna bréfaskrifta minna og forseta þingsins um mál tengd því húsi.

Ég vil svo segja um Þingvallanefnd að hún ætti kannski, þrátt fyrir að ég hrósi henni mjög, að íhuga betri starfshætti. Ætti t.d. nefndin að flytja skýrslu sína hér fyrir þinginu? Ef ekki, ætti hún þá a.m.k. ekki að gera ársskýrslur sem ég finn ekki og veit ekki af? Þær eru t.d. ekki á vefsetri Þingvallanefndar þó þar sé vissulega eins konar stefnuskrá um þjóðgarðinn sem sómi er að.

Ég rek eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir augun í orðalag í lögunum frá 1928 og það ekki í fyrsta sinn því þetta er nokkuð frægur staður í íslenskum lögum. Þar segir að *frá ársbyrjun 1930 skuli Þingvellir við Öxará og grenndin* þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Síðar segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja."

Þetta er hátíðlegt orðalag og sennilega einstætt í lögunum. Ég spyr: Af hverju má það ekki haldast? Í frv. stendur að það skuli vera eign íslensku þjóðarinnar en ekki ævinleg eign eins og 1928 og að óheimilt sé að selja það eða veðsetja en ekki að aldrei megi selja það eða veðsetja. Þetta vekur spurningar um meira en orðalag vegna þess að meginbreytingin er sú að Þingvellir verða nú þjóðgarður sem okkur finnst reyndar að *þeir hafi alltaf verið en hafa ekki verið lögformlega.*

Um þjóðgarða gilda ákveðnar skilgreiningar, m.a. í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Í 51. gr. 2. mgr. segir, með leyfi forseta:

„Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda."

Hvað ríkiseign er er í raun ekki ljóst í neinum lögum. Það er ákveðinn galli í stjórnarskránni og lögskýringum öðrum að þetta hugtak er ekki skýrt. Spurningin er hvort ríkiseign í náttúruverndarlögum er hið sama og sú eign sem talin er upp í frv. til laga um friðun Þingvalla, hvort ævinleg eign íslensku þjóðarinnar sé það sama og ríkiseign? Margt bendir til þess að svo sé ekki. Mætti raunar segja að ákvæðin um það að sérstakar ástæður mæli með öðru eigi við það í lögum um Þingvelli að þeir séu í þjóðareign en ekki í ríkiseign, öfugt við það sem ég tel að þetta ákvæði geri ráð fyrir í öðrum þjóðgörðum. Það er væntanlega sett inn til þess að geta komið þar fyrir einkaeign á landi eða öðru.

Um þessar skilgreiningar var rætt fyrir nokkrum árum í fræðilegum umræðum um eign auðlindarinnar í hafinu. Um þetta fjallaði einnig auðlindanefnd. Þorsteinn Gylfason taldi í ágætri grein sinni fyrir nokkrum árum upp þrenns konar þjóðareign: *ótvíræða þjóðareign, sem væru Þingvellir vegna* þessa orðalags; Skarðsbók, vegna þess að hún var gefin íslensku þjóðinni; og Hnitbjörg og safn Einars Jónssonar, sem líka voru færð að gjöf íslensku þjóðinni. Þjóðin erfði Einar Jónsson en ekki t.d. íslenska ríkið eða Listasafn Íslands. Fleiri dæmi mætti nefna.

Það virðist ljóst og staðfestist kannski einkum í lögum um friðun Þingvalla að til er hlutur sem heitir þjóðareign og er ekki það sama og ríkiseign þó að ríkiseign eða eign ríkisins virðist, t.d. í þjóðminjalögunum um forngripi, merkja enn annað en sama hugtak merkir þegar átt er við fasteignir ríkisins eða einstakar jarðir á vegum ríkisins, sem má selja og veðsetja. Maður býst ekki við, þó það sé ekki ótvírætt í *þjóðminjalögunum, að það megi gera við forngripi í* Þjóðminjasafninu. Raunar stendur að þá skuli varðveita á safni og þar með má túlka það svo að ríkinu sé óheimilt að koma þeim í verð. Þetta sýnir allt nauðsynina á því að skilgreina með ótvíræðum hætti hvað er þjóðareign, hvað er raunar þjóðarforsjá, þar sem ekki er um eign að ræða t.d. á fuglum, farfuglum. Hvað er ríkiseign, t.d. í þjóðminjalögum, ef það er annað en í Þingvallalögunum? Hvað er síðan einkaeign ríkisins, jarðir og fasteignir?

Meðan þetta er óvíst tel ég óráðlegt að breyta þessu orðalagi laganna frá 1928, frá Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Ég tel að við eigum að halda, þannig að ótvírætt sé fyrir þá sem á eftir koma, orðalagi þingsins frá 1928 um ævinlega eign *og að aldrei skuli land þjóðgarðsins á Þingvöllum selt eða* veðsett. Ljóst er að í frv. er tekið undir þá hugsun sem að baki lá árið 1928 og þarf engar deilur um það þegar kemur að því að skilgreina betur í stjórnarskrá hvernig háttað er um eign ríkisins og um eign þjóðarinnar.

Ég vil bæta því við að eins og ég sagði er 3. gr. frv. til mikilla bóta, um það að landið skuli friðað í ákveðnu skyni, þ.e. að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Hér komin leiðsögn fyrir Þingvallanefnd og þá aðra sem um þetta helga land véla, raunar sama leiðsögn og Þingvallanefnd hefur sett sér undanfarin ár og kemur fram í ýmsum verkum.

Ég vil vekja athygli á því að tillaga sem ég og Karl Valgarður Matthíasson, fyrrv. þingmaður, fluttum fyrir tveimur árum, að mig minnir, fellur einkar vel að þessum markmiðum. Hún var um að upphefja mannanna gerð á þessum stað þar sem er brúin sem sett var 1911, steinbrú í stað trébrúar sem sett var 1897 yfir Öxará, á þeim stað þar sem vatn fellur úr Drekkingarhyl og niður í flúðum. Þessi brú, sem meira að

segja í greinargerðinni með lögunum 1928 er kölluð ýmsum ónefnum, er lýti á staðnum. Hún gerði tvennt í senn. Hún tók af foss sem helst er kallaður Neðrifoss og féll á þessum stað, fagur foss þótt hann stæðist auðvitað ekki Öxarárfoss að fegurð og breytti Drekkingarhyl úr djúpum hyl í poll sem hefur í raun og veru enga eða mjög litla sögulega tilvísun eins og hann er nú. Ég vænti þess að geta í umræðum um þetta mál í umhvn. komið þessu sérstaklega að þegar fjallað er þar um 3. gr. frv. Ég skora raunar á Þingvallanefnd að athuga þetta mál sérstaklega.

[18:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var minnst á söluheimild og þá þætti sem að því lúta og breytt orðalag, eins og talað er um. Hér segir, með leyfi forseta, í 1. gr. frv.:

„Hið friðhelga land skal vera eign íslensku þjóðarinnar og er óheimilt að selja það eða veðsetja.“

Í sjálfu sér er þessu haldið inni til hátíðarbrigða. Þetta er algjörlega óþörf setning. Þegar hin fyrri setning kom inn í fyrri lögunum frá árinu 1928 var ekki búið að setja reglur um það í stjórnarskrá að slíkar eignir mætti ekki selja nema með heimild Alþingis. Það hefur hins vegar verið gert núna. Þessa vegna er þetta orðalag óþarft en haft inni til hátíðarbrigða, nákvæmlega.

Þetta eru almenn lög og þau breyta engu um heimildir Alþingis. Alþingi getur út af fyrir sig, ef það kýs, selt einhverja hluti úr þessu landi hvað sem þessi lög segja. Þetta er ekki stjórnarskrá. En í stjórnarskránni segir — en svo var ekki fyrir árið 1928 — með ótvíræðum hætti að ekki megi selja eignir ríkisins nema með heimild Alþingis. Þetta er í raun óþarft að hafa inni en var ekki óþarft þá, því þá var ekki stjórnarskrárákvæði um þetta efni. Þessu er því haldið, í raun eins og hv. þm. talaði um, til hátíðarbrigða en ekki vegna þess að það hafi efnislega merkingu.

[18:08]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er merkileg lögfræði og umhugsunarverð. Ég tek þá næstu daga í að hugsa um það. En spurningin sem hæstv. forsrh. þarf að svara mér enn fremur er: Lítur hann á eign íslensku þjóðarinnar á Þingvöllum með sama hætti og ríkiseign í merkingunni fasteign eða jörð? Ef ekki, hver er þá munurinn?

[18:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað eiga Þingvellir helgari stað og þýðingarmeiri í hjarta voru heldur en fasteignir eða aðrir þess háttar þættir ríkisins. En varðandi heimildina til að selja land, jafnvel þarna, þá gildir stjórnarskráin. Það er ekki heimilt nema með samþykki Alþingis.

Ég geri ráð fyrir því, er sannfærður um það, að Alþingi mundi yfirleitt, hverjir sem það skipa hverju sinni, vera afar tregt til að selja hluta af þessu landi, leigja eða veðsetja.

[18:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það kemur í ljós að hvað sem tilfinningu líður lítur forsrh. svo á að einhver fasteign ríkisins við Arnarhól sé í raun af sama tagi og Þingvellir eða forngripir okkar. Það var einmitt það sem ég gerði að umfjöllunarefni í ræðu minni. Okkur vantar þá skilgreiningu í stjórnarskrána að þetta sé ekki svo. Þingvelli ætlum við aldrei að selja og ekki bara við sem eigum að fá að ráða því heldur berum við þar ábyrgð gagnvart afkomendum okkar á sama hátt og áum okkar. Það er þess vegna sem við þurfum í stjórnarskránni að fá fram kláran mun á því hvað þjóðin á, með ríkið að handhafa og hvað ríkið á, sem lögpersóna, eins og hver annar og getur selt, veðsett eða gert við sem það vill.

Ég vek á þessu athygli og mér sýnist að þetta vandamál sé til staðar þar sem forsrh. og hans menn raunar, í þeirri deilu sem ég minntist á áðan um eignarréttinn, telja ekki til nema eina tegund af eignarrétti, einkaeignarrétt og ekki til neitt annað, ekki til neinn eignarrétt sem þjóðin sameinast um eða einhvers konar forsjá, að enginn munur sé á Þingvöllum og hosílói á Stjórnaráðsblettinum, svo að dæmi sé tekið.

[18:11]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðurnar og þann stuðning sem frv. hefur fengið í umræðunum. Ég þakka hæstv. forsrh. sérstaklega fyrir að flytja frumvarpið að tilmælum okkar Þingvallanefndarmanna og ganga til verks eins og raun ber vitni við gerð frv. og taka af skarið um mörg álitamál eins og nauðsynlegt er þegar litið er til gömlu laganna frá 1928 og skapa nýja lagaumgjörð um starfsemi Þingvallanefndar og það starf sem bíður okkar sem viljum vernda Þingvelli og efla staðinn. Það gefast betri og ný tækifæri til þess nú þegar þjóðgarðurinn stækkar á þann veg sem frv. mælir fyrir um.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að þingið afgreiði þetta mál á vordögum. Það mun styrkja okkur í stöðunni gagnvart UNESCO þegar kemur að því að taka lokaákvörðun um það hvort Þingvellir komast á UNESCO-skrána. Það verður gert á fundi í byrjun júlí. Við munum að lögin frá 1928 voru sett í aðdraganda Alþingishátíðarinnar 1930. Menn höfðu þar, m.a. af því tilefni, það hátíðlega orðalag í lögunum sem hér hefur verið vitnað til til að minna Íslendinga á það hve mikilvægt væri að halda merki Þingvalla hátt á loft. Síðan var gengið til þess, eins og við vitum, að efna til mikillar hátíðar á Þingvöllum árið 1930 til að minnast þúsund ára afmælis Alþingis. Allt er þetta nátengt og skiptir miklu máli fyrir sögu þjóðar okkar og það skref sem við stigum með því að ríkisstjórnin ákvað að Þingvellir yrðu fyrsti staðurinn sem Íslendingar mundu nefna til á heimsminjaskrá UNESCO. Það er staðfesting á því að okkur er annt um þennan stað og viljum veg hans sem mestan. Breytingar af þessu tagi munu styrkja stöðu okkar sem vinnum að því að Þingvellir komist á skrána, þ.e. að frv. verði samþykkt nú á vorþingi.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að flytja málið þannig að okkur gefist færi á að staðfesta með þeim hætti stöðu Þingvalla og umhverfi og stjórnsýslu þar á þann veg að engu muni haggað. Staðurinn mun áfram verða í þeirri einstæðu stöðu sem hann hefur, verður í forsjá Alþingis á þann veg sem við komum okkur saman um í frekari meðferð í þinginu.

Ég vil aðeins að gefnu tilefni fara yfir atriði sem hér hafa verið nefnd. Hér var m.a. vísað til 6. gr. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi 6. gr. og ræddi um gestagjöld. Eins og menn sjá þegar þeir lesa greinargerð með 6. gr. þá segir þar, með leyfi forseta:

„Þarna er eingöngu gert ráð fyrir að um þjónustugjöld sé að ræða, svo sem fyrir tjaldstæði, leiðsögn og aðgang að ákveðnum stöðum, og þessi gjöld má því ekki ákveða hærri en svo að þau mæti kostnaði við hina veittu þjónustu og þá aðstöðu sem komið hefur verið upp til að veita hana. Heimild til töku gestagjalda á Þingvöllum er í gildandi lögum um

friðun Þingvalla ... en sú gjaldtökuheimild er þó rýmri en hér er lagt til. Gert er ráð fyrir að leita þurfi staðfestingar forsætisráðherra á reglugerðinni í samræmi við hefðbundna skipan eftirlits innan stjórnsýslunnar."

Ég tel að hér sé einnig litið til þess að færa löggjöfina í það horf sem við teljum best þegar hugað er að gjaldtöku af þessum toga. Því er ekki farið inn á nýjar brautir með auknum heimildum til Þingvallanefndar heldur eru henni settar skýrari starfsskorður að því er þennan þátt varðar.

Einnig var því velt upp hvort nauðsynlegt væri að setja vatnsverndarlög til að koma í veg fyrir að hættuleg efni og flutningur þeirra fari um þjóðgarðinn. Í niðurlagsákvæðum 6. gr. er gert ráð fyrir því að Þingvallanefnd geti sett reglur um flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins. Verið er því að veita heimild til þess og ég tel mjög mikilvægt að fá slíka heimild, ekki síst með tilliti til hugmynda um að leggja Gjábakkaveginn sem er á lokastigi. Menn hafa rætt hér um hann og hann snertir það mál sem menn hafa vakið máls á að sé kannski einhver skuggi á því sem við erum að fjalla um hér, að ekki hafi tekist samkomulag á milli Þingvallanefndar og sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um þá vegarlagningu.

Ég vil aðeins fá að gera grein fyrir málinu hér svo að þingmönnum sé ljóst hvar það stendur. Frá Vegagerðinni hafa komið þær ákveðnu tillögur um lagningu þessa vegar að nota ekki gamla vegarstæðið sem við í sjálfu sér hefðum kosið, gamla kóngsveginn, af því að það er talið standa of hátt. Þess vegna telur Vegagerðin skynsamlegt við lagningu nýs vegar að fara neðar á Lyngdalsheiðina. Þar hafa verið hugmyndir til umræðu og tvær af þeim hugmyndum hafa að okkar mati gengið of nærri þjóðgarðinum og við höfum litið þannig til að umboð okkar stæði til þess fyrst og fremst að gæta hagsmuna þjóðgarðsins og halda nýrri vegarlagningu utan hans. Um það hefur deilan staðið, að við höfum talið skynsamlegt að halda nýjum vegi utan þjóðgarðsins á þessu svæði en sveitarstjórnin hefur óskað eftir því að heimild yrði veitt til vegarlagningar innan þjóðgarðsins.

Vegna þess á hve viðkvæmu stigi málið er varðandi heimsminjaskrána varð það niðurstaða Þingvallanefndar í sáttaskyni við sveitarstjórnina að kanna það hjá ráðgjöfum UNESCO og öðrum sérfræðingum hvort hægt væri að koma til móts við sveitarstjórnina varðandi þessa vegagerð og færa veginn frekar í átt til þess sem sveitarstjórnin kaus en að gera þá kröfu að vegurinn verði alfarið utan þjóðgarðsins.

Af því tilefni var þessu beint til menntmrn. og þeirra sem fara með þessi tengsl okkar við UNESCO. Svarið barst ekki fyrr en í síðustu viku og það er það svar sem við höfum verið að bíða eftir. Í svarinu er eindregið mælt með því að vegarlagningu verði hagað þannig að hún verði utan þjóðgarðsins og utan heimsminjasvæðisins sem við erum að tala um. Við höfum einnig fengið ábendingu um það frá formanni undirbúningsnefndarinnar, Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði, að vegarlagningunni verði hagað með þeim hætti.

Það kort sem hér er birt með þessum þingskjölum okkar er samkvæmt nýjum mælingum sem gerðar eru á grundvelli athugana óbyggðanefndar, þeirrar sem hefur fjallað um þjóðlendurnar. Þegar þetta kort er skoðað og grandskoðað og farið ofan í málið kemur í ljós að Gjábakkalandið hefur verið of stórt og látið teygja sig of langt til suðurs miðað við þær umræður sem við höfum átt við sveitarstjórnarmennina þannig að miðað við það kort sem hér er til umræðu sé ég ekki annað en að Þingvallanefnd geti gengið til þeirrar málamiðlunar varðandi þessa vegagerð sem við höfum boðist til og leituðum eftir gagnvart UNESCO og ráðgjöfum þeirra. Mér sýnist að þetta mál ætti að geta leyst á farsælan hátt af hálfu nefndarinnar ef sveitarstjórnarmenn vilja á annað borð ganga til þeirrar málamiðlunar sem í þessu felst. Við ráðum því ekki og getum ekki sagt þeim fyrir verkum að þessu leyti en við höldum fast við þá skoðun okkar í Þingvallanefndinni að við viljum ekkert gera sem spillir fyrir því að Þingvellir komist á heimsminjaskrána. Það væri ekki gott í umræðum hér um þetta frv. að það sjónarmið kæmi fram og það sjónarmið væri uppi hjá þingmönnum að þeir teldu að Þingvallanefnd ætti að ganga þannig fram í þessu máli að það yrði til þess að spilla fyrir því að Þingvellir kæmust á heimsminjaskrána. Ég trúi heldur ekki að það sé skoðun nokkurs þingmanns að þannig sé staðið að málum, heldur sé það kappsmál allra að um leið og þetta svæði er stækkað fái það þá viðurkenningu sem felst í því að komast á heimsminjaskrána.

Þetta vildi ég segja hér og einnig láta þess getið og taka undir með hv. meðnefndarmanni mínum í Þingvallanefnd, Össuri Skarphéðinssyni, þegar hann segir að við höfum á öllum stigum málsins átt mjög mikið samráð og haft mikið samráð við sveitarstjórnarmenn. Þetta frv. var samið að meginstofni til og allar línur dregnar í það áður en sveitarfélögin á þessum stað voru sameinuð. Þá voru þar kannski aðrir menn sem við ræddum við. Það hefur líka komið fram hjá forustumönnum sveitarfélagsins að þeir eru síður en svo andvígir því að þjóðgarðurinn stækki enda verður viðurkenning þjóðgarðsins á heimsminjaskránni meginstoð í áformum þessara ágætu manna um uppbyggingu á ferðaþjónustu í Bláskógabyggð. Þess vegna er mikilvægt að um þetta mál skapist víðtæk sátt og ekki stefnum við að öðru í Þingvallanefnd. Það hefur verið unnið að því á undanförnum vikum á vegum nefndarinnar með aðstoð sérfræðinga að móta stefnu og aðgerðaáætlun fyrir þjóðgarðinn á næstu árum. Það er hluti af því ferli sem við gengumst undir að sinna þegar þetta heimsminjaferli allt byrjaði, að við mundum vinna að stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn til næstu ára. Hún verður kynnt á næstu vikum og gæti þess vegna legið fyrir áður en Alþingi afgreiðir þetta mál hér á vordögum ef allt gengur samkvæmt þeirri áætlun sem við höfum sett. Í því ferli öllu hafa verið kallaðir til sérfræðingar hvaðanæva að, úr öllum áttum má segja, til þess að segja álit sitt á því hvað þeir telja skynsamlegast varðandi nýtingu þjóðgarðsins. Það er mjög mikilvægt að þau sjónarmið liggi fyrir þegar Þingvallanefnd fer að sinna verkefnum með hliðsjón af þessu stærra landi sem við erum hér að ræða um.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram um að æskilegt væri að a.m.k. einu sinni á kjörtímabili hefði Þingvallanefnd tilefni til þess að gera Alþingi grein fyrir skoðunum sínum, stefnu og stefnumörkun með ársskýrslu eða annars konar skýrslu, ekki ársskýrslu ef það yrði einu sinni á kjörtímabili, leggja hér mál fyrir svo að fram færu almennar umræður um málefni Þingvalla í þingsalnum. Þá gætu menn sagt hug sinn og tekið þátt í stefnumörkun á þeim forsendum með nefndarmönnum. Ekki ætla ég að draga dul á það að öll sjónarmið hér í þinginu varðandi framtíð Þingvalla eru mikils metin af Þingvallanefndarmönnum, ekki síður en góð samvinna við sveitarstjórnarmenn og alla þá sem láta sig Þingvelli skipta. Eins og segir í 1. gr. laganna eru Þingvellir friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Undir þeim merkjum

starfar Þingvallanefnd að sjálfsögðu og tekur tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma og leitast við að leysa mál á málefnalegum forsendum.

[18:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh., formanni Þingvallanefndar, fyrir þær skýringar sem komu fram í máli hans og lutu að atriðum sem höfðu verið nefnd hér í umræðunni.

Bara til að taka af allan vafa var það sannarlega ekki neitt markmið með ræðu minni að láta í ljósi efasemdir um það að Þingvallanefnd væri með góð áform uppi þegar þessi stærðarmörk þjóðgarðsins eru lögð til. Ég hef ekki tekið neina afstöðu til legu Gjábakkavegarins og það tók ég fram þannig að ég var ekki að fjalla um það að Þingvallanefnd ætti að samþykkja endilega þá legu Gjábakkavegar sem sveitarstjórnin helst vill.

Hitt vil ég að sé alveg á hreinu að stjórnvöld eiga auðvitað að kosta kapps um það að hafa sveitarstjórnir með sér en ekki á móti þegar svona stór mál eru í umræðunni, ég tala nú ekki um þegar þeir miklu hagsmunir eru í húfi sem hæstv. dómsmrh. getur um sem lúta að því að koma Þingvöllum á heimsminjaskrá UNESCO. Það skiptir auðvitað verulegu máli að við stöndum saman um þetta og að það sé sátt um málið en síðustu daga hefur mátt lesa og heyra í fjölmiðlum að sveitarstjórn Bláskógabyggðar sé ósátt við það hvernig málið er lagt fram eða hvernig það hefur verið unnið af stjórnvöldum.

Ég ítreka að það er fjarri mér að draga í efa góð áform sem Þingvallanefnd hefur í þessu máli og ég styð sannarlega þessa stækkun þjóðgarðsins þannig að það sé alveg á hreinu að það var ekkert í mínu máli sem mætti túlka á annan veg.

[18:25]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi viðbrögð og mikilsvert að vita að hér er einhugur um það að menn hagi vegarlagningu þannig á þessum slóðum að ekki spilli fyrir umsókn okkar gagnvart UNESCO. Það var það sem ég var að ræða um að ég teldi ákaflega mikilvægt að við stæðum vel og sameiginlega að. Ég sé ekki betur en að ef menn vilja — við getum náttúrlega ekki, eins og ég sagði, ráðið afstöðu sveitarstjórnarinnar — en ég sé ekki annað en að við höfum haft við hana fullt samráð um þetta mál. Það hefur verið gagnrýnt af henni undanfarna daga að við höfum ekki svarað í tæka tíð en ég var að gefa þá skýringu hér að við höfum verið að bíða eftir þeim svörum og efni í það svar sem við þurfum að gefa. Nú liggur það fyrir þannig að á næstu dögum verður sveitarstjórninni með formlegri hætti en hér á Alþingi greint frá því sem er niðurstaða okkar.

[18:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að lýsa yfir mikilli ánægju með þetta frv., að það skuli komið fram og að menn skuli ætla sér að stækka þjóðgarðinn á Þingvöllum. Eins og fram hefur komið í ágætum ræðum hér á undan eru Þingvellir ákaflega merkilegur staður, bæði út frá sögulegu sjónarmiði, jarðfræðilegu og kannski ekki síst líffræðilegu og vistfræðilegu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti hér ágæta ræðu einmitt um líffræði Þingvallavatns. Hann á reyndar hægt um vik enda höfundur mjög góðrar bókar sem kom út árið 1986 um urriðann og aðra fiskstofna í Þingvallavatni.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gleymdi samt að minnast á eitt og það er að í Þingvallavatni býr elsti íbúi Íslands, þ.e. marflóartegund ein sem fannst árið 1998 og er að öllum líkindum margra milljóna ára gömul. Þetta allt saman segir okkur það að Þingvallavatn er í vistfræðilegum skilningi, í víðustu merkingu þess orðs, alveg einstakt og því ber að sjálfsögðu að reyna að friða það eftir megni.

Mig langaði þess vegna til að spyrja hæstv. forsrh. tveggja spurninga. Þegar við skoðum kortið sem er hér á fskj. 1 með frv. er þar sýnt hvernig þessi þjóðgarður á að líta út, þ.e. landfræðilega séð, hvar mörk hans liggja. Mig langar til að spyrja í fyrsta lagi: Hvað réði því að nákvæmlega þetta land var lagt undir, ef svo má segja, að þessi mörk voru dregin sem koma fram á þessu korti?

Hin spurningin er þessi: Kom nokkurn tíma til greina að þjóðgarðurinn mundi ná umhverfis allt Þingvallavatn, þ.e. meðfram bökkum alls vatnsins, og að vatnið sjálft yrði þá í heild sinni hluti af þjóðgarði? Það væri gaman að fá svör við þessu því að ég tel að þetta vatn sé í raun og veru það merkilegt og búi enn þá yfir svo miklum leyndardómum sem geta kennt okkur ýmislegt í framtíðinni, til viðbótar því að vera náttúrlega mjög mikilvægt vatnsforðabúr, að það væri kannski ekki úr vegi að þetta vatn yrði hreinlega látið vera hluti af þjóðgarðinum.

Að lokum aðeins örfá orð um ósk okkar í Frjálsl. og Vinstri grænum um að fá að hafa fulltrúa í Þingvallanefnd. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson rifjaði upp gömul ummæli úr Alþingistíðindum frá árinu 1928 og mig langaði aðeins til að segja þingheimi svolítið meira frá því sem hér stendur. Hér tekur t.d. Jónas Jónsson til máls á Alþingi og segir m.a., með leyfi forseta:

„Til dæmis skal jeg geta þess, að prestinum á Þingvöllum og bóndanum á Brúsastöðum hefur dottið í hug að virkja Öxará, að vísu ekki sjálfan fossinn, en slíkt mannvirki á þessum stað mundi særa fegurðartilfinningu manna. Að vísu er þetta afsakanlegt frá þeirra sjónarmiði, þeir gera þetta ekki til að spilla völlunum, heldur til að lýsa og hita heimili sín. En jeg þarf ekki að fjölyrða um, að það yrði þeim hvumleitt, sem nokkurn smekk hafa fyrir útliti Þingvalla, ef byggðir yrðu ljótir steinsteypukassar á vestari bakka Almannagjár. Jeg ætlast til, að Þingvellir verði undir sérstakri vernd Alþingis héðan í frá. Jeg geri ráð fyrir, að Alþingi verði sá húsbóndi yfir Þingvöllum, sem best fari með staðinn. Jeg býst við, að það verði svo minnugt þeirra daga, er Alþingi var haldið á Þingvöllum, að það sjái jafnan sóma sinn í að fara trúlega með verndarvaldið yfir þessum helgistað."

Þetta voru orð Jónasar frá Hriflu á Alþingi árið 1928.

Hér kemur greinilega fram hversu framsýnir menn voru á þessum tíma að semja þessi lög sem hafa verið í gildi allar götur síðan um að vernda Þingvelli og er það að sjálfsögðu mjög virðingarvert og þakklætisvert fyrir Íslendinga og komandi kynslóðir. En það kemur líka greinilega fram að Jónas talaði um að Alþingi ætti að vera sá húsbóndi yfir Þingvöllum sem best færi með staðinn.

Ég vil ítreka þá frómu ósk okkar í Frjálsl. og Vinstri grænum að fáum að hafa fulltrúa í nefndinni því kjósendur Frjálsl. og Vinstri grænna eru ekkert verri Íslendingar en kjósendur Sjálfstfl., Framsfl. og Samf., og mér finnst það sjálfsögð og eðlileg krafa og bara réttlætismál að við sem erum fulltrúar kjósenda okkar fáum líka, einhverjir okkar, að

vera fulltrúar kjósenda okkar í nefndinni, því eins og margoft hefur komið fram í dag í umræðunum eru Þingvellir helgasti staður þjóðarinnar og öll þjóðin á að geta sameinast um að þessi staður verði verndaður um alla framtíð.

[18:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Fyrst vegna þeirrar spurningar sem kom fram síðast um afmörkunina þá er afmörkunin unnin að frumkvæði Þingvallanefndar sjálfrar og með ráðgjöfum hennar, en það er kunnara en frá þurfi að segja að menn vildu ekki þurfa að teygja sig lengra suður á bóginn og lenda þar með í deilum, landamerkjadeilum og ýmsum öðrum deilum sem uppi voru. Þess vegna þótti skynsamlegt að halda sig við þessi mörk að mati nefndarinnar og við höfum fylgt þeirri leiðsögn sem frá nefndinni hefur komið í forsrn.

Varðandi það að Þingvallanefnd skuli falla með stjórnskipulegum hætti undir forsrn. hefur það verið þannig frá fyrstu tíð. Til að mynda er ég hér með forsetaúrskurð, undirritaðan af Sveini Björnssyni og Stefáni Jóhanni Stefánssyni forsrh., þar sem tekið er fram að undir forsrh. skuli falla Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Þetta er frá 1947. Hið sama er í stjórnarráðsreglugerð sem byggð er á stjórnarráðslögum sem eru orðin rúmlega 30 ára gömul.

Það sem hins vegar gerist með þessum breytingum er að breytingin er löguð að núverandi skipun stjórnsýslulaga og þar með er komin raunverulega fær málsmeðferð gagnvart úrskurði Þingvallanefndar í samræmi við stjórnsýslulögin sem í landinu gilda.

Vegna þess að hér hefur verið rætt um að breyta nefndarskipuninni *má út af fyrir sig segja að það hefði þurft að gera* þá breytingu á nefndinni a.m.k. að varamenn væru skipaðir í nefndina til þess að kröfum stjórnsýsluréttarins gæti verið framfylgt þannig að ef hv. nefndarmenn þyrftu að víkja sæti væri hægt að skipa varamenn í þeirra stað. Það hefur til að mynda vantað varamenn í nefndina.

Mér finnst fyllilega koma til álita að nefndin ræði þá beiðni sem fram er komin frá Vinstri grænum og Frjálsl. um að fjölga í nefndinni og gefa fleiri þingflokkum tækifæri til að vera í nefndinni. Mér finnst að það mætti gera með þeim hætti að fjölga í nefndinni án þess að það væri ákveðið að byggt væri á þeirri skipan að hver þingflokkur skuli eiga þar fulltrúa. Það væri hins vegar samkomulagsatriði milli manna að reyna þá skipan að tryggt væri að hver þingflokkur hefði þar fulltrúa. Mér finnst ekki fara illa á því í þessari nefnd.

Hins vegar verð ég að segja að mér þóttu sum ummæli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar falla í öndverða átt, fyrst að lýsa því yfir að hérna eigi að vera sérstök skipan vegna sérstöðu málsins og síðan að falla eiginlega í þann farveg að *þetta sé bara orðinn venjulegur þjóðgarður og ætti þess* vegna að falla með venjulegum hætti undir þá skipan sem þar er um að ræða. Ef svo er væri ekki ástæða til að gera einhverja breytingu á nefndarskipaninni ef eingöngu er um venjulegan þjóðgarð að ræða.

Ég lít ekki á að svo sé. Ég tel að það hafi reynst afar vel að hafa sérstaka Þingvallanefnd, skipaða af þinginu með þingmönnum sjálfum. Auðvitað hafa þær verið misverkmiklar í gegnum tíðina en sú nefnd sem hefur setið að undanförnu hefur virkilega verið bæði stjórnsöm og afskiptasöm í góðri merkingu orðsins og látið mjög margt gott af sér leiða. Það hefur ekki verið neinn árekstur milli forsrn. og nefndarinnar. Forsrn. er það ljóst að boðvaldið í málinu er ekki hjá forsrn. Þó nefndin falli með stjórnskipulegum hætti undir ráðuneytið er boðvaldið í málum Þingvalla hjá nefndinni en ekki hjá ráðuneytinu. Ráðuneytinu finnst fara afar vel á því og hefur skilið lögin alla tíð þannig og ég hygg að þau sé með ótvíræðum hætti þannig.

Ég vil leyfa mér að færa þingmönnum þakkir fyrir þá umræðu sem hefur átt sér stað sem hefur sannað, sem ekki þurfti svo sem, þá miklu virðingu og hlýju sem þingið fyrir þjóðarinnar hönd ber til þessa staðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 849. mál (heildarlög). — Þskj. 1306.

[18:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Eins og rakið er í grg. með frv. þessu er með því lagt til að núverandi þungaskattskerfi sem byggir á lögum nr. 3/1987, *um fjáröflun til vegagerðar, verði lagt niður og í staðinn* tekið upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu ásamt sérstöku kílómetragjaldi á ökutæki þyngri en 10 tonn.

Á undanförnum árum hefur gagnrýni á núverandi þungaskattskerfi farið vaxandi, enda er kerfið að mörgu leyti mjög erfitt í framkvæmd þrátt fyrir fjölmargar lagfæringar á því í gegnum tíðina. Hefur samkeppnisráð m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fast árgjald þungaskatts af dísilbifreiðum brjóti gegn samkeppnislögum þar sem það geti haft í för með sér aðgangshindrun að markaði. Fasta árgjaldið raskar samkeppnisstöðu fyrirtækja í flutningum og sendibílaþjónustu. Þar geta fyrirtæki selt þjónustu léttari ökutækja á lægra verði, ef notkun er mikil, sem fyrirtæki með þyngri ökutæki geta ekki leyft sér. Auk þess hefur verið gagnrýnt að þeir aðilar sem keyra mikið og eru á föstu árgjaldi séu ekki að greiða skatt í samræmi við það slit sem hlýst af akstri þeirra á meðan þeir sem lítið aka eru hlutfallslega að greiða mun meira en sem nemur því sliti sem akstur þeirra veldur á vegakerfinu.

Með þeirri breytingu sem í frv. felst er í reynd lagt til að tekið verði upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskattskerfis. Olíugjaldið verði í meginatriðum lagt á sömu aðila og þungaskatturinn, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru af dísilolíu. Þeir sem eru undanþegnir þungaskatti í dag verða undanþegnir olíugjaldi þar *sem dísilolía til þeirra verður lituð og þannig aðgreind frá* hinni gjaldskyldu dísilolíu. Er hér um að ræða sams konar fyrirkomulag og er við lýði í flestöllum ríkjum Evrópu. Með olíugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd þar sem gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald á notað eldsneytismagn. Með því að tengja gjaldtökuna við olíunotkun, eins og lagt er til, er verið að stuðla að kaupum og notkun á nýrri og sparneytnari ökutækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings.

Með upptöku olíugjalds verða dísilknúnar fólksbifreiðar álitlegri kostur fyrir einstaklinga en verið hefur og skattlagning dísil- og bensínbifreiða er samræmd þannig að sömu rekstrarforsendur eiga við hvort sem bifreiðin er dísil- eða bensínbifreið. Auk þess felur upptaka olíugjalds í sér að

greiðslubyrði eigenda dísilknúinna ökutækja dreifist eðlilega eftir notkun í stað þungrar greiðslubyrði á fjögurra eða sex mánaða fresti eins og nú er. Þá felst mikið hagræði í því að losna við að mæta með bifreiðar í álestur og við þann kostnað sem því fylgir. Jafnframt er almennt talið að möguleikar til undanskota séu minni í olíugjaldskerfi en þungaskattskerfi.

Í frv. þessu er auk olíugjalds mælt fyrir um sérstakt kílómetragjald á ökutæki sem eru yfir 10 tonn af leyfðri heildarþyngd óháð eldsneytistegund. Bifreiðar sem ætlaðar eru til fólksflutninga bera þó ekki slíkt gjald. Með því að viðhalda sérstöku kílómetragjaldi á þyngri bifreiðar er gjaldtakan í meira samræmi við þann kostnað sem hlýst af notkun bifreiðarinnar og það slit sem verður á vegakerfinu. Þess má geta að slíkt sérstakt kílómetragjald á bifreiðar þyngri en 10 tonn til viðbótar við olíugjald er víðast hvar við lýði í Evrópu þar sem það er talið eðlilegt út frá áðurnefndum notkunar- og slitsjónarmiðum.

Með frv. er lagt til að olíugjaldið verði 45 kr. á hvern lítra af dísilolíu. Notendur olíunnar greiða gjaldið við kaup olíunnar en þeir sem undanþegnir eru greiðslu gjaldsins fá heimild til að kaupa litaða olíu sem ekki ber olíugjald.

Ef miðað er við núgildandi verð á dísilolíu þýðir það að öðru óbreyttu að söluverð hennar frá dælu verður um 97 kr. á lítra með virðisaukaskatti sem þýðir að dísillítrinn verður ívið lægri í innkaupum en bensínlítrinn við söludæluna. Með því að hafa verð á lítra af dísilolíu lægra en á lítra af bensíni verða dísilbúnar fólksbifreiðar ákjósanlegur kostur sem einkabifreiðar jafnvel þótt þær séu nokkru dýrari í innkaupum eins og nú háttar til en bifreiðar sem knúnar eru með bensíni. Benda má á að einungis 9% af fólksbílaflota Íslendinga eru dísilbílar á meðan það hlutfall er mun hærra í nágrannalöndum okkar, fer ört vaxandi og er sums staðar komið yfir 50%.

Verði frv. að lögum er líklegt að samsetning bifreiðaflotans breytist og hlutur dísilbifreiða aukist í hlutfalli við bensínbifreiðar. Sú breyting hefur í för með sér að eldsneytisnotkun minnkar þar sem dísilbifreiðar eyða minna eldsneyti en bensínbifreiðar. Það ætti að leiða til minni innflutnings á eldsneyti sem hefur jákvæð áhrif á vöruskiptajöfnuð til lengri tíma.

Til mótvægis við neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs vegna minni eldsneytisnotkunar til lengri tíma koma jákvæð þjóðhagsleg áhrif vegna lægri eldsneytisútgjalda þjóðarbúsins auk þess sem mjög dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda samhliða minni eldsneytisnotkun.

Ljóst er að verði ekki af upptöku olíugjalds í stað þungaskatts þarf að fara fram algjör uppstokkun á gildandi þungaskattskerfi. Fella þyrfti niður fasta árgjaldið, þar sem það er talið andstætt samkeppnislögum, samhliða verulegri fjölgun gjaldflokka kílómetragjaldsins. Setja þyrfti mæla í öll dísildrifin ökutæki sem eru í einhverjum atvinnurekstri, eins og t.d. leigubifreiðar, en þær eru flestar á föstu árgjaldi í dag. Sú leið mundi án vafa kalla á verulegan kostnaðarauka fyrir marga atvinnubílstjóra, jafnvel umfram það sem upptaka olíugjalds mundi valda.

Að lokum er allsendis óvíst að slíkar breytingar nái að skapa það jafnræði sem þarf milli dísildrifinna ökutækja í atvinnurekstri. Sú leið að festa þungaskattskerfið frekar í sessi væri algjörlega á skjön við þá þróun sem er í helstu viðskipta- og nágrannalöndum okkar og gengi þvert á yfirlýsta stefnu íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum.

Það frv. sem ég mæli nú fyrir er byggt á frv. sem ég lagði fram til kynningar á 127. löggjafarþingi í maí 2002. Helstu breytingar frá því frv. eru þær að nú er lagt til að olíugjaldið verði 45 kr. í stað 36,50 kr. sem uppreiknað væri 39,50 kr. eftir hækkun þungaskatts sl. haust, og að það sérstaka kílómetragjald á ökutæki sem eru yfir 10 tonn af leyfðri heildarþyngd er lækkað frá því sem það var í hinu fyrra frv. Sérstaka kílómetragjaldið á ökutæki yfir 10 tonn er þó lækkað þannig að gjaldið er áfram tengt sliti á vegum, þ.e. þyngstu bílarnir greiða áfram meira gjald á hvern ekinn kílómetra en þeir léttari. Jafnframt mælir frv. fyrir um einfalt kílómetragjald á tengivagna í stað tvöfalds eins og áður var kveðið á um. Þessi lækkun á kílómetragjaldi frá fyrra frv. hefur í för með sér að tekjur vegna kílómetragjalds lækka, en því tekjutapi er mætt með því að hækka olíugjaldið í 45 kr.

Miðað við þessa útreikninga kemur dæmið þannig út að verð á dísilolíulítra verður heldur lægra á bensínstöðinni en bensínlítrinn, eins og ég reyndar gat um áðan, en það er forsenda frv. til þess að það feli í sér hvata til að fjölga dísilbifreiðum og samræma rekstrarumhverfi dísil- og bensínbifreiða. Sú forsenda stendur því óbreytt þrátt fyrir hækkun olíugjaldsins í 45 kr.

Með því að lækka sérstaka kílómetragjaldið frá því sem áður var ráðgert í frv. því sem lagt var fram til kynningar fyrir tveimur árum er komið til móts við þær gagnrýnisraddir sem hafa haldið því fram að upptaka olíugjalds og sérstaks kílómetragjalds á þyngri bifreiðar hafi í för með sér umtalsverða hækkun á flutningskostnaði sem skila mundi sér í hærra vöruverði út á landi. Samanburður á núgildandi þungaskattskerfi og frv. því sem hér er lagt fram sýnir að í sumum tilvikum, t.d. þegar um tiltölulega litla eyðslu bifreiðar er að ræða, er niðurstaðan sú að í raun lækkar eldsneytiskostnaðurinn frá því sem nú er en í öðrum tilvikum er um minni háttar hækkun að ræða á þeim kostnaði á hvern ekinn kílómetra vegna vöruflutninga. Benda má á að almennt er eldsneytiskostnaður talinn nema um 20% af rekstrarkostnaði flutningabifreiða en flutningskostnaður er síðan almennt talinn vega um eða jafnvel undir 5% af vöruverði.

Verði frv. þetta að lögum er gert ráð fyrir að breyting úr þungaskattskerfi yfir í olíugjald mundi að óbreyttu lækka tekjur til vegagerðar samkvæmt þeim forsendum sem miðað er við í frv. eða um um það bil 400 millj. kr. á ári. Til að vega upp á móti þessari tekjulækkun er jafnframt í frv. lögð til breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald á ökutækjum, eldsneyti og fleira sem kveður á um hækkun á sérstöku vörugjaldi á bensíni en á móti komi samsvarandi lækkun á almenna bensíngjaldinu. Með því móti er tryggt að Vegagerðin verður ekki fyrir tekjuskerðingu vegna þessara breytinga en ríkissjóður fær á móti auknar tekjur vegna virðisaukaskatts sem leggst ofan á olíugjaldið.

Í frv., virðulegi forseti, er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. janúar nk.

Ég vil leyfa mér að endingu að leggja til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar við upphaf umræðu um það mál sem hæstv. fjmrh. hefur verið að fylgja úr hlaði að spyrjast fyrir um það vegna þess að í skýringum með frv. segir, með leyfi forseta:

„Fjárhæð gjaldsins er ákvörðuð þannig að breyting á gjaldbyrði eigenda gjaldskyldra ökutækja verði í lágmarki."

Spurning mín til hæstv. fjmrh. er þessi: Hefur verið sett upp reiknilíkan fyrir hinar ýmsu gerðir af bílum? Ég nefni sem dæmi leigubíla. Ég nefni sem dæmi vörubíla og þá ýmsar gerðir af vörubílum, jafnt gamla sem nýja, sparneytna. Ég nefni dæmi um bílakrana, tæki sem ekki er ekið mikið um en notar mikla olíu. Og ég tek sem dæmi götusópara, af því að þeir eru nú farnir af stað alla vega á nokkrum stöðum á landinu. Hefur þetta reiknimódel verið sett upp og getur hæstv. fjmrh. upplýst okkur um það við upphaf málsins hvernig það muni koma út fyrir hinar ýmsu tegundir af bílum sem ég hef nefnt?

[18:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega höfum við reynt að gera okkur grein fyrir því hver áhrifin verða af þessari breytingu fyrir alla helstu flokka ökutækja. Þeir eru vissulega margir og ég tel eðlilegt að ráðuneytið leggi fram í þingnefndinni þá útreikninga sem fyrir liggja um málið en jafnframt að nefndin afli sér sjálfstæðra útreikninga frá þeim hagsmunaaðilum sem eiga hlut að máli og hafa vissulega haft skoðanir á þessum breytingum um langt árabil.

Ég hef að vísu ekki handbært hvernig frv. breytir hag götusóparanna í Reykjavík, ég skal viðurkenna það strax. En ég tel að sjálfsögðu fráleitt að láta slíkt tæki, jafnvel þótt það fari illa út úr þessum breytingum, ráða úrslitum um hvort við innleiðum eðlilegt og nútímalegt gjaldtökukerfi á þessu sviði sem hefur ótvíræðar jákvæðar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Ég held að það sé mjög mikilvægt í allri umræðunni að menn reyni að hefja sig upp fyrir hagsmuni tiltekinna hópa eða tiltekinna afmarkaðra hagsmunaaðila og horfi á þetta frá sjónarmiði þjóðarbúsins alls. Frumvarpið snýst um að reyna að lækka eldsneytiskostnað þjóðarbúsins í heild sinni og við eigum í þinginu að reyna að taka höndum saman um að ná fram því markmiði. Ef hnökrar eru á því eins og það er fram sett gagnvart einstökum hópum verðum við að sjálfsögðu að skoða það allt saman en ég held að ekki sé minnsti vafi á því að breytingin í heild sinni er þjóðarbúinu hagkvæm.

[18:50]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið og þá sérstaklega það sem kom fram í lokin að viðkomandi þingnefnd, efh.- og viðskn., sem fær málið — og að fjmrn. leggi þá fram gögn sín um einstaka flokka eins og ég hef tekið dæmi um — skoði það ef þetta kemur mjög illa út. Hæstv. fjmrh. sagði að nefndin yrði að afla sér sinna eigin gagna, m.a. til þess að bera þetta saman. Nú vill svo til, og ég ætla að koma að því á eftir, að útreikningar mínir sýna að kostnaður við rekstur leigubíls hvað þetta varðar, olíugjaldið á móti þungaskatti, mun aukast um 100%. Sjálfstæðir útreikningar mínir eru þeir að hjá jeppaeiganda sem keyrir u.þ.b. 35 þús. km á ári og eyðir í kringum 15 lítrum á 100 km, hækkar kostnaðurinn um 53% á ári. Þetta eru hinir neikvæðu þættir frv.

Ég vil taka skýrt fram, virðulegi forseti, og kem betur að því í ræðu minni á eftir, að vafalaust er það svo, og ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að margt í frv. er þannig að það er til bóta fyrir þjóðfélagið í heild en mikið svakalega mun það leggjast misjafnlega á aðila sem eru í þungaskattskerfinu í dag þegar þetta gjald verður tekið upp, og ég mun gera það að umtalsefni á eftir. Þó að ég sjái að hér hafi áunnist nokkuð mikið í áttina til þess að sú skattheimta sem var fyrirsjáanleg á flutningastarfsemi í landinu yrði eins svakaleg og hún var, vil ég aðeins segja í lokin og við skulum hafa það í huga, virðulegi forseti, að þungaskattsgreiðslur flutningsaðila hafa hækkað um allt að 45% frá árinu 1998 hjá þeim sem aka í kringum 120 þús. km á ári og er það mjög algengt með flutningabíla í dag.

[18:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má auðvitað margt segja um þessa breytingu hvað varðar tiltekna hópa ökutækja. En það er auðvitað svo að þungaskattskerfið í dag er tilteknum hópum mjög hagstætt. Komið hefur verið verulega til móts t.d. við leigubílana innan núverandi þungaskattskerfis og reyndar á fleiri sviðum og ég hef sérstaklega beitt mér fyrir því að bæta rekstrargrundvöll þessarar tilteknu atvinnustarfsemi, m.a. með því að lækka vörugjöld o.fl. En það breytir ekki því að við getum ekki látið hagsmuni þessa eina hóps stoppa mál eins og það sem hér er á ferðinni. Við verðum að skoða nákvæmlega hvernig málið kemur út fyrir þessa aðila. Ég hef í höndunum útreikninga sem sýna allt annað en það sem hv. þm. nefndi varðandi leigubílana. Það fer auðvitað eftir því hve bílunum er ekið mikið en ég hef handbærar upplýsingar sem eru miklu lægri varðandi breytingar á heildarrekstrarkostnaði bílanna. Það getur vel verið að þeir þurfi á endanum að fleyta einhverri slíkri hækkun út í gjaldskrár sínar. Það kann að vera óhjákvæmilegt. Við skulum gera okkur grein fyrir því.

Hvað varðar flutningabílana hefur sú breyting sem er frá frv. fyrir tveimur árum til dagsins í dag auðvitað lykiláhrif og samkvæmt útreikningum sem ég hef hér, og mun að sjálfsögðu leggja fram í þingnefndinni, er hægt að sýna fram á að kostnaður flutningabíls með vagni, sem er 44 tonn að þyngd, ekur 100 þús. kr. á ári og eyðir 55 lítrum af olíu á 100 km, lækkar um 5% miðað við það sem ég hef hér í höndunum. (**KLM:** En ef hann eyðir ...?) Ef hann eyðir 75 lítrum á hundraðið er þetta auðvitað öðruvísi, en mér er líka sagt að slíkir bílar séu mjög fáir og kannski er ekki óvitlaust að hvetja menn til þess að fara á sparneytnari bíla.

[18:55]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja fram frv. um breytingar á lögum um olíugjald og kílómetragjald sem er býsna viðamikið mál. Það er búið að fara oft inn í þingið og var fjallað töluvert um það í efh.- og viðskn. á árum áður. Síðan var það lagt fram til kynningar eins og hæstv. ráðherra gat um áðan, og nú er það komið fram í nýjum búningi.

Ég fagna því fyrir mína parta, virðulegi forseti, að málið er komið fram í þeim búningi og því horfi sem það er í dag. Á árum áður var það mikið áhugamál mitt að breyta þessu kerfi. Það hefur verið mikil óhagkvæmi í því og möguleiki á undanskotum í núverandi kerfi og kerfið ekki verið sanngjarnt þannig að það var að mörgum sjónarmiðum að hyggja þegar frv. var smíðað.

Eins og hæstv. fjmrh. gat um hafa menn þjóðhagslega hagkvæmni og sparnað við gerð frv. að leiðarljósi. Í fyrsta lagi er það hvati til þess að kaupa tæki, bíl eða annað sem eyðir lítilli eða minni olíu sem er náttúrlega algert lykilatriði í þessum málum. Hv. þm. Kristján Möller spurði hvað það þýddi ef eyðslan væri 80 lítrar á hundraðið. Það er afar

sjaldgæft að bifreiðar eyði slíkum olíulítrafjölda á hundraðið. Það er helst á veturna í mjög slæmri færð og öðru slíku sem það gerist en það er ekki um það að ræða. Algeng eyðsla er einhvers staðar á bilinu 45 lítrar og upp í 55 lítra á hundraðið. Eins og hæstv. fjmrh. gat um er það miðað við þetta kerfi frekar sparnaður fyrir bíla sem keyra langt. Nú er þetta spurning um mótorstærðir og annað slíkt en ef þeir sem kaupa inn geta keypt bíla eða mótora sem eru þannig að þeir geti farið niður í 30 lítra eða 35 lítra er um verulegan sparnað að ræða og lækkun flutningskostnaðar. Það er því hvati í því kerfi sem verið er að leggja fram núna til að fá sparneytnari tæki. En það eru ekki bara bílar sem eyða olíu heldur líka vinnuvélar. Ég kem að því kannski aðeins seinna í ræðu minni hvernig það mál snýr við mér.

Í öðru lagi, eins og segir í frv., yrði skattlagning dísil- og bensínbifreiða samræmd þannig að sömu rekstrarforsendur munu eiga við hvort heldur bifreiðin er dísil- eða bensínknúin.

Í þriðja lagi yrði dreifing greiðslubyrðinnar jafnari á dælunni strax heldur en ef þetta kæmi í slumpum yfir árið eða tvisvar á ári eins og nú er. Í fjórða lagi eru minni undanskot í þessu kerfi en núverandi kerfi. Í núverandi kerfi eru mælar einhvers staðar, það er ekki alveg vitað, á milli 12 og 14 þúsund í gangi í dag, bæði í stórum bílum og litlum. Eftir upptöku þessa kerfis, þ.e. ef bílar sem eru yfir 10 tonn væru með mæla, mundi þeim fækka niður í 4.500 sem er veruleg fækkun og minni útgerð í eftirliti og öðru. En mælakostnaður er þyrnir í augum allra sem gera út slíkar bifreiðar. Bæði er stofnkostnaður töluverður og viðhaldskostnaður mikill, frátafir á tækjum vegna viðgerða sem eru einungis á verkstæðum og eigendur þurfa kannski að senda bíla sína um langan veg, þannig að allt til að losna við mæla út úr þessu kerfi er af hinu góða. Því miður tókst ekki alveg að útrýma þeim en búið er að fækka þeim niður í 4.500.

Með nýrri tækni sem getið er um í frv. er kannski möguleiki að gera verkið léttara en það er í dag. En málið er í raun martröð eins og það er í dag. Ef slíkur mælir bilar þá þarf að fara þann feril sem ég gat um áðan. Það þarf ekki að fara nema kúpling í stórum bíl. Þá þarf að taka niður gírkassa og ganga frá enn og aftur. Mælaverkstæði í þessu eru fá. Sérstaklega er þetta erfitt fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni sem hafa um langan veg að fara, það er skárra á höfuðborgarsvæðinu þar sem nokkur verkstæði veita þessa þjónustu.

Síðan kemur kannski að aðalmálinu í þessu, sem er umhverfissjónarmiðið. Við erum að tala um þjóðhagslegan sparnað, tala um að dísilbílar eyði minna en bensínbílar. Það getur a.m.k. munað 30%. Þjóðarbúið mundi kaupa minna af eldsneyti inn í landið en er í dag með þessu kerfi en mengunarmálin koma einnig inn í dæmið. Mengun af dísilbifreiðum er mun minni en af bensínbifreiðum. Það er nokkuð sem við verðum að horfa mjög fast á í þessu máli. Hvatinn í þessu kerfi, með því að taka upp olíugjaldskerfi, er að hvetja fólk til að kaupa dísilbíla sem eyða litlu. Ef það er hægt yrði verulegur akkur í því fyrir eigendur slíkra bíla.

Þá kemur að öðru máli, varðandi vinnuvélar. Í dag eru notaðir tæplega 160 millj. eða 154 millj. lítra sem er svokölluð landolía. Þar af fara 80 millj. í akstur. 46 millj. lítra er áætlað að fari á vinnuvélar og í þessu kerfi er enginn hvati, frekar en er í núverandi kerfi, til að fá vinnuvélar með hagkvæma mótora eða sem eyða litlu. Það er eitthvað sem mætti skoða. Ég kem að því á eftir.

Þetta snýst um ákveðnar stærðir. Í dag er fastagjald þungskatts 2,5 milljarðar kr. miðað við árið í ár og mælagjaldið er um 2,9 milljarðar kr., samtals 5,4 milljarðar kr. Eftir þessa breytingu sem lögð er til í þessu frv. þá verður 1 milljarður kr. í mælagjaldinu, 3,6 milljarðar kr. í olíugjaldinu og 0,4 milljarðar í virðisaukaskatti auk þeirra 400 millj. kr. sem hæstv. fjmrh. gat um áðan sem yrðu teknar inn í bensíngjaldið, eða samtals 5,4 milljarðar kr. Við erum ekki að tala um að breyta einu eða neinu varðandi byrðina í þessu, þar verður sama upphæðin fyrir og eftir. Við erum að tala um að koma á kerfi sem er bæði þjóðhagslega hagkvæmt og hagkvæmara fyrir megnið af notendum þess.

Þar eru til dæmi um hitt, eins og komið hefur fram í þessari umræðu, að þetta verði dýrara, t.d. hjá kranabílum sem keyra lítið og götusópurum. Ég var að velta fyrir mér, forseti, þegar hv. þm. Kristján Möller var að tala um þetta áðan, hve margir götusóparar væru til á Íslandi, hvort þeir væru 10 eða 15. Það er ekkert sem skiptir neinu máli, hvort það eru 10, 15 eða 20 götusóparabílar. Síðan eru náttúrlega kranabílar, bílar með krana, í staðbundinni vinnu. Það er ljóst. En það eru hreinar línur, þegar búin eru til lög af þessu tagi, að það er ekki hægt að ramma alla aðila inn í þetta. Það er ekki hægt. Það er búið að teygja sig verulega í þessum málum. Margir aðilar hafa komið að þessu máli og reynt að koma ýmsum sjónarmiðum að en þessir tilteknu aðilar munu þurfa að greiða heldur meira en áður.

Það má ekki gleyma því að í rekstri bifreiðar er olíugjald, eða olíu- og þungskattur, áætlað um 20% af heildarrekstri tækisins. Sé verið að hækka þetta um einhver lítil 5% eða 10%, þessi 20%, þá sjáum við að það hefur ekki úrslitaáhrif á rekstur tækisins. Fólk verður að gæta sín á það rugla því ekki saman. Menn tala um að ef kílómetragjald hækki eða gjöld á olíu og slíkt þá muni það rústa rekstrargrundvelli slíkra tækja, eins og ég las í Mogganum, hæstv. forseti, um daginn.

Hér var talað um leigubíla. Þar er kominn úrskurður samkvæmt samkeppnisráði, að fastagjald sé ólöglegt. Menn verða því að fara aðrar leiðir. En það er ljóst að þeir sem keyra mjög mikið í því kerfi sem lagt er til muni þurfa að borga meira. Varðandi þær tölur sem hv. þm. Kristján Möller kom með hér áðan þá efast ég um þær, að þær séu réttar. En nýtt fyrirkomulag hvetur aðila, bæði leigubílstjóra og aðra, til að kaupa tæki sem eru sparneytin á olíu. Út á það gengur málið, það er prinsippið, virðulegi forseti.

Síðan getur maður velt fyrir sér ýmsum öðrum möguleikum í þessum málum. Eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan, varðandi eyðslu á þungum bíl eða 44 tonna bíl sem mundi aka 100 þús. kílómetra, miðað við þetta olíugjald sem eru 45 kr. auk virðisaukaskatts, þá yrði hann með 60 lítra eyðslu á hundraði jafnsettur og hann er í kerfinu í dag. Ef hann færi með eyðsluna í 40 lítra, sem hann gæti gert, þá sparaði hann verulega, þ.e. yfir 20% af olíueyðslunni.

Í breytingunni felst því bæði hvati til að kaupa eða spara olíu, þ.e. hvati til að minnka mengun, við megum ekki gleyma því.

Þá kemur spurningin: Hefði átt að fara með þetta víðar? Það er búið að breyta þessu. Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, minnkar mælagjaldið úr 2,9 milljörðum kr. niður í 1 milljarð kr. Kílómetragjaldið er í umræðunni af því að því miður þarf enn þá tvöfalt kerfi að hluta, þ.e. mæla í bíla sem eru yfir 10 tonn, hinir eru mælalausir. Það minnkar náttúrlega verulega, úr 43–44 kr. niður fyrir 20 krónur miðað

við þyngstu bílana. Síðan fer þetta línulega niður, minnkar og fer niður í mjög lágar tölur, allt niður í tíu tonn.

Horfi maður á nágrannalöndin, maður getur skoðað dælurnar þegar maður ferðast til útlanda, má t.d. sjá að í Bretlandi er sama verð á blýlausu bensíni, þessu 95 oktana eða sambærilegu, og dísilolíu. Síðan er hreinna bensín dýrara. Sama kerfi er í Belgíu, mjög svipað uppbyggt. Evrópubúarnir hafa farið þá leið sem hér er farin.

Þá kemur að vandamálunum í þessu. Þetta er uppbyggt þannig að þeir sem nota vegina eiga að borga fyrir það, ekki síst þungir bílar og þess vegna er sá milljarður lagður á þar. Þá mætti spyrja um hvernig eigi að fara með hina olíuna sem fer á vinnuvélar, fer til landbúnaðar og fer á skip. Meiningin er að lita þá olíu. Hjá týpísku verktakafyrirtæki yrðu að vera tvenns konar bílar, annars vegar þeir sem eru með litaða olíu, vinnuvélar og tæki sem eru ekki inni í olíugjaldinu og hins vegar ólituð olía á aðra bíla. Í fylgiplaggi með frv. er reiknað með, þ.e. olíufélög reikna með því, að í það fari 300 millj. kr. þótt tækni hafi mjög fleygt fram við að setja lit í olíu.

Þegar þetta var skoðað á árunum 1999 og 2000 var þetta talið verulega mikið mál. Nú hefur tækninni fleygt fram og kemur mjög á óvart hér að sjá sömu tölu um þann kostnað og við sáum fyrir fjórum árum.

Svo getum við velt fyrir okkur þeim möguleika að hætta að hugsa um hverjir slíti mest vegunum og reynt að hafa þetta mjög einfalt. Menn geta aflað þessara tekna með því að færa það á alla notkun á olíu, þ.e. á allar þessar 154 milljónir lítra. Með því að hafa sama verð fyrir allt, fyrir bíla og vinnuvélar, værum við í raun að færa gjaldbyrðina af bílum yfir á vinnuvélarnar og hafa sama verð áfram á olíunni fyrir útgerðina. Með því yrði engin litun, engir mælar og þetta væri alveg bráðeinfalt. En fyrir þá sem gera út minni vélar þýddi þetta aukinn rekstur. Margar vinnuvélar í landinu eru í blandaðri eigu, þ.e. bæði vinnuvélar og hins vegar bílar. Málið mundi verða mjög einfalt með þessum hætti en þá hefðu menn ekki það prinsipp að skattleggja þá sem nota vegina mest heldur mundi gjaldbyrðin færast yfir á vinnuvélarnar sem nota vegina ekki neitt, nema menn mundu breyta algjörlega um hugsun og segja að hér sé um að ræða gjald sem aflaði bara tekna inn í ríkissjóð og síðan mundu menn dreifa því öðruvísi til framkvæmda fyrir vegagerðina.

Annar möguleiki sem nefndin þarf kannski að skoða er að reyna að losna við mælana, þ.e. útgerðina á þeim, og koma því kannski yfir í olíuna fyrir vinnuvélarnar og auðvelda þetta. Með nýrri tækni er þessi mælaútgerð kannski minna mál en hún hefur verið. Þó er alltaf vont ef það er með litun og ekki litun, það verður alltaf vandamál þótt það verði ekki óyfirstíganlegt.

Mér finnst, virðulegi forseti, frv. til verulegra bóta miðað við kerfið eins og það er í dag. Það hvetur til þjóðhagslegs sparnaðar og hvetur til þess að þeir sem gera út slík tæki reyni að gera það á eins ódýran máta og hægt er. Þetta er mun einfaldara en er í núverandi kerfi og verulegt framfaraspor sem við eigum að fagna. Þetta er verulegt framfaraspor varðandi mengun og umhverfismál. Þetta er eitt af mikilvægustu umhverfismálum sem við höfum unnið að ef við getum breytt þessu og fækkað bensínbílum um einhverja tugi þúsunda. Ef notkun á dísilbílum kæmi í staðinn þá yrði af því mun minni mengun.

Þetta eru allar þjóðir í Evrópu að reyna að gera, að auka hlut dísilbílanna. Í frv., virðulegi forseti, á bls. 20 er sýnt hvernig þetta er í mismunandi ríkjum Evrópu.

Að lokum fagna ég framkomnu frv. Þar sem ég á sæti í efh.- og viðskn. þá munum við eðlilega fjalla um þetta og reyna að setja fram betri hugmyndir. Ég held þó að tími sé til kominn að afgreiða þetta mál og ganga í það. Það hefur alltaf strandað á einhverju, annaðhvort lituninni, tækninni eða flutningskostnaði út á land eða einhverju slíku. Við eigum að ganga í verkið, breyta þessu og koma á betra kerfi í þessum málum.

[19:15]

Útbýting þingskjala:

Aðstoðarmenn þingmanna, 897. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1365.

Fjarnám á framhaldsskólastigi, 894. mál, fsp. KHG, þskj. 1362.

Fjarnám á háskólastigi, 895. mál, fsp. KHG, þskj. 1363.

Lokafjárlög 2001, 653. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1359.

Námslán fyrir skólagjöldum, 896. mál, fsp. KHG, þskj. 1364.

Opinber fjölskyldustefna, 691. mál, svar félmrh., þskj. 1283.

Slátrun alifugla, 900. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1368.

Tekjur háskóla af skólagjöldum, 899. mál, fsp. KHG, þskj. 1367.

Tekjur sérskóla af skólagjöldum, 898. mál, fsp. KHG, þskj. 1366.

Uppbyggingarstarf í Írak, 892. mál, fsp. RG, þskj. 1352.

Vegagerð um Stórasand, 864. mál, þáltill. HBl o.fl., þskj. 1322.

[19:16]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum að ræða frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald sem hæstv. fjmrh. hefur kynnt. Mig langar að fara yfir örfá atriði sem varða málið. Hv. þm. Gunnar Birgisson fór ítarlega yfir það og ég ætla að reyna að endurtaka ekki margt af því sem hann sagði. Í upphafi máls míns vil ég benda á að mér finnst þetta gríðarlega mikið umhverfismál og við eigum og munum í framtíðinni líta á þetta í meira mæli sem umhverfismál en ekki eingöngu gjald á kílómetra eða olíugjald sem miðar að einhverju leyti við slit á vegunum vegna þess að gjaldið gerir það í rauninni ekki alveg. Olíugjaldið, sem mér líst vel á að sé verið að taka upp, mun leiða til þess að menn munu fjárfesta í tækjum og vélum sem olíugjaldið lendir á með tilliti til sparnaðar og minni innkaupa fyrir samfélagið á olíu sem er auðvitað mjög jákvætt.

Ef ég fer yfir helstu atriðin eru það heildarhagsmunir samfélagsins sem við erum að huga að. Við erum að reyna að ná sömu tekjum fyrir ríkissjóð sem er ráðstafað til vegaframkvæmda, bættra samgangna. Ég mundi vilja að farið verði yfir það í hv. efh.- og viðskn. að eftirlitskostnaðurinn verði sem minnstur og sá kostnaður sem atvinnulífið þarf að taka á sig varðandi útfærslu olíugjaldsins og kílómetragjaldsins verði sem minnstur. Mér finnst vega mjög þungt að aukakostnaður bæði atvinnulífsins og ríkisins verði sem minnstur. Þess vegna hefði ég haldið að það væri kostur að breikka gjaldstofninn, að fleiri tæki greiddu olíugjaldið, það væri til einföldunar gagnvart eftirliti og það væri til einföldunar fyrir atvinnulífið.

Nú nýverið voru samþykkt lög um erfðafjárskatt og þingið var sammála um að fara þar einföldustu leiðina, hafa lágt gjald sem næði til alls stofnsins. Ég held að við eigum að

hafa þá hugsun í heiðri hvað varðar endanlega útfærslu á málinu.

Það þarf að vera innbyggður í kerfinu góður hvati hjá öllum sem nota dísilolíu í landi að nota sem minnst og það mundi verða ef gjaldstofninn væri breikkaður. Ég mundi telja að það væri kostur ef við gætum komist hjá því að nota mælana því það er verulegur kostnaður við rekstur og viðhald á mælunum eins og fram kom áðan í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar. Ef við verðum hins vegar að sætta okkur við mæla er spurning hvort það er ekki í raun rökrétt að hækka mælagjaldið frá því sem það er nú í frv. Það er afskaplega lágt á bifreiðar í léttustu flokkunum og það er svo lágt að mér sýnist að léttustu bílarnir borgi miðað við meðalakstur einhver 7–12 þús. kr. á ári. Það er spurning hvort það er ekki of dýr aðferð við innheimtu á svo lágri upphæð að hafa mæli í þeim bílum. Í raun er ég að tala um hvort ekki sé rétt að hækka mælagjaldið ef við þurfum á annað borð að hafa mæla og lækka olíugjaldið á móti og koma því jafnframt inn á fleiri tæki þannig að við náum fram meiri mun. Ég mundi vilja sjá mun á bensínverði í útsölu og dísilolíu einhvers staðar á bilinu 15 kr. sem dísilolían væri lægri. Þá væri hvatinn verulegur fyrir alla sem nota eldsneyti ef munurinn er þetta mikill. Það finnst mér hljóti að þurfa að verða.

Það hefur komið fram í umræðunni að tiltekin tæki eru, miðað við frv. eins og það liggur fyrir, á mjög gráu svæði og má nefna vinnuvélar eins og krana og hvers konar tæki í staðbundinni notkun sem nota dísilolíu í vinnu sinni. Það mundum við jafna út ef gjaldið færi á breiðari grunn. Búast má við því að atvinnulífið muni haga innkaupum sínum á tækjum eftir því hvernig frv. mun líta út í endanlegri mynd. Við höfum séð það t.d. hjá bæjarfélögum að þau hafa verið að nota dráttarvélar í auknum mæli í vinnu sinni þar sem ekki er greiddur þungaskattur af þeim flutningum sem dráttarvélar framkvæma innan bæjarfélaganna og við mættum búast við því að fjárfest yrði meira í slíkum tækjum hjá bæjarfélögum, verktökum og öðrum sem mundu ekki borga olíugjaldið. Mér finnst það því vera enn frekari rök fyrir því að hafa olíugjaldið á breiðari grunni.

Mig langar að koma með fyrirspurn varðandi kostnað olíufélaganna, hvort hann hafi verið reiknaður nákvæmlega út og kostnaður fyrirtækjanna við tvöfalt olíudreifingarkerfi. Ég var að reyna að benda á áðan að við þurfum að reyna að kostnaðarreikna hver sá kostnaður er sem fyrirtæki verða fyrir því það er sá kostnaður sem leggst á þá vöru eða þjónustu sem þau selja.

[19:24]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Hæstv. fjmrh. hefur flutt frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Ég er ekki alveg með það á takteinum hve oft svona frv. hefur verið flutt hér. (**Fjmrh.:** Lestu greinargerðina.) Já, ég er ekki alveg með það á hreinu hvort það er fjórum eða fimm sinnum en þetta er sorgarsaga máls. Það sem ég ætlaði að segja áður en hæstv. fjmrh. greip fram í fyrir mér er að ég veit ekki hvort ég á að óska honum þess að hann nái frv. í gegn eða að hann bætist á þann afrekalista yfir málið að það fari enn einu sinni í salt. Ég átta mig ekki alveg á því.

Fyrir það fyrsta, virðulegi forseti, vil ég segja að frv. eins og svo mörgum öðrum sem við ræðum hér, og kannski allflestum, fylgja kostir og gallar og nefnd hæstv. fjmrh. hefur verið að skoða kosti og galla við að taka upp olíugjald og leggja niður þungaskattskerfið. Hér er mest rætt um kostina en minna um gallana og það leiðir hugann að því að spyrja hæstv. fjmrh. hvort skýrsla nefndarinnar liggur á lausu og er aðgengileg fyrir þingmenn og aðra að skoða. Ég spyr út í þetta að gefnu tilefni vegna þess að einmitt í dag var dreift á Alþingi svari frá hæstv. iðnrh. við fyrirspurn minni um það hvaða tillögur Byggðastofnun hefði gert um lækkun á flutningskostnaði sem ríkisstjórnin hefur marglofað og þar af leiðandi margsvikið. Í svari hæstv. iðnrh. kemur fram að hún hafi ákveðið að þingheimur fái ekki að sjá þær tillögur. Því spyr ég hæstv. fjmrh. hvort skýrslan sé aðgengileg okkur öllum.

Ég vil líka láta það koma skýrt fram að það eru ákveðnir kostir við að taka upp olíugjald, sem hafa verið raktir hér, gagnvart þjóðhagslegum sparnaði, það er ódýrara eldsneyti og hugsanlega mun dísilbílum fjölga á Íslandi, jafnvel smábílum sem eyða mjög litlu og er talað um allt að þremur lítrum á hundraði. Það er góðra gjalda vert, en hér ræða menn um þjóðhagslegan sparnað og annað slíkt. Það fylgir því sennilega töluverður kostnaður að endurnýja þann bílaflota sem við þurfum ef við ætlum alltaf að ná í sparneytnustu og bestu bílana, sama hvort við ræðum um flutningabíla, vörubíla, smábíla eða aðra (**Gripið fram í:** Og steypubíla.) eða steypubíla, ég tala nú ekki um steypubíla á Suðurnesjum, hv. þm. Hjálmar Árnason.

Þetta eru hin jákvæðu áhrif og jafnframt er talað um jákvæð áhrif gagnvart mengun. En ég vil að það komi fram á þeim örstutta tíma sem ég hef að við getum lesið greinar erlendis frá þar sem verið er að banna dísilknúnum bílum að koma inn í borgir vegna annars konar mengunar, þ.e. sóttmengunar, og hægt að lesa líka um það að dísilbílar séu komnir með betri hreinsunarbúnað hvað þetta varðar og ég ætla rétt að vona, þó maður hafi heyrt mikið talað um það hjá fræðingum, að dísilvélar í dag séu ekki eins vel búnar og þær voru áður fyrr og dugi ekki jafnlengi eins og við þekkjum í dag þar sem menn geta verið að keyra dísilvélar fleiri hundruð þúsund kílómetra án þess að nokkuð þurfi að líta á þær og yfirleitt lætur bíllinn undan áður en vélin fer.

Þetta er hið jákvæða við frv. og hefur alltaf fylgt því. En hið neikvæða varðar flutningskostnaðinn eins og komið hefur fram og er að öllum líkindum rétt og við eigum eftir að bera saman útreikninga fjmrn. og annarra um hvernig kostnaðurinn leggst misjafnlega í dag á þá sem keyra dísilbíla og ég ætla að koma að því síðar.

Virðulegi forseti. Þetta sem hér er fjallað um, m.a. litun á olíu og vitnað í að það sé gert í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð vil ég halda því til haga og spyrja hæstv. fjmrh., sem er uppfullur af fróðleik frá sérfræðingum sínum um málið, hvort ekki sé dálítið mikið orkugjald annars staðar á Norðurlöndunum miðað við það sem við erum að gera hér. Þetta er aðallega veggjald hjá okkur, tekjustofn fyrir Vegagerðina og á því er náttúrlega töluverður munur. Í Danmörku hefur olíugjaldið ekki verið tekið upp nema ef ske kynni að það hafi verið gert núna 2004 eða um mitt ár 2003. En deilt var um þetta í langan tíma í Danmörku, ekki út af þessu heldur út af öðru atriði sem ég vil líka láta koma fram. Deilurnar snerust um að talið var að efnið sem er sett í olíuna sé krabbameinsvaldandi. Nú veit ég ekki hvort það er komin niðurstaða í það mál og Danir séu búnir að taka þetta upp og sýnt hafi verið fram á að efnið sem blandað er í sé ekki krabbameinsvaldandi.

Þá kem ég að því sem ég tel að frv. mismuni mjög mikið. Ég vil byrja á því sem hefur verið töluvert mikið áhugamál hjá mér og verður áfram og ekki eru kannski allir sáttir við en ég mun halda áfram að vekja athygli á því eins lengi og þarf að þungaskattskerfið hefur gert það að verkum að flutningstaxtar með flutningabílum hafa verið hækkaðir miklu meira en eðlilegt er eða sem fólk á landsbyggðinni, þeir sem eru í atvinnurekstri og aðrir geta sætt sig við. Enn einu sinni vil ég segja að það er útreiknað að greiðslubyrði þungaskatts frá árinu 1998 hefur hækkað um 40–45% á vagnlest sem er að keyra 100–130 þús. km á ári. Þetta hefur ekki verið hrakið og er til í gögnum á Alþingi og annars staðar.

Þetta segir okkur jafnframt að starfsemin hefur tekið á sig geysilega mikla hækkun á undanförnum árum sem bitnar á fólki á landsbyggðinni sem nýtir flutningana mest með nauðsynjavöru, framleiðsluvöru til fyrirtækja út á land og kannski fullunninni vöru til baka suður. Þess vegna er það fagnaðarefni að í frv. eru stigin skref til baka frá þeirri arfavitlausu hugmynd sem var þegar frv. var síðast lagt fram, þ.e. tvöföldu gjaldi á tengivagna og hærra kílómetragjald. Það er snúið til baka með það og ber að fagna því en ég vil halda þeirri ofboðslegu skattheimtu ríkisins á flutningastarfsemina eins og hún er í dag til haga. Ég ætla ekki að andmæla því sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að miðað við vagnlest sem keyrir 100 þús. km, við erum sennilega að leika okkur með svipað dæmi, og eyðir um 70 lítrum kemur þetta út á um núlli. Eyði bílar meiru, og það eru til bílar sem eyða meiru en þetta og flytja vörur sem eru óhagstæðari en hægt er að fá og um leið og þeir eyða kannski 80–90 lítrum kemur 15–20% hækkun á greiðslubyrði vegna þessa. Ég get farið miklu betur yfir þetta en hef ekki tíma til þess nú, en útreikningar mínir sýna að þetta geti breyst og bíll sem eyðir í kringum 80–90 lítrum á 100 km á vagnlest hækkar um 10–15%. Ég sé að hv. þm. Gunnar Birgisson hlær út af þessu. Það sem verður gjaldstofn í þessu efni við olíugjaldið gagnvart flutningastarfsemi sé fullur bíll að keyra í vondri færð þess vegna með mikinn mótvind og þá vonandi aðra leiðina, hækkar olíugjaldið, kostnaðurinn sem bíll greiðir í það og það skiptið. Í þeim tilvikum telja flutningabílstjórar, virðulegi forseti, að þeir geti komist upp í svona olíueyðslu. Það getur vel verið að nýjustu og bestu flutningabílarnir okkar eyði 50–70 lítrum á hundraðið og það getur vel verið að eftir 5 eða 10 ár verðum við búin að endurnýja flutningabílaflotann þannig að það verði í burtu að þeir eyði svo miklu.

Ég ætla aðeins að hverfa frá flutningastarfseminni og flutningabílunum. Ég sagði áðan í stuttu andsvari að mér sýndist að skattheimtan sem fylgir olíugjaldinu fyrir venjulegan jeppaeiganda sem ekur 35 þús. km á ári og bíllinn eyðir í kringum 15 lítrum á hundraðið sé í kringum 50% hækkun. Þegar hann fer niður í 25 þús. km á ári er það í kringum 30% hækkun. Þetta eru bara staðreyndir, enda kemur fram í frv. að greiðslubyrði þeirra sem aka mikið muni aukast töluvert við breytinguna. Þetta á t.d. við um leigubíla eins og ég nefndi áðan. Það getur vel verið að menn geti sagt: Þeir eru hvort eð er svo fáir að það skiptir ekki máli, eins og mér fannst hálfpartinn koma fram hjá nokkrum ræðumönnum áðan. Vörubílaakstur held ég að sé ekki verulega góður bisniss í dag svo við prófum að nota það orð. Ég sé ekki fyrir mér svakalega endurnýjun í þeirri starfsgrein þannig að hinir sparneytnu góðu bílar munu koma til.

Við skulum aðeins hafa það í huga, virðulegi forseti, að hjá þeim aðilum sem kaupa olíu á 45 kr. lítrann eftir breytinguna mun bætast ofan á það virðisaukaskattur, 11 kr., þannig að þetta eru 56 kr. og verða því væntanlega 93–95 kr. á hvern lítra. Það er því ljóst þó svo að menn afgreiði það og segi: Vörubílarnir eru fáir í landinu. Götusópar, sem ég ætla ekki að gera að úrslitaatriði í þessu sambandi, eru ekki nema 10–20 eins og hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi áðan, ég held að þeir séu fleiri, bílkranar sem keyra ekkert voðalega mikið um munu fá mikla hækkun. Hægt er að sjá það í þeim útreikningum sem maður hefur verið að leika sér að gera að þetta kemur svona fram gagnvart vörubílum, bílkrönum og öðrum sem ég hef gert að umtalsefni. Það er borðleggjandi að þetta hefur þessa hækkun í för með sér. Þetta eru hinir neikvæðu punktar í frv. og mér sýnast þeir vera í takt við þá neikvæðu punkta sem hafa verið í þíslargöngu frv., hugmyndarinnar undanfarin ár á hinu háa Alþingi að þetta hafi yfirleitt stoppað út af einhverjum svona atriðum.

Ég tek skýrt fram að ég vona svo sannarlega að búið sé að koma til móts við flutningastarfsemina í landinu eins og ég hef gert að umtalsefni og búið sé aðeins að lagfæra þetta en ég vil líka halda því til haga að þeir aðilar standa eftir sem ég nefndi áðan sem munu fá töluvert mikla hækkun.

Kem ég þá að dreifingunni og þar sýnist mér, ef ég les þetta rétt, að hafi verið stigið nokkuð gott skref að birgðastöðvar verði allar með ólitaða olíu. Olían verður ekki lituð fyrr en hún fer í bíl eða tanka væntanlega til að keyra í skip, til bænda eða eitthvað þess háttar. Þetta er vonandi til mikilla bóta og lækkar kostnaðinn. Engu að síður er stofnkostnaðurinn talinn vera í kringum 300 millj. kr. á ári og rekstrarkostnaður töluverður. Ég held að ég hafi rekist á það í athugasemdum með frv. að kostnaðurinn sé um 1,40 kr. plús virðisaukaskattur á hvern seldan lítra. Er rétt skilið hjá mér að kostnaðurinn muni dreifast á alla olíusölu eða hvernig verður það framkvæmt? Verður kostnaðurinn við litunina greiddur af þeim sem kaupa litaða olíu, í þessu tilviki sá sem kaupir mest? Útgerðin í landinu skilst mér að kaupi svipað magn og öll landolía í landinu eins og kom fram í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar áðan. Það verður því dýrt að dreifa þessu. Bændur munu t.d. ekki eiga þess kost. Þeir munu fá litaða olíu á dráttarvélar sínar og bútæki en þeir þurfa að kaupa hinsegin olíu á bílinn sinn, eigi þeir dísilbíl. Ég leyfi mér að efast um að olíufélögin muni skaffa öllum bændum tvo tanka til að geyma þetta. Það mun heldur ekki, virðulegi forseti, vera mjög algengt að dælur á bensínstöðvum verði settar upp fyrir þessa lituðu olíu. Þetta eru nokkur atriði sem ég vildi tala um í sambandi við dreifinguna og þann mikla kostnað sem henni fylgir.

Virðulegi forseti. Ég vil rétt í lokin, alla vega í þessari umferð, segja að ég hef reynt að draga fram og sýna fram á, eins og hefur oft komið fram, kosti og galla frv. Ég er ekki þannig að ég sjái eintóma ókosti við frv. og vil taka það skýrt fram. En ég hef bent á ansi veigamikla ókosti.

Að lokum vil ég segja af því að hæstv. fjmrh. talaði um skattstofninn, þ.e. mælagjaldið og fasta þungaskattinn sem eru um 2–3 milljarðar ef ég man rétt, að það eigi að ná í nákvæmlega þessa sömu tölu aftur til að halda þessu áfram. Hæstv. fjmrh. lagði fram í upphafi þings í haust hækkun um 8% á þungaskattinum þannig að hér er að koma enn ein viðbót. Þá var rætt um það á hinu háa Alþingi að skattar á umferð á Íslandi væru með því langhæsta sem þekkist um gjörvalla Evrópu. Talið er að skattar af umferð á Íslandi séu í kringum 32 milljarðar kr. Þar af fer um helmingur til vegagerðar eða vegamála. Mikilvægt er að hafa þetta í huga

og ég enda ræðu mína á því að segja að skattheimtan af umferðinni er komin í sögulegar hæðir eins og við ræddum um fyrir áramót, bæði í sambandi við hækkun á bensíngjaldinu og þungaskattinum og hæstv. ríkisstjórn sem setið hefur undir forsæti Davíðs Oddssonar hefur slegið heimsmet í skattahækkunum á umferð og þá sem keyra um vegi.

Virðulegi forseti. Það er margt annað sem mætti ræða um í þessu efni en ég sé að tími minn er liðinn. Þar sem ég á ekki sæti í efh.- og viðskn. vil ég ljúka máli mínu á því að nefna hvort efh.- og viðskn., en hv. formaður hennar, Pétur H. Blöndal, er ábyggilega í kallfæri ef ég þekki hann rétt þegar mál nefndar hans eru rædd, hvort efh.- og viðskn. muni beita sér fyrir því að iðnn. sem fjallar um byggðamál og samgn. sem fjallar um samgöngumál, vegakerfið og allt það fái frv. líka til umsagnar og geti gefið efh.- og viðskn. álit sitt á frv. því betur sjá augu en auga.

[19:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta jafnvægislist í ræðu sinni varðandi kosti og galla málsins. Auðvitað er málið ekki gallalaust. Ég sagði um daginn í umræðum að það hefði farið í verra að hv. þm. Jóhann Ársælsson skyldi hafa ýtt á olíugjaldstakkann í hv. þm. Kristjáni L. Möller, vegna þess að hann er vanur að bregðast mjög illa við þegar þetta mál kemur upp en gerði það ekki að öllu leyti núna fannst mér.

Ég vil þakka honum fyrir að hafa fjallað um málið með þeim hætti að hann tíndi fram það sem hann taldi bæði vera kosti og galla málsins. Auðvitað er það þannig í máli sem þessu þar sem eru mörg ólík sjónarmið og við erum að hverfa úr einu kerfi yfir í annað að gjaldbyrðin dreifist öðruvísi í nýja kerfinu en því gamla og einhverjir munu fara verr út úr breytingunni en aðrir. Tilteknir hópar munu koma verr út úr þessu miðað við gamla kerfið, einkum þeir sem hafa notið sérstaks skjóls í núverandi kerfi eins og við höfum áður vitnað til. En eins og ég sagði áðan er ekki hægt að láta bara eitt sjónarmið, eina hagsmuni ráða ferðinni, t.d. ekki þá hagsmuni sem hv. þm. Kristján L. Möller ber helst fyrir brjósti, þ.e. flutningskostnaðinn út á land. Vissulega er það mjög mikilvægt atriði í málinu en það er ekki hægt að einblína á það atriði eitt þegar um er að ræða svona gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir þjóðarbúið allt, mál sem varðar almannaheill í víðum skilningi.

[19:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það sem hæstv. fjmrh. sagði. Ég vildi láta koma skýrt fram að ég vildi draga fram þá kosti sem ég sé við frv. og hef svo sem ekki meiru við það að bæta. En ég sé líka marga galla við það sem ég ræddi um og ég vænti þess að það verði list þeirra í efh.- og viðskn. að finna út úr því.

Það sem hæstv. ráðherra nefndi áðan um flutningskostnaðinn, að ekki sé hægt að láta það ráða hvort frv. gengur fram eða ekki, efnislega eitthvað á þá leið sagði hæstv. ráðherra, þá er það svo, virðulegi forseti, og það höfum við rætt hér oft áður og á þá takka hefur oft verið ýtt, það er alveg hárrétt, að landsbyggðin getur ekki lifað við þessi ofboðslega háu flutningsgjöld eins og búið er að koma þeim upp í með breytingum sem hér hafa verið gerðar, bæði af hálfu hæstv. ríkisstjórnar með hækkunum á þungaskattinum eins og 8% hækkuninni og með ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem felldi úr gildi gjaldið sem var. Eða með ákvörðun þáv. hæstv. ríkisstjórnar sem lagði niður Skipaútgerð ríkisins. Hún kemur allt í einu upp í huga minn hér af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. (**JBjarn:** Sko til, ríkisvæðingarmaðurinn.) Þessi mörgu atriði á undanförnum árum hafa gert það að verkum að flutningskostnaðurinn er kominn upp í þær háu hæðir sem hann er í í dag og er að sliga atvinnulífið á landsbyggðinni og ég tala nú ekki um að halda uppi hinu háa vöruverði sem þar er. Þetta höfum við allt saman rætt hér og ég ætla ekki að ræða það í stuttu andsvari við hæstv. fjmrh. Ekki núna. Ég hef átt orðastað við hæstv. byggðamálaráðherra um að það gangi ekkert í því sem lofað var, þ.e. að jafna flutningskostnaðinn.

Virðulegi forseti. Ég óttast að frv. sem hér er hafi í för með sér hækkun á flutningsgjöldum þó ekki jafnsvívirðilega miklum og leit út fyrir fyrst.

[19:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta málefni hefur borið á góma á hv. Alþingi áður. Ég man ekki nákvæmlega hvenær frv. var til umræðu, mig minnir að það hafi verið 1992 sem ég fylgdist með umræðum um þetta mál og taldi þá að skynsamlegt væri að gera þessa breytingu. Síðan hafa liðið ár og dagar og nú er komið árið 2004 og menn hafa hnoðast með þetta allan tímann. Mér er ekki grunlaust um að áhrifavaldarnir í þessu hafi verið æðimargir en þeir eiga það sammerkt að hafa áhrif en vera tiltölulega lítill hluti af þjóðinni, lítill hluti af atvinnulífinu líka, en mikilvægir.

Það er auðvitað alveg ljóst að olíufélögin hafa ráðið miklu um það á undanförnum árum að ekki hefur orðið af breytingum. Nú er eins og að þau hafi tapað áhrifum sínum eitthvað í bili. Kannski hefur það orðið til þess að menn eru komnir lengra í dag en hefur tekist fyrr. Það er mín skoðun að notkun dísilbifreiða sem eyða mun minna eldsneyti og menga minna en bensínbifreiðar geti skipt miklu máli í náinni framtíð til þess að draga úr mengun. Stefna stjórnvalda hvað varðar þungaskatt hefur ekki ýtt undir það á undanförnum árum að bifreiðaeigendur kaupi slíkar bifreiðir. Þvert á móti hafa stjórnvöld komið í veg fyrir kaup á þeim með óréttlátum þungaskatti á dísilbíla.

Bensínbílar eru skattlagðir á hvern lítra eins og allir þekkja en dísilbílarnir með þungaskatti sem beitt er þannig að hagkvæmara er að kaupa bensínbíla þó að þeir eyði 25–40% minna. Það liggur fyrir að menn hafa þá skoðun og hafa látið þessa þróun verða allt öðruvísi í löndunum í kringum okkur. Ég veit að árið 2001 voru einungs 13,6% af innfluttum bílum á Íslandi dísilbílar. Þá var gert ráð fyrir að á árinu 2004 yrðu um 40% af nýjum bílum dísilbílar í löndunum í kringum okkur þannig að þróunin hvað þetta varðar er á fullri ferð þar. Það er ekkert deiluefni að dísilbílar eyða miklu minna eldsneyti en bensínbílar.

Auðvitað eru gallar á því að breyta þessu. Það er engin spurning. Mér finnst t.d. helsti gallinn á þessu frv. vera sá að menn skuli hafa séð sig nauðbeygða til þess að halda í mælagjöldin áfram, þ.e. þungaskattskerfið að því leyti til. Ég tek undir það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði að það er full ástæða fyrir nefndina að fara yfir það hvort hægt sé að minnka þann hóp sem menn telja sig tilneydda að hafa á einhverjum sérstökum reglum hvað þetta varðar. Best væri að hann væri helst ekki til staðar en menn hafa greinilega ekki fundið þá niðurstöðu enn þá sem hefði getað gengið upp með þeim hætti.

Það er svo að það vantar auðvitað stefnumörkun og umræðu um þann þátt málsins sem snýr að mengun. Þar hafa

menn ekki sett sér markmið og þegar — og ég segi þegar en ekki ef — það verður gert verður auðvitað sett einhvers konar umhverfisgjald á brennda olíu. Það mun náttúrlega koma við fleiri en þá sem nýta hana á bílaflotann því mér skilst að mengunin sem fer upp í loftið skiptist nokkurn veginn í þrjá hluta, einn þriðjungurinn er frá stóriðjunni, annar frá skipaflotanum og þriðji frá bíla- og vélaflotanum í landi.

Það er auðvitað svolítið vandræðalegt að menn hafi ekki stefnumörkun hvað þetta varðar og að ekki sé hægt að benda á að hvaða leyti verið er að leggja á umhverfisgjald og að hvaða leyti eingöngu fjármuni vegna þess sem þarf til vegagerðar. Hér hafa menn talað eins og nánast eingöngu væri verið að leggja þessa fjármuni á vegna þess að það vantaði peninga til vegagerðar en samt blandað inn í það umræðunni um mengun og sparnað sem gæti orðið af því að breyta yfir í annan orkugjafa. Það er að mínu viti svolítill skaði að við skulum ekki vera komin lengra í þeirri umræðu en ég hvet til þess, vegna þess að það er ekki vansalaust að ekki skuli vera fluttir inn fleiri bílar og fleiri sparneytnari bílar en raun ber vitni og að menn komi þessu máli til enda.

Ég held því ekki fram að það kerfi sé gallalaust sem hér er, síður en svo, en ég held því hins vegar fram að auðveldara verði að sníða gallana af því fyrirkomulagi sem hér er þó verið að leggja til heldur en að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta en hvet bara nefndina og tek undir það sem hv. þm. Kristján Möller sagði áðan að það er full ástæða til þess að samgn. þingsins fái tækifæri til þess að fara yfir málið líka. Það er gott að sem flestir komi að málinu því það hefur auðvitað margar hliðar. En það er orðið ámótlega langt hummið á Alþingi gagnvart því að koma á breytingum hvað þá hluti varðar sem hér eru til umræðu í dag.

[19:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir ágæta undirtekt við málið en vek athygli á því sem hann sagði að það væri að öllum líkindum auðveldara að sníða hnökra af nýja kerfinu en af okkar gamla kerfi eins og fyrir því er komið í dag. Ég held að það sé mergurinn málsins. Burt séð frá því sem við höfum rætt í umræðunni um kosti og galla þessa kerfis þá getum við ekki lengur setið áfram í þeirri sjálfheldu sem við höfum verið í og ýmsir hafa gert að umtalsefni. Við verðum að brjótast út úr því.

Í frv. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi um áramót. Það þýðir að allir sem að málinu koma hafa dágóðan undirbúningstíma til að setja sig í réttar stellingar. Ef það reynist síðan svo að það séu hnökrar á lögunum, því að auðvitað er ekkert alfullkomið í þessu efni, höfum við auðvitað svigrúm í haust til þess að reyna að kippa slíkum atriðum í lag.

Ég hef gengið í gegnum nokkrar stórar kerfisbreytingar í skattamálum, virðisaukaskatt, staðgreiðslu skatta, endurskoðun tollalaganna, og í þeim málum öllum þurfti að gera einhverjar endurbætur á löggjöfinni eftir að búið var að marka stefnuna með lögum um hvenær þau ættu að taka gildi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við höfum öll í þessum sal augun opin fyrir því að kannski þurfi að gera einhverjar viðbótarbreytingar í haust eftir að málið skýrist betur. En það verður að marka þessa stefnu með skýrum hætti þannig að við afgreiðum þessi lög og þau taki síðan gildi um áramót þannig að menn hafi þó þann umþóttunartíma sem með því gefst. Við getum ekki hangið svona áfram, eins og hv. þm. sagði, árum og jafnvel áratugum saman með mál sem sjálfsagt er að reyna að koma frá.

[19:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem til að bæta hér aðeins við og ég get tekið undir það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði í ræðu sinni. Ég held að það frv. sem hér liggur fyrir sé mjög jákvætt spor. Ég hef talið að þungaskattur af dísilbifreiðum hafi verið mjög ranglátur skattur. Það var löngu tímabært að við tækjum þetta mál til afgreiðslu og ég tek undir með hæstv. fjmrh. að við vorum komin í ákveðna sjálfheldu í málinu sem við þurftum að brjótast út úr og ég held að við séum að gera það á jákvæðan hátt hér.

Hér er kominn hvati til að fjölga dísilbílum. Nýir dísilbílar eyða 20–30% minna eldsneyti en aðrir og þar með er minni mengun af þeim. Ég held að það sé rétt að við eigum að skattleggja dísilbíla eins og bensínbíla með því að innheimta vegaskatta í olíuverðinu frá söludælu. Innheimtukerfinu sem við höfum verið með, þ.e. þungaskattinum, hefur fylgt mikið skrifræði og fyrirhöfn og kostnaður fyrir bifreiðaeigendur. Ranglætið í því kerfi hefur aðallega bitnað á eigendum léttra dísilbifreiða sem hafa ekið það sem kallast má árlegur meðalakstur.

Mér finnst þetta vera ábending til okkar um að þarna séu menn á réttri leið að Bílgreinasambandið lýsir yfir ánægju með þetta og sömuleiðis Landvari sem er Félag ísl. vöruflutningabifreiða sem telur að þarna sé verið að ganga að þeirra kröfum. Ég held að hérna sé nútímaleg breyting á ferðinni. Vissulega hefur komið fram að þetta er kannski ekki til bóta fyrir alla, þ.e. sumir munu lenda í meiri útgjöldum en aðrir eins og hv. þm. Kristján L. Möller bendir á. Ég tel eðlilegt að efh.- og viðskn. kalli eftir öllum mögulegum upplýsingum til að skoða það frá öllum hliðum og reyna að minnka það sem mest að ákveðnir hópar fari mjög illa út úr þessu. Við vitum að þungaskattskerfið hefur komið mjög vel út fyrir suma þannig að þeir hafa hagnast á því.

Þessi leið hvetur líka til þess að menn noti bestu leiðir til eldsneytisnýtingar og ýtir á það að menn afleggi úreltan flota.

Svo langar mig aðeins að minnast á það sem hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi áðan, að þó nokkuð mik ð hefur verið um undanskot í þessu kerfi. Ég held að hér sé verið að leggja til mun öruggari innheimtuleið en þungaskattsinnheimtan var. Ég tel það vera til bóta því að allt undanskot veldur ranglátri skiptingu á skattbyrðinni og skekkir samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja. Ég tel líka að olíugjaldið endurspegli notkunina á vegakerfinu. Við vitum að stórir bílar slíta því miklu meira en litlir og við verðum að láta það endurspeglast í gjaldtökunni.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en vil taka undir ábendingar og óskir félaga minna í Samfylkingunni, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og Kristjáns Möllers, um að samgn. Alþingis fái málið til umsagnar. Ég tel það eðlilegt. Málið varðar samgn. þannig að ég vil beina því til hæstv. ráðherra eða forseta þingsins að hann leggi það til að samgn. Alþingis fái málið til umsagnar. Ég tel að ákveðin umhverfissjónarmið komi fram í frv. Því fagna ég. Ég geri ráð fyrir að dregið verði úr eldsneytiseyðslu og útlosun gróðurhúsalofttegunda. Það er auðvitað af hinu góða.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með frekara tali um þessi mál. Þetta er náttúrlega bara 1.

umr. málsins. Ég tel okkur vera á jákvæðri og réttri leið með þetta frv.

[20:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram í upphafi máls svo það fari ekki á milli mála að ég held að lítið annað sé fyrir okkur að gera en reyna að komast þá leið sem mörkuð er með þessu frv. af hæstv. fjmrh., þ.e. að taka upp olíugjald og kílómetragjald og leggja þungaskattskerfið af í eins miklum mæli og mögulegt er. Þar af leiðandi tel ég að ekkert sé annað að gera en vinna að frv. og reyna að lagfæra það eins og menn hafa best vit á því að betur sjá augu en auga. Þó hæstv. fjmrh. hafi vafalaust fengið sér marga til ráðgjafar kunna menn að vilja skoða ýmislegt í þessu máli.

Miðað við fjárhæð olíugjaldsins, 45 kr. á hvern olíulítra, þá tel ég að olíuverðið verði ansi hátt með tilliti til bensínsverðsins. Ég heyrði hæstv. fjmrh. nefna að eftirsóknarvert yrði að fara í meira mæli yfir í dísilbíla. Ég er ekki viss um að það sé eins áhugavert og það þyrfti að vera miðað við gjaldtöku þá af olíu sem við setjum hér inn. Þetta vildi ég segja almennt.

Hæstv. forseti. Þegar svo talað er um tollskrá í 4. gr. þá átta ég mig ekki alveg á hvað þar er nákvæmlega átt við. Ég hef ekki flett því upp reyndar. Það væri gaman að heyra skýringar á því hvaða ökutæki falla undir vörulið 8705. Vel getur verið að það sé einhvers staðar talið upp en ég hef alla vega ekki komið auga á það. Ef hæstv. fjmrh. gæti í stuttu máli vikið að því þá þakkaði ég honum fyrir það. Ég verð þá betur upplýstur á eftir.

Hæstv. forseti. Þeir sem hafa átt dísilbíla á undanförnum árum bæði í atvinnurekstri og sem einkabíla hafa keypt sér ökutæki, dísilbíla með tilliti til notkunar sinnar og verkefna eðlilega og hafa þá hagað kaupum á tækjum miðað við gildandi lög. Það erum við auðvitað alltaf að gera. Við erum að vinna út frá gildandi lögum. Ég vildi því heyra hæstv. fjmrh. víkja nokkrum orðum að því hvaða staða kæmi upp hjá þeim sem hafa tiltölulega nýlega fjárfest í tækjum. Ef þeir gætu sýnt fram á að eftir þessa breytingu yrði hagur þeirra allt annar en þeir hefðu gert ráð fyrir, ætti þá ekki að skoða einhverja aðlögun í því? Ég geri mér vissulega fyllilega grein fyrir því að almenn lög sem taka á þessari gjaldtöku sem hér er boðuð ná ekki út yfir öll atriði. En það er sjálfsagt að skoða þetta ef eitthvað gengur virkilega á skjön við það sem menn hafa verið að vinna eftir.

Mig langar aðeins að víkja að akstri flutningabíla sem keyra á þjóðvegum landsins, t.d. á malarvegum kannski einn fimmta þeirrar vegalengdar sem þeir aka daglega við sína flutninga. Á kannski 500 km leið eru yfir 100 km malarvegir. Allir vita að þegar malarvegir verða blautir þá er erfitt að keyra þá. Það er einfaldlega svo að við þurrar og góðar aðstæður er olíunotkunin kannski 50 lítrar á möl en getur farið upp í 80–90 lítra við erfiðar aðstæður. Og það sem meira er, við þessar erfiðu aðstæður hagar líka oft þannig til að jafnframt eru þungatakmarkanir þannig að flutningurinn sem menn komast með eftir vegnum er ekki í samræmi við þá burðargetu sem ökutækið hefur öllu jafnan og getur notað. Þetta kemur auðvitað allt rekstri viðkomandi aðila við, þ.e. hvað hann er að gera, hvaða leið hann ætlar að keyra og hvernig hann ætlar að hafa hag af keyrslu sinni því atvinnureksturinn gengur út á það að menn hafi eitthvað út úr þessu. En þá kemur þetta til viðbótar. Við erfiðar aðstæður eyða bílarnir mun meiri olíu, hraðinn minnkar en olíuneyslan vex, og þar að auki er svo þungi þess sem þeir flytja takmarkaður. Með olíugjaldinu eru menn auðvitað við erfiðar aðstæður í raun að greiða hærri gjöld. Þeir eyða miklu fleiri lítrum og eru jafnframt kannski undir þungatakmörkunum. Þessar aðstæður verða kannski ekki mjög oft á ári en það er alveg örugglega hægt að sýna fram á að menn geta lent í þó nokkuð miklum kostnaði, jafnvel þannig að ferðirnar standi alls ekki undir sér við aðstæður með þessu lagi jafnvel þó engar þungatakmarkanir séu, heldur einfaldlega vegna færðar. Að þessu vildi ég víkja. Þetta er auðvitað ein hlið þess sem snýr að því þegar búið er að setja fjárhæðirnar inn í olíuna. Þá verður þetta með þessum hætti. Að þessu finnst mér þurfa að huga. Nú er þetta allt skráð hjá Vegagerðinni, þ.e. ástand vega og hvenær þungatakmarkanir eru gefnar út og menn vita nokkurn veginn hvað þetta eru margir dagar á ári. Það er einnig vitað hversu marga kílómetra menn keyra á malarvegum á ákveðnum leiðum, hvort heldur til Vestfjarða eða Norðausturlands o.s.frv. Þá kemur spurning í framhaldi af þessum formála mínum: Er hugsanlegt að þeir sem búa við það að aka á erfiðum vegum og lélegum og þurfa vegna þeirra aðstæðna að bera mun meiri kostnað en aðrir í sambærilegri atvinnustarfsemi, fái einhvern afslátt af gjöldum miðað við hversu langan vegkafla þeir þurfa að aka daglega á malarvegum?

Röksemdin á móti þessu er hins vegar sú að menn slíta vegunum. Þeir geta verið að slíta þeim mjög mikið við þær aðstæður þegar vegirnir eru slæmir. En við erum komin með nánast alla okkar flutninga á vegina úr skipum og vörunum þarf að koma milli staða. Oft getur skipt miklu að vara komist á leiðarenda hvort sem það er utan af landi, t.d. inn á flug með ferskan fisk, eða þá að ákveðnar vörur vantar einfaldlega til viðkomandi landshluta eða varahluti o.s.frv. Þetta er eitt af því sem ég vildi vekja athygli á.

Virðulegi forseti. Fjöldamargar spurningar snúa svo að notkun mismunandi ökutækja en skýrast ef til vill eitthvað þegar farið er yfir þessa tollskrá sem hér er vitnað til. Ef menn eiga kranabíl með palli þá telst hann vörubíll og keyrir á dýrri olíu. Aðrir eru svo með krana á bíl sem ekki er pallbíll og þá keyrir hann á ódýrri olíu. Báðir vinna sömu verkin. Ég geri náttúrlega ráð fyrir því að menn hafi keypt sér þessi tæki á undanförnum árum með tilliti til þeirra verka sem þeir hafa notað þau í og með tilliti til þess kerfis sem hefur verið við lýði. Þess vegna vék ég áðan að stöðu atvinnurekenda að þessu leyti. Sama á svo við um fjöldamörg önnur ökutæki, t.d. ámoksturstæki, þ.e. vörubíla með ámoksturstæki eða klær fyrir grjót. Þeir nota dýra olíu. En grafa hins vegar sem gerir nákvæmlega sama hlutinn, ef ég hef skilið þetta rétt, notar ódýra olíu. Til eru traktorsgröfur sem komast á 70–80 km hraða í dag. Menn þurfa því að fara í gegnum alls konar svona skilgreiningar. Samt er alveg ljóst, og ég geri mér það alveg ljóst, að í svona löggjöf er afar erfitt að ná utan um öll svona atriði. En það er rétt að vekja athygli á þeim þannig að menn skoði þau.

Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að okkur er ekkert að vanbúnaði með að taka til við að laga eitthvað í lagasetningunni næsta haust eða jafnvel næsta vetur ef við sjáum að eitthvað í framkvæmdinni fer öðruvísi eða á skjön við það sem menn ætluðu. Það er auðvitað sjálfgefið að skoða málin út frá þeim fleti. Það kom greinilega fram í máli hæstv. ráðherra.

Nefna mætti fleiri dæmi, t.d. körfubíla sem fluttir eru inn sem körfubílar. Þeir eru á ódýrari olíunni en körfubílar með

krana og vörubílspall keyra á dýru olíunni en eru kannski báðir í sömu verkunum. Hér er margt sem þarf að velta fyrir sér. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvar á að draga þessa samkeppnislínu en líklega þarf að skoða ýmis tilvik út af fyrir sig.

Ég rak í það augun að á sumum stöðum í frv. er talað um refsiákvæði eða annað slíkt, t.d. í 20. gr. Þar segir:

„Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olíugjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemur allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða."

Ég velti fyrir mér, virðulegi forseti, hvert við erum komin í þessari framsetningu. Ef ég man rétt er kveðið á um það í skattalögum — hæstv. fjmrh. leiðréttir mig ef það er rangt — að ef okkur verði á þá greiðum við tvöfalda upphæðina sem við gleymdum að telja fram? (**Fjmrh.:** Jafnvel tífalt.) Er það jafnvel tífalt? Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort þetta sjálfvirka ákvæði um allt að tíföldun, þetta kemur fyrir á fleiri stöðum, eigi við rök að styðjast. Í 20. gr. segir einnig að þetta eigi við þótt upplýsingar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu viðkomandi né viðskiptamanna hans á olíugjaldinu, jafnvel þótt stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða. Nú kemur upp sú staða, hæstv. fjmrh., að verktakafyrirtækin verða með tvo tanka. Þau verða með tank með litaðri olíu og tank með ólitaðri olíu. Það þarf ekki nema að einn starfsmaður að dæli vitlaust. Þá getur komið upp sú staða að af þessu gáleysi keyri menn á litaðri olíu. Það er ekki einu sinni víst að bílstjórinn dæli á olíunni. Það getur verið einhver annar starfsmaður fyrirtækisins. Mér sýnist að jafnvel í þessu tilfelli megi sekta um tífalda þá fjárhæð sem um væri að ræða.

Ég hef almennt ákveðnar efasemdir um gjaldtökuákvæðin þegar um gáleysi er að ræða, að menn beri tífaldan skaða af gáleysinu. Þetta er siðferðileg spurning um hve langt skuli ganga. Á móti má hins vegar benda á að hæstv. fjmrh. ætlar ekki að greiða til baka ef hann oftekur nema $^2/_3$, ef ég man það rétt sem stendur í frv., ef innheimtumenn hans hafa tekið of mikið. Það er því ekki mikið jafnræði með aðilum í þessu, hæstv. forseti.

Ég vildi draga þetta fram í þessari umræðu almennt. Ég hef áhyggjur af því að of lítill verðmunur verði á dísilolíunni og bensíninu til að sú þróun fari af stað sem hæstv. ráðherra lýsti, að menn fari almennt meira yfir í dísilbíla. Svo má velta fyrir sér, og það á eftir að upplýsast betur í nefndinni, hvort áhrifin á mengunina eru nákvæmlega eins og um er talað, þ.e. að dísilbílarnir mengi ávallt minna miðað við brenndan olíulítra. Hins vegar er ljóst að þeir eyða minna. Þannig kemur það út miðað við ekna kílómetra.

Að lokum, hæstv. forseti, vildi ég nefna eitt dæmi enn. Vörubíll sem setur snjóplóg framan á bílinn sinn greiðir hærra gjaldið eftir því sem ég skil það. En séu menn með raunverulegan snjóplóg þá er notuð ódýrari olía. Alls konar svona atriði finnst mér að menn þurfi að skoða og velta fyrir sér og hvar eigi að draga línurnar.

Ég vil ljúka máli mínu á því að taka fram að við eigum ekki að hika við að fara þessa leið og reyna síðan að betrumbæta lögin ef á þarf að halda.

[20:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir. Eins og ráðherra hefur rakið hefur málið komið ítrekað fyrir þingið og um það verið fjallað á undanförnum árum og jafnvel áratugum.

Við höfum þessa leið í skattheimtunni, að skattleggja umferðina með einum eða öðrum hætti. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er aðalforsenda þessa máls að afla tekna í ríkissjóð. Til þess liggur til grundvallar skattur á notkun á olíu og bensíni, einnig er hægt að leggja skatt á hvern ekinn kílómetra og í þriðja lagi eru lagðir skattar á ökutækið sem slíkt. Fyrsta markmiðið er að skaffa tekjur.

Í öðru lagi er dregið fram í greinargerð með þessu frv. að í gegnum skattlagninguna megi stýra notkuninni og hafa áhrif á val ökutækja, tækja sem eru skattgrunnur, að umhverfisvænni notkun. Mér sýnast þetta þeir tveir meginþættir sem við erum að takast á við.

Spurningin er um hvar við drögum markalínur, hvernig við högum skattlagningunni og hvernig við högum stýringunni. Það er ljóst að það er ekki markmið í sjálfu sér að breyta verulega heildartekjumunstri ríkisins í gegnum þennan skattstofn sem notkun véla, tækja og bifreiða er.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting að meginskattstofninn hvíli á olíunotkuninni, þetta frv. snýr fyrst og fremst að hráolíunni, og því kerfi breytt sem áður hefur verið notað með fastagjaldi á dísiltæki og kílómetragjaldi á ákveðinn flokk ökutækja. Ég held að í megindráttum sé hægt að vera sammála því sjónarmiði sem frv. byggir á, að beita skattheimtunni á notkunina í því formi að hagkvæmt verði að nota umhverfisvænni og sparneytnari bíla og önnur tæki sem brenna olíu þannig að þau mengi sem minnst. Ég tel það eðlilegt og gott markmið sem lagt er upp með. Ég tel rétt að unnið verði á grundvelli þessa frv. í að koma því kerfi á sem byggir á olíunni með einum eða öðrum hætti í grunnskattstofni fyrir ríkissjóð.

Það má svo velta fyrir sér nálguninni. Hér hefur verið dregið fram hvernig breytingin kemur niður á einstökum stærðum bíla og tækja. Það er líka sjálfsagt að skoða hvað kerfið kostar í sjálfu sér. Hvað kostar að koma þessu kerfi á? Erum við að fara einföldustu og bestu leiðina eða ekki? Í frv. er lagt til að nota tvenns konar olíu, annars vegar litaða olíu sem fari á tæki sem eiga að njóta endurgreiðslu eða greiða þungaskatt og hins vegar ólituð olía sem sé til almennra nota. Við eigum þar með að hafa tvöfalt kerfi fyrir olíunotkun og auk þess kílómetragjald, kílómetramæla á flutningabílum sem eru umfram ákveðna þyngd. Áfram verðum við með nokkuð flókið kerfi sem liggur ekki endilega fyrir hversu dýrt verður í sjálfu sér.

Ég hefði viljað sjá að leitast hefði verið við að gera þetta kerfi enn þá einfaldara og hafa bara eitt notkunartengt kerfi, eina tegund olíu og finna þá endurgreiðsluleiðir til þess að greiða til baka þeim aðilum sem eðlilegt og sanngjarnt er að greitt sé til baka og greiði ekki svo hátt olíugjald. Ég mundi vilja eitt kerfi og að efh.- og viðskn. kannaði mjög rækilega hvort ekki sé hægt að finna leið til að hafa eitt olíugjald, hvort ekki sé hægt að losna við þetta kílómetragjald og taka upp föst gjöld í staðinn sem eru miklu einfaldari upp á eftirlit að gera. Kílómetragjaldið kostar mælalestur og eftirlit og ef það helst áfram eins og hér er lagt til erum við nánast enn, að nokkru leyti, með tvöfalt og jafnvel þrefalt kerfi í gangi.

Ég vil leggja áherslu á að kannað verði hvort ekki megi einfalda þetta kerfi frá því sem hér er lagt til, bæði til að hafa áhrif á hagkvæmari notkun á olíu sem stuðla mundi

að sparneytni og einnig til að einfalda kerfið þannig að það verði sem ódýrast í framkvæmd.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vék að varðandi olíunotkunina. Það skiptir verulegu máli við hvaða aðstæður er ekið þegar gjaldið verður miðað við notkun. Þá skiptir verulegu máli hvort ekið er á malarvegum, þar sem verður að aka miklu varlegar, og eins til aksturs í snjó o.s.frv. Skoða þarf aðstæður sem skapa meiri olíunotkun. Þetta á við víðast hvar úti á landi og lýtur bæði að flutningum á landi, flutningabílum, og eins að notkun á bílum innan svæða. Víða til sveita eru menn mun háðari því að vera á nokkuð öflugum jeppum og malarvegirnir eru með þeim hætti að olíunotkun á slíkum vegum verður mun meiri en ella. Þarna skapast nokkur ójöfnuður gagnvart öðrum vegfarendum sem nota vegina.

Hins vegar verður náttúrlega áfram markmið fyrir alla, hvaða bílum sem þeir aka eða við hvaða aðstæður ekið er, að stefna að sem mestri sparneytni. Sá hvati er góðra gjalda verður í þessu frv.

Ljóst er að mismunun gæti orðið á þeim sem búa við bestar vegaaðstæður og hinna sem búa við verri vegaaðstæður, að þeir muni verða að borga hærra gjald á hvern ekinn kílómetra vegna meiri eyðslu. Mér fyndist að það ætti að huga að því í útfærslu frv.

Hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á umhverfisþáttinn og mengunarþáttinn og ég tek heils hugar undir það. Ég vildi þess vegna gera að umtalsefni hvort við gætum ekki haft áhrif á að þungaflutningar færðust í auknum mæli aftur út á sjó í gegnum skattlagninguna. Þungaflutningarnir eru komnir á land þrátt fyrir að það sé rækilega viðurkennt að þungaflutningar á landi eru bæði dýrari á magneiningu miðað við eðlilegar skipaferðir og einnig er miklu meiri mengun af landflutningum á þungavörum en á sjó. Ég, ásamt fleiri þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hef flutt till. til þál. um strandsiglingar, um að skoða möguleika á að efla strandsiglingar til að lækka flutningskostnað á þungavörum eða pakkavörum sem ekki þurfa endilega að berast hratt á milli staða.

Í skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum sem starfshópur á vegum samgrn. og Vegagerðarinnar vann og birti niðurstöður sínar árið 2001 segir að sama magn af vörum sem er flutt með bíl eða skipi milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, að mengunin er a.m.k. sjö sinnum meiri á landi en á sjó, koltvísýringsmengunin.

Mér finnst því að þegar við ræðum þetta út frá þeim forsendum sem hæstv. ráðherra lagði réttilega mjög þunga áherslu á, út frá umhverfis- og mengunarforsendum, og við höfum líka undirgengist alþjóðlega samninga um markmið til að draga úr gróðurhúsalofttegundum, sem eru mjög miklar í flutningskerfinu í notkun olíu, og við höfum undirgengist ákveðin markmið í samgöngum, að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum. Því eigum við að taka í markmiðssetninguna við skattlagningu á olíu og umferð í landinu hvaða pólitíska stefnu við viljum marka, því þetta er náttúrlega pólitísk stefna sem verið er að marka með olíugjaldi og kílómetragjaldi. Þá eigi að horfa á þetta í heild sinni og athuga hvernig við getum með pólitískri stefnumörkun haft þau áhrif að við drögum úr menguninni og styrkjum og eflum hagkvæmni flutninganna sem allar skýrslur benda til að sé hagkvæmara að fari fram á sjó á þeim þungavöruflutningi sem þar getur farið fram. Þetta finnst mér að við getum gert og hugað að í gegnum skattlagninguna. Við eigum að horfa á málin heildstætt, hvers konar flutningskerfi viljum við hafa hér á landi, út frá hvað er ódýrast, hagkvæmast og hvað hefur jákvæðustu og bestu áhrif á umhverfið og hver er minnsta mengunin í starfseminni sem við að sjálfsögðu verðum að hafa sem besta. Við eigum að horfa á þetta heildstætt en ekki taka bara alltaf einn bút út og fjalla um hann.

Það liggur fyrir stefnumörkun í samgöngumálum, samgönguáætlun tekur bæði til fólksflutninga og vöruflutninga. Eitt af meginmarkmiðum þar er að líta til umhverfisþáttanna. Þá megum við ekki bara horfa á landið. Við eigum að horfa á þá flutningsmöguleika sem móta kerfið sem við erum að byggja upp, búum við, og við eigum að hafa pólitíska stefnumörkun fyrir það í heild en ekki bara bút fyrir bút. Þetta vil ég draga inn í umræðuna og leggja áherslu á að við horfum á flutningsmálin heildstætt og samkvæmt þeim markmiðum sem hæstv. fjmrh. lagði fram. Við erum með ákveðna skattheimtu, ákveðna þörf á flutningi, ferðum og akstri og við erum líka með ákveðna kröfu, ósk og stefnu í umhverfismálum að notkun okkar á flutningstækjum og farartækjum mengi sem allra minnst og þá ber okkur að horfa á málið í heild sinni.

Herra forseti. Þetta voru helstu atriðin sem ég vildi minnast á, þau grundvallaratriði sem menn eiga að byggja á þegar þeir leggja fram frv. á þessum vettvangi sem tekur til þeirra þátta sem hefur verið vikið að, að horfa á málið heildstætt og vinna út frá því.

[20:38]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þróunin víða um heim er sú að dísilbílar eru stöðugt að verða ódýrari, sparneytnari og á margan hátt miklu betri kostur en bensínsbílar. Þeir menga minna og æskilegt að sú þróun haldi áfram.

Svo er ekki hér. Skattkerfið hér á landi hefur í rauninni bannað notkun á litlum dísilbílum vegna þungagjalds og annarra atriða. Skattkerfið hefur líka skert notkun bifreiða þannig að sumir aðilar njóta þess að aka nánast skattfrjálst þegar komið er yfir ákveðin mörk og má nefna t.d. leigubifreiðar og stóra vörubíla, þegar þeir eru komnir yfir ákveðin mörk keyra þeir nánast skattfrjálst. Það er ljóst að ef við ætlum að breyta um kerfi og hætta að láta skattkerfið ákvarða hegðun fólks mun þetta koma hart niður á þeim sem hafa notið þess en mun hins vegar gagnast öðrum sem hafa ekki notið þess. Það hefur kannski vantað í umræðuna hvað það gagnast mörgum, t.d. einstaklingum sem mundu kaupa sér dísilbíla.

Frú forseti. Skattlagning á bifreiðar og rekstur þeirra er afskaplega skrautleg. Hún hefst þegar bifreiðin er flutt inn, þá eru lögð á hana vörugjöld og af einhverjum ástæðum sem ég hef aldrei skilið eru þau háð stærð sprengihólfsins og þyngdinni. Svo er alveg aragrúi af undantekningum, líkbílar og traktorar og margar prósentur, ég hef séð a.m.k. fimm eða sex prósentur. Það eru 45%, 30%, 11%, 10%, 0% o.s.frv., mjög skrautlegt.

Þegar bifreiðin er komin á götuna er hún skattlögð eftir þyngd, þ.e. bifreiðagjaldið. Sumar eru skattlagðar með kílómetragjaldi og svo erum við með þungaskattinn sem hefur verið mikið til umræðu og auk þess er skattur á bensínið, sérstakur skattur og almennur skattur. Almenni skatturinn rennur til ríkissjóðs en sérstaki skatturinn er hugsaður sem notkun á vegakerfinu. Svo eru þyngdarmörk fyrir bifreiðarnar, 4 tonn, 5 tonn, 6 tonn, mjög skrautlegt.

Það er mikið eftirlit með öllu kerfinu. Það kostar að fylgjast með þungaskattinum, það kostar að lesa af kílómetramælum og þetta bilar. Svo er náttúrlega kostnaður báðum megin, líka hjá notendunum, það er kostnaður við bókhald, það þarf að halda þessu aðgreindu, það er kostnaður við eftirlit og það þarf að fara með bifreiðarnar jafnvel suður, eins og sagt er úti á landi, ef eitthvað bilar og ísetningin kostar sitt, og allt er þetta óskaplega dýrt. Nú er meiningin að bæta við litun og þó ég telji frv. mjög gott í sjálfu sér flækir það enn frekar.

Skattur á bensín án blýs í dag er 42,23 kr. samkvæmt frv. og með virðisaukaskatti eru það 52,58 kr. Með blýi eru þetta 44,20 kr. og með virðisaukaskatti 55,03 kr. Síðan er gert ráð fyrir því að lagður skattur á olíu sé 45 kr., sem verða 56 kr. með virðisaukaskatti. Ég mundi vilja skoða hvort ekki mætti hafa þetta eitthvað einfaldara þannig að það sé sami skattur á bensín og olíu. Það verður væntanlega skoðað.

Vandinn við kerfið er að tæknin til að mæla akstur er ákaflega þungbúin. Það þarf að tengja mælinn við bílinn, vélina, gírkassann eða eitthvað slíkt. Það kostar mikið og er bilanagjarnt. En það eru að koma ný tæki á markaðinn, meira að segja innlend hugarsmíð, sem byggir á GPS-mælingum og er algjörlega óháð bifreiðinni nema að því er varðar rafmagn, það þarf rafmagn úr rafgeyminum. Að öðru leyti er það algjörlega óháð vélbúnaði og ekkert eftirlit með því því kerfið sendir SMS einu sinni í viku eða svo, þ.e. það er kallað eftir því. Það er óháð því að vera innan svæðis sem SMS notar því það safnar saman upplýsingunum þangað til næst í síma. Þróunin er komin mjög langt, mér skilst að hún verði jafnvel tilbúin í vor. Inn í kerfið er byggður „fiktvari" sem á að koma í veg fyrir að menn séu eitthvað að fikta við þetta eins og hefur borið við, að menn hafi verið að frysta kílómetramælinn. Það er ekki hægt í þessu kerfi því tækið punktar hjá sér ef hitastigið breytist mikið eða ef rafstraumur er rofinn. Tækið man eftir öllu slíku og sendir upplýsingar um að eitthvað hafi gerst. Auk þess er hægt að setja í tækið höggvara eða höggkynni þannig að ef kemur til árekstrar sendir það strax neyðarkall. Það eru því ýmsir möguleikar í þessu.

Þegar kerfið kemur, og mér sýnist að það sé alveg að bresta á, gefur það alveg nýja vídd í skattlagningu á bifreiðar sem felst í því að menn fara virkilega að skattleggja umhverfismálin, þ.e. að settur er jafn umhverfisskattur á olíu og bensín, það gætu verið 10–15 kr. sem allir greiða að sjálfsögðu, hvort sem það er landbúnaður, sjávarútvegur eða bifreiðar því mengunin er jafnskaðleg, sama hver framleiðir hana.

Síðan yrði lagt á þjónustugjald fyrir vegagerð. Þjónustugjaldið yrði háð kílómetrum og þyngd bifreiðarinnar. Tæknin sem ég gat um áðan leyfir hvort tveggja á ódýran hátt, þ.e. með mjög litlu eftirliti og eftirlitskostnaði. Það gjald stæði undir öllum vegaframkvæmdum og mældi auk þess að einhverju leyti slit á vegum, sem er reyndar dálítið umdeilanlegt. Í staðinn mætti fella niður bifreiðagjald sem allir greiða í dag, þungskatt og litun, vörugjöld o.s.frv. Þetta yrði einfalt kerfi, ódýrt og þar af leiðandi réttlátara.

Þetta er sem sagt að bresta á núna. Mér skilst að Evrópusambandið ætli að taka upp slíkt kerfi í allar bifreiðir eftir nokkur ár, þ.e. 2011.

Hv. þm. Kristján Möller gat þess að senda ætti frv. til umsagnar í samgöngu- og iðnaðarnefnd. Það má vel vera að það sé skynsamlegt. Reyndar held ég að iðnn. mundi sennilega spyrja sömu aðila og efh.- og viðskn. Það má vel vera að í samgn. komi fram sjónarmið sem vert væri að skoða en ég tel rétt að gera það eftir að umsagnir eru komnar fram. Ég mundi jafnframt vilja bæta við umhvn., að það yrði skoðað. Ég tel rétt að nefndin fjalli um það hvort á því sé eitthvað að græða, hvort hv. efh.- og viðskn. geti kallað til gesti á þessum sviðum líka þar sem menn hafa ekki mjög mikinn tíma eftir.

Ég vil enda á því, frú forseti, að geta þess að ég er mjög ánægður með þetta frv. Það er mjög brýnt að stöðva þær hömlur sem eru á þróun bílaeignar á Íslandi, að Íslendingar megi ekki kaupa dísilbíla með góðu móti. Einnig þarf að stöðva þá þróun sem hefur orðið með því að menn eru hvattir til óeðlilegrar notkunar á bifreiðum, að bílar séu notaðir dag og nótt, sem er ekki eðlileg hegðun. Ég vil endurtaka að það er mjög gott og þarft framtak að koma fram með þetta frv.

[20:48]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fylgdist af athygli með ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals um frv. og því sem hann talaði um, einfaldara kerfi o.s.frv. Ég hygg að þótt við séum ekki oft sammála þá sé ég sammála honum um að hægt sé að gera skattkerfið einfaldara og finna leiðir að því marki. Það er mjög jákvætt.

Hv. þm. ræðir um það að við þurfum að samþykkja þetta frv. til að auka möguleika Íslendinga á að kaupa sér minni dísilbíla sem spara orku o.s.frv. Hv. þm. er mikið fyrir einfaldleikann og það er ljóst að olíugjaldskerfið sem hér er um að ræða mun auka mjög kostnað og sennilega auka kostnað atvinnulífsins meira heldur en kostnað einstaklinga. Með öðrum orðum, það er verið að færa skatt af einstaklingum yfir á atvinnulífið og atvinnufyrirtæki, það má alveg leiða líkur að því.

Út frá einfaldleikanum ætla ég að koma mér að spurningunni og spyrja hvort hv. þm., sem hefur grúskað mikið í skattkerfinu, hvort hann hafi ekki séð að breyta mætti þungaskattskerfinu í þá veru að búa til gjaldflokka fyrir neðan 4 þús. kíló og minnka þyngdina og kílómetragjaldið á minni bílunum. Hefði það ekki bara verið einfaldara fyrir okkur, úr því að við vorum ekki búin að taka upp olíugjaldið fyrir einum 10–15 árum þegar aðrar þjóðir gerðu það?

[20:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Vissulega hefði mátt gera það en á móti því kemur að mælarnir eru afskaplega dýrir. Þeir mælar sem hafa verið í gildi hingað til eru mjög dýrir auk þess sem hafa þarf eftirlit með þeim, sem er mjög dýrt, líka fyrir notandann. Þá þarf að skoða á ákveðnum stöðum. Þeir bila gjarnan, eru tengdir við vél bílsins og ísetningin ein sér kostar heilmikið, ég hef heyrt að það kosti 50–80 þús. kr. að setja tækið í og mér skilst að tækið kosti vel yfir 100 þús. kr., án þess að ég viti það nákvæmlega.

Nýja tækið sem ég gat um áðan er miklu ódýrara, það kostar undir 50 þús. kr. og vel undir því. Það tengist bifreiðinni ekki neitt. Þetta mælir á móti því að gera þetta kerfi almennt fyrir minni bifreiðar. Það yrði hreinlega ekki skynsamlegt að kaupa slíkt tæki fyrir mörg hundruð þúsund með ísetningu, auk þess að fara í eftirlit og annað slíkt. Tæknilega hefur þetta ekki verið raunhæft að mínu mati hingað til.

[20:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði um ókosti mæla og mælagjalds. En í því kerfi sem við erum hér að ræða um er meiningin að halda tvöföldu kerfi, þ.e. að allir bílar þyngri en tíu tonn þurfi að hafa slíkan mæli. Í landinu eru tæplega 5 þús. slíkir bílar að því er talið er sem munu verða með þannig mæli. Ég spyr því hv. þm.: Er það þá galli við frv. sem hér er um að ræða að við ætlum að hafa tvöfalt kerfi, þ.e. olíugjald, og olíugjald auk mæla og mælagjalds?

[20:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þungaskatturinn er lagður af þannig að í staðinn kemur litun og mælunum er fækkað verulega. Mér skilst að þeir séu um 15 þús. í dag og þeim mun fækka niður í þriðjung þess. Sá kostnaður minnkar mikið. Ég held að þar með sé ég búinn að svara hv. þm.

[20:52]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Ég fagna frv. hæstv. fjmrh. um olíu- og kílómetragjald. Sambærilegt frumvarp hefur oft áður komið fram á þinginu en aldrei náð fram að ganga. Nú er kominn tími til að ljúka þessu máli.

Ég er sammála því að heimila svokallaða litun varðandi undanþágur og endurgreiðslu, samanber olíunotkun skipa og báta, húshitunar, hitunar almenningssundlauga, iðnaðarvéla, vinnuvéla, dráttarvéla í landbúnaði og raforkuframleiðslu. Samt sem áður verður að tryggja öflugt eftirlit til að ekki verði um misnotkun að ræða.

Þegar slíkar breytingar eru gerðar þá greiða einhverjir meira og aðrir minna. Samt sem áður verður að tryggja að tekjur ríkissjóðs minnki ekki en það mundi hafa áhrif á framlag til vegagerðar. Samkvæmt þessu frv. sést að hinn almenni borgari, sem ekur 15–20 þús. kílómetra á ári, fær mikla kjarabót með því að fara út í kaup á dísilbíl því að samanburðurinn er mjög afgerandi.

Það er ekki óeðlilegt að þeir aðilar sem aka mest og valda mestu sliti á þjóðvegum greiði meira. Frv. þetta er í samræmi við stefnu stjórnvalda í umhverfismálum, að hvetja til kaupa á nýrri og sparneytnari ökutækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings en eldri bifreiðir. Dísilknúnar bifreiðir verða hentugur kostur fyrir hinn almenna borgara og miðað við eðlilegan akstur á ári, eins og ég greindi frá er sparnaðurinn umtalsverður í prósentum.

Hv. þm. Kristján L. Möller sagði réttilega að t.d. fyrir ökumann jeppa sem keyrir mikið á ári fylgi aukinn kostnaður. Þó verður að taka inn í samanburðinn að fastagjaldið sem greitt var af mæli þess er ók meira en 20 þús. kílómetra hefur minni áhrif eftir ákveðinn kílómetrafjölda.

Frú forseti. Ef við tökum aðila sem ekur 15 þús. kílómetra á ári, miðað við uppgefna eyðslu hjá umboðsaðilum í dag og miðað við verð hjá olíufélögum í morgun á þjónustutönkum, tökum kostnað vegna bensínbíls, þá er eldsneytiskostnaður 177.300 kr. á ári. Samsvarandi dísilbíll sem keyrir 15 þúsund kílómetra greiðir í eldsneytiskostnað 57.300 kr. á ári en síðan er gjald sem er 6,91 kr. á kílómetra, sem er 103.650. Hér erum við að tala 161.045, 98,8% af eldsneytiskostnaði bensínbíls.

Miðað við sambærilegan dísilbíl eftir breytingu á frv. yrði kostnaðurinn 127.115. á ári, þ.e. 71,68% af rekstri bensínsbíls eða mismunur upp á rúmar 50 þús. kr. á ári sem samsvarar launahækkun upp á 75 þús. kr. á ári. Þetta er svipað og 5% launahækkun á 1.500 þús. árslaun. Aðilinn sem á bensínbílinn og ekur 15 þús. kílómetra á ári greiðir 39,3% hærri eldsneytiskostnað eftir þessa breytingu. Þetta ætti a.m.k. að vera hvetjandi fyrir hinn almenna borgara.

Það er einnig ljóst að óhagræði við greiðslu þungaskatts og þung greiðslubyrði hafa komið í veg fyrir að dísilknúnar bifreiðir séu eins margar og í nágrannalöndum okkar. Eftir breytingu á þessu frv. þá dreifist greiðslubyrðin eftir notkuninni í stað tveggja til þriggja gjalddaga á hverju ári. Dísilbílum hlýtur að fjölga hér á landi í kjölfar þessara breytinga. Einnig eru líkur á að það verði betri skil til ríkissjóðs vegna þessara breytinga þar sem möguleikar til undanskota verða minni. Fyrirkomulagið gæti jafnvel skapað ríkissjóði viðbótartekjur sem nýst gætu til frekari uppbyggingar vegamála.

Ég tel að frv. sem hæstv. fjmrh. leggur hér fram hafi mikla kosti og hagræði þegar á heildina er litið.

[20:56]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég vil láta í ljós ánægju með að mál þetta skuli loksins í höfn, getum við sagt. Eins og við vitum hafa þessi mál verið í endurskoðun í meira en áratug. Ástæðan fyrir því að farið var að hreyfa við hinu gamla kerfi var fyrst og fremst sú að Samkeppnisstofnun taldi það ekki samrýmast samkeppnislögum. Samkeppnisráð taldi svo og það er ástæðan fyrir því að hægt er að finna einstök dæmi um að þungskattur hafi hækkað ótrúlega mikið miðað við fasta verðbólgu. Ástæðulaust er þó að tína til slík dæmi því að þau eiga sér eðlilegar skýringar. Enn fremur taldi samkeppnisráð það kerfi sem við höfum búið við stangast á við fyrirmæli samkeppnislaga þannig að þessi breyting er nauðsynleg.

Auðvitað fylgir því verulegur kostnaður að þurfa að vera með tvöfalt kerfi eins og hér er og litaða olíu. Það er auðvitað stórt skref að stíga. Á hinn bóginn er þróunin ekki komin á það stig enn að seldir séu dísilbílar með innbyggðum mælum þegar þeir eru nýir eins og mun verða innan nokkurra ára, kannski fimm ára. Það mundi gera það mögulegt að hafa samband við mælana hvenær sem er í gegnum síma og taka upp kerfi sem byggist á notkun eða kílómetragjaldi, verði það talið rétt síðar meir. Við munum sjá hver þróunin verður innan Evrópusambandsins að því leyti og annars staðar. Óhætt er að segja að þá verði farin sú leið sem menn telja hagkvæmasta með hliðsjón af því að reyna að haga gjaldskrá þannig að hún dragi úr mengun.

Hv. 8. þm. Norðvest. vék að því áðan að það ætti með einhverjum hætti að reyna að stuðla að því að þungaflutningar flyttust á sjóinn. Það eru ekki nema tvær aðferðir til þess. Önnur er sú að greiða slíka þungaflutninga niður og hin er sú að hækka álögur á vöruflutningabíla. Þriðja leiðin er ekki til í þeim efnum. Menn hafa ekki treyst sér til að auka svo álögur á vöruflutningum á landi að það stuðli beinlínis til sjóflutninga og á hinn bóginn hef ég ekki séð neinar útfærðar tillögur um hvernig menn hugsi sér niðurgreiðslu á sjóflutningum. Auðvitað er þetta spurning um kostnað og hagkvæmni en kannski stöndum við frammi fyrir því að strandsiglingar leggist í stórum og grófum dráttum niður ef nýir aðilar sem eignast Eimskipafélag Íslands telja ekki forsendur fyrir því að halda strandsiglingum áfram.

Það mun auðvitað hafa mjög miklar afleiðingar í för með sér og er óhjákvæmilegt af þeim sökum fyrir okkur að velta mjög alvarlega fyrir okkur styttingu leiða sem er kjarni málsins í þeirri umræðu sem upp hefur komið um að

lækka flutningskostnað og draga úr álögum umferðarinnar á verð vörunnar, hvort sem við tölum um hráefni þegar það er komið á áfangastað eða fullunna vöru þegar hún er komin til neytandans.

Ég er þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé fyrir okkur að huga alvarlega að því hvernig við getum beitt fleiri aðferðum en hingað til hafa yfirleitt verið til þess að standa undir vegagerð. Á sínum tíma var Keflavíkurvegur réttlættur með því að menn skyldu greiða vegskatt af þeim vegi. Við munum hvernig það endaði. Innheimtuskúrinn var sprengdur í loft upp. Nú greiða menn nokkurt veggjald fyrir að fara Hvalfjarðargöngin. Það er auðvitað fullkomlega eðlilegt. Það voru forsendur fyrir göngunum á sínum tíma og mjög ýtt á okkur að gera það. Ég man að ég spurði að því á þeim tíma hvort þeim þætti það ekki betri kostur, íbúum Vesturlands, að hafa veginn pínulítið innar, losna við göngin og losna við veggjaldið en ekki máttu menn heyra það nefnt á þeim tíma. En hitt liggur ljóst fyrir að minni hyggju að þess verður ekki langt að bíða að veggjald komi á fleiri vegi.

Ég hef ásamt ýmsum öðrum þingmönnum lagt fram till. til þál. um að athuga hvort rétt sé að leggja veg norður Stórasand og þá er gert ráð fyrir að veggjöld standi undir þeim kostnaði sem því fylgir að leggja veginn um sandinn. Með sama hætti hefur verið talað um að reyna að flýta göngum í gegnum Vaðlaheiði með því að þau skuli að hálfu, eitthvað í þá áttina, greidd með veggjöldum. En þegar við tölum um fjáröflun til vegagerðar á þessum nótum og viljum að mark sé tekið á okkur megum við ekki hlaupa til eftir á og segja: Nei, nú er framkvæmdin unnin og nú viljum við ekki lengur borga veggjaldið. Við viljum sleppa við það eftir á. Það er ekki góð aðferð vegna þess að það dregur úr trúverðugleikanum á því að menn meini það sem þeir segja þegar þeir tala um að flýta framkvæmdum eða koma þeim í verk á þessum forsendum. Menn eiga þess vegna að tala gætilega þegar þeir reyna að skjóta sér undan, en hitt hefur líka komið fram að það er sennilega auðgert að lækka megi eitthvað veggjaldið án þess að ég hafi séð þá reikninga. En ég segi líka að sá tími er að koma að nauðsynlegt er að tvöfalda göngin undir Hvalfjörð og ég er þeirrar skoðunar að þá verði að standa undir hinum nýju göngum með veggjöldum eins og gert er með þau göng sem nú eru. Ég sagði þetta raunar á þeim degi sem göngin voru vígð.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort hægt sé að fara endurgreiðsluleiðir eða eitthvað þvílíkt. Það er þrautrætt mál og ég hygg að enginn vegur sé að finna haldgóða leið til þess. Í mínum huga er kjarni málsins sá að hér hefur fundist leið sem mér sýnist vera mikil sátt um í þinginu í raun og veru og við getum ekki farið þá leið að mæla með því að mælar séu settir í alla bíla vegna þess að það er of dýrt, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, og þvílíkar vangaveltur geta ekki komið upp nema nýir bílar komi með mælunum. Þetta er því nauðsynleg breyting á réttum tíma og ég efast ekki um að henni verður vel tekið.

[21:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju hv. þm. tók krók á leið sína í ræðunni til þess að víkja að umræðunni um veggjöld með þeim hætti sem hann gerði en það er útúrsnúningur hjá hv. þm. að tala um þá umræðu eins og hann gerði. Ljóst hefur verið nokkuð lengi að stefnt væri að miklum vegamannvirkjum út úr borginni að norðanverðu og hv. þm. hefur ásamt hæstv. samgrh. sjálfum margoft nefnt möguleikana á því að notast yrði við einhver veggjöld við þau mannvirki. Þá standa menn frammi fyrir því að svo gæti orðið að verið væri að innheimta veggjöld á tveimur stöðum ef menn koma norðan að borginni en hvergi ef menn koma sunnan að henni. Nógu há eru gjöldin í Hvalfjarðargöng þó ekki verði þannig að málum staðið. Hér hefur skort stefnumörkun og kallað hefur verið eftir henni hvað eftir annað. Sú stefnumörkun er ókomin enn. Ríkið eignast Hvalfjarðargöngin á 20 árum samkvæmt þeim samningum sem gerðir voru og tekur virðisaukaskatt ofan á gjöldin sem þar eru innheimt. Menn hafa því gengið lengra fram en skynsamlegt er og auðvitað þarf að lækka þessi gjöld verulega og koma til móts við íbúana. Einnig þarf að hugsa fyrir því ef menn ætla að hafa þann möguleika að taka gjöld í önnur mannvirki að eitthvert samræmi sé í því og einhver sanngirni hvað varðar umferð um borgina, að menn borgi ekki bara ef þeir koma að norðan en ekkert ef þeir koma að sunnan.

[21:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að talað hafi verið um að leggja veggjald á Sundabraut upp að Geldinganesi á þeim tíma þegar ég var samgrh. í þeim skilningi að menn hafi talið það ráðlegt. Ástæðan var einfaldlega sú, eins og þáv. vegamálastjóri, Helgi Hallgrímsson, gerði mjög góða grein fyrir, að óttast var að menn héldu sig við gamla veginn ef menn þyrftu að borga veggjald með því að fara strandleiðina, Sundabraut. Af þeim sökum veltu menn fyrir sér hvort rétt væri að vera með svokölluð skuggagjöld á Sundabrautinni sem eru annars eðlis. Það er því misskilningur hjá hv. þm. ef hann telur eða heldur að Sundabrautin á þessari leið hafi verið þess eðlis að menn teldu ráðlegt að hafa veggjald á henni.

Nú hef ég ekki verið samgrh. í nokkur ár þannig að ég veit ekki hvort sjónarmið manna hafa breyst að þessu leyti, ég hef ekki trú á því. Annað er ef menn hugsa sér að fara yfir í Gunnunes þá má vera að menn veltu einhverju þvílíku fyrir sér en ég hef ekki séð ... (**Fjmrh.:** En í Kattarhöfða?) Ja, það var nú horfið frá því að fara Kattarhöfða, hæstv. fjmrh. Það hefði kannski verið skynsamlegt á sinni tíð. en úr því að við erum að tala um Kattarhöfða og Þyrilsey og það allt saman þá er einmitt á þeim slóðum þessi hryggur inni í Botnsvoginum sem er svo skemmtilegur því að fyrir innan hann er síldarpallurinn, fyrir innan Kattarhöfðann. Kristinn Ziemsen sagði mér frá því bara í fyrradag að hann hefði komið þarna einu sinni og gengið niður að fjörunni og þá hefði verið svo mikið af síld að hann hefði getað sópað henni upp með höndunum en við munum nú eftir Hvalfjarðarsíldinni og hún var mjög skemmtileg.

[21:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. var að vísa til þeirrar umræðu sem farið hefur fram undanfarið um lækkun á gjöldunum í gegnum Hvalfjarðargöngin. Þess vegna þýðir kannski ekki að miða við það sem hv. þm. sagði meðan hann var enn þá samgrh. og vísa til þess sem menn hugsuðu þá. Núna hafa menn verið að tala um það í fúlustu alvöru og hæstv. samgrh. hefur hvað eftir annað nefnt það að til greina kæmi að taka upp einhvers konar umferðargjöld um þau mannvirki sem talað er um að byggja út úr borginni. Þá hlýtur að þurfa að horfa yfir málin í heilu lagi.

Auk þess sjá menn fram á að opnuð verði ný jarðgöng austan til á landinu innan tiltölulega fárra mánaða og ætla

menn þá að sitja uppi með að hafa ekki tekið neinar ákvarðanir um hvaða stefna eigi að gilda? Ég held að menn verði að fara að gera það og kallað hefur verið eftir því hvað eftir annað. Það hefur ekkert komið út úr því. En auðvitað verður aldrei hægt að líða að það verði látið bitna á tiltölulega fáum í landinu að borga í umferðarmannvirki en meiri hluti landsmanna sleppi við það. Þess vegna sprengdu menn skýlin forðum og ég er hræddur um að það þurfi að hafa þau sprengjuheld ef menn ætla að auka á óréttlætið sem gildir.

[21:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Ég skil ekki alveg, frú forseti, hvað fyrir hv. þm. vakir. Nú er auðvitað hægt að fletta því upp hvað flokksbræður hv. þm. og hann sjálfur sögðu um veggjaldið á sínum tíma í sambandi við Hvalfjarðargöngin. En staðreyndin er sú að við horfum öðruvísi til mikilla vegaframkvæmda á mjög strjálbýlum stöðum. Við getum tekið Vestfirði sem dæmi. Þeir eru í kjördæmi hv. þm. Ég geri ekki ráð fyrir því að hann hafi með orðum sínum áðan verið að leggja til að það kæmi veggjald í jarðgöngin sem liggja frá Ísafirði til Suðureyrar eða til Flateyrar. Hið sama á auðvitað við á hinum fámennustu stöðum.

Ég var á hinn bóginn að tala um það áðan að það gæti flýtt göngum í gegnum Vaðlaheiði ef þar yrðu að hálfu leyti greidd veggöng vegna þess að menn búast við að þau göng verði mikið notuð og af þeim sökum sé brýnt að hrinda þeirri framkvæmd fram, líka vegna þess að Víkurskarðið er versti eða næstversti kaflinn á hringveginum, Víkurskarðið og Bakkaselsbrekkan sínum megin hvor. Hv. þm. verður á hinn bóginn að eiga það við sjálfan sig ef hann vill hafna þeirri leið í framtíðinni að hægt sé að flýta fyrir framkvæmdum með hæfilegum veggjöldum. Þar erum við auðvitað á öndverðum meiði.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég hygg að það séu engin rök fyrir því að rétt sé að fara í veggjald á Sundabraut eins og hún er hugsuð frá Geldinganesi vegna þess að þá mundi umferðin eftir sem áður vera upp Ártúnsbrekkuna en það er einmitt verið að reyna að fara í þessa framkvæmd til að dreifa umferðinni og jafna þungann.

[21:13]

Einar Oddur Kristjánsson:

Frú forseti. Rétt er að skýra frá því í upphafi að eins og margir félaga minna þekkja hef ég lengi haft verulegar áhyggjur af þróun þungaskatts og haft miklar efasemdir um þau ráð sem menn hafa haft uppi um á hvern veg skyldi breyta honum. Ástæður mínar hafa verið alveg augljósar og hafa margsinnis komið fram á undanförnum árum. Það hefur verið rakið mjög ítarlega í ræðum í dag hvernig það mál hefur gengið fram síðustu nærri tíu árin og ég hef tekið verulegan þátt í því og eftir á að hyggja finnst mér það heilmikil vonbrigði bæði fyrir sjálfan mig og aðra að okkur hefur ekki tekist til eins og við vildum og voru þó margir að vanda sig.

Það hefur líka komið fram í dag, frú forseti, að gjald á umferð hefur aukist mjög mikið og flutningsþörf landsbyggðarinnar hefur flust yfir á vegina gagnstætt því sem menn vonuðu og það er út af fyrir sig athugunarefni í sjálfu sér hvað því veldur og hvort það geti verið að hafnirnar eða hafnasamlögin hafi á einhvern hátt fært sig út af markaðnum. Ég held að þetta sé allt rannsóknarefni.

Það hefur líka komið fram og flestir hafa verið þeirrar skoðunar og margir sagt það umbúðalaust að að sjálfsögðu sé málið þannig vaxið að það orki mjög tvímælis. Á því eru gallar og kostir og ég skal ekkert draga undan að taka undir það að öllu leyti. Það sem oftast hefur valdið mér vandræðum er mismunandi staða veganna og mismunandi staða þeirra flutninga sem menn hafa verið að flytja. Þess vegna hef ég verið með efasemdir um olíugjaldið af því að ég veit að á háum, vondum fjallvegum sem eru annaðhvort fullir af klaka, snjó eða mold og drullu er náttúrlega eyðsla bílanna ekkert í líkingu við að sem hún er á sléttu malbikinu.

En hvað um það. Það hefur margsinnis komið fram, frú forseti, og ég held að það sé mál flestra, að það sem verið er að gera núna sé framfaraspor að mjög mörgu leyti. Menn hafa fagnað því að frv. í þeirri mynd sem það er núna hafi vissulega komið mjög til móts við þau sjónarmið sem ég var að rekja, miklu frekar en nokkuð í þeim tillögum sem áður hafa verið sýndar eða farið í gegnum. Og það er rétt, mér sýnist það vera hárrétt að gjaldið, miðað við að það sé svona nokkurn veginn núllstillt miðað við flutningabílana, stóru flutningabílana, þessa 26–30 tonna bíla sem keyra með 40–45 tonn á þessum löngu leiðum, mér sýnist það passa og menn eru nokkurn veginn sammála um það.

Hins vegar hafa margir haft á því orð, réttilega, að með þessari breytingu væri verið að bæta hag einstaklinganna og einkabifreiðanna og mér sýnist það eiga að geta passað líka. Eigi að síður eiga heildartekjur ríkisins að standa í stað í þessu dæmi. Þá er náttúrlega spurningin: Hvernig gengur sú jafna upp? Hún gengur ekkert upp öðruvísi en svo að alltaf er verið að auka álögurnar á atvinnustarfsemina, hvort sem það er þjónustan, verslunin, byggingarstarfsemin eða framleiðslan. Það hlýtur að orka tvímælis, frú forseti, að gera slíkar breytingar, það orkar mjög tvímælis í þeirri stöðu sem við erum í í dag. Ég efast a.m.k. og ég spyr þá líka: Úr því að menn eru svo sammála sem hér hefur komið fram í dag um að við séum á réttri braut gagnvart mengun og náttúruvernd væri þá ekki hægt að ganga lengra en við gerðum? Við erum að firra ríkið miklum kostnaði með því að fækka þessum mælum um að mér skilst $^1/_2$ til $^2/_3$ — gátum ekki gengið lengra til þess að gera þetta enn þá hagkvæmara? Var það ekki möguleiki? Ég veit það ekki en ég vona að hv. efh.- og viðskn. taki þetta mál og skoði það mjög gaumgæfilega vegna þess að mér sýnist það alveg hugsanlegt. Mér hefur líka sýnst að það mætti alveg taka til umfjöllunar hvernig við högum þessu bifreiðagjaldi. Við erum í dag, frú forseti, að setja bifreiðagjaldið á miðað við eigin þyngd farartækjanna en spurningin er hvort ekki mætti alveg eins horfa til þess að skattleggja á hverju ári flutningsgetu þessara farartækja.

Ég held líka að það sé rétt að taka til umræðu hvað við erum að skattleggja. Þetta hefur komið fram hvað eftir annað. Erum við að skattleggja umferð — það held ég að hafi verið sjónarmiðið síðustu áratugina, að við værum að skattleggja umferð — eða erum við með einhvers konar orkuskatt eða mengunarskatt? Í því sambandi langar mig til að koma aðeins inn á þær brautir sem tengjast þessu, hina mörkuðu tekjustofna ríkisins. Í gegnum árin hef ég haft vaxandi efasemdir um að við værum á réttri braut með þessa mörkun tekjustofna. Með því að marka þá eins og við erum að gera erum við að rugla okkur dálítið í ríminu og við sjáum hvernig við breytum lögunum til þess að fullnusta þessa mörkun. Við eigum gríðarlega mikið af mörkuðum tekjustofnum. Við eigum milli 70 og 80 slíka skattstofna. Þetta veldur okkur

vandræðum og ég held að stundum villi þetta okkur sýn þegar við erum að reyna að horfa yfir þessi ríkismál. Ég segi, og ég veit að margir eru ósammála mér, að ég er alveg orðinn sannfærður um að við eigum að hætta þessari mörkun tekjustofna. Ég veit að margir munu mótmæla mér. Við eigum að hætta því, leggja hér fram einn daginn einn langan bandorm og taka þetta allt saman í burtu. Það mundi auðvelda okkur alla sýn og alla vinnu við fjárlagagerðina, samanber hlálegt atriði í því frv. sem hér er til umræðu þegar við tökum 400 millj. úr einum sjóðnum og bætum í annan. Við erum með rúmar 2.000 millj. í bensíngjald en svo erum við með 3.800 millj. í sektarbensíngjald. Hverju skiptir þetta? Jú, við erum búin að binda okkur inn á það að sum gjöld skuli vera þarna og ekki þarna og þess vegna þurfum við að færa þetta fram og til baka.

Það er að koma annað líka til umræðu, frú forseti, með næsta máli á dagskrá, fæðingarorlofið. Þá komum við að svona bindingu, mörkuðum tekjustofnum. Hvað ætlum við að gera við tryggingagjaldið o.s.frv.? Það er angi af sama meiði. Ég tel ástæðu til í sambandi við þetta og í sambandi við vegagerðina almennt sem er einn af stærstu mörkuðu tekjustofnunum, Vegagerðin, að hugsa þessa hugsun, taka þetta bara allt saman í burtu. Vegagerð og samgöngur eru bara vegagerð og samgöngur og skattlagning er skattlagning. Þá erum við ekki bundin á klafa einhverra slíkra hugsana sem eru að þvælast fyrir okkur í dag.

Það er eitt atriði sem ég vil taka undir sem kom fram í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar varðandi vandamál landsbyggðarinnar. Við höfum nefnilega verið að fjalla um þessi mál í einstaka tilfellum. Það eru mjög vond mál sem segja frá ákveðnum afskekktum sveitum þar sem er ófært eða umferðartakmarkanir eru miklar vegna þessara vondu vega, það eru þungatakmarkanir o.s.frv. þar sem flutningsbílar, dísilbílar, hafa farið mjög illa út úr þessu gjaldi. Við höfum margsinnis farið yfir þessi einstöku fáu tilvik en niðurstaðan hefur alltaf verið sú að það hefur ekki verið nein smuga í lögunum til að víkjast undan þessu. Því vil ég beina því til hv. efh.- og viðskn. hvort ekki væri tækifæri núna til að koma inn einhverjum slíkum möguleika úr því að við erum að fjalla um þetta og gera þá kleift að grípa til einhverra þeirra aðgerða þegar svona kemur upp sem hefur valdið okkur vandræðum og heilmikilli skömm.

Ég vona sem sagt að hv. efh.- og viðskn. taki þetta mál til ítarlegrar skoðunar. Það er ekki einhlítt hvernig þetta er, langt frá því, og við verðum að passa okkur mjög mikið í þessu. Ég heyrði hæstv. fjmrh. segja í dag að að sjálfsögðu gæti verið að við þyrftum að taka þetta mál upp og ég fagna þeim ummælum hans vegna þess að þessu er ekkert lokið. Þetta er mjög viðkvæmt mál og erfitt viðureignar. Ég hef margsinnis sagt við félaga mína að ég vissi ekki alveg hvaða nauð væri að reka okkur til þessa núna, hvort það væri þörf á því. Við vitum að það getur verið ný tækni til að fylgjast með flutningatækjum á næsta leiti og það er þegar farið að gera það víða, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, en ég sem sagt hvet alla menn til þess að fara mjög varlega og skoða öll sjónarmið varðandi þetta áður en við göngum endanlega frá frv.

[21:23]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Um leið og fer að líða að lokum 1. umr. um þetta mál eru nokkur atriði sem ég vil hnykkja á bara til að fyrirbyggja misskilning. Menn eru að núllstilla, taka upp ákveðnar tekjur ríkissjóðs, ætla að breyta kerfi en búa til kerfi til að ná í nákvæmlega sömu peningana aftur og áfram, gera engar breytingar á því, jafnvel sem hefur ekki verið viðurkennt af hálfu stjórnarliða, a.m.k. ekki úr þessum ræðustól, en í raun og veru kom fram viðurkenning á því í ræðu hv. síðasta þingmanns, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem ég hef kallað allra verstu landsbyggðarskatta sem lagðir hafa verið á undanfarin ár, þ.e. þessa svakalegu hækkun á þungaskatti. Hún hefur svo farið út í verðlagið, út í flutningskostnaðinn og viðheldur þessum svimandi háu, allt of háu, flutningsgjöldum. Þau eru að drepa atvinnulíf víðast hvar á landsbyggðinni, hamla þar vexti og viðgangi og eru m.a. að skekkja samkeppnishæfni fyrirtækja. Sum fyrirtæki eru jafnvel farin að hugsa sér að leggja niður starfsemi sína á landsbyggðinni og flytja hana suður á höfuðborgarsvæðið. Ætli það sé einhver tilviljun, virðulegi forseti?

Tökum bara dæmi. Svínabú landsins eru öll komin á höfuðborgarsvæðið, kjúklingabú, hænsnabú. Gera menn sér grein fyrir því að tvö af kannski bestu kjötvinnslufyrirtækjum landsins, sem eru norður á Akureyri, greiða upp undir 140 millj. kr. í flutningskostnað á sinni ágætu afurð frá Akureyri og suður á höfuðborgarsvæðið? Ætli það væri ekki betra ef þessi fyrirtæki hefðu aðeins ofar á reikningnum sínum þessa upphæð í staðinn fyrir þau gjöld sem þarna er verið að greiða? Höfum það hugfast líka, virðulegi forseti — því hefur ekki verið hnekkt heldur — að sennilega upp undir helmingur af þessum greiddu flutningsgjöldum þessara fyrirtækja er beinn skattur til ríkissjóðs, til hæstv. fjmrh. Geirs H. Haardes.

Það er þetta sem ég er að andmæla, að í það frv. með þeim jákvæðu punktum sem hér snýr líka að öðru er allt sett inn gagnvart flutningskostnaði þannig að hann verði jafnhár. Svo kemur hæstv. ríkisstjórn rétt fyrir kosningar, og frambjóðendur hennar veifa einhverri skýrslu sem var gerð í aðdraganda kosninga og þykjast ætla að fara að lækka eitthvað flutningsgjöld. Hvar eru efndirnar? Efndirnar voru þær að þungaskatturinn hækkaði um 8% um áramótin. Hann fór þráðbeint út í verðlagið. Efndirnar eru engar. Og hvað á það að þýða þegar hæstv. byggðamálaráðherra talar um flutningsjöfnun og kennir því um að það sé stopp úti í Brussel?

Hæstv. ráðherra virðir alþingismenn ekki viðlits og leyfir þeim ekki að sjá þær tillögur sem hún þykist vera að vinna eftir og ég gat um áðan. Það kemur fram í svari þess ráðherra til mín á Alþingi í dag að hún neitar þingmönnum um að sjá þessar tillögur. Hún hefur hins vegar sagt það á fundi norður á Akureyri að það standi ekki til, sé ekki í hugmyndum hennar, að jafna neinn flutningskostnað á flutningum á fiski en það kemur fram í þessu frv. að vegna breytinga á atvinnuháttum hafi fiskflutningar til og frá stöðum vaxið svakalega, út af breyttu útgerðarmynstri. Það á ekkert að jafna.

Ég vildi bara halda því til haga að við erum að núllstilla miðað við þessa 5,3 milljarða sem ríkissjóður hefur þarna. Þar að auki ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra út í nokkuð en ætla helst ekki að vera miklu lengur við þetta við 1. umr. Það er getið um það í þessu plaggi að virðisaukaskattur ríkissjóðs er 470 millj. sem koma af þessu breytta kerfi, þ.e. 470 nýjar millj. koma inn í ríkissjóð í virðisaukaskatt af olíugjaldinu frá þeim einstaklingum sem borga olíugjald og geta ekki tekið virðisaukann sem innskatt eins og fyrirtæki gera.

Eru þetta nýjar 470 millj. algjörlega? Er þetta tekjuauki ríkissjóðs við að breyta þessu kerfi? Ég ætla ekki að fara

frekar út í það. Ég get skýrt frá því að ég átti kost á því að ræða það í stuttu andsvari við hv. þm. Pétur H. Blöndal. Einn af ókostum þessa frv. sem við ætlum að vera með er þessi tvö kerfi. Við ætlum að vera með olíugjald og svo ætlum við að vera með kílómetragjald. Menn tala um óhagræði og allt það sem hlýst af því að vera með mæla, viðhald og álestur, koma tvisvar á ári í álestur o.s.frv. en hvað ætlum við að gera? Við ætlum að vera með 5.000 notendur áfram á mæli.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að það gætu vel verið hnökrar á þessu frv. og ég hygg að svo sé. Ef það á, eins og ég skildi hæstv. fjmrh. áðan, að klára þetta fyrir þinglausnir 7. maí þarf efh.- og viðskn. að vinna nokkuð hratt en hæstv. fjmrh. gat þess líka að ef hnökrar kæmu í ljós á þessum lögum væri hægt að skoða það mál í haust. Ég vil mælast til þess, virðulegi forseti, að við gefum okkur þá örlítið lengri tíma í efh.- og viðskn. til að fara yfir þetta mál þannig að það þurfi ekki að fara að gera það. Ég sé í hendi mér í dag ýmsa hnökra á þessu frv., því miður. Ég hef þegar gert suma að umtalsefni. Ég hef ekki komist í þá alla. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, það er ljóst að efh.- og viðskn. bíður mikið verkefni að fara í gegnum þessa hluti, kalla eftir þeim vinnugögnum sem fjmrn. hefur verið að vinna eftir þar sem sett hefur verið upp reiknimódel fyrir ýmsa aðila þjóðfélagsins og annað slíkt. Ég óttast það, virðulegi forseti, að samt sem áður — ég ætla að ítreka það enn einu sinni, búið er að ganga skref til móts við að hækka ekki flutningsgjöldin meira, það er komið nóg og skattur á flutningsgjöldum er nægur fyrir — séu því miður ýmsir hnökrar í þessu sem geri það að verkum að flutningsgjöld geti hækkað enn frekar í landinu.

[21:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ágætar umræður hér um þetta mál og að mestu leyti málefnalegar. Ég tel að málið hafi fengið býsna góðan stuðning í þessari umræðu. Auðvitað liggur það fyrir væntanlega af allra hálfu að ætlast er til þess að efh.- og viðskn. fari vandlega yfir málið og ráðuneytið mun að sjálfsögðu leggja þar fram allar upplýsingar um málið og útreikninga sem fyrir liggja. Þá tel ég að enginn vafi sé á því að menn komist að þeirri niðurstöðu að kostir málsins séu fleiri og veigameiri en gallarnir. En auðvitað eru þeir einhverjir og veltur það á því hvernig hver og einn metur útkomuna.

Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að hv. þm. Kristján Möller er búinn að gera það upp við sig að gallarnir í þessu máli séu svo veigamiklir að þeir yfirgnæfi kostina. Ég get ekki túlkað orð hans öðruvísi en svo. En flestir aðrir sem að málinu hafa vikið í dag meta það öðruvísi eða koma að því með opnari hug en hann þó að hann hafi að vísu, eins og ég gat um hér fyrr í umræðunni, verið jákvæðari en áður mátti halda.

Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum sem nefnd hafa verið umræðunni. Ég vil sérstaklega víkja að atriðum sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gat um. Þau voru mörg og ágæt, t.d. spurningin um hvort olíugjaldið væri of hátt miðað við þessar 45 kr. Það er vissulega nokkuð hátt vegna þess að með því og með virðisaukaskattinum og hugsanlega breyttum álagningarviðmiðunum olíufélaganna slagar það upp í bensínverðið, sem er ókostur vegna þess að hugmyndin er sú að gera þetta kerfi þannig úr garði að það verði ótvírætt hvatning til þess fyrir menn að fara yfir í dísilbíla. Eigi að síður, jafnvel þó verð á bensíni og dísilolíu væri það sama, eru hagsmunir flestra þeir að fara yfir í dísilknúna bíla vegna þess að þeir eyða svo miklu minna. Ef það tekst að koma því í kring á einhverju tímabili að dísilfólksbílar verði fluttir hingað inn í einhverjum mæli má gera ráð fyrir að þeir lækki í verði og að sá verðmunur sem nú fyrir hendi þeim í óhag hverfi. Þetta er auðvitað til umhugsunar. Vissulega var það eitt af sjónarmiðunum að reyna að hafa dísilolíuna heldur ódýrari en bensínið. Það var eitt af meginsjónarmiðunum í þessu.

Hv. þm. spurði um flokk 8705 í viðauka I við tollalög. Þetta munu vera kranar og önnur slík tæki sem vinna mjög staðbundið. Þetta eru tilteknar vinnuvélar sem sagt. Ekki get ég nú fullyrt hvort götusópar heyra þarna undir en sjálfsagt er einfalt að rannsaka það. (**Gripið fram í:** En snjóplógar?)

Varðandi þá sem væru nýbúnir að fjárfesta — hv. þm. spurði hvort unnt væri að koma eitthvað til móts við þá — þá er ég nú ekki á því að þetta verði sérstakt vandamál vegna þess að breytingin í þessu dæmi fyrir flest fólk kemur ekki þannig fram að menn verði fyrir neinu sérstöku höggi við upptöku þessa nýja kerfis. En það er sjálfsagt að athuga það. Þetta er eitt af því sem nefndin þarf bara að athuga, þ.e. hvort þarna verði einhver sérstök aðlögunarvandamál.

Varðandi síðan það sem nokkrir þingmenn hafa nefnt, að þungir bílar geti lent í erfiðleikum annaðhvort að vetri til eða í vorleysingum á malarvegum þar sem eru þungatakmarkanir og eytt meiri olíu en annars, upp í 80–90 lítra á hundraðið, þá á ég mjög erfitt með að sjá að hægt sé að leysa það í gegnum þetta kerfi. Það er, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á, auðveldara að benda á slík vandamál en koma með lausnir á þeim. En sjálfsagt er að hugleiða hvernig unnt er að hugsa fyrir vandamáli af þessu tagi. Vissulega er það alveg rétt sem hann benti á að ekki er eins farið með gröfu sem sjálfstætt tæki og gröfu sem hluta vörubíls. Það sama er með snjóplóginn og svo vörubíl með tönn sem gerir sama gagn og snjóplógurinn. Þarna eru bara vandamál sem við getum kannski ekki í fljótu bragði séð út yfir í þessu kerfi. En þannig er þetta náttúrlega víðar og jafnvel í kerfinu í dag.

Ég vil bara vekja athygli á því og segja að við megum ekki láta minni háttar mál af þessu tagi koma í veg fyrir að meiri háttar mál, sem er þessi lagabreyting, nái fram að ganga. Við verðum þá að reyna að finna einhver úrræði til þess að glíma við slíka þætti.

Varðandi spurningar hv. þm. Kristjáns Möllers þá er gert ráð fyrir því að olíugjaldið myndi gjaldstofn fyrir virðisaukaskatt alveg eins og olían gerir í dag. Virðisaukaskatturinn mundi leggjast ofan á þetta í heild sinni. Þetta er ný tekjuöflun, þ.e. fyrir þá sem ekki geta nýtt sér þennan virðisaukaskatt sem innskatt. Einstaklingar sem ekki eru með rekstur munu því borga þennan skatt að fullu. Við höfum hins vegar gert ráð fyrir því að þessir peningar gangi í rauninni til millifærslu til þess að bæta Vegagerðinni upp minni tekjur, eins og fram kemur í lokagreinum frv. þar sem gert er ráð fyrir því að sérstaka vörugjaldið hækki en hið almenna lækki. Það er nokkurn veginn sama fjárhæðin sem um er að tefla þar í 25. gr. í frv. Þar er verið að breyta lögunum um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti, eins og ég rakti í framsögu minni, og skýrir það að frv. heitir frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Þetta er það fleira.

Hv. þm. Kristján Möller spurði hvernig staða þessara mála væri í Danmörku. Ég held að þeir séu með endurgreiðslukerfi í Danmörku. Þeir eru með olíugjald. Þeir eru ekki með litun, ekki enn þá, en hafa eftir því sem ég best veit mjög verið að hugleiða að fara yfir í litunarkerfið og treysti

ég því þá að þeir geri það ekki ef litunarefnið er talið vera krabbameinsvaldandi, eins og hv. þm. velti fyrir sér hvort verið gæti. Ég þekki það auðvitað ekki út í hörgul. En ég tel af og frá að nágrannaþjóðir okkar séu með þannig hættuleg efni á ferðinni í þessu máli.

Varðandi refsiákvæðin sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vék að þá eru þau nánast og held ég nákvæmlega þau sömu og í gildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar og eiga sér fyrirmynd og fordæmi m.a. í lögunum um virðisaukaskatt þannig að ef víkja á sérstaklega að þeim þá held ég að það yrði nú að gera það með heildstæðum hætti í mörgum lögum samtímis.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um er búið að tala um þessi mál í mjög langan tíma. Það var talað um þau þegar ég vann í fjmrn. sem aðstoðarmaður ráðherra fyrir 20 árum og gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir og atrennur að því að reyna að koma þessum málum hér í gegn sennilega alveg frá árinu 1992 með framlagningu frumvarpa. Hér voru einu sinni meira að segja samþykkt lög um olíugjald sem síðan komu aldrei til framkvæmda vegna þess að þau voru afturkölluð, en í þeim lögum var gert ráð fyrir endurgreiðsluaðferð til að undanþiggja tiltekna aðila gjaldskyldu en ekki litun eins og nú er gert ráð fyrir. Það hefur margt breyst. Tækni í sambandi við litun er miklu einfaldari og ódýrari en áður var og á að vera lítið mál miðað við reynslu annarra þjóða að koma henni við hér á landi.

Þess vegna segi ég að einhverjir hnökrar kunna að vera á þessu frv. sem vonandi verður að lögum fyrir vorið. En við höfum tíma til þess að sníða þá af. Það gerist þó að sjálfsögðu ekki ef við bara gefum þetta mál frá okkur, sem flestir viðurkenna að er þjóðþrifamál og hagsmunamál fyrir landsmenn almennt talað þó einstakir aðilar kunni að fara verr út úr því en núverandi kerfi.

Þess vegna segi ég við þingheim: Við skulum reyna að klára þetta mál núna. Mönnum okkur upp í að ljúka því og látum ekki um okkur spyrjast að verða enn einu sinni að hrökkva til baka með það sem flestir viðurkenna að er hið besta mál.

[21:41]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar bara að spyrja hvort ég sé nokkuð að misskilja. Í athugasemdum um 25. gr. frv., um 400 milljónir, segir, með leyfi forseta:

„... er hér lögð til hækkun á sérstöku vörugjaldi af bensíni, sem er markaður tekjustofn til þess málaflokks, en á móti komi samsvarandi lækkun á almenna bensíngjaldinu, en tekjur af því renna beint í ríkissjóð."

Hins vegar vil ég spyrja um þær 470 milljónir sem eiga að renna í ríkissjóð af olíugjaldinu. Virðulegi forseti og hæstv. fjmrh. Er ég nokkuð að misskilja? Eru ekki 470 millj. kr. í virðisaukaskatt nýjar tekjur í ríkissjóð og 400 milljónirnar samkvæmt 25. gr. í frv. bara úti og inni í raun til þess að viðhalda mörkuðum tekjustofni til Vegagerðarinnar? En 470 milljónirnar eru að koma nýjar af þessu gjaldi.

[21:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig að þetta mál er þannig úr garði gert að reynt er að koma í veg fyrir að Vegagerðin missi tekjur af þessu. Þess vegna er færð á milli úr almenna bensíngjaldinu yfir í hið sérstaka gjald sem er tengt Vegagerðinni, upphæð sem nemur um það bil 400 milljónum. En ríkissjóður bætir sér það upp með þessum nýjum tekjum af virðisaukaskatti sem verða til í þessu kerfi. Þar með má því segja að ríkissjóður hafi efni á því að láta af hendi rakna til þess að bæta Vegagerðinni upp það sem ella hefði tapast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:43]

Útbýting þingskjala:

Aðlögun mjólkuriðnaðar að kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, 904. mál, fsp. AKG, þskj. 1372.

Afkoma mjólkurframleiðenda, 906. mál, fsp. AKG, þskj. 1374.

Kostnaður nemenda við fjarnám og staðnám, 908. mál, fsp. KHG, þskj. 1376.

Kostnaður ríkisins við starfsnám, 907. mál, fsp. KHG, þskj. 1375.

Kröfur til sauðfjársláturhúsa, 903. mál, fsp. AKG, þskj. 1371.

Markaðssetning lambakjöts innan lands, 902. mál, fsp. AKG, þskj. 1370.

Stefnumótun í mjólkurframleiðslu, 905. mál, fsp. AKG, þskj. 1373.

Utanríkis- og alþjóðamál, 909. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 1377.

Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, 901. mál, fsp. MÞH, þskj. 1369.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 855. mál (hámarksgreiðslur, fjármögnun o.fl.). — Þskj. 1312.

[21:44]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Jafnframt felur frv. í sér breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald og lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Eins og flestir vita var hinu nýja fæðingarorlofskerfi m.a. ætlað að jafna betur stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði samhliða því að gefa þeim tækifæri til þess að skipta með sér umönnun barna sinna. Mikilvægt er að réttur foreldra til fæðingarorlofs sé jafn og að báðir foreldrar sjái sér fært að nýta rétt sinn. Á það einkum við í ljósi þess að talið er að jafn réttur til fæðingarorlofs sé einn af lykilþáttum þess að dregið verði úr kynbundnum launamun sem því miður er enn til staðar í nokkrum mæli á okkar vinnumarkaði.

Þegar á heildina er litið verður ekki annað séð en að lögin hafi skilað nokkrum árangri í samræmi við markmiðin og að almenn sátt ríki um efni laganna innan samfélagsins. Þegar horft var til reynslunnar af framkvæmd laganna þótti ekki fært að leggja til grundvallarbreytingar á kerfinu sjálfu, enda markmið þess skýr. Ótímabært þótti að leggja til breytingu á fyrirkomulagi laganna er varðar skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra þar sem treysta þarf betur í sessi það viðhorf að það þyki ekki tiltökumál að feður taki sér fæðingarorlof.

Vert er að hafa í huga, hæstv. forseti, að það eru aðeins þrjú ár liðin frá því að einungis 30% karla tóku sér fæðingarorlof. Eftir gildistöku laganna árið 2001 hefur þetta hlutfall

farið í rúm 80%, enda þótt misjafnt sé í hve langan tíma feður eru í fæðingarorlofi. Kerfið hefur þó reynst kostnaðarsamt og sýna fjárhagsáætlanir Fæðingarorlofssjóðs að sjóðurinn muni ekki standa undir skuldbindingum sínum að óbreyttu. Megintilgangur þessa frv. er að renna styrkari stoðum undir fæðingarorlofskerfið, treysta stöðu þess og koma böndum á greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Með frv. þessu eru lagðar til breytingar á lögunum sem miða annars vegar að því að draga úr útstreymi úr Fæðingarorlofssjóði og hins vegar að því að auka tekjur hans.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með ákveðnum hluta almenns tryggingagjalds. Þegar sjóðnum var komið á fór fram tilfærsla milli atvinnutryggingagjaldsins og almenna hluta tryggingagjaldsins þannig að 0,85% af gjaldstofni runnu til Fæðingarorlofssjóðs í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs áður. Sú tilfærsla hefur ekki haft áhrif á getu Atvinnuleysistryggingasjóðs til að greiða atvinnuleysisbætur á þeim tíma er liðið hefur frá gildistöku laganna.

Í þeim tilgangi að auka tekjur Fæðingarorlofssjóðs eru lagðar til breytingar á lögum um tryggingagjald er fela m.a. í sér enn frekari tilfærslu milli atvinnutryggingagjaldsins og almenna gjaldsins frá því sem gert var með lögum ársins 2000. Gert er ráð fyrir að almenni hlutinn verði hækkaður úr 4,84% í 4,99% af gjaldstofni tryggingagjaldsins. Samhliða þeirri hækkun er gert ráð fyrir að atvinnutryggingagjald verði lækkað úr 0,80% í 0,65%, af sama gjaldstofni. Síðarnefnda breytingin mun hafa áhrif á tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs enda rennur atvinnutryggingagjaldið óskert í fjármögnun hans. Tekjuskerðingin er áætlað að verði um 750 millj. kr. á ársgrundvelli. Engu að síður, hæstv. forseti, er gert ráð fyrir að geta sjóðsins til að greiða atvinnuleysisbætur skerðist ekki miðað við það atvinnuástand sem opinberar spár gera ráð fyrir á komandi árum. Jafnframt er gert ráð fyrir að eigið fé sjóðsins verði áfram á bilinu 7–8 milljarðar kr.

Enn fremur er gert ráð fyrir tilfærslu á fjárhagsramma Vinnueftirlits ríkisins innan fjárlaga. Fjárhagsrammi stofnunarinnar verði ákveðinn í fjárlögum en stofnunin hafi ekki markaðan tekjustofn tengdan gjaldstofni tryggingargjaldsins eins og verið hefur. Það skal tekið fram að framangreind breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur Vinnueftirlitsins enda einungis áætlað að rekstur stofnunarinnar verði framvegis greiddur úr ríkissjóði óháð tekjustofni tryggingagjalds.

Hlutur Vinnueftirlitsins, samkvæmt lögum um tryggingagjald, hefur ekki verið fullnýttur fyrir stofnunina undanfarin ár. Hann hefur verið ákveðinn með reglugerð 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds. Sá hluti sem hefur ekki verið nýttur hefur runnið til Tryggingastofnunar ríkisins. Er enn fremur gert ráð fyrir að sá hluti verði greiddur úr ríkissjóði svo að Tryggingastofnun verði heldur ekki fyrir tekjutapi vegna þessarar breytingar. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs munu í kjölfarið aukast um 400 millj. kr. á ári.

Til að framangreindar breytingar á skiptingu tryggingagjalds skili sér til Fæðingarorlofssjóðs er jafnframt lagt til að ráðstöfun almenna tryggingargjaldsins til sjóðsins verði breytt þannig að 1,08% af gjaldstofni tryggingagjaldsins renni til hans í stað 0,85% sem nú er. Sú breyting svarar til hækkunar á almenna tryggingargjaldinu og tilfærslu á fjárhagsramma Vinnueftirlits ríkisins innan fjárlaga.

Hæstv. forseti. Ein helsta breytingin sem lögð er til með frv. þessu á sjálfu fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið. Markmið þeirra breytinga er að koma á auknu jafnvægi milli inn- og útgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs. Með því er verið að undirstrika tilgang kerfisins, þ.e. að gera foreldrum kleift að leggja niður störf til að annast börn sín án þess að fjárhagsleg hagnaðarsjónarmið liggi þar að baki. Aukin áhersla er lögð á að sjóðnum sé einungis ætlað að bæta hluta þeirra tekna sem foreldri raunverulega hafði á viðmiðunartímabilinu samkvæmt upplýsingum skattyfirvalda.

Svo unnt sé að samkeyra kerfin, þegar áætlun skattyfirvalda liggur fyrir að því er varðar tekjuárin sem viðmiðunartímabilið miðast við, er talið mikilvægt að Fæðingarorlofssjóður miði við sama tímabil og skattyfirvöld gera. Í ljósi þess að teikn eru á lofti um að foreldrar hafi kappkostað með ýmsum hætti að sýna tekjur sínar sem hæstar á viðmiðunartímabilinu er lagt til að tímabilið verði lengt um 12 mánuði frá því sem nú er. Með lengingunni er talið að meðaltal heildarlauna foreldra endurspegli betur rauntekjur þeirra, enda fylgir því meiri fyrirhöfn að leiðrétta tekjur svo langt aftur í tímann. Er því lagt til að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimilið við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Með samkeyrslu við endanlega álagningu skattyfirvalda fyrir umrætt tekjuár er síðan gert ráð fyrir greiðslu til foreldra í fæðingarorlofi verði leiðréttar til hækkunar eða lækkunar eftir atvikum. Þannig verði foreldrum gert að endurgreiða sjóðnum þær fjárhæðir sem hafa verið ofgreiddar. Að sama skapi er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins greiði vangreiddar fjárhæðir til foreldra ásamt vöxtum. Hafi verið um ofgreiðslu að ræða er jafnframt gert ráð fyrir að stofnunin geti leitað aðstoðar innheimtumanns ríkissjóðs við innheimtu þess fjár sem ofgreitt var með skuldajöfnun innan skattkerfisins.

Til að öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði er áfram gert ráð fyrir að foreldri uppfylli ætíð skilyrði um sex mánaða samfellt starf fyrir áætlaðan fæðingardag eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Hæstv. forseti. Að því er varðar viðmiðunartímabilið er leitast við að koma til móts við þá sem hafa verið tiltölulega skamman tíma á innlendum vinnumarkaði á sama hátt og áður. Hafi foreldri ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu er gert ráð fyrir að miðað verði við meðaltöl heildarlauna þess það tímabil sem foreldri hefur sannanlega unnið á innlendum vinnumarkaði, þó aldrei skemur en fjóra almanaksmánuði. Hafi foreldri hins vegar ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabilinu en uppfyllir skilyrði um ávinnslutímann er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi eigi rétt á lágmarksgreiðslum úr sjóðnum í samræmi við starfshlutfall sitt. Sama gildir hafi foreldri haft lægri tekjur á viðmiðunartímabilinu en því nemur.

Hæstv. forseti. Að vel athuguðu máli þótti ekki hjá því komist að setja hámark á mánaðarlegar greiðslur Fæðingarorlofssjóðs til foreldra í fæðingarorlofi. Við ákvörðun fjárhæðar hámarksgreiðslu úr sjóðnum var horft til þess að hámark á útgreiðslu sjóðsins gæti verið til þess fallið að ganga gegn markmiðum laganna væri það ákveðið mjög lágt miðað við tekjur foreldra á innlendum vinnumarkaði. Miðað var við að röskun á tekjum allflestra heimila yrði áfram sem minnst þegar foreldrar legðu niður störf í fæðingarorlofi. Þá er jafnframt horft til þeirrar staðreyndar að karlar hafa enn að jafnaði hærri laun en konur og því væru meiri líkur á að lægra viðmið drægi frekar úr áhuga karla til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs. Það gæti aftur hægt á breytingum í átt

að auknu jafnrétti á vinnumarkaði á sama tíma og það kæmi í veg fyrir að börn nytu samvista bæði við móður og föður á fyrstu mánuðum ævi sinnar. Gæti þannig tveimur af meginmarkmiðum laganna verið stefnt í tvísýnu yrði hámarkið ákveðið of lágt.

Með frv. þessu er lagt til að hámarkið miðist við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 600 þús. kr. þannig að foreldrar með lægri mánaðartekjur njóti áfram greiðslna sem nemi 80% að meðaltali heildarlauna á tilteknu viðmiðunartímabili. Ef tekið er mið af tölulegum upplýsingum fæðingarorlofssjóðs fyrir árið 2003 höfðu 195 foreldrar hærri mánaðartekjur en 600 þús. kr. á árinu, þar af 178 karlar og 17 konur.

Með frv. þessu er enn fremur lagt til að gerðar verði ýmsar minni háttar breytingar á einstökum ákvæðum laganna um fæðingar- og foreldraorlof sem ætlað er að tryggja að framkvæmd laganna gangi betur og styrki það verklag sem hefur þróast. Auk þessa er lagt til að undanþáguheimild 7. mgr. 8. gr. laganna, sem fjallar um það ef annað foreldri andast áður en barn nær 18 mánaða aldri, taki einnig til tilvika þegar hið látna foreldri hefur átt rétt á fæðingarstyrk samkvæmt lögunum. Þannig er gert ráð fyrir að þessi undanþága eigi við hvort sem foreldrar eiga rétt á fæðingarorlofi eða greiðslu fæðingarstyrks. Við tilfærslu réttinda hins látna foreldris er enn fremur gert ráð fyrir að þau verði að þeim réttindum er eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér. Allar lúta þessar breytingar, hæstv. forseti, að auknum réttindum eftirlifandi foreldris.

Þá ber að taka fram að með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar um fæðingar- og foreldraorlof frá júlí 2003 og fjárhagslegri stöðu Fæðingarorlofssjóðs þótti ekki tilefni til breytinga að því er varðar greiðslu orlofslauna.

Hæstv. forseti. Áætlað er að framangreindar breytingar muni tryggja afkomu Fæðingarorlofssjóðs miðað við núverandi útgjöld. Er það einlæg von mín að sátt megi takast um þær breytingar sem hér eru lagðar til svo nýbakaðir foreldrar fái áfram notið þessa framsækna kerfis til að annast börn sín á fyrstu mánuðum samleiðar þeirra.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[21:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í greinargerð frv. er megintilgangur þess að treysta stöðu Fæðingarorlofssjóðs og koma böndum á útgreiðslur. Það á bæði að gera með því að lækka þakið á fæðingarorlofsgreiðslum, sem samkvæmt því sem fram kemur í frv. skilar litlu, og með því að flytja úr einum vasa í annan, þ.e. að taka úr Atvinnuleysistryggingasjóði stærstu upphæðina, 750 millj. kr., og setja í Fæðingarorlofssjóð. Það hlýtur að koma til vandlegrar skoðunar í félmn. að fara þá leið. Eins á að taka úr ríkissjóði 400 millj. og þakið, ásamt lagfæringum til að koma í veg fyrir að kerfið sé misnotað eins og það er einhvers staðar orðað, á að gefa 150 millj. kr.

Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að kostnaðaráætlanir hafi ekki staðist þótt sérkennilegt sé að komast þannig að orði. En það sýnir okkur að markmið frv. og tilgangur laganna á sínum tíma hefur náðst. Það er mikið gleðiefni hve margir karlmenn taka orðið fæðingarorlof. Eftir að lögin komust að fullu til framkvæmda, þ.e. á árinu 2003, fengu 4.432 karlar greitt úr Fæðingarorlofssjóði og 5.149 konur. Það er ánægjuefni en það er greinilegt að þeir sem sömdu frv. á sínum tíma hafa ekki reiknað með því að karlmenn mundu taka fæðingarorlof í svo miklum mæli sem raun ber vitni.

Það er mikilvægt, þegar reynt er að finna leiðir til að koma böndum á útgreiðslur eins og hér er sagt, að það sé gert með þeim hætti að ekki sé um að ræða afturhvarf til fortíðar eða aðgerðir sem leiði aftur til mismununar milli kynja á vinnumarkaði. Það er auðvitað hin hliðin á þessu máli sem við verðum að skoða vel í félmn.

Ég heyrði það a.m.k. ekki í máli ráðherra og ég hef ekki séð það í frv. að færð séu nein sérstök rök fyrir því að það eigi að miða við 600 þús. kr. tekjur og 480 þús. kr. á mánuði í fæðingarorlofsgreiðslur. Því væri kannski ágætt við þessa umræðu að fá frekari rökstuðning fyrir því af hverju miðað er við 600 þúsund, af hverju ekki 700 þúsund eða 500 þúsund. Af hverju er staðnæmst endilega við þessa tölu, 600 þús. kr.?

Ég skal taka undir það að út af fyrir sig eru mjög ákveðin og sterk rök fyrir því að setja þak á fæðingarorlofsgreiðslurnar. En mér finnst orka mjög tvímælis að taka 750 þúsund úr Atvinnuleysistryggingasjóði í því skyni. Ég spyr af því að ég hef ekki séð það í frv.: Hefur ráðherrann lagt fram einhverja útreikninga sem sýna það fram í tímann að Atvinnuleysistryggingasjóður þoli það að teknir séu svona miklir fjármunir úr honum? Við höfum verið að sigla inn í vaxandi atvinnuleysi. Þess vegna orkar það mjög tvímælis að fara þessa leið.

Það orkar líka tvímælis að taka svona mikla peninga úr Atvinnuleysistryggingasjóðnum og greiða háar fæðingarorlofsgreiðslur þegar hæstu greiðslur sem greiddar eru úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru um 90 þús. kr. Núna nýlega urðu þær um 90 þús. kr. en voru lengst af á undanförnum missirum miklu lægri.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra því ráðherrann kom nokkuð inn á það í sínu máli: Er ekki ástæða til þess að skoða það og hafa af því áhyggjur að þessi breyting gæti þýtt það að þetta mundi skekkja nokkuð málið milli kynja við ráðningu í stjórnunarstöður? Af því hafa ýmsir áhyggjur og telja það hina hliðina á þessum peningi sem eigi að skoða um leið og menn vega og meta það að setja þak á fæðingarorlofsgreiðslurnar. Menn telja, og hæstv. ráðherra kom inn á það, að hálaunamenn muni síður fara í fæðingarorlof eftir þessa breytingu. 600 þús. kr. eru nú nokkuð háar tekjur. Ég verð nú að segja það. Það eru nokkuð háar tekjur og ættu þeir sem fara í fæðingarorlof og fá miklu meiri greiðslur en það raunverulega að hafa efni á því að fara í þriggja mánaða fæðingarorlof með slíkar tekjur þó að það dragi eitthvað tímabundið úr tekjum þeirra. Aftur á móti er litið á það að þrátt fyrir að konur séu með hærri tekjur en þessar 600 þúsund þá muni þær fara í fæðingarorlof en karlar síður og því muni atvinnurekendur síður ráða þær til stjórnunarstarfa. Markmið laganna var jú að þær stæðu jafnfætis þeim með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á fæðingarorlofslögunum árið 2001. Þetta er eitthvað sem við þurfum að meta í félmn. líka samhliða því að við skoðum þetta þak. Vil ég ítreka að ég tel full rök fyrir því að setja þak á fæðingarorlofsgreiðslur en horfi á þennan þáttinn líka vegna þess að við megum ekkert gera sem verður afturhvarf til þess að það verði ekki jafnræði milli kvenna og karla á vinnumarkaðnum vegna fæðingarorlofstöku og barneigna.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um það sem ég hef nokkrar áhyggjur af, þ.e. atvinnulausa, sérstaklega vegna þess að hér hefur verið þó nokkurt langtímaatvinnuleysi og

fólk sem er atvinnulaust á viðmiðunartímanum getur lækkað verulega í tekjum í fæðingarorlofi ef það hefur verið atvinnulaust lengi miðað við þær tekjur sem það hefur á vinnumarkaðnum. Ég held að þetta sé einn þeirra þátta sem við þurfum að skoða í félmn., þ.e. hvort ekki sé ástæða til þess að gera eitthvað í því máli. Á síðustu dögum hafa verið lögð fyrir mig allmörg dæmi um fólk sem verið hefur á vinnumarkaðnum en hefur nú á síðustu mánuðum ekki fengið vinnu þrátt fyrir ítrekaða leit og hefur því verið á atvinnuleysisbótum. Það sér fram á að ef það fer í barneignarfrí þá hafi það ekki nema kannski sem samsvarar 40–50% af þeim launum sem það hafði áður en það fór út af vinnumarkaðnum vegna atvinnuleysis. Til þessa held ég að við þurfum svolítið að horfa.

Ég velti líka fyrir mér, herra forseti, 33. gr. gildandi laga. Þar er talað um ósamrýmanleg réttindi, þ.e. að foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna sama barns eða sömu fæðingar og sama gildir um greiðslu sjúkradagpeninga og lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Ég velti fyrir mér hvaða áhrif fæðingarorlofsgreiðslur hafa á lífeyrisgreiðslur, umönnunargreiðslur og sjúkradagpeninga. Það hefur verið kvartað yfir því í mín eyru að þetta skerði umönnunargreiðslur sem eru alls óskyldar greiðslur vegna fötlunar barna, greiðslur sem foreldrar fá vegna sérstakrar umönnunar langveikra barna o.s.frv. Síðan finnst mér mjög sérstakt ef fæðingarorlofsgreiðslur skerða líka lífeyrisgreiðslur til öryrkja eða að sjúkradagpeningar og fæðingarorlof fari ekki saman. Ég vil spyrja hvort þetta hafi eitthvað verið skoðað í umfjöllun nefndarinnar sem samdi frv. og hver reynslan raunverulega sé af þessum ákvæðum í 33. gr. Mér finnst full ástæða til þess að nefndin skoði líka hvort komið hafi fram nokkrir alvarlegir annmarkar á 33. gr. varðandi skerðingu á lífeyrisgreiðslum og umönnunargreiðslum þegar hún fær þetta mál til umfjöllunar.

Einnig vil ég spyrja um það sem er, að ég held, nýtt í frv.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.“

Þetta er eitthvað nýtt sem er þarna að koma inn. Um hvaða sektargreiðslur eru menn þarna að ræða? Hvernig eru menn að hugsa um að taka á þessu? Er svona ákvæði t.d. í almannatryggingalögunum og er ástæða til þess að hafa þetta með þeim hætti hérna inni? Ég vildi heyra hvaða hugmyndir eru hér að baki.

Síðan vildi ég spyrja um það mál sem við hæstv. ráðherra höfum nokkuð tekist á um hér í þingsölum, þ.e. orlofsgreiðslur eða orlofslaun eftir að fólk hefur tekið fæðingarorlof. Ég minni á það í því sambandi að eftir að núv. félmrh. tók við starfi sínu þá fjölluðum við um þetta mál sl. sumar í efh.- og viðskn. Niðurstaðan varð sú að félmn. skrifaði hæstv. félmrh. Árna Magnússyni bréf þar sem óskað var eftir því að við heildarendurskoðun þá sem fyrirhuguð var á lögum um fæðingar- og foreldraorlof yrði m.a. litið til þess álitaefnis hvort rétt væri að tryggja öllum rétt til orlofslauna vegna áunnins orlofs í fæðingarorlofi. Nefndin vænti þess að heildarúttekt lægi fyrir sem fyrst þannig að unnt yrði að leggja fram frv. til breytinga. Við fulltrúar Samf. í nefndinni lögðum áherslu á að niðurstaða fengist áður en þing kæmi saman á sl. hausti.

Nú er ekkert vikið að því í frv. hvort nefndin hafi yfirleitt skoðað þetta mál. Mér heyrðist hæstv. ráðherrann í framhjáhlaupi undir lok ræðunnar eyða tveim, þremur orðum í þetta, alla vega var það ekki mikið og fór fram hjá mér hvað þarna var á ferðinni hjá hæstv. ráðherra. Alla vega virðist nefndin ekki mikið hafa skoðað þetta mál. Það er ástæða til þess að rifja málið upp nú, ekki síst þegar það er komið fyrir dómstólana. Nú fyrir skömmu stefndi ASÍ Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að fólk á almennum vinnumarkaði fær ekki greitt orlof eftir að hafa verið í fæðingarorlofi. Það var 24. febrúar á þessu ári sem stefnan kom fram.

Ég vil rifja upp að í svari sem ég fékk frá fyrrv. félmrh. var afar skýrt og afdráttarlaust kveðið á um að ekki væri hægt að undanskilja ávinnslu á rétti til greiðslna í orlofi sem foreldrar áunnu sér í fæðingarorlofi frá öðrum starfstengdum réttindum og að það væri bæði byggt á ákvæðum laga um þetta efni í orlofslögum og lögum um fæðingarorlof. Svarið sem ég fékk var mjög ítarlegt og skýrt, væntanlega unnið af lögfræðingum ráðuneytisins. Það var mjög vandað til þess verks. Ég er því afar hissa á að ekkert skuli sagt um þetta í þessu frv. og því einnig að ef hæstv. ráðherra telur einhverja óvissu í þessu efni, sem fyrrv. ráðherra taldi ekki, hvers vegna í ósköpunum hann setji þetta þá ekki inn í frv. frekar en að bíða eftir því að fá dóm yfir sig í þessu máli.

Ég hef lesið þau rök sem Alþýðusambandið hefur sett fram í stefnu sinni. Þau rök eru mjög ítarleg og í hæsta máta skotheld að mínu viti. Þeir fara fram á það í dómkröfum sínum að það verði viðurkennt með dómi að Tryggingastofnun ríkisins, vegna Fæðingarorlofssjóðs, beri að greiða foreldrum sem aðild eiga að aðildarfélögum Alþýðusambandsins orlofslaun. Þar er þetta mjög mikið rökstutt. Þeir segja að meginástæða stefnanda sé sú að fyrrgreindur úrskurður — þ.e. úrskurðarnefndar um fæðingarorlof sem úrskurðaði í þessu efni að ekki ætti að greiða orlof eftir fæðingarorlof, sem var þvert ofan á úrskurð ráðuneytisins — að meginástæða stefnanda nú sé sú að fyrrgreindur úrskurður úrskurðarnefndar og framkvæmd Tryggingastofnunar sé í andstöðu við 13. og 14. gr. laga nr. 95/2000, í andstöðu við orlofslög nr. 30/1987 og í andstöðu við 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104.

Í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 segir að mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skuli nema 80% af meðaltali heildarlauna miðað við 12 mánaða samfellt tímabil og að til launa teljist hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Samhljóða ákvæði er í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 909/2000 um að samkvæmt 7. gr. laga um tryggingagjald teljist til gjaldsstofns skv. 6. gr. laganna m.a. hvers konar laun og þóknanir, þar með talið orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof. Þetta segir beinlínis í lögum um tryggingagjald.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof greiðir Fæðingarorlofssjóður það mótframlag til lífeyrissjóðs sem atvinnurekanda ber ekki að greiða og skv. 2. mgr. 14. gr. reiknast fæðingarorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Hér kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„Með lögum um orlof var staðfest sú meginregla að órjúfanlegt samband er á milli orlofs frá störfum og greiðslu.“

Síðar í stefnunni segir, með leyfi forseta:

„Frítökuréttur án greiðslu er þannig ekki orlofsréttur eða orlofstökuréttur í skilningi orlofslaga."

Rökin eru því mjög sterk. Ég hef þó ekki tíma til þess að fara yfir alla stefnuna, herra forseti, sem væntanlega mun koma fyrir félmn. þegar við fjöllum um þetta mál. Með fæðingarorlofslögunum var verið að jafna réttindi fólks, m.a. á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera. Því er það óþolandi að fólk á opinbera markaðnum, sem vinnur hjá hinu opinbera, fái sitt orlof að loknu fæðingarorlofi en ekki þeir sem vinna hjá hinu opinbera og eru starfsmenn t.d. ASÍ og alls ekki þá þeir sem eru á almenna vinnumarkaðnum.

Þetta þýðir í reynd ósköp einfaldlega, herra forseti, að verið er að skerða fæðingarorlof þeirra sem ekki fá orlofið um 2–3 vikur. Það fólk hefur í raun og sanni 2–3 vikum styttra fæðingarorlof því ég þekki mörg dæmi um að fólk hafi ekki tekið orlof sitt eftir fæðingarorlof því það hefur átt að fá það launalaust. Þarna er verið að mismuna fólki mikið á vinnumarkaðinum eftir því hvort það starfar hjá hinu opinbera eða á almenna vinnumarkaðinum. Það var reiknað út á sínum tíma eftir að svar fyrrv. félmrh. lá fyrir að um 10 þúsund manns gætu átt inni orlofsfé sem þá var a.m.k. 500 millj. kr. og er örugglega orðið eitthvað meira núna vegna þess að við vorum að fjalla um þetta mál fyrir tæplega ári. En hæstv. ráðherra virðist greinilega frekar vilja fá á sig dóm í málinu en gera nokkuð í þessu sem hann hefði getað gert miðað við reglugerðarbreytinguna. Hann fékk að vísu úrskurð úrskurðarnefndar sem er óskiljanlegur að mínu viti en hann hefði a.m.k. getað komið með lagabreytingu sem tryggði að jafnræðis væri gætt milli þeirra sem eru á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera. Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra fjalli aðeins meira um þessa hlið málsins sem er mjög mikilvæg að mínu viti og getur leitt til þess að karlmenn sem missa laun í orlofi eftir að hafa tekið fæðingarorlof fari síður í fæðingarorlof, ekkert síður en það sem menn hafa áhyggjur af varðandi þakið, að karlmenn sem eru á háum launum fari ekki í fæðingarorlof.

Ég spyr þess vegna um afstöðu hæstv. ráðherra til þess og vona að hann svari því áður en umræðunni lýkur.

[22:17]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir innlegg hennar í umræðuna. Spurt er: Af hverju 600 þús. kr. þak? Af hverju ekki 500 þús. kr. eða 700 þús. kr.? Það skal viðurkennt, hæstv. forseti, að fyrir þessu liggja ekki vísindalegar ástæður heldur fyrst og síðast að það var mat þeirra sem að breytingunum unnu að rétt væri í fyrsta lagi að setja þak á greiðslurnar og í öðru lagi að þak á þessu bili ætti að tryggja í fyrsta lagi aukna samstöðu um kerfið sem er til umræðu og í öðru lagi að það hefði ekki áhrif á það markmið laganna að það yki líkur á jafnrétti á vinnumarkaði okkar.

Nú hafa farið fram útreikningar um að Atvinnuleysistryggingasjóður þoli 750 millj. kr. millifærslu sem fjallað er um í lagafrv. Já, hæstv. forseti, það hefur verið gert og þá útreikninga er að sjálfsögðu hægt að leggja fram gagnvart félmn. í umfjöllun hennar um málið en talið er að sjóðurinn þoli þetta. Komi hins vegar í ljós að forsendur sem gefnar eru, svo sem varðandi atvinnuleysi, standist ekki til framtíðar þarf að bregðast við því sérstaklega.

Hv. þm. spyr: Hvað með atvinnulausa? Þær breytingar sem hér eru lagðar til breyta engu varðandi hagi atvinnulausra í kerfinu. Það er hins vegar ein meginforsenda kerfisins að bæta fólki þær meðaltekjur sem það hefur haft á viðmiðunartímabilinu og þarna er ekki um neina breytingu á því að ræða. Það er fjallað um sektir í lagafrv. sem verða ákveðnar af dómstólum eins og gerist um aðrar sektargreiðslur en það er ein meginforsenda þeirra breytinga sem hér eru að auka og herða viðurlög og auka eftirlit með því að rétt sé farið fram af hálfu foreldra við töku fæðingarorlofslauna.

Tími minn leyfir ekki frekari andsvör að þessu sinni, hæstv. forseti, en ég lýk þeim á eftir.

[22:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru ekki vísindalegar ástæður á bak við töluna, 600 þús. kr. Við skoðum þetta í nefndinni en það liggur fyrir hvað það eru margir sem hefðu fengið minni greiðslur ef þetta hefði verið í gildi á sl. ári eins og ráðherrann nefndi. Þetta hefði bitnað á 195 manns, 178 körlum og 17 konum. Það gæti bent til þess að færri karlar fari í fæðingarorlof þegar komið er að skerðingunni yfir þessu þaki. Þetta verðum við að skoða vegna þess að hin rökin, að setja þak á þetta, eru alveg eins sterk, sérstaklega að við séum ekki að borga úr því sem kemur frá Atvinnuleysistryggingasjóði einhverjum sem er með 1,5–2 millj. kr. í mánaðartekjur meðan við greiðum ekki meira en 90 þús. kr. á mánuði úr Atvinnuleysistryggingasjóði til atvinnulausra.

Ég vil að öðru leyti þakka ráðherra fyrir svörin. Það er tvennt sem hæstv. ráðherra kom ekki inn á væntanlega tímans vegna, hver reynslan væri af 33. gr. varðandi það sem kallað er ósamrýmanleg réttindi, þ.e. þær skerðingar sem geta orðið á umönnunargreiðslum og örorkulífeyri svo dæmi sé tekið og ekki síst kom ráðherrann ekki inn á það sem hann væntanlega gerir í síðara svari sínu, þá mismunun sem er á greiðslu orlofs eftir að fæðingarorlofi lýkur á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera sem er algerlega óþolandi, herra forseti, og verður að leiðrétta með dómi eða að Alþingi sjálft manni sig upp í að leiðrétta það.

[22:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar umræddа 33. gr. laga á hún við um greiðslur úr sjóðnum sjálfum og sé öryrki þátttakandi á vinnumarkaði gilda um hann sömu reglur og aðra á vinnumarkaði, enda fær hann þá 80% af tekjum sínum. Sé hann hins vegar utan vinnumarkaðar fara greiðslur fæðingarstyrks saman við örorkulífeyrinn og tryggja honum þar með greiðslu fæðingarstyrksins eins og um aðra væri að ræða.

Varðandi orlofið, hæstv. forseti, komst úrskurðarnefnd um fæðingar- og foreldraorlof að þeirri niðurstöðu í júlí sl. að okkur bæri ekki að greiða orlofslaun í fæðingarorlofi. Það er rétt sem hv. þm. hefur bent á að félmrn. hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að sjóðnum bæri að greiða foreldrum orlofslaun.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er endanleg ákvörðun á þessu sviði innan stjórnsýslunnar og ráðuneytið mun, eins og ég hef áður lýst, hlíta þeirri niðurstöðu.

Að því er varðar endurskoðun laganna varð niðurstaðan að taka ákvæði 14. gr. laganna ekki upp að þessu sinni. Það sjónarmið þótti vega þyngra að finna leiðir til að viðhalda sjóðnum og því kerfi sem við höfum byggt upp sem næst núverandi mynd áður en farið væri að tryggja foreldrum enn frekari réttindi en ástæða þætti til.

Það er rétt eins og fram hefur komið í máli hv. þm. að Alþýðusamband Íslands hefur stefnt Tryggingastofnun vegna Fæðingarorlofssjóðs um að viðurkennt verði með dómi að stofnuninni beri að greiða foreldrum orlofslaun vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum. Málið fer nú sína hefðbundnu leið, hæstv. forseti, innan dómskerfisins en það er ljóst að stjórnvöld verða að hlíta þeirri niðurstöðu er dómstólar komast að á sama hátt og aðrir að sjálfsögðu.

Ég tel, hæstv. forseti, að ég hafi svarað spurningum hv. þm. við þessa umræðu og vona að hv. þm. sé mér sammála.

[22:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði margt og mikið um skerðingu á hámarkinu. Ég hélt að hún væri eiginlega á móti skerðingunni þegar leið á ræðuna en svo allt í einu sagði hún að það væri eðlilegt að taka til skoðunar að setja hámark. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Vill hv. þm. hafa hámark á greiðslunum eða ekki?

Rætt hefur verið um fjárhagsvandræði sjóðsins og talaði hv. þm. um að bæta orlofi ofan á sem yrði um 10–11%, bæta sem sagt 500 millj. kr. við hallann. Er það rétt í stöðunni eins og hún er núna?

[22:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get spurt hv. þm. á móti hvort hann telji rétt og eðlilegt að eftir fæðingarorlofstöku sé þeim sem vinna hjá hinu opinbera greitt orlof en ekki þeim sem vinna á almennum vinnumarkaði. Þeir sem vinna á opinbera vinnumarkaðnum eru því að greiða fyrir orlofsgreiðslur annarra með sköttum sínum en fá þær ekki sjálfir. Mér finnst þetta mikið óréttlæti sem menn eiga að setjast yfir og leiðrétta vegna þess að þetta er mismunun og það var ekki meiningin með setningu laganna að mismuna fólki eftir því hvort það ynni á almenna vinnumarkaðnum eða hjá hinu opinbera. Það er meira að segja svo langt gengið að þeir sem vinna hjá hinu opinbera en eru félagar í ASÍ fá ekki orlofsgreiðslurnar eftir að hafa verið í fæðingarorlofi. Mér finnst því að menn verði að leiðrétta þetta þannig að hér sé um jafnræði að ræða milli aðila, enda er ASÍ eins og hefur komið fram búið að stefna Tryggingastofnun ríkisins fyrir þessa mismunun.

Varðandi að setja þak eða ekki þak var ég að vega og meta, eins og maður gerir gjarnan í 1. umr. um mál áður en það fer til meðferðar í nefnd, bæði kosti þess og galla og hvaða áhrif það gæti haft varðandi jafnrétti kynjanna til töku fæðingarorlofs. Ég velti upp þeirri hlið að það gæti haft þau áhrif að hálaunamenn færu síður í fæðingarorlof en hálaunakonur þó þær væru með tekjur þar yfir sem gæti leitt til þess að þær hefðu minni möguleika á að fara í hátt launaðar stjórnunarstöður. Þetta eru ein áhrifin sem menn verða að meta. Mér finnst rökin fyrir því að setja á þak sterkari, en okkur ber að skoða bæði atriðin í félmn.

[22:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þm. vissi að vinnumarkaðurinn á Íslandi er tvískiptur ef ekki þrískiptur. Opinberir starfsmenn hafa alltaf notið allt annarra kjara en aðrir. Áður en þessi lög voru sett voru þeir með miklu betri kjör en aðrir. Þessi lagasetning lagaði mismuninn sem var á milli. Ég vil benda hv. þm. á ef hann skyldi ekki vita það að opinberir starfsmenn eru með allt önnur og miklu betri lífeyrisréttindi en starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Ríkissjóður borgar gífurlegar fjárhæðir á hverju einasta ári til að bæta lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna sem er ekki gert við almenna vinnumarkaðinn.

Að benda á að það sé einhver mismunun þar sem opinberir starfsmenn hafa samið um betri orlofsrétt og orlof ofan á fæðingarorlof segir ekki neitt. Menn geta að sjálfsögðu lækkað fæðingarorlofið um 10% og sett svo ofan á það 10% aftur í orlof, orlof ofan á orlof ef menn vilja endilega hafa það. En kerfið var ekki byggt þannig upp.

Ég skil það sem hv. þm. sagði um rök með og móti hámarkinu en eftir því sem mér skilst er hv. þm. kominn að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að skerða og setja hámark.

[22:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur dregið hvaða ályktanir sem honum sýnist af því sem ég hef sagt. Það skiptir mig litlu. Ég er bara að gera eins og við eigum að gera, vega og meta kosti og galla breytinganna sem verið er að setja fram á lögum. Síðan tek ég endanlega afstöðu eftir að við höfum farið yfir málið, ég, hv. þm. og fleiri þingmenn í hv. félmn. Ég sagði að rökin væru mjög sterk fyrir að setja þak á, að það væri ekki verið að greiða úr Atvinnuleysistryggingasjóði, því þetta eru peningar sem koma þaðan, hálaunafólki 1,5–2 millj. kr. á meðan við greiðum fólki á atvinnuleysisbótum ekki nema 90 þús. úr sjóðnum.

Menn hafa viljað setjast yfir og reyna að leitast við að jafna kjörin á hinum almenna vinnumarkaði og opinbera markaði. ASÍ hefur t.d. sett fram þá kröfu. Þess vegna erum við að stíga skref til baka í því efni með þessu vegna þess að menn stóðu í þeirri meiningu að verið væri að jafna fæðingarorlofið milli þeirra sem vinna hjá hinu opinbera og þeirra sem vinna á almenna markaðnum, þá vilja menn ekki vera að stíga skref til baka eins og nú hefur komið í ljós þegar fæðingarorlofið komst til framkvæmda að bara annar helmingurinn af vinnumarkaðnum fær orlof eftir fæðingarorlof en hinn ekki. Það er ekki leið sem ég vil fara. Þess vegna berst ég mjög hart fyrir því ásamt fleiri þingmönnum sem hafa af þessu virkilegar áhyggjur. Liggur meira að segja fyrir frv. um það efni í þinginu sem við hljótum að taka til skoðunar í félmn. Það verður að færa þetta til þess horfs að leiðrétta mismuninn sem þarna er hjá fólki, vegna þess að í raun og sanni er þetta þannig að meðan skekkjan er í fæðingarorlofskjörunum hafa þeir sem eru á almenna vinnumarkaðnum 2–3 vikum minna í reynd í fæðingarorlof en hinn helmingurinn sem vinnur hjá hinu opinbera og það mun örugglega leiða til þess að karlar taka síður fæðingarorlof en áður.

[22:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þótt málið sem við ræðum hér tengist sannarlega stórum og mikilvægum málaflokki, þ.e. fæðingar og foreldraorlofi og kerfisbreytingu í þeim efnum fyrir þremur árum, þá er kannski ekki efni til að setja á mjög langar ræður um málið við 1. umr. og það á síðkvöldi. Málið er tiltölulega einfalt og snýst um tilteknar aðgerðir til að treysta fjárhagsstöðu þessa kerfis. Útgjöld hafa þar farið nokkuð fram úr því sem menn gerðu ráð fyrir og áætlanir stóðu til. Það er í sjálfu sér mjög ánægjulegt og jákvætt vegna þess að þar er við að glíma vandamál, ef vandamál skyldi kalla, sem stafar af því að menn hafa nýtt sér, í ríkari mæli en reiknað var með, rétt

sinn til töku fæðingarorlofs, einkum og sér í lagi feður. Þeir öðluðust fyrst með tilkomu núgildandi laga það sem hægt er að kalla umtalsverðan sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Áður en núverandi skipan komst á, með níu mánaða fæðingarorlofi þannig úr garði gerðu að hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða og síðan geta þeir samið um ráðstöfun þeirra þriggja mánaða sem þar við bætast, var að vísu kominn vísir að sjálfsæðum rétti feðra, þ.e. tveggja vikna feðraorlof. Það var þó nokkuð skref á sínum tíma frá því ástandi sem áður var. Þess réttar naut m.a. sá sem hér stendur og fann tilfinnanlega fyrir því hve stuttur sá tími var og fljótur að líða. Reyndar voru það ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem fyrstir hreyfðu á Alþingi með tillöguflutningi við því máli að til sögunnar kæmi sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs. Við fluttum um það þáltill. ári áður en frv. kom frá ríkisstjórn sem fól hið sama í sér.

Það er sérstaklega ánægjulegt hversu hratt og vel menn tóku við þessum nýju réttindum og hafa í ríkum mæli nýtt sér þau. Það er ákaflega jákvætt, í þeim skilningi, að þurfa að glíma við þann vanda að tryggja áfram undirstöðu kerfisins, að nægir fjármunir séu til til að standa undir útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs.

Hinn angi málsins, sem tengist þeirri ráðstöfun, að setja þak á hámarksgreiðslur úr sjóðnum, er að því leyti ekki eins ánægjulegt umfjöllunarefni að hann endurspeglar og er fyrst og fremst til marks um þann gríðarlega launamun sem við stöndum frammi fyrir á Íslandi í dag. Sá munur hefur auðvitað farið hraðvaxandi. Það hefði fyrir ekki svo mörgum árum síðan þótt saga til næsta bæjar að laun yfir 600 þús. kr. á mánuði væru það algeng að það skipti vart minnsta máli þótt sneitt væri ofan af fæðingarorlofi til þeirra fáu einstaklinga sem kynnu að lenda í þeirri stöðu að eiga rétt til töku fæðingarorlofs og hafa umtalsvert hærri laun en það. En sá er ekki lengur veruleikinn, sbr. upplýsingar sem hér komu fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra, að tæplega 200 foreldrar nýttu sér rétt til töku fæðingarorlofs á síðasta eða næstsíðasta ári sem höfðu laun hærri en þær 600 þús. kr. sem valið hefur verið að setja mörkin við.

Þegar kemur að heildarútgjöldum sjóðsins vega þær fjárhæðir sem þakið léttir af sjóðnum í raun ekki þungt, þ.e. sá 150 millj. kr. sparnaður sem, hafi ég tekið rétt eftir, á með því að nást fram. Það má segja að jafnvel sé frekar um táknræna og pólitíska aðgerð að ræða en að þetta sé meiri háttar liður í að leysa fjárhagsvanda sjóðsins. Ég held að þá eigi bara að horfast í augu við það og kalla það því nafni. Hér skipta langmestu máli þær aðgerðir sem farið er í til að færa til fjármuni úr tryggingagjaldi yfir til Fæðingarorlofssjóðs. Þar eru stóru tölurnar á ferðinni.

Um efni frv. vil ég segja að ég tel að flest af því sem þar er lagt til sé til bóta og sjálfsagt. Að mínu mati er sjálfgefið að samstilling þessa fyrirkomulags við skattkerfið og samkeyrsla við álagningu skatta sé eðlileg, nái það fram betri stýringu á því að menn fái greiðslur í sem fullkomnustu samræmi við raunveruleg laun. Sömuleiðis tel ég eðlilegt að breyta viðmiðun úr 12 í 24 mánuði. Með lengra viðmiðunartímabili á að draga úr líkum á því að miklar sveiflur í launum eða tilfæringar til að reyna að hækka viðmiðun sína skekki fæðingarorlofsgreiðslurnar.

Varðandi þakið sjálft þá var það mál mikið rætt á sínum tíma eins og menn muna. Í sjálfu sér væri handhægt að fletta einfaldlega upp í þeim umræðum. Ég hygg að flestir þeir sem tjáðu sig um málið á sínum tíma hafi eitthvað komið inn á þá hugmynd. Hún var ítrekað og mikið rædd og virtist njóta verulegs stuðnings. Ef ég man rétt strandaði það fyrst og fremst á andstöðu eins stjórnmálaflokks að ekki var sett einhvers konar þak á greiðslurnar strax í byrjun. Það mun hafa verið Sjálfstæðisflokkurinn, herra forseti, sem ekki var hrifinn af þeirri hugmynd og á jafnvel enn í einhverjum innantökum út af því að það sé upptekið. Ég held að minni mitt svíki mig a.m.k. ekki hvað sjálfan mig varðar, að ég var í hópi þeirra sem töldu koma sterklega til greina, gott ef ég ekki beinlínis lagði það til, að menn færu að þessu leyti bil beggja. Jafnrétt og skylt það er að ná fram þeim markmiðum laganna að hvetja almennt foreldra af báðum kynjum til að nýta sér þennan rétt og huga í leiðinni að réttindum barnsins, að það njóti samvista við báða foreldra sína, þegar þeir eru til staðar í þeim skilningi að þeir geti verið samvistum við barnið, þá ber líka að hafa í huga að það er ekki sjálfgefið að samtryggingarkerfi af þessu tagi elti launamun þjóðfélagsins út í hið óendanlega. Má nú á milli vera hvort þessi hvati sé þar hafður til staðar í þeim skilningi að greiðslurnar taki mið af launum upp vissum mörkum og hinu að menn greiði 80% af hvaða ofurlaunum sem eru.

Til samanburðar má taka það fyrirkomulag sem við höfum varðandi greiðslu atvinnuleysisbóta. Þegar menn í góðum stöðum, með há laun, verða fyrir því óláni að missa skyndilega vinnuna þá er engu slíku til að dreifa. Þá er ekkert mið tekið af þeim tekjum sem menn höfðu áður í fyrirkomulagi okkar. Það er reyndar fátítt því að yfirleitt er að einhverju leyti tekið mið af launum, a.m.k. fyrstu mánuði eftir að menn missa vinnuna, í atvinnuleysistryggingakerfum nálægra þjóða. Það er dálítið mótsagna- og tilviljanakennt hvernig þetta hefur þróast hjá okkur, hæstv. forseti, ef farið væri út í þá sálma.

Ég tel ærin rök fyrir því, bæði út frá þessum sjónarmiðum og fjárhagssjónarmiðum sjóðsins, að setja skorður við þeim upphæðum sem greiddar eru út. Hitt er annað mál að það má velta fyrir sér, á reyndar að velta því rækilega fyrir sér, hvernig þakið er útfært. Það er ekki sjálfgefið að velja þá leið sem hér er farin, að greiða fast hlutfall, 80% af launum, alla leið upp að einum tilteknum viðmiðunarmörkum og síðan hafa þakið flatt eftir það. Að sjálfsögðu má ná fram sömu fjárhagsáhrifum með öðrum aðferðum, t.d. þeim að greiða stiglækkandi hlutfall af launum eftir að farið er upp fyrir tiltekin viðmiðunarmörk og skerðing hefst. Þannig fengist kúrfa með tilteknum boga, en ekki ein hallandi lína og síðan flatt brot í henni þegar viðmiðunarmörkunum er náð. Með því að elta launin með lægri prósentu eitthvað upp á við héldist áfram sú hugsun, í takmörkuðum mæli þó, að menn hefðu eitthvert hlutfall af launatekjum sínum í greiðslur á fæðingarorlofstímanum.

Þetta er upplagt viðfangsefni fyrir reikningsglaða menn í viðkomandi þingnefnd að leggjast yfir. Báðar aðferðirnar hafa kosti og galla, þ.e. sú sem frv. gerir ráð fyrir og sú útfærsla sem ég var að reifa.

Ég er eindreginn talsmaður þess að gripið verði til aðgerða til að styrkja kerfið. Ég tel að þetta sé merkt framfaraskref í almannatrygginga- og velferðarkerfi okkar sem tekið var á sínum tíma. Ég hef jafnvel leyft mér að kalla þetta eitt af því fáa af uppbyggilegum og jákvæðum toga sem í jafnréttis- og velferðarmálum á alllöngu árabili. Langflestar þær breytingar sem við þingmenn höfum haft í höndunum á undanförnum árum, jafnvel 10--12 árum eða svo, hafa verið af hinu taginu, breytingar til skerðinga og heldur þrenginga á því samábyrga

velferðarkerfi sem hér var búið að puða upp á síðustu öld. Það er veruleikinn, því miður, herra forseti. Að langmestu leyti hafa breytingar í þessu kerfi verið heldur í neikvæðari átt, helst með þessari stóru og ánægjulegu undantekningu þar sem sótt var verulega á varðandi bætt réttindi foreldra að þessu leyti. Enda var það vonum seinna, herra forseti. Við Íslendingar ættum ekki að hrósa okkur sérstaklega yfir því. Með því að fara úr þeim sex mánuðum sem áður voru og upp í þessa níu og bæta við þessum þriggja mánaða sjálfstæða rétti feðra, vorum við fyrst og fremst að færast aðeins nær því að standa jafnfætis hinum Norðurlöndunum en við áður gerðum og eigum þó enn nokkuð í land.

Ég vil gjarnan, herra forseti, að það gleymist ekki við þessa umræðu að það er langt því frá að við séum komin á endastöð í þessum efnum. Ég sagði fyrir þremur árum og endurtek það hér, að það hlýtur að vera baráttumál og keppikefli að að lokum komum við þessum réttindum í það sem gerist á hinum Norðurlöndunum, þ.e. að hér verði árs fæðingarorlofsréttur, gjarnan hugsaður á þessum grunni áfram, að verulegur hluti sé sjálfstæður réttur beggja foreldranna og síðan komi réttur sem menn geti skipt á milli sín. Til viðbótar því að lengja þetta samtals upp í eitt ár þarf að auka sveigjanleikann í kerfinu, auka möguleikana á að dreifa töku fæðingarorlofsins yfir lengri tíma þannig að foreldrar geti hafið þátttöku á vinnumarkaði á nýjan leik, t.d. í hlutastarfi eða jafnvel, eins og fyrirkomulagið er í Svíþjóð, tekið viðbótarfrí í formi fæðingarorlofs á uppvaxtarárum barnsins allt að sjö ára aldri. Það getur komið sér mjög vel fyrir foreldra ungra barna að geta tekið til skiptis slík viðbótarfæðingarorlofstímabil, á tímabilum þegar börnin eru að hefja skólagöngu, í leikskóla eða grunnskóla o.s.frv.

Fyrir mér er þetta því mikilvægt, ekki síst vegna þess að það væri auðvitað afturför ef við gæfumst upp á því að tryggja núna fullnægjandi fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmdinni eða rekstri þessa kerfis og algerlega óásættanlegt frá sjónarhóli þeirra sem vilja halda áfram að bæta kerfið þangað til það er orðið virkilega slíkt að við getum öll verið stolt af því.

Síðan vil ég segja, herra forseti, um þær breytingar sem frv. felur í sér hvað varðar tilfærsluna úr Atvinnuleysistryggingasjóði yfir í Fæðingarorlofssjóðinn, þ.e. þá ráðstöfun að lækka þann hluta tryggingagjaldsins sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs úr 0,8% í 0,65%. Með því er að vísu talið, sé ég, í forsendum frv. að Atvinnuleysistryggingasjóður ráði nokkurn veginn við útgjöld sín eins og staðan er í dag. Það verður þó allt í járnum og eru þó atvinnuleysisbæturnar ekki hærri en raun ber vitni þrátt fyrir þá litlu hækkun sem loksins varð á þeim nú á dögunum, að þá skyldu menn minnast þess hverjar upphæðirnar eru sem þar eru á ferðinni. Ég held að menn verði að gæta sín verulega í því að það má heldur ekki fara að umgangast af neinni léttúð mikilvægi þess að Atvinnuleysistryggingasjóður sé sæmilega á sig kominn fjárhagslega, að þar sé frekar en hitt borð fyrir báru, og það má a.m.k. að mínu mati alls ekki ganga lengra í þá átt að skerða frekar tekjur hans eða láta sjóðinn ganga á eignir sínar, sem við blasir ef atvinnuleysið yrði af einhverjum ástæðum þó ekki væri nema örlítið meira en núverandi áætlanir gera ráð fyrir.

Það er reyndar heldur meira en menn áttu von á. Eitt af því sem stóriðjuframkvæmdirnar margnefndu áttu að gera meira og minna var að útrýma atvinnuleysi eins og dögg fyrir sólu. Þær hafa ekki einu sinni nægt til þess að útrýma því á Austurlandi, herra forseti, hvað þá annars staðar í landinu, eins og kunnugt er, og þróunin þar hefur orðið talsvert önnur en menn spáðu fyrir. Því miður verður að horfast í augu við það að um talsvert atvinnuleysi, bæði staðbundið og kynbundið að hluta til bundið einstökum atvinnugreinum, er að ræða og lítið lát á því á þeim svæðum þar sem það ástand er alvarlegast. Þar má nefna atvinnuleysi meðal kvenna á ýmsum svæðum á landinu. Þar má nefna t.d. atvinnuástandið á Suðurnesjum og fleira í þeim dúr.

Eins og málin standa í augnablikinu sýnist þessi ráðstöfun réttlætanleg. Hún á að geta gengið án þess að Atvinnuleysistryggingasjóður fari beinlínis í halla en þar má ekkert út af bera eins og áður sagði og ég tel að það þurfi að fylgjast mjög vel með því á næstu mánuðum og missirum að þar lendi menn ekki út af sporinu. Ef til þess kemur standa menn frammi fyrir því að gera annað tveggja, að auka tekjuöflunina, sem er aldrei vinsælt að nefna en ég tel auðvitað að það eigi ekki að vera neitt bannorð í umræðunni þegar í hlut eiga þjóðþrifamál af því tagi sem við erum að ræða um hér og gríðarlega mikil samfélagsleg verkefni eins og það er að tryggja tekjulegan grundvöll greiðslna fæðingar- og foreldraorlofs og greiðslna atvinnuleysisbóta. Hinn kosturinn er þá einfaldlega að afla til þess fjár með almennum tekjustofnum ríkisins og færa einhver framlög úr ríkissjóði inn í þetta viðfangsefni.

Herra forseti. Eins og ég hef látið koma fram hér eru viðhorf mín og flokks míns til þessa frv. í það heila tekið fremur jákvæð. Það eru að sjálfsögðu ýmis útfærsluatriði í því sem við áskiljum okkur allan rétt til að skoða og eftir atvikum leggja til breytingar á en við munum nálgast málið með því hugarfari að það sé mikilvægt að tryggja áframhaldandi og traustan grundvöll þessara mikilvægu viðfangsefna.

[22:49]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um að koma Fæðingarorlofssjóði í lag sem næstum er orðinn uppiskroppa með fé. Ég lagði fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um stöðu á útgreiðslum úr sjóðnum fyrir árið 2002 og fyrstu tíu mánuði ársins 2003. Þar komu margar merkilegar upplýsingar í ljós, m.a. að megnið af útgreiðslum sjóðsins er í mjög lágum tekjuflokkum, þ.e. frá bilinu 100 til 150 upp í 200 þús. kr., og afar fáir, tiltölulega fáir aðilar t.d. á fyrstu tíu mánuðum ársins 2003 fengu úr sjóðnum 400 þús. kr. eða meira, eða 330 karlar og 40 konur. Og eins og hæstv. ráðherra upplýsti áðan voru það 178 karlar og 17 konur sem fengu yfir 480 þús. kr. Stofnun sjóðsins er mjög fjölskylduvæn aðgerð og var ég mjög fylgjandi henni og einnig til að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Hún er líka hvatning fyrir fólk til að eignast börn en fæðingartíðni hjá vestrænum þjóðum hefur farið mjög niður og er sums staðar komin niður fyrir núll, hjá sumum þjóðum milli núll og 1%, og hefur farið lækkandi hér á landi. Þessi aðgerð ætti að vinna í öfuga átt. En allt kostar þetta peninga og það er kannski út af því, virðulegi forseti, sem ég er hér.

Það stendur ekkert í þessu frv., ég hef a.m.k. ekki fundið það, um stöðu sjóðsins nákvæmlega. Ef ég man rétt var gert ráð fyrir 4,2 milljörðum á þessu ári, þ.e. markaðir tekjustofnar sem koma af tryggingagjaldinu, almenna tryggingagjaldinu, en það stefnir í að útgjöld sjóðsins verði einhvers staðar á milli 5,5–5,8 milljarðar. Þannig að mínu mati eru þeir 1,3 sem verið að leggja til hér varla nóg til þess arna.

Ef ekkert verður að gert hefur hæstv. ráðherra upplýst að allt fé sjóðsins verði uppurið um áramót og jafnvel fyrr. Og hvernig nálgast menn þá slíkt vandamál? Ef við værum með heimilisbókhaldið yrðum við að spara. Við yrðum einhvern veginn að reyna að skera niður eða gera einhverja hluti og spara. Hér er aftur á móti farin önnur leið. Annars vegar er farið í vasann á ríkissjóði, sem er auðvelda leiðin, og hins vegar í vasann á atvinnulífinu til að rétta sjóðinn af. Og í þriðja lagi eru hér fimm atriði til að draga úr útgreiðslum *hjá sjóðnum sem ég tel mjög góð í raun, þau úrræði sem* sett hafa verið fram til að minnka möguleika á misnotkun og öðru varðandi sjóðinn. Það er mitt mat að áhrif þeirra breytinga séu kannski frekar vanmetin en ofmetin.

Talað er um að taka 750 milljónir úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða minnka tekjur til hans um það og setja í Fæðingarorlofssjóð. Þá hefði líka verið hægt að segja að það væri hægt að taka þessar 750 milljónir af atvinnulífinu. En aldrei hefði stofnun þessa sjóðs og starfsemi verið möguleg nema við værum með sterka stöðu í atvinnulífinu hér á landi og sterka stöðu ríkissjóðs. Þá hefðum við getað lækkað álögur á atvinnulífið um 750 milljónir. Ef ég man rétt las ég í blöðunum um daginn, virðulegi forseti, að eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs sé 8,3 milljarðar. Ég er aftur á móti bjartsýnn á að atvinnuleysi eigi eftir að minnka og að staða sjóðsins muni því ekki verða lakari á næstu árum. Ég held að atvinnuleysi eigi eftir að minnka verulega og tek ekki undir þá svartsýni sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var með hér á undan mér.

Síðan er farið í ríkissjóð til þess að ná í 400 milljónir í viðbót, og þarna stendur svona saklaus setning eins og: greiðist úr ríkissjóði, en einhvers staðar verður að fá fjármuni í það. Annaðhvort verða menn að auka tekjur, auka halla eða minnka rekstrarafgang eða annað slíkt.

Hvað hefðum við gert ef við hefðum ekki haft þessi úrræði? Það hefði verið tvennt, annaðhvort að lækka þakið eða minnka þakið enn frekar og það er nú allnokkuð að vera með tekjur upp á 600 þúsund. Mín skoðun er að fara hefði *átt með þakið enn neðar og prósenturnar úr 80 og eitthvað* niður til að ná meiri sparnaði. Þessi sparnaður í sjóðnum upp á 150 milljónir er ekki nema 12–14% af því sem þarf að gera. Og maður spyr því hæstv. ráðherrann að því hvernig menn ætla að fara að því ef þetta verður enn þá meira. Ef útgjöld sjóðsins verða 5,7 eða 5,8 milljarðar á þessu ári, hvað gera bændur þá? Verður farið í ríkissjóð eða verður eitthvað annað gert?

Mér finnst þetta ódýr aðgerð. Það þarf ekkert að reyna á sig eitt eða neitt í þessu. Við þurfum ekkert að vera að spá í að spara. Farin er auðvelda leiðin. Mér finnst einhvern veginn að menn fari með léttúð í þessu máli og þess vegna kem ég hér upp. Þó að ég sé mjög fylgjandi fæðingarorlofskerfinu og allt það er það samt mjög sérkennilegt hve útgjöld hjá sjóðnum hafa aukist mikið á undanförnum árum frá því að það tók gildi. Ef þau halda áfram að aukast svona frá ári til árs, þó svo að þau minnki eðlilega þar sem aukningin á körlum sem taka fæðingarorlof eykst kannski ekki svona skarpt á næstu árum en við getum ímyndað okkur að hagur kvenna vænkist í launamálum og þær muni verða með hærri laun og útgjöldin bara almennt fara áfram, hvað gerum við þá? Mundum við halda áfram að fara í Atvinnuleysistryggingasjóð eða halda áfram að fara í ríkissjóð og ná í meiri fjármuni þaðan, eða hvað?

Kerfið var hugsað þannig í upphafi að tryggingagjaldið, þ.e. atvinnulífið mundi greiða þetta. Nú erum við komin með einhverjar allt aðrar leiðir. Nú er Atvinnuleysistryggingasjóður farinn að borga hluta af þessu og ríkissjóður hluta eins og hann hefur gert að vísu.

Ég held, virðulegi forseti, að félmn. eigi líka að skoða aðra möguleika til að spara á annan hátt en hér er gert. Þetta eru bara tillögur í frv. og maður spyr hvort þær 150 milljónir sem eiga að koma í sparnaði á þessu ári sé nóg fyrir árið 2004. Munu þær verða komnar í gagnið á þessu ári eða munu *þær kannski ekki koma í gagnið fyrr en á næsta ári?* Og þá er eitthvað lítið gagn af þeim 150 milljónum sem sparast á þessu ári. Það eru ýmis svona mál, held ég, sem menn þurfa að athuga í þessu.

Virðulegi forseti. Menn verða alltaf að ganga hægt um gleðinnar dyr þegar menn fara að geta labbað inn í ríkissjóð og tekið bara það sem vantar ef eitthvað fer fram úr áætlun. Það er nú þannig í sveitarstjórnum, og hæstv. ráðherra ætti að vera mjög kunnugt um hvernig það fúnkerar, að menn eiga ekki þá möguleika sem hér eru, það er erfiðara. Menn verða þá að skuldsetja sveitarsjóð eða menn verða að beita sparnaðaraðgerðum. Ég tel að þeim hafi ekki verið beitt nægilega í þessu tilfelli.

[22:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar lög um fæðingarorlof voru sett var það gífurlega mikil lagabót og bót við velferðarkerfið eins og hér hefur komið fram. Ég vil benda á að tilgangur þeirra laga var fyrst og fremst, herra forseti, að bæta stöðu karla og kvenna, jafna stöðu þeirra á vinnumarkaðnum. Þannig var að áður tóku konur eingöngu fæðingarorlof sem gerði það að verkum að þær voru miklu dýrari vinnukraftur fyrir atvinnulífið en karlmenn með sömu laun.

Það kostar mjög mikið fyrir fyrirtæki að missa starfsmann út í hálft ár, ráða nýjan í staðinn, sem kostar mikið, og leysa úr vandanum þegar fyrirtækið situr uppi með tvo starfsmenn að loknu fæðingarorlofi. Ég hugsa að skjóta megi á að slíkar breytingar kosti a.m.k. þrenn mánaðarlaun. Konur *voru þar af leiðandi dýrari en karlmenn og því réttlætanlegt* að borga karlmönnum hærri laun fyrir sömu vinnu. Fæðingarorlofinu var ætlað að laga þessa stöðu. Þetta var fyrst og fremst jafnréttismál vegna þess að menn töldu mikilvægt að á launamarkaðnum gilti jafnrétti. Af hverju skyldu menn vilja það? Það má færa rök fyrir því að jafnrétti þýði betri nýtingu á mannskap og þar af leiðandi er þetta efnahagsmál fyrir utan það að vera réttlætismál.

Vandi Fæðingarorlofssjóðs er að þetta gekk of vel. Menn ákváðu að hafa fæðingarorlofið 80% af launum, sem var gífurleg hækkun frá því sem áður hafði verið, sérstaklega fyrir fólk með hærri laun. Áður voru bæturnar tiltekin krónutala og mjög lág upphæð. Menn ákváðu að hafa hlutfallið 80%. Í umræðunni á þeim tíma gat ég þess að menn hefðu alveg eins getað haft það 75%, það væri miklu eðlilegri tala, jafnvel 70%. Fólk sparar heilmikið við það að vera heima. Það getur náð betri innkaupum, séð um þrif og viðgerðir og margt annað, fyrir utan það að passa börnin ef þau eru fleiri fyrir. Þar af leiðandi þarf ekki að kaupa pláss á barnaheimili á meðan. Það er *heilmikill sparnaður í því fólginn að sækja* ekki vinnu.

Mér finnst að menn eigi að skoða þann þátt líka. En hvað erum við að gera með því að skerða hámarkið við 600 þús. kr. tekjur? Hvað þýðir það miðað við markmið laganna, að gera karlmenn jafndýra og konur? Það þýðir að markmiðið

er núna það að gera karlmenn jafndýra konum þar til kemur að háu launanum. Þar ætlum við að hafa karlmennina ódýrari. Þar viljum við ekki jafnrétti. Við viljum ekki að konur séu með há laun. Það er það sem þetta frv. segir. Í milljón króna stöðum eiga karlmenn að sitja og fara ekki í fæðingarorlof. Þess vegna eru þeir ódýrari en konur í sömu stöðum, með milljón krónur á mánuði, því að þær mundu fara í fæðingarorlof. Að sjálfsögðu.

Þetta er mikill stílbrjótur og vinnur gegn því markmiði sem lögin höfðu á sínum tíma, að bæta jafnrétti kynjanna. Nú getur vel verið að einhverjum þyki allt í lagi að konur séu með sömu laun og karlar upp að vissum tekjum, en ekki eftir það. Mér finnst það ekki.

Komið hefur fram að þetta sparar ekki nema 50–60 millj. kr., þessi aðgerð ein sér, þ.e. hámarkið. Af hverju er svo mikill vilji fyrir að skerða þetta? Af hverju sjá menn ofsjónum yfir því að maður með milljón á mánuði fái 800 þús. kr. á mánuði í fæðingarorlof? Skyldi það vera öfund? Sjá menn ofsjónum yfir þessu? Eða hvað er þetta? Ég vil benda á að maður með milljón á mánuði borgar sennilega 350 þús. kr. í skatta í hverjum einasta mánuði. Hann borgar tryggingagjald upp á 50–60 þús. kr. á mánuði, sem rennur í þetta kerfi. Ekki fær maðurinn atvinnuleysisbætur miðað við milljón á mánuði. Það er miklu minna. Hann fengi því minna úr kerfinu væri hann atvinnulaus. Því er ekki í lagi að hann fái þá í hlutfalli við laun út úr fæðingarorlofinu?

Ég vil benda á að við erum með annað kerfi í gangi í þjóðfélaginu sem enginn sér ofsjónum yfir, það eru lífeyrissjóðirnir. Þeir borga beint eftir tekjum. Sá sem hefur tvöfalt hærri tekjur heldur en annar fær tvöfalt hærri lífeyri. Það finnst öllum eðlilegt. Hann stendur undir því með iðgjaldi upp á 4% og atvinnurekandinn borgar 6% af þessum launum, nákvæmlega eins og tryggingagjaldið. Þetta er því algjör stílbrjótur. Ég skil ekki umræðuna nema einhver lítils háttar öfund sé einhvers staðar í gangi. Þá ættu menn að beina öfundinni að því að menn séu með milljón krónur í tekjur og spyrja hvernig stendur á því, en ekki að krukka í þetta kerfi.

Þær aðgerðir sem í frv. er gert ráð fyrir til að koma í veg fyrir svindl finnast mér eðlilegar og sjálfsagðar. Þær hefði mátt gera fyrr. Þær eru taldar spara 100 millj. kr. Ég hugsa að þær spari meira á endanum.

Svo komum við að því sem er í raun aðalatriðið, þ.e. þessum 80%. Af hverju völdu menn 80%? Hámarkið sem menn setja sparar ekki nema 50–60 millj. kr. Það er 1% af útgjöldunum. Það hefði mátt lækka prósentuna niður í 79,2% með nákvæmlega sama sparnaði. Allir fái 79,2% af launum og ekkert þak. Nákvæmlega sömu útgjöld. Hvað eru menn eiginlega að gera? Af hverju standa menn í þessu brölti?

Ég sé reyndar aðra lausn sem felst í að lækka hlutfallið niður í 70%, láta menn fá 10 þús. kr. í byrjun, fæðingarorlofið 10 þús. kr. plús 70% af launum. Það kæmi að ég held miklu skynsamlegar út og mundi spara 400–500 milljónir. En einhverja útreikninga þarf að gera til sjá það betur. Þetta verður væntanlega allt skoðað í nefndinni þegar hún fær málið til umfjöllunar.

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um markaða tekjustofna, að menn væru með gula peninga, rauða peninga og bláa peninga, eftir því í hvað þeir eiga að fara. Auðvitað er þetta allt ein hít. Ríkissjóður er bara ríkissjóður hvort sem hann heitir Atvinnuleysistryggingasjóður, Fæðingarorlofssjóður, guð má vita hvað. Þetta er allt saman einn ríkissjóður og einn skattur sem rennur inn. Tryggingagjaldið er skattur á laun allra landsmanna, launaskattur og alveg sama hver borgar hann. Það er sama hvort það eru fyrirtækin eða launþeginn sem borga skattinn, í rauninni er launþeginn að borga flatan tekjuskatt. Það mætti hækka laun allra landsmanna um 6,3% eða hvað það nú er og láta þá borga tryggingagjaldið sjálfa. Ekkert breyttist við það, ekki nokkur skapaður hlutur. Í raun er launþeginn að borga flatan tekjuskatt sem tryggingagjald.

Þetta rennur í alls konar potta. Fyrir utan 150 millj. kr. sparnaðinn, þ.e. 50–60 millj. kr. vegna hámarksins og 100 millj. kr. vegna minna svindls, er allt annað í frv. hókus pókus. Það er líkt því þegar galdramaðurinn dregur kanínur úr hattinum. Þær voru í hattinum áður. Það breytist ekki neitt. Þetta er bara hókus pókus. Menn geta talað um Atvinnuleysistryggingasjóð en þeir vita nákvæmlega hvað gerist ef hann tæmist. Þá þarf eitthvað að koma til. Það er auðvitað hárrétt sem hv. þm. Gunnar Birgisson benti á, að menn hefðu nákvæmlega eins getað lækkað álögurnar á atvinnulífið sem þessu nam um alla tíð meðan ekki þurfti að nota gjaldið.

Þetta er ekkert annað en skattahækkun. Auðvitað þarf að borga hlutina einhvers staðar. Það vill bara þannig til að atvinnuleysi er lítið sem stendur og fer vonandi minnkandi. Ég er alveg sammála því. Hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi að atvinnuleysi mundi minnka og þá þurfum við ekki að sækja jafnmikið í Atvinnuleysistryggingasjóð. Við gætum þess vegna leyft okkur þessa aukningu á útgjöldum án þess að þurfa að leggja það sérstaklega á atvinnulífið en við hefðum getað lækkað álögurnar á atvinnulífið í staðinn.

Ég vil ekki ljúka máli mínu án þess að taka fram að ég er á móti þessari skerðingu á hámarkinu. Ég held að menn hljóti að sjá að það er ekki rétt aðgerð. Menn hljóta að sjá það. Hún sparar ekki neitt og er aðeins til að viðhalda launamismun í þeim geiranum. Við munum áfram sjá á aðalfundi Seðlabankans eintóma karlmenn. Það er alltaf minn mælikvarði á jafnrétti. Þegar fleiri konur sjást þar tel ég að jafnréttið sé farið að lagast.

Ég vil geta þess að samkvæmt gögnum kjararannsóknarnefndar, alla vega síðustu tvö árin, hafa laun kvenna hækkað töluvert meira en laun karla, þ.e. um heilt prósent. Það skyldi ekki vera í samhengi við breytingar á fæðingarorlofi? Það skyldi þó ekki vera að lögin séu farin að virka til jafnréttis, sem var aðalmarkmiðið? Það að það komi börnunum til góða, heimilunum o.s.frv., er aukaafurð, mjög góð aukaafurð reyndar.

Á ráðningarskrifstofum hefur mér verið tjáð að önnur áhrif þessarar lagasetningar sé, þar sem búið var að gera verðandi feður og mæður jafndýr, báða hópa, að fólk sem komið er úr barneign, þ.e. yfir fertugt, hafi meiri möguleika á að fá vinnu en áður var. Ég tel að það séu mjög góð áhrif af frumvarpinu ef svo er. Fordómar atvinnulífsins gagnvart eldri starfsmönnum eru umtalsverðir og þeir sem komnir eru yfir fimmtugt hafa átt erfitt með að fá vinnu. Ég tel ágætt ef þessi lög hafa gert það að verkum að menn eigi auðveldara með að fá vinnu á þeim aldri.

Ég vara við því, herra forseti, að taka upp þessa skerðingu. Hún gefur ekki neitt, a.m.k. mjög lítið. Hún gefur þau merki út í atvinnulífið að konur eigi ekkert að fara í þessi hálaunastörf, þar eigi að vera karlmenn.

[23:10]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég verð að byrja á að segja að það er nokkuð erfitt að átta sig á málflutningi þingmanna Sjálfstfl.

við þessa umræðu. Tveir hv. þingmenn, Gunnar Birgisson og Pétur H. Blöndal, eru augljóslega ekki á sama máli og tala í austur og vestur. Annar talar fyrir því að ekkert þak skuli á þeim greiðslum sem við fjöllum hér um úr Fæðingarorlofssjóði en hinn segir að þakið eigi í raun að vera miklu lægra *til að spara meira fé. Mér þykir það miður því að ég held að* miklu máli skipti í umfjöllun um þetta mál að um það takist sem víðtækust samstaða. Ég þakka ráðherra fyrir þá áherslu sem hann hefur lagt á það. Ég tel að ein af forsendum þess að lögin hafa reynst í framkvæmd svo farsælt verkefni sem raun ber vitni sé að um þau tókst á þinginu þverpólitísk og mjög góð eining. Ég held að það sé mikilvægt að í umfjöllun þingsins um málið sé reynt að standa sem best vörð um þá einingu, að menn ræði út þau ýmsu álitaefni sem hér kunna að vera og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Hér er sannarlega um að ræða eitthvert mesta framfaraspor í félagslegri samtryggingu á landinu síðasta áratug sem stigið hefur verið. Ábyrgð okkar í að fjalla um það er mikil, ekki síður vegna þess að að sumu leyti hefur verið horft til þessa kerfis frá öðrum löndum, jafnvel sem fyrirmyndar að nokkru leyti. Ábyrgð okkar er því kannski að sínu leyti enn meiri ef sú löggjöf sem við höfum sett og erum að fjalla um endurskoðun á getur orðið fyrirmynd annarrar löggjafar.

Í upphafi þessarar umræðu vil ég því fá að inna hæstv. félmrh. eftir því hvaða rannsóknir og úttektir og skýrslur liggja til grundvallar þeim tillögum sem hann leggur fyrir þingið. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Hér er um 5 milljarða kr. árleg útgjöld að ræða og nokkuð sem við teljum eitthvert stærsta skref í fjölskyldumálum á Íslandi og launajafnrétti kynjanna sem stigið hefur verið síðastliðinn áratug. Ég tel mikilvægt að við fjöllum ekki um það eins og síðasti hv. þm., á þeim forsendum að við höfum heyrt eitthvað eða að við höldum eitthvað. Við þurfum að byggja á traustum grunni.

Ég tel að um margvísleg atriði þurfi sannarlega að vera fyrir hendi glöggar upplýsingar. Ég nefndi t.d. að vísað er til þess í greinargerð með frv. að brögð hafi verið að því að fólk hafi fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en samtímis verið á launaskrá. Mikilvægt er að það komi fram hve stór hópur er þar á ferðinni sem hefur e.t.v. verið að misnota kerfið með þeim hætti, eða hvort hann sé kannski ákaflega lítill og gefi ekki tilefni til sérstakra aðgerða.

Hjá mér vakna jafnframt spurningar um að hve miklu leyti forsjárlausir foreldrar hafi nýtt sér sjálfstæðan þriggja mánaða *rétt til töku fæðingarorlofs. Hefur það verið að jafn*miklu leyti og aðrir hópar og þar fram eftir götunum? Hefur fæðingartíðni aukist eins og mér heyrðist hv. þm. Gunnar Birgisson telja til áhrifa af frumvarpinu? Ef svo er, er það þá sérstaklega hjá ákveðnum tekjuhópum? Hefur það haft sérstök áhrif hjá þeim tekjuhópum sem þessi breyting gagnaðist best og þar fram eftir götunum? Ég kalla eftir því að hæstv. félmrh. geri okkur grein fyrir þeim rannsóknum og þeim vönduðu fræðilegu og faglegu úttektum sem ráðherrann hefur lagt til grundvallar þeim breytingum sem settar eru fram í frv.

Í öðru lagi óska ég eftir því að áður en 1. umr. lýkur geri hæstv. félmrh. mjög nákvæmlega grein fyrir því úr þessum ræðustól hvað það var nákvæmlega í kostnaðarútreikningunum við frv. sem fór úrskeiðis. Því þó ég geti tekið undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það sé trúlega fyrst og fremst að rekja til þess að frv. hafi haft meiri og betri áhrif en menn gerðu ráð fyrir þegar lögin voru sett, held ég að það sé mjög mikilvægt þegar í eina ákvörðun fara árlega 1.300 millj. kr. umfram áætlun að það sé rakið lið fyrir lið nákvæmlega í hverju það fólst. Hvaða þættir voru vanmetnir og hve mikið voru þeir vanmetnir? Ekki vegna þess að ég ætli að sjá eftir útgjöldunum, heldur að okkur sé ljóst hvaða *mistök voru gerð þannig að menn geti lært nokkuð af* þeim við umfjöllunina um frv. og sömuleiðis um önnur frv., vegna þess að það er mikilvægt að slík mistök endurtaki sig ekki. Ég óska þess vegna eftir því að gerð sé grein fyrir þessu við umræðuna, enda hlýtur hæstv. félmrh. að hafa kynnt sér mjög vandlega hvað fór úrskeiðis í útreikningunum.

Ég tel hins vegar að þessu fé sé vel varið og vil að það komi skýrt fram og sýnist á frv. félmrh. að hann sé sama sinnis, enda er ekki gert ráð fyrir að mæta fjárhagsvandanum með því frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég held að þar megi taka undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni og Pétri H. Blöndal, ég man ekki hvor þeirra kallaði þessar aðgerðir „hókus pókus", en auðvitað er ekki verið að taka á fjárhagsvanda Fæðingarorlofssjóðs heldur einfaldlega ákveða að senda reikninginn eitthvert annað og tiltölulega óljóst með hvaða hætti eigi að mæta honum. Það er gert ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi að bera þar 750 millj. kr. Ég man ekki betur en að í fjáraukalögum hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að setja verulegar fjárhæðir í Atvinnuleysistryggingasjóð, vegna þess að atvinnuleysi hafði bara núna fyrr í vetur reynst meira en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Við höfum því tiltölulega nýlegt dæmi um að fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi af þessu sama ráðuneyti verið vanáætluð. Ég tel að það gæti að ýmsu leyti verið hreinlegra að hækka einfaldlega tryggingagjaldið sem þessu nemur, 0,15%, fremur en að sækja þessa fjármuni í Atvinnuleysistryggingasjóð því við hljótum líka að horfa til þess að á þeim hagvaxtartíma sem fram undan er hljóti það fremur að eiga að vera markmið okkar að leggja nokkuð aukið fé í Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að mæta erfiðleikum sem síðar kunna að verða á vegi okkar en ganga of nærri honum eða ganga á eigið fé hans.

Ég vil líka spyrja ráðherrann um þær 400 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að komi úr ríkissjóði. Nú er það alveg skýrt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þriggja ára áætlunum að framlögum til samneyslunnar eru settar mjög stífar skorður. Ég geri ráð fyrir að þessar 400 millj. kr. séu innan þeirra ramma sem ríkisstjórnin hefur sett næstu þrjú árin. Vil ég inna ráðherrann eftir því hvort svo sé og af hvaða þætti *samneyslunnar þessar 400 millj. kr. verða teknar, hvort* þær komi úr málaflokki félagsmála og hvort þær muni bitna sérstaklega á einhverjum tilteknum málaflokkum, málefnum fatlaðra eða öðrum málaflokkum sem undir ráðuneytið heyra.

Hvað þak varðar á greiðslurnar sýnist mér að það sé sett fram til þess að auka þá pólitísku sátt sem verði um kerfið og að einhverju leyti væntanlega til að stemma stigu við tiltekinni misnotkun. Hver fjárhæðin á nákvæmlega að vera skal ég ekki segja um og þarf auðvitað að skoða. Ég held að það mikilvæga í því sé hins vegar að það sé alveg tryggt að þakið fylgi launaþróun því ég hygg að það sem fólk gjaldi almennt mestan varhuga við sé að settar séu tekjutengingar í velferðarkerfið sem síðan standi óbreyttar að krónutölu ár eftir ár. Þó þær kunni í fyrstu að sýnast sanngjarnar, þá eftir því sem árin líða fram og verðbólgunni vindur líka fram rýrni þær svo að raungildi að þær fari að bitna verulega á tekjum fólks. Ég held að það væri mest miður og kannski spurning

um að tengja slíkt viðmið við launaþróun þannig að það sé alveg tryggt að það fylgi henni.

Hvað varðar þá þætti sem snúa að því að stemma stigu við misnotkun í kerfinu, lengra viðmiðunartímabil, að samrýma það skattkerfinu og aðra slíka þætti hygg ég, hæstv. forseti, að séu allir nokkuð til bóta. En ég treysti því að við munum í umfjöllun um málið í félmn. fá bæði góðan tíma og vönduð gögn til að rýna í og tryggja að málsmeðferð megi verða sem best verður á kosið.

[23:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið og kom aðeins hingað upp til þess að tjá þá skoðun mína að ég tel að eðlilegt sé að taka á málum nokkurn veginn með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Það má deila um hvort viðmiðunarþakið eigi að vera 600 þús. kr., 500 þús. kr. eða 700 þús. kr. eða einhver önnur tala. Ég held að það verði ekki fram hjá því horft að setja þurfi eitthvert þak á þessar tekjuviðmiðunartölur og geri ekki athugasemd við að miðað sé við 600 þús. kr. og útgreiðslan sé þá 480 þús. kr. til þess foreldris sem þau laun hefur þegar fæðingarorlof er tekið.

Mér finnst líka eðlilegt að það nýmæli sé tekið upp að hægt sé að bera tekjur saman við skattframtal og bera saman hvort rétt sé viðhaft og að þær upplýsingar sem unnið er með fari saman við tekjur fólks miðað við skattframtal þess. Þetta kerfi er náttúrlega ekki sett á til þess að misnota það frekar en önnur kerfi. Kerfið hefur orðið til þess að það hefur orðið viðhorfsbreyting til fæðingarorlofs og karlar hafa tekið fæðingarorlof í meira mæli en áður og hefði ekki gerst nema með því að vera með einhverja útfærslu sem hefur verið við lýði á undanförnum árum.

Ég hygg hins vegar að viðhorf karla til þess að taka fæðingarorlof hafi breyst verulega á undanförnum árum og þau lög sem verið hafa í gildi hafi m.a. orðið til þess og ég hef ekki trú á því að það viðhorf snúist til baka svo auðveldlega. Það er einfaldlega orðið ríkjandi viðhorf í þjóðfélagi okkar að karlar taki sér fæðingarorlof svo framarlega sem þeir geta komið því við.

Ég tel einnig að þó þessi tekjuviðmiðun sé sett á ætti hún ekki að brjóta niður þá venju sem hefur verið að skapast að karlar taki fæðingarorlof á móti konum sínum. Þar af leiðandi séum við að vinna málinu framgang til jafnréttis og ýta undir þau jafnréttissjónarmið að karlar taki fæðingarorlof eins og konur.

Að öllu samanlögðu tel ég að frv. sé rétt fram sett í þeim búningi sem það er miðað við aðstæður. Hins vegar má velta fyrir sér þeirri spurningu að taka þessar 750 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er rétt sem fram hefur komið í umræðunni að tölur um atvinnuleysi hafa ekki þróast eins og gert var ráð fyrir í þeim spám sem hafa fylgt áætlunum á undanförnum mánuðum og missirum um þróun atvinnuleysis, m.a. þeirra talna sem lagðar voru fram með fjárlagafrv. sl. haust. Vonandi fer atvinnuleysi minnkandi og alls ekki vaxandi. En ef svo illa skyldi fara neyðumst við náttúrlega til að bregðast við því með einhverjum hætti og ég lýsi einfaldlega yfir stuðningi við frv.

[23:25]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem fram hefur farið um það mál sem er til umfjöllunar, breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlofssjóð.

Nokkur atriði hafa komið fram við umræðuna sem mér finnst rétt að bregðast við. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á að vissulega megi finna fleiri aðferðir en þá sem hér er lögð til varðandi hámarksfjárhæð greiðslu úr sjóðnum. Eins og hv. þm. nefndi hefði mátt hugsa sér að varðandi ákveðið hámark greiðslna gilti 80% hlutfallið en síðan gæti hlutfallið lækkað eftir því sem ofar dregi í tekjuskalanum. Það var vissulega ein þeirra aðferða sem starfshópurinn sem undirbjó þá tillögu sem hér liggur frammi í lagafrv. velti fyrir sér. Fleiri hugmyndir voru uppi á borðinu en niðurstaða hópsins var að leggja til við ráðherra sem ég legg svo til við Alþingi að fara þá raunverulega einföldu leið að sett verði á þak við tiltekna fjárhæð og þar með reynt að halda í einfaldleika kerfisins. En rétt er ábending hv. þm. um að fleiri leiðir kæmu vissulega til greina.

Hv. þm. Gunnar Birgisson spyr: Hvað ef útgjöld Fæðingarorlofssjóðsins verða enn meiri en gert er ráð fyrir í frv.? Það, hæstv. forseti, verður sjálfstætt umfjöllunarefni þegar og ef að því kemur. Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni og Pétri H. Blöndal, að ég tel að við megum frekar vænta sparnaðar umfram þær u.þ.b. 100 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að auknar aðhaldsaðgerðir skili. Ég tel að þar sé varlega áætlað og því miður kannski því það gefur tilefni til þess að gagnálykta, hæstv. forseti, um að misnotkunin í kerfinu sé talsvert mikil.

Hv. þm. Gunnar Birgisson telur einnig að með frv. sé auðvelda leiðin farin. Sínum augum lítur hver á silfrið, hæstv. forseti. Það má segja að allar leiðir geti verið hvort sem er torfærar eða auðveldar. Við veltum fyrir okkur fleiri leiðum en þeim sem hér eru lagðar til. Frumvarpið gerir ráð fyrir blandaðri leið, þ.e. að auka innstreymið í sjóðinn en líka að reyna að hefta útstreymið. Það hefði mátt sjá fyrir sér leið beinnar skattahækkunar, þ.e. hækkunar tryggingagjaldsins. Það var niðurstaðan að leggja það ekki til. Það hefði líka, hæstv. forseti, verið hægt að leggja til að gengið yrði lengra varðandi skerðingarákvæði í frv., lægra þak eða lægra hlutfall. En þetta var niðurstaðan og það er trú mín að með þeirri leið sem við leggjum til sé hvort tveggja gert, náð böndum á þetta mikla útstreymi úr sjóðnum en um leið varðveitt þau meginmarkmið laganna sem hv. þingmönnum hefur orðið tíðrætt um, þ.e. að tryggja barni samvistir við báða foreldra á fyrstu mánuðum æviskeiðsins og að auka jafnrétti í samfélagi okkar.

Hv. þm. Pétur Blöndal benti í máli sínu á að niðurstöður kjararannsóknarnefndar á undanförnum missirum sýndu meiri hækkun launa kvenna en karla. Ég tek undir með hv. þm. Það er mikið ánægjuefni. Ég hef, hæstv. forseti, leitt að því líkur að það kunni einmitt að vera ein afleiðing laganna sem við fjöllum hér um, að þau hafi undanfarin þrjú ár leitt það af sér að laun kvenna hafi hækkað meira en karla. Ef svo er þá er sannarlega til mikils unnið.

Hv. þm. Helgi Hjörvar spurði hvaða rannsóknir, úttektir og skýrslur lægju til grundvallar breytingum sem lagðar eru til í frv.? Því er til að svara, hæstv. forseti, að þar liggur fyrst og fremst fyrir reynslan af framkvæmd laganna. Sú reynsla liggur ekki síst hjá Tryggingastofnun ríkisins og við hana var haft samráð varðandi þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram, einkum og sér í lagi var leitað í þann reynslubanka sem þar hefur byggst upp þann tíma sem lögin hafa verið í gildi. Einnig liggja til grundvallar athuganir ríkisskattstjóra á framkvæmd laganna og á því hvaða líkur, hæstv. forseti,

væru til að þetta kerfi hefði verið misnotað og þá með hvaða hætti.

Það er fyrst og fremst þetta tvennt sem hægt er að tala um að feli í sér rannsóknir eða úttektir til grundvallar þessum breytingum.

Hv. þm. spurði að hvaða leyti eða í hve miklum mæli forsjárlausir foreldrar hefðu nýtt sér þann rétt sem lögin tryggja þeim. Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á því, hæstv. forseti, en hins vegar hafa forsjárlausir foreldrar sjálfstæðan rétt með þessum lögum. Að því er varðar barnið sjálft er það réttur þess að fá að njóta samvista við bæði föður sinn og móður. Þess vegna var við setningu þessara laga, hæstv. forseti, lögð á það áhersla að forsjárlaust foreldri nyti réttar til fæðingarorlofs. Reynslan er sú að í einhverjum mæli nýta forsjárlausir foreldrar sér þann rétt. Það er vel.

Hv. þm. spyr hvað hafi nákvæmlega farið úrskeiðis á sínum tíma við mat á áætluðum kostnaði við framkvæmd þessara laga? Ég get, hæstv. forseti, ekki svarað því nákvæmlega. Ég get tekið undir með hv. þingmönnum sem hafa orðað það svo í þessari umræðu að út af fyrir sig sé fagnaðarefni að greiðslurnar úr sjóðnum skuli hafa orðið svo miklu meiri en áætlað var. Það er áhyggjuefni hvað varðar afkomu ríkissjóðs en það er fagnaðarefni út frá jafnréttissjónarmiðinu og þeim markmiðum sem Alþingi gekk út frá við setningu þessara laga á sínum tíma.

Ég tel, hæstv. forseti, eins og ég rakti í upphafsræðu minni, að skýringarinnar megi ekki síst leita í því að hlutfall þeirra feðra sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs hefur á þeim tíma sem liðinn er frá því að lögin tóku gildi aukist úr 30% í 80%. Það er jafnvel hraðari framgangur heldur en þingheimur gerði sér vonir um á sínum tíma. Trúlegt þykir mér, hæstv. forseti, að þar liggi meginskýringin á því að framkvæmd þessara laga hefur reynst dýrari en áætlað var.

Hv. þm. spyr af hvaða þætti samneyslunnar þær 400 milljónir komi sem áætlað er að renni úr ríkissjóði til styrkingar kerfisins, hvort þar verði um að ræða skerðingu á málaflokkum félmrn. Því er til að svara, hæstv. forseti, að það er ekki gert ráð fyrir því. Það er ekki gert ráð fyrir því að þetta skerði framlög til annarra málaflokka ráðuneytisins.

Hv. þm. spurði einnig hvort treysta mætti því að það þak sem lagt er hér til að verði sett á hámarksgreiðslur úr sjóðnum fylgi tekjuþróun í samfélagi okkar. Með leyfi forseta, vil ég vitna til 4. gr. frv. sem hér um ræðir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárhæð hámarksgreiðslu skv. 3. mgr. og lágmarksgreiðslu skv. 6. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð hámarks- eða lágmarksgreiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð."

Þetta eru, hæstv. forseti, viðlíka ákvæði og í lögum um atvinnuleysistryggingar og í því hefur falist, a.m.k. á undanförnum árum, að um áramót hefur félmrh. með útgáfu auglýsingar hækkað atvinnuleysisbætur um það sem nemur sama hlutfalli og almenn launaþróun í landinu hefur verið.

Ég tel, hæstv. forseti, að ég hafi þar með svarað þeim spurningum og hugleiðingum sem fram komu í máli hv. þingmanna við þessa umræðu.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokum þakka fyrir þær undirtektir sem þetta mál fær á Alþingi. Ég þakka hv. þingmönnum þátttöku í umræðunni og ítreka að lokum, hæstv. forseti, ósk mína um að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:38.

---

95. FUNDUR

þriðjudaginn 6. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Steinunn K. Pétursdóttir, 10. þm. Norðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004, 874. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1332.

Gjaldþrotabeiðnir, 676. mál, svar fjmrh., þskj. 1360.

Athugasemdir um störf þingsins.

Reynslulausn fanga.

[13:32]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Í upphafi vil ég taka fram að ég veit að þessi dagur á að vera tileinkaður utanríkismálum og vil ég því biðja hæstv. utanrrh. forláts á þessu inngripi mínu en ég tel hins vegar að eftirfarandi mál sé það brýnt að Alþingi eigi að ræða það örlítið í upphafi þingfundar.

Oft þarf hörmungar til svo að yfirvöld bregðist við. Í kjölfar skelfilegra líkamsárása undanfarna daga hefur nú komið í ljós alvarlegur galli á almennum hegningarlögum um reynslulausn. Brjóti einstaklingur sem er á reynslulausn af sér þarf samkvæmt núgildandi lögum að leiða hann aftur fyrir dómara í réttarhöldum og dæma hann fyrir nýja glæpinn áður en hægt er að setja hann aftur í fangelsi til að ljúka afplánun sinni fyrir fyrri dóminn. Þetta getur tekið of langan tíma eins og dæmin sýna.

Áður fyrr gátu Fangelsismálastofnun og dómsmrn. afturkallað reynslulausn ef aðili gerðist brotlegur við skilyrði hennar. Umboðsmaður Alþingis taldi slíkt fyrirkomulag hins vegar ekki vera í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu og þess vegna var lögunum breytt árið 1999. Hins vegar hefur verið bent á, m.a. af hálfu Jónatans Þórmundssonar, lagaprófessors í refsirétti, og Valtýs Sigurðssonar setts forstjóra Fangelsismálastofnunar, að fyrirkomulagið þarf ekki að vera svona. Þeir hafa bent á leiðir sem gætu tekið á þessum galla reynslulausnar, svo sem að leitað yrði eftir úrskurði dómara til að afturkalla reynslulausn sé rökstuddur grunur um að afbrot hafi verið framið á reynslutímanum.

Það er alveg ljóst að þegar menn brjóta skilyrði reynslulausnar verður að vera til fljótvirk leið til að bregðast við. Samf. er tilbúin að gera það sem til þarf til að lögunum verði breytt. Þó að skammt sé eftir af þinginu er Samf. viljug til að liðka fyrir málum á þingi eins og hún getur. Það er einfaldlega of mikið í húfi.

Mig langar því að lokum að beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvort hann sé tilbúinn á þessu þingi til að beita sér fyrir breytingu á lagaákvæðum um reynslulausn í þá átt að hægt sé að koma einstaklingi á reynslulausn aftur í fangelsi gerist hann brotlegur við skilyrði reynslulausnar.

[13:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tók þetta mál upp á ríkisstjórnarfundi í morgun og veit ríkisstjórnin nauðsyn þess að brugðist verði við þeirri stöðu sem upp er komin vegna þess að ríkisstjórnin er einhuga um að gloppa sé í löggjöfinni hvað þetta varðar. Eins og hv. þm. rakti á það rætur að rekja til túlkunar á mannréttindasáttmála Evrópu þannig að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Mér er kunnugt um að hv. þm. er mjög upptekinn af mannréttindum og telur m.a. að núverandi dómsmrh. hafi gengið of langt til þess að skerða mannréttindi manna. Það er vandratað, meðalhófið í þessu.

Við lögðum þó ráðin á það í ríkisstjórninni í morgun að hugað verði að breytingum á löggjöfinni til að þessi gloppa verði ekki lengur fyrir hendi og ég hef þegar falið sérfræðingum að hefja störf við smíði þeirra texta sem þarf til að unnt verði að bregðast við í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar í morgun.

[13:35]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Umboðsmaður Alþingis tók í áliti sínu árið 1994 afstöðu gegn því að stjórnvöld, þ.e. Fangelsismálastofnun, tækju afstöðu til rofa á reynslulausn og taldi — og ég tel að hann hafi talið það réttilega — að það væri ekki í verkahring Fangelsismálastofnunar að kveða á um sekt eða sakleysi. Meðal annars í tilefni af þessu varð breyting á almennu hegningarlögunum 1999 og þessi framkvæmd færð til dómstólanna. Hugsunin var sú að með hraðari dómstólameðferð væru tryggð nægilega skjót og hröð viðbrögð þegar slík mál kæmu upp. Mér þykir einsýnt að þessu þurfi að breyta, ekki þó að færa framkvæmdina aftur til Fangelsismálastofnunar eins og var, heldur þurfi að breyta ákvæðinu í hegningarlögunum þannig að þegar ekki þykja málsástæður fyrir kröfu um gæsluvarðhald þegar fyrir liggur játning í alvarlegu broti geti sakborningur ekki bara gengið út, heldur þurfi lögreglan að hafa viðbótarúrræði. Hún þarf að geta krafist þess sérstaklega þegar um er ræða skýlaus brot að maður sé þá settur inn á grundvelli rofa á reynslulausninni.

Ég tel að Alþingi þurfi að leggjast yfir þetta í ljósi atburða og atvika þessa máls sem er jú tilefni umræðunnar, bæði yfir löggjöfina og framkvæmdina á reynslulausninni. Ég hef þegar óskað eftir sérstökum fundi í allshn. til að fjalla bæði um framkvæmdina og löggjöfina um reynslulausn. Ég vænti þess að við því verði orðið og að nefndin taki þetta til umfjöllunar á fundi sínum.

[13:37]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna svörum hæstv. dómsmrh. Ég tel að þetta hafi verið afskaplega jákvæð viðbrögð af hans hálfu. Ég vil líka taka fram að það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að við verðum að fara mjög varlega þegar kemur að mannréttindum og hugsanlegum brotum á þeim og mun ég seint þreytast á að brýna það fyrir honum. Þetta mál snýst samt ekki um það.

Málið snýst um galla á lögunum og þegar svona alvarlegur galli á lögunum kemur í ljós skiptir miklu máli að brugðist sé bæði hratt og rétt við. Borgarar landsins verða að geta búið við öryggi og skynsamlegar reglur varðandi reynslulausnir á dæmdum föngum. Það mun því ekki standa á Samf. að stuðla að auknu réttaröryggi í landinu. Úrræði eins og reynslulausn er skynsamleg leið og hana ber að nota en það er hins vegar umhugsunarvert að dæmdir fangar fá nánast sjálfkrafa reynslulausn frá Fangelsismálastofnun burt séð frá eðli glæpsins eða fanganum. Hins vegar er það þó fagnaðarefni að náðst hefur sátt um að skrúfa fyrir þennan galla á almennum hegningarlögum sem hér um ræðir. Ég hlakka til þeirrar vinnu hér á þingi og vonandi getur hún hafist sem fyrst.

[13:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þingheimi á að þegar galli er í lögum snýr hann sér til sjálfs sín og breytir lögunum en snýr sér ekki til framkvæmdarvaldsins og biður það um að breyta lögunum. Það er Alþingi sem setur lög á Alþingi og enginn annar.

Ég vil árétta það sem hv. varaformaður allshn. sagði, að nefndin á að taka þetta fyrir. Það á að snúa sér til nefndarinnar og hún á að taka málið fyrir og breyta lögum þegar eitthvað er að lögum. Það er ekki spurningin um það að framkvæmdin hafi verið í ólagi.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 868. mál. — Þskj. 1326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

[13:40]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Athugasemd mín varðar vísun til nefndar. Flm. þessa máls óskaði eftir að því yrði vísað til allshn. og styðst þar væntanlega við starfsskiptingu í Stjórnarráðinu sem vissulega á að taka hliðsjón af samkvæmt þingsköpum. Hins vegar ráðast verkefni fastanefnda á Alþingi ekki af skiptingu framkvæmdarvaldsins, heldur af því sem þingið ákveður sjálft. Hér er um að ræða þjóðgarðinn á Þingvöllum,

stækkun hans sem einkum varðar náttúru og umhverfi. Nú hefði verið eðlilegt að þetta mál færi til umfjöllunar í umhvn. Ég ætla ekki að standa á móti því að flm. sé hlýtt í þessu efni en legg áherslu á að þeir þættir málsins sem varða náttúru og umhverfi sem eru flestir þættirnir fari til sérstakrar umsagnar í umhvn. þegar þar að kemur.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 849. mál (heildarlög). — Þskj. 1306.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 855. mál (hámarksgreiðslur, fjármögnun o.fl.). — Þskj. 1312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.
[Fundarhlé. — 13:42]

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, ein umr.

[13:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu ríkisstjórn árið 1995 var samfélag þjóðanna enn að glíma við afleiðingar loka kalda stríðsins og þær væntingar og vandamál sem blöstu við þegar járnhrammi kommúnismans var lyft af ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Á þeim tíma var viðtekin hugmyndafræði á Vesturlöndum að fram undan væri björt framtíð samvinnu frjálsra ríkja samfara hnattvæðingu viðskipta. Í slíku samhengi er athyglisvert að minnast bókar sem bandarískri fræðimaðurinn Francis Fukuyama ritaði á fyrri hluta tíunda áratugarins undir heitinu „The End of History" eða lok sögunnar, þar sem því var haldið fram að lok kalda stríðsins og sigur frjálslynds lýðræðis hefðu leitt til loka hugmyndafræðilegrar togstreitu í heiminum. Þessi bók fékk mikið lof og var um margt lýsandi fyrir ríkjandi viðhorf á Vesturlöndum allt fram á síðustu ár.

Þegar við horfum til síðustu missira og nýlegra hryllilegra hryðjuverka á Spáni er ljóst að hugsunin um endalok hugmyndafræðilegrar togstreitu í heiminum nálgast barnslega einfeldni. Vestur-Evrópubúar bjuggu við stöðugleika og öryggi á áratugum kalda stríðsins en það byggðist á sameiginlegum varnarviðbúnaði og samstöðu ríkjanna í vestanverðri álfunni. Eftir kalda stríðið virtist langþráður friður án vopna í sjónmáli. Nú er þessum stöðugleika og öryggi ógnað en ekki af stórveldi handan landamæra heldur af öfgamönnum sem engu eira. Hugmyndafræði þeirra beinist gegn lýðræði og umburðarlyndi sem eru grundvallargildi Vesturlanda. Árásargjarn málflutningur og illgjörðir þessara öfgamanna staðfesta að markmið þeirra einskorðast ekki við eigin heimaslóðir heldur eru þau því miður hnattræn. Vesturlandabúar, einkum Evrópubúar, hafa tilhneigingu til að leita rökrænna skýringa og málamiðlunarlausna vegna átaka. Margir spyrja því hvort ofbeldið sé ekki afleiðing dvalar bandarísks herliðs í Sádi-Arabíu, stuðnings bandaríska stjórnvalda við Ísrael eða íhlutunina í Írak. Engar þessara skýringa standast því bandarískt herlið var að mestu horfið frá Sádi-Arabíu þegar stórfelldar hryðjuverkaárásir voru gerðar á sendiráð Bandaríkjanna í Keníu og Tansaníu í sama mund og friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs stóð sem hæst fyrir sex árum. Þá getur andstaða við íhlutunina í Írak ekki skýrt mannskæð hryðjuverk sömu öfgamanna úr hópi súnníta-múslima gegn sjíta-múslimum og Kúrdum sem eru mikill meiri hluti írösku þjóðarinnar. Enn þá síður getur stuðningur við íhlutunina í Írak valdið hótunum íslamskra öfgamanna um hryðjuverk í Frakklandi. Evrópubúar verða að horfast í augu við þá staðreynd að það eru ekki rökrænar skýringar á öllu atferli.

Stjórnvöldum á Vesturlöndum hefur verið legið á hálsi fyrir að reyna að auka öryggi almennings með því að berjast gegn öfgaöflunum og víghreiðrum þeirra í stað þess að sýna samningsvilja. Þeir sem tala svo misskilja þá hættu sem við stöndum frammi fyrir. Þeir ganga út frá að hryðjuverkamennirnir séu réttmætir fulltrúar hins íslamska menningarheims þrátt fyrir fjöldamorð þeirra í Alsír, Indónesíu, Marokkó, Sádi-Arabíu, Túnis og Tyrklandi. Öfgamenn hafa tilheyrt öllum trúarbrögðum og verið uppi á öllum tímum. Því þarf að gera skýran greinarmun á múslimum annars vegar og íslömskum öfgamönnum hins vegar. Á hinn bóginn má enginn vegna svonefndrar pólitískrar rétthugsunar veigra sér við að horfast í augu við augljós þjóðfélagsvandamál í mörgum ríkjum múslima. Um hvað vilja menn semja við al Kaída eða gistiríki liðsmanna samtakanna? Útrýmingu Ísraelsríkis? Afturhvarf hvað varðar jafnrétti kynjanna eða réttindi samkynhneigðra? Forræði trúarlegra laga gagnvart veraldlegum lögum? Gleymum því ekki hver pólitísk markmið al Kaída og viðlíka samtaka eru. Það er með öllu óskiljanlegt að samningar við slík myrkraöfl skuli hvarfla að nokkrum upplýstum manni því samningsefnið getur ekki orðið annað en grundvallargildi lýðræðisríkja. Það duga engar vífillengjur til að leyna því að allt tal um samninga felur óhjákvæmilega í sér málamiðlanir, verðlaunar hryðjuverkamennina og svívirðir minningu fórnarlamba þeirra. Þaðan er stutt í þá siðferðilega brengluðu hugsun að fórnarlömbin hafi með einhverjum hætti kallað hryðjuverkin yfir sig og beri því ábyrgð á þeim fremur en illvirkjarnir sem þau vinna.

Því er einnig oft haldið fram að það dugi ekki að ráðast gegn hryðjuverkamönnunum einum heldur þurfi að eyða orsökum hryðjuverkanna. Þetta er gjarnan nefnt í sömu andrá og fullyrðingar þess efnis að hatrið eigi sér rætur í kúgun og fátækt. Flestir af þekktari liðsmönnum al Kaída og hliðstæðra samtaka eru hvorki fátækir né ómenntaðir og vilja ekki sjá lýðræði eða mannréttindi að vestrænni fyrirmynd. Á heimaslóðum vilja þeir kollvarpa núverandi veraldlegum stjórnvöldum til að koma á trúarlegu alræði og erlendis vilja þeir vega að samfélögum sem stjórnast ekki af sama trúarofstæki. Virðingarleysi þeirra fyrir lífi annarra mótast af svipuðum hvötum og tortímingarverk nasískrar herraþjóðar

og sjálfskipaðrar kommúnískrar úrvalssveitar á liðinni öld og við slíkri siðblindu finnast engin skynsamleg svör, hvorki nú né þá. Samanburður við vopnaða sjálfstæðisbaráttu í nýlendum eða kúgaðra minnihlutahópa í einræðisríkjum er fráleitur.

Það er vissulega rétt að öfgar og ofbeldi geta nærst á vonleysi og örbirgð en gætum að því að samfélag þjóðanna er að reyna að bæta hag stríðshrjáðra múslimaríkja í andstöðu við íslamska öfgamenn sem vilja skapa sem mest óöryggi og neyð sem leið til valda. Þeir vilja ekki lýðræðislega stjórnarhætti eða endurreisn í Palestínu, Írak og Afganistan, né heldur friðsamlega sambúð þjóða á Balkanskaga. Því er mikið í húfi að stuðningur samfélags þjóðanna skili árangri einmitt á þessum stöðum.

Auðvitað ber lýðræðisríkjum skylda til að stuðla að átakavörnum á grundvelli réttlátra samskipta ríkja og þjóða og það er nokkuð sem Evrópuríki öðrum fremur hafa lært af biturri reynslu. Þannig er hægt að draga úr svæðisbundinni eða alþjóðlegri spennu en það verður aldrei náð fullkomnu öryggisstigi af ástæðum sem fyrr hafa verið nefndar. Íslensk stjórnvöld vilja sem fyrr stuðla að friðsamlegri lausn svæðisbundinna deilumála, ekki síst fyrir botni Miðjarðarhafs, en slíkar lausnir þarf að finna í andstöðu við öfgamennina enda hafna þeir friðsamlegri lausn á deilum Ísraels og Palestínu. Um leið og lýðræðisríki berjast gegn hryðjuverkum hljóta þau að fordæma hvers konar ögrandi gagnaðgerðir, m.a. aftökur án dóms og laga.

Herra forseti. Nú skiptir sköpum að samstaða lýðræðisríkja bresti ekki og að baráttan gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi verði hert um allan helming með öllum löglegum aðferðum. Öll ríki, smærri sem stærri, verða að leggja af mörkum í þeirri baráttu. Yfirlýstur einbeittur vilji til að sigrast á hryðjuverkamönnum, jafnvel þótt það taki ár eða jafnvel áratugi, er forsenda árangurs. Um leið verða lýðræðisríki að gæta þess að ganga ekki ómeðvitað erinda hryðjuverkamanna með tilgangslausri skerðingu á frelsi eigin borgara eða óþörfu harðræði gagnvart borgurum annarra ríkja.

Ísland hefur staðið með nágrannaþjóðum í baráttunni gegn þessum ógnvaldi sem vegur úr launsátri að þeim sem síst skyldi. Liður í þeirri baráttu hefur verið fullgilding og framkvæmd viðeigandi alþjóðasamninga en sérstakt átak í því efni var gert í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin árið 2001 og ákveði slíkra samninga innleidd í íslensk lög. Þá hefur Ísland verið í forustu fyrir samráði um undirbúning hagnýtra aðgerða gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi á vettvangi ÖSE. Íslendingar verða nú að vinna náið með öðrum lýðræðisríkjum, einkum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og ÖSE að frekari varnaraðgerðum til að tryggja öryggi almennings gegn þessari vá. Það má ekki gleyma því að alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi og skipulögð glæpastarfsemi fara iðulega saman og því hefur verið lögð áhersla á eflingu innra öryggis, m.a. á Keflavíkurflugvelli og með eflingu sérsveitar ríkislögreglustjóra.

Voðaverkin á Spáni eiga sér stað í sama mund og öryggis- og varnarmál Íslands eru í brennidepli. Íslensk stjórnvöld hafa lagt af mörkum til nauðsynlegrar þróunar Atlantshafsbandalagsins og eflingar samskipta þess við einstök ríki, samtök og stofnanir, þar á meðal Evrópusambandið. Það er ljóst að Ísland mun sem aldrei fyrr þurfa að reiða sig á sameiginlegar varnarskuldbindingar bandalagsins en til þess að þær standist til lengdar þurfa smærri sem stærri aðildarríki að vera veitandi jafnt sem þiggjandi. Það hefur þegar sannast að þótt framlög Íslands til aðgerða bandalagsins séu hlutfallslega takmörkuð geta þau engu að síður skipt miklu fyrir bandalagið í heild og um leið eflt þá samstöðu sem felst í 5. gr. Norður-Atlantshafssamningsins.

Hvað varðar tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna þá tókst á síðastliðnum áratug að tryggja að eðlilegar breytingar á skipan varnarliðsins í ljósi breyttra aðstæðna færu saman við áframhaldandi nauðsynlegan varnarviðbúnað hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa síðan verið reiðubúin til efnislegra viðræðna við bandarísk stjórnvöld um hvernig trúverðugur viðbúnaður gæti orðið á Íslandi þegar til lengri tíma væri litið. Eins og kunnugt er hafa fulltrúar ríkjanna átt undirbúningsfundi en efnislegar viðræður á grundvelli skilgreindra lágmarksvarna hafa ekki enn hafist. Það er ófrávíkjanleg afstaða íslenskra stjórnvalda að trúverðugur varnarviðbúnaður á Íslandi sé forsenda áframhaldandi varnarsamstarfs. Ógnin sem öllum vestrænum lýðræðisríkjum stafar af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi hefur hert þessa afstöðu. Málamyndavarnir veita falskt öryggi og geta því verið verri en engar. Það breytir því ekki að Íslendingar verða sjálfir að bera ábyrgð á innra öryggi og þeir verða að sýna vilja til aukinnar þátttöku í stuðningi við ytri landvarnir ekki síst með aukinni þátttöku í friðaraðgerðum á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Á undanförnum árum hefur öryggishugtakið orðið mun víðtækara en áður og ljóst að orsakasamhengi getur verið á milli öryggismála, mannréttindamála, þróunarmála, auðlinda- og umhverfismála svo dæmi séu nefnd. Þannig geta áþreifanleg framlög Íslands eða starfskraftar Íslendinga á vettvangi átaka eða neyðar stuðlað að staðbundnu og jafnvel svæðisbundnu öryggi, virðingu fyrir mannréttindum, efnahagslegri og félagslegri þróun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Í utanríkisráðuneytinu hefur verið unnið að því að þróa heildstæða sýn með þessum hætti sem endurspeglast í framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það eru óeigingjarnar hvatir sem liggja að baki áherslu íslenskra stjórnvalda á fyrrnefnda málaflokka.

Með stofnun Íslensku friðargæslunnar innan utanríkisráðuneytisins var stigið skref sem á sér ekki hliðstæðu. Þannig gat smærra ríki án eigin herafla eða atvinnuhjálparsveita loks lagt af mörkum til friðarframkvæmdar, friðargæslu, eftirlitsaðgerða og neyðaraðstoðar með raunhæfum og gagnlegum hætti. Nú um mánaðamótin lauk hlutverki Íslendinga á Pristina-flugvelli í Kosovo þegar stjórnunin var fengin Sameinuðu þjóðunum og innan tæpra tveggja mánaða tekur Ísland við hliðstæðu hlutverki á Kabúl-flugvelli í Afganistan. Gert er ráð fyrir að 15 starfsmenn Íslensku friðargæslunnar fari í stjórnunarstöður á flugvellinum en þar verði alls um 500 starfsmenn. Þetta endurspeglar að Ísland hefur hlutverki að gegna og er treyst til mikilvægra verka. Með þessu getur Ísland lagt að mörkum til eflingar lýðræðis og mannréttinda í Afganistan sem var nánast í rúst eftir hörmungar stríðsátaka í tæpan aldarfjórðung. Þar höfðu hryðjuverkamenn hreiðrað um sig til að herja á grundvallargildi lýðræðisríkja.

Óþarft er að fjölyrða um víxlverkun grundvallarmannréttinda og friðar. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum lagt sérstaka áherslu á mannréttindamál í öllum milliríkjasamskiptum, bæði tvíhliða og á alþjóðavettvangi. Á sama tíma hefur verið deilt um hvaða aðferðir dugi best til að stuðla að virðingu fyrir mannréttindum. Íslensk stjórnvöld hafa ávallt verið reiðubúin til skoðanaskipta um mannrétt-

indamál og talið það vænlegra til árangurs en að sniðganga stjórnvöld þeirra ríkja sem eru ásökuð um mannréttindabrot. Það hefur engu breytt um gildi eða megináherslur Íslands né heldur um að þeim hafi verið komið á framfæri með afdráttarlausum hætti, ýmist milliliðalaust eða á vettvangi alþjóðlegra og fjölþjóðlegra samtaka og stofnana. Sem dæmi um almennar áherslur Íslands má nefna réttindi kvenna og barna, þar á meðal að hlutskipti kvenna sem algengra fórnarlamba styrjalda verði sérstakur gaumur gefinn. Í því sambandi stóð utanríkisráðuneytið nýlega fyrir ráðstefnu um alþjóðlegar aðgerðir gegn mansali sem endurspeglar tengslin á milli skipulagðrar glæpastarfsemi og mannréttindabrota þar sem ekkert land er undanskilið. Hvað varðar Sameinuðu þjóðirnar sérstaklega er æskilegt að umbætur á starfsemi samtakanna nái einnig til skilvirkari meðferðar mannréttindamála og þá jafnvel þannig að öryggisráðið fjalli í auknum mæli um mannréttindabrot.

Þróunarsamvinna er önnur leið til að stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og friði. Íslendingar hafa á undanförnum árum sýnt vaxandi vitund um þá ábyrgð sem fylgir því að brjótast frá örbirgð til velmegunar. Á undanförnum níu árum hefur framlag Íslands til fjölþjóðlegrar og tvíhliða þróunarsamvinnu vaxið úr 0,11% í 0,19% af landsframleiðslu en það jafngildir aukningu úr 489 millj. kr. í 1.645 millj. kr. á ári. Nú skiptir miklu að þessi jákvæða stígandi haldi áfram. Það er mér því mikið ánægjuefni að greina frá því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að auka framlög til þróunarmála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu úr 0,19% á yfirstandandi ári í 0,35% á árunum 2008 til 2009. Þessi meiri háttar hækkun í umfangi þróunarsamvinnu skipar Íslandi á bekk með öðrum Evrópuþjóðum og er stórt skref í átt að takmarki Sameinuðu þjóðanna, sem kveður á um að iðnríki verji 0,7% af landsframleiðslu sinni til þróunarmála. Þá þarf að byggja á þeirri verðmætu reynslu sem fengist hefur í farsælu tvíhliða starfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í fjórum ríkjum sunnanverðrar Afríku og á þeirri þekkingu á fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu sem fengist hefur í núverandi samræmingarforustu Íslands fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja innan Alþjóðabankans.

Auðlinda- og umhverfismál geta beinlínis talist öryggismál þegar um lífsafkomu þjóða er að ræða og það á e.t.v. öðrum fremur við um Íslendinga. Þessi málaflokkur hefur á undanförnum árum orðið sífellt mikilvægari og meira áberandi viðfangsefni utanríkisráðuneytisins hvort tveggja vegna þess að þau krefjast í flestum tilvikum alþjóðlegra eða fjölþjóðlegra lausna og að hagsmunir og reynsla Íslendinga veita þeim sérstakt sjónarhorn. Árangursríkri formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu lýkur síðar á þessu ári en þátttakan í ýmsu svæðisbundnu samstarfi á Norðurslóðum heldur fyrir vikið áfram á styrkari grunni en áður. Enn fremur blasa við víðtæk verkefni á sviði auðlinda- og umhverfismála eins og umfjöllun um málefni hafsins og nýting endurnýjanlegra orkugjafa. Sjálfbær nýting sjávarspendýra er ein grein af þessum meiði og aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu styrkir stöðu Íslands í hvalveiðimálum bæði frá þjóðarréttarlegu og pólitísku sjónarmiði.

Í þessu samhengi má nefna að unnið er að greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna til að styrkja tilkall Íslands til landgrunns utan 200 sjómílna á Reykjaneshrygg, á Hatton-Rockall svæðinu og í svonefndri Síldarsmugu. Gert er ráð fyrir að verkefninu sem felur m.a. í sér mælingar á landgrunnsvæðum sem samsvara þrettánföldu landsvæði Íslands verði lokið árið 2006.

Herra forseti. Öryggi Íslands er samofið öryggi annarra hluta Evrópu. Meiri háttar átök eða spenna í álfunni mundu hafa bein áhrif á Íslandi og sama má segja um veruleg efnahagsleg áföll í Evrópu. Margþætt samskipti Íslands við önnur Evrópuríki, einkum aðildarríki Evrópusambandsins, eru því og verða ráðandi þáttur í íslenskri utanríkisstefnu. Það kemur ekki í veg fyrir náin tvíhliða samskipti Íslands og Bandaríkjanna heldur styrkir þau, enda eru sterk Atlantshafstengsl keppikefli flestra Evrópuríkja. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur það verið markmið íslenskra stjórnvalda að halda tengslum bæði til austurs og vesturs og það verður áfram augljóslega í þágu íslenskra hagsmuna.

Frá íslensku sjónarhorni var síðasti áratugur liðinnar aldar öðru fremur tímabil gagngerrar aðlögunar að sífellt vaxandi alþjóðasamskiptum. EES-samningurinn var veigamikill þáttur í þessari aðlögun. Gerð og framkvæmd samningsins gerbreytti ekki einungis formlegum tengslum Íslands við Evrópusambandið heldur öllu starfsumhverfi einstaklinga og fyrirtækja hér á landi. Samningurinn hefur einnig orðið aflvaki þróunar íslenskrar stjórnsýslu. Eitt mikilvægasta viðfangsefni síðustu ára var án efa stækkun EES sem nú er í höfn. Sú niðurstaða sem náðist í samningum samfara stækkun hefur orðið til að renna styrkari stoðum undir EES-samstarfið. Fjölgun aðildarríkja Evrópusambandsins mun eflaust hafa einhver áhrif á daglega framkvæmd EES-samningsins en jafnframt er vert að hafa í huga að stækkunin felur í sér margvísleg ný tækifæri. Oftsinnis hefur verið bent á að EES-samningurinn var gerður fyrir áratug á meðan Evrópusambandið hefur tekið víðtækari breytingum á þeim tíma. Því voru það nokkur vonbrigði að ekki tókst að afla fylgis þeirri hugmynd að kanna hvort endurskoða bæri EES-samninginn í ljósi fyrrnefndra breytinga. Mín afstaða er skýr. Það verður að fara fram upplýst og fordómalaus umræða um þær leiðir sem Íslendingum eru færar í samstarfi Íslands og Evrópusambandsins. Þeir sem ákafast styðja aðild virðast oft falla í þá gryfju að telja niðurstöðuna sem fengist í viðræðum við Evrópusambandið liggja fyrir. Hver hefði getað séð fyrir þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á síðasta áratug og hver treystir sér til að spá fyrir um hvaða veruleiki blasir við á þessu sviði að tíu árum liðnum?

Í ljósi þeirra miklu hræringa sem við höfum gengið í gegnum og ekki sér fyrir endann á verða Íslendingar að vera við öllu búnir og bregðast við breytilegum aðstæðum á hverjum tíma. EES-samningurinn hefur staðist tímans tönn ekki síst fyrir árvekni og þrautseigju stjórnvalda. Þegar litið er fram á veginn sést að mörg mál bíða úrlausna og það er stöðugt viðfangsefni íslenskra stjórnvalda að standa vörð um íslenska hagsmuni á innri markaði Evrópusambandsins. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem samningurinn býður upp á til að hafa áhrif á mótun reglna innri markaðarins. Utanríkisráðuneytið hefur haft frumkvæði að því að skoða hvernig bæta megi aðgengi sveitarstjórna hér á landi að ákvarðanatöku í málefnum sem varða hagsmuni þeirra. Þá verður einnig búið svo í haginn með nýjan þróunarsjóð EFTA að þar opnist tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem hyggja á samstarf við fyrirtæki í nýju aðildarríkjunum.

Evrópumálin verða enn í deiglunni. Fram undan eru miklar breytingar. Ekki er séð fyrir endann á stækkun Evrópusambandsins og í mótun er ný stofnskrá þess. Það skiptir því miklu að Íslendingar haldi vöku sinni og hafi ráðrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum á eigin forsendum.

Herra forseti. Kenningin um endalok sögunnar, sem vísað var til í upphafi, sýnir hversu vafasamt getur verið að reyna að alhæfa um framtíðarþróun alþjóðamála. Samt má leiða af líkum að fram undan sé tímabil alþjóðlegs óstöðugleika vegna áframhaldandi hryðjuverkastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna. Þá er gerjun vegna hnattvæðingar á sviði viðskipta og menningar og meðfylgjandi stórfelldum fólksflutningum alls ekki lokið. Í slíku alþjóðlegu umhverfi þurfa Íslendingar að halda vel á sínu því smærri ríki verða fyrirsjáanlega meira en áður að vinna sér áhrif og stuðning til að geta staðið vörð um eigin hagsmuni. Þar gegnir öflug utanríkisþjónusta lykilhlutverki. Uppbygging utanríkisþjónustunnar er eðlileg afleiðing af auknum umsvifum Íslendinga á alþjóðavettvangi og auknum vilja til að leggja af mörkum í samræmi við getu. Þróun vinnubragða utanríkisþjónustunnar er í samræmi við breyttar aðstæður og nýjar þarfir og það sést m.a. á tæknivæðingu og greiðri upplýsingamiðlun. Forgangsröðun verkefna utanríkisþjónustunnar er viðvarandi viðfangsefni og þarf hér eftir sem hingað til að taka mið af þróun alþjóðamála og hámarksnýtingu mannauðs og fjármuna. Þótt gera verði ráð fyrir því að framtíðarvöxtur utanríkisþjónustunnar haldist í hendur við verkefnin þá verður einnig hugað að því hvernig ná megi fram sem mestri hagræðingu með tilfærslu starfsmanna og fjármuna innan ráðuneytis og sendiskrifstofa. Opinber rekstur af þessu tagi þarfnast sífelldrar endurskoðunar, ekki síst í aðdraganda framboðs til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, vegna hækkandi framlaga til þróunarsamvinnu og með virkari viðskiptaþjónustu. Ég hef því skipað starfshóp á vegum utanríkisráðuneytisins sem ætlað er að skila tillögum um frekari hagræðingu.

Herra forseti. Við myndun núverandi ríkisstjórnar urðu stjórnarflokkarnir sammála um að 15. september n.k. tæki Framsóknarflokkurinn við forsætisráðuneytinu og Sjálfstæðisflokkurinn við utanríkisráðuneytinu. Breytingar á skipan ríkisstjórnarinnar munu ekki hafa í för með sér breytingar á stjórnarsáttmálanum og utanríkisstefnan verður því óbreytt í grundvallaratriðum. Mikil samstaða hefur verið á milli stjórnarflokkanna í utanríkismálum á undanförnum árum. Skilin á milli innanríkis- og utanríkismála hafa orðið óskýrari á undanförnum árum og um leið hefur samráð forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytisins um utanríkispólitísk viðfangsefni orðið nánara og samstarf utanríkisráðuneytisins við önnur ráðuneyti meira. Þessi þróun mun halda áfram á næstu árum.

Samkvæmt ofangreindu lýkur senn rúmlega níu ára starfi mínu sem utanríkisráðherra. Staða Íslands á alþjóðavettvangi hefur gerbreyst á þeim tíma. Umsvif Íslendinga erlendis hafa tekið stakkaskiptum og utanríkisviðskipti ekki lengur bundin við fá og stór fyrirtæki í sölu sjávarfangs, flutningum og innflutningi. Fjölmargir aðilar í þjónustu og iðnaði sinna nú útflutningi og íslensk fyrirtæki eru orðin öflugir þátttakendur í viðskiptalífi nágrannaríkja. Hornsteininn að þessum breytingum var lagður með góðum viðskiptasamningum og skynsamlegri hagsmunagæslu Íslands á alþjóðavettvangi. Það eru forréttindi að hafa fengið tækifæri til að vera í forustu fyrir mótun og framkvæmd íslenskrar utanríkisstefnu á þessum þroskaárum og sjá árangur margra þeirra verka sem unnið hefur verið að.

Það má líkja sögu lýðveldisins við þroskaferli manneskju. Páll postuli lýsti honum þannig: „Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnaskapinn.“ Á grundvelli þessarar líkingar sleit Ísland barnsskónum á síðasta áratug og varð fullþroska þátttakandi í samfélagi þjóðanna. Íslendingar njóta nú allir þess ávinnings sem þessar breytingar höfðu í för með sér en þurfa jafnframt líka að axla aukna ábyrgð og skyldur. Við þurfum að leggja af mörkum í samræmi við getu okkar til þeirra þjóða sem njóta ekki sama öryggis og hagsældar, minnug þess að Ísland var eitt fátækasta ríki Evrópu í upphafi síðustu aldar. Við þurfum að byggja á reynslu okkar af Evrópusamstarfinu til að tryggja hagsmuni í Evrópu til framtíðar. Við þurfum að vera sjálfum okkur samkvæmir og traustir samstarfsmenn vinaþjóða og leggja gott eitt til á alþjóðavettvangi eftir okkar besta hyggjuviti. Við þurfum að hafa skilvirka utanríkisþjónustu til að fylgja eftir útrás íslensks viðskiptalífs og tryggja því nauðsynlegt markaðsaðgengi og skilyrði til viðskipta. Við eigum að vera stoltir þátttakendur í samfélagi þjóðanna án heimóttarskapar eða steigurlætis.

Þegar horft er um öxl finnst mér mest um vert að sjá hversu almenn samstaða hefur verið á meðal þjóðarinnar um það að nýta sem best þau tækifæri sem skapast hafa á þessum umbrotatímum með bjartsýni og metnað að leiðarljósi. Vonandi ber okkur gæfa til að fylgja sömu kennileitum um ókomin ár.

[14:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans og yfirferð og enn fremur skýrslu hans sem dreift var á borð þingmanna í gærkvöldi, að vísu öllu seinna en venja er til. Hins vegar verður að segja eins og er, virðulegi forseti, að það var satt að segja býsna undarlegur tónninn í þessari ræðu, skýrslu utanrrh. um stöðu alþjóðamála að þessu sinni. Raunar væntanlega þeirri síðustu sem hann flytur af því taginu. Hér er því um eiginlegan svanasöng hæstv. utanrrh. að ræða. Maður átti satt að segja von á að hér mundi gæta föðurlegs og yfirvegaðs tóns frá manni sem setið hefur á stóli utanríkismála síðustu níu ár og lítur yfir farinn veg og væri sæmilega sáttur við hlutskipti sitt. Því var ekki að heilsa, virðulegi forseti. Þvert á móti virtist hæstv. ráðherra kvartsár, stríður og eilítið pirraður í framsetningu sinni og skilaboðum þegar kom að þeim lykilmálum sem uppi eru í alþjóðasamfélaginu um þessar mundir. Undirtónn ræðu hans var þessi: Sá sem ekki er með oss hann er á móti oss. Þeir sem ekki fylgja í blindni harkaliðinu í Pentagon, haukunum þar á bæ, í einu og öllu eru að svíkja í baráttunni gegn glæpahyski og hryðjuverkamönnum, einræðisherrum og óþjóðalýð. Við einir, lesist: oddvitar ríkisstjórnarinnar á Íslandi og í Washington erum handhafar sannleikans og viskunnar. Hinir sem gagnrýna sum viðhorf okkar og sumar aðgerðir okkar eru barnalegir einfeldningar.

Ja, miklir menn erum við, Hrólfur minn. Það þurfti ekkert minna í þessari lokaræðu utanrrh. en að halda því fram að fyrir hans tíð í utanrrn. hefðu forverar hans og raunar Íslendingar allir verið haldnir barnaskap þegar kom að afstöðu og þátttöku í alþjóðastjórnmálum. Var vísað í Pál sjálfan postula í því efni, og því haldið fram að það hafi ekki verið fyrr en á síðasta áratug, væntanlega 1995 þegar hæstv. ráðherra settist í stól sinn, að Ísland sleit barnsskónum í alþjóðlegu samstarfi. Hvílíkt og annað eins. Hvílíkar og aðrar eins kveðjur til forvera hæstv. ráðherra á ráðherrastóli, manna á borð við Jón Baldvin Hannibalsson, Steingrím Hermannsson, Einar Ágústsson, Emil Jónsson og fleiri og fleiri (**Gripið fram**

í: Bjarna Benediktsson.) Að ógleymdum Bjarna Benediktssyni. Eða fór hæstv. ráðherra kannski örfáum árum framar þegar hann vísaði til síðasta áratugar og vísaði til stórtíðinda á borð við EES-samninginn þar sem hann og flokkur hans stóðu sumpart á móti gerð þess samnings? Að öðru leyti sat hann hjá en gat í engu stutt hann.

Ég get ekki annað en staldrað við þetta, virðulegi forseti, því mig rak satt að segja í rogastans þegar ég las yfir þessi skilaboð í ræðu hæstv. ráðherra og gef mér það að hann hafi í önnum sínum ekki náð að lesa rækilega yfir skrif ræðuritara, því ég heyrði þarna nýjan tón hjá hæstv. ráðherra sem ég átti ekki von á og er ekki vanur að heyra.

Og áfram í raun er haldið með einkunnagjöf á hendur þeim aðilum sem í einhverju eru ekki samstiga hæstv. utanrrh. og þeim í Pentagon. Áfram er haldið með meintan barnaskap þeirra sem leyfa sér að gagnrýna utanríkisstefnu hinna viljugu ríkja og því haldið fram í ræðu ráðherra að þeir sem hafa gagnrýnt, að minni hyggju með réttu, aðgerðir Bandaríkjamanna og Breta með innrásinni í Írak fyrir rétt rúmu ári síðan, hafi algerlega misskilið stöðu alþjóðamála. Og áfram heldur ráðherrann og segir að hryðjuverkamenn skilji ekkert nema stálin stinn, það þýði ekkert að semja við þá. Ég gagnspyr: Hver hefur verið að biðja um það? Hver í þessum sal hefur haldið því fram að það væri ráð í rétta átt að setjast á rökstóla með forsvarsmönnum al Kaída. Hvar finnur hæstv. ráðherra rök af þessu tagi og hvaðan koma þau? Ég bið hæstv. ráðherra að finna þeim stað. Í ræðunni stendur m.a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Um hvað vilja menn semja við al Kaída eða gistiríki liðsmanna samtakanna? Útrýmingu Ísraelsríkis?"

Hver hefur ýjað að því nokkru sinni að setjast niður við samningaborð með al Kaída og það væri efni hugsanlegs samkomulags að útrýma Ísraelsríki? Hvaðan grípur hæstv. ráðherra hugmyndir af þessum toga? Það er ekki boðlegt í þessum sölum við þessa grafalvarlegu umræðu að menn nálgist viðfangsefnið með þessum hætti. Ég get ekki annað sagt.

Ráðherra segir í ræðu sinni að hryðjuverkamenn haldi sínu striki hvað sem það kostar og að kúgun og fátækt skipti þar litlu. Það er rangt. Það verða vissulega ævinlega til litlir hópar hryðjuverkamanna sem aldrei munu nokkru eira, en það er kristalklárt og grundvallaratriði í umræðunni og nauðsynlegt að hv. alþingismenn og þjóðir heims átti sig á því að slíkir hópar munu ekki fá stuðning almennings í viðkomandi ríkjum eða hjá komandi kynslóðum ef okkur miðar í rétta átt og við erum einlæg í því að reyna að minnka bil ríkra þjóða og fátækra og aðstoða fátækari ríkin til sjálfshjálpar. Þróunarsamvinna og þróunarhjálp og opin alþjóðaviðskipti munu liðka þar til. Það eru ekki bara orð á blaði, það er virkt meðal í öryggismálaumræðu heimsins. Það er grundvallaratriði, virðulegi forseti.

Ég vil eindregið og einlæglega fagna þeirri stefnumörkun sem fram komu í ræðu hæstv. ráðherra hvað varðar þróunarsamvinnu og áform ríkisstjórnarinnar í þá veru þar sem stefnt er að því að frá árinu 2008 verði framlag til þróunarstuðnings tvöfaldað. En ég vek þó sérstaka athygli á því að það mun verða á verkefnalista og verða hlutverk nýrrar ríkisstjórnar að ganga frá þeim efnum, ekki þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það er eftirtektarvert.

Ég spyr í beinu framhaldi af vangaveltum mínum um hvort það skipti engu máli um öryggi í heiminum hvort það sé hagsæld hjá hinum fátækari ríkjum eður ei. Halda menn til að mynda að hryðjuverkin í Ísrael og Palestínu séu fullkomlega ótengd pólitískri stöðu mála þar á bæ og afstöðu ríkisstjórnar Sharons í Ísrael? Halda menn að það sé ekkert orsakasamhengi þar á milli? Það sé einfaldlega eitthvert náttúrulögmál sem geri það að verkum að hryðjuverkahópar fari þar sínu fram og miklu mun víðar, því miður? Auðvitað er það ekki svo. Alþjóðastjórnmálin gegna þar lykilhlutverki. Þess vegna höfum við haldið því fram, við jafnaðarmenn, að það sé á ábyrgð alþjóðasamfélagsins, og okkar á Íslandi, að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma friðarferlinu í gang þar á nýjan leik. Það sé í raun einasta leiðin til þess að draga úr þeim væringum og því ógnarástandi sem þar ríkir og að koma á kné, ég vil segja, fámennum hópi hryðjuverkamanna sem þar hafa sett allt á annan endann og undanskil ég ekki þar ríkisstjórn Ísraels.

Herra forseti. Írak er á barmi borgarastyrjaldar. Fréttir í dag, gær og fyrradag eru með þeim hætti að alþjóðasamfélagið hefur umtalsverðar áhyggjur. Það hljómar því býsna falskt tal hæstv. utanrrh. og þeirra hauka sem fara nú fækkandi í Washington sem halda því fram að rétt hafi verið staðið að verki og nú sé heimurinn öruggari en fyrir innrásina, að nú sé almenningur í Írak öruggari en í tíð einræðisherrans og ég vil segja glæpamannsins, Saddams Husseins. Ég bið menn að velta vöngum yfir því hvort þeir trúi því virkilega þegar þeir lesa fréttir á borð við þessar dag eftir dag þar sem greint er frá mannskæðum átökum milli breskra hermanna og fylgismanna múslimaklerks, falli írakskra borgara, falli bandarískra hermanna, falli hermanna úr fjölþjóðaliðinu. Geta menn sagt með góðri samvisku að það sé friðvænlegra og öruggara fyrir borgara í Írak nú en fyrir hálfu öðru ári? Ég hef a.m.k. stórar efasemdir um það.

Í utandagskrárumræðu þann 29. janúar sl. átti ég orðræðu við hæstv. utanrrh. m.a. um þessi efni og þá staðreynd að við blasir að engin gereyðingarvopn hafa fundist í Írak sem var forsenda innrásarinnar á sínum tíma. Þá svaraði hæstv. ráðherra því til efnislega að innrásin ein og sér hefði verið réttlætanleg með því að taka Saddam Hussein úr umferð. Ég hef stórar efasemdir um það og sagði þá og segi aftur núna: Allir þeir sem fylgdust með því þegar sá vondi maður var handtekinn í holu sáu að hans dagar voru taldir án atbeina hervelda á borð við Bandaríkjamenn og Breta með beinni innrás.

Hæstv. ráðherra biður í ræðu sinni um samstöðu lýðræðisríkja gegn hryðjuverkum. Á það hefur ekkert og mun ekkert vanta á Íslandi. Um það hefur verið góð samstaða og verður vonandi, að Ísland leggi sitt af mörkum. Við jafnaðarmenn höfum til að mynda verið kröftugir talsmenn öruggra varna hérlendis sem tryggi öryggi íslensks almennings. Við höfum í því sambandi kallað ákveðið eftir því af hálfu hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar hvernig íslensk yfirvöld hyggist bregðast við nýjum vondum tíðindum á borð við hryðjuverkin í Madríd á dögunum. Við höfum utandagskrárumræðu um þau efni þann 23. mars sl. og sumpart gladdist ég yfir svörum hæstv. ráðherra sem mér virtust vera á þann veg að íslensk yfirvöld tækju þá ógn sem því miður færist æ nær okkur mjög alvarlega og hann rakti hér ákveðinn viðbúnað sem gripið hefði verið til á Keflavíkurflugvelli og við styðjum heilshugar. Meira þarf að gera.

Ég sagði í upphafi máls míns og hef sagt það áður við sambærileg tækifæri að gjarnan bregður svo við í umræðum um þessi mál að þeir sem ekki eru með ríkisstjórninni eru á móti öryggi. Þeir sem ekki gjalda jáyrði við hverri

einustu ákvörðun Bush Bandaríkjaforseta og þeirra í varnarmálaráðuneytinu séu einfaldlega deigið í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum. Því vil ég halda ákveðið til haga, virðulegi forseti, að hér er haldið röngu fram. Það vantar ekkert upp á að við jafnaðarmenn viljum taka það föstum tökum. En það skiptir máli að ræða leiðir, markmið og aðgerðir hverju sinni í þeim efnum.

Ég vil aðeins stikla á örfáum atriðum í því sambandi og vekja á því athygli að Samf. hefur verið í fararbroddi í þessum efnum. Samf. hefur flutt sérstaka tillögu á hinu háa Alþingi sem við vonuðumst satt að segja til að fengi brautargengi af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarflokkanna um að skipa sérstaka öryggismálanefnd eins og starfaði á árum áður. Í þeirri tillögu var skilgreint nákvæmlega hvaða verkefni nefndin skyldi hafa með höndum og einnig hvaða atriði önnur væru efst á baugi í þessum efnum nú um stundir. Ég vænti þess að aðrir ræðumenn úr Samf. fari nánar yfir þau mál.

Í öðru lagi höfum við um árabil talað fyrir eflingu íslenskrar lögreglu, þ.e. að tryggja betur innra öryggi okkar. Þar miðar loks hægt og bítandi í rétta átt.

Í þriðja lagi höfum við í Samf. verið talsmenn stækkunar NATO og stutt hvert það skref sem þar hefur verið stigið af heilum hug. Ekki síst vorum við öflugir talsmenn og stuðningsmenn þess að Eystrasaltsríkin ættu þar skjól og fengju þar skjól sem nú hefur orðið. Í sömu andrá höfum við lagt mikla áherslu á eflingu Atlantshafstengslanna. Þar er auðvitað áhyggjuefni á ferð og spilar aftur saman við Evrópusambandið og stóraukið hlutverk þess í öryggi álfunnar, þ.e. hraðlið Evrópusambandsins.

Þá vaknar auðvitað sú spurning hvernig aðkoma okkar verður í þeim efnum, standandi utan Evrópusambandsins með EES-samninginn sem nær ekki yfir þau atriði. Við í Samf. höfum talað afskaplega skýrt í þeim efnum. Við teljum kominn tíma til þess að sækja um aðild. Þess vegna voru það undarleg skilaboð að mér fannst í kaflaræðu hæstv. ráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, um Evrópusambandið og EES-samninginn þegar hann lagði lykkju á leið sína til þess að koma höggi á stuðningsmenn aðildar Evrópusambandsins og gaf til kynna að þeir væru búnir að gefa sér samningsniðurstöður. Það lá alveg ljóst fyrir til hvers refirnir voru skornir í þessum efnum.

Ég vil hins vegar segja það fyrir fullt og fast að við í Samf. munum eftir sem áður, þó framsóknarmenn undir forustu formannsins séu í bakkgírnum í Evrópuumræðunni, halda okkar striki óhikað og ræða þá kosti og galla sem uppi eru gagnvart aðild í þeim efnum. Við höfum hins vegar sagt að við fáum aldrei botn í það fyrir fullt og fast eða handfastar staðreyndir um það hvað okkur býðst fyrr en á aðildarumsókn er reynt. Okkar stefna er því skýr í því.

Í fjórða lagi höfum við aftur og aftur kallað eftir því hvernig yfirvöld ætla að tryggja hér lágmarksviðbúnað. Ég tók eftir því að í skýrslu hæstv. ráðherra er talað um trúverðugan varnarviðbúnað. Í ræðu hæstv. ráðherra var ef ég man rétt talað um skilgreindan lágmarksviðbúnað. Ég vil enn og aftur gera tilraun til þess að biðja hæstv. ráðherra að fara yfir með okkur, lið fyrir lið, hver skilgreiningin er á lágmarksviðbúnaði. Af hverju þarf hún að vera svona óljós og hvernig stendur á því að menn geta tekið sér þetta hugtak í munn aftur og aftur án þess að neitt sé á bak við það? Ég vænti þess að áður en dagur að kveldi kemur liggi loksins ljóst fyrir hver skilgreiningin á lágmarksviðbúnaði suður á Keflavíkurflugvelli hjá varnarliðinu og í samstarfi við íslenska aðila er.

Herra forseti. Það líður á tíma minn og ég þarf að fara hraðar yfir sögu. Ég vil minna á að við höfum verið talsmenn öflugrar friðargæslu en viljum um leið gera skýran greinarmun á friðargæsluverkefnum sem eru í raun verkefni herliðs og uppbyggingarstarf í kjölfar ófriðar. Þar kunna að vera grá svæði en engu að síður þurfa markmið að vera alveg skýr í því. Ég fór aðeins yfir þróunaraðstoð þar sem við höfum verið í fararbroddi umræðunnar.

Ég vil líka láta það koma algerlega skýrt fram í þessu samhengi að við höfum verið í fararbroddi þeirrar umræðu þegar upp hafa komið óljósar hugmyndir um stofnun íslensks herliðs. Við höfum algerlega hafnað þeim valkosti og sagt það og segjum enn að við erum vopnlaus og herlaus þjóð og eigum að vera það áfram. Það er engin hefð fyrir öðru. Það eru engar fjárhagslegar forsendur fyrir því að 280.000 manna þjóð geti og eigi að halda úti eigin her og það er enginn vilji til þess meðal þjóðarinnar. Við eigum hins vegar að gera samkomulag við okkur öflugri þjóðir um samstarf á því sviði, samstarf sem vissulega hefur verið viðvarandi í um 60 ár en allt bendir til þess að á verði nokkrar breytingar. Við þurfum að horfast í augu við þær breytingar og vera tilbúin í að koma þar að verki þar sem við kunnum, getum og skiljum.

Herra forseti. Ég nefni til sögu önnur atriði sem ég get því miður ekki farið rækilega yfir og er fagnaðarefni að hæstv. ríkisstjórn skuli vera að vakna til vitundar um. Það er mansalið sem þekkist um heimsbyggð alla og hefur einnig náð til okkar litla lands. Þar þurfum við að vera á vaktinni.

Ég vil nefna til sögunnar mikilvægi alþjóðaviðskipta. Ég minni á að Samf. og við jafnaðarmenn höfum ævinlega á öllum stigum máls í tíð núverandi hæstv. utanrrh. stutt eflingu utanríkisþjónustunnar þegar skynsamlega er að verki staðið og munum gera það áfram.

Það er margt fleira á dagskrá sem væri ástæða til að fara yfir t.d. stöðu Rússlands, samskipti við Kína o.fl.

Við erum með öðrum orðum gagnrýnin á ýmislegt það sem ráðherrann hefur fram að færa. Það breytir þó ekki hinu sem ég legg mikla áherslu á að það er grundvallaratriði að lítil þjóð geti staðið saman um öll meginefni utanríkismálanna. Sá gamli ás sem klauf íslensku þjóðina í hinni pólitísku umræðu forðum daga, NATO og herinn, tilheyrir liðinni tíð. Það er gott. Það er því ástæða til að taka undir mikilvægi þess að standa saman um grundvallargildin, en þó ekki þannig að við forðumst umræðuefni, álitaefni og heiðarlega og hreinskilna og umfram allt fordómalausa umræðu um mikilvæg alþjóðamál. Annað væri barnaskapur.

Það mun því ekki standa á Samf. og hún mun ekki láta sitt eftir liggja í þessum efnum, enda hefur það oftar en ekki verið hlutskipti jafnaðarmanna að vera í fararbroddi þeirrar orðræðu.

[14:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst ræða hv. þm. vera nokkuð undarleg, með sama hætti og honum þótti ræða mín vera furðuleg en ég held að hann hafi misskilið hana afskaplega mikið. Ég var ekki að gagnrýna fyrrverandi utanríkisráðherra á nokkurn hátt. Ég var ekki að þakka mér að ýmislegt hefur breyst. Það hefur svo margt breyst í heiminum. Það hefur svo margt breyst á Íslandi. Við erum miklu virkari þátttakendur í alþjóðasamstarfi en nokkru sinni fyrr. Meginbreytingin var

á árunum nokkurn veginn milli 1990 og fram á þennan dag og árunum fyrir 1990 þegar við ákváðum að semja okkur inn á Evrópska efnahagssvæðið 1989. Var ég að gagnrýna einhvern út af því? Var ég að gagnrýna fyrrverandi utanríkisráðherra í því sambandi? Þetta er einfaldlega eins og ég upplifi breytingarnar og ég held að það sé mikið til í því. Við tölum um að gerast aðilar að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, við höfum verið í forustu í Evrópuráðinu, við erum í forustu í Alþjóðabankanum og svo mætti lengi telja. Hv. þm. má því ekki taka hlutunum með þessum hætti.

Hann eyddi hins vegar miklum tíma í að segja: Við styðjum víst NATO. Við styðjum víst lögregluna. Af hverju þarf þingmaðurinn að eyða tíma sínum í það? Vegna þess að margir draga það í efa. Samf. hefur gagnrýnt eflingu lögreglunnar. Samf. hafði það eitt sinn á stefnuskrá sinni að segja sig úr hernaðarbandalögum. Ég var ekki að tala um að Samf. hefði sagt eitt né neitt um al Kaída. Af hverju þarf þingmaðurinn að taka þetta allt saman til sín? Ég nefndi ekki Samf. á nafn en svo virðist sem allt sem ég sagði til að gagnrýna aðra taki þingmaðurinn til sín. Það segir nokkuð um hvernig hann hugsar.

[14:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að draga ummæli sín til baka sem auðvitað var á engan hátt hægt að misskilja í ræðunni. Hann var að gefa fyrirrennurum sínum og íslenskri þjóð einkunn og vísaði til barnaskapar fyrri tíðar. Hann er maður að meiru að minni hyggju fyrir að hafa gert það og ég þakka honum fyrir að hafa beðist afsökunar á því og eytt þessum misskilningi, sem auðvitað var enginn misskilningur.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fara yfir nokkur grundvallaratriði. Rauði þráðurinn í ræðu hæstv. utanrrh. var nefnilega þessi: Þeir sem ekki eru með oss — lesist: hæstv. ríkisstjórn og haukunum í Pentagon — eru á móti oss. Þar er ekki eingöngu um Samf. að ræða. Sem betur fer eru þeir fleiri en svo sem hafa haldið uppi heiðarlegri, efnislegri og rökstuddri gagnrýni á ýmislegt sem miður hefur farið í hernaðarstefnu Bandaríkjanna á umliðnum missirum og árum. Sem betur fer eru hóparnir stærri en svo að um Samf. eina sé að ræða, þótt hún sé fjölmenn.

Ég taldi fulla ástæðu til að rifja það upp, sem ekki er nýtt af nálinni og var ekki að gerast í gær eða fyrradag, að Samf. hefur verið í fararbroddi varðandi öll þau atriði sem hér um ræðir í eflingu lögreglunnar. Hér situr formaður utanrmn. þingsins, fyrrum hæstv. dómsmrh. Ég man eftir henni í þessum stól kvartandi og kveinandi yfir því þegar við, þingmenn Samf., gagnrýndum hana fyrir að það þyrfti að efla löggæsluna í landinu. Það er ekki nýtt af nálinni. Þannig fór ég yfir þetta lið fyrir lið til að gera hæstv. ráðherra grein fyrir því að það eru fleiri sem geta, kunna og vita heldur en hæstv. ráðherra. Það er ekki þannig í henni veröld að hún sé svo svarthvít, að þeir sem ekki eru algerlega sammála mér í einu og öllu séu bara ómálga, kunni ekkert og geti ekkert.

[14:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei vitað að það væri barnaskapur að slíta barnsskónum. Ég hélt að það væri ágætt að þroskast. Ég hef þroskast mikið í starfi mínu sem utanríkisráðherra. Ég hef breytt um skoðun í ýmsum málum og sé veröldina á margan hátt öðruvísi en ég sá hana fyrr. (**JÁ:** Það fer ekkert á milli mála.) Nei, ég ætla að vona að það fari ekkert á milli mála. Ég ætla að vona að það hafi komið líka fyrir hv. þm., að fá nýja sýn á hlutina, sérstaklega þegar hann losnaði við Alþýðubandalagið sem ég held að hafi nú verið eitt mikilvægasta skrefið í þroskaferli hans.

Ég sagði ekkert um það, hv. þm., að þeir sem væru á móti væru ekki með. Ég talaði skýrt. Ég lýsti skoðunum mínum. Ég var ekki að lýsa skoðunum annarra og á engan hátt að gera lítið úr skoðunum annarra. Það var ég ekki að gera.

Hv. þm. kom og lýsti afstöðu Samf. í ýmsum málum. Það er gott, það er tilefni þessarar umræðu. Ég hélt að það væri kostur að tala nokkuð skýrt. Ég talaði mjög skýrt um hryðjuverkamenn. Það vill svo til að það er stefnumál al Kaída að útrýma Ísraelsríki. Ég sagði ekki að það væri skoðun þingmanna hér inni.

Hins vegar tala ýmsir því máli að rétt sé að reyna samningsleiðina við þessi öfgaöfl. Ég sagði ekki einasta orð um að sá aðili fyndist í þessum sal. Ég hef ekki trú á því. En þessi umræða er uppi, því miður.

Ég vildi að mögulegt væri að semja við þessa aðila. En hvernig er hægt að semja við aðila sem kjósa dauðann fram yfir lífið, sem telja að dauðinn sé meira virði en lífið sjálft? Það er hugsun þessara aðila. Ég var einfaldlega að lýsa þeirri skoðun minni að ég teldi enga von til að hægt væri að semja við slíkt fólk.

[14:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir heiðarleika, fyrir að hann skuli gera það skýrt að þessir kaflar í ræðu hans áttu ekkert erindi í þennan sal. Auðvitað kæmi ekki nokkrum manni í þessum sal til hugar að það væri vit í að setjast að samningaborði með Osama bin Laden og al Kaída. Það er ágætt að hann skuli gera það skýrt að sú brýning hans í þessari umræðu var fullkomlega óþörf, hafði nákvæmlega ekkert gildi í umræðunni. Það er ekki óeðlilegt að menn færu að velta því fyrir sér hvers vegna hann eyddi öllu þessu púðri í að hinir og þessir ónefndir létu sér til hugar koma að setjast niður með þessum glæpamönnum.

Nú er skýrt að þetta var allt á misskilningi byggt og hefði mátt sleppa þessum kafla í ræðu hans. Þetta er ekki, eins og unglingarnir mundu segja, „issue" í umræðunni.

Herra forseti. Barnaskapur og ekki barnaskapur, við skulum láta það liggja milli hluta. Ég segi enn og aftur án þess að ég ætli að fara að gefa hæstv. ráðherra einkunn fyrir þessa ræðu sína: Hann hefði betur varið meiri tíma í samningu hennar og horft víðar yfir en hann gerði. Þar var allt of þröngt sjónarhorn og of stríður tónn til að það mætti verða sem hann í öðru orðinu óskaði sér, að hér mundi nást víðtæk, góð og traust samvinna um öll grundvallargildi íslenskra utanríkismála.

Það er auðvitað mjög mikilvægt. Á okkur í Samf. hefur ekki staðið. Það hefur hins vegar stundum vantað upp á að hæstv. ríkisstjórn væri tilbúin að taka í útrétta sáttarhönd þegar kemur að veigamiklum atriðum á borð við mikilvægt samstarf um lágmarksskilgreindan viðbúnað á Keflavíkurflugvelli.

[14:51]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. greinargóða ræðu um utanríkismál. Í máli hans birtist skýrt að Ísland stendur frammi fyrir mörgum áskorunum og tækifærum í samfélagi þjóðanna.

Að sama skapi, hæstv. forseti, lýsi ég yfir undrun minni yfir ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Mér er ómögulegt að skilja hvernig hv. þm. getur snúið út úr sumum atriðum í ræðu hæstv. utanrrh. Samf. hefur viljað vera ábyrg í utanríkismálum, ekki síst í öryggis- og varnarmálum. Ég vona bara að það gangi eftir. En það þýðir ekki að slá úr og í í þessum efnum.

Það þýðir heldur ekki fyrir formann Alþýðuflokksins og formann NATO-nefndarinnar á hinu háa Alþingi að kvarta og kveina yfir því við stjórnarliða að hann þurfi að horfast í augu við það að ekki eru allir samfylkingarmenn sammála honum í utanríkismálum. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu fyrir meira en hálfri öld. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og Atlantshafsbandalagið tekið miklum stakkaskiptum. Við getum verið sammála um að heimsmyndin hafi breyst gríðarlega á þeim tíma. Nýjar ógnir hafa steðjað að þjóðum heimsins, gereyðingarvopn, efnavopn og nú síðast þaulskipulagðar hryðjuverkaárásir sem ógna öryggi alls mannkyns.

Atlantshafsbandalagið hefur sýnt hversu megnugt það er að takast á við ný verkefni og segja má að 11. september 2001 hafi ekki aðeins breytt heimsmyndinni heldur einnig hlutverki alþjóðastofnana. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að vígvöllurinn hefur færst nær okkur en áður var.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fordæmdi árásirnar og hvatti þjóðir heims til að fylkja liði gegn þessum ógnvaldi og m.a. fullgilda alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og koma þeim í framkvæmd. Vorið 2002 var lokið við að fullgilda þá samninga sem ólokið var og höfum við einnig styrkt refsilöggjöf okkar til að taka á þessum málum.

Hryðjuverkaárásin á Madríd þann 11. mars sl. var hryllileg aðför að lýðræðinu. Það var tilefnislaus árás á saklausa borgara, fólk á leið til vinnu og börn á leið til skóla. Aðgerðir af þessu tagi eiga sér enga réttlætingu hver svo sem málstaðurinn kann að vera og sama hver á í hlut. Við fordæmum þessa árás.

Hryðjuverkamenn hafa farið með ófriði gegn ríkisstjórnum fjölmargra ríkja og beint spjótum sínum að saklausum borgurum, fyrst og fremst til að valda glundroða, öngþveiti og skelfingu. Lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum er gert erfitt fyrir enda er alltaf reynt að finna skýringar á því hvers vegna slíkir atburðir eigi sér stað. Skýringin er einföld. Hér eiga í hlut samviskulausir glæpaflokkar sem aldrei verður séð fyrir hvað taka sér fyrir hendur eða hvar þeir bera niður næst. Í þessu sambandi má nefna hryðjuverkin á Balí og árásina á World Trade Center árið 1997.

Hryðjuverkmenn gera nú ítrekaðar árásir á Evrópu. Eftir árásina á Madríd þann 11. mars verðum við að gera okkur grein fyrir því að við þurfum að taka höndum saman um að berjast gegn þessum vágesti. Atburðir síðustu daga á Spáni sýna okkur og sanna að hryðjuverkamenn svífast einskis við að svala blóðþorsta sínum. Þrátt fyrir að hafa drepið og sært fleiri hundruð manns gera þeir ítrekaðar tilraunir til frekari hermdarverka. Sem betur fer tókst að koma í veg fyrir frekari árásir á járnbrautakerfið á Spáni.

Hafi einhver efast um að hryðjuverkamenn hafi með aðgerðum sínum haft áhrif á niðurstöður kosninganna á Spáni í mars ætti enginn að þurfa að velkjast í vafa lengur. Í gær bárust fréttir af því að liðsmenn al Kaída hefðu sent spænskum stjórnvöldum bréf þar sem þess var krafist að Spánn dragi herstyrk sinn til baka frá Írak. Hryðjuverkamenn færa sig nú upp á skaftið og eru farnir að beita fullvalda ríki beinum hótunum til að fá málstað sínum framgengt.

Ég fagna því sérstaklega að lögreglu á Spáni tókst að koma upp um meinta hryðjuverkamenn í bæli þeirra nálægt Madríd um síðustu helgi. En því miður náðu þeir að tortíma sjálfum sér áður en tókst að hafa hendur í hári þeirra. Þetta sýnir einfaldlega hugleysi þessara manna. Þeir skirrast ekki við að myrða konur og börn úr launsátri en eru svo ekki menn til að taka afleiðingum gjörða sinna. Þetta er heigulsháttur af verstu sort.

Í lok mars sl. áttu fulltrúar utanrmn. fund með sendinefnd frá Sádi-Arabíu sem kom hingað til lands til að hitta þingmenn og embættismenn og m.a. kynna sér lýðræðislega stjórnarhætti. Á fundi fulltrúa utanrmn. með sendinefndinni var m.a. rætt um öryggis- og varnarmál og hryðjuverkaógnina. Það er greinilegt að Sádi-Arabía og allur múslimaheimurinn líður fyrir aðgerðir al Kaída undanfarin ár. Sádi-Arabía hefur ekki farið varhluta af hryðjuverkaógninni og landið hefur verið meðal fyrstu þjóða sem orðið hefur fyrir barðinu á hryðjuverkamönnum. Það gerðist árið 1997. Þá hafa fleiri hryðjuverk verið framin innan konungsdæmisins og síðast í desember sl. Sagði formaður sendinefndarinnar að Sádi-Arabar vildu allt gera til að sporna við þessum vágesti og sagði Sádi-Arabíu fráleitt styðja glæpasamtök eins og al Kaída.

Ég óttast að svo geti farið að múslimar verði einfaldlega stimplaðir sem hugsanlegir hryðjuverkamenn og þetta grafi djúpa gjá milli Vesturlanda og landa múslima sem erfitt verði að brúa. Við þurfum að átta okkur á því að öfgamenn koma frá öllum menningarsvæðum heims.

Það var óneitanlega athyglisvert að hlýða á framkvæmdastjóra Evrópusambandsins, sem fer með stækkunarmál, á ráðstefnu sem ég sótti um öryggis- og varnarmál í Bratislava um miðjan mars þar sem hann velti því upp að hugsanlega gæti nánara samstarf við Tyrkland lagt lóð á vogarskálarnar við að byggja brú milli múslimaheimsins og vesturveldanna. Talsmaður NATO lagði einnig áherslu á mikilvægi Tyrklands í þessu sambandi. Aukinn skilningur og nánara samstarf milli þjóða heims er lykillinn að friði og stöðugleika. Enn fremur er ljóst að Evrópusambandið er að undirbúa ráðstafanir gegn hryðjuverkum og má búast við því að hryðjuverkaárásin í Madríd flýti fyrir Evrópusamrunanum og þar með að sættir náist fyrr en ella um sameiginlega stjórnarskrá ESB.

Staða varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna hefur stöðugt verið til umfjöllunar undanfarið ár. Utanrmn. hefur fylgst náið með framvindu mála en nú er svo komið að einhver skriður verður að komast á viðræðurnar. Það er erfitt að hafa varnarmál landsins í óvissu, einkum í ljósi atburða síðasta mánaðar.

Í samræmi við áratugalangt og vinsamlegt samstarf Íslands og Bandaríkjanna er mikilvægt að þjóðirnar leysi þessi mál hið allra fyrsta. Boltinn hefur verið hjá forseta Bandaríkjanna og hafa íslensk stjórnvöld átt von á að viðræður hefjist innan tíðar.

Utanrmn. hefur reynt að fylgjast grannt með umræðunni um varnarmálin að undanförnu. Hún hefur því miður stundum tekið á sig furðulega mynd. Því hefur m.a. verið haldið fram í umræðunni að það sem eftir væri af herstyrk Bandaríkjamanna á Íslandi, fjórðungur af flugsveit ásamt stuðningsliði, væri ekki trúverðugur viðbúnaður og skipti

ekki máli í dag. Þá hefur því jafnframt verið haldið fram að fólk teldi varnarsamninginn vera einhvers konar tækjalista.

Málflutningur af þessu tagi er fráleitur, enda er hér um að ræða gagnkvæma samningsskuldbindingu milli tveggja fullvalda ríkja. Þessi málflutningur styður í raun það sem við höfum haldið fram að núverandi ástand er ófullnægjandi og í ljósi þeirrar ógnar sem steðjar að ríkjum heims af völdum hryðjuverkamanna. Sem NATO-ríki með mjög víðfeðma lofthelgi og stórt flugstjórnarsvæði í Norður-Atlantshafi þurfum við á trúverðugum vörnum að halda. Hugmyndir um að hverfa frá föstum herstöðvum til skipulags vel hreyfanlegra hraðsveita eru í sjálfu sér allrar athygli verðar en gagnast lítt Íslandi vegna legu landsins. Ljóst er að viðbragðstími flugsveita sem staðsettar eru í Evrópu er langur og ef hætta steðjar að landinu er allt um garð gengið áður en flugsveit kæmist á vettvang. Þá má benda á að um flugstjórnarsvæði Íslands fara um 80 þúsund flugvélar á ári og við þurfum að átta okkur á að einhverri þeirra gæti verið stefnt gegn okkur eða öðru ríki.

Í því samhengi er rétt að vekja athygli á að NATO hefur tekið að sér loftvarnir fyrir Eystrasaltsríkin enda hafa þau ekki yfir flugsveitum að ráða. NATO telur nauðsynlegt að tryggja loftvarnir Eystrasaltsríkjanna, m.a. í ljósi skuldbindingar skv. 5. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, og er nú sennilega ekki litið svo á að Rússland sé ógnin. Þvert á móti hefur mjög jákvætt samstarf verið milli NATO og Rússlands innan NATO-Rússlandsráðsins.

Ef flugsveitin eða það sem eftir er af henni færi héðan yrði Ísland eina NATO-ríkið án loftvarna og það gætum við að sjálfsögðu ekki sætt okkur við. Það er heldur ekki ásættanlegt fyrir önnur NATO-ríki.

Því hefur verið haldið fram opinberlega, ekki síst af hálfu varaformanns Samf., að Íslendingar ættu frekar að snúa sér til Evrópusambandsins og semja við Evrópusambandið um að falla undir öryggis- og varnarmálastefnu þess eða hreinlega semja við önnur Evrópuríki um varnir landsins.

Ég hef kynnt mér þessi mál vel og komist að því að þetta fær engan veginn staðist. Það kom einnig skýrt fram í mati sérfræðings í öryggis- og varnarmálum sem jafnframt er hægri hönd Solana sem fer með öryggis- og varnarmál af hálfu Evrópusambandsins. Hin sameiginlega varnarmálastefna Evrópusambandsins kemur ekki í staðinn fyrir NATO og hún getur fráleitt komið í staðinn fyrir tvíhliða varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna.

Þá hefur því verið haldið fram að ef Evrópusambandið setti sambærilegt ákvæði og 5. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins í stjórnarskrá sína yrði NATO þar með óþarft. Atlantshafsbandalagið styður í sjálfu sér öryggis- og varnarmálastefnu ESB en hún kemur aldrei í staðinn fyrir NATO heldur er fremur viðbót við NATO. Þetta eru tvær stefnur sem geta stutt hvor aðra en Atlantshafsbandalagið er allt annars eðlis en varnarmálastefna Evrópusambandsins.

Þá er rétt að vekja athygli á því að í hinum nýju aðildarríkjum NATO er almennur og víðtækur stuðningur meðal almennings um aðildina. Það má geta þess hér að í nýlegri könnun í Tékklandi mældist stuðningur við NATO-aðild um og yfir 70%. Atlantshafsbandalagið hefur þannig rutt brautina fyrir þessi ríki í lýðræðisátt enda þurfa þau að uppfylla nokkuð ströng skilyrði um lýðræðislegt stjórnarfar, stöðugleika, mannréttindi og fleiri atriði áður en til aðildar kemur.

Hæstv. forseti. Íslenska friðargæslan tók til starfa árið 2001 og hefur þegar sannað gildi sitt svo um munar. Utanrmn. hefur ávallt fylgst vel með störfum Íslensku friðargæslunnar og stutt við uppbyggingu hennar en á viðbragðslista eru nú 185 manns. Sem herlaus þjóð á Ísland að beita sér fyrir uppbyggingar- og ráðgjafarstarfi á stríðshrjáðum svæðum. Á erlendri grund þar sem ófriður hefur ríkt eiga Íslendingar líka að eiga auðveldara með en margar aðrar þjóðir að athafna sig og takast á við verkefnin í samstarfi og sátt við heimamenn, enda nýtur Ísland þess að hafa ekki átt í ófriði við neina af þessum þjóðum.

Íslenska friðargæslan hefur nú lokið Pristina-verkefninu með sóma. Ég vil nota tækifærið og hrósa starfsmönnum Íslensku friðargæslunnar fyrir vel unnin störf í þágu friðar og uppbyggingar á stríðshrjáðum svæðum.

Nú hefur verið óskað eftir að Ísland taki að sér flugvöllinn í Kabúl í Afganistan þann 1. júní nk. sem að öllum líkindum verður mun umfangsmeira verkefni. Fjárframlög hafa verið aukin til þessa málaflokks að undanförnu en það er okkar framlag til sameiginlegra skuldbindinga NATO á sviði friðaraðgerða. Ég legg áherslu á að fjármunir íslenska ríkisins og mannafli sem Ísland leggur til verði nýttur til vel afmarkaðra og skilgreindra verkefna.

Það hefur alltaf legið ljóst fyrir og komið fram á fundum utanrmn. að íslenskir friðargæsluliðar eru ekki hermenn. Markmiðið er að sinna borgaralegum verkefnum á svæðum þar sem hernaðarátökum er lokið. Hins vegar þurfum við að átta okkur á því að störf friðargæsluliða eru fráleitt hættulaus. Þeir sinna störfum á ótryggum svæðum og því getur reynst nauðsynlegt fyrir friðargæsluliða, eins og t.d. lækna og hjúkrunarfólk, að bera handvopn hreinlega til að verja sig ef það lendir í slíkum aðstæðum. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að ef krafa er gerð um að friðargæsluliðar beri vopn fá þeir tilskilda þjálfun í meðferð þeirra.

Íslenskir friðargæsluliðar hafa líka þurft að bera titil af hernaðarlegum toga. Það á sér þær einföldu skýringar að umhverfið sem þeir starfa í er hernaðarlegt. Menn þurfa að átta sig á því að í slíku umhverfi er ekki hægt að eiga samskipti við hvern sem er nema að hafa tiltekna stöðu. Til þess hreinlega að geta átt samskipti við rétta aðila og unnið að þeim verkefnum sem íslenskum friðargæsluliðum er falið hefur þótt nauðsynlegt að veita þeim tiltekna hernaðarlega tign svo samskipti gangi snurðulaust fyrir sig. Þetta er í sjálfu sér svona einfalt. Það er því alvarlegt mál þegar því er slegið upp að Íslenska friðargæslan sé eins konar hersveit Íslands í útlöndum, grá fyrir járnum, og mikið gert úr því að friðargæsluliðar beri titla eins og hermenn. Það er miður ef einhverjir hv. þm. vilja taka þátt í slíkri umræðu.

Hæstv. forseti. Hinn 1. maí nk. tekur stækkun Evrópska efnahagssvæðisins gildi og verða ESB-ríkin þá orðin 25 í stað 15 áður. Þau verða jafnframt hluti af EES-svæðinu. Í allri umræðunni um stækkunina hefur tiltölulega lítið verið rætt hér á landi um hvernig Evrópukortið lítur út eftir þessa stækkun. Ytri landamæri Evrópusambandsins flytjast nú utar en áður og ný ríki verða næstu nágrannar Evrópusambandsins og eiga landamæri að ytri landamærum ESB og þar með EES-svæðisins.

Evrópusambandið vinnur nú að nýrri áætlun um nýja nágranna ESB. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga í umræðunni um hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi. Í mörgum hinna nýju nágrannaríkja er lýðræðisþróun því miður skammt á veg komin og skipulögð glæpastarfsemi hefur

þrifist vel. Við stækkunina færumst við nær þeirri starfsemi, leið hennar inn á markaðinn verður styttri en áður. Þetta kallar í raun á að við þurfum að vera enn meira vakandi fyrir þessari tegund glæpastarfsemi en áður.

Eftir atburðina þann 11. september 2001 var flugstöðin í Keflavík tekin út sérstaklega með tilliti til öryggismála og allt gert til að tryggja öryggi flugumferðar og farþega. Það var eitt af framlögum okkar til baráttunnar gegn hryðjuverkum. Schengen-upplýsingakerfið hefur verið ómetanlegt tæki í þeirri baráttu og við höfum náð árangri. Þá mun styrking sérsveitar ríkislögreglustjóra vera þungt lóð á vogarskálina þegar kemur að öryggi flugfarþega og eftirliti með skipulagðri glæpastarfsemi.

Nú hefur komið til tals að skylda ferðamenn til að hafa lífkenni í vegabréfum sínum og hafa Bandaríkjamenn boðað að ferðamenn, m.a. frá Íslandi, þurfi frá og með haustinu að sæta því að tekin séu af þeim fingraför og myndir. Er þetta m.a. hugsað sem tæki í baráttunni gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Á þennan hátt hafa hryðjuverkamenn enn náð að hafa áhrif á fullvalda ríki. Þetta fyrirkomulag hefur ákveðin óþægindi í för með sér og kemur verst niður á almenningi, en við megum samt ekki láta deigan síga í baráttunni við þennan vágest.

Hæstv. forseti. Það hefði svo sannarlega verið ástæða til að ræða mörg fleiri málefni í þessari umræðu um utanríkismál en tíminn setur okkur ákveðnar skorður. Ég vil þó að lokum þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir yfirlitsskýrslu um utanríkis- og alþjóðamál sem lögð hefur verið fram. Það er afar mikilvægt fyrir okkur sem störfum á þessum vettvangi að hafa aðgang að traustum upplýsingum um utanríkismál. Skýrslan ber einnig glöggt vitni um það viðamikla starf sem utanríkisþjónustan sinnir, en öllum ætti að vera ljóst að við þurfum að leggja mjög mikið upp úr þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi og síðast en ekki síst þurfum við að gera okkur sýnileg á alþjóðavettvangi.

[15:10]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur og formanni utanrmn. að hún minntist á sendinefnd frá ráðgjafarþinginu í Sádi-Arabíu sem heimsótti hið háa Alþingi þann 29. mars sl. og að nefndarmenn og kannski formaður nefndarinnar hefðu tjáð henni að Sádi-Arabar væru harðlega á móti hryðjuverkum.

Ég ætla svo sem ekki að draga það í efa en ég vil þá líka að það komi fram og verði fært til bókar að ég hitti líka þá ágætu menn sem fulltrúi míns þingflokks og spurði þá m.a. um afstöðu Sádi-Araba til innrásarinnar í Írak. Það kom greinilega mjög skýrt fram í svörum þeirra ágætu manna frá Sádi-Arabíu að Sádi-Arabar eru mjög ósáttir við innrásina í Írak og eru alfarið á móti henni, og okkur, íslensku þingmönnunum, var tjáð með mjög skýrum hætti að Sádi-Arabar teldu að innrásin hefði leitt til þess að allt hefði farið í bál og brand í Miðausturlöndum, ástandið væri ískyggilegt, menn hefðu farið úr vondu yfir í miklu verra.

Ég taldi rétt að þetta kæmi fram. Það er nefnilega svo, frú forseti, að þó að maður sé á móti innrásinni í Írak þarf maður ekki sjálfkrafa að vera fylgjandi hryðjuverkum. Maður getur bæði verið á móti innrásinni í Írak og á móti hryðjuverkum. Við í Frjálsl. fyllum þann flokk.

[15:12]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil kannski ekki alveg í hverju þetta andsvar fólst vegna þess að ég vék ekkert að afstöðu Sádi-Araba eða sendinefndar frá þeim í ræðu minni hvað varðar afstöðu þeirra til innrásarinnar í Írak. En það hefur auðvitað komið fram opinberlega í viðtali við formann þeirrar sendinefndar, að ég hygg, hvaða afstöðu þeir hafa í því máli.

Það er auðvitað svo að þegar hv. þm. reyna að tengja þessi alvarlegu og hræðilegu hryðjuverk við innrás Bandaríkjamanna í Írak þá er eins og menn velti ekkert fyrir sér fyrir hvað hryðjuverkasamtök eins og al Kaída standa og hvernig þeir rökstyðja glæpaverk sín. Það má velta því fyrir sér t.d. hvaða skýringar þeir hafa gefið á aðgerðum sínum í Afríku á sínum tíma þegar friðarferlið stóð sem hæst milli Ísraels og Palestínu. Ekki voru þeir að hjálpa til í því sambandi. Eða hvers vegna þeir voru að ráðast á saklausa ferðamenn í Balí, eða hvers vegna þeir áformuðu að ráðast á World Trade Center árið 1997 í Bandaríkjunum.

Mér finnst að hv. þm. ættu að halda því til haga að þetta eru glæpaflokkar sem skirrast einskis í að koma áætlunum sínum í framkvæmd og það skiptir í raun og veru engu máli hvaða afstöðu fullvalda ríki hafa í utanríkismálum, hvort sem er til innrásarinnar í Írak eða varðandi önnur mál. Ég vildi bara fá að koma þessu á framfæri, hæstv. forseti.

[15:14]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að fólk misskilji ekki orð mín, ég er alls ekki að reyna að mæla þessum glæpamönnum og fjöldamorðingjum bót á neinn hátt, alls ekki.

Það sem ég vildi hins vegar benda á er að mér finnst málflutningur ríkisstjórnarsinna og þeirra sem reyna að verja innrásina í Írak oft og tíðum vera svolítið einstrengingslegur og einhliða. Þeir tína til þær röksemdir sem þeim passa en öðrum röksemdum sem passa ekki jafn vel og eru kannski óþægilegar er svona frekar sópað undir teppið og hjúpur þagnarinnar látinn ríkja þar í kringum. Þetta er að sjálfsögðu mjög flókin mynd sem við erum að horfa á, orsakasamhengið er mjög flókið og eflaust vitum við sem í þessum sal sitjum minnst um það. Við höfum sennilega ekki kynnt okkur ástandið í þessum löndum til hlítar, við höfum ekki þurft að búa þar, við höfum ekki þurft að alast upp þar, við höfum heldur ekki þurft að lifa við ástandið sem hefur ríkt þar um áratuga skeið. Það er því erfitt fyrir okkur að alhæfa um það þó að við getum kannski reynt að gera eins vel og við getum í því efni hvar í flokki sem við stöndum. En ég mun væntanlega koma nánar inn á þessar röksemdafærslur mínar í ræðu minni seinna í dag.

[15:15]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. að við getum engan veginn skilið hvaða hvatir liggja að baki þeim voðaverkum sem samtökin standa fyrir. Ég vil hins vegar halda því til haga að ég minntist á það í ræðu minni að ég hef áhyggjur af því að þessar hræðilegu hryðjuverkaárásir leiði til þess að það skapist eða myndist gjá milli Vesturlanda annars vegar og landa múslima hins vegar og ég tel að það sé mjög mikið áhyggjuefni. Ég benti líka á að menn yrðu að hafa það í huga að öfgamenn koma frá öllum menningarsvæðum í heiminum.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Við fjöllum um ræðu og skýrslu utanrrh. samkvæmt venju undir lok þinghalds að vori. Sú venja er komin á að skýrsla utanrrh. af þessu tagi komi fyrir þingið annað hvert ár og er það út af fyrir sig ágætisfyrirkomulag. Skýrslan er að vísu þegar maður fer að blaða betur í henni nokkuð athyglisverð blanda af gagnlegum staðreyndum og upplýsingum sem þarft er að hafa á einum stað og ákveðnum pólitískum útlistunum, t.d. kaflinn um málefni Miðausturlanda sem hlýtur væntanlega að teljast fyrst og fremst pólitísk útlistun hæstv. ráðherra eða á ábyrgð hans. Síðan er á ýmsum öðrum stöðum í skýrslunni meira um staðreyndaupptalningu.

Ég verð að segja að ég varð ákaflega undrandi þegar ég las ræðu hæstv. utanrrh. og hélt þó að seint mundi hæstv. utanrrh. koma mér mjög mikið á óvart úr þessu. Ég, svipað og ræðumaður á undan mér, Guðmundur Árni Stefánsson, átti von á því að hæstv. ráðherra yrði á mýkri nótum í lokaræðu sinni, svanasöng sínum hér. Ég átti líka sérstaklega von á því í ljósi þess hvernig umræða um alþjóðamál hefur verið að þróast á síðustu vikum og mánuðum að það mundi votta fyrir skilningi, svo ég segi ekki sjálfsgagnrýni eða efasemdum, í málflutningi hæstv. ráðherra varðandi ýmsa atburði sem nýliðnir eru og m.a. ríkisstjórn Íslands hefur tekið ákveðna afstöðu til.

Ég á alveg sérstaklega við hina ólögmætu innrás og hið ólögmæta hernám í Írak sem er á góðri leið með að leiða menn í þvílíkar ógöngur samanber fréttaflutning þaðan þessa dagana að það hálfa væri nóg, vegna þess að beggja vegna við okkur, beggja vegna Atlantsála, fer fram mikil umræða um þetta mál og endurmat á þessum hlutum þar sem menn gangast við því að hafa notast við rangar upplýsingar, svo ekki sé sagt vísvitandi blekkt. En það vottar ekki fyrir neinu slíku í ræðu hæstv. utanrrh. Það er ekkert endurmat á þeirri ákvörðun íslenskra stjórnvalda að styðja innrásina og kaflinn í byrjun um hryðjuverkasamtökin er alveg ótrúlegur því þar er þessu stillt upp með þeim hætti að það séu bara tvær leiðir færar, annaðhvort að fylgja harðlínustefnu Bandaríkjastjórnar með vopnaða íhlutun og hörku eða að menn séu að sýna linkind og vilji samninga við glæpamenn, eins og þar sé enginn millivegur. Hefur hæstv. ráðherra ekkert orðið var við umræðuna á meginlandi Evrópu? Tekst honum að horfa algjörlega fram hjá þeim ágreiningi sem uppi hefur verið í alþjóðasamfélaginu um aðferðafræði, um framgöngu í þessum efnum? Hæstv. ráðherra lætur eins og hann viti ekki af því að þjóðir eins og Frakkar, Þjóðverjar, Kínverjar, Rússar og margar fleiri hafa haft og hafa enn djúpstæðar efasemdir um harðlínustefnu Bush-stjórnarinnar og fylgjenda hennar.

Margar fleiri formúleringar eru þarna mjög undarlegar. Hæstv. ráðherra reynir að leiða að því líkum að það séu engar innstæður fyrir því sem margir hafa nefnt sem skýringar á hinni miklu andúð í garð Vesturlanda í arabaheiminum sem er jarðvegur öfgaaflanna, í þann jarðveg sækja þau liðsmenn m.a. Hvers vegna flykkjast nú ungir arabískir karlmenn þúsundum saman í hryðjuverkasamtök vítt og breitt í þeim heimshluta? Hvers vegna eru hryðjuverkahópar í aðskildum löndum sem áður störfuðu einangrað að ná saman þvert á jafnvel línur sem áður skildu þá að? Verða menn ekki að horfast í augu við að þetta er að gerast?

Hæstv. ráðherra gengur svo langt að spyrja: „Um hvað vilja menn semja við al Kaída eða gistiríki liðsmanna samtakanna?“

Fyrst gefur hann sér að það séu einhverjir talsmenn þess að ganga til samninga við al Kaída. Hverjir eru þeir? Hverjir hafa mælt fyrir því? Í hvaða hugarheim er hæstv. ráðherra að vitna? Veit hann um einhverja sem hafa mælt sérstaklega með því að menn gangi til samninga við Osama bin Laden? Ég hef aldrei undir sólinni heyrt um nokkurn einasta mann. Ég bið hæstv. utanrrh. að upplýsa þau nýju tíðindi, að það sé einhver skóli uppi í stjórnmálum heimsins sem tali fyrir því að ganga til samninga við Osama bin Laden. En það að menn vilji það ekki er ekki eitt og hið sama og að skrifa fyrirvaralaust upp á aðferðafræði Bush Bandaríkjaforseta. Það er langur vegur þar á milli.

„Það er með öllu óskiljanlegt að samningar við slík myrkraöfl skuli hvarfla að nokkrum upplýstum manni því samningsefnið getur ekki orðið annað en grundvallargildi lýðræðisríkja. Það duga engar vífillengjur til að leyna því að allt tal um samninga felur óhjákvæmilega í sér málamiðlanir, verðlaunar hryðjuverkamennina og svívirðir minningu fórnarlamba þeirra.“

Bíðum við, hver hefur mælt fyrir slíku? Fyrr í ræðunni er talað um að umburðarlyndi sé eitt af grundvallargildum Vesturlanda. Er þetta aðferðin til að mæla fyrir hinu vestræna umburðarlyndi? Ég spyr.

Síðar í ræðunni er talað um að al Kaída og hliðstæð samtök — *liðsmenn þeirra séu reyndar hvorki fátækir né ómenntaðir* og þar með er það afgreitt að kúgun, fátækt og misrétti skapi jarðveg fyrir hryðjuverk af því að wahabítaskólinn og Osama bin Laden komi úr efnuðum fjölskyldum. Heyr á endemi. Ætli flestir viti ekki t.d. í hvaða jarðveg öfgahóparnir í Palestínu sækja sér liðsmenn í örvæntingu, neyð og vonleysi flóttamannabúðanna þar sem önnur og þriðja kynslóðin er að alast upp í algjöru vonleysi um framtíð sína. Það þýðir ekki að reyna að afgreiða hlutina með þessum hætti, hæstv. utanrrh.

Ég leyfi mér að spyrja: Hverjir eru ráðgjafar hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar? Hverjir leggja á ráðin með honum um að semja svona texta? Er það Davíð Oddsson? Hverjir leggja á ráðin með honum?

Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. utanrrh. hafi hlustað t.d. á Kastljósþátt þar sem Magnús Bernharðsson, sérfræðingur í menningu og málefnum Austurlanda, ræddi af mannviti um þessa hluti og fór m.a. yfir þær ógöngur sem menn eru komnir í með málefni í Írak. Ef hæstv. utanrrh. hlustaði á menn eins og Magnús Bernharðsson, Jón Orm Halldórsson, þess vegna Jóhönnu Kristjónsdóttur, en sæti ekki annaðhvort við að semja þessa texta sjálfur eða hefði þá hroðalegu ráðgjafa sem með honum hafa sett þetta niður á blað. Þetta er ekki aðferðin til skilnings á þeim hlutum sem þarna er við að glíma. Styrjaldirnar hafa sýnt að það er ekki lausn á hryðjuverkavandanum að láta sprengjum rigna úr 40–60 þús. feta hæð yfir vanþróaðar þjóðir. Það þarf að hugsa fyrir eftirleiknum.

Hvernig er ástandið í Afganistan? Hvernig er ástandið í Írak? Er ekki Írak á barmi borgarastyrjaldar í dag? Eru ekki meira að segja þeir hópar sem menn héldu að þeir ættu vísa sem bandamenn, sjíta-múslímarnir, að rísa upp gegn innrásarliðinu? Er hæstv. utanrrh. sáttur við ástandið í Írak eins og það er í dag?

Það vakti mikla undrun mína, herra forseti, að ráðherra vék nánast ekki að Íraksstríðinu í ræðu sinni. Ég veit að vísu að ráðherra hefur haft tilhneigingu til þess í þáttum að afgreiða það sem liðna tíð, sagt að menn eigi að snúa sér að

framtíðinni. Það er ágætt að snúa sér að framtíðinni en ætli menn verði ekki að gera upp sakirnar líka og standa ábyrgir verka sinna? Er hæstv. ráðherra að reyna að flýja undan því að hafa látið kúska sig til þess eða viljandi og með glöðu geði lýst yfir stuðningi við hið ólögmæta árásarstríð gegn Írak og ólögmætt hernám landsins, gegn því sem hæstv. ráðherra hafði áður sagt.

Í skýrslu ráðherra er fjallað um þetta mál, þó lítið sé komið inn á það í ræðunni, í kaflanum undir fyrirsögninni Um Miðausturlönd. Þar eru furðulegar formúleringar á ferð. Þar segir ráðherra réttilega að nú sé rúmt ár liðið frá innrás Bandaríkjanna og Breta í Írak og þetta hafi ekki verið auðveld ákvörðun og hvaðeina. Á einum stað segir, með leyfi forseta: „að aðgerðirnar sem Ísland studdi hafi haft það markmið að koma lögum yfir einn illræmdasta harðstjóra mannkynssögunnar."

Þetta er beinlínis rangt. Aðgerðirnar höfðu það yfirlýsta markmið að koma upp um og fjarlægja gereyðingarvopn Íraka, enda var það eina ástæðan sem gat gefið aðgerðunum eitthvert yfirbragð lögmætis. Það er eina ástæðan sem alþjóðasamfélagið getur leyft sér að nota til þess að ráðast inn í fullvalda ríki innan viðurkenndra landamæra. Það stendur hvergi í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna að það megi ráðast inn í sjálfstæð ríki til að skipta þar um stjórnvöld. Slík paragröf eru ekki til þar. Þess vegna varð Bandaríkjastjórn að reyna að ýkja upp gereyðingarvopnahættuna til að ljá aðgerðum sínum yfirbragð lögmætis. Þetta veit hæstv. utanrrh. vel, en hvers vegna talar hann þá um hlutina með þessum hætti?

Síðan er talað um að nú séu Írakar að taka aftur við stjórn landsins. Fer mikið fyrir því? Það er talað um að hinar sterku vísbendingar um gereyðingarvopn írakskra stjórnvalda hafi ráðið miklu þar um. Það var eina ástæðan.

Síðan segir ráðherra að ályktun 1441 sé, hún er kölluð neðarlega í textanum „lokatækifæri til óskilyrtrar samvinnu".

Hér er hæstv. utanrrh. algerlega búinn að snúa við blaðinu og kominn í fulla mótsögn við sjálfan sig.

Þann 27. janúar 2003 svaraði utanrrh. fsp. frá Ögmundi Jónassyni og sagði, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að íslensk stjórnvöld telja nauðsynlegt að betra ráðrúm gefist fyrir vopnaeftirlitsmenn til að athafna sig í Írak og það liggur líka fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda að við teljum nauðsynlegt að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna taki þetta mál til frekari umfjöllunar."

Seinna í sömu umræðu:

„Það er alveg ljóst af okkar hálfu að við teljum algjörlega nauðsynlegt að þetta mál komi til umfjöllunar öryggisráðsins á nýjan leik, það höfum við margsagt."

Halldór Ásgrímsson, 27. janúar 2003.

Svo seint sem 17. mars, sólarhringum fyrir innrásina, endurtekur hæstv. utanrrh. þetta sama í viðtali við Ríkisútvarpið. Hin yfirlýsta stefna utanrrh. og ríkisstjórnarinnar var því þangað til kom að kúvendingunni sú að það þyrfti nýja ályktun í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna enda alveg ljóst að ályktun 1441, sem ég er með í höndunum, gefur engar heimildir til vopnaðrar valdbeitingar á grundvelli VII. kafla stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Bandaríkjamenn voru einir um þá skoðun alveg þangað til Bretar gáfust upp þegar í ljós kom að engin ný ályktun sem heimilaði árás fengist afgreidd í öryggisráðinu. Af hverju fékkst hún ekki afgreidd? Vegna þess að í ályktun 1441 er stafað niður hvað skuli gera á næstu mánuðum í framhaldi af þeirri ályktun á haustdögum, þ.e. að vopnaeftirlitsmennirnir, El Baraday og Hans Blix, eigi að gefa nýjar skýrslur og þær komu í byrjun mars. Og hvað stóð í þeim skýrslum? Það stóð að vopnaeftirlitið hefði skilað miklum árangri, það lægju engar sannanir fyrir um ólögmæta gereyðingarvopnaeign Íraka og vopnaeftirlitsmennirnir báðu um meiri tíma og meira fé. Þá ýttu Bandaríkjamenn því öllu út af borðinu því það stóð aldrei annað til en að ráðast inn í Írak. Það liggur fyrir skjalfest og vitnisborið undir eiðum hjá rannsóknarnefndum og Bandaríkjaþingi að undirbúningur undir innrás í Írak var kominn af stað fyrir 11. september 2001. Það liggur líka fyrir að Bandaríkjastjórn, Bush yngri, var svo heltekinn af því að gera upp reikningana við Saddam Hussein að hann ýtti til hliðar vísbendingum um hryðjuverkaógnina sem Bandaríkjunum stóð af al Kaída. Þetta er fullyrt af sérfræðingum og er til umræðu á Bandaríkjaþingi eins og hæstv. utanrrh. ætti að vita.

Síðan er enn ein réttlæting færð fyrir afstöðu Íslands og það er að trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna hafi verið í húfi. Það þurfti að ráðast á Írak án ályktunar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna af því að trúverðugleiki þeirra væri í húfi. Hvernig í ósköpunum fer þetta heim og saman? Nei, staðreyndin er auðvitað sú að þeir sem stóðu í lappirnar og létu ekki kúska sig til að pína í gegnum Sameinuðu þjóðirnar samþykki fyrir árás á Írak á grundvelli upploginna upplýsinga björguðu heiðri Sameinuðu þjóðanna. Hvernig væri upplitið á Sameinuðu þjóðunum í dag ef þær hefðu gefið eftir og öryggisráðið tekið trúanlegar hinar upplognu upplýsingar og heimilað árás á landið og svo hefði komið í ljós að þar voru engin gereyðingarvopn að finna? Þá fyrst væri trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna illa leikinn. Það voru nefnilega þær þjóðir sem stóðu gegn þessu í öryggisráðinu og á alþjóðavettvangi. Og það voru vopnaeftirlitsmennirnir sem stóðu í lappirnar og létu ekki undan þrýstingi bandarískra stjórnvalda um að skrifa upp á innrás. Ég held að hæstv. utanrrh. fyrir utan það að tala við fólk sem einhverja þekkingu hefur á málefnum Miðausturlanda og fá það til að hjálpa sér við að semja ræðurnar ætti t.d. að lesa bækur af þessu tagi, lesa bók Hans Blix sem lýsir nákvæmlega frá fyrstu hendi öllu því sem vopnaeftirlitið gekk í gegnum, þrýstingnum sem það sætti og reiði bandarískra stjórnvalda í garð Blix og manna hans þegar þeir vildu ekki skrifa upp á að ráðast ætti á Írak. Hans Blix segir einmitt, og það er dregið út á bókarkápuna, um það atriði sem hæstv. utanrrh. notar sem réttlætingu fyrir innrásinni, með leyfi forseta, í fljótaskriftarþýðingu minni:

„Nú mörgum mánuðum eftir hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra kemst ég ekki hjá því að velta fyrir mér hvernig heimurinn hefði brugðist við ef við vopnaeftirlitsmennirnir hefðum einfaldlega lýst því yfir að við værum sammála mati Bandaríkjamanna og Breta, sem reyndist rangt eða mjög vafasamt, um álrör, um úransamninga í Afríku, um hreyfanlegar rannsóknarstofur og hreyfanlegar eiturefnavopnaverksmiðjur, um vélmenni, um flaugar o.fl."

Allt reyndist þetta rangt með tölu. Upplýsingarnar um úransamningana, úrankaupin í Afríku, reyndist helber lygi. Álrörin voru aldrei ætluð til nota við kjarnorkuvopnaframleiðslu heldur í það sem gefið var upp.

Colin Powell — sem er lengra kominn á þroskabrautinni en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson enda varð hann löggilt gamalmenni í gær, 67 ára gamall, til hamingju með

daginn — er þó farinn að játa það og er greinilega reiður yfir því að hafa verið dæmdur í það hlutverk að fara með falskar upplýsingar inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Hann segir: „Sýklaefnaverksmiðjurnar voru aldrei til." Áhrifaríkustu myndirnar sem Colin Powell sýndi af hinum færanlegu sýklavopnaverksmiðjum í gámum á vörubílspöllum eða dráttarvögnum voru aldrei til. Þær voru fabrikasjón til að réttlæta þetta fyrir fram ákveðna stríð Bandaríkjamanna gegn Írak. Og að hæstv. utanrrh. skuli svo koma hér í ljósi alls þess sem á dagana hefur drifið eftir þetta ár með 80% íslensku þjóðarinnar á móti því að fara í þetta stríð þar sem meiri hluti Bandaríkjamanna er nú orðinn andvígur stefnu Bush, þar sem meiri hluti Evrópumanna samkvæmt skoðanakönnunum telur Bush og stefnu hans mestu ógnunina við heimsfriðinn í dag. Hvar eru efasemdir íslenskra stjórnvalda? Ég verð að segja alveg eins og er að svona hélt ég að hæstv. utanrrh. tækist ekki að skilja við og verð ég að segja að gjarnan hefði verið ánægjulegt að eiga við hann orðaskipti undir jákvæðari formerkjum en efni standa til að þessu sinni úr því að hann er að láta af þessu embætti, a.m.k. í þessari lotu. Er ekki rétt að orða það þannig eins og ég tek eftir að hæstv. forsrh. gerir gjarnan, að þetta séu bara endalokin á forsætisráðherratitli hans í þessari umferð, í þessari lotu?

Það er svona svanasöngur í lokaorðum hæstv. utanrrh. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að halda því fram þó að mér finnist það reyndar svolítið barnalegt að vitna í Pál postula og telja að *nútímautanríkisþjónusta og alvöruþátttaka Íslands í þeim* efnum hafi hafist til og með valdatöku Halldórs Ásgrímssonar í utanrrn., það er a.m.k. nærtækt að falla í þá freistni að túlka þann texta svo, og væri þá svolítið skemmtilegt og ég held að það ætti að senda textann til Helsinki til yfirlestrar, hvort menn hafi ekki gaman af þessu þar. Ég veit að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hefur lagt sig fram og hann hefur átt annasamt starf þau níu ár sem hann hefur verið þar. Ég hef oft verið ákaflega ósáttur við hæstv. utanrrh. en það er málefnalegur ágreiningur og snýr ekki að persónu hans. Ég veit að hann hefur lagt sig fram í þessu embætti, en það verð ég að segja að langdjúpstæðastur er hinn efnislegi ágreiningur minn við hæstv. utanrrh. það síðastliðið ár sem liðið er frá því ógæfuskrefi formanna stjórnarflokkanna án nokkurs lögmæts samráðs við utanrmn. Alþingis, og ég fullyrði, ekki að vandlega yfirveguðu máli eins og sagt er í þessum texta, að styðja hið mislukkaða stríð í Írak með öllum þeim hörmungum sem það hefur þegar kallað yfir okkur, stórversnandi ástand í alþjóðasamskiptum og er þó engan veginn séð fyrir endann á þeim mikla hildarleik.

Ég er þeirrar skoðunar svo það sé þá alveg ljóst að langalvarlegasta ógnunin við frið og stöðugleika í heiminum í dag sé hin herskáa og hrokafulla stefna núverandi bandarískra stjórnvalda. Það er auðvitað ekki auðvelt hlutskipti að vera eina stórveldið í heiminum, hernaðarstórveldi af því tagi, en það réttlætir það ekki að menn fari sínu fram og geri hvað sem er og enn síður að menn fylgi þeim gagnrýnislaust.

[15:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. gagnrýnir það hve hörðum orðum ég fer um hryðjuverkamenn. Hann segir jafnframt og er sammála því mati mínu að það sé ekki hægt að semja við þá og erum við þá ekki sammála um að ekki sé hægt að semja við þá og það beri að berjast gegn þeim?

Hann gagnrýnir nú sem fyrr afskipti alþjóðasamfélagsins af Afganistan og Írak. Hann nefndi ekki Bosníu og Kosovo. *Ég man ekki betur en að hv. þm. væri einnig á móti þeim.* Ef ekki hefði verið farið í þau væri Milosevic enn þá við völd. Ef ekki hefði verið farið inn í Afganistan væru talíbanar enn þá við völd og hv. þm. spurði: Hvernig er ástandið í Afganistan?

Ég er nýkominn af ráðstefnu um Afganistan í Þýskalandi og það var afskaplega ánægjulegt að hlusta á forustumenn þess ríkis tala um framtíðarsýn þeirra, um réttindi kvenna, um skólagöngu barna, um bættar samgöngur í landinu, um þá sýn að þjóðartekjur á mann gætu orðið 500 dollarar á mann árið 2015, eru núna um 180 dollarar á mann, um þá sýn að berjast gegn eiturlyfjum og ráða niðurlögum stríðsbaróna og eiturlyfjamafíu í Afganistan. Það voru bjartsýnir forustumenn 25 milljóna þjóðar sem hefur átt við stríðsátök að etja í 25 ár sem þar mættu. Þeir voru afskaplega ánægðir með samskipti sín við alþjóðasamfélagið þannig að það er ekki rétt að ástandið í Afganistan sé ekki að batna.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra enn falla í þá gryfju að stilla þessu upp sem tveimur algerum andstæðum og það sé enginn meðalvegur þarna á milli. Það er alveg hárrétt. Ég tók undir að það á ekki að semja við ótínda glæpamenn og þá sem brjóta lög og rétt, ástunda hryðjuverk og annað slíkt, *enda hefur mér vitanlega enginn maður* nokkurn tímann haldið því fram. Það er bara úr hugarheimi hæstv. ráðherra að einhverjir tali fyrir slíku. Ég gagnrýndi ekki að hæstv. utanrrh. færi hörðum orðum um hryðjuverk. Við erum öll sammála um það og getum sjálfsagt notað eitthvað mismunandi orðalag um það. En það er ekki þar með það sama og að menn eigi að skrifa algerlega upp á hina hugmyndafræðina sem ég get eiginlega ekki kallað annað en að skjóta fyrst og spyrja svo. Það er ekki það sama og að menn eigi ekki að reyna að skilja orsakir þeirra vandamála sem við er að glíma í þessum efnum, þessa árekstra. Hvers vegna gætir svona gríðarlegrar andúðar í garð Vesturlanda og þá einkum Bandaríkjamanna í þessum heimshlutum? Getur verið að það sé allt saman einhver misskilningur? Er ekki hugsanlegt að það leynist einhverjar orsakir í einhverju í framgöngu manna, í sögunni eða í öðrum hlutum sem væri gagnlegt fyrir menn að reyna að skilja? Og hvernig hefur yfirleitt gengið að reyna að berja niður átök á svæðum með hervaldi?

Það voru margir sem töldu að það kæmi aldrei til greina að ræða við menn á Norður-Írlandi af því að það væru glæpamenn, það væru vopnaðir menn þar einhvers staðar á bak við, og vildu útiloka stjórnmálaflokka sem töldust í einhverjum tengslum við slíka aðila. Hvernig gafst það? Jú, það gafst þannig að lokum auðvitað að það hafði engum árangri skilað. Það var ekki fyrr en menn settust að samningaborðinu og fóru að reyna að ná fram afvopnun með friðsamlegum leiðum sem einhver árangur fór að nást. Ég held að þetta sé vonlaus aðferðafræði og mér finnst hæstv. utanrrh. vera alveg fastur í henni.

Varðandi Afganistan er þar náttúrlega hin megnasta óöld ríkjandi enn þá, því miður, víðast hvar þegar kemur út fyrir höfuðborgina og þau svæði önnur sem gætt er af erlendum hermönnum. Það er staðreynd málsins.

[15:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vandinn í umræðunni er auðvitað sá hverjir eru valkostirnir. Það eru margir sem halda því fram að ekki hafi átt að fara inn í Afganistan og hv. þm. var líka þeirrar skoðunar. Ég man ekki betur en hv. þm. væri algerlega á móti viðskiptabanninu á Írak á sínum tíma sem var þó stutt af Sameinuðu þjóðunum. Hann telur að það hafi verið algerlega rangt að fara inn í Írak. Auðvitað er ljóst að þau gereyðingarvopn sem menn héldu að þar væru hafa ekki fundist. Menn vita hins vegar að þar voru gereyðingarvopn. En það liggur alveg ljóst fyrir að í stjórnartíð Saddams Husseins var framið þjóðarmorð í Írak og það er alveg ljóst að írakska þjóðin á mikla möguleika í framtíðinni ef þeir geta tekið við stjórn sinna mála á þessu ári eins og vonir standa til. En það liggur jafnframt ljóst fyrir að hryðjuverkamennirnir, öfgaöflin, eru að reyna að koma í veg fyrir slíka þróun, m.a. í Írak og í Afganistan og eru líka að reyna að koma í veg fyrir þá þróun að friður geti náðst milli Palestínu og Ísraelsmanna. Því miður eru líka öfgamenn á Balkanskaga sem eru að reyna að eyðileggja friðarhorfur þar til framtíðar.

Gegn þeim verða menn að berjast og eiga engan annan kost. Það má vel vera að hv. þm. sé ekki sáttur við ýmis orð sem ég nota í ræðu minni. Það er eins og gengur — og hann segir, málefnalegur ágreiningur. En ég er í þessari ræðu að koma skoðunum mínum skýrt á framfæri að því er varðar hryðjuverkamenn og tel að við eigum engan annan kost en að berjast gegn þeim af fullri hörku. Um það virðist vera samstaða, en ég spyr hv. þm.: Hver er hinn kosturinn?

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar rökstuddar grunsemdir lágu fyrir um ábyrgð hryðjuverkasamtakanna al Kaída á hryðjuverkunum skelfilegu í Bandaríkjunum átti að sjálfsögðu að krefjast framsals þeirra. Það átti þess vegna að rétta yfir þeim að þeim fjarstöddum og dæma þá og það átti að beita úrræðum sem alþjóðasamfélagið hefur til að reyna að fullnusta slíka niðurstöðu. Það er ekki svo að það séu bara tveir kostir í stöðunni, annaðhvort að gera ekki neitt eða fara í stríð. Mér finnst því miður hæstv. utanrrh. reyna að ofureinfalda hlutina þannig að það séu bara tvær leiðir. Það sé styrjaldarleiðin, það sé að beita bara hernaðarmættinum og láta sprengjunum rigna eða gera ekki neitt. Ég held að þetta sé alveg skelfilegur misskilningur og kannski er ein undirrót ógæfunnar sem menn eru í hin bandaríska hugmyndafræði sem þar er ofan á um þessar mundir. Vonandi verður það ekki lengi ef við getum gert okkur einhverjar vonir um stjórnarskipti í Bandaríkjunum og þar blási eitthvað til betri tíðar. Þessi Texas-hugmyndafræði virðist því miður hafa náð alveg undirtökunum hjá hæstv. utanrrh.

Hæstv. utanrrh. hefur líka að mínu mati í ræðu sinni varhugaverðar tilhneigingar til þess að leggja alla hryðjuverkahópa að jöfnu. Talar þar fyrst og fremst um trúarofstækismenn, þetta séu trúarofstækismenn og við þá verði engu tauti komið. Ég held að þarna sé um mjög sundurlausa og misjafna hópa að ræða og ekki verður bókstafstrú eða öfgatrú í þeim skilningi séð í íslömsku ríki dregin til ábyrgðar í Írak heldur þvert á móti. Það liggur alveg fyrir að í Írak voru engin tengsl við al Kaída heldur fullur fjandskapur. Það er fyrst núna eftir innrásina sem Írak er orðin gróðrarstía hryðjuverkamanna og kannski eru þeir komnir með fótfestu þar nú sem ekki höfðu hana áður. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að huga að því einnig.

[15:46]

Gunnar Örlygsson:

Það er skiljanlegt að varnarsamningur milli Íslendinga og Bandaríkjamanna sé í uppnámi. Kalda stríðið er að baki og umhverfið harla ólíkt því sem áður var í pólitískum skilningi á sviði alþjóðamála.

Hryðjuverkaógnin kallar á nýja taktík í hernaðarmálum um allan heim. Því er skiljanlegt að breytt pólitískt umhverfi hafi áhrif á afstöðu Bandaríkjamanna varðandi umsvif og starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Íslendingar verða að umbera þessar breytingar og líta á þær sem tækifæri frekar en ógn. Mikilvægt er að þær breytingar sem fram undan eru verði samvinnuverkefni milli Íslendinga og Bandaríkjamanna en ekki pólitískt prætuepli sem engu skilar til íslensku þjóðarinnar.

Sá tvíhliða samningur sem í gildi er milli ríkjanna mun taka breytingum. Í þessum breytingum felast óneitanlega tækifæri fyrir Íslendinga. Saga þjóðanna minnir á mikilvægi þess að varnir landsins verði áfram tryggðar að því leyti sem nýtt pólitískt landslag í alþjóðamálum knýr á um.

Ógnarástand ríkir í atvinnumálum á Suðurnesjum. Þar er helsti áhrifavaldurinn uppsagnir á starfsfólki varnarliðsins og starfsfólki þjónustufyrirtækja sem starfað hafa í áranna rás fyrir varnarliðið. Um árabil hefur héraðið setið eftir í byggðastefnu Íslendinga, fyrst og fremst vegna veru varnarliðsins þar síðustu áratugi. Það er mikilvægt fyrir efnahag héraðsins að fá aðgengi að húsakosti sem varnarliðið býr yfir á Keflavíkurflugvelli og hefur ekki í hyggju að nýta áfram sökum þeirra breytinga sem í nánd eru.

Fyrst og fremst verður þó íslensk þjóð að fá vitneskju um framvindu mála og fá á hreint hvaða húsakostur og búnaður stendur til boða til frekari uppbyggingar á ýmiss konar iðnaði í framtíðinni. Í annan stað er mjög mikilvægt að Bandaríkjamenn opni á viðskiptatækifæri. Til dæmis yrði viðhald á litlum hluta af flugvélakosti NATO Íslendingum mjög dýrmætt verkefni. Stuðningur af því tagi mundi að miklu leyti milda þann sögulega stirðleika sem kominn er á í samskiptum þjóðanna og mundi vissulega stuðla að sátt um nýjan og breyttan varnarsamning milli þjóðanna.

Ég furða mig á því að hæstv. utanrrh. skuli ekki hafa minnst einu orði á þær miklu breytingar og uppsagnir sem orðið hafa hjá varnarliðinu á síðustu missirum. Ekkert í ræðu hans vék að framtíðarlausnum á þeim vanda sem hefur skapast vegna breytinga hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Íslenska og bandaríska þjóðin eiga góða og langa sögu saman. En heilbrigt vinasamband er ekki yfir gagnrýni hafið. Íslensk þjóð er herlaus og friðelskandi þjóð. Það kom því ekki á óvart þegar nýlegar skoðanakannanir lýstu eindreginni afstöðu íslensku þjóðarinnar gagnvart innrás Bandaríkjamanna í Írak. Langstærstur hluti þjóðarinnar var andsnúinn innrás Bandaríkjamanna og þátttöku Íslendinga á lista hinna staðföstu þjóða. Mistök ráðamanna íslensku þjóðarinnar á síðasta ári voru þau stærstu á sviði utanríkismála í sögu þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Almenn útþensla utanríkisþjónustunnar hefur verið mjög mikil á undanförnum árum. Árið 1996 voru útgjöld utanrrn. 2 milljarðar kr. samkvæmt ríkisreikningi en voru orðnir 5,5 milljarðar á síðasta ári. Aukningin á þessum sex árum er um 170% en vísitala neysluverðs hækkaði á sama tíma um 26%. Sendiráðum Íslands fjölgaði úr 8 í 14. Stofnkostnaður við sendiráð Íslands í Japan var 700 millj.

kr. Árlegur rekstrarkostnaður er þar 100 millj. kr. Útgjöld til utanríkismála hafa hækkað verulega og sendiráðum hefur fjölgað.

Jack Straw, utanríkisráðherra Breta, hefur lýst því yfir að ætlun þeirra sé að draga verulega úr starfsemi 40 sendiráða erlendis. Stefnt er að því að í þeirra stað komi aðeins einn maður með fartölvu eða einn fartölvusendiherra á hverjum stað. Breska utanríkisþjónustan gerir sem sagt ráð fyrir því að einstakir menn, sem tengdir verði London með tölvupósti og netinu, komi í stað heilla sendiráða í einhverjum þeirra 153 ríkja sem nú eru með breskt sendiráð. Breskir embættismenn tilgreindu ekki hvaða sendiráð væru líkleg að afleggja í núverandi mynd en breska dagblaðið Sunday Telegraph nefndi m.a. Nýja-Sjáland, Máritíus, Ekvador, Belís og Ísland.

Með þessum aðgerðum er tekið mið af nýju mati á mikilvægi breskra sendiráða víða um heim með sérstöku tilliti til baráttu gegn hryðjuverkum, ólöglegum innflytjendum og einnig með tilliti til annarra hagsmuna Breta, svo sem olíuflutninga.

Skömmu fyrir síðustu áramót tilkynnti danska ríkisstjórnin að hún hefði ákveðið að draga verulega úr útgjöldum til utanríkisþjónustunnar og að ríkisstjórnin hygðist leggja niður 130 stöður á næstu tveimur árum og jafnframt leita leiða til að lækka húsnæðiskostnað. Áætlað var að spara um 1.700 millj. ísl. kr. með þessum aðgerðum. Þegar þetta var tilkynnt höfðu Danir þegar lagt niður 10 sendiráð og fækkað stöðugildum um 120. Sendiráðum okkar hefur hins vegar verið fjölgað talsvert á undanförnum árum og sum þeirra hafa verið verulega umdeild vegna óheyrilegs kostnaðar, svo sem sendiráð okkar í Japan.

Við Íslendingar höfum gjarnan horft til nágranna- og vinaþjóða okkar varðandi utanríkismál og ættum að geta dregið einhvern lærdóm af aðgerðum þeirra. Lítil þjóð ætti að sýna meira hóf en þær þjóðir sem hér hefur verið vitnað til. Það er full ástæða til að ríkisstjórnin kanni rækilega sparnaðarmöguleika í utanríkisþjónustu okkar.

Ein mikilvægasta ákvörðun í utanríkismálum sem Íslendingar hafa tekið er vafalaust innganga Íslands í varnarbandalag vestrænna ríkja, NATO, árið 1948. Þá settu Íslendingar eitt ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðildinni, þ.e. að Ísland muni aldrei taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum og aldrei fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Að þessu skilyrði gengu aðrar þjóðir í bandalaginu umyrðalaust.

Ríkisstjórnin þverbraut þetta skilyrði sjálf með því að skipa Íslandi í bandalag hinna staðföstu þjóða sem stóð að árásinni á Írak. Forsrh. og utanrrh. tóku þessa afdrifaríku ákvörðun án minnsta samráðs við löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Í 24. gr. þingskapa Alþingis Íslendinga segir, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Varla finnst nokkur maður hér á landi sem telur aðild okkar að hernaði í Írak til minni háttar utanríkismála. Hver var réttlætingin sem færð var fyrir þeirri kúvendingu á stefnu Íslendinga í utanríkismálum sem varð með að ríkisstjórnin ákvað að styðja árásarstríð á Írak? Það voru gereyðingarvopnin sem áttu að vera í Írak. Þau hafa hvergi fundist og staðhæfingar um tilvist þeirra reyndust úr lausu lofti gripnar.

Robin Cook, fyrrverandi forseti breska þingsins, sagði af sér vegna þessa máls. Hann hefur sagt að ekkert hafi bent til þess að í Írak væru önnur gereyðingarvopn en þau sem framleidd voru af verksmiðjum sem Bretar settu upp fyrir 20 árum. Richard Clarke, fyrrverandi yfirmaður baráttu Bandaríkjastjórnar gegn hryðjuverkum til áratuga, sakaði Bush um að hafa ekki tekið hættuna sem stafaði af al Kaída nægilega alvarlega áður en ósköpin dundu yfir þann 11. september 2001 og að Bush hefði stórskaðað baráttuna gegn hryðjuverkum. Wesley Clark, fyrrverandi yfirmaður NATO og einn þeirra sem tóku þátt í forkosningabaráttu demókrata fyrir forsetakosningarnar, tók í sama streng og sagði að Bush hefði aldrei átt að gera Íraksstríðið að hluta af baráttu gegn hryðjuverkum.

Hæstv. forseti. Ekkert hefur fundist til að réttlæta þá hörðu innrás sem dregið hefur þúsundir saklausra borgara til dauða og alið af sér nýja kynslóð stórhættulegra hryðjuverkamanna.

Þegar kosningaúrslit á Spáni lágu fyrir sýndu forustumenn ríkisstjórnar Íslands þá ósmekkvísi að gefa í skyn að þau úrslit væru sigur hryðjuverkamanna yfir lýðræðinu og að með skelfilegum fjöldamorðum á almenningi hefði hryðjuverkamönnum tekist að snúa úrslitum kosninganna sér í hag. Nýkjörinn forsætisráðherra Spánar, Jose Luis Rodriquez Zapatero, orðaði það svo að ósiðlegt væri að gefa slíkt til kynna, sem það vissulega er. Niðurstaða kosninganna á Spáni var skýr. Stjórnmálaflokkur sem var alfarið á móti innrásinni í Írak vann stórsigur. Enn fremur misbauð Spánverjum að ríkisstjórn Aznars skyldi reyna að kenna aðskilnaðarsamtökum Baska, ETA, um árásina þótt fyrir lægju vísbendingar um að hryðjuverkasveitir múslima hefðu verið að verki. Kosningarnar á Spáni voru því umfram allt sigur lýðræðisins.

Á þingi Norðurlandaráðs í Ósló síðasta haust bar færeyska landsstjórnin fram ósk um að fá aðild að Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni eins og sjálfstæðar þjóðir hafa nú. Þetta gerði landsstjórn Færeyja í fullu umboði lögþings Færeyja sem samþykkti einróma tillögu um þetta í mars á þessu ári. Ríkisstjórn Íslands lýsti þeirri afstöðu að Íslendingar mundu ekki blanda sér í þetta mál á meðan Danir og Færeyingar ættu í viðræðum.

Færeyingar eru fremsta vinaþjóð Íslendinga meðal norrænna þjóða. Okkur ber að styðja þá með ráðum og dáð í baráttu þeirra fyrir auknu sjálfstæði, sérstaklega þegar einróma stuðningur lögþings Færeyja liggur fyrir eins og í þessu tilfelli. Þingflokkur Frjálsl. andmælir þeirri afstöðu sem ríkisstjórn Íslands hefur tekið til aðildar Færeyinga og telur að Íslendingar hefðu átt að lýsa yfir fullum stuðningi við umsókn frænda okkar og vina um aðild að Norðurlandaráði. Okkur ber að styðja þá til frelsis og fullveldis. Aðild að Norðurlandaráði er mikilvægur áfangi í sjálfstæðisbaráttu Færeyinga.

Hæstv. forseti. Þingflokkur Frjálsl. harmar þá utanríkisstefnu sem ríkisstjórn Íslands lagði á íslenska þjóð á síðasta ári. Íslensk þjóð á aldrei að fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum.

[15:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. kom nokkuð inn á útgjöld utanríkisþjónustunnar. Á undanförnum árum hafa útgjöld utanríkisþjónustunnar aukist mest vegna friðargæslu og þróunarhjálpar og líka vegna aukinna umsvifa sýslumannsembættisins á

Keflavíkurflugvelli. Menn gleyma því stundum að þetta eru stærstu liðirnir í útgjöldum utanríkisþjónustunnar.

Sendiráðum hefur verið fjölgað, það er rétt. Það var m.a. gert vegna þess að Alþingi Íslendinga samþykkti einróma, m.a. aðilar sem gagnrýna útgjöld vegna sendiráðs í Japan, að stofna sendiráð í Japan. Menn hafa gjarnan deilt á stofnkostnað í því sendiráði. Það er einfaldlega reikningsdæmi hvort er hagkvæmara að kaupa eða leigja. Niðurstaðan varð eindregið sú að hagkvæmara væri að kaupa. Áttu menn þá að leigja? Hefðu menn þá verið að spara fyrir hönd íslenska ríkisins?

Það er gjarnan vísað til Breta í þessu sambandi. Við rekum mjög lítil sendiráð. Við erum með einn diplómat í viðkomandi sendiráði. Nú eru Bretar að tala um að fara út í það á stöku stað.

Ég tók eftir því þegar ég var í Berlín fyrir nokkrum dögum að skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkurborgar var að skoða sendiráð Breta í Berlín. Í því sendiráði eru fleiri starfsmenn en í allri íslensku utanríkisþjónustunni. Það gæti verið auðvelt að fækka í slíkum sendiráðum.

Þarna er því ekki líku saman að jafna, þ.e. þjóð með 20 sendiskrifstofur og sendiráð eins og okkur og hins vegar þjóð með hátt á annað hundrað sendiráða. Auðvitað hafa þeir miklu meiri möguleika til samdráttar.

[15:58]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stefna Breta er vissulega áhugaverð þegar talað er um fartölvusendiherra og þar fram eftir götunum. En lítil þjóð sem Íslendingar ætti með ráð og dáð, eins og ég kom inn á í ræðu minni áðan, að kanna rækilega alla sparnaðarmöguleika í utanríkisþjónustu sinni. Það er ekkert launungarmál að kostnaður til utanríkismála á Íslandi hefur tvöfaldast ef ekki þrefaldast á nokkrum árum. Því er eðlilegt að hér á löggjafarsamkundu þjóðarinnar sé tekið eftir þessu og það borið upp við utanrrh.

Mér er spurn, hæstv. forseti, hvort utanrrh. hyggist kanna hvort möguleikar séu til sparnaðar í utanríkisþjónustunni.

[15:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ávallt nauðsynlegt að endurmeta allan kostnað og fara yfir hann. Það hefur verið gert í utanrrn. Ég sagði í ræðu minni að ég hefði nýlega skipað sérstakan starfshóp til að fara yfir forgangsröðun mála, m.a. vegna verkefna í tengslum við væntanlega þátttöku í öryggisráðinu og stóraukinna útgjalda til þróunarmála. Ég get hins vegar ekki vakið vonir um að það verði hægt að draga verulega úr þeim kostnaði.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það hefur verið áherslumál á Alþingi að stórauka framlög til þróunarmála. Er Frjálsl. á móti því? Ég spyr: Vill Frjálsl. að við seljum sendiráð í Japan, sem við getum selt fyrir miklu hærra verð en við keyptum húsið á, og leigjum húsnæði jafnvel þó að það sé miklu dýrara? Er það það sem Frjálsl. er að biðja um? Ég bið hv. þingmenn um að vera málefnalega í þessari afstöðu.

Varðandi ráðstafanir í sambandi við sendiráðið í Japan minni ég á að á sínum tíma var það mál lagt fyrir utanrmn. Ég spurði utanrmn., vegna þess að ég vissi að þessi gagnrýni mundi koma: Hvort telur utanrmn. réttara að við kaupum húsnæðið eða að við leigjum það, vitandi það að miklu dýrara er að leigja en að kaupa?

Það svöruðu allir í utanrmn.: Auðvitað eigum við að kaupa ef það er ódýrara.

Svo koma menn, m.a. Frjálsl., og segja að þessi kaup séu dæmi um bruðl í utanríkisþjónustunni. Þetta er náttúrlega ekki boðlegur málflutningur, hv. þm.

[16:01]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um margra ára skeið hafa tvö stór sölusamtök sjávarafurða haft aðsetur í Japan. Viðskiptasamband okkar við Japan byggist fyrst og fremst á sjávarafurðum. Finnst hæstv. utanrrh. ekki einkennilegt að annað sölusambandanna, SÍF, skuli pakka saman og fara heim sökum ónógra tækifæra í Japan? Auðvitað vekur það upp spurningar hjá íslenskri þjóð. Ég fullyrði, hæstv. forseti, að ég er ekki einn um að gera athugasemdir við að lítil þjóð sem Íslendingar skuli eyða 700 millj. kr. í sendiráð í Japan. Ég hefði miklu frekar viljað sjá fartölvusendiherra í Japan.

Á sama tíma og maður spyr um tækifærin og sóknarfærin í Japan pakkar annað stóra sölusambandið saman og fer heim. Mér finnst þetta einkennileg tímasetning svo ekki sé meira sagt.

[16:03]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. dró í ræðu sinni upp mynd af stöðu alþjóðastjórnmála nú um stundir og lagði sem von var mikla áherslu á öryggismál. Hann lagði mikla áherslu á öryggi og varnir gegn nýjum ógnum en gegn þeim dugir hefðbundinn varnarviðbúnaður þjóða og hernaðarbandalaga skammt. Nýliðnir atburðir á meginlandi Evrópu sýna glöggt að öryggið og stöðugleikinn sem við höfum búið við í áratugi er brothættur og hann sýnir líka að mjög fámennur hópur öfgamanna með einfaldan búnað getur reitt til höggs í hjarta álfunnar.

Helsti styrkur okkar og grunngildi þjóðfélagsins eins og annarra vestrænna þjóða, og þá er ég að tala um frelsið, lýðræðið og mannréttindin, gera okkur á ákveðinn hátt mjög berskjölduð gagnvart hryðjuverkum, enda er mun auðveldara fyrir hryðjuverkamenn að leynast og vega úr launsátri í opnu, frjálsu samfélagi eins og okkar og annarra á Vesturlöndum en þar sem miklar skorður eru settar við frelsi manna.

Bein varnarviðbrögð Vesturlanda hafa annars vegar falist í því að fara með hernað á hendur hryðjuverkamönnum og hins vegar í því vandasama verki að auka mátt og svigrúm löggæsluyfirvalda heima fyrir og mátt og viðbúnað þeirra til eftirlits og hvers konar rannsókna og lögreglusamvinnu. Vandinn felst í því að efla varnirnar án þess að þrengja að grunngildum eins og mannréttindum og réttarstöðu borgaranna. Varið er milljörðum í að styrkja heri, leyniþjónustur og löggæsluyfirvöld og hefur sá viðbúnaður nú þegar komið í veg fyrir margar hrottalegar árásir þó að hann hafi ekki getað komið í veg fyrir voðaverkin á Spáni eða voðaverk alls staðar annars staðar.

Uppbygging á þeim landsvæðum þar sem öfgamenn útbreiða boðskap sinn og lokka óharðnaða unglinga til liðs við sig er einnig mikilvægur hluti af því að mæta þessari ógn, því að svo lengi sem frjór jarðvegur er fyrir boðskap hryðjuverkamanna næst lítill varanlegur og langvinnandi árangur.

Á sama hátt og nauðsynlegt er að mæta al Kaída af fullri hörku með her og lögregluvaldi er til langs tíma jafn mikilvægt að vinna gegn þeim stuðningi og samúð sem hreyfingin nýtur og vinna gegn því að frjór jarðvegur sé fyrir

því að hún afli sér fylgis og nái nýliðum til voðaverka. Hér er spurningin ekki einungis um efnahagsmál og þá einföldu röksemdafærslu að eymd, fátækt og kúgun skapi frjóan jarðveg ofbeldis og átaka en að efnahagsleg og félagsleg uppbygging tryggi frið. Á þeim svæðum þar sem íslamskir öfgamenn, og rétt að árétta að þeir eru aðeins brotabrot af hinum íslamska menningarheimi, afla sér nýrra liðsmanna á meðal ungmenna ríkir, hvort sem okkur líkar betur eða verr, djúpstæð andúð á Vesturlöndum, einkum Bandaríkjunum, sem tengist sögu afskipta þeirra af málefnum Miðausturlanda.

Bandaríkjamenn hafa farið fyrir í baráttunni gegn hryðjuverkum með fulltingi fjölda bandamanna sinna en því miður hefur ekki tekist að mynda breiðfylkingu alþjóðasamfélagsins í þessari baráttu, ekki enn þá. En einmitt vegna sérstakrar stöðu Bandaríkjamanna í þessu sambandi og blendinna viðhorfa í þeirra garð er svo mikilvægt að fleiri ríki taki virkan þátt í baráttunni gegn hryðjuverkum í víðum skilningi, jafnt í beinum varnaraðgerðum gegn hryðjuverkamönnum og í þróunaraðstoð, í uppbyggingarstarfi og friðargæslu á þeirri sviðnu jörð sem hryðjuverkamenn hafa víða skilið eftir sig. Aukin og efld aðkoma Sameinuðu þjóðanna er að mínu mati afgerandi hvað þetta varðar og forusta þeirra í þessum málum.

Frú forseti. Norðurlöndin hafa lengi leikið stórt hlutverk í alþjóðastjórnmálum og hafa mun meiri pólitísk áhrif en hernaðar- og efnahagsmáttur þeirra segir til um. Ástæða þess er sú að Norðurlöndin hafa um árabil notið ákveðinnar virðingar víða um heim. Það hefur verið litið til Norðurlandanna sem fyrirmyndarsamfélaga þar sem jöfnuður og velferð ríkir meira en víðast hvar annars staðar. Ekki síst vegna þess njóta þau trúverðugleika sem hlutlausir og sanngjarnir aðilar sem ekki ganga erinda stórveldanna á alþjóðavettvangi.

Í núverandi landslagi alþjóðastjórnmála er einmitt þörf á slíkum öflum sem geta til að mynda sent friðargæslulið eða stjórnað uppbyggingarstarfi á átakasvæðum og stjórnað uppbyggingarstarfi í sátt við alla deiluaðila. Mig langar í þessu samhengi að árétta áskorun Norðurlandaráðs til utanríkisráðherra Norðurlandanna um að koma á auknu samstarfi á sviði friðargæslu til eflingar sameiginlegs framlags þessara þjóða, enda er Norðurlandaráð meðvitað um sterka stöðu Norðurlandanna og getu þeirra til að vera í hlutverki sáttasemjara á átakasvæðum. Sú uppbygging og efling íslensku friðargæslunnar sem hæstv. utanrrh. hefur haft forustu um er einmitt sérstakt fagnaðarefni í þessu sambandi.

Norrænir friðargæsluliðar hafa þótt sérlega faglegir og vel þjálfaðir og þeir sem við sendum til friðargæslustarfa og til að aðstoða við uppbyggingu á átakasvæðum verða að fá sérstakan undirbúning áður en þeir eru sendir til starfa á framandi menningarsvæðum. Ég held að umburðarlyndi, skilningur og þekking á hefðum og siðum heimamanna komi í veg fyrir ótal vandamál, en samskipti við friðargæsluliða eru oft fyrstu beinu samskiptin við Vesturlandabúa. Því er mikilvægt að þau samskipti séu jákvæð en styðji ekki við fordómafulla mynd sem áróður andstæðinga vestrænna samfélaga reynir að festa í sessi.

Í raun er nauðsynlegt að friðargæsluliðar séu ákveðnar fyrirmyndir þegar þeir koma inn á svæði þar sem upplausn ríkir og að um hegðun þeirra og framkomu gildi sérstakar reglur. Mig langar að nefna í því sambandi að á síðasta Norðurlandaráðsþingi beindi Norðurlandaráð þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að setja skuldbindandi siðareglur fyrir starfsmenn í þróunarstarfi og siðareglur fyrir hermenn og friðargæsluliða sem sendir eru til útlanda. Þær siðareglur fela m.a. í sér að því er beint til þeirra að stuðla ekki að mansali og þeim eru bönnuð vændiskaup. Að vera til fyrirmyndar hvað þetta varðar ætti að vera sjálfgefið og mér finnst að það eigi að haldast í hendur við að Norðurlönd séu í fararbroddi við að setja málefni kvenna í forgang á átakasvæðum. Jafnréttishefðin hefur þrátt fyrir allt sterkastar rætur á Norðurlöndum og Norðurlönd eru betur í stakk búin en nokkur önnur lönd til að setja málefni og hagsmuni kvenna og barna í fyrirrúm í uppbyggingu á átakasvæðunum.

Ég er þeirrar skoðunar að fjölgun kvenna í friðargæslu og uppbyggingarstarfi sé lykilatriði hvað þetta varðar og lít þannig á að markmið okkar hljóti að vera að tryggja sem jafnastan hlut kvenna og karla í friðargæslustörfum og öðru alþjóðastarfi. Ég er ekki að tala um það vegna þess að það skipti svo miklu máli að tryggja sem jafnasta stöðu og rétt kvenna samanborið við karla sem starfsmanna, heldur vegna þess að konur á átakasvæðum, konur í löndum þar sem við veitum þróunaraðstoð halda ásamt okkur hinum uppi helmingi himinhvolfsins.

Frú forseti. Ég hef í þessari stuttu ræðu fjallað um baráttuna gegn hryðjuverkum og starf Norðurlanda að friðargæslumálum. Hugleiðingar um þessi tvö mál tengjast þannig að þróunaraðstoð, friðargæsla og uppbyggingarstarf er nauðsynlegur þáttur í baráttunni við hryðjuverk til langs tíma, rétt eins og hert löggæsla og hernaðaraðgerðir hér og annars staðar eru nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi og frelsi í opnum og lýðræðislegum samfélögum. Þetta getur aldrei orðið spurningin um annaðhvort eða, annars vegar að efla varnir, heri, lögreglu og leyniþjónustur heldur líka að styðja til lengri tíma og dyggilega við uppbyggingu og lýðræðisþróun, ekki síst í stríðshrjáðum múslimaríkjum.

[16:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Hér er til umræðu skýrsla hæstv. utanrrh. um utanríkismál og sú ræða er hann flutti fyrr í dag. Í lok ræðu sinnar vitnaði hæstv. utanrrh. til Páls postula og ummæla um börnin er slíta barnsskónum og láta af barnaskap. Í Biblíunni stendur líka, með leyfi forseti, í fyrra bréfi Páls til Korintumanna:

„Eins og í öllum söfnuðum hinna heilögu skulu konur þegja á safnaðarsamkomunum, því að ekki er þeim leyft að tala, heldur skulu þær vera undirgefnar, eins og líka lögmálið segir. En ef þær vilja fræðast um eitthvað, þá skulu þær spyrja eiginmenn sína heima. Því að það er ósæmilegt fyrir konu að tala á safnaðarsamkomu."

Ég bendi á þetta, frú forseti, aðeins í því ljósi að finna má tilvitnanir sem hæfa tilefnunum víða í heimsbókmenntunum og Biblían er þar ekki undanskilin. En kannski skiptir mestu máli hvernig þær eru túlkaðar og í hvaða samhengi þær eru settar. Ef menn vilja túlka Pál postula í umræðum á Íslandi árið 2004 um stöðu utanríkismála og alþjóðamála má svo sem segja að Íslendingar hafi slitið barnsskónum og séu væntanlega í því vandræðalega standi að vera unglingar, sem eins og allir vita er þroskaskeið sem við þurfum öll að ganga í gegnum og einkennist af ýmsum sveiflum, palladómum og sleggjudómum, og kannski helst af því að heimurinn er oft séður í tiltölulega svarthvítum litum og fátt virðist vera um álitamálin.

Það sem eftir situr eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. utanrrh. er, ef ég hef skilið Halldór Ásgrímsson rétt, að það

séu hreinlega engin álitamál uppi um utanríkisstefnu ríkisstjórnar Íslands og telji menn að einhver álitamál séu uppi gangi þeir villir vega. Á köflum vottar fyrir því í málflutningi stjórnarliða að þá sé hreinlega um ekkert að ræða við fulltrúa stjórnarandstöðunnar.

Eins og komið hefur fram í máli stjórnarandstæðinga í dag, m.a. í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, virðist sem stjórnarliðum finnist málið afgreitt og að við höfum ekkert til málanna að leggja. Sömu menn notfæra sér hins vegar til hins ýtrasta orðræðu lýðræðis, frelsis, umburðarlyndis og virðingar fyrir fólki og væntanlega fyrir málflutningi þess líka. Stundum óska ég þess, frú forseti, að í þessum sal geri menn eins og þeir tala og sýni þá virðingu fyrir skoðunum annarra sem hlýtur að þurfa í lýðræðissamfélagi og á hinu háa Alþingi.

Nefndur hefur verið á nafn Francis Fukuyama og bók hans The End of History. Hann er sagður hafa fengið mikið lof fyrir þá bók er hún kom út árið 1992. Þetta var reyndar mjög umdeilt rit og margir á því að þar hefði Francis Fukuyama kveðið upp allsnemmbæra dóma um endalok sögunnar og sigur vestursins enda hefur það komið í ljós á síðustu 15 árum eða svo, frá lokum kalda stríðsins.

Mig langar til að staldra við nokkur atriði í ræðu hæstv. utanrrh. og spyrja um leið: Hverjum er þessi boðskapur ætlaður? Ég sat og hlustaði á hæstv. utanrrh. flytja mál sitt og hugsaði: Er boðskapurinn um hið illa er búi í hverjum einasta hryðjuverkamanni? Er boðskapurinn sá að aldrei skuli setjast að samningaborði? Er boðskapurinn sá að þeir sem eru mótfallnir þeim aðferðum sem ríkisstjórn Íslands styður séu þar með með óbeinum hætti gengnir í óvinaliðið? Hverjum er þessi boðskapur ætlaður, frú forseti? Er hæstv. utanrrh. að tala til þingmanna, til Íslendinga? Eða ætti hann e.t.v. frekar að flytja ræðu sína á sjónvarpsstöð Aljazeera svo að þeir sem á þurfa að hlýða viti hvað hæstv. utanrrh. Íslands finnst um íslömsku — stríðshrjáðu múslimaríkin heitir það víst núna — stríðshrjáðu múslimaríkin sem hæstv. utanrrh. hefur orðið tíðrætt um?

Ég verð að segja, frú forseti, að ég skil ekki alveg þessar útleggingar. Það hefur áður komið fram í dag að upphaf ræðu hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar er með ólíkindum. Það er eiginlega það eina sem er hægt að segja um fyrri hluta ræðunnar sem er með hreinum ólíkindum. Maður hlýtur að staldra við og hugsa: Hvað er uppi á teningnum?

Í tæpan áratug hefur hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson setið í utanríkisráðuneyti Íslendinga og átt þar tiltölulega farsæla ráðherratíð, komið mörgu góðu til leiðar og unnið margt gott verkið. Það er fjarri því að allt sem þar hefur verið gert hafi verið að mínu skapi eða samkvæmt þeirri stefnu sem við jafnaðarmenn fylgjum en þar hefur margt gott verkið verið unnið. Hví þá að koma í síðustu ræðu sinni, a.m.k. að þessu sinni sem utanríkisráðherra Íslands, með yfirlýsingar á borð við þær sem finna má í upphafi ræðunnar, þar sem engin álitamál eru á ferðinni að því er virðist, frú forseti?

Eftir því sem umræðunni hefur undið fram heyrist mér — ég bið um að það verði leiðrétt ef ég hef misskilið það grundvallarstef í ræðunni — að eina svarið við ógn hryðjuverkahópanna sem á heimsbyggðina herja sé styrjöld, að eina svarið við ofbeldi sé ofbeldi.

Við vitum að það þurfti heila heimsstyrjöld til að gera út af við Þýskaland nasismans. Til að gera út af við kommúnismann þurfti ekki heimsstyrjöld. Hann gerði út af við sig sjálfur. Það liggur algjörlega fyrir.

Þessa dagana á sér stað, t.d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku, mjög yfirgripsmikil og gagnrýnin umræða um Íraksstríðið. Því miður virðist hún ekki hafa náð til eyrna hæstv. utanrrh. Þar er rætt um að Íraksstríðið hafi drepið á dreif baráttunni gegn hryðjuverkaöflum vegna þess að t.d. al Kaída átti sér ekki bólfestu í Írak og var ekki starfandi undir handarjaðri Saddams Husseins, þó að því hafi oft og ótæpilega verið haldið fram, m.a. af Bandaríkjaforseta og fleirum. Vissulega voru bækistöðvar al Kaída í Afganistan og gegn þeim var ráðist. En Íraksstríðið er að margra áliti útúrdúr, ef svo ósmekklega má að orði komast, stríð sem í raun skilar heimsbyggðinni engu í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni.

Hvað gerist þegar stjórnvöld velja leið sem þessa? Þá er fókusinn tekinn af þeim vandamálum sem mestu skipta, ástandinu á hernumdu svæðunum í Palestínu, átökum þar á milli hersetuliðsins, hryðjuverkamanna og óbreyttra borgara. Það er ekki reynt að leysa Kasmír-deiluna, lítil orka fer í að vinna gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og svo mætti lengi áfram telja. Og vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur verið tíðrætt um íslamska öfgamenn þá er það einu sinni þannig, frú forseti, að sums staðar sitja þeir í ríkisstjórnum, t.d. í Súdan. Þar ráða öfgamenn för og eru að því er virðist að fremja hægfara þjóðarmorð á íbúum í suðurhluta Súdans. Því miður virðist sem það hrikalega dæmi og ofbeldi sé ekki uppi á borði hjá alþjóðastofnunum eða þar sem menn ráða ráðum sínum um hvar eigi að ráða niðurlögum öfgamannanna.

Að lokum um nokkur atriði í upphafi þessarar ræðu. Hæstv. utanrrh. sagði, með leyfi forseta:

„Nú skiptir sköpum að samstaða lýðræðisríkja bresti ekki og að baráttan gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi verði hert um allan helming með öllum löglegum aðferðum."

Um þetta eru allir sammála, að herða baráttuna með öllum löglegum aðferðum. Og deilan hefur ekki síst snúist um lögmæti aðgerða. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna á að það eru t.d. ekki notaðar lögmætar aðgerðir, sama við hvaða mælistiku er miðað, gagnvart þeim mönnum sem hafa verið hnepptir í hald í Gvantanamó á Kúbu. Þeir hafa nú verið þar í um tvö og hálft ár við illan aðbúnað og í raun án dóms og laga. Segja má að það sé með hreinum ólíkindum að þegar talað er um að fara fram með lögin sín megin þá komist Bandaríki Norður-Ameríku upp með að meðhöndla þessa menn (Gripið fram í.) — grunaða um glæpi, já — án þess að þess sjáist nokkur vottur að þeir séu í haldi hjá réttarríki.

Frú forseti. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður utanrmn., gerði að umræðuefni hryðjuverkaárásirnar á Madríd 11. mars síðastliðinn. Það hefur farið víða í umræðunni hér á landi að þar hafi hryðjuverkamenn ráðið niðurstöðu kosninga sem haldnar voru nokkrum dögum síðar. Þar hefur hver tuggið upp eftir öðrum það sem hæstv. forsrh. lét frá sér fara í fjölmiðlum stuttu eftir að þau úrslit lágu fyrir.

Svo að það liggi fyrir, frú forseti, þá erum við ekki öll sammála þeim túlkunum. Það vill nefnilega þannig til að lýðræðið fúnkerar ágætlega á Spáni. Það voru spænskir kjósendur sem brugðust við yfirhylmingum Aznar-stjórnarinnar klukkutímana og sólarhringana eftir þessar hræðilegu árásir. Þeir brugðust við því að þeim var ekki sagður sannleikurinn því að Aznar-stjórnin hafði ákveðið að skella skuldinni á ETA og þannig skyldi það vera þrátt fyrir að annað kæmi fljótt í ljós. Þegar spænskir fjölmiðlar komust síðan að hinu sanna gripu kjósendur náttúrlega til lýðræðislegs réttar síns. Ég vona að þetta verði síðasta orðið um það í þessum sal að hryðjuverkamenn hafi ráðið niðurstöðunni á Spáni í mars

eða að hryðjuverkamenn séu farnir að stjórna á Vesturlöndum með hótunum. Sömu málflutningsmönnum verður mjög tíðrætt um fullvalda ríki og menn hljóta að spyrja sig að því hvað búi að baki slíkum málflutningi, að nú séu hryðjuverkamennirnir farnir að stjórna.

Frú forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum. Ég mun þurfa að koma aftur í pontu.

[16:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér kemur upp hv. þm. Samf., Þórunn Sveinbjarnardóttir, og tekur undir með öðrum hv. þingmönnum Samf. Þeim finnst málflutningur minn að því er varðar hryðjuverkastarfsemi í heiminum vera með ólíkindum, að engin álitamál séu uppi og ekkert um að ræða, sagði hv. þm., það sé bara búið að fullyrða að svona sé þetta.

Er ekki mikilvægt í orðræðu milli aðila að skoðanir þeirra sem taka þátt í orðræðunni séu skýrar? Mér finnst það ekki mjög skýrt sem þingmenn Samf. segja í þessum efnum. Ég átta mig ekki alveg á því hvað þeir vilja.

Þeir segja: Nei, við viljum ekki samninga. Við viljum ekki ganga til neins slíks samstarfs við slíka aðila enda eru þetta glæpamenn. Auðvitað er það rétt. Er það ekki sama niðurstaðan og ég komst að í ræðu minni? Ég átta mig því ekki á því hvað þingmenn Samf. vilja gera í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Væri ekki nær að hv. þingmenn kæmu upp og færu yfir það lið fyrir lið?

Ég heyrði að hv. þingmenn Samf. telja að það verði gífurleg breyting í Bandaríkjunum ef hugsanlega yrði kosinn þar nýr forseti. Ég held að það sé ekki rétt. Ég held að það verði afskaplega litlar breytingar og það séu miklir draumórar að þar verði grundvallarbreyting á, t.d. í sambandi við Írak.

[16:29]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi væntanlegar forsetakosningar í Bandaríkjunum minntist ég ekki einu orði á þær í ræðu minni. Má vera að einhver félagi minn hafi gert það eða að þau orð hafi fallið í ræðu annars þingmanns. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að það eru ekki líkur til mikilla stefnubreytinga þar þótt annar verði kosinn forseti en George Bush. Það held ég að liggi alveg fyrir.

Hæstv. utanrrh. kemur upp eins og honum er títt og biður um annað. Þetta er farið að minna á umræðuna um álverið fyrir austan. Hvað annað er hægt að gera? Hjá Framsfl. er valið yfirleitt bara um eitthvað tvennt, vont og verra.

Íraksstríðið er ekki stríð gegn hryðjuverkaógninni, frú forseti. Það liggur fyrir. Hryðjuverkaógnin hafði ekki búið sér ból í Bagdad. Það átti að fara þar inn til þess að eyða gereyðingarvopnum og koma höndum yfir gereyðingarvopn sem aldrei hafa fundist. Þegar það tókst ekki var ástæðunni breytt í að koma Saddam Hussein frá og koma á lýðræði og vonandi mannréttindum í Írak. Íraksstríðið snýst ekki um baráttuna gegn hryðjuverkum. Það gerði hins vegar innrásin í Afganistan. Það gera allar aðrar aðgerðir sem gripið hefur verið til, sem menn hafa gripið til hver í sínu landi, t.d. með hertu eftirliti á flugvöllum, hertu eftirliti með útlendingum sem til landanna koma.

Frú forseti. Gegn hryðjuverkaógninni dugar ekki neinn her. Það hafa Bandaríkjamenn fengið að reyna. Það fengu íbúar í Madríd að reyna. Þar þarf að nota önnur meðul, frú forseti.

[16:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég talaði ekki mikið um Íraksstríðið í ræðu minni og var einmitt gagnrýndur fyrir það. Ég talaði á fyrstu síðum ræðunnar um hryðjuverkaógnina og þá skelfilegu ógn sem hún er gegn mannkyni.

Ég er ekki að mæla með því að nota her í því sambandi. Það er því miður ekki hægt vegna þess að við vitum ekki alltaf hvaðan ógnin kemur. En hitt vitum við, þessir aðilar hika ekki við að drepa saklausa borgara í hundruða tali, fólk á leið til vinnu, fólk á leið til skóla, hvort sem það eru múslimar, Evrópubúar eða Bandaríkjamenn. Réttlætingin er sú að drepa fyrir einhvern málstað og ég hef sannfæringu fyrir því að það er ekki hægt að semja við þessa aðila. Það má vel vera að sú sannfæring sé röng en hún er til staðar og ég er að koma henni til skila. Þetta eru aðilar sem kjósa dauðann en ekki lífið og þessi afstaða hefur áður komið fram í heiminum. Hún kom fram hjá nasistunum. Hún kom fram hjá kommúnistunum. (**GÁS:** Hver vill semja við þessa glæpamenn? Hver er að segja það?) Ég lýsi þessum skoðunum mínum í ræðu minni. Svo kemur hér þingmaður eftir þingmann frá Samf. og segir að þetta sé alveg furðuleg ræða og aldrei hafi sést annað eins. Þeir vilja fá að vita við hvern er verið að tala, telja að verið sé að tala við þá.

Þessi ræða er mín leið til að lýsa skoðunum mínum, mín leið til að koma mínum skoðunum á framfæri þannig að hv. þm. geta þá gagnrýnt það. En mér finnst að hv. þingmenn hafi ekki gagnrýnt skoðanirnar með nokkrum rökum.

[16:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega erfið staða ef við hæstv. utanrrh. skiljum ekki hvort annað og er lítið við því að gera. En ég get verið sammála honum um að tilgangur hryðjuverkahópanna er að skapa ringulreið og ótta í lýðræðisríkjum. Það hefur alltaf verið tilgangur hryðjuverka. Það er ekkert nýtt sem hefur verið tekið upp af al Kaída og var til á Ítalíu á 8. áratugnum, og í Þýskalandi, hefur verið til staðar á Spáni áratugum saman og þannig mætti áfram telja. Hér hefur líka verið talað um IRA. Hver veit hvað býr að baki?

En hæstv. utanrrh. sagði og virðist vera mér sammála um að hervald dugi ekki. Það sem ég er að benda á er einmitt að í máli hans og fleiri stjórnarliða hefur verið talað um Íraksstríðið, ekki bara hér í dag heldur allt sl. ár, sem eina heljarinnar baráttu gegn hryðjuverkaógninni í heiminum. Það verður ekki undan því vikist, frú forseti, að sú orðræða öll hefur verið klædd í að fyrst gereyðingarvopnin fundust ekki verður að koma harðstjóranum frá og það er líka leið til þess að koma í veg fyrir að hryðjuverkaógnin breiði úr sér í Miðausturlöndum. Þetta hefur verið röksemdafærslan.

Ég tel fulla ástæðu til að gera athugasemdir við hana og ég vil benda hæstv. utanrrh. á að það eru fleiri að gera athugasemdir, t.d. Brzezinski, fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafi í Hvíta húsinu, sem hefur bent bandarískum stjórnvöldum á, og ég vona að hæstv. utanrrh. sé að hlusta, að til þess að koma í veg fyrir hryðjuverkin þurfi að grafast fyrir um ástæður þeirra sem þar fara, hvar þau þrífast og hvers vegna.

[16:36]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Frú forseti. Ég geri að sérstöku umtalsefni málefni norðurslóða. Hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni formennsku Ís-

lands í Norðurskautsráðinu en þeirri formennsku til tveggja ára lýkur nú í haust. Ég tek heils hugar undir orð ráðherra um hversu árangursrík forusta Íslands hefur verið innan ráðsins. Við getum verið stolt af framgöngu fulltrúa okkar á þessum vettvangi og þeim skýru áherslum sem formennska Íslands hefur mótað.

Á þeim ráðstefnum og fundum sem ég hef setið á liðnu ári um málefni norðurslóða hef ég alls staðar fengið mjög skýr skilaboð um að framvarðarsveit Íslands njóti mikils trausts innan norðurskautssamstarfsins.

Ég vil um leið nota þetta tækifæri til að vekja athygli þingheims á helstu málum í brennidepli innan þingmannanefndar um norðurskautsmál. Það er óhætt að segja að það mál sem einna helst hefur vakið athygli og umræður á liðnu ári á þessum vettvangi sé hin viðamikla úttekt á loftslagsbreytingum á norðurslóðum sem nú er unnið að. Þetta er eitt metnaðarfyllsta og stærsta verkefni sem Norðurskautsráðið hefur lagt í, verkefni sem nú þegar hefur hlotið mikla eftirtekt á alþjóðlegum vettvangi en rannsóknin mun í heild sinni líta dagsins ljós í nóvember í haust.

Loftslagsbreytingar hafa áhrif á nær alla þætti samfélags í norðri, ekki einungis umhverfi, dýralíf og gróðurfar, heldur einnig félags-, menningar- og efnahagslega þætti mannlífs. Það er skemmst frá því að segja að rannsóknir benda til hraðra loftslagsbreytinga á norðurslóðum næstu áratugi. Jafnvel íhaldssömustu niðurstöður benda til örrar bráðnunar íss og jökla sem og breytinga á hitastigi sjávar en slíkt hefur augljóslega afleiðingar hér á landi. Vísindamenn geta nú aðgreint loftslagsbreytingar af náttúrulegum völdum frá breytingum sem komnar eru til af manna völdum. Svo er komið að jafnvel þótt allri framleiðslu á koltvísýringi væri hætt nú þegar tæki það náttúruna, loftslag og sjávarföll nokkrar aldir að komast aftur í jafnvægi. Allar spár sýna að um næstu aldamót verður norðurskautshafsvæðið án íss og klaka að sumarlagi. Meðalhitastig á norðurslóðum er nú að mati vísindamanna það hæsta í þúsund ár en áætlað er að þær breytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurskautssvæðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar í heiminum. Plöntutegundir og annað gróðurlendi færist æ norðar með hlýnandi loftslagi og vor- og sumartími lengist.

Í upphafi var áætlað að vinnuhópur verkefnisins mundi skila af sér þremur mismunandi skýrslum í haust. Í fyrsta lagi er um að ræða umfangsmikla vísindalega úttekt þar sem fram koma rannsóknir á loftslagsbreytingum fyrr og nú sem og spár um hverju búast megi við á næstu áratugum. Í öðru lagi á að koma út styttri skýrsla ætluð almenningi þar sem fram koma á skýru og skiljanlegu máli helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Í þriðja lagi átti að fylgja skýrslunni greinargerð um stefnumótun þar sem áþreifanlegar tillögur væru settar fram og ákveðinni stefnumörkun beint til stjórnvalda norðurskautsríkja. Svo virðist hins vegar sem Bandaríkjastjórn hafi innan Norðurskautsráðsins nýverið sett sig mjög á móti því að þetta stefnumótunarskjal verði birt í haust. Ég spyr hæstv. utanrrh. um stöðu þessara mála og hvort Bandaríkjamenn séu enn við þetta heygarðshorn.

Niðurstaða skýrslunnar fær án efa alþjóðlega athygli og kallar á pólitísk viðbrögð úr öllum áttum. Næsta þingmannaráðstefna um norðurskautsmál verður haldin í Nuuk á Grænlandi 3.–6. september nk. og þar verða loftslagsbreytingar og stefnumótun í brennidepli.

Annað verkefni sem beðið er með eftirvæntingu er fyrirhuguð skýrsla um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum. Hún mun fjalla um félagslega, menningarlega og efnahagslega velferð íbúa norðurskautsins en hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir sem beinast eingöngu að íbúum norðurskautssvæða og sjálfbærri þróun. Þingmannanefndin átti upprunalega frumkvæði að gerð skýrslunnar og vann mikla undirbúningsvinnu á frumstigi málsins. Það er vonandi að skýrslan geti í framhaldinu nýst vel við pólitíska stefnumótun á norðurslóðum.

Þriðja helsta viðfangsefni þingmannanefndarinnar er upplýsingatæknin og þá sérstaklega fjarkennsla og fjarlækningar. Það er ljóst að bætt tölvunotkun og farkennsla getur orðið íbúum norðursins að miklu gagni í framtíðinni. Dagana 20.–21. október sl. haust stóð formennska Íslands í Norðurskautsráðinu fyrir stórri alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri um þessi mál og í lokaályktun ráðstefnunnar var lögð áhersla á að allir þjóðfélagsþegnar við norðurskaut gætu í framtíðinni hlotið aðgang að netinu á viðráðanlegum kjörum. Norðurskautsríkin voru hvött til að skapa lagaumhverfi sem tryggir jafnan aðgang fólks að upplýsingatækni.

Lokaályktun ráðstefnunnar og þau sjónarmið sem þar komu fram eru nú í frekari vinnslu og þingmannanefndin vinnur áfram að málinu.

Það er af fjölmörgum öðrum málum að taka en ég læt staðar numið að sinni. Það er mikilvægt að umræða um utanríkismál snúist um sem flest af þeim fjölmörgu málefnum sem alþjóðasamstarf tekur til. Á þessari stundu erum við auðvitað mjög upptekin af baráttunni gegn hryðjuverkum eftir hina hörmulegu atburði á Spáni. Sú barátta verður áfram eitt af mikilvægustu verkefnum á alþjóðlegum vettvangi þegar litið er til framtíðar. Það hljótum við að geta verið sammála um. Þau mál sem Norðurskautsráðið vinnur að, eins og t.d. loftslagsbreytingar og sjálfbær mannlífsþróun, verða með tímanum víðfeðm öryggismál og snerta lífshætti okkar allra. Það er í mínum huga enginn vafi á því að ýmis þeirra verkefna sem eru í brennidepli í norðurskautssamstarfinu nú muni með tímanum hafa bein pólitísk áhrif, bæði hér heima og erlendis.

[16:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi aðeins fá að þakka hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur fyrir það sem hún sagði um þátttöku Íslands í Norðurskautsráðinu. Okkar fólk hefur lagt þar mikið af mörkum og unnið gífurlega gott starf sem hefur aukið álit Íslands á þessum vettvangi og verið okkur til sóma. Mér er ekki kunnugt um neina afstöðubreytingu hjá Bandaríkjamönnum, því miður, í því máli sem hún minntist á. Ég vil hins vegar taka það fram að Bandaríkjamenn hafa smátt og smátt sýnt þessu samstarfi meiri áhuga, bæði af hálfu stjórnvalda og jafnframt af hálfu bandarískra þingmanna. Það hefur loðað dálítið við að hér væri um mál að ræða sem varðaði fyrst og fremst Alaska en ekki Bandaríkin í heild sinni en auðvitað eru málefni norðurskautsins og norðursins málefni sem varða allan heiminn. Þess vegna hefur það líka verið keppikefli hjá okkur Íslendingum að ná meira samstarfi við Evrópuþjóðir um þessi mál og menn eru að verða betur meðvitaðir um hvað það sem þarna er að gerast skiptir heimsbyggðina miklu máli eins og kom greinilega fram í ræðu hv. þingmanns.

Við munum halda áfram að vinna að þessum málum, m.a. því sem hún nefndi í ræðu sinni að því er varðar Bandaríkjamenn. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð að mörgu leyti af hálfu Bandaríkjamanna í þessu samstarfi sem ég tel ástæðu

til að þakka fyrir en ég veit ekki um neina afstöðubreytingu í því máli sem hún nefndi sérstaklega.

[16:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var prýðileg og ákaflega áhugaverð ræða sem hv. þm. flutti. Hugsanlega misheyrðist mér undir ræðu hv. þingmanns. Er það rétt sem ég þóttist heyra að hv. þingmaður hefði í starfi sínu innan Norðurskautsráðsins orðið þess áskynja að fulltrúar Bandaríkjastjórnar hefðu lagst gegn því að birt yrði endanleg skýrsla um loftslagsbreytingar á norðurslóðum og sömuleiðis lagst gegn því að birtar yrðu tillögur til mögulegra úrbóta á þessu sviði?

[16:47]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni heyrðist ég segja. Þessari skýrslugerð er skipt í þrennt. Skýrslunni átti að fylgja greinargerð um stefnumótun þar sem áþreifanlegar tillögur væru settar fram og ákveðinni stefnumótun beint til stjórnvalda norðurskautsríkja. Það er þetta sem stendur eitthvað í Bandaríkjamönnum og það er einmitt þetta sem ég var að spyrja hæstv. utanrrh. um áðan í ræðu minni.

[16:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst nokkuð til um það þegar hv. þm. bar mikið lof á forustumenn Íslendinga í þessum samtökum og þá sem fyrir okkur tala. Mér sýnist að e.t.v. hafi þar verið um oflof að ræða. Það hefur komið fram í orðaskiptum hæstv. utanrrh. og hv. þingmanns að hæstv. utanrrh. hefur ekki hugmynd um að þarna hafi orðið stefnubreyting af hálfu Bandaríkjastjórnar. Mér finnst með ólíkindum ef þetta mál sem hugsanlega kann mestu að varða um framtíð Íslands verður ekki tekið upp af hálfu hæstv. utanrrh. eða þá að hans menn á þessum vettvangi hafi ekki gert honum viðvart um þetta. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, þegar Bandaríkjastjórn beinlínis leggst gegn því að réttum upplýsingum sé komið til skila og sömuleiðis að á framfæri sé komið því sem bestu vísindamenn sem voru kallaðir til ráðagerða við Norðurskautsráðið telja að eigi að gera til að reyna að vinna gegn þessum breytingum. Þar er beinlínis verið að vinna gegn hagsmunum norðurskautsins og okkar sem byggjum undir það.

Ég vil þess vegna spyrja líka hv. þingmann: Hvernig stendur á því að svo hljótt hefur farið um þetta? Með hvaða hætti brugðust fulltrúar Íslands í Norðurskautsráðinu við þessu? Enn spyr ég hana: Hvernig má það vera að hæstv. utanrrh. hafi ekki orðið var við þetta?

[16:49]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er auðvitað eitthvað sem kemur í ljós núna eftir áramótin. Það virðist sem Bandaríkjastjórn hafi sett sig á móti því að þetta stefnumótunarskjal yrði birt í haust sem hluti af þessari heildarskýrslu. Það sem hins vegar við sem erum í stjórnarnefnd þingmannasamstarfsins höfum gert er það að formaður okkar hefur skrifað til formanns Norðurskautsráðsins þar sem hann hefur mótmælt fyrir okkar hönd hvers kyns breytingum á þessu fyrir fram ákveðna vinnuferli. Það er það sem þingmannanefndin hefur gert í þessu máli. Það er vonandi, og ég efast ekki um það, í ákveðnu ferli.

[16:50]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Það er ótvírætt að staðföst stefna og samheldni vestrænna ríkja tryggði framgang lýðræðis og frelsis í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld. Að vísu var það ekki fyrr en 1989 sem kúgun kommúnista var brotin á bak aftur með hruni múrsins en síðan þá hefur lýðræðisþróunin verið stöðug í heimsálfunni. Áhugi hinna nýfrjálsu þjóða í Evrópu á að gerast aðilar að NATO er einmitt vegna þess að þær vilja tryggja öryggi sitt í því bandalagi. Þær eru að verja sig fyrir mögulegum breytingum og ofbeldi af hálfu nágrannaríkjanna sem þær hafa búið við um aldir.

Kommúnistar á 20. öld voru einungis síðasta ógnunin sem steðjaði að þjóðum eins og Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu o.s.frv. Saga Evrópu er stríðssaga. Evrópusambandið spilaði stórt hlutverk í þessari atburðarás friðar í Evrópu með því að leiða fyrst til efnahagslegrar samvinnu og síðan pólitískrar samstöðu milli mestu ófriðarþjóða Evrópu, Frakklands, Þýskalands og Bretlands.

Nær allar þjóðir í Evrópu tengja framtíðarhagsmuni sína aðild að Evrópusambandinu. Við eigum að styðja þessa þróun og auka tengsl við þessi nýfrjálsu ríki heimsálfunnar. Að mínu viti er furðulegt að við skulum ekki enn hafa komið upp sendiráði í Póllandi sem mundi einnig gæta hagsmuna okkar í Eystrasaltslöndunum. Við erum með vaxandi viðskiptasamband við Pólland og fjölmargir Pólverjar búa hér. Mjög mikil velvild er gagnvart Íslandi í Eystrasaltsríkjunum vegna frammistöðu Jóns Baldvins Hannibalssonar á sínum tíma. Við eigum vitaskuld að nýta þessa stöðu. Þessi ríki verða bandamenn okkar þegar kemur að samskiptum við ESB, hvort sem það verða aðildarviðræður eða bara samskipti.

Í ræðu hæstv. utanrrh. er aðeins komið inn á hugsanlegt brotthvarf varnarliðsins frá Keflavík. Það hefur legið í loftinu og það hafa stjórnvöld vitað lengi. Aðild Íslands að NATO og að varnarsamningi við Bandaríkin hefur þó reynst okkur vel og af okkar hálfu er engin sérstök ástæða til breytinga. Við verðum samt vitaskuld að bregðast við breyttum aðstæðum eins og aðrir. Ógnin er ekki lengur af kafbátum og flugvélum Sovétríkjanna en hryðjuverk geta gerst alls staðar auk þess sem sérhvert ríki verður að hafa viðunandi varnir. Við höfum vanrækt að glöggva okkur á hernaðarfræði nútímans. Það breytir því þó ekki að það er algjörlega óviðunandi að Bandaríkjamenn ákveði eitthvað einhliða í samskiptum okkar. Það er okkur ekki til bóta að okkar mál verði skoðuð í samhengi við önnur varnarmál Bandaríkjanna í Evrópu. Sérstaða okkar gagnvart Bandaríkjunum hefur alltaf verið okkur mikils virði. Við förum þó enga bónargöngu að Bandaríkjamönnum. Þeir eru hér til að verja okkar hagsmuni og um leið að gæta að varnarhagsmunum sínum.

Samstarf við Bandaríkin hefur verið farsælt og því er eðlilegt að reynt sé til þrautar að ná samkomulagi við þau um áframhaldandi varnarskuldbindingar. Náist ekki slíkt samkomulag þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja varnir landsins með öðrum hætti í samvinnu við aðrar bandalagsþjóðir landsins.

Ísland mun aldrei geta tryggt varnir landsins upp á eigin spýtur og án þátttöku annarra þjóða. Íslendingar ættu í því ljósi að fylgjast vel með þróun varnarmála innan Evrópusambandsins enda gæti opnast þar sá möguleiki að varnarþörf landsins verði tryggð með aðild Íslands að ESB.

Mín afstaða er að við eigum að ganga í Evrópusambandið, ekki sérstaklega til að gæta varnarhagsmuna okkar en það gæti orðið viðbótarröksemd fyrir aðild ef Bandaríkjamenn fara með alla sína starfsemi héðan með einhliða ákvörðun en við getum staðið frammi fyrir slíkri ákvörðun af þeirra hálfu. Stefna Bandaríkjanna sjálfra ræður miklu um hver þróun varnar- og alþjóðamála verður í heiminum. Viðhorf núverandi ríkisstjórnar Bandaríkjanna til alþjóðasamvinnu hefur gert margvíslegar framfarir mun erfiðari en ella. Það var einstakt tækifæri fyrir Bandaríkin að verða forustuþjóð sem primus inter pares, þ.e. fremstir meðal jafningja, þegar heimurinn breyttist eftir 11. september 2001. Því tækifæri klúðruðu repúblikanar í Bandaríkjunum, m.a. með mikilli þvermóðsku í alþjóðasamskiptum og má þar nefna allt frá afstöðu þeirra til Kyoto-bókunarinnar og uppsögn ABM-eldflaugavarnasamningsins til einhliða innrásar í Írak og afstöðunnar til Alþjóðlega sakamáladómstólsins í Haag. Vegna þessa viðhorfs núverandi ríkisstjórnar Bandaríkjanna ríkir um allan heim tortryggni í garð Bandaríkjanna. Í stað samheldni vestrænna þjóða eins og einkenndi eftirstríðsárin er komin upp sundrung og hugmyndafræðilegur ágreiningur.

Það er stundum talað um að mannkynið sé að tapa fimm stríðum. Þetta eru stríðin sem snúast um viðskipti með fólk, fíkniefni, vopn og peningaþvætti og brot á höfundarétti. Nú má kannski nefna sjötta stríðið sem mannkyni gengur illa að ráða við. Það er hið margnefnda stríð gegn hryðjuverkum. Þessi ógn er raunveruleg og allar þjóðir búa við hana. Það er hins vegar hægt að gagnrýna þær leiðir sem mörg vestræn ríki með Bandaríkin í fararbroddi hafa farið. Það er því sorglegt að lesa ræðu hæstv. utanrrh. þar sem við virðumst hengja okkur aftan í utanríkisstefnu Bandaríkjamanna. Við eigum einfaldlega að hafna þessari leið repúblikana í Washington.

Lykillinn að árangri í baráttunni gegn hryðjuverkum er aukin menntun eins og á öllum öðrum sviðum. Hryðjuverk þrífast í fáfræði og fátækt. Þó að hægt sé að benda á örfáa höfuðpaura sem hafa menntun og eru vel stæðir, eins og hæstv. utanrrh. gerir í ræðu sinni, skipta þeir minna máli til lengri tíma en fótgönguliðarnir og massi fólksins sem fylgir þeim. Það fólk er fátækt og fáfrótt. Með auknum efnahagslegum gæðum og þekkingu minnka líkurnar á að ungir einstaklingar leiti á náðir hryðjuverkamanna og hugmynda þeirra.

Við sjáum algera umbreytingu á hryðjuverkum IRA í nágrannaríki okkar. Friðarferlið hefur skipt þar sköpum en engu að síður hefur hinn efnahagslegi uppgangur á Írlandi og Norður-Írlandi átt sinn þátt í að draga úr nýliðun og áhuga á þeim hryðjuverkasamtökum. Sem friðelskandi þjóð eigum við að beita okkur fyrir aukinni menntun. Það er sterkasta vopnið gagnvart þeirri vá sem hryðjuverk eru. En ég er ekki einungis að tala um menntun í þriðja heiminum. Við þurfum að mennta okkar eigið fólk um hinn nýja heim. Slík þekking þarf að komast um allt íslenska skólakerfið. Hvað vitum við um íslam og menningu þessara landa? Hvert er vægi klerkanna í þessum samfélögum og hver er staðan í fjölmennasta múslimaríkinu, Indónesíu? Hvað vita íslenskir skólakrakkar um ástandið í Kasmír eða orsakir átakanna í Miðausturlöndum?

Við þurfum ekki að fara út fyrir landsteinana til að finna göt í þekkingu okkar. Hvað þekkjum við til þeirra Asíubúa og Pólverja sem búa hér á landi? Hvernig er menning þeirra og trú?

Þetta eru hlutir sem við á Íslandi getum lagt fram með raunhæfum og skipulegum hætti. Þekkingarleysi á menningu annarra þjóða er hættulegt. Aukin þekking hjá okkur sjálfum eykur umburðarlyndi sem er bæði lykilhugtak í samskiptum framtíðarinnar og í allri utanríkispólitík. Í ljósi glæpaverðingarinnar hafa utanríkismál fengið nýja vídd. Utanríkismál eru þess vegna miklu flóknari en þau voru þegar hlutirnir voru svartir og hvítir og stríðin heit og köld. Nú þarf milliríkjasamstarf til að taka tillit til hins sveigjanlega heims sem við búum í.

Í máli sínu kom hæstv. utanrrh. örlítið inn á eitt stærsta vandamál alþjóðavæðingarinnar, mansalið, og benti hann réttilega á að ekkert land er undanskilið í þeim efnum. En það sem hæstv. utanrrh. minntist ekki á var hin hliðin á mansalinu, þ.e. vændið. Mansal þrífst ekki án vændis. Á ráðstefnunni sem hæstv. utanrrh. minntist á kom einmitt fram í máli hinna erlendu frummælenda þar að mansal og vændi eru nátengd fyrirbæri. Einn fyrirlesari benti á að viðskiptavinir vændis væru oft í erfiðari stöðu til að átta sig á hvort vændisseljandi væri fórnarlamb mansals eða ein af þessum hamingjusömu hórum sem sumir hv. þm. trúa að séu til.

Eitt mikilvægasta framlag sem Íslendingar geta lagt fram í baráttunni um mansal er að gera kaup á vændi refsivert. Svíar hafa farið mjög áhugaverða leið í þeim efnum og hefur nú verið bent á að þar hefur dregið úr mansali. Alþjóðlegir glæpahringir sem stunda mansal eru farnir að forðast Svíþjóð í ljósi þeirra laga sem þar hafa verið sett.

Nú stefnir í stjfrv. í Finnlandi um að fara hina sænsku leið og eru Eistar, Norðmenn og Rússar einnig að skoða þá leið. Í ljósi þess að frv. um hina sænsku leið liggur nú fyrir Alþingi munu íslenskir þingmenn vonandi fá tækifæri innan tíðar til að tefla fram þessu lykilvopni gegn mansali.

Frumkvæði Íslendinga í utanríkismálum hefur ætíð verið lítið ef undanskildar eru útfærslur landhelginnar. Íslendingar eiga að láta meira að sér kveða í alþjóðamálum. Það nægir ekki að ætla að berjast fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna án þess að vita hvað við ætlum að gera þar. Við þurfum að hafa skýr stefnumið í alþjóðamálum og beita okkur fyrir betri heimi, og þá ekki eingöngu með hagsmuni út af fiski og orku þjóðarinnar í huga. Það má læra margt af frændum vorum Norðmönnum og virkum þætti þeirra í friðarferlinu í Miðausturlöndum og á Sri Lanka.

Frú forseti. Við erum lítil þjóð sem erum með einfalda hagsmuni og getum því beitt okkur fyrir margs konar framförum gegn fátækt, fáfræði og hungri sem oft er undanfari stríðsátaka og hryðjuverka. Við getum gert betur og við getum gert meira.

[17:01]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég heyrði rétt vildi hv. þm. halda því fram að Evrópusambandið gæti gætt öryggis okkar Íslendinga og tryggt varnir landsins, ekki síst ef Íslendingar gerðust aðilar að bandalaginu. Nýverið var staddur hér sérfræðingur í öryggis- og varnarmálum, hægri hönd Solana sem er yfirmaður þessa málaflokks hjá Evrópusambandinu. Þessi sérfræðingur fullyrti opinberlega að Evrópusambandið gæti aldrei komið í staðinn fyrir hinn tvíhliða samning okkar við Bandaríkin. Það væri brýn nauðsyn fyrir okkur að hafa varnarviðbúnað. Þær fjórar þotur sem væru nú staddar í herstöðinni væru algert lágmark að hans mati og raunar eru það líka fullyrðingar bandarískra hershöfðingja hjá NATO eftir því sem ég best veit. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þm. hvernig hann getur rökstutt þessa skoðun sína.

[17:02]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. formaður utanrmn. gæti vaknað einn góðan veðurdag og litið út um gluggann og séð að hér væri varnarlaust land, þ.e. hinn bandaríski her gæti verið farinn. Að því leyti og varðandi þá þróun sem við sjáum í þessum málaflokki tel ég það vera ábyrgðarhluta að útiloka ekki neitt varðandi varnarsamstarf Íslendinga. Að mínu viti er alveg ljóst að við munum ekki tryggja okkar eigin varnir sjálf. Að mínu viti eigum við ekki að stofna íslenskan her og að mínu viti tel ég að við þurfum að tryggja varnir okkar í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar. Ef það eru ekki Bandaríkin þá þurfum við að leita annað. Að sjálfsögðu kemur Evrópusambandið þar til greina og í rauninni er sá kostur augljós að mínu viti. Við sjáum að samstarf Evrópusamstarfsins í utanríkis- og varnarmálum er sífellt að taka breytingum og það er að þróast og við megum ekki loka augunum fyrir slíkum möguleika. Þar er einfaldlega of mikið í húfi.

Ef við gengjum í Evrópusambandið á morgun mundum við hugsanlega ekki mæta nákvæmlega þeim sömu varnarskuldbindingum og Bandaríkjaher gerir núna en við vitum ekki hvernig framtíðin liggur. Ég held að það sé lykilatriði að menn eigi ekki að vera svo ákafir í andstöðu sinni við aðild Íslands að Evrópusambandinu að þeir neiti að skoða jafnmikilvægan þátt og hugsanlegt varnarsamstarf við Evrópusambandið. Það eru einfaldlega ekki allt of margir möguleikar opnir ef Bandaríkjamenn hverfa héðan á brott. Ég held að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og ég séum sammála um að við teljum að landið geti ekki verið varnarlaust. Við þurfum að tryggja varnir okkar með einhverjum hætti og aðild og samstarf við Evrópusambandið á þessu sviði gæti hugsanlega verið sú lausn. Ég hvet hana því sem formann utanrmn. að skoða þann möguleika vegna þess að við sjáum hvernig þróunin er í Keflavík. Herinn virðist vera að hverfa hægt og rólega. Við vitum ekki hvernig framtíðin verður. Við vitum ekki hver niðurstaðan verður í samningaviðræðunum en við þurfum að vera viðbúin öllu og það er lykilatriði.

[17:04]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um að við þurfum að vera viðbúin öllu og hafa augun opin fyrir því sem er að gerast í kringum okkur. En það er hins vegar svo að við erum enn þá aðilar að NATO þannig að við erum með þessi Norður-Atlantshafstengsl í gegnum varnarbandalagið. Þau tengsl, Norður-Atlantshafstengslin, hafa verið einn af grundvallarþáttunum í utanríkisstefnu Íslendinga.

Þegar hv. þm. talar um það hins vegar að við þurfum að hafa augun opin og eigum að líta til Evrópusambandsins í þessu sambandi hlýt ég að minna enn og aftur á orð sérfræðings sem kom frá Evrópusambandinu og flutti hér merka ræðu um þessi mál þar sem hann hélt því fram, hv. þm., að Evrópusambandið gæti ekki tekið að sér varnir Íslands og það gæti heldur ekki tryggt varnir sinna eigin ríkja, ríkja sem væru innan bandalagsins. Ljóst er að það eru mjög fámennar hersveitir þjónandi í ríkjum innan Evrópusambandsins og ef ég man rétt eru það aðeins nokkur þúsund manns. (Gripið fram í.) Hvaða tölu hann nefndi, hvort það voru 14 eða 18 þúsund manns sem mögulegt væri að senda yfir hafið í sérstakar alþjóðlegar aðgerðir. Að hans mati var það því alveg ljóst að þetta væri fráleitur möguleiki.

[17:06]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur. Áminning mín til hæstv. utanrrh. í ræðu minni var sú að Íslendingar ættu að fylgjast vel með þróun varnarmála innan Evrópusambandsins. Svo kemur hv. formaður utanrmn. og sér því allt til foráttu að fylgjast vel með þróuninni í Evrópusambandinu. Við vitum að þetta er sá málaflokkur í Evrópusambandinu sem er að taka breytingum. Það eru ýmsir spennandi hlutir að gerast varðandi varnarsamstarf innan Evrópusambandsins og ég einfaldlega ítreka það sem ég sagði áðan að við þurfum að fylgjast vel með þessu vegna þess að hugsanlega höfum við ekki annan valkost. Ég trúi ekki að formaður utanrmn. sé svo hörð í andstöðu við allt sem tengist Brussel og Evrópusambandinu að hún vilji ekki fylgjast vel með þróuninni en það var það sem ég var fyrst og fremst að biðja um.

Hugsanlega gæti Evrópusambandið tryggt varnarhagsmuni okkar. Það er ekki útilokað. Það er stefna Evrópusambandsins að auka vægi varnarsamstarfsins. Af hverju megum við fylgjast vel með því? Af hverju sér hv. þm. því allt til foráttu? (**SP:** Ég tók undir með þingmanninum að við þyrftum að fylgjast vel með.) Já, þá erum við sammála.

[17:07]

Útbýting þingskjala:

Aðstæður heimilislausra, 499. mál, svar fjmrh., þskj. 1282.

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál, stjtill. (félmrh.), þskj. 1331.

Fjölskylduráð og opinber fjölskyldustefna, 693. mál, svar félmrh., þskj. 1361.

Málefni aldraða, 570. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1378; brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1379.

Nýrnaveiki í seiðaeldi, 885. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 1343.

Nýtt varðskip, 711. mál, svar dómsmrh., þskj. 1380.

Starfsstöð sýslumannsembættisins í Reykjavík í Mosfellsbæ, 801. mál, svar dómsmrh., þskj. 1381.

[17:08]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum bæði ræðu hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar um utanríkis- og alþjóðamál og sömuleiðis er til umfjöllunar skýrsla hæstv. utanrrh. um sömu mál en það verður að segjast eins og er að þar sem henni var dreift seint er kannski ekki hægt að ætlast til að þingmenn séu búnir að lesa hana frá orði til orðs. Ég sé þó af því að blaða lauslega í gegnum hana að þar eru margir mjög athyglisverðir kaflar sem auðvitað verður hægt að gera sér mat úr í áframhaldandi umræðum um utanríkismál og ég vil í sjálfu sér þakka skýrsluna. Þessi skýrsla varpar ljósi á bæði pólitískan bakgrunn þeirra ákvarðana sem teknar eru hjá ríkisstjórn Íslands og sömuleiðis er um ágætt uppflettirit að ræða sem hv. þm. geta auðvitað geymt og gert sér mat úr síðar þó að ekki verði hægt að koma inn á öll þau atriði sem kannski væri fengur í hér.

Sú sem hér stendur fyllir þann flokk fólks sem stendur stuggur af, ég vil segja málflutningi eða framsetningu hæstv. utanrrh. og annarra þingmanna stjórnarflokkanna sem hér hafa talað og virðast helst á því að við sem leyfum okkur að andmæla framgöngu þeirra og stuðningi íslensku ríkisstjórnarinnar við ólögmætt árásarstríð í Írak séum á jaðri þess að réttlæta hryðjuverk. Slíkum dylgjum vil ég alfarið vísa á bug.

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. hefur ræðu sína á vangaveltum um stöðu hugmyndafræði á Vesturlöndum að loknu kalda stríðinu. Ráðherrann heldur því fram að á þeim tíma hafi hugmyndafræði Vesturlandabúa verið sú að fram undan væri björt framtíð samvinnu frjálsra ríkja samfara hnattvæðingu viðskipta, og hæstv. ráðherra vísar í því samhengi til bókar Francis Fukuyama, um endalok sögunnar eða The End of History. Ég vil leyfa mér, frú forseti, að snúa orðum hæstv. ráðherra upp á hann sjálfan þar sem mér finnst hann sýna af sér skelfilega einfeldni, einfeldni sem jaðrar við barnaskap þegar hann virðist telja að menn hafi í alvöru trúað því að við lok kalda stríðsins tækjust menn í hendur, hættu að framleiða vopn og tækju upp á því að lifa í sátt og samlyndi við aðrar þjóðir á jarðarkringlunni. Í öllu falli yfirsést hæstv. ráðherra að horfa á málin frá sannfærandi sjónarhóli. Eða hvernig ætli lok kalda stríðsins hafi horft við öðrum þjóðum, t.d. Indverjum og Pakistönum eða þjóðum Afríkuríkja eða þjóðum sem byggja Austurlönd nær?

Ekki er val hæstv. ráðherra á tilvitnanalitteratúr mjög heppilegt þar sem fyrir valinu verður bók sem frjálshyggjumenn Vesturlanda hafa notfært sér í áróðursskyni, enda ganga kenningar Fukuyama helst út á sigur markaðshyggjunnar í efnahagsmálum. Hann og frjálshyggjumennirnir sem hafa notfært sér hann hafa látið lýðræðið fljóta með í kenningum sínum kannski af því að það er hluti af áróðri og hugmyndafræði frjálshyggjunnar að eigna sér lýðræðið. Þannig einfeldni og barnaskapur sá sem ráðherrann getur um í ræðu sinni hittir hann sjálfan fyrir að mínu mati, ekki síst þegar hann heldur því fram að stöðugleiki og öryggi í Vestur-Evrópu á áratugum kalda stríðsins hafi verið sameiginlegum varnarviðbúnaði ríkjanna í vestanverðri álfunni að þakka. Og ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé einfeldni fólgin í því að fara leið hervalds að öðrum þjóðum hvort sem menn eru undir fölsku flaggi veifandi alþjóðlegum sáttmálum eður ei. Er það ekki einfeldni að taka vopnavald fram yfir mátt orðsins, fram yfir mátt frjálsra samninga þjóða í millum?

Við skulum ekki gleyma því að hervald það sem beitt hefur verið í Írak upp á síðkastið með stuðningi íslenskra ráðamanna er ekki að færa írösku þjóðina nær sátt og samlyndi eða nær friði og öryggi. Írak rambar nú á barmi borgarastyrjaldar. Þær þjóðir sem búa við stöðugt hervald og stöðugan ófrið þjást og enn þjást Írakar.

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. ber lóminn og kvartar undan þeim sem andæfa framferði Bandaríkjamanna og Breta og stuðningsmanna þeirra í Írak. Hæstv. ráðherra heldur því fram að einungis sé verið að reyna að auka öryggi almennings með því að berjast gegn öfgamönnum og víghreiðrum þeirra. Já, stjórnvöld hafa vissulega verið gagnrýnd fyrir framferði sitt en það er sannarlega ekki þannig að gagnrýnendurnir telji þar með að þjóðir heims eigi að sitja með hendur í skauti gagnvart illa stöddum þjóðum í Austurlöndum nær. En von þeirra þjóða er ekki fólgin í vopnavaldi Vesturveldanna. Vonin felst í því að styrkja hin öflin í þeim heimshluta. Meiri hluti fólks í þessum löndum vill ekkert hafa með þessa öfgamenn að gera, öfgamennina sem hæstv. utanrrh. þykist vera í stríði við. Meiri hluti fólks í umræddum heimshluta þráir frið og öryggi og framkoma okkar í garð þessara þjóða er sannarlega ekki að færa þær nær slíku heldur þvert á móti. Framganga hinna herskáu þjóða sem áttu aðild að ólögmætri innrás inn í Írak veldur því að öfgamenn og hryðjuverkamenn njóta sívaxandi fylgis heima fyrir vegna þess að fólk sér enga aðra leið. Það má kannski segja að ástandið sé um margt farið að minna á millistríðsárin í Evrópu þegar menn gengu fúsir til liðs við nasista eða gerðust stalínistar. Hvers vegna? Kannski einmitt vegna þess að fólki þótti ekkert annað í boði. Ég vil því meina, virðulegi forseti, að framganga okkar í Írak sé vatn á myllu hryðjuverkamanna mun fremur en hitt. Ríkisstjórnirnar í þessum heimshluta eru flestar undir ægivaldi konunga og fursta sem fæddir eru til valda og það hvarflar oft að manni að spyrja hverjir hafi viðhaldið þeim ríkisstjórnum, þeim valdhöfum sem um ræðir. Eru það ekki einmitt valdhafarnir á Vesturlöndum sem hafa ólmir viljað selja þessum konungum og furstum allra handa vopn dýrum dómum? Dollaraglýjan hefur löngum glapið okkur Vesturlandabúum sýn og svo höfum við auðvitað ásælst olíuna þeirra austur frá, olíuna á lága verðinu sem er svo stór faktor í stöðugleikanum sem hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn Íslands trúa nánast á eins og kennisetningu.

Hvar eru gereyðingarvopnin sem innrásarliðið í Írak átti að gera upptæk? Hæstv. utanrrh. nefnir þau ekki í ræðu sinni, þau eru svo gersamlega týnd. Þau eru gufuð upp eins og Hans Blix, fyrrum vopnaeftirlitsmaður Sameinuðu þjóðanna, nefnir í nýrri bók sinni sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði í áðan. Hans Blix nefnir gereyðingarvopnin „Weapons of Mass Disappearance" á engilsaxnesku, vopnin sem sannarlega gufuðu upp. En heimsatburðurinn þegar sinnepsgasið fannst er líka gufaður upp hjá hæstv. utanrrh. og hann minnist heldur ekki á það hvernig ráðamenn í Bandaríkjunum og Bretlandi sem íslenska ríkisstjórnin kaus að fylgja að málum í Írak gera nú örvæntingarfullar tilraunir til þess að kenna leyniþjónustunum sínum um að þær hafi stýrt eftir fölskum leiðarljósum. Eða hvað var haft eftir utanríkisráðherra Bandaríkjanna á dögunum í fréttum? Að sönnunargögnin hafi verið röng. Að sönnunargögnin sem þeir höfðu í höndunum í Bandaríkjunum og voru átylla stríðsins hafi verið röng.

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. talaði um það í ræðu sinni að óskiljanlegt sé að það skuli hvarfla að nokkrum upplýstum manni að hægt sé að fara samningaleiðina við hryðjuverkamenn. Ég spyr eins og aðrir þingmenn hafa spurt: Hverjir hafa gert það? Hverjir hafa talað um það í þessum sal að það beri að fara samningaleiðina við hryðjuverkamenn?

Við lestur þessa hluta ræðu hæstv. utanrrh. kvikna ýmsar hugleiðingar um sögu baráttunnar gegn hryðjuverkum sem var auðvitað ekki fundin upp af Bush Bandaríkjaforseta. Ég er sammála hæstv. utanrrh. að uppræta beri hryðjuverk og allir í þessum sal og þeir sem hafa tekið til máls eru sammála um það og að það sé í verkahring alþjóðasamfélagsins eða samstarfsfúsra þjóða að leggja sitt af mörkum í þeim efnum jafnvel þótt það taki ár eða áratugi eins og hæstv. utanrrh. nefnir í ræðu sinni, án þess að ég sé með því að segja, svo það sé ítrekað, að samningsaðilarnir eigi að vera einhver aðskiljanleg hryðjuverkasamtök. Það er eins gott að taka það aftur og aftur fram.

Hugsunin um samræðu eða samstarf og þá meina ég árangursríkt samstarf á milli heimshluta eða menningarheima eða milli austurs og vesturs eða hvað við viljum kalla það tekur að öllum líkindum einmitt áratugi eins og hæstv. utanrrh. nefnir. Það er ekki langsótt að nefna dæmi frá Norður-Írlandi sem mætti vera ráðamönnum okkar ofar í huga í þessu sambandi. Þar var um að ræða margra áratuga breskt hernám, blóðsúthellingar á báða bóga, endalausa liðsflutninga yfir sundið til að herða tökin á meðan yfirgnæfandi meiri hluti almennings vildi auðvitað frið. En það var ekki fyrr en tókst

að koma á samræðu við þau öfl sem tóku einhverjum sönsum að til varð grundvöllur fyrir friði. Af hverju? Vegna þess að þá hafði tekist að einangra öfgamennina sem fram að því gátu stöðugt skákað í því skjólinu að vopnuð barátta væri eina leiðin til árangurs hvort heldur það voru mótmælendur eða kaþólikkar sem áttu í hlut. Frú forseti. Þessa atburði á Norður-Írlandi mætti hafa í huga þegar við ræðum ógnina gegn hryðjuverkum nú.

Eitt mætti spyrja hæstv. utanrrh. um í þessu sambandi þegar hann talar í sömu ræðunni um áratuga baráttu og afdráttarlausan stuðning við vopnavaldið. Er hann þá að tala fyrir sömu hugmyndum og forseti Bandaríkjanna hefur gert þegar hann biður þjóð sína að búa sig undir eilíft stríð gegn hryðjuverkum? Er hæstv. utanrrh. að boða eitthvað slíkt? Hvað segir íslenskur almenningur við slíkum boðskap að verið sé að fara með okkur í eilíft stríð gegn hryðjuverkum?

Frú forseti. Lýðræðið er ekki tækni heldur hugmynd, segir í grein Tryggva Gíslasonar í Morgunblaðinu í dag. Til þess að ryðja megi lýðræði braut í þeim heimshlutum sem hafa engar hefðir fyrir slíkri hugmyndafræði þarf að mennta þjóðir. Það þarf að innleiða hugsun og stofnanir lýðræðis í löndunum, búa til grundvöll eða jarðveg fyrir nýjar hefðir. Slíkt verður aldrei gert með vopnaskaki eða valdbeitingu. Slíkt getur eingöngu gerst með víðtækum samtölum og samráði milli þjóða. Til slíkra starfa eru Sameinuðu þjóðirnar vel hæfar. Kannski er, frú forseti, bara eitt afl innan Sameinuðu þjóðanna sem á erfitt með að samsama sig slíkum aðferðum en það er einmitt öryggisráðið sem hæstv. utanrrh. er svo mikið í mun að við Íslendingar verðum hluti af. Kannski er tímaskekkjan í Sameinuðu þjóðunum einmitt fólgin í neitunarvaldi öryggisráðsins og kannski væri óskum okkar miklu betur varið með því að gera okkur gildandi á öðrum vettvangi Sameinuðu þjóðanna en innan þess. Ég trúi því a.m.k. ekki að vera okkar í öryggisráðinu muni breyta nokkrum sköpuðum hlut um gang stríðs eða friðar í veröldinni á meðan ráðamenn hér eru jafnhallir undir hugmyndafræði herveldisins í vestri og raun ber vitni.

Frú forseti. Það ber vott um kaldhæðni örlaganna að hæstv. utanrrh. skuli nú sækja fast að eignast sæti í öryggisráðinu þegar hann hefur nýverið hunsað vilja þess sem raun ber vitni og hefur verið getið um í ræðum þingmanna sem á undan mér hafa talað.

Virðulegur forseti. Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar eru mörg atriði í skýrslu hæstv. utanrrh., sem hefur verið dreift á borð þingmanna, virkilega verð sérstakrar athygli í umræðunum en mig langar einungis í lok ræðu minnar, þar sem tími minn er farinn að styttast, að nefna tvö atriði. Annað varðar stuðning við frjáls félagasamtök sem fjallað er um í skýrslunni og greinilegt að hæstv. ráðherra eða ráðgjafar hans og samstarfsmenn sem skrifað hafa skýrsluna taka upp ýmsar ábendingar úr alþjóðasamningum og hefðum alþjóðasamfélagsins sem eru að verða til, að frjáls félagasamtök séu virkur og merkilegur þáttur í lýðræðinu og eigi að hafa samráð við sjálfstæð frjáls félagasamtök í ýmsum málum t.d. þróunarsamvinnu, varðandi mansal og fleiri þætti sem nefndir eru í skýrslunni. En þá vil ég minna hæstv. utanrrh. á Árósasamninginn. Enn einu sinni er nauðsynlegt að minna hæstv. ráðherra á að það er samningur sem við Íslendingar höfum undirritað og bíður fullgildingar og vegna einhverra lagatæknilegra ástæðna frestar hæstv. utanrrh. því einatt að fullgilda þann samning.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. utanrrh. út í þætti er varða mansalið og vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni sem talaði á undan mér og tók af mér ómakið að ræða um vændismálin sem tengjast mansalinu enda er vændi sannarlega fylgifiskur mansals. Ég hef gagnrýnt hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum fyrir að hafa ekki opnað nægilega augu sín fyrir því að tengja saman mansal og vændi. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh., sem ég þakka fyrir að hafa haldið þá ráðstefnu sem haldin var fyrir skemmstu, hvort hann telji möguleika og jarðveg fyrir því að samþykkja frv. sem er fyrirliggjandi og til umfjöllunar í allshn. Alþingis sem gengur út á að uppræta megi vændi a.m.k. að hluta og um leið mansal með því að gera vændiskúnnana háða refsingu og aflétta um leið þeirri smánarlegu refsikvöð sem hvílir nú á því fólki sem leiðist nauðugt út í vændi.

[17:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði í ræðu sinni að styrkja þyrfti hin öflin í þessum löndum. Ég er algerlega sammála hv. þm. og ég sagði í ræðu minni að sameiginlegur varnarviðbúnaður vestrænna ríkja hefði verið mest ráðandi um að kalda stríðinu lauk. Hvað gerðist í lok kalda stríðsins? Þær þjóðir sem voru undir járnhrammi kommúnismans sneru sér til Vestur-Evrópu og sóttu um aðild að Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu. Þessum þjóðum var tekið opnum örmum og þeim komið til hjálpar og lýðræðið þar með byggt upp í þeim hluta Evrópu og er að sjálfsögðu mikilvægasta mál sem hefur stuðlað að friði í Evrópu.

Hvað er að gerast í Afganistan? Þar er verið að styðja við bakið á hinum öflunum, byggja upp skóla, byggja upp heilsugæslustöðvar og koma milljónum afganskra barna til menntunar. Hvað er verið að gera í Írak, hvernig sem menn líta á árásina á Írak? Þar er verið að vinna að því að ná samstöðu með írösku þjóðinni um lýðræðislega uppbyggingu. Það gengur á ýmsu þar, það er rétt, en þó er verið að vinna að því að fólkið í þessu hrjáða landi taki mál í eigin hendur og byggi upp lýðræðislegt ríki í Írak þar sem mannréttindi eru virt og réttindi kvenna og börnum komið til menntunar. Þetta er það sem er að gerast samhliða baráttunni gegn hryðjuverkum.

[17:26]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Margt af því sem hæstv. utanrrh. sagði í andsvari sínu er auðvitað verið að reyna að gera. En það er líka verið að klóra yfir þá staðreynd að það var byrjað á vitlausum enda. Það er enginn sómi að því að ráðast inn í lönd með vopnavaldi og láta sprengjum rigna yfir þjóðir og saklausa borgara og segja: Við erum bara að þessu af því að við erum svo góð, af því að við ætlum að hjálpa ykkur að byggja upp skóla, af því að við ætlum að hjálpa ykkur að bæta réttindi kvenna.

Það var einu sinni svo að í Írak stóðu réttindi kvenna hvað hæst í þeim heimshluta sem við fjöllum hér um. Það er ekkert sem réttlætir að fara með því valdi sem vesturveldin fóru inn í Írak eða Afganistan og tilgangurinn sem hæstv. utanrrh. málar fögrum litum núna er ekki göfugur. Það er ekki sannfærandi málflutningur, frú forseti, sem hæstv. utanrrh. viðhefur. Við eigum að standa saman um það, þjóðir í vesturálfu, að reyna að efla lýðræði í öllum heiminum. Við verðum hins vegar að opna augu okkar fyrir því að það verður ekki gert með vopnavaldi. Það var ekki gert með vopnavaldi í

Austur-Evrópu. Það er fagnaðarefni að Austur-Evrópa skuli smám saman vera að færa stjórnarfar sitt í átt til lýðræðis þó svo auðvitað þurfi þær þjóðir enn að ganga langan veg til þess að ná þeim árangri sem eftirsóknarverðastur er. Við eigum líka að líta í eigin barm. Kannski erum við komin allt of langt út á brautir neyslukapphlaupsins, út á brautir vopnakapphlaupsins, út í að láta hluti villa okkur sýn og gleyma hinum eiginlegu markmiðum lífsins og tilverunnar.

[17:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað er ég, eins og aðrir Íslendingar, stuðningsmaður þess að leysa sem mest mál með samningum og orðræðum. Ég vildi óska þess að allir lifðu í svipuðum heimi og við Íslendingar sem höfum borið gæfu til þess að leysa okkar mál með samningum og höfum borið gæfu til þess að þurfa ekki að vera með herskyldu. Það er því miður ekki þetta sem sagan segir okkur.

Það var reynt að ræða við Hitler á sínum tíma. Hvað ætli fulltrúar Evrópu hafi oft verið búnir að fara á fund Milosevics? Ég man vel eftir því hvað norski utanríkisráðherrann sagði mér um viðræður við Milosevic. Hann spurði alltaf utanríkisráðherra Noregs: Hvert er vandamál þitt? Get ég gert eitthvað fyrir þig? Hann var ekki með neitt vandamál. Honum var hótað. Hann gerði ekki neitt og það reyndist nauðsynlegt að gera eitthvað í málinu. Það var búið að ræða við Saddam Hussein í heilan áratug. Hann hafði lofað öllu fögru.

Og að réttindi kvenna í Írak hafi verið mikil. (**KolH:** Ég sagði ekki að þau hefðu verið mikil.) Hvernig var farið með konur í Írak? Þeim var skipulega nauðgað. Hvernig var farið með konur í Afganistan? Í Kosovo? Í Bosníu? Þegar farið var í mál í Bosníu og Kosovo var það ekki síst til þess að bjarga múslimum þar vegna þess að verið var að beina ofsóknum gegn múslimum í miðri Evrópu. Þetta verðum við líka að hafa í huga.

[17:30]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði ekki að réttindi kvenna hefðu verið mikil í Írak. Ég sagði einungis að kannski hefðu þau verið mest ef borið væri saman við réttindi kvenna í öðrum arabaríkjum.

Frú forseti. Það vill þannig til að konum hefur verið nauðgað, og konum er nauðgað, í stríði. Konum var nauðgað í Írak og konum er enn nauðgað í Írak. Það hefur ekki breyst, því miður, við innrás Bandaríkjamanna, Breta og stuðningsríkja þeirra í Írak.

Það sem vonda samviskan okkar snýst um hér er auðvitað að Íslendingar studdu þetta árásarstríð, þetta ólögmæta árásarstríð, fóru á svig við þær þjóðir sem ég hefði viljað að við tækjum okkur til fyrirmyndar, neituðu að vera með Frökkum, Þjóðverjum og öðrum þjóðum sem sögðust aldrei mundu styðja þessa íhlutun. Okkur liði allt öðruvísi ef íslensk stjórnvöld hefðu staðið með þeim þjóðum en ekki verið taglhnýtingur Bandaríkjamanna sem eru með heimsveldisdrauma sem engu samrýmast.

Niðurlæging okkar og skömm er fólgin í því að íslenska ríkisstjórnin fylgdi Bandaríkjamönnum og Bretum að málum, lagðist svo lágt að fara í fótspor þeirrar ríkisstjórnar sem herskáust er á Vesturlöndum. Það er það sem við sitjum uppi með og gerir það að verkum að við höfum blett á samviskunni. Það er það sem gerir okkur sem hér erum að tala og gagnrýna hæstv. utanrrh. öskureið í hans garð. Við hefðum átt að standa vörð um önnur gildi, standa með öðrum þjóðum en þeim sem íslensk stjórnvöld tóku ákvörðun um að við stæðum með.

[17:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég ætla einkum og sér í lagi að nefna tvö atriði í máli mínu í sambandi við skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Hið fyrra lýtur að tvíhliða varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna og hið síðara að stöðu EES-samningsins og samskiptum Íslands og Evrópusambandsins. Varðandi fyrra atriðið segir í ræðu hæstv. ráðherra um það samstarf sem fram undan er, með leyfi forseta:

„Hvað varðar tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna þá tókst á síðastliðnum áratug að tryggja að eðlilegar breytingar á skipan varnarliðsins í ljósi breyttra aðstæðna færu saman við áframhaldandi nauðsynlegan varnarviðbúnað hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa síðan verið reiðubúin til efnislegra viðræðna við bandarísk stjórnvöld um hvernig trúverðugur viðbúnaður gæti orðið á Íslandi þegar til lengri tíma væri litið."

Svo segir: „Eins og kunnugt er hafa fulltrúar ríkjanna átt undirbúningsfundi en efnislegar viðræður á grundvelli skilgreindra lágmarksvarna hafa ekki enn hafist."

Það sem stingur í þessu sambandi, frú forseti, er svar hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóns Gunnarssonar um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli fyrir skömmu. Spurt var: „Er ráðherra kunnugt um áætlanir um fjölda hermanna, almennra bandarískra borgara og íslenskra starfsmanna á næstu þremur árum?" Svarið var: „Nei, það mun ráðast af yfirstandandi viðræðum um endurskoðun samkomulags milli Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarsamstarfs á milli ríkjanna frá árinu 1996."

Þetta svar, frú forseti, má skilja þannig og verður eiginlega að skiljast þannig að efnislegar viðræður standi yfir um varnarsamstarfið, um stöðuna á milli þjóðanna, Íslands og Bandaríkjanna. Það stendur hér, eins og ég sagði, að það muni ráðast af yfirstandandi viðræðum. Þegar maður skoðar hins vegar ræðu hæstv. utanrrh. eins og ég las áðan og ætla núna að lesa aftur til greinarbetri samanburðar, með leyfi forseta, sést hvernig í pottinn er búið:

„Eins og kunnugt er hafa fulltrúar ríkjanna átt undirbúningsfundi en efnislegar viðræður á grundvelli skilgreindra lágmarksvarna hafa ekki enn hafist."

Því vildi ég nota þetta tækifæri, við þessar umræður um stöðu utanríkismála, til að kalla eftir svari frá hæstv. utanrrh. um hvernig málum er háttað og hver staðan er. Er langt í land með að þessum svokölluðu undirbúningsviðræðum ljúki og efnislegar viðræður hefjist á milli Íslendinga og Bandaríkjamanna? Hér er um stórpólitískt mál að ræða, að sjálfsögðu fyrst og fremst í skilningi varna og varnarsamstarfs en undan því verður aldrei komist að þetta mál snertir líf og atvinnuhætti þúsunda manna suður með sjó, á Suðurnesjunum, og hver sem viðhorf manna eru til hersetunnar skiptir þetta mál sköpum, framvinda þessara mála og hversu hratt herinn dregur saman seglin. Allt skiptir þetta samfélagið suður með sjó meginmáli. Þess vegna bið ég hæstv. ráðherra að skýra þetta fyrir okkur, misræmið á milli svarsins sem var gefið við fyrirspurn hv. þm. Jóns Gunnarssonar og ég las áðan og þess sem stendur í ræðu hæstv. utanrrh. um að efnislegar viðræður hafi enn ekki hafist og einungis sé um að ræða einhvers konar undirbúningsviðræður sem er ákaflega lágstemmt og

dauflegt orðalag. Það gefur manni ekki mikið traust á því að þessi mál séu í farsælum farvegi eða að fast sé á þeim tekið. Ég vona að hæstv. ráðherra geti gefið okkur svör við þessu.

Hitt sem ég ætlaði að nefna, frú forseti, lýtur að EES-samstarfinu og samskiptum Íslands og Evrópusambandsins. Hæstv. ráðherra utanríkismála kom í upphafi inn á að endalokum sögunnar hefur verið skotið á frest og þar af leiðandi þurfum við einnig að huga að samstarfi Íslands og Evrópu, enda öllum mönnum morgunljóst að verulega gæti styst í líftíma EES-samningsins, svo ágætur sem hann er og margt gott sem hann hefur fært inn í íslenskt samfélag. EES-samstarfið hefur skilað okkur Íslendingum miklum ábata á flestum sviðum samfélagsins, hvort heldur litið er til efnahagslífsins eða réttinda vinnandi fólks og neytenda í landinu. Um það deila fæstir. EES-samningurinn og þjóðarsátt vinstri stjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar í upphafi 10. áratugarins lögðu grunn að þeirri velmegun og því mikla góðæri sem við að mörgu leyti búum við enn þá þrátt fyrir miklar gengissveiflur gjaldmiðilsins og ranglátt kvótakerfi sjávarútvegsins sem hefur lagt margar Íslandsbyggðir í rúst hringinn í kringum landið á undanförnum árum.

Það er óumdeilt og blasir við að ef og þegar Noregur gengur í Evrópusambandið er EES-samningurinn fyrir bí. Norðmenn standa að langmestu leyti undir honum og án þeirra er enginn samningur. Á næstu mánuðum og missirum ræðst það hvort Noregur sækir um aðild þriðja sinni, enda styttist í næstu stórþingskosningar í Noregi, og hvernig þeirri umsókn muni þá reiða af í þjóðaratkvæðagreiðslu. Margt bendir til þess, frú forseti, að í þetta sinn samþykki Norðmenn inngöngu enda hafa mikil og góð áhrif aðildar annars staðar á Norðurlöndunum haft afgerandi áhrif á breytt viðhorf Norðmanna til aðildar að Evrópusambandinu. Finnar stukku t.d. á Evrópuvagninn af fullum þunga og tóku upp evruna finnsku samfélagi til mikilla hagsbóta. Á næstunni ræðst hvenær Danir leggja næst til við evruna og mun það hafa afgerandi áhrif á þróunina í Noregi og víðar.

Eins og ég gat um er EES-samningurinn stöðugt að veikjast. Ástæðurnar fyrir því eru fjöldamargar og ég ætla að nefna nokkrar. Í fyrsta lagi leiðir stækkun Evrópusambandsins til þess að ríki sambandsins verði 30 í stað 15 og það eitt leiðir til miklu minni áhuga sambandsins á málefnum EES en áður og að mínu viti minni möguleika á raunverulegum ítökum og raunverulegum áhrifum í samstarfinu.

Í öðru lagi er samningurinn staður að því leyti að hann nær ekki til nýrra sviða í samstarfi ESB sem annað tveggja krefjast þá harðra og erfiðra samninga líkt og um Schengen eða hreinlega þess að Íslendingar fá ekki tækifæri til að taka þátt í mikilvægu samstarfi innan álfunnar sem væri hagsmunum okkar greinilega og augljóslega til mikils skaða.

Í þriðja lagi leiðir þróun innviða Evrópusambandsins, svo sem aukin völd Evrópuþingsins, til þess að það dregur verulega úr áhrifum okkar í gegnum EES-samstarfið. Með rökum má halda því fram að við séum með þeirri þróun hægt en bítandi að tapa enn þá meira fullveldi okkar án þess að hafa fallist á það, rætt það á pólitískum grundvelli eða haft nein sérstök áhrif á þessa þróun.

Í fjórða lagi vildi ég nefna, frú forseti, að núverandi staða leiðir til þess að við munum ekki ná þeim mikilvægu ávinningum sem felast í aðild að Myntbandalaginu með því að vera einungis í EES. Það blasir við og þar kannski komum við að stórpólitískasta atriðinu í þessu máli.

Í fimmta og síðasta lagi vildi ég nefna, frú forseti, að afurðir í sjávarútvegi sem voru undanþegnar hinum mikilvægu tollfríðindum sem við náðum með samningum verða á næstu árum æ mikilvægari í útflutningi Íslendinga. Allt um það, það er augljóslega mjög mikilvægt að við tökum til gagngerrar endurskoðunar stöðu okkar í samstarfi við Evrópusambandið og ekki mikið lengur undan því vikist að þau mál verði tekin til endurskoðunar eins og ég kom inn á áðan. Ábyrg og framsýn ríkisstjórn á Íslandi væri núna að undirbúa af fullum krafti aðildarumsókn Íslendinga að Evrópusambandinu, sá er veruleikinn, en ekki að reyna að þegja mikilvægi málsins í hel. Allir vita hvert stefnir og hafa ýmsir sérfræðingar í utanríkismálum, menn á borð við Árna Pál Árnason lögfræðing, leitt í ljós að tvíhliða samningur er ekki raunverulegur kostur í stöðunni. Slíkum samningi fylgir óviðunandi fullveldisframsal án nokkurrar beinnar aðkomu að stofnunum sambandsins. Við töpum enn þá meira fullveldi sem er algjörlega óásættanlegt, enda er það partur af mikilvægi þess að láta reyna á kosti aðildar að sambandinu, frú forseti, þ.e. að endurheimta hluta af því fullveldi sem við, hvað sem hver segir og sagði, töpuðum augljóslega þegar við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu hvort sem menn telja þá fórn hafa verið réttlætanlega eða ekki.

Það væri rökréttast að undirbúa vel og vandlega umsókn að Evrópusambandinu með það að markmiði að ná samningi sem tryggir okkur full yfirráð yfir fiskimiðunum sem á að vera skilyrði aðildar Íslendinga að Evrópusambandinu. Ítrekað hefur verið sýnt fram á það að aðild Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands að Evrópusambandinu hefur leitt til mikilla lífskjarabóta fyrir allan almenning í þeim löndum. Vöruverð hefur lækkað stórkostlega og samkeppnisstaða atvinnulífsins batnað til muna. Almenningur á Íslandi og Noregi má hins vegar búa við mun lakari kjör en íbúar annars staðar á Norðurlöndunum og okurverð á lánsfé og matvælum. Þetta er óþolandi staða, frú forseti, fyrir íslenska neytendur.

Einnig er dæmalaust að fullvalda ríki í slíku samstarfi skuli sætta sig við það að taka möglunarlaust við lögum og reglugerðum Evrópusambandsins án þess að hafa raunverulega neitt um það að segja með aðkomu að lagasetningu og framkvæmdastjórn þess. Þetta er einn mikilvægasti þátturinn í öllum okkar vangaveltum um Evrópumálin. Andstaða ráðamanna við aðild að Evrópusambandinu hefur þegar kostað okkur fjöldamörg tækifæri, lífskjör okkar Íslendinga eru fyrir vikið mun verri en þjóða Evrópusambandsins og tækifæri unga fólksins mun færri. Vextir á Íslandi eru miklu hærri, verðbólgan er meiri og gjaldmiðillinn veikari en í Evrópusambandinu. Það má leiða að því líkum að upptaka evrunnar hefði í för með sér miklar vaxtalækkanir og þar með gríðarlegar lífskjarabætur fyrir allan almenning í landinu. Það hefur komið fram að ef við byggjum við sama vaxtastig og evrulöndin hefði það í för með sér a.m.k. 8% kaupmáttaraukningu sem eru heilir 10 milljarðar sem sætu eftir í buddum og vösum landsmanna. Auk þessa mundi vöruverð lækka sem meira og minna er í lúxusflokki hérlendis og kostar þjóðarbúið trúlega miklar tekjur þar sem matvælaokrið fælir að sjálfsögðu fjölda ferðamanna frá landinu. Það er einfaldlega miklu dýrara að draga fram lífið á Íslandi en í Evrópusambandinu, dýrara að koma sér upp þaki yfir höfuðið, dýrara að brauðfæða fjölskyldurnar. Þessu, frú forseti, eigum við að breyta og gerum einungis með fullri aðild að sambandinu. Evrópuumræðan hefur allt of oft verið á allt of lágu með-og-á-móti-plani. Málið er miklu flóknara en svo

að hægt sé að vera fyrir fram með eða á móti eins og ráða mátti af umræðunni og viðbrögðum allt of margra og flestra íslenskra stjórnmálamanna sem sitja og skipa bekki stjórnarflokkanna. Þjóðarhagsmunir kalla á vandaða, yfirvegaða og ítarlega umræðu þar sem farið er upp úr hjólförum flokkastjórnmálanna. Pólitískt pantaðar skýrslur og skrumskældar og hálffalsaðar skoðanakannanir þjóna engum tilgangi öðrum en að drepa þessu mikilvæga máli á dreif og fresta því að Íslendingar komist að niðurstöðu um hvort við eigum að freista þess að ná samningsstöðu sem fullnægir hagsmunum okkar eða ekki.

Stærsta málið, frú forseti, í allri umræðu um aðild Íslands að Evrópusambandinu snýr að sjálfsögðu að yfirráðum yfir fiskveiðilögsögunni. Án fullra yfirráða yfir auðlindinni kemur að mínu viti aðild að Evrópusambandinu ekki til greina. Hins vegar bendir allt til þess að við samningsviðræður héldum við fullum yfirráðum yfir auðlindinni enda yrði það alltaf samningsmarkmið númer eitt ef til viðræðna yrði gengið til þess að tryggja að við yrðum ein þjóða um veiðarnar og stjórnuðum heildaraflanum á Íslandsmiðum. Samkvæmt niðurstöðu skýrsluhöfundar Samf. á sínum tíma í bókinni Ísland í Evrópu eru sjávarútvegsmálin ekki fyrirstaða ef til umsóknar kæmi og hefur það leitt til þess að við eigum að skoða þessi mál af miklu meira kappi en við gerum nú.

Hæstv. utanrrh. kom lítillega inn á Evrópumálin í ræðu sinni og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Evrópumálin verða enn í deiglunni. Fram undan eru miklar breytingar. Ekki er séð fyrir endann á stækkun Evrópusambandsins og í mótun er ný stofnskrá þess. Það skiptir því miklu að Íslendingar haldi vöku sinni og hafi ráðrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum á eigin forsendum."

Mig langaði að nota tækifærið, frú forseti, og inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig hann meti stöðu mála þessa stundina í þeirri þróun sem á sér stað innan Evrópusambandsins og hvort hann telji ekki tímabært og jafnvel nauðsynlegt að Íslendingar hefji undurbúning að aðildarumsókn strax hreinlega á næstu mánuðum. Það eru blikur á lofti hvað varðar EES-samninginn, eins og ég gat um áðan. Mikil þróun og mikil umræða er í gangi í Noregi um aðild Noregs að Evrópusambandinu og hægt að fullyrða að þjóðarhagsmunir Íslendinga, hvort sem menn telja að við eigum að lenda að lokum innan Evrópusambandsins eða ekki, kalli á það, öskri hreinlega á það að við verðum að fara að hefja umsóknaraðild að Evrópusambandinu svo fljótt sem auðið er. Því vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann væri ekki á sama máli og ég í því og hvort það væri á stefnuskrá hans sem væntanlegs forsrh. á haustdögum að hefja aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

[17:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. spurði um stöðu mála í viðræðum við Bandaríkjamenn. Ég bið hv. þingmann að leggja ekki aðaláherslu á orðalag um yfirstandandi viðræður og efnislegar viðræður. Það liggur alveg ljóst fyrir að við höfum verið að ræða við Bandaríkjamenn um þessi mál frá því að bókunin rann út, í aprílmánuði 2001 ef ég man rétt. Það áttu sér stað viðræður við þá í desember sl. í Reykjavík og gert var ráð fyrir því að þær viðræður héldu áfram.

Það má segja að þar hafi komið skýrt fram að Bandaríkjamenn vildu sjá þetta mál í ljósi þess sem almennt er að gerast í Evrópu. Þeir hafa t.d. tilkynnt Þjóðverjum um miklar breytingar á herafla sínum í Evrópu og síðan munu eiga sér stað efnislegar viðræður milli Þjóðverja og Bandaríkjamanna um það hvað nákvæmlega verður gert.

Þær upplýsingar sem við fáum frá Þýskalandi gera ráð fyrir því að verulegar breytingar muni verða en ekki jafnmiklar og boðað var. Engar slíkar viðræður hafa hafist milli okkar og Bandaríkjamanna og við bíðum eftir frekari áformum þeirra að því er varðar norðanvert Atlantshaf. Við erum tilbúnir til þeirra viðræðna, og Bandaríkjamönnum er afskaplega vel ljóst hver afstaða okkar í þessu máli er. Afstaða okkar er einfaldlega sú að sá varnarviðbúnaður sem er núna á Keflavíkurflugvelli sé nauðsynlegur og sérstaklega á það við um loftvarnir Íslands. Það má segja að um þetta hafi ekki verið samstaða milli þjóðanna. Við höfum hins vegar fengið ákveðinn stuðning fyrir því sjónarmiði hjá Atlantshafsbandalaginu.

[17:50]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að bregðast við þessari spurningu minni og skýra það atriði af því að það óneitanlega stakk mig þegar mér var af hv. fyrirspyrjanda þeirrar fyrirspurnar sem ég ræddi um áðan, Jóni Gunnarssyni, sýndur þessi orðalagsmunur. Margir töldu að viðræðurnar væru kannski á efnislegra stigi og lengra komnar en staðan er þar sem allt hefur setið fast frá því fyrir áramót.

Í því samhengi vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort staðan sé raunverulega sú að það muni ekkert gerast í viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna um varnarsamstarfið fyrr en eftir kosningar í Bandaríkjunum í haust. Er staða málsins einfaldlega sú að hugur repúblikanastjórnarinnar í Bandaríkjunum hafi augljóslega staðið til þess að draga sig út úr varnarsamstarfinu hérna og lágmarka þann viðbúnað sem hér er? Er einfaldlega komið það nálægt kosningum í Bandaríkjunum að ekkert muni gerast?

Það er mikil spenna í kosningunum eins og við vitum, miklar deilur í Bandaríkjunum um 11. september og vitneskju stjórnmálamanna þar um stöðu mála og hvaða upplýsingum menn bjuggu yfir þegar þessi voðaverk skullu á turnunum þann 11. september 2001. Mikið uppnám er í bandarískum stjórnmálum sem því fylgir augljóslega og aftur mikil fleygiferð á frambjóðanda demókrata, John Kerry, og ljóst að fram undan er löng og harkaleg kosningabarátta þar sem tekist verður á um grundvallarmál bandarískra stjórnmála. Telur hæstv. ráðherra það ekki raunveruleikann í málinu að ekkert gerist í því fyrr en eftir kosningar í haust? Er það ekki bara sú staða sem við stöndum frammi fyrir og sá napri veruleiki sem Íslendingar þurfa að sætta sig við?

[17:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka það skýrt fram að afstaða Bandaríkjamanna hefur verið skýr að því leytinu til að þeir vilja virða varnarsamstarf við Ísland og það er ekki ætlun þeirra að stökkva frá því með nokkrum hætti. Þetta hafa þeir alltaf tekið skýrt fram í öllum samtölum.

Hins vegar hefur ekki enn sem komið er verið samstaða um það hvaða varnarviðbúnaður sé nauðsynlegur. Ég tel líklegra en áður að Bandaríkjamenn muni ekki taka einhverja einhliða ákvörðun í þessu sambandi, eins og því miður kom fram skömmu fyrir kosningar á Íslandi sl. vor. Ég get ekki metið það hvenær þessum viðræðum verður haldið áfram og ætla ekki að spá um það frekar. Ætlunin var að það gerðist fljótlega eftir áramót. Það hefur ekki gerst. Það var líka ætlunin að það gæti gerst núna á vormánuðum og það

hefur samt ekki gerst. Þetta er hins vegar mál sem mun ekki hlaupa frá okkur og það mun ekkert hlaupa frá okkur við kosningar í Bandaríkjunum. Það er jafnnauðsynlegt að ræða það sama hvaða forseti mun verða við völd að loknum næstu kosningum.

Eftir því sem nær dregur kosningum er ríkisstjórn Bandaríkjanna upptekin af því sem er að gerast á heimavelli og beinir að sjálfsögðu athyglinni meira að því. Hvort það muni gerast í þessu máli vil ég ekkert spá um.

Okkur er ekkert að vanbúnaði að halda þessum viðræðum áfram svo fljótt sem auðið er og erum ekki að óska eftir því að það dragist.

[17:54]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir svörin en það er ljóst að ansi mikið ber í milli í viðhorfum íslenskra stjórnvalda og aftur bandarískra því að forustumenn Íslendinga og íslensku ríkisstjórnarinnar hafa sett fram ansi skýr skilyrði um hvað þeir telji vera lágmarksviðbúnað á Keflavíkurflugvelli til að grunnur sé áfram undir varnarsamstarfinu og það felist í ákveðnum loftvörnum o.s.frv. Maður hefur ekki orðið var við nokkurn einasta vilja núverandi stjórnvalda í Bandaríkjunum til að koma til móts við kröfur okkar Íslendinga og þess vegna hafa bráðum fjórir mánuðir, að því er virðist, liðið frá því að síðast var hreyft við málinu með einhverjum raunverulegum hætti.

Það sem ég átti við, frú forseti, með því hvort lítið mundi gerast fyrr en eftir kosningar í Bandaríkjunum í haust var einmitt fyrst og fremst að það er óvenjumikil spenna í bandarískum stjórnmálum þessi missirin og því hljóta kraftar stjórnvalda þar að beinast mikið til inn á við þar sem þau ár sem liðin eru frá því að síðast var kosið í Bandaríkjunum hafa ekki orðið til þess að menn hafi nýtt tímann til að endurnýja varnarsamstarfið við t.d. okkur Íslendinga. Allt rak þetta á reiðanum og lítið gerðist þó að kannski hefði verið eðlilegast að hreyfta hefði verið við þessum málum fyrir 1–2 árum. Það gerðist ekki.

Það er napur veruleiki fyrir þá sem eiga allt sitt undir þessu að bíða í óvissunni. Það er skárra að vita hvað verður þó að illt sé á ferðinni fyrir fólkið. Óvissan er verst, og ekki síst í því ljósi spurði ég hæstv. utanrrh. hvernig hann mæti stöðuna í viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna. Það var akkúrat vegna þess að óvissan er vond, bæði fyrir þá sem hugsa um þetta í varnarpólitísku samhengi og eins þá sem eiga allt sitt undir varnarsamstarfinu.

[17:56]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína hversu vongóður hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson var um það að Íslendingar fengju undanþágu frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sæktu þeir um aðild að því og vísaði, máli sínu til stuðnings, til Evrópuskýrslu Samf. sem unnin var af Árna Páli Árnasyni lögfræðingi, eftir því sem ég best veit.

Síðasta sumar fjallaði Franz Fischler, sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins, um þessi málefni á fundi í Háskólanum í Reykjavík og þar sagði sjávarútvegsstjórinn útilokað að Íslendingar gætu gengið í Evrópusambandið og jafnframt haldið fullum yfirráðum yfir auðlindinni innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Enn fremur útilokaði Fischler varanlegar undanþágur fyrir Ísland frá sjávarútvegsstefnu sambandsins og jafnframt hugmyndir um að lögsaga Íslands yrði sérstakt stjórnsýslusvæði sem lyti stjórn Íslendinga. Í sama streng taka t.d. lögfræðingarnir Stefán Már Stefánsson, lagaprófessor og prófessor í Evrópurétti, og Óttar Pálsson í nýlegri skýrslu um málið.

Ég tel ljóst með vísan til þessara ummæla að ef Íslendingar gerðust aðilar að Evrópusambandinu hefði sambandið algerlega í hendi sér hvaða reglur giltu um ákvörðun um heildarafla, veiðirétt, fiskveiðisamninga við ríki utan sambandsins, veiðarfæri, flotastærð, fjárfestingar, markaðsmál og fleira til. Ég er ekki jafnvongóður og hv. þingmaður um að ef við Íslendingar sæktum um aðild fengjum við þær undanþágur sem nefndar eru frá sjávarútvegsstefnunni. Ég tel reyndar að það sé enginn grundvöllur fyrir Íslendinga til að íhuga aðildarumsókn. Maður hefur tendens til að taka meira mark á sjávarútvegsstjóra Evrópusambandsins og lagaprófessornum en Árna Páli Árnasyni lögfræðingi.

[17:59]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að deila um það við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvor sé marktækari, sá góði maður Árni Páll Árnason eða Franz Fischler, (**Gripið fram í:** Báðir góðir.) báðir góðir og gegnir kratar og hafa margsannað mál sitt á þeim vettvangi.

Hv. þm. kom þó einmitt að kjarna málsins í andsvari sínu sem er sá að við þurfum ekki undanþágur. Við þurfum ekki undanþágu frá stefnu Evrópusambandsins heldur þurfum við fyrst og fremst aðlögun. Það er, eins og kom fram í frægri Berlínarræðu hæstv. utanrrh., fordæmi fyrir svæðisbundinni stjórn og sá er einmitt kjarni málsins. Það er það sem færir mér og mörgum öðrum aðildarumsóknarsinnum að Evrópusambandinu vonir um að þetta geti gengið farsællega fyrir sig, samningaviðræður og aðildarumsóknin fengi þær farsælu lyktir að við Íslendingar enduðum þar innan borðs með fulla og óskoraða stjórn á fiskimiðum okkar sem er algert lykilatriði eins og ég kom inn á í ræðu minni hérna áðan. Þar hitti hv. þm. einmitt naglann á höfuðið, þegar hann vitnaði til Franz Fischlers, að við þurfum engar undanþágur. Það er það sem gerir aðildarviðræður við Evrópusambandið að svo spennandi og vænlegum kosti fyrir okkur Íslendinga að við þurfum ekki að eyða kröftunum í að leita eftir tímabundnum undanþágum frá stefnu sambandsins í fiskveiðistjórnarmálum, heldur eru fordæmi fyrir þeirri svæðisbundnu stjórn sem ég gat um áðan, eins og í Miðjarðarhafinu og að mig minnir Orkneyjum. Það er einmitt í þann farveg, frú forseti, sem við munum að sjálfsögðu leiða umræðurnar og fara í við Evrópusambandið. Ég segi ekki „ef" við hefjum aðildarumsókn, heldur „þegar" af því að ég held að það styttist í það og sé miklu styttra en margur heldur þangað til sendinefnd á vegum Íslendinga fari utan til að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

[18:01]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn þurfi að seilast býsna langt og með afar góðum huga til þess að túlka orð Franz Fischlers og stefnu Evrópusambandsins með þeim hætti sem hér var gert. Að halda því fram að við Íslendingar þyrftum enga undanþágu frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og hefðum í rauninni frítt spil í sjávarútvegsmálum er að mínu mati ekki bara rangt heldur algjör fjarstæða.

Það er algjörlega ljóst af máli sjávarútvegsstjóra Evrópusambandsins að gengjum við Íslendingar í Evrópusambandið

þyrftum við að undirgangast allar þær reglur sem sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins kveður á um. Það sem meira er er að Evrópusambandið er núna að leggja drög að sérstakri stjórnarskrá fyrir Evrópusambandið og í þeirri stjórnarskrá er gert ráð fyrir að sjávarútvegsstefnan verði tekin upp, verði gerð óafturkræf, og að sjávarútvegur allra aðildarríkjanna verði að sæta þeim reglum sem þar koma fram. Engar undanþágur verða veittar frá yfirstjórn Evrópusambandsins á sjávarútvegsstefnunni en það er einmitt það skilyrði sem hv. þm. setur fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég tel, virðulegi forseti, algjörlega morgunljóst að ætli Íslendingar að ganga í Evrópusambandið, sem ég vona að gerist aldrei, þurfa þeir eins og sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins hefur bent á að undirgangast allar þær meginreglur sem sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins gengur út á og engar undanþágur verða veittar þar frá.

[18:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að gefa hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni tækifæri til að nýta páskana vel og það átta daga hlé sem verður á þingfundum mun ég reyna að bregðast þannig við að hann fái Evrópubók Samf. fyrir páska þannig að hann geti kynnt sér málið rækilega og lesið sér vel til. Einnig ætti hann að fá ekki síður fræga verðlaunaræðu hæstv. utanrrh. þar sem þetta kom ákaflega vel fram. Þess vegna er þessi aðlögun ekki meiri fjarstæða en svo að hún var kjarninn í Berlínarræðunni frægu, ræðu hæstv. ráðherra utanríkismála. Það er ekki meiri fjarstæða en svo.

Kjarni málsins er sá að sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins gengur út á sameiginlega nýtingu sameiginlegra stofna innan sameiginlegrar efnahagslögsögu. Sá er kjarni málsins. Við höfum enga sameiginlega stofna með Evrópusambandinu og það sem skiptir mestu máli er að við höfum enga sameiginlega efnahagslögsögu. Þess vegna er sú aðlögun sem ég gat um áðan ekki bara möguleiki, heldur virðist manni að óskoðuðu máli fyrir fram nánast staðreynd. (**ÖS:** Ef það er eitthvað að marka ...) Ef það er eitthvað að marka hina frægu Berlínarræðu og fleiri góðar ræður góðra manna liggur málið einfaldlega svona og því spurði ég hæstv. ráðherra áðan hvort hann teldi ekki allt útlit fyrir að það væri ekki annað en tímaspursmál hvenær við hæfum undirbúning að aðildarviðræðum við Evrópusambandið og hvort það yrði eitt af hans fyrstu verkum eftir þann fræga dag 15. september 2004 að skipa samninganefndina við Evrópusambandið og hefja undirbúning að aðildarumsókn af fullum krafti. Honum gafst ekki tóm til að svara því en ég vona að hann geti komið inn á það í lokin í þessari ágætu umræðu í dag.

[18:05]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég bið menn um að hafa andartaksþolinmæði með þeim þingmanni sem hér stendur meðan hann kemur tækjum sínum fyrir. Ég vil vera viss um að tæknin fari ekki að stríða okkur.

Hæstv. forseti. Oflæti og ofstæki eru þau tvö orð sem helst koma upp í hugann við að hlýða á ræðu hæstv. utanrrh. í dag, oflætið kannski fyrst og fremst af þeim kafla ræðunnar þar sem fjallað er um utanríkispólitík síðustu aldar sem einhverja bernsku og að nú sé hún fullþroska. Þó að ég þakki hæstv. utanrrh. fyrir að hafa tekið það fram að þau ummæli feli ekki í sér neina lítilsvirðingu gagnvart fyrirrennurum hans verður ekki annað sagt en að það sé nokkuð búlduleit sjálfsmynd sem engu að síður komi fram hjá utanrrh. í þessum texta.

Ofstækið endurspeglast svo í þeim eindregnu litum sem dregnir eru upp og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gerði ágætlega grein fyrir. Ef menn eru ekki í liði með okkur eru þeir á móti okkur og þeim lýst með öllum hinum verstu orðum. Þá er líka ástæða til að þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að hafa kallað eftir því að hæstv. utanrrh. tæki af öll tvímæli um að þá aðila sem vilji sýna hryðjuverkamönnum linkind og mikið er fjallað um í ræðu hæstv. utanrrh. sé ekki að finna í þessum sal og hann sé í ræðu sinni í þessum köflum ekki að tala við Alþingi, heldur eitthvert allt annað fólk og raunar eitthvert fólk sem hann hefur ekki gert sér grein fyrir hvar er eða hvert er. Ég trúi því eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson að hér hljóti fyrst og fremst að vera um að kenna ræðuritara einhverjum fremur en að þetta endurspegli oflæti eða ofstæki í fari utanrrh.

Ég vil byrja á því að gera að umfjöllunarefni kafla í ræðunni, sem virðist skrifaður af allt annarri persónu, sem snýr að þróunarsamvinnunni og framlögum til hennar. Þar er fjallað um það stefnumið að auka umtalsvert framlög Íslands til þróunarsamvinnu. Þó að það sé út af fyrir sig rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að það komi auðvitað í hlut nýrrar ríkisstjórnar tel ég að þetta sé virðingarverð stefnuyfirlýsing og hef fylgst með því í störfum hæstv. utanrrh. að hann hefur haft það að metnaðarmáli að auka framlög Íslands til þróunarsamvinnu. Þau voru löngum skammarlega lág og eru enn og ég kann hæstv. utanrrh. bestu þakkir fyrir þær áherslur í utanríkispólitíkinni.

Aftur að þeim köflum ræðunnar sem snúa að hryðjuverkum og þróun alþjóðamála. Það er nokkuð athyglisvert að átta sig á því að hæstv. utanrrh. hafi fyrir aðeins örfáum árum trúað á svokölluð endalok sögunnar. Það hlýtur að verða hæstv. utanrrh. nokkurt umhugsunarefni ef hann hafði svo algerlega á röngu að standa í utanríkismálum fyrir svo fáum árum hvort það geti verið að hann hafi svo algerlega á réttu að standa um þau eins og hann vill vera láta nú.

Ég hefði ekki haldið að menn þyrftu að draga þann lærdóm á þessari öld að það væru barnalegar hugmyndir að frjáls verslun og viðskipti og friðsamleg samskipti þjóða væru form lifnaðarhátta sem hefðu unnið sigur. Menn þurfa ekki annað en að lesa þá ágætu sögu Stefans Zweigs, Veröld sem var, þar sem lífinu í Vín er lýst í upphafi síðustu aldar þar sem blómstruðu alþjóðleg viðskipti, fjármálastarfsemi og tryggingarstarfsemi og fólk trúði því upp til hópa að helstu vandamál dagsins væru þau hvernig maður væri tryggður, hvernig mætti leggja inn á bankabók fyrir kornabörnin sem voru að fæðast og hvernig þessar kynslóðir í Evrópu uppgötvuðu fyrir 100 árum — ekki núna á þessari öld — hversu skelfilega barnalegar hugmyndir það væru, hversu skelfileg sagan varð í framhaldi þegar ekki bara einu sinni þessi trú og von um friðsamleg samskipti þjóða hrundi, heldur í tvígang. Þarf ekki að fjölyrða um hvernig Stefan Zweig á endanum, landflótta, brást við því hlutskipti sínu.

Þegar maður les ræðu hæstv. utanrrh. veltir maður því fyrir sér hvort hún ætti ekki fremur að heita endalok skynseminnar en endalok sögunnar og ég vil, hæstv. forseti, fá að vitna í nokkrar línur úr ræðu hæstv. utanrrh.:

„Vesturlandabúar, einkum Evrópubúar, hafa tilhneigingu til að leita rökrænna skýringa og málamiðlunarlausna vegna átaka.“ Síðar í sömu ræðu segir hæstv. utanrrh.:

„Evrópubúar verða að horfast í augu við þá staðreynd að það eru ekki rökrænar skýringar á öllu atferli.“ Og loks

eitthvað í þá veru að „við slíkri siðblindu finnast engin skynsamleg svör, hvorki nú né þá".

Ég hlýt að spyrja, hæstv. forseti, hvað er hæstv. ráðherra að fara? Eigum við ekki að leita rökréttra ástæðna? Eigum við ekki að leita skynsamlegra svara? Eigum við að hafna með öllu málamiðlunum? Ég hlýt að gjalda varhuga við málflutningi af þessu tagi. Sömuleiðis málflutningi eins og kemur fram þegar fjallað er um innrásina í Írak og um ástandið í Ísrael. Það er sagt berum orðum í ræðu hæstv. ráðherra þegar fjallað er um það hvort þessir hlutir, innrásin í Írak og ástandið í Ísrael, geti hafa haft áhrif á þróun alþjóðamála. Þá er sagt: „Engar þessara skýringa standast." Og síðar í ræðunni: „Þetta er gjarnan nefnt í sömu andrá og fullyrðingar þess efnis að hatrið eigi sér rætur í kúgun og fátækt." Hvað er hér verið að gera, hæstv. forseti? Er verið að vísa því á bug að kúgun og fátækt séu mikilvæg viðfangsefni til að takast á við og reyna að leysa til að skapa friðvænlegri heim? Er verið að hafna því með öllu að innrásir í ríki sem klárlega eru brot á alþjóðalögum geti skapað ófriðvænlegri heim? Er verið að hafna því að ástandið í Ísrael og hvernig þar er gengið fram geti hafa orðið olía á eld ófriðar í heiminum? Síðan er þeim sem ekki taka undir þessi sjónarmið gefin mjög afdráttarlaus einkunn eins og hér hefur verið farið yfir. Þar er sagt:

„Um hvað vilja menn semja við al Kaída eða gistiríki liðsmanna samtakanna? Útrýmingu Ísraelsríkis? Afturhvarf hvað varðar jafnrétti kynjanna eða réttindi samkynhneigðra? Forræði trúarlegra laga gagnvart veraldlegum lögum?" — Ég segi eins og aðrir hv. þm. hér, þessi bútur úr ræðu hæstv. utanrrh. á ekkert erindi við Alþingi Íslendinga eða þá þingmenn sem hér sitja og ekki heldur sá kafli sem hljóðar svo að það „verðlaunar hryðjuverkamennina og svívirðir minningu fórnarlamba þeirra. Þaðan er stutt í þá siðferðilega brengluðu hugsun að fórnarlömbin hafi með einhverjum hætti kallað hryðjuverkin yfir sig og beri því ábyrgð á þeim fremur en illvirkjarnir sem þau vinna." Þetta er mér, hæstv. forseti, algerlega óskiljanlegur texti.

Það er ástæða til að hafa áhyggjur þegar hæstv. utanrrh. kemur síðan hér upp í andsvörum og nefnir hvern þjóðhöfðingjann á fætur öðrum sem ekki hafi verið hægt að semja við og svarar því sjálfur, augljóslega, á þann veg að þá sé ekki annað að gera en fara inn og sprengja þá. Ég harma þann tón sem utanrrh. sendir hér Evrópubúum og nálgun Evrópubúa í hryðjuverkapólitík í gegnum árin og áratugina. Það er alveg ljóst að áherslur Evrópu hafa verið nokkuð aðrar en áherslur Bandaríkjanna. Ég tel að við eigum fremur, hæstv. utanrrh., að halla okkur að Evrópumönnum í því efni.

Evrópumenn hafa um áratuga skeið þurft að fást við hryðjuverkamenn. Við höfum þar fjölmörg dæmi. Við höfum IRA, ETA, Rauðu herdeildirnar, Baader-Meinhof o.s.frv. Vissulega ekkert jafnskelfilegt og ekkert jafnhræðilegt og al Kaída en engu að síður hryðjuverk innan landamæra Evrópu. Og menn hafa fundið leiðir til að fást við þau. Þar hefur verið lögð áhersla á að við fórnum ekki borgaralegum réttindum alls almennings í ofstækisfullu stríði við hryðjuverkamenn. Lögð hefur verið áhersla á að einangra hryðjuverkamennina, að skapa þá stöðu að þeir einangrist, að stuðningur við þá dvíni, en ekki að efna svo og egna til ófriðar að þessum hreyfingum vaxi fiskur um hrygg og eflist ásmegin, eins og hætt er við að gerist með þeim aðferðum sem Bush og þeir félagar í biblíubeltinu helst vilja hafa, með því að fara fram af hörku og ofstæki. Það er full ástæða til að skoða sögu Bandaríkjanna sömuleiðis í þessu efni því hún er auðvitað í margvíslegum slíkum stríðsaðgerðum langt frá því að vera farsæl, herra forseti.

Við höfum auðvitað séð með hvaða hætti það gekk að koma á lýðræði í Suður-Ameríku, svo dæmi sé tekið. Með innrás eftir innrás eftir innrás. Það skóp þeirri álfu ekki annað en áratuga sögu herforingjastjórna, mannréttindabrota og ofsókna á hendur fólki. Það færði þeirri álfu ekki frið. Við höfum önnur slík dæmi um öfgar í viðbrögðum í sögu Bandaríkjanna. Við höfum McCarthy-ismann og við þurfum að staðnæmast og hugsa hvort hér séu á ferðinni svipaðar öfgar og ofstæki og þá. Það er söguleg staðreynd að Bandaríkjamenn hafa haft tilhneigingu til þess að ganga of langt í viðbrögðum sínum. Það er ekki alltaf hentugast til að þjóna þeim málstað sem við viljum vinna. Það má t.d. spyrja hvort sú aðferðafræði sem þeir hafa haft í öðru stríði sé góðra gjalda verð. Þeir hafa líka háð stríð við eiturlyf og rekið þá baráttu af mikilli hörku, miklu ofstæki og á stundum raunar lýðskrumi, jafnvel ráðist inn í önnur ríki til þess að ná árangri í því efni. Og hvað hefur það stríð uppskorið? Það sýnist ekki hafa uppskorið mikinn árangur. Aðrar lausnir, til að mynda leiðir ýmissa Evrópuþjóða, hafa einfaldlega reynst farsælli og árangursríkari í þeirri baráttu. Ég bið þess, hæstv. utanrrh., að hér megi fara fram málefnaleg umræða um þann vanda sem við er að glíma en ekki upphrópanir eða skiptingar manna í tvo hópa, þá sem eru með og þá sem eru á móti.

Við hljótum fyrst og fremst, Íslendingar, að leggja áherslu á að þessa baráttu verði að heyja að alþjóðalögum og að í því efni verður að segjast að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn Íslands hafa misstigið sig alvarlega við innrásina í Írak. Ef menn virða ekki alþjóðalög er engin von til þess að við komum á friði í þessum heimi. Það að lögin séu virt er forsenda þess að hér geti verið friðvænlegt umhorfs. Við hljótum líka að leggja áherslu á pólitískar lausnir, á það að ná saman við þann stóra meiri hluta múslima sem er andvígur þessum hræðilegu ofbeldisverkum og stuðla að því að einangra öfgamennina á alþjóðlegum vettvangi. Við hljótum líka, eins og raunar hæstv. utanrrh. leggur til í kafla sínum um þróunarsamvinnuna, að leggja áherslu á að ráðast gegn misrétti, kúgun og fátækt í heiminum vegna þess að það er líka til þess fallið að skapa friðvænlegri heim.

Við hljótum líka í þessari umræðu að þurfa að fjalla um þau skelfilegu níðingsverk sem unnin hafa verið á palestínsku þjóðinni. Það má ekki gleymast í þeirri umræðu að Palestínuarabar voru trúlega menntaðasta þjóðin í arabaheiminum, sú víðsýnasta og frjálslyndasta, en þær öfgar sem þar hefur verið alið á og kallaðar fram með ofbeldi Ísraelsmanna um árabil hlýtur að vera okkur öllum áhyggjuefni. Þar kann þó að þurfa þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. utanrrh. og þrátt fyrir að ég sé sammála hæstv. utanrrh. um að ekki komi til greina að semja við aðila eins og al Kaída, til að mynda til lausnar vandanum fyrir botni Miðjarðarhafs, að ganga til samninga við hryðjuverkamenn. Beggja vegna, bæði Ísraels og Palestínu, er auðvitað að finna hryðjuverkamenn. Pólitískar lausnir þurfum við þó fyrst að finna en ekki innrásir, hæstv. utanrrh.

[18:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að láta kyrrar liggja fullyrðingar hv. þingmanns um oflæti mitt og ofstæki. Ég hef ekki vanist því að fá þau orð að ég væri haldinn slíku. En látum það vera. Hann spyr: Eigum við að hætta að leita rökréttra svara?

Nei, við eigum ekki að gera það. Ég geri það ávallt en ég get ekki leitað rökréttra svara gagnvart fólki sem hefur þá skoðun að dauðinn sé mikilvægari en lífið. Það er það sem ég er að reyna að segja í ræðu minni.

Hann spyr hvort ég hafni málamiðlunum. Ég hafna málamiðlunum gagnvart þessum öfgamönnum sem vilja eyðileggja öll gildi, þau lýðræðislegu gildi sem við byggjum á. Ég hafna málamiðlunum við þá og segi það skýrt í ræðu minni. Ég hef ekki heyrt á hv. þingmönnum Samf. annað en að þeir hafni málamiðlunum við slíka aðila. Svo er sagt hér að við eigum ekki að leita — að ég vilji ekki leita annarra lausna. Af hverju heldur hv. þm. að ég leggi áherslu á þróunarstarf? Af hverju heldur hv. þm. að ég leggi áherslu á aðstoð við fólkið í Afganistan? Vegna þess að ég veit að það þarf að hjálpa því til að brjótast áfram í lífinu og komast út úr því fari sem það er í. Það er náttúrlega algjör útúrsnúningur, því miður, sem er í gangi hér hjá þingmönnum Samf. og mér er engin leið að skilja hvað þeim gengur til.

[18:24]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau grundvallargildi vestrænnar menningar sem við eigum, hæstv. utanrrh., að standa vörð um eru lýðræði, umburðarlyndi og virðing fyrir lögum og mannréttindum. Ég tel, og það er sannfæring mín, að í þeim öfgum sem á stundum hefur gætt í hinu svokallaða stríði gegn hryðjuverkum og hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn Íslands hafa gengið ansi langt í að fylgja, þá hafi þessi grundvallargildi okkar ekki verið virt heldur fremur kallað fram einkenni harðstjórnar og ofstækis, hafi brotið gegn mannréttindahugsjón okkar í sumum tilfellum og síðast en ekki síst verið brot á alþjóðalögum. Ég tel, hæstv. utanrrh., rökrétt að álykta að það að við berum virðingu fyrir alþjóðalögum og förum að þeim og ráðumst ekki í ósætti við bandalagsþjóðir okkar, í trássi við alþjóðalög, inn í önnur ríki sé forsenda fyrir því að við getum skapað sæmilega friðvænlegan heim og fengist við þær öfgar sem í honum búa.

[18:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þingmaður snúa þessu öllu við. Hverjir eru að brjóta mannréttindi? Eru það ekki hryðjuverkamennirnir? Var það ekki Milosevic sem braut mannréttindi og réðist gegn því sem er heilagt meðal vestrænna þjóða? Voru það ekki talibanar sem brutu mannréttindi? Svívirti ekki Saddam Hussein flest það sem okkur er heilagt þegar við tölum um mannréttindi og lýðræði? Hver er ábyrgð okkar sem lýðræðislegrar þjóðar? Hver var ábyrgð alheimsins gagnvart því sem gerðist í Rúanda? Og menn eru núna að tala um að alþjóðasamfélagið hafi ekki brugðist við. Út af hverju er það? Mér finnst hv. þingmaður vera að snúa þessu öllu við. Mér heyrist hann útiloka að það eigi að beita valdi. Hann hefur svo mikla trú á samræðum, lýðræðislegum lausnum, að það sé hægt að horfa fram hjá hinu.

Það sem vantar inn í þetta allt saman er hvað átti að gera í þessu tilfelli. Það átti ekkert að gera í Afganistan. Væntanlega átti að tala við talibanana, ræða við þá. Átti að halda áfram viðskiptabanni í Írak? Er ekki meiri von þrátt fyrir allt sem hefur gerst í fortíðinni fyrir írönsku þjóðina í dag en var fyrir Saddam Hussein? Er ekki meiri von fyrir afgönsku þjóðina í dag nú en fyrir talibanana?

Ég held að það sé alveg ljóst.

[18:28]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. leyfði sér að tala um barnalega utanríkispólitík í ræðu sinni. Svo kemur hann hér upp og málar heiminn í svörtu og hvítu. Ef ég er ekki með Bush hlýt ég að vera með hryðjuverkamönnunum. En kæri hæstv. utanrrh. — jafnvel í stríði allra stríða, stríðinu gegn nasismanum, gerðu menn sig seka um stríðsglæpi okkar megin líka. Við breyttum ekki alltaf rétt. Þess vegna brýni ég það einfaldlega fyrir hæstv. utanrrh. að í stríðsæsingnum og múgsefjuninni haldi Evrópumenn nokkuð ró sinni og vöku og hafi hugfast að við megum ekki glata lýðræðinu fyrir harðstjórninni, ekki umburðarlyndinu fyrir ofstækinu og ekki lögunum fyrir ólögunum.

Þess vegna segi ég við hæstv. utanrrh. að auðvitað má grípa til aðgerða gagnvart þjóðum sem brjóta grimmilega gegn þegnum sínum. En það verðum við að gera í samstarfi við bandalagsþjóðir okkar og eftir alþjóðalögum. Þar er grundvallarágreiningur Samf. og hæstv. ríkisstjórnar um innrásina í Írak. Hún var brot á alþjóðalögum og vísasti vegurinn til að efna til ófriðar í henni veröld eins og það er í hverju öðru samfélagi að brjóta gegn og virða ekki lögin, hæstv. utanrrh.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna hv. þingmenn á að beina orðum sínum til forseta en ekki til hæstv. ráðherra eða hv. þingmanna.)

[18:29]

Útbýting þingskjala:

Sprengjuleit, 911. mál, fsp. JGunn, þskj. 1385.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 162. mál, frhnál. umhvn., þskj. 1383; brtt. umhvn., þskj. 1384.

[18:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið rætt um öfgamenn hér í dag. Því miður er orðræðan þannig að það er mjög erfitt að átta sig á henni. Palestínumenn eru allir hryðjuverkamenn, Ísraelsmenn eru að bregðast við hryðjuverkum og samt hafa Ísraelsmenn drepið þrjá fyrir hvern einn sem Palestínumenn hafa drepið í því stríði sem þar stendur yfir. Ég held að nær væri að líta á þau átök sem stríðsátök þó að mönnum líki ekki aðfarirnar því að þær eru sannarlega hvorugum til framdráttar og ættu auðvitað ekki að tíðkast í mannlegu samfélagi.

En þær eru kannski stærsta rótin að þeim vanda sem alþjóðapólitíkin er í af því að Vesturlönd eru í augum múslima orsökin fyrir þessum átökum fyrir botni Miðjarðarhafsins. Íslendingar eru meira að segja í hópi þeirra sem hældu sér á sínum tíma af því að standa fyrir stofnun Ísraelsríkis. Þó að þær ræður séu ekki haldnar lengur man maður eftir þó nokkrum af því taginu.

Það er ekki vansalaust að Vesturlönd skuli ekki hafa getað tryggt Palestínumönnum mannréttindi sem dygðu til þess að þeir gætu sætt sig betur við hlutskipti sitt. Það mundi draga úr þeim átökum sem hafa verið og verða því miður áfram um sinn á þessu svæði, ekki er annað að sjá.

Á einum stað í ræðu sinni sagði hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Það má líkja sögu lýðveldisins við þroskaferli manneskju. Páll postuli lýsti honum þannig: „Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnaskapinn.“ Á grundvelli þessarar líkingar sleit Ísland

barnsskónum á síðasta áratug og varð fullþroska þátttakandi í samfélagi þjóðanna."

Svona nokkurn veginn er framhaldið í meiningunni: Við eigum að vera stoltir þátttakendur í samfélagi þjóðanna án heimóttarskapar og steigurlætis.

Vafalaust er hæstv. ráðherra að vísa til þeirrar ákvörðunar Alþingis, því að hann vísar þarna til síðustu ára, að taka þátt í samstarfi Evrópuþjóða þegar hann er að vísa til stóratburða á síðasta áratug. Honum er ljóslega í mun að tryggja framhald efnahagslegs samstarfs Íslands og annarra Evrópuþjóða til framtíðar. Ég efast reyndar ekki um að Íslendingar muni gera það sem til þarf þegar þar að kemur til að tryggja efnahag sinn, hvort sem það þarf að ganga í Evrópubandalagið eða ekki til þess.

Ekkert hefur verið ráðamönnum hér ofar en pyngjan og varla eru líkur á að það breytist á næstunni. Evrópusinnar þurfa þess vegna að mínu viti engu að kvíða um framtíðina. Verði EES-samningurinn ónýtur, t.d. við inngöngu Noregs í Evrópubandalagið, munu þeir sem fremstir ganga nú í yfirlýsingum um að ekki skuli ganga inn standa fáliðaðir. Já, þeir verða mun fáliðaðri en þeir sem fóru gegn EES-samningnum á sínum tíma, það er augljóst. Umræðan um EES-samninginn hefur nefnilega sannfært fjöldann í þessu landi um að munur á fullri aðild og EES-samningnum snýst ekki um að afsala sér meiru af fullveldinu. Rök þeirra um glataðar auðlindir fiskimiðanna hitta þá sjálfa fyrir. Eignarhaldi á fiskstofnunum er nefnilega hægt að koma fyrir hjá þjóðinni sjálfri þar sem það átti alltaf að vera. Verði þannig búið um hnútana, eins og Samf. hefur lagt til, er ekki hætta á ferðum hvað það mál varðar.

Norðmenn munu að líkindum kjósa um Evrópuaðild núna og líklega verður niðurstaðan sú að þeir kjósa tvisvar og margir telja að ef það verður gert verði aðild samþykkt. Ef það gerist spái ég því að Íslendingar muni fylgja mjög fljótlega í kjölfarið ef þeir ekki taka fram úr Norðmönnum þegar auðséð verður að hverju stefnir þar.

Hæstv. ráðherra gæti líka með orðum sínum um að leggja niður barnaskapinn, sem ég las upp úr áðan, hafa átt við gerbreytta utanríkisstefnu ráðamanna hér á landi. Já, hæstv. forseti, ég er nefnilega ekki frá því að hann hafi átt við það. Það þarf ekki að rifja það upp hér á hv. Alþingi að hin miklu átök um utanríkis- og varnarmál sundruðu þjóðinni frá því fyrir miðja síðustu öld og marga áratugi þar á eftir. Það jaðraði við uppreisn í landinu á stundum og í því andrúmslofti varð sú framkvæmd utanríkisstefnunnar til sem hélst óbreytt fram að aldamótum, að Ísland væri vopnlaus þjóð og þó að hún væri aðili að NATO og hefði varnarsamning við Bandaríkin tæki hún ekki þátt í hernaði og blandaði sér ekki í ákvarðanir um hernað. Um þennan hluta utanríkisstefnunnar, sem margir segja að Bjarni Benediktsson hafi mótað, var í raun víðtæk samstaða í landinu.

En svo var það fyrir átta árum, eins og skáldið sagði, að upp hófust til valda á Íslandi fóstbræður tveir, blönduðu blóði og hétu þjóðinni afrekum. Þeim var eins farið og þeim fóstbræðrum, Þorgeiri Hávarssyni og Þormóði Bessasyni, sem Fóstbræðra saga segir frá, og Gerpla, að þeim þótti ekki hetjum sæma að búa við frið ef kostur væri á hetjuverkum og ófriði. Þá, eins og nú, höfðu vopn legið í skarni og hetjulund til mannvíga vikið fyrir fyrirlitlegum bústarfa og að hokra að konum, eins og um getur í nefndum bókum. Nú, eins og þá, fannst lítill starfi víkingum hér á landi en þó að Aðalráður Englakonungur sé ekki lengur á dögum eða Ólafur digri má enn finna herkonunga sem meta mikils hetjur og skáld, komin af Íslandi að veita þeim liðveislu og að geta sér nokkurrar frægðar.

Með þeirri ákvörðun Íslendinga að taka þátt í ákvörðun um og styðja opinberlega hernað í löndum hinnar gömlu Júgóslavíu var stefnu hinnar vopnlausu þjóðar breytt og með stuðningi við Íraksstríðið var strikað undir, afar skýrt, þessa nýju stefnumótun.

Það er af þessum ástæðum sem umræðan er hér á Alþingi í dag um það hvort rétt hafi verið að ráðast inn í þetta eða hitt ríkið. Áður en þessari stefnu var breytt hefði slík umræða ekki farið fram í sölum Alþingis, einfaldlega vegna þess að Íslendingar tóku ekki á sig þá ábyrgð að ákveða það með öðrum að fara í styrjaldir eða taka þátt í því að ákveða hvers lags hernaðarátök ættu við.

Nú má halda því fram að Íslendingar séu þátttakendur í átökum, svona eins og Ketill skrækur í Skugga-Sveini. Hann gat að sönnu ekkert en stóð fast að baki hins mikla manns. En hvað þýðir þessi stefnubreyting fyrir þjóðina og hvernig er stefnan í framkvæmd? Ég spyr hæstv. utanrrh.: Þarf ekki hernaðarsérfræðinga, ráðgjafa, njósnasveitir, vit og þekkingu á einstökum ákvörðunum í hernaði í öðrum löndum? Aðrar þjóðir telja sig þurfa slíkt til að undirbyggja ákvarðanir um hernað og hernaðarátök.

Hvernig verður ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir til í stjórnkerfinu á Íslandi? Ég bið um skýrt svar. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á stjórnkerfi utanríkismála í þeim tilgangi að gera ríkisstjórninni fært að taka upplýstar ákvarðanir um þátttöku og ábyrgð Íslands í hernaðarátökum? Er kannski nóg að þeir fóstbræður hittist og ákveði hvar mest þörf sé á íslenskum hetjuskap?

Ég held ekki. Ég er á þeirri skoðun og það með fullri virðingu fyrir hæstv. utanrrh., hæstv. forsrh., utanríkisþjónustunni, starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og öllum hernaðarspekúlöntum þessa lands og spámönnum að hér sé ekki saman komið hugvit og þekking til að ákveða þátttöku í hernaði. Ég óska eftir viðbrögðum hæstv. utanrrh. við þessum fullyrðingum mínum.

Á öðrum stað í ræðu sinni segir hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Það er ófrávíkjanleg afstaða íslenskra stjórnvalda að trúverðugur varnarviðbúnaður á Íslandi sé forsenda áframhaldandi varnarsamstarfs. Ógnin sem öllum vestrænum lýðræðisríkjum stafar af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi hefur hert þessa afstöðu. Málamyndavarnir veita falskt öryggi og geta því verið verri en engar."

Spurningin hefur verið borin fram hér áður en ég bið um nánari útlistun á svarinu því að ég áttaði mig ekki á því: Hvað er trúverðugur varnarviðbúnaður? Eru það flugvélar og þyrlusveitir sem hafa verið til staðar, þ.e. voru til staðar? Úr því að hæstv. utanrrh. tekur sér þessi orð í munn hljóta menn að spyrja hvað við sé átt. Það er löngu tímabært að það fréttist hvað stjórnvöld meina með slíkum yfirlýsingum.

Ég spyr hvort það séu þessar loftvarnir sem menn töldu að væru hérna og var upplýst að færu fram á þann hátt að vopnlausar vélar færu á loft öðru hvoru og settust aftur. Ég spyr vegna þess að fréttir hafa verið af því að flugsveitirnar hafi ekki verið með tæki og tól hér í landinu til að bregðast við. Nýlega kom einhver frétt t.d. um það að þyrlusveitirnar hefðu ekki verið til staðar þegar menn spurðu eftir því og á þurfti að halda. Er ekki komið að því að menn þurfi að horfast í augu við að bæta þurfi þá þyrlubúnað Íslendinga

eða bæta við þyrlu til þess að geta brugðist við þegar við þurfum á slíku að halda?

Það er annað sem mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. um, og það er vegna þessa mikla heimsveldis sem við höfum talið vera vinaþjóð okkar en fer fram eins og heimsveldi hafa gert í gegnum tíðina. Því miður virðist ekki hafa orðið breyting þar á. Þetta heimsveldi, þ.e. þeir sem þar ráða telja að þeir geti sett þau lög og þær reglur sem þeim sýnist og ákveðið hvort fólk sé utan eða innan við lög og rétt. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Hefur verið mótmælt við Bandaríkjamenn framferði þeirra á Kúbu? Með hvaða hætti hafa þau mótmæli þá verið? Hvað hafa menn gert í því? Er ekki eðlilegt að slík mótmæli komi ef þau hafa ekki verið þegar sett fram af hálfu íslenska ríkisins?

Að mínu viti er framferði Bandaríkjamanna þarna með ólíkindum, að menn skuli ganga fram fyrir hönd ríkis sem ætlar sér forustuhlutverk, og hefur forustuhlutverk, á þessari jarðkúlu með þeim hætti sem þarna hefur verið gert er í raun og veru alveg skelfilegt og segir okkur að þar hafa menn ekki lært, enn þann dag í dag ekki neitt, af fyrri mistökum og eru þau þó mörg stór.

Ég sé að tími minn er búinn og lýk máli mínu.

[18:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um að mikil stefnubreyting hefði átt sér stað á Íslandi þar sem við höfum tekið ákvarðanir um að taka þátt í árásum á annað ríki.

Það er út af fyrir sig rétt að við höfum gert það. Það var í Bosníu og það var vegna Kosovo. Ég hef staðið í þeirri trú að Samf. hafi stutt það. Ef til vill hef ég misskilið það. (Gripið fram í.) Við studdum það að Atlantshafsbandalagið færi inn í Kosovo og gerði árás á Belgrad. Við studdum það. Við studdum að Atlantshafsbandalagið færi inn í Bosníu. Við hefðum getað beitt neitunarvaldi innan Atlantshafsbandalagsins í því skyni. Áttum við að gera það?

Að því er varðar Írak studdum við ákvörðun annarra. Á þessu er grundvallarmunur sem hv. þm. Samf. ættu að skilja. Við vorum ekki beinir þátttakendur í þeirri ákvörðun. Við þurftum ekki eins og forsrh. Bretlands, Tony Blair, að taka þá ákvörðun að senda fólk þar inn. Það gerðum við ekki. Við studdum hins vegar ákvörðun okkar bandalags- og vinaþjóða sem hafa verið nánustu bandamenn Íslands í öryggis- og varnarmálum frá stofnun lýðveldisins. En það var ekki ákvörðun okkar að fara þarna inn. Það var hins vegar ákvörðun okkar að vera með í því að taka þá ákvörðun að við færum inn í Bosníu og að því er varðar Kosovo.

[18:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er þetta alveg ljóst. Ég er jafnmikið á móti því fyrir það. (**Utanrrh.:** Hverju?) Ég var á móti því að Íslendingar breyttu um þá utanríkisstefnu sem þeir höfðu. Ég tel að það hafi verið mikið slys að það gerðist. Ég held að miklu nær hefði verið að menn héldu áfram að fara þá leið sem var farin eftir að Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið og gerðu þennan samning við Bandaríkjamenn um herinn og var fylgt alveg þangað til menn lögðu af barnaskapinn, eins og hæstv. utanrrh. hefur lýst því hér. Þá hefðu menn ekki lent í þeim vanda að þurfa að styðja vini sína eftir ákvarðanir um hernaðaraðgerðir eins og þessar. Ég held að öllum væri nær sem engin vopn hafa eða styrk til þess að taka þátt í hernaðarátökum að vera ekki að leggja sig í það að taka ákvarðanir með þeim sem hvort sem er hlusta ekki á það sem slíkir mundu leggja til.

Ég er alveg sannfærður um að Íslendingar eru betur komnir með hina fyrri stefnu og barnaskap sinn sem hæstv. ráðherra kallaði svo.

[18:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man ekki betur en að þessi mál hafi verið rædd mjög ítarlega í utanrmn. á sínum tíma, hvort Íslendingar ættu að styðja inngrip Atlantshafsbandalagsins, bæði að því er varðar Bosníu og Kosovo. Og ég man ekki betur en að Samf. styddi það. Er það misskilningur, hv. þm., eða er hv. þm. að segja að hann hafi verið andvígur því að Samf. styddi það?

Að því er varðar Írak geri ég mér alveg grein fyrir að Samf. var andvíg því að við styddum ákvörðun annarra. En ég hélt að þingmönnum Samf. væri alveg ljóst að við vorum ekki þátttakendur í þeirri ákvörðun. Við studdum, eins og fjöldamargar aðrar þjóðir í Evrópu og víðar, þessa ákvörðun Bandaríkjamanna og Breta. Við skulum tala um þetta í réttu samhengi. Ég skil þá hv. þingmann þannig að hann hafi verið andvígur stuðningi Samf. í þessu máli.

Ef við erum að tala um einhverja breytingu í utanríkisstefnu Íslands í þessu samhengi varð hún þegar við stóðum frammi fyrir þessu. Það er í fyrsta skipti sem við höfum staðið frammi fyrir því innan Atlantshafsbandalagsins að Atlantshafsbandalagið taki ákvörðun um inngrip af því tagi sem var í Bosníu og Kosovo. Við skulum kalla það breytingu á utanríkisstefnu okkar, það er allt í lagi mín vegna að gera það, en ég tel og hélt að það hefði verið breyting sem hefði haft tiltölulega víðtækan stuðning, ekki bara stjórnarflokkanna, heldur líka Samf.

[18:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, það þarf ekki að þýða að ég hafi stutt það. Ég tel að þetta hafi verið mistök. Ég tel að þessi breyting hafi sett Íslendinga í þann vanda sem þeir eru í núna. Nú er það orðið þannig að hæstv. utanrrh. landsins þarf að standa í að velta því fyrir sér alla daga hvað eigi nú að taka fyrir næst í sambandi við einhvers konar hernaðarátök og afstöðu til þeirra, það sem menn gerðu ekki áður, einfaldlega vegna þess að menn töldu það ekki vera rétt.

Ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherra útskýri í orðum sínum hér á eftir — ég geri ráð fyrir að hann ætli að svara mönnum í lokin — hvort hann telji sig virkilega hafa mannskap og þekkingu til að ráðleggja sér hvað eigi að gera í sambandi við hin ýmsustu hernaðarátök sem séu í aðsigi í heiminum. Ætlar hann sér þá að koma sér upp þeim sveitum af sérfræðingum sem til þarf? Ég held að svarið verði ekki þannig. Þess vegna eiga Íslendingar ekkert erindi í það að taka ákvarðanir um hernað úti í heimi. Mér finnst satt að segja þessari tilraun Íslendinga til að blanda sér aftur í hetjuskap annars staðar á jarðkúlunni ætti að ljúka sem allra fyrst.

[18:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans sem þingmenn fengu í hendur seint í gærkvöldi, svo og ræðu hans hér fyrr í dag.

Ég vil áður en lengra er haldið lýsa furðu minni á því að jafnviðamikil skýrsla og þessi, hundrað blaðsíðna skýrsla, skuli ekki vera lögð fyrir þingheim fyrr en nokkrum klukkutímum áður en Alþingi á að ræða efni hennar á heilum þingfundi sem hefur nú tekið fleiri klukkutíma og mun standa langt fram á kvöld ef svo fer fram sem horfir. Þessi skýrsla sem ber titilinn Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál er á þskj. 1377, 999. mál, og var ekki afhent þingmönnum fyrr en kl. tíu í gærkvöldi. Hér erum við nú og eigum að ræða vitrænt um innihald hennar, skýrslu sem varðar svo mikilvægan málaflokk, utanríkis- og alþjóðamál, málaflokk sem hæstv. utanrrh. ber réttilega ábyrgð á.

Mér finnast þetta ótrúleg vinnubrögð, herra forseti, alveg með ólíkindum. Ég er nýliði á þingi og verð að segja að mér finnast svona trakteringar vægast sagt ótrúlegar. Það má vel vera að eldri þingmenn, mér reyndari og eldri hér á hinu háa Alþingi, séu vanir svona trakteringum en ef svo er lýsi ég furðu minni á því.

Ég er nokkuð sannfærður um að þessi skýrsla hefur legið tilbúin uppi í utanríkisráðuneyti í nokkra daga því að í henni er ekkert að finna sem telja má til atburða sem gerst hafa á undanförnum dögum eða klukkustundum. Ég minni á að á hinu háa Alþingi fór fram umræða um störf alþjóðanefnda þingsins þar sem lagt var út af skýrslum sem þær nefndir höfðu skilað og lagt fyrir þingheim. Þeim var dreift meðal þingmanna með margra daga fyrirvara þannig að tími gafst til að lesa þær. Hvers vegna var ekki hægt að leggja þessa skýrslu utanrrh. fram fyrir einhverjum dögum, til að mynda í síðustu viku?

Herra forseti. Nei, ég skil ekki svona vinnubrögð. Að manni læðist sá grunur að þetta sé með ráðum gert, að ríkisstjórnin vilji forðast gagnrýna umræðu um utanríkismál, störf sín á alþjóðavettvangi og starfsemi utanríkisþjónustunnar heima og heiman. Ég vona að þessi grunur minn sé ekki á rökum reistur og ég vil hér með nota tækifærið og mælast til þess að næst þegar skýrsla utanrrh. verði lögð fram sem væntanlega verður að tveimur árum liðnum, þ.e. árið 2006, fái þingmenn hana í hendur með nokkurra daga fyrirvara. Þá mun væntanlega annar gegna störfum utanrrh. en hæstv. núverandi utanrrh., Halldór Ásgrímsson. Nýir vendir sópa best og vonandi mun framtíðarutanríkisráðherra Íslands sýna þingheimi meiri virðingu en við upplifum nú og skila þeirri skýrslu af sér þannig að hún fái eins vandaða umfjöllun og verða má á hinu háa Alþingi. En nóg um þetta í bili.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka þegar litið er yfir svið utanríkis- og alþjóðamála nú um stundir. Einna hæst ber að mínu mati þá sorglegu staðreynd að sú hræðilega styrjöld stendur enn yfir sem hófst með innrásinni í Írak fyrir rétt rúmu ári. Frjálsl. hefur frá upphafi verið andvígur þessu stríði. Að kvöldi hins 19. mars á síðasta ári, kvöldið sem innrásin í Írak hófst, sendi flokkurinn út eftirfarandi yfirlýsingu sem mig langar til að rifja upp, með leyfi forseta. Hún er ekki löng en hún er dramatísk:

„Sent út klukkan 23.00.

Allt bentir til að árás sé að hefjast á Írak undir forustu Bandaríkjamanna án fulltingis alþjóðasamfélagsins. Frjálslyndi flokkurinn fordæmir þá stefnubreytingu íslenskra ráðamanna að ljá hernaði fylgi sitt án nokkurs samráðs við þjóð sína. Þess er beðið af alhug að átökunum linni sem fyrst, svo forðast megi frekara mannfall og þjáningar."

Því miður rættust ekki óskir okkar í Frjálsl. Fréttir af blóðugum átökum berast hvern einasta dag og hafa gert í rúmt ár. Nú síðast eru farnar að brjótast út mannskæðar óeirðir víðs vegar um Írak. Tala fallinna er komin á annan tug þúsunda. Nú í morgun stóðu ítalskir hermenn í blóðugum bardaga við andspyrnusveitir Íraka og vopnabræður þeirra í suðurhluta Íraks á meðan bandarískar hersveitir börðust harkalega við skæruliða vestur af Bagdad. Fleiri manns lágu í valnum, særðir eða látnir. Bara síðan á sunnudag hafa a.m.k. 11 bandarískir hermenn fallið í átökum við íraksk a andspyrnumenn.

Gagnrýni á styrjöldina í Írak fer stöðugt vaxandi. Meira að segja í Bandaríkjunum missir almenningur hratt trúna á Bush Bandaríkjaforseta. Allt bendir til að átökin í Írak fari harðnandi ef eitthvað er. Hugsanlega er kominn fram nýr leiðtogi á meðal Íraka sem mun leiða þá í baráttu sem æ fleiri Írakar virðast vera farnir að líta á sem frelsisbaráttu. Það þarf ekki að koma á óvart að þessi maður, sjítaleiðtoginn Muqtada al-Sadr, er öðrum þræði trúarleiðtogi, fyrrverandi lærisveinn ayatolla Khomeinis í Íran, maður sem samkvæmt fréttaskeytum hefur fulla samúð með vígahópum sem berjast gegn hernámi í Palestínu.

Herra forseti. Æ fleiri menn, konur og þjóðir eru að missa trúna á þennan hernaðarrekstur í Írak. Spánverjar hafa sagt að þeir ætli að draga herlið sitt á brott þaðan. Núna rétt áðan barst fréttaskeyti frá Noregi sem segir að Norðmenn muni draga út herlið sitt, 150 manna herlið, frá Írak innan fárra mánaða. Jan Petersen, utanríkisráðherra Noregs, lýsti þessu yfir í kvöldfréttum norska sjónvarpsins nú fyrir stundu.

Herra forseti. Meira að segja háttsettir menn á borð við Hans Blix, fyrrverandi yfirmann vopnaleitar SÞ, eru farnir að tala æ skýrar gegn innrásinni og styrjöldinni í Írak. Nú í morgun birtist athyglisvert viðtal við hann í danska blaðinu Jyllandsposten. Ég tek það fram að þýðingin er mín svo að velkist einhver í vafa um hana er þessa grein að finna á vefsíðum Jyllandspostens í dag, www.jp.dk. Hans Blix segir, með leyfi forseta:

„Hið jákvæða er að Saddam og hin blóðuga stjórn hans er á braut en þegar bókhaldið er gert upp vegur hið neikvæða klárlega þyngst. Þetta varðar hina fjölmörgu sem hafa misst lífið í styrjöldinni og þá mörgu sem enn deyja af völdum hryðjuverkanna sem stríðið hefur skapað jarðveg fyrir. Trúverðugleiki vestrænna ríkisstjórna og valdsvið Sameinuðu þjóðanna hefur einnig beðið hnekki. Stríðið hefur frelsað Íraka undan Saddam en þetta hefur verið of dýru verði keypt. Við verðum að spyrja Íraka hvað þeir kjósa sjálfir. Mundu þeir kjósa að hafa Saddam enn við völd umfram það að þjást vegna þeirra hryðjuverka sem þeir búa við í dag? Ég held því miður að þeir mundu kjósa fyrri kostinn. Undir stjórn Saddams ríkti rólegra ástand og stöðugleiki."

Þetta voru orð Hans Blix í Jyllandsposten í dag.

Mér þykja þetta merkileg ummæli manns sem gjörþekkir Írak, sem ekki fékk að ljúka verki sínu og manna sinna í leitinni að gereyðingarvopnum, sem hvorki hefur fundist tangur né tetur af. Þau voru sennilega ekki til þegar ákvörðun var tekin um að ráðast inn í Írak, m.a. með dyggum stuðningi hæstv. utanrrh. og þeirrar ríkisstjórnar sem hann á sæti í.

Þetta er blóðugt stríð sem engan enda virðist taka. Stóraukin hætta er á hryðjuverkum í Evrópu, Bandaríkjunum og raunar alls staðar í heiminum þar sem vestrænir menn, konur og börn eru á ferð. Þetta, herra forseti, uppskera menn eftir að hafa ráðist inn í Írak. Innrásin var ekkert annað en olía

á ófriðarbálið í Miðausturlöndum og vatn á myllu öfgaafla sem vilja nota hvert tækifæri sem gefst til að grafa undan vestrænu þjóðskipulagi. Ekki þarf að koma á óvart þótt ófriðurinn í Írak eigi eftir að magnast enn á næstu mánuðum, m.a. í aðdraganda forsetakosninga í Bandaríkjunum. Írak stefnir í að verða nýtt Víetnam.

Herra forseti. Fyrst farið er að minnast á hernað og vígtól verður ekki hjá því komist að minnast á hlut Íslands í varnarsamstarfinu í NATO. Frjálsl. styður varnarsamstarfið af heilum hug. Ísland á heima í hópi vestrænna þjóða en það þýðir þó ekki að við eigum í blindni að binda trúss okkar við tiltæki Bandaríkjamanna og Breta í hernaðarbrölti þeirra. Framtíð varnarliðsins hér á landi er áhyggjuefni. Í skýrslu utanrrh. er talað um að nýjustu bókanir við varnarsamninginn, sem gerðar voru fyrir tíu og átta árum, kveði á um að hér skuli staðsettar fjórar orrustuþotur og þyrlubjörgunarsveit, það sé nauðsynlegt til að halda uppi loftvörnum og fælingarmætti. Það má taka undir þetta þó að ekki séu fjórar þotur neinn flugfloti og langtum minni floti en t.d. hjá nágrönnum okkar annars staðar á Norðurlöndunum. Norðmenn eiga tæpar 50 þotur, Danir og Finnar um 60 og Svíar hafa yfir að ráða um 150 orrustuþotum.

Nú má enginn skilja mig þannig að ég sé með þessum samanburði að leggja á ráðin með að fara út í loftvarnakapphlaup við hin Norðurlöndin. Nei, herra forseti. Ég set hins vegar spurningarmerki við trúverðugleika loftvarna svo stórs lands sem Ísland er þegar þoturnar eru bara fjórar. Þegar við blasir að skipa- og kafbátaleitarvélar bandarískra flotans eru á förum og Landhelgisgæsla Íslands í lamasessi vegna viðverandi fjársveltis er ekki hægt að tala um trúverðugar varnir á sjó, í lofti og á landi. Ég sé í skýrslu hæstv. ráðherra að stefna Íslands er að tryggja að hér verði trúverðugur varnarbúnaður og að varnarsamningurinn við Bandaríkin verði áfram, eins og segir í skýrslunni, einn af hornsteinum í öryggis- og varnarmálastefnu landsins.

Ég spyr hvort þetta sé raunhæft markmið. Við vitum að Bandaríkjamenn eru að leggja niður herstöðvar. Innrásarævintýri þeirra og stríðsbrölt í Afganistan og Írak hefur kostað gríðarlega fjármuni og ekkert lát virðist á. Væri ekki raunhæfara fyrir íslensk stjórnvöld að leita þegar í stað leiða til að koma á fót nánara varnarsamstarfi við nágranna okkar í Evrópu? Við skulum hafa í huga að eyjan okkar er staðsett í miðju Atlantshafi og að yfirráð yfir henni hljóta að vera mikilvægt ef viðsjárverðir tímar renna upp í okkar heimshluta. Það gæti hæglega gerst á næstu áratugum. Hlutir geta þróast hratt og óvænt í alþjóðamálum. Það sjáum við best með því að skoða sögu undanfarinna áratuga.

Ég á persónulega erfitt með að ímynda mér annað en að Evrópuþjóðum innan NATO hljóti að þykja til mikils að vinna að halda í einhvers konar varnarsamstarf við Íslendinga. Í því sambandi má t.d. nefna þjóðir á borð við Breta, Norðmenn, Dani og Þjóðverja. Væri ekki eðlilegt að leita leiða til að bjóða þeim aðstöðu hér á landi til að stunda heræfingar, nota flugvelli, hafnir og önnur mannvirki sem að gagni mættu koma ef aðstæður yrðu með þeim hætti að hingað þyrfti að senda herlið? Einnig mætti hugsa sé að NATO kæmi hér upp birgðastöðvum með matvælum, samgöngutækjum, jafnvel vopnum og öðrum búnaði sem herlið á þess vegum gæti tekið í notkun ef það yrði sent hingað á viðsjárverðum tímum. Gæsla, viðhald og rekstur þeirra mannvirkja og tækjabúnaðar sem NATO teldi nauðsyn á að hafa hér á landi væri alfarið í höndum Íslendinga sem störfuðu þá á kostnað íslenskra stjórnvalda og NATO.

Við skulum ekki gleyma því að nú þegar er fyrir hendi mikil reynsla hæfra íslenskra starfsmanna sem hafa um áratuga skeið unnið á vegum Bandaríkjahers, m.a. í Keflavík. Hugsanlega mætti tengja starfið á einhvern hátt rekstri stofnana eins og Landhelgisgæslunnar sem mundi að hluta til starfa á vegum NATO við eftirlit með hafsvæðunum umhverfis Ísland og stunda björgunarstörf á svipaðan hátt og verið hefur. Landhelgisgæsla okkar Íslendinga gæti til að mynda átt samstarf við sjóheri Dana og Norðmanna en báðar þessar þjóðir eiga hagsmuna að gæta á hafsvæðum í grennd við Ísland. Ég minni á það að Danir láta iðulega varðskip sín, sem stunda þá eftirlitsstörf við Grænland, fara til Reykjavíkur til að taka birgðir, senda mannskap í frí, skipta um áhafnir o.s.frv. Gæti hugsast að við Íslendingar tækjum að okkur einhvers konar verkefni fyrir Dani, t.d. við Austur-Grænland, að Landhelgisgæslan gæti á einhvern hátt unnið með Dönum að landhelgisstörfum á þessu hafsvæði. Hver veit?

Ég spyr: Hvers vegna má ekki leita leiða til að leysa málin með þessum hætti og tryggja þannig varnarviðbúnað, atvinnustig og jafnvel styrkja rekstur Landhelgisgæslunnar og hugsanlega annarra stofnana einnig, t.d. ríkislögreglustjóra og víkingasveitarinnar? Mér er spurn. Mér finnst athyglisvert að velta þessu fyrir sér þar sem það er okkar verkefni á hinu háa Alþingi að reyna að marka stefnu fyrir framtíðina í stað þess að velta okkur stöðugt upp úr fortíðinni.

Einsýnt virðist að Bandaríkjamenn séu að fara frá Keflavík smátt og smátt. Maður sér það greinilega þegar þessi annars ágæta skýrsla er lesin. Mér tókst að fara nokkurn veginn yfir hana í dag þótt ég hefði viljað gera það betur. Það er auðséð þegar komið er að kaflanum um varnarsamstarfið við Bandaríkjamenn að þar hefur dregið verulega úr samstarfi og störfum Bandaríkjamanna á undanförnum árum. Það kemur reyndar engum á óvart sem fylgjast með fréttum.

Mín persónulega skoðun er að íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin, séu kannski einum of upptekin af áframhaldandi samstarfi við Bandaríkjamenn. Kannski er kominn tími til að sætta sig við þá staðreynd að þeir virðast á leið héðan, þeir hafa hreinlega ekki efni á því að vera hér. Kannski væri eðlilegt að leita lausnar í því að finna einhvern flöt á samstarfi við nágrannaþjóðir okkar, þjóðir sem standa okkur nær í Vestur-Evrópu.

[19:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af skýrslunni um utanríkismál sem hefur verið dreift á Alþingi vil ég taka fram að í sjálfu sér er á dagskrá hér í dag skýrsla utanrrh. til Alþingis, sem ávallt hefur verið nefnd svo, þ.e. ræða utanrrh. til Alþingis. Þessi skýrsla sem þingskjal hefur hins vegar ekki verið tekin á dagskrá. Ég er hins vegar reiðubúinn að ræða hana hvenær sem er. Hér er tiltölulega stuttur tími til ráðstöfunar en ég vil taka það fram að handrit þessarar skýrslu var afhent Alþingi sl. miðvikudag og síðan tók við prófarkalestur þingsins og prentun. Við í utanrrn. fengum þær upplýsingar að nægja mundi að afhenda skýrsluna sl. miðvikudag, sem við gerðum. Ég bið því hv. þm. að ætla okkur ekki það að við séum vísvitandi að koma slíkri skýrslu seint á framfæri.

Hins vegar er ljóst, eins og hv. þm. tók fram, að það eru í sjálfu sér engin sérstök nýmæli í skýrslunni. Þetta er upptalning og handhægt skjal fyrir alþingismenn og aðra til að hafa um utanríkismál, ekki aðeins út af þessari umræðu

heldur og út af umræðu um utanríkismál í framtíðinni. Ég vil biðja hv. þingmenn að skilja þessa skýrslu með þeim hætti. En rétt skal vera rétt.

Skýrslan var afhent sl. miðvikudag. Í sjálfu sér hefði verið hægt að afhenda þingmönnum handritið fyrr, það má vel vera að það hafi verið mistök að gera það ekki. En hún var tilbúin þá af hálfu ráðuneytisins.

[19:10]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef þessi skýrsla er í sjálfu sér ekki til umræðu í dag þá hlýt ég að hafa misskilið eitthvað hrapallega. Hún barst okkur a.m.k. fyrst í gærkvöldi. Ég hef staðið í þeim skilningi í allan dag meðan ég hef verið að undirbúa mig fyrir þessar umræður og fylgjast með umræðum að skýrslan væri a.m.k. stór partur af því sem yrði rætt en ekki ræða hæstv. utanrrh.

En fyrst að það var ræða utanrrh. hæstv. sem er til umræðu í dag — hún hefur sannarlega verið til umræðu og ætla ég ekki að draga dul á það — þá vil ég gera það að tillögu minni að fram fari umræða eftir páska um skýrslu hæstv. utanrrh. Eftir að hafa lesið hana sé ég í henni mjög margt sem mér finnst nýmæli og full ástæða til að taka til umræðu á hinu háa Alþingi. Í henni eru ýmis málefni sem ekki hafa fengið neina umræðu í dag sem þó væri þarft og hollt að ræða.

[19:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekkert að vanbúnaði að fara í sérstaka umræðu um þessa skýrslu ef forsætisnefnd þingsins ákveður það. Hins vegar er dagskrá þingsins ávallt hlaðin og alltaf erfitt að finna tíma fyrir umræður um utanríkismál. Mér finnst, sem utanríkisráðherra, mjög mikilvægt að umræður um utanríkismál séu sem mestar á hv. Alþingi og hef aldrei skorast undan því að taka þátt í þeim. Sé óskað eftir því mun ég að sjálfsögðu verða við því en mér fannst gæta ákveðins misskilnings í máli hv. þm. og ég tek eftir því að hann hefur tekið það til athugunar. Hann hefur viðurkennt þann misskilning og ég tel ástæðulaust að það verði eitthvert deiluefni.

Ég vildi fyrst og fremst koma því á framfæri við hv. þm. að okkur var mjög í mun að koma skýrslunni í hendur þingmanna sem fyrst, enda höfðum við enga ástæðu til að tefja það með neinum hætti. Hins vegar var gerð skýrslunnar heilmikið verk og starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafa unnið hörðum höndum að því að koma henni í þennan búning. Ég tel að það hafi verið vel af hendi leyst. Ég bið hv. þm. að skilja málið með þeim hætti.

[19:13]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að hallmæla þessari skýrslu eftir að hafa lesið hana í dag. En eins og ég sagði áðan er margt í henni sem því miður hefur ekki fengið neina umfjöllun í dag en ætti að gera betri skil. Hlutir eins og varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, friðargæsla, mannúðarmál, neyðaraðstoð og Evrópumál liggja óbætt hjá garði. Málefni Sameinuðu þjóðanna tel ég fyllilega einnar messu virði á þingi. Fjalla mætti um svæðisbundna samvinnu og stofnanir, utanríkisviðskipti og ekki síður hafréttarmál. Svo má ekki gleyma umhverfismálum og auðlindamálum. Þróunarsamvinna er mjög mikilvægur málaflokkur sem litla umfjöllun hefur fengið.

Ég ítreka að það er alveg þess virði að hið háa Alþingi verji meiri tíma í slíkar umræður og að þessi skýrsla verði tekin til umræðu á þinginu eins og aðrar skýrslur, t.d. skýrslur alþjóðanefnda sem voru til umræðu um daginn. Þessi skýrsla er að mínu viti margfalt mikilvægari en skýrslur alþjóðanefnda þingsins, án þess að ég hallmæli þeim ágætu nefndum á neinn hátt.

Í skýrslunni um utanríkismál er einfaldlega mikið af upplýsingum og gögnum, jafnvel hlutum sem við höfum ekki fjallað um áður, jafnvel það hvernig ríkisstjórnin lítur á ýmsa mikilvæga hluti í utanríkismálunum. Sínum augum lítur hver silfrið, eins og þar segir. Það væri fyllilega þess virði fyrir okkur Íslendinga að fara í vandaða umræðu um þessa annars ágætu skýrslu hæstv. utanrrh. Hún er að mörgu leyti merkileg og athyglisverð þótt ég sé að sjálfsögðu ekki sammála öllu því sem í henni er.

[19:15]

Útbýting þingskjals:

Tónlistarsjóður, 910. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1382.

[19:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Samkvæmt 4. dagskrárlið ræðum við skýrslu utanrrh. um utanríkismál. Þá lít ég svo á að það sé bæði skýrsla og ræða hæstv. utanrrh. Umræðan í dag hefur verið ítarleg og um ákveðin málefni þó að ekki hafi tekist að láta þau spanna alla þá þætti utanríkismála sem skýrslan tekur á og hafa mikil áhrif á samstarf okkar við önnur lönd og einnig líf og starf hér á Íslandi. Þetta er líklega síðasta formlega ræða utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar að þessu sinni, fari svo fram sem horfir í núverandi stjórnarsáttmála.

Það er alveg hægt að taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar gagnvart vinnu hæstv. utanrrh. þetta tímabil. Hann hefur verið afar mikilvirkur í starfi og sú mynd af starfi hans sem utanrrh. sem ég hygg að sé líka raunsönn er að hann hafi lagt mikla vinnu fram í því starfi sem honum hefur þarna verið falið. Það er oft aðdáunarvert að fylgjast með og heyra fréttir af því hve víðreist hann gerir þegar hann er viðstaddur hina ýmsu utanríkisviðburði og heldur þar fram sjónarmiðum Íslands og hagsmunum. Ég vil að þetta komi fram í upphafi þó að ég geti jafnframt sagt að því sé fjarri að ég og minn flokkur séum sammála mörgum þeim áherslum sem hæstv. utanrrh. hefur haldið fram og þeim erindum sem hann hefur þar verið að fylgja eftir. Kannski höfum við sumpart talið réttara að hann sæti heima en að fylgja þeim eftir, ég dreg enga dul á það.

Af því að hann er að ljúka hér, a.m.k. að þessu sinni, þessum ferli er bara alveg sjálfsagt og rétt og skylt að geta þess sem hægt og eðlilegt er að virða í starfi hans.

Ég verð hér að koma inn á, sem svo margir aðrir, þá breyttu grunnstefnu í utanríkismálum sem hæstv. utanrrh. hefur beitt sér fyrir. Ákveðinn hornsteinn okkar í utanríkismálum á undanförnum árum hefur á vissan hátt verið þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu, þátttaka okkar í samstarfi hinna norrænu þjóða og ekki hvað síst á vettvangi SÞ. Ég hefði kannski átt að telja þetta upp í annarri röð. Ég hefði kannski átt að nefna SÞ fyrst og hinar norrænu þjóðir næst og síðast þá starf okkar í Atlantshafsbandalaginu, a.m.k. mundi mér hugnast þessi forgangsröðun best.

Ég tel, og held að þjóðin öll eða meginhluti hennar, sé því sammála að þær áherslur sem við höfum lagt á vettvangi SÞ í flestöllum málum séu góðar sem og sá metnaður sem

hefur verið lagður í það starf. Það var rætt hér fyrr í vetur þegar rædd var sérstaklega þátttaka Íslands á vettvangi SÞ og þau markmið sem þar eru uppi um að sækja um aðild að öryggisráðinu og axla þar aukna ábyrgð. Menn geta haft á því ólíkar skoðanir hvort það sé réttasta leiðin til að beita takmörkuðum kröftum Íslendinga að gera það og ég verð svo sem sjálfur að viðurkenna að ég dreg á ýmsan hátt í efa að það séu réttar áherslur. Engu að síður hefur það verið gert.

Um hinn þáttinn, um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, hafa vissulega staðið deilur, harðvítugar deilur alla síðustu hálfu öldina og sérstaklega hversu víðtækt það samstarf væri, ekki aðeins með inngöngu í Atlantshafsbandalagið, heldur einnig með þeirri erlendu hersetu sem fylgdi í kjölfarið og var eins konar viðbótarsamningur í framhaldi af inngöngunni. Það hefur þó verið hornsteinn í íslenskri utanríkisstefnu að við skyldum eiga samleið með vestrænum þjóðum á flestan hátt, þ.e. hversu náið það samstarf ætti síðan að vera. Þegar við gerðum samninginn um að hér sæti her var einmitt gerð sú áréttíng að hér sæti ekki her á friðartímum og að Ísland yrði ekki aðili að því að segja öðrum stríð á hendur, sem sagt að reka ekki stríð gagnvart öðrum þjóðum.

Þarna hefur orðið breyting á, breyting sem að mínu viti er andstæð íslenskri þjóðarhefð í gegnum aldirnar, að við eða hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin hafa átt þar frumkvæði að því að gera íslensku þjóðinni, Íslandi, það að fylgja eftir innrás Bandaríkjamanna í Írak sem var ólögmæt aðgerð á sínum tíma og rekin á fölskum forsendum. Nú eru æ fleiri þjóðir sem létu tilleiðast að fylgja eftir Bandaríkjamönnum í þeim efnum, innrásinni í Írak, að átta sig á hvers konar víti þær voru þarna að fara inn í á fölskum forsendum og eru að draga sig til baka.

Það er hörmulegt til þess að vita að ákvörðun hafi verið tekin um að ráðast inn í Írak að því er virðist af beinum hégómaskap Bush forseta, ákvörðun sem var tekin í rauninni um leið og hann varð forseti. Það hefur komið fram í mati manna sem þar þekkja gerst til og þeir segja að síðan hafi verið leitað tilefnis til að réttlæta árásina. Það er dapurlegt til þess að vita að svo skuli vera og að Íslendingar hafi verið svo ógæfusamir að fylgja þar á eftir.

Ég tel eitt brýnasta málið í utanríkisstefnu okkar gagnvart þessu máli vera að íslensk stjórnvöld, hæstv. utanrrh. áður en hann einmitt lætur af embætti sem slíkur, viðurkenni þessi mistök, að þarna hafi verið um grundvallarmistök að ræða, bæði gagnvart þátttöku Íslendinga á alþjóðavettvangi, þeim yfirlýsingum sem við höfum áður gefið gagnvart slíkri þátttöku, og einnig gagnvart íslenskri þjóðarsál og þjóðarvitund. Hann verður að gangast við því að þarna hafi verið um grundvallarmistök að ræða og það eigi að bakka út úr þeim. Hann verður að hafa manndóm til þess að biðjast afsökunar á þeirri röngu ákvörðun sem þarna var tekin.

Hins vegar er líka ljóst að þetta mál er að þróast í allt aðra átt. Í hádegisútvarpinu í dag var vitnað til Edwards Kennedys og sagt að Írak væri að verða Víetnam fyrir Bush. Ég held að ekkert okkar óski þess en það er jafnfáránlegt að við Íslendingar skulum standa staðföst og reyna að réttlæta innrásina þarna. Númer eitt er að viðurkenna mistök sín og reyna að byggja upp trúnað við íröksku þjóðina á sönnum forsendum og að þar geti þá hafist endurreisnarstarf á sönnum forsendum.

Ég verð svo einnig að víkja örstutt að ræðu hæstv. utanrrh. einmitt hvað þetta varðar. Ég tel mig geta talað hér föðurlega við hæstv. ráðherra, ég er nú eldri að árum, (**Gripið fram í:** Ekki sést það.) nei, nei, við stöndum okkur báðir vel hvað það varðar. Sá kafli í ræðu hæstv. utanrrh. þar sem hann líkir sér við Pál postula og að hann hafi þar leitt þroska íslensku þjóðarinnar — nú verð ég að leggja út orð hæstv. utanrrh. þar sem hann vitnar í hin frægu orð Páls postula um að þegar hann var barn talaði hann eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn en þegar hann var orðinn fulltíða maður lagði hann niður barnaskapinn. Hæstv. ráðherra er að lýsa þróun Íslands, íslensks sjálfstæðis og íslenskrar utanríkisstefnu. Ég verð að taka upp hanskann fyrir forustumenn Íslendinga í gegnum sjálfstæðisbaráttuna. Ég tel ekki að Jón Sigurðsson hafi hagað sér eins og barn. Ég tel ekki að Hannes Hafstein, Bjarni Benediktsson, Hermann Jónasson eða Steingrímur Hermannsson hafi hagað sér eins og börn. Og ég tel einmitt að utanríkisstefna sem þessir ... (**Gripið fram í:** Af hverju stoppaðirðu þarna?) (**Gripið fram í:** Af hverju slepptirðu Geir?) Ég tel reyndar líka að Jón Baldvin Hannibalsson — þó að hann hafi þrátt fyrir allt kannski leitt utanríkisstefnu Íslands nokkuð út af sporinu finnst mér hart af hæstv. utanrrh. að dæma hann líka sem barn.

Ég tel að sú utanríkisstefna sem þessir höfðingjar stóðu fyrir og var fylgt og íslenska þjóðin var sammála um, þ.e. að Ísland færi ekki með ófriði á hendur öðrum þjóðum og friður væri númer eitt, fyrsta paragraf, í íslenskri utanríkisstefnu, hafi ekki verið barnaskapur. Ég tel frekar, hafi þetta verið barnaskapur, án þess að vera að draga börn of mikið inn í þessa umræðu, að hæstv. utanrrh. sé þá genginn í barndóm. Ef barnaskapur á að flokkast undir einfeldni eða afglapaskap í utanríkismálum tel ég að hæstv. utanrrh. sé rækilega kominn út af sporinu.

Ég tel að okkur sé alls ekki sæmandi að tala með þessum hætti og það sé bara rangt að tala svona um þessa stjórnmálaleiðtoga og íslensku þjóðina sem hefur mótað það þjóðlíf sem við búum við í dag.

Það hefur lítið verið rætt hér um Evrópusambandið nema lítillega af hálfu Samf., og eðlilega því það er hugðarefni þeirra með hvaða hætti hægt sé að koma þjóðinni inn í Evrópusambandið. Hæstv. utanrrh. hefur á ýmsum stundum verið ákafur talsmaður þess einnig. Hæstv. utanrrh. minntist í ræðu sinni á gott samstarf á milli utanrrh. og forsrh. og þá minnist ég þess þegar þessir tveir ráðherrar voru í stöðugu kapphlaupi við að koma með skýrslur sem sýndu annars vegar kosti og hins vegar galla við inngöngu í Evrópusambandið. Það væri fróðlegt að vita hvort þessu kapphlaupi hjá hæstv. utanrrh. annars vegar um að sannfæra menn um gildi inngöngunnar í Evrópusambandið og hins vegar hæstv. forsrh. um hið gagnstæða væri lokið eða það sett á ís.

Við höfum ekki heldur komist mikið að öðrum samningum sem eru í vinnslu eins og samningi um verslun með landbúnaðarvörur á alþjóðlegum vettvangi sem skiptir okkur mjög miklu máli. Eitt vil ég þó í lokin spyrja hæstv. utanrrh. um varðandi þann samning við Evrópusambandið sem lýtur að heilbrigðisákvæðum, heilbrigði manna og dýra, og við fengum undanþágu frá á sínum tíma. Hún átti, að mig minnir, að renna út árið 2000 en hún veitti okkur þá vernd að þurfa ekki að undirgangast Evróputilskipunina varðandi markaðssetningu og viðskipti með dýraafurðir. Hún hefur skipt okkur gríðarlega miklu máli í að vernda hreinleika íslenskra matvæla. Ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir því hvað líður endurskoðun á þessum samningi og þeim hagsmunum okkar sem eru bundnir í honum.

[19:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni vinsamleg orð í minn garð en ég vil taka það skýrt fram að ég hef ekki verið að hallmæla einum né neinum í ræðu minni, hvorki forverum mínum eða öðrum eða talað um barnaskap þeirra. Ég var fyrst og fremst að tala um unga sögu lýðveldis okkar. Það er ekki nema 60 ára gamalt, verður það eftir stuttan tíma. Og það er alveg ljóst að mínu mati, og ég er ekki á nokkurn hátt að þakka sjálfum mér það, ég vil ekki að það sé skilið svo, að við erum komin af ákveðnu þroskastigi og það sem ég á við með því er að við verðum að taka miklu meiri þátt í alþjóðasamstarfi en við áður þurftum að gera. Það erum við að gera m.a. með öflugri þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, við ætlum okkur inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, með umfangsmeiri samvinnu á sviði þróunarmála og framlögum til þróunarmála, með meiri þátttöku og forustu í ýmsum málum, ég get nefnt Evróputáðið og Norðurskautsráðið, og einnig víðtækari þátttöku á starfssviði Atlantshafsbandalagsins. En auðvitað höfum við lagt grunninn að þessu á öllum lýðveldistímanum og unnið að því. Ég skil því ekki alveg af hverju svo margir þingmenn vilja misskilja þetta með þeim hætti sem hér hefur komið fram. Ég vil leiðrétta þann misskilning.

[19:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé ekki misskilningur á milli mín og hæstv. utanrrh. heldur bara grundvallarskoðanamunur um hvaða vegferð sé okkur góð. Ég vil leggja upp þá vegferð að lítið ríki, Ísland, lítið en öflugt þjóðríki, á að vera boðberi friðar og beita sér á þeim vettvangi og reyna að bæta heiminn á grundvelli friðar en ekki með vopnaðri íhlutun eða vera meðreiðarsveinn í vopnaðri íhlutun gegn öðrum þjóðum. Það má vel vera réttlætanlegt undir einhverjum skilyrðum að beita vopnum gagnvart annarri þjóð en það er ekki hlutverk Íslendinga. Alls ekki. Og ég tel þess vegna að þeir fyrirrennarar hæstv. utanrrh. sem voru hér fyrr á síðustu öld og mótuðu utanríkisstefnuna þá, hafi lagt áherslu á friðarþátt Íslendinga og þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu var einmitt bundin því. En nú er hlutverk Atlantshafsbandalagsins að breytast úr varnarbandalagi í það að verða bandalag sem á að sópa upp eftir stríðsaðgerðir Bandaríkjamanna. Það eru að vísu deilur um það innan bandalagsins. Ég sé að utanríkisráðherrar bæði Frakka og Þjóðverja hafa nú dregið í efa að það eigi að vera hlutverk Atlantshafsbandalagsins að sópa upp eða koma í kjölfar grimmilegrar innrásar Bandaríkjamanna. En hæstv. utanrrh. hefur talið að það væri einmitt hið nýja hlutverk Atlantshafsbandalagsins. Ég er bara gjörsamlega mótfallinn því.

[19:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi ekki að sitja hjá í alþjóðamálum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að vera boðberar friðar og ég tel að við sýnum það með virkum hætti með því að efla friðargæslu okkar, með því að taka virkari þátt í starfi á Balkanskaga, í Bosníu, Kosovo og Afganistan. Og með því að efla þróunarstarf okkar gerum við það sem boðberar friðar, mannréttinda og að menn vinni á grundvelli laga.

Við höfum verið að efla utanríkisþjónustu okkar, við höfum verið að efla þátttöku okkar á sviði utanríkismála. Það er alveg ljóst að fyrr á árum þótti Íslendingum eðlilegt að sitja hjá, að vera ekki virkir þátttakendur í alþjóðastarfi. Það var t.d. ekki talið rétt fyrir Ísland að sækjast eftir því að vera aðili að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eins og önnur Norðurlönd. Nú er um það samstaða á Alþingi að við gerum það. Ég hef upplifað það svo að það sé afstaða Alþingis að við eigum ekki að sitja hjá og að við eigum að vera virkir þátttakendur í alþjóðastarfi. Það er sú stefna sem er í framkvæmd í utanríkismálum.

Auðvitað er alveg ljóst að þar byggjum við á gömlum meiði og gömlum grunni og þar hafa margir komið að. Mér þykir leitt ef einhverjum hefur dottið í hug að ég væri með því á einhvern hátt að sverta minningu þeirra manna sem hafa gengið fram fyrir skjöldu til að gæta hagsmuna Íslands á undanförnum áratugum.

[19:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekkert verið að sverta menn þó að þeim sé líkt við börn. Það er frekar að sýna að þeir hafi hreint og gott hjarta.

Ég er ósammála hæstv. utanrrh. um að við höfum setið hjá í utanríkismálum á undanförnum árum og áratugum og tel það bara afar ósanngjarnt. Ég veit ekki betur en að Íslendingar hafi á vissan hátt leitt umræðuna í hafréttarmálum til dæmis. Og í þeim málum sem við höfum haft bolmagn til að fylgja eftir höfum við ekki dregið af okkur á undanförnum áratugum. Það er því engan veginn sanngjarnt af hæstv. utanrrh. að segja að við höfum setið hjá. Við höfum beitt okkur og tekið þátt en við höfum ekki gert það á þeim nýju forsendum að fylgja eftir hernaðarítökum, fylgja eftir þeim aðilum á vettvang sem beita hernaði gagnvart öðrum þjóðum í lögleysu. Það er breytt stefna en ég tel það ekki vera til að stæra sig af. Og ég tel einmitt þau lokaorð hæstv. utanrrh. í ræðu sinni þar sem hann er að brigsla, ég veit ekki hvaða stjórnmálamönnum hinnar íslensku þjóðar, um heimóttarskap eða steigurlæti, ég veit ekki hvort það er fyrri utanríkisráðherrum, en mér finnst þau orð ekki heldur passa inn í ræðu hæstv. utanrrh.

Ég ítreka að stefna okkar á að byggjast á friði og að við nálgumst alþjóðlegt samstarf við aðrar þjóðir og þátttöku okkar á alþjóðavettvangi á grundvelli friðar og friðarboðskapar.

Ég ítreka svo spurningu mína til hæstv. utanrrh., ef hann getur komið því við í lokaræðu sinni, ef hann á þess kost, um samninginn við Evrópska efnahagssvæðið um viðskipti með dýraafurðir.

[19:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að nýta mér það tækifæri að koma aftur í pontu, enda náði ég ekki að klára ræðu mína fyrr í dag.

Við eigum ekki að sitja hjá var sagt hér áðan. Ég held, hæstv. forseti, að það sé enginn í þessum sal þeirrar skoðunar að við eigum að sitja hjá. Það er einfaldlega ekki kostur í hnattvæddu alþjóðasamfélagi að ríki sitji hjá. Það er liðin tíð. Okkur greinir hins vegar á um leiðirnar sem fara eigi að settum markmiðum og stundum greinir okkur jafnvel á um markmiðin. Það sem þingmenn hafa aðallega gert athugasemdir við í dag, það sem ég hef heyrt til og hef ég setið og hlustað held ég á næstum allar ræðurnar, er í raun sú pólarisering, ef þannig má að orði komast, sem sett er fram í ræðu hæstv. utanrrh., t.d. í umræðunni um eðli Evrópubúa,

og þá líklega gegn eðli Bandaríkjamanna eða einhverra annarra, hið góða gegn hinu illa, þar sem hlutirnir eru málaðir nokkuð einföldum, skýrum litum, hvítu og svörtu. Það hefur einnig verið nefnt.

Við eigum heldur ekki að tala þannig, hæstv. forseti, af því það þjónar engum tilgangi. Veruleikinn og staða alþjóðastjórnmálanna er miklu flóknari en svo að við getum leyft okkur og hvað þá hæstv. utanrrh. að stilla málum upp með þeim hætti. Þess vegna hefur náttúrlega sá hluti ræðu ráðherrans sem fjallaði um utanríkisstefnu ríkisstjórnar Íslands með þessum hætti vakið upp fleiri spurningar en hann hefur nokkurn tímann svarað. Og yfir það hefur verið farið rækilega í dag.

Nálgast þarf málin með öðrum hætti og við í Samf. höfum m.a. lagt metnað okkar í það að finna leiðir til þess bæði að ræða um utanríkisstefnuna og alþjóðamálin og einnig að efna til samvinnu, þverpólitískrar samvinnu um það hvernig finna megi nýjar lausnir við nýjum vandamálum og mæta þeim viðfangsefnum sem uppi eru í dag. Gildir þá einu hvort um er að ræða öryggi og varnir Íslands og í víðara samhengi, ellegar þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Samfylkingin hefur lagt fram þingmál um þetta í vetur og þau eru til umfjöllunar í hv. utanrmn. og ég vænti þess að þau mál og þau mál alveg sérstaklega verði afgreidd af hv. utanrmn. fyrir þinglok, þannig að við fáum einhvern botn í það, frú forseti, hvernig standa eigi að stefnumótun um öryggi og varnir landsins til langs tíma, hvernig mynda eigi um það pólitíska samstöðu, því um það held ég að við séum öll sammála að enginn vilji kljúfa þjóðina aftur í tvær fylkingar, með og á móti, eins og gerðist eftir 30. mars 1949 þegar við gengum í NATO. Ég held líka að allir hér inni, sama í hvaða flokki þeir eru, séu þess fullmeðvitaðir að vinnubrögð gamla tímans duga ekki. Finna þarf samvinnuleiðir til að móta stefnu um öryggi og varnir, til að móta utanríkisstefnu sem dugar og líka, af því að ég hef nefnt það dæmi hér áður, að móta stefnu okkar um samvinnu við fátæk ríki.

Nú kom það fram í ræðu hæstv. utanrrh. að framlög til þróunarsamvinnu munu hækka, eða það er stefna ríkisstjórnarinnar að hækka framlög til þróunarsamvinnu á næstu sex árum úr 0,19% af landsframleiðslu sem verður á þessu ári í 0,35% árið 2009. Þetta er mjög mikilsvert og gott markmið og engin hætta á öðru en það verði stutt með ráðum og dáð, hvort heldur af Samf. eða, ég vona, öllum öðrum stjórnmálaflokkum á Alþingi Íslendinga.

Það sem skiptir líka máli hins vegar í þessu sambandi, og það hefur verið rætt áður í þessum sal, er hvernig þessum peningum er varið, með hvaða markmiði og í samvinnu við hverja. Það er nefnilega pólitíkin í þróunarsamvinnunni sem skiptir mestu máli. Upphæðirnar skipta líka mjög miklu máli. Það vitum við öll. En það er pólitíkin í þróunarsamvinnunni sem skiptir ekki minna máli, hæstv. forseti. Ég sakna þess að hæstv. utanrrh. skuli ekki hafa borið þá umræðu hingað inn eða sé til viðtals um að sú stefnumótun fari einnig fram í samvinnu þeirra lýðræðislega kjörnu fulltrúa sem eiga sæti á hinu háa Alþingi. Áður hefur verið bent á það í þessu sambandi að stefnumótun í grundvallarmálum af þessu tagi, hvort heldur er þróunarsamvinnan eða öryggi og varnir landsins, á að fara fram á lýðræðislegum vettvangi og allra helst af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar. Ekki einvörðungu og bara innan veggja utanrrn. eins og nú er gert. Þó að útsýnið sé örugglega á stundum býsna gott af Rauðarárstígnum held ég að það verði betra, frú forseti, ef fleiri fá að taka þátt í þeirri vinnu og koma með hugmyndir sínar, að sjóndeildarhringurinn verði víkkaður og unnið verði að því í raun og veru að mynda samstöðu um þá utanríkisstefnu sem við viljum standa fyrir. Ég held að þegar allt kemur til alls, frú forseti, skilji ekki eins margt í millum eins og oft er látið vera.

Það er slík samstaða um utanríkisstefnuna sem kemur líka í veg fyrir að stjórnvöld, hvort heldur eru þau íslensku eða önnur, falli í þann fúla pytt, ég leyfi mér að taka þannig til orða, að taka óyfirvegaðar eða illa yfirvegaðar skyndiákvarðanir um grundvallarafstöðu okkar til mála eins t.d. Íraksstríðsins. Ég held að hin þverpólitíska aðferð sé miklu betra taumhald á stjórnvöld, hvort heldur þau eru samansett af Framsfl., Sjálfstfl. eða einhverjum öðrum stjórnmálaflokkum á Íslandi. Það sama gildir um alla því að þá eru markmiðin skýrari, leiðirnar að þeim líka umræddar og kortlagðar og miklu meiri líkur til þess að fólk vinni saman að þeim markmiðum og falli ekki í ágreining um allt milli himins og jarðar eins og stundum virðist verða.

Allra síðast hér í dag vil ég gera að umræðuefni þá staðreynd að í dag, 6. apríl 2004, er liðinn áratugur frá því að þjóðarmorðið í Rúanda reið yfir, þ.e. áratugur liðinn frá upphafi þess. Þá hófst glæpa- og morðalda í Mið-Afríkuríkinu Rúanda sem er eitthvað það skelfilegasta sem heimsbyggðin hefur mátt horfa upp á á síðustu árum og áratugum. Á 100 dögum var lífið murkað úr a.m.k. 800 þús. manns. Áttundi hver Rúandabúi týndi lífi sínu í þeim ósköpum og enn er að sjálfsögðu verið að reyna að græða sárin, reyna að byggja upp nýtt þjóðfélag í Rúanda og reyna að draga þá fyrir dómstólinn í Arusha sem báru ábyrgð á þessu hryllilega þjóðarmorði. Það verkefni bíður íbúa í Rúanda, nágranna þeirra og þeirra sem vilja vinna með þeim að því að endurreisa samfélagið þar.

Ástæða þess að ég nefni þetta nú er lexían sem ég vona og held, hélt a.m.k., að samfélag þjóðanna hafi dregið af þessum skelfilegu atburðum í Afríku. Ég vona að það sé hægt að taka höndum saman um að koma í veg fyrir slíka hluti með mannúðaríhlutun eins og það kallast. Við vitum samt núna að það voru ýmsir aðrir hagsmunir, ýmsir annarlegir hagsmunir, sem réðu því að stjórnvöld víða um heim, ekki síst Bandaríkin innan öryggisráðsins — það sama á við reyndar um Belga og Frakka — kusu að horfa í hina áttina á meðan þessu fór fram. Þó að jafnvel myndirnar af þeim hryllingi sem þarna átti sér stað væru farnar að birtast í fréttatímum sjónvarps var enn mörgum dögum og vikum eftir að það hófst talað um eitthvað sem virtist vera þjóðarmorð eða einhvers konar fjöldamorð. Það var hins vegar deginum ljósara hvað var að gerast og um það höfðu borist viðvaranir, m.a. frá friðargæsluliðum sem voru staðsettir í Kigali vegna ástandsins í Rúanda. Það er skjalfest að viðvaranir bárust um að þjóðarmorð væri í uppsiglingu.

Ég minni á þetta líka í ljósi þess að hér hefur verið rætt í dag um að þjóðarmorð hafi verið framin annars staðar og síðar. Fjöldamorð voru framin t.d. í Írak árið 1988 þegar Saddam Hussein gasaði Kúrdana. Svo virðist því miður vera, frú forseti, sem bara stundum sé gripið til aðgerða gegn slíkum níðingsverkum. Það er kannski það umhugsunarefni sem við ættum að taka í veganesti á 10 ára afmæli þessa hörmulega atburðar í Rúanda, að það er bara stundum sem alþjóðasamfélagið grípur í taumana. Við getum deilt um leiðir og markmið og við getum deilt um það hver hafi haft rétt fyrir sér, t.d. um árásina í Írak. Staðreyndirnar

liggja hins vegar fyrir. 800 þús. Rúandabúar týndu lífi á 100 dögum í skipulagðasta þjóðarmorði sem framkvæmt hefur verið frá dögum Pols Pots í Kambódíu og þar áður síðan nasistarnir ákváðu að útrýma gyðingum í Evrópu í seinni heimsstyrjöldinni.

Sú dapurlega staðreynd stendur eftir að alþjóðasamfélagið, eins og við kjósum stundum að kalla það, gerði lítið sem ekkert til að afstýra þessum þjóðarmorðum. Ég hef aldrei fyllilega skilið ástæðu þess eða kannski aldrei fengið að heyra þær almennilega en ég vildi koma því á framfæri í þessari umræðu að víða eru framin skelfileg voðaverk. Eins og ég minntist á í fyrri ræðu minni fara t.d. um þessar mundir stjórnvöld í Suður-Súdan með ofbeldi gegn eigin þegnum og viðbrögð alþjóðastofnana og alþjóðasamfélagsins eru ekki alltaf hin sömu. Þess vegna skiptir auðvitað mestu máli að bæði innan SÞ og annarra þeirra alþjóðastofnana sem við eigum aðild að komi ríki heims sér niður á bæði viðmið og ég held að ég megi segja verklagsreglur og almennt samkomulag um það hvernig og hvenær eigi að grípa í taumana þegar yfirvofandi eru fjöldamorð eða þjóðarmorð af þessu tagi. Það er nefnilega yfirleitt þannig, frú forseti, að slíkir voðaatburðir gera boð á undan sér. Það liggur algjörlega fyrir að þjóðarmorðið í Rúanda var þaulskipulagt og þar var gengið af yfirvegun til verks og lífið murkað úr fólki með mjög skipulegum hætti.

[19:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi aðeins taka það fram út af þróunarmálunum að á síðasta ári var birt skýrsla sem gerð var fyrir utanrrn. um þróunarmál og þróunarsamvinnu. Á grundvelli þeirrar skýrslu höfum við unnið að stefnumörkun í þessum málum. Það á sér að sjálfsögðu stað víðtæk samvinna milli Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og utanrrn. en þingflokkar eiga fulltrúa að stjórn Þróunarsamvinnustofnunar. Á ríkisstjórnarfundi í morgun var samþykkt þetta markmið sem við mundum miða að því að ná 2008–2009. Að sjálfsögðu vildi ég helst ná því 2008 en það er kannski erfitt að segja fyrir um það með fullri vissu. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því að það gerist í skrefum þannig að það verði aukning á hverju ári. Það hefur komið hér fram að þetta sé eitthvað sem muni koma þá í hlut komandi ríkisstjórnar. Að sjálfsögðu mun það koma að hluta til í hlut komandi ríkisstjórnar sem getur að sjálfsögðu breytt því þegar þar að kemur en það er mjög mikilvægt að hafa viðmið til lengri tíma í þessum efnum, setja markið kannski ekki allt of hátt, heldur reyna frekar að standa við það.

Við höfum sótt um aðild að þróunarnefnd OECD og ég mun sækja fund í París af því tilefni í næstu viku. Við gerum ráð fyrir að við fáum aðild að nefndinni. Þar hefur verið viðmið að við fáum ekki aðild nema a.m.k. sé veitt 0,2% af þjóðarframleiðslu þannig að við höfum vart náð því enn. Ég mun að sjálfsögðu vilja kynna þessi mál nánar í utanrmn. eftir því sem óskað verður eftir.

[19:57]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin.

Vissulega er það rétt að skýrsla sem Jónas Haralz og Hermann Ingólfsson skrifuðu og skiluðu til hæstv. ráðherra í haust og við áttum um umræður utan dagskrár í þingbyrjun er grundvallarplagg og mjög gott plagg. Ég hefði haldið að það ætti einmitt að nota til þess að efna til víðtækara samráðs um þróunarsamvinnuna og stefnumótunina, sérstaklega í ljósi þess að nú er verið að auka framlögin enn frekar. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að best sé að gera það jafnt og þétt og ætla sér ekki of mikið. Þess vegna held ég að það sé skynsamlegt að setja markið þar sem það hefur verið sett, við 0,35%.

Hins vegar vil ég bara ítreka þá afstöðu mína og afstöðu okkar í Samf. að þrátt fyrir fulltrúa stjórnmálaflokka eða þingflokka í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar sé verkefnið miklu stærra og víðtækara en svo að það geti algjörlega verið unnið í ráðuneytinu eða innan stofnana þess. Ég tel einboðið að löggjafinn komi að þessari vinnu með hugmyndir sínar, sína pólitísku sýn sem getur verið ólík á köflum en að út úr því komi eins góð stefna um þróunarsamvinnu fyrir Ísland og þróunarsamvinna fyrir fátæk ríki og kostur er.

[19:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur í sjálfu sér ekki verið gengið frá neinu endanlegu í þessum efnum. Eins og ég sagði finnst mér eðlilegt að þessi mál verði rædd á vettvangi utanrmn. Í dag fara um 34% af þróunaraðstoðinni til tvíhliða þróunaraðstoðar en 66% til marghliða þróunaraðstoðar. Við höfum gert ráð fyrir því í þeirri vinnu sem hefur farið fram, bæði í Þróunarsamvinnustofnun og ekki síst í ráðuneytinu, að þetta hlutfall verði þannig að marghliða þróunaraðstoð verði 60% og hlutdeild tvíhliða þróunaraðstoðar aukist lítillega, þ.e. fari þá í 40%.

Auðvitað má hnika öllu slíku til og um það má lengi, ekki endilega deila, heldur lengi ræða hverjar eigi að vera helstu áherslurnar. Þetta er alveg í samræmi við þær tillögur sem komu fram í skýrslunni frá síðasta ári. Eins og ég sagði áðan var það á ríkisstjórnarfundi í morgun sem þessi tillaga var endanlega afgreidd. Hún er búin að vera til umfjöllunar lengi. Síðan er sjálfsagt að ræða hana frekar. Meginatriðin í þessu eru sem sagt þau, í þeim tillögum sem nú eru uppi, að hlutfallið verði 0,35%, 40% verði tvíhliða aðstoð og 60% marghliða aðstoð.

[20:01]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Eitt af því sem kom til umræðu fyrr í dag var hlýnun lofthjúpsins. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, tilvonandi umhverfisráðherra, á sæti í Norðurskautsráðinu fyrir hönd Alþingis ásamt tveimur öðrum alþingismönnum. Það hefur tvisvar sinnum gerst að hv. þm. hafi flutt eins konar skýrslu af því sem er í umræðu innan þess ráðs. Eitt hið mikilvægasta sem Norðurskautsráðið hefur látið til sín taka er einmitt hlýnun lofthjúpsins. Ég tel að vandamál sem því tengjast og viðbrögð við því verði einn af þeim öxlum sem alþjóðleg stjórnmál muni snúast um á næstu áratugum.

Ég tel að mannkynið og jarðkringlan hafi sjaldan, frá því sögur hófust, staðið frammi fyrir jafnalvarlegum vandamálum og þeim sem tengjast hlýnun lofthjúpsins. Það var því ákaflega mikils virði að heyra hv. þm. lýsa þeirri vinnu sem fer fram innan Norðurskautsráðsins í tengslum við þetta vandamál. Þar hafa verið gerðar þrjár skýrslur. Ein skýrslan, sem er hve þyngst á metum, er unnin af, að ég held, virtustu vísindamönnum sem tengjast þessari fræðigrein. Hún fjallar um stöðuna að því er varðar hlýnun lofthjúpsins. Hv. þm. greindi sannferðuglega frá því að staðan er mun alvarlegri en menn höfðu átt von á. Til skamms tíma voru menn ekki einu sinni sannfærðir um að þetta vandamál væri fyrir hendi.

Hv. þm. greindi frá því að hlýnun lofthjúpsins væri tvöfalt hraðari en menn höfðu talið. Þetta er mjög alvarlegt.

Önnur skýrsla sem Norðurskautsráðið hefur látið semja er eins konar almenningsútgáfa á þessari stóru skýrslu. Hana á að senda frá ráðinu til þess að færa almenningi heim sanninn um nauðsyn þess að grípa til viðbragða.

Þriðja skýrslan er ekki síður mikilvægari en hin stóra og svarta. Hún hefur að geyma tillögur um úrbætur.

Það sem mér fannst alvarlegt í máli hv. þm. er að hún greindi frá því að fulltrúar Bandaríkjanna, sem eiga sæti í Norðurskautsráðinu, hefðu beitt pólitísku afli sínu til þess að kæfa þessa skýrslu. Það þykja mér alvarleg tíðindi, frú forseti. Mér þykja það ekki síður alvarleg tíðindi að hæstv. utanrrh. viti ekki af þessu. Þó kom fram í máli hv. þm. að uppskátt hafi orðið um þessi tíðindi skömmu eftir áramót. Þá spyr ég: Hvar hafa hæstv. utanrrh. og hans menn verið meðan svo alvarleg þróun er í gangi? Þetta er mál sem þyrfti að ræða og verður auðvitað rætt í sölum þingsins. En í ljósi þess að hæstv. utanrrh. hefur í dag sagt að hann viti ekkert af málinu þá ætla ég ekki að óska eftir skýringum hans á því. Hins vegar er mjög alvarlegt þegar fulltrúar heimsveldis eins og Bandaríkjanna grípa til ráða af þessu tagi.

Ég tengi það, frú forseti, við þá staðreynd að fregnir hafa borist af því að þeir sem stýra kosningabaráttu Georges Bush, forseta Bandaríkjanna, hafi orðið uppvísir að því að dreifa fölskum upplýsingum til þeirra sem koma að kosningabaráttu forsetans víðs vegar um Bandaríkin í því skyni að gera þeim kleift að svara þeim staðhæfingum að þarna sé um alvarlegt vandamál að ræða. Ég tel að þetta þurfi að ræða og ganga þurfi eftir því við hæstv. utanrrh. og spyr: Hver eru viðbrögð íslenska ríkisins við þessu? Ég spyr sérstaklega í ljósi þess að Íslendingar eru ein þeirra þjóða sem gæti orðið einna illilegast úti í þessari þróun. Einnig má spyrja hvernig stendur á því að hæstv. utanrrh. veit ekki af þessu máli. Síðan er það annað sem að okkur snýr á þinginu, að velta því fyrir okkur hvernig það má vera að fulltrúar þingsins hafi ekki gert viðvart um þetta.

Frú forseti. Ég tel ákaflega erfitt og hættulegt af hæstv. utanrrh. að bera saman og leggja að jöfnu í fyrsta lagi loftárásir á Kosovo, í öðru lagi stríðið í Afganistan og í þriðja lagi árásina á Írak.

Í Kosovo stóð alþjóðasamfélagið frammi fyrir því að dráp voru byrjuð og skipulegar nauðganir á konum. Átök voru hafin og þjóðernishreinsun í gangi. Við slíkar aðstæður urðu menn annað hvort að horfa upp á harmleikinn eða grípa til aðgerða. Það var ekki hægt að bíða og staðreyndirnar lágu á borðunum. Á grundvelli þeirra staðreynda tóku menn ákvörðun. Ég tel að ríkisstjórnin hafi þá tekið rétta ákvörðun og Samf. studdi það á sínum tíma. Auðvitað var það álitamál og áhorfsmál hvort það var rétt niðurstaða. Ég tel, í ljósi eftirleiksins, að svo hafi verið.

Átökin í Afganistan voru partur af eftirleik árásarinnar á turnana tvo í New York. Þá lágu fyrir þær einföldu staðreyndir að alþjóðleg hryðjuverkasamtök, sem Bandaríkjastjórn og fylgifiskar þeirra höfðu að vísu ekki gætt nægilega að eins og nú er að koma í ljós, höfðu lýst ábyrgð á þeim hryðjuverkum á hendur sér. Það lá jafnframt fyrir að bækistöðvar þeirra voru í Afganistan. Það var því skiljanlegt og réttlætanlegt að grípa til aðgerða til þess að uppræta þau hermdarverkasamtök. Ég segi fyrir hönd míns stjórnmálaflokks að við styðjum alla viðleitni, þess vegna beitingu hervalds, ef það er til þess að uppræta skipulögð alþjóðleg hermdarverkasamtök sem ógna með þessum hætti lífi og limum borgaranna.

Um Írak gegnir allt öðru máli. Það má ekki gleyma því hverjar voru orsakir innrásarinnar í Írak og hvað það var sem hæstv. utanrrh. hefur alltaf fært fram til stuðnings afstöðu Íslendinga. Sú innrás snerist um að finna og uppræta gereyðingarvopn. Hún var ekki gerð til að uppræta bækistöðvar hermdarverkamanna, enda lágu ekki fyrir frekar en í dag upplýsingar um að Saddam Hussein og stjórn hans hefðu þjálfað eða skotið skjólshúsi yfir al Kaída. Tilgangurinn var fyrst og fremst að uppræta gereyðingarvopn. Það var hæstv. utanrrh. sem gekk allra manna lengst, a.m.k. um tíma, í þeim málflutningi að nauðsynlegt væri að uppræta vafann sem lék á tilvist þessara vopna með því að veita vopnaeftirlitsmönnunum meiri tíma til að ganga úr skugga um það.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Við vitum öll hver eftirleikurinn er. Þetta var einfaldlega röng ákvörðun. Ég tel að hún sé svartasti bletturinn á ferli ríkisstjórnarinnar.

Málið sem mig langar að fjalla um í seinni hluta ræðu minnar er sú staða sem upp er komin í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar. Ég hef áhyggjur af þeirri þróun. Ég hef líka áhyggjur af því sem mér finnst vera stefnuleysi íslensku ríkisstjórnarinnar í því efni. Við sjáum teiknin skrifast á vegginn.

Bandaríkjamenn hafa lýst því yfir að þeir vilji draga verulega úr herafla sínum hér á landi. Þeir hafa lýst því yfir að sú ógn sem áður blasti við sé ekki fyrir hendi og hafa sagt það berum orðum að þær breytingar sem þeir vilja koma í kring séu hluti af breyttri stefnu þeirra varðandi það hvernig skuli nálgast alþjóðleg vandamál. Þeir segja fullum fetum að fremur en hafa varanlegar bækistöðvar í löndum eins og Íslandi, þar sem þeir skilja ekki lengur ógn, sé nærtækara og betra að hafa yfir að ráða hreyfanlegum flugsveitum sem staðsettar séu við eða á jaðri átakasvæða. Út af fyrir sig er þetta skiljanleg afstaða af þeirra hálfu. Við sjáum síðan hvað hefur gerst. Talað er um að í gangi séu samningaviðræður við bandarísk stjórnvöld. Ég fullyrði hins vegar að engar slíkar samningaviðræður eru í gangi. Þær viðræður sem nú eru í gangi má í besta falli skilgreina sem samráð. Hæstv. utanrrh. orðaði það svo að það væri beðið eftir Godot, beðið eftir því að Bandaríkjamenn legðu fram sinn skilning og mat á því hvað þyrfti að vera hér á landi sem lágmarks varnarviðbúnaður.

Bandaríkjamenn og sendimenn þeirra segja hins vegar hverjum sem heyra vill af þeim þingmönnum sem sitja í þessum sölum að þeir bíði eftir því að Íslendingar leggi fram sitt mat á hættunni og þörfinni fyrir að svara þeirri hættu. Á meðan þessi sérkennilegi farsi er í gangi, ég vil leyfa mér að kalla þetta farsa, sjáum við að þróunin er hafin. Bandaríkjamenn hafa farið burt með kafbátaleitarvélar sínar. Hæstv. utanrrh. mun hér á eftir segja að allir viti að þær séu að verða úreltar og séu hvort eð er að hverfa úr notkun. En þær voru teknar án þess að hæstv. utanrrh. fengi að vita af því og hann var ekki kátur yfir því í fjölmiðlum til að byrja með. Vél sem notuð var til þess að fylla eldsneyti á björgunarþyrlur er líka farin. Björgunarþyrlurnar fjórar eru farnar að helmingi til. Staðan er þannig að þegar skip, sem var statt 400 mílur úti í hafi, þurfti á aðstoð að halda fyrir nokkrum sólarhringum voru þær tvær björgunarþyrlur sem eftir voru í landinu ekki í nægilega góðu ástandi til að sinna því. Önnur var biluð, hin var í viðhaldi. Þar að auki vantaði vélina til þess að fylla

á þær. Jafnframt blasir við að orrustuþoturnar eru komnar nokkuð til aldurs. Þær eru bara fjórar eftir en voru 18 hér á landi þegar kalda stríðið náði hámarki. Það hefur einnig komið fram að þær eru ekki einu sinni væddar vopnum svona alla jafna. Þessar vélar vilja Bandaríkjamenn taka í burtu.

Hver er þá stefna íslensku ríkisstjórnarinnar gagnvart þessu? Ég tel, frú forseti, að við hljótum að skilja að hvernig sem niðurstaðan verður þá verði undanfari hennar alltaf mat á hættunni sem að Íslendingum steðjar og skilgreining á þörfunum. Þar með getum við lagt niður fyrir okkur og fyrir þá aðila sem við erum að semja við hvers konar viðbúnaði við þurfum á að halda. Þetta skortir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég er ekki í þeim hópi sem heldur því fram að skynsamlegt sé að Íslendingar séu vopnlaus þjóð og án varna. Það er ákaflega billegt finnst mér að halda slíku fram, oft með rómantískum bláum augum, þegar við blasir að við sitjum í skugga mikils valds. Við erum samkvæmt Atlantshafsbandalagssamningnum og tvíhliða samningi við Bandaríkin í skjóli ákveðinnar verndar. Ég tel hins vegar að eins og þróunin er verðum við að gera ráð fyrir því að þurfa með öðrum hætti að sinna stórum hluta af vörnum okkar. Tvennu vil ég sérstaklega koma að, sem mér finnst ekki nægilega skipulega hugsað eða gaumgæft af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Ég er í fyrsta lagi þeirrar skoðunar að fullvalda ríki eins og Ísland þurfi á loftvörnum að halda. Ég vek eftirtekt á því að Bandaríkjamenn telja sig greinilega geta staðið við sinn hluta af skuldbindingum tvíhliða varnarsamningsins án þess að hafa hér varanlega flugsveit eða þotur sem geti sinnt loftvörnum okkar. Ég vil af því tilefni spyrja hæstv. utanrrh.: Ef svo verður, er hann þá sammála því viðhorfi sem fram hefur komið hjá hæstv. forsrh. að það beri að segja upp þessum tvíhliða samningi?

Í öðru lagi — vegna þess að tími minn er orðinn fullnaumur ætla ég að fara hratt yfir sögu — þurfum við líka að sinna því sem lýtur að innra öryggi þjóðarinnar. Ég tel að tvennt þurfum við að skoða sérstaklega. Í fyrsta lagi þarf að meta þá hættu sem kynni að steðja að okkur innan lands ef hermdarverkamenn reyndu að beita valdi til að taka yfir stofnanir og jafnvel hluta af landinu til þess að vekja eftirtekt á sjálfum sér og málstað sínum. Gleymum því ekki að þeir munu í framtíðinni jafnan leita uppi veikasta hlekkinn. Það er ekki síst þess vegna sem við þurfum á vörnunum að halda. Þá spyr ég: Hvernig á að mæta slíkri hættu? Það er ekki hægt að vísa bara til sérsveitar hæstv. dómsmrh. vegna þess að hún datt af himnum ofan, að því er virtist, án nokkurs samhengis við fullgerða áætlun til þess að sinna slíku verki. Af þessu tilefni vil ég nefna að ég sakna umræðu um öryggismál af þessu tagi.

Hitt sem ég vil ræða að lokum er þörf okkar fyrir öryggi á hafinu. Við þurfum að bregðast við með einhverjum hætti. Ég er þeirrar skoðunar að þann hluta varnanna og öryggisins þurfum við að taka að öllu leyti á okkar herðar. Við þurfum að bæta við þyrluflota okkar, bæta við öflugu varðskipi til sjóbjörgunar og ég spyr hæstv. utanrrh.: Er það svo að aðrar þjóðir gætu komið til samstarfs við okkur um þetta, t.d. varðandi þær flugvélar sem við þyrftum aðgang að til að fylla eldsneyti á þyrlur sem við rækjum sjálf?

[20:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna hins knappa forms sem ég sem utanrrh. hef til að svara ýmsu því sem hér kemur fram get ég að sjálfsögðu ekki gert því fullnægjandi skil. Þegar ég svaraði hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur þá gat ég það aðeins lítillega. Ég skal gera betur grein fyrir því máli.

Á ráðherrafundi 2002 var ákveðið að leggja fram vísindarannsóknir á loftslagsbreytingum á Norðurslóðum á ráðherrafundi í Reykjavík haustið 2004 þegar formennsku okkar lýkur. Þessi fundur verður 24. nóvember og á þeirri áætlun hefur engin breyting orðið. Einnig er rétt að geta þess að sérstök ráðstefna verður um þessi mál í byrjun nóvember áður en til ráðherrafundarins kemur.

Í starfsáætlun ráðsins er gert ráð fyrir því að fyrir ráðherrana verði líka lagðar tillögur um viðbrögð við loftslagsbreytingunum, þ.e. að niðurstöðurnar fjalla ekki eingöngu um vísindaþáttinn heldur einnig um stefnumörkun.

Á þessu stigi fara fram umræður um það hvernig eigi að tengja þessa tvo þætti saman. Eitt þeirra álitaefna sem eru uppi í þessu sambandi og eru til skoðunar er hversu langt eigi að ganga í þessum efnum og hvort ekki sé réttara að ganga frá hinum vísindalegu niðurstöðum og kynna þær og staðfesta af aðildarríkjunum áður en gengið verður til skoðanaskipta um hina pólitísku stefnumörkun. Af okkar hálfu hefur verið ákveðið að efna til fundar um þessi mál núna síðar í þessum mánuði í Nuuk á Grænlandi þannig að við stefnum að því að uppfylla þau markmið sem við höfðum í upphafi í þessu sambandi.

[20:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir upplýsti það hér í dag að Bandaríkjastjórn væri að reyna að bæla niður sameiginlegar tillögur Norðurskautsráðsins. Ég tel að það sé alvarlegt mál og það skulum við bara ræða með öðrum hætti síðar þegar hæstv. utanrrh. hefur fengið tóm til þess að kanna þá stöðu. En ég tel að þetta sé atburður sem þarf að skoða ákaflega vel í samskiptasögu ráðsins við Bandaríkin.

Hitt vil ég svo segja að ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra gæfi sér tóm, annaðhvort í þessu andsvari eða í ræðu sinni á eftir, til að svara ýmsum þeim spurningum og álitaefnum sem ég lagði fram varðandi almenna umræðu um öryggismál hér á landi. Mér finnst mjög skorta á að hæstv. ríkisstjórn ræði þetta við þingið og mér finnst skorta á að hún leggi fram stefnu í þessum efnum. Ég tel að það hafi skaðað samningsstöðu okkar gagnvart Bandaríkjunum sem bersýnilega eru farin að skynja það að íslensk stjórnvöld virðast hikandi við að leggja fram hvað þau sjálf telja ásættanlegt í þessari stöðu. Í öllu falli er það skoðun Samf. að Íslendingar eigi í vaxandi mæli að axla ábyrgð og verk sem hingað til hafa ekki að öllu leyti verið á þeirra höndum, eins og t.d. þann þátt sem ég nefndi varðandi eftirlit á höfunum. Þetta varðar frumöryggi þjóðarinnar. Við þurfum að hafa þetta á hreinu.

Ég spyr hæstv. utanrrh. vegna þess að ég veit að eitthvað hljóta menn að hafa rætt um þetta innan ríkisstjórnarinnar. Ég sé það t.d. á þeim upplýsingum sem hefur verið dreift um björgunarstöðina nýju sem er mjög jákvætt skref. Þarna hlýtur að vera einhvers konar áætlunarkerfi í gangi. En hvernig ætla menn að leysa þetta? Því að eitt liggur alveg fyrir og það er að þetta ætla Bandaríkjamenn ekki að gera fyrir okkur í framtíðinni.

[20:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram í sambandi við umhverfismálin að á þessu stigi er ekki um ágreining að ræða milli aðila. Það eru sem sagt skoðanaskipti um tengsl vísinda og

pólitískrar stefnumörkunar. Það liggur alveg ljóst fyrir að af hálfu sumra, þar á meðal Bandaríkjamanna, að þeir telja á þessu stigi að vísindalegar niðurstöður þurfi að vera klárar áður en menn fara út í pólitíska stefnumörkun.

En við vinnum enn þá sem formennskuríki á þeim grundvelli í samræmi við upphaflega áætlun. Sem formennskuríki berum við að sjálfsögðu ábyrgð á að reynt sé að ná niðurstöðu í málum sem allir geta sætt sig við enda komast ríkin að engri niðurstöðu að öðrum kosti. Þetta þekkir hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Það er einmitt af þeim ástæðum sem við höfum ákveðið að boða til málþings núna síðar í þessum mánuði til að ræða þessi mál og reyna að greiða fyrir því að við náum niðurstöðu um þau. Ég tek undir það með hv. þm. að um mjög mikilvæg mál er að ræða sem varða ekki aðeins okkur heldur alla heimsbyggðina. En við vitum að ríki heims hafa haft uppi misjafnar áherslur í sambandi við Kyoto-bókunina og það er eitt af þeim málum sem núna eru rædd í aðdraganda kosningabaráttunnar í Bandaríkjunum eins og mörg önnur. Og við vitum um skoðanir sem hafa verið uppi í Bandaríkjunum í þeim efnum.

[20:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega merkilegt að skoða og hlýða á þetta. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé uppi ágreiningur um það milli annars vegar tilvonandi umhvrh. og hins vegar tilvonandi forsrh., sem bæði koma að Norðurskautsráðinu, um það hvernig beri að túlka afstöðu Bandaríkjanna gagnvart tillögum til úrbóta á þessu sviði.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir kom hér upp í dag og greindi frá því að Bandaríkjamenn væru að reyna að bæla tillögur til þess að draga úr losun skaðlegra lofttegunda. Ég kom hér sérstaklega upp til að spyrja hv. þm. um það hvort ég hefði virkilega heyrt rétt, hvort þetta væri svo. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir kvað svo vera og tók það sérstaklega fram að það væri einmitt sú þeirra þriggja skýrslna sem ég nefndi áðan og varðaði tillögur að úrbótum sem Bandaríkjamenn væru að reyna að bæla niður.

Hæstv. utanrrh. sem formlega fer með forustu í Norðurskautsráðinu, vegna þess að Íslendingar eru þar forustuþjóð eins og sakir standa, telur að svona sé málið ekki vaxið.

Ég segi sem þingmaður á hinu háa Alþingi að ég tek mark á því þegar sá fulltrúi sem hið háa Alþingi hefur kosið til þess að sitja í Norðurskautsráðinu og gæta hagsmuna Íslendinga kemur og heldur þessu fram. Ég kaus hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur eins og allir aðrir þingmenn hér til þess að sitja fyrir þingið í Norðurskautsráðinu og hún hefur samviskusamlega flutt hér grafalvarlegar upplýsingar inn á þingið. Það er ljóst að afstöðu hæstv. utanrrh. ber ekki alveg saman við það sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, tilvonandi umhverfisráðherra, segir. Þess vegna ættu menn að skilja það að þetta mál hlýtur að þurfa að ræðast á hinu háa Alþingi eins fljótt og auðið er.

[20:25]

Útbýting þingskjals:

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 881. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1339.

[20:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nú ekki sleppa endanum í þessari að mörgu leyti ágætu umræðu um utanríkis- og alþjóðamál sem farið hefur fram á hinu háa Alþingi í dag án þess að koma inn á einn mikilvægan málaflokk sem hefur legið með öllu óbættur hjá garði. Þetta eru að sjálfsögðu hafréttarmálin og hvalveiðar enda er mikilvægi auðlinda hafsins samofið íslenskum utanríkishagsmunum eins og segir í skýrslu hæstv. utanrrh. sem lögð var fyrir þingið í gærkvöldi.

Mig langar til að beina nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh. Í ræðu hæstv. utanrrh. kom fram að unnið er nú að greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna til að styrkja tilkall okkar Íslendinga til landgrunnsins fyrir utan 200 sjómílur á Reykjaneshryggnum, á Hatton-Rockall svæðinu djúpt suður af Íslandi og í hinni svokölluðu Síldarsmugu sem er alþjóðlega hafsvæðið á milli Íslands, Svalbarða, Noregs og Færeyja.

Það gladdi mig að heyra hæstv. utanrrh. lýsa því hér yfir fyrr í dag að stefnt sé að því að mæla upp landgrunnsvæði Íslands utan 200 mílna og að þessu mikla verkefni eigi að vera lokið eftir um það bil tvö ár. Nú er að sjálfsögðu óljóst hver lending verður í þessu máli. En óttast utanrrh. að miklar deilur rísi við nágrannaþjóðirnar vegna landgrunnsréttinda og þá einkum í Síldarsmugunni og á Hatton-Rockall svæðinu? Það kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að óformlegar viðræður fari nú fram um Hatton-Rockall svæðið á milli Íslands, Bretlands, Írlands og Danmerkur.

Annað stórmál sem ég reyndar sakna að ekki skuli fá neina umfjöllun, hvorki í skýrslu hæstv. utanrrh. né í ræðu hans hér fyrr í dag, er deila okkar og fleiri við Norðmenn um hið svokallaða fiskverndarsvæði sem þeir ákváðu einhliða umhverfis Svalbarðaeyjaklasann árið 1977. Þetta svæði markast af 200 sjómílna lögsögu út frá grunnlínupunktum við þennan mikla eyjaklasa íshafsins, þ.e. Svalbarða. Á þessu gríðarlega hafsvæði sem er alls 830 þús. ferkílómetrar hafa Norðmenn tekið sér einhliða rétt til að stýra öllum fiskveiðum, úthluta þar einhliða kvótum eða sóknardögum til annarra ríkja og þykjast fara þar með lögsöguvald gegn erlendum skipum vegna meintra fiskveiðibrota þessara skipa. Nýleg reynsla okkar Íslendinga af einmitt því síðastnefnda virðist benda til þess að þeir telji sig ekki vera þar á mjög traustum ís, ef svo má segja. Þar á ég að sjálfsögðu við þegar þeir stóðu íslenskt skip, að því er virtist, að verki við alvarleg fiskveiðibrot við síldveiðar í júlí í fyrra á þessu svæði.

Herra forseti. Þarna eru mjög gjöful fiskimið og sennilega einnig olía og gas í hafsbotninum. Við Íslendingar höfum lengi efast um réttmæti þessa hjá Norðmönnum, þ.e. að þeir geti lýst yfir þessum yfirráðum á hinu svokallaða fiskverndarsvæði. Yfirráð Norðmanna á Svalbarða — þá er ég að tala um fasta landið og út að fjórum mílum — byggjast á hinum svokallaða Svalbarðasáttmála sem er alþjóðasamningur sem var gerður í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þar voru að verki 40 ríki. Þetta var árið 1920. Síðan þá hafa fleiri ríki skrifað undir þennan sáttmála og við Íslendingar gerðum það um miðbik síðasta áratugar. Einhliða yfirlýsing Norðmanna um að þeir áskildu sér rétt á þessu svokallaða fiskverndarsvæði er af öllum ríkjum sem eru aðilar að Svalbarðasáttmálanum talin brjóta í bága við einmitt þennan sáttmála frá 1920. Við Íslendingar erum þar í hópi.

Ég tel að hér sé stórmál á ferðinni því eins og ég sagði áðan eru þarna gríðarlegar auðlindir, bæði fiskstofnar og olía og sennilega einnig gas.

Við þekkjum svo sem óbilgirni Norðmanna í hafréttarmálum, ef óbilgirni skal kalla, það má kannski frekar kalla það dugnað og klókindi. Þeir hafa á margan hátt spilað vel úr sínum spilum, t.d. við Jan Mayen og einnig á Svalbarða

og við fleiri tækifæri og hafa náð að koma ár sinni mjög vel fyrir borð í Norðurhöfum. Og það er ekki að sjá að við Íslendingar fáum neinn hljómgrunn hjá Norðmönnum þegar við reynum að benda á að við teljum að við eigum réttindi t.d. á hinu svokallaða Svalbarðasvæði. Það er margoft búið að reyna það en hefur ekkert gengið og hæstv. utanrrh. veit eflaust miklu meira um það en ég.

Gunnar G. Schram prófessor tók saman fyrir örfáum árum litla grein sem er á margan hátt ansi góð og athyglisverð og birtist í afmælisriti Þórs Vilhjálmssonar þegar hann varð sjötugur þann 9. júní árið 2000. Grein þessi heitir Deilur um fiskverndarsvæði við Svalbarða. Gunnar bendir á að Íslendingar hafi í raun og veru ekki nema fjóra valkosti til að ná lendingu í þessu máli og fá niðurstöðu í því. Þeir eru að málinu verði skotið til Alþjóðahafréttardómstólsins, Alþjóðadómstólsins í Haag, gerðardóms sem væri skipaður samkvæmt VII. viðauka Svalbarðasáttmálans eða að skipaður yrði sérstakur gerðardómur um málið.

Mig langar einmitt til að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort það hafi verið hugleitt af ríkisstjórninni að reyna að fá einhvern botn í þetta mál. Ég minni á að Norðurlandaþjóðir hafa deilt um hafréttarmál í Norðurhöfum. Danir skutu deilum við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið og hvernig draga ætti línu á milli Jan Mayen og Grænlands til Alþjóðadómstólsins. Það var deila sem átti rætur að rekja allt til ársins 1930, ef ég man rétt, og niðurstaða fékkst í því máli árið 1993 hjá Alþjóðadómstólnum í Haag.

Herra forseti. Ég sakna mjög skýrari stefnu íslenskra stjórnvalda í málinu og ég tel að menn eigi að tala skýrt og tæpitungulaust við Norðmenn í slíkum málum. Hæstv. utanrrh., sem bráðum verður forsrh. ef guð og góðar vættir og Sjálfstfl. lofa, ætti að mér finnst að geta sagt okkur svolítið meira um hvaða skoðanir hann hefur í málinu.

Annað mál, herra forseti, sem ég vil aðeins koma inn á eru hvalveiðarnar. Utanrrh. segir í ræðu sinni að aðild Íslands að Alþjóðhvalveiðiráðinu styrki stöðu Íslands í hvalveiðimálum, bæði frá þjóðréttarlegu og pólitísku sjónarmiði. Gott og vel. En er eitthvað að frétta af því máli? Nú er komið vor, stendur til að leyfa hvalveiðar á sumri komanda? Stendur hugsanlega til að leyfa veiðar á stórhvölum? Hyggst verðandi forsrh. Íslands beita sér fyrir því að stórhvalaveiðar verði hafnar að nýju? Þetta eru svona aðalmálin.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja að ég hlakka til að sjá boðaða skýrslu sem utanrrn. virðist vera með í vinnslu varðandi hina svokölluðu norðaustursiglingaleið sem vonandi opnast ef sjór heldur áfram að hlýna og ísinn hverfur og menn geti þá jafnvel hafið kaupskipasiglingar til Asíu í gegnum Norður-Atlantshaf, annaðhvort í gegnum Beringssund eða í gegnum Hvítahaf norður fyrir víðerni Rússlands og Síberíu og áfram þá leið. Sú skýrsla er að mér skilst boðuð í haust og það verður afar fróðlegt að sjá hana.

[20:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að unnið er að skýrslu um landgrunnsmálið. Hvort deilur verða um það mál milli ríkja er ekkert hægt að segja um á þessu stigi. Það sem er mikilvægast fyrir okkur er að safna gögnum og mæla þetta mjög nákvæmlega. Lögð var fram áætlun um það fyrir tveimur eða þremur árum og málið kynnt bæði á Alþingi og í utanrmn. Það er mikill kostnaður sem fylgir þessu og rannsóknirnar kosta nokkur hundruð milljónir. En síðan á grundvelli allra þeirra rannsókna og þeirrar skýrslu sem lögð verður fram munum við styrkja málstað okkar að mínu mati, og ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða í hagsmunagæslu okkar í hafréttarmálum og ekki bara að því er varðar fiskstofna heldur hugsanlegar auðlindir á landgrunninu öllu og einnig á Hatton Rockall-svæðinu.

Að því er varðar fiskverndarsvæðið Svalbarða er rétt að taka fram að ég hef verið þeirrar skoðunar að reyna ætti að ná niðurstöðu við Norðmenn og aðra með samningum. Hins vegar er alveg ljóst að þeir hafa t.d. engan rétt til þess á grundvelli Svalbarðasamningsins að takmarka síldveiðar okkar við Svalbarða og við höfum mótmælt því í hvert einasta skipti. Við teljum að það sé andstætt sáttmálanum, og það liggur alveg ljóst fyrir að ef Norðmenn ætla sér að fara út í ólögmætar aðgerðir á þessu svæði mun það hafa afleiðingar.

[20:37]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ber að skilja orð hæstv. utanrrh. svo að slái í brýnu á milli Íslendinga og Norðmanna, t.d. á sumri komanda ef ekki nást samningar við þá og við munum jafnvel neyðast til þess að reyna að leita leiða til að stunda síldveiðar á Svalbarðasvæðinu, að málinu verði þá hugsanlega skotið til dómstóla? Er meiri háttar utanríkisdeila jafnvel í uppsiglingu ef síldveiðisamningar nást ekki í vor?

[20:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að okkar mati hafa Norðmenn ekki heimild til þess að grípa til sérstakra takmarkana gagnvart okkur í sambandi við síldveiðar. Þeir hafa gefið út reglugerð í þessu skyni sem við höfum mótmælt og teljum að standist ekki samninginn um Svalbarða. Ef þeir virða hann ekki og taka íslensk skip á þessu svæði með ólögmætum hætti hlýtur það að verða úrlausnarefni dómstóla. Hvaða dómstóla get ég ekki sagt á þessu stigi, þar kemur margt til greina. En við höfum sagt mjög skýrt við Norðmenn að við útilokum ekki að skjóta slíku máli til Alþjóðadómstólsins í Haag. Þeir væru þá að neyða okkur í þá stöðu að við yrðum að grípa til einhverra slíkra aðgerða og þeir hljóta að bera ábyrgð á slíkum afleiðingum alveg eins og við.

Hins vegar hefur það alltaf verið ljóst af minni hálfu að ég vil forðast slíkt ástand milli landanna. Ég tel að vinsamleg samskipti Íslands og Noregs skipti afskaplega miklu máli og okkur beri að rækta þau bönd sem eru milli landanna. Við eigum svo mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta í hafréttarmálum, í alþjóðamálum og ekki síst í Evrópumálum á grundvelli EES-samningsins að við hljótum að forðast að til slíks kæmi, því það er að mínu mati tiltölulega lítið mál þegar á heildina er litið, miðað við þá gífurlegu sameiginlegu hagsmuni sem þjóðirnar eiga.

[20:40]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara fá að þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög gott svar, ég hefði ekki getað svarað þessu betur sjálfur. Ég er sammála hverju einasta orði og ég fagna því að hann skuli tala skýrt í þessu máli. Ég vona að Norðmenn séu að hlusta þannig að þeir fái þessi skilaboð. Ég tel löngu tímabært að talað sé við þá skýru máli hvað varðar Svalbarðasvæðið og hvað varðar réttindi okkar þar, ekki bara um síld, herra forseti, heldur líka um rækjuveiðar, veiðar á grálúðu, veiðar á þorski og jafnvel ýsu. Við eigum skýlausan rétt til þessa hafsvæðis, bæði sögulegan rétt og líka landfræðilegan rétt. Norðmenn hafa ekki rétt til að leggja undir sig 830 þús.

ferkílómetra hafsvæði, hafsvæði í kringum eyjaklasa sem fram til 1920 var álitinn vera svokallað terra nullius, þ.e. einskismannsland, þeir hafa engan rétt til þess. Ef svo fer að ekki náist samningar við Norðmenn, en ég reyndar vona að góðir samningar náist og helst miklu betri samningar en við höfum haft fram að þessu, hljótum við að verða að láta sverfa til stáls, því miður.

Ég álít Norðmenn vera eina af okkar fremstu vinaþjóðum, þeir eru það svo sannarlega og hafa alltaf verið og munu verða í framtíðinni. En enn og aftur minni ég á að ef t.d. góðar vinaþjóðir eins og Norðurlandaþjóðirnar, Danir og Norðmenn á sínum tíma varðandi Jan Mayen og kannski hugsanlega núna Íslendingar og Norðmenn varðandi Svalbarða, ná ekki lendingu í samningaviðræðum er engin önnur leið fær nema dómstólaleiðin. Það er sú leið sem siðmenntaðir menn velja til að ná lendingu í deilumálum sínum og það ætti að koma þeim skilaboðum hið fyrsta mjög skýrt til Norðmanna að ef þeir voga sér að taka einhver af skipum okkar í sumar, ef ekki nást samningur um síldina á Svalbarðasvæðinu, muni málið fara beint í mikla hörku.

[20:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka umræðuna sem hér hefur farið fram. Ég geri mér grein fyrir því að hv. þingmenn hafa ekki að öllu leyti verið sáttir við ræðu mína og er í sjálfu sér ekkert við því að gera. En hvað sem því líður hefur ræðan framkallað gagnleg skoðanaskipti sem ég tel að hafi verið mikilvæg, og jafnvel þótt mönnum líki ekki ávallt hvernig hlutir eru orðaðir hefur það verið afstaða mín að mikilvægt sé að orða hlutina skýrt þannig að þeir verði ekki misskildir, þó að ég verði að segja að sumt hafi verið eitthvað misskilið í máli mínu en það er eins og gengur. (**Gripið fram í:** Af því að það sé barnalegt hjá þér?) Ja, kannski er ég barnalegur, hv. þm., það má vel vera og það verður þá að hafa það. En það er oft auðveldara að skilja börn en fullorðna og það er ekki alltaf gott þroskamerki að gleyma því að börn eru yfirleitt skýrari í málflutningi sínum en við sem eldri erum og hafa ekki lært þá iðju margra fullorðinna að tala fremur óskýrt. Og stundum á það við um stjórnmálamenn að það er erfitt að skilja þá.

En þar sem ég vildi nota minn stutta tíma til að fara aðeins yfir málið, ég get því miður ekki svarað öllu því sem til mín hefur verið beint vegna tímaleysis, vildi ég aðeins segja vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að ég hefði verið að leggja að jöfnu það sem gerðist í Kosovo, í Bosníu, Afganistan og Írak. (**ÖS:** Varðandi afstöðu Samf.) Ég var ekkert að leggja þetta að jöfnu. Ég var að segja það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að fulltrúi Samf. í þessari umræðu, hv. þm. Jóhann Ársælsson, skýrði frá því og var að gagnrýna mig fyrir það að við hefðum stutt aðgerðirnar í Bosníu og Kosovo. Þá minnti ég hv. þm. á það sem var staðfest af formanni Samf., hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að þær aðgerðir hefðu verið studdar af Samf. Síðan kemur hv. þm. Jóhann Ársælsson og segist ekki hafa stutt þær aðgerðir, þannig að hann var því ekki aðeins að gagnrýna utanrrh. heldur sinn eigin flokk. Ég tel nú í sjálfu sér að hv. þm. Jóhann Ársælsson ætti að ræða meira um þetta á fundum í Samf. áður en hann fer að gagnrýna utanrrh. jafnharkalega fyrir þessi mál og hann gerði, því að hann taldi að hér hefði verið um meiri háttar stefnubreytingu í utanríkismálum að ræða, meiri háttar stefnubreytingu sem hefði brotið allt sem menn hefðu áður staðið fyrir og vitnaði þar sérstaklega til Bjarna Benediktssonar, sem var farsæll forsrh. og foringi hér um langa tíð.

En það liggur alveg ljóst fyrir að þetta var í fyrsta skipti sem þær aðstæður komu upp að við Íslendingar þurftum að taka afstöðu til þess hvort við ættum að styðja slíkar aðgerðir Atlantshafsbandalagsins. Sú aðstaða var ekki uppi fyrr, fyrrum utanríkisráðherrar og forsætisráðherrar stóðu aldrei frammi fyrir þessu og voru aldrei í þessari stöðu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér margt gott um varnar- og öryggismál og mér þykir mikilvægt að Samf. leggi áherslu á þau mál. Ég tel það mikilvægt. En hann sagði að það ríkti algjört stefnuleysi íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hér hefur verið kallað eftir því í umræðunum, m.a. af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að við skilgreindum hvað væru trúverðugar varnir.

Það liggur alveg ljóst fyrir að grundvöllurinn í þeim er aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og gagnkvæmar skuldbindingar þjóða Atlantshafsbandalagsins í þeim efnum. Þar er um algjört grundvallaratriði að ræða.

Í öðru lagi er það varnarsamningurinn, þ.e. þær skuldbindingar sem Bandaríkjamenn hafa gagnvart Íslandi í því sambandi, og það hefur verið okkar skýra afstaða að hér verða að vera sýnilegar varnir, þá ekki síst sýnilegar loftvarnir. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók undir að það væri nauðsynlegt.

Af hverju þurfum við sýnilegar varnir? Við þurfum þær hér á landi eins og í öllum öðrum löndum, m.a. vegna þess að við vitum ekki nákvæmlega hvað getur komið upp. Menn eru alltaf að kalla: Hvar er hættan, hvar er ógnin? Sumir halda því fram að ógnin sé engin, það eru rök sem ég hef oft heyrt í þessari umræðu, og þess vegna þurfi ekki varnir. Við vitum því miður ekki hver ógnin er. Og hún er enn þá óvissari í dag en fyrir nokkrum árum. Þar kemur til hin breytta heimsmynd, hryðjuverkin og allt það sem þar hefur komið upp.

Það vill svo til að þessar skoðanir okkar eru studdar af aðilum innan Atlantshafsbandalagsins þar sem því er haldið fram að það verði að staðsetja loftvarnir á Íslandi. Nú hefur verið ákveðið af hálfu Atlantshafsbandalagsins að staðsetja loftvarnir í Eystrasaltsríkjunum. Hvernig ætlar Atlantshafsbandalagið að standa undir því? Þeir ætla að gera það fyrst í stað með því að biðja Belga að vera þar í þrjá mánuði. Síðan eiga hugsanlega að koma Hollendingar, Bretar, Þjóðverjar og jafnvel fleiri. Er það eitthvað sem okkur finnst að geti gengið hér á Íslandi? Ég segi nei.

Það er að sjálfsögðu mikil mótsögn í því að Bandaríkjamenn hafa verið í forustu þeirra þjóða sem hafa talið að það verði að vera sýnilegar loftvarnir í Eystrasaltsríkjunum ef þær eiga ekki að vera hér á landi. Það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu Bandaríkjamanna að þeir vilja halda áfram að ræða þessi mál þegar þeir hafa lokið við stefnumörkun sína varðandi herafla Bandaríkjanna erlendis. Þeirri vinnu er ekki lokið af þeirra hálfu. Það er þá plagg eða afstaða sem þeir vilja ræða við bandalags- og vinaþjóðir sínar.

Við bíðum eftir því að þeirri vinnu ljúki. Full samstaða var um að þetta gerðist með þessum hætti. Það er á þessum sama grundvelli sem þeir eru að hefja væntanlega viðræður við Þjóðverja um þessi mál.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði jafnframt að við yrðum að taka meiri ábyrgð á okkar innra öryggi og að styrking á sérsveit ríkislögreglustjóra hefði komið eins og af

himnum ofan, eins og hún hefði verið einhver himnasending. Það var að sjálfsögðu mál sem var búið að ræða lengi. (**Gripið fram í:** Ekki ...) Það er afskaplega merkilegt oft hér á hv. Alþingi að stundum kalla menn eftir eflingu lögreglunnar en í umræðunni um það mál heyrði ég að margir gerðu gys að því.

Þetta er að sjálfsögðu þáttur í stærra máli. Einn hluti er eftirlit með þeim útlendingum sem koma til landsins. Eftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur verið stóraukið og það er fylgst mun betur með því sem þar gerist og því fólki sem kemur inn til landsins. Ég hef líka heyrt gagnrýni hér á hv. Alþingi í því sambandi. Það liggur t.d. fyrir að myndir eru teknar af þeim sem koma inn til landsins og það er hægt að rekja það. Allt er þetta hluti af okkar innra öryggi og eftirliti.

Það liggur fyrir að við tökum þátt í umræðum og aðgerðum á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það er líka ljóst að við höfum tekið virkan þátt í slíkum umræðum innan Evrópu vegna þess að við erum hluti af Schengen-svæðinu. Það var mjög mikilvægt skref í sambandi við öryggismál á Íslandi að við skyldum gerast aðilar að Schengen-svæðinu. Þar þurfa að gilda samræmdar reglur, sambærilegar reglur í öllum löndum, og það styrkir stöðu okkar. Það er alveg ljóst að við eigum í vændum vaxandi samstarf á sviði öryggismála, bæði við Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið, við Evrópusambandið vegna þess að við erum aðilar að Schengen-svæðinu, og ég vænti þess að það geti orðið gott samstarf um það.

Hv. þm. sagði að við ættum að taka að okkur eftirlit á höfunum. Ég er ekki sammála því. Ég tel að við Íslendingar getum ekki tekið að okkur einir og sér eftirlit á höfunum hér í kringum Ísland. Við höfum þar notið samstarfs við nágrannaþjóðir okkar, við Bandaríkjamenn, Breta, Norðmenn, Rússa, og við þurfum áfram á því að halda að Bandaríkjamenn samkvæmt varnarsamningnum styðji okkur í því eftirliti.

Við höfum hins vegar ákveðið að láta byggja nýtt varðskip, sem er mikilvægt að geti gerst sem fyrst, en við höfum af fjárhagsástæðum ekki getað ráðist í það enn sem komið er. Það liggur líka ljóst fyrir að við munum í framtíðinni þurfa að styrkja þyrlusveit okkar og Landhelgisgæsluna um leið en við höfum jafnframt verið með æfingar á Norður-Atlantshafi sem varðar samstarf þjóða að því er varðar björgun á hafinu. Þessar æfingar hafa verið á vegum Atlantshafsbandalagsins, þ.e. með samvinnu um frið. Þar hafa Rússar tekið þátt. Við höfum líka verið í sambærilegri æfingu um almannavarnir þannig að þessi vinna er í gangi en ég er þeirrar skoðunar að við getum ekki einir og sér annast allt hafsvæðið umhverfis Ísland. Ég á kannski ekki heldur von á að hv. þingmaður hafi beinlínis átt við það, ég vil ekki gera honum það. Ég vildi samt skýra afstöðu mína í þessu sambandi.

Ég er sammála honum í því að við þurfum að taka þessi mál að okkur í meira mæli en við höfum gert hingað til og ég á frekar von á því að það hafi verið það sem hann átti við.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir þessa umræðu. Það hefur komið hér fram að ýmislegt hefur breyst í utanríkisstefnu Íslendinga, það er rétt. Það er margt sem kemur til, þær breytingar eru fyrst og fremst vegna breyttra aðstæðna, vegna vaxandi mikilvægis utanríkismála og mikilvægis þess að við Íslendingar látum að okkur kveða í alþjóðasamhengi. Þannig gætum við best hagsmuna okkar og þannig leggjum við mest af mörkum til friðar og meiri mannréttinda í heiminum.

[20:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru nokkrir annmarkar á þeim möguleikum sem við höfum til þess að ræða mál af þessu tagi. Hér hefur hæstv. utanrrh. lagt fram mikla skýrslu og er að kveðja þingið sem utanrrh. að því marki að hann mun ekki aftur leggja fram skýrslu af því tagi. Sú skýrsla eðli máls samkvæmt er yfirgripsmikil, hún tekur á öllum þáttum utanríkismála.

Ég tel sem formaður stórs stjórnmálaflokks að það væri þörf á því að taka sérstaka umræðu um öryggis- og varnarmálin. Hvaða kost á ég til þess að knýja fram slíka umræðu? Þessi umræða sem við eigum hérna er ekki nógu hnitmiðuð að því marki að það sé hægt að taka það mál sérstaklega fyrir. Við höfum svo mikið undir.

Ég á þann kost að fara í hálftímautandagskrárumræðu um slík mál. Það er allt of lítið til að það sé hægt að leggja hornsteininn í utanríkisstefnu okkar undir í slíku máli.

Ég hef hins vegar lagt hér fram þingmál fyrir hönd Samf. þar sem boðið er upp á samstarf við ríkisstjórnina í þessum efnum vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að um þau sé ríkt samstaða. Ég tel að ýmis viðhorf sem við höfum gætu gagnast ríkisstjórninni. Til dæmis verð ég að segja að þegar hæstv. ríkisstjórn talar um ógnina sem að Íslendingum steðjar finnst mér sem sú umræða af hálfu hennar sé mjög oft ekki nægilega djúp.

Hvar hef ég möguleika til þess að koma þeim viðhorfum okkar, sem góður Íslendingur og þingmaður, á framfæri? Sum málanna eru líka þess eðlis að það er ekki hægt að ræða þau opinberlega. Jú, þegar hæstv. utanrrh. þóknast að koma til viðræðu við hv. utanrmn. er það hægt.

Ég vil einungis segja að ég tel að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða að það þurfi að ræða það miklu dýpra og ítarlegar, eins og við erum að gera tilraun til að gera hér undir lok þessarar umræðu.

Ég er sammála sumu sem hæstv. ráðherra sagði og mjög ósammála öðru. Að lokum harma ég að ríkisstjórnin hefur ekki tekið í útrétta hönd okkar sem viljum vinna með henni að lausn í þessum efnum og að því að móta farsæla stefnu um þetta.

[20:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru ekki mjög margir dagar síðan við áttum ítarlegar umræður um varnarmál og fleiri mál í utanrmn. Hv. þm. orðaði það svo að þegar utanrrh. „þóknast" að koma þar til viðræðu — ég veit ekki til þess að ég hafi nokkurn tíma neitað því að mæta á fund utanrmn. eða taka þátt í umræðum um mikilvæg utanríkismál. Ég hef ávallt fagnað því þannig að mér finnst þetta óþarfi hjá hv. þingmanni.

Ég fagna hins vegar vaxandi áhuga Samf. fyrir varnar- og öryggismálum. Mér hefur oft fundist skorta mikið á þann áhuga. Það er mjög gott að þeir hafa vaxandi áhyggjur og áhuga á þeim málum og ég tek undir það með hv. þingmanni að þessi umræða, svo löng sem hún er orðin — þessi málaflokkur er svo viðamikill að það væri full ástæða til að ræða ýmis mál með ítarlegri hætti á hv. Alþingi. Ég hef sem utanrrh. ekki neina sérstaka möguleika umfram aðra m.a. til að svara öllu því sem til mín er beint. Ég hef aðeins 15 mínútur í lokin og hef þó nýtt nánast hverja einustu mínútu sem ég hef haft til andsvara í dag til þess að koma fram bæði mótmælum við málflutning og upplýsingum um allt sem ég hef getað þannig að ég hef reynt að nýta þennan tíma.

Það skal ekki standa á mér að finna nýtt form og breyttar áherslur í þessum efnum og ég fagna áhuga hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til að auka þessa umræðu á hv. Alþingi.

[21:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. bregður ekki vana sínum. Af minni hálfu var þetta tilraun til þess að eiga málefnalega samræðu við hæstv. ráðherra um mál sem er mjög mikilvægt og í eðli sínu mjög flókið. Ég tel þörf á því að hæstv. utanrrh. ræði þá snúnu stöðu sem er komin upp í utanríkismálum, þ.e. þann þátt sem varðar öryggis- og varnarmál. Það þarf að ræða hann út frá tvíþættum sjónarhóli. Annars vegar vörnum út á við og hins vegar vörnum inn á við. Hæstv. utanrrh. gæti t.d. lagt fram skýrslu um stöðu mála og efnt til umræðu í þinginu og ég tel að hann ætti að gera það. Mér finnst ómögulegt að hið háa Alþingi fari heim eftir þennan vetur án þess að staðan sé rædd.

Til marks um hvað ég á við er t.d. þetta: Hæstv. utanrrh. reynir að toga svolítið til þau ummæli sem ég viðhafði um sérsveitina. Má ég minna hæstv. ráðherra á það, frú forseti, að þegar hugmyndin um sérsveitina og eflingu hennar kom fram þurftu menn að vera á fundi í Lögregluskólanum til þess að vita af því. Það var ekki gefin yfirlýsing um þessa stefnubreytingu í þinginu og þegar hæstv. dómsmrh. var inntur eftir hlutverki hennar beitti hann ekki þeim rökum sem tengjast vaxandi ógn á hermdarverkum eða gæslu á Keflavíkurflugvelli heldur glímu við undirheimalýð sem selur fíkniefni. Það var síðar sem hæstv. utanrrh. færði það inn í umræðuna.

Annað dæmi. Sveitir á vegum dómsmrh., eftir atvikum hæstv. utanrrh., eru vopnaðar. Þær eru vopnaðar á grundvelli undanþáguákvæðis í vopnalögum. Þurfum við ekki, frú forseti, að taka þessi mál til alvarlegrar yfirvegunar og endurskoðunar með tilliti til breyttrar stöðu.

Margt fleira gæti ég sagt en vil að lokum þakka hæstv. utanrrh. fyrir umræðuna og óska honum velfarnaðar á þeim nýja vettvangi sem hann heldur á innan skamms.

[21:04]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Vegna orða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem forseti skildi þannig að honum þættu þröngar skorður til að ræða utanríkismál og sérstaklega varnar- og öryggismál, vill forseti benda á að umræðan hefur staðið síðan kl. hálftvö í dag. Hverjum og einum þingmanni er heimilt að taka til máls tvisvar, 15 mínútur í senn, og vegna orða hv. þm. um að umræða utan dagskrár væri í hálftíma vil ég árétta við hann að það er líka hægt að fá ótímabundna umræðu og hefur ekki verið farið fram á það.

[21:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi eins skýrt fram og ég kem því frá mér að ákvörðunin um stuðning við Bosníuíhlutunina var stefnubreyting í utanríkismálum. Hæstv. ráðherra spurði í dag: Átti að beita neitunarvaldi? Nei. Það hefði líka verið stefnubreyting í utanríkismálum. Að mínu viti átti Ísland ekki að fara inn á þessa braut og ég er einfaldlega ósammála þeim sem telja það. Ég tel að þeir skuldi þjóðinni að útskýra með hvaða hætti Íslendingar ætla að undirbyggja með trúverðugleika ákvarðanir sínar hvað varðar hernaðarmálefnin í framtíðinni. Ég tel ekki að það hafi verið útskýrt með trúverðugum hætti hvernig slíkar ákvarðanir eru undirbyggðar og það þarf áreiðanlega meiri mannskap í utanrrn. og annars staðar sem getur veitt upplýsingar og er með þekkingu á þessum hlutum.

Hæstv. ráðherra talaði um að á Keflavíkurflugvelli þyrfti sýnilegar loftvarnir. Ég spyr: Er ekki nóg að hér sé vígbúnaðarstöð? Er ekki nóg að það liggi fyrir með skýrum og ákveðnum hætti, hér er Ameríka? Er ekki nóg að samkomulag við Ameríkumenn um hernaðarstöðina verði með þeim hætti? Mér finnst að ef menn hafa ekki betri útskýringar á því hver ógnin er en raun ber vitni ætti að vera nóg að hér sé vígbúnaðarstöð.

[21:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mikilvægt að það komi skýrt fram að allar ákvarðanir innan Atlantshafsbandalagsins eru teknar með samhljóða niðurstöðu eða svokölluðum „consensus". Annaðhvort eru menn með eða á móti. Þetta er oft erfitt form og kallar á mikinn þroska allra ríkjanna og í framhaldi af þeim ákvörðunum sem teknar voru að því er varðaði bæði Bosníu og Kosovo er alveg rétt hjá hv. þm. að það voru tímamót í sögu íslenskra utanríkismála. Það liggur alveg ljóst fyrir, ég er sammála honum um það. Þá ákváðum við að Ísland gerðist aðili að hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins. Við höfðum ekki verið aðilar að henni áður. Nú tökum við þátt í því samstarfi, tökum þátt í þeim fundum og fáum allar upplýsingar í gegnum þá fundi, í gegnum Atlantshafsbandalagið. Það liggur líka ljóst fyrir að við höfum tekið mun virkari þátt í starfi Atlantshafsbandalagsins, ekki síst með friðargæslu okkar. Það starf okkar Íslendinga er mikils metið innan Atlantshafsbandalagsins, í Bosníu, Kosovo og væntanlega fljótlega í Afganistan. Okkar fólk hefur staðið sig afburða vel og hlotið mjög góðan vitnisburð í því starfi. Við höfum sýnt fram á að fámenn þjóð getur tekið fullan þátt í friðargæslu að koma á friði án þess að viðkomandi þjóð hafi herlið.

[21:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við tókum ekki þátt í starfi hermálanefndarinnar. Hvað þýddi það? Það hlýtur að hafa þýtt að menn hafi ekki talið ástæðu til þess miðað við þá stefnu sem rekin var af hendi stjórnvalda á Íslandi. Hæstv. ráðherra segir að menn séu annaðhvort með eða móti. Hvar voru þá Íslendingar þegar þeir tóku ekki þátt í starfinu? Ég geri ráð fyrir að skilaboðin hafi verið: Íslendingar munu ekki taka þátt í starfi hermálanefndarinnar en fylgja eða láta óátaldar þær niðurstöður sem menn komast að. Ég held að þjóðin hafi öll staðið í þeirri meiningu og ég veit ekki betur en það hafi verið skilaboðin frá hendi stjórnvalda til íslensku þjóðarinnar allan tímann að við tækjum ekki þátt í ákvörðunum af þessu tagi. Ég hef staðið í þeirri meiningu að þegar ákvörðunin var tekin á sínum tíma hafi það verið stefnubreyting og mér finnst hæstv. ráðherra hafa verið að lýsa þeirri stefnubreytingu í dag og með orðum sínum áðan að þá hafi menn tekið ákvörðun um að taka þátt í starfi hermálanefndarinnar.

Ég tel að það hafi verið röng ákvörðun og þýði að nú verði menn að ganga lengra fram en hingað til til að undirbyggja „skynsamlegar ákvarðanir" í hermálum.

[21:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það reyndi aldrei á slíka ákvörðun fyrr en kom að Bosníu. Það var í fyrsta skipti og liggur fyrir að um stefnubreytingu var að ræða. En sú stefnubreyting var studd

af Sjálfstfl., Framsfl. og Samf. Ég sagði fyrr í umræðunni að við gætum ekki setið lengur hjá og ég átti m.a. við að í slíkum málum gátum við ekki setið lengur hjá (**JÁ:** Það er bara rangt.) sem við höfðum gert áður. (**Gripið fram í:** Af hverju gátum við það áður.) Ég er margbúinn að segja það. Það hafði aldrei reynt á þetta fyrr. Þetta var í fyrsta skipti sem Atlantshafsbandalagið ákvað að fara með her sinn inn í annað land. Það hafði aldrei gerst áður í sögu Atlantshafsbandalagsins og þess vegna gátum við ekki lengur setið hjá. Það liggur alveg ljóst fyrir, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Flokkur hv. þm. sýndi þá framsýni og þá skynsemi að styðja málið og hv. þm. hlýtur að hafa tekið þátt í slíkri umræðu innan flokksins. Það getur ekki annað verið. (**Gripið fram í:** Hann var ekki í þinginu.) Nú, var hann ekki kominn í flokkinn. (**Gripið fram í:** Hann var skipaður ...) Mér finnst að formaður Samf. hafi þær skyldur gagnvart nýjum þingmönnum að þeir séu upplýstir um grundvallaratriði.

Ég ætla að enda þetta í dag með því að þakka fyrir ágæta umræðu og vil þakka sérstaklega fyrir ágæt orð stundum í minn garð í dag og í garð utanríkisþjónustunnar og vænti þess að við getum áfram átt gott samstarf um utanríkismál.

Fundi slitið kl. 21:14.

---

96. FUNDUR

miðvikudaginn 14. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Þjónusta við varnarliðið, fsp. JGunn og GÁS, 743. mál, þskj. 1113.
2. Búnaður og húsnæði á varnarsvæðinu, fsp. GÁS og JGunn, 744. mál, þskj. 1114.
3. Markaðssetning dilkakjöts erlendis, fsp. JBjarn, 860. mál, þskj. 1318.

Til félagsmálaráðherra:

4. Þjálfun fjölfatlaðra barna, fsp. ÖJ, 251. mál, þskj. 271.
5. Starfsumhverfi dagmæðra, fsp. BjörgvS, 731. mál, þskj. 1084.

Til sjávarútvegsráðherra:

6. Ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnun, fsp. KHG, 604. mál, þskj. 912.
7. Opinber störf í sjávarútvegi, fsp. EMS, 793. mál, þskj. 1208.

Til menntamálaráðherra:

8. Framkvæmd laga um leikskóla, fsp. ÖJ, 253. mál, þskj. 273.
9. Tónlistar- og ráðstefnuhús, fsp. GunnB, 799. mál, þskj. 1214.
10. Gjaldfrjáls leikskóli, fsp. ÁÓÁ, 835. mál, þskj. 1276.

Til fjármálaráðherra:

11. Endurgreiðsla námslána, fsp. KLM, 706. mál, þskj. 1047.
12. Afsláttur af þungaskatti, fsp. KLM, 762. mál, þskj. 1143.
13. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, fsp. VF, 810. mál, þskj. 1228.
14. Virðisaukaskattur af áskrift að netmiðlum, fsp. HjÁ, 861. mál, þskj. 1319.

Til heilbrigðisráðherra:

15. Börn með Goldenhar-heilkenni, fsp. VF, 729. mál, þskj. 1082.
16. Hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi, fsp. GunnB, 800. mál, þskj. 1215.
17. Aldurstengd örorkuuppbót, fsp. JóhS, 837. mál, þskj. 1278.

Til samgönguráðherra:

18. Tvöföldun Vesturlandsvegar, fsp. VF, 741. mál, þskj. 1105.
19. Kötlugos, fsp. HBl, 797. mál, þskj. 1212.

Til landbúnaðarráðherra:

20. Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, fsp. BjörgvS, 834. mál, þskj. 1275.
21. Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, fsp. MÞH, 901. mál, þskj. 1369.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá varaformanni þingflokks Samf., Kristjáni L. Möller, dagsett 14. apríl:

„Þar sem Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurkjördæmis, er farin utan, fyrst í opinberum erindum og síðan einkaerindum, og mun ekki geta sótt þingfundi fram til vors óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og þess að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi situr á Alþingi, að 2. varamaður á listanum, sr. Önundur Björnsson, sóknarprestur á Breiðabólstað, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Kristján L. Möller, varaformaður þingflokks
Samfylkingarinnar."

Önundur Björnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[13:33]

Útbýting þingskjals:

Vegalög, 912. mál, frv. ÞBack og JBjarn, þskj. 1386.

Þjónusta við varnarliðið.

Fsp. JGunn og GÁS, 743. mál. — Þskj. 1113.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. varðandi þjónustu íslenskra aðila við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Það er tilfinning þeirra sem gerst til þekkja að verulegur samdráttur hafi orðið á sölu þjónustu til varnarliðsins og er þessi fyrirspurn liður í því að reyna að fá fram

upplýsingar um hver staða mála er í samskiptum varnarliðsins við innlenda aðila. Jafnvel er talið að samdráttur stærri og smærri verktaka sem séð hafa varnarliðinu fyrir þjónustu geti numið allt að helmingi í veltu og starfa á þeim tíma sem um ræðir og munar nú um minna í ekki stærra samfélagi en á Suðurnesjum.

Þetta er ekki fyrsta fyrirspurnin sem ég beini til hæstv. utanrrh. um málefni varnarliðsins og verður væntanlega ekki sú síðasta svo lengi sem ekki er hægt eftir öðrum leiðum að fá beinar og milliliðalausar upplýsingar frá stjórnvöldum um þá alvarlegu stöðu sem við þeim blasir sem bæði hafa unnið beint og óbeint fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli um áratuga skeið.

Það hefur vakið undrun okkar sem störfum að sveitarstjórnarmálum hversu ónæm stjórnvöld virðast vera fyrir þeim samdrætti sem nú er staðreynd og í engu sér þess stað að einhver vinna sé komin í gang af þeirra hálfu til að bregðast við hinum mikla samdrætti sem nú er orðinn og ekki hafa þau heldur komið áleiðis neinum upplýsingum um hvers sé að vænta í framtíðinni.

Það er ekki ásættanlegt að svara til margra mánaða að verið sé að bíða eftir því að stjórnvöldum í Bandaríkjunum þóknist að ræða í alvöru við íslensk stjórnvöld um framtíð varnarstöðvarinnar á Miðnesheiði. Í það minnsta hlýtur það að vera skylda íslenskra stjórnvalda að setja af stað einhverja vinnu sem miðar að því að skoða hvaða kostir eru á einhverjum mótvægisaðgerðum við minnkandi starfsemi varnarliðsins. Sú vinna á að sjálfsögðu að fara fram í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu sem hafa ítrekað reynt að fá svör frá stjórnvöldum um þessi mál án árangurs.

Rétt er að minna á að stjórnarliðar felldu tillögur Samf. í tengslum við fjárlagagerð þessa árs um heimild til sölu hlutafjár í Hitaveitu Suðurnesja hf. og átti samkvæmt henni að nota það fé sem þannig fengist til uppbyggingar atvinnutækifæra á Suðurnesjum. Enginn jákvæður vilji þar, herra forseti, enginn.

Umsvif varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafa mótað að talsverðu leyti atvinnuumhverfið á Suðurnesjum og er það staðreynd sem ekki verður neitað. Það hefur óneitanlega haft áhrif á atvinnulíf neðan flugvallargirðingar að hafa svo stóran og sterkan atvinnurekanda og þjónustukaupanda sem varnarliðið hefur verið í gegnum tíðina í túnfætinum, og Suðurnes hafa oft fengið þau skilaboð að ekki hafi verið nein þörf á sértækum aðgerðum vegna þess að við hefðum herinn. Til þess að hægt sé að meta hvernig best er að bregðast við þurfa að liggja fyrir nægar og réttar upplýsingar og því er spurt:

Hversu mikið hefur starfsemi íslenskra aðila sem sinna þjónustu við bandaríska varnarliðið dregist saman frá því að bókun við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sem kvað á um fyrirkomulag starfseminnar, rann út árið 2001?

Óskað er upplýsinga um fækkun starfa og tekjutap, jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum, innan varnarsvæðis sem utan.

[13:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Upplýsingar um það mál sem spurst er fyrir um liggja fyrir fyrir árin 2001, 2002 og 2003 og það eru að sjálfsögðu opinberar upplýsingar. Þessar upplýsingar berast reglulega til utanrrn. og til Seðlabankans. Upplýsingar varðandi fyrsta ársfjórðung 2004 liggja væntanlega fyrir núna í maímánuði.

Árið 2001 nam heildarkostnaður varnarliðsins sem greiddur var til innlendra aðila 124 millj. dollara, 131 millj. dollara árið 2002 og 156 millj. bandaríkjadala árið 2003. Ef heildarkostnaður er reiknaður í íslenskar krónur á meðalgengi hvers árs kemur í ljós að árið 2001 var kostnaður varnarliðsins sem greiddur var til íslenskra aðila 12,1 milljarður kr., 11,9 milljarðar árið 2002 og 11,9 milljarðar árið 2003. Það má því vera ljóst af þessum tölum að ekki hafa orðið verulegar breytingar á þessu tímabili, þ.e. tímabilinu 2001–2003. Þegar launakostnaður er dreginn frá var innlendur kostnaður varnarliðsins 8,3 milljarðar 2001, 7,4 milljarðar 2002 og 7,6 milljarðar árið 2003.

Í fyrirspurninni er einnig spurt um fækkun starfa og tekjutap hjá opinberum aðilum og einkaaðilum frá árinu 2001. Hvað varðar fækkun starfa er einungis hægt að svara því hversu mikil fækkun hefur orðið á íslenskum starfsmönnum sem vinna hjá varnarliðinu. Í desember árið 2001 voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 889, 905 í desember 2002 og 883 í desember 2003. Í mars árið 2004 var starfandi 791 starfsmaður hjá varnarliðinu og fækkunin í mars er tilkomin vegna uppsagna varnarliðsins á um 100 starfsmönnum í október sl.

Samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands, og hér er um opinberar tölur að ræða sem hv. þm. getur að sjálfsögðu ávallt nálgast, var hlutdeild varnarliðsins 3,7% af útflutningstekjum árið 2001, 1,6% af landsframleiðslu. Árið 2002 var hlutdeildin 3,5% af útflutningstekjum, 1,5% af landsframleiðslu og 2003 var hlutdeildin 3,9% af útflutningstekjum og 1,5% af landsframleiðslu. Af þessum tölum sést að hlutdeild varnarliðsins í þjóðarbúskapnum hefur verið tiltölulega stöðug á umræddu tímabili. Varnarliðið kaupir vörur og þjónustu af fleiri hundruð fyrirtækjum og einstaklingum á hverju ári. Ekki er hægt að svara því hvernig starfsmannaþróun og afkoma hefur verið í einstaka fyrirtækjum, m.a. vegna þess að flest þeirra skipta ekki aðeins við varnarliðið, heldur við fleiri aðila.

Ef hins vegar eru teknar saman greiðslur til fjögurra stærstu verktaka sem unnu fyrir varnarliðið á árunum 2001–2003 kemur í ljós að heildargreiðslur beint til þeirra samkvæmt gögnum varnarliðsins voru 35,8 millj. bandaríkjadala á árinu 2001, 36,1 millj. árið 2002 og 33,3 millj. árið 2003.

Að því er varðar þá fullyrðingu hv. þingmanns að stjórnvöld séu ónæm fyrir því ástandi sem er á Suðurnesjum er að sjálfsögðu um rakalausar fullyrðingar að ræða, enda studdi hann þær engum gögnum. Við fylgjumst að sjálfsögðu vel með því sem er að gerast og það eru sem betur fer ýmis áform uppi á Suðurnesjum sem annars staðar í landinu um atvinnuuppbyggingu. Hins vegar verða menn að hafa úthald og þolinmæði til að ganga í gegnum þær breytingar sem nú eru í þessum málum sem og aðrar breytingar í þjóðfélaginu og alþjóðamálum. Það veit hv. þm. ósköp vel. Það er mikið breytingaskeið í gangi og menn þurfa að vinna á því og það eru stjórnvöld að gera. Ég er satt best að segja undrandi á því að hann skuli þurfa að biðja um þessar upplýsingar sem liggja að langmestu leyti fyrir með þeim formála sem hann hafði og er, held ég, afskaplega lítt hjálplegt að því er varðar það ástand sem þarna er til staðar.

[13:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það eru vissulega blikur á lofti í atvinnumálum á Suðurnesjunum eins og fram hefur komið

í þjóðfélagsumræðunni á síðustu mánuðum og missirum. Fyrirsjáanlegur samdráttur í rekstri varnarliðsins hefur í för með sér að fjöldi manna gæti misst vinnuna, fleiri bæst á atvinnuleysisskrá á Suðurnesjunum og er atvinnuleysi þar nú hvað hæst á landinu öllu. Það er þörf sértækra aðgerða á Suðurnesjunum til að stemma stigu við þessari þróun og mæta þeim samdrætti í rekstri varnarliðsins sem blasir við öllum. Því höfum við samfylkingarþingmenn undir forustu fyrirspyrjanda, hv. þm. Jóns Gunnarssonar, lagt til að sala á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesjanna verði skoðuð, enda gefur hún einstakt tækifæri til aðgerða ef andvirðinu verður varið til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjunum, enda gæti verið um að ræða á þriðja milljarð króna. Eru áhrif slíkra fjármuna á framtíð svæðisins augljós og skora ég á hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnina að skoða þessar hugmyndir gaumgæfilega og af athygli.

[13:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Jafnframt undrast ég viðbrögð hæstv. ráðherra við þeirri eðlilegu fyrirspurn þegar hv. þm. sýnir því áhuga, og hefur gert það ítrekað í þessum sölum, að huga að því hvað við taki ef svo fari sem margt horfir nú til, að varnarliðið hverfi á braut. Það er undarlegt að hæstv. ráðherra, væntanlegur forsrh., skuli verða hvumpinn af þeim sökum. Það liggur ljóst fyrir af svörum hans að þarna er um gífurlega hagsmuni að ræða, efnahagslega og atvinnulega. Menn spyrja einfaldlega: Er til plan b hjá hæstv. ríkisstjórn? Eru menn viðbúnir því versta og hvað þá við tekur? Oft hefur verið talað um sértækar aðgerðir af minna tilefni en þessu.

[13:45]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að hreyfa þessu máli sem svo sannarlega er mjög mikilvægt. Ég er ekki alveg sammála hæstv. utanrrh. um að þetta hafi verið svo afskaplega stöðugt á undanförnum missirum. Þegar maður skoðar skýrsluna sem hann skilaði af sér til þingsins rétt fyrir páska kemur fram að varnarliðsmönnum hefur fækkað mjög mikið. Íslenskum starfsmönnum hjá varnarliðinu hefur fækkað um 100, bara núna á undanförnum vikum. Þetta er mjög alvarlegt ástand og ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar hann lýsir eftir svörum frá ríkisstjórninni um það hvort hún sé með eitthvert plan b í gangi ef þetta fer á versta veg. Ef Bandaríkjamenn fara, eins og mér þykir því miður margt benda til, er þá til eitthvað annað? Hafa menn hugleitt það?

Það væri gaman að fá skýr svör um það frá hæstv. utanrrh.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hér komu fram og eins þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Það kom mér reyndar ekki á óvart að hæstv. ráðherra skyldi fyrtast við það að spurt væri um varnarliðið. Það hefur verið venja hans. Þegar ég kem upp og spyr eitthvað um þau málefni sem tengjast varnarliðinu er því yfirleitt alltaf svarað á sama hátt og með sama þjóstinum.

Það er ekkert undarlegt þó að ég segi að mér þyki stjórnvöld ónæm fyrir ástandinu eins og það er. Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum eru búnir að reyna núna til margra mánaða að ná fundi hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. til að eiga við þá orðastað um það hvað sé í gangi uppi á flugvelli, hvers sé þar að vænta og hvort stjórnvöld séu á einhvern hátt að bregðast við því ástandi sem hugsanlega gæti þar skapast. Og við fáum ekki fund. Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum fá ekki fund með hæstv. ráðherrum til að ræða þetta vegna þess að það er ekkert að frétta.

Í svari sem ég fékk um daginn frá hæstv. ráðherra varðandi fjölda erlendra borgara og hermanna á Keflavíkurflugvelli sagðist hann ekki geta svarað því hvað væri fram undan fyrr en hann lyki viðræðum við bandarísk stjórnvöld. Síðan kemur fram í skýrslu hans að þessar viðræður eru í raun og veru ekki komnar í gang. Miðað við þá tilfinningu sem við höfum þarna suður frá fyrir verktakamarkaðnum og því magni sem varnarliðið kaupir af þjónustu og þær upplýsingar sem hér hafa komið fram hlýtur næsta skoðun og næsta spurning að vera um það hvernig verktakamarkaðurinn hefur breyst, hve mikið af þessum störfum hafi í raun og veru flust frá Suðurnesjum. Það hlýtur að vera lítill vandi að sjá það vegna þess að varnarliðið hlýtur, eins og aðrir atvinnurekendur á Íslandi, að þurfa að skila verktakamiðum og við hljótum þá að geta séð hvernig þróunin hefur verið þar.

[13:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þingmenn Samf. tala mikið um hvort eitthvað sé til sem heitir plan b ef allt fer á versta veg. Það er þannig í lífinu að þegar menn eru að vinna að ákveðnum verkefnum gera menn það á þeim grundvelli að þeir séu að gera sitt besta og hafi trú á sínum málstað. Það á ekki bara við um þetta mál, það á við um öll mál.

Ég tek eftir því að í öllum málum vill Samf. vinna með allt öðrum hætti, hefur ekki trú á því sem verið er að gera og vill búa til einhver plön b og c. Þetta á við um atvinnumál og utanríkismál. Þannig er ekki hægt að vinna að stórum málum. (**Gripið fram í:** B er nú gott.) Já, en þið eruð að vísu búin að leggja niður A-ið. Hljóðið í utanríkisstefnunni hefur breyst síðan A-ið var lagt niður því að maður veit ekki alltaf hvert Samf. vill fara í utanríkismálum. Það er kannski að verða skýrt núna hvað hún vill í varnar- og öryggismálum.

Það má ekki nálgast þessi alvarlegu varnar- og öryggismál út frá atvinnumálum. Það verður að sjálfsögðu að nálgast þau út frá öryggismálum þjóðarinnar og öryggi landsins. Það er gert. Auðvitað veit ég að þetta snertir atvinnumál okkar en mér finnst ávallt þegar hv. þm. Jón Gunnarsson kemur hér upp að hann vilji nálgast þessi mál fyrst og fremst og nær eingöngu út frá atvinnumálum. Það vildi gamli Alþýðuflokkurinn ekki.

Búnaður og húsnæði á varnarsvæðinu.

Fsp. GÁS og JGunn, 744. mál. — Þskj. 1114.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég er nokkuð hikandi við að leyfa mér að leggja þær spurningar fyrir hæstv. utanrrh. sem hér hefur verið dreift í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið fyrr á þessum fundi. Ég er þar einmitt að ræða um varnar- og öryggismál og reyna að glöggva mig og þingheim á því hver í raun sé staða þeirra mála suður á Keflavíkurflugvelli. Hvaða varnarviðbúnaður er þar til staðar frá einum degi til annars? Við heyrum af því fréttir að þyrlusveitin sé farin

og svo að hún sé komin aftur. Við heyrum af því fréttir að AWACS-ratsjárvélarnar séu óvopnaðar. Þær eru fjórar talsins núna, voru 12 þegar mest var. Við heyrum af því fréttir að kafbátavélar, Orion, séu horfnar. Við sjáum það í skýrslu hæstv. ráðherra að margt bendi til þess að viðhaldsdeildir flugvélaflotans fari á brott fyrri hluta þessa árs. Alltaf í sömu andránni tala oddvitar ríkisstjórnarinnar, og þá hæstv. utanrrh. ekki síst, um að tryggja þurfi lágmarksvarnarviðbúnað, trúverðugar varnir.

Úr þessum stól hefur verið um það spurt, virðulegi forseti, aftur og aftur hvað séu trúverðugar varnir í þessu sambandi. Ég reyni að nálgast það viðfangsefni með fyrirspurn minni og spyr því enn og aftur: Hverjar eru þessar varnir? Eru þær trúverðugar að mati hæstv. ráðherra?

Í annan stað er mál sem er ekki öryggismál í sjálfu sér en nátengt þessu og í raun svo tengt að ekki er hægt að slíta það algerlega frá hinu. Það lýtur að húsnæðismálum og mannvirkjum uppi á velli. Maður hefur auðvitað fylgst með því eins og aðrir í fjölmiðlum að menn hafa velt vöngum yfir áhrifum þess að enn þá dragi saman í starfsemi varnarliðsins og hvaða áhrif það hafi á notkun íbúðarhúsnæðis til að mynda, á fasteignamarkað á Suðurnesjum ef til þess kæmi að það húsnæði færi á almennan markað. Allt er þetta auðvitað samtengt hvað öðru, herra forseti, og ekki hægt að ræða um annað án þess að nefna hitt.

Það liggur ljóst fyrir að sá sem hér stendur, úr gamla Alþýðuflokknum og nú meðlimur í Samf., horfir mjög alvarlegum augum á þessa þróun í öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar en er hins vegar jafnframt mjög vel meðvitaður um það að þetta hefur veruleg áhrif á það atvinnusvæði sem þarna um ræðir, óhjákvæmilega, ekki síst í ljósi þess að þarna hefur herinn verið umtalsverður atvinnuveitandi í meira en hálfa öld. Skylt er skeggið hökunni hvað sem öðru líður.

[13:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Bókunin frá 1996 og bókunin frá 1994 þegar Alþýðuflokkurinn var í ríkisstjórn eru samhljóða. Þá var gert ráð fyrir a.m.k. fjórum orrustuflugvélum hverju sinni á Íslandi. Í mars sl. voru þær sex að tölu. Í október 2003 voru þær fjórar. Í október 2002 voru þær sex og í október 2001 voru þær fimm. Þessum vélum er skipt út á þriggja mánaða fresti. Ein eldsneytisbirgðavél fyrir orrustuþoturnar hefur verið til staðar frá árinu 2001. Varnarliðið hafði fimm björgunarþyrlur hér árið 2001 og sami fjöldi þessara véla er til staðar hjá varnarliðinu í dag en eldsneytisbirgðavél fyrir þær er ekki lengur til staðar eins og var á árunum 2001–2003.

Ein P-3 Orion flugvél frá flota Hollands var á Keflavíkurflugvelli fram til ársins 2003. Þá hafði varnarliðið yfir að ráða gamalli Orion-flugvél sem hafði verið breytt í farþegavél en henni hefur nú verið lagt. Þá voru á árinu 2001 fjórar P-3 Orion kafbátaleitarflugvélar hjá varnarliðinu en engar eru þar núna. Um þessar kafbátaleitarflugvélar er ekki fjallað í bókununum, hvorki á árinu 1994 né 1996. Rétt er að taka fram að þessi tegund flugvéla er komin til ára sinna og enn eru nokkur ár í að ný kynslóð flugvéla leysi þær af hólmi.

Á síðasta ári ákváðu Bandaríkjamenn að stefna að því að fækka þessum vélum úr 288 í 150 og hagræða notkun þeirra til hins ýtrasta. Ástæða þess er sú að vélarnar eru að meðaltali 26 ára gamlar og mundu ekki endast sem skyldi án kostnaðarsamra endurbóta þar til áætlað er að ný flugvélategund leysi þessar vélar af hólmi.

Að því er varðar spurninguna um húsnæðismál eru allar byggingar varnarliðsins í notkun að frátöldum þeim sem bíða niðurrifs. Af 897 íbúðum sem varnarliðið hefur yfir að ráða standa 24 auðar og 53 er verið að endurnýja.

[13:56]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að spyrja þessarar spurningar hér sem ég tel fulla nauðsyn á. Það er eðlilegt að spurt sé þar sem fréttir um það hvað er í gangi uppi á flugvelli varðandi flugvélaflotann hafa oft og tíðum verið á reiki. Mjög gott er að leita réttra upplýsinga og fá þær hér.

Þyrlurnar hafa misst eldsneytisvélina sem gat fylgt þeim á haf út og þar af leiðandi hefur langdrægni þessara björgunartækja minnkað verulega frá því sem var. Öryggi sjófarenda á fjarlægum miðum er þar af leiðandi ekki það sama og var meðan eldsneytisvélin var hér. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi heyrt eins og ég að viðbragðstími þyrlnanna hjá varnarliðinu hafi lengst verulega og jafnvel þegar óskað hefur verið eftir því að njóta þeirrar þjónustu hafi verið sagt frá því að það tæki allt upp í 45 mínútur að gera þær klárar.

[13:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það skiptir miklu máli í allri umræðu um atvinnumál og stöðu hersins á Suðurnesjunum hvaða fyrirætlanir eru og verða uppi um nýtingu á því íbúðarhúsnæði sem kann að liggja eftir varnarliðið ef um frekari fækkun verður að ræða í liðinu. Þessi málefni verður að ræða umbúðalaust. Þó að hæstv. utanrrh. bregðist við þessari ágætu umræðu eins og hvumpinn foli verður samt sem áður að tala um þessi mál. Þarna er um að ræða íbúðarhúsnæði fyrir þúsundir manna og áhrif þess á fasteignamarkaðinn á Suðurnesjunum eru augljós ef það kæmi fyrirvaralítið inn á markaðinn. Fasteignaverð mundi hrynja.

Því væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. utanrrh. til þess hvernig hann telur best að nýta þetta húsnæði til hagsbóta fyrir byggðina suður með sjó og til hagsbóta fyrir Suðurnesjamenn alla. Það viðhorf væri mjög gott að fá inn í þessa umræðu svo að menn geti rætt yfirvegað í framhaldinu.

[13:59]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála því sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. áðan. Auðvitað snýst þetta fyrst og fremst um varnir Íslands. Við megum ekki gleyma því. Allt annað kemur í 2., 3. og 4. sæti. Þetta snýst fyrst og fremst um öryggismál og varnarmál og trúverðugleika öryggis- og varnarmála Íslendinga út á við. Það finnst mér mjög mikilvægur punktur einmitt núna á þessum síðustu og verstu tímum þegar hryðjuverkaváin virðist vera að færast, því miður, sífellt nær okkur.

Ég hjó áðan eftir því í máli hæstv. utanrrh. að hér hefði verið stödd til nokkuð langs tíma kafbátaleitar- og skipaleitarvél frá hollenska sjóhernum, að ég ætla. Það vekur upp spurningu í mínum huga — ég fer reyndar svolítið yfir þetta í grein í Fréttablaðinu í dag þar sem ég reyni einmitt að velta fyrir mér stöðunni og framtíðarmöguleikum okkar — það væri gaman að heyra hæstv. utanrrh. segja eitthvað um það: Eru hugsanlega einhverjir fletir á auknu varnar- og öryggis-

samstarfi við aðrar NATO-þjóðir en Bandaríkjamenn?

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau voru í þeim dúr sem ég átti von á. Það er augljóst mál að það eru miklar sviptingar frá einum tíma til annars í umfangi tækja og tóla af hálfu varnarliðsins suður á Keflavíkurflugvelli. Ég vil þess vegna í því ljósi spyrja hæstv. ráðherra hvort íslenskum yfirvöldum og þá ráðuneytinu sé um það tilkynnt frá einum tíma til annars hvernig hagað er fjölda þessara véla og ferðum þeirra að öðru leyti. Því hefur verið haldið fram í fjölmiðlum að þær fréttir berist ekki fyrr en seint og um síðir og stundum sé ráðuneytið seinast allra til að frétta af því þegar vélar hafa farið eða eru komnar aftur.

Í annan stað vil ég árétta spurningu mína sem auðvitað hlýtur að vera lykilspurning. Ef litið er til meðaltalsumfangsins eins og hæstv. ráðherra lýsti því áðan, metur hann það sem svo að það séu trúverðugar varnir? Er með öðrum orðum ástandið eins og það er í dag sá lágmarksviðbúnaður sem íslensk yfirvöld miða við í viðræðum sem fram hafa farið og vonandi eiga eftir að fara fram við bandarísk yfirvöld? Eru hugsanlega einhver afsláttarkjör á því, einhver önnur samsetning sem íslensk yfirvöld hafa skilgreint með sjálfum sér og geta upplýst hér á hinu háa Alþingi?

Ég vil árétta það, herra forseti, í ljósi umræðu um þessi mál í dag og raunar á umliðnum vikum að það er engin meinbægni af minni hálfu eða Samf. þegar við sýnum þessum málum áhuga. Okkur er fullkomin alvara í því að reyna að tryggja með öllum tiltækum ráðum að hér séu lágmarksvarnir til staðar og við höfum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar boðið ríkisstjórninni upp á samstarf í þeim efnum, samstarf sem hefur verið hafnað.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að því er varðar húsnæði á Keflavíkurflugvelli og hugsanlega aðra nýtingu þess er þetta húsnæði í eigu varnarliðsins og engum manni hefur dottið í hug að fara að ráðstafa eigum annarra með þeim hætti sem hv. þm., ég held að það hafi verið hv. þm. Björgvin Sigurðsson, sagði hér. Það er bara út í hött að gera það.

Auðvitað getur ýmislegt breyst í lífinu. Menn taka þá á því í þessu tilviki þegar það kemur upp og menn verða að hafa trú á því að það verði hægt að leysa þessi mál með viðunandi hætti. Hv. þingmenn Samf. spyrja iðulega um lágmarksvarnir. Ég bið þá hv. þm. Samf., sérstaklega hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson, að fara í gegnum málið frá því að hann sat í ríkisstjórn 1994 þar sem sett var í bókun að það yrðu að vera hér á landi ekki færri en fjórar orrustuflugvélar. Við höfum ekki breytt um skoðun í þessari ríkisstjórn sem nú situr frá þeim tíma. Svo einfalt er það.

Hins vegar hefur margt breyst og hvernig skyldi standa á því að það var ekkert ákvæði um P-3 Orion vélarnar? Það er vegna þess að umferð kafbáta hefur gjörbreyst á Norður-Atlantshafi og það þótti ekki ástæða til að taka það sérstaklega fram. Að því leytinu til hefur ekkert breyst í mati núverandi ríkisstjórnar og fyrrverandi ríkisstjórnar sem hv. þm. sat í á varnarþörf þessa lands. Þess vegna undra mig þessar þrálátu spurningar hans og bið hann um að reyna að rifja upp eitthvað af því sem hann kunni fyrir 10 árum meðan Alþýðuflokkurinn var og hét. Ég trúi því vart að hann sé búinn að gleyma því öllu.

Markaðssetning dilkakjöts erlendis.

Fsp. JBjarn, 860. mál. — Þskj. 1318.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um stuðning við markaðssetningu á dilkakjöti erlendis af hálfu ráðuneytisins:

1. Er ljóst hvernig því fé verður ráðstafað sem ráðuneytinu var veitt sérstaklega í fjárlögum fyrir árið 2004 „til að styðja við markaðssetningu dilkakjöts erlendis“? — Það voru 10 millj. kr.

2. Eru fyrirhugaðar sérstakar mannaráðningar í þessu skyni?

Á undanförnum árum hefur verið unnið að sérstöku markaðsátaki við sölu á dilkakjöti erlendis. Hefur sá útflutningur farið vaxandi, úr 834 tonnum árið 1999 í um 2.254 tonn árið 2003. Tonnafjöldinn segir þó ekki alla söguna því að aukinn hluti er fluttur út hálf- eða fullunninn. Lögð hefur verið rík áhersla á að koma á samstöðu og samvinnu allra þeirra aðila sem koma að útflutningsmálum til að nýta sem best kraftana og ná sem bestum árangri. Það hefur verið unnið undir forustu markaðsráðs kindakjöts, sem er samstarfsvettvangur sláturleyfishafa, Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda.

Ríkið hefur komið að stuðningi við markaðsstarfið og ímyndarsköpunina erlendis í gegnum landbrn. í sérstöku átaksverkefni sem kallað hefur verið „Áform“ sem fengið hefur 25 millj. kr. á ári á fjárlögum. Einungis hluti af því fjármagni fer til stuðnings markaðssetningar dilkakjöts en einnig er unnið að öflun markaða fyrir eldisfisk, ullarvöru og nú síðast skyrs og fleiri verkefni eru á vegum átaksins.

Að sjálfsögðu er innanlandsmarkaðurinn okkur mikilvægastur og því tel ég að þar megi margt mun betur gera, ekki síst gagnvart ferðamönnum sem koma til landsins. Engu að síður er útflutningur dilkakjöts mikilvægur. Hann skapar atvinnu, gjaldeyri og tryggir öruggt framboð innan lands.

Á fjárlögum þessa árs eru 10 millj. kr. veittar til utanrrn. til aðstoðar við markaðsetningu á dilkakjöti erlendis. Þetta var nokkuð umdeilt á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga og forsvarsmönnum bænda fannst óeðlilegt að veita öðru ráðuneyti fjármagn til sömu verkefna og landbrn. nú fer með en setti sig að sjálfsögðu ekki upp á móti því að fá aukið fjármagn til stuðnings við markaðsstarf. Þeir lögðu samt eindregna áherslu á að fjármagnið færi í sama feril og annað markaðssetningarstarf.

Á heimasíðu sinni 30. mars sl. brigslar Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, þeim sem standa að útflutningi dilkakjöts um blekkingar og að gefa villandi upplýsingar, líkir útflutningi lambakjöts við nýju fötin keisarans. Hæstv. iðnrh. fer álíka háðulegum orðum um skoðun sína á útflutningi dilkakjöts í pistli sínum á þorra nýverið. Samtímis þessum harkalegu árásum kom í hádegisfréttum útvarps 30. mars sl. eftirfarandi frétt:

„Utanríkisráðuneytið ákveður á næstunni hvernig verja skuli 10 milljónum króna sem fjárlög gera ráð fyrir að ráðuneytið verji til sölu á lambakjöti erlendis. Rætt hefur verið um að ráða Theodór Bjarnason, fyrrverandi forstjóra Byggðastofnunar, sem sölumann lambakjöts í Kaupmannahöfn. Hann er á biðlaunum sem forstjóri Byggðastofnunar.“ (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að hæstv. utanrrh. svari þessu.

[14:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Utanríkisþjónustan hefur átt gott og farsælt samstarf við útflytjendur lambakjöts í gegnum tíðina. Af nýlegum verkefnum ber t.d. að nefna samstarf á vettvangi verkefnisins „Iceland Natural" í Bandaríkjunum þar sem sala á lambakjöti og kynning á Íslandi og öðrum íslenskum afurðum, svo sem vatni og skyri, hafa verið samtvinnuð. Á síðasta ári var enn fremur haldin kynning á vegum sendiráðsins í Kaupmannahöfn, m.a. í samstarfi við Sláturfélag Suðurlands, sem liður í sölu- og kynningarátaki þess í Danmörku.

Þá hefur utanrrn. um nokkurt skeið lagt hart að færeyskum stjórnvöldum að leysa úr vandamálum tengdum dýraheilbrigðiseftirliti við innflutning á landbúnaðarafurðum til eyjanna en nú um stundir er nauðsynlegt að flytja afurðir frá Íslandi í gegnum Danmörku til Færeyja.

Hinn 3. september árið 2003 skipaði landbrh. nefnd um vanda sauðfjárbænda. Nefndina skipuðu Ari Teitsson, þáv. formaður Bændasamtakanna, Drífa Hjartardóttir alþm., Jóhannes Sigfússon, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbrn., og Þórólfur Friðriksson, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Hinn 5. nóvember sl. skilaði nefndin tillögum í 13 liðum. Meðal tillagna var eftirfarandi tillaga sem snýr að mínu ráðuneyti:

„Lagt er til að með aðstoð við markaðsstarf erlendis leggi utanríkisráðuneytið til starfsmann er eingöngu hafi það hlutverk að greiða fyrir markaðssetningu dilkakjöts í samstarfi við útflytjendur. Starfsmaðurinn hafi það vægi innan ráðuneytisins sem nauðsynlegt er talið. Starfið verði tekið til endurmats að þremur árum liðnum."

Í fjárlögum ársins 2004 var 10 millj. úthlutað til utanrrn. í þessu skyni. Undanfarið höfum við í utanrrn. ásamt landbrn. fundað með útflytjendum og fleiri hagsmunaaðilaum þar sem farið hefur verið yfir það hvernig umræddum fjármunum sé best varið. Þessir fundir voru gagnlegir og munu nýtast okkur við endanlega ákvörðun um ráðstöfun þess fjár sem utanrrn. var úthlutað á fjárlögum ársins en engar ákvarðanir hafa enn verið teknar í þeim efnum.

Að því er varðar spurningu númer tvö þá hafa, eins og segir í svari við fyrri spurningu, engar ákvarðanir verið teknar um ráðstöfun þeirra 10 millj. sem utanrrn. var úthlutað á fjárlögum þessa árs, hvorki varðandi mannaráðningar né annað.

[14:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Tímabært er að lambakjötsfarsanum mikla í Framsfl. fari að ljúka og vopnaglamrið milli hæstv. ráðherra Guðna Ágústssonar og Valgerðar Sverrisdóttur þagni. Þetta vopnaglamur hlýtur, ef eitthvað er, að skemma fyrir því mikilvæga starfi sem það er að gera, enn eina úrslitatilraun til að koma sauðfjárræktinni á einhvern hátt til hjálpar eða bjargar, en eins og allir vita má segja að sauðfjárræktin hafi endanlega sigið á hliðina nú í stjórnartíð Framsfl. síðustu átta árin og margir sem sjá engar leiðir fyrir hana til að rétta sig við enda þótt ýmislegt sé lagt til.

Það hlýtur að vera mikilvægt að opinberu fé til þessa málaflokks sé vel varið, því fé sem varið er til markaðsstarfs erlendis. Því er spurning hvort svo sé þegar tvö ráðuneyti eru að bítast um bitana og skipta þeim kröftum og því fé sem varið er til markaðssetningar á lambakjöti erlendis þvert gegn vilja og óskum bændaforustunnar sem að sjálfsögðu vill veita því fé og þeim kröftum í einn farveg.

[14:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Vandi sauðfjárbænda er mikill. Um það hefur verið fjallað ítarlega á hinu háa Alþingi í vetur. Hins vegar hefur minna verið fjallað um þá leið sem valin hefur verið, þ.e. útflutningsleiðina á dilkakjöti sem einhvers konar lausn fyrir sauðfjárbændur.

Sannleikurinn er sá, hæstv. forseti, að í útflutningnum er engin lausn vegna þess að sauðfjárbændur fá ekki meira í aðra hönd fyrir kjöt sitt. Markaðssetning á kjöti á heimsmarkaði er gífurlega stórt og erfitt mál og kostar firnamikla peninga. Eitt verkefni hefur verið í gangi til að markaðssetja kjöt í stórborgum vestan hafs og austan, og verandi sú lúxusvara og sú dýra vara sem íslenska dilkakjötið er segir það sig sjálft að það er mikið vandaverk að markaðssetja það þannig að hinn almenni neytandi erlendis telji sig geta keypt það. Nú hyggst hæstv. ríkisstjórn bæta enn í og ráða sérstakan starfsmann til utanrrn. til þess að flytja út meira kjöt. Ég hefði trúað þessu ef við værum stödd í Ráðstjórnarríkjunum. Er það ekki verkefni fyrirtækja og hagsmunaaðila, hæstv. forseti, að ráða starfsmann til þess að flytja út kjöt?

[14:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sauðfjárframleiðslunni er mikill vandi á höndum. Gera þarf allt sem við kunnum og getum til þess að markaðssetja þær afurðir. Unnið hefur verið að því bæði á Bandaríkjamarkaði og einnig hefur útflutningur til Ítalíu verið að aukast. Við höfum einnig nokkra markaði á Norðurlöndum og í Færeyjum. Ég tel að við eigum að vinna að þessum málum áfram. Hvort það er rétta lausnin að ráða á sérstakan markaðsfulltrúa á vegum utanrrn. dreg ég mjög í efa, en hefði talið að eðlilegt væri að styrkja og efla þá markaðssetningu sem unnið hefur verið að hérlendis, m.a. af Bændasamtökunum á undanförnum árum, og sú lausn sé vænleg að auka það samstarf. En hvort gera á það með því að ráða sérstakan starfsmann dreg ég mjög í efa. Það tekur tíma að vinna að markaðssetningu dilkakjöts eins og annarri vöru og vonandi ber þetta meiri árangur en verið hefur.

[14:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er svolítið skringileg umræða. Við höfum fylgst með því í vetur að það er mikil óeining innan Framsfl. um hvað eigi að gera í málinu. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir að 30 ára stríð hafi tapast og það sé miklu betra að markaðssetja þorrablót erlendis en kjötið og kannski er hún að því í Kína núna. En hæstv. utanrrh., sem er formaður flokksins, gerði vel í því að lýsa því í ræðustól hver stefna Framsfl. er í málinu. Hefur þetta mistekist? Er þetta búið spil eða munu þessar 10 millj. kr. og starfsmaðurinn úr utanrrn. geta bjargað einhverju hvað varðar sölu á lambakjöti erlendis? Ég held alla vega að það sé kominn tími til að Framsfl. tali skýrt og það verði tekið upp úr pokanum sem þar er.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þá umræðu sem hefur átt sér stað. Umræðan færir einmitt heim sanninn um hversu mikilvægt er að þeir sem að þessum málum koma komi fram af trúverðugleika og að ráðherrar eða aðrir áhrifamenn sem um málin véla séu ekki með yfirlýsingar út og suður sem verða engum öðrum til tjóns en sauðfjárbændum og þessum útflutningi.

Ég vil ítreka að það er mjög alvarlegt þegar einstakir ráðherrar eins og hæstv. iðnrh. og aðstoðarmaður hennar og forustumenn í stjórnmálum tala niðrandi um atvinnuveg eins fram hefur komið.

Það er staðreynd að verið er að vinna gott starf í útflutningsmálum lambakjöts þó þar megi sjálfsagt enn betur gera. Menn geta deilt um markaðsstarf og útflutning á málefnalegum grunni en ekki með einhverjum sleggjudómum og ótímabærum yfirlýsingum. Sundrung og niðurboð milli innlendra aðila á mörkuðum er hættulegur þessum útflutningi sem öðrum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að aðkoma hæstv. utanrrh. verði með þeim hætti að hún stuðli frekar að og styrki þá einingu sem verið er að byggja upp að baki útflutningi á dilkakjöti og utanrrh. átti sig á að þessi mál eru a.m.k. enn á forræði landbrh. og að hæstv. utanrrh. beiti afli sínu sem formaður flokksins og setjist á samráðherra sína þannig að þeir séu ekki að skaða atvinnuveginn með ótímabærum yfirlýsingum. Varðandi 10 millj. kr. tel ég að best sé að ráðstafa þeim í nánu samráði og samkvæmt tillögum þeirra aðila sem vinna að markaðsmálum og framleiðslu í sauðfjárrækt. Ég dreg ekki í efa mikla vinnu og mikilvægi aðkomu utanrrn. en hún á bara að vera hluti af heildarvinnunni en ekki eitthvert nýtt spark út í loftið.

[14:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er afskaplega undarlegt að heyra það á hv. Alþingi að umræða sé skaðleg. Ég held að það sé afskaplega gott að ræða þessi mál, þann árangur sem hefur náðst á undanförnum árum og áratugum í sölu lambakjöts og endurmeta stöðuna. Mér finnst það gagnlegt. En ég heyri að hv. þm. Jóhann Ársælsson telur það mjög skaðlegt og að það sé alveg út í hött að það skuli vera einhver umræða milli ráðuneyta.

Utanrrn. fer með utanríkisviðskiptamál og við erum einfaldlega að sinna kalli sem kemur frá ákveðinni nefnd sem er stofnað til í þessu skyni, skila samhljóða niðurstöðu og Alþingi ákveður samhljóða, eftir því sem ég best veit, að 10 millj. kr. skuli varið til utanrrn. í þessu skyni. Mér er ekki kunnugt um að nokkur þingmaður hafi greitt atkvæði gegn því og er ekki eðlilegt að við vinnum úr því verkefni? Utanrrn. kemur að sjálfsögðu á hverjum einasta degi að útflutningsmálum okkar. Við erum víða með viðskiptafulltrúa. Við erum með sendiráð víða um heim og eðlilegt að utanrrn. sinni þessu eftir því sem vilji sauðfjárbænda, landbrn. og annarra aðila gengur til og það er einfaldlega það sem við erum að gera. Ég hélt að það væri gagnlegt. Ég hélt að við værum einfaldlega að gera það sem Alþingi var að biðja okkur um og þess vegna séu þessi mál í mjög eðlilegum farvegi.

Við ætlum að sjálfsögðu ekki að fara að gera eitthvað sem er andstætt hagsmunum þessara aðila, hefur aldrei dottið það í hug. Þetta eru ekki miklir peningar. Utanrrn. hefur ekki mikla fjármuni til þess að sinna utanríkisviðskiptum og við munum að sjálfsögðu nýta þá fjármuni eftir því sem við best getum í samvinnu við landbrn., eins og við gerum í samvinnu við ráðuneytin almennt því að utanrrn. þjónustar önnur ráðuneyti miklu meir.

Starfsumhverfi dagmæðra.

Fsp. BjörgvS, 731. mál. — Þskj. 1084.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félmrh. um starfsumhverfi dagmæðra. Ástæðan er sú að í drögum að nýrri reglugerð sem félmrn. sendi sveitarfélögum og félögum dagforeldra til umsagnar hinn 9. febrúar sl. er lagt til að hvert dagforeldri eða dagmóðir eins og segir í reglugerðinni megi ekki hafa fleiri en fjögur börn. Dagforeldrar eru ósáttir við þetta nýja ákvæði og telja að með því sé verið að kippa stoðum undan rekstri daggæslu í heimahúsum. Það má færa sterk rök fyrir því að sú sé einmitt raunin verði þetta ofan á.

Samkvæmt reglugerðinni sem hefur verið í gildi frá árinu 1992 má dagforeldri með a.m.k. eins árs starfsreynslu hafa fimm börn í umsjá sinni. Dagmæður eru afar ósáttar við tillögu um breytingarnar enda mundi hún að óbreyttu verða til þess að tekjur þeirra mundu skerðast um heil 20%. Dagforeldrar fá fasta niðurgreiðslu frá hverju sveitarfélagi fyrir hvert barn sem þeir annast um en greiðslan nemur um 14 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn sem er allan daginn hjá dagforeldri í Reykjavík, svo dæmi sé tekið. Miðað við fimm börn í gæslu nemur niðurgreiðslan því 70 þús. kr. á mánuði en lækkar í 56 þús. kr. verði dagforeldrum gert að fækka úr fimm börnum í fjögur. Ofan á greiðslurnar til dagforeldra bætist svo við taxti sem ákveðinn er af viðkomandi dagforeldri. Algengt gjald sem foreldrar greiða fyrir barn sem er hjá dagforeldri allan daginn er 39–43 þús. kr. á mánuði. Á móti því gjaldi kemur svo niðurgreiðsla frá sveitarfélaginu.

Fullyrða má, virðulegi forseti, að dagmæður á Íslandi sinni mikilvægu starfi við gæslu og umönnun ungra barna á meðan dagheimili taka ekki við börnum fyrr en um tveggja ára aldur. Þar sem fæðingarorlof getur samanlagt lengst orðið 9 mánuðir er þörf á þjónustu dagmæðra fyrir þá foreldra sem kjósa að halda aftur til starfa út á vinnumarkaðinn og sem þurfa jafnvel á því að halda.

Félmrh. skipaði sérstakan starfshóp til að fjalla um reglugerðardrögin sem ég gat um í upphafi en þar er ekki gert ráð fyrir fulltrúum viðskiptavina þjónustunnar í þennan hóp, þ.e. foreldrum þeirra barna sem nú njóta dagvistar hjá dagmæðrum og dagforeldrum. En ráðuneytið telur sig hafa umboð foreldra til að skerða þjónustuna frá því sem nú er og hækka verð hennar ef það gengur eftir þannig að dagforeldrar geti mætt þeirri tekjuskerðingu sem þeir verða fyrir um heil 25% og er þá mikið á þá lagt sem lítið hafa úr að bíta.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh.:

1. Hvaða áhrif telur ráðherra að breytingar á starfsumhverfi dagmæðra hafi, sem fela í sér að hver dagmóðir má ekki hafa fleiri en fjögur börn?

2. Telur ráðherra að breytingin rýri kjör dagmæðra um 20% eins og fram er haldið?

3. Telur ráðherra að breytingin muni leiða til verulegrar hækkunar á vistunargjaldi barna hjá dagmæðrum og þá hve mikillar?

[14:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að vekja máls á Alþingi á málefnum dagforeldra og starfsumhverfi þeirra með þeim fyrirspurnum sem fram hafa verið lagðar.

Málið hefur verið til opinberrar umræðu upp á síðkastið og tengist einkum því að í félmrn. hefur verið unnið að því að skoða breytingar á reglugerð um þessa starfsemi.

Í fyrsta lagi er spurt hvaða áhrif ráðherra telji að breytingar á starfsumhverfi dagmæðra hafi, að dagmóðir megi ekki hafa fleiri en fjögur börn eins og gert er ráð fyrir í drögunum. Hugmynd um fækkun úr fimm börnum í fjögur kemur fram þar sem börn hjá dagforeldrum eru mun yngri en áður. Þegar núgildandi reglugerð um daggæslu barna var sett á árinu 1992 voru börn hjá dagforeldrum allt upp í sex ára gömul. Samkvæmt könnun félmrn. frá 2001 voru 95,5% barna hjá dagforeldrum tveggja ára og yngri. Starf dagforeldra hefur því breyst, hæstv. forseti, frá gæslu barna á leikskólaaldri yfir í umönnun yngstu barnanna.

Breytingin er annars vegar hugsuð út frá hagsmunum og öryggi yngstu barnanna en hins vegar út frá starfinu sjálfu sem verði innihaldsríkara og þar með ánægjulegra fyrir dagforeldrana.

Ljóst má vera hversu mikill ábyrgðarhluti það er að taka fimm ung börn inn á heimili sitt, sjá um margvíslegar þarfir þeirra, líkamlegar sem andlegar, jafnframt því að útbúa mat og fleira sem til fellur. Með fækkun barna úr fimm í fjögur er ætlað að starf dagforeldra verði betra að gæðum, þeir geti betur sinnt persónulegum þörfum og þroska hvers og eins barns á þessu mikilvæga tímabili í þroskaskeiði þess. Með því móti verði stuðlað að því að starf dagforeldra njóti meiri virðingar en það virðist nú gera, starfið verði metið að verðleikum sem þýðingarmikill hlekkur í velferðarþjónustu sveitarfélaga við ung börn og fjölskyldur þeirra í nútímasamfélagi þar sem gert er ráð fyrir að báðir foreldrar stundi vinnu utan heimilis.

Með viðmiðuninni um fjögur börn hjá hverju dagforeldri er höfð hliðsjón af þeirri viðmiðun sem beitt er á leikskólum Reykjavíkur en þar er miðað við að starfsmaður sem annast börn yngri en tveggja ára hafi umsjón með fjórum börnum. Segja má að á leikskólum séu kjöraðstæður til uppeldisstarfa og starfsmenn geti helgað sig uppeldisstarfinu heils hugar.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, er spurt hvort ráðherra telji að breytingin rýri kjör dagmæðra um 20% eins og fram er haldið. Með hugmyndinni um fjögur börn í gæslu hjá dagforeldrum að hámarki í stað fimm barna var ekki gert ráð fyrir að tekjur dagforeldra lækkuðu. Ég hef ákveðið að skipa starfshóp, eins og hv. þm. kom inn á, til að fara yfir reglugerðardrögin og er honum m.a. ætlað að vinna að því að kjör dagforeldra haldist því sem næst óbreytt. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá félmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga, tveir frá dagforeldrum og einn frá Kennaraháskóla Íslands.

Mér er ljóst, hæstv. forseti, að málið þarfnast góðrar umfjöllunar. Í fyrsta lagi þarf að meta velferð barnanna og gæði starfsins. Bent skal á að um er að ræða gæslu og umönnun næstum heils árgangs yngstu barna landsins. Umönnun þessara barna er því mikilvægur hlekkur í velferðarþjónustunni, bæði fyrir heimilin og atvinnulífið.

Í öðru lagi þarf að hafa í huga kjör og aðstæður þeirra einstaklinga sem tekið hafa að sér að reka þessa mikilvægu starfsemi. Allar grundvallarbreytingar á reglum um starfsemina geta vissulega haft áhrif á starfsumhverfi þeirra.

Í þriðja lagi þarf að skoða málið út frá sjónarhóli sveitarfélaganna en þau bera vissulega mikla ábyrgð í þessu sambandi. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, veita félagsmálanefndir sveitarfélaga leyfi til daggæslu barna í heimahúsum auk þess sem sveitarfélög niðurgreiða starfsemina að ákveðnu marki. Eftirlitshlutverkið er að auki í höndum sveitarfélaga.

Í þriðja lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hvort ráðherra telji að breytingin muni leiða til verulegrar hækkunar á vistunargjaldi barna hjá dagmæðrum og þá hve mikillar.

Hæstv. forseti. Eins og svör mín að framan bera með sér er ekki ætlunin að gjald foreldra til dagforeldra hækki verulega. E.t.v. verður þó ekki komist hjá einhverri hækkun. Eins kann að vera vilji hjá sveitarfélögunum til að auka niðurgreiðslur með hverju barni. Þessum spurningum verður m.a. svarað og þær ræddar í starfshópi þeim sem ég hef ákveðið að muni fjalla um málið og ég gat um áðan. Á það verður að leggja áherslu, hæstv. forseti, að með þessari breytingu fá börn og foreldrar betri og öruggari þjónustu og því sanngjarnt að kostnaður foreldra aukist eitthvað með auknum gæðum. Fullur skilningur er hins vegar á því að sú hækkun má ekki verða veruleg.

[14:29]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að koma með málið í sal Alþingis. Full ástæða er til að velta fyrir sér hvað gerist ef sú breyting verður að dagmæður fái einungis að hafa fjögur börn í stað fimm áður. Ástæðan fyrir því að ég kem upp er vegna þess að í svari hæstv. ráðherra kom fram að ekki væri gert ráð fyrir að tekjur dagforeldra við að taka fjögur börn í vistun mundu lækka frá því sem nú er þegar þeir eru með fimm börn. Óneitanlega sló þá sveitarstjórnarmannshjartað örlítið hraðar og ég fór að velta fyrir mér: Getur það verið að enn og aftur eigi að koma með einhverjar álögur á sveitarfélögin sem þau ráða engu um, eins og því miður hefur verið allt of mikið um í tíð núverandi ríkisstjórnar?

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóð og ágæt svör og ætla að beina þeirri ósk til þess starfsfólks sem hann er að skipa og mun taka á þessu máli og útfæra tillöguna, að taka sérstakt tillit einmitt til þess sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á að varpa þessu ekki beint í fangið á sveitarfélögunum, heldur verði ríkið að koma myndarlega að málinu til að koma í veg fyrir annars vegar að hækkunin bitni á foreldrunum sem er sá hópur í samfélaginu, unga barnafólkið, sem hvað þyngstar byrðar ber og má minnst við auknum álögum og er frekar í umræðunni að reyna að létta álögurnar á þann hóp en að þyngja hann með þessum hætti. Um leið vil ég lýsa efasemdum mínum um að þörf sé á þessum breytingum. Ég hef ekki séð nein eða heyrt nein rök fyrir því að fimm börn hjá reyndri dagmóður sé of mikið og þeim þurfi að fækka niður í fjögur til að auka gæði þjónustunnar, heldur miklu frekar að taka inn í breytingarnar starfsaldursmat og hæfismat viðkomandi dagmóður og gera þeim sem besta starfsaldurinn og reynsluna hafa og mesta hæfni hafa til að gæta barnanna frekar kleift að taka sjötta barnið heldur en að skera þau niður í fjögur. Ég hef ekki séð nein rök fyrir þessari fækkun, miklu frekar ætti að taka

tillit til viðkomandi dagmóður og hvernig staða hennar er heldur en að skera flatt niður um eitt barn úr fimm í fjögur, því óneitanlega læðist að manni sá uggur að það verði til þess að annars vegar muni álögurnar og byrðarnar á unga barnafólkið aukast og hins vegar verði því varpað í fangið á sveitarfélögunum að mæta því sem á milli ber. Það er ósanngjarnt og óréttlátt sérstaklega í ljósi þess hvernig ríkisvaldið hefur komið fram við sveitarfélögin á liðnum árum með því að svæla þau í þrot.

[14:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég ítreka þakkir mínar fyrir umræðuna og vegna framkomins álits hv. þm. Jóns Gunnarssonar varðandi aðkomu sveitarfélaganna að málinu hef ég, eins og kom fram í svari mínu áðan, óskað eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa sinn í þann starfshóp sem ég hef hér rakið að settur verður á fót. Auk þess hefur Samband sveitarfélaga fengið í hendur drög að þessari reglugerð til umfjöllunar og ég vænti þess að sjónarmið sveitarfélaganna komi fram í þeirri vinnu en það er ljóst að frekari framþróun í þessum efnum getur ráðist af afstöðu sveitarfélaganna. Það eru þau sem styrkja þessa starfsemi fjárhagslega og þau hafa hið formlega eftirlitshlutverk á sínum herðum. Auk þess er starfsemi sem þessi liður í heildarsamhengi í hverju sveitarfélagi í þjónustu við börn á þessum aldri.

Ég vil einnig geta þess, hæstv. forseti, að fulltrúar dagmæðra komu á minn fund og reifuðu sjónarmið sín í málinu. Fulltrúar þeirra munu, eins og ég gat um áðan, koma að þeirri vinnu sem fram undan er og ég vænti þess að þar muni skapast vettvangur til skoðanaskipta.

Ég vil, hæstv. forseti, ítreka að ekkert hefur verið ákveðið í þessum efnum en það upplegg sem fram kemur í reglugerðardrögunum sem send hafa verið til fulltrúa dagmæðra, Sambands sveitarfélaga og fleiri til umsagnar, þar sem reifaðar eru hugmyndir um fækkun barnanna úr fimm í fjögur, er fyrst og fremst sett fram með hagsmuni barnanna í huga. Það er engin ástæða, hæstv. forseti, til að draga nokkra fjöður yfir það. Hins vegar tel ég ástæðu til þess að fara vel yfir málið og við munum gera það á sumri komanda og vonandi komast að sameiginlegri niðurstöðu áður en haust rennur upp.

Þjálfun fjölfatlaðra barna.

Fsp. ÖJ, 251. mál. — Þskj. 271.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Spurningar mína til hæstv. félmrh. eru tvær og eru þær svohljóðandi:

1. Hvernig er háttað eftirlitsskyldu ráðuneytisins með fjölfötluðum börnum til sex ára aldurs með sérstakri skírskotun til almennrar þjálfunar, talkennslu, iðju- og sjúkraþjálfunar?

2. Er aðhald og eftirlit samræmt þegar um marga þjónustuaðila er að ræða?

Nú minnist ég þess að í upphafi ráðherraferils síns sagði hæstv. núv. félmrh. að hann vildi leggja sig sérstaklega fram um að auka aðstoð við fatlaða. Ég efast ekkert um góðan hug hans í því máli en eitt má hann vita að honum verður haldið við efnið. Sömuleiðis geri ég mér grein fyrir því að innan velferðarþjónustunnar er starfandi fólk sem er allt af vilja gert til þess að bæta þjónustuna þar sem þörf er á slíku. Staðreyndin er engu að síður sú að lögboðnum skyldum ríkis og sveitarfélaga er ekki fullnægt gagnvart fötluðu fólki og þá ekki heldur fötluðum börnum í leikskóla. Í lögum um málefni fatlaðra er skýrt kveðið á um að félmrh. fari með yfirstjórn málefna fatlaðra og eigi ráðuneyti hans að annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Varðandi leikskólabörnin er vísað til réttinda þeirra í 19. gr. laganna en þar segir, með leyfi forseta:

„Fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skal veita hana á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum, sbr. lög um leikskóla."

Í lögum um leikskóla er þjónustan skilgreind í 15. gr. þeirra laga og reglugerð sem fylgir þeim lögum kveður mjög skýrt á um að fötluð börn eigi rétt á aðstoð þroskaþjálfa, iðjuþjálfa og annarra starfsmanna með sérþekkingu sem nýtist við uppeldi, umönnun og þjálfun. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um það að sú þjónusta skuli fara fram, eftir því sem kostur er, innan veggja leikskólans.

Ég tók þetta mál upp fyrir rúmu ári síðan. Þá var annar félagsmálaráðherra sem tók allvel í málið en sagði að ýmsar brotalamir væru á því, tryggja þyrfti heildstæð vinnubrögð og samvinnu ólíkra stétta í þjónustunni. Það hefur að mínum dómi ekki tekist. Hann sagði einnig undir lok svars við fyrirspurnum mínum að endurskoða þyrfti hvort ekki væri unnt að veita þá þjónustu sem ég hef hér vikið að meira inni á leikskólunum en gert hefði verið. Það hefur örlítið þokast í þá átt, ég viðurkenni það, en landslögum hvað þetta snertir er ekki fullnægt. Það er staðreyndin. Hvað ætlar hæstv. félmrh. að grípa til bragðs til þess að tryggja að landslögum sé fullnægt?

[14:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Ögmundi Jónassyni, fyrir fyrirspurnina og fyrir það fyrirheit að halda þeim sem hér stendur við efnið þegar kemur að málefnum fatlaðra.

Það er vissulega rétt að það er eitt af áhersluatriðum mínum að styðja vel við fatlaða í samfélagi okkar.

Hv. þm. spyr hvernig háttað sé eftirlitsskyldu félmrn. með fjölfötluðum börnum til sex ára aldurs með sérstakri skírskotun til almennrar þjálfunar, talkennslu, iðju- og sjúkraþjálfunar?

Fjölfötluð börn undir sex ára aldri njóta sérhæfðrar þjálfunar hjá sjálfstætt starfandi þjálfurum, þ.e. sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum og talmeinaþjálfum. Þær starfsstéttir vinna samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Auk þess vinna sérfræðilæknar við þjálfun þessara barna, einnig eftir samningi við Tryggingastofnun. Þjálfunin fer mest fram á sérstökum stofum, en er þó í undantekningartilvikum veitt á leikskólum. Utan höfuðborgarsvæðisins getur starfsþjálfun verið veitt hjá heilsugæslunni, eins og gerist t.d. á Austurlandi.

Þroskaþjálfar starfa hjá ýmsum þeim stofnunum sem veita fjölfötluðum börnum þjónustu og þar fer þjálfunin fram. Þetta á við um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra og leikskóla. Á Vesturlandi og Austurlandi hefur þjónusta svæðisskrifstofu verið veitt heima hjá barni. Skólaskrifstofur hafa ráðgjafarskyldur við leikskólabörn og þaðan er hægt að fá sérfræðiþjónustu, iðjuþjálfa og talmeinafræðing, sem felst í ráðgjöf til þeirra sem ber að veita þjálfunina. Fjölfötluð börn

sem dvelja á heimili fyrir fötluð börn í Reykjavík fá þjálfun í Lyngási.

Hæstv. forseti. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fer með eftirfylgd og ráðgjöf skv. 8. gr. laga um Greiningarstöðina, nr. 83/2003. Almennt eftirlit með fjölfötluðum börnum er síðan á vegum svæðisráða málefna fatlaða, sbr. 36. gr. laga um málefni fatlaðra, þar sem segir að svæðisráð skuli standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og öðrum lögum. Að öðru leyti er eftirlit með þjálfun fatlaðra barna ekki á vegum félmrn. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir, þ.e. sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, talmeinafræðingar og sérfræðilæknar svo og þroskaþjálfar, vinna samkvæmt lögum sem um þær stéttir gilda, jafnframt sem læknalög gilda um sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og þroskaþjálfa eftir því sem við getur átt. Jafnframt er bent á siðareglur viðkomandi fagstétta.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hvort aðhald og eftirlit sé samræmt þegar um marga þjónustuaðila er að ræða.

Eins og fram kemur, hæstv. forseti, í svari mínu að framan er eftirlit með þjónustu þeirra sem veita börnum þjálfun ekki samræmd á landsvísu. Á svæðum málefna fatlaðra hefur á hinn bóginn verið leitast við að samræma þá þjónustu sem hvert barn fær. Hv. fyrirspyrjandi gat þess í máli sínu að þokast hefði heldur í rétta átt á því rétt tæpa ári sem liðið er frá því að málinu var síðast hreyft af hv. fyrirspyrjanda á Alþingi og það er rétt. Betur má ef duga skal. Ég vil af því tilefni, hæstv. forseti, upplýsa það að á vegum félmrn. fer á næstu vikum og mánuðum fram viðamikið starf þar sem meiningin er að leggja grunninn að framtíðarstefnumótun í málefnum fatlaðra. Að því verki er áætlað að komi fulltrúar fatlaðra, aðstandenda þeirra, starfsfólks sem vinnur með fötluðum, þeirra sem greiða fyrir þjónustuna og fleiri. Það mál sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hreyfir hér er vitanlega þess eðlis að það má telja næsta öruggt að það komi til umræðu við þá stefnumótun.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Þokað örlítið í rétta átt. Það er rétt. Hvers vegna? Vegna þess að víða er að finna velvilja í kerfinu hjá starfsfólki sem sinnir þessum málum. En fyrst og fremst vegna baráttu aðstandenda fatlaðra barna. Þess vegna hefur þokað. Stjórnvöld hafa að mínum dómi því miður sofið á verðinum hvað þetta málefni snertir. Ég held því fram alveg blákalt að kerfið eða einstakir angar kerfisins, þættir, talist ekki við. Málefni fatlaðra og fatlaðra barna heyra undir mörg lög, mismunandi lagabálka, mismunandi ráðuneyti. Þar koma að félmrh., menntmrn., Tryggingastofnun, heilbrigðisstofnanir og loks eins og hæstv. félmrh. gat um koma einnig mismunandi starfsstéttir að þeim málum.

Hæstv. félmrh. sagði að margir þessara þátta heyri ekki undir ráðuneyti sitt. Í rauninni er það ekki alveg rétt, vegna þess að undir hann heyrir að sjá til þess að lögunum sé framfylgt og að fötluð börn njóti þeirra réttinda sem landslög bjóða. Ég spyr: Hvað er það sem veldur því að starfsstéttir sem eiga að sinna fötluðum börnum á leikskólum virðast ekki hreyfanlegar? Krefjast þess að foreldrar endasendist með börn sín, fötluð, til þess að fá þá þjónustu sem þörf er á, í stað þess að þær komi í skólana. Veldur þessu peningaþörf eða íhaldssemi, eða hvað er það sem veldur því?

[14:44]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem hv. þm. bendir hér á að eftirlit með framkvæmd laganna er á herðum félmrn. og síst vil ég skjóta mér undan þeirri ábyrgð. Hins vegar er það svo að það er á verksviði sveitarfélaganna, með því að leikskólarnir eru á þeirra sviði, að veita þá þjónustu sem hér er um rætt og var nú m.a. gengið frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um það í lok árs 1996.

Ég tek hins vegar þessum ábendingum hv. þm. vel og mér finnst full ástæða til að fara yfir málið. Eins og við höfum báðir rakið í máli okkar, ég og hv. þm., hefur heldur þokast í rétta átt. Betur má ef duga skal. Og vissulega hlýtur það að vera eitt af forgangsverkefnum okkar að búa svo um hnútana að foreldrar fatlaðra barna þurfi ekki að flækja sig í flóknu neti kerfisins, nóg er víst samt.

Ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnun.

Fsp. KHG, 604. mál. — Þskj. 912.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Lagaákvæði um Hafrannsóknastofnun ríkisins er að finna í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Í þeim lögum voru ákvæði um skipan ráðgjafarnefndar. Þeim ákvæðum var breytt með sérstökum lögum árið 1984 þar sem hlutverk ráðgjafarnefndarinnar fram að þeim tíma þótti of takmarkað og óljóst. Var því talið nauðsynlegt að gera hlutverk hennar víðtækara og starfssvið nákvæmara en áður hafði verið tekið fram.

15. gr. laganna eftir þá breytingu er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kýs sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m.a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf."

Eins og heyra má hefur nefndin allmiklu hlutverki að gegna og eftir breytinguna var skipuð ný ráðgjafarnefnd fyrir tímabilið 1. júlí 1984 og gilti umboð hennar til 30. júní 1988. Önnur var skipuð strax á eftir með umboð frá 1. júlí 1988 til 30. júní 1992. Síðan hefur ekki verið skipuð ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnun í hartnær 14 ár.

Því fannst mér tilefni til þess að inna hæstv. ráðherra eftir því hvers vegna ekki hefði verið skipuð ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnun, sbr. 15. gr. laga sem ég las áðan um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Lagaákvæðið er skýrt og þar kemur fram að við Hafrannsóknastofnun er ráðgjafarnefnd þannig að mínu mati er ekki að sjá að það sé á mati eða valdi ráðherra að skipa ekki ráðgjafarnefndina.

[14:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er óhætt að segja að það hafa oft verið bornar fram fyrirspurnir á Alþingi af minna tilefni en þessu, enda ekki í fyrsta skipti sem þessi mál hefur borið á góma í tíð minni sem sjútvrh. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson spurðist fyrir um sama efni árið 2001.

Málum er þannig háttað að ráðgjafarnefnd sú sem vitnað var í kom síðast saman árið 1990, en í henni áttu sæti 16 manns. Ástæða þess að ráðgjafarnefnd var ekki skipuð í framhaldi af síðasta fundinum var sú að það var álit manna þá að faglegur stuðningur við meginmarkmið stofnunarinnar, þ.e. rannsóknir og ráðgjöf, næðist betur fram með starfsemi starfshópa á ýmsum sviðum þar sem hagsmunaaðilar kæmu að.

Árið 2001 var hafin endurskoðun á lögunum um Hafrannsóknastofnun og ég taldi ekki rétt meðan sú endurskoðun stæði yfir að hreyfa málinu. Í framhaldi af því sem ég hef viljað kalla seinni ofmatsskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem farið var í mjög ítarlega vinnu varðandi stofnstærðarmat stofnunarinnar, taldi ég ekki rétt að á sama tíma væri verið að endurskoða lögin. Það væri nóg að gert í bili þannig að því starfi var frestað og hefur ekki verið tekið upp aftur. Ég á von á því að innan mjög skamms tíma komi síðasta niðurstaðan af þeim fjölmörgu athugunum sem fram fóru vegna ofmatsins á sínum tíma, þ.e. að aflareglunefndin hin síðari eins og ég hef kosið að kalla hana skili af sér áliti.

Án þess að gera málið lengra tel ég að í ljósi laganna sé ljóst að það eigi að vera starfandi ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnun og ég hef hafið undirbúning að því að senda erindi til stjórnar Hafrannsóknastofnunar og óska eftir tillögum hennar um hvernig skipan ráðgjafarnefndarinnar skuli háttað, en það er samkvæmt lögunum sem um málefnið fjalla. Í framhaldi af því verður erindisbréf og samsetning ráðgjafarnefndarinnar endurskoðuð og ný ráðgjafarnefnd skipuð.

[14:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. 15. gr. laganna er mjög skýr og mér finnst alveg með ólíkindum að ráðgjafarnefndin skuli ekki hafa starfað því það er svo sannarlega þörf á því að fleiri komi að starfsemi Hafró. Ég er ekkert endilega að tala um fulltrúa hagsmunaaðila. Hvað með fulltrúa frá öðrum stofnunum sem stunda líffræðirannsóknir við t.d. Líffræðistofnun Háskóla Íslands? Hvað með sjálfstætt starfandi fiskifræðinga sem eru þó nokkrir hér á landi? Það er nefnilega svo, frú forseti, að það finnst mikil vitneskja um fiskifræði og hafrannsóknir utan veggja Hafró. Hún er ekki bara bundin við Skúlagötu 4 eins og reyndin virðist vera í dag. Það mætti líka endurskoða 11. gr. laganna sem kveður á um að það skuli bara vera fimm einstaklingar í stjórn Hafró. Af hverju eru ekki fleiri einstaklingar í stjórn Hafró, utanaðkomandi fólk úr þjóðfélaginu í staðinn fyrir eingöngu fulltrúa hagsmunaaðila, einn fulltrúa starfsmanna og ritara stjórnarinnar, sem mér skilst að sé aðstoðarmaður sjútvrh.? Það mætti fjölga í stjórn Hafró og að sjálfsögðu koma ráðgjafarnefndinni á fót hið fyrsta.

[14:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. hyggst stofna til ráðgjafarnefndar á nýjan leik og tel orðið tímabært að bregðast við í þá veru. Ég tel að það sé af hinu góða og ekki vanþörf á að ýmis sjónarmið komi til rökræðu milli hinnar svokölluðu ráðgjafarnefndar og hafrannsóknarmanna.

Ég held að það hafi verið af hinu góða að stofna hina svokölluðu hagsmunahópa til samstarfs við Hafrannsóknastofnun. Þar voru menn að sækjast eftir umræðum og þekkingu byggða á störfum sjómanna og einkanlega skipstjórnarmanna við nýtingu auðlindarinnar sem ég tel af hinu góða.

Hins vegar held ég að það hafi verið mjög bagalegt að ekki hafi verið starfandi ráðgjafarnefnd á undanförnum árum við Hafrannsóknastofnun vegna þess að það er fjöldamargt, eins og ráðherra vék að, eins og ofmat á þorskstofninum og annað sem menn hefðu viljað ræða við nefndina.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég fagna því sem fram kom í svari hæstv. sjútvrh. að hafinn er undirbúningur að því að skipa ráðgjafarnefnd fyrir Hafrannsóknastofnun og er þess að vænta að honum ljúki fljótlega þannig að ráðgjafarnefnd verði komin til starfa innan skamms tíma.

Ég skal ekki segja um það hvort það fyrirkomulag sem er í lögunum sé endilega það besta. Það má vel vera að það fyrirkomulag sem ráðherra hefur stuðst við um ráðgjafarhópa eða starfshópa geti verið ágætt á sína vísu, en ég hallast þó að því að skynsamlegt sé að hafa ráðgjafarnefnd við stofnunina. Hún er nokkuð fjölmenn. Margir aðilar koma þar að og geta haft áhrif á verkefnaval og annað sem tengist starfsemi stofnunarinnar.

Herra forseti. Ef ráðherrar telja nauðsynlegt að breyta því sem er í lögum, það er greinilegt að það hefur orðið áherslubreyting í þessu við ríkisstjórnarskiptin 1991, og koma hlutum fyrir á annan veg en mælt er fyrir um í lögunum er nauðsynlegt að þeir snúi sér til þingsins með lagabreytingar eða frv. þar um. Það má ekki vera þannig, herra forseti, að ráðherrar framkvæmi ekki skýlaus ákvæði laganna vegna þess að þeir eru ekki endilega sammála þeim.

Ég minni á annað nýlegt dæmi sem var rætt í þingsölum fyrir skömmu sem varðar skipun stjórnar við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Það er skýlaust ákvæði í þeim lögum að skipa skuli stjórn við þá stofnun, en umboð stjórnarinnar sem síðast var skipuð rann út í nóvember 2002 og önnur hefur ekki verið skipuð. Ráðherrar verða auðvitað, herra forseti, að fara að lögum.

[14:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka málefnalegar umræður um fyrirspurnina. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm., Magnúsi Þór Hafsteinssyni, að það er þekking og starfsemi á sviði hafrannsókna annars staðar en innan veggja Hafrannsóknastofnunarinnar og sjálfsagt að fá slíka aðila til samstarfs eða tengja þá við ráðgjafarnefndina. Hins vegar kveða lögin einnig á um að ráðgjafarnefndin skuli vera vettvangur samstarfs við atvinnugreinina sjálfa. Það má því ekki gera lítið úr þeim þætti eins og mér fannst hv. þm. gera. Ég held reyndar að það sé ekkert sérstaklega vel til þess fallið að hafa stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar stærri en hún er. Ég held að þar sitji mátulegur mannfjöldi.

Eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi var auðvitað ofmat Hafrannsóknastofnunar tilefni til þess að fara ofan í málin og ræða málin á víðum grundvelli og að sem flestir kæmu að því. Það var reyndar gert. Ég vil minna á í því sambandi að haldin voru tvö opin fyrirspurnaþing, reyndar með mismunandi formi. Á hinu fyrra var einmitt

leiddur fjöldi sérfræðinga á ýmsum sviðum sem tengjast þeim atriðum sem að stofnstærðarmatinu koma og hið síðara var lokaniðurstaða á þeim hluta vinnunnar sem sneri sérstaklega að stofnstærðarmatinu.

Ég held að það hafi heppnast mjög vel og ég held jafnvel að við endurskoðun á erindisbréfi ráðgjafarnefndarinnar sé tilefni til þess að horfa til þeirra vinnubragða sem þarna voru tekin upp.

Opinber störf í sjávarútvegi.

Fsp. EMS, 793. mál. — Þskj. 1208.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Nýlega kom út skýrsla á vegum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar þar sem borin er saman staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar í Eyjafirði. Það er margt sem vekur athygli í þeirri skýrslu, m.a. að þegar atvinnuþróunarfélagið kannaði málin kom í ljós að hvergi var aðgengileg tafla yfir fjölda slíkra starfa. Atvinnuþróunarfélagið, þ.e. starfsmenn þess, þurftu því að leita upplýsinga og afla gagna algjörlega frá grunni til að fá þessar upplýsingar.

Þetta er athyglisvert í ljósi þess að við höfum til fjölda ára haft markaða stefnu um að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Það má rekja það allt aftur til áranna 1973–1974 þegar unnin var viðamikil skýrsla og settar fram metnaðarfullar áætlanir um að fjölga störfum á landsbyggðinni. Síðan hefur hver byggðaáætlunin af annarri haft þá markmiðssetningu að fjölga störfum, ýmist tvöfalt á við höfuðborgarsvæðið eða til jafns við höfuðborgarsvæðið. Nýjasta byggðaáætlunin er ekki með jafnskýra markmiðssetningu og hinar fyrri. Þó segir þar að stefnt skuli að þessu og m.a. rætt um fjölgun starfa og verkefna í opinberri þjónustu, t.d. á Akureyri, m.a. á sviði sjávarútvegs.

Eitt af því merkilega sem fram kemur í skýrslu atvinnuþróunarfélagsins er að rúmlega 90% af opinberum störfum í sjávarútvegi eru á höfuðborgarsvæðinu en 4% í Eyjafirði. Þetta er þrátt fyrir að sjávarútvegur sé mjög öflugur á Eyjafjarðarsvæðinu. Þess vegna er ekki hægt að nota þá röksemd sem oft er notuð, að ekki séu aðstæður til að taka við þessum störfum vegna þess að hætta sé á að viðkomandi starfsmenn einangrist frá því fagi sem þeir sinna. Sú röksemd getur ekki gilt um Eyjafjarðarsvæðið.

Þess vegna, frú forseti, hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. þar sem hæstv. ráðherra er einfaldlega spurður hvort hann telji eðlilegt að um 90% opinberra starfa í sjávarútvegi séu á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 4% á Eyjafjarðarsvæðinu í ljósi þess að Eyjafjarðarsvæðið er eitt öflugasta sjávarútvegssvæði við Norður-Atlantshaf. Það er ljóst, frú forseti, að þetta er spurning um vilja. Það er vonandi að hæstv. ráðherra lýsi vilja sínum á eftir.

[15:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hér er um skemmtilega orðaða fyrirspurn að ræða. Spurt er hvort eðlilegt sé að 90% af opinberum störfum í sjávarútvegi séu á höfuðborgarsvæðinu meðan 4% séu á Eyjafjarðarsvæðinu.

Opinber störf í sjávarútvegi eru Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs, auk ráðuneytisins sjálfs. Sögulegar skýringar eru á því hvernig stofnanir ráðuneytisins byggðust upp. Saga hafrannsóknanna nær meira en öld aftur í tímann. Þær rannsóknir byggðust mest upp frá atvinnudeild Háskóla Íslands og voru á hans vegum í 30 ár áður en Hafrannsóknastofnun var komið á fót árið 1965. Saga Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nær aftur til 1934. Fiskistofu var komið á laggirnar árið 1993 með endurskipulagningu á starfsemi sem fyrir var. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur frá stofnun verið staðsett á Akureyri.

Þegar spurt er um hvort skipting starfa milli höfuðborgarsvæðisins og Eyjafjarðarsvæðisins sé eðlileg verður að líta á málið í þessu sögulega ljósi. Út frá því má fullyrða að skiptingin byggist ekki á neinum óeðlilegum ákvörðunum í gegnum tíðina. Reikna má með því að allir þeir sem borið hafa ábyrgð á stjórn landsins síðustu 100 ár hafi átt hlut að þeirri þróun. Hitt er svo annað mál hvort þessi þróun hafi verið æskileg að öllu leyti og hvort ástæða sé til að fjölga opinberum störfum utan höfuðborgarsvæðisins og grípa til sérstakra aðgerða í því sambandi.

Sjónarmiðin breytast hugsanlega í tímans rás. Nú er almennt mikil viðleitni í gangi til að auka fjölbreytni í atvinnulífi utan höfuðborgarsvæðisins, nokkuð sem var ekki endilega svo hátt í forgangsröðinni þegar stofnanirnar voru byggðar upp á sínum tíma. Útibú starfa utan höfuðborgarsvæðisins á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og nokkrir eftirlitsmenn á vegum Fiskistofu starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

Þær breytingar hafa orðið hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að þjónustumælingar eru að færast að miklu leyti frá stofnuninni til annarra aðila sem geta reyndar starfað á viðkomandi stöðum áfram ef áhugi er á slíku. Á móti hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hug á að auka rannsóknastarfsemi í útibúum utan höfuðborgarsvæðisins.

Almennur vilji er fyrir því að byggja upp sem mest af nýrri starfsemi á vegum sjútvrn. og stofnana þess utan höfuðborgarsvæðisins. Þá er einkum horft til Eyjafjarðarsvæðisins, Ísafjarðarsvæðisins og Vestmannaeyja, a.m.k. fyrsta kastið. Hvernig þeirri uppbyggingu verður háttað og hversu hröð hún getur orðið fer að sjálfsögðu eftir þeim takmörkunum sem rekstur opinberrar starfsemi almennt býr við og hvernig forgangsröðun verður háttað í ljósi fjölda annarra brýnna verkefna á vegum hins opinbera.

Beina svarið við hinni skemmtilega orðuðu spurningu er að það geti verið eðlilegt að þessum málum sé háttað eins og þau eru í dag, það sé ekkert óeðlilegt við það. Hins vegar getur líka verið fullkomlega eðlilegt að hærra hlutfall starfa á vegum sjútvrn. sé á Eyjafjarðarsvæðinu eða annars staðar í dreifðari byggðum.

[15:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tek fram að mér finnst óeðlilegt að opinber störf séu svo samanþjöppuð á einum stað sem raun ber vitni, eins og tekið er fram í þessari fyrirspurn. Þar með þarf maður ekki að telja eðlilegt að þau eigi að dreifast eftir mælikvarða á það hvað teljist öflugt sjávarútvegssvæði. Væri það raunin þá hlyti maður að spyrja hvort ekki ætti að flytja opinberu störfin til ef tilflutningur verður á öflugum sjávarútvegssvæðum, t.d. þegar þeir tímar renna upp að kvóti rennur frá Eyjafirði og vestur á firði á nýjan leik, hvort það sem verður með góðu eða illu. Er þá hugmynd fyrirspyrjanda sú að hin opinberu störf renni með sama hætti

frá Eyjafjarðarsvæðinu til Vestfjarðar? Það hygg ég að sé ekki.

Ég vil, herra forseti, segja að ég er algerlega ósammála þeim viðhorfum sem fram koma í fyrirspurninni hvað þennan þátt málsins varðar.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða áhugaverða fyrirspurn að mörgu leyti. Ég verð þó að segja, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að mér finnst ekki alveg rétt raðað upp. Rannsóknir og rannsóknaverkefni gætu sem best dreifst eftir því hvar þekking og staðhættir bjóða upp á slíkar rannsóknir. Ég nefni sem dæmi að það hefur lengi verið áhugi á því á Vestfjörðum að færa rækjurannsóknir til Ísafjarðar, svo tekið sé dæmi um atvinnustarfsemi sem býður upp á tilteknar rannsóknir. Þekkingin er örugglega til staðar vestur á fjörðum til þess að stunda rækjurannsóknir og fylgja þeim eftir. Þetta hefur verið áhugamál Vestfirðinga lengi og það tengist ekki endilega fjölda starfa heldur frekar þeim verkefnum sem menn telja sig geta sinnt með sem bestum hætti á ákveðnum svæðum landsins.

[15:09]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þetta er að mörgu leyti athyglisverð umræða og vekur mann til umhugsunar, t.d. um Háskólann á Akureyri. Hvernig stendur á því að svo illa hefur gengið, að manni finnst, að byggja upp varanlegt rannsóknarumhverfi þar, t.d. í tengslum við sjávarútveg? Það er mjög mikið umhugsunarefni. Ég tel það fyllilega þess virði að menn setjist niður og skoði þetta svolítið, þ.e. hvernig hægt er að styrkja háskólaumhverfið á Akureyri enn frekar, t.d. með tilliti til sjávarútvegs. Það er alveg rétt að sjávarútvegur á Eyjafjarðarsvæðinu er mjög öflugur. Hvers vegna mætti t.d. ekki velta því fyrir sér að flytja Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins norður um heiðar eða hluta af Hafró, t.d. rækjurannsóknir, sjávarspendýrarannsóknir, rannsóknir á skeldýrum, loðnu og síld? Það væri ekkert svo vitlaust.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hinar sögulegu skýringar sem vissulega standa fyrir sínu. En þær sýna okkur helst að tími er kominn til að endurskoða málin og láta ekki söguna stýra okkur algerlega og stjórna.

Hins vegar kom svolítið athyglisvert fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni. Það er kannski skólabókardæmi um það sem gerist gjarnan í þingsölum þegar rætt er um flutning opinberra starfa. Það er kannski hluti af hinni sögulegu skýringu, sem hæstv. ráðherra nefndi þó ekki. Raunin er að ætíð þegar umræða hefst um þetta þá byrja þingmenn landsbyggðarinnar að kljást um hver skuli fara með störfin. Ég held að lausnin í þessu máli gæti verið að menn gerðu enn einu sinni tilraun til að fara faglega yfir hlutina og reyna að átta sig á því hvernig hægt er að koma hlutunum best fyrir. Það er auðvitað um það sem þetta snýst.

Það er augljóst að Eyjafjarðarsvæðið hefur ákveðna kosti fram yfir önnur landsvæði gagnvart því að hefja flutning opinberra starfa út á land, til að sýna fram á að það er hægt. Það er augljóst að ef það tekst vel þá getum við haldið áfram víðar. En einhvers staðar verður að byrja. Það liggur ljóst fyrir að það eru mikil rök fyrir því að ákveðin störf og ákveðnar stofnanir séu fluttar norður á Eyjafjarðarsvæðið. Sjávarútvegssvæðið hlýtur þar að koma sterklega til greina, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson benti hér á áðan varðandi háskólann. Þar eru auðvitað ákveðnar tengingar.

Það er líka hægt að læra af nágrannaþjóðum okkar. Í Noregi hafa menn gert þetta á skipulegan hátt. Þar hafa menn tekið mið af því í hverju svæðin væru sterkust. (**MÞH:** Alveg hárrétt.) Þessi einfalda aðferð, að styrkja svæði þar sem þau eru sterk fyrir, er líklegust til að skila árangri. Ekki bara það að færa störfin starfanna vegna, heldur færa þau í það umhverfi sem best hentar.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni um að sú samþjöppun sem á stað á höfuðborgarsvæðinu er algerlega út úr öllu korti. Það þarf auðvitað að gera meira en bara að færa nokkrar stofnanir sjávarútvegsins norður á Eyjafjarðarsvæðið.

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vara við því að við förum í einhverjar svona patentlausnaumræðu, um að flytja þetta og flytja hitt. Þær stofnanir sem hér er um ræðir eru ekki neinar risastofnanir í þessum greinum. Þetta eru mjög litlar stofnanir og þarf að gæta mjög vel að því umhverfi sem rannsóknastofnanir starfa í.

Ég er ósammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni um að það hafi gengið illa að byggja upp sjávarrannsóknir á Akureyri. Það er hefur alls ekki gengið illa. Það er verið að skapa þar góðar forsendur núna með byggingu nýs rannsóknahúss. Forsendurnar hafa raunverulega ekki verið fyrir mikilli rannsóknastarfsemi þar fyrr en það hús kom til. Það verður örugglega nýtt. Verðlagsstofa skiptaverðs hefur verið að vinna mjög athyglisverða hluti á Akureyri á undanförnum árum. Það er vel hugsanlegt að þar sé vísir að starfsemi við ættum að þróa frekar, í að safna og vinna úr upplýsingum um íslenskan sjávarútveg.

Ég er hins vegar hræddur um að starfsemin á vegum sjútvrn. hér í Reykjavík, jafnvel þótt útgerðin og vinnslan sé að mestu leyti úti á landsbyggðinni, að yfirbygging sjávarútvegsins sé einfaldlega ekki það mikil að það muni skipta sköpum í þróun landsbyggðarinnar. Starfafjöldinn hjá hinu opinbera er í allt öðrum ráðuneytum. Ef menn líta til opinberra starfa til að leysa vanda í byggðum landsins þá held ég að menn verði að leita að þeim störfum í öðrum ráðuneytum en í sjútvrn., þó að sjútvrn. vilji mjög gjarnan starfa með stofnanir sínar vítt og breitt um landið.

Framkvæmd laga um leikskóla.

Fsp. ÖJ, 253. mál. — Þskj. 273.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég ber upp tvær spurningar til hæstv. menntmrh. og eru þær svohljóðandi:

1. Hvernig hefur verið háttað eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd laga um leikskóla, nr. 78/1994, með sérstöku tilliti til 15. gr. laganna þar sem kveðið er á um rétt fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga?

2. Hefur þessu lagaákvæði verið fullnægt?

Til glöggvunar segir orðrétt í 15. gr. laga um leikskóla, með leyfi forseta:

„Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga."

Í greinargerð með 15. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þar er átt við þroskaþjálfa," — það er vísað í hvaða sérfræðinga um er að ræða — „iðjuþjálfa og aðra starfsmenn með sérþekkingu sem nýtist við uppeldi, umönnun og þjálfun."

Í reglugerð með leikskólalögunum er nánar vikið að framkvæmd laganna. Þar kemur mjög skýrt fram, m.a. í greinargerð með 22. gr., að meginstefnan skuli vera sú að aðstoðin eða þjálfunin fari fram í leikskóla barnsins. Þetta er meginstefnan sem á að framfylgja.

Að mínu mati er ljóst að lagaákvæðinu er ekki fullnægt. Það hefur þokast í rétta átt og ber að sjálfsögðu að þakka það. Þó skulum við fara varlega í að þakka að landslögum sé framfylgt vegna þess að fötluð börn eiga að sjálfsögðu, eins og aðrir þegnar landsins, rétt á því að njóta lögboðinnar þjónustu sem þeim eigi að vera tryggð. Sama gildir um aðstandendur barnanna sem iðulega þurfa að leggja mikið á sig til þess að sinna börnum sínum. Maður undrast stundum hve lítið kerfið eða ýmsir angar þess talast við um lausn á sameiginlegum vanda því eitt sem háir málaflokknum er að hann heyrir undir mörg ráðuneyti og margir aðilar koma að málum og virðist oft skorta á að aðilarnir talist við.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt 3. gr. laga um leikskóla fer menntmrn. með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Það gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lögin og reglugerðin mæla fyrir um. Í 6. gr. laganna segir að menntmrh. skuli að fengnum tillögum starfshóps menntmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um starfsemi leikskóla.

Það er mikilvægt að hafa í huga að skv. 7. gr. leikskólalaga skal bygging og rekstur leikskóla vera á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd laganna hver í sínu sveitarfélagi. Samkvæmt lögunum er þeim skylt að hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Í áðurnefndri reglugerð um starfsemi leikskóla er að finna nánari útfærslu á gæðaeftirliti ráðuneytisins með framkvæmd laganna. Þannig skal menntmrn. láta fara fram mat á a.m.k. einum leikskóla ár hvert. Matinu er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga um leikskóla og reglugerðar um leikskóla og aðalnámskrá leikskólanna. Framkvæmd matsins fer fram með þeim hætti að menntmrn. velur leikskóla af handahófi og ræður utanaðkomandi úttektaraðila, yfirleitt tvo í senn, sem hafa menntun og reynslu af leikskólastarfi og gæðastjórnun. Úttektirnar miðast fyrst og fremst við að lagt sé mat á hvort starfsemi leikskólanna sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá eins og áður segir.

Þegar skýrsla úttektaraðila liggur fyrir er hún send sveitarfélögum eða þeim aðila sem úttektin beinist að með bréfi um niðurstöður úttektarinnar og tilmælum um úrbætur eftir því sem við á. Ráðuneytinu ber síðan að fylgja því eftir að brugðist sé við tilmælum þess í kjölfar úttektar. Frá árinu 1998 til ársins 2003 hefur ráðuneytið látið gera úttekt á 12 leikskólum, eða að meðaltali tvær á ári.

Með samningi við Hagstofuna árið 1997 var Hagstofunni falið að afla tölulegra upplýsinga um skólamál. Þar kemur fram m.a. þegar litið er til leikskólastigsins, að frá og með árinu 1998 hefur upplýsinga verið aflað um fjölda barna á leikskólum, fjölda barna eftir aldri og kyni og fjölda barna sem njóta sérstaks stuðnings. Af upplýsingunum sem fyrir liggja um fjölda þeirra barna sem nutu sérstaks stuðnings í leikskólum á árunum 1998–2002 má sjá að á heildina litið hefur hlutfall þeirra hækkað úr 3,7% árið 1998 í 5,5% árið 2002. Öll árin njóta fleiri drengir en stúlkur stuðningsins. Þessar upplýsingar eru jafnframt greindar eftir aldri og búsetu barna og má sjá að þörfin fyrir sérstakan stuðning eykst eftir því sem börnin verða eldri.

Þá vil ég einnig benda á að starfandi er samráðsnefnd um leikskóla sem í eiga sæti fulltrúar frá ráðuneytinu, fulltrúi frá Félagi leikskólakennara, fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eflingu – stéttarfélagi. Þessi nefnd er umræðu- og samstarfsvettvangur um ýmis fagleg málefni leikskólanna, vettvangur fyrir samráð og umræðu þar sem tekin eru fyrir einstök mál og ýmislegt fleira.

Í fyrirspurn hv. þm. er spurt hvernig eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd laganna um leikskóla sé háttað þar sem kveðið er á um rétt fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga eins og getið er um í 15. gr.

Úttektin sem ráðuneytið hefur látið framkvæma endurspeglar ágætlega hvernig sveitarfélög uppfylla lög og reglugerðir um leikskóla og í tilviki þessarar fyrirspurnar hvernig sveitarfélög standa að þjónustu við fötluð börn. Úttektarskýrslur síðustu ára bera með sér að þau átta viðmið sem ráðuneytið setur úttektaraðilum að vinna út frá ná yfir ákvæði leikskólalaganna, reglugerð um starfsemi leikskóla og einnig markmiða í aðalnámskrá.

Framangreindar úttektir hafa ekki leitt í ljós sérstök vandamál tengd rétti fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga skv. 15. gr. laganna. Þessu til viðbótar eins og ég hef greint frá heldur Hagstofan einnig til haga tölum um fjölda barna sem njóta þessa sérstaka stuðnings.

Mér er einnig kunnugt um að hv. þm. og fyrirspyrjandi, Ögmundur Jónasson, hafi vakið athygli fyrrverandi menntmrh. á því á síðasta ári að óljóst væri um kostnaðarþætti og ábyrgð á kostnaði vegna framangreindrar 15. gr. leikskólalaganna. Hv. þm. er jafnframt kunnugt um álitsgerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem ráðuneytið hefur fengið afrit af, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögum beri ekki að greiða þann kostnað er hljótast kann af því að tryggja fötluðum börnum á leikskólaaldri handleiðslu sérfræðinga innan leikskólans. Leikskólalögin kveða ekki skýrt á um hverjum beri að greiða kostnaðinn sem hlýst af framkvæmd 15. gr. laganna, þ.e. kostnað vegna ferðar sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og annarra sérfræðinga. Ég fæ ekki séð að eftirlitsheimildir ráðuneytisins um framkvæmd leikskólalaga dugi einar og sér til að ráðuneytið geti kveðið á um greiðsluskyldu vegna umræddra kostnaðar. Á hinn bóginn tel ég nauðsynlegt að þessi þáttur við framkvæmd leikskólalaga verði skoðaður sérstaklega í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til að viðunandi niðurstaða fáist við þá kostnaðarþætti sem hér er deilt um. Ég mun

beita mér sérstaklega fyrir því að svo verði gert. Við megum ekki byggja upp kerfi sem er ekki til fyrir fólkið.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið er það í verkahring menntmrn. og hæstv. menntmrh. að hafa umsjón með því að farið sé að leikskólalögum. Hæstv. ráðherra vísar m.a. í 6. gr. laganna þar sem kveðið er á um þennan þátt málsins. Vandinn er hins vegar sá að hér hefur ekki að mínum dómi verið staðið að verki á þann hátt að niðurstöður séu í samræmi við veruleikann, það er alla vega mín tilfinning. Ef það er rétt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að komið hafi í ljós við þessa athugun að ekki sé brotið á einstaklingum, að lögunum sá fullnægt gagnvart öllum einstaklingum, er það ekki rétt. Það hefur hins vegar verið að þokast í rétta átt, það er alveg rétt, en ég get nefnt einstaklinga sem njóta t.d. ekki talþjónustu í leikskólum í samræmi við lög. Það er ekki fyrr en alveg nýlega að sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar hafa verið að færa sig inn á leikskólana til þess að sinna börnunum.

Ég legg til að nú breyti menn svolítið vinnubrögðum. Í stað þess að gera einvörðungu úttekt á leikskólum eða tilteknum fjölda leikskóla verði gerð athugun á fötluðum börnum, hverjum og einum einstakling og spurt verði: Er verið að sinna þörfum þessa einstaklings? Fær hann talkennslu? Fær hann iðjuþjálfun? Fær hann sjúkraþjálfun innan veggja leikskólans eins og lög kveða á um?

Að öðru leyti fagna ég því að hæstv. ráðherra vilji taka af festu á þessum málum. Ég hvet til þess að hún beiti sér fyrir því í samvinnu við hæstv. félmrh. að allir hlutaðeigandi aðilar sem koma að þessum málum setjist yfir lausn þessara mála.

[15:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ítreka það að ég tel að ráðuneytið hafi einmitt uppfyllt þær eftirlitsskyldur sem kveðið er á um í lögum að því beri að fylgja eftir eftirliti með leikskólum og hvaða starfsemi þar fer fram.

Í rauninni á ekki að þurfa að taka sérstaklega fram að það þurfi að hafa eftirlit með því að aðbúnaður með fötluðum börnum sé nægilega góður, því fötluð börn eru leikskólabörn alveg eins og önnur börn og það þarf að uppfylla þarfir þeirra eins og annarra barna. Að mínu mati (Gripið fram í.) felur eftirlitið sem ráðuneytið hefur með höndum í sér að þeim sem með það fara beri auðvitað að sjá til þess að því eftirliti sé fylgt, að þarfir fatlaðra barna séu uppfylltar á allan hátt.

Ég vil geta þess sem ég komst ekki yfir áðan að ráðuneytið hefur að auki gert u.þ.b. tvær úttektir á ári, sem er meira en kveðið er á um. Gerðar hafa verið fjórar úttektir í Reykjavík, ein í Kópavogi, ein á Dalvík, ein á Hólmavík, tvær í Grindavík, ein í Reykjanesbæ, ein í Árborg og ein á Reyðarfirði. Í þessum 12 úttektum kom ekki fram að eftirliti og þörfunum væri eitthvað ábótavant, en að sjálfsögðu mun ég ítreka það og ítreka það hér með að ég mun fylgja þessu eftir. Ég mun sjá til þess að við ræðum þetta og tökum þetta mál upp við Samband íslenskra sveitarfélaga því við þurfum að koma til móts við þessar þarfir og ekki bara koma til móts við þær, heldur reyna að sjá til þess að aðbúnaði fatlaðra sem ófatlaðra barna sé viðunandi skipað á allan hátt.

Tónlistar- og ráðstefnuhús.

Fsp. GunnB, 799. mál. — Þskj. 1214.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að beina nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh. um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss, en byggingarsaga þess hefur verið löng. Ætli hún hafi ekki byrjað upp úr 1980. Þá var meiningin að byggja það í Öskjuhlíðinni og var stofnað undirbúningsfélag og safnað peningum. Síðan var fengin lóð í Laugardal og efnt til samkeppni og til er teiknað hús. Núna er verið að tala um tónlistar- og ráðstefnuhús niðri á höfn í Reykjavík eða að fara eitthvert annað.

Fyrsta spurning mín er: Hvenær og hvar á að reisa tónlistar- og ráðstefnuhús á höfuðborgarsvæðinu? Hefur eitthvað breyst í þeim málum, eða hvað?

Í öðru lagi spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvað er áætlað að slíkt hús kosti?

Það hafa heyrst alls konar misvísandi tölur. Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var skrifað undir samning milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um byggingu þessa húss. Ég náði aldrei hver endanlegur kostnaður mundi verða og hver mundi borga hvað.

Þriðja spurning mín til hæstv. ráðherra er: Hve mikið leggur ríkissjóður til þessa verkefnis?

Er þetta verkefni á vegum ríkisins og borgarinnar eða verkefni í einkaframkvæmd eða slíkt? Það vakti athygli mína að á síðasta ári lagði Reykjavíkurborg fram 150 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda á lóð fyrir tónlistarhús. Í viðtali við Morgunblaðið sagði borgarstjóri að hann ætlaðist til að fá jafnmikið framlag frá ríkinu til þessara undirbúningsframkvæmda. Ég vissi ekki hvernig því reiddi af, en lóðin er greinilega ekki tilbúin til byggingar ef hún á að vera þarna.

Í fjórða lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Er gert ráð fyrir að Íslenska óperan verði í tónlistarhúsinu og hvað mundi það kosta?

Það hefur verið talað um að við gleymum að byggja yfir sönginn. Ef við erum að byggja tónlistarhús, á ekki söngurinn að vera þar inni eða á hann að vera áfram í Gamlabíói? Er hægt að hafa þetta saman án þess að kostnaðurinn fari upp úr öllu valdi? Ég ætla að biðja hæstv. ráðherra að svara þessum spurningum.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson spyr mig fjögurra spurninga.

„1. Hvenær og hvar á að reisa tónlistar- og ráðstefnuhús á höfuðborgarsvæðinu?"

Ég vil geta þess að undirbúningur er í fullum gangi eins og mönnum er fullkunnugt. Fyrirtækið Austurhöfn-TR ehf. var stofnað í apríl á síðasta ári. Tilgangur þess fyrirtækis er að láta byggja tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Austurhöfn í Reykjavík í tengslum við byggingu og rekstur á hóteli á sama stað. Fyrir dyrum stendur að auglýsa forval vegna einkaframkvæmdarinnar og verða þátttakendur valdir á þessu vori og hefst þá útboðs- og samningaferli. Samkvæmt áætlunum fyrirtækisins lýkur útboðsferlinu með samningum á næsta ári og mun þá framkvæmd á byggingarstað hefjast á seinni hluta árs 2006 og ljúka í árslok 2008. Staðsetningin er við Austurhöfn í Reykjavík.

Síðan spyr hv. þm.: „Hvað er áætlað að slíkt hús kosti?“

Samkvæmt áætlunum sem Austurhöfn birti í júní 2003 er áætlað að verja til verkefnisins um 6.400 millj. kr. Ég er núna nýkomin af aðalfundi Austurhafnar-TR ehf. og þar kom fram að líklegt er að þessi tala komi til með að breytast m.a. út af þeim niðurstöðum sem Artec kemur til með að birta eða þeim niðurstöðum sem sá hópur kemur til með að birta fyrir stjórn Austurhafnar-TR ehf. innan tíðar. Þetta er sérfræðingahópur á vegum Austurhafnar sem er að fara yfir tæknimálin í tengslum við tónlistarhúsið. Hótelbyggingin fellur ekki undir þessar 6.400 millj. enda er reiknað með að hún verði fjármögnuð af einkaaðilum. Það er verið að endurmeta þessa áætlun og verður því lokið áður en útboðið sjálft fer fram. Eins og ég gat um áðan getur þessi tala að sjálfsögðu breyst eftir því hvernig tilboðin verða sem berast í einkaframkvæmdina sjálfa.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hve mikið leggur ríkissjóður til þessa verkefnis?“

Samkvæmt samningi ríkisins við Reykjavíkurborg frá apríl 2002 eru framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar miðuð við framangreinda áætlun og greiðir ríkið 54% en Reykjavíkurborg 46%.

Að lokum spyr hv. þm.: „Er gert ráð fyrir að Íslenska óperan verði í tónlistarhúsinu og hvað mundi það kosta?“

Tónlistarhúsið verður þannig úr garði gert að þar megi flytja allar tegundir tónlistar, þar með talda óperutónlist. Húsið verður þó ekki gert fyrir leiksýningar eða uppfærslur á óperum sem krefjast mikils sviðsbúnaðar. Það á segja að við séum að tala um konsertuppfærslur af óperum. Gerð sviðs og hljómsveitargryfju er einmitt í athugun núna og er að því stefnt að aðstæður til flutnings á óperum í konsertuppfærslum verði eins og best verður á kosið án þess að gerð verði hliðar- eða baksvið eða annað sem tilheyrir óperuhúsum og mundi valda miklum kostnaðarauka.

Á síðasta ári voru gerðar athuganir á að skapa Íslensku óperunni aðstöðu í Borgarleikhúsinu. Í tengslum við það var lauslegt mat lagt á það hvaða kostnaðarauki væri því fylgjandi að stækka minnsta sal tónlistarhússins og koma þar upp óperuaðstöðu. Niðurstaðan var að húsið þyrfti að stækka um 4.600 fermetra og kostnaðaraukinn yrði tæpar 1.700 millj. kr. Þótti aðilum þessi tillaga ekki aðgengileg og höfum við ákveðið að halda áfram með verkefnið eins og um var samið milli ríkis og borgar.

[15:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að samkvæmt þeim áætlunum sem fyrir liggja í þessu máli er vissulega um þarfa framkvæmd að ræða en hún hefur mikil áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Það er ljóst samkvæmt þeim áætlunum sem ég gat um í upphafi að þetta tónlistarhús er að vissu leyti forsenda þess að rekstrargrundvöllur verði fyrir ráðstefnu- og hótelbyggingu við hliðina þannig að í raun er um að ræða ríkisaðstoð til þess að gera atvinnurekstur hagkvæman á þessu svæði. Ég er í sjálfu sér ekki að hafa á móti því. Ég vek athygli á því að m.a. studdi ég hér löggjöf til þess að veita ríkisábyrgð til atvinnuuppbyggingar í Vatnsmýrinni. En ef við ætlum ekki að setja landið endanlega á hliðina þá verða menn að beita ríkisvaldinu með sama hætti annars staðar á landinu. Það er ekki hægt, herra forseti, að svæðistakmarka afl ríkisins eins og ætlað er að gera.

[15:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og vil hvetja hana til dáða í þessum efnum því að auðvitað er orðið löngu tímabært að þetta tónlistarhús rísi í Reykjavík. Eins og þetta lítur út núna er skynsamlega haldið á málum. Það skiptir verulegu máli fyrir atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu að þetta hús komist í gagnið og að umfangsmiklar framkvæmdir annars staðar á landinu seinki ekki endilega þeim framkvæmdum sem tónlistarhúsið útheimtir.

Í þessari umræðu hefur málefni Íslensku óperunnar borið á góma. Það er afar mikilvægt að málefni Óperunnar verði leyst samhliða því að þetta tónlistarhús rísi. Það skiptir verulegu máli að yfirvöld menntamála hugleiði hvort Íslensku óperunni sé vel fyrir komið eins og nú er, en núna er hún í raun ekkert annað en sjálfstæður atvinnuleikhópur. Það verður að spyrja í því sambandi hvort ríkisvaldið eða yfirvöld mennta- og menningarmála hugleiði að búa til íslenska ríkisóperu.

[15:36]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka efnið hér upp og ekki síður fyrir framlag hans til menningarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu með hinu glæsilega tónlistarhúsi í Kópavogi. Það er enginn efi að tónlistar- og ráðstefnuhús í miðborg Reykjavíkur mun skipta miklu máli fyrir vaxtarsprotann í atvinnulífinu í borginni, ferðaþjónustuna, ráðstefnuiðnaðinn og annað þess háttar og það verður ekki síður mikilvæg styrking miðborgar Reykjavíkur, höfuðborgarinnar sjálfrar. Ég vil þess vegna nota tækifærið og fagna því sérstaklega hversu einarðlega hæstv. menntmrh. hefur, ný í embætti, gengið fram í þessu máli. Það hefur lengi verið í undirbúningi. Samstarf ríkis og borgar hefur því miður á stundum gengið svona og svona. En framganga hæstv. menntmrh. og yfirlýsingar í tengslum við tónlistar- og ráðstefnuhús eru sérstakt fagnaðarefni. Hún hefur tekið eindregna afstöðu um að af þessari framkvæmd verði. Hún hefur hér nefnt fjárhæðir og tímasetningar. Við treystum því einfaldlega að hæstv. ráðherra fylgi þeim orðum sínum eftir og við megum njóta glæsilegrar uppbyggingar í miðborg Reykjavíkur í þágu menningar og mannlífs okkar allra.

[15:38]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn. Hún vekur athygli á því að verið er að fara út í gífurlegar fjárfestingar á sama tíma og þjóðin stendur á öndinni vegna fjárfestinga vegna álvers á Austurlandi o.s.frv. Þetta kemur því á mjög slæmum tíma þannig séð. Þetta kostar líka óhemjufé. Ég held að menn hafi ekki almennilega áttað sig á því hvað þetta kostar mikið vegna þess að það á að dylja það með því að dreifa þessu á einhverjar ársgreiðslur eins og venjan er. En auðvitað verður þessi mikla uppbygging þarna á endanum greidd af skattgreiðendum landsins. Þetta er eitt dæmi um það hvernig þrýstihópar beita kröftum sínum til þess að ná fram ákveðnum markmiðum á kostnað almennings, á kostnað skattgreiðenda. Ég vara við þessu alveg sérstaklega á þessum þenslutímum.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góð svör. Eitt vakti athygli mína varðandi kostnað við þessa

framkvæmd, þ.e. við tónlistarhúsið upp á 6,4 milljarða og að það ætti að vera í einkaframkvæmd þannig að framlög ríkisins verða væntanlega hverfandi ef nokkur. Þá er spurningin hvernig menn greiða það í framtíðinni. Einkaframkvæmd kostar. Það kostar að borga fyrir afnotarétt af mannvirkinu í ákveðin ár. Er þá samið til 25 ára og viðkomandi eiga húsið þá áfram eða munu ríki og borg eignast húsið eftir 25 ár, eða hvernig er þessi samningur eiginlega?

Ég fagna náttúrlega sérstaklega því að það á að byggja þetta tónlistarhús. Spurningin er hvort ekki megi skeika sex eða 12 mánuðum þannig að mesti kúfurinn af framkvæmdum annars staðar á landinu verði farinn áður en farið verður í þessa byggingu. Ég held að við þurfum aðeins að hugsa það því að hótelbyggingin, ráðstefnusalirnir og allt það plús þetta eru 12 milljarða framkvæmd þannig að það er ekkert smávegis í gangi á þessum stað.

Nú er verið að tala um að reisa aðrar hótelbyggingar þarna eða gistirými á miðbæjarsvæðinu og spurning er hvort of mikið framboð verði þar að lútandi. Það er alla vega mál sem þarf að hugsa. Framkvæmdir upp á 12 milljarða eru miklar framkvæmdir og munu skapa gífurlega þenslu, held ég, í byggingaiðnaðinum. En ég fagna enn og aftur að þetta sé loksins komið á koppinn og ég heyri að menntmrh. sýnir góðan vilja til að leysa vanda Óperunnar. Ég held að við megum ekki gleyma henni. Við eigum að reyna að nota tækifærið. Núna er tækifærið. Það er verra þegar við höfum siglt fram hjá þessum bautasteini sem þarna er verið að reisa.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hefur átt sér stað út af þessu merka máli. Varðandi óperuna er ljóst að með því uppleggi sem nú liggur fyrir af hálfu þeirra aðila sem koma að þessari framkvæmd þá tel ég einmitt að óperunni sé nokkuð haganlega fyrir komið innan tónlistarhússins.

Varðandi framtíð Íslensku óperunnar sjálfrar þá er ég einmitt með þau mál í athugun og auðvitað verður að skoða þau mál í samhengi við uppbyggingu tónlistarhússins. Viljum við hafa óperu? Viljum við hafa íslenska óperu hér? Er hugsanlegt að óperuflutningur eða Íslenska óperan eigi frekar heima innan dyra Þjóðleikhússins eða hvað veit ég? Þetta allt verðum við að skoða. Við verðum að skoða hvernig óperuflutningi er best háttað þannig að við getum fengið að hlýða á magnaðan flutning.

Varðandi ríkisaðstoð þá vil ég mótmæla því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði, þ.e. að þetta væri ríkisaðstoð í atvinnuuppbyggingu. Ég vil miklu frekar halda því fram að þetta sé markviss menningarstefna og menningaruppbygging. Mín stefna og mín skoðun hefur ávallt verið sú að við eigum að stuðla og hlúa að ákveðnum menningarstoðum, meginstoðum menningar. Við höfum hér Þjóðleikhús. Við höfum sinfóníu. Við höfum Listasafn Íslands. Við eigum að hlúa að þessum menningarstofnunum og þora að segja að til séu ákveðnar menningarstofnanir sem við tökum umfram aðrar og við eigum að reyna að hlúa vel að þeim. Þess vegna styð ég eindregið uppbyggingu tónlistarhúss.

Málið er í þannig ferli núna að eitt og annað getur breyst. Við eigum eftir að sjá hvernig samningar m.a. um einkaframkvæmd koma til með að þróast. Við komum til með að reyna að spila þetta eftir hendinni þannig að við fáum sem glæsilegast tónlistarhús en um leið að tekið verði tillit til efnahagsmarkmiða og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Gjaldfrjáls leikskóli.

Fsp. ÁÓÁ, 835. mál. — Þskj. 1276.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Þrátt fyrir að tæplega 20 þús. börn séu nú í leikskólum landsins gleymist þetta fyrsta skólastig oft. Það sést vel í þeirri umræðu sem nú er í samfélaginu um skólagjöld. Þá hugsa fáir til leikskólanna þar sem skólagjöld eru þó hæst. Nú geta skólagjöld í leikskóla oft verið um 30 þús. kr. á hverjum mánuði fyrir eitt barn. Það er alveg ljóst að slík gjöld, upp á tæplega 400 þús. kr. árlega, eru gríðarlega þungur baggi fyrir flestar fjölskyldur. Einn mánuður í leikskóla kostar svipað og eitt ár í háskóla.

Fjölskyldur leikskólabarna eru iðulega sá hópur sem hefur hvað þrengstu fjárráðin. Hér er oftast um að ræða unga foreldra sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið og hefja þátttöku á vinnumarkaðnum. Nú er það nær almenn regla að börn fara í leikskóla enda er það eðlilegur hluti af skólagöngu hvers barns. Um 90% allra tveggja ára barna og eldri eru í leikskóla. Þessi háu leikskólagjöld eru því mikil tímaskekkja og ber að afnema.

Lækkun eða afnám skólagjalda í leikskólum er einnig mikið jafnréttismál. Þegar börnin eru orðin tvö, hvað þá þrjú, á leikskólaaldri getur í mörgum tilfellum verið hagstæðara fyrir annað foreldrið að vera heima. Vegna kynbundins launamunar vill það oft verða móðirin. Þessi staðreynd hefur síðan aftur neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði og því myndast vítahringur.

Fæðingarorlof er nú samanlagt níu mánuðir og eftir þann tíma þurfa foreldrar að fara aftur á vinnumarkaðinn. Flestir leikskólar taka hins vegar við börnum frá tveggja ára aldri og því myndast a.m.k. 15 mánaða tímabil sem foreldrar þurfa að brúa með einhverjum hætti.

Á þessu tímabili leita margar fjölskyldur til dagforeldra. Slík þjónusta er hins vegar dýr og getur einn mánuður fyrir eitt barn kostað allt að 40 þús. kr. Á meðan leikskólar eru ekki fleiri en raun ber vitni er þjónusta dagforeldra mjög nauðsynleg. Það á hins vegar að sjálfsögðu að vera markmið að tryggja hverju barni vist á leikskóla frá níu mánaða aldri kjósi foreldrar svo. Eftirspurn eftir slíkri þjónustu er svo sannarlega til staðar. Samf. telur að það eigi að vera hlutverk almannavaldsins að greiða kostnað við leikskóla alveg eins og það er almannavaldsins að greiða fyrir grunnskólana. En þá þyrfti ríkisvaldið að koma til móts við sveitarfélögin með tekjustofna fyrir slíkri aðgerð.

Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. hvort hún sé tilbúin að beita sér fyrir gjaldfrjálsum leikskóla.

[15:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson spyr: Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir gjaldfrjálsum leikskóla?

Þetta mál hefur ekki komið til umræðu innan menntmrn. enda er leikskólinn rekinn og styrktur af sveitarfélögunum. Það hefur ekki komið heldur til tals af minni hálfu að leikskólinn verði færður til ríkisins.

Ef ég leik mér aðeins með þetta og segi sem svo að ég ætli að beita mér fyrir því að hér verði gjaldfrjáls leikskóli hlýtur það að vera jafnframt undir þeim formerkjum að ríkið ætti að greiða þann hlut sem foreldrar greiða nú. Slíkt gæti þá gerst með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi gæti ríkið tekið við rekstri leikskólans og stækkað útgjaldaramma sinn í þeim tilgangi að bjóða þar dvöl ókeypis.

Í öðru lagi gæti ríkið samið við sveitarfélögin um tilfærslu tekjustofna þannig að þeim verði gert fært að reka leikskólana án gjalds frá foreldrum. Kostnaðarauki ríkisins yrði sá sami með báðum aðferðum.

Þess má geta í þessu sambandi að kostnaður foreldra vegna leikskólagjalda nemur um 2,4 milljörðum kr. á ári og er það því sú upphæð er bæta yrði sveitarfélögunum ef leikskólinn yrði gjaldfrjáls. Jafnframt verður að hafa það hugfast að ef leikskólinn yrði gerður gjaldfrjáls hlyti samhliða að fylgja sú skylda að öll börn ættu trygga vist í leikskóla.

Árið 2002 voru samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar 16.282 börn í leikskólum landsins en börn á leikskólaaldri voru 25.149. Alls voru því 8.867 börn á leikskólaaldri ekki í leikskóla á árinu 2002.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga mundi kostnaður við byggingu viðbótarhúsnæðis til að hægt væri að tryggja öllum börnum leikskólavist nema um 11,5 milljörðum kr., ef miðað er við 200 þús. kr. kostnað á fermetra og 6,5 fermetra á barn, líkt og reglur kveða á um. Rekstrarkostnaður mundi einnig aukast til muna, ekki síst vegna starfsmannahalds. Líklega yrði aukning rekstrarkostnaðar meiri en meðaltalsaukning barna þar sem stærstur hluti barna yrði væntanlega í yngsta aldurshópnum þar sem gerðar eru meiri kröfur um fjölda starfsmanna.

Er það mat Sambands íslenskra sveitarfélaga að rekstrarkostnaður mundi aukast um 7,5 milljarða á ári miðað við þessar forsendur.

Þótt vissulega megi færa rök fyrir því að gott væri að leikskóli yrði gjaldfrjáls tel ég engu að síður að þessar tölur sýni fram á að það eru engar efnahagslegar forsendur fyrir því að gera leikskólann gjaldfrjálsan.

[15:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn, vil leiðrétta hins vegar það sem hann sagði um að hugsanlega hefðu fáir hugsað til leikskólanna þegar verið væri að ræða um skólagjöld.

Það vill svo til að það er einn stjórnmálaflokkur í landinu, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, sem var með þetta sem meginatriði á stefnuskrá sinni fyrir síðustu kosningar og það er ekki mjög langt síðan þær voru haldnar. Það var útfærð hugmynd af hálfu míns flokks um hvernig ríkið og sveitarfélög gætu farið í sameiginlegt átaksverkefni til þess að af þessu gæti orðið. Þar vorum við með ákveðna útfærslu í huga sem gerði reyndar ekki ráð fyrir 2,4 milljörðunum frá hendi ríkisins heldur mun lægri upphæð en ákveðnu samspili milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum.

Það er mikið rætt um tímaskekkju þessa dagana og það er deginum ljósara að ef eitthvað er tímaskekkja í skólakerfinu eru það skólagjöld á leikskólum. Því verður að breyta. Mér þykir reyndar ekki gott að heyra hæstv. menntmrh. tala um það hér að ekki séu efnahagslegar forsendur til að gera slíkt. Ég veit að á tímum skattalækkana er það erfiðara en engu að síður erum við rík þjóð og við eigum að geta aflétt skólagjöldum af foreldrum leikskólabarna.

[15:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Leikskólamál eru eðlilega mikill málaflokkur sem nauðsynlegt er að stjórnmálaflokkarnir láti til sín taka. Framsfl. gerði samþykkt um þann málaflokk á síðasta flokksþingi sínu, á síðasta ári, og ályktaði um málið á þann veg, með leyfi forseta, að í „samvinnu við sveitarfélögin verði komið á skólaskyldu á síðasta ári leikskólans og jafnframt stefnt að afnámi leikskólagjalda um leið og skólaskyldu verði komið á". Sjónarmið hv. þingmanns eiga sér því verulegan hljómgrunn og stuðning innan Framsfl.

Ég held, herra forseti, að hin háu skólagjöld sem eru á leikskólastiginu séu tímaskekkja, eins og fram kom í máli hv. þingmanns, fyrirspyrjanda, eða eigum við kannski að sættast á að segja barn síns tíma?

Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að engar efnahagslegar forsendur séu fyrir því að lækka þessi skólagjöld. Á meðan menn boða skattalækkanir upp á 30 þús. millj. á hverju ári eru efnahagslegar forsendur fyrir $^1/_4$ af þeirri upphæð.

[15:52]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Þetta er merkileg fyrirspurn frá hv. fyrirspyrjanda. Staðan er í dag þannig að sveitarfélögin greiða um 65–70% af kostnaði leikskólabarna auk allra fjárfestinga við leikskólana. Mér finnst óábyrgt að koma hér og slengja fram orðunum „gjaldfrjáls leikskóli". Hæstv. ráðherra tiltók kostnaðinn, 7,5 milljarða, og það er sirka rétt tala, fyrir utan náttúrlega allan byggingarkostnaðinn.

Það er ekkert sem heitir frítt, einhvers staðar verður að taka alla þessa fjármuni. Staðan er sú í dag að sveitarfélögin greiða 65–70% og foreldrarnir 30–35%. Ef það eru tvö eða fleiri börn er systkinaafsláttur og allt það. Það er verið að taka börn núna inn á leikskólana allt niður í 18 og jafnvel 14 mánaða gömul. Öll sveitarfélögin hafa haft það á stefnuskrá sinni að lækka aldur þeirra sem fá leikskólavist.

[15:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gat um höfðum við, vinstri græn, þetta sem eitt af meginkosningamálum okkar, þ.e. að vinna að gjaldfrjálsum leikskóla í áföngum. Við sögðum að það væri mannréttindamál, uppeldismál, jafnréttismál og tekjujöfnunarmál, líka menntamál þar sem leikskólakennarar eru eins og aðrir kennarar hluti af kennarahópnum.

Það er því gleðilegt að við skulum hafa fengið því áorkað að Samf., með hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson í broddi fylkingar, hafi fallist á meginþátt þessa máls sem við höfðum sem kosningamál. Baráttan er ekki til einskis, baráttan er greinilega á góðum vegi. Ég treysti því að við vinnum brátt hæstv. menntmrh. til fylgis við mál okkar og þá verður björninn unninn.

[15:54]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Kópavogslistinn, síðar Samf. í Kópavogi, setti fram tillögur um útfærslu á gjaldfrjálsum leikskóla í kosningunum 1998 og síðan kosningunum 2002 og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég held nefnilega að tillagan sýni vissa framsýni. Ég held að það sé rétt sem hefur hér fram komið, að það sé á þennan veg

sem leikskólinn hljóti að þróast og að í raun og veru væru skattalækkanir best komnar í því að ríkið tæki til sín hluta af kostnaðinum við leikskólann og létti þannig byrðunum af unga fólkinu.

Ég harma það að hæstv. menntmrh. hafi ekki tekið betur í málið en raun ber vitni. Þó að hér sé um mikinn kostnað að ræða ef allir árgangarnir eru teknir inn má auðvitað gera þetta í áföngum. Ég hygg að kostnaðurinn við að taka t.d. fimm ára börnin inn sé aðeins hluti af þessu og ég held að hæstv. menntmrh. verði að hafa í huga að þau börn sem ekki eru á leikskólum, og það er rétt hjá hæstv. menntmrh. að það yrði að vera skylda, eru trúlega börn þeirra sem höllustum fæti standa félagslega og mest þurfa á þroska leikskólans að halda.

[15:55]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir fyrirspurnina og fyrir að vekja athygli á þessu máli í sölum Alþingis.

Mig langar til að taka undir það sem fram hefur komið, bæði í máli hans og hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, um það hversu mikið þjóðþrifamál þetta sé. Við megum ekki gleyma því að það eru þeir sem mestu byrðarnar bera sem greiða þessi háu leikskólagjöld. Það eru ungir foreldrar, oft einstæðir foreldrar, og þegar barnmargar fjölskyldur eiga í hlut eru þetta miklar álögur. Ég tel fulla ástæðu til að kanna hvort ekki sé hægt að leita leiða til að mæta þessum hópi þjóðfélagsins.

[15:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Allir vildu Lilju kveðið hafa, segir einhvers staðar. Það er ágætt ef það næst breið samstaða um þetta góða málefni og mikilvæga, að gera leikskólann gjaldfrían.

Reyndar komu mér á óvart ummæli hæstv. menntmrh. sem taldi þetta ekki vera forgangsatriði og ekki reyndar efnahagslegar forsendur fyrir því að stuðla að því að þetta markmið nái fram að ganga. Ég vek athygli á því að það er unnið að þessu í sveitarfélögum, m.a. hér í Reykjavík, en í haust mun hluti fimm ára barna fá frían leikskóla í Reykjavík. Það er okkur sérstakt fagnaðarefni í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði því að, eins og hér hefur komið fram, þetta var eitt af helstu kosningamálum okkar fyrir síðustu alþingiskosningar. Hins vegar skiptir ekki máli hver setur málin fyrst fram eða hvaðan frumkvæðið kemur, öllu máli skiptir að þetta góða málefni nái fram að ganga.

[15:58]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Umræðan hér hefur líka verið ágæt.

Það verður þó að segjast eins og er að það kom mér nokkuð á óvart að hlusta á hv. þm. Helga Hjörvar ræða málið að því leytinu til að hann dró nokkuð í land frá fyrri orðum þar sem hann hefur talað um að það væri kjörið að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla fyrir fimm ára börn. Nú þekkir hv. þm., sem er líka varaborgarfulltrúi, og flestir hér inni sem standa að R-listanum að þetta er eitt af því sem R-listinn lofaði fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Lítið hefur væntanlega verið um efndir en þetta er á höndum sveitarfélaganna og allir þessir þingmenn sem hér eru inni, ef undan er skilinn hv. þm. Gunnar Birgisson, eru í R-listanum og þið væntanlega vitið það, hv. þingmenn, að það er kosningaloforð R-listans að koma með gjaldfrjálsan leikskóla, í það minnsta að hluta til fyrir fimm ára börn.

Ég átta mig ekki alveg á hvert þessi umræða er að fara, frú forseti. (**ÖJ:** ... einhverja flokka ...)

[15:59]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hennar og þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Svör hæstv. menntmrh. voru mér þó mikil vonbrigði.

Hæstv. menntmrh. benti á fjárskort sem helstu ástæðuna gegn því að fara þessa leið sem væri stórkostleg kjarabót fyrir ungt fjölskyldufólk í landinu.

Eins og alþjóð veit eru stjórnmál spurning um forgangsröðun og í því sambandi langar mig að minnast á nokkrar stórmerkilegar tölur. Á föstu verðlagi eru útgjöld ríkisins árið 2004 100 milljörðum kr. hærri en þau voru árið 1997. Þetta þýðir að ríkið hefur 100 milljörðum kr. meira á milli handanna á hverju ári en það hafði árið 1997.

Í áætlun fjmrn. um ríkisbúskapinn til ársins 2007 er síðan gert ráð fyrir að heildartekjur ríkisins verði tæpum 100 milljörðum kr. hærri en þær voru árið 2000. Sitjandi ríkisstjórn ver beint og óbeint í landbúnaðarkerfið álíka miklu fjármagni og fer í alla framhaldsskóla landsins. Sitjandi ríkisstjórn ver um 4 milljörðum kr. í risnu, ferðir og akstur á hverju ári.

Við sjáum á þessum tölum að það er hægt að gera ýmislegt þegar maður hefur 275 milljarða kr. á milli handanna á hverju ári eins og þessi ríkisstjórn hefur. Það er vel hægt að ímynda sér að gjaldfrjáls leikskóli mundi kosta minna en 1% af ríkisútgjöldum ársins til viðbótar. Sem níunda ríkasta þjóð í heimi er ljóst að við höfum efni á gjaldfrjálsum leikskóla og við ráðum vel við uppbyggingu skólahúsnæðis í áföngum. Sitjandi ríkisstjórn gæti komið verulega til móts við þann hóp fólks sem hefur hvað þrengstu fjárráðin en hæstv. menntmrh. hefur hins vegar hafnað slíkri pólitík og slíkri hugmyndafræði. Er það miður.

Þar sem hæstv. menntmrh. styður himinhá skólagjöld í leikskólum væri fróðlegt að vita í hverju munurinn felst að hennar mati á leikskóla og grunnskóla hvað gjaldtöku varðar.

[16:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í þessari vinsældakosningu um gjaldfrjálsan leikskóla sem hefur átt sér stað hér í þessum ágæta sal. Það er engu að síður umhugsunarefni þegar ágæt stjórnarandstaða knýr á um að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar sem eiga að koma til kasta á öllu þessu kjörtímabili komi allar til framkvæmda strax en síðan geta sumir flokkar sem standa að R-listanum ekki efnt loforð sín fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar strax. Þá er ég að tala um fimm ára á gjaldfrjálsan leikskóla. Það á að efna það einhvern tíma síðar á kjörtímabilinu, ég veit ekki hvenær.

En það er a.m.k. ljóst af þessari umræðu að hluti þeirra flokka sem standa að sveitarstjórnarmálum, m.a. hér í borginni, telur rétt að sveitarfélögin sjái til þess að leikskóli verði gjaldfrjáls. Ég er alveg sammála því. Ég er alveg sammála því að þetta heyri undir sveitarfélögin.

Það er hins vegar annað ef við komum að því atriði sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um og er m.a. í stefnuskrá Framsfl., um skólaskyldu fimm ára. Undir eins og við breytum því að skólaskyldan verði ekki lengur við sex ára aldur, heldur fimm ára erum við farin að tala um allt

aðra hluti. Og þá er ósköp eðlilegt að það verði talað um að fimm ára börn þurfi ekki að greiða til skólans eins og gengur og gerist með sex ára börn.

Það er að mínu mati ljóst af þessari umræðu að menn eru klofnir í afstöðu sinni. Þeir segja eitt úti í Ráðhúsi og síðan annað hér, að mínu mati. Því miður er það þannig.

Ég vil enn og aftur ítreka að kostnaðurinn við að koma á gjaldfrjálsum leikskóla er 11,5 milljarðar kr. bara við uppbyggingu á húsnæði. Síðan er aukalega rekstur á ári 7,5 milljarðar. Þá dugar ekki að mínu mati, virðulegi forseti, að halda þessu skattstigi sem er í landinu og ekki einu sinni að láta sig dreyma um að lækka skattana, heldur erum við að tala um beinar skattahækkanir á fólk ef svo verður.

[Fundarhlé. — 16:04]

Endurgreiðsla námslána.

Fsp. KLM, 706. mál. — Þskj. 1047.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh. um afslátt og endurgreiðslu námslána. Forsaga þess er svokölluð byggðanefnd forsrh., sem skipuð var í aðdraganda kjördæmabreytingarinnar svokölluðu. Það var þverpólitísk nefnd sem skilaði tillögum sínum 10. febrúar 1999.

Þar sagði m.a. um fyrstu tillögur, sem kallaðar voru bráðaaðgerðir til jöfnunar lífskjara, með leyfi forseta:

„Árlegur afsláttur verður veittur af afborgunum og vöxtum námslána eftir tveggja ára fasta búsetu utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt skilgreiningu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Verði það gert með þeim hætti að endurgreiðsluhlutfall af tekjutengdri afborgun verði allt að einu prósentustigi lægra en það er að jafnaði á lánum lánasjóðs íslenskra námsmanna." — Síðan er frekari útlistun á þessu.

Þetta voru tillögur þverpólitískrar nefndar sem skilaði samdóma áliti og naut m.a. stuðnings hæstv. forsrh. sem fjallaði í ræðustól Alþingis um að þessar þverpólitísku tillögur væru skynsamlegar og lofaði þeim stuðningi.

Þessar hugmyndir koma fyrst fram þarna árið 1999. Síðan kemur þetta mál aftur upp, þ.e. í byggðaáætlun, í hinni svokölluðu nítján línu byggðaáætlun sem er í gildi. Í greinunum sem þar fylgja er m.a. fjallað um endurgreiðslu námslána. Meginhugmyndin þar var að bjóða ungu fólki sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun tímabundinn afslátt á endurgreiðslu námslána. Markmiðið er að hvetja ungt fólk með menntun á háskólastigi til að setjast að og starfa úti á landi og taka þannig þátt í uppbyggingu byggðarlaga þar sem vantar menntað fólk til starfa og byggja þar upp ný fyrirtæki.

Ábyrgð á þessari framkvæmd er í skýrslu hæstv. iðn.- og viðskrh., byggðamálaráðherra, sögð liggja hjá fjmrn. Í skýrslunni kemur fram að fjmrn. hafi unnið í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna, aflað upplýsinga, m.a. frá Noregi, um reglur um afslátt frá endurgreiðslu námslána sem gilda fyrir háskólamenntað fólk sem býr í nyrstu héruðum Noregs og nokkrum svæðum þar í landi. Áfram er fjallað um þetta og lýst hvað gert hafi verið í þessu máli af hendi fjmrn., m.a. er rætt um það að þessar afsláttarreglur í Noregi séu töluvert flóknar o.s.frv.

Virðulegi forseti. Kveikjan að því að ég lagði svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh. var að mig langaði að fá úr því skorið hvað gert hefði verið annað en það sem stendur í þessum tillögum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd hugmynda um að bjóða ungu háskólamenntuðu fólki tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána setjist það að á svæðum þar sem skortur er á háskólamenntuðu fólki, samanber markmið í byggðaáætlun?" — Þeirri byggðaáætlun sem ég las hér upp úr, virðulegi forseti.

[18:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur reifað aðdraganda þess máls sem hér er gert að umtalsefni. Í skýrslu iðnrh. um framvindu fyrir árin 2002–2005 sem lögð var fyrir þetta þing, 130. löggjafarþing, er gerð grein fyrir athugun á tillögu í byggðaáætlun um afslátt frá endurgreiðslu námslána.

Í skýrslunni segir m.a. um tillöguna að meginhugmyndin sé að bjóða ungu fólki, sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun, tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána, eins og hv. fyrirspyrjandi rakti. Þar eru nánar tilgreind markmið þeirrar hugmyndar.

Sömuleiðis kom fram í máli fyrirspyrjanda að fjmrn., eins og fram kemur í skýrslunni, hefur unnið í samráði við Lánasjóð íslenskra námsmanna að því að afla upplýsinga um það kerfi sem mun vera við lýði í nyrstu héruðum Noregs og á nokkrum öðrum svæðum þar í landi. Hins vegar eru, eins og hér kemur fram, aðstæður í Noregi mjög frábrugðnar því sem er hér á landi.

Reglurnar varðandi þetta eru flóknar í Noregi og yrðu vafalaust mun flóknari hér og erfitt að gera upp á milli manna í þessu efni, eftir því hvar þeir eiga lögheimili, hvar á landinu fólkið stundar vinnu, á hvaða aldri það er, í hvaða skóla það hefur stundað nám, hvort það vinnur störf sem krefjast háskólamenntunar eða ekki o.s.frv. Síðan hefur ekki verið lagt mat á hugsanlegan ávinning eða kostnað af slíkum afsláttarreglum ef þær yrðu settar. En áfram er unnið að athugun á þessu máli.

Frá því að iðnrh. gaf út skýrslu sína á þessu þingi hefur það helst gerst í málinu að Lánasjóður íslenskra námsmanna setti í janúar af stað vinnu til að yfirfara og endurskoða forsendur fyrir útreikningum á framlagi ríkisins til sjóðsins. Fjmrn., menntmrn. og Ríkisendurskoðun eiga aðild að þessum hópi ásamt fulltrúum frá stjórn sjóðsins. Vonast er til að í tengslum við það starf sé hægt að afla frekari upplýsinga um forsendur til að reikna út mismunandi valkosti varðandi þá hugmynd sem hér er gerð að umtalsefni.

Ég vil segja til viðbótar, herra forseti, að sú hugmynd sem hér er rædd er ein af mörgum sem fram hafa komið til að styrkja byggðirnar úti á landi. Hún er athyglisverð en áreiðanlega erfið í framkvæmd. Það þarf að gæta að því í máli sem þessu að jafnvel þótt markmiðið sé gott og tilgangurinn sömuleiðis þá réttlætir það ekki að koma á fót óframkvæmanlegu kerfi sem býr til nýja mismunun, eins og hætta er á hvað varðar sérstaka afslætti frá endurgreiðslum þessara lána.

Ég segi því fyrir mitt leyti, herra forseti, að þó að við könnum þetta mál að sjálfsögðu með opnum huga þá sér maður í hendi sér ýmsa og jafnvel verulega annmarka á þessari

hugmynd þegar kæmi að því að hrinda henni í framkvæmd.

[18:07]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Hér er vissulega um nokkuð flókna framkvæmd að ræða en það væri vel þess virði að ráðast í hana af krafti. Það komu fram nokkuð dapurlegar upplýsingar hjá hæstv. fjmrh., um að málið væri enn í athugun en ekki komið á neinn skrið. Það er grundvallaratriði, ætli menn af einhverju kappi, krafti og alvöru, að byggja upp þær byggðir úti á landi sem hvað verst eru leiknar eftir eyðibyggðastefnu undanfarinna áratuga, að byggja upp fjölbreytt samfélög sem eru samsett þannig að þar sé fólk með fjölbreytilega menntun. Þar sem skortur er á háskólamenntuðu fólki verða að koma til aðgerðir sem þessar.

Þetta er aðlaðandi hugmynd fyrir margt ungt fólk sem er með háa greiðslubyrði. Meðalgreiðslubyrðin af námslánum í dag samsvarar heilum mánaðarlaunum á ári. Þær afborganir eru verulega íþyngjandi fyrir ungt fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þetta gæti því virkað sem segull á ungt fólk til að fara út á land og setjast þar að. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir þessu.

[18:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég minni á að fyrstu hugmyndir um málið sem spurt er um í fyrirspurninni komu fram í byggðaáætlun sem stjórn Byggðastofnunar tók saman árið 1997 og sendi hæstv. forsrh. Sú tillaga var borin fram á Alþingi í framhaldinu og samþykkt í þingsölum árið 1998. Málið kom því fram fyrir sex árum í þinginu og þingið hefur afgreitt það af sinni hálfu með pólitískri yfirlýsingu um stuðning við þetta mál.

Ég hvet því hæstv. ríkisstjórn til aðgerða í þessum efnum. Ég vil frekar athafnir en orð á þessari stundu. Við höfum nógu lengi rætt þetta mál og og oft glímt við mál sem ekki hafa verið mjög einföld í framkvæmd. Það er ekki einfalt að setja 3,5 milljarða kr. úr ríkissjóði til atvinnuuppbyggingar á Reykjavíkursvæðinu í gegnum tónlistarhús. Það er umdeilt mál en við látum okkur hafa það þegar markmiðin eru góð.

[18:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er um eitt af þessum góðu málum að ræða sem hafa það markmið að stýra fólki í ákveðnar áttir.

Ég vara við því að menn taki svona mál upp. Þau grafa undan heildstæðum lausnum og mismuna auk þess fólki. Hvað með það fólk sem ekki hefur tekið námslán, sem hefur jafnvel nurlað og sparað og gætt þess að taka ekki námslán? Það fær ekki styrki til að fara út á land.

Hvað með fólk sem ekki er háskólamenntað? Hvers á það að gjalda, að fá ekki styrk til að búa á ákveðnum svæðum? Af hverju á að fara að styrkja atvinnurekendur til að ráða háskólamenntað fólk ef þeir ekki vilja ráða það á þeim kjörum sem bjóðast?

[18:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér fer fram athyglisverð umræða um málefni sem verið hefur í gangi í sjö ár. Ríkisstjórnin er búin að lýsa því yfir að hún vilji fara þessa leið en svo koma menn upp og tala út og suður, hæstv. ráðherra á varúðarnótunum og hv. þm. Pétur Blöndal á móti.

Ég segi eins og er: Hvers vegna eru menn ekki búnir að hreinsa loftið í þessu máli? Af hverju hafa menn ekki lagt upp í þá göngu og hvaða annað ráð vilja menn taka upp í staðinn? Menn eru togaðir um á asnaeyrunum með umræðu um byggðamál þegar svona er að málum staðið. Árum saman velkjast menn um með sama málið án þess að nokkuð gangi en síðan kemur bara skýrt fram að í raun er svo mikil andstaða við málið í stjórnarflokkunum að það nær ekki fram að ganga.

[18:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa yfir nokkrum vonbrigðum með svör hæstv. fjmrh. í þessu máli. Ég bjóst við skýrari svörum en þessum. Þau voru óskaplega loðin. Hann talaði m.a. um að reglurnar í Noregi væru svo flóknar og að liggja þyrfti vel yfir þessu máli, undirbúa vel á alla kanta o.s.frv.

Ég fór á netið í dag og skoðaði hvernig þetta er gert í Noregi. Það er ekkert voðalega flókið. Í Noregi er það þannig að í nyrsta fylki Noregs, Finnmörku og síðan Norður-Troms, sem er norðurhluti næstnyrsta fylkis Noregs, getur fólk fengið 10% afslátt af upphaflegu námsláni eða að hámarki í kringum 170 þús. kr. á ári, hafi það unnið á þessum svæðum í tólf mánuði.

Þetta er megininntakið í þessum reglum. Ég veit það sjálfur að þetta hefur lánast mjög vel hjá Normönnum. Þetta hefur valdið því að ungt fólk sækir norður í þessi héruð, barnafjölskyldur setjast þar að, sjálfum sér til heilla og viðkomandi byggðarlögum. Ég tel að þessi hugmynd sé fyllilega þess virði að skoða hana.

[18:13]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér tóku þátt og lögðu áherslu á þetta mál. Hæstv. fjmrh. þakka ég svörin þó að ég verði að taka fram að ég er ákaflega svekktur yfir þeim. Ég tala nú ekki um eftir að í ljós kom að þessi þrautaganga hefur staðið tveimur árum lengur en ég taldi, miðað við það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi varðandi tillögu frá Byggðastofnun frá árinu 1997.

Þetta er sem sagt sjö ára þrautaganga hæstv. ríkisstjórnar. Ef þetta er ekki talandi dæmi fyrir hæstv. ríkisstjórn gagnvart því sem á að gera á landsbyggðinni þá veit ég ekki hvað það er. Ef hæstv. iðnrh. hefði staðið fyrir svörum hefði hún væntanlega talið upp nýsköpunarmiðstöð, væntanlegt öndvegissetur og álver og stóriðju fyrir austan, allt mjög góð mál ... (**Gripið fram í:** Og nýja skýrslu.) og nýja skýrslu.

Í svari hæstv. fjmrh. las hann úr skýrslu, það sem fram kemur í skýrslu hæstv. iðnrh. Hins vegar kom ekkert nýtt fram. Í sjö ár hafa menn skoðað hlutina og ekkert gert.

Hæstv. fjmrh. segir að þetta sé skoðað með opnum huga. Ja, mikil ósköp. Það er verið að skoða margt með opnum huga, hæstv. fjmrh., gagnvart landsbyggðinni. Hins vegar verður ekkert úr framkvæmdum. Það er alvarlegt mál og gerir það að verkum að landsbyggðin er sífellt að veikjast. Gera menn sér ekki grein fyrir því? Á meðan gera menn alls konar hluti, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi, í byggðaaðgerðum í Reykjavík, eins og hann nefndi dæmi um.

Þetta er með ólíkindum virðulegi forseti. Það er einmitt eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði: Það er kominn tími til aðgerða. Athafnir í stað orða, mætti verða leiðarstef hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum. Það á ekki eingöngu við það atriði sem hér er nefnt sem hefur, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson lýsti, eflt byggð í Noregi.

Ég hvet hæstv. fjmrh. til þess í seinna svari sínu að líta til þess sem gert er í Noregi, því ágæta landi, láta athafnir koma í stað orða og koma slíku kerfi á á Íslandi.

[18:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Gott er að fá brýningu sem þessa til góðra verka, ekki dreg ég úr því. En menn verða að gæta sín, eins og ég sagði áðan, að í ákafa sínum við að koma fram góðum málum búi þeir ekki til fleiri vandamál en þeir eru að leysa.

Það er svo með Noreg að það land er pínulítið öðruvísi í laginu en Ísland. Það er ekkert vandamál að afmarka svæði eins og þar er gert sem miðast við nyrstu fylkin í landinu, Finnmörku og Troms eða Norður-Troms. Það er svolítið annað en að ákveða hvort veita eigi t.d. slíka styrki á Akureyrarsvæðinu eða tiltekinn kílómetrafjölda í austur og vestur frá Akureyri þar sem er háskóli. Eða á bara að miða það við Vestfirði eða Austfirði? Hvernig á að afmarka þetta mál, hvernig á að afmarka það landfræðilega? Hvað er landsbyggðin í þessu tilliti? (**Gripið fram í:** Ég býð fram aðstoð.) Já, gott að vita að hv. þm. er reiðubúinn til aðstoðar sem ævinlega. En ég er bara að benda á að þetta mál er kannski ekki eins einfalt og látið er í veðri vaka.

Hitt er annað mál að allar góðar hugmyndir til að glíma við byggðavandann sem við erum sammála um að er raunverulegt vandamál ekki bara fyrir byggðirnar úti á landi heldur fyrir þjóðfélagið, allar góðar hugmyndir í því efni eru að sjálfsögðu vel þegnar. Við í fjmrn. erum ábyrg fyrir þessari tilteknu hugmynd og verið er að athuga hana áfram eins og ég gat um.

[18:17]

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 427. mál, þskj. 1354.

Efling sérsveitar lögreglunnar, 923. mál, fsp. KHG, þskj. 1402.

Íþróttaiðkun námsmanna, 922. mál, fsp. VF, þskj. 1401.

Laxveiði í net við strendur landsins, 915. mál, fsp. VF, þskj. 1394.

Löggæsla á íþróttamótum, 914. mál, fsp. VF, þskj. 1393.

Rannsókn flugslysa, 451. mál, þskj. 1357.

Stefna í íþróttamálum, 921. mál, fsp. VF, þskj. 1400.

Afsláttur af þungaskatti.

Fsp. KLM, 762. mál. — Þskj. 1143.

[18:18]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég lagði fram þá fyrirspurn sem ég fylgi hér úr hlaði er kort Vegagerðarinnar sem prentað er út 8. mars sl. þar sem á þeim hluta landsins sem prentaðist út af svo stóru korti er þéttriðið net, ef svo má að orði komast, þungatakmarkanaskilta á flestum vegum landsins, tíu tonn eins og þarna voru, sem væntanlega munu, ef veðurspár ganga eftir og gott veður verður áfram, taka gildi á næstu dögum aftur. Fyrirspurn mín er í framhaldi af því og er svohljóðandi:

Kemur til álita að veita flutningafyrirtækjum afslátt af þungaskatti meðan á þungatakmörkunum stendur á þjóðvegum landsins?

Eins og ég sagði er ástæðan sú mynd sem þarna birtist og það að þegar þungatakmarkanir eru settar á þjóðvegi landsins eykst flutningskostnaður svo og annar kostnaður flutningsaðila vegna þess að skipta verður vörum niður á annaðhvort tvo bíla í stað eins eða með aukatengivagni sem verður að greiða þungaskatt af. Við þetta eykst allur kostnaður til mikilla muna, eins og tekið er dæmi um á eftir.

Ég tek dæmi af akstri flutningabíls austur á land eða u.þ.b. 1.500 km fram og til baka. Í öðru dæminu þar sem farminum yrði skipt niður á tvo bíla ykist þungaskattsgreiðsla viðkomandi fyrirtækis um 40 þús. kr. sem fyrirtækið greiðir ríkissjóði í þungaskatt. Heildarkostnaður flutningsaðila á hvern ekinn kílómetra er hins vegar áætlaður 160 kr. á hvern kílómetra, sem er þungaskattur, olíugjald, laun og launatengd gjöld og hvað það allt heitir. Það gerir það að verkum að miðað við þær tölur sem flutningsaðilar nota eykst kostnaður þeirra um 240 þús. kr. við þetta.

Í öðru dæmi sem mig langar að taka er vörunum skipt, sem hefðu í öllum tilfellum komist í einn bíl, annars vegar á bíl og þar að auki verður að setja í tengivagn vegna þess að í staðinn fyrir t.d. 13 tonna flutning sem hægt væri að flytja á einum flutningabíl má ekki setja nema 8,5 tonn í bílinn og restina verður að setja í tengivagn. Greiðsla þungaskatts af flutningabíl þessa leið er um 40 þús. kr. eins og í fyrra dæminu, en greiðsla þungaskatts af tengivagninum er tæpar 28 þús. kr., þ.e. aukakostnaður sem hlýst af því og tekjuauki ríkissjóðs verður sem því nemur.

Þetta er geysilega mikil skattheimta, virðulegi forseti, og hæstv. fjmrh., fjárhaldsmaður ríkissjóðs, fær þarna auknar tekjur, verulega miklar tekjur, vegna þess að þungatakmarkanir eru í gangi. En það leiðir auðvitað til þess að kostnaður flutningsaðila eykst og hann er auðvitað kominn inn í verðlag flutningafyrirtækja og þar á meðal inn í flutningsgjaldskrá. Það er ástæðan fyrir þeirri spurningu sem ég bar fram í upphafi máls míns, virðulegi forseti, og langar að heyra svar hæstv. fjmrh. við henni.

[18:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þannig er um þetta atriði að í lögunum um fjáröflun til vegagerðar þar sem ákvæðin um þungaskatt er að finna er sérstakt ákvæði sem á við um þær aðstæður sem hv. þm. lýsir og fjallar um í fyrirspurn sinni. Það ákvæði kom inn í lögin árið 1996 og hljóðar svo, með leyfi forseta, og les ég þá úr 3. mgr. b-liðar 4. gr. laganna:

„Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum."

Í greinargerð með þessari lagabreytingu á árinu 1996 var þetta skýrt með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Í b-lið er veitt heimild til að skrá gjaldþyngd ökutækis lægri en leyfð heildarþyngd þess er samkvæmt ökutækjaskrá í þeim tilvikum sem leyfð heildarþyngd ökutækis nýtist ekki til fulls. Um er að ræða svipaða heimild og er í núgildandi lögum. Gera má ráð fyrir að aðilar, sem eingöngu flytja mjög léttan farm miðað við rúmmál, geti nýtt sér þessa heimild, til dæmis þeir sem flytja vikur, svo og þeir sem geta ekki nýtt flutningsgetu ökutækja sinna vegna tímabundinna þungatakmarkana."

Heimildin er með öðrum orðum þegar í lögum en samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað frá embætti ríkisskatt-

stjóra, sem ber ábyrgð á þessari framkvæmd, hefur hún lítið sem ekkert verið nýtt á þeim átta árum sem nú eru liðin, a.m.k. ekki af þeim sem aka á leiðum þar sem þungatakmarkanir eru settar á vorin.

Hver er skýringin á því? Ég get ekki fullyrt um það en vitanlega er þetta erfitt í framkvæmd vegna þess að það þarf að láta lesa af ökumæli af þar til bærum aðila. Það er umhendis, það þarf að skrá niður gjaldþyngdina áður en farið er í ferð þar sem þungatakmarkanir eru og láta síðan lesa aftur af mæli og skrá niður gjaldþyngdina o.s.frv. Þetta hefur greinilega reynst það flókið að aðilar sem þarna eiga hagsmuna að gæta hafa ekki nýtt sér heimildina.

Lagaákvæðið sem fyrir hendi er sýnir að það úrræði sem hv. fyrirspyrjandi er að ýja að með spurningu sinni, að veita flutningafyrirtækjum afslátt af þungaskatti meðan á þungatakmörkunum stendur, er bara mjög erfitt í framkvæmd. Búið er að sýna fram á það með því að þessi lagaheimild hefur verið fyrir hendi í öll þessi ár en lítið sem ekkert notuð.

Annars held ég að við hv. þm. Kristján Möller ættum að taka höndum saman um að hætta að fjalla um gallana á þungaskattskerfinu og snúa okkur að því að ná saman um að breyta alveg um kerfi og taka upp olíugjaldið sem nú er til meðferðar í þingnefnd og hv. þm. hefur þegar tjáð sig mikið um það mál við 1. umr. þess. Ég skora á hann og þingheim allan að snúa bökum saman í því máli.

[18:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að verða við tilmælum hæstv. ráðherra og taka hann beint á orðinu. Olíugjaldið sem við vorum að ræða um daginn er einfaldlega þannig að þegar kemur að erfiðri færð á vegum eykst kostnaðurinn í gegnum olíugjaldið. Við setjum 45 kr. á hvern lítra inn í olíugjaldið og ég vék að því í umræðunni um daginn um málið að það væri alveg fyrirsjáanlegt að við erfiða færð og þungatakamarkanir væru menn að flytja minni farm sem gæfi þeim minni tekjur við aukna olíueyðslu.

Vandamálið er því líka fyrir hendi í því frv. sem liggur fyrir og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að taka á því og velta því upp með hvaða hætti laga má stöðu manna þannig að þeir séu ekki bæði að afla minni tekna og greiða meiri kostnað og þar með skatt til ríkisins.

[18:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. ættu að vera vinstri mönnum og þeim sem óska eftir því að setja alltaf ný og fleiri og réttlátari ákvæði í skattalög víti til varnaðar. Ákvæðin eru bara ekki notuð, annaðhvort vegna þekkingarleysis, vegna þess að hinn almenni borgari þekkir þau ekki, eins og hv. þm. sjálfur, hann var mjög undrandi á þessu svari, eða þá að það er svo dýrt að nýta þau að það nýtir þau enginn.

Ég vara við því að menn séu alltaf að hlaupa á eftir réttlætinu á þennan hátt og gera öll lög svo flókin að almenningur getur ekki lengur lifað við þau og veit ekkert af öllum sínum rétti. Því miður er allt of mikið um það í bóta- og skattalögum á Íslandi.

En ég vil benda á að það er komin ný tækni núna sem ég ræddi í sambandi við olíugjaldið, sem hugsanlega leysir allan þennan vanda. Þar má taka mismunandi gjald fyrir malarvegi, mismunandi gjald þegar snjóþungt er, lægra gjald á fjallvegi og vegi sem ekki eru með ofaníburði o.s.frv. Og svo þegar komnar eru þungatakmarkanir er hægt að taka sérstakt og lágt gjald og allt sjálfvirkt.

[18:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sú staðreynd er alveg makalaus að ríkið hefur stöðugt gert fjarlægðir innan lands að sérstökum skattstofni þannig að því lengra sem þarf að fara, sækja vinnu eða flytja vörur á milli landshluta, þá eykst ekki aðeins hinn beini kostnaður sem af því hlýst heldur þarf þar líka að vera sérstakur skattstofn og hár skattstofn af hálfu ríkisins. Þetta er afar óréttmætt og mun lítið breytast þó svo að breytt verði yfir í olíugjald og mér óar við allri þeirri tækni ef vera á hópur og her manns að fylgjast með mælum sem fylgja farartækinu eftir daglega.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður störfum nefndar sem lofað var að lyki störfum fyrir síðustu kosningar, sem átti að taka á því að jafna flutningskostnað og jafna samkeppnisstöðu í búsetu og sérstaklega atvinnuvega, atvinnugreina og fyrirtækja vítt og breitt um landið? (Forseti hringir.) Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem átti að vera löngu búin að skila af sér?

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. fjmrh. las upp ákvæðin sem eru til að gefa þann afslátt sem ég er að spyrja um.

Ég hygg að það sé rétt hjá Pétri H. Blöndal að það séu ekki allir, og á það ekkert endilega við um vinstri menn frekar en hægri menn — ég átta mig ekki á þeirri skilgreiningu — klárir á því að slík heimild sé fyrir hendi. Það getur vel verið að menn telji að hún sé flókin í framkvæmd en ég hygg að það sé miklu frekar að menn hafi ekki áttað sig á henni.

Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og áminningu um hvernig þetta er í lögunum. Ég hvet því flutningsaðila til að nýta sér lögin sem hér er verið að vitna til og nota þann afsláttarmöguleika sem er og sækja sér þar rétt sinn til ríkisskattstjóra og þeirra sem fylgjast með þungaskatti þegar næsta birting kemur sem verður eitthvað í þessa veru þar sem Íslandskortið er þakið umferðarmerkjum sem tilkynna um þungatakmarkanir.

(Gripið fram í.) Svo eru aðrir staðir þar sem þungatakmarkanirnar eru meiri, t.d. á malarvegum og hálfgerðum moldarvegum, eins og Pétur H. Blöndal minntist á. Það eru margir vegir svoleiðis og um þá þarf líka að flytja vöru. Þar væri því kannski hægt að sækja enn meiri afslátt.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar og þessa ábendingu og hygg að hún verði notuð vel.

Varðandi hitt atriðið sem hann gerði að umtalsefni, þ.e. olíugjaldið sem við áttum hér miklar og góðar umræður um um daginn, þá er það alveg rétt. Ég ítreka það sem ég sagði þar að ákveðnir kostir eru við það en einnig mjög margir ókostir. Mesti ókosturinn er sá — og skal ég segja það einu sinni enn vegna þess að kannski fæ ég ekki tækifæri næstu daga til þess ef þetta mál kemur á dagskrá — það versta er að hæstv. fjmrh. er að festa þar í sessi gjaldstofn á olíugjald og kílómetragjald á flutningabíla, sem er 45% hækkun á greiðslu þungaskatts frá árinu 1998 á flutningabílum (Forseti hringir.) sem keyra 120 þús. kílómetra eða meira á ári. Það er það allra versta (Forseti hringir.) við þetta frv. vegna þess að það er allt sniðið utan um þær tekjur sem hæstv. fjmrh. (Forseti hringir.) plokkar og eru svo ósanngjarnar.

[18:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar vil ég bara segja að nefndin sem hann gerir hér að umtalsefni starfar ekki á mínum vegum og mér er ekki kunnugt um hvernig starfi hennar miðar áfram. Því er rétt að hann beini þeirri spurningu til viðkomandi ráðherra sem er með þetta mál. (**JBjarn:** Þetta er ríkisstjórnarmál.)

Ég held hins vegar að það sé í ljós leitt hér við þessa umræðu, svo stutt sem hún nú er, að það er hyggilegt að hætta að karpa um þungaskattskerfið sem er í raun liðin tíð vegna þess að ef við breytum ekki yfir í olíugjald, sem ég leyfi mér að vona að verði gert um næstu áramót, þá þarf að lappa mjög mikið upp á núverandi þungaskattskerfi. Á því eru ótal gallar. Ég býð ekki í það sem út úr slíkri endurskoðun kæmi þegar búið verður að setja gjaldmæla í alla dísilbíla stóra og smáa, fastagjaldið afnumið og teknir upp fleiri og fleiri flokkar í gjaldi í stað þess kerfis sem nú er í dag. En það verður að gera ef okkur auðnast ekki að fara út í þessa kerfisbreytingu.

Að öðru leyti tel ég að fyrirspurninni sé svarað og málið upplýst af minni hendi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna.

Fsp. VF, 810. mál. — Þskj. 1228.

[18:33]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Nú er ár kjarasamninga. Nokkrum samningum er þegar lokið en aðrir eru í vinnslu og í haust renna út samningar ríkisins við opinbera starfsmenn.

Ástæða þess að ég spyr um undirbúning fjmrn. að gerð nýs kjarasamnings núna á vormánuðum er sú staðreynd að ríkið á það til að draga lappirnar þegar kemur að gerð kjarasamninga. Í tveimur síðustu samningum var gerð viðræðuáætlun sem ríkið hafði ekki virt. Þegar slíkt gerist er í raun verið að brjóta á launþegunum, launahækkanirnar tefjast, ríkið hagnast en kjör launþegans skerðast.

Ég spyr því hæstv. fjmrh. um vilja hans til þess að ljúka samningagerð á tilskildum tíma, þ.e. að nýr kjarasamningur við opinbera starfsmenn verði tilbúinn áður en sá sem nú er í gildi rennur út. Ef ekki, má þá vænta þess að ráðherra semji um afturvirkni launahækkana?

Ég lýsi jafnframt eftir markmiðum ríkisins í næstu samningum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Staða fjölskyldunnar í samfélaginu verður styrkt og fjölgað tækifærum foreldra til að samræma starf og fjölskyldulíf ...“

Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að í samningum verði samið um styttingu vinnuvikunnar?

Jafnframt segir í stefnuyfirlýsingunni, með leyfi forseta:

„Á kjörtímabilinu verður m.a. tekjuskattsprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að 4%, ... Skattalækkanir verði nánar ákveðnar í tengslum við gerð kjarasamninga.“

Hvað þýðir þetta í raun? Verða ákvarðanir um skattalækkun teknar í aðdraganda samninganna í haust eða ekki fyrr en þeir liggja fyrir?

Í stefnuyfirlýsingunni er talað um að vinna áfram að því að jafna launamun kynjanna. 12–14% launamunur kynjanna er viðurkennt vandamál. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að brúa þetta bil í gerð næstu kjarasamninga?

Í gangi hafa verið viðræður um að taka til endurskoðunar lög um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur. Mér er tjáð að þeirri vinnu hafi miðað ágætlega en siglt í strand þegar ríkisstjórnin kom með frv. um afnám skyldu atvinnurekenda til áminninga áður en kemur að brottviknингu úr starfi og þar með að afnema í raun andmælarétt launamannsins.

Í framhaldi af þessu spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvað líður undirbúningi fjármálaráðuneytisins að gerð nýs kjarasamnings opinberra starfsmanna? Og hefur ráðuneytið áform um að ná samningi um breytingar á launakerfi og lagaumhverfi opinberra starfsmanna eða má búast við einhliða ákvörðun?

[18:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er þannig í dag að fjmrn. gerir tæplega 80 kjarasamninga — ég hygg að þeir séu 77 — við 136 stéttarfélög um launa- og kjaramál og allir eru þeir vegna starfsmanna sem vinna hjá ríkinu. Nú nýverið er lokið samningsgerð vegna félaga innan Starfsgreinasambandsins sem voru með lausa samninga og með vorinu losna samningar félaga innan Farmanna- og fiskimannasambandsins auk annarra ASÍ-félaga. Einnig er verið að reyna að ná í fyrsta sinn kjarasamningi við Félag lyfjafræðinga.

Hvað varðar samninga þeirra stéttarfélaga starfsmanna ríkisins sem falla undir lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem hv. þm. vék að þá eru þeir flestir lausir um mánaðamótin nóvember/desember næstkomandi. Samkvæmt lögum eiga viðræður að hefjast tíu vikum fyrr eða um miðjan september. Hins vegar hafa viðræður staðið yfir við Kennarasamband Íslands til undirbúnings þeim samningum, en kennarar falla í þennan flokk starfsmanna ríkisins.

Fjmrn. á einnig í viðræðum um fyrirkomulag endurmenntunar við félög innan BSRB og BHM til undirbúnings næstu kjarasamningum. Einnig er unnið að ýmiss konar gagnaöflun og samanburði hvað snertir tölulegar upplýsingar varðandi laun á almennum markaði og hinum opinbera markaði. Almennt held ég að megi segja að viðræður milli þessara aðila séu í ágætum farvegi eins og þær eru alla jafna enda er brýnt að samstarf sé gott, ekki bara þegar verið er að semja heldur líka á milli samningalota.

Hvað varðar síðari spurningu hv. þm. um launakerfi og lagaumhverfi opinberra starfsmanna þá eru ekki nein sérstök áform hvað varðar fyrra atriðið um breytingar á launakerfi á döfinni. Hins vegar er of snemmt að fullyrða um það vegna þess að það verður, ef til þess kemur, hluti af kjarasamningaferlinu sjálfu. Hitt er annað mál að það launakerfi sem um var samið hér 1997 og aftur 2000–2001 er núna hluti af kjarasamningum og því verður ekki breytt einhliða af öðrum samningsaðilanum.

Hvað varðar breytingar á lagaumhverfinu þá er það rétt sem fram kom hjá hv. þm. að ég skipaði á sínum tíma starfshóp sem hefur það verkefni að skoða lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 1986. Í þeim hópi eiga sæti fulltrúar bandalaga opinberra starfsmanna ásamt fulltrúum sveitarfélaga auk minna fulltrúa. Þessum hópi er ætlað að meta reynsluna af lögunum og gera samanburð á lagareglum okkar og lagareglum nágrannaþjóða okkar. Hann hefur m.a.

farið utan til að kynna sér þá hluti í öðrum löndum. En þessi hópur hefur ekki enn skilað niðurstöðum.

[18:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ríkið hefur að undaförnu verið óvenjumikið leiðandi í samningum. Menn muna samninga sem gerðir voru hér, svona stofnanasamningar þar sem samið var við einstaka starfsmenn og leiddu svo út í atvinnulífið í framhaldi af því. Nú hefur ríkið gert samning við Starfsgreinasambandið sem mun leiða til þess að útgjöld vegna lífeyris til starfsmanna á almennum vinnumarkaði munu aukast verulega mikið. Ég fagna út af fyrir sig þeim samningi sem var löngu tímabært að gera.

En ég spyr hæstv. fjmrh.: Hefur verið farið yfir það hvaða afleiðingar verða af þessum samningi fyrir atvinnulífið í landinu í heild þegar þessi niðurstaða hefur breiðst út um allt samfélagið?

[18:41]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegur forseti. Ég sé í raun enga ástæðu til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið því að það kom akkúrat ekkert svar annað en að þetta væri allt bara hreinlega í góðum málum. Að vísu kom svar um launakerfi, þ.e. að því yrði ekki breytt einhliða. En ástæða þess að ég spyr um það er sú að hæstv. heilbrrh. hefur bent hæstv. fjmrh. á að mjög erfitt sé að reka heilbrigðisstofnanir án þess að framkvæmd kjarasamninga sé breytt, og þarna á hann við þessa aðlögunarsamninga.

Ég ætla að leyfa mér að ítreka a.m.k. eina spurningu. Ég hlýt að geta fengið eitt svar í dag: Er það stefnan hjá hæstv. fjmrh. við gerð kjarasamninganna í haust að gera tilraun til að brúa launabil á milli kynjanna?

[18:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að við umræðu sem þessa í Alþingi fari menn að gefa upplýsingar um hvaða markmið þeir ætli að setja sér í kjarasamningum sem eiga að vera komnir í höfn einhvern tíma með haustinu eða fyrir jól. Það er náttúrlega ekki eðlilegt að ætlast til þess að slíkar upplýsingar séu hér reiddar fram.

En auðvitað er það markmið beggja samningsaðila og sjálfsagt okkar allra í þessum sal að reyna að draga úr launamuni kynjanna því að hann er óásættanlegur þó erfitt hafi reynst í framkvæmd að vinna bug á honum vegna þess að þar að baki liggja vafalaust flóknar skýringar, félagsfræðilegar skýringar sem ekki eru bara tengdar launatöflum eða vinnumagni. Við höfum þó gert okkar besta í þessari ríkisstjórn, m.a. með breyttu fyrirkomulagi fæðingarorlofs til að vinna bug á þessum launamun. Ég er alveg sannfærður um að sú aðgerð á eftir að skila sér þó að það taki einhvern tíma hvað varðar þetta mál.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um kjarasamningana við Starfsgreinasambandið og þó að hann fagni samningunum þá spyr hann eilítið krítískt. Hann spyr: „Voruð þið ekki að gera einhverja bölvaða vitleysu gagnvart almenna vinnumarkaðnum?“ (**JÁ:** Ég sagði það ekki.) Það var svona undirliggjandi í spurningunni: „Var ekki verið að búa til heilmikinn kostnað fyrir almenna vinnumarkaðinn?“

Ég tel ekki að svo sé. Ég tel ekki að verið sé að búa til óyfirstíganlegt fordæmi fyrir almenna vinnumarkaðinn með þessum samningum og að þegar sé búið að stíga skref á vettvangi samningsaðilanna á almenna markaðnum hvað varðar lífeyrissjóðamálin sem munu líka verða til þess að draga úr þeim réttindamun sem er á milli aðila á almenna markaðnum og hjá því opinbera. Ég tel því að það hafi verið sanngirnismál að semja eins og gert var. (**JÁ:** Þetta er leiðbeinandi).

Virðisaukaskattur af áskrift að netmiðlum.

Fsp. HjÁ, 861. mál. — Þskj. 1319.

[18:45]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjmrh. er varðar virðisaukaskatt af áskrift að netmiðlum.

Herra forseti. Lög um virðisaukaskatt eru að stofni til frá árinu 1988 en hefur líklega verið breytt sex sinnum síðan og reynt að aðlaga þau því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni. Nú er meginreglan sú, eins og kunnugt er, að virðisaukaskattur er 24,5% en í 14. gr., í XI. kafla um skatthlutfall, er talað um undanþágur og lægra virðisaukaskattsþrepið talið upp. Þar segir að „þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þ.e. um 24,5% virðisaukaskatt, skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 14%“. Síðan eru taldir upp nokkrir liðir, þar á meðal útleiga hótel- og gistiherbergja; afnotagjöld útvarpsstöðva; sala tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða; sala bóka; sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til húshitunar og laugarvatns og sala á matvöru.

Í lögunum er það ákveðið pólitískt markmið að hafa lægra þrep á ákveðnum nauðsynjavörum, matvöru, orku og jafnframt á lesefni. Við Íslendingar höfum alltaf haft mikinn metnað fyrir því að hafa vel upplýsta þjóð og vel læsa þjóð.

En frá því að þessi lög voru samin og samþykkt árið 1988 hafa orðið miklar breytingar. Óhætt er að segja, með fullri virðingu fyrir tímaritum og blöðum, að netið sé kannski öflugasti miðillinn í dag. Þótt aðgengi að netinu sé að miklu leyti frjáls hafa málin þróast þannig að menn geta keypt sér áskrift að tilteknum upplýsingaveitum á netinu. Það er mjög gott dæmi um það hvernig tæknin fer fram úr lögunum, sem hefur gerst æðioft. Nú háttar svo til að af áskrift að netmiðlum er borgað efra þrepið, þ.e. 24,5% virðisaukaskattur meðan hann er einungis 14% af öðrum fjölmiðlum sem menn vilja kaupa í áskrift.

Ég beini því þeirri sanngjörnu spurningu til hæstv. fjmrh. hvort til standi að breyta þessu og lækka áskriftina niður í lægra þrepið af áskrift að netmiðlum.

[18:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er rétt að svara spurningunni strax. Það hefur ekki komið sérstaklega til álita að gera þá breytingu sem hv. þm. spyr um. Málið hefur komið til kasta ráðuneytisins að því leyti að borist hefur erindi um þetta mál. Því hefur verið svarað á grundvelli gildandi laga sem eru alveg fortakslaus. Því erindi var hafnað. Um er að ræða þjónustu sem ber 24,5% virðisaukaskatt, er sem sagt í almenna skattþrepinu. Það er vegna þess að undanþáguprósentan er skýrt afmörkuð og endanlega upptalin. Í lögunum eru þeir þættir þjónustu og vöru sem undir það þrep falla taldir upp og því ekki um það að ræða að veita þessar undanþágur öðruvísi en með lagabreytingu.

Þá kem ég að því sem e.t.v. er kjarni málsins. Í stjórnarsáttmálanum er fyrirheit gefið um að endurskoða virðisaukaskattskerfið á kjörtímabilinu og með hagsmuni almennings

fyrir augum. Þar hafa menn m.a. talað um að lækka lægra þrepið í virðisaukaskatti sem nær til matvæla og þeirra þátta sem hv. þm. rakti áðan. En þótt ekki sé sérstaklega að því vikið í stjórnarsáttmálanum að breikka eigi þrepið eða víkka það út þá kemur það að sjálfsögðu til athugunar ef farið verður í meiri háttar endurskoðun á þessu kerfi.

Þannig stendur þetta mál. Ef talið verður eðlilegt að gera breytingu varðandi þetta tiltekna atriði þá er það rétti vettvangurinn, þegar kemur að því að gera þessa endurskoðun. Ég tel svo vera. Hins vegar hefur ekki staðið til að fara einangrað eða sjálfstætt í þá breytingu sem hér er spurt um.

[18:50]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki á því af hverju hv. þm. Hjálmar Árnason kemur með þessa fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. hefur nákvæmlega ekkert með þetta mál að gera. 14. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, er alveg kýrskýr og þar er hvergi kveðið á um að lækka megi virðisaukaskatt af netmiðlum.

Hins vegar er þetta mjög sanngjörn og eðlileg krafa. Til að fá þessu breytt þá hvet ég hv. þm. Hjálmar Árnason til að leggja fram frv. um breytingar á viðkomandi lögum. Ég lagði fram frv. fyrir jól sjálfur og mælti fyrir slíkri lagabreytingu. Meðflutningsmaður minn var hv. þm. Helgi Hjörvar. Þar var um að ræða lækkun á virðisaukaskatti af hljóðbókum sem var ekki heldur í 14. gr. laganna. Þetta flaug í gegnum efh.- og viðskn. þingsins og var samþykkt rétt fyrir jól. Þannig lækkaði virðisaukaskattsprósenta af hljóðbókum úr 24,5% í 14%. Það er eðlilegt og sanngjarnt að gera hið sama með netmiðla.

[18:51]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegur forseti. Ég skildi ekki alveg efni síðustu ræðu. Auðvitað kemur hæstvirtum fjmrh. þetta mál mikið við. Hann er yfirmaður innheimtu af virðisaukaskatti og í slíku er mjög eðlilegt að hafa samstarf og gott samráð við hæstv. fjmrh. eða aðra ráðherra þegar kemur að því að breyta lögum. Þannig virkar samstarf.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Eðlilega getur hæstv. fjmrh. ekki veitt undanþágur hvað varðar áskrift að netmiðlum þar sem lögin heimila það ekki, enda tók ég það fram í fyrirspurn minni. Fyrirspurnin laut að því hvort til stæði að gera slíka breytingu. Ég lít svo á að hæstv. fjmrh. muni skoða slíka breytingu við endurskoðun sem fram fer á virðisaukaskattskerfinu og lækkun á virðisaukaskatti, sem skýrt hefur verið frá í stjórnarsáttmálanum að standi fyrir dyrum. Lækkun virðisaukaskattsins felur í sér lagabreytingu og þar með væri eðlilegt að kippa inn leiðréttingu á borð við þá sem hér er spurt um.

Það er augljóst að lagaumhverfið hefur ekki fylgt þeirri þróun sem orðið hefur í kringum netið. Það má segja með fullgildum rökum að miðað við núverandi fyrirkomulag sé verið að mismuna hinum einstöku útgáfum, þ.e. borga einungis 14% virðisaukaskatt af bókum og áskriftum ýmiss konar, hvort heldur er að öldum ljósvakans eða prentmiðlum. En ef upplýsingaveitan er í gegnum netið þá ber hún 24,5% skatt. Það er mismunun sem stenst tæpast jafnréttislög, samkeppnislög og jafnræði. Ég hvet því hæstv. fjmrh. til að hafa þetta í huga þegar kemur að því að við lækkum virðisaukaskattinn og gæta jafnræðis.

[18:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Eftir sitja ábendingar sem hér hafa komið fram um þetta mál. Þær munu væntanlega koma til skoðunar þegar að því kemur að framfylgja því ákvæði stjórnarsáttmálans sem ég gerði áður að umtalsefni.

[18:54]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi við Kárahnjúka, 631. mál, svar félmrh., þskj. 1387.

Erfðafjárskattur, 924. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1403.

Evrópufélög, 203. mál, þskj. 1355.

Börn með Goldenhar-heilkenni.

Fsp. VF, 729. mál. — Þskj. 1082.

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Á síðustu mánuðum hefur verið allnokkur umræða um börn með svokallað Goldenhar-heilkenni og aðstandendur þeirra. Ég sé ekki ástæðu til að reifa frekar alla málavöxtu en við í Samf. höfum reynt að halda mönnum við efnið í því máli. Ýmis vandamál þarf að leysa, bæði hjá félmrn. og heilbr.- og trmrn.

Í nóvember sl. bar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir upp fyrirspurn um þetta mál til hæstv. heilbr.- og trmrh. Með hliðsjón af svörum hans ber ég upp fyrirspurn til að fá upplýsingar um framvindu mála. Ég spyr:

„1. Hvað kom út úr könnun sem ráðherra lét gera á réttindum barna með Goldenhar-heilkenni?

2. Telur ráðherra að þau njóti fyllstu mögulegra réttinda innan tryggingakerfisins? Ef svo er ekki, hvar er þörf á úrbótum?

3. Hefur ráðherra tekið ákvörðun um breytingar á afsláttarsviði umönnunarkorta og ef svo er, hverjar eru þær? Ef svo er ekki, telur ráðherra að afsláttarsvið umönnunarkortanna sé nægilega víðtækt?“

[18:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. varðar börn með Goldenhar-heilkenni en þau teljast til langveikra barna. Tæplega 1.300 börn teljast langveik á Íslandi, tæplega 900 börn teljast fötluð og um 1.700 börn eru með þroska- eða hegðunarraskanir. Þetta eru u.þ.b. 4.000 umönnunarbörn sem falla undir lög um félagslega aðstoð.

Um þessar mundir er vitað um sex börn hér á landi með Goldenhar-heilkenni. Farið hefur verið mjög vandlega yfir sjúkdómssögu hvers barns og athugað hvaða réttindi séu fyrir hendi samkvæmt lögum. Einnig hefur verið kannað hvaða úrræði standi öðrum börnum í svipuðum aðstæðum til boða. Sú könnun leiddi í ljós að þau börn sem eru með Goldenhar-heilkennin eru á afar mismunandi stigi og er varla hægt að fella þau öll í sama flokk. Goldenhar-heilkenni áðurnefndra barna eru mjög mismunandi og getur mat á sjúkdómsþunga þeirra leitt til mismunandi niðurstöðu í hverju tilfelli. Sjúkdómur þeirra getur verið allt frá tiltölulega vægum einkennum til mjög alvarlegs ástands. Fjögur barnanna hafa verið metin í 4. flokk umönnunargreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, eitt barnanna var metið í 3. flokk

umönnunargreiðslna og eitt í 1. flokk umönnunargreiðslna, en síðastnefndi flokkurinn er ætlaður fyrir alvarlegustu tilfellin.

Við mat á því í hvaða flokk börnin lentu var tekið mið af vanda barna sem eru langveik en ekki með Goldenhar-heilkenni. Hafa börnin sem eru með Goldenhar-heilkenni notið fyllstu mögulegra réttinda innan almannatryggingakerfisins.

Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingar á afsláttarsviði umönnunarkorta. Samkvæmt núgildandi lögum veita umönnunarkort afslátt á læknisþjónustu og þjálfun. Sá afsláttur mætti e.t.v. vera meiri og ég hef hug á að beita mér fyrir því að umönnunarbörn njóti enn betri kjara í heilbrigðisþjónustunni. Þó tel ég að ætíð verði að gæta að því að langveik og fötluð börn njóti jafnræðis og ekki sé mismunað eftir sjúkdómstegund.

[18:58]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér er vissulega um flókið mál og alvarlegan sjúkdóm að ræða. Við í þingflokki Frjálsl. höfum verið nokkuð í sambandi við foreldra umræddra barna sem eru sem betur fer ekki nema sex hér á landi. Þetta er sjaldgæfur sjúkdómur, í Bretlandi eru aðeins talin um 75 börn sem hafa sýnt þessi einkenni.

Ég vil bara fá að nota tækifærið og lýsa því yfir að ég fagna því að stjórnvöld taki vanda þessara barna alvarlega. Einnig árétta ég að við í þingflokki Frjálsl. munum halda áfram að fylgja þessu máli eftir. Við munum fylgjast mjög grannt með því og teljum skilyrðislaust að það eigi að reyna að veita þessum foreldrum og börnum alla þá mögulegu hjálp sem hægt er að veita.

[18:59]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir ágæt svör. Ráðherra hefur sýnt áhuga á þessu máli. Ég ætla að leyfa mér að treysta því að hann muni halda því áfram og vinna að góðri úrlausn fyrir börnin og foreldra þeirra.

[19:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég hef ekki meiru við svörin að bæta. Ég þakka fyrir að þessu máli var hreyft og ég þakka áhugann á vanda þeirra barna sem hér um ræðir. Mér er kunnugt um vanda foreldranna sem þarna er um að ræða og þau hafa rætt sín mál við mig. Við munum reyna að vinna í þessu máli áfram eins og við höfum verið að gera.

Aldurstengd örorkuuppbót.

Fsp. JóhS, 837. mál. — Þskj. 1278.

[19:01]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í samkomulagi því sem gert var við öryrkja rétt fyrir síðustu alþingiskosningar um aldurstengda örorku var gert ráð fyrir að þessi réttindi falli niður við 67 ára aldur. Um framkvæmd þessa samkomulags hafa staðið yfir deilur og Öryrkjabandalagið hefur haldið því fram að nokkuð vanti upp á að samkomulaginu hafi verið framfylgt og skilja að þar um 500 millj. til að samkomulagið sé að fullu uppfyllt að mati Öryrkjabandalagsins. Hér var vissulega um að ræða mikinn áfanga í réttindabaráttu öryrkja. Það var baráttumál Öryrkjabandalagsins til margra ára að hækka grunnlífeyri öryrkja og mest þeirra sem yngstir verða öryrkjar. Því miður tókst ekki að miða við 16 ára aldur öryrkja í stað 18 ára og einnig er sérstakt að þessi réttur fellur niður við 67 ára aldur því útgjöld sem fylgja örorkunni hætta ekki þó öryrkinn nái 67 ára aldri.

Það má t.d. nefna um þessi auknu útgjöld að heyrnarlausir þurfa að greiða fyrir þjónustu túlks ef viðkomandi fyrirtæki eða stofnanir gera það ekki. Flestir blindir eða mjög sjónskertir komast ekki ferða sinna án þess að taka leigubifreiðar. Það á reyndar við um hreyfihamlaða einnig. Hreyfihamlaðir og fleiri öryrkjar reyndar þurfa líka á margvíslegum hjálpartækjum að halda og eru sum þeirra ekki greidd eða niðurgreidd af Tryggingastofnun ríkisins. Heyrnarskertir þurfa t.d. að greiða um 70 þús. kr. fyrir heyrnartæki hér á landi og er það ofviða mörgum sem einungis hafa lífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

Öryrkjabandalagið hefur gert athugasemd við skert réttindi aldraða öryrkja sem birtast í því að réttindin sem um var samið við öryrkjana á sl. ári falla niður þegar öryrkinn verður 67 ára þó að viðbótarkostnaður og útgjöld vegna örorkunnar séu að sjálfsögðu viðvarandi áfram.

Með bréfi 16. febrúar sl. vakti Öryrkjabandalagið athygli hæstv. heilbrrh. á þessu sem þeir kalla meinbug á lögunum. Þeir segja m.a. í því bréfi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 12. og 29. gr. áðurgreindra laga greiðist örorkulífeyrir einstaklinga á aldrinum 16–67 ára. Því er augljóst að þeir sem hafa fengið aldurstengda örorkuuppbót missa hana þegar 67 ára aldri er náð. Þegar hafa nokkrir haft samband við Öryrkjabandalag Íslands vegna þessa. Ástæða er til að vekja athygli á þessum meinbug laganna. Nauðsynlegt er að setja ákvæði inn í lögin þess efnis að þeir sem fá greiddan örorkulífeyri samkvæmt lögum þessum haldi réttindum sínum eftir að 67 ára aldri er náð."

Ég hef því lagt fyrir hæstv. heilbrrh. fyrirspurn um hver rökin fyrir því að hætta að greiða aldurstengda örorkuuppbót við 67 ára aldur séu, hve mikil útgjöld fylgi því að greiða hann eftir 67 ára aldurinn, hve margir fái nú aldurstengda örorkuuppbót, hver útgjöldin hafi verið vegna þessa og loks hvort ráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir því að öryrkjar haldi örorkutengdum réttindum eftir að 67 ára aldri er náð.

[19:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Aldurstengdri örorkuuppbót var komið á samkvæmt samkomulagi sem gert var við Öryrkjabandalag Íslands síðastliðið vor. Samkomulagið var lögfest á haustþingi og tók gildi í upphafi þessa árs. Samkvæmt samkomulaginu er stigið fyrsta skrefið til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fengu þannig hækkun á grunnlífeyri frá almannatryggingum sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyrisins. Þeir sem verða öryrkjar síðar á lífsleiðinni fá hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fá grunnlífeyri sem nemur sömu upphæð og ellilífeyrir er frá almannatryggingum.

Í þessu samkomulagi er ekki gert ráð fyrir að aldurstengd örorkuuppbót hafi lengri lífdaga en örorkulífeyririnn sjálfur. Hann leggst af við 67 ára aldur og tekur þá ellilífeyrir við þar sem sama upphæð er greidd til allra landsmanna 67 ára

og eldri burt séð frá tekjutengingum þar sem sömu skilyrði gilda fyrir alla.

Í samkomulaginu er rætt um aldurstengda örorkuuppbót sem hækkun grunnlífeyris öryrkja. Það er ekki fyrr en í útfærslu undirbúningsnefndar vegna samkomulagsins þar sem ákveðið var að hækkunin yrði sérstakur bótaflokkur tengdur grunnlífeyri öryrkja en nefndin hafði ekki heimild til að láta þennan sérstaka bótaflokk hafa lengri gildistíma en grunnlífeyririnn sjálfur hefur þar sem það hefði gengið út fyrir ramma samkomulagsins. Þetta eru hinar sögulegu skýringar á því hvers vegna aldurstengd örorkuuppbót er ekki greidd lengur en til 67 ára aldurs, a.m.k.á þessu fyrsta ári hennar.

Gera má ráð fyrir því gróft reiknað að kostnaður við að halda áfram greiðslu aldurstengdar örorkuuppbótar umfram 67 ára aldur og jafnframt að taka upp þessa greiðslu fyrir öryrkja sem þegar eru komnir á ellilaun verði um það bil 80 millj. kr. Síðan mætti gera ráð fyrir að þessar greiðslur hækkuðu um 10–13 millj. á hverju ári næstu árin. Þegar ég segi gróft reiknað, og ég vil gera fyrirvara um þessar tölur, þá er það vegna þess að inn í þessa útreikninga vantar enn ýmsar forsendur eins og t.d. nákvæmari og betri athugun á fyrsta örorkumatsaldri núverandi ellilífeyrisþega og svo gæti ýmislegt fleira haft áhrif á niðurstöðu útreikninganna.

Rúmlega 12.200 öryrkjar fá nú um þessar mundir aldurstengda örorkuuppbót. Útgjöld vegna þessa bótaflokks hafa numið rúmum 380 millj. kr. þessa fyrstu fjóra mánuði ársins þannig að gera má ráð fyrir því að heildarútgjöld ársins muni nema tæplega 1.200 millj. kr. Taka verður tillit til þess að fjölgun öryrkja, einum þeirra yngri, er töluverð. Þannig má segja frá því að fjölgun bótaþega öryrkja frá því í nóvember á fyrra ári til febrúar þessa árs var um það bil 3%. Þessi fjölgun hefur að sjálfsögðu töluverð áhrif á heildarútgjöld ársins.

Fulltrúar Öryrkjabandalagsins hafa komið á framfæri þeirri ósk sinni að öryrkjar haldi aldurstengdu örorkuuppbótinni eftir 67 ára aldur. Á þessu stigi er hins vegar ótímabært að gefa nokkrar yfirlýsingar um framhald málsins þar sem, eins og fram kemur í greinargerð frv. sem samþykkt var á haustþingi, gert er ráð fyrir að á miðju ári verði lagt mat á það hvernig til hafi tekist til að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og verður þá málið skoðað í heild sinni.

[19:08]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin en ég vil spyrja hann, af því að það kemur skýrt fram í máli hans að ótímabært sé að gefa yfirlýsingar um að þessi réttindi falli ekki niður við 67 ára aldur, hvort þessu bréfi Öryrkjabandalagsins hafi þá verið svarað, hvort það liggi þá fyrir að ráðherrann ætli sér ekki að gera neitt í málinu. Skil ég hæstv. ráðherra rétt með því að hann segir að það eigi að skoða reynsluna af þessu á miðju ári og þá eigi að meta hvort hægt sé að taka inn yngri öryrkjana, þ.e. þá sem ekki fá núna aldurstengda örorku 16 og 17 ára? Mér fannst það liggja í máli hæstv. ráðherra og það væri mjög gott að fá það fram ef svo er.

Ég lýsi auðvitað yfir óánægju minni með það ef það er út af borðinu að greiða aldurstengda örorku eftir 67 ára aldur og spyr ráðherra nánar um það. Er það mál bara í athugun eða er það út af borðinu að mati ráðherrans? Og eru það þá fyrst og fremst hinir yngri öryrkjar, 16 og 17 ára, sem ráðherrann vill skoða ef það verður niðurstaða matsins sem á að gera um mitt næsta ár að svigrúm sé til þess að bæta þeim hópi við sem mér finnst alveg sjálfsagt? Ég skil ekki af hverju 16 og 17 ára ungir öryrkjar ættu ekki að fá aldurstengda uppbót. Hefur verið skoðað hvað kostar að bæta við þeim hópi, þ.e. þessum 16–17 ára ungu öryrkjum?

Það er auðvitað áhyggjuefni að fjölga skuli í hópi ungra öryrkja. Er einhver sérstök skýring á því að í hópi ungra öryrkja fjölgi um 3% á tveim eða þremur mánuðum? Það er ansi mikil fjölgun á svo stuttum tíma.

Ég vænti þess að ráðherrann svari því sem ég beindi til hans í seinni ræðu minni.

[19:10]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég endurtek það að samkvæmt markmiðum sem sett voru í greinargerð frv. sem samþykkt var á haustþingi var ætlunin að endurmeta og meta reynsluna af aldurstengdu örorkuuppbótinni á miðju ári. Þá er meiningin að fara yfir það mál í heild sinni og mun þá verða farið yfir hvort rétt sé að taka upp aldurstengdar örorkubætur til 67 ára og eldri. Um það eru skiptar skoðanir og ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um það á þessu stigi hvernig niðurstaðan verður. Við eigum eftir að láta þessa athugun fara fram og við viljum athuga þetta mál í heild sinni. Ég hef komið þeim orðum til Öryrkjabandalagsins þó ekkert hafi farið bréflega á milli okkar um það. En það er ætlun okkar að fara yfir þetta mál og ásetningur eins og rætt var um og sett markmið um.

Svo er það spurningin um hvers vegna fjölgi svo hratt í þessum hópi. Það er auðvitað mál sem þyrfti að skoða þó að það sé hliðargrein af þessu. Það er margslungið og ástæða er til þess að fara yfir það.

Hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi.

Fsp. GunnB, 800. mál. — Þskj. 1215.

[19:13]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi. Þetta mál á alllanga sögu. Þegar ég kom í fyrsta skipti inn á þing sem varamaður árið 1992 kannaði ég hvernig þáverandi Reykn. — þá voru Suðurnesin með Suðvest. — stæði miðað við önnur kjördæmi í landinu. Þá vantaði mest af rýmum í Suðvesturkjördæmi eða í þáverandi Reykn.

Í bæjarfélagi sem ég þekki til, í Kópavogi, hefur aldurssamsetning breyst mjög. Í Kópavogi árið 1989 voru aldraðir, 67 ára og eldri, 6,6% af íbúum bæjarfélagsins en í fyrra, árið 2003, eru þeir orðnir 10,1%. Þar af leiðandi eykst þörfin í réttu hlutfalli við þetta. Þarna er veruleg aukning. Ef við höldum okkur við Kópavog þá eru einungis 72 hjúkrunarrými þar. Að vísu eru átta í byggingu þar núna en þau eru allt of fá miðað við þörfina. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh.:

1. Hve mörg hjúkrunarrými er áætlað að taka í notkun í Suðvesturkjördæmi á árunum 2004–2006?

2. Hve margir aldraðir eru nú á hvert hjúkrunarrými í eftirfarandi bæjarfélögum:

a. Hafnarfirði,
b. Garðabæ,
c. Mosfellsbæ,
d. Seltjarnarnesi,
e. Kópavogi,
f. Reykjavík?

Það er ljóst að þjóðin er að eldast. Öldruðum fjölgar ár frá ári. Af því leiðir aukinn þungi í þessum málaflokki. Ég man eftir því úr könnun sem ég gerði 1992 að í Norðurl. v. og Austurl. var staðan mjög góð en slök bæði í Reykn. og Reykjavík.

Ég verð að hrósa hæstv. ráðherra. Hann hefur lagt sig fram um að sinna þessum málaflokki og lagðir hafa verið gífurlegir fjármunir í það. En eins og alltaf eru menn órólegir og telja seint ganga í þeirra ranni. Ég held að við séum einna aftarlegast á merinni í Suðvesturkjördæmi og vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum frá hæstv. ráðherra.

[19:16]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðvest. spyr hve mörg hjúkrunarrými sé áætlað að taka í notkun í Suðvest. á árunum 2004–2006. Í ársbyrjun 2004 voru 50 hjúkrunarrými tekin í notkun á Vífilsstöðum í Garðabæ. Í október 2004 er fyrirhugað að taka í notkun 8 hjúkrunarrými fyrir minnissjúka í Roðasölum í Kópavogi eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda. Það er hins vegar ekki fyrirhuguð fjölgun hjúkrunarrýma í Suðvest. á árinu 2005. Við erum að vinna áfram varðandi 2006 en niðurstöður fyrir það ár liggja ekki fyrir. Það má hins vegar geta þess að frv. um málefni aldraðra liggur fyrir á hv. Alþingi og ég vona að það verði afgreitt á þessu þingi og við byggjum áframhaldandi vinnu á þeirri löggjöf.

Hv. þm. spyr einnig hve margir aldraðir séu nú um hvert hjúkrunarrými í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ. Miðað við áætlaða vistunarþörf aldraðra í mjög brýnni þörf eftir hjúkrunarrými eru á árinu 2004 1,4 aldraðir Kópavogsbúar um hvert rými, 1,3 aldraðir í Reykjavík, 1,1 í Hafnarfirði og 0,7 í Garðabæ. Á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ eru engin hjúkrunarrými. Hafa aldraðir á þessum stöðum verið vistaðir í hjúkrunarrýmum og á hjúkrunarheimilum í öðrum bæjarfélögum. Leggja ber áherslu á að taka verði framangreindum hlutföllum með varúð þar sem talsvert er um að aldraðir á höfuðborgarsvæðinu séu vistaðir á hjúkrunarheimili í öðru bæjarfélagi en þeir eiga heima í. Ef tekið er tillit til þeirra 8 hjúkrunarrýma fyrir minnissjúka sem áætlað er að taka í notkun í Roðasölum í Kópavogi í október 2004 og þeirra 60 hjúkrunarrýma sem fyrirhugað er að taka í notkun á Hrafnistu í Reykjavík í júlí 2004 eru 1,3 aldraðir Kópavogsbúar um hvert hjúkrunarrými og 1,2 aldraðir Reykvíkingar um hvert hjúkrunarrými.

[19:19]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem mér þóttu heldur þunn í roðinu. Þó er gleðilegt að á þessu ári er verið að taka 50 rými á Vífilsstöðum í notkun sem er ekkert smávegis. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Eru þau eingöngu hugsuð fyrir Garðbæinga eða nágrannasvæði eins og Hafnarfjörð og Kópavog eða Suðvest. eða Reykjavík líka, eða hvað? Það væri kannski rétt að fá svör við því.

Það eru 8 rými í Roðasölum fyrir heilabilaða og MS-sjúklinga sem áætlað er að taka í notkun í haust. Við fögnum því auðvitað og einnig 60 rýmum í Reykjavík. Síðan sagði hæstv. ráðherra að ekki væri planað að taka nein rými í notkun í Suðvest. árið 2005. Það þykir mér miður því tíminn stoppar ekki. Við höldum áfram að eldast og þörfin vex og þrátt fyrir þann fjölda rýma sem er kominn dugar það hvergi til. Hæstv. ráðherra sagði að 2006 væri ekki klárt. Það er alveg ljóst að berast mun þrýstingur frá sveitarfélögunum um málið. Þessi mál brenna á skinni þeirra sem standa í sveitarstjórnarmálunum og þess vegna er fyrirspurnin til komin.

Hæstv. ráðherra nefndi frv. til laga um málefni aldraðra og í því frv. er möguleiki að menn geti farið í einkaframkvæmdir með hjúkrunarheimili og annað slíkt, líkt og Sóltún, og rétt að fá nánari skilgreiningu og hugsun hæstv. ráðherra í því máli.

[19:21]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. fannst svörin rýr í roðinu og kann að vera að þau hafi verið það. Ég hefði gjarnan viljað vera kominn lengra áleiðis með áætlanir næstu ára en eins og ég sagði höfum við verið að vinna að endurbótum á þeirri löggjöf sem liggur til grundvallar byggingunum og einnig höfum við verið að ræða hugmyndir m.a. um samstarf Seltjarnarness og Reykjavíkur um byggingu hjúkrunarheimila þannig að það er mikið að gerast á þessum vettvangi.

Varðandi það að löggjöfin gefi möguleika á einkaframkvæmd tel ég að rétt sé að opna þann möguleika. Það gæti fjölgað þeim leiðum sem menn geta byggt eftir en aðalatriðið er að fá fjárveitingu til þess að reka þau viðbótarrými sem koma. Það er ekki nóg að byggja og mikill áhugi er á að byggja hjá fjölmörgum aðilum. En það sem stoppar okkur af er rekstrarfjármagnið og kannski þess vegna sem svör mín eru ekki bitastæðari á þessu stigi. En myndin mun skýrast á næstu mánuðum.

Ég vil geta þess eins og ég sagði í upphafi að á höfuðborgarsvæðinu er blandað í þessu efni og menn liggja aldraðir á hjúkrunarheimilum í öðrum sveitarfélögum en þeir eiga lögheimili í.

Tvöföldun Vesturlandsvegar.

Fsp. VF, 741. mál. — Þskj. 1105.

[19:23]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Um Vesturlandsveg á kaflanum milli Víkurvegar í Reykjavík og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ fara um 17 þúsund bílar á dag. Þessi mikla umferð og sú aukning sem vænta má á næstu árum kallar á tvöföldun Vesturlandsvegar á þessum kafla. Ríkisstjórnin fyrirhugar að ráðast í tvöföldun á næstunni. Það er jákvætt bæði fyrir okkur Mosfellinga og alla aðra er fara þarna um. Þessi vegarkafli tilheyrir samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar flokki A1. Samkvæmt honum skal hafa mislæg gatnamót yfir allar þveræðar.

Þrátt fyrir það er áætlað að setja upp tvö hringtorg á þessum vegarkafla. Hringtorgin kosta í kringum 100 millj. kr. og samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið eru þau einungis til bráðabirgða þar til mislæg gatnamót verða reist sem samkvæmt samgönguáætlun gæti jafnvel orðið strax 2007, alla vega annað þeirra. Væri ekki nær að fara strax í gerð mislægra gatnamóta í stað þess að henda þarna um 100 millj. kr.

Ég spyr því hæstv. samgrh.: Hvenær hefjast framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurbraut í Reykjavík

til Skarhólabrautar í Mosfellsbæ og hvenær er áætlað að þeim ljúki?

[19:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr um tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurbraut í Reykjavík til Skarhólabrautar í Mosfellsbæ og vekur réttilega athygli á hinni miklu umferð um þessa umferðaræð við borgarmörkin. Það er ekki ofsögum sagt að sú umferð hefur vaxið og þess vegna gerum við ráð fyrir tvöföldun umrædds kafla.

Svar mitt við fyrirspurninni er svohljóðandi: Um síðustu áramót voru fyrir hendi um 135 millj. kr. til þessa verkefnis og gildandi vegáætlun fyrir árin 2003–2006 gerir ráð fyrir 285 millj. kr. fjárveitingu á þessu ári og 102 millj. kr. árið 2005. Samtals eru því til ráðstöfunar um 520 millj. kr.

Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum fyrir verkið liggur fyrir og unnið er að verkhönnun og ætti þeirri vinnu að ljúka í apríllok. Hefur verið miðað við að þá væri unnt að bjóða verkið út. Síðasta kostnaðaráætlun eða kostnaðarmat sem gert hefur verið bendir til þess að kostnaðurinn við verkið verði mun meiri en fyrri áætlanir höfðu gert ráð fyrir eða a.m.k. 900 millj. kr. Er því ljóst að afla þarf aukinna fjárheimilda áður en verkið verður boðið út en alveg ljóst að við nánari skoðun á framkvæmdinni og í ljósi umhverfismatsins og umfjöllunar um þennan vegarkafla hafa hönnuðir komist að þeirri niðurstöðu að leggja þyrfti í meiri kostnað við gerð mannvirkisins en áður hafði verið gert ráð fyrir. Þess vegna er kannski ekki á bætandi eins og fram kom hjá hv. þm. að leggja á ráðin um mislæg gatnamót þarna. Við mundum þá ekki ná þeim áföngum sem við stefnum að. Þess vegna er valið að setja þarna hringtorg sem munu nýtast og ég tel vera afskaplega góða fjárfestingu þangað til umferðin verður komin að því marki að það verði ekki undan því vikist að setja mislæg gatnamót sem kemur að fyrr en seinna.

Vinna við endurskoðun á samgönguáætluninni er í gangi á vegum samgönguráðs. Næsta fjögurra ára áætlun tekur gildi árið 2007 og gildir til ársins 2010. Sú fjárveiting sem ég gat um að væri fyrir hendi nægir ekki til þeirra framkvæmda sem við gerum ráð fyrir að þurfi að leggja í. Því er óhjákvæmilegt að taka málið rækilega upp við endurskoðun á samgönguáætluninni og leggja á ráðin um heildarfjármögnun sem verður væntanlega afgreidd á næsta þingi. En staðan núna er sú að það er að koma að þeim tímamörkum að taka þarf ákvörðun um útboð og ég vona að okkur megi takast að hrinda þessu í framkvæmd sem allra fyrst. Það er í þágu allra þeirra mörgu sem fara um þennan vegarkafla á þjóðvegakerfi okkar.

[19:29]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Málið hefur dregist úr hömlu, þ.e. hönnun verkefnisins, mat á umhverfisáhrifum og ferillinn allur er mjög langur. Þetta stangaðist á við skipulagsmál í Reykjavík og þurfti að færa veginn með auknum kostnaði innar í hlíðina þannig að skerðingarnar urðu miklu meiri. Þá hitti vegurinn heldur ekki á brýrnar yfir þær ár sem þarf að fara yfir þannig að kostnaðurinn er orðinn gífurlegur. Ég tel rétt að geyma þessi mislægu gatnamót því kostnaður við þau er einhvers staðar frá 300 millj. kr. og upp í 600 millj. kr. og kostnaðaráætlun er núna komin í 900 millj. kr. Þá er erfitt um vik en ég treysti hæstv. samgrh. vel til að fara með málið og leiða það farsællega til lykta.

[19:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér fannst svar hæstv. ráðherra ekki alveg nógu skýrt því hann talaði um að komið væri að þeim tíma að bjóða verkefnið út en fjárheimildir skorti til þess að hægt væri að gera það og að þetta þyrfti að endurskoða í sambandi við endurskoðun á vegáætlun. Ég spyr því: Er það þá svo að hæstv. ráðherra sé að tala um að þær fjárheimildir sem hann skortir þurfi að bíða afgreiðslu þeirrar áætlunar, eða hvað? Mig langar að heyra svolítið skýrara svar við þessu því það væri ekki heppilegt ef það væri ofan á að bíða þyrfti eftir breytingu á vegáætlun til þess að geta tekið þá ákvörðun sem þarf að taka um útboð á þessu verkefni.

[19:32]

Fyrirspyrjandi (Valdimar L. Friðriksson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka svör hæstv. ráðherra. Það er eins og mig grunaði að það stefnir í að verkið tefjist enn og aftur.

Hvað varðar mislæg gatnamót er áætlað að þau kosti 300–400 millj. Það er rétt sem Jóhann sagði að þetta kom ekki nógu skýrt fram en miðað við það sem ráðherra sagði munu breytingar sem gera þarf á áætlun þýða um 900 millj. kr. meiri kostnað. Ég spyr því einfaldlega: Þýðir það ekki alveg skýrt að verkið tefjist og muni alls ekki hefjast á þessu ári eins og áætlað var?

(**Forseti** (BÁ): Forseti vil áminna þingmenn um að ávarpa ekki þingmenn bara með skírnarnafni heldur annaðhvort fullu nafni eða kenna þá við kjördæmi sitt.)

[19:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég skil mætavel að hv. þingmenn hafi mikinn áhuga á því að þessi framkvæmd megi komast af stað og þeir valkostir sem við höfum eru kannski ekki mjög margir. Kostnaðaráætlun er um 900 millj. miðað við hringtorg. Við höfum 520 millj. til þeirra framkvæmda. Það sem við munum að sjálfsögðu gera er að fara yfir málið, eins og við gerum venjulega áður en kemur að því að setja það í útboð, og leita leiða til þess að nýta þá e.t.v. ónýttar fjárveitingar í öðrum verkum innan sama kjördæmis ef það mætti verða til þess að leysa málið.

Það er sú venjulega leið sem við verðum að fara því að Alþingi hefur ekki samþykkt meiri fjármuni til verka en í samgönguáætluninni eru. Það er ekki hægt að kippa neinum kanínum upp úr hatti til þess að koma af stað verkum sem ekki eru fullfjármögnuð. Við þurfum því að fara yfir málið með þessum hætti og það munum við gera á næstunni og hafa samráð um það við þingmenn þess kjördæmis sem um er að ræða.

Það fer ekkert á milli mála að þetta er mikil umferðaræð en ég veit hins vegar að það er jafnframt mikil umferðaræð Reykjanesbrautin í gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð og suður eftir sem þarf að setja af stað framkvæmdir við, þannig að það er í mörg horn að líta. Vonandi leysist þetta og það skýrist þá fyrr en seinna hvernig á því verður tekið, en útboð getur ekki farið fram nema við höfum leyst fjármögnunina.

[19:35]

Útbýting þingskjals:

Rannsókn flugslysa, 451. mál, frhnál. samgn., þskj. 1404.

Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Fsp. BjörgvS, 834. mál. — Þskj. 1275.

[19:35]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh. hvort til standi að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og í öðru lagi hvort farið hafi fram undirbúningsvinna að slíkri sameiningu. Að mínu mati og margra mati mælir margt með því að sameina eigi Landgræðsluna og Skógræktina. Stofnanirnar eru um margt líkar og vinna að svipuðum markmiðum og voru upphaflega ein og sama stofnunin og störfuðu lengi eftir sömu lögum. Við sameiningu yrði til stór og öflug stofnun. Reyndar mætti einfalda hana, t.d. með því að taka verkefnið „Bændur græða landið" og sameina það landshlutabundnum skógræktarverkum. Nýja stofnunin mundi þá hafa eftirlit með framkvæmdaraðilum og stunda rannsóknir og þróun samhliða því.

Samnýta mætti krafta beggja stofnananna sem mundi án vafa skila sér í skilvirkara starfi með margvíslegum og jákvæðum hætti. Stofnanirnar ráða yfir tækjum og tólum sem yrðu samnýtt og margs konar hagræði mætti hafa af sameinaðri og öflugri stofnun til hvers konar landgræðslu og skógræktar. Sem dæmi má nefna að Skógræktin ræður yfir yfirgripsmikilli þekkingu hvað varðar uppgræðslu með trjágróðri en fullyrða má að skógrækt sé afar góð og varanleg landgræðsla og jafnvel ein sú besta. Þá mundi samvinna sérfræðinga hjá stofnunum aukast, þekkingarflæði yrði meira á báða vegu og sú mikla sérfræðiþekking sem tilheyrir stofnununum nýttist betur ef kraftar þeirra lægju að fullu saman. Stofnanirnar vinna að svipuðum verkefnum á sömu svæðum, t.d. í Þórsmörk, og þurfa báðar að senda aðila er varða þau svæði á fundi þegar samningagerð stendur yfir o.fl. Báðar stofnanirnar vinna að rannsóknum á svipuðum sviðum, báðar stunda frærækt, spíruprófanir á fræi og fleiri slík dæmi mætti nefna um skörun sem þýðir bæði óhagræði og tímasóun.

Í því samhengi má einnig nefna að stofnanirnar þurfa báðar að skila af sér skýrslu varðandi alþjóðlegar skuldbindingar, t.d. um bindingu kolefnis í gróðri, trjágróðri eða landgræðsluplöntum. Þá má nefna að mjög mikil samvinna og góð er nú þegar í gangi á ýmsum sviðum þessara tveggja stofnana. Sú samvinna yrði einfaldari eftir sameiningu. Samvinnan felst í uppgræðslu og rannsóknum á skógrækt, landgræðslu, samnýtingu á tækjum, sameiginlegum fræðsluráðstefnum, samvinnu í kortagerð og áætlunum og samvinnu varðandi fræðslu. Draga má hagnýtingu sameiningar í eftirfarandi staðhæfingar: Það yrði meiri landgræðsla og skógrækt í landinu, nýjar og öflugar aðferðir kæmu til sögunnar, aukin kynning á kostum og mikilvægi skógræktar og landgræðslu færi fram og síðast en alls ekki síst aukið fjármagn, t.d. í formi rannsóknarstyrkja, og meiri líkur eru hjá stærri og öflugri stofnun að ná sér í styrki utan landsteinanna, t.d. Evrópustyrki ýmiss konar. Því beini ég áðurnefndri fyrirspurn til hæstv. landbrh. hvort slík sameining standi fyrir dyrum.

[19:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Færa má fyrir því sterk rök að aldrei hafi farið fram meira landgræðslu- að ég tali nú ekki um skógræktarstarf í landinu en það sem skapast hefur á síðustu 5–10 árum og er það mjög að breyta landinu og hugarfari okkar.

Hvað spurningu hv. þm. varðar vil ég svara henni á þann veg að ég tel í rauninni mikilvægt að fara yfir allt stoðkerfi landbúnaðarins með það í huga að það verði sem skilvirkast og þjóni sem best hagsmunum landbúnaðarins og bændanna í breyttu þjóðfélagi.

Á morgun mæli ég fyrir frv. um Landbúnaðarháskóla Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins í einni stofnun sem dæmi um nýja sýn og nýja mikilvæga þróun.

Ég vil líka segja frá að ný sýn sem ég hef sett fram er landbúnaðarstofnun þar sem allt eftirlit innan landbúnaðarins yrði staðsett. Ég tel t.d. að væntanleg matvælastofnun geti aldrei orðið langt frá landbrn. eða landbúnaðinum. Við sjáum dæmi þess í nágrannaþjóðfélögum eins og t.d. í Danmörku að slíkt heyrir undir landbrn. Keðjan er frá haga í maga. Ég útiloka í raun ekki að það geti komið til þess og það þarf að fara rækilega yfir samruna Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins og hinna stórfenglegu skógræktarverkefna, landshlutaverkefnanna, og hvernig við þjónum best þeim nýja og öfluga atvinnuvegi sem er að rísa í landinu. Við gerum okkur grein fyrir því að hlutverk Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins hefur breyst mjög á síðustu árum. Þær eru ekki lengur framkvæmdastofnanir heldur fyrst og fremst þjónustu- og ráðgjafarfyrirtæki þannig að hlutverk þeirra hefur breyst. Það eru bændurnir í landinu sem rækta skóginn og eigendur lögbýlanna, það eru bændurnir sem eru mjög öflugir í landgræðslunni o.s.frv.

Ég tel mjög mikilvægt að fara yfir það allt saman í heild sinni með Bændasamtökum Íslands hvernig allri ráðgjöf við landbúnaðinn verður hagað og hvar t.d. sterkar þjónustumiðstöðvar, ráðunautaþjónustan, séu staðsettar. Við getum hugsað það sem hv. þm. sagði áðan, ef við hugsum um menntun sem þarf í landbúnaðinum, að við komum inn í dal þar sem rennur kannski á og í ánni er fiskur sem bóndinn vill hafa arð af. Hann þarf sérfræðing í það. Hann þarf sérfræðing í túnræktina á bökkum árinnar. Hann þarf sérfræðing frá Skógræktinni í skógræktarverkefni sem hann er með uppi í hlíðinni og þar fyrir ofan er kannski uppblástur lands. Allt er þetta svipuð menntun og þarf ekki að sækja hana í sjálfu sér til margra stofnana.

Ég tek þess vegna undir það með hv. þm. að á þetta þarf að varpa sýn og vissulega er ég að skoða það í mörgum þeim breytingum sem nú er unnið að. Á síðustu árum hefur slík umræða oft komið upp. Það var vandlega skoðað í ráðherratíð hv. þm. Halldórs Blöndals, sameining rædd o.s.frv. á þessu sviði, og þá var bent á nokkrar leiðir sem væru hyggilegar fyrir þessar stofnanir, annaðhvort aukin samvinna eða sameiginleg yfirstjórn eða óbreytt ástand eða allsherjarsameining í eina stofnun. Ekkert hefur orðið úr þessu enn þá.

Eins var þetta skoðað mjög vel í tíð Guðmundar Bjarnasonar landbrh. Sömuleiðis starfaði nefnd hjá mér á árunum 2000 og 2001 um stefnumótun í skógrækt. Þar voru sameiningarhugmyndir viðraðar en málið er ekki lengra komið. Ég vil undirstrika það og taka undir með hv. þm. að við þurfum vissulega að fara yfir þessi mál miðað við nýjar aðstæður og breytingar í landbúnaði. Ég tel því fulla ástæðu til að skoða fyrst og fremst hvernig ráðgjafarþjónustu, kennslu og rannsóknum verði best fyrir komið í framtíðinni og útiloka ekkert um að það beri að endurskipuleggja og þess vegna sameina þessar stofnanir eða búa til sterkari stofnanir sem gætu betur nýtt sér þann tíma sem fram undan er, eins og

hv. þm. ræddi um gagnvart styrkjum frá Evrópu og víðar og þeirri miklu þekkingu sem við erum líka að láta af okkur leiða um víða veröld í þessum efnum. Við erum sérfræðingar í landgræðslu á Íslandi og höfum hjálpað mörgum þjóðum þar og eigum samstarf víða þannig að þetta er stórt mál sem ég mun skoða á næstunni.

[19:44]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir ágæta röksemdafærslu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að það sé á vissan hátt hagstætt að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ég var á dögunum á mjög merkri og góðri og afskaplega vel skipulagðri ráðstefnu á vegum Landgræðslunnar austur á Hvolsvelli þar sem einmitt var fjallað um landgræðslumál og skógrækt og landið, Ísland, í ljósi t.d. hamfara vegna eldgosa. Þar kom mjög greinilega fram að þessar stofnanir eiga mjög margt sameiginlegt og það er í raun og veru með ólíkindum að þær skuli ekki hafa verið sameinaðar fyrir löngu síðan. Ég tel að þetta eigi að skoða mjög vandlega.

Annað sem ég vil minnast á er að mér finnst svolítið skrýtið að hlusta á hæstv. landbrh. tala alltaf eins og landið sé til fyrir bændur. Ég er ekki sammála þeirri skoðun landbrh. Bændur eru hluti af landinu og bændur eiga að vera til fyrir landið. Þannig á að líta á hlutina en ekki að landið eigi að vera til fyrir bændur.

[19:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna jákvæðum svörum hæstv. landbrh. hvað varðar sameiningu þessara stofnana og verkefna. Í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur lagt fram frv. í þinginu sem hann lýsti áðan að ætti að ræða á morgun, um sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, vil ég láta það koma fram að mér finnst ánægjulegt að sjá að hæstv. ráðherra virðist sennilega kominn á bak á klárnum og jafnvel farinn að gera sig líklegan til að lemja fótastokkinn. En fram að þessu hefur hann teymt þessa bikkju og það ansi hægt. Mér finnst breytingin jákvæð og vil þess vegna ekki láta hjá líða að fagna framtaki ráðherrans og þeim yfirlýsingum hans að hann ætli jafnvel að slá í klárinn.

[19:46]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna svörum hæstv. landbrh. við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar, um að hann sé tilbúinn til að skoða hugsanlegan samruna á stofnunum í stoðkerfi landbúnaðarins.

Það kom mér svolítið á óvart að hlusta á hæstv. ráðherra, kannski vegna þess að ég hélt að hann væri fastari í fjötrum fortíðar en fram kom í máli hans. Sá sem þar talaði sýndi að hann er tilbúinn til að taka mál til skoðunar og endurskoðunar ef á þarf að halda og ég fagna því.

Rannsókna- og þjónustustofnanir landbúnaðarins hljóta að verða sterkari ef hægt er að gera þær að stærri einingum en nú er. Það er alltaf svo með þessar stofnanir okkar að þar sem okkur tekst að safna saman þekkingu og reynslu verður sterkari stofnun eftir en áður.

[19:48]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með þeim sem töluðu á undan mér að ég fagna vilja hæstv. landbrh. til að skoða sameiningu þessara tveggja öflugu og mikilvægu stofnana í þjóðlífi okkar og landbúnaði. Ég skora á hann að gefa í, hrinda slíku ferli í gang og láta verða af því á næstunni að koma því í fastar skorður og vinnuferli að sameining þessara tveggja stofnana megi eiga sér stað hið fyrsta.

Það má geta þess til fróðleiks og skemmtunar að eins og ég gat um áður var þetta upphaflega ein stofnun. Haft er eftir fróðum mönnum um málið, þegar leitað hefur verið skýringa á því af hverju þetta séu tvær stofnanir, að ein ástæðan og sú helsta sé að danskur skógræktarstjóri, Kofoed Hansen, og íslenskur undirmaður hans, Gunnlaugur Kristmundsson, hafi ekki átt skap saman. Fyrstu skógræktarlögin kváðu á um að skógræktarstjóri hefði á hendi yfirumsjón með ráðstöfunum til varnar sandfoki og skógarverðir áttu að taka þátt í slíku starfi og mátti fela þeim athugun á og skrásetningu sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmdum. Þessi tengsl skógræktar og landgræðslu héldust allt fram til ársins 1914 þegar samþykkt voru sérstök lög um það sem þá hét sandgræðsla.

Nú er kominn tími til að snúa blaðinu við og beita sér fyrir því að þessar stofnanir renni saman á ný, tæpri öld síðar. Ósætti þessara tveggja manna er horfið enda þeir ekki lengur á meðal okkar. Það er ástæða til að fagna því að hæstv. landbrh. taki vel í málið. Þeir þingmenn sem hér hafa tekið til máls hafa lýst yfir stuðningi við að Landgræðslan og Skógræktin renni saman í eina stofnun þannig að vilji þingheims virðist renna í sama farvegi og væntingar ráðherra. Ég skora því á hann að beita sér fyrir þessu brýna máli.

[19:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er furðulegt að hlusta á skapgerð hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar í dag sem lætur eitthvað fara í taugarnar á sér. Auðvitað er landið þjóðarinnar. Bændurnir eru vinnumenn í þeirri auðlind og þarf ekki að gera lítið úr bændunum eða skapa tortryggni í svona umræðu (**MÞH:** Ég var ekki að því.) með útúrsnúningi, hæstv. forseti.

Margt hefur gerst, hv. þingmenn, á þeirri tíð sem ég hef verið landbrh. þannig að engum þarf að koma á óvart þó að hesturinn gangi greitt. Miklar breytingar hafa átt sér stað og mörg ný verkefni litið dagsins ljós, ekki síst á þeim sviðum sem hér eru til umræðu, bæði í skógræktarmálum og ýmsum nýjum verkefnum í náttúru þessa lands, sveitunum. Ég tel mig framsýnan að því leyti og vil sjá þar nýjar sólir rísa og nýja tíma renna í garð til að gera stofnanir okkar sterkari til að takast á við þau mikilvægu verkefni sem hv. þingmenn hafa farið yfir í þessari umræðu með jákvæðum hætti, allir fyrir utan einn hv. þm.

Ég þakka þessa umræðu. Ég stend í stórræðum á morgun. Mun flytja ný breytingamál fyrir löggjafarþingið. Ég mun halda því áfram og tel að endurskoðunar sé þörf á mörgum sviðum til að efla landbúnaðinn og atvinnuna á landsbyggðinni. Mörg glæsileg tækifæri eru til staðar sem ég mun vinna að og ég þakka þessa ágætu umræðu í dag af hálfu vinstri hliðarinnar í þingsalnum.

Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Fsp. MÞH, 901. mál. — Þskj. 1369.

[19:52]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Hæstv. forseti. Í febrúar kom út vönduð skýrsla á vegum Veiðimálastofnunar sem ber titilinn Fiskstofnar vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár, seiðabúskapur, veiði, veiðinýting og fiskræktarmöguleikar. Höfundar eru fiskifræðingarnir Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár er eitt hið stærsta og fjölbreyttasta á landinu. Segja má með fullgildum rökum að þetta sé ein helsta perla Íslands þegar talað er um vistkerfi, bæði fallvatna og stöðuvatna. Í hinum fjölmörgu ám og vötnum á þessu svæði er að finna allar tegundir fiska sem finnast í ferskvatni hér á landi. Skýrsla Veiðimálastofnunar gefur til kynna að laxveiði á þessu mikla vatnasvæði hafi minnkað mjög mikið mörg undanfarin ár, þ.e. úr rúmum 14 þús. löxum þegar hæst bar fyrir rúmum 30 árum í 3–5 þús. laxa mörg undanfarin ár.

Skýringarnar eru sjálfsagt margar, óhagstæð umhverfisskilyrði einhver ár og minnkun á netaveiði á laxi á svæðinu eru atriði sem talin eru til. Fram kemur að netaveiði hafi dregist nokkuð saman enda hefur verð á laxi lækkað samfara auknu laxeldi. Jörðum sem stunda netaveiðar hefur einnig fækkað um 10 á síðasta áratug eða svo. Þær eru nú 20 talsins. Í skýrslu Veiðimálastofnunar reyna höfundar að taka á þeirri spurningu hvort það mundi skila meiri arði til veiðiréttareigenda ef netaveiðum á vatnasvæðinu yrði hætt en eingöngu seld veiðileyfi til stangveiða í staðinn.

Niðurstaðan er sú að ef netaveiðum yrði hætt mundi það gefa svo miklar viðbótartekjur að netajörðum yrði bættur skaðinn og gott betur. Leiddar eru líkur að því að það mundi jafnvel hlífa laxastofnum í þessu mikla vatnakerfi ef netaveiðum í gruggugum ám á borð við Hvítá og Ölfusá yrði hætt. Það er nánast ómögulegt að stunda stangveiðar í gruggugu vatni þótt þar megi stunda netaveiðar.

Hugsanlega veiddust aðeins um 700 laxar af þeim 3.000 löxum sem nú veiðast árlega í net á stangir við þessa breytingu. En þrátt fyrir það yrði ávinningurinn umtalsverður því að talið er að þessir 700 laxar mundu skila á bilinu 14–21 millj. kr. í tekjur.

Mig langar í ljósi þessa til að leggja spurningar fyrir hæstv. landbrh. sem er jú yfirmaður veiðimála í ferskvatni hér á landi, m.a. með tilvísun í lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, þar sem „veiðimálastjóra er rétt að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum" telji menn fiskstofna í hættu eða að þá þurfi að vernda með einhverjum hætti. Spurningar mínar eru svohljóðandi:

Hyggst ráðherra á einhvern hátt beita sér fyrir því að netaveiðum á laxi á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár verði hætt?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til fiskrannsókna á þessu merka vatnasvæði? Það er mjög fjölbreytilegt að allri náttúru eins og ég taldi upp áðan.

Er ráðherra kunnugt um rannsóknir á hugsanlegri mengun í vatnakerfi Ölfusár og Hvítár? Ef svo er, hvaða niðurstöður hafa slíkar rannsóknir leitt í ljós?

[19:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég kannast lítið við þetta grugguga vatn sem hv. þm. talar um. (Gripið fram í.) Ég horfi á fallegu Ölfusána út um gluggann minn og þekki Hvítána frá barnæsku og minni á að meira að segja í öflugum jökulám er stundum mikil stangveiði og fer vaxandi.

Hvað spurningar hv. þingmanns varðar vil ég segja að eins og í öðrum veiðifélögum landsins er það viðkomandi veiðifélag sem ákveður hvernig veiðinýtingu sé háttað á félagssvæðinu innan þess ramma sem lög landsins leyfa. Veiðifélag Árnesinga fer með veiðirétt á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Það hefur látið vinna skýrslu, eins og hv. þm. ræddi um, og nefnd á vegum félagsins hefur farið yfir framtíð þessa vatnasvæðis, hvernig það verði best nýtt, bæði fyrir eigendur jarðanna og ekki síður fyrir samfélagið í Árnesþingi. Þar sjá menn eðlilega mörg og stór tækifæri. Hvað út úr því kemur er auðvitað þeirra sem með þetta fara. Þeir verða að fá frið til að vinna það verk.

Ég ber virðingu fyrir hinni gömlu netaveiði og tel mikilvægt að ná sátt við þá sem hana stunda um að netin fari upp. Það er engin önnur leið í málinu. Ég tel mikla hagsmuni fólgna í því að breyta um á svæðinu en það verður bæði að vera eftir lögunum og þessu félagslega kerfi. Ég sé ekki aðkomu ráðherra að málinu að svo komnu. Ég veit að bændurnir eru um þessar mundir og á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga að ræða þessi mál, hvernig málum verði best háttað hvað þetta varðar í framtíðinni.

Varðandi aðra spurninguna vill svo til að á morgun mun ég einmitt mæla fyrir frv. um breytingar á lax- og silungsveiðilögunum. Ef það frv. verður að lögum munu tekjustofnar Fiskræktarsjóðs eflast. Verði það að lögum á þessu ári — það mun auðvitað gerast á lengri tíma með því að öll vatnsorka borgi 3 prómill til sjóðsins eins og gert er í mörgum löndum og jafnvel meira t.d. í Noregi og Svíþjóð — mun það hafa veruleg áhrif til þess að efla Fiskræktarsjóðinn. Hann verður nýttur á þessu svæði eins og mörgum öðrum. Ég sé fyrir mér að ef frv. sem ég mæli fyrir á morgun verður að lögum muni skapast ný tækifæri á þessu sviði.

Hvað svo varðar síðustu spurninguna fer auðvitað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með mengunarmál á þessu svæði. Málaflokkurinn heyrir undir umhvrn. Ég þekki þessi mál úr heimahéraði mínu og sem betur fer hafa stórfyrirtæki á Selfossi og bæjarfélagið þar tekið töluvert mikið á varðandi það sem fer út í ána. Í því hefur mikið verk verið unnið á síðustu árum. Ég tek undir að mikilvægt er að stöðva þá mengun og reyna að halda vatnasvæðinu sem hreinustu. Ég mun leggja fram það lið sem ég get og stuðning, bæði sem ráðherra og einstaklingur í héraðinu, til að þar gangi menn vasklega fram.

Eins og ég sagði í upphafi horfi ég stundum á vandræðin af völdum þessa út um gluggann hjá mér. Ég þekki þá sögu sem hv. þm.ýjar hér að. Það er mikilvægt að taka á bæði úrgangi frá sláturhúsi, mjólkurbúi og bæjarfélögunum sjálfum. Mikil fyrirheit hafa verið gefin og mikið hefur verið gert í þeim efnum á síðustu árum. Ég vona að svæðið verði sem fyrst hreint.

Eitt stórt atriði get ég nefnt, að því miður verður ullarþvottastöðin að fara úr Hveragerði. Hún er á förum þaðan. Hún hefur mengað eina hlið Ölfusár og komið afrennsli þaðan. Á því verður breyting og verður á ný hægt að veiða þar. Þetta eru stór mál sem við verðum að huga að.

[20:01]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að þakka hv. fyrirspyrjanda, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, fyrir að vekja máls á þessu merkilega og ágæta máli. Eins og fram kom í máli hans hefur hrun átt sér stað í laxveiði á svæðinu og varla hægt að orða þetta öðruvísi þegar við erum að tala um breytingu úr 14 þúsund fiskum í 3–5 þúsund og ástæða til að nota það tækifæri sem þessi umræða á hinu háa Alþingi gefur okkur til að skora á hlutaðeigendur, þá sem hafa með veiðinýtingu á þessu svæði að gera, Veiðifélag Árnesinga, til að beita sér fyrir verulegri takmörkun á netveiðum á svæðinu. Stangveiðin býður upp á mikinn samfélagslegan hagnað og með því að efla stangveiðina og byggja upp stofninn þannig að það megi veiða fleiri fiska á stöng, má færa rök fyrir því að svæðið allt muni hagnast verulega á því og er ástæða til að taka undir með þeim sem hafa áhyggjur af hruninu í laxveiðum og vilja efla stangveiðina til muna.

[20:02]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, fyrir að vekja athygli á málinu. Mér er kunnugt um að netaveiði á þessum vatnasvæðum hafi farið minnkandi og að ágætissamkomulag hafi náðst við netabændur þar um.

Það er nauðsynlegt og ætti öllum að vera ljóst að það þarf að auka fjárveitingu til fiskrannsókna á vatnasvæðum Ölfusár og Hvítár. Hins vegar vil ég vekja athygli á þeirri staðreynd að enn í dag tíðkast svokallaðar sjóræningjaveiðar á laxi við strendur landsins, t.d. á Vestfjörðum. Á því þarf að taka.

[20:03]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafa fullyrt að það sé betra fyrir samfélagið að hafa stangveiði í staðinn fyrir netaveiði. Slíkar fullyrðingar þykja mér afar hæpnar. Það eru svo margir þættir sem koma við sögu.

Netaveiðar hafa verið keyptar í Hvítá í Borgarfirði og ég hvet hv. þm. til að kynna sér afkomu á laxveiðum í Hvítá, Þverá og Kjarrá í Borgarfirði eftir að netaveiðum var hætt, hvort það hafi orðið mikil aukning í afla. Það eru svo margir óvissuþættir varðandi afkomu seiðaárganganna og allt það.

Ég kannast ekki, hæstv. forseti, við gruggugt vatn í Ölfusá. Ég þekki það ágætlega og hef veitt þar mikið á stöng. Svo er annað sem má ekki gleyma að það er orðinn móður í landinu að sleppa helst öllum fiskum sem menn veiða á stöng þannig að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því í framtíðinni.

[20:04]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Netaveiði eða stangveiði er mál sem menn geta endalaust rifist um en óumdeilt hlýtur þó að vera að fiskur sem veiðist hefur í net veiðist ekki á stöng eftir það.

Eftir þeim upplýsingum sem maður hefur skoðað virðist einnig óumdeilt að stangveiddur lax sé verðmeiri fyrir svæðið þar sem hann er tekinn en þeir fiskar sem teknir eru í net.

Einnig hefur verið sýnt fram á, eftir því sem fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, að bændur, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja, hefðu meiri tekjur af því ef allt yrði stangveitt en ef þeir halda áfram í netaveiðunum. Því veltir maður fyrir sér hvar hnífurinn stendur í kúnni.

Ég tók eftir að hæstv. ráðherra talaði um að hann bæri virðingu fyrir hinni gömlu netaveiði. Ég held að þetta sé spurning um menningu og tryggð við gamla arfleifð frekar en að þeir sem þetta stundi séu að velta fyrir sér efnahagslegum ábata nútímans eða einmitt núna.

[20:05]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Ég get tekið undir að viðkomandi veiðifélag ræður að sjálfsögðu hvernig það vill nýta auðlind sína. Veiðifélagið í Árnesþingi á náttúrlega að fá að ákveða það sjálft en hins vegar verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að hæstv. landbrh. er yfirmaður veiðimála í ferskvatni á Íslandi og mér finnst einfaldlega rökin sem mæla með því að netaveiðum verði hætt eða dregið úr þeim það veigamikil að hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á þessum málum reyni að beina áhrifum sínum í þá átt að málið fari í þann farveg.

Ég held að til lengri tíma litið verði hagsmunirnir mun meiri fyrir náttúruna og líka fyrir þá sem búa á þessu svæði ef auðlindin yrði nýtt með stangveiðum en ekki að hluta til nýtt í net eins og nú er.

Hv. þm. Gunnar Birgisson talaði um Hvítá í Borgarfirði. Í ágætri skýrslu frá Veiðimálastofnun stendur, með leyfi forseta: „Í Hvítá í Borgarfirði voru net tekin upp og skilaði það 28–35% veiðiaukningu í þverám hennar. Þetta þýðir að 39–52% af þeim fiski sem veiddist áður í netin veiðist nú á stöng.“

Þetta ku vera vísindalega sannað. Ég fagna því að tekjustofnar Fiskræktarsjóðs muni aukast. Það mun vonandi leiða til þess að rannsóknir á þessu merka svæði verði auknar. Hvað varðar mengunarhlutann var ég fyrst og fremst að velta fyrir mér hlutum eins og vöktun á svæðinu — ég er að tala um allt vatnasvæðið, ekki bara Hvítá og Ölfusá, ég er líka að tala um vötnin, þar á meðal Þingvallavatn — vöktun á umhverfisþáttum, ekki bara á lífrænni mengun sem þarf ekki endilega að vera skaðleg, heldur líka á hlutum eins og þungmálmum. Ég mun reyna að kalla enn frekar eftir því hvort sú vöktun eigi sér stað enn þann dag í dag.

Heilt á litið vil ég enn og aftur þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans.

[20:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil segja um þá minnkun sem hefur orðið á veiði á vatnasvæðinu að það er erfitt að skýra hana en kannski var hún gríðarlega mikil fyrir 1980. Enginn má gleyma því mikla áfalli þegar Hagavatn hljóp fram og áin varð kolmórauð heilt sumar og allir steinar fullir af leir og drullu. Þá breyttist mjög vatnasvæðið og veiði hefur aldrei risið í sömu hæðir síðan. Það er ein stærsta ástæðan og svo kom aftur hlaup síðar sem hefur haft mikil áhrif á vatnasvæðið.

Hvað netin varðar er það, eins og hér kom fram, hugarfar, lífstíll og eigi að síður að margar mjög sterkar laxveiðijarðir hafa enn þá af þeim miklar tekjur. Þetta er einkaréttur þeirra manna sem jarðirnar eiga og þeir nýta hann enn. Það þarf heilmikla peninga og félagslega samvinnu til þess að ná saman um málið. Þetta eru mennirnir að skoða núna. Við eigum margar víðfrægar veiðijarðir á svæðinu upp um Ölfusá og Hvítá sem hafa þetta. Ég minni á að allt vatnasvæðið er að

hluta til mjög gott stangveiðisvæði líka. Í Ölfusá og Hvítá eru alveg eins falleg svæði og í Langholti og Hallandi þar sem eru glæsilegir fossar og ker. Þar var einu sinni mikil stangveiði en hefur dregið úr. Vísindamennirnir hafa heldur ekki getað skýrt þá miklu breytingu. Ég tek undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni að við höfum séð þá þróun að þó netin fari upp hefur jafnvel veiðin hrunið. Sumir vísindamenn sem ég hef hitt telja að það þurfi að veiða í net. Ég er ekki þeirrar skoðunar.

Ég þakka umræðuna og tel mikilvægt að menn á heimasvæði nái saman um þessi mál og hafi hagsmuni heildarinnar í huga. Veiði á Íslandi gefur mikla möguleika, miklar tekjur og skapar ferðamannastraum um landsbyggðina.

Út af dagskrá var tekið 19. mál.

Fundi slitið kl. 20:11.

---

97. FUNDUR

fimmtudaginn 15. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336. — 1. umr.
2. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337. — 1. umr.
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 850. mál, þskj. 1307. — 1. umr.
4. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 869. mál, þskj. 1327. — Fyrri umr.
5. Samkeppnislög, stjfrv., 882. mál, þskj. 1340. — 1. umr.
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 881. mál, þskj. 1339. — 1. umr.
7. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 848. mál, þskj. 1305. — 1. umr.
8. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338. — 1. umr.
9. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
10. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1313. — 1. umr.
11. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331. — Fyrri umr.
12. Varnir gegn mengun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 1136, frhnál. 1383, brtt. 1384. — 3. umr.
13. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 1355. — 3. umr.
14. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 1358, brtt. 1316. — 3. umr.
15. Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, stjfrv., 402. mál, þskj. 1356. — 3. umr.
16. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 1354. — 3. umr.
17. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 1357, frhnál. 1404. — 3. umr.
18. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867. — 3. umr.
19. Varðveisla Hólavallagarðs, þáltill., 765. mál, þskj. 1153. — Fyrri umr.
20. Erfðafjárskattur, frv., 924. mál, þskj. 1403. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamenn taka þingsæti.

[10:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa þrjú bréf um fjarvistir þingmanna. Hið fyrsta er frá hv. 4. þm. Norðvest., Einari K. Guðfinnssyni, dagsett 14. apríl og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður lista Sjálfstfl. í Norðaust., Guðjón Guðmundsson, Akranesi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest."

Annað bréf frá hv. 6. þm. Suðurk., Hjálmari Árnasyni, dagsett 14. apríl, er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstu tveimur vikum óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður lista Framsfl. í Suðurk., Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Undir bréfið ritar Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.

Guðjón Guðmundsson og Ísólfur Gylfi Pálmason hafa áður setið á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa.

Þriðja bréfið sem borist hefur er frá 3. þm. Norðaust., Kristjáni L. Möller, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samf. í Norðaust., Lára Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Akureyri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Kristján Möller, 3. þm. Norðaust."

Kjörbréf Láru Stefánsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki tekið sæti á Alþingi fyrr og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Lára Stefánsdóttir, 3. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Lára Stefánsdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Aðild að Gvadalajara-samningi, 883. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1341.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 402. mál, þskj. 1356.

Úttekt á vegagerð og veggjöldum, 913. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 1392.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðræður um fyrirhugaða fækkun í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

[10:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í vikunni sem alþingiskosningar voru háðar flutti bandarískí sendiherrann skilaboð til íslensku ríkisstjórnarinnar sem voru þess eðlis að það var ljóst að fram undan væri stórfelld fækkun í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Síðan hefur hvorki gengið né rekið í samningaviðræðum, ef samningaviðræður skyldi kalla, milli Íslendinga og Bandaríkjamanna um þetta mál. Það er alveg ljóst að þar er veruleg vík á milli vina og Bandaríkjamenn sem til máls taka um þetta fara ekki dult með það að í raun séu engar samningaviðræður í gangi, það sé frekar hægt að kalla það samráð.

Við í Samfylkingunni höfum verið þeirrar skoðunar að eins og málum er háttað verði þetta mál ekki leyst nema með beinum viðræðum milli æðstu stjórnenda ríkjanna tveggja.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. í síðasta mánuði að í aprílmánuði væru fyrirhugaðar mikilvægar viðræður. Nú er hæstv. forsrh. fjarverandi. Hann er í Bandaríkjunum í mikilvægum erindagerðum að því er ég las í Morgunblaðinu. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. og starfandi forsrh. hvort Davíð Oddsson forsrh. muni ekki í þessari heimsókn eiga viðræður við yfirmenn Bandaríkjastjórnar um þessi mál og hvort hann muni ekki freista þess að ná fundi Bush Bandaríkjaforseta til þess að reyna að fá botn í þetta erfiða vandamál sem hefur komið upp milli þessara tveggja vinaþjóða.

[10:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef nýlega gert utanrmn. grein fyrir stöðu þessara mála og ekkert hefur breyst síðan ég gerði nefndinni ítarlega grein fyrir málinu. Hæstv. forsrh. er í New York sem heiðursgestur Íslensk-ameríska verslunarfélagsins og aðalræðumaður á fundi þess auk þess sem hann hefur opnað merka listsýningu í New York á verkum Errós. Hann mun eingöngu vera í New York. Hitt er svo annað mál að bæði fulltrúar utanrrn. og forsrn. nota hvert tækifæri sem þeir fá með formlegum eða óformlegum hætti til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri í þessu máli. En í þessari heimsókn forsrh. eru engar slíkar formlegar viðræður fyrirhugaðar.

[10:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég var ekki að spyrja um hvort fyrirhugaðar væru formlegar viðræður. Ég spurði eftir því hvort hæstv. forsrh. Davíð Oddsson mundi leita eftir því að hafa viðræður við háttsetta yfirmenn og hvort hann mundi freista þess að ná fundi Bush forseta vegna þessa máls.

Mér er mætavel kunnugt um það sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. á fundi utanrmn. Ég get ekki gert grein fyrir því sem þar fór fram vegna þess að það var trúnaðarmál. En hæstv. utanrrh. man vel að ég spurði hann þar sérstaklega út í þá yfirlýsingu Davíðs Oddssonar um að í apríl yrðu mikilvægar viðræður. Hæstv. utanrrh. getur svo gert það upp við sig hvort hann vill greina þinginu frá því sem hann svaraði mér þá.

Staðan er sú að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að í apríl verði mikilvægar viðræður. Hæstv. forsrh. er nú í Bandaríkjunum. Vel kann að vera að ástæða þess sé að opna listsýningar. En það er nú oft þannig að þegar ráðamenn fara til annarra ríkja þá nota þeir tækifærið til þess að reyna að ná samböndum til að leysa mál. Ég verð að lýsa því yfir að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það hvernig íslensk stjórnvöld hafa haldið á þessu máli.

Hér er um að ræða hornsteininn í utanríkismálum Íslendinga og ég fæ ekki betur séð en að ekkert sé að gerast í málinu. Það er alveg sama við hvaða sendimann Bandaríkjanna maður talar að það er alveg ljóst að ekkert er handfast í þessum málum. Ég verð að segja að það er með ólíkindum ef forsrh. landsins fer til Bandaríkjanna án þess að reyna að nota þá för til þess að leysa þetta mál. Hann hefur þegar tekið það úr höndum hæstv. utanrrh. og þá er það skylda forsrh. að gera allt það sem hann getur til þess að leysa þetta. Eða á þetta mál að damla svona fram eftir vori og fram eftir hausti?

[10:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé það alveg ljóst að ef fyrirhugaður hefði verið fundur milli forsrh. Íslands og Bush Bandaríkjaforseta hefði það að sjálfsögðu verið tilkynnt fyrir fram. Ég veit ekki hvernig hv. þm. dettur það í hug að forsrh. fari til New York og reyni þá svona í leiðinni að ná fundi með Bush Bandaríkjaforseta. Að sjálfsögðu eru slíkir fundir skipulagðir með löngum fyrirvara og það veit hv. þm.

Þetta mál er á borði Bandaríkjaforseta. Það er búið að liggja lengi fyrir og það komst inn á hans borð fljótlega eftir kosningar m.a. vegna þess hvernig íslensk stjórnvöld hafa haldið á þessu máli. Ég tel að við höfum haldið á málinu fullkomlega eðlilega. Menn verða að hafa þolinmæði til þess að sjá fyrir endann á því. Það mun taka nokkurn tíma. En ég tel að það sé í þeim farvegi sem ætti að geta leitt til góðrar niðurstöðu. Mér finnst því fullkomlega ástæðulaust af hv. þm. að nota þetta tækifæri hér til að gera því skóna að hæstv. forsrh. hitti Bandaríkjaforseta í þessari för. Það hefði þá að sjálfsögðu legið fyrir fram fyrir.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]

9. og 20. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 32 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. í 20. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 924. mál (lagaskil). — Þskj. 1403.

[10:44]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt. Frv. er frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Hinn 1. apríl sl. tóku gildi ný lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004 sem samþykkt voru þann 23. mars sl. Gildistökuákvæði frumvarps til laganna miðaði að því að um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004 skyldi fara eftir ákvæðum eldri laga nr. 83/1984, um erfðafjárskatt. Um skipti á dánarbúum þeirra sem andast 1. apríl 2004 og síðar skyldi fara eftir hinum nýju lögum um erfðafjárskatt.

Í meðförum þingsins var sú breyting gerð á gildistökuákvæðinu að nýjum málslið var bætt við greinina þess efnis að um skipti á dánarbúum þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 14/2004. Er þessi nýi málsliður í raun undantekning frá þeirri meginreglu sem að framan greinir þess efnis að dánardægur ráði úrslitum um hvorum lögunum skuli beita. Ætlunin með þessari viðbót var að hún afmarkaðist við þá sem hafa heimild til setu í óskiptu búi. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort heimildar til setu í óskiptu búi er aflað fyrir eða eftir 1. apríl 2004.

Eftir setningu laganna hafa vaknað spurningar um það hvort kveðið sé á um það með nægilega skýrum hætti í lögunum hvaða reglur gildi um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004 í þeim tilvikum sem ekki er heimild til setu í óskiptu búi. Hafa komið fram ábendingar um að þetta gildistökuákvæði og þessi lagaskil gætu orkað tvímælis. Til að taka af allan vafa er þetta frv. flutt þannig að lögin séu algjörlega skýr að þessu leyti.

Með bráðabirgðaákvæði því sem hér er lagt til að bætt verði við lögin er leitast við að taka af öll tvímæli hvað varðar lagaskil milli eldri og nýrri laga um erfðafjárskatt. Með frumvarpinu er kveðið á um að lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, gildi um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004. Gildir það hvort sem þau búskipti eru hafin eða ekki. Frá þessu er þó sú undantekning, sbr. 3. málsl. 21. gr. laga nr. 14/2004, að nýju lögin taka til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi, þótt andlát hafi verið fyrir 1. apríl 2004, fari búskiptin ekki fram fyrr en eftir gildistöku laganna.

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til hv. efh.- og viðskn. þó að meiri hluti hennar flytji málið, þar sem menn munu leitast við að fá álit sérfræðinga á því að þessi lagaskil séu fullkomlega í lagi og ekki séu nokkur tvímæli um það hvernig túlka beri lögin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 1. umr.

Stjfrv., 878. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1336.

og

Búnaðarfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 879. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1337.

[10:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 1336, 878. máli, frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. Jafnframt mæli ég fyrir frv. á þskj. 1337, 879. máli, sem er frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. Frumvörpin eru lögð fram samhliða.

Meginmarkmið frumvarpanna er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með því að endurskoða stofnanaskipan landbúnaðarins. Aðalatriði frumvarpanna er það að ríkisstofnanirnar Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri verði lagðar niður í núverandi mynd. Gert er ráð fyrir að ný stofnun verði mynduð á grunni hinna tveggja undir einni yfirstjórn og til verði Landbúnaðarháskóli Íslands, öflugur rannsóknaháskóli sem taki við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum eldri stofnananna tveggja.

Forsaga þessa máls er sú að þann 13. janúar 2004 var á vegum landbrn. skipuð sérstök verkefnisstjórn sem hafði það hlutverk að gera tillögur að sameiningu starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í eina sameiginlega stofnun. Verkefnisstjórnin var skipuð hv. þm. Magnúsi Stefánssyni sem var jafnframt formaður, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanni landbn., Eysteini Jónssyni, aðstoðarmanni landbrh., Jóni Magnússyni, viðskiptafræðingi í fjmrn., og Sigurgeiri Þorgeirssyni, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands.

Verkefnisstjórnin vann hratt og skipulega og skilaði niðurstöðum sínum til ráðuneytisins þann 29. mars sl. Áliti nefndarinnar fylgdu drög að lagafrumvörpum sem síðar voru unnin áfram af starfsmönnum ráðuneytisins og var endanleg niðurstaða þau frumvörp sem ég mæli fyrir.

Ég vil nota tækifærið til að þakka verkefnisstjórninni fyrir vel unnin störf og vandaðan undirbúning. Verkefnisstjórnin hafði samráð við og leitaði álits hjá fjölda aðila sem tengjast landbúnaði beint og óbeint. Einnig hafði verkefnisstjórnin gott samráð við forstöðumenn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þá lét verkefnisstjórnin gera ítarlega skoðanakönnun meðal allra starfsmanna landbúnaðarháskólans og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Nefndin hélt fund með starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og í kjölfar þess fundar var

haldinn fundur með starfsmönnum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Starfsmenn beggja stofnana fjölmenntu á báða þessa fundi og tóku virkan þátt í umræðunni. Þeir komu með margar góðar ábendingar til verkefnisstjórnarinnar sem skiluðu sér margar hverjar inn í lagafrumvörpin. Einnig kallaði verkefnisstjórnin á sinn fund forvígismenn fjölmargra háskóla og háskólastofnananna og leitaði álits hjá þeim. Þrátt fyrir stuttan undirbúningstíma hafa frumvörp þessi verið vel undirbúin af hálfu landbrh. Helstu efnisákvæði frumvarpanna eru þessi:

Breytingar eru gerðar á lögum um búnaðarfræðslu. Lagðar eru til breytingar þannig að ekki er lengur gert ráð fyrir að staðsetning skólastofnana landbrn. komi sérstaklega fram í lögum. Ástæður þessa eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru stofnanirnar með starfsemi á mörgum stöðum á landinu. Landbúnaðarháskóli Íslands kemur til með að hafa starfsstöðvar á Hvanneyri, í Reykjavík, á Möðruvöllum og víðar. Þá er Hólaskóli með starfsemi á Sauðárkróki auk þess að vera á Hólum í Hjaltadal.

Auk þessa má nefna að tækni nútímans takmarkar starfsemi skóla ekki lengur við húsnæði eða staðsetningu. Nú eru möguleikar í fjarnámi slíkir að nemendur skóla geta verið staðsettir hvar sem er á landinu og raunar erlendis líka. Staðsetning kennsluhúsnæðis vegur því minna en áður var. Fjarnám bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi hefur vaxið langt umfram hefðbundið nám á undanförnum árum og á sú þróun einnig við um landbúnaðarskólana.

Lagt er til að hin nýja sameinaða stofnun heiti Landbúnaðarháskóli Íslands. Gert er ráð fyrir því að fest verði í lög að við hinn nýja skóla verði starfrækt sérstök rannsóknarsvið er hafi aðskilinn fjárhag.

Gerðar eru breytingar á 22. gr. laga um búnaðarfræðslu er miði að því að skýra betur verkaskiptingu háskólaráðs og rektors frá því sem er í núverandi lögum. Háskólaráði er fyrst og fremst ætlað að móta stefnu skólans í kennslu og rannsóknum. Rektor ber hins vegar ábyrgð á allri stjórnsýslu skólans, starfsmannahaldi og rekstri stofnunarinnar. Rektor er jafnframt embættismaður í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ber því ábyrgð á að útgjöld séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Í núverandi lögum er ekki um eins skýr skil milli rektors og háskólaráðs að ræða. Eftir breytinguna er því ágreiningslaust að rektor ber endanlega ábyrgð á rekstrarafkomu stofnunarinnar en háskólaráð og rektor bera í sameiningu ábyrgð á mótun kennslu og rannsóknarstefnu skólans.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á skipan háskólaráðs. Lagt er til að háskólaráð verði skipað sjö mönnum. Er það óbreytt skipan frá því sem nú er en tilnefningar breytast töluvert. Lagt er til að í háskólaráði eigi sæti: Í fyrsta lagi háskólarektor sem jafnframt er formaður ráðsins. Í öðru lagi einn fulltrúi skipaður af landbrh. Í þriðja lagi einn fulltrúi tilnefndur af menntmrh. Í fjórða lagi tveir fulltrúar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands. Í fimmta lagi einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og í sjötta lagi einn fulltrúi tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands. Alls eru þetta sjö einstaklingar.

Einn megintilgangur lagafrv. er að ná fram öflugri tengslum sameinaðrar stofnunar við atvinnulífið og landbúnaðinn og stuðla þannig að því að gera Landbúnaðarháskóla Íslands að atvinnutengdum háskóla í meiri mæli en hjá öðrum ríkisháskólum. Í stað fulltrúa kennara og nemenda kemur tilnefning frá Samtökum atvinnulífsins auk þess sem fulltrúum Bændasamtaka Íslands fjölgar úr einum í tvo. Í lögum um háskóla nr. 136/1997, ásamt síðari breytingum, er kveðið á um að í háskólaráði ríkisháskóla skuli sitja fulltrúar bæði nemenda og starfsmanna. Hér er því lögð til önnur skipan en kveðið er á um í rammalögum um háskóla í ljósi þeirrar auknu tengingar við atvinnulífið sem er eitt af höfuðmarkmiðum lagabreytinganna.

Lagt er til að landbrh. sé ekki bundinn af tilnefningu háskólaráðs þegar hann skipar rektor. Er það í samræmi við hefðbundin sjónarmið stjórnsýsluréttar að ráðherra beri einn ábyrgð á ráðningu forstöðumanna stofnana undir hans yfirstjórn. Einnig er lagt til að ekki þurfi að koma til samþykki háskólaráðs áður en ráðherra leysir rektor frá störfum. Telja verður óeðlilegt að starfsmenn rektors í háskólaráði eða varamenn þeirra fái ráðið því hvort ráðherra leysir rektor frá störfum eða ekki. Þar sem ráðherra skipar rektor þykir rétt að ráðherra beri einnig ábyrgð á brottvikningu hans samkvæmt ákvæðum laga.

Í lagafrv. er gert ráð fyrir því nýmæli að landbrh. geti sett reglugerð sérstaklega um rannsóknarsvið landbúnaðarháskólans. Með þessu ákvæði kemur fram ákveðin sérstaða rannsóknarsviðsins umfram svið sem ekki er sérstaklega getið um í lögunum, heldur eru háð því skipulagi sem rektor og háskólaráð móta hverju sinni. Ljóst er að það kallar á nokkra vinnu að undirbúa hina nýju stofnun undir gildistöku laganna og því er lagt til að rektor verði ráðinn til starfa 1. ágúst nk. til að sinna undirbúningi áður en eiginleg starfsemi hefst. Einnig er lagt til að skipan háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands verði einnig lokið fyrir 1. ágúst nk. Þetta er nauðsynlegt til að rektor og háskólaráð geti saman unnið að þeim verkefnum sem gildistaka laganna hefur í för með sér. Eðlilegt þykir að nemendur geti haldið áfram námi óháð sameiningu stofnananna og því er þeim gefinn kostur á að ljúka núverandi námi samkvæmt gildandi námskrá og er í frv. bráðabirgðaákvæði þess efnis, sambærilegt við ákvæði í lögum frá því að Bændaskólinn á Hvanneyri varð að háskóla árið 1999.

Breytingar eru gerðar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Í V. kafla laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er fjallað um landbúnaðarrannsóknir. Efnisbreytingar eru þær að ákvæði sem fjalla um skipan stjórnar og forstjóra falla niður. Í þess stað kemur skilgreining á landbúnaðarrannsóknum og eru þær felldar undir rannsóknarsvið hins nýja Landbúnaðarháskóla Íslands. Skilgreiningum á landbúnaðarrannsóknum og því hlutverki sem þær gegna er breytt verulega og þær settar í meira samhengi við hið fjölþætta hlutverk landbúnaðarins í nútímasamfélagi. Heimild til að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum að fengnu samþykki ráðherra verður óbreytt.

Á fskj. með frumvörpum þessum er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frumvörpin. Læt ég nægja að vísa til þeirra. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerða með frumvörpunum.

Hæstv. forseti. Með frumvörpum þessum eru lagðar til mikilvægar breytingar á menntamálum landbúnaðarins. Að mínu mati verður stigið mikið framfaraspor ef frumvörpin verða að lögum. Ljóst er að samvinna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er mikil nú þegar. Lykilatriði framþróunar í landbúnaði er aukin þekking og menntun. Ég tel þessi frumvörp mikilvæg í að tryggja tilveru öflugs rannsóknaháskóla landbúnaðarins og

einnig tryggja að þeim fjármunum sem varið er til rannsókna og mennta sé vel varið.

Síðast en ekki síst tel ég að frumvörpin leitist við að tryggja að sá mannauður og þekking sem orðið hefur til nýtist landbúnaði á Íslandi með sem bestu móti, landinu öllu til hagsældar.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og landbn.

[11:03]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja að enn og aftur lýsi ég furðu minni á þeim vinnubrögðum sem tíðkast undir stjórn hæstv. landbrh. Fyrir skömmu fengum við í hendurnar tvö stór lagafrv., þ.e. til jarðalaga og til ábúðarlaga. Bæði þau frv. komu fyrir Alþingi í fyrravor, fyrir ári síðan, og þá kom fram í umræðum ánægja þeirra sem til máls tóku með að nægur tími gæfist á komandi haustþingi til að taka þau til ítarlegrar efnislegrar umræðu eins og vissulega er tilefni til með þau frv. bæði. Þau birtust síðan fyrst, eins og ég sagði áðan, fyrir um 10 dögum síðan.

Sömu sögu er að segja um lögin um lax- og silungsveiðar sem við fengum til umfjöllunar, nýkjörin landbn., í sumar vegna þess að þá reyndist nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög. Það frv. hafði velkst á Alþingi í heilan vetur án þess að fá viðunandi umfjöllun og endaði svo í dæmalausu klúðri eins og landsmönnum er í fersku minni, geri ég ráð fyrir.

Hér er svo komið á síðustu dögum þingsins frv. sem jafnframt þarf mikla umfjöllun og er að mínu mati ákaflega illa undirbúið því það snertir ekki einungis þær stofnanir sem hér er mest talað um, þ.e. Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, heldur er þar jafnframt um að ræða tvær aðrar menntastofnanir sem heyra undir landbrn., þ.e. Hólaskóla, Háskólann á Hólum, eins og hann heitir, og Garðyrkjuskóla ríkisins í Ölfusi. En tækifærið er ekki nýtt til að gera þær breytingar sem þörf er á fyrir þær tvær stofnanir heldur er þeim í raun og veru sýnd ærin óvirðing í frv. Ég er hissa ef forsvarsmenn þeirra stofnana og starfsmenn allir hafa ekki orðið fyrir vonbrigðum og orðið sárir við að sjá hvernig meðferð er á þeim stofnunum í því frv. sem hér liggur fyrir.

Ef ég vík svo að efni frv. að öðru leyti er í 1. gr. talað um nafnbreytingu á Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og lagt til að hann heiti Landbúnaðarháskóli Íslands, eins og hæstv. ráðherra komst að orði áðan, í krafti þess að skólinn starfi á ýmsum stöðum á landinu og rakti hann nokkra af þeim stöðum. Ég ætla að fræða hæstv. ráðherra um það að Verkmenntaskólinn á Akureyri átti nemendur í öllum heimsálfum fyrir nokkrum árum og ég veit ekki til að þörf hafi þótt á því að kalla hann verkmenntaskóla alheimsins eða eitthvað í þá veruna þrátt fyrir það. Það er eðlilegt að skólar hafi nemendur víða um land og jafnvel víða um heim í krafti fjarnáms og ekki sérstök ástæða til að vera með hálfgerðan hroka í nafngiftum eins og mér finnst koma fram í nafngiftinni Landbúnaðarháskóli Íslands og mér finnst það satt að segja tiltekin skilaboð til hinna háskólanna tveggja, Háskólans á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þeir eru alveg tvímælalaust settir skör lægra í frv. en Landbúnaðarháskóli Íslands og það eru skilaboð sem talsmenn þeirra skóla hljóta að taka mjög alvarlega frá hæstv. ráðherra.

Í 4. gr. lagafrv. er talað um að við Landbúnaðarháskóla Íslands skuli starfrækt sérstakt rannsóknasvið, sbr. V. kafla laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum. Þá hlýtur maður líka að spyrja sig: Hvað með aðra háskóla sem heyra undir landbrn.? Hvernig hefur hæstv. ráðherra hugsað sér að styrkja rannsóknasvið þeirra háskóla?

Í 4. gr. núverandi laga um búnaðarfræðslu, sem þetta frv. er brtt. við, kemur fram að landbrh. skipi búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Þar er talað um rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri en síðan er þar talað um skólameistara Búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal og á Reykjum í Ölfusi. Nú er það svo að þar sem um er að ræða háskóla er yfirmaður kallaður rektor en ekki skólameistari og þar er líka um að ræða háskólaráð en ekki skólanefnd. Þarna er enn dæmi um hvernig gera hefði átt frv. víðtækara og taka alla skólana þrjá inn og gera þær breytingar sem viðeigandi eru miðað við breytt fyrirkomulag á málum í dag.

Í 6. gr. frv. til laga um breytingu á lögunum um búnaðarfræðslu segir í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans.“

Í athugasemdum við þessa grein frv. segir, með leyfi forseta:

„Breytingar á 22. gr. laganna miða að því að skýra betur verkaskiptingu háskólaráðs og rektors frá því sem er í gildandi lögum. Háskólaráði er fyrst og fremst ætlað að móta stefnu skólans í kennslu og rannsóknum. Rektor ber hins vegar ábyrgð á allri stjórnsýslu skólans, starfsmannahaldi og rekstri stofnunarinnar.“

Síðar í sömu skýringu kemur hins vegar fram misræmi, bæði í rauninni innan skýringargreinarinnar og jafnframt við lagagreinina en þar segir í síðustu setningunni, með leyfi forseta:

„... en háskólaráð og rektor bera í sameiningu ábyrgð á mótun kennslu- og rannsóknastefnu skólans.“

Þarna segir eitt í 1. mgr. skýringartextans, annað í lagagreininni sjálfri og enn annað í síðustu setningu viðkomandi greinar. Ég tel þetta ekki vera vitnisburð um góð vinnubrögð, herra forseti.

Í 7. gr. frv. er fjallað um skipun háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar vekur furðu hvernig samsetning og skipan ráðsins á að vera. Þar er einn fulltrúi skipaður af landbrh., einn fulltrúi tilnefndur af menntmrh. en þar er enginn tilnefndur af umhvrh. en eru þó umhverfismál, skipulag og landnotkun, einn af sterkum þáttum í starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, verðandi Landbúnaðarháskóla Íslands, og fyrst á annað borð verið er að kalla til fulltrúa ráðuneyta sem við koma rekstri þessara skóla hefði ekki verið að ófyrirsynju að kalla til fulltrúa umhvrn. jafnframt. En þarna eru þess í stað tilnefndir tveir fulltrúar af Bændasamtökum Íslands og satt að segja finnst mér að annar þeirra hefði alveg mátt missa sig fyrir fulltrúa frá umhvrn. og styrkja þar með þessa nýju grein í starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Það sem vekur þó mesta furðu er að í ráðinu á að sitja fulltrúi frá háskólaráði annars háskóla, þ.e. Háskóla Íslands. Ég hygg að það hljóti eiginlega að vera einsdæmi að sjálfstæður háskóli eigi að eiga fulltrúa í háskólaráði annars sjálfstæðs háskóla.

Það þriðja sem er skrýtið og ég vil mótmæla er að nemendur og kennarar eigi ekki að eiga fulltrúa í háskólaráði eins og ber að gera samkvæmt rammalögum um háskóla.

Í 29. gr. núverandi búnaðarlaga er talað um Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal sem nú heitir Hólaskóli, Háskólinn á Hólum, og þar er líka talað um Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Eins og ég sagði áðan er undarlegt að tækifærið skuli ekki hafa verið notað til að fara almennilega í gegnum þennan lagabálk allan og gera þær breytingar sem nauðsyn er á til að koma til móts við aðstæður dagsins í dag.

Ég minntist líka fyrr í ræðu minni á háskólaráð annars vegar og skólanefndir hins vegar. 31. gr. er líka grein sem breyta þarf til samræmis við raunveruleikann. Ég hélt að hæstv. landbrh. ætti nú að vera þetta kunnugt því að það var jú hann sem stóð að því, og þökk sé honum fyrir það, að færa Hólaskóla upp á háskólastig og jafnframt Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum. En það er undarlegt að þurfa að vera með slík handarbakavinnubrögð aftur og aftur að lögin skuli koma fram hálfköruð og meingölluð.

Ég legg til að frv. verði vísað til menntmn. til umsagnar og jafnframt til umhvn., því eins og ég sagði áðan í ræðu minni kemur starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri báðum þessum stofnunum við og ég tel að menntmn. eigi að hafa um það að segja líka. Ég tel að það hljóti að verða framtíðin að allir þessir háskólar færist undir menntmrn. hvenær sem það verður. Vonandi getum við öll treyst því að einhvern tímann verði þeim sinnt almennilega í menntmrn. ekki síður en þeim hefur verið sinnt í landbrn. í dag. Ég er viss um að það verður framtíðin að þangað muni þeir fara eins og aðrar menntastofnanir í landinu því það er ekki eðlilegt að setja stofnanir á hin og þessi ráðuneyti eftir tegund þeirrar fræðslu sem þar fer fram því þá ættum við að hafa t.d. Viðskiptaháskólann á Bifröst undir viðskrn. o.s.frv. Og hluta Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík kannski undir dómsmrn.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta að sinni. Ég vonast til að málið fái ítarlega og góða umfjöllun í öllum nefndunum, menntmn., landbn. og umhvn., og síðan fari það auðvitað út til umsagnar, ég er viss um að það koma fjölmargar athugasemdir við frv. Ég vil þó enda ræðu mína núna á því að segja að það hryggir mig að ráðherra skuli sýna Hólaskóla, Háskólanum á Hólum, og Garðyrkjuskóla ríkisins í Ölfusi þá óvirðingu sem gert er í frv.

[11:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir frv. til breytinga á lögum um búnaðarfræðslu og einnig fyrir frv. til breytinga á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Meginmarkmið þessara lagabreytinga er að færa saman rannsóknir, kennslu og fræðslu í landbúnaði, þ.e. þeim greinum sem snúa að fjölþættri landnotkun, landnýtingu og verndun landgæða sem hafa verið á verksviði þessara stofnana, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og einnig Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum. Þessar stofnanir hafa allar haft það hlutverk, rannsóknir, fræðslu og kennslu í landbúnaði.

Styrkur þessara stofnana hefur verið sá að þær hafa allar verið í afar nánum tengslum við atvinnulífið, við samfélagið. Þær hafa verið stór þátttakandi í öllu samstarfi þess fólks sem í þessum greinum starfar og einnig í uppbyggingu og þróun verkefna á vettvangi. Það hefur verið náið samstarf á milli þessara stofnana, milli einstakra starfsmanna, stofnananna í heild og atvinnulífsins og fólksins sem starfar í landbúnaði og tengdum greinum. Þetta hefur verið styrkur þessara stofnana og hefur gefið þeim möguleika á þeirri gríðarlega sterku stöðu sem þær hafa í dag. Starfsemi þeirra hefur jafnframt verið staðsett víða um land. Hún fer ekki fram á einum stað heldur víða um land, þ.e. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Hólaskóli og Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Allar þessar stofnanir gegna gríðarlegu félagslegu, samfélagslegu og menningarlegu hlutverki í nærumhverfi sínu sem speglast reyndar í og hefur áhrif á allt samfélagið á Íslandi, sérstaklega dreifbýlissamfélagið.

Ég tel mikilvægt að þessi atriði séu dregin afar sterkt fram, ég tala ekki um í þeirri umræðu og þróun sem við höfum staðið frammi fyrir, óheillaþróun í atvinnulífi og búsetuskilyrðum í dreifbýli. Þessar stofnanir hafa ekki bara megnað að standa af sér þá þróun heldur náð að byggjast upp og styrkjast. Þessar landbúnaðarstofnanir, sérstaklega skólarnir, eru einna öflugustu mennta- og rannsóknastofnanirnar utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Hlutverk þeirra getur ekki annað en vaxið ef rétt er haldið á málum. Ég held að fæstir geri sér grein fyrir hve gríðarmiklu hlutverki þær gegna. Þess vegna ber líka að koma að breytingum á umgjörð þeirra, bæði starfs- og lagaumgjörð, af varúð. Ganga verður út frá því markmiði að því hlutverki og stöðu þeirra verði ekki raskað heldur verði það frekar styrkt.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að þessar stofnanir hafa heyrt undir landbrn. frá því að það var stofnað. Það virðist ekki hafa orðið þeim til trafala, síður en svo. Auðvitað vildum við að styrkur þeirra væri meiri og landbrn., sem ábyrgðaraðili þeirra hjá ríkisvaldinu, gæfi þeim meira og aukið svigrúm og efldi þær enn meir. Ég held að það sé hin eilífa krafa. En samanborið við aðrar stofnanir á landsbyggðinni, mennta- og rannsóknastofnanir og reyndar líka stofnanir í þéttbýli, hafa þær stofnanir, þrátt fyrir að mönnum sé tíðrætt um smæð þeirra, sýnt gríðarlegan styrk enda er styrkur og afköst ekki alltaf fólgin í stærð. Krafturinn er fremur fólginn í þeim mannauð sem þar er á hverjum tíma og möguleikum þessara stofnana til að bregðast við og sækja fram í heimi örra breytinga. Þar hefur styrkur þessara litlu stofnana kannski legið, í öflugu baklandi og því að vera nátengdar grasrótinni sem þær hafa starfa með og í því að hafa yfir að ráða starfsfólki sem hefur getað brugðist við, tekist á við nýja möguleika og nýjar kröfur.

Við eigum að vera stolt af því að eiga stofnanir sem hafa sýnt slíkan dug og eigum því að umgangast það með mikilli varúð að breyta laga- eða starfsumgjörð þeirra. Þetta vil ég taka fram í upphafi og bið hv. þingmenn að hafa það í huga þegar fjallað er um starfsumhverfi og stöðu stofnana landbúnaðarins. Ég held því ekki fram að hagur þeirra væri verr kominn undir menntmrn. en á það hefur ekki reynt. Hag þeirra hefur að mörgu leyti verið vel borgið undir landbrn. Ráðuneytið hefur reynst þeim vel og það eru engin rök fyrir því að breyta frá því sem vel hefur gengið nema óyggjandi sé að það verði til batnaðar.

Varðandi þær breytingar sem gera á samkvæmt frumvörpum hæstv. ráðherra, frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu og lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er að mínu viti meginmarkmið þeirra að færa saman verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til menntastofnana. Í þessu tilfelli er fjallað um Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Þetta hefur lengi verið á döfinni og lengi verið í umræðu. Á undanförnum árum hefur markvisst samstarf þessara stofnana verið að þróast. Það hefur orðið til góðs og styrkt stöðu þeirra beggja. Með þessum frumvörpum er lagt til að stigin verði til fulls skref í sameiningu þessara stofnana.

Ég tel markmið frumvarpanna mjög gott og styð það. Ég vonast til að meginmarkmiðið sem að er stefnt með sameiningu umræddra stofnana og verkefna þeirra nái fram að ganga á þessu þingi. Það má að sjálfsögðu gagnrýna hve seint málin eru fram komin. Ég tel að það sé eðlileg gagnrýni. Þetta hefur verið það lengi á döfinni og hæstv. ráðherra getur í sjálfu sér ekki afsakað hve seint málin eru fram komin. Þessi frumvörp eru þó komin fram.

Að sjálfsögðu eru á frumvörpunum allnokkrir hnökrar að mínu viti. Ég hefði talið réttast við þessar aðstæður að frumvörpin yrðu einungis sniðin að því sem ætlað er að ná fram með þeim, þ.e. að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins renni saman sem stjórnsýslueining. Aðra þætti sem ekki snerta beint þá ætlan hefði átt að halda utan við frumvörpin. Með því að opna á fleiri atriði í frumvörpunum er boðið heim umræðu um atriði í lagabálkum þessara stofnana og rannsókna í þágu atvinnuveganna í stærra samhengi. Þar er lengi hægt að tína til eitt og annað.

Ég legg því til að þegar þetta mál fer til landbn., sem ég vænti að frv. fari til, verði meginmarkmiðið í vinnu nefndarinnar varðandi þessi frumvörp að skoða þær breytingar sem hér er tekist á við, breytingu á lögum um búnaðarfræðslu og breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem snúa afmarkað að þessum þætti. Aðrir þættir yrðu látnir bíða.

Varðandi einstök atriði sem hér er fjallað um tek ég undir það sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir nefndi, um nafngiftirnar. Ég tel mikið umhugsunaratriði hvort ganga eigi fram með þeim hætti að kalla stofnunina Landbúnaðarháskóla Íslands. Við erum með fleiri menntastofnanir landbúnaðarins sem starfa einnig á háskólastigi. Þess vegna getur þessi nafngift verið villandi.

Ég tel líka að skoða eigi vandlega hvort menntastofnanir þessar fái ekki að vera kenndar við staði sína. Þær hafa þar heimili, varnarþing og setu þó að starfsemi þeirra fari fram víðar. Ég tel það óþarfa viðkvæmni og ástæðulausa og málefninu ekki til framdráttar að fella burt heimili þessara stofnana. Landbúnaðarháskólanum er ætlað að vera á Hvanneyri áfram þótt starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem nú er flytjist þangað í áföngum, verði undir þeim hatti. Það er ekkert feimnismál.

Hólaskóli verður áfram á Hólum í Hjaltadal þótt hann verði með starfsemi víðar og það verður ekkert feimnismál. Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi verður ekkert feimnismál að vera á Reykjum. Ég tel að menn eigi að forðast það í svona lagasetningu að búa til falska eða ímyndaða umgerð. (**Gripið fram í:** Engan feluleik.) Nei, engan feluleik. Menn ættu bara að halda sér við efnið enda er málstaðurinn góður. Þetta tel ég varðandi þessa þætti. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur sína staðsetningu og þar hefur starfsemi hans sitt heimili. Þetta vildi ég taka fram.

Einnig vil ég nefna stjórn landbúnaðarháskólans sem þarna er kallaður Landbúnaðarháskóli Íslands eða hinnar nýju stofnunar sem á að mynda við sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Tillagan um stjórn þessarar nýju stofnunar finnst mér ekki vera góð. Hún er beinlínis röng. Það er t.d. fráleitt að fella burt þátttöku eða hlutdeild nemenda og starfsmanna í stjórn slíkrar stofnunar. Það er bara alveg fráleitt. Þetta er fyrst og fremst stofnun nemenda og starfsmanna. Án virkrar og beinnar þátttöku þessara aðila í starfsemi stofnunarinnar verður hún hvorki fugl né fiskur, alveg sama hver ráðherrann er. Mér finnst skorta inntak, innsýn í það hvers konar stofnun eigi að byggja upp í þessari nálgun á breytingu. Ég ætla ekki að væna þá sem unnu frv. um að þeir hafi verið að gera þetta af ráðnum hug en mér sem skólamanni finnst að inntak vanti í þessar breytingar og að þær séu meira svona mekanískar. Ég tel að það sé ekki til bóta því ég ítreka það að styrkur þessarar stofnunar felst ávallt í nemendum og starfsliði þar á hverjum tíma ásamt góðri umgjörð sem byggist líka á þeim samskiptum sem það starfsfólk byggir upp.

Þetta eru meginatriðin í frv. um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu sem ég vil gera að umtalsefni og tel að eigi að standa öðruvísi að. Varðandi frv. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er það alveg hliðstætt. Ég ítreka að þó Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafi verið staðsett í Reykjavík hefur hún haft afl og dug til mjög náins samstarfs við bændur um allt land og mjög mikilvægt er að þau tengsl og sú vísindalega þekking og atgervi sem sú stofnun hefur byggt upp séu varðveitt og haldi sér enda sé ég ekki neitt í þessum lögum sem bendir til annars. Þó er afar mikilvægt að allar breytingar verði unnar í nánu samstarfi við starfsfólk þessara stofnana. Samkvæmt tillögunni á nú að leggja þær báðar niður þannig að væntanlega fá starfsmennirnir rétt til að taka ákvörðun um það hvort þeir vinna hjá hinni nýju stofnun eða ekki, eða taka biðlaunarétt. Það er mjög mikilvægt þegar við erum að vinna svona breytingar að það sé gert í mjög góðu samstarfi við allt starfslið umræddra stofnana.

Ég vil líka vekja athygli á öðru því mér finnst það aðeins skína í gegn í frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem hæstv. ráðherra mælti hér fyrir. Það er að það eigi að gera því skóna að hér sé bara einn landbúnaðarháskóli eða að eftir þessa sameiningu verði ein aðalstofnun í menntun og rannsóknum í landbúnaði. Til þess bendir orðalag um hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands sem kveðið er á um í frv. Það vísar til þess að hugmyndin sé sú að það verði bara ein aðalstofnun. Ég á ekki von á að það sé ætlun flutningsmanna. En það kemur þannig út. Ég hefði talið eðlilegra að horft yrði til þess þegar þessi mál þróast áfram hvaða verkefni sé eðlilegast að vistist á Hvanneyri, á Hólum eða á Reykjum í Ölfusi af þeim rannsóknaverkefnum sem hér um ræðir eins og verið hefur á undanförnum árum. Í gildi hefur verið verkaskipting á milli þessara stofnana sem hefur náð til kennslu og rannsókna, alveg frá því að vera grunnnám, fagnám, háskólanám og líka í rannsóknum þannig að styrkur hverrar stofnunar hefur getað byggst upp með samræmdum hætti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta frv. sé ekki að grípa á neinn hátt inn í eða gefa vísbendingu um inngrip í þá verkaskiptingu og möguleika sem hinar stofnanirnar eða þær allar hafa haft sín í milli.

Herra forseti. Ég ítreka að ég legg áherslu á að þessi frv. um þann megintilgang að ná fram sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og landbúnaðarháskólans nái fram að ganga og að í landbn. eða þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar gefist tækifæri til að sníða af frv. þá augljósu hnökra sem á þeim eru og beina þeim í þann farveg að lagabreytingin ein og sér taki fyrst og fremst og afmarkað á sameiningunni en opni ekki umræðu um fleiri þætti í rannsóknum og kennslu í landbúnaði. Þá erum við að færast of mikið í fang.

[11:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir mjög málefnalega ræðu. Ég efast reyndar ekki um hans miklu þekkingu á þessum málaflokki. Ég sjálfur þekki starf hans við Hóla og Hólaskóli dafnaði vel í hans skólastjóratíð og festi hann í sessi sem mjög framsækinn skóla þannig að ég þakka þessa ræðu sem var alla vega svona fyrri hálfleikinn mjög jákvæð og reyndar á margan hátt ræðan öll.

Ég tek undir það með hv. þm. að mjög mikilvægt er að það góða samstarf sem verið hefur á milli þessara skóla, Hvanneyrar, Hóla og Reykja haldi áfram með sama hætti og efast ég ekki um það. Rannsóknir hafa í gegnum tíðina, eins og hv. þm. þekkir, verið miklar á Hólum, bæði í kringum fiskeldið og íslenska hestinn. Þar hefur farið fram mikið rannsóknastarf og Hólar eru dæmi um mjög öflugan skóla sem hefur vakið athygli. Sama má segja um Reyki í Ölfusi á sínu sviði.

Munurinn á þessum skólum er auðvitað sá að Hólar og Reykir eru háskólastofnanir eins og sett voru lög um í þinginu. Það er því engin lítillækkun fyrir þá þó að Landbúnaðarháskóli Íslands sé á Hvanneyri. Það verður kannski til að styrkja hann í sessi, t.d. í samstarfi sem hann á við önnur lönd, að hann er hinn raunverulegi Landbúnaðarháskóli Íslands með þann status. Það er verið að festa það í sessi þannig að ég vona að menn átti sig á þeirri skilgreiningu. Háskóli Íslands er Háskóli Íslands og ég er þeirrar skoðunar að það sé gott að þráður sé á milli þessara háskóla. En ég þakka hv. þm. málefnalega ræðu. Hún var sannarlega skagfirsk að hluta.

[11:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef litlu við ræðu mína að bæta annað en að stofnanirnar festa sig í sessi með verkum sínum (**Landbrh.**: Rétt.) og það er mjög mikilvægt að hafa það hugfast.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að frv. sem við nú fjöllum um — og kemur mjög seint fram — fjallar um ákveðinn grunnþátt sem lýtur að sameiningu rannsókna og kennslustofnunar sem einnig hefur verið mjög virk í rannsóknum, þ.e. ég tel þetta frv. eigi að snúa beint að því. Við getum rætt ótalmargt í þessu sambandi um menntun og rannsóknir í landbúnaði. Má þar margt sjálfsagt betur gera í lagaumgerðinni. En varðandi þennan kafla sem við erum að takast á við þá tel ég affarasælast fyrir þetta mál að því sé fyrst og fremst haldið mjög afmörkuðu. Það snýr að tveimur stofnunum sem hafa starfað sjálfstæðar um langa hríð. Það snýr að starfsfólki stofnananna. Það snýr að verkefnum þeirra og því hvernig þær eigi áfram að byggja sig upp undir nýju formi. Þess vegna á í þessu máli ekki að draga önnur atriði inn heldur snúa sér að þessum málum alfarið og forðast að taka inn aðra þætti sem geta hæglega beðið eða koma þessu máli ekki beint við.

[11:41]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða tvö frumvörp hæstv. landbrh. um búnaðarfræðslu og rannsóknir í þágu atvinnuvega. Mig langar að kveðja mér hljóðs ekki síst fyrir það að ég á sæti í menntmn. þar sem við höfum undangengin ár á Alþingi farið yfir og breytt fjölmörgum framhaldsskólum hér á landi. Síðast var það tækniskóli sem gerður var að tækniháskóla. Þannig mætti rekja að margir skólar hafa verið settir á háskólastig. Þannig hefur þróunin verið og ég held að það sé mjög gott og gagnlegt að horfa svolítið í baksýnisspeglana og jafnvel enn lengra aftur í tímann þegar hinir ýmsu sérskólar sem tilheyrðu iðnaðinum, sjávarútveginum og fleiri atvinnugreinum heyrðu undir viðkomandi fagráðuneyti.

Sú þróun hefur átt sér stað hér á landi að skólar hafa færst frá fagráðuneytunum og undir menntmrn. Menn geta auðvitað dæmt um það í þeirri umræðu sem nú á sér stað um þessi frumvörp hvort það hafi verið til góðs eða ekki. En ég held að það sé sjálfsagt, nauðsynlegt og eðlilegt að umræða sé tekin upp við afgreiðslu þessara tveggja frumvarpa um hvernig til hafi tekist og hvort rétt sé að huga að því að færa landbúnaðarmenntunina undir menntmrn.

Ég hef átt sæti á búnaðarþingi sem hefur einmitt fjallað um þessi atriði. Þar hafa komið fram fulltrúar sem hafa viljað skoða þetta, þ.e. hvort þessi starfsemi eigi að færast undir menntmrn. Ég er ekki að segja að svo sé endilega en vil taka þá umræðu upp við umfjöllun um þessi frumvörp.

Við áttum þess kost í menntmn. að fara í heimsókn til Menntaskólans í Kópavogi um daginn og skoða þar Hótel- og veitingaskólann sem er búinn mjög vel út og kemur óbeint að þeim málaflokki sem landbúnaðurinn er, þ.e. úrvinnslu landbúnaðarafurða. Það er mjög vel búið að þeim skóla. Hann virðist vel tækjum búinn og hafa fengið það fjármagn sem hann hefur þurft og er virkilega gaman að heimsækja þá stofnun.

Mér finnst eðlilegt að við skoðum svolítið í þessum frumvörpum, þegar sú stefna er mótuð sem þau gera ráð fyrir, hvert við erum í raun að fara og hvernig. Það er verið að steypa saman tveim stofnunum sem við þekkjum sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. En skólarnir, annars vegar á Hólum og á Reykjum í Ölfusi, eru á sinn hátt skildir eftir að mér finnst. Ég hefði viljað sjá þetta meira unnið heildstætt og í samhengi. Ég vil nefna það hér að hæstv. landbrh. skipaði þrjár nefndir, líklegast árið 2002, og hver þessara þriggja nefnda hafði það verksvið að fara yfir stöðu og móta stefnu fyrir hvern þessara þriggja landbúnaðarskóla. Mjög áhugaverðar skýrslur komu þar fram og margt var mjög áhugavert sem kom fram í þeim skýrslum. Ég hefði viljað sjá það hnýtt upp í eitt frv. og þá með Rannsóknastofnun landbúnaðarins og það skoðað og rætt í samhengi. Ég held að það hefði orðið mjög gagnlegt fyrir okkur og þetta getur nefndin sem fær þessi tvö frumvörp til umfjöllunar auðvitað gert.

Herra forseti. Mig langar aðeins að vitna til frv. sem lýtur að rannsókn í þágu atvinnuveganna, í c-lið 2. gr. frv. sem verður 31. gr. laganna. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á.“

Ég átta mig ekki fullkomlega á því hvað þetta þýðir. Þess vegna vil ég spyrja um þetta. Ég var að skoða frv. áðan. Þýðir þetta að Landbúnaðarháskóli Íslands eigi að hafa með alla tilraunastarfsemi á Reykjum í Ölfusi að gera sem lýtur að garðyrkju, alla starfsemi varðandi tilraunir á Mógilsá, á Hólum og hjá Veiðimálastofnun? Eða hver er eiginlega stefnan nákvæmlega? Ég hef kannski ekki farið nógu ítarlega ofan í þessi frumvörp en ég sé ekki nákvæmlega hvað við ætlumst til með þessu.

Í umræðunni áðan var rætt um verkaskiptingu skólanna og hvernig svo sem lendingin verður með þessi frumvörp þá þarf verkaskiptingin að vera skýr. Því vil ég nefna tvö atriði sem mér finnst vera of óljós. Þau eru annars vegar

það að í dag annast Rannsóknastofnun landbúnaðarins svið sem varðar jurtasjúkdóma og kynbætur á jurtasviðinu. Mér finnst eðlilegt að það færist undir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum vegna þess að það tilheyrir þeim fagskóla landbúnaðarins. Þar sem verið er að taka þetta upp finnst mér það eðlilegt. Einnig má nefna verkefni sem lúta að landslagsarkitektúr, landsköpun. Þessi verkefni skarast núna á milli skólanna, annars vegar Hvanneyrar og Reykja. Ég tel eðlilegt að kveðið verði skýrt á um hvernig þeim málaflokki skuli varið í framtíðinni. En báðir skólarnir koma að þessari fræðslu nákvæmlega.

Herra forseti. Ég held að ég hafi komið á framfæri athugasemdum og spurningum mínum að sinni.

[11:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var góð og merkileg ræða. Sérstaklega fannst mér umhugsunarvert það sem hv. þm. sagði um jurtakynbætur. Ég er fullviss um að ein besta tenging landbúnaðar á Íslandi við framtíðina er í gegnum jurtakynbætur og hátæknivædda lyfjaframleiðslu. Ég held að það sé hið stóra stökk sem íslenskur landbúnaður á eftir að taka og á eftir að gjörbreyta honum á næstu áratugum.

Það var þó ekki tilefnið sem varð til þess að ég kom hingað heldur fannst mér merkilegt að heyra hv. þm. tala um hvernig þróunin hefði verið varðandi menntastofnanir sem tengdust atvinnuvegum á síðustu áratugum. Hv. þm. sagði að áður fyrr hefðu verið margar stofnanir undir fagráðuneytum. Þær hefðu verið fluttar undir menntmrn. og hv. þm. lýsti því hversu vel þeim hefði farnast þar. Ég held að hérna séum við í grundvallarumræðu um þróun menntamála á Íslandi.

Mér fannst hv. þm. ekki vera nægilega djarfur þegar hann var búinn að lýsa umhverfinu og sagði síðan: Þetta þarf að skoða. Hv. þm. er einn af talsmönnum stjórnarinnar í menntamálum og hefur tekið þátt í umræðu af þessu tagi á búnaðarþingi og mig langar, herra forseti, að spyrja hv. þm.: Er hann ekki sammála mér um að það sem væri farsælast fyrir þessar stofnanir og sennilega landbúnaðinn í landinu að stofnanirnar yrðu beinlínis fluttar undir menntmrn.? Mér fannst hv. þm. vera að tala með þeim hætti að skoðanir hans og mínar færu saman á þessu sviði. Er hann sammála mér um það?

[11:51]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurningu hv. þm. hvort ég styðji að stofnanirnar færist undir menntmrn. vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan að þetta er 1. umr. um þennan málaflokk. Ég benti á að þær þrjár skýrslur sem gerðar hefðu verið um hvern og einn skóla landbúnaðarins væru mjög athyglisverðar og að ég mundi vilja taka þær inn í heildarumræðuna. Þannig vil ég svara hv. þm. að sinni.

[11:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki gera þessum ágæta þingmanni það upp að hann tali ekki af sannfæringu, en mér fannst vanta ástríðuhitann í ræðu hans. Má ég gerast svo djarfur, herra forseti, að halda því fram að hæstv. landbrh. hafi slíkt ægivald yfir þingmönnum Sjálfstfl. sem tengjast landbúnaðargeiranum að þeir þori ekki að tala hug sinn? Ég heyrði ekki betur en öll ræða hv. þm. hnigi að því að það væri farsælt fyrir þá skóla og þær stofnanir sem hv. þm. var að rökræða að færa þær undir menntmrn.

Hann skýrði t.d. í fyrstu ræðu sinni með hvaða hætti tekist hefði að byggja upp Hótel- og veitingaskólann og hversu auðvelt hefði reynst að afla honum fjármagns og hversu vel hefði tekist til. (**Gripið fram í:** Hann er á hausnum.) Mér fannst hv. þm. vera að segja að ef farin yrði sama leið með suma skóla sem hér eru undir yrði það líklegt til að styrkja þá. Þessi mál hafa áður komið til umræðu á hinu háa Alþingi, þau hafa verið til umræðu í flokki hv. þm. og á búnaðarþingi, því finnst mér að jafnvel þó að hér sé um 1. umr. að ræða hljóti hv. þm. að hafa skoðun á þessu. Mér fannst sú skoðun, sem ég held að hann hafi, smita í gegnum þær góðu ræður sem hann hefur flutt hér. Af hverju kemur hann ekki hingað og segir hreint út hvað honum finnst? Ætlar hann að vera mjög lengi undir hæl hæstv. landbrh. í þessu máli?

[11:53]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er af og frá að hæstv. landbrh., þó mikill hestaunnandi sé, hafi eitthvert taumhald á okkur Sunnlendingum. Ég hugsa að ég sé það slyngur hestamaður að ég kunni þá krók á móti bragði hvað það varðar.

Það sem skiptir höfuðmáli er að atvinnulífið, þ.e. hinn íslenski landbúnaður, sætti sig við þær aðstæður sem menntun og rannsóknum á þessu sviði eru sköpuð. Það skiptir líka verulega miklu máli hvaða fjármagn stofnanirnar fá. (**ÖS:** Hann á ekki að sætta sig við það.) Mér finnst að stofnanirnar hefðu þurft að fá meira fjármagn til að geta staðið sig í stykkinu, bæði hvað varðar menntunina og rannsóknirnar. Ég vil að stofnununum verði búin betri aðstaða með auknu fjármagni, hvort sem þær verða undir menntmrn. eða landbrn.

Ég hef bent á marga góða þætti í samantektinni sem þessar þrjár nefndir unnu fyrir hæstv. landbrh. og ég vil að hún verði tekin inn í umræðuna.

[11:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða tvö frumvörp, annars vegar um rannsóknir í þágu atvinnuvega og hins vegar um búnaðarfræðslu. Gert er ráð fyrir að stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands taki Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri undir sinn hatt með þeirri stefnumótun sem lagt er upp með.

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að láta þá skoðun mína í ljós í tilefni umræðunnar sem fram fór milli þeirra tveggja hv. þm. sem töluðu síðast, að ég tel að landbúnaðarmenntunin í landinu eigi ágætlega heima undir landbrn. og ég tel t.d. að breytingin á Sjómannaskólanum á sínum tíma, færslan undir menntmrn., hafi ekki verið þeirri stofnun til góðs.

Landbúnaðarframleiðslan og þau rannsóknasvið sem verið er að tala um að færa í einn búning skiptir hinar dreifðu byggðir mjög miklu máli. Þetta er menntun sem nýtist mjög vel út um landið, í landnýtingu o.s.frv. og vonandi eru nýir möguleikar í farvatninu varðandi ræktun, t.d. ræktun á erfðabreyttum plöntum til að byggja m.a. upp forða fyrir lyfjaframleiðslu. Vonandi verður það mjög til að efla landbúnað og styrkja við landnýtingu hér á landi í framtíðinni og getur vissulega orðið ein af þeim máttarstoðum sem styrkja búsetu í landinu almennt og landnýtingu. Ég held að allir sem hafa kynnt sér það sem getur verið í farvatninu m.a. fyrir atbeina líftæknifyrirtækisins ORF bindi miklar vonir við það sem sú framtíð gæti fært byggðum landsins.

Ég vil almennt segja um frumvörpin að ég tel að við séum að stefna þessum málum í farveg sem þeim sem hér stendur líkar vel og að við séum efnislega að fara með málið í betri farveg en á undanförnum árum. Þess vegna legg ég þessum málum lið eins og þau koma efnislega fyrir, þó vissulega eigi eftir að vinna málin í nefndum þingsins og megi margs spyrja í því sambandi.

Ekki er þó hægt að ræða þessi mál án þess að víkja að því og benda á að þau eru seint fram komin í þinginu og það er auðvitað ekki gott að fá mál inn mjög seint sem ætlast er til að verði afgreidd á vorþinginu. Ég hef áður vikið að því þegar við ræddum frumvörpin um ábúðarlögin og jarðalögin að það væri hæstv. landbrh. ekki beint til sóma í verklegri stjórnun, hæstv. forseti, að koma svona seint inn með mikla málaflokka. (**Landbrh.:** Vorvertíðin stendur í mánuð.) Já, já, það hefur löngum þekkst að lengja vorvertíð þegar vel aflast en ég er ekki viss um (**Gripið fram í:** Aflinn aukist.) að aflinn aukist svo mikið við það. Það er einfaldlega rétt að ætla þinginu tíma til að vinna mál vel og vandlega svo við þurfum ekki að lagfæra einhver mistök sem við ella gerum vegna þess að verið er að vinna málin í einhverju tímahraki.

Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, svo við höldum aðeins áfram um vinnubrögð í þinginu að það er afar sérstakt hvernig þingið hefst á haustin þegar stjórnarandstaðan leggur fram sín mál, mjög mörg mál og mjög vel unnin, og síðan fer nánast allur október í að ræða mál sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram. Sá litli flokkur sem ég er í forsvari fyrir hefur komist upp í að ræða þrjú þingmál á dag í októbermánuði. Ríkisstjórnin kemur svo með málin seint og síðar meir eins og við sjáum á dagskránni í dag og dagskránni á morgun. Þetta er auðvitað ekki vinnulag sem er til nokkurrar fyrirmyndar. Ekki það að við séum að kvarta undan því, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að fá að ræða okkar mál en það er afar sérstakt hvernig vinnulagið gengur fyrir sig í þinginu og mætti gjarnan breytast talsvert. Það liggur aðallega í því að ríkisstjórnin og ráðherrarnir eru seinir inn með mál sín, mikilvæg mál, og ætlast svo til þess að við afgreiðum þau í hálfgerðu hasti vegna þess að þinginu er orðið stjórnað af ráðherrunum og krafan um forgang stjórnarfrumvarpanna er það stíf að allt annað er látið víkja.

Þetta er auðvitað ekki til fyrirmyndar og er umræða sem hefur svo sem farið fram áður og bara nýlega um störf þingsins, utandagskrárumræða. Ég held að allir sjái að þessu lagi þarf að breyta. En nóg um það í bili.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra m.a. út í 3. gr. frv. á þskj. 1337, um búnaðarfræðsluna, þar sem segir í a-lið að í stað orðanna almennar reglur í 1. mgr. 5. laganna komi reglugerð, og í b-lið að við 1. mgr. sömu greinar bætist nýr töluliður um verkaskiptingu milli skólanna. Hvaða viðhorf hefur hæstv. ráðherra til þeirrar verkaskiptingar milli skólanna sem fyrirhuguð er og hvernig sér hann fyrir sér fyrirkomulagið í verkaskiptingu á milli skólanna? Vikið hefur verið að því í ræðum hv. þingmanna hvort sum verk væru betur komin undir Garðyrkjuskólanum á Reykjum eða fyrirhuguðum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Hvernig sér ráðherrann fyrir sér samstarf Hólaskóla og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og þeirra þriggja skóla sem undir ráðuneytið heyra? Það er beinlínis sagt í frv. að inn í eina grein laganna bætist verkaskipting á milli skólanna. Áður en lengra er haldið og málið fer til nefndar hefði verið gaman að heyra viðhorf hæstv. ráðherra varðandi þá verkaskiptingu og hvernig ráðherrann sér hana fyrir sér.

Ég vil einnig vekja athygli á því að það segir á einum stað í frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna að Landbúnaðarháskóla Íslands sé heimilt að gerast eigandi í fyrirtækjum sem starfa að nýsköpun og öðru slíku, og geri ég ráð fyrir, hæstv. forseti, að það séu þá rektor og háskólaráð sem ræði það hvers konar fyrirtæki eða skilgreind starfsemi teljist mjög áhugavert fyrir skólann og framtíð menntunar í skólanum að tengjast, að það séu rektor og háskólaráð sem leggi upp með hvar þau vilji tengjast með beinni eignaraðild eða aðild að tilteknum verkefnum sem ákveðin fyrirtæki eru að vinna, en svo segir að það skuli vera ráðherra sem hafi endanlegt úrskurðarvald, að skólanum sé heimilt að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum en að fengnu samþykki ráðherra.

Eigum við að skilja þetta svo, hæstv. forseti, að ef rektor og háskólaráð hafa komið með tillögu um að tengjast ákveðnu verkefni eða gerast aðilar í ákveðnu fyrirtæki sem þeim finnst áhugavert hafi ráðherrann neitunarvald? Hann geti þrátt fyrir samhljóða ályktun háskólarektors og háskólaráðs sagt „nei takk, inn í þetta fyrirtæki förum við ekki“ eða „í þetta verkefni förum við ekki“. Ég verð að segja alveg eins og er að mér fyndist það afar snúin niðurstaða og einkennileg ef það væri samhljóða ákvörðun rektors og háskólaráðs að tengjast einhverju ákveðnu verkefni, m.a. með þeim hætti sem hér er lagt til, og það væri svo ráðherra sem segði nei og stöðvaði það. Ég vil vekja athygli á þessu atriði og spyrja hvort það teljist eðlilegt.

Ég vil líka gera athugasemdir við það sem aðrir hv. þingmenn hafa vakið athygli á varðandi það að nemendur og starfsfólk, kennarar, eigi ekki aðild að stjórn skólans. Mér finnst það mjög einkennilegt og tel að það sé ekki til góðs að fulltrúar þessara aðila sem eru annars vegar nemendur skólans og hins vegar kennarar eigi ekki aðild að háskólaráðinu, ekki það að ég sé að gera lítið úr því að efla samskiptin við t.d. Bændasamtökin og Samtök atvinnulífsins, en mér finnst ekki rétt að þessum fulltrúum sé ýtt út úr háskólaráðinu.

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra ræddi aðeins um það hvers vegna hann leggur málið upp með þeim hætti að fulltrúar nemenda og kennara eigi ekki aðild að háskólaráðinu og að nauðsynlegt sé að taka þá fulltrúa út til þess að hafa betri tengsl, eins og mig minnir að ráðherranum hafi orðað það í ræðu sinni, við atvinnulífið. Ég held að skólar landbúnaðarins hafi mjög góða tengingu við atvinnulífið á sínum sviðum, bæði í garðyrkjunni og það sem verið er að vinna bæði á Hólum og eins á Hvanneyri. Það er auðvitað að meginstofni til atvinnulíf sem þróast úti á landsbyggðinni eða er undirstaða slíkrar framþróunar, vonandi segi ég, fyrir landsbyggðina, til að styrkja það sem þar getur horft til framtíðar og þá möguleika sem þar gætu verið í farvatninu.

Þetta vildi ég aðallega segja um frv. Efnislega er ég hlynntur því að það sem þau boða eigi sér stað og styð það að þessar stofnanir heyri undir landbrn. Ég hef ekki séð að það sé endilega stofnunum til góða að færa allt undir miðstýringu í menntmrn.

[12:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir góða ræðu og það sem hann vakti athygli á, að Sjómannaskólinn hefði kannski dafnað betur sem atvinnuvegaskóli. (**Gripið fram í:** Ekki nokkur vafi.) Það er einmitt það sem verið er að tryggja með þessari breytingu að Landbúnaðarháskólinn og skólar landbúnaðarins verði

atvinnuvegatengdir skólar og því kemur nú sú breyting sem hv. þm. minntist á að nemendur og kennarar sitja ekki í háskólaráðinu.

Hv. þm. spyr um verkaskiptingu á milli skólanna. Hún er nokkuð skýr og var mörkuð fyrir mörgum árum. Ekkert er verið að raska þeirri verkaskiptingu. Það er alveg skýrt að Hólar fara með hestamennskuna, ferðaþjónustuna og fiskeldið og hafa staðið sig vel þar. Reykir fara með garðyrkjuna, blómaskreytingarnar og garðarkitektúrinn og allt sem snýr að þeirri fegurð. Verkaskiptingin er því skýr. Ég tek undir það að samvinna á milli skólanna þarf að vera mikil. Hér er ekki verið að leggja til að Landbúnaðarháskólinn hafi neitt yfirvald en geti þó sem Landbúnaðarháskóli Íslands tekið þátt í samstarfi við þessa skóla og komið inn í rannsóknir að fullu með þeim, en rannsóknarsviðin á milli skólanna eru einnig skýr. Hér er því ekki á neinn hátt hallað á Hóla eða Reyki. Staða þeirra verður sterk áfram og vonandi sterkari í gegnum þá samvinnu sem þróast hefur og þarf að verða enn þá ríkulegri í framtíðinni.

[12:11]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég er að mörgu leyti sáttur við það sem hv. ráðherra sagði varðandi skólana og framtíð þeirra. Það var eitt sem hæstv. ráðherra kom ekki að sem ég beinlínis spurði hann um og það var varðandi ákvarðanir um eignarhald í fyrirtækjum eða aðild að ákveðnum verkefnum eða tengingu við þau. Finnst hæstv. ráðherra eðlilegt að ef rektor og háskólaráð eru sammála um einhverja stefnumótun geti ráðherrann neitað henni vegna þess að ráðherrann hafi úrskurðarvaldið? Mér finnst öðru máli gegna ef svo hagaði til að um eitthvað væri mikill ágreiningur innan háskólaráðsins að þá gæti ráðherrann haft þar ákveðin áhrif, en mér finnst í hæsta máta óeðlilegt ef stjórn skólans hefur komist sameiginlega að niðurstöðu um ákveðin áhugaverð verkefni að þá geti ráðherrann klippt á það. Mér finnst það dálítið snúið.

[12:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja það úr þessum stóli að mér finnst eðlilegt að landbrh. hafi það vald. Hann ber sem fulltrúi ríkisvaldsins ábyrgð á þessum stofnunum. Það gæti vel verið að háskólaráðið væri að fara út í stórkostlegar fjárskuldbindingar þannig að mér finnst eðlilegt að ráðherra sé alltaf með í þeim málum og upplýstur og þurfi að taka afstöðu til þeirra á hverjum tíma. Allt annað væri óeðlilegt að mínu mati. Ég held því að það eigi ekki að há landbúnaðarháskólanum heldur styrkja hann og styrkja það samstarf sem hann þarf auðvitað að hafa við landbrn., ríkisstjórnina og löggjafarvaldið. Þannig að ég styð þetta ákvæði og tel það reyndar bara mikilvægt.

Ég vona sannarlega að það sé ekki svo að skólarnir líði fyrir það að vera atvinnuvegaskólar hvað fjármagn varðar eins og kannski var ýjað að í umræðunni. Alþingi setur fjárlögin og þarf auðvitað að fara yfir málefni skólanna — það kom fram í einhverri ræðunni að meira fjármagn vantaði — þingið fer yfir fjárlögin og þarf að meta verkefni skólanna út frá því. Ég trúi því að það sé jafnræði á milli þeirra hvort sem þeir heyra undir landbrn. eða menntmrn. hvað fjárlögin og fjárveitingarnar varðar.

[12:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég er ekki alveg sáttur við að ráðherrann geti haft þetta vald án þess að það sé með neinu móti takmarkað. Eðlilega er það svo þegar taka á fyrir að ráðstafa miklum fjármunum að þá þurfi að vera fyrir því fjárheimildir og annað slíkt. Ég geri ekki ráð fyrir að fjárheimildir hins nýstofnaða háskóla, Landbúnaðarháskóla Íslands, verði það rúmar að háskólaráðið geti bara ákveðið að taka út hundruð milljóna kr. til að setja í eitthvert fyrirtæki. Ég á ekki von á því. Ég tel því eðlilegt, eins og ráðherrann svaraði þessu áðan, að ef fara ætti í miklar fjárskuldbindingar þá hlytu þær, þrátt fyrir áhuga varðandi þátttöku í verkefninu, að koma til kasta afgreiðslu fjárlaga o.s.frv. og þurfa að marka þeim fjárheimildir. Þar kemur auðvitað fram vilji ríkisvaldsins hvort það vill stuðla að því með því að samþykkja það sem lagt hefur verið til með öflun fjár.

En ég endurtek það að ég er á þeirri skoðun að það geti ekki verið algjört einræðisvald ráðherrans og þurfi að skoða með hvaða hætti það er ef ráðherrann hefur það vald að geta í raun og veru stöðvað aðild að verkefnum sem ekki fela í sér verulega fjármuni, kannski væri um að ræða nokkrar milljónir sem menn vildu leggja í ákveðið verkefni sem þeir teldu til mikilla framfara horfa og þá gæti ráðherrann stöðvað það. Mér finnst þurfa að setja því skýrari línur en frv. gerir ráð fyrir.

[12:16]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg við 1. umr. um þau frumvörp er hæstv. landbrh. hefur lagt fram.

Það eru nokkur atriði sem þarf sérstaklega að huga að. Fyrir það fyrsta, eins og fram hefur komið m.a. í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, er með öllu óskiljanlegt hvers vegna mál af þessari stærðargráðu líkt og reyndar önnur mál sem eru til umfjöllunar í hv. landbn. eru lögð fram með eins lítinn tíma til umráða af þinghaldinu og raun ber vitni. Eins og þingheimur veit kallar þetta ekki á vönduð, fagleg og ítarleg vinnubrögð. Yfir það hefur verið farið hér og í sjálfu sér engin ástæða til að ræða það meira að sinni, en svo virðist vera sem hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Íslands vilji að frv. þeirra séu meðhöndluð með þessum hætti. Að minnsta kosti er ekki hægt að skilja framlagningu frumvarpa og þingmála ríkisstjórnarinnar öðruvísi á hinu háa Alþingi.

Hvað efni frumvarpanna varðar, að setja RALA inn í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og kalla hann Landbúnaðarháskóla Íslands, má fyrst segja að í frumvarpstextanum og greinargerðum finnst mér algjörlega vanta markmiðin með aðgerðinni. Rökstuðningurinn er rýr nema sá að efla og sameina. Það segir sig sjálft að sameiningin hlýtur að vera til þess að efla og sameina. Eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á í ræðu sinni áðan vantar í raun inntakið í þessa fyrirhuguðu aðgerð. Hvaða tilgangi á hún nákvæmlega að þjóna og hvernig mun það koma til góða fyrir háskólanám í landbúnaði á Íslandi? Hvernig mun það bæta háskólanám á Hvanneyri og vonandi víðar og hverju mun það breyta, bæði fyrir nemendur í þessum háskólum og þá sem þar starfa, kennara og aðra? Í þessu ljósi verður færslan á RALA, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, undir Landbúnaðarháskóla Íslands eins og hér er lagt til að skoðast. Í sjálfu sér virðist það vera sanngjarn gjörningur, en samt er hann rökstuddur með næstum engu. Hvernig mun rannsóknum í landbúnaði verða

háttað? Munu þær ná til allra efnissviða, ef svo má að orði komast, eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson benti á? Er verið að færa RALA undir Landbúnaðarháskóla Íslands til að búa til rannsóknafé með tilfærslu? Er það tilgangurinn? Er verið að beintengja svo við atvinnuvegina að aðrar rannsóknir verði út undan, ýmiss konar grunnrannsóknir? Við þessu þarf að fá svör. Ég vænti þess í sjálfu sér ekki að hæstv. landbrh. svari þessu hér og nú, en ég vænti þess hins vegar að hv. landbn. fari mjög vandlega og ítarlega yfir málið og taki sér þann tíma sem til þarf til að leita álits og umsagna og komast til botns í því hvert inntakið með breytingunni er og hvert stefnir raunverulega.

Hér hefur einnig verið komið inn á að þróunin sé, og það er að sjálfsögðu hin rökrétta þróun, að menntastofnanir landsins heyri undir menntmrn. Á því eru undantekningar, samanber þær stofnanir sem heyra undir landbrn. en það hlýtur samt að þurfa að ræða það í samhengi hvort við séum á réttri leið í menntapólitíkinni almennt með því að styrkja þær stofnanir eða sameina með þeim hætti sem hér er lagt til.

Einnig hefur verið spurt um umráð yfir tilraunastöðvum eins og fram kemur í frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem eru gömul lög frá 1965. Þýðir það að væntanlegur landbúnaðarháskóli hefur algjört úrskurðarvald um hvernig rannsóknir og tilraunir fari fram? Með hvaða hætti á að útfæra það? Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson var einnig að spyrja hæstv. ráðherra um neitunarvald sem ráðherrann hefur og verður að spyrja: Ætlar hæstv. landbrh., hver sem hann er, að hafa rekstur háskólanna ofan í skúffu í landbrn. og vera með puttana í öllu? Það kalla ég ekki góða menntapólitík og ekki góða háskólapólitík. Háskólar eiga að vera sjálfstæðir. Þeir eiga að vera eins sjálfstæðir frá ríkisvaldinu og unnt er. Vissulega fá þeir fjárveitingar sínar frá ríkisvaldinu en það á í raun að vera allt og sumt. Löggjafinn setur rammann og hér hefur komið fram að forsögn rammalaga um háskóla hér á landi er í raun að engu höfð við samningu frumvarpanna, ef ég hef skilið það rétt. Ég vil samt taka fram, hæstv. forseti, að ég þekki þá löggjöf ekki vel og tel einhlítt að það verði skoðað betur í landbn. hvers vegna þetta sé með þessum hætti.

Hvað varðar tiltekin efnisatriði frv. vil ég fyrst og fremst gera athugasemdir við það að ráðherra skipi rektor, að það sé ekki í höndum þess háskólasamfélags sem í hlut á, hvort heldur það er stjórn skólans, háskólaráð eða að rektor sé kosinn eins og t.d. er gert í Háskóla Íslands og alþekkt er. Það getur varla talist mjög faglegt að ráðherra skipi rektor í einum háskóla. Við vitum það af langri og biturri reynslu íslenskrar stjórnmálasögu að þegar kemur að því að skipa í svona stöður ræður því miður oft annað en faglegur metnaður og framtíðarsýn um háskólamál. Þess vegna vil ég gjalda varhuga við því að ráðherra sé fært það vald að skipa rektor með þessum hætti og tel að það geti varla verið að á hinu háa Alþingi árið 2004 séu þingmenn sammála því að ráðherrann hafi það vald yfir einum háskóla að geta skipað rektor á þennan hátt.

Hæstv. ráðherra minntist í framsögu sinni á samráð við forstöðumenn þeirra skóla sem í hlut eiga. Einnig talaði hann um að skoðanakönnun hefði verið gerð meðal starfsmanna stofnananna um fyrirhugaðar breytingar. Það hefði hins vegar verið gott að heyra hvað fólki finnst um breytingarnar. Það kom ekki fram. Bara að könnunin hefði verið gerð en ekki hverju hún skilaði. Voru starfsmenn almennt jákvæðir eða neikvæðir? Af hvaða atriðum þessa máls hafa þeir áhyggjur? Allt þetta þarf að koma í ljós og ég vænti þess að þær upplýsingar fáist inn á borð hv. landbn. Það skiptir mjög miklu máli ef af einhverjum svona breytingum verður, að það sé gert í samráði og með fullu samþykki starfsmanna. Við höfum reynslu af öðru þar sem einmitt hefur verið kastað til höndunum við slíka sameiningu eða tilfærslu stofnana, oft með mjög óheppilegum afleiðingum fyrir þær stofnanir, þannig að ég vænti þess að þær upplýsingar skili sér til hv. landbn.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi nokkur atriði sem ég vil taka undir með honum. Hann talaði um að gott væri að horfa í baksýnisspeglana við umræðuna. Ég vil taka undir það og ég vil líka hvetja til þess að í umræðunni fari málið til hv. landbn., umhvn. og menntmn. eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir lagði til í ræðu sinni. Það er mjög mikilvægt að málið sé skoðað í samhengi við menntmn. og ekki síður við umhverfismálin og umhvrn.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi einnig þrjár skýrslur um framtíð skólanna sem hafa verið skrifaðar og liggja víst fyrir í landbrn. og hafa gert það um eins og hálfs árs skeið skilst mér. Spyrja má hvers vegna þær liggi ekki frammi með frumvarpinu eða séu á einhvern hátt grundvallargögn í málinu, því ég vænti þess að þær skýrslur hafi verið skrifaðar til annars en að láta þær bara liggja ofan í skúffu í ráðuneytinu og eigi ekki heima í umræðunni. Ég vona svo sannarlega að þær verði teknar til umfjöllunar og ræddar í hv. landbn.

Þó vissulega geti verið margt gott og margt sem rökstyður sameiningu af þessu tagi má almennt segja um frumvörpin sem hér liggja fyrir, hæstv. forseti, að rökstuðningurinn er rýr og það hefði verið betra að hafa í höndunum skýrari markmið og meiri umfjöllun um inntak breytinganna. Þetta er það efni sem hv. landbn. hefur í höndunum og að sjálfsögðu munu nefndarmenn fara mjög vandlega yfir málið og kalla til álitsgjafa, stofnanir og þá sem þetta mál varðar til þess að fá umsagnir um fyrirhugaðar breytingar.

Aðeins eitt atriði að lokum, hæstv. forseti, vegna þess að hér er lagt til að færa heila rannsóknastofnun undir Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri hefur líka önnur þróun verið í gangi, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum, um einmitt ráðstöfun rannsóknafjár. Sú þróun hefur verið í þá átt að ráðstöfun rannsóknafjár sé að stærri hluta en hingað til hefur verið úr samkeppnissjóðum þannig að bestu rannsóknirnar fái mest fé og skólar, fræðimenn og aðrir þurfa að sækja í samkeppnissjóði, en þeim er ekki afhent rannsóknafé á silfurfati eins og virðist vera gert hér. Mér finnst þetta ekki alveg ríma við þá þróun sem verið hefur. Vissulega þyrfti að ræða það betur og vonandi verður kafað ofan í það í nefndinni, en ég vildi hins vegar nefna það í lokin að þetta virðist vera úr takt við þá þróun sem almennt gerist í fjárveitingum til rannsókna, hvort sem það er á sviði landbúnaðar eða annarra sviða.

[12:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni hið athyglisverðasta mál sem ég er efnislega sammála og styð, þó það kalli að sjálfsögðu eins og flest stór og góð mál á athugasemdir, spurningar og frekari skýringar, enda fylgja málinu ekki mjög ítarlegar eða greinargóðar röksemdafærslur eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir kom inn á áðan og fleiri hafa nefnt fyrr í dag, að betur hefði mátt fylgja frv. úr hlaði með greinargóðri og skemmtilegri greinargerð þar sem horft

væri til framtíðar og farið yfir stöðu málaflokksins í heild sinni. Menn hafa rætt um hvar menntastofnanir eigi heima og hvers vegna. Hv. þingmenn Kjartan Ólafsson og Össur Skarphéðinsson ræddu það fyrr í dag og fleiri hafa látið uppi skoðun sína á því hvort menntastofnanir landbúnaðarins eigi heima undir menntmrn. eða landbrn. og hvort sérskólar atvinnuveganna eigi heima undir viðkomandi ráðuneytum eða undir menntmrn.

Í grundvallaratriðum er ég á þeirri skoðun, hæstv. forseti, að menntastofnanir eigi heima undir menntmrn., annað sé óeðlilegt og geti kallað á mismunun og ójafnræði, hvort sem það er með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum fyrir viðkomandi sérskóla eða viðkomandi atvinnuvegaskóla. Gegnumsneitt hef ég þá sannfæringu að menntastofnanir, hvort heldur um er að ræða landbúnaðarskóla, landbúnaðarháskóla eða skóla sem lúta að sjávarútvegi, iðnskólar, verkmenntaskólar og matvælaskólar eigi heima undir menntmrn. og stefna eigi að því að menntastofnanir landbúnaðarins fari þangað eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson virtist vera að ýja að í fyrri hluta ræðu sinnar þó hann hafi ekki viljað gangast við barninu þegar fætt var og var inntur skýringa af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Það væri ágætt að fá fram viðhorf hæstv. landbrh. í málinu, hvort honum finnist ekki óeðlilegt að við séum með einhverja tvo eða þrjá mínímenntamálaráðherra í stað þess að vera með eitt öflugt menntmrn. sem menntastofnanirnar heyra undir, að fagráðuneytin sinni sínum málum en láti menntmrh. og menntmrn. eftir menntamálin í landinu, því þó svo að vel hafi verið gert við sérskólana og atvinnuvegaskólana á síðustu árum og enginn efist um ágætan vilja ráðuneytanna til að efla þá er ég sannfærður um að þeir eigi betur heima undir menntmrn.

Annað sem ég vildi koma að, hæstv. forseti, er stefna landbúnaðarháskólanna til frambúðar. Ég tek undir þau viðhorf sem fram hafa komið að það væri að mörgu leyti eðlilegra að kenna umræddan landbúnaðarháskóla við Hvanneyri en að kalla hann Landbúnaðarháskóla Íslands. Mörgum þykir það vera ákveðin lítilsvirðing fyrir skólana á Hólum í Hjaltadal og á Reykjum í Ölfusi. Það vekur einmitt upp þá spurningu hvort skýringin sé sú að hæstv. landbrh. stefni að því að fella þessar þrjár menntastofnanir undir Landbúnaðarháskóla Íslands og það sé skýringin á því að stofnunin beri þetta nafn. Það væri fróðlegt að fá viðhorf hæstv. landbrh. á því, því að í athugasemdum við einstakar greinar frv., um 1. gr., segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi eru stofnanirnar með starfsemi á mörgum stöðum á landinu. Landbúnaðarháskóli Íslands kemur til með að vera með starfsstöðvar á Hvanneyri, í Reykjavík, á Möðruvöllum og víðar.“

Því langar mig að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann hafi þá framtíðarsýn í málefnum landbúnaðarháskólanna, háskólasetranna og þeirra menntastofnana sem tilheyra þessari flóru og heyra undir málefni landbúnaðarins að þær verði allar undir einum hatti í framtíðinni, eða hvort menn horfi á sameiningu menntastofnana á Vesturlandi og Suðurlandi og láti Hóla í Hjaltadal vera sjálfstæða menntastofnun og þróast áfram í friði eins og ég tel nokkuð víst að vilji ráðamanna þar sé enda hefur það gefist vel að gefa þeirri glæsilegu menntastofnun lausan tauminn. Það væri ágætt að það kæmi fram í umræðunni hvort framtíðarmúsíkin í eyrum hæstv. ráðherra sé sú að þessir skólar verði undir einum hatti og það sé skýringin á því að hér sé um Landbúnaðarháskóla Íslands að ræða.

Eins hafa menn nefnt það í umræðunni að mikilvægt sé að hafa skýra verkaskiptingu á milli skólanna og að menn séu ekki að sóa kröftum, atgervi og peningum í að byggja upp það sama og menntastofnunum sé ekki att saman þannig að þær séu að bítast um og byggja upp sömu hlutina. Sú virðist þó vera raunin í einhverjum tilfellum, virðulegi forseti, því bent hefur verið á af skólamönnum á þessum stöðum að t.d. er verið, að mér skilst, að byggja upp háskólanám í skógrækt bæði á Hvanneyri og á Reykjum í Ölfusi. Með þessu móti er verið að etja þessum tveimur stofnunum saman, báðum til skaða og óheilla. Við erum með lítinn markað fyrir menntastofnanir okkar, ef svo má að orði komast. Við búum í litlu landi og verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Of margar stofnanir á háskólastigi sem eru að bítast um sömu hlutina gera ekkert annað en að gengisfella háskólahugtakið og þann ramma sem þeim er sniðinn. Því er mjög mikilvægt að staðið sé þannig að verki að stofnanirnar séu ekki að slást um sömu hlutina. Ég er á þeirri skoðun, virðulegi forseti, að stefna beri að því að sameina Landbúnaðarháskóla Íslands og Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi og byggja upp eina öfluga og kraftmikla stofnun sem sinnir þessum málum af krafti. Enginn efast um að öflugri kennsla og öflugri rannsóknir á sviði landbúnaðarmála skilar sér í öflugri landbúnaði. Það er ekki vanþörf á að efla landbúnaðinn með öllum tiltækum ráðum og þar eru kraftmiklar menntastofnanir að sjálfsögðu algjört grundvallaratriði.

Ég fer ekki ofan af því, hæstv. forseti, að menntastofnun landbúnaðarins sé betur komið fyrir undir hatti menntmrn., það sé samræmd og heildstæð stjórnun á öllum menntastofnunum Íslands burt séð frá hverjir sitja í ráðuneytunum hverju sinni og hver hugur manna er til einstakra málefna. Til að mynda væri það býsna undarleg þróun ef menn færu að taka iðnskólana og verkmenntaskólana undan menntmrn. og setja þá undir iðnrn. Það býður upp á frekar kaótíska menntapólitík, kaótískt umhverfi fyrir menntastofnanir okkar. Ég held því að mikilvægt sé að menn skoði þetta með mjög opnum huga án þess að stökkva í vörn fyrir sitt smákóngaveldi eins og stundum vill verða þegar menn ætla að ræða breiðu línurnar í stjórnmálum.

Fyrr í umræðunni kom hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir inn á fyrirkomulag um skipan rektors sem ég vil gera að umtalsefni. Gert er ráð fyrir að hæstv. landbrh. skipi rektorinn beint og milliliðalaust því rektor sé undirmaður hans og heyri undir hann. Ég tel þetta mjög óeðlilegt því grundvallaratriði í allri starfsemi háskóla er sjálfstæði háskólans. Ósjálfstæður háskóli er ekki háskóli. Ósjálfstæður háskóli er bækluð menntastofnun sem rís aldrei undir nafni og nær aldrei að taka flugið eins og til er ætlast. Það er algjört grundvallaratriði að lýðræði og jafnræði sé tryggt með öllum mögulegum ráðum. Ég held að sá háttur mála að ráðherra skipi rektorinn beint sé óeðlilegur. Hvernig sem því væri fyrir komið, hvort sem hann væri kosinn af nemendum og kennurum Landbúnaðarháskóla Íslands, eins og gert er í Háskóla Íslands, eða hann væri ráðinn af háskólaráði viðkomandi stofnunar er útfærsluatriði og vonandi verður það rætt í nefndinni og frv. kemur betra og heilbrigðara út úr henni að þessu leyti. Það er óeðlilegt að ráðherra skipi rektor beint með þessum hætti. Það blandast engum hugur um það. Sjálfstæði háskóla hefur alltaf verið algjört grundvallaratriði í allri starfsemi þeirra, alveg frá þróun fyrstu háskólanna í Evrópu á miðöldum. Það er algjört grundvallaratriði að þeir séu ekki múlbundnir undir hæl ráðherra hverju sinni og séu

eins sjálfstæðir frá yfirvöldum sínum og hægt er. Þess vegna tel ég þetta mjög óeðlilegt og ólýðræðislegt fyrirkomulag og ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir breytingum á þessu þegar málið fer til nefndar og til 2. umr. á Alþingi. Ég tel þetta vera mjög mikilvægt mál.

Skipan háskólaráðsins, hæstv. forseti, er ágætlega umbúin í frv. en ég vil taka undir þær athugasemdir sem fram hafa komið að nemendur og kennarar við skólann eiga ekki fulltrúa þar. Fyrir því eru engin rök. Það ætti frekar að fjölga í háskólaráðinu til að koma sjónarmiðum nemenda og kennara að, þeirra sem stofnunin stendur næst, og hlýtur að vera sjálfsagt mál að þeir eigi sinn fulltrúa. Eins og fram kom í umræðunni fyrr í dag er einn fulltrúi tilnefndur í háskólaráð af Háskóla Íslands á sama tíma og enginn fulltrúi er tilnefndur frá nemendum eða kennurum. Þetta þykir mér fáránlegt fyrirkomulag og ég sé engin rök fyrir því að annar háskóli skipi fulltrúa í háskólaráð á sama tíma og kennarar og nemendur eiga þar engan fulltrúa. Fyrir því geta ekki verið nein rök.

Einnig vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort honum þyki ekki eðlilegt að málið fari til umræðu og vinnu í menntmn. Það skýtur skökku við að verið sé að dreifa menntastofnunum undir hin ýmsu ráðuneyti á meðan menntmn. Alþingis fjallar ekki um jafn stórpólitískt menntamál og hér er til umræðu. Að sjálfsögðu landbn. líka, en til að tryggja sem allra bestu og faglegustu meðferð á málinu tel ég, hæstv. forseti, mjög áríðandi að menntmn. þingsins fái að fjalla um málið líka. Hún hefur m.a. unnið við það á undanförnum árum að fást við meginbreytingar á hinum ýmsu skólastofnunum, t.d. Tækniskóla Íslands sem varð að Tækniháskóla Íslands og ýmsum öðrum meginbreytingum á mörgum góðum og gegnum menntastofnunum sem hafa að ég tel gengið í endurnýjun lífdaga eftir breytingarnar. Sérskólar ýmiss konar hafa verið færðir upp á háskólastig og öðlast þar kraftmikinn og verðugan sess í menntakerfi okkar. Eins hlýtur að blasa við að háskólar hvers konar séu sem allra öflugastir. Þess vegna sé ég engin rök fyrir því að menn skilji eftir aðrar menntastofnanir á háskólastigi sem hafa með kennslu og rannsóknir í landbúnaðarmálum að gera.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að við áttum prýðilega umræðu í gærkvöldi á hinu háa Alþingi, hæstv. landbrh. og nokkrir þingmenn, um sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Við ræddum um kosti og galla þess, aðallega kosti því fáir gallar voru dregnir fram í umræðunni, að sameina þessar tvær máttugu stofnanir sem eru líkar og vinna að svipuðum markmiðum og voru upphaflega ein og sama stofnunin og störfuðu lengi eftir sömu lögum.

Í umræðunni kom einnig fram að samnýta mætti krafta beggja stofnana sem án vafa mundi skila sér í skilvirkara starfi á margan hátt. Stofnanirnar ráða yfir tækjum og tólum sem yrðu samnýtt og margs konar hagræði mætti hafa af sameinaðri og öflugri stofnun. Sameinaðar háskólastofnanir sem taka til sama málaflokksins hljóta, ef rétt er á haldið, að skila sér í kraftmeiri og betri menntastofnunum.

Ég vildi af þeim sökum beina spurningu til hæstv. landbrh. sem tók vel í þá hugmynd að hleypa af stað ferli til að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Hann tók hreint ekki illa í það. Hann tók undir að það gæti verið gott markmið í sjálfu sér. Það var mjög ánægjulegur tónn hjá hæstv. ráðherra í umræðum í gær. Hann gladdi okkur sem fyrirspurnina bárum fram og viljum sjá þessar stofnanir renna í einum farvegi. Við teljum að það verði til mikillar framsóknar, bæði fyrir landgræðslu og skógrækt í landinu. Eins og ég gat um í gær er ég sannfærður um að það hefði í för með sér meiri landgræðslu og skógrækt í landinu, nýjar og öflugri aðferðir, aukna kynningu á kostum og mikilvægi skógræktar og landgræðslu og aukið fjármagn, t.d. í formi rannsóknarstyrkja. Líkur eru á því að slík kraftmikil og sameinuð stofnun um sameinað markmið gæti náð í veglega styrki erlendis, t.d. Evrópustyrki sem hafa oft á tíðum komið íslenskri landsbyggð vel.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sæi það ekki sem framtíðarmarkmið, þegar sameiningarferli landbúnaðarstofnana á háskólastigi væri á enda, að sameinuð stofnun landgræðslu og skógræktar heyrði undir Landbúnaðarháskóla Íslands og ynni í nánara samstarfi við þá háskólastofnun sem þar væri fram komin. Þar væri jafnvel undirstofnun Landbúnaðarháskóla Íslands, sameinuð og kraftmikil Landgræðsla og Skógrækt yrði undirstofnun sameinaðs Landbúnaðarháskóla Íslands þegar því ferli yrði að fullu lokið, á næsta áratug ef svo langt má fram líta.

Eftir fimm til tíu ár verður búið að sameina landbúnaðarstofnanir á háskólastigi á sunnan- og vestanverðu landinu, ef þróunin verður sú að Hólaskóli verði fyrir utan þennan ramma.

En það væri líka athyglisvert að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þess hvort hann telji það til bóta fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla að sameinast eftir nokkur ár þegar þær stofnanir hafa tekið á sig þá mynd sem þær hafa til framtíðar, en þær eru í örri þróun þessi missirin. Engum blandast hugur um að það frelsi sem þær hafa notið hefur vissulega komið þeim til góða við þá ótrúlegu útrás og uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Sér ráðherrann fyrir sér að Hólaskóli verði undir hatti Landbúnaðarháskóla Íslands eftir eitthvert ótilgreint árabil eða sem sjálfstæða stofnun utan þess ramma, utan þeirrar hlífar sem mætti sjá fyrir sér að Landbúnaðarháskóli Íslands væri, regnhlíf yfir mennta- og rannsóknarstofnanir á sviði landbúnaðar?

Ég nefndi það áðan, ef við berum gæfu til að sameina landgræðslu og skógrækt, hvort ráðherra hæstv. sæi kannski fyrir sér að slík stofnun færi að lokum undir regnhlífina sem ætla má að Landbúnaðarháskóli Íslands verði. Verksviðið yrði því víðara en fram kemur í þessu lagafrv. Þetta frv. er ágætt og fínt skref í þá átt. Ég styð málið að því leyti og lít þannig á að við séum að stíga eitt skref af mörgum, fyrsta skrefið, í átt að því að byggja upp mjög kraftmiklar stofnanir á sviði kennslu og rannsókna í landbúnaðarmálum sem virka muni sem vítamínsprauta fyrir íslenskan landbúnað. Landbúnaður blómstrar sem betur fer á mörgum sviðum og er í ágætum málum. En annars staðar hallar undan fæti og engum blandast hugur um að við þurfum á öflugum landbúnaði að halda. Ég beini þessum spurningum til hæstv. ráðherra um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál efnislega.

[12:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir stuðningsyfirlýsinguna við málið. Ég tel það mikilvægt úr þessari átt eftir þær ræður sem hér voru fluttar í morgun.

Varðandi það hvort mín sýn sé að fella alla skólana undir Landbúnaðarháskóla Íslands þá er svo ekki við þessar aðstæður. En enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég tel mikilvægt að þeir fái áfram að þroskast eins og þeir hafa gert. Það er ekki ásetningur minn sem landbrh. að steypa

þeim stofnunum undir Landbúnaðarháskóla Íslands, heldur verði háskólastofnanir með tiltekin sérsvið og fái að dafna þannig enn um hríð, hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér.

Í máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur var áðan minnst á rannsóknarstyrki. Hv. þm. minntist einnig á það. Ég er sannfærður um að þessi aðgerð og kannski enn þá stærri aðgerð, eins og hv. þm. ræddi um, getur styrkt þessar stofnanir til að sækja rannsóknarfé, Evrópustyrki, eða í samstarfi við stóra háskóla erlendis. Ég hygg að það sé rétt sem fram hefur komið í máli hv. þingmanna. Þetta er auðvitað leið til þess að efla það.

Það hefur töluvert verið talað um að einn fulltrúi kæmi í háskólaráðið frá Háskóla Íslands. Ég er þeirrar skoðunar, þótt ég beri mikla virðingu fyrir öðrum háskólum á Íslandi, að Háskóli Íslands sé í raun faðir og móðir allra hinna skólanna. Ég hef séð að sá styrkur sem Háskóli Íslands veitir í samstarfi við landbúnaðarskólana skiptir verulegu máli. Þess vegna vil ég efla það samstarf.

[12:52]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma inn á þetta. Ég tek undir það og minni á ágæta ræðu rektors Kennaraháskóla Íslands, Ólafs Proppé, frá því fyrir tæpu ári síðan. Árið 2003 hvatti hann til að við sameinuðum alla íslenska háskóla undir regnhlíf Háskóla Íslands og svo störfuðu þeir þar sem sjálfstæðar, kraftmiklar og spriklandi deildir á sínum eigin forsendum, lytu eigin yfirstjórn og væru eins sjálfstæðar og þyrfti að vera. Allar yrðu þær þó felldar undir hatt Háskóla Íslands.

Hæstv. ráðherra gerir að tillögu í frv. sínu að háskólaráð HÍ skipi einn fulltrúa í háskólaráð landbúnaðarháskólans, sem er svolítið sérkennilegt og hefur vakið umræður þótt það þurfi ekki endilega að vera annarlegt. Það er hins vegar sérkennilegt en á því eru kannski einhverjar skýringar. Hann nefndi að Háskóli Íslands væri faðir og móðir annarra háskólastofnana á Íslandi. Ég tek undir það. Sjálfur hef ég verið nokkuð hrifinn af þeirri hugmynd, þótt ég sé ekki sannfærður um hana, að við eigum að sameina sem flestar háskólastofnanir undir regnhlíf Háskóla Íslands þar sem þeim er sniðinn mjög sjálfstæður og víður stakkur og megi blómstra og dafna undir þeirri regnhlíf. Heppilegt gæti verið til að styrkja þær allar að hafa stofnanirnar þar undir. Það mál á náttúrlega eftir að skoða miklu betur og vinna áður en ég eða aðrir hv. þm. geta kveðið upp dóma um það. En kannski er hæstv. landbrh. einmitt að hugsa um það. Hann sér þetta kannski þannig fyrir sér.

Þess vegna vildi ég beina þeirri spurningu til hans, hvort það væri meiningin hjá honum þótt ekki kæmi það fram í frv.

[12:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði út í það í ræðu sinni og fleiri hafa gert það í morgun hvort þetta mál færi til umsagnar í menntmn. Ég minnist þess að þegar ég sat í landbn. var það stundum gert, að senda málin til umsagnar til annarra nefnda. Ég hef ekkert á móti slíkri málsmeðferð þannig að ég get heilshugar stutt það.

Hvað varðar umræðuna um hvar mál eru staðsett þá hefur það komið glöggt fram í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að hann saknar þess að Sjómannaskólinn skuli hafa farið undan atvinnuveginum. Hann segir það af þekkingu. Við getum líka spurt um iðnmenntun, sem á dálítið undir högg að sækja. Þar horfir dálítið illa og spyrja má hvort hún hafi þroskast nógu vel þar sem hún er. Þótt þetta sé umdeilt atriði og menn hafi ýmsar skoðanir á því hvar menntamál landbúnaðarins eigi að vera þá er auðvitað sjálfsagt að menn hafi misjafnar skoðanir á því. Ég held að þetta hafi samt sem áður þróast mjög vel. Hér er stigið skref í átt að því að styrkja þá þróun enn frekar.

Hvað varðar landbúnaðinn í heild, skógræktina, Landgræðslu ríkisins o.s.frv. og allar rannsóknir, þá er auðvitað framtíðarinnar að móta það. Við getum hugsað okkur „Landbótastofnun Íslands“ þess vegna, sem færi með ýmis mál og rannsóknarhlutverk í framtíðinni. Ísland er lítið og landbúnaðurinn á Íslandi er ekki umfangsmikill og þarf á öllum sínum styrk að halda. Ég held að með samstarfi, sameiningu og nýrri sýn getum við eflt þetta allt.

[12:57]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að ef menn standa vel að verki er hægt að efla allar þessar stofnanir.

Ég held að metnaðarleysi íslenskra stjórnvalda í menntamálum almennt og gegnumsneitt síðasta áratuginn sé ekki næg ástæða til að brjóta upp núverandi skipan mála, þannig að sérskólar og menntastofnanir atvinnuveganna verði aftur færðar undir viðkomandi ráðuneyti. Ég held við ættum frekar að reyna að hressa upp á menntapólitíkina og menntastefnuna og gera miklu betur við þær greinar sem eiga undir högg að sækja en við höfum gert. Hæstv. ráðherra nefndi einmitt iðnmenntunina, verkmenntunina, sem á vægast sagt undir högg að sækja. Við þingmenn Samf. höfum margir ítrekað vakið máls á því og jafnvel lagt fram metnaðarfulla þáltill. sem rædd var í menntmn. í gær. Hún hlaut þar mjög góðar viðtökur og gefinn ádráttur um að í næstu umferð yrði hún afgreidd úr nefndinni og tekin til 2. umr. Það færi vel á því þar sem hér er um mikilvægt og merkilegt mál að ræða.

Ástæðan fyrir því að iðnmenntunin og Sjómannaskólinn standa jafnhöllum fæti og raun ber vitni er einfaldlega metnaðar- og viljaleysi menntamálayfirvalda síðustu ár. Þessi skólastig hafa mætt algjöru skilningsleysi í því annars ágæta ráðuneyti. Nú á eftir að reyna á nýjan ráðherra menntamála, hvernig hann tekur á þessum málum. Það hefur ekki örlað á því enn þá, a.m.k. ekki á hveitibrauðsdögunum. En nú er þeim víst lokið og við bíðum þess að hæstv. menntmrh. leggi fram sína sýn í þessum málum. Ég held að það ógurlega metnaðarleysi sem vaðið hefur uppi í menntmálum á liðnum árum sé ekki nægjanlegt skálkaskjól fyrir það að brjóta sérskólana og atvinnuveganámið aftur undir viðkomandi ráðuneyti. Það kallar á ójafnræði. Það er óeðlilegt og við eigum að sjálfsögðu að stefna að því að hér verði rekið almennilegt menntmálaráðuneyti þar sem vel sé gert við allar greinar menntunar.

[12:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar varðandi vangaveltur um stjórnsýslulega stöðu þessara skóla, hvort þeir ættu frekar að heyra undir menntmrn. í stað þess að heyra undir landbrn. eins og í dag er og þá framtíðarsýn að koma þeim undir menntmrn., þá vil ég í fyrsta lagi vekja athygli á því, eins og kom reyndar fram í andsvörum hv. þingmanna við ráðherra áðan, að öll starfsmenntun á vegum menntmrn. á mjög undir högg að sækja. Þau tengsl sem voru áður fyrr við atvinnulífið og

eru forsenda fyrir því að starfsmenntun takist vel hafa þar rofnað.

Mjög náin og sterk tengsl við atvinnulífið eru mikilvæg verkmenntaskólum og því samfélagi sem byggir á viðkomandi atvinnulífi. Það hefur ekki gengið vel hjá þessum skólum sem nú eiga undir högg að sækja og heyra undir menntmrn.

Þetta hefur aftur á móti verið styrkur búnaðarskólanna, að þeir hafa verið í nánum tengslum við atvinnulífið og nærsamfélag sitt hvað þetta varðar. Það er því ekki endilega patentlausn eða eitthvert sáluhjálparatriði að færa þessa skóla undir önnur ráðuneyti. Menn trufla bara umræðuna með því að draga þetta stöðugt inn í hana. Menn leiða hana frá því meginhlutverki þessara skóla, að vera farsælar, góðar og öflugar menntastofnanir sem þjóni markmiðum sínum og samfélagi. Það er meginmarkmiðið. Það má ekki týnast í umræðu um annað.

[13:01]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kjarni málsins er að auðvitað eiga tengsl á milli starfsmenntunar við atvinnulífið að vera öflug. Það er morgunljóst. Varnarræða hv. þm. Jóns Bjarnasonar fyrir hörmulega menntastefnu Sjálfstæðisflokksins síðasta áratuginn breytir engu þar um og er alveg dæmalaus. Það er spurning á hvaða vegferð hv. þm. er, svo dæmalaus var málflutningurinn.

Auðvitað er engin patentlausn að færa allar menntastofnanir undir eitt ráðuneyti. En ef menntmrn. stæði undir nafni mundi engum blandast hugur um að menntastofnunum, hvaða nöfnum sem þær nefnast, væri best fyrir komið þar. Kjarni málsins er að þvílík lausatök hafa verið á íslenskum menntamálum um langt skeið og metnaðarleysi Sjálfstfl. svo algjört í þeim málaflokki að menn eru farnir að horfa til þess að það hljóti að vera vegna ónógra tengsla við atvinnulífið o.s.frv. En þær varnir sem hv. þingmenn Vinstri grænna dikta upp fyrir metnaðarleysi Sjálfstfl. breyta þar engu um og er umhendis að heyra og bleik verulega brugðið.

Tengsl við ráðuneyti eru ekki ástæðan fyrir því að iðnmenntun hafi verið látin drabbast niður og að Sjómannaskólann hafi nánast rignt niður í orðsins fyllstu merkingu, enda hefur húsinu ekki einu sinni verið haldið í horfinu. Það kemur tengslum við ráðuneyti viðkomandi málaflokka alls ekkert við. Þar er einfaldlega um að kenna metnaðar- og viljaleysi. Við sem höfum verið að ræða þetta höfum fært það inn í umræðuna hvort eðlilegast væri til framtíðar að menntastofnanir heyrðu almennt undir eitt og sama ráðuneytið. Hér hefur enginn nefnt það nokkru sinni að um væri að ræða patentlausn, enda málum ágætlega fyrirkomið eins og er. Við erum að horfa til framtíðar í þessum málaflokki.

[13:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því og undirstrika að maður ætti að virða það sem gengur vel og styrkja frekar en að hugsa um hvernig menn geti breytt út af. Menn ættu frekar að snúa sér að veikari þáttum í annarri starfsmenntun.

Ég vil einnig taka undir áhyggjur hv. þm. af nafngiftinni á hinni nýju stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Ég tel að það sé hvorki stofnuninni til góðs að setja svona hátt nafn á hana og gefa þannig til kynna að ekki séu aðrar landbúnaðarstofnanir á háskólastigi. Ég held að það verði henni ekki til góðs. Auk þess vísar það til þess að menn vilja opna á þá umræðu að vilja steypa þessum landbúnaðarstofnunum undir eina stjórn, undir einn hatt. Ég tel það alls ekki sjálfgefið og alls ekki rökrétt.

Allar þessar stofnanir eru litlar í alþjóðlegu samhengi. Það er því bitamunur en ekki fjár hvort það er þremur starfsmönnum meira á þessari stofnun eða hinni. Þær eru allar litlar. Styrkleiki þeirra felst í sjálfstæði þeirra, að geta breytt til og stokkið á ný tækifæri. Styrkur þeirra er líka fólginn í mjög nánum og öflugum tengslum við nærsamfélag þeirra. Þær stækka af því að vera nánast með nærsamfélagið innan veggja hjá sér og vera hluti af því. Þar með verða þær stofnanir stórar í andanum og skila góðu verki. Það er markmiðið en ekki sameining sameiningarinnar vegna, sem tröllríða því miður samfélaginu nú um stundir.

[13:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Ég tek undir það með hv. þm. að í stóra samhenginu erum við að tala um litlar stofnanir. Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til efla þær eins og kostur er hverju sinni. Það er óumdeilt, hvort sem það borgar sig að hafa þær sem tvær eða þrjár sjálfstæðar háskólastofnanir á sviði landbúnaðarmála eða ekki, að það er ótækt að í svo litlum málaflokki byggi menn upp sama námið, jafnvel nákvæmlega sama námið eins og ég gat um áðan, á tveimur stöðum og slái með því fæturna hver undan annarri.

Varðandi nafnið á Landbúnaðarháskóla Íslands þá horfir það ankannalega við í þessu samhengi. Með því eru aðrar og kraftmiklar menntastofnanir á háskólastigi skildar eftir án þess að það komi skýrt fram hvernig menn horfa á þau mál til framtíðar. Því hlýtur að mega spyrja hvort ekki hefði verið miklu eðlilegra að þetta héti Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, líkt og hinar stofnanirnar eru kenndar við sína heimastaði og slíkum menntastofnunum ekki mismunað með þeim hætti. Ég veit að nafnið fer mjög illa í þá sem hafa með þessar stofnanir að gera. Eftir samtöl við heimamenn á þessum stöðum síðustu daga þá blandast mér ekki hugur um að mönnum mislíkar þetta mjög. Ég teldi heppilegra að menn hefðu ekki farið út í það núna að nefna þessa stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands heldur létu nægja að kenna hana við staðinn. Síðan mætti taka það í næsta skrefi sem ég kallaði eftir áðan, að menn sameinuðu frekar menntastofnanir landbúnaðarins, svo og rannsókna- og aðgerðastofnanir eins og Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Hæstv. landbrh. hefur tekið undir það að stefna eigi að því að sameina þær stofnanir.

[Fundarhlé. — 13:08]

[13:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum í dag mál sem ég tel á margan hátt vera mjög þarft og mikilvægt og í upphafi máls míns vil ég byrja á að lýsa því yfir að ég styð það í aðalatriðum. En áður en ég fer nánar út í þá sálma vil ég aðeins koma að því sem mér finnst svolítið ámælisvert, að þegar lokadagar þingsins eru að renna upp virðist hæstv. landbrh. galdra fram hvert tímamótafrumvarpið á fætur öðru. Ég minni á frv. um ný ábúðarlög og ný jarðalög. Hvoru tveggja eru umfangsmikil frv. sem þurfa vandaða umfjöllun þingsins og þeirra aðila sem þau varða. Þessi tvö frumvörp ku hafa að okkur er tjáð verið í vinnslu í landbrn. um nokkurn tíma, svo hefur ríkisstjórnin legið yfir þeim og síðan þingflokkar stjórnarflokkanna. Nú fyrst fær hið háa Alþingi þau til þinglegrar meðferðar.

Það hefur komið fram í máli annarra þingmanna fyrr í dag að þeir eru svolítið ósáttir við þessi vinnubrögð og ég tek fyllilega undir það. Ég skil ekki svona vinnubrögð. Við höfum að baki heilan vetur, en nú þegar vor er í lofti og farfuglarnir farnir að tínast til landsins og það styttist óðum í þinglok skellir ríkisstjórnin stóru og mikilvægu frumvörpunum sínum á borðið og ætlast til þess að við fulltrúar þjóðarinnar á hinu háa Alþingi vinnum eins og kvörn sem tekur við öllu sem í hana er látið.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, erum við með enn eina tímamótalagasetningu frá hæstv. landbrh. og ég styð málið í aðalatriðum. Hér eru á ferðinni breytingar sem ég tel að hafi verið tímabærar um nokkurra ára skeið og undrast það að menn skuli ekki hafa verið búnir að koma á fót Landbúnaðarháskóla Íslands og færa undir hann rannsóknir í þágu landbúnaðarins fyrir löngu.

Í frv. til breytinga á lögum nr. 64/1965 segir í nýrri grein, 30. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er að afla og miðla þekkingu um fjölþætt hlutverk landbúnaðar sem byggist á íslenskri náttúru og menningararfleifð. Meðal verkefna sviðsins eru rannsóknir er lúta að meðferð, ræktun og nýtingu lands, búfjár og ferskvatnsdýra til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar, sem og rannsóknir er lúta að sjálfbærri og fjölþættri landnýtingu og umhverfismótun."

Hér er vert að staldra aðeins við því að þessi grein er að mínu mati sjálft inntakið í þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru því hér er verið að skilgreina rannsóknasvið hins nýja Landbúnaðarháskóla Íslands. Eins og við vitum öll byggir háskólanám á rannsóknum. Alvöruháskólar stunda rannsóknir og eiga að stunda öflugt rannsóknastarf og miða kennslu sína oft og tíðum út frá því. Ég minni á að stúdentar við háskóla stunda og leggja mjög mikið af mörkum oft og tíðum hvað varðar rannsóknastörf og rannsóknarvinnu. Lokaverkefni þeirra byggja til að mynda oft á sjálfstæðum rannsóknarverkefnum sem eru unnin innan háskólastofnana.

Ég fagna skilgreiningu 30. gr. Hún er víðtæk en hún er góð og mér finnst skilgreiningin virka mjög lofandi fyrir hina nýju stofnun, en ég sakna nánari úttektar á því í greinargerðum með frumvörpunum hvað menn vilja og hvert skal stefna og til hvers við séum að þessu. Ég hefði viljað sjá það útfært nánar. Ég efast ekki um að menn vilji vel með þessum breytingum og menn vilji vel með því að stofna Landbúnaðarháskóla Íslands og færa undir hann rannsóknir en ég hefði viljað sjá nánari og vandaðri útfærslu á því hvað menn hyggjast fyrir. Það má vel vera að það sé til í einhverjum skýrslum í landbrn., ég þekki það ekki, en ég vona að þeim hugsunum sem vonandi hafa verið settar á blað verði komið til skila til hv. landbn. þar sem ég á sæti sem áheyrnarfulltrúi þannig að við fáum að sjá nánar hvað vakir fyrir hæstv. landbrh. og því ágæta fólki sem hefur starfað með honum að þessu verkefni.

Mér finnst nefnilega á margan hátt að það sé kominn tími til að fara yfir stofnanir landbúnaðarins, skoða hlutverk þeirra og íhuga hvort við getum ekki einmitt hagrætt svolítið í þessum geira, jafnvel sameinað stofnanir. Í gær var forvitnileg umræða um hugsanlega sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Það mætti skoða þá hluti betur og jafnvel spyrja sig hvort ekki væri ástæða til að flytja þá starfsemi að einhverju leyti undir hatt Landbúnaðarháskóla Íslands í framtíðinni því það er alveg ljóst að þessar tvær stofnanir, Landgræðslan og Skógræktin, stunda mikilvæg og oft á tíðum merkileg rannsóknastörf. Miðstöð rannsóknastarfanna yrði þá að verulegu leyti færð á Hvanneyri þó rannsóknir og önnur starfsemi yrði að sjálfsögðu áfram vítt og breitt á ýmsum starfsstöðvum víða um land sem þurfa þykir á hverjum tíma. Hér erum við að tala um hluti sem talað er um í 30. gr., ræktun og nýtingu lands.

Annað sem ég vil líta á varðar ferskvatnsdýr til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar. Í því sambandi vil ég minnast á Veiðimálastofnun. Ég bendi á að aðalstöðvar Veiðimálastofnunar eru í hálfgerðum kumbalda uppi á Höfða á iðnaðarsvæði þar, í umhverfi sem mér finnst gersamlega óásættanlegt fyrir jafnvirðulega og ágæta stofnun. Hvers vegna má ekki íhuga að færa aðalstöðvar Veiðimálastofnunar t.d. upp á Hvanneyri og færa jafnvel Veiðimálastofnun undir Landbúnaðarháskóla Íslands og gera hana að deild þar og koma síðan á fót kennslutilboði t.d. í vatnalíffræði, fiskifræði ferskvatnsfiska og öðru þess háttar, auðlindanýtingu, t.d. nýtingu veiðivatna og stangveiðiáa, og njóta sérfræðiþekkingar sérfræðinga Veiðimálastofnunar, bæði við rannsóknir og kennslu?

Veiðimálastofnun er í dag með aðalstöðvar sínar í Reykjavík. Hún er með útibú á Hólum í Hjaltadal, sem er að sjálfsögðu mjög gott og ég tel að eigi að vera áfram þar, og hún er með útibú í Borgarnesi og á Selfossi. Það væri kannski ekki svo vitlaust að leggja af útibúið í Borgarnesi og færa aðalstöðvarnar til Hvanneyrar og halda áfram að vera með útibú á Selfossi, þ.e. á Suðurlandi og á Hólum í Hjaltadal, þ.e. á Norðurlandi.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt. Margt af því sem ég hefði viljað sagt hafa hefur verið sagt í dag þannig að ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Ég vil aðeins að lokum taka undir þetta með skipun háskólaráðs. Ég tel að það eigi fyllilega rétt á sér eins og ágætir þingmenn hafa verið að tala um að nemendur eigi fulltrúa í háskólaráði. Í alvöruháskólum eru engir krakkar eða unglingar heldur fullorðið fólk sem veit sínu viti og það á að sjálfsögðu fullt erindi í háskólaráð sem ég vona að verði bæði mikið og öflugt í framtíðinni. Ég rek til að mynda augun í það að tveir fulltrúar eiga að vera tilnefndir af Bændasamtökum Íslands. Væri ekki góð hugmynd að skipta öðrum þeirra út og taka frekar inn einn fulltrúa nemenda í staðinn? (**Gripið fram í:** Einn sjálfstæðismann og einn framsóknarmann.)

Þetta er það helsta sem ég hef að segja í þessari umferð. Ég vænti þess að málið fari til landbn. og fái þar vandaða umfjöllun. Við þurfum að vanda til verka. Þetta er mikilvægt skref sem við erum að taka og þarft að mínu mati. Enn og aftur segi ég að ég styð frumvörpin í aðalatriðum en ég hef ákveðnar athugasemdir og ég sakna þess að menn skuli ekki skilgreina betur hvert þeir vilja fara, hvað þeir eru að hugsa með þessu, að við fáum að sjá almennilegar greinargerðir og jafnvel stefnumótun í þessum málum, þ.e. hvað við ætlum að gera við stofnanir landbúnaðarins í framtíðinni, hvernig við ætlum að breyta í þessum geira. Ég tel alveg fulla ástæðu til að fara yfir það með jákvæðum og opnum huga.

[13:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir tveimur málum sem hafa verið til umræðu í morgun. Um þau hefur að mörgu leyti farið fram ágæt umræða. Ég get byrjað á að taka undir gagnrýni sem komið hefur fram og

ætla ekki að endurtaka hana, svo sem um að málin séu seint fram komin og hefðu betur komið fyrr. Ég tek fullkomlega mark á því sem hæstv. ráðherra segir, að hann hafi áhuga á að þessi mál verði afgreidd á þessu þingi.

Ég vil í upphafi segja að mér finnst ástæða til að láta það koma fram að þeir sem ég hef rætt við um þessi málefni í Samf. hafa verið sammála um að hér sé stigið rétt skref, þ.e. með því að sameina þessar stofnanir. Hins vegar hefur komið skýrt fram í umræðunni að mönnum líkar ekki ýmislegt í framsetningu þess sem er á þessum blöðum frá hæstv. ráðherra. Mér virðist ljóst að margt sé hægt að græða á því að sameina þær stofnanir sem hér er verið að tala um, þ.e. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarháskólann á Hvanneyri. Þessar stofnanir hafa verið í góðu samstarfi undanfarin ár. Þær hafa mótað sameiginlega stefnu og sett sér langtímamarkmið sem hafa verið skilgreind í samkomulagi milli stofnananna. Það er ástæða til að minna á það samstarf og það að þeir sem vinna á þessum stofnunum hafa unnið náið saman og starfað á víxl í báðum þessum stofnunum í góðu samkomulagi.

Á Hvanneyri er það yfirgnæfandi skoðun hjá öllum sem ég hef haft spurnir af að sameina eigi þessar stofnanir. Hins vegar er ekki jafnmikill samhljómur í afstöðu þeirra sem vinna á Keldnaholtinu. Það er kannski ósköp eðlilegt. Sú umræða hefur farið fram á þessum stöðum. Mönnum hafa verið kynntar þessar hugmyndir. Ég er á þeirri skoðun að sú kynning hafi sýnt að það sé a.m.k. ekki meiri andstaða við þessar breytingar en búast mátti við af þeim sem vinna á Keldnaholti.

Ég vil láta koma fram þá skoðun mína að horfa eigi til þess að fleiri stofnanir landbúnaðarins heyri undir Landbúnaðarháskóla Íslands en hér er lagt er til. Mér finnst að menn þurfi að vanda sig býsna vel við framhald málsins vegna annarra stofnana sem talað hefur verið um að sameina og fara ekki af stað með breytingar sem yrðu kannski skammtímabreytingar vegna þess að tiltekin starfsemi ætti betur heima undir Landbúnaðarháskóla Íslands en í samstarfi annarra stofnana. Það hefur t.d. verið nefnt að flytja starfsemi frá Mógilsá og suður á bóginn. Það er ástæða til að vanda sig í þessu, annars geta menn raskað því sem er vel er gert og komið í veg fyrir að sú hámarkshagræðing náist sem hægt er að ná í þessum málefnum.

Það hafa verið átök um þetta mál. Það þýðir ekkert fyrir menn að fela það með neinum hætti. Það hefur verið ósamstaða um þetta á undanförnum árum. Málin hafa verið til umræðu hvað eftir annað. Hæstv. ráðherra hefur komið fram með þetta frv. og þó að það sé gallað að einhverju leyti tel ég mikilvægt að menn stígi þessi skref til að hefja endurskipulagningu á stofnunum landbúnaðarins. Það hefur skort á að af stað kæmist ferli sem gæti leitt til betra skipulags. Menn hafa áhyggjur af þeim stofnunum öðrum sem hér hafa verið til umræðu, t.d. Háskólanum á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins. Ég get tekið undir þær áhyggjur og það er eðlilegt að menn séu pínulítið kvíðnir að því leyti að þessari stofnun sé gert hærra undir höfði en þeim. Það vantar skýr svör. Mér finnst að hæstv. ráðherra gæti kannski skýrt málin dálítið betur með því að lýsa yfir stefnu sinni gagnvart þessum stofnunum og árétta hvaða hlutverk hann telur að þær eigi að hafa.

Mín skoðun er sú að það eigi að skoða vandlega hvort sú starfsemi sem fram fer undir Garðyrkjuskóla ríkisins ætti ekki einnig að heyra, að einhverju leyti eða jafnvel öllu, undir háskólann sem verið er að stofna með þeim lagafrv. sem hér liggja fyrir. Sú skoðun á ekki við um skólann að Hólum að mínu viti. Mér finnst að menn þurfi að segja hug sinn í þessu. Ég tel ástæðu til að menn horfi til framtíðarinnar og að ekki verði farið í annars konar endurskipulagningu sem væri fólgin í að búa til einhvers konar stofnanasamruna á Suðurlandi í kringum Garðyrkjuskóla ríkisins, við aðrar stofnanir með verkefni sem í raun ættu að eiga heima undir landbúnaðarháskóla. Það væri að mínu viti slys ef það gerðist. Þarna þurfa menn að vanda sig. Ég hvet til þess.

Það hefur komið til umræðu hvar þessar stofnanir eigi heima í Stjórnarráðinu. Ég get svo sem endurtekið þá skoðun mína, sem ég hef sett fram áður, að skólastarfsemi eins og þessi eigi auðvitað að heyra undir menntmrn. Það þýðir ekki að láta þar við sitja vegna þess að ef þessar stofnanir yrðu teknar undan landbrn. væri búið að sníða svo stóran hluta af starfsemi ráðuneytisins að því mundi fylgja umræðan um hvort ráðuneytið eigi að vera sjálfstætt ráðuneyti.

Ég tel að það eigi að stofna atvinnuvegaráðuneyti og landbrn. eigi að falla inn í það. Það væri hluti af endurskipulagningu Stjórnarráðsins. Sú umræða hlýtur að tilheyra þeim málum. Ég hef hvatt til að sú endurskipulagning fari fram og mér finnst ekki vansalaust að núverandi ríkisstjórn virðist ekki ætla að taka neitt á þeim málum. Reynslan segir að í gegnum tíðina hefur það ekki talist rétti tíminn til að endurskipuleggja Stjórnarráðið þegar kosningar hafa farið fram og þarf að stofna nýja ríkisstjórn. Það einfaldlega gerist ekki. Þess vegna þarf endurskipulagning Stjórnarráðsins að fara fram eða hugmyndir um slíka endurskipulagningu að liggja fyrir þegar kosið hefur verið. Mér finnst að menn þurfi að hysja svolítið upp um sig í þessu máli og láta fara fram virkilega skoðun á Stjórnarráðinu, á því hvernig málum væri þar best fyrir komið. Ég tel að við mundum staðnæmast við það sem ég sagði áðan, að það yrði til atvinnuvegaráðuneyti og landbrn. félli undir það.

Þó að þetta mál sé seint fram komið og á því megi finna galla sem menn hafa farið yfir, ég ætla ekki að endurtaka það til að lengja ekki þessa umræðu, þá hvet ég nefndarmenn í landbn. og öðrum nefndum sem hugsanlega fá þetta málefni til umfjöllunar til að reyna að klára málið á þessu vori. Ég sé ekki betur en að þessi endurskipulagning sem hér er að hefjast með þessum frumvarpsflutningi hæstv. ráðherra eigi að geta orðið til góðs og skilað landbúnaðinum í landinu betri framtíð. Sannarlega veitir ekki af. Menn mega ekki láta það dragast að styrkja með öllum ráðum landbúnað á Íslandi. Margt hefur gerst sem er og mun verða landbúnaðinum erfitt. Ef stofnanir landbúnaðarins eru ekki eins vel í stakk búnar og kostur er til að mennta fólk og standa við bakið á landbúnaðinum sem heild þá mun honum auðvitað ekki farnast eins vel og ella.

Ég skora enn og aftur á þá sem um þetta mál fjalla að taka á því með jákvæðu hugarfari og sérstaklega á hæstv. ráðherra að vera tilbúinn til að gera málamiðlanir svo að þetta mál komist áfram. Það gæti vel verið að hann þyrfti að brjóta odd af oflæti sínu að einhverju leyti hvað varðar það sem í þessum frumvörpum stendur. (**Landbrh.:** Það er ekki stóra málið.) Það er ekki stóra málið fyrir hæstv. ráðherra. Ég fagna þeirri yfirlýsingu.

[13:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Skaplyndi hæstv. landbrh. fer stundum eftir veðurfarinu þann daginn. Það er frekar þungbúið úti. Það hlýtur því að gleðja hæstv. ráðherra hversu mikinn áhuga hið háa Alþingi hefur á landbúnaðarmálum og hversu öflug umræða fer fram um þetta frv. Frv. virðist lítið þegar fljótt er yfir það skimað en í raun varðar það grundvallaratriði.

Fyrst vil ég segja að að því er varðar stærstu breytinguna sem lögð er til í fyrra frv. sem við höfum undir í þessari umræðu þá styð ég hana. Ég tel að það sé heppilegt að færa saman Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar. Ég tel að þetta verði heillaspor fyrir báðar þessar stofnanir.

Hitt er annað mál að ég er líka þeirrar skoðunar að þessar stofnanir, þegar þær hafa runnið saman, eigi eins og aðrar menntastofnanir heima undir menntmrn. Þetta segi ég ekki af nokkrum illvilja gagnvart landbrn. eða landbúnaði í landinu. Ég tel einfaldlega að það yrði heppilegra fyrirkomulag fyrir landbúnaðinn. Ég tel að með slíkri breytingu mundu þessar stofnanir betur geta rækt það hlutverk sem þeim er ætlað.

Stóra myndin er síðan þessi: Stjórnarráðið er úrelt. Verkaskipting þess hefur meira og minna haldist óbreytt frá árinu 1969 ef frá eru taldar nokkrar léttvægar breytingar og að vísu stofnun eins vaxandi ráðuneytis. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem talað hafa í þá veru að eins og þróun atvinnulífsins hefur verið sé farsælt að steypa saman þessum þremur svokölluðu atvinnuvegaráðuneytum, þ.e. iðnrn., landbrn. og sjútvrn. Hæstv. landbrh. hefur jafnan tekið þessari hugmynd frekar illa. Ég minnist þess þó að í umræðu sem við áttum fyrr í vetur fannst mér sem skrimti á ljósi í kolli hæstv. ráðherra þegar þeirri umræðu lauk.

Við verðum að horfa á þetta frá þeim sjónarhóli að atvinnulífið hefur breyst ákaflega mikið á síðustu áratugum. Þegar hæstv. landbrh. var að slíta barnsskónum var fjármálalífi í landinu öllu skipt eftir atvinnulífinu. Þá var til Fiskveiðasjóður sem sinnti þörfum sjávarútvegsins, Iðnlánasjóður sem sinnti þörfum iðnaðarins og Búnaðarbanki og sérstök stofnlánadeild sem sinnti þörfum landbúnaðarins. Umhverfið hefur gerbreyst. Nú eru liðnir tveir mánuðir, held ég, frá því að gerbreyting fjármálalífsins og fráhvarf frá hinni hefðbundnu niðurnjörvuðu skiptingu atvinnulífsins var alger, þegar Búnaðarbankinn hætti að vera til.

Ég tel að atvinnulífið sé orðið það fjölbreytt og svo erfitt að skipta því niður í mismunandi greinar að farsælla væri fyrir það að við hyrfum að öllu leyti frá þeirri rígniðurnegldu skiptingu. Ég hef verið þeirrar skoðunar, eins og við í Samf., að gerbreyta eigi stjórnkerfinu og fyrsta skrefið að því væri að fella saman þessi þrjú ráðuneyti.

Almennt vil ég líka segja út af þeirri umræðu sem hér hefur komið upp, m.a. í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, að ég tel þegar kemur að þeim rannsóknarstofnunum sem nú eru til í landinu að þá eigi að laga þær að breyttum tíma og breyta verkaskiptingunni þannig að eftirlits-, vöktunar- og matsþátturinn sé jafnan í öðru ráðuneyti en því sem tekur ákvarðanir um nýtingu. Ég tel að þá sé alveg búið að greina á milli hagsmuna og þá verði engir hagsmunaárekstrar sem við sjáum hins vegar í þó nokkrum mæli í núverandi fyrirkomulagi.

Um þá skóla sem hér hafa komið til umræðu vil ég segja að ég tel að það skref sem hér er stigið sé dálítið merkilegt. Ég hef nefnilega verið þeirrar skoðunar án þess að ég hafi endilega hugsað það alveg til þrautar hvort það væri ekki farsælt fyrir rannsóknir í landinu og fyrir háskólana að ýmsar rannsóknarstofnanir sem tengjast atvinnuvegunum og eru núna skilgreindar sem sérstakar stofnanir undir hatti framkvæmdarvaldsins verði fluttar og tengdar þeim háskóladeildum sem eru starfandi á skyldum sviðum. Það er einmitt úr frá þeirri hugmynd sem ég tel að færslan á Rannsóknastofnun landbúnaðarins undir hatt Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem á að heita Landbúnaðarháskóli Íslands, sé jákvæð. Og ég held að ríkisstjórn Íslands ætti í framhaldinu að hugsa hvort ekki sé hægt að feta þá slóð í miklu ríkari mæli.

Háskólamenntun í landinu hefur verið að breytast. Í vaxandi mæli eru allir háskólar eða flestir háskólar í landinu að taka upp rannsóknartengt framhaldsnám og ég held að það sé mjög af hinu góða. Það flýtir fyrir því að til verði þekking og það mikla atgervi sem býr í ungu mennta- og vísindafólki nýtist háskólunum og þar með atvinnulífinu í landinu.

Við, sem eitthvað höfum komið nálægt háskólum og rannsóknarstarfsemi, vitum að aldrei á lífsferli og starfsævi vísindamanna er frjósemi hugans jafnmikil og þegar menn eru í óðaönn við rannsóknir sem þeir hafa valið sér sjálfir. Slíkar rannsóknir og niðurstöður þeirra eru oft efniviður heillar starfsævi og skiptir töluverðu máli fyrir litla þjóð eins og okkar að þessum mótunar- og bestu framleiðsluárum hins menntaða vísindamanns sé eytt innan vébanda þjóðarinnar en ekki að öllu leyti erlendis. Ég vil þó taka fram, herra forseti, að ég tel að það sé líka farsælt fyrir okkur eins og við höfum gert, Íslendingar, að senda unga Íslendinga út í heim og láta þá nema þar við mestu viskubrunna heimsins og koma til baka með þá þekkingarsjóði sem þeir hafa aflað sér þar.

Við höfum fetað þá slóð að koma upp rannsóknartengdu framhaldsnámi. Hundruð ungra Íslendinga stunda meistaranám við íslenska háskóla sem að einhverju leyti byggist á rannsóknum og einhverjir tugir eru að hefja doktorsnám eða byrjaðir í doktorsnámi við íslenska háskóla. Ég held að það mundi nýta betur starfskrafta og andlegt atgervi þessara ungu vísindamanna en jafnframt líka þróttinn í þeim stofnunum sem við höfum yfir að ráða ef hægt væri að tengja betur saman þann hóp sem stundar rannsóknartengt framhaldsnám hérlendis undir leiðsögn færustu vísindamanna háskólanna og þessar stofnanir. Ég held að það skipti miklu máli. Það er af þeim sökum sem ég tel að ríkisstjórnin og Alþingi eigi að velta því fyrir sér hvort ekki eigi í vaxandi mæli að fara inn á þessa braut.

Það má svo velta fyrir sér, herra forseti, af hverju hæstv. landbrh. leggur ekki fram yfirgripsmeiri stefnu um þá skóla sem undir hans hatti eru. Ég tel t.d. að sú breyting sem hér er verið að gera sé frekar jákvætt innlegg inn í þá stóru mynd sem ég hef verið að draga upp af gagngerri breytingu á stjórnkerfinu. Ég tel t.d. að ef við í Samf. mættum ráða og mundum hefjast handa um slíka uppstokkun yrði þetta ein af þeim breytingum sem við mundum gera. (**Gripið fram í:** Þinn tími mun koma.) Þetta eru fleyg orð og ég vona að þau verði áhrínsorð og ég mun sækja stíft til hv. þm. til þess að gera þau að veruleika og þakka honum fyrir.

Ég hef áður rætt þá skoðun mína að ýmsar aðrar stofnanir undir landbrn. ættu að renna saman og hugsanlega við stofnanir utan ráðuneytis landbúnaðar. Þar er ein stofnun sem ég hef rætt sérstaklega vegna þess að hún tengist grein sem er núna undir umsjón landbrn. og er vaxtarsproti. Það

er fiskeldið. Hæstv. landbrh. veit að ég er þeirrar skoðunar að það væri mjög gott fyrir fiskeldi í landinu ef á sömu höndum væru rannsóknir og þróun fiskeldis, bæði á sjó og í fersku vatni. Ég ætla ekki að fara út í þá deilu við hæstv. ráðherra núna. En ein leið sem líka væri hægt að fara með Veiðimálastofnun, af því að hún er sú stofnun sem við höfum stundum rætt, væri að sameina hana við aðra menntastofnun sem er á fljúgandi ferð og heyrir undir hæstv. landbrh. Það er sá skóli sem hér hefur aðeins komið til tals í umræðunni, þ.e. Hólaskóli. Hólaskóli er lítill háskóli en viðfangsefni hans eru fjölbreytt. Sum þeirra þekki ég betur en önnur. Eitt er alveg ljóst, herra forseti, að þó að þarna sé um örháskóla að ræða er hann í allra fremstu röð á þeim sviðum sem lúta t.d. að rannsóknum á bleikju.

Bleikjan er sérstakur fiskur sem lifir og dafnar einungis í kringum norðurheimskautið. Sama gildir að hluta um uppruna annars fisks sem stendur nokkuð hátt í hinu íslenska sköpunarverki. Það er urriði. Ég tel að það væri ekki að ófyrirsynju að Hólaskóli væri efldur til þess að rannsaka þann fisk með sama hætti og skólinn hefur rannsakað bleikjuna. Ég held að það skipti máli að styðja íslenskar rannsóknastofnanir til þess að komast í fremstu röð og þarna er um séríslenskt viðfangsefni að ræða. Hér á landi eru meira að segja stofnar sem eru einstakir og ekki er hægt að rannsaka svo nokkru nemi nema bara á Íslandi. Og þá kem ég að kjarna þessa hluta ræðu minnar sem er þessi: Ef hæstv. ráðherra finnst skynsamlegt að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, fyndist honum þá ekki skynsamlegt að reyna að efla tengsl, með samruna fyrir augum, milli Hólaskóla og Veiðimálastofnunar? Ég tel að það sé leið sem auka mundi hagræðingu og hagkvæmni í kerfinu, það er leið sem hugsanlega væri hægt að ná sátt um. Ég er ekki að segja að það væri endilega kjörleiðin varðandi Veiðimálastofnun en það er stofnun sem þarf miklu meira afl á bak við sig því mér finnst hún hafa veikst á seinni árum. Hún er dálítið umkomulaus. Ég held að sú sérfræðiþekking á sviði fiskivísinda sem þar er innan dyra mundi einmitt fylla upp í ákveðnar eyður sem eru hjá Hólaskóla og er ég þó síst að draga úr hæfni þess skóla. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að það komi til greina vegna þess að mér sýnast svipuð rök geta stutt þá hugmynd eins og hann færir fyrir færslu og sameiningu þeirra tveggja stofnana sem við erum hér að ræða um.

Að því slepptu, herra forseti, segi ég að þegar ég lít yfir frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru tvær greinar sem ég hnýt um og nokkrir hv. þingmenn hafa gert að umræðuefni. Ég sagði að við fyrstu sýn lítur þetta frv. ekki þannig út að það taki á mjög stórum þáttum þó vissulega megi kalla það stórt þegar verið er að renna saman stofnunum. Þegar maður skoðar hins vegar greinarnar kemur í ljós að rannsóknasvið hins nýja Landbúnaðarháskóla Íslands á að vera gríðarlega yfirgripsmikið. Það kemur fram í b-lið 2. gr. að meðal verkefnanna eigi m.a. að vera rannsóknir á sviði framleiðslu ferskvatnsdýra. Í mínum huga virðist þetta þýða að á Hvanneyri eigi að koma upp sérstakri rannsóknarstöð á sviði fiskeldis. Mér finnst það heldur of í lagt. Það eru aðrar stofnanir í landinu sem eru búnar að ná prýðilegum árangri á því sviði og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji þetta hyggilegt.

Síðan hnýt ég eins og ýmsir þingmenn sem hafa talað á undan mér um þessa alltumlykjandi málsgrein í c-lið 2. gr. Þar segir bókstaflega, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á.“

Hvað þýðir þetta? Þýðir það að hinn nýi Landbúnaðarháskóli á Hvanneyri muni ráða fyrir þeirri tilraunastöð sem er nú komin upp með svo prýðisgóðum árangri á Hólum? Þýðir það að Landbúnaðarháskóli Íslands muni ráða fyrir rannsóknasviði Garðyrkjuskólans í Hveragerði? Þegar ég les þessar tvær greinar saman sýnist mér að augu annaðhvort ráðherrans eða þeirra sem hafa skrifað þessi frv. í umboði hans horfi miklu lengra inn í framtíðina en blasir við við fyrstu sýn. Mér sýnist að hér sé verið að leggja grunn að því að undir Landbúnaðarháskóla Íslands komi allir hinir landbúnaðarskólarnir og allar hinar landbúnaðarstöðvarnar. Mér sýnist sem sagt að miðað við þau áform sem koma fram í þessum greinum sé hæstv. ráðherra að stíga þarna fyrsta skrefið að því að sameina allt þetta á eina hönd. Ég spyr því: Er það raunverulegt áform hæstv. ráðherra? Nú vil ég taka fram að ég er ekki endilega að segja að það væri slæmt. Ég hugsa að það félli að ýmsu leyti vel að þeirri heildarmynd sem ég hef í fyrri hluta ræðu minnar dregið upp af nauðsyn uppstokkunar í stjórnkerfinu, en hæstv. ráðherra verður að tala skýrt. Er það þetta sem vakir fyrir honum? Ég tel að það skipti máli að það liggi fyrir.

Ég vil síðan segja út af orðaskiptum mínum og hv. þm. Kjartans Ólafssonar fyrr í umræðunni að ég er sammála þeim rökum sem hv. þm. færði fyrir því að þeim menntastofnunum sem í dag eru undir landbrn. væri betur komið undir menntmrn. Ég er því ósammála félaga hans úr kjördæminu, hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, sem mér fannst taka allt annan pól í hæðina og hv. þm. hefur auðvitað fyllsta rétt til. En rökin skorti hjá hv. þm. fyrir því af hverju þær ættu að vera undir landbrn. En kannski hef ég misskilið hv. þm.

Ég er líka þeirrar skoðunar að það gæti verið mjög óheppilegt að fara þá leið sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði góða og mælti fyrir í ræðu sinni um að þær rannsóknir sem lúta að plöntum ekki síst kynbótum á plöntum yrðu færðar undan Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fluttar annað. Ég geri mér grein fyrir því að það sem vakir fyrir hv. þm. er að styrkja litla stofnun sem er í kjördæmi hans, og út af fyrir sig er ágætt að hv. þm. vilji byggja upp kjördæmi sitt, en ég er þeirrar skoðunar að einn af helstu vaxtarsprotum landbúnaðar á næstu árum muni einmitt vaxa upp úr rannsóknum á plöntum. Ég tel eins og ég drap aðeins á í andsvari við hv. þm. fyrr í dag að þarna eigi eftir að renna saman mjög flókin vísindi á sviði plöntuerfðafræði, á sviði lyfjaframleiðslu og ýmiss konar efnaframleiðslu. Ég tel að í framtíðinni verði farin sú leið að nýta ýmsar plöntur sem eins konar örsmáar efnaverksmiðjur og ég tel að af því muni spretta mikil verðmæti sem gjörbreyti íslenskum landbúnaði. Það er líka eitt af því sem hv. þingmenn og hæstv. ráðherra verða að gera sér grein fyrir að landbúnaðurinn í dag er ekki sú atvinnugrein sem hún á að vera á morgun. Innan allra atvinnugreina gerist að einstakar hliðar þeirra og þættir blómgast og dafna eins og lifandi vera, ná ákveðnum fullþroska, og síðan dvína þeir og hnigna. Menn mega ekki reyna með handafli að halda í greinar sem eru að ganga sér til húðar vegna breyttra framleiðsluhátta. Það er hægt að halda því fram um sumar greinar landbúnaðarins. Ef við gerum það hættir okkur til að horfa fram hjá þeim kímblöðum sem eru að spretta upp úr moldinni. Þá er ég ekki bara að tala um fiskeldi, ýmsa vaxtarsprota sem tengjast t.d. hrossarækt og öðru, heldur er ég fyrst og fremst að horfa til þeirra miklu möguleika sem

ég sé í plöntuframleiðslu, plöntukynbótum og erfðafræði á sviði plantna. Ég held að það skipti miklu máli fyrir þróun þessarar greinar að við eflum rannsóknarþáttinn og byggjum undir hann. Það gerum við ekki með því að hluta hann í sundur.

Ég sé hins vegar að það hefur hæstv. ráðherra skilið að nokkrum hluta af því að ég sé að í c-lið 2. gr. er bersýnilega gert ráð fyrir því að í tengslum við þessar rannsóknastöðvar verði til slík atvinnutækifæri sem hann fyrir hönd ríkisins telur rétt að styðja.

[14:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einhvern veginn svo að þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson losar sig við stjórnmálamanninn úr skrokki sínum og fer að tala sem vísindamaður þá líður manni vel. Hér flutti hann yfirgripsmikla, góða og sterka ræðu á þekkingarsviði sínu og þakka ég honum fyrir það. Mér finnst alltaf varið í þennan vísindamann og gott að heyra sýn hans á ýmsu í frumvörpunum og þeim áformum sem eru uppi í dag.

Hvað varðar Hólaskóla og Veiðimálastofnun er það alveg rétt sem hv. þm. segir að Hólaskóli er vísindalega í fremstu röð í kringum bleikjuna og raunar á fiskeldissviðinu. Sú sýn sem hv. þm. hefur með Veiðimálastofnun og fram hefur komið í umræðunni hjá öðrum fer mjög vel saman við að styrkja Hólaskóla enn þá meira á sviðum hans. Hann hefur hestinn og rannsóknir á honum. Hann hefur fiskeldið og rannsóknir á fiskeldinu og núna í vaxandi mæli sjávarfiska einnig þannig að hann gerir mjög út á þetta og ferðaþjónustuna að auki. Ég get því tekið undir og deilt hugsunum með hv. þm. Það er auðvitað verkefni sem vert er að skoða hvort það megi styrkja vísindin enn meir og skólastofnunina með því að Veiðimálastofnun og Hólaskóli yrðu eitt í framtíðinni.

Ég hef ekki tíma til að koma inn á fleiri atriði en mun tala aftur síðar.

[14:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó ég kunni því vel að hæstv. landbrh. líði vel þegar hann heyrir í vísindamanninum sem hér talar, kann ég því líka vel að varaformanni Framsfl. líði illa þegar hann heyrir í stjórnmálamanninum Össuri Skarphéðinssyni. Þannig á það að vera.

Herra forseti. Ég tel að eitt af því sem við eigum að skoða er að kanna hvort ekki sé hægt að efla bæði atgervi Veiðimálastofnunar og rannsóknarþróttinn sem klárlega er að brjótast fram í Hólaskóla með því að tengja þessar tvær stofnanir saman. Ég vil taka vara við einu: Ég hef af því erfiða reynslu sjálfur að flytja stofnanir til á landinu með of miklu offorsi. Varðandi hugmyndina sem við erum að ræða og líka varðandi hugmyndina sem er að finna og er aðalatriðið í fyrra frv. hæstv. ráðherra tel ég að við þurfum að fara mjög varlega í að skella saman stofnunum með þeim hætti að of mikið rót verði á högum þeirra góðu starfsmanna sem þar starfa.

Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að Hólaskóli er í fremstu röð að því er bleikjuna varðar, bæði að því er varðar hvers konar rannsóknir og líffræði hennar en ekki síður á sviði kynbóta. Spurningin er hvort svipað væri ekki hægt að gera með urriða sem er einstakur fiskur að því leyti til að hann hefur svo fjölbreyttar erfðir, að það er auðvelt að ná fram sterkum og eftirsóknarverðum þáttum í fari hans. Ég bendi líka á að samvinna Veiðimálastofnunar og Hólaskóla hefur leitt í ljós algerlega nýja þekkingu á sviði annarrar fisktegundar sem er állinn sem gæti bent til þess að við gætum nýtt þá tegund miklu meira en hingað til. Ég tel því að hægt væri að færa fram mörg rök fyrir samtvinnun með þessum hætti. Almennt er ég þeirrar skoðunar að íslenskar stofnanir séu allt of litlar. Það þarf að styrkja þær með því að fækka þeim og sameina þær.

[14:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. má ekki misskilja mig, mér líður aldrei illa undir ræðum hans. Ég var að tala um hvað það væri yndislegt að sjá hvar hjartað slær. Hjartað slær í vísindamanninum og þá er hann sannfærandi og þá veit maður hvaða leið hann er að fara. Hitt er allt með óljósari hætti þegar stjórnmálamaðurinn talar. Þá veit maður í rauninni ekki alltaf hver stefnan er eða hvar hann lendir þegar hann kemur niður.

Hv. þm. minntist á c-lið 2. gr., og fleiri hafa gert það, um að Landbúnaðarháskóli Íslands hafi umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á. Þetta er kannski orðað óskýrt og landbn. þarf í raun að fara betur yfir það. Hugsunin er ekki að taka af hinum skólunum það sem þeir hafa. Þeir hafa sín sérsvið og sín rannsóknasvið en að styrkur landbúnaðarháskólans sé samt með þeim hætti að hann geti sinnt þeim mikilvægu verkefnum sem hann sér um þannig að ég get tekið undir það að orðalagið má endurskoða.

[14:22]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði áðan eftir rökstuðningi mínum um að Landbúnaðarháskóli Íslands ætti að vera áfram undir landbrn. Ég var ekki mikið að fara út í þá sálma í ræðu minni vegna þess að ég tel að það sé önnur umræða og eigi hreinlega ekki við þegar við ræðum þetta mál. Við erum að ræða um að stofna Landbúnaðarháskóla Íslands og það er í sjálfu sér nógu flókið mál því að undir þá umræðu heyra nánast allar stofnanir landbúnaðarins eins og klárlega hefur komið fram í umræðum í dag.

Það er aftur á móti annar handleggur hvort menntun innan landbúnaðargeirans eigi að heyra undir menntmrn. eða landbrn. Ég er mjög efins í því máli. Það hefur verið farsælt fram að þessu að menntunin innan landbúnaðargeirans sé undir landbrn. og ég held að ef við ætlum að færa hana undir menntmrn. ættum við að íhuga það mjög vandlega og ég vil leyfa mér að taka mér svolítið meiri umþóttunartíma í því máli. Eins og ég sagði áðan tel ég að það sé fyrir utan ramma þeirrar umræðu sem við erum að einbeita okkur að núna.

Í sambandi við Veiðimálastofnun er það einu sinni þannig að ein öflugasta deild Veiðimálastofnunar er á Hólum og það er mikið samstarf á milli Hólaskóla og Veiðimálastofnunar í dag þannig að ég átta mig ekki alveg á því af hverju það þarf endilega að færa Veiðimálastofnun norður. Ég held að það væri miklu farsælla ef Veiðimálastofnun hefði aðalstöðvar sínar á Hvanneyri í tengslum við nýja landbúnaðarháskólann. Ef við ætlum að búa til landbúnaðarháskóla á Hvanneyri þurfum við að gera það almennilega, búa til sterkan og öflugan háskóla sem hefur náin tengsl t.d. við háskólaumhverfið á Stór-Reykjavíkursvæðinu, t.d. við líftækniiðnaðinn á Stór-Reykjavíkursvæðinu varðandi plönturannsóknir, fiskirannsóknir, dýrarannsóknir, erfðafræðirannsóknir og annað þar fram eftir götunum. Ég segi því já við öflugum landbún-

aðarháskóla á Hvanneyri og við eigum að vanda virkilega til verka í því máli.

[14:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hæstv. landbrh. er að gera er að byrja ákveðna uppstokkun. Ég óttast að hann hafi ekki mikinn hug á því að fara mikið lengra en birtist í frv. Ég tel hins vegar að það skipti miklu máli að við ráðumst í að skipta verkum Stjórnarráðsins með allt öðrum hætti en nú er gert og ég tel að það væri æskilegt eins og ég sagði áðan að fækka stofnunum til þess að sameina þær og styrkja.

Ég er þeirrar skoðunar, andstætt því sem fram kom hjá hv. þm., að það hafi ekki gefist sérstaklega vel að hafa stofnanirnar undir landbrn. Mér finnst sem þær rannsóknastöðvar sem eru undir ráðuneytinu hafi áratugum saman verið of verið vanburðugar og sumum verið betur komið ef þær hefðu verið sameinaðar miklu fyrr. Ég er þeirrar skoðunar t.d. að það eigi að sameina Skógrækt og Landgræðslu og ég hef þegar lýst skoðunum mínum á Veiðimálastofnun sem ég tel að hafi goldið fyrir það hvað hún hefur verið ein á berangrinum lengi. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að menn skoði þann möguleika hvort nánara samstarf Veiðimálastofnunar og Hólaskóla geti í framtíðinni leitt til þess að báðar stofnanirnar muni eflast. Gleymum því ekki að það er komið upp mikið rannsóknaratgervi í Hólaskóla. Sá skóli er kominn í fremstu röð í heiminum á tilteknu sviði. Ég tel að við eigum að efla það. Við eigum alltaf að efla þá skóla og þær stöðvar sem skara fram úr og það hefur þessi skóli gert.

[14:27]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú má enginn túlka orð mín svo að ég vilji hallmæla Hólaskóla á nokkurn hátt, enda gamall Hólasveinn sjálfur. Ég get lýst því yfir að ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í því að það þarf að taka til í landbúnaðargeiranum og það þarf að sameina stofnanir landbúnaðarins og endurskoða þetta allt frá grunni. Ég sagði áðan í ræðu minni að það þyrfti að fara í þá vinnu og það er sú umræða sem við eigum að taka núna í tengslum við umræðuna um Landbúnaðarháskóla Íslands.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist áðan á að hann hefði slæma reynslu af því að flytja stofnanir út á land með miklu offorsi og gera of miklar breytingar í einu með miklu offorsi. Ég tel að það sé í sjálfu sér nógu stórt skref að gera þessa nauðsynlegu tiltekt, stofna landbúnaðarháskólann og taka frekar umræðuna seinna um það hvort hann eigi að heyra undir landbrn. eða menntmrn.

[14:28]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála túlkun hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á röksemdum mínum fyrr í umræðunni um að ég vilji að menntastofnanir landbúnaðarins fari skilyrðislaust undir menntmrn. Ég vildi hins vegar fá það inn í umræðuna og fannst það sjálfsagt. Það hefur verið gert og mér finnst það mjög jákvætt.

Það sem meginmáli skiptir er það fjármagn sem fer til atvinnugreinarinnar hvað varðar menntun, rannsóknir og leiðbeiningar. Það verður að segjast eins og er að Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum hafði forustu um að tengja saman menntunina, rannsóknirnar og leiðbeiningarnar. Í þeim skóla hefur verið stunduð kennsla á margháttuðum sviðum innan garðyrkjunnar. Þar hafa verið rannsóknir á mörgum sviðum innan þess fags og svo hafa ráðunautar sem störfuðu hjá Bændasamtökum Íslands flust að Reykjum. Þessar þrjár greinar hafa því verið stundaðar þar um nokkurt skeið, sem er nýmæli. Það er kannski það sem verið er að gera með lagabreytingunni núna. Það er verið að færa rannsóknirnar í hinum hefðbundnu búgreinum að skólanum og það er til bóta.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að gera hv. þm. upp þær skoðanir að taka ætti menntastofnanir landbúnaðarins og færa þær skilyrðislaust undir menntmrn. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að enginn í þessum umræðum hafi flutt eins góð rök fyrir því að flytja þær stofnanir undir menntmrn. og hv. þm. Kjartan Ólafsson. Hann sagði A-ið með hárri og snjallri röddu en lagði ekki í að segja B-ið. Hann er hræddur við hæstv. landbrh. og mér finnst að hv. þm. eigi ekki að kitla hæstv. ráðherra undir iljunum með því að færa öll rökin fyrir þeim flutningi en leggja síðan ekki í að segja það sem bersýnilega er skoðun hans sem er að þetta eigi að gera. Menn eiga að standa fyrir því sem þeim finnst. Hv. þm. hefur flutt þessi rök í nokkuð snjöllu máli en ég get svo sem vel skilið að hæstv. landbrh. hafi þessi tök á þingmönnum Sjálfstfl. Sem betur fer hefur hann ekki þau tök á þingmönnum Samf. í þessu máli. Við höfum alveg skýra og afdráttarlausa stefnu um það. Við teljum að sumt af því sem hæstv. ráðherra er að gera sé jákvætt, enda væri það skref að því stærra markmiði sem við höfum lýst.

Hvað varðar skólann á Reykjum er ég alveg sammála hv. þm. um að þar eru menn að mörgu leyti að vinna ákaflega gott starf. Ég held reyndar að þó að Rannsóknastofnun landbúnaðarins væri flutt með þessum hætti að Hvanneyri útilokaði það ekki áframhaldandi starf og þróun á þessu sviði á Reykjum. Allt vísinda- og rannsóknastarf í dag gengur út á samvinnu. Við eigum að nota aðstöðu og atgervi þar sem hægt er en ég held að hvað varðar þetta tiltekna mál skipti það svo miklu máli fyrir þróun landbúnaðarins og fyrir verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi í framtíðinni að við verðum að gera allt til að efla vaxtarsprota sem er að brjótast upp úr moldinni.

[14:32]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. álasar mér fyrir að ég hafi ekki sagt A í þessari umræðu (**ÖS:** Ég sagði það ekki.) Að ég hafi sagt A en ekki B. Gott og vel. Ég mun auðvitað segja D úr þessum ræðustól og ekkert annað en D og hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson segir B en sumir eru hættir að segja A í pólitík á Íslandi og segja eitthvað allt annað.

[14:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. sé ekki glaður yfir því að það birtist þingheimi með þessum hætti hversu sterk tök hæstv. landbrh. hefur á hinum góða þingmanni Sjálfstfl. í Suðurk. Ég get hins vegar ekkert gert við því annað en stappa stálinu í hv. þm. og hvetja hann til að standa fast við skoðanir sínar. Hv. þm. sagði að það hefði verið ætlan sín að draga þessa hlið málsins inn í umræðuna. Honum tókst það svo sannarlega en hvað var það sem vakti fyrir honum með því að draga þetta inn í umræðuna? Var það að fá einhverja aðra til þess að segja B-ið sem hann vildi ekki segja sjálfur?

Ég tel að þegar menn hafa fært eins ágæt rök og hv. þm. fyrir því að flytja eigi þessar stofnanir yfir í annað ráðuneyti

beri þeim eiginlega hálfgerð skylda til þess að undirstrika það með því að segja það skýrt og skorinort. Ég vænti þess að þegar málið kemur til 2. umr. komi hv. þm. og greini vafningalaust frá því hvað honum finnst um þetta efni.

[14:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Atvikin höguðu því svo að ég gat ekki fylgst með fyrri hluta umræðunnar fyrir hádegi í dag en hafði þó fullan áhuga á því. Ég kem því kannski svolítið utan frá inn í málið og bið þá velvirðingar á því. Ég hef ekki hugsað mér að halda langa ræðu en mér þykir nauðsynlegt að fá svör frá hæstv. landbrh. um ákveðna þætti málsins áður en 1. umr. um það lýkur. Hér er um flókið og viðamikið mál að ræða sem er eðlilegt að fái viðurhlutamikla umfjöllun í landbn. þingsins og jafnvel líka í hv. menntmn. því að ég er þeirrar skoðunar að hugleiða þurfi menntunarþáttinn í málinu alveg sérstaklega. Mér segir svo hugur að ákveðnir þættir í frv. um breytingu á lögum um búnaðarfræðsluna gætu verið að ganga á svig við þær almennu reglur sem við höfum sett okkur í háskólasamfélaginu og ef svo er er það afskaplega miður. Og ef vinna á málið hratt á þeim nótum sem hæstv. ráðherra óskaði eftir í flutningsræðu sinni held ég að það sé afskaplega mikilvægt að menntmn. komi að málinu til þess að við tryggjum samræmingu á milli háskóla landbrn. og háskóla menntmrn., að við búum til samhljóm á háskólastiginu. Ég held að menntmn. Alþingis sé best til þess fallin að leggja mælikvarða sinn á málið á skjótan og ábyrgan hátt. Ég óska því hreinlega eftir að það fari til skoðunar frá landbn. til menntmn. með þá þætti í huga sem ég hef rakið.

Við lestur þessara frv. virðulegi forseti, virðist manni örlítið skorta á að hæstv. ráðherra leggi fram skýrt afmarkaða stefnu eða markmið um menntunarmál landbrn. Ég verð að segja að mér finnst ákveðnir þættir í breytingunum illa undirbyggðir og vil ég t.d. nefna það sem hæstv. ráðherra leggur til, eins gott og það er, að auka tengsl háskóla landbrn. við atvinnuvegina, þá sé ég ekki að það þurfi að gera á kostnað starfsfólks og nemenda í skólunum. Ég geri því alvarlegar athugasemdir við það að hér skuli eiga að hverfa frá því að starfsmenn og nemendur hafi fulltrúa sína í háskólaráðinu og hefði kosið að hæstv. ráðherra skýrði það nánar hvers vegna hann leggur slíkt til og eflaust eru fleiri ræðumenn á undan mér búnir að koma inn á einmitt þetta atriði.

Það samræmist heldur ekki háskólavenjum að hæstv. ráðherra skipi rektor án tilnefningar. Ég vil að hæstv. ráðherra skýri það fyrir okkur í þessum sal við 1. umr. hvers vegna hann leggur til að svo verði gert því það er ekki í anda þess sem gert er í öðrum háskólum.

Síðan langar mig til að koma aðeins inn á það, þar sem ég er að fjalla um háskólaráðið, að menn horfi aðeins víðar yfir sviðið en virðist gert í þessum frv. Það eru ákveðin mál sem koma við sögu í landbúnaðarháskólunum, og Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri kannski sérstaklega, sem varða byggðamál, skipulagsmál, náttúruverndarmál og önnur umhverfistengd mál. Ég spyr þá sjálfa mig hvort það gæti ekki verið efni a.m.k. til að hugleiða að umhvrn. ætti hér einhverja aðkomu eða stofnanir umhvrn. Mér finnst það efni sem vert er að hugleiða í þessu sambandi af því að landbúnaðarmálin eru umhverfismál og mér finnst að hugsa megi til þess þegar verið er að opna lög af þessu tagi og gera breytingar á þeim á þeim nótum sem hér er verið að gera, að við eigum að horfa vítt yfir sviðið og skoða tengslin á mjög breiðum grunni. Ég legg því til að nefndirnar skoði það aðeins að hér geti kannski verið hægt að undirbyggja enn frekar það öfluga starf sem fram fer í landbúnaðarháskólunum með því að tengja það inn á þau lög sem varða náttúruvernd, skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum, landnýtingu alla og jafnvel lög um hollustuhætti, sem eru lög sem varða umhvrn. og stofnanir þess.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra út í reglugerðarvaldið sem sett er fram í 15. gr. frv. um búnaðarfræðsluna. Þar kemur fram að landbrh. eigi að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands og þá vil ég beina sjónum sérstaklega að rannsóknasviðinu. Mér þykir umhugsunarvert á hvern hátt því eru gerð skil í þessum frv. Ég held að það séu einar fjórar greinar í frv. sem fjalla um rannsóknasviðið. Það er auðvitað mjög mikilvægt að rannsóknasviðið eigi sér lagastoð og að sú skilgreining sem þar er til staðar sé sem öruggust. En þá spyr ég: Hvers konar reglugerð sér hæstv. landbrh. fyrir sér að hann muni setja varðandi starfsemi rannsóknasviðs landbúnaðarháskólans? Við vitum öll sem hér erum inni að það skiptir verulegu máli að rannsóknasvið háskóla sé öflugt og hafi mikið sjálfstæði. Þetta höfum við rætt hvað eftir annað undanfarin ár og það verður að tryggja kraft og sjálfstæði rannsóknasviðs landbúnaðarháskólans líka. Ég spyr hvers konar reglugerðarsetningu hæstv. landbrh. sjái fyrir sér og ekki óeðlilegt að eitthvað um það mál komi fram í ræðu hans þegar við ljúkum 1. umr.

Að lokum er kannski ein spurning sem leitar á mig og hún tengist því sem hv. þm. hafa verið að ræða rétt á undan mér, þ.e. varðandi stöðu Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins. Ég held að koma þurfi skýr svör við því hvaða stöðu þessir skólar komi til með að hafa eftir þær breytingar sem hér er verið að leggja til. Það er afar mikilvægt að hæstv. landbrh. svari þeirri spurningu áður en við ljúkum 1. umr. málsins.

Um leið og ég lýk máli mínu vil ég auðvitað segja að í landbúnaðinum eru miklir vaxtarbroddar. Þar er mikil gerjun í gangi og þar eru gífurleg tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að gera enn betur en við höfum verið að gera hingað til. Ég tel þá landbúnaðarháskóla sem starfa hér á landi hafa verið að leiða okkur það fyrir sjónir hversu óplægður akurinn í raun og veru er og hversu miklu meiri víðsýni við þurfum að sýna og viðhafa og þá kannski við sem hér erum, stjórnmálamennirnir, því að ég held að fólkið sem starfar á þeim akri sé með mjög spennandi hugmyndir í farteskinu og ég held að hlutverk okkar sé fyrst og fremst að búa til þann vettvang og það umhverfi að allar þær spennandi hugmyndir fái að blómstra.

[14:42]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Hér eru tvö frv. til 1. umr. Ég ætla að byrja á að lýsa því yfir að ég er ákaflega ánægður með að menn skuli hafa stigið þetta skref. Landbúnaðarháskólarnir og stofnanir landbúnaðarins, menntastofnanir, hafa verið til umfjöllunar nokkuð lengi, í mörg ár, og nokkuð margar nefndir hafa fjallað um þá og reynt að gera tillögur um framtíðarskipan þeirra. Nefndirnar hafa gengið mislangt. Sú sem gekk lengst fyrir um 3–4 árum lagði til að allar þessar stofnanir yrðu sameinaðir undir einn hatt og gerðar að einni stofnun. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga og var stungið niður í skúffu. Ég held að það sé eðlilegt og ekkert og skrýtið við það. Það voru of stórir bitar til að kyngja. Menn þurfa að fara varlega í slík mál og ég tel að hæstv. landbrh. hafi einmitt

farið rétta leið með þessum frv. en með þeim er verið að sameina tvær stofnanir og það er aðalatriði málsins. Verið er að færa Rannsóknastofnun landbúnaðarins, RALA, undir Háskólann á Hvanneyri. Það er stóra skrefið og því ber að fagna mjög vel.

Það getur enginn háskóli þróast og orðið alvöruháskóli nema rannsóknastarfið sé þar knýtt fast við þannig að það er ástæða til að vera mjög ánægður með það. Hvernig sem framtíðarskipanin verður, og við eigum nokkrar skýrslur um það, kann vel að vera rétt að við þurfum að efla tengslin milli þessara stofnana í framtíðinni og ég held að það sé enginn vafi að við munum gera það. Ég er mjög sammála hæstv. landbrh. og ég er líka mjög sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um þá sýn sem hann hafði til þessara hluta í ræðu sinni í dag. Ég er þeirrar skoðunar að ríkið þurfi að hætta að reka þessar rannsóknastofnanir öðruvísi en að tengja þær háskólunum, tengja þær háskólastarfinu í landinu.

Við höfum ekkert að gera með Iðntæknistofnun. Mikið af starfsemi hennar má leggja niður. En það sem við getum ekki án verið á náttúrlega að fara undir Tækniháskóla Íslands. Þannig eigum við að gera þetta.

Við höfum ekkert að gera með Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á mörgum sviðum. En á þeim sviðum sem við þurfum á henni að halda, þar sem hún vinnur grundvallarrannsóknir, þá á að sameina hana Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Það á líka að gera hið sama við Hafrannsóknastofnun. Við eigum ekki að láta ríkið reka einstakar stofnanir sem múra sig inni í eigin hugmyndum, loka af umræðuna og vísindin. Við eigum að færa þær allar inn í háskólana og tryggja þar með frjálsa umfjöllun vísindamanna um þau verkefni sem eru okkur svo brýn.

Ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að Veiðimálastofnun væri mjög vel komin við háskólann að Hólum, mjög sammála því. Ég held að það gæti vel verið næsta skrefið sem við þurfum að stíga.

Ég hef setið í einni þeirra nefnda sem fjallað hafa um þessa skóla, sérstaklega um Hvanneyri. Ég sat þar með ágætum prófessor, Jóni Torfa Jónassyni. Niðurstaða okkar í þeirri nefnd varð t.d. sú að það ætti ekki að sameina Hvanneyrarskóla og Hólaskóla. Talið var til bóta að hafa Hólaskóla sem sjálfstæðan skóla. Það mundi efla metnað og samkeppni, skólinn væri góð stofnun sem mundi þróast og dafna best eins og hann er. Það var niðurstaða okkar. Ég er alveg ósammála hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur um að með frv. séum við að vanvirða Hólaskóla eða skólann að Reykjum í Ölfusi. Ég get ekki með nokkru móti séð það. Ég held að þær geti ekki haft nema gott af því, allar þessar stofnanir, ef okkur tekst að efla Hvanneyrarskóla og styrkja eins og ætlunin er með frv.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir gerði athugasemdir við það að með frv. væri ekki tekið á því sem augljóslega þyrfti á að taka. Ég verð að segja, herra forseti, að ég skildi ekki alveg hvað hún var að fara með því. Það er álitamál hvernig skuli reka þessar stofnanir en ég held að það sé töluverð pólitísk samstaða um að við viljum efla þessar stofnanir. Við gerum okkur öll grein fyrir því, hvar í flokki sem við stöndum, að það er Íslandi, íslenskum landbúnaði og íslensku atvinnulífi, ákaflega mikilvægt að efla þær til að verða styrkari stoðir í framtíðinni, bæði fyrir menntun og fyrir landbúnaðinn sem heild.

Ég fagna þessum frv. Ég vil styðja það og styrkja og tel að þetta skref að sameina RALA og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri sé fyrsta skrefið. Ég tel að hæstv. landbrh. hafi með því sýnt fyrirmynd sem aðrir ráðherrar ættu að hugleiða og stíga slík skref með stofnanir sínar sem hæstv. landbrh. hefur gert með RALA, sameina rannsóknastofnanir háskólastarfinu í landinu.

[14:48]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. þau orð sem hann lét falla. Inntakið í ræðu hans var þess eðlis að ég hef tilhneigingu til að vera sammála því. Ég er sammála því að hér sé verið að gera góðan hlut, að setja Rannsóknastofnun landbúnaðarins undir landbúnaðarháskólann.

Spurningin sem kemur upp í hugann, sem mig langar til að hv. þm. svari af því að hann er þingmaður fyrir annan stjórnarflokkanna, er hvort við eigum að vænta þess að frumvörp af þessu tagi sem við hér fjöllum um komi í einhverjum mæli inn í þingið. Kannski svaraði hann mér með lokaorðunum sínum þar sem hann beindi í raun orðum sínum til annarra ráðherra í ríkisstjórninni. Hann hvatti til þess að þeir hugleiddu að gera slíkt hið sama og hæstv. landbrh. er að gera núna. Að hálfu leyti er hann búinn að svara mér. En mig fýsir að vita hvað hv. þm. og flokkur hans eru að gera í þessum efnum til að sjá til þess að samruni af því tagi sem hann gat um í ræðu sinni geti farið af stað.

[14:50]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt eru þessar vísindastofnanir og rannsóknastofnanir í umsjón ráðuneytanna og ráðherranna. Þeir stjórna hver sínum málaflokki og eru töluvert sjálfstæðir á Íslandi eins og allir vita.

Ég get ekki svarað þessari spurningu öðruvísi en kom fram áðan. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að reka rannsóknastofnanir af neinu tagi nema gagnvart grundvallarrannsóknum og eigi þá undantekningarlaust að tengja slíka starfsemi háskólum á Íslandi, ekki reka sjálfstæðar stofnanir, allra síst stofnun eins og Hafrannsóknastofnun Íslands, stofnun sem lokar sig af, bannar umræður og telur sig eina vera bæra til að fjalla um mál. Það er stórhættulegt vísindunum, stórhættulegt atvinnulífinu og allri framþróun ef við tryggjum ekki að vísindin séu frjáls og sjálfstæð og að umræðan geti átt sér stað milli vísindamanna. Það er hreyfiaflið. Það getur enginn komið og sagt: Ég einn hef rétt fyrir mér. Enginn getur gert það. En umræðan er hreyfiafl þekkingarinnar. Þess vegna verðum við að tryggja slíka útfærslu á þátttöku ríkisins og stuðningi ríkisins við vísindi og rannsóknir.

[14:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar alveg á þeim nótum sem ég sjálf tala á og ég er sammála honum um að við eigum að efla vísindastofnanir okkar. Við eigum að efla tengsl vísindastofnana við háskólana og efla rannsóknasvið allra háskóla í landinu.

Af því að hv. þm. er varaformaður fjárln. Alþingis þá bið ég hann að hafa í huga, þegar hann fer að sinna fjárlögum næsta árs, þessi orð sín. Það skortir viljann á það hjá stjórnvöldum og fulltrúum stjórnarflokkanna að þessi stefna sé sýnd í verki, að nægilegt fjármagn komi inn á rannsóknasvið háskólanna. Það á við um alla háskóla, bæði þá sem heyra undir menntmrn. og landbrn. Nú brýni ég hv. þm. og treysti því að hann minnist þessara orða sinna þegar

hann tekur á fjárlagavinnunni fyrir næsta ár og fjárlagavinnu framtíðarinnar.

[14:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skal upplýst að fjárlagavinna fyrir árið 2005 er löngu hafin. Hún er reyndar langt komin eins og vanalegt er. Hitt er annað mál að á undanförnum árum og áratug hafa Íslendingar verið að reka að sér slyðruorðið varðandi opinbert framlag til vísinda. Þau hafa gert það í stórum stíl. Við vorum mjög neðarlega fyrir tíu árum í alþjóðlegum samanburði. Ekkert land innan OECD hefur bætt sig meira en Íslendingar. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm. að við megum gera betur, það er vilji margra og ég vona meiri hlutans.

En allur þingheimur verður að muna að það þýðir ekki að eyða sömu peningunum tvisvar. Ef við erum búin að eyða þeim í eitthvað áður þá duga þeir ekki aftur.

[14:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti það skipta máli að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er á nákvæmlega sömu línu og ég varðandi frelsi rannsóknastofnana. Það skiptir verulegu máli að íslenskir vísindamenn hafi frelsi til að rannsaka með þeim aðferðum sem þeir vilja. Hv. þm. tók sérstaklega dæmi af Hafrannsóknastofnun. Ég er alveg sammála hv. þm. um þetta. Ég tel varðandi þá stofnun að þar hafi menn búið til ákveðna opinbera rannsóknastefnu og gert hana að pólitískri kreddu.

Það er einfaldlega orðið þannig að ekki einu sinni þingmenn geta aflað sér upplýsinga frá starfsmönnum þeirrar stofnunar nema fara allra náðarsamlegast í gegnum forstjóra stofnunarinnar. Það er af sem áður var þegar alþingismenn og aðrir gátu tekið upp símann og fengið allar þær upplýsingar vafninga- og umbúðalaust sem þeir vildu.

Ég sagði í ræðu minni fyrr í dag að ég teldi að það ætti að skoða mjög vel hvort ekki ætti að flytja flestar rannsóknastofnanir sem í dag eru tengdar atvinnuvegunum undir skyldar háskóladeildir. Ég tel að það skipti verulegu máli. Ég vil hins vegar að það komi fram að ég tel að meginstefnan í því eigi að vera sú að skilið sé á milli, annars vegar vöktunar og eftirlits með auðlindum og hins vegar ákvörðunar um nýtingu þeirra. Það skiptir öllu máli. Ég held að það sé það sem vakir í huga hv. þm. varðandi Hafrannsóknastofnun. En mér finnst gleðiefni að við erum sammála um þetta. Ef *farið yrði að þessum skoðunum okkar hv. þm. þá mundi* það efla verulega þróttinn í íslenskum rannsóknastofnunum og háskólum.

[14:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að undirstrika svo berlega að við erum nákvæmlega sammála um þessa hluti. Það er ágætt og er vonandi svo um fleiri. Ég held að það sé þannig, hæstv. forseti. Ég held að þingheimur, þverpólitískt, geri sér grein fyrir því að við erum ekki á réttu róli varðandi fjármuni til vísinda öðruvísi en tryggja að umræðan sé frjáls, díalógur sé í gangi, hann sé hreyfiaflið sem knýr þetta áfram.

Ég vona sannarlega að þessi umræða verði til að opna augu annarra fyrir því að það er höfuðnauðsyn að gera þessar breytingar. Með frv. hefur hæstv. landbrh. stigið fyrsta skrefið. Ég endurtek þær áskoranir mínar til annarra hæstv. ráðherra að þeir hafi þetta framtak hans sem fyrirmynd.

[14:57]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að heyra hvað Vestfirðinginn hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson getur oft verið ferskur, talað skýrt og skemmtilega og kallað á fjölmörg andsvör. Hann kvaðst ósammála nokkrum atriðum í ræðu minni fyrr í dag og honum er það að sjálfsögðu alveg frjálst. Hins vegar tel ég rétt að ég skýri fyrir honum hvað ég átti við með því að ég teldi að ekki hefði verið unnið nógu vel að frv. Í frv. eru ýmis meingölluð atriði sem hægt væri að skýra með betri vinnu. Ég treysti því að landbn. fari í þá vinnu og inni hana betur af hendi en gert hefur verið í frv. til þessa.

Varðandi það hvort Hólaskóli og Garðyrkjuskólinn að Reykjum séu settir skör lægra en Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í þessu frv., þá fer ég ekkert ofan af því. Það er skoðun mín. Ég tel það skömm og tel að verja þurfi meiri tíma í vinnu á frv. þannig að skólunum sé skapaður sá sess sem þeim ber. Ég fagna því hve góðar undirtektir sú hugmynd hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að flytja Veiðimálastofnun til Hóla, hefur fengið. Þar tel ég að hún eigi vissulega góðan sess vísan og yrði sambærileg lyftistöng fyrir þann háskóla og sameining RALA við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri verður væntanlega.

[14:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt í mínum huga að ef við eflum Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, eins og ég tel að við gerum mjög rækilega með frumvörpunum sem hér eru til umræðu, þá getur það ekki haft önnur áhrif en góð á háskólastofnanirnar að Hólum og Reykjum í Ölfusi. Allt sem við gerum til að efla Hvanneyri getur ekki orðið til annars en efla þær stofnanir.

Það hefur verið unnið mjög vel að því að mínum dómi á undanförnum árum að efla þær. Sérstaklega held ég að það hafi komið mönnum á óvart hve mikill ferskleiki, vinna og samstaða er um Hólaskóla, sem ég þekki betur til heldur en að Reykjum í Ölfusi. Mér er þó sagt að þar sé mjög vel staðið að hlutum. Hins vegar mega menn ekki gleyma því, eins og ég fór yfir áðan í ræðu minni, að fjallað hefur verið um þetta í nokkuð mörgum nefndum. Það eru nokkuð skiptar skoðanir og dálítið breytilegir hagsmunir. Menn hafa skoðað mál frá ýmsum sjónarhornum í aðskiljanlegum skýrslum á undanförnum árum. Það er allt skiljanlegt en aðalatriðið er stóra skrefið, fyrsta skrefið, að sameina RALA og skólann á Hvanneyri. *Það er stigið með þessum frumvörpum og ég* fagna því sérstaklega.

Hins vegar mætti segja að við hefðum átt að geta gengið lengra og gert þetta öðruvísi. Við skulum fjalla um það, fara yfir það af mikilli nákvæmni og leggja í það vinnu í landbn. En stóra skrefið var þetta, að sameina þessar stofnanir og efla þannig háskólann til framtíðar.

[15:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok umræðunnar sem hefur staðið frá því snemma í morgun þakka málefnalegar ræður. Margt hefur komið fram í dag, bæði ábendingar og athugasemdir sem allar eiga rétt á sér því allt orkar tvímælis þá gert er. Ég get tekið undir með hv. þingmönnum að málið kemur fullseint fram en þakka þó fyrir þá hvatningu, ekki síst ýmissa stjórnarandstæðinga sem hér hafa talað, að málið verði unnið með hraði og vandvirkni og afgreitt á þessu þingi.

Ýmis ákvæði í frumvörpunum orka tvímælis. Ég hef farið jafnóðum yfir það í andsvörum og þarf í sjálfu sér ekki að ítreka það, en þingið er þannig gert að einhverjir koma seint og eru í öðrum störfum og það henti hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að hún spurði um hluti sem ég hafði svarað áður og kom fram í ræðu minni. Ég sagði hér einhvern tímann vegna spurningar hv. þm. að ég hefði ekkert á móti því og hefði kynnst því þegar ég starfaði í landbn. að mál væru send til umsagna annarra nefnda. Mér finnst það eðlilegt og leggst ekki gegn því, enda er það þingsins að ákveða það og mér finnst það sjálfsagður hluti af vandvirkni í málinu.

Síðan er spurningin um háskólaráðið. Það er mál sem orkar líka tvímælis og þarf að fara vandlega yfir hvort háskólaráðið sé rétt skipað með þessum hætti. Ég ætla ekkert að fullyrða það. Ef það skapar meiri frið og meiri framtíðarsýn að nemendur og kennarar eigi þar fulltrúa getur breyting á þessu komið til greina af minni hálfu. Hér hefur verið gagnrýnt að Háskóli Íslands skipi einn fulltrúa í háskólaráðið. Ég sagði fyrr í dag að þó þessi mikla háskólaþróun hafi tekið við og margir háskólar verið stofnaðir lít ég á Háskóla Íslands sem föður og móður hinna háskólanna og hef fundið það sem landbrh. hversu mikilvægt er að vera í góðum tengslum við Háskóla Íslands sem er gríðarlega sterk stofnun á gömlum merg. Landbúnaðarskólarnir á Reykjum, Hvanneyri og Hólum hafa átt ágætt samstarf við Háskóla Íslands þannig að þegar valið stóð þarna um einhver atriði varð þetta niðurstaðan. En þetta mun landbn. og þingið fara vel yfir.

Eins er það með tilnefningu rektors. Lagt er til að starfið verði auglýst og ráðherra skipi í það. Ég tel það eðlilegt, en það getur orkað tvímælis og e.t.v. eiga menn að fara eftir annarri venju í því. Það verður metið í þinginu og farið vel yfir það.

Hvað varðar reglugerðina í kringum rannsóknirnar sem hv. þm. minntist á varð niðurstaðan sú þegar kom að liðnum með rannsóknirnar að orðið „reglur" sem hafði verið áður var talið geta valdið misskilningi. Talið var hefðbundnara og stjórnskipulega skýrara að setja reglugerð þar sem um er að ræða heimild ráðherra til að kveða nánar á um skipulag og starfsemi stofnana. Ég vil taka það alveg skýrt fram að ég er hjartanlega sammála hv. þm. og því sem fram hefur komið í umræðunni að ég lít á reglugerðina sem reglugerð til að kveða skýrt á um sjálfstæði rannsóknanna fyrst og fremst.

Síðan hefur hvað eftir annað komið fram hjá einstaka þingmönnum að verið sé að niðurlægja Hólaskóla og Garðyrkjuskólann. Það er alrangt. Þetta snertir þá skóla í sjálfu sér ekkert. Ég tek undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að hver sá skóli sem styrkist á þessu sviði hann styrkir hina og Hólar og Reykir eru háskólastofnanir. Landbúnaðarháskólinn er háskóli og sjálfstæði Hólaskóla og Garðyrkjuskóla er mikið og þeir missa ekki neinn spón úr aski sínum við þessa breytingu.

Hins vegar er það rétt sem fram hefur komið í umræðunni, m.a. í ágætri ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar síðdegis, að það er auðvitað mikilvægt að huga að því hvernig rannsóknirnar og vísindin koma í meira mæli að skólanum. Þar eiga þau verkefni að vera.

Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir hvernig hún fjallaði um landbúnaðinn og hvernig hún sér þau tækifæri. Ég fagna svona umræðu. Hún sér þá nýsköpun sem er í íslenskum sveitum. Sannarlega er nýsköpun á mörgum sviðum og þó það hafi verið erfiðleikar í einhverjum búgreinum eins og sauðfjárræktinni er nýsköpunin í sveitunum mikil. Við sjáum það t.d. í kringum íslenska hestinn. Það er engin spurning að þegar það stóra verkefni var sett að Hólaskóli yrði í rauninni reiðkennaraskóli Íslands og fjallaði um rannsóknir og vísindi í kringum hestinn hefur það gefið atvinnulífinu kringum hestinn ómæld tækifæri og er enn að því. Við sjáum hvernig hrossabúgarðarnir hafa byggst upp og hvernig þrautþjálfað fólk, kennarar, reiðkennarar og hálærðir vísindamenn í kringum hestinn hafa hjálpað atvinnuveginum. Þetta sjáum við einnig í skógræktarverkefnunum sem eru ný af nálinni. Hámenntað fólk er komið heim, búið að nema þau fræði og sest að á landsbyggðinni og sveitirnar eru að rísa og breytast með því. Það er því rétt sem hv. þm. gat um að það er mikil nýsköpun í íslenskum sveitum og mikil tækifæri sem þar liggja. Þess vegna er svo mikilvægt að endurskipuleggja bæði skólana og stofnanir landbúnaðarins, eins og hér er hafin vegferð að og hefur reyndar verið í gangi á fleiri sviðum.

Ég hygg að ég hafi komið að flestu því sem orkaði tvímælis, bæði í ræðu hv. þm. og annarra fyrr í dag. Ég vil ítreka og taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni sem mér fannst varpa sterku ljósi á það að hann saknaði þess að sjómannaskólinn hefði ekki verið atvinnuvegaskóli áfram og væri kannski í sterkari stöðu í dag ef hann væri það.

Við höfum minnst á iðnmenntun og verkmenntun í dag. En það er enginn vafi á því að það frelsi sem landbúnaðarháskólarnir hafa haft hefur gefið góða raun í nýsköpun. Það má ekki gleyma Reykjum í Ölfusi sem hefur útskrifað og haft mikil áhrif á umgengni í landinu með útskrift á mjög færu fólki á skipulagssviðum garðyrkjunnar, bæði í þéttbýli og dreifbýli, þannig að eins og fram hefur komið hafa þessir skólar verið reknir með fullum dampi þótt þeir hafi átt sína erfiðu tíma.

Ég gat um það fyrr í umræðunni að þegar hv. þm. Jón Bjarnason var skólastjóri, og kannski enn þá betri skólastjóri en stjórnmálamaður þó ég ætli nú ekki að gera lítið úr stjórnmálamanninum (**JBjarn:** Þú ættir líka að vera í öðru.) Jóni Bjarnasyni, vann hann mikið framtíðarstarf og var framsýnn og lagði grunn að sterkum skóla og þó hann hafi flogið á þing heldur sú þróun eðlilega áfram á þeim grunni sem hann skóp á Hólum.

Ég vona satt að segja að málið fái góða meðferð í þinginu. Ég þakka allar þær jákvæðu ræður og þann stuðning sem landbúnaðurinn hefur fengið í þinginu í dag við þessa umræðu og vona svo sannarlega að málið nái fram nú á vorþingi.

[15:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og þingmönnum fyrir skemmtilega og upplýsandi umræðu í dag og ég held að ef ráðherra og þingið ber gæfu til að taka mið af mörgu sem fram hefur komið í gagnrýni okkar þingmanna á frumvörpunum verða þau ansi góð að lokum.

Ég mundi vilja að það kæmi skýrar fram hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst bregðast við gagnrýni á annars vegar skipan háskólaráðsins og hins vegar skipan rektors. Ég held að þarna sé um stórmál að ræða hvað varðar viðgang og vöxt Landbúnaðarháskóla Íslands að nemendur og kennarar fái fulltrúa í háskólaráðið þó það sé jafnvel á kostnað Háskóla Íslands. Ég held að það væru góð skipti, annars hiklaust að endurskoða skipanina og finna fulltrúa nemenda og kennara stað.

Hitt málið sem skiptir enn þá meira máli til að tryggja trúverðugleika og sjálfstæði þessarar háskólastofnunar, er hvernig rektor er valinn. Ráðherra gaf áðan til kynna að hann mundi jafnvel taka mið af þeirri gagnrýni sem fram kom á skipan mála, en þó ekki. Ég held að það skipti meginmáli til að tryggja þessari nýju stofnun sem við ætlum svo mikið hlutverk til að efla sveitirnar og landbúnaðinn og skapa ný tækifæri út um hinar dreifðu byggðir landsins sem við sem höfum talað í dag erum öll sammála um að sé mikilvægt markmið og verði að ná fram að ganga. Öflug rannsókna- og kennslustofnun á sviði landbúnaðar skiptir þar öllu máli og er algjör grundvallarstofnun undir endurreisn sveitanna þar sem þess þarf og annars staðar eflingu.

Því vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann vilji ekki endurskoða það að rektor skólans verði valinn með lýðræðislegum og eðlilegum hætti, en ekki skipaður beint af ráðherra sjálfum.

[15:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa því yfir sem ráðherra að flest þau mál sem ég hef flutt í minni tíð hafa fengið góða meðferð í þinginu og oft komið betri út en þau komu inn. Ég treysti sannarlega þinginu og þingið er til þess, löggjafarsamkoman, að fara yfir vafaatriði málsins, endurskoða, hlusta á raddir þeirra sem kallaðir verða til og breyta í samræmi við þær. Ég segi því við þingið: Í ykkar hendur er málið falið. Ég hef rætt það bæði við formann landbn., hv. þm. Drífu Hjartardóttur, og varaformann, hv. þm. Magnús Stefánsson, sem sátu í nefndinni um málið og lögðu það í mínar hendur að mörgu leyti með því fólki sem með þeim vann, að það verði að fara vel yfir gagnrýnisatriðin í nefndarstarfinu og meta þau út frá hagsmunum Landbúnaðarháskóla Íslands í framtíðinni og ekki síður landbúnaðarins og í leiðinni þess trúverðugleika sem ég tel mikilvægt að ríki um val á æðstu mönnum við slíka stofnun.

[15:15]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að gleðjast lítillega yfir því að hæstv. ráðherra virðist beina því til hv. landbn. að hún taki málið til skoðunar með þeim gleraugum að úr þessu meginatriði megi bæta. Hæstv. ráðherra tók undir það að án trúverðugleika er öflug rannsókna- og kennslustofnun á háskólastigi akkúrat einskis virði. Það að rektor sé skipaður beint af ráðherra sjálfum selur gagnrýnendum sjálfdæmi um það að brigsla skólanum og stjórnendum hans pólitíska múlbindingu hvers konar þegar rektor er skipaður beint af ráðherra, æðsta yfirmanni viðkomandi stofnunar. Það er stílbrot við hvers konar skipan mála á háskólastigi. Það hefur alltaf verið algjört grundvallaratriði við uppbyggingu háskóla út um allan heim um þær aldir sem háskólar hafa tíðkast í þeirri mynd sem við þekkjum þá, að tryggja sjálfstæði háskólanna. Ósjálfstæður háskóli undir járnhæl stjórnmálamanna hverju sinni er einskis nýt stofnun sem við viljum ekki sjá í menntaflóru okkar. Þess vegna rak mig í rogastans þegar frv. var lesið og fram kom að skipan mála væri með þeim hætti að horfið væri aftur til einhvers sem við þekkjum ekki úr rekstri og starfsemi háskóla, að ráðherra skipi rektor beint. Ég vona að hv. landbn. taki það sem áskorun frá okkur sem hér höfum talað og jafnvel jákvætt vink frá hæstv. ráðherra að henni leyfist að breyta þessu atriði.

Hins vegar ætla ég að ítreka ósk nokkurra okkar sem höfum talað í dag um að frv. verði einnig vísað til hv. menntmn. og hv. umhvn. Það er mjög mikilvægt fyrir endanlega útkomu þess að málið fari einnig þangað til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 850. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 1307.

[15:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 1307, sem er jafnframt 850. mál, en um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Nánar tiltekið felur frv. þetta í sér breytingar á XIV. kafla laganna um Fiskræktarsjóð, en með því er áformað að færa ákvæði um stjórnsýslu Fiskræktarsjóðs í nútímalegt horf og stuðla að skilvirkari innheimtu gjalda í sjóðinn, svo og setja skýrari ákvæði um gjaldstofna þeirra gjalda sem renna í sjóðinn til að tryggja betra samræmi í stjórnsýslufyrirkomulag og jafnræði gjaldenda.

Aðdragandi að samningu frv. var sá að hinn 1. júlí 2001 fól ég sem landbrh. þeim dr. jur. Gauki Jörundssyni, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, Páli Hreinssyni, lagaprófessor í Háskóla Íslands, og Ingimar Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, að framkvæma heildarendurskoðun á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og semja nýtt frv. um sama efni. Hið nýja frv. til laga um lax- og silungsveiði er enn í vinnslu, en það er hins vegar niðurstaða nefndarinnar að aðkallandi sé að breyta ákvæðum XIV. kafla laganna um Fiskræktarsjóð sem fyrst og að ekki sé ástæða til að bíða með þær breytingar þar til heildarendurskoðun laganna er lokið. Fiskræktarsjóður var fyrst stofnaður með lögum nr. 38/1970, um breyting á þágildandi lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Meginmarkmið sjóðsins frá upphafi hafa verið að efla fiskrækt í landinu, m.a. með seiðasleppingum. Sjóðurinn er mikilvægt tæki í þágu rannsókna á laxfiskastofninum. Nú er svo komið að Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf sem ekki hefur orðið fyrir stórfelldu hruni í laxastofnum, en ástæður þess í öðrum löndum eru sumar þekktar en aðrar óþekktar. Miklu fé er nú varið í nágrannalöndum okkar til verndunar og viðhalds laxastofnum og ýmsar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja að auðlindin glatist ekki. Ljóst er að mikilvægi Fiskræktarsjóðs hefur aukist mjög með tímanum eftir því sem áhrif manna á náttúru landsins hafa orðið meiri og er því mjög þýðingarmikið að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé nútímaleg og stuðli að skilvirkri starfsemi hans.

Ákvæði laga nr. 76/1970, um Fiskræktarsjóð, eru hins vegar orðin nokkuð úrelt og eru lögin því að hluta til ekki virk í framkvæmd. Með frv. þessu er stefnt að því að færa ákvæði laga um Fiskræktarsjóð í nútímalegt horf miðað við raunverulegt hlutverk sjóðsins í dag og að samræma ákvæði laganna hagsmunum og þörfum sjóðsins til þess að hann geti betur sinnt lögboðnu hlutverki sínu í þágu rannsókna á laxfiskastofninum.

Helstu breytingar sem frumvarpið hefur að geyma eru eftirfarandi:

1. Vinnslufyrirtækjum sem stunda raforkuvinnslu með vatnsorku verður gert að greiða 3 prómilla gjald af vergum tekjum af allri sölu á raforku. Samkvæmt gildandi lögum gildir sambærilegt ákvæði ekki um samninga sem gerðir voru við stórnotendur fyrir gildistöku laga nr. 50/1998, þegar ákvæði þetta var fyrst lögfest.

Hér á landi hafa nokkrir eldri samningar við stórnotendur verið undanþegnir gjaldtöku samkvæmt framangreindum ákvæðum. Ef frv. þetta verður að lögum hefur það í för með sér að greiða ber áðurnefnt gjald af allri raforkusölu án tillits til þess hvenær samningar voru gerðir. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er þó gert ráð fyrir að raforkusala til stórnotenda samkvæmt þessum eldri samningum verði undanþegin gjaldskyldu út gildistíma samninganna, en eftir það verður öll sala raforku gjaldskyld.

Þetta þýðir, hæstv. forseti, að stóriðja verður að gjalda íslenskri náttúru gjald í framtíðinni, að vísu ekki hátt, en þó þýðingarmikið gjald sem mun hafa mikil áhrif á Fiskræktarsjóð, vísindastörfin í kringum það og fiskræktina. Hér er því hreyft stóru og þýðingarmiklu máli. Er þar farin sambærileg leið og í mörgum nágrannalöndum okkar, svo sem í Noregi og Svíþjóð.

2. Skýrari reglur eru settar um framtal, álagningu og innheimtu gjalda frá veiðiréttareigendum vegna leigutekna af veiði. Framkvæmd ákvæðisins er eftir sem áður á hendi stjórnar Fiskræktarsjóðs.

3. Skattstjórum verður falið að annast álagningu gjalda á vinnslufyrirtæki sem stunda raforkuvinnslu með vatnsorku. Þessi breyting helgast ekki síst af því að með raforkulögum nr. 65/2003 var komið á samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku og þessi starfsemi telst því ekki lengur til stjórnsýslu hins opinbera. Til að tryggja bæði skilvirka og samræmda innheimtu þessara gjalda er talið nauðsynlegt að fela skattstjórum álagningu og innheimtu þeirra, enda liggja upplýsingar um álagningarstofn gjaldsins fyrir í framtölum vinnslufyrirtækja til skattstjóra.

4. Veiðimálanefnd er gert að gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur Fiskræktarsjóðs sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár.

Á fskj. með frv. þessu er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. um frv. og læt ég nægja að vísa þangað. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv.

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er stefnt að því að efla og styrkja stöðu Fiskræktarsjóðs. Ef frv. þetta verður að lögum mun Fiskræktarsjóði verða gert kleift að sinna betur hlutverki sínu í þágu rannsókna á laxfiskastofnunum. Það er von mín að frv. eigi eftir að hafa þau áhrif að stuðla með beinum eða óbeinum hætti að því að vernda og viðhalda þeirri miklu auðlind sem felst í laxfiskastofnunum okkar um ókomna framtíð. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra að svo stöddu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[15:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er nýmæli sem verið að leggja til varðandi gjald á orkuframleiðendur í landinu með þessu frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er frv. flutt í framhaldi af því að orkuvinnslan er orðin samkeppnisatvinnurekstur og þess vegna sé tilhlýðilegt að leggja þetta gjald á. Gjald hefur áður verið innheimt í Fiskræktarsjóð af tekjum veiðiréttareigenda, en nú er gert ráð fyrir að allir sem virkja vatn og vatnsföll greiði í sjóðinn.

Mér finnst reyndar að upptaka á sértæku auðlindagjaldi eins og þarna er lagt til sé stefnumarkandi ákvörðun sem þurfi að skoðast í víðu samhengi. Ég virði áhuga og sjónarmið ráðherrans varðandi það að efla vöktun og rannsóknir á lífríki vatna og vatnasvæða og hvernig megi gera það bæði að öflugri og enn betri tekjulind og einnig varðveita og styrkja lífríkið. Ég virði það sjónarmið, en þessa nýju tegund af auðlindagjaldi, þessa nýbreytni, tel ég að þurfi svolítið stærri umræðu en að leggja hana bara fram með litlu frv., virðulegi formaður fjárln., Magnús Stefánsson, þó okkur þyki gott að fá peninga í kassann. Það er spurning hvort það ætti ekki að vera almenn skattheimta frekar en sértæk skattheimta. Ég velti því bara upp.

Það sem ég vil líka inna hæstv. ráðherra eftir varðar starfsemi Fiskræktarsjóðs: Hvernig hefur hann starfað og hvernig er honum ætlað að starfa áfram? Það er gert ráð fyrir að honum sé heimilt að veita lán og styrki til framkvæmda er lúta að fiskirækt í ám og vötnum í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

Ég velti fyrir mér lánshlutverki sjóðsins, að við séum komin með sjóð sem eigi að stunda lánastarfsemi og rekstur sem slíkan og vil spyrja hæstv. ráðherra hvort sjóðurinn hafi starfað á þeim grunni hingað til þó svo mér skiljist að það hafi verið lagaheimild til þess, hvort hann hafi verið með almenna útlánastarfsemi. Hver eru heildarútlán sjóðsins nú? Hvernig starfar sjóðurinn sem lánastofnun?

Ég tel mjög umhugsunarvert að stofna til sjóða eins og Fiskræktarsjóðs og annarra slíkra sjóða sem stunda lánastarfsemi. Það er annað að þeir stundi ákveðnar styrkveitingar til ákveðinna verka samkvæmt þeim reglum sem sjóðurinn setur sér en mér finnst mjög sértækt ef sjóður sem þessi getur farið að stunda lánastarfsemi. Ég bið því hæstv. ráðherra að upplýsa hvernig sjóðurinn hefur starfað sem lánastofnun.

Einnig vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig þetta frv. í raun kemur fram. Í ákvæði til bráðabirgða er getið um að þrátt fyrir ákvæði 100. gr. sé sala á raforku samkvæmt samningum um stórnotendur, sem gerðir voru fyrir 18. júní 1998, undanþegin gjaldskyldu út gildistíma samninganna. Ég vil fá að heyra hvaða stórnotendur þetta eru. Hver er sá samningstími sem um þá gildir?

Ég vil fá upplýst, herra forseti, til hvaða aðila er höfðað í ákvæði til bráðabirgða þar sem sagt er að sala á raforku samkvæmt samningum við stórnotendur, sem gerðir voru fyrir 18. júní 1998, séu undanþegnir gjaldskyldu út samningstímann, gildandi samningstíma. Hvaða fyrirtæki er hér um að ræða? Hvaða samninga er hér um að ræða og hvenær renna þeir út?

Samkvæmt skilningi mínum á frv. verður raforkusala til stórnotenda, þótt þeir samningar hafi verið gerðir eftir 1998, ekki virk fyrr en þessir samningar eru útrunnir. Í frv. segir um þetta atriði í athugasemdum, með leyfi forseta:

„Önnur breyting sem gerð er með ákvæðinu felst í því að ekki einvörðungu sérsamningar til nýrra stórnotenda, sem gerðir hafa verið eftir gildistöku laga nr. 50/1998, falla undir ákvæðið heldur allir slíkir orkusölusamningar. Verður ekki séð að það fái staðist 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, að vinnslufyrirtæki séu ekki öll jöfn fyrir lögum og samræmis ekki gætt við skattlagningu á sölu á raforku.“

Þetta er mjög liðugur texti og lipur en ég skil hann þannig að þrátt fyrir að lögin eigi bara að taka til þeirra fyrirtækja sem hafa gert orkusölusamninga eftir 1998 muni stórnotendur þó falla undir hið fyrra ákvæði vegna þess að ekki má mismuna þeim. Lagaákvæðið verður þá ekki virkt fyrr en allir þeir samningar eru útrunnir til að jafnræðis sé gætt. Enda segir í umsögn fjmrn., með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að breiðari tekjustofn geti skilað sjóðnum aukalega 11 millj. kr. tekjum árlega en þó ekki fyrr en samningar sem voru gerðir fyrir 1998 renna út eða þeim er sagt upp."

Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra: Hvaða orkusölusamningar eru það sem gerðir voru 1998 og hér er verið að höfða til? Hvenær renna þeir út? Í öðru lagi: Hver er í raun staða annarra orkusamninga við stórnotendur sem eru gerðir eftir 1998 og ákvæðið ætti að taka til en því frestað vegna ákvæða um jafnrétti til atvinnu?

Ég vildi líka spyrja um annað í framhaldinu þótt það sé ótengt þessu máli, annað sem lýtur að skattlagningu veiðihlunninda. Áður hefur komið til umræðu í þinginu það misrétti sem felst í skattlagningu veiðihlunninda á þann veg að þeir sem búa á bújörðum, þar sem veiðihlunnindin eru hluti af rekstrartekjum viðkomandi bús, eru skattlagðir eins og um rekstrartekjur sé að ræða, með 38–39% skattskyldu, en ef eigandinn á jörðinni býr ekki á henni og þetta flokkast undir eignatekjur en ekki rekstrartekjur þá er skatturinn aðeins 10%, sem um eignatekjur væri að ræða.

Þetta er gríðarleg mismunun og mjög ósanngjörn. Hún ætti frekar að vera á hinn veginn ef eitthvað væri, að skattleggja frekar þá sem ekki búa í viðkomandi héraði. Eyðijörð sem getur verið í eigu manns, einstaklings eða fyrirtækis í Reykjavík, t.d. í Húnavatnssýslu, borgar bara 10% skatt af veiðihlunnindunum en bóndinn sem býr á jörðinni við hliðina, þar sem veiðitekjurnar eru hluti af rekstrartekjum, borgar nærri 40% í skatt.

Við höfum áður rætt um þetta mál á þinginu. Flestir sem um það hafa rætt hafa tekið undir að hér væri um gríðarlegt óréttlæti að ræða í skattheimtu, hróplegt óréttlæti. Menn hafa talað um að brýnt væri að taka á þessu en ekkert hefur gerst. Ég vil því inna hæstv. landbrh. eftir þessu, þótt þetta heyri að vísu undir fjmrh. sem slíkan sem skattamál. Engu að síður er þetta hluti af atvinnukjörum bænda og þeirra sem búa á jörðum með veiðihlunnindi. Þetta er hluti af atvinnukjörum þeirra og óréttmætt að ekki gildi jafnræði í skattheimtunni.

Frv. þetta kemur til landbn. til umfjöllunar þar sem ég á sæti. Þá gefst tækifæri til að forvitnast frekar um þetta en ég ítreka spurningar mínar, þ.e. um hlutverk Fiskræktarsjóðs í lánastarfsemi og þær reglur sem hann hefur þá unnið eftir, ef það hefur verið gert upp. Ég dreg í efa að rétt sé að þessi sjóður eigi að byggjast upp sem lánasjóður og tel að a.m.k. þurfi að ræða sérstaklega hvernig hann hefur verið starfræktur hingað til.

Í öðru lagi spurði ég hvaða orkusölusamningar væru í gildi sem voru gerðir fyrir 1998 og hvenær þeir renni út þannig að þetta ákvæði laganna um skatta á orkusölu verði að raunveruleika.

Í þriðja lagi spurði ég hver væri raunstaða skattlagningar á öðrum orkusölusamningum og orkusölufyrirtækjum sem gera samninga eftir 1998 og varðandi þessa skattheimtu.

[15:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Frv. þetta sem hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir á Alþingi er kannski góðra gjalda vert. Ég vil þó hefja mál mitt á að velta því svolítið fyrir mér hvort hér sé einhver misskilningur á ferðinni. Í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar áðan kom það í ljós eða alla vega heyrði ég ekki betur en að eitt af nýmælum í frv. væri að vinnslufyrirtæki sem framleiði raforku með vatnsorku eigi að greiða 3 prómilla gjald af vergum tekjum af allri sölu á raforku.

Frú forseti. Ég hef lögin um lax- og silungsveiðar fyrir framan mig og hef aðeins verið að glugga í þau. Ef við lítum á kafla sem fjallar um Fiskræktarsjóð, þá stendur þar klárlega í 98. gr. Ég sé að landbrh. hæstv. er líka með lagasafnið fyrir framan sig.

„Tekjur sjóðsins eru:

a. Fjárveiting úr ríkissjóði.

b. Gjald af skírum veiðitekjum, 2%, er innheimtist af veiðifélögum.

c. Tekjuafgangur fiskeldisstöðva ríkisins, eftir ákvörðun ráðherra.

d. 3 prómill af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.

e. Aðrar tekjur.

f. 3 prómill af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda."

Ég fæ ekki betur séð en það nákvæmlega sama standi í þessu frv. Það væri svo sem allt í lagi að fá útskýringar á því hjá hæstv. ráðherra. Ég fæ ekki betur séð en hið eina nýja við þetta frv. sé í raun að herða eigi á innheimtu þessara gjalda. Gjöldin hafi alltaf verið til staðar, hafi verið til staðar mörg undanfarin ár en hins vegar eigi að herða innheimtu þeirra. Ég ætla ekki að setja neitt út á það.

Hins vegar verð ég líka að fá að lýsa því yfir, fyrst ég er hér, að það veldur mér vonbrigðum að sjá hversu litlar tekjur þessi sjóður hefur. Á yfirliti sem birtist í athugasemdum með frv. er ekki annað að sjá en þetta séu árstekjur sjóðsins, þ.e. innheimtugjald af veiðiréttareigendum og síðan af raforkustöðvum. Mér sýnist að talan sé árlega á bilinu 25–30 millj. kr. Það er satt best að segja ekki há fjárhæð sem verja á með þessum hætti til fiskræktar í landinu.

Aftast í umsögn frá fjmrn. stendur síðan að gert sé ráð fyrir að breiðari tekjustofn, hvað sem átt er við með því, geti skilað sjóðnum aukalega 11 millj. kr. tekjum árlega. Við erum því í mesta lagi að tala um 36–41 millj. kr. í tekjur í þennan sjóð á hverju ári. Það veldur mér satt best að segja nokkrum vonbrigðum. Ég minni á að í gær var ég með fyrirspurn til hæstv. landbrh. þar sem ég spurði hvort hann hygðist beita sér fyrir því að veita aukna fjármuni til fiskirannsókna á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Hann svaraði því til að hann mundi í dag leggja fram frv. til laga með ákvæðum um tekjustofna fyrir Fiskræktarsjóð. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Verði það að lögum á þessu ári — það mun auðvitað gerast á lengri tíma með því að öll vatnsorka borgi 3 prómill til sjóðsins eins og gert er í mörgum löndum og jafnvel meira t.d. í Noregi og Svíþjóð — mun það hafa veruleg áhrif til þess að efla Fiskræktarsjóðinn. Hann verður nýttur á þessu svæði eins og mörgum öðrum."

Ég fæ sem sagt, frú forseti, ekki séð að tekjur sjóðsins aukist neitt voðalega mikið og alls ekki um neitt sem skiptir

verulega miklu máli. Ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni að það þurfi að veita aukna fjármuni í fiskrækt á landinu. Stangveiði, bæði í vötnum og ám, er mjög mikilvægur tekjustofn fyrir byggðir landsins og mjög auðgandi fyrir mannlíf í landinu. Ég tel að við ættum að geta náð betri veiði úr vötnum og ám hér á Íslandi ef við sinntum þeim betur, sinntum rannsóknum og fiskræktarhlutverkinu betur en við höfum gert fram að þessu.

Það er svo sem gott og blessað að heyra hæstv. ráðherra lýsa því yfir að þetta sé mikilvæg auðlind og allt þar fram eftir götunum. En mér finnst einhvern veginn eins og það sé meira í orði en á borði.

Sem dæmi um þetta vil ég nefna mál sem ég rak augun í. Forsaga þess er sú að á hinu háa Alþingi, á 122. löggjafarþingi, á árunum 1997–1998 var lögð fram þáltill. þriggja þingmanna um endurreisn Þingvallaurriðans. Flutningsmenn voru Össur Skarphéðinsson, Guðni Ágústsson og Árni M. Mathiesen, allir þingmenn hér á þingi. Guðni Ágústsson var þá formaður landbn. þingsins. Fluttar voru snjallar ræður til að mæla með þessari þáltill. Ég hef þær allar fyrir framan mig og hef verið að lesa þær. Ég er í sjálfu sér alveg sammála þessari ályktun. Það var t.d. hamrað á því m.a. af hæstv. núverandi landbrh. að það hafi t.d. orðið eins og hann sagði í einni ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Alger kaflaskipti urðu í sögu Þingvallaurriðans þegar útfall vatnsins, Efra-Sog, var þvergirt og straumvatnið leitt um jarðgöng í Steingrímsstöð. Virkjunin gjöreyddi mikilvægasta stofninum sem hrygndi fyrir mynni og í efri hluta Efra-Sogs.“

Þetta er eflaust alveg rétt. Síðan mælir þáverandi hv. þm. sem formaður landbn. fyrir nál. um tillöguna og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Segja má að hér sé hið merkilegasta mál á ferðinni og skal ég ekki draga úr því. En nú er mikilvægast að skipuð verði nefnd hinna vitrustu manna sem geri tillögur sem vonandi leiða af sér að við sjáum þau miklu auðæfi sem við áttum en höfum því miður misst, verða á ný að veruleika. Það eru mín lokaorð, hæstv. forseti, að ég bind miklar vonir við þessa þáltill. og að hún muni marka tímamót í baráttunni fyrir því að menn hvorki ofnýti né eyðileggi mikilvæg auðæfi. Ég hygg að takist hér vel til verðum við Íslendingar á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum til fyrirmyndar í veröldinni.“

Svo mörg voru þau orð. Og rétt á eftir var þingályktunin samþykkt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns.“

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvar er þessi nefnd í dag? Hverjir sitja í henni? Hver var niðurstaða nefndarinnar, þeirrar nefndar sem skipa átti samkvæmt samþykkt sem gerð var á Alþingi hinn 3. mars árið 1998? Mér þætti mjög vænt um að fá skýr svör við því hjá hæstv. landbrh. Hann sat í þeirri ríkisstjórn sem átti að skipa þessa nefnd og hefur vonandi gert það, ég vona svo sannarlega að það hafi verið gert. Ég vil því fá að heyra skýr svör um hvað gerst hafi í málinu.

Annað sem ég vil fá skýr svör við er að nú eru liðin næstum þrjú ár síðan landbrh. fól þremur ágætum heiðursmönnum að semja nýtt frv. til laga um lax- og silungsveiði. Þau merkilegu lög sem voru samþykkt árið 1970 og mörkuðu tímamót og hafa varað alla tíð síðan áttu að fara í endurskoðun fyrir þremur árum. Það eina sem mér sýnist hafa komið út úr því er að nú á skatturinn að fara að innheimta skatt af raforkustöðvum vítt og breitt um landið. Það liggur fyrir í því frv. sem við höfum nú fyrir framan okkur. Það er allt og sumt sem komið hefur úr þeirri þriggja ára vinnu að því er ég best fæ séð.

Það væri því mjög gaman að fá að nota tækifærið núna til að fá að heyra það hjá hæstv. landbrh. hvað miðar störfum þessara manna við að endurskoða og semja nýtt frv. til laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Ég held ég láti þetta duga í þessari umferð. Ég hlakka til að heyra svör hæstv. landbrh., bæði hvað varðar nefndina um Þingvallaurriðann, sem átti að skipa fyrir mörgum árum, og eins hvað líður endurskoðun laganna um lax- og silungsveiði.

[15:48]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. sem hér liggur fyrir. Vafalaust gengur hæstv. landbrh. gott eitt til með því að styrkja Fiskræktarsjóð. Það hefði hins vegar hjálpað okkur mjög sem erum að ræða frv. hæstv. ráðherra ef því hefðu fylgt gleggri upplýsingar. Ég hefði gjarnan viljað sjá með hvaða hætti því fjármagni sem komið hefur inn í sjóðinn hefur verið varið á síðustu árum, til hvers konar verkefna og þess vegna til hverra. Sömuleiðis fæ ég ekki almennilega séð hverjar heildartekjur sjóðsins hafa verið því að það sem skortir inn í dæmið eru fjárveitingar ríkisvaldsins. Ber að skilja umsögn fjmrn. svo, frú forseti, að engar tekjur hafi komið til sjóðsins nema þær sem innheimtust frá veiðiréttareigendum og í formi gjalda frá vinnslufyrirtækjum?

Síðan vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hverju það sætir að þær upphæðir sem greint er frá í greinargerð með frv. hafa svo til ekkert breyst eða ákaflega lítið síðustu tíu ár. Árið 1993 er t.d. verið að innheimta frá vinnslufyrirtækjum 7 millj. kr. og það hefur aukist um rétt kvartmilljón þegar kemur fram á árið 2002. Þó er það svo að bæði hefur framleiðsla á raforku aukist á þessu tímabili og að því er ég hygg hefur verðið a.m.k. hangið í við verðbólgu. Kann að vera að gleymst hafi að greina frá því í greinargerðinni að hér sé um að ræða tölur sem eru á sama verðlagsgrunni?

Sömuleiðis finnst mér skrýtið að innheimt gjöld frá veiðiréttareigendum hafa ekki aukist nema um tæpar 3 millj. á tíu árum og þó vitum við að leigutekjur fyrir veiðirétt hafa stóraukist á þeim tíma í samræmi við miklar verðhækkanir sem orðið hafa á sölu stangveiðileyfa.

Þá langar mig að spyrja hvort rétt sé skilið, frú forseti, þegar ég skil 1. mgr. b-liðar í 1. gr. svo að nú sé verið að innheimta í fyrsta skipti 2% gjald af þeim sem hafa einhverjar smáræðistekjur af veiði í stöðuvötnum. Ég minnist þess ekki að við fyrri meðferð laga um þennan sjóð hafi það verið inni í lögunum. Tekjustofnar Fiskræktarsjóðs voru 2% gjald af hreinum leigutekjum. Ég hef alltaf litið svo á að þar væri um að ræða fyrst og fremst tekjur sem menn hefðu af því að leigja veiðirétt. Nú skil ég þá málsgrein sem ég vitnaði til þannig að jafnvel smábændur sem eiga tiltölulega litla veiði í stöðuvötnum sínum og hafa einhverjar tekjur af því að selja afla sinn tímabundið á ári hverju til verslana þurfi skyndilega bæði að fara að standa sérstök skil á tekjunum gagnvart Fiskræktarsjóði og jafnframt að borga 2% gjald. Er það t.d. svo að hæstv. landbrh. sem hefur verið mikill unnandi og stuðningsmaður bænda við Þingvallavatn, sem hafa haft þokkaleg búdrýgindi af því að veiða murtu á hverju

einasta hausti áratugum saman, ætli nú að fara að heimta sérstakt 2% gjald af þeim tekjum sem þeir fá fyrir að selja hana hinni ágætu niðursuðuverksmiðju Ora, sem líka býr til niðursoðnar grænar baunir? 2% gjald af því, mér þykir það alveg með ólíkindum. (**JÁ:** Af baununum?) Nei, það er ekki svo, hv. þm. Jóhann Ársælsson, að hæstv. landbrh. ætli að fara að innheimta sérstakt baunagjald, en það mætti og verður eflaust umhverfis Þingvallavatn kallað murtugjald, gjaldið og skatturinn sem hann er að fara að innheimta af sínum góðu kjósendum þar við vatnið.

Mig langar að spyrja hæstv. landbrh. hvort þarna sé um nýmæli að ræða, hvort það sé ekki rétt hjá mér. Og í öðru lagi hvort honum finnist það sanngjarnt að smábændur sem hokra að sínu og eiga erfitt uppdráttar oft og tíðum, eins og hæstv. landbrh. hefur verið manna hvatastur til að benda með réttu á, eigi nú skyndilega að fara að greiða 2% gjald af einhverri smáræðisveiði sem þeir hafa, þó að þeir dragi nokkrar bleikjur og urriða úr vötnum sínum og selji í búðir.

Ég rifja það upp, frú forseti, að til skamms tíma var á tveimur stöðum í landinu nokkuð markvisst átak um að aðstoða bændur við að koma slíkum afla á markað, bæði austur á fjörðum og eins norður í Skagafirði og þar um slóðir. Mér finnst sem hæstv. landbrh. sé hér að koma aftan að þeim smábændum sem vilja með einhverjum hætti reyna að nýta landið sem þeir tóku við af áum sínum og lifa af því. Mér finnst þetta ekki alveg fyllilega sanngjarnt.

Síðan langar mig líka til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé svo að þeir sem leigja veiðirétt sinn ekki til félaga, fyrirtækja eða einstaklinga sem nýta hann í formi stangaveiði heldur til félagasamtaka á borð við þau sem Orri Vigfússon stendur fyrir og kaupa upp veiðirétt til þess að reyna að draga úr veiðiálaginu þurfi líka að greiða 2% af slíkum tekjum. Mér fyndist það ekki rökrétt vegna þess að tilgangur frv. er að vernda og ýta undir fiskvernd og þetta fæli í sér sérstakan fiskverndarskatt í tilviki þeirra ágætu manna. Ég veit að hæstv. landbrh. á ekki í nokkrum vandræðum með að svara þessu því ég sé að hann hefur legið lengi yfir frv.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það að mér finnst ekki sanngjarnt ef hæstv. landbrh. ætlar með þessum hætti að vega að þeim smábændum sem leggja net út í sjó og vötn og veiða einhverja silungatitti og selja þá. Leggja á þá 2% gjald en láta Kárahnjúka og stóriðjurnar ekki greiða nema 3 prómill. Það er ekki mikið réttlæti í því en þetta er kannski réttlæti Framsfl. eins og hann er nú um stundir.

Frú forseti. Ég ítreka það sem ég sagði að það hefði verið gott að fá yfirlit um með hvaða hætti tekjum úr Fiskræktarsjóði hefur verið varið í gegnum árin. Því það var auðvitað þannig til nokkurra ára að það voru fyrst og fremst vildarvinir ríkisvaldsins og ráðherrar, það var að vísu fyrir tíð núverandi ráðherra, sem gátu með einhverjum hætti önglað úr þessum sjóði og mörg dæmi um það og dæmi sem eru nærtæk okkur alþingismönnum.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en ég býð í ofvæni eftir að hæstv. landbrh. komi með svör við þessum spurningum og ég veit að honum verður ekki skotaskuld úr því því hann þekkir frv. svo vel, bersýnilega.

[15:56]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Af því tilefni kynni maður að halda að við værum að ræða hér um lax- og silungsveiði en svo er ekki. Við erum að ræða um skattalög, frú forseti. Við erum að ræða um skattalög og eðli máls samkvæmt ætti málið að heyra undir fjmrh. og vera vísað til hv. efh.- og viðskn. þar sem við ræðum um skattalög.

Í fyrsta lagi, svo ég fari í gegnum það, er til einhver sjóður sem heitir Fiskræktarsjóður og hann hefur hingað til átt að efla fiskrækt og fiskeldi. Það skal hann ekki gera lengur, nú á hann að efla fiskrækt og veiði og bæta veiðiaðstöðu, þ.e. væntanlega að byggja veiðihús fyrir ríka veiðimenn sem eru að veiða lax. Síðan er bætt við að ákvörðun veiðimálanefndar, sem er ákveðin nefnd sem fer með stjórn þessa ágæta Fiskræktarsjóðs, heitir núna stjórnvaldsákvörðun. Verið er að gera stjórn Fiskræktarsjóðs, þ.e. veiðimálanefnd, að stjórnvaldi og þá væntanlega Fiskræktarsjóð að einhvers konar opinberri stofnun eða einhverju því um líku án þess að það sé tekið sérstaklega fram. Þetta er allt til athugunar og menn þurfa að velta því fyrir sér.

En það sem maður hefur kannski mestan áhuga á er það sem kemur fram um breytingar á 99. gr. þar sem jarðeigandi skal greiða 2% gjald af hreinum tekjum af veiði í vatni á landi sínu og í netlögnum í sjó og stöðuvötnum. Hann á sem sagt að greiða 2% gjald af hreinum tekjum. Og nú er spurning hvað eru hreinar tekjur jarðeiganda af slíkri veiði? Ef hann borðar silunginn sjálfur, líta menn á það sem hlunnindi sem þyrfti að meta eða er enginn arður af því? Ef hann aftur á móti selur nágranna sínum sama fisk og sá borðar hann þá er væntanlega kominn tekjustofn sem þarf að skattleggja.

Það sem er athyglisverðast í þessu öllu saman er að skatturinn sem verið er að leggja á, skatturinn á bændur, jarðeigendur og þá sem selja veiðirétt, og á vatnsaflsstöðvar, rennur til þessa Fiskræktarsjóðs sem er þá eins konar opinber stofnun en samt ekki formlega, og það er stjórn þessa sjóðs sem leggur skattinn á bændur, þessi 2%, og innheimtir hann. Ég tel, frú forseti, að við þurfum þá að líta á stjórnarskrána vegna þess að í 40. gr. hennar stendur:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum."

Og enn fremur:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Fiskræktarsjóður — og nú beini ég orðum mínum til hæstv. ráðherra ef hann hefði tíma til að hlýða á mál mitt — innheimtir skatt af bændum. (**Landbrh.:** Í þeirra þágu.) Ekki allra, bara sumra. Ef Fiskræktarsjóður er ígildi ríkisins má ekki greiða úr honum nema með fjárlögum. Það er ekki gert ráð fyrir því. Ef hann er hins vegar ekki ígildi ríkisins, og ekki er hann sveitarfélag, er komin dálítið undarleg staða. Þá er verið að skylda ákveðna borgara landsins til þess að greiða skatt til einhverra annarra borgara, einkaaðila væntanlega, og ég held að það standist engan veginn. Það er ekki hægt að skylda t.d. ráðherrann til að borga mér skatt með lögum, það væri mjög undarlegt: 10% af tekjum, takk. Ég held því að menn þurfi að skoða stjórnarskrána í þessu samhengi vegna þess að hún er mjög ákveðin varðandi það hvernig má leggja á skatt og hvernig það eigi að gerast.

Svo er dálítið merkilegt að skattur er lagður á öll vinnslufyrirtæki sem nota vatnsorku og hann á að renna til fiskræktar og veiðiaðstöðu. Hvaða samhengi er þar á milli, frú forseti? Hvaða samhengi er á milli þess að nýta vatnsafl, sem er fallorka vatnsins, og þess að það sé einhver fiskur í einhverju allt öðru vatni, t.d. í stöðuvatni? Ég efast um að það sé ein einasta branda í Kárahnjúkavirkjun og þeim vatnsföllum sem

verið er að nýta þar, frú forseti. Ég hugsa að það sé enginn fiskur í þeim vötnum sem verið er að virkja. Hvað kemur það eiginlega þeirri virkjun við að vera að veita peningum til fiskræktar og veiðiaðstöðu, einhvers íbúðarhúsnæðis handa veiðimönnum? Ég held að menn séu komnir út á mjög hála braut í þessu öllu saman.

Svo velta menn fyrir sér: Hvernig er samkeppnisstaða milli vatnsaflsvirkjunar sem nýtir fallorku vatnsins og annarrar raforkuframleiðslu sem notar gufuorku? Af hverju er það ekki skattlagt líka? Það er líka vatn og einhvern tíma lifir fiskur í því vatni þegar því hefur rignt niður í sjóinn. Ég sé eiginlega ekki mikla glóru í þessu máli öllu saman nema menn hafi fundið einhvern sem lá vel við höggi, þ.e. vatnsorkuverin.

Ég hef alltaf haft mikinn ímugust á þessum lögum vegna þess að kafli þeirra um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar eru skattalög. Það á að vera á hreinu hvað eru skattalög og hvað eru ekki skattalög og það á ekki að fela það í lögum sem heita lög um lax- og silungsveiði, um eitthvað allt annað.

Ég heyrði að vísa ætti frv. til landbn. Ég teldi eðlilegra að vísa því til hv. efh.- og viðskn. sem skattalögum, sérstaklega kafla frv. sem fjallar um lax- og silungsveiði sem er skattalagakafli. Ég mundi því vilja að hv. þm. skoðuðu það að vísa frv. til hv. efh.- og viðskn., ef ekki, að hv. landbn. leiti þá sérstaklega álits þeirrar ágætu nefndar á þessu skattalagafrv.

[16:04]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Við ræðum um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði. Auknar styrkveitingar til fiskræktar eru að sjálfsögðu af hinu góða og í athugasemdum með frv. kemur fram að tekjur sjóðsins árið 2002 hafi verið um 24,5 millj. kr. auk fjárveitinga og annarra tekna sem ekki koma fram hér. Það er jafnframt gert ráð fyrir því að breiðari tekjustofn geti skilað sjóðnum aukalega 11 millj. kr. á ári.

Hlutverk Fiskræktarsjóðs er m.a. að efla fiskrækt í ám og vötnum, væntanlega laxfisks. Þá erum við fyrst og fremst að tala um seiðasleppingar. Seiðasleppingar eru kostnaðarsamar og geta verið ábatasamar ef vel tekst til. En til þess að styrkveitingunum sé vel varið er nauðsynlegt að skoða líka ákveðinn þátt, svokallaðar sjóræningjaveiðar, þ.e. netaveiðar á laxi við strendur landsins. Það er viðurkennt vandamál að þær eru iðkaðar t.d. á Vestfjörðum. Það væri fróðlegt að vita hvernig þau mál stæðu í dag. Er virkt veiðieftirlit í gangi til að hamla því að þegar laxinn fer að skila sér til baka eftir seiðasleppingu ári seinna úr hafinu að hann sé hreinlega fangaður í net rétt utan við strendur landsins? Þetta þarf vissulega að hafa í huga til að tryggja að þessir auknu peningar sem til stendur að setja í sjóðinn séu vel nýttir.

[16:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur farið fram. Hér hafa komið fram ýmsar spurningar af hálfu þingmanna, eðlilega.

Það kemur skýrt fram í lokagrein frv. hverjir hafa verið undanþegnir:

„Núverandi greiðendur í sjóðinn eru veiðifélög og jarðeigendur sem selja veiðileyfi. Þeirra framlag í sjóðinn nam 16,6 millj. kr. árið 2002. Einnig greiða í sjóðinn vinnslufyrirtæki sem selja raforku framleidda með vatnsorku til almenningsveitna og nýrra stórnotenda eftir árið 1998."

Allir stórnotendur, Straumsvík, Grundartangi o.fl. hafa haft algjöra undanþágu frá því að greiða í sjóðinn eins og aðrir og í frv. er sólarlagsákvæði um að þeir komi inn þegar samningarnir renna út en þeir munu renna út á næstu 8–10 árum. Ég er ekki með það fyrir framan mig hvaða ár hver samningur rennur út en þetta á að skila sjóðnum í staðinn fyrir 8 millj. kr. í dag af stórnotendum 11–12 millj. kr. til viðbótar. Síðan koma nýir stórnotendur inn eins og Kárahnjúkar o.s.frv. þannig að hér er um þessa breytingu að ræða. Fyrirtækin sem hafa greitt hafa verið Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða og Rarik og eins og ég sagði hafa það verið 8 millj. kr.

Fiskræktarsjóður hefur verið mest notaður í vísindin í kringum fiskinn til vísindamanna og ekki síst í Veiðimálastofnun um rannsóknir í ám og að fylgjast með. Svo hefur sjóðurinn komið að styrkjum í laxastigagerð og bættum samgöngum í ánum að einhverju leyti og í einhverjum tilfellum keypt upp netalagnir.

Eins og fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna er mikilvægt að halda vel utan um þessa auðlind, hún er mjög dýrmæt og hefur, eins og hér hefur komið fram, skilað minni tekjum eða alla vega færri fiskum en áður og menn hafa töluverðar áhyggjur af því. Veiðimenn eru meira farnir að sleppa laxi aftur og þess vegna er mikilvægt að fá meira fjármagn í rannsóknirnar og því á frv. sannarlega að skila, að vísu á dálítið löngum tíma en einhverju strax.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór yfir tekjuþróunina á veiðiréttareigendum sem hafa ekki hækkað nema um 3 millj. kr. á tíu árum. Hér er verið að tala um að skýra enn betur stjórnsýsluna í kringum innheimtuna og gera hana skilvirkari en ég kann ekki að skýra það betur. Þetta er staðan eins og hún hefur verið og frv. og lögin nýju eiga að skila því að þarna verði staðið enn betur að málum.

Það er mikilvægt að hafa jafnræði á milli þeirra sem njóta verka vísindanna og rannsóknanna og sækja í sjóðinn þekkingu, hvort sem þeir eru við Þingvallavatn eða annars staðar, að þeir greiði til sjóðsins eins og aðrir. Jafnræði á milli allra sem framleiða og nota rafmagn er atriði frv. og jafnræði á milli allra sem hafa vötnin og árnar sem tekjulind sína. Það er meginhugsun frv.

Ég tel frv. mikilvægt til þess að halda betur utan um þá dýrmætu auðlind sem við eigum í ám og vötnum og tel mjög mikilvægt að þessi hluti endurskoðunar laganna verði að lögum þegar í vor og síðan mun starfið halda áfram hjá nefndinni sem dr. Gaukur Jörundsson hefur stýrt og vonandi liggur heildarendurskoðunin fyrir í haust.

[16:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki gera neina tilraun til þess að útskýra þá skattstefnu sem hann er að tala fyrir. Það að innheimta 2% skatt af bændum sem njóta í engu umræðds sjóðs þarf að fara yfir og skoða betur. Það er líka umhugsunarefni hvort innheimta skatts af fyrirtækjum sem framleiða orku án þess að það hafi nein áhrif á fiskrækt eða fiskgengd af neinu tagi standist grunnhugsunina í skattheimtu yfirleitt. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra útskýri betur hvernig hann getur varið þetta og hvort farið hafi verið yfir tillögurnar um skatta með það í huga hvort þetta standist.

Síðan vil ég vekja athygli á því að það að fela skattstjóra innheimtu á gjaldinu eins og þarna er gert hlýtur að þýða að

fara eigi með skattinn á venjulegan máta. Hann þyrfti þá að renna í ríkissjóð og vera úthlutað þaðan aftur. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra útskýri betur hvort hann er sáttur við þá skattheimtu sem hann hefur talað fyrir og hvað það er sem fær hann til þess að vera sáttan við það að menn borgi skatta sem njóta einskis af hlutverki sjóðsins sem um er að tefla.

[16:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get verið sáttur við að hv. þm. Pétur H. Blöndal tali með þessum hætti. En að hv. þm. Jóhann Ársælsson skuli tala með þessum hætti finnst mér mjög óeðlilegt, því allir réttsýnir menn sjá að þetta er ekki skattur. Þeir sem nýta vatnsorkuna og ganga í auðlindirnar hafa haft mikil áhrif á náttúruna. Þess vegna er þetta ekkert öðruvísi hér en í Noregi eða Svíþjóð eða mörgum öðrum löndum að þeir aðilar sem hafa fengið til þess leyfi þings og þjóðar að nýta þessar orkulindir gjaldi einnig vísindunum sitt, Fiskræktarsjóði í þessu tilfelli, 3 prómill eins og lagt er til. Síðan er sjálfsagður hlutur að eigendur ánna og vatnanna sem sækja þekkingu oft til þessara vísindamanna og eiga aðgang að sjóðnum og koma að stjórn hans gjaldi einnig sjóðnum.

Ég vil því andmæla því að hér sé um skatt að ræða. Hér er um sjálfsagt gjald af nýtingu vatnsorkunnar í landinu að ræða. Það er sjálfsagður hlutur að stórnotendur og allir notendur sem hafa virkjað þessa orku, og í mörgum tilfellum haft mikil áhrif á náttúruna, styrki vísindastarfið í kringum þá dýrmætu auðlind sem í ám og vötnum býr.

[16:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er eiginlega vonlaus umræða. Málið er að ef um gjald er að ræða á gjaldið að koma í staðinn fyrir kostnað, það er alveg klárt. Ef ekki er um kostnað að ræða á móti þá er það skattur. Það er því ekki hægt að þræta fyrir það að auðvitað er þetta skattur sem hér er um að ræða.

Svo finnst mér líka, og ég vil að það komi fram þó að það sé ég sem segi það en ekki hv. þm. Pétur Blöndal, að ríkissjóður eigi að innheimta skatta með almennum hætti og veita peninga úr ríkissjóði til verkefna eins og þessara, en ekki að búa til alls konar matarholur eins og þetta er í raun og veru þegar menn fjalla um fjármuni sem eru ekki litlir og renna um sjóði þeirra fyrirtækja sem hér er verið að tala um að skattleggja. Menn verða að hafa einhverja stefnu og geta viðurkennt hvað er skattur og hvað er gjald.

[16:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að gæta yrði jafnræðis á milli þeirra sem framleiða rafmagn. Svo er ekki. Þeir sem framleiða rafmagn með vatnsgufu borga ekkert gjald til Fiskræktarsjóðs. Þeir sem framleiða rafmagn með vatnsafli í ám sem enginn fiskur er í skulu hins vegar borga gjald til Fiskræktarsjóðs, eins og Kárahnjúkavirkjun. Hvar er jafnræðið á milli þeirra sem framleiða rafmagn?

Síðan sagði hæstv. ráðherra að ákveðinn þingmaður talaði með sama hætti og mín persóna. Hvað þýðir það eiginlega?

Þá sagði hæstv. ráðherra að þetta væri ekki skattur heldur gjald fyrir afnot af ánum til þeirra sem ættu þær eða til þjóðarinnar. Af hverju ekki til umhverfismála? Því þessar virkjanir trufla kannski mest umhverfissjónarmið. Af hverju er ekki lagður skattur á vatnaflsvirkjanir sem rynni til umhverfismála? Af hverju til veiðihúsa?

Það er á hreinu að í stjórnarskránni, sem allir hv. þm. hafa svarið eið að, eru ákvæði um að engan skatt megi leggja á né breyta né af taka nema með lögum. Ef veita á peninga úr ríkissjóði skal gera það með fjárlögum og ef veita á lán skal gera það með lánsfjárlögum. Mér finnst því frv. og þessi lög öll sömul meiða stjórnarskrána að þessu leyti.

[16:19]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá skattur sem menn eru að ræða um virðist hafa verið við lýði ansi lengi því í fylgiskjali með frv. koma fram tölur um tekjur til Fiskræktarsjóðs af þessum orkufyrirtækjum sem ná aftur til ársins 1993. Ég hefði haft gaman af að heyra það úr munni hæstv. ráðherra hvort hann hafi orðið var við mótmæli gegn skattinum fram til þessa frá þessum orkufyrirtækjum.

Hitt er svo annað mál að ég saknaði þess svolítið í svari hæstv. ráðherra að hann minntist ekkert á eina af spurningum mínum sem gekk út á það hvað orðið hefði um nefndina sem Alþingi fól ríkisstjórninni að mynda árið 1997 um endurreisn Þingvallaurriðans. Þar komum við m.a. inn á það að þar hefur raforkufyrirtæki valdið miklu tjóni á fiskstofni, hreinlega lokað Efra-Sogi. Þar var skellt niður virkjun á sínum tíma, árið 1959 ef ég man rétt, og hún hefur verið þar allar götur síðan og það fór mjög illa með urriðann í Efra-Sogi og í Þingvallavatni reyndar líka. Það væri mjög fróðlegt að heyra frá ráðherra hvar sú nefnd er stödd því að sjálfsögðu hlýtur hann að bera ábyrgð á því hvort sú nefnd hafi verið sett á laggirnar eða ekki sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Ef það er svo að sú nefnd hafi ekki verið sett á laggirnar, en núna eru liðin ein sjö ár frá því þessi þál. var samþykkt í þinginu, m.a. fyrir góð orð hæstv. ráðherra, held ég að það hljóti að vera mjög svo alvarlegt mál og sýni kannski á vissan hátt þann tvískinnung sem mér finnst oft einmitt gæta í málflutningi stjórnarflokkanna hvað varðar fiskvernd og fiskrækt í ám og vötnum á Íslandi.

Ég vil fá skýr svör við þessu. Það er löngu tímabært að einhver þingmaður rísi upp og spyrji að því hvað orðið hafi um nefndina sem skipa átti um Þingvallaurriðann og endurreisn hans.

[16:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er vinur minn, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fjarri góðu gamni, hann hefði sjálfsagt munað það betur en sá sem hér stendur hvað kom út úr nefndarstarfinu. En ég minnist þess að ekki fyrir löngu — hv. þm. sagði að sá sem hér stendur hefði verið ráðherra á þessum tíma en það er ekki svo. (**MÞH:** Nei, formaður landbn.) Já, já, en ég kann ekki að segja frá því en mér finnst sjálfsagður hlutur að fara yfir hvað um þá tillögu varð og það starf því að hv. þm. fór vel yfir það í ræðu sinni í dag og af sterkri tilfinningu, og ég held að hægt sé að gera miklar úrbætur í þá átt að styrkja urriðann með breytingu við Steingrímsstöð.

Síðan er spurningin um mótmælin og skattinn af hálfu orkufyrirtækja, sem menn kalla hér skatt, ég kalla það gjald til náttúrunnar. Þeir sem þurfa að borga kvarta oft, en þó hef ég ekki heyrt mikið af kvarti af hálfu orkufyrirtækjanna hvað þetta varðar eða þá löngu sögu sem þau hafa orðið að greiða til Fiskræktarsjóðs. Ég hygg að svo sé að þeim finnist það sanngjarnt fyrir afnotin af landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:23]

Útbýting þingskjala:

Atvinnumál fatlaðra, 920. mál, fsp. VF, þskj. 1399.

Félagsleg aðstoð við einstæða foreldra, 919. mál, fsp. VF, þskj. 1398.

Greiðsluskylda ríkissjóðs umfram heimildir fjárlaga, 928. mál, fsp. KHG, þskj. 1412.

Lúðuveiðar, 890. mál, fsp. MÞH, þskj. 1350.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 446. mál, nál. sjútvn., þskj. 1409.

Notkun ljósabekkja, 916. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1395.

Verndaðir vinnustaðir, 918. mál, fsp. VF, þskj. 1397.

Vímuefnavarnir, 917. mál, fsp. VF, þskj. 1396.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 869. mál (reikningsskil). — Þskj. 1327.

[16:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu.

Með umræddri tilskipun eru gerðar breytingar á tilteknum tilskipunum sem fjalla um reikningsskil félaga með takmarkaða ábyrgð félagsaðila. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja að samræmi sé milli tilskipana ESB um reikningsskil og alþjóðlega reikningsskilastaðla, svo og gerð og framsetningu á skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda. Í fjmrn. er nú unnið að innleiðingu gerðarinnar og undirbúningi lagafrv.

Ég legg til, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 882. mál (beiting samkeppnisreglna EES-samningsins). — Þskj. 1340.

[16:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, en það fjallar um beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins. Frv. er að finna á þskj. 1340 sem er 882. mál þingsins.

Frumvarp þetta er byggt á reglugerð Evrópubandalagsins, nr. 1/2003 frá 16. des. 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir í 81. og 82. gr. sáttmálans, svo og bókun 4 með samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, og eru helstu efnisatriði þess eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að innlend samkeppnisyfirvöld og dómstólar fá heimild til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins í heild sinni, þ.e. 53. gr. um ólögmætt samráð fyrirtækja, og 54. gr. um misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu, en þá heimild hafði áður aðeins eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Ákvæði 53. gr. geta m.a. snert samninga fyrirtækja þar sem kaup- eða söluverð er ákveðið eða mörkuðum skipt, en ákvæði 54. gr. t.d. þannig að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar séu settir. Þá geta samkeppnisyfirvöld m.a. tekið ákvörðun um að hópundanþága á grundvelli 53. gr. eigi ekki við gagnvart tilteknu fyrirtæki.

Í öðru lagi er um að ræða virkari rannsóknarheimildir eftirlitsstofnunar EFTA. Eftirlitsstofnun EFTA öðlast heimild til húsleitar á heimilum stjórnenda fyrirtækja ef rökstuddur grunur er fyrir hendi um að mikilvæg gögn eða skjöl séu geymd þar. Slík heimild er þó háð samþykki innlends dómstóls. Ástæðan fyrir þessu íþyngjandi rannsóknarúrræði er sú staðreynd að stjórnendur fyrirtækja eru í auknum mæli farnir að geyma mikilvæg sönnunargögn um samráð eða misnotkun markaðsráðandi stöðu utan vinnustaðar.

Í þriðja lagi eykst hlutverk innlendra dómstóla. Til aðstoðar við beitingu samkeppnisreglna EES er samvinna innlendra dómstóla og eftirlitsstofnunar EFTA aukin. Dómstóll getur óskað eftir aðstoð ESA um beitingu ákvæðanna. Einnig er mögulegt fyrir innlend samkeppnisyfirvöld að aðstoða innlenda dómstóla. Samkeppnisyfirvöld geta þó komið að skriflegum eða, með leyfi dómsins, munnlegum athugasemdum.

Rétt er að taka það fram að enda þótt lögfesting þessa frv. hafi í för með sér miklar áherslubreytingar á beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins er fremur ólíklegt að þessar reglur komi til með að hafa í raun mikil áhrif hér á landi. Það helgast af því að skilyrði fyrir beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins er að viðkomandi samningar eða samkeppnishamlandi aðgerðir fyrirtækja hafi áhrif á EES-svæðinu en ekki aðeins hér á landi, t.d. ef um er að ræða fyrirtæki annars vegar á Íslandi og hins vegar í Noregi. Ef áhrifin eru aðallega eða eingöngu hér á landi er samkeppnislögum nr. 8/1993 beitt í slíkum tilvikum.

Frú forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 881. mál (Stofnsjóður, framtakssjóðir). — Þskj. 1339.

[16:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Með stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 1997 var stigið veigamikið skref í að stuðla að arðbærri uppbyggingu á vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar með áhættufjármagni. Þegar sjóðurinn tók til starfa í ársbyrjun 1998 var mikil gróska í öllu nýsköpunarstarfi og almenn bjartsýni ríkti hjá frumkvöðlum og fyrirtækjum. Ný tækni var að ná fótfestu og nýjungar á sviði líftækni og upplýsinga- og fjarskiptatækni var mjög áberandi.

Á starfstíma Nýsköpunarsjóðs hafa orðið mjög miklar breytingar á starfsumhverfinu. Í byrjun var lítið framboð á fjármagni til nýsköpunar. Það fór ört vaxandi og í stuttan tíma var nánast um offramboð að ræða. Talið er að tilkoma sjóðsins hafi verið öðrum fjárfestum hvatning enda var mjög sótt í að fá Nýsköpunarsjóð með til þátttöku í álitlegum fjárfestingarkostum.

Frá miðju ári 2000 dróst hins vegar framboð á áhættufjármagni mjög mikið og hratt saman þegar í ljós kom að margar nýfjárfestingar töpuðust að fullu á fyrstu árum fyrirtækjanna þegar fór að reyna á gildi viðskiptahugmyndanna sem fyrirtækin byggðu á.

Í meginatriðum hafði þetta tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi urðu mörg ungra fyrirtækja gjaldþrota þegar framboð á þolinmóðu fjármagni var ekki lengur fyrir hendi. Í öðru lagi varð afkoma verðbréfa og hlutafjársjóða neikvæð ár eftir ár sem endurspeglaði beint slæma afkomu fyrirtækja og brostnar væntingar um framtíðarhorfur þeirra. Þessi þróun var alþjóðleg og var ekki bundin við Ísland. Afleiðing þessarar þróunar fyrir Nýsköpunarsjóð var sú að hluti af fjárfestingum hans í sprotafyrirtækjum töpuðust og ávöxtun eigin fjár hans varð neikvæð.

Þrátt fyrir almennan samdrátt í framboði á áhættufé til nýsköpunar ákvað Nýsköpunarsjóður engu að síður að brýnt væri að halda hjóli nýsköpunarinnar gangandi meðan stætt væri. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir sérhvert þjóðfélag og ekki síður okkar þjóðfélag að það sé ávallt til staðar og í gangi nýsköpun í atvinnulífinu. Með varúð var því haldið áfram að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum og þessari stefnu var haldið fram til ársins 2002. Frá þeim tíma hefur sjóðurinn ekki haft bolmagn til nýfjárfestinga en beint kröftum sínum að því að verja þær fjárfestingar sem hann hafði þegar ráðist í.

Frá upphafi hefur Nýsköpunarsjóður fjárfest í rúmlega 100 fyrirtækjum og á nú eignarhlut í rúmlega 70 fyrirtækjum. Hluti af þessu fjármagni hefur tapast en í nokkrum tilvikum hefur Nýsköpunarsjóður selt hlutafé sitt.

Þetta frv. hefur tvö markmið. Fyrra markmiðið er að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum verði fjárfestar áfram í stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs þegar þeir verða leystir upp. Síðara markmiðið er að heimila Nýsköpunarsjóði að leggja fé í sérstaka sjóði með öðrum framtaksfjárfestum og skapa þannig aukið fjármagn til nýrra fjárfestinga eins og hlutverk sjóðsins kveður á um.

Víkjum fyrst að fyrra markmiðinu sem er fjallað um í 1. gr. frv. Svokallaðir framtakssjóðir urðu til árið 1998 við útboð á 1 milljarði af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. til fjögurra fjármálastofnana. Hver þessara stofnana fékk 250 millj. kr. til fjárfestinga og lagði hver um sig 125 millj. kr. af eigin fé til viðbótar í samlagið. Útborgaðar einingar á að leysa upp 7 – 10 árum eftir að þær voru boðnar út, þ.e. á árunum 2005 – 2008, og rennur andvirði þeirra í ríkissjóð. Þessu fé skyldi varið til hlutafjárkaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga og hátækni.

Afkoma framtakssjóðanna hefur ekki farið varhluta af hinni almennu og neikvæðu þróun og hefur höfuðstóll þeirra allra rýrnað umtalsvert. Í þeim tilgangi að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs er gerð tillaga um að ríkissjóður feli Nýsköpunarsjóði áframhaldandi ráðstöfun þess fjármagns sem bundið er í framtakssjóðunum og það renni í stofnsjóð hans. Jafnframt verði binding fjárins í 7 – 10 ár felld niður svo unnt verði að koma á hagkvæmara rekstrarfyrirkomulagi og ná meiri arðsemi ef um það semst við núverandi vörsluaðila.

Um síðara markmiðið er fjallað í 2. gr. Það lýtur að því að skapa Nýsköpunarsjóði aukið ráðstöfunarfé til þess að hann geti betur sinnt hlutverki sínu. Það verður gert með því að veita honum heimild til þess að fjárfesta hluta af eignum sínum í sérstökum sjóðum með öðrum framtaksfjárfestum. Gera má ráð fyrir að lífeyrissjóðir og aðrir langtímafjárfestar sjái sér hag að náinni samvinnu við Nýsköpunarsjóð um fjárfestingar í nýsköpun atvinnulífsins, ekki síst til þess að geta nýtt þá víðtæku þekkingu sem þar er að finna. Til þess að takmarka áhættu Nýsköpunarsjóðs er gert ráð fyrir að hlutdeild hans í þessum sjóðum verði ekki meiri en 30% af samanlögðu stofnframlagi þeirra aðila sem lögðu þarna til. Ef t.d. væri um 100 millj. kr. að ræða gæti Nýsköpunarsjóður ekki lagt fram meira en 30% eða 30 millj. kr.

Frú forseti. Ég tel að frv. þetta skýri sig að öðru leyti, en að sjálfsögðu verður fjallað um það í nefnd og nauðsynlegt að fara þar vel yfir málið og kalla til þá aðila sem unnið hafa að málinu og ræða við ýmsa um það hvernig menn sjá sjóðinn starfa til framtíðar. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[16:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefði verið ástæða til að hæstv. ráðherra færi meira yfir vegferð sjóðsins en hann gerði frá því að hann tók til starfa, því að hér eru á ferðinni æðimiklir fjármunir og mér er ekki grunlaust um að æðimargir alþingismenn hafi ekki mjög yfirgripsmikla þekkingu á því hvað hefur orðið um þá fjármuni á þeim tíma sem liðinn er. Þó eru til um þetta skýrslur. En búið er að ráðstafa miklu fé frá því að sjóðirnir urðu til sem hér er um ræðir.

Það er líka rétt að minna á þau átök sem urðu um sjóðina þegar þeir voru stofnaðir og hvernig til þeirra var stofnað. Mér finnst ástæða til að minna á að það voru ekki allir sáttir við að fjármunir sem greiddir höfðu verið t.d. með iðnlánasjóðsgjaldi og öðrum gjöldum til sjóðanna skyldu vera gerðir upptækir af ríkinu og ráðstafað án þess að þeir sem greitt höfðu í þá hefðu nokkuð um það að segja. Það er saga málsins.

Síðan er dapurlegt að fjárfestingar sjóðsins skuli ekki hafa tekist betur en raun ber vitni og mér verður á að spyrja hæstv. ráðherra hvort ljóst sé að stjórn sjóðsins hafi farið eftir þeim reglum sem fram koma í lögunum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, þar sem t.d. segir í 9. gr., með leyfi forseta:

„Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans."

Þetta stendur í lögunum en mér finnst nokkuð augljóst að það sem hér er verið að fara fram á er gert til þess að reyna að rétta af stöðu sjóðsins vegna þess að það hefur gengið verulega á eigið fé hans.

Ég er ekki að halda því fram að það sé ekki nauðsynlegt að taka á þessu máli, síður en svo. Ég hvet þá sem taka á málinu í hv. nefnd til að fara yfir stöðu sjóðsins og fá um það skýrslu hvernig að þeirri starfsemi hefur verið staðið og hvernig til standi að standa að henni í framhaldinu.

Það er eitt sem ég átta mig ekki alveg á og langar að spyrja hæstv. ráðherra um. Í umsögn um frv. frá fjmrn. stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að eiginfjárstaða Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði bætt með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum renni í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs þegar þær verða leystar upp í stað þess að renna í ríkissjóð eins og kveðið er á um í gildandi lögum."

Annars staðar í umsögninni stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs."

Þá verður mér á að spyrja: Hafa einhverjar eignir ríkissjóðs verið afskrifaðar vegna þessara hluta áður, eða hvernig ber að skilja það að fjármunir sem áttu að renna í ríkissjóð og ekki koma í hann sjái ekki stað í eigum ríkissjóðs? Hvar eru þær eignir sem hafa tapast í þessum sjóðum afskrifaðar?

Ég leit þannig á að þar sem til stæði að eignir sjóðanna gengju til ríkissjóðs hlyti að þurfa að afskrifa eignirnar ef þær gerðu það ekki og töpuðust. Og spyr: Litu menn ekki þannig á að eignir Nýsköpunarsjóðs væru í raun eign ríkissjóðs úr því að meiningin var að fjármunirnir rynnu að lokum til ríkissjóðs? Mig langar að átta mig á því hvað þetta hefur allt saman þýtt.

Ég geri ráð fyrir að farið verði vandlega yfir þessi mál í nefndinni og ekki lítil ástæða til þess að til sé sjóður sem er tilbúinn að taka áhættu í atvinnulífinu. Menn mega ekki taka orð mín svo að ég sé að leggjast gegn því þó að ég hafi talað um þessa hluti með þeim hætti sem ég hef hér gert. Það er mikil spurning hvernig með svona sjóði skuli fara og ýmsum hefur fundist að fjármunirnir úr sjóðunum hafi ekki nýst með þeim hætti sem menn héldu að þeir mundu nýtast, t.d. út á landsbyggðinni þar sem ýmsir bundu vonir við að þessir sjóðir mundu verða til þess að ýta undir atvinnulíf en þeir hafa ekki gert það. Þó að ég ætli ekki að taka upp þá umræðu hér, hefði kannski verið rétt í þessu samhengi að fara yfir það með hvaða hætti þeim fjármunum var varið sem síðast fóru úr sjóðunum vegna nýsköpunarverkefna og um urðu miklar deilur hvar lentu á landinu. En það er önnur umræða og ég ætla ekki að taka hana hér.

Ég vona sannarlega að sjóðurinn verði nýtanlegur til framtíðar. Það er ástæða til að menn fari yfir það hvernig starfsemin á að vera í framtíðinni, að það séu not fyrir sjóðinn þannig að hann lokist ekki öðru hvoru alveg og fjármagnið þorni upp eins og við höfum séð fram á núna, og svo sé hægt að nota fjármuni á öðrum tímum kannski ótæpilega og að það verði jafnvel, eins og hæstv. ráðherra lýsti áðan, offramboð af fjármunum til nýsköpunarverkefna á einhverjum tíma sem virðist greinilega hafa orðið til þess að menn hafa tekið vitlausar ákvarðanir í fjárfestingum.

Það er því ástæða til að menn noti tækifærið og skoði framtíð sjóðsins úr því að um hann á að fjalla í nefnd.

[16:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt og sjálfsagt að fara yfir öll þessi mál í meðförum þingsins og efh.- og viðskn. á þessu máli. Stofnað var til þessara framtakssjóða fyrir forgöngu efh.- og viðskn. á sínum tíma, ef ég man rétt. Ýmsir lýstu áhuga sínum á því að taka þátt í að nýta þá sjóði eða ávaxta þá. Ég hygg að það sé rétt að það hafi endað með því að aðilar í Vestmannaeyjum sem hafi ávaxtað fjórðung þeirra, á Austurlandi fjórðung, aðilar við Landsbanka Íslands á Akureyri fjórðung og síðan Eignarhaldsfélag Alþýðubankans.

Það sem hefur hins vegar gerst er að verulegur hluti af þessu fjármagni hefur tapast. Eftir standa að verðmæti, eins og kemur fram í umsögn fjmrn., 580 millj. kr. Það hefur orðið 40% rýrnun á þessum sjóðum.

Náttúrlega er alveg ljóst að eðli allra nýfjárfestinga og nýjunga í atvinnulífi gerir þær áhættusamar. Gert er ráð fyrir því að í stað þess að þessir fjármunir renni óskiptir í ríkissjóð þá komi þeir til með að styrkja stöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Um það segir m.a. í umsögn fjmrn.:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs, en lánsfjárafgangur ríkisins verður u.þ.b. 580 millj. kr. lægri á tilteknu árabili en verið hefði miðað við gildandi lög."

Það þýðir einfaldlega að að óbreyttu mundu þessir fjármunir renna beint í ríkissjóð en ef þetta frv. verður samþykkt renna þeir til Nýsköpunarsjóðs með þeim hætti sem kemur fram í frv.

[16:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði síðast þá taldi ég mig skilja að þeir fjármunir sem þarna er talað um mundu rata á þann veg sem stendur í umsögn fjmrn. Ég átta mig hins vegar ekki á því hvernig litið var á þessar eignir. Það var gert ráð fyrir því að þessir fjármunir rynnu inn í ríkissjóð. Nú er það sem eftir stendur 580 millj. kr. og þær þá skráðar þannig en fjármunirnir sem töpuðust virðast hvergi skráðir sem tapað fé.

Ég tel að það hefði verið ástæða til að það kæmi fram. Hvað ef mistekst aftur og þessir fjármunir tapast? Verður þá sú fjárhæð, afgangsfjárhæðin, færð til gjalda hjá ríkissjóði? Ég skil ekki alveg bókhaldið í þessu en ætla ekki að teygja lopann um það. Í nefndinni komast menn örugglega að niðurstöðu um hvaða hugsun var í þessu frá upphafi. Það kemur sjálfsagt í ljós.

[16:52]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem settur var á laggirnar fyrir nokkrum árum, upp úr 1997. Honum var ætlað að standa að nýsköpun í atvinnulífinu og veitt til hans umtalsvert fé. Síðan var sett fé í sérstaka sjóði, framtakssjóði, sem sérstaklega áttu að örva nýsköpun á landsbyggðinni. Eða þannig minnir mig að þetta hafi verið.

Öll þessi saga er frekar dapurleg, mjög dapurleg, frú forseti, og kannski ekki skrýtið í ljósi þess að mikið af þeim fyrirtækjum sem sett voru á laggirnar á þeim tíma sem sjóðurinn var stofnaður fóru á hausinn þegar netbólan sprakk og hugbúnaðarfyrirtækin fóru yfir um. Í sjálfu sér er ekkert um það að segja. Þeir aðilar sem fjárfestu hins vegar með eigin fé í þessum fyrirtækjum og töpuðu því hafa orðið illilega varir við að hafa tapað, finna það á eignum sínum.

Öðru máli gegnir um forstöðumenn og stjóra opinberu sjóðanna. Ég vænti þess að þeir hafi ekki orðið varir við að sjóðirnir hafi tapað, þess sér ekki stað í eignum þeirra og ekki einu sinni í launum þeirra, lífeyrisréttindum eða neinu. Þeir eru að því leyti ábyrgðarlausir og það er kannski einmitt það sem einkennir opinberan rekstur og segir manni að opinber

rekstur eigi ekki að standa í áhættusömum atvinnurekstri. Það er ábyrgðarlaust.

Ég varaði við þessu á sínum tíma. Mér fannst í sjálfu sér óeðlilegt að embættismenn og opinberir starfsmenn, fólk sem gerist opinberir starfsmenn af því að það sækist í öryggi ríkisins, ættu sérstaklega að vinna á áhættumarkaði. Mér finnst ákveðin mótsögn í því. Nú er ekkert sem segir að þessum sjóð hefði reitt betur af þó að hann hefði verið í einkaeigu. Þó hygg ég að einkaaðilar sem hætta á að tapa eigin fé hefðu meira verið á tánum og kannski vakað fleiri nætur við að reyna að bjarga þeim fjárfestingum sem farið var í en þeir sem vinna sem opinberir starfsmenn og hafa allt sitt á þurru.

Ég tel mjög misráðið að ríkissjóður setji peninga í nýsköpun. Það sem ríkissjóður og löggjafarvaldið á að gera, hið háa Alþingi, er að búa nýsköpun þann ramma að nýsköpun þrífist. Nú er það svo að við erum með sérstakan skatt á nýsköpun, nokkuð háan skatt, þ.e. skattur fyrir að skrá hlutafélög. Við tökum miklu meira gjald af þeim fyrirtækjum sem eru skráð sem hlutafélög en það kostar að reka hlutafélagaskrá. Það er ekki annað en skattur á nýsköpun. Ég hef margoft bent á þetta. Þetta eigum við að sjálfsögðu að lækka.

Við eigum líka að skoða hvaða kvaðir við leggjum á ný fyrirtæki. Margir sem stofna fyrirtæki segja mér að þeir geri ekki annað fyrstu mánuðina og árin en að fá leyfi og heimildir og því líkt og borga gjöld hingað og þangað fyrir þessi leyfi. Þeir borga alls konar skatta, smáskatta og leyfisgjöld. Það er ekki beint nýsköpunarvænt. Mér finnst að hv. þingmenn eigi að fara í gegnum þetta.

Síðan má skoða það að það fólk sem lagt hefur fram mikla vinnu, háar fjárhæðir og tapað íbúðum sínum og annað slíkt í tengslum við nýsköpun fái jafnvel að vera skattlaust í smátíma á eftir, megi draga frá tapið. Það er ekki möguleiki núna. Það skal borga sín lán o.s.frv., vinna á fullu, borga skatta og síðan lánin sem stafa af tilraunum þeirra til nýsköpunar. Mér finnst að menn þurfi að horfa á umhverfi nýsköpunar.

Frú forseti. Þótt þetta dæmi hafi gengið illa er það ekki þar með sagt að öll nýsköpun hafi gengið illa. Mörg blómleg fyrirtæki sem eru sprottin af nýsköpun voru stofnsett á þessum tíma. Þar má t.d. nefna Íslenska erfðagreiningu, sem er í nýsköpun. Nefna má mörg önnur fyrirtæki, Össur og fleiri, sem eru orðin mjög öflug á alþjóðavísu. Það má nefna Kaupþing, sem líka er í nýsköpun á fjármálamarkaði. Mörg fyrirtæki hafa gengið vel en ég hygg að það sé ekki vegna stuðnings opinberra aðila við þau, þó að gerð hafi verið tilraun til þess að styðja eitt þeirra með ríkisábyrgð. Hins vegar tókst að afstýra því, þ.e. fyrirtækinu tókst að fá fyrirgreiðslu og lán án ríkisábyrgðar. Það er mjög jákvætt að mínu mati, frú forseti.

Ég held að ríkið og ríkisvaldið eigi ekki að stunda nýsköpun sjálft. Það á að búa til lagaramma sem hvetur til nýsköpunar, gerir hana auðveldari. Til þess þurfum við að fara í gegnum allt umhverfi nýsköpunar. Það væri kannski ágætt að hv. þingmenn æfðu sig í að stofna eitt og eitt fyrirtæki og sjá hvernig ferli það er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 856. mál (sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl.). — Þskj. 1313.

[16:59]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Hlutverk þess er einkum tvíþætt. Annars vegar miðar frv. að því að kveða á um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga sem fram munu fara vorið 2005 á grundvelli tillagna sameiningarnefndar sem sá er hér stendur skipaði sl. haust. Hins vegar hefur frv. að geyma ýmis ákvæði sem ætlað er að sníða vankanta af gildandi sveitarstjórnarlögum.

Í frv. er gert ráð fyrir að við sveitarstjórnarlögin bætist fjögur ný ákvæði til bráðabirgða er fjalla um gerð tillagna sameiningarnefndar og hvernig greidd verði atkvæði um þær.

Nefnd þessi tók til starfa í desember 2003 og í janúar á þessu ári sendi hún bréf til allra landshlutasamtaka sveitarfélaga þar sem hún óskaði m.a. eftir hugmyndum og tillögum frá samtökum um hvaða möguleikar væru til sameiningar sveitarfélaga í hverjum landshluta og ábendingum um atriði sem hafa þarf í huga varðandi sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Afrit þessa bréfs var sent öllum sveitarfélögum. Til að tryggja sem best samráð við sveitarstjórnarmenn hefur nefndin haldið fundi með þeim víða um land og fleiri slíkir fundir eru fyrirhugaðir á næstunni.

Að auki hefur verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með átaki ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins haldið fundi í öllum landshlutum til að kynna átakið sem m.a. felur í sér umtalsverðan verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga.

Hæstv. forseti. Stefnt er að því að tillögur sameiningarnefndar verði tilbúnar fyrir lok maí á þessu ári og er gert ráð fyrir því að þær muni að verulegu leyti grundvallast á hugmyndum sveitarfélaga og samtaka þeirra auk þess sem nefndin mun njóta aðstoðar Byggðastofnunar við gerð tillagnanna. Sveitarfélögum, samtökum þeirra og almenningi verður síðan gefinn hæfilegur frestur til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á tillögunum og munu endanlegar tillögur nefndarinnar því ekki liggja fyrir fyrr en nk. haust.

Komandi vetur verður nýttur til að kynna tillögur nefndarinnar fyrir íbúum og vinna að undirbúningi sameiningar sveitarfélaga víða um land. Miðað er við að hlutaðeigandi sveitarstjórnir tilnefni hver tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning og atkvæðagreiðslu og kynningu á tillögum sameiningarnefndar. Er þetta sama fyrirkomulag og við sameiningu á grundvelli 90. gr. laganna og hefur það reynst gefa góða raun. Í frv. er síðan gert ráð fyrir því, hæstv. forseti, að atkvæði verði greidd um tillögurnar 23. apríl 2005.

Í frv. er lagt til að í meginatriðum gildi sama fyrirkomulag og nú er í lögum um niðurstöðu atkvæðagreiðslu, þ.e. að sveitarfélög verði ekki sameinuð nema íbúar beggja eða allra sveitarfélaganna séu því fylgjandi. Það nýmæli er þó að finna í frv. að við ákveðnar aðstæður getur verið skylt að endurtaka atkvæðagreiðslu innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillaga sameiningarnefndar var felld. Þetta á við ef meiri hluti íbúa á viðkomandi svæði sem afstöðu taka til tillögu sameiningarnefndar lýsir sig fylgjandi sameiningu þeirra sveitarfélaga sem tillagan varðar og meiri hluti íbúa í a.m.k. tveimur þessara sveitarfélaga samþykkir tillöguna.

Þessi breyting, hæstv. forseti, felur það í sér að íbúar sem í upphafi eru mótfallnir sameiningu eiga þess kost að endurskoða þá afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna svo sem ef útlit er fyrir að nágrannasveitarfélög muni sameinast eða fylgi við sameiningu reynist meira en búist var við. Að lokinni síðari atkvæðagreiðslu geta sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningartillagan var samþykkt ákveðið sameiningu þessara sveitarfélaga. Þetta verður þó ekki gert nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í frv. er gert ráð fyrir að sameiningarnefnd verði heimilt að leggja fram tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld og að atkvæðagreiðsla um þá tillögu fari fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006. Nefndin mun væntanlega helst beita þessari heimild ef vilji sveitarstjórna og úrslit í atkvæðagreiðslu um fyrri tillögu benda til þess að grundvöllur sé fyrir minni sameiningu en gert var ráð fyrir í upphafi.

Ég vil að það komi skýrt fram, hæstv. forseti, að frv. þetta felur á engan hátt í sér að unnt verði að þvinga sveitarfélög til sameiningar. Þvert á móti miðar það að því að tryggja lýðræðislegan rétt íbúanna til að ráða sjálfir málefnum síns sveitarfélags. Ég bind hins vegar miklar vonir við það að sú vinna sem nú stendur yfir til að efla sveitarstjórnarstigið, einkum með því að færa til sveitarfélaganna aukin verkefni frá ríkinu, muni leiða til þess að sveitarfélögin og íbúar þeirra sjái hagsmunum sínum betur borgið í fjölmennari sveitarfélögum en nú eru víða hér á landi.

Víða hafa sveitarfélög þegar hafið viðræður um sameiningu. Þar nægir að nefna sveitarfélögin í Borgarfirði, á Héraði og í Austur-Húnavatnssýslu svo fáein dæmi séu nefnd. Það er skýrt tekið fram í 8. gr. frv. að þessar viðræður geti haldið áfram óhindraðar ef vilji er til, en ef viðræður dragast fram á næsta ár getur sameiningarnefnd þó lagt til að fleiri sveitarfélög bætist í hóp þeirra sem þegar eru í viðræðum og atkvæðagreiðsla fari þá fram á sama tíma og gildir um aðrar tillögur nefndarinnar. Í flestum tilvikum á hins vegar ekkert að vera því til fyrirstöðu að sameiningarviðræðum ljúki fyrr og munu ákvæði frv. þá engin áhrif hafa á niðurstöðu atkvæðagreiðslu ef frá er talið ákvæði 6. gr. frv.

Hvað varðar þær breytingar sem lagðar eru til í 1.–6. gr. frv. vísast að mestu til athugasemda við þær greinar. Fyrst og fremst er um það að ræða að verið er að sníða ýmsa agnúa af gildandi lögum en þar er almennt ekki um miklar breytingar að ræða.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[17:06]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér er til umræðu athyglisvert frv. sem felur í sér margar ágætar breytingar en ég ætla ekki að fara út í þær í smáatriðum. Breytingarnar munu sjálfsagt margar hverjar auðvelda sameiningu sveitarfélaganna og sérstaklega umrætt ákvæði um síðari kosninguna í ljósi þeirra úrslita sem liggja fyrir, hafi tillaga sameiningarnefndar verið felld, og ýmislegt annað má til bóta nefna.

Ég vil koma sérstaklega inn á það sem fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið í II. kafla, átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu, sem er náttúrlega meginmálið sem liggur að baki frv. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í ágúst 2003 ákvað ríkisstjórnin að hefja í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga átak til að efla sveitarstjórnarstigið hér á landi. Átakið felur einkum í sér þrennt: að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga og að laga tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan.“

Ég vil fá fram viðhorf hæstv. ráðherra við því hvernig hann sér verkefnaskipan á milli ríkis og sveitarfélaga í bráð og lengd í framtíðinni þegar breytingar hafa gengið yfir og nauðsynlegar sameiningar hafa átt sér stað, af því að ýmislegt þarf að liggja vel heppnuðum sameiningum til grundvallar þannig að þær séu í takt við vilja íbúanna og á þeirra forsendum.

Í því ljósi rakst ég á nokkuð athyglisverða skýrslu fyrr í dag sem var unnin af SASS, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, fyrir umrædda nefnd þar sem kallað var eftir því að sveitarfélögin og samtök sveitarfélaga legðu fram tillögur að sameiningu til að fá fram viðhorf sveitarfélaganna og þeirra samtaka sem þau hafa með sér um hvernig sveitarfélagasameiningu heimamenn sjá fyrir sér. Í skýrslu SASS segir í inngangi að þau hafi ákveðið að leggja ekki til einhverja eina eða tvær tillögur heldur stikla á stóru yfir helstu staðreyndir, lýðfræðilegar, stjórnsýslulegar o.s.frv. og telja að lokum upp helstu tillögur.

Rauðu þræðirnir, virðulegi forseti, eru nokkrir, ef svo má að orði komast. Í fyrsta lagi ber að nefna samgöngumálin. Það hafa verið gerðar nokkrar atlögur að því að sameina minni sveitarfélögin á Suðurlandi, uppsveitir Árnessýslu, Árborgarsvæðið o.fl., en slíkar tillögur hafa ætíð verið felldar fram að þessu og hefur gengið miklu hægar á sumum hlutum svæðanna, eins og í uppsveitunum, en margir hefðu viljað. Meginástæðurnar fyrir því eru þær að samgöngubæturnar sem liggja verða til grundvallar hafa ekki náð fram að ganga, sérstaklega brú yfir Hvítá og tengivegir ýmiss konar, þar sem: „Tengivegir á þessu svæði ná yfir 700 km“, eins og segir í skýrslunni, með leyfi forseta.

Ljóst er að sá hraði sem nú er á úrbótum á tengivegum er alls ófullnægjandi en það mun taka um 75 ár að byggja þá upp með bundnu slitlagi með sama hraða. Þessi hægagangur á nauðsynlegum grundvallarsamgöngubótum í nútímasamfélagi er slík hindrun í sameiningarferli á þessu svæði að það verður aldrei um farsæla eða eiginlega sameiningu þessara litlu sveitarfélaga á því svæði að ræða nema samgöngubæturnar séu í sjónmáli. Þess utan eru nefndar ýmsar aðrar ástæður og sérstaklega er fjallað um stöðu Vestmannaeyja.

Þá kemur kannski að hinu meginmálinu sem eru stjórnsýslulegu þættirnir, en mikil samvinna sveitarfélaganna á sér stað í gegnum byggðasamlögin sem ég held að megi fullyrða að séu á vissan hátt óheppilegur vettvangur, frekar kauðskur, hægfara og flókinn strúktúr á innri starfsemi stjórnsýslu sveitarfélaganna, sérstaklega á svona víðfeðmu svæði. Hérna er birt ágætistafla yfir byggðasamlögin sem eru 18 talsins á Suðurlandi og meðalþátttaka sveitarfélaganna er um 10. Rangárþing er þátttakandi í flestum byggðasamlögum eða 11, en Vestmannaeyjar fæstum, 2, eðli málsins samkvæmt. Vegna sérstöðu sinnar eru Vestmannaeyjar einungis þátttakendur í Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, eftir langt hlé, og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ég held að það væri mikið unnið með hressilegri og myndarlegri sameiningu sveitarfélaga á þessu svæði sem og mörgum öðrum til að fækka byggðasamlögunum verulega og ná utan um samstarfið með því að þarna verði fá en öflug sveitarfélög og kem ég aðeins að því síðar.

Hér eru ýmis verkefni nefnd sem heppileg verkefni undir hatti sveitarfélaganna þar sem hafa gengið fram réttlátar og eðlilegar breytingar á tekjustofnum og því öllu, þannig að menn ná að girða fyrir hve óheppilega var að málum staðið af hálfu ríkisins þegar grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna, jafnmikill og góður flutningur og það var fyrir grunnskólana, því það má segja að grunnskólarnir hafi gengið í endurnýjun lífdaga eftir að sveitarfélögin fóru að reka þá því þvílíkur var krafturinn og metnaðurinn í sveitarfélögunum að segja má að grunnskólinn hafi verið færður til nútímans eftir flutninginn.

Að sama skapi hefur sá flutningur komið mörgum hinna meðalstóru sveitarfélaga og mörgum sveitarfélaganna nánast á vonarvöl og þrátt fyrir ítrekaðar óskir sveitarstjórnarmanna hefur ríkið ekki komið til móts við kröfur þeirra um réttlátar breytingar á tekjustofnum og því má segja að sum þessara öflugu sveitarfélaga og ekki síst þau sem eru af millistærð og eru í örum vexti, þar sem mikill fjöldi barna er á grunnskólaaldri, má hreinlega fullyrða að sum þessi sveitarfélög rambi á barmi gjaldþrots. Þrátt fyrir að sveitarstjórnarmenn haldi vel um tauma, beiti ýtrustu varkárni við rekstur sveitarfélaga sinna dugir það ekki til. Nánast allar tekjur fara í að standa undir lögbundnum verkefnum og í rekstur grunnskólanna því sveitarfélögin hafa tekið myndarlega á þeim málum og lagt í þetta það mikinn metnað að eftir er tekið og færir okkur heim sanninn um að við hljótum að ætla að snúa við því blaði sem uppi er núna. Samanburðurinn við Norðurlöndin lýsir því kannski best þegar kemur að skiptingunni á milli ríkis og sveitarfélaganna. Á Norðurlöndunum hafa sveitarfélögin með um 70% allra verkefna að gera á móti 30% hjá ríkinu. En hér eru 30% hjá sveitarfélögunum og 70% hjá ríkinu. Það er þveröfug spegilmynd og fullyrða má að hún sé óheppileg því að aukin og stórbrotin valddreifing frá ríki til sveitarfélaga fullyrði ég að væri mörgum málaflokkum til mikils framdráttar, því að þarna er um að ræða nærþjónustu sem er betur sinnt eftir því sem hún stendur nær borgurunum og sveitarstjórnarstigið stendur einfaldlega miklu nær fólkinu en hitt. Því held ég og hvet til þess að á næstu árum verði ráðist í mjög hressilega verkefnatilfærslu frá ríki til sveitarfélaga í kjölfar þeirra sameininga sem standa vonandi fyrir dyrum.

Þau verkefni sem hérna eru talin upp eru samgöngur, heilbrigðisþjónusta, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, framhaldsskólinn og löggæslan. Af þeim virðast málefni fatlaðra og málefni aldraðra falla best að núverandi verkefnum sveitarfélaganna, segir í skýrslu frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga sem send var út fyrr í dag.

Einnig þykir mér það mjög spennandi kostur, hæstv. forseti, að framhaldsskólinn verði sem allra fyrst færður á forræði sveitarfélaganna. Einnig má sjá það fyrir sér að um leið verði framhaldsskólarnir sértækari og svæðisbundnari í áherslum sínum á námsframboði og yrði örugglega sama lyftistöngin fyrir framhaldsskólastigið og það var fyrir grunnskólastigið að taka hann af forræði ríkisins og fá hann sveitarfélögunum til reksturs. Metnaðurinn er hjá sveitarfélögunum gagnstætt metnaðarleysinu sem gildir í allt of mörgum málaflokkum sem ríkið hefur með að gera og á það við um þá allt of marga.

En til gamans og til að varpa ljósi á þá umræðu sem fram undan er, af því að ég hef skýrsluna frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga undir höndum, var óskað eftir því af umræddri nefnd að Samtök sveitarfélaga legðu fram sameiningarkosti. Það er nú ekki beinlínis gert hér í skýrslunni en hins vegar er dregin upp ágætismynd af þeim kostum sem sérstaklega hafa verið til umræðu og eru þeir kostir sem menn hljóta að einblína á. Þar eru kannski stærstu og veigamestu hugmyndirnar eins og segir í k-lið þar sem sveitarfélögin yrðu eftir sameiningu sveitarfélagið Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hveragerði og sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Grímsnes og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, eða Árnessýslan öll í eitt sveitarfélag. Svo er bent á þá hugmynd í l-lið að allt Suðurland yrði sameinað utan Vestmannaeyja.

Sjálfur er ég til lengri tíma litið býsna hrifinn af hugmyndum um stórar sameiningar þó að menn taki minni skref á næstu árum í átt að slíkum sameiningum. Á þessu svæði mundu menn kannski horfa á það að eftir áratug eða svo yrði þarna um að ræða þrjú til fjögur sveitarfélög, Árnessýslan öll, Rangárvallasýslan öll, Vestmannaeyjar áfram o.s.frv. Þarna eru lagðar upp margar spennandi hugmyndir og verður gaman og fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. félmrh. sem er á ferðinni í þessu verkefni núna. Á þessu svæði eru 21.500 íbúar og ef þar yrðu tvö til fjögur sveitarfélög yrði um að ræða mjög öflug og kraftmikil sveitarfélög sem gætu auðveldlega sinnt þeim verkefnum sem ég taldi upp áðan af því að í smæðinni felst að sveitarfélögin valda ekki þeim verkefnaflutningi sem ég held að sé mjög mikilvægt að fari fram á næstu árum. Til að það gangi eftir þarf að tryggja að þau hafi fjárhagslega burði og að infrastrúktúr þeirra sé nægjanlega öflugur með tilliti til samgangna og fleiri þátta til að flutningurinn gangi sem allra best fyrir sig.

Í því ljósi ber sérstaklega að geta þess að þegar þetta mál er rætt við marga sveitarstjórnarmenn þá segja menn að sporin hræði, og vissulega má taka undir það, enda má segja að ríkið hafi leikið sveitarfélögin grátt þegar grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna. Er það dapurleg staðreynd að sú reynsla skuli hræða sveitarfélögin frá því kannski að sækja af meiri krafti að fá fjölbreyttari verkefni og fleiri málaflokka inn á sitt borð af því að þar eiga þeir vissulega heima. Þeir eiga heima nálægt fólkinu, þeir eiga heima þar sem fólkið er í sem mestum og bestum samskiptum við stjórnmálamenn sína.

En forsendurnar verða að vera til staðar, standa verður þannig að málum að þær samgöngubætur sem segja má að séu nauðsynlegar séu a.m.k. í sjónmáli þó að þær séu kannski ekki orðnar að veruleika og auk þess að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og leiðrétti það óréttlæti sem sveitarfélögin voru beitt við tilfærslu grunnskólanna yfir til sveitarfélaganna og geri mönnum því ljóst að þannig verið staðið að málum að réttlæti ríki í verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga. Af því að það hefur líka sýnt sig í svokölluðum reynslusveitarfélögum, eins og á Hornafirði og Akureyri þar sem fleiri málaflokkar hafa verið færðir frá ríki til sveitarfélaga til reynslu, eins og málefni fatlaðra, að þar er reynslan af því ákaflega góð. Í samtölum við sveitarstjórnarmenn á þeim svæðum, eins og ég átti nýlega við sveitarstjórnina á Hornafirði, báru menn því vel söguna og vildu eftir þá reynslu fá fleiri málaflokka undir sinn hatt ef eitthvað væri og voru mjög spenntir fyrir því að slíkur verkefnatilflutningur héldi áfram og fannst það hafa styrkt sveitarfélagið mjög og eflt það á mörgum öðrum sviðum og áhrifin af því að reka þessa málaflokka sjálft væru mjög góð og hefðu gert það að verkum að ýmis góð hliðaráhrif hefðu augljóslega

fylgt á eftir. Sú reynsla hlýtur því að hvetja menn til dáða og verða hæstv. félmrh. til hvatningar að reisa sér þann minnisvarða að hraða slíkum verkefnaflutningum eins og kostur er, enda um mjög brýnt mál að ræða, og væri fróðlegt að heyra sameiningarviðhorf fleiri þingmanna frá fleiri svæðum.

En skýrslan sem ég hef verið að vitna í er mjög greinargóð, hvort heldur litið er til lýðfræðilegra þátta eða stjórnsýslulegra þátta, og gefur glögga mynd af því hvað þarf að koma til þannig að sameining sveitarfélaga gangi eftir með þeim hætti sem menn eru að leggja upp með þannig að það verði mjög róttækar sameiningar sem skila okkur fáum og öflugum sveitarfélögum án þess að koma þurfi til annarra aðgerða en þeirra að íbúarnir kjósi slíkar sameiningar og geri þær þannig að veruleika. Ávinningurinn er mikill og eins og ég sagði er staðan í dag erfið hjá mörgum sveitarfélögum. Okkur berast sí og æ fréttir af því að lögbundin verkefni eru nánast að ríða sumum sveitarfélögum að fullu og það er mjög mikilvægt að leiðrétta stöðu þeirra sveitarfélaga sem allra fyrst. Það er algjör grundvallarforsenda til þess að samstaða ríki um frekari sameiningar og þær verði farsælar og menn fari ekki í bakkgírinn og vinni gegn því að sameiningarnar gangi eftir út af því hve ríkið hefur skilið mörg sveitarfélög eftir á köldum klaka.

Það verður spennandi að fylgjast með umræðunni og vonast ég til að hæstv. ráðherra skýri sjónarmið sín enn frekar til slíkra mála. Ef hann hefur kynnt sér þessar skýrslur frá sveitarfélögunum um hve stórbrotnar sameiningar menn vilja sjá á næstu árum væri fróðlegt að heyra það.

[17:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini Sigurðssyni fyrir þátttöku hans í umræðunni.

Ég vil fyrst segja, hæstv. forseti, að ég samsinni hv. þm. þegar kemur að umræðunni um verkefnatilflutning. Ég tel mikil tækifæri felast í þeim aðgerðum á næstu árum fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, og sem fyrrum bæjarfulltrúi hef ég óbilandi trú á því að fleiri, stærri og verðugri verkefni til handa sveitarfélögunum séu einmitt hvatinn að því að þau stækki, þau sameinist, þjónustan verði þar með veitt í mikilli nálægð við íbúana og batni sem því nemur.

Ég get hins vegar ekki tekið undir með hv. þm. þegar hann orðar það svo að ríkið hafi skilið sveitarfélögin eftir á köldum klaka, og vitnar þar m.a. til flutnings grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Það eru, svo ekki sé meira sagt, hæstv. forseti, mjög skiptar skoðanir meðal sveitarstjórnarmanna á því hvernig sá viðskilnaður var. Margir sveitarstjórnarmenn bæði nú og fyrrum, ég þeirra á meðal, telja að sá flutningur hafi þvert á móti gengið mjög vel, hafi verið farsæll fyrir sveitarstjórnarstigið, fyrir grunnskólann og þar með fólkið í landinu og tekjutilfærslan sem framkvæmd var við þann verkefnatilflutning hafi verið eðlileg. Við þurfum hins vegar að tryggja í framhaldinu nú að það verði svo áfram að sveitarfélögin fái þann hluta af skattakökunni sem þeim ber með tilliti til aukinna verkefna.

[17:26]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli taka undir þá sýn sem ég dró hér upp um verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga á næstu árum og nefndi það að hvati stækkunar og sameiningar sveitarfélaga er að sjálfsögðu aukin verkefni og fjölgun málaflokka sem sveitarfélögin hafa með að gera. En því verður ekki í móti mælt, hvað sem hver segir, að það er staðreynd sem uppi er að í kjölfar verkefnaflutningsins á grunnskólanum yfir til sveitarfélaganna, þó svo að flutningurinn hafi tekist mjög vel eins og ég gat um áðan og orðið til þess að grunnskólinn gekk að mörgu leyti í endurnýjun lífdaga og hefur aldrei verið betri þannig að eftir er tekið víða, hafa sveitarfélögin átt í miklum erfiðleikum og mjög margir sveitarstjórnarmenn draga enga dul á að það sé vegna þeirrar miklu uppbyggingar sem beið á grunnskólastiginu eftir tilflutninginn. Margir hafa haldið því fram með sterkum rökum að á tímabilinu áður en grunnskólinn fór yfir til sveitarfélaganna hafi margt rekið á reiðanum og mikil uppbygging beðið sveitarfélaganna þegar þau fengu þetta verkefni inn á sitt borð og mikil vinna og fjárfrek beðið þeirra til að byggja upp og gera grunnskólann þannig úr garði að hann stæðist samjöfnuð við það besta sem við sjáum og viljum bera saman við. Í því ljósi er brýnt að leggja áherslu á að verkefnaflutningum fylgi alltaf fjármagn þannig að sveitarfélögin geti staðið vel og myndarlega að málum eins og þeim ber lagaleg skylda til að gera, en ekki þannig að hann þvingi þau út í enn þá erfiðari stöðu fjárhagslega.

[17:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að halda því einmitt til haga í umræðunni að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur margreiknað það út og farið yfir það að tekjustofnar fylgdu með, og þeir samningar sem gerðir voru þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna voru fullkomlega í takt við það verkefni sem verið var að flytja yfir.

Það er auðvitað ljóst að ekki eru öll sveitarfélög sammála um hversu ríkulega það var gert en þau hafa einnig tekið mjög misjafnlega á því að byggja upp grunnskóla sína. Og í sama ferli, þegar grunnskólinn var fluttur yfir, var auðvitað ráðist í einsetningu líka hjá mörgum sveitarfélögum og allt kallaði það á mismunandi lausnir hjá sveitarfélögunum sem menn voru í sjálfu sér misjafnlega í stakk búnir til að takast á við. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þegar slíkur málaflokkur er fluttur yfir er ekkert status quo, hann heldur áfram að þróast og menn hafa nýjar hugmyndir og vilja gera betur. Það að rifja endalaust upp og tala um að tekjustofnar hafi ekki fylgt með þegar grunnskólinn var fluttur yfir stenst bara ekki. Þetta er orðinn þó nokkur tími og komin ágætisreynsla á rekstur grunnskólans hjá sveitarfélögunum og ég held að það hafi verið happaskref á sínum tíma. En Samband íslenskra sveitarfélaga hefur margstaðfest að miðað við það verkefni sem flutt var yfir fluttust tekjustofnar með.

[17:30]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum svo sem þrefað um það fram eftir kvöldi hvort sveitarstjórnarmenn hafi almennt verið á þeirri skoðun að nægilegt fjármagn hafi fylgt eða ekki. En það er nú einu sinni staðreynd sem mörg sveitarfélög stóðu frammi fyrir að þörf var á mikilli uppbyggingu í málefnum grunnskólanna þannig að þeir stæðu undir nafni, stæðu undir kröfum íbúa sveitarfélaganna og þeim væntingum sem menn gerðu til þessa verkefnaflutnings. Sveitarstjórnarmenn hafa margir hverjir ítrekað óskað eftir því, formaður Sambands sveitarfélaga hefur komið inn á það líka, að fram fari leið-

rétting á tekjustofnum milli ríkis og sveitarfélaga. Því verður ekki á móti mælt.

Menn geta svo togast á um það hvort sum sveitarfélög byggi meira en önnur. Auðvitað bjuggu sveitarfélögin misvel þegar þau tóku við þessu verkefni. Sum þurftu minna að byggja upp en önnur. Önnur þurftu að ráðast í stórbrotnar skólabyggingar og róttækar breytingar á öllu sínu fyrirkomulagi með grunnskólana. Önnur þurftu ekki að gera það og standa þar af leiðandi miklu betur að vígi en önnur.

Þau sveitarfélög sem fylla flokk millistórra sveitarfélaga á íslenskan mælikvarða, sem stækka ört, t.d. sveitarfélag eins og Árborg þar sem um er að ræða gríðarlega íbúafjölgun, þar sem íbúum hefur fjölgað um meira en þúsund á átta ára tímabili, standa frammi fyrir því að þurfa að byggja mjög stórt og mikið yfir grunnskólann. Sú saga á víðar við.

[17:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara enn og aftur, Samband íslenskra sveitarfélaga hefur staðfest þetta. Fjárhagsstaða sveitarfélaga getur verið misjöfn af allt öðrum ástæðum en yfir flutningi grunnskólans. Mér fannst hv. þm. gera ráð fyrir að misjöfn fjárhagsstaða væri eingöngu vegna þess að grunnskólinn hefur verið fluttur yfir. Það er síður en svo. Sveitarfélögin fást við mörg og misjöfn verkefni sem kalla á fjármagn. Þau snúast ekki eingöngu um grunnskólann. Sem betur fer, eins og við mátti búast, hafa flest sveitarfélög staðið mjög vel að rekstri grunnskólans. Við megum ekki gleyma því að þegar sá yfirflutningur varð voru sveitarfélögin með mestan hluta af rekstrinum annan en kennaralaunin, sem þessi yfirflutningur snerist að mestu leyti um, en að auki stóð til einsetning skólanna.

Hv. þm. kom inn á það í ræðu sinni að vel hefði tekist til með verkefni hjá einstökum sveitarfélögum, málefni fatlaðra og heilsugæsluna, samanber t.d. sveitarfélagið Hornafjörð. Það er alveg hárrétt. Ég held að það sé tvímælalaust næsta skrefið í yfirfærslu verkefna að málefni fatlaðra færist til sveitarfélaganna. Þar er um nærþjónustu að ræða og við ættum að flytja sem mest af þeirri nærþjónustu sem við getum nær íbúunum. Sveitarfélögin eru mjög vel hæf til að takast á við það verkefni í tengslum við félagsþjónustuna sem þau reka nú þegar.

[17:34]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og taka undir með hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um að reynslan frá Hornafirði færir okkur heim sanninn um að sveitarfélögin eru mjög vel í stakk búin til að taka við auknum verkefnum frá hinu opinbera. Í því ljósi eigum að fara í það af fullum krafti að færa stóra og öfluga málaflokka frá ríki til sveitarfélaga. Það er fagnaðarefni að hæstv. félmrh. skyldi taka mjög eindregið undir það í andsvari áðan, að hann væri sammála því, að sem fyrrverandi bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Hveragerði hefði hann þá reynslu að sveitarfélögin væru til þess bær að valda mörgum og öflugri verkefnum en þau sinna nú þegar.

Að sjálfsögðu er þörfin fyrir slíkar breytingar undirliggjandi í allri þessari umræðu. Því er ágætt að þau viðhorf komi frá þingmönnum stjórnarflokkanna sem og stjórnarandstöðuflokkanna að þetta sé sú þróun sem menn vilja sjá, að fram fari aukin og myndarleg valddreifing frá ríki til sveitarfélaga sem miði að koma á svipuðu ástandi og er annars staðar á Norðurlöndunum í þeim málaflokkum. Þar er hlutdeild sveitarfélaganna 70% á móti 30% hjá ríkinu, þveröfugt við það sem hér er, þar sem hlutdeild sveitarfélaga er 30% á móti 70% hjá ríkinu. Þetta sýnir okkur að þessi mál hafa staðið í stað allt of lengi og löngu tímabært að slá hressilega í klárinn og ná upp hinu mikla forskoti Norðurlandanna á næstu árum um leið og við sameinum sveitarfélögin og gerum þau færri og miklu öflugri en nú er. Það er algjört grundvallaratriði.

[17:37]

Útbýting þingskjala:

Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, 791. mál, svar dómsmrh., þskj. 1388.

Eyðing minka og refa, 926. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1410.

Hjúskapur og dvalarleyfi, 792. mál, svar dómsmrh., þskj. 1389.

Íbúar við Eyjafjörð, 933. mál, fsp. LS, þskj. 1417.

Virðisaukaskattur af refa- og minkaveiðum, 927. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1411.

[17:37]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil segja nokkur orð um þær brtt. sem hér liggja fyrir við sveitarstjórnarlög. Ég held að ég geti fullyrt að í kjördæmi mínu muni þetta eiga stuðning allra sveitarfélaga í öllum meginatriðum. Við umfjöllun í félmn. munum við fulltrúar Samf. fjalla með jákvæðum hætti um þær breytingar sem hér eru lagðar til enda virðast þær flestar horfa til framfara.

Einnig má taka undir það með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni sem síðast talaði um hversu gifturíkt skref það var að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna, hversu farsælt það hefur reynst. Við sjáum hversu gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað í Reykjavík í grunnskólanum og hvernig hann hefur eflst og þroskast á stuttum tíma. Ætli framlög til málaflokksins á síðustu sjö árum hafi ekki liðlega tvöfaldast, ef ég man það rétt. Hér er jafnframt búið að bæta aðstöðu svo skiptir tugum þúsunda fermetra, búið að einsetja grunnskólann, lengja skóladaginn. Það á að bjóða upp á heitar máltíðir í öllum grunnskólunum og þannig getum við haldið áfram að telja þau mörgu framfaraverkefni sem fylgt hafa þeim tilflutningi yfir til sveitarfélaganna. Auðvitað á sá tilflutningur að vera okkur hvatning og sönnun þess að vert sé að fara með fleiri málasvið þangað yfir.

Það er hins vegar fremur leitt að heyra tóninn í stjórnarliðum gagnvart fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu. Þó að það sé út af fyrir sig rétt að flutningur grunnskólans hafi tekist vel og farsællega er engum blöðum um það að fletta að fjárhagur margra sveitarfélaga í landinu er ákaflega erfiður. Okkur sem eigum sæti í fjárln. og fundum á hverju hausti með sveitarfélögum um allt landið þurfum ekki að spyrja okkur að því tvisvar hvort raunverulegur vandi sé á ferðinni. Svo knýjandi eru þau mál og erfið staðan, m.a. í kjördæmi hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, að hér hafa verið lögð á borð fyrir fjárln. upplýsingar um mikinn og aðkallandi fjárhagsvanda einstakra sveitarfélaga. Það er auðvitað eins og að berja höfðinu við steininn að standa í ræðustól og láta eins og ekki sé um neinn fjárhagslegan vanda hjá sveitarfélögunum að ræða og ekki þurfi að styrkja þann fjárhagsgrundvöll sem þau standa á. Það þarf sannarlega. Það er auðvitað ekki að tilefnislausu að á morgun skal efnt til sérstakrar utandagskrárumræðu um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það er vegna þess að full þörf er á að taka það mál á dagskrá á hinu háa Alþingi.

Þá að þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Í frv. eru lagðar til breytingar sem varða kjör nefndarmanna og eru kannski til þess ætlaðar að tryggja að sveitarstjórnir misnoti ekki þær heimildir sem gildandi lög veita meiri hluta þó að í sjálfu sér þekki ég ekki dæmi um að meiri hluti hafi misnotað sér þann mögulega rétt sinn í gildandi lögum að skipta að eigin geðþótta um fulltrúa minni hluta í einstökum nefndum. En allur er varinn góður og full ástæða til að taka af öll tvímæli um með hvaða hætti staðið er að því að skipta út mönnum í nefndum, hvenær þeir hafi heimild til þess o.s.frv.

Í því felst sömuleiðis framför að starfsmenn einstakra stofnana geti ekki á sama tíma setið í stjórnum þeirra. Það er eðlilegt í ljósi nútímasjónarmiða í stjórnsýslu og ákvarðanatöku að þannig hagsmunaárekstur geti ekki átt sér stað, nema þá að a.m.k. sé sérstaklega um það fjallað og veittar fyrir því sérstakar heimildir.

Eina af þeim breytingum sem hæstv. félmrh. leggur til tel ég þó ástæðu til að fara mjög vandlega yfir í félmn., þótt hún virðist eiga sér efnislegar forsendur. Það eru breytingar sem lúta að ábyrgðum sveitarfélaga. Það er a.m.k. engum blöðum um það að fletta að þar er verið að víkka út gildandi heimildir sveitarfélaganna til að gangast í ábyrgðir. Vissulega er til dæmi um það vestan af Snæfellsnesi, þar sem mörg sveitarfélög hugðust sameiginlega leggja í byggingu framhaldsskóla, að þar sáu menn annmarka á því að veita ábyrgðir til samfélagsverkefnis á borð við byggingu framhaldsskóla, að núgildandi lögum. Almennt séð tel ég þó að í gildandi lögum séu fremur of rúmar heimildir til sveitarfélaga til að ábyrgjast skuldbindingar stofnana og fyrirtækja en að þær séu of þröngar. Þótt auðvitað þurfi að skoða sérstaklega vel þessa tillögu og efnislegar forsendur fyrir henni þá vil ég a.m.k. leggja áherslu á að félmn. fari mjög varlega í umfjöllun um þetta einstaka atriði. Ég ítreka að færa þarf fram málefnaleg sjónarmið fyrir því að víkka þurfi heimildir með þessum hætti. Það hefur auðvitað reynst mörgum sveitarfélögum akkillesarhæll að gangast í ábyrgðir fyrir stofnanir og fyrirtæki sem þau hafa átt aðild að með einum eða öðrum hætti. Ég held þess vegna að menn þurfi að skoða vel fyrir hvað væri mögulega verið að opna.

Fyrst og fremst lúta þær breytingar sem hér eru lagðar til að því átaki sem fyrir höndum er í sameiningu sveitarfélaga. Þar mun hæstv. félmrh. eiga fullan stuðning okkar í Samf. Ég hygg raunar að ýmsir af þingmönnum okkar hefðu jafnvel viljað ganga skrefinu lengra í þessu efni. Við teljum það mjög aðkallandi að ná umtalsverðum áfanga í sameiningu sveitarfélaga. Fjöldi sveitarfélaga og smæð margra þeirra hefur í allt of langan tíma fengið að standa í veginum fyrir nauðsynlegum verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga.

Við teljum að þær kosningar og sameiningartillögur sem farið verður í á næsta ári, og síðan aftur á þarnæsta ári í þeim tilfellum sem fara þarf í endurtekna atkvæðagreiðslu, hljóti í raun, af hálfu Alþingis og ríkisvaldsins, að vera síðasta lotan í þessum sameiningartilraunum. Leggja verður áherslu á að ef menn nái ekki, í almennum frjálsum kosningum og af fúsum og frjálsum vilja og sjálfsforræði sveitarfélaganna, verulegum áfanga í þetta skipti þá hljóti menn einfaldlega að skoða aðrar leiðir til þess að knýja fram sameiningu. Hins vegar er mjög mikilvægt að um hana takist sem víðtækust sátt.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, að full ástæða er til að skoða margar af þeim tillögum sem koma fram í skýrslu Sambands sunnlenskra sveitarfélaga um hvernig megi hvetja og örva á jákvæðan hátt til að sameina sveitarfélög þannig að heppnist sem best í þessu átaki. Það er vert að skoða þær sérstaklega vel.

Hæstv. forseti. Þær tillögur sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir verða á næstu dögum teknar til umfjöllunar í félmn. Ég treysti því að þær muni þar hljóta þá rýni og vönduðu umfjöllun sem nauðsynlegt er. Ég legg hins vegar áherslu á að í þeirri vinnu munum við fulltrúar Samf. styðja sérstaklega viðleitni félmrh. til að ná áfanga sem máli skiptir í sameiningu sveitarfélaga, fækkun þeirra og eflingu sveitarstjórnarstigsins.

[17:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim tillögum sem fram eru komnar. Þó að þær séu heldur seint á ferðinni finnst mér þær í öllum tilvikum jákvæðar enda þótt mér finnist að vísu að í þær vanti ákveðinn botn sem ég ætla að koma að á eftir.

Það er auðvitað nauðsynlegt að menn nái þeim árangri að frv. verði að lögum því að engan tíma má missa ef það á að ganga upp sem hér er til stofnað, að kosningar geti farið fram í sveitarfélögum sem hafa sameinast í næstu sveitarstjórnarkosningum. Ég held að full ástæða sé til að gera allt sem mögulegt er til að sú tilraun takist. Og þá kem ég að því sem hæstv. ráðherra undirstrikaði í ræðu sinni og ég var ekki ánægður með og það var að hann hafði orð á því og taldi ástæðu til að orða það sérstaklega að í tillögunum væri á engan hátt um lögþvingun til sameiningar sveitarfélaga að ræða. Ég er gersamlega ósammála þeirri afstöðu sem kemur fram í þessu. Það er ekki um það að ræða að Alþingi Íslendinga eða alþingismenn geti skotið sér undan því að bera ábyrgð á lögþvingun til sameiningar sveitarfélaga því í lögunum er lögþvingunarákvæði um að ekkert sveitarfélag megi hafa færri en 50 íbúa í þrjú ár öðruvísi en að vera sameinað með lögþvingun. Þar með hafa menn sem ekki vilja breyta þessu ákvæði til hækkunar tekið þá afstöðu að vilja hafa ákvæðið óbreytt og standa að því með lögþvingun ef um er að ræða íbúafjölda undir 50 manns. Og vitaskuld er sú tala, 50 íbúar, algjörlega barn síns tíma eins og menn taka gjarnan til orða þessa dagana og vísa þá reyndar til æðimikið yngri laga en þeirra sem fjalla um að íbúar skuli vera 50 og ekki færri.

Mér finnst þess vegna, vægt til orða tekið, frekar vesældarleg afstaða að vilja ekki taka afstöðu til þess að hækka það lágmark. Ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði vegna þess að ef menn ætla að flytja verkefni til sveitarfélaganna, sem ég svo sannarlega tel fulla ástæðu til að gera, mun það ekki verða hægt með einsleitum hætti nema sveitarfélögin verði helst öll það stór að þau geti tekið við hinum nýju verkefnum. Það þýðir sem sagt það að fáein smá sveitarfélög í landinu munu geta hamlað þeirri þróun sem við ætlum að stefna að með því lagafrv. sem hér er fram sett og komið í veg fyrir að verkefni verði flutt til sveitarfélaganna. Ég tel að það sé svo alvarlegt mál að ástæða sé til að eyða í það fáeinum orðum.

Ég hef nefnilega heyrt á ýmsum þingmönnum á göngum Alþingis og rætt um það málefni sem hér er á ferðinni og flestir þeirra sem ég ræði við eru á þeirri skoðun að verði eftirlegukindur eftir átakið sem ætlunin er að fara í, muni verða sett lög á Alþingi til að sjá til þess að þau sveitarfélög sem ekki koma með í þessa sameiningu taki þátt í sameiningu í framhaldinu. Hvað mundi það þýða í ferlinu? Að mínu viti þýddi það tveggja til þriggja ára viðbótarfrest þangað til sameining sveitarfélaga hefði gengið fram eins og hér er stofnað til því vissulega væri ekki mögulegt af hálfu

Alþingis, að mínu viti, að setja menn frammi fyrir lög sem tækju svo fljótt gildi að menn hefðu ekki lengra svigrúm til að aðlaga sig að þeim en tvö til þrjú ár. Mér finnst þriggja ára aðlögun að slíkum breytingum eðlileg. Vegna þess að í þeim lögum er verið að segja við þá sem eru í litlu sveitarfélögunum: Þið þurfið ekki að taka þátt í sameiningu. Alþingi hefur tekið þá afstöðu að ekki eigi að hafa lögþvingunina fyrir ofan 50 manns. Og þá er það bara svo að þeim sem búa í sveitarfélögum sem eru smá en telja hag sínum betur borgið í þeim litlu sveitarfélögum en að taka þátt í samstarfi með öðrum íbúum í nágrenni sínu, er fullkomlega frjálst að taka þá afstöðu. Menn geta þá ekki komið bara sisvona strax á eftir inn á hv. Alþingi og sagt: Heyrðu, við meintum ekkert með þessu. Úr því að þið eruð ekki með setjum við bara lög á ykkur. Það verður ekki þannig. Auðvitað verður veitt veruleg aðlögun að þeirri breytingu sem menn koma með á eftir þessari.

Mér finnst þess vegna heldur vesældarlegt af hálfu þingsins að ganga ekki þessa leið til enda og standa frammi fyrir því að lágmarkstalan í sveitarfélögum, eins og hún hefur staðið um langa hríð, er auðvitað allt of lág og hefur verið það mjög lengi en af einhverjum ástæðum, sem allir þingmenn vita auðvitað hverjar eru, hafa menn ekki treyst sér til að taka á því máli í sölum Alþingis.

Ég held að það sé engum til góðs að víkja sér undan þeirri skyldu sem mér finnst það vera að svara þeirri spurningu hvert lágmarkið eigi að vera. Ég trúi því ekki að einlægt svar manna sé 50 eins og lögin segja í dag.

Ég er sannfærður um að það átak sem hér er verið að efna til mun skila árangri, ég efast ekki um það vegna þess að umræða undanfarinna ára hefur leitt til þess að orðið hefur afstöðubreyting hjá fólki um allt land til stækkunar sveitarfélaganna. Menn eru farnir að átta sig á hvað það er mikilvægt. Úti á landsbyggðinni hefur orðið gjörbreyting á afstöðu manna til stækkunar sveitarfélaga vegna þess að menn sjá að það getur líka orðið til þess að styrkja byggð. Ef vel tekst til og fljótlega verður hægt að flytja verkefni frá hinu opinbera, ríkinu, til sveitarfélaganna, er fólginn í því verulegur styrkur til sveitarfélaga úti á landi, störf munu skapast af þeim sökum hjá sveitarfélögunum og þau verða öflugri til þess að takast á við ný verkefni.

Að mínu viti er það kannski raunhæfasta byggðaverkefnið núna sem getur gengið fram með tiltölulega skömmum fyrirvara ef vel verður að málum staðið. Þar finnst mér vanta lítið á, nema það sem ég hef verið að lýsa hér. En það er líka mjög mikilvægt atriði sem þar er á ferðinni því það hefur orðið til þess fram að þessu að mjög fámenn sveitarfélög, og vel að merkja sveitarfélög sem sum hafa orðið vel efnuð af þeirri einu ástæðu að ríkið hefur tekið ákvörðun um að veita vissum framkvæmdum forgang í viðkomandi sveitarfélagi, þau hafa sem sagt efnast á því, hefur orðið til þess að þeir sem í þeim sveitarfélögum búa eru ekki tilbúnir til að deila auðnum með öðrum íbúum svæðisins þó að innan sama atvinnusvæðis sé.

Ríkið á því í raun og veru bæði kvölina og völina og sökina á því að svona hagar til á sumum landsvæðum í landinu og enn er verið að bæta í. Nú standa menn í miklum framkvæmdum á Austfjörðum. Ég veit auðvitað ekki hvernig menn eru stefndir gagnvart sameiningu þar, og vona satt að segja að menn geti hafið sig yfir þá afstöðu sem orðið hefur til sums staðar annars staðar þar sem lítil sveitarfélög sem hafa notið góðs af tekjum af stórframkvæmdum á vegum ríkisins hafa tekið þá afstöðu að vilja ekki deila þeim auði með öðrum íbúum.

Það er mitt tillegg inn í umræðuna að ég óska eindregið eftir því að þegar farið verður yfir þessa tillögu í starfi nefndarinnar að þar taki menn það til gaumgæfilegrar athugunar hvort ekki eigi að bæta inn í frv. tillögu um hækkun á lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum. Reyndar liggur fyrir Alþingi frv. sem ég er 1. flm. að og er hjá nefndinni. Ég skora á nefndarmenn að skoða það mjög alvarlega hvort ekki sé rétt að hækka íbúamarkið. Ég er ekki að halda því fram að það eigi endilega að vera þúsund manns eins og lagt er til í frv. okkar, heldur að það verði hækkað og þannig verði eðlilegt svigrúm fyrir þá sem búa í litlum sveitarfélögum að taka afstöðu til og vera með í breytingum, að þeir horfist í augu við það að þeir hafi einungis tiltekinn tíma, þrjú ár eða svo, til að verða aðilar að sveitarfélagi sem hefur að íbúalágmarki, hvað sem það verður 300 eða 500 manns, þannig að þeir geti í því ljósi tekið afstöðu til þess að ganga til samstarfs við önnur sveitarfélög. Að ekki verði bætt hala aftan við málið sem verði fólginn í því að lögþvinga fáein sveitarfélög til sameiningar eftir að sú hrina er gengin yfir sem hér er efnt til.

Að öðru leyti tek ég undir það sem ræðumenn hafa talað um og tel að ekki sé mikill ágreiningur um það sem í frv. stendur, síður en svo. Mér finnst það vera prýðilega fram sett og ágætar tillögur um breytingar á sveitarstjórnarlögum sem hér eru settar fram. Ég get að vísu ekki neitað mér um að nefna 2. gr. frv. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá."

Það er enn einu sinni ástæða til að vekja athygli alþingismanna á því að í gildi eru lög, að mínu viti eðlileg, um sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmál sem taka með allt öðrum hætti á möguleikum þeirra sem eru aðilar að sveitarstjórnum eða taka þátt í starfsemi sveitarfélagsins og eru á einhvern hátt háðir fyrirtækjum eða stofnunum sem heyra undir sveitarfélagið. Þarna er á ferðinni allt önnur afstaða en menn hafa til þess ef alþingismenn eiga hlut að máli. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ekki alveg skilið þá umræðu. Mér finnst að menn ættu að velta því vandlega fyrir sér á hv. Alþingi hvort vanhæfi geti ekki átt við þá með sama hætti og sveitarstjórnarmenn og aðra sem taka að sér einhvers konar trúnaðarstörf fyrir sveitarfélag. Mér finnst það vera dálítill tvískinnungsháttur að gengið skuli vera svo langt sem raun ber vitni gagnvart vanhæfi ef um er að ræða sveitarstjórnir en síðan skuli fara fram umræða, eins og við höfum oft hlustað á í sölum Alþingis, þar sem menn halda því blákalt fram að alþingismenn geti aldrei orðið vanhæfir.

[18:01]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá jákvæðu og málefnalegu umræðu sem hefur átt sér stað um þetta mál. Ég get tekið undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um stærð sveitarfélaganna. Ég get tekið undir þann hluta málflutnings hans sem lýtur að athugasemdum um hversu lítil sveitarfélögin geta verið samkvæmt lögum okkar. En í þeim er kveðið á um að lágmarksstærð sveitarfélags telji 50 manns. Ég hef stundum sagt, hæstv. forseti, að það sé allt að því kyndugt að horfa til þess að í Jónsbók, sem er um 800 ára gömul, er kveðið á um það nánast beinum orðum að sveitarfélag skuli ekki telja færri en 400 íbúa, 20 bændur og 20 kotunga með hverjum.

En svo aftur á því herrans ári 2004 eru í gildi lög sem kveða á um að sveitarfélögin skuli ekki telja færri en 50 íbúa.

Hæstv. forseti. Mín skoðun er sú að rétt sé að nálgast verkefnið með þeim hætti sem hér er lagt upp með í þeirri von að forsvarsmenn, ekki síst minni sveitarfélaganna, sjái hag sveitarfélagsins og íbúanna í því að ganga til sameiningar við önnur sveitarfélög á svæðinu, ná þar með fram stærri, sterkari stjórnsýslueiningum, ná því fram að færa þjónustuna nær íbúunum, því á þessu öllu saman hangir, eins og við höfum margfjallað um í dag, tilfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga og ég á von á því að þar komi fram metnaðarfullar hugmyndir á næstu dögum.

Ég get ekki látið hjá líða, hæstv. forseti, þegar við veltum fyrir okkur stærð sveitarfélaganna, að geta þess að ég átti samtal við kollega minn í Tékklandi í síðasta mánuði, ráðherra sveitarstjórnarmála þar, en Tékkar eru um 10 milljóna manna þjóð. Þar eru sveitarfélögin ríflega 6.000. Við erum þó með rétt rúmlega 100 hér. Hér höfum við u.þ.b. 50 sveitarfélög sem telja færri en 500 íbúa og ég tel það, eins og ég hef áður rakið, hæstv. forseti, ekki heppilegt.

En svo ég víki aftur sögunni til Tékklands eru sveitarfélögin þar 6.000. Hið smæsta telur sjö menn, en þar er engu að síður kosin fimm manna sveitarstjórn. Þá veltir maður fyrir sér, hæstv. forseti, hvort ekki væri nær að kjósa þá sem ekki eiga sæti í sveitarstjórn. En þetta var nú útúrdúr.

Ég þakka hv. þm. fyrir umræðuna, þátttöku í henni og ítreka tillögu mína um að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[18:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis koma inn á það sem hæstv. ráðherra sagði, að hann vonaðist til þess að menn sæju hag í því að taka þátt í sameiningu sveitarfélaga og auka þannig þjónustu við íbúa svæðisins. Þar er meinið. Þeir sem hafa staðið gegn sameiningu sveitarfélaga í litlum hreppum hafa einmitt séð hag sínum betur borgið í litla sveitarfélaginu vegna sérstakra aðstæðna. Í ýmsum tilfellum hefur þetta verið þannig. Þar er kannski stór verksmiðja sem ríkið ákvað á sínum tíma að yrði þar og miklar tekjur miðað við fólksfjölda í viðkomandi hreppi. Þetta veldur því að menn sjá hag sínum betur borgið í litlu sveitarfélagi.

Að mínu viti er líklegt, ef menn reikna hag sinn áfram í fjármunum eins og þeir hafa gert, að menn geti áfram fundið það út að það sé betra að standa utan sameiningar en innan og að niðurstaðan verði sú að við sitjum uppi með nokkur sveitarfélög í landinu, ekki ætla ég að spá hvað mörg, sem af ýmsum ástæðum, þessum og öðrum, verða ekki með í sameiningu. Það mun þýða að minna af verkefnum ríkisins sem menn hefðu viljað flytja til sveitarfélaganna til að efla þau verða flutt til þeirra og að menn þurfi að fara í viðbótarátak sem er fólgið í því að hækka íbúalágmarkið í framhaldinu og taka sér til þess tíma sem mér finnst afar dýrmætur ef honum er sóað, vegna þess að þá sitjum við uppi með að gera sama hlutinn hvort sem er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2002, 1. umr.

Stjfrv., 848. mál. — Þskj. 1305.

[18:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002 sem dreift hefur verið á þskj. 1305. Frumvarpið er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir árið 2002.

Framsetning á talnaefni frv. er í samræmi við fjárlög og fjáraukalög ársins 2002 og niðurstöður ríkisreiknings fyrir sama ár og er með sama sniði og fyrri lokafjárlagafrumvörp. Stuðst er við sömu vinnureglur við uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok og í frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001.

Efnisatriði frv. eru í stórum dráttum á þá leið að í 1. gr. er leitað heimilda til að breyta fjárveitingum í sama mæli og reikningsfærðar ríkistekjur hafa vikið frá áætlunum fjárlaga samkvæmt uppgjöri. Þar er um það að ræða að stofnanir eða verkefni sem fjármögnuð eru með hlutdeild í ríkistekjum fái meiri eða minni heimildir til ráðstöfunar á tekjunum eftir því hvort þær hafa reynst meiri eða minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í 2. gr. frv. eru lagðar til niðurfellingar á stöðu fjárheimilda í árslok, einkum vegna verkefna þar sem útgjöld ráðast af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem almannatryggingum, vaxtagjöldum og lífeyrisskuldbindingum. Þar er þá um að ræða afgangsheimildir eða umframgjöld sem ekki flytjast milli ára og koma þar með ekki til breytinga á fjárheimildum ársins á eftir.

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir og ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal í frv. leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Einnig skal í frv. gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 37. gr. laganna er heimild til að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs og með sama hætti að draga umframgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Eins og ég gat um er í 1. gr. frv. lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávika í mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum miðað við fjárlög, en nánari skipting á stofnanir og verkefni er í sundurliðun 1. Er um að ræða breytingar í samræmi við reikningsniðurstöður ársins 2002 þar sem útgjaldaheimild er hækkuð í þeim tilvikum að lögboðnar ríkistekjur hafi reynst vanáætlaðar í fjárlögum, en lækkuð hafi tekjurnar verið ofáætlaðar.

Sem dæmi má taka að í frv. er gert ráð fyrir að fjárheimildir Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins hækki um 125,2 millj. kr. þar sem tekjur af sölu á jarðeignum Jarðasjóðs og afgjöldum ríkisjarða urðu hærri en áætlað var. Mesta frávik til hækkunar á fjárheimild stofnunar samkvæmt frv. er 283,6 millj. kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem fjárþörf sjóðsins reyndist vanáætluð í fjárlögum og mesta frávik til lækkunar á fjárheimild er 35,5 millj. kr. hjá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli vegna lægri tekna af lendingar- og vopnaleitargjöldum en áætlað var.

Í 2. gr. er eins og áður sagði sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum ráðuneyta sem falla niður og flytjast því ekki til næsta árs og vísa ég til nánari skiptingar í sundurliðun 2. Þar er um hefðbundna afgreiðslu

að ræða sem lítið breytist á milli ára. Meginviðmiðunin er sú að felld er niður staða fjárheimilda á þeim liðum þar sem útgjöld ráðast fremur af lögum en af fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila, svo sem lögboðnar greiðslur velferðarkerfisins eða þá að útgjöld liðarins ráðast af hagrænum og kerfislægum þáttum eins og t.d. lífeyrisskuldbindingum. Einnig falla niður fjárheimildastöður verkefna sem lokið er, eins og t.d. 52,4 millj. kr. afgangur vegna framkvæmda við þjónustuskála Alþingis á lið 00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

Í fskj. 1 með frv. er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins, þ.e. yfirlit yfir stöðu fjárlagaliða sem færast til næsta árs.

Í fskj. 2 með frv. er yfirlit yfir fjárheimildir ársins 2002 fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni, reikningsfærð gjöld og fjárheimildastöður í árslok. Slíkt fylgiskjal hefur ekki áður fylgt frv. til lokafjárlaga, en fjárln. hefur óskað eftir slíkri samantekt í umfjöllun sinni um fyrri lokafjárlagafrumvörp og því var ákveðið að láta hana nú fylgja frv. og er stefnt að því að svo verði framvegis.

Herra forseti. Með frv. eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs árið 2002 og vísa ég í því sambandi til greinargerðar í fjáraukalögum og í ríkisreikningi fyrir það ár um meginatriðin í framvindu ríkisfjármálanna og um helstu frávik á tekjum og gjöldum.

Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2002 og um hana hefur verið fjallað í fjárln.

Ég hef, herra forseti, farið hér nokkrum almennum orðum um frv. og hlutverk þess í tengslum við lög um fjárreiður ríkisins. Ég tel ekki ástæðu til að tíunda einstaka liði í frv. sem varða uppgjör samkvæmt fyrirliggjandi reikningi, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[18:13]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er gleðiefni að við séum að ræða frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002. Þar með höfum við tekið fyrir þriðja frv. til lokafjárlaga á þessu vorþingi, því áður höfum við fjallað um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000 og árið 2001. Ef fram heldur sem horfir ættum við að geta náð því marki sem að hefur verið stefnt að ræða lokafjárlög fyrir árið 2003 á haustdögum, en það er afar brýnt vegna þess að eins og segir í lögum um fjárreiður ríkisins, 45. gr., með leyfi forseta:

„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar."

Því miður hefur þetta ekki tekist í þau þrjú ár sem ég nefndi áðan, en vonandi tekst að ná þessu lagaákvæði inn á haustdögum.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að nefna að í frv. til lokafjárlaga ársins 2000 kemur fram nokkurt misræmi miðað við ríkisreikning ársins 2000 og þess vegna er býsna erfitt að staðfesta ríkisreikning með þeim lokafjárlögum. Segja má að sá mismunur sem þar kemur fram haldi áfram vegna þess að staða stofnana er ekki rétt skráð í frv. til lokafjárlaga 2001 og í frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002.

Því verður að segja að erfitt verður að samþykkja 3. gr. þessara frumvarpa þar sem segir að lög þessi öðlist þegar gildi og að ríkisreikningur fyrir árið 2002 sé þar með staðfestur. Þennan vanda þarf að leysa. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að fundin verði lausn á þessu nú á vordögum þannig að því markmiði verði náð sem ég tel að sé sameiginlegt okkur öllum, þ.e. að við getum náð að ljúka staðfestingu á ríkisreikningi með lokafjárlögum fyrir árið 2003 á haustþingi. Þá verðum við komin með þetta á rétt ról eins og nauðsynlegt er.

Í frv. sem við ræðum hér koma fram athyglisverðir hlutir á bls. 69 þar sem fjallað er um tillögur um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Þær byggja á vinnureglum sem vinnuhópur á vegum fjmrn. og Ríkisendurskoðunar hefur fjallað um og samþykkt. Þær eru síðan útlistaðar þarna nokkuð nákvæmlega. Ég vona og mér sýnist svona við fyrstu sýn að hér sé flest til bóta. Það hefði hins vegar verið á margan hátt æskilegt ef fjárln. hefði fengið að fjalla um þessar tillögur áður en þær voru endanlega staðfestar og eftir þeim farið þannig að fullt samráð hefði verið á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins varðandi þær reglur.

Herra forseti. Ég vil nefna örfáa liði nú, en auðvitað munum við fjalla nánar um þetta í fjárln. Það er fyrst og fremst það sem segir í 2. tölulið um afgangsheimildir. Þar segir, með leyfi forseta:

„2.1. Afgangsheimild liðar í árslok kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs hafi hún myndast með hagræðingu í starfseminni eða með flutningi verkefna milli ára."

Herra forseti. Hér er á margan hátt afskaplega skýrt að orði kveðið. Þó veltir maður fyrir sér hagræðingunni, hvernig hún verður skilgreind. Það er eðlilegt að stofnun sem nær að hagræða fái að njóta þess og að ekki verði af henni dregið það fjármagn sem skapast þannig.

En í næsta tölulið á eftir, þ.e. tölulið 2.2, segir, með leyfi forseta:

„2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ..."

Þá veltir maður þessu fyrir sér í tengslum við hagræðinguna. Auðvitað geta ýmsar stofnanir ekki hagrætt í raun nema með því að draga úr þjónustu. Þannig að það verður þá væntanlega fjmrn. sem sest í það dómarasæti að meta hvort þarna hafi verið dregið úr þjónustu eða hagrætt. Hér held ég að það þurfi a.m.k. að vera klárt að allir skilji þetta á sama hátt þannig að þarna verði ekki misskilningur.

Ef við höldum síðan áfram í tölulið 2.3, þá segir, með leyfi forseta:

„2.3. Afgangsheimild fellur niður ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum eða þjónustutekjur vanmetnar."

Vaknar nú enn einu sinni spurning um hvað átt sé við með „ofmetin í fjárlögum". Hver ætlar að meta það hvort stofnunin hafi í raun og veru náð að hagræða og náð að ljúka verkefninu fyrir minni fjármuni eða hvort það hafi verið ofmetið fyrir þessu í fjárlögum. Þarna hljóta mjög mörg vafaatriði að koma upp. Ég held að brýnt sé að reyna að finna einhver viðmið sem hægt verði að miða við og m.a. út af þessu held ég að æskilegt hefði verið að við hefðum reynt að fara yfir þetta í sameiningu, þ.e. fulltrúar frá fjmrn. og Ríkisendurskoðun og fjárln. þannig að sambærilegur skilningur væri á öllum vígstöðvum varðandi hvaða merkingu menn leggja í þetta.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um frv. sem hér liggur fyrir. Við munum að sjálfsögðu fjalla nánar um það í fjárln. Ég endurtek aðeins það sem ég sagði áðan að ég

vona að við náum að ljúka þeim þremur frv. til lokafjárlaga sem nú liggja fyrir fyrir lok þings í vor og að við náum síðan þeim rétta takti sem við hljótum öll að stefna að með því að fjalla hér um lokafjárlög fyrir árið 2003 á haustdögum samhliða því að við förum yfir ríkisreikning fyrir árið 2003.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tónlistarsjóður, 1. umr.

Stjfrv., 910. mál. — Þskj. 1382.

[18:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um tónlistarsjóð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Menntamálaráðuneytið hefur um langt árabil veitt margvíslega styrki á sviði tónlistar af safnliðum í fjárlögum. Er þar um að ræða ferðastyrki til einstaklinga og hópa, styrki vegna einstakra verkefna innan lands og erlendis sem og tónlistarhátíða innan lands. Þá hefur ráðuneytið veitt starfsstyrki til hljómsveita af sérstökum fjárlagalið. Ráðuneytið hefur haft sér til ráðgjafar tónlistarnefnd sem skipuð hefur verið fulltrúum Félags íslenskra tónlistarmanna, Félags íslenskra hljómlistarmanna og ráðuneytisins.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það fé sem menntamálaráðuneytið hefur haft til ráðstöfunar til þessara mála renni í þennan tónlistarsjóð og menntamálaráðherra úthluti úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Við gerð frumvarpsins hefur menntamálaráðuneytið haft mjög víðtækt samráð við fulltrúa úr íslensku tónlistarlífi. Jafnframt mun ég beita mér fyrir því að við fjárlagagerð verði framlög til tónlistarsjóðs aukin frá því sem nú hefur þegar runnið til þessara mála eftir öðrum leiðum. Frumvarpið kveður á um að tónlistarsjóði verði skipt í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veiti styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem til einstakra tónlistarmanna, hljómsveita, kóra og tónlistarhátíða. Markaðs- og kynningardeild sjóðsins veiti styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist hér á landi og erlendis.

Eins og áður segir er lagt til í frumvarpinu að sérstakt tónlistarráð geri tillögu til menntamálaráðherra um styrkveitingar úr tónlistarsjóði.

Menntamálaráðherra skipar ráðið til þriggja ára í senn og í því eiga sæti þrír fulltrúar. Samtónn, sem eru samtök allra rétthafa tónlistar í landinu, tilnefna einn, en tveir verða skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins.

Auk þess er gert ráð fyrir að tónlistarráðið veiti umsögn um tónlistarerindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur það einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni. Tónlistarráð mun þannig veita ráðuneytinu faglega aðstoð og stuðning, auk þess sem með tilkomu sjóðsins og ráðsins er kominn rammi um styrkveitingar ríkisins til þessa málaflokks.

Varðandi einstakar greinar frv., virðulegi forseti, vil ég benda á að með íslenskri tónlist í 1. gr. frv. er átt við tónlist sem samin er af íslenskum höfundum og tónlist sem flutt er af íslenskum flytjendum, jafnt atvinnu- sem áhugamönnum.

Þá hef ég hér að framan gert grein fyrir skipun þriggja manna tónlistarráðs til þriggja ára í senn, sem um er fjallað í 2. gr. En þar er jafnframt tekið fram að ekki sé heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í ráðið meira en tvö starfstímabil í röð, nánar tiltekið í sex ár. Með því fyrirkomulagi er að mínu mati tryggð nokkuð eðlileg endurnýjun í ráðinu.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk tónlistarráðsins, sem er fyrst og fremst að gera tillögu til ráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Sérstaklega er tekið fram í greininni að við það mat hafi ráðið heimild til að leita umsagnar fagaðila eftir því sem þörf þykir.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið efni frv. í meginatriðum. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[18:23]

Útbýting þingskjala:

Kennsluhugbúnaður, 932. mál, fsp. LS, þskj. 1416.

Menningarhús ungs fólks, 929. mál, fsp. BrM, þskj. 1413.

Rekstur menningarhúsa ungs fólks, 930. mál, fsp. BrM, þskj. 1414.

Verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 925. mál, frv. EKG, þskj. 1405.

[18:24]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni hið ágætasta mál því engum blandast hugur um að vel og myndarlega þarf að standa við bakið á íslenskri tónlistarsköpun og íslenskri tónlist af því að þetta er orðið að og hefur verið um langt skeið mikið veldi í íslenskri menningu. Mikil gróska er þar í gangi og þarf ekki að leita langt til að finna þeim orðum stað. Allir kannast við ævintýrin á erlendum vettvangi á bak við Björk, Sykurmolana og Sigur Rós, svo að einhverjir séu nefndir. Fjöldi íslenskra tónlistarmanna og hljómsveita hyggur á mikla landvinninga á næstu árum og missirum. Það er erfitt fyrir unga hljómsveit sem kemur frá litlu landi í norðri að hasla sér völl utan lands án þess að geta sótt um í skilvirkan sjóð þar sem hún mætir skilningi og fær svör við sínum metnaði. Það er áreiðanlega til mikilla bóta fyrir tónlistarmennina og tónlistarlífið í landinu að sníða styrkjum til tónlistar þann stakk sem hér er lagður til. Engum blandast hugur um það. Áður hafa komið fram ágætar og metnaðarfullar tillögur til að standa við bakið á tónlistinni. Mörgum er enn í fersku minni metnaðarfull tillaga þáv. hv. þm. Magnúsar Árna Magnússonar sem lagði fram með mikla og metnaðarfulla hugmynd um landvinninga popptónlistarinnar.

En þetta er ágætisbyrjun á því að smíða tónlistinni ramma. Eins og kemur fram í frv., í fylgiskjali með umsögn frá fjárlagskrifstofu fjmrn., eru þetta um 20–30 millj. kr. sem hafa verið til ráðstöfunar og eru til ráðstöfunar til tónlistar og má fullyrða að það er ekki ofílagt. Heldur mætti nú efla þann stuðning ef eitthvað er. En við förum betur yfir það í síðari umræðu og í nefndarvinnunni.

Það sem ég vildi koma inn á efnislega í þessu máli og nefna sérstaklega er það sem segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Samtónn tilnefnir einn, en tveir eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð.“

Er þetta allt sumpart gott og blessað. Til skýringar og til að menn átti sig á því hvað Samtónn er þá segir í athugasemdum um 2. gr. frv., með leyfi forseta:

„Samtónn, sem eru samtök allra rétthafa tónlistar í landinu, tilnefna einn, en tveir verði skipaðir án tilnefningar" — eins og ég sagði áðan — „og skal annar þeirra vera formaður ráðsins."

Ég held að það séu mistök að gera ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. skipi tvo af þessum fulltrúum. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að hann skipi fulltrúa í tónlistarráðið og þann sem gegnir formennskunni og oddahlutverki í tónlistarráðinu. En það væri örugglega málinu til framdráttar og bóta ef einn þessara þriggja fulltrúa væri skipaður af öðrum aðilum sem hafa með málið að gera. Þá kemur manni til hugar Félag íslenskra tónlistarmanna, félag þess fólks sem þetta frv. hefur með að gera. Það ætti að fá að skipa beint og milliliðalaust einn fulltrúa í tónlistarráðið til hliðar við þann sem Samtónn tilnefnir. Það eru miklu víðfeðmari samtök allra rétthafa tónlistar í landinu eins og ég gat um áðan. Nærtækt væri, að mínu mati, virðulegi forseti., að Félag íslenskra tónlistarmanna skipi einn af þessum þremur fulltrúum í tónlistarráðið og tryggi þar með jarðtenginguna inn í kreðsur tónlistarmanna þar sem gróskan er gríðarlega mikil. Til að tónlistarráð megi og geti sinnt störfum sínum sem best er mjög mikilvægt að það sé sem best tengt inn í raðir tónlistarmanna. Því legg ég til við hæstv. ráðherra og mun vinna að því í menntmn. þegar málið kemur þar til meðferðar að 2. gr. verði breytt í þessa veru, þ.e. að menntmrh. skipi einungis einn en ekki tvo. Þetta er fámennt ráð. Þar sitja einungis þrír. Það er alveg áreiðanlega tónlistarsjóðnum, tónlistarsköpun og tónlist í landinu almennt til framdráttar að tónlistarráðið sé sem best skipað og svari og spegli sem allra best þá þörf sem er fyrir opinbert fé í tónlist. Margir hafa uppi miklar efasemdir um að við eigum að verja opinberu fé með þessum hætti en ég er ekki á þeirri skoðun. Ég held að við eigum að verja opinberu fé til að styrkja listgreinarnar og ekki síst tónlistina þar sem miklir möguleikar eru á stórsigrum erlendis. Ég held að engum blandist hugur um þann gríðarlega ávinning sem íslenskt samfélag hefur haft af sigurgöngu söngkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur um allan heim síðasta áratuginn. Það er einstakt fyrir litla þjóð að eignast svo stóran listamann á sviði alheimsins eins og Björk er orðin. Ekki þarf að færa fyrir því mörg rök að fjármunum, t.d. 20–50 milljónum á ári, sem lagðir eru til að efla og styrkja tónlistina er ákaflega vel varið, sérstaklega ef eitt slíkt ævintýr fæðist þó það sé ekki nema á áratuga fresti. Það verður til þess að auka líkurnar á því að tónlistarmönnunum okkar gangi betur að spreyta sig á erlendri grund fái þeir til þess styrk og fjármagn, ráðgjöf og leiðsögn til að sem mest og best megi heppnast.

Vegna þess að útflutningur á tónlist er alveg sérdeild og sérsvið og tekur yfir sérstakan málaflokk ef svo má segja og er sérstakur angi stuðnings við tónlist þá dettur mér í hug að nefna það nú við 1. umræðu að í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið kveður á um að tónlistarsjóði verði skipt í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veiti styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem til einstakra tónlistarmanna, hljómsveita, kóra og tónlistarhátíða. Markaðs- og kynningardeild sjóðsins veiti styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist hér á landi og erlendis."

Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort það gæti ekki orðið til að efla sérstaklega stuðning okkar við tónlistarmenn sem hyggjast hasla sér völl erlendis að skipta sjóðnum upp í þrjár deildir og skilja alveg á milli styrkja sem við veitum til tónlistarmanna til að kynna sig erlendis, þ.e. að til verði þriðja deildin, að útflutnings- og kynningardeild erlendis verði sérstök deild í sjóðnum. Það ætti ekki að verða til að flækja neitt sérstaklega „infrastrúktúrinn" í tónlistarsjóðnum en mætti verða til þess að ná markvissari og betri árangri einmitt í því að markaðssetja og kynna tónlistina erlendis sem er alveg sérkapítuli og miklu stærra og erfiðara mál en standa við bakið á þeim tónlistarmönnum sem eru að kynna sig hérna heima á Íslandi. Það er miklu auðveldara viðfangs að öllu leyti. En til að fjármögnuninni sem við veitum tónlistarmönnum til að kynna sig erlendis sé sem best varið þá er ég á þeirri skoðun að það sé alla vega skoðunarinnar virði að búa til þriðju deildina í tónlistarsjóðnum sem taki einungis til þess og njóti þá starfskrafta og ráðgjafar þeirra manna sem eru hvað fróðastir og best upplýstir um þessi mál og hvernig það gengur fyrir sig fyrir unga hljómsveit að fara utan og kynna sig þar. Margir hafa reynt það og það hefur oft endað með miklum skipsbrotum og fjárhagslegu tjóni fyrir viðkomandi tónlistarmenn. Margar sögurnar eru til um það enda er kannski oft lagt upp með lítil efni en háleit markmið. Þá þrýtur menn erindið og fjármagnið til að halda út erfiða dvöl erlendis til að berjast þar áfram og kynna tónlist sína. Ég held að því betur og markvissar sem við stöndum við bakið á tónlistarmönnunum okkar sem eru að leggja upp í slíkan leiðangur til að kynna sig á erlendri grund því meiri líkur eru á því að við náum árangri. Eins og ég sagði erum við ekki að biðja um mörg Bjarkarævintýri. Þó slíkt ævintýr yrði ekki nema tvisvar til þrisvar á öld væri miklum árangri náð, enda verður ábyggilega seint til þess árangurs jafnað sem sá mikli listamaður hefur náð erlendis. Sama má segja að mörgu leyti um hljómsveitina Sigur Rós sem á undanförnum missirum hefur farið mikla sigurgöngu víða um heim með sína einstöku tónlist.

Til að ná betri árangri sem ég efast ekki um að sé vilji okkar allra þá styð ég þetta mál hæstv. menntmrh. efnislega og heilshugar eins og ég sagði í upphafi máls míns. Ég held að þetta verði til þess að bæta enn stuðninginn við tónlistina, gera hann skilvirkari og aðgengið að honum eðlilegra og betra. Það er settur á þetta góður hattur sem gæti orðið til þess að efla tónlistarlíf í landinu ennþá frekar. En ef við tökum það sérstaklega útúr að efla sérstaklega og gera þeim listamönnum sem telja sig vera með slíka list í farteskinu að hún eigi erindi við önnur lönd og megi verða til þess að ná árangri þar þá þurfum við að búa til í þessu tónlistarráði sérstaka útflutningsdeild, þriðju deildina. Legg ég það til við hæstv. ráðherra og veiti því hér inn í umræðuna. Við munum að sjálfsögðu fara yfir þetta mál í menntmn. þegar þar að kemur og við 2. umr. síðar í vor.

[18:35]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir frv. sem hér er fram lagt og byrja á því að taka undir ábendingar hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, fyrst og fremst þá sem lýtur að skipan stjórnarinnar í þessu tilviki. Ég held að tillagan sem hann viðraði í því efni og lýtur að því að ráðherra eigi einn fulltrúa en fulltrúar tónlistarmannanna sjálfra fái þriðja fulltrúann í nefndinni samræmist betur þeim hugmyndum sem við gerum okkur í nútímanum um

hlutverk stjórnmálamannanna annars vegar og fagmannanna hins vegar. Við eigum að miða að því að draga úr beinum pólitískum ákvörðunum í menningarlífinu almennt og hafa metnað til þess. Sömuleiðis tek ég undir að full ástæða er til að skoða það að taka útflutninginn sérstaklega fyrir í tónlistarsjóðnum. Ég tel að hv. þm. hafi fært málefnaleg rök fyrir því að það gæti verið farsælt fyrir það góða verkefni sem hér er á ferðinni.

Hér er þó í sjálfu sér fyrst og fremst um að ræða ramma utan um fjárveitingar til tónlistarinnar. Það er kannski erfitt að dæma mikið um þennan ramma nema maður viti hvaða mynd eigi síðan að strengja inn í hann. Hæstv. menntmrh. nefndi að núverandi framlög sem gætu fallið inn í þennan ramma næmu 20–30 millj. kr. og síðan yrði leitað eftir því að það yrði aukið. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram nú við 1. umr. að 20–30 milljónir eru auðvitað bara engar fjárhæðir í því efni sem við erum hér að ræða og munu hvorki skila mönnum lönd né strönd. Ég held að það sé mjög mikilvægt að kalla eftir því að við 1. umr. reifi hæstv. menntmrh. þær hugmyndir sem hún hefur um fjárhagslegt umfang tónlistarsjóðsins til lengri og skemmri tíma. Mér er fullkomlega ljóst að hæstv. ráðherra þarf að sækja þær fjárheimildir hingað til Alþingis og að fjárln. þingsins og þingið sjálft muni hafa síðasta orðið í því efni. En ég held að mikilvægt sé að það komi fram hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hefur um að hún muni sækja hingað til þingsins í þennan sjóð því augljóslega þarf umtalsvert hærri fjárhæðir en þessar 20–30 milljónir og spurning er hvaða fjárhæðir ráðherrann hefur séð í því efni.

Ég ætla í tengslum við þetta að inna hæstv. ráðherra eftir þeirri umræðu sem á stundum hefur farið fram um tónlistina og framlögin til hennar. Nú er það auðvitað svo eins og fram kom í ræðu Björgvins G. Sigurðssonar að tónlistin er að skila okkur gríðarlega miklu, ekki bara í mannlífinu, í menningu okkar og í uppeldi barna og ungmenna heldur líka í landkynningu og í markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað og hún hefur verið gríðarlega mikilvægur þáttur í að efla hér ferðaþjónustu og draga hingað að fólk og skapa hér umsvif í kringum það, atvinnu og tekjur. Við höfum í tengslum við kvikmyndirnar haft uppi þau sjónarmið að opinber gjöld sem á kvikmyndaiðnaðinn eru lögð renni í raun aftur til iðnaðarins sjálfs í gegnum Kvikmyndasjóð. Þegar til þess er litið að sá virðisaukaskattur sem tónlistin í landinu er að skila — hann losar trúlega um hálfan milljarð króna — þá vil ég, virðulegur forseti, inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort hún sjái það fyrir sér að til lengri tíma litið yrði að því stefnt að tónlistin nyti að þessu leyti sambærilegrar fyrirgreiðslu og kvikmyndaiðnaðurinn í gegnum Kvikmyndasjóð og að við til lengri tíma miðuðum að því að þau opinberu gjöld sem á iðnaðinn eru lögð rynnu aftur til hans í gegnum þennan tónlistarsjóð.

Síðan vil ég að lokum, virðulegur forseti, fá að þakka aftur hæstv. ráðherra fyrir að leggja fram þennan ramma sem mér sýnist hafa verið vandað vel til og haft gott samráð um við þá sem máli skipta. Í tengslum við umræðuna sem hér fór fram í gær um tónlistar- og ráðstefnuhús og þær eindregnu yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra hefur gefið um stuðning sinn við það mikilvæga verkefni fyrir tónlistarlífið í landinu er ánægjulegt að finna hvað nýr ráðherra leggur mikla áherslu á menningarþáttinn í starfsemi ráðuneytisins og eflingu tónlistarinnar sem, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fór svo ágætlega yfir hér áðan, skiptir okkur svo miklu máli í svo mörgu tilliti í samfélagi okkar.

[18:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessa málefnalegu umræðu sem hefur átt sér stað í þingsalnum um þetta frv. mitt og hlý orð ágætra hv. þm. sem hér töluðu í minn garð.

Svo ég stikli aðeins á þeim atriðum sem komu fram eru markmiðin með frumvarpinu skýr, þ.e. að efla og styðja við tónlist og tónlistarsköpun í landinu, bæði innan lands sem erlendis. Einmitt þegar við unnum að frv. komu eðlilega og sem betur fer upp ýmis atriði sem menn svona hentu á milli sín og síðan náðist góð sátt um þau atriði.

Menn hafa staldrað við skipanina sem getið er um í 2. gr. og af hverju menntmrh. skipar þar tvo af þremur. Ég vil benda á fyrirkomulag sem hefur gefist ágætlega og menn hafa ekki verið að fetta fingur út í, þ.e. skipan þjóðleikhúsráðs. Af fulltrúum þar skipar menntmrh. þrjá. Að mig minnir við framsögu á því frv., þjóðleikhúslögunum, á sínum tíma var það markmið viðkomandi ráðherra að hafa fulltrúa ráðherra skipaða úr sem breiðustum hópi manna. Ég vil geta þess að í þjóðleikhúsráði í dag fyrir hönd menntmrh. sitja Matthías Johannessen, Kristín Ástgeirsdóttir og Haraldur Ólafsson prófessor. Ég tel það því líka mitt hlutverk að þessir tveir fulltrúar ráðherra hafi breiða skírskotun.

Samtónn hefur gegnt því hlutverki að vera nokkurs konar regnhlífarsamtök tónlistarmanna, FÍT, FÍH, útgefendur og fleiri þannig að það er í raun regnhlífin yfir alla þá sem að þessu koma.

Ég stend frammi fyrir því að hafa þessa þrjá aðila og ég tel að rétt sé að skipa þessu svona. Menn hafa nefnt það hér og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi það að taka inn tónlistarmennina. Ég efast ekki um að útgefendur vilji líka fá sinn fulltrúa og hljómlistarmenn vilji líka fá sinn fulltrúa þannig að ég tel rétt að Samtónn hafi þetta hlutverk og gegni því.

Síðan voru menn líka að velta því fyrir sér hvort ekki ætti þá að fjölga upp í fimm. Ég er meira hrifin af því að hafa stjórnir fámennari og setja meiri peninga í verkefnið sjálft því undir eins og við erum komin með fimm manna stjórnir og ráð þá erum við byrjuð að veita umtalsverða fjármuni í stjórnsýsluna sjálfa í stað þess að verkefnin sem slík fái það fjármagn sem þau vissulega þurfa á að halda á hverjum tíma. Mat mitt var því að haga þessari skipan eins og ég lagði hana fram.

Varðandi hugmynd sem kom frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni og hv. þm. Helgi Hjörvar tók einnig undir um deildaskiptinguna á sjóðnum, að þetta skyldi vera þriggja deilda sjóður í stað tveggja deilda þá yrði það einfaldlega að mínu mati of flókið kerfi. Ég tel að það yrði ekki nægilega skilvirkt enda tel ég ekki rétt að binda hendur þeirra sem með þennan sjóð fara og aðdáenda tónlistarinnar um of. Það er líka erfitt að greina skil á milli kynningar og markaðsátaks, þ.e. hvenær eitthvað fer úr því að vera kynning innan lands yfir í það að fara út í hinn víða og stóra heim. Ég held að við séum þá einfaldlega að byggja upp of flókið kerfi. Við eigum frekar að hafa línurnar skýrar og veita síðan stjórninni, tónlistarráðinu og þeim tónlistarmönnum sem fá viðkomandi styrki svigrúm og heimild til þess að setja fjármunina í þau verkefni sem þeir biðja um að fá fjármuni í. Ég vil ekki að lögin bindi hendur manna um of í þessu tilviki. Þess vegna hef ég lagt þetta fram eins og ég hef gert í 1. gr.

Ég tek að sjálfsögðu heils hugar undir það með hv. þingmönnum að tónlistin skiptir okkur öll máli, hvort sem það er klassísk tónlist eða popptónlist. Við eigum stórkostlega listamenn og menn hafa náttúrlega sett Björk þar fremsta á oddinn. Hún hefur tvímælalaust skipt sköpum fyrir menningarlíf okkar og tónlistarlíf, bæði hér innan lands sem utan, og það er alveg óþarfi af minni hálfu að tíunda hversu mikið kraftaverk hún er fyrir hönd þjóðarinnar. Hér eru ýmsir fleiri listamenn sem eiga mikla möguleika ef við höldum áfram að hlúa að þeim og styðja þá. Það er mín skoðun að ríkisvaldið eigi að ýta við nýsköpun, styðja við barnið þegar það er að fara að heiman. Síðan eigum við að sleppa þeim lausum og reyna að finna fleiri nýsköpunartækifæri til þess að ýta úr vör. Það á ekki að vera þannig að menn verði síðan sjálfala í kerfinu sem slíku. Þá er ég hrædd um að nýliðun yrði lítil og við sæjum ekki jafnkröftugt menningar- og tónlistarlíf og í dag.

Ég vil geta þess að á menningarkynningu Íslands í Frakklandi í lok september skipar tónlistin einmitt veigamikinn sess. Það er vonandi að þar nái mörg góð flaggskip íslenskrar tónlistar að koma fram, t.d. Sigur Rós eða Bang Gang og fleiri og fleiri. Við erum líka með klassíska tónlist. Við erum með stórkostlega listamenn, t.d. Kristin Sigmundsson og unga menn eins og píanóleikarann okkar Víking Heiðar. Víkingur Heiðar er einmitt dæmi um tónlistarmann sem ég tel að við eigum að hjálpa til að verða einn af bestu píanóleikurum heims.

Að svona hlutum á ríkið að koma, að nýsköpun, að því að styðja og hjálpa ungu listafólki til þess að það geti nokkuð áhyggjulaust tekið fyrstu skrefin í tónsköpun sinni.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum rétt fara aðeins inn á fjárframlögin. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég mun beita mér fyrir því að framlög til tónlistarsjóðsins komi til með að aukast frá því sem nú hefur runnið til þessara verkefna. Þau eru, eins og segir í umsögninni frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., á bilinu 20–30 milljónir. Hagsmunaaðilar sem við ræddum við töluðu um tvöföldun á slíku framlagi. Ég ætla hvorki að lofa einu né neinu hér og nú en ég mun a.m.k. beita mér fyrir því að aukning verði á því framlagi sem ríkið hefur sett til þessa málaflokks fram til þessa.

Að lokum þakka ég enn og aftur góða og málefnalega umræðu og vonast til þess að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[18:49]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og held að það sé alveg lágmark að verða við þeim óskum sem hún lýsir frá hagsmunasamtökunum um að tvöfalda þessa fjárhæð úr 25 milljónum í 50 milljónir ef þessi sjóður á að standa sæmilega undir nafni sem tónlistarsjóður. Ég vil einnig kalla eftir því að ráðherra lýsi viðhorfum sínum til þess að hin opinberu gjöld sem tónlistin greiðir eigi til lengri tíma litið að renna til hennar aftur með svipuðum hætti og gert er í Kvikmyndasjóði.

Mér heyrist að ráðherra hafi velt fyrir sér þeim þætti að setja á fót sérstaka útflutningsdeild og að það séu málefnaleg sjónarmið að skilja eigi eftir svigrúm fyrir stjórn sjóðsins til þess að ákvarða nánar um fjárframlög, þó að ég haldi að það eigi engu að síður að taka vel til athugunar ábendingu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um það efni.

En ég verð að lýsa mig algjörlega andsnúinn þeim sjónarmiðum sem hæstv. ráðherra lýsti um stjórnina. Ég tel að þjóðleikhúsráð geti á engan hátt verið sambærilegt í því vegna þess að þjóðleikhúsráð er ráðgefandi um ríkisstofnun sem er í miklum eigin rekstri, mannahaldi, listrænni starfsemi og öðru slíku. En ég hef skilið tónlistarsjóðinn fyrst og fremst þannig að það sé verið að veita fé til einstakra verkefna. Þó að ég efist alls ekki um að hæstv. núv. menntmrh. muni vanda til skipana sinna fulltrúa í þessa sjóðstjórn þá er það auðvitað ekki gefið um alla framtíð. Við þurfum að búa þannig um lögin að það sé ekki undir persónu hvers og eins ráðherra komið hversu farsællega er að verkinu staðið. Ég tel einfaldlega að við eigum að draga úr því frekar en hitt að það sé að meiri hluta ákvörðun stjórnmálamanna hvert styrkir til einstakra verkefna fari. Ég held að hæstv. ráðherra eigi að halda sig að stefnumörkuninni og hafa eftirlit með því að sjóðstjórnin fari eftir þeirri stefnumörkun sem lögð hefur verið, en eigi ekki að hafa meirihlutavald um að ákveða hvert einstakir styrkir fara.

[18:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel hugrenningar hv. þm. Helga Hjörvars og að mörgu leyti er ég sammála því sem hann sagði um hlutverk ríkisvaldsins, þ.e. að það eigi að vera rammagefandi eftirlitsaðili. En í þessu tilviki hef ég líka velt þessu mjög vel og gaumgæfilega fyrir mér. Ég stóð frammi fyrir þeim valkosti að hafa þetta fimm manna stjórn og fjölga þá fulltrúum frá tónlistarlífinu og setja þar af leiðandi meiri peninga í stjórnsýslu sjóðsins. Eins og hv. þm. hefur þegar komið inn á er ekki allt of mikið í lagt varðandi tónlistarlífið nú þegar þannig að ég vil frekar veita þessu til málaflokksins sem slíks, til verkefnanna sem slíkra heldur en að hafa allt of umfangsmikið batterí í kringum það.

Á hinn bóginn tel ég rétt, og það er hér með komið í lögskýringargögn, að hvort sem það verður ég eða framtíðarmenntamálaráðherrar landsins þá komi þeir til með að beita sér fyrir því að þeirra aðilar og fulltrúar þeirra komi til með að hafa fyrst og fremst hagsmuni tónlistarinnar að leiðarljósi um leið og þeir halda sig við þann ramma sem þeim er gefinn hverju sinni.

[18:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Frv. sem hér liggur fyrir hafa margir beðið eftir. Þetta hefur verið ein af skrautfjöðrunum sem ýmsir menntamálaráðherrar hafa sett í sinn hatt og nú hefur hæstv. núv. menntmrh. loksins lagt það fram.

En ég velti því fyrir mér þegar ég les frv. og umsögn fjmrn. hver sé munurinn. Það kemur skýrt fram að ekki er gert ráð fyrir því að fjárveitingar til þessara verkefna aukist. Það segir beinlínis í greinargerð að það fé sem menntmrn. hafi haft til ráðstöfunar til ýmissa verkefna sem hæstv. ráðherra taldi upp verði veitt í þennan sjóð. Það er engin aukning. Það kemur líka fram að áður hafði ráðuneytið ákveðna ráðgjafarnefnd sér til ráðuneytis og í henni voru fulltrúar Félags íslenskra tónlistarmanna, Félags íslenskra hljómlistarmanna og ráðuneytisins. Í frv. kemur fram, sem er ásteytingarsteinninn í þessari umræðu, að menntmrh. ætlar sér að hafa öll tök á málinu. Hæstv. menntmrh. ætlar sér að hafa meiri hluta í þessum sjóði.

Hver er þá munurinn? Það er ekki meira fjármagn. Það er engin breyting á því hverjir geta komið að veitingunni. Það er frekar að dregið sé úr því.

Ég skil þess vegna ekki hvers vegna verið er að leggja í þetta ferðalag nema hugsanlega upp á vonina um að einhvern tíma kunni að opnast nýjar gáttir í ráðuneytinu til þess að veita meira fé í þetta.

Þegar hæstv. ráðherra segir að ekki sé hægt að hafa fleiri fulltrúa í stjórninni vegna þess að þá væri batteríið orðið of umfangsmikið og dýrt þá beini ég því til hennar að skoða hvernig Menningarsjóður er uppbyggður. Þar er fimm manna stjórn og það er einn starfsmaður í ráðuneytinu sem sinnir líka öðru. Það er nú ekki mjög dýrt batterí.

Ég skora því á hæstv. ráðherra að taka þetta til endurskoðunar. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hún losi um tök sín á þessum sjóði.

[18:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er búin að fara gaumgæfilega yfir ástæður þess og röksemdir mínar fyrir því að ég tel réttast að hafa skipan tónlistarráðsins eins og lagt er fram í frv.

Varðandi framlögin til tónlistarsjóðsins sem slíks veit hv. þm. eins og við öll hér að það er Alþingi sem fer með fjárlagavaldið. Ég er búin að segja að ég muni beita mér sérstaklega fyrir því að framlög til þessa málaflokks, til tónlistarsjóðsins, verði aukin. Hér er verið að leggja fram rammafrumvarp þar sem lagt er til að fjármagn til tónlistarmála og tónsköpunar verði skilvirkara og skili sér betur til þeirra sem hlut eiga að máli, þ.e. tónlistarmannanna sjálfra. Við erum að skapa skýrara skilvirkara og markvissara kerfi utan um allt þetta utanumhald sem hefur verið fram til þessa í tónlistarmálunum. Fram til þessa hafa allir einmitt fagnað því að verið er að setja hér ákveðinn ramma.

Það er hárrétt sem hefur komið fram að við erum með um það bil 20–30 milljónir í framlög í dag. En við erum að undirbúa og vinna að fjárlagagerð fyrir næsta ár, fyrir árið 2005, og að sjálfsögðu mun ég beita mér fyrir því enn og aftur, og ég ítreka það, að framlög til þessa sjóðs verði aukin þannig að hann komi til með að skila enn betra starfi innan tónlistarinnar, bæði innan lands sem erlendis.

[18:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst mikilvægt í þessari umræðu að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir því að fjárveitingar til sjóðsins muni aukast. Ég tel að það skipti ákaflega miklu máli, sérstaklega með tilliti til þess að hæstv. ríkisstjórn talar töluvert oft um að hagur þjóðarinnar sé að vænkast og þar með hagur ríkissjóðs. Ég vek eftirtekt á því að hæstv. ríkisstjórn hefur margsinnis sagt að svo mjög muni hagurinn vænkast á næstu árum að hægt verði að ráðast í skattalækkanir upp á tugi milljarða. Mér finnst því að það ætti nú ekki að vera ofverk hæstv. menntmrh. að sjá til þess að þegar á næstu fjárlögum verði framlögin a.m.k. tvöfölduð.

Ég vil hins vegar rifja það upp að samtök tónlistarmanna og þeirra sem eiga rétt á tónlist, rétthafanna, fóru nú heldur betur fram á meira en tvöföldun. Þau fóru fram á tíföldun framlaga. Þegar þetta mál kom fyrst til umræðu á hinu háa Alþingi var talað um að í þennan sjóð þyrfti að fá 200–300 millj. kr. Ég man ekki betur en páv. menntmrh. sem nú stýrir dómsmálum landsins hafi ekki tekið illa í það. Ég man heldur ekki betur en að á sínum tíma hafi páv. iðnrh., sem tókst á við páv. menntmrh. um hvar ætti að vista þennan sjóð, tekið undir það. Mér finnst því heldur lítið í lagt ef hrinda á þessu fleyi úr vör einungis með þeim peningum sem þegar eru í málaflokknum.

Ég vek síðan eftirtekt á því, frú forseti, að í greinargerð er sagt að þessi eini fulltrúi sem kemur utan ráðuneytisins sé fulltrúi Samtóns. Samtónn eru samkvæmt greinargerðinni samtök allra rétthafa tónlistar í landinu. Ég hefði nú talið að fyrir utan þá hefði líka þurft fulltrúa starfandi tónlistarmanna til þess að koma að málinu.

[18:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt aðeins út af Samtóni þá komu einmitt tónlistarmenn og hljómlistarmenn að málinu því að þeir heyra líka undir Samtón. Það eru fleiri en akkúrat eingöngu réttahafarnir sem falla undir Samtón.

Ég fagna því sérstaklega að við í ríkisstjórnarflokkunum höfum eignast bandamenn í því að lækka skatta. Fagna ég því sérstaklega. Ég fagna því líka að ég finn það hér á þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls að þeir ætla að leggja mér lið í því að reyna að fá meira fjármagn í þennan sjóð.

Ég tel raunhæft að huga að því sem hefur komið fram m.a. á þessum samráðsfundum, þ.e. að reyna að tvöfalda það framlag sem nú er til þessa málaflokks. Ég held að ágætt væri ef það mundi nást.

Að öðru leyti vil ég enn og aftur þakka fyrir þessa umræðu, virðulegi forseti, og vonast til þess að málinu verði vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:00]

Útbýting þingskjals:

Virðisaukaskattsskyld kennsla á námskeiðum, 931. mál, fsp. LS, þskj. 1415.

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, fyrri umr.

Stjtill., 873. mál. — Þskj. 1331.

[19:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Samkvæmt 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra leggi fram, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Samkvæmt sömu grein jafnréttislaganna skal ráðherra samhliða framlagningu till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum, leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Þeirri skýrslu hefur verið dreift til hv. alþingismanna.

Ákvæðið um sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttisáætlun var fyrst tekið upp í lög nr. 65/1985. Þáverandi félmrh., Alexander Stefánsson, lagði fyrstur fram slíka áætlun fyrir ríkisstjórn sem síðan var lögð fyrir Alþingi til umræðu. Segja má að síðari áætlanir hafi í öllum höfuðatriðum verið settar upp með líkum hætti og þessi fyrsta áætlun sem Alexander Stefánsson kynnti fyrir Alþingi árið 1986. Segja má að þó reynslan hafi verið nokkuð góð af gerð jafnréttisáætlana hafi ákvæði um gerð þeirra og form verið breytt. Þetta var gert með lögum nr. 28/1991.

Með nýju ákvæði í 17. gr. laganna var forminu breytt þannig að í stað þess að Alþingi skyldi kynnt jafnréttisáætlun

ríkisstjórnarinnar var tekið fram að félmrh. legði áætlunina fyrir Alþingi í formi till. til þál. Með breytingunni er bæði skerpt á formi og ábyrgð ríkisstjórnar og ráðherra aukin á framkvæmdinni. Það var einnig tekið fram að áætlunin skuli byggð á tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs og að í henni skuli koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum.

Þrátt fyrir ný jafnréttislög 1991 og 2000 hefur uppbygging jafnréttisáætlana haldist í öllum höfuðatriðum. Mér hefur því, hæstv. forseti, fundist tímabært að hyggja að breytingum. Í þeirri þáltill. um aðgerðir til að jafna stöðu kvenna og karla sem nú hefur verið lögð fyrir Alþingi eru verkefnin afmarkaðri, kveðið á um hvaða ráðuneyti eru ábyrg fyrir framkvæmd hvers verkefnis og hvaða aðilar komi þar að. Ýmis þeirra verkefna sem um ræðir eru vissulega kunnugleg frá fyrri áætlunum þó mörgum hafi verið lokið á liðnu framkvæmdatímabili. Fjöldi þeirra verkefna frá fyrri áætlunum sem ekki reyndist unnt að ljúka leiddi þó m.a. til þess að sú ákvörðun var tekin að fækka nú verkefnum. Með því verður áætlunin raunhæfari og vonandi um leið markvissari.

Í fyrri framkvæmdaáætlun var stefnt að því að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í daglegt starf allra ráðuneyta. Enn er nauðsynlegt að hafa þetta markmið að leiðarljósi þar sem árangurinn hefur ekki verið sem skyldi. Hér er þó rétt að benda á, hæstv. forseti, að samþætting er ekki markmið í sjálfu sér heldur er jafnrétti kynjanna markmiðið. Það næst m.a. með því að gera samþættingu að viðteknum vinnubrögðum í stjórnsýslunni. Samþætting er aðferðin eða verkfærið sem getur gert það kleift að markmiðinu að jafnrétti verði náð.

Árétta má að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum er eitt af mikilvægustu verkfærum sem ríkisstjórnin hefur yfir að ráða til að hafa áhrif á þróun jafnréttismála í samfélaginu. Hún var að þessu sinni undirbúin fyrir félmrn. af starfsfólki Jafnréttisstofu sem hafði nána samvinnu við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Áætlunin er einnig byggð á tillögum Jafnréttisráðs sem lögum samkvæmt er stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum.

Af þessu sést, hæstv. forseti, að margir aðilar hafa komið að undirbúningi að samningu áætlunarinnar og fjölmargar tillögur komu fram. Eins og áður sagði var ákveðið að hafa að þessu sinni færri en jafnframt markvissari og vonandi raunhæfari verkefni en áður. Því reyndist nauðsynlegt að velja og hafna. Þar af leiðandi hafa ekki öll verkefni sem stungið var upp á verið tekin með í þá áætlun sem hér er lögð fyrir Alþingi. En ég fullyrði að áætlunin tekur á þeim atriðum sem mestu skipta um framvindu mála á þessu sviði.

Ég vil vekja á því athygli að þess var freistað að hverri verkefnislýsingu fylgdi áætlun um kostnað sem því fylgir að hrinda verkefninu í framkvæmd. Í lögum nr. 28/1991 var kveðið á um að framkvæmdaáformum skyldi fylgja áætlun um fjárveitingar til einstakra verkefna. Í þeirri framkvæmdaáætlun sem hér er til umræðu koma í fyrsta skipti fram upplýsingar um áætlaðan kostnað við að hrinda í framkvæmd flestum þeim verkefnum sem talin eru upp í framkvæmdaáætluninni, þó ekki öllum. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta er gert enda þótt ákvæði um slíkt hafi verið í jafnréttislögunum í rúman áratug.

Jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er eitt af forgangsviðfangsefnum í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun. Á þessum vettvangi er verkefnið einkum tvíþætt, tryggja að kynin hafi jöfn tækifæri til starfa og starfsframa sem og annarra hlunninda á vinnustaðnum. Í annan stað að vinna að framgangi þess sjálfsagða markmiðs að greidd séu sömu laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni. Því miður leiða kannanir í ljós að í þessum efnum er verulegur misbrestur. Þær staðfesta að enn er því svo farið að karlar umfram komur njóta yfirborgana og ýmiss konar launahlunninda. Þetta gildir jafnt um almenna vinnumarkaðinn og hinn opinbera.

Samanburður sýnir að verulega hallar á konur sem gegna störfum sem krefjast sérmenntunar þegar þau eru borin saman við hefðbundin karlastörf sem krefjast hliðstæðrar sérmenntunar. Launakerfi sem byggir á stöðuheitum sem ekki gefa rétta mynd af ábyrgð eða umfangi, sporslum af ýmsu tagi sem m.a. felast í fastri óunninni yfirvinnu og bílahlunnindum umfram það sem eðlilegt má teljast, býður upp á mismunun. Ríkisstjórnin og samtök aðila vinnumarkaðarins hafa verið að feta sig frá slíku launakerfi. Hér er enn verk að vinna.

Eitt af verkefnum félmrn. verður skipun nefndar til að meta aðferðir til að mæla kynbundinn launamun. Einnig er gert ráð fyrir því að ráðuneytið endurtaki umfangsmikla könnun sem gerð var árið 1995 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Enn fremur verður sérstaklega kannað hvaða og hvort ný fæðingar- og foreldraorlofslög hafa haft hér áhrif.

Hæstv. forseti. Í þessu sambandi vil ég minna á að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram till. til þál. um aðgerðir varðandi launajafnrétti kynjanna. Þótt vinna við þá ályktun sem ég hér mæli fyrir hafi verið langt komin þegar sú ályktun kom fram er það engin launung að tekið hefur verið mið af nokkrum þeirra atriða sem fram koma í tillögu hv. þm. Er það í samræmi við yfirlýsingu mína við fyrri umræðu um þá ályktun hér á Alþingi hinn 16. október sl.

Hæstv. forseti. Ég tel sömuleiðis æskilegt að hv. félmn. kannaði með opnum huga hvort ganga megi lengra í að taka upp atriði sem fram koma í ályktunartillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, t.d. varðandi greiningu á uppbyggingu launakerfa og kjarasamninga með tilliti til kerfislægrar mismununar.

Hið opinbera þarf að setja fordæmi fyrir almenna vinnumarkaðinn með því að skapa konum jöfn tækifæri í ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Þetta á bæði við um ráðningar og stöðuveitingar. Hér reynir á nýmæli í jafnréttislögunum frá árinu 2000. Í þeim er að finna ákvæði um skipun jafnréttisfulltrúa í sérhverju ráðuneyti sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir ráðuneytin heyra.

Á undanförnum liðlega þremur árum hefur fengist nokkur reynsla af störfum jafnréttisfulltrúanna sem bendir til að betur þurfi að skilgreina verkefni þeirra. Ákvæði um þetta efni var í síðustu áætlun, en ekki tókst fyllilega að hrinda því í framkvæmd. Þetta er því endurtekið í þeirri áætlun sem nú liggur fyrir og lögð áhersla á að þeim starfsmönnum ráðuneytanna sem sinna þessu hlutverki verði skapað aukið svigrúm til athafna. Þetta verði gert með sérstakri starfslýsingu fyrir starf jafnréttisfulltrúa og mörkuðu starfshlutfalli. Rétt er að taka fram að ólík hlutverk ráðuneytanna hljóta að ráða starfshlutfalli sem þarf ekki að vera það sama fyrir alla jafnréttisfulltrúana.

Pólitískur vilji til að jafna hlutföll kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera hefur komið fram í fyrri framkvæmdaáætlunum. En þrátt fyrir þann vilja hefur

hlutfall kvenna í opinberum nefndum, ráðum og stjórnum í heildina ekki aukist á síðustu tveimur árum.

Á haustmánuðum 2003 hafði hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum aukist í fjórum ráðuneytum, staðið í stað í einu en lækkað í sjö þegar borið er saman við stöðuna árið 2001.

Loks er ástæða til að minnast á að hlutur kvenna í stjórnunarstöðum innan ráðuneytanna er enn rýr. Í einu ráðuneyti er engin kona í yfirstjórn og í flestum eru þær í minni hluta. Þetta er mál sem ríkisstjórnin þarf að huga betur að á næstu árum og gert er ráð fyrir því í þessari áætlun.

Þetta á þó ekki við um öll ráðuneyti, hæstv. forseti, t.d. eru konur 44% yfirstjórnar dóms- og kirkjumrn. og 50% yfirstjórnar heilbr.- og trmrn. samkvæmt tölum frá því í október 2003. Og í febrúar á þessu ári var umhvrn. fyrst til þess að hafa fleiri konur en karla í yfirstjórn.

Pólitíska vilja til breytinga þarf að sýna í verki á fleiri stöðum og því er nauðsynlegt að framgangur verkefna í þessari áætlun verði tryggður.

Hér að framan hefur verið dvalið við aðgerðir sem hið opinbera hyggst grípa til í því skyni að rétta hlut kvenna á opinberum vinnumarkaði. Því miður gefa kannanir til kynna að einnig sé full ástæða til að taka til hendinni í jafnréttismálum á almenna vinnumarkaðnum. Upplýsingar sem koma fram í nýlegri rannsókn sem unnin var af Bryndísi Ísfold Hlöðversdóttur eru sláandi. Þar kemur m.a. fram að konur eru einungis 5% stjórnarmanna í fyrirtækjum skráðum hjá Kauphöll Íslands, 12 konur á móti 330 körlum. Þetta minnir á ákvæði í 13. gr. jafnréttislaganna. Þar kemur m.a. fram sú skýra lagaskylda að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf. Í greininni er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða kveði sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Ég hef fullan hug á því að efna til ráðstefnu í samvinnu við Jafnréttisráð, heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins og Jafnréttisstofu, þar sem fjallað yrði um framkvæmd á þessu sviði. Það er ekki nóg að beina sjónum, hæstv. forseti, að opinbera vinnumarkaðnum. Almenni vinnumarkaðurinn er ekki síður mikilvægur fyrir framvindu jafnréttismála í landinu.

Í framkvæmdaáætlun þessari er lagt til að stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu árin verði:

1. Samþætting jafnréttissjónarmiða.
2. Fræðsla um jafnréttismál.
3. Jafnrétti á vinnumarkaði.
4. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
5. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.
6. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

Hæstv. forseti. Ein af grunnstoðum samþættingar er fræðsla. Í þeirri framkvæmdaáætlun sem hér er til umræðu koma fram ýmis verkefni sem tengjast fræðslu og upplýsingaöflun. Nauðsynlegt er að stjórnendur ráðuneyta taki þátt í fræðslu um jafnréttismál og komi því efni til skila til starfsmanna sinna. Kynbundinn launamunur er enn eitt af helstu áhersluatriðum framkvæmdaáætlunarinnar. Þróunin er vissulega í rétta átt, en upplýsingar benda til, eins og ég hef rakið, að betur má ef duga skal. Kyngreindar upplýsingar eru grunnundirstaða þess að hægt sé að fylgjast með þróun mála í þessum efnum. Með slíkum gögnum væri t.d. hægt að þróa svokallaða kynjavísitölu til að nákvæmar sundurgreindar upplýsingar um stöðu karla og kvenna í samfélaginu væru alltaf tiltækar.

Ég vil ljúka máli mínu með því að leggja á það áherslu að umræðan um jafnrétti kynjanna snýst ekki eingöngu um að bæta hag kvenna. Hún tekur einnig til þess að bæta hag alls samfélagsins. Afnám hvers kyns misréttis gagnvart konum er spurning um að konur njóti mannréttinda og jafnræðis við karlmenn.

Hæstv. forseti. Staðreyndirnar tala sínu máli. Sannarlega vildi ég óska þess að ég gæti haldið því fram að ekki væri þörf á því í dag að leggja fram og ræða á Alþingi sérstaka tillögu um ályktun þingsins í jafnréttismálum. (**GAK:** Spurðu dómsmálaráðherra ...) Ég vildi sömuleiðis að ég gæti haldið því fram að árangur okkar í jafnréttismálum á undanförnum árum og áratugum væri með þeim hætti að ekki væri lengur þörf á sérstökum lögum til að standa vörð um jafnan rétt kynjanna í samfélagi okkar. Ég hef hins vegar enga sannfæringu um að svo sé, þvert á móti. Það er hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að við veltum því fyrir okkur á hverjum tíma hvort við erum að nálgast markmið okkar eftir skynsamlegum leiðum og með þeim verkfærum sem líkleg eru til árangurs.

Ég fagna slíkri umræðu, hæstv. forseti, og tel hana gagnlega. En ég tel því miður að við eigum enn langt í land við að tryggja jafnrétti kynjanna á ótal sviðum og þess vegna sé það okkur algjörlega nauðsynlegt að setja fram með reglubundnum hætti stefnumörkun ríkisstjórnar í jafnréttismálum líkt og hér er gert og af sömu ástæðum beri okkur að standa vörð um jafnréttislöggjöfina þótt ekki haldi ég því fram að hún sé fullkomin eða hana megi ekki lengi bæta. Okkur hefur sannarlega miðað fram en við eigum enn talsvert ferðalag fyrir höndum.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[19:15]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að reifa þessa áætlun hér ágætlega en hlýt að kalla eftir því hvort skilja beri orð hæstv. ráðherra jafnréttismála með þeim hætti að hann fagni umræðu um jafnréttislögin og sé í því sambandi að vísa til yfirlýsinga hæstv. dóms- og kirkjumrh., Björns Bjarnasonar, og hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar. Ég vona sannarlega, virðulegur forseti, að svo sé ekki því að þótt hafa megi ákveðna samúð með stöðu hæstv. félmrh. og hafa á því ákveðinn skilning að hann sem nýr ráðherra hafi ekki mikla stöðu til að setja mjög harkalega ofan í við sjálfan forsrh. landsins í þessu efni trúi ég því ekki fyrr en ég tek á að hér hafi hæstv. ráðherra jafnréttismála verið að fagna sérstaklega þeirri ómerkilegu og lágkúrulegu umræðu sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason hafa haft uppi hér á síðustu dögum og fagna því sérstaklega hvernig þeir hafa vegið að grundvallarþáttum í jafnréttislöggjöfinni og alið á fordómum og rangtúlkunum á hlutverki hennar. Eitt helsta misréttið sem við eigum enn við að stríða í samfélagi okkar er misrétti kynjanna, launamisrétti kynjanna á vinnumarkaði. Frumkvæðisskylda stjórnvalda og þó fyrst og síðast hæstv. félmrh. er verulega á því sviði. Ég hlýt þess vegna að kalla eftir því að hæstv. félmrh. svari því hvort hann hafi hér með orðum sínum verið að fagna sérstaklega þeirri umræðu sem Björn Bjarnason og hæstv.

forsrh. Davíð Oddsson hafa staðið fyrir undanfarna daga.

[19:17]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sem félmrh. hlýt að fagna allri umræðu um jafnréttismál í landinu. Ég hef með ræðu minni hér ekki lagt dóm á einstök ummæli í þeirri umræðu, hvorki á undanförnum dögum, vikum, mánuðum né árum.

Ég fagna vissulega umræðunni. Ég tel að hún sé okkur öllum holl. Ég tel að hún muni á endanum geta leitt okkur fram um veg og að sjálfsögðu hlýtur í samfélagi okkar að vera ánægjuefni þegar til slíkrar umræðu er efnt. Í því felst ekki, hæstv. forseti, af minni hálfu álit eða dómur um nokkur þau ummæli sem fallið hafa á undanförnum dögum, vikum, mánuðum eða árum.

[19:18]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. félmrh. fagnaði ekkert sérstaklega umræðunni þegar álit kærunefndar jafnréttismála lá fyrir í málefnum Leikfélags Akureyrar, heldur taldi hann að sú niðurstaða kallaði á ákveðnar aðgerðir. Það er greinilegt að í huga hæstv. félmrh. á hið sama ekki við um hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason og átti við um framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu og er greinilega gerður nokkur mannamunur á þeim bæ.

Maður hlýtur að spyrja hæstv. félmrh. hvort þessi áætlun hafi verið kynnt í ríkisstjórn og hvort þær eindregnu yfirlýsingar sem hann hefur haft hér uppi um nauðsyn þess að jafna kjör kvenna og karla á hinum opinbera vinnumarkaði hafi verið kynntar í ríkisstjórn og hvort það sé fullkomin samstaða í ríkisstjórninni um þær áherslur sem hér eru uppi fyrst svona mikil óeining er um jafnréttislögin sjálf og grundvallarákvæði þeirra. Eftir því hljótum við að kalla við þessa umræðu, virðulegur forseti.

[19:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurning hv. þingmanns hlýtur að byggja á ákveðnum misskilningi því að sá er hér stendur var alls ekki ráðherra, hvorki jafnréttismála né annarra mála, þegar niðurstaða kærunefndar jafnréttismála í máli framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu lá fyrir. Ég vísa þeirri spurningu frá mér, hæstv. forseti.

Hins vegar er mjög einfalt að svara síðari spurningu hv. þingmanns játandi. Sú áætlun sem hér er kynnt og mælt fyrir hefur að sjálfsögðu fengið umfjöllun í ríkisstjórn eins og lög gera ráð fyrir.

[19:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þá jafnréttisáætlun sem hér liggur fyrir. Í henni er að finna fögur orð, fögur fyrirheit og fögur markmið sem hæstv. ráðherra veit auðvitað að getur verið flóknara að efna en að fylgja úr hlaði úr ræðustóli. Eins og hann auðvitað getur um í ræðu sinni hefur okkur miðað harla lítið miðað við væntingar og miðað við þær áætlanir sem við höfum keyrt á hingað til.

Mig langar til að inna hæstv. ráðherra eftir einu ákveðnu atriði. Ég sé að hann hefur sett á verkefnalista dómsmrn. fyrst og fremst mansalsmál og sömuleiðis vernd vitna og þolenda afbrota. Ég fagna því að þessi atriði skuli vera tekin inn í áætlunina því að mér finnst þau sannarlega heyra til þessum málaflokki. Af því að hæstv. ráðherra brýtur kannski blað í sögunni, þar sem hann segir í ræðu sinni að hann hafi tekið ákveðið mið af þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hann gat um, vil ég benda hæstv. ráðherra á að fleiri þáltill. liggja fyrir þinginu sem vert væri að kíkja á í þessu sambandi og þá er ég að tala um þáltill. um fórnarlamba- og vitnavernd sem ég hef lagt fram og málið sem fjallar um vændi, þ.e. það að gera kaupendur vændis ábyrga fyrir því að vændi viðgangist en ekki þá einstaklinga sem leiðast út í vændi. Ég vil fá að heyra hæstv. ráðherra segja okkur það hér hvort álit hans á mansalsmálum geti ekki samrýmst þeim sjónarmiðum sem koma fram í nefndri þáltill., nefnilega því að vændi sé fylgifiskur mansals og að stjórnvöldum beri að reyna að hafa áhrif á eftirspurnina til þess að draga úr mansalinu sjálfu.

[19:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki veit ég hvort sá er hér stendur á skilið þann dóm að hafa brotið blað í sögunni en það er vissulega rétt að ég lýsti því yfir í umræðu í október þegar rædd var fyrrnefnd þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri um sérstaka áætlun í að jafna laun kynjanna að mér fyndist ástæða til að taka undir margt sem í henni er sett fram. Það hefur verið gert í þeirri áætlun sem ég hér mæli fyrir og ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég teldi æskilegt að hv. félmn. fjallaði um hana enn frekar.

Hvað varðar það verkefni sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerir hér að sérstöku umfjöllunarefni, þ.e. mansalsverkefnið, er rétt að í þessari áætlun er það á ábyrgð dómsmrn. og kemur að sjálfsögðu fram sem ein af hugmyndum þess ráðuneytis til að tryggja framgang jafnréttis í samfélagi okkar. Ég skal viðurkenna, hæstv. forseti, að ég hef ekki kynnt mér nægilega vel þær ályktanir sem hv. þm. gerði hér að umfjöllunarefni en ég reikna með því að þegar um skyld mál er að ræða hafi nefndarmenn í hv. þingnefnd, hér félmn., í huga þá umræðu sem fram hefur farið á Alþingi og er náskyld þeirri umræðu sem við eigum nú í.

[19:24]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa skilning á því að á borðum þingmanna séu fleiri tillögur sem beri kannski að líta á í tengslum við þessa jafnréttisáætlun og ítreka það að þáltill. um fórnarlamba- og vitnavernd gengur í raun og veru samhliða þeim ákvæðum sem Palermo-samþykktin gengur út á. Palermo-samþykktin er eitt af því sem kemur fram í þessari áætlun hér að eigi að fullgilda. Ég verð að segja að við höfum beðið eftir því með óþreyju, nokkrir þingmenn, að Íslendingar fullgildi þann samning. Ég fagna því að hér skuli það gert að einu af forgangsverkefnunum því að það skiptir okkur verulegu máli að við getum gengið hnarreist og keik fram í þessum málum sem lúta að einum af skelfilegustu glæpum sem hægt er að fremja, þ.e. sölu á fólki til kynlífsþrælkunar í flestum tilfellum. Angi af þessum glæpamálum teygir sig til Íslands. Það er ekki eins og að þessi mál komi okkur ekki við. Við verðum að skoða þau hér í okkar ranni af mikilli alvöru. Ef við getum gert það á einhvern hátt í tengslum við þessa jafnréttisáætlun tel ég það vera vel og treysti því að félmn. athugi þau mál í umfjöllun sinni.

[19:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. félmrh. fylgir því hér eftir í framsögu sinni um þessa tillögu sem hann sagði í haust þegar ég mælti fyrir tillögu minni og fleiri þingmanna

Samf. um framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Þegar ég las þessa nýju áætlun sem ráðherra mælir hér fyrir fannst mér vera himinn og haf á milli þess sem fram kom í þeirri framkvæmdaáætlun sem ég var með í haust og ráðherrann tók undir og þess sem sjá má í tillögunni sem hér er mælt fyrir. Þar er einungis talað um að finna þá aðferð sem er líklegust til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun og eins að um er að ræða að endurtaka könnun sem gerð var árið 1995 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Í tillögunni sem ég lagði fram og fleiri þingmenn var hins vegar um að ræða að það átti að gera tvær framkvæmdaáætlanir, annars vegar fyrir opinberan vinnumarkað og hins vegar fyrir almennan vinnumarkað. Markmiðið var að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna á sex árum í samræmi við ákvæði 14. gr. laga. Þær áttu að vinnast í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og það átti að huga að því að beita ákvæði jafnréttislaga um jákvæða mismunun að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna.

Þess vegna fagna ég því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, að hann ætli að beina því til félmn. að hún skoði frekar að samræma það sem fram kemur í tillögu minni til þál. um þessa framkvæmdaáætlun því sem fram kemur í áætlun hæstv. ráðherra.

Ég vil einmitt spyrja hann hvort ég hafi ekki skilið það rétt — ég heyrði í fréttum þegar áætlun hans var kynnt — að hann legði til að framkvæmdaáætlun yrði gerð til að ná fram launajafnrétti kynjanna á fjórum árum. Ég var auðvitað mjög fegin að heyra það en gat ekki fundið því stað í þessari áætlun. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra frekar um það hvernig hann sjái samræmingu fyrir sér á þessum tveimur ályktunum.

[19:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir hennar orð. Sá er hér stendur hefur í þeirri umfjöllun sem hefur átt sér stað um þessa ályktun lagt á það áherslu að ein af helstu tillögunum og þungamiðjan kannski í þessu plaggi sé einmitt aðgerð til þess að ná að eyða launamun kynjanna. Þessi áætlun gildir til fjögurra ára og það er það sem sá er hér stendur hefur átt við í máli sínu.

Ég vil hins vegar benda hv. þingmanni á að í þessari áætlun eru að mínu mati nokkuð mörg atriði sem taka á líkum og jafnvel sambærilegum áherslum og eru í þeirri þáltill. sem hv. þm. er 1. flm. að og við höfum gert að umfjöllunarefni. Þar getur hæstv. forseti vitnað til þeirra verkefna sem eru númeruð í áætluninni, nr. 15 Jafnrétti í vinnumiðlun, 17 Kynbundinn launamunur, 18 Launamyndun og kynbundinn launamunur, 31 Konur í atvinnurekstri, 19 Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla, 39 Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi — sjálfsagt mætti þar fleira finna til.

Mér finnst, eins og ég hef lagt áherslu á, ástæða til að hv. félmn. skoði þessar tvær þáltill. í sérstöku samhengi og leiti til þess leiða að þær geti samræmst á sem bestan hátt. Ég tel, hæstv. forseti, að okkur gangi það sama til í þessum efnum, þeim er hér stendur og hv. þingmanni.

[19:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hæstv. ráðherra setur hér fram. Ég lít einnig svo á að okkur gangi það sama til, höfum það sama markmið að setja fram raunhæfar tillögur til að ná því markmiði að vinna hér gegn launamisrétti kynjanna og uppræta það á sem skemmstum tíma. Síðan munum við auðvitað skoða það á þeim dögum sem eftir eru af þinginu hvort við náum þá ekki saman um leiðir, við erum sammála um markmiðið, og það mun koma í ljós þegar við afgreiðum tillöguna frá þinginu.

[19:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt þegar við ræðum nýja tillögu til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára að farið verði í uppgjör eins og hægt er um hvernig til hafi tekist við fyrri framkvæmdaáætlanir, hvað við megum læra af þeim og hvað betur mætti fara. Það eigum við svo að nýta okkur nú þegar við afgreiðum nýja áætlun frá þinginu.

Ég hef lagt nokkra vinnu í að skoða síðustu jafnréttisáætlun og hvað hafi þar náðst fram. Ég verð að segja að mér finnst oft og iðulega gegnum þessar áætlanir í jafnréttismálum og framkvæmdaáætlanir að meiru sé lofað en efnt er. Það er verið að stefna að hinu og þessu, nefndir eru að skoða mál og gera áætlanir. Mér finnst oft að nokkuð vanti upp á hjá a.m.k. ýmsum ráðuneytum og er ég alls ekkert að kenna hæstv. félmrh., hvorki núv. eða fyrrv., um að ekki fylgi hugur máli. Mér finnst vera brotalöm á framkvæmdinni og mér finnst ábyrgðarsvið ráðherra oft illa skilgreint í þeim verkefnum sem þeir ætla að takast á við samkvæmt áætlununum. Það vantar raunverulega það sem ég kalla alla árangursmælingu á því hvernig til hefur tekist við framkvæmdaáætlanirnar.

Ég vil segja það núv. hæstv. félmrh. til hróss að mér finnst í þessari nýju áætlun koma fram mjög góð viðleitni af hálfu ráðherrans til þess að breyta um vinnubrögð. Það á að fara meira út í árangursmælingar og skilgreina ábyrgðarsviðin betur. Það á bæði við gagnvart jafnréttisáætlunum, gagnvart jafnréttisfulltrúum í ráðuneytum og gagnvart mælingum á því hvort við náum því markmiði sem sett er um fjölda kvenna í stjórnir, nefndir og ráð, svo ég nefni dæmi, og eins varðandi það sem við ræddum hér síðast, þ.e. launamálin, sem er ekki síst mikilvægt að ná fram.

Auðvitað er ekki hægt að búa við það þegar jafnréttisáætlanir hafa verið í gildi frá 1991 að enn séu til ráðuneyti sem ekki hafa gert neinar jafnréttisáætlanir. Það kemur fram í skýrslu sem lögð hefur verið hér fram að hvorki landbrn. né sjútvrn. hafa gert jafnréttisáætlanir. Ég tel að það gildi einnig um Hagstofuna. Fjmrn. er fyrst núna að vinna að jafnréttisáætlun þó að þetta hafi verið í gildi frá árinu 1991. Í jafnréttislögunum frá 1991 kemur fram að ráðuneyti með 25 starfsmenn eða fleiri eigi að setja sér jafnréttisáætlanir. Mér finnst lítil eftirfylgni í því og t.d. er ekki vitað hvað margar undirstofnanir ráðuneyta hafi sett sér jafnréttisáætlanir. Það er hvorki hægt að finna upplýsingar um það hjá Jafnréttisstofu né félmrn. þannig að það er ekkert utanumhald um það hvað margar undirstofnanir ráðuneytanna hafi sett sér jafnréttisáætlun. Hefur hæstv. ráðherra hugmynd um það hvað margar af 240 stofnunum hjá ríkinu, undirstofnunum ráðuneyta, hafa sett sér jafnréttisætlanir?

Ég sé að hæstv. ráðherra hristir höfuðið. Þetta er þó eitt af þeim mikilvægustu stjórntækjum sem við höfum, þ.e. að þessar áætlanir séu samræmdar, að ekki sé bara undir hælinn lagt hvernig þær eru úr garði gerðar hjá ráðuneytunum heldur þurfi ráðuneytin að fylgja ákveðnum staðli eða formi

um hvernig þessar áætlanir eigi að vera og hvernig eigi að árangursmæla það hvernig hvert og eitt ráðuneyti hefur staðið sig. Það þarf að gera hæstv. fjmrh. miklu ábyrgari sem yfirmann yfir þeim samningum sem eru gerðir á opinbera markaðnum fyrir því að jafnréttislögum og jafnréttisáætlunum sé framfylgt. Ég veit að það er erfitt fyrir félmrh. einan og sér að bera ábyrgð á því að ráðuneytin framfylgi því sem hann er að leggja hér til. Jafnvel þarf að skoða það að forsrn. sé kannski meiri samræmingaraðili í þessu en verið hefur.

Það er margt athyglisvert sem fram kemur í skýrslum sem ráðuneytin senda Jafnréttisstofu. Í síðustu skýrslu t.d. — ég held að þau eigi að gera þær á hverju ári — er umhvrn. eina ráðuneytið sem getur þess í skýrslu sinni hve margar undirstofnanir hafi sett sér jafnréttisáætlanir. Það er til fyrirmyndar. Það ber að hrósa Siv Friðleifsdóttur fyrir það að hún hefur fylgt því eftir.

Þegar við lítum á fjölda kvenna í stjórnum, ráðum og nefndum þá hefur verið sett hvað eftir annað í gang átak til þess að ná ákveðnu markmiði. Menn hafa sett sér markmið um að 40% af hvoru kyni yrði í nefndum, stjórnum og ráðum. Í síðustu áætlun átti hlutur kvenna og karla að vera sem jafnastur. Samt kemur í ljós að hlutur kvenna hefur ekki aukist í heildina á síðustu tveimur árum. Það kemur í ljós að hlutfall kvenna hefur hækkað í fjórum ráðuneytum en staðið í stað í einu ráðuneyti og lækkað í sjö ráðuneytum.

Ég spyr t.d. um samgrn. Í haust var hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum hjá því 2% en hann var 14% 2001. Þar settu menn sér það markmið að ná á þessu tímabili 25%. En þetta var 2% í haust. Eitthvað hefur ýtt við ráðuneytinu vegna þess að þeir fóru þó upp í 12% í febrúar. Engu að síður er þetta mjög lágt.

Landbrn. er mjög lágt. Það var í 14% árið 2001. Það setti sér markmið að ná því á þessu ári í 40% en fór niður um 2%, niður í 12%.

Utanrrn. stendur sig líka mjög illa í þessu. Síðan eru ráðuneytin að rokka þetta á bilinu 20–30%. En öll hafa þau sett sér markmið um að ná þessu í 40–50%. Það er eitthvað að þegar við sjáum að þessu hafi verið framfylgt með þessum hætti. Hér skera sig úr sjútvrn, utanrrn. og landbrn. Vonandi er hæstv. landbrh. ekki enn við það heygarðshornið að halda að staða konunnar sé bara á bak við eldavélina, eins og hann sagði einu sinni. En það er engu líkara á þessum tölum en að hann sé enn þá þeirrar skoðunar. Þetta þarf að skoða.

Mér finnst þess gæta í skýrslu ráðherra að hann vilji fylgja málum öðruvísi eftir. Hann talar um eftirfylgni með framkvæmdaáætlun og í framkvæmdaáætluninni segir, með leyfi forseta

„Til að tryggja það að raunverulegur árangur náist við framkvæmd verkefna þeirra sem hér eru tíunduð er mikilvægt að gerð sé úttekt á árangri ríkisstjórnarinnar. Skilgreina verður á hvaða hátt þetta verður gert, en æskilegt er að slík úttekt verði gerð um mitt framkvæmdatímabilið og aftur í lok þess.“

Þarna er vissulega nýjung á ferðinni sem ber að fagna.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég á eftir að ræða nokkur atriði sem snúa að framgangi þessarar tillögu og ýmislegu sem í henni er og málsmeðferð sem ég hef ákveðna skoðun á. Ég kem því bara aftur á mælendaskrá og nýti seinni ræðutíma minn í það.

[19:39]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að töluverður munur er milli ráðuneyta á því hversu mörg verkefni er tekist á við. Þó er rétt að halda því til haga í þessari umræðu að ekkert ráðuneyti er með færri verkefni en þau sjö á sinni könnu sem ríkisstjórnin leggur til og er í forsvari fyrir.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að sá er hér stendur leggur áherslu á að þessi framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð um mitt gildistímabilið og henni verði fylgt eftir með ákveðnum hætti. Ég mun beita mér fyrir því að til þess verði fenginn utanaðkomandi aðili, að framkvæmdin verði a.m.k. í náinni samvinnu við Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu og hugsanlega undir stjórn hennar.

Hv. þm. gerði að umtalsefni m.a. kynjahlutfall í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins. Ég tek undir það með hv. þm. að þar er þróun sem er mjög til baga. Það er súrt að sjá að þar skulum við heldur vera á leið í öfuga átt en hitt.

Hæstv. umhvrh. hefur haft þá reglu þegar hún óskar eftir tilnefningum utanaðkomandi aðila í nefndir, stjórnir og ráð á sínum vegum að hún hefur óskað eftir því að tilnefndir verði tveir menn, karl og kona. Ég tel þetta til eftirbreytni og hef raunar tileinkað mér þetta einnig. Ég tel að þetta sé, hæstv. forseti, ágætis dæmi um tiltölulega einfalda aðferð sem geti gagnast okkur til þess að bæta þetta hlutfall vonandi tiltölulega hratt.

[19:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til þess að halda að hæstv. ráðherra sem er að leggja hér fram sína fyrstu jafnréttisáætlun, ætli sér og sé staðfastur í því að fylgja vel eftir þeirri framkvæmdaáætlun og því ber að fagna. Hæstv. ráðherra lýsir hér sínum skoðunum á því hvernig hann vilji gera það með því að árangursmæla. Ég skil hæstv. ráðherra þannig að hann muni skilgreina verkefnið betur og árangursmæla þannig að ábyrgðin verði betur skilgreind en verið hefur og ástæða er til að fagna því sérstaklega.

En við skulum nú spyrja að leikslokum. Ég held að það væri mjög gott ef hæstv. ráðherra gerði þinginu grein fyrir því, þó ekki væri nema félmn., þegar framkvæmdaáætlun er hálfnuð hvernig fram hefur miðað. Þá á að gera þessa úttekt. Ég held að það væri góð regla hjá hæstv. ráðherra ef hann mundi gera þetta, þ.e. að kynna a.m.k. félmn. ef ekki þinginu með skýrslu hvernig miðaði á kjörtímabilinu. Ég held að það sé gott og til eftirbreytni og til aðhalds sem ég held að veiti nú ekki af í ráðuneytunum.

Mikið er lagt upp úr því að komið verði á fræðslu embættismanna og undirmanna í stofnunum. Ég held því líka að hæstv. ráðherra ætti að skoða það að beita sér nú fyrir því að allir, hver einn og einasti ráðherra í hverju einasta ráðuneyti, verði settir á fræðslunámskeið alveg eins og undirmennirnir. Ekki veitir af því að það sé gert. Hann ætti að beita sér fyrir því með sama hætti og var gert í Svíþjóð með mjög góðum árangri. Þar voru allir ráðherrar settir á skólabekk til að kenna þeim jafnréttislögin svo að þeir læsu þau ekki á hvolfi eins og sumir ráðherrar virðast gera.

[19:43]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það ágæt hugmynd hjá hv. þm. að Alþingi verði með einhverjum hætti gerð grein fyrir þeirri úttekt sem við ræðum hér um að fari fram á miðju

tímabilinu. Ég mun beita mér fyrir því að svo verði, hvort sem það verður í sölum Alþingis eða gagnvart félmn.

Hv. þm. vitnaði líka til aðferða Svía við að uppfræða ráðherra í ríkisstjórn um aðferðafræði og gildi jafnréttishugsjónar. Hv. þm. hefur sjálfsagt eins og ég átt samtöl við fyrrum ráðherra jafnréttismála Svía, Margaretu Winberg. Hún lýsti því með mjög skemmtilegum hætti í fyrirlestri í Norræna húsinu sl. haust, hæstv. forseti, hvernig hún nánast í líkingamáli tók ráðherrana á hné sér og las þeim pistilinn. Kannski er það eitthvað sem við ættum að velta fyrir okkur í samfélagi okkar, hæstv. forseti, þ.e. að hefja þá fræðslu sem hér er um rætt upp á hæstu stig. Ég tel að það sé eitt af því sem við þurfum að hafa verulega í huga, þ.e. uppfræðsla og umræða og það er einmitt þess vegna sem ég, hæstv. forseti, sagði í inngangsræðu minni að ég fagnaði þeirri umræðu sem hefði átt sér stað um jafnréttismál á undanförnum dögum, vikum og mánuðum.

[19:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er að verða nokkuð spennandi. Það blasir við að ráðherrar í ríkisstjórn verði settir á skólabekk til að læra jafnréttislögin. Ég ætla að gera það að tillögu minni að hæstv. félmrh. sjái um að þeir tornæmustu í jafnréttisfræðunum fái sérkennslu.

Ef við víkjum að þessari þáltill. þá kemur fram í greinargerð með henni að samkvæmt lögum frá árinu 2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, beri félmrh. að leggja fram jafnréttisáætlun til fjögurra ára í senn. Það er hún sem hér er til umfjöllunar. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim markmiðum sem sett eru fram og þeim áhersluatriðum varðandi fræðslu, samþættingu jafnréttissjónarmiða, jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisáætlanir ráðuneyta, skilgreiningu á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta, eftirfylgni við framkvæmd áætlana o.s.frv. Þó verð ég að segja að margt af þessu finnst mér svolítið loftkennt og mín tilfinning er sú að stundum sé rétt að segja minna og gera meira.

Reyndar tel ég að umræða um þetta málefni, sem og um mörg önnur, sé mjög mikilvæg. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra. Á sama hátt og mikilvægt er að halda umræðu um atvinnuleysi stöðugt að þinginu og þjóðfélaginu öllu til að halda okkur öllum við efnið, þá á það vissulega einnig við um þennan málaflokk.

Hæstv. ráðherra sagði í framsöguræðu sinni að í þessari jafnréttisáætlun væri skerpt á formi og ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Sennilega veitir ekki af í ljósi þess að sumir ráðherrar í ríkisstjórninni virðast telja þennan málaflokk og jafnréttismálin heyra sögunni til, barn síns tíma, eins og það var orðað af hálfu hæstv. dómsmrh. Það hefur skiljanlega vakið nokkra umræðu í þjóðfélaginu.

Ég ætla að staðnæmast við eitt atriði sérstaklega, þ.e. launamálin. Að þeim er vikið í tillögunni í tveimur liðum, 17. og 19. lið. Þar er annars vegar fjallað um kynbundinn launamun og hins vegar um úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.

Varðandi fyrra atriðið segir að meta skuli hugsanlegar aðferðir og leiðir til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Nefnd verði skipuð sem meti aðferðir til að mæla kynbundinn launamun og lýkur störfum hennar með skýrslu til félmrh. Markmið samkvæmt greinargerð er að finna þá aðferð sem er líklegust til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.

Um þetta er ekkert nema gott að segja. En svona hefur þetta verið orðað árum ef ekki áratugum saman. Úrræðin eru þekkt, t.d. kynhlutlaust starfsmat. Það er ein leið til að draga úr launamun kynjanna. Það er hægt að koma á launapottum, þ.e. greiðslum til að rétta sérstaklega hlut kvenna. Um þetta hefur reyndar verið samið. Ég vísa þar t.d. í samninga Starfsmannafélags ríkisins við fjmrn. í síðustu kjarasamningum þeirra aðila.

Reyndar er svolítið skondið, og læt ég hugann reika aftur til ársins 1996 þegar undirbúið var af hálfu þáverandi hæstv. fjmrh. að koma hér á nýju launakerfi með umtalsverðum tilheyrandi lagabreytingum og breytingum á öllu samningsforminu, að þá var gengið út frá því að dregið yrði úr miðstýringu launakerfisins, samningar færðir inn á stofnanir og viti menn, vald forstöðumanna, vald forstjóra til að ákvarða einhliða launin yrðu aukin stórlega. Tekist var á um þetta í þingsölum löngum stundum. Ég tók af talsvert miklum áhuga þátt í þeirri umræðu.

Ráðleggingar sérfræðinga í jafnréttismálum, innlendra og erlendra, voru allar á þann veg að þessa leið ættum við ekki að fara ef við vildum draga úr launamun kynjanna. Ég man eftir Anitu Harriman sem kom hingað á vegum Jafnréttisráðs á þeim tíma. Hún varaði við þessari aðferð. Hún talaði fyrir kynhlutlausu starfsmati sem látið yrði ná til allra launa, einnig hvers kyns viðbótarlauna ofan á föst grunnlaun. Fjmrn. og þáv. hæstv. fjmrh. þrýstu hins vegar mjög á um að fá sínu framgengt. Það varð hins vegar ekki ofan á vegna andstöðu verkalýðshreyfingarinnar og stéttarfélaganna.

Hvers vegna er ég að rifja þetta upp? Ég er að rifja þetta upp vegna þess að í málflutningi ríkisstjórnarinnar á þeim tíma og í greinargerð með frv. um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem ég vísa hér til, var sérstaklega tekið fram að allt þetta væri gert til að draga úr launamun kynjanna. Með öðrum orðum: Menn segja eitt en framkvæma allt annað.

Frá því að nýju launakerfi var komið á, með samningum árið 1997, hefur verið talað um það nær árlega að gerð verði ítarleg könnun á áhrifum hins nýja launakerfis á launamun kynjanna. Og viti menn, hér er ég kominn að því atriði sem ég nefndi, í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar segir eina ferðina enn að úttekt verði gerð á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna. Þetta hefur staðið til að gera árum saman. Núverandi hæstv. félmrh. hefur nýlega tekið við því ráðherraembætti. Ég er hins vegar að vísa í ábyrgð ríkisstjórnarinnar, að hún hefur ekki staðið við fyrri skuldbindingar sínar um þetta efni. Það sem meira er, iðulega stangast á orð og athafnir.

[19:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Sú meginregla gildir í íslensku réttarkerfi að allir skuli jafnir fyrir lögum, óháð kynferði. Jöfn staða kynjanna hefur verið stjórnarskrárbundin á Íslandi frá árinu 1995 auk þess sem sérstök jafnréttislög hafa verið í gildi allt frá árinu 1976.

Jafnréttislög hafa almennt verið viðurkennd sem mikilvægt tæki til að styrkja jafnréttisstarf og standa vörð um jafnrétti í samfélaginu þótt fulltrúar æðsta stjórnvalds okkar hafi leyft sér að gera lítið úr þeim með neikvæðum yfirlýsingum eins og frægt er orðið að endemum.

Markvissu jafnréttisstarfi er ætlað að breyta viðhorfum fólks til hefðbundinna kynjahlutverka og kynjabundinna staðalmynda. Óhætt er að fullyrða að stjórnvöld geti ráðið úr-

slitum um þróun jafnréttisstarfs, m.a. með því að framfylgja markvissum áætlunum þar að lútandi.

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa ánægju með skýra framsetningu áætlunarinnar sem lögð er fram í þessari þáltill. sem við ræðum hér og nú. Einstök verkefni eru skýrt afmörkuð, meginhugmynd þeirra er tilgreind, sömuleiðis markmið, hvaða ráðuneyti eða aðrar stofnanir stjórnsýslunnar beri ábyrgð á framkvæmdinni, hverjir séu þátttakendur og hver sé áætlaður kostnaður.

Þetta lítur svo sem ágætlega út, a.m.k. hér á pappírnum. Við skulum vona að betur takist til með þessa áætlun en síðustu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2002–2004. Eins og skýrt kemur fram í inngangi með þessari þáltill. um jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára kemur fram að hvorki hafi tekist að þróa boðuð störf jafnréttisfulltrúa né auka hlutfall kvenna í opinberum ráðum, nefndum og stjórnum. Þetta sýnir hið fornkveðna, að sjaldnast er nóg að yfirlýstur pólitískur vilji sé fyrir hendi til góðra verka, það eru verkin sem tala. En nóg um það í bili.

Herra forseti. Varðandi skilgreiningu á einstökum verkefnum langar mig til að benda á eitt. Það ætti að skilgreina tímaáætlanir einstakra verkefna nánar en gert er til að unnt sé að fylgjast betur með framvindu verkefna, veita þeim aðhald sem eiga að sjá til að þau séu framkvæmd. Á heildina litið, herra forseti, tel ég að stefnumörkun jafnréttisáætlunarinnar sé góð. Ástæða er til að fagna sérstaklega því tilraunverkefni sem greint er frá í lið 12 í þáltill., Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa. Ef litið er á verkefnislýsinguna á bls. 12 kemur í ljós að gera á tilraun til að gefa jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá þremur ráðuneytum, sem reyndar eru ekki tilgreind sem mér finnst miður. En það verður athyglisvert og forvitnilegt að fylgjast með þessu tilraunastarfi.

Við sjáum að verkefnin lúta að flestum ráðuneytum, að landbrn., umhvn. og samgrn. undanskildum. Forvitnilegt væri að fá skýringu hæstv. félmrh. á því hvað veldur þessu.

Mig langar, herra forseti, að gera nokkrar athugasemdir og varpa fram nokkrum spurningum í leiðinni. Í jafnréttisáætluninni er ekki að sjá að samstarfsverkefni félmrn. og iðnrn. um að styrkja stöðu kvenna á landsbyggðinni verði fram haldið. Í skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunar er erfitt að sjá hver er staða þess verkefnis. Er því t.d. lokið og þá hvernig? Hið sama á reyndar við um fleiri verkefni. Á skýrslunni er erfitt að sjá greinilega hvernig verkefnum miðar.

Tökum til að mynda verkefni kvenna í landbúnaði, sem tilgreint er í skýrslu félmrh. Þar er verkefni sem hefur vakið athygli fyrir líflega og skemmtilega framsetningu. Frá því er greint á bls. 27. Þetta er verkefni sem gengur út á, að mér skilst, að stofnuð hafi verið grasrótarhreyfing, Lifandi landbúnaður – Gullið heima. Það á að hafa það markmið að jafna hlut kvenna og karla í landbúnaði. Þetta verkefni er nefnt í skýrslu hæstv. félmrh. en er ekki í nýju jafnréttisáætluninni. Í skýrslunni kemur fram að í gegnum þetta verkefni eigi herferð um landið að hefjast um næstu áramót. En mig langar að spyrja hæstv. félmrh.: Hver er staða þessa verkefnis í dag? Telst því lokið þótt þessi herferð sé ekki hafin og rúmt hálft ár í það ef ég skil þetta rétt?

Í lið 34 í þáltill., Jafnréttiskennsla í skólum, er fyrst og fremst verið að horfa til mismunandi náms og starfsvals pilta og stúlkna, sem er í sjálfu sér gott. En nýverið kom út skýrsla sem unnin var á vegum Rannsókna og greiningar ehf. Sú skýrsla fjallaði um brottfall pilta úr framhaldsskólum. Það er mjög alvarlegt vandamál sem okkur í Frjálsl. finnst að fá ætti miklu meiri athygli. Við teljum reyndar nauðsynlegt að benda á að sjálfsagt sé að líta nánar á það, t.d. undir þessum lið, Jafnréttiskennsla í skólum. Jafnrétti varðar líka karlmenn og pilta.

Ég geri einnig athugasemdir við liði 38 og 39 sem falla undir sjútvrn., varðandi úttektir á störfum kvenna í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þar ber að athuga varðandi smærri fjölskyldufyrirtæki að það er algengt að konur starfi þar *ásamt eiginmönnum þó að þær séu ekki skráðar sem eigendur*. Það er mikilvægt að láta það ekki villa sér sýn. Það þarf að muna eftir því.

Síðan er það staða útlendinga, t.d. erlendra kvenna. Það er ekki orð um það í þáltill. Það er mjög furðulegt í ljósi þess að útlendingum hér á landi fjölgar mjög ört. Við erum hér að ræða um áætlun til framtíðar. Erlendar konur hafa til að mynda þegar stofnað með sér félag erlendra kvenna hér á landi.

Ég nefndi áðan skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir tímabilið 2002–2004. Henni hefur verið dreift á þinginu þótt hún sé ekki endilega á dagskrá núna. Af lestri þeirrar skýrslu er erfitt að meta hver árangur framkvæmdaáætlunarinnar var en þó er ljóst að staðan hefur lítið breyst til hins betra varðandi jafnara hlutfall kynjanna í æðstu stöðum og í nefndum og ráðum á vegum sumra ráðuneyta, eins og ég nefndi reyndar fyrr í ræðu minni. Það er ljóst að ganga þarf betur eftir því að jafnréttisáætlanir séu virtar. Það er jákvætt í þeirri þáltill. sem hér er til umfjöllunar að staða og hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneyta skuli skilgreind nánar samanber verkefni ríkisstjórnarinnar, 5. liður, Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta, og 6. liður, Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun, sem ætlað er að tryggja að raunverulegur árangur náist.

Við í þingflokki Frjálsl. fögnum þessari till. til þál. frá hæstv. félmrh. Við munum ekki liggja á liði okkar í því markmiði að raunverulegur árangur náist í jafnréttismálum.

[20:01]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir þátttöku hans í umræðunni.

Ég vil fyrst víkja að því sem hv. þm. nefndi og varðar 12. tölulið áætlunarinnar, þ.e. jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa, en til þess að gera samþættingu að viðtekinni starfsvenju er nauðsynlegt að spyrja ákveðinna spurninga þegar lög eru sett eða ákvarðanir teknar. Það verður, hæstv. forseti, verkefni forsrn. að semja gátlista sem hægt verður að hafa til hliðsjónar þegar lagt verður jafnréttismat á lagafrumvörp og aðrar opinberar stefnumarkandi reglur.

Þessu nátengt er svo það tilraunverkefni sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Það verður á vegum félmrn., fjmrn. og iðn.- og viðskrn. Í því verkefni felst að þessi ráðuneyti munu skipa fulltrúa í starfshóp sem verður falið að veita jafnréttisumsögn um nokkur stjórnarfrumvörp sem unnin eru á vegum ráðuneytanna. Þetta er tilraunaverkefni, hæstv. forseti, og þessum starfshópi verður falið að kynna sér starf hliðstæðra nefnda á Norðurlöndunum.

Hvað varðar þau verkefni, hæstv. forseti, sem gerð er grein fyrir í þeirri skýrslu sem lýtur að árangri við framkvæmd þeirrar áætlunar sem nú er að renna úr gildi og hv.

þm. gerði að umtalsefni þá skal ég viðurkenna að ég kann ekki að gera öllu gleggri grein fyrir framgangi þeirra verkefna en kemur fram í skýrslunni. Ef þar er eitthvað óljóst þá finnst mér liggja í hlutarins eðli að um það verði fjallað í hv. félmn.

En af því að minnst var á verkefnið Lifandi landbúnaður – Gullið heima þá tek ég undir með hv. þm. varðandi það að þar er um að ræða verkefni sem að mörgu leyti hefur verið til fyrirmyndar. Það hefur vakið athygli um allt land. Af því tilefni var haldinn hátíðlegur dagur landsbyggðarinnar og fleira mætti nefna. En það starf er eftir því sem ég best veit, hæstv. forseti, í fullum gangi.

[20:03]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Ég tel ástæðu til að fagna þeirri áætlun í jafnréttismálum sem hæstv. félmrh. leggur hér fram. Það er afar mikilvægt fyrir framgang málaflokksins að hið opinbera sýni gott fordæmi í verki.

Mig langar að víkja að nokkrum atriðum sem mér þykja skipta höfuðmáli í þessari jafnréttisumræðu. Í fyrsta lagi er það jafnrétti á vinnumarkaði. Í febrúar var gefin út skýrsla um efnahagsleg völd kvenna. Í þessari skýrslu kemur fram að konur hafa einungis 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnudag. Þetta er algjörlega óviðunandi og launamisréttið er stærsta jafnréttismál okkar tíma.

Sérstakt er að huga að því að hluti af skýringum á þessum launamun er t.d. hjónaband og barneignir. Ekki er nú uppbyggilegt veganesti fyrir ungar konur að það að stofna fjölskyldu muni hafa neikvæð áhrif á laun þeirra.

Í öðru lagi finnst mér athygli verð sú staðreynd að fáar konur sitja í opinberum úthlutunarnefndum sem veita fé til uppbyggingar íslensks atvinnulífs. Einnig fá konur lítinn hluta þess fjármagns sem veitt er úr opinberum sjóðum til styrktar atvinnuuppbyggingu. Til að mynda sýnir viðhorfskönnun að helmingur karla og 67% kvenna telja að konur hafi ekki jafngóðan aðgang að fjármagni til fyrirtækjareksturs og karlar.

Í þriðja lagi langar mig að minnast á aukna virkni kvenna í stjórnmálum en nefnd starfaði á vegum félmrn. sem átti að stuðla að auknum hlut kvenna í stjórnmálum. Þetta verkefni er ekki að finna í áætluninni. Þessi nefnd stóð m.a. fyrir könnun þar sem kom fram að tæplega 78% þjóðarinnar töldu að auka þyrfti hlut kvenna í stjórnmálum.

Í lokaorðum skýrslu nefndarinnar kemur fram að einn þeirra þátta sem skiptir höfuðmáli varðandi framgang kvenna í stjórnmálum sé pólitískur vilji, einkum innan stjórnmálaflokkanna. Þetta er alveg rétt. Flokkarnir verða að sýna ákveðið frumkvæði og get ég nefnt sem dæmi að Framsfl. er með jafnréttisáætlun þar sem kveðið er á um að hlutfall karla eða kvenna í nefndum og á framboðslistum sé aldrei undir 40%.

Hitt er annað mál og kannski atriði sem vegur þyngst en hefur oft gleymst í umræðunni en það er einmitt vilji kvennanna sjálfra til að taka þátt í stjórnmálum. Ég er þeirrar skoðunar að þar skipti mestu máli uppeldið sjálft. Það er mikilvægt að stúlkur setji aldrei kynferði sitt sem hindrun á leið þeirra að markmiðum. Ég var til að mynda um daginn á málþingi um stöðu kvenna á vegum JC-kvenna og það var eindóma álit okkar allra sem héldum þar framsögu að aldrei hefði hvarflað að okkur að við gætum ekki náð markmiðum okkar vegna þess að við værum konur.

Virðulegi forseti. Af nógu er að taka í þessari jafnréttisáætlun. Ég vona innilega að þær breyttu áherslur sem hæstv. félmrh. boðar hér þoki jafnréttismálum í rétta átt.

[20:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri áætlun í jafnréttismálum sem hér er lögð fram. Ég tel að þarna sé um metnaðarfulla áætlun að ræða. Svo skiptir auðvitað mestu máli að menn fylgi henni eftir og takist á við þau verkefni sem ætlað er að sinna með þessari ágætu jafnréttisáætlun. Hún er skipulega fram sett og með góð markmið þannig að ég held að auðvelt verði fyrir ráðuneyti og stofnanir að vinna eftir áætluninni og beita sér fyrir þeim góðu markmiðum sem þar eru fram sett. Ég, og við sem lengi höfum tekið þátt í umræðu um jafnréttismál, tek undir það með hæstv. félmrh. að kannski þarf að hefja sérstaka kennslu í jafnréttismálum og jafnréttislögum. Það væri áhugavert ef hæstv. félmrh. beitti sér fyrir slíkri kennslu.

Auðvitað verður að bregðast við hinum kynbundna launamun sem við búum við enn þá þó svo að nokkuð hafi ræst úr. Ég held að það sé í rauninni stærsta verkefnið sem við þurfum að glíma við í jafnréttismálunum. Stóra málið sem hefur verið framkvæmt á undanförnum árum hvað það varðar eru fæðingarorlofslögin sem hafa breytt og eru að breyta mjög mikið umræðu um jafnréttismál og sá réttur sem hefur verið færður körlum með þeim lögum hefur breytt mjög mikið afstöðu þeirra til jafnréttismála og reyndar kvenna líka. Í sumum tilfellum hefur þurft að breyta viðhorfum kvenna til jafnréttismála. Ég held að þarna sé komin af stað skriða sem muni leiða til mjög góðs í umræðu um launajafnrétti.

Það hefur verið rakið hér í umræðunum að okkur finnst ganga býsna seint í mörgu. En öll sú umræða sem við efnum til af þessu tilefni, þ.e. að ná fram jafnrétti karla og kvenna, færir okkur fram á veg. Við eigum að halda uppi slíkri umræðu með mjög skörpum hætti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að auðvitað þarf að gera mun betur, t.d. við skipun í stjórnir og ráð á vegum ríkisins. Við þurfum að íhuga þetta líka á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. stöðu kvenna í stjórnum fyrirtækja og hvernig við getum brugðist við þeim málum. Þetta eru stórmál og hafa öll áhrif í þeirri viðhorfsbreytingu sem er mjög nauðsynleg.

Hér var nefnt kynhlutlaust starfsmat sem hefur verið reynt á nokkrum stöðum. Það er nokkuð sem ég tel að mætti skerpa mjög á. Menn ættu að reyna sig áfram og gera fleiri tilraunir á þessu sviði því það mun færa okkur einhverja bót á launamun karla og kvenna.

Ég vildi líka nefna eitt sem ég tel að hafi verið mjög merkilegt skref í lögunum um jafnan rétt karla og kvenna, þ.e. að þau fyrirtæki sem eru með fleiri en 25 starfsmenn skuli gera jafnréttisáætlanir og fjölskylduáætlanir. Ég held að það hafi verið mjög gott skref að setja þetta inn í lögin. En augljóst er að fylgja þarf því betur eftir að fyrirtæki og stofnanir fari eftir þessu ákvæði. Auðvitað er þörf á að hefja mikla fræðslu til þess að koma þessu hugarfari inn í fyrirtæki. Það gerist ekki nema með stanslausri umræðu og áróðri í því skyni. Þar held ég að hægt sé að ná ágætisárangri. Kannski ætti að færa markið neðar, þetta 25 starfsmanna mark.

Ég vildi einnig nefna að ég tel það mjög gott skref í þáltill. að gefin skuli út jafnréttisgátlisti. Ég hef orðið vör við að sum sveitarfélög hafa gert þetta og eru að vinna að því um þessar mundir. Ég nefni Akureyri í því sambandi. Ég

held ég megi segja að þeir séu búnir að samþykkja að allar stofnanir, nefndir og ráð á þeirra vegum hafi jafnan þennan jafnréttisgátlista við höndina við allar sínar ákvarðanir. Ég held að þarna sé tæki til þess að ýta við og minna stöðugt á þá skyldu stofnana, fyrirtækja, nefnda og ráða að hafa ávallt í huga að mönnum ber að vinna eftir jafnréttislögum. Þar eiga menn ekki að gefa neitt eftir.

[20:15]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir þátttöku hennar í umræðunni. Ég tek undir með hv. þm. hvað varðar lögin sem sett voru um fæðingar- og foreldraorlof og gildi þeirra fyrir jafnréttismálin. Ég held að það sé hárrétt athugað að þar hafi kannski verið stigið stærsta skref í átt til aukins jafnréttis í samfélagi okkar sem stigin hafa verið.

Ég tek einnig undir með hv. þm. þegar hún talar um nauðsyn þess að fyrirtæki á hinum almenna vinnumarkaði tileinki sér, ekki síður en opinberir aðilar, þau lög sem hér hafa komið til umfjöllunar, þ.e. lög um jafnrétti kynjanna því skyldan hvílir ekkert síður á hinum almenna vinnumarkaði en hinum opinbera. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni og getið er um í áætluninni er ástæða til þess að fylgja því eftir sérstaklega, að fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlanir og mér finnst koma vel til greina að það verði gert með alveg sérstökum og reglubundnum hætti.

[20:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil eingöngu þakka góðar undirtektir hæstv. félmrh. Ég vil jafnframt segja frá því að í þeim stjórnum fyrirtækja sem ég hef setið hef ég sérstaklega beitt mér fyrir því að menn taki upp það vinnuferli að setja sér jafnréttisáætlanir. Það er gjarnan gert í starfsmannaáætlun sem fyrirtæki setja sér. Ég held að menn læri smátt og smátt að vinna eftir þessum lögum þegar þetta er komið í reglubundna starfsmannaáætlun þeirra. Hugarfarið og viðhorfið breytist því jafnt og þétt. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að taka undir mál mitt.

[20:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á í seinni ræðu minni að víkja að því sem segir um jafnréttisumsagnir í þessari nýju áætlun. Í þarsíðustu áætlun frá 1998 kom inn ákvæði um að jafnréttisumsagnir ættu að fylgja með stjórnarfrumvörpum. Það var því skylda að í stjórnarfrumvörpunum yrði lagt mat á hvaða áhrif þetta hefði á jafnréttismál kynjanna. Þessu hefur ekki enn verið hrint í framkvæmd. Eins og við vitum koma aldrei eða sjaldnast umsagnir, ég man ekki eftir neinni sérstakri umsögn um hvaða áhrif stjórnarfrumvörp hafa á jafnréttismál kynjanna. Ég verð að segja að ég er ekki nægjanlega ánægð með það sem á að gerast í áætluninni og vil skerpa á því í meðförum félmn.

Nú er lofað að þrjú ráðuneyti, félmn., fjmrn. og eitthvert þriðja ráðuneyti sem ég man ekki hvert er, eigi að skoða málið og kynna sér hvernig þessum málum er háttað á Norðurlöndum. Í framhaldi af því á að setja á samstarfshóp þessa ráðuneyta, ef ég skil þetta rétt, og þeim á að vera falið eitthvert tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá þremur ráðuneytum. Samstarfshópurinn á fyrst að ljúka verki sínu árið 2005. Mér finnst þetta vera eitt dæmi um að menn séu að ýta á undan sér ákvæðunum í jafnréttisáætluninni, þó vissulega sé viðleitni þarna miklu betri en var 1998 í framkvæmdinni og frá árinu 2002–2004. Á þessu vil ég skerpa. Ég vil að það komi fram mjög ákveðið.

Ég er ánægð með þá nýjung í áætluninni að sett sé fram meginhugmynd, markmið, ábyrgð á framkvæmd, tímaáætlun og reynt að meta kostnaðinn þar sem það er hægt. Ég verð þó að segja, herra forseti, að ég er ekki mjög ánægð með þá uppsetningu að öll verkefnin eru sett í greinargerð með tillögunni og athugasemdir. Það er ólíkt því sem hefur verið í síðustu áætlunum, þar koma öll verkefnin fram í álitsgreininni sjálfri. Mér finnst ekki nógu gott að skilgreining á verkefnum og markmiðum þeirra sé ekki hluti af tillögunni sjálfri. Ef við lítum t.d. á lið 39 í tillögugreininni er ankannalegt að umhvrn. er ekki með nein verkefni samkvæmt því sem þar kemur fram. Undir öðrum ráðuneytum er þó sett í stikkorðastíl hvaða verkefni viðkomandi ráðuneyti eigi að vera með. Síðan er lýsingin öll í greininni sjálfri. Þessu vildi ég halda til haga varðandi framkvæmdina.

Varðandi málsmeðferðina held ég að það sé nauðsynlegt, þó stuttur tími lifi af þinginu, að áætlunin verði send til allra fagnefnda í þinginu til umsagnar. Að tími verði fundinn til þess að fagnefndir þingsins geti lagt mat á þá kafla sem lúta að hverri nefnd fyrir sig.

Ég vil spyrja ráðherrann um bls. 9 í áætluninni þar sem fjallað er um fræðslu og jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta. Þar er verið að tala um þátttakendur og þar stendur: „Öll önnur ráðuneyti og Reykjavíkurborg." Af hverju er Reykjavíkurborg tekin út sem eina sveitarfélagið sem á að vera þátttakandi í fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta? Þetta er þó það sveitarfélag sem hefur staðið sig mjög vel í jafnréttismálum. Hlutur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg hefur á örfáum árum vaxið úr 10% í 50%. Það er því mjög sérstakt að það sé tekið út, á því hlýtur að vera einhver skýring sem ég kem ekki auga á.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um viðhorfskönnun til jafnréttismála sem hann boðaði þegar tillaga mín sem við ræddum í upphafi kom til umræðu á haustdögum. Þá sagði hann að viðhorfskönnunin til jafnréttismála mundi liggja fyrir fljótlega. Er það einhver önnur könnun en sú sem hefur verið kynnt á þessum vetri og fram kemur í tillögunni sem mig minnir að hafi verið jafnréttismál á vegum forsrn.?

Það verður ekki hjá því komist að ræða stöðuna í launamálum, sem er alveg afleit, og ég held að það hljóti að vera eitt af meginverkefnunum að taka á því máli. Ég skil það af orðum hæstv. ráðherra og hvernig hann tekur undir þá tillögu sem ég flutti um þetta efni að við hljótum að vinna markvissar að þessu og á því hafi ráðherrann fullan hug. Hér kemur fram að konur hafa einungis 72% af launum karla fyrir sambærileg störf og allt að 11% er óskýrður launamunur. Síðan er það því miður þannig enn þann dag í dag að bílastyrkir og hlunnindi hvers konar hjá hinu opinbera ganga miklu meira til karla en kvenna. Þegar ég athugaði þetta fyrir nokkrum árum gekk 90% af því sem varið er í hlunnindi og bílastyrki hjá hinu opinbera til karla en 10% til kvenna.

Ég held að ráðherrann ætti að hugleiða hvort ekki sé ástæða til að gera slíka könnun aftur og sjá hvort nokkuð hafi breyst. Minni ég á í því sambandi að kærunefnd jafnréttismála ályktaði einmitt um að bankarnir væru að brjóta jafnréttislög með því að greiða hærri bílastyrki og hlunnindi

til kvenna innan bankanna en karla. Því miður eru álit kærunefndar Jafnréttisráðs ekki bindandi og því komast bankarnir upp með að gera nákvæmlega ekki neitt í því máli að ég best veit.

Ég vil í lokin segja að ég mun greiða eins og kostur er fyrir framgangi tillögunnar og mun leggja áherslu á að ná fram þeim breytingum sem við höfum rætt um í launamálum og þá tillögu sem ég hef verið með ásamt því að skoða hvort skerpa megi á einstökum atriðum í áætluninni. Það er mjög mikilvægt að ráðherrann gangi hart fram í því sem hann hefur nefnt varðandi fræðsluna um jafnréttismálin. Við höfum það fyrir framan okkur að á vegum sjö ráðuneyta gegnir engin kona embætti forstöðumanna í stofnunum sem undir þau heyra. Aðeins rúm 18% forstöðumanna ráðuneyta eru konur þó einstaka ráðuneyti hafi komist lengra eins og ráðherra nefndi í máli sínu.

Ég held að full ástæða sé til að ætla að ráðherrann fylgi því eftir sem við höfum rætt hér, að fræðslan nái ekki aðeins til undirmanna og embættismanna heldur einnig alveg upp í topp til ráðherranna. Ég spyr hæstv. félmrh. hvort hann hafi nokkuð á móti því, ef samstaða næst um það í félmn., að setja það skýrar í jafnréttisáætlunina að fræðslan eigi að nái upp í topp til ráðherranna þannig að vilji þingsins sé að setja alla ráðherrana á skólabekk til að læra vel jafnréttislögin, sé með einhverjum hætti settur í áætlunina, vegna þess að það er undir þeim komið hvernig þeir framfylgja jafnréttismálunum, hvort við náum árangri í þeim eða ekki.

[20:26]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þingheimi þær jákvæðu undirtektir sem mér finnst framkvæmdaáætlunin í jafnréttismálum fá við fyrri umræðu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að nokkrum atriðum sem rétt er að ég svari. Í fyrsta lagi spurði hv. þm. um afdrif könnunarinnar sem varð að nokkru umtalsefni milli okkar hv. þm. á haustdögum og hvort þar hefði verið um að ræða þá könnun sem forsrn., félmrn. og fleiri aðilar stóðu að og kynntu í vetur. Svarið við því er já. Það var sú könnun sem ég var að vitna til.

Ég tek undir með hv. þm. þegar kemur að umræðunni um launamun kynjanna. Ég tel, hæstv. forseti, að það sé eitt almikilvægasta verkefni okkar í jafnréttismálum á næstu missirum. Það er að mínu viti óþolandi að enn skuli vera til staðar óútskýrður og óútskýranlegur launamunur milli kynjanna og í sumum tilvikum, eins og ég veit að hv. þm. hefur meðal annarra vakið athygli á, er munurinn kerfislægur. Ekki beinlínis viljandi, hæstv. forseti, heldur liggur hann innifalinn í uppbyggingu og launastrúktúr fyrirtækja og stofnana.

Ég hef sagt það, hæstv. forseti, að það hljóti að vera tiltölulega hæg heimatökin hvað varðar hið opinbera, því út af fyrir sig má segja að allar stofnanir ríkisins heyri undir tólf menn og konur, þ.e. ráðherra í ríkisstjórninni. Það er vilji ríkisstjórnarinnar að taka á þessum launamun og það munum við gera á því kjörtímabili sem framundan er eins og lýst er í áætluninni.

Hv. þm. spurði líka hvort sá er hér stendur hefði á móti því ef um það tækist samstaða í félmn. að skerpa frekar á því en gert er í áætluninni að fræðsla í jafnréttismálum nái upp í topp. Hæstv. forseti. Svar mitt við því er einfalt: Nei, ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því. Ég tel eins og ég sagði áðan fulla ástæðu til þess að fræðslan nái upp í topp (**ÖJ:** Bjóða upp á sérkennslu?) Ég tel ekki, hv. þm., að einn þurfi frekar kennslu en annar, en ég tel hins vegar mjög mikilvægt að þessi fræðsla eigi sér stað alls staðar í samfélaginu, ekkert síður gagnvart ráðherrum í ríkisstjórn en öðrum og lýsi hér með jákvæðum huga til þeirrar hugmyndar.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi eitt enn sem ég vil koma inn á og það varðar fræðsluna um jafnréttismálin sömuleiðis sem getið er um í 3. tölul. þáltill., að þátttakendur í því verkefni verði öll ráðuneytin og Reykjavíkurborg. Hv. þm. spyr: Af hverju Reykjavíkurborg? Kannski er von að spurt sé um það því ekki kemur fram með skýrum hætti í þeim texta sem liggur fyrir hver hugsunin er þarna að baki, en hún er einmitt sú að Reykjavíkurborg þykir hafa náð góðum árangri á þessu sviði. Þar liggur því hundurinn grafinn. Við teljum ástæðu til þess að leita í þann reynslubrunn sem er að finna hjá borginni og þess vegna er gert ráð fyrir þátttöku hennar í þessu verkefni.

Hæstv. forseti. Ég vil ekki orðlengja umræðuna frekar. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir jákvæðar undirtektir og ítreka tillögu mína um að þessari þáltill. verði vísað til hv. félmn. og síðari umræðu.

[20:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Komin er eðlileg skýring varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar í þessari fræðslu. Ég leit svo á að þátttakendur væru þeir sem ættu að sitja undir fræðslunni, þ.e. ráðuneytin, og síðan væri Reykjavíkurborg þar til viðbótar. Nú skilst mér að Reykjavíkurborg eigi að vera fyrirmyndin og kenna ríkinu, opinberum starfsmönnum og embættismönnum, hvernig eigi að vinna að þessum jafnréttismálum og ég held að hún hafi náð þeim árangri að það sé alveg rétt og eðlilegt að hún komi með þessum hætti að fræðslunni.

Ég heyrði ekki að hæstv. ráðherra tjáði sig nokkuð um það sem ég sagði um jafnréttisumsagnir. Ég held að það sé mjög mikilvægt, eitt hið mikilvægasta sem er í þessari tillögu, að unnið verði að því að setja jafnréttisumsagnir með stjórnarfrumvörpum. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir jafnréttisbaráttuna og þá samþættingu sem menn vilja sjá í jafnréttismálunum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort gaumgæfilega hafi verið farið yfir það hvort ekki sé hægt að setja það skýrar og ákveðnar niður í áætluninni en hér er gert. Einungis þrjú ráðuneyti koma að þessu og það á að skoða þetta mál og reynslukeyra fram til ársins 2005. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að vogin og matið sé sett á það að þegar ráðherrar leggja fram stjórnarfrumvörp fylgi þeim jafnréttisumsagnir alveg eins og kostnaðarumsagnir liggja frammi og skilyrði er að þær fylgi öllum stjórnarfrumvörpum.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig þetta tiltekna atriði hafi verið skoðað og hvort ekki sé hægt að ganga markvissar og skipulegar til verks varðandi það en fram kemur í tillögunni.

[20:33]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að skerpa mætti á þessu atriði tillögunnar. Hér er hins vegar gert ráð fyrir tilraun til að meta með tilliti til jafnréttismála nokkur stjórnarfrumvörp. Hvort það gerist með fleiri eða færri þeirra eða hvort framkvæmdin verði komin í gagnið fyrir þann tíma sem hér er um getið, þ.e. í lok árs 2005, veit ég ekki með vissu. Ekki hefði ég, hæstv. forseti, á móti því að það gerðist

hraðar. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er ástæða til að gaumgæfa með tilliti til jafnréttismála þau frv. sem við leggjum fram á Alþingi. Eins og ég gat um áðan er gert ráð fyrir að á vegum forsrn. verði saminn sérstakur gátlisti sem hægt væri að hafa til hliðsjónar við slíkt mat.

Við þekkjum það, hæstv. forseti, að í tveimur ráðuneytum hefur verið uppi sérstakt tilraunaverkefni varðandi kostnaðarmat frumvarpa með tilliti til áhrifa á rekstur sveitarfélaganna. Ég tel að sú reynsla sem við höfum haft af því, þótt ekki sé langur tími liðinn né að mörg frumvörp hafi verið metin í því tilliti, sé góð og sýni okkur að það er ástæða til að hafa vakandi auga í þessum efnum.

[20:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við lok þessarar umræðu sé ég ástæðu til að þakka hæstv. ráðherra fyrir innlegg hans og framlag til umræðunnar. Ég fagna því hvað hæstv. ráðherra hefur verið opinn og jákvæður fyrir því að unnið verði í félmn. að breytingum til að gera þessa tillögu skarpari og markvissari. Hefur hann m.a. tekið undir það að við skoðum í sambandi við jafnréttisumsagnir hvort ekki verði hægt að ganga hraðar til verks í því efni. Því fagna ég ákaflega. Ég held að það muni greiða mjög fyrir störfum í félmn. að hafa þessi jákvæðu viðbrögð hæstv. félmrh. að veganesti í þeirri vinnu okkar sem fram undan er við að skoða og yfirfara tillöguna.

Ég fagna sérstaklega því sem hæstv. ráðherra sagði áðan um að hann hefði svo sannarlega ekkert á móti því að við næðum því fram í nefndinni að sett yrði ákvæði inn í þessa tillögu hjá öllum ráðuneytum um að ráðherrar gangist undir jafnréttisfræðslu og að farið verði vel og vandlega yfir jafnréttislögin, jafnréttisáætlanir og framkvæmdaáætlanirnar með ráðherrunum sjálfum. Eins og ég nefndi og hæstv. ráðherra gerði einnig var sú leið farin í Svíþjóð með frábærlega góðum árangri. Ráðherrar þar sýndu miklu meiri skilning á jafnréttismálunum eftir að þeir höfðu fengið slíka fræðslu. Ég vona að við náum samstöðu um það í félmn. að setja slíkt ákvæði inn.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans á því að við náum fram þeirri breytingu í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópufélög, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (EES-reglur). — Þskj. 1355.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (EES-reglur). — Þskj. 1356.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (matsreglur, EES-reglur). — Þskj. 1354.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla Hólavallagarðs, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 765. mál. — Þskj. 1153.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8., 12. og 17.–18. mál.

Fundi slitið kl. 20:39.

---

98. FUNDUR

föstudaginn 16. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 850. mál, þskj. 1307. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 869. mál, þskj. 1327. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Samkeppnislög, stjfrv., 882. mál, þskj. 1340. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 881. mál, þskj. 1339. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 848. mál, þskj. 1305. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1313. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Evrópufélög, stjfrv., 203. mál, þskj. 1355. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
12. Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, stjfrv., 402. mál, þskj. 1356. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
13. Ársreikningar, stjfrv., 427. mál, þskj. 1354. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
14. Varðveisla Hólavallagarðs, þáltill., 765. mál, þskj. 1153. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328. — 1. umr.

16. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329. — 1. umr.

17. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330. — 1. umr.

18. Veðurþjónusta, stjfrv., 784. mál, þskj. 1195. — 1. umr.

19. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334. — 1. umr.

20. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335. — 1. umr.

21. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338. — 1. umr.

22. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333. — 1. umr.

23. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 815. mál, þskj. 1243. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill tilkynna að tvær utandagskrárumræður fara fram í dag, sú fyrri strax á eftir, þ.e. áður en gengið verður til dagskrár og er um álit kærunefndar jafnréttismála um skipan hæstaréttardómara og viðbrögð dómsmrh. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara.

Hin síðari verður að loknu hádegishléi og er um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þar er málshefjandi hv. þm. Jón Bjarnason og hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde verður til andsvara. Báðar þessar umræður fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Brottfall úr framhaldsskólum, 610. mál, svar menntmrh., þskj. 1406.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1420.

Umræður utan dagskrár.

Álit kærunefndar jafnréttismála um skipan hæstaréttardómara og viðbrögð dómsmálaráðherra.

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. getur ekki boðið þingheimi upp á þá fráleitu túlkun á jafnréttislögunum að á grundvelli tölfræði um fjölda fólks í ákveðnum stöðum sé verið að binda veitingarvaldshafa af því að skipa konu í embætti. Vitaskuld er það hæfni umsækjenda sem á að ráða stöðuveitingum og ef taka á konu fram yfir karl verður hún að vera a.m.k. jafnhæf eða hæfari en karlinn. Það mat lagði kærunefndin til grundvallar og á því mati hafa dómstólar byggt þegar þeir hafa a.m.k. fjórum sinnum á undanförnum árum fallist á niðurstöður kærunefndar vegna stöðuveitinga. Það ætti líka hæstv. forsrh. að muna þegar hann segir að kærunefndin eigi að vinna í anda dómsúrskurða sem fallið hafa en ekki blekkja þjóðina með öðru í viðleitni sinni til að verja embættisafglöp hæstv. dómsmrh. sem gagnrýna ber harðlega.

Það er áfall fyrir réttarkerfið og stjórnsýslureglur að réttarvitund og viðhorf sjálfs dómsmrh. og forsrh. sé jafnhraksmánarlegt gagnvart jafnréttislögum og raun ber vitni. Þetta viðhorf æðstu ráðamanna þjóðarinnar er mikið áfall fyrir jafnréttisbaráttuna og raunar lítilsvirðing við þjóð sem kennir sig við jafnrétti og mannréttindi. Veikburða rök ráðherrans eru ámátleg þegar hann snýr öllu á hvolf í jafnréttislögunum, misskilur þau og mistúlkar sundur og saman eftir eigin geðþótta.

Hroki og vankunnátta hæstv. forsrh. og dómsmrh. á jafnréttislögum er hrópandi. Hvernig dettur hæstv. dómsmrh. í hug að halda því fram að ef hann væri skuldbundinn af því að fara að jafnréttislögum hefði það átt að koma fram í umsögn Hæstaréttar? Er hæstv. ráðherra virkilega alvara þegar hann lætur að því liggja að kærunefnd jafnréttismála sé að skipta sér af ákvörðun sem henni komi ekki við?

Hæstv. ráðherra hefur verið tíðrætt um að verið sé að binda hendur hans sem veitingarvaldshafa, en hann lifir í þeim gamla tíma að hann hafi ótakmarkað svigrúm til að velja á milli umsækjenda að eigin geðþótta. Hæstv. ráðherra lítur gersamlega fram hjá því að svigrúm hans takmarkast við ákvæði jafnréttislaga, jafnréttisákvæði stjórnarskrár og stjórnsýslulaga og þá grundvallarreglu í stjórnsýslurétti að velja þann sem hæfastur er á grundvelli málefnalegra sjónarmiða sem dómsvenjur byggja á. Margsinnis hefur líka komið fram hjá umboðsmanni Alþingis að veitingarvaldshafar hafa ekki frjálsar hendur um val á umsækjendum. Hæstv. ráðherra gerir ekkert með að hann er ekki einasta sekur um brot á jafnréttislögum heldur gengur hann á svig við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglur stjórnsýslulaga. Hann gengur gegn stjórnsýslureglum eins og rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga eins og ekkert sé. Hann brýtur gegn framkvæmdaráætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum þar sem lögð er áhersla á að jafnréttissjónarmið séu tryggð við stöðuveitingar eins og m.a. starfsreglur í ráðuneyti ráðherrans kveða líka á um.

Hjá öðrum lýðræðisþjóðum hefði ráðherra sem brýtur svo gróflega lög og reglur verið látinn fjúka. En hér á landi er allt leyfilegt hjá ráðherrum og þeir komast upp með allt. Ef ráðherrar eru ósáttir við lög eiga lögin bara að víkja en ekki þeir að þeirra mati.

Hæstv. ráðherra hefur haldið því fram að af áliti kærunefndar verði ráðið að hann hafi líka farið á svig við jafnréttislögin ef hann hefði valið annan þeirra sem Hæstiréttur taldi heppilegastan til setu í réttinum. Hæstiréttur hafi með því verið að gefa ráðherranum vísbendingu um að brjóta lög. Hæstv. ráðherra er greinilega með afar slæma samvisku þegar hann setur fram svona útúrsnúning og hundalógík, enda er ráðherrann í vondum málum. Málið er ekki flóknara en það að vera má að kærunefnd jafnréttismála hefði komist að allt annarri niðurstöðu ef hæstv. ráðherra hefði skipað annan

hvorn þeirra sem Hæstiréttur taldi heppilegastan í starfið. Ekki er einu sinni víst að konan hefði kært í því tilviki.

Það er grafalvarlegt fyrir jafnréttisbaráttuna að í stóli dómsmrh. og forsrh. skuli sitja menn með svona forneskjuleg viðhorf í jafnréttismálum. Spyrjum okkur hvaða hætta leikreglum lýðræðisþjóðfélags er búin ef dómsmrh. telur sig hafinn yfir lög um grundvallarmannréttindi eins og jafnréttislög.

Hæstv. dómsmrh. skuldar þjóðinni svör en ekki útúrsnúninga af þeim toga sem ráðherrann hefur orðið uppvís að. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. dómsmrh.:

Er ráðherrann reiðubúinn að semja um skaðabætur sbr. 28. gr. jafnréttislaga án þess að til þurfi að koma dómsniðurstaða Hæstaréttar?

Hver er pólitísk ábyrgð ráðherrans? Er henni fullnægt að mati ráðherra með því að brotaþola verði dæmdar skaðabætur eða á ráðherra að segja af sér?

Telur ráðherra hæstaréttardómarana sem gáfu honum umsögn um hæfi umsækjenda vera vanhæfa til að fjalla um og dæma í málinu komi það til kasta dómstólanna?

Telur ráðherra rétt að breyta fyrirkomulagi við skipan dómara og ef svo er, þá hvernig?

[10:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fyrir mig fjórar spurningar. Hin fyrsta er hvort ég sé reiðubúinn að semja um skaðabætur, sbr. 28. gr. jafnréttislaga. Ég hafna því að ég hafi brotið jafnréttislögin. Ég byggði tillögu mína um skipan í embætti hæstaréttardómara á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum enda tel ég þann sem skipaður var hæfastan umsækjenda til þess að gegna embættinu með hliðsjón af þeim sjónarmiðum. Mörg fordæmi eru því til staðfestingar að ráðherra hafi meira svigrúm til töku málefnalegra ákvarðana við stöðuveitingu en kærunefnd jafnréttismála telur í þessu máli. Í áliti umboðsmanns Alþingis, í máli nr. 2214/1997, segir m.a. um kærunefnd jafnréttismála og valdheimildir hennar, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að við mat kærunefndar jafnréttismála á því hvort fylgt hafi verið þeim efnisreglum sem leiða má af ákvæðum laga nr. 28/1991 verði hún að taka mið af þeim sjónarmiðum sem atvinnurekandinn lagði til grundvallar ákvörðun sinni að því tilskildu að þau hafi verið málefnaleg og lögmæt. Innan þessara marka hefur hann visst mat sem ekki verður haggað. Ef sýnt þykir að atvinnurekandinn hefur lagt mismunandi áherslur á tiltekin sjónarmið í mati sínu á starfshæfni umsækjenda verður kærunefnd jafnréttismála á sama hátt að taka mið af því.

Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist að 8. gr. laga nr. 28/1991 veiti nefndinni sjálfstæða heimild til að byggja á öðrum sjónarmiðum heldur en veitingarvaldshafi studdist löglega við. Á það jafnt við um það hvaða hæfnisþætti megi leggja til grundvallar og um innbyrðis þýðingu þeirra."

Umboðsmaður Alþingis vísar til þágildandi laga nr. 28/1991, um jafnan rétt karla og kvenna, en núgildandi lög nr. 96/2000 veita kærunefnd jafnréttismála ekki ríkari heimildir að þessu leyti. Segir þetta álit umboðsmanns Alþingis meira en mörg orð og hávær. Ég hef sjónarmið sem þessi að leiðarljósi við mat mitt á óskinni um skaðabætur auk mats á því hvort um sannanlegt fjárhagslegt tjón sé að ræða en nýlega skipaði ég Hjördísi Hákonardóttur dómstjóra á Suðurlandi og eftir því sem ég kemst næst eru heildarlaun hennar þar hærri en nemur launum hæstaréttardómara.

Önnur spurning snýst um það hver sé pólitísk ábyrgð ráðherra. Samkvæmt þingræðisreglunni ber ráðherra pólitíska ábyrgð athafna sinna eða athafnaleysis gagnvart Alþingi. Þessi þinglega ábyrgð er pólitísks en ekki lagalegs eðlis. Hún er algerlega komin undir mati Alþingis hverju sinni. Hún er engum lagareglum háð eins og Ólafur Jóhannesson segir í fræðiriti sínu um stjórnskipunarrétt.

Þriðja spurningin er um vanhæfi hæstaréttardómara. Það er ekki dómsmrh. að svara þessari spurningu heldur dómara í Hæstarétti ef þeir verða í þeim sporum að nauðsynlegt sé fyrir þá að gera það.

Fjórða spurningin er um það hvort ég telji rétt að breyta fyrirkomulagi við skipan dómara og ef svo er, þá hvernig. Ég hef ekki komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé rétt. Á hinn bóginn finnst mér sjálfsagt að ræða þetta mál eins og allt annað sem lýtur að því að finna leið til að komast hjá þrefi og þrasi mánuðum saman um lögmæta ákvörðun um skipan manns í Hæstarétt. Við stöndum jafnan frammi fyrir því að einhver einn ber ábyrgðina á valinu að lokum og þarf að vera unnt að kalla hann til pólitískrar ábyrgðar. Spurningin er sú hvort unnt er að finna leið sem tryggir sæmilegan frið um málið eftir að ákvörðun hefur verið tekin.

Hér á þingi hafa verið fluttar tillögur um að Alþingi taki ákvörðun um hæstaréttardómara. Ég hef ekki lýst stuðningi við þær tillögur en slík tilhögun hefði vitaskuld ýmsa galla, svo sem hættuna á því að skipun hæstaréttardómara yrði skiptimynt í viðskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu a.m.k. ef gert er ráð fyrir að aukinn meiri hluta þyrfti til að velja dómarana. Annars staðar á Norðurlöndum eru starfandi nefndir sem gera tillögur til ráðherra um dómara. Ég tel réttmætt að ræða hvernig að skipun dómara er staðið í ólíkum löndum og jafnvel draga lærdóm af því sem best hefur reynst, en ítreka að ábyrgðin verður að vera pólitísk að lokum.

[10:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. málshefjanda í þessari umræðu, að mál það sem hér er fjallað um er áfall fyrir réttarkerfið og áfall fyrir jafnréttisbaráttuna. Ummæli ráðherra og svör við fyrirspurnum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eru sannarlega ekki til að hrópa húrra fyrir, þau eru með endemum.

Hæstv. ráðherra verður að horfast í augu við það að hann hefur ekki frjálsar hendur í þessum efnum. Hann er bundinn af löggjöf sem samþykkt hefur verið á Alþingi og löggjöfin er sett til þess að leiðbeina okkur og leiðrétta það misrétti sem okkur á löggjafarsamkundunni og þjóðinni hefur þótt vera til staðar í jafnréttismálum. Þessari löggjöf er ætlað að tryggja það að konur eigi jafnan möguleika í samfélaginu á við karla, sjá til þess að sjónarmið þeirra séu jafnrétthá við stjórn landsins og sjónarmið karla á vettvangi löggjafarsamkundunnar, á vettvangi framkvæmdarvaldsins og á vettvangi dómsvaldsins. Við höfum sett þessar hugmyndir í lög til þess að ná fram þeim markmiðum sem við höfum komið okkur saman um að séu eftirsóknarverð og æskileg. Við höfum skuldbundið okkur á alþjóðavettvangi til að breyta stöðu kvenna í samfélagi okkar og við tökum þátt í samstarfi þjóðanna til þess að ná þeim markmiðum. Tilgangurinn er að breyta þeim veruleika sem við búum við, breyta þeim hlutföllum sem ríkja milli karla og kvenna á Alþingi. Af 63 þingmönnum eru 20 konur. Við viljum breyta þeim hlutföllum og höfum bundið þann vilja okkar í lög. Af 12 ráðherrum

eru einungis þrjár konur. Við viljum breyta þeim hlutföllum og í Hæstarétti hafa frá upphafi setið 40 dómarar, 38 karlar og 2 konur. 22. gr. jafnréttislaganna gengur út frá því að hæstv. ráðherra eigi að hafa hliðsjón af þessum sjónarmiðum við ráðningu í stöður.

Svör hæstv. ráðherra hafa verið með endemum og er það ekki góður vitnisburður fyrir Sjálfstfl. sem kemur frá þingmönnum hans og ráðherrum í þessu máli þar sem menn segja að hæstv. ráðherra hafi haft málefnaleg rök fyrir því að brjóta jafnréttislöggjöfina.

[10:45]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Markmið jafnréttislaganna eru göfug og jafnréttislögin eru góð og okkur ber að halda áfram á þeirri braut að auka jafnrétti kynjanna. Umræðan um jafnréttið snýr ekki eingöngu að því að bæta hag kvenna, hún tekur einnig til þess að bæta hag þjóðfélagsins. Í nútímaþjóðfélagi er sjálfsagt að jafnrétti ríki í landinu og að konur jafnt sem karlar hafi sömu tækifærin.

Hæstv. forseti. Því miður er enn nokkuð langt í land. Við hljótum öll að vera sammála um að óskandi væri að ekki væri þörf fyrir sérstakar jafnréttisáætlanir eða jafnréttislög í landinu. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Við þurfum að styðjast við jafnréttislög og jafnréttisáætlanir og fara eftir þeim. Jákvæð mismunun er mikilvægt verkfæri til þess að breyta því þjóðfélagi sem við lifum í í átt til þjóðfélags þar sem jafnrétti ríkir, þar sem konur og karlar hafa sömu tækifærin.

[10:46]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Árið 1999 braut ég lög sem heyra undir fiskveiðistjórnarlög. Ég var og er enn algerlega á móti þeim lögum eða þeim hroðalega lagabálki sem fiskveiðistjórnarlögin eru. Engu að síður gerði ég mér grein fyrir því að ég væri að brjóta lög og ég viðurkenndi brotið.

Það sem vekur furðu mína í þessu máli er að hæstv. dómsmrh. sýnir ekki þann manndóm að viðurkenna afglöp sín frá síðasta ári. Ég hjó líka eftir því í fyrrakvöld hjá ágætum fyrirspyrjanda og þáttarstjórnanda Kastljóssins, Kristjáni Kristjánssyni, þegar hann spurði hæstv. dómsmrh. hvað yrði um hann ef dómur félli á hann í þessu máli. Svar hæstv. ráðherra var nokkurn veginn á þá leið að það skipti hann engu máli. Það hafi gerst í tímans rás að ríkið hafi orðið skaðabótakræft vegna mála sem það hefði tapað fyrir dómi.

Öðru máli gegnir um mig. Ég fékk á mig dóm. Ég var tæpar 100 nætur frá konu minni og barni. Ég var myndaður bak og fyrir í réttarsölum og útmálaður sem glæpamaður. Hver er réttarstaða Íslendinga? Er einhver munur á almennum borgara eða ráðherrum landsins? Hér er um prinsippmál að ræða. Ég er ekki þeirrar náttúru að það hlakki í mér yfir óförum annarra. Reyndar hef ég fram til þessa ávallt talið hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason vera prinsippmann. Því kemur mér afskaplega á óvart hvernig hann tekur á málinu og hann er greinilega á miklum villigötum. Við verðum að horfa á málið frá öðru sjónarhorni, ekki bara frá sjónarhorni jafnréttislaga.

Það skiptir engu máli hvað hæstv. dómsmrh. heldur um þessi lög. Það kemur ekki málinu við. Enginn er hafinn yfir lög í landinu, hvorki hæstv. dómsmrh. né sá sem hér stendur.

[10:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Viðbrögð hæstv. dómsmrh. í þessu máli hafa verið með ólíkindum. Málsvörn hæstv. dómsmrh. í fjölmiðlum er sú að hann er ósammála jafnréttislögunum og því skiptir brot á þeim ekki máli. Svona talar hæstv. dómsmrh. um landslögin. Það er öll virðingin fyrir lögum landsins. Viðbrögð hæstv. dómsmrh. eru skólabókardæmi um valdhroka og skólabókardæmi um mann sem hefur verið of lengi við völd. Ég trúi því ekki að þjóðin og kjósendur Sjálfstfl. líði það að sjálfur dómsmrh. brjóti lögin einfaldlega vegna þess að hann er þeim ósammála.

Hæstv. dómsmrh. hefur kallað jafnréttislögin barn síns tíma og tímaskekkju og telur lagasetninguna gallaða. En hvað hefur breyst frá umræðunni við setningu laganna fyrir aðeins fjórum árum þegar hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði, með leyfi forseta: „... er þetta frv. mjög mikil framför fyrir jafnréttismálin og fjölskyldur í landinu.“ Eða hv. þm. Sjálfstfl. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði, með leyfi forseta: „Ég tel hins vegar að þetta frv. sé mjög vel unnið ...“ Eða enn einn hv. þm. Sjálfstfl. Drífa Hjartardóttir sagði, með leyfi forseta: „Ég held að það skipti mjög miklu máli að við höfum þetta frv. til laga að leiðarljósi.“ Eða Ásta Möller sagði, með leyfi forseta: „... enda ber frv. þess merki að vandað hefur verið til verksins.“ Ég beini því þeirri spurningu til þingmanna Sjálfstfl. sem allir studdu lögin á sínum tíma: Hvað hefur breyst?

Afstaða hæstv. dómsmrh. og formanns Sjálfstfl. liggur fyrir en hver er afstaða varaformanns Sjálfstfl.?

Herra forseti. Það segir sig sjálft að hæstv. dómsmrh. getur ekki búið við lög sem hann telur að séu stórgölluð og hann á ekki að gera það. Því hlýtur frv. að vera væntanlegt frá hæstv. dómsmrh., hin réttu jafnréttislög. Ég vil því að lokum beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh.: Hvenær má vænta slíks frv. frá honum og hvaða breytingar ætlar hann að gera á jafnréttislögunum? Hvernig munu jafnréttislög Björns Bjarnasonar líta út?

[10:51]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson er barn síns tíma. Skipan Ólafs Barkar Þorvaldssonar í stöðu dómara við Hæstarétt var rétt og eðlileg. Við skipan hæstaréttardómara verður jafnan að hafa í huga hverjir sitja fyrir í réttinum, hvort rétt sé að styrkja sérstaklega eitthvert tiltekið svið lögfræðinnar sem mikið reynir á einmitt nú á þeirri stundu og í fyrirsjáanlegri framtíð. Eins og á stendur er ég sammála hæstv. dómsmrh. um að það var heppilegast að inn í Hæstarétt kæmi maður með meistarapróf í Evrópurétti og í samkeppnisrétti eins og Ólafur Börkur Þorvaldsson hefur. Það þarf ekki að fletta þingtíðindum eða dagblöðum lengi til þess að sækja rökstuðninginn. Ég minni á mál olíufélaganna og hringamyndanir á smásölumarkaði og harma með hvílíkri léttúð hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Birkir J. Jónsson hafa tekið á þeim þætti málsins.

Það er óheppilegt, herra forseti, að hæstaréttardómarar séu allir úr sama aldursflokknum og að rétturinn eldist um of, eða eins og vinur minn sagði við mig: „Hæstiréttur má undir engum kringumstæðum verða klúbbur fólks á svipuðum aldri.“ Nú er meðalaldur hæstaréttardómara 59 ár en þeir mega hverfa úr starfi 65 ára á fullum launum. Með skipan Hjördísar Hákonardóttur í réttinn hefði meðalaldurinn enn

hækkað en á hinn bóginn er Ólafur Börkur Þorvaldsson fulltrúi nýrrar kynslóðar, aðeins 42 ára gamall.

Ég er sammála hæstv. dómsmrh. um að endurnýjun þurfi að eiga sér stað í Hæstarétti og þar sé veruleg aldursdreifing. Virðing réttarins og traust réttarins byggir á því að í honum sitji ekki einsleitur hópur. Það er mikilsvert að hafa í huga, herra forseti.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að viðbrögð hæstv. dómsmrh. í þessu máli og þeim sem gengið hafa götuna eftir honum, hvort sem það er hæstv. forsrh. eða virðulegur forseti Alþingis, 2. þm. Norðaust., séu með því allra óskynsamlegasta sem lengi hafa sést. Ef hæstv. ráðherra hefði tekið á móti þessum úrskurði af yfirvegun og haft sjálfur frumkvæði að því að reyna að bæta úr hlutum eftir því sem það var hægt hefði þetta mál sennilega aldrei orðið að því mikla fjaðrafoki sem raun ber vitni. Hér er því á ferð mikið sjálfskaparvíti hæstv. dómsmrh. en eins og alkunnugt er eru þau verst, sjálfskaparvítin.

Ummælin og þau viðhorf til jafnréttismála sem þau endurspegla af hálfu hæstv. dómsmrh. eru auðvitað með endemum. Ef einhver maður í landinu ætti að vita að lög eru lög og eftir þeim ber að fara, hvort sem menn eru alfarið sáttir við ákvæði þeirra eða ekki, þá er það dómsmrh. landsins. Það er með miklum endemum að heyra hæstv. ráðherra eða aðra í málsvörninni fyrir hann tala eins og það séu einhverjar málefnalegar forsendur eða réttmætar til sem heimili að ýta skýrum ákvæðum jafnréttislaga til hliðar eins og heyra mátti reynt að færa fram í ræðustólnum áðan þegar talað var um að við skipan hæstaréttardómara ætti að horfa til allra hluta nema kynjajafnréttis.

Okkar sjónarmið í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eru þau að styrkja þurfi jafnréttislögin. Út á það hefur tillöguflutningur okkar og frumvarpsflutningur gengið, t.d. frv. Atla Gíslasonar um að styrkja heimildir Jafnréttisstofu til upplýsinga um launamál og annað í þeim dúr.

Hæstv. dómsmrh. er í vondum málum og mátti Sjálfstfl. illa við því að ferilskrá hans í jafnréttismálum versnaði enn, eða muna menn ekki slæman hlut kvenna í þeim flokki í síðustu kosningum? Reyndar er ríkisstjórnin öll með meira og minna allt niður um sig í þessum málum. Kynjahlutföll í nefndum og ráðum sem skipuð eru af ráðherrum fara versnandi og hæstv. félmrh. er með á bakinu samskiptin við fyrrv. framkvæmdastýru Jafnréttisstofu þannig að lengi getur vont versnað, herra forseti.

[10:55]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Fyrir um 2.400 árum komst grískur heimspekingur að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að hlíta ranglátum dómi og rökin voru eitthvað á þá leið að innviðir þjóðfélagsins væru einstaklingnum æðri. Nú er kominn fram á sjónarsvið mannkynssögunnar stór snillingur sem hefur komist að allt annarri niðurstöðu, sjálfur hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason, en hann kemst að því eftir vandlega íhugun að hann eigi ekki að fara eftir úreltum lögum. Nú vaknar sú spurning hvort það séu fleiri úrelt lög sem ekki beri að fara eftir og jafnvel hvort þessi regla gildi eingöngu um stórsnillinga og djúpvitra menn, svo sem hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason.

Það sem er einna verst við þetta lögbrot hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar er að hann er að draga Hæstarétt inn í flokkspólitíska umræðu og jafnvel umræðu um ættartengsl. Það er með ólíkindum. Og það hlýtur að vera erfið staða fyrir réttinn og stjórnskipan landsins að deilur séu um hvort verið sé að skipa yfir höfuð hæfasta einstakling í réttinn. En það sem er þó einna skást við þessa umræðu er að Sjálfstfl. hefur endanlega afhjúpað valdhroka og vanvirðingu gagnvart þeim málaflokki sem jafnréttismálin eru. Stjórnvöld eiga að vera leiðandi í jafnréttisþróun og því er mjög alvarlegt að sjálfur dómsmrh. landsins vanvirði jafnréttislög sem hann setti sjálfur.

Í umræðu um málið í fjölmiðlum síðustu daga hefur hæstv. dómsmrh. sýnt að hann tekur engum rökum og það má kalla það að hann sé alveg rökheldur. Maður fer að efast um það þegar menn eru algerlega rökheldir hvort hægt sé yfir höfuð að rökræða við slíka einstaklinga.

[10:58]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Ummæli hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar um jafnréttislögin hafa valdið miklu fjaðrafoki í samfélaginu og skal engan undra. Hæstv. ráðherra reynir að slá ryki í augu okkar hinna með því að benda á annað böl, aðra fyrrverandi ráðherra sem ekki hafi virt jafnréttislögin, umsögn Hæstaréttar í umræddu máli, og hann hefur vakið athygli okkar á því að það sé lítt merkilegt þótt ráðherra brjóti lög og ríkið sé dæmt til að greiða skaðabætur þess vegna. Það sé alltaf að gerast. Hann megi hafa þær skoðanir á jafnréttislögunum sem honum sýnist, hann megi alveg segja að hann vilji breyta þeim lögum sem honum þóknast illa að fara eftir, hann eigi sinn rétt til að skipa þann hæstaréttardómara sem honum sýnist.

Sú afstaða til jafnréttislaganna sem hefur birst í ummælum hæstv. ráðherra er með öllu óþolandi. Lögin séu barn síns tíma, kominn sé tími til að huga að endurskoðun þeirra, þau bindi hendur hæstv. dómsmrh. og annarra veitingarvaldshafa, þau standi í vegi fyrir því að þeir fái notað vald sitt óheft og óskorað. En ekki hvað? Afstaða hæstv. dómsmrh. til laga og til meðferðar valdhafa á valdi sínu lýsir sjónarmiðum sem eiga ekkert erindi inn í 21. öldina. Valdhöfum hafa nefnilega verið settar ýmsar eðlilegar og sanngjarnar skorður á síðari öldum og það er kominn tími til fyrir hæstv. dómsmrh. að átta sig á því. Valdið sem sólkonungurinn taldi frá guði komið er nefnilega komið frá fólkinu og þeir sem fara með það vald þurfa að gera það innan ákveðinna marka.

Eitt af því sem fulltrúasamkoma þjóðarinnar hefur sett sem umferðarreglur í flóknum frumskógi valdsins eru jafnréttislög og ákvæði um kærunefnd jafnréttismála og hlutverk hennar. Hæstv. dómsmrh. á að fara eftir þeim leikreglum, til þess ber honum skylda, bæði lagaleg og siðferðileg. Og ég er sammála hv. þm. Halldóri Blöndal um það að Hæstiréttur á ekki að vera klúbbur einsleitra einstaklinga og kannski að kominn sé tími til að skipa þar sérfræðing í jafnréttislögum inn í réttinn.

[11:00]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Á undanförnum áratugum hafa konur sótt fram á öllum sviðum þjóðlífsins. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi og sókn þeirra í háskólanám og hvers kyns framhaldsnám sýnir þetta hvað best. Stærsta jafnréttismálið á seinni árum er tvímælalaust fæðingarorlofslögin þar sem fullkomið jafnrétti er tryggt milli kynjanna. Jafnréttislögin hér á landi tryggja hinn lagalega ramma um jafnrétti. Sú löggjöf er bæði afar merkileg og mikilvæg og er raunar mjög

gildur þáttur í nútímalýðræðislegu þjóðfélagi þar sem einstaklingum eru tryggð tækifæri á jafnréttisgrundvelli í lífi og starfi. Eðli málsins samkvæmt er nauðsynlegt að slík löggjöf sé endurskoðuð reglulega og metið hvort lögin hafi skilað tilgangi sínum. Það er einfaldlega hluti af lýðræðislegri og nauðsynlegri umræðu um þennan málaflokk sem skiptir svo miklu máli fyrir okkur öll.

Óútskýrður kynbundinn launamunur er enn til staðar þrátt fyrir stóraukna menntun kvenna og hvað hann snertir er alveg ljóst að lögin hafa ekki skilað tilgangi sínum. Það er stórt og brýnt verkefni fyrir atvinnulífið og hið opinbera að vinna bót á því.

Ein af veigamestu breytingunum sem gerð var frá fyrri löggjöf við endurskoðun laganna árið 2000 snertir hlutverk og starf kærunefndar jafnréttismála. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason hefur nú gagnrýnt þau ákvæði gildandi laga og túlkun kærunefndar á þeim í áliti hennar á veitingu á stöðu hæstaréttardómara sl. sumar. Hann hefur fært fram málefnaleg rök fyrir þeirri skoðun sinni. Það er mikið umhugsunarefni að umræðan sem hefur fylgt í kjölfarið er öll í upphrópunarstíl og lítill vilji hefur verið til þess af stjórnarandstöðunni á þingi að ræða málin á málefnalegan hátt. Við verðum alltaf í allri slíkri umræðu að virða rétt hvers annars til að tjá skoðanir okkar. Það er grundvallarréttur í lýðræðislegu þjóðfélagi sem aldrei verður frá okkur tekinn og málefnaleg umræða um brýn og mikilvæg mál er nauðsynleg og alltaf af hinu góða.

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að nánast sá eini sem hefur treyst sér hingað í ræðustól til að verja gerðir hæstv. dómsmrh. er hæstv. fyrrv. landbrh., Halldór Blöndal, sem hefur sjálfur brotið jafnréttislög við stöðuveitingar og fengið á sig dóm í Hæstarétti um það. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ráðherrar Sjálfstfl. ganga á svig við jafnréttislög því það er ekki lengra síðan en 3–4 ár að fyrrv. dómsmrh., Sólveig Pétursdóttir, gekk fram hjá þremur konum við skipan í starf hæstaréttardómara.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hverju vill hann breyta í jafnréttislögunum? Er ráðherra ósammála hæstv. félmrh. sem telur að engin ástæða sé til að endurskoða jafnréttislögin? Formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna telur lögin bera vott um framsýni löggjafans og það er alveg hárrétt hjá henni. En hæstv. dómsmrh., sem hefur fótumtroðið jafnréttislögin, kemur hingað upp eins og engill með geislabaug og segist ekkert hafa gert af sér. Hæstv. ráðherra skammast sín ekki einu sinni fyrir það sem hann hefur gert.

Viðhorf hæstv. ráðherra til jafnréttismála er afturhvarf til fortíðar og er hættulegt jafnréttisbaráttunni. Ég tel að jafnréttisfulltrúi dómsmrn. ætti að taka hæstv. dómsmrh. í kennslustund og kenna honum jafnréttislögin þannig að hann sé ekki að lesa þau aftur á bak. Ég vil minna hæstv. ráðherra á það að Guðrún Erlendsdóttir túlkaði jafnréttislögin fyrir meira en aldarfjórðungi þannig, sem nú er dómvenja, að ef sú staða kemur upp að karl og kona sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er alls ráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera skuli veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. En hæstv. ráðherra skilur ekki að jafnréttislögin eru þannig úr garði gerð að hæfni á fyrst og fremst að ráða ferðinni þegar karl og kona sækja um starfið.

Í Svíþjóð hafa ráðherrar verið settir á skólabekk til að uppfræða þá um jafnréttislögin. Hæstv. ráðherra ætti að taka sér tíma í að lesa jafnréttislögin með öðrum gleraugum en hann hefur gert hingað til.

[11:04]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það hefur lítið nýtt komið fram í þessum umræðum, eins og þingmenn hafa heyrt, annað en upphrópanir og ásakanir í minn garð um lögbrot og annað slíkt. Þó að kærunefnd jafnréttismála sé lögbundin nefnd eru orð hennar ekki lög. Það er alltaf verið að túlka lög og alltaf verið að segja álit á lögum. Hæstiréttur hefur sagt að kærunefndin hafi rangt fyrir sér. Það er enginn að fjalla um að það hafi verið framið lögbrot á þeim sem sitja í kærunefndinni þótt Hæstiréttur hafi sagt að kærunefndin hafi komist að rangri niðurstöðu.

Hv. málshefjandi Jóhanna Sigurðardóttir var félmrh., ráðherra vinnuréttar í ríkisstjórn, sem nam kjarasamninga úr gildi með bráðabirgðalögum. Síðan kom Hæstiréttur saman og taldi að bráðabirgðalögin hefðu brotið í bága við stjórnarskrána. Hvar er ábyrgð ráðherrans í því þegar um þessi mál er fjallað? Hæstiréttur er að fjalla um héraðsdóma og kemst að þeirri niðurstöðu að héraðsdómarinn hafi komist að annarri niðurstöðu en rétt sé miðað við lögin, fara menn þá að fjalla um hvort héraðsdómarinn sé lögbrjótur eða ekki? Það er alltaf verið að túlka lög, alltaf verið að leggja út af lögum. Það sem ég er að segja í þessu máli er, að ef álit kærunefndar jafnréttismála byggist á því að henni er nauðugur einn kostur að grípa fram fyrir hendur á veitingarvaldshafanum er nauðsynlegt að líta til laganna.

Lögreglulög, 1. umr.

Stjfrv., 870. mál (tæknirannsóknir o.fl.). — Þskj. 1328.

[11:06]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996. Frumvarpið er samið í dómsmrn. í framhaldi af tillögum vinnuhóps sem ríkislögreglustjóri skipaði til að móta framtíðarstefnu tæknirannsókna lögreglu.

Í frv. er lagt til að í stað þess að ríkislögreglustjóri starfræki tæknirannsóknastofu verði tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík efld og styrkt. Gert er ráð fyrir að e-lið 2. mgr. 5. gr. laganna verði breytt þannig að hlutverk rannsóknastofu ríkislögreglustjóra verði að hafa eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, hafa umsjón með rekstri miðlægra gagnagrunna vegna tæknirannsókna, hafa samskipti við erlend ríki vegna tæknirannsókna, að fylgjast með nýjungum og framþróun tæknirannsókna og miðla þeim til lögreglu.

Þá er gert ráð fyrir að 4. mgr. 8. gr. verði breytt þannig að tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík fái aukin verkefni. Samkvæmt gildandi lögum annast tæknideildin vettvangsrannsóknir og aðrar slíkar rannsóknir en hér er lagt til að tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík sinni einnig samanburðarrannsóknum og varðveiti fingrafarasafn og ljósmyndasafn lögreglu og haldi þeim söfnum við.

Með frv. er verið að sameina þekkingu á sviði tæknirannsókna og tækjabúnaðar á einn stað sem mun tvímælalaust leiða til hagkvæmni og þess að eftirlit með tæknirannsóknum verður markvissara af hálfu ríkislögreglustjóra.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[11:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er ekki mikið um frv. hæstv. dómsmrh. að segja við 1. umr. Mér sýnist við fyrstu yfirferð að hér sé um gott mál að ræða sem sé þarft og þarna sé verið að samræma ákveðna vinnu sem er til staðar og gera þau gögn sem lögreglan notar í starfi sínu aðgengilegri. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er gert ráð fyrir að færðar verði til fjárveitingar vegna þessara hluta frá ríkislögreglustjóra til lögreglunnar í Reykjavík. Þar kemur reyndar líka fram að samruni á verkefnum embættanna á þessu sviði verði til hagræðingar og geti stuðlað að því að útgjöldin lækki nokkuð.

Ég held líka að eðlilegt sé að taka þessi mál til skoðunar, samræma og hagræða eftir atvikum þannig að ég ætla ekki að gera fleiri athugasemdir við frv. Mér sýnist vera gott mál á ferð og geri ekki ráð fyrir öðru en það verði stutt en auðvitað munum við skoða það í hv. allshn. og fara vel yfir það þar, en í fljótu bragði sýnist mér vera um hið ágætasta mál að ræða.

[11:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get tekið undir það að í fljótu bragði verður ekki séð annað en frv. sé eðlilegt og að sjálfsögðu þarf að vera fast skipulag á því hvernig farið er með gögn á vegum lögregluembætta og hvernig rannsóknum er háttað. Hér er annars vegar um að ræða rekstur miðlægs gagnagrunns lögreglunnar á sviði tæknirannsókna sem verður hjá ríkislögreglustjóraembættinu og hins vegar tæknideild við embætti lögreglustjórans í Reykjavík sem þjónusti allt landið. Undir hið fyrra fellur einnig sú nefnd sem annast skráningu á horfnu fólki sem er að sjálfsögðu mikilvægt að vandað sé til og haft í föstum skorðum.

Hins vegar gefur frv. út af fyrir sig tilefni til að spyrja hæstv. dómsmrh. um meðferð gagnagrunna á vegum lögreglunnar að öðru leyti. Nú er alveg ljóst að verið er að stórauka upplýsingasöfnun með ýmsum hætti í samfélaginu. Sumt er beint á vegum lögreglunnar, annað á vegum annarra aðila. Fram hefur komið t.d. að teknar eru myndir af öllum sem koma til landsins í Keflavík og væntanlega er það á vegum sýslumannsembættisins þar sem með það er farið. Auðvitað vakna líka spurningar í tengslum við slík mál um meðferð upplýsinganna almennt, hvernig persónuvernd sé tryggð og henni fyrirkomið.

Ég get ekki neitað því, herra forseti, að mér hefur lengi leikið nokkur hugur á að verða fróðari um það hvernig almennt er staðið að málum varðandi meðferð gagna hjá lögreglunni. Þá á ég ekki við tæknirannsóknir og miðlæg gögn af því tagi heldur meira persónutengdar upplýsingar sem eðli málsins samkvæmt hljóta að vera í talsverðum mæli hjá lögregluembættunum og ríkislögreglustjóra. Getur hæstv. dómsmrh. upplýst okkur aðeins betur við umræðuna um hvernig almennt er farið með þessi mál, hvernig samskiptum er háttað við persónuvernd þegar um er að ræða persónugreinanlegar upplýsingar og hvort endurskipulagning á þessum málum sé einhvers staðar á ferðinni í kerfinu hjá ríkislögreglustjóraembættinu sem hefur vaxið nokkuð að umfangi á undanförnum árum eins og menn þekkja.

Af og til hafa komið fram getgátur eða orðrómur um að um væri að ræða ákveðna kerfisbundna söfnun á persónulegum upplýsingum sem dult færu væntanlega hjá ríkislögreglustjóraembættinu eða í skjóli dómsmrn. Einstaklingar þykjast stundum verða varir við að aðild þeirra að félagasamtökum í landinu virðist skipta máli við tilteknar aðstæður án þess að geta fengið á því neinar skýringar eða um það nein svör. Ég vil gjarnan að hæstv. dómsmrh. upplýsi hvernig almennt er farið með þessi mál hjá lögreglunni af þessu tilefni eða beri fyrir sig ef um of viðkvæmar upplýsingar er að ræða til að koma þeim á framfæri í heyranda hljóði, hvers vegna það sé og hvort t.d. sé hægt að tryggja að hv. þingnefnd fái nákvæmari upplýsingar um það hvernig með þessa hluti er farið. Ég geri ráð fyrir að dómsmrh. sem þekkir vel til þessara hluta sé ekkert að vanbúnaði að svara spurningunni þó hún sé ekki undirbúin öðruvísi en sem hluti af umræðunni.

[11:14]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er á þessu stigi ekki undirbúinn undir að svara því sem fyrirspyrjandi var að fjalla um svo tæmandi sé. Ég tel hins vegar að í þessu tilliti fari lögreglan alfarið eftir persónuverndarlögunum eins og henni ber að gera og það sé ekki gert neitt í þessum málaflokki sem er ekki þess eðlis að unnt sé að færa fyrir því lögmætar heimildir og þess vegna eigi í sjálfu sér allt að vera uppi á borðinu varðandi það hvernig farið er með þessi gögn.

Ég tek undir með hv. ræðumanni að viðfangsefnið er brýnna núna en oftast áður vegna þess hve auðvelt er að safna gögnum og vegna þess hve ríkar kröfur er farið að gera til þess að menn leggi fram upplýsingar og gögn varðandi persónulega hagi sína. Ég tek þetta sérstaklega fram t.d. vegna umræðna um breytingar á vegabréfum þegar farið er að tala um að það þurfi svokölluð lífkenni í vegabréf þegar menn eiga annaðhvort að gefa fingraför sín, augngreiningu eða annað slíkt í vegabréf sín, hvernig með slíkar upplýsingar verður farið, t.d. hjá þjóð eins og okkur Íslendingum sem ferðumst mikið og flestir eiga sín vegabréf. Það kemur inn gífurlega mikið magn af upplýsingum sem verða geymdar í gagnagrunni sem á að nota af þeim sem meðhöndla vegabréfin. Hvað um aðgang annarra að slíkum gögnum? Þetta er allt mál sem þarf að ræða og tímabært að gera það og horfa til framtíðar þegar við hugum að þessum hlutum. Ef við tökum ekki þátt í að safna slíkum gögnum eða að skylda borgara okkar til þess að hlíta þeim sjónarmiðum sem ráða þar getum við þrengt að okkur og takmarkað ferðafrelsi okkar. Við stöndum því í þeim sporum að við þurfum að fjalla um þetta á málefnalegan hátt og gera okkur grein fyrir þessu og mér finnst alveg sjálfsagt að þingnefndir geri það. Ég hef lagt fram minnisblað í ríkisstjórninni er varðar gagnasöfnunina út af vegabréfunum og við sjáum líka að í öðrum löndum eru miklar umræður um þetta. Í Bandaríkjunum fara m.a. fram miklar umræður og yfirheyrslur í þinginu um hvernig stofnanir í Bandaríkjunum hafa farið með gögn og menn eru að leiða að því líkur að ef gagnastraumurinn hefði verið greiðari þar hefðu menn kannski getað séð fyrir meira varðandi hryðjuverk o.s.frv. Þetta eru því allt mikil álitamál og ég þakka þingmanni fyrir að reifa þetta. Og þó ég sé ekki tilbúinn til að fara í nákvæmar umræður um þetta að óathuguðu máli held ég að þetta sé brýnt mál sem við þurfum að fjalla um og velta fyrir okkur á Alþingi eins og annars staðar þegar við skoðum þær aðstæður sem við búum við í heiminum á þessum tímum.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og viðbrögð hans. Ég er tiltölulega sáttur við þau. Mér fannst mikilvægt að heyra að hæstv. ráðherra væri hugsi yfir þessum málum. Ég hygg að við séum í aðalatriðum sammála um að það sé brýnt viðfangsefni að fara yfir það í heild sinni hvernig með allar þær gríðarlegu upplýsingar sem nú er verið safna, sem hefur stóraukist jafnvel á allra síðustu mánuðum og missirum af ýmsum ástæðum sem við þekkjum, verði farið og hvernig þær verði geymdar. Athuga þarf hvernig þær verði meðhöndlaðar, hvernig persónuvernd verði tryggð og henni fyrir komið, gagnstætt aftur hinu, þörf eða áhuga stjórnvalda, t.d. við vissar aðstæður, á að geta sannreynt svona upplýsingar og dregið út úr þeim upplýsingar um ferðir manna og annað í þeim dúr.

Hér er mjög stórt og mikilvægt atriði á ferðinni. Mér er nær að halda að það geti verið fullt tilefni til að tekin verði saman skýrsla um þessi mál eða t.d. að sérstök starfsnefnd fari í það. Það er gagnlegt að allshn., í tengslum við umfjöllun um þessi mál sem hér eru á dagskrá og þau sem á eftir koma, fari yfir þessi mál og fái um það minnisblöð frá ráðuneyti. Ég held að þessi málaflokkur kalli greinilega á athygli á komandi mánuðum og missirum og vel geti farið svo að menn þurfi að grípa til ráðstafana, jafnvel lagalegra eða praktískra ráðstafana til að koma þessum málum í traustan farveg hjá okkur.

Mál þetta er alls staðar á dagskrá í nágrannalöndunum, hvernig með þessa hluti skuli farið í ljósi hinnar auknu upplýsingasöfnunar, að ógleymdri tækninni sem komin er til sögunnar og gerir kleift að geyma gríðarlegt magn upplýsinga, nánast ótakmarkað magn upplýsinga sem er ekki endilega og í raun alls ekki það sem við óskum eftir í mörgum tilvikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 871. mál (rannsóknargögn, símhlerun o.fl.). — Þskj. 1329.

[11:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Breytingarnar varða annars vegar rannsókn lögreglu og hins vegar vitnavernd lögreglu. Tilgangur þeirra er liður í þeirri viðleitni að efla öryggi lögreglumanna og að lögreglan nái sem bestum árangri í störfum sínum og þar með að auka öryggi hins almenna borgara.

Í 2. og 3. gr. frv. eru ákvæði um vitnavernd lögreglumanna. Þau eru nauðsynleg til að lögreglumenn geti notið verndar gegn ógn sem þeim og fjölskyldum þeirra getur stafað af sakborningum og öðrum þannig að nafn viðkomandi lögreglumanns komi ekki fram í lögregluskýrslu þegar sakarefnið er með þeim hætti að öryggi þess sem gerir skýrslu eða sinnir annars rannsóknaraðgerð geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur eða aðrir þekki nafn hans. Liggja skuli fyrir hvaða lögreglumaður gerir skýrsluna en aðeins sá sem rannsókn stýrir hafi aðgang að þeim upplýsingum, svo og ákærandi og dómari þegar mál kemur til kasta þeirra.

Einnig er gert ráð fyrir að dómari geti samkvæmt kröfu ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin ef ætla megi að öryggi vitnisins geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur geti komist með nærveru sinni að raun um persónueinkenni þess, enda sé þá um leið gætt leyndar um nafn vitnisins.

Enn fremur er lagt til að dómari geti samkvæmt kröfu ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm láti ekki uppi nafn sitt eða annað sem varðar persónu vitnisins í heyranda hljóði. Skilyrði þess er að vörn sakbornings spillist ekki af þeim sökum svo máli skipti og dómara verði greint bréflega frá nafni vitnisins og öðrum atriðum sem leynd er um varðandi vitnið.

Þessar breytingar er varða vernd vitna fyrir dómi eiga við um þau vitni sem ekki hafa komið fram undir nafni við rannsókn máls og eiga þannig við um þá lögreglumenn sem geta notið nafnleyndar við rannsókn máls.

Breytingar frv. er lúta að því að auðvelda rannsókn lögreglu eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er um að ræða tiltekna takmörkun á aðgangi verjanda að gögnum meðan á rannsókn máls stendur. Samkvæmt núgildandi lögum getur sakborningur kynnt sér öll málsskjöl á meðan rannsókn máls stendur, þar með taldar framburðarskýrslur annarra sakborninga og vitna og þar með hagrætt framburði sínum. Tímafrestur laganna til að halda gögnum frá sakborningi er mjög takmarkaður, frá einni viku sem hægt er að framlengja í allt að þrjár vikur. Í 1. gr. frv. er lögð til breyting á þessu þannig að telji lögregla að það geti torveldað eða skaðað rannsókn málsins að gögn eða upplýsingar komist til vitundar sakbornings geti hún neitað að veita verjanda aðgang að gögnunum. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að bera megi synjun lögreglu undir dómara og er það því undir mati dómara komið hvenær lögreglu ber að afhenda verjanda gögnin.

Í öðru lagi er í 3. gr. frv. lagt til að lögreglu verði heimilað að taka skýrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband, myndband eða mynddisk en slíkar heimildir er ekki að finna í núgildandi lögum. Það er lagt til að fengnum tillögum nefndar sem skipuð var af dómsmrn. til að fara fyrir skipan reglna um hljóðritun lögregluyfirheyrslna. Ítarlega umfjöllun um þá tillögu er að finna í greinargerð með frv. og vísa ég til þess sem þar segir.

Þá er í þriðja lagi lagt til í 6. gr. frv. að handhafi ákæruvalds geti ákveðið að símhlustun skuli fara fram án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði um símhlustun og öðrum aðgerðum samkvæmt 86. gr. laganna geti valdið sakarspjöllum. Í frv. er gert ráð fyrir að leitað verði úrskurðar dómstóls um ákvörðunina eins fljótt og unnt er og ávallt innan sólarhrings frá því að ákvörðun um símhlustun er tekin. Komist dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skal hann senda tilkynningu um það til dómsmrh.

Þessi brtt. tekur mið af nýrri tækni og umhverfi símnotkunar og því að tíð skipti á símum og númerum hjá þeim sem sæta hlustun hafa orðið til réttarspjalla. Þegar núgildandi ákvæði var samið var símnotkun með allt öðru móti. Hafa verður í huga að úrskurður um símhlustun kveður á um hlustun á samtali við tiltekið símanúmer eða tiltekið fjarskiptatæki en ekki símtöl ákveðins aðila í ótilteknum símum.

Virðulegi forseti. Símhlustanir eru einhver öflugasta leiðin til að upplýsa afbrot. Allt sem gert er til að bregða fæti fyrir að lögregla geti nýtt sér þessa leið innan skýrra lagamarka er til hagsbóta fyrir lögbrjóta. Svo einfalt er þetta mál. Lögreglan nýtur mikils trausts og hefur það ekki síst skapast af því að lögreglan fer af hófsemd og virðingu með það vald sem henni er veitt. Á því er tekið af fullum þunga ef út af er brugðið. Engin ástæða er til að ætla að þessi heimild veiti lögreglunni óhóflegt vald og stendur hún, að óbreyttum lögum, í raun verr að vígi en starfsfélagar í nágrannalöndum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[11:24]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Í því frv. sem hér er lagt fram til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála er komið inn á nokkra þætti, eins og hæstv. dómsmrh. rakti áðan. Í upphafi vil ég taka fram að ég hef við skoðun þessa ágæta frv. reynt að átta mig svolítið á þróun þessara laga um meðferð opinberra mála á síðustu árum. Þeim hefur verið breytt óhóflega oft. Ég held að það sé kominn tími til, fyrir löngu síðan þó að þessi lög séu í grunninn ekki gömul, að taka þau til heildarendurskoðunar. (**Dómsmrh.:** Eru þau barn síns tíma?) Þau eru ekki barn síns tíma en það þyrfti kannski að taka þau upp og stokka svolítið upp á nýtt. Það er erfitt að fara í gegnum þau, mikið af innskotsgreinum og þau eru ólæsileg. Ég held að það sé ekki gott að réttarfarslöggjöf sé óskýr þannig að borgararnir eigi litla möguleika á að átta sig á því hvað lögin í raun þýða.

Ég vík þá að frv. og vil fyrst koma inn á efni 1. gr. þess. Þar er lagt til, hæstv. forseti, að gera breytingar á aðgangi verjanda að gögnum máls þannig að lögreglu sé heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að neita sakborningi um slíkan aðgang eða neita verjanda um slíkan aðgang — reyndar stendur sakborningi í greinargerð með þessu ákvæði. Það sem mér þykir vert að gera athugasemd við og mjög vafasamt að gera, hæstv. forseti, er að hafa slíka takmörkun ótímabundna í lögum.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í greinargerð, í athugasemdum við 1. gr., er þessi breyting mjög illa rökstudd. Um svo viðamikla breytingu segir einungis, með leyfi forseta:

„Hér er lögð til breyting á aðgangi verjanda að gögnum máls þannig að lögreglu sé heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að neita sakborningi um slíkan aðgang. Lögregla metur þetta með tilliti til rannsóknarhagsmuna hverju sinni og hefur hún til þess nokkurt svigrúm."

Þetta er allt og sumt sem segir um þessa breytingu, virðulegi forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. rakti áðan var þetta í fyrri lögum þannig að þetta var heimilt að gera í eina viku. Síðan var hægt að lengja þann frest upp í allt að því þrjár vikur og hefur Hæstiréttur margoft staðfest að það hafi verið eðlilegt. En þegar þessi grein í frv., eins og hún er lögð fyrir hið háa Alþingi, er skoðuð með tilliti til dómafordæma Mannréttindadómstóls Evrópu og mannréttindasáttmála Evrópu þá leyfi ég mér að efast um að slík ótímabundin takmörkun í lögum sé eðlileg.

Réttur sakbornings til þess að fá aðgang að sömu gögnum og ákæruvaldið leiðir af reglunni um jafnræði aðila fyrir dómi. Þegar mið er tekið af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu þá leikur enginn vafi á því að það er heimilt að synja sakborningi eða verjanda hans tímabundið um aðgang að gögnum á rannsóknarstigi. Það hefur hins vegar ekki verið talið eðlilegt og ekki standast þessar grein að svo sé gert ótímabundið. Þess vegna hefði ég talið, hæstv. forseti, eðlilegra að hafa þarna á tímatakmörkun. Ég velti því fyrir mér hvort einhver brýn þörf sé á því að gera þessa breytingu. Ég mun a.m.k. fara fram á það í hv. allshn. að þetta ákvæði verði skoðað mjög kirfilega með tilliti til þess hvernig ákvæðið muni standast 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklar athugasemdir við 2. og 3. gr. lagafrv. Þar er annars vegar um það að ræða að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin telji dómari að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar. Þar er því bætt við að að hið sama eigi við ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni í þinghaldi að raun um persónuauðkenni hans. Með þessu er vitnum veitt ákveðin vernd. Ég held að það geti verið mjög skiljanlegar ástæður að baki slíkum breytingum. Auk þess gæti það hugsanlega haft áhrif á skýrslu vitnis ef svo ber undir, ef vitninu stafar ógn af sakborningi og nærveru hans. Ég geri í fljótu bragði ekki athugasemdir við þau ákvæði lagafrv.

Í 5. gr. er kannski verið að gera breytingar sem leiða af breyttri skipan eða breyttu rekstrarfyrirkomulagi fjarskiptafyrirtækja. Áður var talað um yfirvöld en núna er talað um síma- eða fjarskiptafyrirtæki. Það er eðlilegt í ljósi breytts rekstrarfyrirkomulags á fjarskiptafyrirtækjum og virðist eingöngu vera sjálfsögð breyting í kjölfar þess. En sú grein frv. sem ég hef mestar efasemdir um við fyrstu skoðun er 6. gr. Greinin gengur í raun og veru út á það að ef brýn hætta er á að bið eftir dómsúrskurði valdi sakarspjöllum við rannsókn máls er lagt til að handhafi ákæruvalds geti ákveðið að símhlustun og aðrar aðgerðir 86. gr. laga um meðferð opinberra mála hefjist án úrskurðar. Reyndar er gert að skilyrði að sá sem ákvörðun tekur leggi málið fyrir dómara innan sólarhrings frá ákvörðuninni.

Þetta hefur verið þannig að ekki hefur verið heimilt að leyfa hleranir nema að undangengnum dómsúrskurði og mér sýnist að því hafi verið breytt, það hafi verið smuga áður í lögunum til að gera þetta án undangengins dómsúrskurðar í tilteknum tilvikum. Árið 1999 er þessu hins vegar breytt og lagt til aftur að alltaf þurfi undangenginn dómsúrskurð áður en hleranir eru leyfðar.

Hæstv. forseti. Ég hef fullan skilning á því að það geti verið mjög brýnt að grípa til slíkra aðgerða til þess að upplýsa mál og gera það mjög snögglega. En mér er sagt að þegar óskað er eftir dómsúrskurði fyrir slíkum aðgerðum sé biðin eftir slíkum úrskurði yfirleitt ekki lengri en sólarhringur, (Gripið fram í.) að það sé sólarhringsvakt til þess að verða við slíkum beiðnum. Þetta er það sem ég hef grafist fyrir um og kann vel að vera að einhver dæmi séu um annað, en þá hlýtur að vakna sú spurning hver neyðin sé sem skapist á þessum eina sólarhring.

Ég verð líka að segja, virðulegi forseti, að mér þykir rökstuðningurinn í greinargerð með þessu ákvæði vera svolítið undarlegur. Þar er sagt, með leyfi forseta:

„Ástæður tillögunnar eru fyrst og fremst þær að reynsla undanfarinna ára og ný tækni í fjarskiptum með símum án beintenginga hefur leitt til fleiri símhlustana en áður." — Og þá væntanlega af hálfu lögreglu og þeirra sem eru að reyna að upplýsa mál. — „Þá hafa tíð skipti á símum og númerum hjá þeim sem sæta hlustun orðið til þess að réttarspjöll hafa orðið."

Við megum aldrei gleyma því, virðulegur forseti, að þó að ný tækni hafi gert það kleift í ríkari mæli en áður að hlusta eða hlera símtöl þá er ekki þar með sagt að það sé endilega það rétta að gera það nema þá að undangengnum dómsúrskurði. Það er ákveðinn öryggisventill sem við höfum með dómsúrskurðinum. Mér finnst tæknibreytingin sem hefur leitt til þess að fleiri hlustanir hafa verið framkvæmdar en áður í raun og veru ekki vera rök fyrir því að heimila eigi þær í víðtækari mæli en áður án dómsúrskurðar, og sérstaklega ekki í ljósi þess, ef það er rétt sem mér hefur verið sagt, að það taki yfirleitt mjög skamman tíma að fá slíkan dómsúrskurð.

Ég vil líka, hæstv. forseti, máli mínu til stuðnings vísa í athugasemdir við 25. gr. frv. til laga, nr. 19/1991, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, og er einmitt breyting á ákvæðinu um hleranir. Eins og ég vitnaði til áðan var smuga á því áður að heimila hleranir án dómsúrskurðar en það var tekið fyrir það með þessari breytingu. Þar segir, með leyfi forseta, í athugasemdum við 25. gr. þar sem gerð var breyting á 1. mgr. 87. gr. laganna:

„Lagt er til að sú breyting verði gerð á 1. mgr. 87. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögregla og aðrir rannsóknaraðilar þurfi framvegis undantekningalaust að afla dómsúrskurðar til þess að hlera síma og önnur fjarskiptatæki og þar með taka upp símtöl og önnur fjarskipti í þágu rannsóknar opinbers máls án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því, sbr. a-lið 86. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum nægir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis til þess að unnt sé að taka upp símtöl eða önnur fjarskipti í þágu rannsóknar. Þar eð aðgerðir sem þessar hafa í för sér mjög verulega skerðingu á friðhelgi einkalífs, sem m.a. er lýst friðheilagt í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, er eðlilegt að dómsúrskurð þurfi jafnan til þeirra til þess að koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar. Öðru máli gegnir hins vegar um það þegar einungis er aflað upplýsinga um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki, ...“

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á því að það geti verið brýn þörf hjá lögreglu eða ákæruvaldi til þess að grípa til aðgerða á borð við þessa. En ef biðin er ekki lengri en þetta, ef það er sólarhringsvakt, er að mínu mati mjög varhugavert að fara yfir þennan þröskuld vegna þess að við vitum auðvitað að í aðgerðum á borð við þessar, þó að ævinlega séu framkvæmdar í göfugum tilgangi, ég efast ekkert um það, felst hætta sem stafar af því að þær séu misnotaðar. Það er alltaf hætta og það er það sem við eigum að vernda borgarana fyrir með því að fela dómurum þetta mat og geti þeir gert það innan tiltölulega skamms tíma frá því að slík beiðni kemur fram þá spyr ég hver þörfin sé og hvað það sé sem kalli svo gríðarlega á að þessi breyting sé gerð og við förum þar með í raun og veru að ógna þessum þætti í friðhelgi einkalífs og bjóða kannski hættunni heim, þó að sem betur fer sé það væntanlega undantekning.

Vitnað er til þess í greinargerðinni að ástæðan fyrir breytingunni sé m.a. sú að þeir sem fremja slík brot sjái við hlerunum á símum með því að skipta oft um síma. Ég leyfi mér að efast um að það sé gert margsinnis á sólarhring en það kann að vera, maður þekkir kannski ekki það vel til í undirheimum glæpanna. En ég geld mjög mikinn varhuga við þessu, virðulegur forseti, og efast stórlega um að það sé tilefni til þess í því umhverfi sem við búum við í dag að veita þessa heimild, hleranir án undangengins dómsúrskurðar, og sérstaklega í ljósi þess skamma tíma sem dómstólar hafa getað brugðist við slíkum beiðnum.

[11:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það vekur nokkra athygli að nú skuli vera talið nauðsynlegt að breyta ákvæðum tiltölulega mjög nýlega endurskoðaðra laga um meðferð opinberra mála hvað varðar bæði meðhöndlun málsgagna sem lögregla hefur undir höndum og eins hvað varðar að opna fyrir heimildir til að hefja símhlerun án fyrirliggjandi dómsúrskurðar. Nú eru lögin sjálf ekki ýkja gömul og ef ég man rétt voru einmitt þessi ákvæði til skoðunar við endurskoðun þeirra laga fyrir um tveimur árum að aflokinni mikilli vinnu nefndar sem hafði, ef ég man rétt, farið yfir þau mál. Það þarf því auðvitað að rökstyðja að mínu mati nokkuð vel að það séu svo brýnar ástæður sem kalli á að gera þarna breytingar á mjög viðkvæmum hlutum að undan því verði ekki vikist. Ég ætla ekki að hafna því fyrir fram í engu tilviki af þeim sem hér eiga undir í frv. en hafði þó hugsað mér að gera einmitt að umtalsefni svipuð atriði í því efni og hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv. n., gerði.

Fyrra atriðið varðar það að lögregla geti nú neitað verjanda aðgangi að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún, þ.e. lögreglan, telji að það geti torveldað eða skaðað rannsókn máls, og það ótímabundið. Að vísu má bera slíka synjun undir dómara og þarf kannski varla að taka slíkt fram, það er sjálfsagður hlutur. En þarna er sem sagt opnað fyrir það að slíkum gögnum sé haldið frá verjanda og sakborningi, þess vegna svo vikum eða mánuðum skiptir, og það hljóta auðvitað að þurfa að vera ærin rök fyrir slíku. Ég treysti mér ekki út í vangaveltur um hvort það stenst að hafa svona um þetta búið en ég hef heyrt það, eins og sjálfsagt fleiri, að skiptar skoðanir eru uppi um það meðal löglærðra manna hvort þetta stangist beinlínis á við grundvallarmannréttindaákvæði sem við höfum þjóðréttarlega undirgengist. Kannski sleppur það á grundvelli þess að slíka synjun má jafnan bera undir dómara og menn eiga þá þá leið til að ná rétti sínum og fá aðgang að gögnunum. En þarna hlýtur a.m.k. að mega velta fyrir sér hvort einhver tímamörk væru ekki eðlileg áfram ef þau teljast of þröng eins og þau hafa verið, að rýmka þau þá frekar en að fella þau alveg niður.

Síðara atriðið sem ég vil líka koma inn á eru breytingar í 6. gr. frv. sem varða það að heimilt sé án dómsúrskurðar að hefja símhlerun á grundvelli 68. gr. laganna, að þá geti handhafi ákæruvaldsins ákveðið símhlustun og aðrar aðgerðir sem í þeirri grein er fjallað um. Þarna er auðvitað opnað á ákaflega vandmeðfarna heimild svo ekki sé meira sagt. Og jafnvel þó að hún sé afmörkuð með þessum hætti í tíma og rúmi, að innan sólarhrings beri að fá úrskurð dómara, þá er það eitt og sér að lögreglan geti hafið slíkar aðgerðir án undangengins dómsúrskurðar mikið umhugsunarefni. Það vekur óhjákvæmilega upp spurningar um hvernig þá verði tryggt að slíkar heimildir séu ekki misnotaðar og það vekur upp spurningar um hvort einhvers konar eftirlitsfyrirkomulag verði þá að koma til sögunnar, eða hvort láta eigi nægja að innan sólarhrings sé það jafnan borið undir dómara.

Reyndar er textinn síðan nokkuð athyglisverður, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nú kemst dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skv. 86. gr. og skal hann þá senda tilkynningu um það til dómsmálaráðherra.“ — Punktur.

En hvað svo? Ber að skilja þetta svo að í þeim tilvikum að menn komist að því að ekki voru efni til þess að grípa til þessara aðgerða, ekki voru nægjanlega sterk rök fyrir því að hefja símhlerun, dómari hefði sem sagt synjað um slíkt ef þurft hefði að leita eftir heimildinni fyrir fram, gengur þá málið bara þannig fyrir sig að slík tilkynning er send til dómsmrh. og punktur? Það er von að spurt sé. Hvernig hyggst dómsmrh. bregðast við þá? Hvaða málsmeðferðarreglur verða þá mótaðar til að taka á slíku? Hvernig verður haft samband við lögregluna og hefur það eftirköst og af hvaða toga, ef svona hefur gerst? Mér finnst að það verði að svara þessu líka, það er ekki bara nóg að segja A í þessu máli.

Reyndar vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. af þessu tilefni: Hvernig er háttað framkvæmd þeirrar tilkynningarskyldu sem er til staðar í lögum um símhleranir, að þær hafi farið fram og þeim sé lokið? Er sú tilkynningarskylda virt? Getur hæstv. dómsmrh. fullvissað okkur um það? Ég vil svo sem ekkert fullyrða um það en í mín eyru hefur þeim sjónarmiðum verið lýst fyrir mér að menn hafi miklar efasemdir um að þeirri tilkynningarskyldu sé alltaf sinnt eins og vera bæri.

Ég held að það verði að umgangast þetta með hliðsjón af mikilvægi þess að lögregluyfirvöld og þeim sem rannsaka mál sé gert þetta kleift. Það verður að bregðast við því ef t.d. tæknin gerir það að verkum, eins og hér er látið að liggja, þ.e. að ný tækni í fjarskiptum, t.d. þráðlaust símasamband og fleira slíkt, skapi mönnum erfiðleika miðað við það sem áður var þegar einfaldara var að hlera hefðbundin símasamtöl um þráð. Menn gátu þá ekki eins auðveldlega skipt um númer eða tæki. Að sjálfsögðu þarf því að skoða þetta. En það verður líka að hafa það til hliðsjónar að símhlerun er ákaflega alvarleg innrás í einkalíf þess sem í hlut á og ekki bara þess sem meiningin er að hlera eða þess sem t.d. á viðkomandi símtæki heldur líka aðila sem geta verið í samskiptum við hann. Það er því miður oft og iðulega þannig að ýmsir sem viðkomandi aðila tengjast, t.d. fjölskylduböndum eða kunningjaskaparböndum en eru algerlega óviðkomandi því máli sem sætir rannsókn, verða þá óumflýjanlega því miður líka fyrir því að ráðist er inn í þeirra einkalíf, samtöl þeirra hleruð, þau tekin upp á bönd og jafnvel geymd. Minni ég þá á það sem við hæstv. dómsmrh. ræddum hér áðan um hvernig fara skuli með og geyma allar slíkar upplýsingar. Hlerun er sem sagt mjög mikil og alvarleg innrás í einkalíf viðkomandi aðila og alls óskyldir aðilar þeim málum sem rannsókn sæta eða liggja undir grun af einhverju tagi geta líka orðið þolendur í þeim tilvikum. Þetta verður að hafa í huga. Þess vegna verður að búa mjög vandlega um þessar heimildir og umgangast þær af mikilli alvöru.

Að síðustu vil ég nefna það að sporin hræða auðvitað dálítið í þessum efnum. Það þarf ekki að líta á það sem neina vantrú eða neitt vantraust á núverandi íslensk lögregluyfirvöld þó að það sé sagt sem rétt er, því miður, að sagan geymir mikið af upplýsingum um að með slíkar heimildir hafi menn farið offari. Nægir að vitna til stórfelldra ólöglegra símhlerana annars staðar á Norðurlöndunum á umliðnum áratugum sem núna hafa orðið uppvísar og orðið mikið umræðuefni, t.d. í Noregi, þar sem í rótgrónu lýðræðis- og þingræðisríki þar sem maður hefði nú ætlað að svona hlutir væru í lagi, kemur á daginn að svo seint sem — ég held ég muni það rétt — á sjöunda og áttunda, jafnvel fram á níunda áratug síðustu aldar, voru stundaðar stórfelldar ólöglegar persónunjósnir sem m.a. fólust í ólögmætum símhlerunum sem menn ástunduðu í skjóli ákveðinna heimilda til að rannsaka mál og jafnvel bara einfaldlega í hreinu leyfisleysi. Þarna er því saga og þarna eru spor sem hræða í þessum efnum. Svo er ekki endilega að mér sé kunnugt um slíkt hér á landi. En þar sem gerst hafa sannanlega atburðir af jafnalvarlegu tagi og þeir t.d. sem ég nefndi til sögunnar frá Noregi þá er ástæða til að ganga hægt um gleðinnar dyr.

Það sem menn hafa sums staðar gert í þessum efnum er ósköp einfaldlega að tryggja, setja eftirlit, sjálfstætt eftirlit með því hvernig með svona heimildir er farið. Sums staðar hafa þjóðþingin tekið það hlutverk að sér að hafa sérstaka nefnd sem hefur yfirumsjón með því að ekki sé farið offari með heimildir til persónuupplýsingasöfnunar í rannsóknarskyni eða vegna innri öryggismála ríkja. Einhvers konar eftirlits- eða kontrólnefnd er þá sett á laggirnar sem hefur aðgang að öllum upplýsingum um hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig. Hún er að sjálfsögðu bundin trúnaði um það sem hún kemst á snoðir um. En hún er þá einhvers konar sjálfstæður, óháður eftirlitsaðili og gæðastimpill á að menn beiti ekki slíkum heimildum óhæfilega og fari ekki offari á grundvelli þeirra heimilda sem þeir hafa að lögum til að stunda slíka starfsemi eins og að hlera símtöl eða safna persónuupplýsingum með öðrum hætti.

Herra forseti. Þetta finnst mér að við þyrftum að ræða og mætti gjarnan ræða í tengslum við þessi mál og ýmis fleiri. Kannski mun hv. allshn. þingsins fara ofan í saumana á þessu.

Ég get tekið undir það líka með hv. 3. þm. Reykv. n. að mér finnst að það mætti vera ítarlegri rökstuðningur hvað varðar bæði þessi ákvæði, ákvæði 1. og 6. gr. frv. Í þeim rökstuðningi mætti koma fram hvers vegna menn telja algjörlega óumflýjanlegt og nauðsynlegt að gera þessar breytingar nú jafnskömmu eftir að búið er að endurskoða þessa löggjöf og raun ber vitni.

[11:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa í tveimur ræðum hv. þingmanna verið reifuð þau álitaefni sem ég hugðist gera að umræðuefni og ætla ég þar af leiðandi ekki að teygja lopann mikið um þau. Ég tel að í þessu frv. komi fram alveg nægjanleg rök varðandi 2. og 3. gr., þ.e. varðandi vernd vitnis og vernd rannsóknarmanna, til þess að það teljist að mínu mati eðlilegt að réttindi vitna og rannsóknarmanna verði betur tryggð en er kannski í núgildandi lögum og að því stefna 2. og 3. gr. frv.

Hér hefur verið vikið að 1. gr. og bent á að verjanda verði samkvæmt þessari grein synjað um aðgang að gögnum enda beri þá til þess einhverja mjög brýna hagsmuni. Ég ætla ekki að rekja það nánar. Þau rök finnst mér hafa komið hér fram.

Ég vil hins vegar víkja þá beint að 6. gr. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég hef verulegar efasemdir um að 6. gr. um símhleranir geti verið eins og hún er hér sett á blað. Í fyrsta lagi vekur það mér nokkra furðu að ekki skuli vera hægt að fá, í jafnlitlu þjóðfélagi og á Íslandi, afgerandi afstöðu dómara með tiltölulega mjög stuttum fyrirvara. Ég átta mig ekki á því hvernig það má vera að ekki sé hægt að bera málið um símhlerun undir dómara með t.d. þriggja tíma fyrirvara og fá um það úrskurð hvort slíkt teljist eðlilegt og leyfilegt. Ég tel nauðsynlegt að standa þannig að málum að dómari fjalladi um það hvort heimila ætti hlerun símtala og hlustun áður en hún færi fram. Greinin eins og hún er upp sett er um að það megi heimila þetta og bera þetta síðan undir

dómara og honum beri svo að senda frá sér athugasemdir ef hann telji að ekki hefði átt að leyfa hlerunina og tilkynna það til dómsmrh. En eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér að áðan: „En hvað svo?"

Ég hefði talið eðlilegt að færa þetta í þann búning að ávallt væri leitað samþykkis dómara. Ég spyr því, og vona að hæstv. dómsmrh. leitist við að svara því á eftir og fari um það nokkrum orðum: Hvers vegna er ekki hægt að tryggja fyrirkomulagið í dómskerfinu að því leyti að hafa megi samband við dómara með mjög stuttum fyrirvara og tryggja það að afstaða dómara liggi fyrir innan þriggja klukkustunda? Ég átta mig ekki á því hve mikil álitamál gætu komið upp sem gerðu það að verkum að ekki væri hægt á þremur klukkustundum að ákveða hvort taka mætti upp hlerun eða ekki.

Hitt er annað mál og rétt að draga inn í þessa umræðu, að við getum spurt okkur, miðað við núverandi tækni í símamálum, hvort hlerunin muni ná þeim tilgangi sem hún á að þjóna. Mun hún ná fram upplýsingum sem þjóna rannsóknarhagsmunum málsins. Þannig er, herra forseti, að þeir sem virkilega vilja komast undan símhlerunum hafa til þess fjöldamörg úrræði. Einfaldasta úrræðið til að komast hjá símhlerun er að fá lánaðan farsíma annars manns. Ef menn eru í afbrotum og hafa til þess mikinn vilja að stunda afbrot þá eiga þeir auðvelt með að koma sér upp aðgangi að símtæki sem einhver annar er skráður fyrir. Ég átta mig ekki á því, miðað við núverandi tækni, hvernig á að ná árangri með því yfirleitt að hlera símtöl manna, þótt heimildin snúi að þeim númerum sem á viðkomandi mann eru skráð eða á heimili hans o.s.frv.

Við getum aldrei séð fyrir gjörðir og athafnir manna sem vilja koma sér undan lögunum og tryggt svo fullnægjandi sé með öllum afbrigðum að lögregla geti nýtt þær heimildir sem hún telur þurfa á hverjum tíma til að ná fram hlerun.

Mér finnst aðalspurningin varðandi þessa 6. gr. vera hvort yfirleitt eigi að heimila hlerun, þó að hér sé tekið fram að ákveðnir aðilar, ríkislögreglustjóri, lögreglustjóri eða sýslumaður, ákveði það að hlerun skuli eiga sér stað, án þess að dómari þurfi um það að fjalla. Hér erum við að tala um persónuréttindi einstaklinga og einkalíf fólks. Það er alls ekki sama hvernig með slíkt er farið. Ég geri þess vegna verulegar athugasemdir við 6. gr. og hef efasemdir um að við eigum að samþykkja hana eins og hér er gert ráð fyrir. Ég ítreka spurningu mína: Hvers vegna er ekki hægt að leysa þetta mál með því að hafa samband við dómara? Auðvitað þyrfti að koma á einhverju fyrirkomulagi um það að í slíkum tilvikum megi leita til dómara jafnt á nóttu sem degi til að fá samþykki hans. Einhverjir þyrftu þá að vera á bakvakt í því tilviki svo að til þeirra megi leita.

Þá kemur jafnframt upp spurningin: Hversu mörg tilfelli er um að ræða? Er þetta mál það umfangsmikið og telja menn að símhlerunum verði það mikið beitt í framtíðinni að þetta muni teljast hálft starf eða eitthvað slíkt, að afgreiða heimildir til símhlerana?

Að lokum vaknar sú spurning, eigi að heimila símhleranir með þessum skilyrðum: Hvernig á að fara með gögn, geymslu gagna o.s.frv.? Hvernig á eftirlit að vera að því leyti varðandi persónuréttindi einstaklinga að rétt sé að öllu farið og hver mun tryggja það?

Þetta eru þær spurningar sem ég vildi láta koma fram og fá að heyra svör hæstv. ráðherra við þeim. Ég tel að vanda þurfi mjög til þessa máls í meðförum þingsins og þingnefnda og alls ekki sjálfgefið að 6. gr. geti staðið eins og hún er sett upp hér og að hlerun skuli hafin án þess að dómari hafi gefið til þess leyfi. Þetta eru athugasemdir mínar við frv. við 1. umr.

[11:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í frv. er að mínu áliti hreyft mjög veigamiklum atriðum hvað varðar réttarkerfi okkar og kannski fyrst og síðast vekja þessi atriði mann til umhugsunar um hversu breytt umhverfi það er sem við lifum í á þessum síðustu og verstu tímum. Ég hugsa ekki að mörg okkar hafi látið sér til hugar koma fyrir um 10 árum eða fyrir um 15 árum að til þess þyrfti að koma í okkar litla landi að setja lög til þess að tryggja nafnleysi lögreglumanna, til þess að tryggja að vitni fengju með óbeinum hætti vitnavernd og gætu vitnað án þess að gera það undir nafni. Þetta færir okkur heim sanninn um að við lifum því miður í gjörbreyttum heimi og ný tíðindi á síðustu mánuðum og missirum segja okkur að alþjóðlegar glæpaklíkur eru farnar að láta til sín taka hér á landi og aðferðir og nálgun þeirra sem eru með einbeittan brotavilja svífast einskis.

Að þessum formála sögðum vil ég segja, herra forseti, að mál af þeim toga sem hér um ræðir eru ekki þannig úr garði gerð að fólk skiptist eftir flokkum í afstöðu til þeirra eða að stjórn og stjórnarandstaða fari í sínar hefðbundnu skotgrafir. Ég hef verulegan skilning á þeim atriðum sem hér eru nefnd til sögu, ekki síst vegna þess að ég þekki dálítið til þeirra, og gef mér að hæstv. dómsmrh., dómsmrn., lögreglan og þingflokkar stjórnarflokkanna, sem væntanlega blessa þetta mál, færu ekki fram með mál af þessum toga nema brýna nauðsyn bæri til. Ég held að það detti ekki nokkrum manni í hug að koma fram með efnisatriði af þeim toga sem hér um ræðir án þess að einhverjar ástæður liggi þar að baki. Það þykir mér vera hinn rauði þráður í málinu og grundvallaratriði þess.

Ég get fyllilega tekið undir með þeim sem hér hafa talað og sagt sem svo að aðgát skuli höfð í nærveru sálar og að menn skuli gæta mjög vel að sér þegar kemur að réttindum og mannréttindum, vil ég segja, meintra sakborninga. En hann er vandrataður þessi gullni meðalvegur milli meintra sakborninga og réttinda þeirra, og í því efni gleymist gjarnan réttur hugsanlegra fórnarlamba. Við höfum öll lent í því, hvert og eitt fyrir sig, bæði í þessum sal og utan hans, að hrópa hátt og mikið um mikilvægi þess að lögreglan hafi þau tæki og tól í höndum sínum til þess að bregðast við fólskulegum glæpaverkum þegar það á við, en snúum svo gjarnan við blaði daginn eftir þegar menn líta á aðra þætti málsins, og þá á ég við réttindi meintra sakborninga. Hann er því vandrataður þessi meðalvegur, en að minni hyggju finnst mér í meginatriðum að þau atriði sem hér um ræðir séu þess eðlis að hann sé rétt fetaður.

Hér hafa menn staldrað, eðli máls samkvæmt, fyrst og síðast við auknar heimildir lögreglu til símhlerana og heimild lögreglu að uppfylltum skilyrðum til að ráðast í hleranir án þess að atbeina dómara gæti, þ.e. á fyrsta sólarhring. Það er vissulega rétt að menn eru að fara yfir tiltekinn þröskuld í þessum efnum en á sama hátt kemur mér ekki til hugar að lögreglan, saksóknari, dómsmrn. og dómsmrh. fari fram með slíka ósk án þess að fullar ástæður liggi þar að baki. Málin ganga einu sinni þannig fyrir sig, án þess að ég kunni gjörla að rekja þau, að tíminn er það sem öllu skiptir þegar rannsókn mála er annars vegar. Þegar upplýsingar berast um ætluð brotaverk er ekki meintur brotamaður á klukkunni

og bíður þess sem verða vill í herbúðum lögreglu. Ég hef því skilning á því að lögreglan geti brugðist við frá fyrstu sekúndu, frá fyrstu mínútu, með rökstuddum hætti að ráðast í að rannsaka mál með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru.

Ég vek athygli á því að innan sólarhrings er lögregluyfirvöldum ætlað að sækja og rökstyðja hleranirnar með beiðni um framhald þeirra eftir efnum og ástæðum og dómari úrskurði síðan um það. Ef dómari metur það svo að þessi sólarhringur hafi liðið og hleranir hafi verið viðhafðar án þess að nægilegar ástæður væru fyrir hendi eru þær hleranir ómark, þær hafa ekki gildi lengur og eru ekki gagn í viðkomandi máli hvorki þá né síðar.

Ég vek einnig athygli á því að sett eru þau axlabönd á þetta, að verði mikið um að dómarar hafni og meti ástæður lögreglu ekki nægilega gildar skuli það tilkynnt réttbærum yfirvöldum, þ.e. dómsmrh. og slíkt vistað. Ég gef mér að menn fari ekki í mörg ferðalög af þeim toga ef höfnun dómara verður ítrekuð og kannski oftar en ekki.

Meginatriðið er að menn geti brugðist hratt og vel við. Það er því miður ekki þannig eins og menn hafa verið að halda fram að það sé eitthvert vinstrihandarverk og taki einhverjar mínútur eða klukkutíma að rökstyðja beiðni til dómara. Það skiptir yfirleitt meiru en einhverjum tveimur, þremur klukkutímum, það getur tekið heilan sólarhring, og hvað gerist á meðan? Ég hef því, herra forseti, tilhneigingu til þess að hafa skilning á frv. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að menn fari gaumgæfilega yfir þessi atriði.

Ég hef verið að rekja og draga upp mynd sem ég gæti séð fyrir mér, aðrir hafa dregið myndina upp með öðrum hætti. Ég vænti þess að allshn. fái um það haldbærar upplýsingar, jafnvel í trúnaði, um dæmi þar sem sakargögn hafa spillst á upphafsmetrunum þegar lögreglan er að hefja rannsókn sína á alvarlegum glæpamálum þannig að nefndarmenn fái um það fulla og heila mynd hvernig þessum málum er háttað. Við 1. umr. máls er kannski ekki ástæða til þess að rekja þetta öllu nánar en ég vildi hins vegar láta það koma fram að ég hef skilning á tilurð frv., en áskil mér hins vegar rétt til þess að meta það og vega eftir því sem nefndin vinnur verk sitt. En í meginatriðum gef ég mér að hæstv. ráðherra fari ekki fram með frv. af þessum toga án þess að ríkar ástæður liggi að baki.

[12:08]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar góðu umræður og sérstaklega síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, fyrir ræðu hans. Ég held að hann hafi nálgast viðfangsefnið á þeim forsendum sem eru nauðsynlegar þegar menn fjalla um þetta mál. Frumvarpið tekur að sjálfsögðu mið af þeim breytingum sem eru á þjóðfélagi okkar og þeim aðgerðum sem taldar eru nauðsynlegar til að standast þeim snúning sem reyna að brjóta lögin og fremja mismunandi alvarleg glæpaverk. Það er af þeim sökum sem frv. er lagt fram og þær breytingar sem hér eru til umræðu.

Ég skil líka mætavel, eins og hugur minn hefur verið í þessum málum, að hv. þingmenn staldri sérstaklega við 1. gr. frv. og 6. gr. frv. Það er eðlilegt að menn velti fyrir sér nauðsyn þess að setja þetta í lög og breyta ákvæðunum á þann veg sem lagt er til. En eftir að ég hafði farið í gegnum þetta og hlustað á þær skýringar sem ég fékk á málinu var ég sannfærður um nauðsyn þess að leggja frv. fram til umræðu í þinginu og meðferðar í hv. allshn. Ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar hann segir að það sé mjög brýnt fyrir nefndina að fá til fundar við sig þá menn sem geta upplýst um þessi mál meira og betur en ég er fær um í ræðustól og kannski æskilegt að menn geri í þessum ræðustól. Hins vegar er eðlilegt að þingmenn fái upplýsingar innan veggja þingnefndarinnar og í umræðum í þingnefnd þar sem unnt er að kalla til sérfræðinga til að fara yfir þessa þætti. Sérstaklega held ég að það sé fróðlegt og gagnlegt fyrir hv. þingmenn og nefndarmenn að kynna sér það varðandi 6. gr. frv. þegar rætt er um símhlustunina og þær breytingar sem þar eru lagðar til.

Eins og hv. þingmenn hafa nefnt gera núverandi lagaákvæði mönnum kleift að hlusta og hlera ákveðin númer. Í frv. er vakið máls á því að það er kannski ekki ákveðið númer heldur ákveðinn einstaklingur sem skiptir um síma og fer það hratt yfir sviðið að það spilli, eins og segir í lagagreininni, með leyfi forseta:

„Ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum," — Það eru mjög skýr skilyrði — „getur handhafi ákæruvalds ákveðið að aðgerðir [...] hefjist án dómsúrskurðar."

Það er rannsókn í gangi, það er ákveðið ferli sem er komið af stað og ef menn standa frammi fyrir því að brýn hætta sé á því að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum er hægt að fara þessa leið innan þessara marka og fara svo til dómara innan sólarhrings. Síðan hefur dómarinn sérstaka tilkynningarskyldu til dómsmrh. sem veldur því, að mínu áliti, að þingið getur spurt um þetta. Dómsmrh. er ábyrgur gagnvart þinginu og það er opnuð leið til eftirlits með því að fela dómsmrh. þessa ábyrgð.

Það er líka hægt að hugsa sér að þetta yrði orðað með öðrum hætti, að ríkissaksóknari ætti að fá tilkynningarnar eða hvernig sem það yrði. Það eru álitamál sem nefndin getur að sjálfsögðu fjallað um og vafalaust mismunandi hugmyndir um þau, en aðalatriðið er að þetta sé sveigjanlegt. Eins og fram hefur komið er þetta kannski ekki spurning um sólarhringa eða klukkutíma, þetta er spurning um eitthvert ferli sem er í gangi og þá er brýn hætta á því að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Þetta verður að vera forsendan, að brýn hætta sé á því að biðin eftir úrskurðinum valdi sakarspjöllum við rannsókn ákveðins máls. Þetta finnst mér nauðsynlegt að menn hafi í huga og einnig náttúrlega, eins og ég sagði, þessa nýju tækni sem er komin þar sem menn skipta um símkort og síma og haga sér á þann veg sem ég ætla ekki að fjalla um. Ég ætla ekki að vera með neina kennslustund í því hvaða aðferðum menn geta beitt í þessu.

Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann spyr: Er ekki öruggt að menn fylgi ákvæðum laga um meðferð opinberra mála varðandi þær tilkynningarskyldur sem menn hafa þegar símhlerun er og tilkynni mönnum að henni sé lokið? Í lagagreininni segir að þetta skuli gert og ég geng út frá því að menn fari að lögum í því efni og við það sé staðið. Ég hef engar forsendur til þess að segja annað. Það hafa ekki komið neinar kvartanir á mitt borð á þeim tíma sem ég hef borið ábyrgð á þessum málaflokkum um að menn telji að fram hjá þessum lagaákvæðum sé gengið. Í lögunum er hins vegar engin tilkynningarskylda til dómsmrh. varðandi þennan þátt eins og er sett inn í ákvæðið, sem sýnir að það er meira varnaglaákvæði í þessari grein en hinni, en ég tel að þetta hljóti alltaf að vera gert. Ef það er ekki gert er það náttúrlega dómstólanna og annarra að fara með það og ég tek undir með þingmanninum um nauðsyn þess að þessara atriða sé gætt.

Ég lýsi fullum skilningi á þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram varðandi einstakar greinar frv. og skil að menn staldri sérstaklega við 1. og 6. gr., en ég tel að málið eigi að skýrast og upplýsast í allshn. og vona svo sannarlega að það nái fram að ganga.

Ég vil taka það fram að ég var í upphafi vikunnar á landsþingi Landssambands lögreglumanna, en því lauk í gær. Þar var samþykkt ályktun þar sem fullum stuðningi er lýst við þessar breytingar og ég varð var við það á þinginu og hef orðið var við það í samtölum við forustumenn Landssambands lögreglumanna að þeir leggja mikla áherslu á að frv. nái fram að ganga til þess að gera lögreglumönnum kleift að sinna störfum sínum, auðvitað innan þeirra marka sem lögin setja og með þeirri ábyrgð sem lögreglumenn bera. Eins og við vitum eru fáar stofnanir í þjóðfélaginu sem almenningur ber meira traust til en einmitt lögreglan. Það stafar af því að lögreglan fer fram af heiðarleika, festu og öryggi í störfum sínum og að sjálfsögðu mun hún gera það líka varðandi þá þætti sem við ræðum hér, verði þeir að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:14]

Útbýting þingskjals:

Siglingastofnun Íslands, 467. mál, nál. samgn., þskj. 1418; brtt. samgn., þskj. 1419.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 1. umr.

Stjfrv., 872. mál (gjafsókn). — Þskj. 1330.

[12:15]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um meðferð einkamála um skilyrði gjafsóknar.

Gert er ráð fyrir að gjafsóknarheimildir byggi á því grundvallaratriði að efnalítið fólk geti leitað réttar síns fyrir dómstólum. Einnig verði á því byggt að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar og að eðlilegt megi teljast að málsóknin sé kostuð af almannafé. Fellt verði brott ákvæði um að gjafsókn sé hægt að veita þegar úrlausn máls hefur svokallað almennt gildi, en það skilyrði hefur afar víðtæka skírskotun og þykir ekki forsvaranlegt að málshöfðun einstaklings af almannafé sé kostuð á grundvelli svo almenns ákvæðis.

Þá er í frumvarpinu lögð til breyting á reglugerðarheimild þannig að skýrt sé að dómsmrh. geti kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar í reglugerð.

Í athugasemdum um 2. gr. frv. eru rakin þau tilvik þar sem óeðlilegt getur talist að einstaklingi sé veitt gjafsókn í máli gegn öðrum ef málstilefnið er hæpið, svo sem ef mál er milli nákominna þar sem málsefnið er þess eðlis að ekki sé eðlilegt að reka það fyrir dómstólum.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta neinu varðandi gjafsókn í sifjamálum, séu hin almennu skilyrði gjafsóknar uppfyllt og á greinargerðin ekki við þau mál sérstaklega. Greinargerðin vísar t.d. til mála þar sem nákomnir aðilar sækja um gjafsókn vegna þrætumála og mála sem almennt yrðu talin næsta þarflaus.

Jafnframt er í frumvarpinu lögð til breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta til að tryggja að eigendur jarða séu jafnsettir vegna þjóðlendulaga fyrir og eftir gildistöku laganna, verði þau samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[12:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Málið sem hér um ræðir þarfnast auðvitað nákvæmrar skoðunar. Í því eru atriði sem mér virðast orka tvímælis. Þau er að finna í 1. gr. frv. og lúta að þeirri þrengingu sem í ákvæðinu felst varðandi möguleika fólks á gjafsókn sem greidd yrði af opinberu fé.

Mér þykja, virðulegur forseti, þær breytingar ekki nægilega vel rökstuddar í greinargerð með frv. Ég hefði viljað sjá nánari rökstuðning og tel að í þessu sambandi þurfi að skoða hver venjan er eða hvaða reglur eða lög gilda í nágrannalöndum okkar þannig að við getum séð hvort hér séu lög færð til samræmis við þau lönd sem við berum okkur saman við eða hvort hér búi eitthvað annað að baki.

Það kemur því miður ekki fram í umsögn fjmrn. með frv. hversu háar upphæðir er um að ræða. Það er ljóst að verði af þessum breytingum þá verði einhver fækkun á veitingu gjafsóknar og útgjöld vegna þeirra komi til með að aukast minna en verið hefur undanfarin ár.

Herra forseti. Þetta orðalag gefur til kynna að gjafsóknir hafi verið að aukast og kostnaður vegna þeirra. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt við þessa umræðu að við fáum að heyra vangaveltur hæstv. ráðherra um hvers vegna slík aukning hefur átt sér stað og hvort leitað hafi verið eftir ástæðum þess eða verið skoðað hvers konar mál það eru sem fara í gjafsókn í auknum mæli. Er þá eitthvað óeðlilegt að slík mál sem hafa verulega almenna þýðingu fari þá leið?

Ég sé ekki annað en að gjafsókn hafi hingað til leitt af sér úrlausnir í málum sem hafa almenna þýðingu. Þannig hefur löggjafinn hugsað málið. Ég sé ekki að slík breyting komi til með að leiða til annars en að þeim málum fækki sem rekin verða fyrir dómstólum þar sem fólk er ekki fullkomlega öruggt í sinni sök um að það geti látið þá fjármuni af hendi rakna til málsins sem þarf. Um leið fáum við kannski ekki úrlausn í álitamálum sem hingað til hefur verið hægt að leita eftir.

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir um að þessi þrenging sé réttmæt eða eðlileg. Hitt er svo alveg eðlilegt, að ef af þessari þrengingu verður sé það tryggt að breytingin á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda og þjóðlendna og afrétta nái fram að ganga. Þar verður að sjálfsögðu að gæta jafnræðisreglu, þar sem endurskoðun á mörkum eignarlanda og ákvörðunum um þjóðlendur stendur yfir. Sú athugun er einungis farin af stað á takmörkuðu svæði og fyrirsjáanlega á eftir að skoða þau mál betur víða á landinu. Það er ljóst að þar verður að gæta jafnræðisreglu ef sú breyting sem hér er lögð til nær fram að ganga.

Að sjálfsögðu verður þetta skoðað vel í allshn. þingsins. Þar af leiðandi geri ég ráð fyrir að gögn um framkvæmd þessara mála hingað til verði lögð fram og geri ráð fyrir að farið verði ofan í saumana á því hvort um eðlilega og réttláta breytingu sé að ræða.

[12:21]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. sem við ræðum hér lætur í sjálfu sér ekki mikið yfir sér, er ekki margar blaðsíður. Hæstv. ráðherra hefur gert ágæta grein fyrir því um hvað það fjallar. Með því á að taka út heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði mjög atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda.

Ég hef ákveðnar áhyggjur af því, virðulegi forseti, að þarna geti verið, að því er virðist í sparnaðarskyni, farið inn á braut sem geti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir ákveðinn hóp fólks og hindrað einstaklinga í að fara með mál fyrir dómstóla sem ella hefði verið mikilvægt að færu þangað.

Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir áðan að þessi breyting mundi ekki hafa neina breytingu í för með sér varðandi sifjamál. Ef það er rétt þá lýsi ég yfir ánægju minni með það. Ég hafði ekki síst áhyggjur af slíkum málum. Jafnvel þótt fólki verði ekki beinlínis fjárhagslega ofviða að fara í mál þá getur þetta samt sem áður verið réttlætismál. Þar erum við komin inn á aðrar brautir þar sem það er hreint og klárt réttlætismál að fá úrlausn slíkra mála, t.d. í sifjamálum. Í slíkum málum finnst mér að fjárhagsleg atriði, jafnvel þótt fólk fari ekki beinlínis á hausinn við málsóknina, eigi ekki að hindra fólk. Þannig hafði ég skilið þau ákvæði sem verið er að taka út úr lögum núna.

Samkvæmt ákveðnum lögum — það er ekki bara hægt að fara fram á gjafsókn á grundvelli þeirra ákvæða sem hér á að breyta — er líka ákveðin lögbundin gjafsókn. Það þarf náttúrlega að skoða breytinguna í samhengi við þau lög. Ég hef ekki haft svigrúm til að kynna mér ofan í kjölinn hvernig breytingarnar koma út fyrir slík mál. Mér varð fyrst hugsað til sifjamála og forsjármála. En svo sé ég í leiðbeiningum frá dóms- og kirkjumrn., þar sem fjallað er um almennar upplýsingar varðandi gjafsókn, að um er að ræða allnokkra málaflokka þar sem er um að ræða lögbundna gjafsókn. Það er þá tiltekið í öðrum lögum. Auðvitað þarf að skoða þessar breytingar í því samhengi.

Ég tel mikilvægt að tryggja að um slík mál verði þannig búið að þar verði ekki ýtt frá mikilvægum réttlætismálum. Ég er ekki sammála því sem kemur fram í greinargerð með frv., eins og sá texti hljómar, að skilyrðið sé það víðtækt að ekki sé forsvaranlegt að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklings af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis. Auðvitað erum við með ákveðnar starfsreglur um þessi atriði. Það er náttúrlega gert ráð fyrir því að eftir þeim sé farið og gjafsóknarnefnd meti þau tilvik. Þannig er alveg hægt að setja um þetta reglur. Það hefur líka verið gert með reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar og svo með almennum starfsreglum nefndarinnar. Það er einnig hægt að setja ákveðnar hömlur á þetta ákvæði og í því hefur ekki verið galopin ótvíræð heimild fólks til að fá gjafsókn.

En eins og ég segi vil ég ekki setja mig upp á móti þessu ákvæði án þess að skoða það nánar í samhengi við lög sem gera ráð fyrir lögbundinni gjafsókn. Ég tel mikilvægt að tryggt verði að engir hópar verði út undan ef um er að ræða mál sem verulega skiptir máli að fari fyrir dómstóla og miklir hagsmunir geta verið af því að fá skorið úr.

Ég verð líka að segja að ég er ekki alveg sátt við röksemdir fyrir því að þjóðlendumál séu tekin sérstaklega út úr. Ég er ekki alveg sannfærð um þörfina á því þótt um sé að ræða mál sem ríkið stendur fyrir. Ég velti því fyrir mér hvort þau mál hafi það mikla sérstöðu að ástæða sé til að taka þau sérstaklega út fyrir. Það væri fróðlegt að heyra frekari röksemdir frá hæstv. dómsmrh. fyrir því að taka þarna einn málaflokk út úr á meðan aðrir málaflokkar falli undir þessa reglu um fjárhagslega skilyrðið. Spurningin er hvort ekki hefði verið eðlilegra að hafa þetta ákvæði eins og varðandi önnur lög. Ég velti því a.m.k. fyrir mér. Með því að lesa greinargerðina sannfærist ég ekki um nauðsyn þess að taka þennan málaflokk sérstaklega út úr og væri fróðlegt að fá að heyra frekari rök fyrir því.

Að öðru leyti munum við skoða þetta mál með opnum huga í allshn.

[12:27]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að allshn. skoði þetta nánar, m.a. það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi, að fá lista yfir þau mál sem hér er um að ræða. Ég dreg ekki í efa að formaður gjafsóknarnefndar mun koma á fund nefndarinnar, fara yfir þessi mál með nefndinni og skýra og ræða þannig að gott tækifæri gefist til þess fyrir þingmenn að átta sig á því hvernig þessi mál hafa þróast, hvaða breyting hefur orðið og hvers vegna menn telja nauðsynlegt að setja þetta strik í gjafsóknarheimildirnar sem hér er lagt til.

Út af þessu með sifjalögin vil ég endurtaka það sem ég sagði. Ég sagði í ræðu minni: „Að gefnu tilefni skal tekið fram að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta neinu varðandi gjafsókn í sifjamálum, séu hin almennu skilyrði gjafsóknar uppfyllt og á greinargerðin ekki við þau mál sérstaklega.“ Þannig verður náttúrlega litið til almennra skilyrða þegar rætt er um sifjamálin. Það er ekki verið að hrófla við þeim með þessu.

Varðandi þjóðlendumálið þá þarf kannski ekki lengra mál en kemur fram í greinargerðinni, ef ég má vísa til hennar, með leyfi forseta. Þar segir:

„Vegna framangreindra tillagna er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að við lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta bætist ákvæði um gjafsókn. Liggja til þessa jafnræðisrök; þegar eru mál vegna ákvarðana óbyggðanefndar hafin á einu landsvæði og þykir því rétt að sömu reglur gildi um ákvarðanir nefndarinnar á öðrum svæðum.“ — Þannig að ekki verði einhver landamerki dregin í þessu varðandi þetta út frá jafnræðissjónarmiði. Síðan segir:

„Einnig má hafa í huga að í þessum málum hefur ríkisvaldið haft frumkvæði að ákveðinni lagasetningu og mörgum þeirra málaferla og krafna sem lýst hefur verið í kjölfar hennar.“

Hér á Alþingi var ákveðið að stofna til ákveðins ferlis og menn vissu, þegar þeir tóku þær ákvarðanir, að um það yrði ágreiningur. Því var sett inn í lögin að menn hefðu réttinn og dómstólarnir síðasta orðið o.s.frv. Eins og við vitum fer, í þjóðlendulögunum, ríkisvaldið fram og stofnar til átaka, ef þannig má að orði komast. Þau átök eru að lokum ekki leyst nema fyrir dómstólunum. Það eru þess vegna talin málefnaleg rök fyrir því að þeir menn sem fara í þessi átök við ríkisvaldið séu ekki settir í þá stöðu að hafa ekki fjárhagslega burði til að standa í málaferlunum. Þess vegna er þetta tekið út úr sérstaklega varðandi einstök mál.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þessi orð mín ekki fleiri. Ég vil þakka málefnalegar umræður um þetta frv. og önnur frv. sem ég hef verið með í dag. Ég vona svo sannarlega að það sem á skortir verði upplýst í allshn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veðurþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 784. mál. — Þskj. 1195.

[12:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veðurþjónustu.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem ég skipaði 3. október 2003 til að semja frumvarp um veðurþjónustu þar sem skilgreint væri hver þáttur hins opinbera skyldi vera í almennri veðurþjónustu og veðurtengdri öryggisþjónustu, sbr. 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985. Jafnframt var það verkefni nefndarinnar að gera tillögur um það hvernig opinberri veðurþjónustu væri best komið fyrir.

Í nefndinni áttu sæti auk fulltrúa ráðuneytisins og Veðurstofu Íslands fulltrúi samgrn. og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Á undanförnum árum hefur opinber veðurþjónusta, einkum sú veðurþjónusta sem Veðurstofa Íslands sinnir, verið tekin til athugunar frá ýmsum hliðum. Samkeppnisráð skilaði í lok 2002 niðurstöðu um starfsemi Veðurstofu Íslands á samkeppnismarkaði. Sérstakur starfshópur skipaður fulltrúum frá umhvrn. og samgrn. fjallaði á árinu 2002 um veðurþjónustu opinberra stofnana. Í júní árið 2003 lauk stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Veðurstofu Íslands en hún fór fram að frumkvæði Veðurstofunnar og ráðuneytisins. Gerð er grein fyrir niðurstöðum framangreindra athugana í athugasemdum með frumvarpinu og viðbrögðum við þeim.

Á alþjóðavettvangi hefur á síðustu áratugum mikið verið unnið í að gera veðurþjónustu á breiðum grundvelli skilvirkari og ódýrari. Hlutverk ríkisins sem þjónustuaðila hefur verið til umfjöllunar síðustu árin hjá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni. Þrettánda allsherjarþing stofnunarinnar 1999 samþykkti stefnumarkandi yfirlýsingu, svokallaða Genfaryfirlýsingu, um veðurþjónustu og hlutverk og rekstur þjóðarveðurstofa. Á þeim grundvelli samþykkti framkvæmdaráð Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar árið 2003 yfirlýsinguna „Hlutverk og rekstur ríkisveðurstofa". Í Genfaryfirlýsingunni segir m.a. að veður og veðurfar hafi áhrif á daglegt líf flestra jarðarbúa og að meira en aldarlöng reynsla hafi sýnt fram á mikla þjóðhagslega hagkvæmni skilvirkrar veðurþjónustu fyrir þjóðir sem reka hana og viðhalda henni. Fáar atvinnugreinar eða einstök fyrirtæki eru algjörlega óháð veðri og kostnaður vegna röskunar starfsemi af völdum veðurs verður seint ofmetinn. Mikilvægasta hlutverk veðurstofa er talinn þáttur þeirra í öryggisþjónustu varðandi líf og eignir og sá þáttur sem þær eiga í að draga úr áhrifum náttúruhamfara.

Mun ég nú víkja að efni frumvarpsins. Opinber veðurþjónusta er skilgreind í frumvarpinu sem grunnþjónusta og rekstur grunnkerfa henni tengdri. Grunnþjónusta er miðlun rauntímagagna, vinnsla á almennum veðurspám og spám um almennar veðurhorfur, öryggisþjónusta og önnur veðurþjónusta sem Íslandi ber skylda til að veita samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum þar um.

Starfsemi sérþjónustu Veðurstofu Íslands skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Enn fremur er í frumvarpinu að finna það nýmæli að kveðið er á um að aðgangur að þeim gögnum sem veðurstofan framleiðir eða aflar við rekstur grunnkerfa á grunnþjónustu verði afhent þeim sem þess óskar gegn greiðslu einungis þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra.

Í frv. er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, aðallega í þá veru að fella niður nokkra liði þar sem fjallað er sérstaklega um veðurþjónustu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að þau lög gildi áfram.

Virðulegi forseti. Ég tel að verði frv. þetta að lögum verði verkefni hins opinbera á sviði veðurþjónustu mun betur skilgreind en verið hefur. Það gerir grundvöll fjárveitinga til þessa málaflokks skýrari.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið efni þessa frv. í megindráttum og legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og umfjöllunar í umhvn.

[12:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Við fyrstu sýn er frv. sem hér er lagt fram mikilvægt og gagnlegt. Það færir Veðurstofuna og veðurþjónustuna fram til þeirra tíma sem við nú lifum. Það er gert á þann hátt að telja verður til hróss fyrir nefndina sem að því stóð og hæstv. ráðherra sem það flytur.

Meginbreytingin eða kannski meginskýringin sem frv. veitir okkur er að Veðurstofan, opinber stofnun á vegum almannavaldsins, rekur allt grunnkerfið. Hún ber ábyrgð á að viðhalda kerfinu og vakta þennan mikilvæga þátt í náttúrufarinu og sér til frambúðar um að varðveita gögn um það sem við á Íslandi vitum að er ákaflega mikilvægt. Þeir þættir í starfi Veðurstofunnar sem á síðustu árum hafa valdið nokkrum óróa og vandræðum, samkeppnisþættirnir, verða aðskildir, settir undir sérstaka reikninga og hafðir sér. Hugsanlegt er að að lokum eigi þetta eftir að hverfa frá þessari stofnun. Þeir tímar koma og þar með þau ráð sem til þarf.

Ég vil lýsa almennum stuðningi við þetta frv. Það er mjög í samræmi við þá hugsun sem við samfylkingarmenn höfum haft um verkaskiptingu á milli hins opinbera og þeirra sem keppa á samkeppnismarkaði. Sitthvað í þessu frv. þarf að skoða. Ég ætla ekki að rekja það í þessari umræðu, það förum við í gegnum í umhvn. Að meginefni þá tel ég þetta frv. hið þarfasta.

[12:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér ræðum við frv. til laga um veðurþjónustu. Ég held að það heyri til tíðinda að frv. af þessu tagi sé lagt fram. Hér er um að ræða endurskoðun á löggjöfinni sem veðurþjónustan hefur farið eftir. Tilgangur þessa frv. er, eins og hæstv. ráðherra vék að, að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum, hlutverk ríkisins í rekstri veðurþjónustu.

Ég verð að segja að hæstv. ráðherra hefði alveg mátt hafa fleiri orð um efni frv. Mér þykir um yfirgripsmikið frv. að ræða. Þótt mér hafi ekki gefist ráðrúm til að lesa greinargerðina frá orði til orðs þá er greinilega um talsverðar breytingar að ræða verði þetta frv. að lögum.

Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að það er ekki óeðlilegt að dregnar séu skýrar línur á milli grunnþjónustu Veðurstofunnar og þeirrar þjónustu sem seld er, sem hægt er að segja að keppi á markaði. Ég lýsi því yfir stuðningi við það í prinsippinu. En við verðum að tryggja það að grunnþjónusta verði ekki skilgreind þröngt. Það verður að vera ljóst að grunnþjónustan sem Veðurstofu Íslands er ætlað að inna af hendi samkvæmt þessum lögum sé nægilega yfirgripsmikil til að við landsmenn, sem sannarlega búum við ákveðna sérstöðu hvað varðar veðurfar og veðurfarsrannsóknir, getum vel við unað.

Í 6. gr. frv. segir, herra forseti, að Veðurstofu Íslands sé ætlað að veita grunnþjónustu sem feli í sér að:

„a. veita öryggisþjónustu vegna veðurs á landi, í lofti og á legi,

b. sjá um að gerðar séu almennar veðurspár eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma fyrir Ísland og umhverfi þess,

c. veita veðurþjónustu fyrir flugvelli og flugumferð í samræmi við lög, fyrirmæli stjórnvalda og samkvæmt alþjóðlegum reglum og samþykktum,

d. veita öryggisþjónustu vegna veðurtengdra þátta,

e. veita aðra þá grunnþjónustu sem ráðherra ákveður eða samið er um í alþjóðlegum samningum."

Nú má ætla að þessi 6. gr. sé nokkuð skýr. En það verður að tryggja að skilgreiningarnar á þeim hugtökum sem hér eru notuð séu ljósar. Í athugasemdum um 6. gr. er ekki að finna nægilega yfirgripsmiklar skýringar að mínu mati. Ég held að umhvn. verði að leita umsagna og skoða þetta mál þannig að tryggt sé að við séum ekki að skerða grunnþjónustuna.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu mikilvæg veðurþjónusta er á landi okkar. Hún er mikilvæg fyrir okkur Íslendinga en hún er einnig mikilvæg á alþjóðlegan mælikvarða. Eins og fram kemur í þessu máli erum við bundin af alþjóðlegum samningum og alþjóðlegum reglum í þessu efni og verðum að lúta þeim.

Í ljósi reynslunnar, m.a. þess sem hefur verið að gerast varðandi Veðurstofu Íslands undanfarin ár, finnst mér satt að segja aldrei traustvekjandi þegar opinberar stofnanir þurfa að lúta niðurskurði og búa við erfiðan fjárhag árin áður en löggjöf um viðkomandi stofnun er breytt. Ekki verður annað sagt en að Veðurstofa Íslands hafi búið við bágan fjárhag undanfarin ár og hafi verið í fjársvelti. Við vitum að Veðurstofan hefur þurft að leggja niður ákveðna þætti þjónustu sinnar. Þar með hefur fækkað atvinnutækifærum á svæðum sem geta kannski ekki boðið upp á fjölbreytt atvinnutækifæri. Ég hef ekki verið sátt við það hvernig Veðurstofan hefur þurft að skera niður þjónustu sína og fækka störfum. En það hefur hún þurft að gera vegna þess að opinberir fjármunir hafa ekki verið nægir til þess rekstrar sem Veðurstofan hefur þó talið nauðsynlegan.

Mér hefur aldrei fundist það traustvekjandi sem hefur viljað bera við í tíð þessarar ríkisstjórnar, að opinberar stofnanir séu fjársveltar í aðdraganda þess að löggjöf um viðkomandi stofnanir sé breytt. Ég er ekki að lýsa því yfir að ég sé ósátt við það sem er í frumvarpinu. Þetta þarf að skoðast mjög vel í umhvn. og ég geri ráð fyrir að nefndin skoði málið af áhuga og fari ofan í einstaka þætti þess.

[12:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er um hið merkilegasta mál að ræða. Veður hefur verið stór hluti af lífskjörum þessarar þjóðar í aldanna rás. Lengi vel þurftu menn að ganga út að skoða veðrið, bæði að morgni og kvöldi, og áttu í raun allt sitt undir því. Það var áður en veðurþjónustan fór almennt að verða aðgengileg í gegnum útvarp. Menn kunna auðvitað sögur af því þegar sagt var að íslenskir sjómenn eða bændur settust við tækin sín til að taka veðrið, eins og það var kallað, þ.e. þegar menn settu eyrað algjörlega upp í tækið og sátu við að innbyrða þær upplýsingar sem þeim voru miðlaðar frá Veðurstofunni um veður og veðurlag.

Það er annað mál. Auðvitað eru mjög breyttir tímar síðan það var sem ég var að lýsa. Nú til dags er fjölbreytilegur aðgangur opinn að veðurfarslegum upplýsingum sem ekki voru áður til staðar. Má í því sambandi minna á að þótt hér sé talað um, varðandi veðurtengda þætti í 10. tölulið 3. gr., um hafísútbreiðslu, sjólag og sjávarflóð, þá kemur Siglingastofnun Íslands að því að afla upplýsinga um sjólag með sjálfvirkum duflum sem komið hefur verið fyrir vítt og breitt í kringum landið. Hægt er að nálgast þær upplýsingar með því að hringja í viðkomandi dufl og fá upplýsingar um sjólag, ölduhæð og öldubil o.s.frv. Af þessu geta sjómenn við nútímasjósókn ráðið mikið í hvernig sjólag hefur verið að breytast, hvernig það hefur breytast undanfarnar klukkustundir o.s.frv. Var ölduhæð að hækka eða lækka eða hvort tíðni öldu var að breytast úr því að vera hafalda yfir í það að verða vindalda o.s.frv.

Þetta er allt þekkt. Nú fást meiri og betri upplýsingar en menn höfðu aðgang að fyrir örfáum árum. Þetta gerir það auðvitað að verkum að með slíkum aðgangi að upplýsingum tekst mönnum vonandi að stunda sjó með minni slysahættu og hækka öryggisstuðla meira en ella væri. Þannig veitir ekki Veðurstofan ein þessar upplýsingar. Upplýsingarnar veitir jafnframt, eins og ég nefndi, Siglingastofnun.

Varðandi útbreiðslu hafíss hefur Landhelgisgæslan auðvitað iðulega komið að því máli, bæði með tilkynningum frá skipum Landhelgisgæslunnar en einkanlega athugunum úr lofti. Farin eru sérstök ískönnunarflug og Veðurstofan vinnur síðan úr þeim upplýsingum og fylgist með þeim með samanburði frá ári til árs. Hún spáir í breytilega útbreiðslu hafíssins hér við land.

Við megum heldur ekki gleyma því að Hafrannsóknastofnun stundar rannsóknir á sjávarhita, sem er auðvitað nátengdur hafísútbreiðslu og ýmsum straumaskilyrðum sem valda breytilegri ísmyndun og mismunandi sjólagi. Allt er þetta samtengt og ég geri ráð fyrir að þær upplýsingar fari á milli stofnana.

Ég veit ekki hvernig gjaldtöku fyrir þær upplýsingar hefur verið háttað á undaförnum árum. Hefur t.d. Veðurstofan greitt fyrir upplýsingar frá Landhelgisgæslunni eða verið þátttakandi í kostnaði við að kanna útbreiðslu hafíss? Hefur Landhelgisgæslan borið þann kostnað ein? Í 10. og 11. gr. er fjallað um sérþjónustu og þjónustusamninga. Er þar einnig hugsað fyrir þessu í hina áttina, að Veðurstofan þurfi að fara að greiða fyrir upplýsingar, t.d. frá Landhelgisgæslunni eða Siglingastofnun? Eða er það aðeins fyrirhugað í hina áttina, að Veðurstofan geti selt upplýsingar? Þessu held ég að menn þurfi að velta fyrir sér og skoða og vanda sig við það.

Veðurupplýsingar eru geysilega mikilvægar fyrir þá sem stunda atvinnustarfsemi sem tengist veðurfari. Það eru ekki bara sjómenn og bændur. Undir það falla alls konar verktakafyrirtæki, Vegagerðin og yfirleitt öll atvinnustarfsemi sem tengist með einhverjum hætti samgöngum og þjónustu, t.d. flugfélög, ferjusiglingar o.s.frv. Þjónustan er af ýmsu tagi og ég vil spyrja hvort 10. og 11. gr., annars vegar um sérþjónustuna og hins vegar um þjónustusamninga, þýði verulegar breytingar frá því sem verið hefur. Ég sé ekki í frv. að beinlínis sé lagt upp með það enda erum við náttúrlega bundin af alls konar alþjóðasamningum um meðferð veðurfarslegra upplýsinga, bæði að því er varðar aðgang að upplýsingum frá öðrum stofnunum sem fylgjast með veðri vítt og breitt um veröldina og skyldur okkar til að láta sams konar þjónustu og upplýsingar af hendi.

Sjálfsagt er þess að vænta að á næstu missirum og árum komi inn í veðurþjónustuna sjálfstætt starfandi einstakling-

ar, stofnanir eða fyrirtæki, sem taki að sér að veita ákveðna veðurþjónustu. Það er þekkt að stofnanir úti í heimi hafa boðið aðgang að upplýsingum, t.d. um sjávarhita. Með því að gerast áskrifandi að ákveðnum upplýsingum og borga fyrir þær ákveðin gjöld geta einstaklingar sjálfvirkt fengið aðgang að sjávarhitakorti sem breytist frá degi til dags. Hið sama á auðvitað við um ísspár o.s.frv. Íslenskir sjómenn hafa aðgang að ýmsum upplýsingum frá stofnunum sem spá fyrir um veður, sérstaklega eftir að aðgangur í gegnum tölvutengingar varð auðveldari. Menn geta farið inn á spástofur erlendra stofnana, skoðað veðurkort fram og til baka og skoðað horfur fram í tímann á breytilegu veðri á viðkomandi hafsvæðum. Þessa þjónustu þarf ekki endilega að sækja til Veðurstofu Íslands. Þeir sem eiga mikið undir veðurfari, eins og íslenskir sjómenn, nota sér gjarnan veðurfarsupplýsingar frá miklu fleiri stofnunum en Veðurstofu Íslands. Veðurstofa Íslands er ein af þeim stofnunum sem menn nota en menn hafa einnig aðgang að veðurkortum sem unnin eru af öðrum þjóðum.

Þó breytist það ekki að menn treysta mikið á upplýsingar um veður frá Veðurstofunni og í raun langmest. Reynslan sýnir okkur að þar fæst besta þjónusta sem við getum fengið, sú þjónusta sem veitt er næst okkur. Hún á að öllu öðru jöfnu að geta varað við þegar breytingar verða á veðurfari þó að jafnvel með nútímatækni og nútímaupplýsingum komi veðrið enn þá einstöku sinnum á óvart. Það kemur mönnum af og til í opna skjöldu, því miður verð ég að segja. Iðulega hafa hlotist af því slys. Ég ætla ekki að telja þau dæmi sérstaklega upp en það mætti telja upp nokkur áhlaup sem hér hafa gengið yfir með svo stuttum fyrirvara að menn hafa hreinlega ekki áttað sig á í hvað stefndi og hafa orðið af því mannskaðar. Auðvitað er ekki við neinn að sakast í því. En með bættri tækni og veðurfarsupplýsingum, t.d. veðurfarsratsjám, gefast orðið miklu betri upplýsingar til að vara við slíkum breytingum í veðri.

Ég held að almennt sé málið sem við höfum hér í höndunum ágætt en vil spyrja að þessu varðandi sjólag og samstarf við Siglingamálastofnun. Hvernig er það, er það í báðar áttir og ætla menn að fara að taka gjöld sitt á hvað? Varðandi hafísútbreiðsluna og starfsemi Landhelgisgæslunnar vildi ég spyrja hvort fyrirhugað er að Veðurstofan greiði fyrir þær upplýsingar. Hvernig er því fyrir komið í dag?

Síðan óska ég sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra fari nokkrum orðum um sérþjónustu og starfsemi sem hér er fjallað um, eins og segir, með leyfi forseta, í frv.:

„Starfsemi sérþjónustu Veðurstofu Íslands skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar."

Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Hvaða gjaldtaka kemur þarna til með að eiga sér stað og við hverja verður verslað?

Almennt séð held ég að frv. sé ágætt en ég vil gjarnan vita meira um hvert menn stefna í þjónustusamningum og sérþjónustu.

[12:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður. Mér virðist sem að almennt séu alþingismenn á því að þetta sé gott mál og menn vilji skoða það í nefnd, sem ég tel líka mjög eðlilegt. Þetta verður auðvitað sent til umsagnar og menn fá viðbrögð inn í umhvn.

Hér hafa borist spurningar varðandi 10. og 11. gr., sérstaklega að því sem lýtur að veðurþjónustu fyrir sjómenn. Ég bendi á að í 6. gr. er það skilgreint sem grunnþjónusta að veita öryggisþjónustu vegna veðurs í landi, í lofti og á legi. Ég á því ekki von á því að sérstakar breytingar séu í vændum á því sviði en það er auðvitað eðlilegt að nefndin skoði það betur.

Í 10. gr. er talað um að reka sérþjónustuna sem sjálfstæða einingu sem eigi að vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi. Það er einmitt samkvæmt ábendingum frá Samkeppnisstofnun og Ríkisendurskoðun. Við erum að bregðast við þeim. Fyrir þessa sérþjónustu, sem ekki telst grunnþjónusta, á að rukka raungjald. En fyrir þær upplýsingar sem ekki þarf að sérvinna fyrir aðila sem vilja kaupa sérþjónustu er bara tekið svokallað afhendingargjald, mjög lágt gjald. Því má segja að allt sem veðurþjónustan er að framleiða verður í almannaeign eða „public domain". Við erum að fikra okkur inn í þetta ameríska kerfi sem ég held að sé mjög gott fyrir íslenska þjóð og íslenska neytendur.

[12:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ákveðin þjónusta skal seld á kostnaðarverði o.s.frv. eins og komið hefur fram. En ég vil ítreka spurningu mína varðandi kostnað Veðurstofunnar við að fá til sín upplýsingar. Er með sama hætti gert ráð fyrir að Veðurstofan greiði Landhelgisgæslunni fyrir upplýsingar sem Landhelgisgæslan aflar varðandi veðurfar og útbreiðslu hafíss? Landhelgisgæslan er rekin sem sérstök stofnun og þarf tekjur eins og aðrar stofnanir.

Síðan vil ég ítreka spurningu mína varðandi Siglingastofnun. Er ráðgert að Veðurstofan greiði Siglingastofnun fyrir aðgang að upplýsingakerfi Siglingastofnunar varðandi sjólag og sjávarföll?

[12:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan þá geri ég ekki ráð fyrir sérstökum breytingum á þeim aðferðum sem notaðar hafa verið áður gagnvart þjónustu við sjómenn eða í samskiptum milli Veðurstofunnar og Siglingamálastofnunar. En mér finnst eðlilegt að sérstaklega verði farið yfir það í nefndinni.

[12:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir miður ef hæstv. umhvrh. er svo tímabundin að hún hafi ekki tíma til að vera hér við andsvör þingmanna og skuli kveinka sér undan því að farið sé í andsvör við ræðu hennar í mjög yfirgripsmiklu máli, sem er stórt og viðamikið og við ætlum okkur auðvitað að vinna vel í umhvn. En við viljum engu að síður fá fram ákveðnar grunnupplýsingar við 1. umr. málsins. Það er ekki nema eðlilegt.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þegar ég les greinargerðina nánar en ég hafði tíma til að gera fyrir fyrstu ræðu mína þá kemur í ljós að talað er um að Vegagerðin og Flugmálastjórn og fleiri aðilar sem komið hafa að veðurþjónustu muni ekki hafa neinar skilgreindar skyldur lengur á sviði veðurþjónustu samkvæmt þessu frv. og því sé eingöngu fjallað um þá öryggis- og vöktunarþjónustu sem Veðurstofu Íslands er ætlað að veita.

Ég tel eðlilegt að hæstv. umhvrh. svari því hvort þetta þýði að sú þjónusta sem þessir aðilar hafa hingað til veitt eða haft með höndum verði lögð niður. Ég held að það skipti verulegu máli að það verði skilgreint hver aðkoma þeirra

stofnana sem hingað til hafa átt þátt í veðurþjónustunni verður við þessar breytingar.

[12:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki gert ráð fyrir því að sú starfsemi verði lögð niður sem aðrar stofnanir hafa sinnt. Vegagerðin, Siglingamálastofnun, Flugmálastofnun og fleiri aðilar sinna veðurtengdri þjónustu. En það kemur fram í frv. að reyna eigi að samræma upplýsingarnar. Veðurstofan á að hafa forustu um það, það kemur fram í lok 5. gr. Það er því ekki gert ráð fyrir því að sú starfsemi verði lögð niður.

Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að ég kveinka mér ekki yfir því að svara andsvörum. En ástæðan fyrir því að hv. þm. túlkaði það sem svo er að ég er búin að boða fólk í kaffi í umhvrn. klukkan tvö til að halda upp á að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var svo vinsamleg að draga fram að við hefðum staðið okkur vel í jafnréttismálum. Ég ætlaði að fagna því enda þótti mér mjög vænt um þá yfirlýsingu hennar. Það er ástæðan fyrir því að ég taldi að við gætum klárað þetta mál. En við getum alveg haldið áfram að ræða það.

[12:59]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er leitt að hafa kaffið af hæstv. umhvrh. Það var ekki meiningin. Ég tel hins vegar fulla þörf á að ræða örlítið nánar um þessi mál Veðurstofunnar.

Í athugasemdum með frv. segir að á síðustu árum hafi tækniþróun og alþjóðavæðing haft mikil áhrif á starfsemi veðurstofa í heiminum. Það er rétt. Alþjóðavæðing og tækniþróun hafa haft veruleg áhrif sem m.a. leiða af sér þau atriði sem um ræðir í þessu frv. Bæði Samkeppnisstofnun og Ríkisendurskoðun hafa beint málinu inn á þá braut að hin viðteknu sjónarmið markaðsvæðingarinnar eru ríkjandi í frv. Ég tel að veruleg þörf sé á því að standa vörð um grunnþjónustuna og skilgreina hana betur en virðist gert í greinargerðinni. Ég tel að grunnþjónustan sé það mikilvæg og hana verði að greiða af almannafé og við megum ekki fara offari í þessum breytingum, sem gæti leitt af sér verri grunnþjónustu og takmarkað möguleika þeirra sem á henni þurfa að halda. Ég tel að í þessum efnum þurfi að standa vaktina og standa í báða fætur.

Mér þætti fengur að því að fá að heyra hæstv. umhvrh. ræða um eitt af þeim vandamálum sem vaxið hefur á síðustu árum. Það varðar rannsóknir á hlýnun lofthjúps jarðarinnar. Nú siglum við inn í skeið sem er verulega krítískt í þeim efnum. Mig langar að vita hvort Veðurstofan hefur, samkvæmt þessari löggjöf, einhverju hlutverki að gegna í þeim efnum. Þar er á ferðinni virkilega stórt verkefni sem heyrir undir hæstv. umhvrh. og umhvrn. Við höfum að mínu mati ekki komið því fyrir sem skyldi. Þær skýrslur sem hingað til hafa verið gerðar hafa komið út seint og verið fremur lauslega unnar að mínu mati. Ég tel að taka þurfi betur á í þeim efnum. Ég hefði talið eðlilegt að við ræddum það við þessa umræðu.

[13:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi grunnþjónustuna finnst mér hún vera ágætlega skilgreind í frv. Það kemur mjög skýrt fram að grunnþjónustan verður greidd af ríkinu þannig að ég deili ekki áhyggjum hv. þm.

Varðandi hlýnun lofthjúpsins aflar Veðurstofan upplýsinga á því sviði með mælingum sínum. Þær eru mikilvægar og þeim verður haldið áfram þannig að þau gögn verða áfram aðgengileg eins og áður. Sérfræðingar Veðurstofunnar hafa unnið mjög gott starf á þessum vettvangi og hafa líka verið með okkur í nefndum þar sem við skoðum t.d. alþjóðaskýrslurnar sem hafa snúist um loftslagsbreytingar, IPCC-skýrslurnar svokölluðu, sem skipta mjög miklu máli. Sérfræðingar Veðurstofunnar hafa verið með okkur í nefndum og ráðlagt okkur í þeim málum þannig að því verður að sjálfsögðu haldið áfram.

[13:03]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég ætlaði ekki að skipta mér mikið af umræðunni vegna þess að mér finnst eðlilegt að við tökum til starfa með frv. í nefnd. Ég vil þó segja í tilefni af því sem hér hefur komið fram að ég les frv. svo að skilgreining grunnþjónustunnar sé áfram nokkuð víð. Ekki bara vegna þess að ég tel að ráðherrann eða nefndin sem þetta samdi sé þeirrar skoðunar eða hafi þær hugmyndir, heldur vegna þess að hér stendur beinlínis í skilgreiningargreininni um sérþjónustuna, sem á að aðskilja, að hún sé veðurþjónusta sem ekki fellur undir grunnþjónustu, sem hefur svo aðra skilgreiningu. Hér er átt við þjónustu við fyrirtæki, stofnanir eða einstaklinga sem felst í gagnaafhendingu, sérhæfðri vinnslu, ráðgjöf eða túlkun gagna. Hin almenna öryggisþjónusta, t.d. við sjómenn, bændur og aðra atvinnuvegi sem eiga sitt undir veðri og vindum meira en aðrir, ég sé ekki hvernig hægt er að lesa hana inn í 7. lið.

Eins er með hinar almennu grunnupplýsingar um veðurspár á Íslandi í einstökum landshlutum sem skipulegir geta kallast og eru inngrónir í Íslendingshuginn rétt eins og stafrófið eða landshlutaskiptingin, það getur ekki fallið undir þetta þannig að við getum áfram hringt í Veðurstofuna eða athugað á skjánum hvað segir í vedur.is um ýmsa slíka hluti. Hér er átt við sérhæfða þjónustu við ákveðna aðila sem þurfa á sérhæfðum upplýsingum að halda og ég geri ráð fyrir að þetta taki líka til veðurfrétta eða veðurþjónustu í einstökum fjölmiðlum sem eiga að geta borgað fyrir það eins og annað.

Ég vil segja um þjónustu Landhelgisgæslunnar, Siglingastofnunar o.s.frv. að samvinna þessara opinberu stofnana er sjálfsögð. En það kann vel að vera að það eigi að fara betur í gegnum það hvort það eigi að borga fyrir þá þjónustu á fjárlagaliðum Veðurstofunnar en ekki á öðrum fjárlagaliðum. Það er matsmál í hvert skipti og í samræmi við þær breytingar til betri opinbers rekstrar sem hafa verið í þessu landi og öðrum á síðustu 15–20 árum og menn hafa verið nokkuð sammála um. Ég sé ekki að það séu einhver viðtekin sjónarmið markaðsvæðingarinnar eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi áðan.

Ég er ekki vanur að verja hæstv. umhvrh. eða það sem hún gerir. Í fyrsta lagi er hæstv. ráðherra ágætlega fær um það sjálf og í öðru lagi hefur mér líkað frekar tómlega við ýmislegt sem ég hef séð frá henni í vetur. En ég vil segja að þetta frv. er ágætt frv., grunnhugmynd þess er mjög skýr. Hún er sú að það sé ákveðin opinber þjónusta sem almannavaldið sér um og veitir. Almannavaldið sé hins vegar ekki að keppa við fyrirtæki eða einstaklinga í rekstri á markaði og þannig komum við þessu fyrir. Ég sé ekki betur en þennan skilning eigi að leggja í frv. Það eigi líka að leggja þann skilning í frv., eins og ég sagði áðan, að grunnþjónustan sé skilgreind nokkuð vítt og ég bið hæstv. umhvrh. að koma hér upp á eftir mér ef hún er ekki sammála þessu.

[13:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í frv. er lagt til að fara í ákveðnar kostnaðargreiningar og gjaldtökur.

Það hefur oft verið rætt um stöðu Landhelgisgæslunnar og rekstur hennar í þessum sölum. Landhelgisgæslunni eru iðulega falin alls konar verkefni sem eru að stórum hluta upplýsingar, þátttaka í upplýsingaöflun eða viðbrögðum án þess að nokkurn tíma sé gert ráð fyrir því að það kosti eitthvað og þurfi að greiða fyrir það.

Ef setja á upp það form að ákveðin þjónusta Veðurstofunnar skuli seld út á kostnaðarverði hlýtur sú spurning að vakna sem ég hef vikið að áður: Hvernig eru kostnaðargreiðslur fyrir þær upplýsingar sem Veðurstofan sækir til annarra? (Gripið fram í.) Þetta getur ekki alltaf verið á annan veginn. Ég held að það þurfi að fara að svara því og skoða mjög vandlega með hvaða hætti það er gert.

Ég vil einnig koma að því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að áðan varðandi hlýnun í heimshluta okkar, hlýnun sjávar og þar af leiðandi væntanlega minni hafísútbreiðslu. Hafrannsóknastofnun hefur fylgst með rannsóknum á útbreiðslu hlýsjávar og kaldsjávar hér við land og sjógerða, en allt eru þetta veðurfarslegar upplýsingar. Nútímarannsóknir í veðurfræði hafa sýnt fram á að hafið og breytingar á hafinu, straumum þess og hitaútbreiðslu er miklu meiri áhrifavaldur á veður og veðurhjúp jarðar en menn gerðu áður ráð fyrir. Menn eru að átta sig á því að breytingarnar í hafinu hafa síðar afgerandi áhrif á breytingar veðurfars í veröldinni.

Það er því að mörgu að hyggja á næstu árum, sérstaklega ef það reynist vera rétt sem vísindamenn spá, að hafið t.d. milli Íslands og Grænlands fari að verða íslaust meiri hluta árs og breytingar geti orðið verulegar. Allt mun þetta hafa áhrif á veðurfar hér á landi. Þar kemur því upp einn annar samstarfsflötur sem menn þurfa að taka mið af og er ástæða til að ræða mikið nánar en við gerum nú í 1. umr. en við fáum tækifæri til þess síðar. Ég held að það sé alveg rétt ábending sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að áðan varðandi vöktun á breytilegu hitafari í lofthjúpi jarðar, sem er nátengt því sem mun verða á hafsvæðunum á norðurhveli jarðar. Þar er spáð miklu örari breytingum en menn hafa áður gert sér grein fyrir og að breytingarnar verði bæði fljótari og meiri en gert var ráð fyrir fyrir aðeins örfáum árum. Þess vegna er margt sem snýr að störfum Veðurstofunnar og það mun örugglega þurfa að koma inn öðruvísi vöktun, kostnaðarsamari vöktun og breytt eftirlit með breytingum á hafsvæðum okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.

Stjfrv., 876. mál (skilagjald). — Þskj. 1334.

[13:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta var samið í umhvrn. að beiðni Endurvinnslunnar hf. sem óskaði eftir að endurskoðað yrði ákvæði laganna um umsýsluþóknun vegna ólitaðra plastflaskna. Umsýsluþóknun er lögð á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni til að mæta kostnaði Endurvinnslunnar hf. af söfnun, endurvinnslu eða eyðingu slíkra umbúða og annarri tengdri umsýslu. Við ákvörðun umsýslugjalds er tekið mið af þeim gjöldum og tekjum sem leiðir af söfnun og endurvinnslu eða eyðingu hverrar umbúðategundar fyrir sig. Ástæðan fyrir þörf á hækkun umsýsluþóknunar á ólituðu plastefni er fjölgun ólitaðra plastflaskna, aukinn kostnaður við móttöku og flutninga sem leggst þungt á plastflöskur vegna rúmmáls þeirra samanborið við aðrar umbúðategundir og aukin hlutdeild þeirra í sameiginlegum kostnaði. Einnig hafa tekjur af sölu plastflaskna erlendis lækkað verulega undanfarin missiri, m.a. vegna mikillar samkeppni á heimsmarkaði.

Á síðasta ári skorti Endurvinnsluna hf. um 12 millj. kr. til að standa undir rekstrarkostnaði þess árs. Einnig ber Endurvinnslunni hf. að hafa um 6–7 millj. kr. í hagnað í samræmi við ákvæði laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um í 4. gr. að Endurvinnslunni hf. beri að skila hóflegum arði til eigenda sinna. Því er lagt til að fjárhæð umsýsluþóknunar af ólituðu plastefni verði hækkuð úr 0,36 kr. í 0,76 kr. Þessi hækkun umsýsluþóknunar mun skila um 12 millj. kr. hækkun í umsýsluþóknun á ári.

Til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll fyrir Endurvinnsluna hf. er lögð til framangreind hækkun á umsýsluþóknun á umbúðum úr ólituðu plastefni.

Virðulegur forseti. Ég hef farið yfir meginþætti frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 877. mál (sæfiefni, EES-reglur). — Þskj. 1335.

[13:14]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Frumvarp þetta er lagt fram til að laga ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni að ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna, sem tók gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 1. mars 2004.

Sæfiefni eru samkvæmt frv. skilgreind sem efni eða efnablöndur sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bægja þeim frá eða gera þær skaðlausar. Sæfiefni eru t.d. viðarvörn, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sótthreinsandi efni og rotvarnarefni.

Hluti sæfiefna fellur ekki undir gildissvið núgildandi laga um eiturefni og hættuleg efni. Þetta eru efni sem hvorki eru á lista yfir eiturefni eða hættuleg efni, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr.

laganna. Dæmi um slík sæfiefni eru ýmis rotvarnarefni og sótthreinsandi efni ásamt fæli- og löðunarefnum. Í frv. þessu er því lagt til að gildissvið laganna verði rýmkað þannig að þau nái yfir þessi efni. Gert er ráð fyrir að öll sæfiefni þurfi að skrá hér á landi og leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til markaðssetningar þeirra en í dag er einungis hluti þeirra skráningarskyldur. Í aðalatriðum er unnt að byggja skráningu sæfiefna og leyfi til markaðssetningar á ákvæðum 16. gr. núgildandi laga en gera þarf lítils háttar breytingar á orðalagi þeirrar greinar þannig að hún nái til allra sæfiefna. Breytingin felst í því að fleiri efni verða skráningarskyld og verða ekki sett á markað nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Markmið slíkrar skráningar og leyfisveitinga er að vernda menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af notkun sæfiefna.

Í 3. gr. frv. er lagt til að tekin verði upp heimild til að innheimta gjald fyrir vinnu Umhverfisstofnunar við skráningu, leyfisveitingar, áhættumat og aðra tengda stjórnsýslu vegna sæfiefna. Um er að ræða sambærilega heimild og er í lögum í dag varðandi svokölluð varnarefni til notkunar í landbúnaði og garðyrkju.

Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð reglugerðar um sæfiefni þar sem sett eru nánari ákvæði um framkvæmd laganna og byggt á ákvæðum tilskipunar nr. 98/8/EB. Gert er ráð fyrir að reglugerð um sæfiefni verði sett í beinu framhaldi af gildistöku laganna.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið meginefni frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[13:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna sérstaklega frv. til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, sem varða sæfiefni, sem hæstv. umhvrh. hefur gert grein fyrir. Sannleikurinn er sá að við þurfum að innleiða gífurlegt magn af löggjöf sem kemur til okkar í gegnum Evrópska efnahagssvæðið. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er um að ræða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá því í febrúar 1998. Af því sést að það er vonum seinna að þessi lög verði innleidd hér. Þetta færir okkur jafnframt heim sanninn um hve mikil vinna felst í að innleiða þá löggjöf sem við þurfum á þessu sviði.

Hér er um að ræða eitt af viðameiri verkefnum Umhverfisstofnunar, fara þarf í gegnum mjög flóknar reglugerðir og sinna þeirri vinnu sem þær leggja stofnuninni á herðar. Þau efni sem hér um ræðir eru að öllum líkindum búin að valda skaða í umhverfinu. Því er ekki seinna vænna að koma á slíkri löggjöf og sjá til að efni af þessu tagi lúti þeim reglum sem eðlilegar mega teljast miðað við aðstæður í dag.

Fólki kemur e.t.v. á óvart að heyra þetta orð „sæfiefni". Okkur er það kannski ekki tamt á tungu. Það á við um efni sem eru t.d. í viðarvörn, sem algengt er að fólk noti og hafi til almennra nota heima hjá sér til að verja sólpallana og girðingar á hverju vori. Ég held að umhvrn. þurfi að efla fræðslu um þessi efni. Það verður að taka miklu betur á því að fræða almenning um þau efni sem eru til staðar, sérstaklega efni sem fólk notast við í húshaldi sínu, nánast daglega.

Ég held að ég ljúki máli mínu á því að brýna hæstv. umhvrh. til að auka fræðsluna í tengslum við nýja löggjöf um þessi efni. Sjá þarf til þess að upplýsingum til almennings verði komið á framfæri í aðgengilegu formi og á greiðan og öruggan hátt.

[13:19]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að minnast á þetta orð „sæfiefni" sem ég sá fyrst fyrir nokkrum missirum og er hrifinn af. Fyrri hlutinn er myndaður af sama stofni og sögnin „að sofa" og orðin „svefn" og „að svæfa".

Ég man eftir því þegar ég sá þetta afbrigði stofnsins eða þennan stofn af sömu rótinni. Það er í vísu Egils Skalla-Grímssonar þegar hann er búinn með einhverja orrustuna. Ég man ekki hverja en svo er veisla og þar situr þetta mikla kvendi og segir við Egil: „Hvað skaltu, sveinn, í sess minn?" Egill svarar með vísu um afrek sín og þar á meðal segir hann:„ ... létum blóðga búka í borghliðum sæfask." Þetta kemur mér alltaf í hug þegar minnst er á þessi sæfiefni, sem sagt þegar Egill berst við menn í borghliðunum þannig að þetta eru ekki slæm hugrenningatengsl.

[13:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta fróðlega innlegg og skemmtilega. Ég er sammála honum um að mér þykir orðið gott og geri mér grein fyrir því að stofninn er fenginn úr sögninni „að sofa" og það á vel við. Hér er um að ræða efni sem sofa í náttúrunni. En efni sem sofa vakna líka. Við þurfum á því að halda að vera meðvituð um svefn þeirra og vöku.

Ég þakka hv. þm. fyrir þetta skemmtilega innlegg og held að hæstv. umhvrh. geti tekið það til sín, að það þarf að fræða almenning um hvers vegna við erum að búa til svona orð og hvað þau þýða. Það er í verkahring hæstv. umhvrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:21]

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 878. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1336.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Búnaðarfræðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 879. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1337.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 850. mál (Fiskræktarsjóður). — Þskj. 1307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 869. mál (reikningsskil). — Þskj. 1327.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 882. mál (beiting samkeppnisreglna EES-samningsins). — Þskj. 1340.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 881. mál (Stofnsjóður, framtakssjóðir). — Þskj. 1339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Lokafjárlög 2002, frh. 1. umr.

Stjfrv., 848. mál. — Þskj. 1305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tónlistarsjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 910. mál. — Þskj. 1382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 856. mál (sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl.). — Þskj. 1313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, frh. fyrri umr.

Stjtill., 873. mál. — Þskj. 1331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Evrópufélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (EES-reglur). — Þskj. 1355.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, ÍGP, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, LS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, StB, VF, ÞSveinb, ÖB, ÖS.
23 þm. (AKG, ÁRJ, BjarnB, DO, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HHj, JÁ, JBjarn, KHG, MÞH, MS, MÁ, RG, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1432).

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (EES-reglur). — Þskj. 1356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, ÍGP, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, LS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, StB, VF, ÞSveinb, ÖB, ÖS.
23 þm. (AKG, ÁRJ, BjarnB, DO, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HHj, JÁ, JBjarn, KHG, MÞH, MS, MÁ, RG, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1433).

Ársreikningar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 427. mál (matsreglur, EES-reglur). — Þskj. 1354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, ÍGP, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, LS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, StB, VF, ÞSveinb, ÖB, ÖS.

24 þm. (AKG, ÁRJ, BjarnB, DO, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KHG, MÞH, MS, MÁ, RG, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1434).

Varðveisla Hólavallagarðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 765. mál. — Þskj. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögreglulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 870. mál (tæknirannsóknir o.fl.). — Þskj. 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 871. mál (rannsóknargögn, símhlerun o.fl.). — Þskj. 1329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Einkamálalög og þjóðlendulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 872. mál (gjafsókn). — Þskj. 1330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Veðurþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 784. mál. — Þskj. 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 876. mál (skilagjald). — Þskj. 1334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 877. mál (sæfiefni, EES-reglur). — Þskj. 1335.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

[13:53]

Útbýting þingskjals:

Erfðafjárskattur, 924. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1424.

Út af dagskrá voru tekin 21.–23. mál.

Fundi slitið kl. 13:54.

---

99. FUNDUR

föstudaginn 16. apríl,
að loknum 98. fundi.

Dagskrá:

Erfðafjárskattur, frv., 924. mál, þskj. 1403, nál. 1424. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1424. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, 2. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 924. mál (lagaskil). — Þskj. 1403, nál. 1424.

[13:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, sem er að finna á þskj. 1424 frá efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skúla Magnússon mag. jur., Steinunni Guðbjartsdóttur hdl. og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er það lagt fram í þeim tilgangi að taka af allan vafa varðandi lagaskil milli yngri og eldri laga sem og til fyllingar á gildistökuákvæði laga nr. 14/2004.

Vandinn sem um er að ræða er sá að samkvæmt nýju lögunum skal erfðafjárskattur miðast við dánardægur þess sem fellur frá en ekki uppgjör þegar skiptum er lokið. Enn fremur er sagt að þeir sem heimild hafa til að sitja í óskiptu búi við gildistökuna skuli greiða skatt samkvæmt nýju lögunum og jafnframt falla gömlu lögin úr gildi.

Það getur komið upp, herra forseti, að maður falli frá fyrir gildistöku laganna, að ekki sé búið að gera upp búið og ekki til staðar heimild til að sitja í óskiptu búi, þá á að greiða skatt þegar kemur að skiptum, þegar búið er að skipta búinu. Það getur orðið eftir gildistöku nýju laganna. Þá á að gera upp samkvæmt gömlu lögunum sem verða fallin úr gildi. Menn eru að glíma við að leysa þetta vandamál. Það er talið að með gagnályktun geti menn ályktað að gömlu lögin gildi enda engum öðrum lögum til að dreifa. En til að taka af öll tvímæli og allan vafa þá er lögð til sú breyting sem í frv. felst, til að taka á vanda þeirra þar sem skiptum er ekki lokið og arfláti lést fyrir gildistöku laganna.

Í umræðu um málið í nefndinni kom fram athugasemd varðandi orðalag 3. málsl. 21. gr. laganna þar sem segir:

„Lögin taka einnig til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna."

Nefndarmenn telja að í upphafi hefði verið betra að segja: „Lög þessi", af því að lögin geta bæði verið eintala og fleirtala, þ.e. svo að skýrt sé að átt sé við lög nr. 214/2004. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera neinar breytingar vegna þessa enda megi vera ljóst af lestri málsliðarins og samhengi við greinina í heild sinni að þar sé átt við lög nr. 14/2004 en ekki eldri lögin. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að koma fram með og styðja brtt. við frv.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir, Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara, og Steingrímur J. Sigfússon.

[13:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er óneitanlega svolítið skrýtið að við skulum standa í þeim sporum að þurfa að samþykkja breytingar á lögum sem við vorum að ljúka rétt fyrir páska. Ég hef svolitlar efasemdir um að nauðsynlegt hafi verið að ráðast í þessa breytingu en hún fellur víst undir það sem ég hafði aldrei vitað að væri til en heitir lagafylling. Það var upplýst af sérfræðingum sem komu til máls við nefndina.

Ég vil að það komi skýrt fram að við í Samf. og stjórnarandstöðunni styðjum þessa breytingu. Ég vil vekja athygli á því að við veittum afbrigði til að greiða fyrir samþykkt málsins.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hefði viljað að sami skilningur og við sýndum félögum okkar í meiri hlutanum, og birtist í þeirri atkvæðagreiðslu, hefði komið fram varðandi ákaflega smátt atriði sem við lögðum til að tekið yrði til skoðunar við þessa breytingu. Það varðar hlut barna sem missa foreldra sína og þurfa að sæta því að greiða erfðafjárskatt. Við töldum að við sérstakar aðstæður gætu komið upp erfiðleikar hjá börnum vegna þessa máls og vildum leita samstöðu um að finna leiðir til að framkvæmdarvaldið hefði heimild til að skjóta slíkum tilfellum framhjá þessum lögum, þ.e. að í tilviki þessara barna yrði veittur frestur á greiðslu erfðafjárskatts.

Það liggur fyrir að hér væri um örfá tilvik að ræða og einungis þegar verulega slæmt ástand ríkti. Því miður koma svona tilvik upp og við höfum dæmi um það.

Skemmst er frá því að segja að við umræður í nefndinni var ekki skilningur á því að koma til móts við okkur varðandi þetta ákvæði með því að breyta lögum um erfðafjárskatt. Ég vil hins vegar að það komi fram að af hálfu einstakra nefndarmanna í meiri hlutanum var bent á leiðir til að tryggja hlut þeirra barna sem hér um ræðir með því að íhuga breytingar á öðrum lögum.

Í trausti þess að þessir nefndarmenn, hinn framsóknarvæni hluti nefndarinnar sem tók vel í þetta, legðu okkur sem höfðum áhuga á þessu máli lið og hjálpuðu við að ráðast í að skoða þessar breytingar og síðan að leggja þær fyrir hið háa Alþingi, lögðumst við ekki gegn afgreiðslu þessa máls og styðjum það.

Ég segi það aftur, herra forseti, að mikið skelfing vildi ég að hv. formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, hefði sama skilning á því að ganga til móts við minni hlutann í nefndinni eins og við höfum jafnan þegar á þarf að halda og um er að ræða réttlætismál.

[14:03]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Í áratugi hefur verið innheimtur á Íslandi erfðafjárskattur sem er miklu þyngri en sá sem við ræðum um í dag. Allan þann tíma hafa menn ekki séð ástæðu til að flytja tillögu í þá veru að milda þau erfiðu mál sem gætu komið upp þegar fólk erfir eignir sem ekki gefa arð, t.d. íbúðarhúsnæði og jarðir. Núna þegar skatturinn er stórlækkaður muna menn eftir þessum tilfellum.

Sem dæmi má nefna að ef börn erfa nettóeign upp á 10 millj. kr., íbúð að frádregnum skuldum, þurfa þau að borga núna hálfa milljón í erfðafjárskatt. Fjárhaldsmönnum þessara barna er í lófa lagið að taka hálfrar milljónar króna lán út á nettó 10 millj. kr. eign til að bjarga málum. Þetta er ekki raunverulegur vandi sem við erum að ræða um. Þetta er ekki raunverulegur vandi, herra forseti. Það eru til miklu erfiðari mál í skattalögum, miklu erfiðari mál, t.d. þar sem fólk borgar tekjuskatt af tekjum sem það er búið að tapa, t.d. uppfinningamenn og fólk í atvinnulífinu. Þar eru menn að borga tekjuskatt af tekjum sem þeir aldrei fengu. Slík mál mundi ég vilja ræða. Mörg mál eru félagslega meira aðkallandi en þeirra sem erfa einhverjar milljónir og skatturinn hefur stórlækkað hjá.

Við vinnslu þessa máls og þegar lögin voru samþykkt lagði ég mikla áherslu á og mikla vinnu í að einfalda lagatextann, einfalda lögin, hafa eitt skattþrep í staðinn fyrir tvö. Það tókst. Lögin eru yndislega einföld, herra forseti. Það er líka verðmæti í sjálfu sér. Það er verðmætt fyrir fólk að vita að erfðafjárskatturinn er 5% og ekkert annað. Hér er strax

byrjað að hola það. Hér er strax byrjað að hola lögin, gera þau flóknari og um leið ófélagslegri.

Ég minni á fyrirspurn frá því fyrir nokkrum dögum, um þungaskatt. Þar var spurt um þungaskatt þegar um var að ræða þungatakmarkanir á vegum. Hv. þm. sem kom með þá fyrirspurn, Kristján Möller, spurði hvort ekki væri eðlilegt að gera eitthvað í því þegar þungatakmarkanir væru á vegum, hvort ekki væri eðlilegt að lækka skattinn. Hæstv. fjmrh. svaraði því til að slíkt ákvæði væri í lögum. Það var ekkert annað. Það var búið að gera lögin réttlát. Hins vegar veit það enginn, ekki einu sinni hv. fyrirspyrjandi í þessu tilviki. Þess vegna spurði hann.

Til hvers eru menn að flækja lögin þannig að enginn skilji og enginn þekki rétt sinn. Þar fyrir utan yrði sennilega dýrara að ná í niðurfellinguna en sem nemur áðurnefndri niðurfellingu. Það er mjög verðmætt í sjálfu sér að gera kerfin einföld þannig að almenningur skilji þau, viti hvernig þau eru og geti notað þau. Þess vegna er ég á móti tillögum til þess að taka á einstökum málum og flækja allt umhverfið. Nóg er nú samt. Ég skora á hv. þingmenn að spyrja kjósendur sína um afstöðu þeirra til þess að einfalda bótakerfið sem enginn skilur og skattkerfið sem enginn skilur.

[14:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru kannski ekki að öllu leyti efnislegar athugasemdir sem ég ætlaði að gera við málflutning hv. þm. Péturs H. Blöndals, heldur hitt að hér mælir hann fyrir máli og biður Alþingi Íslendinga um að lagfæra lög sem hann hafði frumkvæði að að setja fyrir örfáum dögum. Ég hefði talið skynsamara, í sporum hv. þm. Péturs H. Blöndals, að fara sér hægar og sýna meiri auðmýkt í ræðustól.

Formaður Samf., hv. 1. þm. Reykv. n., var eingöngu að vekja á því athygli að ýmis álitamál eru uppi og bar saman framgöngu stjórnarandstæðinga, sem báru ekki ábyrgð á framgangi málsins á sínum tíma þó þeir hafi stutt málið heils hugar, við framgöngu formanns nefndarinnar. Stjórnarandstæðingar komu til móts við þá þörf sem sannarlega var til staðar til að lagfæra þau mistök sem áttu sér stað undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hins vegar komu ábendingar í nefndinni um það sem hér var rakið af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að huga mætti að ýmsum öðrum þáttum þess.

Ég held að það hefði farið hv. þm. Pétri H. Blöndal betur að hafa meiri auðmýkt í farteskinu fremur en þann gassagang og hávaða sem hann hafði uppi.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er af virðingu fyrir þinginu og ekki síst virðulegum forseta að ég vil ekki fara með þau orð sem mér finnast hæfa ræðu hv. formanns efh.- og viðskn. Virðulegi forseti. Á ferli mínum í þinginu, sem er að verða 12–13 ár, hef ég aldrei kynnst verklagi nokkurs formanns nokkurrar nefndar eins og hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég hef aldrei kynnst því áður að menn legðu sig beinlínis í framkróka til þess að skapa úlfúð, skapa spennu og draga úr samvinnu milli meiri hluta og minni hluta í nokkurri nefnd eins og hv. þm. virðist beinlínis leggja sig fram um hvað eftir annað.

Í þessu tilviki, eins og hæstv. forseta er kunnugt um, erum við að skjóta byttu undir leka sem glöggir menn fundu á lögum þeim sem urðu að veruleika skömmu fyrir páska. Segja mætti að ef einhver einn maður bæri ábyrgð á því að nefndin, við rannsókn málsins, fann ekki þennan ágalla þá væri það hv. formaður Pétur H. Blöndal. Við í stjórnarandstöðunni — ég ætti frekar að segja, við í Samf. — höfðum ákveðnar skoðanir á því hvað ætti að ræða um í tengslum við breytinguna á þessum lögum. Okkur hefði verið í lófa lagið, í krafti þingstyrks okkar á hinu háa Alþingi, að koma í veg fyrir það og gera það hv. formanni til háðungar og vinnubrögðum hans að samþykkja ekki þessi afbrigði. Við hins vegar komum málefnalega að þessu máli. Það ríkti ákveðinn vafi á því að lögin eins og við samþykktum þau væru fullkomlega held.

Við í stjórnarandstöðunni tökum að okkur hluta þeirrar ábyrgðar sem því fylgir. Þess vegna samþykktum við þetta. Ég held að það sé ástæðulaust fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal að fara á límingunum eða missa taugakerfið úr sambandi, eins og mér fannst gerast í ræðu hans áðan eftir að hafa bersýnilega tapað, a.m.k. í huga sínum, þeirri rökræðu sem spannst um þetta sjálfsagða mál varðandi fátæk börn, og láta eins og hann lét.

Ég velti fyrir mér, herra forseti, hvers konar hjarta það er sem slær í brjósti hv. þm. Ég held að það sé úr steini. Hvað eftir annað hefur hv. þm. talað með þeim hætti að maður veltir því fyrir sér hverra hag hann ber fyrir brjósti. Ég ætla ekki að rifja upp þau orð sem hv. þm. hefur látið sér sæma að hafa uppi um hag þeirra sem örsnauðir eru í hópi aldraða Íslendinga. Við munum það öll sem á þingi sitjum hvaða skýringar hv. þm. fann á því.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég sem nefndarmaður í efh.- og viðskn. kom því með formlegum hætti í bréfi á framfæri við nefndina að tiltekin léttvæg atriði yrðu skoðuð. Ég gerði það vegna þess að ég þekki praktísk dæmi. Ég þekki dæmi úr reynsluheimi okkar síðustu mánuði þar sem svona atvik hefur komið upp. Ég veit að það eru fleiri þingmenn sem þekkja það. En hv. þm., formaður efh.- og viðskn., sýndi meðnefndarmönnum sínum ekki einu sinni þann sóma að láta þess getið að einn þingmanna í efh.- og viðskn. hefði óskað eftir umræðu um þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég fór ekki fram á það að nefndin yrði sammála mér. Ég fór einungis fram á að málið yrði skoðað. Það kom fram hjá varaformanni efh.- og viðskn., Kristni H. Gunnarssyni, að hv. formaður nefndarinnar hefði ekki einu sinni sýnt þeim sem hér stendur þann sóma að láta vita að þessa hefði verið óskað. Ég vil að það komi sérstaklega fram að mér fannst varaformaður nefndarinnar taka ákaflega málefnalega á þessu. Hann tók upp þykkjuna fyrir mína hönd vegna þeirrar staðreyndar að hv. formaður efh.- og viðskn., sem bersýnilega kann ekki grundvallarvinnubrögð í mannlegum samskiptum í nefndarvinnu á hinu háa Alþingi, hafði látið vera að láta mig sem almennan þingmann njóta þess sjálfsagða réttar að tiltekin mál væru tekin til skoðunar við afgreiðslu frv. Sjálfur benti ég á að sú lausn sem ég hafði á þessu tiltekna máli væri ekki fullkomlega vatnsheld. Ég benti á að t.d. við þær aðstæður að systkinahópur verður skyndilega munaðarlaus og eitt systkinanna er komið yfir 18 ára aldur þá getur það krafist arfshlutar. Þetta skapar vandamál. Þá benti hv. varaformaður efh.- og viðskn. á ákveðna leið sem var meira en einnar messu virði að skoða. Það var þess vegna og af virðingu fyrir meiri hlutanum og lýðræðinu á þessu þingi sem ég og félagar mínir í Samf. stóðum að sjálfsögðu við þau orð að greiða fyrir því að þingið fengi tækifæri til að fjalla málefnalega um þessa breytingu á lögunum.

En hv. formaður efh.- og viðskn. sýndi okkur í minni hlutanum ekki þann sóma að fjalla samkvæmt formlegri ósk

um þetta mál. Það þurfti félaga hans sem kunna mannasiði og virða hefðbundnar samskiptareglur í samvinnu þingmanna til að koma vitinu fyrir formanninn og fá a.m.k. lágmarksumfjöllun um málið. Það var ekki meira sem um var beðið. Enginn var að reyna að beita því afli sem Samf. sannarlega hefur í þessu tiltekna máli til að koma fram málamiðlun þar sem hrossakaup yrðu gerð til að við næðum þessu fram. Mönnum hefði verið í lófa lagið að freista einhvers slíks.

Ég ímynda mér að formaður Samf. hefði getað tekið upp símann og talað við vin sinn í fjmrn. og a.m.k. spurt hann hvort hann væri til í að íhuga það. En það gerði ég ekki vegna þess að ég vinn ekki þannig. Ég taldi fullkomlega eðlilegt að meiri hlutinn á þinginu fengi að ræða þetta frv. og eftir atvikum að fá það samþykkt og Samf. styður það.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta frekari orð en vil í lok máls míns segja það að reynsla mín af hv. þm. sem formanni efh.- og viðskn. er ekki góð. Því miður er þetta ekki fyrsta dæmið. Það er einfaldlega þannig í þinginu að menn reyna að vinna saman. Það gerum við í stjórnarandstöðunni og það hafa flestir í stjórnarliðinu líka gert. Mér finnst að hv. þm. Pétur H. Blöndal ætti að horfa svolítið til þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 14:18.

---

100. FUNDUR

föstudaginn 16. apríl,
að loknum 99. fundi.

Dagskrá:

1. Erfðafjárskattur, frv., 924. mál, þskj. 1403. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338. — 1. umr.

3. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333. — 1. umr.

4. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 815. mál, þskj. 1243. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, 3. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 924. mál (lagaskil). — Þskj. 1403.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, ÍGP, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VF, ÖB, ÖS.

26 þm. (AKG, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, DO, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HHj, JÁ, JóhS, KHG, LS, MS, MÁ, RG, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1435).

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

[14:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Verkefni og tekjustofnar sveitarfélaganna eru ákveðin með lögum frá Alþingi og reglugerðum ráðuneytanna auk ýmissa óbeinna stjórnvaldsaðgerða sem oft er þrengt inn bakdyramegin á sveitarfélögin. Fjmrh. er ábyrgur fyrir tekjuskiptingunni og skattalögunum og því að sveitarfélögin fái nauðsynlega hlutdeild í skatttekjum hins opinbera.

Ég met það svo að vaxandi tortryggni gæti hjá sveitarfélögunum í garð ríkisvaldsins, sérstaklega hvað varðar fjármálaleg samskipti, tekju- og verkaskiptingu. Ályktun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 10. október sl. er ein af mörgum sem þingmönnum og ráðherrum berast þessa dagana en þar segir, með leyfi forseta:

„Full ástæða er til að hafa áhyggjur af tekjuþróun sveitarfélaga undanfarin ár. Þau hafa á síðustu árum verið að takast á við sífellt umfangsmeiri og fjárfrekari lögbundin verkefni, svo sem einsetningu grunnskólans, yfirtöku félagsþjónustu og auknar kröfur í umhverfismálum. Þessi verkefni kalla á aukin útgjöld sveitarfélaganna sem mörg hver eiga erfitt um vik.

Aðalfundurinn bendir á neikvæð áhrif af skattkerfisbreytingum sem lúta að yfirfærslu einkareksturs í einkahlutafélög. Gríðarleg fjölgun einkahlutafélaga undanfarin ár hefur skert útsvarstekjur margra sveitarfélaga mjög mikið. Við slíkt geta sveitarfélögin ekki búið án þess að til komi aðrir tekjustofnar sem bæta það tekjutap sem orðið er.“

Sveitarfélögin benda auk þess á húsaleigubæturnar þar sem ríkið leggur ákveðna upphæð inn í það púkk en sveitarfélögin sitja ein uppi með skyldurnar og aukningu sem hefur reynst mun meiri en ráð var fyrir gert. Eyðing refa og minka er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkið leggur til ákveðna upphæð en lagaskyldan og framkvæmdin er sveitarfélaganna. Ný reglugerð um búfjáreftirlit leggur stórauknar kvaðir og útgjöld á sveitarfélögin, einkum á landsbyggðinni.

Einn sveitarstjóri greindi mér frá því að Brunamálastofnun hefði áður fyrr komið reglulega og tekið út slökkvibúnaðinn endurgjaldslaust. Nú væri því hætt en sveitarfélaginu skylt að gera þjónustusamning við fjarlægan aðila um eftirlitið með tilheyrandi kostnaði. Síðast en ekki síst yfirtökum við regluverk Evrópusambandsins á færibandi og stóraukum útgjöld sveitarfélaganna gagnrýnislaust eða gagnrýnislítið.

Nú stendur yfir átak af hálfu ríkisins um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Ríða fartmiklar nefndir um héruð og predika stækkun sveitarfélaga og yfirfærslu á nýjum verkefnum til þeirra. Ein þeirra er svokölluð tekjustofnanefnd. Hlutverk þeirrar nefndar virðist vera á reiki því að í erindisbréfi nefndarinnar sem er frá 16. desember sl. er einungis talað um að hún geri tillögur um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagsskipan og breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar og ef af henni verður. Með sama hætti hefur verkefnastjórn átaksins breytt kynningu sinni á hlutverki nefndarinnar frá fundi til fundar.

Samband sveitarfélaga hefur skrifað formanni átaksins bréfs og krafist þess að staðið verði við yfirlýsingu frá 19. ágúst um að verkefni tekjustofnanefndarinnar sé einnig, eins og þar stendur, með leyfi forseta, „athugun á núverandi tekjustofnum sveitarfélaga og könnun á því hvort þeir séu í samræmi við lögskyld og venjubundin verkefni sveitarfélaganna". Þar vilja sveitarfélögin byrja og réttast er að byrja þar áður en lengra er haldið. Ljóst er því að í þeirri gandreið sem nú er hafin í svokallaðri eflingu sveitarstjórnarstigsins er engin sátt um rásmarkið né heldur stefnuna í hlaupabrautinni.

Hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á tekjuhlið sveitarfélaganna, skattalögum og því sem að þeim snýr þar. Þess vegna þykir mér afar mikilvægt að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra á því hvort hæstv. ráðherrar telji að tekjustofnar sveitarfélaganna séu fullnægjandi miðað við núverandi verkefni þeirra og að nú ríki eðlilegt samræmi í tekjum og gjöldum sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar.

Telur ráðherra tímabært að hefja undirbúning að frekari færslu verkefna til sveitarfélaganna áður en fjárhagur þeirra hefur verið styrktur?

Hyggst ráðherra beita sér nú þegar fyrir skattbreytingum eða öðrum þeim aðgerðum sem rétta tekjur og tekjuhlut sveitarfélaganna?

Telur hæstv. ráðherra eðlilegt að sveitarfélögin ein beri ábyrgð á auknum kostnaði vegna sameiginlegra verkefna með ríkinu þegar kostnaðurinn reynist hærri eða hækkar á milli ára af ástæðum sem sveitarfélögin ráða litlu eða engu um?

Í síðasta lagi vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort fjmrn. sé reiðubúið til að taka að sér að kostnaðarmeta áhrif af lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsákvörðunum gagnvart sveitarfélögum í landinu hliðstætt því sem það gerir nú fyrir ríkissjóð við framlagningu nýrra stjórnarfrumvarpa. Ég tel það, virðulegi forseti, algera forsendu í vinnu hins opinbera, í vinnu Alþingis, í vinnu ráðuneytanna að stjórnvaldsaðgerðir sem samþykktar eru af sveitarfélögunum séu kostnaðarmetnar áður en framkvæmd þeirra verði virk.

[14:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þykir heldur hvimleitt hversu margir á Alþingi, til að mynda hv. fyrirspyrjandi, tala um sveitarfélögin eins og einhver fórnarlömb eða jafnvel eins og þurfalinga sem þurfi að útvega meiri peninga. Ég tel þetta niðurlægjandi tal fyrir sveitarfélögin. Það má ekki gleyma því að sveitarfélögin á Íslandi hafa sjálfstæðan fjárhag og þau hafa sína eigin tekjustofna. Það hefur á undanförnum árum dregið úr sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga og ég tel að sú þróun sé mjög til bóta enda er stefnt að því að fækka slíkum verkefnum enn frekar, auk þess sem sveitarfélögin hafa tekið að sér ýmsa þjónustu og ýmis verkefni sem stundum er talað um sem nærþjónustu, þ.e. ýmsa þjónustu við íbúana sem er betur komin hjá viðkomandi sveitarfélögum í stað þess að ríkið sjái um fjármögnun og rekstur.

Gott dæmi um þetta, eins og við þekkjum öll, er flutningur grunnskólans sem heppnaðist að mínum dómi mjög vel. Athuganir hafa sýnt að sveitarfélögin fengu ríflega greitt fyrir að taka að sér þá þjónustu, auknar skatttekjur frá ríkissjóði sem nægðu vel fyrir þeim kostnaði sem þessum tilflutningi tilheyrði.

Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort tekjustofnar sveitarfélaganna séu fullnægjandi miðað við núverandi verkefni þeirra. Hvenær skyldu tekjustofnar ríkisins og sveitarfélaganna vera fullnægjandi? Ætli það sé ekki alltaf hægt að finna verkefni til að eyða meiri tekjum í?

Auðvitað er það pólitísk spurning sem hvert sveitarfélag og sveitarstjórnarmenn, auðvitað kjósendur líka, verða að taka afstöðu til. Ef við lítum á þróun tekna sveitarfélaga og ríkissjóðs á sambærilegu þjóðhagsuppgjöri frá árinu 1998 til ársins í ár er árið 1998 valið sérstaklega vegna þess að þá var búið að flytja grunnskóla til sveitarfélaga með útgjöldum og tekjum. Á þessu tímabili hafa tekjur sveitarfélaganna hækkað úr rúmlega 54 milljörðum í rúmlega 99, þ.e. um 82,5%. Á sama tíma hafa tekjur ríkissjóðs aukist úr 170,5 milljörðum í tæplega 271 milljarð, þ.e. um 59%. Ef tekjur ríkissjóðs hefðu vaxið með sama hraða og tekjur sveitarfélaganna á þessu tímabili væru þær 40 milljörðum meiri en nú er.

Hvað telur fyrirspyrjandi eðlilegt að tekjur sveitarfélaganna vaxi mikið? Fjárheimildir jöfnunarsjóðs vegna álagningar á skatt og útsvör námu rúmlega 4 þús. millj. á árinu 2000 en eru tæplega 6,5 milljarðar í fjárlögum yfirstandandi árs.

Ég vil vekja athygli á þessum staðreyndum, herra forseti, vegna þess að tekjur sveitarfélaganna hafa ekki staðið í stað. Þær hafa aukist stórlega á undanförnum árum, m.a. vegna þess að ríkissjóður og sveitarfélögin hafa verið að skipta með sér tekjustofnum og verkefnum en líka vegna vegna að ríkissjóður hefur án nokkurrar skyldu þar að lútandi reitt fram sérstaka fjármuni, t.d. í jöfnunarsjóð. Það liggur auðvitað líka fyrir að hærra fasteignamat í landinu almennt hefur skilað sveitarfélögunum miklum viðbótartekjum. Hærri tekjur almennings af landinu hafa verið að skila sveitarfélögunum hærra útsvari, eins og við þekkjum vel. Það er enginn afsláttur veittur af því. Sveitarfélögin fá sitt útsvar af öllum tekjuauka sem verður til í landinu, enda sér ríkið til þess að greitt er útsvar af öllum tekjum og að sveitarfélögin taki ekki á sig tekjutap vegna persónuafsláttar. Þannig er það, herra forseti.

Ég hafna því algjörlega að ríkisvaldið hafi brotið á sveitarfélögunum varðandi húsaleigubætur eða veiðar á ref og minki. (**JBjarn:** Ég sagði það ekki.) Ég hafna því hvort sem þingmaðurinn sagði það eða ekki. Sú ásökun hefur verið borin fram af ýmsum öðrum og ég vil nota tækifærið og hafna því algjörlega.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að það er í gangi heilmikil vinna í góðu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu, um stækkun sveitarfélaga og sameiningu þeirra og um tekjustofnamálin. Það er alveg ástæðulaust að gera því skóna að hér sé eitthvert stórfellt vandamál á ferðinni. Menn eru að vinna þetta saman í góðri samvinnu og þingmaðurinn ætti frekar að taka þátt í því með okkur en að ala á tortryggni sem er orðið sem hann notaði hér. (**JBjarn:** Það er ekki í boði.) Það er núna í boði.

[14:31]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það mátti helst skilja á hæstv. fjmrh. áðan að það væri bara óþurftarvæl í sveitarfélögunum að vera að kvarta yfir því að þau hefðu ekki peninga. Staðreyndin er samt sú að langflest sveitarfélög í landinu eiga í fjárhagserfiðleikum í dag og það þrátt fyrir að flest þeirra séu farin að fullnýta tekjustofna sína eins og mögulegt er. Þau hafa líka verið að hækka þjónustugjöld ýmiss konar, eins og leikskólagjöld og önnur þau gjöld sem koma inn í tekjur sveitarfélaganna. Að mínu viti og margra annarra verður ekki lengra gengið þar.

Til að bregðast við fjárhagsvanda hafa sveitarfélögin líka leyst upp eignir og eru að gera það í stórum stíl til þess að eiga einhvern möguleika á að sinna grunnþjónustu. Þau eru í meira mæli en áður farin að fela þriðja aðila að byggja yfir grunnþjónustu sína. Ríkið er einnig, eins og við þekkjum, alltaf að setja lög sem íþyngja fjárhag sveitarfélaganna og oft og tíðum er það gert án þess að það sé skoðað með hvaða hætti hægt sé að draga úr útgjöldum annars staðar eða auka tekjur þeirra.

Að mínu viti þurfum við að skoða hvernig tekjur sveitarfélaganna eru saman settar. Sveitarfélögin hafa einungis tekjur sem beint eru tengdar launatekjum og síðan fasteignaverðmæti í sveitarfélaginu. Ég held að sveitarfélögin þurfi breiðari tekjufót til að standa undir skyldum sínum og ég hefði áhuga á að heyra frá hæstv. fjmrh. hvort hann væri tilbúinn til að skoða það með jákvæðu hugarfari hvort sveitarfélögin í landinu fengju einhverja hlutdeild í veltutengdum sköttum eins og virðisaukaskatti því að ég held að það sé öllum ljóst sem skoða það í alvöru og skoða ástandið eins og það hefur þróast hjá sveitarfélögunum á undanförnum árum að núverandi tekjur standa einfaldlega ekki undir lögbundnum verkefnum eða grunnþjónustu sem sveitarfélögin eiga að sinna.

Stjórnsýslustigin í landinu eru tvö og það má ekki vera þannig til lengdar að annað þeirra sé of veikt til að sinna þeim skyldum sem á það eru lagðar.

[14:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga verður að ríkja trúnaður og agi. Sveitarfélögin verða að geta treyst því að við lagasetningu um réttindi og skyldur sveitarfélaga fylgi tekjustofnar, með öðrum orðum ákveðinn heimanmundur sem dugi fyrir þeim verkefnum sem sett eru á sveitarfélögin. Það hefur tekist í mjög mörgum tilfellum en þó mætti betur fara í öðrum. Ég nefni t.d. mjög kostnaðarsaman umhverfisþátt hjá sveitarfélögum, fráveitumálin. Þar er farið eftir mjög ströngum EES-reglum sem reynist mjög mörgum sveitarfélögum afar erfitt. Holræsagjöld standa hvergi nærri undir þessum útgjaldaþætti sveitarfélaganna.

Ég nefni annan málaflokk sem tengist mjög oft litlum sveitarfélögum, þ.e. eyðingu minks og refs. Ég veit þó að unnið er að lausn á þessum málum og menn eru að ná sátt um þau en eins og þetta er í augnablikinu greiða sveitarfélögin um það bil 60% af þessum kostnaði á móti þeim 40% sem lenda á ríkinu. Þetta á líka við um húsaleigubætur. Þar er ákveðin óeining á milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins. Þar er skiptingin 40/60, þ.e. 60% koma frá jöfnunarsjóði en 40% frá ríkinu, þannig að það er nauðsynlegt að skoða þessi mál. Ég veit að í gangi eru nefndir til að skoða þau, þ.e. tekjujöfnunarnefnd og nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Mjög margt gott hefur gerst í þessum efnum en það er alveg nauðsynlegt að agi ríki og trúnaður á milli þessara aðila. Það hefur verið gott samstarf ríkisstjórnarinnar við Samband íslenskra sveitarfélaga og ég veit að menn eru að skoða þessi mál af fullum heilindum og munu ná sáttum að lokum.

[14:35]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er verið að hreyfa við mjög mikilsverðu máli, þ.e. fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ef vel á að vera þarf að vera jafnvægi á milli tekna og gjalda sveitarfélaga.

Nú er það svo að ríkið ákvarðar að miklu leyti heimildir sem sveitarfélög hafa til að afla sér tekna og að sama skapi leggja löggjafinn og framkvæmdarvaldið á herðar sveitarfélaganna verkefni og skyldur sem kalla á útgjöld. Ég tel það einfaldlega nútímalega stjórnsýslu að meta hvort kostnaður sveitarfélaga eykst eða minnkar, og hversu mikið þá, við breytingar á lögum og reglugerðum. Í raun er annað óábyrgt, að gera auknar kröfur um kostnað án þess að gera minnstu tilraun til að meta áhrif þeirra á fjárhag sveitarfélaganna.

Ég var staddur fyrir skömmu á opnum borgarafundi á Sauðárkróki með fulltrúum sveitarfélagsins en þar kom fram að tilfærsla grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið miklu kostnaðarsamari en hinir miklu fjármunir sem fylgdu verkefninu hljóðuðu upp á. Hvað varðar fullyrðingar hæstv. ráðherra áðan í umræðunni um að ríflegir fjármunir hefðu fylgt verkefninu rímar það ekki við það sem fulltrúi hans flokks fór með, þær tölur sem hann fór með á þeim fundi. Það væri mjög áhugavert að fá að heyra hér hjá hæstv. ráðherra til hvaða athugana hann er að vísa. Að tala um niðurlægjandi tal þegar verið er að ræða um þessi samskipti sveitarfélaganna — ég hefði talið miklu nær að taka þessa umræðu út frá jákvæðari sjónarhóli og leitast við að finna lausn á því hvernig við eigum að haga þessum samskiptum.

Eins og áður segir hafa ákvarðanir ríkisvaldsins einnig áhrif á tekjuhlið sveitarfélaganna en nýlega kom fram hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélög landsins hefðu orðið af einum milljarði í tekjum vegna gríðarlegrar fjölgunar einkahlutafélaga. Í framhaldi af þessari þróun vil ég spyrja hæstv. fjmrh. sem hefur verið ófeiminn við að hækka álögur á landsmenn, nú síðast var það þungaskatturinn, hvort hann hafi séð þetta tekjutap sveitarfélaganna fyrir og hvort hann hyggist bæta sveitarfélögunum það.

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að segja að mér finnst mjög miður að hæstv. félmrh., ráðherra málefna sveitarfélaganna, sem var í þingsalnum fyrir nokkrum mínútum við atkvæðagreiðslur skyldi þurfa að hverfa burt úr salnum þegar þessi umræða var að hefjast. (**Gripið fram í:** Rauk bara á dyr.) Þó

að umræðunni sé að sönnu beint til fjmrh. hefði verið æskilegt að ráðherra málefna sveitarstjórna hefði a.m.k. setið hér, fylgst með umræðunni og sýnt málaflokknum þá virðingu.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að halda ræður af því tagi sem hann gerði áðan. Þeir sem þekkja til málefna sveitarfélaganna í landinu og vita hvernig afkoma þeirra hefur þróast undanfarin ár falla ekki fyrir talnameðferð af því tagi sem hæstv. fjmrh. var með, að nefna tölur um aukningu á tekjuhlið sveitarfélaganna. Það verður að horfa á gjaldahliðina líka, hæstv. fjmrh. — ætti ekki að þurfa að segja ráðherranum það — og það verður að horfa á afkomuna. Hvernig hefur hún verið öll þessi ár sem ráðherrann nefndi, frá 1998 til og með árinu í ár? Vaxandi skuldir á hverju einasta ári. Sveitarfélögin í landinu í heild sinni gerðu upp með halla, og skuldir þeirra aukast ár frá ári. Það hefur að vísu heldur dregið úr skuldaaukningunni á árunum 2001 og 2002 en það sígur sennilega á ógæfuhliðina á nýjan leik nú. Svona er staðan og þetta verða menn að horfast í augu við. Síðan er sett af stað ferli af því tagi sem nú er í gangi og einhver tekjustofnanefnd, skipuð nefnd á nefnd ofan, en það kemur ekkert út úr þessu, aldrei. Hvenær á að koma eitthvað út úr þessu? Væri ekki nær að taka til í málefnum sveitarfélaganna fyrst og koma afkomu þeirra í lag áður en lagt er upp í nýjan leiðangur á einhverjum fljótandi forsendum um það að yfirtaka kannski mjög stóra og útgjaldafreka málaflokka sem munu taka meira til sín á komandi árum vegna breyttrar aldurssamsetningar í samfélaginu, þ.e. heilbrigðismál og umönnun aldraðra? Ég segi bara að þeir eru kjarkmiklir, þeir forustumenn sveitarfélaganna í landinu sem í ljósi reynslunnar og í ljósi samskipta við stjórnvöld leggja í einn leiðangur enn af þessu tagi á fljótandi forsendum um hina tekjulegu undirstöðu. Ekki þola sveitarfélögin í landinu mörg ár, hvað þá áratugi, með áframhaldandi skuldasöfnun. Svo mikið er víst.

[14:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Eðli málsins samkvæmt er stöðugt samráð á milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg samskipti. Þau samskipti hafa gengið alveg ágætlega og eru í góðum farvegi. Ég mótmæli því að út úr þeim nefndum og ráðum sem hafa verið starfandi á undanförnum árum hafi ekkert komið. Ég nefni tekjustofnanefnd og jöfnunarsjóðsnefnd þaðan sem einmitt komu tillögur um aukna tekjustofna til handa sveitarfélögunum.

Hæstv. forseti. Sú stefna hefur verið mörkuð á undanförnum árum að aðskilja eins og hægt er tekjuöflun hvors stjórnsýslustigs fyrir sig og í öllu falli að skýra línurnar sem best þar sem um sameiginlega tekjuöflun er að ræða. Þar nefni ég sérstaklega Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú er, eins og hér hefur komið fram, starfandi nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga en starf hennar miðar m.a. að því að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaganna. Hugsunin er þá sú að efla og treysta sveitarstjórnarstigið. Við hljótum að álykta sem svo að nærþjónustuverkefni við íbúana séu best komin hjá því stjórnsýslustigi sem stendur þeim næst. Við getum nefnt málefni fatlaðra og öldrunarþjónustu sem fellur einnig mjög vel að félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samhliða þessari nefnd starfar tekjustofnanefnd og sameiningarnefnd. Ýmis álitamál hafa komið upp og verið í umræðunni að undanförnu sem tekjustofnanefndin mun leitast við að ná niðurstöðu í. Aðalatriðið varðandi þessi fjárhagslegu samskipti ríkis og sveitarfélaga nú er að þau eru í góðum farvegi og að um stöðugt samráð er að ræða sem á sér stað í gegnum starfs- og stefnumótunarnefndir og einnig beint samráð forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar.

[14:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér undir ræðu hæstv. fjmrh. hvernig þeim liði, flokksbræðrum hans og -systrum í þessum sal og raunar úti um land allt, þegar hæstv. ráðherra hefur þvílík endaskipti á hlutunum að furðu sætir. Hann hélt því fram, horfði í augun á okkur og sagði sveitarfélögin yfirleitt alsæl með sitt, að sveitarfélögin hefðu sannarlega grætt peninga á tilfærslu grunnskólans forðum daga yfir til sín. Ég hugsaði mitt og velti því fyrir mér hvernig mönnum á borð við hv. þm. Gunnar Birgisson, formann bæjarráðs í Kópavogi, liði eða hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, sveitarstjóra á Flúðum, hv. þm. Guðlaugi Þ. Þórðarsyni og Drífu Hjartardóttur, hvort þau hafi sömu sögu að segja, hvort þau deili þessari reynslu með hæstv. fjmrh. Ég veit að þau gera það ekki þannig að hæstv. ráðherra hafði fullkomin endaskipti á hlutum.

Það er enginn að halda því fram að sveitarfélögin séu að leika einhver fórnarlömb eða þurfalinga, eins og hæstv. ráðherra lýsti því svo smekklega. Þvert á móti. Þau vilja yfirleitt, burt séð frá því hver ræður þar ríkjum í meiri hluta hverju sinni, standa ákveðið og fast á eigin fótum. Þau hafa ekki haft tök á því og ég rifja það upp að fyrir einum þremur árum var þáverandi tekjustofnanefnd á vettvangi og skilaði afurðum sínum hingað inn í þennan sal. Ég sat í þeirri nefnd, ég sagði þá og segi enn og aftur: Það var lítils háttar plástrun sem þá átti sér stað. Ég lýsti því þá og segi enn og aftur: Það stefndi í það ástand sem nú blasir við okkur.

Og enn er nefnd að störfum.

Það þarf að komast að kjarna þessa máls. Hér hafa menn vakið athygli á því að Alþingi Íslendinga setur sveitarfélögunum lagaramma sem þarf að uppfylla. Fráveitumál hafa verið nefnd. Hvernig eru skuldaskil í þeim efnum? Ríkissjóður græðir á því meira en nemur framlagi, þ.e. virðisaukinn af framkvæmdunum vegna fráveitumála sem er upp á 16 milljarða kr. skilar peningum í ríkissjóð en ekki á hinn veginn. Hér þarf að taka á málum með vitrænum og heildrænum hætti, eins og hv. framsögumaður þessarar umræðu segir stundum.

[14:45]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að traust ríki í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Núverandi hæstv. félmrh. og fjmrh. hafa kappkostað að hafa sem best samskipti við sveitarfélögin í landinu og segja má að samskipti ríkis og sveitarfélaga frá árinu 1995 hafi verið með miklum ágætum. Mörg verkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna á umliðnum árum og okkur ber að halda áfram á þeirri braut að flytja verkefni yfir til sveitarfélaganna. Jafnframt verðum við að hafa í huga að fjármunir þurfa að fylgja þeim verkefnum sem sveitarfélögin taka yfir.

Hins vegar deili ég þeirri skoðun með mörgum alþingismönnum og sveitarstjórnarmönnum að eðlilegt sé að sveitarfélögin komi að kostnaðarmati við þau lagafrumvörp sem afgreidd eru á Alþingi og sveitarfélögin varða. Það er staðreynd að mörg þau frv. sem héðan eru afgreidd hafa bein áhrif á kostnað sveitarfélaga. Ég fagna því frumkvæði sem

núverandi ríkisstjórn sýndi með því að nú koma sveitarfélögin að kostnaðarumsögn frv. sem koma frá félmrn. og umhvrn. Ég tel að við eigum að ganga lengra í þessum efnum þannig að sveitarfélögin hafi aðkomu að frv. allra ráðuneyta, frv. sem hafa bein áhrif á fjárhag viðkomandi sveitarfélaga. Ég tel að fullkomið traust í samskiptum ríkis og sveitarfélaga muni ekki ríkja fyrr en við komum á þeirri skipan mála.

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. var að lýsa boði um samstarf til handa stjórnarandstöðunni. Félmrn. skipaði nefnd sl. haust til að undirbúa og leggja fram tillögur um breytta skipan á verkaskiptingu sveitarfélaga. Þingflokkur Frjálsl. taldi mjög mikilvægt að fá að taka þátt í þeirri undirbúningsvinnu og breyttri skipan sveitarfélaganna og að allir þingflokkar fengju að koma þar að með viðhorf sín og í samstarfi á jafnréttisgrundvelli, m.a. með atkvæðisrétti fyrir fulltrúa sinn. Þessu var hafnað af félmrn. og það er kannski þess vegna sem hæstv. félmrh. tók á sprett og rauk á dyr þegar farið var að ræða þessi mál af því að hann hefur átt von á að við kæmum eitthvað inn á þetta.

Það er einfaldlega þannig að Vinstri grænir og Frjálsl. eiga ekki aðild að nefndinni. Þeim var ekki boðið það á jafnréttisgrundvelli og við teljum að það sé óvirðing við flokka sem starfa á hv. Alþingi og óvirðing við kjósendur okkar. Ég fagna því þess vegna ef til stendur að stofna til nýs samstarfsvettvangs sem hæstv. fjmrh. var að opna fyrir áðan og tek því fegins hendi og það liggur fyrir samþykki mitt að starfa í þeim hópi ásamt fulltrúa ráðuneytisins.

[14:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er ágæt og sjálfsagt að taka hana. Formaður Vinstri grænna fór mikinn og snupraði ráðherra fyrir að vera ekki í salnum en ég sé hvergi formann Vinstri grænna hér, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Það þykir mér nokkuð athyglisvert. Ég veit ekki hvort það teljist að vera sjálfum sér samkvæmur á vinstri væng íslenskra stjórnmála en það telst ekki að vera sjálfum sér samkvæmur annars staðar.

Ég held að það skipti máli að menn tali um hlutina eins og þeir eru og það liggur fyrir að fjárhagsleg samskipti milli ríkis og sveitarfélaga hafa verið í góðum farvegi. Það sem er ekki áberandi og menn hafa ekki talað um er að 2.500 millj. kr. hefur verið varið umfram heimildir og lögboðnar skyldur ríkisvaldsins frá árinu 1999 frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Ef við tölum um yfirfærslu grunnskólanna þá liggja fyrir skýrslur, hv. þm. Sigurjón Þórðarson og hv. þingmenn Samf., t.d. frá KPMG (Gripið fram í.) þar sem þetta er tekið út og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson skyldi kynna sér slíka skýrslu og tala síðan um málið.

Af því að hér er rætt um borgarmálin vil ég nota tækifærið og hvetja aðila í þessum þingsal, jafnt vinstri menn sem hægri menn, til að skoða hvað hefur gerst í valdatíma vinstri manna á síðustu tíu árum í Reykjavíkurborg, öflugasta sveitarfélaginu. Skuldirnar hafa aukist um 100 þús. kr. á íbúa og í 1 millj. kr. um næstu áramót ef fram fer sem horfir, þrátt fyrir mesta góðæri íslensku þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Ef menn ætla að vera sjálfum sér samkvæmir og hafa áhyggjur af fjármálum sveitarfélaga ættu þeir að ganga og tala við sitt fólk í Ráðhúsi Reykjavíkur og kenna þeim ábyrgð í fjármálum. Það er skref númer eitt, virðulegi forseti.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil minna hv. þm. á að beina orðum sínum að forseta og fundinum en ekki einstaka þingmönnum.)

[14:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Heldur voru svör hæstv. fjmrh. rýr og innlegg hans í umræðuna fátæklegt en þó var þar eitt. Hann taldi að sveitarfélögin hefðu næga tekjustofna til þess að standa undir þeim verkefnum sem þau hefðu. Ég held að með yfirlýsingu í þessa veru sé hann í raun að setja það starf sem er í gangi um eflingu sveitarstjórnarstigsins í uppnám því Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lagt fram kröfu í tekjustofnanefndinni að það verði fyrst tekið á vanda dagsins í dag og hann jafnaður áður en farið er að tala um fleiri verkefni.

Ég vil líka minna hæstv. ráðherra og reyndar hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson á að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem einnig er oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg (**Gripið fram í:** Flokksbróðir hans.) og flokksbróðir hans, hefur allt aðra skoðun á þessu máli en borgarfulltrúinn. (**GÞÞ:** Það er ekki rétt.) Hann segir í viðtali við Morgunblaðið 8. apríl 2004 einmitt í tilefni þess að fjmrh. hefur í gegnum skattalagabreytingar átt hluta að því að sveitarfélögin tapa núna á milli 800 og 1.000 millj. kr. á ári vegna færslu úr einkarekstri yfir í einkahlutafélög. Hann segir um nefnd ríkis og sveitarfélaga, sem fer yfir tekjustofna sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Vonast er til að nefndin skili tillögum í haust. Burt séð frá því hvort ný verkefni verði flutt til sveitarfélaganna er það algjörlega ljóst í mínum huga að það verður að styrkja tekjustofna sveitarfélaga. Það væri hreint ábyrgðarleysi af hálfu löggjafarvaldsins ef það yrði ekki gert með einum eða öðrum hætti," segir oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Það væri fullkominn blekkingaleikur ef haldið er áfram að blekkja sveitarfélögin með eflingu sveitarstjórnarstigsins ef sá tekjuójöfnuður sem þau búa við er ekki jafnaður nú þegar.

[14:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það liggur fyrir að afkoma sveitarfélaganna fer batnandi, kemur m.a. fram í nýjasta hefti Sveitarstjórnarmála sem gefið er úr af Samtökum sveitarfélaga. Ég hafði ekki tíma til þess að svara því áðan hvernig kostnaðarmati á lögum og reglugerðum væri háttað. Það kom fram í máli hv. þm. Birkis J. Jónssonar að málið er komið á rekspöl og það liggur fyrir samkomulag við sveitarfélögin um að tvö ráðuneyti, félmrn. og umhvrn., taki að sér að meta kostnað sveitarfélaga af lögum og reglugerðum á vegum þessara ráðuneyta. En það er auðvitað eðlilegast að hvert ráðuneyti fyrir sig meti þessi mál frekar en það sé gert af fjmrn. eins og hv. málshefjandi spurði um.

Það hefur ýmislegt komið fram í þessum umræðum. Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði hvort það væri eðlilegt að sveitarfélögin fengju aukinn þátt í veltutengdum sköttum. Ég tel að það væri óráð. Ég tel að það sé ekki rétt að velta áhættunni af sveiflum í tekjumynduninni í þjóðfélaginu með þeim hætti yfir á sveitarfélögin. Ég held að þau verði að hafa sléttari sjó og öruggari grundvöll undir tekjumyndun sína en veltuskattarnir eru.

Við höfum gert ýmislegt fyrir sveitarfélögin á undanförnum árum með sértækum hætti eins og kunnugt er. Eru menn búnir að gleyma átökunum á síðasta kjörtímabili um Orkubú

Vestfjarða, um að sveitarfélögin seldu ríkinu Orkubú Vestfjarða til þess að styrkja sinn eigin fjárhag. Það var aðgerð sem var miðuð gagngert að því að hjálpa sveitarfélögum á Vestfjörðum til að efla fjárhag sinn. Það var ekki vegna þess að ríkið hefði einhverja sérstaka þörf fyrir að eignast Orkubúið. Er hv. þm. Jón Bjarnason búinn að gleyma því hvernig hann brást við í því máli og barðist gegn því með kjafti og öllum klóm sínum alveg eins og hann lifandi gat. (**JBjarn:** Já, og geri það áfram.) Er hv. þm. búinn að gleyma því? (**JBjarn:** Nei, og mun taka slaginn áfram.)

[14:55]

Útbýting þingskjals:

Vátryggingarsamningar, 204. mál, þskj. 1358.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 880. mál (lyfjaverð og greiðsluþátttaka almannatrygginga). — Þskj. 1338.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Helsta breytingin sem frv. felur í sér varðar ákvörðun lyfjaverðs og greiðsluþátttöku almannatrygginga. Síaukinn lyfjakostnaður landsmanna hefur beint sjónum manna að því skipulagi sem hér er við lýði samkvæmt gildandi lögum. Lyfjaverðsnefnd ákveður hámarksverð lyfja en greiðsluþátttökunefnd ákveður greiðsluþátttöku almannatrygginga í nýjum lyfjum. Bent hefur verið á að þessar nefndir séu ekki nægilega tengdar hvor annarri og nokkuð skorti á samræmingu í störfum þeirra. Því er lagt til að umræddar nefndir verði sameinaðar í eina nefnd, svokallaða lyfjagreiðslunefnd. Markmiðið með þessum breytingum er að sameina verkefni og fækka aðilum sem fjalla um verðákvarðanir lyfja og auka með því samhæfingu þeirra og skilvirkni með það fyrir augum að betri heildaryfirsýn fáist í þessum málaflokki.

Ákvæði 9.–12. gr. frv. eru byggð á ákvæðum núgildandi laga sem fjalla um hlutverk og skipan lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar. Þær breytingar felast þó í frv. að lyfjagreiðslunefnd er ætlað að fjalla um greiðsluþátttöku í öllum lyfjum en ekki eingöngu í lyfjum með nýjum virkum innihaldsefnum sem ekki hafa verið á markaði áður eins og greiðsluþátttökunefnd gerir í dag. Þá er nefndinni ætlað það nýja hlutverk að fjalla um svokallað greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar miða greiðsluþátttöku sína við. Þá er lagt til að ráðherra geti með reglugerð kveðið á um að verðákvarðanir nefndarinnar skuli byggðar á verði í tilteknum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsmaður lyfjaverðsnefndar og starfsmaður greiðsluþátttökunefndar verði starfsmenn hinnar nýju lyfjagreiðslunefndar og að það fé sem nú er varið til greiðslu nefndarlauna í nefndunum tveimur verði nýtt í starfsemi hinnar nýju nefndar. Auk þess er talið nauðsynlegt að styrkja starfsemi nefndarinnar enn frekar með því að bæta við einum starfsmanni og er gert ráð fyrir að veitt verði aukið fé til nefndarinnar í þeim tilgangi.

Aðrar breytingar sem frv. felur í sér eru m.a. þær að í 2. gr. frv. er að finna gjaldtökuheimild fyrir Lyfjastofnun vegna mats á stöðluðum forskriftum og í 5. gr. frv. er að finna nýmæli sem felur í sér heimild til Lyfjastofnunar á grundvelli heilbrigðissjónarmiða til að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem hefur verið afskráð.

Í ræðu minni hef ég farið yfir helstu efnisþætti frv. laga til breytinga á lyfjalögum og markmið með þeim breytingum. Veigamesta breytingin felst í sameiningu lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar í eina nefnd, lyfjagreiðslunefnd. Hin nýja nefnd mun fjalla um verð allra lyfseðilsskyldra lyfja, greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og greiðsluþátttökuverð.

Ég bind miklar vonir við að þessi ráðstöfun verði til þess að meiri skilvirkni og betri yfirsýn náist í þessum málaflokki.

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun gaf nýlega út merka skýrslu um lyfjamál þar sem m.a. er komist að þeirri niðurstöðu að lyfjakostnaður á hvern landsmann hér á landi sé um 46% hærri að meðaltali en í Danmörku og Noregi. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að ef lyfjakostnaður hérlendis yrði hlutfallslega sá sami og í Danmörku og Noregi hefði hann lækkað um 4,4 milljarða kr. árið 2003. Í skýrslunni er að finna margar ábendingar sem sumar hafa verið til athugunar í ráðuneytinu eða komið til framkvæmda eins og menn hafa orðið varir við undanfarna daga og aðrar ábendingar sem munu án efa koma til álita við heildarendurskoðun málaflokksins sem ætlunin er að ráðast í á næstu mánuðum og missirum.

Þær aðgerðir sem ég hef þegar kynnt til að ná fram 450 millj. kr. sparnaðarkröfu fjárlaga í lyfjaútgjöldum TR felast í stórum dráttum í tvennu:

1. Almennri verðlækkun lyfja sem kemur bæði almenningi og hinu opinbera til góða.

2. Aðgerðum sem beina vali lyfja í þremur kostnaðarsömustu lyfjaflokkunum í hagkvæmari lyf af jafngildum en þó miðstýrðum kostum.

Auðvitað hefði verið hægt að fara þá leið að lækka lyfjakostnað ríkisins og auka um leið hlut sjúklings. Það gerum við ekki með þessum aðgerðum. Ætlum við að tryggja að sjúklingar eigi alltaf kost á lyfi sem hækkar ekki. Í þeim undantekningartilvikum þar sem sjúklingur á erfitt með að nota einstök lyf, t.d. vegna ofnæmis, getur læknir viðkomandi einstaklings sótt um undanþágu frá viðmiðunarverði með læknisfræðilegum rökstuðningi.

Ég tek það fram að Lyfjastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og síðast en ekki síst landlæknir, allir þessir aðilar telja að þessi aðgerð sé faglega verjandi fyrir sjúklinginn. Það ber að hugsa um velferð sjúklingsins en ekki lyfjafyrirtækjanna. Öll sú ráðgjöf sem ég hef fengið á undanförnum mánuðum hefur verið á faglegum forsendum þar sem það hefur verið haft að leiðarljósi að ná niður lyfjakostnaði landsmanna án þess að auka kostnaðarhlutdeild sjúklingsins.

Eitt af því sem Ríkisendurskoðun bendir á í skýrslu sinni er, með leyfi forseta:

„Að endurmeta þurfi hlutverk þeirra opinberu aðila sem stjórna og hafa eftirlit með lyfjamálum með það fyrir augum að færa verkefni á færri hendur."

Sameining lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar má líta á sem fyrsta skref í að einfalda og styrkja stjórnsýslu þessa málaflokks. Ég tel mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trmn. og til 2. umr.

[15:01]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mörg atriði í frv. hæstv. ráðherra vekja athygli og það eiga örugglega eftir að verða talsverðar umræður um þau og hvort þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir komi til með að lækka lyfjaverð til neytenda eða ekki, þó ég þykist fullviss um að hæstv. ráðherra sé með það í huga. Ég hef lesið frv. með athygli og einnig hlustað á framsöguræðuna en ég get ómögulega áttað mig á einu atriði og það eru ákvæði um samhliða innflutning lyfja.

Það er yfirlýst í frv. að auka beri samhliða innflutning lyfja og vænta megi að þannig náist lyfjaverð niður. Þeir sem standa í samhliða innflutningi í dag telja hins vegar að ef frv. verður að lögum muni nánast verða ókleift að stunda samhliða innflutning þeirra lyfja sem þó er verið að flytja inn í dag og alls ekki verði um neina aukningu að ræða og innflytjendur tala um að frv. sé hreinlega sett til höfuðs þessum innflutningi. Því er ekki óeðlilegt að spurt sé hvað snýr upp og hvað niður í málinu, sérstaklega eftir að ég sá að í Morgunblaðinu í gær var haft eftir yfirlyfjafræðingi heilbr.- og trmrn. að hugsanlegt sé að svigrúmið muni minnka varðandi samhliða innflutt lyf ef frv. yrði óbreytt að lögum. Mér leikur því forvitni á að vita hvernig minnkað svigrúm til innflutnings, eins og fram kemur í máli yfirlyfjafræðings heilbr.- og trmrn., á samhliða innfluttum lyfjum á að auka innflutning þeirra og lækka verð? Ég fæ þetta, frú forseti, alls ekki til að passa saman.

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hlýtur að vera um misskilning að ræða því að frv. á að greiða fyrir samhliða innflutningi lyfja og m.a. er kveðið á um það í frv. að Lyfjastofnun geti sótt um markaðsleyfi á lýðheilsuforsendum fyrir lyf og greitt þar með fyrir innflutningi lyfja. Það er því markmið frv. að leita leiða til sparnaðar og lækkunar lyfjakostnaðar. Það er meginþemað í frv.

[15:04]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Lítið bar á svörum hjá hæstv. heilbrrh. og tel ég mig því knúinn til að fara aðeins yfir þetta aftur.

10. gr. frv. gerir ráð fyrir að tekið sé mið af lægsta verði, ef ég man rétt, lyfjanna í því landi sem á að flytja þau inn frá. Í viðtali við áðurnefndan Einar Magnússon, yfirlyfjafræðing heilbr.- og trmrn., í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í gær segir hann, með leyfi forseta að: „hugsunin í frumvarpinu sé ekki sú að koma í veg fyrir samhliða innflutning lyfja. Hann segir að það hafi vakið athygli að þeir sem stundi samhliða innflutning lyfja hafi sótt um sama verð og er á þeim lyfjum sem eru fyrir, þó svo að lyfin komi frá ódýrari mörkuðum."

Síðar í sömu grein segir hann að: „Hugsanlegt sé að svigrúmið muni því minnka varðandi samhliða innflutt lyf."

Þar sem yfirlýst markmið frv. er að liðka fyrir samhliða innflutningi lyfja frá löndum þar sem lyfjaverð er lægra en okkur býðst á Íslandi hlýtur maður að velta því fyrir sér í fullri alvöru þegar yfirlyfjafræðingur heilbr.- og trmrn. segir að það geti samt verið að það sem standi í frv. verði til þess að minnka svigrúmið til að flytja inn samhliða lyf frá því sem nú er. Þarna er talað í suður og farið í norður, ef þetta er rétt, og því ekki óeðlilegt að spurt sé hvernig standi á þessu.

[15:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um að ræða ákvæði í frv. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar um samhliða innflutt lyf er að ræða skal lyfjagreiðslunefnd hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu við verðákvörðun sína."

Ég þykist vita að hv. þm. vilji túlka þetta svo að þetta sé ekki hvati til innflutnings. En ég hlýt að túlka það þannig að innflutningsaðilar hafi vilja til að flytja inn ódýr lyf. Ég hlýt að höfða til þess og túlka það svo að markmið lyfjainnflytjanda sé að lækka lyfjareikning landsmanna. Þeir hljóti að hafa hvata til þess að standa í samkeppni og selja ódýr lyf. Það er mergurinn málsins í frv.

[15:08]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Það er gríðarlega mikilvægt að ná niður lyfjakostnaði hér á landi og það ætti að vera forgangsmál okkar allra, sérstaklega okkar þingmannanna. Lyfjakostnaður landsmanna er núna um 14 milljarðar kr. á hverju ári en þar af eru um 9,5 milljarðar kr. hlutur ríkisins og því er hlutur einstaklinga um 4,5 milljarðar kr. Lyfjakostnaður á hverjum virkum degi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er um 6,5 millj. kr. Eins og tölurnar sýna eru gríðarlegir hagsmunir í húfi og um gríðarlegar tölur að ræða.

Það sem er hins vegar einnig alvarlegt í þessum tölum er m.a. að vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar hefur þessum aukna kostnaði verið velt á landsmenn. Samkvæmt Síriti Samtaka verslunarinnar hefur hlutfallið sem sjúklingur greiðir fyrir umfram gólf og upp að þaki hækkað frá 1996–2002 úr 16% í 65% fyrir almenna neytendur og úr 8% í 50% fyrir lífeyrisþega sem borga fyrir lyf sem notuð eru við langvinnum sjúkdómum. Við sjáum að þetta er gríðarleg hækkun sem skýrist eingöngu af ákvörðun stjórnvalda, en þetta er svo sem í samræmi við aukna kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu sem er annað áhyggjuefni.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar er lyfjakostnaður á hvern landsmann um 46% hærri en það sem gerist t.d. í Noregi og Danmörku. Ef lyfjakostnaður væri svipaður í Danmörku og Noregi væri hann um það bil 4,4 milljörðum kr. lægri, en til samanburðar mætti reka Háskóla Íslands fyrir þá upphæð. Hið opinbera verður því að finna einhverjar leiðir til að ná lyfjakostnaði niður, en þó ekki einungis vegna þess að lyfjakostnaður er hærri hér á landi en í samanburðarlöndum okkar á hvern landsmann heldur einnig vegna þess að lyf er ekki eins og hver önnur vara í augum fólks. Lyf er iðulega nauðsynjavara sem viðkomandi einstaklingur þarf einfaldlega á að halda.

Aukin lyfjanotkun á að sjálfsögðu sinn þátt í auknum lyfjakostnaði. Nú eru Íslendingar komnir upp fyrir Dani sem verður að teljast óvenjulegt í ljósi þess að íslenska þjóðin er tiltölulega ung og talsvert yngri en danska þjóðin. Aukin notkun á geð- og þunglyndislyfjum á sinn þátt í þróuninni en það er spurning hvort ákveðnar kerfisbundnar ástæður eigi ekki sinn þátt í því. Ég vil endilega koma þeirri hvatningu á framfæri við hæstv. heilbrrh. að hann tryggi fjármagn til Tryggingastofnunar til að semja t.d. við sálfræðinga. Ég held að það væri stórt skref til að minnka lyfjakostnað. Hugsanlega eru læknar, sem fólk leitar t.d. til í þunglyndi, gjarnari að ávísa lyfjum á fólk en t.d. sálfræðingar sem taka fólk í langtímameðferð og kryfja kannski oft að rót vandans. Það má líka skoða aðrar leiðir eins og t.d. að auka iðjuþjálfun á

öldrunarstofnunum. Svo eru lærðar kenningar um að aukin hreyfing minnki þunglyndi. Í Danmörku þekkist það sums staðar að aukin hreyfing er bókstaflega sett á lyfseðla. Það virkar jákvætt á fólk.

Hins vegar eru að sjálfsögðu ýmsar leiðir til að lækka lyfjakostnað og má þar nefna t.d. lyfjalista sem mega alls ekki vera of víðtækir, klínískar leiðbeiningar sem menn fara eftir. Við þurfum að koma í veg fyrir lobbýisma lyfjaframleiðenda og lyfsala á lækna. Við þurfum að auka kostnaðarvitund læknanna, t.d. með markvissri kennslu í læknisnáminu hérlendis. Við þurfum hugsanlega að skoða leiðir til að liðka fyrir undanþágum á merkingum á lyfjum sem fara einungis inn á stofnanir og eru meðhöndluð af sérfræðingum og af fagfólki. Hugsanlega mætti lækka virðisaukaskatt á lyfjum en til samanburðar er enginn virðisaukaskattur í Svíþjóð á lyfseðilsskyldum lyfjum og sömuleiðis í Bretlandi. En samkvæmt svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn frá hv. þm. Samf., Jóni Kr. Óskarssyni, eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum um 780 millj. kr. fyrir árið 2002 en við lækkun vasksins í 14% úr 24,5% mundu áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskattinum af lyfjum lækka um 330 millj. kr. Færi þrepið hins vegar alla leið niður í 7% mundu áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum lækka um 560 millj. kr. Í ljósi þess að þetta eru ekki afskaplega háar tölur ef við skoðum ríkissjóð held ég að hæstv. heilbrrh. ætti að skoða þessa leið sem hefur eins og ég segi verið farin í öðrum löndum.

Síðan eru mýmargar aðrar leiðir sem má t.d. finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar en hins vegar þarf að gæta að því að þær leiðir sem við förum til að lækka lyfjakostnað auki ekki álögur á þá sem minna mega sín, svo sem öryrkja og lífeyrisþega. Slík brýning á bæði við stjórnvöld, þ.e. hæstv. heilbrrh. og athafnir lyfjaverðsnefndar. Við þurfum því að vera mjög vakandi yfir þeim ákvörðunum sem sú nefnd mun taka, ég tala ekki um að ef frv. verður að veruleika mun lyfjagreiðslunefnd hafa gríðarleg völd, en samkvæmt frv. munu ákvarðanir lyfjagreiðslunefndar ekki vera kæranlegar.

Frumvarp hæstv. heilbrrh. lýtur í raun og veru ekki að neinum marktækum leiðum til að lækka lyfjakostnaðinn. Hins vegar er minnst á tvö atriði í frv. sem mig langar aðeins að koma inn á. Það eru samheitalyfin og svo samhliða innflutt lyf en það er almennt talað um að leiðir stjórnvalda til að lækka lyfjakostnaðinn geti m.a. falist í því að auka hlutdeild samheitalyfja en samheitalyf eru lyf sem hafa sama virka innihaldsefnið og upprunalyfið hefur. Hins vegar hafa menn litið á það sem leið stjórnvalda til að lækka lyfjakostnað, þ.e. að auka hlutdeild samhliða innfluttra lyfja sem eru í stuttu máli sagt nákvæmlega sömu lyfin og eru framleidd af sama frumlyfjaframleiðanda en eru flutt inn af öðrum en umboðsaðila. Í rauninni er hugmyndafræðin bak við samhliða innfluttu lyfin hluti af hugmyndafræði hins innri markaðar ESB sem við erum hluti af, sem betur fer, um hina frjálsu för vöru, þ.e. lyf sem er markaðssett í einu landi ESB og EES er selt í öðru landi. Hins vegar hefur hingað til verið frekar lítill samhliða innflutningur á lyfjum hér á landi og þess vegna þurfum við að skoða afskaplega vel þær leiðir sem við ættum að fara til að auka hann.

Lyfjaverðsnefnd telur sig núna vera að byrja að gera samheitalyfjamarkaðinn meira heillandi með aukinni álagningu á ný samheitalyf. Ég held að við verðum að sjá til hvernig til tekst en það er ágætt að hafa það í huga að Íslendingar hafa kunnað að nýta sér samheitalyfjamarkaðinn erlendis með mjög góðum árangri, t.d. Delta og nú Pharmaco sem er verðmætasta fyrirtæki landsins. Ég sé ekki af hverju við ættum ekki að geta virkjað samheitalyfjamarkaðinn mun meira hér á landi en raun ber vitni. Varðandi samhliða innfluttu lyfin verð ég að taka undir áhyggjur hv. þm. Jóns Gunnarssonar og ég verð að lýsa við 1. umr. örlitlum áhyggjum yfir hvernig frv. hæstv. heilbrrh. tekur á málefnum samhliða innfluttra lyfja, en í frv. er þó tekið fram að það er vonast til að samhliða innflutningur á lyfjum geti lækkað lyfjaverð og þar með lyfjakostnað. Hins vegar stendur í 3. mgr. 10. gr. frv., með leyfi forseta:

„Þegar um samhliða innflutt lyf er að ræða skal lyfjagreiðslunefnd hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu við verðákvörðun sína.“

Þetta ákvæði gæti hugsanlega dregið talsvert ef ekki að öllu leyti úr þeim ávinningi sem yrði ella af samhliða innflutningi, þ.e. ef við lítum á verð í útflutningslandinu. Hvatinn af þeirri starfsemi, af samhliða innfluttum lyfjum, er nú þegar bæði erfiður og gríðarlega áhættusamur en það er mikil óvissa um verð á samhliða innfluttum lyfjum og getur því innkaupsverðið frá útflutningslandinu verið margbreytilegt og óhagstætt fyrir íslenska innflytjendur eigi það að vera viðmiðunarverðið.

Í Svíþjóð hafa menn tæklað samhliða innfluttu lyfin með öðrum hætti en þar er tekið á verðmyndun þessara lyfja og þá gert ráð fyrir að verðmyndun byggist á því að tekið sé mið af verði sambærilegs lyfs í Svíþjóð þegar ákvörðun er tekin um verð samhliða innfluttra lyfja. Í Danmörku geta samhliða innflytjendur ákveðið útsöluverð á lyfjum sínum sjálfir. Þetta eru leiðir sem við þyrftum að hafa í huga því ég held að markmið okkar hljóti að vera að við þurfum að auka samhliða innflutt lyf og stækka þann markað. Í skýrslu ríkisendurskoðanda er bent á að takmörkuð samkeppni á heildsölumarkaði sé eitt af því sem heldur lyfjakostnaði hér á landi uppi og ég held að flestir geti verið sammála því. Ég held því að við þurfum að hafa þennan markað opinn og aðlaðandi og leyfa eiginleikum samkeppni að njóta sín, en markaður samhliða innfluttra lyfja er t.d. talsvert stærri í Danmörku en hérlendis. Því er hugsanlega betra að hafa svipaðar reglur og eru í Danmörku þar sem samhliða innflytjendur hafa af sjálfsdáðum skráð lyf á lægra verði en það sem hin opinberu verð frumlyfjaframleiðendanna eru skráð á. Þess vegna er viss hætta á því að frv. hæstv. heilbrrh. muni geta leitt til hækkunar á lyfjakostnaði en markmið okkar allra á þingi hlýtur að vera lækkun lyfjakostnaðar. En sé hins vegar ástæða heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. með þessu ákvæði í 3. mgr. 10. gr. frv. að koma í veg fyrir að Tryggingastofnun greiði hærra verð en það sem neytendur fá þá er það sérstakt vandamál sem ber að taka á, t.d. með því að auka samningskraft eða eftirlitsúrræði Tryggingastofnunar. Ég tel það tæpast vera rétt að taka ávinning íslenskra neytenda af samhliða innfluttum lyfjum vegna hugsanlega veikrar stöðu Tryggingastofnunar gagnvart lyfsölum.

Herra forseti. Það er annað sem mig langar aðeins að benda á í frv. en það eru ákvæði 4. mgr. 10. gr. frv. en þar segir m.a, með leyfi forseta:

„Lyfjagreiðslunefnd ákvarðar flokkun samheitalyfja og lyfja með sambærileg meðferðaráhrif til viðmiðunar greiðsluþátttökuverðs almannatrygginga.“

Það þarf að vera ljóst hvað meint er með orðunum sambærileg meðferðaráhrif. Lyf sem talin eru hafa sambærileg meðferðaráhrif þurfa ekki að öllu leyti að vera jafngild lækn-

isfræðilega en samt á að skipa þeim saman í flokk og lægsta verð innan þess flokks á svo að ráða greiðsluþátttöku almannatrygginga. Þá vakna spurningar hvort sjúklingar sem hafa lítið fjárhagslegt bolmagn muni lenda í því að þurfa að skipta út lyfi sínu en efnameiri sjúklingar geti látið eftir sér að nota þau lyf sem best henta. En samhliða því þarf einnig að hafa í huga þær meðferðir þar sem læknar þurfa að prófa nokkur mismunandi lyf á sjúklingum áður en fullnægjandi árangur sést af meðferðinni, en það á t.d. við um meðferð gigtarsjúkdóma.

Frú forseti. Þessir punktar mínir og áhyggjur af samhliða innfluttu lyfjunum og hin sambærilegu meðferðarúrræði verða annars betur skoðuð í meðförum heilbrn. og í kjölfar þeirra umsagna sem við í nefndinni munum væntanlega fá frá hagsmunaaðilum.

[15:20]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Helstu breytingarnar sem frv. sem við ræðum hér snerta eru breytingar á þeim tveimur nefndum sem verið er að steypa saman í eina en einnig eru hér ákvæði sem snerta ákvörðun lyfjaverðs og síðan greiðsluþátttöku almannatrygginga. Hvort tveggja eru þetta atriði sem skipta almenning og notendur lyfja mjög miklu máli.

Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að við þurfum að ná fram lækkun lyfjaverðs með öllum mögulegum leiðum frá því sem nú er en það er stór spurning í mínum huga hvort það sem lagt er til í frv. muni hjálpa til þess eða ekki.

Eins og við vitum eru tveir greiðendur lyfja á Íslandi, þ.e. notendur þeirra og Tryggingastofnun ríkisins þar sem ríkið hefur ákveðið að taka þátt í að greiða hluta lyfjaverðsins eða í einstökum tilvikum að greiða þau að fullu. Það skiptir því miklu máli fyrir sjúklinga hver greiðsluþátttaka ríkisins er og einnig vitum við að tíðkast hafa sérstakir afslættir á sjúklingahluta lyfjaverðs sem lyfjasmásalarnir eða apótekin hafa boðið upp á. Samkeppnin í smásölunni hefur því einkum snúist um að bjóða betur hvað snertir hluta sjúklinga í lyfjaverði. Sjúklingarnir hafa notið góðs af samkeppninni og sú samkeppni sem þarna kemur fram hefur orðið til þess að lækka lyfjareikning notendanna sjálfra. Það hefur aftur á móti í færri tilvikum gilt um hluta ríkisins og oft hefur heyrst frá fulltrúum þess að ótækt sé að stærsti greiðandi lyfja á landinu njóti þess í engu að vera magnkaupandi en allt svigrúm sé notað til að lækka hlut sjúklings. Ég hef í raun aldrei getað séð að það væri neitt sérstakt vandamál að sjúklingar nytu afsláttar frá lyfjasmásölum og talið að ríkið þyrfti að fara yfir sína hlið mála og breyta þá vinnubrögðum sínum og eftir atvikum lögum þannig að tryggt yrði eins og framast er unnt að heildarlyfjareikningur landsmanna yrði sem lægstur. Síðan gætu menn endalaust stælt eða rifist um hver hlutur ríkisins ætti að vera í endanlegu lyfjaverði og hvað væri eðlilegt að sjúklingarnir greiddu.

Eins og ég sagði áðan er sífellt verið að tala um að nauðsynlegt sé að spara í lyfjakostnaði og þar verða menn að ná að halda vöku sinni. Oft hafa komið fram tillögur og verið teknar ákvarðanir um með hvaða hætti lækka ætti þann kostnað en nánast jafnoft hafa slíkar tillögur ekki náð þeim yfirlýsta sparnaði sem ná átti og í stað þess að lyfjakostnaður minnki eykst hann verulega ár frá ári.

Mér er til efs, frú forseti, að þær breytingar sem hér eru lagðar til muni ná þeim markmiðum sem fram koma í greinargerð með frv. og mun fara yfir það eins og tími minn leyfir við 1. umr.

Frv. gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar lyfjagreiðslunefnd í stað lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar og hlutverk hinnar nýju nefndar verði víðtækara en hlutverk hinna tveggja til samans áður. Leiða má líkur að því að til bóta sé að sameina hlutverk tveggja fyrri nefndanna í eina nefnd þó ekki verði beinn sparnaður að því hvað varðar starfsemi nefndarinnar og frekar sé gert ráð fyrir auknum umsvifum en minni. Nýju nefndinni er ætlað að ákvarða hámarksverð lyfja en einnig svokallað greiðsluþátttökuverð en það er það verð sem greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins er miðuð við og ríkið greiðir þá ákveðið hlutfall af því verði. Það er ekki sjálfgefið að greiðsluþátttökuverðið sem Tryggingastofnun mun nota þegar reiknað verður út hve mikið almannatryggingar greiða í lyfinu verði hið sama og hámarksverð hvers lyfs. Þetta leiðir sjálfkrafa til svipaðs ástands að mínu viti og nú er í greiðsluþátttöku ríkisins í tannlækningum fyrir þá hópa sem njóta endurgreiðslu eða þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í tannlækningum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hvernig það kerfi virkar. Tryggingastofnun er með ákveðna gjaldskrá sem hún miðar endurgreiðsluna við og greiðir ákveðið hlutfall af viðmiðunargjaldskránni. Þessu má líkja við greiðsluþátttökuverðið sem talað er um í frv. En tannlæknar hafa aðra gjaldskrá sem gildir fyrir sjúklinginn og hún er yfirleitt mun hærri en viðmiðunargjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins. Þeirri gjaldskrá má líkja við hámarksverðið sem talað er um í frv. Það þýðir að sjúklingurinn nýtur alls ekki þess endurgreiðsluhlutfalls af heildartannlæknakostnaði eins og virðist við fyrstu sýn þegar endurgreiðslureglur Tryggingastofnunar ríkisins eru skoðaðar og hið sama gæti orðið upp á teningnum varðandi lyfin.

Nefndin verður skipuð fimm mönnum og á samkvæmt frv. að ákvarða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum, bæði í heildsölu og smásölu. Hún á að ákvarða hvort sjúkratryggingarnar taka þátt í greiðslu yfirleitt á lyfjum sem eru á markaði hér á landi. Hún á að ákvarða greiðsluþátttökuverðið, þ.e. eins og ég fór yfir áðan verðið sem almannatryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við, og hún skal ákvarða greiðsluþátttöku í lyfjum sem veitt hefur verið sérstök undanþága fyrir skv. 7. mgr. 7.gr.

Sú nefnd sem verið er að setja á laggirnar samkvæmt frv. verður því nánast einráð þegar kemur að verðlagningu lyfja og ekki síður þegar ákveðið er hvaða lyf njóta niðurgreiðslu ríkisins og hversu há sú niðurgreiðsla á að verða. Einnig er gert ráð fyrir í frv. að ekki verði málskotsréttur á því sem nefndin ákvarðar til ráðherra heldur verði menn eingöngu að fara með ákvarðanir hennar til dómstóla.

Í athugasemdum við lagafrv. kemur fram að frv. gerir ráð fyrir því að starfsmaður lyfjaverðsnefndar og starfsmaður greiðsluþátttökunefndar verði starfsmenn hinnar nýju lyfjagreiðslunefndar og að það fé sem nú er varið til greiðslu nefndarlauna í nefndunum tveimur verði nýtt í starfsemi hinnar nýju nefndar. Þetta kom einnig fram í framsögu hæstv. ráðherra en ég hef ómögulega getað fundið í frv. sjálfu, þrátt fyrir að hafa leitað talsvert, hvar tekið væri fram að ákveðnir starfsmenn fyrri nefnda ættu að verða starfsmenn hinnar nýju nefndar. Og eins og ég sagði hefur mér ekki tekist, þrátt fyrir talsvert ítarlega leit, að finna neitt í frumvarpstextanum sem styður þá fullyrðingu í athugasemdum við frv. og mér þætti reyndar óeðlilegt ef sett væru í lagatexta einhver ákvæði

sem hafa beint með einhverjar persónur að gera. Mér þykir líklegra að það sé ætlan ráðherrans að skipa málum með þessum hætti og það komi í raun lagatextanum ekkert við, eða mér hefur ekki tekist að finna þetta eingöngu vegna tímaskorts eða vanlestrar og þá væri gott ef hæstv. ráðherra vildi benda mér á það á eftir.

Það virðist einnig vera ætlan þeirra sem sömdu frv. að liðka fyrir samhliða innflutningi lyfja eins og ég fór yfir áðan í stuttum andsvörum mínum við ráðherra. Það er gott og göfugt markmið þar sem reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir svo að ekki verður um villst að aukinn samhliða innflutningur lyfja eykur samkeppni og lækkar raunverulega lyfjaverðið. Í 7. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að undangenginni útgáfu markaðsleyfis hér á landi. Með samhliða innfluttu lyfi er átt við sérlyf sem hefur markaðsleyfi í öðru landi, sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands, en viðkomandi lyf er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi."

Síðan segir í athugasemdum við 7. gr., með leyfi forseta:

„Í b-lið er framkvæmd samhliða innflutnings lyfja lýst nánar, en í núgildandi lögum." — Það er sem sagt verið að styrkja þessa heimild til samhliða innflutnings á lyfjum. — „Með samhliða innflutningi er svigrúm aukið til innflutnings sömu lyfja og á markaði eru en frá öðru og ódýrara markaðssvæði. Vonir eru bundnar við að samhliða innflutningur leiði til lægra innkaupsverðs og þar með lækkunar lyfjakostnaðar."

Ég minni á stutt andsvar mitt áðan við ræðu hæstv. heilbrrh., en ég held að þau svör sem þar komu fram sýni okkur að það er algerlega nauðsynlegt að skoða málið nánar og tryggja það að í raun verði svigrúm til samhliða innflutnings lyfja aukið en minnki ekki eins og hætta virðist vera á miðað við frumvarpstextann eins og hann er. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson fór yfir það áðan að í 10. gr. væri texti sem virtist koma að mestu leyti í veg fyrir að raunverulegur samhliða innflutningur lyfja verði að raunveruleika. Í athugasemdum við 10. gr. kemur fram eftirfarandi, varðandi samhliða innflutt lyf, með leyfi forseta:

„Við verðákvörðun samhliða innflutts lyfs skal nefndin hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu." — Þetta er það sem málið snýst um. — „Samhliða innflutt lyf eru oft flutt inn frá ódýrara markaðssvæði en sama lyf sem er á markaði, auk þess sem minni kröfur eru gerðar um gögn sem fylgja skulu umsókn um markaðsleyfi. Þá eru skráningargjöld lægri. Vonir eru því bundnar við að samhliða innflutningur lækki hámarksverð lyfja og þar með lyfjakostnað."

Það kemur aftur og aftur fram, bæði í frumvarpstextanum og eins í athugasemdunum, að þetta sé ætlan ráðuneytisins, að liðka fyrir auknum samhliða innflutningi lyfja. Það er nauðsynlegt fyrir hv. heilbr.- og trn. að skoða það atriði mjög gaumgæfilega. Ekki verður séð að samhliða innflutningur lyfja verði í raun gerlegur ef texti frv. verður að lögum.

Hvað er þessi samhliða innflutningur lyfja? Hvernig fer hann fram? Mér virðist kannski hnífurinn standa þar í kúnni að þeir sem settu niður lagatextann í frv. hafi ekki kynnt sér þennan innflutning eða hvernig hann fer fram nægjanlega til að setja saman texta sem tryggði þau markmið sem fram eru sett, að auka samhliða innflutning lyfja.

Hér hefur komið fram að inn yrðu flutt nákvæmlega sömu lyf og hér eru til sölu á markaðnum. Lyf sem viðkomandi framleiðandi markaðssetur í öðrum löndum, löndum sem flokkuð eru sem markaðssvæði sem getur greitt lægra verð en Ísland. Ísland er ekki eina landið sem greiðir hátt verð fyrir lyf og leitar leiða til þess að lækka lyfjakostnað. Önnur lönd, t.d. í Skandinavíu eins og nefnt var áðan og annars staðar í Norður-Evrópu, eru að leita leiða til að flytja þessi lyf inn samhliða frá markaðssvæðum sem búa við lægra verð. Það er því samkeppni um þessi lyf.

Heildsalar sem selja þessi lyf til annarra landa eru jafnframt að selja þessi lyf innan lands. Þar myndast þetta viðmiðunarverð sem lagatextinn gerir ráð fyrir. Heildsalar selja ekki lyf úr landi nema fyrir einhverja þóknun eins og í öðrum viðskiptum. Þar með er alveg ljóst í upphafi, þótt maður fari ekki dýpra í þetta, að verðið á Íslandi, á samhliða innfluttum lyfjum, verður alltaf hærra en verðið í markaðslandinu.

Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í 1. umr. til að fara nánar í gegnum þetta. Hins vegar eru mörg atriði varðandi framkvæmd samhliða innflutnings á lyfjum sem þarf að skoða. Ef 10. gr. stendur áfram eins og hún er þá mun hún takmarka möguleikana á að flytja þessi lyf samhliða inn. Eins og fram kom í andsvari mínu við ræðu hæstv. ráðherra áðan virðist það einnig vera skoðun yfirlyfjafræðings Tryggingastofnunar ríkisins.

Í 11. gr. er kveðið á um þá fresti sem ný lyfjagreiðslunefnd kemur til með að hafa til að svara erindum um hámarksverð og greiðsluþátttöku ríkisins. Ég furða mig á því hve rúm þau tímatakmörk eru. Það getur vel verið að vanþekking mín komi til en ég tel að þrír mánuðir til að svara erindi um hámarksverð á lyfi og allt upp í sex mánuðir til að segja til um greiðsluþátttöku almannatrygginga sé of rúmur og það þurfi ekki að taka svo langan tíma að afgreiða þessi erindi. Ég verð að fá glögg rök fyrir því síðar í umræðunni að svo langur frestur sé eðlilegur eigi ég að fallast á að allt upp í sex mánuðir til að taka ákvörðun um greiðsluþátttöku ríkisins í ákveðnu lyfi sé eðlilegur tími. Ég veit að þetta er að mestu óbreytt frá fyrri lögum og ekki verið að gera neina breytingu þar. En það þarf þó ekki að vera vottorð um að svo þurfi að vera um eilífan aldur, að svo langur tími megi líða þangað til erindum er svarað.

Að endingu vekur það athygli mína, frú forseti, að í umsögn fjmrn. um kostnaðaráhrif frv. er einungis drepið á kostnað við störf lyfjagreiðslunefndar. Fjmrn. reynir ekki á nokkurn hátt að vega og meta hvaða áhrif þetta frv., verði það að lögum, muni hafa á fjárhag ríkisins eða lyfjakostnað ríkisins. Getur verið að fjmrn. treysti sér ekki til þess að meta kostnaðaráhrif frv.? Gefur það ekki til kynna að kostnaðaráætlunin sé það óljós að skoða þurfi málið frekar?

Hæstv. ráðherra drap aðeins á hlut sjúklinga í lyfjaverði og nýjar reglur um það sem kynntar eru þessa dagana. Ég ætlaði í sjálfu sér ekki að fara mikið út í þá sálma við þessa umræðu. Ég held að þær breytingar sem lyfjaverðsnefnd, núverandi, leggur til séu kannski efni í allt aðrar og ítarlegri umræður. Við hljótum þó að velta því fyrir okkur þegar við sjáum fréttatilkynningu eins og frá Samtökum verslunar og þjónustu þar sem farið er í gegnum það að vilji sjúklingur halda sig eða þurfi að halda sig við ákveðin lyf sem hann hefur í dag, og muni samkvæmt læknisráði ekki komast á önnur lyf, muni kostnaðarhlutur hans aukast um allt að 600% eins og sumar töflur sýna. Við gerum okkur öll grein fyrir því að að sjálfsögðu eru lyfjaheildsalar og lyfjasmásalar að reyna að hafa áhrif á hvernig lög verði sett og hvernig reglur verði

settar til þess að þeirra hlutur rýrni ekki. Allir hljóta að gera sér grein fyrir því og lesa það sem kemur frá lyfjaheildsölum og lyfjasmásölum með þeim gleraugum. En þegar svo háar tölur eru nefndar sem þar koma fram þá hlýtur maður að staldra við og kynna sér þetta. Getur þetta verið satt og mun þetta þýða það að stór hópur sjúklinga sem þarf að halda sig við þau lyf sem hann hefur í dag þurfi að greiða mikið meira en áður fyrir sín lyf.

Hæstv. ráðherra sagði í framsögu sinni að hann vonaðist til að þetta mál færi hratt í gegn. Það er ákaflega stutt þar til þingi verður slitið og þingfundum frestað yfir sumarið. Ég á mjög erfitt með að sjá hvernig jafnviðamikið mál og þetta frv. um breytingu á lyfjalögum á að geta klárast á svona skömmum tíma. Ég sé það einfaldlega ekki vegna þess að ég held að hv. heilbr.- og trn. þurfi að leggja talsverða vinnu í að skoða áhrifin af því sem lagt er til í þessu frv. Það gerist ekki, að mínu viti, á einhverri einni eða tveimur vikum. Ég hélt að menn gerðu sér grein fyrir því með tilliti til fortíðarinnar, ekki síst ráðherrar sem hafa lengi setið á þingi, að flas er ekki til fagnaðar í þessum efnum. Oft hafa menn komið upp með reglur og breytingar á lögum og reglum og sannarlega viljað ná niður lyfjakostnaði, bæði sjúklinga og ríkisins. En því miður, eins og ég sagði í upphafi máls míns, hefur það allt of oft endað þannig að reglurnar, breytingarnar, hafa ekki náð tilætluðum áhrifum. Oft hafa þær frekar aukið lyfjakostnað en hitt.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé heldur mikil bjartsýni hjá hæstv. ráðherra að halda að þetta geti gengið svo hratt fram. Ég sé í raun ekki tilganginn með því að flýta þessu svona. Sem nýliði á þingi furða ég mig mjög á öllu því pappírsflóði sem ég hef orðið vitni að á síðustu dögum þingsins. Hér hrúgast inn fjöldi stjórnarfrumvarpa og allir vilja klára sín mál. Ég held að það hljóti að vera kominn tími til að Alþingi skoði hvernig störfum og starfstíma skuli háttað. Þetta eru þau undarlegustu vinnubrögð sem ég hef upplifað á starfsævi minni þótt ekki sé hún kannski ýkjalöng.

[15:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem farið hefur fram um frv. sem hér liggur fyrir.

Svo ég komi fyrst að tímasetningunni og umfjöllun um málið þá er meginþátturinn í þessu frv. að endurskipuleggja lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd til að hafa betri yfirsýn yfir þessi mál, endurskipuleggja stjórnkerfið varðandi heildsöluna og smásöluna.

Hv. 10. þm. Suðurk., Jón Gunnarsson, taldi að hér væri verið að taka upp fyrirkomulag líkt og gildir með tannlækna. Svo er ekki. Á því er sá meginmunur að hér er verðákvörðunin miðstýrð en álagning tannlækna er frjáls og alger grundvallarmunur á þessu.

Undanfarið hefur verið ráðist í ýmiss konar aðgerðir. Ég vitnaði í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem bendir á margvíslegar aðgerðir í lyfjamálum sem gætu komið til góða til þess að lækka lyfjareikning landsmanna, bæði hins opinbera og einstaklinga í mörgu af því hefur verið unnið síðustu mánuði. Uppi eru áform um að fara í herferð á stofnunum, endurskipuleggja lyfjalista og lyfjanefndir á stofnunum til að lækka lyfjakostnað á heilbrigðisstofnunum. Sú vinna hefur verið í fullum gangi í allan vetur. Markmiðið er auðvitað að ná kostnaði niður. Eins hafa farið fram viðræður um að auka sölu samheitalyfja hér á landi. Það hefur komið fram að íslensk lyfjafyrirtæki hafa verið mjög gildandi í framleiðslu samheitalyfja. Við þurfum að koma því þannig fyrir að íslenskur markaður njóti þess einnig.

Hv. 10. þm. Reykv. s., Ágúst Ólafur Ágústsson, kom inn á mörg almenn atriði sem hann taldi að mundu spara lyfjakostnað. Ég er honum sammála um það sem hann kom inn á í því efni, m.a. varðandi þunglyndislyfin. Við notum meira af þeim en gengur og gerist í helstu viðmiðunarlöndum. Við þurfum að huga að hvers konar almennum aðgerðum sem gætu náð þessum kostnaði niður. Ég er honum sammála um að hreyfing, aukin sálfræðiþjónusta og fleiri slíkar aðgerðir gætu verið þáttur í þessu. Þetta frv. fjallar ekki um það en ég vil þó geta þess við þessa umræðu að við stefnum að því að auka þátttöku heilsugæslunnar í sálfræðiþjónustu, að fleiri heilsugæslustöðvar bjóði upp á slíka þjónustu. Að því hefur verið unnið.

Hér hefur verið komið inn á samkeppni apótekanna og afslætti og hvort upp komi vandamál með að sjúklingar njóti afsláttar þar. Það er vissulega ekkert vandamál. Ég vona að svo verði áfram og apótekin verði í samkeppni á þessu sviði. Ég tel ekkert mæla á móti því að það komi viðskiptavinum þeirra til góða. Ég geri mér grein fyrir því að því hefur verið haldið fram að verðákvarðanir lyfjaverðsnefndar, sem eru til umræðu núna, muni draga úr þessari samkeppni. Ég trúi ekki að engar leiðir verði eftir í apótekunum til hagræðingar nema að minnka afslætti til sjúklinga. Það er auðvitað ekkert á móti því að þeir njóti afsláttar. Ég hef aldrei haldið því fram að neitt mælti á móti því.

Varðandi starfsmenn nefndarinnar þá er að sjálfsögðu rétt að það er ekki við hæfi og ekki venjan að setja í lög að ákveðnir starfsmenn skuli starfa áfram í stofnun sem er að verða til. Ég dreg ekki fjöður yfir það að ætlan okkar er að sameina þessar nefndir. Við ætlum ekki að víkja þeim mönnum frá sem þar starfa. Þeir hafa unnið ágætt starf en við teljum að þessar nefndir verði sterkari sameinaðar. En við bindum það vissulega ekki í lög að þessir starfsmenn starfi áfram. Það er ekki venja og það er ekki ætlunin með þessu frv.

Ég vil undirstrika að samheitalyf eru í flestum tilfellum fyllilega sambærileg við frumlyf. Ef þau eru það ekki þá eru ákvæði um að samkvæmt læknisráði geti fólk fengið lyfjakort. Það er ætlunin. Það er gert til að varna því að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði fari upp um mörg hundruð prósent eins og í dæmi sem hv. 10. þm. Suðurk. tiltók. Ég tel að það eigi ekki að vera hætta á því ef sótt er um lyfjakort í þeim tilfellum að læknir telur að það þurfi. Þetta ákvæði er ekki í frv. heldur reglugerðarákvæði um að miða greiðsluþátttöku við lægsta verð í ákveðnum flokkum tiltekinna lyfja.

Aðgerðir í lyfjamálum hafa verið margþættar undanfarið. Þær hafa snúið að heilbrigðisstofnunum inn á við. Þær hafa einnig snúið að reglugerðarákvæðum og þeim lagaákvæðum sem til umfjöllunar eru í þessu frv. Ég vona að þetta frv. fái afgreiðslu fyrir þinglok. Ég tel að ákvæði þess séu ekki það viðamikil að geyma þurfi þau til næsta þings. Hins vegar hef ég ákveðið að skipa nefnd til að fara í heildarendurskoðun lyfjalaga. Ég taldi þessi ákvæði frv. nauðsynleg núna, að þetta væri skref sem væri hægt að taka á þessu vori, skref sem styrkti stjórnsýsluna í þessum málaflokki. Það leiðir vonandi til lækkunar lyfjaverðs. Hins vegar eru í gangi aðgerðir til að lækka lyfjareikninginn, verðlagsákvarðanir lyfjaverðsnefndar í heildsölu og í smásölu og sú viðmiðun sem við höfum ætlað okkur að taka upp um næstu mánaðamót.

Ég endurtek að ég vonast til að þetta frv. fái framgang á Alþingi. Það verður að sjálfsögðu skoðað í heilbr.- og trn. Nefndin vinnur mál sín vandlega og ég veit að hún gerir það í þessu tilfelli. Ég tel að til þess sé svigrúm og þannig sé hægt að klára málið núna á vorþinginu.

[15:49]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við hæstv. heilbrigðisráðherra séum fyllilega sammála um að gera þarf allt sem hægt er til að lækka heildarlyfjakostnað ríkisins og sjúklinganna sem lyfin nota. Ég er sammála honum alla vega við fyrstu sýn að það að sameina þessar nefndir í eina nefnd mun verða skilvirkara. Ég sé ekki að tíminn sé neitt naumur til að koma þeirri breytingu í gegn.

Við erum aftur á móti ósammála um hvort í frumvarpið séu ákvæði sem ná ekki þeim markmiðum sem frumvarpið þó lýsir yfir að þeim sé ætlað að ná. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, ef það koma nú fram haldbær rök sem sýna fram á að það sem fram kemur í frumvarpinu nær ekki þeim tilgangi sem því er ætlað, hvort hann sé ekki sammála mér í því að við þurfum að gefa okkur þá tíma til að skoða þau rök og velta fyrir okkur hvernig þurfi að breyta frumvarpstextanum til þess að frumvarpið nái markmiðum sínum, verði það að lögum.

Já, við þurfum að lækka heildarlyfjakostnað. Já, við þurfum að auka sölu á samheitalyfjum. Og já, við þurfum að liðka fyrir samhliða innflutningi lyfja. Um þetta held ég að ríki enginn ágreiningur okkar á milli. Ágreiningurinn liggur í því hvort frumvarpið sem lagt er fram nær þessum þremur markmiðum sem ég hér var að fara yfir.

Hvað varðar lyfjaverð þá held ég að hvorugur okkar vilji skipta sjúklingum upp í þá sem geta greitt og fengið það sem læknir ávísar og hinna sem ekki geta greitt og þurfa að sætta sig við eitthvað lakara. Þann tíma vill sá sem hér stendur ekki sjá og trúir því ekki að hæstv. ráðherra vilji það heldur.

[15:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í seinni ræðu minni mun heilbrigðis- og trygginganefnd skoða frumvarpið. Tilgangur frumvarpsins er að lækka lyfjareikning landsmanna. Ég tel að við hv. þingmaður Jón Gunnarsson séum sammála um það og þingmaðurinn hefur staðfest það. Það er alveg ljóst að ef heilbrigðis- og trygginganefnd kemst að því að einhver ákvæði frumvarpsins hækki lyfjareikning landsmanna þá þarf að laga þau ákvæði. Ég hef ekki trú á því að hún komist að þeirri niðurstöðu. Megintilgangur frumvarpsins er sá að styrkja stjórnsýsluna og tilgangurinn er að lækka lyfjareikninginn. Að sjálfsögðu er frumvarpinu vísað til nefndar til þess að þar sé farið yfir það og fjallað um það, fengnar umsagnir. Ég tel að svigrúm sé til þess á þeim tíma sem eftir lifir vorþings.

[15:52]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrra andsvari mínu gafst mér ekki tími til þess að fara í eitt atriði sem fram kom í seinni ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra. Það varðar greiðsluþátttökuverðið og hámarksverðið og þá greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjaverði eða hlut ríkisins í lyfjaverði og hlut sjúklings í lyfjaverðinu.

Ég lýsti því yfir í ræðu minni að mér sýndist að þarna gætum við að hluta til verið að taka upp svipað kerfi og nú gildir í tannlækningum, þar sem endurgreiðsluhlutfall ríkisins er í raun ekki það sem fram kemur í reglum ríkisins vegna þess að tvær gjaldskrár gilda í landinu. Annars vegar er það viðmiðunargjaldskrá Tryggingastofnunar og hins vegar eru það mismunandi gjaldskrár tannlækna eins og þær eru ákveðnar af hverjum og einum fyrir sig.

Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að tannlæknar eru frjálsir að sinni álagningu en lyfjaverð er miðlægt. En miðað við það að það takist að auka mjög innflutning á sambærilegum lyfjum eða samheitalyfjum og verðið verði misjafnt á frumlyfi og lyfi með svipaða verkan þá hlýtur þó að verða um talsvert mismunandi hámarksverð að ræða á þessum lyfjum. Samkvæmt því sem við lesum út úr frumvarpinu verður greiðsluþátttökuverðið þá í raun það sama á þessum lyfjaflokki eða þessum lyfjum sem eiga að vera sambærileg þannig að þeir sem þurfa einhverra hluta vegna, vegna aukaverkana eða einhvers annars, að fá ávísað lyfi sem er í sama flokki með svipaða verkun og á mun hærra verði en lægsta verði, munu þá þurfa að greiða mun stærri hlut heldur en gefið er út að greiðsluþátttaka ríkisins sé. Ég vona að hæstv. ráðherra staðfesti að það sé enginn misskilningur hjá mér í þessu.

[15:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Megintilgangurinn með þessum breytingum er að ná niður lyfjareikningnum, nýta sér það ef til eru lyf með sambærilega verkun á mun lægra verði. Þessi lyf eru til og það er einboðið að nýta sér það. Ég er eindregið þeirrar skoðunar. Hins vegar er ég jafneindregið þeirrar skoðunar að það verði að vera greið leið fyrir lækna að fá lyfjakort fyrir sjúklinginn vegna dýrari lyfja ef sjúklingurinn þarf á þeim að halda vegna aukaverkana. Við höfum verið með það til sérstakrar skoðunar að sú leið sé greið og auðveld og það þarf þá að ákveða greiðsluþátttöku í því lyfi. En það er alveg einboðið að nýta sér aðgang að ódýrari lyfjum og að greiðsluþátttakan sé þá miðuð við ódýrustu lyfin. Það lækkar lyfjareikning bæði Tryggingastofnunar og sjúklinganna sem þurfa að nýta sér þessi lyf.

[15:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Við erum örugglega öll sammála um að æskilegt sé að ná niður lyfjakostnaði landsmanna eins og hæstv. heilbrigðisráðherra orðar það. Þar geri ég ráð fyrir að ráðherrann sé að tala um heildarkostnað landsmanna, það er ríkis og þjóðar og síðan sjúklinga.

Virðulegi forseti. Í Fréttablaðinu í gær var birt sérstök tafla sem sýnir verðbreytingu til sjúklinga, annars vegar til lífeyrisþega þar sem verðbreytingin í töflunni liggur í hækkun frá 300% upp í 600% og hins vegar til almennings þar sem hækkunin liggur frá um 80% og upp undir 200%.

Ég geri nú ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi lesið þessa grein. Þar segja Samtök verslunar og þjónustu að kostnaði vegna vanda ríkisins sé velt yfir á sjúklingana. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra við lok þessarar umræðu hvaða athugasemdir hann hafi við þessa frétt og þá töflu sem hér er birt. Eiga lyfjakortin að taka á þessum vanda, þ.e. ef sjúklingar geta ekki nýtt sér ódýrari lyf og þurfa á þessum lyfjum að halda sem munu hækka svo sem hér er greint frá? Þá er næsta spurning auðvitað sú hvort lyfjakortin muni dekka það og hvort þeir sjúklingar sem þurfa á þessum lyfjum að halda muni fá slík lyfjakort?

[15:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel að lyfjakortin eigi að taka á þessum vanda. Við höfum haft það sérstaklega til skoðunar að sjúklingurinn geti með skjótum hætti fengið lyfjakort ef hann þarf á dýrara lyfi að halda vegna aukaverkana. Það er ekkert hægt að draga fjöður yfir það að Samtök verslunar og þjónustu hafa mótmælt þessari breyttu skipan og dregið upp dökka mynd af afleiðingunum. En ég tel að hér sé um mjög ýkta mynd að ræða af þeim raunveruleika sem mundi verða í þessum efnum. Ég tel að lyfjakortin eigi að koma í veg fyrir að lyfjareikningur þeirra sem þurfa á þessum tilteknu lyfjum að halda hækki um mörg hundruð prósent.

[16:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vona svo sannarlega að það sé rétt mat hjá honum að lyfjakortin dekki þann kostnað sem sjúklingar verða fyrir ef þeir þurfa nauðsynlega á dýrari lyfjunum að halda sjúkdómsins vegna og að kostnaðurinn færist ekki neitt í líkingu við það sem birtist í frétt Fréttablaðsins yfir á sjúklinga, hvorki lífeyrisþega né almenning og fagna því að það sé mat ráðherrans að það sé ekki raunveruleikinn.

Miðað við það sem hefur komið fram í umræðunni og efni frv. held ég að frv. standi til bóta og það séu í því leiðir sem er eðlilegt að reyna að fara til að lækka lyfjakostnað. Ég fagna líka þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að skipuð verði nefnd til þess að fara yfir lyfjaverðið í heild sinni og endurskoða það. Það er sjálfsagt ekki vanþörf á því. Það hefur verið margsýnt fram á að lyfjakostnaður hérlendis er miklu hærri en í nágrannalöndunum og fullt tilefni til þess að endurskoða málin í heild sinni og ég treysti því að þær upplýsingar sem ráðherra hefur verið að gefa um málið, m.a. í þessu andsvari, séu réttar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:02]

Útbýting þingskjals:

Sala hrefnukjöts, 942. mál, fsp. ÍGP, þskj. 1436.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 875. mál (landanir erlendis, undirmálsfiskur). — Þskj. 1333.

[16:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Hér er lagt til að tvær breytingar verði gerðar á lögunum. Er annars vegar lagt til að rýmkuð verði heimild til handa ráðherra til að heimila landanir erlendis á fiski sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands og hins vegar að breytt verði lagaákvæði sem lýtur að frágangi á undirmálsfiski um borð í veiðiskipum.

Samkvæmt 5. gr. laganna er íslenskum fiskiskipum skylt að landa hér á landi öllum afla úr stofnum sem veiðast að hluta eða öllu leyti innan efnahagslögsögu Íslands. Þær undantekningar eru gerðar frá þessari meginreglu að ráðherra er annars vegar heimilt að leyfa löndun á ísfiski í erlendum höfnum enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum og hins vegar löndun á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur enda sé tryggt að eftirlit með löndun og vigtun afla sé fullnægjandi.

Hér er lagt til að heimildin í 3. málsl. verði rýmkuð þannig að hún sé ekki bundin við löndun til bræðslu en taki til veiða á fisktegundum sem veiðast innan og utan lögsögunnar. Með slíkri breytingu gæti ráðherra heimilað löndun t.d. á loðnu, kolmunna, norsk-íslenskri síld og úthafskarfa erlendis, þætti tryggt að eftirlit með löndun afla og vigtun væri fullnægjandi. Slík heimild gæti þegar veiðar eru stundaðar langt frá Íslandi dregið úr kostnaði við siglingar skipa og jafnframt aukið verðmæti aflans.

Í 4. málsl. 1. mgr. 9. gr. segir að ef ráðherra ákveði á grundvelli heimildar í lögum um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð teljist ekki nema að hluta til aflamarks skuli undirmálsfiski haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð og hann veginn sérstaklega.

Hér er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimilað verði einnig að miða við þyngd en ekki eingöngu stærð. Þá er lagt til að ekki verði gerð skilyrðislaus krafa um að fiskinum verði haldið aðskildum frá öðrum fiski um borð heldur skuli ráðherra setja reglur um hvernig eftirliti með þessu atriði skuli varið. Má hér sem dæmi nefna að komið getur til greina að flokka undirmálsfisk frá við löndun afla eða vigtun hans. Má benda á í þessu sambandi tegundir sem ekki eru blóðgaðar eða gert er að um borð í veiðiskipi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

[16:05]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við erum að ræða frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 frá 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Ég sé ekki í fljótu bragði við lestur frv. sem hér liggur fyrir að þetta séu stórar og miklar breytingar, en þó er um áherslubreytingar að ræða sem menn hafa ekki viljað fara út í hingað til og breyta talsvert þeim reglum sem gilda um löndun á afla sem að hluta til er tekinn í efnahagslögsögu Íslands. Hingað til hafa menn þurft að landa honum hér heima þar sem hann hefur farið í gegnum sama kerfi og afli sem tekinn er að fullu innan efnahagslögsögu eða þá að þeir hafa fengið að fara með hann út og landa honum þar eftir þeim reglum sem gilda í dag um að fiskur sé seldur á uppboðsmörkuðum erlendis, eða þá að þetta sé bræðslufiskur sem fari í fiskimjölsverksmiðju.

Ég velti fyrir mér 1. gr. frv. þar sem segir „enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.“ Hver mun meta hvað sé fullnægjandi eftirlit með löndun og vigtun? Hver mun hafa það eftirlit með höndum? Munu embættismenn Fiskistofu þurfa að setja upp útibú í löndum Evrópu? Mun verða samið við svipaðar stofur og skoðunarstofur hér heima til að hafa eftirlit fyrir sjútvrn. eða fyrir Fiskistofu, eða hver mun taka að sér eftirlitið?

Við vitum að það er ansi strangt eftirlit á löndun og vigtun á fiski hér heima og gildir einu í hvaða veiðarfæri hann er tekinn, hvar hann er tekinn eða hverrar tegundar hann er. Við höfum komið mjög öflugu og miklu eftirlitskerfi á laggirnar sem kostar bæði mikla fjármuni og hefur mjög virkt eftirlit með flotanum þegar hann kemur að landi. Sumum hefur meira að segja ofboðið það eftirlit sem er í gangi og talið að það gangi allt of langt og verið sé að elta menn fyrir löndun á örfáum fiskum og á allan hátt reynt að gera þeim

sem erfiðast fyrir. Einnig kosti það eftirlit útgerðir og sjávarútvegsfyrirtæki mikið sem starfi hér. Því hlýtur maður að velta fyrir sér hvort við séum að gera minni kröfur um eftirlit á fiski sem að hluta til veiðist innan efnahagslögsögunnar en við gerum hér heima og verður fróðlegt að fá svör hjá hæstv. ráðherra um það.

Hins vegar er hér ákvæði um að breyta reglum sem gilt hafa um svokallaðan undirmálsfisk. Ef menn hafa haldið honum sér í veiðiferðinni og gefið hann upp sem undirmálsfisk strax við löndun hafa þeir fengið að landa honum utan kvóta og hann hefur verið vigtaður. Það hafa verið, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, lengdarmælingar á fiski en nú er verið að leggja til að þyngd geti einnig skipt máli. Ég er fullkomlega sammála því að eðlilegt sé að það sé ekki bara lengd á fiski heldur einnig þyngd sem skipi honum í hóp undirmálsfisks eða ekki.

Ef þær breytingar verða sem lagt er til í frv. að menn geti síðar farið að flokka frá fisk og kallað hann undirmálsfisk, veltir maður fyrir sér: Þarf það að gerast strax við fyrstu úrtaksvigtun, strax við fyrstu flokkun á fisknum, eða geta menn hvenær sem er kallað til einhverja embættismenn og bent á fisk og sagt: Þessi fiskur er undirmálsfiskur og það þarf að vigta hann frá sem slíkan? Í raun er spurningin hve langur tími mun líða frá því að veiði hefur verið hætt og löndun átt sér stað þar til fiskur er sagður undirmál. Geta menn verið að kalla til embættismenn mörgum dögum eftir að búið er að landa fiski til þess að skilgreina einhvern hluta af aflanum í undirmál vegna þess að það hafi ekki átt sér stað nein flokkun á fiskinum fyrr en þá, komið hafi verið að vinnslu og þá hafi komið í ljós að einhverjir fiskar væru annaðhvort of léttir eða of stuttir og þar af leiðandi væri hægt, samkvæmt heimild, að kalla það undirmálsfisk og vigta frá?

Hér er talað um að þetta gæti átt við um tegundir sem ekki eru blóðgaðar eða ekki gert að um borð í veiðiskipi, væntanlega er um karfa eða einhvern slíkan fisk að ræða. Ég er í sjálfu sér ekki á móti því að lítt skoðuðu máli að við rýmkum heimildir fyrir útgerðir til þess að fiskur sem sannarlega er undir einhverjum ákveðnum mörkum sé vigtaður sem undirmálsfiskur og ekki dreginn frá kvóta. Ég held að það sé af hinu góða að við reynum að rýmka þær reglur eins og við getum innan skynsamlegra marka, en velti þó fyrir mér þeim atriðum sem ég nefndi um framkvæmdina á þessu, hvernig þetta verður framkvæmt.

Að öðru leyti munum við að sjálfsögðu skoða frv. til laga í hv. sjútvn. Ég veit ekki hvort hæstv. sjútvrh., eins og aðrir ráðherrar, er með það í maganum að klára málið áður en þingi verður frestað, en það bætist þá í hóp þeirra mörgu mála sem þannig er ástatt um og sífellt lengist röðin.

Við stöndum hér á föstudegi, og ekkert að því, og höldum þingfund vegna þess hve mikið er fram komið af málum. Eins og ég sagði í fyrra máli mínu, frú forseti, er svolítið skondið fyrir nýliða og furðulegt að sjá hvernig hér hrúgast allt inn á síðustu dögum og ekki örgrannt um að maður velti fyrir sér hvort það geti verið með vilja að hrúga málum inn á síðustu dögum til þess að þau verði pressuð í gegn án þess að skoða þau neitt sérstaklega, ekki það að ég ætli hæstv. ráðherrum að vera að lauma neinu fram hjá þinginu, heldur að losna kannski við það þref og þras sem þeim finnst fylgja því að koma frumvörpum til laga í gegnum hið háa Alþingi, því við sem hér sitjum höfum skoðanir á frumvörpunum og viljum koma þeim á framfæri.

[16:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Málið er ekki stórt í sniðum, en snýr þó að framkvæmd fiskveiðistjórnarlaganna, eftirliti og öðru slíku. Ég hef áður fjallað um reglurnar á öðrum vettvangi en í þessum ræðustól, bæði 1. og 2. gr., um eftirlit með annars vegar afla sem var heimilað að landa til bræðslu erlendis og settar um það sérstakar reglur og viðurkenningar á verksmiðjum sem ráðuneytið viðurkenndi sem löndunarstað fyrir bræðslufisk og hins vegar sölu ísfisks sem var að jafnaði seldur á opnum fiskmarkaði þar sem fiskurinn var flokkaður og seldur.

Nú erum við hins vegar að opna fyrir veiðar úr stofnum eins og loðnu, kolmunna, norsk-íslenskri síld og úthafskarfa eins og hér er nefnt, að um það geti verið að ræða að þessu sé landað erlendis til annarrar vinnslu en til bræðslunnar og með slíkri breytingu sé hægt að heimila löndun eins og lagt er til í frv. Þetta nær sjálfsagt til fleiri fisktegunda eins og makríls og grálúðu ef því er að skipta, enda er hér ekki um tæmandi upptalningu að ræða, t.d. þar sem talið er o.s.frv.

Ég spyr hins vegar að því hvernig eftirlitinu verði háttað því ekki er gert ráð fyrir, að því er mér virðist, að aflinn verði seldur á uppboðsmarkaði og eftirlitið fari fram á markaðnum til annarrar vinnslu en bræðslunnar eins og áður var heimilt.

Ef ekki á að landa inn á markaði þar sem flokkun fer fram þarf að velta því fyrir sér hvernig eftirlitið er, það er ef við ætlum að hafa svona sambærilega vitneskju um þetta eins og gerð er krafa til hér innan lands um afla.

Ég spyr einnig: Á að hantera meðafla með kolmunna, síld og öðrum uppsjávarfiskum sem berst í vörpu veiðiskipa með sama hætti og verið hefur hingað til hér á landi, þ.e. að hann sé nánast ekki talinn með í aflamarki skipa ef þau stunda ákveðnar veiðar en talin með í aflamarki annarra skipa sem stunda botnfiskveiðar? Þar lenda menn í veiðileyfissviptingum, sektum og fangelsi og hvað það nú allt heitir út af 12 fiskum, 40 fiskum eða einhverri annarri tölu.

Síðan höfum við dæmi um það, meira að segja í skriflegu svari frá hæstv. sjávarútvegsráðherra, að afla — mig minnir að það hafi verið karfi og skipið Ásgrímur Halldórsson — var landað án þess að hann hafi verið tekinn til aflahlutdeildar eða yfirleitt neitt með það gert. Þannig er nú framkvæmdin dálítið misjöfn. Ég vil spyrja hvernig ráðherrann hyggst fylgja þessu eftir þegar kemur að meðaflanum, til dæmis í kolmunnaveiði. Hæstv. sjávarútvegsráðherra upplýsti það í svari sínu að á kolmunnaveiðum meðal annars á lögsögumörkum eða utan lögsögunnar hefðu skip fengið þó nokkurn meðafla og aðallega ufsa, nokkur hundruð tonn. Mig minnir að áætlað hafi verið að það hefðu verið yfir þúsund tonn af ufsa. Þetta er spurning sem ég legg inn í þessa umræðu og vona að hæstv. ráðherra upplýsi hvaða hugleiðingar hann hefur um það að setja reglugerð eða fylgja því eftir hvernig aflinn telst til aflamarks. Það þyrfti að huga að þessu líka innan lögsögunnar því ekki er viðunandi að þetta sé misjafnt eftir því hvaða veiðiskap menn stunda. Ef þetta er svo heilagt að hægt er að svipta menn atvinnu sinni í þrjár vikur fyrir 200 kíló af fiski þá hlýtur það alveg eins að ná yfir 300 kíló af karfa í afla Ásgríms Halldórssonar eins og annarra skipa. Þetta var nú um þessa grein.

Síðan er það undirmálið og hvort taka megi tillit til stærðar eða þyngdar. Ég held að það sé alveg jafnfullgilt að nota hvora viðmiðunina sem er. Ég tek líka undir það að eðlilegt sé að það megi flokka fiskstærð frá í landi. Við vitum að

þegar landað er á fiskmarkað þá taka fiskmarkaðirnir fiskinn til flokkunar í talsverðum mæli ef hann hefur ekki verið flokkaður um borð. Þá flokkast hann í ákveðnar stærðir. Þar af leiðandi er auðvelt að flokka undirmálsfiskinn frá. Þetta getur einnig gerst með karfaafla þegar fiskvinnslur taka við heilum förmum af karfa og það er blandaður afli. Ég held að það bjóði upp á að betri nýting verði á aflanum sem kemur í vörpuna og minni tilhneiging verði til þess að velja úr honum ef heimilt verður að flokka þetta frá sem undirmálskarfa í vinnslunum. Ég tel að þetta ákvæði sé til bóta. Ég spyr eingöngu að því hvernig ráðherrann hyggst framkvæma þetta. Á að framkvæma þetta samdægurs eins og gerist venjulega þegar landað er á fiskmarkaði hér innan lands, það er að aflinn er flokkaður ef hann kemur ekki flokkaður til markaðarins? Á að gera þá kröfu um að undirmálið sé flokkað frá innan einhvers ákveðins tíma? Á það að vera samdægurs, innan tveggja daga eða eitthvað slíkt? Vinnslustöðvarnar flokka auðvitað aflann niður og vinna hann eftir stærðum á hverjum tíma. Í sumum fiskiskipum, ferskfiskskipum, hefur verið útbúið vélrænt flokkunarkerfi sem flokkar fiskinn í lestina. Fiskinum er landað þar eftir ákveðinni stærð og eftir sérstakri karamerkingu sem er til mikillar fyrirmyndar.

Ég minnist þess að fyrir mörgum árum hélt sá sem hér stendur ræðu á fiskiþingi um að útgerðirnar ættu að henda í land fiskikössunum sem þá voru notaðir og þóttu mikil nýjung. Þá var sá sem hér stendur álitinn hálfbrjálaður og skrifaðir voru um það leiðarar í Morgunblaðið að einhver skipstjóri vestan af fjörðum legði til að bestu nýjung sem fundin hefði verið upp í íslenska flotanum yrði hent, þ.e. fiskikössunum. Ég var hins vegar að benda á að ég teldi að það tækist ekki að flokka fiskinn um borð með neinu lagi í svo smáar geymslueiningar, það yrði að gera vélvætt og hafa stærri einingar til að taka við flokkuninni, þar af leiðandi yrði að henda þessum kössum og taka upp kör. Það þótt heldur framúrstefnulegt þegar þessi ræða var flutt og ekki passa vel þó menn hafi auðvitað farið þá leið núna á seinni árum. Það er til mikillar fyrirmyndar ef hægt er að flokka aflann um borð og koma með hann nákvæmlega flokkaðan í körunum. Þá vita menn hvernig á að haga vinnslunni. Menn vita hvað þeir vilja selja frá sér strax eða ráðstafa til annarra fyrirtækja og svo framvegis eða inn á markaðinn. Það er til mikilla bóta.

Ég sé ekki að efnislega sé nein ástæða til að hafa neitt á móti því sem lagt er til í þessu frumvarpi en spyr um þetta. Ég vek svo athygli á því í lok máls míns að það er náttúrlega mikil þörf á því að afgreiða hér annað mál fyrir þinglok um þá mismunun sem 23 daga bátarnir búa við. Nú í togararallinu voru gefnar út vísitölur um að þorskstofninn hefði stækkað um 25%, að vísu með miklum fyrirvörum um holdafar hans og það að inn í vantaði tvo, þrjá árganga sem ættu að taka við, en sagt að hugsanlegt væri að bæta við aflann á næsta fiskveiðiári þó ekki yrði nú framhald á gæðum lífsins að þessu leyti. En við búum við þá löggjöf núna að þessir handfærabátar mega gera út í 19 daga á þessu fiskveiðiári og fara sennilega niður í 18 daga miðað við lögin. Á sama tíma erum við búin að bæta 30 þúsund tonnum við þorskaflann á þessu fiskveiðiári og vonandi stendur til að bæta við hann á næsta ári.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort ekki sé kominn tími til þess að enda þá mismunun sem hæstv. ráðherra stendur fyrir með því að keyra niður atvinnu eins hóps fiskimanna en atvinnu annarra upp með auknum heimildum, meðal annars með línuívilnun í desember og hvort ekki sé ráð að ráðherrann sjái að sér áður en hann fær á sig málshöfðun frá einhverjum manni sem aldrei hefur gert neitt annað en að stunda fiskveiðar á handfærabát. Það er verið að taka atvinnu hans niður og því haldið fram að það sé gert vegna þjóðhagslegra hagsmuna meðan allir aðrir bæta við sig atvinnumöguleikum. Þetta fær ekki staðist, hæstv. ráðherra, og ég held að þú standir fyrir lögbrotum með því að halda þessu áfram.

[16:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta litla frumvarp sem mér sýnist á margan hátt vera ágætt og þarft. Í raun er furðulegt að það skuli ekki hafa komið fram fyrir löngu síðan. Ég tel að útgerðum sem veiða úr flökkustofnunum svokölluðu ætti að vera frjálst að landa þeim afla á þeim stöðum sem hagstæðastir þykja hverju sinni. Það ætti bara að vera eðlilegt og sjálfsagt mál.

En mig langar svolítið til að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvað liggi að baki þessu frumvarpi einmitt núna. Hafa komið fram óskir frá útgerðarmönnum um að liðkað yrði á þessum reglum varðandi löndun? Er þetta hugsanlega í tengslum við það að menn eru að hugsa sér til hreyfings, ætli að fara að stunda til dæmis veiðar á kolmunna snemma á hverju ári djúpt suður af landinu, vestur af Írlandi og Skotlandi? Mér sýnist að þetta mundi fyrst og fremst gagnast veiðum á kolmunna og þá hugsanlega líka úthafskarfa. Loðnan fer að sjálfsögðu að mestu leyti á land hér á Íslandi og kannski eitthvað í Færeyjum og norsk-íslenska síldin sömuleiðis.

Fyrst maður er farinn að tala um síld þá væri líka í leiðinni rétt að spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð sé að frétta af samningaviðræðum við Norðmenn um blessaða síldina því eins og við vitum fer síldarvertíð bráðum að bresta á og þar gæti virkilega skorist í odda ef ekki verður búið að ganga frá samningi fyrir þann tíma.

Við þessum spurningum vildi ég, frú forseti, fá svar.

Annað sem mér datt líka í hug að spyrja um er að í Evrópusambandinu og svo í Noregi og á Íslandi gilda mismunandi reglur um svokallaða vatnsprósentu í uppsjávarafla. Yrði hér með þessu farið eftir íslensku reglunum þegar reiknað er með vatnsprósentu í afla og síðan þá dreginn frá kvóti á skipunum eða yrði reiknað með reglum Evrópusambandsins, þ.e. ef skip mundi landa í höfnum Evrópusambandsins? Það væri ágætt að fá skýringu á því.

Mig langar líka til að fá skýringu á því hvers vegna menn eru nú farnir að tala bæði um þyngd og stærð hvað varðar undirmálsfisk og hvernig þetta verði skilgreint nánar. Hvers vegna er verið að draga inn þessa nýju breytu, þ.e. þyngd? Hver er tilgangurinn með því?

Annað var það nú ekki í þessari umferð, frú forseti. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti hér á áðan fer frumvarpið væntanlega núna inn í sjávarútvegsnefnd. Þar eru miklir snillingar sem eflaust munu fara létt með að meta frumvarpið og koma með breytingar á því ef þörf þykir.

[16:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum, að þetta frumvarp er ekki mikið um sig. Hins vegar skipta þau atriði sem hér er um að ræða verulega miklu máli. Fyrst og fremst er verið að bregðast við breytingum á því umhverfi sem fiskiskipin vinna í,

breytingu á flotanum og breyttum viðfangsefnum um borð í fiskiskipunum. Það eru allt saman, að ég tel, jákvæðar breytingar.

Þegar um er að ræða spurninguna um löndun erlendis þá er það nú fyrst og fremst síldin eða norsk-íslenska síldin sem höfð er í huga. Hana er verið að veiða á hinum ýmsu hafsvæðum, aðallega í norðaustanverðu Atlantshafinu, fjarri heimahöfnum. Skipafloti okkar hefur breyst þannig að við erum ekki í eins ríkum mæli og áður að veiða þennan stofn til bræðslu. Við erum að veiða hann meira til vinnslu um borð í skipum sem frysta afurðina og geta þannig landað henni í því formi í erlendum höfnum. En það skilyrði auðvitað fylgir þessu að þar sé eftirlitið ekki lakara en það gerist hjá okkur, að hafnirnar séu teknar út af Fiskistofu og að þar séu aðilar sem séu ábyrgir fyrir því að skila þeim upplýsingum sem Fiskistofa gerir kröfu um á því formi sem hún gerir kröfu um þannig að hún geti haft eftirlit með því að þar sé farið eftir þeim reglum.

Varðandi undirmálsmælingarnar hins vegar má segja að karfinn er þar mönnum efst í huga eins og hv. þingmenn hafa nefnt hér. Þar er um annars konar vinnslulínur að ræða en til dæmis við þorskveiðar. Því er óhagræði af því í flotanum að stærðarflokka karfann úti á sjó.

Þar sem löggjöfin er enn ekki tilbúin þá höfum við ekki sett reglur um þetta enn þá en við það er miðað, eins og kemur fram í textanum, að undirmálið sé flokkað frá við löndun eða vigtun. Meginsjónarmiðið sem fram kemur í þessu frv. er að laga reglurnar að starfsháttum í atvinnugreininni. Kannski þarf að skoða nákvæmlega hvaða tímamörk eru sett í þessu sambandi og aðlaga þannig að það komi sem hagkvæmast út fyrir atvinnugreinina. Jafnframt þarf að hafa með því eðlilegt eftirlit og gæta þess að öllum reglum sé fylgt. Fiskistofa treystir sér til að setja og fylgja eftir reglum sem byggja á þeim lagagreinum sem hér um ræðir.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi sérstaklega um það hvort gert væri ráð fyrir því að þessar afurðir yrðu seldar á uppboði erlendis. Þær afurðir sem ég hef nefnt hér eru ekki þess eðlis að þær séu seldar á uppboði þótt þær séu beinlínis seldar á heimsmarkaði. Eftirlitið verður auðvitað að taka mið af því að um slíka löndun sé að ræða en ekki um löndun á uppboðsmarkað.

Hvað varðar meðafla og upplýsingar um meðafla þá þurfa að koma sams konar upplýsingar um hann og gert er ráð fyrir í þeim reglum sem gilda hér innan lands. Um sams konar meðferð væri að ræða svo fremi sem ekki væri kveðið á um það á annan hátt í þeim samningum sem við gerum við erlenda aðila eða þá að hinir erlendu aðilar geri kröfur um að í þeirra heimahöfn sé tekið á þessu á annan hátt en hér hjá okkur. Af því að hv. þm. nefndi sérstaklega meðafla hjá kolmunnaskipum austur af landinu og ufsaveiðar þá var það svo um ufsann sem blandaðist í kolmunnann að hann var aðallega í færeyskri lögsögu. Við reynum að fylgjast mjög vel með meðafla í þessum veiðum og lokum svæðum ef um er að ræða umtalsvert magn. Reynslan hefur sýnt okkur að það virðist duga til að forðast að meðaflinn sé í verulegum mæli.

Hins vegar er það einfaldlega eðli þessara veiða að erfitt getur reynst að forðast það að ekki komi með einn og einn fiskur. Jafnvel getur verið erfitt, við löndun, að halda þeim aðskildum. Þessar veiðar eru allt annars konar en þegar bolfiskur er veiddur og ekki einfalt að leysa það vandamál sem hv. þm. nefndi. Þó hafa komið upp hugmyndir um það en enn sem komið er þá höfum við metið það svo að aðrar aðferðir dugi til að koma í veg fyrir að af veiðunum skapist veruleg vandamál.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi einnig dagabátana og, hvernig sem hann orðaði það, taldi að hæstv. ráðherra stæði fyrir lögbrotum hvað varðar stöðu þeirra. (Gripið fram í.) Þetta er vinsælt umræðuefni í þingsölum þessa dagana, meint lögbrot ráðherra. En ég tel rétt að undirstrika að staða dagabátanna og þróun þeirra hefur í einu og öllu farið eftir þeim lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi. Ég kannast ekki við að brugðið hafi verið út af þeim.

Hv. þm. nefndi einnig til sögunnar niðurstöður úr togararallinu, sem út af fyrir sig eru jákvæðar og ánægjulegar þótt endanlegar niðurstöður um stofnstærð liggi ekki fyrir. Ef rétt reynist, sem við skulum telja líklegt, að spár frá síðustu ástandsskýrslu reynist réttar, um það hver stofnstærðin er og hver kvótinn gæti verið, þá tel ég líklegt að bætt ástand stofnsins hafi áhrif á veiðar dagabátanna eins og annarra. Þeim mun því ganga betur að afla á þeim dögum sem þeir hafa til ráðstöfunar. Ég held að það sjónarmið, að ástand á miðunum í tengslum við takmarkanir á veiðigetu byggðri á dögum byggist einmitt á því að samhengi eigi að vera þarna á milli. Bætt ástand leiðir því til þess að menn ná að veiða meira þá daga sem þeir hafa.

Hv. þm. Magnús Þ. Hafsteinsson spyr um samninga við Norðmenn. Af þeim eru engar nýjar fréttir. Ég held að það borgi sig ekki að ég sé með neinar vangaveltur um hvað geti gerst í því á næstunni. Hann spyr einnig um vatnsprósentuna. Ef ég man rétt þá var vatnsprósentan í síldinni á síðustu vertíð sú sama og í nágrannalöndunum. Það er eðlilegt, þegar veitt er úr sameiginlegum stofni, að samræmdar reglur gildi um það alls staðar þar sem landað er þannig að sama mæling fáist á því hvað búið er að veiða úr stofninum alls staðar. Mig minnir að gert hafi verið ráð fyrir því að þessar reglur mundu breytast á þessu ári frá því sem gilti á síðasta ári. Ég segi þetta reyndar eftir minni og kannski ekki alveg rétt að fara lengra út í þá sálma og að óathuguðu máli.

Ég held að ég hafi farið yfir öll þau atriði sem nefnd hafa verið fyrir utan það sem hv. þm. Jón Gunnarsson hafði orð á, að málin væru að hrúgast upp á síðustu dögum. Ég held varla að þetta frv., upp á þrjár greinar að gildistökugreininni meðtalinni, geti talist hrúgald. Miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram tel ég ljóst að hafi ég verið að lauma einhverju í gegn með þessu frumvarpi þá hafi mér örugglega ekki tekist það.

[16:38]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hegg eftir einu enn í frv. Hér stendur að með þeirri breytingu sem lagt er til að gera í frv. þá geti hæstv. ráðherra heimilað löndun, t.d. á loðnu, kolmunna, norsk-íslenskri síld og úthafskarfa, erlendis. Nú er mér kunnugt um að íslensk skip lönduðu töluvert miklu af síld í erlendum höfnum í fyrra, þ.e. ekki bræðslusíld heldur frystum síldarflökum, m.a. í Noregi. Voru þær landanir á þeim tíma lögbrot? Voru þær lögbrot fyrst að setja þarf lög um það núna? Fróðlegt væri að fá að heyra svar við því.

Svo vil ég gera dálitla athugasemd. Mér fannst ráðherra ekki svara spurningu minni um hvers vegna menn eru líka farnir að draga inn þyngd hvað varðar undirmálsfisk en ekki eingöngu stærð, þ.e. lengd. Ég mundi gjarnan vilja fá svör við því.

Að lokum, varðandi þessar meintu jákvæðu niðurstöður úr togararallinu, þá finnast mér það ekki jákvæðar niðurstöður þegar þorskurinn hefur aldrei mælst jafnhoraður og núna frá því að mælingar á holdafari þorsks hófust árið 1993. Það eru ekki jákvæðar fréttir. Það eru mjög alvarlegar fréttir. Það er líka mjög alvarlegt hversu illa virðist rætast úr seiðaárgöngum. Það gæti hugsanlega bent til þess að þorskinn skorti æti og hann sé að éta undan sér í verulegum mæli. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Það er líka mikið áhyggjuefni að í togararallinu skuli ekki hafa fundist loðna í þorskmögum á svæðinu frá Vestfjörðum allt suður og austur að Vík. Það er líka mikið áhyggjuefni. Ég tala ekki um núna, þegar sjór er hlýrri en verið hefur í mörg ár og vistkerfið þarf mikla orku til að geta rúllað áfram. Þorskurinn þarf mikla næringu. Við héldum að við værum með unga árganga sem væru að alast upp en ég segi aftur og enn að þeir virðast hreinlega ekki komnir í veiðina. Það eru mikil vonbrigði og mikið áhyggjuefni.

[16:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sér bara ekki til sólar þegar metin er stærð og ástand þorskstofnsins. Þótt hann vildi að einhverjir hlutir væru öðruvísi þá verða menn samt að sjá þá hluti sem jákvæðir eru. Svo virðist, ef við lítum fram hjá ofmatsmælingunni sem var 1999, sem þetta sé stærsta stofnmæling samkvæmt vísitölunni frá því 1989. Það hljóta einhvers staðar að teljast fréttir. Mér virðist að einhverjir íslensku fjölmiðlanna hafi talið það fréttir að undanförnu.

Varðandi það að taka þyngd inn í þessar mælingar er einfaldlega, eins og ég nefndi áðan og taldi mig hafa svarað því með tilvísun til almennrar stefnu þessa frumvarps, verið að taka tillit til þeirra breytinga sem eiga sér stað í vinnslunni og í sjávarútvegi okkar, að það geti verið heppilegra að flokka fiskinn eftir þyngd en eftir stærð. Það er sjálfsagt að hafa möguleika á að bregðast við því ef það er talið hagkvæmara undir einhverjum kringumstæðum.

Varðandi það hvort framin hafi verið lögbrot eða ekki lögbrot við löndun á síld erlendis þá er það ekki mitt að kveða upp úr um það einmitt hér. Til þess þarf maður frekari upplýsingar. Þetta sýnir a.m.k. að það ástand sem ég var að lýsa, að þær breytingar orðið hafa á veiðunum sem kalla á þá lagabreytingu sem hér er um að ræða. Þannig verður hægt að setja reglur um hvernig þessum málum skuli háttað og hægt að hafa eftirlit með löndun skipa erlendis.

[16:42]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það alvarlegt ef það er að koma á daginn að menn hafi verið að landa síld í stórum stíl erlendis án þess að lagaheimildir væru fyrir því. Mér finnst það frekar alvarlegt mál stjórnsýslulega séð. Ég held að þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra veitti heyri til tíðinda hvað þetta varðar. Ég geri að tillögu minni að í hv. sjútvn., þar sem ég á sæti, verði einmitt kallað eftir upplýsingum um hversu mikilli síld og öðrum uppsjávarfiski hafi verið landað til manneldis í erlendum höfnum á undanförnum árum.

Mér finnst með ólíkindum að þetta frv. skuli ekki hafa komið fram fyrir löngu, fyrir einhverjum árum þegar flotinn fór að breytast, menn fóru að stunda þessar veiðar á fjarlægum miðum og óskuðu eftir því að fá að landa aflanum í erlendum höfnum.

Ég tek það fram, frú forseti, að ég hef ekkert á móti því að útgerðarmenn landi afla sínum í erlendum höfnum ef þeim finnst það hagstætt. En mér finnst mjög mikilvægt að farið sé eftir lögum og reglum og allir séu jafnir fyrir lögum og reglum í þessu landi þegar fiskveiðistjórn er annars vegar. Því miður höfum við séð allt of mörg dæmi um það undanfarið að menn virðast ekki jafnir fyrir lögum landsins þegar fiskveiðistjórn er annars vegar. Það er líka alvarlegt vandamál. Það vandamál verður tekið til umræðu síðar.

Ég minni á eitt varðandi þorskinn. Þótt fiskifræðingar hafi talið 25% fleiri þorska í togararallinu núna en í fyrra þá er ekki víst að það gagnist mikið ef þorskurinn er 25% léttari en hann ætti að vera vegna hungurs.

[16:44]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt munað hjá mér að 30 þús. tonna reglan, þ.e. sveiflujöfnunarreglan, sé enn þá í gildi, þ.e. ef eigi að bæta við þá bætist 30 þús. tonn við en ef það eigi að minnka þá minnki um 30 þús. tonn. Er almennt búið að afnema það? Ég man ekki alveg hvort svo er.

Ég tel að það sé hægt að flokka afla frá um borð í þeim skipum sem stunda flottrollsveiðar. Það ætti að vera hægt með tiltölulega einföldum útbúnaði á dekki við skiljurnar að flokka allan stærri fisk frá án þess að valda töfum við dælingu á fiski úr flotvörpunni.

Hæstv. forseti. Varðandi það sem ég nefndi, að það færi að nálgast það að hæstv. sjútvrh. standi fyrir lögbroti, þá vil ég skýra það örlítið nánar.

Í stjórnarskránni segir að við skulum jöfn fyrir lögum og ekki megi leggja höft á atvinnufrelsi manna nema það þjóni almannahagsmunum. Þetta hefur verið túlkað þannig að höft væru lögð á alla í einni atvinnugrein eða frelsið takmarkað, m.a. í sambandi við fiskveiðistjórnina.

Nú hagar svo til að búið er að bæta við aflamarkið. Á síðasta ári er búið að þrefalda ýsukvótann, tvöfalda ufsakvótann, bæta 30 þús. tonnum við þorskinn og þar á jafnvel að bæta aftur við 30 þús. tonnum. Á sama tíma erum við með löggjöf sem keyrir atvinnustig ákveðinna manna niður, þ.e. fækkar sífellt sóknardögum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Vekur það hann ekki til umhugsunar að við séum með lög sem taki atvinnustig manna niður í sömu atvinnugrein þegar verið er að auka atvinnumöguleika annarra? Hvernig stenst það stjórnarskrána?

[16:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. 30 þús. tonna reglan er enn hluti af aflareglunni. Varðandi það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi um jafnræðisregluna í stjórnarskránni er varðar fiskveiðistjórnina og sérstaklega dagabátana og að verið sé að auka kvótann í mörgum tegundum, sem er jákvætt og vonandi er hann sammála mér um það, er staðan sú að enn sem komið er er þorskkvótinn ekki kominn í þá stöðu sem hann var í þegar kvótakerfið var sett á eða þegar við byrjuðum að takmarka veiðarnar. Ég held því að það sé fráleitt að halda því fram að kvótakerfið uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til að takmarka atvinnufrelsi manna samkvæmt stjórnarskránni.

Í sambandi við hlut dagabátanna í kerfinu, þegar löggjöfin var sett í janúar 1999 var sú aflareynsla sem bátarnir höfðu lögð til grundvallar og þeim úthlutað hlutdeild af því sem var til ráðstöfunar á hverju ári í veiðunum, sem voru 2 þús. tonn,

það var aflareynsla þeirra. Uppsetning kerfisins, aðlögunartími þeirra aðila sem völdu sér þetta kerfi miðaðist að því að veiða 2 þús. tonn. Þannig var upphaf kerfisins. Þannig er samhengi kerfisins við aðrar takmarkanir í fiskveiðistjórnarkerfinu og þannig stenst það fullkomlega þá jafnræðisreglu sem hv. þm. vitnaði til og byggist á aflareynslu skipanna á árinu þar á undan.

[16:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að það væri samhengi við aðrar takmarkanir. Á að skilja orð hæstv. ráðherra svo að þegar búið er að bæta verulega við í fisktegundum sem snúa að hinum almenna botnfiskflota eins og ýsunni, þorskinum, tvöföldun ufsakvótans, að hann líti svo á að það sé jafnræði á milli þeirra sem hafa verið að auka við sig atvinnu og auka við sig tekjumöguleika, m.a. með 16% línuívilnun sem á að taka gildi 1. september, að það sé jafnræði með þeim aðilum sem stunda sjávarútveg og fiskveiðar og þeim sem stunda veiðar eftir dagareglunni og telja sífellt niður atvinnumöguleika sína? Á ég að trúa því að hæstv. ráðherra ætli að túlka íslensk lög og stjórnarskrá þannig að það sé jafnræðisregla að einn hópur manna skuli vera skorinn niður í atvinnulegu tilliti þegar annar er að auka við sig?

Ég verð að segja að ég verð fyrir miklum vonbrigðum ef ráðherrann lítur svo á að það sé hægt að láta dagamennina vera í þessu niðurskurðarkerfi ár eftir ár, á sama tíma og aðrir eru að bæta við sig og hann telji að það standist stjórnarskrá. Lögin stóðust örugglega stjórnarskrána þegar þau voru sett, eins og ráðherrann vék að áðan. En ég lít svo á að miðað við þróunina núna standist þau ekki stjórnarskrána. Þess vegna lít ég svo á að hæstv. ráðherra sé að standa fyrir lögbrotum ef hann heldur áfram að láta lögin gilda óbreytt.

[16:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar lögin voru sett var þorskkvótinn 250 þús. tonn. Hann er núna 209 þús. tonn og fór niður í 186 þús. tonn. Á sama tímabili og þessi þróun hefur átt sér stað í þorskstofninum eru dagabátarnir eini hluti fiskiskipaflotans sem hefur verið að auka við sig í þorskveiðum. Segja má að það hafi legið nærri að hann hafi tvöfaldað þorskafla sinn á þessum tíma og að 97%–98% af afla dagabátanna sé þorskur. Þar af leiðandi kemur aukning á kvóta í ýsu, steinbít og ufsa flotanum afskaplega lítið við vegna þess að hann byggir aðallega á þorskveiðum. Frá því lögin voru sett hefur þessi hópur aukið afla sinn meðan aðrir hópar hafa minnkað afla sinn. Þar með tel ég að ef lögin, án þess að ég sé að taka undir röksemdafærslu hv. þm., stóðust 1999 standist þau fullkomlega í dag.

[16:52]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við höfum m.a. verið að ræða um fiskveiðistjórn og alls konar reglur. Það er ein regla sem mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh. út í, en ég er líffræðingur og það er farið að fyrnast yfir þá litlu fiskifræði sem ég lærði, en það er 30 þús. tonna sveiflujöfnunarreglan. Ég hef oft verið að velta fyrir mér röksemdum á bak við regluna og hef aldrei botnað í því hvaðan þessi 30 þús. tonn koma. Það væri ágætt ef hæstv. sjútvrh. mundi rifja upp fyrir mér líffræðina á bak við sveiflujöfnunarregluna, ef hann hefur tök á því. Ég á ekki von á öðru vegna þess að hann hefur hrærst lengi í fiskveiðistjórn og öllum þessum reglum, 25% veiðireglum, og oft eru rökin sem liggja á bak við reglurnar ekki ljós fyrir mér. Það væri mjög áhugavert að fá upprifjun á rökunum á bak við 30 þús. tonna sveiflujöfnunina. Fyrir mér hafa þau alltaf verið algjörlega óskiljanleg.

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að rifja upp rökin fyrir sveiflujöfnuninni fyrir hv. þm. Þau eru, eins og hann veit af því hann er líffræðingur, að mælingar á náttúrunni eru háðar óvissu og við getum fengið mismunandi niðurstöður við endurteknar mælingar á sama hlutnum án þess að nokkuð hafi raunverulega breyst á milli mælinganna. Þess vegna er tekið tillit til þess þegar um sveiflujöfnun er að ræða að í aflareglunni er einungis um eina mælingu að ræða og að láta ekki þá einu mælingu, sem hugsanlega breytist, taka út mikla sveiflu á milli ára og takmarka hana þar með við 30 þús. tonn. sem er viðmiðun úr mikilli skýrslu þar sem er mjög mikið tölfræðilegt efni sem hv. þm. hefði gott af að lesa. Skýrslan var gefin út af aflareglunefndinni 1994 og sjálfsagt að ég ljósriti eintak mitt af henni til þess að hann geti rifjað upp tölfræðina um leið og hann rifjar upp líffræðina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þriðja kynslóð farsíma, 1. umr.

Stjfrv., 815. mál. — Þskj. 1243.

[16:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um þriðju kynslóð farsíma. Markmið frv. er að afla heimilda til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma, tryggja hagsmuni neytenda og virkja samkeppni á íslenskum farsímamarkaði.

Liðlega níu af hverjum tíu Íslendingum nota farsíma í daglegu lífi og internetnotkun hér landi er meðal þess hæsta sem þekkist í heiminum. Margir spá að þriðja kynslóð farsíma muni leysa hefðbundna farsímatækni af hólmi.

Með þriðju kynslóðinni er aukin áhersla lögð á gagnaflutning og nýir möguleikar opnast fyrir samskipti með háum sendingarhraða. Til eru nokkrir staðlar fyrir þriðju kynslóð farsíma sem notaðir eru í Asíu, Bandaríkjunum og Evrópu. Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa ákveðið að nota svokallaða UMTS farsímastaðla og gerir frv. ráð fyrir að þeir verði notaðir hér á landi. Frv. sem hér er lagt fram og væntanleg úthlutun á tíðnum er nokkru seinna á ferðinni en víðast annars staðar í Evrópu.

Þegar litið er til reynslu í Evrópu við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma ætti mönnum að vera ljóst að það var hárrétt ákvörðun að flýta sér hægt í þessu máli. Víða í Evrópu voru tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma boðnar hæstbjóðanda. Mörg uppboðanna fóru fram á árunum 2001 og 2002 þegar óhófleg bjartsýni um afkomumöguleika net- og hátæknifyrirtækja ríkti. Þessi mikla bjartsýni á möguleikum fjarskipta- og upplýsingatækni leiddi til óraunhæfra tilboða í tíðni fyrir þriðju kynslóð farsíma. Mörg fjarskiptafyrirtækin lentu svo í vandræðum þegar bólan sprakk og það kom á daginn að langt var í land að þjónusta sem byggði á þriðju kynslóðinni næði fótfestu á markaðnum. Við þetta urðu fyrirtækin skuldsett á skerta fjárhagslega burði til þess að byggja upp net og þjónustu sem krefst mikils fjármagns. Auk þess hafa þessi uppboð leitt til dýrari þjónustu vegna

mikils kostnaðar af leyfum. Þetta er mjög svo í andstöðu við stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið og aðgang fyrir alla. Því er í frv. gert ráð fyrir að önnur leið verði farin, þ.e. haldin svokölluð fegurðarsamkeppni þar sem keppt er um hraða uppbyggingar og gæði þjónustunnar.

Í dag býr fjarskiptamarkaðurinn við allt önnur skilyrði. Notendabúnaður fyrir þriðju kynslóð farsíma er kominn á markað. Einnig er markaðssett þjónusta sem krefst afkastagetu þriðju kynslóðarinnar, svo sem myndsímaþjónusta, margmiðlun og gagnaflutningaþjónusta. Markaður fyrir slíka þjónustu er frumskilyrði fyrir velgengni þriðju kynslóðar farsímakerfisins.

Í Bretlandi var þriðja kynslóð sett á markað fyrir rúmlega ári síðan, eða í mars 2003, og eru þar um 320 þús. áskrifendur. Hins vegar hefur þriðja kynslóð farsíma náð meiri útbreiðslu víða annars staðar, svo sem í Japan.

Frv. sem hér er lagt fram kveður á um nokkur atriði er varða þriðju kynslóð farsíma. Að öðru leyti gilda fjarskiptalög um þriðju kynslóðina. Ég mun nú gera grein fyrir helstu atriðum frv.

Frv. gerir ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti tíðnum. Þetta er í samræmi við lögbundið hlutverk stofnunarinnar samkvæmt fjarskiptalögum, en eitt hlutverk stofnunarinnar er að úthluta tíðnum til fjarskipta, svo sem sjónvarpssendinga, útvarpssendinga, til notkunar fyrir talstöðvar, útsendingar leiðsögumerkja og fyrir farsímanotkun. Í frv. er sett fram það skilyrði að rétthafar tryggi útbreiðslu þriðju kynslóðar farsíma til 60% íbúa eftirfarandi svæða:

Á höfuðborgarsvæði, á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, á Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum.

Rétthöfum er heimilt að hafa samstarf um að uppfylla þessa kröfu að uppfylltum skilyrðum fjarskiptalaganna um reiki og samkeppni. Nái þeir ekki samningum um reiki verða þeir að byggja upp þjónustu sjálfir.

Í frv. er miðað við að tíðnigjald verði 190 millj. kr. á leyfi, en afsláttur verði veittur fyrir aukna útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðis. Veittur er 10 millj. kr. afsláttur fyrir hvern hundraðshluta yfir 60% útbreiðslu og er hann veittur strax í upphafi leyfistíma. Tíðnigjald verður þó aldrei lægra en 40 millj. kr. Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að aukinni útbreiðslu þjónustunnar. Til þess að fá hámarksafslátt af tíðnigjaldi þarf rétthafi að tryggja a.m.k. 75% útbreiðslu á hverju svæði.

Miðað við kröfur laganna er ljóst að útbreiðslan verður mun meiri miðað við þessar forsendur. Það gefur augaleið að afslátturinn hvetur til aukinnar útbreiðslu og uppbyggingar þjónustunnar á landsbyggðinni og það er markmiðið með að veita hann. Miðað er við að þessi atriði komi fram í viðskiptaáætlun bjóðenda sem er hluti af tilboðsgögnum.

Í frv. er gert ráð fyrir allt að fjórum tíðniúthlutunum. Miðað er við að úthlutun tíðna fari fram að undangengnu almennu útboði. Ekki er gert ráð fyrir að boðið verði í tíðni eins og vikið er að hér að framan.

Í frv. sem hér er mælt fyrir er gerð ráð fyrir að önnur leið verði farin eða útboð í formi svokallaðrar fegurðarsamkeppni eins og fyrr er getið um. Nokkrar ástæður eru fyrir þessu vali. Í fyrsta lagi má benda á reynslu í Evrópu þar sem niðurstaða útboðanna leiddi til fjárhagslega veikari fyrirtækja sem getur leitt til dýrari þjónustu fyrir almenning og hægari uppbyggingar vegna skerts fjárhags, samanber orð mín fyrr.

Tíðni fyrir farsímaþjónustu er verðmæt. Íslensku fyrirtækin eru misjafnlega fjárhagslega burðug og vel í stakk búin til þess að bjóða í tíðnirnar. Því er ekki ástæða til þess né heldur rétt að keppa um tíðniúthlutun á fjárhagslegum forsendum. Það er einnig vilji núna að frv. stuðli áfram að hagkvæmum gjöldum fyrir fjarskiptaþjónustu hér eftir sem hingað til. Með því að rétthafar greiði hóflegt gjald miðað við 75% útbreiðslu er stuðlað að því að helstu farsímafyrirtæki ráði við að tryggja sér tíðni. Einnig að þeir hafi eftir sem áður góða burði til þess að byggja upp þjónustu enn frekar af þeim metnaði sem felur það í sér að tryggja hér bestu fjarskiptaþjónustu.

Frv. miðar að því að tíðni fyrir þriðju kynslóð verði boðin út með það að markmiði að tryggja bestu fáanlegu þjónustu sem víðast á landinu. Miðað er við að tíðni úthlutunar hvers rétthafa takmarkist við þær þarfir sem hann getur sýnt fram á. Gert er ráð fyrir að bjóðendur sendi inn viðskiptaáætlun um hvernig þeir ætli að haga uppbyggingu þjónustunnar. Í útboðslýsingu verða settir fram þeir þættir sem ráða munu vali á bjóðendum og vægi þeirra skilgreint. Þó er ljóst, eins og fram kemur í greinargerð, að tilboðin verða annars vegar metin á grundvelli hversu mikil útbreiðslan verður og hins vegar hvenær áskrifendur umsækjenda muni njóta aðgangs að UMTS-neti hans. Þessar upplýsingar skulu koma fram í viðskiptaáætlun bjóðanda sem eru hluti af tilboðsgögnum hans. Með þessu er best tryggt að sem flestir landsmenn njóti þjónustunnar sem fyrst. Þá gerir frv. ráð fyrir að þeir sem verða hlutskarpastir í útboðinu beri kostnað af verkefninu.

Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun innheimti fyrir kostnaði á útboðum af handhöfum tíðna.

Frv. miðar við að gildistími leyfanna takmarkist við 15 ár sem er nokkru lengri en leyfi er fyrir ýmsa aðra þjónustu. Mikill kostnaður fylgir því að byggja upp þriðju kynslóð farsíma, 15 ára gildistími eykur líkur á að fjarskiptafyrirtæki vinni að frekari uppbyggingu farsímaþjónustunnar og að fjárfestingin beri sig.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. samgn.

[17:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra örlítið út í þá útboðsleið sem lagt er upp með í frv. og hann fjallaði um í framsöguræðu sinni og talaði um að ekki væri hagkvæmara eða betra að fara út í samkeppni á fjárhagslegum forsendum. Um það hef ég miklar efasemdir og vildi spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann telur tryggt að geðþóttaákvarðanir ráði ekki þar um og hvernig reglum jafnræðis og sanngirnis verði fullkomlega gætt í slíkri útboðsleið, eða svokallaðri fegurðarsamkeppni þar sem byggt er á mati á þjónustu og fleiri slíkum hlutum en ekki farið hreint og beint út í uppboð þar sem allir keppa á jöfnum grunni og sá fær sem best býður.

Til eru vissulega dæmi um það frá Evrópulöndum eins og Bretlandi og Þýskalandi þar sem menn hafa farið allt of geyst og boðið allt of háar upphæðir, en það á alls ekki að vera til að hræða frá líkt og Morgunblaðið benti á í leiðara sínum í mars í fyrra og bríndi þar hæstv. ráðherra mjög um að fara leið uppboðs en ekki útboðs og er hægt að taka eindregið undir þær hugmyndir Morgunblaðsins og brýnt að hvetja ráðherra til að endurskoða það.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem fá úthlutað rásum verði valdir í svokallaðri fegurðarsamkeppni. Er það fyrirbrigði einhvers konar hugmyndasamkeppni um þjónustu við notendur og vekur það miklar efasemdir um að rétt sé að málum staðið og tryggi að geðþótti ráði ekki för og réttlætisreglur gildi um úthlutun á þessum takmörkuðu gæðum, þessum takmörkuðu auðlindum í eigu þjóðarinnar.

Því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hefði ígrundað þetta frekar.

[17:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti síst von á andsvörum úr þessari átt í dag, en lengi skal manninn reyna. Að sjálfsögðu hefur það allt saman verið ígrundað mjög vandlega sem kom fram hjá hv. þm. Tekin var ákvörðun um að láta símafyrirtækin ekki keppa um hvaða fyrirtæki vildi borga mest fyrir aðganginn *að þessum tíðnum sem síðan yrði að sjálfsögðu innheimt* hjá notendum. Hver borgar brúsann fyrir slíka þjónustu annar en notandinn?

Á Íslandi er mikil og góð reynsla fyrir útboðum, m.a. hjá stofnunum samgrn. Við viljum fara þá leið að leggja áherslu á að fyrirtækin keppist um að byggja kerfið upp sem hraðast og veita sem besta þjónustu í staðinn fyrir að þau keppist um að borga sem mest í ríkissjóð fyrir aðganginn og sendi síðan reikninginn til notenda. Út á það gengur svokölluð fegurðarsamkeppni, að keppa um að veita sem besta þjónustu og *mesta dreifingu. Að sjálfsögðu verður þetta allt saman mjög* gegnsætt og Póst- og fjarskiptastofnun hefur góðar aðstæður til þess að útbúa þau útboðsgögn og lýsingar mjög skýrt og klárt þannig að enginn efist um að verið sé að bjóða fyrirtækjunum upp á að keppa um hver bjóði besta þjónustu, hver bjóði hraðasta uppbyggingu og þeir fá sem bjóða upp á það.

[17:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fullyrði hér að þarna trampar hæstv. samgrh. villigötur, að útboðsleiðin býður upp á það að aðferðir geðþóttans og flokksgæðinganna fái að ráða för en ekki reglur jafnræðis og sanngirni. Og undir það hefur Morgunblaðið tekið, eins og ég sagði áðan, og (Gripið fram í.) ég tek mikið mark á Morgunblaðinu. Einnig, svo ég vitni í fleiri málsmetandi aðila í samfélaginu, ritaði þá hv. þm. Sjálfstfl. en nú hæstv. menntmrh., Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, grein í Morgunblaðið hinn 8. des. árið 2000 þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Ekki er líklegt að tortryggni gæti við úthlutun leyfanna ef uppboð er valið, hvorki meðal almennings eða farsímafyrirtækja.

Þetta síðasta atriði vegur að mínu mati þyngst í rökstuðningnum fyrir því að fara eigi uppboðsleiðina. Slík aðferð er til þess fallin að vekja traust almennings á framtíð þessara mikilvægu almannahagsmuna og frið um úthlutun leyfa til þriðju kynslóðar farsíma. Uppboð á farsímarásum er því skynsamur valkostur og sanngjörn leið."

Undir þau orð hæstv. núverandi menntmrh. tek ég mjög eindregið og brýni hæstv. samgrh. að endurskoða það sem lagt er til í 5. gr. frv. þar sem lögð er til útboðsleiðin, þar sem það vekur upp tortryggni um að menn ætli að hygla flokksgæðingum stjórnarflokkanna hverju sinni, en ekki sú leið að leyfa öllum að keppa á jafnréttisgrundvelli þar sem það ræður úthlutun leyfanna hver býður best. Þannig eiga menn að standa að slíkum hlutum rétt eins og með aðrar takmarkaðar auðlindir í þjóðareigu. Því er það í raun algjörlega óskiljanlegt af hverju hæstv. samgrh. gengur fram með svo glannalegum og undarlegum hætti að leggja til útboðsleiðina í staðinn fyrir að fara leið réttlætis og sanngirni sem felst í uppboði á fjarskiptarásum.

[17:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að þessi ræða var með miklum ólíkindum, að halda því fram að formlegt útboð á grundvelli laga sem vonandi er verið að undirbúa hér, leiði til þess að flokksgæðingar eigi einhvern sérstakan aðgang að því að fá leyfi til að reka fjarskiptakerfi sem nefnist þriðja kynslóð farsíma. Það er mikil reynsla, eins og ég nefndi áður, fyrir útboði og þessi ræða hv. þm. hefði kannski getað verið flutt árið 2000 eða 2001 þegar menn voru alveg sannfærðir um að það væri vísasti vegurinn á miklar tekjur fyrir ríkissjóð að láta símafyrirtækin keppa um að borga fyrir þessi leyfi. Þannig að þessi ræða er aftan úr grárri forneskju reynslunnar á sviði fjarskipta. Ég held því að hv. þm. ætti að rifja málið algerlega upp að nýju. Reynslan er sú að fjarskiptafyrirtækin sem fóru að keppa eftir þeirri hugmyndafræði sem hv. þm. vill fara, komust meira og minna öll í mikil vandræði, lentu í miklum ógöngum, rekstrarlegum ógöngum vegna þess að þau voru að keppa á forsendum sem byggja á því að senda *háan reikning fyrir afnot af þessum tíðnum til notenda.* Því förum við þessa leið og ég er alveg sannfærður um að formaður Samf. er mér sammála.

[17:11]

Lára Stefánsdóttir:

Frú forseti. Nú hefur hæstv. samgrh. lagt fram frv. um þriðju kynslóð farsíma sem ég fagna mjög að sjá hér vegna þess að það er mjög mikilvægt að við höfum allt starfsumhverfið í kringum nýja tækni sem við viljum nota í því sem við erum að fást við. *Það er nauðsynlegt að gera fólki kleift* að nota þetta kerfi sem þó í eðli sínu er upphaflega mótað til þess að þjóna miklum mannfjölda. Þess vegna nefndi hæstv. ráðherra einmitt t.d. Japan, þar virkar það mjög vel þar sem mikill mannfjöldi er saman komin á sama punkti. Þetta er því nákvæmlega það kerfi sem við þurfum að nota á menningarnótt í Reykjavík og stórfundi á Þingvöllum.

Einnig gerir það fólki kleift að nýta farsímann sinn til að fara á myndfund, sækja sér fréttaklippu frá fréttastofum eða tengjast myndbandi, sem reyndar fáar byggðir úti á landi njóta með annarri tækni í dag. Ég velti því þess vegna fyrir mér í hvað og nákvæmlega hvenær fólk kaupir sér aðgang að þessari tækni um alla landsbyggðina þannig að það réttlæti verðið sem upp er sett og þá afsláttarhætti sem settir eru upp.

Sú tækni sem við notum nú, MMS og GPRS, gerir mikið af þeim hlutum sem við erum að sækjast eftir en er auðvitað, og ég vil benda á það, hægvirkari en sú tækni sem þriðja kynslóð farsíma vill njóta. En mikilvægt er að tryggja reikisamninga í tengslum við þriðju kynslóð farsíma þannig að þeir sem velja sér þjónustu hjá einu símafyrirtæki geti gert ráð fyrir að nýta hana til sendinga til þeirra sem velja sér þjónustu hjá einhverju öðru.

Í dag er það stór galli að símanotendur hjá öðru símafyrirtækinu í landinu geta ekki sent myndir til notenda í hinu símafyrirtækinu, á milli þeirra eru ekki reikisamningar

um GPRS-tækni. Og reyndar eru þessir samningar ekkert mjög víða. Sá sem fer í sumarleyfi til Spánar og er með þjónustu hjá Símanum getur ekki sent myndir heim úr fríinu til fjölskyldunnar úr farsímanum sínum, meðan sá sem fer til Makau, Hong Kong, Tævan eða Singapúr getur gert það. Sá sem fer til Ungverjalands getur sent mynd heim en ekki sá sem fer til Belgíu eða Svíþjóðar. Reikisamningar eru því grundvallarforsenda til þess að jöfn samkeppnisstaða sé á markaði þannig að menn geti sent hver til annars og tryggja þarf að slíkt sé gert.

Ég velti einnig fyrir mér, hæstv. forseti, hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að ná í þann afslátt sem í boði er fyrir þá sem ná til fleiri en 60% íbúa á tilteknu svæði í dreifðum byggðum. Sendar fyrir þriðju kynslóð farsíma geta sent um helmingi styttri vegalengd en sendar sem eru nýttir fyrir GSM-síma í dag og við sem búum á landsbyggðinni vitum mætavel að það er býsna götótt kerfi sem við búum við og mörg samtöl rofna fyrr en maður hefur sérstakan áhuga á þegar maður er á ferð heima í mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi.

Þegar um helmingi fleiri senda þarf fyrir þriðju kynslóð farsíma kostar það auðvitað heilmikið meira. Kostnaður símafyrirtækjanna yrði því, frú forseti, a.m.k. helmingi hærri en hann er fyrir GSM-síma í dag. Því vil ég brýna menn þegar þeir skoða frv. nánar að skoða vel hvort afslættirnir séu raunhæfir í samhengi við það að fá góða þjónustu þannig að fólk njóti tækninnar sér til hagsbóta en lendi ekki í alls konar pyttum sem fyrirtæki eru að leggja á leið þeirra til þess að geta nýtt hana sér til hagsbóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 880. mál (lyfjaverð og greiðsluþátttaka almannatrygginga). — Þskj. 1338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 875. mál (landanir erlendis, undirmálsfiskur). — Þskj. 1333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þriðja kynslóð farsíma, frh. 1. umr.

Stjfrv., 815. mál. — Þskj. 1243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

[17:17]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, 946. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1440.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1441.

Flutningur hættulegra efna um Hvalfjarðargöng, 938. mál, fsp. GuðjG, þskj. 1428.

Framtíðaruppbygging Landspítalans, 939. mál, fsp. JBjart, þskj. 1429.

Gjafsókn, 941. mál, fsp. JBjart, þskj. 1431.

Kynjahlutföll námsmanna í Háskóla Íslands, 937. mál, fsp. BJJ, þskj. 1427.

Loftferðir, 945. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1439.

Menntagátt, 936. mál, fsp. LS, þskj. 1426.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 948. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 1442.

Virðisaukaskattur af námsefni á netinu, 935. mál, fsp. LS, þskj. 1425.

Þjónusta sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins, 940. mál, fsp. JBjart, þskj. 1430.

Fundi slitið kl. 17:19.

101. FUNDUR

föstudaginn 23. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 934. mál, þskj. 1420. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, stjfrv., 946. mál, þskj. 1440. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 948. mál, þskj. 1442. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 1358, brtt. 1316. — 3. umr.
7. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 1357, frhnál. 1404. — 3. umr.
8. Varnir gegn mengun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 1136, frhnál. 1383, brtt. 1384. — 3. umr.
9. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867. — 3. umr.
10. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 860, nál. 1303 og 1378, brtt. 1304 og 1379. — 2. umr.
11. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 446. mál, þskj. 630, nál. 1409. — 2. umr.
12. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 467. mál, þskj. 675, nál. 1418, brtt. 1419. — 2. umr.
13. Bann við umskurði kvenna, frv., 198. mál, þskj. 201. — 1. umr.
14. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 199. mál, þskj. 202. — Fyrri umr.
15. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 200. mál, þskj. 203. — Fyrri umr.
16. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 283. mál, þskj. 321. — Fyrri umr.
17. Námsefni um hlutskipti kvenna um víða veröld, þáltill., 165. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.
18. Kornrækt á Íslandi, þáltill., 433. mál, þskj. 599. — Fyrri umr.
19. Kirkjugripir, þáltill., 434. mál, þskj. 602. — Fyrri umr.
20. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 595. mál, þskj. 894. — Fyrri umr.
21. Milliliðalaust lýðræði, þáltill., 600. mál, þskj. 906. — Fyrri umr.
22. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 852. mál, þskj. 1309. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh.

Sumarkveðjur.

[10:30]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti óskar alþingismönnum, starfsmönnum Alþingis og landsmönnum öllum gleðilegs sumars.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

AVS-rannsóknasjóður í sjávarútvegi, 767. mál, svar sjútvrh., þskj. 1423.

Eftirlit með vinnubúðum við Kárahnjúka, 633. mál, svar umhvrh., þskj. 1446.

Hlunnindi af sel, 825. mál, svar landbrh., þskj. 1447.

Hundaræktarbúið í Dalsmynni, 761. mál, svar landbrh., þskj. 1445.

Jafnrétti kynjanna, 655. mál, svar forsrh., þskj. 1444.

Kjör öryrkja, 606. mál, svar fjmrh., þskj. 1421.

Lánveitingar Íbúðalánasjóðs, 742. mál, svar félmrh., þskj. 1391.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 949. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1452.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, 950. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1453.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, 572. mál, nál. utanrmn., þskj. 1450.

Sjálfbær hagvöxtur, 845. mál, svar fjmrh., þskj. 1422.

Skatttekjur ríkissjóðs, 702. mál, svar fjmrh., þskj. 1408.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa 2003, 943. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1437.

Störf rannsóknarnefndar sjóslysa 2003, 944. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1438.

Tilhögun þingfundar.

[10:35]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslu um afbrigði upp úr kl. 11.30 í dag.

Bann við umskurði kvenna, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 198. mál. — Þskj. 201.

[10:35]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég tala fyrir máli sem legið hefur á borðum þingmanna nokkuð lengi. Þetta er 198. mál á þskj. 201 og það var raunar lagt fram á síðasta þingi en afar seint svo að ekki náðist að taka það á dagskrá þá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir banni við umskurði kvenna. Það er í fimm greinum og má segja að það sé flutt í framhaldi af umræðum sem átt hafa sér stað bæði hér á landi og erlendis sem ég mun gera grein fyrir í nokkuð ítarlegu máli þegar ég fylgi greinargerð þessa frv. úr hlaði en lít nú aðeins yfir frumvarpsgreinarnar sjálfar.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að hver sá sem með ásetningi eða gáleysi veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlku eða konu með umskurði á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja

hluta þeirra, skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækjanna sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum. Fyrir tilraun til brots og hlutdeild í broti samkvæmt lögum þessum skal refsa samkvæmt ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að hver sá sem er íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi og fremur erlendis verknaðinn sem um getur í 1. gr. eða á hlutdeild í honum skuli sæta refsingu samkvæmt þeirri grein þótt verknaðurinn sé ekki refsiverður í landinu þar sem hann er framinn.

Í 3. gr., sem fjallar um fyrningarfrest brota, er gert ráð fyrir að um hann fari samkvæmt IX. kafla almennra hegningarlaga.

Í 4. gr. sem fjallar um tilkynningarskyldu er gert ráð fyrir því að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafi afskipti af málefnum barna og verði var við að stúlka hafi verið umskorin eða eigi á hættu að verða umskorin verði skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

5. gr. er einungis gildistökugreinin.

Á 127. löggjafarþingi var lögð fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um það hvort tímabært væri að lögfesta bann við umskurði stúlkna og setja viðurlög við slíkum verknaði. Í svari ráðherrans þá kom fram að umskurður á stúlkum teldist vera líkamlegt ofbeldi en ekki læknisverk og því væri læknum óheimilt að framkvæma þennan verknað samkvæmt læknalögum. Samkvæmt refsilöggjöfinni ætti umskurður stúlkna því að falla undir líkamsmeiðingarákvæði almennra hegningarlaga og vera þá skilgreindur sem brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrár, barnaverndarlögum og lögum um réttindi sjúklinga. Virðulegi forseti. Ég spyr: Hvað tryggir að slík túlkun yrði viðhöfð kæmi það til að slíkt umskurðarmál kæmi upp á yfirborðið á Íslandi sem enn hefur sem betur fer ekki gerst?

Í umræðunum fyrir tveimur árum kom fram að í fortakslausu banni við umskurði stúlkna fælist ákveðin yfirlýsing og sagði hæstv. ráðherra, Jón Kristjánsson, að hann teldi ekkert því til fyrirstöðu að skoða hvort slíkt bann ætti að leiða í lög. Slíkt bann væri raunar í samræmi við ákvæði samnings SÞ um réttindi barnsins sem lögfestur var á Íslandi árið 1992 en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna og enn fremur að aðildarríki skuli gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Þá er það alveg ljóst að umskurður stúlkubarna stríðir einnig gegn mannréttindasáttmála Evrópu og samningi frá 1992 um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur hvatt aðildarríki sín til að taka skýra afstöðu gegn þessum verknaði og Evrópuþingið hefur skorað á aðildarþjóðirnar að lögfesta refsiákvæði gegn þeim sem framkvæmir slíka aðgerð.

Niðurstaða Evrópuþingsins er sú að umskurður stúlkna sé í raun limlesting og að á þeirri forsendu beri að vinna gegn honum, enda felur aðgerðin í sér brottnám hluta kynfæra og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar, jafnvel leitt til dauða.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur einnig vakið máls á því hvort ekki skuli beita þær þjóðir þvingunarúrræðum sem stunda umskurð á stúlkum. Fjárhagsstuðning til þjóðanna mætti t.d. skilyrða á ákveðinn máta, mögulega gegn því að þær samþykki að styðja aðgerðir gegn umskurði stúlkna.

Frú forseti. Umskurður er afar frumstæður verknaður sem á sér djúpar rætur og hefur tíðkast um aldir. Þótt algengt sé, bæði hér á landi og annars staðar, að siðurinn sé tengdur við íslam er sannleikurinn sá að hann er ekki bundinn við nein ákveðin trúarbrögð og er reyndar alls ekki trúarleg athöfn heldur miklu frekar félagsleg athöfn eða samfélagsleg venja. Umskurður stúlkna er ekki síður tíðkaður í löndum þar sem þorri fólks telst til kristinnar trúar eins og í Eþíópíu og Kenýa en talið er að hann eigi rætur að rekja til Afríku og þar mun hann vera útbreiddastur í dag. Ekki eru til margar áreiðanlegar rannsóknir á útbreiðslu umskurðar á stúlkum en hann er enn framkvæmdur, að því að talið er, í 28 Afríkulöndum og að einhverju leyti í Indónesíu, Sri Lanka, Malasíu og Indlandi, í Egyptalandi, Óman, Jemen, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og sömuleiðis hjá frumstæðum ættbálkum Suður-Ameríku.

Samtökin Amnesty International áætla að um 135 millj. núlifandi kvenna og stúlkna í heiminum hafi þolað þessar misþyrmingar á kynfærum sínum og að um 2 millj. stúlkubarna séu umskornar á hverju ári. Það þýðir, virðulegi forseti, um 6 þús. stúlkur á dag. Umskurður er yfirleitt framkvæmdur á ungum stúlkum, allt frá sjö daga gömlum en algengast er að þær séu á aldrinum frá fjögurra til 14 ára. Athöfnin er ævinlega framkvæmd við frumstæðar aðstæður og á rætur í frumstæðum hugmyndum um konur og kvenlíkamann. Bágbornar efnahagslegar og félagslegar aðstæður kvenna viðhalda vanþekkingunni og hindurvitnunum. Meðal þeirra skýringa sem gefnar eru fyrir verknaðinum er að hann eigi að tryggja meydóm, bæla niður náttúrulega kynhvöt og koma í veg fyrir lauslæti og samkynhneigð, auk þess sem umskurður er sagður tryggja konum farsælt hjónaband, frjósemi og barneignir.

Það er umdeilanlegt hvort orðið umskurður er heppilegt yfir þennan verknað því það dregur ekki fram alvarleika hans sem er, eins og hefur komið fram í máli mínu, virðulegi forseti, misþyrming, afskræming eða limlesting. Einnig má deila um hvort orðið sé hreinlega villandi. Það gæti mögulega talist vera það þar sem það er einnig notað yfir umskurð drengja sem er allt önnur aðgerð og miklum mun skaðlausari.

Umskurður stúlkubarna tengist mismunandi siðvenjum. Hvernig þær eru fer eftir löndum. Ákveðinn heiður virðist alltaf tengdur verknaðinum og því meiri eftir því sem umskurðurinn er meiri. Umskurði fylgir mikill líkamlegur og sálrænn sársauki, ör, blöðrur og bólgur. Eftirköstin eru alvarleg og geta komið fram í bráðalosti, sýkingum, skemmdum í þvagrás, örmyndun, stífkrampa, blöðrubólgu, blóðeitrun, HIV-smiti og lifrarbólgu B. Til lengri tíma litið getur aðgerðin orsakað langvarandi og síendurteknar sýkingar í þvagrás og leggöngum, ófrjósemi, æxla- og kýlamyndanir, kvalafull taugaæxli, vaxandi erfiðleika við að hafa þvaglát, tíðaverki, uppsöfnun tíðablóðs í kviðarholi, sársauka við samfarir, kyndeyfð, þunglyndi og dauða. Þá getur umskurður einnig tvöfaldað hættuna á að konur deyi af barnsförum og margfaldað hættuna á að börn fæðist andvana.

Af þeim lýsingum, virðulegi forseti, sem hér eru upp taldar og eru að mestu leyti fengnar í gegnum rannsóknir sem hægt er að kynna sér á vefnum sést að um afskaplega alvarlegar afleiðingar er að ræða. Þess má geta að í þeim löndum þar sem umskurður tíðkast eru spítalar sem gera fátt annað en að fást við afleiðingar af umskurði stúlkubarna.

Alþjóðastofnanir hafa af þessum orsökum blásið síðustu árin til herferðar gegn umskurði og þau hafa gert m.a. út sendifulltrúa í þeim tilgangi að fræða fólk um allan heim. Þá hafa þau einnig stutt samtök, t.d. í Afríku, sem berjast gegn umskurði. Nýlegar kannanir hafa sýnt að þessi áróður er farinn að skila árangri þótt ekki sé kannski í miklum mæli enn sem komið er. Það virðist vera að koma í ljós núna í sumum þorpum í Afríku þar sem tekin hefur verið sameiginleg ákvörðun um að leggja þessa hefð af en viðhalda engu að síður hátíð sem er kannski svipuð fermingu hér hjá okkur. Slík hátíð hefur venjulega verið haldin áður en umskurðurinn er framkvæmdur.

Það hefur verið reynt að hafa áhrif á þá sem sjá um að fremja verknaðinn og einnig á foreldra með því að koma því á framfæri að menntaðir menn kjósi fremur óumskornar konur og gera þannig eftirsóknarvert að láta ekki umskera stúlkubörn. Þessi vinna er afar erfið og skilar sér hægt þar sem mikill samfélagslegur þrýstingur er á að umskurður stúlkna sé framkvæmdur þar sem slíkt hefur tíðkast.

Virðulegur forseti. Hvers vegna að flytja frv. á borð við þetta hér á Íslandi sem er svo fjarri öllum þessum löndum sem um ræðir? Jú, það má segja að í kjölfar aukins fjölda innflytjenda frá löndunum þar sem umskurður tíðkast hafi þörf fyrir lagasetningu sem bannar verknaðinn aukist í öllum löndum Evrópu. Vitað er að verknaðurinn hefur viðgengist í Danmörku, Bretlandi, Frakklandi, á Spáni, í Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu og því gæti þess verið skammt að bíða að siðurinn bærist hingað til lands. Það hefur rekið á eftir lagasetningu af þessu tagi í Evrópulöndum að stúlkubörn hafa látist í kjölfar aðgerðar. Í Bretlandi voru t.d. sett ákvæði í lög 1985 um bann við hvers konar umskurði eða brottnámi kynfæra stúlkna en ekki fyrr en eftir að þrjár stúlkur höfðu dáið í kjölfar umskurðar. Í Bretlandi hefur þó aldrei verið refsað samkvæmt ákvæðinu en þó nokkrar ákærur gefnar út.

Frú forseti. Þegar ég var að afla gagna í greinargerð með þessu frv. komst ég að því að frv. lá fyrir danska þinginu sem bannar hvers konar umskurð á kynfærum stúlkna sem hafa danskan ríkisborgararétt eða eiga lögheimili í Danmörku. Hvar það mál stendur nákvæmlega núna er mér ekki kunnugt en ég tók mið af því frv. við samningu þessa, að viðbættum sérákvæðum sem varða fyrningu sem ég setti inn í 3. gr. þessa frv. Kostur við það að flytja mál af þessu tagi hér á landi núna er að það er útlátalaust fyrir okkur að gera það á meðan það virðist fjarlægur möguleiki að mál af þessu tagi komi upp hér á landi. Ég held að það skipti verulegu máli að við hugleiðum það efni sem hér er fjallað um því að það gefur okkur sannarlega tækifæri til að fyrirbyggja slíkan verknað áður en skaðinn skeður. Það væri jafnvel erfiðara fyrir okkur að fást við lagasetningu sem þessa eftir að einhver dæmi um verknaðinn hefðu komið upp. Eftir því sem sérlög sem banna umskurð verða algengari verður erfiðara fyrir þjóðir að viðhalda þessari fornu hefð sem veldur tjóni á lífi, líkama og andlegri heilsu og líðan barna. Það er því að mínu mati og okkar flutningsmanna, sem eru ásamt mér Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman, hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, skylda Íslendinga í samfélagi þjóðanna að leggja sitt af mörkum til að þessi hefð verði aflögð og komið í veg fyrir limlestingu fjölda stúlkubarna.

Verði frv. að lögum er það fyrirbyggjandi aðgerð og skýr yfirlýsing um stuðning Íslendinga við baráttuna gegn þessum hroðalegu limlestingum og mannréttindabrotum sem ég hef nú lýst.

Frú forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbrn.

[10:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Frv. til laga um bann við umskurði kvenna er bæði mjög mikilvægt og merkilegt mál og ber að fagna því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir skuli hafa haft forgöngu um að flytja það á hinu háa Alþingi.

Ég tel einboðið að frv. af þessu tagi verði samþykkt af Alþingi Íslendinga og tek undir með hv. flm. Hér höfum við tækifæri til að gefa gott fordæmi heima fyrir og einnig til að koma í veg fyrir að stúlkubörn verði nokkru sinni umskorin hér á landi þannig að það liggi algjörlega fyrir og fortakslaust að misþyrming kynfæra barna og kvenna sé bönnuð á Íslandi. Þau skilaboð þurfa að vera mjög skýr, bæði hér heima fyrir og einnig í alþjóðlegu samstarfi Íslands við aðrar þjóðir.

Tilefni þess að ég kem upp hér er ekki einungis vilji til að lýsa ánægju minni með þetta frv. heldur einnig til að benda á að það er einmitt mjög mikilvægt í umfjöllun um þessi mál, um réttindi kvenna, um ofbeldi gegn konum og börnum, að við sjáum í henni samhengi við það sem Ísland er að segja og gera á erlendri grundu og að við setjum baráttu okkar gegn umskurði stúlkubarna inn í utanríkisstefnu Íslands, gerum hana að máli sem við vinnum að, hvort heldur er innan SÞ eða annars staðar á alþjóðlegum vettvangi þar sem færi gefst.

Það er t.d. vitað að Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna gengst fyrir mörgum góðum fræðsluverkefnum sem vinna gegn umskurði kvenna og það væri hægur leikur fyrir Íslendinga að styrkja slík verkefni og sýna í verki að okkur er full alvara með það að vinna gegn umskurði stúlkubarna.

Eins og hv. flm. sagði er umskurður kvenna, misþyrming á kynfærum kvenna og barna, félagslegt vandamál fyrst og fremst og hefur mjög lítið með trú eða trúarbrögð að gera. Hann á djúpar rætur, oft frumstæðar, mjög djúpar rætur í þeim samfélögum þar sem slíkur verknaður er tíðkaður og endurspeglar að sjálfsögðu ævafornt viðhorf til kvenna sem eru því miður í löndum þar sem umskurður tíðkast oft álitnar eign feðra sinna og síðan eign eiginmanna sinna. Í þessum löndum er umskurðurinn eins konar aðferð til að gera oft bráðungar stúlkur gjaldgengar á hjónabandsmarkaði ellegar vill enginn giftast þeim eða eiga þær.

Það er mjög rík ástæða til að taka á hinu félagslega umhverfi og dæmin sanna að fræðsla skilar sér. Það þarf auðvitað mjög mikla og ítarlega fræðslu og það þarf að ná til fólks sem oft og tíðum er hvorki læst né skrifandi. Það kallar á mikla vinnu, mikið úthald, kannski ekkert svo mikla peninga en alveg örugglega mjög mikinn pólitískan vilja, bæði stjórnvalda í landinu sem á í hlut og svo einnig þeirra stjórnvalda sem vilja tryggja að slík vinna fari fram og að alþýða manna sé uppfrædd um það að umskurður er ekkert annað en misþyrming og gengur gegn mannhelgi stúlkubarna og kvenna og veldur þeim engu nema kvölum þegar upp er staðið.

[10:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Flm. hefur gert mjög vel grein fyrir þessu alvarlega máli. Ég styð það og tek undir með þeim sem hér hafa talað. Að sjálfsögðu eigum við að færa þetta í lög á Íslandi. Á Íslandi eru skýrar, lögfestar reglur um það hvernig Íslendingar eiga að haga sér, hvað má og hvað má ekki, og

það er ætlast til að við förum eftir þeim. Það er afdráttarlaust skoðun mín að allir þeir sem ákveða að koma og deila með okkur kjörum í samfélagi okkar eigi að fallast á að lifa með okkur í þessu þjóðfélagi og hlíta reglum okkar og lögum. Þannig á það að vera og við eigum að hafa skilning á málefnum þeirra sem hingað koma en afdráttarlaust eiga að gilda eins reglur fyrir alla.

Þess vegna er mikilvægt að það gildi líka reglur um alla að þessu leyti. Ég tek undir það að hér erum við ekki að fjalla um eitthvað sem á trúarlegar rætur. Því hefur oft verið snúið þannig að umskurður eigi sér trúarlegar rætur en það er rangt, þetta er samfélagslegt fyrirbrigði og hörmulegur ofbeldisverknaður.

Það er ekkert vafamál í mínum huga að það á að vera bann við þessum verknaði, ekki bara í lögum okkar heldur alls staðar á Vesturlöndum. Það á að fylgja því eftir að slíkum lögum sé framfylgt og tryggja að í gang fari eitthvert ferli ef það vottar fyrir slíku hér. Slíkt mál þarf að komast til skila til réttra aðila. Við eigum að tryggja þetta og hafa okkar skýru og góðu lög sem gilda almennt. Undir þau falla bæði Íslendingar og þeir sem koma og vilja lifa með okkur.

Svo tek ég undir með Þórunni Sveinbjarnardóttur, hv. þm. Samf., að þetta verði hluti af utanríkisstefnu okkar. Það væri sómi að því og það væri sérstakt að Ísland, sem ég er óþreytandi að nefna að getur haft sterka rödd á alþjóðavettvangi þó að það sé smáríki, tæki það inn í utanríkisstefnu sína að tekið yrði á þessum málum alls staðar í alþjóðasamfélaginu þar sem við erum aðilar.

[10:56]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. framsögumanni fyrir ítarlega greinargerð og ekki síður fyrir frumkvæði í þessu alvarlega máli og vinnu hennar við að kynna það og vekja þjóðina til umhugsunar. Ég tel að í hugum flestra sé málið okkur svo fjarlægt að mörgum finnist það ekki eiga erindi í íslenska löggjöf, það komi okkur ekkert við, sé aðallega vandamál hjá þróunarlöndunum, og við ættum bara ekkert að vera að skipta okkur af því, þetta sé þeirra mál, tengist trú þeirra. Nú hefur það hins vegar sýnt sig að fjöldi innflytjenda frá þeim löndum þar sem umskurður stúlkubarna tíðkast hefur aukist í Evrópu, á Norðurlöndunum og þessar þjóðir, hvort sem þær eru kristnar eða íslamskar eða hvaða trúarbrögð svo sem þau stunda, flytja hefðina með sér. Þó að hún tengist ekki trú hvers kynstofns sem þetta stundar, heldur sé eingöngu félagsleg athöfn er þetta fyrir margar þjóðir rétt eins og fermingin er hjá okkur, eða var hjá okkur, hugsanlega athöfn hjá sumum að taka stúlkubörnin í tölu fullorðinna eða að henni fylgi þessar fornu rætur að stúlkubarnið er eign föður síns, verður eign eiginmannsins og þar með er þessu viðhaldið í nútímanum. Sá hugsunarháttur fylgir þessum innflytjendum þó svo að þeir séu búsettir utan heimalandsins.

Þar sem ég hef kynnt mér þessi mál hef ég einnig séð að þar sem umskurður er tíðkaður hafa þær konur — þetta eru allt konur — sem fremja verknaðinn ákveðinn status í samfélaginu. Það er ákveðin virðingarstaða. Þessi fjöldi kvenna er mikill og það er ekkert auðvelt að leggja af siðinn og koma þeirri breytingu inn í heilu samfélögin að þessar konur eigi ekki lengur að hafa virðingarstöðu og upplýsa að það sem þær hafi verið að gera verði ólöglegt og jafnvel glæpsamlegt. Auðvitað er þetta félagslegt vandamál, það þarf að fara inn með mikla kynningu, það þarf að finna þeim konum sem þetta stunda annað hlutverk þannig að virðing þeirra viðhaldist innan hvers samfélags. Þetta er hluti af stórri mynd þar sem skiljanlega er líka verið að verja stöðu þessara kvenna. Þetta er frumstætt viðhorf og maður vonar að með betri efnahagslegri stöðu þeirra þjóða þar sem þetta tíðkast, meiri velsæld og hagsæld aukist jafnrétti og félagslegt réttlæti og siðurinn leggist af. Það mun taka mjög langan tíma og það er ekki hægt að bíða eftir því, heldur verðum við að gera öllum ljóst hve alvarlegur veruleikinn er. Þetta er misþyrming á stúlkubörnum sem veldur mikilli þjáningu og varir ekki bara þá stund sem athöfnin tekur heldur fylgir þeim alla ævi og getur valdið því síðar á ævinni, ef stúlkurnar hreinlega látast ekki af þessum sökum — margar deyja í kjölfarið af sýkingum — að margar þeirra deyja við fæðingu barna sinna.

Ég vil bara ítreka það, frú forseti, að ég tel að þetta frv. um bann við umskurði kvenna sé mjög mikilvægt. Það er mikilvægt að við afgreiðum það sem lög frá Alþingi hið fyrsta sem fyrirbyggjandi aðgerð því það mun koma að því hjá okkur eins og á Norðurlöndunum að umskurn á stúlkubörnum verður framkvæmd hér á landi og þá er miklu heppilegra að vera búin að gefa út þau skilaboð að þetta verði ekki liðið og að vita þá hvernig eigi að taka á málinu. Eins og segir í 4. gr. er hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður var við að stúlka hafi verið umskorin eða eigi á hættu að verða umskorin skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Þetta ákvæði er skýr skilaboð til allra þeirra sem vinna með börn. Ég tel að við eigum að vera undir þetta búin og að það sé betra að koma löggjöfinni á fyrr en seinna því að við munum lenda í þessu eins og aðrar þjóðir.

[11:03]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta frv. er liggur fyrir um bann við umskurði kvenna. Ég er þeirrar skoðunar að það sé orðið tímabært, því miður liggur mér við að segja, á Íslandi. Ég tek undir með þeim hv. þm. sem hafa talað í þessu máli og tek sérstaklega undir þá hugmynd hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur að það ætti að sjálfsögðu að verða hluti af utanríkisstefnu okkar að vinna að banni við umskurði á kynfærum kvenna.

Það hefur jafnframt komið fram að vandamálið sé komið til Norðurlandanna og ég spyr: Ætli það sé ekki hreinlega komið til Íslands líka? Hvað vorum við að upplifa í síðustu viku? Ung kona af erlendu bergi brotin var lamin þar sem hún vildi ekki samþykkja að giftast frænda sínum að kröfu föður síns. Þessar venjur og hefðir sem í huga okkar eru a.m.k. gjörsamlega úreltar og eru að sjálfsögðu ekkert annað en kúgun eru komnar til Íslands þannig að þetta frv. er vissulega orð í tíma töluð og bráðnauðsynlegt að samþykkja það sem fyrirbyggjandi aðgerð.

Ég er einn af þeim sem hafa lesið Eyðimerkurblómið eftir Waris Dirie. Margoft þurfti maður að leggja bókina frá sér. Það er hreint með ólíkindum að mönnum skuli detta í hug á þessari öld að umskera börn sín, stúlkubörn, og í þeirri bók kemur skýrt fram að höfundur lendir í því fjögurra ára gömul að það er móðirin sem heldur henni meðan einhver flökkukona umsker hana með glerbroti. Ég efast um að þetta sé með fullum vilja móðurinnar og ég leyfi mér að efast um í dag að þetta sé það sem ungir karlmenn vilja, að þeir vilji fá tilvonandi konur sínar umskornar. Kannski þarf þessi kynslóð hreinlega að deyja út sem sinnir umskurðinum en

það er alveg skýrt í mínum huga að þetta eru orð í tíma töluð og að sjálfsögðu á að keyra þetta frv. áfram og gera það að lögum. Við getum þannig m.a. orðið fyrirmynd annarra.

[11:05]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka afar jákvæðar undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hjá hv. þingmönnum. Ég tek undir með hv. þingmönnum Samf. um að auðvitað á atriði af þessu tagi að verða hluti af utanríkisstefnu okkar og við eigum að tala fyrir málstað þessara stúlkna og kvenna hvar sem er og innlima þann málstað og þann málflutning í alla okkar umræðu um utanríkismál.

Það er eitt sem mig langar til að nefna sem kannski veganesti þessa máls inn í nefndina. Eftir að frv. var prentað og því dreift í þingsölum hefur fólk komið að máli við mig og sagt mér af ýmissi þekkingu sem er til staðar úti í samfélaginu varðandi þessi mál og það hvernig þessum málum vindur fram á alþjóðavettvangi. Eitt mætti hv. heilbrn. hugleiða í umfjöllun sinni um málið, það hvort við ættum ekki að láta það nægja sem flóttamannastatus hér á landi að stúlkur eða konur séu að flýja þennan verknað. Það kann að vera að mæður þurfi hreinlega að grípa til þess ráðs að flýja með dætur sínar til að forða þeim frá þessum verknaði og það yrði þá að samþykkjast af okkar hálfu sem gild ástæða fyrir því að viðkomandi sækti um flóttamannastatus í landinu. Ég held að þetta sé atriði sem nefndin gæti tekið til skoðunar og athugað hvernig því er háttað í nágrannalöndum okkar.

Vegna Eyðimerkurblómsins eftir Waris Dirie sem nefnt var til sögunnar rétt áðan vil ég segja að hún hefur einmitt verið afar mikilvirk í því að koma málefninu í umræðu en hún hefur verið gerð út sem sérstakur sendiherra SÞ til að vekja athygli fólks á þeim hörmulegu afleiðingum sem þessi verknaður getur haft.

Að öðru leyti þakka ég fyrir umræðurnar og hlakka til að sjá hvernig hv. heilbrn. tekur á málinu.

[11:08]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að hafa mælt fyrir þessu frv. í dag. Ég þakka líka fyrir áhugaverðar umræður um mál sem ég verð að segja að fyrir mig sem Íslending er svolítið framandi en líka skelfilegt í öllum sínum hryllingi. Ég vil lýsa því yfir að ég styð þetta frv. Mér finnst alveg sjálfsagt að við leggjum það inn í lagabálka okkar og leggjum þar með inn einhvers konar fyrirbyggjandi aðgerð sem kæmi þá hugsanlega í veg fyrir að svona hroðalegir verknaðir yrðu framkvæmdir hér á landi.

Það er bara eitt sem ég er svolítið hugsi yfir og það er 2. gr. í þessu frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hver sá sem er íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi og fremur verknaðinn sem um getur í 1. gr. erlendis eða á hlutdeild í honum skal sæta refsingu samkvæmt þeirri grein þótt verknaðurinn sé ekki refsiverður í landinu þar sem hann er framinn."

Þetta er gott og gilt svo langt sem það nær en ég velti svolítið fyrir mér hversu hæglega, eða öllu heldur óhæglega, hægt yrði að sanna þetta. Ég hygg að þessir verknaðir eigi sér oftast stað í löndum sem eru ansi fjarlæg okkur Íslendingum og kannski er óraunsætt að hafa þetta í 2. gr. Það væri frekar hugmynd að reyna að fara sömu leið og Danir. Í greinargerð með þessu frv. kemur fram hvernig þeir fara að, með leyfi forseta:

„Nú liggur fyrir frumvarp í danska þinginu sem bannar hvers konar umskurð á kynfærum stúlkna sem hafa danskan ríkisborgararétt eða eiga lögheimili í Danmörku."

Ég hygg að það væri raunsærri leið sem mundi þá frekar leiða til þess að einmitt yfirvöld á Íslandi færu í það að rannsaka svona mál og fylgja þeim eftir, raunsærra að fara frekar sömu leið og Danir hvað þetta varðar án þess að ég sé þó á nokkurn hátt að reyna að draga úr að þessi gjörningur er gjörsamlega óafsakanlegur. Ég tel meira en sjálfsagt að hafa harðar refsingar við þessu ef svo ber undir.

[11:11]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni athugasemdirnar en varðandi 2. gr. er hún einmitt ef ég man rétt tekin frá Dönum. Það skiptir verulegu máli, sérstaklega upp á fælingarmátt að gera, að fólk viti að lög viðkomandi lands teygja sig lengra en að landamærum landsins. Einstaklingur af þjóðerni þess lands veit að hann væri að fremja refsiverðan verknað jafnvel þótt hann færi út fyrir landamærin, hversu langt sem hann færi til að fremja verknaðinn. Þetta er kannski nýjung, ég skal ekki segja, lögfræðikunnátta mín er ekki það mikil að ég geti fullyrt um það, en þetta er a.m.k. atriði sem tíðkað er nú um stundir í málum af þessu tagi. Lög landsins eru látin ná yfir ríkisborgarana, jafnvel þó að þeir fremji verknaðinn í öðrum löndum þannig að þetta ákvæði á sér ákveðna fyrirmynd.

Það eina sem er ekki sambærilegt í þessu frv. sem ég flyt og því danska er að fyrningarfresturinn er annar hjá okkur. Þar miða ég við okkar hegningarlög sem eru ekki með sama hætti og dönsku lögin. Að öðru leyti á þetta frv. að langmestu leyti fyrirmynd í þessu danska frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kvennahreyfingin á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÞBack, 199. mál. — Þskj. 202.

[11:13]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Þáltill. sú sem hér liggur fyrir á þskj. 202 hefur verið flutt áður í þingsölum. Við erum tvær, flm. ásamt mér er hv. þm. Þuríður Backman.

Tillögutextinn gengur út á það að Alþingi álykti að fela félmrh. að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Það verði m.a. gert á eftirfarandi hátt:

a. Stofnaður verði sjóður með lið í fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna. Hluta sjóðsins verði varið til þess að tryggja þátttöku sömu hópa í alþjóðlegu starfi.

b. Jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Ég talaði fyrir þessu máli, frú forseti, á síðasta löggjafarþingi. Málið varð þá ekki útrætt en tillögunni var engu að

síður vísað til félmn. til umfjöllunar og þar var hún send til umsagnar. Það er kannski meginmálið í þessari framsögu minni núna að fara í örfáum orðum yfir þær umsagnir sem bárust.

Þeir aðilar sem sendu umsögn til nefndarinnar voru Bandalag háskólamanna, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, jafnréttisráðgjafinn í Reykjavík, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands og félmrn. Það má segja að allir þessir aðilar hafi lýst yfir ánægju og stuðningi við tillöguna utan félmrn. sem taldi hana ekki tímabæra vegna þess hve lítil reynsla væri komin á lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Það var auðvitað í ljósi hinna jákvæðu undirtekta sem ég taldi fulla ástæðu til að endurflytja málið, koma því aftur inn í farveg þingsins þannig að nefndarmenn fengju tækifæri til að taka endanlega afstöðu til þess. En mig langar að víkja í örfáum orðum að umsögn félmrn. sem send var nefndinni og er dagsett 29. nóvember 2002.

Ég sagði áðan að félmrn. hefði komist að þeirri niðurstöðu að tillagan væri ekki tímabær vegna þess hve lítil reynsla væri komin á jafnréttislögin. Í umsögn nefndarinnar kemur fram að ekki var búið að skila niðurstöðu þeirrar jafnréttisáætlunar sem þá var í gildi. Nú hefur það hins vegar gerst, virðulegi forseti, að hæstv. félmrh. talaði einmitt fyrir nýrri jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir örfáum dögum í þinginu. Hvað kom þá í ljós? Jú, það kom í ljós að fyrri jafnréttisáætlun hafði ekki náð tilætluðum árangri, þ.e. ráðuneytið og stofnanir okkar höfðu ekki staðið sig nægilega vel að mati hæstv. ráðherra í þessum efnum. Það var tekið fram í máli hæstv. ráðherra ef ég man rétt að sjö ráðuneyti hefðu haft færri konur í áhrifastöðum en þegar jafnréttisáætluninni var komið á laggirnar. Hæstv. ráðherra hnykkir á því í framsöguræðu með nýju jafnréttisáætluninni að betur megi ef duga skuli.

Ég tel að þáltill. af því tagi sem hér er flutt fari afskaplega vel saman með nýju jafnréttisáætluninni og að hún geti verið virkilega öflugt tæki í baráttunni fyrir því að koma á jafnrétti. Ég mæli með því að menn skoði þessa tillögu núna í ljósi þess sem fram hefur komið á síðustu vikum og mánuðum varðandi jafna stöðu kvenna og karla í samfélaginu. Það er auðvitað mikilvægt þegar við skoðun þær stofnanir sem sinna jafnréttismálum hvað mest — þar er náttúrlega Jafnréttisstofa efst á blaði og félmrn. segir í umsögn sinni að Jafnréttisstofa, stofnun sem hafi nýverið komið til sögunnar, hafi umfangsmikið starf, eigi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og eftirlit með því að markmið laganna náist. Þegar maður skoðar svo umsögn Jafnréttisstofu frá 10. desember 2002 kemur í ljós að hún telur að málaflokkurinn eigi undir högg að sækja og að tillaga af því tagi sem hér er flutt komi til með að geta orðið lóð á vogarskálarnar í því að efla starfið. Mig langar til að vitna beint í umsögn Jafnréttisstofu en þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutur félaga, hópa og samtaka hefur verið mjög takmarkaður“ — þ.e. í alþjóðlegu starfi á sviði jafnréttismála sem verið er að fjalla um í umsögninni — „þar sem að fjármagn hefur skort til þess að þau geti tekið þátt. Rétt er einnig að geta þess að algengt er að til okkar [þ.e. Jafnréttisstofu] leiti þessir aðilar til þess að fá fjárhagsstuðning vegna þessa, en hjá Jafnréttisstofu er ekkert fjármagn til slíks.“

Það kemur sem sagt fram, virðulegi forseti, í umsögn Jafnréttisstofu að sjóður af því tagi sem tillagan gengur út á væri sannarlega af hinu góða, það sé full þörf á honum enda hafi Jafnréttisstofa enga möguleika á að veita nokkurn fjárhagsstuðning til sjálfstæðra aðila sem vilja taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði jafnréttismála. Þykir mér þessi umsögn vega afar þungt og sömuleiðis umsögn Jafnréttisstofu við b-lið þáltill. en þar segir að Jafnréttisstofa telji hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna hingað til hafa verið frekar óskilgreint og jafnvel breytilegt eftir ráðuneytum. Jafnréttisstofa lýsir því reyndar yfir að hún hafi haft náið og gott samstarf við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna en lýsir því jafnframt að þáltill. eins og hún er orðuð sé í anda samþættingar sem sé eitt meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála. Ég endurtek, virðulegi forseti, að ég tel þessa umsögn Jafnréttisstofu vega afar þungt í þessu máli og það sama má reyndar segja um fleiri umsagnir, t.d. umsögn Háskóla Íslands sem samin er af jafnréttisnefnd háskólans. Hún segir svo að óyggjandi er að fjárskortur standi íslensku kvennahreyfingunni fyrir þrifum og komi beinlínis í veg fyrir að sú þekking og sá mannauður sem þar er nýtist sem skyldi, bæði í alþjóðlegu samstarfi og á innlendum vettvangi. Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands telur að skilgreina þurfi og samræma starfssvið og starfshlutfall jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna nánar þannig að þeir hafi forsendur til að sinna jafnmikilvægu verkefni og tillagan gerir ráð fyrir þannig að þar er afar jákvæður tónn líka.

Sama má segja um Kvenfélagasamband Íslands sem tekur það fram að víða erlendis hafi frjáls félagasamtök myndað heildarsamtök og hafi þá afl til að mynda þrýstihópa um ýmis baráttumál sem horfa til heilla fyrir almenning. Eitt af þeim baráttumálum er einmitt jafnréttismálin og það skiptir verulegu máli að okkur takist að mynda heildarsamtök þessara hagsmunaaðila. Þó að vissulega gæti aukins samstarfs í þessum geira er ekki þar með sagt að við séum komin svo langt að heildarsamtök hafi verið stofnuð.

Í umsögn jafnréttisfulltrúa Reykjavíkurborgar er afar fróðlegt yfirlit yfir það sem jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar hefur borist af erindum en þar er talað um að á hverju ári komi 15–20 styrkumsóknir frá margs konar aðilum sem beinlínis eru að leita fjármagns og stuðnings til að hrinda í framkvæmd verkefnum, afla þekkingar eða sinna með einhverjum hætti betur þörfum á sviði jafnréttismála. Það er alveg greinilegt, frú forseti, að þörfin fyrir sjóð af því tagi sem a-liður þáltill. fjallar um er afar brýn. Það staðfestist í þessum umsögnum okkar.

Ég minni líka á það hér, frú forseti, að við erum formlegir undirritunaraðilar að Árósasamningnum sem fjallar um grundvallaratriði í starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála. Það er reyndar þrautin þyngri að fá þann samning fullgiltan hér á landi en ég tel að grundvallaratriðin í þeim samningi séu svipuð og grundvallaratriðin í þeirri þáltill. sem hér um ræðir. Það sama má segja um það hvernig Evrópuráðið, Evrópusambandið og SÞ hafa starfað á undanförnum árum. Þar hefur verulega aukist skilningur á mikilvægi frjálsra félagasamtaka í starfi lýðræðisþjóðfélaga og það skiptir verulegu máli að mati þessara aðila að þessir hópar hafi starfsskilyrði sem geri það að verkum að þeir geti tekið virkan þátt í mótun stjórnarstarfs, í mótun lýðræðis viðkomandi landa. Ég tel verulega mikils virði að við samþykkjum þessa tillögu, að við komum henni alla leið í gegnum kerfi okkar hér. Ég tel að þær hugmyndir sem kvikna í grasrótinni séu oft þess eðlis að þær þurfi ekki nema örlitla aðhlynningu til að bera góðan ávöxt. Skoðun mín er

sú að ef við leggjum rækt við að fanga slíkar hugmyndir megi skapa það umhverfi sem þarf til að kvennahreyfingin og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna. Það er það sem þetta mál snýst um. Það skiptir okkur máli að hreyfingarnar úti á akrinum séu virkar, þær starfi með okkur og við gerum okkur grein fyrir því að við erum að vinna í sama liði.

[11:23]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér er vissulega á ferðinni hið merkilegasta mál sem er fróðlegt að ræða á Alþingi um leið og við ræðum önnur mál sem snerta jafnrétti kynjanna og stöðu kvenna, bæði hérlendis og erlendis. Rétt áðan fór líka fram mjög upplýsandi umræða um tillögu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um annað mál, um umskurð kvenna.

Hérna er hreyft við máli sem skiptir mjög miklu í öllu jafnréttisstarfi innan lands. Við höfum orðið vitni að því á undangengnum mánuðum og missirum að eiginlega hafi hvorki gengið né rekið í því meginverkefni jafnréttismála á undanförnum árum að jafna laun kynjanna. Því fer fjarri að þau mál séu viðunandi. Það er verulega mikill launamunur á milli kynjanna á Íslandi. Það vita allir og það hefur gengið illa að jafna þennan mun. Í þessum launamun felast skýr og klár mannréttindabrot. Um það blandast engum hugur. Við ræddum einmitt fyrr í vetur tillögu hv. varaþingmanns Vinstri grænna, Atla Gíslasonar, um aðgerðir og um leynd og ekki leynd á launabókhaldi til að komast að því hvernig þessum málum er virkilega háttað. Það er þó önnur umræða.

Þessi þáltill. lýtur að því að efla grasrótarstarfið. Það er það sem skiptir máli. Upp úr grasrótinni koma klárlega þeir sprotar sem duga til að breyta hlutunum og það þarf að virkja það afl sem felst í grasrótinni eins og segir í till. til þál. um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna, enda felast innan þess ramma hin ýmsu frjálsu félagasamtök, eins og nefnd eru í greinargerðinni, Femínistafélag Íslands, Bríet, Kvennakirkjan og fleiri öflugir aðilar sem hafa sprottið upp á síðustu árum og hafa tekið við því grasrótarstarfi sem fyrir rúmum tveimur áratugum átti sér stað innan Kvennalistans, hinnar stórmerkilegu stjórnmálahreyfingar sem á þeim tíma breytti virkilega öllu umhverfi hvað varðaði stöðu kynjanna og hefur án nokkurs vafa orðið til þess að skila mörgum góðum konum inn á Alþingi Íslendinga. Við höfum þó einmitt á síðustu árum séð öfugþróun þar líka. Í staðinn fyrir að vera nokkuð jafnt með kynjunum á löggjafarsamkomunni og í ríkisstjórn, eins og annars staðar á Norðurlöndunum, er þetta hlutfall miklu lægra hérna, miklu nær því að vera 30% á Alþingi eða fyrir neðan það og enn þá minna í ríkisstjórn. Ég tala ekki um að þegar kastljósinu var varpað á fjölda kvenna í stjórnum fyrirtækja rak marga í rogastans enda telst það til algjörra tíðinda og undantekninga ef konur eru í stjórnum stærri fyrirtækja hérlendis og eiginlega hvers konar fyrirtækja. Það er tekið eftir því og þykir algjör viðburður ef svo er þannig að það er eiginlega sama hvort drepið er niður fæti í stjórnmálalífinu eða viðskiptalífinu, það vantar mikið upp á til þess að hægt sé að tala um að við nálgumst það takmark sem við settum okkur fyrir fjöldamörgum árum og öll nútímasamfélög sem eru grundvölluð á lýðræði, jafnrétti, réttlæti og sanngirni hvers konar hljóta að hafa sem eitt meginmarkmið sitt að ná.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar síðustu 8–9 árin hefur ákaflega lítið gerst í þessum málum. Vissulega voru sett lög um fæðingarorlof sem voru mikið framfaraskref fyrir jafnréttismál á Íslandi og er það ljómandi vel en það sem hér er lagt til, að stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum í því skyni að styrkja hvers konar starf félagasamtaka og hópa og einstaklinga sem miðað geta að jafnari stöðu kynjanna, er algjört grundvallaratriði til að efla grasrótarstarfið og fá út úr því það sem hægt er að fá.

Frjáls félagasamtök eru gríðarlega mikilvæg í öllum lýðræðissamfélögum og þaðan koma hugmyndirnar, hvatinn og aflið til breytinganna og þaðan á það að koma. Við höfum fjölda, eins og hefur komið fram í umræðunni, öflugra félagasamtaka á sviði jafnréttismála sem eru svo sannarlega til þess bær að bera sterkar öldur með sér inn í jafnréttisumræðuna og verða til þess að breyta hlutunum þannig að við hrökkvum úr þeim bakkgír sem við virðumst vera í um þessar mundir og komumst aftur á eitthvert skrið í jafnréttisumræðunni þannig að eftir verði tekið. Við þurfum að finna fyrir einhverjum raunverulegum breytingum í samfélaginu, sjá raunverulegan árangur í því að jafna laun kynjanna, jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði, í stjórnum fyrirtækja og í þátttöku í stjórnmálum. Þeir sem þekkja til í starfi stjórnmálaflokkanna vita mætavel að til muna færri konur en karlar eru virkar í grasrótar- og ungliðastarfi flokkanna. Það er algengara að karlmenn komi þar að, skjóti rótum og finni sína fjöl í starfinu, haldi áfram og fari í stjórnmálin sem atvinnumenn ef svo má segja. Það er partur af þeirri afturför sem við höfum verið í á undanförnum árum. Við þurfum að virkja grasrótina. Á því er ákaflega brýn þörf og leikur enginn vafi á því.

Það er komin reynsla á lögin frá árinu 2000 sem hér var getið um en félmrn. vildi ekki í umsögn sinni 2002 lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna. Þó að e.t.v. sé ekki komin full reynsla á lögin er a.m.k. komin nokkur reynsla á þau. Þau ein og sér tryggja það ekki að við náum þessu marki. Þó að þau séu til bóta og framfara að mörgu leyti ættu þau í sjálfu sér ekki að vera nein fyrirstaða þess að menn komi á fót sérstökum sjóði til að styrkja hvers konar starf bara með beinum hætti. Það straumlínulagar aðgengi grasrótarhreyfinga á sviði jafnréttismála að fjármagni hvers konar. Það er auðveldara og einfaldara. Oft er um að ræða ungt fólk sem þekkir ekki þetta styrkjakerfi og þekkir ekki aðkomuna að fjármagni, hefur enga kunnáttu til að standa í einhverri lobbýmennsku við fjárlaganefndarmenn. Það á bara að vera til sérstakur sjóður sem þessir hópar sækja fjármagn í, sækja um fjármagn til starfsemi sinnar. Þetta eru að sjálfsögðu algjörlega fjárvana samtök ungs fólks oft og á köflum þannig að það er mjög mikilvægt að þessum sjóði verði komið á fót.

Ég styð þáltill. eindregið og skora á Alþingi að veita henni brautargengi. Þetta er mikið framfaramál þar sem ekki er um að tefla háar fjárhæðir. Þetta eru litlar fjárhæðir í stóra samhenginu en stórmál fyrir framgöngu jafnréttismála á Íslandi.

[11:32]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég vil einungis þakka góðar viðtökur hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar við þessu máli og taka undir orð hans um það að hugmyndirnar sem eiga sér stað og kvikna í grasrótinni skipta verulegu máli. Ég ítreka það bara að frjáls félagasamtök eru liður í stjórnkerfi lýðræðisríkja. Við megum ekki gleyma að við þurfum að ætla þeim pláss. Við þurfum að sýna þeim fram á að það sé pláss fyrir þau í stjórnkerfi okkar.

Það hefur allt of oft viljað brenna við að stjórnvöld hér á landi ali á illdeilum við frjáls félagasamtök þó að það sé auðvitað ekki alltaf og megi ekki fullyrða að það sé í flestum tilfellum. Það hefur samt gerst, og það hefur gerst allt of oft, að frjáls félagasamtök upplifa sig ekki sem hluta af stjórnkerfi landsins, þau upplifa ekki að þau eigi greiðan aðgang að stjórnvöldum eða málefnunum sem eru á þeirra sviði. Það skiptir verulegu máli að þarna verði breyting á og sérstaklega kannski í þessum málaflokki sem hefur átt undir högg að sækja, málaflokki sem við höfum verið að takast á um núna í auknum mæli á síðustu missirum og vikum. Það skiptir verulegu máli að stjórnvöld sýni vilja í þessum efnum til að félagasamtökin komist hér að borði og það sé tryggt að þeirra góðu hugmyndir nái inn á borð stjórnmálanna, á borð ákvarðanatökunnar, þannig að við getum upplifað það að við séum hér saman um að reka eins göfugt og gjöfult samfélag og hugsast getur.

[11:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér till. til þál. um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir að við í Frjálsl. höfum alltaf lagt mikla áherslu á jafnréttismál þó að það sé því miður staðreynd að fjórir af fjórum þingmönnum flokksins í dag eru karlar. En nóg um það.

Ég hnaut aðeins um lið a í þessari ágætu þáltill. þar sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman leggja til að stofnaður verði sjóður með lið á fjárlögum í þeim tilgangi að styðja hvers konar starf félagasamtaka og annarra sem miðað geti að jafnari stöðu kynjanna. Þess vegna hvarflaði að mér, virðulegi forseti, að spyrja hvort flm. þessarar þáltill. hefðu gert sér einhverja hugmynd um það hvaða fjárhæðir væri verið að tala um í þessu sambandi.

Ég vil svo líka minna á það að fyrir um viku fór hér fram umræða um jafnréttismál, um till. til þál. hæstv. félmrh. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Í þeirri umræðu kom fram að því miður er enn víða pottur brotinn í jafnréttismálum, ekki síst hjá hinu opinbera. Þar hefur t.d. hlutfall kvenna í opinberum nefndum, ráðum og stjórnum í heildina ekkert aukist síðustu tvö árin, jafnvel staðið í stað í mörgum ráðuneytum, konum hefur jafnvel fækkað frá því fyrir tveimur árum. Einhvern veginn virtist manni að fyrri jafnréttisáætlun hafi öllsömul verið framkvæmd í einhvers konar skötulíki en hin nýja jafnréttisáætlun hæstv. félmrh. lofar hins vegar góðu, a.m.k. miðað við það hvernig hún er sett upp og skilgreind. Það er á margan hátt hið ágætasta plagg og hef ég sagt það áður úr þessum ræðustól.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, langar mig að fá svar við þeirri spurningu hvort flutningsmenn hafi eitthvað velt fyrir sér þeim fjárhæðum sem talað er um að hið opinbera eigi að leggja til í þessum tilgangi.

[11:36]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svarið við þessari spurningu er nei, hv. flm. hafa ekki velt fyrir sér neinum fjárhæðum í þessum efnum. Það skiptir mestu máli að prinsippið fari inn í lög og reglur. Það skiptir verulegu máli að stjórnvöld og auðvitað Alþingi fái að fjalla um það hversu mikið þetta er, hversu mikil þörfin er. Ég gat þess áðan að til stjórnvalda í Reykjavíkurborg einni koma á hverju ári 15–20 umsóknir um fjárstuðning til þess að fólk geti sinnt verkefnum sem mundu falla undir mögulegan sjóð af þessu tagi. Við vitum í raun og veru ekki hversu mikil þörfin er en við sjáum að hún er talsverð og ég tel að í ferli þeirrar nefndar sem fær þetta mál til umfjöllunar verði það skoðað sérstaklega og síðan muni fjárln. Alþingis fara enn betur í saumana á því. Flm. hafa ekki lagt hér neinn merkimiða eða neina upphæð fram með málinu.

[11:37]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta svar kemur mér svolítið á óvart, að flutningsmenn skuli ekki hafa velt þessu fyrir sér því að mér finnst það skipta talsvert miklu máli.

Það er líka önnur athugasemd sem mig langar að gera við þessa þáltill. Það er í raun spurningin hvort við séum ekki einmitt með þessu að dreifa kröftunum of mikið. Væri ekki nær fyrir þingmenn, til að mynda stjórnarandstöðunnar og líka stjórnarinnar þess vegna, að reyna að beina kröftum sínum og aðhaldi að stjórnvöldum til þess að nýlegri áætlun sem lögð var hér fram um t.d. jafnréttismál til fjögurra ára verði þá fylgt eftir næstu fjögur árin, að við reynum að einbeita okkur að því? Þar höfum við skilgreind markmið og meginhugmyndir um það hvernig verkefnin eigi að líta út, hverjir eigi að bera ábyrgð á framkvæmdunum, hverjir eigi að vera þátttakendur og hver tímaáætlunin er. Er ekki hollara að taka eitt skref í einu í staðinn fyrir að reyna að taka mörg skref á sama tímapunkti?

[11:38]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill benda hv. 9. þm. Suðurk. á þá reglu að þingmenn geta einungis talað tvisvar og hv. frummælandi var búinn með síðari ræðu sína þegar hann óskaði eftir að taka til máls. Vilji hann fá ítarleg svör beini ég þeim tilmælum til hans að hann biðji um orðið fyrr svo að hann fái meira en bara andsvör.

[11:39]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að í sjálfu sér sé ekki neinn ágreiningur milli okkar hv. þingmanns í þessu máli. Hvort við ættum að einbeita okkur að einni hugmynd frekar en að vera að setja of mörg járn í eldinn, um það vil ég segja að maður getur nú alltaf á sig blómum bætt. Ég held að það skipti verulegu máli að þeir sem koma að jafnréttismálum í samfélaginu setji upp á borðið allar hugmyndir sem eru til staðar.

Í þessari tillögu eru tvær hugmyndir útfærðar, annars vegar hugmyndin um sjóðinn og hins vegar um hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Þessar hugmyndir eru auðvitað núna uppi á borðinu og eru þar af leiðandi í umfjölluninni og í umfjöllun þeirra sem eiga að fjalla um jafnréttisáætlunina og vinna eftir jafnréttisáætlun stjórnvalda. Maður skyldi því ætla að þetta væri veganesti fyrir það fólk sem er að vinna í málaflokknum.

Auðvitað treysti ég því að ef þessi þáltill. nær ekki gegnum þingið í því eðlilega ferli sem þáltill. fara hér í gegn komist hún inn annars staðar. Í öllu falli skiptir máli að hugmyndin er útfærð, hugmyndin er á borðinu og hugmyndin er til umfjöllunar í þeirri viðleitni okkar meðal allra þeirra sem eru að starfa af fullum áhuga og ákefð í því að koma á jafnrétti og jafna stöðu karla og kvenna í þessu samfélagi.

Ég held að hér skipti mestu máli að við erum öll að fjalla um þetta sameiginlega áhugamál okkar og það skiptir máli

að allar hugmyndirnar séu til staðar þannig að við getum skoðað þær vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 200. mál. — Þskj. 203.

[11:40]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli nú í þriðja sinn, ef ég man rétt, fyrir þáltill. sem gengur út á það að Alþingi skori á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig gerir tillögutextinn ráð fyrir því að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Aðdragandi þessa máls er langur og strangur og ég fer ekki út í að rekja hann hér í smáatriðum. Ég hef rakið hann áður, eins og ég segi, þegar ég hef talað fyrir þessu máli. Ég tel ekki fullreynt varðandi þessa tillögu, ég tel enn fulla ástæðu til þess að skoða möguleikann á því að stækka friðlandið í Þjórsárverum til þess að tryggja að ekki verði gert meira á svæðinu sem gæti orsakað frekari skemmdir á þessari perlu, á þessari náttúruparadís sem við eigum inni á miðju hálendinu.

Það sem ég vil gera að aðalumræðuefni, frú forseti, í þetta sinn er náttúruverndaráætlun sú sem kynnt hefur verið og lögð fram. Nú þekkjum við það, hv. alþingismenn, að við höfum til umfjöllunar náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004–2008 sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram. Á þeirri lögbundnu náttúruverndaráætlun eru 14 svæði tilgreind sem unnið verði að að friðlýsa á næstu árum.

Á bak við þá náttúruverndaráætlun sem hér í þingsölum liggur er hins vegar annað plagg, náttúruverndaráætlun sem felur í sér tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Sú áætlun er unnin í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og hefur að geyma, ef ég man rétt, 75 svæði sem eru þess virði að mati þessara hæfustu fagaðila okkar og fagstofnana að þær verði friðlýstar.

Það vekur sérstaka athygli mína og ég fagna því ákaflega að í kaflanum um Suðurland leggur Umhverfisstofnun til að Þjórsárver og Þjórsá verði friðuð á svipuðum nótum og getið er um í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Svæðislýsingin hjá Umhverfisstofnun er afar sterk og skýr. Hún fjallar um að á svæðinu sé „stórbrotið landslag, fjalllendi, jökull, votlendi og áreyrar. Fjölbreyttar búsvæðagerðir, mýrar, flár, flæðiengi, vötn, tjarnir og sífreri á hálendi, allt upp í 1100 m hæð". Það sem skiptir kannski mestu máli er að yfirlýsing Umhverfisstofnunar er sú að „Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu, enda afar tegundaríkt og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum".

Umhverfisstofnun dregur hér athygli okkar að því að við berum alþjóðlega ábyrgð í þessum efnum. Það skiptir auðvitað verulegu máli að við höfum verið að ganga á verin undanfarin ár. Við erum t.d. búin að minnka rennsli Þjórsár um sennilega 40% nú þegar og við vitum öll af þeirri vá sem steðjar að verunum enn í dag. Það er ekki búið að gefa upp á bátinn áform um að búa til Norðlingaölduveitu. Það eru enn þá áform um að setja ákveðnar upptakakvíslir Þjórsár í setlón norðaustanvert við verin. Það mundi taka ákveðið vatnsmagn frá verunum sem mögulega mundi ræna þau lífsmöguleikanum þó að það kæmi ekki í ljós fyrr en seint og um síðir, þá kannski þegar allt yrði komið í óefni og engum björgum yrði við komið.

Það er alveg ljóst að Umhverfisstofnun hefur hér hugmyndir sem byggja á sömu forsendum og við höfum lagt til grundvallar í tillögu okkar hér. Mér láðist að geta þess, frú forseti, að flm. tillögunnar ásamt mér eru allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þannig að það er allur þingflokkurinn sem stendur á bak við þennan tillöguflutning.

Það er getið um það í athugasemdum Umhverfisstofnunar í stóru náttúruverndaráætluninni sem þar hefur verið unnin að tillaga stofnunarinnar sé tvíþætt, annars vegar leggur stofnunin til að friðlandið verði stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi Þjórsárveranna lendi innan friðlýsingarmarkanna, og hins vegar er lagt til að Þjórsá, frá núgildandi friðlýsingarmörkum að Sultartangalóni ásamt nærliggjandi svæðum, verði friðlýst. Það kemur fram í athugasemdum Umhverfisstofnunar og í tillögu Umhverfisstofnunar að þörf sé á því að það gróðurlendi sem tilheyrir verunum náttúrulega lendi innan friðlýsingarmarkanna.

Nú hefur komið í ljós í umræðunni upp á síðkastið að Landsvirkjun sem er sá aðili sem áformar Norðlingaölduveitu var að vinna út frá röngum hæðarpunktum á svæðinu, þ.e. lónið sem Landsvirkjun hefur hugsað sér að setja þarna upp mundi ekki lenda inni í Eyvafeni sem er eitt af gróðursvæðunum utan friðlandsins og við höfum talið að væri ógnað. Þessi niðurstaða Landsvirkjunar nú breytir hins vegar ekki því að setlónið norðaustanvert fyrir ofan verin mundi taka frá verunum ákveðið magn af vatni sem yrði fært niður í kvíslarveituvötnin þannig að við erum að tefla í tvísýnu þar ákveðnum hlutum sem við vitum ekki nægilega vel hvaða afleiðingar mundu hafa.

Með breyttum mörkum friðlandsins mundu bætast við friðlandið gróðurvinjar á borð við Kjálkaver og Loðnaver. Þau tvö ver eru bæði sögð af Umhverfisstofnun vera afar grösug svæði, mikilvægir varpstaðir og beitilönd fyrir fellistaði heiðagæsa.

Það skiptir verulegu máli í þessari umræðu, frú forseti, að við erum komin með tillögu frá Umhverfisstofnun, sem er formleg, í þessu mikla riti þeirra um náttúruverndaráætlun til ársins 2008. Þar eru staðfest þau sjónarmið sem við, hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum viljað viðhafa í tillöguflutningi okkar um þetta mál. Við erum þeirrar skoðunar að í stað þess að hrófla við Þjórsárverum frekar en orðið er þurfi að endurmeta á faglegum forsendum hvar eðlileg mörk friðlandsins eigi að vera og færa þau út í samræmi við það. Við höfum fengið stuðningsyfirlýsingu frá Umhverfisstofnun og að því er virðist Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi þetta mál okkar. Við vitum að það er mikill stuðningur úti í samfélaginu í öllum náttúruverndarsamtökum sem hafa látið frá sér heyra um málið við að þessi stækkun geti náð fram að ganga. Það skiptir okkur verulegu máli því að hér er auðvitað um mál að ræða sem er mikilvægt að sem flestir komi að. Það er gott til þess að vita að við skulum eiga þennan mikla stuðning fólks úti á akrinum.

Það má segja að Þjórsárver séu kannski mikilvægust af öllum hálendisvinjum vegna þess að þau eru svo samstæð, það er svo stórt svæði inni í miðju landsins sem okkur getur

tekist — ef við berum gæfu til — að vernda sem heildstætt vistkerfi sem á sér kannski enga hliðstæðu í veröldinni allri, vistkerfi sem hefur alþjóðlega þýðingu fyrir fuglalíf, vistkerfi sem má segja að hýsi, eins og Jón Helgason skáld komst að orði, „landsins titrandi hjarta".

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 283. mál. — Þskj. 321.

[11:49]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 321 en þetta er 283. mál þingsins og kemur í ljós að það hefur legið hér nokkuð lengi sem á sér eðlilegar orsakir í ljósi þess hlés sem varð á þingstörfum mínum fyrr í vetur. Þetta er till. til þál. um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar og ég flyt hana hér ásamt með hv. þm. sem allir eiga sæti í umhvn. Alþingis. Þau koma úr öllum flokkum þingsins og eru hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson.

Því má segja að hér sé til umfjöllunar tillaga sem um ríkir þverpólitísk sátt. Þetta eru allt fulltrúar í umhvn. enda er tillagan þess eðlis að hún hlýtur að flokkast undir það að vera umhverfismál þó að gert sé ráð fyrir því að hún fari á endanum til umfjöllunar í samgn. þingsins.

Tillögutextinn gengur út á það að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Samgönguráðherra leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöður þessarar nefndar sem tillagan gerir ráð fyrir að verði sett á laggirnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

Frú forseti. Tillaga þessi styðst að sjálfsögðu við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og þá ekki hvað síst þann þátt sjálfbærrar þróunar sem lýtur að sjálfbærum samgöngum. Sjálfbærar samgöngur byggjast á því að skipulagning og stjórn samgangna taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins og að við alla áætlunargerð sé megináhersla lögð á að leita leiða til að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki. Þannig verði við skipulagningu þéttbýliskjarna samþætt í auknum mæli íbúðarsvæði, þjónustusvæði og atvinnusvæði og frá upphafi verði gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum í hverfum ásamt öruggum almenningssamgöngum þegar samgöngunet eru skipulögð. Varðandi hlut hjólreiða sérstaklega í stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur þarf að huga að möguleikum samgöngukerfisins til að taka við auknum fjölda hjólreiðafólks. Því ber að leggja áherslu á hjólreiðabrautir í þéttbýli og tengingar milli þéttbýliskjarna.

Frú forseti. Þessi stefna er í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og henni er lýst í útgefinni stefnumörkun stjórnvalda til ársins 2020, „Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi". Það er afar mikilvægt að haft sé í huga að stefnumörkunin gengur alls ekki þvert á stefnumið okkar, heldur fylgir þeim algjörlega, stefnumið sem ríkt hefur mikil sátt um í samfélaginu og á Alþingi. Í þessari stefnumörkun segir að sjálfbærar samgöngur séu eitt af fjórum höfuðmarkmiðum samgönguáætlunar stjórnvalda.

Í nýrri stefnu fyrir Norðurlönd um sjálfbæra þróun sem var gefin út 2001 og hefur verið samþykkt á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar kemur fram í kaflanum um samgöngumál að þjóðum beri að stuðla að umhverfis- og heilbrigðisvænum samgönguháttum, ekki síst í þéttbýli þar sem einkum beri að styðja við almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu. Einnig er lögð áhersla á umferðaröryggi samfara breytingum í samgönguháttum því að öryggisleysi í umferðinni hafi letjandi áhrif á notkun þessara samgönguhátta. Þá beri sérstaklega að stuðla að hjólreiðum í stærstu bæjum og borgum Norðurlandanna með því að skapa samfelld grunnkerfi fyrir hjólreiðar. Það er einmitt það sem þessi tillaga gerir ráð fyrir, að samfellt grunnkerfi verði skapað þar sem hjólreiðastígar sveitarfélaga verði tengdir saman. Við vitum það öll sem höfum reynt að hjóla hér um höfuðborgarsvæðið að það ríkir ófremdarástand þar sem við komumst vart á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á hjólunum okkar, jafnvel þó að hvert sveitarfélag fyrir sig hafi verið afar ötult í að gera hjólreiðafólki kleift að ferðast innan sveitarfélagsins. Þar sem við höfum tengt vegakerfi sveitarfélaganna með stofnbrautum og þjóðvegakerfi sem er á ábyrgð hins opinbera telja flm. þessarar tillögu að slíkt hið sama eigi að gilda og geti fullkomlega gilt um hjólreiðarnar, sérstaklega í því samfélagi sem við búum við í dag þar sem við höfum undirritað og samið yfirlýsingar um það að við ætlum að auka hlut sjálfbærra samgangna á landinu.

Samgönguráðherrar Evrópusambandsríkjanna hafa líka samþykkt áætlun sem miðar að því að tekið verði tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar í stefnu í samgöngumálum. Ég tel að við séum hér þess vegna í fullkomnum samhljómi við það sem nágrannaþjóðir okkar eru að reyna að vinna hver heima hjá sér.

Af því sem ég hef talið upp, frú forseti, sést að þessi tillaga er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar enda eru hér þingmenn stjórnarflokkanna sem standa að henni ásamt okkur í stjórnarandstöðunni.

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á vegalögum. Þar af leiðandi ætti þessi tillaga að eiga greiða leið að borði þeirra sem um þessi mál véla en vegalögunum var síðast breytt, ef ég man rétt, á 125. löggjafarþingi með stjórnarfrumvarpi sem fjallaði um reiðvegi og girðingar. Í meðförum samgn. tók það mál nokkrum breytingum, sem var athyglisvert. Þannig lagði nefndin til í áliti sínu að hjólreiða- og göngustígar yrðu sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild yrði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Nefndin lagði líka til að þar sem slíkir stígar væru í þéttbýli kæmi það í hlut viðkomandi sveitarfélaga að greiða kostnað af þeim. Að öðru leyti fjallaði

nefndin ekki efnislega um þýðingu hjólreiðastíga og ekki heldur þingið á þessum tíma þar sem engar umræður urðu um breytingartillögur nefndarinnar. Mér þótti það athyglisvert þegar ég fór yfir það mál. Vegna þessara breytinga er hjólreiðastíganna vissulega getið í vegalögum en það er bagalegt að ekki skuli fylgja því neinn rökstuðningur. Það má líka segja að málefni hjólreiðamanna í umferðinni og gerð umferðarmannvirkja hafi ekki verið fyrirferðarmikil við vegalagningu, hefði í öllu falli mátt vera fyrirferðarmeiri, og það má halda því fram að þótt hjólreiðastíga sé getið í vegalögunum séu þeir hálfmunaðarlausir í kerfinu. Slíkt ætti tillaga af þessu tagi að geta bætt til verulegra muna.

Á 121. löggjafarþingi var hér til umfjöllunar frumvarp um breytingu á vegalögum þar sem gert var ráð fyrir því að hjólreiðastígar yrðu teknir inn í vegalög og þar með var tekið fyrsta skrefið í þá átt að koma á samfelldu neti hjólreiðastíga. Samgöngunefndin fjallaði um það frv. og taldi ljóst að huga þyrfti að öryggi hjólreiðamanna utan þéttbýlis og frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar í tengslum við endurskoðun vegalaga. Þess var óskað að Vegagerðinni yrði falið að meta kostnað við þær breytingar sem það frumvarp gerði ráð fyrir auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin yrðu að bera. Frú forseti. Það er ekki vitað til þess að slíkt kostnaðarmat hafi farið fram og reyndi ég að ganga úr skugga um það við samningu þeirrar greinargerðar sem hér fylgir og hef ekki fundið þannig að ég tel rétt vera að slíkt mat hafi ekki farið fram þó að það hafi verið vilji löggjafarsamkundunnar á sínum tíma.

Á síðasta kjörtímabili flutti svo umhvn. Alþingis öll, að frumkvæði hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, till. til þál. um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta. Þeirri tillögu var vísað til samgn. og hún var send út til umsagnar vorið 2001. Ákaflega góðar og jákvæðar umsagnir bárust, frá m.a. Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Landssamtökum hjólreiðamanna og fleiri aðilum varðandi það mál. Ég tel að við séum með mál í höndunum sem nýtur mikils stuðnings, sérstaklega þeirra sem nýta sér hjólreiðakerfið, það stígakerfi sem er til staðar í dag. Þetta er í þeirra hugum þjóðþrifamál. Það verður að skoðast eins og er að þótt hjólreiðamenn hafi fengið ágæta stíga í sveitarfélögunum í höfuðborginni og í nágrenni eru það stígar sem voru búnir til fyrir skokkara, fyrir útivistarfólk, fyrir fólk sem er að verða sér úti um holla hreyfingu, en þeir eru ekki lagðir með það fyrir augum að þeir stytti leiðina eða séu beinlínis samgöngukerfi sem geri fólki auðvelt að komast á milli staða. Þeir eru lagðir með aðra þætti í huga og það skiptir verulegu máli að við viðurkennum það þannig að hjólreiðamenn geti notað hjólin sín sem samgöngutæki ekki síður en tæki til hollrar útivistar.

Virðulegi forseti. Hjólreiðar þurfa að verða alvöruvalkostur í samgöngum okkar og ég tel þessa tillögu vera þess eðlis að hún geti gert hjólreiðum hærra undir höfði og séð til þess að hjólið verði samgöngutæki á Íslandi og hjólreiðafólk eigi þess kost að komast vandræðalaust leiðar sinnar og það án þess að valda nokkurri mengun.

[12:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil af þessu tilefni, vegna þess að hér er þáltill. til umfjöllunar sem snertir samgöngukerfið í landinu, segja nokkur orð. Það er nýlunda að fjallað sé um hjólreiðastíga á Íslandi enda er satt að segja ekki mikil hefð fyrir notkun reiðhjóla í umferðinni. Ég vil af þessu tilefni hvetja til þess að hv. samgn. fari vandlega yfir þessa tillögu. Hún er góðra gjalda verð.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þetta snertir mjög mikið sveitarfélögin sem fara með skipulagsmál sinna svæða. Fyrst og fremst trúi ég að áhersla sé lögð á bættar aðstæður hjólreiðamanna í þéttbýli. Ef við ætlum að leggja reiðhjólabrautir og reiðvegi meðfram öllu þjóðvegakerfinu er náttúrlega um mikinn kostnað að ræða. Menn þurfa að átta sig á því og ég tel að samgn. þurfi að fara yfir þetta mál í því ljósi.

En umfram allt þarf að kalla til sveitarfélögin og fá afstöðu þeirra til þessarar tillögu sem ég geri á engan hátt athugasemd við að öðru leyti en því að við verðum að átta okkur á þeim kostnaði sem fylgir uppbyggingu slíks kerfis eigi það að vera jafnvíðtækt og þjóðvegakerfi okkar er.

[12:02]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að vera viðstaddur og taka til máls í þessari umræðu. Það er okkur sem flytjum þessa tillögu mikils virði að hann fylgist með málinu og sé meðvitaður um grundvallaratriði þess.

Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að það er á ábyrgð sveitarfélaga að búa til hjólreiðastígakerfi innan sveitarfélagamarka. En tillagan gengur fyrst og fremst út á að þéttbýlisstaðir séu á einhvern hátt tengdir og menn séu meðvitaðir um að fólk þurfi að nota hjól sem samgöngutæki. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan þá komumst við á höfuðborgarsvæðinu nánast ekki á milli sveitarfélaganna á reiðhjólum af því að sá þáttur hefur verið munaðarlaus í kerfinu. Hvaða sveitarfélög eiga t.d. að sjá um að tengja hjólreiðastíga Garðabæjar og Reykjavíkur? Það hefur ekki náðst nægileg samvinna milli sveitarfélaganna í þessum efnum og þess vegna telja tillöguhöfundar að koma þurfi til samvinna ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum.

Það er svo sem í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í öllum þeim samgönguáætlunum sem við höfum samþykkt og samdar hafa verið á okkar vegum. Í því sambandi vil ég geta þess að með nýjustu samgönguáætluninni, þar sem hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar hefur fengið ákveðið rými og þau grundvallarprinsipp eru gild, verðum við að venja okkur á að það eru ekki bara efnahagslegu þættirnir sem skipta máli þegar reiknuð er út hagkvæmni viðkomandi framkvæmdar.

Það er umhverfislega hagkvæmt að sjá til þess að sem flestir geti komist leiðar sinnar á hjóli. Þar af leiðandi eiga þeir þættir að vega nokkuð í reikningsdæminu. Hinir félagslegu þættir og umhverfislegu þættirnir eiga að vega jafnþungt og efnahagslegu þættirnir. Það að framkvæmdin muni kosta peninga skiptir í sjálfu sér máli en ekki eitt og sér því að það verður að vegast á við aðra þætti hugmyndafræðinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]

1.–5. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 34 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 1. umr.

Stjfrv., 934. mál. — Þskj. 1420.

[12:07]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Nauðsyn þykir að tryggja verndun vatnasviðs Þingvallavatns og vatnsins sjálfs, en vatnasvið þess er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið. Því er vernd þessarar auðlindar gegn mengun eða annarri ógn afar mikilvæg fyrir framtíðarvatnsnot og vatnsnýtingu þjóðarinnar. Hér á landi hafa ekki verið sett almenn lög um verndun grunnvatns og annars nytjavatns.

Með þessu frumvarpi er lagt til að kveða á um vernd lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess í sérstökum lögum. Lagt er til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði og fellur þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum.

Í 2. gr. frv. eru mörk vatnsverndarsvæðisins tilgreind nákvæmlega, samanber fylgiskjal með frv. Þau eru dregin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á rennsli grunnvatns Þingvallavatns og með það í huga að tryggja einnig verndun Þingvallavatns í heild.

Frumvarpið var samið undir forsjá Þingvallanefndar og er með því og frumvarpi til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leitast við að móta verndarstefnu á þessu svæði til frambúðar. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki hluti af vatnsverndarsvæðinu. Samkvæmt áðurnefndu frumvarpi um þjóðgarðinn er Þingvallanefnd ætlað að tryggja verndun vatns, þar á meðal hluta Þingvallavatns, innan þjóðgarðsins og tryggir það að náð verði markmiðum þeirrar vatnsverndar sem felst í frumvarpi þessu.

Megintilgangur frv. er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í frv. er kveðið á um að óheimilt sé að gera nokkuð það sem spillt geti vatni eða mengað það innan verndarsvæðisins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Í samræmi við það setur ráðherra nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Í slíkum reglum er m.a. heimilt að kveða á um að jarðrask, bygging mannvirkja og borun eftir vatni, svo dæmi séu tekin, séu háð sérstöku leyfi ráðherra.

Þá er jafnframt í frv. mælt fyrir um verndun á lífríki Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikju- og urriðastofna sem nú lifa í vatninu, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Þingvallavatn er sérstakt, m.a. fyrir þær sakir að það er talið eina þekkta vatnið í heiminum þar sem fyrirfinnast fjögur afbrigði af bleikju. Urriðastofn sem þreifst til langs tíma í Þingvallavatni og Efra-Sogi var einnig sérstakur. Til að tryggja að búsvæðum og hrygningarstöðvum þessara stofna verði ekki raskað skiptir miklu að vatnshæð í vatninu sé haldið stöðugri og höfð sé gát á því hvaða efni kunni að berast í vatnið. Því er lagt til að umhvrh. setji reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar, m.a. um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið.

Þá er lagt til að bannað verði að stunda fiskrækt eða fiskeldi í eða við Þingvallavatn nema með leyfi ráðherra.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið meginefni þessa frv. og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í umhvn.

[12:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég lít svo á að þetta sé gott frv. Auðvitað verður það skoðað vel í nefnd. Það er ekki auðvelt að leggja mat á það um leið og maður lítur á frv. og uppdrátt sem því fylgir og mynda sér skoðun á því hvort svæði sem þetta ætti að vera minna eða stærra eða hvort umgjörð svæðisins sé sú sem hún ætti að vera. Í fljótu bragði virðast útlínur svæðisins settar þannig fram að það sé rökrétt.

Það er ánægjulegt og athyglisvert að nú eru tvö frumvörp fyrirliggjandi á Alþingi sem varða helgistaðinn okkar, Þingvelli. Það er afar mikilvægt. Staðurinn er forn þingstaður, sögustaður og merkilegt náttúrufyrirbrigði eða náttúrusvæði. Það er því afar mikilvægt að við stöndum vörð um þetta svæði og tryggjum með lagasetningu vernd á svæðinu.

Ég tók eftir nokkru sem olli mér nokkurri furðu að í 2. gr. frv. sem fjallar um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, eins og mörk hans eru ákveðin í lögum, gilda ákvæði laga um þjóðgarðinn. Ég spyr hæstv. umhvrh. hvort aðgerðir sem umhvrh. getur gripið til vegna vatnasvæðisins eigi líka við um þjóðgarðinn þó að öðruvísi lög gildi um hann.

Í frv. til laga um þjóðgarðinn segir:

„Þá getur Þingvallanefnd sett reglur um meðferð spilliefna, frárennslis og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þar með talið Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins.“

Það er kannski að einhverju leyti farið víðtækari orðum um þetta í frv. um vatnsverndarsvæðið en ég vildi sérstaklega spyrja um þetta.

Mig langar líka að spyrja hæstv. umhvrh. hvort setja eigi umferð einhverjar skorður. Mun það eiga sérstaklega við um flutninga á vegum, flutningabifreiðir með hættuleg efni, t.d. olíu? Á að setja því skorður að slíkir vagnar geti farið um? Ef olíubíll færi út af og farmurinn færi niður í hraunið þá væri það mjög alvarlegt mál. Mér sýnist að frv. gefi heimildir til að setja skorður þar sem það á við en ég spyr hvort það verði settar einhverjar reglur um umferð um svæðið.

Ég vil líka spyrja um hvort einhver áform séu uppi varðandi sumarbústaðina. Eru uppi áform varðandi þá byggð sem þegar er til staðar? Á að reyna að draga úr henni? Á að reyna að kaupa upp bústaði, eftir því sem losnar um og bústaðir eru boðnir til sölu, eða á jafnvel að fjölga bústöðum á svæðinu og koma upp sumarbústaðalandi til viðbótar því sem er á svæðinu? Ég spyr sérstaklega að þessu í sambandi við meðferð sorps og minni á að prófessor Pétur M. Jónasson hefur fjallað um það mál og lýst áhyggjum sínum varðandi það. Það er mjög mikilvægt að það liggi hvert við stefnum í þessum efnum.

Enn fremur fær umhvrh. heimild til að stjórna vatnshæð í Þingvallavatni. Vatnshæð í Þingvallavatni hefur m.a. áhrif á strauma í Öxará. Áhugavert væri að vita hvort stefnt er að því að setja vatnshæð vatnsins í upprunalegt horf. Verða settar strangari reglur varðandi vatnshæðina en Landsvirkjun hefur hingað til fylgt?

Um leið og ég lýsi því yfir að þetta sé gott frv. og mikilvægt sé að við tryggjum löggjöfina um þjóðgarðinn og verndun vatns- og vatnasviðs þá vil ég benda á mikilvægi þess að ljóst sé hvert við ætlum að stefna. Hvaða reglur eða mörk verða sett og hvar er þörf fyrir slíkt? Það þarf ekki síst að vera ljóst varðandi hættuleg efni.

Að lokum væri ekki úr vegi að heyra hvað ráðherrann hefur að segja um Gjábakkaveginn. En að þessum spurningum loknum lýsi ég yfir nokkuð mikilli ánægju með frumvarpið.

[12:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og leyfi mér að segja þó fyrr hefði verið. Í raun og veru vekur það miklu meiri undrun en hitt að hinum merku rannsóknum á Þingvallavatni sem fram fóru á sínum tíma undir forustu doktors Péturs M. Jónassonar prófessors skuli ekki fyrir löngu hafa verið fylgt eftir með löggjöf og sterkari verndun en raun ber vitni. Það kann að hafa vafist nokkuð fyrir mönnum að framtíðarskipan mála hvað varðar þjóðgarðinn sjálfan hefur verið í skoðun og nú loksins liggur fyrir þinginu frv. eða tillaga um stækkun þjóðgarðsins sjálfs, en það er augljóst mál að eigi að vernda Þingvallavatn og lífríki þess og vatnasvið þarf sérstakar aðgerðir og mun víðtækara svæði kemur þá við sögu svo ekki sé talað um það sem er innan núverandi þjóðgarðsmarka og jafnvel þó að sú stækkun nái fram að ganga sem nú liggur fyrir þinginu og er til meðferðar hér.

Það er löngu þekkt að Þingvallavatn og vatnasvið þess er meðal allra mestu gersema af sínu tagi á landinu. Lífríkið er mjög fjölbreytt og mjög sérstakt og grunnvatnskerfið er að mestu leyti neðan jarðar. Skjaldbreiður og hraunin sem liggja til landsins inn af Þingvöllum stöðva alla framrás vatns á yfirborði og lokuðu leiðinni fyrir jökulvötn sem áður féllu niður í Þingvallalægðina að norðan frá Langjökli. Það veldur því m.a. að Þingvallavatn er jafntært og raun ber vitni og úr því rennur ein vatnsmesta og fallegasta bergvatnsá eða lindá landsins, Sogið. Við þessar sérstöku aðstæður, ekki síst hinar vatnsmiklu neðanjarðargjár, hefur þróast mjög sérstakt lífríki og má telja þá heild alla saman, Þingvallavatn og vatnasvið og þá sérstöku náttúru eða það sérstaka lífríki sem þar er fóstrað, meðal einstæðra gersema í heiminum. Óvíða, ef nokkurs staðar, er algerlega sambærilegar aðstæður að finna.

Ekki þyrfti meira til, herra forseti, til að okkur bæri rík skylda til að vernda þetta svæði og þegar það svo bætist við að þarna í hjarta svæðisins er okkar helsti þjóðarhelgidómur, þ.e. Þingvellirnir og þinghelgin, er ærið nóg fram fært til röksemda fyrir því að taka þarna á málum.

Það er líka ljóst að þörf er á sérstakri lagasetningu af þessu tagi þar sem ekki eru í gildi nein almenn vatnsverndarlög í landinu, sem er auðvitað löngu orðið tímabært að setja. Við höfum verið heldur kærulausir, Íslendingar, um að sinna verndun vatnsfalla og vatnasviða og náttúrulegra rennslishátta í vatnsföllum og vatnakerfum. Höfum sjálfsagt getað talið okkur trú um það lengi vel að það væri óþrjótandi auðlind sem engin ástæða væri til að hafa áhyggjur af, en svo er auðvitað ekki, hvorki hjá okkur og þaðan af síður ef litið er til stöðu mála á heimsvísu.

Nú er í æ ríkari mæli í alþjóðlegu samstarfi tekið að skilgreina vatn sem algerlega sérstaka auðlind og jafnvel hluta af grundvallarréttindum fólks að hafa aðgang að vatni. Það er hugsunarháttur sem við eigum að sjálfsögu að tileinka okkur eins og aðrir þó að við séum vel sett að því leyti.

Það er að vísu svo, herra forseti, að Íslendingar voru á sínum tíma býsna framsýnir í þessum efnum. Ég held gjarnan á lofti heiðri vatnalaganna frá 1926, sem var ákaflega merkileg og framsýn löggjöf, náttúruverndarsinnuð löggjöf, sem því miður hafa ekki verið virt og þverbrotin að mínu mati aftur og aftur í virkjanagræðgi síðari áratuga. Þegar maður les upphaflega frumvarpið til vatnalaga og greinargerð þess og þær umræður sem um það urðu og þann anda sem það endurspeglar má segja að fyrir næstum öld síðan hafi menn verið orðnir býsna framsýnir og séð mikilvægi þess að sinna vatnsvernd, verndun vatnsfalla og náttúrulegra rennslishátta sem hluta af almennri náttúruvernd. Síðan rann mikið vatn til sjávar, ef svo má að orði komast, og litlu hefur verið breytt í þeim efnum fyrr en þá loksins núna að það er að komast eitthvað á dagskrá, samanber þetta frv., og vonandi í framhaldinu frekari vinna sem lýtur að því að taka til verndunar heil vatnakerfi, vatnasvið, hvort heldur eru vatnsföll á yfirborði eða vatnasvið og grunnvatnskerfi sem oft eru ekki síður merkileg þó að þau dyljist sjónum manna undir yfirborði jarðarinnar.

Í öllum aðalatriðum held ég að frv. nái þeim tilgangi sem því er ætlað að ná. Um samspil þessara laga og tilhögunar mála innan þjóðgarðsins er ég ekki dómbær, ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér nákvæmlega hvernig það er hugsað, en þetta mun sprottið upp úr þeirri vinnu sem unnin var á vegum Þingvallanefndar og miðaði að því að stækka þjóðgarðinn og er það allt saman vel þótt sjálfsagt séu ýmis álitamál í þeim efnum sem þarft gæti verið að athuga.

Það má þó ráða af orðalagi í athugasemdum við frv. að ekki náist utan um allt vatnasvið Þingvallavatns því þar er sagt á einum stað að í frumvarpi þessu sé lagt til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði og falli þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum.

Það hefði auðvitað verið langæskilegast að hægt væri að segja með réttu að náð væri utan um vatnasviðið allt í heild sinni, þ.e. niður að þeim mörkum sem dregin eru ofan virkjana þar sem Sogið fellur úr Þingvallavatni. Kannski má hugsa sér að bæta úr því þó síðar verði og víkka svæðið út. Eins er auðvitað ekki í öllum atriðum fyrirsjáanlegt hvaða takmarkanir þessi verndun leggur á umsvif, t.d. mögulega fyrirhugaða mannvirkjagerð á síðari tímum. Komið hafa fram hugmyndir um stórfellda vegagerð sem liggja ætti um svæðið, jafnvel að þjóðbrautin milli landshluta kæmi ofan af hálendinu og færi um Þingvöll til byggða. Og hljóta menn að bretta nokkuð brúnum t.d. í því sambandi ef þar ætti að verða þjóðbraut með flutningum á hvers kyns efnum og öðru sem þar gæti verið á ferðinni og ekki teldist kannski sérstaklega æskilegt að flytja yfir þetta vatnasvæði með það í huga að slys gætu orðið og mengun hlotist af óhöppum.

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa almennt jákvæðu viðhorfi til málsins og fagna því að frv. er fram komið þó seint sé vissulega, og þó skammt lifi fyrirhugaðs þingtíma er a.m.k. þarft að málið hafi komið fram og komist til skoðunar hver sem afdrif þess verða á þessu þingi.

[12:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem hér er til umræðu er að mörgu leyti mjög þarft og gott frv. og sjálfsagt að taka undir

margt sem í því stendur. Það er jú ekkert launungarmál og dylst engum sem skoðar Þingvallavatn og kynnir sér náttúru þess að þetta mikla vatnsforðabúr er mjög mikils virði og mjög dýrmætt fyrir okkur Íslendinga og mun verða það til allrar framtíðar. Og það að nú eigi að setja sérstök lög til að reyna að vernda þetta mikla vatnasvæði sem á upptök sín aftur á Langjökli og suður fyrir Þingvallavatn, vestsuðvestur fyrir Þingvallavatn, tel ég að sé hið besta mál.

Hins vegar vil ég, herra forseti, leyfa mér að koma með nokkrar spurningar til hæstv. umhvrh. varðandi frv. um nokkur atriði sem ég hef hnotið um.

Í 3. gr. frv. segir að umhvrh. setji að höfðu samráði við sveitarstjórnir og iðnrn. reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Mig langar þá til að spyrja hvort slík reglugerð sé að einhverju leyti í smíðum nú þegar því að ég reikna með að frv. fái tiltölulega skjóta meðferð á hinu háa Alþingi og verði brátt að lögum, þó að það breytist kannski eitthvað í meðferð þingnefndar.

Annað sem sem ég vil hnýta í varðandi 3. gr. er að í athugasemdum við 3. gr. á bls. 5 í frv. kemur fram að ráðherra hafi ansi mikil völd á þessu svæði, þ.e. hæstv. umhvrh. Hér stendur m.a., með leyfi forseta:

„Með sama hætti yrði óheimilt að reisa fjallaskála eða önnur mannvirki á verndarsvæðinu utan byggðarinnar nema með leyfi ráðherra" — og ég reikna með að hér sé þá átt við hæstv. umhvrh. — „en nokkuð hefur verið um að fjallaskálar hafi verið reistir á þessu svæði."

Herra forseti. Ég get ekki með mínum besta vilja séð að það komi hæstv. umhvrh. nokkurn skapaðan hlut við þó að menn vilji byggja fjallaskála á þessu mikla svæði. Hér er verið að leggja undir gríðarlega stórt landsvæði til friðunar og ég get hreinlega ekki séð neina ástæðu til þess að umhvrh. eigi nokkuð að vera að fetta fingur út í það þó að fólk byggi hús á eignum sínum á þessu svæði. Að sjálfsögðu ber að setja byggingu þeirra húsa ströng skilyrði í reglum og sjá til þess að slíkar byggingar mengi ekki út frá sér. En ef við lítum á kortið sem fylgir með í fylgiskjali er hér um að ræða gríðarlega stórt svæði sem mun að verulegum hluta falla undir nýjan þjóðgarð á Þingvöllum, sem hæstv. forsrh. lagði til í frv. á hinu háa Alþingi á dögunum, fæ ég ekki betur séð ef ég ber saman kortið sem fylgir því frv., þ.e. frv. hæstv. forsrh., og frv. hæstv. umhvrh. núna, að þá muni u.þ.b. $^1/_4$ hluti af því mikla svæði sem umhvrh. vill nú friða með vatnsvernd, falla undir þjóðgarðinn og þær ströngu reglur sem gilda um þjóðgarða.

En þar fyrir utan, herra forseti, ítreka ég enn og aftur að ég get ekki ímyndað mér að umhvrh. eigi nokkuð að hafa um það að segja hvort fólk byggir hús á eignum sínum á þessu svæði eða ekki. Hæstv. ráðherra kemur það einfaldlega ekki við.

Annað sem ég vil nefna er 4. gr. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu."

Þetta er að sjálfsögðu gott og gilt svo langt sem það nær. En hér mundi ég reyndar vilja ganga enn lengra og í því sambandi vil ég einmitt minna á urriðann og urriðastofnana í Þingvallavatni sem eru mjög merkilegir fiskstofnar og ekki síður merkilegir en bleikjuafbrigðin sem svo oft eru nefnd. Ég vil m.a. benda á afskaplega vel skrifaða og góða og skemmtilega bók sem hv. þm. og formaður Samf., Össur Skarphéðinsson, skrifaði og var gefin út árið 1996 og heitir Urriðadans, þar sem farið er yfir sögu þessara merku fiska. Í þeirri bók kemur m.a. fram að á árunum 1958–1960 varð hroðalegt umhverfisslys í Þingvallavatni. Það var þegar menn tóku sig til og virkjuðu Efra-Sog. Sett var niður virkjun, svokölluð Steingrímsstöð, í mynni Efra-Sogsins þar sem Þingvallavatn fellur út í Efra-Sogið, stærsta ferskvatnsá landsins var þar með stífluð með virkjun og helsta hrygningarsvæði Þingvallaurriðans var eyðilagt. Endanlega var gert út um það þegar mikið slys varð á þjóðhátíðardaginn 1959, ef ég man rétt, þegar stífla brast einmitt á þessu svæði, stífla sem sett hafði verið upp til að geta komið þessari hroðalegu virkjun fyrir brast og gerði þar með endanlega út um hrygningarstöðvar urriðans. Urriðinn hefur aldrei orðið samur síðan.

Á Alþingi var samþykkt þál. árið 1998 þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns. Að því er ég best veit hefur sú nefnd ekki enn verið skipuð. Það er öll virðingin sem ríkisstjórnin ber fyrir hinu háa Alþingi. Hún hunsar þingsályktanir. Ég veit ekki betur en að þessi þál. hafi aldrei verið framkvæmd og nú eru liðin fimm ár, bráðum sex, frá því að hún var samþykkt einróma í þinginu. Það segir kannski meira en mörg orð um það hve umhverfið skiptir litlu máli fyrir þessa blessuðu ríkisstjórn. En nóg um það að sinni.

Ég vil hér með nota tækifærið til að leggja fram þá tillögu að Alþingi fari fram á það við ríkisstjórnina að Steingrímsstöð verði lokað, hún verði lögð niður. Stíflan í Efra-Sogi verði rifin upp. Sogið verði endurreist. Hrygningarstöðvar urriðans í Efra-Sogi verði endurreistar og urriðanum aftur komið á laggirnar. Mér er fúlasta alvara með þessari tillögu. Þessi virkjun er lítil. Hún skiptir litlu máli. Hún framleiðir ekki nema 27 megavött. Samtals framleiða virkjanirnar í Soginu, þ.e. Ljósifoss, Írafoss og Steingrímsstöð, 90 megavött. Þessi virkjun framleiðir aðeins u.þ.b. $^1/_3$ af því og varla það.

Ég legg til að þessari virkjun verði lokað og hún verði fjarlægð hið snarasta. Það eru miklu meiri verðmæti fólgin í því að ná aftur upp urriðastofninum í Þingvallavatni. Það yrði til mikillar gleði fyrir alla sem að því koma. Það yrði mikill ávinningur fólginn í því að endurreisa þá miklu náttúruperlu sem Efra-Sog var og m.a. má lesa um í afskaplega góðu og vönduðu riti sem út kom fyrir um tveimur árum sem heitir „Þingvallavatn — Undraheimur í mótun" og var ritstýrt af Pétri M. Jónassyni og Páli Hersteinssyni. Ég hvet þingheim til að kynna sér þá bók. Ég hvet líka þingheim til að kynna sér bók hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Þá gerir fólk sér grein fyrir hve hroðalegt umhverfisslys varð af okkar völdum fyrir 40 árum í Efra-Sogi.

Ég held að það yrði jafnvel til góðs fyrir umhverfisumræðuna í landinu ef þessi virkjun yrði fjarlægð. Það mundi t.d. sýna að virkjanir þurfa ekki að vera óafturkræfar aðgerðir. Hægt er að spóla til baka í sumum tilfellum og endurheimta aftur þá náttúru sem við höfum fórnað til að skapa og búa til rafmagn. Ég hugsa að það yrði rós í hnappagatið fyrir Landsvirkjun, sem er jú að stærstum hluta í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar, ef hún hreinlega tæki sig til og gerði þetta að eigin frumkvæði. Lokaði virkjuninni og fjarlægði hana og fjármagnaði síðan þann kostnað sem að sjálfsögðu mun koma til við að endurreisa urriðastofninn í Efra-Sogi og

endurreisa lífríkið í Efra-Sogi og ná aftur til baka, endurvinna aftur þessa náttúruperlu.

Herra forseti. Steingrímsstöð er innan marka þess svæðis sem frv. hæstv. umhvrh. skilgreinir. Það liggur vel fyrir innan það svæði, þ.e. allt Efra-Sogið. Og það væri alveg sjálfsagt um leið og þetta frv. er samþykkt að farið yrði í að lagfæra þau miklu mistök sem okkur urðu á á sínum tíma. Það hefði aldrei verið liðið í dag. Aldrei nokkurn tímann, það er alveg á hreinu.

Ég læt þetta duga að sinni, herra forseti, og ég hlakka til að fá útskýringar hæstv. umhvrh. á þeim athugasemdum sem ég hafði við frv. og það væri líka gaman að fá að heyra skoðun hennar á því hvort það væri ekki einmitt góð hugmynd að leggja niður Steingrímsstöð og fjarlægja hana.

[12:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu mun umhvrh. svara þeim spurningum sem til hennar var beint. En ég get ekki stillt mig um að koma í andsvar vegna þess að ég hlýt að lýsa furðu minni á yfirlýsingu þingmannsins varðandi vatnsverndarsvæðið, að umhvrh. hafi bara ekkert með það að gera hvort verið sé að reisa byggingar á jörðum. Er þetta bara almennt viðhorf þingmannsins? Það vill svo til að við erum með í umhvn. þingmál sem snýr að Skútustaðahreppi, Mývatni og Laxá. Það mundi eflaust henta mjög mörgum að byggja sumarbústaði út um allt vatnsverndarsvæðið við Mývatn. Telur þingmaðurinn virkilega að það eigi bara að vera ákvörðun landeigenda á hverjum stað hvernig þeir fari fram? Vill hann setja það í ákvörðunarvald hvers og eins? Því við vitum hve ólíkar hvatir geta verið að baki þess að leyfa fólki að fara að byggja út og suður. Og af því að ég á rætur í báðar ættir í Sléttuhreppinn, hina horfnu byggð, þá er það svo að þó þar sé ekki vatnsverndarsvæði og þar sé bara friðland, þá er ekki heimilt að byggja hvar sem fólk vill byggja, alls ekki svo að fólk geti byggt og landeigendur á jörðum sínum, þessum gömlu jörðum sem eru í eigu afkomenda. Það er bara ekki heimilt og dytti ekki nokkrum manni í hug að það ætti að vera þannig að hægt væri að drita niður húsum og byggingum út um allan Sléttuhrepp, og líki ég honum að öðru leyti í engu við svæði eins og Þingvallasvæðið eða Mývatnssvæðið.

Og af því að þingmaðurinn benti á slysið í Efra-Sogi og við erum að fjalla um það núna 40 árum seinna, hlýt ég að minna á við erum enn að. Hvað skyldu kynslóðirnar eftir 40 ár segja um gjörðir Alþingis á síðasta kjörtímabili í þeim efnum?

[12:39]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það að komandi kynslóðir Íslendinga munu sennilega ekki líta blíðum augum á það sem er að gerast nú við Kárahnjúka. Ég held að það sé nokkuð ljóst að þær framkvæmdir eru og verða umdeildar svo lengi sem land er í byggð.

Hvað hitt varðar, húsbyggingar á þessu mikla vatnsverndarsvæði, vil ég einfaldlega benda á eins og kemur fram á þessu korti, að hér er um gríðarlega stórt svæði að ræða. Ég var ekki að segja að menn ættu að geta byggt eins og þeim sýnist eftir eigin hentisemi. Hins vegar tel ég að það að veita byggingarleyfi á þessum svæðum, að skipuleggja þessi svæði, byggð og annað þess háttar, húsbyggingar, sé miklu frekar hlutverk sveitarstjórna en eins ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Við vitum jú hversu ráðherrar geta verið brokkgengir í ákvörðunum sínum og vitum líka hversu mistækir þeir geta verið í ákvörðunum sínum. Ég vil ekki leggja það í vald einnar manneskju að hún fái að deila og drottna á þessu svæði hvað varðar byggingar og framkvæmdir. Ég tel miklu eðlilegra að þar fái heimamenn að ráða ferðinni en að sjálfsögðu verði farið eftir mjög ströngum reglum, t.d. hvað varðar mengunarhættu frá slíkum mannvirkjum, skolp og annað þess háttar.

Ég tel líka að það ætti að fara mjög vel yfir það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á áðan varðandi olíuflutninga á þessu svæði. Það er hlutur sem ætti að fara mjög vandlega yfir því ef olía kemst einu sinni niður í kerfið, þetta mikla vatnskerfi sem er lýst mjög vel í ágætri bók sem ég nefndi áðan, Þingvallavatn — Undraheimur í mótun, yrði það nánast óafturkræft slys á því svæði. Að minnsta kosti yrði það mjög erfitt því jarðvegur er mjög gljúpur í þessu hrauni, þessum hraunmyndunum. Þarna er mikið grunnvatn, gríðarlega mikið grunnvatn. Það er einmitt það sem gerir Þingvallavatn að þeirri einstöku perlu sem það er, og það ætti að fara vel yfir slíka flutninga. En húsbyggingar, já, segi ég, ef sveitarstjórnir samþykkja og ef heimamenn samþykkja, en undir ströngum skilyrðum.

[12:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fróðleg svör og fylgi þeim ekki frekar eftir, en er honum afskaplega ósammála. Ég hef sjálf verið sveitarstjórnarmaður og treysti sveitarstjórnum almennt til verka, en einhvers staðar verður að vera varúðarventill. Það er jafnöruggt og ég stend í ræðustól á Alþingi.

[12:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Örfá orð um málið. Ég vil fagna því eins og þeir sem hafa talað á undan mér að þetta frv. skuli vera komið fram. Það er auðvitað merkilegt út af fyrir sig hversu stór hluti lindarvatns í byggð á Íslandi er þarna saman kominn. Menn telja að það sé um þriðjungur, þannig að það er ástæða til þess að líta til þess fyrir utan það að við erum að tala um helgasta stað á Íslandi sem er Þingvallasvæðið og þjóðgarðurinn þar. En það sem vakti athygli mína þegar ég fór að skoða málið var að í umsögn fjmrn. um málið er sagt að ekki verði neinn kostnaður fyrir ríkissjóð vegna þessarar lagasetningar, eða það verði ekki séð, en samt kemur fram rétt á undan í umsögninni: „Auk þess verður ráðherra heimilt að ákveða takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan verndarsvæðisins telji hann að sú notkun leiði til þess að vatn á svæðinu spillist."

Það kemur fram hérna — ég er nú ekki nógu landfræðilega kunnugur þarna — að innan þessa svæðis eru lönd einstakra jarða, líklega þó nokkurra og það er auðvitað alveg greinilegt að komið getur upp sú staða að hefta verði notkun þessara landa að einhverju leyti, einhverja áburðarnotkun t.d., eða önnur not. Mér finnst svolítið sérkennilegt að hafa niðurstöðu fjmrn. þarna um að þetta muni ekkert kosta, ekkert af þeim takmörkunum sem verið er að lögleiða.

Mig langar þess vegna til að spyrja hæstv. ráðherra hvort farið hafi verið yfir það hvaða möguleikar gætu komið upp í sambandi við bætur eða kröfur landeigenda um bætur vegna þeirra takmarkana sem hugsanlega verða þarna í framtíðinni því að þær gætu auðvitað orðið. Ef það er t.d. niðurstaðan að bændur megi ekki setja niður bústaði, sumarhús eða önnur slík mannvirki á jörðum sínum, gætu bæturnar kannski orðið dálítið ríflegar. Ef mörgum verður neitað um að koma upp

sumarhúsabyggð eða sumarhúsum, eða fara í framkvæmdir tengdar sínum búskap eða öðru slíku, gæti verið um að ræða töluverðar kröfur. Ég er ekki að koma upp til að halda því fram að það eigi að breyta þessum ákvæðum en þetta vakti athygli mína og ég spyr þess vegna hvort farið hafi verið yfir það hverju menn geta átt von á þarna og hvort verið geti í uppsiglingu í tengslum við þetta mál einhvers konar viðbrögð þeirra sem þarna eiga hagsmuna að gæta, sem gætu kannski kostað ríkissjóð umtalsverða fjármuni.

Og til umhugsunar í lokin finnst mér einhvern veginn að stundum séu þessar klásúlur úr fjmrn. þannig orðaðar að það geti ekki verið að á bak við þær liggi neinar sérstakar rannsóknir á því hvort kostnaður vegna viðkomandi frv. geti orðið mikill eða lítill.

[12:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta ágæta frv. og heyri að það er almenn ánægja með það hjá þingmönnum, enda átti ég ekki von á öðru. Þetta er mjög brýnt og gott mál en það þarf að vanda vel til verka því að hér er ráðherra að fá talsverðar heimildir til takmarkana á ýmissi hegðun og notkun á svæðinu.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir velti því upp hvort mörk svæðisins ættu að vera minni eða stærri. Af því tilefni vil ég taka fram að 23. janúar átti ég fund með sveitarstjórn Bláskógabyggðar og hún gerði athugasemdir við mörk svæðisins. Stjórninni fannst þau of víðfeðm miðað við þekkingu hennar á svæðinu þannig að við létum Orkustofnun endurskoða mörkin, og mörkin voru þrengd, þ.e. austurhlutinn var minnkaður frá þeim drögum sem við sýndum Bláskógabyggð. Hún fékk síðan að sjá þetta aftur 5. apríl og var ánægð með lagfæringarnar.

Hins vegar vil ég halda því til haga að sveitarstjórnin telur að það eigi ekki að setja sérstök lög um vatnsverndunina á Þingvöllum og á þessu svæði. Hún telur að það eigi að setja almenn lög og að verið sé að skerða rétt sveitarfélagsins. Sveitarstjórnin hefur ákveðin vatnsverndarákvæði í skipulagi sínu sem ná að hluta til þessa svæðis.

Hún hefur líka mótmælt því að þjóðgarðurinn sé ekki hluti af vatnsverndarsvæðinu í vatnsverndarfrumvarpinu. Mér finnst ágætt að þeir telji þá væntanlega betra að hafa það hjá umhvrh., en þetta var niðurstaða Þingvallanefndar sem samdi frv., að vatnsverndin í þjóðgarðinum og Þingvallavatni í þeim hluta sem tilheyrir þjóðgarðinum falli undir Þingvallanefnd. En hin vatnsverndin á svæðinu sem er þar fyrir utan og er miklu stærri fellur undir umhvrh. Í framhaldinu mun væntanlega verða samið frv. um vatnsvernd á öllu Íslandi, en sú vinna er ekki hafin og mun taka nokkurn tíma, enda talsvert flókið mál.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði líka um umferð vagna vegna olíu, hvort það væri í bígerð að setja reglur um slíka flutninga. Eins og fram kemur í frv. fær ráðherra sérstakar heimildir til að setja skorður við slíkri umferð og þar er sérstaklega nefnt að flutningur á olíu kemur til greina. Það er því ekki búið að smíða nein drög að reglum, en að sjálfsögðu munum við mjög líta til þessa atriðis því vatnsverndin byggir á því að það má alls ekki falla niður olía þarna.

Skorður vegna sumarbústaða koma að sjálfsögðu til greina en það er ekki búið að móta neinar slíkar reglur. Þó að lagafrumvarp sé á ferðinni um verndun Þingvallavatns og vatnsverndarsvæðis sem tengist því erum við ekki tilbúin með drög að reglum sem væri hægt að setja strax í kjölfarið þannig að það er talsverð vinna eftir í því.

Það eru engar sérstakar áætlanir á þessu stigi að setja vatnsyfirborðið í upprunalegt horf. Í frv. kemur fram að leitast eigi við að halda vatnsyfirborðinu stöðugu þannig að af faglegum ástæðum er væntanlega ekki æskilegt að raska vatnsyfirborðinu mikið frá því sem nú er. Nú hefur allt lífríkið aðlagað sig að því vatnsborði sem er þarna í augnablikinu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti ágætlega náttúruverndarhagsmunina sem felast í frv., taldi að þeir hefðu átt að koma fyrr fram. En menn vildu helst að þetta fylgdist að við frv. um stækkun þjóðgarðsins og það var ákveðið að mæla fyrir þessum málum um svipað leyti þó að frv. hafi verið tilbúið um nokkurt skeið hjá okkur þannig að núna eru þau bæði í vinnslu í þinginu.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spurði um reglurnar sem byggjast á 3. gr. sem umhvrh. setur í samráði við iðnrn. og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Þær eru ekki í smíðum enn sem komið er en strax og frv. verður samþykkt er ekkert því til fyrirstöðu að fara að smíða þær og auðvitað þarf að gera það, en drögin að þeim eru ekki tilbúin.

Hv. þm. rakti líka þetta með fjallaskálana og hér urðu nokkrar umræður milli hans og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég deili algjörlega skoðunum hennar varðandi heimildir ráðherra til að takmarka mannvirki á svæðinu. Þetta er mjög sérstakt svæði, þess vegna er verið að veita ráðherra sérstakar heimildir umfram þær heimildir sem sveitarstjórnir hafa til þess að takmarka byggð með almennum byggingar- og skipulagslögum. Ef reisa á fjallaskála eða mannvirki á þessu svæði þarf því bæði leyfi ráðherra og leyfi þar til bærra skipulags- og byggingaryfirvalda, þ.e. sveitarstjórna. Að sjálfsögðu líta menn þá til verndarsjónarmiðanna. Mér finnst þetta því vera það merkilegt mál að vernda vatnið að eðlilegt og réttlætanlegt sé að ráðherra fái auknar heimildir.

Hv. þm. rakti einnig tilkomu Steingrímsstöðvarinnar og vildi fá svör við því hvort til greina kæmi að rífa hana niður. Það hefur ekki verið til umræðu í umhvrn. og ég hef lítið heyrt um það í samfélaginu almennt þannig að það er ekkert sem við höfum skoðað. Ef slíkt ætti að koma til þyrfti að skoða það faglega hvað það mundi þýða fyrir svæðið þannig að það er alls ekki hægt að kveða eitthvað upp úr um það á þessari stundu.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson dró fram kostnaðarmat fjmrn., hvort það gæti hugsanlega komið til þess að það þyrfti að greiða einhverjar bætur fyrir takmarkanir á einhvers konar réttindum landeigenda. Í frv. kemur fram, með leyfi forseta:

„Vatnsverndun á landinu skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt.“

Almennt er því talað um að það eigi að vera hægt að stunda hinn hefðbundna búskap áfram nema umhvrh. telji að sú notkun leiði til þess að svæðinu verði spillt og þá þarf að taka á því. Ég held að það sé mjög erfitt á þessu stigi að koma með eitthvert mat á því hvað þetta gæti hugsanlega kostað. Ég held að við séum alls ekki með nægar upplýsingar í augnablikinu varðandi það mál. Það getur líka verið að það sé ekkert sniðugt að koma með einhverjar slíkar tölur ef þær væru til og gefa þannig í skyn að hér væri einhver stór peningasekkur sem menn gætu farið í og fengið greiddar

einhverjar bætur. Ég held því að það sé mjög erfitt fyrir fjmrn. að koma með eitthvert slíkt mat á þessari stundu.

Ég á ekki von á því að það komi til mikilla árekstra út af þessu ákvæði. Ég held að málin séu þannig í dag að almennt þurfi ekki að grípa inn í þann búskap sem stundaður er í dag á þessu svæði, en það er spurning hvað verður í framtíðinni. Þess vegna er ágætt að hafa heimildir til að geta haft áhrif á þróunina sem verður á svæðinu þannig að við verndum vatnið. Ég á því ekki von á, miðað við núverandi landbúnað á svæðinu og núverandi byggingar, að það komi til sérstakra fjárútláta. Ég held að það sé algjörlega öruggt að varðandi framtíðarþróun á svæðinu muni reyna á heimildir ráðherra, að hann geti stoppað af byggingar, og ég á von á því að það verði gripið til þeirra í framtíðinni til að vernda svæðið.

Virðulegur forseti. Ég þakka innilega fyrir þessar ágætu umræður og heyri að þingmenn eru almennt sáttir við tóninn í frv. og telja svæðið mjög mikilvægt og að mikilvægt sé að vernda vatnið.

[12:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram áðan í máli hæstv. umhvrh. að hún telur að ráðherra eigi að hafa vald til að geta kveðið af eða á um hvort leyfa skuli húsbyggingar á þessu mikla svæði. Ég er enn og aftur ósammála því.

Ég minni á 1. gr. frv. og vil fá að lesa hana upp, með leyfi forseta, en þar stendur:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess."

Herra forseti. Um það snýst frv. Ef það á líka að fara að snúast um húsbyggingar verður að breyta frv. að mínu mati. Þá verður að taka það með í texta frv. með miklu skýrari hætti en hér er gert, það tel ég alveg ljóst.

Ég ítreka enn og aftur að ég tel að þetta eigi fyrst og fremst að vera hlutverk sveitarstjórnanna en að sjálfsögðu á umhvrh. að hafa vald til að setja mjög strangar reglur um hugsanlega mengun sem gæti skaðað bæði lífríki og vatnasvið Þingvallavatns.

Fyrst ég er að tala um þetta finnst mér að í 5. gr., þar sem talað er um dagsektir, að hámark dagsekta í frv. sé allt of lágt. Ég mundi vilja margfalda töluna 50.000 með 10, það væri hið besta mál. Þá væri virkilega hægt að refsa mönnum ef þeir gera eitthvað sem mengar vatnasvið Þingvallavatns, sem skiptir mjög miklu máli og er mjög mikilvægt.

Hæstv. umhvrh. talaði um að það þyrfti að fara fram fagleg vinna varðandi urriðann. En málið er, herra forseti, að það var farið fram á það við ríkisstjórnina árið 1998 þegar hún var beðin um að skipa nefndina. Þessi faglega vinna hefur ekki enn þá farið fram, og hverjum er það að kenna? Það er ríkisstjórninni að kenna og umhvrh. hlýtur að bera þar einhverja ábyrgð.

[12:58]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég og hv. þm. erum greinilega ósammála um það hvort ráðherra eigi að hafa sérstakar heimildir til þess að grípa inn í varðandi húsbyggingar og hérna er sérstaklega talað um fjallaskála. Það er alveg rétt að frv. snýst um vatnsvernd, það snýst ekki að meginstofni til um húsbyggingar. En þetta tengist saman.

Þegar menn reisa sér hús þarf t.d. að huga vel að frárennsli og það eru alls konar umsvif sem geta tengst fjallaskálum. Fólk er að fara á vélsleðum frá þeim í snjó og í göngu-

ferðir þannig að það eru alls konar umsvif sem tengjast húsbyggingum.

Eins og menn vita eru nú þegar hús á svæðinu, sumarbústaðir, og það eru heimildir til þess að gera mjög strangar kröfur, eins og hv. þm., Magnús Þór Hafsteinsson, styður greinilega. Hann vill mjög strangar reglur um mengun. Það er líka sérstakur inngripsréttur þannig að ég átta mig ekki á því af hverju hv. þm. er ósammála því að hægt sé að grípa sérstaklega inn í varðandi húsbyggingarnar. Varðandi dagsektirnar getur umhvn. skoðað hvort þetta séu eitthvað óeðlilega lágar dagsektir miðað við þær sem eru almennt teknar í hliðstæðum málum. Í sambandi við faglegt mat á því hvort taka eigi niður Steingrímsstöð eða ekki hefur ekkert slíkt mat farið fram og við höfum ekki verið beðin um að koma þeirri þáltill. í gagnið sem hér hefur verið vitnað til og ég þekki reyndar ekki og hef ekki kynnt mér nýlega. Forsrn. hefur oft passað upp á að þáltill. fari í réttan farveg en ég kannast samt ekki við þá sem hér er verið að drepa á.

[13:01]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég legg til að hæstv. umhvrh. kynni sér þá þál. sem samþykkt var á hinu háa Alþingi þann 3. mars árið 1998. Að þeirri þál. stóðu hvorki meira né minna en þrír menn. Tveir af þremur þáv. hv. þm. eru ráðherrar í ríkisstjórn Íslands í dag. Það eru hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson og hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen (**Gripið fram í:** Og tilvonandi ráðherra líka.) Og svo kannski einn tilvonandi ráðherra, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann var líka meðflm. að þessari tillögu. Og á þeim tíma — ég er með þær umræður fyrir framan mig á pappírum og þetta er enginn smábunki — fóru fram nokkuð fjörugar umræður í þinginu einmitt um urriðastofninn í Þingvallavatni. Mér finnst þess vegna afskaplega undarlegt að ekki skuli hafa verið gert neitt því ef maður kynnir sér málið, og ég hvet hæstv. umhvrh. til að gera það, bregða sér kannski bæjarleið og fara austur að Þingvallavatni og skoða Steingrímsstöð og velta því svolítið fyrir sér — og lesa bækurnar sem ég benti á áðan — hversu ofboðslega gott sóknarfæri þetta væri fyrir alla umhverfisvernd í landinu. Þarna mundum við sýna fram á að hægt er að gera slíkar framkvæmdir afturkræfar. Það er hægt að endurheimta náttúruperlur þó að við höfum gert mistök, eins og við gerðum greinilega í þessu tilfelli. Við værum ekki að fórna miklu, ég held að við værum að vinna svo miklu, miklu meira. Við værum að ná að endurreisa þarna eina stærstu á og eitt mesta vatnsfall landsins.

Ég sé að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er kominn í salinn. Hann veit miklu meira um þetta en ég og það væri kannski gaman að fá að heyra svolítið af skoðunum hans í málinu, hvort hugur hans til Þingvallaurriðans hafi eitthvað breyst á undanförnum árum og hvort hann sakni þess ekki að sú nefnd sem átti að skipa að hans tillögu m.a. skuli ekki enn þá vera komin á koppinn.

[13:03]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég endurtek að ég tel enga ástæðu til að kveða eitthvað upp úr um það hér og nú á þessu stigi hvað varðar framtíð Steingrímsstöðvar, en það er a.m.k. svo í mínum huga að innihaldið í því frv. sem við erum að ræða er þannig að það sem mun skipta mjög miklu máli varðandi Þingvallavatn og vatnasvið þess, hreinleika þess. Megintilgangurinn með frv. er auðvitað að verja vatnið og halda því

í því ástandi sem það er núna og í frv. er líka verið að tala um lífríkisverndunina. Mér finnst ég því ekki geta á þessari stundu kveðið neitt upp úr um framtíð Steingrímsstöðvar og það er mál sem þyrfti að skoða miklu betur áður en hægt er að gefa einhverjar yfirlýsingar um það.

[13:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna svars hæstv. ráðherra við spurningum mínum eða ábendingum um umfjöllun fjmrn. um frv. vil ég koma því á framfæri að ég tel að það eigi hvorki að veita þinginu né þjóðinni röng skilaboð í umfjöllun eins og fjmrn. er með þarna. Það eru röng skilaboð sem þar eru á ferðinni, segi ég a.m.k., og mér fannst hæstv. ráðherra staðfesta það mjög skýrt með því að segja nánast fortakslaust að hún reiknaði með því að þessum ákvæðum yrði beitt til takmörkunar á möguleikum manna til framkvæmdar og notkunar lands eða búskaparhátta á þessu svæði.

Ég kemst ekki hjá því að álykta að það hljóti þá að þýða að þeir sem verða þarna fyrir skerðingum á notkunarrétti jarða sinna eða möguleikum til að nýta landsvæðin öðruvísi í framtíðinni en þeir hafa gert fram að þessu telji að þeir eigi að fá bætur fyrir. Ég er ekki að fara fram á að það liggi fyrir eitthvert kostnaðarmat af slíkum bótum en það eru einfaldlega röng skilaboð að segja eins og ráðuneytið segir að ekki verði séð að lögfesting frv. leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð því það er séð að það mun leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð þó að menn viti ekki hver hann verður eða hvenær hann fellur.

[13:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki að um röng skilaboð sé að ræða í kostnaðarumsögninni. Það sem ég sagði áðan var að mér finnst líklegt að ekki verði gerðar neinar sérstakar athugasemdir við núverandi búskaparhætti sem stundaðir eru á svæðinu þó að ég geti auðvitað ekki útilokað neitt á þessari stundu, en mér finnst það ólíklegt.

Varðandi frekari byggð þarf auðvitað að skoða verndarsjónarmiðin í hverju tilviki fyrir sig en ekki er hægt að útiloka að ákvæðunum verði beitt. Ég á frekar von á því að þeim verði beitt í einhverjum tilfellum. Ég veit ekki hvort það verður eitt tilfelli eða tvö eða hvað. Mér finnast það því alls ekki vera röng skilaboð sem hér eru gefin um að líklega hafi frv. ekki kostnaðarauka í för með sér. Það verður að meta í hverju tilviki fyrir sig þegar reyna fer á ákvæðin. Ég sé því ekki hvernig fjmrn. gat komið með einhverja aðra niðurstöðu en það kemur með í kostnaðarumsögninni.

Það getur vel verið að mjög lítið reyni á þetta en við vitum það bara ekki núna af því að ekki hafa komið inn umsóknir um byggð eða einhvers konar mannvirki eða starfsemi sem við getum tekið afstöðu til í augnablikinu. Það er eitthvað sem þarf að reyna á síðar. En ég á ekki von á að það verði svo að ríkissjóður þurfi að fara í einhver sérstök fjárútlát vegna bóta sem til muni koma. Ég á ekki von á því en við getum heldur ekki útilokað að slíkt komi upp. Það verður að skoðast í hverju tilviki fyrir sig.

[13:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað mun reyna á það með einstökum dæmum þegar þar að kemur og ég er alveg klár á því að það mun gerast. Þess vegna held ég því enn og aftur fram að það séu röng skilaboð að segja að lagasetning af þessu tagi leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Hún mun einfaldlega gera það og þá á ekki að segja eitthvað annað. Það er auðvitað ekki hægt að leggja fram neina kostnaðaráætlun fyrir slíku en það kemur að því að einhverjir sækja bætur í ríkissjóð ef þessum takmörkunum verður beitt eins og hæstv. ráðherra lýsti mjög skýrt yfir að yrði gert í ræðu sinni á undan.

Þetta fer kannski að líta svolítið út eins og þvarg af minni hálfu en mér finnst einfaldlega að ég hafi lesið of margar slíkar umsagnir frá fjmrn. í hinum ýmsu málum þar sem því er haldið fram næstum algerlega fortakslaust að ekki muni falla kostnaður á ríkissjóð vegna hinna einstöku mála þó að í ákvörðunum sem falla eins og í þessu máli sé fólginn réttur og skylda jafnvel ráðherra til þess að taka á hinum einstöku málum og sem munu örugglega kosta einhverja fjármuni og skerða möguleika viðkomandi aðila sem þeim ákvörðunum er snúið að o.s.frv., og þá eigi ekki að senda röng skilaboð héðan um að ekki sé verið að búa til kostnaðartilefni fyrir ríkissjóð með lagasetningunni. Það er einfaldlega verið að búa til hugsanlega mörg kostnaðartilefni fyrir ríkissjóð með lagasetningunni og menn eiga auðvitað að viðurkenna að svo sé.

[13:10]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum kannski farin að ræða hér heföbundin vinnubrögð varðandi mat á kostnaði sem kemur með frumvörpum sem við höfum sent fjmrn. en það er þannig að fjmrn. fer í gegnum frumvarpsgreinarnar og reynir að meta kostnaðinn af þeim eins og því er unnt og síðan kemur það fram í kostnaðarmatinu sem fylgir frumvörpunum og er þá reynt að gera ráð fyrir því í fjárlagavinnu eftir að lögin hafa verið sett. Það er hugsað þannig að menn geti séð aðeins fyrir sér þær stærðir sem þurfa að fara inn í fjárlögin.

Það er auðvitað svo að mjög erfitt er að gera einhverja grein fyrir því í þessu frv. hvort það beri einhvern kostnað með sér. Það er ólíklegt en það er þó ekki hægt að útiloka það og mér er til efs að fjmrn. meti almennt hugsanleg útgjöld eins og í þessu tilviki sem gæti reynt á hugsanlega eftir einhver ár en líklega ekki á þessu ári og ekki á því næsta. Það væri mjög ólíklegt að á það reyndi á næsta ári þó að það sé ekki útilokað, á næsta fjárlagaári sem verið er að undirbúa núna. Ég hef því tilhneigingu til að verja umsögn fjmrn. og sé ekki með nokkru móti hvernig hún hefði getað verið öðruvísi þannig að ekki er verið að gefa nein óeðlileg skilaboð með kostnaðarumsögninni.

[Fundarhlé. — 13:12]

[13:41]

Útbýting þingskjala:

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, 869. mál, nál. utanrmn., þskj. 1451.

Háskóli Íslands, 780. mál, nál. menntmn., þskj. 1454.

Háskólinn á Akureyri, 818. mál, nál. menntmn., þskj. 1456.

Jafnrétti kynjanna, 654. mál, svar forsrh., þskj. 1443.

Kennaraháskóli Íslands, 817. mál, nál. menntmn., þskj. 1455.

Nýrnaveiki í seiðaeldi, 885. mál, svar landbrh., þskj. 1407.

Tækniháskóli Íslands, 819. mál, nál. menntmn., þskj. 1457.

[13:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa almennri ánægju minni með það frv. sem hæstv. umhvrh. flytur hér. Það er löngu tímabært að setja sérstök lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Eins og væntanlega hefur komið fram í framsöguræðu hæstv. umhvrh. má líta svo á að Þingvallavatn og allt vatnasvið sé framtíðarauðlind sem muni skipta ákaflega miklu máli fyrir þróun atvinnulífs og þarfir þéttbýlisins á suðvesturhorni þegar fram vindur um þessa öld. Það skiptir líka máli, tel ég, með hliðsjón af nauðsyn verndar vatns á þessu svæði að með frv. er hæstv. umhvrh. gefið töluvert mikið vald til að setja reglur sem eiga að draga úr möguleikum á mengun. Ég átti því miður ekki kost á því, herra forseti, að vera viðstaddur umræðuna hér í morgun en ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi þar skýrt fyrirætlanir sínar um það með hvaða hætti hún hygðist nýta sér þær valdheimildir sem verið er að færa henni með frv.

Mig langar að spyrja hana sérstaklega, í tilefni af 4. gr. frv. þar sem mælt er fyrir um að umhvrh. geti sett sérstakar reglur um takmarkanir á losun úrgangsefna frá sumarbústöðum á svæðinu, hvort einhvers konar könnun hafi farið fram. Hvaða losun á sér þá þar stað? Jafnframt spyr ég hvort hæstv. ráðherra telji eftir þá umfjöllun sem hún hefur væntanlega farið í gegnum í tengslum við samningu þessa frv. þörf á slíkum reglum.

Ég veit sökum þess að ég er fulltrúi Alþingis í Þingvallanefnd að það er fyrirhugað, því miður liggur mér við að segja, að ráðast í stórfelldar byggingar á sumarbústöðum á löndum sem liggja vestan megin og suður með Þingvallavatni. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. hvort hún telji það samrýmanlegt þeim hugmyndum sem hún hefur.

Nú ber svo vel í veiði fyrir mig sem gamlan urriðaaðdáanda að hæstv. forsrh. er hér staddur. Áðan voru umræður sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hóf um möguleika þess að endurheimta hrygningarsvæði fyrir urriðann. Ég heyrði ekki svör hæstv. umhvrh. en samkvæmt þessu frv. er það hæstv. umhvrh. að setja sérstakar reglur sem tengjast sveiflum á vatnshæð vatnsins, þ.e. Þingvallavatns. Þann 4. desember árið 2002 ræddum ég og hæstv. forsrh. einmitt möguleikana á því að endurheimta glataða fiskstofna í vatninu með því að rjúfa einhvers konar rauf í stíflu vegginn fyrir mynni Efra-Sogs og hleypa urriðanum aftur þar niður. Hæstv. forsrh. greindi þá frá jákvæðum vilja Landsvirkjunar og sagði að það mál væri í skoðun. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. umhvrh. hvort í umfjöllun hennar um þetta frv. hefði verið gengið frá þessu máli. Er hæstv. umhvrh. kunnugt um að Landsvirkjun hafi afráðið þetta?

Ég vil svo að það komi líka fram að það var samstaða um það meðal þeirra þriggja alþingismanna sem sitja í Þingvallanefnd að beita sér fyrir samkomulagi við Landsvirkjun um að hrinda þessu í framkvæmd. Í ljósi þess sem hæstv. forsrh. sagði 4. desember 2002 spyr ég hæstv. umhvrh.: Hafa átt sér stað einhverjar viðræður við Landsvirkjun um þetta og er það vilji hæstv. umhvrh. að beita sér fyrir að þetta verði gert?

[13:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samkvæmt upplýsingum í bókinni um Þingvallavatn eru þarna um 600 bústaðir og í vatnið renna um 5–10 tonn af köfnunarefni á ári. Samkvæmt upplýsingum mínum frá Umhverfisstofnun þarf að gera ítarlegri könnun á því hvort þessar tölur standast og hvernig staðan er af því að þarna eru margir bústaðir og sumir hverjir með gamlar aðferðir við frárennslismálin. Það er mjög líklegt að endurskoða þurfi verulega eða a.m.k. að einhverju leyti hvernig þessum málum er háttað.

Hvort sumarbústaðabyggð samrýmist hugmyndum mínum um vernd á svæðinu — mér finnst ég ekki vera í stöðu til að kveða upp úr um það á þessari stundu. Þetta þyrfti að skoðast út frá verndarsjónarmiðum á vatninu.

Varðandi Steingrímsstöðina fórum við ekki í gegnum sérstaka umfjöllun um það mál þegar við gengum frá þessu frv. endanlega í ráðuneytinu. Þetta frv. er samið af Þingvallanefnd sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson á sjálfur sæti í og mér er ekki kunnugt sérstaklega um vilja Landsvirkjunar eða annarra aðila í þessu máli. Málið hefur ekki verið í umræðu en það er eðlilegt að það verði skoðað í framhaldinu. Eftir að frv. hefur verið samþykkt tel ég að þetta komi til skoðunar eins og annað sem getur haft áhrif á lífríki og vernd vatnsins.

[13:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að sýna bersýnilega jákvæðan vilja gagnvart þessu máli sem ég tók til umfjöllunar. Auðvitað hefði mér þótt betra ef hæstv. ráðherra hefði kannað hug Landsvirkjunar varðandi þetta atriði, ekki síst í ljósi þess að ríkisstjórnin virðist almennt vera mjög jákvæð í málinu. Hún er að því leyti til samstiga fyrri ríkisstjórn sem fór frá völdum 1995. Þar hafði þetta mál komið til óformlegrar umræðu og ég rifja það upp að þáverandi hæstv. landbrh., núverandi forseti þingsins, lýsti einmitt þessum vilja sínum í einni af síðustu ræðunum sem hann hélt á þinginu 1995.

Ég fagna því hins vegar ef hæstv. umhvrh. ætlar að beita sér fyrir því að Landsvirkjun grípi til þessara ráðstafana. Ég vil líka segja að málið varðar með öðrum hætti lífríki Þingvallavatns vegna þess að þegar stíflan var gerð á sínum tíma var vatnsborðið hækkað. Það þýddi að það sem áður var heppilegur straumur fyrir hrygningu urriða í Öxará varð miklu lygnara umhverfi sem gerði það að verkum að urriðinn átti erfiðar uppdráttar á þeim stöðum. Allt helst þetta í hendur.

Ég ítreka að þetta er mál sem við sem Alþingi hefur trúað fyrir að sitja í Þingvallanefnd berum talsvert ríkulega fyrir brjósti.

[13:50]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég eðlilegt að þetta mál verði skoðað eftir að frv. hefur verið samþykkt. Mér finnst að ég geti ekki sagt hér að ráðherra ætli sérstaklega að beita sér í því máli. Mér finnst að ég hljóti fyrst að skoða það út frá einhverjum faglegum forsendum. Mér finnst eðlilegt að það verði skoðað eftir að frv. verður samþykkt eins og önnur mál sem viðkoma vatnsverndinni og verndun lífríkisins.

[13:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst dapurlegt ef hæstv. umhvrh. vill ekki beita sér í þessu máli en ég ætla ekki að efna til neinna illdeilna um það. Ég veit að margir aðrir ráðherrar eru reiðubúnir til að beita sér þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framlagning frumvarps um eignarhald á fjölmiðlum.

[13:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hafa staðið miklar umræður í fjölmiðlum um svokallað frv. hæstv. forsrh. um eignarhald og takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum í landinu. Hér er um að ræða grundvallaratriði sem skiptir miklu máli að fái góða umfjöllun af hálfu hv. Alþingis og það eru aðeins fáir dagar eftir af þinginu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé ætlun hans að þetta frv. verði fullrætt á þessu þingi, hvenær hann hyggist leggja það fram og ég vil jafnframt spyrja í framhaldi af þeim umræðum sem hafa orðið millum talsmanna stjórnarflokkanna í fjölmiðlum hvort þetta frv. sé til orðið og hvort um það sé sátt.

Fyrst og fremst spyr ég þó: Er það ætlun hæstv. forsrh. að mál sem tengist grundvallaratriðum eins og takmörkun á eignarhaldi í atvinnulífinu verði tekið í gegn með einhverri fljótaskrift og afgreitt á þessum örfáu dögum sem lifa eftir þings eða er hæstv. forsrh. að velta því fyrir sér að framlengja þingið til að hægt sé að afgreiða þetta mál?

Ég spyr enn: Hvenær má vænta þess að frv. sjái dagsins ljós til þess að hið háa Alþingi geti kynnt sér þetta mál sem er haldið frá öllum nema örfáum mönnum innan ríkisstjórnarinnar?

[13:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vekur athygli á því að þetta umræðuefni heyrir tæpast undir liðinn fundarstjórn forseta en í ljósi kringumstæðna í þinginu í morgun, þar sem ekki gafst færi á því að fara í umræðu um störf þingsins, mun forseti heimila þetta.

[13:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta mál er til meðferðar í ríkisstjórn og ég á ekki von á öðru en að ríkisstjórnin vilji að það fái þinglega meðferð. Mikið hefur verið rætt um þá skýrslu sem óskað var eftir af hálfu ríkisstjórnar að menntmrh. skipaði á sínum tíma. Samf. er þeirrar náttúru, það er svo ánægjulegt, að hún getur fjallað um svona skýrslur án þess að fá þær.

Í útvarpinu þann 15. apríl segir nefnilega fyrrv. formaður Samf., Bryndís Hlöðversdóttir, með leyfi forseta. (**Gripið fram í:** Meinarðu formann þingflokksins?) Já. Hvað sagði ég? (**Gripið fram í:** Formaður Samf.) Nei, guð minn góður, það er nóg til af þeim. Með leyfi forseta:

„Nefnd um eignarhald á fjölmiðlum hefur kollvarpað málflutningi stjórnarflokkanna um nauðsyn lagasetningar að mati Bryndísar Hlöðversdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar." — Síðan segir neðar í fréttaskeytinu, með leyfi forseta: „Bryndís hefur ekki séð 180 blaðsíðna skýrsluna ..." en hún vissi þó að skýrslan hefði kollvarpað afstöðu ríkisstjórnarinnar. Síðan segir, með leyfi forseta: „Bryndís er sammála nefnd menntamálaráðherra um að Samkeppnisstofnun eigi að koma að eftirliti með fjölmiðlum."

Þann 15. apríl getur fyrrv. formaður þingflokks Samf. tjáð sig í bak og fyrir um skýrslu sem hún hefur aldrei séð. Það er afskaplega góður eiginleiki í stjórnmálaflokki að geta gert þetta með þessum hætti. Hann þarf ekki að fá neina skýrslu. Við í ríkisstjórninni erum hins vegar háð þeim annmarka að við þurfum að lesa skýrslur af þessu tagi og síðan þurfum við að semja frumvörp í kjölfarið ef þess er þörf. (Gripið fram í.) Ég get upplýst það hér fyrst um er spurt að nefndin telur þess fulla þörf að það verði gert. Ég geri ráð fyrir að slíkt frv. verði lagt fram og ég geri ráð fyrir því að þingið afgreiði það ef það kemur fram og taki sér til þess þann tíma sem það þarf.

[13:55]

Mörður Árnason:

Forseti. Það eru ákaflega sérkennileg svör sem hæstv. forsrh. veitir hér við spurningunni. Nefndin hefur skilað áliti sínu, það hefur legið hjá ráðherranum og ráðherrunum hæstv. öllum, nú í hálfan mánuð, rúmlega það. Það hefur lekið út af því nánast þannig að manni finnst eins og um skipulegan leka sé að ræða. Um hvað fjallar nefndarálitið? Um hvað fjalla þau frumvarpsdrög sem nú eru uppi? Þau fjalla um fjölmiðlana, fjalla um lýðræðið í landinu. Þeim er hins vegar skipulega haldið frá umræðu og umfjöllun í samfélaginu og héðan frá þinginu nema með því að einstökum lekum er sem sé stjórnað. Við þökkum fyrir þann síðasta leka sem berst hingað upp í ræðustól en hann er sá, þvert á það sem sagt hefur verið í hinum fyrri lekum, að nefndin hafi endilega viljað að þessar breytingar kæmu fram í frumvarpsformi og það strax.

Í erindisbréfi frá hæstv. menntmrh. sem var þá hæstv. Tómas Ingi Olrich, á sínum tíma fyrir jólin, var nefndinni falið að semja frumvarpsdrög ef henni þætti þurfa á að halda. Það gerði nefndin ekki — eða hvað, hæstv. forsrh., gerði nefndin það? Samdi hún frumvarpsdrög? Þær fréttir, þeir lekar sem hingað til hafa borist af þessu benda ekki til þess og þeir lekar sem hingað til hafa komið til okkar benda til þess, segja okkur að hæstv. forsrh. hafi sjálfur, ekki nefndin og ekki sá ráðherra sem skipaði nefndina, ekki þeir aðrir ráðherrar á þessu fagsviði sem hugsanlega kæmi þetta mál við, heldur hafi forsrh. tekið það að sér að semja þessi frumvarpsdrög. Síðan á ríkisstjórnarfundi í vikunni, á þriðjudaginn, hafi hann lagt það fram og ráðherrarnir tekið sér enn umhugsunartíma til að hugsa bæði um frumvarpsdrögin og lesa álit nefndarinnar. Í dag er heldur ekki haldinn ríkisstjórnarfundur þó að hann hafi verið boðaður eða kynntur eða a.m.k. lekið út að hann ætti að verða kl. eitt. Hann er ekki heldur haldinn og auðvitað er einfaldasta skýringin á því sú að menn séu enn að lesa skýrsluna, þ.e. að menn séu ekki sammála um frumvarpsdrögin.

Vill ekki hæstv. forsrh. segja okkur hvað það er nákvæmlega þessar vikurnar, hvaða vá það er sem steðjar að okkur og fjölmiðlum í landinu, slík og stórkostleg, að það þurfi eins og hann segir að framlengja þingið ef á þarf að halda til að koma í veg fyrir þau tíðindi sem nú eru að sprengja í loft upp lýðræðið á Íslandi og samskipti manna í fjölmiðlum?

[13:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort það væri búið að semja þetta frv. Hæstv. forsrh. gat ekki svarað því. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort þetta frv. yrði lagt fram á næstu dögum. Hæstv. forsrh. gat ekki svarað því. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort þetta frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Hæstv. forsrh. gat ekki svarað því. Hann gerði hins vegar ráð fyrir þessu öllu saman. Þetta sýnir auðvitað hvernig samstarfið er í ríkisstjórninni í kringum þetta frv.

Þetta varpar líka ákveðinni birtu á vinnubrögðin sem hæstv. forsrh. hefur ástundað í þessu máli. Það hefur berlega komið fram að það er mikil ólga innan hins stjórnarflokksins vegna vinnubragða hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. hefur

unnið þetta fram hjá Framsfl. Ráðherrar Framsfl. hafa ekki fengið að sjá þessa skýrslu áður en frv. verður lagt fram. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem hér er staddur í salnum hefur sagt í fjölmiðlum að það sé alls ekki víst að þingmenn Framsfl. muni veita afbrigði til að hægt sé að vinna þetta frv.

Það sem skiptir þó mestu máli, herra forseti, er sómi og virðing Alþingis. Hér er um að ræða mál sem varðar grundvallaratriði um aðkomu löggjafans að atvinnulífinu og það hlýtur að vera frumréttur og krafa hins háa Alþingis að það fái nægan tíma til að leita samráðs og til að kanna jafndjúptækt mál og þetta. Þó segir hæstv. forsrh. að hann geri ráð fyrir því að málið verði afgreitt. Ætlar þessi ríkisstjórn enn einu sinni að beita ofbeldi til að ná fram vilja sínum í þessu máli? Mig langar líka til að spyrja, herra forseti, af því að hér eru margir þingmenn Framsfl.: Ætlar Framsfl. virkilega að láta beygja sig til hlýðni enn einu sinni, líka í þessu máli ofan á önnur?

[14:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar hlýt ég að telja að þó að forseti vor sé ljúfmenni mikið mundi hann ekki leyfa okkur að fara út í efnisatriði um þetta frv. eða þessa skýrslu eins og hv. þm. óskaði eftir.

Ríkisstjórnin hefur aðeins haft þessa skýrslu á borði sínu í hálfan mánuð. Hún er samin af nefnd á vegum stjórnarflokkanna vegna þess að aðdragandinn er sá, sem er dálítið óvenjulegur að vísu, að ríkisstjórnin í heild fól menntmrh. að skipa nefnd. Ríkisstjórnin fól menntmrh. að skipa nefnd þannig að málið hefur samfellt verið á borði ríkisstjórnarinnar. Í þeirri nefnd átti m.a. sæti framkvæmdastjóri þingflokks Framsfl. þannig að eitthvert tal um að ekki hafi verið tengsl við hinn stjórnarflokkinn — þegar framkvæmdastjóri sjálfs þingflokksins situr í nefndinni — er auðvitað algjörlega út í hött. Það að gera það tortryggilegt að ríkisstjórn skuli hafa mál innan sinna vébanda, mál sem menn segja að sé stórt, í hálfan mánuð áður en það er sett út í opinbera umræðu er ekkert óvenjulegt. Það er nánast sjálfsögð og viðtekin regla.

Það sem hefur hins vegar komið mér á óvart er að Samf., án þess að hafa séð málið, kynnt sér skýrslu upp á 180 síður, skuli bersýnilega leggjast svona gegn málinu fyrir fram. Ég hlustaði, að vísu úr fjarlægð, á brot úr stefnuræðu Samf. fyrir síðustu kosningar í Borgarnesi frá sjálfu forsætisráðherraefninu mikla og þar var auðvitað ákveðið að það ætti að skipa sérstakan verndarhring í kringum þrjú fyrirtæki, fyrirtæki Jóns Ólafssonar, Baugs og Kaupþings þannig að það er ekkert sem kemur manni á óvart í viðbrögðum Samf.

[14:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel rétt að benda hæstv. forsrh. á að fyrst honum er leyft af sitjandi forseta að fara svo vítt um völl sem hann gerði í ræðunni geti ekkert verið á móti því að hann svari okkur því hvaða vá sé í íslenskum fjölmiðlum núna. Hvaða hætta er svo knýjandi að það þurfi að setja lög á þeim 11 dögum sem eftir standa af þinginu, miðað við þá áætlun sem nú er í gildi, eða að það þurfi að framlengja þingið sérstaklega fram yfir þessa áætlun til að samþykkja frv. sem ekki er orðið til, sem enn er í drögum, sem ráðherrarnir í ríkisstjórninni, þeir í hinum flokknum, hafa ekki samþykkt, sem ekki hefur enn verið lagt fyrir stjórnarþingmenn hér í húsinu, sem þeir vita ekkert um og sem er alveg augljóst að það sem þeir þó vita um, það sem hefur lekið út af frumvarpsdrögunum, mætir harðri andstöðu, bæði í Framsfl. og Sjálfstfl.?

Hvað er svona knýjandi? Er einhver Rupert Murdoch á leiðinni sem ætlar að gleypa öll blöðin, alla fjölmiðlana? Er einhver útlendingur utan Evrópska efnahagssvæðisins svo durtslegur að ætla að leggja fram fé til íslenskrar fjölmiðlunar? Er eitthvað hér að gerast sem við vitum ekki af, sem höfum lifað við, ja, kannski ekki fyrirmyndarfjölmiðlun í landinu undanfarin ár frekar en endranær en þó alveg þokkalega fjölmiðlun þar sem með töluverðri dreifingu í eignaraðild og með töluverðri, sem betur fer, dreifingu og móttöku á skoðunum og áliti og fréttum? Hvað er það, forseti, sem knýr hæstv. forsrh. einan saman, því að ekki eru aðrir viðstaddir þennan atburð, þessi frumvarpsdrög, ekki aðrir ráðherrar, ekki hinn stjórnarflokkurinn, ekki þingmenn í þinginu, til að slengja fram þessu máli á síðustu dögum þessa þings til að ætla að koma því í gegn á tíma — með því þá að framlengja þingið — og hvað er það sem kemur í veg fyrir það að almenningur, fjölmiðlafólkið og þingmenn geti tekið þátt í þeirri umræðu sem er eðlilegur undanfari þess að frumvarpsdrög séu lögð fram og eðlilegur undanfari þess að þingið taki svona mál til umfjöllunar?

[14:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill minna á að samkvæmt þingsköpum geta þingmenn og hæstv. ráðherrar eingöngu talað tvisvar í þessum umræðum.

[14:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil segja um þetta mál að ég tel ekki ástæðu til að gera mikið veður út af aðdraganda málsins, hvorki því að skipuð hafi verið sérstök nefnd af hálfu ríkisstjórnarinnar til að taka saman skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum né hitt að forsrh. hafi kynnt drög að frv. í ríkisstjórn. Það er út af fyrir sig eðlilegur gangur að ríkisstjórnin taki upp mál og ræði þau í sinn hóp. Mér finnst það ekki stóra málið.

Ég vil hins vegar láta það koma fram, vegna þess að hér var sagt frá því að fulltrúi Framsfl. í nefndinni hefði verið og væri skrifstofustjóri þingflokks Framsfl., að hann situr ekki í nefndinni sem fulltrúi þingflokksins. Þingmenn hafa ekki fengið að sjá þessa skýrslu og voru ekki hafðir með í ráðum við að gera þessa skýrslu svo mér sé kunnugt um. Ég hef ekki séð hana og veit ekkert um hana annað en það sem í fjölmiðlum hefur birst ef það er á annað borð rétt sem þar hefur komið fram. Fulltrúi Framsfl. í nefndinni var fulltrúi ríkisstjórnarinnar, vann fyrir ráðherra okkar í ríkisstjórninni og skilar af sér gagnvart þeim.

Ég tel eðlilegt að bíða með afstöðu til málsins almennt þar til maður hefur upplýsingarnar sem eiga að vera grundvöllur málefnalegrar umræðu. Við þurfum auðvitað, ef við erum að íhuga það á hv. Alþingi að setja löggjöf um tiltekið málefni, mikilsvert málefni eins og eignarhald í atvinnulífinu, að vega það og meta á hvaða sjónarmiðum við eigum að reisa slíka löggjöf. Það verður ekki kastað til þess höndum á nokkrum dögum að hrófla saman einhverri löggjöf um það efni.

Ég spyr í fyrsta lagi: Er ástæða til að taka eitt svið atvinnulífsins út úr og skilja önnur eftir? Það er mikið eftir órætt í þessu máli, herra forseti, ef og þegar málið kemur til kasta þingsins á þessu vori. En ég kvíði því ekki að góðar umræður geti ekki orðið um það mál í fyllingu tímans.

Ég vil hins vegar vara við því að menn fari af stað í löggjöf af þessu tagi á grundvelli annarra sjónarmiða en málefnalegra og almennra. Við getum ekki stjórnast af afstöðu okkar til einstakra fyrirtækja.

[14:07]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Eins og forseti gat um í upphafi er hér um afskaplega óhefðbundna umræðu að ræða undir þessum lið. Forseti mun beita sem viðmiði ákvæði þingskapa um störf þingsins um lengd umræðunnar, þ.e. 20 mínútur.

[14:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég sé að það er full ástæða til að velta því fyrir sér hvort þetta mál komist yfirleitt nokkuð til umræðu í þinginu. Það hlýtur að þurfa langan yfirlestur í þingflokki Framsfl. áður en til þess kemur og það hlýtur að þurfa að taka afstöðu til þess í þinginu hvort afbrigði verða veitt fyrir því að þetta mál komi hér til umræðu.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að það er náttúrlega ekki hægt annað en að gera kröfu um það að hér viðhafi þingið vönduð vinnubrögð ef það er meiningin að þrengja að atvinnulífinu með einhverjum hætti eins og þeim sem hefur komið fram, að virðist vera, á bak við þessar hugmyndir sem eru á ferðinni um það að nú allt í einu, á þessum dögum, sé orðið þannig ástatt í fjölmiðlum á Íslandi að það beri að setja lög til þess að hefta einhverja aðila sem hafi þar tök á einhverjum fyrirtækjum. Þetta er stundin sem menn ákveða að skuli vera uppi til þess. Og hvers vegna? Vegna þess að eigendur þessara fyrirtækja virðast fara í taugarnar á hæstv. forsrh. Það hefur komið fram hvað eftir annað. Hann nefnir einstök fyrirtæki, einstaka menn sem sérstök tilefni virðast gefa honum til þess að sett verði lög á Íslandi um það hverjir megi eiga fjölmiðla. Ég held að menn þurfi að gefa sér mjög góðan tíma til að fara yfir málin til þess að hugsa þau kalt svo að æsingur augnabliksins verði ekki hlutskipti Alþingis í svo alvarlegum málum. Eða er það þannig með hæstv. forsrh. að hann ætli að láta reyna á það hvort hann geti hleypt Framsóknardróginni yfir forirnar á meðan hann hefur hana undir hnakknum?

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 1. umr.

Stjfrv., 947. mál (flugvallaskattur). — Þskj. 1441.

[14:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Frv. það sem hér getur að líta á sér langa forsögu og má rekja hana allt til ársins 1997 þegar Eftirlitsstofnun EFTA fer fram á að íslensk stjórnvöld endurskoði álagningu flugvallagjalds á Íslandi. Flugvallagjöld þau sem um ræðir hafa staðið óbreytt að krónutölu frá árinu 1991, eru 1.250 kr. á brottfararfarþega í millilandaflugi og 165 kr. á farþega í innanlandsflugi, einungis teknar við brottför og helmingsafsláttur er veittur af gjaldinu til barna milli tveggja og 12 ára aldurs. Farþegar til Grænlands og Færeyja teljast í skilningi núgildandi laga innanlandsfarþegar og greiða gjöld samkvæmt því en sú undanþága verður felld niður verði frv. það sem hér er til umfjöllunar að lögum.

Upphaf töku flugvallagjalds af farþegum í núverandi mynd má hins vegar rekja til laga sem sett voru árið 1987. Í þeim lögum var millilandagjaldið ákveðið 750 kr. og innanlandsgjaldið 100 kr. á farþega. Fyrir þann tíma hafði verið tekið flugvallagjald sem tollstjóri innheimti og rann það í ríkissjóð. Fyrir gildistöku laganna frá 1987 var gjaldið 18 kr. innan lands og 750 kr. á brottfararfarþega í millilandaflugi.

Í upphafi ræðu minnar gat ég þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefði fyrst gert athugasemdir við töku flugvallagjalds í núverandi mynd á árinu 1997 og fullyrti hún að mismunur flugfarþega í gjaldaupphæðum, hvort sem þeir væru að ferðast innan lands eða milli landa, væri ólögleg mismunun en það byggðist ekki á efnislegum rökum. Á þeim tíma gengu bréf á milli stofnunarinnar og íslenskra stjórnvalda og margir fundir voru haldnir allt fram til þess að Eftirlitsstofnun EFTA kærði íslenska ríkið fyrir EFTA-dómstólnum. Dómur EFTA-dómstólsins féll síðan í desember sl. og fljótt frá sagt tapaði ríkið málinu og taka flugvallagjalda í núverandi mynd var dæmd ólögleg. Því er ekki að leyna að mikil óánægja var með þá niðurstöðu af hálfu samgrn. og varð ekki séð með hvaða hætti lægri skattur í innanlandsflugi geti raskað samkeppnisstöðu á hinu Evrópska efnahagssvæði. En að sjálfsögðu virðum við niðurstöðu EFTA-dómstólsins. Því er þetta frv. hér til meðferðar.

Í kjölfar dómsins var vinna sett í gang til að finna lausn á málinu. Í þeirri vinnu tók þátt, auk samgrn. og Flugmálastjórnar, fulltrúar utanrrn., fulltrúar fjmrn. og sendiráð Íslands í Brussel. Var í þessu skyni stofnaður sérstakur samráðshópur ráðuneytanna. Það var ekki hlaupið að því að finna slíka lausn þar sem skilyrðin sem sett voru tiltóku að með öllum ráðum yrði að halda kostnaði innanlandsfarþega í lágmarki og helst að lækka gjöld á millilandaflugsfarþega án þess að áhrif yrðu á útgjöld ríkissjóðs. Það hefur verið og er vilji minn — það vil ég sérstaklega undirstrika — að það hafi verið dregið úr sköttum í flugi. Það er gert til að hvetja enn frekar til flutnings ferðamanna hingað til landsins.

Niðurstaðan sem nú liggur fyrir nær þessum markmiðum að mestu leyti. Kostnaður ríkissjóðs breytist ekki og kostnaður innanlandsfarþega hækkar aðeins um 217 kr. með tilkomu nýs skatts, þ.e. flugvallaskattur verður 382 kr. Í þessu sambandi verður að líta til þess að alger jöfnun milli innanlands- og millilandafarþega hefði þýtt hækkun innanlandsgjaldsins um 735 kr. Það hefði þurft að enda í nærri 900 kr. og geta allir séð hvaða áhrif það hefði haft á innanlandsflug á Íslandi.

Einnig verður að líta til þess að þetta gjald hefur ekki hækkað, eins og fyrr var sagt, síðan árið 1991. Kostnaður á millilandafarþega lækkar einnig samkvæmt þessu frv. Hann verður 980 kr., sem samanstendur af flugvallaskatti að upphæð 382 kr. og svokölluðu varaflugvallagjaldi, nýju gjaldi að upphæð 598 kr. Með dómi EFTA-dómstólsins frá 12. desember 2003 var kveðið upp úr um að óheimilt er að hafa mismunandi farþegaskatt eftir því hvort flogið er með loftfari innan lands eða til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Samgönguráðuneytið óskaði eftir sérstöku áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar, lagaprófessors við Háskólann í Reykjavík við gerð þessa frumvarps. Í því kemur fram, með leyfi forseta:

„... að í dómi EFTA-dómstólsins, dómum dómstóls EB, röksemdum í rökstuddu áliti ESA og röksemdum stofnunarinnar undir rekstri málsins felist eftirtalin atriði:

1. Heimilt er að leggja á farþega gjöld hvort heldur er í innanlandsflugi eða millilandaflugi til að mæta sérstökum

kostnaði sem leiðir af veitingu þjónustu sem þeir njóta sem flugfarþegar, þannig að samræmist 36. gr. EES-samningsins. Skilyrði er að gjaldið sé lagt á þá sem njóta þjónustunnar og samhengi sé milli kostnaðar við þjónustuna og fjárhæðar gjaldsins.

2. Einnig er heimilt að hafa gjöldin mismunandi há eftir því hvort um innanlandsflug eða millilandaflug er að ræða, enda sé samsvörun milli mismunandi gjalda og mismunandi þjónustu sem þeir njóta sem gjaldið greiða og mismunurinn sé hóflegur og í samræmi við muninn á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita þjónustuna. Af þessu meginsjónarmiði tel ég leiða að heimilt ætti að vera að leggja tiltekin gjöld á þá sem ferðast í millilandaflugi sem ekki eru lögð á farþega í innanlandsflugi, enda verði farþegar í millilandaflugi aðnjótandi þjónustu sem þeir njóta ekki er ferðast í innanlandsflugi."

Höfð var hliðsjón af þessum og öðrum ábendingum prófessors Davíðs Þórs Björgvinssonar við gerð frv. og var það mikilvægt innlegg í þá vinnu.

Með frumvarpinu er lagt til að núverandi flugvallagjald verði nefnt flugvallaskattur og verði upphæð hans 382 kr. á hverja brottför frá flugvöllum á Íslandi. Skattur þessi er hinn sami hvert sem ferðinni kann að vera heitið, hvort sem það er innan lands eða til útlanda. Samkvæmt upptekinni venju er skatturinn helmingi lægri fyrir börn innan 12 ára aldurs og er felldur niður fyrir börn yngri en tveggja ára. Skráðar áhafnir loftfara eru jafnframt undanþegnar skattinum. Sama gildir um áningar- og skiptifarþega milli Norður-Ameríku og Evrópu sem eru undanþegnir gjaldskyldu samkvæmt frv. þessu.

Jafnframt verði tekin upp þjónustugjöld í formi varaflugvallagjalds og miðað við að sú gjaldtaka standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er með varaflugvallakerfinu. Þetta mun ég útskýra nánar því að um er að ræða nýja hugsun í þessu sambandi.

Aðstæður á Íslandi eru nokkuð sérstakar og vert að vekja athygli á því í þessu samhengi. Á 103 þús. ferkílómetrum lands búa 288 þúsund íbúar. Þéttleiki byggðar er 4,7 íbúar á ferkílómetra ef hálendið er undanskilið því um 40% landsins eru óbyggilegt hálendi. Sé landið allt meðtalið er þéttleiki byggðar aðeins 2,8 íbúar á ferkílómetra. Þessar tölur er einstakar fyrir land í Evrópu og ættu að gefa tilefni til þess að menn átti sig á því hve mikilvægt innanlandsflugið er fyrir okkur Íslendinga. Þessu höfum við teflt mjög skýrt fram í viðræðum okkar við viðkomandi aðila.

Þörfin fyrir varaflugvelli á Íslandi fyrir millilandaflug tekur mið af því að mjög langt er til næstu flugvalla í nágrannalöndunum. Þannig er næsti flugvöllur, sem er nothæfur fyrir stórar þotur, í Glasgow í Skotlandi. Flugtími þangað er hátt í tvær klukkustundir. Fjöldi varaflugvalla hér á landi ræðst einkum af því að hve veðurfar er breytilegt eftir landshlutum. Þegar veðuraðstæður eru erfiðar á suðvesturhluta landsins eru miklar líkur til þess að fært sé að lenda á Egilsstöðum eða Akureyri. Þegar slæmt flugveður er á norðan- og austanverðu landinu og framangreindir flugvellir eru lokaðir af þeirri ástæðu er undantekningarlítið ágætt veður til flugs á suðvesturlandi. Við þessar aðstæður er Reykjavíkurflugvöllur notaður sem varaflugvöllur. Þetta kerfi varaflugvalla fyrir millilandaflug eykur því mjög áreiðanleika og öryggi í flugi til og frá landinu og eykur hagkvæmni millilandaflugs, ekki síst milli Ameríku og Evrópu.

Ég met það svo að að varaflugvallakerfið sé nauðsynlegt til þess að haldið verði uppi áreiðanlegu og öruggu millilandaflugi og kerfið sé þannig nauðsynlegur þáttur í þjónustu við þá sem ferðast í millilandaflugi. Á hinn bóginn er ljóst að fjárfesting, þjónusta og opnunartími varaflugvallanna er langt umfram þörf innanlandsflugsins og miðast við varaflugvallarhlutverk þeirra fyrir stórar flugvélar. Egilsstaðaflugvöllur var t.d. gagngert byggður upp sem varaflugvöllur með flugbraut sem hefur burðarþol til að taka á móti stærstu breiðþotum. Þá er tækjabúnaður mun meiri en krafist er vegna innanlandsflugsins, t.d. slökkvibúnaður og snjóruðningstæki.

Rekstur þessara þriggja flugvalla er mun kostnaðarsamari en sambærilegra flugvalla sem eingöngu eru notaðir til innanlandsflugs, m.a. vegna þess að það er vakt allan sólarhringinn. Tekjur af þessum varaflugvallarrekstri eru nánast engar ef frá eru talin lendingargjöld sem greidd eru af örfáum lendingum stórra millilandavéla á ári hverju.

Varaflugvellir skipta að sjálfsögðu miklu máli fyrir flugrekendur. Þeir auka til muna hagræði vegna þess að flugvélar sem lenda á Íslandi þurfa ekki að bera með sér eins miklar varabirgðir af eldsneyti. Má í þessu sambandi nefna að þessar varabirgðir geta verið allt að 2 tonnum minni vegna þess varaflugvellir eru til staðar á landinu fyrir Keflavíkurflugvöll. Ljóst er að þessi rekstur er til mikilla hagsbóta fyrir flugrekendur í millilandaflugi sem að öðrum kosti þyrftu að velja varaflugvöll í Skotlandi með tilheyrandi skerðingu á arðhleðslu vegna kröfu um aukið eldsneyti og raski á flugáætlunum.

Varaflugvellir auka einnig almennt öryggi í flugi yfir Atlantshafið milli Evrópu og Ameríku. Flugrekendur tveggja hreyfla véla sem fljúga yfir Norður-Atlantshaf þurfa að skipuleggja flugleið sína þannig að vélarnar séu ætíð innan 120–180 mínútna drægis frá opnum flugvelli vegna öryggiskrafna. Flugrekendur með hæstu öryggisstaðla miða við 120 mínútna drægi. Varaflugvellir á Íslandi gegna mikilvægu hlutverki í þeim tilvikum. Þetta er þessum flugrekendum þó að kostnaðarlausu.

Mér er ljóst að varaflugvallagjaldið þarf að endurspegla þann sérstaka viðbótarkostnað sem hlýst af því að reka þessa þrjá flugvelli sem varaflugvelli í millilandaflugi sem annars félli ekki til ef þeir væru eingöngu ætlaðir til innanlandsflugs.

Kostnaðargrunnurinn sem til grundvallar er lagður byggist á fjárfestingarkostnaði á varaflugvöllum 1988–2002 framreiknað til nóvember 2002 og rekstrarkostnaður varaflugvalla miðast við árið 2002. Um er að ræða heildarfjárfestingu í byggingum, brautum og tækjum undanfarin 15 ár og er hver þáttur metinn og viðbótarkostnaður vegna varaflugvallarhlutverksins áætlaður mjög nákvæmlega á hverjum velli fyrir sig. Það sama á við um rekstrarkostnaðinn. Þá er rekstur flugbrauta, bygginga og slökkviþjónustu og aðflugs- og turnþjónustu skoðaður sérstaklega sem og annar kostnaður sem talist getur með. Sá viðbótarkostnaður sem er umfram það sem krafist er vegna innanlandsflugsins er á sama hátt metinn eins nákvæmt og kostur er.

Við ákvörðun á fjárhæð gjaldsins er það sjónarmið látið gilda að ljóst sé að ekki sé tekið tillit til almenns kostnaðar við rekstur flugvallar og þar með kostnaðar við almenna þjónustu sem þeir farþegar njóta einnig sem ekki greiða gjaldið, þ.e. farþegar í innanlandsflugi. Um er að ræða hreinan viðbótarkostnað sem alls ekki hefði verið stofnað til ef ekki væri um að ræða varaflugvelli sem eru í allt öðrum gæðaflokki. Þetta er mikilvægt þar sem þessir þrír flugvell-

ir þjóna í reynd fyrst og fremst innanlandsflugi þótt þeir gegni vissulega einnig hlutverki sem millilandaflugvellir og varaflugvellir í millilandaflugi.

Til þess að staðfesta framangreinda útreikninga, sem var afar mikilvægt, fékk Flugmálastjórn endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young til að yfirfara alla þessa reikninga svo að ekki væri hægt að vefengja. Fyrirtækið gerði engar athugasemdir við reikningsfærslur Flugmálastjórnar og útreikning á þessu gjaldi.

Samkvæmt 2. gr. byggist varaflugvallagjaldið á því, svo að það sé endurtekið, að viðbótarkostnaður sem hlýst af því að byggja upp, viðhalda og reka framangreinda flugvelli til þess að þjóna þessu hlutverki sem endurheimtur með þessu gjaldi sem leggst á brottfararfarþega í millilandaflugi. Við ákvörðun fjárhæðar gjaldsins var því ekki tekið tillit til almenns kostnaðar við rekstur þessara flugvalla heldur eingöngu litið til þess kostnaðarauka sem hlýst af því að reka þessa þrjá flugvelli sem varaflugvelli. Með þessu móti er gjaldtakan í beinum tengslum við þann kostnað sem til fellur við að veita millilandafarþegum og vöruflutningaflugi þá þjónustu sem í alþjóðlegu varaflugvöllunum felst.

Þess ber að geta að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir að fjárhæð varaflugvallagjaldsins verði endurskoðuð á tveggja ára fresti til þess að gjaldið endurspegli sem best á hverjum tíma viðbótarkostnað við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla. Í frv. er því litið á varaflugvallagjaldið sem ígildi þjónustugjalds en ekki skatta þar sem þessi beinu tengsl eru á milli upphæðar gjaldsins og þess kostnaðar sem því er ætlað að standa undir.

Í 2. mgr. 3. gr. er fjallað um undanþágu frá gjaldskyldunni. Byggist það undanþáguákvæði á núgildandi undanþáguákvæði frá flugvallagjaldi í lögum nr. 31/1987. Samkvæmt viðtekinni venju er þetta gjald helmingi lægra fyrir börn innan 12 ára aldurs og er fellt niður fyrir börn yngri en tveggja ára. Skráðar áhafnir loftfara eru jafnframt undanþegnar gjaldskyldu. Sama gildir um áningar- og skiptifarþega sem eru yfirleitt undanþegnir gjaldskyldu af þessu tagi. Mér þykir rétt að undirstrika sérstaklega í hverju undanþágurnar eru fólgnar.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir frv. þessu, sem hefur þegar hlotið mikla umfjöllun í þremur ráðuneytum, í ríkisstjórninni og hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Ég hef eðlilega leitast við að hafa náið samstarf við þá sem starfa fyrir okkur Íslendinga á vettvangi EFTA.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og samgn.

[14:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi leikur á milli flugvallaskatts og flugvallagjalds er bráðskondinn. Ég vildi hins vegar spyrja hæstv. ráðherra: Hver er lögskýringarmunurinn á flugvallaskattinum og flugvallagjaldinu? Eins og ráðherra kom inn á er flugvallagjaldið skilgreint þannig að það eigi að vera þjónustugjald og standa undir ákveðnum skilgreindum raunkostnaði. Mín túlkun á skatti er hins vegar sú að það sé upphæð sem renni í sjálfu sér í ríkissjóð, skattheimta sem renni í ríkissjóð. Þau verkefni sem ríkissjóður ber ábyrgð á á þessu sviði sem hér eru tilgreind eru fjármögnuð úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Því verð ég að draga þessa framsetningu í efa og spyrja hæstv. ráðherra hvernig hægt er að leggja á skatt en verja þessum skatti samhliða til sérgreindra verkefna, t.d. til rannsókna og sérstakra verkefna í flugöryggismálum og öðru sem lýtur beint að rekstri flugvalla. Þessi orðanotkun, lögskýringar á orðunum „flugvallaskattur“ og „flugvallagjald“, finnst mér renna saman í frv.

[14:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór mjög rækilega í gegnum þetta. Eins og hv. þm. vék að skiptir miklu máli að það sé alveg klárt hvernig skatturinn er skilgreindur annars vegar og svo varaflugvallagjaldið hins vegar. Skatturinn er lagður á og er nýttur til framkvæmda í samræmi við flugmálaáætlun. Þann skatt, 382 kr., greiða allir, bæði þeir sem eru í innanlands- og millilandaflugi. Varaflugvallagjaldið leggst hins vegar eingöngu á þá farþega sem nýta sér varaflugvallakostinn. Það er ekki skattur í skilningi skatta almennt heldur gjald fyrir skýrt skilgreinda þjónustu. Og hin skýrt skilgreinda þjónusta er þjónusta vegna varaflugvallanna og í gegnum það er farið mjög rækilega í frv. og því tel ég að út af fyrir sig sé ekki ástæða til að hafa fleiri orð um það. En við byggjum þá aðferð á áliti lagaprófessorsins sem ég tilgreindi í framsögu minni sem komst að þeirri niðurstöðu að það væri fullkomlega heimilt að viðhafa þessa aðferðafræði um gjaldtöku.

[14:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður í sjálfu sér farið ítarlegar í gegnum málið efnislega í hv. samgn. og aðra þætti sem tengjast því í rekstri flugvalla og flugstöðva. Það sem ég vek athygli á er að skilgreiningin á skattinum er með þeim hætti að honum er ekki ætlað að dekka á hverjum tíma einhvern beinan kostnað, heldur er hann tekjustofn fyrir ríkissjóð og það má vel vera með í athugasemdum að honum sé ætlað að mæta kostnaði við uppbyggingu flugvalla. En hvort það er einmitt sú upphæð sem þarf á hverjum tíma liggur í sjálfu sér ekkert fyrir um.

Ég tel að gjalda eigi varhuga við því að ráðstafa eigi formlega skatti til einhverra sérstakra ákveðinna verkefna sem slíkum. Hann rennur í ríkissjóð og ríkissjóður getur litið svo á að tekjur af honum séu m.a. til þess að mæta ákveðnum kostnaði, en beina tengingu á milli ákveðinna sérgreindra verkefna og skatts er ekki hægt að hafa með þeim hætti að látið sé að því liggja að skatturinn renni í einhvern skilgreindan sjóð. En það er ekki svo í skilgreiningu skattanna sem slíkra. Hins vegar má horfa á það varðandi þjónustugjöldin að þau eigi að mæta skilgreindum verkefnum.

Ég vil bara draga það fram í umræðunni að menn haldi mjög vandlega til haga aðskilnaðinum á skýringunni á formlegum skatti og þjónustugjöldum, bara hreint stjórnsýslulega séð.

[14:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um einhvern misskilning að ræða hjá hv. þm. vegna þess að lögin sem við erum að fjalla hér um og gera ráðstafanir til að gera breytingar á, fólu það í sér að leggja á flugvallagjald sem er skattur, skilgreindur sérstaklega, upp á 1.250 kr. í millilandaflugi og 165 kr. í innanlandsflugi. Lögin um fjáröflun til flugmálaáætlunar færðu þessi gjöld sérstaklega til tiltekinna verkefna á vettvangi uppbyggingar samkvæmt flugmálaáætlun. Ég held því að um það þurfi ekki að vera neinn ágreiningur. En við gerum ráð fyrir því að það sé alveg skýrt að annars vegar er um það að ræða að leggja á skatt sem rennur til verkefna á sviði

flugmálaáætlunar og hins vegar gjald, varaflugvallagjald, til þess að halda úti rekstri og uppbyggingu varaflugvallanna. Ég held að þetta sé nokkuð klárt og skýrt og vona að hvorki hv. þingmenn né þeir sem eru á vaktinni í Brussel misskilji það.

[14:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Íslensk stjórnvöld hafa stundum lent í vandræðum með ýmis málefni gagnvart alþjóðasamstarfi sínu og þetta er eitt af þeim. Hér hafa stjórnvöld verið dæmd fyrir að hafa mismunað fyrirtækjum og fólki með gjaldtöku og viðbrögðin eru komin sem tillaga frá hæstv. ráðherra, frv. sem hér er til umræðu. Hæstv. ráðherra fór vandlega yfir það hér og rökstuðninginn sem er fyrir þessum breyttu hugmyndum um gjaldtöku. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst niðurstaðan svolítið merkileg og velti því fyrir mér hvort hún muni standast þegar hún verður skoðuð til hlítar. Og ég spyr þess vegna, og það væri gott ef hæstv. ráðherra gæti upplýst það, hvort talað hafi verið um þessar hugmyndir við þá sem um þetta kunna að véla þannig að menn hafi sótt sér einhverjar ráðleggingar um hvort þetta gæti allt saman staðist.

Í fyrsta lagi er höfð á því nafnbreyting sem áður var kallað flugvallagjald og nú skal það kallast skattur. Því skyldu menn gera það? Það virðist örugglega gert til þess, held ég, að ekki sé litið sömu augum á þetta gjald og hitt gjaldið, það nýja sem á að leggja á vegna varaflugvalla. Og það sem dálítið skondið í þessu öllu saman er að nú skal borga sérstakan skatt sem heitir flugvallaskattur, sem er 382 kr. fyrir hvern farþega, en síðan skulu menn borga gjald, þ.e. vegna utanlandsflugsins, sérstakt gjald sem er kallað varaflugvallagjald og það skal vera 598 kr. Borga skal verulega miklu hærra gjald fyrir þjónustu á þeim flugvelli sem maður lendir ekki á. Þjónustan er sem sagt miklu dýrari fyrir þann sem kemur og fer í utanlandsflugi á vellinum sem hann lendir ekki á en á vellinum sem hann lendir á. Þetta er svolítið skringilegt og ég velti því fyrir mér hvort röksemdirnar fyrir þessu muni í raun og veru halda þegar og ef málið fer aftur í þann farveg sem það kom úr, þ.e. frá vinum okkar í Evrópu sem allt vita betur en við um það hvernig framkvæma eigi slíka hluti og við þurfum að taka mið af.

Í 8. gr.frv. segir:

„Tekjum af flugvallaskatti skal varið til framkvæmda í flugmálum, reksturs flugvalla, rannsókna og sérstakra tímabundinna verkefna í flugöryggismálum samkvæmt samgönguáætlun." — Mér finnst þetta góður rökstuðningur en síðan segir: „Tekjum af varaflugvallagjaldi skal varið til að fjármagna viðbótarkostnað sem fellur til við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi."

Hæstv. ráðherra lýsti þessu. Ég fyrir mitt leyti sé engan eðlismun á gjöldunum sem innheimt eru sem flugvallaskattur og gjöldunum sem innheimt eru sem varaflugvallagjald og þess vegna er ég með þessar efasemdir. Mér finnst líka ákveðinn vafi á því hvort hægt er að túlka þau orð sem hér eru skrifuð upp úr áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar lagaprófessors þannig að sú framsetning standist endilega sem hér er viðhöfð í frv. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þetta hafi verið borið undir lagaprófessorinn, hvort þessi útfærsla á málinu standist þann grunnrökstuðning sem hann hefur fyrir þessum hlutum. Því hér segir, með leyfi hæstv. forseta, í áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar:

„Heimilt er að leggja á farþega gjöld hvort heldur er í innanlandsflugi eða millilandaflugi til að mæta sérstökum kostnaði sem leiðir af veitingu þjónustu sem þeir njóta sem flugfarþegar, þannig að samræmist 36. gr. EES-samningsins. Skilyrði er að gjaldið sé lagt á þá sem njóta þjónustunnar og samhengi sé milli kostnaðar við þjónustuna og fjárhæðar gjaldsins."

Þetta stenst, finnst mér, samkvæmt því sem hæstv. ráðherra fór yfir áðan hvað varðar úttekt á kostnaðinum sem liggur að baki varaflugvallaþjónustunni. En ég spyr: Hljóta menn ekki að skoða hlutina í samhengi, kostnaðinn vegna annars flugs og skattinn vegna þess og síðan gjaldtökuna vegna varavallaþjónustunnar? Og er ekki hugsanlegt að menn komist að þeirri niðurstöðu að þarna séu á ferðinni óeðlilega mismunandi aðferðir í mati á því hvaða gjöld eða skatta eigi að taka af vegna þessarar þjónustu, annars vegar vegna varaflugvallaþjónustunnar þar sem þjónustan skal metin að fullu og hins vegar vegna annarrar þjónustu flugvallanna þar sem virðist liggja í augum uppi að gjaldið endurspegli ekki kostnaðinn? Það er a.m.k. ekki hægt að neita því að það er svolítið kindarlegt að menn skuli borga hærra gjald fyrir þá flugvelli sem þeir lenda ekki á eins og hér er stofnað til.

Þetta eru þær vangaveltur sem ég hef um málið og það gæti orðið svolítið óskemmtilegt, og ég bið þá um að ég verði leiðréttur, fyrir Íslendinga að fá þetta mál aftur í höfuðið og því held ég að menn þurfi a.m.k. að vanda sig. Og ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég fer með rangt mál en við fyrsta yfirlestur á málinu finnst mér það líta svona út. Ég tel að ganga þurfi þannig frá málinu að það sé helst engin hætta á að það komi hingað til baka til umfjöllunar aftur vegna þess að menn hafi valið leið sem ekki standist nána og gagnrýna skoðun sem hlýtur að fara fram á málinu því það eru auðvitað viðbrögð við þeirri niðurstöðu hjá EFTA að við höfum farið rangt að og menn hljóta auðvitað að fara yfir það og skoða hvort viðbrögðin séu nægileg og hvort kerfið sem við erum að taka upp standist almennilega skoðun.

Ég hef í sjálfu sér ekki nema allt gott um það að segja að stjórnvöld reyni að bæta úr því sem þarf að bæta úr í þessu sambandi og er sannarlega tilbúinn til að skoða málið og fara yfir það í nefndinni. Vonandi er málið ekki þannig vaxið sem mínar áhyggjur standa til núna og menn geti orðið þar nokkurn veginn fullvissir um að það standist þegar á hólminn kemur.

[14:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að tilgangur með þessu frv. er að sjálfsögðu að reyna að girða svo um þetta mál að allir hlutir standist. Sá er tilgangurinn. En frumvarpið er samið og unnið m.a. með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem prófessorinn Davíð Þór Björgvinsson komst að eftir að hafa skoðað málið mjög nákvæmlega. Frumvarpið byggir á því áliti sem hann vann fyrir okkur.

Hvað varðar það hvort búið sé að fá staðfestingu frá ESA þá held ég að það sé nú ekki venjan að fá eitthvert forálit sem er hægt að veifa. Ekki er um það að ræða. En haft var ríkt samráð við fulltrúa þeirra aðila. Ég vonast því til þess að ekki verði gerðar athugasemdir við þetta.

Fram kom tiltekinn misskilningur hjá hv. þm. sem taldi að menn greiddu meira fyrir þjónustu vegna þeirra flugvalla sem þeir lentu ekki á. Það er út af fyrir sig ágætis uppsetning hjá þingmanninum. Það er nú bara þannig að það

er greitt fyrir lendingargjöld og það er greitt fyrir öryggisgjald svokallað. Núverandi gjald heitir vopnaleitargjald. Mun hærri fjárhæðir eru því greiddar á grundvelli þeirra ákvæða en varaflugvallagjaldið er. Ábendingin er ágæt hjá hv. þm. engu að síður. En það er svo sannarlega greitt fyrir þjónustuna á þeim flugvelli sem er notaður.

[14:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hæstv. ráðherra rökstuddi ágætlega hvernig hefði verið farið yfir það hvar kostnaðurinn lægi að baki varaflugvöllunum þá er augljóst að kostnaðarbaggi annarra flugvalla er líka mikill. Það svona slær mig þannig að kannski sé ástæða til að álykta sem svo að það sé ekki reiknað með sama hætti og kostnaðurinn vegna varaflugvallanna.

Hæstv. ráðherra svaraði því í raun ekki sem ég spurði um, þ.e. hvort þessi niðurstaða og útfærsla hefði verið borin undir prófessorinn Davíð Þór Björgvinsson. Hann sagði aftur á móti að tekið hefði verið tillit til hans álits og á því finnst mér töluverður munur.

Ég meðtek það hins vegar sem hæstv. ráðherra sagði, að haft hefði verið samband við fulltrúa hjá ESA og að ekki sé ástæða til að halda, að þeirra mati, að þetta standist ekki þar. Það er þá bara ágætt að þannig verði það. En mér finnst full ástæða til að skoða þetta vandlega í nefndinni og fá þá álit á því hvort þessi uppsetning standist.

[14:50]

Lára Stefánsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. sem hæstv. samgrh. leggur hér fyrir er auðvitað enn einn landsbyggðarskatturinn svo sem hefur verið og verður áfram. Við landsbyggðarfólk þurfum að fást við fjölmargt bara vegna þess að við viljum komast í einhverja þjónustu í höfuðborginni.

Þó að mér finnist 382 kr. falleg tala þá velti ég því sérstaklega fyrir mér í tengslum við þetta frv. hvernig hún er til fundin og hversu mikið fé menn reikna með að þeir afli með þessum sköttum sem er þá ráðstafað í samræmi við það sem hér var áður komið inn á.

Ég velti líka öðru fyrir mér varðandi gjaldið sem leggst á varaflugvelli. Nú hlýtur svo að vera háttað að flugvélar sem nota þjónustu frá Íslandi í ferðum sínum yfir hafið án þess að hafa gert nokkrar áætlanir um að lenda yfir höfuð á landinu, hljóta að gera ráð fyrir að geta nýtt þá tilteknu varaflugvelli sem finnast hér á landi og hafa svo sannarlega nýtt þá þegar það kemur upp. Engu að síður er gjaldið sjálft, 598 kr., reiknað miðað við þá umferð sem hefur verið um landið. Því velti ég fyrir mér hver þeirra kostnaður í þessu samhengi er við að geta nýtt tiltekinn varaflugvöll þegar þeir þurfa þess með einhverra hluta vegna.

Í þessu samhengi vil ég bara minna á kostnað í innanlandsflugi. Hvers vegna hann er svo hár sem raun ber vitni hef ég ekki hugmynd um. Menn mættu sannarlega íhuga hvers vegna flugfar milli Akureyrar og Reykjavíkur í sjálfsagðri þjónustu kostar um 20 þús. kr. Það er talsvert mikill kostnaður við að leita sér þjónustu hér eins og margir landsbyggðarmenn þurfa að gera. Ég sé svo sem ekki að þessar 382 kr. séu neitt stór baggi í því samhengi. Ég bið menn bara að hafa það ævinlega í huga þegar verið er að ræða innanlandsflug að fyrir okkur sem störfum mikið í fjarvinnu og þurfum að koma til funda og annað þá er sá kostnaður sem í flugsamgöngum felst talsvert mikill. Ég hvet því hæstv. samgrh. að gera allt sem í hans valdi stendur til þess að gera okkur kleift að vinna eins mikið á jafnréttisgrundvelli og mögulegt er.

Ég ítreka spurningu mína um flugrekendur þeirra flugfélaga sem fljúga milli heimsálfa og sannarlega hljóta að gera ráð fyrir, ef eitthvað kemur upp á, að geta notað varaflugvelli á Íslandi en virðast ekki taka þátt í neinum kostnaði miðað við þær forsendur sem hér eru gefnar.

[14:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst vil ég segja vegna ræðu þingmannsins að hér er um að ræða frv. sem tryggir mjög vandlega hagsmuni innanlandsflugsins. Hvers vegna? Jú, upphaflega krafan var sú að öll þessi gjöld væru innheimt þannig að aðeins eitt gjald væri innheimt, einn skattur innheimtur og hann væri jafn bæði í innanlandsflugi og millilandaflugi. Við höfum farið þá leið, sem stenst fullkomlega að okkar mati, að vera með skatta á alla og þar með innanlandsflugið, 382 kr., sem hefði þurft að vera um 900 kr. ef þetta væri jafnað og sama gjald væri bæði í innanlandsflugi og millilandaflugi og ekki tekið tillit til þeirrar sérstöku þjónustu sem hv. þm. nefndi réttilega og varðar varaflugvellina. Þjónustuhlutverk varaflugvalla er geysilega mikilvægt. Við getum hins vegar ekki innheimt hjá öðrum en þeim sem lenda á Íslandi eða þeim farþegum sem fara héðan frá landinu. Við getum því ekki látið þá sem nýta sér hugsanlegar aðstæður hér á Íslandi án þess að lenda, greiða neitt fyrir þessa þjónustu.

En hvað um það. Ég held að afar mikilvægt sé að þingmenn átti sig á því vandlega, og það kom fram hjá hv. þm., að við þurfum að halda mjög utan um innanlandsflugið, tryggja það sem allra best og þetta frumvarp gerir það.

[14:55]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svarið og sérstaklega þá áherslu sem fram kom í svari hans um innanlandsflug sem er gríðarlega mikilvægt og kostnaðarhlutfall þar. Hann bendir réttilega á eins og ég áðan að þessar 382 kr. eru svo sem ekki stóra málið. Ég er þó ekki alveg sannfærð um þá sem lenda ekki hér á landi en hljóta að vera að greiða eitthvað hér fyrir flugleiðsögn og annað. Ég veit auðvitað ekki nákvæmlega hvernig þeim greiðslum er háttað en einhverjar greiðslur eiga sér stað. Þeir þyrftu þá í rauninni samt sem áður eitthvað að taka þátt í þessum viðbúnaði ef eitthvað skyldi koma upp á. Það er fullkomlega eðlilegt að hafa það í huga.

Að öðru leyti vona ég bara að hæstv. samgrh. gangi vel að finna leiðir til að lækka ferðakostnað í lofti milli landshluta.

[14:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka undirtektir þingmanna við þetta frumvarp. Mjög miklu skiptir að við getum lokið afgreiðslu þess fyrir þinglit í vor. Þess vegna þakka ég þá greiðu vegferð sem það hefur hlotið það sem af er. Af mörgu er að taka þegar litið er yfir efni frumvarpsins og óþarfi er að endurtaka það.

En vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. sem síðastur talaði þá er alþjóðaflugþjónustan sem veitt er héðan frá Íslandi vegna yfirflugs og staðsett í Reykjavík, rekin á vegum Flugmálastjórnar eftir sérstökum samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina ICAO. Þessi samningur gerir ráð fyrir því að við Íslendingar veitum yfirflugsþjónustu hér og fyrir það er greitt. Við höfum af þessu heilmiklar tekjur en að sjálfsögðu

þurfum við að greiða kostnað vegna þjónustunnar og það á að standa undir sér. Þessi þjónusta er sem sagt veitt hér af okkur Íslendingum og er mjög umfangsmikill rekstur. Um það er hins vegar ekki fjallað í þessu frumvarpi.

En lögin sem við erum að fjalla hér um og frumvarpið sem lagt er fram á að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og áframhaldandi starfsemi og rekstur flugvallanna í landinu. Það er mjög mikilvægt. Ég vona að okkur megi takast að taka vel á, ekki síst hvað varðar innanlandsflugið sem er að vaxa mjög mikið. Við höfum upplýsingar um það. Það eru fréttir af því í fjölmiðlum í dag að innanlandsflugið er að styrkjast mjög mikið. Það er í fyrsta lagi, tel ég vera, að sjálfsögðu vegna þess að meiri þörf er fyrir flutninga innan lands. Það er mikill vilji til þess að nýta sér flugið.

Í annan stað þá höfum við stórbætt aðstöðuna með uppbyggingu á Reykjavíkurflugvelli, stórbætt öryggi í flugi. Við höfum stórbætt aðstöðu á flugvöllunum um allt land og erum að vinna að því áfram. Síðast en ekki síst höfum við mótað þá stefnu að bjóða út flugleiðir til jaðarbyggðanna og hafa ekki staðið undir sér. Ríkissjóður hefur veitt þar stuðning og skapað þar með flugfélögunum miklu sterkari stöðu til að veita þjónustu og e.t.v. lækka gjaldið í innanlandsfluginu, þó ýmsum þyki það mega lækka enn meira en þegar hefur orðið.

Ég spái því að með auknu flugi muni fargjöld lækka og með bættri aðstöðu á flugvöllum muni það gerast og að innanlandsflugið muni eflast okkur öllum til hagsbóta í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 948. mál. — Þskj. 1442.

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að ákvæði Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem undirritaður var í Karlskrona 18. ágúst árið 2003 fái lagagildi hér á landi þegar samningurinn hefur öðlast gildi. Samkvæmt ákvæðum samningsins mun hann öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnirnar hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni að þær hafi staðfest samninginn. Við gildistöku samningsins falla úr gildi lög nr. 46/1993, um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frv.

Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003 kemur í stað Norðurlandasamningsins frá 1992. Með samningnum frá 1992 var samstarf Norðurlandanna á sviði almannatrygginga endurskoðað með tilliti til EES-samningsins. Norðurlandasamningurinn frá 1992 náði fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki féllu undir almannatryggingareglur EES, þ.e. norrænna ríkisborgara sem ekki voru í vinnu svo og afmarkaðs hóps ríkisborgara landa utan EES. Enn fremur hafði samningurinn að geyma nokkrar reglur á almannatryggingasviðinu sem gengu lengra en EES-reglurnar og náðu til allra, ekki einvörðungu til þeirra sem EES-reglurnar náðu ekki til.

Með Norðurlandasamningnum um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 2003 er samstarf Norðurlandanna lagað að þeirri þróun sem orðið hefur frá 1992 á löggjöf Evrópubandalagsins um almannatryggingar sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu og á löggjöf norrænu ríkjanna um almannatryggingar.

Samningurinn nær, eins og samningurinn frá 1992, fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki falla undir almannatryggingareglur EES. Helsta nýmælið er fólgið í breytingum á réttindum ríkisborgara ríkja sem ekki eru aðilar að EES-samningnum. Samkvæmt samningnum skulu reglur hans um lífeyri almannatrygginga, fjölskyldubætur og atvinnuleysisbætur einnig taka til ríkisborgara landa utan EES sem búa á Norðurlöndunum og/eða flytja milli þeirra, að Danmörku undanskilinni. Sérákvæði er varða Danmörk er að finna í fylgiskjali með samningnum. Í samningnum gildir hið sama og í samningnum frá 1992, þ.e. að vísað er til viðkomandi reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar. Einnig hefur samningurinn að geyma norrænar reglur sem ganga lengra en EES-reglur um almannatryggingar, en í samningnum er óbreytt það ákvæði samningsins frá 1992 að dvalarland stendur straum af aukakostnaði við heimferð einstaklings sem veikist eða slasast meðan á dvöl stendur í norrænu landi, þegar ferðamátinn heim verður dýrari en til stóð vegna veikindanna, t.d. vegna aukakostnaðar við sjúkrabörur.

Herra forseti. Norðurlandasamningur um almannatryggingar er mikilvæg viðbót við almannatryggingareglur EES-samningsins. Er mikilvægt að tryggja öllum íbúum Norðurlandanna lögbundin réttindi þegar þeir fara milli landanna. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 945. mál (Montreal-samningurinn, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1439.

og

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, 1. umr.

Stjfrv., 946. mál. — Þskj. 1440.

[15:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tveimur frv., þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir nr. 60/1998 og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa. Frv. eru að mestu leyti nátengd og þær breytingar sem í þeim felast snúast m.a. um svokallaðan Montreal-samning.

Í upphafi mun ég þó fjalla um þann hluta frv. um breytingu á lögum um loftferðir sem ekki fellur undir Montreal-samninginn. Þar er í fyrsta lagi um að ræða breytingar á lendingargjöldum á millilandaflugvöllum utan Reykjavíkur.

Í öðru lagi er það vopnaleitargjaldið, nú nefnt öryggisgjald, sem er víðtækara en öryggisgjaldið og í þriðja lagi að fram komi í lögunum skýr heimild til Flugmálastjórnar Íslands um að gerast aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA.

Skv. 71. gr. a gildandi loftferðalaga, nr. 60/1998, eru 7,05 bandaríkjadalir greiddir í lendingargjald fyrir hverja lendingu loftfars fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa loftfarsins í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur. Er hér að langstærstum hluta átt við Keflavíkurflugvöll á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem er sjálfstætt hlutafélag. Rekstur Keflavíkurflugvallar er að stærstum hluta fjármagnaður af tekjum af lendingargjöldum á þeim flugvelli. Eins og kunnugt er hefur gengi bandaríkjadals verið að lækka á undanförnum missirum, en flestir útgjaldaliðir Keflavíkurflugvallar eru í íslenskum krónum. Þannig var gengi bandaríkjadals mikinn hluta ársins 2001 og fram á mitt ár 2002 um og yfir 100 kr., en hefur að undanförnu verið um og yfir 70 kr. Þetta hefur skapað erfiðleika fyrir rekstur flugvallarins vegna takmarkaðri tekna. Það er einkum vegna sveiflna á raungengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadal að lagt er til að viðmið lendingargjaldsins verði tilgreint í íslenskum krónum en ekki í bandaríkjadal. Jafnframt því að breyta um viðmið er lagt til að lendingargjöld hækki úr 520 kr. miðað við gengi dagsins í dag í 650 kr.

Tillaga þessi sem er lögð fram í frv. um hækkun lendingargjalda byggir alfarið á beiðni utanrrn. þar að lútandi vegna rekstrar flugvallarins í Keflavík, en sú starfsemi er talin þurfa auknar tekjur til þess að hún sé ekki rekin með umtalsverðum halla.

Í gr. 71 b núgildandi laga er tiltekið að umráðandi loftfars greiði sérstakt vopnaleitargjald fyrir hvern farþega. Vopnaleitargjaldið er í dag lagt á farþega sem ferðast með loftfari til annarra landa. Vopnaleitargjaldið er í dag 300 kr. fyrir fullorðna farþega en 150 kr. fyrir börn.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að í stað vopnaleitargjalds komi öryggisgjald sem hefur þá víðtækari merkingu og nær yfir meira svið þjónustu að fjárhæð 570 kr. fyrir fullorðna farþega sem ferðast til annarra landa og 285 kr. fyrir börn.

Ástæða hækkunarinnar er að í kjölfar hryðjuverkanna 11. september 2001 hafa alþjóðlegar kröfur um flugvernd og öryggi farþega stóraukist. Vopnaleitargjaldið stendur engan veginn undir þeim kostnaði sem til hefur fallið vegna þessara auknu öryggiskrafna, auk þess sem eftirlit felst ekki lengur eingöngu í vopnaleit. Því er í frumvarpsdrögunum notað hugtakið öryggisgjald sem er víðara skilgreint í stað vopnaleitargjalds og upphæðin hækkuð til þess að standa undir þeirri þjónustu sem veitt er. Tillaga þessi sem hér er lögð fram er m.a. lögð fram eftir sérstökum óskum frá utanrrn. sem ber ábyrgð á verulegum hluta þess kostnaðar sem fellur til vegna þessarar auknu öryggisþjónustu þó að Flugmálastjórn Íslands leggi að sjálfsögðu sinn skerf að því einnig.

Á haustdögum árið 2000 gaf Evrópubandalagið út drög að reglugerð um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, EASA. Reglugerðin var síðan samþykkt og birt í Stjórnartíðindum EB árið 2002. Markmiðið með þessari nýju stofnun er að vinna að auknu flugöryggi í Evrópu, tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi á þessu svæði og draga úr mengun frá flugvélum. Að auki ber stofnuninni að stuðla að frjálsri og opinni samkeppni, skilvirku vottunarferli og alþjóðlegri samræmingu. Hin nýja Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA, mun taka yfir ýmis verkefni, bæði lagalegs og tæknilegs eðlis sem hafa verið í höndum Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA, eins og þau eru skammstöfuð. JAA er af allt öðrum toga. Það eru samtök en ekki fjölþjóðleg stofnun eins og EASA er. Aðildarþjóðirnar eru ekki skuldbundnar til að fara eftir þeim ákvörðunum sem þar voru teknar.

Þegar þetta er haft í huga og að Flugöryggisstofnun Evrópu mun verða sjálfstæður lögaðili sem mun hafa verulega þýðingu við undirbúning og framkvæmd löggjafar þykir eðlilegt að hennar verði getið sérstaklega í lögum um loftferðir og að fyrir hendi sé skýr lagaheimild sem er afar mikilvægt fyrir Flugmálastjórn Íslands til að eiga aðild að henni. Það er grundvallaratriði fyrir Ísland og íslensk stjórnvöld að taka sem víðtækastan þátt í starfi þeirrar stofnunar sem á endanum mun móta og framfylgja flugöryggisreglum í Evrópu til að tryggja hagsmuni íslenskra flugrekenda og allra handhafa íslenskra flugskírteina.

Við innleiðingu gerðarinnar um stofnun EASA í EES-samninginn gefst íslenskum stjórnvöldum kostur á að eiga fulltrúa í stjórn hennar með málfrelsi og tillögurétt, taka þátt í störfum EASA auk þess sem íslenskir ríkisborgarar eiga kost á að starfa fyrir stofnunina.

Með ákvæðum 6. gr. frv. er veitt heimild til þess að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins um Flugöryggisstofnunina í íslenskan rétt og vek ég alveg sérstaklega athygli á því sem er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að vera öflugir þátttakendur í starfi er snýr að flugöryggismálum.

Þá vil ég snúa mér að Montreal-samningnum og þeim þætti sem varðar frv. og hann. Það sem eftir stendur ræðu minnar mun ég gera Montreal-samninginn og fullgildingu hans að umræðuefni.

10. kafli loftferðalaganna fjallar um bótaábyrgð flytjenda og er í frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, mælt fyrir breytingum á ákvæðum kaflans til lögfestingar nýs alþjóðlegs samnings um bótaábyrgð flytjenda í loftflutningum sem gerður var í Montreal árið 1999. Samhliða er einnig innlit ákvæðis sem leiða af reglugerð EB um bótaábyrgð flugfélaga.

Í frv. til laga um breytingu á lögum um samræmingu nokkurra atriða varðandi loftflutninga milli landa, nr. 41/1949, er lagt til að lögfestur verði Gvadalajara-samningurinn um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem var annar aðili, en hinn samningsbundni flytjandi annast Montreal viðbótarbókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa. Hann var undirritaður í Varsjá 12. október 1929 og var breytt með Haag-bókuninni frá 28. september 1955.

Í megindráttum eiga frumvörpin það sameiginlegt að fjalla um bótaábyrgð flytjenda í loftflutningum. Í rauninni er um að ræða tvö aðskilin bótakerfi. Annars vegar bótakerfi sem byggir á Varsjársamningnum frá 1929 með þeim viðbótarsamningum og bókunum sem við hann hafa verið gerðir og hins vegar Montreal-samningurinn frá 1999 sem ætlað er að taka við af Varsjárkerfinu. Fyrirsjáanlegt er að það mun taka nokkur ár fyrir Montreal-samninginn að ná eins mikilli útbreiðslu og Varsjárkerfið hefur í dag. Í dag hafa 32 ríki staðfest Montreal-samninginn frá 1999 og reikna má með að eftir 1. apríl séu þau um 50 talsins. Aðildarríki Varsjársamningsins eru í dag 151.

Samkvæmt 55. gr. Montreal-samningsins er gert ráð fyrir að Montreal-samningurinn gangi framar öllum öðrum alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið um sama efni

milli þeirra aðildarríkja sem hann hafa fullgilt. Montreal-samningurinn mun því gilda varðandi millilandaflug til og frá yfirráðasvæði þeirra til ríkja sem hann hafa fullgilt.

Varsjársamningurinn frá 1929 var á sínum tíma framsækið framlag til sameiningar alþjóðlegs einkamálaréttar og greiddi úr þeim vanda sem hlotist getur af flóknum lagaskilgreiningum og ágreiningi um lögsögu sem að öðrum kosti hefði eflaust sett mark sitt á alþjóðlega loftflutninga. Á þeim tíma sem Varsjársamningurinn var saminn var flugið að ryðja sér braut í samkeppni við sjó- og lestarflutninga. Samningurinn tryggði flugfélögum takmarkaða bótaábyrgð í millilandaflugi sem gerði þeim kleift að tryggja sér örugga afkomu fyrstu starfsárin og ákveðna lagasamræmingu. Í meginatriðum samræmdi Varsjársamningurinn réttarreglur varðandi flutningsskjöl, ábyrgðartakmarkanir og lögsögu.

Ekki löngu eftir gerð samningsins 1929 fór að gæta óánægju meðal aðildarríkja hans um upphæð skaðabóta vegna lífs- og líkamstjóns farþega vegna flugslysa og þess hversu flóknar reglur samningsins voru um gerð flutningaskjala, farmiða, fylgibréfa og farms. Þessi óánægja hefur leitt til ótal breytinga á honum í formi bókana, viðbótarbókana og viðbótarsamninga. Í Haag-bókuninni frá 1955 voru bótamörk vegna lífs- og líkamstjóns hækkuð og einfaldaðar voru til muna reglur um flutningagjöld.

Gvadalajara-viðbótarsamningurinn bætti við samninginn reglum er varða raunverulegan og eiginlegan flytjanda vegna þeirrar þróunar í viðskiptaháttum flugfélaga sem átt höfðu sér stað frá gerð Varsjársamningsins frá 1929, svo sem leiguflug og deiling flugnúmera.

Lagt er til í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949 að ákvæði Gvadalajara-viðbótarsamningsins verði lögfest hér á landi en ákvæði samningsins voru einnig tekin upp í Montreal-samningnum sem gerður var. Sama á við um Montreal-bókunina nr. 4 sem einnig er lagt til að verði lögfest. Efni hennar hefur verið tekið upp í Montreal-samningnum frá 1999.

Montreal-bókunin nr. 4 mælir fyrir um stranga ábyrgð flytjanda vegna farmtjóns og bótaþaks sem jafnframt er órjúfanlegt auk þess að rýmka formreglur um flutningsgjöld og gerir rafræn fylgibréf jafnrétthá fylgibréfum í pappír.

Vegna vaxandi óánægju á alþjóðavettvangi hafa ýmis ríki, ríkjasamtök og flugfélög og Alþjóðasamtök flugfélaga, IATA, brugðið á það ráð að vinna að einhliða endurbótum á Varsjárkerfinu og með því flækt kerfið verulega. Þessar breytingar hafa sameiginlega þann ágalla að þær breyta ekki Varsjársamningnum frá 1929 og þeim bókunum og viðbótarsamningunum sem við hann hafa verið gerðar, heldur breyta einungis túlkun hans í einstaka tilviki. Staðan er því sú í dag að vandratað er um bótakerfið og verulegur munur getur orðið á bótauppgjöri farþega í einu og sama flugslysinu á grundvelli þess hvar lokaákvörðunarstaður farþega er, hvar farþegi keypti farseðil sinn, hvar slysið á sér stað, hvert þjóðerni flytjanda er og hvar flytjandi hefur aðalskrifstofu sína eða útibú.

Megintilgangur Varsjársamningsins hvað varðar samræmingu á alþjóðavísu á ábyrgðarreglum er því að mestu þorrinn. Til að ráða bót á þessu ástandi var árið 1999 gerður í Montreal framangreindur alþjóðlegur samningur til þess að koma í stað Varsjárkerfisins. Samningurinn byggir á þeirri þróun sem orðið hefur í heiminum um bótaábyrgð flytjanda. Í meginatriðum samtvinnar Montreal-samningurinn ákvæði Varsjársamningsins með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni 1955 og Gvadalajara-viðbótarsamningsins frá 1961 um flytjanda í raun og samningsbundinn flytjanda, og Montreal-viðbótarbókunarinnar nr. 4 um farmtjón, reglur um bótaábyrgð flytjanda vegna lífs- og líkamstjóns og farþegafar samkvæmt samningi Alþjóðasamtaka flugfélaga frá 1995 og reglugerð nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Montreal-samningurinn einfaldar mjög reglur um útgáfu farmiða og fylgibréfa. Nýmæli er útgáfa sameiginlegra farseðla fyrir hóp farþega, og veit ég að ýmsir reyndir fararstjórar gleðjast þar mjög, til að mynda í leiguflugi eða þjónustuflugi og sérstaklega er gert ráð fyrir möguleika á útgáfu rafrænna farseðla og fylgibréfa. Í stað kvittunar fyrir farangri kemur farangursmiði sem ætlað er að gefinn sé út fyrir hvern hlut innritaðs farangurs. Tiltekin er hámarksfjárhæð bóta vegna tafa á flutningi farþega. Bótaábyrgð flytjanda verður takmörkuð við 4.150 SDR. Jafnframt eru settar takmarkanir á bótum vegna innritaðs farangurs.

Sérstöku varnarþingi hefur verið bætt við þau fjögur sem fyrir voru samkvæmt Varsjársamningnum 1929 og Haag-bókuninni frá 1955. Fimmta varnarþingið heimilar farþega að höfða mál á hendur flytjanda í því landi sem farþeginn hefur búsetu eða dvalarstað að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Nýmæli er að samningurinn tiltekur skyldur flytjanda til fyrirframgreiðslu í kjölfar flugslyss til aðstandenda krefjist landslög þess. Slík ákvæði eru þegar í íslenskri löggjöf. Vegna reglugerðar EB nr. 889/2002 er þessi fyrirframgreiðsla hækkuð samkvæmt frv. úr 15.000 SDR í 16.000 SDR. Í frv. er gert ráð fyrir að gildissvið ákvæðanna taki til innanlandsflugs sem og millilandaflugs, svo og alls þess flugs sem flugrekendur með íslenskt flugrekstrarleyfi stunda hvar sem er í heiminum. Er þetta óbreytt frá núgildandi lögum. Sérstaklega er áréttað um flugrekstur opinberra aðila að flutningaflug á þeirra vegum falli undir ákvæði kaflans. Er það nýmæli.

Sérstaklega tiltekur samningurinn að ekki skuli greiddar refsibætur eða bætur sem stefna að sama marki, hvernig sem mál er höfðað, á hvaða grundvelli sem er innan og utan samninga samkvæmt ákvæðum skaðabótaréttar eða á öðrum forsendum. Slíkar bætur þekkjast ekki að íslenskum rétti. Þær eru hins vegar vel þekktar í þeim ríkjum sem byggja á „Common Law“ kerfinu og hafa verið einn helsti hvati til málsóknar gegn flugfélögum í kjölfar flugslysa.

Nýmæli eru nokkur í frv. sem tilkomin eru vegna reglna EB nr. 889/2002 er varða aukna réttarvernd farþega. Lögð er sú skylda á flytjanda að tryggja að farþegi hafi aðgang að upplýsingum um bótaábyrgð flytjanda, frest til þess að hafa uppi kröfu og möguleika þeirra til þess að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur. Auk kröfunnar um upplýsingamiðlun til farþega er lögð sú skylda á flytjendur að láta hverjum farþega í té skriflegar upplýsingar um mörk bótaábyrgðar til að stuðla að því að ferþegar geti keypt sér viðbótartryggingu telji þeir þess þörf, til að mynda hvað varðar tafir eða verðmæti farangurs og farms. Ákvæði frv. um að veita skriflegar upplýsingar til farþega taka ekki einungis til flytjanda með útgefin flugrekstrarleyfi innan EES-svæðisins, heldur til allra flytjenda sem annast eða selja loftflutninga innan svæðisins.

Í frv. er enn fremur sett inn ákvæði um bætur til farþega vegna frávísunar vegna umframbókana flugfélags og niðurfellingar flugs og heimild ráðherra til setningar reglugerðar

til þess að kveða nánar á um ýmis atriði er snerta rétt farþega. Ákvæðið er til komið vegna löggjafar EB sem tekin verður inn í EES-samninginn.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég taka saman kjarnann í þessum lagabreytingum sem lúta að Montreal-samningnum.

Í fyrsta lagi. Frumvarpið lögfestir ákvæði nýs alþjóðlegs samnings um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa. Ákvæði hans er jafnframt látið taka til innanlandsflugs hér á landi sem og alls flugs sem íslenskur flugrekandi starfrækir hvar sem er í heiminum.

Í öðru lagi. Flugrekstur opinberra aðila fellur undir ákvæði kaflans.

Í þriðja lagi. Einföldun á ákvæðum um farseðla, farangursmiða og fylgibréf.

Í fjórða lagi. Bótaábyrgð flugfélaga breytist. Bætur vegna tafa farþega verða takmarkaðar við 4.150 SDR, ekki tilgreint hámark, og bætur vegna innritaðs farangurs verða takmarkaðar við 1.000 SDR, nema farþegi hafi við innritun sérstaklega tilgreint þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farangurs á áfangastað og greitt umkrafið aukagjald, gildir þá hið tilgreinda verðmæti. Fyrirframgreiddar bætur vegna farþega vegna lífs- og líkamstjóns hækka í 16.000 SDR úr 15.000. Bætur vegna farmtjóns verða takmarkaðar við 17 SDR á kíló og er sú takmörkun algjör.

Í fimmta lagi vil ég nefna að aukna réttarvernd farþega. Upplýsingaskylda flytjanda er aukin frá því sem áður var.

Í sjötta lagi. Bætt er við varnarþingi þar sem farþegi á aðalaðsetur eða fast aðsetur, sem skiptir mjög miklu máli ef um málshöfðun er að ræða.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. um breytingu á lögum um loftferðir. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra eru nokkur atriði sem tekið er á í frv., m.a. er verið að breyta fjárhæðum í lendingargjöldum í millilandaflugi. Það er verið að taka á vopnaleitargjaldinu, verið er að lögfesta alþjóðasamning, Montreal-samninginn, og síðan er verið að fella út ákveðin atriði úr gildandi lögum varðandi þessi gjöld.

Vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram hér um þessi málefni ferðaþjónustunnar og flugsins vil ég byrja á því að gagnrýna hversu seint þau mál koma fram í þinginu. Sérstaklega hvað snýr að gjaldtökunni og því máli sem rætt var aðeins fyrr á fundinum, vegna þess að ljóst var strax í haust að taka þyrfti á þeim málum og fara þyrfti af stað vinna. Búið var að koma athugasemd til íslenskra yfirvalda um að þeim væri ekki stætt á því að standa að gjaldtöku í fluginu á þann hátt sem gert var, og ástæðan fyrir því að við samþykkjum afbrigði vegna þessara mála er m.a. sú að enn er verið að innheimta gjöld sem EFTA-dómstóllinn hefur dæmt svo að íslenskum stjórnvöldum sé ekki heimilt að standa þannig að gjaldtöku lengur.

Auðvitað eru ýmsir fleiri þættir í þessum þingmálum sem eru nokkuð umdeildir að mínu mati. Hér er t.d. verið að hækka álögur á ferðaþjónustuna, þó svo að hæstv. ráðherra hafi talað í aðra veru. Vil ég aðeins minna á ræðu sem hann hélt á þingi ferðaþjónustunnar, á ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs á Mývatni þar sem hann talaði einmitt um þá farþegaskatta sem við erum að ræða í dag og þar talaði hæstv. ráðherra í þá veru að hann hefði látið athuga áhrif þeirra skatta á flugið og hafi fengið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til þess að meta áhrif farþegaskattanna á t.d. fjölda flugfarþega og komið hafi í ljós að áhrif þeirra skatta væru mun meiri en áður hefði verið talið. Þar sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Verðlagning ferðaþjónustu skiptir mjög miklu máli í því samkeppnisumhverfi sem við hrærumst í. Ég tel óhjákvæmilegt að taka þessa skattlagningu til endurskoðunar og mun beita mér fyrir breytingu á álagningu farþegaskatta til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna."

Ég velti fyrir mér, virðulegi forseti, hvort sú leið sem hér er farin sé í raun til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna og vildi gjarnan fá fram hjá hæstv. ráðherra áður en umræðunni lýkur hvort skoðað hafi verið hvort sú leið sem hæstv. ráðherra er að fara sé í raun og veru til hagsbóta fyrir ferðaþjónustuna.

Ég vil þess vegna gera að umtalsefni fyrsta atriðið í því frv. sem við ræðum hér, um loftferðir, þ.e. lendingargjöldin í millilandaflugi. Þar er verið að breyta viðmiðuninni úr bandaríkjadölum yfir í íslenskar krónur og er útfærslan miðuð við það.

Ég leyfi mér að hafa ákveðnar efasemdir um þá leið sem hæstv. ráðherra er að fara í þeim efnum og tel að hún muni torvelda samninga t.d. við lággjaldaflugfélögin sem hafa haft áhuga á að koma hingað og lenda á Keflavíkurflugvelli. Þetta mun gera þeim erfiðara fyrir. Þau þurfa að gera fjárhagsáætlanir og meta hvort það er hagkvæmt að lenda hér. En eftir að lendingargjöldunum var breytt yfir í íslenskar krónur mun það skipta máli hvert gengi krónunnar er, staða hennar og stöðugleiki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef meta menn það svo að þetta muni torvelda slíka samninga, a.m.k. þeir sem ég hef haft samband við og þekkja þessi mál mun betur en ég.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann hafi velt því fyrir sér þegar hann ákvað að breyta lendingargjöldunum og miða við íslenskar krónur að það gæti komið niður á ferðaþjónustunni hvað varðar ódýrari fargjöld og flug lággjaldaflugfélaganna til Keflavíkur.

Í ljósi þess að lendingargjöldin koma alfarið til rekstrar á Keflavíkurflugvelli hefði ég talið fulla ástæðu til þess að menn skoðuðu reksturinn þar og spyr hæstv. ráðherra hvort ekki þyrfti að fara yfir reksturinn á flugvellinum í Keflavík í ljósi þess að menn eru að hækka lendingargjöldin.

Síðan langar mig að nefna vopnaleitargjaldið. Það er líka að hækka og hækkar næstum því um helming. Vopnaleitargjaldið er í dag 300 kr. og verður 570 kr. og breytir um nafn og kallast öryggisgjald. Það er því veruleg hækkun á gjaldinu. Hæstv. ráðherra sagði að núverandi gjald stæði ekki undir þeirri þjónustu sem verið væri að veita, en þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða í samgn. þegar málið kemur þangað.

Áður en ég held áfram að fara yfir frv. langar mig að spyrja hæstv. ráðherra, því ýmis gjöld koma ofan á fargjald í flugi og þar á meðal afgreiðslugjald, hversu há afgreiðslugjöldin eru í Leifsstöð og hversu há gjöldin sem koma ofan á fargjald t.d. í millilandaflugi eru í heild.

Í sambandi við fyrra frv. sem hæstv. ráðherra talaði um fyrr á fundinum vil ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra. Nú erum við með forustuna í samstarfi í norrænu ráðherranefndinni og þar hefur hæstv. ráðherra tjáð sig mjög um mikilvægi ferðaþjónustunnar hér og að við þurfum að efla hana, sérstaklega hvað varðar menningartengda ferðaþjónustu. Munu þær breytingar sem hér eru á ferðinni létta það starf, í ljósi

þess að við erum að sækja mun meira fjármagn í ferðaþjónustu í vasa ferðamanna með öllum þeim gjöldum sem verið er að leggja á? Þó ég tali um gjöld er, eins fram hefur komið í umræðunni, talað um flugvallaskatt í dag en ekki gjald eins og hefur verið.

Mig langar líka aðeins að minnast á varaflugvallagjaldið í fyrra frv., vegna þess að ég hafði ekki tök á því að koma inn í umræðuna þegar rætt var um það. Ég velti því fyrir mér hvernig hægt sé að leggja varaflugvallagjald á farþega sem fara alls ekki um varaflugvöll, hvort það sé heimilt vegna þeirra reglna sem við búum við að tekið skuli gjald fyrir veitta þjónustu, það eru strangar reglur um að það þurfi að vera sá háttur á. Hverja má rukka um varaflugvallagjald? Einungis þá sem fara um einhverja flugvelli hér, eða jafnvel þá sem fljúga hér yfir og fara um flugstjórnarsvæðið og þurfa e.t.v. á varaflugvöllunum að halda ef eitthvað kemur upp á? Þetta er matsatriði en vissulega ástæða til að skoða það.

Mig langar að snúa aftur að loftferðafrumvarpinu sem við ræðum hérna. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði áðan að alls kyns hagræðing og réttarbætur koma í lagasetninguna við að lögleiða þennan alþjóðasamning, Montreal-samninginn. Vissulega er það til verulega til bóta, og ég get talað sem gamall fararstjóri í þeim efnum, að geta bókað alla hópa á einum farseðli eins og heimilað er með samningnum. Einnig er mikilvægt að þar er kveðið á um að það verði að upplýsa betur um réttindi til flugfarþega o.s.frv. Ég ætla ekki að endurtaka öll þau atriði sem hæstv. ráðherra nefndi, en vissulega eru þarna margir þættir sem við erum að lögfesta til bóta og skýra réttindi þeirra sem ferðast í flugi.

Ég tel að við þurfum að fara rækilega yfir málið í nefndinni. Við þurfum að kalla til umboðsmenn lággjaldaflugfélaga vegna lendingargjaldanna og alla þá sem eru í þessari þjónustu og hefðu e.t.v. hug á að bjóða upp á flug, hvort þetta komi illa niður á þeim að viðmiðunin sé íslenska krónan. Sömuleiðis þurfum við að ræða þessi mál við aðila ferðaþjónustunnar og fá upplýsingar um það hvernig þetta kemur við þá þjónustu. Ég mun leggja fram óskir við þá aðila sem ég tel að við þurfum að ræða þessi mál við þegar málið kemur til nefndarinnar, vegna þess að ég á sæti í hv. nefnd. En ég vil gjarnan fá svör við þeim spurningum sem ég hef þegar spurt hæstv. ráðherra, t.d. hversu há gjöldin eru á hvern farseðil í heild með afgreiðslugjöldunum og hvort menn hafi íhugað stöðu t.d. Keflavíkurflugvallar gagnvart því að semja við þessa aðila og hvort ekki þurfi að fara yfir reksturinn á Keflavíkurflugvelli í ljósi hærri lendingargjalda.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[15:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins blanda mér í málið vegna þess að eins og fram hefur komið hjá síðasta ræðumanni og hv. ráðherra verður því eðlilega vísað til hv. samgn.

Varðandi frv. til laga um breytingu á lögum um flugmálaáætlun í framhaldi af dómi EFTA-dómstólsins frá desember 2003 verð að segja að bæði ráðuneytið og ekki hvað síst Davíð Þór Björgvinsson lagaprófessor hafa unnið málið mjög faglega. Það er bæði vel unnið og rökfast og eðlilegt að þau gjöld sem hafa verið um nokkuð langt skeið sé við haldið á grundvelli varaflugvalla sem verða að vera vegna millilandaflugsins. Þess vegna væri afar óeðlilegt ef ekki væri haldið áfram greiðslum vegna þeirra.

Í annan stað vil ég nefna það sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir kom inn á varðandi Keflavíkurflugvöll. Ég get alveg tekið undir með henni að það er mikið umhugsunarefni. Ég held að það þekkist hvergi nokkurs staðar orðið, það hefur þó verið reynt annars staðar í heiminum, að sú málsmeðferð sé viðhöfð á flugvelli í millilandaflugi að rekstrinum sé skipt upp með sama hætti og gert er á Keflavíkurflugvelli. Það er mjög óeðlilegt að hagnaður af rekstri flugstöðvar skuli vera fyrir utan og alveg sér án tillits til reksturs flugvallarins sjálfs. Hér er mál sem þarf vissulega að skoða og þarf að taka upp. Ég mun leggja til að samgn. fari og heimsæki þessa merku stöð Leifs Eiríkssonar og skoði hana og starfsemina alla. Ég veit að ráðuneytið hefur þegar gert það, en þeir eiga góða liðsmenn og óeðlilegt að þetta skuli falla undir hluta af utanrrn. en samgrn. nánast ekki koma þar nálægt.

Það vekur einnig furðu að nú er auglýst ráðstefna þar sem fjalla á um flugstöð Leifs Eiríkssonar og engir aðilar í samgrn. koma þar nálægt til að fjalla um samgöngumál á Íslandi. Ég spyr: Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega að verða? Full ástæða er til þess að samgrn. taki vel til verka í þessu máli, vegna þess að málið hefur verið í umræðunni allt of lengi án þess að nokkuð hafi verið gert og er óviðunandi.

Varðandi loftferðirnar sem var komið inn á áðan er umhugsunarefni hvort tölurnar eigi að vera nefndar í dollurum frekar en í íslenskum krónum. Ég heyri það á flugfólki og þeim sem eru í ferðaþjónustunni að þeir eru nokkuð með böggum hildar yfir þessu.

En allt um það. Þetta er mál sem við munum reyna að vinna fljótt og vel og eins og ég sagði áðan eru málin mjög vel unnin og tafir eiga ekki að verða vegna vinnunnar, hún er mjög vel gerð.

[15:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. formanni samgn. að það er mjög skrýtið að hagnaðurinn af rekstri flugstöðvarinnar skuli ekki ganga til reksturs flugvallarins og þar með samgöngumála. Ég er algjörlega sammála því. Við ræðum m.a. hvort það eigi að hækka ýmis gjöld, eins og vopnaeftirlitsgjald og önnur gjöld. Mér finnst miklu frekar að menn ættu að velta því fyrir sér hvort ekki ætti að breyta því fyrirkomulagi sem hv. formaður samgn. reifar. Við í Samf. munum sannarlega vera reiðubúin til þess að skoða þetta og eftir föngum aðstoða við breytingar á málinu.

[15:45]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér inn á mjög víðfeðmt vegna þess að við erum að skattleggja þá sem um flugstöð Leifs Eiríkssonar fara. Við erum að leggja sérstaklega skatt á öryggisþátt millilandsflugsins sem byggist á greiðslu til viðhalds öryggis á flugvöllunum þremur. En hvers vegna eiga einhverjir einstakir aðilar að taka ágóða út úr Flugstöð Leifs Eiríkssonar á sama tíma og lagðir eru sérstakir skattar á farþegana? Þetta er náttúrlega komið í einhverja steypu sem verður að taka á. Það gengur ekki að utanríkisráðuneytið sé að leika algjört fríspil í þessu eins og ég nefndi áðan í sambandi við ráðstefnu sem þeir boða til um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Furðulegt! Og það er eins og samgönguráðuneytið sé ekki til. Þetta segir allt um það ástand sem ríkir í þessu blessaða utanríkisráðuneyti og full ástæða er til þess að við tökum á því.

[15:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar undirtektir við frv. þó ýmislegt hafi þar komið fram sem mætti flokkast undir gagnrýni var það allt mjög málefnalegt eins og við var að búast.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vakti athygli á því að þessi frumvörp væru seint fram komin, bæði frumvarpið um loftferðir sem hér er til umfjöllunar og einnig frumvarpið sem hér var til umræðu fyrr um flugmálaáætlun. Ég get nánast tekið undir það með hv. þm. Við hefðum þurft að vera komin með þetta fyrr. En skýringarnar og ástæðurnar eru þær að uppkvaðning EFTA-dómstólsins á farþegagjaldsmálinu og tilraunir okkar til þess að ná niðurstöðu sem gæti orðið í sátt við ESA hafa leitt til þess að við erum ekki fyrr á ferð. Við lögðum mikið upp úr því að ná niðurstöðu sem við gætum verið nokkuð viss um að ekki yrði gerð athugasemd við. Þess vegna gáfum við okkur þennan tíma.

Í annan stað nefndi hv. þm. 4. þm. Reykv. s. hækkun á gjöldum, þ.e. lendingargjöldum og öryggisgjaldinu og nefndi þar til sögunnar ræðu sem ég flutti á ferðamálaráðstefnu við Mývatn þar sem ég fjallaði einmitt um mikilvægi þess að við reyndum að halda útgjöldum ferðaþjónustunnar í hófi. Ég er sömu skoðunar og ég var þar þá að við þurfum að leita allra leiða til þess að mikil hagkvæmni ríki í þjónustu flugvallanna og að því þurfum við að vinna.

Hv. þm. nefndi einnig skýrslu Hagfræðistofnunar, svokallaða Ryanair-skýrslu. Í þeirri skýrslu kom fram að hlutur ferðaþjónustunnar væri stærri en áður hefur verið talið í heildartekjum okkar af þeim atvinnuvegi. Það er ágætt að rifja það hér upp. Hins vegar er ljóst varðandi þau gjöld sem við erum að fjalla um hér og þó sérstaklega varaflugvallagjaldið sem hefur verið nokkuð til umræðu hér í dag, að það er mitt mat að það muni ekki ráða neinum úrslitum um þróunina í ferðaþjónustunni enda hefur orðið feiknarlega mikil aukning, töluvert yfir 10% á ári síðustu árin, í ferðaþjónustunni hingað til landsins þrátt fyrir að þessi gjöld séu til staðar. Ég vil bara endurtaka að ég tel að við eigum að leita allra leiða til þess að halda þeim kostnaði niðri. Til að svara hv. þm. segi ég að að sjálfsögðu mun ég beita mér fyrir því á þeim vettvangi sem að mér er fær.

En þessi hækkun á gjöldum, þó aðallega á öryggisgjaldinu, var óhjákvæmileg að mati utanríkisþjónustunnar og þeirra sem fara með eftirlit og öryggisgæslu bæði á vegum Flugmálastjórnar Íslands, utanríkisþjónustunnar og þeirra sem reka þetta á Keflavíkurflugvelli. Þeir töldu óhjákvæmilegt að bæta þarna við starfsemi sem kallar á útgjöld. Af þeim sökum eru þessar hækkanir til komnar.

Hv. þm. benti á að óeðlilegt sé að nota ekki dollar sem viðmiðun. Það var ósk þerra sem reka Keflavíkurflugvöllinn að þessu yrði breytt vegna þróunar á gengi dollars. Þess vegna er það nú gert. Ég vil vekja athygli á því að enn er miðað við dollar í lendingargjöldum á Reykjavíkurflugvelli þannig að þar er um óbreytta gjaldtöku að ræða hvað það varðar. En ég tel nauðsynlegt að samgöngunefndin fari mjög vandlega ofan í þetta, kalli til þá aðila sem sjá um rekstur Keflavíkurflugvallar og hafa óskað eftir þessari breytingu, fari yfir þetta með þeim og rýni betur í það hvort ástæða sé til þess að halda sig áfram við þann gjaldmiðil. Það er samgönguráðuneytinu algjörlega að meinalausu. Þetta er fyrst og fremst spurning um hvað rekstraraðilarnir telja nauðsynlegt.

Hv. þm. spurði hvort ekki sé ástæða til þess að fara yfir rekstur Keflavíkurflugvallar? Ég ætla út af fyrir sig við þessa umræðu ekki að hafa stór orð um það. Rekstur Keflavíkurflugvallar, eins og þekkt er, er ekki á könnu samgönguráðuneytisins. En það er alveg ljóst að við verðum að vera mjög vel á verði og fara yfir þann rekstur eins og allt annað og reyna að leita ýtrustu hagkvæmni. Ég get alveg tekið undir það að það skýtur mjög skökku við að það sé myljandi hagnaður af Flugstöð Leifs Eiríkssonar á meðan öll önnur þjónusta á vellinum sem við Íslendingar eigum að sinna hangir á horriminni. Því er alveg morgunljóst í mínum huga að það þarf að fara ofan í þessa hluti og gera skipulagsbreytingar ef á þarf að halda. Við erum nú að fara yfir þessa hluti alla. Á vegum samgrn. starfar nefnd sem fjallar um framtíðarskipun flugmála. Í þeirri nefnd er ágætur fulltrúi frá utanríkisþjónustunni, frá utanríkisráðuneytinu, sem vinnur að því með nefndinni að rýna ofan í framtíðarskipun flugmálanna. Það sem við eigum við með því er að velta fyrir okkur og huga að því hvernig við eigum í framtíðinni að reka þessa starfsemi, hvernig við eigum að reka flugvellina, hvernig við eigum að reka flugþjónustuna, flugöryggisþjónustuna, í hvaða formi þessi starfsemi eigi að vera. Eiga þetta að vera áfram ríkisstofnanir eða eigum við að gera ráð fyrir því að þetta séu hlutafélög eins og Flugstöð Leifs Eiríkssonar er nú og er rekin inni á varnarsvæðinu? Þarna er að mörgu að hyggja og það er óhjákvæmilegt að taka þetta allt til rækilegrar skoðunar.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefndi vopnaleitargjaldið og að töluverð hækkun væri á því. Ég tel mig hafa farið yfir það að það er mat þeirra sem að þessu vinna að óhjákvæmilegt sé að auka eftirlitið og auka það í þeim tilgangi að tryggja öryggið.

Hvað varðar spurningu hv. þm. um afgreiðslugjöld á Keflavíkurflugvelli þá verð ég að viðurkenna það að ég hef ekki svarið við höndina. Ég tel eðlilegt að hv. samgn. kalli eftir þessum upplýsingum þannig að hún geti farið yfir öll þessi útgjöld og gert sér góða grein fyrir því í hverju þau eru fólgin og hvað megi e.t.v. betur fara.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir fór yfir í flugmálaáætlunarfrumvarpið hvað varðar varaflugvallagjaldið og velti því fyrir sér eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hvort heimilt væri að leggja gjald á þá sem nota ekki flugvelli hér en nýta sér öryggið sem felst í varaflugvöllunum. Reyndar nefndu fleiri það. Nú hafa ýmsir þingmenn hér inni nýlega flogið til Írlands m.a. Einhverjir hafa kannski flogið til Skotlands, en Glasgow er varaflugvöllur fyrir okkur. Þeir geta ekki innheimt varaflugvallagjald eða neitt þjónustugjald af farþegum sem fara til Íslands þó flugvöllur í Skotlandi geti verið varaflugvöllur fyrir okkur. Við teljum hins vegar að þessi leið sé mjög eðlileg. Ég þarf ekki að halda þá ræðu sem ég flutti hér fyrr í dag þó þingmönnum hafi fjölgað í salnum. Varaflugvellirnir hér eru afar mikilvægir fyrir okkur og eru alger grundvöllur fyrir því að við getum af svo miklu afli rekið flug frá Íslandi, ekki síst flugið á milli Norður-Ameríku og Evrópu. (**ÖS:** Af hverju er ekki varaflugvöllur í Dýrafirði?) Það er vegna þess að ýmsir ágætir varaflugvellir eru í næstu fjörðum við Dýrafjörðinn. Við erum hins vegar að byggja upp flugvöll á Þingeyri. Það verður eins konar varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og það mun styrkja mjög flugið til Ísafjarðar. En við munum ekki leggja sérstakt gjald á vegna þess flugvallar.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé ástæða til þess fyr-

ir mig að koma inn á fleiri atriði. Ég endurtek það að ég þakka fyrir ágætar undirtektir við frumvarpið. Mér sýnist að hv. samgn. eigi mjög auðveldlega að geta afgreitt frv. snaggaralega og þingið að gera það að lögum.

[15:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki dreg ég úr mikilvægi varaflugvalla. Mikilvægi þeirra er svo mikið, eins og kemur fram í frv. hæstv. ráðherra, að menn eru látnir greiða helmingi hærra gjald fyrir flugvelli sem þeir fara ekki til en þeirra sem þeir lenda á.

Herra forseti. Sá sem þekkir samgrn. best er auðvitað hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að draga úr þeirri lýsingu sem hann brá hér sjálfur upp af stöðu rekstrarins á flugvellinum í Keflavík sem hann sagði að hengi á horriminni. Það hlýtur þá væntanlega að vera vegna verka hæstv. ráðherra sjálfs.

Hins vegar vil ég taka undir með honum og þeim sem hér hafa talað um hversu skrýtið það er að aðskilnaður skuli vera á milli annars vegar rekstrar flugstöðvarinnar og hins vegar sjálfrar flugvallarstarfseminnar. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að það er í besta falli skondið og í versta falli óviðunandi að á sama tíma og reksturinn á flugvellinum sjálfum hangir á horriminni þá skuli myljandi hagnaður af flugstöðinni renna allt annað. Ég tel að það sé eitt af því sem hv. samgn. eigi að skoða mjög rækilega í umfjöllun sinni, vegna þess að ég veit að hún mun gefa sér góðan tíma til þess að fara í þetta.

Hitt sem ég vil svo spyrja hæstv. ráðherra um og kemur ekki beinlínis við efni þessa frv. eru þær upplýsingar sem fram komu hjá hv. formanni samgn. um að nú stæði fyrir dyrum merkileg ráðstefna um málefni flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli en hún væri þannig skipulögð að enginn úr samgönguráðuneytinu og enginn frá Flugmálastjórn kæmi þar að. Mig langaði til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Hverju sætir þetta?

[15:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann ekki svör við öllum spurningum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson leggur fyrir mig og það gildir um þá sem hér er lögð fram. Hlutafélagið sem stendur fyrir þessari ráðstefnu, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., hefur ekki leitað til samgönguráðuneytisins um samstarf vegna þeirra málefna sem verður fjallað um á þessari tilteknu ráðstefnu. Ég get staðfest það.

[15:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er samstarfið á milli annars vegar samgönguráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins svo stíft um þessar mundir að stofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið skipuleggur heila ráðstefnu en gætir þess vendilega að hvorki samgönguráðuneytið né undirstofnanir þess eins og Flugmálastjórn komi þar að? Mér finnst með fádæmum merkilegt að heyra þetta, herra forseti. Mig langar til þess að spyrja hæstv. samgrh., af því ég veit að hann talar hreint út úr pokanum: Finnst honum þetta eðlilegt?

[16:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

(**Gripið fram í:** Segðu bara eitthvað. Segðu nei.) Herra forseti. Það er farinn að færast galsi í hv. þingmenn. Það er ágætis samstarf á milli samgrn. og utanrrn. um þessar mundir. Þar eru engin vandamál. Hins vegar virðast þeir sem skipuleggja þessa ráðstefnu ekki hafa talið ástæðu til að kalla fleiri til en þar eru kallaðir til verka. Ég lít ekki svo á að í því felist sérstök merking um samstarf hlutafélagsins Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og stofnana á vegum samgrn. (Gripið fram í.) Ég lít svo á að þarna (Gripið fram í.) hafi menn ekki gætt sín á að kalla þá til verka sem best þekkja þessi mál. Það liggur bara þannig fyrir.

[16:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra. Við þurfum greinilega að taka á þessum þáttum ferðaþjónustunnar sem snúa að fluginu og þjónustunni á Keflavíkurflugvelli við Leifsstöð, hvernig því er öllu háttað.

Varðandi lendingargjöldin gat ég ekki heyrt annað en hæstv. ráðherra tæki undir að endurskoða þyrfti hvort við ættum að miða þetta við íslensku krónuna. Lendingargjöldin eru í dollurum í Reykjavík. Ég get ekki séð að við eigum að breyta því á Keflavíkurflugvelli, sérstaklega ef þær upplýsingar sem ég hef fengið eru réttar, um að þetta muni torvelda flugfélögum sem hyggjast koma inn til lendingar. Auðvitað er það svo að öll þessi flugfélög eru með bókhald sitt í erlendri mynt og oft í dollurum eða evru. Ég held að það muni torvelda okkur að styðjast við íslensku krónuna, sérstaklega á Keflavíkurflugvelli.

Varðandi umræðuna um gjöldin út af varaflugvöllunum þá þurfum við líka að skoða þá þætti í nefndinni og kalla eftir upplýsingum. Hvernig er þessum málum háttað í öðrum löndum, t.d. varðandi greiðslur fyrir varaflugvelli annars staðar? Hæstv. ráðherra nefndi hér Glasgow í þessari umræðu.

Ráðstefnan sem hv. formaður nefndarinnar Guðmundur Hallvarðsson nefndi, um Leifsstöð og þjónustuna þar, er náttúrlega talandi dæmi um samstarfið milli þessara ráðuneyta, að þar sé á ferðinni heil ráðstefna án þess að samgönguyfirvöld og yfirvöld ferðamála komi að. Það er talandi dæmi um samstarfið í þessari ríkisstjórn.

Hæstv. ráðherra talar um að við afgreiðum þetta áreiðanlega snaggaralega í nefndinni. Það eru svo margir þættir sem þarf að skoða hér að ég leyfi mér að efast um að hægt verði að afgreiða það mjög snaggaralega. En auðvitað munum við taka fast á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:04]

Útbýting þingskjala:

Endurreisn Þingvallaurriðans, 958. mál, fsp. MÞH, þskj. 1471.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 736. mál, nál. félmn., þskj. 1458.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 829. mál, nál. félmn., þskj. 1474.

Sívinnsla við skil skattframtala, 951. mál, þáltill. VF o.fl., þskj. 1461.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 683. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1463.

Vátryggingarsamningar, 3. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1358, brtt. 1316.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn flugslysa, 3. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 1357, frhnál. 1404.

[16:05]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar framhaldsnefndarálit um frv. til laga um rannsókn flugslysa frá samgn. Eins og ég gat um í framsögu minni varðandi nefndarálitið eftir 2. umr. þá komu í ljós nokkur atriði sem við þurftum að fjalla betur um. Það hefur verið gert og sett fram í framhaldsnefndaráliti með tillögu um breytingu frá samgn.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umr.

Nefndin ræddi á fundi sínum tvö atriði sem hún fékk fyrirspurnir um eftir að hún hafði mælt fyrir nefndaráliti í 2. umr. Það fyrra var verkaskipting innan rannsóknarnefndar flugslysa og samstarf nefndarinnar og forstöðumanns og þá sérstaklega hvað varðar störf á slysavettvangi og skýrslugerð. Það var niðurstaða nefndarinnar að ákvæði frumvarpsins eins og þau eru eftir 2. umr. séu nægilega skýr hvað þetta varðar og veiti rannsóknarnefndinni jafnframt nokkurt svigrúm til að móta störf sín. Þannig útiloki ákvæði frumvarpsins ekki að nefndarmenn fari á vettvang og taki þátt í rannsókn þó svo að forstöðumaður gegni starfi rannsóknarstjóra.

Síðara atriðið varðar vörslu gagna. Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þannig að rannsóknarnefnd flugslysa verði ekki heimilt að láta loftfar eða hluta þess af hendi nema að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna og annarra, svo sem lögreglu. Nefndin leggur ekki til ákveðin tímamörk varðandi vörslu þessara gagna heldur vill nefndin með breytingunni leggja áherslu á að gögnum verði ekki eytt eða þau látin af hendi nema að vel athuguðu máli.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„1. mgr. 15. gr. orðist svo: Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna og lögreglu, sbr. 2. mgr. 2. gr., sem og annarra, hvenær hún lætur af hendi loftfar eða hluta þess, svo og önnur gögn sem hún hefur tekið í sína vörslu.“

Hv. þm. Jóhann Ársælsson skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álit þetta rita auk mín: hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson og Guðjón A. Kristjánsson.

[16:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nefndin lagði töluverða vinnu í þetta mál. Ég held að segja megi að þar hafi farið fram ágætisumfjöllun. Málið fékk ítarlega meðferð í þinginu síðasta vetur og ég tel að það sé að flestu leyti prýðilega unnið. Auðvitað á eftir að koma í ljós í framhaldinu hvernig reynist.

Eitt atriði hafði ég þó helst í huga og var ástæða fyrir fyrirvara mínum. Mér fannst það koma fram við meðferð málsins að þeir sem um það hafa fjallað og almennt hugsað þessi mál líti svo á að ríkjandi gangur mála þegar slys verða sé að eingöngu flugslysanefnd fáist við rannsókn slíkra mála.

Nefndin fékk umsögn, bréf sem Bogi Nilsson sendi sem ekki var hægt að misskilja. Ég tel skýrt að sú afstaða hljóti að gilda hvað varðar slys ef lögreglan kýs og ákveður að hefja rannsókn. Þegar lögreglan hefur tekið ákvörðun um slíkt þá hefur hún ráðin á vettvangi, þ.e. ræður vettvangi þegar rannsókn fer fram.

Þau tjöld sem draga á milli flugslysanefndar og annarra aðila með því lagafrv. sem hér liggur fyrir eru það þykk, finnst mér, að það hljóti að vera hlutverk lögregluyfirvalda að taka ævinlega afstöðu til þess í hverju einasta tilviki hvort sérstök rannsókn lögregluyfirvalda fari fram. Þetta er að mínu viti mjög mikilvægt að menn hafi í huga.

Ég vil gera grein fyrir afstöðu minni til þessa hér. Ég mun ekki bera fram breytingartillögu eða gera annað hvað málið varðar en að benda á og lýsa yfir að ég lít þannig á að ef lögregluyfirvöld ákveða að fara skuli fram rannsókn þá sé það lögreglan sem ræður vettvangi. Auðvitað hleypir hún flugslysanefnd að þeim vettvangi en eins og Bogi Nilsson benti á í bréfi sínu til nefndarinnar er það skoðun hans að þessu sé þannig farið.

Ég vil endurtaka að við umfjöllun málsins fannst mér sem ýmsir litu öðruvísi á þetta, þ.e. að flugslysanefnd væri ævinlega sá aðili sem réði vettvanginum og að gögn sem flugslysanefnd fengi í hendur væru undanþegin rannsóknninni.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég tel ástæðu til að það sé skýrt að lögregluyfirvöld hljóta að vera sá aðili sem ræður vettvangi og hleypir flugslysanefnd að eftir atvikum þegar rannsókn hefur náð þeim árangri sem þeir telja þörf á áður en aðrir geta fengið aðgang að vettvangi.

Hvað varðar aðgang að gögnum sem flugslysanefnd hefur tekið í vörslu sína held ég að það sé ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því að lögreglan fái ekki aðgang að slíkum gögnum, að öðru leyti en því sem lagafrumvarp þetta kveður á um að þau skuli vera undanskilin. Að vísu erum við líklega að ganga lengra en gert hefur verið annars staðar hvað varðar slík gögn sem ekki verða þá til reiðu fyrir lögreglurannsókn. Það á auðvitað eftir að koma í ljós hvort við göngum lengra en æskilegt er í því efni.

[16:14]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Hér er lagt fram framhaldsnefndarálit um frv. til laga um rannsókn flugslysa sem gerð hefur verið grein fyrir. Ég tel að það hafi verið mjög æskilegt að fara vel yfir málið á milli 2. og 3. umr., sérstaklega það ákvæði sem snýr að rannsóknarnefnd flugslysa og þeirri breytingu sem gerð er á nefndinni með fækkun úr fimm í þrjá. Eins er hugað að aðkomu forstöðumanns nefndarinnar að rannsókn flugslysa og hvernig greint er á milli rannsóknaraðila og annarra nefndarmanna.

Ég sagði hv. formanni nefndarinnar við 2. umr. að ég tæki undir áhyggjur núverandi nefndarmanna í rannsóknarnefnd flugslysa, að með þessari breytingu, þ.e. að fækka nefndarmönnum úr fimm í þrjá, væri hugsanlega valinn dýrari leið

en farin er í dag þó að stjórnsýslulega sé þessi breyting rétt, að hafa formann nefndarinnar ekki starfsmann nefndarinnar.

Í framhaldsnefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi á fundi sínum tvö atriði sem hún fékk fyrirspurnir um eftir að hún hafði mælt fyrir nefndaráliti í 2. umr. Það fyrra var verkaskipting innan rannsóknarnefndar flugslysa og samstarf nefndarinnar og forstöðumanns og þá sérstaklega hvað varðar störf á slysavettvangi og skýrslugerð. Það var niðurstaða nefndarinnar að ákvæði frumvarpsins eins og þau eru eftir 2. umr. séu nægilega skýr hvað þetta varðar og veiti rannsóknarnefndinni jafnframt nokkurt svigrúm til að móta störf sín. Þannig útiloki ákvæði frumvarpsins ekki að nefndarmenn fari á vettvang og taki þátt í rannsókn þó svo að forstöðumaður gegni starfi rannsóknarstjóra."

Ég tel að ef þetta er skilningur sem nefndarmenn eru sammála um, að stjórnendur geti tekið þátt í rannsókn ef þess þurfi með, þá sé það af hinu góða. Við höfum ekki svo marga sérfræðinga á þessu sviði.

Herra forseti. Ég tel að þetta frv. hafi fengið góðan undirbúning og sé vel unnið. Það var farið vel yfir það og verður í raun að láta reynsluna leiða í ljós hvort við stígum með því rétt skref. Við verðum að gefa nýju fyrirkomulagi tækifæri til að sanna sig. Ég tel að með þessari breytingu sem gerð er á 15. gr. standi þetta allt til bóta. Ég tel að við komumst ekki mikið lengra með vinnslu á þessu máli.

[16:18]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Það er rétt eins og fram hefur komið hér og áður í umræðu um frv. um rannsókn flugslysa að á milli þinga var verulega mikið og vel unnið í málinu og allmikil sátt um það. Það var hins vegar eðlilegt að þingmenn litu á fækkunina sem varð í flugslysanefndinni úr fimm í þrjá og hefðu nokkrar áhyggjur af því en þannig háttaði til að tveir af fimm fyrrverandi nefndarmönnum voru starfsmenn nefndarinnar. En því ákvæði er nú breytt. Ég hef rætt nokkuð við þá aðila sem eru næstir flugslysanefndinni og þeir, eins og hv. þm. Þuríður Backman kom inn á, sjá að þarna er stigið það skref sem fékk allmikla umræðu í nefndinni, þ.e. hvort það hefði skaðleg áhrif fyrir starfsemi rannsóknarinnar að með því ákvæði sem við komum hér að sé nokkuð stigið skref til sátta í því máli og hægt að kalla aðra nefndarmenn til ef svo óheppilega vildi til, sem maður vonar náttúrlega að aldrei verði, að fleiri en eitt slys, flugslys, yrðu á sama tíma.

Hvað varðar það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á sem snýr að lögregluranssókn máls þá er eins og kemur fram í breytingunni lögreglan alltaf nærhendis þegar flugslys verður til þess að koma inn í málið í fyrstu atrennu rannsókna ef fyrir liggur að eitthvað sakhæft hafi gerst varðandi flugslysið. En ég skil mætavel það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á eftir þá umræðu sem varð hjá nefndinni við heimsókn ríkislögreglustjóra og athugasemdir hans, en með virkni laga um ólögmæta hætti hvað það áhrærir þá er tekið á því hér með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (heildarlög). — Þskj. 1136, frhnál. 1383, brtt. 1384.

[16:21]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frhnál. og brtt. um frv. til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda frá umhvn.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umr. Eins og fram kom í áliti nefndarinnar um málið barst fjöldi athugasemda við málið og lagði nefndin mikla vinnu í að fara yfir þær. Nefndin taldi rétt að taka afstöðu á ný til nokkurra atriða og hefur að því loknu ákveðið að leggja til frekari breytingar á málinu.

Nefndin lagði til þá breytingu á 16. gr. í þskj. 1076 að felld yrði brott tillaga frumvarpsins um að í stað ábyrgðartryggingar verði þeim sem undir ákvæðið falla heimilt að leggja fram aðrar tryggingar sem Umhverfisstofnun metur fullnægjandi. Við fyrri umfjöllun nefndarinnar leitaði hún upplýsinga um hvaða aðrar tryggingar gætu fallið þarna undir en fékk ekki nægilega skýr svör. Nú hafa nefndinni borist þær upplýsingar að í sambærilegri atvinnustarfsemi erlendis hefur tíðkast að fyrirtæki hafi sameinast um að koma á fót svokölluðum bótasjóðum sem er ætlað það hlutverk að greiða tjón sem verða vegna starfsemi einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina. Nefndin telur rétt að aðilum hér á landi sé gert kleift að velja aðra leið en að taka ábyrgðartryggingu telji þeir það henta betur. Leggur nefndin til að það verði hlutverk Umhverfisstofnunar að meta hvort sú trygging sem viðkomandi aðili leggur fram sé fullnægjandi auk þess sem sett verði frekari ákvæði um það í reglugerð hvaða aðrar tryggingar verði metnar gildar.

Þá kom til umfjöllunar 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um móttöku á olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar það kemur til hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip eða skipaviðgerðarstöðva. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Hins vegar er lögð til skilgreining á hleðslustöð í 3. gr. frumvarpsins. Það er mat nefndarinnar að óþarfi sé að skilgreina hana sérstaklega og er lagt til að skilgreiningin verði felld brott. Við umfjöllun málsins komu fram ítrekaðar ábendingar um að skilgreiningin væri það víðtæk að hægt væri að skilja hana þannig að gera þyrfti breytingar á aðstöðu í öllum hleðslustöðvum á landinu þótt ekki væri ætlunin að losa þar olíublandaða kjölfestu eða annan olíuúrgang. Í gildandi reglugerð hefur verið kveðið nánar á um kröfur til móttökustöðva í höfnum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sami háttur verði hafður á. Leggur nefndin áherslu á að ákvæða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, þar á meðal MARPOL, verði gætt við framkvæmd laganna.

Einnig var rætt um hvernig bregðast ætti við því þegar stór skip stranda hér við land og hvort ástæða væri til að setja ákvæði í frumvarpið sem heimili að gripið verði til aðgerða eins og að dæla úr þeim olíu eða öðrum farmi ef það mætti verða til þess að auðveldara væri að losa þau af strandstað. Miklir hagsmunir geta verið í húfi og telur nefndin að slíkar aðstæður geti verið fyrir hendi að heimila megi losun í sjó af þessum sökum. Það skal þó aðeins gert að vel athuguðu máli og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á viðkomandi heilbrigðisnefndar. Leggur nefndin því til að heimilt verði að veita undanþágu frá ákvæði 8. gr. um losun í sjó en leggur jafnframt mikla áherslu á að þessu

ákvæði verði beitt með ýtrustu varúð og aðeins í algerum neyðartilvikum. Jafnframt leggur nefndin til að ráðherra geti bundið heimildina skilyrðum, t.d. um að olía sem heimilað er að losa í sjóinn sé hreinsuð eða að gripið verði til annarra nauðsynlegra aðgerða til mótvægis.

Að síðustu leggur nefndin til að fylgiskjölum I og II verði breytt í viðauka I og II.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Umhvn. er einróma í áliti sínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vatnsveitur sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 576. mál (heildarlög). — Þskj. 867.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 570. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 860, nál. 1303 og 1378, brtt. 1304 og 1379.

[16:27]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, sem er 570. mál þingsins á þskj. 1303.

Í nál. er greint frá þeim gestum sem nefndin fékk á sinn fund og jafnframt þeim aðilum sem sendu nefndinni umsögn vegna málsins. Um efni frv. má segja að í fyrsta lagi byggist það að hluta til á tillögum samráðshóps um málefni eldri borgara frá því í nóvember 2002 og jafnframt á tillögum vinnuhóps heilbr.- og trmrh. frá því í maí 2003.

Í frv. er m.a. lagt til það nýmæli að heimilt verði að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili sem aðrir en ríkið hafa byggt fyrir aldraða. Í frv. segir að húsaleiga sem greidd er með þessum hætti skuli teljast ígildi stofnkostnaðar. Einnig er lagt til að heimilt verði að greiða úr sjóðnum framlög til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, þ.e. annars vegar er nýmæli með leiguna og hins vegar er kveðið á um að heimilt sé að greiða viðhaldið.

Í 1. efnismgr. 2. gr. frv. er lagt til að heimilt verði að verja fé úr Framkvæmdasjóðnum til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum. Þetta er sama regla og kveðið er á um í gildandi lögum. Talsmenn eldri borgara hafa lagt á það áherslu í samráðsvinnunni að hætt verði að verja fé úr sjóðnum til reksturs og í greinargerð með frv. kemur fram að gert er ráð fyrir að hætt verði að verja fjármagni úr sjóðnum til reksturs í áföngum á tímabilinu 2004–2008. Bendir meiri hlutinn á að þegar hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt með því að lækka rekstrarlið Framkvæmdasjóðsins um 45 millj. kr. í fjárlögum þessa árs.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á frv. Fyrst er til að telja breytingar á 3. efnismgr. 2. gr. frv. sem fela í sér að heimilt verði að veita undanþágu frá því að útboð hafi farið fram til að Framkvæmdasjóðnum sé heimilt að greiða leigu fyrir hjúkrunarheimili sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Með þessari tillögu að breytingum á frv. er átt við að stofnanir sem hafa notið ríkisframlags en vilja gera breytingar á húsnæðinu sem eru til þess fallnar að gera rekstur þeirra hagkvæmari geti fengið stuðning til þess án þess að útboð fari fram. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þó megi í þessum tilvikum aðeins veita undanþágur þegar telja verður að sérstakar aðstæður mæli með því, t.d. þegar rekstraraðili hyggst stækka hjúkrunarheimili sem þegar er starfrækt eða þegar um er að ræða minni háttar breytingar, ekki byggingu frá grunni. Jafnframt verður að liggja fyrir það mat að útboð leiði ekki til lægri húsaleigukostnaðar fyrir ríki og sveitarfélög.

Í frv. er lagt til að taki sveitarfélög þátt í kostnaði við uppbyggingu hjúkrunarheimilis skuli hann aldrei vera minni en 15%. Þetta er sama hlutfall og kveðið er á um í lögum um heilbrigðisþjónustu þegar ríki og sveitarfélög byggja saman hjúkrunarheimili. Þegar miðað hefur verið við kostnaðarskiptingu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu hefur framkvæmdin alltaf verið þannig að 40% hafa verið fengin úr Framkvæmdasjóði aldraðra og verið talin ríkisframlag og síðan hefur viðbótarframlag ríkisins verið greitt af fjárlögum. Meiri hlutinn vill leggja áherslu á í nál. að frv. breytir ekki þeirri framkvæmd sem lög um heilbrigðisþjónustu kveða á um. Þá tekur meiri hlutinn fram að í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar en ríki og sveitarfélög, t.d. sjálfseignarstofnanir, hyggjast byggja hjúkrunarheimili tekur sveitarfélag eðli málsins samkvæmt ekki þátt í kostnaði við byggingu þess nema það hafi áður veitt samþykki fyrir þátttöku í kostnaði. Við umfjöllun málsins í hv. heilbr.- og trn. greindu fulltrúar ráðuneytisins frá því að ráðherra veitir ekki framkvæmdaeða rekstrarleyfi ef sveitarfélag hefur ekki samþykkt að greiða þann hluta sem kveðið er á um í umsókn um byggingu hjúkrunarheimilis. Í nál. bendir meiri hlutinn jafnframt á fylgiskjöl sem fylgdu frv. þar sem þetta kemur ótvírætt fram. Jafnframt til þeirrar framkvæmdar að það er þjónustuhópur aldraðra á viðkomandi starfssvæði sem þarf að útbúa þarfagreiningu sem fylgir umsókn þannig að til grundvallar veitingu leyfis liggi alltaf fyrir ótvíræð þörf fyrir byggingu á því svæði.

Af þeim fylgigögnum sem fylgdu frv. sem vísað er til í nál. er ljóst að það er að stórum hluta á forræði sveitarfélagsins hvort ráðist verður í byggingu hjúkrunarheimilis eða ekki.

Til samræmis við þetta leggur meiri hlutinn til breytingu á 3. efnismgr. 2. gr. frv. þar sem kveðið er skýrar á um að samþykki sveitarfélagsins fyrir þátttöku í kostnaði þurfi að liggja fyrir áður en farið er í uppbyggingu hjúkrunarheimila sem aðrir en ríki eða sveitarfélög standa að.

Eins og áður er getið er lagt til í frv. að fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði m.a. varið til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Við umfjöllun í nefndinni um þessa tillögu kom fram að það hafa ekki verið nægilega skýrar reglur um hvort viðhald skuli greitt af Framkvæmdasjóði aldraðra eða hvort það falli undir eðlilegan kostnað við rekstur hjúkrunarheimilis og því er mismunandi hvernig staðið hefur verið að verki og hvernig greiðslu kostnaðar hefur verið háttað. Meiri hlutinn vill í tilefni af þessu leggja áherslu á að af hálfu ráðuneytisins verði kveðið

skýrar á um hvað falli undir viðhald sem greitt er úr Framkvæmdasjóðnum þannig að ekki sé um einhverja mismunun í framkvæmdinni að ræða þegar kemur að viðhaldinu.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á 1. gr. frv. þar sem fjallað er um skipan samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Þar kemur fram að ráðherra skipi tvo án tilnefningar og að annar starfsmaðurinn sé starfsmaður tiltekins málaflokks í ráðuneytinu. Það er mat meiri hlutans í heilbr.- og trn. að ekki sé rétt að binda hendur ráðherrans með þessum hætti. Meiri hlutinn leggur til að ráðherra verði heimilt að skipa í nefndina án þess að skipulag ráðuneytisins á hverjum tíma hafi áhrif þar á.

Með frv. eru lögð fram sem fylgiskjöl drög að reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra og drög að eyðublöðum fyrir umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra ásamt skilmálablöðum og flæðiritum. Meiri hlutinn telur það til merkis um góð vinnubrögð að slík gögn séu lögð fram til frekari skýringar á framkvæmd ráðuneytisins á frv., ef að lögum verður. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álitið ritar sú sem hér stendur ásamt hv. þingmönnum Drífu Hjartardóttur, Pétri H. Blöndal, Dagnýju Jónsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Brynju Magnúsdóttur. Tvær síðasttöldu rita undir með fyrirvara.

Sigríður A. Þórðardóttir og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[16:36]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum, frá minni hluta heilbr.- og trn. á þskj. 1378, 570. mál.

Ég tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. um málefni aldraðra séu til bóta og hafi verið vel unnar í heilbr.- og trn. þó að ég hafi ástæðu til að leggja fram sérstakt nál. þar sem nokkrir þættir standa út af og ég get ekki tekið undir.

Frumvarpið byggist m.a. á tillögum samráðshóps um málefni eldri borgara frá nóvember 2002 og tillögum vinnuhóps heilbr.- og trmrh. frá maí 2003. Ánægjulegt er að tekið sé mið af vinnu þessara hópa við vinnslu frv. og komið til móts við brýna þörf fyrir vistunarþjónustu aldraðra, sérstaklega hjúkrunarrými.

Eins og kunnugt er þá er ákvæði um hjúkrunarheimili að finna í tvennum lögum, annars vegar lögum um heilbrigðisþjónustu og hins vegar lögum um málefni aldraðra. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu byggir ríkið sjúkrahús, þar með talin hjúkrunarheimili, sem byggð eru í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum til ákveðinna heilbrigðisstofnana. Þá er sveitarfélögum skylt að láta slíkum byggingum í té byggingarlóð og greiða 15% af stofnkostnaði þeirra.

Í lögum um málefni aldraðra er að finna mjög ólík ákvæði en þau kveða á um að aðilar sem hafi áhuga á að byggja hjúkrunarheimili fyrir aldraða geti fengið til þess ákveðna styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Til byggingar hjúkrunarheimila samkvæmt þessu ákvæði hafa verið veittir styrkir sem nema 40% af stofnkostnaði en framkvæmdaaðilar hafa fjármagnað 60% kostnaðarins.

Í því frv. sem hér um ræðir á að opna fyrir fjölbreyttari rekstrarform en tíðkast hefur og er með því að mati minni hlutans verið að taka stórt skref til frekari einkareksturs öldrunarþjónustunnar en verið hefur. Að undangengnu útboði verður Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt verður að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Þessi tilhögun opnar fyrir enn frekari einkarekstur í öldrunarþjónustunni en í fylgiskjali II með frv. er í raun enginn greinarmunur gerður á rekstri einkaaðila, félaga eða sveitarfélaga við fjármögnun húsnæðis.

Minni hlutinn telur að öldrunarþjónustuna eigi ekki að reka í hagnaðarskyni og á markaðslegum forsendum og því væri réttast að hafa ákvæði um hámarksarð í öldrunarþjónustu einkaaðila eða félaga. Krafa markaðsafla um arð og gróða eiga ekki við í öldrunarþjónustu frekar en á öðrum sviðum heilbrigðismála.

Gagnrýni forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga á frv. ber að taka alvarlega en þeir hafa m.a. gagnrýnt að það skuli hafa verið unnið án samráðs við þá. Gagnrýnin er enn alvarlegri í ljósi þess að í umboði ríkisstjórnarinnar er nú að störfum verkefnisstjórn á vegum félmrh. í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins auk tekjustofnanefndar og sameiningarnefndar sveitarfélaga. Er þessari verkefnisstjórn m.a. ætlað að koma með tillögur um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Einnig er að störfum á vegum heilbrrh. starfshópur með fulltrúum ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að skoða breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilsugæslu, rekstri sjúkrahúsa, öldrunarþjónustu o.fl. Slík endurskoðun er nauðsynleg og minni hlutinn telur rétt að samræma og skýra verklagsreglur um kostnaðarskiptingu. Þessari endurskoðun er hins vegar ekki lokið og rétt að bíða þess að niðurstöður hennar liggi fyrir. Með hliðsjón af því telur minni hlutinn að halda eigi ákvæðum um kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga í byggingu og rekstri hjúkrunarheimila þessara aðila óbreyttum í lögum um heilbrigðisþjónustu, þ.e. að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga sé áfram 15% á móti 85% hlutdeild ríkisins, en taka það ákvæði ekki einnig upp í lögin um málefni aldraðra á þessu stigi málsins. Þrátt fyrir þann ásetning sem fram kemur í breytingartillögum meiri hlutans um að ekki sé um lögboðið framlag sveitarfélaga að ræða til byggingar einka- og sjálfseignarstofnana má telja líklegt að mjög mikill þrýstingur verði á sveitarfélögin að greiða a.m.k. 15% byggingarkostnaðar, leigu og rekstrarkostnað allra hjúkrunarheimila í viðkomandi sveitarfélagi ef ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu verða sett inn í lög um málefni aldraðra. Þrýstingur væntanlegra rekstraraðila gæti gert valkost sveitarfélaga að engu. Í samræmi við fyrrgreint leggur minni hlutinn til að 3. efnismgr. 2. gr. frv. falli brott.

Loks er þess að geta að rekstur hjúkrunarheimila er ýmist greiddur af fjárlögum eða samkvæmt daggjaldagreiðslum. Ágreiningur hefur verið milli stofnana og heilbrrn. um ákvarðanir ráðherra um fjárhæð daggjalda og eðlilegt má því teljast að komið verði á samráðsvettvangi heilbrrh., Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu um fjárhæð daggjalda. Þá leggur minni hlutinn áherslu á að mikilvægt er að tryggja fagþekkingu um málefni aldraðra og því rétt að halda inni ákvæði um að annar fulltrúi ráðherra hafi slíka þekkingu. Þess vegna styður minni hlutinn ekki brtt. meiri hlutans þar sem þessu ákvæði gildandi laga er breytt.

Herra forseti. Eins og kemur fram í nál og ég nefndi áðan er með brtt. meiri hluta heilbr.- og trn. verið að gera það skýrt

að sveitarfélögin séu ekki skyldug til þess að greiða 15% þátttöku í uppbyggingu hjúkrunarheimila á vegum einkaaðila eða annarra, en á móti ríkinu. Ég tel, eins og fram kom í framsögu minni, að þrátt fyrir að þetta komi fram hjá meiri hluta heilbr.- og trn. verði mjög erfitt fyrir sveitarfélögin að koma sér undan beinni þátttöku ef þetta stendur svona inni. Þrýstingurinn mun verða mikill og það er erfitt að standa gegn slíkum þrýstingi þegar einkaaðilar eða félagasamtök telja sig geta bent á að viðkomandi sveitarfélag standi gegn uppbyggingu ákveðins hjúkrunarheimilis.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að það á ekki að fara í byggingu nýrra hjúkrunarheimila nema að undangenginni könnun á þarfagreiningu á nýjum byggingum og frekari þjónustu. Eftir sem áður þekkjum við öll að það er jafnerfitt fyrir sveitarfélögin og ríkið að standa gegn ákveðnum þrýstingi frá félagasamtökum sama hver þau eru.

Ég tel að á þessu stigi eigi bara að sleppa þessu og taka ekki slíkt ákvæði inn í lögin og hafa þetta eins og það er í dag. Ákvæðið á skilyrðislaust við þegar ríki og sveitarfélög byggja saman. Fram til þessa, það á aðallega við um höfuðborgarsvæðið, hafa verið byggð hjúkrunarheimili, bæði einkarekin og á vegum félagasamtaka, þar sem rekstraraðilar hafa fundið sér samstarfsvettvang eða samstarfsaðila. Stundum hafa það verið sveitarfélögin, stundum ekki. Þetta hefur verið alveg frjálst og í raun og veru ekki beinn þrýstingur á sveitarfélögin að vera þátttakendur. Ég tel að þannig eigi það að vera áfram, a.m.k. þar til búið er að ljúka þeirri vinnu sem nú stendur yfir milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Hvað varðar önnur atriði í frumvarpinu þá er reynt að skýra betur hvað útboð er, í hverju það felst. Ég tel að ef maður skoðar málið betur megi í raun deila um hvort það er nógu skýrt í frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna. Hins vegar er ljóst að ef t.d. einkaaðili eða félagasamtök hafa áhuga á að byggja hjúkrunarheimili og viðkomandi aðilar hafa hugmyndir um með hvaða fyrirkomulagi eigi að reka það þá verður ekki gefin heimild fyrir byggingu frekari hjúkrunarheimila nema þarfagreining liggi fyrir, eins og ég sagði áður. Eins þarf heimild hjá heilbrrh. fyrir því að fara í slíka vinnu, þ.e. byggingu hjúkrunarheimilis. En verður það útboð byggt á teikningum og hugmyndafræði viðkomandi aðila eða geta útboð þýtt að stór verktakafyrirtæki komi með alútboð, teikningar sínar og hugmyndir að grunni hins nýja hjúkrunarheimilis? Ég held að þetta sé ekki alveg ljóst þegar maður les textann yfir og útboð gæti hugsanlega þurft að skýra betur en gert er í frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Ég tel að að mörgu leyti sé frv. til bóta þótt, eins og ég sagði í upphafi, en það opni fyrir frekari einkarekstur öldrunarþjónustunnar. Ég er mótfallin þeirri þróun. Eins tel ég að á hið nýja fyrirkomulag með leigukjör sé komin fremur lítil reynsla þótt vissulega geti það, a.m.k. tímabundið, aukið framboð á húsnæði og þjónustu, í þessu tilfelli öldrunarþjónustu en það getur líka gilt um háskóla og rannsóknarstofnanir eins og við þekkjum. Það á eftir að fá reynslu af þessu fyrirkomulagi og leigukjörin eru með misjöfnum hætti. Ég tel af og frá að það verði nokkrum til hagsbóta, þá allra síst ríkissjóði, verði gengið þannig frá samningum að viðkomandi rekstraraðili, að sá sem leigir út húsnæði, sé eigandi viðkomandi húsnæðis eftir umsaminn leigutíma þar sem leigukjörin eiga að taka til ákveðins árafjölda og inn í þann árafjölda á að vera reiknaður byggingarkostnaður byggingarinnar. Ég tel að í öllum tilfellum eigi sá sem leigir eignina á kjörum sem reiknast sem stofnkostnaður að vera eignaraðili að leigutíma loknum.

Herra forseti. Ég hef mælt fyrir nefndarálitinu og fyrir breytingartillögunni sem ég nefndi áðan. Hún er á þskj. 1379, 570. mál. Ég legg þar til að 3. efnismgr. 2. gr. falli brott, þ.e. ákvæði um 15% þátttöku sveitarfélaganna.

[16:51]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir ágætt samstarf við málið í hv. heilbr.- og trn. eins og við svo mörg önnur. En vegna orða hv. þm. um ýmsar nefndir sem væru að störfum, ýmist á vegum heilbrrh. og ráðuneytisins og félmrh. — þær eru að skoða samstarf ríkis og sveitarfélaga og þingmaðurinn lýsti því hér yfir að hún væri hlynntari því að við biðum með þetta frv. og það sem það felur í sér þangað til því nefndastarfi væri lokið — þá verð ég að árétta að með frv. þessu er m.a. farið að tillögum sem byggja á samráði við Samtök aldraðra og samkomulagi sem gert var í því sambandi.

Við megum ekki horfa fram hjá hinni miklu þörf fyrir að byggja upp hjúkrunarheimili. Hún er ekki síst mjög rík á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit að hv. þm. er eins og mér fullkunnugt um hve mikil þörfin er. Mörg okkar vildu fyrr en seinna ráðast í að minnka þann vanda sem við horfum fram á hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit að vandinn er líka annars staðar en hann er mikill hér og okkur er mikið kappsmál að þeirri uppbyggingu ljúki sem fyrst sem gæti mætt þeirri miklu þörf. Ég leyfi mér að vera ósammála hv. þm. um að aðstæður séu þannig á þessu landsvæði að það sé einfaldlega hægt að bíða eftir því að nefndarstarfinu ljúki.

Að auki vildi ég, herra forseti, inna hv. þm. eftir orðalagi í nefndarálitinu þar sem hún talar um 15% byggingarkostnaðar, leigu- eða rekstrarkostnaðar, sem hún telur að sveitarfélögin geti lent undir þrýstingi með að taka þátt í. Ég get tekið undir það að spurningin er um 15% byggingarkostnað og frumvarpið gengur út á að heimilt sé að greiða leigu en rekstrarkostnaðurinn sem nefndur er kemur svolítið spánskt fyrir sjónir.

[16:53]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg alls ekki til að þetta frv. sé lagt til hliðar þar til allar þessar samstarfsnefndir hafi lokið störfum, eingöngu sá hluti sem hægt er að túlka sem aukaálag á sveitarstjórnir, þ.e. þrýsting á sveitarstjórnir með því að borga 15% af byggingarkostnaði annarra hjúkrunarheimila en byggð eru í samstarfi sveitarfélaga og ríkisins. Ég legg til að það ákvæði sé fellt út þar sem ég óttast að ef ágreiningur verður um ákvæðið þá geti það hreinlega sett samstarfsnefndir í uppnám, þ.e. þá vinnu sem nú er í gangi varðandi verka- og tekjuskiptingu sveitarfélaga og ríkis.

Vissulega er þörf á uppbyggingu. Hún er mjög brýn á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. þar sem fjöldinn býr, en hún er líka talsverð víða um land. Einnig má horfa til þess að mikið af þeim vanda sem við búum við hvað varðar þjónustu við aldraða má leysa með meiri heimaþjónustu bæði með hjúkrun og með heimaþjónustu sveitarfélaganna. En til þess þurfa bæði heilsugæslan og sveitarfélögin að fá meiri tekjur. Ég tel miklu vænlegra að leggja ríkari áherslu á heimaþjónustuna í stað þess að einblína á uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Hér kom fram athugasemd varðandi leiguna. Ég tel að það mál muni einnig geta leitt af sér þrýsting til þátttöku sveitarfélaga.

[16:56]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fá að árétta tvö atriði hér úr ræðustól. Annars vegar leyfi ég mér að fullyrða að enginn af þeim öldruðu einstaklingum sem eru á lista á höfuðborgarsvæðinu, yfir þá sem eru í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými, gæti fengið lausn á vanda sínum með heimahjúkrun. Að öðru leyti vil ég taka undir það að sjálfsagt er að efla heimahjúkrun. Hún er betra, ódýrara og hagkvæmara úrræði fyrir ríkissjóð en hjúkrunarheimilin. Stefnan er sú að á hjúkrunarheimilum séu ekki nema þeir sem ekki er hægt að sinna heima fyrir í heimahjúkrun. Ég hef undir höndum lista yfir þá sem eru í brýnni þörf fyrir pláss á hjúkrunarheimili. Það eru ekki einstaklingar sem til langframa er hægt að veita hjúkrun heima fyrir.

Hitt sem ég vildi halda til haga er að hvergi í þessu frv. og hvergi í umræðunni um þessi mál hefur verið talað um að sveitarfélögin taki 15% þátt í rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Mér virðist því, þegar ég les nál. minni hluta heilbr.- og trn., að það sé til þess fallið að valda misskilningi, bæði um efni frumvarpsins og þær umræður sem fram fóru í nefndinni.

Með þessu frv. á að heimila að borguð verði leiga með sama þátttökuhlutfalli og stofnkostnaðurinn hefur verið greiddur. Það er meginbreytingin með þessu frumvarpi og lýtur ekki á nokkurn hátt að greiðslu rekstrarkostnaðar. Um það eru engin áhöld að sveitarfélögin eigi að taka þátt í honum.

[16:57]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þá einstaklinga sem nú eru á biðlistum eftir hjúkrunarheimilum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, þá hefur hjúkrunarmat farið fram og því rétt að þeir þurfa á hjúkrunarþjónustu að halda. En ef við lítum til framtíðarinnar þá er brýnt að skoða uppbygginguna með það í huga að hægt verði að draga úr hjúkrunarþjónustu á stofnunum. Til þess þarf, eins og ég sagði áðan, að byggja upp heilsugæsluna með fleiri stöðugildum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða og eins að efla félagsþjónustu sveitarfélaganna. Hún gæti sinnt þeim verkum betur og markvissar en er í dag með aukinni heimaþjónustu. Einstaklingar gætu verið miklu lengur heima, meira lasburða en tíðkast hefur.

Hvað varðar rekstrarkostnaðinn þá er það rétt að það er ekki lagt til að sveitarfélögin taki þátt í rekstrarkostnaði. Ég tel hins vegar að með því að hafa umrætt ákvæði inni, sem snertir einkarekstur og rekstur félagasamtaka á hjúkrunarheimilum, sé nær víst að aukinn þrýstingur verði settur á þátttöku sveitarfélaganna á þessu sviði umfram það sem verið hefur.

[16:59]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 816. mál, nál. félmn., þskj. 1475; brtt. JóhS o.fl., þskj. 1476.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, 755. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1464.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 960. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1478.

[17:00]

Brynja Magnúsdóttir:

Herra forseti. Við hv. þm. Margrét Frímannsdóttir skrifum undir nefndarálit meiri hlutans en þó með fyrirvara vegna þeirrar staðreyndar, eins og kom m.a. fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman, að sveitarfélögin telja að ekki hafi verið unnið í samráði við þau og vegna þessarar 15%-klásúlu um byggingarkostnað eða ígildi stofnkostnaðar, til hvors sem horft er, sem sveitarfélög hafa gert athugasemd við. Við höfum reynt að gera það skýrara í frumvarpinu að sveitarfélög þurfi að vera samþykk byggingu hjúkrunarheimila ef þau eiga að taka þátt í kostnaði og mikilvægt er að tryggja að þetta sé unnið í algerri sátt við sveitarfélögin þar sem núna er nefnd að störfum við að skoða breytta verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í heilbrigðisþjónustu. Endurskoðuninni sem fer fram núna er ekki alveg lokið en er hér þó yfir eins og skuggi. Því tel ég stutt í að jafnvel þurfi að endurskoða þessi lög með tilliti til niðurstöðu þeirrar vinnu. Skipting öldrunarþjónustu er nú tvískipt en niðurstaðan gæti verið önnur. Því skrifum við undir nefndarálitið með fyrirvara.

[17:02]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er vissulega alltaf athyglisvert þegar fyrir Alþingi eru lögð frv. um málefni aldraðra og vilji þings og þjóðar stendur til þess að taka á málinu. En þá vill oftar brenna við en ekki að sporið sem stigið er er styttra en ætla mætti. Í ljósi þess að í Reykjavík bíða 360 aldraðir hjúkrunarsjúklingar í mjög brýnni þörf eftir því að komast á hjúkrunarheimili og rúmlega 250 aldraðir í brýnni eða mjög brýnni þörf bíða eftir að komast á vistheimili — sé litið til landsins alls þá er í heildina um rúmlega 1.000 manns að ræða — telja menn rétt að horfa til hjúkrunarheimilisins Sóltúns þar sem útboðsleið var farin og stigið merkilegt skref í nýrri leið öldrunarþjónustu á Íslandi. Í áraraðir höfðu hjúkrunarheimili barist fyrir því að fá réttar greiðslur vegna daggjalda og fá greiðslur vegna húsnæðis. Til þessa hafði ekki verið litið. Líklega þekkist það hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli nema Íslandi að sá viðskiptaháttur viðgangist að kaupandi þjónustu ráði verðinu. En svo er hér. Mér sýnist að með þessu frv. sé verið að stíga enn lengra í þá átt. Í lögunum sagði þó — en breytingartillögurnar gera ráð fyrir því að ráðuneytið ákveði daggjöldin. Áður var sá texti að daggjöldin skyldu vera ákveðin í samráði við hjúkrunarheimilin. Nú er það dottið út og mönnum finnst það bara allt í lagi.

Ég hlýt að spyrja nefndarmenn: Hvernig var farið ofan í þessi mál? Hvernig hugsa menn sér greiðslur daggjaldanna? Það er verið að huga að því, jú, að hægt sé að fara í útboð og bjóða út hjúkrunarheimili með einhverjum ákveðnum hætti. Þetta á sér auðvitað sögu frá síðustu sveitarstjórnarkosningum þegar bæði heilbrrh. og fyrrverandi borgarstjóri komu fram í fjölmiðlum vegna Markholtshópsins og borgarstjóri lofaði 30% framlagi og heilbrrh. 70%. Það átti því ekki að taka neinn byggingarkostnað úr vasa þessara aðila sem vildu byggja. En allt um það. Sóltúnssamningurinn var um margt merkilegur og einkum fyrir það að þar voru komin daggjöld sem voru nærri eðlilegum rekstrarkostnaði. Enn fremur var þar komið verulega til móts við aðila í sambandi við lyf og lyfjakostnað.

Það sem kemur mér hins vegar mest á óvart núna er að í öllum þeim vanda sem blasir við í Reykjavík ætla menn enn þá að stíga sömu skref til úrlausnar þessara mála. Ef

við horfum til hinna Norðurlandanna á sama tíma þá þykir eðlilegt og sjálfsagt að þeir sem gista á hjúkrunarheimilum eða vistheimilum borgi húsaleigu vegna þess að þeir gerðu það áður en þeir komu inn á hjúkrunarheimilin. Á Íslandi eru hins vegar tekin öll fjárráð af þeim öldruðu þegar þeir koma inn á hjúkrunarheimili og þeir hafa nánast ekkert um sín fjárráð að segja. Eðlilega eigum við að horfa til hinna Norðurlandanna, t.d. Danmerkur sem hefur verið í fararbroddi í þessu máli. Þar hafa þeir þennan hátt svona. Þó þú komir inn á hjúkrunarheimili þarf áfram að borga húsnæði fyrir þig og þú átt að gera það sjálfur. Þú átt að halda þínum fjárráðum. Þú átt að halda þinni reisn. Þú átt að vera einstaklingur áfram þrátt fyrir að þú sért kominn inn á dvalarheimili fyrir aldraða eða hjúkrunarheimili.

Síðan hnjóta menn náttúrlega um eitt í öldrunarmálunum, þ.e. að frá landlæknisembættinu kom einhver skilgreining á því hvernig ætti að manna hjúkrunarheimili. Þar starfa hagsmunaaðilar innan veggja og búa til ákveðið prógramm um það að svo og svo marga hjúkrunarfræðinga þurfi miðað við svo og svo marga aldraða sjúka og að eitthvert ákveðið hlutfall lágmarkstímafjölda skuli skila þar í vinnu að lágmarki. Nú má nefna hin Norðurlöndin. Það nýjasta t.d. hjá Dönum núna er að vera með sex til átta manna einingar þar sem tveir aðilar sjá um þessa einstaklinga. Og hvað gera þessir tveir aðilar? Þeir kaupa í matinn, þeir elda, þeir þrífa, þvo gólf og ræsta og hugsa um einstaklinginn nánast eins og hann sé inni á heimili, eins og þeir séu á venjulegu heimili. Það hefur komið mjög á óvart hvernig heimilisandinn allur er.

Auðvitað er hægt að brjóta hjúkrunarheimili upp í sams konar einingar. En ég held að við Íslendingar séum komnir langt fram úr okkur í kröfum um mönnun á hjúkrunarheimilum horfandi t.d. á þessi heimili Dana þar sem einstaklingurinn er og reynir í lengstu lög að halda sér gangandi. Hér er það kannski gert of fljótt, ég segi ekki að leggja hann í rúmið, en það er of fljótt sem það gerist að einstaklingurinn fær ekki að halda reisn sinni og sjálfsbjargarviðleitni. Vitna ég þá til fjármuna. Hvers vegna á að taka fjárráð af öldruðum þó þeir fari á hjúkrunarheimili? Af hverju þarf þetta alltaf að fara í gegnum Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðsgreiðslur mannsins eða einstaklingsins o.s.frv.? Það er eðlilegt að hinn aldraði greiði húsaleigu, hafi fjárráð og fái þjónustu sem hann vill borga fyrir.

Ég nefni sem dæmi að hér er ekkert komið inn á þá þjónustuþætti sem hjúkrunarheimilin eiga að veita. Hvar er til skali um það hvað eigi að gera? Í Reykjavík eru hjúkrunarheimili sem senda ættingjana heim með persónulegan þvott til að þvo. Önnur hjúkrunarheimili sjá um þennan þáttinn. Svo þegar vegið og vigtað er daggjald þá er það gert uppi í ráðuneyti án þess að nokkuð tillit sé tekið þeirrar þjónustu sem veitt er. Mér þykir mjög miður að hér er stigið skref aftur á bak með því að ráðuneytið ákveður daggjöld nánast einhliða. Það gengur ekki þó viðurkennt sé að vinnubrögð í heilbrrn. séu orðin mjög fagleg og breytt frá því sem var. Er það vel. Yfirleitt tala aðilar í öldrunarþjónustunni um að mjög gott samstarf sé við ráðuneytið. En það er bara allt annar kafli heldur en hvernig eigi að fara með.

Þegar athugaðar eru nokkrar umsagnir sem bárust nefndinni þá kemur mér mjög á óvart að ekki skuli hafa verið litið enn frekar til þeirra þátta. Ég nefni t.d. þetta RAI-mat sem á að vera stærri hluti af ákvörðun daggjalda. Við vitum alveg hvernig það er gagnvart þeim heilabiluðu. Þjónustan sem þeim er veitt getur verið miklu meiri en RAI-matið tekur tillit til. Það er hlutur sem þarf að horfa á líka.

Til hvers var verið að fara í þessi lög á annað borð? Hér liggur svo fyrir að verið sé að skoða þessi mál í heild sinni. Af hverju liggur þá á við að drífa út bara útboðsþátt þessara mála? Af hverju liggur svo mikið á?

Ég hefði haldið að það væri eðlilegt og rétt að skoða þessi mál í ljósi breytinganna og þeirra umbreytinga sem hafa orðið í þjónustu við aldraða. Vitna ég þá enn til Norðurlandanna. Þar eru mikil umsvif sem full ástæða er til að athuga.

Síðan er það þetta sem ég talaði um, þ.e. fé vistmanna og líka í sambandi við þessi útboð, í sambandi við skilmálablöðin og fleira í þeim dúr.

Svo er það umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það hlýtur að hafa verið rætt í hv. heilbr.- og trn. hvernig þeir koma nánast bara þvert á málið óafvitandi. Þeir hafa ekkert fylgst með þessu, þ.e. 15%-ákvörðunartöku ráðuneytis eða tillögu ráðuneytisins um greiðslu varðandi þetta mál.

Nei, virðulegi forseti. Við horfum til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Við ætlum honum miklu stærra hlutverk en hann stendur undir í ljósi hinna löngu biðlista sem eru bara t.d. í Reykjavík. Það er alveg ljóst að þó farið verði í útboð sem er allra góðra gjalda vert þá verða ekki stigin þau skref að við leysum málið árið 2010 eins og heilbrigðisáætlunin segir til um, þ.e. að þá skuli ekki vera lengri biðtími fyrir aldraða að komast á hjúkrunarheimili en 90 dagar. Það er alveg ljóst að við náum því markmiði ekki með þessu. En við mundum ná þessu markmiði með hlutdeild aldraðra sjálfra í þessu máli.

Ég er alveg handviss um það að ég mun fá mikil andmæli við því að nefna það hér að eðlilegt sé að hinir öldruðu borgi húsaleigu. Það er eðlilegt þegar þeir eru komnir inn á hjúkrunarheimili. Það er eðlilegt líka að þeir haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu og að peningarnir séu ekki teknir af þeim eins og óvitum. Það er röng stefna. Og það er röng stefna að það skuli enn frekar neglt niður að ráðuneytið ákveði hvað það borgi fyrir þá þjónustu sem því er seld. Það er bara ekki viðunandi í nútímaþjóðfélagi. En allt um það.

Það er vissulega virðingarvert þegar stigið er skref í átt til þess að efla enn frekar málefni aldraðra á sviði hjúkrunarheimila. En því miður sýnist mér að ekki sé verið að stíga það hér. Mér sýnist að verið sé að ganga í þá átt að opna möguleika á útboði. En til hvers? Ég get nefnt sem dæmi að verið er að byggja hjúkrunarheimili við Hrafnistu í Reykjavík, 60 rýma hjúkrunarálmu sem væntanlega verður tekin í notkun núna á sjómannadaginn. Þar kostar rýmið um 13 milljónir. Menn horfa agndofa af undrun og ánægju á Sóltún. Sé rými þar framreiknað til núvirðis erum við að tala um tæplega 18 milljónir. Þar var útboð. Þar átti sér stað útboð.

Ég er ekki að mæla gegn útboðum. En þau geta auðvitað farið alla vega eins og þetta dæmi um Sóltún sýnir greinilega. Eftir að menn hafa unnið um áratuga skeið við uppbyggingu og málefni aldraðra eru þau skref hér stigin að þeir eiga erfitt með, þ.e. sjálfseignarstofnanir og aðrir, að koma að þessu. Svo á að stíga önnur skref með þessum hætti, þ.e. allt óbreytt, greiðsluformið óbreytt, nefskattur í Framkvæmdasjóð aldraðra og ríkið ætlar að halda áfram að byggja. Það er alveg ljóst, það er þumalputtaregla, að byggingarkostnaður hjúkrunarheimilis er ígildi rekstrar þriggja ára. Ríkið á ekki nógu mikið fé til að geta á næstu sex árum byggt næg hjúkrunarheimili til að ekki verði nema 90 daga biðtími, ekki á þennan hátt. Með þátttöku aldraðra hins vegar, sem

mundu örugglega vilja taka þátt í að greiða húsaleigu, lyf, læknishjálp og fæði, mundi ríkið auðvitað geta byggt miklu hraðar en nú er gert.

Að öðru leyti, herra forseti, held ég að ég taki ekki frekari þátt í þessari umræðu nema tilefni gefist til. Ég bendi bara á að okkur er nauðsynlegt að komast úr þessum viðjum vanans í málefnum aldraða hvað varðar byggingu hjúkrunarheimila og reksturs. Margt hefur þar verið vel unnið og margt er þar gott. Á sumum sviðum eru Íslendingar fremri öðrum. Samt er það svo að það eru að gerast hlutir sem eðlilegt er að við skoðum til þess að geta staðið við það sem heilbrrn. hefur sjálft sett fram í stefnumótun til ársins 2010, þ.e. að aðeins skuli vera 90 daga bið. Nú er ástandið slíkt að á þriðja ár tekur að komast á hjúkrunarheimili. Þannig viljum við ekki hafa það.

[17:17]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera stutta athugasemd við ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar.

Þingmaðurinn kom inn á mörg álitaefni varðandi málefni aldraðra, til að mynda breytt greiðslufyrirkomulag, að aldraðir héldu lífeyri sínum þegar þeir færu inn á hjúkrunarheimili og þeir greiddu sjálfir. Hann kom inn á mönnun hjúkrunarheimila og á inntak þeirrar þjónustu sem veitt er á hjúkrunarheimilunum. Einnig kom hann inn á daggjöldin.

Til að forðast allan misskilning vil ég halda til haga í umræðunni að frv. sem við ræðum nú, 570. mál þingsins, varðar ekkert af þessum atriðum sem hv. þm. nefndi. Meginefni frv. og nál. sem við fjöllum um er að heimilt verði að greiða húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem aðrir en ríkið hafa byggt. Frv. byggir einnig á vinnu samstarfshóps aldraðra og er hluti af samkomulagi sem var gert við þá. Meginmarkmið frv., sem ég veit að ég og hv. þm. erum bæði mjög áfram um að náist, er að flýta fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimila. En eins og ég sagði, herra forseti, eru þau mörgu ágætu atriði sem hv. þm. kom inn á og vert er að ræða þess vegna í þennan tíma og annan alls ekki hluti af efni frv.

Mig langar líka að halda því til haga að sú brtt. sem meiri hluti heilbr.- og trn. leggur til við frv., felur í sér að hægt sé að veita undanþágu frá útboðinu. Þessi undanþága sem meiri hluti heilbr.- og trn. leggur til er einmitt hugsuð til að sjálfseignarstofnanir og félög sem þegar hafa byggt hjúkrunarheimili geti fengið samninginn um leigugreiðslur þegar það er metið þannig að það sé hagkvæmara en að láta fara fram útboð. Með undanþágunni er verið að styrkja sjálfseignarstofnanir og félagasamtök sem hafa byggt og rekið hjúkrunarheimili.

[17:20]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Af því að hv. þm. Jónína Bjartmarz vildi halda því til haga hlýt ég að vitna til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Sambandi íslenskra sveitarfélaga kemur það verulega á óvart að á sama tíma og fram fer sameiginleg vinna við endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heilbrigðisþjónustu hafi verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga sem felur í sér grundvallarbreytingar á fjármögnun stofnkostnaðar hjúkrunarheimila og auknum skyldum sveitarfélaga í þeim kostnaði.

Sambandið hafði enga vitneskju um að til stæði að leggja fram slíkt frumvarp ...“

Fram kom í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz áðan að hægt sé að veita sjálfseignarstofnunum sérstaka undanþágu til að þær megi koma að málinu. Sjálfseignarstofnanirnar hljóta að segja: Kærar þakkir. Hvílík gæfa að veitt skuli vera undanþága til þess.

[17:21]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta að frv. gerði ráð fyrir að alltaf skyldi fara í útboð. Að leiga skyldi alltaf vera að undangengnu útboði. En í meðförum hv. heilbr.- og trn. um frv. kom nefndinni saman um að þær aðstæður gætu verið að það væri hagkvæmara fyrir ríkið að sleppa útboðinu, það væri rétt að gera ráð fyrir undanþágu frá útboðsskyldunni í lögunum og heimila að hægt væri að greiða leigu úr Framkvæmdasjóði aldraðra án útboðs. Þá vorum við í heilbr.- og trn. sérstaklega að hugsa til ýmissa sjálfseignarstofnana og félagasamtaka sem þegar hafa byggt og rekið hjúkrunarheimili sem mikill sómi er að.

[17:22]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til glöggvunar og upprifjunar, að þegar Sóltúnsheimilið var boðið út var sjálfseignarstofnunum ekki heimilt að bjóða í Sóltúnsheimilið á grundvelli útboðslaga. Sjálfseignarstofnunum er því óheimilt að bjóða í. Það verður að gerast með þeim hætti að ráðuneytið ákveði að öðruvísi skuli fara með. Svo einfalt er þetta.

[17:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið í andsvari til að taka undir gagnrýni hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar á ákveðna þætti er varða þjónustu við aldraða sem ekki eru í þingmálinu og hefði þurft að taka á. Það varðar annars vegar fjárhagslegt sjálfstæði aldraðra sem ég tel að sé mjög mikilvægt að taka á. Það er óþolandi að fjárráð skuli vera tekin af öldruðum við það að fara inn á hjúkrunarheimili. Það er nokkuð sem þarf að breyta, því það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það, það er lítilsvirðandi fyrir einstakling að þó hann missi heilsuna og þurfi að fara inn á hjúkrunarheimili missi hann fjárráð. Ég veit að þetta fer fyrir brjóstið á mjög mörgum sem lenda í þessari aðstöðu.

Síðan þetta sem hv. þm. nefndi um daggjöldin og þjónustuna sem er verið að veita. Hún er mjög mismunandi og vil ég nefna atriði sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi í 1. umr. um málið, að það þyrfti frekara eftirlit með þeirri þjónustu sem verið er að veita á stofnununum. Það er getið um það í lögunum hvaða þjónustu á að veita, en það er ekki nægt eftirlit með því hvaða þjónustu er verið að veita. Hv. þm. nefndi þetta með þvottinn og það dæmi þekki ég mjög vel. Sums staðar er þveginn persónulegur þvottur, annars staðar ekki og menn þurfa að vera að senda sína nánustu heim með persónulegan þvott o.s.frv. Það væri hægt að nefna ýmis fleiri atriði, en ég vil taka undir þessa gagnrýni og vonast til þess að tekið verði á fjárhagslega sjálfstæðinu sem fyrst og að eftirlit sé með því að sú þjónusta sé til staðar sem getið er um í lögum að skuli veitt.

[17:25]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði í ræðu sinni, en þó ekki allt. Eitt er rétt að í frv. sem hér liggur fyrir er því miður ekki verið að taka á þeim þáttum sem hann nefndi. Það er ekki verið að taka á daggjaldafyrirkomulaginu, þ.e. ekki er verið að auka samráð við þá rekstraraðila sem eru með hjúkrunarheimili, Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsstofnanir.

Það er mikilvægt, eins og ég nefndi í framsögu minni, að koma samráðsnefndinni á og að ákvörðun ráðherra sé ekki einhliða, því allir sem hér starfa vita að vandi hjúkrunarheimilanna er mikill og daggjöldin hafa ekki fylgt þeim kostnaði sem snýr sérstaklega að launakostnaði, lyfjakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði á hjúkrunarheimilunum og þau eru flest í miklum vanda.

Ég vil benda hv. þm. á að það er mikill munur á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum. Ég vil endilega að litið verði til heimahjúkrunar, heimahlynningar, þjónustunnar og þess fyrirkomulags sem hann lýsti í Danmörku, en það lýsir miklu frekar dvalarheimilisfyrirkomulagi en fyrirkomulagi hjúkrunarheimilis og ég vara við því að farið verði að skera niður umönnunarhlutverk á hjúkrunarheimilunum. Það er mjög áríðandi.

[17:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi daggjöldin er alveg rétt að hjúkrunarheimilin og vistheimilin veita mismunandi þjónustu. Það er greinarmunur gerður á því og það vantar ákvæði um það hver lágmarksþjónusta skuli vera og jafnvel hver hámarksþjónusta skuli vera, vegna þess að sum heimili eru komin fram úr sjálfum sér miðað við daggjöldin. Þau eru farin að veita of mikla þjónustu. En er öldruðum nokkurn tímann veitt of mikil þjónusta? Aldrei. Hins vegar er það mat hvers heimilis hve langt er hægt að ganga í þjónustunni miðað við daggjöldin sem greidd eru. Það þarf eftirlit með því, ég er alveg sammála því. En munurinn á milli hjúkrunarheimila og vistheimila er mér alveg ljós.

Þó er tvennt ólíkt hvað áhrærir mönnun hjúkrunarheimila og vistheimila. Ég er samt á því að það þurfi að endurskoða mönnun hjúkrunarheimila. Það speglast kannski best í því að landlæknir gefur út staðla um lágmark hjúkrunarfræðinga sem ráðuneytið hefur ekki samþykkt, en Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gerir þó kröfu í anda þess. Sjúkraliðar gætu t.d. sinnt talsvert meiru en þeir gera í dag langt upp að þekkingu hjúkrunarfræðingsins. En ég ætla ekki að hætta mér út í stéttarfélagsmál, síst við þessa tvo hópa, því það er stórhættulegt og málið mjög vandmeðfarið.

Það má á engan hátt skerða þjónustu aldraðra, en við megum passa okkur á því að fara ekki fram úr okkur fjárhagslega vegna þjónustunnar og mönnunar.

[17:29]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Útboð eru ekki allt. Við björgum ekki öllu með útboði. Sóltún, ég hef stundum sagt Sóltúnsævintýrið, er hjúkrunarheimili sem er sannarlega tryggt fyrir þeim útgjöldum sem það verður fyrir og þeim hækkunum á launaliðum og lyfjum sem önnur hjúkrunarheimili fá ekki greiðslur fyrir. Það má kannski segja að ef hægt væri að tryggja að hjúkrunarheimilin fengju a.m.k. áætlaðan rekstrarkostnað þannig að þau stæðu undir rekstrinum væri það til bóta. Ég mæli aftur á móti ekki með því að verið sé að reikna hámarkságóða af rekstrinum inn í útboðin og reksturinn.

[17:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem gerst hefur varðandi Sóltún er um margt gott. Ég nefni t.d. að nú er farið að greiða sérstakt húsnæðisgjald til hjúkrunarheimila sem ekki var gert áður. Það er gert með tilvísun til húsnæðisgjalds sem Sóltún hefur.

Annað atriði er að þegar aldraðir fóru á sjúkrahús af hjúkrunarheimilum þá duttu daggjöldin niður. Það er farið að taka tillit til þess á hjúkrunarheimilum. Sóltún hefur að mörgu leyti verið leiðandi og opnað fjárhirslur heilbrigðisráðuneytisins til annarra hjúkrunarheimila. Það er vel og vonandi að áfram verði haldið á þeirri braut þannig að aðilum verði ekki mismunað, t.d. í lyfjamálunum.

[17:32]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Ég er ekki á nefndaráliti þessu þar sem ég var fjarverandi við lokavinnslu málsins í heilbr.- og trn. Fulltrúar Samf. skrifa undir álitið með fyrirvara. Hv. þm. Brynja Magnúsdóttir hefur skýrt þá fyrirvara og er óþarfi að hnykkja á þeim.

Að sjálfsögðu vakna spurningar um samráðið við sveitarfélögin, um að setja 15% í þessi lög. Það er kveðið á um þá prósentutölu í öðrum lögum eins og allir þekkja af umræðunni. Fyrirvarinn lýtur að því og eins að útboðinu og rekstrinum. Hins vegar hafa verið gerðar mjög góðar breytingar á frumvarpinu og er það afar vel. Með þeim er reynt að taka af allan vafa um að sveitarfélögin séu ekki skikkuð í hvaða verkefni sem er, detti einhverjum í hug að byggja hjúkrunarheimili.

Mig langar líka til að taka undir margt af því sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði, enda hefur hann gríðarlega reynslu af þessum málaflokki. Þar hafa leiðir okkar legið saman í gegnum sveitarstjórnir og eins varðandi Skjól, Eir og önnur hjúkrunarheimili. Það er afar mikilvægt að jafnstaða ríki milli hjúkrunarheimilanna og úrræðanna. Við á Stór-Reykjavíkursvæðinu vitum að þörfin er gríðarleg. Hér var nefnt að um er að ræða 360 einstaklinga í brýnni og mjög brýnni þörf. Hins vegar er mikilvægt að greina þar á milli þar sem þeir sem eru í mjög brýnni þörf skila sér fyrst og fremst inn á hjúkrunarheimilin. Það er númer eitt, tvö og þrjú.

Fyrir þá sem eru í brýnni þörf gætu komið til önnur úrræði. Þar getur komið til heimahjúkrun og vistheimili. Mig langar líka að taka undir hugmyndir um að skoða það sem er að gerast annars staðar. Við eigum að skoða það sem er að gerast í Danmörku og Þýskalandi og líka það sem er að gerast í Svíþjóð. Þar er mjög ólík þróun þeirri sem hér er.

Við erum að sjálfsögðu, eins og í mörgu öðru, hvort sem það er í jeppum eða þessu, með gríðarlega hátt hlutfall af slíkum plássum á Íslandi. Spurningin er: Hvernig nýtum við þau sem best? Hvernig nýtum við fjármagnið sem best? Hvernig tryggjum við jafna aðkomu? Hvernig tryggjum við að úrræðin gangi þvert á sveitarfélagamörk? Hvernig getum við gert samninga á milli þannig að í raun megi skoða málið í heild? Það sé ég fyrir mér sem næsta verkefni.

Ég hef komið að vinnuhópum í heilbrigðisráðuneytinu þar sem m.a. var fjallað um biðtímann, hve langur biðtíminn eigi að vera. Ég held að enn sé unnið út frá þeirri greiningu sem við unnum. 90 dagar eru í raun frekar stuttur tími út af fyrir sig. Tíminn er hins vegar ofboðslega langur þegar fólk er orðið mikið veikt. Þá eru tveir dagar eins og tvö ár í lífi annarra. Það er mikilvægt að hafa það í huga.

Bent hefur verið á að þetta fyrirkomulag, að kaupandi þjónustu ráði verði hennar, sé oft ekki það fyrirkomulag sem við vildum sjá. Þess vegna er mikilvægt að gera kostnaðargreiningar og hafa þær nákvæmar. Þær geta auðvitað verið mismunandi eftir stofnunum.

Kannski mætti segja að Sóltúnsævintýrið eða Sóltúnsverkefnið hafi verið ákveðin tilraun sem um margt tókst vel. Tilraunin var kannski dýrari en ætlað var í upphafi. En hún gefur okkur hugmyndir um önnur verkefni og annars konar verkefni sem nýtast og skapar meiri hugmyndaauðgi. Við höfum alltaf ákveðna tilhneigingu, hvort sem það er í þessu máli eða öðrum, til að búa til patent. Sóltúnsheimilið átti að verða ákveðið patent. Það má ekki verða þannig. Við þurfum alltaf að passa okkur á patentlausnum og skoða margbreytileika lausnanna þannig að við séum með alla þræði í höndum okkar, margar lausnir, mörg úrræði og fjölbreytt vegna þess að fólk er misjafnt.

Að sjálfsögðu tek ég undir gagnrýnina á vasapeningana. Ég hef talað gegn þeim frá því ég kom heim úr námi og fór að vinna hjá Sjálfsbjörgu. Þar voru allir á vasapeningum og ég hafði aldrei á ævinni kynnst öðru eins og hef reynt að berjast fyrir því að fólk fái að halda reisn sinni. Þótt ekki verði mikið afgangs ættu menn samt sem áður að fá að greiða sína leigu sjálfir. Forræðishyggjan á ekki að vera slík að það sé í raun ekkert eftir.

Við styðjum hins vegar frumvarpið og þetta nál. með fyrirvara. Við munum sjá til hvernig við greiðum atkvæði en ég vil leggja áherslu á að eflaust munu koma fleiri breytingar á lögum um aldraða í kjölfar vinnunnar sem í gangi er hjá sveitarfélögunum. Kannski hefði átt að bíða eftir því. Við vildum það en þetta er komið hér og nú. Það þarf greinilega að taka stutt skref í einu. Síðan er næsta stig að fara inn í nýja hugmyndafræði, skoða nýjar lausnir og efla margbreytileikann í þjónustunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (slátrun eldisfisks). — Þskj. 630, nál. 1409.

[17:38]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. á þskj. 1406, sem er frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Nefndin hefur að lokinni yfirferð orðið sammála um að afgreiða málið frá sjútvn. og leggja til við Alþingi að málið verði samþykkt. Nefndin skilar af sér eftirfarandi nál.:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristin Hugason og Guðríði Margréti Kristjánsdóttur, frá sjávarútvegsráðuneyti, Ólaf Friðriksson og Atla Má Ingólfsson, frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson, frá embætti yfirdýralæknis, og Gísla Jónsson, dýralækni fisksjúkdóma á Keldum.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Umhverfisstofnun, landbúnaðarráðuneyti, embætti yfirdýralæknis, Landssambandi smábátaeigenda, Byggðastofnun, fiskeldisnefnd, Landssambandi veiðifélaga, Hafrannsóknastofnuninni og Veiðimálastofnun.

Í ljósi þeirra umsagna sem nefndinni hafa borist þykir rétt að taka fram að í 12. gr. laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, var kveðið á um það að eldisfiski mætti aðeins slátra með leyfi yfirdýralæknis og samkvæmt þeim skilmálum er hann setti. Eftirlitið samkvæmt lögunum var að öðru leyti hjá nýrri stofnun, Fiskistofu.

Lögunum var breytt og þau endurútgefin sem lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og kemur fram í almennum athugasemdum við frumvarpið að lögin skyldu ekki ná til eftirlits með slátrun eldisfisks þar sem slíkt eftirlit væri á valdsviði embættis yfirdýralæknis en ekki sjávarútvegsráðuneytis. Í athugasemdum við 14. gr. í III. kafla um leyfisveitingar og eftirlit kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA hafi gert athugasemdir við það að leyfi yfirdýralæknis þyrfti til slátrunar eldisfisks og hafi ákvæðið því verið fellt brott. Frá gildistöku laganna hefur því ekki verið skýrt kveðið á um ábyrgð og eftirlit með slátrun eldisfisks í lögum og er frumvarpinu ætlað að taka af öll tvímæli um það.

Á fundum nefndarinnar og í umsögnum hefur komið fram að sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti hafi átt í viðræðum um verkaskiptingu eftirlitsaðila, þ.e. Fiskistofu og Aðfangaeftirlits, einkum varðandi eftirlit með fiskimjöli sem notað er í fóður en skilin milli ráðuneyta eru ekki nægjanlega skýr. Er stefnt að því að greiða úr því sem fyrst.

Með tilliti til þeirrar réttaróvissu sem skapaðist þegar mikill fjöldi eldislaxa slapp úr sláturkví seint á síðasta ári telur nefndin nauðsynlegt að ljúka afgreiðslu þessa máls sem fyrst og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þm. Jón Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álit þetta.

Hv. þm. Jón Gunnarsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller og Guðlaugur Þór Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita auk mín: hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Hjálmar Árnason og Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Þannig hljóðar nál. sjútvn. Eins og fram kemur er talið nauðsynlegt að taka af allan vafa um hvar eftirlit með slátrun eldisfisks liggur. Frumvarpið greiðir úr því álitamáli og þarf það ekki að vera óljóst eða ágreiningur um það héðan í frá ef þetta frumvarp verður að lögum.

Hins vegar er enn uppi ágreiningur á milli sjútvrn. og landbrn. um verkaskiptingu á milli Fiskistofu og Aðfangaeftirlits, sérstaklega hvað varðar fiskimjöl sem notað er í fóður. Úr því þarf að greiða sem fyrst. Það er álit sjútvn. að best fari á því að ráðuneytin reyni að koma sér saman um tillögur til Alþingis í þeim efnum. Vonast er til að úr því rætist fljótlega en að öðrum kosti verður Alþingi að taka af skarið til að greiða úr þessu atriði sem enn er óljóst.

Ég vil taka fram, varðandi eftirlit með fiskimjöli í fóður, að það hefur lengst af verið á verksviði landbúnaðarráðuneytisins og erlendis tilheyrir það því ráðuneyti. Það er hin

almenna regla sem menn geta stuðst við til leiðsagnar við úrlausn á þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta nál. og það sem í frumvarpinu er og láti lokið framsögu minni.

[17:45]

Útbýting þingskjala:

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 961. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1479.

Brunatryggingar, 953. mál, fsp. KHG, þskj. 1466.

Erlendir starfsmenn á Kárahnjúkasvæðinu, 959. mál, fsp. ÖS, þskj. 1472.

Framlög til eignarhaldsfélaga, 956. mál, fsp. KHG, þskj. 1469.

Hæstiréttur, 954. mál, fsp. KHG, þskj. 1467.

Kaup á hlutafé í eignarhaldsfélögum, 957. mál, fsp. KHG, þskj. 1470.

Landsvirkjun, 952. mál, fsp. KHG, þskj. 1465.

Yrkisréttur, 613. mál, nál. landbn., þskj. 1473; brtt. landbn., þskj. 1477.

[17:46]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins og fram kom í framsögu hv. framsögumanns fyrir nál. Kristins H. Gunnarssonar, skrifa ég undir nál. með fyrirvara og mun ég reyna að gera nokkra grein fyrir hvernig á því stendur.

Hér er, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði grein fyrir, verið að eyða lagaóvissu um hver fer með eftirlit með slátrun á eldisfiski. Í raun má segja að það sé ekki mikil lagaóvissa uppi, því að embætti yfirdýralæknis fer í dag með eftirlitið án þess þó kannski að hafa vitað um það í nokkuð mörg ár. Þar liggur óvissan að búið er að hræra í þessum lögum og breyta þeim sem verður til þess að embætti yfirdýralæknis gerði sér kannski ekki grein fyrir þegar eftirlitið fluttist yfir til þeirra aftur. Í raun kemur þetta skýrt fram í umsögn sem við fengum frá embætti yfirdýralæknis og má segja að sú umsögn sé að mörgu leyti áfellisdómur yfir vinnubrögðum við lagabreytingar og yfir þeirri stjórnsýslu sem hér kemur fram.

Embætti yfirdýralæknis og fisksjúkdómanefnd senda sameiginlega hv. sjútvn. umsögn um frv. og þar segir, með leyfi forseta:

„Ég vil í upphafi vekja athygli á þætti sjávarútvegsráðuneytisins í þessu máli. Með tilkomu Fiskistofu 1. janúar 1993 og nýrra laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, ásamt reglugerð nr. 429/1992, um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum, var með samkomulagi við embætti yfirdýralæknis fallist á að Fiskistofa tæki yfir eftirlit með slátrun, vinnslu og pökkun eldisfisks."

Á þeim aðlögunartíma sem þarna átti sér stað vann dýralæknir fisksjúkdóma náið með nýjum starfsmönnum Fiskistofu þegar verið var að færa eftirlitið yfir og sú samvinna stóð yfir nánast allt árið 1993. Það er svo ekki fyrr en seint á liðnu ári að yfirdýralækni verður ljóst að með þeirri breytingu sem varð með lögum nr. 55/1998 var orðið „slátrun" einhverra hluta vegna fellt út. Sú breyting var gerð algjörlega einhliða án þess að haft væri nokkurt samráð við embætti yfirdýralæknis, þó að breytingin þýddi að þarna færðist eftirlitið aftur til yfirdýralæknis frá Fiskistofu en yfirdýralæknir eða embætti hans hafði ekki hugmynd um það, og því má segja að frá árinu 1998 til þessa tíma hafi í raun ekki verið neitt eftirlit með slátrun á eldisfiski, hvorki eftir að fiskurinn var kominn í hús né jafnvel með hvaða hætti hann var geymdur fyrir slátrun. Það er ekki fyrr en hið talsvert mikla slys verður á Norðfirði, í Neskaupstað, þar sem þúsundir laxa sluppu úr kví sem geyma átti þá í þangað til þeim yrði slátrað, að menn fara að velta fyrir sér hver hefði með eftirlitið að gera. Þá í raun komast menn að því að samkvæmt lögum var búið að færa eftirlitið til embættis yfirdýralæknis og gera sér grein fyrir að embætti yfirdýralæknis hefur ekki hugmynd um að þeir hafi þetta eftirlit með höndum aftur.

Þetta varð til þess að menn þurfa að reyna að eyða því sem kallað er lagaóvissa. Í raun er engin lagaóvissa, eins og ég sagði í upphafi máls míns, heldur liggur þetta eftirlit hjá embætti yfirdýralæknis í dag og í raun liggur okkur ekki nein ósköp á að breyta því, vegna þess að það er enginn vafi á því hver fer með eftirlitið í dag. Það er embætti yfirdýralæknis.

Yfirdýralæknir segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Slík vinnubrögð í stjórnsýslu og lagasetningu geta vart talist til fyrirmyndar. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að ráðuneyti upplýsi framkvæmdar- og eftirlitsaðila og hafi um það samráð þegar veigamiklar breytingar á borð við þessar eru gerðar."

Þarna segir yfirdýralæknir eins og ég sagði fyrr í máli mínu að hann hafi í raun ekki haft hugmynd um þegar þessi skylda færðist yfir til hans aftur.

Síðan kemur fram í umsögn fjmrn. um frv. að embætti yfirdýralæknis hafi í raun ekki tekið neitt gjald fyrir það að hafa eftirlit með slátrun og því svarar yfirdýralæknir með þeim hætti að það liggi að sjálfsögðu í augum uppi að embættið hafi ekki tekið neitt gjald fyrir þetta eftirlit síðan í janúar 1993, enda var því algjörlega grunlaust um að þessar lagabreytingar sjútvrn. og Alþingis hefðu átt sér stað.

Yfirdýralæknir tekur fram í umsögn sinni að hann telji að hreint faglega séð ætti eftirlit með slátrun á eldisfiski að heyra undir embætti hans með sama hætti og öll önnur slátrun eldisdýra, en tekur það þó fram að það sé kannski öðruvísi með eldisfisk þar sem hann sé að mestu leyti unninn og sé slátrað í fiskvinnslustöðvum og þar af leiðandi mætti kannski færa rök fyrir því að eðlilegt væri að Fiskistofa hefði eftirlitið með höndum.

Það er í raun og veru annað atriði sem verið er að tala um þarna. Síðan er 2. gr. frv. sem er nánast óbreytt 14. gr. í lögunum eins og þau standa í dag, en þó bætist þar við setningin: „Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um búnað vinnslustöðva þar sem slátrun á eldisfiski fer fram og um eftirlit með slátrun á eldisfiski." Þarna er verið að setja í hendurnar á hæstv. sjútvrh. reglugerðarvald um hvers konar búnað þessar vinnslustöðvar þurfa að hafa varðandi slátrun á eldisfiski. Og maður veltir því óneitanlega fyrir sér hvort einhverjar aðrar reglur þurfi hvað varðar búnað til að slátra eldisfiski, vinna hann og pakka, en venjulegum villtum fiski sem landað er inn í fiskvinnslustöðvar og hvort ekki mætti í raun og veru spara hæstv. sjútvrh. þá vinnu að þurfa að fara að setja sérstaka reglugerð um það, heldur vísa bara í reglugerðina um vinnslu og pökkun á villtum fiski.

Í 2. gr. kemur líka fram atriði sem búið er að vera bitbein í talsverðan tíma milli landbrn. og sjútvrn. Það er bitbeinið um það hver eigi að hafa eftirlit með fiskimjöli, þegar fiskimjöl er orðið fóður fyrir fiska. Það var að mörgu leyti skondið að verða vitni að því þegar landbúnaðarráðuneytismenn mættu á fund sjútvn. og fóru yfir það í hverju þessi ágreiningur væri

fólginn, en hann er fólginn í því hvort Fiskistofa eða svokallað Aðfangaeftirlit eigi að hafa þetta eftirlit með fiskimjöli þegar það er notað í fóður fyrir dýr.

Nú veit ég ekki hvort það er venjan, frú forseti, að ráðuneyti gefi umsagnir um frumvörp annarra ráðuneyta, en í þessu tilviki fengum við umsögn frá landbrn. varðandi málið. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða eru sjávarafurðir skilgreindar sem:

„Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski og fiskúrgangi."

Í 2. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru segir:

„Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fóðri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra, ..."

Hér er um ákveðna skörun milli þessara tveggja laga að ræða. Eðlilegt verður að teljast að hafa ákvæði laganna skýr hvað varðar eftirlit með fóðri sem fara á fram. Markmið opinberrar stjórnsýslu ætti að vera að hafa allt eftirlit einfalt og skilvirkt.

Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemdir við framkvæmd eftirlits með fiskimjöli í desember 2002 og í kjölfar þeirra athugasemda var eftirlit með fiskimjöli fært yfir til Aðfangaeftirlitsins í samráði við sjútvrn.

Á undanförnum missirum hafa átt sér stað viðræður milli landbrn. og sjútvrn. um þá skörun og réttaróvissu sem skapast getur í framkvæmd mismunandi lagaákvæða um sama efni.

Þær viðræður hafa ekki verið leiddar til lykta. Það er skoðun landbúnaðarráðuneytisins að það frumvarp sem hér um ræðir sé ekki til þess fallið að eyða óvissu og skapa skýran grundvöll fyrir framkvæmd eftirlits með fóðri, t.d. hvað varðar verkaskiptingu milli eftirlitsaðila.

Það er skoðun landbúnaðarráðuneytisins að það þurfi að marka skýr skil hvenær fiskimjöl telst vera orðið fóður og í framhaldi af því hvenær eðlilegt sé að Aðfangaeftirlitið fari með allt eftirlit með fiskimjöli."

Í þessari umsögn landbrn. kemur fram með mjög skýrum hætti að þessi deila er í raun ekki smávægileg. Ráðuneytin tvö, landbúnaðar og sjávarútvegs, hafa ómögulega getað komið sér saman um hvar eftirlitið á að liggja og virðast vera komin í hár saman eða upp á kant hvort við annað í þessu máli og því hlýtur maður að velta fyrir sér, í ljósi þess sem ég sagði áðan að í raun er engin knýjandi þörf á því að breyta lögunum núna þar sem embætti yfirdýralæknis fer jú með eftirlitið með slátrun á eldisfiski, af hverju menn gefa ekki ráðuneytunum þann tíma sem þau þurfa til að reyna að ná samkomulagi um það sem stendur í 14. gr. laganna, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, því það er alveg auðséð að þeim hefur ekki dugað sá tími sem þau höfðu því þau hafa ekki komist að niðurstöðu.

Við erum í raun að ræða frv. til laga og jafnvel að staðfesta það sem lög þar sem þeir sem eiga að fara eftir þeim, Aðfangaeftirlitið, Fiskistofa, segja okkur fyrir fram að lögin séu það óskýr að ekki sé vitað hver á að hafa eftirlitið. Það kemur náttúrlega líka fram í nál. meiri hlutans að þannig er það því þar segir: „... þ.e. Fiskistofu og Aðfangaeftirlits, einkum varðandi eftirlit með fiskimjöli sem notað er í fóður en skilin milli ráðuneyta eru ekki nægjanlega skýr." Þarna er verið að tala um eftirlitið. Þar segir líka: „Er stefnt að því að greiða úr því sem fyrst." Með öðrum orðum, ráðuneytin hafa ekki náð samkomulagi um með hvaða hætti eftirlitið á að fara fram en samt ætlum við að staðfesta þetta sem lög.

Þarna skapast kannski lagaóvissa eins og nefnt var áðan og við hljótum að velta því fyrir okkur, sem störfum á Alþingi, hvort við eigum, í þeirri fljótaskrift sem nú er í gangi þar sem allt þarf að verða að lögum strax og helst umræðulaust, að staðfesta lög þar sem fyrir fram er vitað að þau lög skapa réttaróvissu og þeir sem eftir eiga að fara benda okkur á það. Ætlum við að þverskallast við slíkum ábendingum og keyra lögin í gegn og staðfesta þau? Eða ætlum við að doka við af því að engin knýjandi þörf er á að breyta þeim og segja: Við getum alveg eins tekið þetta upp á næsta þingi?

[17:59]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Jafnframt er lagt til að þau lög, ef samþykkt verða, nái til slátrunar á eldisfiski. Þeim er ætlað að skerpa á verkaskiptingu, ábyrgð og eftirliti með slátrun. Það er alveg á hreinu að þessum málum er ekki nógu vel fyrir komið í dag eins og fram hefur komið í umræðunni og það hefur vakið athygli mína síðustu vikur, bæði í þessum málum sem og öðrum, hversu miklar skaranir eru í gangi á milli ráðuneyta. Skaranir sem leiða jafnvel af sér slys. Skilin milli ráðuneyta í mörgum málum, þar með talið fiskeldi, eru ekki nægilega skýr. Vinna þarf meira í því á hinu háa Alþingi að skýra skil milli ráðuneyta m.a. til að forðast réttaróvissu. En það er ekki sama hvernig breytingar á lögum eru unnar, það þarf að gera í samráði við þá aðila er málið viðkemur en ekki einhliða.

Eins og fram hefur komið var gerð breyting á þessum lögum árið 1998 þar sem orðið „slátrun" féll brott. Í umsögn frá embætti yfirdýralæknis vegna þessa frumhlaups sem hér liggur fyrir segir um breytingarnar 1998, með leyfi forseta:

„Þessi breyting var gerð einhliða og án nokkurs samráðs við embætti yfirdýralæknis."

Hv. þm. Samf., Jón Gunnarsson, vitnaði áðan í þessa umsögn þar sem skýrt komu í ljós skoðanir á samræmi hjá meiri hlutanum við gerð lagabreytinganna 1998. Ég vænti þess að bót sé ráðin á því nú í meðferð málsins við þessar breytingar.

Virðulegi forseti. Talandi um slys og eftirlit, talandi um fiskeldi og slátrun. Eitt af þeim slysum sem átt hafa sér stað varðandi afskipti opinberra stofnana af fiskeldi og slátrun var þegar Byggðastofnun aðstoðaði fiskeldisstöðvar í nokkur ár en hætti síðan afskiptum og aðstoð t.d. nokkrum mánuðum áður en árangri er náð, þ.e. að fiski er náð upp í sláturstærð. Dæmi um slíkt höfum við og hefur komið fram í fjölmiðlum, t.d. í Tálknafirði. Það sem gerðist þar var að Byggðastofnun hættir að lána ákveðnu fyrirtæki, sendir það í gjaldþrot og tekur á sig alla ábyrgð á rekstri en sveltir síðan fiskinn í hel. Í þessu tilfelli var öllum hagsmunum hent fyrir borð, fé almennings, fé og störfum eigenda, lög um dýravernd voru brotin og athugasemdir dýralæknis hunsaðar. Að þessu máli koma mörg ráðuneyti og margar stofnanir: iðnrn. — Byggðastofnun; umhvrn. — Umhverfisstofnun; landbrn. — dýralæknar; dómsmrn. — sýslumenn.

Að þessu sögðu veltir maður fyrir sér, og ég ætla ekki dýpra í það mál hér, samráði milli ráðuneyta. Samráði milli stofnana og eftirlitsaðila.

Virðulegi forseti. Fiskeldi og mál því tengt heyra undir mörg ráðuneyti. Þar er mikil skörun í gangi. Ég tel nauð-

synlegt að Alþingi taki það til alvarlegrar skoðunar að færa fiskeldi undir eitt ráðuneyti. Í þessu tilfelli væri því væntanlega best komið undir sjútvrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:03]

Útbýting þingskjala:
Hjónabönd öryrkja, 965. mál, fsp. VF, þskj. 1483.
Ófeðruð börn, 963. mál, fsp. VF, þskj. 1481.
Samkeppnisstofnun, 962. mál, fsp. VF, þskj. 1480.
Umskurður kvenna, 964. mál, fsp. VF, þskj. 1482.

Siglingastofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 467. mál (siglingavernd, kóðar, gjaldtaka). — Þskj. 675, nál. 1418, brtt. 1419.

[18:04]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila auk þess sem nefndinni bárust fjölmargar skriflegar umsagnir.

Verkefni Siglingastofnunar hafa tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum og er frv. ætlað að mæta þeim. Helstu efnisatriði frv. eru þau að Siglingastofnun er falið að annast framkvæmd laga um siglingavernd og birta á heimasíðu sinni alþjóðasamninga, viðauka og kóða sem gefnir eru út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni auk þess sem settar eru skýrari reglur í lög varðandi heimildir stofnunarinnar til tekjuöflunar.

Við umfjöllun málsins urðu töluverðar umræður í nefndinni um notkun orðsins „kóði" og einnig um heimildina sem felst í frv. til handa Siglingastofnun að birta alþjóðasamninga, viðauka og kóða á ensku. Það varð þó niðurstaða nefndarinnar að leggja ekki til breytingar á þessu tvennu frá því sem lagt er til í frv.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frv.:

1. Að í stað orðanna „siglinga- og hafnavernd" í 13. tölul. b-liðar 1. gr. komi siglingavernd. Til meðferðar á þinginu nú er frv. til laga um siglingavernd en engin lög eru til um siglinga- og hafnavernd. Því er rétt að breyta orðalagi frv. til samræmis við það frv. sem nú er til meðferðar um siglingavernd.

2. Að við 14. tölul. b-liðar 1. gr. bætist nýr málsliður sem mæli svo fyrir að þeim sem þess óska skuli gefinn kostur á að fá sendar tilkynningar frá Siglingastofnun þegar birtir eru nýir samningar, kóðar eða viðaukar eða þeim breytt á heimasíðunni. Í umsögn um frv. frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða kom fram gagnrýni á að breytingar á alþjóðasamningum, viðaukum og kóðum yrðu aðeins birtar á netinu en ekki tilkynntar þeim sem helst eiga að fara eftir þeim. Nefndin telur rétt að komið verði til móts við þetta sjónarmið.

3. Að upptalning verði sett inn í ákvæðið varðandi sérþjónustu sem Siglingastofnun selur. Nefndin áréttar að hér er ekki um endanlega upptalningu að ræða heldur er aðeins verið að skýra nánar hvað fallið getur undir liðinn.

4. Þá er að lokum lögð til orðalagsbreyting á lokamálsgrein 1. gr. sem óþarft er að skýra.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhann Ársælsson skrifar undir með fyrirvara.

Undir nál. skrifa hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson og Guðjón A. Kristjánsson.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

[18:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. var ég ekki viðstödd þegar málið var afgreitt úr nefndinni, sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mælti fyrir, en ég tók þátt í allri vinnslu málsins í nefndinni og tek undir með nefndarmönnum sem skrifa undir frv. og er þeim sammála og tel málið vera alveg í takt við þróun mála eins og það að birta alla kóðana á netinu. Það er geysilega kostnaðarsamt að standa í þýðingum á efninu og mjög fáir sem nýta sér það. Ég tel fullkomlega eðlilegt að standa að málum eins og lagt er til í frv.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson skrifar undir með fyrirvara. Ég tel að hann sé á leiðinni í þinghúsið til að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem snýr að gjaldtökuheimildinni. Ég get tekið undir afstöðu hans í því máli, en mér finnst eðlilegra að hann geri grein fyrir þeim fyrirvara sjálfur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Milliliðalaust lýðræði, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 600. mál. — Þskj. 906.

[18:11]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka fyrir að málið komist á dagskrá þannig ég geti mælt fyrir þessu ágæta þingmáli þar sem ég verð fjarverandi í næstu viku. Hér er um að ræða till. til ál. um milliliðalaust lýðræði. Flutningsmenn eru, auk mín, hv. þm. Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Össur Skarphéðinsson.

Málið er nú flutt í nýrri og endurbættri mynd, en við höfum flutt tillögur sem lúta að svipuðu og sama efni áður, en málið fór í ítarlega vinnu í flokki okkar og kemur þaðan út sem eitt af meginstefnumálum okkar í vetur og kallast á við ýmis önnur lýðræðismál sem við höfum mælt fyrir á undanförnum mánuðum og missirum, svo sem að gera landið að einu kjördæmi. Ber sérstaklega að geta tillögu sem fram kom strax á haustdögum og var lögð fram af formanni Samf., hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, sem lýtur að breytingum á stjórnarskrá. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í nútímalýðræði verða borgararnir að eiga kost á því að segja álit sitt á þeim málum sem mestu varða með öðrum hætti en einungis að kjósa fulltrúa á Alþingi á fjögurra ára fresti. Í stefnumótun Samfylkingarinnar um lýðræði var það

því ein meginniðurstaða að nauðsynlegt væri að rýmka rétt þegnanna til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu við tilteknar aðstæður. Svipuð viðhorf er að finna í öðrum flokkum og áhersla á þau fer vaxandi. Færi svo að Samfylkingin tæki þátt í endurskoðun á stjórnarskránni er þetta t.d. meðal þeirra atriða sem flokkurinn legði einna þyngsta áherslu á af þeim hugmyndum sem Samfylkingin kynnti í tillögunni sem hún flutti í haust í tilefni af heimastjórnarafmælinu."

Beint lýðræði er að mati okkar flutningsmanna það lýðræðisform sem við eigum að feta okkur nær á næstu árum og er lýðræðisform framtíðarinnar, ef svo má að orði komast, í þeirri mynd að borgararnir hafi æ meira um hagi sína og kjör að segja en áður. Fyrir því liggja óteljandi mörg rök að stigin séu stór og þung skref frá því fulltrúalýðræði sem við höfum búið við síðustu aldir og kerfi sem átti augljóslega rétt á sér þegar það var tekið upp og samgöngur, fáfræði og menntunarskortur hömluðu því að fólk gæti tekið virkari þátt í ákvörðunum um meginmál samfélagsins en nú er. Þó er alls ekki verið að tala um að fara út í einhverjar öfgar eins og má segja að hafi að einhverju leyti gerst í Sviss, þar sem mjög tíðar atkvæðagreiðslur um ýmis mál hafa valdið leiða hjá kjósendum sem eru löngu hættir að mæta í nægjanlegum mæli á kjörstað. Einnig má færa rök fyrir því að ef öll mál eru dregin fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu sé oft erfitt að vinna sumum málum framgang. Hér er því verið að tala um að fara millileiðina og ekki síst að styrkja það kerfi sem við höfum og munum að sjálfsögðu hafa áfram í grunninn, sem er fulltrúalýðræðið, með því að auka beint lýðræði og efla milliliðalaust lýðræði með ýmsum hætti.

Við leggjum til að Alþingi álykti að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika við að þróa milliliðalaust lýðræði og kosti rafrænna aðferða við framkvæmd þess. Tæknibyltingin hefur opnað okkur glænýja möguleika til að ástunda lýðræði hvers konar og menn hafa verið að feta sig áfram með það sérstaklega í Bandaríkjunum og má binda vonir við að eftir nokkur ár verði komin fram tækni sem geri okkur kleift að framkvæma 100% öruggar þjóðaratkvæðagreiðslur eða atkvæðagreiðslur innan sveitarfélaga með tilkomu tækninnar. Við leggjum því til í þáltill. okkar um milliliðalaust lýðræði að nefndin sem lagt er til að skipuð verði kanni sérstaklega kosti rafrænna aðferða.

Rafrænum aðferðum við framkvæmd atkvæðagreiðslna fjölgar stöðugt og mun sérstök tillaga um þau mál áreiðanlega líta dagsins ljós hjá okkur samfylkingarmönnum á næstu missirum. Við leggjum til að nefndina skipi fulltrúar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Viðskiptaháskólans á Bifröst, Háskólans á Akureyri, Neytendasamtakanna, ASÍ, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stúdentaráðs Háskóla Íslands, ásamt fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin kanni jafnframt hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórna og sveitarfélaganna þar sem auðvelt er að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli. Nefndin skili greinargerð eigi síðar en eftir sex mánuði.

Síðan við fórum að ræða þessi mál á Alþingi fyrir tveimur til þremur árum, ýmsir samfylkingarmenn, hafa átt sér stað skemmtilegar umræður í samfélaginu um lýðræðismál. Þar hefur Morgunblaðið farið mikinn og fjallað af vandvirkni um lýðræðismál og í sumum leiðurum sínum skrifað til stuðnings því að við eflum og tökum upp milliliðalaust lýðræði. Það var svo rausnarlegt að þýða á íslenska tungu og staðfæra úttekt tímaritsins The Economist um milliliðalaust lýðræði. Sú úttekt og birting Morgunblaðsins á Economist-úttektinni á beinu lýðræði hefur að mörgu leyti verið til grundvallar í umræðunni undanfarin missiri. Hún kveikti að mörgu leyti það bál sem víða brennur hjá fylgismönnum beins og milliliðalauss lýðræðis og hugmyndir um að efla verulega þetta lýðræðisform.

Mig langar af því tilefni að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá því 11. febrúar 2004, sem ber yfirskriftina Vald fólksins, með leyfi forseta:

„Lýðræði er án efa sú stjórnskipun sem leitt hefur til mestrar farsældar og framfara. Það fer ekkert á milli mála hvað átt er við með lýðræði. Orðið er gagnsætt og merkir að valdið sé fólksins: almenningur ræður. Útfærsla lýðræðis hefur hins vegar verið með ýmsu móti og það hefur þróast hægt og bítandi í aldanna rás. Í upphafi var atkvæðisrétturinn þeirra sem valdið höfðu en smám saman varð atkvæðisrétturinn víðtækari, hætti til dæmis að vera bundinn við eignir, kynferði eða kynþátt, eftir því hvar er borið niður. Þetta voru breytingar sem ekki gerðust þrautalaust.

Þróun lýðræðis lýkur hins vegar ekki einn góðan veðurdag og sennilega á það við um flest lýðræðisríki heims að hægt er að gera betur í að færa valdið til fólksins. Við búum við svokallað fulltrúalýðræði á Íslandi sem felst í því að kjósendur kjósa sér fulltrúa til setu á Alþingi og fara þeir með valdið fyrir hönd umbjóðenda sinna. Það er ef til vill einföldun en segja má að kjósandinn hafi valdið á fjögurra ára fresti en þess á milli fara aðrir með vald hans."

Í lok leiðarans segir síðan, með leyfi forseta:

„Nú er svo komið að tæknin býður upp á það að hægt er að ganga til kosninga með mun minni fyrirhöfn en áður og upplýsingar eru kjósendum jafnaðgengilegar og hinum kjörnu fulltrúum. Almenningur getur því hæglega tekið málefnalega afstöðu til flókinna og umdeildra mála. Það er því tímabært að þessi mál verði tekin til endurskoðunar og lýðræðið eflt."

Þetta er einn af mörgum vönduðum og góðum leiðurum Morgunblaðsins þar sem hvatt er til að lýðræðið verði eflt og milliliðalaust lýðræði tekið upp á Íslandi.

Morgunblaðið hefur stutt vel við bakið á þeirri þáltill. okkar, nokkurra samfylkingarmanna, sem hér er til umræðu, um eflingu milliliðalauss lýðræðis. Óskandi væri að Alþingi greiddi þessari tillögu leið og samþykkti enda þjóðarbúinu að kostnaðarlausu. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að skipa nefnd valinkunnra einstaklinga og aðila sem kanna mundu hvaða áhrif beint lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega. Eins og ég gat um áðan yrði það sérstaklega skoðað með tilliti til sveitarstjórna og sveitarstjórnarstigsins. Þar er nærþjónustan og þar á beint lýðræði, milliliðalaust lýðræði og íbúalýðræði hvers konar sérstaklega heima.

Talandi um þá umræðu sem í gangi hefur verið undanfarna mánuði, um beint lýðræði í fjölmiðlum, meðal stjórnmálamanna og annarra í samfélaginu, þá hefur verið gaman að fylgjast með íbúaþingunum í sveitarfélögunum á síðustu mánuðum. Æ fleiri sveitarfélög hafa varið fjármagni og kröftum til að halda vönduð og góð íbúaþing um stærstu málefni sín, núna síðast fyrir viku í Fjarðabyggð var haldið mjög vel heppnað íbúaþing um þau málefni sem þar eru efst á baugi. Önnur sveitarfélög sem haldið hafa íbúaþing á síðustu mánuðum eru m.a. Árborg, Hveragerði, Ölfus, Reykjavík, Garðabær og sjálfsagt fleiri.

Stöðugt fleiri sveitarfélög líta á þetta sem eðlilegan og nauðsynlegan lið í starfsemi sinni, þar sem íbúarnir koma saman og ræða stóru málin og fá að leggja línurnar fyrir stjórnmálamennina. Stjórnmálamenn eru jú kosnir til að framkvæma vilja fólksins og í því samfélagi sem við búum í í dag fer því fjarri að það eitt að greiða atkvæði á fjögurra ára fresti um hverjir skuli vera fulltrúar fólksins á löggjafarsamkomunni fullnægi því sem við köllum lýðræði og Morgunblaðið skilgreindi svo ágætlega í þeim leiðara sem ég las upp úr áðan, þ.e. að fólkið ráði. Kosningar á fjögurra ára fresti eru fjarri því að fullnægja þeim kröfum sem við hljótum að gera til lýðræðisþjóðfélags eins og okkar.

Margt hefur verið rætt og ritað skemmtilegt og uppbyggilegt sem orðið hefur málinu til framdráttar undanfarið. Fáir hafa orðið til að mæla því í mót. Fyrr í vetur birtist sérstaklega skemmtileg grein í Fréttablaðinu sem heitir Tímabært að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún er eftir Össur Skarphéðinsson, hv. alþingismann og formann Samf., og fjallar um að í upphafi Íslandsbyggðar höfðu landsmenn opið þjóðþing við Öxará þar sem þeir gátu komið saman og tekið ákvarðanir með beinni atkvæðagreiðslu. Þegar samfélagið stækkaði og varð þyngra í vöfum varð það form óhentugt. Fulltrúalýðræðið var þá tekið upp. Í reynd felur það í sér valdaframsal þjóðarinnar til mjög fárra fulltrúa sem sitja á Alþingi. Þeir fá fullt og óskorað vald til að taka ákvarðanir. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Alþingismenn eru algjörlega óbundnir af vilja kjósenda samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar. Eina leið kjósenda til að láta í ljós skoðun sína á því hvernig alþingismenn fara með valdið er í kosningum á fjögurra ára fresti. Þessi aðferð er gölluð að því marki að tök sérhagsmuna og flokksræði eru þess megnug að kæfa vilja þjóðarinnar í einstökum málum, eins og dæmin sanna.

Úr ágöllum fulltrúalýðræðisins má bæta með því að breyta stjórnarskránni þannig að tiltekinn fjöldi landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Á tímum góðra samgangna og óhefts aðgangs almennings að öllum upplýsingum um flókin mál í krafti netsins eru engin rök“ — ég ítreka það og undirstrika, virðulegur forseti — „sem mæla lengur gegn því. Þjóðin verður að eiga rétt á að kalla fram beina atkvæðagreiðslu um stórmál.“

Þarna má segja að formaður Samf. og einn flutningsmanna þessarar till. til þál. um milliliðalaust lýðræði hafi rammað inn þá tillögu sem hér er flutt og við fylgjum eftir með greinargerð sem tekur á ýmsum málum.

Að sjálfsögðu þarf að gæta að ýmsu þegar skrefin eru stigin í átt að milliliðalausu lýðræði, t.d. minnihlutahópum og þeim sem hafa ekki aðgang að netinu, þeim sem hafa annaðhvort ekki aðstæður eða áhuga á að nýta sér það form. Sérstaklega verður að tryggja að samhliða rafrænum atkvæðagreiðslum verði haldnar hefðbundnar atkvæðagreiðslur þannig að þeir sem ekki nýta sér netið af einhverjum ástæðum geti greitt atkvæði.

Ein af stærstu rökunum fyrir milliliðalausu og beinu lýðræði finnast mér, virðulegi forseti, að með því má stemma stigu við óhóflegum áhrifum fjármagnsins á stjórnmálalífið. Allir vita að fjársterkir aðilar hafa gríðarleg áhrif á stjórnmálastarfsemi hvers konar og sú leynd sem hvílir yfir bókhaldi stjórnarflokkanna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, er að sjálfsögðu ekki til að bæta þar úr. Sú umræða er angi af þeirri lýðræðisumræðu sem við jafnaðarmenn höfum staðið fyrir á síðustu mánuðum og er að sjálfsögðu efni í sérstaka umræðu.

Beint lýðræði upprætir óhófleg áhrif fjársterkra hagsmunaaðila sem oft hafa mikil áhrif á kjörna fulltrúa flokkanna, ekki síst þegar litið er til Íslands þar sem bókhald flokkanna er lokað og fjárreiður þeirra leyndarmál, jafnóeðlilegt og það er. Í því tilefni vísum við flutningsmenn í frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárreiður flokkanna. Eins og gefur að skilja er miklu erfiðara að hafa áhrif á allsherjaratkvæðagreiðslu heillar þjóðar en beita einstaka stjórnmálamenn þrýstingi og nýta vald fjármunanna í því tæknisamfélagi fjölmiðlunar og stórkapítals sem við að sjálfsögðu lifum í í dag.

Tími minn er útrunninn, virðulegi forseti, þótt ég sé rétt að hefja mál mitt og rökstuðning fyrir málinu en ég skora á Alþingi Íslendinga að veita því framgöngu.

[18:26]

Útbýting þingskjals:

Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, 884. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1342.

[18:26]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. þáltill. sem hér er til umræðu er ég meðflutningsmaður að henni og fagna því að hún skuli hafa komist á dagskrá á hinu háa Alþingi. Með því gefst okkur kostur á að ræða um nauðsyn þess að hafa milliliðalaust lýðræði. Ég var farinn að óttast, í öllu því kraðaki sem hér hefur ríkt á undanförnum dögum, að þessi þáltill. kæmist ekki til umræðu. Ég fagna því að hún skuli komin á dagskrá.

Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir okkur að skoða með reglulegu millibili með hvaða hætti við framfylgjum lýðræðinu. Breytingarnar á þjóðfélaginu og heiminum öllum eru það miklar og svo hraðar að við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur stöðu lýðræðisins og hvaða aðferðir okkur bjóðast til að ná meiri árangri og betri skilvirkni í þeim efnum en hingað til.

Allir sem einhvern tíma hafa verið í pólitík þekkja að hvort sem það er á sviði sveitarstjórna eða Alþingis þá getur verið erfitt að fá fólk í stjórnmálastarf og að virkja fólk til að taka þátt í umræðu og ákvörðunum um mikilsverð mál. Við hljótum að reyna með öllum hætti að toga fólk að borðinu með okkur með öllum mögulegum ráðum.

Ein leið sem prófuð hefur verið í talsverðum mæli, eins og fram kom í máli hv. flutningsmanns, Björgvins G. Sigurðssonar, eru íbúaþing sveitarfélaganna. Sem gamall sveitarstjórnarmaður veit ég að í upphafi, þegar menn voru að ræða þessa hugmynd, þá leist mönnum ekki betur en svo á en að þetta yrði einhvers konar tískubóla sem ekki mundi skila miklum árangri. En allar hrakspár og svartsýni um að íbúaþing mundu ekki skila árangri hafa verið rækilega afsannaðar frá því að íbúaþing voru fyrst haldin í sveitarfélögunum. Það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með því hve tilbúnir íbúarnir hafa verið til að mæta og ræða þau mál sem á dagskrá eru hverju sinni. Þau þing sem ég hef fylgst með eru ekki dauðyflisleg. Þar hefur verið mikið starf í gangi og íbúarnir tekið ríkan þátt í að velta fyrir sér stöðu mála og hvaða leiðir er hægt að fara. Ég fullyrði að svona þing hafa víða skilað því að kjörnir fulltrúar hafa fengið nesti inn í umræðuna og getað grundað ákvarðanir sínar mun betur í framhaldinu en með því einu að sitja í hreppsnefnd eða bæjarstjórn og velta málunum fyrir sér þar.

Eins og fram hefur komið og allir vita ríkir hér fulltrúalýðræði. Ég sé ekki fyrir mér að það breytist. Við höfum heyrt gagnrýnisraddir á milliliðalaust lýðræði, að það muni verða til þess að alþingis- og sveitarstjórnarmenn verði óþarfir í framhaldinu, að hægt yrði að greiða atkvæði á netinu eða í þjóðaratkvæðagreiðslu um öll mál. Ég held að slíkar hugmyndir séu ekki raunhæfar og líkari draumförum hæstvirtra ráðherra eins og þær gætu verið þegar þá dreymir um að ekkert þing sé til staðar og þeir einir ráði öllu og það væri hið fullkomna lýðræði.

Mér kom á óvart, frú forseti, þegar ég hóf störf á Alþingi að sjá hve mikið vald ráðherra er í raun og hve veikt löggjafarvaldið er í höndum Alþingis. Það er veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég held að þessi skekkja sé slík að menn þurfi í alvöru að fara að velta fyrir sér hvernig við getum snúið til baka. Alþingi á að hafa löggjafarvaldið og ráðherrarnir fara með framkvæmdarvaldið. En eins og þetta snýr við mér, sem tiltölulega nýjum þingmanni, sé ég ekki betur en ráðherrar ráði í raun hver um sig hvað fer fram hér á þingi. Oft á tíðum gefa þeir sér fyrir fram þá niðurstöðu sem út á að koma eftir að Alþingi hefur fjallað um mál.

Það hlýtur að vera hverjum kjörnum fulltrúa nauðsynlegt að ráðfæra sig við sem flesta þegar ákveða skal stefnu í ýmsum málum. Við þingmenn þekkjum það að við fáum tölvupóst frá ansi mörgum. Við erum komnir í beint samband við marga í gegnum netið og tölvupóst. Þeir kostir buðust ekki áður. Ég fagna því að fólki gefist kostur á að hafa beint og milliliðalaust samband við okkur, eins og það gerir á netinu og í gegnum tölvupóst. Það er til mikilla bóta að fá strax viðbrögð þegar menn velta fyrir sér ákveðnum hlutum og gott að sjá hvað fólk úti í bæ segir og veltir fyrir sér.

Í umræðum á Alþingi hafa menn hneykslast á því að hlustað sé á fólk úti í bæ, eins og það er orðað. En ég ætla að vona að, a.m.k. meðan ég starfa á þingi, ég verði aldrei það forhertur að ég hætti að hlusta á fólk úti í bæ. Það hlýtur að vera til bóta að hlusta á þá sem kusu þingmenn til starfa á þingi til að taka ákvarðanir. Ákvarðanataka hlýtur alltaf að enda á herðum hins kjörna, hvort sem það er kjörinn fulltrúi á Alþingi eða í sveitarstjórn, en áður en ákvörðun er tekin þá veitir ekki af því að bera hugmyndir og áform undir sem flesta.

Þessi till. til þál. gerir ráð fyrir því að margir séu til kvaddir og tiltölulega fjölbreytilegur hópur skipi nefndina sem lagt er til að skipuð verði. Þar yrðu fulltrúar háskólanna eins og fram hefur komið, neytendasamtaka, því neytendasamtök eiga að koma að vinnu eins og þessari, verkalýðsfélaga og sveitarfélaga. Ég tel eðlilegt, eins og segir í tillögunni eins og hún liggur fyrir, að nefndin kanni hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega. Sérstaklega yrði að skoða það með tilliti til sveitarstjórna og sveitarfélaganna þar sem auðvelt er að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli.

Eins og ég lýsti áðan þá hafa íbúaþingin gefist vel í sveitarfélögunum. Ég held að full ástæða sé til að velta fyrir sér svipuðu formi á landsvísu. Ég veit að þjóðaratkvæðagreiðsla er eitthvað sem við eigum örugglega eftir að taka upp í meiri mæli í stærri málum. En í öðrum málum mætti velta fyrir sér hvort ekki væri hægt að þróa einhvers konar aðferð eða aðferðir sem nálgast aðferðafræði íbúaþinga í sveitarfélögum þegar upp koma mál sem snerta menn á landsvísu. Ég er fullviss um að kjósendur mundu fagna því ef meira væri til þeirra leitað þegar verið er að þinga hér um mál.

[18:34]

Lára Stefánsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna þessari þáltill. og vil af reynslu segja að þróunin á þessu sviði hefur verið hröð. En þrátt fyrir að menn tali ævinlega um nýja tækni þá eru samt 14 ár síðan notkun netsins varð almenn hér á landi, þ.e. fyrir aðra en háskólamenn. Eftir þetta langan tíma hefur auðvitað mikil þekking mótast og menn hafa lært að vinna með þessa tækni.

Íslendingar voru lengi vel í fararbroddi á þessu sviði. Hingað komu hópar manna til að leita upplýsinga um alls kyns hagnýtingu upplýsingatækni í skólastarfi, í menntun, í fræðslu og sérfræðingar héðan voru eftirsóttir víða um heim á þessu sviði. Það var á árunum 1992–1995 sem þetta á sér stað.

Ég tel því afar brýnt að við sem þjóð sem hefur verið leiðandi á þessu sviði á margan hátt séum það einnig þegar kemur að hagnýtingu rafrænnar tækni í tengslum við íbúalýðræði.

Um áratugur er síðan ég barðist mikið fyrir því að lög yrðu aðgengileg af netinu þannig að menn gætu auðveldlega séð hvaða lög giltu í staðinn fyrir að þurfa að fara á ákveðna staði til að kaupa þau. Þegar allt er sýnilegt og ljóst verður miklu auðveldara að nálgast upplýsingar sem menn þurfa til að taka þátt í umræðum um dægurmál.

Hlutfall þeirra sem nota þessa tækni er einna hæst í heiminum hér á landi. Þar af leiðandi er kannski meiri möguleiki að þróa þessa þætti nákvæmlega hér en annars staðar. Því er brýnt, tel ég, að við stöðnum ekki á þessu sviði, förum ekki til baka til að rúlla bara í kjölfarið á öðrum, heldur verðum það sem við erum í grunninn, leiðandi á þessu sviði.

Ég hef mikla reynslu af því að fara á svona fundi í gegnum netið með fólki víða um heim frá þremur, fjórum, fimm heimsálfum þar sem fundur er afmarkaður, umræður í afmarkaðan tíma og atkvæðagreiðsla haldin um tiltekið mál. Þetta er alveg þekkt. Fundur með þegnunum er því tiltölulega auðveldur, ætti að geta verið skipulagður og atkvæðagreiðsla á margan hátt einföld á sama tíma.

Hverjir eru það sem tjá sig? Það eru þeir sem skrifa í blöð, skrifa fréttir, standa upp, tala, en ekki kannski allir þeir sem hafa sýn og skoðanir og geta þar af leiðandi tjáð sig til gagns fyrir íbúa landsins. Þar af leiðandi mikilvægt að opna nýjan möguleika eða þennan möguleika til þess að svo geti orðið.

Með upplýsingatækninni hefur aðgengi að kjörnum fulltrúum gjörbreyst. Þetta þekki ég af þeim tíma sem ég hef nýtt þessa tækni sem hefur varað í 25 ár eða á að giska það. Í seinni tíð hefur þessi tækni leitt til þess að ef eitthvað þarf að ræða þá er það hægt.

Hins vegar tala oft og tíðum menn um þetta eins og kannski einhvern leik eða eitthvað sem sumir gera, án þess að gera sér grein fyrir hversu öflugt tækið er í alvörunni. Þar af leiðandi mæli ég eindregið með að við Íslendingar nýtum okkur upplýsingatæknina til að láta íbúalýðræði og annað slíkt virka í samfélaginu.

Fyrir okkur sem búum í hinum dreifðu byggðum sem svo eru stundum kallaðar og einnig þá sem týndir eru einhvers staðar í amstri hversdagsins er Alþingi og það sem er að gerast í sveitarfélögunum stundum dálítið fjarlægt. En með þessum hætti væri hægt að færa þessa hluti talsvert nær.

Ég vil þess vegna hvetja til að þau vinnubrögð sem hér er lagt til að tekin verði upp verði virkilega skoðuð nákvæm-

lega, hvernig þetta er hægt og með hvaða hætti er hægt að ná albestum árangri þannig að þegnar landsins upplifi sig nær því sem er að gerast hvort heldur á sveitarfélagastigi eða landsvísu.

[18:39]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Sú þáltill. sem við ræðum hér nú er á margan hátt mjög spennandi og athyglisverð. Mér finnst hún góðra gjalda verð svo langt sem hún nær. Hér eru spennandi hugmyndir settar fram hérna og rökstuðningurinn virkar líka spennandi. Ég tel að það mætti alveg taka undir það að Alþingi mundi álykta að stofnuð yrði nefnd sem mundi kanna möguleikana á því að þróa svokallað milliliðalaust lýðræði og notkun og kosti þess að viðhafa rafrænar aðferðir við slíka framkvæmd. Einnig má kanna hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og að sjálfsögðu þá með það að leiðarljósi að leggja mikla áherslu á persónuvernd og annað þess háttar í sambandi við kosningar og atkvæðagreiðslur á netinu.

Það er nefnilega þannig, frú forseti, að það hefur orðið algjör bylting núna á undanförnum missirum hvað varðar internetið og lýðræðislega umræðu. Þar hefur orðið þróun sem enginn gat ímyndað sér að mundi eiga sér stað bara fyrir örfáum missirum síðan, til að mynda hvað varðar þjóðfélagsumræðu. Fólk er á netinu endalaust að diskútera sín á milli um þjóðfélagsmál, um pólitík og annað þess háttar.

Því miður höfum við ekki séð það á Íslandi enn sem komið er en í nágrannalöndunum er stundum boðið upp á það að stjórnmálamenn setjast niður við tölvu og fólk getur haft samband við þá í gegnum tölvuna og spurt þá um allt milli himins og jarðar og þeir svara jafnóðum. Ég hef sjálfur tekið þátt í svona umræðum einu sinni fyrir ekki mörgum árum síðan. Þá sat ég á spjalli við Franz Fischler, þáverandi sjávarútvegskommissar Evrópusambandsins, ásamt mörgu öðru fólki sem var statt víðs vegar í Evrópu. Þetta var ekkert vandamál. Það var ekkert vandamál að koma þessu fyrir. Það fór í þetta ein kvöldstund og það var mjög ánægjulegt og skemmtilegt að fá þarna tækifæri til að tala við svo háttsettan embættismann og stjórnmálamann.

Ég hygg kannski að fyrsta skrefið í þá átt að feta sig inn á þessa braut væri kannski það að íslenskir stjórnmálamenn íhuguðu þann möguleika að gefa færi á sér með þessum hætti þannig að almennir borgarar, fólkið í landinu, gæti hugsanlega sest þá á spjall við þá endrum og eins og spurt þá um hvaðeina sem þeim liggur á hjarta og jafnvel átt við þá einhvers konar rökræður sem væru þá jafnframt opnar öllum öðrum sem fylgdust með. Þetta gæti verið gagnlegt.

Ég tel hins vegar samt sem áður og vil að það komi fram, að þetta geti verið svolítið vandmeðfarið og vandrötuð rétt slóðin í þessu máli. Hér höfum við að sjálfsögðu þegar kemur að kosningum og öðru þess háttar mikilvæga hluti eins og t.d. persónuvernd. Við megum heldur ekki gleyma því að langt í frá allir hafa aðgang að internetinu. Ef það ætti að fara út í einhvers konar kosningar þá yrði að undirbúa það mjög vandlega og kannski feta sig fram á veginn smátt og smátt. Eins og bent er á í ágætri greinargerð með þessari þáltill. verður að gæta persónuverndar, eins og ég sagði áðan, og þess verður að gæta að þeir sem hafa ekki aðgang að tölvum geti líka verið með og hafi jafnan möguleika og hinir sem hafa tölvur til að taka þátt hugsanlega í slíkum kosningum. Ég á við minnihlutahópa og aðra sem eiga kannski undir högg að sækja. Að sjálfsögðu þyrfti að gæta réttar þeirra.

Frú forseti. Þetta er spennandi hugmynd. Það er gaman að velta þessu fyrir sér, alveg sjálfsagt að ræða þetta og alveg sjálfsagt að Alþingi íhugi hvernig þetta skuli framkvæmt í framtíðinni.

[18:43]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Alþingi Íslendinga grundvallast á mjög gamalli hefð. Það grundvallast á lýðræðishefð sem átti sér fáar líkar í veraldarsögunni. Þingið sem háð var við Öxará byggðist í reynd á möguleika sérhvers þegns til þess að hafa bein áhrif á samfélagið sem hann lifði og hrærðist í. En þegar samfélagsmynstrið varð flóknara, krafðist meiri skipulagningar og tíðari ákvarðana var ekki hægt að viðhalda þessu formi lýðræðis. Sama þróun varð hér og annars staðar að því leyti til. Samgöngur og flóknari viðfangsefni sem kröfðust betri þekkingar gerðu það að verkum að í reynd varð nauðsynlegt fyrir samfélagið að afsala sér valdi sínu til fárra fulltrúa. Í dag er þetta gerbreytt. Við höfum í krafti internetsins kost á því að verða fullnuma í hverju því viðfangsefni sem við kjósum.

Sérhver borgari á jafnmikla möguleika á því að verða sérfræðingur og ákaflega vel upplýstur um hvaðeina eins og kjörnir fulltrúar. Samgöngur eru ekki lengur þrándur í götu þess að menn geti komið saman til þess að taka ákvarðanir ef því væri að skipta. Ég tel samt sem áður að beint lýðræði sé enn þá, eins og komið hefur fram í umræðunni, framtíðarsýn. Það er ekki eitthvað sem við ætlum að grípa til strax á morgun. Ég er t.d. ekki þeirrar skoðunar eins og ráða má af pistlum hæstv. dómsmrh., að með því að taka upp beint lýðræði í gegnum netið væri hægt að leggja af fulltrúalýðræðið. Raunar er ég dálítið hissa á því að hæstv. dómsmrh. skuli ítrekað hafa skrifað og talað með þeim hætti að það er engu líkara en Sjálfstfl. líti svo á að fulltrúalýðræðið sé svo gallað að það sé ekki til framtíðar setjandi.

Sú tillaga sem við þingmenn Samf. höfum hins vegar lagt fram miðar að því að bæta úr ákveðnum ágöllum þess fulltrúalýðræðis sem við búum við. Ágallarnir eru sýnilegri og dýpri á Íslandi en mjög víða annars staðar. Ástæðan er sú að hér eiga þegnarnir aldrei kost á að kjósa með beinum hætti um gagnger stjórnarskipti. Staðan er slík að það hefur aldrei komið upp að einn flokkur hafi haft meiri hluta. Það er mjög sjaldan sem í sjónmáli er möguleiki á að skipta beinlínis um ríkisstjórn með þeim hætti að það sé skýr valkostur sem taki við. Með því á ég við að stjórn taki við af ríkisstjórn mynduð af flokkum sem hafa myndað stjórnarandstöðu. Þetta þýðir að þar sem samsteypustjórnir sitja eins og hér á Íslandi er mjög erfitt fyrir kjósandann að gera því skóna að með atkvæði sínu geti hann valdið gagngerri breytingu á tiltæku djúpstæðu ágreiningsefni.

Við höfum líka, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson var svo vinsamlegur að rifja upp úr grein sem ég skrifaði í Fréttablaðið á dögunum, reynslu sem sýnir okkur að sérhagsmunir hafa gríðarlega rík tök á stjórnmálaflokkum. Ég leyfi mér, frú forseti, að taka sem dæmi þau átök sem hafa orðið um stjórnkerfi fiskveiða. Þeir tveir flokkar sem nú eru við stjórnvöl, Framsfl. og Sjálfstfl., eru að fornu og nýju rígnjörvaðir saman við helstu héraðshöfðingjana og hagsmunakóngana í sjávarútvegi og það er enginn vafi á því að t.d. í síðustu kosningum létu kóngar í útgerð mikla fjármuni renna til þessara tveggja flokka beinlínis til þess að viðhalda því stjórnkerfi sem við búum nú við í fiskveiðum. Það er enginn vafi um það í mínum huga að þessir hagsmunir gera

það að verkum að það er mjög erfitt að ná fram, með tilstyrk þessara tveggja flokka, einhverjum gagngerum breytingum á stjórnkerfi fiskveiða. Af því dreg ég þá ályktun að það sé mjög erfitt fyrir kjósendur í landinu, þó að kannanir sýni að þeir séu að miklum meiri hluta á móti núverandi kerfi í fiskveiðum, að ná fram breytingum við þingkosningar. Á þessum grundvelli m.a. tel ég nauðsynlegt fyrir borgarana að eiga kost á því að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslur, eiga kost á því að beita beinu lýðræði til þess að fá að hafa bein áhrif á þau mál sem eru mikilvægust í þjóðmálunum hverju sinni.

Ég hef tekið stjórnkerfi fiskveiða sem dæmi. Vitaskuld er það flókið viðfangsefni. Það er alveg ljóst að til að hægt væri að útkljá það af einhverju viti í þjóðaratkvæðagreiðslu í krafti beins lýðræðis þyrfti að skilgreina þær spurningar sem lagðar væru fyrir þjóðina mjög ítarlega. Ég tel samt að hægt sé að komast yfir það vandamál. Þar er um tæknilega útfærslu að ræða. Ég er því þeirrar skoðunar í ljósi þessa tiltekna vandamáls sem ég bregð upp til þess að spegla rætur skoðana minna á málinu að það sé mjög nauðsynlegt að skapa þjóðinni möguleika á því að viðhafa beint lýðræði. Það er hins vegar átakanlegt að t.d. Sjálfstfl. hefur lagst gegn beinu lýðræði hvað eftir annað og ef við horfum í gegnum Íslandssöguna hafa Íslendingar fyrst og fremst fengið að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslur um mál eins og brennivín (**JÁ:** Og hunda.) og hunda eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson kallar fram í og rifjar upp frægа atkvæðagreiðslu sem Sjálfstfl. í Reykjavík leyfði einu sinni að fram færi.

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé skylda okkar sem einstaks lýðræðisríkis að vera í fararbroddi á þessu sviði. Því er það svo að þegar Samf. tekur við stjórnartaumum munum við freista alls sem við getum til þess að stíga marktæk skref í áttina að beinu lýðræði. Með því á ég við tvennt: Í fyrsta lagi munum við beita okkur fyrir breytingum á stjórnarskránni sem munu gera það mögulegt fyrir tiltekinn fjölda landsmanna að kalla fram þjóðaratkvæði við ákveðnar aðstæður.

Í öðru lagi munum við verja umtalsverðum fjármunum til þess að þróa nýja tækni hér á landi sem gerir kleift að framkvæma beint lýðræði fyrir tilstilli tækninnar. Ég geri mér grein fyrir að á þessu eru enn þá ákveðnir annmarkar eins og fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, en tíminn og tæknin munu yfirvinna þá. Að þessu leyti til mun Samf. brjóta í blað þegar hún tekur við stjórnartaumunum.

[18:51]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari ágætu umræðu um beint og milliliðalaust lýðræði og ætla að stytta mál mitt í síðari ræðu verulega því það eru nokkur mál sem bíða umræðu áður en dagur verður að kveldi kominn í þinginu.

Hér hafa komið fram margar ágætar hugmyndir. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson rakti það ágætlega að hve litlu leyti við höfum beitt þjóðaratkvæðagreiðslum um meginmálin. Við höfum hreinlega alls ekki gert það. Það eru hundar, brennivín og búið.

Ágætt dæmi um góða notkun á beinu lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslum er nú í Bretlandi þar sem Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hefur ákveðið að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu í Bretlandi um nýja stjórnarskrá Evrópusambandsins. Verulega gott framtak hjá Tony Blair og lofsvert í alla staði og gott að breski Verkamannaflokkurinn skuli feta þessa leið í málinu að leyfa fólkinu að greiða atkvæði um það.

Í lokin, frú forseti, ætla ég að leyfa mér að vitna til orða fyrrv. hv. þm. og formanns Alþýðuflokksins, Jóns Baldvins Hannibalssonar, núverandi sendiherra í Helsinki, en hann var einn af stuðningsmönnum og baráttumönnum fyrir beinu lýðræði á fyrri árum og er það áreiðanlega enn þá. Í viðtali við Morgunblaðið 25. apríl 1997 í tilefni af staðfærslu Morgunblaðsins á greinaflokki Economist um beint lýðræði sagði Jón Baldvin, með leyfi forseta:

„Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta vegna lýðræðishefðar okkar, menntunarstigs og fámennis þjóðarinnar sem ætti að auðvelda að láta tilraunina heppnast.

Lýðræði okkar er í grundvallaratriðum vanburðugt og ófullkomið vegna þess að við höfum aldrei í lýðveldissögunni notið þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í jöfnum atkvæðisrétti, einn maður eitt atkvæði, né heldur notið þess að geta ráðið persónuvali í kosningum.

Af þessum sökum er vafalaust kominn tími til að endurmeta reynsluna og hugsa stærra. Hugmyndir um að nýta nýja upplýsingatækni og miðlun í tilraunum með þjóðaratkvæðagreiðslur og beina þátttöku almennings, með minna vægi fulltrúalýðræðis, eru fyllilega tímabærar og mjög áhugaverðar.

Tilgangurinn væri auðvitað að auka ábyrgð og sjálfsaga kjósenda, þeir yrðu að taka beina ábyrgð á afleiðingum gerða sinna með slíku vali. Það væri verið að styrkja þá stoð lýðræðisins sem byggist ekki aðeins á réttindum heldur líka á skyldum."

Svo mæltist Jóni Baldvini Hannibalssyni í Morgunblaðinu 25. apríl 1997. Hann gat um eitt af mikilvægustu mannréttindamálum okkar sem störfum í þinginu, að jafna atkvæðisrétt allra landsmanna að fullu. Það eru engin rök fyrir því að atkvæði allra Íslendinga séu ekki jafngild. Misvægi í atkvæði er ekkert annað en skýlaust mannréttindabrot og svartur blettur á stjórnmálum okkar Íslendinga. Jafn atkvæðisréttur er þó fyrst og fremst spurning um mannréttindi og með því að gera landið allt að einu kjördæmi væri tryggt að allir í landinu hefðu nákvæmlega sömu möguleika á að hafa áhrif á stjórn landsins.

Þessu til hliðar er algert lykilatriði, eins og fram hefur komið í margendurfluttu máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um opið bókhald og fjárreiður stjórnmálaflokkanna, til að byggja upp heilbrigt stjórnmálalíf, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttur hefur svo margoft komið inn á og barist fyrir af eldhug sínum og einurð sem fátt stenst samjöfnuð, að opna bókhaldið því að leynd og pukur með fjármál flokkanna grafa undan tiltrú almennings á stjórnmálamönnum og þar með lýðræðinu öllu og er áreiðanlega einn stærsti þáttur í þeirri vantrú sem margir hafa á stjórnmálamönnum, eins og fram kom í frægri skoðanakönnun Gallups á dögunum þar sem innan við helmingur spurðra, 47%, sögðust hafa traust eða jákvæðar tilfinningar til Alþingis Íslendinga. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir hið háa Alþingi þegar svo er komið. Ég er sannfærður um að leyndin og pukrið með fjármál flokkanna og þessi ósýnileiki hefur mikil áhrif þar á því að gegnsæi er grundvallaratriði í lýðræðislegu samfélagi. Við lifum ekki í gegnsæju samfélagi sem er algert lykilatriði til að efla stjórnmálalífið. Stjórnmálamenn eiga að byrja heima hjá sér og opna bókhald flokkanna, leyfa að við jöfnum

atkvæðaréttinn og eflum beint lýðræði með því að festa rétt fólks til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslum í stjórnarskrá lýðveldisins. Ég ætla ekki lengra út í þá umræðu þó að um þetta mætti hafa langt mál og mikið. Vonandi gefst tækifæri til þess síðar ef allshn. mun afgreiða málið til 2. umr., sem ég tel sjálfsagt að hún geri. En það bíða mörg merkileg mál 1. umr. í þinginu og því ætla ég að ljúka máli mínu að þessu sinni og þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni kærlega fyrir málefnalega og uppbyggilega umræðu.

Ég vil nefna að lokum það sem hv. þm. Jón Gunnarsson gaukaði að mér, að Alþingi mætti ganga á undan í að efla lýðræðislega þátttöku fólksins með því að útvarpa öllum umræðum Alþingis á sérstakri útvarpsrás, sem er ákaflega ódýr og árangursrík leið til að greiða leið almennings að hinni lýðræðislegu umræðu í landinu sem er okkur öllum til mikilla hagsbóta að fólk taki þátt í og fylgist vel með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kornrækt á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. ÖB, 433. mál. — Þskj. 599.

[18:58]

Flm. (Önundur S. Björnsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem finna má á þskj. 599 og varðar stöðu kornræktar á Íslandi. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna með hvaða hætti megi stórauka kornrækt til fóðurgerðar á Íslandi, þannig að hún verði samkeppnisfær við niðurgreitt innflutt korn. Nefndin geri tillögur um hve mikið korn sé raunhæft að rækta innan lands og hvað þurfi til svo að hægt sé að stunda kornrækt sem aðalbúgrein. Þá leggi nefndin mat á hagkvæmni þess að rækta fóðurkorn á Íslandi og gildi þess fyrir atvinnulífið.

Nefndin skili tillögum fyrir 1. nóvember 2004."

Frú forseti. Kornrækt hefur verið stunduð í áratugi á Íslandi, gengið vel og sannað sig. Miklir vaxtarmöguleikar eru í fóðurkornsframleiðslu og hefur greinin alla burði til þess að vera sjálfstæð búgrein en til þess þarf hún að verða samkeppnisfær við innflutta framleiðslu. Þannig verða kornbændur að geta selt framleiðslu sína á samkeppnishæfu verði miðað við niðurgreidda innflutta framleiðslu.

Samkvæmt upplýsingum frá Jónatani Hermannssyni, tilraunastjóra hjá RALA, hefur uppskera hér á landi undanfarin ár verið nánast jafnmikil á flatareiningu og í Noregi. Norðmenn rækta 1,1 millj. tonn af korni á ári og fullnægja kornþörf innan lands. Við notum 70 þús. tonn af korni á ári hverju fyrir kýr, svín og hænsni. Í sumar gætum við hafa ræktað 10 þús. tonn og þá er enn opinn markaður fyrir 60 þús. tonn.

Bændur landsins hafa allt síðasta ár verið mjög áhugasamir um ræktun erfðabreytts korns á vegum líftæknifyrirtækisins Orfs hf. og ekkert nema gott um það að segja. En orfsmenn hafa aldrei talað um meiri ræktun en 6 þús. ha. á ári og ekki fyrr en eftir áratug í fyrsta lagi. Ef við ræktum 60 þús. tonn í svínin og hænsnin verða það 15 þús. hektarar á ári.

Kornverð í Danmörku og væntanlega Evrópusambandinu öllu hefur verið afar lágt í nærri áratug. Bændur fá háa styrki á hvern hektara ræktanlegs lands og þar mun vera í gildi ræktunarskylda, en á móti koma útflutningsgjöld á korn ef flytja á það út fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Styrkirnir og útflutningsgjöldin vinna saman að því að halda kornverði mjög lágu innan efnahagssvæðisins og það er lægra en hið raunverulega heimsmarkaðsverð.

Mér skilst að Norðmenn hafi haldið kornrækt sinni utan við efnahagssvæðið og þar ræðst verð af framboði og eftirspurn innan lands. Þar er sem sé í gangi sama kerfið og hér er í kartöflum og var í grænmetinu þangað til í fyrra. Meðalverð til kornbænda í Noregi síðustu þrjú ár hefur verið 194 norskir aurar á kg korns. Einstakar atvinnugreinar og búgreinar verða að fá að njóta sanngirni. Það gengur augljóslega ekki að búgrein eins og kornræktin verði að þola samkeppni við innflutning á tilbúnu undirverði án þess að njóta sambærilegra kjara og samkeppnisaðilar utan lands.

Þá er að huga að samkeppnisstöðunni, ef við næðum sanngirni í skiptum við Evrópusambandið. Vandamál okkar eru tvö. Það fyrra er mikill vélakostnaður hér á landi vegna þess hve korn er ræktað í smáum einingum. Það ætti að lagast með aukinni kornrækt. Hitt er það að kornið hér er og verður sjálfsagt alltaf blautara við skurð en hjá samkeppnisaðilunum. Því verður þurrkun dýrari hjá okkur en þeim. Á móti kemur vernd fjarlægðarinnar, flutningskostnaður til landsins mun liggja nærri 6 kr. á kg. Það ætti að geta jafnað út þurrkunarkostnaðinn og heldur meira en það. Við eigum mikið land og gott sem hentar til kornræktar en er enn ónotað. Sem dæmi má nefna að á Suðurlandi einu eru um 300 þús. hektarar af ræktanlegu landi, þar af helmingur í Rangárvallasýslu. Einungis 15 þús. hektara þarf til að framleiða allt fóðurkorn fyrir innanlandsmarkað.

Bændur hafa áratugalanga þekkingu á kornrækt. Það er ekki eins og verið sé að koma einhverju á sem engin reynsla er fyrir. Jónatan Hermannsson hjá RALA upplýsir að kornræktin hafi á undanförnum árum orðið hvati að nýrri ræktunarmenningu sem hefur skilað sér í endurræktun túna, sem skilar sér m.a. í auknum afurðum búpenings. Á grundvelli þessarar ræktunarmenningar eru bændur nú tilbúnir til þess að takast á við stærri verkefni.

Í kornræktinni fer saman ný þekking og reynsla. Ný byggyrki koma fram jafnt og þétt, bæði innlend og erlend, sem gera ræktunina bæði ábatavænlegri og öruggari en verið hefur. Uppskerumagn og öryggi í ræktun er orðið svipað hér og í löndunum sem við berum okkur saman við. Bændur telja sig geta ræktað korn á sama verði og bændur í nágrannalöndunum fái þeir til þess sömu skilyrði hvað varðar styrki og tollvernd. Þar að auki er því spáð að veðurfar fari hlýnandi og það mun auka öryggi kornræktarinnar enn frekar. Aukin kornrækt skapar atvinnu í dreifbýlinu og gagnast sveitum um allt land. Hún eykur fjölbreytni landbúnaðarins og er eina búgreinin þar sem hægt er að auka framleiðslu verulega þegar í stað.

Virðulegi forseti. Hér á landi nýtur greinin lítils stuðnings og er stunduð sem hliðarbúgrein bænda sem framleiða mjólk og rækta korn fyrir búpeninginn. Bændur sem gætu stundað kornrækt sem aukabúgrein og selt öðrum eru ekki samkeppnisfærir, eins og áður hefur komið fram, því innflutt korn er nú selt á 15–17 kr. hvert kg. Þeir þurfa hins vegar að fá u.þ.b. 24 kr. fyrir hvert kg. Efling greinarinnar er þjóðfélagslega hagkvæm, bæði þegar litið er til gjaldeyrissparnaðar og landnýtingar. Hún eykur fjölbreytni atvinnulífs

í byggðum landsins og atvinnumöguleika bænda að sama skapi. Um leið eru færð störf til íslenskra bænda.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til hv. landbn. Alþingis og síðari umr.

[19:06]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér er um mikið framfaramál að ræða fyrir sveitirnar í landinu. Við höfum verið að brydda upp á málefnum landbúnaðarins öðru hverju síðustu vikur, um daginn voru það menntunarmálin þar. Um þau hefur staðið eilíf umræða og jafnvel deilur um stuðning við hinar hefðbundnu gömlu búgreinar.

Í þessari góðu þáltill. hv. þm. Önundar S. Björnssonar koma fram þær stórmerku upplýsingar að kornrækt er ábyggilega einhver vannýttasta auðlind sem við Íslendingar eigum til lands, ef svo má segja, svo við undanskiljum sjóinn þar sem mikið er um vannýtt tækifæri að ræða. Þegar litið er til sveitanna og þeirra sóknarfæra sem þar er að finna og menn geta nýtt sér, sérstaklega þegar við erum að tala um að hverfa frá hinum framleiðslutengdu styrkjum og taka upp það sem kalla mætti búsetustyrki sem menn ráðstafa og nýta eftir því sem þeim hugnast, kemur kornræktin sterklega til greina sem eitt af megintækifærum bænda á næstu árum, því eins og fram kemur í greinargerð þáltill. er korn aðeins ræktað á um það bil 2.400 hekturum á Íslandi sem gefur í mesta lagi um 9 þús. tonn en Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur ræktanlegt land sem hentar vel til kornræktar vera um 600 þús. hektara. Þær tölur ramma inn hvað kornræktin felur í sér mikil tækifæri.

Einnig væri, eins og fram kom hjá flm., mjög þjóðhagslega hagkvæmt að draga úr innflutningi á korni í einhverjum mæli og fara að rækta það þannig að menn finni fyrir því og geri það líka samkeppnishæft við það innflutta og niðurgreidda korn sem menn gefa gripunum og nýta til búræktar hvers konar. Efling greinarinnar yrði án vafa mjög þjóðhagslega hagkvæm hvort sem litið er til gjaldeyrissparnaðar eða landnýtingar því við höfum gríðarlega mikið af ræktanlegu, frjósömu og góðu landi sem gegnir ekki öðru hlutverki nú um stundir en að vera bithagi fyrir stóð og skepnur hvers konar. Það væri hægt að ná miklu meiri arðsemi út úr landinu með því að nýta það til kornræktar.

Ég vil nota tækifærið og þakka flm. fyrir að vekja athygli á þessu mikla sóknarfæri sveitanna og hlakka til að fylgja málinu eftir og ræða það frekar á Alþingi í framtíðinni.

[19:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt enda ekki mjög miklu að bæta við ágæta ræðu hv. þm. Önundar S. Björnssonar, flm. þáltill. Ég fagna því ef það verður að raunveruleika að Alþingi feli hæstv. landbrh. að skipa nefnd þar sem farið verður vandlega yfir stöðu kornræktar á Íslandi og möguleikana í því sambandi.

Ég vil hins vegar fara varlega í að leggja til að þetta verði ríkisstyrkt eða niðurgreitt með einhverjum hætti, því ég tel ekki að sýnt hafi verið fram á að hægt sé að framleiða korn til fóðurgerðar á Íslandi sem sé samkeppnishæft við erlent korn.

Þegar maður skoðar blaðagreinar og hlustar á umfjöllun í fjölmiðlum um þessi mál kemur í ljós að möguleikarnir eru gríðarlegir, eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Önundar Björnssonar og hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Einnig er mikið land ónýtt, t.d. á Suðurlandi. Það bendir margt til þess að veðurfar fari hlýnandi og því gæti verið komið mikið sóknarfæri fyrir íslenska bændur að fara út í kornrækt. Það er svo sannarlega full ástæða til að reyna að hlúa að þessum vaxtarsprota í íslenskum landbúnaði eftir því sem best verður við komið og efla hagræna þáttinn og landbúnaðarrannsóknir í kornrækt hér á landi.

[19:12]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. flm., Önundi S. Björnssyni, fyrir að hreyfa þessu góða máli. Ég held að það sé full ástæða til að ræða aðeins um kornrækt á Alþingi.

Þáltill. sú sem liggur fyrir gerir ráð fyrir að þetta verði skoðað á þrennan hátt. Í fyrsta lagi hvernig stórauka megi kornrækt til fóðurgerðar á Íslandi. Síðan er því velt upp hvort hægt sé að stunda kornrækt sem aðalbúgrein og að lokum að nefndin leggi mat á hagkvæmni þess að rækta fóðurkorn á Íslandi og gildi þess fyrir atvinnulífið. Þessi setning er lykilsetning að mínu viti í þáltill. Hér er ekki verið að leggja til einhverjar skýjaborgir heldur að lagt verði raunverulegt mat á það hver hagkvæmni gæti verið að stunda kornrækt hér og hvaða gildi það hefði fyrir atvinnulífið, væntanlega til sveita.

Fram kom í máli hv. flm. að við notum um 70 þús. tonn af korni og það þyrfti einungis um 15 þús. hektara, ef ég tók rétt eftir, til þess að framleiða fóðurkorn fyrir innanlandsmarkað. Aftur á móti sé hægt að framleiða þetta á 600 þús. hekturum þannig að það er alveg augljóst að það verður hægt að velja og velja vel það land sem rækta á korn á.

Kornræktin hefur verið nokkuð víða. Það er verið að rækta korn í dag á svæðum þar sem það hvarflaði ekki að mönnum að hægt væri að rækta korn áður. Þar kemur loftslagsbreytingin til eins og nefnt hefur verið. Eins er verið að koma fram með ný kornafbrigði sem standa sig vel í venjulegu íslensku veðri.

Ég held að við hljótum að þurfa að skoða, og það hlýtur að vera hlutverk nefndarinnar sem lagt er til að sett verði á laggirnar, hvort bændur séu að keppa við ríkisstyrkta erlenda kornrækt því það er ekki þannig sem við viljum sjá þetta. Ég held að hvernig sem á málið er litið sé nauðsynlegt að kanna hvort stórhuga kornrækt sé raunverulegur kostur á Íslandi og gefa sér ekki þá niðurstöðu fyrir fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:14]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 966. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 1485.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 967. mál, frv. meiri hluta félmn., þskj. 1486.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 683. mál, brtt. ÖS o.fl., þskj. 1484.

Kirkjugripir, fyrri umr.

Þáltill. ÖB, 434. mál. — Þskj. 602.

[19:15]

Flm. (Önundur S. Björnsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um kirkjugripi sem finna má á þskj. 602 og varðar varðveislu kirkjugripa. Tillögugreinin er svohljóðandi orðrétt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að vinna að því að kirkjugripum í vörslu Þjóðminjasafnsins verði skilað í kirkjurnar þar sem þeir voru upphaflega eða þeir afhentir söfnum heima í héraði. Nefndin hugi m.a. að því hvaða munir gætu stuðlað að menningartengdri ferðaþjónustu á viðkomandi stað."

Frú forseti. Listbúnaður í kirkjum er mikilvæg umgjörð alls helgihalds. Kirkjur hafa eignast dýrmæta gripi sem fólk hefur gefið af góðum hug. Gripirnir auðga kirkjurnar, bæði í augum sóknarbarna og ferðamanna. Áður fyrr, einkum í lok nítjándu aldar og á fyrri hluta tuttugustu aldar, voru margir merkir gripir teknir úr kirkjum og settir á söfn þar sem þeir hafa verið varðveittir. Allt frá upphafi 20. aldar hafa aðilar á vegum Þjóðminjasafnsins safnað eða jafnvel numið á brott muni sem kirkjur víða um land hafa átt. Mörgu hefur verið bjargað með því móti, ekki síst þar sem flestar kirkjur voru vanbúnar til að varðveita dýrmæta listgripi. Nú er öldin önnur, núorðið eru kirkjur yfirleitt vel byggðar og þeim vel við haldið, þeirra er yfirleitt vel gætt og vel hugsað um kirkjugripina. Ýmsir kirkjugripir hafa mikið aðdráttarafl og fólk vill njóta þeirra í réttu umhverfi. Æskilegt er að greiða fyrir því að gripir sem varðveittir hafa verið á söfnum komist aftur á upprunalegan stað óski heimamenn þess og verði því við komið á annað borð.

Ég leyfi mér að nefna tvö dæmi sem mér eru tengd. Í kirkjugarðinum á Breiðabólsstað í Fljótshlíð hvar ég gegni embætti sóknarprests er minningarmark á leiði séra Tómasar Sæmundssonar Fjölnismanns sem þar var prestur skömmu fyrir miðja 19. öld. Minningarmark þetta er gert af fíngerðum gljúpum brúnsteini frá Borgundarhólmi og er 130 sentímetrar á hæð fyrir utan 30 sentímetra sökkulstein. Í steininum voru greyptar fjórar lágmyndir höggnar í marmara af hinum merka danska myndhöggvara Herman Vilhelm Bissen að talið er. Minningamarkið létu Fjölnisfélagar séra Tómasar gera eftir að hafa efnt til samskota. Steinn þessi lá í nokkur ár tilbúinn í Danmörku vegna þess að ekki var til fé fyrir flutningi og enn lá hann í nokkur ár á Eyrarbakka áður en unnt var að flytja hann að Breiðabólsstað. Hann var síðan fluttur einn harðindavetur á ís við mikið erfiði og komið fyrir á núverandi stað.

Skemmst er frá því að segja að um 1930 lét þáverandi þjóðminjavörður fjarlægja lágmyndir Bissens af steini þessum og setja eirafsteypur lágmyndanna í staðinn. Mun þetta hafa verið gert vegna ótta um að marmaramyndirnar veðruðust og eyddust. En nú er svo komið að eirafsteypurnar hafa leyst upp og frá þeim liggja ljótir taumar sem sigið hafa inn í steininn og skemmt hann varanlega. Við þetta er því að bæta að þrátt fyrir eftirgrennslan á Þjóðminjasafni hefur reynst ómögulegt að fá upplýsingar um hvar lágmyndir Bissens eru niður komnar þótt svo lesa megi grein eftir Halldór J. Jónsson í Árbók Hins íslenska fornleifafélags að myndirnar séu nr. 22–25 í höggmyndasafni Þjóðminjasafnsins. Sem gefur að skilja væru þær betur komnar sýnilegar á sínum heimaslóðum á Breiðabólsstað en ósýnilegar almenningi á Þjóðminjasafninu.

Annað dæmi má nefna frá sama stað, reyndar öndverðs eðlis. Kaleikur Breiðabólsstaðarkirkju er talinn vera ekki yngri en frá árinu 1397. Hann er hinn ágætasti gripur sinnar tegundar hér á landi og þótt mun víðar væri leitað. Ýmsar sögur eru til af kaleiki þessum sem lesa má m.a. um í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Sumir telja hann frá álfum kominn, en lækningamáttur er talinn fylgja kaleik þessum þeim til handa sem af honum bergja. Mikið er um að fólk leggi leið sína að Breiðabólsstað til þess að fá að bergja af kaleiknum og njóta þannig altarissakramenta um leið og það á sína hljóðu bæn frammi fyrir altari Drottins.

Ítrekað hefur verið reynt að ná kaleiknum úr höndum kirkjunnar í gegnum aldirnar en þar hefur Þjóðminjasafnið reyndar minnst átt hlut að máli. Aðallega voru það Bretar, t.d. Collingwood þegar hann var hér á ferð og British Museum eða breska þjóðminjasafnið sem mun hafa gert út leiðangra hingað til lands til að kaupa gripinn. Kaleikurinn er sem sagt enn á Breiðabólsstað og í fullri þjónustu Guðs við menn.

Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort líklegt væri að fólk mundi leggja leið sína á Þjóðminjasafnið eða eitthvert annað safn til að bergja af þessum merka kaleik. Heldur verður það að teljast hæpið.

Um helgi- og listgripi kirkna segir dr. Sigurbjörn Einarsson biskup í bókinni Haustdreifar, með leyfi forseta:

„Íslendingar hafa á sumum sviðum verið furðu hirðulausir og slysagjarnir í meðferð arfhelgra verðmæta. Og þegar menn fóru að skilja að kirkjugripir geta verið ómetanlega dýrmætir, varð stefnan sú að svipta þeim úr augsýn fólksins og hrúga þeim saman á einum stað, á safni í Reykjavík. Segja má að þetta hafi verið ill nauðsyn. Án efa hafa munir með þessu móti bjargast úr klóm erlendra og innlendra kirkjuræningja og úr loppnum lúkum umsjármanna, fátækra jafnt að augum og smekkvísi. Það ber að þakka. En stefnan er röng allt um það og fráleit nú á dögum. Nothæfir kirkjulegir listmunir frá fyrri tíð eiga sem flestir að varðveitast í kirkjum, þeim til nota og yndis, sem þangað koma og þeir eru stórum fleiri en hinir, sem sækja söfn sér að gagni. Það hlýtur að vera hin eina eðlilega, opinbera stefna, að helgidómar landsins njóti þeirrar virðingar og aðhlynningar, að dýrgripir sem þeim hafa verið lagðir af góðum hug og menningarlegum metnaði, fái að vera þar óhultir og gegna með því sínu rétta hlutverki."

Einnig má í þessu sambandi benda á að Björn Th. Björnsson listfræðingur fjallar um afmarkað tengt mál í greininni Dæmið Bessastaða í afmælisriti Vigdísar Finnbogadóttur, Yrkju. Hann er sama sinnis og dr. Sigurbjörn Einarsson og margir fleiri.

Ég vil taka það fram að ég lít á þessa tillögu sem upphaf að enn frekari sókn til að innkalla þá gripi sem með einum eða öðrum hætti hafa verið teknir úr eða frá kirkjum landsins. Næst mun þess verða óskað að Danir skili öllu því sem þeir hafa af okkur hirt um aldirnar.

Frú forseti. Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til menntmn. Alþingis og 2. umr.

[19:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera eina athugasemd við þessa þáltill. Ég vil fá að hefja mál mitt á að vitna í það sem haft er í greinargerð eftir dr. Sigurbirni Einarssyni biskupi í bókinni Haustdreifar. Þar segir hann m.a. þegar hann talar

um það af hverju gripirnir voru fjarlægðir úr kirkjunum, með leyfi forseta:

„Segja má að þetta hafi verið ill nauðsyn. Án efa hafa munir með þessu móti bjargast úr klóm erlendra og innlendra kirkjuræningja og úr loppnum lúkum umsjármanna, fátækra jafnt að augum og smekkvísi."

Það rifjaðist upp fyrir mér þegar ég var að skoða þessa þáltill. um kirkjugripi og að íhuga ætti að skila þeim aftur til þeirra kirkna þar sem þeir voru upphaflega eða afhenda þau söfnum heima í héraði að ég horfði ekki alls fyrir löngu á sjónvarpsþátt um listmuni á Ítalíu. Þar kom fram að árlega hverfa listmunir í þúsundatali á Ítalíu. Þeim er stolið og þeim er aðallega stolið úr kirkjum og klaustrum. Gengi fara um rænandi og ruplandi. Sérsveit innan ítölsku lögreglunnar vinnur bara við það og ekkert annað að reyna að finna þessa muni aftur.

Mig langar í framhaldi af þessu að koma með athugasemd. Ef við gerðum þetta, færðum þessa verðmætu muni sem kannski eru nú á söfnum og því miður ekki nógu aðgengilegir fyrir flest fólk — þeir eru þó á söfnum, öruggir og vonandi geymdir við viðunandi aðstæður — hversu vel getum við þá tryggt að þessir munir verði öruggir í kirkjum vítt og breitt um landið? Nú geri ég ráð fyrir að margar af þessum kirkjum séu litlar sveitakirkjur, kannski á tiltölulega fáförnum stöðum, og að þessar kirkjur séu lítt vaktaðar. Hugsanlega væri því hægt um vik fyrir óprúttna aðila að brjótast inn, stela þessum munum og selja þá því það er vitað mál að hægt er að fá mikið fé fyrir þessa muni, t.d. erlendis. Antíkmarkaðurinn er mjög stór.

Það var fyrst og fremst þetta sem mig langaði til að benda á og reyna að fá einhverja umræðu um og vekja menn til umhugsunar. En svo er líka annað og það er hversu vel kirkjurnar vítt og breitt um landið séu í stakk búnar til að varðveita viðkvæma listmuni? Þá er ég að tala um hluti eins og rakastig, hitastig og annað þess háttar. Ég er ekki að mæla því mót að þetta verði gert, alls ekki. Ég tel að þessi þáltill. sé mjög þörf og ágæt á allan hátt. En þessa hluti tel ég að við ættum að íhuga gaumgæfilega, ekki rasa um ráð fram því margir girnast þessa gripi, því miður.

[19:27]

Lára Stefánsdóttir:

Frú forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með till. til þál. frá hv. þm. Önundi S. Björnssyni um kirkjugripi. Það er mikilvægt að sérstakir listmunir kirkjunnar sem eru í góðu ástandi og hægt að hugsa vel um í þeirri kirkju sem þeir tilheyrðu séu staðsettir í viðkomandi kirkju fyrir þá sem kirkjuna sækja til að njóta og nýta eftir því sem ástæða er til. Þeir listmunir sem hafa verið gerðir fyrir kirkjur landsins með mikilli fyrirhöfn og stundum af litlum efnum eru gerðir fyrir þá sem sækja kirkjuna, fyrir heimamenn, fyrir ferðamenn, fyrir þá sem koma, en ekki til að geyma annars staðar.

Einn gripur sem sárt er saknað úr sinni heimabyggð er svokallaður Grundarkaleikur úr Grundarkirkju í Laugalandsprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi sem þykir mikill dýrgripur frá 15. öld og er nú í Þjóðminjasafninu. Sóknarprestur í Grundarþingi, séra Hannes Örn Blandon, fór fram á að fá gripinn lánaðan. En þrátt fyrir þó nokkra eftirfylgni fékkst slíkt leyfi ekki frá Þjóðminjasafninu. Hins vegar þegar páfinn kom í heimsókn til landsins notaði hann kaleikinn og þótti heimamönnum nokkuð súrt í broti að fá gripinn ekki lánaðan en kaþólski páfinn gæti hins vegar fengið afnot af gripnum þegar hann kom í heimsókn.

Annar hlutur er alabasturstafla eða altarisbrík, skápur líklega frá 14. öld sem talinn er nokkur gersemi og tilheyrir Munkaþverárkirkju, líka í Eyjafjarðarprófastsdæmi, var látinn af hendi 1844 til danskra yfirvalda. Nú er altarisbríkin á lager í Danmarks National Museum engum til gagns eða yndisauka. Heimamönnum þykir þetta nokkuð sárt og hafa bent á að Danir séu nú að skila kirkjugripum til Færeyja og því sé ákjósanlegt að sækjast eftir því að gripir sem tilheyrðu íslenskum kirkjum rati heim aftur. Því er mikilvægt að hlutast sé til um að fá kirkjugripi sem nú eru í Danmörku í geymslum engum til gagns eða yndisauka heim til Íslands í þær kirkjur þaðan sem þeir koma.

Við vitum öll hvert aðgengi íslensku þjóðarinnar hefur verið að Þjóðminjasafni Íslendinga undanfarin ár. Auðvitað ber að fagna því að safnið mun opna nú í haust glæsilegra en fyrr. Hins vegar vekur það ekki traust á því að varðveisla kirkjugripa í Þjóðminjasafni sé öflugri en í þeirri kirkju sem þeir tilheyra þegar þess er ekki gætt að halda því húsnæði þar sem gripirnir eru geymdir í þokkalegu ástandi svo loka þarf safninu um langt árabil til að koma því í nothæft ástand aftur.

Auðvitað er hárrétt hjá hv. þm. þegar hann nefnir að gæsla, umsýsla og umönnun þessara gripa þurfi að vera næg. En þess ber að geta að kirkjur landsins hafa sýnt mikinn metnað við að gæta gripa sinna. Oft eru þetta fjársjóðir kirkjunnar sem allir sem einn standa vörð um og gæta þess að þeim sé viðhaldið eins og nauðsynlegt er og þeir varðveittir eins og þarf. Þessir kirkjugripir eru því kærastir þeim sem þeir tilheyra. Því hvet ég til þess að hæstv. ríkisstjórn vinni að því að kirkjugripum sem nú eru í vörslu Þjóðminjasafnsins verði skilað aftur heim til þeirrar kirkju þar sem þeir voru upphaflega. Einnig hvet ég til þess að unnið verði að því að ná heim gripum sem eru í dönskum geymslum engum til gagns og ánægju.

[19:31]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil taka undir meginsjónarmiðin í till. til þál. frá hv. þm. Önundi Björnssyni um kirkjugripi, að þess sé freistað eins og nokkur er kostur að kirkjugripirnir geti verið á sínum heimastöðum þar sem þeir hafa verið um aldir. Þeir eru hluti af því umhverfi, menningu og sögu sem þar hefur mótast og orðið til. Því er mikilvægt að þeir fái að vera þar.

Við gerum okkur að vísu grein fyrir því að ýmsir gripir sem hér getur verið um að ræða eru slíkar þjóðargersemar að gera verður mjög strangar kröfur um meðferð, vörslu þeirra og aðbúnað. Sjálfsagt verður að huga vandlega að því.

Ég vil einnig nefna mikilvægi þess hlutverks sem íslenska þjóðkirkjan hefur gegnt og gegnir enn við varðveislu og við að koma á framfæri menningararfleifðinni og dýrgripum þjóðarinnar. Ég tel að kirkjan mætti sem heild huga betur að því en hún gerir og átta sig á hlutverki sínu og þeirri ábyrgð sem hún ber á menningasögulegri arfleifð og dýrgripum sem við eigum um allt land.

Ég minni t.d. á að þegar prestakallaskipan er breytt og prestum fækkað þá er ekki horft til hins margþætta hlutverks sem þjóðkirkjan hefur, sem er einn af hornsteinum þess að við viljum halda þjóðkirkju, ábyrgð hennar og hlutverk í menningarlegu tilliti. Ég tel að kirkjan ætti að kanna hvort hún gæti ekki, með því að prestar gegndu viðtækari hlutverkum úti í samfélaginu, í hinum dreifðu byggðum þar sem

margar þessar kirkjur og gripir eru, sinnt hinu þýðingarmikla hlutverki í atvinnu- og menningarsögu viðkomandi byggðarlaga. Kirkjan ætti að huga vandlega að hlut sínum þar og hvernig hún geti komið betur að þeim málum. Hún gæti litið á þetta sem eitt af viðfangsefnum sínum og samfélagslegum skyldum.

Ég tek undir það að æskilegt væri að margir gripir yrðu fluttir heim og minnist þess að þegar við endurgerðum Hóladómkirkju á árunum kringum 1990 tókst okkur einmitt, eftir mikið samningaþóf, að ná nokkrum gripum sem voru staðsettir á Þjóðminjasafninu, sem höfðu verið teknir úr kirkjunni. Þar á meðal var ein fræg alabastursbrík frá því um 1400. Við fengum hana flutta aftur í kirkjuna.

Varðandi þá vinnu sem fram fer í tengslum við samninga við Dani, í ljósi umræðna í Kaupmannahöfn nú nýverið á fundi helstu þjóðarleiðtoga Íslendinga og Dana, til þess að minnast ráðherra Íslandsmála, má nefna að sagan greinir að Jón Arason hafi gefið Hóladómkirkju gríðarlega stóran og mikinn kaleik, sem var einn stærsti og mesti og dýrasti kaleikur sem þá hafði komið til landsins. einhvern tímann í kringum 1530. Sá kaleikur var síðan fluttur úr landi og spurðist síðast til hans í Jótlandi. Það væri gaman ef við gætum fengið þann góða kaleik heim.

Mér finnast þau atriði sem hv. þm. hefur lagt til virkilega athyglisverð fyrir þingið til að taka á. Ég ítreka að þjóðkirkjan þarf að átta sig á þeirri ábyrgð sem hún eðlilega ber og þeirri kröfu sem við gerum til hennar varðandi það að halda til haga og gera aðgengileg og varðveita og sýna þessa menningararfleifð sem tengist kirkjum landsins.

[19:36]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Mér þykir mjög við hæfi að einn af öndvegisklerkum þjóðkirkjunnar skuli flytja þetta merka þingmál, sem mér finnst það vera. Þetta er eitt af þeim málum sem manni finnst í reynd alveg sjálfsagt. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að svona væri í pottinn búið. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að búið væri að fara um kirkjur landsins og safna þaðan merkustu dýrgripum þeirra saman á einn stað og hugsanlega flytja drjúgan hluta þeirra úr landi.

Það má segja að á sínum tíma hafi þetta hugsanlega verið jákvætt, þegar erfiðara var að verja listgripi, ekki síst fyrir þeim sem hugsanlega vildu fara höndum ræningja um þessa gripi. Nú er öldin önnur. Það má segja að þessi stefna hafi verið, eins og hæstv. ráðherra kirkjumála segir stundum, barn síns tíma. Nú eru aðrir tímar. Ég tel ákaflega vel við við hæfi að þessi tillaga verði samþykkt af Alþingi og því hrint í framkvæmd að gripum sem er að finna á Þjóðminjasafninu, fáum til yndisauka, fáum til fróðleiks og enn færri til gagns, yrðu aftur fluttir til síns heima.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson benti á ljóð, að því er hann taldi, á ráði þessarar tillögu. En af því að hv. þm. er áhugamaður um sögu sjávarútvegsins, eins og ítrekað hefur komið fram á þingi, má benda á að Þjóðminjasafnið hefur komið nokkuð að því að verja þá sögu. Eða hvað, frú forseti? Minnumst við þess ekki öll að það var Þjóðminjasafnið sem safnaði saman á einn stað öllum helstu minjum frá þeim tíma sjávarútvegsins er menn stunduðu útræði á höndum? Það mætti spyrja hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hvar þessar ómetanlegu minjar eru niður komnar í dag. Frú forseti. Þær eru einhvers staðar á sveimi í gufuhvolfinu í formi sameinda. Þeim var safnað saman á einn stað og það kviknaði í því húsi og ekkert af þessum ómetanlegu minjum bjargaðist. Auðvitað mætti átelja Þjóðminjasafnið fyrir það hvernig staðið var að vörnum á þessu. Ég ætla ekki að gera það í þessari ræðu þótt mér þyki það grátlegt og sorglegt. Það eina sem við höfum eftir til minja um margvíslegar heiðir sem þróuðust á sviði árabátasmíða á Íslandi eru til vegna þess að stöku bátur var í láni og Þjóðminjasafnið hafði ekki enn gert reka að því að hirða þá alla hingað suður. Það er mjög hættuleg stefna að safna saman á einn stað öllum helstu dýrgripum þjóðarinnar á tilteknu sviði.

Annað dæmi er auðvitað bruninn mikli í Kaupmannahöfn, sem varð að yrkisefni Halldórs Laxness í hinni ódauðlegu skáldsögu hans Íslandsklukkunni. Þar brann stór hluti þeirra handrita sem Árni Magnússon hafði saman safnað og menn á undan honum. Það er hætta fólgin í því að safna öllum svona gripum saman á einn stað. Segja má að stefnan sem fram kemur í tillögu hv. þm. Önundar Björnssonar feli í sér það að við dreifum áhættunni við varðveislu þessara gripa.

Hins vegar er það alveg rétt sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði, að það er hugsanlegt að með því að skila gripunum aftur í sínar gömlu heimakirkjur skapist hætta á því að óvandaðir menn fari ránshendi um kirkjurnar. Við höfum mörg dæmi um það af Íslandi á síðustu árum. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vísaði til fregna frá Ítalíu þar sem þúsundir slíkra gripa hverfa á hverju ári. Við eigum að líta á það sem reynslu og læra af því. Ef þingið bæri gæfu til þess að samþykkja þessa prýðilegu tillögu hv. þm. Önundar Björnssonar þá ætti samhliða að leggja fram ákveðnar forsendur og skilyrði fyrir því að kirkjur fengju slíka gripi. Það væri hægt að gera það að forsendu afhendingar gripanna að fylgt væri ákveðnum stöðlum til að verja þá. Ég tel fortakslaust að kirkjur ættu ekki að fá til baka gripina nema þær féllust á slíkt.

Við skulum ekki gleyma því að kirkjan er undirstaða menningar og lista á Íslandi. Vísindin þróuðust alfarið út frá kirkjunum. Nútímaraunvísindi á Íslandi þróuðust í gegnum Guðbrand Þorláksson biskup á Hólum og síðan langafabarn hans, Þórð Þorláksson, sem var þjóðhagi á smíðar og biskup í Skálholti. Þessir menn lögðu grundvöllinn að hvers konar raunvísindum, stærðfræði, stjörnufræði og landafræði. Líkast til hafa fáir jafnmiklir afreksmenn, hugsanlega einhverjir en mjög fáir, staðið Guðbrandi Þorlákssyni á sporði hvað atgervi og þekkingu varðaði.

Ef við skoðum uppruna myndlistar á Íslandi þá sjáum við líka að hún þróaðist öll í kringum kirkjur. Hún þróaðist í kringum gerð altaristaflna. Hólastaður og Skálholt sendu öldum saman menn til prestsnáms hingað suður. Þeir efnilegustu fóru utan og margir þeirra, sem höfðu að upplagi til að bera hæfileika til dráttlistar, náðu að þroska þá með einhverjum hætti í Kaupmannahöfn. Þannig má segja að upphaf myndlistar hafi verið í gegnum kirkjurnar og kirkjulegar athafnir. Þetta er því sanngirnismál. Tímarnir eru þannig í dag að það er hægt að verja gripina þótt þeim sé skilað aftur til kirknanna. Ég tel að það mundi efla mjög mikilvægi kirknanna. Það mundi líka ýta undir það sem við tölum stundum um og heitir menningartengd ferðaþjónusta.

Ég vil að síðustu taka sérstaklega undir það sem hv. þm. Lára Stefánsdóttir sagði varðandi þá gripi sem er að finna, engum til gagns, í dönskum söfnum en skipta sennilega hundruðum. Auðvitað á það að vera krafa af hálfu íslensku þjóðarinnar að þessum gripum verði skilað aftur. Þegar við náðum samningum við Dani um að fá handritin aftur heim þá skrifuðu íslenskir ráðamenn að vísu undir samning þess

efnis að þeir mundu aldrei gera tilkall til þess. En það var líka forsenda þeirra samninga á sínum tíma og það viðhorf var líka barn síns tíma.

Í dag eru uppi önnur viðhorf varðandi sjálfstæði þjóða og tilkall þeirra til eigin arfleifðar á sviði menningar og sögu. Ég tel fortakslaust að á næstu árum og áratug þá hljóti stjórnvöld að gera reka að því að kalla þessa muni heim til Íslands.

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi frábært dæmi, um merkilegan kaleik úr Hóladómkirkju sem ekki er vitað hvar er niður kominn í Danmörku en er örugglega þar til staðar. Það á að gera skipulega leit að slíkum munum, skrá þá og gera síðan formlegt tilkall til þeirra.

Ég fagna tillögu hv. þm. Önundar Björnssonar og vona að hún verði samþykkt.

[19:44]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil árétta að þegar ég benti á það áðan að vanda þyrfti til þessa verks þá var ég ekki að mæla gegn því að þetta yrði gert, alls ekki. Ég vildi hvetja til þess að menn gættu sín á að rasa ekki um ráð fram í málinu. Eins og ég benti á, er mikið af þessum gripum mjög dýrmætir og ómetanlegir. Því miður er það þannig í okkar annars ágæta þjóðfélagi að menn virðast töluvert hafa verið að færa sig upp á skaftið á undanförnum árum, einmitt hvað varðar þjófnaði og rán. Margir af þessum gripum eru þess eðlis að hægt er að fá fyrir þá háar fjárhæðir á mörkuðum. Það var fyrst og fremst þetta sem ég átti við.

Við þurfum að búa þannig um hnútana, ég tek undir þau orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að til yrðu ákveðnir staðlar. Alla vega þarf að fara mjög vandlega yfir það hvernig við ætluðum að tryggja að þessir munir hverfi ekki og tryggja að þessir munir liggi ekki undir skemmdum í kirkjunum.

Ég er þeirrar skoðunar að allir listgripir, hvort sem það eru kirkjugripir eða aðrir gripir, séu lítils virði ef fólk fær ekki að njóta þeirra. Þeir eru lítils virði geymdir í pappakössum, það er alveg rétt. Gripirnir eiga að vera til sýnis, til þess voru þeir búnir til. Fólk á að fá að njóta þeirra og þeir njóta sín hvergi betur en í sínu rétta umhverfi, sem eru kirkjurnar. En þá ber okkur að tryggja að þeir séu öruggir.

[19:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson erum vísast ekkert ósammála um þetta efni. Ég held að við séum þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. sagði, að menn eigi ekki að rasa um ráð fram, en ég held að við séum sammála því að ef hægt er að skapa forsendur fyrir því að verja gripina sé það flestum til bóta að skila þeim aftur heim í kirkjurnar. Ég held að það sé úrelt stefna í dag að safna hlutum af þessu tagi saman á einn stað og sýna þá. Hverjum? Eru það ekki fyrst og fremst útlendingar? Jú, og skólabörn sem sækja heim söfn eins og Þjóðminjasafnið. En ég og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson nytum þessara gripa miklu betur ef þeir væru í kirkjum eins og á Breiðabólsstað í Fljótshlíð. Ég veit ekki hversu mikla áherslu hv. þm. Frjálslynda flokksins leggja á að bergja blóð Krists úr kaleik í kirkjum, en við sem lítum á okkur sem kristin og fylgjum Samf. að málum, teljum það nokkurs virði. Ég lýsi því ekki fyrir hv. þm. hversu miklu mikilvægara og meiri upplifun það væri fyrir mig að bergja það af börmum bikars sem er frá 1357 og hugsanlega frá álfum kominn, eins og sóknarpresturinn á Breiðabólsstað hefur upplýst í umræðunni. Ég tel að fyrir mjög marga hefði það sterkt trúarlegt og tilfinningalegt gildi.

Almennt er ég þeirrar skoðunar að það fari vel á því og sé í takt við tímann, takt við það að leggja rækt við upprunann, að þessum gripum verði aftur fundinn staður þar sem þeir komu fyrst fram og voru hugsanlega búnir til, hjá sínum heimasöfnuði.

[19:48]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi koma því á framfæri að ég held að við í Frjálsl. séum ekkert verra kristið fólk en félagar í Samf. Við erum svo sannarlega frjálslyndur flokkur og innan okkar hóps rúmast allir trúarflokkar, en ég get upplýst það hér og nú að í okkar þingmannaliði eru menn sem bæði eru heittrúaðir á kristna trú og líka á ásatrú og ég sé í raun og veru ekkert athugavert við það. Ég vildi bara fá að koma því á framfæri.

[19:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal ekkert um það segja hversu sannkristnir hv. þm. Frjálsl. eru. Hitt get ég borið um af eigin reynslu að þeir búa yfir góðu kristilegu innræti. Jafnvel þó að sumir þeirra hafi kosið að leggja höfuð sín með öðrum trúarbrögðum og geti þess vegna ekki talist sannkristnir samkvæmt ritúalinu. Þeir hafa samt sem áður sýnt það í þessum þingsölum að hjarta þeirra slær með lítilmagnanum og þeir hafa yfirleitt tekið rösklega á þegar þurft hefur að verja rétt smælingjans gagnvart hinum þunga hrammi ríkisstjórnarinnar, ekki síst Framsfl. sem stundum slæmist þar sem síst skyldi.

Ég get vottað þetta en ekkert frekar um trúarbrögð þeirra. Mér þykir hins vegar vænt um að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson og flokkur hans muni af alkunnu frjálslyndi sínu að öllum líkindum ljá þessu góða máli stuðning þegar það kemur til nefndar og væntanlega hjálpa hv. þm. Önundi Björnssyni, sóknarpresti á Breiðabólsstað, þar sem álfakaleikurinn er, að fá þetta mál aftur hingað til samþykktar.

Ég vil svo hvetja hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, af því að Breiðabólsstaður er í hans kjördæmi, að gera reka að því að ganga til altaris hjá hv. þm. Önundi Björnssyni og bergja blóð Krists af álfakaleiknum.

[19:50]

Flm. (Önundur S. Björnsson):

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum góðar undirtektir við tillögu þá sem ég flutti um kirkjugripi. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vék í máli sínu að nokkrum atriðum sem ég held að sé nauðsynlegt að svara að einhverju leyti. Auðvitað er það svo að það er enginn hlutur svo vel varinn að ekki sé á einn eða annan hátt hægt að ræna honum eða skemma. Það má kannski segja að kirkjur landsins séu meira og minna lokaðar og læstar vegna þess eina einstaklings af kannski 10 þúsund eða 100 þúsund sem gerir sig sekan um að fara inn fyrir kirkjudyr og skemma eða taka ófrjálsri hendi muni, og það er mjög miður að þurfa að læsa kirkjuhúsum. Kirkjan á Breiðabólsstað, af því að Breiðabólsstaður hefur verið til umræðu hér, er ævinlega opin, enda prestssetrið á staðnum.

Sjálfsagt má koma þessum kirkjugripum í talsvert fé erlendis og það má geta þess af því að kaleikurinn á Breiðabólsstað var líka til umræðu að breska þjóðminjasafnið gerði út leiðangur hingað til lands til þess að kaupa þennan kaleik og það var boðið í hann talsvert fé og nákvæm eftirlíking af gulli skyldi fylgja. Mér er sagt að séra Sveinbjörn Högnason,

þáv. alþm. og prófastur á Breiðabólsstað, hafi hlustað gaumgæfilega á tilboð manna en að tilboðinu gerðu sagði séra Sveinbjörn, að mér er sagt: „Fyrst þessi kaleikur er svona verðmætur þá er hann best geymdur hér á Breiðabólsstað.“ Ég er mjög sama sinnis og séra Sveinbjörn að ég held að þessir kirkjumunir, hvort heldur það er þessi tiltekni kaleikur eða Grundarkirkjukaleikurinn, séu langbest geymdir heima hjá sér.

Hvað varðar aðbúnað kirknanna til að varðveita þessa muni þá er því til að svara að auðvitað er misjafnt hvernig kirkjurnar eru búnar til þess, jafnvel nú. Flestar þeirra eru þó upphitaðar og rakastig prýðilegt þannig að það á að vera í lagi með muni sem þar eru geymdir. Munir eru bæði af málmi og sömuleiðis listmunir af striga svo sem altaristöflur og þær hafa flestar fengið að vera á sínum stöðum. Ég veit ekki til þess að til að mynda altaristöflurnar hafi undir nokkrum kringumstæðum orðið fyrir tjóni vegna lágs eða hás rakastigs eða kulda.

Rétt í lokin vil ég enn og aftur ítreka þakklæti mitt fyrir hinar góðu undirtektir við málið. Ég tel að kirkjugripirnir sem nú eru niður komnir í kössum eða öðrum kirnum á Þjóðminjasafninu eða í Kaupmannahöfn eða annars staðar eigi og þeim beri að vera á þeim stöðum, þ.e. sínum heimastöðum, þar sem á annað borð er vilji fólks til að taka við þeim og geta er til að gæta þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsdómur og ráðherraábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 595. mál. — Þskj. 894.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 852. mál (stjórnir, starfsmenn við eignastýringu o.fl.). — Þskj. 1309.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 17. mál.

Fundi slitið kl. 19:55.

---

102. FUNDUR

mánudaginn 26. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 934. mál, þskj. 1420. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, stjfrv., 946. mál, þskj. 1440. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 948. mál, þskj. 1442. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vátryggingarsamningar, stjfrv., 204. mál, þskj. 1358, brtt. 1316. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Rannsókn flugslysa, stjfrv., 451. mál, þskj. 1357, frhnál. 1404. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Varnir gegn mengun hafs og stranda, stjfrv., 162. mál, þskj. 1136, frhnál. 1383, brtt. 1384. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Vatnsveitur sveitarfélaga, stjfrv., 576. mál, þskj. 867. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 860, nál. 1303 og 1378, brtt. 1304 og 1379. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 446. mál, þskj. 630, nál. 1409. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 467. mál, þskj. 675, nál. 1418, brtt. 1419. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Bann við umskurði kvenna, frv., 198. mál, þskj. 201. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 199. mál, þskj. 202. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 200. mál, þskj. 203. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 283. mál, þskj. 321. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Kornrækt á Íslandi, þáltill., 433. mál, þskj. 599. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Kirkjugripir, þáltill., 434. mál, þskj. 602. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
20. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 595. mál, þskj. 894. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
21. Milliliðalaust lýðræði, þáltill., 600. mál, þskj. 906. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
22. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 852. mál, þskj. 1309. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
23. Aðild að Gvadalajara-samningi, stjtill., 883. mál, þskj. 1341. — Fyrri umr.
24. Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, stjtill., 884. mál, þskj. 1342. — Fyrri umr.
25. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
26. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
27. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 961. mál, þskj. 1479. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
28. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 960. mál, þskj. 1478. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

29. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 1. umr.

30. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 869. mál, þskj. 1327, nál. 1451. — Síðari umr.

31. Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, þáltill., 572. mál, þskj. 862, nál. 1450. — Síðari umr.

32. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 736. mál, þskj. 1096, nál. 1458. — 2. umr.

33. Háskóli Íslands, stjfrv., 780. mál, þskj. 1184, nál. 1454. — 2. umr.

34. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 817. mál, þskj. 1245, nál. 1455. — 2. umr.

35. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 818. mál, þskj. 1246, nál. 1456. — 2. umr.

36. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 819. mál, þskj. 1247, nál. 1457. — 2. umr.

37. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 683. mál, þskj. 1012, nál. 1463, brtt. 1484. — 2. umr.

38. Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, stjfrv., 755. mál, þskj. 1130, nál. 1464. — 2. umr.

39. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 921, nál. 1473, brtt. 1477. — 2. umr.

40. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476. — 2. umr.

41. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni Magnússon félmrh.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. þm. Reykv. s., Geir H. Haarde, dags. 26. apríl:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Hringamyndun, 955. mál, fsp. KHG, þskj. 1468.

Jafnrétti kynjanna, 657. mál, svar félmrh., þskj. 1448.

Lúðuveiðar Færeyinga við Ísland, 847. mál, svar sjútvrh., þskj. 1390.

Meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis, 968. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1491.

Siglingavernd, 569. mál, nál. samgn., þskj. 1487; brtt. samgn., þskj. 1488.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 786. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1489.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fyrirætlan þingmeirihlutans um afgreiðslu mála.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis fyrir árið 2003–2004 var þingfrestun fyrirhuguð föstudaginn 7. maí nk. Þannig eru ekki nema níu reglulegir fundardagar Alþingis eftir með þessum sem nú er að líða og þingfrestunardeginum þar sem miðvikudaginn 5. maí var fyrirhugað eða er áformað að hafa eldhúsdag.

Nú hafa borist af því fréttir að hæstv. ríkisstjórn hyggist enn leggja mál og sum stór og nafntoguð fyrir þingið, auðvitað löngu eftir að frestir til slíks eru útrunnir sem var hinn 1. apríl sl. Ég tel eðlilegt við þessar aðstæður að inna hæstv. forsrh. eftir því hver séu nú áform ríkisstjórnarinnar um þingfrestun í ljósi þeirra mála sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að fá afgreidd. Það er ákaflega bagalegt fyrir menn að löngu samþykkt starfsáætlun raskist mikið. Að vísu geri ég ráð fyrir að lífsreyndir menn á þessum bæ hafi gjarnan gert ráð fyrir eins og einni viku í viðbót við það sem áformað hafði verið en mér sýnist margt benda til að það gæti stefnt í umtalsverða röskun á starfsáætlun. Nú er það að sjálfsögðu ekki ríkisstjórnarinnar sem slíkrar, heldur Alþingis að ákveða um störf sín en okkur er öllum ljóst að ríkisstjórnin og vilji hennar hvað varðar það að fá héðan afgreidd mál hefur þar mikil áhrif á.

Ég spyr hæstv. forsrh. hvað hann geti upplýst þingheim um áform ríkisstjórnarinnar að þessu leyti og hvort þess sé að vænta að á allra næstu dögum skýrist um forgangslista þeirra mála sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að fá afgreidd.

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég held reyndar að þetta hafi verið alveg tímabær spurning hjá hv. þingmanni. Það er ljóst að ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að fá allmörg mál samþykkt sem verulega þýðingu kunna að hafa og þurfa töluverða umræðu. Þingflokkarnir hafa báðir tveir samþykkt nú fyrir stundu frv. er varðar fjölmiðla í landinu sem ég geri reyndar ráð fyrir að verði verulegur stuðningur við í þinginu miðað við þær umræður sem hér hafa orðið á undanförnum árum.

Engu að síður tel ég nauðsynlegt að eiga um það góðar umræður og því held ég að rétt sé að gera ráð fyrir því að þingið geti dregist töluvert fram eftir maí en ég þori ekki

alveg að segja til um það hversu langt það verður, enda er ég sammála hv. þingmanni að um það eiga menn að ráðgast saman á vettvangi þingsins. Af hálfu ríkisstjórnarinnar get ég sagt að við þurfum örugglega lengri tíma en um hefur verið rætt og ég hef reyndar tekið eftir því í umræðum undanfarinna vikna að ýmsir þingmenn hafa talið betra að þingið stæði lengur en skemur.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég get ekki sagt í sjálfu sér að þau komi mér á óvart. Ég vil fyrst og fremst leggja á það áherslu úr því að það er nokkuð ljóst að það stefnir í lengra þinghald en áður hafði verið áformað, ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem hæstv. forsrh. birti hér, að þingflokkar ríkisstjórnarinnar hefðu samþykkt framlagningu, ef ég skildi rétt, hins margfræga fjölmiðlafrumvarps sem mikið fár hefur verið út af að hafi verið í vinnslu hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er augljóslega mál sem hlýtur að kalla á miklar umræður og umtalsverða vinnu ef það er virkilega ætlun manna að afgreiða það á þessu þingi.

Ég held að það sé þá rétt að menn setjist niður saman og semji nýja starfsáætlun sem taki raunhæft mið af þeim stóru málum sem ætlunin er að afgreiða og þá öðrum sem menn geta sæst á að verði frestað til haustsins þannig að fyrr en síðar liggi fyrir hvort við erum að tala um miðjan maí eða maílok hvað varðar starfstíma.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan í þessum efnum og vil jafnvel bæta því við að mér finnst eðlilegt að við beinum þeim tilmælum til hæstv. forseta þingsins að hann hugi að því hvort ekki sé ráð fljótlega að ræða um frestun á eldhúsdagsumræðum. Þó að út af fyrir sig sé hægt að láta þær eiga sér stað og draga svo þingið fer betur á því að þær séu nær þinglokunum en fjær.

Frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum.

[15:08]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Nú hefur skýrslan um eignarhald á fjölmiðlum loksins verið gerð opinber og frv. verið kynnt í ríkisstjórn og í stjórnarflokkunum sem hæstv. forsrh. segir byggt á tillögum nefndarinnar.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar er sú að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald yrði ekki náð að öllu leyti nema þær yrðu afturvirkar, að uppbygging á fjölmiðlamarkaði yrði brotin upp og fyrirtækjum gert að laga sig að þeim takmörkunum sem slíkar reglur fælu í sér. Nefndin segir að slíkt fæli augljóslega í sér inngrip hins opinbera í ríkjandi markaðsaðstæður sem gæti orðið fyrirtækjum þungbært og kostnaðarsamt, auk þess sem álitamál gæti risið um þær skorður sem ákvæði stjórnarskrár um vernd eignarréttar og atvinnufrelsi kynnu að setja í þessu efni. Leggur nefndin til að af þessum sökum sé fyrst og fremst horft til áhrifa slíkra reglna til framtíðar.

Nú benda fréttir til þess að frv. sem kynnt var í ríkisstjórninni feli í sér takmarkanir sem ná ekki aðeins til framtíðar heldur verði fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði brotin upp, reyndar með tilteknum aðlögunarfresti eftir því sem greint er frá. Það er áhyggjuefni margra að slíkt frv. kunni að fela í sér afturvirkni, enda grundvallaratriði við lagasetningu að lög séu ekki gerð afturvirk.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Telur hæstv. forsrh. unnt að komast hjá hættu á afturvirkni í slíkri lagasetningu eigi hún að ná til markaðarins eins og hann lítur út í dag? Ef svo er, hvernig? Eða telur hæstv. forsrh. enga ástæðu til að hafa áhyggjur af þessum varnaðarorðum nefndarinnar um afturvirkni og um að slík lög kynnu að brjóta í bága við atvinnufrelsis- og eignarréttarákvæði stjórnarskrár?

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. er farin að fjalla um efni skýrslunnar eftir að hafa lesið hana. Að öðru leyti vil ég taka fram að við samningu þessa frv. sem ég ætla ekki að ræða efnislega var auðvitað horft til og höfð hliðsjón af öllum þeim athugasemdum sem gerðar voru af hálfu nefndarinnar og þær voru skoðaðar í lögfræðilegu samhengi. Það mun allt skýrast við umræðu um málið en við teljum ekki ástæðu til að ætla annað en að það frv. sem þingflokkarnir hafa nú samþykkt að leggja fram, stjórnarflokkarnir, standist íslenska stjórnskipun í hvívetna.

[15:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði að stilla mig um að svara þeim, ég vil segja nánast, fúkyrðum sem hæstv. forsrh. lét yfir mig ganga sl. föstudag, reyndar að mér fjarstaddri vegna veikinda, um að ég væri að tjá mig um skýrslu sem ég hefði ekki séð. Ég verð samt að segja af þessu tilefni að hæstv. forsrh. getur sjálfum sér um kennt þegar hann býður upp á það ástand að hafa skýrslu í umræðunni vikum saman sem lekur út úr hans eigin ríkisstjórn og býður upp á það að fjölmiðlar leggi spurningar fyrir fólk, fyrir stjórnmálamenn og aðra sem vilja taka þátt í þeirri umræðu, sem eru ekki byggðar á staðreyndum. Samt virðist mér, virðulegi forseti, eftir lestur þessarar skýrslu sem allt standist sem ég og margir fleiri hafa sagt um það mál, m.a. um þennan þátt sem snýr að afturvirkni og ég spurði hæstv. forsrh. um.

Ég tel nefnilega mjög mikilvægt að ríkisstjórnin gangi úr skugga um þetta og það svar nægir mér ekki sem hæstv. forsrh. gaf í fjölmiðlum í gær, að auðvitað sé sú leið alltaf opin að menn geti bara leitað réttar síns fyrir dómstólum. Ég spyr: Er svo komið fyrir hæstv. ríkisstjórn að henni sé alveg sama þótt hún brjóti stjórnarskrá?

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hv. þingmaður fyndi þeim orðum sínum stað að ég færi með fúkyrði í hennar garð. Staðreyndin var jú sú að þingmaðurinn lýsti því yfir í útvarpsviðtali að nefnd skýrsla kollvarpaði stefnu og hugmyndum ríkisstjórnarinnar og svo var tekið fram að þingmaðurinn hefði ekki lesið skýrsluna. Það eru engin fúkyrði en þetta er hins vegar mjög athyglisvert. Ég tók það sem dæmi um að þetta væri sérstakur hæfileiki sem þingmaðurinn hefði, að geta dregið ályktun af skýrslu sem hún hefði ekki lesið.

[15:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Það gerðu fjölmargir aðrir vegna þess að það var ekki boðið upp á annað. Það var ekki boðið upp á neitt nema lekann sem kom úr ríkisstjórn hæstv. forsrh. Það var boðið upp á það að tjá sig um hann og það reyndu

fjölmargir að gera, ekki bara stjórnmálamenn heldur líka prófessorar og ýmsir sem reyndu að tjá sig um efni frv. undir þeim kringumstæðum.

Virðulegi forseti. Efni þessa máls snýst um afturvirknina og ég held að það sé orðið alvarlegt mál þegar ríkisstjórnin er tilbúin að leggja fram frv. sem nefndin sem frv. á að byggja á geldur sérstaklega varhuga við nákvæmlega þeim þætti málsins og það á að skauta fram hjá honum. Ég undrast ekki afstöðu hæstv. forsrh. Hann hefur margoft sýnt hvaða afstöðu hann hefur í þessu máli og hvaða afstöðu hann hefur til þeirra fyrirtækja sem lögin eiga að ná til. En ég undrast það að Framsfl. skuli enn og aftur vera tilbúinn að skrifa upp á eitthvað í þá veru. Síðan á að vísa mönnum áfram: Gjörið þið svo vel, farið til dómstóla ef þið viljið leita réttar ykkar, ef það skyldi gerast að þessi lög brytu í bága við stjórnarskrá.

[15:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hlýt að ítreka það sem ekki komst til skila áðan, auðvitað var horft til þeirra sjónarmiða allra sem í nefndinni komu fram og litið til þeirra, allra þeirra sjónarmiða sem hv. þm. nefndi, við samningu frv. Það var haft náið samráð við lögfræðinga og þá ekki síst þá lögfræðinga sem skipað höfðu sæti í nefndinni. Sjónarmiða þeirra var auðvitað gætt.

Ég vil líka taka fram að ég er ekkert að halda því fram að það sé betra að prófessor fjalli um skýrslu sem hann hefur ekki séð, ég tala nú ekki um frv. sem hann hefur ekki lesið, heldur en hv. þingmaður. Hvort tveggja er a.m.k. athyglisvert.

Fyrirætlan ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

[15:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sjálfstfl. lofaði því áður en þing kæmi saman nú í haust að lögð yrði fram áætlun um hvernig staðið yrði að því að efna 25 milljarða króna skattalækkunarloforð flokksins. Engin áætlun var lögð fram eða frv. til að fylgja þeim loforðum eftir og vísað í að ákvörðun yrði tekin í tengslum við kjarasamninga. Það hefur lítið sést af þessum skattalækkunum. Þannig hefur til að mynda hvorki matarskattur verið lækkaður né tekjuskattur einstaklinga né heldur barnabætur hækkaðar.

Eins og fram hefur komið hækkuðu þess í stað skattar m.a. um 1.200 millj. í formi bensíngjalds og framlengdur var hátekjuskatturinn. Þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í byrjun síðasta mánaðar greindi forsrh. frá því að með nýjum kjarasamningum sköpuðust skilyrði til þess að áform ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir gætu náð fram að ganga. Svörin sem þinginu voru þá gefin voru óljós um hvenær vænta mætti þessara skattalækkana.

Nú er liðinn 1 1/2 mánuður frá því að sú yfirlýsing kom fram hjá hæstv. forsrh. og hóflegir samningar hafa verið gerðir hjá stærstu aðilum á almenna vinnumarkaðnum. Samkvæmt áætlun þingsins er stutt í þinglok þótt þau geti svo sannarlega frestast, eins og hér hefur komið fram, ef ætlan ríkisstjórnarinnar er að knýja fram umdeilt fjölmiðlafrumvarp. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvað líður undirbúningi ríkisstjórnarinnar við að leggja fram frumvörp um boðaðar skattalækkanir? Er von til þess að þau verði lögð fram á yfirstandandi þingi? Það er ljóst, herra forseti, að það er ekki bara stjórnarandstaðan sem kallar á efndir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum því að hv. þm. Gunnar Birgisson hefur lýst því yfir að hann neiti að yfirgefa Alþingi fyrr en búið er að afgreiða skattamálin.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Um síðustu kosningar töluðu flestir, sem betur fer, ef ekki allir stjórnmálaflokkar landsins, kannski síst Vinstri grænir, nokkuð glaðlega um skattalækkanir. Ég held því fram að minn flokkur hafi kannski gengið þar einna lengst, ég vona a.m.k. að það megi segja að hann hafi gengið hvað lengst í þeim efnum.

Það var viðhorf hins stjórnarflokksins hins vegar við samningu stjórnarsáttmála að það væri eðlilegt og málefnalegt að horfa til slíkra hluta í samræmi við gerð kjarasamninga. Það fannst mér skynsamleg ábending og skynsamleg rök og fyrir okkar leyti féllumst við á að það væri hin rétta aðferð. Í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði um skattalækkanir sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um. Ég taldi æskilegt að slík áætlun lægi fyrir og yrði lögfest sem fyrst. Ég tel að treysta megi þeim yfirlýsingum sem við höfum gefið, flokkarnir tveir. Við erum að ræða skattamálin. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvort við náum því að leggja það fram nú í vor eða í haust. Það verður að koma í ljós.

[15:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að stjórnarflokkarnir hafa verið fljótari til þegar lögfesta þarf skattalækkanir til fjármagnseigenda en þegar um er að ræða skattalækkanir til einstaklinga eða fólksins í landinu. Ég hélt satt að segja að hæstv. forsrh. hefði metnað til þess í stóli forsrh. að leggja fram tillögur í skattamálum, nema hann ætli kannski að gera það úr stóli hæstv. fjmrh. í haust.

Við í Samf. styðjum hv. þm. Gunnar Birgisson í því að það eigi að afgreiða skattamálin á þessu þingi. Í dag kemur fram í dagblaði að hann hafi lagt fram tillögu í þingflokki sjálfstæðismanna um að þingið fari ekki heim í sumarfrí fyrr en skattamálin hafi verið fullafgreidd. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvernig afgreiðslu sú tillaga hafi fengið í þingflokknum. Hún hlýtur að hafa verið tekin fyrir með formlegum hætti en við styðjum þingmanninn eindregið í því að þessi mál verði afgreidd þegar á þessu þingi.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það sem meginmáli skiptir er að fyrir liggur vilji stjórnarflokkanna til að lækka skatta. Það liggur fyrir að þannig er búið um efnahagsmálin í tíð núverandi ríkisstjórnar að möguleikar verði á því að lækka skatta. Það er mikilvægast af öllu.

Vegna orða um að við séum að hygla fjármagnseigendum vek ég athygli á því að nýverið var erfðafjárskattur lækkaður og fyrir það var ríkisstjórnin gagnrýnd opinberlega. Fyrir hvað? Jú, að erfðafjárskattur væri lækkaður á þessum venjulegum borgurum en hann væri hins vegar hækkaður á hlutafjáreigendum. Þetta gengur þvert á það sem hv. þm. sagði.

[15:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er alveg ótrúlegt hvað hæstv. ríkisstjórn dregur lappirnar í þessu máli. Hún lofaði skattalækkunum,

það var eitt af meginmálum Sjálfstfl. í síðustu kosningum. Það var boðað að málið yrði lagt fram í upphafi þessa þings. Hingað til höfum við hins vegar ekkert séð nema skattahækkanir. Í framhaldinu var því síðan lofað að leggja fram skattalækkanir í kjölfar þess að gerðir yrðu hóflegir kjarasamningar.

Nú hafa verið gerðir hóflegir kjarasamningar og ekkert bólar á skattalækkunum ríkisstjórnarinnar. Maður spyr sig: Ætlar ríkisstjórnin að efna loforðin eða ekki? Það eru einstaklingar í landinu sem bíða eftir því að tekjuskattur verði lækkaður vegna þess að þeir hafa séð lítið af tekjuskattslækkunum hjá núverandi ríkisstjórn meðan hún hefur verið við völd sl. átta ár. Ég skora á hæstv. forsrh. að efna þessi loforð og láta það verða eitt af sínum síðustu verkum í stóli hæstv. forsrh. að leggja fram a.m.k. áætlun um hvernig að þessu verði staðið.

[15:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er sannfærður um að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, svo ágæt sem hún er, er ekki komin hingað sérstaklega til að koma mér í gott skap en ég verð að viðurkenna að hún hefur gert það. Ég hélt að ég mundi aldrei lifa þann dag að Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður mundi reka mig til skattalækkana. En svona gerast hlutirnir. (**JóhS:** Það er annað skattalækkanir á einstaklinga og fyrirtæki, góði minn.)

Herra forseti. Svona var hún í ríkisstjórninni líka.

Íþróttaáætlun.

[15:22]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Frjálsl. ásamt flutningsmönnum úr röðum Vinstri grænna og Samf. hefur lagt fram þáltill. um íþróttaáætlun. Í tillögunni er lagt til að menntmrh. leggi fram íþróttaáætlun til fimm ára í senn. Í greinargerð tillögunnar er fjallað um gildi íþrótta fyrir líkamlega og andlega vellíðan fólks en það kemur sífellt betur í ljós hvernig þær efla þrek og þrótt ungra sem aldinna.

Þá hafa sjónir manna einnig beinst að hlut þeirra í forvörnum gegn vímuefnaneyslu og öðru miður góðu líferni. Enn fremur er því við að bæta að fagleg umfjöllun eigi sér stað um rannsóknir sem ríkið tekur þátt í á sviði íþróttamála. Ítarlegum rannsóknum á fjárhagslegum áhrifum íþrótta á heilbrigðiskerfið er ábótavant.

Niðurstöður verkefnisins Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga hafa nýlega verið kynntar. Þar kemur fram að börn á Íslandi eru almennt 25% feitari en gengur og gerist annars staðar í veröldinni. Niðurstaða skýrslunnar kallar á róttækar aðgerðir stjórnvalda því offituvandamál íslenskra barna gæti breyst í geigvænlegt heilbrigðisvandamál þegar fram í sækir samkvæmt frétt í Morgunblaðinu um helgina.

Í ljósi þessa legg ég fram eftirfarandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

1. Hefur hæstv. menntmrh. kynnt sér niðurstöður verkefnisins Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga?

2. Hefur hæstv. ráðherra í hyggju að leggja fram íþróttaáætlun til nokkurra ára í senn og tryggja þar með langtímastefnumarkmið ríkisins í þeim efnum?

3. Hefur hæstv. ráðherra einhverjar hugmyndir um fjárhagsleg áhrif og gildi íþrótta á íslenskt heilbrigðiskerfi?

4. Eru rannsóknir í bígerð á vegum ráðherra um gildi íþrótta á íslenskt samfélag í félagslegu og efnahagslegu tilliti?

[15:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég reyndi að ná niður þessum fjórum spurningum. Svarið við fyrstu spurningunni er já, annarri spurningunni já, þriðju spurningunni já en ég náði ekki fjórðu spurningunni hjá virðulegum þingmanni.

[15:24]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Fjórða spurningin var þess efnis hvort rannsóknir væru í bígerð á vegum ráðherra um gildi íþrótta á íslenskt samfélag í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Það hefur verið til umræðu í þinginu margoft, sérstaklega þegar kemur til fjárlagaumræðu á hverju hausti, hversu útgjaldafrekur sá liður er er telur til heilbrigðismála í landinu. Á síðustu 10 árum hafa útgjöld til heilbrigðismála aukist um 100%. Þegar kemur að þeirri umræðu almennt í þinginu er það yfirleitt hreimur stjórnarliða að frekar beri að leggja fram fyrirbyggjandi aðgerðir en að elta endalaust þá hundaól sem kostnaður í heilbrigðiskerfinu er. Því spyr ég:

Eru rannsóknir í bígerð á vegum ráðherra um gildi íþrótta á íslenskt samfélag í félagslegu og efnahagslegu tilliti? Hefur ráðherra í hyggju að taka upp íþróttaáætlun til nokkurra ára?

[15:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að nú þegar er í gildi íþróttastefna sem var lögð fram á árinu 1998, minnir mig. Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað, m.a. með tilliti til heilbrigðis ungs fólks og offitu ungra barna, hef ég ákveðið að fara mjög vel yfir þessi mál og mun í sumar skipa starfshóp sem fer yfir öll íþróttamál með tilliti til endurskoðunar íþróttastefnu og þess gildis sem forvarnir í gegnum íþróttir hafa í íslensku samfélagi og þá um leið og ekki síst á ung börn og fjölskyldur.

Að sjálfsögðu mun ég halda áfram að vinna þetta mál í samvinnu og góðri sátt við æskulýðshreyfingarnar í landinu, íþróttahreyfinguna ekki síst. Ég tel að það sé skylda mín að stuðla að því að hér ríki áfram góð íþróttastefna sem hafi það að markmiði að efla enn betur forvarnir, m.a. með það í huga að minnka offitu og auka hreyfingu ungra barna.

Fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi.

[15:26]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Komið hefur fram í fjölmiðlum að skólameistarar framhaldsskólanna spá að miðað við fjárveitingar muni vanta 400–1.000 sæti í framhaldsskóla á komandi hausti. Fulltrúar Samf. í fjárln. bentu á fyrirsjáanlegan fjárskort í umræðunni um fjárlög ársins 2004 en stjórnarflokkarnir völdu pena niðurstöðutölu fjárlaga umfram það að ætla fjármagn samkvæmt þörf.

Mikil fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi var fyrirsjáanleg. Um er að ræða stærri árganga úr grunnskóla en undanfarin ár. Hlutfall hvers árgangs sem kemur beint inn í framhaldsskólana fer hækkandi, m.a. vegna lélegs atvinnuástands, og framhaldsskólum helst betur á nemendum sínum í kjölfar markvissrar vinnu gegn brottfalli.

Í frétt um helgina var haft eftir menntmrh. að nemendur í grunnskóla mundu hafa forgang við innritun í framhaldsskólann í haust og nemendur sem vildu eða þyrftu að flytjast á milli skóla fengju einnig sæti. Forgangur þýðir að þeir eigi að fá skólavist á undan öðrum en ekki til jafns við aðra. Má þar búast við að fullorðnir eða fjarnemar sem eru að afla sér menntunar, oft með ærinni fyrirhöfn og kostnaði, verði látnir víkja.

Með síðustu skólasamningum um framhaldsskóla og menntmrn. var sent bréf til skólameistara sem ekki á sér fordæmi en þar eru skólameistarar varaðir við að taka fleiri nemendur inn í skólana en skólasamningar gera ráð fyrir því ekki verður gert upp við skólana eftir á eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þetta bréf og innihald þess er gjörbreyting frá því sem tíðkast hefur á liðnum árum en þá hefur skólum ætíð verið greiddur mismunur vegna fleiri nemenda en skólasamningar gerðu ráð fyrir.

Spurningar mínar til hæstv. menntmrh. eru því: Mun hæstv. menntmrh. koma til móts við framhaldsskólana með samningum um frekari fjölgun og gera þeim þannig kleift að taka við öllum þeim nemendum sem sækja um skólavist á komandi vetri? Hyggst hæstv. ráðherra leggja fram tillögu til Alþingis um aukið fjármagn til framhaldsskólanna á yfirstandandi ári til að mæta fyrirsjáanlegri fjárþörf vegna fjölgunar nemenda?

[15:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að fjárþörf framhaldsskólanna er mikil og hún kemur til með að aukast, ekki síst í ljósi þess að árgangarnir eru að stækka og við sjáum fram á að fram til ársins 2009 komum við einfaldlega til með að glíma við og þurfa að leysa þau vandamál og viðfangsefni sem fylgja stærri árgöngum sem sækja um í framhaldsskólunum. Ég hef lýst því yfir að að sjálfsögðu muni þeir sem eru að útskrifast úr grunnskóla núna, innritunarárgangarnir, sem og þeir sem eru fyrir í framhaldsskólum njóta forgangs miðað við það fjármagn sem er í dag inn í framhaldsskólana. Ef við lítum í fyrsta lagi til sögunnar varðandi framlög til framhaldsskólanna er ljóst að Alþingi hefur alltaf leyst úr þeim fjárhagsvanda sem framhaldsskólarnir hafa átt við að etja. Sumir framhaldsskólar hafa þurft á meira fjármagni að halda og aðrir minna. Þannig höfum við reynt að millifæra, m.a. á milli skólanna, þannig að við getum staðið frammi fyrir því að uppfylla þær kröfur og væntingar sem nemendur gera til þess að fá að fara inn í skólana. Að sjálfsögðu munum við halda áfram að leysa þessi viðfangsefni sem eru krefjandi og ögrandi, þ.e. hin mikla ásókn í framhaldsskólana. Við munum leysa það eins og við höfum leyst fram að þessu.

Bréfið sem var sent til framhaldsskólanna og hv. þm. vísar til og við höfum rætt gaumgæfilega á þingi er einfaldlega liður í því sem við teljum vera ábyrga fjármálastjórnun, þ.e. að við bendum skólameisturum á að við höfum í samvinnu við þá talað um ákveðna viðmiðunartölu varðandi innritanir. Síðan, og ég lýsti því yfir á góðum fundi með skólameisturunum, munum við fara yfir þessar tölur þegar innritunartölurnar sjálfar liggja fyrir um og upp úr miðjum júní. Þá fyrst er hægt að segja raunverulega hver vandinn er. Fyrr er ekki hægt að gera það.

[15:31]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég tek þessi mál hér upp við hæstv. menntmrh. vegna þess að það kemur ítrekað fram í fjölmiðlum landsins að skólameistarar á Íslandi eru mjög áhyggjufullir vegna hinnar fyrirsjáanlegu fjölgunar í framhaldsskólanum í haust. Þeir telja sig væntanlega þar með ekki hafa fengið tryggingu fyrir því hjá menntamálayfirvöldum að þeim verði tryggt fjármagn til þess að taka við öllum þeim nemendum sem sækja í skólana. Það er því brýnt að fá skýra og skorinyrta yfirlýsingu frá hæstv. menntmrh. um að hún muni fara fram á auknar fjárveitingar frá Alþingi til reksturs framhaldsskólanna. Eins og Samf. benti á við umræður um fjárlög fyrir yfirstandandi ár vantar fjármagn til framhaldsskólanna miðað við fyrirsjáanlega fjölgun.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, við munum fara yfir þær innritunartölur sem okkur berast um og upp úr miðjum júní þegar við getum virkilega talað um það viðfangsefni sem við erum að tala um núna og séð þá svart á hvítu hvaða tölur um er að ræða.

Það getur vel verið líka, eins og ég gat um áðan, að við sjáum fram á það að í sumum skólunum verði fækkun en í öðrum skólum umtalsverð aukning. Ég held að það sé málefni sem við höfum leyst fram til þessa og við komum til með að leysa það og þá áfram í góðri sátt og samvinnu við skólameistarana.

Ég var að gamni mínu og af forvitni að fara yfir fréttaflutning á svipuðum tíma fyrir ári og fyrir tveimur árum og mér sýnist sem það sé gamalkunnur og góður kór sem fer af stað um þetta leyti árs.

[15:33]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það er næsta víst að við munum sjá fram á fækkun í einhverjum framhaldsskólum landsins. Þannig er einfaldlega lífið að það er ekki föst tala nemenda sem sækir þar um. Málið snýst hins vegar um það hvort þeim skólum sem taka við fleiri nemendum en getur um í skólasamningnum verði tryggt fjármagn til að reka skóla sína.

Varðandi það hvort hér er uppi einhver árviss söngur er það alveg klárt að skólastjórnendur hafa aldrei fengið viðlíka bréf og þeir fengu með síðasta skólasamningi þar sem þeim var gert ljóst að þeir fengju ekki greitt umfram það sem skólasamningar viðkomandi skóla kvæðu á um. Ef breyting er fyrirhuguð á því er það bara hið besta mál. Ég vona að reyndin verði sú að öllum, ekki aðeins nýútskrifuðum nemendum úr grunnskóla, heldur öllum þeim sem sækja um í framhaldsskóla verði gert kleift að stunda nám á næstu árum.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, frh. 1. umr.

Stjfrv., 934. mál. — Þskj. 1420.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 945. mál (Montreal-samningurinn, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 946. mál. — Þskj. 1440.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 947. mál (flugvallaskattur). — Þskj. 1441.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 948. mál. — Þskj. 1442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vátryggingarsamningar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 204. mál (heildarlög). — Þskj. 1358, brtt. 1316.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Brtt. 1316 felld með 22:21 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, KJúl, LS, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖB, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BÁ, BBj, DJ, DO, DrH, GuðjG, GÞÞ, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS.

20 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JóhS, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÖS.
22 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JóhS, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1494).

Rannsókn flugslysa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 451. mál. — Þskj. 1357, frhnál. 1404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Brtt. í nál. 1404, samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DO, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖB, ÖS.
22 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JóhS, JGunn, KolH, KHG, MS, SAÞ, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1495).

Varnir gegn mengun hafs og stranda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (heildarlög). — Þskj. 1136, frhnál. 1383, brtt. 1384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Brtt. 1384,1–8 samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖB, ÖS.
23 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DO, EOK, GHj, GHall, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, JóhS, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1496).

Vatnsveitur sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 576. mál (heildarlög). — Þskj. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMM, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EMS, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖB, ÖS.

3 þm. (ÁRJ*, JBjarn, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GuðjG, GHj, GAK, GHall, GÁS, GunnB, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1497).

Málefni aldraða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 570. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 860, nál. 1303 og 1378, brtt. 1304 og 1379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Brtt. 1304,1 samþ. með 43:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖB, ÖS.

nei: JBjarn, SJS.

18 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖB.

3 þm. (JÁ, JBjarn, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, HHj, JGunn, KolH, KHG, MS, SAÞ, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1379 felld með 23:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, LS, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖB, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BÁ, BBj, DJ, DO, DrH, GuðjG, GÞÞ, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

1 þm. (HHj) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1304,2 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRÁ, ÁMM, BÁ, BBj, DJ, DO, DrH, GuðjG, GÞÞ, GÁ, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JónK, JBjart, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, KJúl, LS, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, EMS, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ, ÖB) fjarstaddur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BÁ, BBj, DJ, DO, DrH, GuðjG, GÞÞ, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, LMR, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, KJúl, LS, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, HHj, JÁ, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ, ÖB) fjarstaddur.

Brtt. 1304,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, LMR, MÞH, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖB, ÖS.

3 þm. (JBjarn, MÁ, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, EOK, GHj, GHall, GÁS, GunnB, HHj, JGunn, KolH, KHG, LS, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

3.–5. gr. (verða 4.–6. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KJúl, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (JBjarn, SJS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BjörgvS, GHj, GHall, GÁS, GunnB, JóhS, JGunn, KolH, KHG, MS, SigurjÞ, SP, ÞBack, ÖJ, ÖB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (slátrun eldisfisks). — Þskj. 630, nál. 1409.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að gera breytingar á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og felur í sér sérstaklega tvennt, annars vegar að færa eftirlit á slátrun eldisfisks til sjútvrn. frá landbrn. og hins vegar fjallar það líka um hvernig fara skuli með eftirlit á fiskimjöli sem notað er í fóður en fóðureftirlitið er á vegum landbrn.

Ég vil vekja athygli á því að það er ákveðin réttaróvissa hvað varðar lögsögu um slátrun á eldisfiski þó að hér sé sú ákvörðun tekin að láta hana heyra undir sjútvrn. Ein rök fyrir því voru að fyrir nokkrum árum hefði við lagasetningu láðst að kveða á um hver skyldi fara með þessa lögsögu og þess vegna væri brýnt að kveða á um það. Dýralæknar á viðkomandi stöðum og yfirdýralæknir hafa almennt með höndum eftirlit með slátrun á öllu búfé og fyndist mér eðlilegt að svo væri áfram. Þar sem hér er þó verið að kveða á um og útiloka réttaróvissu er betra að svo sé en að það sé fullkomlega óljóst.

Einnig hefur komið fram við meðferð þessa máls að það er ekki samkomulag og ekki skilningur milli landbrn. og sjútvrn. um hvernig fara skuli með eftirlit með fiskimjöli sem fóðri. Við erum að afgreiða þetta frv. án þess að þeirri réttaróvissu sé eytt, virðulegi forseti, og því tel ég að vinna við frv. sé fjarri því að vera fullnægjandi. Það að við skulum afgreiða það hér án þess að samstaða sé milli ráðuneyta um einstaka þætti þess og hver eigi að fara með hvað finnst mér óviðunandi.

Engu að síður er verið að taka af óvissu fólks. Þótt málið sé fært undir sjútvrn. er verið að taka af réttaróvissu og tel ég því rétt að styðja málið en harma hversu illa það er unnið.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Siglingastofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 467. mál (siglingavernd, kóðar, gjaldtaka). — Þskj. 675, nál. 1418, brtt. 1419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það var sérstaklega óskað eftir því við afgreiðslu þessa máls að fyrir lægju upplýsingar um það í nefndinni hver gjaldtakan yrði samkvæmt þeim gjaldtöku-ákvæðum sem hér liggja fyrir. Því miður hafa þær upplýsingar ekki borist og þess vegna hef ég fyrirvara á varðandi þá afgreiðslu málsins.

Brtt. 1419 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Bann við umskurði kvenna, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 198. mál. — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Kvennahreyfingin á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÞBack, 199. mál. — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 200. mál. — Þskj. 203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 283. mál. — Þskj. 321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Kornrækt á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖB, 433. mál. — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Kirkjugripir, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖB, 434. mál. — Þskj. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Landsdómur og ráðherraábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 595. mál. — Þskj. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Milliliðalaust lýðræði, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 600. mál. — Þskj. 906.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 852. mál (stjórnir, starfsmenn við eignastýringu o.fl.). — Þskj. 1309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
25.–28. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 45 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 2. umr.

Stjfrv., 736. mál (frestun á gildistöku reglugerðar). — Þskj. 1096, nál. 1458.

[15:56]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

Félmn. fékk á fund til sín Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félmrn. og einnig bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarpið er lagt fram vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins en 10 ný ríki bætast í hóp þess svæðis núna. Í frumvarpinu er lagt til að beitt verði aðlögunarheimildum aðildarsamnings EES þannig að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, taki ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara hinna nýju ríkja að undanskildum Möltu og Kýpur, fyrr en 1. maí 2006. Það leiðir af frestun á gildistöku framangreindra reglugerðarákvæða að ákvæði a-liðar 14. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, taka ekki gildi fyrr en 1. maí 2006 að því er varðar ríkisborgara ríkjanna átta. Er þetta í samræmi við ráðstafanir sem önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa gert í tengslum við stækkun samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið skrifa Guðlaugur Þ. Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Gunnar Örlygsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Helgi Hjörvar og Jóhanna Sigurðardóttir.

[15:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og kom fram við 1. umr. þessa máls er ég þeirrar skoðunar að það sé allt í lagi að samþykkja þetta frv. Ég tel hins vegar enga sérstaka hættu samfara því að beita ekki þessum möguleika til frestunar.

Við í Samf. munum samþykkja þetta mál. Ég rifja þó upp fyrir hv. formanni félmn. að við 1. umr. spunnust töluverðar umræður um annars konar vá sem ýmis okkar í þessum sal töldum að gæti steðjað að íslenskum vinnumarkaði, nú þegar verið er að stækka hið Evrópska efnahagssvæði. Ég á þar við starfsemi starfsmannaleigna. Það er alveg ljóst að þær eru í örum vexti innan EES og það er líka ljóst, ekki síst af dæmum á Íslandi, að fyrirtæki geta með mjög ósvífnum og ófyrirleitnum hætti notfært sér þjónustu þeirra til þess að brjóta rétt á fólki og líka til þess að grafa undan samkeppnishæfni, annars vegar íslensks vinnuafls og hins vegar íslenskra fyrirtækja. Ég er sannfærður um að við í þessum sal fordæmum öll þau dæmi sem eru um slíkt.

Ég vil rifja það upp að Samf. lagði fram þáltill. um einmitt þetta mál þar sem lagt var til að Alþingi fæli ríkisstjórninni að semja frv. sem setti einhvers konar reglur um það hvað þessum starfsmannaleigum væri heimilt að gera, og einkum og sér í lagi hvað þeim væri ekki heimilt að gera. Hæstv. félmrh. sem ekki er staddur hér í dag, vafalaust með góðar og gildar ástæður fyrir fjarveru sinni, tók tiltölulega vel í að beita sér fyrir því að slík lög yrðu sett. Það kom fram í umræðum bæði í þinginu, að vísu af síðara tilefni, og eins sagði hann það í fjölmiðlum. Hæstv. félmrh. sagði líka að málið væri þannig vaxið að hann teldi rétt að hann sem einn af fulltrúum framkvæmdarvaldsins á Íslandi, sá sem fer með þennan málaflokk, mundi beita sér fyrir því þar sem hann stæði á erlendum vettvangi sem íslenskur félagsmálaráðherra að með alþjóðlegum hætti yrði mynduð samstaða um að taka á þessu vandamáli. Þetta er alþjóðlegt vandamál sem við sjáum að er í vaxandi mæli að brjótast upp á yfirborðið víðs vegar í Evrópu.

Það liggur þess vegna fyrir, herra forseti, að þeir fulltrúar ríkisstjórnarinnar sem einir hafa tjáð sig um þetta mál hafa tekið jákvætt í það. Hæstv. utanrrh. tók jákvætt í málið þegar umræður spunnust um það á ráðherrafundi EFTA undir lok síðasta árs. Ég vil því spyrja hv. formann félmn., Guðlaug Þór Þórðarson, eða þá fulltrúa framkvæmdarvaldsins sem hér eru staddir hvort þeir hafi í einhverju hvikað frá þessari fyrri afstöðu sinni, hvort eitthvað hafi komið fram sem bendi til þess að þetta markmið sé ekki jafngilt og áður. Sérstaklega vil ég spyrja hv. þm. og formann félmn. hvort hann hyggist ekki beita sér fyrir því, og þá væntanlega með góðu samþykki ríkisstjórnarinnar, að samþykkt verði þáltill. sem ég hef nefnt, hugsanlega í því formi sem hún verður lögð fram eða þá í breyttu formi. Ég vil fá úr því skorið hér áður en þessari umræðu er fram haldið hvort það liggi ekki alveg ljóst fyrir að á þessu sé rík þörf og að þetta muni hv. félmn. afgreiða áður en þessu þingi slotar.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki tilefni til langra ræðuhalda af minni hálfu um frv. Það felur í sér algerar lágmarksbreytingar á annars vegar lögunum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögunum nr. 47/1993, og hins vegar breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem hafa það eitt efnisinnihald að undanskilja nýju aðildarríkin að Evrópusambandinu frá hinum sameiginlega vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta er nauðsynlegt til þess að tveggja ára aðlögunartími sem íslensk stjórnvöld hafa nú ákveðið að taka sér hið minnsta hafi trausta stöðu í lögum. Ella mundu þessi ríki sjálfkrafa öðlast þann rétt sem fylgir aðild að Evrópska efnahagssvæðinu sem aftur leiðir af stækkun Evrópusambandsins.

Þegar till. til þál. um að samþykkja stækkun Evrópusambandsins og þar með stækkun Evrópska efnahagssvæðisins var hér til umfjöllunar hafði ég fyrirvara á um stuðning við hana og hann tengdist m.a. því atriði sem hér er til umfjöllunar, þ.e. með hvaða hætti Ísland hyggist nú taka sér þennan tveggja ára aðlögunartíma. Ég hef gagnrýnt hvernig Norðurlöndin hafa staðið að verki í þessum efnum, öll með tölu, að undanskildu þó helst Finnlandi sem kom hreint til dyranna og gaf það upp strax í byrjun að Finnar mundu a.m.k. taka sér tveggja ára aðlögunartíma áður en þeir opnuðu vinnumarkað sinn fyrir nýju aðildarríkjunum og voru þá einkanlega með í huga nágrannaríkin handan Eystrasaltsins.

Annars staðar á Norðurlöndunum, þar á meðal á Íslandi, létu menn lengi vel í veðri vaka að ekkert annað stæði til en að opna vinnumarkaðinn frá fyrsta degi. Það er ekki fyrr en langt er liðið á síðasta ár sem fer að örla á umræðum um að eitthvað annað standi til, löngu eftir að nýju aðildarríkin hafa samþykkt inngöngu sína í Evrópusambandið í góðri trú um að við fyrirheit um fulla aðild þeirra yrði staðið. Nokkrum mánuðum áður en stækkunin sjálf á að ganga í gildi, þ.e. 1. maí nk., innan fárra daga, er loksins verið að taka hér í gegn ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd tveggja ára aðlögunartíma að því að gera þetta að sameiginlegum vinnumarkaði. Það er ansi seint í rassinn gripið. Eðlilega er mikil gremja í mörgum nýju aðildarríkjunum yfir því hvernig þessi mál hafa þróast. Í aðdraganda stækkunarinnar og atkvæðagreiðslna um hana í þessum ríkjum var ekki annað gefið í skyn af hálfu velflestra Evrópusambands- og EES-ríkja en að þau mundu njóta fullra réttinda hvað vinnumarkaðinn snerti strax frá fyrsta degi. Það voru fyrst og fremst Finnar, Þjóðverjar og kannski Austurríkismenn sem gerðu grein fyrir því að þeir kynnu að taka sér aðlögun. Síðan hafa ríkin eitt af öðru bæst í hópinn og nú síðast Norðurlöndin, öll með mismunandi hætti að vísu. Að forminu til beita Danir annars konar takmörkunum en þeim að beita fyrir sig tveggja ára ákvæðinu en það kemur út á eitt.

Að mínu mati hafa menn notað tímann illa til að undirbúa þær mikilvægu breytingar sem verða með því að þessi lönd í Austur-Evrópu verða aðilar að hinum stóra sameiginlega vinnumarkaði Vestur-Evrópu, Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Það hefði mátt standa mun betur að málum hvað það varðar að aðstoða Eystrasaltsríkin, Pólland og önnur sem hér eiga í hlut við að þróa og skipuleggja vinnumarkaðsstofnanir sínar, bæði verkalýðshreyfingu og atvinnurekendasamtök, sem eru afar losaralegar og bágbornar. Tíminn hefur þar farið mikið til spillis. Öllum hlýtur að vera ljóst að það er ákaflega mikilvægt að þessar breytingar takist farsællega og að ekki verði mikil röskun eða ójafnvægi á báðum endum, hvort sem heldur lýtur að vinnumarkaðnum hér eða í þeim löndum sem eru að gerast aðilar. Það getur snúið aftur að flutningi fyrirtækja þangað og öðru í þeim dúr.

Ég hef áður, herra forseti, gert grein fyrir viðhorfum mínum í þessum efnum og viðleitni, m.a. til að fá þessi mál á dagskrá á norrænum vettvangi og einhverjar sameiginlegar aðgerðir af hálfu Norðurlandanna sem auðvitað hefðu verið árangursríkastar ef Norðurlöndin hefðu stillt saman strengi og sameiginlega tekið á og aðstoðað grannríki sín í þessum efnum. Þar er mjög mikið verk að vinna, eins og sést best ef skoðaðar eru tölur um félagsaðild að verkalýðshreyfingum og sú staðreynd að atvinnurekendasamtök eru ýmist alls ekki til staðar eða ákaflega veikburða á mörgum sviðum í þessum löndum. Sérstaklega á það við um Eystrasaltsríkin og Pólland. Það eru jú einmitt þau lönd sem helst horfa norður og vestur á bóginn. Samkvæmt skoðanakönnunum liggur fyrir að hátt hlutfall ungs fólks hefur í hyggju að láta reyna á möguleika sína þegar hinn sameiginlegi vinnumarkaður opnast. Þarf engan að undra í ljósi þess gríðarlega munar sem er á launum og lífskjörum þessara ríkja.

Þessa fyrirvara, virðulegi forseti, vildi ég slá. Ég vil líka segja að mér vitanlega eru engar tryggingar færðar fram fyrir því að sami leikurinn endurtaki sig ekki að tveimur árum liðnum. Engin sérstök stefna hefur verið mótuð um það hvað menn gera þegar dregur að lokum fyrsta tveggja ára tímabilsins en ef menn kjósa að beita ýtrustu möguleikum gæti það orðið samtals í sjö ár sem vinnumarkaðurinn væri meira og minna lokaður fyrir nýju aðildarríkjunum. Ég hygg að þá yrðu flestir að viðurkenna að þá væri talsvert annað upp á teningnum en látið var í veðri vaka þegar verið var að gylla væntanlega aðild að Evrópusambandinu fyrir þessum ríkjum.

[16:09]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil bara nota tækifærið og þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Steingrími J. Sigfússyni fyrir innlegg þeirra í umræðuna. Mjög margt sem kom fram í máli þeirra get ég tekið undir. Ég er alveg sammála því að það væri ekkert sjálfgefið að einhver sérstök vá hefði verið ríkjandi þótt þessi aðlögunartími hefði ekki komið til og ég er í sjálfu sér sammála því líka að menn hefðu getað gert þetta betur út frá því sjónarmiði hvernig menn koma fram við þau nýju ríki sem þarna eru að koma inn.

Á sama hátt er ég sammála því markmiði sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að við ættum að reyna að aðstoða vini okkar í þessum ríkjum, þá kannski sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, eins og mest við megum. Mér fundust koma góðar ábendingar fram í ræðu þingmannsins.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór ágætlega yfir mál sem er nokkuð í umræðunni, starfsmannaleigur. Það hefur m.a. verið tekið fyrir í þingmannanefnd EFTA. Þar var ágætisumræða sem var tekin upp af hv. þingmanni. Samt hafa starfsmannaleigur líka kosti og hafa margir Íslendingar nýtt sér þær og fengið tækifæri til að starfa í gegnum slíkar leigur en að sjálfsögðu skyldu menn fara vel yfir það mál og kanna hvort hlutirnir séu þar gerðir eins og við viljum helst.

Varðandi afstöðu þess sem hér stendur til málsins og hvernig vinnulag beri að hafa hvað varðar þá daga sem eftir eru af þinginu tel ég eðlilegt að hv. þingmaður beini því þá sérstaklega til þess aðila sem hann hefur gert fram til þessa, þ.e. félmrh. Hann rakti ágætlega hvernig þau samskipti hefðu verið. Við munum örugglega ræða það í félmn. og meta hvernig best sé að snúa sér í því máli. Hins vegar liggur fyrir að málið er nokkuð umfangsmikið eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson þekkir vel og það skiptir máli að fara vel yfir það.

[16:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni og formanni félmn. að starfsmannaleigur hafa marga kosti. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að setja skorður við því sem starfsmannaleigur mega gera til að tryggja að við getum í framtíðinni í vaxandi mæli nýtt okkur kosti þeirra. Ég tel að hvort sem okkur líkar betur eða verr sé þróunin sú að menn muni í vaxandi mæli notfæra sér ýmsa þjónustu sem þær hafa upp á að bjóða. Dæmin sýna hins vegar að vegna þess að ekki eru samhæfðar reglur um þetta í Evrópu fara þær oftsinnis út fyrir þau mörk sem við teljum ásættanleg. Sér í lagi birtist stundum í starfsemi þeirra ákveðinn mismunur milli menningar ólíkra þjóða, má segja, þar sem sumar þessara starfsmannaleigna sem eru staðsettar annars staðar en á Íslandi telja við hæfi það sem við Íslendingar teljum allsendis út úr öllu korti.

Ég verð hins vegar að leiðrétta hv. þingmann að því leyti til að það er ekki lengur nauðsynlegt fyrir mig að beina þessu til hæstv. félmrh. Ég hef notfært mér minn lýðræðislega rétt til að leggja málið fyrir þingið. Þingið hefur vísað þessu til umræðu í nefnd sem hv. þm. stýrir, og örugglega farsællega. Ég er kominn hingað til að spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki ljóst í ljósi undirtekta, jafnt ráðherra sem óbreyttra þingmanna eins og hans sjálfs, að málið fái umræðu í nefndinni og, miðað við undirtektir, hvort ekki sé þörf á því að afgreiða það með einhverjum hætti.

Það þarf ekki að leggjast í djúpar rannsóknir á málinu vegna þess að það felur einungis í sér að samþykkja að fela ríkisstjórninni að leggja fram frv. að þessu máli. Með öðrum orðum, þetta er lagt í hendur ríkisstjórnarinnar og engra annarra.

[16:14]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir það innlegg sem hann kom með hér aftur. Ég get fullyrt að meiri hluti félmn. mun skoða það vel og við munum fara yfir það núna, þegar við förum yfir vinnulag okkar fyrir vorið, hvaða málum við getum komið inn. Þetta er eitt af þeim málum sem að sjálfsögðu koma til greina. Hins vegar treysti ég mér ekki til þess að lýsa því yfir hér og nú hvort við náum að klára það fyrir vorþingið og ég veit að þingreyndur maður eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson þekkir það og skilur af hverju það er. Það er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig hvað það varðar.

Hins vegar get ég fullyrt að við munum skoða þetta með jákvæðum augum og meta það. Það eru góðir fulltrúar fyrir hans flokk, Samf., í félmn. og við tökum að sjálfsögðu tillit til óska þeirra. Þar er gott samstarf og ég á von á því að það verði áfram.

[16:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann vel að meta góðan vilja þess hv. þm. sem nú stýrir félmn. Ég er honum þakklátur fyrir að segja að málið verði tekið fyrir með jákvæðum huga og ég treysti því þá að hann geri það á þeim tíma sem hann stýrir nefndinni.

Ég lít hins vegar svo á að það væri blettur á okkur ef þingið afgreiddi ekki málið með einhverjum hætti í ljósi þess að það verktakafyrirtæki sem hefur sætt mestu ámæli fyrir að hafa notfært sér starfsmannaleigur — og sem ég tel að ekki hafi alltaf farið að því sem rétt er — hefur áfellst þingið fyrir vinnubrögð sín. Það hefur ekki bara áfellst okkur sem lögðum fram þessa tillögu heldur þær reglur sem þingið hefur sett sér og sem er framfylgt af hæstv. forseta. Ég leit svo á að þeirri skammadembu sem dundi á mönnum fyrir nokkrum dögum af hálfu þessa fyrirtækis væri ekki aðeins beint að okkur sem lögðum fram frv. heldur þinginu sjálfu. Ég vísa nú til þess að hið ágæta dagblað sem gefið er út hér í borg, Morgunblaðið, benti á þetta í leiðara. Því fannst ástæða til að taka á þessu fyrirtæki sökum þess með hvaða hætti það lagði brandi sínum gegn þinginu og vinnureglum þess.

Það gleður mig líka að ungur þingmaður eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson vilji ástunda vönduð vinnubrögð og vilji hafa vaðið fyrir neðan sig. Ég vil þó benda hv. þingmanni á að hann hefur haft tíma síðan í október til að finna þetta vað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Aðild að Gvadalajara-samningi, fyrri umr.

Stjtill., 883. mál. — Þskj. 1341.

[16:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast. Það er viðbót við Varsjársamninginn sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961 og Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga á milli landa er undirrituð var í

Varsjá 12. október 1929 eins og honum var breytt síðar með Haag-bókuninni frá 28. september 1955, sem undirrituð var í Montreal 25. september 1975, og til fullgildingar á samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999.

Vegna eðlis millilandaflugs er mikilvægt að reglur ríkja þar að lútandi séu ekki misleitar, sérstaklega hvað varðar bótaábyrgð flytjanda vegna tjóns. Áðurnefndir gerningar eru allir á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar og skylda þeir aðildarríkin til að samræma löggjöf sína á tilteknum sviðum. Gvadalajara-samningurinn og Montreal-bókunin nr. 4 kveða á um breytingar á Varsjársamningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa frá 1929 og eru hluti af bótakerfi sem nefnt hefur verið Varsjárkerfið.

Í fyrrnefndum Gvadalajara-samningi er kveðið á um að gildissvið Varsjársamningsins skuli jafnframt látið ná til flytjanda í raun, þ.e. til flytjanda sem ekki er í beinu samningssambandi við farþega eða sendanda farms. Í Montreal-bókun nr. 4 er m.a. kveðið á um ábyrgð flytjanda vegna farmtjóns og póstflutnings. Einnig eru reglur um form flugfarmskírteina rýmkaðar til muna. Jafnframt er kveðið á um hækkun bótamarka samkvæmt Varsjársamningnum og Haag-bókuninni vegna farmtjóns.

Það þarf að gera breytingar á nokkrum ákvæðum í 10. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, til að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem þessir samningar leggja á herðar aðildarríkjunum. Samgrh. hefur lagt fram lagafrumvarp þar að lútandi.

Varsjársamningurinn var lögfestur í heild sinni með lögum nr. 41/1949. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 46/1956 þegar ákvæði Haag-bókunarinnar voru lögfest. Í samræmi við framangreint hefur samgrh. jafnframt lagt fram frv. til breytinga á lögum nr. 41/1949 sem gerir ráð fyrir lögfestingu ákvæða þessara samninga.

Eftir því sem leið á 20. öldina urðu flugsamgöngur sífellt öruggari og algengari ferðamáti. Samhliða þeirri þróun var hafist handa við að laga ákvæði Varsjársamningsins að breyttum aðstæðum. Sú vinna leiddi til þess að ýmsar bókanir, viðbótarbókanir og viðbótarsamningar við Varsjársamninginn litu dagsins ljós. Aðildarríki hans hafa þó ekki verið samtaka í aðild að framangreindum gerningum og er misjafnt hvaða gerningur gildir milli einstakra ríkja sem hefur m.a. leitt til ósamræmis milli þeirra á þeim reglum sem gilda um bótaábyrgð flytjanda. Ríki eru að sjálfsögðu einungis bundin af þeim gerningum sem þau eru aðilar að. Varsjárkerfið er því orðið mjög misleitt og bótareglur misjafnar eftir ríkjum.

Montreal-samningurinn er hins vegar heildstæður samningur sem byggður er á Varsjársamningnum frá 1929 og skyldum gerningum og jafnframt reglum á þessu sviði sem þróast hafa einhliða frá ýmsum ríkjum, ríkjasamtökum og Alþjóðasamtökum flugfélaga. Ákvæði Montreal-samningsins taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur í alþjóðlegum flugsamgöngum frá gerð Varsjársamningsins og er honum ætlað að koma í stað Varsjárkerfisins þegar fram í sækir.

Eins og fyrr segir þarf að gera breytingar á nokkrum ákvæðum í 10. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, til að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem Montreal-samningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar og hefur samgrh. lagt fram lagafrumvarp þar að lútandi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[16:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun að sjálfsögðu fá tækifæri til að kynna mér þennan samning í utanrmn. en þar sem ég var að skoða þessa tillögu rétt áður en hæstv. utanrrh. mælti fyrir málinu vöknuðu nokkrar spurningar hjá mér sem ég vil gjarnan nota tækifærið til að bera hér fram.

Ég sé að í þessum Varsjársamningi sem er upphafið að þeim samningum sem við ætlum að fullgilda er 151 land þátttakendur. Í Haag-bókuninni sem Ísland gerðist aðili að 1963 eru 135 lönd aðilar. Núna erum við að tala um að gerast aðilar að Gvadalajara-samningnum og þá átti ég von á því að þetta væri nýr samningur eða með einhverjar nýjar upplýsingar. Það er erfitt að sjá það. Ég sé samt að í febrúar á þessu ári eru aðildarríkin einungis 81. Það eru tiltölulega fá lönd miðað við þau lönd sem gerðust aðilar að bæði Haag-bókuninni og í upphafi að Varsjársamningnum. Ég sé líka að þessi samningur sem er gerður um samræmingu tiltekinna reglna er gerður 1961.

Þá vaknar spurningin: Af hverju erum við að gerast aðilar að honum núna og ekki fyrr? Er það út af einhverjum tengingum við þessa Montreal-bókun? Við erum ekki aðilar að Gvatemala-bókuninni sem var gerð 1971. Af hverju gerðumst við ekki aðilar að henni? Það vantar samfellu í vinnubrögð og samþykktir hjá Íslandi sem er nokkuð mikið flugríki, eyja sem notar mikið flugsamgöngur í flutningi farþega og varnings. Svo sé ég að við erum ekki með í Montreal-bókun 1, 2 og 3 en erum hins vegar með í viðbótarbókuninni, nr. 4. Að auki sé ég að bara 52 lönd eru aðilar að Montreal-bókuninni. Þá vaknar líka spurningin: Af hverju þurftum við ekki að vera með í 1, 2 og 3? Af hverju erum við með núna í bókun 4? Mér finnst erfitt að átta mig á þessu og ég held að fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. utanrrh. segir um þetta.

Enn vakna spurningar varðandi ábyrgðirnar. Í þessu máli er talað um — það er nú alltaf verið að tala um samræmingu reglna, samninginn um samræmingu tiltekinna reglna sem er erfitt að átta sig á — hugtökin „samningsbundinn flytjanda“ og „flytjanda í raun“ og svo „ábyrgð sendanda“ og „ábyrgð flytjanda“. Hæstv. ráðherra orðaði það svo að það væri verið að — hvernig orðaði hann það? — víkka reglurnar eða eitthvað slíkt og því spyr ég: Er verið að auka ábyrgð flytjendanna eða er verið að rýmka ábyrgð flytjendanna? Yfir hvern færist þá þetta sem verið er að rýmka?

Ég tek líka eftir því að þetta nær til flytjenda sem ekki eru í beinu sambandi við farþega eða farm og þetta nær m.a. til flytjenda pósts. Er þessi regla eitthvað tengd því að verið er að rýmka allar reglur, líka reglur þar sem hafa verið einkaleyfi í löndunum? Lítum t.d. á póstflutninga sem voru áður alfarið á ábyrgð ríkisins í flestum löndum í Evrópu. Gjörbreytingar hafa orðið og nú eru bara aðrir aðilar í slíkum flutningum. Mig langar aðeins að fá frekari skýringu á praktísku eðli þessa máls.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum samningum er verið að auka ábyrgð og reyna að ná fram meiri samræmingu á milli landa. Hér er hins vegar um mjög flókið mál að ræða og eðlilegt að hv. þingmaður beri fram ýmsar spurningar í því sambandi. Ég hygg þó, herra forseti, að miklu heppilegra sé að við yfirferð málsins í utanrmn. verði gerð grein fyrir þeim atriðum sem hv. þm. kom hér inn á. Ég vildi óska eftir því að

starfsmenn utanrrn. og samgrn. kæmu á fund nefndarinnar og gerðu betur grein fyrir þessu, m.a. til að svara þeim spurningum sem hv. þm. lagði hér fram.

[16:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að sjálfsögðu við þeim tilmælum að við munum fara yfir málið í nefndinni og ekki bera fram frekari spurningar að sinni úr ræðustól Alþingis.

Þá mundi ég gjarnan vilja að þegar viðmælendur okkar koma á fund nefndarinnar til að fjalla um þetta mál lægju fyrir upplýsingar um það. Ég hef bent á að það er bara 81 land sem er aðilar að Gvadalajara-samningnum og 52 að Montreal-bókun 4, á móti 135 og 151 í hinum fyrri samningi og því væri fróðlegt að vita hvaða lönd hafa verið aðilar að þessum framhaldssamningum og hvaða lönd velja að vera ekki með í þessari frekari samræmingu. Það gæti varpað nokkru ljósi á hvað við erum að gera og hvað aðrir eru að gera. Að sjálfsögðu er ég sammála því að það sé mikilvægt að við séum aðilar að samningum sem skapa betri reglur og náttúrlega öruggari reglur og meiri ábyrgð til jafns við þá sem í kringum okkur eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, fyrri umr.

Stjtill., 884. mál. — Þskj. 1342.

[16:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að evrópska einkaleyfasamningnum sem gerður var í Munchen 5. október 1973, gerð um endurskoðun samningsins sem var síðan gerð í Munchen 29. nóvember árið 2000 og samningi um beitingu 65. gr. samningsins sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000.

Markmið með evrópska einkaleyfasamningnum er að styrkja samvinnu meðal Evrópuríkja varðandi vernd uppfinninga. Leitast er við að ná því markmiði með því að mæla fyrir um sameiginlega málsmeðferð við veitingu einkaleyfa og staðlaðar reglur um einkaleyfin sem þannig eru veitt. Með samningnum er Evrópsku einkaleyfastofnuninni komið á fót en það er undirstofnun hennar, Evrópska einkaleyfastofan, sem veitir evrópsk einkaleyfi á grundvelli einsleitrar málsmeðferðar sem er sameiginleg fyrir samningsríkin. Þannig má með einni umsókn fá einkaleyfi í einu eða fleirum samningsríkjanna. Eftir veitingu einkaleyfisins veitir það sömu réttindi og landsbundin einkaleyfi og fylgir að mestu landslögum viðkomandi ríkis. Kostnaður við að fá evrópskt einkaleyfi hefur verið talinn samsvara því að fá landsbundið einkaleyfi í þremur ríkjum. Nú eru 28 ríki aðilar að evrópska einkaleyfasamningnum.

Með endurskoðunargerðinni er ráðist í viðamikla endurskoðun á evrópska einkaleyfasamningnum, hann lagaður að tæknilegri og lagalegri þróun síðustu áratuga og sveigjanleiki lagaumhverfisins aukinn. Við gildistöku hins endurskoðaða texta samkvæmt gerðinni fellur texti samningsins frá 1973 úr gildi. Nú eru 10 ríki aðilar að gerðinni.

Með Lundúnasamningnum um beitingu 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins er stefnt að því að draga úr kostnaði vegna þýðinga á evrópskum einkaleyfum og mælir hann fyrir um undanþágur frá kröfum evrópska einkaleyfasamningsins um þýðingar. Nú eru tvö ríki aðilar að Lundúnasamningnum.

Það þarf að gera breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem framangreindir gerningar leggja samningsríkjunum á herðar. Iðn.- og viðskrh. hefur þegar lagt fram lagafrumvarp þar að lútandi og er þessi þáltill. í samræmi við það lagafrumvarp.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[16:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sömuleiðis er ég bara með eina spurningu varðandi þetta mál. Ótvírætt er mikilvægt að möguleiki verði á því að vera með eina umsókn sem gefur réttindi í ríkjum Evrópu og jafnframt að vera með staðlaðar reglur. Fyrir þá sem eru hér að sækja um einkaleyfi til annarra landa er þetta mjög mikilvægur samningur.

Mig langar hins vegar að spyrja um hina hliðina, hvort hún breytist eitthvað eða hvort í þessu séu einhverjar reglur varðandi gildi einkaleyfa í íslenskum iðnaði. Með framleiðslu lyfja hefur verið horft mjög til einkaleyfa í lyfjaiðnaði og oft og tíðum verið beðið eftir því að einkaleyfin renni út þannig að lyfjaframleiðendur geti fengið heimild til að flytja lyf sín héðan til Evrópu. Þess vegna langar mig að spyrja hvort eitthvað í þessum samningi hafi þar áhrif eða hvort eitthvað breytist í umhverfi þeirra sem eru að framleiða og eru háðir í framleiðslu sinni einkaleyfum annarra.

[16:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þessar reglur geta haft áhrif í báðar áttir. Hins vegar er það mat aðila að kostirnir við slíkan samning séu fleiri en gallarnir. Það er mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að njóta slíkrar verndar. Við munum væntanlega geta séð í framtíðinni lyfjaframleiðslu hér á grundvelli uppfinninga og þá skiptir miklu máli að um vernd sé að ræða.

Hins vegar hafa reglur líka verið samræmdar vegna svokallaðra samheitalyfja. Ég held að það sé mjög mikilvægt að í öllum ríkjum Evrópu ríki sambærilegar reglur. Farið hefur verið yfir þetta mál með þeim fyrirtækjum sem hér eiga í hlut og það hefur verið gert af hálfu iðn.- og viðskrn. Ég á von á því að það komi skýrt fram í umfjöllun um lagafrumvarpið sem hefur verið lagt hér fram jafnhliða þessari þáltill. en ég tel eðlilegt að nánari grein verði gerð fyrir því í meðferð nefndarinnar á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, fyrri umr.

Stjtill., 949. mál. — Þskj. 1452.

[16:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á Norðurlandasamningi um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003. Þessi

samningur kemur í stað Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 en ákvæði þess samnings voru lögfest með lögum nr. 46/1993. Með samningnum er samstarf Norðurlanda á þessu sviði lagað að þeirri þróun sem orðið hefur á löggjöf Evrópubandalagsins um almannatryggingar sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu og á löggjöf norrænu ríkjanna um almannatryggingar.

Samningurinn nær fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki falla undir almannatryggingareglur hins Evrópska efnahagssvæðis.

Helsta nýmæli samningsins er fólgið í breytingum á réttindum ríkisborgara ríkja sem ekki eru aðilar að EES-samningnum. Samkvæmt honum skulu reglur hans um lífeyri almannatrygginga, fjölskyldubætur og atvinnuleysisbætur einnig taka til ríkisborgara landa utan EES sem búa á Norðurlöndunum og/eða flytja milli þeirra, að Danmörku undanskilinni. Við gerð samningsins var samræmi við EES-reglur um almannatryggingar skoðað sérstaklega og vísar samningurinn um margt til viðkomandi reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar. Samningurinn hefur einnig að geyma norrænar reglur sem ganga lengra en EES-reglur um almannatryggingar.

Samhliða framlagningu á þessari tillögu leggur heilbr.- og trmrh. fram frv. til laga um lögfestingu samningsins. Samkvæmt frv. fá ákvæði samningsins lagagildi hér á landi þegar hann öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt er í frv. kveðið á um að lög nr. 46/1993, um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar frá 1992, falli samtímis úr gildi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, fyrri umr.

Stjtill., 950. mál. — Þskj. 1453.

[16:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004, en það var gengið frá orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars sl.

Samningur þessi er að mestu leyti samhljóða samningi aðila frá fyrra ári. Gerir samningurinn ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2004 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuveiðum sem standa frá þeim degi til apríl 2005. Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði 30 þús. lestir, enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá í fyrra kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2004–2005 að veiða allt að 10 þús. lestum af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2004. Enn fremur er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2 þús. lestum af síld, annarri en norsk-íslenskri, innan færeyskrar lögsögu á þessu ári.

Þá er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum sem skráð eru í landi hins aðilans leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á þessu ári.

Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á þessu ári. Þar með er nú kveðið á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á þessu ári í einum samningi og ekki þörf á að aðilar geri með sér sérstakan samning um heimildir til veiða úr norsk-íslenskri síld í lögsögu hvors annars.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[16:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða innihald þessa samnings sem hæstv. utanrrh. er að kynna hér með þáltill., heldur langar mig að spyrja annars í tilefni af því að hæstv. utanrrh. fjallaði í ræðu á laugardaginn um miklar loftslagsbreytingar á norðurslóðum og jafnframt að hér var staddur Robert Corell sem hefur verið í miklum rannsóknum á norðurslóðum.

Það er ljóst að þessar miklu loftslagsbreytingar munu verða til þess — og það er þegar byrjað — að freri minnkar, ís þiðnar og breytingar verða í búsetu á norðurslóð. Jafnframt má reikna með því að miklar breytingar verði á sjávarhita og núna er rætt um að reikna megi með því að fiskur muni flytjast lengra norður. Þá langar mig að heyra hvort byrjað er að ræða eitthvað hvernig verði með skoðun á og kannski yfirráð á þeim svæðum sem í dag falla hvorki undir Ísland né Færeyjar. Er einhvers staðar verið að skoða hvernig þessi mál þróist? Mér þætti vænt um ef hæstv. utanrrh. vildi í örfáum orðum koma inn á þá þætti hér í upphafi þessarar umræðu.

[16:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mál hafa að sjálfsögðu verið rædd. Hins vegar er núna verið að vinna að gerð skýrslu um þessar mikilvægu breytingar og það er fyrst í framhaldi af vísindalegum upplýsingum sem menn geta tekið ákvörðun um til hvaða ráðstafana skuli gripið. Ekki liggja fyrir neinar haldbærar upplýsingar eða niðurstöður um hvaða áhrif þetta gæti haft á göngu fiskstofna. Það er mjög mikilvægt að fá sem bestar upplýsingar um það með tilliti til þeirra spádóma sem eru uppi um hlýnun loftslags á næstu áratugum og á þessari öld.

Í framhaldi af því er nauðsynlegt að endurmeta stöðuna, fara yfir hana, fara yfir hagsmuni allra ríkja sem eru hér í kringum norðurheimskautið. Það er tilgangurinn með þessari mikilvægu og miklu skýrslu. Hún verður síðan rædd á fundi sem haldinn verður í nóvember í Reykjavík, fundi vísindamanna. Í framhaldi af þeim fundi verður fundur ráðherranefndar Norðurskautsráðsins þar sem hugsanlegar aðgerðir verða ræddar. Ég hef miklar efasemdir um að málið verði komið svo langt að menn geti þar farið að ræða hugsanlegar breytingar á göngu fiskstofna og samninga þar að lútandi. Hér er um mjög stórt mál að ræða sem þarf langan og mikinn undirbúning.

[16:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á sæti sem áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í samstarfi þingmanna á norðurslóð og hef fylgst með fréttum af vinnu nefndarinnar að þessari miklu skýrslu. Ég tek undir að þetta er sennilega einhver mikilvægasta skýrsla fyrir okkur sem komið hefur lengi. Mér finnst líka mjög mikilvægt og fagna því hvað Ísland hefur haldið vel á málum í formennskutíð sinni í Norðurskautsráðinu. Miðað við þær fréttir sem hafa komið, að hlýnun og loftslagsbreytingar séu tvisvar sinnum hraðari hér á norðurslóð en annars staðar og þýðing þess fyrir okkur hér, bæði til sjávar og sveita, er mjög mikilvægt að Ísland verði í forustu varðandi þá hagsmuni sem snúa að norðurslóðinni. Það er jafnframt afar mikilvægt að við verðum í forustu og fylgjum því vel eftir hvað þetta getur þýtt fyrir fiskveiðar og fiskigengd lengra í norður.

Ég vil þakka ráðherra fyrir þessar upplýsingar og hvetja hann til þess að Ísland haldi mjög vöku sinni í þessu máli og verði í forustu við að skoða hvernig málið snýr að hafinu og þeirri mikilvægu auðlind sem við Íslendingar eigum þar. Mér finnst miður hversu lítið við höfum rætt þessi mál á Alþingi Íslendinga og ég tel mjög mikilvægt í haust þegar skýrslan kemur að hún rati hingað inn á Alþingi og að hér verði almenn þekking á þessum stóru og mikilvægu málum.

[16:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þessi samningur skuli koma hér til umræðu tiltölulega fljótt eftir að hann var gerður. Er það talsvert annað en gilti um síðasta samning milli Íslands og Færeyja um veiðar skipa í lögsögu hvors annars og úr hinum ýmsu stofnum, uppsjávarstofnum og botnfiski. Við gerðum talsverðar athugasemdir við það nýverið í þinginu hversu seint sumir samningar hefðu borist inn til þess, framkvæmd þeirra væri í raun og veru liðin þegar þeir væru teknir til umræðu. Hér er ekki um slíkt að ræða, heldur kemur samningurinn tiltölulega fljótt til umræðu í þinginu, var gerður í Þórshöfn í lok mars. Því ber að fagna að þannig skuli staðið að málum.

Mig langar að víkja að ákvæði um botnfiskinn en í samningnum er um óbreyttar veiðiheimildir að ræða frá árinu 2003, 5.600 lestir. Nú er ég ekki með það í kollinum hvernig þessar 5.600 lestir voru samsettar og hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra víkja að því hvaða samsetning er í hinum almennu botnfiskstegundum sem við látum Færeyingum í té innan lögsögunnar við Ísland á árinu 2004. Þó að þær séu óbreyttar frá árinu 2003 vildi ég gjarnan að það væri rifjað hér upp og sagt frá því sundurliðað hvaða tegundir um er að ræða.

Ég vil einnig víkja að öðru, hæstv. forseti, þó að það snúi kannski ekki beint að efni þessa máls, og þó. Hér erum við m.a. að ræða um veiðar á norsk-íslensku síldinni og heimila veiðar á henni innan lögsögu okkar fyrir hönd Færeyinga og heimila okkur að veiða norsk-íslenska síld innan færeyskrar lögsögu. Nú hagar svo til í því máli að ekki er kominn á samningur um síldveiðarnar við þau ríki sem áður hafa gert samning um síldveiðar úr norsk-íslenska stofninum, þ.e. Íslendinga, Færeyinga, Norðmenn, Rússa og Efnahagsbandalagið. Væri nú fróðlegt, úr því við erum að víkja að þessari umræðu, að hæstv. utanrrh. færi um það nokkrum orðum hvar þau mál eru stödd á þessum degi. Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar ef ráðherra getur veitt einhverjar slíkar, t.d. hvort fyrirhugaðar séu viðræður, hvort þreifingar hafi átt sér stað eða hvort málið sé bara enn þá í þeim búningi sem það var, þ.e. engin lausn í sjónmáli.

Ef svarið er að engin lausn sé í sjónmáli mundi ég vilja spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann og hæstv. sjútvrh. hefðu rætt saman um uppsögn á loðnusamningnum. Eins og kom fram í umræðunum í vetur þarf að segja loðnusamningnum upp með talsvert löngum fyrirvara og það þarf að huga að því núna í lok þings hvort segja eigi loðnusamningnum upp miðað við það að hann verði þá ekki í gildi á næsta ári. Við völdum þá leið á sínum tíma þegar við áttum í strögli við Norðmenn um framlengingu samningsins um síldveiðarnar að segja einnig upp loðnusamningnum. Mér finnst alveg spurning, úr því að við tókum þá yfirveguðu ákvörðun á þeim tíma sem það var gert, hvort ekki sé rétt að stíga þau skref einnig nú varðandi loðnusamninginn og nota þrýsting um það að annaðhvort séum við með samning milli þjóðanna um veiðar á uppsjávarstofnum eða ekki. Ég hefði viljað heyra svör hæstv. ráðherra að þessu leyti.

Það skiptir okkur verulega miklu máli hvernig þessi mál þróast og hvort samningar komast á almennt um veiðarnar. Ég hef áður lýst því að ég teldi æskilegt að samningar væru um veiðar á þessum uppsjávarstofnum, milli landanna, og það væri æskileg niðurstaða. Við getum hins vegar ekki kyngt hvaða skilyrðum sem er varðandi það að sætta okkur við kröfur frá Norðmönnum um sífellt minnkandi hlutdeild úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Það var aðeins vikið að því áðan að sjór er að hlýna hér við land og mun sennilega halda áfram að hlýna norður í höfum á næstu árum. Það kann að leiða til þess að síldin gangi meira inn í okkar lögsögu þó að auðvitað sé ekki hægt að kortleggja göngur hennar á nýjan leik. Það þýðir jafnframt að hegðun fisktegunda innan lögsögu okkar, t.d. loðnunnar, getur breyst og loðnan leitað meira til norðurs og norðvesturs og meira inn í grænlenska lögsögu vegna hlýnunar hér við land en verið hefur á undanförnum árum. Það er margt sem bendir til þess varðandi loðnurannsóknir að loðnan sé farin að haga sér verulega öðruvísi en þekkt var hér á árum áður og það gangi mun verr að kortleggja göngu hennar og magn í sjónum vegna hegðunar.

Ég tel að á eftir hinu breytta hegðunarmynstri og hlýnandi sjó muni einnig fylgja breytingar á botnfiskum okkar eins og þorski sem mun örugglega leita lengra norður í átt að beitarhögum sínum en verið hefur á undanförnum árum. Slík breyting gerist ekki einn, tveir og þrír en það er alveg vitað að þorskur fannst innan grænlensku lögsögunnar á Dohrnbanka á síðasta ári. Við vitum svo sem ekki hversu hröð þróunin verður í því. Sá fiskur hefur verið framseldur með samningum Grænlendinga við Evrópusambandið, reyndar verið talinn pappírsþorskur á undanförnum árum en það er ekkert sem segir að hann verði það í framtíðinni með hlýnandi sjó. Þessar heimildir eru inni í samningum, ef ég veit rétt, milli Grænlands og Evrópusambandsins.

Aðallega vildi ég fá að vita um botnfiskheimildirnar í samningnum, um stöðu síldarviðræðnanna og afstöðu hæstv. ráðherra til þess hvernig eigi að bregðast við varðandi loðnusamninginn. Honum þarf að segja upp með ákveðnum fyrirvara ef við ætlum að nota hann sem stöðu í samningaviðræðum okkar.

[16:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi þáltill. fjallar ekki um botnfisksaflann. Hér er hins vegar til upplýsinga getið um það að heimildir Færeyinga til veiða á botnfiski við Íslandsstrendur séu 5.600 lestir. Mig minnir — og það er sagt með fyrirvara — að hámark í heimildum í þorskveiðum sé upp á 1.200 tonn og í lúðuveiðum upp á 70 tonn. Önnur hámörk kunna að vera í öðrum tegundum. Það má vera að það sé hámark í löngu, ég vil ekki alveg fullyrða það. Að öðru leyti, ef ég man rétt, er hér um almenna heimild að ræða þannig að það er nokkurt svigrúm í því hvaða aðrar botnfiskstegundir eru veiddar. Frá upphafi var sérstaklega sett hámark á þorskinn en síðan bættist a.m.k. lúðan við.

Að því er varðar síldarviðræðurnar er því miður ekkert nýtt að frétta af þeim. Það hefur ekki verið rætt frekar um uppsögn á loðnusamningnum. Við erum bundin af samningum að því er varðar Norðmenn á loðnuvertíðinni 2004–2005. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að samningar gildi um allar þessar veiðar og ég veit að hv. þm. er mér sammála. Að mínu mati er ekki tímabært að fjalla frekar um það. Ég vona enn þá að samningar takist um síldveiðarnar þótt það hafi ekki gerst enn. Það tókst í fyrra og ég vil leyfa mér að vona að það gerist því það væri mikið áfall í samskiptum landanna ef það gæti ekki orðið.

[17:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að það er æskilegt að samningar náist um norsk-íslensku síldina en ítreka enn og aftur þá afstöðu mína að það getur náttúrlega ekki verið byggt á því að við gefum eftir í hvert skipti sem við setjumst að samningum við Norðmenn og drögum þar af leiðandi ævinlega úr okkar veiði. Ég hef þann fyrirvara á um það en tel æskilegt að samningar séu til staðar ef mögulegt er.

Ef ég man rétt varðandi loðnusamninginn, nú er ég ekki með það mál hér fyrir framan mig, þarf að segja honum upp með sex mánaða fyrirvara, miðað við áramót. Hann fellur þá úr gildi þegar loðnuvertíðinni 2004/2005 er lokið en það þarf að segja honum upp með sex mánaða fyrirvara, og mig minnir að það sé miðað við áramót. Þó skal ég ekki alveg þvertaka fyrir að miðað sé við annað tímabil. Til þess þarf auðvitað að taka afstöðu áður en slíkur fyrirvari er liðinn því ella liggur bara fyrir að ekki er heimilt að segja samningnum upp fyrr en þá einu ári síðar. Þá virkar hann ekki sem þrýstingur inn í þessar viðræður.

[17:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í gegnum tíðina hefur verið góð samstaða á Alþingi um samninga við Færeyinga um gagnkvæmar veiðar. Þó að stundum hafi borið við að einhverjir hafi mótmælt þeim samningum hef ég og ég held flestir á hv. Alþingi verið nokkuð sammála um þá samninga. Það er engin undantekning á því hvað þennan samning varðar, sýnist mér. Mér finnst hins vegar ástæða til að árétta það sem ég hef sagt áður um samninga við önnur lönd, mér finnst að menn þurfi að hugsa þá sem breytilega samninga. Það er alveg augljóst að það eru verulegar breytingar búnar að vera, og verða jafnvel enn þá meiri á næstu árum, á því lífríki sem um er að ræða á hafsvæðunum í kringum landið. Menn verða að líta á þessi mál út frá þeim sjónarmiðum að það sé okkar landhelgi og nýting fiskstofnanna í landhelgi okkar sem sé grunnurinn í því fyrst og fremst hvernig svona samningar eru og verða til framtíðar. Það hlýtur að verða breytilegt í gegnum tíðina. Menn mega ekki sitja uppi með það, kannski eftir tiltölulega fá ár, að einhverjum einstökum fiskstofni sé skipt vegna veiða með tilliti til einhvers konar forsögu sem er löngu liðin tíð og hefur kannski ekki almennilegan grunn að byggja á inn í framtíðina. Mér finnst að það verði að vera hægt að breyta, ná samkomulagi milli þjóða um nýtingu, sem byggist fyrst og fremst á því að meta það lífríki sem hver og einn ræður yfir á hverjum tíma. Og það getur breyst.

Ef ég skildi rétt var verið að tala um lúðuna áðan og hæstv. ráðherra svaraði því til að hann teldi að leyft væri að veiða um 70 tonn af lúðu. Ég bið um nánari skýringu á því hvort þetta er svona eða hvort grálúðan er inni í þessari tölu líka. Er henni ekki úthlutað samkvæmt einhverjum viðbótartilfæringum í ráðuneytinu? Ég bið um staðfestingu á þessu.

Síðan langar mig til að biðja hæstv. ráðherra að upplýsa nokkuð í ljósi þess að hér hafa menn verið að setja fram hugmyndir um að aflétta þeim kvöðum sem hafa verið á Íslendingum um að landa afla hér heima til vinnslu og meðferðar þannig að núna geti þeir frekar siglt með hann beint af miðunum. Mér finnst það orðalag sem kemur fram í athugasemdunum og ég vil vitna í svolítið á skjön við sjónarmið sem eru komin upp, a.m.k. gagnvart Íslendingum sjálfum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa“ — þá er verið að tala um loðnuna — „á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.“ Svo kemur:

„Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.“

Ég set við þetta spurningarmerki. Höfum við þau áhrif á þær veiðar sem Færeyingar mega stunda í landhelgi okkar að ekki megi nýta þann afla á sem hagkvæmastan og bestan hátt? Mér finnst það og ég spyr hvort það séu ekki skringileg skilaboð frá okkur sem tölum alltaf um að það eigi að reyna að ná hámarksnýtingu og hámarksgæðum úr þeim afla sem okkar skip veiða og við viljum, held ég öll, stuðla að því að það sé gert. Ég bið hæstv. ráðherra að útskýra nánar þetta orðalag og ég spyr hvort ekki hafi orðið umræða um þetta milli þeirra sem um málið fjölluðu. Er þetta orðað svona vegna þess að Færeyingar hafi haft áhuga og vilja til þess að ráðstafa þessum afla eitthvað öðruvísi en hér er talað um að eigi að gera? Hafa þeir á því möguleika og hafa þeir þá sett fram vilja sinn til að gera það? Hvers vegna hafa menn þá ekki viljað koma til móts við þann vilja? Hvaða hætta felst í því? Mér finnst, eins og ég sagði áðan, að við eigum ævinlega að reyna að stuðla að því að þessar auðlindir sem við erum að fjalla um séu nýttar sem allra best og það á líka við þegar um er að ræða nýtingu annarra á auðlindum sem við eigum hlut að.

Að öðru leyti ætla ég ekki að úttala mig um þetta. Ég tel að þessir samningar við Færeyinga hafi verið ágætir og það hafi verið mikil samstaða um að vera í góðu samkomulagi við Færeyinga. Þeir hafa líka verið okkur mikilvægir í þeim samningum sem menn hafa þurft að gera við aðra. Það er

ekki eins og ég sé að setja út á samningana hér en vil helst fá þessar skýringar sem ég er að óska eftir.

[17:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt ríkja mjög strangar reglur í íslenskum lögum um vinnslu erlendra skipa í íslenskri lögsögu. Hún er nánast bönnuð ef ég man rétt. Ég man eftir því að þegar frægt vinnsluskip, Norglobal, fékk leyfi til að bræða loðnu innan íslenskrar lögsögu þurfti að setja sérstök lög á Alþingi um það. Ég tel að það sé hluti af þessu máli.

Það liggur líka ljóst fyrir að markaður fyrir frysta loðnu með hrognum er mjög takmarkaður. Japansmarkaður er mjög takmarkaður í þessu sambandi. Það hefur alltaf legið fyrir í samskiptum Íslendinga og Færeyinga að hér er eingöngu um að ræða heimildir til loðnuveiða þannig að loðnan fari í bræðslu. Það er það sem Færeyingar hafa verið að sækjast eftir. Þeir hafa hefð fyrir slíkum veiðum en þeir hafa ekki mér vitanlega verið í veiðum sem snerta frystingu loðnu á Japansmarkað eða Rússlandsmarkað. Þannig hefur þetta verið í gegnum tíðina og engin breyting þar á. Mér er ekki kunnugt um að Færeyingar hafi óskað eftir að slíkar breytingar yrðu gerðar.

[17:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að þetta hafi mikla þýðingu fyrir þá sem selja loðnuhrogn héðan. En það er verið að tala um meira en það að frysta um borð því hér segir, með leyfi forseta, að „... óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu".

Mér finnst að úr því að svona er orðað hljóti menn að hafa viljað koma algjörlega í veg fyrir að t.d. þessi afli væri frystur eða meðhöndlaður á nokkurn annan hátt en til bræðslu. Ég set við það spurningarmerki hvort þannig eigi að standa að. Þess vegna hafði ég áhuga á að vita hvort óskir hefðu verið uppi frá Færeyingum um að standa öðruvísi að þessum málum. Mér finnst ástæða til að halda það úr því að þetta orðalag er hér í athugasemdunum.

[17:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er líka rétt að hafa í huga að veiðiheimildir Norðmanna eru bundnar við það að þeim er óheimilt að veiða sunnan við tiltekna línu úti fyrir Austfjörðum. Sú lína er miðuð við það að þegar loðnan kemur suður fyrir hana er hún orðin hæf til þess að frysta hana með hrognum. Það liggur alveg ljóst fyrir að vegna þess ástands sem hefur ríkt á Japansmarkaði höfum við viljað takmarka þær veiðar við okkar eigin skip. Þannig hefur það verið í gegnum tíðina og Norðmönnum og Færeyingum er það alveg ljóst.

Það er ekkert óeðlilegt við það að binda þessar heimildir tilteknum skilyrðum. Ég bendi á að þessar heimildir Færeyinga eru án þess að við fáum heimildir í þeirra lögsögu í staðinn og það finnst mér sjálfsagt og eðlilegt miðað við samskipti þjóðanna, en ekki óeðlilegt að þetta sé bundið ákveðnum skilyrðum sem taka tillit til markaðsaðstæðna sem við þekkjum mjög vel.

[17:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

Ég vil í upphafi máls mína lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera staddur í salnum. Hann var hér rétt áðan en er nú horfinn á braut. Það hefði verið mjög áhugavert að hafa hann til staðar, ekki síst vegna þess að það rifjaðist upp fyrir mér þegar ég sá að þetta mál var á dagskrá í dag að síðast þegar við ræddum um samninga á milli Íslands og Færeyja, það var fyrir örfáum vikum, ræddum við um samning sem var gerður í fyrra og gilti fyrir síðasta ár. Nú hefur það orðið hlutskipti hæstv. sjútvrh. að landa þessum samningum á hverju ári, ef svo má segja, með því að hann hefur farið til Færeyja og átt þar viðræður við frændur okkar þar og hefur svo komið heim með samninga í farteskinu. Það var einmitt sama dag og við ræddum hér fyrir nokkrum vikum samning fyrra árs sem þinginu bárust þær fréttir utan úr bæ að hæstv. sjútvrh., Árni M. Mathiesen, hefði einmitt verið að gera samning við Færeyinga úti í Þórshöfn, þ.e. samning fyrir árið 2004, þann samning sem við höfum fyrir framan okkur núna.

Það er alveg sjálfsagt mál að hrósa ríkisstjórninni fyrir það að hún skuli sjá að sér og sé nú farin að leggja fyrir þingið þessa samninga, þessa mikilvægu samninga, á nokkurn veginn réttum tíma þannig að þingið geti tekið afstöðu til þeirra og rætt þá því að þetta eru mikilvægir samningar. Batnandi manni er best að lifa.

Mig langaði til að koma að nokkrum atriðum. Í máli hæstv. utanrrh. áðan kom fram að hér væri verið að tala um að Færeyingar mættu veiða 70 tonn af lúðu á þessu ári, þ.e. þá sennilega núna í sumar. Það kom fram í svari við fyrirspurn til þingsins fyrir ekki svo mörgum vikum, fyrirspurn sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lagði fyrir sjútvrh., að lúðuveiðar hafa dregist mjög mikið saman við Ísland á undanförnum árum. Það kemur greinilega fram í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar að fiskifræðingar telja að lúðustofninn eigi mjög í vök að verjast. Sumir sjómenn hafa verulegar áhyggjur af þessu. Það eru líka mjög margir sjómenn sem óttast að stjórnvöld muni bregðast við eins og svo oft áður þegar þau bila á taugum og halda að allt sé að fara á vonarvöl vegna ofveiða, að setja fisktegundir í kvóta. Veiðunum verður þá lokað fyrir öllum öðrum en þeim sem eru svo heppnir að hafa einhvers konar viðmiðun í einhver tiltekin ár sem virðist síðan aftur byggt á einhvers konar geðþóttaákvörðun stjórnvalda á hverjum tíma.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. hvort honum hefði ekki fundist skynsamlegra að reyna að komast undan þessu ákvæði Færeyinga, þ.e. reyna að láta þá ekki hafa þennan lúðukvóta, heldur reyna frekar að halda honum fyrir okkar eigin sjómenn og láta frekar Færeyingana hafa veiðiheimildir í öðrum tegundum í staðinn, t.d. þá þorski og ýsu. Þær tegundir standa mun sterkar og betur en lúðustofninn. Ég tel að það hefði verið ábyrg og góð afstaða því lúðuveiðar við Ísland, sérstaklega við suðurströndina og einnig við Vesturland, skipta töluvert miklu máli fyrir marga íslenska sjómenn yfir sumartímann, sjómenn á minni bátum. Það hefði verið mjög ábyrg afstaða ef við hefðum, einmitt til að reyna að draga úr veiðiálagi á lúðu, neitað Færeyingum um þessi 70 tonn og frekar reynt að láta þau falla til okkar eigin sjómanna og beint síðan Færeyingum í aðrar veiðar. Af nógu er að taka í öðrum stofnum.

Hér eru líka ákvæði um kolmunnaveiðar sem mér finnast mjög góð, ákvæði um að þjóðirnar geti veitt kolmunna í lögsögu hvor annarrar. Ég vildi þó fá að koma því að að mér finnst gersamlega óskiljanlegt að hæstv. sjútvrh., þá

væntanlega með blessun kollega síns í ríkisstjórn, hæstv. utanrrh. sem bráðum verður hæstv. forsrh., skuli hafa ákveðið kolmunnakvóta fyrir þetta ár og dregið kolmunnakvótann saman um 10% frá síðasta ári. Þetta eru hrikaleg mistök fyrir þjóð sem er núna að reyna að semja um skiptingu þessa stofns, sérstaklega í ljósi þess að bæði Færeyingar og Norðmenn stunda nánast frjálsar veiðar úr honum.

Einnig eru þetta mistök í ljósi nýlegra mælinga norskra fiskifræðinga. Ég er hér með norskt blað þar sem sögð er frétt af því að norskir fiskifræðingar séu nýkomnir úr kolmunnaleiðangri og að hrygningarstofn kolmunnans hafi aldrei verið jafnstór þrátt fyrir að meira en tvær millj. tonna hafi verið veiddar í fyrra. Það er eins og sjái ekki högg á vatni þótt veiðar séu miklar úr þessum stofni. Mér finnast það alvarleg afglöp hjá íslenskum stjórnvöldum að hefta flotann okkar núna, einmitt á þessari stundu, á meðan allir aðrir veiða eins og þeir geta. Þannig skemma stjórnvöld samningsaðstöðu okkar um þennan mikilvæga fiskstofn sem er einn sá stærsti, gott ef ekki sá alstærsti, í Norður-Atlantshafi nú um stundir. Þetta eru mikil mistök, herra forseti.

Norsk-íslenska síldin er annað mál. Því miður eru horfurnar varðandi nýjan síldarsamning mjög dökkar eins og reyndar hefur komið fram, bæði í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og máli hæstv. utanrrh. Miðað við nýjustu fréttir frá Noregi er ekki að sjá að norskir útgerðarmenn reyni að hvetja eigin stjórnvöld til að fíra þar um eina einustu tommu og það verður reyndar mjög spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu.

Aðeins hér að lokum, herra forseti, langar mig til að koma að einu máli sem hefur ákveðið samhengi við þá þáltill. sem við fjöllum um núna. Það á líka svolítið skylt við þáltill. sem við tölum um á eftir, Færeyjar og færeyska fiskveiðistjórnarkerfið. Framsfl. flaggaði því mjög í síðustu kosningabaráttu og þess vegna vil ég einmitt taka þetta mál upp núna. Hæstv. utanrrh. er jú formaður Framsfl. sem flaggaði því mjög í síðustu kosningabaráttu, einkum hv. þm. Hjálmar Árnason, að flokkurinn hefði í fyrra lagt fram tillögu, einmitt frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, um að láta fara fram hlutlausa úttekt á kostum og göllum færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, sóknardagakerfisins, og rannsaka hvernig það hentaði við íslenskar aðstæður. Þannig gætum við tekið afstöðu til þess hvort þetta færeyska kerfi væri betra eða verra en kerfið okkar og þá væri hægt að bera saman kostina og gallana og hv. þm. Hjálmar Árnason taldi að þetta væri mjög ábyrg afstaða. Það kom greinilega fram í máli hans sem margir vita á Íslandi, að mikil ánægja ríkir með þetta kerfi í Færeyjum, aflabrögð hafa gengið mjög vel og það er ekki að sjá að það sé nein ofveiði heldur, ekki frekar en í kolmunnanum þó að menn hafi veitt töluvert fram úr ráðgjöf fiskifræðinga, ef svo má segja.

Þessi þáltill. Framsfl. fór í gegnum þingið og ég fæ ekki betur séð á þeim pappírum sem ég er með hér núna en að hún hafi farið í gegnum bæði fyrri umræðu, síðan hv. sjútvn., aftur í gegnum síðari umræðu og verið samþykkt, einróma nánast, og send ríkisstjórninni til afgreiðslu. En þar lýkur sögunni. Þar hverfa sporin. Ég kemst ekki lengra í þessu rannsóknarferli mínu þó að ég hafi lagt töluverða vinnu í að reyna að finna út úr því hvað varð um þáltill. Framsfl. um að gera úttekt á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu. Það átti að liggja fyrir skýrsla í þinginu þann 15. mars frá nefnd sem átti að skipa um þessa úttekt. Nú er kominn rúmur mánuður frá þeirri dagsetningu.

[17:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum till. til þál. um staðfestingu á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslensku og færeysku lögsögunnar á árinu 2004. Eins og komið hefur fram í umræðunni hefur jafnan eða a.m.k. lengst af ríkt nokkuð góð sátt og samkomulag á milli þessara tveggja þjóða um fiskveiðar, skiptingu á hlut og samstarf í þessum málum og er óskandi að svo verði áfram.

Í fyrsta lagi vildi spyrja hæstv. utanrrh. hvort það væri alveg klárt til hvaða veiðarfæra þessi samningur tæki. Það er talað um nótaskip á loðnuveiðum og væntanlega einnig síldveiðum. Heimild til tilraunaveiða með trolli á síld, t.d. til íslenskra skipa, sem er mjög umdeild, gildir ekki til þessara færeysku skipa. Þetta hlýtur að lúta alfarið að nótaveiðum. Höfum það alveg á hreinu því að þessar trollveiðar eru mjög umdeildar. Lagaleg réttarstaða þeirra hér, meðal íslenskra fiskiskipa, er einnig umdeild. Er það ekki alveg á hreinu að þessi heimild gildir ekki gagnvart Færeyingum?

Einnig er hér kveðið á um veiðar á makríl og túnfiski. Hversu mikið hefur verið veitt af þeim fiski? Hvernig hafa þessar þjóðir nýtt þær heimildir sem hafa verið til að veiða bæði túnfisk og makríl? Hvar hefur þessum fiski verið landað? Hvernig hefur þetta nýst sem raunveruleg afurð? Í þessum samningi er kveðið á um bæði löndunarskyldu og hvað má gera um borð í skipum í verkun aflans. Gilda þau ákvæði einnig um túnfisk og makríl? Mig langar að heyra hvernig þetta hefur verið í framkvæmd. Er það rétt skilið hjá mér að þessar heimildir séu ekki framseljanlegar eða framleigjanlegar þannig að þjóðirnar sem hafa skráð skip í viðkomandi löndum verða að nýta sjálf þessar heimildir? Er það ekki líka alveg á hreinu gagnvart öllum þessum veiðum?

Þó að það tengist ekki þessu beint spyr ég hvort um sé að ræða aðra samninga við aðrar þjóðir um tilraunaveiðar á makríl og túnfiski í íslenskri lögsögu? Ef svo er, hvernig er því þá háttað?

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að kanna hvort ekki séu fleiri fiskstofnar í lögsögu okkar og nágrannalands okkar sem við getum nýtt, og átt samstarf um.

Virðulegi forseti. Það eru fyrst og fremst þessi atriði sem ég óska eftir að fá upplýst í umræðunni.

[17:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Út af þeim spurningum sem hér hafa komið fram, fyrst hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, um lúðuveiðarnar, er því til að svara að það er hefð fyrir lúðuveiðum Færeyinga í lögsögu okkar. Þær hafa minnkað mjög mikið af eðlilegum ástæðum frá því að þær hófust. Hér er um línuveiðar að ræða og ég held að það sé ljóst að á þeim miðum sem Færeyingarnir veiða muni alltaf eitthvað af lúðu veiðast. Hins vegar hafa menn leitað sérstaklega eftir þessum dýrmæta fiski af eðlilegum ástæðum. Það geta að sjálfsögðu ríkt margvísleg sjónarmið um það hvort þessar heimildir eigi að vera meiri eða minni. Það sama má segja um línuveiðarnar, íslensk skip hafa kvartað yfir því að Færeyingar hefðu heimildir til þeirra veiða. Afstaða okkar hefur verið sú að eiga gott samstarf í sjávarútvegsmálum við Færeyinga og að þeir fengju leyfi til að veiða þetta magn. Auðvitað má ávallt deila um hvernig það eigi að skiptast innbyrðis milli tegunda. Ég get í sjálfu sér ekki sagt meira um það. Mér finnst hins vegar eðlilegt að skiptingin byggi á sögulegum forsendum eins og í þessu tilviki.

Að því er varðar loðnuveiðar Færeyinga sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á hygg ég að Færeyingum sé heimilt að veiða með nákvæmlega sömu veiðarfærum og íslenskum skipum leyfist. Ef íslensk skip fá að veiða með flotvörpu fá Færeyingar það líka. Þeir eru bundnir af sömu möskvastærð og íslensk skip. Ég veit ekki betur en að þeir lúti algjörlega sömu reglum og íslensk skip í sambandi við veiðarfærin. **(Gripið fram í:** En ekki síldina?) Sama á við um síldina, enda hafa Færeyingar engar heimildir til að veiða úr íslenska síldarstofninum. Þeir hafa hins vegar heimildir til að veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og þar erum við með gagnkvæmar heimildir milli Íslands og Færeyja. Við fáum að veiða með okkar veiðarfærum í færeyskri lögsögu og þeir fá að veiða með sínum hætti í okkar lögsögu. Þó hygg ég að nær eingöngu hafi verið veitt úr norsk-íslenska síldarstofninum af okkar hálfu með hringnót þótt ég hafi ekki alveg áreiðanlegar upplýsingar um það. Þetta má að sjálfsögðu allt upplýsa í meðferð málsins hjá hv. nefnd.

Að því er varðar makrílinn veit ég til þess að eitthvert lítils háttar magn af honum hefur verið veitt í færeyskri lögsögu. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um hve mikið en hygg að þessar heimildir hafi ekki verið nýttar til fulls. Þær voru settar fram á sínum tíma til þess að sýna fram á að það gætu verið einhverjir gagnkvæmir hagsmunir í þeim heimildum.

Eftir því sem ég best veit hefur verið tiltölulega lítil makrílveiði í færeysku lögsögunni. Hvar þessum afla hefur verið landað — ég veit til þess að einhverju af honum hefur verið landað í Noregi, enda makrílveiði Norðmanna mikil og allmikil makrílveiði í lögsögu þeirra.

Að því er varðar túnfiskinn veit ég ekki til þess að heimildirnar hafi verið notaðar. Hér var japanskt skip á tilraunaveiðum og það hefur orðið tiltölulega lítið úr veiðum á túnfiski í íslenskri lögsögu. Við komum seint inn í þær veiðar og síðan hefur sjávarhiti verið slíkur hér við land að ekki hefur verið mikið um gengd á túnfisk í lögsögu okkar. Það kann að breytast með breyttu hitastigi og aldrei að vita nema þar geti verið um nokkrar veiðar að ræða. Eins og menn vita er hér um mjög verðmætan fisk að ræða.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, þakka fyrir góðar undirtektir í þessu máli og þá samstöðu sem virðist ríkja um veiðiheimildir Færeyinga í íslenskri lögsögu. Það er mjög mikilvægt að sú samstaða varðveitist og er lýsandi dæmi um það að Íslendingar vilji eiga vinsamleg og góð samskipti við þessa vina- og bræðraþjóð.

[17:32]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á umræðuna og ég get ekki heyrt annað en að hæstv. utanrrh. hafi látið hjá líða að svara tveim spurningum sem komu fram í umræðunni og ég á ekki von á öðru en hann bæti hér úr og svari þeim. Sú fyrri varðar samdráttinn á kolmunnakvótanum. Mig minnir að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hafi einmitt spurt út í þann samdrátt, hvers vegna við værum að draga saman veiðar á kolmunna einhliða þegar það væri að koma fram að stofninn væri í mikilli uppsveiflu. Hin spurningin varðaði færeyska fiskveiðistjórnarkerfið. En nú veit alþjóð að hæstv. utanrrh. er guðfaðir íslenska kvótakerfisins og það væri fróðlegt að fá að heyra álit hans, honum hlýtur að vera kappsmál að bera saman færeyska fiskveiðistjórnarkerfið og það íslenska, vegna þess að það færeyska hefur skilað árangri og þingheimur fól ríkisstjórninni að gera úttekt á því. Við höfum mikinn áhuga á því í Frjálsl. að fá að heyra af þeirri úttekt ríkisstjórnarinnar. Og það eru fleiri sem hafa áhuga á því máli, m.a. þingmaður Framsfl., hv. þm. Hjálmar Árnason, en það kom ítrekað fram í kosningabaráttunni að hann taldi jafnvel að þessi þáltill. hefði verið samþykkt og hann skrifaði um það grein í ágætu blaði.

[17:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar kolmunnakvótann hygg ég að Íslendingar hafi tekið þar ábyrga afstöðu með tilliti til hvað væri heppilegt að veiða. En að sjálfsögðu er það svo að á grundvelli nýrra upplýsinga getum við bætt þar við ef ástand kolmunnastofnsins gefur tilefni til þess og veiðar annarra þjóða eru með þeim hætti að ástæða sé til að taka þar nýjar ákvarðanir. Aðalatriðið er að þær ákvarðanir séu teknar á vísindalegum grundvelli og við hljótum eins og aðrar þjóðir að endurskoða afstöðu okkar ef ástæða er til. En ég hvet til varkárni í slíkum ákvörðunum eins og öllum ákvörðunum í sambandi við veiðar úr fiskstofnum.

Að því er varðar færeyska fiskveiðistjórnarkerfið er það ekki til umræðu hér. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að ræða kvótakerfið og fiskveiðistjórnarkerfið hvenær sem er en það er nokkuð mikið mál að fara út í almenna umræðu um það. Mér finnst sjálfsagt að gera úttekt á fiskveiðistjórnarkerfi Færeyinga. Ég hef hins vegar ekki trú á því að það henti fyrir Íslendinga. Ég er ekki þeirrar skoðunar og get fært fyrir því ýmis rök. Það liggur ljóst fyrir að sóknargeta færeysku skipanna er að aukast. Það mun þýða að þeir munu þurfa að takmarka dagafjöldann meir og meir í framtíðinni. Það liggur í eðli sóknarkerfa. Það er reynslan sem við höfum haft t.d. af smábátunum hér á landi. En mér finnst sjálfsagt að gerð sé úttekt á þessu máli, ég veit ekki nákvæmlega hvar sú úttekt er stödd, en ég er alveg viss um að hv. þm. getur fengið upplýsingar um það í sjútvrn. því ef það er rétt að þessi þáltill. hafi verið samþykkt, sem ég hygg að sé rétt, býst ég við að sjútvrn. hafi hana með höndum.

[17:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að til greina komi að endurskoða kolmunnakvótann og tel það gott að menn séu tilbúnir að skoða hlutina upp á nýtt í ljósi nýrra upplýsinga. Mér finnst það mjög jákvætt af hæstv. utanrrh. En ég lýsi samt ákveðinni furðu á því að hann viti ekki hvar þessi skoðun á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu er stödd nákvæmlega. Ég hefði talið það kappsmál fyrir Íslendinga að fara rækilega yfir það vegna þess að færeyska kerfið hefur skilað árangri, en við höfum því miður séð árangursleysi íslenska kerfisins.

Ég hef þessar fréttir úr ágætu blaði, horn.is, úr grein eftir hv. þm. Hjálmar Árnason. Ég ætla að vitna í þá grein hans, þess ágæta þingmanns, með leyfi herra forseta:

„Á síðasta þingi var samþykkt tillaga frá undirrituðum um að láta fara fram hlutlausa úttekt á kostum og göllum færeyska kerfisins og rannsaka hvernig það hentar við íslenskar aðstæður. Eftir slíka úttekt getum við fyrst tekið afstöðu til þess hvort færeyska kerfið er betra eða verra en okkar kerfi. Þá fyrst er hægt að bera saman kostina og gallana og síðan í framhaldinu að taka ákvörðun. Þetta er mjög ábyrg afstaða."

Ég tek undir með hv. þm. Mér finnst það eðlilegt vegna þess að okkur hefur ekki vegnað vel með okkar kerfi. Það sýna bara aflatölur. Afli í þorski nú er helmingi minni en fyrir daga kerfisins. Og ég hefði talið að það ætti að vera forgangsverkefni fyrir stjórnvöld að kanna þetta og fara í

slíka vinnu, sérstaklega vegna þess að þingið hefur falið stjórnvöldum að fara í þá vinnu.

[17:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður, hv. þm., ekki fylgst nákvæmlega með því hvernig starf annarra ráðuneyta gengur. Hins vegar getur hv. þm. spurt um það hvenær sem er á Alþingi (**Gripið fram í:** Við erum að því.) m.a. í óundirbúnum fyrirspurnatímum til hæstv. sjútvrh. sem var hér fyrr í dag og þá hefði hv. þm. verið í lófa lagið að spyrja hæstv. ráðherra um það sem ber ábyrgð á þessu máli.

Ég skal játa að ég er enginn sérstakur áhugamaður um færeyska fiskveiðistjórnarkerfið og tel að það henti ekki aðstæðum okkar. En mér finnst hins vegar sjálfsagt, þó að ég sé enginn sérstakur áhugamaður um það, að þessi úttekt fari fram og fagna því. Hv. þm. getur að sjálfsögðu fengið allar þær upplýsingar um gang þess máls sem hann kýs. En ég vona að hann hljóti að skilja að ég hef ekki á hraðbergi nákvæmar upplýsingar um hvað er að gerast í öðrum ráðuneytum en því sem ég ber ábyrgð á. Og ég veit að hv. þm. mundi skilja það miklu betur ef hann kemst í þá aðstöðu einhvern tímann að verða yfirmaður í ráðuneyti, þá held ég hann hljóti að skilja að það er ekki hægt að reikna með því að aðrir ráðherrar viti nákvæmlega um hvað er að gerast í hinum ráðuneytunum. En hv. þm. getur að sjálfsögðu spurt hæstv. sjútvrh. um þetta hvenær sem hann vill og ég er nokkuð hissa á því að hann skuli ekki hafa gert það, miðað við þann mikla áhuga sem hann hefur á málinu.

[17:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að nota seinni ræðu mína í þessu máli til að byrja á því að ráða hæstv. utanrrh. aðeins heilt hvað varðar samningaviðræður við Færeyinga í framtíðinni, því hann mun jú að sjálfsögðu, eins og við vitum öll, taka við sem forsrh. ríkisstjórnarinnar þann 15. september nk. og þar af leiðandi bera æðstu ábyrgð á því að þessi samningur og aðrir samningar verði gerðir við nágrannaþjóðir okkar.

Það er aðeins varðandi blessaða lúðuna. Lúðuveiðarnar sem Færeyingar stunda við Ísland eru beinar veiðar á lúðu. Lúðan veiðist ekki sem meðafli hjá þeim, hún veiðist í beinum veiðum. Nota þarf mjög stóra króka, sérstaka línu til að veiða þessa lúðu, til að ná henni upp. Þetta er stórlúða. Það stenst því hreinlega ekki hjá hæstv. utanrrh. að það sé einhver aukaaflakvóti sem verið er að setja á þá.

Ég vil enn og aftur árétta að ég tel að það ætti að fara yfir samninginn aftur upp á nýtt. Í staðinn fyrir að setja hann í ljósritunarvélina á hverju ári og aðeins ártölunum breytt, ættu menn að endurskoða hann. Ég er ekki að mælast til þess að við setjum allt í uppnám í samskiptum okkar við Færeyinga, alls ekki. Ég tel að við eigum að halda vinsamlegum samskiptum við þá, að sjálfsögðu. Þeir eru okkar bestu vinir. En það mætti taka sérstaklega til endurskoðunar lúðuna og reyna frekar að ná lendingu með þeim og láta þá hafa veiðiheimildir í öðrum stofnum í staðinn, í keilu, löngu, ýsu, ufsa jafnvel eða þá að sjálfsögðu í þorski.

Við vitum að núna er mjög mikil fiskgengd allt í kringum Ísland, virðist vera, mjög góð aflabrögð sem einhvern veginn stemma ekki við það sem fiskifræðingar hafa verið að segja okkur. Það er mokveiði á þorski. Það er mokveiði á ýsu til að mynda. Hvort það er út af hlýnandi veðurfari eða einhverju öðru skal ég ekki segja. En það er svo sannarlega kominn tími til að endurskoða þetta allt saman.

Eins og ég minntist á áðan í fyrri ræðu minni varðandi kolmunnann og vitnaði í fréttir sem koma frá Noregi. Hæstv. utanrrh. talaði mikið um að hann vildi viðhafa ábyrga afstöðu og byggja ákvarðanir á vísindalegri ráðgjöf. En nú er það svo, virðulegi forseti, að til þess að geta byggt ákvarðanir sínar á vísindalegri ráðgjöf verður maður að hafa ákveðinn grunn sem heitir rannsóknir. Og því miður er það svo, herra forseti, að þar er pottur mjög brotinn hjá okkur Íslendingum.

Í fréttinni af leiðangri Norðmanna þar sem þeir mældu hrygningarstofn kolmunnastofnsins í síðasta mánuði og fundu það út að hann hefur aldrei verið jafnstór þá voru það rannsóknaskip frá mörgum löndum sem tóku þátt í leiðangri sem stóð frá 19. mars til 18. apríl. Allt frá Porcupinebanka vestur af Írlandi og norður eftir að Færeyjum og Hjaltlandseyjum og í kringum Rockall.

Það voru allir mættir nema Íslendingar. Þeir skrópuðu einir þjóða. Meira að segja Rússar voru þarna, ef ég man rétt. Við skrópuðum. Okkar rannsóknaskip, þetta dýra fína rannsóknaskip var bundið, var svínbundið við bryggju í Reykjavík og hafði legið hér vikum saman og liggur þar sennilega enn vegna þess að við tímum ekki að gera það út.

Þetta er nú allt sem við höfum í höndunum, herra forseti, þegar við mætum til samningaviðræðna erlendis. Við höfum nákvæmlega ekki neitt, a.m.k. mjög lítið og allt of lítið til að byggja einhverjar kröfur á. Og síðan þegar við í þokkabót múlbindum flotann okkar, bæði með því að kvótasetja kolmunnann þannig að einungis fáir útvaldir geta stundað veiðar á honum og síðan í ofanálag bætum gráu ofan á svart og skerum niður kvótann á milli ára, þá er náttúrlega klárt mál að við fáum ekki eins miklar upplýsingar í gegnum veiðarnar og við hefðum getað óskað okkur og þar af leiðandi góð spil á hendi til að nota í viðræðum við þessar þjóðir.

Ég þarf ekkert að minna hæstv. utanrrh. á hversu miklu máli þessar veiðar skipta fyrir okkur Íslendinga. Hann veit allt um það. Hann gegndi hér áður störfum sem sjútvrh. í mörg ár og hann veit allt um það hversu miklu máli það skiptir. Ég held að hann viti líka, jafnreyndur samningamaður og hann er einmitt í svona málum, að það skiptir miklu máli að hafa undir höndum upplýsingar, að hafa á höndum spil sem hægt er að spila út í viðræðum við þjóðir. Það má segja hæstv. utanrrh. til hróss að hann hefur sýnt mikla lagni við að ná samningum við erlendar þjóðir í fiskveiðimálum. Það var hann sem á sínum tíma landaði samningnum við Norðmenn og Rússa í Smugunni. Það var hann sem á sínum tíma landaði síldarsamningum við Norðmenn og aðra. Hann á að baki miklu betri sögu í þessum samningaviðræðum en t.d. hæstv. sjútvrh. sem hvað eftir annað hefur komið heim með öngulinn í rassinum frá slíkum samningaviðræðum og hæstv. utanrrh. orðið að koma til leiks og finna lausnir.

En nóg um það, hæstv. forseti. Það er bara ein spurning að lokum sem mér þætti vænt um að fá svar við hjá hæstv. utanrrh. og hún er að þegar Alþingi frétti um daginn utan úr bæ á skotspónum að hæstv. sjútvrh. hefði þó alla vega tekist að ná þessum samningi sem við erum að ræða núna, þá fylgdi með þeirri frétt lítil klausa sem kom upphaflega úr færeyska útvarpinu, ef ég man rétt, og hún var eitthvað á þá leið að við Íslendingar hefðum viðurkennt Færeyinga sem strandveiðiríki hvað varðar loðnuna. Mig langar aðeins til að inna eftir þessu. Var það til umræðu í þessum samningaviðræðum? Fyrir um tveimur árum veiddist eitthvert smáræði af loðnu nyrst í færeysku lögsögunni, ef ég man rétt. Ég veit að Færeyingar hafa mikinn áhuga á því að öðlast sem

strandríki rétt í loðnustofninum, því ef ég kann þá lögfræði rétt — ég sé að sérfræðingur utanrrn. er hér til staðar og hann getur þá kannski hjálpað okkur eitthvað með það — að ef þjóð er skilgreind sem strandríki hafi hún sjálfkrafa rétt á ákveðnum prósentuhluta úr viðkomandi fiskstofni. Það væru þá nokkur tíðindi ef Færeyingar væru allt í einu komnir að innsta samningaborðinu um þennan blessaða loðnustofn, þ.e. þá með okkur, Norðmönnum og Dönum, Grænlendingum, að Færeyingar væru þar líka mættir til leiks með varanlegar kröfur og varanlega hlutdeild jafnvel í loðnustofninum.

Ég vil svo enn og aftur að lokum, herra forseti, fá að nota tækifærið til að hvetja hæstv. utanrrh. til að setjast niður með sínum mönnum og skoða þennan samning svolítið upp á nýtt. Hann er að mörgu leyti mjög góður og ekkert nema gott um hann að segja, en það eru nokkur smáatriði og kannski helst þetta með lúðuna sem ég held að væri alveg þess virði að yrði skoðað aðeins betur.

[17:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar loðnuna og Færeyinga liggur alveg ljóst fyrir að strandríki eru Ísland og Noregur vegna lögsögunnar við Jan Mayen og Grænland, en Færeyingar eru ekki aðilar að þessum samningi og eru þar af leiðandi ekki strandríki í þessum skilningi. Þeir hafa hins vegar fengið framseldar veiðiheimildir frá okkur og frá Grænlendingum og fengið síðan heimild til þess að veiða það sem þeir fá frá Grænlendingum í lögsögu okkar.

Hvað lúðuna varðar dettur mér ekki í hug að halda því fram að hér sé eingöngu um aukaafla að ræða. Ég hélt að ég hefði ekki orðað það þannig. Hins vegar má alltaf gera ráð fyrir því að einhver aukaafli komi af lúðu við allar línuveiðar. Það er a.m.k. reynslan hér við suðurströndina eftir því sem ég best veit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 961. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 1479.

[17:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á viðauka við EES-samninginn um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Gerð er grein fyrir efni þessarar ákvörðunar í tillögunni og hún er prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri reglugerð sem hér um ræðir.

Samkvæmt þessari reglugerð geta samvinnufélög sem vilja starfa í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu stofnað evrópskt samvinnufélag samkvæmt ákveðnum meginreglum sem nánar er kveðið á um í reglugerðinni. Félögin geta þannig starfað á grundvelli sameiginlegra reglna á öllu svæðinu í stað þess að þurfa að opna útibú og starfa á grundvelli mismunandi laga í hverju aðildarríki fyrir sig. Í viðskrn. er nú unnið að gerð lagafrv. til innleiðingar á þessari reglugerð.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari þingsályktunartillögu vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 1. umr.

Stjfrv., 960. mál (heildarlög). — Þskj. 1478.

[17:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað. Er því, ef samþykkt verður, ætlað að koma í stað gildandi laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943.

Frv. var samið af nefnd sem skipuð var af þáv. dómsmrh. árið 2000 til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldserinda. Felur frv. í sér endurskoðun á gildandi lögum og er þar lagt til að lögin verði uppfærð og tekin upp nokkur atriði sem eru til þess fallin að gera birtingu laga, stjórnvaldserinda og milliríkjasamninga í senn skilvirkari og ódýrari án þess að á nokkurn hátt sé slakað á þeim kröfum sem gera ber til réttaröryggis við miðlun upplýsinga af þessu tagi.

Helsta breytingin sem lögð er til í frv. er að heimilað verði að gefa Stjórnartíðindi eingöngu út á rafrænu formi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Auk þess er lagt til að birting á EES-reglum og öðrum þjóðréttarreglum, sem leiða þarf í landsrétt, verði gerð skilvirkari en nú er. Þá gerir frv. ráð fyrir að heimilað verði í undantekningartilvikum að birta þjóðréttarreglur á erlendu máli að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Frv. hefur átt sér nokkurn aðdraganda. Góð reynsla af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins á netinu varð til þess að heimilað var með lögum nr. 165/2002 að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs og gefa það eingöngu út á rafrænu formi, þó þannig að þeir sem þess óska geti keypt rafræna útgáfu blaðsins prentaða. Á grundvelli þessarar heimildar er ráðgert að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs í júní 2004 og gefa blaðið eingöngu út á rafrænu formi eftir það.

Tímabært þykir að leggja til að lögfest verði sams konar heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi.

Rafræn birting laga og annarra settra réttarreglna getur haft ýmsa kosti í för með sér, einkum þá að auðvelda aðgengi að þeim og stuðla að sparnaði og hagræðingu þegar fram í sækir. Með hliðsjón af þeim megintilgangi birtingar að tryggja að lögin séu aðgengileg þannig að réttaröryggi sé tryggt þarf þó ýmsum skilyrðum að vera fullnægt svo að rafræn birting komi til álita.

Það á t.d. við um að almenningur verður að hafa aðgang að nauðsynlegum vél- og hugbúnaði til að nálgast hinar rafrænu heimildir. Af þessum sökum er mikilvægt að fyrirkomulag rafrænnar birtingar taki mið af því að búnaður sem flestra nýtist og er sérstaklega á því hnykkt í frumvarpinu.

Þá ber að geta þess að aðgengi almennings að netinu hér á landi er gott og full ástæða er til að gera lög aðgengileg á netinu með þeim hætti sem frv. mælir fyrir. Ef lagt er til grundvallar að almenningur eigi þess ávallt kost að fá prentað það sem birt er rafrænni birtingu eins og gert er ráð fyrir í frv. kemur ekki að sök þótt hluti þjóðarinnar geti af einhverjum

ástæðum, enn sem komið er, ekki nýtt sér upplýsingatæknina til þess að kynna sér birt lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Þá gefur rafræn birting laga tilefni til ýmissa álitaefna frá tæknilegu sjónarhorni. Ljóst er að rafræn birting laga verður fortakslaust að vera svo örugg að ekki fari á milli mála hvaða lög gildi og hafi gilt í landinu á hverjum tíma. Þetta gerir ríka kröfu til þess kerfis sem notað er til birtingar og að þær upplýsingar sem þar birtast séu örugglega réttar með tilliti til villna eða jafnvel íhlutunar óviðkomandi aðila. Jafnt almenningur sem hið opinbera verður að geta treyst þeim upplýsingum sem miðlað er í rafrænum Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði. Rétt er að árétta að rafræn útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verður ekki að fullu tekin upp nema gengið hafi verið úr skugga um að öryggi sé fyllilega tryggt.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. en um frekari rök og útlistanir á ákvæðum þess vísa ég til greinargerðar með frv. Þar er ítarlega rakin saga útgáfu laga og stjórnvaldsfyrirmæla hér á landi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[17:55]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með að sjá þetta frv. því að ég er mjög áhugasöm um aðgengi upplýsinga á netinu öllum til gagns. Ég velti hins vegar fyrir mér nokkrum atriðum og vil fyrst nefna að ég er mjög ósátt við greiðslu fyrir rafrænan aðgang að reglum, lögum og slíkum hlutum sem segja má að þegnar landsins ættu að hafa aðgang að án endurgjalds. Það er mín skoðun fyrst og fremst.

Ég rek augun í að hér er það sett fram að upplýsingarnar og vinnan við að setja upplýsingarnar fram rafrænt eigi að vera skilvirkari og ódýrari. En samt sem áður á ekki að lækka kostnað. Ég vil lesa upp úr athugasemdum við frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Rafræn útgáfa mun spara prent- og dreifingarkostnað sem nemur um það bil 30 millj. kr. á árinu 2005 þegar lögin taka gildi. Tekjur vegna áskriftar og auglýsinga eru áætlaðar um 25 millj. kr., og verða þær óbreyttar."

Síðan er sagt að ekki sé áætlað að lækka gjaldskrána heldur nota féð til þess að greiða fyrir uppsafnaðan halla sem væntanlega er þá kominn til vegna þess að ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði eins og hann lá fyrir í einhvern tíma. Mér sýnist að menn geri hér ráð fyrir að þeir verði ekki búnir að greiða skuldir sínar fyrr en árið 2009. Ég undrast þetta og átta mig ekki alveg á hvort heimilt sé að framkvæma gjaldtöku á þennan hátt.

Síðan velti ég öðru fyrir mér. Hingað til hafa menn getað skoðað pappírsútgáfur af Stjórnartíðindum á bókasöfnum. En núna er staðan sú að menn eiga að kaupa rafrænan aðgang. Því velti ég fyrir mér hvort menn geri þá ráð fyrir að á bókasöfnum, t.d. almenningsbókasöfnum, verði aðgangur ókeypis fyrir alþýðu manna til að lesa þessar reglur.

Ég velti því einnig fyrir mér að hér kemur fram að góð reynsla hafi verið af vefnum lagabirting.is þegar menn voru að spreyta sig á því hvort þetta virkaði vel. Þá velti ég því fyrir mér — nú bara veit ég það ekki — hvort þar hafi verið tekið gjald, hvort það sem hér á að gera byggi á þeirri reynslu.

Ég sé að líka hefur verið skráð dálítið af eldri tölublöðum og hvet til þess að menn sjái sér fært að skrá enn frekar aftur í tímann það sem birt hefur verið.

Síðan rak ég augun í umfjöllun og ábendingar varðandi reglur um persónuvernd og velti fyrir mér í því sambandi hvað verði öðruvísi þegar útgáfan verður rafræn, hvernig það komi við málefni tengd persónuvernd. Hvað verður öðruvísi en hingað til hefur verið í pappírsútgáfunni.

Síðan er enn eitt atriði. Í 4. gr. frv. kemur fram að erlendan texta megi birta, með leyfi forseta:

„Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar."

Ekkert segir til um hvaða erlenda tungumál átt er við. Ég hef dálitlar áhyggjur af því að kannski sé tiltekinn hópur sérfræðinga menntaður í tungumálum sem þorri manna skilur ekki. Ég hvet því til þess að menn setji þarna einhver mörk um hvaða tungumál þetta megi vera. Svo velti ég fyrir mér: Hvernig metur maður, hvernig getur maður séð að erlendur texti um eitthvað sem tilheyrir milliríkjasamningum okkar eigi bara við ákveðinn hóp menntamanna sem hafa hlotið menntun þess eðlis að þeir skilja nákvæmlega hvað um er að ræða.

Þessi atriði vil ég gjarnan að komi inn í umræðuna á þessu stigi. Ég ítreka að mér finnst mjög ákjósanlegt að gögn af þessu tagi séu aðgengileg á neti. Ég vil að þau séu aðgengileg fyrir alla án sérstaks kostnaðar.

[18:00]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka ágætar ábendingar og spurningar. Þetta eru allt álitamál sem menn þurfa að velta fyrir sér og eðlilegt að þau komi upp þegar um slíkt mál er rætt.

Svo ég víki fyrst að erlendu tungumálunum, hvaða tilvik það eru, þá held ég að í þessu samhengi séum við fyrst og fremst að tala um mjög tæknilega alþjóðasamninga eða EES-reglur sem eru mjög tæknilegar. Um það eru til dæmi og hv. þm. getur kynnt sér þau, að samþykkt hafi verið að íslenska ekki slíkar reglur, alls konar kóða og sérfræðireglur sem eru, eins og þarna segir, fyrir mjög sérhæfðan hóp fólks sem sinnir ákveðnu sviði við framkvæmd á alþjóðasamningum og ljóst er að yrði ofætlan að íslenska. Slíka texta þarf í sjálfu sér ekki að íslenska þegar litið er til þess verkefnis sem um er að ræða.

Þetta er undantekningarákvæði og ber að túlka það á þann veg og líta til þeirra fordæma sem við höfum. En það mundi auðvelda í ýmsum tæknilegum úrlausnarefnum að nota við þetta alþjóðlegt tungumál. Yfirleitt er miðað við ensku, ef ég skil það rétt. Allir samningar eru gerðir á ensku og frönsku og hér mundu menn væntanlega velja ensku. Við vitum að það er það mál sem menn nota í ýmsum greinum í tengslum við tæknileg úrlausnarefni og slík viðfangsefni. Fyrir þessu eru nú þegar til ákveðin fordæmi en þetta ákvæði ber að sjálfsögðu að skýra með fullri virðingu fyrir íslenskri tungu, að hún er ráðandi tunga þegar staðið er að útgáfu á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Varðandi það sem sagt var um bókasöfnin og aðgang almennings að því sem sett er inn á þennan vef á prentuðu formi þá tel ég að það verði auðveldast fyrir þau söfn, eins og alla aðra sem hafa aðgang að upplýsingatækninni og tækjabúnaði, að fara inn á netið þegar um er beðið. Þessir aðilar gætu prentað út fyrir það fólk sem kemur á staðinn og það verður sú leið sem flestir munu fara. Eins og fram kemur í greinargerðinni og því sem menn eru að velta fyrir sér þá er það svo að hér á landi hefur langstærstur hluti þjóðarinnar

aðgang að þessari tækni heima hjá sér eða annars staðar. Þeir sem ekki hafa aðgang að tækninni geta hæglega farið á söfn og fengið útprentun þar. Ég tel víst að söfnin mundu velja þann kost að hafa gögnin sem mest í rafrænu formi hjá sér og prenta út fyrir þá sem heimsækja söfnin og vilja fá upplýsingar í prentuðu formi.

Varðandi gjaldtökuna þá vek ég athygli á því að það sem segir um gjaldtökuna í frv. er að finna í 2 mgr. 7. gr., ef ég má lesa hana, með leyfi forseta:

„Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Verði útgáfa Stjórnartíðinda eða Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs."

Gert er ráð fyrir því að greitt verði gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði. Það er ekki sambærilegt ákvæði um Stjórnartíðindi í frv. Þess vegna eru menn að velta fyrir sér með persónuverndina. Svo ég lesi enn, með leyfi forseta, upp úr greinargerð frv.:

„Að því er varðar rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs koma nokkur fleiri atriði til skoðunar. Við rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs þarf þannig að gæta reglna um persónuvernd, en þær upplýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði kunna að teljast viðkvæmar í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum. Einnig þarf við útgáfu Lögbirtingablaðs að tryggja að tiltekin útgáfa verði aðgengileg öllum á sama tíma, enda kunna í Lögbirtingablaði að birtast auglýsingar sem hafa þýðingu fyrir samkeppnisstöðu manna, t.d. auglýsingar um sölu eigna, útboð eða stöður."

Þarna er um það að ræða að menn gera því skóna, og þess vegna er gjaldtakan sérstaklega tiltekin varðandi Lögbirtingablaðið, að þar birtist upplýsingar sem verði aðgengilegri fleira fólki en nú er, miðað við þá litlu útbreiðslu sem er á Lögbirtingablaðinu. Eftir að blaðið kemur inn á netið er talið að það sé eðlilegt að menn greiði fyrir aðgang að þeim upplýsingum, m.a. með hliðsjón af persónuvernd. Í blaðinu er fjallað um gjaldþrot og aðra hluti sem snerta mjög persónulega hagi manna. Talið er eðlilegt að þegar menn ætla að kynna sér slíkt, eins og nú er — nú þurfa menn að vera áskrifendur að Lögbirtingablaðinu og fá það sent — sé eðlilegt að menn greiði fyrir aðgang að slíkum upplýsingum. Lögbirtingablaðið er allt annars eðlis en Stjórnartíðindin.

Ég tel mjög málefnaleg rök fyrir þessu og að það sé ekki níðst á neinum með þessum hætti, sé litið til áskrifendafjölda Lögbirtingablaðsins og þeirra sem nýta sér þær upplýsingar. Í þessu felst líka viðleitni til að veita persónuvernd. Ég sé ekki annað þegar menn velta þessu fyrir sér en að þeir ættu að sjá að fyrir þessu eru góð málefnaleg rök, að hafa þetta með þessum hætti. Auk þess skapast af þessu tekjur til ríkissjóðs sem er ekkert óeðlilegt að menn hugi að þegar þetta er skoðað.

Ég ætla ekki að fjalla um þessa kostnaðarumsögn. Mér finnst eðlilegt að nefndin fari yfir hana og kalli þá sérfræðinga til sem hafa reiknað kostnaðinn út. Ég hef ekki reiknað þetta út en finnst eðlilegt að menn líti til þeirra þátta þegar kemur að nefndarstarfi.

[18:06]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör. Ég fellst á það sem hann sagði í ræðu sinni áðan að um getur verið að ræða sérhæfðan texta sem er þess eðlis að það henti að hafa hann á öðru tungumáli. Í því samhengi vil ég hins vegar hvetja til að það verði skilgreint nánar og að ljóst verði hvaða tungumál eru ásættanleg í þessu samhengi og hvers konar texta er um að ræða, einungis til að fyrirbyggja að menn fari að túlka ákvæðið of frjálslega.

Varðandi persónuverndina þá er ég alveg sammála því að í blaðinu birtast viðkvæmar upplýsingar um gjaldþrot manna og annað slíkt. Ég velti því fyrir mér hvort menn þurfi ekki að takast á við það ef setja á hlutina fram í breyttu formi fremur en að láta þetta frv. breyta út af þeim birtingarreglum sem hingað til hafa gilt.

Að öðru leyti lýsi ég yfir ánægju minni með frv. hæstv. dómsmrh. og vona að það gangi í gegn eftir skoðun í viðkomandi nefnd.

[18:08]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa því yfir að mér líst ágætlega á þetta frv., þ.e. að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið færist í framtíðinni úr því að vera á pappír og yfir á rafrænt form. Þetta er framtíðin og ég held að ágætur vefur Alþingis færi okkur heim sanninn um að stjórnsýslan getur hagað þessum málum með mjög góðum og skilvirkum hætti ef vandað er til verka og vel er að þessu staðið.

Herra forseti. Varðandi Lögbirtingablaðið, persónuverndina og það að menn skuli greiða fyrir aðgang að Lögbirtingablaðinu, þá er það rétt sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. áðan, að í Lögbirtingablaðinu birtast oft upplýsingar sem geta verið mjög viðkvæmar og varða persónulega hagi einstaklinga og fyrirtækja. Ég hef ekki trú á því að hægt verði að girða fyrir að rótað verði í fortíð fyrirtækja eða einstaklinga með því að setja upp einhverjar peningagirðingar. Frekar vildi ég velta upp þeirri spurningu hvort það væri ekki hreinlega réttara að ríkisstjórnin, hæstv. dómsmrh. og sú þingnefnd sem mun fjalla um frv., sem ég geri ráð fyrir að sé allshn., hugsi sér tilteknar leiðir til þess að slíkar upplýsingar verði hreinlega þurrkaðar út eftir ákveðinn tíma.

Ég geri ráð fyrir að á þessum vef eða þeim vefum þar sem Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið verða verði líka settar upp leitarvélar þannig að maður geti þá leitað að ákveðnum upplýsingum um tiltekin efnisatriði, jafnvel um ákveðnar persónur, ákveðin fyrirtæki o.s.frv. með mjög öflugum hætti. Mætti ekki velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að svo viðkvæmar upplýsingar verði hreinlega þurrkaðar út?

[18:10]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vafalaust er vert að skoða það sjónarmið sem hv. þm. vék að. Þarna myndast ákveðinn gagnagrunnur og álitamál hver aðgangurinn á að vera. Til þess þarf að líta og skoða þá þætti sem hér hafa verið ræddir.

En ég sé ekki að neitt hafi komið fram í þessum umræðum sem segir að óeðlilegt sé að menn borgi áskriftargjald að Lögbirtingablaðinu þó það birtist á rafrænan hátt. Það finnst mér nokkuð sem menn verða að gera upp við sig. Hvað er óeðlilegt við það í sjálfu sér að menn greiði fyrir áskrift að Lögbirtingablaðinu þegar það birtist á rafrænan hátt? Fyrir því eru margvísleg rök, bæði kostnaðarleg rök og

einnig rök er varða persónuvernd og aðgang manna að þeim upplýsingum. Þetta eru sérhæfðar upplýsingar sem fáir hafa áhuga á, miðað við útbreiðslu Lögbirtingablaðsins. En þeir sem kaupa blaðið hafa aðgang að þessum upplýsingum og kaupa blaðið til að fylgjast með sérgreindum þáttum vegna starfa sinna. Hvers vegna á, þegar þetta er komið á rafrænt form, að hætta að innheimta smágjald af þeim sem nýta sér þær upplýsingar? Ég sé ekki rökin fyrir því og finnst vanta slík rök í allan þennan málflutning.

[18:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að mælast til þess að það yrði endilega ókeypis aðgangur að blaðinu. Ég veit ósköp vel að menn borga fyrir Lögbirtingablaðið í dag. Sennilega borga þeir einnig fyrir Stjórnartíðindin. Ég vil hins vegar benda á að ef þetta fer á rafrænt form verður hægt að leita með mjög öflugum hætti og safna upplýsingum í svona gagnagrunnum og tína til á mjög skömmum tíma. Mér finnst a.m.k. ósanngjarnt að þó að fólk eða fyrirtæki hafi lent í ógæfu, vanskilum, gjaldþrotum eða þess háttar skuli það ítarlega skráð á netinu. Eins og ég sagði áðan geri ég ráð fyrir að þessu verði tengdar leitarvélar og það verði skráð á netinu nánast um aldur og ævi.

Vissulega er það rétt, og má færa að því rök, að Lögbirtingablaðið er í dag geymt mjög víða. Það er hægt að fletta því upp aftur í tímann en hins vegar tekur það langan tíma og kannski ekki nema þeir sem hafa sérstakan áhuga á að róta í fortíðinni sem finna upplýsingar með þeim hætti. Sjálfsagt munu þeir gera það áfram þótt Lögbirtingablaðið fari yfir á rafrænt form.

Annars var talað um að spara ætti peninga með því að færa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið yfir á rafrænt form. En ég hnýt um það í umsögn með frv. að mikið tap hafi verið á þessari útgáfu mörg undanfarin ár, að því er virðist. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Uppsafnaður halli vegna útgáfunnar var áætlaður í árslok 2003 um 32 millj. kr. Ekki er áætlað að lækka gjaldskrá fyrir birtingar í Stjórnartíðindum fyrr en rekstrarlegu jafnvægi hefur verið náð sem er gert ráð fyrir að verði í árslok 2009."

Þá vaknar spurningin: Af hverju hefur þetta verið látið rúlla svona lengi, með svona miklu tapi? Hafa menn ekki byrjað að hugleiða þetta fyrir löngu, hvernig mætti spara og hagræða í útgáfunni?

[18:14]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægður með að þetta snýst ekki um gjaldtöku fyrir Lögbirtingablaðið heldur aðgang að gagnagrunnum. Eins og ég sagði er það mál sem þarf að skoða sérstaklega.

Varðandi fjármál Stjórnartíðinda er ég sammála hv. ræðumanni um að það er ekki vansalaust að Stjórnartíðindin hafi safnað upp þessum skuldum. Ástæðan er sú að gjaldskráin hefur verið óbreytt um nokkurt árabil. Umfangið hefur aukist eins og menn sjá þegar þeir kynna sér Stjórnartíðindin. Þar koma til allir þeir samningar sem við höfum gert og annað. Kostnaðurinn hefur einfaldlega verið meiri en tekjurnar. Það er hin einfalda skýring á þessu.

Þarna er um það að ræða að þetta eru gjaldtökur innan Stjórnarráðsins, innan stjórnkerfisins. Þetta eru uppgjörsmál á vettvangi stjórnkerfisins og það var líka nauðsynlegt, að mínu mati, þegar þetta mál var lagt fram að kynna þessa stöðu eins og hér er gert. Það er engin launung á því að þarna þarf að taka til hendinni. Hins vegar er, eins og menn sjá, tap á Stjórnartíðindunum en hagnaður á Lögbirtingablaðinu. Þegar upp er staðið er þessi útgáfa kannski á núlli, eins og þarf að vera þegar um opinberan rekstur er að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 1. umr.

Frv. landbn., 840. mál (Vestmannaeyjabær). — Þskj. 1290.

[18:15]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum, frá landbn.

1. gr.

Við 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: Vestmannaeyjabær.

2. gr.

Við 15. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: og Vestmannaeyjabær.

Herra forseti. Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum. Þau mistök urðu við setningu laganna á sínum tíma að Vestmannaeyjabær er hvorki tilgreindur í ákvæði 11. gr. um skipan héraðslæknaumdæma sem ætlað er að ná yfir allt landið né í ákvæði 12. gr. um vaktsvæði dýralækna. Með frumvarpinu er lagt til að Vestmannaeyjabær heyri undir umdæmi héraðsdýralæknis í Suðurlandsumdæmi, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, en það er eðlileg ráðstöfun miðað við legu Vestmannaeyja. Þá er einnig lagt til að vaktsvæði dýralæknis Árnessýslu nái yfir Vestmannaeyjabæ.

Herra forseti. Þar sem málið er lagt fram af hv. landbn. er ekki gerð tillaga um að vísa málinu til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 869. mál (reikningsskil). — Þskj. 1327, nál. 1451.

[18:17]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. utanrmn. á þskj. 1451, 869. mál, um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003, um breytingu á IX. viðauka og XXII. viðauka við EES-samninginn.

Vegna málsins fékk nefndin á sinn fund gesti sem tilgreindir eru í nál. Eins og segir í nál. er með tillögunni leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003, um breytingu á IX. viðauka og XXII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní

2003 um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Markmið upphaflegu tilskipunarinnar er að tryggja að samræmi sé milli tilskipana Evrópusambandsins um reikningsskil og alþjóðlega reikningsskilastaðla, svo og gerð og framsetningu á skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda og þar er mælt fyrir um strangari kröfur um samræmi skýrslna við bestu viðteknu starfsvenjur. Þá verður fleiri félögum gert kleift að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í reikningsskilum sínum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að lagt verði fram lagafrv. á haustþingi 2004.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en hv. þingmenn, auk frsm., Sólveig Pétursdóttir formaður, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðlaugur Þór Þórðarson, Magnús Stefánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir nál. þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, síðari umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 572. mál. — Þskj. 862, nál. 1450.

[18:20]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. utanrmn. um till. til þál. um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna á þskj. 1450.

Vegna málsins fékk nefndin á sinn fund hv. þm. Birgi Ármannsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, verði falið að efla enn frekar samstarf landanna um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og stuðla að samningum sem tryggi áfram sjálfbæra nýtingu þeirra. Tillagan byggist á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 2/2003 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins sem haldinn var 14.–16. ágúst 2003.

Hv. utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt. Við afgreiðslu málsins var hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fjarverandi en hv. þingmenn í utanrmn. auk frsm. skrifa undir álit þetta. Það eru Sólveig Pétursdóttir, formaður, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðlaugur Þór Þórðarson, Magnús Stefánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

[18:22]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi mikilli ánægju yfir að þáltill. þessi virðist vera að fara í gegnum þingið og vona svo sannarlega að kollegar okkar í Færeyjum og Grænlandi séu jafnduglegir við að afgreiða þetta og við. Ég tók sjálfur þátt í að móta þáltill. sem einn af fulltrúum hins háa Alþingis í þingmannanefnd Vestur-Norðurlanda.

Ég held að ákveðnir möguleikar séu fyrir hendi á samvinnu milli Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga í þessum málum. Það er alveg rétt sem fram kemur í greinargerðinni að við eigum þó nokkuð af sameiginlegum fiskstofnum. Ég minni á úthafskarfann, loðnuna, kolmunnann, jafnvel makríl, túnfisk, rækju og grálúðu. Þarna er á margan hátt mikið verk óunnið, bæði í fiskirannsóknum og fiskveiðistjórn. Deilan á milli okkar ágætu nágranna er t.d. enn þá óleyst um hvernig við ætlum að skipta grálúðunni á milli okkar. Það gætu komið upp viðkvæm deilumál hvað varðar íslenska þorskstofninn ef þorskseiði ræki í stórum stíl yfir til Grænlands sem gæti hæglega gerst, einmitt núna þegar mikið er talað um að það sé að hlýna mjög á norðurslóðum. Eitthvað af fiskstofnum okkar í dag gæti leitað norður á bóginn og vestur á bóginn og jafnvel inn í grænlenska lögsögu. Því held ég að það sé mjög mikilvægt að við Íslendingar séum búnir að tryggja ákveðna samstarfsfleti, viðræðufleti og sambönd við þessa ágætu nágranna okkar til þess að við getum í sameiningu leyst úr vandamálum sem hugsanlega koma upp, bæði varðandi veiðar en líka hugsanlega vandamál og þörf á því að stunda rannsóknir, því rannsóknir og góð vitneskja er grundvöllur þess að geta stundað ábyrga og sjálfbæra nýtingu á auðæfum sjávar, bæði lifandi og þeim sem kalla má dauð.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé ágætt mál og mjög þarft og enn eitt skrefið í þá átt að auka samvinnu og samstarf á milli Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 780. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1184, nál. 1454.

[18:25]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1454 fyrir hönd hv. menntmn. en það fjallar um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

Nefndin fékk á sinn fund gesti og þó nokkrar umsagnir bárust. Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að háskólarektor hafði farið þess á leit við menntamálaráðherra að sá hluti frumvarpsins sem tekur til dómnefnda yrði ekki afgreiddur á Alþingi að svo stöddu. Þetta gerði rektor á grundvelli samþykktar háskólaráðs sem taldi að málið hefði ekki hlotið þá umfjöllun innan háskólans sem nauðsynleg væri og að taka þyrfti það fyrir á háskólafundi. Að höfðu samráði við deildarforseta einstakra deilda háskólans sendi háskólarektor nefndinni síðan tillögu að breytingu á frumvarpinu sem var í aðalatriðum þess efnis að í stað þess að kveðið væri skilyrðislaust á um að rektor skipaði dómnefndir til að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans væri honum jafnframt heimilt að skipa dómnefndir til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans eða einstakar deildir eða stofnanir.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

Við 1. gr. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem starfið er við hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Rektor er heimilt að skipa dómnefndir til þriggja ára í senn fyrir hvert

af meginfræðasviðum háskólans eða einstakar deildir eða stofnanir. Háskólaráð tilnefnir einn mann í hverja dómnefnd og menntamálaráðherra annan. Skal sá sem tilnefndur er af háskólaráði vera formaður dómnefndar og sá sem tilnefndur er af menntamálaráðherra varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Þriðji nefndarmaðurinn er sérfræðingur, tilnefndur af viðkomandi deild eða stofnun, sem skipaður er sérstaklega til þess að fara með hvert ráðningarmál. Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi.

Nefndin stóð öll saman að nál. Ísólfur Gylfi Pálmason, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Gunnar Birgisson formaður, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Valdimar L. Friðriksson og Kolbrún Halldórsdóttir.

[18:29]

Mörður Árnason:

Forseti. Málið sem hér er á dagskrá við 2. umr. er þríþætt eins og rakið var í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur. Þeir sem voru viðstaddir síðasta fund menntmn. um málið skrifuðu allir undir nál. þar sem mælt er með að frv. verði samþykkt. Taka verður fram að sá sem hér stendur og er í þessari ágætu nefnd gat því miður ekki sótt fundinn og hafði því ekki áhrif á nál.

Þótt menn skrifi undir nál. er það ekki alltaf vegna þess að þeir séu æpandi glaðir yfir því sem þar stendur og það hygg ég að félagar mínir hafi ekki verið, þeir sem eru því miður fjarstaddir, annar ekki lengur á þingi, varamaður, og hinn í opinberum erindum í austurvegi.

Ég vil aðeins rekja hvaða athugasemdir ég geri, að ýmsu leyti fyrir þeirra hönd, við þetta nefndarálit og við það frv. sem hér er til umræðu. Ég tek fram að þær athugasemdir varða ekki yfirtöku háskólans á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar enda gerum við ráð fyrir því að þar verði svo búið um hnúta að allt fari fram með sóma, og einkum að starfsmönnum þeim sem þar hafa starfað verði veitt vinna við *sitt hæfi á hinum nýja stað* eða a.m.k. boðin önnur úrlausn ef það ekki gengur.

Þá er að ræða það sem ég vona að hafi skilað sér vel til þingheims úr ræðu framsögumanns nefndarálitsins áðan. Þegar þingið hér veitir brautargengi þeim tillögum að háskólaráði verði heimilt að undanþiggja auglýsingu um ýmis störf er gert ráð fyrir að háskólaráð, bæði þetta og önnur þau sem þessu tengjast í næstu málum, setji sér ákveðnar reglur um það efni. Í þeim reglum verði leitast við og reynt að tryggja að ekki verði um neins konar klíkuskap að ræða við þessar ráðningar og ekki um neins konar „klíentisma" sem ég kalla svo með erlendu orðfæri — ég held að íslenska hliðstæðan hafi ekki orðið til enn þá. Það sem átt er við er ósköp einfaldlega það að verkefnin sem um er að ræða geta verið afar misstór. Sum eru lítil og nett og sjálfsagt mál að þeir séu ráðnir sem ráðnir yrðu, nánustu samstarfsmenn háskólakennara eða annarra þeirra sem stjórna verkefninu. Einnig getur verið um það að ræða, og um það þekkjum við sem betur fer gleðileg dæmi frá síðustu tímum, að háskólar og einstakir starfsmenn þeirra, háskólaprófessorar, yfirmenn rannsóknastöðva eða einstakir fræðimenn hafi fengið mjög stóra og mikla styrki til þess að fara í miklar rannsóknir og mikil verkefni sem geta tekið langan tíma og sem krefjast mikils mannafla.

Sú hætta getur verið þar fyrir hendi, eins og rakið var ágætlega við 1. umr., að þar verði völd þeirra sem ráða jafnvel of mikil, svo mikil að hætt sé við misnotkun. Háskólaráðin verða að setja reglur sem útiloka þetta. Það var einmitt rætt í menntmn. í tengslum við þetta mál þegar rektorar og skólameistarar skólanna komu þar í heimsókn. Um það tókst ágætisumræða og ég vil ítreka að þetta var afgreitt í menntmn. með þeim vilja að háskólaráðin tækju tillit til þess arna.

Ég vil síðan í síðara lagi taka fram að stuðningur, a.m.k. minn, við breytingar og skipan dómnefnda í Háskóla Íslands byggist á þeirri málamiðlun sem rektor háskólans, Páll Skúlason, kom með í nefndina og óskaði eftir að samþykkt yrði. *Sá stuðningur hins vegar nær ekki miklu lengra því að* ég er í grundvallaratriðum ósáttur við þá skipan nefndanna sem frv. gerir ráð fyrir.

Af því að það kom ekki fram við 1. umr. í framsögu hæstv. menntmrh. um málið sem þó sagði frá því að þetta frv. væri sprottið af því að menn í Háskóla Íslands hefðu óskað eftir því er rétt að segja frá því hér að Háskóli Íslands óskaði alls ekki eftir þessu frv. eins og það var lagt fram, heldur vildi hann ráða sem allra mestu sjálfur. Sérstaklega var tekið fram á þessum fundi í menntmn. að ekki hefði verið óskað eftir því sem hér var gagnrýnt við 1. umr., að menntmrh. hefði einn fulltrúa í þessari dómnefnd. Jafnvel þó að komin sé núna málamiðlun heldur það áfram að vera þannig að menntmrh. á fulltrúa í dómnefndinni. Hætturnar við það eru ýmislegar. Það er skrýtið að menntmrh. og ríkisstjórnin skuli annars vegar leggja áherslu á sjálfstæði skóla og hins vegar haga sér þannig að þeir grípi fram í fyrir háskólanum og setji aðrar reglur en hann hefur viljað um þetta til þess að menntmrh. hafi áfram sérstakan erindreka sinn við ráðningar í skólanum.

Sú skipan sem nú á að taka upp er að á ýmsum meginsviðum þar sem því er ekki sérstaklega mótmælt á að vera föst nefnd til þriggja ára sem á að taka til mjög stórs hluta Háskóla Íslands. Í þessari föstu nefnd eiga að sitja tveir fastir menn og annar þeirra er beinlínis skipaður af menntmrh. Á það *var bent við 1. umr. að þessi maður gæti þess vegna, lögin* kæmu ekki í veg fyrir það, verið sá sami í öllum nefndunum og raunar í öllum nefndunum sem menntmrh. skipar. Hann gæti þess vegna haft nánast atvinnu af því að vera erindreki menntmrh. í þessu starfi og séð um að vilji menntmrh. nái fram í ráðningum. Þetta er breyting frá því sem verið hefur því að þó að menntmrh. hafi undanfarið haft fulltrúa í þessum nefndum hefur það verið fulltrúi sérskipaður í hverri nefnd fyrir sig. Þessi skipan nú býður upp á miklu meiri hættu á samfelldum afskiptum menntmrh. af háskólanum og leiðir til þess að það hallar á Háskóla Íslands í því sjálfstæði sem hann sjálfur, a.m.k. í orði kveðnu, og vinir hans ýmsir vilja að hann hafi.

Ég verð að segja það hér, og vil að það komi fram, að þrátt fyrir álit mitt og flestra sem til þekkja, flestra Íslendinga held ég, á rektor Háskóla Íslands, Páli Skúlasyni, þykir mér það druslugangur hjá háskólanum að geta ekki staðið í lappirnar í þessu efni og fylgt fram kröfu sinni um að þeir fái að gera þetta sem þeir vilja sjálfir. Mér finnst það druslugangur og óska Háskóla Íslands þess að hann geti hafið sig upp úr þeirri vesöld sem hann virðist telja sig nauðbeygðan að dúsa í, að fara með betlistaf til menntmrh. og veita honum aukin völd á móti góðum viðtökum í því erindi sem hann hefur hverju sinni.

Forseti. Ég vil að þetta komi fram við þessa 2. umr. þannig að mönnum komi ekki á óvart síðar á þessari öld þegar við breytum þessu aftur í þá veru sem t.d. Félag háskólakennara bendir á, að dómnefndirnar ættu að vera skipaðar algjörlega á háskólavettvangi og þriðji fulltrúinn gæti verið t.d. frá erlendum skóla eða íslenskum hliðstæðum skóla þar sem fræðaþekking er traust og örugg. Félag háskólakennara hafði dug til þess og kjark að mótmæla yfirráðum menntmrh., þessum auknu pólitísku völdum ráðherrans í Háskóla Íslands. Þetta vil ég að komi fram þannig að menn misskilji ekki stuðning minn og félaga minna við þetta frv. þegar það kemur til afgreiðslu við lok þessarar umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 817. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1245, nál. 1455.

[18:39]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín gesti sem og umsagnir.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum varðandi ráðningar kennara, sérfræðinga og fræðimanna við Kennaraháskóla Íslands. Lagt er til að háskólanum verði heimilað að ráða fólk til tiltekinna starfa án auglýsingar og að heimilt verði að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Nefndin leggur áherslu á að þessari heimild verði beitt þröngt en undir hana geta m.a. fallið störf háskólakennara eða sérfræðinga sem byggjast á rannsóknastyrkjum, störf nemenda sem eru í rannsóknatengdu framhaldsnámi, starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna hans sjálfs sem styrkþega, samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir og sérstök tímabundin kennarastörf sem eru kostuð af utanaðkomandi aðilum.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráða megi kennara við háskólann í hlutastarf og tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans, en slíkar heimildir er nú að finna í lögum um Háskóla Íslands og eðlilegt þykir að ríkisháskólarnir hafi allir sömu stöðu hvað þetta varðar. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild háskólaráði til handa til að setja nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna. Slíkt ákvæði er nú að finna í sérlögum um aðra ríkisháskóla.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ísólfur Gylfi Pálmason, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita Gunnar Birgisson, formaður, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Valdimar L. Friðriksson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 818. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1246, nál. 1456.

[18:42]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, á þskj. 1456.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti og umsagnir.

Nefndarálit þetta er samhljóða nefndaráliti á þskj. 1455 varðandi Kennaraháskóla Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir það rita Gunnar Birgisson, formaður, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Valdimar L. Friðriksson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tækniháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 819. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1247, nál. 1457.

[18:43]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands. Nefndarálit þetta er samhljóða nefndarálitum á þskj. 1456, um Háskólann á Akureyri, og þskj. 1455, um Kennaraháskóla Íslands, og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Gunnar Birgisson, formaður, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Valdimar L. Friðriksson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 683. mál (metangas og rafmagn). — Þskj. 1012, nál. 1463, brtt. 1484.

[18:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Það er að finna á þskj. 1463.

Hv. efh.- og viðskn. fjallaði um málið og fékk á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson frá fjármálaráðuneytinu.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af svokölluðum tvíorkubifreiðum, þ.e. bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, 2. umr.

Stjfrv., 755. mál. — Þskj. 1130, nál. 1464.

[18:46]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda. Nál. er á þskj. 1464 frá hv. efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti. Skriflegar umsagnir bárust nefndinni frá nokkrum aðilum og gerðu þeir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Meginefni frumvarpsins er að heimila fjármálaráðherra að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda. Í umræðum í nefndinni kom fram að það væru helst verkefni í Eystrasaltsríkjunum sem þessi lán rynnu til og að góð reynsla væri af lánum til slíkra verkefna. Nefndin fellst á það með fjármálaráðuneyti að ekki verði séð að málið leiði til aukins kostnaðar eða aukinna skuldbindinga fyrir ríkissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yrkisréttur, 2. umr.

Stjfrv., 613. mál (EES-reglur, plöntuyrki o.fl.). — Þskj. 921, nál. 1473, brtt. 1477.

[18:48]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum, frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Þorstein Tómasson og Hólmgeir Björnsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Umsagnir bárust frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Vísinda- og tækniráði, tækninefnd, Bændasamtökum Íslands, Félagi umboðsmanna vörumerkja- og einkaleyfa, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, erfðanefnd landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landvernd.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta ítarlegri og skýrari ákvæði um hugverkarétt á sviði plöntukynbóta, svokallaðan yrkisrétt, sem felur í sér einkarétt til hagnýtingar á yrki í atvinnuskyni. Ástæður þessara breytinga má rekja til innleiðingar á hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/44 frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni, sem varða plöntuyrki. Tilskipunin var að mestu innleidd á yfirstandandi þingi með breytingum á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, nema ákvæði um plöntuyrki. Um efni þeirra er í flestum tilvikum vísað til ákvæða reglugerðar Evrópuráðsins um vernd plöntuafbrigða nr. 2100/94/EB og tekur frumvarpið mið af því. Þá eru einnig lagðar til breytingar í frumvarpinu sem tengjast umsókn Íslands um aðild að alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja, UPOV-samningnum.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru þær að skilgreiningar á grundvallarhugtökum verða samræmdar reglum aðildarríkja Evrópusambandsins og þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum og verða því ítarlegri. Þá eru tekin upp ákvæði um undanþágu frá greiðslu nytjaleyfisgjalds fyrir smábændur samkvæmt nánari skilgreiningu í frumvarpinu og ítarlegri reglur um nauðungarleyfi.

Nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu varðandi skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis, þ.e. varðandi samanburð á hagsmunum milli einkaleyfishafa og yrkishafa, og eru þær gerðar með hliðsjón af áðurnefndum breytingum á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og til samræmis við tilskipunina og norræna einkaleyfalöggjöf. Nauðungarleyfið sem um ræðir er víxlleyfi milli einkaleyfishafa og yrkisréttarhafa, sem þýðir að ef yrkishafi fer fram á að fá nauðungarleyfi á einkaleyfi samkvæmt lögum um einkaleyfi vegna hagnýtingar á yrkisrétti sínum fær einkaleyfishafi nauðungarleyfi á yrkisréttinum á móti eða hlut í hagnaði. Nefndin telur því nauðsynlegt að samræma reglur laganna á þann hátt að nauðungarleyfi á yrkisrétti samkvæmt frumvarpi þessu skuli aðeins veitt ef einkaleyfishafi sýnir fram á að uppfinningin sé tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við verndaða yrkið.

Þá leggur nefndin til breytingar á hugtökum. Lagt er til að í stað orðsins uppskeruefni, sem er þýðing á hugtaki í reglugerð (e. harvested material of the variety, d. udbytte af sorten) komi orðið uppskera og í stað hugtaksins stofnþættir yrkis komi yrkishlutar.

Loks leggur nefndin til að bætt verði ákvæði við frumvarpið þar sem fram kemur að það sé til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni, þ.e. ákvæðum um plöntuyrki. Ákvæði frumvarpsins sem byggjast á tilskipuninni eru skilgreiningar í 2. gr., 9. gr. sem kveður á um undanþágu smábænda frá greiðslu nytjaleyfisgjalds, en þeir eru nánar skilgreindir í reglugerð EB um vernd plöntuafbrigða, og loks ákvæðin í 10. gr. um nauðungarleyfi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson, Dagný Jónsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara, og Önundur Björnsson, með fyrirvara.

[18:53]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns landbn. skrifuðum við fulltrúar Samf. í landbn. undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari okkar er til kominn vegna umsagnar sem kom til nefndarinnar frá Náttúruverndarráði Íslands, en þar er bent á að þýðing á frv. sé ekki nógu góð og lagt til að hún verði endurgerð.

Efnið sem hér er um að ræða er flókið og því mikilvægara en nokkru sinni að þýðing á frv. sé vönduð og það sé þýtt af fagmanni á sviðinu og góðum íslenskumanni. Það er að vísu búið að gera nokkrar breytingar á frv. hvað þýðingu varðar, eins og fram kemur í greinargerðinni, en öryggisins vegna tel ég rétt að frv. sé sett í hendur á sérfræðingi í plöntumálum og jafnframt að það sé fengið í hendur góðum íslenskumanni til að fara yfir málfarið þannig að tryggt sé að frv. komist bæði efnislega rétt til skila og á góðri íslensku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:55]

Útbýting þingskjals:

Atvinnuleysi ungs fólks í Reykjavík, 969. mál, fsp. ÖJ, þskj. 1500.

Út af dagskrá voru tekin 40.–41. mál.

Fundi slitið kl. 18:56.

---

103. FUNDUR

þriðjudaginn 27. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðild að Gvadalajara-samningi, stjtill., 883. mál, þskj. 1341. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, stjtill., 884. mál, þskj. 1342. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 961. mál, þskj. 1479. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 960. mál, þskj. 1478. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 869. mál, þskj. 1327, nál. 1451. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, þáltill., 572. mál, þskj. 862, nál. 1450. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Háskóli Íslands, stjfrv., 780. mál, þskj. 1184, nál. 1454. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 817. mál, þskj. 1245, nál. 1455. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 818. mál, þskj. 1246, nál. 1456. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 819. mál, þskj. 1247, nál. 1457. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 683. mál, þskj. 1012, nál. 1463, brtt. 1484. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, stjfrv., 755. mál, þskj. 1130, nál. 1464. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 921, nál. 1473, brtt. 1477. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 736. mál, þskj. 1096. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá samráðsfundi norrænna kennara í Stokkhólmi.
Erindi frá bæjarstjórn Blönduósbæjar.
Erindi frá Kvenréttindafélagi Íslands.
Erindi frá Einari Guðmundssyni lækni.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Lýsing á Reykjanesbraut og Vesturlandsvegi, 891. mál, svar samgrh., þskj. 1460.

Málefni aldraðra, 570. mál, þskj. 1498.

Rekstur skólaskips og fræðsla um fiskveiðar, 970. mál, fsp. GAK, þskj. 1501.

Siglingastofnun Íslands, 467. mál, þskj. 1499.

Úrskurðarnefndir, 746. mál, svar forsrh., þskj. 1492.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla þingmannamála.

[13:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að forseti Alþingis hefur lýst því yfir á fundi þingflokksformanna að hann hafi ákveðið að leyfa þingmönnum ekki að mæla fyrir þeim þingmannamálum sem enn bíða þess að

komast á dagskrá á Alþingi. Þingdagana til þingloka á greinilega að nýta til þess að afgreiða stjórnarmálin. Þetta berst okkur á sama degi og því er lýst yfir úr þessum ræðustóli að þingið verði framlengt fram eftir maí af því að forsrh. ætlar að setja lög á fjölmiðla, á sama degi og upplýst er að reikna eigi með því að eldhúsdagsumræðu verði frestað, væntanlega af því að það er ljóst að þinginu verður frestað lengur en fáeina daga. Þingið verður og mun halda áfram eitthvað fram eftir maí í ljósi atburða síðustu daga.

Herra forseti. Mér sýnist engin tilraun gerð til þess að eiga samráð við þingflokka stjórnarandstöðunnar um þingið fram undan. Það er óásættanlegt að það sé ekkert samráð, aðeins tilkynning, og það endurspeglar viðhorf til stjórnarandstöðunnar sem mér finnst óviðfelldið.

Alls bíða 56 þingmannamál umræðu. Það eru 23 frv. og 33 þáltill. Aðeins sex þessara mála voru lögð fram eftir 1. apríl sem er lokadagur fyrir framlagningu þingmála þannig að þau komist á dagskrá.

Herra forseti. Samfylkingin er reiðubúin til að starfa fram eftir vori. Þingmenn Samf. hafa flutt frv. um að þingið standi lengur og vinnulag verði bætt. En mér líka ekki þessar tilkynningar og ég fer þess á leit að hæstv. forseti endurskoði þessa ákvörðun og setjist yfir það með þingmönnum hvernig halda skuli á málum varðandi þingmannamál sem eru fjölmörg orðin allgömul hér.

[13:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram af þessu tilefni að þessi athugasemd kemur mér mjög mikið á óvart. Hv. 10. þm. Reykv. s., Ágúst Ólafur Ágústsson, sat fund með forseta fyrir hönd Samf. Þar spurði hv. þm. mig þess hvort ég teldi að fleiri þingmannafrv. yrðu rædd eða ekki. Ég sagðist ekki búast við því svo áliðið sem væri á þinghaldið. Á þeim fundi lýsti ég því jafnframt yfir að það væri skoðun mín að staðið yrði við það að eldhúsdagur yrði á miðvikuudag eftir viku svo það sé alveg ljóst.

Hv. þm., fulltrúi Samf., fór þess þá á leit við mig að eitt sérstakt þingmál þingmanna Samf. yrði tekið á dagskrá, þ.e. 551. mál, þskj. 829. Flutningsmenn eru Katrín Júlíusdóttir o.fl. Ég varð þegar við því að það mál yrði tekið á dagskrá og þá hafði fulltrúi Samf. orð á því að það væri gott þegar fundi lyki í góðum anda. Síðan kom þessi hv. þm. Samf. á fund með forseta síðar um daginn og lét formálalaust bóka eða óskaði eftir bókun, sem ekki er venja, um óánægju Samf. yfir því að mál þingmanna yrðu ekki frekar tekin til 1. umr. Ég vil af því tilefni taka fram að af 88 þingmannafrv. hefur 55 verið vísað til nefndar og af 114 þingmannatillögum hefur 72 verið vísað til nefndar. Ég geri ráð fyrir að það komi hv. þingmönnum ekki á óvart þó að ég sé hreinskilinn á fundi með formönnum þingflokka og skýri frá því að ég telji ekki horfur á því svo langt sem liðið er á þinghald að svigrúm sé til þess að mál þingmanna verði tekin til 1. umr., enda kann ég engin dæmi þess að þinghaldi hafi verið fram haldið einungis til þess að taka mál þingmanna til 1. umr.

Ég vil jafnframt láta þess getið að ég hef lagt mig fram um að eiga góða samvinnu við þingmenn og tel að ég hafi komið til móts við óskir Samf. að fullu þar sem ekki liggur fyrir beiðni frá Samf. um að nokkurt annað þingmál en það sem ég hef hér nefnt verði tekið til 1. umr. nú fyrir þessi þinglok, né um nokkurt annað mál sem þingmenn hafa flutt hefur komið fram beiðni til mín að það mál yrði tekið til 1. umr. Ég kannast ekki við að ég hafi hafnað því ef þingflokkur hefur farið fram á að fá mál rætt eða ég hafi staðið á móti því að slíkt mál yrði tekið til 1. umr.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér komu sömuleiðis nokkuð á óvart fréttir sem mér bárust af fundi með formönnum þingflokka síðdegis í gær í framhaldi af orðaskiptum í upphafi þingfundar þar sem ég skildi tilmæli forsrh. þannig sem gengu til forustu þingsins að menn settust niður og reyndu að ná samkomulagi um endurskoðaða starfsáætlun sem tæki mið af þeim veruleika sem nú blasir við, að þingstörfin lengist allverulega. Ég tel að sjálfsögðu eðlilegast að þá verði um venjulegt þinghald að ræða eftir því sem kostur er og menn sinni jöfnum höndum því að afgreiða mál úr nefndum sem fyrir liggja og eru tæk sem og gefist kostur á að semja um að mæla fyrir mikilvægum þingmálum og sjálfsagt mál að menn sýni þar tillitssemi á báða bóga, þingflokkar velji þá úr þau mál sem þeir leggja mesta áherslu á og þar fram eftir götunum.

Auðvitað ætlumst við til sanngirni og málefnalegrar afstöðu til óska okkar við aðstæður af þessu tagi. Annaðhvort reyna menn að hafa samkomulag og sæmilegan frið um tilhögun þinghaldsins eða ekki. Nógur vill verða losarabragurinn, virðulegi forseti, á þinghaldinu samt þó að reynt sé að skipuleggja það eins og kostur er. Ég tel að það sé langvænlegast að áætla með raunsæjum hætti þann viðbótartíma sem menn telja þurfa, miðað við kröfur um afgreiðslu mála og annað í þeim dúr, þannig að þinghaldið geti verið sæmilega skipulegt og með sem reglubundnustum hætti en ekki í einhverjum andateppustíl.

Auðvitað er okkur ekkert að vanbúnaði að vera allmiklu lengur en starfsáætlunin gerði ráð fyrir þó að það sé alltaf óæskilegt að raska slíku. Menn minnast þess hér að hafa verið fram á Jónsmessu þó það sé kannski ekki skemmtilegasti tími ársins í þingstörfunum, sérstaklega ef gott veður er utan dyra, en menn verða náttúrlega að láta sig hafa það. Aðalatriðið er að reynt sé að standa tiltölulega skipulega að málum og reyna að hafa samkomulag um hlutina, virðulegur forseti.

[13:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil út af þessum orðum hv. 5. þm. Norðaust. segja að ég minnist þess ekki að hafa ekki reynt að ná samkomulagi við hann um hlutina. Ég hygg að réttara sé að sjá hverju fram vindur. Það liggur ljóst fyrir að þinghaldið verður lengra en menn áttu von á þegar ég lét mín orð falla, og auðvitað ber að horfa til þess hvernig þinginu hefur verið stjórnað og meta það hvort ég hafi lagst gegn því að þingmenn fengju mál sín til 1. umr.

[13:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það sem fyrir liggur miðað við orð hæstv. forseta er að þinghaldið verði lengt og við vitum af hvaða ástæðum það er af því að hæstv. forsrh. hefur látið þá skoðun í ljós að lengja þyrfti þinghaldið alveg sérstaklega út af einu máli sem hér kæmi inn, hinu svokallaða fjölmiðlafrv. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég hefði þá talið að rétt væri að gera samkomulag um hversu lengi við ætlum að starfa og leita eftir því samkomulagi við þingflokka og gera áætlun um það hvernig við vinnum þá úr þeim málum sem bíða umræðu.

Ég get ekki séð að það sé sjálfgefin niðurstaða, sem mér finnst liggja í orðum hæstv. forseta, að þau þingmannamál

sem ekki hefur verið mælt fyrir, hvort sem það eru frv. eða þáltill., séu sjálfkrafa tekin út af borðinu og ekki tekin til umræðu þegar fyrir liggur að lengja á þinghaldið. Mér finnst það dálítið einkennileg niðurstaða og tjái mig andvígan því að þetta sé lagt upp á þann veg. Það hlýtur að verða að gera samkomulag um þinghaldið og að við höldum þá áfram venjubundnum þingstörfum í eina, tvær eða þrjár vikur eftir atvikum. Ekki leggst ég gegn því að við reynum að vinna verk okkar vel og leggjum lengri vinnu í þinghaldið ef þörf er á en ég tel að það sé ekki sjálfgefin niðurstaða og mótmæli því sem hæstv. forseti tjáði sig um áðan að þar með séu þingmannamálin út úr myndinni til umræðu.

[13:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að þessu gefna tilefni taka fram að sl. föstudag voru fjögur þingmannamál til umræðu. Það hefur komið fram á fundum mínum með þingmönnum að þeir hafa stundum látið í ljósi ósk um að þingfundir yrðu styttir til þess að lengri tími gæfist til nefndarstarfa en ég kannast ekki við að hafa hafnað því að eitt einasta þingmannamál væri tekið á dagskrá. Mér finnst satt að segja rétt að láta á það reyna áður en frekari ræðuhöld verða haldin.

[13:44]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Það er alveg stórfurðulegur skilningur sem herra forseti hefur á þeim tveim fundum sem áttu sér stað í gær. Ég vakti tvisvar sinnum máls á þessu fyrirkomulagi hér í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hæstv. forseti gaf á þeim fundi um að það stæði alls ekki til að taka nein þingmannafrv. fyrir þingið það sem eftir væri þingtíma. Ég benti sérstaklega á það á seinni fundinum að ég vildi bóka þessi mótmæli. Á það var bent að ekki væri hefð fyrir því en þeir sem voru viðstaddir sögðu beinum orðum að þeir ætluðu að muna eftir þeim mótmælum mínum.

Ég benti sérstaklega á að þetta væru eðlileg mótmæli í ljósi þeirra ummæla sem féllu frá hæstv. forsrh. um að starfsáætlun þingsins mundi ekki halda. Það er alveg ljóst að hæstv. forseti hafnaði afdráttarlaust að þingmannamál yrðu tekin fyrir á lokadögum þingsins. Hins vegar féllst hann á, eftir ósk mína, að mál hv. þm. sem er að koma inn á þingið eftir langa fjarveru fengi afgreiðslu. Það er rétt og rétt er að minnast þess. En eftir stendur að hæstv. forseti hafnaði afdráttarlaust að til stæði að taka þingmannamál á dagskrána. Þetta eru mörg þingmál sem hafa legið talsverðan tíma fyrir þinginu. Í raun svaraði hæstv. forseti með tiltölulega miklum skætingi. Hann talaði um að hann hlakkaði til þess tíma þegar Samf. færi í ríkisstjórn og þessir tímar mundu breytast. En það er rétt að benda hæstv. forseta á að það er á ábyrgð forsn. sem skipuleggur þinghaldið skv. 10. gr. þingskapa og það má spyrja hæstv. forseta hvort þetta hafi verið borið undir forsn.

Að lokum vil ég taka það fram sem nýr þingmaður að mér finnst vinnubrögð á þinginu vera afskaplega furðuleg. Stjórnarandstaðan á rétt á að fá mál sín til umræðu og á rétt á því að þau fái þinglega meðferð. Umboðsmaður Alþingis hefur meira að segja vakið athygli á þessum furðulegu vinnubrögðum. Ég vonaðist til að með nýju fólki og endurnýjun í þingheimi kæmi betri bragur á vinnubrögðin.

[13:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég kannast ekki við það hjá hv. þingmanni að stjórnarþingmenn hafi verið látnir sitja fyrir með sín mál hér á Alþingi. Ef það er það sem hv. þm. átti við er það rangt.

[13:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega taka það fram að þingflokkur Samf. ákvað fyrir helgi, þegar það var ljóst að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir væri að koma til starfa, hress og glöð, að við mundum sækjast eftir því að hennar mál kæmust í forgang af okkar málum. Það á ekkert skylt við þá ákvörðun sem hefur verið tekin um það af hálfu forseta að ekki eigi að mæla fyrir fleiri þingmannamálum.

Ég vil sérstaklega taka það fram í tilefni af orðum sem féllu hér að þegar Samf. kemst til valda mun hún svo sannarlega viðhafa gott, vandað og árangursríkt þinghald. Við höfum talað fyrir því.

Hins vegar vil ég líka taka það fram að ég er frekar ánægð með viðbrögð hæstv. forseta. Þrátt fyrir allt er hann, finnst mér, í viðbrögðum sínum svolítið sár yfir gagnrýni en lætur í það skína að ekki sé búið að loka á það að þingmannamál komist á dagskrá. Ég ætlast eiginlega til þess og fer þess á leit að forsn. skoði hve langan tíma áætlað er að taka í viðbót í þinghaldið í maí, ég lýsi því aftur yfir að það stendur ekki á okkur í Samf. að vera allan maí, sé þessi þörf, og að það sé tekið upp hvernig þinghaldinu á að vinda fram og þá líka hvaða þingmannamál komist á dagskrá. Það hefur líka áður gerst að þingflokkar stjórnarandstöðunnar og þingflokkar almennt hafa þá valið úr ef þau komast ekki öll að.

Mér finnast það ekki rök, herra forseti, að tilgreina að 55 af 88 frumvörpum hafi þegar komist til nefnda og 72 af 114 þáltill. þessarar öflugu stjórnarandstöðu. Auðvitað eiga þingmannamál alveg jafnt og stjórnarmálin að komast til nefnda.

[13:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að það hefur unnist mjög vel á þessu þingi og óvenjumörg mál þingmanna hafa verið tekin á dagskrá.

Ég vil jafnframt ítreka það sem ég sagði, ég hef ekki neitað þingmönnum Samf. um að taka eitt einasta mál á dagskrá sem þau hafa beðið um.

[13:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mörg mál liggja óræddd hér í þinginu og nú er búið að lýsa því yfir að það eigi að lengja þinghaldið. Ég fagna því að þá skuli fást tækifæri til að koma þessum málum á dagskrá og vinna þau.

Hæstv. forseti var að hæla sér af því að þetta hefði gengið vel í vetur og það er allt gott um það. Í sumum málum hefur þó ekki gengið allt of vel. Svo ég taki bara mín mál bar ég t.d. þann 6. desember fram fyrirspurn til sjútvrh. um hrefnuveiðar. Það er ekkert svar komið við henni enn. Ég er margbúinn að spyrja eftir því máli og það fæst enginn botn í það og hæstv. sjútvrh. hefur kosið að þegja eins og steinn um afdrif þeirra hrefna sem voru drepnar hér á síðasta ári.

Eins er með annað mál sem ég hafði forgöngu um, beiðni um skýrslu um afdrif hælisleitenda. Það mál var lagt fram enn þá fyrr, einhvern tíma í október eða nóvember, og enn er ekki komið svar við þeirri beiðni.

Mér finnst vera slælega gengið eftir því af hálfu þingsins að staðið sé við áætlanir og reglur um það hvenær eigi að skila inn málum. Það snýst ekki bara um það að fá málin rædd heldur líka að ráðuneytin skili þeirri vinnu sem þau

eiga að skila. Ég kvarta yfir þessu, mér finnst það vera óviðunandi.

Ég kom hingað upp ekki síst til að fagna því að hæstv. forseti er í raun og veru að bjóða okkur upp á að gera skurk í okkar málum. Eitt til viðbótar er að það er auðvitað vandræðalegt fyrir þingið að öll mál skuli liggja svo dauð um leið og menn fara héðan á vorin. Ég tel að það eigi að breyta þingsköpum þannig að mál hafi a.m.k. tvö þing og geti þá legið í nefndum yfir sumartímann. Þar með eru nefndirnar komnar með möguleika á því að vinna í málum yfir sumarið. Þær hafa engin tök á því eins og málum háttar núna.

[13:51]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það hefur komið glöggt fram í þessari umræðu að búið er að taka mjög mörg þingmannamál á dagskrá og vísa þeim til nefnda. Það er alveg ljóst að þar eiga þingmenn stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar samleið að því leyti til að þeir sitja við sama borð.

Mér finnst forseti hafa tekið mjög vinsamlega á þeim ábendingum sem hafa komið hér fram og það er ljóst að þinghaldið dregst. Mér finnst að það þjóni engum tilgangi að ræða þessi mál frekar nú. Við munum auðvitað þurfa að ná einhverju samkomulagi um það hvernig þingið endar og hér tel ég að allt sé komið fram sem þarf að koma fram í þessu máli á þessari stundu.

Aðild að Gvadalajara-samningi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 883. mál. — Þskj. 1341.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, frh. fyrri umr.

Stjtill., 884. mál. — Þskj. 1342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 949. mál. — Þskj. 1452.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 950. mál. — Þskj. 1453.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 961. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 1479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, frh. 1. umr.

Stjfrv., 960. mál (heildarlög). — Þskj. 1478.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 840. mál (Vestmannaeyjabær). — Þskj. 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Breyting á IX. og XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 869. mál (reikningsskil). — Þskj. 1327, nál. 1451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, BÁ, BrM, DJ, DrH, EMS, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KJúl, KolH, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖB, ÖS.
22 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, JBjarn, JGunn, JónK, KHG, MS, SigurjÞ, SF, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1506).

Samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu fiskstofna, frh. síðari umr.

Þáltill. BÁ o.fl., 572. mál. — Þskj. 862, nál. 1450.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, BÁ, BrM, DJ, DrH, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KJúl, KolH, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖB, ÖS.
24 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, GunnB, JBjarn, JGunn, JónK, KHG, MS, SigurjÞ, SF, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1507).

Háskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 780. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1184, nál. 1454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Brtt. í nál. 1454 samþ. með 40 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 817. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1245, nál. 1455.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Háskólinn á Akureyri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 818. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1246, nál. 1456.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Tækniháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 819. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1247, nál. 1457.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 683. mál (metangas og rafmagn). — Þskj. 1012, nál. 1463, brtt. 1484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Brtt. 1484 kölluð aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, frh. 2. umr.

Stjfrv., 755. mál. — Þskj. 1130, nál. 1464.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Yrkisréttur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 613. mál (EES-reglur, plöntuyrki o.fl.). — Þskj. 921, nál. 1473, brtt. 1477.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

Brtt. 1477,1 samþ. með 40 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 1477,2 samþ. með 41 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

3.–9. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1477,3 samþ. með 40 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1477,4 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Frjáls atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 3. umr.

Stjfrv., 736. mál (frestun á gildistöku reglugerðar). — Þskj. 1096.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, BÁ, BrM, DJ, DrH, EMS, GuðjG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, KJúl, KolH, LMR, LS, MÞH, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖB.

23 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, JBjarn, JGunn, JónK, KHG, MS, SigurjÞ, SF, SP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1510).

Fundi slitið kl. 14:04.

---

104. FUNDUR

þriðjudaginn 27. apríl,
að loknum 103. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Borgaralegir og hernaðarlegir þættir í starfi Íslensku friðargæslunnar, fsp. SJS, 859. mál, þskj. 1317.

Til menntamálaráðherra:

2. Menningarhús ungs fólks, fsp. BrM, 929. mál, þskj. 1413.

3. Menntagátt, fsp. LS, 936. mál, þskj. 1426.

Til iðnaðarráðherra:

4. Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda, fsp. EMS, 628. mál, þskj. 937.

5. Störf á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu, fsp. EMS, 794. mál, þskj. 1209.

Til viðskiptaráðherra:

6. Samkeppnisstofnun, fsp. SigurjÞ, 721. mál, þskj. 1070.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Starfsskilyrði loðdýraræktar, fsp. JBjarn, 763. mál, þskj. 1144.

8. Slátrun alifugla, fsp. JBjarn, 900. mál, þskj. 1368.

9. Markaðssetning lambakjöts innan lands, fsp. AKG, 902. mál, þskj. 1370.

10. Kröfur til sauðfjársláturhúsa, fsp. AKG, 903. mál, þskj. 1371.

11. Aðlögun mjólkuriðnaðar að kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, fsp. AKG, 904. mál, þskj. 1372.

12. Stefnumótun í mjólkurframleiðslu, fsp. AKG, 905. mál, þskj. 1373.

13. Afkoma mjólkurframleiðenda, fsp. AKG, 906. mál, þskj. 1374.

Til samgönguráðherra:

14. Strandsiglinganefnd, fsp. JBjarn, 811. mál, þskj. 1229.

15. Flutningur hættulegra efna um Hvalfjarðargöng, fsp. GuðjG, 938. mál, þskj. 1428.

Til heilbrigðisráðherra:

16. Símaþjónusta barnadeildar á Landspítalanum, fsp. ÞBack, 707. mál, þskj. 1049.

17. Afsláttarkort Tryggingastofnunar, fsp. ÞBack, 713. mál, þskj. 1055.

18. Menntun fótaaðgerðafræðinga, fsp. AKG, 808. mál, þskj. 1223.

19. Tannheilsa barna og lífeyrisþega, fsp. JóhS, 826. mál, þskj. 1259.

20. Framtíðaruppbygging Landspítalans, fsp. JBjart, 939. mál, þskj. 1429.

21. Meðferð á barnaníðingum, fsp., 843. mál, þskj. 1298.

Borgaralegir og hernaðarlegir þættir í starfi Íslensku friðargæslunnar.

Fsp. SJS, 859. mál. — Þskj. 1317.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Við Íslendingar höfum löngum stært okkur af því að vera vopnlaus þjóð og hafa verið svo um aldir. Að vísu báru Íslendingar enn þá vopn á 16. öld og leystu ágreiningsmál sín með vopnaburði eða handafli, eða gerðu a.m.k. tilraun til þess. Má til marks um það nefna dráp á fógetum Danakonungs, eins og Diðriki af Minden 1539 og Kristjáni skrifara 1551. Nokkrum áratugum síðar þótti þó hins vegar Magnúsi Jónssyni, sýslumanni í Barðastrandarsýslu, vopnaburði landsmanna hafa hrakað svo mjög að hann skyldaði sveitunga sína til að bera vopn samkvæmt svokölluðum vopnadómi 1581. Allt kom þó fyrir ekki og á næstu áratugum afvopnuðust landsmenn hægt og hljótt. Lengst lifði þó hefðin, að segja má, meðal afkomenda téðs Magnúsar en sonur hans var Ari í Ögri, eins og kunnugt er, sem stóð að Spánarvígunum 1615.

Afvopnun Íslendinga er í sögubókum gjarnan tengd við eflingu ríkisvaldsins og aukna siðvæðingu í því sambandi, þ.e. ríkisvald, lög og dómar tóku við af vopnunum og tali þeirra. Engu að síður herjuðu erlendir ránsmenn á Íslendinga á næstu öldum af og til, samanber Tyrkjaránið, Gilpinsránið og valdarán Jörundar hundadagakonungs 1809. Ekkert af þessu varð þó Íslendingum tilefni til þess að vopnast eða hervæðast eða koma sér upp landvörnum.

Með sambandssáttmálanum 1918 fengu Íslendingar fullveldi eins og kunnugt er og skilgreindu sig sem hlutlausa þjóð, ákváðu að koma sér ekki upp her eins og kunnugt er og hefur svo haldist síðan.

Nú má spyrja hvort stjórnvöld séu smátt og smátt og með ýmsum hætti að breyta þessari stöðu Íslands sem og hinu, sem við höfum einnig iðulega stært okkur af, að við höfum aldrei herjað á aðrar þjóðir. Má í því sambandi nefna árásir NATO á Júgóslavíu, sem Ísland sem meðlimsríki er samábyrgt fyrir, og stuðning ráðamanna við Íraksstríðið. Hvað vopnaburðinn snertir má benda á tilraunir hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar til að tala hér fyrir her eða heimavarnarliði, *fjölgun í víkingasveit og vopnun hennar og nú síðast* berast fréttir af því að Íslendingar muni verða alvopnaðir við svokallaða friðargæslu í Kabúl.

Þetta gefur tilefni til ýmissa spurninga, ekki síst um það hvernig þessi stefnumótun eða ákvarðanataka hefur farið fram. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Hvernig er aðskilnaði borgaralegra og hernaðarlegra þátta í starfi Íslensku friðargæslunnar háttað?

2. Hvaða munur er á þjálfun, starfskjörum og tryggingum starfsmanna sem bera, eða hafa heimildir til að bera, vopn við störf sín og starfsmanna sem ekki hafa slíkar heimildir?

3. Hvert eru fyrirmyndir að starfsheitum af hernaðarlegum toga, eða „tign", starfsmanna friðargæslunnar sóttar?

4. Hvaða reglur gilda, eða munu gilda, um heimildir starfsmanna friðargæslunnar til að beita vopnum sínum, þ.e. *í sjálfsvörn, til að verja aðra o.s.frv.*?

[14:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Fyrstu spurningu hv. þingmanns get ég svarað svo að þátttaka Íslensku friðargæslunnar í friðargæslustörfum felst í því að lagðir eru til borgaralegir sérfræðingar til að vinna á þessum stöðum eða starfsmenn til að sinna verkþáttum sem koma að gagni við úrlausn þess vanda sem við er glímt hverju sinni. Gildir þá einu hvort samstarfsaðilinn er SÞ, Atlantshafsbandalagið, Evrópusambandið eða aðrar alþjóðastofnanir. Í ákveðnum friðargæsluverkefnum á vegum Atlantshafsbandalagsins eða Evrópusambandsins verður ekki hjá því komist að íslenskir friðargæsluliðar beri hernaðarlega titla á starfsstöð enda starfi þeir í þannig umhverfi. Þetta hefur viðgengist a.m.k. frá 1994 þegar íslenskir læknar og hjúkrunarfræðingar fóru til Bosníu-Hersegóvínu.

Að því er varðar aðra spurninguna, hvort munur sé á þjálfun og starfskjörum, er það ekki svo. Það er ekki gerður greinarmunur á starfskjörum eða tryggingum starfsmanna á grundvelli hugsanlegs vopnaburðar. Ef krafa er gerð til þess að starfsmenn á vettvangi beri vopn til sjálfsvarnar fá þeir viðeigandi þjálfun í notkun þeirra áður en störf hefjast.

Að því er varðar þriðju spurninguna, um hverjar séu fyrirmyndir um starfs- og tignarheiti, eru fyrirmyndir sóttar til samstarfsríkja í Atlantshafsbandalaginu. Það er miðað við stöðutákn sambærilegra erlendra starfsmanna á starfsstað.

Að því er varðar fjórðu spurninguna er einvörðungu ætlast til þess að starfsmenn friðargæslunnar beiti vopnum til ýtrustu sjálfsvarnar, þ.e. ef þeir verða fyrir vopnaðri árás og telja sig vera í lífshættu. Er þá stuðst m.a. við öryggisreglur á starfsstað sem gefnar eru út í sérhverju tilviki.

Út af þeirri umræðu sem hefur skapast um þessi mál verð ég að segja að það hefur komið mér nokkuð á óvart hvernig hún hefur þróast. Þessar reglur hafa verið í gildi allan þann tíma sem ég hef verið í utanrrn. og er alveg ljóst að þær voru þar áður, eða a.m.k. frá árinu 1994. Það hlýtur að teljast eðlilegt að starfsmenn okkar geti með sama hætti og starfsbræður þeirra varið sjálfa sig ef eitthvað kemur upp sem ekki er fyrirséð. Þessir starfsmenn starfa oft í mjög hættulegu umhverfi, eða sem a.m.k. getur verið hættulegt, og við förum að sjálfsögðu eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn gera. Þá höfum við fyrst og fremst öryggi okkar fólks í huga.

Ég tel mjög mikilvægt að við höldum áfram að efla friðargæsluna. Hún hefur getið sér mjög gott orð á erlendum vettvangi. Ég tel að Íslenska friðargæslan hafi t.d. unnið mikið afrek á Pristina-flugvelli, að koma þeim flugvelli undir borgaralega stjórn, þjálfa innlenda aðila til að taka við þeim flugvelli, og ég er alveg viss um að okkar friðargæsla á eftir að vinna frábært starf í Afganistan og ná sambærilegum árangri þar sem okkar lið mun stjórna um fimm hundruð manna starfsliði þess flugvallar. Þessi mál hafa vakið verðskuldaða athygli.

Það má alveg ljóst vera að okkar fólk getur ekki sinnt þessum störfum við þessar aðstæður nema hafa möguleika til *sjálfsvarnar í neyðartilvikum sem við skulum vona að komi* ekki upp og hafa reyndar ekki komið upp á þeim tíma sem ég hef áður getið um.

[14:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Enginn efast um nauðsyn þess og gildi að tryggja öryggi starfsmanna Íslensku friðargæslunnar, hvar svo sem þeir starfa eða munu starfa. Hins vegar er vopnaburður dauðans alvara, frú forseti. Það sem er umhugsunarvert, í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, er sú stefnumótun íslenskra stjórnvalda að fara í verkefni og sækjast beinlínis eftir verkefnum þar sem vopnaburður er nauðsynlegur, eins og hér er gert. Það er nefnilega pólitík í því, frú forseti.

Það eru mörg önnur verkefni, brýn verkefni við uppbyggingu í löndum þar sem stríð hefur verið háð eða átök hafa orðið, sem krefjast ekki vopnaburðar, m.a. verkefni sem unnin eru af alþjóðlegum hjálparstofnunum og verkefni sem unnin eru af Sameinuðu þjóðunum. Þess vegna verður maður að lýsa furðu sinni á því að það skuli vera sérstaklega eftirsóknarvert fyrir íslensk stjórnvöld að sækjast eftir störfum af þessu tagi.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin en verð að segja að mér finnast þau ófullnægjandi. Ég er enn sömu skoðunar, að hér sé á ferðinni mál sem þörf sé á að taka til miklu rækilegri umræðu en gert hefur verið. Það að menn telja sig knúna til að setja á borgaralega íslenska starfsmenn hernaðarlega titla ræðst af því að menn velja að setja þá til verkefna við slíkar aðstæður. Það er sjálfvalið. Það er ákvörðun sem menn taka.

Í öðru lagi kemur mjög á óvart, verð ég að segja, ef enginn greinarmunur er gerður á starfskjörum og tryggingum þeirra sem eiga að ganga alvopnaðir til starfa á áhættusvæðum og

hinna sem gera það ekki. Er það virkilega svo að það séu t.d. engar sérstakar slysa-, örorku- eða líftryggingar keyptar af hálfu hins opinbera fyrir þá starfsmenn sem vinna við svo hættulegar aðstæður. Við verðum einfaldlega, frú forseti, því miður, að gera ráð fyrir þeim möguleika að menn geti slasast eða jafnvel fallið við slík skyldustörf.

Það er upplýst að fyrirmyndirnar að tign eða hernaðartitlum séu sóttar til NATO-herja annarra ríkja. Þar með erum við farin að draga dám af herskipulagi þótt svo eigi að heita að um borgaralega starfsemi sé að ræða.

Varðandi vopnaburðinn, að hann sé eingöngu til sjálfsvarnar eða ýtrustu sjálfsvarnar, þá getur reynst erfitt að skilgreina þær aðstæður eins og menn vita. Hæstv. utanrrh. ætti ekki að láta það koma sér á óvart þótt umræða verði um þessi mál á Íslandi. Það er einfaldlega þannig að það kemur mjög ónotalega við almenning á Íslandi að horfa upp á aukna tilburði til vopnaburðar og þátttöku í aðgerðum af hernaðarlegum toga. Það eru næg önnur verkefni til friðsamlegrar borgaralegrar þróunarsamvinnu og gæslu. Við ættum að láta þeim aðilum það eftir sem hafa mannskap, jafnvel þjálfaða atvinnumenn í vopnaburði, að vera á svæðum þar sem aðstæðurnar eru slíkar. Það skortir á að Alþingi, utanrmn. og aðrir slíkir aðilar hafi komið að umræðum og stefnumótun á þessu sviði. Það gagnrýni ég.

[14:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það sem kemur mér á óvart í þessu máli er ekki að umræða skapist um málið. Það sem kemur mér sérstaklega á óvart er að fulltrúum í utanrmn. Alþingis skuli ókunnugt um þessa tilhögun, þeir tala með þeim hætti, sem hefur verið frá árinu 1994. Hér hafa komið alþingismenn sem hafa jafnvel setið í ríkisstjórn á þeim tíma og virðist koma þetta á óvart. Ég er afskaplega undrandi á því.

Það hefur engin breyting orðið á þessum málum frá árinu 1994. Ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat ekki í ríkisstjórn þá. Ég tel enga ástæðu til slíkra breytinga. Ef hv. þingmenn eru þeirrar skoðunar að slíkt geti aldrei átt sér stað af hálfu Íslendinga þá liggur það alveg ljóst fyrir að við hefðum ekki getað tekið að okkur uppbyggingu á flugvellinum í Pristína. Við hefðum ekki getað tekið að okkur uppbyggingu á flugvellinum í Kabúl. Það er sjónarmið út af fyrir sig að við eigum ekki að gera það. En ég tel pólitískt mikilvægt fyrir Íslendinga að láta að sér kveða við friðargæslu í heiminum og taka að sér brýn verkefni þar sem við getum orðið að gagni. Í mínum huga er enginn vafi um að við höfum gert gífurlegt gagn í Kosovo, á flugvellinum í Pristína. Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna hafa lýst sérstakri ánægju með störf Íslendinga þar og ég er ekki í nokkrum vafa um að við munum gera hið sama í Afganistan. Við munum fá álíka hrós frá fulltrúum Sameinuðu þjóðanna og annarra í sambandi við það mál.

Menningarhús ungs fólks.

Fsp. BrM, 929. mál. — Þskj. 1413.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Brynja Magnúsdóttir):

Frú forseti. Landslagið í tómstundamálum ungs fólks hefur orðið fjölbreyttara á síðari árum með tilkomu svokallaðra menningarhúsa ungs fólks. Í þessum ungmennahúsum getur fólk á aldrinum 16–25 ára eða „16 plús" komið saman til skrafs, ráðagerða, afþreyingar eða upplýsingaleitar um hin ýmsu mál. Stofnað hefur verið Íslenska húsfélagið en það er samstarfsvettvangur þeirra menningarhúsa sem eru til staðar á Íslandi í dag. Húsfélagið er mjög mikilvægt fyrir framtíð húsanna og sér það um að húsin séu samstiga í verkum sínum. Mikilvægt er að vita fyrir hvað húsin standa til að geta markaðssett þau. Einnig er mikilvægt að vita hvaðan fjármagnið kemur og síðast en ekki síst hvert starfsumhverfi þeirra er, hver er þeirra æðsti yfirboðari og hver er framtíð þeirra.

Ungmenni verða sjálfráða 18 ára en fyrir 16–18 ára er í raun ekki til bein félagsleg afþreying. Það eina sem er í boði er e.t.v. félagslíf framhaldsskólanna en ekki fara allir í skóla og til eru íþróttahreyfingar en ekki vilja allir stunda íþróttir.

Félagsmiðstöðvar ungs fólks og húsin, ungmennahúsin svokölluðu, geta líkast til átt í gott samstarf en þó þarf að gæta að markaðssetningu húsanna gagnvart ungmennum. Tryggja verður að húsin verði viðurkenndur vettvangur spennandi tómstundastarfs í þeirra huga en hætt er við, ef blandað er of mikið saman starfi félagsmiðstöðva og húsanna, að það virki sem fæling á 16 plús hópinn.

Fjárhagserfiðleikar steðja að mörgum þessara húsa, sérstaklega þegar horft er til þeirrar staðreyndar að RKÍ er að hverfa úr samstarfinu við mörg þeirra. T.d. er nánasta framtíð Gamla apóteksins á Ísafirði mjög óljós. Af því tilefni hafa forstöðumenn húsanna ályktað um það, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að Gamla apótekið hefur verið í forustuhlutverki húsa á landsvísu er mikilvægt að rekstur þess verði tryggður. Það er klárt hagsmunamál húsanna á Íslandi að Gamla apótekið haldi áfram starfsemi sinni."

Frú forseti. Húsin eru greinilega að berjast fyrir tilverurétti sínum og langar mig því að forvitnast hjá hæstv. menntrh. um hvort hún ætli ekki að skella sér með þeim í baráttuna og jafnvel auðvelda þeim hana. Ég veit að endurskoðun laga um æskulýðsmál frá árinu 1970 fer nú fram. Ég tel tilvalið að horfa til þessara húsa og hafa með í reglugerð eða lagasetningu um æskulýðsmál. Forveri hæstv. menntmrh. sagði 15. október 2003, með leyfi forseta:

„... þátttaka ungs fólks í félags- og tómstundastarfi er einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samfélaginu ... uppeldislegt gildi félags- og tómstundastarfs er mikið en þátttaka í starfi af þessu tagi kennir ungu fólki að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra ... þátttaka í félags- og tómstundastarfi hefur mikið forvarnagildi og stemmir stigu við ýmiss konar frávikshegðun ungs fólks."

Því spyr ég um æskulýðsmál 16 plús hópsins:

Hefur ráðuneytið hugað að setningu reglugerða eða laga um starfsumhverfi og rekstur menningarhúsa ungs fólks, þ.e. húsa sem opnuð hafa verið með þarfir ungs fólks í huga, svo sem fyrir afþreyingu, námskeið, fundi, tónleika og hjálparúrræði?

[14:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ráðuneytið hefur á undanförnum missirum fylgst vel með þróun hugmynda um stofnun og rekstur ungmennahúsa á vegum félagasamtaka og ýmissa sveitarfélaga. Rauði kross Íslands hefur haft frumkvæði að stofnun margra slíkra húsa og komið að rekstri þeirra um nokkurn tíma en síðan hafa sveitarfélögin tekið við. Einnig hafa nokkur sveitarfélög komið upp ungmennahúsum ein og sér.

Í þessum húsum fer fram mismunandi starfsemi og eins er opnunartími mjög breytilegur frá einu sveitarfélagi til annars. Í menntmrn. hefur verið litið svo á að mikilvægt sé að félagasamtök og sveitarfélög sýni frumkvæði í uppbyggingu húsa af þessu tagi. Talið er að starfsemi þeirra eigi að vera á þeirra könnu. Það er vandséð að þörf sé á sérstakri lagasetningu um starfsumhverfi og rekstur þessara húsa. Athugun á því hefur ekki átt sér stað innan ráðuneytisins.

Ég vil hins vegar geta þess í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Brynju Magnúsdóttur, að ráðuneytið hefur undanfarin ár markvisst unnið að endurskoðun æskulýðsmála hér á landi. Sérstök nefnd starfar á vegum ráðuneytisins, eins og hv. þm. kom inn á í máli sínu. Hún var skipuð sjö aðilum sem þekktu vel til málaflokksins og höfðu víðtæka reynslu af störfum með börnum og unglingum á ólíkum sviðum.

Nefndin skilaði skýrslu í apríl árið 2003. Þar voru settar fram hugmyndir og skoðað hvernig unnt væri að efla þátttöku ungs fólks í félags- og tómstundastarfi, hvernig mögulegt væri að efla æskulýðsrannsóknir hér á landi, á hvern hátt væri hægt að efla menntun og þjálfun leiðbeinenda og forustufólks, hvernig hægt væri að auka óformlega menntun í félags- og tómstundastarfi og tengja hana skólakerfinu og atvinnulífinu. Þar voru síðan tillögur um atriði sem gott er að hafa til hliðsjónar við endurskoðun á lögum um æskulýðsmál og fram komu tillögur varðandi þá málaflokka sem nefndin taldi skipta máli og eru raktir mjög ítarlega í skýrslunni.

Ég held að á grundvelli þessara tillagna verði óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að hugmyndir, m.a. um menningarhús fyrir ungt fólk, komi inn í ferlið í ráðuneytinu og vonandi síðar að það komi til kasta þingsins. Eftir að nefndin skilaði skýrslu var ákveðið að skipa nefnd sem færi yfir endurskoðun á lögum um æskulýðsmál, m.a. með tilliti til reynslu og þekkingar sem skapast hafði í fyrri nefndinni. Nefndin sem endurskoðar þessi lög mun væntanlega skila af sér á haustdögum. Mig minnir að skilatíminn sé 1. október fremur en 1. nóvember. Ég ætla þó ekki að fullyrða um það hér og nú en í ljósi þess geri ég ráð fyrir því, fremur en hitt, að ég komi til með að leggja fram á næsta þingi frv. um æskulýðsmál. Þá verður að sjálfsögðu og er mjög eðlilegt og í raun brýnt að við tökum upp umræðuna um menningarhús fyrir ungt fólk í tengslum við þá umræðu. Ég ítreka að þessi málefni eru fyrst og fremst á könnu sveitarfélaganna. Ég sé ekki að ráðuneytin komi, a.m.k. ekki í bili, til með að breyta afstöðu sinni eða hlutist frekar til um menningarhús unga fólksins.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka hv. þm. fyrir þessa góðu fyrirspurn og fyrir að vekja athygli á þessu brýna máli sem menningarhús ungs fólks er. Eins og margoft hefur komið fram hafa tómstundastörf, — skiptir þá ekki máli á hvaða aldri ungmennið er, hvort það er yngra en 16 ára eða frá 16 og upp í tvítugt — gríðarlega mikið uppeldislegt og félagslegt gildi fyrir samfélagið. Við eigum að reyna að hlúa sem best að því.

[14:29]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Brynju Magnúsdóttur fyrir að vekja máls á þessu ágæta máli og því starfi sem hefur farið fram í menningarhúsum, t.d. í Gamla apótekinu. Þar fór fram afskaplega merkilegt brautryðjandastarf. Gamla apótekið hefur verið til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög, að fylgja í kjölfarið.

Ég tek undir með hæstv. menntrh., Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, með að það er kannski ekki bein þörf á lagasetningu um þessi hús. Mestu máli skiptir að sveitarfélögin og unga fólki móti þeim starfsreglur sjálf. Það starf þarf að mótast af fólkinu sjálfu en ekki að ríkið ákveði hvernig starfið eigi að fara fram. Mestu máli skiptir að húsin hafi fjárhagslegan grundvöll og þar fari fram fjölbreytilegt og gott starf. Sérstaklega þarf að vinna vel að forvarnastörfum eins og þar hefur verið gert.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Brynja Magnúsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. góð og málefnaleg svör. Ég vil þó að húsunum verði sinnt meira og bendi því á svar hæstv. menntmrh. við fyrirspurn minni um stefnumótun í æskulýðs- og tómstundamálum. Þar förum við einmitt að tala um þessa margumræddu nefnd. Skipuð hefur verið nefnd til að hefja vinnu við gerð draga að nýjum lögum um æskulýðsmál. Í svari ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Nefndin mun væntanlega eiga samstarf við ýmsa aðila, þar á meðal Samband íslenskra sveitarfélaga. Nefndin mun hafa að leiðarljósi hagsmuni barna og ungmenna í starfi sínu. Ljóst er að verkið er flókið og mörg sjónarmið um hvernig slík lög eigi að vera og hversu ítarleg."

Ég vil ítreka að sjónarmið 16 plús hópsins verða að heyrast og það verður að sinna þessum málaflokki með framtíðarsýn. Einhverjir kvarta yfir því að fáir mæti í húsin en með markaðssetningu og þeirri vissu að húsin séu komin til að vera má álykta að aðsókn aukist, að sterkari hefð skapist fyrir því að fara í húsin.

Þegar fyrstu félagsmiðstöðvarnar voru að hefja starfsemi sína á Íslandi voru þær svo til ómótaðar og ekki mikil aðsókn. En við höfum séð þær festa sig varanlega í sessi og aðsókn stóraukast. Nú er það svo að sveitarfélag telst hálfpúkó ef það býður ekki upp á félagsmiðstöð.

Ég er ekki að biðja um menningarhús ungs fólks í hvert einasta sveitarfélag en það þarf samt að huga að starfsumhverfi þeirra og hlúa að þeirri sprotastarfsemi sem er hafin á Íslandi í þágu 16 plús hópsins. Þessi hús eru nú þegar farin að horfa til Norðurlandanna, til samtaka eins og Nordisk Ungdomsforum og U-Nettet í Danmörku til að læra af þeim og forðast að taka slæmar ákvarðanir í rekstri eða vinnu. Ég fagna því ef hugað verður að framtíð húsanna á Íslandi því að ég vil að þau séu komin til að vera. En það verður að huga að framtíðarsýn og ná fram heilsteyptu skipulagi tómstunda- og æskulýðsmála á Íslandi. Það verður líka að hafa samráð við Húsfélagið við endurskoðun æskulýðslaganna þannig að við náum fram virkilega heilsteyptu yfirbragði. Í Húsfélaginu er ungt fólk og þannig að við náum því inn.

Menntagátt.

Fsp. LS, 936. mál. — Þskj. 1426.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Lára Stefánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um Menntagátt menntamálaráðuneytisins, en meginmarkmið hennar er að veita aðgang að upplýsingum og þjónustu sem aðgengileg er á netinu.

Því spyr ég: Hversu mikið efni hefur verið skráð í Menntagáttina? Að sjálfsögðu skipta gæði efnisins miklu máli en einnig fjölbreytni sem og hvort telja megi að efnið sé nægilegt þannig að notkun Menntagáttarinnar sé almenn.

Einnig leikur mér forvitni á að vita hvað gerð gáttarinnar hefur kostað nú þegar og hver áætlaður rekstrarkostnaður sé á ári, enda hlýtur markmiðið að vera það að hafa skráð efni aðgengilegt í framtíðinni, bæta við og fella út. Óvarlegt er að tjalda til einnar nætur. Það tekur langan tíma að venja fólk á notkun gagnsafns af þessu tagi og þegar kennsluháttum er breytt og Menntagáttin hagnýtt í því samhengi þarf að tryggja að hún sé fyrir hendi til lengri tíma. Skráning í Menntagáttina hlýtur að vera nokkuð flókin þar sem markmiðið er að tengja efni á netinu við námsáfanga, námsgreinar og einstök markmið námskráa. Með því móti ættu kennarar að geta fundið efni sem tengist kennslunni og nemendur efni sem tengist því námi sem þeir stunda til að dýpka þekkingu sína. Það kemur einmitt fram í nýlegri rannsókn að nemendur með fartölvur í kennslustundum leita oft víðar fanga en þeir ella hefðu gert.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hver kostnaðurinn hefur verið við skráningu í gáttina og reikna þá með að hann tengist almennum rekstrarkostnaði Menntagáttarinnar til framtíðar og má af því sjá að hverju er stefnt.

Kennarar hafa lagt hart að sér til að gera nemendum kleift að nálgast kennsluefni á netinu. Þetta skapar meiri vinnu fyrir þá kennara sem þetta gera en breytir heilmiklu fyrir nemendur sem hafa þá alltaf aðgang að efni sem tengist námi þeirra, bæði frá eigin kennara og öðrum, og eykur þetta sjálfstæði þeirra í námi. Hversu mikið hefur höfundum efnis í Menntagáttinni verið greitt fyrir slíkt efni?

Auk skráð efnis í tengslum við námskrá má finna á Menntagáttinni upplýsingar um fjölmargt í tengslum við nám og skólastarf, hvað sé á döfinni, og umræðuvettvang sem bætir við aðra umræðu þegar svo ber undir. Því er mikilvægt að Menntagáttin geti áfram þjónað námi og skólastarfi á öflugan hátt til framtíðar.

Ég hlakka því til að heyra svör hæstv. menntmrh. um þetta efni.

[14:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lára Stefánsdóttir hefur beint til mín fjórum spurningum um Menntagátt menntamálaráðuneytisins sem lýtur að aðgangi að upplýsingum á netinu svona í megindráttum.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hversu mikið efni hefur verið skráð í Menntagátt menntamálaráðuneytisins?"

Nú þegar eru á Menntagátt um 2.500 skráningar þar sem námsefni er tengt markmiðum námskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þetta námsefni er hægt að skoða eftir námsgreinunum og leita að því í gegnum þennan gagngrunn sem er aðgengilegur á gáttinni.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvað hefur gerð gáttarinnar kostað nú þegar og hver er áætlaður rekstrarkostnaður á ári?"

Gerð Menntagáttarinnar kostaði 25 millj. kr. Innifalið í stofnkostnaði er rekstur gáttarinnar árin 2003–2005. Á árinu 2003 var sérstaklega varið 10 millj. kr. til sérstakra verkefna á Menntagátt.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. Lára Stefánsdóttir: „Hvað hefur kostað að láta skrá efni í gáttina?"

Á árinu 2003 var varið um 1 millj. kr. til skráningar efnis á Menntagátt. Áætlað er að verja um 12 millj. kr. til átaks í skráningu og gerð stafræns efnis á árinu 2004.

Í fjórða lagi er spurt: „Hversu mikið hafa höfundar fengið greitt fyrir efni sitt?"

Á árinu 2003 voru greiddar 3,7 millj. kr. í styrki til höfunda stafræns efnis á Menntagátt. Ekki eru greidd höfundarlaun til þeirra sem skrá efni sitt á Menntagátt enda er tilgangur skráningarinnar fyrst og fremst að veita upplýsingar um námsefni sem er til staðar og tengist þá markmiðum námskránna sjálfra.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Lára Stefánsdóttir):

Herra forseti. Ég undrast svolítið hvað mikið fer í átak á skráningunni. Ég velti því fyrir mér vegna þess að eitt af markmiðunum var að fólk skráði sjálft í þennan grunn. Í framhaldi af því spái ég í hvort menn hafi orðið fyrir vonbrigðum með hvað lítið hefur gerst í þeim efnum.

Síðan hef ég áhyggjur af því að höfundar efnisins fái ekki meira greitt og velti fyrir mér höfundarétti í því sambandi og sérstaklega álitamálum sem tengjast djúpkrækjum í efni á vefum annarra. Þetta eru kannski vangaveltur sem eiga ekki við hér og nú. Engu að síður eru þetta spurningar sem vert er að hafa í huga.

Ég veit svo sem ekki hvort 2.500 skráningar eru nákvæmlega það sem maður vildi sjá og get ekki metið það. Kannski hefði ég átt að spyrja um í hverju o.s.frv. En þetta er ágætt og ég er mjög ánægð með að þessi gátt gengur að mörgu leyti vel. Mér heyrist líka á hæstv. menntmrh. að hún hyggist stuðla að því að þarna komi inn meira efni og verði til lengri tíma. Ég treysti því þá að það sé rétt sem hún segir.

Að öðru leyti tel ég að Menntagáttin hafi komið ágætlega út og vil hvetja menn til að nýta hana en vona að skráningar aukist og menn skrái þá sjálfir.

[14:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Forseti. Ég get tekið undir það sem kom fram síðast í máli hv. þm., þ.e. að ég vil gjarnan sjá það aukast að menn skrái sjálfir inn á Menntagáttina. Eins og berlega kom fram í máli hv. þm. eru fáir meiri sérfræðingar í þessum þingsal í akkúrat þessu máli, upplýsingatækninni og málum tengdum henni, en hv. þm. sjálfur. Þegar hv. þm. nefndi djúpkrækjur varð mér nú litið á annan hv. þm. héðan úr djúpinu og ég hélt að væri verið að beina orðum til hans. En ég geri mér grein fyrir því að hér er um mjög tæknilegt og skemmtilegt mál að ræða.

Ég vil einnig undirstrika að ég tel Menntagáttina vera tæki til þess að reyna að ná til almennings á nokkuð einfaldan hátt. Við búum við opna og skilvirka stjórnsýslu. Ég vil geta þess að m.a. í tengslum við það umfangsmikla og viðamikla verkefni sem felur það markmið í sér að stefna að því að stytta námstíma til stúdentsprófs er Menntagáttin einmitt notuð sem tæki til þess að koma upplýsingum, skoðunum og skoðanaskiptum á framfæri við ráðuneytið þannig að hægt sé að segja að við í ráðuneytinu séum í tengslum við umræðuna úti í samfélaginu. Þar geta t.d. kennarar, nemendur og fleiri komið skoðunum sínum milliliðalaust á framfæri við okkur sem vinnum að stefnumótun í ráðuneytinu. Þetta tel ég því vera afskaplega mikilvægt tæki í þá veru að styrkja enn frekar öfluga og opna stjórnsýslu ráðuneytanna.

Ég mun stefna enn frekar að því að reyna að einbeita mér betur að því að styrkja undirstöður Menntagáttarinnar. Til þess er ég með mjög öflugt starfsfólk í ráðuneytinu sem er leiðandi og með ákveðnar hugsjónir og hugmyndir í þessum efnum sem gaman er að koma á framfæri og ýta fram á veginn.

Samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda.

Fsp. EMS, 628. mál. — Þskj. 937.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég hef lagt fyrir hæstv. iðnrh. er með þeim ósköpum gerð að í raun er hún úrelt vegna þess að það sem hér er spurt um er liðið, þ.e. búið er að ganga frá samningi varðandi þá rannsókn sem spurt er um. Engu að síður taldi ég rétt að halda fyrirspurninni til streitu til þess að að fá nánari upplýsingar um þetta ágæta mál.

En ástæða þess að fyrirspurninni er svarað svo seint sem raun ber vitni er eiginlega margþætt, þ.e. bæði vegna þess að ég sem fyrirspyrjandi hef ekki ætíð getað lagt fyrirspurnina fram á fyrirspurnatíma og síðan hefur hæstv. ráðherra af ýmsum ástæðum ekki getað svarað fyrr en nú.

Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður undirbúningi rannsókna á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi, sbr. þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 11. mars 2003?"

Þingsályktunin sem hér um ræðir er einstök að því leytinu til að hún var eina tillagan sem tengdist álsvers- og virkjunarframkvæmdum sem í þessum sal var samþykkt samhljóða. Hún er merkileg fyrir þær sakir að gert er ráð fyrir að fylgst sé með samfélagi manna eystra sem tengist þessum framkvæmdum, en lög gera ráð fyrir að fylgst sé á sambærilegan hátt með ýmsum öðrum áhrifum sem verða af þessum framkvæmdum. Ætlunin með þessu er að reyna að auka hin jákvæðu áhrif eins og kostur er og reyna að draga sem mest úr hinum neikvæðu. Þess vegna slæmt er að ekki tókst að koma þessari rannsókn af stað strax um áramótin síðustu eins og gert var raunverulega ráð fyrir í þingsályktunartillögunni. Það er slæmt að tafir verði vegna þess að það dregur úr upplýsingagildinu, þ.e. að geta borið betur saman hvernig hlutirnir voru áður en framkvæmdirnar hófust og síðan hvaða áhrif þær hafa haft.

Það er einnig fróðlegt, herra forseti, að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvernig þessi rannsókn er framkvæmd. Byggðarannsóknastofnun í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands mun sjá um þessa rannsókn. Hún verður býst ég við mjög viðamikil. En ég vona að hæstv. ráðherra fræði þingheim nánar um hvað í þessari rannsókn felst. Miðað við áætlanir sem gerðar voru af Byggðarannsóknastofnun í upphafi átti þetta að vera viðamikil rannsókn og standa í fjölda ára. Ég hef grun um það, herra forseti, að eitthvað hafi dregið úr magninu en að náðst hafi þó viðsættanleg lending sem hæstv. ráðherra mun greina okkur nánar frá í svari sínu hér á eftir.

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að dregist hefur að svara þessari fyrirspurn og ég ber nokkra ábyrgð á því. Ég er samt þeirrar skoðunar að það að ekki skyldi hægt að hefja starfið eða ná samkomulagi um þessa áætlun og aðgerð fyrir áramót ætti ekki að skaða. Aðalatriðið er að þann 11. mars 2003 samþykkti Alþingi þingsályktun um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjanaframkvæmda á Austurlandi og í kjölfarið óskaði iðn.- og viðskrn. eftir því við Byggðarannsóknastofnun að hafinn yrði undirbúningur slíkrar rannsóknar.

Stofnunin skilaði fyrstu tillögum að verkáætlun fyrir slíka rannsókn í júní 2003 að höfðu samráði við Þróunarstofu Austurlands. Í greinargerð Byggðarannsóknastofnunar með tillögu sinni var mælt með nokkuð umfangsmiklum rannsóknum. Iðnrn. óskaði eftir því að tillögum stofnunarinnar yrði forgangsraðað með hliðsjón af því fé sem þannig var raunhæft að afla til verksins og skilaði Byggðarannsóknastofnun tillögum þar að lútandi í janúar sl.

Þar sem verkefnið er nokkuð margbreytilegt og umfangsmikið og nær yfir sex ára tímabil, frá 2004–2009, hefur tekið lengri tíma að útfæra verkefnið en ráð var fyrir gert. Engu að síður hefur ráðuneytið lagt áherslu á að hraða málinu. Því var þann 7. apríl sl. undirritaður samningur milli ráðuneytisins, Byggðarannsóknastofnunar og Þróunarstofu Austurlands um rannsókn á samfélagslegum virkjana- og álversframkvæmdum á Austurlandi.

Markmið rannsóknarinnar er að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers og virkjanaframkvæmda sem nú eru hafnar gætir mest. Verkefnið er mjög víðfeðmt og nær til umfangsmikillar söfnunar og gagnavinnslu opinberra gagna og gagna frá framkvæmdaraðilum, úrtakskönnunum, viðtalskönnunum og könnunum meðal fyrirtækja.

Rannsóknin hefst þegar á þessu ári og eins og kom fram áður mun hún standa í sex ár eða til loka ársins 2009. Verkið verður unnið undir stjórn Byggðarannsóknastofnunar af hópi vísindamanna við Háskólann á Akureyri í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands. Frá 2004–2009 mun árlegt framlag iðn.- og viðskrn. til verksins nema 5 millj. kr., Byggðastofnunar 4 millj. kr., Byggðarannsóknastofnunar 1 millj. kr. og Þróunarstofu Austurlands 500 þús. kr.

[14:48]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Þó að búið sé að skrifa undir samninga tel ég að málið sé þess virði að ræða það og ég tel mjög mikilvægt að farið sé í þessar rannsóknir. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda var þetta eina tillagan um virkjunina og framkvæmdirnar fyrir austan sem samþykkt var af öllum þingmönnum í þinginu. Það er mjög mikilvægt að rannsakað sé hver áhrifin eru á samfélag manna og fyrirtækja fyrir austan og ég held að það sé líka mjög mikilvægt að Byggðastofnun komi að því máli. Það er verkefni Byggðastofnunar að gera það og ég tel að það sé jafnvel hægt að selja síðar þær rannsóknir erlendis þar sem farið er í svona stórar framkvæmdir. Og það er hægt að finna hve mikið hefur breyst fyrir austan að nú ríkir þar mikill kraftur og bjartsýni.

[14:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn þó seint sé svarað en það var ástæða til að fylgjast með því að þál. yrði fylgt eftir og nú er samningurinn gerður og er til sex ára. Ég tel að miðað við hvað rannsóknin á að vera víðfeðm þurfi að gæta þess að fjármagn fylgi. Ég vil ekki nefna neina tölu í stað þeirrar upphæðar sem í hana er sett en ég tel að fylgjast verði vel með því að fjármagn fylgi rannsókninni.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort gera eigi stöðumat hugsanlega árlega á þessu tímabili þannig að hægt sé að bregðast við óæskilegum áhrifum eða einhverjum þeim áhrifum á þetta litla samfélag sem grípa þyrfti inn í, því

miðað við sex ára rannsóknartíma mun rannsóknin gagnast öðrum (Forseti hringir.) viðhlítandi aðgerðum en ekki núverandi.

[14:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að með þeirri rannsókn sem hér er kynnt af hæstv. ráðherra skuli vera fylgt eftir hver þróunin verður á svæðum eins Austurlandi. Á Austurlandi hefur verið íbúafækkun á undanförnum árum og menn hafa borið við einhæfu atvinnulífi. Ég kem frá landsvæði á Vestfjörðum þar sem einnig hefur verið íbúafækkun og því miður er viðvarandi íbúafækkun í Norðvesturkjördæmi. að stóru leyti. Því er auðvitað mjög áhugavert fyrir okkur landsbyggðarþingmenn að fylgjast með hvaða breytingar fylgja því þegar næg atvinna stendur til boða og fjölbreytileg atvinnutækifæri sem fylgja uppbyggingu og síðar viðvarandi atvinnurekstri eins og álverinu í Reyðarfirði.

Það verður auðvitað mjög fróðlegt að sjá hvaða fólk flytur inn á svæðið, hvort það ílengist þar, hvaða menntun það hefur, hvaða fjölskyldugildi, fjölskyldustærð o.s.frv. Ég tel að (Forseti hringir.) það skipti miklu máli fyrir okkur hvað varðar framtíðina.

[14:52]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það var Svanfríður Jónasdóttir, fyrrv. þm. Samf., sem var 1. flm. að tillögu um það verkefni sem hér er rætt um og ég vil nýta tækifærið til að lýsa alveg sérstakri ánægju minni með það. Það verður mjög spennandi að fylgjast með niðurstöðum úr rannsókninni. Ég tel það þó galla á rannsókninni að hún skuli ekki hafa farið fyrr af stað en raun ber vitni því nauðsynlegt er að skapa trausta grunnlínu eða „baseline" eins og það er kallað þegar verið er að gera slíkar langtímarannsóknir á samfélaginu. Hún verður ekki gerð með sama hætti eftir að verkefnið og uppbyggingin er hafin eins og verið hefði ef tekið hefði verið til starfa fyrr. Engu að síður tel ég það mjög mikilvægt spor sem hér er tekið og til fyrirmyndar um hvernig við eigum að starfa í framtíðinni.

[14:53]

Lára Stefánsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem komið hefur fram og ég er einstaklega ánægð með að slík samfélagsáhrif séu rannsökuð. Aðferðafræðilega hefði auðvitað verið betra að skoða stöðuna fyrir fram en það er ekki hægt að tala um það núna. Ég vildi því leggja áherslu á að töluleg gögn frá því fyrir framkvæmdirnar kæmu vel inn í rannsóknarvinnuna og að í þeim hluta sem fellur undir eigindlega aðferðafræði, þ.e. viðtöl, sé leitast við að ná fram upplifun manna á þeim breytingum sem eiga sér stað frá því áður.

Einnig hef ég mikinn áhuga á því að til séu einhvers konar áfangaskýrslur eða efni sem við getum nýtt okkur til að læra af. Einnig velti ég því fyrir mér sem kom fram í máli eins hv. þm. áðan hvað hugsanlega gætu verið óæskileg áhrif. Ég velti fyrir mér hvort menn hefðu einhverjar hugmyndir um hver þau væru. En ég hlakka til að sjá hvað út úr þessu kemur, hvaða áhrif slíkar stórframkvæmdir af þessu tagi hafa á byggðir landsins og hvaða þýðingu það hefur.

[14:54]

Mörður Árnason:

Forseti. Við upphaf þings í haust var haldin ráðstefna á vegum ASÍ um velferðarmál. Þar talaði m.a. Ásgeir Jónsson hagfræðingur sem ætti að vera að góðu kunnur hér í þingsal af ákveðnum ástæðum. Ásgeir sagði um Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdirnar fyrir austan að ef þeim fylgdi ekki markviss uppbygging á Austurlandi, byggðaáætlanir, glögg framtíðarsýn, að menn vissu klárlega hvað þeir ætluðu sér með stóra staði þar og uppbyggingu í atvinnulífi, væri hættan sú að Kárahnjúkavirkjun og álversframkvæmdirnar, eins misvinsælar og þær eru, yrðu að lokum til einskis. Þegar mestur móðurinn væri af framkvæmdamönnum þá væri allt eins og það hefði verið á Austurlandi. Þess vegna er þessi rannsókn mjög mikilvæg. Og enn þá mikilvægara er að hæstv. iðnrh. geri okkur grein fyrir því hvernig þær hanga saman við þær áætlanir sem í gangi hljóta að vera og við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar (Forseti hringir.) eru á öllum sviðum í atvinnulífi og menntamálum víðar á Austurlandi.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir glögg svör varðandi þá fyrirspurn sem hér var lögð fram. Það er athyglisvert sem hæstv. ráðherra segir að seinkunin muni ekki skaða. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra fari rétt með í þeim efnum. Helsta ástæðan er auðvitað sú að Byggðarannsóknastofnun hefur áður komið að því að taka út bæði viðhorf og stöðu einstakra mála því að stofnunin kom að hluta til að samningu umhverfismatsskýrslu þar sem stofnunin kannaði þessi mál og hefur síðan haldið áfram ákveðinni upplýsingaöflun þannig að ég vona að þetta dugi til þess.

Það var athyglisverð athugasemd sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni þar sem hann vitnaði í hagfræðing nokkurn, Ásgeir Jónsson, sem hefur greinilega á þessari ráðstefnu sem ég mætti ekki á farið með ákveðinn hluta úr gömlum ræðum mínum varðandi þetta mikilvæga verkefni vegna þess að það er auðvitað algert grundvallaratriði og er hugmyndin að hluta til á bak við þá þál. sem samþykkt var og þessi rannsókn byggir á að þetta tækifæri, það átak sem þarna er verið að gera, nýtist samfélaginu. Þess vegna er svo mikilvægt að fylgst sé með öllu þannig að hægt sé að bregðast við sem allra fyrst, bæði gagnvart þeim þáttum sem jákvæðir eru til þess að gera þá sem jákvæðasta þannig að áhrifin verði sem mest og eins gagnvart þeim þáttum sem við skulum ekki horfa fram hjá, hinum neikvæðu þáttum sem auðvitað koma upp og fylgja svona miklu raski og það er auðvitað mikilvægt að bregðast við þeim sem allra fyrst til þess að áhrif þeirra verði sem allra minnst.

Aðeins varðandi fjármögnun verkefnisins. Miðað við þær upplýsingar sem ég hafði kemur mér á óvart að ekki skuli vera tryggt nú þegar meira fjármagn til verkefnisins því að miðað við þær tölur sem ég hafði fengið sýnist mér það ekki duga, en hæstv. ráðherra upplýsir okkur kannski um það vegna þess að það er auðvitað ljóst að þetta er tengt ákveðnum erlendum verkefnum og það getur verið að fjármögnun sé að hluta til hugsuð í gegnum þau verkefni. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur frekar um það.

[14:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá miklu umræðu sem varð um málið og sérstaklega þakka ég fyrirspyrjanda bæði fyrir að leggja fram fyrirspurnina og fyrir þolinmæðina að hún skuli hafa verið tekin þetta seint á dagskrá.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem ég sagði áðan nema ég vil segja, og reyndar hefur það komið

fram, að það eru til mjög miklar upplýsingar frá þessu svæði þannig að ég held að það sé ekki vandi að leggja þá grunnlínu sem hér var talað um. Nú er að einhenda sér í verkið og ég bind miklar vonir við að það verði okkur til framdráttar á mörgum sviðum. Í rauninni erum við að tala þarna um verkefni á heimsvísu því að uppbyggingin er það stór miðað við tiltölulega fámennt landsvæði að það er ekki nokkur vafi á því að hún geti skipt máli og eftir henni geti verið tekið víðar en á Íslandi.

Hugmyndin er sú að upplýsingar geti legið fyrir oftar en að loknu þessu tímabili og ég tek undir það með hv. þingmönnum að það er mikilvægt að nýta þær upplýsingar sem berast jafnóðum þannig að þær geti orðið okkur gagnlegar við það að koma í veg fyrir óæskileg áhrif sem ég ætla vissulega ekki að útiloka að geti átt sér stað.

Átakið sem þarna er hafið mun nýtast samfélaginu á umræddu svæði. Það er ekki nokkur vafi á því og það sjáum við nú þegar. Það er skemmtilegt að koma austur og sjá þann mikla kraft og þá miklu bjartsýni sem þar ríkir og ég veit að eftir örfá ár munum við horfa á allt annað landslag á Austurlandi en var fyrir nokkrum árum. Það er hins vegar rétt sem hér hefur komið fram að það er ekki alls staðar jafnbjart yfir og að sjálfsögðu verður unnið að málefnum þeirra landsvæða í framtíðinni.

Störf á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu.

Fsp. EMS, 794. mál. — Þskj. 1209.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. iðnrh. um hlutfall starfa á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu.

Hún hljóðar þannig:

Telur ráðherra æskilegt að hækka hlutfall starfa á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu og ef svo er, hvert telur ráðherra að hlutfallið ætti að vera?

Ástæða fsp. er sú að fyrir ekki margt löngu kom út skýrsla á vegum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar þar sem tekið hefur verið saman yfirlit yfir opinber störf á Eyjafjarðarsvæðinu og verið borið saman við opinber störf á höfuðborgarsvæðinu. Það sem vekur fyrst athygli er að Atvinnuþróunarfélagið þurfti að leggjast í töluverða vinnu til að fá yfirlit yfir þessi störf og hvernig þau skiptust og verður að teljast afar óeðlilegt að slíkar upplýsingar skuli ekki liggja fyrir þannig að hægt sé að fylgjast með því, en það er kannski hluti af skýringu á því að ekki hefur betur tekist til en komið hefur í ljós varðandi hlutfall opinberra starfa á milli svæða því það hefur verið stefna mjög margra ríkisstjórna allt frá árunum 1973–1974 að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni, þ.e. að reyna að hafa áhrif á það hvernig opinber störf dreifðust um landið. Það má segja að grundvallarrit hafi verið samið á árunum 1973–1974, sem gefið var út af ríkisstjórn þá, og formaður þeirrar nefndar er núverandi forseti vor, Ólafur Ragnar Grímsson. Það var mikið verk og margar tillögur lagðar fram sem því miður náðu ekki fram að ganga en víst er að allt önnur staða væri í byggðum landsins ef þær tillögur hefðu náð fram að ganga.

Ég get nefnt sem dæmi að þar var m.a. gert ráð fyrir því að stofnað yrði svokallað flutningsráð ríkisstofnana þar sem gera átti áætlanir um hvernig stofnanir yrðu fluttar og þeim dreift um landið.

En svo við hlaupum fljótt yfir sögu hefur þróunin því miður orðið sú að það hefur stöðugt dregið úr áherslum þess að dreifa opinberum störfum um landið og í núverandi byggðaáætlun er orðalagi mjög hóflega stillt í öllu varðandi þau mál og ekki nein klár markmið eins og hafa þó oft verið áður.

Meginniðurstaðan í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar er sú að 72% af opinberum störfum eru á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir að tæplega 63% landsmanna búi þar, en 6,6% af störfunum eru á Eyjafjarðarsvæðinu þrátt fyrir að 7,6% íbúa búi á því svæði.

Ljóst er að Eyjafjarðarsvæðið er fyrst og fremst tekið sem dæmi vegna þess að upplýsingarnar um það liggja fyrir og líka vegna þess að það hefur verið sérstaklega eyrnamerkt sem sérstakt átakasvæði í þessu og þess vegna er fsp. lögð fyrir byggðamálaráðherra og vonandi verða svör ráðherra skýr og afdráttarlaus.

[15:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að byggðamálaráðherra fer ekki með þennan málaflokk heldur forsrh., en þar sem hv. þm. talaði um Eyjafjarðarsvæðið í fsp. sinni taldi ég að hægt væri að rökstyðja það að ég svaraði fsp. Hv. þm. var kominn miklu víðar í máli sínu áðan þannig að ég vildi hafa þennan fyrirvara á.

Í svari mínu er ekki farið mjög nákvæmlega yfir það hversu mörg störf ég tel að ættu að vera á Eyjafjarðarsvæðinu, mér finnst erfitt að svara þeirri spurningu nákvæmlega. Ég get þó sagt að æskilegt er að fjölga störfum á Eyjafjarðarsvæðinu á vegum ríkisins sem og annarra aðila, og það hefur verið unnið að því á undanförnum missirum og árum með ýmsum verkefnum og áherslum.

Hvert hlutfallið ætti að vera er flóknara mál því aðstæður geta verið mismunandi eftir eðli og flokkun þeirra ríkisstarfa og -stofnana sem um er að ræða. Erfiðara getur því verið að ná einhverju ákveðnu hlutfalli ríkisstarfa á ákveðnum stöðum á landinu. Í þessu efni er ekki rétt að mínu mati að vera með alhæfingar.

Það sem er hins vegar sérstakt við Eyjafjarðarsvæðið er að það er stærsti byggðakjarni landsins utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir hendi fjölbreytt aðstaða sem skapar sterkari forsendur fyrir störf á vegum ríkisins. Almennt talað er því æskilegt að hlutfall starfa á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu endurspegli íbúafjöldann, og ég ætla ekki að endurtaka þær tölur sem hv. þm. fór með áðan úr skýrslu sem Atvinnuþróunarfélagið lét vinna.

Ég vil líka segja um aðra staði, fyrst ég er komin út fyrir Eyjafjarðarsvæðið, að mér finnst að sama gildi um Ísafjörð og Mið-Austurland.

Það skal ekki horft fram hjá því að það getur í einhverjum tilvikum verið óhagkvæmt að dreifa starfsemi á vegum einstakra fyrirtækja eða stofnana um landið, ekki síst ef um minni byggðakjarna er að ræða. En það er líka mikilvægt að haft sé í huga að það getur í öðrum tilfellum verið hagkvæmt fyrir ríkisfyrirtæki og -stofnanir, jafnt sem önnur fyrirtæki, að hafa ekki alla starfsemi á einum stað. Starfsemi utan þéttbýlissvæðisins getur verið hagkvæm á mælikvarðanum krónur og aurar. Það ætti alla vega að forðast þann hugsunarhátt að gera ráð fyrir því fyrir fram að slíkt sé óhagkvæmt.

Þetta á ekki síst við nú á tímum þegar tæknin hefur gert svo margt mögulegt sem ekki var mögulegt áður.

Ég get alveg trúað því að hv. þm. komi hér upp og telji þetta ekki vera mjög merkilegt svar en ég tel ekki þægilegt að svara þessu nákvæmlega. Hins vegar er enginn vafi á því hver skoðun mín er í þeim efnum, ég vil að hlutfallið sé hærra og hef lagt mig fram um það í þeim tilfellum þar sem ég hef getað haft áhrif á að fjölga störfum og má nefna Byggðarannsóknastofnun Íslands á Akureyri, sem var til umfjöllunar rétt áðan, Nýsköpunarmiðstöð og fleira mætti nefna. Verið er að fjölga störfum hjá Orkustofnun og Íslenskum orkurannsóknum á Akureyri og lýk ég þá upptalningunni að sinni.

[15:08]

Lára Stefánsdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með þá umræðu sem á sér stað um þetta efni og sérstaklega möguleikana á að vinna störf á vegum ríkisins víða um land. Ég hef reynslu af slíkri vinnu í hartnær átta ár og vil sérstaklega nefna og geta þess að hæfileiki stofnana til að vinna með fólki dreift er mjög mismunandi, á meðan sumar stofnanir ná þessu mjög leikið þannig að maður upplifi að maður vinni hjá þeim dagsdaglega þó að maður sé fjarri. Þess vegna tel ég mikilvægt að huga að því hvernig menn læra að vinna á þennan hátt.

Ég vil líka hvetja hæstv. ráðherra til að gefa aukið frelsi til búsetu þegar störf eru auglýst vegna þess að eitt er að flytja stofnun, annað er að gera mönnum kleift að vinna ákveðna vinnu eða ákveðin störf annars staðar en á meginheimasetu stofnunar. Þetta er vinna sem ég þekki mætavel og vil leggja áherslu á að stofnanir læri að vinna yfir fjarlægðir.

[15:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst að ég hafi of oft heyrt hæstv. ráðherra tala um að eitthvað tiltekið sem hún er spurð um sé ekki málaflokkur á verksviði hennar. Hæstv. ráðherra á að líta á sig sem ráðherra byggðamála og byggðamálin eru á verksviði ráðherrans. Þetta hlýtur að heyra undir hana þó svo að aðferðirnar og samstarf þurfi að vera við aðra ráðherra ef flytja á verkefni út á land.

Mér finnst að það þyrftu að liggja fyrir upplýsingar af svipuðu tagi og við höfum verið að ræða um og hafa verið settar saman um Eyjafjarðarsvæðið um allt dreifbýli á landinu. Ég sé ekki að það eigi að gilda önnur lögmál um aðra byggðakjarna en gilda um Akureyri, Vestfirði og hvaða byggðakjarna sem er. (Forseti hringir.) Mér finnst hættulegt ef menn fara að líta þannig á (Forseti hringir.) að byggðakjarnahugsunin eigi að flokka menn svona niður.

[15:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég sé mig knúinn til þess í fullri hófsemd að minna þingheim á að á Íslandi er höfuðborg og heitir Reykjavík. Hún hefur að vísu ekki þá stjórnsýslulegu stöðu að formi til í stjórnarskrá eða annars staðar — og nú heyri ég að margar klukkur hringja á borðum hv. þm. og fagna því að þeir skuli vakna með þessum hætti þegar minnst er á höfuðborgina Reykjavík.

Höfuðborg er þess eðlis að þar er eðlilegt að stjórnsýslan fari fram. Þar með er eðlilegt einkenni höfuðborga að þar séu margir opinberir starfsmenn við stjórnsýsluna. Það að hlutfall eigi að endurspeglast eftir íbúatölu finnast mér ákaflega einkennilegar kenningar og dularfull hagfræði sem hæstv. ráðherra byggðamála fór með hér áðan.

Hins vegar verð ég í þessu stutta innleggi mínu að taka undir með hv. þm. Láru Stefánsdóttur þegar hún segir að á okkar öld kunni það að vera (Forseti hringir.) meira keppikefli að gera fólki kleift að vinna þar sem það vill búa í stað þess að flytja ríkisstofnanir (Forseti hringir.) með þunglamalegum og luralegum hætti (Forseti hringir.) eins og við kunnum mörg dæmi um frá síðustu árum og áratugum.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill vekja athygli þingmanna á að þeim gefst kostur á að koma með stutta athugasemd sem á að vera um ein mínúta.)

[15:12]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar vil ég koma því á framfæri að þó að við teljum úti á landsbyggðinni að vel sé hægt að vinna opinber störf þar erum við ekki að vega að Reykjavík með þeim orðum, heldur að það skorti ákveðinn skilning á því að vel sé hægt að vinna fjölbreytt störf úti á landi. Það hefur verið virkilega góð reynsla af því að flytja ýmsar stofnanir á landsbyggðina. Ég vil t.d. nefna Byggðastofnun á Sauðárkróki, ég get ekki séð að hún starfi neitt verr þar en í Reykjavík, og ýmis önnur störf.

Það sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að hún er yfir byggðamálum, er mál sem varðar Akureyri sérstaklega og það er Lýðheilsustofnun. Þegar málið var kynnt var það alltaf kynnt þannig að stofnunin ætti að vera á Akureyri.

Mig langar að spyrja, vegna þess að ráðherra er inni í þessum málum: Hvað varð til þess að stofnunin er í Reykjavík? (Forseti hringir.) Þetta er ný stofnun.

[15:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég fagna umræðunni og er einn þeirra sem eru stoltir af höfuðborginni okkar. Við eigum að passa okkur á því að stilla ekki alltaf höfuðborginni sem andstæðing við landsbyggðina. Á sama hátt megum við líka passa okkur á því að stilla ekki þéttbýliskjörnum vítt og breitt um landið sem andstæðingum við sveitirnar. Langt því frá, við getum ekki án þéttbýlisins verið og við getum heldur ekki án sveitarinnar verið. Við megum ekki gleyma því að undirstaða búsetu er atvinna og atvinnumöguleikar og alveg ljóst að landsbyggðin á heilmikla möguleika í því sambandi og við þurfum að hjálpa til í þeim efnum.

Það hefur vel tekist til með flutning á ýmsum ríkisstofnunum, eins og t.d. Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum, sem er myndarleg stofnun. Í Gunnarsholti er Landgræðsla ríkisins og þar vinna fjölmargir vísindamenn. Ég nefni Landmælingar ríkisins á Akranesi, sem er mjög myndarleg stofnun, Viðskiptaháskólann á Bifröst o.fl. Undirstaðan er atvinnan og möguleikarnir.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er svo sem að vonum að þegar verið er að hreyfa við einhverju sem heitir byggðamálaumræða þurfa menn að tjá sig. Það sýnir hversu brýn þessi mál eru, hversu mikið þau brenna á mörgum, sérstaklega okkur landsbyggðarþingmönnum sem horfum til þess að þróun á

ákveðnum landsvæðum er að okkar mati mjög til hins verra þar sem fólki fækkar og atvinnutækifærum líka.

Þrátt fyrir að höfuðborgin sé mikils virði fyrir landsbyggðina er ekki nauðsynlegt að nánast öll viðbótarstörf sem verða til hér á landi festi þar rætur. Það er hægt að vinna fjölmörg störf úti á landi og ekki þurfa allar stofnanir sem hér eru og hafa verið í áratugi að vera hér um alla framtíð. Það má nefna stofnanir eins og Landhelgisgæslu og Hafrannsóknastofnun. Það er engin sérstök ástæða fyrir því að þær stofnanir séu í Reykjavík svo dæmi sé tekið. Mér finnst að vissulega megi skoða vandlega fyrirkomulag stofnana hér á landi.

[15:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Undirstaðan er atvinnan, rétt er það, og í atvinnunni felast möguleikarnir. Ég hef alltaf verið mjög jákvæður gagnvart möguleikum á því að flytja ríkisstofnanir út á land. Hér hefur verið minnst á Landhelgisgæsluna. Hvers vegna mætti ekki flytja hana á Suðurnesin? Það væri hægur vandi að gera það.

Önnur stofnun sem mig langar til að nefna, ég hef nefnt hana áður, er hluti af Hafrannsóknastofnun. Af hverju má ekki flytja einhverja hluta hennar norður til Akureyrar og styrkja þar háskólann? Þá er ég að tala t.d. um loðnurannsóknir, rannsóknir á síld, sjávarspendýrum og skeldýrum, svo sem rækju. Það væri hægur vandi að hafa þetta þar.

Af því að undirstaðan er atvinnan vil ég líka benda á að þetta þarf ekki allt að snúast um einhverjar sértækar aðgerðir af hálfu ríkisins. Þetta gæti líka snúist um það að fólkið úti á landi fengi atvinnufrelsi, frelsi til að lifa af sínum fremstu auðlindum. Ég minni á að nú um stundir er metfiskerí, besta fiskerí í manna minnum, frá Raufarhöfn en fólkið á Raufarhöfn fær ekki að róa til fiskjar. Af hverju ekki? Jú, það er kvótakerfið. Og á Akureyri var núna verið að segja upp áhöfn á heilum togara, hjá Brimi. Þeir sendu þá menn á vergang. Af hverju? Jú, það er verið að „hagræða".

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er þó rétt hjá hæstv. ráðherra að kannski voru þau ekki eins skýr og við hefðum mátt vonast eftir. Þó kom það auðvitað fram sem kemur ekki á óvart að hæstv. ráðherra telur æskilegt að fjölga störfum ríkisins við Eyjafjörð og þótt víðar væri. Það er gott að vita af því en hins vegar er slæmt þegar svo er litið á að staðsetning opinberra starfa heyri ekki undir byggðamál. Auðvitað heyrir það undir byggðamál. Það er kannski eitt stærsta byggðamálið, það eru líklega ein stærstu áhrifin sem hið opinbera getur haft, þ.e. hver staðsetningin er á hinum opinberu störfum. Þess vegna hafa byggðamál höfuðborgarsvæðisins verið í svo góðu lagi svo lengi, opinberu störfin hafa verið staðsett hér. Þau hafa gífurlega mikil áhrif.

Margt hefur komið fram í umræðunni og það er athyglisvert að horfa til annarra landa í þessu samhengi. Önnur lönd hafa haft skýra stefnu sem þau hafa framkvæmt. Ef við horfum t.d. til Noregs sjáum við að þeir hafa staðsett hafrannsóknastofnun og fiskistofu í Bergen og rannsóknastofu fiskiðnaðar í Tromsö. Skotarnir hafa sett hafrannsóknastofnunina sína niður í Aberdeen þannig að menn eru auðvitað að gera þetta markvisst og horfa til ákveðinna þátta. Þess vegna hef ég notfært mér það tækifæri sem þessi skýrsla frá Atvinnuþróunarfélaginu hefur gefið okkur til að horfa aðeins á Eyjafjarðarsvæðið. Þar er ekki hægt að nota þau rök sem svo oft hafa verið notuð um að ekki sé forsenda til þess að flytja ýmsar stofnanir og ýmis störf. Þar eru einmitt bestu forsendur til þess að gera þetta allt saman, þar tel ég að eigi að byrja og halda síðan áfram miklu víðar.

Norðmenn ákváðu mjög nýlega að færa eftirlitsstofnanir sínar burt úr höfuðborginni. Hvers vegna? Jú, með þeim rökum að það sé betra að hafa þær staðsettar í ákveðinni fjarlægð frá stjórnsýslunni til þess að þær geti sinnt störfum sínum betur. Engin þessara raka virðast geta ratað inn til valdamanna hér en það er kominn tími til að menn horfi alvarlega á þetta.

Hæstv. ráðherra. Þegar tölurnar eru skoðaðar um iðn.- og viðskrn. nær það ráðuneyti því miður ekki íbúahlutföllunum þannig að hæstv. ráðherra getur horft í eigin rann og reynt að skoða þar sín mál.

[15:20]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka það og halda því til haga að annar ráðherra fer með þennan málaflokk, hæstv. forsrh. Hann skipaði nefnd sem hefur verið að störfum og hefur skilað honum tillögu um það hvernig brugðist skuli við. Ég get ekki greint frá því hér, ég hef ekki þær upplýsingar.

Af því að hér hafa verið nefndar stofnanir eins og Lýðheilsustofnun sem heyrir undir heilbrrh. er reyndar ekki rétt að alltaf hafi verið talað um að hún yrði á Akureyri. Hugmyndir voru uppi um það en hins vegar varð niðurstaðan þessi, og heilbrrh. getur áreiðanlega skýrt hvers vegna það var.

Hér var talað um frelsi til búsetu. Það er einmitt eitt af því sem kveðið er á um í byggðaáætlun, að vinna að því að gera fólki mögulegt þótt það starfi við ríkisstofnun sem er staðsett í Reykjavík að vinna verkið annars staðar á landinu. Það er hlutur sem þarf að þróa og gæti skipt miklu máli.

Hv. fyrirspyrjandi talaði um að önnur lönd hefðu stefnu í þessum málum og ég veit að Norðmenn hafa gengið mjög langt í því að flytja stofnanir út á land. Við höfum reyndar flutt stofnanir út á land. Byggðastofnun var nefnd og hún er ekki á Sauðárkróki alveg óvart. Hún er þar vegna þess að pólitísk ákvörðun var tekin um að hún skyldi flutt þangað. Hv. þm. var kannski ekki alveg klár á því.

Hins vegar erum við líka með stefnu í byggðamálum sem er byggðaáætlun og eftir henni er unnið. Hún tekur á gríðarlega mörgum þáttum sem skipta máli en ég vil líka taka undir það með hv. þm. Merði Árnasyni að höfuðborgin okkar hefur þá stöðu að t.d. Stjórnarráðið er samkvæmt stjórnarskrá okkar í Reykjavík. Þetta eru hlutir sem við getum ekki horft fram hjá þó að möguleikarnir séu ýmsir.

Samkeppnisstofnun.

Fsp. SigurjÞ, 721. mál. — Þskj. 1070.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég óska eftir svörum frá hæstv. iðn.- og viðskrh. varðandi starfshætti Samkeppnisstofnunar. Spurningarnar eru einkum bornar upp í tengslum við samkeppni á fjarskiptamarkaði en þar er tækniþróun ör og brýnt að fá úrskurði sem allra fyrst í málum sem varða samkeppni.

Dragist mál úr hófi fram í meðförum Samkeppnisstofnunar svo mánuðum og jafnvel árum skiptir er hætt við að niðurstaða samkeppnisyfirvalda skipti í raun engu máli þegar hún loksins birtist. Málið er einfaldlega orðið úrelt. Dæmi eru um þetta. Má nefna mál sem varðar kvörtun vegna internetþjónustu yfir breiðbandið en það tók þrjú ár að fá niðurstöðu. Þegar hún loksins birtist skipti hún engu máli fyrir þann sem kvartaði. Málið var einfaldlega orðið úrelt.

Það er ljóst að með þessum starfsháttum næst markmið laganna ekki og markaðsráðandi fyrirtæki geta í raun hagnast á því að brjóta samkeppnislög. Í framhaldi af framangreindri sérstöðu fjarskiptamarkaðar vegna örrar tækniþróunar má spyrja hvort ekki sé skynsamlegt fyrir samkeppnisyfirvöld að forgangsraða sérstaklega brotum á fjarskiptamarkaði.

Til þess að fá gleggri mynd af stöðu mála spyr ég hæstv. ráðherra:

Hversu mörg mál hafa borist Samkeppnisstofnun frá 29. janúar 2003 og hve mörg hafa verið sett í bið? Hvað er biðtíminn að jafnaði langur?

Ég hef haft spurnir af máli sem varðar heildarsamtök og barst stofnuninni þann 8. janúar sl. þar sem kvartanda var tilkynnt að málsmeðferð hæfist ekki fyrr en 2. apríl. Málið var sett í salt í heila þrjá mánuði. Í ljósi þessa langa biðtíma óska ég eftir skýrum svörum um hvort hæstv. ráðherra telji að efla þurfi Samkeppnisstofnun og hvernig hún meti þá þörf.

Í umsögn meiri hluta samgn. frá árinu 2001 vegna fyrirhugaðrar sölu Landssímans kom fram að forsenda samkeppni á fjarskiptamarkaði sé öflugt samkeppniseftirlit. Í ályktuninni kemur fram að til þess að það geti orðið verði Fjarskiptastofnun að ráða í 2–3 stöðugildi og svipaðan fjölda hjá Samkeppnisstofnun til að eiga við þennan málaflokk. Nefndin lagði sérstaka áherslu á að þetta yrði að gera til þess að samkeppni yrði í málaflokknum.

Í framhaldi af þessu er rétt að spyrja hvort hæstv. ráðherra hafi farið að tilmælum nefndarinnar og fjölgað starfsmönnum til að sinna málaflokknum. Hér er nefnilega um mjög mikilsverðan málaflokk að ræða sem stjórnvöld verða að búa til góða umgjörð um þar sem tryggt verði að heiðarleg samkeppni ríki. Í framhaldi af fyrri umræðu er rétt að spyrja ráðherra hvort fyrirhuguð fjölgun geti ekki þess vegna orðið úti á landi.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1070 hefur hv. 10. þm. Norðvest. Sigurjón Þórðarson beint til mín tveimur spurningum um Samkeppnisstofnun. Til svars við fyrri spurningunni sem er í þremur liðum var aflað upplýsinga hjá Samkeppnisstofnun. Rétt er að taka fram að svörin miðast við dagsetningu fyrirspurnarinnar, þann 10. mars sl. Í fyrsta lagi er spurt hversu mörg mál hafi borist Samkeppnisstofnun frá 29. janúar 2003 til þess dags.

Markaðsmálasviði hefur borist alls 181 erindi á umræddu tímabili.

Samkeppnissviði hafa borist 124 erindi á því rúmlega ári sem liðið er síðan bókun samkeppnisráðs um forgangsröðun var samþykkt.

Auk hinna formlegu erinda hefur stofnuninni borist fjöldi óformlegra fyrirspurna og athugasemda í tíma eða með tölvupósti sem svarað hefur verið eftir föngum, jafnframt því sem unnið hefur verið að málum sem rekin hafa verið fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólum.

Í öðru lagi er spurt hversu mörg mál hafi verið sett í bið.

Bókun samkeppnisráðs um forgangsröðun verkefna frá 29. janúar 2003 tekur ekki til mála á markaðsmálasviði og hefur því ekkert mál verið sett í bið með vísan til bókunar samkeppnisráðs.

Málsmeðferð 24 erinda hefur formlega verið frestað með vísan til bókunar samkeppnisráðs um forgangsröðun mála hjá samkeppnissviði. Nú eru 69 mál ýmist í málsmeðferð hjá samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar eða í biðstöðu.

Þá er spurt hversu langur biðtími sé að jafnaði.

Þó að spurningin vísi til forgangsröðunar og eigi því ekki við um markaðsmálasvið svarar eftirfarandi þessu að einhverju leyti: Alls eru nú 46 mál óafgreidd á markaðsmálasviði og skiptast þau þannig eftir móttöku þeirra: Árið 2002 4 mál, árið 2003 29 mál, árið 2004 13 mál. Málsaðilum flestra ofangreindra óafgreiddra mála hefur verið tilkynnt um töf á afgreiðslu sökum mikils fjölda mála í meðferð.

Erfitt er að leggja mat á meðalbiðtíma mála hjá samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar. Sá tími sem frestun hefur varað helgast af því hvenær erindi hafa borist. Þannig geta mál sem bárust samkeppnissviði í febrúar 2003 hafa verið í biðstöðu vegna forgangsröðunar í 13–14 mánuði en mál sem bárust í febrúar sl. í 1–2 mánuði. Til glöggvunar má benda á að þau mál sem nú eru til meðferðar eða í biðstöðu hjá samkeppnissviði bárust stofnuninni eða hófust sem hér segir eftir árum: Árið 1997 1 mál en því lýkur á næstunni, það er tryggingamálið. Árið 2001 2 mál, árið 2002 12, árið 2003 30, árið 2004 24.

Síðari spurning þingmannsins hljóðar svo: Telur ráðherra að efla þurfi Samkeppnisstofnun?

Svarið er eftirfarandi: Samkeppnisstofnun gegnir lykilhlutverki í að efla og standa vörð um frjálsa samkeppni með þjóðarhag að leiðarljósi. Miklar hræringar í atvinnulífinu, aukin samþjöppun eignarhalds og fækkun fyrirtækja á þjóðhagslega mikilvægum mörkuðum gera starf stofnunarinnar sífellt umfangsmeira og flóknara og til hennar eru gerðar æ meiri kröfur. Ég tel nauðsynlegt að efla starfsemi Samkeppnisstofnunar og hef beitt mér fyrir því síðan ég settist í stól viðskrh. Þannig hafa fjárveitingar til stofnunarinnar aukist úr 118,7 millj. kr. árið 2000 í 157,3 millj. kr. á fjárlögum ársins 2004. En meira þarf að koma til og vænti ég þess að skilningur sé fyrir því að styðja enn frekar við bakið á Samkeppnisstofnun.

[15:30]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er mikilvægt að hæstv. viðskrh. noti það tækifæri sem henni gefst hér til að skýra okkur frá því hvernig hún hyggst efla Samkeppnisstofnun enn frekar. Við fögnum auðvitað þessari gríðarlegu hækkun á fjárframlögum til Samkeppnisstofnunar á árunum 2000–2004, úr 118 millj. kr. í heilar 157 millj. kr., hafi ég heyrt rétt frá hæstv. ráðherra áðan. Þetta er auðvitað stórkostlegt stökk á fjórum árum, að ég tali ekki um hvað þetta er í prósentum, sem ég get ekki reiknað út hér og nú.

Það var allt rétt sem hæstv. ráðherra sagði um hlutverk Samkeppnisstofnunar og hefði jafnvel mátt bæta í. Það sem við þurfum að fá fram er hvað hæstv. iðnrh. hyggst leggja til að Samkeppnisstofnun fái í aukafjárveitingu í ár. Hverjar eru tillögur hennar um fjárframlög í fjárlögum næsta ár? Staðan er eins og henni var lýst. Miðað við málin sem fyrir hafa verið tekin og þau sem bíða er staðan þannig að forsvarsmenn Samkeppnisstofnunar segjast ekki geta tekið upp

mál að eigin frumkvæði. En nú, í frv. sem er á leiðinni inn í þingið frá hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni, er Samkeppnisstofnun falið aukið hlutverk á alveg nýju sviði. Undir það getur stjórnarandstaðan reyndar vel tekið. Við þurfum að vita hvernig hæstv. iðnrh. ætlar að efla Samkeppnisstofnun á þessu ári og hinu næsta.

[15:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þetta mál skyldi hafa komið til umræðu. Það er greinilega mikil þörf á því að efla starfsemi Samkeppnisstofnunar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það teljist yfirleitt viðunandi að stórmál, eins og tryggingamálið, geti dregist árum saman. Er eðlilegt að það skuli vera til meðferðar í fleiri ár? Vafalítið er svo komið að ef þar væru einhver þau atriði sem teldust t.d. brot á skattalögum þá kæmi upp spurning um hvort málin væru ekki fyrnd á svo löngum tíma. Ég held að það verði að efla Samkeppnisstofnun. Ég mun að sjálfsögðu styðja það að auka fjárveitingar til stofnunarinnar.

[15:33]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við svör hæstv. iðnrh. um þetta efni, hvað varðar hinar stórauknu fjárveitingar til stofnunarinnar. Það kom fram hjá forsvarsmönnum Samkeppnisstofnunar í fjárln. í haust að þær einu viðbætur sem stofnunin hefði fengið væru eðlilegir framreikningar og fjárveitingar vegna nýrra og sérstakra verkefna en að öðru leyti hefði stofnunin um árabil þurft að sæta hagræðingarkröfu á hverju ári þrátt fyrir að, eins og hæstv. ráðherra segir, verkefni stofnunarinnar fari vaxandi og verði sífellt flóknari. Stofnunin hefur á hverju ári þurft að sæta hagræðingarkröfu og sú hagræðingarkrafa er uppsöfnuð yfir 20 millj. kr. Við þingmenn Samf. fluttum um það sérstaka brtt. við fjárlög, sem var felld einróma af stjórnarliðinu. Stjórnarliðið var sammála um að setja ekki meira fjármagn til Samkeppnisstofnunar. Þess vegna verða allar ræður hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, um að efla aðhald með umsvifamiklum og markaðsráðandi aðilum, hjóm eitt og markleysa þegar menn láta ekki fjármagn fylgja yfirlýsingum sínum.

[15:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mér óar við þeim tölum sem hæstv. viðskrh. gat um varðandi fjölgun mála hjá Samkeppnisstofnun og einnig því að þörf skuli fyrir svona gríðarlega aukningu á fjármagni til hennar. Og enn er meiri þörf. Er ekki eitthvað að? Er ekki eitthvað að í þessari lagasetningu? Ég vek athygli á því að þetta hefur gerst í stjórnartíð hæstv. viðskrh. yfir þessum málum. Er ekki eitthvað að í lagasetningunni úr því málum fjölgar svo gríðarlega? Er ekki eitthvað að? Stór hluti af þessum málum snýr að einkavæðingu á almannaþjónustu, t.d. fjarskiptum og síðan er sett samskiptastofnun til höfuðs þeim. Er ekki eitthvað að? Eða ætlum við bara að breyta öllu Íslandi í eina eftirlitsstofnun? Hvað gerist ef svo fer fram sem horfir, ef við horfum á stækkun og útþenslu Samkeppnisstofnunar og þörfina fyrir aukin afskipti hennar? Erum við að breyta Íslandi í eina stóra eftirlitsstofnun í ráðherratíð hæstv. ráðherra?

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra hæstv. fyrir svörin. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, í framhaldi af svörum hennar af því að það kom ekki nákvæmlega fram, að hvaða leyti þyrfti að auka við starfsemi Samkeppnisstofnunar. Hvað þarf að fjölga starfsmönnum mikið til að mæta þörfum stofnunarinnar? Væri ekki rétt að fara í stjórnsýsluúttekt á stofnuninni og meta þörfina, bera fjölda stöðugilda t.d. saman við erlendar stofnanir og meta hvort e.t.v. sé hægt að hagræða og bæta afgreiðsluhraðann innan stofnunarinnar?

Einnig væri fróðlegt að fá að heyra álit hæstv. ráðherra varðandi það hvort ekki sé skynsamlegt að forgangsraða sérstaklega brotum á fjarskiptamarkaði. Ég tel svo vera, sérstaklega í ljósi þess að tækniþróun er ör. Eins og fram kom í máli mínu áðan kann niðurstaða í eins árs gömlu máli ekki að skipta neinu máli lengur.

Einnig væri fróðlegt að heyra álit hæstv. ráðherra á því hvort það komi ekki til greina að setja hluta stofnunarinnar út á landi. Í því sambandi vil ég t.d. nefna Ísafjörð. Rætt hefur verið um að þar hafi opinberum störfum beinlínis fækkað. Mikil gagnrýni hefur verið sett fram á flokksforustu Framsfl. á Ísafirði varðandi það að ríkisstjórnin hafi beinlínis fækkað þar störfum þrátt fyrir fyrirheit um annað. Sjálfur formaður Framsfl. lofaði því að komið væri að Norðvesturkjördæmi og þá spyr ég hæstv. ráðherra: Er komið að Norðvesturkjördæminu?

[15:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég veit að Samkeppnisstofnun á mikinn stuðning á hv. Alþingi. Það er mikill áhugi á samkeppnismálum og ég er þakklát fyrir það. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ég hef áhuga á að efla þessa stofnun og vona að mér takist það á næstu mánuðum. Ég veit að það þýðir t.d. aukið fjármagn.

Af því að hér var minnst á stjórnsýsluúttekt þá veit ég ekki hvort það er leiðin. Hins vegar skal viðurkennt að þessari stofnun var á einni nóttu breytt úr verðlagsráði í Samkeppnisstofnun, án þess að því fylgdu viðbótarfjármunir eða markviss stefna um hvert hlutverk stofnunarinnar ætti að vera.

Út af orðum hv. þm. Jóns Bjarnasonar, þegar hann spurði hvort eitthvað væri að, þá er reyndin sú að við höfum gjörbreytt samfélagi okkar á örfáum árum. Ég trúi því ekki að hv. þm. telji að það sé rangt sem við erum að gera í þeim efnum. Þetta er nákvæmlega það sem allar þjóðir í Evrópu eru að gera. Við erum að færast yfir í markaðskerfi, frjálst kerfi viðskipta. Það þýðir að það þarf eftirlit með því frelsi. Af því að ég er nýkomin frá Kína er mér það ofarlega í huga að Kínverjar eru að taka upp þetta fyrirkomulag, þrátt fyrir það stjórnskipulag sem þar ríkir.

Ég þakka hins vegar fyrir umræðuna. Ég veit að Samkeppnisstofnun á mikinn stuðning í þingsal og það gæti reynt á hann. En af því að þetta er sjálfstæð stofnun þá mun ég ekki segja henni fyrir verkum, um að hún skuli forgangsraða einu fram yfir annað. Það eru hlutir sem eru ákveðnir innan stofnunarinnar af samkeppnisráði, hvernig með mál er farið. Ég tel það mikilvægt.

Starfsskilyrði loðdýraræktar.

Fsp. JBjarn, 763. mál. — Þskj. 1144.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbrh. um starfsskilyrði loðdýraræktarinnar.

1. Hvað líður samningsgerð stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands fyrir hönd loðdýrabænda um aðgerðir til að búa loðdýrarækt á Íslandi hliðstæð starfsskilyrði og hjá samkeppnisaðilum í nágrannalöndunum?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem miða að því að nýta betur sláturúrgang, sem ekki fer til manneldis, í loðdýrafóður sem lið í eins konar sorpförgun á hliðstæðum kjörum og hjá loðdýrarækt í nágrannalöndum okkar?

3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að lækka flutningskostnað sem loðdýraræktendur á Íslandi þurfa að greiða þannig að þeir njóti hliðstæðs stuðnings og framleiðendur í nágrannalöndunum hvað þennan kostnað varðar?

Ég vek athygli á því að um 35 loðdýrabú eru starfrækt í landinu og þau framleiða sem jafngildir 200 þús. minkaskinnum á ári. Heildarverðmæti útflutningsins er í kringum 400 millj. kr. Þessi búgrein er fyrst og fremst bundin við örfá svæði á landinu en skiptir þar miklu máli í atvinnulífi fólks. Skinnin eru seld á uppboðum erlendis á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Skinnaverð er hagstætt um þessar mundir en uppsafnaður rekstrarvandi úr fortíðinni háir greininni sem og það að hún býr ekki við svipuð samkeppnisskilyrði og loðdýrabændur í nágrannalöndunum.

Frá því í haust hefur verið að störfum nefnd á vegum ráðherra sem hefur haft það hlutverk að benda á leiðir til að styrkja rekstrargrundvöll greinarinnar og jafna samkeppnisstöðu hennar gagnvart loðdýrabændum í öðrum löndum. Íslendingar eru í þriðja sæti hvað varðar gæði í framleiðslu loðskinna og koma næst á eftir Norðmönnum og Dönum. Hins vegar er fóðurverð í Danmörku 17 kr. á kíló, í íslenskum krónum, til bónda, en um 25 kr. hér á landi. Loðdýrabændur hafa horft til þess að þeir geti nýtt úrgang sem annars verður að farga eða urða með ærnum kostnaði, t.d. úrgang frá laxaslátrun og úrgang frá kjúklingaslátrun. Þeir hafa vænst þess að geta jafnvel fengið stuðning, svipaðan og veittur er erlendis, förgunarstuðning til að nýta þennan úrgang til loðdýrafóðurs.

Virðulegi forseti. Umrædd nefnd skilaði áfangaskýrslu í október og gerði þá ráð fyrir ákveðnum tillögum. Þá var þess vænst að nefndin mundi skila fullnaðartillögum áður en gengið yrði frá fjárlögum á síðasta hausti, í desember. En ekkert hefur samt bólað á þeim enn. Loðdýrabændur eru orðnir langeygir eftir því að þessar tillögur líti dagsins ljós og enn langeygari eftir því að ráðherra hrindi þeim í framkvæmd.

[15:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hinn 4. september 2003 skipaði ég nefnd sem falið var það hlutverk að leita lausna á bráðum rekstrarvanda sem að loðdýrarækinni steðjaði. Jafnframt var nefndinni falið að huga að mögulegum leiðum til að jafna samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart framleiðendum í öðrum löndum og á annan hátt að auka rekstraröryggi í greininni til langs tíma. Nefndin skilaði áliti, eins og fram kom í ræðu hv. þm., í október 2003. Á grundvelli þess voru tryggðar 15 millj. kr. í viðbótarframlag til greinarinnar á fjáraukalögum 2003, eins og hv. þingmenn minnast. Það framlag kom ofan á þann stuðning sem veittur var á síðasta ári. Sá samningur átti að gilda út síðasta ár samkvæmt því sem samið var um fyrir fimm árum varðandi opinberan stuðning, ef ég man þetta rétt.

Nefndin hefur síðan unnið að gerð tillagna sem miða að því að treysta rekstrargrundvöll greinarinnar til frambúðar. Í áliti nefndarinnar kemur fram að á síðustu árum hafi þróun greinarinnar um margt verið hagstæð. Frjósemi dýranna hefur aukist, stærð skinnanna vaxið og gæði felda batnað. Segja má að íslenskir loðdýrabændur hafi verið í miklum sóknarhug og náð miklum árangri í ræktunarbúskap sínum. Því er rétt að áætla að á tiltölulega fáum árum geti loðdýrabúskapur á Íslandi náð því lokamarkmiði að verða sjálfstæð útflutningsgrein í harðri alþjóðlegri samkeppni, eins og hún vissulega stefnir að.

Það sem að mati nefndarinnar stendur loðdýraræktinni fyrst og fremst fyrir þrifum hér er verð á fóðri. Fóðurverð í helstu samkeppnislöndum er um 17 kr. á kíló, eða 32–34% af reiknuðu meðalverði skinna. Hér á landi er fóðurverðið hins vegar að jafnaði 24,50 kr. á kíló heimkomið til bónda, eða 52–55%. Munurinn er sá að fóðurverðið hér er 52–55% en í samkeppnislöndum 32–34% af reiknuðu meðalverði skinnanna. Þarna skilur að þrátt fyrir að hráefnisverð til fóðurframleiðslu sé mun lægra hér en í nágrannalöndum. Við búum í stóru landi og búin eru dreifð, við eigum eitthvert besta hráefni sem til er og það er ódýrara en samt stöndum við í þessum vandasömu sporum hvað þetta varðar.

Nefndin telur því að áhrifaríkasta leiðin til þess að efla samkeppnisstöðu greinarinnar sé að endurskipuleggja fóðurframleiðsluna þannig að verð á loðdýrafóðri verði sambærilegt við það sem gerist í samkeppnislöndum. Nefndin vinnur nú að gerð tillagna um það hvernig framangreindu markmiði verði náð. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum í lok apríl og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvort grundvöllur er fyrir gerð aðlögunarsamnings við Bændasamtökin um starfsskilyrði greinarinnar. Ég hef eðlilega rætt það í ríkisstjórninni að sú vinna sé í gangi hvað sem svo kann að gerast.

Eitt er ljóst að enda þótt skinnaverð á heimsmarkaði sé hagstætt er dollarinn samt mjög óhagstæður greininni, þ.e. þróun hans. Loðdýraskinn eru í rauninni seld í dollurum um allan heim. Það hefur meiri áhrif. Ef dollarinn væri eins og hann var í fyrra eða hittiðfyrra væri enginn vandi hjá þessari grein í dag, þá væru tekjurnar miklar.

Hvað varðar aðra spurningu hv. þm. um aukna nýtingu sláturúrgangs í loðdýrafóður þá er það eitt af þeim atriðum sem ég hef nefnt, að nefndin hefur verið að fara yfir það og skoða enn betur.

Hvað þriðju spurninguna varðar er ljóst að flutningskostnaður er mjög íþyngjandi fyrir greinina eins og ég hef sagt. Brýnt er að skoða að hve miklu leyti hægt er að lækka þann kostnaðarlið með bættu skipulagi flutninga á fóðri og hráefni í fóður og með endurskipulagningu og hagræðingu hjá fóðurstöðvunum. Þau mál eru nú til umfjöllunar í þessari ágætu nefnd. Í henni sitja eðlilega loðdýrabændurnir sjálfir og ráðunautur þeirra og síðan menn úr landbrn. þannig þetta er allt í farsælu samstarfi og málin eru í fullri vinnslu og, í sátt ég veit ekki betur. Ég hitti þessa menn á dögunum og við ræddum þessi mál.

[15:49]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Loðdýrabúum hefur fækkað afar mikið undanfarin ár og þau eru aðeins 35 eftir í landinu í dag. Ég tel að þau bú sem eru starfandi séu rekin af fullri alvöru og að mjög sé vandað til allra vinnubragða í dag. Það kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að gjaldeyristekjur af loðdýraræktinni eru 400 millj. kr. á ári. Nú þrengir mjög að greininni í Evrópu þannig að menn telja jafnvel að loðdýraræktin geti orðið miklu mikilvægari atvinnugrein hér á landi. Ég átti þess kost á síðasta ári að fara til Noregs og skoða þar fóðurverksmiðju sem notar sláturúrgang. Norðmenn niðurgreiða flutningskostnaðinn til loðdýrabúa sinna. Ég tel mjög mikilvægt að hugað sé að því sem umhverfismáli líka hvernig við förum með úrganginn, að í stað þess að urða hann að nýta hann í loðdýrafóður.

[15:50]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Hér er á ferðinni mjög áhugaverður búskapur og mér finnst afskaplega undarlegt og hef í raun og veru aldrei skilið það af hverju sá búskapur hefur þurft að berjast svona mikið í bökkum, því að maður skyldi halda að á Íslandi væru góðar aðstæður til að stunda loðdýrarækt. Hér er nóg framboð af fóðri og eins og hv. þm. Jón Bjarnason nefndi áðan skila þessi bú, þau fáu bú sem eftir eru, umtalsverðum gjaldeyristekjum.

Mig langar til að spyrja að því hvort ekki sé ástæða til að athuga — hæstv. landbrh. talaði um að það þyrfti að ná niður framleiðslukostnaði — hvort ekki þyrfti hreinlega að íhuga það betur að koma einmitt upp stórum, öflugum fóðurstöðvum með trygga aðdrætti, bæði frá sláturhúsum og frá fiskiðnaði, og íhuga það líka að stækka búin og reyna þannig að ná niður framleiðslukostnaði. Það er alveg rétt sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir benti á áðan að við erum að mörgu leyti mjög vel í sveit sett landfræðilega.

[15:51]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. landbrh. í hverju verðmunurinn á fóðrinu hér og í samkeppnislöndunum liggur. Nú er ljóst að hráefnið sem fer í þessi dýr er sjaldnast nýtt í neitt annað þannig að ef það fer ekki í fóðurgerð mun þurfa að farga því og þá leggst kostnaður á þau fyrirtæki sem þurfa að losna við hráefnið. Liggur kannski munurinn í því að fyrirtæki í útlöndum sem skila hráefni frá sér í fóðurgerð greiða þá með því inn í fóðurstöðvarnar í samkeppnislöndunum? Það væri ágætt að ráðherra notaði tíma sinn í seinni ræðu sinni til að fara stuttlega yfir það mál.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin og hv. þm. fyrir innlegg þeirra í umræðuna. Ég ítreka enn og aftur að loðdýraræktin er nánast alfarið byggð á innlendum framleiðsluþáttum, launum og fóðri og þekkingu. Þannig að útflutningsverðmætið sem skapast er má heita nettó gagnvart þeim viðskiptum. Þessi búgrein getur líka nýtt til fóðurs og breytt í dýrmæta útflutningsvöru úrgang úr sláturhúsum, t.d. fuglasláturhúsum eins og hérna hefur verið nefnt og þau hafa einmitt sóst eftir, en erlendis tíðkast að það sé niðurgreitt eða þá að förgunarkostnaðurinn komi líka til móts við það þannig að þeir sem framleiða fóður úr þeim úrgangi fá hluta af þeim förgunarkostnaði sem annars verður að greiða. Það er mjög sanngjarnt að það sé einnig tekið upp hér.

Þá vil ég og benda á að hér eru erlendir aðilar, mig minnir að það séu danskir aðilar, sem safna saman fiskúrgangi til þess að flytja til Danmerkur og nota í loðdýrafóður þar. Loðdýraræktin hér á landi á því í samkeppni við Dani um fiskúrgang þannig að héðan er fluttur út íslenskur fiskúrgangur til loðdýrafóðurs. Það er því alveg ljóst að skekkjur eru í samkeppnisstöðu íslenskra loðdýraræktenda gagnvart nágrannalöndum okkar þar sem opinberir aðilar virðast koma að með beinum hætti og mikilvægt að við látum ekki framleiðendur okkar gjalda þeirrar stöðu, heldur sköpum þeim hliðstæð skilyrði.

Ég legg áherslu á að nefnd hæstv. ráðherra skili sem allra fyrst störfum, þannig að ráðherra geti gripið (Forseti hringir.) til þeirra úrræða sem hann mögulega getur og ég vænti fastlega að hugur hans standi verulega til.

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka umræðuna og þann áhuga sem fram kemur hjá hv. þm. um málefnið, loðdýraræktina, og ítreka það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni að vandinn er heilmikill þó að auðvitað beri fyrst og fremst að virða og viðurkenna að þessir bændur hafa farið mjög vel í gegnum mál sín á síðustu árum. Ríkisvaldið hefur komið til móts við þá aftur og aftur með skuldbreytingum og aðstoð við greinina, sem var mikilvægt. Ég tel að síðustu árin hafi þeir gert þetta af enn meiri fagmennsku en oft áður og verið í góðu samstarfi við nágrannalöndin þannig að mér finnst möguleikar þeirra vera heilmiklir.

Ég hygg að það sé rétt sem kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar að það sem menn þurfa að fara yfir, og ég gat um í ræðu minni, eru auðvitað fóðurstöðvarnar, hvernig þær eru reknar og hvernig fóðurs er aflað og hvað það kostar. Bændurnir hafa einnig verið að stækka bú sín og gera þau hagkvæmari í greininni þannig að það hefur verið að skila árangri.

Hvað varðar verðmun hér og annars staðar þá er, eins og kom fram í ræðu minni, hráefnisverð til fóðurframleiðslunnar mun lægra hér en í nágrannalöndunum — Danir sækja hráefni sitt hingað að hluta til, það er gott og einstakt hráefni — en þrátt fyrir það stöndum við frammi fyrir því að þegar það kemur til bóndans er það upp í 55% af skinnaverðinu en er hæst 34% í samkeppnislöndunum. Nefndin er að fara yfir þetta.

Ég legg áherslu á að bændurnir hafa náð gríðarlegum árangri í frjósemi dýranna. Stærð skinnanna og fóðrið er grundvallaratriðið í búskapnum og svo það náttúrlega að dollarinn hefur skekkt myndina hvað afkomuna varðar. En nefndin mun eins og ég hef áður sagt skila af sér á næstu dögum og þá verður farið yfir þessi mál á nýjan leik.

Slátrun alifugla.

Fsp. JBjarn, 900. mál. — Þskj. 1368.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbrh. um slátrun alifugla. Spurningarnar eru svohljóðandi:

1. Hve mörg alifuglasláturhús hér á landi taka aðra alifugla en hænsn til slátrunar, svo sem aligæsir, aliendur, alidúfur og fasana?

2. Hvernig hyggst ráðherra beita þeirri heimild í reglugerð um alifuglasláturhús „að setja sem skilyrði, að leyfishafa sé skylt að annast slátrun fyrir þá alifuglabændur sem þess óska, enda þótt þeir eigi ekki aðild að viðkomandi sláturhúsi“?

Herra forseti. Fjölbreytni í atvinnulífi og atvinnurekstri í smáum og stórum einingum jafnt líka í matvælaframleiðslu, er hluti af auðlegð landsins. Anda- og gæsarækt hefur lengi verið hér nokkur, oftast þó í smáum einingum og sem aukabúgrein. En hún hefur aukið á fjölbreytni í matarframboði og auk þess veitt þeim sem reka hana nokkrar tekjur. Áhugasamir einstaklingar hafa jafnvel flutt inn fugla og hafið dúfueldi eða fasanaeldi, auk anda- og gæsaeldis sem hér hefur lengst af verið. Það er náttúrlega mikilvægt að slátrun og meðferð þessara dýra sé með þeim hætti sem lög kveða á um. En á síðustu árum hafa mál þróast með þeim hætti að sláturhús sem hafa tekið þessa fugla áður, kjúklingasláturhús, hafa færst á örfárra hendur og orðið í eigu aðila sem jafnframt reka framleiðslu á kjúklingum. Þeir hafa nú á undanförnum missirum, það ég best veit, lokað eða verið afar tregir og jafnvel lokað á minni framleiðendur og ekki gefið þeim kost á að kaupa slátrun við þær aðstæður.

Nú hefur ráðherra ákveðna heimild í reglugerð til þess að skilyrða starfsleyfi þessara sláturhúsa í því að skylda þau til þess að taka til slátrunar fugla frá öðrum framleiðendum þó svo að þeir eigi ekki beina eignaraðild að sláturhúsinu.

Mat mitt er að það sé afar mikilvægt að þessi krafa sé virk og að landbrn. hugi að því með hvaða hætti það getur styrkt og stutt við sem fjölþættasta framleiðslu í landbúnaði, t.d. anda- og gæsarækt eins og ég hef minnst á, og hæstv. landbrh. hefur einmitt á þinginu í vetur getið sérstaklega áhuga síns á því að auka fjölbreytni í landbúnaði og ekki síst í hinum minni einingum og þá í heimaöflunarbúskap. Ég hef nú gert grein fyrir spurningum mínum til hæstv. landbrh.

[16:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég hef sem landbrh. mikinn áhuga á að auka fjölbreytni landbúnaðarins. Fjölbreytni landbúnaðarins hefur sem betur fer aukist á síðustu árum. Viðbótargreinar dafna og þrátt fyrir samdrátt og fækkun búa í hefðbundnum búskap höfum við séð nýja búgarða, ný atvinnutækifæri og mikla nýsköpun eiga sér stað víða um sveitir landsins.

Hvað þá fyrirspurn varðar sem hér er lögð fram, um hve mörg sláturhús séu rekin hér á landi til að slátra alifuglum, hænsnum og aligæsum, aliöndum, alidúfum og fasönum, þá eru rekin fjögur alifuglasláturhús sem nú eru starfandi. Ekkert þeirra slátrar þessum tegundum, aligæsum, aliöndum, alidúfum né fasönum. Starfsemi þeirra snýst því mest um kjúklinginn, að ég spái.

Hv. þm. spyr síðan: „Hvernig hyggst ráðherra beita þeirri heimild í reglugerð um alifuglasláturhús „að setja sem skilyrði, að leyfishafa sé skylt að annast slátrun fyrir þá alifuglabændur sem þess óska, enda þótt þeir eigi ekki aðild að viðkomandi sláturhúsi“?“

Ég vil taka fram, hæstv. forseti, að í öllum þeim sláturhúsum sem hér starfa, sem eru einkasláturhús, er tækjabúnaður miðaður við að slátra kjúklingum. Tækjabúnaðurinn hentar ekki til slátrunar á öðrum fuglategundum, nema þá kalkúnum í einu sláturhúsinu. Því er erfitt að skylda sláturhúsin til að slátra öðrum fuglategundum.

Strangar reglur gilda um heilbrigðisástand fugla sem slátrað er í alifuglahúsunum. Eru tekin sýni af þeim á eldistíma og þau rannsökuð með tilliti til salmonellu og kampýlóbakter. Óheimilt er að slátra hópum sem jákvæð salmonellusýni greinast úr. Sláturleyfishafar eru tregir til að taka til slátrunar fugla sem aldir eru við ótryggar aðstæður. Þá eru meiri líkur á smiti með ofangreindum sýklum. Reynslan hefur sýnt að komist salmonellumengun inn í tækjabúnað alifuglasláturhúsa getur reynst erfitt að losna við hana aftur. Þess vegna hefur málið reynst snúnara en það virðist fljótt á litið. Salmonellan hefur því miður sótt dálítið í fugla hjá einstaklingum sem hafa verið með litlar andahjarðir. Þeir sem reka alifuglasláturhús, kjúklingasláturhúsin, hafa því verið mjög tregir til að opna þau fyrir slíkri slátrun. Þeir hafa hreinlega ekki sætt sig við að sæta þeirri reglu.

Af þessum ástæðum hef ég ekki talið fært að skylda sláturleyfishafa í alifuglasláturhúsum til að slátra aligæsum, aliöndum, alidúfum og fasönum, eins og heimild er fyrir í reglugerð sem hv. þm. minntist á. Ég tel það ekki fært út frá heilbrigðissjónarmiði og með tilliti til framtíðar kjúklingasláturhúsanna og auðvitað heilbrigðis fólksins í landinu. Það er hinn anginn af málinu.

[16:05]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með hæstv. landbrh. Það er erfitt að skylda sláturhús í einkaeigu til að taka við slátrun sem þeir vilja ekki sjálfir, aðallega vegna heilbrigðiskrafna og smithættu sem orðið getur í húsunum. Þetta er mjög viðkvæm vara. Það þarf að gæta fyllsta hreinlætis og er mjög alvarlegt ef sjúkdómshætta skapast og bakteríur berast inn í sláturhúsin. Ég tel að þeir sem ákveða að rækta aligæsir, aliendur, alidúfur eða fasana, verði einfaldlega að gera ráð fyrir því áður en þeir fara í slíkan búskap að þeir verði að koma sér upp sláturhúsi eða semja um það fyrir fram, áður en þeir fara út í að framleiða þessar afurðir.

[16:06]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Svar hæstv. landbrh. vakti forvitni mína. Hann talaði um að heilbrigðissjónarmið réðu því að hann teldi sér ekki fært að skipa sláturhúsum að taka aligæsir, aliendur, alidúfur og fasana til slátrunar. Heilbrigðissjónarmið, segir hann, en þá spyr ég: Hvernig er slátrun þessara fugla háttað á Íslandi? Hvernig er eftirliti með því háttað? Hverjir gæta hagsmuna neytenda? Er þetta bara öxin og höggstokkurinn sem gildir og síðan einhver kona með bala reytandi fiður? (**Gripið fram í:** Kona, ekki karl?) Eða karl.

Mér finnast svörin sem koma fram í þessu mjög undarleg. Ég ætti kannski frekar að segja að það sé gloppa í svörunum. Fjögur sláturhús af þessu tagi eru rekin á Íslandi. En ef fólk er að framleiða fuglakjöt af öðrum tegundum en kalkúnum og hænsnum þá finnst mér mjög skrýtið að það fuglakjöt sé selt á opnum markaði án þess að um það gildi neinar reglur.

[16:08]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er virðingarvert ef heilbrigðissjónarmiðin eru látin ráða. En það má velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að nota heilbrigðissjónarmið til að útiloka aðra frá því að komast að slátrun. Viðkomandi fyrirtæki reka einnig kjúklingabú og reka því ekki eingöngu sláturhús. Þetta

gæti einnig verið spurning um að ná markaðnum, alfarið og eingöngu, og ég tel að það þurfi einnig að skoða þann þátt.

Ég spyr hæstv. ráðherra, hafi það ekki þegar komið fram í svari hans en ég heyrði því miður ekki allt, hvar og hvernig aðilar með þessa ræktun, sem aldrei hefur verið mikil, á aligæsum, aliendum, alidúfum, fasönum og öðrum tegundum, eiga þá að slátra. Hvaða aðbúnaðar er krafist og hvernig er slátrun leyst í dag?

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þótt mér hafi fundist þau rýr. Ég þakka jafnframt hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunum.

Staðreyndin er sú að hér er töluvert mikill markaður fyrir fjölbreytilegt fuglakjöt. Töluvert mikið er flutt inn af fuglakjöti, öndum, gæsum og öðrum fuglum. Áhuginn er því til staðar.

Ég hygg að við, sem neytendur, vildum gjarnan eiga tök á að kaupa mismunandi tegundir fuglakjöts sem framleitt væri innan lands. Spurningin er með hvaða aðgerðum er hægt að koma til móts við það. Ég ætla ekki að fara fram á að hæstv. landbrh. fari sjálfur að slátra gæsum og öndum þótt ég þykist vita að hann sé alinn upp við að bjarga sér í þeim efnum eins og fleiri okkar. Engu að síður var þetta gert í þessum sláturhúsum til skamms tíma. Þá var samið um það við eiganda sláturhússins og teknir frá ákveðnir dagar til að taka þessa fugla inn. Ég er ekki viss um að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að það þurfi sérútbúnað til þess. Fyrst og fremst snýst þetta um heilbrigðiseftirlit. Ákveðinn búnað þarf reyndar en ég er ekki viss um að það eigi að útiloka slíka slátrun.

Á hinn bóginn verður að skoða hvaða möguleikar eru til að koma upp litlum, sérhæfðum sláturhúsum fyrir minni fuglategundir og hvort kröfur til þeirra séu með þeim hætti að það sé framkvæmanlegt að hafa þau tímabundið í notkun til þessara verka o.s.frv. Ég tel mikilvægt að finna farveg til *að stuðla að því að þessar greinar framleiðslu á margskonar* fuglakjöti geti þrifist og það sé gert samkvæmt eðlilegum heilbrigðiskröfum.

[16:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að núverandi ástand stendur þessum búgreinum, hvað þessar fuglategundir varðar, dálítið fyrir þrifum. Ég get tekið undir með hv. þm. Drífu Hjartardóttur hvað það varðar að auðvitað verða þeir sem ætla að gera þetta að atvinnu sinni að huga að slátruninni áður en lagt er af stað. Huga verður að því hvernig þeir ætla að koma vörunni til neytenda og hvar þeir ætla að slátra fuglunum.

Ég sagði áðan að ég treysti mér ekki til að setja reglugerð og skylda kjúklingasláturhúsin til að taka þessar tegundir inn á sig í ljósi þess sem gæti í kjölfarið komið upp í slíkum húsum, þ.e. kampýlóbakter eða salmonella. Slík sýking er mjög þrálát og mjög erfitt að eiga við hana. Kjúklingabændur hafa tekið vel á vanda sínum. Þeir hafa orðið fyrir miklum áföllum af þessu tagi og ríkið hefur komið þeim til hjálpar í þeim efnum. Ég hygg að árið 2000 hafi síðast orðið slíkt áfall. En það er mjög erfitt að skylda húsin til að taka við þessari grein, sem er enn áhættusamari varðandi sýkingar.

Ég hygg að rækt af þessu tagi sé ekki rekin sem stór búskapur í dag. Auðvitað er til heimaslátrun. Hún er lögleg og menn geta borðað afurðir sínar sjálfir. Þannig er það kannski yfirleitt. Við seljum villta fugla í verslunum. Það er annar handleggur. Eru þeir hreinir af þessu? Þetta eru allt saman spurningar.

Ég segi fyrir mig að ég held að þeir sem þennan atvinnurekstur stunda þurfi að standa saman eins og menn gera í atvinnurekstri og koma sér upp snoturri aðstöðu sem stenst kröfur heilbrigðisyfirvalda og neytenda, þar yrði þessum dýrum fargað til neyslu. Ég sé í raun engar aðrar leiðir í þessu máli.

Markaðssetning lambakjöts innan lands.

Fsp. AKG, 902. mál. — Þskj. 1370.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Undanfarin ár hefur mikið fjármagn verið lagt í markaðssetningu lambakjöts erlendis með allsendis ófullnægjandi árangri, ef horft er á árangurinn frá sjónarhorni bóndans. Hann fær sjaldnast nokkuð fyrir þau tæplega 40% af framleiðslunni sem hann eru skyldaður til að flytja út. Í besta falli fær hann það sem nemur breytilegum kostnaði við framleiðsluna. Hins vegar hefur engin áhersla verið lögð á þann eina markað sem nokkuð víst er að skili bóndanum einhverju, þ.e. innanlandsmarkað.

Á síðasta ári voru um 300 þúsund gistinætur á hótelum og gististöðum hérlendis. Hvorki hótelum né matsölustöðum barst ein einasta hvatning um að íslenskt lambakjöt yrði kynnt sérstaklega. Þaðan af síður voru þeim gerð tilboð til að hvetja til neyslu lambakjöts. Mér leikur forvitni á að vita hvort hæstv. landbrh. telur ekki mikilvægt að settur verði kraftur í markaðssetningu lambakjöts á innanlandsmarkaði og til hennar verði vandað á sambærilegan hátt og við markaðssetningu erlendis?

[16:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram, að bæði úr þessum ræðustól, í fjölmiðlum og hvert sem ég hef farið hef ég hvatt bændur til að standa vörð um sterkasta markað sinn, innanlandsmarkaðinn, og sækja fram á honum því hann sé þeim langdýrmætastur. Það er því alveg skýrt í mínum huga.

Það eru stór orð af hálfu hv. þm. að segja að engin áhersla sé lögð á innanlandsmarkaðinn. Auðvitað leggja bændur og afurðastöðvar þeirra mikla áherslu á innanlandsmarkaðinn. Við sjáum það í auglýsingum, blöðum og í sjónvarpinu. Ég er t.d. hér með boðskort þar sem mér er boðið að vera við upphaf mikillar markaðssetningar á vegum Sláturfélags Suðurlands og Hagkaupa, fimmtudaginn 29. apríl kl. 17, hæstv. forseti, svo ég auglýsi (**Gripið fram í:** Megum við koma líka?) hátíðina og þið eruð öll hjartanlega velkomin þangað. Það er því víða mikið um að vera í verslunum og ég er við margar uppákomur.

Það er mikið fjármagn lagt í að auglýsa lambakjöt og markaðssetja það hér heima. Ég get tekið undir með hv. þm. að það má gera það með enn áhrifaríkari hætti og bændurnir verða að leita leiða til þess. Hér stendur ekki markaðsstjóri lambakjötsins þó hann hafi mikinn áhuga á málinu og finnist lambakjötið mjög gott og sárni ef það verður undir. Það er mikið borðað af lambakjöti og eins og skáldið sagði er lambakjötið gullinmura og gleymmérei. Þannig bragðast

það. Það er mikil áhersla lögð á það innan lands og má gera það enn þá betur.

Ég get tekið undir með hv. þm. að ég hef aðeins orðið þess var hvað íslenska lambið, mjólkurvörurnar og ostinn varðar, að þar eru mikil sóknarfæri sem ég held að þessar atvinnugreinar þurfi að nota betur.

Hvað varðar útflutningsskylduna sem hv. þm. minntist á, er hún atriði sem bændur hafa borið í samninga sína og er þar að þeirra tilstilli. Þeir hafa talið hana mikilvæga til þess að standa saman að markaðssetningu á erlendum vettvangi. Ég finn það hér og víðar að menn eru að hnýta í markaðssetninguna erlendis, en á síðustu fimm árum höfum við verið að gera þetta með öðrum hætti en áður, selja lambið sem gullinmuru og gleymmérei sem íslenska náttúruafurð úr hreinu umhverfi og erum komin inn á fleiri hundruð verslanir í Bandaríkjunum, Ítalíu og í Danmörku vorum við að sjá hærra verð en áður. Ég geri mér grein fyrir að þeir sem lögðu upp í markaðssetningu fyrir íslenska fiskinn úr hafinu hreina fyrir 50 árum sættu sama áróðri, að það væri vitlaust og menn ættu ekki að standa í því, en hann stendur undir lífskjörum Íslendinga.

Ríkið hefur því lagt aðeins pening í átaksverkefni sem heitir Áform og er má segja markaðssetning á Íslandi í heild sinni, 25 millj. kr. á ári koma úr fjárlögum. Verið er að selja Ísland í gegnum Áform og það er fleira en lambið. Þetta skilar ferðamönnum til baka og ég held að það skili Íslandi miklu. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. af því ég hef verið viðstaddur sölumennsku á vegum Áforms og Iceland Naturally í Bandaríkjunum, hef fylgst með Sigga Hall og Baldvini Jónssyni og fleirum meisturum Íslands í sölumennsku, fólki frá Flugleiðum o.s.frv., að mér finnst mjög áhugavert að bændurnir og afurðastöðvar þeirra beiti sams konar aðferðum hér heima til að stækka markað sinn og efla hann og nefni það oft við Bændasamtökin og Landssamband sauðfjárbænda að þeir eigi að fara sömu leið, þeir þurfi að herða róðurinn, þeir þurfi að ná til neytendanna með sams konar hætti og menn eru að gera erlendis.

Ég ítreka að mikið fjármagn fer í að markaðssetja íslenskt lambakjöt. Ég hef ekki tölur um það hér. Afurðastöðvarnar leggja mikinn kostnað í að auglýsa lambakjötið og verslanirnar leggja líka mikið á sig til þess að auglýsa að þær séu með úrvalslambakjöt. Við sjáum reyndar að afurðastöðvar bænda víða um land hafa verið að sérhæfa sig í sínu fjallalambi o.s.frv. Það þykir neytandanum vænt um og svarar kalli þeirra. Þetta er því allt á góðri leið, en betur má ef duga skal.

[16:20]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur að innlendi markaðurinn er mjög mikilvægur, en jafnframt er mjög þýðingarmikið að halda áfram því ágæta starfi sem hefur verið unnið í útflutningnum. Eins og fram kom hjá hæstv. landbrh. hefur salan verið að aukast á Bandaríkjamarkaði, Ítalíu, Danmörku og víðar og þeir sem selja afurðirnar eru að byrja meira samstarf en verið hefur.

Ég vil nefna hvað það var skemmtilegt að fylgjast með Food and Fun hátíðinni í vetur. Gríðarleg þátttaka var meðal erlendra aðila sem komu hingað til lands og blaðamenn skrifuðu um hátíðina. Jafnframt því hefur Áform verið að auglýsa Ísland sem gott land að sækja heim.

[16:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst íslenskir bændur ekki hafa staðið sig í því að selja íslenskt lambakjöt á innanlandsmarkaði, langt því frá. Kannski er það ekki bara bændunum að kenna, heldur einhverjum fleirum. Mér finnst lambakjöt vera boðið með óviðunandi hætti í mörgum verslunum í landinu. Fólk hefur ekki aðgang að kjötinu flokkuðu og tilhöfðu eins og nútíminn gerir kröfu um. Ég er alveg sannfærður um að þar liggja lyklarnir að því að fá miklu meiri nýtingu á kjöti og miklu meiri sölu, þó það verði dýrara. Krafan í dag er að þetta sé góð vara og passi í þá matargerð sem fólk ætlar að nýta hana í og henni þarf að verða við. Það er langt frá því að það sé gert. Ég held að það sé mikilvægt og vil koma því á framfæri.

[16:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að það hlýtur að vera hægt að selja meira af lambakjöti hér á landi en gert er í dag. Að vísu er það alveg rétt og við vitum það öll að kjötmarkaðurinn hér á landi hefur verið að ganga í gegnum miklar hremmingar með miklu offramboði og mikilli offramleiðslu á bæði svínakjöti og kjúklingakjöti. En því miður hefur líka verið offramleiðsla á lambakjöti, (Gripið fram í.) þrátt fyrir að salan hafi eitthvað aukist.

Mig langar að spyrja hvort það sé ekki rétt, um leið og við hugleiðum hvernig við getum selt meira af lambakjöti, að hugleiða í leiðinni hvernig við getum dregið eitthvað úr framleiðslunni. Í því sambandi hefur mér oft dottið í hug svokallaðir frístundabændur vítt og breitt um landið sem eru með örfáar rolluskjátur hingað og þangað og framleiða lambakjöt. Ég heyrði einhvern tímann hæstv. landbrh. lýsa því yfir að hann teldi það vera mannréttindi að eiga sauðkind. Kannski á síðustu öld og þarsíðustu öld og á öldunum þar á undan, en varla í dag, því miður, því það þarf að torga öllu þessu kjöti. Það væri gaman að vita hvort hæstv. landbrh. telji það mannréttindi enn í dag að eiga sauðkind á Íslandi árið 2004.

[16:24]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mér finnst alltaf dálítið langsótt þegar verið er að tala um markaðssetningu bænda á lambakjöti, því það eru ekki bændurnir sem markaðssetja. Einhverjir gera þetta kannski í umboði bænda og hugsanlega hægt að færa rök fyrir því að bændur eigi afurðastöðvarnar, en hins vegar tel ég ansi langa leið á milli bændanna sjálfra og afurðastöðvanna og annarra sem markaðssetja lambakjöt á Íslandi.

Hvað sem því líður, hver sem ber ábyrgðina, fer ég ekki ofan af því að markaðssetningin er ekki nógu faglega unnin. Ég held að við getum lært mikið af því hvernig þetta hefur verið markaðssett í Bandaríkjunum, hvað sem manni finnst um það fyrirbæri að reyna að selja íslenskt lambakjöt erlendis á verði sem skilar framleiðendunum einhverju, sem gerist ekki í dag eins og ég sagði áðan.

Með samningum milli ráðuneytisins og Bændasamtakanna var farið út í markaðssetninguna erlendis og ég tel að það megi alveg gera tilraun til að koma á samningum milli Bændasamtakanna og ráðuneytisins um að fara í faglega og góða markaðssetningu á Íslandi, því ég tek undir með þeim sem hafa talað um það hversu framboð og framsetning á lambakjöti í búðum sé óviðunandi. Ég held að við húsmæður og aðrir sem sjá um að elda mat og elda stundum lambakjöt,

getum öll talað af reynslu um hvernig lambakjötið lítur oft út í borðunum, ákaflega óaðlaðandi og mikið af eiginlega óætum bitum sem á ekki að bera á borð fyrir okkur frekar en útlendinga.

[16:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Landbrh. vill ítreka það í upphafi þessarar aldar, að það er enn skoðun hans að það séu mannréttindi að eiga sauðkind og í rauninni mannréttindi að eiga hvaða dýrategund sem er. Það gefur mörgum einstaklingum sem eiga sauðkindur mikið og það væri hastarlegt að taka það af þeim með lagasetningu. Hitt er annað mál að það er mikilvægt að skipuleggja það og sveitarfélögin geta komið því að að menn eigi ekki of margt og þak getur verið á þeirri eign þess vegna. Þetta vil ég ítreka.

Hv. þm. og fyrirspyrjandi, Anna Kristín Gunnarsdóttir, minntist á að það séu ekki bændur sem markaðssetja kjötið. Jú, afurðastöðvarnar eru armleggir bóndans. Bændurnir eru ekki beint í því að markaðssetja mjólkurvörurnar. Það er fagfólk, iðnaðarfólk, sem er glæsilegt fólk og hefur náð miklum árangri á heimsvísu, bæði í kjötinu og mjólkinni, sem fullvinnur það og svo eru sölumenn. Ég hef t.d. orðið þess var að það er mikil vakning í sveitunum, ekki síst hjá konum um allt land í gegnum verkefni sem þær eru að vinna að og ég hef tekið þátt í með þeim, að koma meira inn á það að hitta fólkið í búðunum, fara yfir markaðssetninguna o.s.frv. Það tel ég mjög mikilvægt og skiptir miklu máli að bændurnir kynnist þessu og hafi áhrif á afurðastöðvar sínar o.s.frv.

Ég tel að síðan sé við verslanir að eiga líka. Verslanirnar ráða jafnvel mestu um hvaða kjöt er borðað. Þær gera kröfur um afslætti þegar menn koma að dyrunum. Svínabóndinn gefur kannski afslátt og þá fær hann bestu hilluna og besta stæðið. Það gerir kannski kjúklingastóriðjan líka, en þá er sauðfjárbóndinn veikari. Það koma því margir aðrir inn í þetta og að því verður að hyggja.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég þakka þessa ágætu umræðu og hvet til þess að farið verði yfir málið með öllum þeim sem það varðar.

Kröfur til sauðfjársláturhúsa.

Fsp. AKG, 903. mál. — Þskj. 1371.

[16:29]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þau íslensku sláturhús sem hyggjast flytja afurðir sínar á erlendan markað eru sett undir afar stífar kröfur um tæknibúnað og annan aðbúnað. Gildir þá einu hvort um er að ræða útflutning á Bandaríkjamarkað eða á hið Evrópska efnahagssvæði. Jafnframt þurfa viðkomandi sláturhús að gangast undir miklar árlegar kröfur eftirlitsmanna innflutningslandanna um úrbætur og lagfæringu fyrir tugmilljónir á hverju ári að mati stjórnanda eins stærsta sláturhússins. Í Evrópusambandinu eru ekki gerðar sömu kröfur til sláturhúsa sem slátra á innanlandsmarkað og þeirra er flytja á erlenda markaði, enda eru kröfur til útflutningssláturhúsanna í raun tæknilegar viðskiptahindranir landa sem þegar hafa yfrið nóg af innlendu kjöti á mörkuðum sínum. Aftur á móti má víða finna orðræðu, styrkjamöguleika og reglugerðir sem miða að meira frjálsræði í viðskiptum með framleiðslu bænda og er ætlað að auðvelda innlenda markaðssetningu. Ekki síst á þetta við þegar um strjálbýlli svæði er að ræða.

Síðastliðið sumar gaf íslenska landbúnaðarráðuneytið hins vegar út reglugerð sem gerir öllum sláturleyfishöfum á Íslandi skylt að uppfylla kröfur til aðbúnaðar í útflutningssláturhúsum eða missa sláturleyfið ella. Þær kröfur gera það að verkum að lítil sláturhús í dreifbýlinu, sem mörg eru mikilvægar stoðir byggðarlaga sem eiga í vök að verjast, munu leggja af starfsemi sína. Það mun aftur torvelda heimavinnslu og sölu afurða sem, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur bent á á Alþingi, er víða að finna í Evrópu og er m.a. hluti af þjónustu við ferðamenn. Þessi ráðagerð mun líka leiða af sér að bændur missa drjúgar aukatekjur sem þeir hafa haft í sláturtíðinni og byggðirnar veikjast enn.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða ástæður eru fyrir því að meiri kröfur eru gerðar til aðbúnaðar í íslenskum sauðfjársláturhúsum en í sláturhúsum innan Evrópusambandsins sem slátra á innanlandsmarkað viðkomandi landa?

[16:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt við þessari stóru spurningu er svohljóðandi:

Núgildandi lög um slátrun, nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat í sláturafurðum, komu í stað laga sem voru frá árinu 1966. Við gerð þeirra var tekið mið af löggjöf nágrannalandanna, einkum Danmerkur. Þegar reglugerð nr. 46/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða, var samin var einnig tekið mið af reglum nágrannalandanna. Eðlilegt var talið að íslenskar reglur á þessu sviði, eins og á öðrum sviðum matvælavinnslu og dreifingar, væru sambærilegar við reglur í nálægum löndum. Einnig að afurðir sem dreift væri á innlendum markaði uppfylltu sömu kröfur og afurðir sem fluttar eru á erlenda markaði. Öll sláturhús skyldu uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur hvort sem þau sæktust eftir útflutningsleyfi eða ekki, enda er það sláturleyfishöfum í sjálfsvald sett hvort þeir sækjast eftir útflutningsleyfum eða ekki. Ég vil taka það fram að sú kröfugerð kom ekki síst frá bændum sjálfum, búnaðarþingi, Bændasamtökunum, og hafði verið til umræðu og umfjöllunar á landsfundi sauðfjárbænda o.s.frv. Hangandi fláning er talin hreinlegri.

Síðan, eins og hv. þm. þekkja, hefur auðvitað verið gríðarlegur vandi í rekstri afurðastöðvanna sem er hluti af því, og ríkisvaldið hefur tekið þátt í, að úrelda hús til þess að hagræða í greininni. Ég get tekið undir það í málflutningi hv. þm. að mörg þessi hús eru mikilvæg atvinnutækifæri í sumum byggðarlögum til að skapa fólkinu sem þar býr, og ekki síst sauðfjárbændunum, tekjur og við höfum auðvitað séð það breytast mjög á síðustu árum. Ég hygg að þegar ég kom fyrst inn á þing hafi húsin verið á bilinu 40–50 sem slátrað var í. Sláturlömbunum hefur fækkað um helming og húsin eru núna að komast niður fyrir tíu. Þarna hefur því orðið gríðarleg breyting hvað þetta varðar og enn eru þau rekin, mörg hver, í miklum erfiðleikum á þessum markaði.

Í löggjöf nágrannalandanna er sums staðar gert ráð fyrir tvenns konar sláturhúsum. Munurinn felst einkum í stærð húsanna og hvernig opinberu eftirliti með þeim er háttað. Hreinlætis- og heilbrigðiskröfur eru hins vegar þær sömu, óháð stærð húsanna. Í lögunum frá 1997 er ekki gert ráð fyrir

tvenns konar sláturhúsum og heldur ekki í reglugerðinni þannig að lögin frá Alþingi 1997 gerðu ekki ráð fyrir þessu. Reglugerðin er þess vegna svona að því leyti, eins og ég rakti áður í ræðu minni.

Hjá Evrópusambandinu hafa reglur um matvælavinnslur verið í endurskoðun undanfarin ár og ráðgert er að nýjar reglur taki gildi þar 1. janúar 2006. Reglugerðin tekur gildi hér 2008. Samkvæmt þessum nýju reglum Evrópusambandsins eru gerðar skýrar lágmarkskröfur til allra matvælafyrirtækja, sláturhúsa jafnt sem annarra, og því ekki gerður greinarmunur á því sem telst stórt og lítið sláturhús að því er varðar framleiðslumagn. Þannig að hér er búið að marka stefnu um breytingar og menn vita þá hvað framtíðin ber í skauti sínu, að Evrópusambandið er líka að taka á í sínum málum og breyta reglum sínum horft til framtíðar.

[16:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að ástæða sé til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann ætli að beita sér fyrir því að til verði tvenns konar reglur hér eða að með einhverjum hætti verði hægt að liðka fyrir því að hægt verði að halda uppi slátrun í minni húsum og þjónustu við fólk sem bændur geti annast sjálfir. Það er ástæða til að minna á að í einhverri skýrslu sem ég sá kom fram að það væru á annað þúsund bændur í Danmörku sem hefðu leyfi til þess að selja afurðir sínar sjálfir. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að bændur fái möguleika til þeirra hluta og ég held að það sé mjög vaxandi áhugi fyrir því að skoða þann möguleika. Og mér finnst ástæða til þess að hæstv. ráðherra beiti sér einarðlega fyrir því að liðka fyrir möguleikum bænda til að auka þjónustu sína og veita hana beint.

[16:38]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. fyrir að leiðrétta ummæli sem hann viðhafði í haust, en í máli hans nú kom fram að það væri alfarið á ábyrgð innlendra stjórnvalda að herða þessar reglur til sláturhúsanna. En í haust sagði hann orðrétt, þegar ég spurði hann út í svipað atriði: „Við stöndum að vísu frammi fyrir því að Evróputilskipun um hvernig sláturhúsin skuli vera gengur hér í gildi 2008." En nú er það komið á hreint að þetta er alfarið á ábyrgð íslenskra stjórnvalda.

Það leiðir hugann að því máli sem rætt var hér á undan, þ.e. markaðssetningu íslensks kjöts. Þessi ráðstöfun mun að öllum líkindum hækka sláturkostnað og hækka þann kostnað sem fellur á kjötið, hækka verð til innlendra neytenda og skerða samkeppnisstöðu lambakjötsins á innlendum kjötmarkaði.

[16:39]

Lára Stefánsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna þessari umræðu í tengslum við sláturhús og tel að það sé mikilvægt, eins og hér hefur komið fram, að skoðun og mat á því sem slátrað er hérlendis sé einfaldara innan lands en erlendis og því stundum gerður greinarmunur á þó að það sé ekki gert hér.

Ég vildi hins vegar bæta við í því sambandi að það er brýnt að bæta aðgerðir varðandi flutning á lifandi búfénaði til að gera sláturhúsum kleift og auðveldara að flytja sauðfé, en oft er um langan veg að fara í sláturhús. Þeim er gert nógu erfitt hvað varðar skatta á flutningsgjöld sem ríkisstjórnin hefur lagt á þá, á flutninginn, sem leiðir til þess að erfitt er að fjárfesta í hagkvæmum flutningstækjum sem eru ákjósanleg fyrir búfénaðinn og vegvæn fyrir vegi landsins. Og einnig þarf að gera bændum kleift að selja kjöt, þeirra eigin vöru, þó að slátrað hafi verið í sláturhúsi þar til gerðu, án þess að réttur þeirra til niðurgreiðslna skerðist.

[16:40]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þegar svokölluð sláturhúsanefnd var að vinna og skila skýrslu um hagkvæmni í rekstri sláturhúsa, var í sjálfu sér ekkert verið að bera saman stór og lítil hús. Fyrst og fremst var verið, út frá einhverjum gefnum forsendum, að reikna út mögulega hagkvæmni á ákveðinni gerð af sláturhúsum og finna forsendur fyrir því að loka öðrum.

Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að endurskoða þau lög sem hann gat um hér og lúta að sláturhúsum í þá veru að gert verði ráð fyrir fleiri en einni tegund sláturhúsa, það verði líka gert ráð fyrir minni sláturhúsum sem geta starfað staðbundið og þar sé horft meira til staðbundins markaðar, innanlandsmarkaðar. Það gæti bæði verið fjölskyldusláturhús og eins sláturhús sem tæki yfir afmarkað svæði, en við verðum að tryggja meiri fjölbreytni og víðtækari aðkomu að slíkri framleiðslu. Þessi lagasetning og reglugerðarsetning ráðherra er allt of einskorðuð.

[16:42]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Oft hefur verið rætt um sláturhús í þessum þingsal og ég vil bara minna á að sláturhúsin hafa átt í miklum vandræðum undanfarin ár, í mörg ár, og það er því ekki af engu sem lagðar eru 170 milljónir í úreldingu sláturhúsa. Það er ekki vegna þess að þeim gangi svo vel. Það var kominn tími til að þeim yrði fækkað, það varð að fækka þeim, og núna eru þau orðin fá en þau munu í framtíðinni trúlegast verða enn færri. Það er kannski ekkert endilega það sem við viljum sjá, ég mundi vilja sjá að einhver af litlu sláturhúsunum fengju að starfa áfram. Og mjög fróðlegt verður að sjá hvernig hin nýju ríki sem eru að ganga í Evrópusambandið munu laga sig að þeim kröfum sem Evrópusambandið setur sláturhúsum.

En varðandi það sem kom fram áðan um niðurgreiðslur þá eru þær ekki til. Það eru beingreiðslur.

[16:43]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mig langar að taka fyrst upp það sem fram kom í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur um að fróðlegt væri að sjá hvernig ný aðildarríki Evrópusambandsins lagi sig að reglum Evrópusambandsins varðandi sláturhús. Ég tel að það verði ekki flókið svo lengi sem þau ætla ekki að flytja út, því það er fyrst þegar fara á að flytja út sem kröfurnar eru harðar. Það er það sem ég er að tala um í máli mínu, að okkur ber engin skylda til að leggja sömu kröfur á þau sláturhús sem hyggjast slátra á íslenskan markað og þau sem ætla að flytja út afurðir sínar. Og það er mjög mikilvægt að því hefur ekki verið mótmælt í dag, enda er það erfitt því að upplýsingar um slíkt eru á heimasíðu breska landbúnaðarráðuneytisins og þar hef ég lesið mér til. Þar hef ég líka séð umsóknareyðublöð um slátrunarleyfi. Ég hef séð þar hvatningar til bænda um að sækja um styrki og leiðbeiningar hvernig fara eigi að því til þess að vinna afurðir heima og markaðssetja þær. Þannig að þar sem víðar mættum við taka Evrópusambandið okkur til fyrirmyndar.

Ég tek undir þá áskorun sem fram kom áðan til landbrh., að vísu þarf hann ekki að fara í lagasetningu vegna þess að aðeins er um reglugerð að ræða, en ég hvet ráðherra til þess

að breyta reglugerðinni sem hann setti í sumar er leið um það að öllum sláturhúsum á Íslandi beri að hafa aðbúnað sem sé viðurkenndur til útflutnings og leyfa á Íslandi tvær gerðir af sláturhúsum, þ.e. sláturhús sem geta flutt út afurðir sínar og sláturhús sem slátra á innanlandsmarkað.

[16:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að sú reglugerð sem ég skrifaði undir um framtíðarmarkmiðin, hangandi fláningu 2008, var mjög lengi á mínu borði. Ég ræddi mjög við hagsmunaaðila, Bændasamtökin, Landssamband sauðfjárbænda, sláturleyfishafa og fleiri um hvort rétt væri að setja þessa reglugerð. Þeir töldu allir mjög mikilvægt að sú stefnumótun lægi fyrir og yrði gerð, að hér væri ein regla í þessu. Þannig varð sú reglugerð til.

Hvað varðar minni hús er það auðvitað svo að ef Jón bóndi á Bala vill byggja sláturhús eftir þessum reglum og slátra 10 lömbum á dag eða 20 þá fær hann eðlilega til þess leyfi. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er enginn útúrsnúningur, hv. þm.

Hins vegar kom í ræðustól hv. þm. Sigurjón Þórðarson og bullaði. Hann þyrfti að fara í skóla og læra að reikna upp á nýtt (**SigurjÞ:** Ég las nú bara þína ræðu.) því að hann sagði að sú niðurstaða að hagræða í sláturhúsunum mundi þýða að sláturkostnaður mundi hækka, verð til neytenda mundi hækka en verð til bænda mundi lækka. Þetta er þveröfugt við allar þær niðurstöður sem liggja fyrir, bæði í skýrslu sláturhúsanefnda og allan þann útreikning hef ég látið fara yfir.

Talið er að sú hagræðing sem ákveðin hefur verið í sláturhúsunum muni bæta hag neytenda, lækka verð til þeirra, styrkja stöðu bændanna — fæ ég hljóð fyrir hv. þingmönnum forseti?

(**Forseti** (JBjart)**:** Ég vil biðja þingmenn um að gefa ráðherranum hljóð.)

Ég er að fara yfir það, hæstv. forseti, að hv. þm. kom með fullyrðingu sem ekki stenst. Niðurstaða allra sem hafa reiknað það út er sú að hagræðing í sláturhúsunum muni gera verð til neytenda hagstæðara. Bændurnir standa öruggari eða fá tryggari greiðslur í sterkari einingum. Þetta hefur verið margyfirfarið og er talið mikið og gott mál.

Það samstarf sem ég á í þessum efnum er auðvitað við Bændasamtökin, búnaðarþing, Landssamband sauðfjárbænda og fleiri. Ég nýt ráða þeirra um leið og ég hlusta þær raddir sem hér hafa heyrst.

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Hv. 10. þm. Norðvest. óskar að bera af sér sakir.

[16:48]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil fá að bera af mér sakir. Ég var borinn þeim sökum að vera að bulla. Ég get tekið undir það að vissu leyti að ég hafi bullað en eina bullið var þegar ég vitnaði í ræðu hæstv. ráðherra. Hann fór með rangt mál í umræðunni í haust og ég get lesið það á ný, bullið, ef hæstv. ráðherra kærir sig um að hlusta á það. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við stöndum að vísu frammi fyrir því að Evróputilskipun um hvernig sláturhúsin skuli vera gengur hér í gildi 2008."

Ég benti á að það kom fram í máli hæstv. ráðherra að íslensk stjórnvöld ráða því hvernig þessar reglur eru.

[16:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég var ekki að deila um þetta atriði við hv. þm. þótt ég færi vel yfir það sem er að gerast í Evrópu sem haft er til viðmiðunar. Ég var að tala um allt annað úr ræðustólnum þegar hv. þm. trylltist í salnum, sem er mjög óþægilegt undir umræðu. Menn eiga auðvitað að sýna gætni og forseti verður að taka slíka menn til bæna. Við vitum hvað á að gera við slíka menn þegar þeir láta svona í þingsalnum.

Ég var fyrst og fremst að tala um þá umræðu sem hv. þm. hafði uppi um að hagræðingin í sláturhúsunum yrði óhagstæð fyrir bændur og neytendur. Ég hef margfarið yfir það. Ég var ekkert að deila um hitt við hann. Ég rakti mjög vel í ræðu minni hvernig samanburðurinn er gerður við Evrópu. Fyrst og fremst er þessi ákvörðun auðvitað tekin af samtökum bændanna með áskorun um að reglugerðin verði sett. Það hefur verið gert þannig að þessi mál eru að því leyti hrein.

Aðlögun mjólkuriðnaðar að kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Fsp. AKG, 904. mál. — Þskj. 1372.

[16:50]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og kunnugt er hafa viðræður staðið yfir árum saman innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, þar sem markmiðið er að lækka tolla og innanlandsstuðning á sviði landbúnaðar. Þessar viðræður hafa virkað sem keyri á vestrænar þjóðir, m.a. Íslendinga sem sjá fram á að núverandi stuðningskerfi mun ekki ganga til lengdar.

Evrópusambandið hefur fyrir löngu hafið aðlögunarferli sitt og samþykkti árið 2000 sameiginlega landbúnaðarstefnu „Agenda 2000" þar sem sjónum er beint að byggðaþróun en ekki einungis að framleiðslu eins og áður var og er enn á Íslandi. Í staðinn var samþykkt að styðja við umhverfisvænan landbúnað, styrkja harðbýl svæði, starfsmenntun bænda, skógarhögg og veita fjárfestingar- og þróunarstyrki, m.a. til matvælagerðar eins og áður hefur komið fram í máli mínu.

Það er fróðlegt að lesa umsóknareyðublað um styrki til þróunar og markaðssetningar matvæla hafandi í huga þær ofurkröfur sem íslensk stjórnvöld gera á innlenda framleiðendur og hindra þannig þróun og sjálfstæða markaðssetningu þeirra. Endurskoðuð áætlun var síðan samþykkt í júní 2003 hjá Evrópusambandinu með þeim meginbreytingum að styrkir eru einkum greiddir á býli óháð framleiðslu. Ég spyr því hæstv. landbrh.:

Hvernig hyggst ráðherra haga undirbúningi að aðlögun mjólkuriðnaðarins að væntanlegum kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO?

[16:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr: Hvernig hyggst ráðherra haga undirbúningi að aðlögun mjólkuriðnaðarins að væntanlegum kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO? Um langa hríð hafa staðið yfir samningar sem stefnt hafa dálítið út af borðinu þótt ég hafi fregnir af því að þær séu að fara í gang á nýjan leik. Auðvitað hafa utanrrn. og landbrn. komið mjög að þessum samningum. Þar fylkjum við liði

með ákveðnum þjóðum og reynum að standa vörð um okkar mikilvæga landbúnað eins og alþjóð veit.

Hvað verður í þessari samningagerð? Ég hygg að það sé mat flestra að áhrif nýrra alþjóðlegra samninga fari ekki að hafa áhrif hér fyrr en í fyrsta lagi árið 2010, kannski síðar og kannski fyrr ef það gengur upp. Ég minnist þess þegar þáverandi forseti Bandaríkjanna, Bush eldri, sagði einhvern tíma: Það verður ekki samið um GATT nema það henti bandarískum bændum. Kannski er sú staða nú að koma upp í þessari samningagerð að hinn yngri Bush segir það sama: Nú vil ég knýja á samninga sem henta bandarískum bændum. A.m.k. er komin hreyfing á málið.

Við Íslendingar leggjum auðvitað áherslu á að fylgja þeim þjóðum sem okkur eru skyldastar í þessum efnum. Við leggjum mikla áherslu á sérstöðu íslensks landbúnaðar og hversu mikilvægur hann er þjóðinni og landinu, sem á margan hátt er ágætt til búskapar.

Í ljósi þess að ekki liggur enn fyrir hvernig næsti samningur verður þá eru í gangi samningaviðræður við bændur. Þær standa yfir núna og þar er farið yfir þá framtíðarsýn sem að einhverju leyti blasir við. Við blasir að Evrópa hefur sagt að hún sé tilbúin að falla frá framleiðsluhvetjandi styrkjum og leita meira í grænt umhverfi. Við höfum í sjálfu sér verið með mjög einfalda og skýra búvörusamninga fyrir framleiðslu okkar. Þeir hafa ekki aðeins það markmið að styrkja landbúnaðinn og bændurna heldur og að skila neytendum ódýrari vöru. Að því leyti er okkur vandi á höndum. Við erum ekki með jafnfjölbreytt styrkjakerfi og viðgengst í Evrópu.

Ég geri mér grein fyrir því að þessar viðræður og sú staða sem er í Evrópusambandinu gerir það að verkum að við verðum að hugsa um samninga okkar og færa að einhverju leyti í þá átt sem þar þróast. Þetta hefur verið rætt í mjólkursamningunum, bæði um að minnka framleiðsluhvetjandi stuðning, lækka verð á mjólkurkvóta og standa betur að vígi þegar nýir WTO-samningar líta dagsins ljós.

Ég get í raun ekki sagt meira um þetta á þessu stigi. Samningagerðin er á fullri ferð. Bændurnir hafa fylgst mjög með þessum samningaviðræðum og fulltrúar frá Bændasamtökunum tekið þátt í þeim. Þeir þekkja vel þessa hlið og vita hver meginstefnan er.

Kannski má segja að í síðasta sauðfjársamningi höfum við að einhverju leyti reynt að taka mið af þessari þróun, færa stuðninginn meira í þá veru og að einhverju leyti eru menn að ræða það í samningagerðinni núna, að minnka hinn framleiðsluhvetjandi stuðning í mjólkursamningnum og færa hann í þessa veru.

Ég minni á að íslenskur landbúnaður hefur verið að hagræða og þróa atvinnuveginn mjög farsællega síðustu árin. Enn um sinn hefur hann töluvert langan tíma, að mér sýnist, til að mæta þeirri nýju þróun sem þarna blasir við. Auðvitað á Ísland líka mikla möguleika í þeim kerfum sem þar verða til, ef stórveldin ríða þeim ekki að fullu með skoðunum sínum og valdi. Það verður að taka tillit til smærri þjóða sem reka mjög góðan og þýðingarmikinn landbúnað eins og Íslendingar gerða.

[16:57]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að grænar greiðslur geti aldrei leyst af hólmi framleiðslutengdan stuðning við landbúnað heldur verði það að vera einhvers konar viðbót. Í raun eru grænar greiðslur úreldingarstyrkir þegar til lengdar lætur og eins og kom fram áðan í umræðunni eru samningarnir sem við höfum mjög gegnsæir. Núna hefur Evrópusambandið breytt stefnu sinni varðandi mjólkurframleiðsluna og hefur aukið framleiðslutengdan stuðning.

Mig langar aðeins að geta þess að í Bændablaðinu er mjög athyglisverð grein um viðhorf norsku bændasamtakanna til alþjóðasamninga um búvöruviðskipti. Þau telja að aðild að Evrópusambandinu yrði enn þá örlagaríkari fyrir norska bændur heldur en nýr WTO-samningur sem þeir telja þó að muni hafa mjög mikil og skaðleg áhrif á norskan landbúnað, að þar muni draga allverulega úr framleiðslunni sem mun aðeins verða að framleiða mjólk og grænmeti.

[16:58]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann færir hér fram. Hann sagði í upphafsorðum sínum að hann hefði grun um að samningar WTO væru á leið út af borðinu, eins og hann orðaði það. Að vísu náðist ekki sá árangur sem búist var við á síðasta fundi WTO en engu að síður er búið að setja á fund í Kanada á næsta hausti, eftir því sem mér er best kunnugt.

Ég vona að það verði ekki stórveldahrammur sem gerir það að verkum að ekki verði hægt að komast að niðurstöðu í þessum WTO-samningum. Það er mikilvægt að niðurstöður fáist í þau mál. Ég er hins vegar alveg á því að þeir samningar geti verið mjög afdrifaríkir fyrir íslenskan landbúnað. Einmitt þess vegna tel ég að við þurfum að skoða vel hvað gerist í öðrum löndum til að búa okkur undir það sem vænta má.

Ef Evrópusambandið með alla þá fjölbreytni sem þar er innan borðs telur sig þurfa margra ára undirbúning undir WTO-samninga þá held ég að það sé klárt að við Íslendingar þurfum einnig slíkan undirbúning. Við föllum að vísu í heild undir það sem kallast jaðarsvæði en við verðum líka að skoða hvað verið er að gera og hvað Evrópusambandið telur sér leyfilegt að gera á jaðarsvæðum til að við getum tekið það til fyrirmyndar við undirbúning okkar.

[17:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að það hefði verið út af borðinu á tímabili en að nú stefndi hraðbyri aftur kannski inn í samningagerð. Síðustu upplýsingar bera vitni nýjum áhuga. Málið var í rauninni strand. En kviknað hefur nýr áhugi sem sýnir að málið getur farið að þróast áfram.

Ég vil taka undir með hv. þm. að þessir samningar geta verið afdrifaríkir og við með okkar fjölskylduvæna og góða landbúnað þurfum auðvitað að búa okkur mjög vel undir þá samninga og hvernig við getum staðið vörð um landbúnaðinn og séð hann þróast áfram.

Ég tek undir með hv. þm. Drífu Hjartardóttur að ég er sömu skoðunar og hún og Norðmenn að aðild að Evrópusambandinu væri íslenskum landbúnaði, alla vega eins og horfir, miklu hættulegri en einhver svona aðlögun og langtímaþróun. Ég hef farið um Noreg og hitt þar bæði landbúnaðarráðherra og bændur. Þeir eru þeirrar skoðunar að norskur landbúnaður dafni auðvitað best undir þeirra stjórn og stefnu heima fyrir. Því er mikilvægt að taka mið af því sem er að gerast í þessum samningum, gefa sér tíma en vinna hratt að því að þróa íslenskan landbúnað þannig að hann geti mætt einhverjum breytingum í alþjóðasamningaforminu. Það tel ég að við séum að gera í landbrn. Við eigum

mikið og gott samstarf við bændur um það og eðlilega mikið samstarf við utanrrn. um þá framtíðarþróun.

Stefnumótun í mjólkurframleiðslu.

Fsp. AKG, 905. mál. — Þskj. 1373.

[17:03]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Í nýlegri skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu kennir margra grasa og mikilvægar upplýsingar dregnar saman á einn stað. Þar er m.a. fjallað um samkeppnismál og dregið fram að réttaróvissa ríki um starfsemi mjólkuriðnaðarins. Samkeppnisstofnun hefur gefið út það álit að ákvæði búvörulaga nr. 99/1993 samrýmist ekki ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993 en á það hefur ráðuneytið ekki fallist.

Talsmenn mjólkuriðnaðarins telja að árangur sá sem náðst hefur undanfarin ár byggist á verkaskiptingu samlaganna og verðtilfærslu milli afurðaflokka. Ákvæði um verðlagningu verðlagsnefndar á mjólk og mjólkurvörum var frestað til 1. júní 2004 og fer því hver að verða síðastur til að taka til nauðsynlegra og viðeigandi ráða. Ég spyr því hæstv. landbrh.: Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa í kjölfar skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu?

[17:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað mjög einfalt mál að svara því, þ.e. að samningar við Bændasamtökin og Landssamband kúabænda gangi áfram. Þær samningaviðræður eru nú í fullum gangi. Hins vegar var þessi fallega skýrsla um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu mjög mikilvæg og tók nokkuð langan tíma í vinnslu. Ég lagði upp úr því að aðilar vinnumarkaðarins færu yfir þann samning sem er í gildi og hefur gilt síðan 1997 og mundu meta hann til framtíðar. Alþýðusambandið var á tímabili komið út úr þessu samstarfi en þeir eru komnir inn aftur. Þessi skýrslugerð og stefnumótun tók lengri tíma en ég ætlaði, en um hana varð samkomulag. Þeir benda á annmarka samningsins og kosti hans og fjalla um stöðu mjólkurframleiðslunnar. Í framhaldi af því er ekkert annað að gera, til að skapa vissu og gera framtíð mjólkurframleiðslunnar sem öruggasta, en reyna að ljúka sem fyrst nýjum samningi við kúabændur.

Hv. þm. minnist á réttaróvissu sem ríkir um verðlagningu mjólkur. Þegar bændur gerðu þennan síðasta mjólkursamning féllust þeir á að verðlagning yrði frjáls í heildsölu á mjólkurvörum en töldu að skipulag mjólkuriðnaðarins gæti staðið áfram og að hægt væri að reka hann í því samstarfi sem hann hefur verið og undir þeirri félagshyggju. En Samkeppnisstofnun hefur talið að allur mjólkuriðnaðurinn færi þá undir samkeppnislög. Þetta hefur skapað réttaróvissu. Þetta kom fulltrúum ríkisvaldsins og ekki síður bændanna á óvart þannig að nú eru prófessorarnir Eiríkur Tómasson og Árni Vilhjálmsson að fara yfir þessi atriði og munu fljótlega skila mér skýrslu um þau. En ég hef lagt mikla áherslu á að opinber verðlagning hefur skilað því að það hefur gerst fyrir opnum tjöldum með einföldum hætti hvernig mjólk er verðlögð. Þessar vörur hafa hækkað minna, eins og ég hef vakið athygli á, en margt annað á Íslandi síðustu fimm árin.

Ég hef talið mjög mikilvægt að mjólkuriðnaðurinn sem er einhver fallegasti sproti iðnaðarins á Íslandi í dag og framsæknasti geti starfað undir sínu skipulagi. Þar fer fram örlítil verðtilfærsla. Svona um það bil 500 millj. kr. fara í verðtilfærslu af 10 milljörðum til þess að hægt sé að framleiða hina dýru vöru undir einhverju skipulagi og allir séu ekki að framleiða þá vöru sem best borgar sig og fer fyrst út á markaðinn í dagvörunum. Þess vegna hefur þetta mikla samstarf verið farsælt innan mjólkuriðnaðarins.

Ég hef vakið athygli á því og vonast til að samstaða verði um að mjólkuriðnaðurinn geti starfað áfram með svipuðum hætti og að samstaða náist um verðlagningu mjólkur sem allra fyrst. Það kemur fram að nefndin sem gerði skýrsluna er mér sammála um að við þessar aðstæður væri ekki rétt að breyta um kerfi heldur fá niðurstöðu í það hvernig mjólkuriðnaðurinn getur starfað. Ég er þakklátur fyrir að hafa aðila vinnumarkaðarins á bak við mig í þessari skoðun hvað það varðar að menn verða að komast þarna að niðurstöðu.

Svo hef ég vakið athygli á því, hæstv. forseti, að mjög hefur komið í ljós að margir aðilar, ekki síst hinar smærri verslanir, smærri keðjur með örlítið brot af smásöluverslun á Íslandi, telja horft til framtíðar með skipulagi mjólkuriðnaðarins. Jafn aðgangur stóra risans og þess litla til að sækja mjólkurvörurnar gerir það að verkum að þeir geta rekið verslanir sínar, geta boðið viðskiptavinum sínum upp á sambærilegt verð og þeir stóru. Í mörgum löndum og hér á sumum sviðum fá þeir litlu ekki einu sinni frá birgjum sambærilegt verð og þeir sjá í stóru keðjunum. Þannig hafa þeir stóru fengið á mörgum sviðum forgjöf og það stóran afslátt að erfitt er að keppa við þá í gegnum þau samkeppnislög sem við búum við og það samkeppnisform sem hér tíðkast.

En stærsta málið er að mjólkursamningar líti dagsins ljós sem fyrst í anda þessarar skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu.

[17:09]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur að skýrslan sem fram er komin er afskaplega góð og þar koma fram miklar upplýsingar. Mjólkurframleiðslan er sterkasta grein landbúnaðarins og það er afskaplega mikilvægt að samningar nái fram að ganga núna þannig að þessi stétt geti áfram búið við þann stöðugleika sem hún hefur haft undanfarin ár. Ég tel að ríkið eigi að skapa rammann, fjárlögin og síðan eigi greinin að fá að vinna úr því sem mest og best eftir því hvað þeim þykir fara best þar. Ég tel að sá samningur sem hefur verið í gildi síðustu ár hafi verið mjög góður og að byggja eigi á honum til framtíðar og að sá samningur sem verið er að vinna núna verði til það margra ára að menn viti að hverju þeir ganga.

[17:11]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin sem fyrr. Ég vissi að samningaviðræður milli landbrn. og mjólkurframleiðenda standa yfir. Það er ekki fyrr en á næsta ári sem núverandi samningar renna út hvað það varðar ef ég veit rétt. Hins vegar er brýnna að ráða fram úr þeirri réttaróvissu sem ég talaði um í framsöguræðu minni. Ég er fegin að heyra að væntanlegt er lögfræðiálit hvað það varðar.

Eins og fram hefur komið í bæði máli hæstv. landbrh. og hv. þm. Drífu Hjartardóttur hefur það fyrirkomulag sem er í gildi í dag um verðtilfærslu milli afurðaflokka reynst okkur vel og við getum verið afar stolt af mjólkuriðnaðinum okkar. Ég er a.m.k. mjög ánægð með þær framleiðsluvörur sem okkur bjóðast íslenskar og tel þær standast fyllilega og reyndar

vera betri en það sem ég hef neytt af erlendum vörum. Réttaróvissa er brýnt viðfangsefi og það er gott að lögfræðingar eru að fást við það verkefni af hálfu ráðuneytisins.

Það verður líka fróðlegt að fylgjast með hvernig samningaviðræðum vindur fram og ég vona að landbn. Alþingis gefist kostur á að fá áfangaskýrslu eða fréttir úr þeim ranni.

[17:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessi síðustu orð og undirtektir hennar við að mikilvægt sé að ráða fram úr réttaróvissunni og að mjólkuriðnaðurinn geti starfað við nokkurt öryggi og gott skipulag. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að mjólkuriðnaðurinn og mjólkurvörurnar okkar eru mjög góðar og finn ég það hvert sem ég fer um landið að glæsileg þróun hefur verið á síðustu árum og áratugum hjá afurðastöðvum bændanna sem hefur vakið athygli bæði hér heima og ekki síður erlendis.

Ég finn að mikill stuðningur er bæði við skipulag mjólkuriðnaðarins og kannski líka við þá hugsun mína að við þessar aðstæður þurfum við líka að hugsa um það að sá smái í smásöluverslun geti lifað. Þarna er kannski eitthvert jafnréttisskipulag sem tryggir meiri samkeppni í smásöluverslun þannig að menn þurfi ekki alls staðar inn í stórar keðjur til að sækja nauðþurftir dagsins.

Svo vil ég ítreka að ég er hér með yfirlit frá Hagstofunni um hvernig á tíu ára tímabili mjólkurvörur hafa hækkað minna en margt annað. Hérna er nýmjólkin með 21% meðan rúgbrauðið er með 113% og stórlúðan 106% og ýsan 87%. Rjóminn hefur lækkað um 7% á þessu tímabili og smjörið um 15%. Þetta hefur allt gerst undir opinberri verðlagningu þar sem aðilar vinnumarkaðarins, ASÍ, BSRB, úr atvinnulífinu hafa komið að þessari mikilvægu verðlagningu með ríkinu og bændunum.

[17:15]

Útbýting þingskjala:

Fangelsis- og refsimál, 591. mál, svar dómsmrh., þskj. 1504.

Nám í hótel- og matvælagreinum, 846. mál, svar menntmrh., þskj. 1462.

Umferðarslys, 789. mál, svar samgrh., þskj. 1459.

Veiðieftirlitsgjald, 787. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1503.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 786. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1502.

Afkoma mjólkurframleiðenda.

Fsp. AKG, 906. mál. — Þskj. 1374.

[17:16]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Í skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkuriðnaði kemur fram að meðalhagnaður þeirra mjólkurframleiðenda sem teknir eru til viðmiðunar á árunum 1998–2002 dróst nokkuð saman. Bændur hafa verið að stækka bú sín og hagræða og nú hafa skuldir þeirra meira en tvöfaldast á sama tíma og höfuðstóll er orðinn 10% af því sem hann var árið 1998. Neytendur hafa lítið notið þess sem bændur hafa tekið á sig í hagræðingarskyni en á sama tíma hefur hagur afurðastöðvanna vænkast mjög og er nú eiginfjárstaða þeirra um 70% sem er nánast óþekkt stærð þegar málefni landbúnaðarins ber á góma. Það er því ljóst að bændur og neytendur hafa síður notið hagræðinganna en afurðastöðvarnar, ekki síst ef haft er í huga að a.m.k. í einhverjum tilfellum hefur umtalsvert fjármagn verið tekið út úr rekstri afurðastöðva og sett í óskyldan rekstur. Í því tilfelli má segja að ríkið, neytendur og bændur séu að leggja óskyldum rekstri til fjármagn án þess að nokkrir séu spurðir nema stjórnendur viðkomandi stöðva. En spurningar mínar til hæstv. landbrh. eru eftirfarandi:

1. Hvaða aðgerðir telur ráðherra líklegastar til að bæta afkomu mjólkurframleiðenda?

2. Hvaða aðgerðir telur ráðherra líklegastar til að skila neytendum hagstæðara verði á mjólkurafurðum?

[17:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil minna á að afkoma mjólkurframleiðenda er góð og hefur auðvitað farið batnandi á síðustu árum og ég tel þess vegna ekki þörf á að grípa til neinna sérstakra aðgerða þar hvað það varðar af hálfu ríkisvaldsins. *Það hefur verið mikið kapp í atvinnugreininni og það er rétt* sem hv. þm. segir að fram kemur að skuldir hafa tvöfaldast. Búin hafa verið að stækka mjög. Margt hafa bændur verið að gera mjög vel, t.d. hvað heyfeng varðar. Íslenska kýrin hefur eflst mjög á síðustu árum og ef ég veit rétt hefur meðalnytin á tíu ára tímabili hækkað úr rúmum 4 þús. lítrum að meðaltali yfir 5 þús. lítra og við sjáum afburðabú þar sem kýr mjólkar upp í 7.500 lítra að meðaltali þannig að það hefur ríkt mikið kapp meðal bænda um að bæta rekstur sinn á öllum sviðum hvað mjólkurkúna varðar og ekki síður hvað heyfeng og allan rekstur varðar.

En ég get tekið undir það að ég hef látið í ljós áhyggjur af skuldaþróuninni og tel auðvitað mjög mikilvægt að fara yfir það í núverandi samningi hvers vegna það á sér stað. Er hagstætt til framtíðar horft að t.d. mjólkurkvótinn seljist svo dýrt á milli manna eins og hann gerir? Er það eðlilegt til framtíðar að við seljum lítrann á 250–300 kr. og það sé atvinnugreinin sjálf sem tekur alla þessa hagræðingu á sínar herðar? Unga fólkið í greininni sem ætlar að stunda mjólkurframleiðslu hleður á sig skuldum til þess að hagræða. Ég hef þess vegna velt því fyrir mér hvort nýr samningur þurfi ekki að skila einhverjum breytingum á þeim vanköntum sem á núverandi samningsfyrirkomulagi eru til að sjá slíka niðurstöðu breytast, til þess að bændurnir eigi auðveldara með að mæta kannski meiri samkeppni erlendis frá þegar WTO-samningarnir verða fullkláraðir.

Hvað afurðastöðvar varðar hafa þær verið mjög vel reknar og flestar þeirra í sérfyrirtækjum eru mjög vel reknar þó að í einhverju tilfelli hafi kannski farið svo að peningar fóru út úr afurðastöð eins og fyrir norðan, á Akureyri, og inn í annað og bændurnir þar og afurðastöðin verr sett vegna þess hvernig það mál þróaðist allt saman. Ég hef sagt það hér og segi enn að Kaldbakur á auðvitað að skila Norðurmjólk fé sínu til baka. Um síðustu áramót varð t.d. ekki hækkun til afurðastöðvanna. Þær tóku á sig verðþróunina og þær hafa verið sterkar, en ég tek undir það að samt sem áður er möguleiki til hagræðingar innan þeirra enn til þess að lækka verð til neytenda.

Hvaða aðgerðir ég tel líklegastar til að skila neytendum hagstæðara verði þá er það auðvitað sama þróun áfram, þ.e. góður búrekstur og hagræðing á búunum upp að einhverju marki. Ég er kannski sömu skoðunar þar og þingmennirnir í

sláturhúsunum, að ég tel að stærðin ein skili því ekki og þess vegna eigi menn ekki að loka augunum fyrir blönduðum búum og meðalstórum búum. Kannski skila þau fjölskyldunum í sveitinni bestri afkomu í dag. Ég hef auðvitað áhyggjur af því að það verði of fáir sem stunda þennan atvinnuveg því að mjólkurframleiðslan er náttúrlega burðaratvinnuvegur í íslenskum sveitum í dag og langsterkasta greinin. Ég er bjartsýnn á að nýr samningur líti dagsins ljós sem skili því hvoru tveggja að bændurnir standi sterkari á eftir og að meginniðurstaða skýrslunnar, þ.e. að neytendur megi í kjölfar þess samnings og þeirrar þróunar sem væntanleg er á samningstímanum líta það að íslenskar mjólkurvörur halda samkeppnishæfni sinni í veröldinni eins og þær gera má segja hvað gæði varðar, en verð lækki til neytenda.

[17:23]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt að afkoma mjólkurbænda hefur farið örlítið versnandi síðasta ár en ég vil mótmæla því að neytendur hafi ekki notið hagræðingarinnar. Það hafa þeir svo sannarlega gert því það hefur komið fram að mjólkurvörur hafa hækkað minna en aðrar vörur og bændur hafa svo sannarlega notið þessarar hagræðingar.

Það kom hér fram að meðalnyt kúa hefur hækkað mjög mikið og það er miklu betri heyfengur. Ég vil undirstrika það og taka undir með þeim sem hér hafa talað að mjólkuriðnaðurinn er gríðarlega vel rekinn á Íslandi. Ísland er t.d. í þriðja sæti sem mesta ostaþjóð heimsins og við erum að auka sölu á jógúrt og skyri með hverju ári. Kvótaverðið er að lækka vegna þess að framleiðslan hefur í rauninni minnkað. Hún hefur minnkað þannig að afurðastöðvarnar munu greiða fyrir umframmjólkina núna.

[17:24]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Mér þótti ágætt að hann nefndi á nafn fyrirtækin sem ég átti við þegar ég talaði um að flutt hefði verið fjármagn frá afurðastöðvum í óskyldan rekstur, þ.e. frá Norðurmjólk í Kaldbak, en þar mun vera um heilan milljarð að ræða og það er ekki eina dæmið um að fjármagn hafi verið tekið út úr afurðastöðvunum og sett í ólíkan rekstur. Þarna tel ég að athuga þurfi í nýjum samningum hvort ekki þurfi að setja fyrir slíkan leka af því að slíkur gjörningur hlýtur að koma niður á möguleikum viðkomandi fyrirtækja til þess að skila ódýrri vöru til neytenda. Það hlýtur að vera takmark stuðnings ríkisvaldsins við bændur og afurðastöðvar að skila sem bestum og ódýrustum vörum til neytenda. Ég tel að farið hafi verið út fyrir það sem rétt er í þessum gjörningi og í þeim tilfellum öðrum þegar fé hefur verið tekið út úr stöðvunum.

Mér finnst við hafa átt ágætisviðræður um landbúnaðarmál í dag, ég og hæstv. ráðherra og þeir þingmenn aðrir sem hafa tekið þátt í viðræðunum, og ég vil þakka þær og vonast til að við getum átt gott samstarf við vinnu að samningunum sem væntanlegir eru.

[17:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. að þetta lofar góðri samstöðu og samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu í þinginu um landbúnaðarmálin og fyrir það er ég þakklátur.

Í umræðu um landbúnaðarmál og íslensk matvæli er oft talað um að margt sé dýrara á Íslandi en annars staðar, en ég hygg að það liggi fyrir þegar grannt er skoðað að íslenskar landbúnaðarafurðir eru ekki hlutfallslega dýrari en annað á Íslandi. Það er kannski meira undrunarefni hvernig margt sem flutt er inn margfaldast í verði í hafi. En það hefur verið markmið bændanna og ríkisvaldsins að leita leiða til þess að lækka verð á þessum góðu vörum sem við eigum og að því er unnið þannig að neytendur verði sem ánægðastir með sinn landbúnað. Ég finn auðvitað þá miklu samstöðu sem ríkir um landbúnað í dag og hefur gert síðustu árin gagnstætt því sem kannski var um nokkurra ára skeið.

Ég vil líka þakka það að hv. þm. tekur undir hvað varðar verðlagningu mjólkurinnar og ég tel það stórmál að mjólkuriðnaðurinn fái lausn í þeim efnum þannig að hann geti starfað heildstætt. Og við verðum að hugsa um það í alvöru að sá litli, smásalinn, þarf líka sinn rétt. Það er ansi hart ef stóru keðjurnar geta á lokuðum fundum pínt framleiðendur til að veita afsláttarkjör sem litlir framleiðendur fá alls ekki. Þannig er samkeppni okkar því miður á mörgum sviðum. Þannig yrði það örugglega í mjólkuriðnaðinum ef allt yrði látið verða frjálst undir þeim samkeppnislögum sem við búum við, ef mjólkuriðnaðurinn heyrði allur undir þau. Það er þetta drottnunarvald þeirra stóru og fáu sem ég vil forðast til þess að mjólkuriðnaðurinn geti verið áfram sú góða ímynd og það góða fyrirtæki sem hann hefur verið síðustu áratugi.

Strandsiglinganefnd.

Fsp. JBjarn, 811. mál. — Þskj. 1229.

[17:29]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég óska eftir að ræða um strandsiglingar við hæstv. samgrh. og hvað gert hefur verið af hálfu stjórnvalda í þeim efnum í framhaldi af till. til þál. sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum á síðastliðnum vetri sem samþykkt var að vísa til ríkisstjórnarinnar til frekari úrlausnar.

Tillaga okkar fjallar um það að fela samgrh. að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, sem hafi það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Nefndin láti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir. Við lögðum til að strandsiglinganefnd skilaði niðurstöðum sínum til Alþingis fyrir 1. október 2003, ásamt tillögum um leiðir til að efla strandsiglingar eftir því sem niðurstöður nefndarinnar gæfu tilefni til. Markmiðið sé að strandsiglingar verði raunhæfar og samkeppnisfærar borið saman við landflutninga, sérstaklega með tilliti til þungaflutninga.

Samþykkt var að tillagan yrði skoðuð af ríkisstjórninni og þeim stofnunum ríkisins sem í hlut ættu og beini ég því máli mínu til hæstv. ráðherra um hvað hafi gerst í þeim efnum.

Við erum stöðugt að hafa áhrif á samkeppnisstöðu í flutningum og í ferðum á milli landshluta innan lands. Nú liggur fyrir þinginu tillaga um breytingar á olíugjaldi og nýverið var felldur niður flutningsstyrkur til jöfnunar á sementi á sjó. Þannig erum við stöðugt að grípa inn í samkeppnisstöðuna. Næsta vetur þarf að endurskoða samgönguáætlun og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að samgrh. beiti sér fyrir því

eða fylgi því eftir að hlutdeild og hlutur strandsiglinga í samgöngum landsins verði skoðaður og kannað með hvaða hætti hann verði efldur.

Ég vil víkja að því gleðilega að einstaklingur hefur stofnað skipafélag sem hefur tekið upp strandsiglingar á Vestfirði, flutninga á milli Reykjavíkur og Vestfjarða. En það skiptir máli að við búum þeim flutningum samkeppnishæfa stöðu í okkar umgjörð.

[17:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr: „Hefur strandsiglinganefnd verið skipuð samkvæmt þingályktunartillögu um strandsiglingar sem vísað var til ríkisstjórnar á 128. löggjafarþingi og ef svo er, hvað líður störfum nefndarinnar?"

Til þess ber að líta að umrædd þáltill. var ekki samþykkt á Alþingi eins og til hennar var stofnað heldur var henni vísað til ríkisstjórnarinnar. Í ljósi þess hefur samgrn. metið það svo að ekki væri ástæða til að skipa sérstaka strandsiglinganefnd heldur hefur ráðuneytið í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir ráðuneytisins beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Þar segir m.a. að markmið nefndarinnar yrði, með leyfi forseta:

„... að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Nefndin láti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir."

Vísa má til þess að í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2002, sem unnin var fyrir Hafnasamband sveitarfélaga, var gerð úttekt á þessu máli. Að því er fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar er birgðahald úti á landi að dragast mjög mikið saman. Ástæðan fyrir því er að sífellt er gerð meiri krafa um ferskleika vöru, hraða og sveigjanleika í flutningum. Seljendur nota hraðar samgöngur með litlar einingar til að endurnýja birgðir. Segja má að birgðahald hafi færst yfir á vegi landsins og flutningaleiðir til og frá landinu öðrum þræði. Í því ráða hagkvæmnissjónarmið för.

Samkeppnisstaða land- og sjóflutninga verður varla metin nema með samgöngukerfi sem byggir á hagkvæmnissjónarmiðum. Um það hafa verið sett markmið í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014. Til að greina slíkt á þjóðhagslegum grunni þarf að tiltaka allan kostnað og allan ávinning sem samgöngukerfinu tilheyrir. Hluti af þeim kostnaði er fastur, þ.e. endurgreiðsla fjármagns, vaxtakostnaður, viðhaldskostnaður, rekstrarkostnaður, stjórnun og landnotkun. Hluti þessa kostnaðar er hins vegar breytilegur, þ.e. rekstrarkostnaður eins og löggæsla, hafnsaga og fleira, notendatengdur kostnaður eins og malbikun, viðgerðir, endurnýjun, loftmengun, vatnsmengun, slys, hávaðamengun og svo mætti lengi telja.

Sé litið til ávinnings má benda á betri samgöngur, aukna framleiðslu og lægri kostnað að sjálfsögðu. Væri gjaldtaka af samgöngukerfinu byggð á þessum þáttum leiddi það til samgöngukerfis sem sæi sjálft um að vísa flutningum þangað sem hagkvæmast þykir. Um þetta mætti hafa mörg orð enda um þessi atriði fjallað í mörgum greinum.

Við skoðun kemur í ljós að þetta kerfi er rofið hvað varðar flutninga á þungaflutningabílum. Gjaldtaka af þeim, en eigendur þeirra hafa greitt fyrir afnot af vegakerfinu í gegnum þungaskatt, endurspeglar ekki þann kostnað sem þjóðarbúið ber vegna viðhalds og lagningar vega að því er fram kemur í áliti Hagfræðistofnunar.

Þessu til viðbótar virðist bensíngjald á hvern seldan lítra bensíns ekki ná að fullu yfir þann kostnað sem bíll veldur. Sams konar bjögun má einnig sjá í sjóflutningum, t.d. mismunun gagnvart sjávarútvegi en af afla er greitt aflagjald miðað við verðmæti en vörugjald af öðrum flutningi sem miðast við þyngd. Þetta atriði kann þó að breytast með nýjum hafnalögum. Ég á von á því að það gerist í tímans rás, þegar gjaldskrá hafnanna hefur þróast.

Af framansögðu má sjá að erfitt er um vik að reikna út nákvæmlega hagkvæmasta flutningsmátann út frá þjóðhagslegum sjónarmiðum. Markaðurinn hefur stýrt ferðinni fram að þessu með óskir notenda að leiðarljósi. Í upphafi var vísað til nútímakrafna á Íslandi hvað varðar hraða og sveigjanleika í flutningum. Það er af mörgu að taka í þessu, virðulegi forseti.

Ráðuneytið telur þrátt fyrir allt að framangreind þáltill. hafi verið þarft innlegg í umræðuna. Eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar 2003–2006 er að ná ýtrustu hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins. Ég tel að við endurskoðun á þeirri áætlun hljótum við að líta til þeirra þátta í umræddri þáltill. og það verður gert á næstu mánuðum.

[17:38]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það ber að fagna sérstaklega frumkvæði hins önfirska frumkvöðuls Ragnars Traustasonar, að hafa ráðist í strandsiglingar milli suðvesturhornsins og Vestfjarða. Ég er þeirrar skoðunar, gagnstætt því sem fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar sem hæstv. ráðherra vitnaði til, að mikil hagkvæmni sé fólgin í að nýta sjávarleiðir til flutninga. Það snertir ekki bara slys, sem hæstv. ráðherra vísaði til, heldur einnig annars konar markmið sem við verðum að hafa í huga, þ.e. umhverfisvernd.

Við Íslendingar höfum undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar sem eiga að knýja okkur til að draga verulega úr losun skaðlegra gróðurhúsalofttegunda. Flutningar á sjó eru klárlega þáttur sem leyst gæti verulegan hluta þess vanda sem við blasir í þeim efnum. Þess vegna segi ég að við eigum að kanna hvort hægt sé, með varfærni, að breyta kerfinu þannig að flutningar verði hagkvæmari á hafi en þeir hafa verið hingað til.

[17:39]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það olli mér nokkrum vonbrigðum að heyra hæstv. samgrh. lýsa því að strandsiglinganefnd hefði ekki verið skipuð og ekkert orðið úr henni þótt ég treysti svo sem orðum hans um að ákveðin vinna fari fram í ráðuneytinu sem miðar að því að finna svör við þeim spurningum sem nefndar voru í greinargerð með þessari þáltill.

Það hefur lengi verið mér ráðgata, a.m.k. á undanförnum árum, að strandsiglingar skuli í raun hafa verið í svo mikilli lægð sem við höfum séð. Ég vil taka undir orð hv. þingmanna sem hafa fagnað því að strandsiglingar skuli enn á ný hafnar til Vestfjarða. Vonandi mun það komast á allt í kringum landið.

Þetta með að þáltill. virðast fara í gegnum þingið með miklum umræðum og verða síðan að engu eru mikil vonbrigði. Ég man eftir tveimur öðrum þáltill. sem fengu sömu örlög. Ég held að það væri ástæða til að fara yfir það, frú forseti, hvað verður úr þessum ályktunum.

[17:40]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim ágætu hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir góð innlegg.

Ég minni hæstv. ráðherra á að hann beitti sér fyrir því, fyrir nokkrum árum, að gerð yrði úttekt á flutningskostnaði á landinu. Þá kom fram sá gríðarlegi aðstöðumunur sem er eftir búsetu hvað flutningskostnaðinn varðar. Vestur á Ísafirði minnir mig að hann hafi leitt til 70% hækkunar á vöruverði. Hækkunin var a.m.k. gríðarlega mikil, um 70% á stuttum tíma. Það gerðist einmitt á meðan strandsiglingar voru að skreppa saman.

Ég tel mikilvægt að markvisst verði farið í þetta mál. Það er vitað að sjóflutningar hafa marga kosti umfram landflutninga. Af þeim er minni mengun, minna slit á vegum og meira öryggi þótt ákveðnar vörur verði ávallt fluttar á landi vegna flýtisins. Hins vegar eru aðrir vöruflokkar sem ekki þurfa svo mikinn flýti auk þess sem siglingar taka heldur ekki svo langan tíma. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé skoðað.

Eitt vil ég nefna til viðbótar varðandi ferjuna Baldur. Nú er vitað að hún er að verða mjög vinsæl, sérstaklega að sumrinu, til að flytja fólk og fleira. Hún annar ekki þeirri eftirspurn. Hún er einmitt liður í að byggja upp flutningsnet meðfram ströndum landsins, bæði fyrir vörur og fólk. Ég vil því í lok máls míns að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé kominn tími til að stækka og auka afkastagetu ferjunnar Baldurs.

[17:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með að strandsiglinganefnd hefði ekki verið skipuð. Þessi þáltill. var til umfjöllunar í þinginu og niðurstaðan varð sú að leggja til að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég lít svo á að þegar svo háttar til sé það fyrst og fremst í þeim tilgangi að koma skilaboðum í tillögunni í greinargerð til skila. Þar með er ekki hægt að gera ráð fyrir því að ráðherrar skipi þá nefnd sem tillagan var gerð um en ekki var fallist á í þinginu.

Ég gerði grein fyrir því að efni greinargerðarinnar ætti erindi í starf ráðuneytisins, m.a. vegna endurskoðunar á samgönguáætlun og ég legg áherslu á að það verði gert. Að sjálfsögðu þurfum við, bæði í ráðuneytum og stofnunum, að huga stöðugt að því hvaða leiðir eru færar til að auka hagkvæmni í flutningum. Ég tel einsýnt að auðvitað þurfum við stöðugt að vera á varðbergi og skoða hvort sjóflutningarnir eigi framtíð fyrir sér, þ.e. strandsiglingarnar. Þróunin hefur ekki verið sú. Ástæða þess liggur kannski ekki alveg á borðinu en ég tel hins vegar eðlilegt að skoða það.

Hvað varðar Baldur, sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi, þá sinnir hann tiltekinni þjónustu vegna þess að vegurinn um Barðaströnd lokast oft að vetrinum. Við sjáum fram á að ráðin verði bót á því innan tíðar. Ég á ekki von á öðru en að siglingar um Breiðafjörð verði áfram. En ég efast um að þær verði til vöruflutninga. Ég ítreka að þessi mál eru til skoðunar í tengslum við endurskoðun á samgönguáætlun.

Flutningur hættulegra efna um Hvalfjarðargöng.

Fsp. GuðjG, 938. mál. — Þskj. 1428.

[17:45]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. 15. desember árið 2001 samþykkti Alþingi samhljóða þáltill. mína um flutning hættulegra efna um jarðgöng. Þar var ríkisstjórninni falið að setja reglur um slíka flutninga þar sem kveðið yrði á um hvort þeir skyldu leyfðir og þá með hvaða skilyrðum, þ.e. flutningstækjum, ökuhraða, eftirliti og hvort loka skuli göngum fyrir annarri umferð meðan á slíkum flutningi stæði.

Nokkrum mánuðum eftir samþykkt tillögunnar skipaði þáv. dómsmrh. nefnd til að gera tillögur að slíkum reglum. Nefndin skilaði tillögum sínum seint á árinu 2002 og í apríl í fyrra, fyrir einu ári, voru síðan auglýstar nýjar reglur um þessa flutninga um Hvalfjarðargöng, en þau eru sem kunnugt er langmest notuðu göngin á Íslandi. Alls fara um 1,3 milljónir bíla um göngin á hverju ári og mánaðarlegur bílafjöldi er frá 50–150 þúsund.

Nýju reglurnar eru vissulega til bóta og takmarka flutning hættulegra efna um göngin mun meira en reglurnar sem settar voru við opnun ganganna. Í gömlu reglunum voru þessir flutningar einungis bannaðir um helgar, þ.e. frá klukkan tíu á föstudagsmorgni og til miðnættis á sunnudagskvöldi og reyndar lengur um stórhátíðar og verslunarmannahelgar. En samkvæmt nýju reglunum eru flutningar alfarið bannaðir á eldfimu gasi í tönkum og á sprengiefni í stórum umbúðum og flutningur á eldsneyti í tönkum og flutningur á tómum eldsneytistönkum er bannaður núna samkvæmt nýju reglunum frá klukkan þrjú til átta síðdegis mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga og flutningur á öllum hættulegum farmi síðan bannaður frá klukkan tíu að morgni til klukkan eitt eftir miðnætti á föstudögum og sjö að morgni til eitt eftir miðnætti á laugardögum og sunnudögum.

Þessar nýju reglur eru vissulega til bóta en þær ganga allt of skammt að mínu áliti. Ég skil ekki af hverju þessir flutningar eru ekki bannaðir fyrr en eftir klukkan þrjú á virkum dögum. Vissulega er umferðin mest síðdegis en ekki verður fram hjá því horft að á hverjum morgni fer mikill fjöldi fólks um Hvalfjarðargöngin til vinnu og í skóla. Það er algengt að fólk norðan fjarðar stundi vinnu á höfuðborgarsvæðinu og fólk sunnan fjarðar vinni á Grundartanga og Akranesi. Einnig sækir mikill fjöldi fólks skóla í Reykjavík en býr í heimahögum norðan Hvalfjarðar. Það hefur verið áætlað að um 300 manns fari daglega á hverjum morgni í þeim erindagerðum um göngin og það er að mínu áliti óverjandi að þetta fólk geti á hverjum morgni vænst þess að mæta bensínflutningabíl í göngunum. Það mundi ekki valda erfiðleikum þó að þessir flutningar yrðu takmarkaðir enn frekar en nú er vegna þess að ágætur vegur er fyrir Hvalfjörð með lítilli umferð og því upplagt að flytja gas og eldsneyti landveginn. Ég hef því lagt svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh., en þessi málaflokkur hefur nýlega verið fluttur undir hans ráðuneyti frá dómsmrn:

1. Hver er reynslan af reglum sem settar voru með auglýsingu lögreglustjórans í Reykjavík 10. apríl 2003 í framhaldi af ályktun Alþingis um flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöng?

2. Stendur til að endurskoða þessar reglur og takmarka enn frekar þessa flutninga?

[17:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar er spurt í fyrsta lagi: „Hver er reynslan af reglum sem settar voru með auglýsingu lögreglustjórans í Reykjavík 10. apríl 2003 í framhaldi af ályktun Alþingis um flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöng?“

Ráðuneytið hefur leitað upplýsinga bæði frá lögreglu og öðrum sem að málinu koma. Svar mitt er þetta: Reglur lögreglustjórans í Reykjavík frá 10. apríl 2003 banna flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöng um helgar og á virkum dögum milli klukkan 15 og 20 en á öðrum tímum þegar umferð er minni er flutningur heimill eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda. Algert bann er lagt við flutningi eldfims gass í tönkum og sprengiefnis yfir 50 kg í Hvalfjarðargöngum. Með innleiðingu þessara auknu takmarkana minnkar áhætta vegna eldsneytisflutninga enn frekar.

Reynsla af nýjum reglum er ágæt samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið fékk og flutningsaðilar virða þær og fara eftir þeim. Engin vandkvæði hafa fylgt því að framfylgja framangreindum reglum. Gerði lögreglan í Reykjavík m.a. sérstaka könnun á framkvæmd þeirra þann 25. september 2003. Stöðvaðar voru 18 vörubifreiðar og voru engar athugasemdir gerðar vegna þeirra bifreiða sem stöðvaðar voru.

Í annan stað spyr hv. þm.: „Stendur til að endurskoða þessar reglur og takmarka enn frekar þessa flutninga?“

Svar mitt er þetta: Mjög nauðsynlegt er að fylgjast mjög vel með þróun mála og taka reglurnar til endurskoðunar ef þurfa þykir. Enn sem komið er hefur ekki verið rætt um að endurskoða núverandi reglur eða innleiða frekari takmarkanir á þeim samkvæmt upplýsingum sem fengust frá lögreglunni í Reykjavík. Engu að síður tel ég einsýnt að fylgjast þurfi mjög vandlega með þessum flutningum og meta hvort taka beri þessar reglur upp að nýju og gera strangari kröfur um þessa flutninga og draga jafnvel úr þeim. Ég tel að það hljóti að verða að gerast í ljósi þróunar umferðar. Ef umferðin eykst mjög mikið sem ég á svo sem alveg von á að gerist á næstu missirum þarf að sjálfsögðu að skoða þetta. Í ljósi þess að ráðuneytið hefur fengið þennan málaflokk mjög nýlega til meðferðar hefur ekki gefist mikið tóm til þess að líta yfir þetta sérstaklega. En það verður gert. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við þá aðila sem að þessu máli þurfa að koma.

[17:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir mjög þarfa og góða fyrirspurn.

Ég vil nota tækifærið og benda á svar sem ég fékk einmitt frá hæstv. samgrh. í dag við fyrirspurn minni um umferðarslys. Í því svari kemur einmitt fram að Hvalfjarðargöngin eru enn sem komið er einn öruggasti vegur landsins. Þar er slysatíðni mjög lág. En það kemur líka fram að umferð um Hvalfjarðargöng hefur aukist gífurlega á undanförnum árum. Nú fara þar um 3 þúsund eða tæpir 4 þúsund bílar á hverjum einasta degi að meðaltali. Það er engin smáumferð.

Ég er einn af þeim sem fara um þessi göng nánast á hverjum einasta degi allt árið um kring. Þessir stóru þungu flutningabílar sem eru að silast upp úr göngunum eru mikið áhyggjuefni. Menn eru að taka sjensa við að fara fram úr þeim og annað þess háttar. Þetta býður hættunni heim. Ég styð það heils hugar og ég tel að menn ættu að íhuga það alvarlega að þessi umferð verði hreinlega algerlega bönnuð í Hvalfjarðargöngunum. Mönnum er engin vorkunn að því að fara fyrir fjörð. Þar er ágætur vegur, lítil umferð og það yrði langöruggasti flutningamátinn því ef þessir bílar lenda í slysi, ef eldur verður, þá er stórslysið orðið að staðreynd.

[17:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Skelfilegustu slys í Evrópu á seinni árum eru einmitt slys þar sem eldsneytisflutningabílar hafa lent í óhöppum í göngum sem liggja gegnum fjöll í Mið-Evrópu. Ég tel fullkomlega tímabært hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að taka þetta upp með þessum hætti og fagna því að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir í umræðunni að hann hyggist endurskoða þessar reglur. Ég tel að aðrar reglur eigi að gilda um þau ökutæki sem flytja efni af þessu tagi, eldsneyti og gas, heldur en annan þungaflutning og ég er alveg sammála því viðhorfi sem hér hefur komið fram, að það eigi helst að útiloka flutning þessara efna um göngin. Mig langar að spyrja hæstv. samgrh. af því að hann tók svo vel í fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar hvort hann hafi íhugað á næstu árum að byggja upp veginn fyrir Hvalfjörð í þessu augnamiði.

[17:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Málið sem hér er til umræðu er mikilvægt. Ég þakka fyrir að það er tekið upp. Ég tel að það sem hæstv. ráðherra sagði, þ.e. að þessar takmarkanir hafi gefist vel og að engir hnökrar hafi orðið á framkvæmd þeirra, gefi fyrst og fremst tilefni til að skoða hvort ekki eigi að þrengja þetta enn frekar og gera það sem allra fyrst vegna þess að enginn vill eiga á hættu að slys verði í þessum göngum vegna hættulegra efna, sprengiefna, gass eða bensíns sem flutt er þarna um. Það er þröngt að keyra í gegnum göngin og auðvitað er hætta á árekstrum og slysum og alveg sérleg hætta á því að það gerist við framúrakstur í göngunum hérna að sunnanverðu. Þetta er umhugsunarefni. Menn þurfa að skoða þetta vel. Mér finnst að full ástæða sé til þess að endurskoða þetta strax úr því að þrengingin sem komin er hefur skilað góðum árangri.

[17:56]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa mjög mikilvægu máli. Hæstv. ráðherra nefnir að hann ætli að fara að endurmeta reglurnar sem gilda um þessa flutninga. Ég held að full þörf sé á því. En fróðlegt væri að heyra hvað hann hefur til grundvallar. Eru það erlendir staðlar?

Nú vitum við að slys sem verða í svona göngum geta orðið mjög hræðileg og þess vegna er eins gott að hafa allan varann á og hafa mjög strangar reglur um alla flutninga um þessi göng.

[17:57]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið og þeim þingmönnum sem hafa lagt gott til þessa máls og umræðuna um það. Það kemur fram að lögreglan telji góða reynslu af þessum nýju reglum. Í sjálfu sér er það rétt. Meðan ekki verður þarna stórt óhapp reynir kannski ekki mikið á þetta. En hættan er sú að þarna verði alvarlegur eldsvoði og þá er verr af stað farið en heima setið að hafa ekki strangari

reglur um þetta en þessar. Ég minni á að það hefur nokkrum sinnum skeð á þessum fáu árum sem göngin hafa verið í notkun að legið hefur þarna við stórum óhöppum. Það hefur lekið m.a. af bensínbíl og ekki þurfti nema einn neista til að allt færi í bál og brand. Við höfum náttúrlega heyrt hræðilegar fréttir erlendis frá af gangabrunum þar sem enginn ræður neitt við neitt og ekki síst á það við um göng í iðrum jarðar.

Þess vegna minni ég á að Vinnueftirlitið benti á þá hættu sem stafar af þessum flutningi árið 2000 og taldi að alvarlegt óhapp við eldsneytisflutning um göngin þannig að eldur kæmist í farm flutningabifreiðar eða bensínbifreiðar gæti skapað mikla hættu fyrir alla sem í göngunum kynnu að vera. Þeir töldu að til álita kæmi að heimila alls ekki slíkan flutning um göngin, a.m.k. ekki meðan þau eru opin fyrir annarri umferð.

Fyrir nokkrum árum var hér birt áhættumat verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens þar sem þeir leiddu líkur að því að það gæti orðið bruni í litlum bíl í þessum göngum á sex ára fresti og í flutningabíl á 24 ára fresti. Ég veit ekki hvaða vísindi lágu til grundvallar þessu mati. En hvort sem það er rétt eða ekki og hvort sem þessi óhöpp verða á margra ára fresti eða skemur þá verðum við að gera allt til að koma í veg fyrir að slík slys geti orðið því að einn eldsvoði í þessum djúpu göngum getur valdið óbætanlegu tjóni. Við höfum, eins og ég sagði, séð slíkar fréttir erlendis frá sem eru alveg skelfilegar þegar þessi atvik verða.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra og fagna því að hann skuli ætla að endurskoða þetta mál. Ég treysti honum mjög vel til að finna lausn á þessu og vona að hann komist að sömu niðurstöðu og ég og aðrir þeir sem hér hafa talað, þ.e. að nauðsynlegt sé að taka á þessum málum og herða reglurnar verulega.

[17:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Í svari mínu áðan kom fram að þær reglur sem eru í gildi og voru hertar frá því sem áður var eru ársgamlar. Þær voru settar 10. apríl 2003. Þær voru settar að undangenginni ítarlegri skoðun nefndar og eftir umfjöllun lögreglu og dómsmrn. á þeim tíma þannig að ég tel í því ljósi að væntanlega hafi verið lagt á ráðin um þessar reglur með öll þau sjónarmið í huga sem hér hafa komið fram.

Auðvitað vitum við að ekki verður aftur snúið ef slys verður og slys geta orðið hvenær sem er alls staðar á þjóðvegum landsins. Því miður eru þau allt of tíð.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurðist fyrir um hvort ég hugsaði mér að beita mér fyrir frekari uppbyggingu vegarins fyrir Hvalfjörð. Það er ekkert á dagskrá um það. Vegurinn fyrir Hvalfjörð afkastar ágætlega þeirri umferð sem þar fer um og enginn teikn eru á lofti um sérstaka þörf fyrir aðgerðir þar eins og nú háttar.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spurðist fyrir um hvaða viðmiðanir lægju til grundvallar þessum reglum. Hann nefndi erlenda staðla. Að því er ég best veit var reynt að nýta staðla sem notaðir eru í Evrópusambandsríkjunum og ríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis. Auk þess þarf auðvitað að líta til reynslu okkar hér. En hvað um það.

Ég tel, eins og ég sagði í svari mínu, eðlilegt að fara yfir þetta með það að leiðarljósi að tryggja sem best öryggi í þessum göngum. Ég vænti góðs samstarfs við alla um það.

Símaþjónusta barnadeildar á Landspítalanum.

Fsp. ÞBack, 707. mál. — Þskj. 1049.

[18:02]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Í þeim sparnaðaraðgerðum sem standa yfir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi var öllum deildum gert að leggja fram sparnaðaráætlanir sem hafa leitt til þess að fólki hefur verið sagt upp á flestum deildum og svo á við um barnadeildina. Þar hefur fækkað um 14 stöðugildi því barnadeildinni var gert að spara um 8% af rekstri sínum. Hluti af þjónustu barnadeildarinnar var að veita ákveðna símaþjónustu og bráðamóttakan sinnti þeirri þjónustu. Þjónustan var ekki fyrir fram skipulögð sem sérstök þjónustueining heldur kom hún til af því m.a. að heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu hafði ekki sinnt þörfum íbúanna, það var mannekla, erfitt að komast að og eins gat fólk ekki hringt á Slysavarðstofuna með erindi sínu eða þörfin fyrir hendi að foreldrar með börn gætu fengið bráð svör. Því var leiðin sú að hringja á barnadeildina og fá þar upplýsingar og fara annaðhvort í móttökuna eða spyrja, sem oftar var, hvert það ætti að leita.

Nú getur barnadeildin ekki sinnt þessu lengur þar sem hún hefur ekki mannafla til þess og öllum þeim sem hringja, sem voru og eru enn nokkrir tugir á dag, er vísað annað. Starfsmenn barnadeildar vísa fólki á Læknavaktina eða viðkomandi heilsugæslustöð eftir efni erindisins. Þar sem Læknavaktin gerði samning í desember við ráðuneytið um ákveðna þjónustu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.:

Hvert hyggst ráðherra vísa símaþjónustu sem veitt hefur verið hjá barnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss en hefur nú verið lögð af?

Ég hef kynnt mér málið og komist að því að þjónustunni hefur ekki verið fundinn ákveðinn farvegur.

[18:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur beint til mín fyrirspurn um símaþjónustu barnadeildar á Landspítalanum. Sem kunnugt er setti barnadeild Landspítala – háskólasjúkrahús á laggirnar símaþjónustu fyrir nokkru sem gaf möguleika á að hringja beint til barnadeildarinnar og fá þar upplýsingar og ráð. Um var að ræða óformlega símaþjónustu sem ekki var auglýst sem hluti af vaktþjónustu spítalans. Í hagræðingarskyni hyggst spítalinn nú leggja þessa þjónustu niður eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda.

Símtölum þessum verður beint á heilsugæslustöðvarnar, bæði á höfuðborgarsvæðinu og um land allt, eins og eðlilegt verður að teljast. Mun Heilsugæslan efla getu sína til að annast þessa þjónustu að deginum til og koma upp miðlægri svörun á Heilsuverndarstöðinni innan skamms. Á kvöldin, nóttinni og um helgar hefur Læknavaktin annast þessa þjónustu af miklum myndarbrag og sinnt miklum fjölda símtala. Hefur hún sinnt 60–70 þúsund símtölum árlega. Mun hún annast þá þjónustu áfram.

Ekki þarf að geta þess að aðgengi heilsugæslunnar að sérþjónustunni sem barnadeildin veitir mun verða að öðru leyti óbreytt þó símtöl frá almenningi fari ekki lengur beina leið til barnadeildarinnar.

Ég vona að þessar upplýsingar svari fyrirspurn hv. þm.

[18:06]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég tel að með svörum sínum hafi hæstv. ráðherra upplýst hvert símtölunum er vísað en öllum þeim símtölum sem fóru yfir á barnadeildina hefur verið vísað annað og þar er aukið álag hjá þeim stofnunum. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. ráðherra hvort verið sé að skoða framtíðarfyrirkomulag á samræmdri símsvörun varðandi sjúkdóma barna og unglinga og hvernig sú framtíðarþjónusta muni vera. Mun hæstv. ráðherra taka það upp í samningum, bæði við Heilsuverndarstöðina og Læknavaktina, að auka fjárframlag umfram það sem nú er til að sinna þessari þjónustu eða hvernig telur ráðherra best að símaþjónustunni sé sinnt á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni?

[18:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu áðan tel ég að Læknavaktin hafi sinnt þessum málum mjög vel utan venjulegs opnunartíma um nætur og helgar. Verið er að vinna að því að koma upp miðlægri símsvörun á Heilsugæslunni og að hún fái stuðning til þess þannig að hægt sé að sinna þjónustunni vel. Það er nauðsyn á því að gera það.

Málið, miðlæg símsvörun, er til skoðunar í heild en það sem liggur á borðinu núna er miðlæg símsvörun á Heilsugæslunni og á Læknavaktinni utan venjulegs afgreiðslutíma.

Afsláttarkort Tryggingastofnunar.

Fsp. ÞBack, 713. mál. — Þskj. 1055.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Fyrr í vetur ræddum við um útgjöld heimila vegna heilbrigðisþjónustu og þar kom einnig til umfjöllunar grein sem birtist í Læknablaðinu sem nefnist Hið ófullkomna jöfnunartæki: Afsláttarkort og komugjöld í íslenska heilbrigðiskerfinu. Þar kemur fram að afsláttarkortin vegna komugjalda, sem eiga að halda niðri og jafna útlagðan kostnað fólks vegna notkunar á heilbrigðiskerfinu, virka ekki sem skyldi vegna þess að afsláttarkortin eru ekki aðgengileg, þau eru ekki vel kynnt og fyrirkomulagið með þeim hætti að fólk áttar sig ekki á því að það þurfi að safna upp greiðslukvittunum til þess að eiga möguleika á afsláttarkortunum. Þar sem þetta snýr að mörgum þáttum og við ræddum þetta ekki beint í fyrri umræðu um hvernig hægt væri að nýta afsláttarkortin betur en gert er í dag hef ég beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.:

1. Mun ráðherra beita sér fyrir kynningu á og betra aðgengi að afsláttarkortum Tryggingastofnunar í ljósi niðurstöðu rannsóknar á afsláttarkortum og komugjöldum í íslenska heilbrigðiskerfinu sem birtist í 5. tbl. Læknablaðsins 2003?

2. Telur ráðherra að núverandi fyrirkomulag afsláttarkortanna sé með þeim hætti að þau uppfylli þau markmið sem þeim er ætlað?

Í rannsókninni sem hér er vitnað til er alveg ljóst að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustunnar hefur hækkað sem hlutfall tekna hjá öryrkjum, öldruðum, barnafólki og láglaunafólki. Það kemur einnig í ljós að unga fólkið nýtir illa afsláttarkortin og þarf að koma betri upplýsingum með einhverjum hætti sérstaklega til ákveðinna hópa og hugsanlega að breyta fyrirkomulaginu líka.

[18:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Tryggingastofnun ríkisins er falið með reglugerð að kynna almenningi reglur um afsláttarskírteini, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 981/2003, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Leitað var eftir upplýsingum um það hvernig stofnunin stæði að kynningu á afsláttarskírteinum og í svari stofnunarinnar segir að Tryggingastofnun ríkisins gefi út bæklinga þar sem upplýst er um afsláttarskírteinin. Bæklingarnir liggi frammi á flestum læknastöðvum og víðar. Einnig megi finna upplýsingar um skírteinin á heimasíðu stofnunarinnar. Þá hafi stofnunin gefið út spjöld sem send hafi verið læknastöðvum þar sem fram komi upplýsingar um greiðslu sjúklinga fyrir læknisþjónustu með og án afsláttarskírteina. Spjöldin hangi mjög víða uppi.

Þá hafi flestar læknastöðvar fyrir venju að spyrja sjúklinga þegar þeir greiða fyrir þjónustu hvort þeir hafi afsláttarskírteini. Í Læknablaðinu er sérstaklega fjallað um þær fjárhæðir sem Tryggingastofnun ríkisins hefur endurgreitt vegna afsláttarskírteina. Þar er einungis um að ræða endurgreiðslu á þeim kostnaði sem rétthafi afsláttarskírteinis hefur greitt án þess að framvísa afsláttarskírteininu. Í slíkum tilfellum er sjúklingi endurgreiddur hluti kostnaðarins og er tekið tillit til þess hvað hann hefði átt að borga ef hann hefði framvísað afsláttarskírteini.

Til einföldunar er miðað við að sjúklingur hefði greitt $^1/_3$ af kostnaðinum ef hann hefði framvísað skírteininu. Hann fær því $^2/_3$ hluta kostnaðarins endurgreiddan. Í Læknablaðinu kemur fram að kostnaðurinn hafi verið 75 millj. kr. á árinu 2001. Þar komu ekki fram þær fjárhæðir sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt í þeim tilvikum þegar sjúklingar framvísa skírteini. Þær fjárhæðir hafa ekki verið teknar saman en gera má ráð fyrir að þær séu margfalt hærri en endurgreiðslurnar.

Tryggingastofnun ríkisins getur ekki gefið upplýsingar um komur sjúklinga á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús þar sem hún hefur ekki heimildir til að afla slíkra upplýsinga.

Herra forseti. Ég tel að Tryggingastofnun ríkisins hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni við almenning nokkuð vel en ætíð má deila um hversu umfangsmikil slík kynning eigi að vera. Erfitt er að ná til allra hlutaðeigandi og jafnframt er ávallt til nokkur hópur sem tekur ákvörðun um að sækja ekki um afsláttarskírteini. Í þessu sambandi er þess utan rétt að taka fram að nú er nánast regla að heilbrigðisstarfsmenn á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, hjá sérfræðilæknum og annars staðar þar sem sjúklingar sækja sér þjónustu spyrja þá jafnan hvort þeir séu með afsláttarkort. Þannig eru menn með beinum og áberandi hætti minntir á rétt sinn og vaktir til umhugsunar um þann rétt.

Þá er ljóst að samkeyrsla á upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa er viðkvæmt persónuverndarmál og því þarfnast slíkt vandlegrar skoðunar áður en óskað er eftir slíkum heimildum fyrir stofnunina. Núverandi fyrirkomulag afsláttarskírteina er með þeim hætti að það getur uppfyllt þau markmið sem skírteinunum er ætlað, en ég mun að sjálfsögðu taka til skoðunar þau atriði sem bent er á í áðurnefndri grein í Læknablaðinu.

[18:16]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil leggja orð í belg varðandi þessa ágætu fsp. Það er kannski ágætisábending að á kvittunum sem sjúklingar fengju þegar þeir greiddu sjúkrakostnað og tækju við lyfjum væri að finna áminningu um að það væri þess virði að geyma kvittunina og safna þeim saman.

Ég vil minna á ákveðna lagabreytingu sem var gerð í heilbr.- og trn. þegar við fjölluðum um svokallaðan lyfjagagnagrunn og gagnagrunn sem Tryggingastofnun er með til að fylgjast með lyfjakostnaði. Ein forsendan fyrir því að Tryggingastofnun geti haldið utan um kostnaðinn og hjálpað fólki við að gera það, og gert var ráð fyrir þegar verið var að ganga frá lagabreytingunni og gefa heimild til að halda gagnagrunninum saman, var að sjúklingar gætu óskað skriflega eftir því við Tryggingastofnun að hún héldi utan um þetta þannig að það kæmi aðvörun frá Tryggingastofnun þegar fólk hefði náð tilteknum kostnaði og hámarkinu.

[18:17]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að þrátt fyrir góðan vilja og góðan ásetning hafa afsláttarkortin ekki náð tilgangi sínum. Þó að Tryggingastofnun kynni afsláttarkortin, bæði á spjöldum og á heimasíðunni, er sú kynning ekki aðgengileg og sérstaklega ekki fullorðnum. Ég tel að það vanti upp á að það komi í fjölmiðlum, annaðhvort með stuttum auglýsingum í sjónvarpi eða blöðum, áminningar og ábendingar þannig að þessu sé haldið að fólki. Það vantar sannarlega upp á það. Eins er með fyrirkomulagið. Miðað er við áramót og fólk áttar sig ekki á því að það þurfi að halda til haga hverri einustu kvittun sem það fær varðandi komugjöld. Við teljum að hver ferð til læknis sé alveg einstök og að við þurfum ekkert að koma það sem eftir er ársins. Það eru ekki nema þeir sem þurfa mikið á heilbrigðisþjónustu að halda sem halda kvittunum til haga og svo líður árið og ef það koma upp veikindi undir árslok er ekki öruggt að fólk fái endurgreitt sem það hefði annars átt að fá.

Ég er ekki að mæla með samkeyrslu persónuupplýsinga, alls ekki, en tel að með betri og markvissari kynningu, sem höfðar sérstaklega til þeirra hópa sem fram kom í rannsóknninni að nýta sér ekki afsláttarkortin þrátt fyrir að þeir hefðu átt að fá endurgreiðslu, nái afsláttarkortin betur tilgangi.

[18:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær ábendingar sem hafa komið fram. Þetta er áríðandi mál sem hér er um að ræða. Það er full þörf á að halda kynningunni eins öflugri og unnt er, að fólk sé meðvitað um rétt sinn í þessu efni. Það kann að vera að auglýsingar í sjónvarpi og blöðum muni vera áhrifaríkt tæki í þessu. Ég efast ekki um það, en kostar nokkra fjármuni.

Ég held samt að áhrifaríkasta tækið í þessu sé að rétturinn sé auglýstur þar sem fólk sækir sér þjónustuna. Ég veit það og hef ótal dæmi um það og trúi því sem mér hefur verið tjáð um að heilbrigðisstarfsfólk er samviskusamt að minna fólk á rétt sinn í þessum efnum. Ég hef orðið vitni að því og tel að það sé áhrifaríkast. Hins vegar eigum við að hafa augun opin fyrir öllum leiðum um þetta efni og tillagan um að það sé áminning um þetta á þeim reikningum sem fólk fær er allrar athygli verð.

Menntun fótaaðgerðafræðinga.

Fsp. AKG, 808. mál. — Þskj. 1223.

[18:21]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Fótaaðgerðafræðingar inna af hendi mikilvæga þjónustu og fyrir þá er vaxandi þörf, einkum á öldrunar- og heilbrigðisstofnunum landsins m.a. vegna vaxandi aldurs landsmanna. Á Íslandi eru fáir fótaaðgerðafræðingar og í hópi þeirra hefur engin endurnýjun orðið undanfarin ár.

Menntaðir fótaaðgerðafræðingar hér á landi hafa sótt menntun sína ýmist til Norðurlandanna eða Bretlands og í þeim löndum er menntuninni misjafnt háttað bæði innan landanna og milli landanna, þ.e. í sumum tilfellum er menntunin á framhaldsskólastigi en annars staðar er hún á háskólastigi.

Oftast er mikil áhersla lögð á að Íslendingar geti sótt sér menntun á Íslandi og þurfi ekki að sækja hana erlendis. Þessi tiltekna menntun er á meðal þess sem er mjög mikilvægt að komi heim. Hér eru allar aðstæður fyrir hendi, m.a. menntaðir kennarar með fyllstu réttindi. Þessi grein, fótaaðgerðafræði, er meðal þess sem kalla má hefðbundna kvennagrein og þó ég sé ekkert að mæla með því að karlmenn forðist greinina eða sæki sér ekki menntunar í henni talar staðreyndin sínu máli hingað til. Þessi grein er einmitt sú grein sem maður getur mjög vel séð fyrir sér að konur vildu sækja, t.d. konur sem eru búnar að koma upp börnum. Við þekkjum að þær fara gjarnan að leita sér menntunar þá, konur sem fóru ekki í skóla á sínum yngri árum, og sá hópur kvenna fer örugglega ekki til útlanda til að sækja sér menntun.

Það er ekkert sem mælir gegn því að þessi menntun sé sett upp á Íslandi. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Er fyrirhugað að koma á menntun í fótaaðgerðafræði á Íslandi og ef svo er, hvenær?

2. Hvernig er undirbúningi þess háttað?

3. Er til námskrá fyrir slíkt nám og ef svo er, hvert er innihald hennar?

4. Hvar í skólakerfinu er fyrirhugað að slíkt nám eigi heima?

[18:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn um menntun fótaaðgerðafræðinga. Í fyrsta lagi beinir þingmaðurinn þeirri fyrirspurn til mín hvort fyrirhugað sé að koma á menntun í fótaaðgerðafræði á Íslandi og ef svo sé, hvenær, hvernig undirbúningi sé háttað, hvort til sé námskrá fyrir slíkt nám, hvert sé innihald hennar og hún spyr einnig um það hvar í skólakerfinu sé fyrirhugað að slíkt nám eigi heima.

Því er til að svara að reglugerð um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga var sett árið 1990. Margir þeirra sem hlotið hafa starfsleyfi heilbr.- og trmrh. hafa stundað nám í fótaaðgerðafræðum erlendis en aðrir fengu leyfi við gildistöku reglugerðarinnar samkvæmt bráðabirgðaákvæði hennar. Voru það einstaklingar sem höfðu starfað sem fótaaðgerðafræðingar um tíma án þess að hafa formlegt nám í fótaaðgerðafræði að baki.

Nú munu um 130 einstaklingar hafa starfsleyfi sem fótaaðgerðafræðingar hér á landi. Allt frá því að reglugerð

um fótaaðgerðafræðinga var sett hefur verið umræða um að koma á menntun í fótaaðgerðafræði hér á landi. Árið 2000 sendi Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga tillögu til menntmrn. um nám í fótaaðgerðafræði. Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina sem menntmrn. skipaði á grundvelli 28. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, fjallaði um þær tillögur og sendi menntmrh. nýjar tillögur síðla árs 2000 þar sem lagt var til að nám í fótaaðgerðafræði yrði þriggja ára nám á framhaldsskólastigi. Varðandi innihald þeirrar námskrár vísast til menntmrn. en menntmrn. hefur ekki leitað eftir umsögn landlæknis eða heilbrrn. um fyrrgreinda tillögu að námskrá fyrir nám í fótaaðgerðafræði.

Nú hefur starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina óskað eftir samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að lýsa starfsumhverfi og störfum á heilbrigðissviði, greina þörf fyrir þekkingu, hæfni og stöðu starfsnáms í heilbrigðisgreinum þar á meðal fótaaðgerðafræði. Gert er ráð fyrir að niðurstaða þeirrar athugunar liggi fyrir haustið 2004. Heilbr.- og trmrn. telur eðlilegt að beðið sé eftir niðurstöðum greiningarinnar áður en næsta skref er tekið varðandi nám í fótaaðgerðafræði hér á landi.

Hvað varðar þá spurningu hvar í skólakerfinu slíkt nám eigi heima er því til að svara að slík ákvörðun er á forræði menntmrn. Það fer jafnframt eftir því hvernig endanleg námskrá verður. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um það að svo komnu máli og ég tel eðlilegt að það bíði efni þeirrar greiningar starfsgreinaráðs sem nefnd var áður.

[18:27]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör þó ég verði að viðurkenna að þau skýra ekki mikið fyrir mér hver hugsanleg niðurstaða málsins kann að vera, eins og gefur að skilja þar sem hæstv. ráðherra sagði að beðið yrði til hausts með að taka ákvörðun. Ráðherra minntist bæði á framhaldsskóla og háskóla og það gefur mér til kynna að hugsanlega sé verið að togast eitthvað á um í hvoru skólastiginu námið eigi heima. Mig langar líka til að fá að vita hvort ekki hafi komið til tals að námið yrði á forræði einkaskóla. Snyrtifræði er kennd í einkaskólum hér, svo dæmi sé nefnt, og ég veit að erlendis er námið víða kennt í einkaskólum og fróðlegt að heyra álit ráðherrans á því.

Ég vil að lokum láta í ljós þá skoðun mína að mikilvægt sé að skera úr um málið þannig að hægt sé að koma menntuninni á hvar svo sem hún verður endanlega.

[18:29]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Mig langar að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, fyrir fsp. hennar varðandi nám og störf fótaaðgerðafræðinga og hæstv. ráðherra fyrir ágætt svar sem kastar ljósi á hvar málið er statt og sýnir í rauninni að það heyrir undir menntmrn.

Ég vil draga fram að það er stór munur á fótaaðgerðafræðingum og fótsnyrtum því fótaaðgerðafræðingar tilheyra heilbrigðisstétt. Ég þekki það frá fyrri árum, þar sem ég starfaði einu sinni fyrir þetta ágæta félag, að það eru ýmis rök fyrir því að vera með námið hérlendis eins og hv. þm. benti á. Hugsanlega eru einhverjar konur sem vilja fara í þetta nám en eiga erfitt með að fara erlendis til þess frá búi og börnum. Það má líka segja að ef við setjum námið á háskólastig erum við um leið að takmarka þann hóp sem á aðgang að náminu, ef við horfum til kvenna sem eru ekki á tvítugsaldri eða eitthvað eldri. En ég vil halda því til haga að þetta er heilbrigðisstétt og full þörf á að nógu margir séu í stéttinni til að sinna þörfinni.

[18:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þar sem venja er að fyrirspyrjandi tali síðastur vil ég gefa hv. fyrirspyrjanda tækifæri til að gera athugasemd eins og á stendur.

[18:31]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Ég þakka fyrir, herra forseti. Ég ætla ekki að vera margorð í þessari ræðu minni. Ég vil hins vegar nota tækifærið til að þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir undirtektir hennar við mál mitt áðan. Ég tek undir allt sem hún sagði hvort heldur það var um skólastig eða annað og ekki síst um skólastigið því að þeir fótaaðgerðafræðingar sem hér starfa hafa fengið starf sitt viðurkennt og starfsheiti eftir nám á framhaldsskólastigi og ég held að það væri ágætisbyrjun hjá okkur í það minnsta að koma því á á því stigi hvort heldur það er í ríkisskólum eða einkaskólum.

[18:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður sem hér hafa verið um þetta mál. Vera kann að svör mín hafi ekki eytt allri óvissu í þessum efnum vegna þess, eins og kom fram, að ég er þeirrar skoðunar að við ættum að bíða haustsins í þessu efni. Auðvitað markast svör mín af því að þetta mál heyrir að nokkuð miklu leyti til undir annað ráðuneyti þó að um heilbrigðisstétt sé að ræða.

Varðandi möguleikana á að vista þetta nám þá hef ég ekki fastmótaða skoðun á því. Ég er opinn fyrir ýmsum möguleikum í því sambandi, t.d. framhaldsskólum. Það getur alveg komið til greina. Og einkaskólar gætu alveg komið til greina, eins og fyrirspyrjandi sagði. Ég er opinn fyrir öllum slíkum hugmyndum og mun hlusta á þær. En forræði þessa máls er að nokkuð miklum hluta í menntmrn. eins og ég sagði og svör mín hljóta að markast af því að við tölum ekki fyrir hönd annarra ráðuneyta eða annarra ráðherra í þessum efnum.

Tannheilsa barna og lífeyrisþega.

Fsp. JóhS, 826. mál. — Þskj. 1259.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Í óundirbúinni fyrirspurn nýlega svaraði hæstv. heilbrrh. fyrirspurn hv. þm. Þuríðar Backman um tannheilsu barna. Ég hafði þá lagt fram munnlega fyrirspurn um tannheilsu barna og lífeyrisþega. Ráðherra vísaði bara í rannsókn í undirbúningi á tannheilsu barna og svo hvatti hann börn til að hirða tennurnar og nota flúortannkrem. Miðað við þessi svör fannst mér fullkomlega ástæðulaust að draga fyrirspurn mína til baka. Mér fannst hæstv. ráðherra skulda þinginu gleggri svör um málið en þau sem hann gaf um daginn.

Það hefur komið fram að barnalæknir og sérfræðingur í samfélagstannlækningum segir að hópur íslenskra barna búi við tannskemmdir, sársauka og sýkingar sökum þess að

foreldrar þeirra hafi ekki efni á að fara með þau til tannlæknis og því stefni í tvískipt tannheilbrigðiskerfi hér á landi. Þetta eru alvarlegar athugasemdir sem hæstv. heilbrrh. og þingið verða að taka alvarlega. Raunar undrar mig ekki að svo sé komið að við stefnum í tvískipt tannheilbrigðiskerfi þar sem fólk hefur ekki jafnan aðgang óháð efnahag.

Um daginn vöruðum við hér við tvískiptu heilbrigðiskerfi almennt þar sem gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu væri orðin alvarleg aðgangshindrun. Virtur prófessor hefur haldið því fram að gild rök megi færa fyrir því að útgjöld sjúklinga hér á landi séu komin á varasamt stig og farin að bitna á aðgengi í heilbrigðisþjónustunni. Nú eru rannsóknir þarfar en ég held að þegar liggi fyrir þær staðreyndir í málinu sem duga til að hæstv. ráðherra geti ekki varið það að bíða þar til viðamikil rannsókn hefur verið gerð. Það getur tekið langan tíma.

Í nýlegri niðurstöðu rannsóknar sem formaður tannverndarráðs hefur kynnt kemur fram að 30% 16 og 17 ára unglinga fara ekki til tannlæknis og 50% þriggja ára barna fari ekki heldur til tannlæknis. Leiða má að því líkur, eins og sérfræðingurinn í samfélagstannlækningum gerði, að fólk hafi ekki efni á að fara til tannlæknis.

Nú hlýtur hæstv. ráðherra að horfa til þeirra sjónarmiða sem tryggingayfirlæknir hefur að segja um þetta mál. Skoðun hans sem komið hefur fram opinberlega er sú að ef hægt eigi að vera að ætlast til þess að allir forráðamenn barna fáist til að fara með börn sín reglulega til tannlæknis þurfi að semja aftur um fasta gjaldskrá og hækka um leið endurgreiðsluna í 100% fyrir börn. Tryggingatannlæknir vill líka að sjúkratryggingar taki þátt í tannlæknakostnaði eins og í öðrum sjúkleika. Hann hefur beint því til ráðherra hvort ekki sé orðið tímabært að taka nú fyrstu skrefin og auka þátttöku sjúkratrygginga í tannkostnaði lífeyrisþega og segir að það geti ekki verið boðlegt árið 2004 að greiða ekki fyrir krónur og brýr lífeyrisþega og að það sé okkur til vansa að þetta ákvæði skuli enn standa óbreytt eftir 30 ár.

Loks nefnir tryggingatannlæknir að næstu skrefin ættu að vera að hækka endurgreiðslualdurinn sem fyrst í 20 ár til samræmis við hin Norðurlöndin. Ég hef því leyft mér að flytja fyrirspurn um þetta efni til hæstv. heilbrrh.

[18:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint þremur fyrirspurnum um tannheilsu barna og lífeyrisþega.

„1. Er ráðherra samþykkur því að lítil þátttaka ríkisins í tannlæknakostnaði sé farin að bitna alvarlega á tannheilsu barna efnalítilla foreldra?“

Það er mikilvægt að byggja stefnumótun í heilbrigðismálum á staðreyndum og þekkingu. Eins og er vitum við ekki með vissu hvernig tannheilsu landsmanna er háttað. Því hefur verið ákveðið að hrinda af stað landskönnun á munnheilsu þjóðarinnar. Í fyrsta áfanga hennar munu 6, 12 og 15 ára börn og unglingar verða skoðuð. Þegar niðurstöður úr þeirri rannsókn liggja fyrir verður hægt að svara því hvernig tannheilsa barna er á Íslandi í dag. Jafnframt verður hægt að svara þeirri spurningu hv. þm. hvort tannheilsa barna efnalítils fólks sé verri en annarra barna.

„2. Hvað hyggst ráðherra gera til úrbóta og er hann sammála tryggingayfirtannlækni um að tannlæknakostnaður barna verði endurgreiddur að fullu?“

Eins og áður segir bíðum við niðurstöðu rannsóknarinnar áður en við ákveðum hvort úrbóta er þörf. Við væntum góðrar samvinnu foreldra barna við að svara spurningum á lista sem verður dreift til þeirra sem valdir verða í slembiúrtak rannsóknarinnar. Það er brýnt að fá góða svörun til að niðurstöður verði marktækar og hægt verði að byggja á þeim áhættumat.

Ef reyndin verður svipuð því er gerist í nágrannalöndum okkar þá er aðeins lítill hluti barnanna með meiri hluta tannsjúkdómanna svo sem tannskemmdir og glerungseyðingu og við þurfum að geta metið hverjir eru í mestri áhættu til að fjármagnið til að hjálpa þeim nýtist sem best.

Varðandi það að endurgreiða tannlæknakostnað barna að fullu eins og haft var eftir yfirtryggingatannlækni í fjölmiðlum þá lét hann þar í ljós sína persónulegu skoðun en ekki ákvörðun heilbrigðisyfirvalda. Kostnaðarhlutdeild sjúklinga er að finna á nær öllum sviðum heilbrigðiskerfisins og það er ekki stefna okkar í ráðuneytinu að breyta því endurgreiðslukerfi sem nú er við lýði vegna tannlækninga.

„3. Er ráðherra reiðubúinn að rýmka þær reglur sem gilda um greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði lífeyrisþega?“

Fagfólk innan ráðuneytisins hefur bent mér á að ákvæði í almannatryggingalögum sem hamla endurgreiðslu til lífeyrisþega vegna krónu- og brúargerðar hjá ellilífeyris- og örorkuþegum samræmist ekki breyttum aðferðum í nútímatannlækningum og stefnumörkun ráðuneytisins í tannverndarmálum þar sem áhersla er lögð á að gera eldri borgurum kleift að viðhalda heilbrigði munnhols eins lengi og mögulegt er. Ég er tilbúinn að skoða hvað slík breyting mundi kosta og mun beita mér fyrir því nú á næstunni. En ljóst er að til þess að hrinda því í framkvæmd þarf að breyta lögum um það efni.

[18:40]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja máls á þessu máli sem varðar tannheilsu barna og síðan lífeyrisþega. En endurgreiðslan sem sjúklingar fá sem leita til tannlækna, endurgreiðslan á kostnaði þeirra miðast við viðmiðunargjaldskrá og munurinn á tannlæknum og öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði er auðvitað sá að þeir eru með frjálsa verðlagningu.

Það hafa margir lagt til að gengið verði frá samningum við tannlækna á sömu nótum og samningar eru gerðir við aðra sérfræðilækna þannig að það verði sama gjaldskrá. Raunin er sú að sumir sem leita til tannlæknis fá full 75% endurgreidd af kostnaði sínum. Aðrir fá kannski bara 7%. Það fer allt eftir því hver gjaldskrá tannlæknisins er. Þessi frjálsa verðlagning átti náttúrlega að leiða til ákveðinnar kostnaðarvitundar og skila sér í lægra verði en hefur ekki gert það enn þá.

[18:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að hæstv. ráðherra er reiðubúinn að skoða það að rýmka eða skoða þær reglur sem gilda um greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði lífeyrisþega og huga að kostnaði við þær. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það kallar á lagabreytingar. En ráðherrann er greinilega opinn fyrir því að skoða þessar breytingar. Því ber að fagna og ég vona að við sjáum þá frv. um það efni á komandi haustþingi.

En ég er gersamlega ósammála hæstv. ráðherra um eitt og finnst það hreint og klárt vera undansláttur hjá hæstv. ráðherra þegar hann vitnar í að fara þurfi í rannsóknir til að skoða hvort hægt sé að auka þátttöku ríkisins í tannlæknakostnaði

barna og unglinga. Fyrir liggja þær rannsóknir sem ég vitnaði til sem formaður tannverndarráðs kynnti nýlega og þegar við ræðum tannskemmdir 16–17 ára unglinga þá er töluvert mikið þegar 30% 16 og 17 ára unglinga og 50% þriggja ára barna sem fara til tannlæknis eru með tannskemmdir. Mér finnst þetta verulega hár hluti og sérfræðingur hæstv. ráðherra eða sá sérfræðingur sem gerst ætti að þekkja til tannlækninga, þ.e. tryggingayfirtannlæknir, telur að það eigi strax að semja um það að hækka endurgreiðslur í 100% fyrir börn. Þess vegna finnst mér að hæstv. ráðherra hljóti að eiga að taka meira mark á tryggingatannlækni en raun ber vitni, en ráðherra vísar í það að afstaða hans sé ekki afstaða ráðherrans eða ráðuneytisins.

Svo er það það sem hv. þm. Jónína Bjartmarz nefndi. Ég tek undir áhyggjur af verði því sem fram kemur á gjaldskrá tannlækna og vil spyrja hæstv. ráðherra hvað sé að gerast í því máli. Er engin hreyfing á því að hægt sé að ná samkomulagi við tannlækna þannig að verðlagningu sé ekki háttað eins og við þekkjum?

[18:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Reykv. s. sagði í umræðunni, að mér finnst nauðsynlegt að ná samningum við tannlækna. Við höfum unnið mikið í því máli í ráðuneytinu. Við vorum búin að ná samningi sem meiri hluti tannlækna tók ákvörðun um að segja upp mjög fljótt. Við höfum ekki gefið upp þá von að ná samningum við tannlækna, en gjaldskrá þeirra er frjáls eins og kom réttilega fram í umræðunni.

Ég ítreka að við viljum byggja aðgerðir á þekkingu og rannsóknum í þessum efnum því að við höfum ekki ótakmarkaða fjármuni til að sinna þessari grein frekar en öðrum greinum heilbrigðisþjónustunnar. Því er nauðsynlegt ef verja á til þessa viðbótarfjármagni að það nýtist sem best og nýtist þeim sem þurfa mest á því að halda. Að því viljum við stefna. Við förum þess vegna í þá rannsókn sem hér um ræðir af fullum krafti.

Framtíðaruppbygging Landspítalans.

Fsp. JBjart, 939. mál. — Þskj. 1429.

[18:46]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Megininntak skýrslu Ríkisendurskoðunar um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík eru ábendingar um hvað megi bæta til að kostir sameiningarinnar nýtist til fulls. Í skýrslunni er vísað til þeirra sjónarmiða að það sem helst komi í veg fyrir fullt hagræði af sameiningunni sé að meginstarfsemi sjúkrahússins er á tveimur stöðum. Þar er líka bent á að hluti húsnæðisins sé orðinn gamall og henti ekki núverandi starfsemi nægilega, of margir starfsmenn búi við slæma og mjög slæma starfsaðstöðu og það vanti líka aðstöðu til kennslu og rannsókna. Því segir í skýrslunni að það sé mikilvægt að tekin verði ákvörðun um framtíðaruppbyggingu sjúkrahússins og gerðar áætlanir þar að lútandi og þar með verði viðhald og endurbætur núverandi húsnæðis mun markvissari.

Starfsnefnd á vegum ráðuneytis hæstv. ráðherra, sem skilaði af sér í janúar 2002, lagði áherslu á gildi þess, bæði fyrir aukna skilvirkni og hagræði fyrir allan rekstur og faglegt starf sjúkrahússins, að sameina alla starfsemi þess á einum stað. Sú nefnd lét vinna drög að framkvæmdaáætlun og lagði jafnframt áherslu á mikilvægi þess að verkefnið væri samþykkt í heild þannig að það tæki ekki lengri tíma en nauðsynlegt er og lagði líka áherslu á að þessu stóra og mikla verki væri áfangaskipt. Jafnframt lagði nefndin til að skoðaðir væru allir möguleikar á tilhögun framkvæmda og fjármögnunar, litið yrði til hefðbundins útboðs og hugað að alútboði þar sem hönnun yrði að stórum hluta hjá verktakanum og að einkaframkvæmd sem fæli í sér uppbyggingu og rekstur á fasteignum.

Loks benti nefndin sérstaklega á tækifæri sem fælist í því, til eflingar á starfsemi sjúkrahússins, að setja uppbyggingu dag- og göngudeildastarfsemi í forgang. Nefnd sem tók við af þeirri fyrri átti að halda málinu áfram og hefur gert það. Hún átti að vinna að samningum um lóðir og nýtingu þeirra, gera áætlun um forgangsröðun framkvæmdaverkefna og bygginga, vinna tíma- og fjárhagsáætlanir og skoða fjármögnunarleiðir.

Frú forseti. Mig langar með vísun til alls þessa sem áður hefur verið gert að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. hvar við séum stödd og hvað líði frekari undirbúningi framtíðaruppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Jafnframt leikur mér forvitni á að vita, frú forseti, hvort tekin hafi verið afstaða til ólíkra möguleika á tilhögun framkvæmdanna og eins á fjármögnun þessa stóra og mikla verkefnis.

[18:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvað líður undirbúningi framtíðaruppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut? Hefur verið tekin afstaða til ólíkra möguleika á tilhögun framkvæmda og fjármögnunar?“

Það vill svo til að fyrr í dag var merkum áfanga náð við undirbúning framtíðaruppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss er ég og borgarstjórinn í Reykjavík undirrituðum samkomulag um skipulag lóðanna við Hringbraut. Í samkomulaginu er m.a. fjallað um afmörkun lóða, uppbyggingu bílastæða með aðkomu borgarinnar, umferðaraðgengi og almenningssamgöngur, og um lóðir Landspítala – háskólasjúkrahúss í Arnarholti og Fossvogi. Undirritunin markar tímamót. Á grundvelli hennar er nú kleift að taka næstu skref í þessu stóra og mikilvæga máli.

Samkomulagið var undirbúið af nefnd sem ég skipaði til að ljúka frumathugun á greinargerð vegna áforma um byggingu spítalans við Hringbraut, vinna að nauðsynlegum samningum um lóðir og nýtingu þeirra og vinna deiliskipulagsvinnu með Reykjavíkurborg, gera áætlun um forgangsröðun framkvæmdaverkefna og bygginga, vinna tíma- og fjárhagsáætlun fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir sem taki til heildarsvæðisins, og skoða þær fjármögnunarleiðir sem til greina koma við uppbyggingu svæðisins, m.a. samstarf við einkaaðila.

Nefndin hefur í dag skilað mér annarri áfangaskýrslu sinni og hefur henni verið dreift til þingmanna jafnframt því sem skýrslan er kynnt opinberlega. Þetta er gert í því skyni að kynna stöðu mála nú en nefndinni hefur sóst verk sitt vel og mun skila næsta áfanga væntanlega með haustinu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir stöðu verkefna nefndarinnar og lagðar fram tillögur til ráðherra um hvernig standa má að næstu skrefum. Í erindisbréfi nefndarinnar er henni falið að skoða sérstaklega með hvaða hætti megi fjármagna þessa framkvæmd. Ég hef ekki tekið afstöðu til fjármögnunaraðferða enn en ég óskaði eftir því að nefndin skoðaði m.a. aðkomu einkaaðila. Ég tel rétt að skoða þau mál enn frekar, m.a. í ljósi athugana nefndarinnar. Nefndin fjallaði ítarlega um það efni og fékk m.a. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að vinna að samantekt um efnið. Ein af tillögum nefndarinnar fjallar um þetta og er hún eftirfarandi:

„Lagt er til að við undirbúning spítalans verði hugað sérstaklega að skipulagðri þátttöku einkaaðila við hönnun bygginga og fjármögnun. Til að undirbúa þátttöku einkaaðila er nauðsynlegt að kynna verkefnið opinberlega og jafnframt að skilgreina hlutverk þeirra og hins opinbera skilmerkilega. Jafnframt þarf að huga áfram að fjölþættri fjármögnun eftir efnahagslegum aðstæðum í samfélaginu hverju sinni."

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss er mér mikið kappsmál og ég tel afar mikilvægt að menn gleymi ekki að horfa fram á veginn þó að verkefni dagsins í rekstri spítalans séu krefjandi. Ég legg því ríka áherslu á að unnið verði áfram að málinu af krafti en vil jafnframt undirstrika að það er farsælast að leggja mikla og góða vinnu í undirbúning þessa stóra verkefnis.

Virðulegi forseti. Undirritað hefur verið samkomulag við Reykjavíkurborg og áfangaskýrslu nefndar um uppbyggingu lóða Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut hefur verið dreift til þingmanna en þar er fjallað um efni fyrirspurnar þingmannsins. Vinna við uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut mun halda áfram af fullum krafti.

[18:53]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Faglegt og fjárhagslegt hagræði sem felst í sameiningu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu verður ekki að fullu náð fyrr en búið er að byggja yfir Landspítala – háskólasjúkrahús á einum og sama staðnum. Á þetta höfum við í Samf. lagt ríka áherslu.

Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. hefur fullan skilning á því og bersýnilega eru í gangi aðgerðir sem gætu leitt til þess að þessu yrði hrint í framkvæmd á allra næstu árum.

Ég vil í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Jónínu Bjartmarz og svari ráðherrans rifja það upp að nokkrir þingmenn Samf. hafa einmitt lagt fram þáltill. sem felur í sér að í þetta verði ráðist og þar er jafnframt bent á þann möguleika að ef stjórnvöld á annað borð ætla sér að selja ríkisfyrirtæki eins og Landssímann væri sanngjarnt að andvirðinu yrði veitt til þessa mikilvæga málstaðar.

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Það er vissulega skemmtileg tilviljun að á sama degi og ráðherrann svarar þessari fyrirspurn skuli þessi undirritun eiga sér stað. (**Gripið fram í:** Fullkomin tilviljun.) Ég vil þess vegna í annað skipti úr þessum ræðustóli fá að óska ráðherranum og okkur öllum sérstaklega til hamingju með þau tímamót sem náðst hafa með því samkomulagi sem verið er að undirrita.

Mér finnst alveg ljóst af ræðu hæstv. ráðherra að okkur miðar fram á veginn. Það kom fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að Samf. styður það með ráðum og dáð að í þetta sé farið og ég vil að taka undir þau orð hans að grunnurinn að því að í þetta er ráðist er sá að við náum ekki að fullu faglegum og fjárhagslegum markmiðum sameiningarinnar fyrr en sjúkrahúsið er komið undir eitt þak. Það skeður vissulega ekki á einni nóttu en það er ljóst af svari hæstv. ráðherra að unnið er mjög ákveðið og markvisst að því að ná þessu markmiði, en ég þori varla að spyrja ráðherrann að því hvort einhverjar áætlanir séu um það hvenær við ljúkum því. En það er líka ljóst að á þeim tíma meðan unnið er að undirbúningi að því að koma sjúkrahúsinu undir eitt þak þarf jafnframt að sinna ákveðnu viðhaldi og öðrum verkefnum, af því að starfsemi sjúkrahússins getur undir engum kringumstæðum stoppað.

Frú forseti. Ég vil sérstaklega þakka ráðherranum fyrir svarið og endurtaka hamingjuóskir mínar með að þeim áfanga sé þó náð í þessu ferli.

[18:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna um málið og ég vil líka þakka Samf. sérstaklega fyrir áhuga hennar á því. Það er mikilvægt að um það ríki sátt því að hér er um stórverkefni að ræða.

Í tillögum nefndarinnar sem skilað hefur verið til mín með þeirri áfangaskýrslu sem hér liggur fyrir, er m.a. lagt til að fram fari hönnunarsamkeppni um skipulag Landspítalalóðar og grunngerð nýbygginga og á grundvelli niðurstaðna úr henni verði unnið að deiliskipulagi lóðarinnar í samráði við Reykjavíkurborg og því lokið innan tveggja ára. Lagt er til að fengnir verði ráðgjafar til að meta sem best hvernig hægt er að ná sem mestu hagræði í starfsemi sjúkrahússins með þeirri endurskipulagningu sem nýbygging gefur kost á, en það er alveg rétt að sameining verður ekki að veruleika að fullu fyrr en starfsemin er komin á einn stað.

Síðan er spurningin um hvernig fjármagna á svo stórt og mikið verkefni sem þetta er upp á tugi milljarða króna. Það er ljóst að ýmis vandkvæði eru á því að fjármagna það með hefðbundnum hætti. Ég hef þess vegna viljað láta skoða hvort einkaaðilar væru tilbúnir að taka þátt í verkinu. Samf. er aftur á móti þeirrar skoðunar að nota eigi andvirði ríkiseigna. Það er hugmynd sem auðvitað getur komið inn í umræðuna en það er ljóst að þetta þarf að athuga sérstaklega.

En nú er mikilvægum áfanga náð, það er annað skrefið í þessu stóra máli. Fyrst var að ákveða staðsetninguna, síðan er unnið áfram á þeim grunni og nú er komið að þriðja áfanga í málinu, en ég get samt ekki sagt hvenær því lýkur.

[18:58]

Útbýting þingskjala:

Réttarstaða íslenskra skipa á Svalbarðasvæði, 893. mál, svar utanrrh., þskj. 1512.

Uppbyggingarstarf í Írak, 892. mál, svar utanrrh., þskj. 1514.

Útlendingar, 749. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1516; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1517.

Út af dagskrá var tekið 21. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

105. FUNDUR

miðvikudaginn 28. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, munnleg skýrsla menntamálaráðherra.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, 971. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1522.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 855. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1519.

Jafnrétti kynjanna, 661. mál, svar iðnrh., þskj. 1505.

Réttarstaða íslenskrar tungu, 387. mál, nál. menntmn., þskj. 1521.

Staða umferðaröryggismála 2003, 972. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1523.

Útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1525.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn um brottfall úr framhaldsskólum.

[13:32]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um störf þingsins vegna svars sem hæstv. menntmrh. hefur gefið við fyrirspurn frá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni um brottfall í framhaldsskólum. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson er staddur erlendis og ég geri því athugasemd í hans stað.

Hér koma fram upplýsingar um brottfall í framhaldsskólum sem, eins og við vitum, er býsna viðkvæmt mál og nauðsynlegt að reyna að vinna í. Upplýsingarnar hafa hins vegar leitt umræðuna á nokkra villuvegu í fjölmiðlum víða og skólameistarar nokkrir hafa brugðist við, eðlilega. Með leyfi forseta segir hér m.a. í svarinu:

„Brottfall má skilgreina á marga vegu. Þær tölfræðiupplýsingar sem hér eru lagðar fram sýna hlutfall þeirra nemenda sem hurfu frá námi milli skólaáranna 2002 og 2003."

Þessi skilgreining á brottfalli virðist m.a. valda því að iðnnemar á samningi eru taldir með brottfallsnemendum. Slíkt er auðvitað ekki viðunandi og gefur afskaplega ranga mynd af brottfalli einstakra skóla. Þá virðist hér einnig vera talið sem brottfall ef nemendur hafa t.d. að hluta til verið á sjávarútvegsbraut og aflað sér svokallaðra 30 tonna réttinda. Þá eru einnig taldir til brottfallshóps í einstökum skólum nemendur sem lokið hafa öllu því námi sem hægt er að taka í einstökum skólum en hafa ekki farið í annan skóla til að ljúka viðkomandi námi sem þeir geta ekki í þeim skóla sem þeir hófu námið í. Þá eru þeir taldir brottfallsnemendur í þeim skóla sem þeir voru í áður.

Allt þetta, frú forseti, er óviðunandi að komi frá menntmrn. Það er nauðsynlegt að ráðuneytið, almenningur og skólafólk leggi sömu merkingu í orðið brottfall vegna þess að ég trúi að það sé sameiginlegt verkefni okkar allra að reyna að vinna í því að minnka brottfallið en til þess að svo sé hægt er lágmark að réttar upplýsingar liggi fyrir.

[13:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að stikla aðeins betur á þessum atriðum sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom inn á áðan.

Hagstofa Íslands aflar upplýsinga um fjölda nemenda í framhaldsskólum og iðnnema á námssamningi um miðjan október ár hvert. Þær tölfræðiupplýsingar um brottfall sem Hagstofa Íslands vann fyrir menntmrn. vegna fyrirspurnarinnar frá Alþingi miðast við þann fjölda dagskólanemenda sem hvarf frá námi frá haustinu 2002 til haustsins 2003. Unnið var út frá kennitölu þannig að nemendur sem skipt höfðu um skóla töldust ekki brottfallsnemendur en nemendur sem brautskráðst höfðu á tímabilinu voru taldir frá. Hér var því aðeins verið að telja nemendur sem ekki komu fram í skóla eða sem iðnnemar á samningi haustið 2003. Engar viðmiðanir um einingafjölda liggja að baki brottfallstölum. Brottfall getur stafað af ýmsum ástæðum, svo sem námsleiða, lélegum námsárangri og atvinnutækifærum.

Eins og fram kemur hér að framan heldur einnig Hagstofa Íslands skrá yfir iðnnema á samningi og eiga þeir nemendur því ekki að koma fram sem brottfallsnemendur. Hins vegar mun í einhverjum tilvikum vera dæmi þess að umsýsluaðilar námssamninga geri Hagstofunni ekki nægjanlega vel grein fyrir fjölda iðnnema á samningi. Fullyrða má þó að í langflestum tilvikum séu iðnnemar á samningi á skrá hjá Hagstofu Íslands. Öðru máli gegnir hins vegar um nemendur sem starfsþjálfunarsamningar eru ekki gerðir við, svo sem í bílgreinum, sjúkraliðanámi, tannsmíði og starfsþjálfun erlendis, t.d. flugvirkjun. Hagstofan fær ekki reglulega upplýsingar um þessa nemendur og því geta þeir komið fram sem brottfallsnemendur.

Vegna hárra brottfallstalna frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu er rétt að eftirfarandi komi fram: Haustið 2002 voru 115 nemendur skráðir í skólann. Þar af voru 50 nemendur á almennri braut. Margir nemendur á almennri braut framhaldsskóla hafa ekki góðan undirbúning fyrir nám á framhaldsskólastigi. Því er það reynslan að þessir nemendur hverfa oft frá námi. Af þeim 37 nemendum Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu haustið 2002 sem ekki komu fram í skóla árið eftir voru 25 eldri en 20 ára.

Eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, munnleg skýrsla menntamálaráðherra.

[13:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Nefndin sem þessi umræða snýst um, og skýrsla frá henni er í umræðunni, var skipuð með bréfi dags.

19. desember sl. og var falið að skila greinargerð um það hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðum. Í nefndinni áttu sæti þeir Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Guðmundar Heiðar Frímannsson, deildarstjóri kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsfl.

Nefndin skilaði af sér greinargerð sinni til menntmrh. rétt fyrir páska og var greinargerðin kynnt í ríkisstjórn í síðustu viku. Í greinargerð nefndarinnar er að finna umfjöllun um hlutverk fjölmiðla, ítarlega lýsingu á íslenska fjölmiðlamarkaðnum. Gerð er grein fyrir lagaumhverfi fjölmiðla á Íslandi og sömuleiðis alþjóðlegri og erlendri löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn. Í lokakafla greinargerðarinnar eru loks settar fram hugmyndir og tillögur nefndarinnar.

Í greinargerð sinni telur nefndin að staða á íslenskum fjölmiðlamarkaði beri ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu fjölbreytni í fjölmiðlum. Er þar gengið út frá því að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi sem vettvangur fyrir ólík viðhorf til stjórnmála og menningar í víðum skilningi og sem vettvangur fyrir öflun upplýsinga og miðlun þeirra. Í kaflanum um alþjóðaskuldbindingar og erlenda löggjöf er fjallað ítarlega um þær þjóðréttarlegu skuldbindingar er við höfum axlað með aðild okkar að Evrópuráðinu en á grundvelli 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dóma Mannréttindadómstólsins voru samþykkt sérstök tilmæli. Í þeim er áréttað það sjónarmið að efni þeirra tengist þeirri skuldbindingu Evrópuráðsins að stuðla að og tryggja tjáningarfrelsi og viðhalda menningarlegri fjölbreytni í Evrópu.

Í tilmælunum er lagt fyrir aðildarríkin að huga að því að setja lög og reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlum í hættu. Mælt er með því að ríkið skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðla.

Þá er einnig bent á þann möguleika að aðildarríkin geti hugað að því að koma á fót sérstakri fjölmiðlastofnun sem hafi heimild til að grípa til aðgerða gegn samruna og samþjöppun. Í skýringum við tilmælin er fjallað um þá mælikvarða sem unnt sé að nota við ákvörðun takmörkunar á eignarhaldi. Því er haldið fram að 30% útbreiðsla sé viðunandi mörk þegar sjónvarp, hljóðvarp og dagblöð eiga í hlut. Þá er í bland við þessa reglu talið viðunandi að setja beinar skorður við eignarhaldi sem miðar við 10%. Þessi samsetning er talin tryggja að lágmarki fjóra miðla í hvorum geira fjölmiðlunar fyrir sig og a.m.k. 10 þátttakendur á markaðnum í heild.

Hugtakið fjölbreytni í fjölmiðlum er í tilmælum Evrópuráðsins skýrt sem fjölbreytni í framboði fjölmiðla sem komi m.a. fram í mörgum og mjög ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum. Þá hugsun er einnig að finna víðar, m.a. í hvítbók bresku ríkisstjórnarinnar um fjölmiðlamál sem gefin var út fyrir nokkrum árum en þar er lögð rík áhersla á mikilvægi þess að tryggja jafnt það sem þeir kalla „diversity", þ.e. að margir ólíkir miðlar séu til staðar, og „plurality", þ.e. að eignarhald fjölmiðla sé á sem flestum höndum. Þetta segir í hvítbók bresku ríkisstjórnarinnar.

Það er athyglisvert að í þáltill. Samf. sem fjallar um skipan nefndar til að undirbúa löggjöf sem tryggi nauðsynlegt gegnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlamarkaði á Íslandi er kosið að fjalla um tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins um aðgerðir til að tryggja gegnsæi í fjölmiðlum frá árinu 1994, ekki 1999.

Menn þekkja þá þróun sem orðið hefur á fjölmiðlamarkaði víða um lönd á undanförnum árum í átt til samruna og samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði sem nauðsynlegt hefur þótt í mörgum Evrópulöndum að bregðast við með afgerandi hætti. Tíu ára gömul tilmæli Evrópuráðsins sem Samf. leggur höfuðáherslu á í málflutningi sínum eru því harla máttlítil þegar litið er til tilmæla ráðherranefndar ráðsins á árinu 1999 sem fjallað er um í skýrslu nefndarinnar um eignarhald á fjölmiðlum sem hér er til umræðu. Sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna ekki sé stuðst við nýjustu tilmæli Evrópuráðsins. Hentuðu þau hugsanlega ekki málflutningi Samf. og var því ákveðið að skauta fram hjá þeim, og það léttilega?

Í nær öllum vestrænum lýðræðisríkjum eru einhvers konar reglur til staðar sem eiga að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum og koma í veg fyrir samþjöppun eignarhalds. Er í greinargerð nefndarinnar rakið hvernig þessum málum er fyrir komið í Noregi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Nefndin tekur þó fram að þar sem aðstæður séu ólíkar eftir löndum sé vart unnt að nota eitt regluverk umfram annað sem fyrirmynd að reglum hér á landi. Við skoðun á íslenska fjölmiðlamarkaðnum hljótum við að taka tillit til sömu sjónarmiða og önnur vestræn lýðræðisríki. Fjölmiðlar eru ekki hefðbundin fyrirtæki á neytendamarkaði, heldur vettvangur lýðræðislegrar þjóðfélagsumræðu. Það er niðurstaða nefndarinnar að þegar litið er til eignarhalds, og eignatengsla sérstaklega, sé ljóst að heildarmarkaður fyrir dagblöð, sjónvarp og hljóðvarp hefur ýmis þau einkenni sem talin eru óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem stuðst er við í greinargerðinni og taldar eiga við í öðrum löndum. Nefndin vísar til mannréttindasáttmála Evrópu og túlkunar Mannréttindadómstóls Evrópu á honum auk tilmæla ráðsins sem þegar hafa verið rakin. Af því leiðir að íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum, á íslenska ríkinu hvílir sú þjóðréttarlega skylda að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum. Nefndin telur þar af leiðandi að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miða að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar eru til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni. Einkum á þetta við um samþjöppun á markaði fyrir einkarekna fjölmiðla, enda hvíla á Ríkisútvarpinu, eins og við höfum oft fjallað um í þessum ágæta sal, víðtækar skyldur um fjölbreytni í framboði dagskrárefnis og framsetningu þess sem ekki eiga við um einkarekna fjölmiðla.

Nefndin telur óhjákvæmilegt að líta til smæðar íslenska markaðarins og að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og skaði rekstrargrundvöll þeirra. Gæta verður þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtæki verði svo lítil að þau fái ekki þrifist. Nefndin telur nokkrar leiðir koma til greina til að tryggja markmið um fjölbreytni í fjölmiðlun. Traust almenningsútvarp er ein sú leið sem nefndin leggur áherslu á og hún leggur til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins með það að markmiði

að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp.

Samkeppnislög. Nefndin segir þá spurningu vakna hvort í samkeppnislögum felist að óbreyttu nægilegar heimildir til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Líklega sé sú ekki raunin. Samkeppnislög lúta að fjárhagslegum hagsmunum og stöðu fyrirtækja og neytendasjónarmiðum. Þar er almennt ekki rúm fyrir hin sértæku sjónarmið um pólitíska og menningarlega fjölbreytni sem býr að baki kröfunni um fjölbreytta fjölmiðla. Þar af leiðandi hafa einstök ríki farið þá leið að setja sérstök ákvæði í samkeppnislög sem taka sérstaklega til fjölmiðla þar sem miðað er við aðra og þá lægri þröskulda en hefðbundið er í samkeppnisrétti nútímans. Nefndin leggur til að skoðað verði hvort sú leið sé fær hér á landi og á þá bæði við dagblöð og útvarp.

Þessar tillögur nefndarinnar um samkeppnislögin væri hægt að fella inn í sérstakan lagabálk í samkeppnislögunum sem tæki þá eingöngu til fjölmiðla og mætti einnig flétta, bendir nefndin á, inn í slíka löggjöf tillögur er lúta að úthlutun leyfa. Þegar kemur að leyfisveitingunum bendir nefndin á að í tilmælum Evrópuráðsins sé sérstaklega bent á að ein leið til að hafa áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins sé með reglum um úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarp og sjónvarp. Tekur nefndin sérstaklega fram að vegna aðstæðna á íslenskum fjölmiðlamarkaði sé þetta sú leið sem helst beri að skoða.

Dagblöð. Það er ekki lagt til að gera dagblaðaútgáfu leyfisskylda, hins vegar mundu þær breytingar á samkeppnislögum sem lagt er til að hugað verði að hafa áhrif á dagblaðaútgáfu.

Útvarp. Lagt er til að ákvæði útvarpslaga um leyfisveitingar verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlafyrirtækjum hamli ekki gegn fjölbreytni í fjölmiðlum. Lagt er til að skoðað verði rækilega hvort ekki megi setja frekari skilyrði í útvarpslög um útgáfu útvarpsleyfa sem lúti að eignarhaldi fyrirtækjanna sem sækja um leyfi og stuðla þar með að fjölbreytni. Er sérstaklega haft í huga að leyfi til útvarpsrekstrar eru ávallt tímabundin og gæti þetta því orðið stjórntæki til lengri tíma litið.

Tvær leiðir koma til greina í tengslum við leyfisveitingarnar að mati nefndarinnar. Fyrri leiðin er sú að setja almennt og matskennt ákvæði í útvarpslög sem gerir ráð fyrir að þau gildi, úthlutun og endurnýjun útvarpsleyfa séu tengd tiltekin skilyrði sem lúta að eignarhaldi þeirra lögaðila sem hafa útvarpsleyfi eða sækja um slíkt leyfi. Síðari leiðin fæli í sér að ákvæðin yrðu sértækari og nákvæmari og fælu þannig í sér minna svigrúm til mats. Þau gætu falið í sér bann við því að aðili í rekstri sem ekki tengist fjölmiðlum geti átt ráðandi eða virkan eignarhlut í félagi sem sækir um útvarpsleyfi eða eftir atvikum að setja hámark á slík eignatengsl, bann við því að fyrirtæki í dagblaðaútgáfu eða fyrirtæki sem hefur tiltekin eignatengsl við dagblaðaútgáfu geti jafnframt fengið leyfi til útvarpsrekstrar. Einnig væri hægt í stað banns að útfæra hversu náin og mikil slík tengsl mættu vera. Síðan bendir nefndin á að það væri hægt að setja bann við því að sami aðili hafi leyfi til að reka bæði sjónvarp og hljóðvarp.

Hægt væri að setja inn takmörkun með beinum hætti á fjölda leyfa til sama aðila til að útvarpa á sama svæði. Síðan leggur nefndin til að skoðaður verði sá möguleiki að setja strangari reglur um framsal leyfa og lúti þær jafnframt að heimildum útvarpsréttarnefndar til að synja um endurútgáfu leyfis eða fella leyfi úr gildi verði tilteknar breytingar á eignarhaldi fyrirtækis eða félags sem rekur fjölmiðil.

Síðan kemur nefndin að hugsanlega sérstökum reglum um eignarhald á fjölmiðlum, hvort ekki eigi að setja sérlög, sérstök lög, um fjölmiðla og bendir m.a. á að í ýmsum löndum hafa verið sett sérstök lög eða lagaákvæði sem kveða með beinum hætti á um takmarkanir varðandi eignarhald á fjölmiðlum. Slíkt kæmi til greina en er ekki hluti af tillögum nefndarinnar. Með slíkum reglum væri með beinum hætti hamlað gegn samþjöppuninni sjálfri og eftir atvikum komið í veg fyrir að hún gangi lengra en heppilegt er talið. Í alþjóðlegri umræðu eru viðmiðanir um $^1/_3$ af markaði oft nefndar í þessu sambandi þegar um beina löggjöf, sérlöggjöf, um fjölmiðla er að ræða. Nefndin segir að sé þessi nálgun höfð til viðmiðunar sé staðan viðunandi á markaði fyrir sjónvarp en óviðunandi á markaði fyrir hljóðvarp og dagblöð. Sé litið til aðstæðna á markaði á Íslandi sé ljóst að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald eða útbreiðslu yrði ekki náð nema þær yrðu afturvirkar. Með afturvirkni er átt við að í reglunum þyrfti að gera ráð fyrir að heimilt yrði að gefa fyrirmæli um að uppbygging á íslenskum fjölmiðlamarkaði yrði brotin upp og fyrirtækjum gert að laga sig að þeim takmörkunum sem beinar reglur um takmarkanir á eignarhaldi kynnu að fela í sér. Slíkt fæli augljóslega í sér inngrip hins opinbera í ríkjandi markaðsaðstæður sem gæti orðið fyrirtækinu þungbært og kostnaðarsamt, auk þess sem álitamál gætu risið um þær skorður sem ákvæði um stjórnarskrána um vernd eignarréttar og atvinnufrelsi kynnu að setja í þessu efni. Því telur nefndin að horfa verði á áhrif reglna til framtíðar en bendir einnig á að sömu markmiðum sé hægt að ná með leyfisveitingu.

Þá eru í sumum reglum hömlur gegn láréttu eignarhaldi, þ.e. þegar sami aðili á fleiri en eina tegund fjölmiðla eða hlut í fyrirtækjum sem reka aðra miðla. Nefndin telur að viðunandi árangur náist ekki nema með heimildum til beinna afskipta af núverandi aðstæðum á markaði með það að markmiði að breyta þeim og brjóta upp eignatengsl. Nefndin mælir frekar með því að hafa áhrif á þróun og uppbyggingu markaðarins að þessu leyti í gegnum leyfisveitingar til útvarpsrekstrar. Einnig eru í einstökum löndum dæmi um skorður við lóðréttum eignatengslum, þ.e. þegar sami aðili framleiðir efni, miðlar því og dreifir með öðrum hætti. Aðstæður á íslenska markaðnum þykja ekki gefa sérstakt tilefni til að setja reglur um lóðrétt eignatengsl.

Nefndin vekur athygli á að þróun stafræns útvarps sé til þess fallin að hamla gegn annarri tegund lóðréttrar samþjöppunar, þ.e. sem efni stöðva yrði dreift í gegnum sjálfstæða aðila. Nefndin segir að það virðist sjaldgæft að beinar takmarkanir séu á því að eignatengsl séu á milli fjölmiðlafyrirtækja og fyrirtækja í öðrum rekstri. Á hinn bóginn virðast ekki fyrirfinnast dæmi um það í öðrum löndum að aðili sem hefur hliðstæð umsvif í viðskiptalífi annarra landa og Baugur Group fari jafnframt með ráðandi hlut í jafnöflugu fjölmiðlafyrirtæki og Norðurljósum. Með öðrum orðum, hvergi í vestrænu lýðræðisríki virðist vera að finna jafnmikla samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum og hér á Íslandi.

Í Danmörku gildir sú regla að fyrirtæki í rekstri óskyldu fjölmiðlarekstri megi ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp. Þá eru það skilyrði í Danmörku að aðili sem er handhafi útvarpsleyfis hafi eingöngu þann rekstur með höndum.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að þótt hægt væri að setja beinar reglur um þessi mál yrði markmiðum slíkra reglna ekki náð til skemmri tíma litið nema með því að gera þær afturvirkar. Því er mælt með að leitað verði leiða til að stýra slíkri þróun til lengri tíma í gegnum úthlutun leyfa til útvarpsrekstrar.

Virðulegi forseti. Niðurstaða nefndarinnar er skýr. Íslenskur fjölmiðlamarkaður ber augljós einkenni samþjöppunar. Eitt fyrirtæki sem jafnframt er eitt umsvifamesta fyrirtækið í íslensku viðskiptalífi og á hagsmuna að gæta á fjölmörgum sviðum hefur á skömmum tíma náð undir sig stærstum hluta af íslenska fjölmiðlamarkaðnum. Engin dæmi eru um slíkt í löndunum í kringum okkur, hugsanlega vegna þess að þar hafa þegar verið settar reglur er kæmu í veg fyrir að þetta gæti gerst. Og það er ekki tilviljun að hvort sem við lítum til Evrópu eða Bandaríkjanna hafa menn talið nauðsynlegt að sporna gegn þróun af þessu tagi.

Það hefur mikið verið gert úr hinum viðskiptalega þætti þessa máls. Auðvitað verður að tryggja að hér á landi sé vænlegur rekstrargrundvöllur fyrir fjölmiðla. Á hinn bóginn verða menn líka að gera sér grein fyrir því að ef litið er á viðskiptahliðina eru fleiri sjónarmið sem vert er að staldra við. Það var til að mynda forvitnilegt að lesa yfirlýsingu stjórnar Samtaka auglýsenda í dag þar sem segir að auglýsendur séu á móti samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, aukin samþjöppun leiði fyrr eða síðar til hærra verðs fyrir auglýsingapláss og það sé jafnframt hagur auglýsenda að markaðsráðandi fyrirtæki í öðrum rekstri eigi ekki hlut í fjölmiðlum eins og segir í yfirlýsingunni, með leyfi forseta.

Það hefur einnig verið bent á að fyrirtæki sem eiga hlut í fjölmiðlum sitja einfaldlega ekki við sama borð og aðrir sem þau eru í samkeppni við í óskylda rekstrinum. Það eru margar hliðar á þessu máli.

Umræður um eignarhald á fjölmiðlum eru raunar ekkert einsdæmi hér á Alþingi. Líflegar umræður urðu um hringamyndun og samþjöppun valds í febrúar 1995. Málshefjandi í þeirri umræðu var Ólafur Ragnar Grímsson og sagði hann þá m.a., með leyfi forseta:

„Hringamyndanir á sviði fjölmiðla ganga þannig þvert á nútímahugsun á vettvangi lýðræðis. Þannig hefur í ýmsum lýðræðisríkjum eins og í Bandaríkjunum og Evrópu verið sett í lög margvísleg ákvæði sem koma í veg fyrir hringamyndanir, ákvæði sem koma í veg fyrir það að sömu aðilarnir geti haft ráðandi vald á dagblöðum, á sjónvarpsstöðvum og á útvarpsstöðvum. "

Síðan sagði þingmaðurinn:

„Er ekki rétt að setja í lög á Íslandi, eins og gert er víða um heim, að hafi dagblað ákveðna markaðsdrottnun yfir tilteknum mörkum og hafi sjónvarp og útvarpsstöð líka markaðsdrottnun yfir ákveðnum mörkum þá megi ekki steypa slíkum fjölmiðlum eignalega saman í einn hring? Í Bandaríkjunum var hinn mikli fjölmiðlarisi Rupert Murdoch knúinn til þess að selja hlut sinn í dagblöðum vegna þess að hann vildi kaupa sig inn í sjónvarpsstöðvar en í Bandaríkjunum var það talið fullkomlega óeðlilegt að sömu einstaklingarnir gætu ráðið þannig sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum."

Og áfram hélt þingmaðurinn í sömu umræðu, virðulegi forseti:

„Ef álíka hringamyndun verður í fjölmiðlum og orðið hefur á þeim sviðum atvinnulífsins sem kennd eru við kolkrabbann og smokkfiskinn þá er verið að stefna lýðræðislegu eðli íslenskrar fjölmiðlunar í hættu."

Þetta sagði þingmaðurinn sem nú gegnir embætti forseta Íslands árið 1995. Hann var einnig prófessor í stjórnmálafræði og formaður Alþýðubandalagsins.

Annar ágætur þingmaður, Guðmundur Árni Stefánsson, ...

(**Forseti** (JóhS): Það er of mikill kliður í salnum.)

Ég skil ekkert af hverju menn eru svona órólegir yfir þessu, virðulegi forseti.

Annar ágætur þingmaður, Guðmundur Árni Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, sem enn situr á þingi, nú fyrir Samf., sagði í sömu umræðum að hann hlyti að deila áhyggjum málshefjanda varðandi breytt eignarhald á fjölmiðlum. Síðan segir hann, með leyfi forseta:

„Það gefur augaleið að ritstjórnarstefna þessara fjölmiðla tekur beint og óbeint mið af eigendum sínum, ekki með beinum hætti endilega heldur einfaldlega með markaðslegum sjónarmiðum, með ákvörðunum um mannahald og mannaráðningar, ráðningu ritstjóra, framkvæmdastjóra, útvarpsstjóra o.s.frv."

„Mat mitt," segir þingmaðurinn, „er að ekki verði hjá því komist á þessum viðkvæma þætti fjölmiðlunar að setja um það skýrar og afmarkaðar reglur með hvaða hætti eignarhaldi er háttað á þessum fjölmiðlum."

En hvað sagði þáverandi menntmrh. í umræðunum árið 1995, hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson, sem eðlilega tók einnig þátt í þessum umræðum? Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég vil ekki útiloka þann möguleika að lögfesta sérlög um samruna fjölmiðla hér á landi."

Þetta sagði þáverandi menntmrh.

Tveir þingmenn Þjóðvaka, m.a. er annar þeirra enn þá á þingi, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, lögðu einnig fram till. til þál. árið 1995 þar sem hvatt var til stofnunar nefndar um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlum. Þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Eignasamruni og samþætting fjölmiðlafyrirtækja og stýring fjölmiðla í hvaða formi sem er getur haft hættuleg áhrif á tjáningarfrelsi og allt upplýsingaflæði í samfélaginu. Það hlýtur því að vera verkefni hins opinbera að tryggja að fjölmiðlar bjóði upp á fjölbreytt efni. Það þarf m.a. að athuga eignarhald fjölmiðlafyrirtækja og koma í veg fyrir að einn eða fáir sterkir aðilar nái slíkum yfirburðum á markaði að tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði sé ógnað. Það ber einnig að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki því að það er augljóst að slík tenging hefur bein áhrif á tjáningarfrelsið." — Þetta segir, virðulegur forseti, í þáltill. frá tveimur þáverandi hv. þm., Lilju Guðmundsdóttur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur.

Þetta sögðu menn árið 1995. Af hverju, spyrja menn þá, þessar breytingar nú? Það hafa orðið gífurleg umskipti í viðskiptalífinu öllu. Sú samþjöppun sem menn höfðu áhyggjur af fyrir tæpum áratug er ekkert í samanburði við þá samþjöppun eignarhalds sem við stöndum frammi fyrir í dag. Aðhaldshlutverk fjölmiðlanna gagnvart okkur stjórnmálamönnunum en ekki síður gagnvart fulltrúum hagsmunasamtaka, félaga og fyrirtækja hefur aldrei verið þýðingarmeira. Einnig hafa í millitíðinni verið samþykkt skýr tilmæli af hálfu ráðherranefndar Evrópuráðsins þar sem einmitt er vikið að mikilvægi þess að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum og koma í veg fyrir samþjöppun á eignarhaldi.

Í nýlegri skýrslu frá Evrópuráðinu, Fjölbreytni í evrópskri fjölmiðlun, eru þjóðréttarlegar skuldbindingar aðildarríkja ráðsins ítrekaðar. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir m.a.:

„10. gr. mannréttindasáttmálans og dómsúrlausnir Mannréttindadómstólsins eru einhlítar um það að aðildarríkjunum sé skylt að vernda og ef þörf krefur með beinum aðgerðum að varðveita og stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlum. Nú þegar leggur þetta skyldu á herðar stjórnvalda til að bregðast við með afgerandi og ákveðnum hætti til að afstýra vaxandi samþjöppun á fjölmiðlamarkaði."

Einnig segir: „Að teknu tilliti til sérkenna hvers lands skyldu sviðbundnar reglur vera miðaðar að því að varðveita og tryggja fjölbreytni og margbreytileika fjölmiðla. Almenn samkeppnislög," segir í þessari skýrslu frá Evrópuráðinu, „geta aðeins haft meðvirkandi hlutverk hvað varðar samþjöppun á fjölmiðlamarkaði."

Einmitt hvað þetta síðasta atriði varðar bendir Páll Þórhallsson, lögfræðingur hjá Evrópuráðinu, á í blaðagrein að samkeppnislög ein og sér dugi ekki til. Einnig segir hann, með leyfi forseta:

„Gallinn er sá að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði getur byrjað að hafa skaðleg áhrif án þess að þröskuldi samkeppnislaga sé náð. Hér er líka meira í húfi en þegar um venjulega neysluvöru er að ræða. Fákeppni á matvörumarkaði kemur illa við pyngju neytenda en fábreytni og einokunartilburðir í fjölmiðlun vega að grundvelli lýðræðisins." — Þetta segir blaðamaðurinn og lögfræðingurinn Páll Þórhallsson.

Þess má geta að í greinargerð með frv. til norskra laga um eignarhald á fjölmiðlum frá árinu 1997 eru tilmæli Evrópuráðsins og dómar Mannréttindadómstóls Evrópu lögð til grundvallar við túlkun á 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans. Þar er lagt til grundvallar að norskum stjórnvöldum sé samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans skylt af þjóðarétti að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum með sérstakri löggjöf.

Virðulegi forseti. Það er sannfæring mín að nauðsynlegt sé að grípa til viðeigandi aðgerða á grundvelli þeirrar skýrslu sem hér hefur verið kynnt, ekki einungis vegna þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem felast í tilmælum Evrópuráðsins, heldur vegna stöðunnar á íslenskum fjölmiðlamarkaði og þeirra almannahagsmuna sem snerta þetta mál allt. Eða eins og segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Það er í þágu almannahagsmuna að fjölmiðlar séu sem óháðastir í störfum sínum þannig að ekki leiki grunur á að ákvörðun um birtingu upplýsinga og umfjöllun um einstök mál ráðist af tengslum fjölmiðlanna við valda- eða hagsmunaöfl í samfélaginu."

Við verðum, virðulegi forseti, að þora að bergðast við þeirri samþjöppun er átt hefur sér stað í eignarhaldi fjölmiðla til að tryggja hér til framtíðar opna, frjálsa og lýðræðislega umræðu. Fyrir tæpum áratug töldu þáverandi formaður Alþýðubandalagsins, þáverandi formaður Alþýðuflokksins og þingmenn Þjóðvaka, einmitt þingmenn þeirra flokka sem fóru á kennitöluflakk og nú standa að Samf., brýna þörf á að grípa til aðgerða. Þá var staðan sú að Íslenska útvarpsfélagið hafði keypt 35% hlut í Frjálsri fjölmiðlun. Er nema von að menn spyrji hvað hafi breyst. Af hverju stafa þessi sinnaskipti vinstri manna í Samf.? Af hverju vilja þeir ekki (Gripið fram í.) skýra og almenna löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum (Gripið fram í.) þegar við stöndum frammi fyrir því (Gripið fram í.) að samþjöppun á fyrirtækjamarkaðnum og í fjölmiðlum er ekki einungis langtum umfangsmeiri en hún var í febrúar árið 1995, heldur meiri en dæmi eru líklega um í nokkru öðru vestrænu lýðræðisríki? (**Gripið fram í:** ... breytast.)

[14:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að óska hæstv. menntmrh. til hamingju með að hafa fundið nýjan leiðtoga í lífi sínu þar sem er núverandi forseti lýðveldisins. Ég vildi óska að Sjálfstæðisflokkurinn hefði haft hann betur í huga þegar hann var að skipuleggja heimastjórnarafmælið fyrr í vetur.

Frú forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að skýrslan sem hér er til umræðu er prýðilega unnin. Hún er vönduð og ítarleg og á grundvelli hennar væri hægt að setja góð lög. Hins vegar er ýmislegt í lögunum sem ekki er að finna í skýrslunni. Og það er margt mikilvægt í skýrslunni sem því miður kemur ekki fram í frumvarpinu. Meginniðurstaða skýrslunnar er að mínu mati umfjöllun skýrsluhöfunda um afturvirk lög. Þeir gjalda varhuga við því að sett verði afturvirk lög. Þeir taka svo til orða að ef fjölmiðlar þurfi að breyta uppbyggingu sinni með kostnaðarsömum og þungbærum hætti til að laga sig að lagareglum sem kynnu að verða settar þá gætu risið álitamál varðandi stjórnarskrá, bæði varðandi frelsi til atvinnu og líka ákvæði um vernd eignarréttar. Þess vegna gjalda þeir varhuga við þessu, eða eins og segir um slík lög í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Af þessum ástæðum yrði því fyrst og fremst að horfa til áhrifa þeirra til framtíðar."

Nú liggur hins vegar fyrir, miðað við það frv. sem búið er að samþykkja, m.a. af hæstv. menntmrh., að eitt tiltekið fyrirtæki, Norðurljós, þarf að endurskipuleggja sig með þungbærum og kostnaðarsömum hætti. Það dylst engum að í tilviki þess yrðu lögin afturvirk. Ég spyr því hæstv. menntmrh.: Hvers vegna í ósköpunum var ekki farið eftir þessari meginniðurstöðu skýrslunnar?

[14:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt farið eftir meginniðurstöðu skýrslunnar, þ.e. að fara leyfisveitingaleiðina, setja almenn lög um leyfisveitingar og binda þau skilyrðum. Þau eru bundin skilyrðum þegar í dag eins og hv. þingmenn ættu að vita.

Ég tek undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að skýrslan er prýðilega unnin. Það er einmitt ekki farin afturvirknileið í því frv. sem fyrir liggur. Í því er gefinn aðlögunartími. Ég spyr hv. þm.: Er hann að segja þingheimi að það eigi ekkert að gera út af ástandinu á fjölmiðlamarkaði í dag? Niðurstaðan er alveg skýr og klár í skýrslunni. Samþjöppunin á fjölmiðlamarkaði er óeðlileg. Eigum við ekki, í ljósi orða hv. þm., að gera neitt í þessu máli fyrr en á árinu 2009 þegar síðasta leyfið rennur út? Á ekkert að gera í þessum málum fyrr en árið 2009? Er staðan á fjölmiðlamarkaði þannig eðlileg að mati Samf.? Er samþjöppunin það heppileg að þeirra mati að það eigi ekkert að gera í þessu máli, ekki baun í bala, fyrr en árið 2009?

[14:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ímynda mér að hæstv. menntmrh. sé svo önnum kafin við að lesa gamlar ræður síns nýja leiðtoga, þ.e. Ólafs Ragnars Grímssonar, að hún hafi ekki haft tíma til þess að kynna sér önnur gögn málsins. Hæstv. menntmrh. spyr: Á ekki að gera baun í bala varðandi þróun á fjölmiðlamarkaði?

Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hefur hún ekki kynnt sér þingmál sem Samf. hefur lagt fram? Við teljum að hægt væri að ráða bót á verulegum og hugsanlega stærstum hluta þeirra vandamála sem hæstv. ráðherra hefur lýst með því að setja reglur sem tryggi ritstjórnarlegt frelsi fjölmiðla. Þar með er hægt að koma í veg fyrir að ófyrirleitnir eigendur þeirra geti misnotað þá. Þetta er tekið upp í skýrslu hæstv. menntmrh. en hún var ekki ærlegri en svo í umfjöllun sinni áðan að hún lét þess ekki getið. Þetta er ekki í frv. ríkisstjórnarinnar.

Við sögðum líka í þingmáli okkar að nauðsynlegt væri að setja lög sem tryggðu gagnsæi varðandi eignarhald þannig að almenningur vissi hverjir ættu fjölmiðlana. Þetta kemur líka fram í skýrslu hæstv. ráðherra og er ein af lykilábendingunum. Þetta er ekki að finna í frumvarpinu.

Frú forseti. Við höfum verið leita að því ódæði sem starfsmenn þessara miðla hafa framið sem gerir það að verkum að ríkisstjórninni finnst réttlætanlegt að ráðast með þessum hætti að fyrirtækjunum. Ódæðið er fundið núna. Hæstv. forsrh. segir í viðtölum 26. apríl að þessir fjölmiðlar og þessir blaðamenn búi ekki við neitt frelsi. Með leyfi forseta þá vitna ég í það sem hann segir:

„Það er algjörlega og eingöngu gengið erinda eigendanna."

Með öðrum orðum er fundið að starfi fjölmiðlafólksins og það er þess vegna sem ráðist er á það með þessum hætti. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Er hún sammála hinum leiðtoga lífs síns, hæstv. forsrh., um þetta mál?

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að detta í þann pytt að fara að afneita annaðhvort forsetanum eða forsætisráðherra, eins og hv. þm. hefur lagt upp með. Mér finnst ágætt að geta vitnað í orð okkar ágæta forseta, Ólafs Ragnars Grímssonar og skammast mín ekkert fyrir það. Hann var ágætisprófessor í stjórnmálafræðinni og orð hans mjög gild í þessu máli, mjög gild.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að spyrja hvort ekki ætti að hafa eignarhaldið augljóst, þ.e. hverjir eiga fjölmiðlana. Það er engan veginn verið að banna að útvarpsréttarnefnd geti kallað eftir gögnum eins og kemur skýrt fram í frumvarpinu. Hún kallar eftir þeim gögnum, þar á meðal gögnunum um hverjir eigi fjölmiðlana. Þannig er tekið á því og það atriði ætti að vera alveg útrætt.

Varðandi siðareglur milli blaðamanna annars vegar og fréttastjórnar og hins vegar eigenda fjölmiðlanna þá er ekkert sem bannar einkareknum fjölmiðlunum að setja svona reglur fyrir sig. Af hverju setja þeir ekki slíkar reglur sjálfir?

Ég velti þessu fyrir mér og hef rætt við ágæta vini mína í blaðamannastéttinni frá öllum fjölmiðlum, það er rétt að taka það fram. Þeir hafa einmitt verið að velta fyrir sér svona reglum. Er rétt að ríkið, og það eru vangaveltur sem vert er að skoða, setji skýrar og klárar reglur um samskiptin á milli eigenda fjölmiðla annars vegar og blaðamannanna og fréttamannanna hins vegar, og setja um leið á stofn ríkisstofnun sem liti yfir öxlina á blaðamönnum meðan þeir sinna innra starfi sínu, starfi sem blaðamenn á viðkomandi fjölmiðli? Ég efast um að það sé rétt leið. En ég er tilbúin, og hef lýst því yfir, að skoða þá leið betur. En ég hef efasemdir um þá leið, að ríkið komi þannig inn í fjölmiðlana og verði yfir henni sem opinbert eftirlitsapparat sem skoðar innra starf fjölmiðla.

[14:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að markmið skýrslunnar væri að finna leiðir til að tryggja lýðræðið. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki væri rétt að forgangsraða þessum verkefnum. Eru ekki önnur verkefni brýnni fyrir okkur sem störfum í stjórnmálaflokkum?

Ég vil nefna hvort ekki beri að opinbera fjármál stjórnmálaflokka. Þau eru lokuð bók og þetta lokaða bókhald býður upp á spillingu. Það hefur m.a. komið fram í þessari umræðu að einn æðsti embættismaður þjóðarinnar hefur haldið því fram að það hafi verið borið á hann fé. Mér finnst það eitt af forgangsverkefnum okkar sem hér störfum að opna bókhald stjórnmálaflokka til að tryggja lýðræðislega umræðu. Fróðlegt væri að heyra svör hæstv. menntmrh., hvað hún segir við þessu, hvort það ætti ekki að koma á undan því verkefni sem við erum að fást við núna. Mér virðist ekki liggja svo mikið á að ganga í þetta verkefni. Við eigum að taka góðan tíma í að finna umgjörð um þessa starfsemi, sem er mjög mikilvæg. Þess vegna væri fróðlegt að heyra hvort fjármál flokkanna verði ekki forgangsverkefni. Það hefur ítrekað komið fram í umræðunni að þetta lokaða bókhald stjórnmálaflokka býður óumdeilanlega upp á spillingu.

[14:12]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. ætti að beina spurningum sínum til Samf. sem sagði fyrir síðustu kosningar og (Gripið fram í.) kosningarnar þar áður að hún ætlaði að birta bókhald sitt en hefur ekki gert það enn. (**Gripið fram í:** Svaraðu.) Orð eru eitt og athafnir annað. (Gripið fram í.)

Varðandi, virðulegi forseti, þessa skýrslu þá er það rétt að hún er vettvangur og grundvöllur til að tryggja lýðræðislega umræðu áfram. Það er nákvæmlega markmið okkar með þessari löggjöf, með þessu frv. sem við komum til með að ræða um í næstu viku.

Við verðum að átta okkur á því að samþjöppun á markaði í viðskiptalífinu er orðin mikil hér á landi. Við höfum leyft það og við höfum sagt: Gott og vel, við leyfum hér fyrirtækjum að verða markaðsráðandi. Það er ekkert við því að segja. En um leið þá krefjumst við þess að fjölmiðlarnir geti sýnt fyrirtækjunum sem eru markaðsráðandi aðhald, að almenningur, þegnarnir í samfélaginu geti treyst því að fjölmiðlar, sem eru ekki bara aðhald á okkur sem hér erum inni heldur líka aðhald á markaðsráðandi fyrirtæki í samfélaginu, fari fram með sannar og réttar upplýsingar og ekki með hagsmunatengsl í huga. Það býr að baki því þegar ég segi: Við erum að tala um lýðræðið í landinu. Það er grundvöllur að lýðræðislegri umræðu um það sem kemur fram í skýrslunni.

Við megum ekki gleyma því að fjölmiðlar eru fjórða valdið. Við verðum að styrkja þá og efla þannig að þeir geti staðið undir því að vera fjórða valdið.

[14:14]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst ákaflega aumt þegar maður spyr hæstv. ráðherra og hún treystir sér ekki til að svara einfaldri spurningu. Þess í stað fer hún með umræðuna út og suður. Ég beini þessari spurningu því á ný til hæstv. ráðherra. Er það ekki forgangsverkefni, sem ætti að fara í á undan þessu verkefni, að opna fjármál stjórnmálaflokkanna?

Svo er það hitt atriðið, þ.e. skipan nefndarinnar. Menn eru að tala um að með þessu eigi að tryggja að öll sjónarmið og viðhorf í þjóðfélaginu komist að í fjölmiðlum. Þá vil ég spyrja: Hvernig stendur á því að hæstv. menntmrh. skipaði ekki fulltrúa allra stjórnmálaafla í landinu í nefndina?

Ég er ekki tilbúinn til að fallast á að þetta sé prýðileg skýrsla. Ef menn ætla að vinna góða skýrslu þá leita þeir eftir sjónarmiðum þeirra sem starfa í greininni. Mér finnst það hafa skort, a.m.k. hef ég lesið það sem ítrekað hefur komið fram í fjölmiðlum, að fulltrúar Blaðamannafélagsins hafi ekki komið að þessari vinnu. Mér finnst það mjög bágt í slíkri vinnu og ekki til þess fallið að skila góðri skýrslu. Á þetta ekki að vera opið? Erum við ekki að tala um umgjörð fyrir fjórða valdið og það að tryggja lýðræðið? Er það að loka skýrslugerðina af og hafa hana í felum í anda lýðræðisins? Ég get ekki séð það.

Ég vonast til að hæstv. ráðherra treysti sér til að svara fyrri spurningu minni úr fyrra andsvari mínu.

[14:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er merkilegt hve augljóslega er reynt að drepa umræðunni á dreif. Hér kemur hv. þm. og hefur ekki eina einustu skoðun eða afstöðu til skýrslunnar. Hann hefur ekki nokkra afstöðu til þess hvernig eigi að **(Gripið fram í:** Svaraðu andsvarinu.) stuðla að því að verja fjölmiðla í landinu þannig að þeir geti sett mál sitt fram hlutlaust og með lýðræðislegum hætti.

Það er athyglisvert, þegar maður hefur fylgst með umræðunni um þetta í fjölmiðlum og umræðu á þingi, hvernig þingmenn í stjórnarandstöðunni — það skal tekið fram að það eru reyndar bara tveir flokkar sem hafa sérstaklega tjáð sig um málið, Frjálslyndi flokkurinn og Samfylkingin — eru ekki reiðubúnir til að taka á þeim afleiðingum sem samþjöppun í fjölmiðlum getur haft fyrir lýðræðið í samfélaginu.

Það er umhugsunarefni, virðulegi forseti, að hér kemur engin afstaða til þess fram af hálfu Frjálslynda flokksins. Akkúrat engin. Óbreytt ástand. Það er það sem þeir vilja.

[14:17]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill geta þess að það er samkomulag milli formanna þingflokka og forseta um að gera hlé milli klukkan fimm og sex í dag fyrir þingflokksfundi.

[14:17]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Það vekur óneitanlega athygli í þessari umræðu, eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. menntmrh., hvaða tilvitnanir í stjórnmálaleiðtoga hún kýs að nefna í ræðu sinni. Við höfum séð það í umfjöllun síðustu daga í fjölmiðlum að ítrekað hefur verið vitnað í ummæli, sem eru sum hver nýrri en þau sem hér er vitnað til, leiðtoga sem ég hefði hingað til haldið að væru leiðtogar hæstv. menntmrh., manna eins og hæstv. ráðherra Davíðs Oddssonar og Björns Bjarnasonar og margra annarra sem hafa tjáð sig þveröfugt við það sem þeir gera nú. Hver hafa svör þeirra verið, virðulegi forseti? Þessi ummæli eru börn síns tíma, sagði hæstv. dómsmrh., Björn Bjarnason.

Ég ætla ekki að láta þessa umræðu snúast um tíu ára gömul ummæli, ummæli sem viðhöfð voru fyrir áratug.

Skýrsla sú sem hæstv. menntmrh. hefur lagt fram er að mörgu leyti góð og í henni margar góðar hugmyndir sem mundu bæta verulega starfsumhverfi fjölmiðla hér á landi. En ríkisstjórnin hefur fallið í þá undarlegu gryfju að semja upp úr henni ótrúlega illa unnið frumvarp sem einhver ósköp liggur á að afgreiða frá Alþingi. Úr skýrslunni er soðið frumvarp sem stenst ekki þær kröfur sem við eigum að gera til lagasetningar í nútímaþjóðfélagi. Það beinist nánast alfarið gegn einu fyrirtæki. Tilefni þess er óljóst og virðist helst að finna í opinberri andúð forsrh. á tilteknum aðilum í íslensku viðskiptalífi. Það er illa undirbúið og án nokkurs samráðs við þá sem starfa hjá fjölmiðlunum eða reka þá. Það felur í sér afturvirkni og brýtur líklega í bága við atvinnufrelsis- og eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Það felur í sér alvarlegt inngrip í atvinnustarfsemi þrátt fyrir að engin tilefni hafi komið upp svo alvarleg að kalli á að gripið sé til slíkra neyðarúrræða á þessu stigi. Frumvarpinu er ætlað að tryggja meiri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi en það mun þrengja svo að möguleikum fjölmiðlafyrirtækja til fjármögnunar að afleiðingarnar gætu orðið alvarlegar fyrir slíka starfsemi. Þau markmið að auka fjölbreytni munu snúast upp í andhverfu sína verði þetta frv. að lögum. Grætilegast er að á því besta og raunhæfasta í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar hefur ríkisstjórnin engan áhuga.

Með frumvarpinu velur ríkisstjórnin beiskasta molann af hlaðborði fjölmiðlanefndarinnar. Hann stóð reyndar eitthvað aðeins í framsóknarmönnum eins og epli stjúpunnar vondu í Mjallhvíti forðum. En þrátt fyrir einhverjar lagfæringar er afraksturinn til háðungar fyrir samstarfsflokk Davíðs Oddssonar, sem sýnir enn einu sinni að hann er tilbúinn að sporðrenna öllu sem að honum er rétt úr armi foringjans.

Af því að hæstv. ráðherra spyr hvort hún hafi ekki átt að leggja fram þær tillögur sem nefndin leggur til þá vil ég vekja á því athygli að fyrsta tillaga nefndarinnar, helsta tillaga nefndarinnar, er að Ríkisútvarpið, almenningsútvarpið verði treyst. Lagt er til að hér verði traust almenningsútvarp. Það vekur óneitanlega athygli að inn á það er ekki komið í frv. ríkisstjórnarinnar. Um það eru engar beinar tillögur.

Það vekur líka athygli að nefndin sjálf skuli ekki hafa samið frumvarpið eins og henni var falið. Af hverju samdi nefndin ekki frumvarpið, hæstv. menntmrh., eins og henni var falið? Af hverju er tveimur nefndarmönnum falið að gera það? Getur það hafa verið vegna þess að hugsanlega hafi verið ágreiningur um þær leiðir sem nefndin vildi fara? Hún leggur fram hlaðborð af hugmyndum. Ríkisstjórnin velur síðan af því hlaðborði.

Sjálfstæðismenn ganga út frá því, að því er virðist, af umræðunni síðustu daga að fjölmiðlafólk gangi fyrst og síðast erinda eigenda sinna. Hvernig velja þeir fólk til að stjórna þeim fjölmiðlum sem þeim hefur verið treyst fyrir? Þar situr sjálfstæðismaður í sæti útvarpsstjóra. Þar situr sjálfstæðismaður í sæti formanns útvarpsráðs. Þar situr framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins í sæti formanns útvarpsréttarnefndar. Ekki lítur þetta vel út eða hvar eru áformin um fjölbreytni og víðsýni þegar sjálfstæðismenn skipa í slíkar áhrifastöður?

Það er reyndar gott til þess að vita að hæstv. menntmrh. ætlar að sjá til þess að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. víki úr forsæti í útvarpsréttarnefnd enda verður nefndinni veitt gífurlegt aukið vald með frv. Það ber að þakka fyrir þær skímur sem sjást í meðferð ríkisstjórnarinnar á frv. Það vekur hins vegar athygli að ekki hafi verið lögð í það vinna í flýtifrumvarpinu að endurhugsa skipan útvarpsréttarnefndar eins og lagt er til í skýrslunni, þrátt fyrir aukið vald hennar. Ekki er

um málskotsrétt að ræða vegna ákvarðana nefndarinnar sem verður þó að teljast eðlilegt og ekki er heldur gert ráð fyrir sérstökum hæfisskilyrðum nefndarmanna. Það er eitthvað sem skoða má í framtíðinni, segir ríkisstjórnin. Ekkert liggur á.

Ég hlýt að spyrja: Hvers vegna mátti ekki bíða fram á haustið með að leggja fram tillögur á grundvelli þeirrar ágætu skýrslu sem nú liggur fyrir og leggja síðan fram alvörufrumvarp um starfssvið og umhverfi fjölmiðla þar sem m.a. væri komið inn á málefni útvarpsréttarnefndar og fleiri óleyst og vandræðaleg mál sem út af standa? Nei, það mátti ekki og það hvarflar að manni að það sé vegna þess að hæstv. forsrh. hafi viljað tryggja að Baugslögin færu í gegn í hans valdatíð sem forsætisráðherra, annað mætti bíða.

Þjóðin mun því miður sjá það á næstu vikum að hvorki samstarfsflokkurinn né hinir meintu frjálslyndu sjálfstæðismenn á þingi munu standa í vegi hans. Algjör samstaða er um málið í ríkisstjórn, segja formenn stjórnarflokkanna. Það vekur óneitanlega athygli í ljósi þess hve skýr afstaða sjálfstæðismanna hefur verið í viðlíka málum í gegnum tíðina. Það þarf ekki að fara tíu ár aftur í tímann, eins og fjölmiðlar hafa gert undanfarna daga og hæstv. menntmrh. gerði áðan. Vissulega getur margt breyst á tíu ára tímabili í pólitík. Það þarf ekki annað en að skoða tæplega ársgamlar umræður, frá því í nóvember 2003, þar sem fjallað var um Ríkisútvarpið. Vitna mætti í ummæli nokkurra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins, t.d. hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, sem sagði þá, með leyfi forseta:

„En ég ítreka það að einkaaðilum er alveg treystandi fyrir rekstri fréttastöðva og við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af því, verði breyting á eignarhaldinu, að sá trúverðugleiki verði fyrir borð borinn."

Viðlíka ummæli má hafa eftir hv. þm. Pétri Blöndal og hv. þm. Birgi Ármannssyni, sem hafa engar áhyggjur af því að einkaaðilar reki fjölmiðlana í ríkari mæli en nú er.

Hvar eru þeir nú, virðulegi forseti? Ætla þeir að ganga fram hnarreistir í baráttunni fyrir því að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki eiga eina krónu í ljósvakafyrirtækjum? Ætla þeir að styðja það að þeir sem eiga ljósvakafyrirtæki megi ekki eiga dagblað líka o.s.frv.? Enginn reynir að slá á ósköpin þannig að þau standist stjórnarskrá og líti skaplega út.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég átti ekki von á svona vondu frumvarpi þótt ég hafi verið búin að undirbúa mig undir ýmislegt.

Það ber að virða það að hæstv. menntmrh. hefur kynnt sér tillögu Samf. í þessum efnum. Hún vísar til þess að við höfum ekki valið að nota nýjustu tilmæli Evrópuráðsins. Ég vil geta þess í því sambandi að Evrópuráðið hefur sent frá sér fjölda tilmæla sem snerta þennan markað. Ein þeirra eru um fjölbreytnina sem hún vísar til, frá 1999. Þar eru líka þessi tilmæli frá 1994 sem við kjósum að vinna okkar tillögur upp úr. Þau standa fyllilega fyrir sínu og það hefur ekkert breyst. Hæstv. menntmrh. hlýtur að vita að þau tilmæli hafa nákvæmlega ekkert breyst.

Ég bendi á að lönd Evrópuráðsins hafa valið mjög ólíkar leiðir við að setja svona reglur, m.a. um eignarhald, einmitt vegna þess að markaðirnir eru svo ólíkir. Það er ekki hægt að apa eitthvað beint upp eftir öðrum löndum þar aðstæður eru öðruvísi og í öllum tilvikum miklu stærri markaðir. Þetta hélt ég að hæstv. menntmrh. vissi.

Samf. er vissulega þeirrar skoðunar að fjölmiðlar séu ekki eins og hver önnur atvinnugrein. Um þá verða að gilda strangari reglur en um aðra starfsemi enda höfum við í vetur lagt fram tvö þingmál sem ganga út á að setja sérreglur um þennan markað, annað um vernd heimildarmanna og hitt um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Við teljum að það sé mjög mikilvægt að standa vörð um fjölmiðlastarfsemi. Hæstv. menntmrh. vitnaði t.d. í ummæli nokkurra þingmanna okkar og sú afstaða hefur ekkert breyst.

Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að það er ekkert í umfjöllun fjölmiðla sem bendir til þess að um slíka fábreytni sé að ræða í umfjölluninni, að einhver hætta sé á ferðum. Þegar við tölum um fjölbreytni í fjölmiðlun þá erum við fyrst og síðast að tala um fjölbreytilega umfjöllun en ekki eignarhald, eins og hæstv. menntmrh. reynir að telja mönnum trú um.

Ýmislegt hefur gerst á síðari árum og miklar breytingar orðið. Eignarhaldið er ekki eins skýrt gagnvart almenningi og það þarf að gera skýrara með skýrum reglum. Við höfum m.a. lagt það til. En sjálfstæðismenn eru svo illa staddir á síðustu og verstu tímum að þeir eiga aðeins eitt ráð við öllum vandamálum sem upp koma: Setjum lög. Bönnum það. Rétt eins og forsrh. hefur lagt til í umræðunni um fjármál stjórnmálaflokka. Við skulum frekar banna að fyrirtæki megi styrkja stjórnmálaflokka en gera bókhaldið opinskátt og gagnsætt. Það má ekki.

Samfylkingin getur tekið undir það sem nefnd menntmrh. komst að árið 1996. Í henni voru margar stórskytturnar úr liði sjálfstæðis- og framsóknarmanna: Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Ásdís Halla Bragadóttir, Páll Magnússon og Tómas Ingi Olrich. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki skal kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds í ljósvakamiðlum í útvarpslögum." Síðar segir: „Þessi skoðun er sett fram í ljósi þeirrar staðreyndar að lög af þessu tagi hafi í nágrannalöndunum oftar en ekki orsakað glundroða. Það hefur reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög. Eftirlit er kostnaðarsamt og þó því sé ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi, virðast þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum."

Hvað er að gerast í umræðunni í samfélaginu í dag? Hvað er að gerast? Í samhengi við þau ummæli sem hæstv. forsrh. hefur haft um þau fyrirtæki sem þessi lög beinast gegn þá er frv. mjög alvarlegt mál. Slík lagasetning er mjög alvarleg og virðist beinast gegn þessum eina aðila.

Að mínu mati er fullkomið ábyrgðarleysi að leggja fram tillögur um bann við fjárfestingu fyrirtækja með markaðsráðandi stöðu í ljósvakamiðlum. Þessi tillaga er sett fram án þess að nokkur tilraun sé gerð til að meta hvaða áhrif þetta kann að hafa á möguleika fyrirtækjanna til að fjármagna starfsemi sína og fjárfestingar. Það má skoða þann litla markað sem er hér á landi og velta fyrir sér hvaða fyrirtæki eru að öllum líkindum markaðsráðandi og þar með bannað að fjárfesta í ljósvakamiðlum: Eimskip á flutningamarkaði; Húsamiðjan og BYKO í byggingavörum; Flugleiðir; Nói-Síríus í sælgæti; Áburðarverksmiðjan; Pharmaco í lyfjum; deCODE í líftækni, svo dæmi séu tekin; Vífilfell, Myllan, Mjólkursamsalan, Osta- og smjörsalan, Landsvirkjun og guð má vita hvað. Öllum þessum aðilum er bannað að fjárfesta í ljósvakamiðlum samkvæmt þessum lögum.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að í skýrslu fjölmiðlanefndar er dregin upp nokkuð góð mynd af stöðunni

á þessum markaði. Þrátt fyrir að þeir telji þurfa að setja reglur um eignarhaldið, því er ég ósammála, segja þeir að að öðru leyti sé staðan nokkuð góð. Fjölbreytnin er meiri en hún hefur oft áður verið. Á hljóðvarpsmarkaði hefur RÚV 52% markaðarins og einkastöðvar 48%. Á sjónvarpsmarkaði rekur RÚV eina stöð. Sjónvarpsáhorf skiptist þannig að RÚV er með 43%, Skjár 1 með 21%, sjónvarpsstöðvar í eigu Íslenska útvarpsfélagsins með 37% samtals. Ef við skoðum blöðin lesa 69% landsmanna Fréttablaðið daglega, 56% Morgunblaðið og 17% DV.

Ríkisútvarpið stendur auk þess styrkum fótum á markaðnum en í því felst óneitanlega ákveðin brjóstvörn fyrir hugsanlegum óhóflegum yfirráðum einkaaðila þar. Ég verð að segja að mér þykir þetta nokkuð ásættanlegt ástand á þeim örsmáa markaði sem er hér á landi og tel mjög varasamt að hefta þessa starfsemi meira en brýnasta nauðsyn krefur hvað aðgang að fjármagni varðar og vitna ég þar til sögu einkarekinna fjölmiðla á Íslandi sem segir okkur hversu viðkvæmur markaðurinn er.

Ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvar eru dæmin um fábreytni í umfjöllun eða um að þeir aðilar sem eiga fyrirtækin hafi misnotað þau sér í þágu? Hæstv. forsrh. hefur fullyrt það fullum fetum að dæmin séu til staðar og að þeir sem starfi á þessum fjölmiðlum gangi bara erinda eigenda sinna. Það hlýtur að vera ástæðan fyrir því að gripið er til þessarar lagasetningar því ekki eru menn að setja lög bara upp úr þurru þannig að ég spyr: Hvar eru dæmin? Ég vil líka segja, virðulegi forseti, af því að það er vísað sí og æ til tilmæla Evrópuráðsins frá 1994, að hæstv. menntmrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki lagt vinnu í að skoða þau frekar en fjölmörg önnur tilmæli frá Evrópuráðinu. Það er valið hvaða tilmæli eru skoðuð og það er líka eðlilegt að hvert og eitt ríki velji sér þær reglur sem henta markaðnum. Tilmæli hafa aldrei komið beinlínis um það hvernig þetta skuli vera, enda eru þessar reglur gríðarlega breytilegar í hverju landi fyrir sig. Það er engin tilviljun. Íslenski markaðurinn er með rétt rúmlega 280 þúsund manns. Hann hlýtur að vera sérstaklega viðkvæmur auk þess sem hann er með óvenjulega sterkt Ríkisútvarp þannig að einkamarkaðurinn er lítill sem því nemur. Á þennan markað ætlar hæstv. ríkisstjórn að setja þær hömlur að það megi ekki ná í peninga hér og það megi ekki ná í peninga þar. Látum vera með dreifðu eignaraðildina sem fjölmörg önnur lönd hafa farið.

Ég vil í lokin, hæstv. forseti, spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaðan hefur hún það fordæmi að banna markaðsráðandi fyrirtækjum með öllu að eiga nokkurn hlut í ljósvakamiðli? Frá hvaða landi er það fordæmi tekið?

[14:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var sorglegt og dapurlegt að hlusta á talsmann Samf. í málinu því skoðanaleysið var hrópandi. Þegar fyrirtæki sem eiga til að mynda í fjölmiðlafyrirtækjum standa frammi fyrir því að hugsanlega komi löggjöf sem á einhvern hátt snertir starfsemi þeirra er ekkert óeðlilegt að þau bregðist við. En að heill flokkur verði allt í einu skoðanalaus, flokkurinn sem er alltaf að tala um að setja almennar reglur og lýðræðisleg vinnubrögð í samfélaginu. Allt í einu þegar ekki bara ég, heldur skýrsluhöfundar og fræðimenn benda á samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og að það sé ógnun við lýðræðislega umræðu má ekki ræða það.

Það er gott að hv. ræðumaður kom inn á að fjölbreytni væri mikil í fjölmiðlum. Það er hárrétt. Fjölbreytnin er nokkuð mikil í fjölmiðlum, alveg þolanleg. En verið er að benda m.a. á að það er lykilatriði að fjölbreytnin sé í eignarhaldi líka. En það er nóg að mati hv. ræðumanns að segja: Við skulum hafa eins marga fjölmiðla og hægt er, annað skiptir ekki máli. Þetta er Murdoch. Þetta er nákvæmlega það sem Rupert Murdoch sagði varðandi stefnu sína í fjölmiðlamálunum. Hann sagði að eignarhaldið skipti ekki máli og að við skyldum bara leyfa einum manni að eiga allt heila klabbið ef við erum með nógu marga fjölmiðla, dagblöð eða sjónvarpsrásir. Það er í lagi að einn maður eigi þetta allt saman og það er stefna Samf. Það er það sem kom út úr ræðunni sem við hlustuðum á hér í þingheimi áðan.

[14:35]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. kýs enn að nota tíma sinn til að tala um Samf. í stað þess að svara þeim spurningum sem ég beindi til hennar. Hvaðan koma fordæmi fyrir því að banna einstaklingum eða fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu að eiga svo mikið sem eina krónu í ljósvakafyrirtæki? Hæstv. menntmrh. vitnar sí og æ til Evrópuráðsins, sem ég reyndar fagna að hún skuli gera vegna þess að þaðan kemur margt gott, en hvaðan kemur þetta fordæmi?

Ég vil líka spyrja hæstv. menntmrh. af því að hún sagði áðan að það væri einhver Murdoch-lína hjá Samf. Var það þá Murdoch-lína sem Sjálfstfl. hefur aðhyllst hingað til? Það er ágætt að heyra að þangað hafi þeir sótt fyrirmyndir sínar.

Virðulegi forseti. Ég vil fá svör við þeim spurningum sem ég beindi til hæstv. menntmrh. og þó að mér þyki mjög vænt um að hún hafi kynnt sér tillögur okkar samfylkingarmanna svona ítarlega vil ég gjarnan að hún svari þeim spurningum sem ég beini til hennar. Hvar eru dæmin um skort á fjölbreytni í umfjöllun fjölmiðla? Hæstv. menntmrh. skautar alltaf fram hjá því að þetta snýst um fjölbreytni í umfjöllun fyrst og síðast. Ef eignarhaldið bendir til þess að skortur sé á slíkri fjölbreytni kynni að vera ástæða til að grípa til þess neyðarúrræðis að setja lög á markaðinn sem munu hefta gríðarlega aðgang slíkra fyrirtækja að fjármagni. Enda er ég ekki, virðulegi forseti, ein um að telja að með þessum lögum verði óeðlilega hert að fjölmiðlastarfsemi í landinu. Ég bið um að hæstv. menntmrh. svari þessu: Hvar er fordæmi fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki sé með öllu bannað að eiga nokkurn hlut í ljósvakamiðli og hvar eru dæmin um skort á fjölbreytni í umfjöllun fjölmiðla á Íslandi í dag?

[14:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það m.a. áðan að í Danmörku er fyrirtækjum á markaði óheimilt að eiga líka í fjölmiðlafyrirtækjum. (Gripið fram í.)

Ég ætla mér ekki að setjast í þann stól að meta hvort fjölmiðlar gæti ekki hlutleysis og komi réttum upplýsingum á framfæri og þó einhverjir aðrir hafi gert það ætla ég ekki að gera það. En þegar við erum búin að segja já við markaðsráðandi stöðu á fyrirtækjamarkaði hljóta allir skynsamir menn að sjá að mikilvægi fjölmiðla verður aldrei meira. Fjölmiðlar verða að veita fyrirtækjunum sem eru með markaðsráðandi stöðu á fyrirtækjamarkaðnum aðhald, ekki bara stjórnmálamönnunum heldur líka fyrirtækjunum í þágu almennings og þjóðarinnar.

[14:38]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar hæstv. menntmrh. við spurningu minni áðan er í ósamræmi við það sem greinir í skýrslunni sem við fjöllum um en þar segir um dönsku regluna á bls. 75, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki (félög) sem eru í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri mega ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp...“

Virðulegi forseti. Við erum ekki að tala um ráðandi hlut. Við erum að tala um að þeim fyrirtækjum sem eru í markaðsráðandi stöðu sem eru fjölmörg, eins og ég geri ráð fyrir að hæstv. menntmrh. viti, á þessum litla íslenska markaði okkar mega ekki eiga neitt í ljósvakamiðlum. Það er ekki það sem reglurnar í Danmörku benda til eftir því sem skýrsla hinnar ágætu nefndar gerir ráð fyrir. Það kann að vera að það sé rangt hjá nefndinni. Þá held ég að hæstv. menntmrh. verði að leiðrétta það. Er hún að leita til fordæma til Danmerkur með þetta eða eru þau hvergi til í Evrópu eins og ég þykist vita eða hvergi í lýðfrjálsu ríki?

[14:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir ræddi aðallega um mál sem er ekki á dagskrá, þ.e. um frv. til laga sem var dreift á fundinum í dag og ekki er búið að veita afbrigði fyrir að megi ræða á þessum fundi. Við erum að ræða um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi núna, munnlega skýrslu menntmrh. Í því sambandi langar mig til að spyrja hv. þm. út í eftirfarandi ummæli frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni sem er í hennar flokki og þeir segja gjarnan: Við samfylkingarmenn höfum hina og þessa skoðunina. Hann var að ræða um einkavæðingu á Ríkisútvarpinu sem ég lagði til. Þetta eru ekki tíu ára gömul ummæli heldur átta vikna gömul. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég hef kannski ekki miklu við þetta að bæta. Ég verð þó að segja að ég er ekki viss um að það mundi bæta fjölmiðlaflóruna þó að Ríkisútvarpið yrði sameinað Norðurljósum. Það er ljóst að það er ekkert í þessu sem kemur í veg fyrir að af því kynni að verða.“

Síðan endurtekur hv. þm. fsp. í andsvari. „Fyrirspurn mín til hv. þm:.“ — það er mín persóna – „Er eitthvað í frv. sem kemur í veg fyrir að Ríkisútvarpið verði einfaldlega sameinað Norðurljósum?“

Þetta kynni að vera eini maðurinn hjá Samf. sem hefði þessa skoðun þrátt fyrir samtengingu heila þeirra sem alltaf er vitnað í. En hv. þm. Jóhann Ársælsson segir á sama hátt:

„Eins og að drekka vatn ætla menn að selja Símann og búa til samkeppnisumhverfi sem er af því taginu sem hér var lýst“ — þ.e. að selja RÚV — „ef niðurstaðan yrði sú að Stöð 2 keypti Ríkisútvarpið.“

Aðalandstaðan við að einkavæða Ríkisútvarpið er sem sagt hræðsla Samf. við að Stöð 2 kaupi Ríkisútvarpið.

[14:42]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott að fá þetta í umræðuna. Ég hafði nefnilega ekki tíma til að koma inn á þetta í ræðu minni sem ég hefði gjarnan viljað gera.

Í fyrsta lagi viljum við ekki selja Ríkisútvarpið. Það eru sjálfstæðismenn sem vilja það og þess vegna vakti það athygli mína að það er ekki tekið undir það í skýrslu nefndarinnar að tryggja eigi traust Ríkisútvarp og hæstv. menntmrh. svaraði ekki út af hverju ekki hefði verið farin sú leið í frv. ríkisstjórnarinnar. Ég vil svara fyrir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson með svari hv. þm. Péturs H. Blöndals í umræðunum þeirra á milli. Með leyfi forseta sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal:

„Varðandi það að Norðurljós kaupi RÚV. Við höfum tæki í þjóðfélaginu til að hindra það. Það er Samkeppnisstofnun. Hún mun skoða hvort þetta valdi of mikilli samþjöppun á þessum markaði, nákvæmlega eins og á öllum öðrum mörkuðum.“

Síðan segir hann í sama svari, með leyfi forseta:

„Við erum með tæki til að koma í veg fyrir þvílíkt og eigum ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því sérstaklega.“

Hæstv. menntmrh. og fleiri hv. flokksbræður hennar hafa sagt að mikil nauðsyn sé á að setja sérstakar og strangari reglur um nákvæmlega þennan markað, en við í Samf. — og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson einnig geri ég ráð fyrir sem er reyndar í fæðingarorlofi og ég ætla ekki að fara að svara fyrir hann að öðru leyti — höfum ekki útilokað að það kynnu að koma upp þær aðstæður að ástæða væri til að setja slíkt í lög. En ástæðurnar verða að vera til staðar til að löggjafinn grípi með það afdrifaríkum hætti inn í atvinnustarfsemi eins og hér er lagt til. Að mínu mati, virðulegi forseti, eru tilefnin til staðar og nú hef ég margsinnis kallað eftir þeim hjá hæstv. menntmrh. og þau svör hafa ekki komið enn þrátt fyrir að eftir þeim sé kallað. Ég hlýt því að kalla eftir þeim enn og aftur.

[14:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ekki skoðun tveggja þingmanna Samf. heldur almenn skoðun Samf. að það sé verulega mikið að óttast varðandi eignalega samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. (**ÖS:** Við höfum samkeppnislögin um þetta.) Við höfum samkeppnislög um þetta, kallar hv. þm. Össur Skarphéðinsson fram í. Það er rétt, en við höfðum ekki skýrsluna þegar þessi ummæli féllu. (Gripið fram í.) Í skýrslunni sem við erum að ræða í dag kemur fram að tæki Samkeppnisstofnunar duga skammt.

[14:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Munurinn á Samf. og Sjálfstfl. í þessum efnum er greinilega sá að við þurftum ekki að bíða eftir neinni skýrslu til að koma fram með tillögur okkar. Við höfum margsinnis sagt að ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með eignarhaldi á fjölmiðlum umfram aðra atvinnustarfsemi. Við höfum lagt fram tillögur um það og langmikilvægast er að við gerðum það fyrir löngu síðan og þurftum ekki að bíða eftir skýrslu til þess. Mikilvægast er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðlanna annars vegar og hins vegar gagnsæi þannig að neytendur viti hverjir eigi fjölmiðlana. Hvers vegna þessar áherslur eru ekki hjá ríkisstjórninni veit ég ekki en þær eru einfaldlega allt aðrar en tillögur okkar sem við lögðum fram fyrir löngu síðan. Við viljum líka styrkja starfsumhverfi þeirra sem starfa á fjölmiðlunum með því að setja skýrar reglur um vald heimildarmanna. Sjálfstfl. er ekki á þessari braut. Hann vill bara setja lög, banna þetta og banna hitt, banna sumum að fjárfesta í ljósvakamiðlum. Þeir mega ekki fjárfesta neitt í þeim. Ekki bara að þeir megi ekki eiga ráðandi hlut, þeir mega ekki fjárfesta neitt. Og þeir geta ekki svarað því hvaða fordæmi eru fyrir því.

[14:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri engar athugasemdir við fundarstjórnina. Hins vegar hef ég átt í erfiðleikum með að átta mig á afstöðu Samf. og kannski sérstaklega formannsins. Ég skal hins vegar halda mig við ummæli sem fallið hafa í þessari viku og kannski upplýsingar sem komið hafa fram á þessu þingi og forðast að fara langt aftur í tímann því það er greinilega viðkvæmt.

Formaður Samf. var í útvarpsviðtali á mánudaginn sem ég hlustaði á. Ég fékk síðan útskrift af því af því að ég áttaði mig ekki á afstöðunni frekar en fréttamaðurinn í viðtalinu og ég átta mig ekki heldur á afstöðunni þegar ég hef lesið útskrift af viðtalinu en ég bíð spenntur eftir ræðu hans eins og ég sagði áðan.

Ég beið líka spenntur eftir ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, talsmanns Samf. í málinu, þar sem hún er 1. flm. að tillögu um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði í íslenskum fjölmiðlum. Þar er hins vegar líka fjallað um takmarkanir á fjölmiðlaeign og segir í greinargerð tillögunnar, bls. 3 neðarlega, með leyfi forseta:

„Rökin fyrir frekari takmörkunum í lögum um íslenska fjölmiðla verða því að spretta af íslenskum aðstæðum. Slík rök gætu meðal annars verið að þróun síðustu ára hafi leitt til óeðlilegrar fábreytni ...“ — Og síðan aftur, með leyfi forseta: „Væri um slíkt að ræða hefði fjölmiðla og stjórnvöld sannarlega borið af leið ...“

Það segir hins vegar í skýrslunni að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hér séu ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlum og því hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við með lagasetningu. Þegar nefndarálitið er haft í huga, hæstv. forseti, og niðurstaða skýrslunnar og það er lesið saman, leiðir þá ekki af þessari skoðun hv. þm. og meðflutningsmannanna að það sé eðlilegt að nú sé sett löggjöf um þetta efni?

[14:48]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, það leiðir ekki af því vegna þess að það sem nefndin er að tala um og það sem hæstv. ríkisstjórn byggir niðurstöðu sína á — hún er alltaf að tala um fjölbreytni í eignarhaldi — nefndin skautar reyndar mjög auðveldlega fram hjá því, finnst mér. Hún talar um fjölbreytni og þær reglur sem gildi hjá Evrópuráðinu um fjölbreytni í umfjöllun. Þetta snýst um tjáningarfrelsi, ekki satt? Um umfjöllunina sem slíka og að hún sé fjölbreytt og að öll sjónarmið fái að njóta sín. Við erum að tala um fjölbreytni í umfjölluninni sem slíkri. Það er það sem skiptir máli, virðulegi forseti. Ég sé ekki á hvaða hátt það gæti leitt til meiri fábreytni í umfjölluninni ef markaðsráðandi fyrirtæki eins og Nói-Síríus eða Áburðarverksmiðjan fengju að eiga einhverja þúsundkalla í ljósvakamiðlunum. Ég sé ekki að það hefði nokkur einustu áhrif, virðulegi forseti, á umfjöllun fjölmiðla á Íslandi, eða hvaða ástæða er til að hafa áhyggjur af því? Hvaðan sækir ríkisstjórnin þessa reglu sína? Því hefur hæstv. menntmrh. ekki enn þá svarað mér.

[14:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilgreiningar nefndarinnar eru skilgreiningar Evrópuráðsins um fjölbreytni „plurality“ í fjölmiðlum. Þar er um pólitíska og menningarlega fjölbreytni að ræða sem byggist á fjölbreytni í eignarhaldi.

Samkvæmt því sem hv. þm. var að segja áðan, talsmaður Samfylkingarinnar, er það stefna Samf. að það sé allt í lagi að við bíðum bara eftir því að fjölmiðlamarkaðurinn á Íslandi verði þannig saman settur að Ríkisútvarpið sé öðrum megin og hinum megin einn einkaaðili sem á alla ljósvakamiðlana og alla blaðaútgáfuna í landinu og það sé á einni hendi, að samkvæmt stefnu Samf. sé það allt í lagi. Staðan í dag er slæm en sú staða sem ég er nú að lýsa væri enn þá verri, en Samf. vill ekkert gera í því, ekki nokkurn skapaðan hlut, er bara með málamyndatillögur sem fjarvistarsannanir um mál sem miklu minna varðar samkvæmt því sem tilmæli Evrópusambandsins, sem Samf. vitnar þó alltaf til, segja til um.

[14:51]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum ekki áhyggjur af því að slík staða komi upp. Við nefnum sem dýrmætustu brjóstvörnina fyrir því sterkt ríkisútvarp. Sterkt ríkisútvarp er mikilvægasta brjóstvörnin fyrir því að einkaaðilar geti ekki keypt upp allan íslenska fjölmiðlamarkaðinn. Það höfum við til staðar en við verðum að gefa þeim sem eru á einkamarkaði í fjölmiðlastarfsemi færi á að ná í fjármagn þannig að þeir geti rekið tiltölulega fjölbreytta og góða fjölmiðlaflóru hér á landi. Við ætlum ekki að bíða eftir neinu en það mætti með sama hætti nota þessi rök hv. þm. um almennan fyrirtækjamarkað og segja: Ætlum við bara að bíða eftir því að markaðsráðandi fyrirtæki misnoti stöðu sína? Það er ekki bannað samkvæmt íslenskum lögum að vera með markaðsráðandi stöðu en það er bannað að misnota hana. Og það má segja að það séu sömu rök sem eigi þarna við. Við eigum ekki að að setja slíkar hömlur á atvinnustarfsemi sem getur gert það að verkum að það þrengi mjög að henni og allra síst á fjölmiðlamarkaðnum nema nauðsyn krefji og nauðsyn krefur ekki.

[14:52]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Meginniðurstaða þeirrar skýrslu sem hér er til umfjöllunar er skýr. Í fyrsta lagi að íslensk stjórnvöld hafa með aðild sinni að alþjóðlegum mannréttindasáttmálum skuldbundið sig til að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlum. Sú skuldbinding byggir á túlkun Mannréttindadómstólsins í Strassborg á ákvæðum 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Í öðru lagi að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og eignatengsl hér á landi virðast vera með þeim hætti að ástæða sé til að draga megi í efa að fjölbreytni í fjölmiðlum sé nægilega tryggð til lengri tíma litið. Þar er einkum vísað til pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni. Staðan á fjölmiðlamarkaði hefur ýmis þau einkenni sem talin eru óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum um fjölbreytni sem nefndin styðst við og taldar hafa verið eiga við í öðrum löndum.

Í þriðja lagi er það skoðun nefndarinnar sem samdi þessa skýrslu að af viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla gegn frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni. Einkum á þetta við um samþjöppun á markaði fyrir einkarekna fjölmiðla, enda hvíla á Ríkisútvarpinu viðtækar skyldur um fjölbreytni í framboði dagskrárefnis og framsetningu þess sem ekki eiga við um einkarekna fjölmiðla.

Því verður ekki á móti mælt, hæstv. forseti, að hér er um að ræða málefnalegar forsendur fyrir lagasetningu og þetta er hið lögmæta markmið sem stjórnvöld stefna að með því frv. sem kynnt hefur verið og er í samræmi við þessa þjóðréttarlegu skuldbindingu sem sé að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun.

Þessi umræða er ekki aðeins ofarlega á dagská í íslenskri þjóðmálaumræðu. Evrópuþingið hefur hvatt aðildarlönd sín og framkvæmdastjórnina til að standa vörð um fjölbreytni fjölmiðla og tryggja, hæstv. forseti, að fjölmiðlar í öllum aðildarríkjum séu frjálsir, sjálfstæðir og fjölbreyttir.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að bregðast við skýrslu nefndarinnar með því að leggja fram frv. sem uppfyllir þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem hvíla á íslenskum stjórnvöldum. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar að það frv. sem kynnt hefur verið og fjallað verður um á Alþingi á næstunni sé í anda þess markmiðs og gangi ekki lengra en óhjákvæmilegt er og lög leyfa í þá átt að skerða atvinnufrelsi og eignarréttindi þeirra aðila sem nú standa að rekstri fjölmiðlafyrirtækja. Hv. Alþingi mun vitaskuld veita þessu frv. vandaða umfjöllun og leggja sjálfstætt mat á þau álitaefni og bera endanlega ábyrgð á lagasetningunni. Þannig tryggir Alþingi að lögin stuðli að því markmiði sem að er stefnt og herði ekki svo að rekstrarumhverfi fyrirtækja á þessum markaði að niðurstaðan verði í ósamræmi við markmiðið.

Hér eiga margir mikilla hagsmuna að gæta, ekki aðeins eigendur heldur ekki síður sá fjöldi fólks sem hefur lifibrauð sitt af störfum hjá íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum. Það er fullur vilji ríkisstjórnarinnar að raska ekki högum þessa fólks að óþörfu og ég minni á að það markmið sem að er stefnt með löggjöfinni er að styrkja faglegt sjálfstæði þess fólks í störfum sínum.

Hæstv. forseti. Í minnisblaði sem hæstv. menntmrh. lagði fyrir ríkisstjórn kemur m.a. fram að áfram verður unnið að því að kanna hvort hrinda beri í framkvæmd öðrum tillögum skýrsluhöfunda, þar á meðal ákvæðum sem einmitt lúta að því að styrkja faglegt sjálfstæði fjölmiðlanna gagnvart eigendum miðlanna.

Einnig hefur komið fram í umræðunni að full þörf sé á því að endurskoða fjármögnun Ríkisútvarpsins. Ég tel að á því sé fyllsta þörf, hæstv. forseti, og það málefni og raunar málefni Ríkisútvarpsins almennt eru til umfjöllunar í stjórnarflokkunum.

Ég segi þetta m.a. vegna þess að í umræðum um þetta mál hafa ýmsir orðið til þess að lýsa efasemdum um það að í raun sé samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum umtalsvert vandamál í íslensku samfélagi. Þeir hinir sömu telja væntanlega að umfjöllun fjölmiðla um það mál sem við erum að ræða hafi verið hlutlaus, fagleg og eðlileg og ekki til marks um áhrif hagsmuna eigenda á umfjöllun fjölmiðla sinna. Þeir aðilar telja væntanlega t.d. að fyrirsögn sú sem DV valdi að birta á forsíðu sinni nýlega og var þannig, með leyfi forseta: „Gremja Davíðs fest í lög", hafi verið í anda hlutlausrar og málefnalegrar umræðu og faglegrar. Þeir um það.

Fleiri dæmi þessu lík mætti nefna. Eða er það svo, hæstv. forseti, að í þessu máli sjái menn engan mun á faglegri umfjöllun ríkisfjölmiðils annars vegar og hins vegar nánast ofstækisfullri andstöðu þeirra fjölmiðla þar sem eigendur telja að sér vegið. Fréttaumfjöllun undanfarinna daga er í raun sönnun þess, hafi slíkrar sönnunar verið þörf í huga einhvers, að eignarhald fjölmiðla getur haft og hefur á stundum úrslitaáhrif á það hvaða tökum fjölmiðlar taka umdeild mál. Þegar nægilegir hagsmunir eru í húfi er litlu skeytt um það hversu nákvæma og sanngjarna mynd þessir miðlar sýna almenningi af því máli sem er til umræðu.

Hér vil ég, hæstv. forseti, vekja athygli á því að í skýrslunni sem er tilefni þessarar umræðu er sérstaklega vakin athygli á því að hér á landi sé uppi sú staða, sem ekki er þekkt dæmi um í þeim löndum sem við helst viljum bera okkur saman við, að fyrirtæki sem hafa sterk ítök á mikilvægum sviðum íslensks atvinnulífs eru einnig ráðandi á fjölmiðlamarkaði.

Hér er í skýrslunni einkum vísað til sterkrar stöðu fyrirtækisins Baugur Group hf. á matvörumarkaði auk þess sem félagið hefur ítök á öðrum sviðum viðskiptalífs í landinu. Þá er enn fremur vísað til eignatengsla milli fyrirtækisins Baugur Group hf. og Norðurljósa hf. sem eins og við þekkjum er umfangsmikið á fjölmiðlamarkaði í heild og hefur yfir að ráða því dagblaði landsins sem mest er lesið, þ.e. Fréttablaðinu, auk þess sem það ræður DV. Þá ræður fyrirtækið yfir um 37% af áhorfi sjónvarps og tæplega 44% af hlustun á hljóðvarp. Ég skora, hæstv. forseti, á þá sem vefengja að hér sé tilefni til að setja lög í framhaldi af þessari skýrslu að færa fyrir því haldbær rök hvaða almannahagsmunum það þjónar að fyrirtæki sem er með markaðsráðandi stöðu hafi jafnframt ráðandi stöðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Hvaða almannahagsmunir, hæstv. forseti, búa þar að baki?

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem ríkisstjórnin hefur kynnt og lagt fram á Alþingi í kjölfar þessarar skýrslu hefur að geyma almennar reglur sem eiga að hafa áhrif á uppbyggingu fjölmiðlamarkaðar í framtíðinni til þess að stuðla að þeirri fjölbreytni sem íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja á þessum markaði í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar. Ætlun ríkisstjórnarinnar er að ganga ekki lengra í lagasetningu en nauðsynlegt er til að ná lögmætu markmiði. Vönduð meðferð málsins á Alþingi mun tryggja að þau lög sem sett verða taki nauðsynlegt tillit til eignarréttinda, atvinnufrelsis og annarra lagalegra og stjórnarskrárbundinna réttinda þeirra sem hlut eiga að máli.

[15:00]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég beini tveimur spurningum til hæstv. ráðherra sem hér talaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að mér heyrðist, en ekki fyrir hönd Framsfl. Það er óvenjulegt en auðvitað gleðiefni að þessir flokkar séu að vaxa saman eins og ágætur fræðimaður lagði til fyrir nokkrum árum.

Ég spyr hann í fyrsta lagi: „Gremja Davíðs bundin í lög" var fyrirsögn á DV fyrir nokkrum dögum sem hæstv. ráðherra álítur að sanni að ritstjórnin sé undir áhrifum eigenda sinna, að eigendurnir hafi ritstjórnina í vasanum. Hvað í frv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar kemur í veg fyrir slík áhrif? Hvað er það? Hvar eru þau bönnuð? Hvar er hamlað gegn þeim? Hvar er ákvæðið sem tryggir ritstjórn sjálfstæði? Þetta eru auðvitað retorískar spurningar vegna þess að það er ekki að finna í frv. en ég bið ráðherrann að endurtaka það svar hér.

Í öðru lagi. Tveir menn hafa talað síðustu daga um hvað sé að í íslenskri fjölmiðlun nú á tímum. Ég vil biðja ráðherra að taka eftir þessum svörum og biðja hann að svara því hvort svarið er nær hjarta hans. Annar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar mætti maður ætla þegar maður horfir á öll þessi fyrirtæki Norðurljósa og hvernig þau haga sér í fréttaflutningi, með stríðsfyrirsagnir, árásir og gauragang, [...] að

fréttamenn á þessum fjölmiðlum hafi ekkert frelsi. Það er algerlega og eingöngu gengið erinda eigendanna."

Hinn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef enga ástæðu til þess að kvarta sérstaklega undan þessum fjölmiðlum. Ég er ósáttur oft við fjölmiðla en það verð ég bara að vera. Það er hluti af lýðræðinu og ég get ekki, ég verð að búa við það eins og aðrir."

Hvorum er hæstv. ráðherra sammála?

[15:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mætti ætla af umræðunni í dag að ekkert megi gera öðruvísi en fordæmi séu fyrir því og enga skoðun megi hafa sem er sjálfstæð. Því er til að svara, hv. þm. Mörður Árnason, að ég hef mínar skoðanir. Og af því að vitnað var til þeirra ummæla minna áðan að fyrirsagnir dagblaðanna væru athyglisverðar þessa dagana, vil ég, með leyfi forseta, fá að sýna þingheimi opnu í DV í dag sem mér finnst kannski segja það sem segja þarf, þar sem brugðið er upp ljósi af forsætisráðherra þjóðarinnar í einhvers konar spegli Kim Il Sungs, sem var ráðandi aðili hér austur af okkur á sinni tíð, og fyrirsögnin er: „Okkar ástkæri leiðtogi, Davíð Oddsson." Kjarvalsstaðir, hæstv. forseti, með leyfi þínu, verða „Davíðsstaðir". „Davíðs þúsund ár", þar er búið að staðfæra þjóðsönginn okkar, fjallað um söngleik um fæðingu Davíðs, og þetta gerist nokkrum dögum eftir að ríkisstjórnin ákveður að setja lög sem hamla gegn því eignarhaldi í fjölmiðlum sem staðreynd er í samfélagi okkar.

[15:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Kynni að vera sú ástæða fyrir því að einhverju leyti að hæstv. ríkisstjórn með hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh. innan borðs, sem báðir eru kjörnir í öðru kjördæmi Reykjavíkur, ræðst núna að atvinnugrundvelli ætli það séu ekki u.þ.b. 500 manns í því fjölmiðlafyrirtæki sem þessu frv. er beinlínis stefnt gegn, Baugsfrumvarpinu sem þeir setja nú þeir félagar og ráðherrar hæstv. og þingmenn Reykjavíkur á fjölmiðil sem starfar í Reykjavík, ræðst á fjölskyldur þessara fjölmiðlamanna sem nú búa við óöryggi o.s.frv. Ég skal ekkert um það segja hvort Davíð Il Sung, eins og hæstv. forsrh. mun vera nefndur í þessu blaði, er réttnefni eða ekki, en framsóknarmenn ættu kannski að skoða hvort þeir ætli að halda áfram að vera til eftir að þessi sami hæstv. forsrh. hefur látið (Forseti hringir.) af störfum og hvaða þjóðfélagi þeir ætli þá að taka þátt í.

[15:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur kannski farið fram hjá hv. þm. að sá er hér stóð kom einmitt sérstaklega inn á atvinnuöryggi þeirra starfsmanna sem starfa á íslenskum fjölmiðlum í ræðu sinni. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því þegar fjallað er um þá hlið málsins að sá samruni sem átti sér stað á fjölmiðlamarkaði, sem hefur orðið mönnum umtalsefni í dag, varð fyrir við getum sagt nokkrum vikum síðan, í janúar, hæstv. forseti, ef ég man rétt. Og er verið að tala um það að lagasetning nú kippi gjörsamlega fótunum undan öllum þeim rekstri? Það er sérkennilegt. Það er líka sérkennilegt að sú staða komi upp eftir að ríkisstjórnin ákvað að setja af stað sérstaka vinnu til þess að kanna eignarhald á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

[15:05]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að byrja á því að harma þær aðdróttanir að starfsheiðri tuga ef ekki hundruða fjölmiðlamanna sem hæstv. félmrh. lét sér sæma að hafa uppi í ræðu sinni. Ég held að það hæfi ekki virðingu hins háa Alþingis að vega með þeim hætti að heilli stétt manna.

Ég hlýt hins vegar að kalla eftir því þegar hæstv. félmrh. leggur alla áherslu, eðlilega, á nauðsyn fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun, hvort nokkru sinni í sögu Íslands hafi verið meiri fjölbreytni í fjölmiðlun, fleiri fjölmiðlar, fleiri fjölmiðlamenn og breiðara litróf skoðana en einmitt í dag, einmitt árið 2004, eða hvort hæstv. félmrh. geti nefnt okkur annan tíma í Íslandssögunni þar sem meiri fjölbreytni hafi ríkt í þeim efnum. Og hins vegar hvort hæstv. félmrh. geti bent okkur á eitt málsvæði af okkar stærðargráðu, um 300 þúsund manna, sem einhvern tíma í veraldarsögunni hefur státað af gróskumeiri og fjölbreyttari fjölmiðlun en við Íslendingar búum við og njótum í dag. Geti hæstv. ráðherra ekki bent á dæmin um það að einhvers staðar sé meiri og eftirsóknarverðari fjölbreytni hlýtur maður að spyrja hvort allur þessi málatilbúnaður standi ekki, virðulegur forseti, á hreinum brauðfótum.

[15:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert hvernig talsmenn Samf. í dag víkja sér undan því hver á fætur öðrum að fjalla um það sem Evrópuráðið hefur fjallað um í sínu máli að þetta mál snýst ekki síður um fjölbreytni í eignarhaldi en fjölbreytni í stöðvavali. En það vilja talsmenn Samf. ekki tala um í dag, hæstv. forseti.

Það er líka athyglisvert að hér vilja menn helst ekki tala um það að á Íslandi búum við við algjörlega sérstakar aðstæður í þessum efnum, hæstv. forseti. Hvergi í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við hefur sú staða komið upp sem uppi er á íslenskum fjölmiðlamarkaði, að markaðsráðandi aðilar á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins séu sömuleiðis ráðandi í frjálsri fjölmiðlun. Þess vegna er kannski ekki óeðlilegt, hæstv. forseti, að hér þurfi að bregðast við með svolítið öðrum hætti en annars staðar en þess er þá líka að geta, hæstv. forseti, að viðbrögð í öðrum löndum eru jafnólík og þau eru mörg.

[15:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aldrei í Íslandssögunni hefur meiri gróska og fjölbreytni verið í fjölmiðlun á Íslandi. Um það hefur hæstv. félmrh. ekkert dæmi getað nefnt. Hæstv. félmrh. gat ekki bent á neitt málsvæði í víðri veröld af okkar stærðargráðu nokkru sinni í mannkynssögunni þar sem fjölmiðlun væri fjölbreyttari eða gróskumeiri. Og það er einmitt mergurinn málsins. Þessi málatilbúnaður stendur ekki á neinu.

Fjölbreytni í eignarhaldi segir hæstv. ráðherra. Hvað er það sem hefur tryggt okkur þessa fjölbreytni? Það er að markaðsráðandi aðilar m.a. hafa treyst sér til að fjárfesta í þessum iðnaði og í þessari atvinnugrein og það verulega og vegna þeirrar fjárfestingar er fjölbreytni meiri en ætla mætti um 300 þúsund manna málsvæði hvar í heiminum sem er. Og ef menn nú ætla að kippa þeirri fjármögnun (Forseti hringir.) undan fjölmiðlunum með því að banna markaðsráðandi fyrirtækjum að leggja fé í starfsgreinina er augljóst, hæstv. forseti, að það mun bitna á (Forseti hringir.) fjölbreytileika enda er það markmið ríkisstjórnarinnar.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmenn að virða tímamörk.)

[15:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Helga Hjörvar verður tíðrætt um fjölbreytni. Mig rekur ekki minni til þess, hæstv. forseti, að þeir aðilar sem hér hafa orðið að umtalsefni hafi aukið fjölbreytileikann á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Ég veit ekki betur en þau blöð, þær útvarpsstöðvar og þær sjónvarpsstöðvar hafi allar verið í rekstri þegar það fyrirtæki tók hann yfir, þjappaði honum saman á einn stað og gín þar yfir því.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sýnir e.t.v. best hversu hörundsárir þingmenn stjórnarliðsins og fyrst og fremst hæstv. ráðherrar eru að hlusta á hæstv. félmrh. koma og kveinka sér undan því að dagblað sem gefið er út hér í borg skuli birta skarpa og íróníska ádeilu á hæstv. forsrh. Veit ekki hæstv. félmrh. að háð og íróníа er aldagamalt vopn í rökræðum? Ég held að hæstv. ráðherra verði aðeins að þykkja sitt eigið skinn ef hann ætlar að verða langlífur í pólitíkinni, ef hann þolir ekki að fá á sig svona gusu.

Frú forseti. Smám saman finnst mér að það sé að koma fram hvað það er sem hefur vakið þetta mál og þetta frv. af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. félmrh. var eðlilega tíðrætt um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og greinilegt var að hann taldi að samþjöppunin birtist í því að fréttamenn höguðu vinnubrögðum sínum eftir áliti eigendanna. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra betur út í þetta. Telur hann að eignarhald t.d. á Norðurljósum og þeim fjölmiðlum þar með sem til þeirrar samsteypu heyra komi sterklega fram í umfjöllun fréttamanna á DV, Fréttablaðinu og Stöð 2? Mér finnst mikilvægt að hæstv. ráðherra skýri ummæli sín sem hnigu töluvert í þá átt áðan vegna þess að ég held að það sé kjarni málsins.

[15:12]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Athyglisvert er að það virðist vera álit hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hlutverk fjölmiðla sé að fara fram með háði og spotti. Ég hélt satt best að segja að það væri hlutverk fréttastofu að segja fréttir en látum það liggja á milli hluta, hæstv. forseti.

Ég hef ekki haldið því fram í máli mínu að fréttamenn, hvort sem er á ríkisfjölmiðlunum eða öðrum fjölmiðlum, hafi verið beittir þvingunum. Það sem hér er um að ræða er umræða um frv. sem lagt hefur verið fram á Alþingi til þess að tryggja fjölbreytni í rekstri fjölmiðla, til þess að tryggja sjálfstæði fréttamanna, til þess að tryggja að markaðsráðandi aðili hafi ekki sömuleiðis markaðsráðandi stöðu í fjölmiðlum. Það er það sem ég hef sagt hér, hæstv. forseti.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að mér væri sæmst, eins og hæstv. félmrh., að hafa engar skoðanir á því með hvaða hætti fjölmiðlar kjósa að beita vinnu sinni og tökum þegar verið er að gagnrýna stjórnmálamenn eins og okkur báða. Ef þeir kjósa að gera það með háði og íróníu er það þeirra mál. Reyndar verð ég að gera þá játningu að sem ritstjóri þriggja dagblaða notaði ég það oft þegar ég var starfandi.

Mér finnst hins vegar mikilvægt að draga það fram að í ræðu sinni í dag sagði hæstv. félmrh. beinlínis að eignarhaldið kæmi fram í skoðunum starfsmanna blaðanna. Þegar ég spurði hann eftir þessu áðan dró hann í land. Þá var hann hættur að vera sammála hæstv. forsrh. en aftur orðinn sammála formanni Framsfl., sem var ekki sammála ummælum hæstv. forsrh. þegar hann var spurður um þau í gær. Má ég svo biðja hæstv. félmrh. að reyna að halda sig við eina skoðun þó að sá sveigjanleiki sem hann sýnir sé sannarlega nokkuð merkilegur.

[15:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki get ég sagt að það hafi komið mér á óvart þótt hv. þm. hafi beitt þeim brögðum á ritstjórnarferli sínum sem hann hér lýsir og undirstrika að ekki kemur mér það á óvart.

Ég tel, hæstv. forseti, að hér sé um útúrsnúning af hálfu þingmannsins að ræða. Ég nefndi dæmi í ræðu minni áðan sem ég teldi að sýndi fram á að íslenskir fjölmiðlar í sumum tilvikum setja fram mál sitt með tilliti til hagsmuna eigenda sinna en ég tel ekki að það sé almennt. Og eins og hv. þm. væntanlega veit, rétt eins og sá er hér stendur, er það svo í íslenskum fjölmiðlaheimi, ekki síst á þeim blöðum sem hér hefur verið rætt um, að fjölmiðlamenn, blaðamennirnir, fréttamennirnir hafa mjög gjarnan ekkert um það að segja hvernig fyrirsagnirnar standa.

[15:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er í sjálfu sér athyglisvert við þessa umræðu að Sjálfstfl. er bersýnilega að sveigja af þeirri braut sem hann hefur markað hingað til varðandi málefni fjölmiðla á Íslandi. Hingað til hefur flokkurinn ekki verið ákafur talsmaður hafta eða takmarkana, hvorki á fjölmiðlamarkaði né öðrum mörkuðum. Það er athyglisvert í sjálfu sér.

Hins vegar verð ég að lýsa því yfir að mér þykir skýrslan sem hér er til umfjöllunar nokkuð vel unnin. Í henni er að finna yfirgripsmiklar upplýsingar og ég er sannfærð um að þessi skýrsla á eftir að nýtast vel í umræðunni um stöðu fjölmiðla í samfélagi okkar. Mér finnst hæstv. menntmrh. hafa fylgt henni vel úr hlaði og málefnalega. Ósk mín er sú að þessi skýrsla fái að vera sá grundvöllur umræðunnar sem henni er ætlað að vera.

Ég vil geta þess að tilurð skýrslunnar og nefndarinnar sem hana samdi er nokkuð athyglisverð. Svo bar við, þegar nokkrir þingmenn höfðu safnast saman um þáltill. fyrir sex mánuðum, sem gerði ráð fyrir að fram færi könnun á starfsumgjörð fjölmiðla, að allt í einu var rokið upp til handa og fóta af hálfu ríkisstjórnarinnar og skipuð nefnd um nákvæmlega það sem þáltill. hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, Drífu Hjartardóttur, Guðjóns Arnars Kristjánssonar, Hjálmars Árnasonar og Steingríms J. Sigfússonar gerði ráð fyrir.

Tillagan, sem afgreidd var til nefndar og liggur núna í þingnefnd, var mér afar mikið að skapi. Ég hefði talið eðlilegt að við fengjum ráðrúm til að senda þá þáltill. sem eðlilegasta leið í gegnum þingið. Hins vegar þótti mér ríkisstjórnin grípa fram fyrir hendurnar á þinginu, eins og ríkisstjórnin gjarnan gerir, með því að heimila ekki eðlilega umfjöllun um þá tillögu. Ég vek sérstaklega athygli á einu atriði í tillögunni sem ekki var viðhaft þegar nefnd menntmrh. var skipuð, það atriði lýtur að samráði við þá sem starfa á fjölmiðlamarkaði. Gert var ráð fyrir því að nefndin sem þáltill. gerði ráð fyrir

að stofnuð yrði hefði samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, við menntmrn. og aðra aðila er málið varðaði og þar með var gert ráð fyrir að fjölbreytnin í vinnu nefndarinnar og sviðið sem hún spannaði væri nægileg til að vinnan yrði ásættanleg.

Með þessu er ég ekki að segja að ekki liggi fyrir ásættanleg niðurstaða í þessari skýrslu en ég hefði samt sem áður viljað sjá annan framgangsmáta í málinu en raun ber vitni. Ég hefði viljað sjá okkar aðferð verða ofan á en ekki þá aðferð sem hæstv. menntmrh. kaus að fara.

Meðal þess sem kemur fram í þessari skýrslu er að Íslendingar hafa sérstöðu meðal þjóða hvað varðar reglur um fjölmiðla. Þá gildir einu hvort um er að ræða reglur varðandi eignarhald, leyfisveitingar eða aðra þætti fjölmiðla. Hérna er reglusetningin afar lítil, hún er veik og nú hyggst ríkisstjórnin bæta úr því með því að setja reglur um eignarhald og leyfisveitingar. En við skulum vera minnug þess að viðhorf útvarpsréttarnefndar hingað til, sem starfað hefur í umboði hæstv. ríkisstjórnar, hefur verið nokkuð athyglisvert. Ég tel að útvarpsréttarnefnd hafi harla lítið gert annað en undirrita þau leyfi sem sótt hefur verið um. Á þeim bæ hefur ekki verið vilji til að skoða umhverfið eða yfir höfuð setja reglur eða gagnrýna það sem boðið er upp á í fjölmiðlum.

Gott og vel. Ég get í öllum meginatriðum verið sammála því að þörf sé á slíkum reglum. Framganga hæstv. forsrh. í þessu máli er því líkust að hér hafi allt í einu skapast mikið panikástand að þessu leyti. Frú forseti. Ég er ósammála því. Ég sé ekki hvers vegna við erum sett í þá stöðu að ræða þessi áhugaverðu mál undir tímapressu og þrýstingi sem er líkastur því að himinn og jörð séu að farast. Það er öðru nær. Hér er ekkert að gerast sem ekki er hægt að gefa sér tíma til að ræða á lýðræðislegan hátt meðal þjóðarinnar í einhverjar vikur. Það er ekki kviknað í húsinu.

Það er líka nokkuð hvimleitt, frú forseti, að hæstv. forsrh. skuli hleypa umræðunni af stokkunum á þann hátt sem gert hefur verið. Á hvern hátt? Jú, á þann hátt að menn séu dregnir í lið, með eða á móti Baugi, með eða á móti forsrh. (Gripið fram í.), með eða á móti hverju sem er. Ég hafna því, frú forseti, að okkur sé stillt upp á þennan hátt. Ég tel tímapressuna sem sett er á málið gera það að verkum að við höfum ekki andrými, ekki svigrúm til að taka málefnalega á þessu áhugaverða málefni. Það er afar gagnrýnisvert.

Ástandið á íslenskum fjölmiðlamarkaði er í sjálfu sér nokkuð frumstætt miðað við ástandið á fjölmiðlamarkaði í nágrannalöndum okkar. Síðan 1986, þegar frelsi í ljósvakamiðlun var innleitt, hafa sprottið upp fjöldamargar útvarpsstöðvar og nokkrar sjónvarpsstöðvar. Jarðvegurinn sem þessi atvinnurekstur hefur þurft að búa við hefur ekki verið nægilega góður, að því er virðist, til að þessir aðilar geti rekið blómlega starfsemi. Við vitum a.m.k. öll að fjölmiðlar hafa, eftir 1986, gjarnan átt það til að fara á hausinn. Það hefur verið mjög þungt undir fæti hjá þeim fjölmiðlum, ljósvakamiðlum sem sprottið hafa upp eftir að þessi breyting gekk í garð.

Við skulum heldur ekki gleyma því hver er hönnuðurinn að því ástandi sem við búum við núna. Ég tel að ástandið hafi litast af því að litlu fjölmiðlarnir áttu erfitt uppdráttar. Þá gripu fjársterkir aðilar til þess ráðs að bjarga þeim og setja þá alla undir einn hatt. Þá varð mikil samþjöppun. Allt þetta ástand er hannað af flokki hæstv. forsrh., Sjálfstfl., sem á sínum tíma sótti fast að frelsi yrði innleitt hjá ljósvakamiðlunum. Á þessum tíma, árið 1986, þegar þessar breytingar áttu sér stað kölluðu sjálfstæðismenn þetta gjarnan, það ástand sem við þá bjuggum við, einokun Ríkisútvarpsins á fjölmiðlum okkar. Henni varð umfram allt að aflétta. Svo fór að það var gert. En það er kaldhæðnislegt, frú forseti, að þjóðinni og fjölmiðlunum skuli svo ekki gefið ráðrúm til að horfa yfir sviðið, átta sig á þeim hugmyndum sem settar eru fram í skýrslunni sem hér er til umfjöllunar og fá síðan að fjalla á lýðræðislegan hátt um svo viðamiklar breytingar sem hér virðist eiga að ráðast í.

Ég vil að það sé alveg ljóst, frú forseti, að ég hef verið því fylgjandi, frá því að einkaaðilum var heimilaður rekstur ljósvakafjölmiðla, að um slíkan rekstur gildi skýrar reglur. Það sjónarmið mitt hefur ekki breyst. En ég er jafnákveðin í því og áður að hitt sé lífsspursmál fyrir okkur á Íslandi að hafa öflugt ríkisútvarp. Útvarp í almannaeigu sem fái frelsi til að vera einn af máttarstólpum menningar í landinu. Ég segi „fái frelsi" vegna þess að þess hefur óneitanlega gætt að ríkjandi valdhafar hafa virst telja að Ríkisútvarpið ætti að endurspegla stefnu þeirra í helstu málum, með öðrum orðum, að vera nokkurs konar ríkisstjórnarútvarp. Ég tel að okkur beri að vinna gegn slíkri tilhneigingu.

Ég tel ekki hægt að skilja umræðuna um Ríkisútvarpið frá þeirri umræðu sem nú fer fram. Formenn beggja stjórnarflokkanna virðast sammála því sjónarmiði mínu, frú forseti, a.m.k. hafa þeir séð sig knúna til að beina sjónum sínum að afmörkuðum þætti í málefum Ríkisútvarpsins daginn sem frv. forsrh. var kynnt í stjórnarflokkunum, þ.e. afnotagjöldum Ríkisútvarpsins.

Það vekur óneitanlega athygli, frú forseti, að nú skuli ekkert bóla á þeim sið Framsfl., sem þar á bæ hefur verið tíðkaður, a.m.k. síðan þetta stjórnarsamstarf hófst, að standa í vegi fyrir áformum Sjálfstfl. um að þynna út og veikja Ríkisútvarpið.

Frú forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um það sem fram kom í fjölmiðlum fyrir tveimur dögum, að nú væru formenn stjórnarflokkanna tilbúnir til að afnema afnotagjöldin. Eftir því sem manni skilst þá á það að verða til að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins. Hæstv. utanrrh. telur stöðu þess veika og rétt sé að breyta afnotagjaldakerfinu og afnema það.

Ég vil vekja athygli þingmanna á því, frú forseti, að þetta sjónarmið formanna stjórnarflokkanna er í andstöðu við sjónarmið höfunda skýrslunnar sem hér er til umræðu. Á bls. 52 í þeirri skýrslu stendur að rétturinn til innheimtu afnotagjalda styrki mjög stöðu Ríkisútvarpsins og sjálfstæðis þess. Hvernig geta afnotagjöld styrkt sjálfstæði Ríkisútvarpsins? Jú, vegna þess að hver einasti einstaklingur sem borgar afnotagjöldin finnur á eigin skinni að hann stendur undir rekstri miðilsins. Það tryggir að almenningur finni til þess að hann eigi miðilinn. Af því að við teljum að eigendur og fjölmiðlarnir séu í sama liði, að ekki sé óeðlilegt að þeir leiki í sama liði, þá telja skýrsluhöfundar greinilega að afnotagjaldakerfið sé forsenda fyrir sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Frú forseti, ég tek undir þau sjónarmið. Mér þykir afar mikilvægt að við höfum það í huga í umræðunum. Mér þykir miður að heyra það að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa neinar hugmyndir um hvernig sé hægt að breyta afnotagjaldakerfinu eða finna á því einhvern flöt sem gæti verið ásættanlegur. Hvers vegna vill hann afnema það? Í umræðunni eru talsvert margar hugmyndir til um útfærslu á afnotagjaldaleiðinni. Ég vil nefna, af því að menn hafa agnúast út í að afnotagjöldin séu lögð á viðtækin eins og við kölluðum þau á árum áður, að uppi hafa verið umræður um að tengja afnotagjöldin fasteignum,

íbúðum, fasteignagjöldunum. Ég vil að slík leið sé skoðuð í þessu sambandi. Ef menn ætla að ræða afnotagjaldakerfið og nota tækifærið á þeim skamma tíma sem hér er skammtaður til að fara í aðgerðir sem mundu höggva að sjálfstæði Ríkisútvarpsins, rótum Ríkisútvarpsins, þá vil ég taka fram að við erum á miklum villigötum, frú forseti.

Ein meginreglan í Evrópu varðandi eignarhald á fjölmiðlum virðist sú að eignarhluti aðila í fjölmiðlafyrirtækjum skuli ekki vera stærri en sem nemur þriðjungi af markaði. Þá er stærð markaðarins metin með ýmsu móti, ýmist gengið út frá veltu fyrirtækjanna eða hlutdeild í áhorfendum eða hlustendum. Það er eðlilegt að þessir kostir verði allir skoðaðir í *þessari umræðu og metið hver af þeim eigi best við okkur.*

Í mínum huga er algerlega nauðsynlegt að upplýsingar um eigendur fjölmiðla séu ekki bara aðgengilegar heldur sýnilegar og mjög sýnilegar. Ég tel það algert grundvallaratriði í þjóðfélaginu sem við búum í núna. Það hlýtur að vera grundvallarskylda hvers fjölmiðils að upplýsa um slíkt. Nú eru upplýsingar um markaðshlutdeild einstakra aðila í fjölmiðlum ekki opinberar, eftir því sem fram kemur í skýrslunni og mér finnst það eðli málsins samkvæmt há nokkuð umræðunni. Í mínum huga er það algert frumskilyrði að allar upplýsingar um eigendur fjölmiðlanna liggi fyrir og séu öllum ljósar.

Einn þáttur þessarar umræðu varðar reglur um sjálfstæði ritstjórna á fjölmiðlum. Auðvitað á að hugleiða reglusetningu þar að lútandi. En maður spyr sig samt, frú forseti, hverju slíkar reglur muni á endanum skila. Er ekki eðlilegt að eigendur fjölmiðla og ritstjórn þeirra séu í sama liði, myndi einhvers konar bandalag? Er ekki eðlilegt að ritstjórinn, sem eigandinn í öllum tilfellum ræður til starfa, starfi með eigandanum? Ég spyr: Er í raun nokkuð athugavert við það? Er ekki eðlilegt að eigandinn og ritstjórinn myndi einhvers konar bandalag? Ég tel það og af því að svo er þá tel ég mikilvægt að allir viti hverjir eigendurnir eru.

Frú forseti. Ef við viljum ekki að fjölmiðlar í einkaeign séu einráðir eða of áhrifamiklir á vettvangi þjóðmálaumræðunnar þá er í mínum huga sterkasta vopn okkar að styrkja Ríkisútvarpið, efla það og tryggja sjálfstæði þess.

Fjölbreytni er mikið til umræðu. Ég sé að tíma mínum er að verða lokið en ég hefði viljað fjalla nokkuð um fjölbreytnina, sem ég tel nauðsynlegt að ræða um við þessa umræðu. Mér finnst einsleitt að ræða þar um fjölbreytilega eigendur, þ.e. hversu margir eigendur eru að fjölmiðlunum. Mér finnst ekki síður skipta máli að við ræðum um fjölbreytni í dagskrárframboði og ég tel að fjölbreytni sem við búum við í dag sé ekki upp á marga fiska. Þar mætti vissulega margt betur fara en ég sé að ég verð að geyma þennan þátt ræðu minnar þar til í síðari ræðu minni, frú forseti, og lýk máli mínu að sinni.

[15:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns finnst mér rétt sem þingflokksformaður Frjálsl. í umræðu um skýrslu menntmrh. um eignarhald á fjölmiðlum hér á landi að hnykkja á því að hlutverk nefndarinnar sem hæstv. menntmrh. skipaði þann 19. desember 2003 var fyrst og fremst að meta hvort tilefni væri til að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Eins og við höfum séð á undanförnum dögum í þjóðfélagsumræðunni er, eftir að kvisast fór út að skýrslan lægi fyrir og að forsrh. væri að nota hana til að brugga saman frv. með liðsinni ráðherra ríkisstjórnarinnar til að leggja hömlur á það hverjir mega eiga fjölmiðla hér á landi, um gríðarlega flókið og viðkvæmt mál að ræða, mál sem krefst mjög vandaðrar og ítarlegrar umfjöllunar í þjóðfélagi okkar og ekki síst á hinu háa Alþingi. Slík lagasetning má ekki bera keim af því að verið sé að setja lög til höfuðs ákveðnum aðilum og jafnvel af annarlegum hvötum. Hér verður að gæta jafnræðis og sanngirni í hvívetna.

Hið svokallaða fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem nú er á leið til meðferðar hins háa Alþingis, frv. sem á að byggja á skýrslunni sem við ræðum í dag gefur því miður ekki tilefni til að ætla að göfugar dyggðir eins og jafnræði og sanngirni hafi verið hafðar að leiðarljósi við setningu þess.

Frú forseti. Þetta frv. er skrípi sem getið er í fljótheitum til að reyna að koma fjölmiðlasamsteypu, sem rétti við gjaldþrotafyrirtæki á sínum tíma og hugnast ekki ríkisstjórninni, fyrir kattarnef og það sem allra fyrst. En nóg um frv. Það er ekki til umræðu í dag. Við ætlum að ræða skýrslu menntmrh. og okkur gefst vonandi nægur tími til að ræða frv. ríkisstjórnarinnar síðar í sölum hins háa Alþingis, þó reyndar sé það komið fram allt of seint og mjög skammur tími eftir af störfum þingsins fyrir sumarfrí.

Mikilvægi fjölmiðla í nútímasamfélagi er að sjálfsögðu óumdeilt. Þeir gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til samfélagsins og eru mikilvæg forsenda þess að þegnar í lýðræðisríki fái notið tjáningarfrelsis. Því gerir almenningur í lýðræðisríki kröfur til þess að hafa aðgang að fjölbreyttum og öflugum fjölmiðlum. Skýrsluhöfundar benda einmitt á þetta með skýrum hætti. Í skýrslunni er meira að segja sagt að sú þjóðréttarlega skylda hvíli á íslenska ríkinu að leita leiða til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum.

Undir þetta má að sjálfsögðu taka. En þá mætum við spurningunni um það hvernig tryggja eigi fjölbreytnina og hvernig við eigum að skilgreina hugtakið fjölbreytni í fjölmiðlum. Getum við, tæplega 300 þúsund manna þjóð, fullyrt að við búum ekki við fjölbreytni í fjölmiðlum í dag? Nú eru gefin út 3 dagblöð hér á landi og á 17 þéttbýlisstöðum koma út samtals 23 héraðsfréttablöð sem gefin eru út reglulega. Eitt blað helgað viðskiptum kemur út tvisvar í viku og er dreift um land allt. Eitt blað helgað sjávarútvegi kemur út vikulega. Síðan má telja aragrúa tímarita með ýmsu efni og við skulum heldur ekki gleyma ýmsum málgögnum stéttarsamtaka, hagsmunahópa og frjálsra félagasamtaka þar sem gróskan er mjög mikil. Margir þessara prentmiðla hafa mikla útbreiðslu víða um land, annaðhvort til almennings eða til þrengri markhópa.

Á síðasta ári voru 17 útvarpsstöðvar hér á landi og til viðbótar því hafði Ríkisútvarpið á að skipa 6 dagskrárrásum, þar sem 4 rásir eru svæðisútvörp í jafn mörgum landshlutum. Mikil gróska hefur verið í rekstri útvarpsstöðva. Frá því að einkaréttur ríkisins til útvarpssendinga var gefinn frjáls fyrir 18 árum hefur 41 ein einkarekin útvarpsstöð hafið göngu sína. Síðan hafa þær komið og farið eins og gengur.

Þegar litið er á sjónvarp eru nú 10 sjónvarpsstöðvar í landinu og þar af teljast 4 senda út á landsvísu. Til viðbótar öllu þessu er mjög umfangsmikil fjölmiðlun fyrir hendi á nýjasta fjölmiðlinum, internetinu. Þar er að finna fréttaveitur, aragrúa af vefslóðum sem veita hinar ýmsu upplýsingar og slóðir sem opna fyrir frjáls og óháð skoðanaskipti. Til viðbótar öllu þessu má svo ekki gleyma því að aðgengi Íslendinga að erlendum fjölmiðum er gott og verður stöðugt betra að dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi, netinu og í gegnum breiðband Símans.

Frú forseti. Ég fæ ekki betur séð þegar litið er yfir fjölmiðlaflóruna hér á landi að fólk hafi úr alveg ótrúlegri fjölbreytni í fjölmiðlun að velja og hún er alltaf að aukast. Höfum enn og aftur í huga að hér búa aðeins tæplega 300 þúsund manns.

Komum þá að eignarhaldinu. Frú forseti, áður en lengra er haldið vil ég lýsa því skýrt yfir að Frjálsl. vill vera á varðbergi gagnvart hringamyndun og samþjöppun valds til að koma í veg fyrir einokun. Við höfum aldrei skorast undan því að þessi mál þurfi ávallt að skoða með gagnrýnum hætti. Varðandi fjölmiðla vil ég minna á að einn þingmaður Frjálsl., hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, var einn af fimm flutningsmönnum þáltill. sem lögð var fram á Alþingi í desember sl. Þessi þáltill. á þskj. 485, 366. mál, fjallaði um könnun á starfsumhverfi fjölmiðla og sagði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi."

Nefndin átti að kanna m.a. eftirfarandi atriði sérstaklega:

Hvort það þyrfti að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila.

Hvort setja bæri sérstök ákvæði í lög sem tryggi fullt gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.

Hvort ástæða væri til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, t.d. á sviði fjármálaþjónustu.

Einnig átti hún að kanna löggjöf og starfsskilyrði fjölmiðla í nálægum löndum með hliðsjón af markmiði nefndarstarfsins.

Sérstaklega var tekið fram að nefndin skyldi í störfum sínum hafa samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, menntmrn. og aðra aðila er málið varðar.

Eini flokkurinn sem átti ekki aðild að þáltill. sem lögð var fram á hinu háa Alþingi var Samf. sem síðar lagði fram þáltill., og ber að nefna það svo réttlætis sé gætt í málflutningi, um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Frjálsl. var með á þáltill. um starfsumgjörð fjölmiðla ásamt Vinstri grænum, Sjálfstfl. og Framsfl. Flutningsmaður flokksins, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, tók virkan þátt í umræðu um hana. Það er því helber fásinna að hæstv. menntmrh. skyldi koma í ræðustól áðan og fullyrða að Frjálsl. væri annar tveggja flokka á hinu háa Alþingi sem ekkert vildi gera til að skoða starfsumgjörð og eignarhald á fjölmiðlum. Ég sem þingflokksformaður Frjálsl. hlýt að gera þá kröfu að hæstv. menntmrh. komi í ræðustól á eftir þegar ég hef lokið máli mínu og dragi orð sín um Frjálsl. til baka. Þetta er rangt, hæstv. menntmrh., og til eru skjöl á þinginu sem sanna það.

Við í Frjálsl. höfum lengi verið reiðubúin að skoða þetta mál, miklu lengur en ríkisstjórnin. En þegar brugðist er við því sem kalla mætti óæskileg áhrif samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði með lagasetningu þarf að vanda afar vel til verks og vinna það í náinni samvinnu við þá sem málið varðar, ekki síst heildarsamtök blaðamanna og fjölmiðlana sjálfa. Þetta er gríðarlega flókið og vandasamt mál sem varðar hagsmuni fjölmargra. Ekki bara þeirra sem eiga fjölmiðlana, alls ekki. Við megum heldur ekki gleyma þeim sem starfa á fjölmiðlunum og einnig þeim sem nota fjölmiðlana, ekki síst auglýsendum og neytendum.

Frú forseti. Ég sé í skýrslunni að nefnd menntmrh. leggur megináherslu á að takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Í framhaldi af því er ljóst að ríkisstjórn hinna svokölluðu frjálslyndu flokka, ríkisafskiptaflokkanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, ætlar að fara að setja lög um hverjir eigi að fá að fjárfesta í fjölmiðlum. Þetta þarf að skoða mjög vandlega. Gleymum því ekki að það er mjög dýrt að byggja upp fjölmiðla og einmitt slík uppbygging er nauðsynleg til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Þetta kostar peninga.

Þeir sem ákveða að stofna fjölmiðil og þróa miðil sem þeir hafa keypt þurfa að búa yfir miklu fjármagni og vera reiðubúnir til að reka fjölmiðla sína með tapi fyrstu árin. Það þarf að kaupa dýr tæki. Það þarf að skapa markaði, bæði meðal þeirra sem kaupa sér auglýsingapláss í fjölmiðlum og þeirra sem vilja kaupa aðgang að fjölmiðlunum með áskriftum eða með því að kaupa þá í lausasölu. Undantekning á þessu er að sjálfsögðu fjölmiðlar sem dreift er ókeypis til fólks, en þeir fjölmiðlar eru háðir auglýsingatekjum til að bera sig og það er líka dýrt að stofna þá fjölmiðla.

Oftast hafa þeir sem búa yfir fjármagni einmitt grætt það á annarri starfsemi. Hvar fengu þeir sem nú eiga Landsbankann og Eimskip fé sitt? Fundu þeir það einhvers staðar úti á götu? Nei, þeir græddu það á annarri starfsemi. Er þeim þá bannað að eiga banka og kaupskipaútgerð? Nei, að sjálfsögðu ekki.

Frú forseti. Áður en ég held áfram langar mig að spyrja hvort það hefði í raun ekki frekar mátt íhuga að setja reglur um starfsemi fjölmiðla í stað þess að miða allar hömlur við eignarhaldið og eignarhaldið eingöngu. Ég held að þær hugmyndir sem nú eru á lofti séu illa ígrundaðar, það rekst allt hvert á annars horn þegar maður fer að skoða þetta og velta þessu fyrir sér. Ég ætla ekki mikið að fara út í þá sálma hér og nú, því eins og ég sagði í upphafi máls míns munum við ræða það frekar þegar frv. kemur til umfjöllunar á hinu háa Alþingi.

Frú forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins beina athyglinni að því að undanfarna daga höfum við orðið áþreifanlega vör við það að ríkisstjórnin hefur áhyggjur af samþjöppun. Þá er rétt að staldra við og hugsa: Af hverju hefur þjóðfélagið þróast svona? Jú, ríkisstjórnin ber ríkasta ábyrgð á því að auður hefur verið að færast á færri hendur, samanber til að mynda sjávarútveginn. Þarf ekki að bregðast við hrikalegri samþjöppun þar sem er að leggja heilu byggðirnar í eyði? Ég minni á að nú er einn maður að dunda sér við að breyta helsta fjöreggi í atvinnumálum við Eyjafjörð í spælegg. Þetta er gamla ÚA sem menn hafa af kaldhæðni sinni endurskírt og kalla Brim í dag. Menn flýta sér hægt þar. Hvað með matvörumarkaðinn? Það kemur fram í skýrslunni að Baugur er með 75% af matvörumarkaðnum á Reykjavíkursvæðinu og 50% á landsbyggðinni.

Frú forseti. Þeir sem tala hæst um nauðsyn gagnsæis og hafa af því er virðist miklar áhyggjur af samþjöppun eru sömu menn og vilja alls ekki opna fjármál stjórnmálaflokkanna. Skiptir engu máli hverjir eiga flokkana? Þarf ekki gagnsæi þar eins og í nágrannalöndunum? Það er mikið talað um að búið sé að setja svona reglur um fjölmiðla í nágrannalöndunum. Það er líka búið að setja reglur um fjármál stjórnmálaflokka í nágrannalöndunum. Hvernig væri að draga þær inn í umræðuna? Mér finnst það mjög þarft. Menn

hafa verið með alls konar dylgjur á lofti í þjóðfélaginu um að Baugur væri til að mynda búinn að kaupa Samf. með mútum. Frjálsl. hefur jafnvel verið nefndur í þessu sambandi. Ég get upplýst það hér og nú að Baugur hefur aldrei greitt eina einustu krónu í kosningasjóði Frjálsl. Þeir eiga ekkert inni hjá okkur og við eigum ekkert inni hjá þeim. Nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut. Við erum með opið bókhald, við getum sýnt fram á þetta hvenær sem er. Hvað með hina flokkana? Skyldu Norðurljós hafa borgað í kosningasjóði Davíðs Oddssonar? (**Gripið fram í:** Það eru fleiri flokkar.) En það er Davíð sem leggur frv. fram, frú forseti.

[15:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það átti engum að koma á óvart að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að settar væru reglur í formi laga um eignarhald fjölmiðla og starfsemi þeirra. Í greinargerð fjölmiðlanefndar sem menntmrh. skipaði og liggur nú fyrir er lagt mat á þær nauðsynlegu aðgerðir sem þarf að ráðast í til þess að skapa eðlilegt umhverfi á fjölmiðlamarkaði. Umhverfi og þar með lagaumhverfi verður að tryggja fjölbreytt og öflugt framboð á efni í þágu neytenda.

Fyrirtæki í fjölmiðlum þurfa að hafa svigrúm til að vera rekstrarhæfar einingar, en á sama tíma verður að vera eðlilegt aðhald að þeim fyrirtækjum og tryggt að þar ríki ekki óeðlilegt eignarhald þar sem markaðsráðandi fyrirtæki stýri markaðsráðandi fjölmiðlum.

Frumvarp er nú komið fram og hér er til umræðu skýrsla fjölmiðlanefndarinnar og viðbrögðin láta ekki á sér standa frá þeim sem telja sig málið varða. Haft er í hótunum um málssókn, kröfur um milljarðabætur hafa þegar verið reistar og settar fram hugmyndir um útvarps- og sjónvarpsrekstur erlendis til þess að komast undan lagaumhverfi okkar og það ríkir fullkomin ringulreið af hálfu stjórnarandstöðunnar í umræðunni.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur vakið athygli á því hversu vel sú skýrsla er unnin sem hér er til umfjöllunar. Frumvarpið sem við munum innan tíðar fjalla um byggir á þeirri mikilvægu skýrslu og formaður nefndarinnar hefur lýst því rækilega að frv. sem verður til umfjöllunar innan tíðar byggi að sjálfsögðu á þeirri skýrslu sem hér er til umræðu.

Í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar er fjallað um framtíðarfyrirkomulag við hagkvæma dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis sem mun gjörbreyta öllu þessu umhverfi þegar stafræna sjónvarps- og útvarpstæknin kemur fram. Engu að síður er afar mikilvægt að þau fyrirtæki sem starfa á fjölmiðlamarkaðnum leiki eftir eðlilegum leikreglum sem markaðurinn þarf síðan að veita aðhald. Í skýrslunni sem er til umfjöllunar segir m.a., með leyfi forseta:

„Allmiklar umræður hafa orðið hér á landi um innleiðingu stafræns hljóðvarps og sjónvarps. Í niðurstöðum í greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar um málið kemur fram sú skoðun að Íslendingar geti ekki leitt hjá sér að innleiða stafrænt sjónvarp. Talið er að stafrænt sjónvarp bjóði upp á margra kosti umfram núverandi kerfi.“

Í greinargerð sem Póst- og fjarskiptastofnun vann fyrir samgrn. er lögð áhersla á að stjórnvöld verði að taka afstöðu til þess hvort og að hvaða marki þau vilji leggja uppbyggingu stafræns sjónvarps lið. Í greinargerðinni er núverandi fyrirkomulagi sjónvarpsstöðva á Íslandi lýst sem „lóðréttu“, þ.e. þjónustu sem fyrirtækin veita alla leið úr myndveri yfir til endanotenda í gegnum eigið dreifikerfi. Með tilkomu stafræns sjónvarpskerfis gefst kostur á að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að nálgunin verði „lárétt“, þ.e. að sjónvarpsstöðvar sérhæfi sig í að framleiða efni en dreififyrirtækin dreifi efni margra sjónvarpsstöðva til neytenda í gegnum dreifikerfið sem nær til landsins alls eða því sem næst. Þá er lögð áhersla á að við útfærslu stafræns sjónvarps þurfi að taka afstöðu til tveggja meginatriða. Annars vegar fyrirkomulags dreifikerfis og hins vegar fyrirkomulags svonefnds aðgangskerfis.

Í niðurstöðum í greinargerð starfshóps sem samgrn. skipaði kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Lagt er til að stofnað verði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði um stafrænt sjónvarp þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Forsenda slíks fyrirtækis er að allir stærri seljendur sjónvarpsefnis mundu nýta hið nýja dreifingarkerfi og að samstaða næðist um slíkt fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á að með nýju fyrirkomulagi yrði nýjum aðilum gert auðveldara að komast inn á markaðinn.

Einnig skoðaði starfshópurinn hvort tengja beri umfjöllun um útsendingu stafræns sjónvarps og stofnun sameiginlegs dreifingarfyrirtækis við afruglarakerfi sjónvarpsstöðvanna.

Að lokum er bent á að í nýrri stefnu stjórnvalda í málefnum stafræns sjónvarps hefur samgönguráðherra lagt til að slíkt sjálfstætt dreifingarfyrirtæki í eigu aðila á fjölmiðlamarkaði verði stofnað. Hlutverk þess verði að byggja upp dreifingarkerfi fyrir stafrænt sjónvarp og hljóðvarp. Meginmarkmiðið er að auka fjölbreytni og bæta aðgengi neytenda að sjónvarpsefni.“

Síðan segir í skýrslu fjölmiðlanefndar:

„Nefndin hefur fylgst með þessum ráðagerðum og bendir á að þessi markmið stjórnvalda séu að öllu leyti í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins sem fyrr er getið, en þar er einmitt lagt til að ríkið hugi sérstaklega að því að leggja slíkum áformum lið. Nefndin tekur undir þessar ráðagerðir og hvetur til þess að þeim verði framfylgt.“

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að nefndin taki undir þær ráðagerðir sem uppi eru um skipulag dreifingar stafræns útvarps og sjónvarps. Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið í málefnum upplýsingasamfélagsins. Þar er fjallað um stafrænt útvarp og sjónvarp. Sú stefnumótun er byggð á vinnu á vegum samgrn. í samstarfi við menntmrn. Vegna umfjöllunar nefndarinnar tel ég eðlilegt að gera grein fyrir vinnu samgrn. í umræðu um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar við innleiðingu stafrænnar tækni og þeim tillögum sem unnið er eftir.

Í nóvember 2002 skipaði ég nefnd sem í sátu fulltrúar frá fjmrn., iðn.- og viðskrn., menntmrn., Póst- og fjarskiptastofnun og samgrn. um innleiðingu stafræns sjónvarps. Nefndin var undir forustu fyrrverandi forstjóra Stöðvar 2, Jafets Ólafssonar. Nefndin skilaði tillögum í apríl 2003. Meginniðurstaða nefndarinnar var að stofnað yrði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði til að sjá um dreifingu stafræns sjónvarps. Forsenda þessarar lausnar væri góð samstaða, a.m.k. milli stærri efnisframleiðenda, þ.e. sjónvarps- og útvarpsstöðva. Kostirnir eru minni heildarfjárfesting, lægri rekstrarkostnaður sem skiptir mjög miklu máli, skipulögð og hagkvæm uppbygging og einsleit heildarlausn. Gert er ráð fyrir að allir efnisframleiðendur hefðu jafnan aðgang að dreifikerfinu, sem mun m.a. auðvelda nýjum framleiðendum og nýjum fyrirtækjum að koma inn á þennan markað.

Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar um íslenska upplýsingasamfélagið segir að stuðlað verði að uppbyggingu dreifikerfis

fyrir stafrænt sjónvarp sem nái til landsins alls sem skiptir mjög miklu máli og er nauðsynlegt að draga inn í umræðuna um framtíðarskipun fjölmiðlamálefna. Meginmarkmið stjórnvalda er að auka fjölbreytni og bæta aðgengi neytenda að sjónvarpsefni. Stuðlað verði að samvinnu sjónvarpsstöðva í dreifingu sjónvarpsefnis en samkeppni þeirra í efnisframboði. Þetta er afar mikilvægt atriði. Þannig verði leitað einsleitra lausna sem eru þjóðhagslega hagkvæmar, einfaldar og hagkvæmar fyrir neytendur og stuðla að fjölbreyttri þjónustu við alla landsmenn. Opið samstarf á sjónvarpsdreifimarkaði auðveldar nýjum efnisveitendum aðgang að dreifikerfi á eðlilegu kostnaðarverði og skilmálum og skapar þannig samkeppni á efnisframboði á sjónvarpsefni.

Til að ná þessum markmiðum þarf að stuðla að breyttu skipulagi og eignarhaldi dreifikerfisins, þ.e. að koma á láréttri uppbyggingu í stað lóðréttrar. Þannig verður að hverfa frá núverandi lóðréttu kerfi og mun ég ekki fara frekar út í það að þessu sinni, en vísa til þess sem ég sagði fyrr. En þetta skiptir sjónvarpsfyrirtækin mjög miklu máli og skapar aukna hagkvæmni.

Við uppbyggingu dreifikerfis verða stjórnvöld að uppfylla skyldur Ríkisútvarpsins og það hefur komið fram mjög skýrt af hálfu stjórnarflokkanna í þessari umræðu allri að við viljum efla Ríkisútvarpið, en Ríkisútvarpið hefur skyldum að gegna um þjónustu við alla landsmenn. Þetta gæti t.d. gerst með stuðningi við dreififyrirtæki sem skuldbindur sig til þess að ná 99% dreifingu á landsvísu.

Varðandi þjónustu við mismunandi landsvæði, t.d. hvað varðar fjölda dagskrá, munu markaðslögmálin ráða hverju sinni og ekki er ólíklegt að fleiri en eitt dreififyrirtæki muni starfa á sumum landsvæðum ef fyrirkomulagið verður tekið upp eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Það er ljóst að breytingar yfir í stafrænar sendingar sjónvarpsins eru nokkuð kostnaðarsamar og þurfa að taka mið af efnahagsaðstæðum. Að auki tengist innleiðing stafræns sjónvarps beint og óbeint málefnum upplýsingasamfélagsins og hvar Íslendingar vilja staðsetja sig meðal jafningja í samfélagi þjóðanna. Þetta tengist einnig tímasetningu á endurnýjun núverandi dreifikerfis helstu aðila á markaði. Einnig verður að horfa til þess að þegar hafnar verða stafrænar sendingar verður um millibilsástand að ræða þar sem sent verður út bæði stafrænt og hliðrænt. Þetta er kostnaðarsamt og því mikilvægt að þetta tímabil sé stutt. Ég tel afar mikilvægt að undirbúið verði að hefja útsendingu á stafrænu sjónvarpsefni sem allra fyrst og að því verði lokið áður en langt um líður. Ég vona að því verði lokið í góðu samstarfi allra aðila sem að þessu koma á árinu 2008 eða 2009.

Virðulegi forseti. Í samræmi við þá stefnumótun sem ég hef gert grein fyrir hafa fulltrúar samgrn. átt viðræðufundi við fulltrúa útvarps- og sjónvarpsstöðva og kannað vilja þeirra til að vinna eftir þessari stefnumörkun. Hafa þeir lýst vilja sínum til þess að halda því starfi áfram og er nú unnið eftir því. Það er von mín að okkur megi takast að standa þannig að málum að skapa nýtt og traust lagaumhverfi í kringum ljósvakamiðlana og um leið sameinast um uppbyggingu dreifikerfis fyrir stafrænt útvarp og sjónvarp sem auki framboð á efni fjölmiðla þannig að notendur hafi sem mest val og góðan aðgang að efni. Með þeirri leið er framtíð útvarpsstöðva best borgið. Skýrsla fjölmiðlanefndarinnar og það frv. sem lagt hefur verið fyrir þingið er mikilvægt innlegg í þá stefnu sem stjórnvöld hljóta að taka og eru til hagsbóta bæði fyrir útvarps- og sjónvarpsfyrirtækin, að mínu mati, en umfram allt fyrir notendur útvarps- og sjónvarpsefnis í landinu.

[15:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stafræna kerfið sem hæstv. ráðherra var að tala um gefur nánast ótakmarkaða möguleika fyrir aðila að komast inn á þann markað. Finnst hæstv. ráðherra ekki svolítið undarlegt að við skulum vera að ræða um að takmarka aðgang að því að veita þessa þjónustu í landinu þegar hann er að undirbúa að koma ótakmörkuðum möguleikum á fót til þess að veita þessa þjónustu, í ljósi þess að menn telja sig jafnvel geta farið úr landi núna og sent dagskrána yfir Ísland án þess að fá leyfi útvarpsréttarnefndar til þess að hafa þær rásir sem eru nú leyfðar þar? Hvernig finnst hæstv. ráðherra eiginlega að standa í því með félögum sínum í ríkisstjórninni að þvinga í gegnum Alþingi einhverjar þrengingar gagnvart þeim sem vilja vera á markaðnum í dag? Hvað ræður þessu?

Er hæstv. ráðherra, því hann er þingmaður Norðvest., t.d. sammála því að verið sé að þrengja að útvarpsstöðinni sem rekin er á Skagaströnd með þessari lagasetningu? Mér finnst ástæða til að spyrja um það í leiðinni, því sá sem hefur það leyfi er í öðrum rekstri og samkvæmt frv. er honum bannað að fá útvarpsleyfinu úthlutað aftur af því að hann er með veitingastað og veitir þjónustu í gegnum hann. Finnst hæstv. ráðherra að það gangi að berja á lítilli útvarpsstöð sem er rekin í kjördæminu okkar?

[15:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvaðan hv. þm. hefur þær upplýsingar að sú ágæta útvarpsstöð á Skagaströnd sé í einhverri hættu. Það er fjarri öllu lagi. Hv. þm. misskilur hlutina gjörsamlega og gerir það væntanlega viljandi. Við erum að fjalla um skýrslu sem byggir undir það frv. sem liggur fyrir og gengur út á að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi þannig að markaðsráðandi fyrirtæki ráði ekki lögum og lofum á fjölmiðlamarkaði. Það á ekkert skylt við að við bætum möguleika á útsendingum með stafrænni tækni. Það er alger grundvallarmisskilningur. Við auðveldum fyrirtækjunum fyrst og fremst reksturinn og gerum hann hagkvæmari með því að taka upp stafræna útvarps- og sjónvarpstækni, en það er fjarri öllu lagi að það tengist með einhverjum hætti takmörkunum í útvarps- og sjónvarpsrekstri að öðru leyti.

Það er mjög athyglisvert ef Samf., eins og mér fannst á hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, hugsaði gott til glóðarinnar að menn gætu bara flutt til annarra landa, á einhverjar breskar eyjar væntanlega, til þess að komast undan íslenskri löggjöf. Er það svo? (**Gripið fram í:** Bahamas.)

[16:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri nú gott ef hæstv. ráðherra kæmist til nútímans, áttaði sig á þeirri tækni sem er komin og að menn muni nýta hana. Menn eru farnir að nýta hana, það er verið að senda sjónvarpsstöðvarefni til Íslands í stórum stíl núna og það er hægt að gera samninga við þessi sömu fyrirtæki um að flytja efni til Íslands í gegnum það kerfi. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta fáránlegt að því leyti til að menn eru að tala um að það eigi að auka frelsið og fjölbreytnina með því að taka þá sem eru öflugastir út af markaðnum. Það er þá líklegt til að auka fjölbreytnina.

Mín skoðun er sú að aðalatriðið sé að það sé opin leið fyrir alla sem geta og vilja komast í rekstur af þessu tagi til að komast inn í hann með leyfisveitingum sem hér eru

til staðar. Menn eiga ekki að nota þær leyfisveitingar til að lemja á einhverjum fyrirtækjum eins og ég nefndi hér áðan. Það er bara þannig, svo að ég haldi áfram með Kántríbæ á Skagaströnd, að Hallbjörn Hjartarson hefur leyfi til útvarps og fyrsta atriðið í frv. sem hæstv. ráðherra ætlar að styðja er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri.“ — Hvað er rekstur Kántríbæjar skyldur fjölmiðlarekstri? Ekki neitt. Þetta er veitingahús. Og honum er bannað að halda áfram að reka útvarpið af því að hann er í veitingarekstri.

[16:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þetta á að verða aðalatriði umræðunnar hér er það mjög athyglisvert. Ég ætla að upplýsa hv. þingmann sem er þingmaður Norðvest. að viðkomandi einstaklingur rekur ekki þann veitingastað sem hann nefndi svo að það sé bara ljóst. Áhyggjur þingmannsins eru algjörlega ótímabærar. (Gripið fram í.)

Hins vegar er mjög athyglisvert hvernig hv. þm. leggur þetta upp hér. Það er alveg augljóst að hann á langt í land með að kynna sér efni þeirrar merkilegu skýrslu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sjáanlega lesið mjög vel og hefur komist að niðurstöðu um að er hin besta smíði. Hann kinkar kolli yfir því, enda hefur hann sagt það hér margsinnis. Hv. þm. Jóhann Ársælsson þarf að átta sig á því að frv. sem fylgir — réttara sagt fylgir skýrslan frv. — gengur út á að tryggja það að markaðsráðandi fyrirtæki geti ekki haft aðgang með eignarhaldi að markaðsráðandi fjölmiðli. Út á það gengur starf okkar þessa vordaga. Ég trúi ekki öðru en að hv. þingmenn Samf. átti sig fyrr, og miklu fyrr, en síðar.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. samgrh. sem á að þekkja þetta frv. allra manna gerst gerir sér einfaldlega ekki grein fyrir því að nákvæmlega þetta atriði sem hv. þm. Jóhann Ársælsson vakti máls á er þannig að þeir sem reka núna veitingastaðinn Kántríbæ reka líka útvarpsstöð en samkvæmt lögunum, ef frv. verður samþykkt, þurfa þeir að brjóta upp þennan rekstur og veitingaaðilinn þarf að fá með sér þrjá aðila aðra til að geta rekið útvarpsstöðina því enginn má eiga meira en 25%.

Frú forseti. Ég kom aðallega hingað upp til að þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa bent á það að fram undan eru miklar tækniframfarir í miðlun upplýsinga á öldum ljósvakans. Hæstv. ráðherra talaði um stafræna byltingu. Ætli fyrirtækin sem hyggjast byggja sig upp á hinum nýja tæknigrunni þurfi þá ekki á fjármagni að halda? Ætli megi þá ekki leiða líkur að því að ef þetta frv. verður samþykkt dragi það úr möguleikum þeirra til að fá fjármagn til þess?

Að öðru leyti, frú forseti, vil ég mótmæla þeirri fullyrðingu hæstv. samgrh. að frv. sem hann dró inn í umræðuna og við munum ræða á mánudaginn byggist á þessari skýrslu sem ég hef farið viðurkenningarorðum um. Það eru lykilatriði í skýrslunni sem ekki er að finna í frv. Þar er t.d. talað um að æskilegt væri að setja lög sem tryggðu að almenningur hefði aðgang, góðan aðgang, að upplýsingum um eignarhald fjölmiðla. Það er ekki í frv. Þar er talað um að það eigi, og væri æskilegt, að setja reglur sem tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa. Það er ekki að finna í frv. Þar er líka tekinn vari við því að setja lög sem eru afturvirk, eins og þessi lög óhjákvæmilega verða. Samt sem áður er farið gegn þeirri meginniðurstöðu sem ég tel vera í frv. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Hvernig getur hann haldið því fram að frv. byggist á skýrslunni, þótt góð sé?

[16:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja vegna þess sem hv. þm. sagði um kostnað við uppbyggingu stafræns útvarps og sjónvarps að það liggur alveg fyrir að sjónvarps- og útvarpsfyrirtækin verða, hvað sem líður annarri löggjöf, að innleiða þessa tækni. Þau standa frammi fyrir því að þurfa að endurnýja búnað sinn, sum eru búin að því að hluta og önnur hafa tekið ákvarðanir um að undirbúa það. Sú stefnumótun sem ég kynnti í ræðu minni og varðar stafræna útvarps- og sjónvarpstækni mun auðvelda fyrirtækjunum, í sjónvarpsrekstri sérstaklega, mjög að takast á við fjárfestinguna vegna þess að við gerum ráð fyrir því kerfi að þar taki fyrirtækin höndum saman um þessa uppbyggingu. Ég held að það sé afar mikilvægt.

Hvað varðar þá spurningu og þær vangaveltur hv. þingmanns um frv., sem réttilega er ekki sérstaklega til umræðu hér, er samt lykilinn að því öllu saman að finna í þeirri skýrslu sem hér er til umfjöllunar. Formaður fjölmiðlanefndarinnar hefur fjallað sérstaklega um það í sjónvarpsfréttum og ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur fylgst með því. Hins vegar er ekki tekið á öllum þáttum í frv. sem fjallað er um í skýrslunni. Það er alveg deginum ljósara. Engu að síður er tekið á aðalatriðunum. Samkeppnislöggjöfin kemur þar við sögu og hún mun að sjálfsögðu leika mjög mikilvægt hlutverk í því að tryggja eðlilegar aðstæður á þessum markaði hvað varðar eignarhald á fjölmiðlum.

[16:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur af skarið og segir að mikilvægir þættir í skýrslunni sem við erum að ræða hér í dag hafi ekki komist inn í frv. Það skiptir ákaflega miklu máli. Má ég þá spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ætlan ríkisstjórnarinnar að setja síðar önnur lög sem tryggja ýmislegt sem þar er bent á?

Það er líka alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er ýmislegt í skýrslunni sem hefði hugsanlega átt að rata inn í frv. Það segir t.d. í niðurstöðukaflanum að ein leið sem hægt hefði verið að fara til að tryggja fjölbreytni væri að styrkja íslenska Ríkisútvarpið. Það er klykkt út með því í liðum c og d þar sem um það er fjallað að ef það væri gert væri hægt að ná markmiðunum sem skýrsluhöfundar setja sér án þess að takmarka starfsemi eignaraðila og án þess að ráðast í miklar lagasetningar. Það hlýtur að gleðja klassíska frjálshyggjumenn sem hér eru í salnum, t.d. hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson. Þetta er alveg eins og sniðið eftir þeim hugmyndum sem hann hefur sjálfur sett fram.

Að því er varðar fjölbreytnina og möguleika fyrirtækja á því að byggja sig upp á krafti nýrrar tækni er athyglisvert að hæstv. ráðherra sagði að endurnýjun búnaðar mundi kosta mikið fjármagn. Nú er það svo að við höfum giska góðar sjónvarpsstöðvar sem m.a. formaður Samf. horfir á, hugsanlega allt of langt fram eftir hverri nóttu, eins og Skjá 1. Við höfum fregnir af því að það ágæta fyrirtæki skorti fjármagn til að byggja sig upp. Óneitanlega hlýtur það að draga úr líkunum á því að þetta fyrirtæki finni það fjármagn ef lög útiloka að það geti leitað til stöndugustu fyrirtækjanna á Íslandi. Er ekki hæstv. ráðherra þar með sammála mér um

að það séu líkur á því að ef frv. verði að lögum dragi það hugsanlega úr fjölbreytni í framtíðinni þegar þessi stafræna tækni verður fram komin?

[16:10]

Útbýting þingskjals:

Ársreikningar, 973. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1524.

[16:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Jafnaðarmenn hafa alla hina síðustu öld, að ég nefni nú ekki þær sem fyrr fóru, haft mikinn áhuga á fjölmiðlun og áhrifum fjölmiðla á samfélagið. Þau tengsl hafa t.d. verið rakin í dag í orðræðum nokkurra jafnaðarmanna um fjölmiðlamál á síðustu öld, síðasta áratug raunar, þar sem menn báru fram spurningar um það hvers vegna ástandið og lagaumgjörð á Íslandi væri ekki með einhverjum þeim hætti sem menn höfðu kynnst eða lesið sér til um í öðrum löndum. Þetta vitnar um áhuga okkar á þessu efni og það er eðlilegt að menn hafi haft uppi við aðrar aðstæður þær áherslur sem þá skiptu máli. Við höfum nú í Samf., flokki íslenskra jafnaðarmanna, farið nokkuð í gegnum þessi mál, miðað við þá tíma sem við lifum, og við höfum komist að nokkru að öðrum niðurstöðum en forverar okkar ýmsir. Þó er hinn rauði þráður jafnaðarstefnunnar ætíð hinn sami í þessu dæmi.

Ég hygg að það eigi við um jafnaðarmenn seint og snemma að við erum treg til þess að löggjafinn og framkvæmdarvaldið séu með afskipti af því sem kallað er fjórða valdið. Það er ekki vegna þess að menn skorti dug eða vegna kreddu, eins og stundum er hjá öðrum flokkum, heldur vegna þess að það liggur í eðli fjórða valdsins, blaðanna, fjölmiðlanna, að ef þeir eiga að duga sem slíkir verða þeir að vera óháðir, sem óháðastir, bæði framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu. Það gildir að sjálfsögðu líka um önnur sterk öfl í samfélaginu, um stjórnmálaflokka, um voldugar viðskiptakeðjur og hverja þá aðra leikara í þessu samfélagi sem við getum tínt fram.

Því miður er veruleikinn stundum öðruvísi en skólabókin í þessum efnum. Hvað okkur varðar sem nú sitjum hér í þessum sal og myndum saman löggjafarvaldið eigum við að vera treg til afskipta af fjórða valdinu, því sem gagnrýnir okkur, á að hafa aðhald með okkur, gera grín að okkur, skopast að okkur, gera af okkur skrípamyndir og sýna okkur við sérkennilegar aðstæður, vegna þess að við höfum boðið okkur fram til þeirra hluta. Við höfum boðið okkur fram og þar með látið ákveðinn hluta af persónuhelgi okkar í skiptum fyrir þau áhrif og þau völd sem við teljum æskilegt að við höfum fyrir hönd kjósenda okkar og þjóðarinnar. Við erum á því, jafnaðarmenn, og höfum öll verið lengi og við fögnum því að menn skuli koma til liðs við þá skoðun, að það sé hins vegar hlutverk almannavaldsins að tryggja fyrir hönd þjóðarinnar fjölbreytni í fjölmiðlun, bæði pólitíska og menningarlega, að það sé hlutverk almannavaldsins að stuðla að góðri þjónustu fjölmiðla eða fjölmiðlunarinnar í landinu við almenning, og í þriðja lagi sé það hlutverk almannavaldsins, ekki síst í samfélagi á borð við Ísland, að verja sem verða má rekstrargrundvöll þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða.

Á þessu sviði höfum við oft talað fyrir daufum eyrum og þá einkum eyrunum á sjálfstæðismönnum sem hafa talið að fjölmiðlarekstur sé svo sem eins og hver önnur atvinnugrein, almannavaldið beri á henni enga ábyrgð frekar en öðrum atvinnugreinum og þurfi ekkert að fylgjast með henni eða standa í ístaðinu þjóðarinnar vegna gagnvart henni. Þeir hafa verið glámsýnir á það hvert séreðli hennar er, það séreðli sem skýrslan gerir á köflum ágæta grein fyrir. Það eðli varðar tjáningarfrelsið, aðhaldið við ráðandi öfl í samfélaginu og nauðsynleg samskipti í nútímalýðræðis- og upplýsingasamfélaginu. Þetta er hið almenna.

Þá er kannski rétt að víkja að einkennum íslenskrar fjölmiðlunar sem er annars vegar örsmár markaður og hins vegar sterk staða þjóðarútvarpsins. Þessi smái markaður okkar gerir það að verkum að hlutdeild fyrirtækja er meiri á markaði en venjulegt er í stærri löndum og hér er meira um markaðsráðandi fyrirtæki en annars staðar. Af þessu höfum við langa reynslu. Lærdómurinn síðustu ár þegar við höfum verið að takast á við nýja tíma í heiminum, og í viðskiptum sérstaklega, hefur verið sá að efla hvata til samkeppni, gera leikreglurnar skýrari, gæða dómarana í þessum leik meiri völdum, t.d. með Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirliti, en ekki að ráðast að einstökum fyrirtækjum, fjölmiðlum eða mönnum með lagasetningu eða lögreglukylfunni.

Við verðum líka að muna að fjölmiðlun er atvinnugrein. Það munu vera um 1.500 störf við bara beina fjölmiðlun í landinu. Við verðum líka að hafa það í huga að veikja ekki stöðu innlendra fjölmiðlafyrirtækja í samkeppni við erlenda.

Við íslenskar aðstæður höfum við komist að þeirri niðurstöðu að takmarkanir á eignarhaldi umfram þær sem samkeppnislögin leyfa séu neyðarúrræði, neyðarúrræði sem á að beita þegar upp kemur neyðarástand. Við höfum aldrei útilokað slíkar takmarkanir en við sjáum heldur ekki að núna sé uppi neitt það neyðarástand sem á slík úrræði kallar. Við höfum í staðinn lagt fram tillögur um starfsemi fjölmiðla, gagnsæi í eignarhaldi og í rekstri og um sjálfstæði ritstjórnar. Það er merkilegt að þessi sömu sjónarmið koma fram í skýrslunni sem hér er til umræðu. Þessi sömu sjónarmið og þessa sömu niðurstöðu má líka lesa út úr frægri skýrslu nefndar frá 1996 sem ég er nú að flestu leyti ósammála. Hún fjallar í einum kafla sínum um eignarhald á fjölmiðlum og þessa nefnd skipaði þáverandi menntmrh., núverandi hæstv. dómsmrh., Björn Bjarnason. Í henni sátu Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntmrh., Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, núverandi formaður útvarpsráðs, Ásdís Halla Bragadóttir, núverandi bæjarstjóri Sjálfstfl. í Garðabæ, Páll Magnússon, núverandi varaþingmaður Framsfl. og aðstoðarmaður hæstv. iðnrh., og starfsmaður hennar var Jónmundur Guðmarsson, núverandi bæjarstjóri Sjálfstfl. á Seltjarnarnesi.

Maður spyr: Hvað hefur breyst síðan hjá Sjálfstfl.? Þessi kafli í skýrslunni var nokkuð glöggur og niðurstaða hans er í raun og veru sú að ekki sé ástæða til að setja eignartakmarkanir á fjölmiðla, hins vegar væri ástæða til að binda útvarpslögin ýmsum skilyrðum af því tagi sem við höfum nú verið að benda á.

Ég held að menn hljóti að sjá að hér er farið fram af skynsemi og umhyggju fyrir samfélaginu, fjölmiðlunum og þeim almenningi sem á að neyta þeirra og líka þeim fyrirtækjum sem vilja reka fjölmiðla, vilja setja fé í fjölmiðla, eða hafa beinan auglýsingahag eða annan slíkan af því að fjölmiðlar komi út. Við erum líka að tala um að um fjölmiðlasamsteypur af einhverju tagi gildi hugsanlega þær sérreglur að vandlega sé fylgst með samskiptum þeirra, þar séu samskipti sem mönnum sé skylt að hafa eins og við óskyld fyrirtæki, t.d. hvað varðar auglýsingasölu deildar innan fyrirtækis eða fyrirtækis í sömu samstæðu til að stuðla að því að við getum tryggt með almennum reglum að úr því sem getur verið

óheppilegt við mikla eignasamþjöppun dragi og helst að það leggist af.

Ég vil segja það líka að ég álít þá stöðu sem núna er uppi um eignarhald á þremur fjölmiðlum, DV, Fréttablaðinu og Stöð 2, ekki heppilega. Ég álít ekki heppilegt að einn maður eða eitt fyrirtæki skuli eiga svo stóran hlut í þessari fjölmiðlasamsteypu. Það er merkilegt, og við skulum skoða þá sögu, að þetta fyrirtæki, Norðurljós erum við hér að tala um, sem verður fyrir þessu höggi frv., það fyrirtæki sem frv. einbeitir sér gegn, hið móníska frv. sem lendir á einu fyrirtæki í landinu með sérstökum reglum sem sniðnar eru til þess að kippa fótunum undan því — hvað hefur það fyrirtæki gert? Baugur Group hefur keypt það fyrirtæki og undir handarjaðri þessa Baugs Groups hafa önnur fyrirtæki verið sameinuð því. Baugur Group og Norðurljós sem í þeirra eigu eru stefnir hins vegar að því, eftir að hafa sameinað þessi fyrirtæki sem voru hvert um sig í mjög kröppum dansi, nánast orðin gjaldþrota og sum jafnvel orðin það, hefur lýst því yfir að hann ætli að setja fyrirtækið á markað. Hann hefur sagt sem svo að hann sé að undirbúa það að skrá fyrirtækið á Verðbréfaþing sem væntanlega mundi tryggja dreifðari eignaraðild en nú er uppi í því fyrirtæki. Ég held að nær hefði verið að bíða eftir því og sjá hvort þetta gerðist áður en menn — og ég geri enn ráð fyrir að menn séu með fullu viti og hugsi um hag almennings, þjóðarinnar og fjölmiðlanna — kæmu fram með frv. sem á að kippa fótunum undan fyrirtækinu. Ástæða þessa frv., forseti, og tilurð þessa máls alls virðist ekki stafa af því að menn hafi raunverulegar áhyggjur af ástandinu í fjölmiðlun á Íslandi. Engin þau dæmi hafa verið nefnd þrátt fyrir að þráspurt hafi verið sem sýna að hér sé um eitthvert neyðarástand að ræða, að hér sé yfir höfuð um eitthvert ástand að ræða. Eina dæmið sem nefnt hefur verið er það að hæstv. félmrh. kom áðan með opnu í blaði þar sem gert var grín að hæstv. forsrh. Er það glæpur á Íslandi að gera grín að forsætisráðherra? Þá hefðu ýmsir fjölmiðlar þurft að vara sig hér eiginlega allan heimastjórnartímann. Það hefur verið siður íslenskra fjölmiðla, sem betur fer, að gera grín, að forsætisráðherrum, öðrum ráðherrum og ýmsum stjórnmálamönnum hvar sem þeir hafa verið.

Það er fleira athyglisvert þegar farið er yfir í fjölmiðlasöguna en það er eitt af því sem þarf að gera næstu daga. Ég vonast til þess að vera búinn að gera það sjálfur áður en við förum í 1. umr. um frv., að athuga hina styttri sögu, athuga söguna frá því að einokunin var afnumin hér 1985/1986, þau fyrirtæki sem upp hafa komið síðan, bera þau við mælistiku frv. og athuga hvort stofnun þessara fyrirtækja, fjölmiðlafyrirtækja á ljósvakasviði, sem menn muna hér eftir fjölmörgum og rekstri þeirra sem hefur verið á fjölmargra færi, meira að segja manna sem sitja hér í salnum eða a.m.k. ættu að gera það, hefði staðist það.

Þegar ég lít yfir sviðið án þess að kunna að telja þetta á fingrum beggja handa, tám og þyrfti væntanlega að bæta við einhverjum útlimum í viðbót, hygg ég að þau séu fá sem hefðu komist upp þrátt fyrir þessi lög sem nú á að setja, þetta frv. sem nú hefur verið reitt fram.

Það er kannski, forseti, hlálegasta atriðið við þessi lög að þau hefðu bannað nánast öllum ljósvakafyrirtækjunum að starfa, hinum frjálsu fjölmiðlum sem eitt sinn voru kallaðir og ungir menn þá báru fram með að gunnfána hina nýju stefnu frjálsræðis sem við ýmsir, til vinstri, vorum seinir að fatta — við skulum bara viðurkenna það hér og nú, vorum sein að fatta — vegna trausts okkar á Ríkisútvarpinu og ástar okkar á þeim ágæta þjóðarfjölmiðli. Sá fáni hefði sum sé fallið á frv. hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

Nú eru aðrir tímar, eins og ljóðskáldið orti, að vísu af öðru tilefni. (Gripið fram í.) Nú eru tímar geðþóttans. Nú eru tímar ofbeldisins. Nú eru tímar atlögunnar að fjölmiðlun á Íslandi, að einstaklingum og einstökum fyrirtækjum á því sviði.

[16:25]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Mörður Árnason og reyndar fleiri sem hafa rætt hér málin af hálfu Samf. hafa rætt um skýrslu sem kom út árið 1996. Sú skýrsla fjallaði um Ríkisútvarpið, stöðu þess á fjölmiðlamarkaði og var þar lítillega komið inn á eignarhald á fjölmiðlum. Það sem rekur mig í andsvar við hv. þingmann er að ég vil leiðrétta í máli hans það sem hann sagði um að Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðn.- og viðskrh., hefði átt sæti í nefndinni. Það er bara ekki rétt því að Páll Magnússon sem sat í þessari nefnd var þáverandi sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 og starfar nú hjá Norðurljósum. Bara að þetta komi fram hér sem leiðrétting.

[16:26]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég held að þetta sé rétt hjá síðasta ræðumanni og biðst afsökunar á því. Þetta mun vera annar Páll Magnússon, ég hef mislesið þetta, þetta er Páll Magnússon sem nú er reyndar fréttastjóri á einum þeirra miðla sem mest er talað um hér.

Framsfl. á sum sé engan hlut að þessari skýrslu og er laus undan þeim ásökunum hér með. Það eru aðeins Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntmrh., Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri Sjálfstfl. í Garðabæ, og starfsmaður nefndarinnar, Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Sjálfstfl. á Seltjarnarnesi, sem sögðu m.a. þetta hér árið 1996:

„Þessi skoðun," — þ.e. að ekki sé brýnt að takmarka eignarhald í ljósvakamiðlum — „er og sett fram í ljósi þeirrar staðreyndar að lög af þessu tagi hafa í nágrannalöndunum oftar en ekki orsakað nokkurn glundroða. Það hefur reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög, eftirlit kostnaðarsamt og þó að þeim sé ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi virðast þau stundum hafa skert atvinnufrelsið á ósanngjarnan hátt ..."

Ég bið menn að taka eftir síðustu orðunum, forseti, með leyfi:

„... og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum."

Á næstu síðu í þessum kafla, 11. kafla, segir svo:

„... að það sé ákjósanlegra að samkeppni á ljósvakamarkaði í heild lúti sömu almennu leikreglum og aðrar atvinnugreinar í landinu, en til að mynda væri mögulegt," segja skýrsluhöfundarnir sem ég ætla ekki að telja upp enn einu sinni „að styrkja með einhverjum hætti lagalega framkvæmd við úthlutun útvarpsleyfa þannig að stuðlað verði að fjölbreyttri samkeppni."

Þau eru sem sagt að óska eftir þáltill. þeirri sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sá sem hér stendur og fleiri samfylkingarmenn lögðu fram á þingi í vetur, hefur reyndar ekki komist hér í umræðu enn þá sem er mikill skaði og ég bendi forseta hér með á. Ég spyr: Er hv. síðasti ræðumaður sammála þessu eða ekki?

[16:28]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði að hv. þm. var sammála þeirri leiðréttingu sem ég kom hér á framfæri varðandi skipan þessarar nefndar. Það var eingöngu til að leiðrétta málflutninginn.

Um það sem fjallað er um í skýrslunni varðandi eignarhaldið var lítils háttar umfjöllun og byggðist, eftir því sem ég kemst næst, ekki á miklum rannsóknum. Það sem fjallað er um í skýrslunni sem rædd er hér í dag byggir m.a. á samþykkt ráðherraráðs Evrópuráðsins. Það er töluvert mikill munur á bakgrunni þessara texta.

[16:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætla ekki að fara að deila við hv. ræðumanninn um það hversu miklar rannsóknir liggja þessu að baki. Eins og ég segi hef ég ekki hingað til verið mjög sammála þessari skýrslu í sjálfu sér sem var um endurskoðun á útvarpslögum og komst að ýmsum niðurstöðum hvað varðar Ríkisútvarpið. Ég tel þó að þau hafi lagt sitt af mörkum hér, þau hafa rannsakað ástandið í Frakklandi, Spáni, Belgíu, Þýskalandi, Hollandi, Bretlandi, Ítalíu og Lúxemborg og komist að því að lögin skiptist í fjóra höfuðflokka í þessum löndum.

Þau vita vel af því að þetta er með ýmsum hætti eins og við höfum kynnst hérna, sem betur fer, undanfarið í hverju landi fyrir sig. Þau hafa komist að því, eins og við í Samf., að hér á landi, við íslenskar aðstæður, þær sem hér ríkja með okkar örsmáa markað og okkar sterka, sem betur fer, Ríkisútvarp, sé ekki ástæða til þess arna nema — sem þau segja reyndar ekki en við segjum — sérstakt neyðarástand komi upp. Og hvar er það neyðarástand? Eftir því hef ég verið að spyrja og aðrir samfylkingarmenn hér og stjórnarandstæðingar í allan dag, þá sem ætla sér að standa að þessu frv. Enn þá hefur ekki birst neitt neyðarástand nema það neyðarástand sem er alveg svakalegt og mikil vá fyrir okkar dyrum, búandkarla hér á Íslandi, að dagblaðið DV skuli hafa leyft sér að gera grín að sjálfum forsætisráðherra Íslands hæstvirtum, Davíð Oddssyni, og það á sjálfu hæstvirtu heimastjórnarafmælinu og það í opnunni, tveimur síðum og ég veit ekki hvað mörgum dálksentímetrum. Ég held, því miður, forseti, að við bönnum ekki slíkt með lögum. Hins vegar er eitt ráð og ég bið t.d. hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson sem ætlar að tala hér á eftir að íhuga það. Það er gamalt ráð úr smiðju okkar jafnaðarmanna sem við höfum að vísu hent á öskuhaug sögunnar, og það er að þjóðnýta þessa fjölmiðla, búa til ríkisdagblaðið sem Guðrún Helgadóttir talaði hér um fyrir nokkrum árum. Það skaltu gera, Sigurður Kári, og það getur þú tekið til við líka, Magnús Stefánsson, hv. þingmenn.

[16:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að sá hv. þm. sem stóð hér á undan mér nái að róa sig niður og halda sig á jörðinni í þessari umræðu. Í lok ræðu sinnar ágætrar skilgreindi hv. þm. tímana, kallaði þá tíma Davíðs Oddssonar, talaði um geðþótta og annað slíkt. Ég leyfi mér að segja að í Samf. eru greinilega tímar mótsagna vegna þess að hér var haft á orði að jafnaðarmenn hefðu haft mikinn áhuga á fjölmiðlum og hefðu markað sér mjög skýra stefnu í málefnum fjölmiðlanna, þar á meðal Ríkisútvarpsins. Ég er að velta fyrir mér hvenær það hafi gerst. Það vill svo til að fimmtudaginn 4. mars árið 2004 sat ég í sjónvarpssal með þessum hv. þingmanni þar sem við vorum að ræða frv. sem ég og fleiri hv. þm. fluttum um einkavæðingu á ríkissjónvarpinu. Þar var hv. þm. spurður hver stefna hans í málefnum ríkissjónvarpsins væri og þingmaðurinn svaraði, með leyfi forseta:

„Nei, ég satt að segja, á ég að segja þér, ég hef ekki viljað gera það vegna þess að ég held að þetta verði að lokum einhvers konar samkomulag og ég hef ekki viljað að ég eða við samfylkingarmenn værum með of skýra stefnu í þessu."

Aftur er hann spurður af hverju og þá svarar hann:

„Það er ósköp einfalt, vegna þess að bara, það eru fjölmargir möguleikar og það borgar sig ekki að hafa of skýra stefnu."

Með öðrum orðum hefur Samf. ekki og vill ekki hafa skýra stefnu í málefnum fjölmiðlanna, þar á meðal Ríkisútvarpsins, vildi það a.m.k. ekki þann 4. mars árið 2004 og þá hlýtur maður að spyrja sig: Þegar svona yfirlýsingar koma fram í opinberum fjölmiðlum, er eitthvað að marka þann málflutning sem hér hefur komið fram? Og ég hlýt að spyrja líka: Hvenær kom þessi skýra stefna fram sem hv. þm. lýsir hér úr ræðustól hv. Alþingis? Hún lá a.m.k. ekki fyrir þann 4. mars sl.

[16:33]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Svarið er: Á landsfundi Samf. árið 2001 og síðan í þeim plöggum sem hafa birst frá okkur á fundum og í hinum ýmsu greinum og skrifum öll þau þrjú ár sem liðin eru.

Það er hins vegar rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að ég sagði þessi orð og er nokkuð stoltur af þeim enn þá. Mér fannst þetta nokkuð gott hjá mér, satt að segja, vegna þess að þar var ekki um að ræða stefnu Ríkisútvarpsins. Þar var um að ræða spurninguna um hvað eigi að taka við þegar afnotagjöldin verða afnumin, afnotagjöldin sem hæstv. ráðherrar hafa af einhverjum ástæðum verið að afnema síðustu daga í tónum og tali án þess að segja neitt um það hvað eigi að koma í staðinn. Það sem ég taldi fram var að það væru ýmsir kostir á því hvað gæti komið í staðinn fyrir afnotagjöldin. Það geta menn lesið í greinum eftir mig og ég get látið þá fá þær, það eru auðvitað fjárlög með rammasamningi til langs tíma, það er nefskattur og það eru nokkur ráð í viðbót sem ég ætla ekki að eyða tímanum hér í að telja upp. Það sem ég var að segja var það að ég eða Samf. hefðum ekki valið á milli þessara kosta og teldum ekki ráðlegt í núverandi stöðu að velja á milli þeirra. Vegna hvers ekki? Jú, vegna þess að umræða á eftir að fara fram í samfélaginu um það. Við nefnilega notum önnur vinnubrögð en flokkur hv. síðasta ræðumanns. Við reynum að fleygja hlutanum út í umræðu, fá skoðun á þeim, fá álit, reyna að vega þau og meta og komast síðan að einhverri lausn sem helst á að vera í samkomulagi og í samráði við sem allra flesta. Þetta eru ekki vinnubrögð sem flokkur hv. síðasta þingmanns viðhefur, nema náttúrlega kannski í því að auðvitað má segja að þessi árin fari fram mikið samráð um Ríkisútvarpið.

Einmitt í umræddum þætti var verið að ræða tillögur hans og fleiri sjálfstæðismanna hér á þinginu um að selja Ríkisútvarpið, bara leggja Ríkisútvarpið niður. Það er þveröfugt við það sem aðrir hafa lýst hér yfir og sem betur fer þveröfugt við eina helstu niðurstöðu skýrslunnar, og okkar í Samf., þá að besta ráðið til að virka gegn samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sé að halda þessari sterku stöðu þjóðarútvarpsins.

[16:36]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að skýrsluhöfundar komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins á markaðnum verð ég að segja að ég tek í sjálfu sér ekki undir þau orð í skýrslunni. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að hið opinbera eigi ekki að reka fjölmiðil, hvort sem það er ljósvakamiðill eða dagblað. Sú skoðun mín hefur ekkert breyst og mun ekki breytast.

Ég bendi hins vegar á að í þeirri umræðu sem hv. þm. Mörður Árnason tók þátt í, og reyndar fleiri þingmenn Samf. og þingmenn stjórnarflokkanna, var þeirri röksemd helst haldið fram gegn frv. sem við lögðum fram á hinu háa Alþingi og ræddum að það væri mjög nauðsynlegt að hafa hér á Íslandi þjóðarútvarp, ríkisútvarp, til að tryggja að þeir aðilar sem nú hafa haslað sér völl á þessum markaði og orðið mjög sterkir, eða urðu sterkir hér á árum áður en eru núna flognir úr hreiðrinu og til annarra landa, mættu ekki komast í þá stöðu að eignast alla fjölmiðlana. Það má svo sem vel vera að verði það frv. sem hér hefur verið lagt fram að lögum muni það greiða fyrir því að frv. okkar þingmannanna þriggja um einkavæðingu Ríkisútvarpsins fái þá frekari framgang en það virðist ætla að fá, a.m.k. á þessu þingi.

[16:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hinn geðugi hv. síðasti ræðumaður (**Gripið fram í:** Og vörpulegi.) og vörpulegi þingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík — ég hef nú glest nokkuð við hann í sætum og víðar, sem er rétt að skýra ekki frá öllu — verður samt að muna stundum að hann er einn af 22 þingmönnum Sjálfstfl. hér á þinginu, hann er einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar og það sem hann segir hefur ákveðinn þunga. Þegar hann segir að þetta frv. geti orðið til þess að auðvelda honum og hv. þm. Pétri Blöndal, Birgi Ármannssyni og Guðlaugi Þór Þórðarsyni (Gripið fram í.) leiðina að því að leggja niður Ríkisútvarpið og einkavæða þá vinnu sem þar fer fram tel ég komið að því að leiðtogar flokksins, því hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er ekki orðinn það enn þá eða félagar hans, svari því til hvort þetta muni vera rétt leiðarhnoða hjá þingmanninum, hvort stefnan sé sú að frv. eigi á einhvern hátt að vera forveri þess að leggja Ríkisútvarpið niður. Þó að öll þessi umræða, þessi upphlaup hæstv. forsrh., geðofsi hans og annarra vina hans hafi komið mjög á óvart, þó að leyndin, pukrið, þó að frv. sjálft, bæði fyrsta gerðin sem lak út og sú gerð sem við þingmenn höfum núna fengið, að vísu bara í gegnum netið og fjölmiðlana, þótt þetta hafi allt valdið mér undrun hef ég ekki haft hugmyndaflug enn þá til að láta mér detta það í hug sem hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni datt í hug hér áðan.

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þó að maður eigi auðvitað ekki að venja sig á að gefa umræðum á þinginu einkunn verð ég að segja að ég hefði alveg getað hugsað mér þessa umræðu hér í dag rismeiri en raun ber vitni. Mér finnst hafa farið allt of mikill tími í karp um form og pólitík og of lítill í að ræða efni málsins sjálfs. Það er í hnotskurn: Er ástæða til þess að fara hér á Íslandi svipaða leið og gert er mjög víða í nálægum löndum, þ.e. setja að einhverju marki sérreglur sem eiga að tryggja sjálfstæði og fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu? Ef svo er, hvernig eiga þá þær reglur að vera og hvernig á að standa að því að setja þær? Þetta er í mínum huga kjarni málsins. Ég get svo sem gert langt mál stutt og sagt: Já, ég hef verið þeirrar skoðunar lengi og ég er það enn þá, er þar með ekki einn af skoðanaskiptingunum í þessari umræðu, að ástæða sé til að fara vandlega yfir það hvort ekki sé hyggilegt og nauðsynlegt að tryggja með tilteknum sérreglum þetta gríðarlega mikilvæga svið sem er fjölmiðlunin. Það þarf að tryggja að hún sé þannig úr garði gerð, þannig á sig komin, þannig upp byggð, að hún geti þjónað sínu mikilvæga hlutverki vel.

Þetta er vel þekkt umræða. Það er dálítið merkilegt að menn telji sig hafa fundið upp hjólið þegar þeir finna gömul ummæli frá 1995, eða hvað það nú er, þar sem rætt er um stöðu á fjölmiðlamarkaði. Ég held að hún sé miklu eldri. Ég held að það sé mjög langt síðan menn fóru að velta þessu fyrir sér. Ég minni t.d. á að þegar samkeppnislög voru sett 1992–1993 var rætt hvort það væri nóg að hin almennu ákvæði samkeppnislaga tækju líka til fjölmiðlunarinnar, tækju til fjármálaþjónustu, eða hvort nauðsynlegt gæti verið að setja að einhverju marki sérreglur um þessa hluti, eins og mjög víða væri gert. Niðurstaðan varð þá sú að hrófla ekki við því, hvorki hvað varðar fjölmiðla né fjármálastofnanir, en meira og minna síðan hafa af og til komið upp umræður um þetta hvort tveggja, að nauðsynlegt gæti verið að setja með sérreglum ákvæði sem tryggðu t.d. dreift eignarhald á fjármálastofnunum eða tryggðu sjálfstæði, óhæði og fjölbreytni í fjölmiðlun.

Hér hafa menn vitnað í núverandi forseta lýðveldisins, Bessastaðabónda, orða sem hann sagði 1995 og tillögur frá þingmönnum Þjóðvaka um svipað leyti. Allt er þetta ágætt. Þessi umræða fór af stað á nýjan leik á haustdögum eða snemma vetrar. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sem þá sat hér á þingi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð lagði fyrirspurn fyrir hæstv. forsrh., henni var svarað og urðu hér allmiklar umræður af þann 19. nóvember sl. Í beinu framhaldi lögðum við svo fram, fimm þingmenn úr fjórum þingflokkum, till. til þál. um að könnuð yrði starfsumgjörð fjölmiðla. Til þeirrar tillögu hefur hér mjög verið vitnað. Hún er ítarleg. Hún telur upp helstu atriði sem að okkar mati er ástæða til að skoða og mælir fyrir um það í lokin að að þessu skuli unnið í góðu samstarfi við aðila eins og Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, ráðuneyti o.s.frv.

Það hefði verið betra, herra forseti, ef sú leið hefði verið valin. Auðvitað hefði verið vandaðri og heppilegri undirbúningur undir umfjöllun Alþingis í framhaldinu að þverpólitísk nefnd hefði starfað að málinu og að á undirbúningsferlinu hefði verið haft samráð við helstu málsaðila, eins og Blaðamannafélagið, fjölmiðlafyrirtækin sjálf o.s.frv. En þá það. Skýrslan er að mörgu leyti, engu að síður, hið ágætasta plagg. Ég tek undir það sem flestir hafa sagt hér, hún er ítarleg og nokkuð vel unnin og allt í góðu lagi með það. Það sem á vantar þá til að undirbúningur málsins sé með þeim hætti sem vera skyldi er einkum samráð við þá aðila sem við eiga að búa. Þá er ég auðvitað sérstaklega að hugsa um blaðamannastéttina. Auðvitað líka fyrirtækin en á þessu tvennu verða menn að gera skýran greinarmun. Það er ekki það sama að halda á faglegum sjónarmiðum blaðamennskunnar og að gæta hagsmuna eigenda fyrirtækjanna. Þar á milli getur verið alveg himinn og haf. En vonandi dettur engum manni í hug að keyra í gegn mikilvæga grundvallarbreytingu á starfsumhverfi fjölmiðla í landinu án nokkurs minnsta samráðs við þá aðila sem við eiga að búa. Það væri heimskulegt og við

megum ekki láta slík mistök verða. Það er ávísun á ófrið og málaferli sem engum er greiði gerður með.

Íslensk löggjöf eins og hún er úr garði gerð, og þá eru það fyrst og fremst útvarpslögin og samkeppnislögin sem koma til skoðunar, er mjög veik hvað varðar möguleika á að taka á þeim aðstæðum sem menn óttast að geti skapast ef ekki eru þegar orðnar í fjölmiðlun, þ.e. óhóflegri samþjöppun.

Útvarpslögin útiloka ekki út af fyrir sig að í gegnum skilyrðingu leyfa verði komið við vissum vörnum gagnvart óhóflegri samþjöppun í fjölmiðlaheiminum en þeim hefur ekki verið beitt þannig. Það hefur ekki verið gert. Og menn hafa dregið mjög í efa að samkeppnislögin dygðu til þess að taka á fjölmiðluninni sem slíkri sérstaklega út frá þeim menningarlegu og lýðræðislegu sjónarmiðum sem þar koma til sögunnar til viðbótar hefðbundnum viðskiptasjónarmiðum. Samkeppnislögin gæta eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst hagsmuna neytenda og þess að setja leikreglur í viðskiptalífinu á viðskiptalegum forsendum en taka ekki, a.m.k. ekki að marki, inn í menningarlega eða félagslega þætti. Það er annarra hlutverk að sjá fyrir slíku.

Ég held, herra forseti, að enginn hafi nefnt það enn þá hér í þessari umræðu að þetta tiltekna mál sem aðallega er nú undir í umræðunni, þ.e. tilurð hinnar stóru fjölmiðlasamsteypu Norðurljósa, er til athugunar hjá samkeppnisyfirvöldum. Samkeppnisyfirvöld tilkynntu nýlega fyrirtækinu að þau tækju sér viðbótarfrest til að skoða málið ítarlegar en nemur þeim mánaðarfresti sem Samkeppnisstofnun hefur til að tjá sig þegar tilkynnt hefur verið um tilkynningarskyldan samruna. Þann 20. febrúar tilkynntu Norðurljós fyrirhugaða sameiningu Norðurljósa og Fréttar og samkeppnisyfirvöld tilkynntu mánuði síðar eða svo að þau tækju sér viðbótarfrest sem getur verið allt að þrír mánuðir, þ.e. fram á mitt sumar, til að skoða hvort þessi tiltekni samruni nái fram að ganga. Eðli málsins samkvæmt mun ekki fyrst og fremst fjölmiðlahlutinn á rekstrinum vera til skoðunar, heldur samspil fjölmiðlanna við fyrirferðarmikil fyrirtæki í viðskiptum í eigu sömu aðila, þ.e. fyrirtæki eins og verslunarsvið Tæknivals, Hagkaup, Skífuna og BT. En þessi samruni er til skoðunar. Þess vegna eiga menn ekki að gefa sér að niðurstaðan liggi fyrir um að menn séu að takast á við þá fjölmiðlasamsteypu sem hér er undirliggjandi, þ.e. Norðurljós í heilu lagi. Að vísu getur vel farið svo, eins og ég segi, að niðurstaðan hafi ekki áhrif á sameiningu fjölmiðlahluta starfseminnar en þó er þarna stutt yfir í aðila sem menn gætu talið að þyrfti að skoða hvort heppilegt væri að tengdust svona sterku markaðsráðandi fjölmiðlafyrirtæki, þ.e. aðila sem eru áhrifamiklir á auglýsingamarkaði. Menn verða að huga að því þegar hér er rætt um fjölmiðlana að viðskiptalegi þátturinn kemur þar inn í líka, að áhrifamiklir aðilar í viðskiptalífinu, t.d. í smásöluverslun, eru meðal stærstu auglýsenda í landinu. Þar með eru þeir einn helsti tekjugjafi fjölmiðlafyrirtækjanna sem lifa að verulegu leyti á því að selja auglýsingar eins og kunnugt er.

Í skýrslunni er ágætlega farið yfir alþjóðareglur og skuldbindingar í þessum efnum og þar er minnt á Evrópuráðssamþykktir, talað um mannréttindasáttmála Evrópu og dómavenjur Evrópudómstólsins. Ég tel tímabært, og þótt fyrr hefði verið, að menn taki þá hluti hér til umfjöllunar og umræðu á Íslandi. Það má segja að þetta sé nokkuð síðbúin uppgötvun þar sem seinni ályktun eða samþykkt Evrópuráðsins er frá 1999. Reyndar birti Morgunblaðið í dag umfjöllun um umfjöllun Evrópusambandsins eða Evrópuþingsins um málið í síðustu viku. Það er alveg ljóst hver tónninn er í allri þessari umfjöllun og hvað menn eru að reyna að gera með þessum tilskipunum, þ.e. að tryggja þessi mikilvægu grundvallarmarkmið um sjálfstæða, fjölbreytta og hlutlæga fjölmiðlun.

Um það getur ekki verið ágreiningur, herra forseti, að það sé æskilegt. Ég trúi ekki að um það sé neinn ágreiningur í þessum sal. Ágreiningurinn getur aðeins verið um leiðir, hvaða leiðir séu þá bestar og færastar að því marki.

Dugar hin almenna samkeppnislöggjöf? Duga núgildandi útvarpslög eða önnur möguleg ákvæði sem þarna gætu átt við eða verðum við að fara þá leið, þótt ekki væri nema til öryggis, ekki endilega vegna núverandi ástands, heldur vegna framtíðarinnar, að setja ákveðnar leikreglur, ákveðinn ramma, með sérákvæðum? Það er sú leið sem víðast hvar hefur verið farin og ég hallast að því að við eigum ekki annan kost. Þær reglur verður þó að setja með hliðsjón af íslenskum aðstæðum, smæð markaðarins og því hvað er raunhæft að ætla að hér verði mörg burðug fyrirtæki á þessu sviði, þ.e. í fjölmiðlun. Skýrslan er ágæt hvað það varðar. Í skýrslunni eru rækilega slegnir þeir fyrirvarar að menn geti ekki endilega reiknað með að viðmiðanir frá milljónaþjóðum eða milljónatugaþjóðum gildi hér. Ég held t.d. að þær takmarkanir sem eru í bæði Þýskalandi og Frakklandi, jafnvel í Bretlandi, séu óraunhæfar á Íslandi. Það þýðir ekkert að tala um það hér að hvert og eitt fyrirtæki megi aldrei hafa meira en 20, 25, 30% markaðshlutdeild, það er óraunhæft. Það þýðir samt ekki að við getum ekki sett einhverjar reglur. Það þýðir ekki að við látum óbreytt ástand haldast sem þýðir, eins og a.m.k. hefur verið nefnt af einum manni hér fyrr í umræðunni, að fyrirtækið Árvakur gæti á morgun keypt Norðurljós. Það er engin trygging fyrir því, að óbreyttum lögum, að það yrði stöðvað. (Gripið fram í.) Einasta vonin væri að Samkeppnisstofnun treysti sér til þess að stoppa það á almennum samkeppnisforsendum, ekki vegna fjölmiðlahlutverksins sem slíks enda er ekki hlutverk Samkeppnisstofnunar að meta þá hluti.

Ég tel margt í þessari skýrslu góðra gjalda vert og ég ætla áfram að halda mig við efni hennar.

Ég fagna því að Ríkisútvarpið er þar nefnt og hið mikilvæga hlutverk þess. Það er orðin ánægjuleg viðhorfsbreyting fyrir ótrúlegustu menn sem tala nú máli Ríkisútvarpsins, halda fram mikilvægi þess og verja jafnvel afnotagjöldin í leiðinni.

Ég held að þær leiðir sem nefndar eru í skýrslunni til að hindra óhæfilega samþjöppun komi margar til greina, þar á meðal sumar sem nefndar eru í frv. ríkisstjórnarinnar, en þær einar og sér eru ekki endilega nein lausn og sumpart gætu þær mistekist. Þær gætu gert það, ég tala nú ekki um ef óhönduglega er staðið að setningu þeirra.

Ég sakna í frv., svo ég aðeins leyfi mér að nefna það, þess að meiri áhersla sé þar lögð á gagnsæi eignarhalds í fjölmiðlun. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Ég held að aðlögunin að þeim nýju leikreglum sem við setjum verði auðvitað líka að standast allar kröfur, meðalhófsregluna, sanngirnisreglur. Menn verða að fá eðlilegan afskriftatíma eða fyrningartíma þeirra fjárfestinga sem þeir hafa nýlega ráðist í en það þýðir ekki að við getum ekki gert breytingar. Það þýðir ekki að menn geti ekki, þegar þeir hafa haft eðlilega aðlögun að því, orðið að sæta þeim, taka þær á sig. Ég tek ekkert mark á því að það sé engin leið að ná fjármagni inn í fjölmiðlun á Íslandi nema sækja það í vasa eins tiltekins markaðsráðandi fyrirtækis. Ég held að það hljóti að mega setja hér almennar

og skýrar leikreglur sem eru þannig úr garði gerðar að það er eftir sem áður fýsilegt og áhugavert fyrir þá sem hafa áhuga á og vilja spreyta sig í fjölmiðlarekstri að gera það. Auðvitað eru víða í viðskiptalífi okkar slíkar sérreglur.

Eitt er víst og það er, herra forseti, að þetta mál verðskuldar að það verði skoðað af yfirvegun, málefnalega. Ég hafna því algjörlega og við gerum það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að ræða þetta mál út frá því að við séum með eða á móti einhverjum í liði í þessu máli. Þetta mál verðskuldar ekki slíka umfjöllun. Menn eiga ekki að hrökkva ofan í skotgrafir vegna einhverra tímabundinna ástæðna eða vegna þess að þeim líki ekki aðdragandinn að því hvernig málin komu hér inn á þingið, þótt gagnrýnisverður sé. Það er ljóður á málinu en það gerir það ekki að verkum að menn eigi að hafna því að takast á við að ræða það málefnalega. Nú er svo komið að þetta mál er á forræði Alþingis með því að frv. hefur verið lagt hér fram og skýrslan er komin hingað til umfjöllunar. Auðvitað á Alþingi að taka sér þann tíma sem það þarf til að skoða málið og hafa um það víðtækt samráð við þá sem við eiga að búa og reyna að ná sem víðtækastri sátt um aðgerðir á þessu sviði sem ég spái að fyrr eða síðar muni líta dagsins ljós, ekki þó endilega vegna núverandi ástands. Ég er ekki í þeim hópi sem heldur því fram að í dag eigi sér stað einhver stórfelld misnotkun. Við ætlum hins vegar að fyrirbyggja að ástandið verði þannig eftir fimm eða tíu ár að við eigum þá einhverja íslenska Berlusconi-menn eða aðra slíka sem kannski réðu lögum og lofum í fjölmiðluninni í landinu og sætu líka á þingi.

[Fundarhlé. — 16:55]

[18:01]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Grundvöllurinn að þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni sem verið er að fjalla um er stefnumörkun Evrópuráðsins, en í henni er lögð áhersla á mikilvægi þess að ríkið viðhaldi almenningsútvarpi eða ríkisútvarpi, að ríkið skapi slíkum fyrirtækjum fjárhagslegan grundvöll, að ríkið skapi starfsfólki þeirra faglegt sjálfstæði og að það skapi stofnuninni tækifæri og svigrúm til að þróast og til að nýta sér þær nýjungar og þá möguleika sem felast í bættri og nýrri fjarskipta- og útvarpstækni.

Eitt af umfjöllunarefnum skýrsluhöfunda er staða ríkissjónvarpsins. Með því að styrkja og tryggja stöðu þess til frambúðar væri farin sú leið sem í raun gengur skemmst af þeim sem sagt er frá í skýrslunni að komi til greina í því skyni að ná því markmiði sem að er stefnt, sem er fjölbreytilegt fjölmiðlaumhverfi sem tryggi menningarlega og pólitíska fjölbreytni í fjölmiðlaumhverfinu. Sú leið felur ekki í sér neitt beint inngrip í umhverfi einkarekinna fjölmiðla. Sú leið samræmist þar með meginreglum um frelsi markaðarins að öðru leyti en því að almenningsútvarp yrði tryggður hluti markaðarins en einkaaðilar skiptu honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni. Þá stefnumörkun getum við gert að okkar að mestu án breytinga á gildandi lögum.

Mig langar í þessu samhengi að fagna sérstaklega minnisblaði því sem menntmrh. kynnti ríkisstjórn með skýrslunni. Þar kemur fram að staða Ríkisútvarpsins verði tekin sérstaklega til skoðunar á grundvelli skýrslu nefndarinnar með það að markmiði að tryggja Ríkisútvarpinu trausta stöðu til framtíðar á markaði, bæði fyrir útvarp og sjónvarp. Í því sambandi tel ég mesta þörf á aðgerðum sem beinast að því m.a. að ríkið skilgreini leiðir til að tryggja viðeigandi og örugga fjármögnun Ríkisútvarpsins til frambúðar líkt og vísað er til í skýrslunni. Yfirlýsingar hæstv. forsrh., utanrrh. og menntmrh. um að rétt sé að afnema afnotagjöld og huga að nýjum leiðum til að tryggja stofnuninni rekstrarfé gefa okkur sem erum stuðningsmenn Ríkisútvarps og -sjónvarps tilefni til bjartsýni á að þess sé skammt að bíða að fundin verði leið til að binda enda á langvarandi rekstrarvanda Ríkisútvarpsins, vanda sem nauðsynlegt er að viðurkenna og vanda sem Alþingi verður fyrir sitt leyti að axla ábyrgðina á.

Í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að bregðast við þeirri niðurstöðu í skýrslu nefndarinnar að á íslenska ríkinu hvíli þjóðréttarleg skuldbinding til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum og hefur lagt fram frv. í því skyni að uppfylla þá skuldbindingu vil ég árétta, frú forseti, að um leið og sú löggjöf verður að veruleika, hvernig sem fer með hugsanlegar breytingar á frv., og farið verður að huga að möguleikum á því að treysta fjárhagslegan og faglegan grundvöll Ríkisútvarpsins er rétt að kannað verði gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að stíga skref í þá átt að draga Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði. Ég tel að rétt sé að huga að þeirri leið í samkeppni við óhjákvæmilegar aðgerðir til að sporna gegn samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaðnum.

Það markmið sem stefnt er að með frv. er fjölbreytni. Til þess að ná þeirri fjölbreytni er nauðsynlegt að hlutast til um málefni fjölmiðla á einkamarkaði og setja þeim að nokkru leyti þrengri skorður en þeir búa við nú. En um leið er lýst yfir að litið sé svo á til frambúðar að ákveðin sneið af fjölmiðlamarkaði í landinu hafi verið tekin frá fyrir rekstur Ríkisútvarps, enda lýtur rekstur þeirrar stofnunar að einverju leyti að öðrum lögmálum en annar fjölmiðlarekstur í landinu eins og ég hef rakið og á sér m.a. sérstök lýðræðisleg markmið auk þeirra menningarlegu markmiða sem Ríkisútvarpinu er ætlað að stefna að og því hlutverki sem því er ætlað að sinna.

Ég tel þess vegna rétt að við aðgerðir til þess að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins til frambúðar verði leitað leiða til þess að milda eða draga úr áhrifum þess óhjákvæmilega inngrips í rekstrarumhverfi fjölmiðla sem mun leiða af lagasetningu um þau atriði sem lúta að eignarhaldi með því að stefna að því að draga Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði, eða a.m.k. að takmarka hlutverk Ríkisútvarpsins verulega á þeim markaði. Til þessa hefur verið Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verið m.a. Samtökum auglýsenda að skapi, einmitt vegna þeirrar stöðu sem leiðir af samþjöppun í eignarhaldi miðlanna og þeirra yfirburða sem sú staða hefur fært eigendum þeirra miðla á borð við þann sem mest er ræddur í umræðunni og eru Norðurljós, en yfirburðarstaða þeirra hefur falist í því að þeir hafa náð hagstæðari samningum um auglýsingaverð en keppninautar þeirra á ýmsum markaði og hagstæðari samningum en aðrir hafa getað vænst í samningum við þá fjölmiðla.

Við núverandi aðstæður er nærvera Ríkisútvarpsins og styrkleiki á auglýsingamarkaði til þess fallinn að tryggja heilbrigða viðskiptahætti og nærvera Ríkisútvarpsins og ríkissjónvarpsins er til þess fallin að vinna gegn verðhækkun til almennra fyrirtækja og jafnframt vinna gegn vildarboðum til þeirra fyrirtækja sem vegna eignatengsla njóta betri samningsstöðu en aðrir viðskiptavinir. Ég lít svo á að í kjölfar lagasetningar sem er ætlað að vinna gegn því að eigendur miðla geti misnotað ítök sín í þeim tilgangi að tryggja sér yfirburðarstöðu umfram keppinauta á auglýsingamarkaði tel

ég að önnur sjónarmið eigi við um veru Ríkisútvarpsins á þeim markaði og vil velta því upp að kannaðir verði möguleikar á að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins á annan hátt að fullu eða öllu með nefskatti, en að við látum til framtíðar einkareknu miðlunum auglýsingamarkaðinn eftir.

Annað sem ég vil nefna í umræðunni, frú forseti, er tillaga nefndarinnar um að sett verði lög um prentrétt, sett verði í þau ákvæði sem skylda fyrirtæki í dagblaðaútgáfu til þess að setja sér innri reglur sem miði að því að tryggja sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum og enn fremur reglur um stöðu blaðamanna gagnvart ritstjórninni. Sambærileg ákvæði verði svo jafnframt sett í útvarpslög sem miði að því að tryggja sjálfstæði frétta- og dagskrárgerðarmanna gagnvart eigendum fyrirtækja í útvarpsrekstri. Enn fremur verði gert ráð fyrir að menntmrh. semji leiðbeiningarreglur sem að þessu lúta og að menntmrh. staðfesti jafnvel reglur sem fjölmiðlafyrirtæki vilja setja sér.

Ég styð þá tillögu og fagna því að í minnisblaði frá menntmrh. sem ég nefndi áðan og fylgdi skýrslunni er þetta tekið fram sem ein leiðin sem rétt sé að könnuð verði í framhaldi af lagasetningunni. Þó vissulega séu ákveðnir örðugleikar á því að framfylgja slíkum reglum, eins og líka er bent á í skýrslunni sem hér um ræðir, er mögulegt að reglurnar geti verið blaðamönnum og ritstjórum nokkur vernd gagnvart afskiptum og aðgerðum eiganda vegna umfjöllunar þeirra fyrrnefndu um almenn málefni sem eigendur telja hugsanlega andstæða viðskiptalegum hagsmunum sínum.

Ég tel að þetta sé afar mikilvægt og undirstrika að sjálfstæð, fagleg og óháð fjölmiðlun, eins og margoft hefur komið fram og verið haldið fram af mörgum í umræðunni í dag, er mikilvægur grundvallarþáttur í sérhverju lýðræðisríki. Þetta er ein af þeim leiðum sem Evrópuráðið mælir með að séu skoðaðar til að tryggja fjölbreytnina sem við erum öll að sækjast eftir og viljum styðja. Ég tel augljóst, frú forseti, að slík löggjöf þurfi ekki aðeins að tryggja sjálfstæði starfsfólks fjölmiðla á einkareknu miðlunum, heldur einnig og ekki síður sjálfstæði starfsfólks almenningsútvarpsins, Ríkisútvarpsins, sem hefur sérstakar lögbundnar skyldur við almenning í landinu.

Mig langar að enda mál mitt á því, frú forseti, að ræða þá menningarlegu fjölbreytni sem svo oft hefur borið á góma í umræðunum í dag. Ljóst er að í frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram er fyrst og fremst lögð áhersla á fjölbreytni á eignarhaldi. Aðrir hafa dregið upp einhverja aðra hugmynd að þeirri fjölbreytni í dag. Mig minnir að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hafi talað um fjölbreytni í umfjöllun og aðrir hafa talað um fjölbreytni í framboði efnis í fjölmiðlunum, að við eigum fyrst og fremst að standa vörð um það.

Það sem mig langaði að koma að er að sú fjölbreytni sem ætlunin er að ná fram með frv. er í rauninni fjölbreytni sem er ætlað að vera grundvöllur undir ákveðið traust í samfélaginu, ákveðið traust sem almenningur á að geta borið til fjölmiðlanna og umfjöllunar þeirra um hvers konar fréttir. Að mínu mati snýst þetta ekki um að við sýnum fram á einhverja misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja sem eru stærst á markaðnum, heldur byggir þetta fyrst og fremst á svipuðum sjónarmiðum og eiga við um hæfi eða réttara sagt um vanhæfi, hvort sem er í stjórnsýslunni eða hjá dómstólunum. Að mínu mati er þetta spurningin um hvað almenningur megi treysta, að aðstæður eða eignarhald sé ekki með þeim hætti að það þurfi að óttast um óvilhalla umfjöllun.

Ég er sammála því sem hefur oft komið fram í umræðunni, að nauðsynlegt sé að allir neytendur viti hverjir eigi fjölmiðlana og að upplýsingar um það hverjir eigi fjölmiðlana séu opinberar og aðgengilegar. Ég held þó sannast sagna að almenningur hafi annað og þarfara að gera og sinna frá degi til dags en að velta sér upp úr því. Þess vegna legg ég áherslu á að þetta sé ekki spurningin um að það þurfi að sýna fram á að menn ætli sér eitthvað misjafnt, heldur er þetta spurningin um traust almennings og að almenningur geti þokkalega treyst því, auk þess að vita hverjir eiga fjölmiðlana, að umfjöllun þeirra sé óvilhöll. Að því leyti held ég að vert sé að horfa til sömu sjónarmiða og menn horfa til þegar verið er að ræða hæfis- og vanhæfisreglur. Það þarf ekki endilega að sýna fram á vanhæfi, en aðstæður mega ekki vera þannig að það hvarfli að fólki að það séu einhverjar annarlegar skoðanir eða ástæður að baki.

[18:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Mér heyrðist hv. þm. vera að tala úr allt öðrum aðstæðum en nú eru uppi og um allt annað frv. en hér liggur frammi. Það verður að vera svo, enda hygg ég að hv. þm. sé óvenjulítið sammála frv. af hálfu stjórnarflokkanna.

Að gefnu tilefni langar mig að spyrja hvort hv. síðasti ræðumaður hafi staðfest dæmi um það sem hún hélt fram úr ræðustólnum að Baugsfyrirtækin hefðu hagstæðari auglýsingasamninga við miðla Norðurljósa en önnur fyrirtæki? Menn verða að finna orðum sínum stað, líka úr þessum stóli. Það er hættan við þetta. Þess vegna er hin spurningin sú: Bíddu nú við. Það kann að vera að frv. útiloki þessa stöðu í eignatengslum. En hvað í því frv. sem ríkisstjórnin hefur sameinast um útilokar áhrif auglýsenda á ritstjórn að öðru leyti? Vegna þess að auglýsendur þurfa ekki að vera eigendur fyrirtækis til þess að geta haft á það mikil áhrif eins og allir kunna dæmi um sem hafa starfað í fjölmiðlum.

[18:14]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Mörður Árnason hafði orð á því að rætt væri um eitthvað allt annað frv. en hér er til umræðu. Ég vil því árétta við hv. þm. að við erum alls ekkert að ræða neitt frv., við erum fyrst og fremst að ræða þá skýrslu sem hæstv. menntmrh. opnaði umræðu á í dag þannig að því sé haldið til haga.

Ég hélt því heldur ekki fram að Baugur eða Norðurljós væru að nýta sér stöðu sína. En þegar maður spyr að því hvaða hag markaðsráðandi fyrirtæki eins og Baugur hafi af því að standa í að reka sjónvarp, útvarp, dagblöð og Norðurljós er eitt af því sem hefur verið tínt til að hagræðið sem hlytist af því væri m.a. ódýrari eða hagkvæmari samningar um auglýsingar.

[18:15]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef kannski tekið rangt eftir en mér heyrðist — og spyr um það — hv. þingmaður halda því fram að Baugur hefði betri auglýsingasamninga við þessa miðla í sinni eigin eigu en önnur fyrirtæki. Ef það var ekki biðst ég afsökunar, við skulum bara skoða í þingtíðindum hvað sagt var um það.

Ég spurði líka hvað í frv. — sem er vissulega hér til umræðu, það er ekkert annað sem við erum að ræða hér vegna þess að það er frv. sem á að pína í gegn og það er ekki óskað eftir neinni annarri umræðu hér í þinginu og í samfélaginu en um þetta frv., og henni einungis til að afgreiða það — kemur í veg fyrir eða hamlar gegn beinum áhrifum auglýsenda á

efni blaðsins, á ritstjórnarstefnu þess. Það er sú spurning sem ég bið hv. þingmann líka að svara hér.

[18:16]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Enn og aftur, hv. þingmaður, við erum að ræða hér þessa skýrslu sem hæstv. menntmrh. mælti fyrir í byrjun dags. Við erum ekki að ræða efni frv. Það er búið að dreifa því og umræðan um það verður tekin í annan tíma þannig að ég haldi því til haga.

Að öðru leyti skil ég ekki spurningu hv. þm. og mér finnst verst að hann á ekki kost á öðru andsvari til að árétta hana. Það er samt sjálfsagt síðar í umræðunni í dag að skýra eitthvað sem hv. þingmanni fannst ekki skýrt í ræðu minni.

[18:16]

Forseti (Þuríður Backman):

Svo að öllu sé haldið til haga og andsvör beinist í réttan farveg vill forseti taka fram að við erum hér að ræða um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, munnlega skýrslu menntmrh. Hún er til grundvallar.

[18:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þingmanns skar sig frá öðrum ræðum stjórnarliða að því leyti til að hún gerði heiðarlega tilraun til þess að nálgast þau vandamál sem hugsanlega kynnu að fylgja aukinni samþjöppun á fjölmiðlamarkaði.

Það var tvennt sem kom fram í máli hv. þingmanns sem mér finnst rétt að lyfta. Hv. þm. sagði að hún teldi að það ætti að setja sérstakar reglur til þess að vernda starfsfrelsi, annars vegar ritstjórna gagnvart eigendum sínum og hins vegar blaðamanna gagnvart ritstjórum sínum. Ég er algjörlega sammála þessu.

Sömuleiðis sagði hv. þm. að hún teldi að það ætti að setja lög um gagnsæi í eignarhaldi. Ég er sömuleiðis algjörlega sammála því.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hið fyrra, þ.e. lögin um vernd starfsfrelsis blaðamanna og ritstjórna, dygðu ekki til þess að ná öllum þeim markmiðum sem hv. þm. var að lýsa hér, m.a. að ekki léki grunur á misnotkun og sömuleiðis um óhæfi þessara starfshópa gagnvart eigendunum.

[18:18]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þeirri skýrslu sem er hér til umræðu er bent á fjölmargar leiðir. Sýnt er fram á ýmsa möguleika sem eiga að vera til þess að tryggja þá menningarlegu fjölbreytni sem er stóra markmiðið, sem og lýðræðislega umræðu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr varðandi það að tryggja sjálfstæði fjölmiðlamanna og sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum o.s.frv. hvort ég telji það nægjanlegt. Ég tel það ekki nægjanlegt í sjálfu sér en ég hef tekið undir ágætisþingmál frá Samf. sem miðar að þessu. Ég held að hvort tveggja þurfi að koma til, að annað komi ekki í staðinn fyrir hitt.

Menn hafa gagnrýnt hér að þrátt fyrir ýmsar ábendingar í skýrslunni eigi að presentera frv. sem sé eingöngu miðað við það að setja lög sem takmarki eignarhaldið á fjölmiðlunum. Það er ekkert sem útilokar, ef við lesum skýrsluna, að einhverjar aðrar aðgerðir komi í framhaldinu.

[18:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Að mörgu leyti liggur ágreiningur minn og Samf. við stjórnarliðið í þessu tiltekna máli um þann skurðpunkt. Ég get deilt áhyggjunum sem hv. þm. hafði af vissri þróun sem hún lýsti að gæti átt sér stað á þessum markaði. Eins og ég sagði kom í fyrsta skipti hingað upp þingmaður stjórnarliðsins og benti á vandkvæðin og neikvæðar afleiðingar sem af því kynnu að hljótast.

Ágreiningur minn við hv. þingmann liggur í því að ég tel að ef skörp lög yrðu sett eða reglur sem tryggðu starfsfrelsi blaðamanna gagnvart yfirmönnum sínum og ritstjórnarskrifstofa gagnvart eigendum sínum mundum við ná því markmiði að ýta frá því vandamáli sem hún lýsti að ýmsu leyti ágætlega í sinni fyrstu ræðu.

Ég er reiðubúinn til þess að skoða hvort ég hafi rangt fyrir mér en enn hafa engin gild rök komið fram um það.

[18:20]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Vandamál mitt í umræðunni í dag, sem ég hef fylgst grannt með og hlustað á af athygli, hefur fyrst og fremst verið það að ég hef alls ekkert áttað mig á því hvað Samf. vill. Mér hefur fundist Samf. leggja megináherslu á aðdraganda þessa máls. Hann er ekki meginefnið. Mér hefur líka fundist ég heyra þau sjónarmið að það eigi aldrei að setja lög nema það þurfi að slökkva einhverja elda, einhver hætta vofi yfir.

Hið eina sem ég veit um stefnu Samf. í þessu máli og áherslur eru þær sem felast í þessu ágæta þingmáli sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér áðan, og ég tók líka undir. Ég tel að reglur sem eru til þess fallnar að styðja sjálfstæði fjölmiðlamanna gagnvart eigendum og ritstjórn, og ritstjórna gagnvart eigendum, séu þess verðar að huga að því að setja þær jafnhliða því að setja lög um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlunum.

[18:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í ágætri ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz að hún lagði mikla áherslu á Ríkisútvarpið og stöðu þess á markaðnum, hvað hún væri mikilvæg. Mig langar til að spyrja hv. þingmann nánar um það vegna þess að í skýrslunni sem við erum að tala um er fyrsta tillaga nefndarinnar sú að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins ...“

Síðan í framhaldi af því:

„Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins ...“

Ég hef ekki tíma til að lesa meira en ég spyr hv. þingmann: Finnst henni ekki koma til greina að fara þessa leið eina?

[18:23]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli mínu fyrr í andsvari við annan hv. þm. að ég tel nauðsynlegt að setja einhverjar reglur sem takmarki eignarhald á fjölmiðlunum. Hvort sem

niðurstaðan verður sú að frv. sem hér hefur verið dreift fari í gegn breytt eða óbreytt tel ég það vera nauðsynlegt.

Hins vegar vil ég horfast í augu við það að við þurfum líka að styrkja ríkissjónvarpið, ekki þannig að við takmörkum svigrúm einkareknu fjölmiðlanna, heldur með því að standa vörð um Ríkisútvarpið og styðja það faglega og fjárhagslega.

Menn hafa í þessari umræðu rætt um hvort hætta beri að beita afnotagjöldunum. Menn hafa rætt um að taka upp einhvern nefskatt. Ég er líka sammála því. En við þurfum að gera hvort tveggja, við þurfum að styrkja ríkissjónvarpið og Ríkisútvarpið en við þurfum þá líka hugsanlega að tryggja að það sé rekstrargrunnur fyrir þessar einkareknu sjónvarps- og útvarpsstöðvar til að einhver samkeppni sé á þessum markaði.

Það er ekki annaðhvort eða, hv. þingmaður.

[18:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á maður að skilja það svo að það hafi ekki einu sinni komið til alvöruumræðu í þingflokki Framsfl. að skoða þessa fyrstu tillögu nefndarinnar sem byggist á því sem ég nefndi áðan, að styrkja fyrst og fremst Ríkisútvarpið og að sú leið gæti meira að segja dugað ein, eins og orðað er í skýrslunni? Þá verð ég að viðurkenna að mér finnst að menn hafi kastað til höndunum í þingflokki Framsfl. ef þessi tillaga, sem er þarna númer eitt færð fram af hálfu nefndarinnar, hefur ekki verið tekin til neinnar alvöruumræðu.

Það hefur líklega sannast í umræðunni í dag, úr því að frv. er tilbúið og á að leggja það fram eins og það liggur fyrir og hefur komið fram í Mogganum — ég hef nú ekki séð það annars staðar — að menn hafa ekki tekið þessa skýrslu til neinnar alvöruumræðu í þingflokkunum.

[18:25]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Ég vil kannski byrja á því, frú forseti, að vekja athygli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar á því að það er búið að dreifa bæði frv. og þessari ágætu skýrslu hérna með þannig að við þurfum ekki að leita að því neins staðar annars staðar.

Í þingflokki Framsfl. og meðal framsóknarmanna var skýrslan mikið rædd og ýmsir möguleikar sem voru þar fyrir hendi. Þó að menn féllust á frv. og væru sáttir við að það væri lagt fram, um að takmarka eignarhaldið, hafa menn ekki útilokað neinar aðrar leiðir.

Nei, ég tel ekki, hv. þingmaður, að það dugi eitt og sér að styrkja Ríkisútvarpið samkvæmt tillögunni. Hún er ein af þeim tillögum sem nefndin leggur fram í sinni ágætu skýrslu. Ég held að meira þurfi að koma til eins og ég sagði áðan. Ég held að líka þurfi að huga að því hver rekstrargrundvöllur þessara einkareknu sjónvarpsstöðva er vegna þess að þær tala sjálfar um að með þessu inngripi veiki það rekstrargrunn þeirra. Mér er umhugað um að hafa fjölbreytnina áfram, að það sé fjölbreytni á þessum einkamarkaði og að það sé samkeppni milli þeirra aðila sem þar eru.

[18:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þingmanns og það eru tvö atriði sem mig langar til að spyrja hana um. Þær spurningar lúta að Ríkisútvarpinu og því sem hún sagði um nauðsyn þess að styrkja það.

Má ég skilja það sem svo að það sé núna stefna Framsfl. að leggja beri af afnotagjöld Ríkisútvarpsins? Ef svo er, hvernig stendur á því að um leið er lýst stuðningi við það sem nefndin segir í skýrslunni? Ég vitna til bls. 52 þar sem nefndin segir að réttur til innheimtu afnotagjalda styrki mjög stöðu Ríkisútvarpsins og sjálfstæði þess. Mér finnst stefna Framsfl. í málefnum afnotagjaldanna núna bæði vera ný og mér finnst hún stríða gegn því sem nefndin segir.

Í annan stað vil ég fá að vita varðandi það sem hv. þm. sagði um að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði hvort hv. þm. talar fyrir hönd Framsfl. Það sjónarmið stríðir gegn vilja auglýsenda sem hafa þá sýn og þá stefnu að þeir vilji fá að auglýsa í þeim miðli sem hefur mesta útbreiðslu, sem sagt Ríkisútvarpinu.

[18:28]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi vilja auglýsenda kom ég inn á það í ræðu minni áðan að þeir eru hlynntir því að Ríkisútvarpið sé á auglýsingamarkaði. Það skapar samkeppni við þann markaðsráðandi aðila sem ræður hinum stöðvunum. Þess vegna eru þeir hlynntir því. Að breyttum lögum, með því að takmarka eignarhaldið, sagði ég í ræðu minni að væru komnar forsendur fyrir því að taka Ríkisútvarpið inn á, enda skapaði dreift eignarhald á einkareknu fjölmiðlunum samkeppni á milli þeirra. Með þeim rökum tel ég að í kjölfar þess að frv. verði að lögum, ef svo fer, og við takmörkum eignarhaldið getum við hugsanlega skapað þær aðstæður að það verði samkeppni á milli einkarekinna fjölmiðla en ekki þessi markaðsráðandi staða sem núna er.

Hvað afnotagjöldin varðar er það ekki sami hluturinn að afnema afnotagjöldin og ætla að veikja fjárhagslegan grundvöll Ríkisútvarpsins. Það má styrkja Ríkisútvarpið fjárhagslega og faglega eftir öðrum fjármögnunarleiðum.

[18:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst hv. þingmaður tala hér á nýjum nótum hvað varðar Framsfl. Mér finnst Framsfl. ekki hafa sýnt okkur sem erum að reyna að hlýða á og átta okkur á stefnunni að hann sé þess fullviss að hægt sé að styrkja Ríkisútvarpið með því að leggja niður afnotagjöldin. Það annað fyrirkomulag á stuðningi við Ríkisútvarpið sem kæmi til greina væri þá eflaust stuðningur í gegnum fjárlög eða nefskattur sem afnotagjöldin eru í raun og veru í dag.

Ég vil fá að heyra aðeins, af því að hv. þm. svaraði því ekki, hvort þetta sé ný stefna Framsfl., hversu ígrunduð hún sé og hvernig þau vilji þá sjá stöðu Ríkisútvarpsins styrkta.

Á hinn bóginn vil ég segja varðandi auglýsingarnar og möguleika Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði að ég lít á auglýsingar sem hluta af þjónustu við almenning í landinu og er þess vegna ósátt við að Framsfl. skuli ætla að leggja því lið að þeirri þjónustu sem Ríkisútvarpið hefur sinnt verði hætt.

[18:30]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Til að halda því til haga velti ég því upp að við þyrftum að skoða aðstæður í breyttu umhverfi eftir að frv. yrði að lögum, og eitt af því sem við þyrftum að skoða væri hvaða áhrif það hefði á rekstrargrunn einkareknu miðlanna. Ég var ekki að kynna stefnu Framsfl. Þetta voru hugleiðingar mínar um hvað breytt umhverfi á þessu sviði gæti m.a. leitt af sér.

Hvað afnotagjöldin varðar er ég annarrar skoðunar, frú forseti, en hv. þm. Ég tel ekki að sterkt ríkisútvarp standi og falli með einhverju sem heitir afnotagjald á sama hátt og mér hafa fundist deilur um rekstrarform Ríkisútvarpsins

eins konar deilur um keisarans skegg. Rekstrarformið skiptir litlu til eða frá. Fjármagna má á sama hátt af myndarskap ríkisútvarp/sjónvarp með einhverju sem heitir nefskattur alveg eins og með afnotagjöldum, og nefskattur hefur þann kost umfram afnotagjöldin að hann er á hvern haus. (Forseti hringir.) En nú vitum við að hægt er að fylgjast með sjónvarpi á öðrum miðlum (Forseti hringir.) þannig að afnotagjöldin eru barn síns tíma.

[18:32]

Útbýting þingskjala:

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 855. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1518.

Nýting mannvirkja á Keflavíkurflugvelli til iðnaðar, 975. mál, fsp. GÖrl, þskj. 1526.

[18:32]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að flytja Alþingi þessa skýrslu og hafa frumkvæði að því að þessar umræður fari hér fram í dag. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt og í samræmi við þau vinnubrögð sem stunduð hafa verið í málinu að ræða kosti og galla þess viðfangsefnis sem við stöndum frammi fyrir. Eins og aðrir þingmenn vil ég líka þakka nefndinni sem vann skýrsluna fyrir mjög vel unnið starf og þær upplýsingar sem hér hefur verið safnað saman. Ég tel í raun og veru að skýrslan og allt það starf marki ákveðin þáttaskil í umræðum um fjölmiðla hér á landi og sé bautasteinn á leið okkar til að efla lýðræði og betri stjórnarhætti en við höfum búið við á undanförnum árum þegar litið er til starfsemi fjölmiðlanna.

Ég vek sérstaklega athygli á því, með leyfi virðulegs forseta, sem segir á bls. 79 í hinni prentuðu skýrslu:

„Hafa ber í huga að hér hefur verið lýst stöðunni á íslenskum markaði eins og hún er þegar greinargerð þessi er rituð, og komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun. Er þá gengið út frá því, eins og rakið hefur verið, að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi sem vettvangur fyrir ólík viðhorf til stjórnmála og menningar í víðum skilningi, og sem vettvangur fyrir öflun upplýsinga og miðlun þeirra."

Síðan segir: „Af mannréttindasáttmála Evrópu, eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstól Evrópu, leiðir að tryggja ber fjölbreytni í fjölmiðlun."

Síðan segir á öðrum stað, með leyfi forseta:

„Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði, að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni.

Einkum á þetta við samþjöppun á markaði fyrir einkarekna fjölmiðla, enda hvíla á Ríkisútvarpinu víðtækar skyldur um fjölbreytni í framboði dagskrárefnis og framsetningu þess sem ekki eiga við um einkarekna fjölmiðla."

Ég tel, frú forseti, að þessi orð skýrsluhöfunda og þau markmið sem þeir setja sér með starfi sínu endurspeglist síðan í því frv. sem lagt er fram og menn hafa líka fyrir framan sig og tel að frv. taki einmitt mið af helstu ábendingum skýrsluhöfunda og sé í þeim anda sem skýrslan boðar. Auk þess hefur komið fram í umræðunum að menntmrh. hefur lagt fyrir ríkisstjórnina tillögu um framhaldsvinnu sem byggist á starfi nefndarinnar sem lýtur að öðrum þáttum en tekið er á í frv.

Ég vil einnig rifja upp, virðulegi forseti, hvernig tilurðin er þegar við skoðum skýrsluna að á Alþingi voru umræður hinn 19. nóv. sl. þegar Álfheiður Ingadóttir, sem þá sat á þingi fyrir Vinstri græna, beindi fyrirspurn til forsrh. um samþjöppun eigna og valds á því sviði þjóðfélagsins sem lýtur að fjölmiðlum og sagði að samþjöppunin gæti orðið lýðræðinu varasöm og sama þróun gæti í rauninni leitt til þess að allir fjölmiðlar í landinu fyrir utan Ríkisútvarpið kæmust á sömu hendur, enda hefði þessi umræða öll orðið til þess að mönnum væri nú ljósara en áður mikilvægi þess að hafa öflugt ríkisútvarp í landinu og það væri vel, að mati hennar. Hún spurði, með leyfi forseta, forsrh. tveggja spurninga:

„1. Hefur þróun mála á fjölmiðlamarkaði að undanförnu verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni?

2. Telur ráðherra koma til greina að sett verði lög til að hindra frekari samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggja betur en nú er gert að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og óháðir?"

Forsrh. svaraði fyrirspurninni og sagði, með leyfi forseta:

„Varðandi fyrirspurnina hvort þróun mála á fjölmiðlamarkaði að undanförnu hafi verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni, þá er því til að svara að það hefur borið á góma í ríkisstjórninni en ekki verið rætt með formlegum hætti svo það sé nefnt, og ég hygg að það sama sem eigi við um þingflokka stjórnarflokkanna."

Síðan segir forsrh., með leyfi forseta:

„Varðandi síðari spurninguna um það hvort ráðherra telji koma til greina að sett verði lög til að hindra frekari samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggja betur en nú er gert að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og óháðir, þá tel ég að það sé alls ekki hægt að útiloka það að til slíkrar lagasetningar komi og það mætti jafnvel færa fyrir því rök að í því fælist tómlæti af hálfu þingsins við núverandi aðstæður að láta ekki koma til athugunar a.m.k. slíka lagasetningu."

Ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, m.a. vegna umræðna sem orðið hafa um það hvort þeir sem hafa staðið að því að samþjappa valdi á fjölmiðlasviðinu á undanförnum mánuðum hafi gengið til þess í einhverju tómarúmi án vitundar um vilja og viðhorf stjórnvalda sem hafa komið fram í þinginu varðandi þau mál. Svo er alls ekki. Og það var ekki aðeins fyrirspyrjandi og forsrh. sem töluðu á þennan veg í umræðunum 19. nóv. sl. því Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna sagði, með leyfi forseta:

„Það er augljóst mál að samþjöppun í fjölmiðlaheiminum er sérlega varasöm. Fjölbreytni er nauðsynleg ... Það er sérstaklega varhugavert ef umsvifamiklir aðilar í viðskiptum, sem jafnvel starfa í fákeppnisumhverfi þar, gerast jafnframt fjölmiðlakóngar. Þá er stutt í hið rússneska ástand, íslenska „ólígarka", nýríka viðskiptajöfra sem eru jafnframt með fjölmiðla eða fjölmiðlakeðjur á sínum höndum til að reka áróður fyrir umsvifum og störfum sínum."

Þetta sagði formaður Vinstri grænna.

Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Samf., komst þannig að orði, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að vera hlutverk okkar á Alþingi að tryggja réttlátar og skýrar leikreglur hvað varðar fjölmiðla og fjölmiðlamarkaðinn rétt eins og aðra þætti. Það er okkar að móta leikreglurnar og hafa eftirlitið og annarra að vinna úr því. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða

fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum."

Þetta sagði formaður þingflokks Samf. í umræðunum 19. nóvember árið 2003.

Því kemur mér á óvart, virðulegi forseti, að heyra nú fulltrúa Samf. sem taka til máls um málið leggja áherslu á að Alþingi eigi að koma að því verki að setja lög um innri starfsemi fjölmiðlanna, lög sem lúta að því hvernig samskiptum er háttað innan ritstjórna fjölmiðlanna, á milli eigenda fjölmiðlanna, ritstjóra fjölmiðlanna og blaðamannanna sem starfa á fjölmiðlunum, og leggja áherslu á það í málflutningi sínum að þetta séu þau atriði sem líta eigi til og að við eigum alveg að sleppa því að líta á hina ytri umgjörð, sleppa því að velta fyrir okkur eignaraðildinni og hvernig henni er háttað á þessum markaði og strika yfir hættuna af samþjöppun á því sviði, sem stangast algjörlega á við það sem formaður þingflokksins sagði fyrr í vetur og stangast ekki síst á við það sem hv. formaður flokksins sagði í umræðum á Alþingi fyrir aðeins tveimur árum, 22. janúar árið 2002, þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Er ekki rétt munað hjá mér að helsti trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar, Hreinn Loftsson, formaður einkavæðingarnefndar, sé enn þá stjórnarformaður Baugs? Ef fortölur duga ekki til, herra forseti, þá er það skoðun okkar í Samfylkingunni að Samkeppnisstofnun eigi að fá í hendur þau tæki sem hún þarf til þess að skipa fyrir um breytingar, þar á meðal að skipta upp slíkum einokunarrisum ef hún telur þess þörf til þess að vernda hagsmuni neytenda."

Þetta sagði formaður Samf. 22. janúar árið 2002. (**ÖS:** ... landsfundi.) Ég ítreka að það er ekki maður úti í bæ sem talar svona, hann er hér í salnum og gerir hróp að mér fyrir að rifja upp þessi orð sín. En þetta sagði hann og þarna talaði hann um að það væri nauðsynlegt að brjóta upp slíka einokunarrisa og ef það væri ekki hægt á grundvelli núgildandi laga væri nauðsynlegt að Alþingi kæmi að og setti lög sem dygðu til þess.

Nú koma þessir ágætu samfylkingarmenn og tala á þann veg að það megi ekki en hins vegar eigi að setja löggjöf um innra starfið í fjölmiðlunum, löggjafinn eigi að hlutast til um það hvernig starfsháttum er háttað á ritstjórnum fjölmiðlanna til þess að setja þar fleyg á milli stjórnenda, eigenda og starfsmanna. Þeir hafa flutt þáltill. sem gengur út á það og er um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Og það á að taka þannig á málum samkvæmt þeirri tillögu að löggjafinn hlutist til um þetta.

Í umræðum sem fram fóru fyrr í dag þegar verið var að spyrja hæstv. menntmrh. var hins vegar spurt: Hvaðan eru fyrirmyndirnar? Hvaða fyrirmynd hefur menntmrh. haft frá öðrum löndum þegar hún samdi frv. og kemur með þær tillögur sem hér liggja fyrir? Hvert er leitað þegar menn koma með þær reglur sem talað er um að setja hér á grundvelli skýrslunnar? Menn töldu að það væri eitthvað sérkennilegt að smíðaðar væru séríslenskar reglur sem varða þetta svið. En í greinargerð þáltill. Samf. er kafli, herra forseti, sem heitir Íslenska hefðin og þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem lagaumhverfi er á hinn bóginn mjög breytilegt frá einu landi til annars er erfitt að finna rök fyrir frekari lagaskipan hér á landi með því að benda til útlanda. Rökin fyrir frekari takmörkunum í lögum um íslenska fjölmiðla verða því að spretta af íslenskum aðstæðum." — Stendur í þessari greinargerð frá Samf.

Síðan standa menn hér upp og fárast yfir því hvernig í ósköpunum hæstv. menntmrh. hafi dottið í hug að semja löggjöf um íslenska fjölmiðlun sem ekki á sér erlendar fyrirmyndir. (Gripið fram í.) Þetta eru spurningarnar sem hér hafa komið. Samf. vill að sett sé löggjöf um innra starf í fjölmiðlunum. Hún flytur tillögu um nauðsyn þess að gerðar séu lagabreytingar sem taki mið af íslenskum aðstæðum, en hún treystir sér ekki til að styðja frv. sem hér liggur fyrir og byggt er á þeirri greinargóðu skýrslu sem við erum öll sammála um að tekur á þessum málum af þeirri skynsemi sem þarf til að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Ég spyr mig þess vegna, virðulegi forseti, hvað það er sem vakir fyrir Samf. Hvers vegna bregst hún svona við? Hvaða hagsmunir eru það sem hún er að verja þegar hún talar á þennan veg? Sérstaklega líka þegar litið er til þess sem stendur í greinargerðinni sem ég vísaði til, með leyfi forseta:

„Hætta er á því að einokun eða fákeppni skaði hæfni fjölmiðlanna til að sinna hlutverki sínu og grafi undan gildi þeirra með því að þeir sinni öðru fremur hagsmunum eigenda sinna eða stjórnenda, m.a. í stjórnmálum og viðskiptum."

Þetta er ályktun í greinargerð Samf. Hér liggur fyrir skýrsla nefndar upp á tæplega 200 blaðsíður sem sýnir okkur fram á að full ástæða er til þess að hafa þær áhyggjur sem reifaðar eru í greinargerðinni og síðan þegar tillögur koma um það snýst Samf. gegn því. Hvaða hagsmuni er Samf. að verja með þessu? (Gripið fram í.) Ég er ekki í Samf., ég get ekki svarað því. Ég hef hins vegar lesið þau gögn sem þið hafið lagt fram. Ég hef lesið viðhorf formanns þingflokks Samf. og viðhorf formanns Samf. til þessara mála og ég spyr mig: Hvað er Samf. að verja með því að leggjast gegn því að sú hugmynd sem byggð er á tillögu og skýrslu þessarar ágætu nefndar nái fram að ganga?

[18:46]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög áhugavert að hlusta á hæstv. dómsmrh., fyrrv. ritstjóra Morgunblaðsins og einn af hluthöfum í Árvakri, tala um fjölbreytni í fjölmiðlum og að þá þyrfti að tryggja. Málið er, og ég benti á það í ræðu minni fyrr í dag, að fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi hefur aldrei verið meiri. Það er staðreynd og það stendur allt um það í þessari ágætu skýrslu. Það eru 10 sjónvarpsstöðvar, 3 dagblöð, 23 héraðsfréttablöð, ótal fagblöð og málgögn hagsmunasamtaka og ég veit ekki hvað og hvað. Við erum með fjölmiðla á internetinu og 17 útvarpsstöðvar, held ég. Það er því mikil fjölbreytni.

Eignarhaldið er aftur á móti allt annað mál. En að ætla sér að fara að ráðast á eignarhaldið með því að skírskota til þess að það skorti fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi er bara röksemd sem ég kaupi ekki. Ég kaupi ekki þá röksemd á Íslandi í dag árið 2004. Stjórnirnar verða að koma með einhverja aðra lykilröksemd en þetta ef þeir ætla að selja okkur þetta blessaða frv. á hinu háa Alþingi eða þjóðinni. Það er nefnilega mjög mikil fjölbreytni og gróska í íslenskum fjölmiðlum og ekkert sem bannar mönnum að stofna nýja fjölmiðla í dag, gætum líka að því. Fjölbreytni, ókei, einokun, allt í lagi.

Mig langar einmitt að spyrja hæstv. dómsmrh. um einokun og fjölbreytni. Hvað finnst honum t.d. um það, sem sjálfur er hluthafi í næststærsta dagblaði landsins, að næststærsta dagblað landsins er líka eigandi að stærsta netfréttamiðli Íslands? Af hverju eru ekki sett lög um það?

[18:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. hefur áhuga á að setja lög um netmiðla hefur hann allan rétt til þess að leggja fram frv. og sumir mundu segja að það væri mjög skynsamlegt fyrir hann að setja lög um það að menn skrifi ekki eins og hann gerir stundum á netmiðla sína þegar hann hótar að gera árásir á okkur forseta þingsins og þegar hann gengur þannig fram í skrifum sínum á netmiðlana að hann hótar að sprengja bæði mig og forseta þingsins í loft upp. Að vísu var það með þeim hætti að hann ætlaði að nota Spitfire. Ég hef aldrei vitað til þess að menn ætluðu að gera sprengjuárásir með Spitfire. En það er eftir öðru hvernig þessi hv. þm. hagar málflutningi sínum að hann skuli koma hér og tala á þennan veg um þessi mál og spyrja mig hvað ég ætli að gera varðandi takmarkanir á netmiðlum. Ég hef engan áhuga á að takmarka neitt á netmiðlum en ég vil að menn standi fyrir máli sínu þar eins og annars staðar og séu menn til þess að viðurkenna þegar þeir fara langt út fyrir skynsamleg mörk og eru á þeim nótum að varla er hægt að eiga við þá orðastað í þessum sal.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Ég heyri glerhallir hrynja þegar hæstv. dómsmrh. talar um skrif á netið. En nóg um það. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það. Hins vegar langar mig til að heyra svolítið um röksemdafærslu hans sem gengur út á fjölbreytni, að tryggja þurfi fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi með lagasetningu sem mun leiða til þess að fjársterkir aðilar munu ekki eiga möguleika á því að fjárfesta í fjölmiðlum einmitt til að tryggja fjölbreytni og grósku í íslenskum fjölmiðlum. Ég næ þessu ekki. Ég er gamall fjölmiðlamaður eins og hæstv. dómsmrh. og veit að það er mjög dýrt að reka fjölmiðla og mjög dýrt að stofna fjölmiðla. Hann veit það líka, ég er ekki í nokkrum vafa um það.

[18:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég byggi afstöðu mína á málinu sem hv. þm. spyr um á skýrslunni sem liggur fyrir og ég vona að hv. þm. hafi lesið. Ég byggi það m.a. á því sem ég las upp í umræðunum og vísaði í greinargerðina og skýrsluna á bls. 79. Ég bið hv. þm. um að kynna sér það.

[18:51]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. dómsmrh. er svo málefnalegur í andsvörunum að það er varla að maður treysti sér til þess að koma upp í stólinn, dóni og villingur sem maður er. Þó vil ég svara honum þegar hann spyr hvaða hagsmuni Samf. er að verja í málinu. Við erum að verja hagsmuni almennings á Íslandi, neytenda fjölmiðlanna og þátttakenda í þeim. Við erum að verja hagsmuni íslenskra fjölmiðlafyrirtækja og starfsmannanna sem þar vinna sem eru sennilega hátt í 2 þús. manns. Við erum að verja hagsmuni innlendrar dagskrárgerðar og íslenskrar menningar í fjölmiðlum nú á dögum sem er einn helsti menningarmiðill okkar tíma eins og fyrrv. menntmrh., núv. hæstv. dómsmrh. ætti að vita.

Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að taka sérstaklega til umfjöllunar hina ágætu greinargerð að tillögu Bryndísar Hlöðversdóttur og fleiri samfylkingarmanna. Ég vil líka benda honum á, af því að ég ætla ekki að spyrja hann spurninga á eftir, að fyrrv. menntmrh., Tómas Ingi Olrich, taldi árið 1996 að ekki væri nein þörf á eignarhaldstakmörkunum sem hann setti síðar af stað. En á bls. 83 í skýrslunni frægu stendur, með leyfi forseta:

„Gæta verði þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrifist."

Einnig: „Því stærri og öflugri sem innlend fyrirtæki eru, því minni hætta er t.d. á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila. Þá er það einnig forsenda þess að þau hafi burði til þess að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þetta sjónarmið skiptir máli varðandi eflingu innlendrar menningar ..."

Hvaða hagsmuni er hæstv. dómsmrh. að verja? Hvaða fyrirtæki er hann að ráðast á? Hvaða almannaþarfir er honum illa við í þessu sambandi?

[18:53]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, ég veit ekki hvort hv. þm. var í salnum þegar ég hóf mál mitt, tel ég að skýrslan sem við erum með og sú vinna sem verður unnin í tengslum við hana marki þáttaskil í umræðum um fjölmiðlun á Íslandi. Ég tel að hér hafi verið dregin saman sá fróðleikur sem eigi að duga okkur til þess að ræða málið á nýjum forsendum og við eigum að miða við það sem liggur fyrir og stöðuna eins og hún er miðað við þær öru breytingar sem eru á þessu sviði. Skýrslan segir okkur að ekki sé nóg að fara í ritstjórnir fjölmiðlanna með lagasetningarvald eins og Samf. vill, heldur verði að líta á eignarhaldið og þá samþjöppun sem hefur orðið á markaði. Það er meginniðurstaða skýrslunnar og þess vegna tel ég að þeir sem vilja taka mark á skýrslunni, hrósa henni á annan veginn og draga síðan ekki þær ályktanir af henni sem höfundarnir gera á hinn bóginn, spyr ég mig: Hvaða hagsmuni er verið að verja með því að afflytja skýrsluna á þann veg að segja að hún snúist ekki um að nauðsynlegt sé að setja þær reglur til þess að takmarka eignarhaldið og setja reglur sem lúta að eignarhaldi á fjölmiðlum?

Ég tel að frv. með skýrslunni sé ekki það hamlandi að ekki sé unnt að reka öfluga fjölmiðla þótt frv. verði að lögum.

[18:55]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Skýrslan er vissulega ágæt á margan hátt en hún veldur engum þáttaskilum. Það hefur áður verið skrifað um fjölmiðlun og safnað saman gögnum um hana. Það sem veldur minnstum þáttaskilum í skýrslunni er 6. kafli hennar sem eru hugmyndir og tillögur nefndarinnar, vegna þess að þar er boðið upp á það sem kallað var um daginn hlaðborð af hugmyndum og tillögum af ýmsu tagi. Það er helsti veikleiki skýrslunnar, enda er hún sett saman af stjórnarflokkunum sem hæstv. forsrh. lýsti sem einhverju sérstöku apparati í stjórnskipaninni. Hún er „quod erat demonstrandum". Hún kemur að lokum með það sem þurfti að sanna og þurfti að vita eftir allan þann fróðleik sem hún færir fram. Aðalatriðið er að hún uppfylli það pólitíska skipunarbréf að koma með tillögur um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Spyrja má: Hún gerir það já. Hún vill takmarka eignarhald á ljósvakamiðlunum, en hún vildi líka takmarka eignarhald á dagblöðunum og af hverju er það ekki í frv., hæstv. dómsmrh.? (Gripið fram í.)

[18:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið alveg ólíkt kerfi varðandi annars vegar ljósvakamiðla og hins vegar dagblöð. Varðandi ljósvakamiðlana erum við í umhverfi þar sem hið opinbera veitir leyfi en ekki varðandi dagblaðamarkað. Á því er tekið í lagafrv. að verið er að breyta útvarpslögunum. Við höfum ekki sambærileg lög um dagblöð. Er hv. þm. að segja að við ættum að setja sambærilega löggjöf um dagblaðastarfsemi og við höfum um útvarpsstarfsemi? (**MÁ:** Þú ert að því.) Ég er ekki að segja það. Ég er að segja að frv. er byggt á skýrslunni og lýtur að eignarhaldi á fjölmiðlum og ég spyr enn: Hvers vegna er Samf. svona mikið á móti því að litið sé á þennan þátt? Hvers vegna vill Samf. bara fara í fjölmiðlana og setja löggjöf um starfsmennina og samskipti þeirra við eigendurna?

[18:57]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Síðavendni um skrif á internetið fer hæstv. dómsmrh. heldur illa, enda man ég ekki betur en hæstv. dómsmrh. hafi líkt þeim sem hér stendur, Össuri Skarphéðinssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur við Pol Pot og stjórn rauðu khmeranna. Það er eðlilegt að hæstv. ráðherra vilji gleyma því sem hann hefur skrifað á internetið og ýmsu því sem hann hefur sagt m.a. um það mál sem hér er til umfjöllunar. Hæstv. dómsmrh. hefur lýst alveg þveröfugum skoðunum í þessum ræðustól miðað við það sem hann setur nú fram, en reynir að breiða yfir það með því að gefa til kynna að Samf. hafi einhver annarleg sjónarmið eða annarlega hagsmuni í málinu. Því fer fjarri. Við viljum einfaldlega standa vörð um og gæta þeirrar fjölbreytni og þeirrar grósku sem ríkir á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

En hvaða hagsmuna á Sjálfstfl. að gæta og hæstv. dómsmrh., Björn Bjarnason? Jú, þeirra hagsmuna að þeir hafi vanist því að ráða tveimur sterkustu fjölmiðum landsins, Ríkissjónvarpinu og Morgunblaðinu. Og nú er það óvart svo að komið er til skjalanna dagblað sem er öflugra og nú er ef til vill að verða til ljósvaki sem ógnað gæti yfirburðastöðu ríkissjónvarps Sjálfstfl. og þá eru það hagsmunir hæstv. dómsmrh. og Sjálfstfl. að setja lög til þess að tryggja að yfirburðum þeirra á fjölmiðlamarkaði verði ekki ógnað og þá skal allt undan láta, sjálfsagðar starfsaðferðir, lýðræðisleg vinnubrögð og öll sjónarmið sem þeir hafa áður lýst. Allt er það grafið og gleymt því vald þeirra á fjölmiðlamarkaði verður að tryggja, kosta hvað sem það vill.

[18:59]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. virðist ekki átta sig á því að frv. og það sem við erum að fjalla um á grundvelli skýrslunnar snertir ekki dagblöðin þannig að ekki er verið að fjalla um þau. Verið er að fjalla um ljósvakamiðlana og um þær ályktanir sem menn hafa dregið af skýrslunni varðandi þá. Ég spyr enn um það sem ég hef áður sagt í umræðunum og hef ekki fengið svar frá Samf.: Hverra hagsmuna er Samf. að gæta í þessu? Hverra hagsmuna er hún að gæta þegar hún er að velta því fyrir sér að setja sérstakar reglur og lög um inngrip í ritstjórnir fjölmiðlanna? Af hverju tekur hún ekki mið af því sem eigandi Baugs, Jón Ásgeir Jóhannesson, setti fram í Morgunblaðinu? Var þar kveikjan að þeim reglum sem Samf. vill lögfesta um innra starf fjölmiðlanna? Hann sagðist geta sett þessar reglur. Af hverju stuðla menn ekki að því að þær reglur séu settar? Hann skrifaði grein í Morgunblaðið og sagði að hægt væri að setja upp eitthvert ráð sem tæki að sér að líta til þess hvernig innra starf fjölmiðlanna væri. Var þetta kveikjan að því að Samf. flutti þá tillögu sem hún hefur flutt í þinginu?

En þegar kemur að eignaraðildinni sem er meginkjarninn í skýrslu nefndarinnar, þrátt fyrir að formaður Samf. hafi talað á þann veg að skapa þurfi betri tæki fyrir Samkeppnisstofnun og þrátt fyrir að formaður þingflokks Samf. hafi sagt á þingi 19. nóvember sl. að það þyrfti að sjálfsögðu að huga að eignarhaldinu og samþjöppun á því, er Samf. nú í þeim stellingum sem við erum vitni að og svarar ekki þeim spurningum sem ég legg fyrir hana.

[19:01]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um þá hagsmuni sem Samf. gætir við þessa umræðu nægir í sjálfu sér að vísa hæstv. dómsmrh. á ágætar ræður hv. þm. Björns Bjarnasonar um þau efni á fyrri þingum. Þó er mest um vert, og það ætti Björn Bjarnason að þekkja frá aðild sinni að útgáfustarfsemi fyrr á árum, frá tilraunum Morgunblaðsins við að koma Stöð 3 á fót og sem menntmrh., að hafa fylgst með því hvernig erfiðleikarnir hafa herjað á ljósvakafyrirtæki í einkaeigu og hvernig rekstrarerfiðleikarnir hafa leikið þau, að það eru mikilsverðir hagsmunir að einkaaðilum sé gert kleift og sem auðveldast að leggja fjármagn inn í þessa starfsemi, í innlenda dagskrárgerð, í fréttaöflun og fréttamiðlun. Ef skrúfað er fyrir þann krana þá eru menn að kyrkja hina frjálsu fjölmiðla.

Það er ótrúlegt að árið 2004 standi fyrrv. menntmrh., hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason, og leggi til að skrúfa fyrir líflínu frjálsu fjölmiðlanna til að tryggja yfirráð ríkissjónvarps Sjálfstfl. á þessum markaði.

[19:03]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þetta mál þá er vissulega ljóst að það kostar fjármuni, átak og hugkvæmni að reka fjölmiðla. Í því sem hér hefur verið sagt er hvergi lagður steinn í götu þess. Hér eru settar ákveðnar leikreglur eins og gilda á sviði viðskiptalífsins í mörgum þáttum og hefur ekki staðið mönnum fyrir þrifum að reka fyrirtækin. Ég held að þessar reglur sem hér er verið að setja standi ekki neinum fyrir þrifum til að reka fyrirtæki á heilbrigðum og góðum forsendum ef þeir eru útsjónarsamir, hugmyndaríkir og kunna til verka.

[Fundarhlé. — 19:04]

[20:30]

Útbýting þingskjala:

Eiturefni og hættuleg efni, 877. mál, nál. umhvn., þskj. 1530.

Húsnæðismál, 785. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1527; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1528.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 652. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1529.

[20:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt og á köflum skemmtilegt að hlusta á þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Ég held að ég geti dregið sameiginlega niðurstöðu allra sem hér hafa talað, nánast allra, hugsanlega utan eins, í eftirfarandi setningu: Menn vilja tryggja og efla fjölbreytni á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Það er auðvitað

markmið sem við eigum öll að keppa að og mér þótti sérlega eftirtektarvert að hlusta á ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz hér í dag. Mér þótti sú ræða einna best frá hv. þingmönnum stjórnarliðsins. Hún var málefnaleg og hún nálgaðist kjarna umræðunnar en hins vegar verð ég að segja að hæstv. dómsmrh. flutti sennilega einhverja ómálefnalegustu ræðu sem hér hefur verið haldin ákaflega lengi.

Herra forseti. Freudískt rof er það nefnt þegar mönnum verða á mismæli og þeir mæla af vörum fram orð sem hafa að geyma dulda meiningu sem oft gengur þvert á það sem viðkomandi er að segja. Hæstv. dómsmrh. talaði áðan um þróun fjölmiðlunar á Íslandi og sagði að það þingmál sem hér væri undir væri bautasteinn á henni. En eins og ég hygg að hæstv. forseti viti var orðið bautasteinn notað um minnisvarða sem settur var á forn grafstæði, og er enn. Hugsanlega átti hæstv. dómsmrh. við að það væri varði á þróun fjölmiðlunarinnar en ég get vel ímyndað mér að undirmeðvitundin eftir þá umræðu sem hér var í dag hafi skotið þessu orði upp. Mál hans og viðhorf til þessa máls þóttu mér að ýmsu leyti eiga skilið orðið bautasteinn.

Áður en ég tek þessa skýrslu sérstaklega til umræðu vil ég aðeins leyfa mér að svara nokkru af því sem hæstv. dómsmrh. sagði. Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega að ég hefði í umræðu fyrir tveimur árum nefnt að það ætti að gefa Samkeppnisstofnun möguleika á að taka á stórfyrirtækjum sem hefðu markaðsráðandi stöðu og hugsanlega gefa henni tæki til að brjóta þau upp.

Herra forseti. Það er rétt að ég sagði þetta, og ég sagði það um fyrirtækið Baug. Þá lá fyrir skýrsla sem sýndi að þróunin á matvælamarkaði var slík að Baugur hafði ofurtök og skýrslan hafði jafnframt komið fram sem benti til þess að þessi ofurtök hefði fyrirtækið notað sér gegn almenningi. Við slíkar aðstæður ber almannavaldinu að taka í taumana með einhverjum hætti.

Herra forseti. Það er með engu móti hægt að jafna þessu saman við það ástand sem við erum að ræða hér. Nú, eins og þá, liggur að sönnu fyrir skýrsla, þ.e. skýrsla um stöðu á fjölmiðlamarkaði, en hún sýnir allt annað. Hún sýnir að fjölbreytni ríkir á fjölmiðlamarkaði. Þvert á það sem hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni er staðan á fjölmiðlamarkaði bara þokkalega góð. Mig langar, herra forseti, þessu til staðfestingar að vísa í nokkra staði í skýrslunni. Á bls. 13 segir, með leyfi forseta:

„Fjölbreytni er mikil á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er til fjölda stöðva, en síður þegar litið er til dagskrár þeirra." — Síðan er sagt frá því að sumar einkastöðvarnar höfði fyrst og fremst til ungs fólks. En fjölbreytni er mikil. Síðar segir á bls. 23:

„Íslenskur sjónvarpsmarkaður er fjölbreyttur þegar litið er til fjölda sjónvarpsstöðva og að teknu tilliti til smæðar íslensks þjóðfélags." — Enn segir á bls. 27:

„Framboð sjónvarpsefnis hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun stöðva." — Og á bls. 35:

„Stóraukið framboð sjónvarpsefnis samfara fjölgun sjónvarpsstöðva á undanförnum árum hefur aðeins að óverulegu leyti dregið úr hlutdeild sjónvarpsins í áhorfi..."

Herra forseti. Þær tilvitnanir sem ég hef lesið birta ástand sem er harla gott á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Fjölbreytni er mikil, sama hvar á er litið. Ég vil þó líka geta þess að í skýrslunni er sagt að á fjölmiðlamarkaði séu einkenni samþjöppunar. Því miður gera slík einkenni mjög víða vart við sig í íslensku atvinnulífi. En það kemur ekki fram í skýrslunni að einkenni samþjöppunarinnar séu svo óheillavænleg að grípa þurfi til einhverrar sérstakrar lagasetningar. Þvert á móti er bent á ýmsar leiðir sem hægt væri að fara til að vinna gegn þessum einkennum og um sum þeirra er sérstaklega tekið fram að ekki þurfi einu sinni lagasetningu.

Ég vil segja það, herra forseti, að sú skýrsla sem hér liggur fyrir er að mínu viti góð og álit mitt á henni batnar því lengur sem ég les hana. Ég tel að hér sé saman dreginn mikill fróðleikur og ég vil að gefnu tilefni frá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni segja að auðvitað hefði ég kosið að fleiri hefðu komið að henni, fulltrúar stjórnarandstöðunnar ekki síst, og eftir atvikum hefðu líka ýmsir þeirra sem vildu koma viðhorfum sínum á framfæri átt að gera það. Það dregur samt ekki úr því að mér finnst það sem kemur fram í skýrslunni vera harla gott. Þar er bent á margar leiðir sem ég get tekið undir. Þar er t.d. sérstaklega lyft undir ákveðnar leiðir sem koma fram í stefnumótun Samf. eins og hún birtist í þingmáli sem við höfum dreift og hefur verið töluvert í umræðunni.

Það sem mér finnst hins vegar ákaflega slæmt, virðulegi forseti, er sú staðreynd að þó að skýrslan sé góð og gæti verið ágætur grunnur að lagasetningu ef menn teldu hennar þörf er í því frv. sem hér hefur verið dregið inn í umræðuna, m.a. af hæstv. ráðherrum, vikið í veigamiklum atriðum frá meginniðurstöðum þessarar skýrslu. Í skýrslunni kemur til að mynda fram, herra forseti, að höfundar mæla með því að sett verði lagaleg skylda á ritstjórnir prentmiðla og samsvarandi ákvæði í útvarpslög sem eiga að vernda sjálfstæði ritstjórnanna. Þetta tel ég algjört lykilatriði og þetta er lykilatriði í þeirri nálgun sem við þingmenn Samf. höfum í þessu máli.

Að gefnu tilefni, herra forseti, rifja ég upp að þetta er þrítekið fram í skýrslunni. Hið gefna tilefni sem ég er að vísa til er auðvitað orð og útúrsnúningur hæstv. dómsmrh. sem spurði mig sem formann Samf. hvaðan í ósköpunum við gætum fengið hugmynd um það að vilja setja einhverjar reglur um sjálfstæði ritstjórna. Herra forseti. Ég vísa þeirri spurningu til hinna ágætu skýrsluhöfunda vegna þess að þeir þrítaka þetta fram í skýrslunni.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz gekk feti lengra vegna þess að hún vildi líka að settar yrðu sérstakar reglur um sjálfstæði blaðamanna gagnvart yfirmönnum á svona stöðum. Við áttum um það orðastað í dag. Mér þykir það athyglisverð hugmynd en ég er ekki viss um að hún sé framkvæmanleg. Þessi meginniðurstaða í skýrslunni sem menntmrh. sendi frá sér er ekki í frv.

Annað sem skiptir höfuðmáli er að sjálfsögðu að allur almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum um hverjir eigi fjölmiðlana á Íslandi. Ég vil svar og ég tel að ég eigi sem almennur borgari heimtingu á að vita út í hörgul: Hverjir eiga Morgunblaðið? Hverjir eiga Fréttablaðið? Það var óþolandi staða á tímabili þegar menn vissu ekki hverjir eigendur Fréttablaðsins væru. Höfundar skýrslunnar eru mér sammála um þetta, eru þingflokki Samf. sammála um þetta. Þetta er annað höfuðatriðið í skýrslu okkar. Það kemur því miður ekki fram í drögunum.

Þessi ríkisstjórn hefur ekki góðan feril þegar kemur að umgengni við stjórnarskrána. Það er lágmarkskrafa þegar menn brjótast fram með umdeild frumvörp og ætla að láta samþykkja þau sem lög í hasti eins og hér að gengið sé úr skugga um að lögin brjóti þá ekki stjórnarskrána. Því miður, herra forseti, leikur vafi á því atriði.

Í fjölmiðlaskýrslunni sem við höfum til umræðu var ein helsta niðurstaða skýrslunnar að mínu viti að ekki ætti að setja afturvirk lög. Höfundar skýrslunnar skilgreina hvað afturvirk lög eru í þessu tilliti. Þeir segja að ef fyrirtæki sem fyrir eru á fjölmiðlamarkaði þurfi að riðla uppbyggingu sinni með kostnaðarsömum og þungbærum hætti til þess að laga sig að fyrirmælum nýrra laga séu það afturvirk lög. Þeir segja enn fremur að slík lög beri að varast vegna þess að þau reisi álitamál varðandi stjórnarskrá lýðveldisins, bæði hvað varðar vernd eignarréttar en einnig hvað varðar atvinnufrelsið. Mikilsvirtur lögmaður hefur síðan bætt þriðja atriðinu við. Höfundar skýrslunnar klykkja þess vegna út með því að lög sem kynnu að verða sett á grundvelli skýrslunnar ættu fyrst og fremst að hafa áhrif á fjölmiðla í framtíðinni, eða eins og segir, með leyfi forseta:

„Af þessum ástæðum yrði því fyrst og fremst að horfa til áhrifa þeirra til framtíðar."

Herra forseti. Nú liggur fyrir að það fyrirtæki sem lögin, ef sett yrðu, mundu helst varða, Norðurljós, þyrfti að endurskipuleggja sig með þungbærum og kostnaðarsömum hætti. Engum dylst að í þessu tilliti yrðu lögin samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda afturvirk. Þetta vita þeir stjórnmálamenn sem styðja frv. Hæstv. utanrrh. sagði í sjónvarpi í gær að hann hefði verið fullvissaður um að þetta bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Hið sama hafa ýmsir aðrir ráðherrar sagt. Ég er hins vegar ekki alveg jafnsannfærður og ég rifja upp, herra forseti, að þremur sinnum hafa þessir ráðherrar ríkisstjórnarinnar þurft að segja að þeir hafi verið fullvissaðir um að lög sem þeir væru að láta samþykkja brytu ekki í bága við stjórnarskrána. Jafnoft hefur Hæstiréttur sent þá til baka með lagasetningu sem hann hefur komist að niðurstöðu um að brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég gef lítið fyrir það þó að hæstv. ráðherrar taki svona til orða. Ég vil þó taka það fram að ég geri því ekki skóna að menn séu vitandi vits að brjóta stjórnarskrána. Reynslan sýnir að þessir ágætu herrar umgangast stjórnarskrána af nokkru kæruleysi, svo ekki sé meira sagt.

Í fjölmiðlum hefur það jafnframt komið fram í spurningum fjölmiðlamanna til hæstv. ráðherra, Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, að jafnvel þótt lögin — ef samþykkt yrðu upp úr því frv. sem liggur fyrir þó að ekki sé það til umræðu hér — stönguðust ekki á við stjórnarskrá kynnu þau að skapa ríkinu skaðabótaábyrgð. Er réttlætanlegt að við ráðumst að tiltölulega lítt yfirveguðu máli á örfáum dögum í það að samþykkja lög sem kynnu að baka skattborgurunum mikla ábyrgð, hugsanlega sem hlypi á hundruðum milljóna? Það er ekki ábyrg frammistaða af okkar hálfu.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að hann hafi líka verið fullvissaður um að svo sé ekki. Sem betur fer eiga allir menn vini og við þurfum alltaf á vinum að halda. Hæstv. forsrh. á einn vin sem hefur reynst honum betri en flestir aðrir, varið hann í líf og blóð, sama hvað á hefur dunið. Þetta er hæstaréttarlögmaðurinn Jón Steinar Gunnlaugsson. Sá ágæti hæstaréttarlögmaður sagði það álit sitt í tveimur fjölmiðlum í gær að mögulega mundi setning laga af þessu tagi baka ríkinu skaðabótaábyrgð. Með öðrum orðum eru þeir menn sem hæstv. forsrh. hefur jafnan litið til þegar þörf er á lögfræðilegri ráðgjöf við erfið álitaefni þeirrar skoðunar að hér sé um verulegt álitamál að ræða. Þetta tel ég nauðsynlegt að draga upp vegna þess að ekki síst Framsfl. virðist ekki gera sér grein fyrir þessu. Það er nauðsynlegt að það komi fram í umræðunni að hæstv. utanrrh. sagði í fjölmiðli í gær þegar hann var spurður hvort það væri mögulegt að þarna skapaðist ábyrgð vegna setningar laganna að hann teldi svo ekki vera, en bætti við að ef svo væri yrðu þau náttúrlega að hafa heilsu til að endurskoða frv. Ég tel með öðrum orðum að það sé að renna upp fyrir forustu Framsfl. að ekki sé nægilega vel að þessu máli staðið.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, og mun gera frekari grein fyrir henni í seinni ræðu minni í kvöld að farsælast fyrir okkur í þessari stöðu væri að taka þetta mál sem sannarlega verðskuldar umræðu til gagngerrar yfirvegunar í þinginu. Það er hugsanlega hægt að samþykkja einstaka þætti sem gætu t.d. byggst á frv. Samf. sem sannarlega ráða bót á mörgum þeim vandamálum sem hér hafa verið reifuð en stóra málið eigum við að láta bíða yfir sumarið.

[20:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beið spenntur eftir ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til að fá úr því skorið hver væri stefna Samf., alltjent stefna formannsins. Það er ekki um það að villast hver stefnan er. Hv. þm. telur allt í góðu lagi með þá stöðu sem uppi er á fjölmiðlamarkaðnum og í góðu lagi með þá þróun sem þar hefur verið.

En hvernig stendur á því að hann telur í dag að fyrirtæki sem hann vildi brjóta upp fyrir tveimur árum, vegna þess hvernig það færi með markaðsráðandi stöðu sína í smásölu og eftir það framferði sem sem hann taldi það hafa sýnt í öðrum málum, sé trúandi fyrir því stóra hlutverki sem það hefur tekið sér á fjölmiðlamarkaðnum?

Ef eitthvað er þá er fjölmiðlamarkaðurinn viðkvæmari en smásölumarkaðurinn fyrir því að menn misnoti markaðsráðandi stöðu sína. Hvernig stendur á því, ef hv. þm. leggur svo mikið upp úr því að við vitum hverjir séu eigendur fjölmiðlanna, að hann treystir þeim mönnum, sem leyndu því fyrir þjóðinni svo mánuðum skipti, svo missirum skipti, að þeir væru eigendur Fréttablaðsins, fyrir þeirri stöðu sem þeir hafa tekið á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Hvað veldur því að hann hefur skipt um skoðun í þessum efnum? Hvað veldur því að Samfylkingin hefur skipt um skoðun frá því að formaðurinn flutti ræðu sína í umræðum um svipað mál í nóvember? Hvað veldur því að Bryndís Hlöðversdóttir og samflutningsmenn hennar hafa skipt um skoðun frá því að þau lögðu fram þáltill. sína fyrr í vetur?

(Forseti (HBl)**:** Það ber að segja háttvirtur þingmaður.)

[20:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur vel á vondan þegar ráðherra núverandi ríkisstjórnar rifjar upp umræðuna sem ég hóf um árið. Ég benti á staðreyndir sem ég las út úr ákveðnum skýrslum frá Samkeppnisstofnun og taldi að fyrirtækið væri að fremja það sem ég kallaði á þeim tíma óhæfuverk gagnvart íslenskum neytendum. Ráðherrarnir, allir utan einn, sem tóku til máls um það í þingsölum og annars staðar vörðu fyrirtækið, þeir vörðu kerfin og sögðu að staðan væri breytt, hlutur þessa fyrirtækis á markaði væri minni en ég hafði sagt. Síðan klykktu þeir út með því að segja: Ef fyrirtækið gerist brotlegt þá eru til lög í landinu sem eiga að duga, samkeppnislög.

Herra forseti. Þetta er nákvæmlega það sem Samf. er að segja. Það eru til lög í landinu, samkeppnislög, sem væntanlega gætu tekið á ofurtökum þessa fyrirtækis ef í ljós kæmi að þeir kæmu með svipuðum hætti fram gagnvart íslenskum neytendum og ég taldi þá að þeir gerðu á matvælamarkaði.

Við teljum hins vegar, herra forseti, að staðan í þessum málum gefi sannarlega tilefni til að setja lög. Við höfum bent á hvers konar lög eigi að setja. Við höfum t.d., beinlínis út af því dæmi sem hæstv. ráðherra nefndi, lagt til að sett verði lög um gagnsæi í eignarhaldi. Við höfum líka lagt til að sett verði í lög ákvæði sem skyldi beinlínis fyrirtæki og útgáfur til að setja leikreglur innan sinna vébanda sem tryggi sjálfstæði ritstjórna. Þar með ætti að vera hægt að koma í vegt fyrir þá misnotkun sem hæstv. ráðherra óttast svo mjög.

Ég verð auðvitað að spyrja hæstv. ráðherra: Hvar eru dæmin um þessa misnotkun?

[20:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tekur mikið mark á skýrslum. Nú liggur fyrir önnur skýrsla. Það er skýrslan um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Þar kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að á fjölmiðlamarkaðnum séu mörg óæskileg merki um samþjöppun og æskilegt að löggjafinn grípi þar inn í með lagasetningu til að ganga gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunarinnar. Það er meginniðurstaða skýrslunnar. Reyndar er þar fjallað um ýmislegt fleira, margt fleira, m.a. um sjálfstæði ritstjórna. En sjálfstæði ritstjórna er reyndar svolítið umdeilt mál. Sum ríki í nágrannalöndunum hafa stjórnarskrárvarinn rétt eigendanna til að hafa áhrif á ritstjórnarstefnuna.

Hvernig eigum við að halda á svona málum ef það gerist, eins og við sjáum hér á landi, að ritstjórarnir eru ekki bara ritstjórar blaðanna heldur sitja líka í stjórnum útgáfufélaganna? Þessir aðilar hafa talað um að setja sér reglur. Af hverju hafa þeir ekki sett sér slíkar reglur? Af hverju hafa þeir ekki breytt þessu?

Fyrr í dag var talað um að reglur, eins og talað er um að gera hérna, mundu hafa mjög óæskileg áhrif á vilja aðila til að fjárfesta í fjölmiðlum. Halda þeir að reglur eins og hv. þm. er að tala um hafi engin áhrif á vilja aðila til þess að fjárfesta í fjölmiðlum? Halda þeir að þær hefðu engin áhrif á vilja Ruperts Murdochs til þess að fjárfesta í fjölmiðlum í öðrum heimshlutum, manns sem hefur það að yfirlýstri stefnu sinni að hafa áhrif á kosningar og hverjir komist til valda? Halda þeir að það hefði engin áhrif á vilja þeirra sem stýra stærstu blöðunum í Bandaríkjunum, þar sem eigendurnir setja sjálfa sig í stöður sem hafa áhrif á hver efnistök eru í ritstjórnum?

[20:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt tal hæstv. sjútvrh. bendir til þess að hann hafi ekki mikinn þokka á þeim mönnum sem eiga fyrirtækið sem hér hefur verið til umræðu af hans hálfu. Ég vil af því tilefni segja að allt það sem ég hef nokkru sinni sagt um þá menn tel ég að standi óbreytt. Það breytir því ekki, herra forseti, að ég sem hluti af löggjafanum ætla ekki að misbeita stöðu minni til að láta menn gjalda persónulegra viðhorfa til þeirra einstaklinga sem þar eru í forustu. Ég vil að það komi skýrt fram.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að ýmislegt á fjölmiðlamarkaði mætti vera öðruvísi. Hann er í örri þróun. Enginn lýsti því betur en hæstv. samgrh. í dag. Það er ekki síst þess vegna sem við höfum lagt fram tvö þingmál í Samf. sem varða það að tryggja og treysta fjölmiðlamarkaðinn. Þar er mál sem tengist vernd heimildarmanna og síðan annað þingmál sem við höfum lagt fram.

Það er einnig rétt hjá hæstv. ráðherra að skýrslan bendir á að ýmis teikn séu á lofti um óæskilega samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Við skulum ræða það sameiginlega og reyna að nálgast málið þannig að hægt sé að skapa breiða samstöðu eins og þarf í málum sem þessum. Það gera menn ekki með því að nálgast málið með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórn gerir.

Hæstv. sjútvrh. verður að vera sanngjarn. Hann verður að geta þess líka, ef hann talar með þessum hætti og notar skýrsluna sér til stuðnings, að skýrslan bendir á aðrar leiðir þar sem beinlíns er sagt að hægt sé að ná markmiðum skýrsluhöfunda án nokkurs lagagernings. Ég bendi honum á kafla 6.4.1., tölulið c og d. Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir skýrsluna það vel að hann veit hvað ég á við.

[20:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með umræðunum af nokkurri athygli eins og aðrir. Ég held að það sem standi upp úr í þeim sé að menn hafa reynt að fikra sig í átt að raunverulegri afstöðu Samf. í þessu máli og hinu, eins og dómsmrh. ræddi, þ.e. út frá hvaða forsendum þeir líta á þessi mál og hvernig þeir nálgast þau. Ég fer betur í það á eftir. Ég er á mælendaskrá.

Ég vildi hins vegar nota tækifærið og spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það sem hann kallar sjálfstæði ritstjórna. Ég hef reynt að fylgjast með því hvernig það er útskýrt og fékk m.a. útskrift af viðtali sem hv. þm. fór í í útvarpinu. Þar lýsti hann því með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Nei, ég er að segja að við getum náð þessum markmiðum, þ.e. komið í veg fyrir misnotkun ófyrirleitinna eigenda á sínum fjölmiðlum, með því að setja lög um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem tryggja vernd blaðamanna, gera þeim kleift að vinna að þeim málum sem þeir vilja og þess vegna gagnrýna eigendur eins og stundum hefur verið gert." — Ég endurtek: „.... vinna að þeim málum sem þeir vilja og þess vegna gagnrýna eigendur eins og stundum hefur verið gert."

Mér leikur forvitni á að vita hvernig þetta er í framkvæmd. Nú hefur hv. þm. verið ritstjóri á þremur blöðum, Alþýðublaðinu, Þjóðviljanum og DV. Er það svo að hann hafi metið það svo að væru slík lög í gildi og blaðamaður hjá honum á Alþýðublaðinu sem hefði langað til að gera eitthvað sem tengdist ekki ritstjórnarstefnu blaðsins, væri ekki í samræmi við vilja eigenda þess, væri það þá bara heimilt? Sæti þá hann sem ritstjóri, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þáverandi ritstjóri, bara uppi með að þurfa að yppa öxlum ef viðkomandi aðili vildi skrifa um íþróttir, um hvað Sjálfstfl. er góður eða eitthvað slíkt, þvert á vilja eigendanna? Er það vilji hv. þm. og eiga menn við þetta með ritstjórnarlegu sjálfstæði?

[20:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég á við er að blaðamönnum verði gert kleift að fylgja sannfæringu sinni og þeim skapað umhverfi þar sem þeir þurfa ekki að skrifa um eða fjalla um hlutina með öðrum hætti en þeir telja réttast.

Ég rifja upp, af því að hv. þm. tekur þetta dæmi, að í þessum sal sitja tveir menn sem samanlagt sættu því fjórum sinnum að þurfa að verjast árásum sem miðuðu að því að þeir yrðu reknir úr ritstjórastóli, af því að þeir vildu ekki skrifa gegn sannfæringu sinni. Hv. þm. spyr síðan um dæmi, um hvað ég eigi við. Ég skal taka dæmi sem er skylt hv. þm.

Það er til marks um sjálfstæði í vinnubrögðum þegar fréttamenn Stöðvar 2 neita fyrirskipun eigenda um að segja ekki frá ósiðlegum boðsferðum ráðherra Sjálfstfl. í laxveiði á kostnað stórfyrirtækis. Þetta er um það bil sjö mánaða gamalt dæmi. Þá var það svo að Kaupþing átti í viðkvæmum samningaviðræðum við Stöð 2. Á sama tíma fór einn af ráðherrunum sem tengdist málinu í boðsferð, að veiða lax á vegum þessa fyrirtækis sem var fullkomlega óverjandi út frá öllum siðlegum forsendum. Það kom fyrirskipun frá eigendum Stöðvar 2 um að fjalla ekki um þetta. Fréttamennirnir óhlýðnuðust því. Eigandinn hefði getað gripið til einhverra ráða, sagt einhverjum þeirra upp. Það gerðist ekki í þessu tilviki. En ef eigendurnir eru jafnófyrirleitnir og ósvífnir og hv. þingmenn Sjálfstfl. telja þá þarf að vernda fréttamenn gegn slíkum uppákomum.

[21:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór eins og ég átti von á að lítið var um svör en þess í stað var þessum tveimur mínútum eytt í að lýsa einhverju sem hv. þm. þótti vera þess virði að eyða tveimur mínútum í. Það sem ég spurði hv. þm. einfaldlega um er þetta: Hann var ritstjóri á blaði sem var í eigu stjórnmálaflokks og reyndar tveimur, (**MÁ:** Ekki DV.) Þjóðviljanum og Alþýðublaðinu, hv. þm. Miðað við það sem hefur verið sagt í þessum sal eiga blaðamenn að fá að vinna að þeim málum sem þeir vilja.

Virðulegi forseti. Ég vitna beint í ummæli hv. þm.: „vinna að þeim málum sem þeir vilja". Er hv. þm. í fullri alvöru að halda því fram að ef Alþýðuflokkurinn sálugi væri á lífi, að vísu er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nú formaður þess flokks, en gefum okkur að hann gengi í endurnýjun lífdaga. (Gripið fram í.) — Virðulegi forseti, er ekki hægt að koma þessu ágæta fólki á mælendaskrá? Það er svolítið erfitt að komast að þegar þau eru svona æst út af þessu máli. — Hv. þm. heldur því fram að ef stjórnmálaflokkur eins og Alþýðuflokkurinn mundi gefa út blað með ritstjórnarstefnu í samræmi við það, að ef blaðamaðurinn væri þar ráðinn mætti hann bara gera það sem honum dytti í hug, burt séð frá hagsmunum eigendanna eða ritstjórnarstefnunnar. Það er það sem hv. þm. hefur sagt. (Gripið fram í.) Ætlast hv. þm. til þess að einhver trúi þessu? Hv. þm. sem hefur stýrt tveimur pólitískum blöðum? Ég get alveg fullyrt að þar, (Gripið fram í.) þó ég hafi ekkert út á störf hans sem ritstjóra að setja, voru ákveðnar línur gefnar og farið eftir þeim og menn gerðu ekki það sem þeir vildu. (Gripið fram í.)

[21:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er prýðilegur þingmaður og mikill efnispiltur. Ég, eins og hann, sat einu sinni í borgarstjórn Reykjavíkur og það tók mig nokkur ár að hrista af mér þennan skætingstón og þá tilhneigingu til útúrsnúninga sem einkennir marga sem hafa verið of lengi þar. Góðu heilli er hv. þm. að bjargast þaðan. Það kann vel að vera að hann lesi eitthvað sérstakt út úr ummælum mínum, en það sem ég átti við var ekki að hver einstakur blaðamaður, það er hugsanlegt að ég hafi orðað það með þeim hætti af óvarkárni, en það sem ég átti við var að starfsstöðin, ritstjórnin, gæti unnið að slíkum málum.

Ég komst oft í hann krappan, herra forseti, þegar ég var ritstjóri. En þó held ég að það hafi helst syrt í álinn þegar ég þurfti sem ritstjóri DV einu sinni í kosningum að henda starfsmanni Sjálfstfl. út sem var kominn inn á ritstjórnina til þess að skrifa heldur neikvæða hluti og var ekki einu sinni partur af starfsstöðinni. (**Gripið fram í:** Þetta skýrir málið mjög.)

[21:04]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla nefndar sem var ætlað að meta hvort tilefni sé til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Varðandi spurninguna hvort skýrslan sé góð eða vond ætla ég ekki að hætta mér langt út í hana. Skýrslan er prýðileg að einu leyti, hún er samsafn gagna, en að mörgu leyti er hún ekki góð. Nefndin er skipuð af hæstv. menntmrh. sem er gamall fjölmiðlamaður og starfaði á Ríkisútvarpinu og hafði gott flokksskírteini sem veitti henni örugglega brautargengi þangað. Vandamálið í umræðunni um þetta mál er einmitt að við höfum alveg skilið Ríkisútvarpið eftir. Ég tel að það þurfi að ræða það af alvöru hvernig við eigum að tryggja hlutleysi Ríkisútvarpsins, vegna þess að mér virðist af ýmsu að þar sé pottur brotinn varðandi umfjöllun, það sé orðið mjög hallt undir stjórnvöld í landinu. Grunnforsendan að baki nefndarinnar var hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútímasamfélagi. Það er mjög mikilvægt, ég tek undir það, og að tryggja skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi og að rödd ólíkra sjónarmiða fái að heyrast, bæði samfélagslegra viðhorfa og menningarviðhorfa.

Hér er um verðugt og göfugt verkefni að ræða og mikilsvert að vanda til verksins. Við í Frjálsl. hefðum gjarnan viljað fá að vera þátttakendur í þeirri vinnu og fluttum m.a. tillögu ásamt fleiri ágætum þingmönnum um að skoða starfsumgjörð fjölmiðla, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og ég ætla ekki að rekja frekar núna. Ég tel að skipan hæstv. menntmrh. í nefndina sýni bersýnilega að hugur fylgi ekki máli. Ef ráðherra hefði ætlað að tryggja að sjónarmið allra fengju að heyrast í nefndinni hefði verið forsenda fyrir því að skipa fólk úr öllum stjórnmálaflokkum í nefndina. En svo var alls ekki.

Ég spurði hæstv. menntmrh. í andsvörum fyrr í dag hvers vegna hún hefði ekki gert það. Svörin voru engin og ég furðaði mig á því. Hún hlýtur að hafa einhver málefnaleg rök fyrir skipaninni. Fyrst hún var að tryggja lýðræðið hvers vegna lét hún ekki raddir allra stjórnmálaflokka heyrast innan nefndarinnar? Í stað þess eyddi hún m.a. tíma sínum í andsvörum í að ræða um stefnu Samf. Ég hef engan sérstakan áhuga á henni og tel það ekki vera málinu til framdráttar að verja tíma í hana. Ég hefði talið miklu nær fyrir hæstv. ráðherra að fara yfir það hvernig hún skipaði í nefndina.

Ég vil einnig lýsa yfir algjörri furðu á starfsháttum nefndarinnar. Hvernig má það vera að nefnd sem segist vera að fjalla um og tryggja að lýðræðisleg vinnubrögð séu höfð á fjölmiðlamarkaði neiti hvað eftir annað að ræða við fulltrúa Blaðamannafélags Íslands og sniðgangi að ræða við fólk sem hefur atvinnu af þessu, fagfólk í stéttinni? Hvernig getur það verið að nefndin neiti því? Ég tel að það geti verið tvær skýringar á því. Önnur er sú að ef til vill hefur hæstv. menntmrh., frú Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, beint þeim tilmælum til nefndarinnar. Ég tel rétt að hún upplýsi okkur um það hvort það hafi verið beinlínis tilmæli um að halda öllu starfi innan nefndarinnar leyndu, vegna þess að það hefur verið mjög erfitt að komast í skýrslu nefndarinnar hvað þá meir. Hin skýringin er sú að nefndarmenn hafi tekið þetta upp hjá sjálfum sér. Mér finnst það ólíklegri skýring. Ég efast um að nefndarmenn telji sig svo yfirklára að þeir þurfi ekkert

að ráðfæra sig við fagfólk. Ég tel að hæstv. menntmrh. þurfi að greina frá því hvort hún hafi óskað eftir því að starfinu sem var ætlað að tryggja lýðræðislega umræðu í landinu yrði haldið leyndu og nefndarmenn mundu bara halda þessu út af fyrir sig.

Eins og ég sagði fyrr er ágætissamsafn upplýsinga í skýrslunni og farið yfir hvernig lagaumgjörð er háttað í öðrum ríkjum sem er að mörgu leyti fróðleg lesning. Það leiðir af því hvernig lagasetningu er háttað í öðrum löndum. Ég sótti t.d. fund fyrr í haust hjá umboðsmanni Alþingis. Það var mjög fróðlegur fundur og hann fór m.a. út í það hvernig aðdragandi lagasetningar væri annars staðar á Norðurlöndunum. Hún er með allt öðrum hætti þar en hér og sú vinna sem við erum vitni að hér á síðustu vikum þingsins væri óskiljanleg fyrir kollega okkar í Norðurlöndunum, að ætla sér að setja lagaumgjörð um starfsumhverfi fjölmiðla á síðustu vikum þingsins.

Þessi handarbakavinnubrögð í kringum fjölmiðlafrumvarpið sýna berlega að við þurfum að taka upp nýja, lýðræðislegri og opnari starfhætti á þinginu. Maður vonaði að hv. þm. Sjálfstfl., ungu þingmennirnir, kæmu með ferska vinda, en svo er alls ekki. Þeir virðast falla algjörlega inn í munstur forvera sinna og ég er mjög hissa á þeim, að vera vitni að þessu. Ég tel að við verðum að losna við þessa tvo flokka úr ríkisstjórn til þess að koma á opnum lýðræðislegum vinnubrögðum og breyta starfsháttum þingsins.

Eitt það umdeilanlegasta í frv. sem fylgir skýrslunni er þessi skammi aðlögunartími. Ég get ekki séð að hann komi fram í skýrslunni og á von á því að einhverjir bendi mér á það ef svo er. Ég get ekki séð annað en að fresturinn, þessi tvö ár, sem er sagður unninn á grundvelli tillögu nr. 2 í fjölmiðlaskýrslunni ýri beinlínis eignir eigenda þeirra fjölmiðla sem frv. beinist gegn. Ég efast um að frv. standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og gæti trúað því að ríkið yrði skaðabótaskylt.

Annars skýtur skökku við að sjá viðbrögð þingmanna Sjálfstfl. við þessari fyrirhuguðu eignaupptöku og bera hana saman við ýmis ummæli þeirra varðandi innköllun aflaheimilda, sem sannarlega eru sameign íslensku þjóðarinnar. Ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi ætmt og skrætmt vegna þess að við í Frjálsl. vildum koma á réttlátu fiskveiðistjórnarkerfi og innkalla veiðiheimildir. Ég man ekki betur en að hæstv. forsrh. hafi talað um að flytja úr landi. Það þarf enginn að fara í grafgötur með það að raunverulegur tilgangur fjölmiðlafrumvarpsins er allt annar en að tryggja lýðræðislega umræðu í þjóðfélaginu og tryggja að raddir sem flestra fái að heyrast.

Ef stjórnarflokkunum væri annt um að verja lýðræðið væri miklu nær að þeir mundu líta í eigin barm og setja reglur um fjármál stjórnmálaflokka og opinbera bókhald sitt. Getur það talist boðlegt í lýðræðisríki að leyna kjósendur hverjir styrkja digra kosningasjóði þeirra og vera jafnvel verðlaunaðir skömmu eftir kosningar fyrir góða kosningabaráttu? Er þá ekki rétt að upplýsa hverjir greiða fyrir kosningabaráttuna? Ég hefði talið að það væri miklu nær fyrir menntmrh. og aðra ráðherra að fara yfir þessar reglur í öðrum löndum og reyna að finna hliðstæðu. Ég gæti trúað því að við þyrftum að fara alla leið til Georgíu, þangað sem við sendum fólk í kosningaeftirlit þannig að allt færi rétt fram. Við höfum ágætan þingmann í salnum sem hefur reynslu af kosningaeftirliti og væri fróðlegt að heyra álit hans á því.

Ég spurði hæstv. menntmrh., í ljósi mikils áhuga hennar á að tryggja sanngjarnar lýðræðislegar leikreglur, út í það hvort ekki væri rétt að skoða þetta. Svör ráðherra voru engin. Mér fannst það mjög aumt. Það vita allir hver ástæðan er fyrir fyrirhugaðri lagasetningu og nefnd og skýrslu. Þetta er liður í því að hæstv. forsrh. hefur lengi haft horn í síðu Bónus-feðga. Nefndin og skýrslan er í rauninni ekkert annað en lélegur dulbúningur á því hvernig hæstv. forsrh. ætlar að koma höggi á þessa menn.

Svo er annað að stjórnarflokkarnir hafa engin tök á fjölmiðlum Norðurljósa og það finnst þeim ekki gott. Allt annað í málinu er í raun aukaatriði. Því má í rauninni líkja við fræga skáldsögu eftir George Orwell. Þar var jöfnuður notaður til að koma á misrétti. Í dag er það frelsi sem notað er til að skerða það. Málið mun verða stjórnarflokkunum, Framsfl. og Sjálfstfl., til ævarandi skammar og er í raun undarlegt að hæstv. forsrh. vilji enda feril sinn með slíku máli. Nú er ljóst að fjölmiðlafrumvarpið beinist beinlínis gegn Norðurljósum og þá er rétt að skoða stöðu Norðurljósa. Eru Norðurljós markaðsráðandi og þarf þess vegna að taka á því? Skilgreining á hvað er markaðsráðandi staða er að finna í samkeppnislögum og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa 4. gr. þeirra laga eða hluta af henni:

„Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda."

Herra forseti. Ég get alls ekki séð út frá þessari skilgreiningu að Norðurljós séu með markaðsráðandi stöðu vegna sterkrar stöðu Ríkisútvarpsins. Ég er algjörlega ósammála hv. þm. Jónínu Bjartmarz hvað það varðar, en hún hélt því fram fyrr í umræðunni. Ég veit ekki betur en að Stöð 2 hafi ítrekað þurft að taka tillit til keppninauta og þurft að færa fréttatíma sinn af þeim fréttatíma sem Ríkisútvarpið sendir út á. Ég tel einsýnt að Stöð 2 þurfi að taka tillit til viðskiptavina sinna, ef Stöð 2 gerir það ekki segja þeir einfaldlega upp áskriftinni.

Staðreyndin er sú að töluverð samkeppni ríkir á sjónvarpsmarkaði. Ríkisútvarpið og einnig Skjár 1 veita Norðurljósum samkeppni. Ég veit ekki betur en að enski boltinn hafi farið af Stöð 2 og Sýn og yfir á Skjá 1.

Síðan hafa ýmsir talað um að frv. sem fylgir skýrslunni sé til þess að tryggja fjölbreytni. Ég tel það algjör öfugmæli. Ég tel einmitt stórhættu á því að ef menn samþykkja frv. muni fjölbreytni minnka. En í framhaldi af því hef ég beint ýmsum spurningum til hæstv. menntmrh. og ég sakna þess að hún sé ekki í salnum. Hvers vegna geri ég það? Jú, vegna þess að hún hefur ítrekað forðast að ræða kjarna málsins, ræða kjarnann. Við erum að ræða um lýðræði og hvað er að því? Ég sá hana fyrr í kvöld og þá gaf hún sér tíma til að vera í ríkissjónvarpinu og ég tel að yfirmenn dagskrárdeilda þar og fréttastofunnar verði að huga að starfsheiðri sínum. Verið er að ræða þar eitt umdeildasta mál sem komið hefur lengi og hverju verður maður vitni að þegar maður kveikir á stöð allra landsmanna? Jú, drottningarviðtali. (**Gripið fram í:** Það er flokkssystir ...) Það er flokkssystraviðtal. Er hægt að bjóða upp á það? Á sama tíma og við erum að ræða hér um að skerða frelsi einkastöðva? Og þá spyr ég á móti: Hvað er vandamálið, hvað er að t.d. í fréttatíma Stöðvar 2 og Bylgjunnar og Fréttablaðinu? Hvað er það sem hæstv. forsrh. þolir ekki að sjá? Þolir maðurinn enga gagnrýni?

Nú er tíma mínum brátt lokið en ég vil enn og aftur ítreka að því var lofað hér að hæstv. menntmrh. yrði í salnum (Forseti hringir.) og ég vil bara lýsa algjörri furðu yfir því og óska eftir því að forseti kalli á eftir hæstv. ráðherra til að ræða við okkur um frv. þar sem í rauninni er verið að skerða ...

(**Forseti** (HBl)**:** Venjan er nú að biðja ráðherra að koma áður en menn ljúka máli sínu.)

[21:19]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að honum þætti Ríkisútvarpið orðið hallt undir stjórnvöld í landinu. Það heyrir maður mjög gjarnan hjá stjórnarandstæðingum og á tímabili töluðu þeir um Bláskjá þegar þeir nefndu Ríkisútvarpið. Með því eru menn auðvitað að segja að starfsmenn Ríkisútvarpsins vinni ekki störf sín af hlutleysi. Og eina dæmið sem hv. þm. nefndi var að hæstv. menntmrh. hefði verið í viðtali í Kastljósi. Það er varla óeðlilegt að menntmrh. sé fengin til viðtals um þetta mál. Málið heyrir jú undir ráðuneyti hennar.

En ég spyr hv. þm. í tilefni af þessari umræðu: Telur hv. þm. að starfsmenn Ríkisútvarpsins og þá fyrst og fremst fréttamenn og þáttastjórnendur vinni ekki störf sín af hlutleysi og heiðarleika? Telur hann að þeim sé fjarstýrt og þeir forritaðir í þágu stjórnvalda?

[21:20]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er farinn að hallast að því. Við sjáum nú hvert drottningarviðtalið á fætur öðru og í kvöld var það hæstv. menntmrh. En hvað sem því líður höfum við í Frjálsl. ítrekað orðið varir við það að fyrrum flokksmaður í Sjálfstfl. hefur verið sniðgenginn þegar borgarmál hafa verið rædd og þar vil ég nefna Ólaf F. Magnússon. Þegar menn hafa verið að ræða borgarmál og skipulagsmál hafa stjórnendur Kastljóssins aldrei séð nokkra ástæðu til að kalla á fulltrúa F-listans í borgarstjórn til að ræða um þau mál. Ég verð að spyrja á móti: Finnst hv. þm. það vera eðlileg vinnubrögð að sniðganga eitt afl í borgarstjórn Reykjavíkur? Það getur varla verið. Er ekki eitt af markmiðum þess frv. sem við erum að ræða að tryggja að öll sjónarmið heyrist? Ég tel að Ríkisútvarpið hafi ekki sinnt því, a.m.k. ekki hvað varðar. Og ef við skoðum annað mál og berum saman við það vandamál sem við eigum að leysa hér með því að setja lög á, ég hef ekki orðið vitni að öðru t.d. en að Stöð 2 hafi haft það fyrir reglu að boða fulltrúa allra stjórnmálaafla sem sæti eiga á þinginu með reglulegu millibili eða í hverri viku í dagskrá að ræða um stjórnmál líðandi dags. Ríkissjónvarpið gæti lært það af Bylgjunni og Stöð 2 og Norðurljósum, og ég tel að það ætti að einhverju leyti að líta til og taka upp ýmsa starfshætti sem fyrirtæki Norðurljósa viðhafa.

[21:22]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að verið sé að gera upp á milli stjórnmálaafla í Ríkisútvarpinu. Mér finnst stjórnmálaumfjöllun þar vera mjög hlutlaus og með þeim endalausa áróðri á Ríkisútvarpið að það sé einhver málpípa stjórnvalda eru menn auðvitað að segja að menn vinni ekki störf sín af heiðarleika. Ég er ekki sammála því og ég tel að fréttamenn og þáttastjórnendur og þeir sem með þau mál fara í Ríkisútvarpinu vinni störf sín af mikilli samviskusemi og eigi ekki skilið þessa gagnrýni því sú gagnrýni er jú bein gagnrýni á það fólk en ekki stjórnvöld í landinu.

Og aðeins út af ummælunum áðan um Kastljósið og viðtalið við ráðherra, að ráðherra hefði verið ein þar, þá segir hún mér að hún hafi verið beðin að koma í þann þátt með Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, en þegar til kom mætti hún ein í þáttinn.

[21:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við erum einfaldlega ósammála um þetta og til að skera úr um það tel ég að við ættum kannski að skoða umfjöllun Kastljóssins. Ef við tökum bara síðustu þrjá, fjóra daga og skoðum hverjir hafa flokksskírteini í stjórnarflokkunum og hafa verið að ræða þessi mál, þá tel ég að menn sjái að ég hafi rétt fyrir mér. Það er engin spurning um það. Ég veit að hv. þm. Guðjón Guðmundsson er sanngjarn maður og hann kemst örugglega að svipaðri niðurstöðu og ég eftir að hafa skoðað viðmælendur Kastljóssins. Eins og þegar maður horfði á þáttinn í kvöld, þarna voru náttúrlega flokkssystur að ræða mjög umdeilt mál og það fór þægilega um fólk og var bara á léttu nótunum. Við verðum að ... (Gripið fram í.) Þú getur bara komið og rætt það, þú hefur seinni ræðu og getur farið yfir þetta. Ég tel einsýnt að ef við skoðum umfjöllun þessa ágæta þáttar síðustu þrjá daga muni sanngjarnir og hlutlausir menn eins og Guðjón Guðmundsson verða sammála mér.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. ber að beina ræðu sinni til forseta.)

[21:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum um skýrslu nefndar menntmrh. um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi sem hæstv. menntmrh. flutti okkur. Þetta er góð skýrsla og ég held að flestir séu sammála því, mikið af nýjum, góðum og merkum upplýsingum. Við höfum góðan tíma til umræðu. Gefið hefur verið út að Alþingi situr á meðan þörf er til að ræða skýrsluna og frv. sem lagt var fram í dag en ekki er búið að veita samþykki fyrir að verði rætt. Þess vegna ræðum við frv. síðar og gefum okkur góðan tíma til þess. Umræðurnar eiga að sjálfsögðu, eins og alltaf á Alþingi, að draga fram kosti og galla, mat á stöðu og finna lausnir. Það er það sem við vinnum að.

Ég hef ætíð verið á móti óþörfum reglum á atvinnulífið (Gripið fram í.) og alltaf hvatt til varkárni í því að leggja klyfjar á það. Í þessu máli um fjölmiðla sem hefur verið mjög lengi til umræðu hef ég vísað á netið sem undankomuleið. Ég taldi líka að samkeppnislög gætu aðstoðað okkur í því að gæta þess að málin lentu ekki í ógöngum. En það hefur margt breyst, líka netið. Sú skýrsla sem við ræðum í dag leiðir meira að segja í ljós að tveir stórir netmiðlar, vísir.is og femin.is, sem ég fer nokkuð reglulega inn á, eru í eigu þess sama aðila og á þá fjölmiðla sem við erum að ræða um. Þannig að jafnvel netið er ekki lengur það skjól sem ég taldi vera. Í skýrslunni kemur líka fram að samkeppnislög duga ekki. Þar stendur, með leyfi herra forseta, á síðu 84:

„Hér að framan er í 5. kafla lýst ákvæðum samkeppnislaga. Ljóst er að ákvæði laganna eiga við um fjölmiðlafyrirtæki með sama hætti og sömu takmörkunum og við eiga um önnur fyrirtæki. Sú spurning vaknar því hvort í þeim felist að óbreyttu nægilegar heimildir til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Í þeim sérfræðilegu gögnum sem nefndin hefur aflað er þessari spurningu ávallt svarað neitandi.“ Það er það skjól og hald sem ég taldi vera í samkeppnislögum,

segja höfundar skýrslunnar, og ég hef ekki ástæðu til að rengja það, að ekki sé hald í.

Herra forseti. Það er dálítill vandi að ræða fjölmiðla. Umræðan fær yfirleitt yfirvægi. Ef við værum að ræða eignarhald á bönkum eða sjávarútvegsfyrirtækjum eða iðnfyrirtækum væri þess getið svona í smáklausu á þriðju síðu og umræðu væri löngu lokið. Ég fullyrði það. En núna eru það forsíðufréttir fjölmiðla alla daga. Það er nefnilega svo að fjölmiðlar eru dálítið sjálfhverfir. Þeir eru mjög uppteknir af sjálfum sér. (Gripið fram í.) Þeir ættu að átta sig á því að almenningur hefur ekki áhuga á þeim sem flytur fréttirnar heldur á fréttunum sem slíkum.

Herra forseti. Oft er rætt um fjórða valdið til viðbótar við framkvæmdar-, löggjafar- og dómsvald og það eru fjölmiðlar. Upplýsingar sem þeir veita koma frá alls konar fjölmiðlun; blöðum, tímaritum, útvarpi, sjónvarpi, netinu o.s.frv., heimasíðum, en líka frá orðspori og sögusögnum. Það má segja að ég sé að stunda fjölmiðlun núna því ræða mín berst til ykkar og meira að segja mjög víða. (**Gripið fram í:** Það er ekki ...)

Borgarinn þarf hlutlægar fréttir en líka mismunandi sjónarmið og skoðanir á atburðum til að geta myndað sér skoðanir og tekið afstöðu á lýðræðislegan hátt. Fjölmiðlar eru því mjög mikilvægir í þágu lýðræðisins og eru fjórða valdið. Það er ekkert skrýtið að einræðisherrar, og hefur kannski byrjað með nasistum Þýskalands, hafi fyrir löngu áttað sig á gildi fjölmiðla og nýti þá sér til hins ýtrasta.

(**ÖS:** Eru þessir menn nasistar?) Það má segja að það hafi byrjað þar, herra forseti.

Herra forseti. Það var einu sinni draumur manna að Ríkisútvarpið flytti hlutlausar fréttir. En að sjálfsögðu er enginn maður hlutlaus. Ég er ekki hlutlaus og aðrir eru ekki hlutlausir. Menn verða ekkert hlutlausir við það að verða fréttamenn. Hins vegar getur fólk æft sig í því að segja frá mörgum sjónarhornum. Það getur æft sig í því að láta mismunandi sjónarmið koma fram og það getur æft sig í því að ræða kosti og galla mála, ekki bara kosti eða bara galla. Það er svona ákveðin akademísk umræða. En fréttir geta verið alveg hlutlægar, t.d. fréttir af slysum. Þá er sagt hvað margir hafa slasast, fjölda farartækja o.s.frv. En sú frétt getur líka breyst í skoðanamyndandi frétt eða jafnvel áróður ef sá sem fréttina segir lætur þess getið að sjúkrabílar hafi verið seinir á vettvang vegna stjórnleysis eða skorts á fjármagni, jafnvel að slysið sé afleiðing stefnu stjórnvalda í vegamálum, með réttu eða röngu. Allt í einu er fréttin þá orðin lituð.

Ég vil benda á að fréttamenn eru líka einstaklingar. Þeir vilja halda vinnunni. Þeir vilja starfsframa, launahækkanir o.s.frv. Þeir yrðu t.d. hugsi ef markaðsráðandi fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða sem á fjölmiðil sem þeir vinna hjá, kemst allt í einu í fréttirnar, sérstaklega ef það eru neikvæðar fréttir. Þá munu þeir vera dálítið hugsi. Auk þess er fólk hollt vinnuveitanda sínum. Fréttamenn eru því ekki óháðir eigendum sínum, langt í frá.

Í skýrslunni er getið um að vinna þurfi að því að setja reglur um óháða ritstjórn og ég er hlynntur því. En mér finnst að þær reglur eigi að koma frá fjölmiðlunum sjálfum. Þeir eiga að birta reglur um óhæfi ritstjórna frá eigendum þannig að trúverðugt sé. Það eiga þeir að gera sjálfir. Það gerum við ekki með lagasetningu vegna þess að eftirlitið yrði nánast útilokað.

Ég má til með að koma að því, herra forseti, hver sé munurinn á auglýsingu og fréttum. Þegar ég heyri auglýsingu fer ég alltaf í vörn. Ég veit að einhver er að segja mér af dásemdum vöru sinnar og ég tek svona 90% við því sem sagt er með miklum fyrirvara. Ef ég hlusta hins vegar á fréttir þá tek ég því fyrirvaralaust og er alveg opinn fyrir því sem fréttin segir.

Nú skulum við gefa okkur að ég eigi markaðsráðandi fyrirtæki á mörgum sviðum. Ég er bara að gefa mér dæmi sem alls ekki er til. Svo auglýsi ég fyrir hundruð milljóna á ári. Ég dreifi t.d. bæklingum fyrir milljónatugi. Ég veit að ég hef mjög takmörkuð og dempuð áhrif af því að þetta eru auglýsingar. Ég get ekki mótað skoðanir fólks nema í mjög litlum mæli á fyrirtæki sem ég rek eða á vöruna sem ég auglýsi af því að fólk er í vörn þegar það les auglýsingabæklingana frá mér. Þá fæ ég hugmynd. Hví skyldi ég ekki gefa út dagblað sem kostar jafnvel ekkert miklu meira? Í fyrsta lagi fæ ég auglýsingar og í öðru lagi fær fólkið skoðanir í fréttum sem ég hugsanlega get litað eilítið hvað varðar fyrirtækið sem ég rek. Mér sýnist að þetta sé bara dúndurbisniss. Og fréttamennirnir, sem að sjálfsögðu eru allir hlutlausir eins og kunnugt er, vita að ég sit í stjórn félagsins og þeir vita hvaða vörur ég er að selja í hinu markaðsráðandi fyrirtæki mínu. Og það er nú ekki amalegt að eiga góða að til þess að tala um rétt fólk og koma vörum fyrirtækisins í rétt ljós í fréttum, ekki í auglýsingum.

Herra forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar sagði í umræðunni fyrr í dag að aldrei í Íslandssögunni hefði verið meiri gróska í íslenskri fjölmiðlasögu. Ég er hjartanlega sammála, herra forseti. En hvers vegna skyldi það nú vera? Það er vegna þess að einhverjir aðilar eru að dæla milljörðum inn í fjölmiðlamarkaðinn til þess að græða, segja þeir, eða til þess að ná fram áhrifum. Ég veit það ekki. En það er staðreynd að settur hefur verið á laggirnar fjölmiðill sem er dreift ókeypis, Fréttablaðið, dagblað sem er dreift ókeypis á öll heimili landsins og það er staðreynd að mikið aukið nýtt fé hefur komið inn í aðra stærstu sjónvarpsstöðina. Þetta að er sjálfsögðu mjög örvandi fyrir fjölmiðlamarkaðinn, ekki spurning. En það er ekki endilega víst að það sé til góðs. Þá vil ég lesa úr skýrslunni, herra forseti. Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Nefndin telur að sé eingöngu horft til fjölda miðla og litið fram hjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin missiri verið á margan hátt jákvæð. Er í því sambandi bent á að haldið er úti þremur dagblöðum á landsvísu sem hafa markverða útbreiðslu, þ.e. *Fréttablaðinu*, *Morgunblaðinu* og DV.

Þá verður að telja að skipting markaðar fyrir sjónvarp á þá þrjá aðila sem allir hafa marktæka stöðu á markaði sé ásættanleg þegar höfð er í huga smæð markaðarins."

Allt er þetta fínt, herra forseti. En það stendur jafnframt:

„Þegar litið er til eignarhalds og eignatengsla sérstaklega er aftur á móti ljóst að heildarmarkaður fyrir dagblöð, sjónvarp og hljóðvarp hefur ýmis þau einkenni sem talin eru óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem hér er stuðst við og taldar hafa verið eiga við í öðrum löndum. Í því sambandi komu þessi atriði til skoðunar:"

Það er sem sagt eignarhaldið sem nefndin í skýrslunni telur ekki vera nægilega gott. Svo segja þeir auk þess, með leyfi herra forseta:

„Á hinn bóginn verður ekki ráðið af þeim gögnum sem nefndin hefur aflað að það sé þekkt í öðrum löndum að aðili sem hefur hliðstæð umsvif í viðskiptalífi annarra landa og Baugur Group hf. hefur á Íslandi fari jafnframt með ráðandi hlut í jafnöflugu fjölmiðlafyrirtæki og Norðurljósum hf."

Þeir benda sem sagt á þessar sérstöku íslensku aðstæður. Sú mikla gróska sem hv. þm. benti á er því ekki endilega af hinu góða.

Herra forseti. Hvað erum við að óttast eiginlega? Af hverju erum við með þessa skýrslu og frumvarpið?

Fyrir nokkrum dögum var mikil umræða sem stendur enn þá um lyfjaverð og lyfjaiðnaðinn og lyfjaverslun og allt það. Ég las fréttir í ýmsum blöðum og það er nú þannig þegar maður les fréttir að manni finnst þær stundum óskaplega litaðar. En þær eru það ekki endilega. Það er bara ég sem er litaður sem les þær. En mér fannst sem sagt fréttirnar af lyfjaiðnaðinum vera óskaplega litaðar. Það var talað við visst fólk sem átti voðalega bágt og þurfti lyf hvað sem það kostaði. Kostnaðurinn skipti engu máli. Það átti bara að kaupa alltaf bestu lyfin. Svo rann allt í einu upp fyrir mér ljós núna bara fyrir tveim dögum: Hver átti alla lyfjadreifinguna á Íslandi? Það var sami aðilinn og á þessi ákveðnu fréttablöð. Nú er ég ekki að segja að þetta sé neitt litað. Ég veit það ekki. Mér finnst það hins vegar. (**Gripið fram í:** Er það Árvakur?) Nei, herra forseti. Það var ekki Árvakur sem á ... (**Gripið fram í:** ... frú forseti.) Frú forseti. Áðan var það herra. Nei, það var ekki Árvakur. Mér finnst því (Gripið fram í.) ákveðin teikn vera á lofti sem ber alvarlega að varast vegna þess að þarna snýst spurningin um pólitík, um stjórnmál, um það hvernig maður myndar skoðanir á ákveðnum pólitískum málefnum, t.d. um það hvernig eigi að haga verslun með lyf sem eru greinilega miklu dýrari hér en annars staðar. Svo hefur netið líka brugðist vonum mínum því ég er að uppgötva að þar eru líka markaðsráðandi aðilar mjög sterkir inni.

Því miður hefur nefndin, frú forseti, takmarkað sig í skýrslunni við dagblöð og útvarp í víðasta skilningi. Ég sakna þess að sjá ekki umfjöllun um netið vegna þess að það er framtíðin ekki síður en útvarp, sjónvarp og dagblöð.

Herra forseti. Ég get ekki lokið ræðu minni án þess að fjalla um RÚV vegna þess að það er í raun í eigu eins aðila sem er markaðsráðandi á fjölda sviða, t.d. í heilbrigðismálum. Og umfjöllun RÚV um þau mál sem eigandinn er markaðsráðandi í eru einmitt því marki brennd sem ég er að nefna hérna. Auk þess eru starfmennirnir opinberir starfsmenn þannig að ég geri alltaf fyrirvara þegar RÚV ræðir um kjör opinberra starfsmanna, eðlilega, vegna þess að enginn er óháður. (Gripið fram í.)

Fyrr í vetur var lagt fram á þessu þingi frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Birgi Ármannssyni og Sigurði Kára Kristjánssyni um einkavæðingu RÚV. Í umræðu um það komu fram eingöngu andmæli eða viðvaranir frá hv. þingmönnum Samf. og aðalrökin gegn frv. og þau einu sem heyrðust í umræðunni voru þau að Stöð 2 mundi gleypa RÚV. Það voru einu rökin. Þeir óttuðust sem sagt einmitt það sem þessu frv. er ætlað að berjast gegn, þ.e. að enn meiri samþjöppun verði í eignarhaldi á fjölmiðlum. Ég treysti því að ef þetta frv. sem hér liggur frammi verður að lögum verði hægt að einkavæða RÚV.

[21:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur komist að því sér til leiðinda að samkeppnislög duga ekki, eins og hann hélt og hefur haldið fram á þinginu, til þess að vinna á móti samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Þetta hefði hv. þm. reyndar getað lesið í þáltill. Bryndísar Hlöðversdóttur og fleiri samfylkingarmanna hér í vetur.

Þau duga auðvitað ekki vegna þess að fjölmiðlarnir eru fyrirtæki af alveg sérstöku tagi. Á það er hins vegar bent í skýrslunni að fjöldamargar leiðir koma til greina auk þessara samkeppnislaga. Þeir gera ráð fyrir því að hægt sé að velja ýmsar leiðir, og m.a. gera þeir ráð fyrir því að styrking Ríkisútvarpsins, traust almenningsútvarp, að sú leið ein komi til greina. Þeir segja á síðu 84 í skýrslunni sem marglesin hefur verið hér í dag að í þriðja lagi megi benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu o.s.frv. Og talað er um traust almenningsútvarp í kaflanum um útvarp. Hér kemur því margt annað til greina en frv. sem hér hefur verið samið.

Mig langar að fá álit hv. ræðumanns á þessu.

[21:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þó hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi bent á að samkeppnislög dygðu ekki í sinni tillögu þá treysti ég nú skýrsluhöfundi betur. Það er nú einu sinni þannig með mig.

Varðandi Ríkisútvarpið þá er ég bara ekki á sama máli og skýrsluhöfundar. Ég tel varðandi einokun þá sem ríkið hefur haft á fjölmiðlun um áratugi að ríkið eigi ekkert erindi inn á þetta svið, fjölmiðlun. Þarna geta einstaklingar og starfsmenn Ríkisútvarpsins staðið sig alveg jafn vel þó Ríkisútvarpið væri ekki í eigu ríkisins.

[21:42]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég veit ekki hverjum hv. þm. treystir því hann verður auðvitað annaðhvort að taka mark á skýrslunni eða ekki. Skýrslan er þannig byggð upp að eftir ágæta umfjöllun sem hefði mátt vinnast meiri tími til að sinna þá er búið til eins konar hlaðborð af hugmyndum og ráðum, því sem gert er í útlöndum og því sem til greina kæmi að gera hér. Ein af þeim hugmyndum er að styrkja hið trausta almenningsútvarp. Gert er ráð fyrir því í skýrslunni beinlínis á þeirri síðu sem ég nefndi að sú leið ein sé farin, að einn kosturinn sé að fara eingöngu þá leið. Það er líka minnst hér á leiðir sem hægt er að fara í samkeppnislögum, eina sér eða með öðrum. Og auðvitað var ég glaður að sjá að í þessari skýrslu er líka minnst á það að hægt sé að fara — klukkan er óróleg — að hægt sé að fara eina saman þá leið sem við samfylkingarmenn lögðum til um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlum.

[21:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eðli stjórnmála að velja úr leiðum að ákveðnu marki. Ég veit að við hv. þm. höfum ekki sömu skoðun á því hvort fara eigi samtryggingarleið eða einkavæðingarleið í uppbyggingu á þjóðfélaginu. Ég treysti á einstaklinginn. Hann treystir á samtrygginguna. Þetta eru bara tvær mismunandi lífsskoðanir. Ég er ekkert að segja að hans lífsskoðun sé röng, né getur hann sagt að mín sé röng.

[21:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyrði ekki hv. þm. lýsa yfir beinum stuðningi við það frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur samið á grundvelli álits nefndarinnar. Ég heyrði hann hins vegar taka það mjög skýrt fram að hann væri á móti óþörfum afskiptum og hömlum í viðskiptalífinu. Við höfum svo sem heyrt þá skoðun hv. þm. áður í þessum sal. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þm.: Telur hann það virkilega ekki óþarfa afskipti af viðskiptalífinu að banna markaðsráðandi

fyrirtækjum með öllu fjárfestingar í ljósvakamiðlum sama hversu lítill sá hlutur er? Telur hv. þm. að þetta sé rétt að gera og telur hann þetta nauðsynleg afskipti af atvinnulífinu eins og staðan er í dag?

[21:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Alþingi hefur ekki veitt heimild til að taka á dagskrá frv. sem dreift var í dag. Það verður rætt eftir nokkra daga og ég mun þá að sjálfsögðu taka afstöðu til þess hvernig það er lagt fram. Hins vegar hefur komið fram að frv. var samþykkt án mótatkvæða í þingflokkum stjórnarflokkanna þannig að það segir nokkuð um afstöðu mína til þess án þess að ég vilji ræða hana beint hérna.

Ég sagði að það gæti verið nauðsynlegt að grípa inn í atvinnulífið. Við gerum það t.d. hjá lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og við grípum nokkru víðar inn í atvinnulífið vegna þess að það er talið nauðsynlegt.

[21:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað hefur þá breyst í afstöðu hv. þingmanns síðan hér í þessum sal þann 4. mars 2004? Þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Ég held því fram að eignarhald á fjölmiðlum sé ekkert meira samþjappað í dag en það var fyrir svona 15 árum, þ.e. áður en það var gefið frjálst."

Og hann segir síðan síðar:

„Við erum með tæki til að koma í veg fyrir þvílíkt og eigum ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því sérstaklega."

Þetta segir hv. þm. hér 4. mars 2004. Ég hlýt að spyrja hann ef hann getur hugsað sér að styðja þessi sem hann kallar nauðsynleg afskipti af atvinnulífinu, að banna með öllu markaðsráðandi fyrirtækjum að fjárfesta í ljósvakamiðlum, og ég er ekki að tala um ráðandi hlut, hv. þingmaður: Hvað hefur breyst frá 4. mars? (**Gripið fram í:** Það er ýmislegt.)

[21:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur ekki hlustað á ræðu mína. Það þykir mér miður. Ég sagði einmitt að heilmikið hefði breyst, m.a. sú trú mín að samkeppnislög dygðu. (Gripið fram í.) Það var trúa mín. Skýrslan segir annað. Einnig hefur það breyst að enn meiri samþjöppun hefur orðið í fjölmiðlum. Svo verð ég að viðurkenna að umræðan um lyfjamálið vakti mig til umhugsunar.

[21:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að beina þeirri spurningu til hv. þm. Péturs H. Blöndals sem hefur mikið vit á fjármálum hvort þessi skammi frestur sem fjölmiðlafyrirtækjum er ætlaður til að breyta eignarhaldi sínu, þessi tvö ár, geti ekki rýrt eignir eigenda fyrirtækjanna. Er ekki skynsamlegt og sanngirnismál að hafa frestinn lengri?

[21:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil enn einu sinni benda á að við erum að ræða skýrslu nefndar sem hæstv. menntmrh. hefur flutt, við erum ekki að ræða lagafrumvarpið. Það hefur ekki verið gefin heimild til þess, það hefur ekki verið leyft afbrigði fyrir því að ræða frv. sem lagt var fram í morgun. (**GAK:** Davíð laumaði því í Moggann.)

[21:48]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sá nefnilega ekki að þessi frestur væri gefinn svona skammur í skýrslunni. Mig langaði bara að fá að heyra sérfræðiálit hv. þingmanns á þessum fresti. Ég tel ekkert vafamál að þetta sé of skammur frestur sem muni án efa rýra eignir þeirra sem eiga hlut í fyrirtækjunum. Ég ætlaði bara að fá álit hv. þingmanns á því.

Hvað varðar skýrsluna fyndist mér fróðlegt að fá að heyra álit hv. þingmanns á þeirri hugmynd að efla Ríkisútvarpið. Er hann sammála því sem kemur fram í skýrslunni? Það kæmi mér alveg á óvart ef svo væri.

[21:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var búinn að svara þessu líka rétt áðan í andsvari. Það er undarlegt að fá sömu spurninguna aftur og aftur. Ég var búinn að segja það. (**Gripið fram í:** ... skýrslunni, fyrirgefðu.) Ég er sem sagt á móti því að ríkið standi í fjölmiðlarekstri og mér sýnist einmitt að sú lagasetning sem við munum væntanlega ræða eftir nokkra daga muni gera það kleift.

Einu andmælin gegn einkavæðingu Ríkisútvarpsins sem er mál sem ég flutti komu frá Samf. sem þá væntanlega stendur sem einn maður á bak við þau andmæli. Þar er alltaf ein sál og ein meining. Andmælin vörðuðu það að Stöð 2 mundi gleypa Ríkisútvarpið ef það yrði einkavætt. Nú er sú hætta ekki lengur til staðar og þá sýnist mér að við getum selt það.

[21:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á bls. 87 í þessari skýrslu er talað um nokkra möguleika til að beita banni við eignarhaldi á fjölmiðlum. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji að á grundvelli þess sem í skýrslunni stendur sé hægt að draga þá ályktun að til greina komi að banna öllum sem eiga fjármuni í öðrum rekstri að taka þátt í því að reka fjölmiðla, þ.e. að þeir verði að vera eingöngu í fjölmiðlarekstri ef þeir eigi að taka þátt á annað borð í fjölmiðlun á Íslandi. Finnst honum þetta þá ekki allt of strangar reglur gagnvart þeim sem eiga hlutabréf og eru að vinna með fjármagn á markaðnum?

[21:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í skýrslunni koma fram margar leiðir til lausnar á þeim vanda sem skýrsluhöfundar telja sig verða vara við. Ein af þeim sértækari er bann við því að aðilar í rekstri sem ekki tengist fjölmiðlum geti átt ráðandi og virkan eignarhlut í félaginu. Þetta er ein þeirra leiða sem menn þurfa að skoða og eru að skoða og það kristallast að einhverju leyti í því frv. sem við munum svo ræða eftir tvo daga eða svo.

[21:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Öðruvísi mér áður brá. Yfirleitt hefur hv. þm. ekki legið á skoðunum sínum um svona hluti. Á markaðnum í landinu eru menn með peninga og í skýrslunni er látið að því liggja að það eigi að herða þannig að þessum markaði að menn verði að vera eingöngu í dagblaðaútgáfu ef þeir ætla að hafa peninga sína þar að einhverju leyti, það sé ekkert um það að ræða að nota hluta af fjármunum sínum sem áhættufé í dagblaðarekstri, heldur verði menn gjörsamlega að hætta í öðrum fjárfestingum til þess að standa í þessari. Síðan eru mönnum sett þannig skilyrði að það þurfi að vera

fjórir í hóp til þess að geta rekið fyrirtæki sem fær úthlutað leyfi. Þetta er það sem kemur í þessu frv.

En ég var að spyrja um það sem stóð í skýrslunni og mér finnst hv. þingmaður vera farinn að missa svolítið sjálfstæði sitt hér í þingsalnum þegar hann þorir ekki að svara spurningum af þessu tagi.

[21:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Það hefur komið fram í umræðunni í dag að nefndin bendir á margar leiðir til lausnar. Það er okkar stjórnmálamannanna að velja úr þeim leiðum í samræmi við lífsskoðun okkar og hvernig við teljum best að þessu staðið þannig að sem minnstur skaði hljótist af. Ég er ekkert að segja að ég taki undir allt sem nefndin segir. Ég tek t.d. ekki undir að það eigi að styrkja RÚV hvað sem það kostar, og eins mikið og það kostar. Við erum að fjalla um málið í nefndinni og við getum haft ýmsar skoðanir á þeim leiðum sem nefndin leggur til og ég tek ekki undir þær allar, ekki án þess að ræða það mjög ítarlega.

[21:54]

Útbýting þingskjala:

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 855. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1531.

Háskóli Íslands, 780. mál, þskj. 1508.

Húsnæðismál, 785. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1533.

Yrkisréttur, 613. mál, þskj. 1509; brtt. DrH, þskj. 1532.

[21:55]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Tæknin var eitthvað að stríða okkur hér niðri á gólfinu. Það er eftir öðru hér í dag og í kvöld, það hefur að mörgu leyti verið kátleg stund að fylgjast með þeim umræðum sem hér hafa farið fram, enda hafa mál þróast hreint með ólíkindum á Alþingi á síðustu dögum og í þjóðlífinu almennt. Það verður að segjast, virðulegur forseti, að þegar hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er farin að kalla sér til vitnis Ólaf Ragnar Grímsson, forseta lýðveldisins, og félaga minn Guðmund Árna Stefánsson, þann mikla leiðtoga jafnaðarmanna í Hafnarfirði, er hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í vondum málum. Það er full ástæða til að finna til með ráðherranum því að auðvitað skynjum við það að eins og allar sæmilega frjálslyndar manneskjur getur hún enga sannfæringu haft fyrir því frv. sem verið er að reyna að réttlæta með þeirri skýrslu sem hér er til umræðu. Frv. er algerlega óboðlegt og fullkomlega smekklaust af hálfu hæstv. menntmrh., að gefa í skyn í ræðu sinni að forseti lýðveldisins sé sérstakur stuðningsmaður þess máls sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur ákveðið að keyra í gegnum þingið á síðustu dögunum.

Það er smekklaust, virðulegur forseti, af hæstv. menntmrh. vegna þess að forseti lýðveldisins á að gæta stjórnarskrárinnar. Um þetta frv. eru helst uppi alvarleg álitaefni sem varða réttarríkið, stöðu borgaranna og stjórnarskrána sjálfa. Það er greinilegt að ráðherrann á ekki rök í eigin safni til að réttlæta þann óskapnað sem hér var lagður fram í dag, þ.e. frv. hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, og þarf þess vegna að reyna að draga aðra inn í það og gera ábyrga fyrir því. Ég held að við hljótum bara að frábiðja okkur að verið sé að blanda með þessum hætti æðsta embætti þjóðarinnar inn í umræðuna.

Sjálfstfl. er í svo vondum málum að ekki bara liggur málið svona, heldur er líka í sjálfu sér nóg að vitna í þá ágætu kumpána, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. dóms- og kirkjumrh. Björn Bjarnason, til að sýna fram á að flokkurinn hefur á örfáum vikum algerlega snúið við blaðinu og hleypur núna bara eftir hefndarþorstanum í þessu máli. Það eru ekki nema þrjú ár síðan hæstv. forsrh. Davíð Oddsson tjáði sig um stofnun Ísfilms, þegar markaðsráðandi aðilar hér í landinu tóku sig saman um að stofna fjölmiðlarisa, væntanlega á borð við Norðurljós, og sagði að það hefði verið rétt hugmynd en tíminn rangur vegna þess að efnahagsástandið var ekki gott.

Rétt hugmynd, og núna er væntanlega réttur tími því að efnahagsástandið er ágætt. En það er alveg augljóst hvað á að varna þeirri hugmynd í dag þó að hún sé rétt og tíminn líka. Það er einfaldlega sú staðreynd að rangir menn eiga í hlut. Það er ástæða til að vitna frekar í flokksfélaga hæstv. menntmrh. og fyrirrennara á stóli ráðherra. Árið 1995 segir Björn Bjarnason orðrétt, með leyfi forseta:

„Við lifum á tímum sem eru kenndir við upplýsingabyltinguna þar sem menn eru að stíga ný skref til upplýsingamiðlunar og tileinka sér nýja tækni til þess að geta verið virkir þátttakendur í þeirri byltingu. Ég hef skilið það svo að samruni eða samstarf þeirra tveggja fyrirtækja sem hér hefur sérstaklega verið rætt um miði að því að Íslendingar geti orðið virkari þátttakendur í þessari byltingu og hér verði fyrir hendi aðstaða og þekking til þess að nýta sér hana til fullnustu. Ég sé ekki að það sé neitt athugavert við það að fyrirtæki sameinist, einkaaðilar sameinist um slíka starfsemi og tel það því miklu meira í samræmi við tímann heldur en mæla fyrir um það að ríkið auki hlut sinn á sviði fjölmiðlunar. Ég tel að það hafi verið tímanna tákn á sínum tíma þegar Ríkisútvarpið var stofnað að þá voru menn að glíma við tæknileg vandamál sem ekki voru á færi einstaklinga að leysa. Nú eru breyttir tímar og þá eiga einstaklingar að láta að sér kveða með þeim hætti sem skynsamlegast er og það er að gerast í þessu máli.

Það er einnig rangt að halda því fram að hér hafi þrengst um á fjölmiðlamarkaði. Þvert á móti hafa tæknibreytingarnar leitt til þess að það er miklu auðveldara en áður var að stunda fjölmiðlun, bæði í útvarpi og einnig í blaðaútgáfu, enda sjáum við það um land allt og hvarvetna þar sem menn hafa áhuga á að láta að sér kveða að þeir geta gefið út blöð og þeir geta opnað útvarpsstöðvar þannig að það er algerlega rangt að halda því fram að skoðanamyndun í landinu sé að færast á færri hendur. Þvert á móti hefur tæknin leitt til þess að það geta fleiri látið að sér kveða.

Um það hvort þurfi að setja sérstaka löggjöf varðandi þessa starfsemi þá dreg ég það í efa. Ég held að sú löggjöf sem er nú fyrir hendi geri mönnum kleift að stunda þessa starfsemi, bæði blaðaútgáfu, útvarpsstarfsemi og sjónvarpsstarfsemi með þeim hætti að fullnægjandi sé fyrir hagsmuni hins almenna borgara. Og ég mótmæli því að einhver þróun hafi átt sér stað hér í landinu sem miðar að því að færa upplýsingamiðlun á færri hendur. Hið gagnstæða hefur í raun og veru gerst."

Svo mörg voru þau orð Björns Bjarnasonar þegar um var að ræða að annað af stærstu blöðum landsins, DV, og Stöð 2, núverandi Norðurljós, ráðandi þá yfir ýmsum ljósvakamiðlum öðrum væru að sameinast. Það er algerlega augljóst að það er ekkert sem hefur breyst í þessu umhverfi annað en það að hér hefur fjölbreytni aukist frá því að hæstv. dóms- og kirkjumrh. sagði þessi orð. Við höfum fengið fleiri sjónvarpsstöðvar, öflugri dagblöð og fleiri útvarpsstöðvar. Hvers vegna þá þessi kúvending?

Jú, vegna þess að þótt hugmyndin sé rétt og tíminn réttur eiga rangir menn í hlut. Ég lýsi mig, virðulegur forseti, algerlega ósammála þeim ályktunum í skýrslunni sem hér er til umfjöllunar að hér sé ekki nægileg fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Ég tel að ég hafi sýnt fram á það í umræðunni fyrr í dag að aldrei fyrr í Íslandssögunni hafi verið meiri fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Ég tel að ekkert málsvæði af okkar stærðargráðu í veröldinni eigi jafngróskumikið fjölmiðlalíf og okkar Íslendinga. Ég held að við höfum mörg þurft að segja erlendu fólki það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar til að það tryði því að hér kæmi út eitt eintak af dagblaði á hverja tvo íbúa landsins, að hér væru fyrir 300 þús. manna málsvæði reknar fjórar sjónvarpsstöðvar með tveimur sjálfstæðum fréttastofum og hér væri sennilega á annan tuginn af útvarpsstöðvum fyrir utan síðan öll héraðsfréttablöðin, netmiðlana og hvað þetta allt saman heitir. Ég tel að það frjálsræði sem þessi starfsemi hefur búið við hafi átt hlut að máli við að tryggja þessa gróskumiklu flóru. Ég held að sannarlega sé mjög varhugavert að ætla að setja skorður við því að fólk megi fjárfesta í fjölmiðlum.

Ég ætla líka, raunar eins og hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason gerði hér árið 1995, að leyfa mér að efast um að rétta viðbragðið við þessu, eins og fram kemur hjá skýrsluhöfundum, sé að efla Ríkisútvarpið. Ég held a.m.k. að menn þurfi að hugsa það mál mjög vel áður en þeir draga þá ályktun. Mér virðist að mörgu leyti að hér hafi frjálsir fjölmiðlar átt nokkuð erfitt uppdráttar á ljósvakamarkaði, kannski ekki síst vegna hinnar gríðarlega sterku stöðu Ríkisútvarpsins á þeim markaði. Ég tel að sterk staða Ríkisútvarpsins sé æskileg, vil ekki að ég sé misskilinn í því efni, en ég er ekki viss um að leiðin til að efla fjölbreytnina og styrkja flóruna sé að styrkja það enn frekar. Að mörgu leyti hefur mér sýnst sem samruninn svokallaði á ljósvakamarkaðnum hafi verið kominn til af nauðung vegna þess að þeir ljósvakar hafi ekki átt í fullu tré við hina sterku markaðsstöðu Ríkisútvarpsins.

Rekstrarforsendur fyrir mjög mörgum fyrirtækjum eru þannig slakari. Þess vegna eru jafnvel þau fyrirtæki sem enn eru við hliðina á Norðurljósum á þeim markaði heldur að leita eftir að sameinast til þess að leysa úr rekstrarvanda sínum og komast í aðstöðu til að geta keppt við Ríkisútvarpið og hina gríðarlega sterku stöðu þess.

Ég held að annað þurfi frekar að efla í Ríkisútvarpinu, nefnilega sjálfstæði þess. Ég held að í rúmlega 70 ár, allt frá því að afi minn og alnafni, Helgi Hjörvar, setti það fyrirtæki á stofn fyrir hönd ríkisins hafi það mátt búa við afskipti stjórnmálamanna og að pólitíkin hafi gjarnan unnið því fyrirtæki meira ógagn en gagn. Á hans tíma var það Jónas frá Hriflu, nú um stundir eru það einhverjir aðrir. Pólitísk afskipti hvers konar af starfsemi útvarpsins hafa spillt fyrir því. Þau ógna hlutleysi og fjölbreytni í fjölmiðlum okkar og það að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins hlyti að vera eitt af fyrstu viðfangsefnunum í því að stuðla að réttarbótum á fjölmiðlamarkaði.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fá að koma að því efni í síðari ræðu minni þar sem ég hef svo gott sem lokið tíma mínum.

[22:08]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng og þó ekki útilokað að hún verði í einhverja stund í viðbót. Hún er í sjálfu sér búin að vera ágæt og það er skoðun mín að þetta sé mál af því taginu að það sé þess virði að fara vel í gegnum það. Ég tel og ég held að allur þingheimur telji mjög mikilvægt að við flýtum okkur ekkert hvað það varðar, heldur förum gaumgæfilega yfir það. Hún er að vísu örugglega ekki ný af nálinni, umræðan um eignarhald fjölmiðla, þó að segja megi að eitthvað sé nýtt, þ.e. þessi ítarlega skýrsla sem liggur fyrir og mikið hefur verið vitnað í. Ég held að flestir séu sammála um að hún sé vel unnin og mikið á henni að græða.

Í mínum huga er hins vegar þetta mál mjög einfalt. Það snýst um að við munum horfa á það að hér verði fleiri markaðsráðandi fyrirtæki en gengur og gerist annars staðar. Það held ég að liggi alveg fyrir. Svo sannarlega hefur maður oft þurft að verja það því að mörgum hefur ekki fundist það vera skynsamlegt eða réttlátt. Til dæmis hefur verið vitnað í, ekki bara vitnað í, heldur fór formaður Samf., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, yfir það í dag að hann hefði talið á sínum tíma og farið yfir það að mikilvægt væri að brjóta upp stórt fyrirtæki á matvörumarkaði sökum þess að það væri of sterkt og hann hefði þá skoðun á grundvelli skýrslu sem hann vitnaði í fyrir nokkrum missirum. Ég tel að við komumst ekki hjá slíku uppbroti, hvort sem okkur líkar betur eða verr, við erum tæplega 300 þús. manna þjóð. Ég man ekki hvort það eru jafnmargir íbúar í Hull eða Grimsby en það er í annarri hvorri borginni — ég held að það sé í Hull — sem eru um 300 þús. íbúar og svo sannarlega erum við með öflugra og fjölbreyttara líf en gengur og gerist í jafnfjölmennum samfélögum, sem betur fer. Það verður vonandi þannig um alla framtíð.

Spurningin er hvort okkur finnist ásættanlegt að markaðsráðandi fyrirtæki stjórni umræðunni um sjálf sig, ef svo má að orði komast. Síðan geta menn eðli málsins samkvæmt haft allar skoðanir á því. Menn geta talið það eðlilegt og ekkert til að hafa áhyggjur af. Síðan eru aðrir sem telja það ekki æskilega umræðu í þjóðfélaginu og það sé ekki æskilegt lýðræðinu að sá háttur sé hafður á.

Það er ljóst að frv. sem hér liggur fyrir er byggt á þeirri hugmynd að menn telji ekki eðlilegt að markaðsráðandi fyrirtæki stjórni líka umræðunni eða séu eignaraðilar í fjölmiðlum nema að takmörkuðu leyti. Ef við berum okkur saman og segjum, eins og maður hefur heyrt í umræðunni: Er þetta ekki algjört einsdæmi í íslenskri löggjöf? Heyrst hefur að hvergi annars staðar sé verið að taka jafnsterkt á þessum málum og með væntanlegum lögum um fjölmiðla. Það stenst ekki skoðun, það þekkja allir ströng lög um sjávarútveg, um hámark á aflahlutdeildum fyrir heimildum fyrir tiltekin fyrirtæki. Ef ég man rétt telja lögin um fjármálafyrirtækin 116 greinar, virðulegi forseti. Ef menn fara í gegnum þau má sjá ýmsar hindranir um hvernig þau fyrirtæki geta hagað sér og sömuleiðis í hvaða fyrirtækjum þau geta átt o.s.frv.

Við þekkjum öll samkeppnislögin. Þar er sömuleiðis einn lagabálkur þar sem svo sannarlega eru settar ýmsar skorður og leikreglur hvað atvinnulífið varðar.

Fyrir þingi núna liggur frv. um orkumál þar sem gert er ráð fyrir því að með einum eða öðrum hætti sé flestum orkufyrirtækjum landsins skipt upp, þó sérstaklega Landsvirkjun.

Ef við skoðum hvort þetta sé einsdæmi í löggjöf í þeim löndum sem við berum okkur saman við er ágætt að fara yfir þessa skýrslu. Í henni sér maður að hin ýmsu lönd hafa strangar reglur um fjölmiðla. Það sem vekur athygli manns varðandi reglur í t.d. Noregi, Danmörku, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum er að það er ekki samræmi í þeim. Nú er ýmislegt samræmt í t.d. Evrópu-

sambandinu en aðstæður eru mjög mismunandi og lögin líka hvað þá þætti varðar í þessum löndum. Ég gat ekki séð á yfirferð minni yfir skýrsluna að nein lönd væru með nákvæmlega eins löggjöf hvað þetta varðaði. Ef maður fer í gegnum þau lönd sem eru tilgreind í skýrslunni held ég að ástandið á fjölmiðlamarkaðnum á Íslandi mundi nokkurn veginn án undantekninga aldrei ganga upp innan þeirra lagaramma sem þar er um að ræða. Ef við berum okkur saman — að vísu vísa ég til þess að t.d. í Frakklandi er áhorf og annað slíkt miðað við milljónir manna — og setjum áhorfið í eitthvert hlutfall við prósentur get ég ekki séð að núverandi aðstæður á Íslandi mundu rúmast innan nokkurra þessara lagaramma.

Umræða um þessi mál fer ekki bara fram hér á landi. Ég er áskrifandi, og hef lengi verið, að ágætu tímariti sem heitir The Economist. Þar hafa menn farið afskaplega mikinn í umræðunni um eitt ákveðið land, Ítalíu nánar til tekið. Þeir fara mjög stórum orðum um ástandið þar vegna áhrifa forsætisráðherrans í fjölmiðlum þar í landi. Þeir telja að ástandið þar sé engan veginn ásættanlegt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Það segir sig hins vegar sjálft að eðli málsins samkvæmt, þegar farið er í löggjöf eins og þessa, þarf að vanda til verksins og horfa til margra þátta. Ég vonast til að hér á þingi, bæði í umræðum á þinginu sem og í nefnd, fari menn gaumgæfilega yfir þessa þætti. Ég held það eigi ekki við neina löggjöf að hún sé hafin yfir alla gagnrýni. Ég efast um að við séum búin að skrifa hinn fullkomna texta í lagabálka eða í frumvörp. Það hlýtur að vera hlutverk okkar að fara málefnalega yfir frv. og meta svo hvort gera þurfi einhverjar breytingar. Svo sannarlega eru álitaefnin mörg.

Ég sakna þess þó nokkuð, þótt ég vilji ekki halda því fram að það hafi verið án undantekninga í umræðunni í dag, að menn hafi varið tíma sínum í að fara efnislega yfir ýmsa þætti. Ég átti von á því að þeir aðilar sem hafa kannski gagnrýnt frv. hvað mest hefðu einhverjar aðrar útfærslur varðandi þetta frv. Ef við vísum í þá aðila sem gagnrýnt hafa frv. hvað harðast, þ.e. þingflokk Samf., þá hafa flestir þingmenn Samf. verið að draga í land í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég hef einungis heyrt hv. þm. Helga Hjörvar segja að hann sæi enga ástæðu fyrir neinum takmörkunum hvað þetta varðaði. Ég heyrði engan annan þingmann Samf. tala með þeim hætti.

Ég vísa m.a. í ágæta ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, þar sem hún fór yfir ýmsa þætti. Mér þótti að vísu, þótt sá ágæti þingmaður sé málefnaleg og fari oft afskaplega vel með mál, nokkuð óljóst þegar hv. þm. fór yfir lausnirnar í stöðunni. Hún talaði m.a. um að það væri nær að hafa þetta sambærilegt og í samkeppnislögunum, þ.e. að menn gætu haft markaðsráðandi stöðu, en síðan væru viðurlög við því ef markaðsráðandi stöðu væri misbeitt, að við hefðum sambærilega löggjöf hvað varðar fjölmiðlana.

Nú verða menn að fyrirgefa mér það að ég er mikill áhugamaður um hvaða leið Samf. fer í þessu máli. Ég leyfi mér því aðeins að vitna í það sem formaður flokksins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur sagt um þetta mál. Hann hefur verið á svipaðri línu. Svo ég vitni beint í hann, í viðtal við hann í Ríkisútvarpinu, með leyfi forseta, þá segir hann þegar rætt er um slíka stöðu:

„Væntanlega er það að ófyrirleitinn eigandi hann komi upp samræmdri ritstjórnarstefnu sem hann notar síðan til þess að skaða einhvern stjórnmálamann, stjórnmálaflokk eða fyrirtæki sem hann er í samkeppni við."

Ég spyr: Hvernig í ósköpunum á að hafa eftirlit með þessu? Hvernig í ósköpunum? Ætla menn að hafa einhverja fjölmiðlastofnun sem á að fylgjast með því hvort viðkomandi fjölmiðill reyni að koma höggi á samkeppnisaðila eiganda eða stjórnmálamann sem honum er illa við? Ég held að hver og einn sjái að þetta gengur aldrei upp. Því síður mundu ganga upp hugmyndir sem hér hafa verið á lofti, um þetta ritstjórnarlega frelsi. Ég held að bæði fjölmiðlamenn og fjölmiðlar setji sér markið hátt og vilji gera hlutina eins vel og mögulegt er. En mér þykir afskaplega hæpið, sem menn vitna grimmt í úr skýrslunni, að ritstjórnarlegt frelsi komi til með að leysa allan vanda.

Ég ætla aðeins að vitna í skýrsluna en á bls. 91 segir, með leyfi forseta:

„Þótt vissir örðugleikar hljóti jafnan að vera á því að framfylgja slíkum reglum er mögulegt að þær geti verið blaðamönnum og ritstjórum nokkur vernd gagnvart afskiptum og aðgerðum eigenda vegna umfjöllunar þeirra fyrrnefndu um almenn málefni sem eigendur telja andstæða viðskiptalegum hagsmunum sínum."

Svo mörg voru þau orð. Það liggur fyrir og það sér líka hver maður að ef einhver aðili á fjölmiðil þá hlýtur hann að hafa frelsi til að stjórna honum. Þetta eru hans fjármunir, hann getur haft sitt áhugamál og fjölmiðlar eru margvíslegir. Ef hann vill framfylgja ákveðinni ritstjórnarstefnu eins og gengur og gerist, t.d. um blöð um allan heim, þá hlýtur honum að vera það frjálst. Það er ekki hægt að banna tilteknum aðila slíkt. Gefum okkur að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson ætti fullt af peningum og tæki ákvörðun um að setja upp fjölmiðil. Halda menn þá að hægt sé að banna hv. þm. að hafa t.d. þá ritstjórnarstefnu að berjast gegn kvótakerfinu? Gefum okkur að hann væri að stýra blaði sínu, segjum að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson væri ritstjóri og honum, af einhverjum ástæðum, litist vel á einhvern af þingmönnum sjálfstæðismanna sem dytti í hug að leggja inn umsókn og færi síðan að skrifa eftir sannfæringu sinni um kvótakerfið. Ættu þá viðkomandi, eigandi blaðsins og ritstjóri, bara að hlíta því, staðan væri sú að þetta væri sannfæring viðkomandi blaðamanns, að kvótakerfið væri það besta sem fyrir íslenska þjóð hefði komið? Ætti þá eigandinn að sitja uppi með það þar sem slíkar reglur væru í gangi? Það sér hver maður að þetta gengur auðvitað ekki upp. Auðvitað náum við ekki neinni fullkomnun í þessu.

Menn hafa talað vel um ýmsa fjölmiðla, m.a. Ríkisútvarpið. Það er ágætisfjölmiðill þótt ég sjái þann ágæta fjölmiðil ekki sem upphaf og endi alls. Ég hef svo sem ekki breytt skoðun minni á því, að mér þykir mikilvægt að skilgreina hvert hlutverk þess á að vera. En við náum aldrei fullkomnun, hvorki þar né annars staðar, með reglum sem geri að verkum að eitthvað verði til sem heitir hlutlaus fréttamennska. Það er ekki svo. Menn þurfa að setja almennar leikreglur til að sjá til að hér séu a.m.k. eins margir fjölmiðlar og mögulegt er og þeir séu ekki allir á sömu hendi. Það getum við gert sem löggjafi. Síðan þurfum við eðli málsins samkvæmt að vanda það verk. Ég held að það sé vilji allra.

Spurningin er einfaldlega þessi: Vilja menn að þessi markaðsráðandi fyrirtæki stjórni umræðunni um þau sjálf? Telja menn að það sé algjörlega hættulaust og ekki vert að hafa neinar áhyggjur af því? Ef svarið er já, virðulegi forseti, þá eru menn eðli málsins samkvæmt á móti hugmyndum

sem koma fram í skýrslunni, í frumvarpinu og hugmyndum í þá veruna. Ef ekki þá leita menn annarra leiða. Þessi skýrsla er ágætisgrunnur til að vinna á og ég tel að þetta frv. sé prýðilegt þótt fara þurfi yfir alla þætti þess og meta hvort eitthvað megi gera betur.

[22:24]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir innlegg hans. Hann hefur nokkra reynslu af fjölmiðlamarkaði og ég vil kannski spyrja hann fyrst um þau ár er hann var framkvæmdastjóri hjá Fínum miðli, hvort hann hafi upplifað rekstrarskilyrði ljósvakamiðlanna með þeim hætti að það væri ástæða til að koma í veg fyrir að sterk og öflug fyrirtæki gætu verið þeim bakhjarlar. Eða hefur hann af þeirri reynslu dregið þá ályktun að frjálsir ljósvakamiðlar sem keppa við Ríkisútvarpið þurfi þvert á móti sterka og öfluga bakhjarla?

Hins vegar spyr ég hvort hann telji að það ákvæði sem er að finna í frumvarpinu, sem bannar markaðsráðandi fyrirtækjum yfir höfuð að fjárfesta í ljósvakanum upp á 1%, hefði ekki komið í veg fyrir uppbyggingu fjölmargra af hinum svokölluðu frjálsu fjölmiðlum, ef það ákvæði hefði verið í gildi alla síðustu öld. Eins spyr ég hvort hv. þm. viti um eitthvert land í veröldinni þar sem markaðsráðandi fyrirtækjum er algerlega með öllu bannað að leggja eina krónu í frjálsa fjölmiðlun á ljósvakamarkaði.

[22:25]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af rekstrarumhverfi frjálsra fjölmiðla þá hef ég haft skoðanir á því í gegnum tíðina, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar þekkir. Þær hafa ekkert breyst. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni að ég teldi mikilvægt að menn mundu t.d. skilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins. Ég tel það mjög mikilvægt. Það sem gerði rekstri frjálsra fjölmiðla erfitt fyrir áður var t.d. menningarsjóðsgjald, veltuskattur sem var ansi snúinn fyrir þá aðila sem stóðu í þeim rekstri. Hann er sem betur fer farinn. Það segir sig sjálft, sama hver reksturinn er, að eðli málsins samkvæmt er gott að hafa sterka bakhjarla. Nema hvað?

Menn eru hins vegar að tala um hvað hafi breyst, t.d. fór hv. þm. Helgi Hjörvar í ágætri ræðu sinni yfir hluti sem gerðust fyrir 20 árum og 9 árum. Það sem hefur sem betur fer breyst í íslensku samfélagi er að hér eru meiri peningar í umferð en áður. Hér er meira af sterkefnuðum einstaklingum en áður. Það held ég að allir sjái. Ég er því tiltölulega bjartsýnn á íslenskt efnahagslíf yfir höfuð hvað þetta varðar.

Varðandi spurningu hv. þm. um hvort ég vissi um eitthvert land þar sem markaðsráðandi fyrirtækjum væri algjörlega bannað að fjárfesta í ljósvakamiðlum þá hef ég nú ekki skoðað það út í hörgul. Ef við förum hins vegar yfir aðstæður hér á landi þá horfa málin öðruvísi við. Mér finnst stundum ágætt að bera okkur saman við bæjarfélög úti í heimi, þar eru borgir yfirleitt fjölmennari en allir landsmenn hér, og ég veit ekki um neitt bæjarfélag eða samfélag með í kringum 300 þúsund manns með aðstæður eins og á Íslandi. Ég veit ekki einu sinni um samfélag með milljón manns sem býr við aðstæður eins og hér á Íslandi. Það væri hægt að halda langar ræður um það. Ég hef svo sem líka skrifað um það og talað um það. Ég er afskaplega stoltur af því hve margt er mikið betra hér en annars staðar.

[22:27]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson fari bara að tala um hve hann sé almennt stoltur af landi og þjóð þegar lagðar eru fyrir hann erfiðar spurningar. Það er auðvitað þannig að hann getur ekki tiltekið neitt land í heiminum sem hefur verið svo vitlaust að banna öllum þeim kaupsýslumönnum sem eiga hlut í markaðsráðandi fyrirtækjum að leggja fé í ljósvakamiðla. Ég leyfi mér að efast um það að þess séu nokkur dæmi.

Ég held, virðulegur forseti, að Fínn miðill hafi endað inni hjá Norðurljósum, hafi leitað skjóls þar til að efla sig í erfiðri samkeppni á ljósvakamiðlamarkaðnum. Ég held að saga frjálsra fjölmiðla á Íslandi sýni að þeir þurfa á öllu sínu að halda og að það geti ógnað verulega fjölbreytni á þessum markaði ef menn banna þeim fyrirtækjum sem fjármuni eiga að leggja fé í þann rekstur.

[22:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að það fór fram hjá mér að ég hefði fengið einhverjar erfiðar spurningar. Kannski hv. þm. Helgi Hjörvar útskýri fyrir mér á eftir í hverju þær fólust.

Varðandi Fínan miðil vil ég leiðrétta hv. þm. Það var ekki rétt hjá honum að fyrirtækið hefði leitað skjóls hjá Norðurljósum. Sagan er örlítið flóknari og lengri. Hvað sem því líður vil ég bara spyrja hv. þm., hann getur kannski svarað því seinna í umræðunni: Hvaða land í heiminum er með þær aðstæður á fjölmiðlamarkaði sem eru hér á Íslandi? Hvaða land er það?

Ef hv. þm. hefur hlustað á ræðu mína áðan og skoðað skýrsluna þá veit hann að engar reglur eru eins á milli landa hvað varðar fjölmiðla. A.m.k. hafa engin landanna í þessari skýrslu nákvæmlega eins reglur, væntanlega vegna þess að þar eru mismunandi aðstæður.

[22:30]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mann rekur eiginlega í rogastans við að sjá alla þessa svokölluðu frjálshyggjumenn koma upp í pontu hvern á fætur öðrum og reyna að mæla frv. bót. Fyrrverandi Heimdellingar eru að reyna að mæla frv. bót. Frelsið, að ég tel, sem þeir hafa verið að boða á öllum sviðum undanfarin ár og hamrað miskunnarlaust á er nú hreinlega orðið þeim sjálfum að alvarlegu fótakefli í þessu frv. Mér finnst alveg með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson koma hér og reyna að mæla því bót. Mér finnst Sjálfstfl. vera búinn að kasta fyrir róða stefnumótun og gildum eins og frelsi einstaklingsins til orða og athafna og markmiðinu um frelsi í viðskiptum og frjálsa samkeppni þegar þeir reyna að koma í gegnum Alþingi frv. sem hindrar í raun og veru að menn sem hafa fjármagn, að fyrirtæki sem hafa fjármagn geti fjárfest í frjálsri fjölmiðlun á Íslandi og þar með einmitt skapað t.d. nýliðun og frjálsa samkeppni. Ég hreinlega skil ekki hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson þegar hann kemur upp í ræðustól og er að reyna að verja það.

Fjölbreytni og frelsi á fjölmiðlamarkaði er eitt. Eignaraðild og hvernig hún skiptist síðan, fákeppni og þess háttar, er annað. Það ættum við að vera að ræða. En mér finnst Sjálfstfl. vera að mæta sjálfum sér í dyrunum hvað eftir annað. Hann er að ganga gegn sínum fremstu hugsjónum sem hann hefur verið að boða á undanförnum árum, hugsjónum sem við í Frjálsl. berjumst fyrir, til að setja helsi á menn.

[22:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beið nú eftir einhverri spurningu, einhverju sem til mín væri beint. Eina sem ég náði eða ég veit það ekki, maður þarf væntanlega að leggja, virðulegi forseti, út af einhverju sem hv. þm. sagði. Hann sagðist ekkert skilja í mér og ég verð að viðurkenna, (Gripið fram í.) ég verð bara að viðurkenna, virðulegi forseti, að ég bara fagna því. Ég tel það vera góðs viti að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson skilji ekki hvað ég er að fara. Ég held að það hljóti að vita á gott og verð að viðurkenna að mér fannst afgangurinn af andsvari hans vera svona einhver sérkennilegur bræðingur, hann var að tala um frelsið og það er augljóslega hv. þm. ekki mjög tamt, en datt þó niður á hugtak sem hann notar oft sem er nýliðun og þá fór hv. þm. vel í gang og það er vel.

Hins vegar liggur það fyrir að í þessu máli sem öðrum þurfa menn að fylgja sannfæringu sinni. Það er bara þannig og menn þurfa að fara yfir málið. Og af því hv. þm. kallar mig frjálshyggjumann þá hef ég nú alltaf litið á mig sem sjálfstæðismann. Vissulega er frjálshyggjan annar af tveim meginþáttum í hugmyndafræði Sjálfstfl. en það liggur hins vegar fyrir án þess að ég fari út í nein smáatriði varðandi það að ég hef nú seint talist með mestu frjálshyggjumönnum í mínum góða flokki. En það breytir engu. Það sem skiptir máli er að við sköpum hér leikreglur fyrir gott samfélag og sköpum frelsi í viðskiptum og sjáum til þess að einstaklingar fái að njóta sín. Ég held að frv. sé liður í því og ég hélt að ég hefði farið ágætlega yfir það áðan en augljóslega ekki þannig að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson skildi mig, en eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, ég veit ekki hvort það er galli.

[22:35]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst svar hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar lýsa alveg ótrúlegum hroka og lítilsvirðingu, ótrúlegum hroka. Ég kem upp í ræðustól til að grennslast fyrir um hvað hv. þm. er að fara og reyna að spyrja spurninga varðandi það hvort hann telji sig vera að fylgja hugsjónum sínum eða ekki og hann kemur upp og segir að það sé honum bara til tekna að ég skuli ekki skilja hvað hann er að fara. Mér þætti fróðlegt að sjá hvort hv. þm. treystir sér til að svara þjóðinni með þeim hætti að öll þjóðin skilji. 70% af þjóðinni spyr sig núna hvað ríkisstjórnin sé að fara með frv. Er þetta svarið? Ha? Þetta er hroki og ekkert annað. Alvarlegur hroki.

Ókei, þingmaðurinn vill fá spurningu. Þá vil ég spyrja hann að því: Er það í samræmi við hugsjónir hv. þm. að verið sé að reyna að koma í gegnum þingið, hið háa Alþingi, frv. sem greinilega mun leggja nýliðun í íslenskri fjölmiðlun í rúst, mun hreinlega leiða til stöðnunar í íslenskri fjölmiðlun og fákeppni?

[22:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fannst eitthvað lítið til svarsins koma en ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki á því í fyrra andsvarinu hver spurningin var. Hér kom a.m.k. ræða sem við tókum eftir sem sitjum eða stöndum í þessum sal. Síðan kom spurning sem var í rauninni nokkuð gildislæg og gekk nokkurn veginn út á það að himinn að jörð mundu farast ef frv. yrði samþykkt og hvort ég teldi það vera rétt og í samræmi við hugsjónir mínar að samþykkja það. Ég held að þingmaðurinn viti hvert svarið er. Ég var að reyna að fara yfir það í ræðu minni hvers vegna ég teldi það vera mikilvægt að við settum löggjöf hvað þetta varðaði. Ég vísaði í ýmsa þætti. Ég vísaði í skýrsluna. Ég vísaði í hvað menn væru að gera í öðrum löndum og annað slíkt. Og ef hv. þm. segir samt sem áður að hann skilji ekki hvað ég er að fara þá er ekkert sem ég get gert við því. Það er bara þannig. (**MÞH:** Þú gerir þér ekki grein fyrir afleiðingunum.)

[22:37]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. vitnaði til ræðu minnar þar sem ég vakti athygli á að markaðsráðandi staða væri ekki bönnuð samkvæmt íslenskum lögum. Það er misnotkunin sem er bönnuð. Hér er verið að banna markaðsráðandi fyrirtækjum með öllu að eiga svo mikið sem 1% hlut í ljósvakafyrirtækjum og það er það sem ég er að draga fram, virðulegi forseti, til útskýringar fyrir hv. þm. og spyr hann að því hvort hv. þm. sé orðinn svo ákafur stuðningsmaður hafta og afskipta í viðskiptalífinu að hann styðji slíkt ákvæði. Eru markaðsráðandi fyrirtæki svo stórhættuleg að þau megi alls ekki eiga eitt einasta prósent í ljósvakamiðlum?

[22:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég vitnaði í varðandi ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur var það að ef ég skildi hv. þm. rétt þá hefði hún áhyggjur af málinu. Hún taldi hins vegar að leiðin væri sú að gera svipað og í samkeppnislögunum að ef menn misnotuðu markaðsráðandi stöðu sína ætti að grípa til aðgerða og ég áttaði mig ekki á hvernig ætti að fara að því. Á svipuðum nótum talaði formaður flokks hennar.

Hvað það varðar hvort 1% hlutur væri í lagi hjá markaðsráðandi fyrirtæki eða hvort það væri nákvæmlega rétta leiðin, þá er það væntanlega það sem við erum að ræða í þinginu. Ef aðrar hugmyndir og betri koma sem ná því markmiði sem ég tel vera afskaplega mikilvægt, þ.e. að markaðsráðandi fyrirtæki stjórni ekki að stærstum hluta umræðu um sjálf sig, hljótum við að sjálfsögðu að fara yfir það. Það segir sig sjálft. Ég fór vel yfir það að væntanlega hefðum við ekki náð fullkomnun í því í þessum frumvarpsdrögum frekar en öðrum frumvarpsdrögum í þinginu. (Forseti hringir.) Ef aðrar hugmyndir eru betri er ég til í að hlusta.

[22:40]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi ekki fyllilega skilið ræðu mína vegna þess að ég var ekki að segja að þetta væri lausn sem slíkt. Ég var að bera þarna saman ákveðna hluti og draga það fram að markaðsráðandi staða er ekki glæpur í sjálfu sér. Telur hv. þm. virkilega að þörf sé á því að koma algjörlega í veg fyrir fjárfestingu markaðsráðandi fyrirtækja í ljósvakamiðlum? Telur hv. þm. þetta nauðsynleg afskipti og nauðsynleg höft í viðskiptalífinu? Telur hann þessi fyrirtæki það hættuleg að þau megi ekki undir neinum kringumstæðum eiga eitt einasta prósent í ljósvakamiðlum? Þessu hlýtur hv. þm. að þurfa að svara ef hann ætlar að styðja frv. sem hér liggur fyrir, vegna þess að það gerir ráð fyrir þessu. Það gerir ekki ráð fyrir ráðandi hlut. Það gerir ekki ráð fyrir 10%, 25% eða 30%. Það gerir ráð fyrir að þessi fyrirtæki megi ekki eiga eitt einasta prósent í ljósvakamiðlum. Það hlýtur hv. þm. að styðja ef hann styður framkomið frv. ríkisstjórnarinnar.

[22:41]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei haldið því fram að hv. þm. hafi sagt að það að vera með markaðsráðandi stöðu væri glæpur. Ég átta mig því ekki alveg á því af hverju verið er að leggja það upp hér með þeim hætti.

Það sem ég sagði í ræðunni, í andsvarinu og í nokkrum andsvörum var að markmiðið væri þetta og prinsippspurningin er sú hvort menn telji eðlilegt að markaðsráðandi fyrirtæki stjórni umræðunni um sjálf sig. Svo einfalt er það mál.

Í frv. er farin ákveðin leið og væntanlega erum við með frv. í meðförum þingsins til þess að meta hvort það sé rétta leiðin til að ná því markmiði eða hvort einhver önnur sé betri. Ég held að þetta 1% til og frá skipti eðli máls samkvæmt engu máli. Það sem ég hef reynt að draga fram eru aðalatriði málsins og ég hef kallað eftir því hvort menn séu með aðrar hugmyndir. Það liggur fyrir að einn þingmaður Samf. vill ekki hrófla neitt við þessu. Samf. almennt hefur viljað hafa stöðuna eins og hún er. Þó hefur mér fundist að þingmenn flokksins séu að draga í land í umræðunni í kvöld. (**BH:** Hver er að draga í land?)

[22:42]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég get glatt síðasta hv. ræðumann með því að hér er enginn að draga í land og allir samfylkingarmenn sammála sem hafa talað. Vegna þess að hv. þm. býr yfir þeirri einstæðu reynslu á þingi að vera ekki aðeins fyrrverandi fjölmiðlamaður eins og margir eru hér, heldur hefur komið að fyrirtækjarekstri á fjölmiðlasviði, væri fróðlegt að heyra hann svara tveimur eðlilegum spurningum sem eru þessar:

Það er ljóst að frv. sem hér er til umræðu veikir möguleika fjölmiðlafyrirtækja á því að fá fjármagn. Hvaðan er helst von fjármagns í framtíðinni eftir að frv. hefur verið samþykkt?

Á hinn bóginn af því að ég veit að hv. þm. er sögulega sinnaður og hefur ánægju af upprifjun úr Íslandssögunni, hvernig færi uppbygging Morgunblaðsins annars vegar og Norðurljósa fram núna ef sú uppbygging færi fram við þær forsendur sem frv. gerir ráð fyrir þegar það verður að lögum?

[22:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir málefnalegar spurningar. Hann spurði fyrst eða lagði réttilega út af því að frv. geri það að verkum að það veiki væntanlega möguleika ljósvakafjölmiðla til að ná í fjármagn og spurði mig, ef ég skildi hv. þm. rétt, hvaðan fjármagn ætti þar af leiðandi að koma ef markaðsráðandi fyrirtæki væru ekki í þeim potti.

Ég vitnaði í það áðan og ég held að allir sem skoði það — og ég þekki það nokkuð og af því að vitnað var í starfsreynslu mína þá hef ég svo sem starfað á ýmsum stöðum og m.a. í bankakerfinu — viti að það eru mun fleiri aðilar sem hafa fjármagn á milli handanna og þá hærri upphæðir en gengur og gerist. Ég held því að sú staða sé uppi núna að það séu mun fleiri en bara markaðsráðandi fyrirtæki sem geta fjárfest í þessum miðlum. Það er mín staðfasta trú.

Varðandi uppbyggingu á Morgunblaðinu og Norðurljósum vísa ég náttúrlega í fyrra svar mitt hvað það varðar. Það er auðvitað ekkert sjálfgefið að einu fyrirtækin og einu aðilarnir sem vilja fara í fjölmiðlarekstur, og þannig hefur það ekki verið, séu aðilar sem stjórni stærstu fyrirtækjum landsins eða eigendur þeirra.

[22:44]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Þetta eru fróðleg svör hjá manni sem hefur reynslu af rekstri fyrirtækja á fjölmiðlasviði, að vísu heldur vonda reynslu af ýmsum ástæðum sem eru ekki honum að kenna eða þeim öðrum sem orðið hafa illa úti í fjölmiðlarekstri á undanförnum 20 árum svo maður taki bara þann tíma sem liðinn er síðan ljósvakarekstur fór af stað.

Rétt er að beina til hans þriðju spurningunni að lokum í þessari syrpu. Hún er þessi: Man hv. þm. eftir fyrirtæki á ljósvakasviði í þessi 20 ár sem staðist hefði þau skilyrði sem sett eru í frv. sem verður til umfjöllunar eftir helgi og búið er að dreifa? Ég man eftir einu, þ.e. Útvarpi Rót sem einu sinni starfaði og ýmsir vinir mínir voru með í. Ég er ekki einu sinni viss um að útvarp KR stæðist þau skilyrði, hvað þá önnur ómerkari útvörp.

[22:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vissi ekki til þess að ég hefði sérstaklega slæma reynslu af því að koma nálægt fjölmiðlum en kannski hv. þingmaður hafi betri upplýsingar. Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir að ég sé áhugamaður um sögu þekki ég ekki fjármögnun allra þeirra ljósvaka- eða fjölmiðlafyrirtækja sem hafa verið hér í gangi, hvorki á síðustu tveimur né 20 árum. Það sem ég veit hins vegar er að ef við berum saman það tímabil, og það hljótum við að gera í þessu samhengi, hefur gríðarlega margt breyst í efnahagslífinu. Það ætti hv. þm. að vita og það er það sem ég var að vísa í. Núna eru mun fleiri aðilar en áður með fjármagn á milli handanna sem geta tekið þátt í þessu og eru að fjárfesta á ýmsan hátt. Það vita allir. Það eru margvíslegar ástæður fyrir því, fyrst og fremst held ég að það sé af því að við höfum haldið skynsamlega utan um efnahagsmálin. Við höfum haldið vel utan um skattamálin og menn eru með þessa fjármuni núna hér heima ef þeir hafa aflað þeirra, sem er auðvitað mjög jákvætt.

[22:47]

Útbýting þingskjala:

Útlendingar, 749. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1534; brtt. minni hluta allshn., þskj. 1535.

Veiðieftirlitsgjald, 787. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1490.

[22:47]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja nokkur orð í belg við þessa umræðu um skýrsluna títtnefndu.

Í dag hefur verið vitnað til ýmissa gamalla ummæla, ummæla sem stjórnmálamenn létu falla við aðrar aðstæður en eru uppi í dag. Einnig hefur verið vitnað mjög til tilmæla Evrópuráðsins, nýlegra og eldri. Tilmæli Evrópuráðsins eru fjölmörg eins og þingmenn vita væntanlega og eru, eins og af orðinu má heyra, tilmæli og ætluð til þess að leiðbeina löggjöfum í aðildarríkjum Evrópuráðsins um það hvernig eigi að leggja línur um helstu mál sem þar eru til umfjöllunar.

Þá hafa einnig verið nefndar skýrslur menntamálaráðherra Sjálfstfl., sú hin fyrri frá 1996 ef ég man rétt og svo að sjálfsögðu sú er við ræðum hér.

Það er vert að taka fram í byrjun, hæstv. forseti, að í þessum efnum eru engar heilagar kýr. Ég hygg að sama hvar menn standa í afstöðu sinni til frv. sem ekki má nefna,

flýtifrv. hæstv. forsrh. sem væntanlega verður rætt á hinu háa Alþingi innan skamms, hafi þó hv. þingmenn einhvern faglegan metnað fyrir hönd íslenskra fjölmiðla og beri vonandi tilhlýðilega virðingu fyrir því starfi sem þar fer fram.

Mér finnst hafa gleymst, hæstv. forseti, í þessari umræðu í dag að blaðamennska er fag, að blaðamennska og fréttamennska er fag og að til þess að stunda það af trúmennsku og þannig að þeir sem lesi eða á hlýði treysti því sem sagt er verður að ástunda ákveðin fagleg vinnubrögð. Þau vinnubrögð eru stunduð víðast hvar hygg ég á íslenskum fjölmiðlum. Vissulega er sumt betra en annað og sumt er verra en annað. En það skiptir í rauninni ekki máli, við getum haft skoðanir á því hvað séu vondar eða góðar fréttir, hvað sé kræsilegur uppsláttur og hvað ekki. Um slíkt hafa verið nefnd dæmi hér í umræðunni í dag, um það sem fólki finnst tilhlýðilegt í umfjöllum fjölmiðla og hvað annað. Aðalatriðið er að hv. þingmenn skilji að blaðamennska er fag og hún þarf að lúta ákveðnum reglum sem slík.

Ég hef orðið vör við umræðu hér í dag um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Svo virðist sem stjórnarliðar leggi þann skilning í fjölbreytnina að hún verði einungis tryggð með einhvers konar lagasetningu um eignarhald. Þar eru stjórnarliðar einfaldlega á rangri leið. Það er í sjálfu sér kjarni þeirrar umræðu og deilu sem er uppi í þessum sal. Hin pólitíska og menningarlega fjölbreytni fjölmiðla, hvort heldur er á Íslandi eða annars staðar, verður ekki tryggð með því að setja ákveðnar reglur um eignarhald. Eigandi getur verið einn eða fleiri. Eigendur tiltekins fjölmiðils geta verið 10, 100 þess vegna, en það eitt tryggir ekki að fjölmiðillinn sé faglegur og bjóði upp á fjölbreytta, pólitíska og menningarlega umfjöllun sem endurspegli að einhverju leyti það samfélag sem fjölmiðillinn býr í og endurspegli um leið skilning fjölmiðilsins á ábyrgð sinni gagnvart því samfélagi.

Það hefur vissulega verið sagt hér oft í dag að fjölmiðlar, hvort heldur það eru ljósvakafjölmiðlar, dagblöð eða aðrir, séu ekki venjuleg fyrirtæki. Það er vissulega rétt. Fjölmiðar eru fjórða valdið eins og hæstv. menntmrh. hefur sagt oft í dag og sem slíkir bera þeir mikla ábyrgð. Þeir lúta líka aðhaldi, ekki bara þeirrar umgjarðar sem þeim er sköpuð, heldur einnig neytenda, lesenda, áheyrenda og áhorfenda. Þar mætti vissulega á köflum aðhaldið vera mun meira hér á Íslandi og í líkingu við það aðhald sem neytendur veita t.d. fjölmiðlum í nágrannaríkjum okkar. Það er það aðhald sem kveður upp dóminn um það hvað sé í raun birtingarhæft og hvað ekki, og hvers konar fjölmiðlun það er sem fólk vill.

Ég hygg að við hefðum varið tíma okkar eilítið betur í dag ef við hefðum rætt þetta í þessu stóra samhengi en ekki einblínt með þeim hætti sem gert hefur verið á eignarhaldið og þá á það atriði að fyrirtæki í óskyldum rekstri sem hafi markaðsráðandi stöðu megi ekki eiga eina krónu eða eitt prósent í hlutafé ljósvakamiðils.

Hér hafa ekki verið nefnd nein dæmi, ekkert einasta dæmi um það hvers vegna þetta sé niðurstaða stjórnarflokkanna, hvers vegna þetta sé hin rökrétta niðurstaða þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir. Það mátti reyndar heyra á máli t.d. hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að markaðsráðandi fyrirtæki stjórnaði umræðum um sjálf sig í fjölmiðlum, það sé þá sú skoðun sem liggi til grundvallar. Á stjórnarliðum er það að skilja að svarið sé, eins og í frv. sem ekki má nefna sem verður væntanlega rætt hér innan tíðar, að banna fjárfestingu í ljósvakamiðlum þeim fyrirtækjum sem stunda óskyldan rekstur og eru markaðsráðandi á sínu sviði.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að hér sé farin alröng leið. Auðvitað er það ekki tækt að eigendur fjölmiðla noti þá til að stjórna umræðum um sjálfa sig. Ég held að við séum öll sammála um að það sé ekki tæk blaðamennska og ekki fréttamennska sem við viljum sjá. Ég hef enn ekki heyrt eitt einasta dæmi frá stjórnarliðum um það hvernig þetta hafi verið gert á Íslandi í dag, um þessar mundir, á þessu ári eða síðustu missirum. Hvar eru dæmin, hæstv. forseti, sem kalla á það frv. sem væntanlega verður rætt hér innan skamms?

Mér er nær að halda, hæstv. forseti, að sú vá sem lýst hefur verið að sé fyrir dyrum í þessum efnum búi í heilabúum þeirra manna sem sitja í hæstv. ríkisstjórn Íslands. Orðið yfir það ástand er bara eitt, þráhyggja. Það er þráhyggja vegna þess að samfélagið er nú, árið 2004, með allt öðrum hætti en það var fyrir 5, 10, 15, 20 árum. Valdablokkirnar eru allt aðrar, peningarnir liggja allt annars staðar og úti um allt sem betur fer og eru á miklu fleiri höndum en áður hefur verið. Það sem hefur breyst aðallega er að þeir tveir stjórnmálaflokkar sem setið hafa saman í ríkisstjórn nú í níu ár hafa ekki lengur tögl og hagldir í íslensku viðskiptalífi. Þess vegna tala ég um þráhyggju, hæstv. forseti, vegna þess að ég hef skilið málflutning, forustumanna Sjálfstfl. alveg sérstaklega, sem þrá eftir því að halda í þá stöðu sem flokkurinn áður hafði. (**ÖS:** Þetta eru íhaldsmenn.) Já, þetta eru reyndar mjög óvenjulegir íhaldsmenn.

Mig langar til að tala eilítið meira um blaðamennskuna sem fag en ekki froðusnakk eins og oft hefur verið látið í skína hér í dag eða þá það að þeir sem starfi á íslenskum fjölmiðlum séu eins og strengjabrúður þeirra sem eiga fjölmiðlana. Ég hef sjálf starfað á dagblaði. Ég lagði mig aldrei eftir því hverjir ættu þann fjölmiðil eða það blað. Það komst aldrei til tals. Hins vegar hafði sá fjölmiðill að sjálfsögðu sína ritstjórnarlegu stefnu og sitt ritstjórnarlega sjálfstæði. Þess vegna skiptir sjálfstæði ritstjórnarinnar mestu máli. Ef fólki er einhver alvara í því að tryggja fjölbreytnina sem allir í þessum sal virðast sammála um að þurfi að tryggja í umfjöllun fjölmiðla og í fjölmiðlaflórunni verður það að átta sig á að það gerist ekki með því að banna fyrirtækjum að fjárfesta í ljósvakamiðlum. Það gerist með því að þeir sem starfa á fjölmiðlum og þeir sem eiga þá gangi sjálfviljugir til þess verks að koma sér upp reglum um samskipti, ritstjórnarlegt sjálfstæði og hvernig múrarnir í raun og veru þurfi að vera á milli ritstjórnarinnar og eigendanna annars vegar og ekki síður, herra forseti, á milli ritstjórnarinnar og auglýsingadeildar fjölmiðilsins. Það annað atriði sem hefur algjörlega orðið út undan við þessa löngu umræðu er að völdin liggja mun víðar en hjá hinum skráðu eigendum fjölmiðlanna. Auglýsendur geta líka haft býsna mikil völd innan fjölmiðla, bæði bein og óbein, ef ekki er rétt á málum haldið, hæstv. forseti.

Þess vegna hafa þingmenn Samf. lagt fram tillögu sem hér hefur áður verið nefnd, þáltill. um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði, til að stuðla að þessum vinnubrögðum, hæstv. forseti, til að stuðla að því að fjölmiðlarnir, sjálfstæðir íslenskir fjölmiðlar, geti sett sér slíkar reglur og í samræmi við vilja þeirra sem þar starfa, í samræmi við vilja Blaðamannafélags Íslands, hæstv. forseti. Blaðamannafélag Íslands hefur ályktað um að svona eigi að gera hlutina, svona eigi íslenskir fjölmiðlar að starfa. Í sjálfu sér er okkur ekkert að vanbúnaði.

Í þessu, eins og oft áður, þurfa stjórnvöld að gefa tóninn, veita ákveðna leiðsögn sem er t.d. veitt í mjög góðri þáltill.,

efnismikilli og vel rökstuddri, frá hv. þingmönnum Samf. og myndar það umhverfi sem skapar bæði það sjálfstæði og þá fjölbreytni sem við höfum rætt í dag sem nauðsynlegan grundvöll fjölmiðla á Íslandi, lýðræðislegrar umræðu og þess að koma í veg fyrir að eigendur, hverjir sem þeir kunni að vera, séu með inngrip á ritstjórnirnar sem eru alls ekki við hæfi. Þannig er það ósköp einfaldlega.

Mig hefur undrað að heyra lýsingar sem hafa lýst þeim skilningi sumra hv. þm. í dag að það hljóti alltaf að vera þannig að eigendur fjölmiðla séu með puttana í því sem þar er að gerast. Þannig er það ekki. Einmitt þess vegna eru fjölmiðlar ekki venjuleg fyrirtæki, vegna þess að það er ekki hlutverk eigendanna að gera slíkt. Eigendur fjölmiðla eru í ákveðnu hugsjónastarfi sem lýtur að því að stuðla að tjáninga- og skoðanafrelsi í því samfélagi sem þeir búa í. Vissulega hafa eigendurnir sínar skoðanir, vissulega hafa blaðamenn sínar skoðanir og vissulega hafa allir lesendur þær líka. Það skiptir mjög miklu máli að það liggi algjörlega ljóst fyrir að fólki sé frjálst að tjá þær skoðanir og að blaðamenn og fréttamenn séu frjálsir að því að stunda fagleg vinnubrögð á fjölmiðlum án þess að hætta sé á inngripi eigenda. Það er ósköp einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að takmörk á eignarhaldi munu engu breyta um það. Hið ritstjórnarlega sjálfstæði skiptir mestu máli.

[23:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir að koma hingað upp í ræðustól og nálgast málið út frá öðrum vinkli en hefur verið gert í dag. Að mínu mati var þetta, þó ég hafi ekki verið sammála hv. þm. í öllu, ein málefnalegasta ræðan sem hefur komið frá hv. stjórnarandstöðu, þar sem hv. þm. reyndi að kafa ofan í ýmsa merkilega hluti og benti m.a. réttilega á að blaðamennskan er fagmennska.

Það er rétt, blaðamennskan er fagmennska. Ég trúi því og treysti og ég hef margoft sagt að ég treysti þeim blaðamönnum og fjölmiðlum sem starfa hér á landi, þó ég gagnrýni þá engu að síður oft á tíðum fyrir efnistök þeirra. Ég treysti því að þeir fari fram með sannfæringu og bestu vitund og að þeim sé ekki fjarstýrt.

Ég hlýt líka að spyrja: Eru ekki blaðamennirnir í Bretlandi og á Ítalíu líka fagmenn? Ég hef enga trú á öðru en þeir blaðamenn og þeir fjölmiðlamenn sem starfa hjá fyrirtækjasamsteypu Ruperts Murdochs og Berlusconis telji sig líka vera fagmenn og faglega blaðamenn eins og blaðamenn telja sig vera um allan heim.

Engu að síður sest eigandinn Rupert Murdoch niður og veltir fyrir sjálfum sér og alþjóð: Á ég að styðja Verkamannaflokkinn núna eða á ég að styðja Íhaldsflokkinn? Hvort á ég að gera? Hvort hentar hagsmunum mínum betur? Hvaða flokk á ég að styðja í þetta skiptið? Síðan er trillað niður á ritstjórnarskrifstofu og sagt: Gjörið svo vel, styðjum þann flokk sem hentar hagsmunum mínum best.

[23:05]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. er einmitt að færa rök fyrir því hvers vegna ritstjórnarlegt sjálfstæði er algjört grundvallaratriði í blaðamennsku og fréttamennsku. Nú veit ég ekki hvaða reglur gilda t.d. á Ítalíu í þeirri stöðu sem þar er, sem er einhver sú óvenjulegasta sem til er væntanlega, en það er einmitt þessi múr sem þarf að reisa á milli eigenda og ritstjórnar og á milli ritstjórnar og auglýsenda sem tryggir hið ritstjórnarlega sjálfstæði og gegnsæi sem þarf að vera þannig að neytendur viti hvar fjölmiðillinn stendur. Hverjir eiga hann? Hvaðan koma þeir? Allir hafa einhverra hagsmuna að gæta. Hverra hagsmuna eru þeir að gæta? Fjölmiðlar á borð við Morgunblaðið veigra sér ekkert við að hafa skoðanir á málum í ritstjórnarskrifum sínum. Það vita líka allir.

Hins vegar er annað upp á teningnum á ríkisfjölmiðlum og við vitum hvers vegna. Það eru því þessar aðstæður sem við þurfum að búa til. Það sem ég hef verið að reyna að segja, hæstv. forseti, er að við búum þær ekki til með hugmyndum um að banna tilteknum fyrirtækjum í tiltekinni stöðu að fjárfesta þó ekki sé nema einni eða tveimur krónum í ljósvakamiðlana. Það gerist ekki þannig.

[23:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að ekki megi skilja hv. þm. þannig að hún hafi fallið í þann pytt eins og margir aðrir stjórnarandstöðuþingmenn í dag að fara að efast um vinnubrögð þeirra sem starfa á Ríkisútvarpinu, hvort sem þeir eru á fréttastofunni eða annars staðar á þeim starfsvettvangi.

Væntanlega erum við öll sammála um að mjög æskilegt er að skorið sé á milli eigenda og ritstjóra. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að frjálsu fjölmiðlarnir geri það líka á sinn hátt. Ég skal taka það vel til greina ef menntmrn. getur liðsinnt þeim með einhverjum almennum reglum. Ég held engu að síður að við getum ekki verið þau börn að halda að slíkar reglur komi til með að halda þegar á reynir. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson dró einmitt fram ágætt dæmi um það, að ef hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson væri eigandi dagblaðs og ritstjórinn hefði hug á að ráða myndarpilt sem væri sjálfstæðismaður og hefði allt aðrar hugmyndir um kvótakerfið en eigandinn og ritstjórinn, halda menn virkilega að þetta ritstjórnarlega sjálfstæði blaðamannsins mundi halda? Er raunhæft að ætlast til þess að það komi til með að halda?

Það er vissulega gott að hafa trúna og við skulum leggja okkur öll fram. En við ferðum að koma með raunhæfar lausnir til að tryggja frelsi blaðamanna.

[23:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. má ekki misskilja mig. Ég var alls ekki að vega að starfsheiðri starfsmanna Ríkisútvarpsins. Hins vegar var ég að benda á að um þann fjölmiðil gilda lög. Hann er ríkisfjölmiðill og gegnir öðrum skyldum eins og við vitum öll og um hann gilda aðrar reglur. Hins vegar er það þannig á fjölmiðlum, tökum Morgunblaðið sem dæmi af því það vill svo til að ég þekki þar til, að þar vita þeir nokk sem lesa ritstjórnargreinarnar reglulega hvar það blað stendur í ákveðnum málum. Það kemur mjög skýrt fram. Ég held að það dragi ekkert úr gildi umfjöllunar blaðsins á öðrum stöðum, það dragi ekkert úr fagmennsku þeirra sem þar starfa. Það sem skiptir máli er að það liggur fyrir. Við megum heldur ekki vera þau börn að geta ekki trúað því að þeir sem starfi í þessu fagi geti ekki staðið í lappirnar og stundað iðju sína af þeirri trúmennsku og þeirri fagmennsku sem er nauðsynleg í blaða- og fréttamennsku eins og annars staðar í samfélaginu. Við verðum að ganga út frá því að það sé hægt. Það gerist með samkomulagi og reglum á vinnustað og innan stéttarinnar þar sem það liggur algjörlega ljóst fyrir hverjar leikreglurnar eru fyrir þeim sem þar starfa, fyrir lesendum og fyrir eigendum og allir vita

hvernig þau kaup gerast á eyrinni. Aðeins þannig tryggjum við gegnsæið og hið ritstjórnarlega sjálfstæði sem ég held að allir séu sammála um að sé mikilvægast.

[23:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fæ nú orðið þegar umræðan er orðin nokkuð löng og þó bað ég um orðið jafnt og allir aðrir í upphafi, en mér skilst að það hafi verið 22 á mælendaskránni strax og umræður hófust og þær standa enn.

Hvaða neyðarástand skyldi reka menn sem styðja núverandi ríkisstjórn til þess að koma inn með þetta mál þegar svo mikið er liðið á þing og svo mikið er í húfi? Ég vil meina að það ástand sem hér er uppi hafi hafist 3. mars 2003, á bolludaginn, sem hefur tekið á sig þá mynd sem við höfum séð. Þá byrjaði umræðan um Baug og þau fyrirtæki sem honum tengjast.

Skýrslan sem við ræðum nú gefur okkur ágæta mynd af stöðunni á markaðnum. Mér hefur heyrst að þeir sem hafa talað í dag séu allir þokkalega ánægðir með stöðuna. Hljóðvarpið RÚV er með sex rásir og 52% af hlustuninni. Aðrir eru með 48% af hlustuninni og þar af eru Norðurljós með 44% og sjö rásir. Í sjónvarpinu er Ríkisútvarpið með 43%, Norðurljós með 37% og Skjár 1 21%. Um þetta segir nefndin sem skilaði skýrslunni á bls. 81, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að sé eingöngu horft til fjölda miðla og litið fram hjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin missiri verið á margan hátt jákvæð. Er í því sambandi bent á að haldið er úti þremur dagblöðum á landsvísu sem hafa markverða útbreiðslu, þ.e. Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og DV.

Þá verður að telja að skipting markaðar fyrir sjónvarp á þá þrjá aðila sem allir hafa marktæka stöðu á markaði sé ásættanleg þegar höfð er í huga smæð markaðarins."

Þetta hefur verið lesið áður í dag en er líka þungamiðja málsins og lýsir ágætlega þeirri stöðu sem er á markaðnum. Hún er sem sagt alveg í lagi. Það liggur líka fyrir að þeir aðilar sem ákváðu að bjarga þeim fjölmiðlum sem hér hafa verið til umræðu frá gjaldþroti á undanförnum missirum eða mánuðum, hafa lýst því yfir að þeir hugsi sér að gera úr þessu almenningshlutafélag og setja það á markað. Hvers vegna liggur mönnum þá þessi ósköp á að hlaupa til og setja þær reglur sem hér eru á ferðinni? Ég vísa enn til bolludagsins. Ég verð að viðurkenna að mér finnst það ekki trúverðugt sem hefur aðallega verið haldið fram í dag, að það sé út af miklum áhyggjum af eignarhaldinu.

Ég man eftir því þegar eignarhaldsumræðan var í gangi fyrir ekki svo voðalega löngu síðan. Hún snerist um það hvort svokallaður Orca-hópur mætti kaupa banka, reyndar ekki heilan banka heldur nokkurn hlut í banka og ekkert mjög stóran. Hæstv. forsrh. taldi það hið versta mál og taldi að það kæmi ekki til mála. Nokkrum missirum seinna var allt í lagi að selja félagi sem heitir Samson miklu stærri hlut í öðrum banka. Þetta segir mér ekki annað en að geðþóttaákvarðanir búi að baki því sem hér er að gerast á sama hátt og geðþóttaákvarðanir bjuggu að baki því að leggjast gegn kaupum Orca-hópsins á sínum tíma en styðja kaup Samsonar á öðrum banka, fáeinum missirum seinna.

Á bls. 84 í þessari skýrslu er sett fram afar athyglisverð niðurstaða nefndarinnar þar sem hún fjallar um þær leiðir sem taldar eru koma til greina til að tryggja fjölmiðlamarkaðinn. Fyrsta leiðin sem hópurinn leggur til, það fer ekki á milli mála að hann leggur hana til sem sína fyrstu tillögu, hefst sem hér segir:

„Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins," og síðan er fjallað um Ríkisútvarpið í nokkrum liðum sem ég hef ekki tíma til að lesa, en í c-lið segir:

„Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu, fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins, en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni ... Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum."

Þetta er fyrsta tillaga nefndarinnar og í raun er með orðalaginu vakin athygli á því að þetta sé tillaga nefndarinnar númer eitt.

Ég sé í frv. sem fylgir skýrslunni, sem hefur verið dreift á Alþingi í dag, að á þessa tillögu nefndarinnar hafa menn ekki fallist. Það er augljóst að í nefndinni hefur sú skoðun verið uppi að í raun væri hægt að leysa þau mál sem fjallað er um í skýrslunni með þessari einu leið.

Nefndin talar líka um að hægt sé að beita samkeppnislögum. Það höfum við samfylkingarmenn margoft talað um. Síðan kemur að þeirri aðferð sem nefndin leggur til eða, öllu heldur, fjallar um. Hún kemst ekki að niðurstöðu um hvaða leið eigi að velja af því sem þar er boðið upp á en ein af þeim er leyfisveitingar og það hvernig eigi að úthluta eða skilyrða úthlutanir á rásum. Þar er ýmislegt á ferðinni sem hefur greinilega ratað inn í frumvarpið, sem nú hefur verið sett framan á þá skýrslu sem hér hefur verið dreift.

Mér finnst niðurstaðan, þ.e. það sem menn hafa valið úr þessari skýrslu til að setja í frumvarpið afar sérkennileg, sérstaklega með það í huga að Sjálfstfl. ber upp þessar tillögur. Í þeim er að mér finnst farið gegn grundvallarafstöðu flokksins til viðskipta á markaði. Þannig er gengið frá málum í frv. að enginn sem telst hafa markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði má eiga nokkurn skapaðan hlut í fjölmiðlum eins og fram hefur komið. Býsna margir aðilar geta fallið fyrir borð með þessum hætti. Í okkar litla samfélagi eru mjög margir markaðsráðandi á hinum ýmsu sviðum, allt frá páskaeggjaframleiðendum til Fóðurblöndunnar eða hvaða fyrirtækis sem hér hefur verið nefnt. (**GAK:** Mjólkursamsalan.) Mjólkursamsalan, já. Slík fyrirtæki eru víða þegar menn líta yfir sviðið.

En það er ekki nóg. Í frv. er gert ráð fyrir að fyrirtæki verði að vera samsett með tilteknum hætti til að mega eiga í fjölmiðli. Enginn má eiga meira en 25% í fyrirtæki til að það megi eiga í fjölmiðli. Sem sagt: Ef einhvern langar til að eiga í fjölmiðli þá skal fá með sér a.m.k. þrjá í kompaníið þótt hann hafi sjálfur verið með sjálfstæðan atvinnurekstur. Hann verður að hætta í þeim atvinnurekstri og fá með sér þrjá aðra í kompaní til að mega kaupa í fjölmiðli. Einstaklingur sem kýs að eignast fjölmiðil og hefur ekki félag á bak við rekstur sinn mætti eiga 100% í fjölmiðlinum. Þannig er það í frv. Þess vegna hafa menn grínast með það í fjölmiðlum í dag að líklega sé sá eini sem kemur til greina að eignist Norðurljós fyrrverandi eigandi þeirra, Jón Ólafsson, vegna þess að hann rak fyrirtækið undir sínu eigin nafni. Þetta er afar sérkennilegt svo ekki sé meira sagt, að menn skuli ganga frá málum með þessum hætti.

Ég ætla að koma að einu sem mér finnst skipta miklu máli og sæta stórtíðindum í því sem hér er lagt til. Hér voga menn sér, að ég best veit, í fyrsta skipti frá því lög um prentfrelsi

voru sett á Íslandi, að leggja það til að prentfrelsi verði tekið af gagnvart tilteknum aðila á Íslandi. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti. Ég hef ekki nein dæmi um það neins staðar frá. Ég hef spurt hvort menn hafi fyrr látið sér detta það í hug eða haft þá afstöðu að hægt væri að setja lög sem banni einhverjum að gefa út blað. Hér er það sem sagt komið á blað. Í þessari skýrslu er tillaga um að banna þeim sem eiga hlut í fyrirtækjum með sjónvarpsrekstur eða útvarpsrekstur að gefa út blöð, væntanlega bæði dagblöð, með venjulegum hætti eins og Morgunblaðið, og líka ruslpóst og annað sem borið er í hús og ekki er tekið gjald fyrir.

Ég verð að segja að ég er hneykslaður á þessu. Mér finnst fáránlegt að menn skuli, á Íslandi árið 2004, hafa gleymt þeim hugmyndum um lýðræðið sem hafa fylgt umræðunni um prentfrelsi alla tíð, komnir inn á þá braut að láta sér detta í hug að banna einhverjum að gefa út blað, prentað blað. Það hafa menn látið sér detta í hug að gera hér.

Ég verð að segja að ég mun aldrei styðja neina tillögu sem gengur út á að taka prentfrelsið af nokkrum aðila, hvað sem hann heitir, hvort sem hann er ráðandi á markaði í einhverju tilliti eða þóknast mér ekki af einhverjum öðrum ástæðum. Mér finnst að það muni verða Alþingi Íslendinga til ævarandi minnkunar ef ganga skal á prentfrelsið, sem hluta af lýðræðislegum réttindum manna og fyrirtækja líka, ef það á að taka það af einhverjum. Það skulu vera lokaorð mín hér, hæstv. forseti.

[23:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Umræðan um þetta mál hefur staðið yfir lengi dags og allt gott um það. Hins vegar hefur margt nokkuð sérstakt borið við í aðdraganda þessarar umræðu og aðdraganda þeirrar skýrslu sem við ræðum um í dag. Í fyrsta lagi ber að nefna, hæstv. forseti, að skýrslan var gefin út 2. apríl en við erum hér, í lok apríl, að ræða hana. Hún hefur sem sagt verið til skoðunar hjá stjórnvöldum í nokkuð langan tíma. Skýrslan var til umræðu í fjölmiðlum í um skeið áður en þingmönnum var gert kleift að sjá hana. Með einhverjum hætti var henni lekið og m.a. birt á vefsíðu eins hv. þm. heilu lagi. Þetta er nokkuð sérstakt.

Stundum hefur hæstv. forseti gert athugasemdir vegna mála sem hér hefur átt að taka til umræðu. Ég minnist þess m.a. að hæstv. forseti gerði athugasemd út af ræðu hæstv. forsrh. sem einhvern veginn hafði komist í dreifingu áður en hún var flutt í þingsal. Það er nú kannski annað mál.

Hins vegar má benda á, hæstv. forseti, að frumvarpið sem fylgir þeirri skýrslu sem við ræðum hér um birtist á síðum Morgunblaðsins á þriðjudagsmorgni í heilu lagi með greinargerðum og öllu saman. Ég verð að segja að mér finnst nokkuð sérstakt þegar málin ber þannig að að frumvörpum er fyrst dreift í fjölmiðla. Ég fékk a.m.k. þá leiðsögn í hv. Alþingi að maður ætti ekki að dreifa frumvörpum, með greinargerðum og öllu saman, fyrr en búið væri að dreifa þeim á hv. Alþingi. Ég vildi láta þessa getið í upphafi máls míns, hæstv. forseti, að svona er málið í pottinn búið. Það er sérstakt, varðandi alla meðferð þessa máls sem við erum loksins farin að ræða á þingi, að skýrslan hafi verið birt í fjölmiðlum fyrir nokkru og síðan skuli frv. birt í Morgunblaðinu áður en það er lagt fram á hv. Alþingi.

Þetta eru kannski hin nýju tengsl ríkisvaldsins og fjölmiðlanna. Varla hefur þessu verið dreift af öðrum en þeim sem höfðu gögnin undir höndum, annars vegar ráðherrar í ríkisstjórninni og síðar þingmenn í stjórnarliðinu. Þar er varla öðrum til að dreifa.

Hæstv. forseti. Það vill svo til að sá sem hér stendur stóð að þáltill. um starfsumgjörð fjölmiðla sl. haust sem var rædd 2. desember ásamt fleiri þingmönnum. Fyrsti flm. að þáltill. var hv. varaþingmaður Vinstri grænna, Álfheiður Ingadóttir. Ég ætla að leyfa mér að vitna í nokkuð sem ég sagði undir þeirri umræðu í upphafi máls míns, en meginefni þáltill. hljóðaði upp á að skipa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla og hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og hvort huga þurfi að sérstakri lagasetningu eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstrs hér á landi. Síðan skipaði hæstv. menntmrh. nefndina sem skilaði af sér þeirri skýrslu sem við ræðum nú. En til að taka af allan vafa um afstöðu mína til málefnisins sem var rædd í þáltill. og að hluta til til efnis þeirrar skýrslu sem verið er að ræða, vil ég leyfa mér að vitna í ræðu mína, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel það mjög eðlilegt, virðulegi forseti, að í fyrsta lagi sé algerlega skýrt og liggi fyrir og megi jafnvel setja um það lög að það skuli vera opinbert hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma. Ég held að við hljótum að gera kröfu til þess til að geta dregið ályktanir af því ef okkur sýnist svo hvernig eignarhaldi fjölmiðla er fyrir komið."

Þetta var fyrra atriðið sem ég vildi láta koma fram í upphafi máls míns.

Síðara atriðið er, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillagan fjallar m.a. um það að huga eigi að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstrar hér á landi."

Síðan segir:

„Ef starfshópurinn eða nefndin sem sett verður á laggirnar kemst að þeirri niðurstöðu að þörfin sé brýn, þá að sjálfsögðu komi menn fram með tillögur í þá veru. Það liggur í hlutarins eðli. En það er alls ekki sjálfgefið af efni tillögunnar að hún sé beinlínis forskrift að lagasetningu. Hún er miklu frekar forskrift að því að skoða gaumgæfilega hvernig starfsemi fjölmiðla fer fram hér á landi og hvernig eignarhaldi á þeim er fyrir komið."

Í niðurlagi ræðunnar sagði ég, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég held að sú till. til þál. sem við ræðum nú um að skoða eignarhald og starfsemi fjölmiðla, hvernig því er varið í framtíðinni, sé af hinu góða og það sé ágætt fyrir okkur að fara í gegnum það. Ég tek það hins vegar fram, virðulegi forseti, að það er ekki sjálfkrafa ávísun á það að við setjum fram stíf eða ströng lög um þetta efni en vel kann þó að vera að það verði niðurstaðan."

Þetta voru þau orð að meginefni til sem ég lét falla af tilefni þáltill. sem hér var flutt og við ræddum í byrjun desember á sl. ári.

Sú skýrsla sem við ræðum nú byggist á starfi nefndar sem var skipuð 19. desember 2003. Henni var fyrst og fremst ætlað að meta hvort tilefni væri til að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum, eins og segir í skýrslunni. Það kann vel að vera að eðlilegt sé að vandlega athuguðu máli að menn komist að þeirri niðurstöðu að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum, en ég held að huga þurfi að ýmsu fleiru en eingöngu því atriði. Ég er alls ekki viss um, eins og ég sagði í ræðu minni í desember, að þó að við færum að skoða starfsemi fjölmiðla og eignarhald og annað sem að því lýtur lægi það ekki fyrir fyrir fram að það leiddi til lagasetningar.

Hæstv. forseti. Ég get alls ekki séð að frv. sem er fremst byggt á þeirri skýrslu sem við ræðum sé þannig í pottinn búið að hægt sé að samþykkja það eins og það er úr garði gert. Nú er e.t.v. ekki ætlast til að við förum mörgum orðum um frv., en það verður þó varla hjá því komist að það blandist dálítið saman við umræðuna.

Það er ýmislegt í frv. sem vekur furðu og væri hægt að tengja við það sem kemur fram í skýrslunni, en að sumu leyti er alls ekki hægt að tengja það skýrslunni. Maður spyr: Er skynsamlegt að leggja upp með frv. eins og það er í pottinn búið, að aðilar sem með einhverjum hætti eru með markaðsráðandi stöðu í einhverri starfsemi megi ekki eiga krónu í útvarpsfjölmiðlum og það megi ekki vera sömu eignabönd á milli útvarpsfjölmiðla og blaðaútgáfu? Ég dreg mjög í efa að skynsamlegt sé að leggja þetta upp eins og gert er ráð fyrir í frv. og sem hv. þingmenn og hæstv. menntmrh. hafa lagt út af að væri byggt á efni og tillögum skýrslunnar.

Þegar þetta er skoðað kemur í ljós að á bls. 85 í skýrslunni segir um leyfisveitingar, liður 6.4.3, sem frv. byggir að mestu leyti á, með leyfi forseta:

„Í tilmælum Evrópuráðsins er sérstaklega bent á að ein leiðin til að hafa áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins sé með reglum um úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarp og sjónvarp. Nefndin er sammála þessu og telur, þegar tekið er tillit til aðstæðna á íslenskum fjölmiðlamarkaði, að þetta sé sú leið sem helst beri að skoða. Ástæða er til að gera greinarmun á dagblöðum annars vegar og útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) hins vegar."

Mér sýnist að frv. byggi algjörlega á þessu atriði og á það er útfærslan hengd. Það hefur verið tillaga hæstv. ríkisstjórnar eða e.t.v. tillaga hæstv. forsrh. Og 1. gr. frv. byggir nánast eingöngu á þessu atriði og það er ekki vikið að öðrum atriðum í frv. sem virkilega væri ástæða til að skoða eins og starfsfrelsi blaða- og fréttamanna og ritstjóra, að eignaböndin séu ljós og fleira mætti nefna.

Hins vegar segir, virðulegi forseti, í frv., e-lið, að útvarpsréttarnefnd geti vikið frá skilyrðum a- og b-liða. Ef hvað? Ef um er að ræða svæðisbundið hljóðvarp. Skilyrðin um eignaböndin eiga því ekki við varðandi svæðisútvarp. Það er hægt að fá undanþágu frá því. Ef útvarpsréttarnefnd samþykkir það virðist vera allt í lagi að markaðsráðandi öfl eigi í fjölmiðlum ef það er svæðisútvarp. Skyldi ekki vera hægt að búa til eins og sjö til átta svæðisútvörp á Íslandi af sama fyrirtæki? Útvarpsréttarnefnd á að ákveða framhaldið og þá kemur náttúrlega spurningin: Hvernig verður útvarpsréttarnefndin skipuð? Í dag er formaður hennar framkvæmdastjóri Sjálfstfl.

Þar komum við að hinni pólitísku stýringu. Útvarpsréttarnefnd getur veitt þessi afbrigði varðandi svæðisútvörpin og þá virðist vera allt í lagi að eignaböndin séu bæði dagblöð og svæðisútvörp.

Virðulegi forseti. Mér sýnist tími minn vera búinn og ég rétt kominn af stað í málinu, en það gefst tækifæri til þess að halda áfram í umræðunni um frv. Það er mjög margt sem þarf að athuga í frv., hæstv. menntmrh. Ég held að þörf sé á því að umræðan verði mjög vönduð og að við tökum okkur tíma í hv. Alþingi til að klára þessi mál. Ég hefði talið, hæstv. forseti, eðlilega málsmeðferð að á grundvelli skýrslunnar hefði verið lagt fram frv. sem hefði verið sýnt við 1. umr., hefði síðan verið til skoðunar í sumar og afgreitt í haust.

[23:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hefur þetta verið löng umræða, ég ætla ekki að segja endilega ströng, en það hafa þó nokkrar snerrur verið teknar. Mér finnst þetta hafa verið nokkuð skemmtilegur dagur og er þakklát fyrir að fá að taka þátt í umræðum um þetta mikilvæga mál sem okkur öllum er greinilega mjög umhugað um.

Ég vil í upphafi einnig benda á að með þessari miklu umræðu í dag sem hefur leitt af sér að menn hafa farið út í það, eins og m.a. hv. þm. Mörður Árnason benti á, og er ekkert óeðlilegt, að ræða frv. sem fyrir liggur. Það þýðir að við höfum fengið enn umfangsmeiri umfjöllun um frv. á þinginu. Þar af leiðandi verður málsmeðferðin lengri. Við höfum fengið meiri og dýpri umræðu um málið en ellegar hefði gerst. Þar af leiðandi má búast við enn vandaðri vinnubrögðum varðandi afgreiðslu þessa mikilvæga máls af hálfu þingsins. Við höfum með umræðunni í dag dýpkað og vonandi aukið skilning sem flestra á málinu þótt skilningurinn sé misjafn.

Menn hafa verið að tala um hlaðborð, að hér sé um eitthvert veisluborð að ræða í skýrslunni. Vissulega benda skýrsluhöfundar á ýmsar leiðir. Engu að síður stendur skýrt og klárt í skýrslunni á bls. 86, með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála þessu" — þ.e. að úthluta eigi leyfum til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarps og sjónvarps — „og telur, þegar tekið er tillit til aðstæðna á íslenskum fjölmiðlamarkaði, að þetta sé sú leið sem helst beri að skoða."

Þetta segir skýrt og klárt í skýrslunni. Formaður nefndarinnar, hinn merki og góði fræðimaður Davíð Þór Björgvinsson sem í dag var kosinn dómari hjá Mannréttindadómstóli Evrópu, sagði að frv. væri í fullu samræmi við niðurstöður nefndarinnar í skýrslunni. Ég trúi ekki að hv. þm. sem hafa verið að efast eitthvað um frv. efist um orð þessa ágæta fræðimanns og núna dómara við Mannréttindadómstólinn.

Það er eitt og annað sem væri forvitnilegt, virðulegi forseti, að fara betur ofan í, m.a. þau orð sem hafa fallið hér og tengjast tilmælum Evrópuráðsins, annars vegar frá 1994, sem Samfylkingin vísar ótt og títt í, og síðan nýrri tilmæli ráðsins, sem við stjórnarþingmenn höfum leyft okkur að vitna í, frá árinu 1999. Það er ekki svo að þetta sé eitthvert hlaðborð, herra forseti. Þetta er ekki neitt hlaðborð, pikkum út 1994 frekar en 1999. Af hverju fer Evrópuráðið í það að skilgreina hvernig eigi að túlka mannréttindasáttmála Evrópu árið 1999? Hvað hefur gerst í millitíðinni frá árinu 1994 sem leiðir til þess að Evrópuráðið skerpir skilning sinn á túlkun mannréttindasáttmála Evrópu? Það er meiri samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla í ákveðnum löndum Evrópu en nokkurn tímann hefur áður þekkst. Og þar er ég að tala um Ítalíu og England.

Það er því ekki að ástæðulausu sem sérstaklega er hnykkt á því að ríki hafi þjóðréttarlega skyldu til þess að taka á eignarhaldi á fjölmiðlum með það í huga að vernda almannahagsmuni þannig að fjölbreytni fjölmiðla verði sem mest. Þannig er það einfaldlega. Það þýðir ekki að koma hingað upp og segja: Tilmælin frá 1994 eru svo fín og góð og skemmtileg. Þau voru það eflaust til ársins 1999.

Einhverra hluta vegna fór það mjög fyrir brjóstið á mörgum þingmönnum í stjórnarandstöðunni að ég vitnaði í þingræður sem haldnar voru fyrir tíu árum, frá fyrrum formanni Alþýðubandalagsins, frá núverandi formanni Alþýðuflokksins, frá nokkrum þingmönnum Þjóðvaka. Allt fólk, allt hv.

þingmenn sem eru í flokkum sem hafa síðan runnið inn í Samf. Í þeim umræðum féllu orð sem styðja þetta mál.

Vissulega er það svo að menn hafa komið hingað upp og sagt: Hvað, þið hafið skipt um skoðun. Þá skulum við skoða hverjir hafa rétt, ef þannig má að orði komast, og hverjir hafa þá meiri rétt til að skipta um skoðun frá þeim tíma? Hvað hefur gerst í íslensku samfélagi frá árinu 1994? Ríkið og ríkisvaldið, og blessunarlega í broddi fylkingar með Sjálfstfl., hefur markvisst verið að minnka völd stjórnmálamanna. Og hvernig höfum við gert það? Jú, við höfum verið að selja ríkisfyrirtæki, allt frá smáum til stórra ríkisfyrirtækja eins og bankanna. Völdin eru dreifðari í samfélaginu. Þau hafa minnkað hjá okkur stjórnmálamönnum og þau eru komin meira út í fyrirtækin. Þetta hefur m.a. leitt af sér frelsið á markaðnum, að eðli málsins samkvæmt og vegna smæðar markaðarins sjáum við stór fyrirtæki vegna hagræðinga og vegna ýmissa annarra þátta verða stór og verða markaðsráðandi.

Við höfum ekki tekið undir þann kór sem verið hefur hjá stjórnarandstöðunni að vilja skipta upp fyrirtækjum sem eru markaðsráðandi eins og Baugur af því að við segjum: Það er í lagi að vera markaðsráðandi svo lengi sem viðkomandi misnotar ekki þá markaðsráðandi stöðu. En þeim mun mikilvægara er það, frú forseti, þegar fyrirtæki eru orðin eins markaðsráðandi og raun ber vitni í íslensku samfélagi og menn segja að þekkist ekki víðs vegar um Evrópu, að almenningur geti treyst því að þau markaðsráðandi fyrirtæki hafi virkt aðhald frá fjölmiðlum. Og þá erum við komin að lýðræðistengingunni. Því menn hafa líka verið að spyrja: Hvernig tengist þetta lýðræðinu? Það tengist nefnilega lýðræðinu beint að þessu virka aðhaldi frá fjölmiðlum sé treystandi og það sé sýnilegt.

Það er líka alltaf verið að biðja um dæmi. Ég ætla ekki að fara út í ákveðin og tiltekin dæmi, það geta aðrir gert. Mig langar engu að síður, frú forseti, að við setjum okkur í ákveðin spor. Undanfarna daga, og hv. þm. Pétur Blöndal benti m.a. á það, hefur verið mikil umræða í blöðum og ljósvakamiðlum út af lyfjamálum. Hæstv. heilbrrh. er að breyta fyrirkomulagi vegna lyfja og lyfsölu þannig að líklegt er að það varði hagsmuni lyfsala upp á marga tugi ef ekki hundruð millj. kr. Sem sagt miklir hagsmunir lyfsala eru í húfi. Um þessi lyfjamál hefur verið fjallað neikvætt í fjölmiðlum og ekki tekið sérstaklega vel í þær breytingar. Nú skulum við setja okkur í þau spor, tvö dæmi: Gefum okkur annars vegar að þessir fjölmiðlar séu í eigu lyfsala. Getur almenningur þá fullkomlega treyst fréttaflutningi þeirra fjölmiðla sem eru í eigu lyfsalanna? Með því er ég ekki að segja, frú forseti, að við þurfum endilega að gera það, en það er efi. Það er margoft búið að vitna í það þegar menn hafa efann annars vegar. Það er mikill efi hjá mér og hjá fleirum í samfélaginu þegar verið er að fjalla um lyfjamál sem varða hagsmuni lyfsala upp á mörg hundruð millj. kr. þegar eigandi fjölmiðlanna er jafnframt stærsti lyfsalinn í samfélaginu. Þá hlýtur að vera þó ekki sé nema oggulítið brot af efa í hugum fólks um hvort treysta megi fréttum í þessum tilteknu fjölmiðlum alveg 100%.

Við skulum síðan kippa eignarhaldi þessara ágætu lyfsala burtu frá fjölmiðlunum og segja: Nú eru lyfsalarnir ekki lengur eigendur fjölmiðla. Og síðan er fjallað um lyfjamálin á sama hátt. Þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að það sé efi lengur í hugum fólks því hagsmunirnir eru farnir og hagsmunatengingin er farin. Það er þess vegna sem ég er að benda á að það sé mikilvægt að almannahagsmunir séu hafðir í huga því ég tel ekki rétt að þeir sem eru markaðsráðandi á hinum almenna markaði, sem eru að versla með hurðir og hjól, bleiur og barnaföt o.s.frv. ráði líka umræðunni um sjálfa sig. Ég tel það ekki heppilegt.

Með því er ég ekki að segja að ég treysti ekki þeim blaðamönnum og þeim fjölmiðlamönnum sem eru á viðkomandi fjölmiðlum. Ég er að segja: Almenningur getur haft efasemdir uppi um að það séu ekki hagsmunatengsl þarna á milli, (**PHB:** Ef hann veit það.) þ.e. ef hann veit það, hv. þm. Pétur Blöndal.

Það hefur bersýnilega komið fram í umræðunni, frú forseti, og það hefur meira að segja verið tekið undir það og skýrt tekið fram þegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson leyfði sér að hafa þær meiningar að Samf. hefði gefið eitthvað eftir, hefði eitthvað dregið til baka. Nei, það var skýrt tekið fram að Samf. hefði alls ekki dregið neitt til baka og ekkert dregið í land í umræðunni í dag varðandi eignarhald á fjölmiðla. Það er fínt að vita það. Það er gott að vita það, því það kom margoft fram að Samf. styður óbreytt ástand á eignarhaldi fjölmiðla. Vissulega er hægt að koma með reglur um að skilja á milli ritstjórnar og eignarhalds en það er ekkert sem heldur, það er ekkert sem breytir núverandi ástandi. Ekki neitt. Þannig að Samf. sem vill almennar reglur um alla skapaða hluti vill ekki almennar reglur um þessi mál því það hentar ekki málflutningi hennar. Það er gott að breyta til, það er gott að láta skoðanakannanir ráða stefnunni í þessu máli sem öðrum. Þannig er það. Það er stefnan sem stendur eftir í þingsalnum. Stefna Samf. er sú að markaðsráðandi aðilar mega eiga fjölmiðla og ráða þar af leiðandi umræðunni um sjálfa sig ef þeir sjá ástæðu til.

Ég er ekki hlynnt þessu. Ég vil líta til framtíðar og ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, frú forseti, að við tryggjum það að almenningur geti treyst því að þær upplýsingar sem veittar eru í fjölmiðlunum séu ekki í neinum tengslum við hugsanlega hagsmuni eigenda fjölmiðlanna af upplýsingunum.

Enn og aftur ítreka ég það, frú forseti, að það er ekki að ástæðulausu sem Evrópuráðið hefur ítrekað og breytt tilmælum sínum árið 1999. Það var út af mikilli samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla á Ítalíu og Bretlandi. Ég vara við því að við getum hugsanlega staðið frammi fyrir slíku ástandi ef við breytum ekki núna.

Hvað varðar Ríkisútvarpið hef ég einnig margoft lýst því yfir að ég tel að það eigi að gera meira en að huga að starfsumhverfi Ríkisútvarpsins. Ég hef þegar hafið bæði skoðun og vinnu að því að huga að stefnumótun um Ríkisútvarpið. Ég vona að skýrslan verði stuðningur í þeirri viðleitni minni að endurskoða starfsemi Ríkisútvarpsins og með það í huga að hér verði til framtíðar áfram gott og öflugt ríkisútvarp.

[23:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég talaði um það í ræðu minni áðan að það væri nýtt sem ég hefði a.m.k. hvergi séð áður að mönnum hafi dottið í hug á Íslandi að taka prentfrelsið af einhverjum. En hér er lagt til að prentfrelsi verið tekið af þeim sem eru í fjölmiðlun. Þeir mega sem sagt ekki koma nálægt neinni prentútgáfu. Hins vegar er gert ráð fyrir því þó að menn hafi lagt til atlögu við prentfrelsið að markaðsráðandi fyrirtæki megi gefa út blöð. Þetta er svolítið skondið og hlýtur að vera umhugsunarefni eftir allar ræðurnar um að menn sem

hafi yfirráð á markaði geti hagað sér þar í skjóli afls síns á markaði. Úr því að menn hafa svona miklar áhyggjur af því hvað varðar sjónvarp og útvarp, af hverju hafa menn þá ekki áhyggjur af því hvað varðar blöð? Og úr því að þeir hafa hoppað yfir þann litla læk að taka prentfrelsið af einhverjum, af hverju lögðu þeir þá ekki í að gera það hvað varðar blöðin líka?

Ég spyr hæstv. ráðherra að þessu. Og ég spyr hæstv. ráðherra líka að því hvort hún hafi engar áhyggjur af því að það skuli eiga að skrúfa með þvílíkum hætti fyrir fjármuni til fjölmiðlunar eins og hér er lagt til að gert verði því ekki er bara verið að kippa úr sambandi þeim sem eru ráðandi á markaði, heldur er verið að þrengja svo að öðrum aðilum sem hugsanlega vildu leggja fjármuni í fjölmiðla að það er mjög hætt við því að þeir verði býsna fáir, og það er ekki gott að koma auga á það t.d. hverjir hefðu endurreist þá fjölmiðla sem voru endurreistir fyrir stuttu síðan ef slíkar reglur hefðu verið komnar.

[00:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að blöðin voru skilin eftir er einfaldlega sú að blöðin hafa ekki verið leyfisskyld fram til þessa. Það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson segir, hér er um prentfrelsi að ræða. Það er líka skýrt og klárt að útvarpsleyfin eru leyfisskyld, það eru skilyrt leyfi. Það er ekki eins og þau séu bara skilyrðislaus, það eru skilyrði nú þegar gegn afhendingu þeirra. Þar er, a.m.k. enn um sinn og næstu ár, um takmarkaða auðlind að ræða líka. Það er ekkert óeðlilegt að einmitt hafi verið tekið á þeim þætti málsins.

Ég get líka satt best að segja, frú forseti, ekki tekið alveg undir þann kór að allir fjölmiðlar hafi alltaf verið og séu á hausnum. Gott og vel, það hafa verið ákveðnar þrengingar. Fjölmiðlar eru líka þannig fyrirtæki sem koma og fara eins og ýmis önnur fyrirtæki, sumir fara á hausinn en svo eru líka til vel reknir fjölmiðlar. Ég þarf náttúrlega ekki að minnast á Morgunblaðið. Ég vil líka benda á þær fullyrðingar þeirra sem reka og hafa rekið Fréttablaðið að undanförnu að þeir segjast hafa rekið það með alveg þokkalegum hagnaði. Það sama var með Dagblaðið á sínum tíma, það var ávallt hagnaður af dagblaðsrekstri Dagblaðsins sem slíkum. Það var ekki fyrr en viðkomandi eigendur fóru út í áhættusamar fjárfestingar sem halla tók undan því annars áður ágæta blaði.

[00:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Blöðin voru ekki leyfisskyld, nei. Það er þá bara það að menn hafa ekki haft aðferð til að taka á þessu, eða hvað? Samt hafa menn fundið hana, að banna sérstökum aðilum að gefa út blöð, a.m.k. þeim sem eru í fjölmiðlarekstri, þ.e. útvarpi eða sjónvarpi. Það hafa menn ákveðið að gera með þeirri tillögu sem liggur fyrir. Menn hefðu svo sem alveg getað útvíkkað þetta og bannað fleirum ef til þess hefði verið vilji. Hefði átt að vera samræmi í því sem verið er að gera finnst mér að það hefði verið eðlilegt að menn skoðuðu það. En ég hefði verið á móti því.

Ég spyr hæstv. ráðherra enn og aftur: Finnst henni ekki býsna langt gengið í því að ráða hverjir megi leggja peningana sína í fjölmiðla að svo skuli vera mælt fyrir að ef einhver vilji leggja fjármuni í fjölmiðil skuli hann gera kompaní við a.m.k. þrjá aðra, það sé lágmarkið eins og gert er í þessum lagatexta? Mér finnst þetta allt saman vera svo langt gengið að það er ekki hægt annað en að spá því um framhaldið að það verði verulegar þrengingar á þessum markaði. Þeim sem eru í einhvers konar atvinnurekstri og vildu gjarnan setja fjármuni í fjölmiðla eru settir svo harðir kostir, þeir verða að hætta í rekstri sínum og stofna kompaní með öðrum til þess að mega leggja fjármuni í fjölmiðla. Ef þeir eru í einhverjum rekstri sem hægt væri að kalla markaðsráðandi, hver sem hann er, skuli þeir ekki leggja krónu í fjölmiðla.

[00:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrirtæki geta verið sterk á markaði án þess að þau þurfi endilega að vera markaðsráðandi. Það að vera sterkur á markaði er ekkert endilega samasemmerki við það að vera markaðsráðandi. Ég verð að endurtaka það, frú forseti, að ég hef ekki mjög miklar áhyggjur af því að ekki komi inn fjársterkir aðilar sem geti staðið undir því að halda uppi öflugum fjölmiðlum hér á landi, sér í lagi þegar við lítum til þess líka — ég rakti áðan með Morgunblaðið, DV og Fréttablaðið og vil þá leyfa mér að halda áfram með fjölmiðlana — að Stöð 2 hefur og hefði getað verið rekin alveg með bærilegum hætti. Ég vísa þar til orða forstjóra Norðurljósa, Sigurðar G. Guðjónssonar, á síðasta aðalfundi Norðurljósa þar sem hann gerði upp við fortíðina. Það var alveg greinilegt að það fyrirtæki hefði verið hægt að reka mun betur ef ekki hefði verið fyrir þvergirðingshátt fyrri eiganda sem stóð gegn því að það fyrirtæki færi í endurskipulagningu, fyrir utan þá fjármuni sem teknir voru út úr fyrirtækinu. Það er alveg hreint og klárt og skýrt að það er hægt að reka fjölmiðla hérna með skynsamlegum hætti án þess að menn hafi hugsanlega gjaldþrotabeiðni yfir höfði sér. Það er ekki eins erfitt og áhættusamt og menn vilja alltaf vera láta.

[00:06]

Mörður Árnason:

Forseti. Upphaflega ætlaði ég í einfalt andsvar við hæstv. menntmrh. til þess að ljúka umræðunum af minni hálfu og kannski minna manna hér en menntmrh. gaf í í síðustu ræðu sinni þannig að það var hægara að hafa aðeins meiri tíma.

Það er dapurlegt að hæstv. menntmrh. skuli bæði hér í þingsalnum og í drottningarviðtali sínu, eða prinsessuviðtali, í Kastljósi í kvöld ráðast á Samf. fyrir það að hafa með einhverjum hætti verið að svindla á þinginu og almenningi hvað varðar tilmæli frá Evrópuráðinu. Það er ekki svo. Það er alveg rétt að hjá okkur er einkum vitnað í tilmæli Evrópuráðsins frá 1994 um gagnsæi í fjölmiðlunum en í skýrslunni einkum í tilmæli Evrópuráðsins frá 1999 um fjölbreytni í fjölmiðlum. Þetta eru auðvitað lík efni en þó er um tvö ólík efnisatriði að ræða.

Vel kann að vera að í þessu felist einhver þróun og ég tel sennilegt að þarna séu viðbrögð við fjölmiðlaveldi Berlusconis og pólitískum völdum hans og áhrifum og reyndar við því fleira sem gerst hefur í nokkrum Evrópulöndum þó að almennt ríki ekki neyð í Evrópu í fjölmiðlun.

Rétt er að fara aðeins í gegnum það hvernig þessi tilmæli frá 1999 líta út um leið og minnt er á að fimm ár eru síðan þau komu út og það er nú fyrst sem ríkisstjórn Íslands er að vakna gagnvart þeim tilmælum á sama hátt og hún er ekki enn þá vöknuð eftir 10 ár við tilmælin um gagnsæi í fjölmiðlun sem hún á þó að hafa fengið með skilum og skilaboðum um að íhuga hvernig þeim verði komið fyrir í íslenskri löggjöf.

Rétt er að minna á að í þessum tilmælum er fjölmiðlafjölbreytni sérstaklega skilgreind. Með leyfi forseta, tek ég upp úr skýrslunni á síðu 41 og þar er hún skilgreind þannig að „átt sé við fjölbreytni í framboði fjölmiðla, sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum (structural pluralism) og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis, að því er varðar sjónarmið og skoðanir, sem aðgengileg séu almenningi".

Hér er hið almenna markmið. Eins og von var til er það sett þannig upp að hér sé spurningin: Hvað kemur samfélaginu að gagni, hvað kemur almenningi að gagni? Hver er niðurstaðan gagnvart neytendunum, gagnvart þátttakendunum í samfélaginu? Hún er þessi.

Síðan eru athuguð einstök atriði, athugaðar þær leiðir sem fara á til að reyna að ná fram þessari fjölbreytni. Af því að hæstv. menntmrh. heldur því mjög stíft fram að Evrópuráðstilmælin frá 1999 séu grundvöllur þess frv. sem hæstv. forsrh. tók úr höndum henni er rétt að fara yfir það á síðum 71–73 um hvað þessi tilmæli fjalla.

Þau fjalla a) um reglur um eignarhald þar sem mælt er með því að ríkið setji reglur um eignarhald? Einhverjar almennar reglur um eignarhald? Nei, að „ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar". Þetta á við öll Evrópuríkin. Þarna segir enn fremur að séu „slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans". Þetta er a-liður.

B-liður í þessu fjallar um tækninýjungar. Að sumu leyti er ekki hægt að skamma ríkisstjórnina þó að hún hafi tekið sér nokkurn tíma í þær. Miðað við aðstæður hér á landi er það ekki óeðlilegt. Um þær heyrðum við m.a. í að ýmsu leyti ágætri ræðu hæstv. samgrh. hér fyrr í dag.

C-liðurinn fjallar um efni fjölmiðla. Ég vil lesa upphafsumfjöllun skýrslunnar um þann lið vegna þess að hann kemur ekkert við sögu hjá hæstv. menntmrh. eða hæstv. forsrh. Hann er svona, með leyfi forseta:

„Varðandi efni og innihald fjölmiðla er mælst til að ríki hugi að því að gera ráðstafanir til að tryggja aðgengi almennings að dagskrárefni sem endurspegli mismunandi pólitísk og menningarleg sjónarmið, um leið og gerðar eru ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði ritstjórna (dagskrárstjórna) fjölmiðlafyrirtækja. Í því efni beri einnig að meta gildi og árangur þeirra ráðstafana sem fjölmiðlarnir sjálfir hafa gert til að tryggja þetta."

Í lokaræðu sinni áðan fór hæstv. menntmrh. háðuglegum orðum um þennan þátt tilmæla Evrópuráðsins. Hún talaði um að þetta væri ekki hægt, að þetta ættu bara fjölmiðlarnir að gera sjálfir og það væri bara bjánaháttur nánast að fara fram á að eitthvað svona væri athugað hér eins og gert er í margfrægri og ágætri tillögu okkar samfylkingarmanna um þetta efni.

D-liður þessara tilmæla Evrópuráðsins frá 1999 er um ábyrgð eigenda og/eða ritstjórna/dagskrárstjórna. Þar stendur þetta í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Mælst er til þess að ríki hvetji fjölmiðlafyrirtæki til að styrkja sjálfstæði ritstjóra (fréttastjóra) og blaða- eða fréttamanna í sínum röðum, m.a. með því að þeir setji sér innri reglur þar um."

Hér í allt kvöld hef ég setið, staðið og hlustað á glósur, núna síðast frá hæstv. menntmrh., en einkum þó áður samflokksmönnum hennar, m.a. hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, í garð flokksfélaga minna vegna þess að þeir hafa rætt um þann þátt sem er d-liðurinn í tilmælum Evrópuráðsins frá 1999.

E-liðurinn fjallar síðan um Ríkisútvarpið. Ég ætla ekki að hafa það miklu lengra nema að minna á að um Ríkisútvarpið er ekkert í frv. sem hæstv. forsrh. ætlar að bera hér fram af verksviði hæstv. menntmrh. Það er meira í skýrslunni.

F-liðurinn fjallar um opinberan fjárstuðning við fjölmiðla. Hann á að vísu einkum við um efni á tungumálum minnihlutahópa. Ef ríkisstjórnin bregst við og Alþingi ákveður að tillögu menntmn. að vísa tilteknu þingmáli um réttarstöðu íslenskrar tungu til ríkisstjórnarinnar getur verið að kannski væri ráð að gera það að einhverju leyti með því að fara eftir þessum f-lið í tilmælum Evrópuráðsins frá 1999.

G-liðurinn fjallar síðan um rannsóknir. Hann er svona í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Mælst er til þess að aðildarríki styðji við rannsóknir og þróun á sviði fjölmiðlunar og samþjöppunar, sérstaklega að því er varðar áhrif nýrrar fjarskiptatækni og -þjónustu á þessum sviðum."

Ég spyr nú bara út í tómið: Kannast einhver við það að aðildarríkið Ísland hafi beitt sér fyrir því að styðja við rannsóknir og þróun á sviði fjölmiðlunar og samþjöppunar? Það er að vísu svolítið starf hér uppi í háskóla og draumar um að annað starf fari fram í Reykjavíkurakademíunni. Ég man ekki eftir að þessu hafi verið sinnt mjög af hálfu yfirmanna í menntmrn.

Þetta var um Evrópuráðstilskipunina frá 1999 sem ráð væri að skoða miklu betur en hér er gert.

Þá verður að segja það að þessi umræða hefur því miður verið dapurleg vegna þess að hennar var mikil þörf og við ættum oftar að taka til umræðu efni af þessu tagi.

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir er á ýmsan hátt afar gagnleg og með öðrum plöggum innlendum og erlendum hefði hún getað orðið grundvöllur gagngerrar og góðrar umræðu á þinginu þar sem menn hefðu getað nálgast sjónarmið hver annars og hugsanlega náð saman um einhvers konar aðgerðir með ýmsum hætti, a.m.k. skoðað þær og haft til þess góðan tíma, örvað umræðu í samfélaginu meðal hagsmunaaðila, alls almennings, áhugamanna um þessa hluti sem skipta okkur svo miklu máli. Það hefði getað gerst. En umræðan í dag og framlagning skýrslunnar fer auðvitað fram í skugga af athöfn sem þegar hefur verið ákveðin og hefur því miður áhrif á skýrsluna sjálfa og framsetningu hennar. Það er aðferðin það sem sanna skyldi, quod erat demonstrandum, úr menntaskólalatínunni, sem hér hefur verið beitt. Ákveðið var í huga ráðamanna að ekki væri allt með felldu í íslenskri fjölmiðlun. Ákveðnir fjölmiðlar væru óþægir og óþekkir. Eigendur og samþjöppun sem áður var í lagi og var í lagi í ein fjögur skipti á árabilinu 1985–1995 er ekki lengur í lagi vegna þess að eigendurnir eru rangir. Þeir eru með sítt að aftan svo vitnað sé í glósur, ákaflega óvirðulegar og hæpnar, í Viðskiptablaðinu. Ég legg til að hæstv. menntmrh. ræði við hæstv. félmrh. um það hvort ekki sé hægt að koma einhverjum tökum á þetta blað sem er sífellt með glósur um ráðherra í hæstv. ríkisstjórn.

Nú man ég ekki lengur hvernig ég ætlaði að halda þessu áfram.

(**Forseti** (HBl): Þingmaðurinn var að tala um sítt að aftan.)

Já, hann var að tala um sítt að aftan, sítt að aftan forseti góður, ef ég má orða það svo.

Það er auðvitað dapurlegt að umræðan skyldi hverfa á bak við þessa athöfn. Á bak við þá ákvörðun hæstv. forsrh. og félaga hans að beita sér með sértækum aðgerðum, með sérstökum móníska lögum að einu fyrirtæki sem hér starfar, fjölmiðlafyrirtækinu Norðurljósum, að reyna með þeim lögum að mylja það fyrirtæki sundur, brjóta það upp, minnka vægi fjölmiðla þess, eyðileggja þau viðskipti sem það stendur nú í og eru viðkvæm eins og allir vita, létta í því pundið, bæði gagnvart hluthöfum og gagnvart þeim viðskiptahagsmunum sem það fyrirtæki hefur.

Það er auðvitað ekki svo þó að að því sé ýjað og dróttað að það sé vegna einhverrar sérstakrar hlýju eða væntumþykju í garð fyrirtækisins Norðurljósa eða aðaleiganda þess, Baugs, sem við stöndum hér og reynum að hindra þessar aðgerðir, reynum að gera okkar til þess að vekja athygli á þeirri sviðsmynd sem hér er höfð í frammi, þannig að vitnað sé, með leyfi forseta, í orð sem féllu í fyrsta húsnæði Alþingis, salnum í Menntaskólanum í Reykjavík. Það er auðvitað ekki þannig því það sem við erum að reyna að gera er að verja fjölmiðlana í landinu, verja réttarríkið sem hér viðgengst og ríkir og verja hagsmuni almennings. Við teljum að almannavaldið hafi hlutverk gagnvart fjölmiðlun í landinu, hafi ákveðnar skyldur við fjölmiðlunina. Þær felast í því að stuðla að fjölbreytni, stuðla að góðri þjónustu fjölmiðla við almenning og í þriðja lagi að stuðla að traustum rekstrargrundvelli þeirra fjölmiðla sem hér eru í rekstri.

Þetta allt saman og þó einkum það þriðja er líka þáttur í því að sækja fram og verja íslenska menningu og innlenda dagskrárgerð með ýmsum hætti. Það er ekki það sem hér er að gerast og hér á eftir að gerast næstu daga, forseti, heldur öfugt að menn eru að láta að geðþótta sínum, fara fram í ham gegn fyrirtæki sem þeim líkar illa við, gegn manninum sem er með sítt að aftan í óleyfi hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. má mín vegna hafa hvaða skoðun sem er á þeirri hárgreiðslu, mér er alveg sama, hann hefur fullan rétt til þess, en hann á ekki að láta það bitna á réttarríkinu Íslandi, á íslenskum fjölmiðlum, á þjónustunni við íslenskan almenning.

[00:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst í rauninni öllum hlutum snúið á hvolf í umræðunni sem lúta að því hver er kveikjan að frv. Einhverra hluta vegna eru þingmenn Samf. alltaf að koma hér upp með annarlegar athugasemdir og annarleg sjónarmið og alltaf lúta þau að persónu forsrh. og að honum eigi að vera eitthvað í nöp við forstöðumenn og forráðamenn Baugs eða Norðurljósa eða hvað öll grúppan heitir. Það er ekki svo. Fyrir einhverjum tíma síðan leyfði forsrh. sér að gagnrýna vöruverð í einhverjum búðum hér. Síðan hefur eitt og annað gerst, m.a. einhverjar svæsnustu árásir á persónu í stjórnmálum sem um getur á síðari árum þar sem endalaust, síendurtekið er verið að vega að m.a. geðheilsu viðkomandi. Það er vegið á mjög ósmekklegan hátt að persónu forsrh. enn og aftur. Það þekkist ekki á byggðu bóli að svona sé vegið að forsrh. hvorki hér né annars staðar, ekki á þennan hátt, ekki að verið sé ýja að því að eitthvað sé að geðheilsu hans og hans persónu. (**Gripið fram í:** Hefur það verið gert hér?) Það hefur verið gert í fjölmiðlum vegna þess að hann leyfði sér í upphafi að gagnrýna vöruverð í ákveðnum verslunum. Þannig að mér finnst umræðunni allri snúið á hvolf. Það er ágætt ... (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, hér eru enn þá 17 sekúndur eftir ...

(**Forseti** (JBjart): Á klukku forseta eru komnar 12 sekúndur fram yfir tímann, það er einhver vanstilling á, en hæstv. ráðherra á kost á öðru andsvari.)

Þá ég bíð ég með það.

[00:23]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég kem einungis upp til að gefa hæstv. menntmrh. formlega kost á að ljúka andsvari sínu þó í tveimur hlutum sé.

[00:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka háttprýði hv. þm. Marðar Árnasonar núna þegar við erum vonandi að ljúka umræðunni þar sem liðið er nokkuð á annan sólarhringinn hérna.

Eftir þessa umræðu er það tvennt, og ég ítreka það, sem eftir stendur hjá Samf. Annars vegar að hún vill leyfa markaðsráðandi fyrirtækjum að eiga fjölmiðla, gott og blessað, það er ákveðin stefna, og hins vegar að það kom margítrekað fram að Samf. telur það vera fjölbreytni í fjölmiðlun þegar einungis er litið til stöðvanna og hversu mörg dagblöð eru gefin út, það dugar þeim til að segja að það sé fjölbreytni í fjölmiðlun og þar með sé lýðræðið tryggt þegar fyrirkomulagið er slíkt. Það kalla ég murdochisma. Þetta er nákvæmlega það sem Rupert Murdoch sagði: „Fínt, höfum bara nógu mörg dagblöð, nógu margar sjónvarpsstöðvar. Það er í lagi ef ég á það.“ Það er í lagi ef einn aðili á allt heila klabbið. Slíkt vil ég ekki sjá.

[00:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er nokkuð liðið á nóttina og kannski von að farið sé að slá út í fyrir jafnvel prúðasta fólki. Hæstv. menntmrh. lætur ekki af því að ráðast með klisjum og hreytum á Samf. Nú erum við orðnir murdochistar og þó höfum við gert það eitt að taka þá fjölbreytniskýringu upp sem finna má í tilmælum Evrópuráðsins frá 1999, sem hæstv. menntmrh. hefur vitnað hvað mest í í kvöld og ég las hérna áðan. „... fjölbreytni í framboði fjölmiðla“, með leyfi forseta, „sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis, að því er varðar sjónarmið og skoðanir, sem aðgengileg séu almenningi.“ En ekki þá skýringu sem ráðherrarnir hæstv. hafa sem er sú að fjölbreytni í fjölmiðlum sé að einhverjir tilteknir menn sem þeim líkar ekki við eigi ekki fjölmiðlana, skrifi ekki í þá, komi þar ekki fram, hafi þar engin áhrif.

Ég vil líka óska hæstv. menntmrh. til hamingju með það að hafa loksins fundið, eftir mikla leit á síðari tímum, litla manninn í samfélagi 21. aldarinnar á Íslandi, því hann er nú genginn fram. Það er hinn smánaði, heiðvirði, framfarasinnaði og glæsilegi maður sem nú gegnir stöðu forsætisráðherra Íslands, Davíð Oddsson, hæstv. forsrh. Ég mótmæli þeim ásökunum sem hæstv. menntmrh. hefur hér á hendur mér eða öðrum um að hér sé farið með einhverjar sögur um heilsufar forsrh. honum til lasts. Eingöngu er skoðuð saga síðustu ára og samskipti hans við ýmis fyrirtæki og ýmsar stofnanir og aðila hér á landi og það er nóg að gera. Það er pólitísk gagnrýni og ekki persónuleg gagnrýni, forseti. Ég mótmæli dylgjum um að annað sé haft hér í frammi.

[00:27]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Það var svona góð tilbreyting að sjá hv. þm. hér í ræðustólnum þegar hann mælti sín síðustu orð. Málflutningur hans á köflum minnir mjög á uppruna hans og má segja að það sé góð upprifjun að heyra annað slagið dylgjur og tungutak Þjóðviljans bergmála af vörum þessa hv. þm. (Gripið fram í.) Og má raunar segja að skoðanir hans hafi að því leyti ekki breyst að hann er fljótur að skipta um lit eftir því hvernig honum finnast vindar blása. Þannig hafa vinstri sósíalistar verið upp á síðkastið. Maður hlustar og horfir á þessa gömlu þjóðviljamenn jafnvel halda magnaðar ræður fyrir Atlantshafsbandalaginu og hverju einu. Það eru kannski þær einu stundir sem ég efast stundum um ágæti þess ágæta bandalags.

Ég hlýt, frú forseti, vegna málflutnings hv. alþm. Marðar Árnasonar, 7. þm. Reykv. s., að rifja upp þá skýrslu sem hér er og þá kafla sem hv. þm. hljóp fram hjá, vegna þess að þegar hann var að vitna í skýrsluna vakti það ekki fyrir honum að draga fram þau atriði sem mestu máli skipta, heldur reyna að draga upp mynd af því sem þar stendur með mjög takmörkuðum tilvitnuðum og með því að velja þær sérstaklega úr og með því að minnast ekki á niðurstöður þeirra manna sem skýrsluna sömdu. Það er gamalkunn tækni sem ég þekki líka af síðum Þjóðviljans.

Á bls. 80 í skýrslunni þar sem hún fylgir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum er vikið að því að samkvæmt samþykktum Evrópuráðsins hvílir á íslenska ríkinu sú þjóðréttarskylda að leita leiða til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun.

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin tekur þó fram að af 10. gr. mannréttindasáttmálans og framangreindum tilmælum verða í sjálfu sér ekki leiddar sértækar kröfur um það hvaða leiðir ríki skuli fara til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum. Sé stuðst við þá mælikvarða sem koma fram í þessum skuldbindingum og tilmælum og þá sem notast hefur verið við í öðrum löndum virðist eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum og eignatengsl vera með þeim hætti ástæða sé til að draga megi í efa að fjölbreytni í fjölmiðlum, í þeim skilningi sem það hugtak er notað í greinargerðinni, sé nægilega tryggð hér á landi til lengri tíma litið."

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Það skýrir að sjálfsögðu af hverju hv. 7. þm. Reykv. s. vék ekki að þessu atriði, vegna þess að honum er gjarnt að koma helst ekki að kjarna málsins í hverju máli.

Þá vaknar spurningin um það hvort hin hefðbundnu samkeppnislegu úrræði dugi í þessu efni? Um það er líka sérstaklega fjallað í skýrslunni sem hv. þm. hefði verið auðgert að vitna til ef hann hefði viljað draga mynd af því sem raunverulega stendur í skýrslunni og niðurstöðu hennar. Til þess að ekkert fari á milli mála, hæstv. forseti, ætla ég að lesa úr þeim kafla sem um það fjallar, nokkrar setningar þannig að menn geti skilið hvernig horft er til þessara mála og hvort samkeppnislögin dugi eða ekki til að ná fram þeim markmiðum sem um er rætt. Með leyfi hæstv. forseta:

„Rökin gegn því að láta hefðbundin samkeppnisleg úrræði nægja felast einkum í því að sjónarmiðin sem búa að baki samkeppnislögum og framkvæmd þeirra lúta að fjárhagslegum hagsmunum og stöðu fyrirtækja og að neytendasjónarmiðum. Þar sé almennt ekki rúm fyrir hin sértæku sjónarmið um pólitíska og menningarlega fjölbreytni sem búi að baki kröfunni um fjölbreytta fjölmiðla. Yfirleitt er álitið að óheppileg áhrif samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði komi fram áður en almennum þröskuldum samkeppnislaga er náð. Er í því sambandi lögð meginhersla á hlutverk fjölmiðla sem mikilvægasta vettvangsins fyrir lýðræðislega umræðu í frjálsu þjóðfélagi."

Þetta er kjarni málsins í þessari skýrslu.

[00:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það má lengi deila um hver sé kjarni málsins í skýrslu þar sem niðurstöðukaflinn er jafnfjölbreytilegur og raun ber vitni. Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að í kafla 6.4.2 í skýrslunni er því haldið fram, að minni hyggju með réttu, að samkeppnislögin ein saman dugi ekki til að tryggja fjölbreytni og gott ástand á fjölmiðlavettvangi. Þá er að athuga hvað segir frekar um það. Ég bið hv. þm. að lýsa því fyrir þingheimi hvað stendur hér um brýna nauðsyn þess að Íslendingar, ekki tiltekið ríki í Evrópu heldur Íslendingar, setji sér slíkar reglur við þær aðstæður sem nú eru uppi. Hver er hin brýna nauðsyn nú í apríl og maí árið 2004, með mjög takmarkaðri umræðu við ákaflega sérkennilegar aðstæður í samfélaginu.

Ég sé ekkert í skýrslunni eða tilmælum Evrópuráðsins frá 1999 sem gefur það í skyn að það sé þjóðréttarleg skylda Íslendinga að setja þessi lög umræðulaust og beina þeim að einu tilteknu fyrirtæki hér á landi, hætta á að í bág fari við stjórnarskrá landsins og, jafnvel þótt ekki væri farið í bága við hana, að ríkisvaldið verði hugsanlega skaðabótaskylt svo nemi ekki bara hundruðum milljónum heldur milljörðum króna sem betur færu í aðra hluti á verksviði almannavaldsins.

[00:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Ég hygg, frú forseti, að það megi borga nokkuð háu verði að tryggja fjölmiðlafrelsi og skoðanafrelsi í landinu. Ég hef aldrei mælt það í peningum. Grundvallarmannréttindi manna hef ég aldrei talið í krónum eða aurum. Um það snýst þetta mál. Það er eftirtektarvert þegar maður hlustar á hv. þm. að annað slagið kveður við sama tón hjá honum og í þessum fjölmiðlum Baugs sem hann er að verja. Þar kveður algjörlega við sama tóninn. Ef við horfum t.d. á það hvernig fréttir eru settar upp í Fréttablaðinu og síðan í DV þá sjáum við að ritstjórnarskrifstofan er hin sama. Það sjá menn um leið sem lesa þessi blöð, bera saman fréttir og sjá þær áherslur sem hverju sinni eru í þessum blöðum.

Nú kemur það mér út af fyrir sig ekki á óvart þótt hv. þm., eins og hann skrifaði í Þjóðviljann á sínum tíma, skelli skollaeyrum við því ef eitthvert ógnarvald sem honum er hlýtt til getur varpað skugga á almennt skoðanafrelsi í landinu. Það kemur mér ekki á óvart. Hann getur á hinn bóginn ekki orðið hissa á því að við lýðræðissinnar, sem höfum alla tíð tekið upp málstaðinn fyrir þá sem unna frelsi, bæði hér á landi og erlendis, viljum með öllum hætti tryggja það og treysta að hér sé frjáls fjölmiðlun, blöð sem menn geta treyst og á þeim markaði sé enginn svo stór að hann gnæfi yfir alla aðra.

[00:37]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hlýt að biðja þingheim afsökunar á því að ég hef misskilið tilgang skýrslunnar, þessa frv. og þessarar umræðu allrar. Hann er sá að hv. þm. Halldóri Blöndal þykir vegið að skoðanafrelsi sínu, að hann hafi ekki tækifæri til

þess að koma skoðunum sínum og áliti á ýmsum þjóðfélagsmálum að vegna þess að fyrirsagnir séu settar upp með tilteknum hætti í Fréttablaðinu og DV.

Það er auðvitað gleðilegt að hv. þm. skuli þó njóta þess fjölmiðils sem ég stend nú í, ræðustóls Alþingis, og útvarpa þaðan skoðunum sínum sem færðar eru í persónulegan búning. Hann lýsti þeim áðan með því að ræða vinsamlega um persónu þess sem hér stendur. Það er auðvitað eðlilegt að ritstjóra Íslendings frá fornu fari og þátttakanda í ýmissi blaðaútgáfu frá því um miðja síðustu öld skuli finnast eðlilegt og rökrétt að ef honum líki illa við blöð, blaðamenn eða eigendur þeirra, þá sé rétt að hann setji lög á blöðin, blaðamennina, eigendur þeirra og aðra fjölmiðla sem til greina koma.

Sem betur fer er það samt svo að þótt hv. þm. Halldóri Blöndal líki illa við þann sem hér stendur þá getur hann ekki sett lög á hann. Hann getur ekki vísað honum út úr þingsalnum. Hann getur ekki þaggað niður í þeirri skoðun og því áliti sem hér kemur fram. Þar eru það íslenskir kjósendur og hið íslenska lýðræðisríki sem stendur að verki, ekki hæstv. ríkisstjórn eða sá flokkur sem hv. þm. hefur þann heiður að hafa verið í alla sína tíð.

[00:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að láta þessa umræðu enda eins og hv. þm. Halldór Blöndal stofnaði til. Hann hlýtur að þurfa að útskýra fyrir þingheimi hvað hann átti við. Hann hélt ræður um blaðaútgáfu. Þessi lagasetning sem búið er að boða hér snýst ekki um blaðaútgáfu. Ógnin sem hv. þm. var að lýsa, af einhverjum ráðandi aðilum á markaðnum, hlýtur að stafa áfram af blöðunum. Það stendur ekki til að breyta neinu gagnvart þeim, nema einu, þ.e. að ef þeir aðilar, stórir ráðandi aðilar á markaðnum, eiga sjónvarp eða útvarp þá mega þeir ekki eiga blöð. En ef þeir eiga ekki sjónvarp eða útvarp þá mega þeir eiga blöð.

Mér finnst ræðurnar sem hv. þm. hefur haldið um blöðin, um að menn væru að nota þau til að koma skoðunum sínum á framfæri, eigi ekki heima í þessari umræðu nema við eigum von á að bæta eigi einhverju við í í lagasetningu af þessu tagi á Alþingi. Ég skildi það ekki svo af umræðunni í dag að það stæði til. Hv. þm. útskýrir það fyrir okkur ef hann ætlar að berjast fyrir því að tekið verði upp ákvæði í lagafrv. um að taka skuli blöðin með í þessari umferð.

Mér finnst stórkostlegt að hlusta á hv. þm. lýsa því hvernig einhverjum blöðum sem fara í taugarnar á honum sé stjórnað af þeim aðilum sem eiga þau og því þurfi endilega að taka á því máli. Hvenær hefur blöðum á Íslandi ekki verið stjórnað af þeim sem hafa átt þau og ráðið yfir ritstjórn? Hvað skyldi Morgunblaðið vera að gera? Hvernig hefur það verið rekið í gegnum tíðina? Hvernig stendur á því að sumir fá rammagreinar í Morgunblaðinu en aðrir ekki? Af hverju eru þeir yfirleitt úr Sjálfstæðisflokknum? Hvernig stendur á því að viss ráðherra hefur sérstakan stað í því blaði? Er verið að misnota blaðið? Ég spyr. Ég lít ekki þannig á að sé verið að misnota það blað. Það er einfaldlega í höndum sjálfstæðismanna og hefur verið alla tíð. Þeir hafa notað það eins og þeim hefur þótt við hæfi. Það veit þjóðin og hefur ekki farið í grafgötur með það.

Eins verður það með aðra blaðaútgáfu. Þeir sem eiga blöð munu nota þau eins og þeim þykir við hæfi. Það er full ástæða til að skoða möguleikana á að reyna að hafa hömlur á því hvað varðar yfirráð eða afskipti af blaðamönnum og annað slíkt. En eigendurnir munu alltaf hafa áhrif á ritstjórnarstefnu blaða sinna. Þeir munu sjá til þess. Þeir gefa ekki út blöð sem þjóna markmiðum sem ganga gegn þeim markmiðum sem þeir sjálfir hafa.

Mér finnst því eiginlega ekki sæmandi þingmönnum að bera það í ræðustól á Alþingi að einhver blaðaútgáfa sé þeim svo lítið að skapi að þeir vilji setja lög á hana. Þess vegna spurði ég um prentfrelsi hér í kvöld. Ég spurði hvort menn myndu ekki eftir hlutverki prentfrelsisins í lýðræðisþróuninni og mikilvægi þess að allir, hve mikið sem þeir fara í taugarnar á okkur, eigi rétt á að gefa út blöð. Mér finnst satt að segja að menn þurfi að fara svolítið betur yfir þessi mál, úr því að við erum farin að heyra ræður af því tagi sem við höfum hlustað á hér í kvöld.

[00:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki að tala um frumvarp forsrh. Ég var að tala um þessa skýrslu. Ég sagði að í þessari skýrslu væri varað við því að hér væri of mikil samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Ég var að tala um það.

[00:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir vænt um að heyra að hv. þm. ætlar ekki að berjast fyrir því að tekið verði á blöðunum með sama hætti og stendur til að taka á öðrum fjölmiðlum með því frv. sem liggur fyrir. Ég held að það verði lokaorð mín í kvöld.

Fundi slitið kl. 00:45.

---

106. FUNDUR

fimmtudaginn 29. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Útlendingar, stjfrv., 749. mál, þskj. 1552, nál. 1516 og 1534, brtt. 1203, 1517 og 1535. — 2. umr.

2. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 446. mál, þskj. 630. — 3. umr.

3. Siglingastofnun Íslands, stjfrv., 467. mál, þskj. 1499. — 3. umr.

4. Málefni aldraðra, stjfrv., 570. mál, þskj. 1498. — 3. umr.

5. Yrkisréttur, stjfrv., 613. mál, þskj. 1509, brtt. 1532. — 3. umr.

6. Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, stjfrv., 755. mál, þskj. 1130. — 3. umr.

7. Háskóli Íslands, stjfrv., 780. mál, þskj. 1508. — 3. umr.

8. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 817. mál, þskj. 1245. — 3. umr.

9. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 818. mál, þskj. 1246. — 3. umr.

10. Tækniháskóli Íslands, stjfrv., 819. mál, þskj. 1247. — 3. umr.

11. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 683. mál, þskj. 1012, brtt. 1484. — 3. umr.
12. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 859, nál. 1487, brtt. 1488. — 2. umr.
13. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197, nál. 1489 og 1502. — 2. umr.
14. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.
15. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476. — 2. umr.
16. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.
17. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.
18. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.
19. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 2. umr.
20. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529. — 2. umr.
21. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.
22. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
23. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
24. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.
25. Framkvæmd EES-samningsins, þáltill., 551. mál, þskj. 829. — Fyrri umr.
26. Fórnarlamba- og vitnavernd, frv., 443. mál, þskj. 620. — 1. umr.
27. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.
28. Dýravernd, frv., 634. mál, þskj. 948. — 1. umr.
29. Hlutafélög, frv., 686. mál, þskj. 1015. — 1. umr.
30. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 836. mál, þskj. 1277. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Þuríður Backman):

Tvær utandagskrárumræður fara fram í dag. Hin fyrri hefst nú áður en gengið verður til dagskrár og er um stöðu viðræðna við Bandaríkjamenn um herinn og uppsagnir starfsmanna hjá hernum. Hin síðari verður kl. 13.30, að loknu hádegishléi, og er um brot á samkeppnislögum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Aðgangur þingmanna að upplýsingum.

[10:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég hafði beðið hæstv. viðskrh. um að fá afhent gögn sem hún hefur undir höndum, tillögur nefndar sem hún skipaði vegna þess máls sem verður til umfjöllunar síðar í dag, um brot á samkeppnislögum, og hugsanleg skil á milli annars vegar Samkeppnisstofnunar og hins vegar lögreglu. Hún skipaði nefnd sem skilaði af sér fyrir þremur mánuðum. Gögnin hafa legið á borði ríkisstjórnarinnar síðan þá.

Vegna þeirrar umræðu sem fer fram í dag óskaði þingflokkur Samf., tæplega $^1/_3$ hluti þingmanna, eftir því að þessar tillögur nefndarinnar yrðu lagðar hér fram og að við fengjum þær afhentar þannig að við gætum átt sem eðlilegasta og besta umfjöllun um þau mál á eftir. Svarið kom skriflega frá hæstv. viðskrh. í gær. Hún neitar með vísan til upplýsingalaga og segir sér heimilt samkvæmt upplýsingalögum að neita almenningi um aðgang að skjölum eða gögnum sem eru til meðferðar hjá hæstv. ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Upplýsingalög gilda ekki um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi. Ég vísa til þess að hér er um að ræða 20 manna þingflokk sem óskar eftir þessum gögnum vegna umræðu sem mun eiga sér stað í dag og líka í ljósi þess að hér liggur fyrir þingmál um sama efni. Hæstv. ríkisstjórn telur sig geta lúrt á þessum gögnum mánuðum saman og ég spyr, virðulegi forseti: Hvaða ríkisleyndarmál eru fólgin í þessum niðurstöðum umræddrar nefndar sem átti þó að fá það hlutverk eitt að skera úr um valdmörk á milli tveggja stofnana? Það var ekki alvarlegra en það.

Ég mun krefjast þess, virðulegi forseti, að hv. forsn. taki það til alvarlegrar skoðunar hversu langt hæstv. ráðherrar ganga í þessum efnum með því að vísa til upplýsingalaga sem þeir virðast ekki einu sinni átta sig á að gilda ekki um beiðni þingsins og þingmanna um gögn sem þeir hafa í vörslu sinni. Ég geri alvarlega athugasemd við þetta, virðulegi forseti, og spyr hæstv. ráðherra líka: Hvers vegna þessi leynd?

[10:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í lok síðasta árs skipaði ég starfshóp í samráði við dómsmrh. Í skipunarbréfi er tekið fram að tekin skuli til skoðunar verkaskipting rannsóknaraðila og beiting viðurlaga og einnig skyldi starfshópurinn m.a. yfirfara ákvæði um refsingar. Í byrjun febrúar skilaði hann drögum að frv. — ég ítreka, drögum að frv. — til mín, ekki skýrslu. Hér er um að ræða vinnu nefndar að pólitískri stefnumótun fyrir ráðherra og fyrir ríkisstjórn. Það hefur verið skilningur á því að slá þurfi skjaldborg um pólitíska stefnumótun meðan hún er á viðkvæmu stigi.

Frumvarpsdrögin hafa verið lögð fram í ríkisstjórn en ekki verður lagt fram frv. til laga á þessu þingi, það er ljóst. Vinnunni er hins vegar engan veginn lokið. Ég vitna til 4. gr. upplýsingalaga í þessu sambandi þar sem mál sem þessi eru undanþegin upplýsingaskyldu.

[10:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það sem birtist í bréfi hæstv. ráðherra til þingflokks Samf. er auðvitað ekkert annað en ósvífni og niðurlæging við þingið. Það er alveg ljóst að framkvæmdarvaldið er að hindra að löggjafarvaldið geti með eðlilegum hætti sinnt skyldum sínum. Erlendis varðar það við lög um ráðherraábyrgð að leyna þingið gögnum sem skipta máli við meðferð mála á þinginu. Við erum að fara í utandagskrárumræðu um þetta mál eftir hádegið og það skiptir máli að fá skýrsluna áður.

Það er ekki forsvaranlegt — er raunar misbeiting á valdi — að neita Alþingi um að sjá skýrslu sem ráðherrar hafa látið vinna, eða greinargerð eða hvað ráðherra vill kalla það, í deilumálum sem uppi eru milli tveggja ráðherra. Hvað hefur ráðherrann að fela? Er ráðherrann virkilega að knékrjúpa eina ferðina enn fyrir íhaldinu og dómsmrh.? Er kannski í þessari greinargerð mælt með þeirri leið sem Samkeppnisstofnun og ráðherra vilja fara? Er það þá hæstv. dómsmrh. sem ræður ferðinni? Hér endurspeglast auðvitað þær deilur sem eru uppi aftur og aftur milli stjórnarflokkanna um Samkeppnisstofnun sem haldið er í fjársvelti og getur ekki sinnt skyldum sínum. Það liggja fyrir úrskurðir, bæði varðandi erindi sem hafa farið fyrir úrskurðarnefnd upplýsingamála og sem hafa farið fyrir Hæstarétt þegar ráðherrar hafa kosið að leyna þingið gögnum. Í þeim tveim tilvikum sem ég a.m.k. man eftir hafa ráðherrar verið knúnir til þess að afhenda þinginu þau gögn sem það biður um. Ég skora á ráðherra að breyta afstöðu sinni og afhenda þinginu þessa greinargerð þannig að eðlileg umræða geti farið fram um þetta mál eftir hádegi og í þeirri nefnd sem fjallar um það málefni sem við ræðum hér.

[10:39]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að það ákvæði sem hæstv. ráðherra vísaði til hafi allt aðra skírskotun. Eins og hún sagði sjálf er þar verið að tala um að slegin sé skjaldborg um pólitísk deilumál á meðan þau eru á borði ríkisstjórnar. Hvaða pólitíska og viðkvæma deilumál er fólgið nákvæmlega í þessu? Hér er um það að ræða að greiða úr tiltekinni réttaróvissu sem varðar brot á tiltekinni löggjöf.

Virðulegi forseti. Það er algerlega með öllu óskiljanlegt að hæstv. viðskrh. skuli fara þessa leið og koma þannig í veg fyrir lýðræðislega umfjöllun á þjóðþinginu um þetta mál sem varðar í raun og veru spurninguna um það sem ég tiltók áðan. Ég efast um að hæstv. ríkisstjórn megi við því að vera rassskellt enn einu sinni af Hæstarétti fyrir það að brjóta stjórnarskrá, eins og t.d. gerðist í öryrkjadómnum og frægt er orðið þar sem neitað var um aðgang að tilteknu minnisblaði. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Telur hún sig ekki hafa ríkari skyldu gagnvart þjóðþinginu með upplýsingar en gagnvart almennum borgurum? Telur hún þetta vera nákvæmlega sama hlutinn og telur hún um svo viðkvæmt pólitískt deilumál að ræða í þessu máli að ástæða sé til að halda gögnunum eftir? Um það snýst þetta mál og það er í sjálfu sér fróðlegt að heyra ef svo er.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég ætla að láta á það reyna í dag hvort hæstv. ráðherra svari spurningum mínum um efni þeirra tillagna sem nefndin lagði fram. Það verður fróðlegt að heyra hvort hún treystir sér til að upplýsa þingið um stöðu mála þá. Ég ítreka að hún er bundin af stjórnarskrá í þeim efnum.

[10:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er undrandi á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur setið í ríkisstjórn, að hún skuli tala með þeim hætti sem hún gerir hér, tala um að verið sé að hindra að löggjafarsamkoman geti sinnt störfum sínum með því að ég afhendi ekki drög að frv. sem er til meðferðar innan ríkisstjórnar. (**BH:** Eftir þrjá mánuði?) Þannig er að það er ekki komin niðurstaða í málið, því miður, og meðan ríkisstjórnin er að fjalla um þetta mál tel ég það ekki til bóta að gera þessi gögn opinber. Það voru drög að frv. sem mér voru afhent af þeim starfshópi sem var að störfum og ég get upplýst það að hann komst að sameiginlegri niðurstöðu. Engu að síður er málið ekki útrætt á milli þeirra ráðherra sem þarna eiga í hlut.

Af því að öryrkjadómurinn var nefndur tel ég að hann sé ekki fordæmi í þessu máli.

Við munum fá tækifæri til að fjalla efnislega um málið í utandagskrárumræðum síðar í dag og þá er hægt að fara dýpra í það. Það liggur sem sagt fyrir með bréfi að viðskrn. hafnar því að gera þessi frumvarpsdrög opinber að svo stöddu.

[10:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það sem þingflokkur Samf. fór fram á var að ráðherra veitti aðgang að niðurstöðum nefndar um valdmörk samkeppnisyfirvalda annars vegar og lögreglu hins vegar. Það var allt og sumt sem við fórum fram á. Hér hafa verið deilumál uppi alveg síðan síðasta sumar um þessi valdmörk. Þau hafa komið í veg fyrir að hægt sé að fá eðlilegar niðurstöður í þá deilu sem er milli ráðuneytanna í þessu máli og að þingið geti fengið botn í það hvernig eigi að taka á því þannig að ekki komi til að mál sem eru núna í rannsókn hjá Samkeppnisstofnun dragist svo á langinn að sakir geti fyrnst í því efni. Við erum að ræða um stórt mál og ráðherrann getur ekki neitað þinginu um þær niðurstöður sem við köllum eftir.

Ég ítreka óskir mínar, virðulegi forseti, um að ráðherrann endurskoði afstöðu sína og að áður en utandagskrárumræða hefst í dag fáum við þá niðurstöðu nefndarinnar sem hefur unnið í þó nokkurn tíma á vegum ráðherra til þess að láta í ljósi álit sitt — ég vænti þess að það hafi verið sérfræðingar í nefndinni — til að málefnaleg og eðlileg umræða geti átt sér stað eftir hádegið. Ráðherrann hefur skyldur við Alþingi. Það er ekki bara hægt að vísa í að ekki sé hægt að veita almenningi aðgang að gögnum eins og ráðherrann gerir. Hér er þingflokkur sem kallar eftir þessu, þingflokkur sem er að sinna skyldum sínum á Alþingi, og ég ítreka að það er misbeiting á valdi ef ráðherrann afhendir ekki þessar upplýsingar.

Umræður utan dagskrár.

Staða viðræðna við Bandaríkjamenn um herinn og uppsagnir starfsmanna hjá hernum.

[10:44]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú hefst fyrri umræðan utan dagskrár í dag um stöðu viðræðna við Bandaríkjamenn um herinn og uppsagnir starfsmanna hjá hernum. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður

til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Í nærri einn og hálfan áratug hafa breyttar aðstæður hvað varðar hernaðar- og stjórnmálaástand í okkar heimshluta blasað við. Strax við upphaf 10. áratugarins hófu Bandaríkjamenn að draga saman seglin í Keflavík og áhugi þeirra á að minnka hér umsvif sín og útgjöld hefur margkomið fram. Sendiherrar, ráðherrar og sendimenn Bandaríkjastjórnar hafa við mismunandi tækifæri komið þessum skilaboðum á framfæri, sennilega skýrast og frægast þegar frú Madeleine Albright heimsótti Ísland. Hæstv. utanríkisráðherra, þáverandi og núverandi, taldi hana einstaklega hjartahlýja konu, ef ég man rétt, og hún kom því skýrt á framfæri að Bandaríkjamenn hefðu mikinn hug á því að draga úr umsvifum sínum.

Þegar friðvænlegar horfði loks í okkar heimshluta en gert hafði um áratuga eða jafnvel alda skeið og enga sérstaka eða sjáanlega ógn var að finna sem að Íslandi gæti beinst, fyrr en þá a.m.k. úr nokkur þúsund km fjarlægð, brá svo við að íslensk stjórnvöld lögðust í víking til að fá Bandaríkjamenn til samninga um að vera hér áfram. Gekk þá eftir sú hrollvekjuspá margra herstöðvaandstæðinga að þegar herinn loks sjálfur kynni að vilja fara úr landinu yrðu til þess öfl innan lands að biðja hann um að vera áfram. Gerðar voru bókanir um umsvif í Keflavík, fyrst 1994 og síðan 1996. Sú síðari rann út 2001 og frá því nokkru fyrir þann tíma hefur hugur íslenskra stjórnvalda, ráðandi afla, staðið til þess að endurnýja slíka samninga, að því er virðist með því hugarfari að fá Bandaríkjamenn til að vera hér áfram með meiri viðbúnað, bæði flugvélar og mannafla, en þeir virðast hafa áhuga á sjálfir eða sjá nokkurn tilgang með.

Það er óþarfi, virðulegur forseti, að rekja þessa sögu. Menn þekkja vandræðaganginn. Það hvorki gengur né rekur í viðræðum og ekkert bólar á framhaldi eftir þá tvo fundi sem voru á síðasta ári, í júní og desember, með sendinefndum sem þá komu við á ferðum sínum til fjölmargra annarra landa. Forsrh. og utanrrh. eru jafnvel tvísaga. Forsrh. boðar viðræður í síðasta mánuði eða þessum sem utanrrh. kannast ekkert við og ekkert bólar á.

Þá má ekki gleyma símtalinu fræga í Nýju Jórvík á dögunum þegar Bush þakkaði forsrh. fyrir stuðninginn við Íraksstríðið og vildi að hann flytti íslensku þjóðinni jákvæð skilaboð. Því símtali var síðan fylgt eftir nokkrum dögum seinna með uppsögnum 14 starfsmanna hjá hernum í Keflavík.

Mín fyrsta spurning til hæstv. utanrrh. er því sú: Er eitthvað að frétta af þessum viðræðum eða þessu viðræðuleysi? Má ekki búast við því að bandaríska stjórnkerfið fari í hlutlausan gír hvað úr hverju vegna kosninganna sem þar eru fram undan og að allt stoppist meira og minna samkvæmt venju í 6–9 mánuði í bandaríska stjórnkerfinu? Það versta við þráhyggju ríkisstjórnarinnar í málinu og þá aðferðafræði að reyna að ríghalda í óbreytt ástand er að tíminn líður og ekkert er að gert.

Í desember sl. var á annað hundrað manns sagt upp störfum hjá hernum og núna um mánaðamótin fá 14 manns í viðbót uppsagnarbréf. Á skömmum tíma hefur starfsmönnum hjá hernum fækkað úr á milli 900 og 1000 manns niður fyrir 790. Þetta er fyrir utan alla þá sem misst hafa vinnu hjá verktökum vegna samdráttar í afleiddum störfum o.s.frv. Sannast nú það sem við andstæðingar erlendrar hersetu höfum sagt, að einn af ókostum veru hersins hér er sá að við verðum honum háð sem vinnuveitanda.

En þar er ekki á vísan að róa. Herinn fer þegar honum býður svo við að horfa. Það er hann reyndar að gera nú smátt og smátt hvað sem hver segir. Flugvélar hverfa á braut og mannskap er sagt upp. Það er látið heita svo að tæki og tól séu lánuð til verkefna annars staðar en niðurstaðan er sú sama, vélarnar hverfa úr landinu. Atvinnuleysi er mikið á Suðurnesjum, hið mesta á landinu reyndar, og hefur verið svo lengst af sl. þrjú ár. Núna eru þar um 400 manns án atvinnu, aðallega konur, um 4% vinnuaflsins. Ég hlýt því að spyrja hæstv. utanrrh. einnig: Stendur til að gera eitthvað í atvinnumálum á Suðurnesjum eða á bara að þrjóskast við áfram og reyna að ríghalda í óbreytt ástand? Hverju sætir að ekki skuli vera við þessar aðstæður starfandi formleg samráðsnefnd ríkisins og heimamanna? Er í gangi einhver vinna til þess að skoða möguleika á að nýta mannvirki og aðstöðu sem losnar þegar herinn dregur saman seglin og fer?

Ég nefni þar t.d. stór flugskýli. Fyrir nokkru var sagt frá því að flugfélagið Atlanta réðst í miklar fjárfestingar á Shannon-flugvelli á Írlandi. Væri mögulegt að bjóða aðstöðu fyrir slík atvinnuumsvif hér á landi ef stjórnvöld tækju frumkvæði í því máli?

[10:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Eins og þingheimur veit, og hv. fyrirspyrjandi, hefur ríkisstjórnin komið sjónarmiðum sínum og stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum skilmerkilega á framfæri við Bandaríkjamenn og aðra. Því miður bíðum við enn þá eftir frekari viðbrögðum þeirra í málinu en eins og hv. þingmanni er kunnugt um stendur yfir endurskoðun á heildarliðsaflaþörf Bandaríkjahers í Evrópu. Þessi staða hefur áður verið rædd á Alþingi og í sjálfu sér er engu við það að bæta.

Hv. þm. tengir að nokkru leyti saman þessar viðræður um framtíð varnarliðsins hér á landi og uppsagnir á starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli. Staðreyndin er sú að viðræðurnar um framtíð varnarliðsins tengjast öryggis- og varnarmálum landsins og bandamanna okkar í Atlantshafsbandalaginu. Íslensk stjórnvöld hafa lagt á það áherslu af miklum þunga að halda þeim varnarviðbúnaði sem er hér á landi og sá ásetningur ríkisstjórnarinnar hefur ekki farið fram hjá neinum. Hins vegar er alveg ljóst að það er hægt að viðhalda varnarviðbúnaði hér þó að einhver samdráttur verði og sparnaður í rekstri. Eins og ég hef margtekið fram byggist vera hersins hér ekki á efnahags- og atvinnumálum. Hér er um að ræða öryggis- og varnarmál þjóðarinnar.

Það hefur verið alveg ljóst frá því að yfirstjórn Keflavíkurstöðvarinnar var flutt frá Norfolk til Stuttgart í Þýskalandi að það hefði líklega í för með sér sparnað á ýmsum sviðum. Stöðin á Keflavíkurflugvelli er stærsta stöð Bandaríkjaflotans í Evrópu en stöðin hér var áður tiltölulega lítil miðað við þær stöðvar sem sýslað var um í Norfolk.

Ljóst er að þetta hefur haft það í för með sér að menn vilja hagræða innan allra þessara stöðva en aðrar stórar stöðvar eru t.d. á Sikiley og í Northwood í Englandi.

Það er að sjálfsögðu mjög sárt þegar fólk missir vinnuna en það tengist sparnaðaraðgerðum og niðurskurði í fjárlögum flotastöðvarinnar hér eins og á öðrum strandstöðvum bandaríska flotans. Um 100 manns var sagt upp á Keflavíkurflugvelli 1. nóvember sl. og þær uppsagnir komu til framkvæmda í lok febrúar. Samkvæmt þeim upplýsingum

sem ég hef hafa aðeins 35 af þessu 100 aðilum fengið atvinnu, um það bil 1/5 hefur farið á eftirlaun, um það bil 1/3 er því miður enn þá atvinnulaus en 14 af þessum einstaklingum hafa fengið aðra vinnu hjá varnarliðinu. Það er rétt sem hv. þm. sagði, að þeim 14 sem störfuðu sem starfsmenn á gistiheimili fyrir þá aðila sem dvelja mjög skamman tíma í stöðinni var sagt upp fyrir um það bil viku vegna minnkandi aðsóknar að umræddum stöðum.

Þá hefur varnarliðið tilkynnt að á næstu tveimur mánuðum verði hugsanlega farið í frekari hagræðingaraðgerðir sem geti falið í sér frekari uppsagnir. Við í utanrrn. höfum tekið það skýrt fram við varnarliðið að það væri mjög mikilvægt að hafa nána samvinnu við stéttarfélög starfsmanna áður en til nokkurra aðgerða væri gripið.

Það sem er jákvætt á Suðurnesjum að því er varðar atvinnumálin er að það hefur verið umtalsverður vöxtur í starfsemi annarra fyrirtækja tengdum Keflavíkurflugvelli. Það er í sjálfu sér líka jákvætt að atvinnuleysi var minna í marsmánuði núna en fyrir ári. Hins vegar er atvinnuleysi á Suðurnesjum yfir landsmeðaltali. Ég mun koma nánar að þessu síðar.

[10:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Verkefni ríkisstjórnar Íslands er varða herinn á Miðnesheiði eru mörg. Ég vil eins og hæstv. utanrrh. draga skýr skil á milli þess er varðar atvinnuástand á Suðurnesjum og hins sem varðar öryggismál. Vissulega er atvinnuástandið verkefni ríkisstjórnar í samvinnu við þau sveitarfélög sem þar eru og gagnrýni ég að lítið sem ekkert hefur verið gert. Svo virðist sem 4% atvinnuleysi kvenna sé ekki álitið vandamál í þessu samhengi.

Hvað varðar umsvif hersins sjálfs hefur legið ljóst fyrir mjög lengi, hæstv. forseti, að Bandaríkjaher vill draga saman umsvif sín á Miðnesheiði. Það hefur legið fyrir í rúm 40 ár að herinn vill taka herþoturnar í burtu. Nægur hefur verið tíminn til að bregðast við því. Eins og allir vita rann bókunin um framkvæmd varnarsamningsins út fyrir þremur árum og síðan hefur mjög lítið hreyfst í samskiptum Bandaríkjastjórnar og ríkisstjórnar Íslands þrátt fyrir nokkur símtöl.

Einnig er ljóst að endurskoðun heildarliðsafla Bandaríkjamanna í Evrópu stendur nú yfir. Það að málefni Íslands hafi verið færð undir þá heildarendurskoðun síðasta sumar þarf ekki endilega að tryggja þá niðurstöðu sem menn vænta í utanrrn. Íslands, held ég.

Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh., frú forseti: Hvað hyggjast íslensk stjórnvöld gera ef sá ásetningur Bandaríkjastjórnar gengur eftir sem tilkynntur var í maí 2003? Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld bregðast við? Hvar eru viðbragðsáætlanir íslenskra stjórnvalda um mat á aðsteðjandi hættum í því umhverfi sem við lifum í núna sem er allt annað en það er ríkti á kaldastríðstímanum? Hvar eru þær viðbragðsáætlanir og hvar er öryggismatið, frú forseti?

[10:57]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur fylgst náið með gangi mála allt frá því að bandarísk stjórnvöld tilkynntu íslenskum stjórnvöldum um þá fyrirætlun sína að draga úr starfsemi sinni á Íslandi. Varnarsamningurinn milli þessara tveggja þjóða og öll hin góðu og miklu samskipti eru og hafa verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkismálastefnu og stjórnvöld hafa lagt á það mikla áherslu að halda þeim varnarviðbúnaði sem þar er. Ríkisstjórnin hefur komið stefnu og sjónarmiðum Íslands rækilega og skilmerkilega til skila og á framfæri við bandarísk yfirvöld og nú er beðið eftir viðbrögðum frá þeim.

Framtíð varnarliðsins tengist öryggis- og varnarmálum landsins en hefur, eins og fram kom hjá hv. málshefjanda, áhrif á atvinnu fjölda fólks á Suðurnesjum. Varnarliðið er stór atvinnurekandi á Suðurnesjum og það er alltaf mjög alvarlegt og sárt þegar fólk missir atvinnu sína. Atvinnuleysi er þó minna núna en á sama tíma á síðasta ári en hjá varnarliðinu hafa starfað um 900 manns.

Þrátt fyrir allt skulum við hafa það í huga að á Suðurnesjum er mikil uppbygging og kraftmikið samfélag. Þar fara fram miklar framkvæmdir og má þar nefna Hitaveitu Suðurnesja, tvöföldun Reykjanesbrautar og fyrirhuguð er lagning Suðurstrandarvegar sem mun hafa mjög mikil og jákvæð áhrif, bæði á atvinnulíf og uppbyggingu ferðaþjónustu á Suðurnesjum.

[10:59]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka þetta þarfa mál til umræðu. Hér er tiplað á tveimur stórum og mikilvægum málum, annars vegar stöðu viðverunnar við varnarliðið og hins vegar atvinnumálum á Suðurnesjum.

Ég vil nota þennan stutta tíma sem hér um ræðir til að ræða um atvinnumálin. Ég tel mikil tækifæri felast í því flugvallarsvæði sem við eigum á Keflavíkurflugvelli. Að mínu mati er þetta gullið tækifæri. Því er brýnt að tekið sé undir hugmyndir til að mynda flugvirkja en þeir hafa sýnt flugvélaskýli nr. 885 sérstakan áhuga.

Ég frétti af því á dögunum að ráðamenn íslensku þjóðarinnar, margir hverjir, hefðu farið til Shannon á Írlandi til að sjá og skoða þá aðstöðu sem Atlanta hefur komið upp er lýtur að viðhaldi flugvéla. Þar starfa í dag 160 manns. Það fyrsta sem kom upp í huga minn þegar ég frétti af fyrirhugaðri ferð var hvort farið væri til þess að fagna mistökum. Getur það verið að við höfum einfaldlega sofið á verðinum með þetta tækifæri sem Atlanta hefur nú komið af stað á Írlandi?

En það þýðir ekki að gráta gerðan og orðinn hlut. Ég vil taka fram að ég tek undir margt gott sem hefur verið í gangi hjá utanríkisþjónustunni, til að mynda aukna aðstoð í þróunarmálum og öðru slíku, en það styrkir um leið stöðu okkar í NATO og veitir okkur jafnvel tækifæri til viðskiptalegra tengsla við NATO. Því spyr ég: Hefur hæstv. utanrrh. skoðað möguleika á því hvort Íslendingar geti tekið að sér, þótt ekki væri nema örlítinn hluta af viðhaldi og þjónustu við flugvélaflota NATO? Hefur hæstv. ráðherra kynnt sér hugmyndir Flugvirkjafélags Íslands um viðhald og nýjan iðnað á Keflavíkurflugvelli sem sannarlega mundi veita þessu svæði mikinn stuðning í atvinnulegu tilliti?

[11:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hvernig skyldi atvinnulausu fólki á Suðurnesjum líða eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. utanrrh. áðan, yfirlýsingar um það hvernig gangi fyrir Bandaríkjaher að kanna uppbyggingu liðsafla síns í Evrópu eða hversu mikill þungi hafi verið í þeim tillögum Íslendinga að halda fram sjónarmiðum okkar um einhvern nauðsynlegan varnarviðbúnað? Hvernig ætli atvinnulausu fólki á Suðurnesjum hafi líkað kaflinn um Norfolk og Stuttgart? Í alvöru. Frú forseti. Hér eru lagðar spurningar fyrir hæstv. utanrrh. sem lúta að

því hvort það standi til að gera eitthvað í atvinnumálum Suðurnesja vegna þeirrar stöðu sem þar er uppi. Það er spurt af hverju ekki sé starfandi formleg samráðsnefnd ríkisins og heimamanna um þau mál. Og það er spurt hvort einhver vinna sé í gangi til að skoða möguleikana á því að nýta sérstök mannvirki sem nú eru að losna, hvort það sé einhver skapandi vinna í gangi til að búa til atvinnu á svæði þar sem verið er að draga saman umsvif ameríska hers.

Sannleikurinn er sá að hæstv. utanrrh. hefur ekkert að segja fólki á Suðurnesjum, hvorki atvinnulausu né öðru. Það er afar sorglegt, frú forseti, að það skuli ekki geta verið meiri vinna í gangi í þessum efnum en raun ber vitni. Við herstöðvaandstæðingar höfum sagt það alla þá tíð sem barist hefur verið gegn veru erlends hers á Íslandi að við þurfum að hugleiða að þessi staða verði ekki ævarandi. Það komi að því að herinn hverfi á brott og þá þurfi íslensk stjórnvöld að vera við því búin, vera búin að vinna heimavinnuna sína og undirbúninginn að því að útbúa atvinnutækifæri í heimahéraði. Það er á ábyrgð íslensku þjóðarinnar. Það er á ábyrgð hæstv. utanrrh. Það var um það sem hann var spurður hér. Hann vék sér undan að svara.

[11:04]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir tveimur forsendum í máli hv. frummælanda, Steingríms J. Sigfússonar.

Hann sagði annars vegar að engar utanaðkomandi ógnir steðjuðu að íslensku þjóðinni í a.m.k. þúsund km fjarlægð. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir. Ég vildi vart trúa mínum eigin eyrum og ég spyr hvort hv. þingmaður fylgist ekki með því sem er að gerast í kringum okkur, m.a. þeirri staðreynd að það eru hundruð flugvéla sem hér fara yfir, hvort hv. þingmaður fylgist ekki með þeim skelfilegu vinnubrögðum sem hryðjuverkamenn hafa gripið til, ekki síst í farþegaflugi. Þar af stafar sannarlega mikilli ógn og er rík ástæða til að hafa áhyggjur.

Hins vegar gaf hv. þm. sér þá forsendu að herinn færi. Nú efast ég ekki eitt augnablik um að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er mikill hermálasérfræðingur en ég leyfi mér samt að draga þessa fullyrðingu hans nokkuð í efa og trúi að hún byggi frekar á óskhyggju en á sannri þekkingu.

Staðreyndin er sú að varnir okkar byggja á tvíhliða samningi. Við viljum ekki vera ein Vesturlandaþjóða án loftvarna, við höfum valið okkur bandamenn í því skyni og það hefur ríkt traust á milli þeirra þjóða. Eins og fram hefur komið stendur yfir endurskoðun á hlutverki Bandaríkjamanna í alþjóðlegu samstarfi. Þar er víða komið við, ekki einungis í herstöð hér, heldur í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar. Hins vegar liggur fyrir vilji frá æðstu mönnum Bandaríkjanna til þess að virða hinn tvíhliða samning og þar að þurfa báðir aðilar að koma og það er trúa mín að fyrr en síðar muni fást niðurstaða. Ég óttast þó að sú niðurstaða muni ekki fást fyrr en eftir forsetakosningar þar sem stjórnsýslan í Bandaríkjunum snýst fyrst og fremst um forsetakosningar núna og það skapar sannarlega mikið óöryggi og sársauka meðan á því stendur.

[11:06]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Enn ræðum við stöðu mála varðandi viðræður eða viðræðuleysi milli stjórnvalda á Íslandi og í Bandaríkjunum um framtíð varnarstöðvarinnar á Miðnesheiði. Enn heyrum við sömu svörin, eða skort á þeim, frá hæstv. utanrrh. þegar eftir er leitað. Á sama tíma virðist eins og Bandaríkjamenn hafi ákveðið að draga skipulega úr umsvifum á Keflavíkurflugvelli, ekki með því að ræða við íslensk stjórnvöld um þann niðurskurð, heldur með því að framkvæma hann einhliða án nokkurs samráðs með því að skera niður fjármagn til reksturs stöðvarinnar. Þannig minnka þeir umsvifin verulega án þess að þurfa að hafa fyrir því að ræða við eða útskýra fyrir íslenskum stjórnvöldum hvað gangi á eða hver framtíðarstefna þeirra í málefnum stöðvarinnar sé.

Vilji bandarískra stjórnvalda til að draga úr umsvifum á Keflavíkurflugvelli liggur fyrir en þeir hunsa með öllu að því er virðist allt samráð við íslensk stjórnvöld og valda með því mikilli óvissu um framtíðina. Þetta þýðir um leið að íbúar á Suðurnesjum, sveitarstjórnarmenn, starfsmenn varnarliðsins og allir sem á nokkurn hátt koma að málinu eru einnig í algjörri óvissu og á engan hátt í stakk búnir til að vega og meta umfang þeirra breytinga sem til standa. Þetta er algjörlega óásættanleg staða og raunverulegar og formlegar umræður um framtíðarfyrirkomulag mála á Keflavíkurflugvelli mega ekki dragast umfram það sem þegar er orðið.

Þann 15. apríl sl. spurði hv. þm. Össur Skarphéðinsson hæstv. utanrrh. hvort hæstv. forsrh. sem þá var staddur í Bandaríkjunum mundi reyna að hreyfa þessu máli við bandarísk stjórnvöld meðan á heimsókn hans stæði. Fyrtist hæstv. utanrrh. við eins og hann gerir gjarnan þegar spurt er um þetta málefni og sagði að formlegir fundir um málefni eins og þetta væru skipulagðir með löngum fyrirvara, lagði áherslu á „löngum".

Ég spyr því hæstv. utanrrh. hve langur slíkur fyrirvari þurfi að vera og hvort búið sé að setja niður fund eða hvort enn sé eingöngu verið að bíða viðbragða.

[11:08]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka málshefjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Vera varnarliðsins hefur haft mikil og góð áhrif á atvinnumál á Suðurnesjum í áranna rás en nú sjáum við fram á breytingar í þeim efnum. Þann 1. nóvember sl. var um 100 starfsmönnum sagt upp og nýlega var 14 starfsmönnum sagt upp í viðbót. Jafnframt eru boðaðar frekari hagræðingar á næstu tveimur mánuðum sem gætu falið í sér fleiri uppsagnir.

Eitt það sárasta sem fólk lendir í er að missa vinnuna og fara að lifa í miklu óvissuástandi um framtíð sína. Allar þessar breytingar hafa mikil áhrif á samfélag Suðurnesjamanna og það er mikilvægt að reyna að bregðast við til þess að reyna að milda áhrif þessara uppsagna. Þarna býr dugmikið fólk og sveitarstjórnir hafa verið að reyna að auka atvinnutækifærin en það dugir ekki til. Við þurfum að bregðast við og hefja nú þegar samstarf við heimamenn um ýmis uppbyggingarmál sem þegar hafa verið í umræðunni. Af nógu er að taka.

Vonandi sjáum við stálpípuverksmiðju rísa í Helguvík. Mikilvægt er að samningar um frekari uppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja verði undirritaðir sem fyrst og ég vil einnig sjá þá breytingu að nýtt fangelsi verði byggt á Suðurnesjum. Hitaveita Suðurnesja er öflugt fyrirtæki og miklar framkvæmdir eru fram undan vegna orkusölu til Norðuráls. Stækkun er fram undan í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hugmyndir heimamanna í ferðamálum er tengjast víkingaskipinu Íslendingi eru mjög spennandi.

Virðulegi forseti. Ekki má gleyma þeim þætti sem oft er vanmetinn þegar rætt er um atvinnumál, það eru samgöngumál sem oft eru eitt sterkasta sóknarfæri til að styrkja atvinnuuppbyggingu. Ég tel að sérstaklega þurfi að skoða

flýtiframkvæmdir vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Það hefði í för með sér mikil sóknarfæri fyrir þetta starfssvæði sem er þriðja stærsta þéttbýlissvæði landsins.

Starfsemi varnarliðsins hefur verið stór þáttur í öryggismálum landsins og því er það ekki sérmál Suðurnesjamanna að bregðast við. Við þurfum að fara í sértækar aðgerðir í atvinnumálum en Suðurnesjamenn hafa verið sjálfum sér nógir og ekki verið að slást mikið um fjármagn frá ríkinu eða sjóðakerfinu. Eyðum óvissunni og komum til móts við Suðurnesjamenn til að milda þau áhrif sem gætu komið ef um frekari uppsagnir verður að ræða af hálfu varnarliðsins.

Að lokum vil ég beina þeirri hugmynd til hæstv. utanrrh. hvort einn valkostur í viðræðunum gæti verið að fá öflugt fyrirtæki í heimabyggð til þess að taka að sér rekstur varnarliðsins fyrir fasta árlega greiðslu frá Bandaríkjamönnum.

[11:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Enn á ný á nokkrum vikum ræðum við atvinnumál á Suðurnesjum í sal hins háa Alþingis. Það er ekkert skrýtið vegna þess að ástandið er grafalvarlegt. Suðurnes sitja uppi með ömurlegasta Íslandsmet sem hægt er að hugsa sér, Íslandsmet í atvinnuleysi, og það virðist því miður vera viðvarandi. Þetta tengist að vissu leyti hernum á Miðnesheiði — það gerir það — og mér finnst umræðan vera allt of mikið föst í sama farinu. Hún snýst um herinn og veru Bandaríkjamanna. Mig langar til að spyrja utanrrh. hvort íslensk stjórnvöld hafi ekki reynt að leita hófanna annars staðar, eftir öðrum lausnum, einmitt í ljósi aðstæðna og þess augljósa sannleika að Bandaríkjamenn eru að draga saman seglin á Miðnesheiði. Við erum í NATO, við erum í varnarbandalagi sem heitir NATO, við erum ekki í tvíhliða hernaðarbandalagi við Bandaríkin. Við megum ekki gleyma þeirri staðreynd. Það er mikilvæg staðreynd sem við eigum að muna eftir. Þess vegna vil ég fá að vita hvort ekki sé hægt að finna einhverja fleti á samstarfi við önnur NATO-ríki, og þá er ég að tala um Vestur-Evrópu.

Suðurnes eiga mikil sóknarfæri, það er alveg rétt sem komið hefur fram. Suðurnes eiga mikla möguleika í ferðamálum, það er alveg rétt, og stjórnvöld ættu einmitt að gera skurk í því að hlúa að þeim málum. Það þarf líka að gera skurk í samgöngumálum. Breikkun Reykjanesbrautar er gott mál en Suðurstrandarvegurinn skiptir líka mjög miklu máli.

Svo er eitt að lokum sem ég vil nefna og það er að áður fyrr á árunum lifðu Suðurnesin mikið á sjávarútvegi. Með þessu bölvaða kvótakerfi sem við búum við í dag er þar mikil spennitreyja sem menn komast ekki út úr. Það verður að laga.

[11:13]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu hæstv. utanrrh. og íslenskra stjórnvalda að átta sig ekki á því hvað er að gerast. Ég held að öllum öðrum sé ljóst að bandarísk stjórnvöld eru að draga umsvif sín saman á Íslandi, eru að loka eða skerða mjög starfsemi herstöðvarinnar í Keflavík og fækka þar fólki. Þetta held ég að sé öllum ljóst.

Leiðin til að koma til móts við það er ekki að liggja á knjánum og reyna að hirða mola sem gætu dottið ofan af símaborði forseta Bandaríkjanna, eins og hæstv. utanrrh. gerir og kom fram í máli þingmanns Framsfl., hv. þm. Hjálmars Árnasonar.

Þeir sem stinga höfðinu í sandinn með svona alvarlegum hætti eru virkilega börn síns tíma, börn liðins tíma og átta sig ekki á því sem er að gerast. Það er ábyrgðarleysi gagnvart íbúum á Suðurnesjum. Þeir höfðu ekki á sínum tíma val um það hvort herinn yrði staðsettur á Miðnesheiði eða ekki. En í kringum hersetuna og herstöðina skópst heilmikil atvinna sem hefur mótað atvinnulíf Suðurnesjamanna til þessa. Það er því skylda íslenskra stjórnvalda að taka nú þegar inn í viðræður við Bandaríkjamenn hvernig þeir ætli að trappa niður starfsemi sína en jafnframt að koma inn í uppbyggingu atvinnulífs. Þeir bera siðferðislega ábyrgð á að skilja þar sæmilega við.

Ég spyr: Af hverju leitum við ekki til SÞ? Þarna eru gríðarleg mannvirki, friðarháskóli SÞ væri fínn á Suðurnesjum.

[11:15]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Umræða um stöðu viðræðna við Bandaríkin um framkvæmd varnarsamningsins og uppsagnir starfsmanna hjá hernum eru í raun tvíþætt mál.

Viðræður um varnarsamninginn snúast fyrst og síðast um öryggis- og varnarhagsmuni Íslands og það á að reka þá umræðu á þeim grundvelli. Mikil umræða hefur farið fram á Alþingi og í utanrmn. um þetta mál að undanförnu. Stjórnvöld, ráðherrar, alþingismenn og embættismenn hafa ítrekað komið á framfæri sjónarmiðum okkar gagnvart Bandaríkjamönnum í þessu máli og ég hafna því að hægt sé að saka menn um aðgerðaleysi í því. Það er ekki rétt.

Hins vegar er beðið eftir viðbrögðum og afstöðu Bandaríkjamanna til málsins. Óvissa sem nú er um framhald varnarsamstarfsins við Bandaríkjamenn er að verða óþolandi. Óvissan kemur illa við marga, ekki aðeins íslensk stjórnvöld, heldur fjölmarga aðra eins og fram hefur komið í umræðunni og hér eru ríkir hagsmunir í húfi. Það hlýtur að vera skýlaus krafa okkar að Bandaríkjamenn upplýsi sem fyrst hver fyrirætlan þeirra og afstaða er varðandi framhald þessara mála og að hinni plagandi óvissu sem nú ríkir verði eytt sem allra fyrst. Vonir mínar standa til þess að hinn tvíhliða varnarsamningur sem gilt hefur um langan tíma verði virkur í framtíðinni í þágu öryggis- og varnarhagsmuna okkar.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu og þau svör sem hér hafa verið gefin. Það er kannski ekki hægt að segja að mikið nýtt hafi komið fram fyrir utan þá helst það að hæstv. utanrrh. boðar að búast megi við frekari uppsögnum eða hagræðingaraðgerðum á næstu tveimur mánuðum. Þetta staðfestir þá tilfinningu sem forustumenn í verkalýðsmálum á svæðinu hafa, að reynslunni ríkari frá hinum ólögmætu hópuppsögnum fyrir áramót hyggist herinn á næstunni fækka starfsmönnum í smáhópum.

Við hv. þm. Hjálmar Árnason vil ég segja: Við hljótum, óháð ágreiningi um erlenda hersetu sem slíka, að geta sameinast um það í þessum sal að hafa áhyggjur af hagsmunum starfsfólks sem þarna er að missa vinnuna og stöðu þessa svæðis.

Það er rétt, ég reikna með því að bandarískir herinn fari. Kannski verða skildir eftir nokkrir menn til að draga upp fánann á morgnana og taka hann niður á kvöldin. En ég reikna með því að Bandaríkjamenn vilji í grófum dráttum fara með fastan viðbúnað héðan. Þeir eru reyndar farnir að

meira en hálfu leyti. Herinn er farinn að meira en hálfu leyti. Það hefur fækkað um meira en helming, bæði flugvélum og hermönnum, á rétt rúmum áratug.

Ég tel versta óraunsæið af öllu í málinu vera það að stinga höfðinu í sandinn (Gripið fram í.), ekki í steininn, heldur sandinn, og telja sér trú um að menn geti varið óbreytt ástand. Það sem menn þurfa að gera er að snúa sér að því að takast á við þessar breytingar. Heimamenn og stjórnvöld eiga að taka höndum saman og það á að semja um aðlögunaráætlun. Það eru þekkt dæmi frá sambærilegum aðstæðum þar sem Bandaríkjamenn hafa verið að fara burtu með herstöðvar að heimamenn hafa fallist á aðlögunargreiðslur, svokallaðar „redundancy"-greiðslur sem hafa gengið til starfsmanna eða til atvinnuuppbyggingar í stað þess sem dregið er saman.

Það eru miklir möguleikar á Suðurnesjum, ég tek undir það, í ferðaþjónustu og á mörgum öðrum sviðum. Þarna er þriðja stærsta þéttbýli landsins. Verkefnið er að leysa Suðurnes undan oki hersetunnar sem hvílir þar yfir öllu eins og mara með þeirri óvissu sem þetta mál allt saman er undirorpið.

[11:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að hv. þm. hafa miklar áhyggjur af atvinnumálum á Suðurnesjum. Ég deili þeim áhyggjum. En það er mikil mótsögn í því að sumir hv. þm. sem hafa þessar miklu áhyggjur eru andvígir því að bandarískri herinn sé á Keflavíkurflugvelli almennt. (**SJS:** Að liggja á hnjánum hjá honum.) Það liggur enginn á hnjánum, hv. þingmaður, og þessi mál verða ekki leyst með friðarháskóla eins og annar hv. þingmaður sagði áðan. (**Gripið fram í:** Jú.) Það er mjög algengt hjá hv. þingmanni og ýmsum fleirum hér inni að segja: Það verður að gera eitthvað annað. Við könnumst við það úr stóriðjumálunum. (**Gripið fram í:** Bara gera eitthvað.) Ja, eitthvað annað. (Gripið fram í.) Það er ekki nóg, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, að gera eitthvað annað. (**KolH:** Aðlögun er áætlun.) Aðlögun eða áætlun um hvað? Menn verða að vita hvað menn vilja í þessu sambandi. Það er ekki nóg, hv. þingmaður, að segja alltaf: Eitthvað annað. Ég deili hins vegar þessum áhyggjum. (**SJS:** Hvað með að nýta aðstöðuna sem þarna er?) (**Gripið fram í:** Ég skil ekki.) (**Gripið fram í:** Er það bara að gera eitthvað?)

Það er alveg ljóst að við getum ekki byrjað að skipuleggja starfsemi í eignum sem við höfum ekki til umráða, það er ekki hægt, og ég held að hv. þingmenn geti verið sammála því. Það er hins vegar stefna íslenskra stjórnvalda að hér sé nauðsynlegur varnarviðbúnaður og þá eru þessi mannvirki nauðsynleg. Það er hins vegar margt jákvætt að gerast á Suðurnesjum. Verið er að byggja upp orkumannvirki þar vegna stóriðju. Ég vona að hv. þingmenn styðji það. (Gripið fram í.) (**KolH:** Hvað með kvennastörfin?) Það er verið að byggja upp Flugstöð Leifs Eiríkssonar og ferðamál á Suðurnesjum. Ég vona að hv. þingmenn styðji það. Það er verið að tvöfalda Reykjanesbraut þannig að það er margt jákvætt að gerast. En það má ýmislegt fleira gera og við skulum taka höndum saman um það.

Útlendingar, 2. umr.

Stjfrv., 749. mál (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). — Þskj. 1120, nál. 1516 og 1534, brtt. 1203, 1517 og 1535.

[11:22]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila sem gerð er nánar grein fyrir í nefndarálitinu og vil ég segja að allumfangsmikil vinna fór fram í nefndinni til þess að fara yfir réttaráhrif þessa frv. verði það að lögum.

Með frumvarpinu er ætlunin að nýta aðlögunarheimildir samnings um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem tekur gildi 1. maí 2004 þannig að frjáls för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum, að undanskildum Möltu og Kýpur, tekur ekki gildi fyrr en tveimur árum síðar, þ.e. 1. maí 2006. Þá er að finna í frumvarpinu tillögur til lagabreytinga sem eru tilkomnar vegna ábendinga frá þeim stofnunum og aðilum sem sjá að jafnaði um framkvæmd laganna eins og nánar greinir í nefndarálitinu.

Það helsta er að lagt er til að reynt verði að koma í veg fyrir að hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis geti orðið grundvöllur að útgáfu slíks leyfis. Gert er ráð fyrir því að ákveðnum aldursskilyrðum verði bætt inn í lögin, annars vegar því að maki skuli vera orðinn eldri en 24 ára til að geta fengið dvalarleyfi sem aðstandandi og hins vegar að ættmenni útlendings eða maka að feðgatali sem eru á þeirra framfæri verði að hafa náð 67 ára aldri til að geta sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandanda.

Fyrri aldursmörkin byggjast að hluta til á verndarsjónarmiðum, að vernda þá sem minna mega sín gegn þrýstingi til að ganga í málamyndahjónaband en einnig að vernda þá sem búa við þá menningarhefð að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap. Seinni aldursmörkin miðast við að fólk geti alla jafna framfleytt sér á eigin vegum fram að 67 ára aldri.

Í frumvarpinu er að finna heimild til handa Útlendingastofnun að krefjast rannsóknar á erfðaefni þegar vafi leikur á að umsækjendur um dvalarleyfi aðstandenda séu í raun ættmenni útlendings. Jafnframt er lagt til að núgildandi leitarheimildir lögreglu verði útvíkkaðar þannig að þær nái einnig til þess þegar rökstuddur grunur leikur á að stofnað hafi verið til hjúskapar í þeim tilgangi einum að útlendingur fái dvalarleyfi hér á landi. Þá er lagt til í frumvarpinu að börn flóttamanna sem fæðst hafa eftir að foreldrar þeirra fá stöðu flóttamanna hér á landi fái sömu réttarstöðu. Einnig er lagt til að heimilt verði að veita EES-borgurum búsetuleyfi *í samræmi við almennar reglur laganna en samkvæmt* núgildandi lögum geta þeir eingöngu fengið dvalarleyfi sem er ekki í samræmi við þá stefnu laganna að EES-útlendingar hafi rýmri rétt hér á landi en aðrir útlendingar. Loks er lagt til að refsiákvæðum laganna verði breytt. Bæði eru lagðar til orðalagsbreytingar og viðbætur við það sem telst vera refsiverð háttsemi. Þannig er lagt til að það verði gert refsivert að afla eða reyna að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar til málamynda og að hafa fölsuð vegabréf eða skilríki í fórum sínum.

Þetta eru helstu efnisatriði frv. Eins og áður er getið fór fram allumfangsmikil umræða í nefndinni og jafnframt fékk hún á fund sinn fjölmarga aðila sem höfðu fengið málið til

umsagnar og fengu að fylgja þeim umsögnum eftir á fundum með nefndinni. Eins og greinir í nefndarálitinu var töluvert rætt um hina svonefndu 24 ára reglu, þ.e. að erlendur maki íslensks ríkisborgara þurfi að vera orðinn 24 ára til að geta fengið dvalarleyfi sem aðstandandi. Eins og kemur fram í greinargerð með frv. byggist reglan á sambærilegri reglu í dönsku útlendingalögunum.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að eftir sem áður hafi viðkomandi útlendingur möguleika á því að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi á eigin forsendum, og hjúskapur með Íslendingi eða útlendingi búsettum hér á landi mundi í samræmi við framkvæmd laganna hingað til skipta verulegu máli við mat á því hvort veita ætti slíkt leyfi. Þá er með þessari reglu að sjálfsögðu ekki verið að breyta lögbundnum hjúskaparaldri hér á landi eins og oft hefur verið gefið í skyn í umræðunni og byggist sú umræða öll á hreinum misskilningi á efni þessa frv.

Það er mikilvægt atriði varðandi 24 ára regluna að það er einungis verið að breyta því að maki Íslendings sem ekki hefur náð þeim aldri eða erlends ríkisborgara sem búsettur er hér eða dvelst hér fær ekki lengur með þessari breytingu sjálfkrafa dvalarleyfi. Málin verður tekið til skoðunar í hverju og einu tilviki. Það er í sjálfu sér mjög mikilvægt að hafa það í huga og jafnframt hitt sem ég gat um áðan að sú staðreynd ein að viðkomandi er í hjúskap ætti miðað við þá framkvæmd sem hefur tíðkast hingað til að veita verulega miklar líkur til þess að fallist yrði á dvalarleyfisumsóknina umfram það sem annars gilti, þ.e. umfram það ef viðkomandi væri utan hjúskapar.

Með hinu aldursskilyrðinu sem sett er í frv., 66 ára reglunni svokölluðu, er gert ráð fyrir að komið verði í veg fyrir að aðstandendur íslensks ríkisborgara noti dvalarleyfi aðstandanda sem hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Það sama á við þessa reglu og 24 ára regluna sem áður var nefnd að viðkomandi útlendingur getur að sjálfsögðu alltaf sótt um dvalar- og atvinnuleyfi á eigin forsendum og við mat á því hvort veita ætti slíkt leyfi yrði eftir sem áður litið til þeirra þátta sem tengja viðkomandi við landið, svo sem þess hvort hann ætti fjölskyldu hér á landi og hefði hugsanlega tryggingu fyrir framfærslu sinni og öðrum nauðsynlegum skilyrðum dvalarleyfis á grundvelli fjölskyldutengslanna. Slík fjölskyldutengsl eru fyrsta atriðið sem litið yrði til við mat á umsókn frá þeim sem ekki uppfyllir þetta aldursskilyrði eða hefur þessi ættartengsl.

Miklar umræður spunnust jafnframt um ákvæði 7. gr. frv. Í því er annars vegar gert ráð fyrir að lögregla hafi heimild til að leita á viðkomandi útlendingi, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á þegar rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað til málamynda eða ekki með vilja beggja. Hins vegar er gert ráð fyrir því að við ákvörðun við veitingu dvalarleyfis hafi Útlendingastofnun heimild til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi fyrir aðstandendur skv. 1. mgr. 13. gr. laganna eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni og töku lífsýnis í því skyni til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laganna.

Varðandi leitarheimildina bendir meiri hlutinn á að slík heimild hefur verið í lögum um útlendinga frá gildistöku þeirra 1. janúar 2003. Þannig hefur heimild skv. 3. mgr. 29. gr. laganna náð til þeirra tilvika þar sem rökstuddur grunur leikur á að útlendingur haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er einungis verið að útvíkka heimildina þannig að hún nái einnig til tilvika þar sem rökstuddur grunur leikur á að stofnað hafi verið til hjúskapar í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, í þeim tilgangi að misnota þær reglur sem við höfum um þessi efni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að um leit á útlendingi eða á heimili hans eða hirslum fer ætíð eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Þannig þarf dómsúrskurður ávallt til að koma til að hægt sé að ráðast í slíka leit, nema samþykki viðkomandi liggi fyrir eða rannsóknarhagsmunir þoli ekki bið eftir úrskurði dómara. Til að gera þetta ákvæði algerlega afdráttarlaust leggur meiri hlutinn til breytingu þess efnis að við bætist að leit skuli ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum. Þetta verði orðað sérstaklega í ákvæðinu. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. 29. gr. laganna falli brott, en þau vísa til þess að við leit skuli fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Um þetta vísast nánar til umfjöllunar um breytingartillögur við málið.

Síðastgreinda breytingin um að fella niður orðalagið „eftir því sem við á“ er umdeilanleg upp að vissu marki. Hægt er að færa fyrir því rök að orðalagið veki upp vafa um að dómsúrskurðar þurfi í hverju tilviki. Þar sem fram komu athugasemdir fyrir nefndinni um að hægt væri að túlka þetta á fleiri en einn veg, hvaða skoðun sem menn hafa á því, ákvað nefndin að leggja til þessa breytingartillögu til að eyða öllum vafa um málið.

Varðandi þá heimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir að Útlendingastofnun verði veitt til að krefjast rannsóknar á erfðaefni og töku lífsýnis í því skyni tekur meiri hlutinn fram að hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða. Útlendingastofnun getur aldrei þvingað fram töku lífsýnis á grundvelli ákvæðisins og því er hverjum útlendingi frjálst að hafna því að gangast undir töku lífsýnis og rannsókn erfðaefnis í framhaldi af því. Rétt er að geta þess að rannsókn á erfðaefni mun fyrst og fremst gagnast í þeim tilgangi að útiloka blóðskyldleika fólks. Meiri hlutinn telur rétt að gera ákvæði um þessa heimild Útlendingastofnunar skýrara en gert er ráð fyrir í frumvarpinu þannig að enginn vafi leiki á rétti útlendings til að hafna því að gangast undir töku lífsýnis. Í því skyni hefur meiri hlutinn lagt til breytingartillögu sem varðar orðalag frumvarpsins. Meiri hlutinn telur ákvæðið í þessari mynd geta verið í þágu umsækjanda þar sem honum er gert kleift að sýna fram á skyldleika þegar tiltæk gögn eru ófullnægjandi. Meiri hlutinn bendir einnig á að mikilvægt er að gera ráð fyrir þeim möguleika í framkvæmd að erfðaefni gagnist ekki í þessum tilgangi þar sem upp geta komið tilvik þar sem um ættleiðingu, tæknifrjóvgun o.s.frv. er að ræða. Meiri hlutinn telur æskilegt að sett verði ákvæði í reglugerð á grundvelli laganna um framkvæmd lífsýnatöku, varðveislu lífsýna, skiptingu kostnaðar við rannsóknir og önnur atriði þessu tengd.

Þau ákvæði frumvarpsins sem tengjast svokölluðum málamyndahjúskap hafa sætt töluverðri gagnrýni. Einkum hefur það verið gagnrýnt að í greinargerð við frumvarpið er það nefnt sem vísbending um að um málamyndahjúskap geti verið að ræða að aðilar hafi ekki búið saman fyrir stofnun hjúskapar, hjónin skilji ekki tungu hvors annars, mikill aldursmunur sé á þeim, þau þekki ekki til einstakra atriða eða

atvika úr lífi hvors annars fyrir giftingu eða fyrri hjónabönd. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þessi tilvik eru eingöngu nefnd í dæmaskyni, en þau tilvik þar sem grunur getur vaknað um málamyndahjúskap verða að sjálfsögðu aldrei tæmandi talin í lögum eða í athugasemdum við frumvörp. Þá ítrekar meiri hlutinn að við mat á því hvort stofnað hafi verið til málamyndahjúskapar verður að sjálfsögðu alltaf litið til allra þátta sem máli skipta og það mundi t.d. ekki vekja grunsemdir ef menningar- eða trúarlegt siðgæði hjóna eða annars þeirra væri þannig að ekki þætti við hæfi að pör byggju saman fyrir stofnun hjúskapar. Meiri hlutinn telur hins vegar til bóta að nánar verði skilgreint hvað átt er við með hugtakinu málamyndahjúskapur, svo sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu.

Í 16. gr. frumvarpsins er í h-lið gert ráð fyrir því að það verði gert refsivert að hafa í vörslum sínum falsað vegabréf, falsað skilríki eða falsaða vegabréfsáritun. Ýmsir hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að þarna sé verið að veitast gegn flóttamönnum sem kunna að koma hingað til lands á fölsuðum vegabréfum. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur er lagt til að þessu ákvæði verði bætt við lögin til að auðvelda baráttuna gegn mansali og því að verið sé að koma fólki milli landa á fölskum forsendum á annan hátt eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt gildandi lögum er refsivert að framvísa fölsuðum vegabréfum, t.d. við landamæraeftirlit eða annað eftirlit löggreglu. Í þeim tilvikum þar sem fölsuð vegabréf hafa fundist á fólki, án þess að hafa verið framvísað, hefur ekki verið unnt að refsa viðkomandi hingað til fyrir að hafa fölsuð vegabréf í vörslum sínum. Dæmi eru um að fjöldi slíkra vegabréfa hafi fundist í fórum sama einstaklings. Breytingunni er á engan hátt beint gegn pólitískum flóttamönnum, enda væri þá með sama hætti hægt að segja að gildandi ákvæði um að notkun falsaðra vegabréfa sé refsiverð væri sama marki brennd. Flóttamenn hafa hvorki verið ákærðir né dæmdir hér á landi fyrir notkun falsaðra vegabréfa og er það skýrt í augum meiri hlutans að það sama verður uppi á teningnum hvað varðar vörslu þeirra. Ákvæði frumvarpsins er eingöngu beint gegn þeim sem stunda skipulegan innflutning á fólki, mansal og slík afbrot.

Við meðferð málsins í nefndinni bárust athugasemdir um að ákvæði frumvarpsins um vegabréf brytu í bága við skyldu ríkja samkvæmt ákvæðum Palermo-samningsins um aðgerðir gegn skipulegri alþjóðlegri glæpastarfsemi, en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli vernda og aðstoða fórnarlömb mansals. Því var haldið fram í umsögnum að með lögfestingu ákvæða frumvarpsins yrðu slík fórnarlömb í raun látin sæta refsingu en ekki veitt vernd eins og vera bæri. Við skoðun nefndarinnar á réttmæti þessara athugasemda kom í ljós að Ísland hefur staðfest Palermo-samninginn, en ekki fullgilt hann. Þessir samningar hafa því ekki skuldbindingargildi fyrir íslenska ríkið eða þegna þess. Verði það gert er fyrirsjáanlegt að gera þurfi breytingar á íslenskri löggjöf, en í henni er nú þegar kveðið á um að ýmis háttsemi sem getur tengst smygli á fólki sé refsiverð, svo sem að framvísa fölsuðum vegabréfum á landamærum. Þessu þyrfti að breyta við fullgildingu samningsins. Sú breyting sem frumvarpið felur í sér breytir engu um þessa stöðu, þ.e. breytingar á löggjöfinni verða nauðsynlegar ef tekin verður ákvörðun um fullgildingu samningsins hvort sem frumvarpið sem nú liggur fyrir verður að lögum eða ekki. Hins vegar er ljóst eins og áður er rakið að ákvæði þessu er á engan hátt beint gegn þeim einstaklingum sem Palermo-samningurinn á að vernda. Það sýnir framkvæmdin.

Sérstaklega var rætt um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins þar sem gildistöku tiltekinna ákvæða laganna varðandi EES-útlendinga er frestað um tvö ár gagnvart aðildarríkjum hinna nýju ríkja í Evrópusambandinu, að undanskildum ríkjunum Möltu og Kýpur. Ríkisborgarar þeirra aðildarríkja njóta því ekki ívilnana samkvæmt samningnum um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins fyrr en 1. maí 2006. Nefndinni bárust ábendingar um að með mörgum ákvæðum frumvarpsins væri í raun verið að herða skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuréttindum ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja samningsins um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta væri í andstöðu við ákvæði samningsins sem kveði á um að ekki mætti herða skilyrðin fyrir dvalar- og atvinnuréttindum frá því sem gilti á undirritunardegi hans. Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn á að VI. kafli útlendingalaga hefur að geyma sérreglur um útlendinga sem falla undir EES-samninginn. Svo er einnig með reglugerðina um útlendinga. Ákvæði frumvarpsins miða ekki að því að gera neinar breytingar á kaflanum um EES-útlendinga, en í honum er m.a. að finna sérstök ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur sem eru mun víðtækari en almennu ákvæðin. Að umsömdum aðlögunartíma liðnum, þ.e. 1. maí 2006, munu borgarar allra hinna nýju aðildarríkja EES falla undir ákvæði þessa kafla að öllu leyti, en frá og með 1. maí nk. falla þessir aðilar þó að mestu leyti undir VI. kafla útlendingalaga að frátöldu ákvæði a-liðar 36. gr. laganna og ákveðnum takmörkunum varðandi 35. gr. laganna, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Loks bendir meiri hlutinn á að tímabært sé að huga að því að útgáfa atvinnuleyfa verði færð frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar og telur að mikið hagræði yrði að því að færa þennan málaflokk á eina hendi. Ein af grundvallarforsendum þess að útlendingur geti fengið dvalarleyfi hér á landi er að hann geti sýnt fram á sjálfstæða framfærslu, en hún fæst að jafnaði með atvinnuþátttöku. Óheimilt er að gefa út dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku nema atvinnuleyfi liggi fyrir og sömuleiðis er óheimilt að gefa út atvinnuleyfi nema dvalarleyfi hafi verið gefið út. Það yrði því að vera til mikillar einföldunar ef sama stofnunin hefði þessi mál með höndum. Lagalega séð er órökrétt að tvær stofnanir hafi þessi verkefni með höndum, en þessi tvískipting á milli stofnana um útgáfu leyfa til dvalar annars vegar og atvinnu hins vegar þekkist hvergi í heiminum nema á Íslandi og í Finnlandi. Meiri hlutinn beinir því til hlutaðeigandi stjórnvalda að beita sér sem fyrst fyrir breytingum í þá veru sem hér hefur verið lýst.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í þskj. 1517. Helstu breytingar eru þessar:

1. Lagt er til að hugtakið málamyndahjúskapur verði skilgreint í lagatextanum sjálfum sem hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis og ákvæði 2. og 7. gr. þar sem fjallað er um málamyndahjúskap samræmd að þessu leyti.

Þetta er einungis gert til þess að hnykkja á þessu atriði. Kemur tillagan fram í framhaldi af þeirri umræðu sem fram fór í nefndinni á fundum með gestum og þeim viðbrögðum sem ákvæðið hefur fengið annars staðar.

2. Þá leggur meiri hlutinn til að við ákvæði 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um heimild til leitar verði bætt ákvæði um að leit skuli ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum til að taka af allan vafa í þessum efnum. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. 29. gr. laganna falli brott, en þau vísa til þess að við leit skuli fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ég hef áður vikið að þessari breytingu í máli mínu. Meiri hlutinn telur rétt að skýra enn frekar meginreglu núgildandi laga að dómsúrskurð þurfi fyrir húsleit og leggur því til framangreinda breytingu.

3. Loks leggur meiri hlutinn til að orðalagi í 7. gr. frumvarpsins, sem fjallar um heimild Útlendingastofnunar til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi eða ættmenni hans láti í té lífsýni til að staðfesta skyldleika, verði breytt þannig að ljóst sé að viðkomandi hafi ætíð heimild til að hafna því að gangast undir töku lífsýnis.

Ég ítreka það sem áður hefur komið fram að nefndin fékk ábendingar um að með góðum vilja væri hægt að túlka þetta ákvæði frumvarpsins á fleiri en einn veg. Menn geta í sjálfu sér deilt um það. Til þess að höggva á hnútinn leggur meiri hlutinn til þessa breytingu þannig að þetta ætti ekki að vera lengur neinum vafa undirorpið.

Ég hef þá gert grein fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar. Ég hef farið yfir helstu efnisatriði frumvarpsins og hvaða augum nefndin lítur þau, þær ábendingar sem nefndin hefur fengið og af hvaða tilefni nefndin hefur talið ástæðu til að bregðast við þeim. Ég tel að með þeim brtt. sem fyrir liggja hafi frumvarpið tekið breytingum til bóta og þeim áhyggjum sem fram hafa komið hafi verið svarað þannig að ekki sé ástæða til að ætla að hér sé verið að veita þeim sem með þennan málaflokk fara óþarfa heimildir sem muni í framkvæmd reynast þeim sem hingað sækja fjandsamlegar.

[11:44]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja út í 13. gr., en þar kemur fram að yfirvöldum er ætlað að staðfesta að um skyldleika sé að ræða. Það gæti reynst býsna erfitt og kostnaðarsamt að nota lífsýni til að sanna skyldleika, þótt aftur á móti megi á tiltölulega einfaldan hátt útiloka skyldleika. Sönnun á skyldleika byggir á líkum. Til þess að hægt sé að sanna með tilteknum líkum að um skyldleika sé að ræða þarf breytileiki erfðamarka að vera þekktur í stofni, þ.e. hjá þeirri þjóð eða þjóðarbroti sem útlendingur er af. Til að útiloka skyldleika dugir aftur á móti aðeins að sýna fram á að nokkur erfðamörk séu ólík, t.d. í barni og meintum foreldrum. Þannig virka t.d. faðernispróf ef greina á milli nokkurra mögulegra feðra. Maður útilokar einfaldlega alla nema einn. Við sönnum hins vegar ekki hver faðirinn er. Fram kom í starfi nefndarinnar að orðalaginu ætti a.m.k. að breyta. Ég vil því spyrja hv. form. allshn. hvort ekki sé rétt að breyta þessu á milli 2. og 3. umr. og koma þessu í rétt horf.

[11:46]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa ábendingu.

Eins og ég vék að leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að rannsókn á erfðaefnum mun fyrst og fremst gagnast í þeim tilgangi að útiloka blóðskyldleika fólks. Að því leyti er ábendingin réttmæt að hugsanlega mun lífsýnatakan í framkvæmd ekki vera fullnægjandi til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða. Hins vegar mun rannsókn á erfðaefni gagnast í þeim tilgangi að útiloka að skyldleiki sé til staðar. Að því leytinu til hygg ég að í framkvæmd, þegar skyldleiki hefur ekki verið útilokaður, standi ekki til að Útlendingastofnun fari í víðtækari rannsóknir á erfðaefninu, víðtækari rannsóknir sem væru bæði kostnaðarsamar og hugsanlega flóknar og krefðust þess að lífsýni yrðu tekin af fleiri aðilum sem standa viðkomandi nærri. Í framkvæmd tel ég að niðurstaða erfðarannsóknar sem útilokar ekki skyldleikann yrði túlkuð þannig að skyldleikinn væri staðfestur.

[11:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við eigum ekki að treysta á einhverja túlkun. Ég hefði talið rétt að lagfæra þetta í lagatextanum, mér finnst það vera eitthvað sem ætti að vera auðvelt að gera og óþarfi að vera að treysta á einhverja túlkun. Rétt skal vera rétt og ég tel ekki rétt að það sé einhver óvissa um þetta. Þessi athugasemd mín kom fram í starfi nefndarinnar. Mér finnst miður að menn hafi ekki lagfært þetta atriði í það minnsta.

[11:48]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram að ábending hv. þingmanns á fullan rétt á sér. Hún varð tilefni til athugasemda sem meiri hluti nefndarinnar gerði í nefndaráliti sínu. Telji hv. þingmaður enn þörf á að breyta lagatextanum er honum að sjálfsögðu frjálst að leggja fram brtt. við frv. áður en það fer í 3. umr.

[11:49]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru afskaplega mörg umdeild atriði í frv. og nú hefur hv. formaður allshn. staðfest í fjölmiðlum að í meðförum nefndarinnar hafi engar efnislegar breytingar verið gerðar á því.

Samf. hefur afskaplega skýra stefnu í málinu. Við viljum fá þessa svokölluðu 24 ára reglu út. Við viljum fá 66 ára reglu út. Við viljum ekki veita heimild til Útlendingastofnunar til að fara fram á lífsýnatöku. Við erum sömuleiðis á móti hinni öfugu sönnunarbyrði frv. um að viðkomandi þurfi að sanna að hann sé ekki í málamyndahjónabandi. Svona mætti lengi telja. Ég mun að sjálfsögðu fara nánar í þessi atriði þegar ég mæli fyrir minnihlutaáliti á eftir.

Ég hlýt hins vegar að spyrja hæstv. formann allshn. Bjarna Benediktsson um hina svokölluðu 24 ára reglu. Ég kalla eftir rökum fyrir þeirri reglu og spyr: Af hverju duga ekki þau önnur úrræði sem nú þegar eru til staðar í lögum til að sporna gegn svokölluðum nauðungarhjónaböndum? Samkvæmt svari dómsmrh. er ljóst að þetta ákvæði mun snerta réttindi tuga Íslendinga á hverju einasta ári til að sameinast maka sínum á grundvelli hjúskapar. Það er verið að taka rétt af fólki á aldursbilinu 18–24 ára sem það áður hafði og mun ekki eftir lögfestingu þessa ákvæðis hafa. Sömuleiðis mun þessi hópur ekki hafa sömu réttindi og fólk yfir 24 ára aldri.

Ég beini því þeirri spurningu að lokum til hv. þm. Bjarna Benediktssonar: Hvernig getur þetta ekki verið mismunun og brot á jafnræði?

[11:51]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi allnokkur atriði sem hann taldi að gera þyrfti athugasemdir við í frv. Hann vék sérstaklega að aldursskilyrðinu sem hefur verið kallað 24 ára ákvæðið í umræðunni. Í sjálfu sér hefur ekkert breyst varðandi helstu rök fyrir því ákvæði frá því að frv. var lagt fram. Þau eru talin upp í frv., þ.e. ákvæðið fjallar um að verið er að veita vernd þeim aðilum sem eru á þessu aldursbili þar sem ákveðin hætta er á því að ekki liggi fyrir samþykki beggja aðila eða að um svonefnd nauðungarhjónabönd sé að ræða. Þetta sést þegar við skoðum flutninga fólks í alþjóðlegu samhengi og það er af reynslu annarra þjóða sem ákvæðið verður til. Menn þekkja það að sambærilegt ákvæði er til í Danmörku. Reyndar var það 28 ár í Danmörku á sínum tíma, en er nú 24. Við erum ekki að finna upp hjólið í þessu samhengi. Ég sakna þess í umræðunni um þetta ákvæði að menn viðurkenni þann grunn málsins sem er það verndarsjónarmið sem býr að baki ákvæðinu.

Það er kallað eftir því hvort einhver önnur úrræði kunni ekki hugsanlega að gagnast betur. Ég skora þá á þingmanninn að tefla fram þeim hugmyndum sem hann hefur í því efni. Þetta eru hugmyndirnar eins og þær birtast í frv. Ákveðin rök eru færð fyrir þeim í athugasemdum með frv. og meiri hlutinn telur ástæðu til að fallast á þau rök. Þess vegna gerir meiri hlutinn ekki tillögu um að ákvæðið verði fellt út.

[11:53]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta kom mér ekki á óvart. Nánast engin rök eru fyrir þessari reglu önnur en þau að í Danmörku hefur hún verið sett og henni beitt. Það er rétt að taka fram að þessi regla í Danmörku var og er afskaplega umdeild þar í landi og þetta er eina dæmið um ríki sem hefur þessa reglu. Við erum því svo sannarlega að finna upp hjólið í þessum efnum, fyrir utan Danmörku og í þessum efnum eru Danir ekki til fyrirmyndar. Það hefur margoft verið staðfest af mannréttindasamtökum og fleiri aðilum.

Önnur úrræði eru svo sannarlega til staðar gegn nauðungarhjónaböndum, þar á meðal í almennum hegningarlögum og í lögum um meðferð opinberra mála. Þessi regla og þetta frv. kemur mér ekki á óvart frá þessari ríkisstjórn og þeim flokki sem stendur að því. Fyrir þinginu liggur mál um að heimila hleranir án dómsúrskurðar. Fyrir þinginu liggur mál um að fá að halda eftir gögnum frá verjanda í lengri tíma en áður. Þessir þingmenn koma úr flokki sem hafa varið lífsýnatökur atvinnurekenda úr launþegum sínum. Nú síðast ætlar þessi sami stjórnmálaflokkur að setja sérstök lög á eitt fyrirtæki sem honum er meinilla við.

[11:54]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fer hér um víðan völl og það er dálítið erfitt að svara andsvari hans þar sem hann fer langt út fyrir það sem við höfum verið að ræða hér í tengslum við frv. Í ljósi þess að maður hefur takmarkaðan tíma truflar það svolítið umræðuna.

Ég ætla bara að vekja athygli á einu varðandi 24 ára regluna. Því er haldið fram að þetta varði réttindi tuga Íslendinga á hverju ári. Að hve miklu leyti þetta kemur til með að skerða réttindi þeirra eða varða við þau fer að sjálfsögðu eftir framkvæmdinni. Það er eins og að þeir sem hafa gagnrýnt ákvæðið séu einfaldlega ekki tilbúnir til að hlusta þegar þeim er bent á að sú staðreynd að viðkomandi er í hjúskap með Íslendingi eða erlendum aðila búsettum hér á landi er fyrsta atriðið sem kemur til skoðunar þegar umsókn viðkomandi aðila er metin. Það er einungis verið að breyta því að viðkomandi fær ekki sjálfkrafa dvalarleyfi, heldur kemur málið til sérstakrar skoðunar. Hvaða ástæðu hafa þeir sem eru á móti frv. til að ætla að menn ætli að fara að misbeita þessari heimild til að skoða hvert tilvik fyrir sig?

[11:55]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ekki laust við að hv. þm. Bjarna Benediktssyni vefðist tunga um höfuð, vil ég leyfa mér að segja, þegar hann var spurður um rökin fyrir 24 ára reglunni. Með þeim rökum sem hann nefndi má á nákvæmlega sama hátt láta þessa sömu reglu gilda um alla vegna þess að auðvitað er hægt að setja í nauðungarhjónabönd líka 24 ára einstaklinga, 25 ára, þess vegna fimmtuga. Það er alveg nægilegt þeirri ógn sem við skulum öll vera sammála um. Ég ítreka að ég styð það að sett verði ákvæði í íslensk lög um að þetta megi ekki, að ekki megi veita leyfi á grundvelli slíks nauðungarhjónabands. Það erum við öll sammála um. En að fara þurfi þá leið að banna tilteknum hópi að fá þessi réttindi sjálfkrafa og draga hann þar með út úr, sérstaklega í ljósi þess að aðeins eitt tilvik hefur komið upp hér á landi þar sem grunur hefur leikið á um þetta, er algjörlega galið, herra forseti. Auðvitað á hv. þm. mjög erfitt með að verja það.

Ég hlýt að spyrja hann í ljósi þessa svars sem hann gaf áðan: Af hverju má þá ekki hið sama gilda bara um alla? Eigum við ekki að banna bara að dvalarleyfi sé veitt sjálfkrafa á grundvelli hjúskapar? Þetta er hvort eð er það fyrsta sem kemur til skoðunar þegar Útlendingastofnun skoðar hvort veita eigi slíkt leyfi.

[11:57]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau sjónarmið sem búa að baki þessu ákvæði eru fyrst og fremst þau að það sé á þessum unga aldri sem viðkomandi aðilar séu sérstaklega í hættu hvað þetta snertir, að á þeim aldri þurfi þeir þessa vernd. Hv. þm. virðist vita betur. Það er samt svarið við því hvers vegna þetta gildi ekki fyrir alla aldurshópa. Þegar í frv. er talað um að algengt sé meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap á það auðvitað ekkert við 40 eða 50 ára gamla einstaklinga. Það er ástæðan fyrir 24 ára markinu. (Gripið fram í.) Það er bara rangt að það séu engin rök fyrir því að setja ákveðið aldursmark.

Þegar hv. þm. talar um að það mætti kannski fella niður aldursmörk er ástæða til að vekja athygli á því að þegar sett var inn hin svokallaða 66 ára regla — þeir sem hafa náð þeim aldri eiga sérstakan lögvarinn rétt á því að sækja hér um dvalarleyfi sem aðstandendur — hafa nefnilega sumar þjóðir, til að mynda Danir, kosið að fara þá leið að hafa engan slíkan rétt. Jafnvel þeir sem hafa náð þeim aldri eða eru eldri eiga engan sjálfstæðan rétt á því í þeim löndum að fá útgefið dvalarleyfi sem aðstandendur. Engan sjálfstæðan rétt. Alveg óháð aldri eru allar umsóknir teknar til sérstakrar skoðunar en við förum í þessu frv. aðra leið og viðurkennum að fyrir ungan aldur kunni að vera ákveðnar hættur á því að viðkomandi aðilar gangi ekki af fúsum og frjálsum vilja

í hjónaband sem síðan leiðir til umsóknar um dvalarleyfi. Það eru verndarsjónarmið sem búa að baki þessu ákvæði. Í öðrum ákvæðum í frv. viðurkennum við hins vegar rétt þeirra sem eru orðnir eldri til að sækja um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Til að mynda í Noregi hafa menn ákveðið að fara þá leið að einungis annað foreldri geti farið fram á dvalarleyfi á grundvelli slíkra sjónarmiða.

[11:59]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við séum öll sammála um að það eigi að banna nauðungarhjónabönd og dvalarleyfi veitt á grundvelli þeirra. Það er ekki deilt um það, virðulegi forseti. Deilt er um það að hæstv. ríkisstjórn taki sérstaklega út þennan tiltekna hóp og setji um hann aðra reglu en aðra. Auðvitað er ungt fólk vissulega í meiri hættu en aðrir. Er þá ekki nóg að hafa bannið í íslenskum lögum og nota síðan þau úrræði sem fyrir eru til að koma í veg fyrir það, heldur en að takmarka sérstaklega persónufrelsi þessa tiltekna hóps? Auðvitað er hættan alveg jafnmikil þegar viðkomandi verður 24 eða 25 eða 26. Þetta er algjör fásinna.

Hæstv. ríkisstjórn hefur fallið í þá gryfju að vera að leita fordæma hjá umdeildustu útlendingalöggjöf sem gildir nánast í allri Evrópu, nýju dönsku útlendingalöggjöfinni. Þetta ákvæði ekki hvað síst hefur verið umdeildast. Það hefði verið rétt, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn hefði farið að ráðum okkar í Samf. og frestað öllum þessum umdeildu ákvæðum fram á haustið og vandað betur heimavinnuna sína.

[12:00]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég trúi því varla að ég skilji hv. þm. rétt, að hún leggi til að við höfum engan sjálfstæðan rétt í þessum lögum fyrir maka til að krefjast dvalarleyfis hér á landi eða sækja um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar, þ.e. á grundvelli hjónabands. Skil ég hv. þm. rétt, að hún telji enga ástæðu til að hafa í lögum slíkan sjálfstæðan rétt?

Spurt er: Hvers vegna ekki að hafa almenn ákvæði í sérlögum um þessi atriði, um nauðungarhjónabönd og annað þess háttar? Það er einfaldlega þannig að alþjóðleg glæpasamtök, skipulögð glæpasamtök, leita uppi glufur í löggjöf ríkja til að ná fram vilja sínum. Það er staðreynd og dapurlegt ef þeir sem taka þessa grein til skoðunar eru ekki tilbúnir til þess að horfast í augu við það. Að sjálfsögðu er þessu ákvæði sérstaklega beint gegn slíkum aðilum.

Ég spyr: Hvaðan fá þeir sem hér hafa komið upp og gagnrýnt þessa reglu ástæðu til að ætla það að ákvæðinu verði misbeitt sérstaklega til þess að koma í veg fyrir fjölskyldusameiningar? Alls staðar í þessu frv. ættu menn að sjá vilja og skilning íslenskra stjórnvalda til að viðurkenna þann rétt að íslenskir ríkisborgarar geti sameinast fjölskyldum sínum, jafnvel þótt um erlenda ríkisborgara sé að ræða.

[12:02]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 341. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1536; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1537.

Tekjuskattur og eignarskattur, 750. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1493.

[12:02]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingu, frá minni hluta allshn.

Mjög alvarlegar athugasemdir hafa borist allsherjarnefnd um framlagt frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002. Fjölmargir umsagnaraðilar efast um að frumvarpið standist friðhelgisákvæði og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Persónuvernd telur t.d. að brýnt sé að taka til nánari athugunar og eftir atvikum endurskoðunar þau ákvæði frumvarpsins sem vega að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að fjöldinn allur af ákvæðum frumvarpsins standist ekki stjórnarskrá og mannréttindaákvæði.

Fjölmenningarráð, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rætur, félags áhugafólks um menningarlega fjölbreytni, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra, Félag Víetnama, Félag Nígeríumanna á Íslandi, Félag foreldra tvítyngdra barna, Félag víetnamskra kvenna og prestur innflytjenda gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og hafa hvatt stjórnvöld til að endurskoða frumvarpið vandlega með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa og breyta því með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, alþjóðlegra sáttmála og reglna um mannréttindi og einstaklingsfrelsi. Kirkjuráð og Biskupsstofa hvetja einnig eindregið til að gengið sé tryggilega úr skugga um að frumvarpið skerði ekki mannréttindi einstaklinga.

Sjaldgæf samstaða myndaðist milli ungliðahreyfinga stjórnmálaflokkanna, þar á meðal ungliðahreyfinga ríkisstjórnarflokkanna, en þær lögðust allar gegn frumvarpinu með víðtækri undirskriftasöfnun. Söfnuðust á fjórða þúsund undirskrifta í þeirri söfnun sem þó stóð yfir tiltölulega skamman tíma.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega vinnubrögð við samningu frumvarpsins en ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila. Hæstv. dómsmálaráðherra virðist vera að nýta sér fyrirhugaða stækkun EES-svæðisins, sem þarf að lögfesta fyrir 1. maí næstkomandi, til alls kyns breytinga á lögum um útlendinga sem fela í sér gjörbreytingar á réttindum útlendinga og íslenskra aðstandanda þeirra.

Minni hlutinn í allshn. var tilbúinn að greiða fyrir afgreiðslu þess ákvæðis sem snýr að stækkun EES, en við teljum ekki rétt að blanda algjörlega óskyldum lagabreytingum við stækkun EES eins og hæstv. dómsmrh. og ríkisstjórn hans ætlar að gera í þessu frumvarpi.

Minni hlutinn leggur til að veigamiklir þættir frumvarpsins verði felldir brott en rétt er að taka fram að ýmislegt jákvætt má finna í því, má þar t.d. nefna 4. gr., 11. gr., 13. gr., a-, b- og g-lið c-liðar og d-lið 16. gr.

Nú ætla ég að fara í einstakar greinar frv. sem við gerum alvarlegar athugasemdir við. Ég ætla að byrja á a-lið 2. gr. sem lýtur að hinni títtnefndu 24 ára reglu.

Með a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreiningu 13. gr. laganna á hugtakinu „nánustu aðstandendur" verði breytt. Greinin gerir nánustu aðstandendum íslenskra ríkisborgara og ríkisborgara annarra ríkja sem dveljast löglega í landinu kleift að fá dvalarleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Lagt er til að til þess að teljast „nánasti aðstandandi"

þurfi maki að hafa náð 24 ára aldri og ættmenni að feðgatali á framfæri umsækjanda að hafa náð 67 ára aldri.

Hvað varðar skilyrðið um 24 ára aldur maka er einungis vísað til þess í greinargerð að það sé „meðal annars" á grundvelli þess að rétt sé að vernda óskilgreindan hóp fyrir nauðungarhjónaböndum. Rökin fyrir breytingunni eru að hér séu ríkjanna þar sem algengt sé meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap. Fyrirmynd þessa ákvæðis frumvarpsins er fengin úr dönskum lögum sem þó voru afskaplega umdeild þegar þau voru sett.

Með þeim röksemdum sem við heyrðum hv. þm. Bjarna Benediktsson færa fyrir þessari reglu, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti á, mætti alveg eins taka þann rétt af öllum einstaklingum en ekki einskorða við 18–24 ára aldur. Til þess mætti beita sömu rökum og hv. þm. Bjarni Benediktsson beitti. Að sjálfsögðu viljum við að þessi réttindi séu ekki bundin við 24 ára aldur. Við viljum halda í núverandi réttindi þessa hóps við 18 ára aldur eins og réttlætiskennd okkar segir að eigi að vera.

Hið afdráttarlausa skilyrði um 24 ára aldur maka snertir fjölda annarra einstaklinga en þá sem kynni að hafa verið ráðstafað í hjónaband gegn vilja sínum. Ákvæðið mun því á hverju ári hafa margvísleg áhrif á tugi Íslendinga sem vilja sameinast maka sínum á grundvelli hjónabands.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur, þingmanns Samf., um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar kemur fram að árið 2003 fengu 55 einstaklingar á aldrinum 18–24 ára dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, árið 2002 voru þeir 26, 36 árið 2001 og 25 einstaklingar árið 2000 en 29 fyrstu þrjá mánuði þessa árs.

Þau rök hafa verið færð fram að þrátt fyrir ákvæðið gæti maki yngri en 24 ára ávallt sótt um hefðbundið atvinnu- og dvalarleyfi eftir öðrum lagaákvæðum. Hins vegar er alveg ljóst að frumvarpið skerðir þann rétt sem erlendir makar Íslendinga undir 24 ára aldri hafa enda munu eldri erlendir makar Íslendinga ekki búa við slíka skerðingu. Í því felst ójafnræði og óréttlæti. Í 7. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, mega einstaklingar stofna til hjúskapar á Íslandi frá 18 ára aldri og því er ekki réttlætanlegt að skerða réttindi fólks á aldrinum 18–24 sérstaklega með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu. Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands kemur fram að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi túlkað 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þannig að í réttinum til að stofna til hjúskapar felist einnig rétturinn til að búa saman.

Að mati minni hlutans er hér um að ræða óréttláta mismunun. Jafnframt hefur verið bent á óhagræðið sem slíkt ákvæði hefur fyrir ung pör, hvað þá ef börn eru til staðar. Alþjóðahúsið bendir í umsögn sinni á að til að fá hefðbundið atvinnuleyfi þurfi útlendingur að afla sér leyfis áður en komið er til landsins í fyrsta sinn. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum fær maki undir 24 ára aldri ekki dvalarleyfi skv. 13. gr. laga um útlendinga og ákvæðið getur því valdið tímabundnum aðskilnaði alsaklausra hjóna. Auk þessa er óvíst um þörf fyrir slíkt ákvæði, einkum ef miðað er við þau rök sem koma fram í frumvarpinu.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur lýst sig andsnúna þessu ákvæði og vísar m.a. í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Fjölmargir aðrir eru sömuleiðis andsnúnir því og má þar nefna Alþjóðahús, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Fjölmenningarráð, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Félag Víetnama, Félag Nígeríumanna á Íslandi, Félag foreldra tvítyngdra barna, Félag víetnamskra kvenna, Rætur, félags áhugafólks um menningarlega fjölbreytni, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra og prest innflytjenda. (**Gripið fram í:** Bara allir.) Bara allir sem koma að þessum málaflokki. Menn ættu að hlusta á það fólk sem þarf að líða fyrir slíka lagasetningu, um það snýst þetta. Minni hlutinn leggur því til að skilyrðið um 24 ára aldur verði falli brott.

Nú langar mig aðeins að koma að öðru atriði í a-lið 2. gr. frumvarpsins sem lýtur að svokallaðri 66 ára reglu, eða ömmuákvæðinu.

Minni hlutinn telur að skilyrðið um að ættmenni að feðgatali þurfi að hafa náð 67 ára aldri til að geta sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandanda sé óþarft og að það byggist á misskilningi. Ákvæðið er augljóslega byggt á íslenskum aðstæðum en eftirlaunaaldur er í íslenskri almannatryggingalöggjöf skilgreindur við 67 ára aldur, sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993. Frumvarpið tekur ekki mið af þeim mismunandi aðstæðum sem kunna að ríkja að þessu leyti hjá öðrum ríkjum. Í ákvæðinu er fjallað um foreldra og afa og ömmur viðkomandi en minni hlutinn telur að ákvæðið hindri þetta fólk, sem getur vel verið yngra en 67 ára alveg eins og hér á landi, í að flytjast til landsins til að njóta samvista við börn sín og barnabörn.

Samkvæmt frumvarpinu er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að ættmenni að feðgatali fari á þennan hátt hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Í umsögn Alþjóðahúss er hins vegar bent á að núverandi löggjöf tryggir að ekki er hægt að fara þá leið inn á vinnumarkaðinn. Núgildandi lög kveða á um að ættmenni innflytjenda þurfi að sækja um atvinnuleyfi ef þeir hyggjast fá sér vinnu. Til þess að atvinnurekandi fái leyfi til að ráða ríkisborgara utan EES-svæðisins til vinnu þarf hann að auglýsa starfið á svæðinu í þrjár vikur, stéttarfélag að gefa umsögn og Vinnumálastofnun að meta atvinnuástand hér á landi.

Þrátt fyrir orðin „og á þeirra framfæri" í lögunum hefur ákvæðið verið túlkað svo að ættmenni, jafnt sem aðrir einstaklingar eldri en 18 ára, þurfi að sýna fram á sjálfstæða framfærslu hvort sem þeir eru aðstandendur Íslendinga eða ekki. Ekki hefur dugað að afkomendur sem hafa þessa einstaklinga á framfæri sýni fram á nægar tekjur. Ákvæði þetta þyrfti að gera ráð fyrir því að viðkomandi umsækjandi geti verið á framfæri afkomanda og þurfi ekki að sýna fram á sjálfstæða framfærslu, því slíkt er ógerningur í flestum tilfellum.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands leggst gegn þessari breytingu á 13. gr., m.a. með vísan til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, og sama gildir um fjölmarga aðra umsagnaraðila. Minni hluti allshn. leggur því til að skilyrðið um 67 ára aldur falli brott.

Þá kemur að b-lið 2. gr. frumvarpsins. Með honum er stefnt að því að stemma stigu við nauðungarhjónaböndum og því að stofnað sé til málamyndahjónabanda í þeim tilgangi einum að útvega útlendingi dvalarleyfi á Íslandi. Er lagt til að það varði missi réttar til dvalarleyfis ef uppvíst verður um slíkar aðstæður.

Minni hlutinn leggst eindregið gegn þeirri leið, sem lögð er til í b-lið 2. gr. frumvarpsins, að kveða á um öfuga sönnunarbyrði viðkomandi einstaklinga þegar „rökstuddur grunur" er um málamyndahjónaband eða nauðungarhjónaband í skilningi laga um útlendinga. Vandmeðfarið er að meta hvenær grunur er rökstuddur og ekki síður hvenær

viðkomandi einstaklingum tekst að sýna fram á annað „með óyggjandi hætti". Útlendingastofnun er í frumvarpinu falið vald til að meta þessi atriði.

Í umsögn Persónuverndar er það talið vera mikið álitaefni hvort „rökstuddur grunur" einn og sér geti talist nægilega áreiðanlegur grundvöllur, samkvæmt almennum sjónarmiðum, þegar teknar eru ákvarðanir um svo mikilvæg réttindi sem hér um ræðir, þ.e. landvistarleyfi einstaklings í sama landi og maki hans býr. Persónuvernd leggst því gegn lögfestingu þessa ákvæðis.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur þetta ákvæði um öfuga sönnunarbyrði einnig takmarka persónufrelsi og friðhelgi einkalífs með of víðtækum og almennum hætti og skapi hættu á því að mörg hjónabönd sem ekkert athugavert er við verði talin falla undir ákvæðið. Laganefndin bendir sömuleiðis á að til að ná þeim tilgangi að stemma stigu við málamyndahjónaböndum og nauðungarhjónaböndum sé nægilegt að kveða á um refsinæmi þess. Vill minni hlutinn taka undir þau orð. Er það þá metið fyrir dómstólum hvort háttsemin telst sönnuð. Telur laganefnd í umsögn sinni ekki rétt að kveða á um missi réttar til dvalarleyfis fyrr en eftir að slík háttsemi hefur verið sönnuð eftir meginreglum opinbers réttarfars, m.a. þeirri grundvallarreglu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, að maður skuli teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð.

Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og leggst gegn þessu ákvæði. Hann telur hins vegar að hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða hjúskapur sem hefur ekki verið stofnað til með vilja beggja aðila skuli ekki veita viðkomandi rétt til dvalarleyfis og leggur til breytingartillögu við b-lið 2. gr.

Minni hlutinn gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þær vísbendingar um málamyndahjónabönd sem tilteknar eru í athugasemdum við frumvarpið og telur þær ekki vera í samræmi við raunveruleikann. Undirstrikar það samráðsleysi frumvarpshöfunda við þá sem lifa og starfa í þessum heimi.

Nú er komið að 5. gr. sem mig langar að minnast aðeins á.

Oft skortir talsvert á að útlendingum séu veittar nægilegar upplýsingar um hvernig beri að fara að endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfa. Dæmi eru um að fólk búi og vinni í landinu í góðri trú um að pappírar þeirra séu í lagi þegar annað kemur á daginn. Ekki má heldur gleyma því að algengt er að atvinnurekendur taki að sér að sjá um dvalar- og atvinnuleyfi erlendra starfsmanna sinna.

Á meðan enn skortir talsvert á að grundvallarupplýsingum sé komið til útlendinga og lög kveða á um að atvinnuleyfi útlendinga sé í höndum atvinnurekanda er ekki eðlilegt að vísa útlendingi úr landi vegna mistaka í tengslum við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa.

Minni hlutinn telur ekki rétt að vísa útlendingi úr landi dvelji hann ólöglega í landinu af gáleysi og leggur til breytingartillögu við 5. gr. frumvarpsins.

Nú er komið að a-lið 7. gr. Byrjum á hlutanum sem snertir húsleitina.

Minni hlutinn sér ekki ástæðu til setja sérstaka húsleitarheimild í lög um útlendinga á þann hátt sem frumvarpið ber með sér. Úrræði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, ættu að duga vel gagnvart brotum á lögum um útlendinga jafnt sem öðrum lögum.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndað af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þess vegna ber að fara mjög varlega þegar kemur að skerðingu þessara réttinda.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að rökstyðja gagnsemi húsleitar í umræddu skyni, eigi að lögtaka sérstakt ákvæði um slíka skerðingu á rétti fólks til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í frumvarpinu kemur ekki fram með hvaða hætti húsleit eigi að geta leitt í ljós hvort til hjúskapar hafi verið stofnað til málamynda eða ekki. Persónuvernd leggst gegn samþykki þessa ákvæðis og telur rétt að metið sé til hlítar hvort raunverulega sé þörf á þeirri réttindaskerðingu sem ákvæði 7. gr. kveða á um.

Eigi hins vegar að festa slíkt sérstakt húsleitarákvæði í lög um útlendinga með þeim hætti til viðbótar við það sem er núna telur minni hlutinn það lykilatriði að kveðið sé skýrt á um að dómsúrskurður þurfi að liggja fyrir áður en ráðist er í húsleit. Orðalag frumvarpsins býður upp á margvíslega túlkun hvað þetta varðar og hafa bæði Persónuvernd og Alþjóðahúsið lýst yfir áhyggjum af því.

Minni hlutinn mælist til að b-liður 7. gr. frumvarpsins, sem lýtur að lífsýnatökunni, verið felldur brott. Sé vilji fyrir því hjá umsækjanda dvalarleyfis að leggja fram lífsýni ætti honum að vera það leyfilegt. Í Finnlandi og Noregi t.d. getur útlendingur sjálfur lagt fram niðurstöðu slíkrar rannsóknar ef hann getur ekki lagt fram fæðingarvottorð t.d. vegna ástands í heimalandinu. Slíkt fyrirkomulag verður að teljast nú þegar vera löglegt og leyfilegt í ljósi þeirrar sönnunarbyrði sem hvílir á viðkomandi umsækjanda um skyldleika við aðstandanda hér á landi.

Hins vegar leggst minni hlutinn gegn því að Útlendingastofnun fái heimild til að fara fram á að umsækjandinn gangist undir lífsýnatöku. Slíka heimild í lögum handa Útlendingastofnun er hægt að túlka gegn viðkomandi umsækjanda ef hann neitar að gangast undir lífsýnatöku, hefur ekki efni á henni eða ekki tækifæri til lífsýnatöku í heimalandi sínu, sem er væntanlega mikið vandamál í mörgum löndum. Sönnunarbyrði um skyldleika hvílir eðlilega á viðkomandi umsækjanda en það er t.d. til samanburðar þekkt í réttarfari að þögn og samstarfsleysi viðkomandi getur verið túlkað honum í óhag.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að of langt sé gengið inn á svið friðhelgi einkalífs og fjölskyldu með þessu ákvæði. Persónuvernd leggst einnig gegn samþykkt ákvæðisins og telur nauðsynlegt að metið sé hvort raunverulega sé ástæða til að lögfesta þá skerðingu á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem lögð er til. Þá telur Persónuvernd einnig nauðsynlegt að metið verði hvort yfirleitt sé réttlætanlegt í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu að lögfesta heimild um töku lífsýna í þessu skyni.

Bent hefur verið á margvíslega annmarka varðandi þetta ákvæði. Feðrunarreglur geta leitt til þess að maður sem ekki er í raun kynfaðir barns verði engu að síður formlega álitinn faðir í lagalegum skilningi við fæðingu þess og upp frá því, samanber „pater est" regluna sem m.a. gildir hér á landi. Einnig má benda á vandkvæði þessa ákvæðis hvað varðar kjörbörn, tæknifrjóvganir, rangt feðruð börn og fórnarlömb nauðgana.

Minni hlutinn telur sömuleiðis margt vera óljóst um framkvæmdina á slíku ákvæði. Samkvæmt frumvarpinu er Útlendingastofnun falið vald til að kveða á um þessa rannsókn og ekki er kveðið á um það í frumvarpinu hvaða skilyrði

þurfa að liggja til grundvallar þess að krafist verði rannsóknar á erfðaefni. Sömuleiðis segir ekkert í frumvarpinu um hvernig skuli fara með lífsýnið eða hver skuli framkvæma töku þess og komu fram áhyggjur í máli fulltrúa Persónuverndar frammi fyrir nefndinni um þetta atriði. Alþjóðahúsið og fleiri aðilar hafa sömuleiðis miklar áhyggjur af framkvæmd þessa ákvæðis.

Hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytisins kom fram að gert væri ráð fyrir, á þessu stigi, að viðkomandi umsækjandi greiddi sjálfur fyrir lífsýnatökuna og sæi sjálfur um að lífsýni væri tekið. Minni hlutinn telur slíkt fyrirkomulag vera algjörlega óásættanlegt, enda er ljóst að í mörgum löndum er ekki boðið upp á slíkar lífsýnatökur og kostnaður gæti hæglega orðið flestum umsækjendum óyfirstíganlegur.

Jafnframt telur minni hlutinn að þegar settar eru slíkar íþyngjandi reglur eigi ríkið sjálft að bera kostnað sem af þeim hlýst, enda ákveður Útlendingastofnun sjálf hvenær á að grípa til þessara aðgerða og hvenær ekki. Fram kom á fundi nefndarinnar með fulltrúa Útlendingastofnunar að ekki komi upp mörg mál af þessum toga hjá stofnuninni og þess þá heldur álítur minni hlutinn að ekki eigi að setja inn svo íþyngjandi reglu sem þessa. Í máli fulltrúa Útlendingastofnunar kom fram að um gæti verið að ræða eitt tilfelli á tveggja ára fresti. Því er spurning hvort í raun og veru sé einhver þörf á þessu ákvæði í ljósi þeirra ummæla.

Hvað varðar önnur lönd má nefna að í Finnlandi er það einstaklingsins að ákveða að leggja fram lífsýni verði skyldleiki ekki sannaður með öðrum hætti, eins og áður kom fram. Í finnsku lögunum er jafnframt kveðið sérstaklega á um hvar sýnin skuli tekin og hvernig og hvar þau skuli geymd. Jafnframt greiðir hið opinbera allan kostnað við sýnatökuna. Í Noregi er ekki að finna ákvæði eins og er í frumvarpinu en á heimasíðu útlendingastofnunar í Noregi kemur fram að Norðmenn bjóða þennan valkost sé erfitt að nálgast nauðsynleg gögn. Norska ríkið greiðir einnig allan þann kostnað sem viðkomandi verður fyrir og býður upp á lífsýnatöku í fjölmörgum sendiráðum sínum víða um heim.

Minni hlutinn telur einnig að ákvæðið sé alls ekki nógu skýrt. Hæglega má skilja það þannig að Útlendingastofnun hafi lagalegan rétt til að krefjast lífsýnatöku úr viðkomandi umsækjanda og ættmennum hans, jafnvel án dómsúrskurðar. Í umsögn Persónuverndar koma fram alvarlegar athugasemdir við þetta. Sé hins vegar ekki tilgangur ákvæðisins að fá Útlendingastofnun slíka heimild þarf að gera ákvæðið miklu skýrara en það er núna. Minni hlutinn leggst hins vegar alfarið gegn slíkri heimild og telur að framlagning lífsýnis eigi ætíð vera val viðkomandi og að hans eigin frumkvæði.

Með vísan til 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu tekur minni hlutinn undir það álit laganefndar Lögmannafélags Íslands að inngrip í friðhelgi einkalífs samkvæmt ákvæðinu og sú framkvæmd þess sem þar er kveðið á um, sé ekki í nægilegu samhengi við hagsmunina sem stefnt er að því að vernda.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að hælisleitandi eigi ekki rétt á skipun talsmanns þegar kærð er ákvörðun samkvæmt d- og e- liðum 1. mgr. 46. gr. laga um útlendinga um að taka umsókn um hæli ekki til meðferðar hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum eiga slíkir hælisleitendur rétt á aðstoð talsmanns. Þótt synjun á að taka umsókn til meðferðar hér á landi byggist á alþjóðlegum samningum geta risið ýmis álitaefni í tengslum við slíka ákvörðun, svo sem varðandi það hvort ákvæði viðkomandi alþjóðasamninga og/eða undanþáguákvæði 2. mgr. 43. gr. laganna eiga við.

Hælisleitandi kann að hafa gildar og ríkar ástæður fyrir því að sækja hér um hæli fremur en í öðrum löndum sem hann hefur komið til á ferðaleið sinni eða fengið útgefna vegabréfsáritun hjá. Gæta verður þess að íslensk yfirvöld hafa ávallt heimild til að taka hælisumsókn til efnislegrar meðferðar þó að ákvæði d- og e-liðar nefndrar greinar kunni að eiga við umsækjanda. Getur það varðað umsækjanda miklu að fá sérfræðiaðstoð við slíkar aðstæður, sérstaklega þegar litið er til þess að kæra frestar ekki framkvæmd framsendingar hans til annars lands. Í umsögn Rauða krossins kemur fram að ef talsmanns nýtur ekki við er hælisleitandi sviptur öllum raunhæfum úrræðum til að fá hnekkt ákvörðun stjórnvalds.

Þá er sérstaklega bent á 2. mgr. 46. gr. laganna, um mat á endursendingu flóttamanns, en þar stendur að ekki skuli endursenda flóttamann til annars ríkis samkvæmt c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Samkvæmt laganefnd Lögmannafélag Íslands skerðir það mjög réttaröryggi hælisleitenda að fella niður réttaraðstoð til þeirra af þessum ástæðum.

Minni hlutinn leggst gegn því að hælisleitendur verði sviptir þessum réttindum.

Í 15. gr. frumvarpsins er heimild lögreglu til að leggja hald á fjármuni til greiðslu fjárkröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu viðkomandi samkvæmt 56. gr. laganna. Heimild lögreglu til haldlagningar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála tengist rannsókn á refsiverðum verknaði. Fjármunir sem útlendingur kann að hafa á sér þurfa ekki á nokkurn hátt að tengjast refsiverðum verknaði en fjárkrafa sem stofnast til handa íslenska ríkinu vegna kostnaðar við brottför útlendings er almenn fjárkrafa. Einnig er sérstaklega kveðið á um það að slík krafa sé aðfararhæf. Mjög varhugavert er að þessi heimild sé sett í lög þar sem henni er einungis ætlað að tryggja greiðslu á kröfu er lýtur almennum reglum fjármunaréttarins. Með ákvæðinu er íslenska ríkinu veitt hagræði fram yfir aðra kröfuhafa útlendings til að fá fullnægju kröfu sinnar.

Í frumvarpinu kemur ekki fram að skilja eigi eitthvað eftir af fjármunum handa viðkomandi en það getur haft bagalegar afleiðingar fyrir viðkomandi. Að mati Rauða krossins kann heimild þessi að orka mjög tvímælis. Minni hlutinn mælist til að þetta ákvæði verði fellt brott enda ekki miklir hagsmunir ríkisins í húfi.

Um 16. gr.

Minni hlutinn vill fella brott núverandi b-lið 2. gr. frumvarpsins en leggur í staðinn til í breytingartillögu að í þeim lið verði tryggt að málamyndahjónabönd og nauðungarhjónabönd veiti ekki dvalarleyfi. Hér er örlítil villa í nefndaráliti. Refsinæmi málamyndahjónabanda og nauðungarhjónabanda helst því í g-lið 16. gr. og því helst vísunin í þeim sama lið í réttan lið 2. gr. verði breytingartillögur minni hlutans samþykktar.

Í h-lið 16. gr. frumvarpsins er lagt til að gert verði refsivert að hafa í vörslum sínum falsað vegabréf, falsað skilríki eða falsaða vegabréfsáritun. Eðli málsins samkvæmt koma ákveðnir hópar fólks yfirleitt ólöglega yfir landamæri og þá oft með fölsuð ferðaskilríki.

Það er í andstöðu við 31. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland fullgilti 1. mars 1956, að ákæra

í öllum málum vegna falsaðra skilríkja, án þess að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna flóttamanna. Þessi regla er undirstrikuð í leiðbeiningarreglum UNHCR til ríkja um málefni flóttamanna. Minni hlutinn telur því að setja beri í lagatextann sjálfan fyrirvara um að þetta ákvæði eigi ekki að ná til flóttamanna, enda kom það fram í meðförum nefndarinnar að það hefði verið hugsunin.

Þann 13. desember 2000 voru af Íslands hálfu undirritaðir Palermo-samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og viðauki við samninginn um mansal. Ákvæði h-liðar 16. gr. frumvarpsins gengur gegn samningum um að refsa skipuleggjendum mansals en vernda fórnarlömbin. Fórnarlömb mansals eru oft með fölsuð ferðaskilríki. Minni hlutinn telur því að það beri að gera, eins og í fyrrgreindum atriðum varðandi flóttamennina, sérstakan fyrirvara í sjálfum lagatextanum varðandi fórnarlömb mansals sem kunna að hafa fölsuð skilríki í vörslum sínum. En rétt er að taka fram að það var sömuleiðis skilningur meiri hluta allsherjarnefndar að það hefði verið skilningurinn, að ákvæðið ætti ekki að eiga við um fórnarlömb mansals eða um flóttamenn. Við í minni hlutanum viljum að það sé sett inn í lögin svo það fari ekkert á milli mála. Það er sama leið og laganefnd Lögmannafélags Íslands mælist til að við förum.

Að lokum leggur minni hlutinn til að breytingartillögur Atla Gíslasonar á 1. mgr. 11. gr. og við 15. gr. laganna verði samþykktar, en þær hafa legið fyrir þinginu í talsverðan tíma.

Undir álitið skrifa Ágúst Ólafur Ágústsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Gunnar Örlygsson, en Kolbrún Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er sömuleiðis samþykk áliti þessu.

[12:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem hægt er að gera athugasemdir við mjög margt sem fram kom í ræðu hv. þm. og framsögumanns minnihlutaálits allshn. Ég ætla að reyna á þeim stutta tíma sem ég hef í andsvarinu að víkja að nokkrum atriðum. Ég tel að verulegs misskilnings gæti og reyndar mótsagna í því sem þar kemur fram og kom fram í ræðu hv. þm.

Í fyrsta lagi er hér talað um öfuga sönnunarbyrði og gagnrýnt að lögfesta eigi hana í b-lið 2. gr. Eins og ég skil nefndarálit minni hlutans og málflutning hv. þm. er hér litið á málin eins og um sakamál sé að ræða, að menn þurfi að sanna af sér einhverjar sakir. Þannig er því hins vegar ekki farið í þessum málum. Beiðni um atvinnu- eða dvalarleyfi í einhverju landi er ósk einstaklings um að tekin verði ívilnandi ákvörðun honum til handa þannig að hann neyti eða fái réttindi sem slíkur, komist inn í almannatryggingakerfið o.s.frv. Ég spyr: Er óeðlilegt að viðkomandi einstaklingur sem sækir um dvalarleyfi þurfi að sýna fram á að hann sé sá sem hann heldur fram að hann sé? Væri óeðlilegt fyrir stjórnvöld í erlendu ríki að óska eftir því, ef ég sæktist eftir dvalarleyfi þar, að ég mundi gera grein fyrir því að ég væri sá sem ég teldi mig vera? Er það óeðlilegt? Auðvitað er það ekki óeðlilegt. Það er ekki hægt að tala um öfuga sönnunarbyrði í þessu sambandi.

Ég hlýt líka að gera ágreining um atriði sem varða 24 ára regluna, húsleit og lífsýnatöku eða kröfu um lífsýnatöku. Ég vil benda á varðandi húsleitina að heimildir til húsleitar eru í núgildandi útlendingalögum og það er ekki verið að breyta þeim. Það er gert ráð fyrir því að þær fari ekki fram öðruvísi en á grundvelli dómsúrskurðar. Það er alveg ljóst að þegar menn óska eftir dómsúrskurði fyrir húsleit þá þurfa þeir að rökstyðja þá beiðni sína.

[12:34]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málflutningur meiri hluta allshn. og sjálfstæðismanna er alveg merkilegur því þeir benda alltaf á að allir aðrir misskilji frv. Á annan tug umsagnaraðila virðast vera að misskilja frv. Þeir meintu þetta öðruvísi. Þeir héldu að allir mundu skilja þetta hinsegin o.s.frv. Trúverðugir aðilar hér á landi svo sem Persónuvernd og Lögmannafélag Íslands hafa gert alvarlegar athugasemdir við þetta frv. og við eigum að taka undir þær athugasemdir.

Varðandi öfugu sönnunarbyrðina sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson nefnir þá telur minni hlutinn það ekki eðlilega kröfu að þú, einstaklingurinn, hv. þm. og þeir sem lenda í slíkri stöðu þurfi að sanna að þeir séu ekki í málamyndahjónabandi. Um það snýst þessi öfuga sönnunarbyrðarregla. Hún snýst ekki um að sanna hver þú ert. Sú krafa er nú þegar til staðar í lögum að þú átt að sanna hver þú ert. Þetta snýst um að sanna að þú sért ekki í málamyndahjónabandi eða í nauðungarhjónabandi. Við teljum eðlilegt að sönnunarbyrðin hvíli á opinberum aðilum, lögreglunni og Útlendingastofnun, haldi þeir þessu fram. Bæði Persónuvernd og Lögmannafélag Íslands hafa gert athugasemd í þá áttina og telja að hugtakið rökstuddur grunur í frumvarpinu réttlæti ekki það að snúa sönnunarbyrði við. Við vitum það líka í einkamálum að sönnunarbyrðin er á viðkomandi aðila sem heldur einhverju fram. (**SKK:** Það er nákvæmlega ...) Ef Útlendingastofnun eða lögreglan heldur því fram að þú sért í málamyndahjónabandi, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, þá tel ég að Útlendingastofnun og lögregla eigi að sanna það. Um það snýst þetta mál.

[12:36]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nákvæmlega kjarni málsins sem ég er að benda á. Ef menn halda einhverju fram og vilja telja til tiltekinna réttinda, hvort heldur gagnvart öðru ríki eða öðrum þá er það náttúrlega þeirra sjálfra að leggja fram sönnur þess að grundvöllur sá sem sú krafa byggist á sé fyrir hendi og sé réttmæt. Það er eðlilegt.

Ég tek ekki undir það að málflutningur meiri hluta okkar í Sjálfstæðisflokknum í allshn. sé með ólíkindum. Við erum að mæla fyrir reglum sem eru til verndar þeim sem eiga hugsanlega undir högg að sækja. Við viljum sporna við málamynda- og nauðungarhjónaböndum. Það viljum við gera með því að setja þessa 24 ára reglu vegna þess að þeir menn sem hafa verið á vettvangi, sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og forstjóri Útlendingastofnunar, segja að raunhæf hætta sé á því að fólk undir þessum aldri sé misnotað í þágu glæpamanna. Hvað er að því að setja reglur til þess að vernda þá hópa sem eru í meiri hættu en þeir sem fullorðnir eru?

Minni hlutinn segist vilja sporna við málamynda- og nauðungarhjónaböndum en hann vill greinilega ekki gera neitt í því að uppræta slíkt. Hann leggst gegn húsleitarheimildum sem eru settar í lög til þess að upplýsa um slíkan ófögnuð og jafnframt telur hann að engin ástæða sé til að vernda þá sem yngstir eru. Ég verð að segja að það kemur mér verulega á óvart að helstu málsvarar þess að berjast gegn glæpum eins og mansali og öðru slíku skuli koma hér á hið

háa Alþingi og mæla gegn hugmyndum sem eru til verndar fórnarlömbum slíkra glæpa.

[12:38]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum hvernig hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og meiri hluti allshn. bæði úr Framsfl. og Sjálfstfl. nálgast þennan málaflokk. Nálgun þessara aðila er öll sú að fólk hljóti að vera að brjóta lögin. Þeir nálgast þetta eins og flestir séu í málamyndahjónaböndum og í nauðungarhjónaböndum. Þú þarft að sanna þitt sakleysi en ekki fara eftir hinni mikilvægu meginreglu sem margoft hefur verið viðurkennd, þ.e. að þú ert saklaus uns sekt er sönnuð. (**SKK:** Þú ert ekki sakaður um ...) Útlendingastofnun kemur með rökstuddan grun sem er alltaf hennar mat um að þú sért í málamyndahjónabandi. Þá þarft þú að sanna að þú sért ekki í málamyndahjónabandi. Ég geri þá kröfu og minni hlutinn telur eðlilegt að Útlendingastofnun og lögregla sanni að þú sért í málamyndahjónabandi (Gripið fram í.) eða í nauðungarhjónabandi.

Svo má ekki gleyma því um hvað þetta ákvæði snýst. Það snýst um sameiningu fjölskyldna. Þetta snýst ekki um einhverja misnotkun á almannatryggingakerfinu eða neinu slíku. Þetta snýst um að sameina fjölskyldur og maka. Þetta snýst ekkert um neitt annað en það. Minni hlutinn lagði mikla áherslu á það.

Að sjálfsögðu viljum við að málamyndahjónabönd og nauðungarhjónabönd séu refsiverð. Við tökum undir þau sjónarmið. Við teljum ekki að sérstaka húsleitarheimild þurfi í lögum um útlendinga með þeim hætti sem þetta frv. býður upp á. Við teljum alveg að húsleitarheimild í lögum um meðferð opinberra máli dugi vel útlendingum alveg eins og Íslendingum, leiki grunur á refsiverðu afbroti.

En það er alveg merkilegt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson réttlætir málflutning sinn með því að hann sé að vernda útlendingana, sérstaklega þá sem eru 18–24 ára. (Gripið fram í.) Ef þetta er vernd Sjálfstæðisflokksins og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar þá frábið ég mér slíka vernd því það er verið að taka af réttindum (Gripið fram í.) þessa fólks. Það er verið að mismuna eftir aldri. Einstaklingar 25 ára og eldri hafa meiri rétt en þeir sem eru 24 ára og þetta er réttlætt í munni hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar með því að hann sé að vernda. Allt tal um mansal kemur mér mjög (Forseti hringir.) spánskt fyrir sjónir í ljósi afstöðu hans í vændismálinu sem er um að gera kaup á vændi ólöglegt.

[12:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að gera að umtalsefni hina svokölluðu 67 ára reglu sem er að finna í frumvarpinu.

Það er nefnilega þannig og ég hygg að þeir sem standa að minnihlutaálitinu, nefndaráliti minni hlutans, átti sig ekki á því að hvergi á öllum Norðurlöndunum er að finna jafnrík réttindi fyrir aðstandendur til þess að sameinast fjölskyldu sinni og samkvæmt íslenskum lögum, hvergi á Norðurlöndunum. Og það verður áfram þannig jafnvel þó þetta frv. verði að lögum. Staðreyndin er nefnilega sú að í 13. gr. útlendingalaganna er sérstök lögfest heimild aðstandenda til að sækja um dvalarleyfi hér á landi á forsendum þess að þeir tengjast einstaklingum sem eru búsettir hér. Hér er verið að mæla fyrir þeirri breytingu á þessari sérstöku heimild að sett verði 66 ára aldursmark á regluna, þ.e. að viðkomandi verði, eftir að frv. verður að lögum, að hafa náð því aldursmarki. Jafnvel eftir þá breytingu verða íslensku lögin rýmri hvað varðar þennan rétt til sameiningar fjölskyldu en alls staðar annars staðar. Ég ætla aðeins að rekja hvernig það er.

Í Danmörku er engum sérstökum lögfestum heimildum til að dreifa fyrir aðstandendur til þess að byggja umsókn sína á. Í Noregi getur einungis annað foreldra óskað eftir því að fá slíkt leyfi. Þar er miðað við 60 ár. Í Svíþjóð er almennt miðað við það í framkvæmd og þar eru reglurnar þannig að einungis í undantekningartilvikum geta aðstandendur byggt dvalarleyfisumsókn sína á skyldleika, í undantekningartilvikum. Í Finnlandi er engri slíkri heimild fyrir foreldra til að dreifa.

Hér koma hins vegar menn upp og segja að menn séu að brjóta (Forseti hringir.) mannréttindasáttmála og virða að vettugi stjórnarskrárbundin mannréttindi.

[12:43]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson segir að ekki sé verið að skerða nein réttindi og að frv. sé til fyrirmyndar hvað varðar réttindi útlendinga. Það vill svo til að nánast allir sem gáfu umsögn um þetta blessaða frv. eru sammála um að í því felist gríðarleg skerðing. Þetta kemur t.d. frá mannréttindasamtökum, Persónuvernd, Lögmannafélagi Íslands (Gripið fram í.) o.s.frv.

Tökum 24 ára regluna sem dæmi. Einungis eitt ríki í heiminum sem við þekkjum hefur þessa 24 ára reglu og það er Danmörk. Sú regla var afskaplega umdeild og er það í Danmörku. Nú ætlum við að apa upp þessa vitleysu frá dönsku hægri stjórninni.

Svo er það fyrirkomulag lífsýnareglunnar. Þetta er alveg einstakt hér. Það þarf ekki annað en að líta til Norðurlandanna. Bæði í Finnlandi og Noregi er það að frumkvæði einstaklingsins að hann getur lagt fram lífsýni ef hann á í erfiðleikum með að sanna skyldleika. Svona mætti lengi telja.

Ég tel að frv. sé fjandsamlegt útlendingum og réttindum. Að sjálfsögðu þurfum við að hafa ábyrga löggjöf um réttindi útlendinga og Samfylkingin styður það. Við erum ábyrg í þessum málaflokki. Þetta er viðkvæmur og mikilvægur málaflokkur. En nálgun alls frumvarpsins er byggð á röngum forsendum. Það byggist á tortryggni og öðru slíku.

Ég skil ekki hvernig hægt er að leggja þann skilning í frv. að það sé einhver réttarbót fyrir útlendinga. Ég held að sé alveg þveröfugt. Þeir sem leggjast yfir málið komast mjög fljótt að þeirri niðurstöðu að við séum að taka hér stórt skref aftur á bak á kostnað mjög mikilvægra réttinda eins og jafnræðis og mannréttinda.

[12:44]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli að hv. þm. kýs að horfa algerlega fram hjá því sem ég var að vekja athygli á, að eftir sem áður verðum með rýmstu heimildir fyrir aðstandendur til þess að sækja um dvalarleyfi á öllum Norðurlöndunum. Ekki einu orði vék hann að þessu eða hafði athugasemdir við þessa ábendingu mína.

Hins vegar má ætla eftir umræðuna um hina öfugu sönnunarbyrði hér áðan að þingmaðurinn hefði hugsanlega hugmyndir um að við ættum bara taka upp á Íslandi almenna

reglu þess efnis að almennt þegar menn eru að sækja einhver réttindi til stjórnvalda hér þá hvíli bara öfug sönnunarbyrði á stjórnvöldum. Eigum við ekki bara að taka upp þá almennu reglu að þegar einhver sækir um einhver réttindi á grundvelli laganna þá þurfi stjórnvöld að sanna að viðkomandi uppfylli ekki skilyrðin? (**Gripið fram í:** Sá sannar sem getur.) Staðreyndin er nefnilega sú að í frv. er gert ráð fyrir því að umsækjandinn þurfi að sýna fram á að hann uppfylli réttindin. Málið snýst ekki um neitt annað. Þannig á það að vera. Þannig er eðlilegt að það sé. Það gildir um allar aðrar umsóknir, öll önnur réttindi sem menn sækjast eftir á grundvelli laga og þannig á það líka að vera í þessu frv. og lögum ef frv. verður samþykkt. (Gripið fram í.) Fráleitt er að tala um að það sé ósanngjörn eða ómálefnaleg regla sem er að finna í frv. um þetta atriði.

Að sjálfsögðu stendur ekki til að beita þessum ákvæðum nema þegar undirliggjandi gögn sýna ekki fram á að skilyrðunum sé fullnægt. Og hvaða heimildir hafa þeir sem beittir eru misrétti samkvæmt lögunum? Þeir kæra auðvitað bara ákvörðun Útlendingastofnunar ef þeir eru ósáttir við túlkun hennar á undirliggjandi gögnum og fá endurmetið. Ef þeir eru ósáttir við úrskurð kæruaðilans þá fara þessir aðilar einfaldlega fyrir dómstóla og þar verður þá endanlega metið hvort ómálefnalega sé tekið á umsókninni. Menn komast því ekkert upp með þá valdníðslu sem gefið er í skyn að sé við lýði hér.

Staðreyndin er sú að þetta er í eðlilegum farvegi. Við erum með rýmri reglur í mörgum atriðum en gilda annars staðar. Menn verða að horfast í augu við þetta (Forseti hringir.) þegar þeir tala um að lögin séu fjandsamleg, sem er kolrangt.

[12:47]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf ekki annað en að líta á núverandi lög varðandi 66 ára regluna. Í núverandi lögum er engin 66 ára regla. Það er verið að takmarka þann rétt. Það þarf ekki annað en að líta á núverandi lög til að átta sig á því að verið er að skerða. (Gripið fram í.) Það er engin 24 ára regla í núverandi lögum. Það er engin regla um öfuga sönnunarbyrði varðandi málamyndahjónabönd og nauðungarhjónabönd í núverandi lögum o.s.frv. Það er verið að skerða frá núverandi lögum og það er verið að færa okkur aftur í samanburði við aðrar þjóðir hvað varðar sjálfsögð réttindi útlendinga og íslenskra aðstandenda þeirra. Það má ekki gleyma því að þetta eru hagsmunir íslenskra aðstandenda.

Ég tel eðlilegt að stofnun, hvort sem það er lögregla eða Útlendingastofnun, sem er með ásakanir eða rökstuddan grun um að viðkomandi aðili hafi brotið lög, eins og málamyndahjónabönd og nauðungarhjónabönd eru, sanni það. Ég tel ekki rétta nálgun að Útlendingastofnun geti einfaldlega sagt: Okkur grunar að þú búir í málamyndahjónabandi, vinsamlegast sannaðu að þú gerir það ekki. Ég er ósammála þessu tali um öfuga sönnunarbyrði sem hér hefur komið fram. Sönnunarbyrðin verður að vera hjá þeirri stofnun sem heldur kröfunni fram. Þannig á að nálgast það. Ef þetta er málamyndahjónaband eða nauðungarhjónaband ætti þeim ekki að verða skotaskuld úr að sanna það. Ef ekki þá er það hin eðlilega krafa sem við leggjum á lögreglu, ákæruvaldið og þær stofnanir sem hafa með jafnmikilvæg réttindi og dvalarleyfi og sameiningu fjölskyldu að gera.

Við sjáum það ef við berum þetta t.d. saman við skattinn. Það er skattsins að sanna að einstaklingur hafi ekki farið að lögum. Það er sú nálgun sem við eigum að hafa. Ef Útlendingastofnun eða lögregla telur að viðkomandi búi í málamyndahjónabandi ber Útlendingastofnun að sanna það en ekki viðkomandi.

Þetta mál snýst að sjálfsögðu um hugmyndafræði. Þetta snýst um hvernig viðkomandi stjórnmálaflokkar nálgast þessi réttindi. Um það er að sjálfsögðu bara pólitíkin. Fólk stendur frammi fyrir valkostum um hvernig það getur nálgast þessi mikilvægu réttindi sem trúverðugir aðilar í samfélaginu, svo sem Persónuvernd og Lögmannafélag Íslands, hafa einmitt sett fram fyrir nefndina en meiri hlutinn hefur ákveðið að hunsa.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Breiðbandið og leigulínugjaldskrá Landssímans, 722. mál, svar samgrh., þskj. 1511.

Löggæsla á íþróttamótum, 914. mál, svar dómsmrh., þskj. 1513.

Lögreglulög, 870. mál, nál. allshn., þskj. 1539.

Miðlun upplýsinga á flugvöllum, 717. mál, svar samgrh., þskj. 1449.

Tekjuskattur og eignarskattur, 750. mál, brtt. JóhS, þskj. 1541.

Umræður utan dagskrár.

Brot á samkeppnislögum.

[13:32]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að ítreka þá óánægju sem ég lýsti yfir í upphafi þings í dag að hæstv. viðskrh. skuli hafa valið að neita að gera opinbera þá niðurstöðu sem starfshópurinn sem um málið fjallaði komst að. Ég held að það hefði vissulega auðveldað alla umræðu á hinu háa Alþingi og gert hana málefnalegri og betri.

Forsaga málsins er sú að á sl. ári voru miklar umræður í samfélaginu vegna rannsóknar Samkeppnisstofnunar á meintu samráði olíufélaganna. Málið vakti athygli okkar allra á því hversu alvarleg og afdrifarík brot á samkeppnislögum geta verið. Þau beinast gegn almenningi og gríðarlega mikilvægt að um slík brot og rannsókn þeirra gildi skýrar og ótvíræðar reglur. Það er nauðsynlegt að Samkeppnisstofnun hafi þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að rannsaka slík brot og líka mikilvægt að rannsókn mála hjá samkeppnisyfirvöldum valdi því ekki að tafir geti orðið á rannsókn hjá lögreglu ef ástæða er til slíkrar rannsóknar.

Á síðasta ári komu upp nokkrir ágallar á því annars um margt góða regluverki sem við höfum búið við í þessum efnum. Upp komu deilur á milli Samkeppnisstofnunar og lögreglu um hlutverk og verkaskiptingu embættanna sem m.a. leiddu til hættu á að brot einstaklinga í málinu mundu fyrnast. Bitist var á um það hvenær lögregla ætti að koma að málinu og hvort það yrði aðeins gert með því að Samkeppnisstofnun tilkynnti málið formlega í þann farveg.

Í núgildandi samkeppnislögum er ekki ákvæði um tilkynningarskyldu Samkeppnisstofnunar til lögreglu en slíkt

ákvæði er t.d. að finna í lögum um fjármálafyrirtæki. Samkeppnisstofnun taldi málið hins vegar svo alvarlegt og sérstakt að rétt væri að vekja athygli á því vegna stærðar þess en embættin deildu svo um hvernig valdmörkum þeirra væri háttað. Deila Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra frá því í fyrra vekur vissulega upp þá kröfu að úr verði bætt með því að skýra lögin og taka af allan vafa í þessum efnum. Samf. lagði strax í upphafi síðasta haustþings fram tillögu til úrbóta en hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er 1. flm. að því máli. Þar er lagt til að farin verði svokölluð bresk leið þannig að Samkeppnisstofnun verði falið að rannsaka lögaðila og fyrirtæki en lögregluyfirvöld fari með rannsókn mála á hendur einstaklingum. Þetta er reyndar leið sem fleiri hafa bent á, m.a. Samkeppnisstofnun og í umsögnum um frv. hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar má sjá að sú leið nýtur víðtæks stuðnings.

Hæstv. ráðherra lýsti fyrir mörgum mánuðum miklum áhyggjum yfir því að þessi óvissa væri til staðar og leiddu þær til þess að hún skipaði umrædda nefnd sérfróðra manna til að fara ofan í málið. Nefndin skilaði af sér í upphafi ársins en þann 11. mars sl. svaraði hæstv. ráðherra fyrirspurn minni um málið þannig til að nefndin hefði skilað af sér en málið væri til umfjöllunar á milli hennar og hæstv. dómsmrh. Hún sagði í þeim umræðum, með leyfi forseta:

„Á meðan slík vinna fer fram er ekki eðlilegt að ég greini opinberlega frá stöðu mála. Ég geri mér að sjálfsögðu vonir um að niðurstaða náist sem leiði til þess að hér verði lagt fram á næstu dögum frv. til breytinga á samkeppnislögum."

Þetta var 11. mars sl. Nú eru liðnir tæpir tveir mánuðir síðan hæstv. ráðherra svaraði þessu til og þrír mánuðir síðan nefndin skilaði fullbúnu frv. Ekkert bólar þó á tillögum hæstv. ráðherra til úrbóta og enn er óvissan fyrir hendi um samskipti og valdmörk þessara stofnana í brotum á samkeppnislögum. Ástæðan er ágreiningur á milli hæstv. ráðherra og hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar um hvaða leiðir skuli fara. Skýrsla starfshópsins hefur síðan bæst í hóp leyniplagga ríkisstjórnarinnar og er það ekki til að bæta á vandræðagang málsins.

Virðulegur forseti. Þetta er algerlega óviðunandi ástand. Hæstv. ráðherra hefur þá ábyrgð að koma með tillögur til úrbóta í þessum efnum og hún verður að rísa undir þeirri ábyrgð. Það bólar ekkert á slíkum tillögum sem er algerlega óafsakanlegt og gildir einu hvort ástæðan sé pólitískur ágreiningur stjórnarflokkanna um það hversu sterk Samkeppnisstofnun eigi að vera, ráðaleysi eða einhver annar vandræðagangur. Eða er samkomulagið á stjórnarheimilinu kannski orðið svo slæmt að menn geti ekki einu sinni komið sér saman um einfaldar breytingar í svona efnum?

Virðulegi forseti. Ég vil í ljósi þess sem ég hef rakið spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga: Hvaða leið lagði starfshópur hæstv. viðskrh. til að farin yrði til að greiða úr óvissunni og hvað stendur í vegi fyrir að sú leið verði farin? Hvaða leið vill hæstv. ráðherra fara í þessum efnum? Telur hæstv. ráðherra koma til greina að fara svokallaða breska leið, þ.e. að brot lögaðila séu rannsökuð hjá Samkeppnisstofnun og brot einstaklinga hjá lögreglu? Hvaða vinna er í gangi núna vegna málsins hjá ríkisstjórninni og hvenær er að vænta tillagna sem verða lagðar fyrir Alþingi í þessum efnum?

[13:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og þingheimi er kunnugt um kom á sl. ári upp ágreiningur á milli samkeppnisyfirvalda annars vegar og lögregluyfirvalda og ákæruvalds hins vegar um það hvar og hvernig skyldi haga rannsókn á ætluðum brotum á samkeppnislögum. Í framhaldi af umræðum sem urðu um málið ákvað ég að láta kanna hvort þörf væri á að endurskoða ákvæði samkeppnislaga um verkaskiptingu rannsóknaraðila og ákvæði þeim tengdum. Ég skipaði því starfshóp í september sl. að höfðu samráði við dóms- og kirkjumrh. Í skipunarbréfi hópsins var tekið fram að einkum skyldi taka til skoðunar verkaskiptingu rannsóknaraðila og beitingu viðurlaga. Skyldi hópurinn í því sambandi yfirfara ákvæði laganna um refsingar með það að leiðarljósi að skerpa varnaðaráhrif þeirra. Teldi starfshópurinn að gefnu tilefni nauðsynlegt að gera breytingar á öðrum lögum í tengslum við samkeppnislögin var óskað eftir ábendingum þar að lútandi.

Hinn 2. febrúar sl. skilaði starfshópurinn mér drögum að frv. til breytinga á samkeppnislögum. Þau frumvarpsdrög voru lögð fyrir ríkisstjórn en ljóst er að frv. þessa efnis verður ekki lagt fyrir yfirstandandi þing. Frumvarpsdrög þau sem nefndin skilaði af sér eru til athugunar í ráðuneytinu en ekki er búið að taka ákvörðun um frekari framvindu málsins.

Við endurskoðun reglna um hvar og hvernig rannsókn á meintum samkeppnislagabrotum á að fara fram eru ýmis sjónarmið sem koma til skoðunar. Að mínu mati er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hérlendar samkeppnisréttarreglur eiga rætur sínar að rekja til aðildar okkar að EES-samningnum og þeim skuldbindingum sem af því leiddu. Löggjöfin hér á því evrópska fyrirmynd en ekki norræna eins og oft er um íslenskan rétt. Það eru því ekki jafngild rök fyrir því að mínu mati að líta til Norðurlandanna í þessu efni eins og í ýmsum öðrum málum. Líta verður til þróunar í Evrópu í heild og jafnvel til Bandaríkjanna, en eins og þingmönnum er kunnugt er þar mikil reynsla í beitingu samkeppnisréttar. Flest EES-ríki hafa aðlagað lög sín að meira eða minna leyti að Evrópuréttinum á þessu sviði. Þróunin hefur verið í þá átt að fela samkeppnisyfirvöldum að rannsaka meint samkeppnisbrot og leggja á stjórnvaldssektir.

Rökin fyrir tilhöguninni eru þau að hjá samkeppnisyfirvöldum er fyrir hendi sérhæfð þekking, bæði hagfræðileg og lögfræðileg, sem nauðsynleg er í þessum málum. Einnig hefur verið talið að heimild til að leggja á stjórnvaldssektir flýti fyrir því að málum sé lokið og auki þar með varnaðaráhrif samkeppnislaga. Ég tel þessi sjónarmið skynsamleg og að taka beri tillit til þeirra við þróun réttarins hér á landi.

Í þessu sambandi má nefna að sú sekt sem lögð var á Microsoft fyrir nokkrum vikum upp á tugi milljarða kr. var lögð á af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem hafði rannsakað brot fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu. Málið sýnir svo ekki verður um villst hversu mikil völd samkeppnisyfirvöld hafa á Evrópuvettvangi.

Þau frumvarpsdrög sem nefndin skilaði af sér gera ráð fyrir að rannsókn á meintum brotum fyrirtækja fari fram innan Samkeppnisstofnunar en að lögregla fari með mál er varða einstaklinga. Því hefur verið haldið fram að sú tilhögun standist ekki mannréttindasáttmála Evrópu. Ekki verður með neinu móti séð að slík tilhögun brjóti gegn sáttmálanum. Hann mælir einungis fyrir um réttinn til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot. Hann fjallar

hins vegar í engu um rannsókn mála á tveimur stöðum, enda er slíkt fyrirkomulag fyrir hendi víða, t.d. í Bretlandi og í Þýskalandi og hefur ekki verið fett fingur út í þá tilhögun.

Svo sem þingheim rekur minni til var rótin að þessum umræðum rannsókn Samkeppnisstofnunar á meintu ólögmætu samráði olíufélaga. Þeirri rannsókn miðar vel hjá Samkeppnisstofnun að því er ég best veit og einnig mun málið vera til rannsóknar hjá lögregluyfirvöldum þannig að ætluð lagaóvissa hefur ekki tafið framgang málsins. Það breytir hins vegar ekki því að þegar litið er til framtíðar er æskilegt að finna verkaskiptingu milli þessara aðila fastari farveg og er það mál eins og ég sagði áðan til skoðunar í ráðuneytinu.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram vegna umræðu um athugasemdir um störf þingsins fyrir hádegi sem í reynd varð um málið, að ég tel mjög ámælisvert að hæstv. ráðherra skuli halda fyrir þinginu skýrslu sem unnin hefur verið um málið. Það er hvimleiður sá siður að bera fyrir sig upplýsingalög í tilvikum af þessu tagi sem eru orðin að einhvers konar anti-upplýsingalögum, þ.e. snúast um rétt til þess að leyna upplýsingum en ekki skyldu til þess að reiða þær fram. Þingmenn hafa sjálfstæðan rétt til að krefja ráðherra svara og veita þeim aðhald. Sá réttur er einstaklingsbundinn. Hann er ekki hjarðréttur og skiptir ekki máli hvaða stærð þingflokka menn tilheyra í þeim efnum. Rétturinn er mjög helgur og ég held að ástæða sé til að forusta þingsins, þetta hef ég margsagt áður, herra forseti, taki það alvarlega hvernig þróunin hefur orðið á síðustu missirum að það gerist æ algengara að menn hreinlega hunsi þennan rétt þingmanna.

Varðandi efni málsins er ákaflega óheppilegt að ekki skuli liggja fyrir skýrar og ótvíræðar reglur um samskipti samkeppnisyfirvalda og lögreglu þegar mál sæta rannsókn. Í aðalatriðum ættu þær að geta verið einfaldar, að samkeppnisyfirvöld héldu áfram og lykju rannsókn á meintum samkeppnislagabrotum fyrirtækja eða lögaðila en lögregla taki við rannsókn sem snýr að meintu refsiverðu athæfi einstaklinganna eða ábyrgð einstaklinga á brotum. Það gengur ekki að færa rannsóknina yfir því samkeppnisyfirvöld verða að geta leitt slík mál til lykta á sínum forsendum og eftir atvikum beitt sektum ef svo ber undir.

Það er mikið áhyggjuefni að ekki skuli hafa tekist að höggva á þennan hnút. Það er áhyggjuefni að Samkeppnisstofnun er að drukkna í verkefnum og allt of mikill dráttur vill verða á því af þeim sökum að málum sé lokið. Síðast en ekki síst er mikið áhyggjuefni, herra forseti, að landið skuli sitja uppi með ríkisstjórn sem aftur og aftur reynist ófær að leysa úr málum af þessu tagi. Hvers konar sleifarlag er þetta að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki geta komið þessu frá sér á heilum vetri?

[13:45]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst af því sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra að þetta mál er í traustum farvegi. Málið er í skoðun og þingmenn eiga í sjálfu sér engan lögvarinn rétt til að fá til skoðunar frumvarpsdrög. (**Gripið fram í:** Skýrslu.) Kallað hefur verið eftir því að fá fyrir þingið hugmyndir um hvað menn hyggist fyrir í þessu máli.

Reyndin er sú, hæstv. forseti, að málið er í vinnslu. Um er að ræða ráðherraskipaða nefnd. Þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem hér skarast eru sammála um að vinna málið áfram og sammála um þær aðgerðir sem gripið var til í haust. Það er enn þá í þeim farvegi.

Menn auðvitað gert athugasemdir við að málið skuli ekki hafa hraðari framgang en raun ber vitni. Ég get í sjálfu sér tekið undir það með hv. þingmönnum að mál þetta þarf að sjálfsögðu að útkljá. En þá skiptir mestu máli að þeir sem með málaflokkinn fara séu sammála um að hraða þeirri meðferð og að málið fái faglega skoðun.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í efnislega umræðu um hvernig þessum málum væri best fyrir komið enda er það atriði ekki sérstaklega til umfjöllunar. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur þáltill. nokkurra þingmanna Framsfl. um að skipuð verði sérstök nefnd af dómsmrh. sem fái það hlutverk að rannsaka sérstaklega samspil stjórnsýsluviðurlaga og refsiviðurlaga í íslensku réttarkerfi. Það er mál sem snertir m.a. það mál sem var tilefni þessarar umræðu í upphafi. Í sjálfu sér væri ágætt að færa málið í þann farveg ef það ætlar að dragast mikið lengur.

[13:47]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda, Bryndísi Hlöðversdóttur, fyrir að færa þetta mál í tal á þinginu. Það veitir ekki af að veita stjórnvöldum aðhald í þessum málaflokki. Það er greinilegt að stjórnarflokkarnir hafa hvorki áhuga né getu, vegna innbyrðis ágreinings, til að koma þessum málum á hreint og taka á brotum á samkeppnislöggjöfinni. Það hefur ítrekað komið fram.

Ég ætla einnig að nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru allmiklu skýrari en ég átti von á. Fyrr í vikunni spurði ég hæstv. ráðherra út í samkeppnismál á fjarskiptamarkaði og fékk þá ýmist engin svör við þeim spurningum sem ég bar upp eða svör við einhverju sem ég spurði alls ekki um. Þetta er því ákveðin framför og það ber að þakka.

Ég ítreka að það eru brotalamir í þessum málaflokki og dæmi eru um mál sem hefur tekið allt að sjö ár að rannsaka. Það verður að koma þessum málum í betri farveg. Ég vil ítreka að það er á ábyrgð ráðherra. Hún ber ábyrgð á þessum málaflokki. Allt of oft hefur maður heyrt hæstv. ráðherra svara með þeim hætti að hún vilji ekki segja sjálfstæðri stofnun fyrir verkum. Hún ber hins vegar ábyrgð á þessum málaflokki og henni ber að fylgja málum eftir.

Ég vil minna á að það er góðæri í landinu og hjá ríkissjóði. Það hefur komið fram á hinu háa Alþingi að hlutur hins opinbera hefur sífellt farið vaxandi í stjórnartíð Davíðs Oddssonar. Það skýtur því óneitanlega skökku við að ekki séu til fjármunir til að reka Samkeppnisstofnun svo vel sé. Alvarlegur grunur um samráð olíufélaganna snertir hag almennings í landinu. Því er mikilvægt að yfirvöld hafi burði og metnað til að mæta málinu af þeim þunga sem landsmenn krefjast.

[13:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Eftir harðvítugar deilur síðasta sumar milli tveggja lykilstofnana í þjóðfélaginu, Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra, lagði Samfylking fram fullunnið þingmál strax í haust sem hafði að markmiði að eyða þeirri réttaróvissu sem hafði skapast. Þá sögðust ríkisstjórnarflokkarnir vera að vinna að slíku máli en ekkert gerðist og mánuðirnir liðu.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vakti máls á þessu ástandi fyrir hartnær tveimur mánuðum. Svör hæstv. viðskrh. voru að málið væri í vinnslu enda hefði umræddur starfshópur skilað af sér. Hæstv. viðskrh. orðaði það þannig þá að hún vonaðist til að hægt væri að skila af sér frv. til breytinga á samkeppnislögum á næstu dögum. Hún sagðist hlakka til að kynna málið fyrir þingheimi. En svo liðu tveir mánuðir og ekkert gerðist. Nú á dögunum þegar aftur var vakið máls á þessu ástandi fáum við bréf frá hæstv. viðskrh. um að hún vilji einfaldlega ekki láta þingmenn fá lykilgögn um málið.

Það er ekki bjóðandi að ráðherra haldi eftir mikilvægum skýrslum og gögnum frá umræðunni. Þó erum við og þjóðin öllu vön í þessum efnum hjá ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin bregst einfaldlega skyldum sínum með því að bregðast ekki við því óvissuástandi sem nú ríkir varðandi valdmörk Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra. Nú mun annað sumar líða með þau mál í óvissu.

Á sama tíma og þessar deilur geisa milli hæstv. viðskrh. og hæstv. dómsmrh. hlýtur það að teljast neyðarlegt fyrir hæstv. viðskrh. að samflokksmaður hennar, hv. þm. Jónína Bjartmarz, leggur fram þáltill. um að dómsmrh. skuli sjá um könnun á valdmörkum stofnana viðskrh. annars vegar og stofnana dómsmrh. hins vegar.

[13:51]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Framsfl. hefur lagt áherslu á að styrkja beri löggjöf á sviði samkeppnismála og viðskiptahátta. Eftirlitsstofnanir þurfa sjálfstæði og fjárhagslegt bolmagn til að sinna lögbundnum störfum. Mikilvægt er því að stjórnsýslan endurspegli atvinnulífið þannig að störfum þess verði mætt með skilvirkum hætti.

Mikilvægt er að styrkja Samkeppnisstofnun, ekki síst í ljósi þess að aukin fákeppni er á ýmsum sviðum. Fákeppni kallar á aukna neytendavernd og hert eftirlit með þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga. Sem dæmi má nefna að eitt fyrirtæki er með um 49% markaðshlutdeild á matvörumarkaði, tvö fyrirtæki á byggingarmarkaði og tvö til þrjú í flutningum.

Vilji Framsfl. er að efla Samkeppnistofnun og hefur það komið skýrt fram í umræðum undanfarna daga. Ég er ánægð með þá niðurstöðu sem hæstv. viðskrh. skýrði frá áðan, að samkeppnisyfirvöld rannsaki meint brot fyrirtækja en lögreglan rannsaki einstaklinga.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil ræða frekar þann atburð að hæstv. ráðherra neitar að afhenda Alþingi skýrslu stjórnskipaðrar nefndar. Að vísu talaði hv. þm. Bjarni Benediktsson um ráðherraskipaða nefnd en ég geri ráð fyrir að þar sé á ferðinni það sem venjulega er kallað stjórnskipuð nefnd, þ.e. nefnd skipuð af ráðherra með erindisbréfi sem fær greitt samkvæmt ákvörðunum þóknunarnefndar o.s.frv. Sé þetta svo þá held ég að það sé algert nýmæli að Alþingi sé neitað um niðurstöðu skýrslu stjórnskipaðrar nefndar. Menn hafa haft uppi tilburði til að telja að þeir geti legið á minnisblöðum og vinnuplöggum en ef um það er að ræða að sett sé á laggirnar nefnd með formlegu erindisbréfi, hún ljúki störfum og skili skýrslu, þá minnist ég þess ekki fyrr að Alþingi hafi verið neitað um slíkt plagg. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri það. Er það svo að þetta sé skýrsla eða álit stjórnskipaðrar nefndar eða vinnuhóps?

Auðvitað ætti Alþingi að taka þetta mál af ríkisstjórninni. Það er augljóst mál. Því miður virðist metnaður meiri hluta ans á þingi ekki vera meiri en svo, samanber ræðu formanns allshn. áðan, að það er hlaupið í vörn fyrir þetta sleifarlag ríkisstjórnar. Menn áttu auðvitað að taka upp þykkjuna og segja: Þetta gengur ekki. Þingið tekur málið af ríkisstjórninni og klárar það úr því að hún er ófær um að leysa það vegna innri ágreinings.

Auk þessa gæti hæstv. viðskrh. valið þá leið sem áður hefur verið farin, að flytja málið sjálf. Þá yrði það hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust., sem flytti málið. Það hafa ráðherrar gert áður. Þeir hafa ekki látið andstöðu annarra stoppa það að þeir hrintu fram brýnum málum af þessu tagi sem tvímælalaust heyra undir starfssvið þeirra. Viðskrh. gæti t.d. gengið frá tilkynningarskyldu Samkeppnisstofnunar til lögregluyfirvalda og mælt fyrir um það með hvaða hætti Samkeppnisstofnun, af sinni hálfu, tryggi eðlilegt samráð við lögregluna þannig að mál geti gengið fram.

[13:54]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla að sýna hv. málshefjanda meiri virðingu en síðasti ræðumaður og reyna að ræða málið efnislega í stað þess að hristast og skjálfa yfir formalisma sem kemur efni málsins ekkert við. Við erum að ræða um valdmörk ríkislögreglustjóra og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á brotum. Ég verð að segja að ég lít þannig á að þau valdmörk séu tiltölulega skýr. Ég tek ekki undir það að einhver réttaróvissa sé á þessu sviði þótt upp hafi komið eitt mál þar sem minni háttar ágreiningur var.

Við vitum það að lögreglan fer með refsivörslu í landinu, ákæru- og refsivald gagnvart einstaklingunum, en Samkeppnisstofnun fer með annars konar vald. Hún fer ekki með ákæruvald og á ekki að gera, þaðan af síður refsivald. Hér er eftirlitsstofnun sem fylgist með framkvæmd samkeppnislaga.

Það kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að ekki væri um tilkynningarskyldu Samkeppnisstofnunar samkvæmt lögum að tefla. En það má kannski segja að almennt sé sú regla í gildi þrátt fyrir að hún sé ekki lögfest. Má ekki halda því fram að það sé borgaraleg skylda manna, hvort sem þeir eru starfsmenn Samkeppnisstofnunar eða ekki, að gera yfirvöldum viðvart ef grunur leikur á um brotastarfsemi?

Ég er þeirrar skoðunar, varðandi valdheimildir Samkeppnisstofnunar, að varast beri að veita þeim of rúmar heimildir. Við þurfum ekki að hafa tvær lögreglur í þessu landi. Samkeppnisstofnun fer ekki með ákæruvald eða refsivald, hvað þá dómsvald, og á ekki að gera það. Ég segi hins vegar að sú staða getur komið upp að rannsókn mála fari fram á tveimur stöðum. Það kann að vera varhugavert vegna þess að þrátt fyrir að rannsókn samkeppnisyfirvalda beinist að lögaðilum en lögreglunnar að einstaklingum þá er þetta einn og sami hluturinn. Þetta eru atriði sem þarf að taka til athugunar, herra forseti.

[13:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Deilurnar sem uppi eru í þessu máli koma ekki bara hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskrh. við heldur allri þjóðinni. Almannahagsmunir eru í húfi og mikilvægt að höggvið verði á þann hnút sem verið hefur milli ráðherranna allt frá síðasta sumri.

Ég spyr: Gerir hæstv. viðskrh. sér grein fyrir ábyrgð sinni ef þeir aðilar sem staðið hafa að einu stærsta samsæri Íslandssögunnar gegn neytendum verða fundnir sekir en sleppa

mögulega við refsingu vegna þess að hæstv. ráðherrar geta ekki útkljáð deilur sínar? Það væru alvarleg embættisafglöp sem ráðherrar verða að axla ábyrgð á og jafnframt alvarlegt að láta sumarið líða og hafa uppi réttaróvissu um þessi valdmörk milli Samkeppnisstofnunar og lögreglu.

Það ætti að styrkja hæstv. ráðherra að sjálf réttarfarsnefnd, sem hæstv. dómsmrh. skipar og er dómsmrh. til ráðgjafar um málefni á sviði réttarfars, er í meginatriðum sammála þeirri leið sem Samkeppnisstofnun vill fara og ráðherra einnig. Það kemur fram í umsögn réttarfarsnefndar sem nú liggur fyrir um þingmál okkar samfylkingarmanna um sama efni. Það liggur fyrir, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur stuðning meiri hluta Alþingis, Samkeppnisstofnunar, sjálfrar ráðgjafarnefndar hæstv. dómsmrh., réttarfarsnefndar, við þá leið sem hæstv. ráðherra vill sjálf fara.

Maður spyr því, og það stendur auðvitað upp úr, herra forseti: Hversu langt ætla framsóknarmenn að ganga í þjónkun sinni við íhaldið? Það er ekki hægt, herra forseti, að skilja við þingið án þess að þetta frv. nái fram að ganga, sem allir áðurnefndir aðilar vilja styðja, og hæstv. ráðherra knékrjúpi með þessum hætti fyrir hæstv. dómsmrh. og íhaldinu, enda eru ráðherrastólar í húfi í haust.

[13:59]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Við höfum komið á því fyrirkomulagi innan stjórnsýslunnar að með samkeppnismálin, þ.e. eftirlit með brotum á lögunum og rannsókn á ætluðum brotum, fari ákveðin sjálfstæð stofnun, þ.e. Samkeppnisstofnun. Með þessu fyrirkomulagi var og er ætlun þingsins að tryggja nauðsynlega sérhæfingu, hagkvæmni og skilvirkni á þessu sviði, með það að meginmarkmiði að efla virka samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur vöru og þjónustu.

Til að ná því markmiði er óumdeilt að tvennt þarf að koma til sem Alþingi ber líka ábyrgð á. Annars vegar að stofnunin hafi nauðsynlega burði, faglega og fjárhagslega, til að sinna þessu mikilvæga verkefni sem henni er falið og hins vegar að við tryggjum stofnuninni starfshæfa löggjöf. Samkeppnisstofnun er sannanlega hluti af refsivörslukerfinu. Ég hef bent á og fært fyrir því rök að viðurlagakafla samkeppnislaganna sé áfátt og hann þarfnist breytinga. Það var von mín eins og margra annarra að á yfirstandandi þingi kæmi fram frv. sem þjónaði m.a. þeim tilgangi að styrkja starfsemi Samkeppnisstofnunar og gera henni betur kleift en áður að sinna því mikilvæga hlutverki sem henni er falið.

Varðandi orð hv. þingmanna Bjarna Benediktssonar og Ágústs Ólafs Ágústssonar er ljóst að þáltill. sem þeir nefndu tekur ekki á þessu. Hún tekur enga afstöðu til þess hvar valdmörkin séu milli þessara stofnana. Efni hennar gengur fyrst og fremst út á að gerð verði almenn úttekt í samfélaginu þegar svo háttar að ekki er alveg ljóst hvar valdmörkin liggja þegar annars vegar sjálfstæðri eftirlitsstofnun og hins vegar lögreglu eru falin tiltekin verkefni. Þetta vil ég, herra forseti, árétta sérstaklega í þessu samhengi.

[14:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson komst að kjarna málsins í ræðu sinni. Hann sagði eitthvað á þá leið að varast skuli að veita Samkeppnisstofnun rúmar heimildir. Um það snýst málið, virðulegur forseti. Það er einmitt þetta sem hæstv. dómsmrh. er væntanlega að standa vörð um, þ.e. að Samkeppnisstofnun verði ekki of sterk í samfélaginu.

Nefndin sem hæstv. ráðherra skipaði vill fara sömu leið og við í Samfylkingunni höfum lagt fram í frv. okkar (Gripið fram í.) í megindráttum. Hæstv. ráðherra vill fara þá leið sem þar er lögð fram. Samkeppnisstofnun vill fara þá leið sem þar er lögð fram. Réttarfarsnefnd vill fara þá leið sem þar er lögð fram. Ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti: Hvað er til fyrirstöðu? Það er hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason sem ekki vill styrkja Samkeppnisstofnun um of, eða hvað? Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Getur hæstv. dómsmrh. staðið í vegi fyrir sjálfsögðum réttarfarsumbótum endalaust mánuðum saman bara vegna þess að honum sýnist svo. Og hvar ætlar hann að leita þeirrar sérfræðiráðgjafar sem hann ætlar að fá til að styðja niðurstöðu sína? Hjá réttarfarsnefnd?

Virðulegur forseti. Að lokum vil ég segja að mér sýnist því miður að þessi umræða öll og það sem hér hefur komið fram sé hinn ömurlegasti vitnisburður fyrst og síðast um þá horrim sem samstarf þessara ágætu stjórnarflokka hangir á. Það er sorglegt og það er vont ef það bitnar á málum eins og þessu sem ætti þó ekki að vera ástæða til neins grundvallarágreinings á milli þessara tveggja flokka. En það þarf ekki meira til, virðulegur forseti.

[14:03]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. En ég vil halda því fram að ekki ríki neitt ófremdarástand (Gripið fram í.) hvað varðar málefnið sem við ræðum hér því eins og ég lét koma fram í máli mínu eru samkeppnisyfirvöld að rannsaka meint samráð olíufélaganna hvað varðar fyrirtækin og eftir því sem ég best veit er lögreglan einnig að rannsaka málið hvað varðar einstaklingana.

En af því að hv. þingmenn tala um skýrslu vil ég ítreka einu sinni enn að ekki er um skýrslu að ræða (**Gripið fram í:** Heldur hvað?) heldur drög að frv. (Gripið fram í.) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem einnig hefur setið í ríkisstjórn veit ákaflega vel að í sambandi við pólitíska stefnumörkun verður ríkisstjórn að hafa ákveðið svigrúm til að ná niðurstöðu. Hv. þingmenn tala hér eins og einhver sérstök lög gildi um þingmenn hvað þetta varðar. (Gripið fram í.) Það vill svo til að upplýsingalög gilda líka um þingmenn (**SJS:** Nei, nei.) og jafnvel um hjarðir eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon orðaði það þegar hann talaði um Samfylkinguna. Þó um sé að ræða 20 manna hjörð þá gilda ekki um hana sérstök lög. Það vill svo til.

Hæstv. forseti. Ég ítreka bara að þetta mál verður áfram til umfjöllunar. En það ríkir ekkert ófremdarástand í þjóðfélaginu. Ég vil þó að þarna verði skýrt hvar mörkin liggja á milli þessara mikilvægu stofnana í samfélagi okkar þannig að allir viti hvað er hvurs. Af því að ég reikna nú með því að þessi ríkisstjórn haldi velli tel ég að þegar á haustdögum getum við átt von á frv. á hv. Alþingi sem ég trúi að verði vel tekið því að ég geri ekki lítið úr þeim mikla áhuga sem ríkir á Alþingi í sambandi við samkeppnismál og stuðningur er mikill við Samkeppnisstofnun. (**BH:** Þá verður líka búið að skipta um mann í brúnni.)

Útlendingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 749. mál (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). — Þskj. 1120, nál. 1516 og 1534, brtt. 1203, 1517 og 1535.

[14:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við tökum aftur til við að ræða nefndarálitin vegna breytinga á lögum um útlendinga, nr. 96 frá 15. maí 2002. Ævinlega þegar við komum að þessu máli, herra forseti, hugleiði ég hversu stutt er síðan við lögleiddum þá löggjöf sem hér er verið að breyta og sem við nú keyrum eftir.

Auðvitað hafa verið ýmsir erfiðleikar samfara þessari löggjöf. Við munum vel hversu erfiðlega gekk að ná sáttum um hana á sínum tíma þegar hún fór í gegnum Alþingi hið fyrsta sinni. Í ljós hafa verið að koma ákveðnir gallar á henni sem stjórnarandstaðan taldi sig sjá svo sem við fyrstu yfirferð þeirra mála. Upphaflega frv. var gagnrýnt mjög af stjórnarandstöðunni og mikil vinna var lögð í að reyna að færa þar hluti til betri vegar. Ýmislegt var fært til betri vegar og ýmsu var hent út.

Svo gerist það núna tveimur árum síðar að hæstv. dómsmrh. leggur fram frv. sem í grundvallaratriðum snýr að útlendingum sem koma frá EES-svæðinu eftir að það hefur verið stækkað. Nú er eðlilegt að við innrömmum það og ekki hefur verið neinn ágreiningur í allshn. um að þá breytingu þurfi að gera á lögunum þannig að það sé alveg ljóst. Um það ríkir fullkomin sátt. Þær breytingar þurfa að fara í gegn og í raun þyrfti að samþykkja þær hér í dag. Það gengur reyndar ekki upp vegna þess að hæstv. dómsmrh. vildi með þeim breytingum setja svo margar aðrar breytingar inn í frv., jafnvel breytingar sem hafnað var á sínum tíma fyrir tveimur árum þegar löggjöfin var upphaflega samþykkt. Ég tel því að seinagangurinn í því máli sem við erum að afgreiða hér, þ.e. EES-þætti þessa máls, orsakist af því að hæstv. dómsmrh. vildi setja mjög svo umdeild ákvæði inn í frv. og þar strandar afgreiðsla málsins, þannig að menn séu alveg með það á hreinu ef einhverjum eða einhverju á að kenna um þetta.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur farið mjög skörulega í gegnum nefndarálit minni hlutans. Sú sem hér stendur á einungis áheyrnaraðild að allshn. Ég hef þó setið flesta fundi þar sem farið var yfir málið og er samþykk nefndaráliti minni hlutans. Eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. sem talað hafa í málinu hefur verið mikill ágreiningur um ákveðna þætti þessa máls. Fólk hefur talað um að í því sé fjandsamlegur tónn gagnvart útlendingum og að ríkt hafi ákveðinn þjösnaskapur við að koma þeim breytingum í gegn sem hér eru lagðar til. Talað er um að ásetningur frv. sé óljós og það sé kannski illa samið.

Ég get tekið undir það að ásetningurinn er óljós. Þar af leiðandi hafa komið upp atriði í umfjölluninni í nefndinni sem flokka má undir misskilning. Hv. stjórnarliðar hafa gert mikið úr því að hér sé einungis um misskilning minni hlutans að ræða, misskilning þeirra sem gert hafa athugasemdir við frv., ranghugmyndir fólks og guð veit hvað. En ég vil meina, virðulegi forseti, að misskilningurinn komi upp vegna þess að ásetningurinn er óljós. Jafnvel þó svo að meiri hlutinn hafi nú gefið frá sér nefndarálit og hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., hafi skýrt ýmsa hluti sem hafa verið til umfjöllunar í nefndinni og fylgt úr hlaði í nefndaráliti þá tel ég samt sem áður að ásetningur stjórnvalda með þessum breytingum sé enn óljós.

Ég gagnrýni og tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á frv. að við samningu þess var áberandi skortur á samráði við samtök útlendinga. Það er sárgrætilegt að stjórnvöld skuli ævinlega brenna sig á þessu aftur og aftur við samningu frumvarpa sem vitað er fyrir fram að fjalla um viðkvæm mál og kemur til með að verða mikill ágreiningur um. Þá er önugt til þess að vita að stjórnvöld skuli ekki leggja sig betur eftir því en raun ber vitni að eiga samstarf við fólk sem þarf að starfa eftir lögunum eða lögin með einhverjum líkindum þurfa að bitna á. Ég gagnrýni því harðlega, virðulegi forseti, að þegar samið er frv. um útlendinga skuli ekki vera nein aðkoma að gerð eða samningu þess frv. úr röðum útlendinga eða samtaka þeirra. Ég tel hægt að slétta út mikinn misskilning eða ágreining og hægt að ná niðurstöðu um mál ef menn ættu einungis samráð við rétta aðila þegar verið er að semja viðkomandi frumvörp.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að dönsku útlendingalögin eru að mörgu leyti fyrirmynd ákveðinna greina í frv. Það hefur líka komið fram — þar eigum við við 24 ára regluna svokölluðu — að Danmörk er eina ríkið sem við vitum að hefur samþykkt jafntakmarkandi reglu og þar er á ferðinni.

Í umfjöllun nefndarinnar þegar við vorum að lesa dönsku lögin sem reyndar voru einungis aðgengileg fyrir okkur í enskri þýðingu kom þó í ljós að jafnvel dönsku lögin hvað þetta áhrærir voru kurteislegar orðuð en frumvarpsgreinin sem við höfðum til umfjöllunar og það vill segja að dönsk stjórnvöld sem hafa það að yfirlýstu markmiði að fækka útlendingum sem koma til landsins ganga jafnvel ekki eins langt og hæstv. dómsmrh. í frv. því sem hér er til umfjöllunar. Ef menn eru að tala um að dönsk yfirvöld séu fjandsamleg í garð útlendinga þá er afar neikvætt að þurfa að viðurkenna að íslensk stjórnvöld taka sér þau til fyrirmyndar og ganga jafnvel lengra í tóni eða orðavali eins og við nefndarmenn í allshn. komumst að raun um þegar málið var til umfjöllunar.

Ljóst er að valdheimildir Útlendingastofnunar eru opnar og þær eru óskýrar og það er algerlega óviðunandi að setja löggjöf í gegnum þingið þar sem valdheimildir opinberra aðila eru óskýrar. Hluti af þeim misskilningi sem hefur risið upp og hluti af þeirri kannski miklu neikvæðni sem frv. hefur mátt þola í umfjölluninni er til kominn vegna þess að stjórnvöld og höfundar frv. hafa ekki kært sig um að gera þessar valdheimildir nægilega skýrar og afdráttarlausar. Þetta á t.d. við um mál eins og húsrannsóknir, þ.e. hvort dómsúrskurður eigi að ráða í þeim efnum eða ekki. Það er búið að taka af tvímæli á mörgum stöðum í nefndaráliti meiri hlutans hvað þetta varðar, en upphaflega eru valdheimildirnar óskýrar og ásetningurinn óljós og ég tel ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum. Að mínu mati er ekki búið að leiðrétta þessa hluti nægilega vel til þess að vel megi við una.

Eitt af því sem kom fram við 1. umr. þessa máls var að hv. þm. Atli Gíslason, varamaður minn á þingi í nokkrar vikur, hafði lagt fram á hinu háa Alþingi frv. til laga um breytingu á þessum sömu lögum. Þau er að finna á þingskjali 1068. Málið er númer 719. Frumvarp hv. þm., sem hann flutti ásamt öðrum hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, gekk út á ákveðna þætti sem hefðu þurft að koma til umfjöllunar við meðferð þessa máls. En að hluta til vegna tímapressu sem á þessu hvíldi varð lítið sem ekkert um þessar hugmyndir hv. þm. fjallað í nefndinni. Nú langar mig að nota

tækifærið við 2. umr. og gera á nokkuð greinargóðan hátt grein fyrir þessum hugmyndum. Þeirra er getið nefndaráliti minni hlutans og í máli hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar sem fylgdi því úr hlaði kom fram að þær fylgdu hér með. Þessum hugmyndum hv. þm. Atla Gíslasonar hefur verið dreift. Þeim var dreift við 1. umr. málsins á þingskjali 1203. Þær fylgja sem sagt þessu máli og eru formlega breytingartillögur við frv. hæstv. dómsmrh. og ég fylgi þeim nú úr hlaði með þessari ræðu minni.

Breytingartillögurnar eru í tveimur liðum og þær varða 1. mgr. 11. gr. laganna um útlendinga en þar er gert ráð fyrir að við bætist nýir stafliðir sem gera ráð fyrir því að 13. gr. eða merking hennar breytist því í 13. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild til að veita aðstandendum útlendings sem stundar vinnu á Íslandi dvalarleyfi. Aðstandendur í skilningi ákvæðisins eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Lögin áskilja að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Þegar niðji útlendings nær 18 ára aldri verður hann hins vegar að uppfylla sjálfur skilyrði um að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt til að fá dvalarleyfi en ella flytja af landi brott. Ungmennið verður með öðrum orðum að stunda vinnu og sýna fram á það með bankainneignum að 12 mánaða framfærsla sé tryggð til að fá dvalarleyfi. Fæst þeirra ungmenna sem um ræðir eða framfærendur þeirra hafa slík fjárráð og séu ungmenni í skóla liggur ekkert annað fyrir þeim en að hætta skólagöngu og jafnvel að flytja af landi brott frá nánustu aðstandendum sínum. Það hljóta því allir að sjá, virðulegur forseti, að slíkum aðstandendum sem ná 18 ára aldri er mismunað að okkar mati með algerlega óboðlegum hætti og því eru þessar breytingar lagðar til.

Önnur tillagan sem hér um ræðir varðar blett á löggjöfinni en það má segja að hann sé mjög lítt sveigjanleg afstaða hennar til þess hvernig sýna má fram á að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Það gildir bæði um niðja sem aðra aðstandendur útlendings sem fengið hefur dvalarleyfi eða atvinnuleyfi hér á landi. Dæmi eru um það að útlendingar hafi veigrað sér við að leita félagslegrar aðstoðar og upplýsinga þótt þeir hafi verið í brýnni þörf og jafnvel talið að með því að móttaka húsaleigubætur eða fleiri opinberar greiðslur ættu þeir á hættu að þeim yrði vísað úr landi. Eðli málsins samkvæmt ætti staðfest yfirlýsing útlendingsins, foreldris eða framfæranda að nægja gagnvart niðjum og öðrum nánum aðstandendum í skilningi 13. gr. laganna og jafnsjálfsagt er að lögin heimili það þegar sérstaklega stendur á að framfærslan sé tryggð með félagslegri aðstoð eða með öðrum fullnægjandi hætti. Á þskj. 1203 er lögð til breyting sem um getur í e-lið og er undir 1. tölul. breytingartillagnanna.

Þá er breytingartillögunum líka ætlað að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, og þá er fyrst og fremst átt við konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenska ríkisborgara.

Virðulegi forseti. Það eru allt of mörg dæmi þess að konur sem svo háttar um hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þessum konum allar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera konunum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má segja að konunum sé þannig haldið í nokkurs konar gíslingu. Margar þeirra hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands e.t.v. brennt brýr að baki sér, hver veit? Þessar aðstæður eru í öllu falli óviðunandi og ómannúðlegar í þeim tilvikum þegar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendu bergi brotnar en þær eru 3,75% af konum búsettum í landinu svo allir sjá að um hátt hlutfall er að ræða.

Virðulegur forseti. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en þær sem leita hennar. Konur leita kannski ekki aðstoðar vegna vanþekkingar um réttarstöðu sína og af ótta við að þeim verði vísað úr landi sem löggjöfin í sjálfu sér heimilar. Það er eðlilegt að okkar mati að þessum konum sé veitt ákveðin lagaleg vernd og fái dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi hér á landi og að tryggja megi framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögunum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Greina má frá því hér að þegar hv. þm. Atli Gíslason samdi frv. sem þessar breytingartilögur eru í raun og veru reistar á leitaði hann ráðgjafar og upplýsinga hjá Alþjóðahúsi. Lögfræðingur þess, Katla Þorsteinsdóttir, sem kom reyndar á fund nefndarinnar við umfjöllun um þessi mál, staðfesti allt það sem fram kemur í greinargerð með frv. hv. þm. Atla Gíslasonar. Sömuleiðis staðfestir þau sjónarmið bréf sem fylgir frv. sem fylgiskjal, sem fjallar um skuggahliðar nútímafólksflutninga og er frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu. Ég tel því að þær breytingartillögur sem eru á þskj. 1203 séu afar mikilvægar fyrir velferð útlendinga í landinu og fyrir réttindi þeirra þannig að það sé eðlilegt að þær séu fluttar í þessari kippu þegar verið er að fjalla um slík málefni útlendinga á annað borð.

Virðulegur forseti. Eitt er það sem fengið hefur talsvert mikla umfjöllun í umræðunni en það er hin svo kallaða 24 ára regla og það sem lýtur að hugsanlegum eða meintum nauðungarhjónaböndum og sömuleiðis hefur alþjóðleg glæpastarfsemi eins og mansal borið á góma. Það er alveg ljóst að við sem skipum minni hlutann í allshn. erum tilbúin til að gera allt sem í okkar valdi stendur til að berjast gegn skipulegri alþjóðlegri glæpastarfsemi. Það sannast auðvitað á þeim þingmálum sem flutt hafa verið af hálfu stjórnarandstöðunnar á yfirstandandi þingi að við berum hag fórnarlamba slíkra glæpamanna sannarlega fyrir brjósti og það er óhætt að vísa frá harkalega öllum ásökunum um annað. Það er hins vegar alveg ljóst að við sem stöndum að áliti minni hlutans teljum þær aðferðir sem meiri hlutinn leggur til að verði beitt, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson lýsti þegar hann flutti ræðu sína áðan, séu ekki vænlegar til árangurs, þær séu ekki réttar aðferðir, þær tryggi ekki það sem meiri hlutinn telur að þeim sé ætlað að tryggja. Við styðjum okkar mál rökum samtaka útlendinganna og ég get nefnt umsagnir sem nefndinni hafa borist, t.d. athugasemdir frá Rauða krossi Íslands sem sendi okkur mjög gagnorða umsögn. Sérstaklega má kannski tala um umsögnina sem lýtur að 4. gr. frv., en 4. gr. er ætlað að rýmka þann tíma sem yfirvöld hafa til þess að hefja rannsókn svo þau geti beitt ákvæðum laganna um frávísun. Það er kannski atriði sem ekki hefur verið fjallað mikið um í umræðunni nú þegar en það er ákvæði sem Rauði krossinn hefur miklar áhyggjur af því hann segir að almennt séð verði að telja það mjög baga-

legt að rannsókn mála dragist og hugsanlegt sé að ákvæðið leiði til þess að rannsókn hefjist síðar en ella. Segir, með leyfi forseta, í athugasemdum Rauða kross Íslands við frv.:

„Þrátt fyrir þetta ákvæði er engu að síður til staðar heimild til þess að brottvísa útlendingi í ólöglegri dvöl, sbr. 5. gr. frv., en sú heimild var ekki fyrir hendi."

Breytingin tengist 5. gr. frv. um heimild til brottvísunar útlendinga í ólöglegri dvöl og segir Rauði krossinn að hún kunni sérstaklega að bitna á hælisleitendum sem nær undantekningarlaust dveljast ólöglega í því landi sem þeir koma til og sækja um hæli í. Og það er alveg ljóst í umsögn Rauða krossins að hælisleitendur og réttindi þeirra eru ekki tryggð með því frv. sem hér um ræðir og þeim greinum sem geta lotið að réttindum hælisleitanda. Sama má segja um umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hún er mjög alvarleg, og af því að ég vék hér að skipulegri glæpastarfsemi finnst mér nauðsynlegt að vitna til umsagnar mannréttindaskrifstofunnar sem gerir mjög alvarlegar athugasemdir við margar greinar frv. en ekki hvað síst við 16. gr. sem varðar breytingu á 56. gr. laganna. Mannréttindaskrifstofa Íslands gerir athugasemdir við þau ákvæði sem varða málamyndahjónaböndin og vekur athygli okkar á því að í 31. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna sem kveður m.a. á um það að flóttamenn sem koma eða dvelja ólöglega í landinu skuli ekki sæta refsingu af því tilefni. Þá verði að skoða Palermo-samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi. Þekkt eru þau tilvik þar sem einstaklingar með falsað vegabréf, skilríki eða vegabréfsáritun eru í raun fórnarlömb skipulagðrar alþjóðlegrar glæpastarfsemi eða verslunar með fólk. Í slíkum tilfellum, segir Mannréttindaskrifstofa Íslands, sé einkum um að ræða konur og börn sem annaðhvort er rænt frá heimaslóðum sínum eða þau blekkt með loforðum um betra líf í öðru landi. Aðstæður fólks á upprunaslóðum eru þá iðulega svo ömurlegar og örbirgðin svo mikil, segir í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands, að fólk kemur sér sjálfviljugt á milli landa með aðstoð þeirra sem fyrir mansalinu standa í þeirri von að treysta megi þeim samningum eða fyrirheitum sem gefin voru. Það skýtur því skökku við að refsa fórnarlömbum slíkrar alþjóðlegrar glæpastarfsemi fyrir þjáningar sínar og enn erfiðara gæti orðið að upplýsa þau alvarlegu brot sem lúta að verslun með fólk ef þolendur eiga von á allt að tveggja ára fangelsi fyrir það sem kallað eru brot.

Svo halda mannréttindasamtökin áfram að vekja athygli okkar á því að Palermo-samningurinn gerir ráð fyrir að fórnarlömb slíkrar alþjóðlegar glæpastarfsemi njóti verndar og aðstoðar. Í því sambandi langar mig til að minna á mál sem liggur fyrir þinginu og við flytjum saman, hv. þm. Hlynur Hallsson, Þuríður Backman og ég, og fjallar einmitt um fórnarlamba- og vitnavernd og byggir á þeim ákvæðum Palermo-samningsins sem mannréttindaskrifstofan er að vekja athygli okkar á. Það vill svo til að það frv. er á dagskrá þingsins í dag og ég geri ráð fyrir að ef ekki vinnst tími til að ræða málið ítarlega fari það til nefndar án umræðu og verði sent út til umsagnar og hægt verði að vinna það í nefnd næsta haust. Það má segja að ákvæði í því frv. lúti að réttindum þeirra sem eru fórnarlömb glæpamanna sem versla með konur og börn, ekki hvað síst til kynlífsiðnaðar. Það skiptir verulegu máli að við förum eftir þeim tilmælum sem koma fram í Palermo-samningnum og við höfum skuldbundið okkur til að fara eftir þó svo að dregist hafi að fullgilda hann á Alþingi Íslendinga. Auðvitað verðum við að fara að reka á eftir því að fullgilda þann samning, og það höfum við gert í stjórnarandstöðunni, og það hlýtur að koma að því fyrr en síðar og þá hefur samningurinn lagalegan status hér á landi og þörf á því að breyta lögum í samræmi við hann. Það er því miður ekki verið að gera í þessu frv. Það hefði verið betra ef svo hefði verið því að ég tel orðið mjög tímabært að við setjum í lög ákvæði sem á öflugan hátt geta gagnast fórnarlömbum glæpamannanna og geta þá verið lóð á vogarskálina í að uppræta þá skelfilegu glæpi sem framdir eru á konum og börnum, sérstaklega eins og ég sagði með því að selja fólk á milli landa í kynlífsiðnað.

Virðulegur forseti. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum mínum í málinu. Ég tel að margt hefði betur mátt fara og verst af öllu þykir mér að dönsku lögin skuli vera fyrirmynd hér þar sem vitað er að þar er nú við völd ríkisstjórn sem hefur það að yfirlýstu markmiði að fækka innflytjendum og mér finnst skipta máli að við tökum upp aðra siði. Við gerum okkur grein fyrir því að við þurfum á útlendingum að halda. Það skiptir okkur máli að taka vingjarnlega og vel á móti þeim og þar með erum við ekki að segja að verið sé að opna fyrir einhverja misindismenn eða glæpastarfsemi eða fólk sem er fórnarlömb glæpasamtaka eða annarra sem eru að brjóta á þeim rétt. Hér hefði því margt mátt betur fara, frú forseti, þó að ég viðurkenni að breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar lagði fram séu til bóta í ýmsu tilliti.

[14:30]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vék í upphafi máls síns að því að ófullnægjandi samráð hafi verið haft við útlendinga vegna málsins. Ég vil því vekja athygli á því að málið fór mjög víða til umsagnar og við funduðum með fjölmörgum aðilum sem telja sig málið varða. Við undirbúning mála af þessu tagi verður að hafa í huga að takmörk eru fyrir því hversu víðtækt samráð er hægt að hafa. Þegar fyrir liggur að í ákveðnum atriðum er verið að þrengja rétt þeirra sem hingað vilja koma er ekki við öðru að búast en að slíkir aðilar hafi athugasemdir við frv. en þær fengu allar að komast að við meðferð málsins.

Gerð hefur verið sérstök athugasemd við það að frv. hafi ekki verið jafn kurteislega orðað og dönsku lögin og því haldið fram af hv. þm. að dönsku lögin gangi ekki jafn langt, a.m.k. ekki í tóni eða orðavali. Samt sem áður eru Danir í mörgum tilvikum með þrengri skilyrði t.d. fyrir aðstandendur til að koma til Danmerkur en munu gilda verði frv. að lögum.

Ég er ósammála því að þær valdheimildir sem snerta húsrannsóknir eða aðrar valdheimildir þeirra sem fara með þessi mál hafi verið óskýrar eða tilgangur þeirra eitthvað óljós í frv. eða lögunum hingað til, en í tilefni af framkomnum athugasemdum er engu að síður mælt með því að orðalagi verði breytt.

Að lokum vil ég segja um frv. sem var lagt fram af hv. varaþingmanni Atla Gíslasyni, að við lögfestingu þess værum við að ganga gegn því meginmarkmiði að lögin hér séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

[14:32]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi síðasta atriðið í ræðu hv. þm. sé ég ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar gangi á undan nágrannalöndum sínum með góðu fordæmi ef hægt er. Hins vegar tel ég eðlilegt að við höfum samráð við nágrannalöndin. Við vitum sem er að þau fara ólíkar leiðir í þessum málum. Ég fullyrði að Danir eru að þrengja löggjöf sína meira en góðu hófi gegnir og mér þykir mjög miður að íslensk stjórnvöld skuli endilega leita í smiðju þeirra í þessum efnum.

Varðandi það að ekki hafi verið haft nægilegt samráð talaði ég um það í ræðu minni að það hefði fyrst og fremst verið á þeim tíma sem verið var að semja lögin. Þá var haft samráð við opinberar stofnanir, Útlendingastofnun, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli, en einskis var leitað hjá Samtökum útlendinga. Það er ámælisvert. Auðvitað fengu síðan öll samtökin að koma að málinu þegar það var í meðförum nefndarinnar. Ég get hælt hv. þm. Bjarna Benediktssyni fyrir það að hann hafði opið hús fyrir gesti og við fengum fína gesti og fínar umræður um málið í nefndinni. Við það stig er ekkert að athuga. Hins vegar fengum við gífurlega alvarlegar athugasemdir og að mínu mati hafa sárafáar þeirra náð inn í brtt. meiri hluta nefndarinnar.

Ég hefði viljað sjá okkur taka mun alvarlegar á þeim athugasemdum sem við fengum, vegna þess að fólk leiddi virkilega góð rök að því að hér væri verið að þrengja skilyrðin svo mikið að þau væru farin að ganga á þann almenna rétt sem gildir í landinu, t.d. er varðar hjúskap. Þar var talað um mannréttindasáttmála Evrópu sem verndar hjúskapinn. Að mati þeirra sem best þekkja til mannréttindamála gengur frv. á svig við mannréttindasáttmála Evrópu hvað þetta varðar. Mér finnst meiri hlutinn ekki hafa komið fram með sannfærandi rök sem mælir gegn þeirri gagnrýni sem við höfum fengið á þessi mál.

[14:35]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi athugasemdina um að við ættum að vera í fararbroddi við að móta löggjöf á Íslandi um þessi efni er það ágætlega háleitt markmið, en málaflokkurinn er mjög vandasamur. Reynsla annarra þjóða sýnir að þar sem hindranirnar eru almennt minnstar er þrýstingurinn mestur og menn lenda í vandræðum með stjórnsýslu sína ef löggjöfin í þessum efnum er um of frábrugðin því sem gerist í nágrannaríkjunum. Það eru því mjög góð og gild rök fyrir því að ákveðið samræmi sé á milli landa í löggjöf þegar kemur að málefnum útlendinga.

Ég vil vekja athygli á að í frv. er í sumum atriðum verið að þrengja rétt útlendinga til þess að sækja hingað og fá dvalarleyfi hér, en eftir sem áður erum við með rýmri rétt til þess en gildir annars staðar. Ég hef sérstaklega verið að vísa í rétt aðstandenda til þess að sameinast fjölskyldu sinni. Réttur þeirra er rýmri verði frv. að lögum en við sjáum nokkurs staðar annars staðar á Norðurlöndunum.

Varðandi 24 ára skilyrðið hafa í sjálfu sér ekki verið færð fyrir því nein ákveðin rök hvers vegna, eftir að hvert og eitt tilvik hefur verið tekið til skoðunar, ástæða er til að ætla að hérlend stjórnvöld mundu reyna að spyrna fótum við því að fjölskyldur sameinist. Það er einungis verið að afnema það ákvæði gildandi laga að rétturinn til dvalarleyfis sé óskilyrtur. Verið er að skilyrða að viðkomandi aðili þurfi að sækja um á eigin forsendum. Ef viðkomandi er í hjúskap, eins og ég hef margoft bent á, mælir það með því að fallist verði á umsóknina.

[14:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefni eina umsögn varðandi 24 ára regluna. Biskupsstofa biður okkur um að athuga það í nefndinni að ganga tryggilega úr skugga um að frv. skerði ekki mannréttindi einstaklinga. Okkur er treyst fyrir því að kanna það rækilega og breyta frv. ef þörf krefur.

Með 24 ára reglunni erum við að skerða rétt einstaklinga vegna þess að íslenskur ríkisborgari sem kemur með erlendan maka til landsins þarf að sækja um dvalarleyfi fyrir makann á grunni hjúskaparins. Byrjað er á því að slíta fjölskylduna í sundur. Íslendingurinn þarf að koma sér fyrir í landinu á meðan útlendingurinn bíður, mögulega með barn, eftir því að dvalarleyfi verði afgreitt. Allt ferlið er afar erfitt og reynir virkilega á fjölskyldurnar, hjónabandið og hjúskapinn. Ef löggjöfin er þess eðlis að hún reisi frekari skorður en verið hefur verður þetta enn þá erfiðara.

Við megum ekki hafa löggjöf sem gerir það að verkum að fólki finnist það stöðugt óvelkomið hingað. Við viljum vera gestrisin þjóð. Við erum að reyna að setja lög sem varna glæpum, en það er ekki þar með sagt að við þurfum að setja alla undir grun um að þeir séu að fremja brot.

Ég vil benda á umsögn frá MFÍK, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, máli mínu til stuðnings um að við getum gefið gott fordæmi. Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna benda okkur á mikilvægi þess að Íslendingar fari fram með gott fordæmi í heimi tortryggni og ófriðar og hlutverk okkar sé að axla ábyrgð sem felst í því að vera ríkt og sjálfstætt lýðræðisríki í samfélagi þjóðanna. Það er grundvallaratriði sem ég tel að við eigum að gera, en löggjöfin sem er til umfjöllunar ber þess ekki vott að við ætlum að bera þá ábyrgð.

[14:39]

Útbýting þingskjals:

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 876. mál, nál. umhvn., þskj. 1540.

[14:39]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að koma með nokkur innlegg í umræðuna um frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, nál. Ég vil að hv. þm. taki eftir því að þó ekki sé um gömul lög að ræða, tæpra tveggja ára gömul, eru samt sem áður þegar komnar breytingar á þeim.

Ágúst Ólafur Ágústsson fór mjög vel yfir nál. minni hlutans og ritar hann allur undir það.

Ýmislegt hefur verið lagað í nefndinni þó svo að á engan hátt sé gengið nægjanlega langt að okkar mati. Það hefði átt að gera það sem talað var um í upphafi og ég veit að það hefur verið megn óánægja með að það var ekki gert. Það átti að koma inn með EES-málið og geyma hitt. Það er algjörlega á hreinu að obbinn af því sem er ritað í frv. hefði þurft miklu meiri skoðun ásamt fleiri hlutum. Það er fullt af hlutum sem þarf að skoða í löggjöfinni þó hún sé ekki eldri en hún er. Til dæmis þarf að skoða að setja málaflokkinn undir eitt ráðuneyti. Hann er núna undir tveimur ráðuneytum, bæði félmrn. og dómsmrn. Eitt af forgangsmálunum er að setja hann undir einn hatt, setja faglega vinnu í málið.

Einnig vantar ákveðna heildarstefnumótun á milli ráðuneytanna af því að undirstofnanir koma líka að málinu og afar mikilvægt að leiða hesta alls þessa fólks saman. Úr því að verið var að fara í þessar breytingar átti líka að kalla til fólk sem málið varðar að samningu frv. Það átti að kalla til Mannréttindaskrifstofu og Alþjóðahús. Annað eins hefur verið gert að mig minnir í mörgum öðrum frv. Það hafa meira að segja komið tilbúnar umsagnir á fyrri stigum í ýmsum frv. sem hafa verið unnin í þinginu. Það var ekkert samráð og ég harma að enn á ný þurfi að vera að þrasa um hluti sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir.

Mér finnst að það eigi að vera skylaus krafa um að endurskoðun fari fram á málinu og heildarstefnumótun um að setja málaflokkinn undir einn hatt. Það eru flestallir hv. þm. sammála því. Það er bara spurning hvort hann eigi að fara undir félmrn. eða dómsmrn. Ég er ein af þeim sem tel að það væri ákveðin gæfa fyrir málaflokkinn að fara undir félmrn. til þess að taka af því lögreglu- og eftirlitsstimpilinn þrátt fyrir náið samstarf við lögreglu sem er afar mikilvægt líka. Ekki skal tekinn upp hanskinn fyrir þá sem eru hér í glæpsamlegum tilgangi, af og frá. Það mun ég aldrei gera.

Við erum sí og æ að tala um að við eigum að sækja fyrirmyndir til Norðurlandanna. Þetta var talsvert rætt þegar við vorum með stóra útlendingafrumvarpið. Auðvitað á þá að taka Útlendingastofnun og setja hana á sama plan og aðrar útlendingastofnanir á Norðurlöndunum. Það er mjög ólíku saman að jafna hvernig stofnunin er hér miðað við þar. Þar getum við t.d. lesið sennilega alla úrskurðina á netinu. Þar er nefnd yfir Útlendingastofnun sem í sitja Rauði krossinn, mannréttindasamtök o.s.frv. þar sem farið er yfir það sem er að gerast hjá stofnuninni, vegna þess að allir eru mjög meðvitaðir um að málaflokkurinn er afar viðkvæmur og mjög mikilvægt að hann sé unninn í samráði við útlendingasamfélagið þannig að ekki sé komið með óþarfa viðbótarherðingar og reynt er að mæta fólki á þeirra forsendum.

Danir eru með eina opinbera stofnun sem heitir Etnisk Råd. Þar hefur verið unnin gríðarlega mikil og góð fagvinna. Ég vil benda þeim á sem vilja kynna sér þessi mál á heimasíður embættanna því þær eru afar fróðlegar. Þar koma fram upplýsingar um öll frv. sem eru í vinnslu t.d. í þinginu er varða á einn eða annan hátt útlendinga, hvert þau eru send til umsagnar og hvar þau eru stödd o.s.frv. Það hvílir því mjög mikil upplýsingaskylda á útlendingastofnunum Norðurlandanna gagnvart útlendingasamfélaginu. Það vildi ég gjarnan sjá hér.

Úr því að verið var að koma með einhverjar breytingar, sem ég nefndi áðan að hefði ekki átt að koma með, hefði mér fundist að það hefði átt að skoða málið heildstætt. Við áttum ekki að taka inn það sem búið var að henda út eftir mikla umræðu í hv. allshn. fyrir þremur árum eins og DNA og fleira.

Mér finnst það ekki skapa þinginu góða ásýnd að við skulum alltaf þurfa að þrátta um hluti sem hægt væri að gera í mun meiri sátt, m.a. við útlendingasamfélagið í landinu sem verið hefur okkur til mikillar gæfu.

Mig langar sérstaklega að gera tvö atriði í frv. að umtalsefni. Annars vegar 24 ára regluna og hins vegar það sem varðar DNA-sýnin. Mig langar líka að benda á það, ef þingmenn skyldu ekki átta sig á því, að löggjöf okkar varðandi atvinnuleyfi og annað er allt öðruvísi en annars staðar á Norðurlöndunum. Hér eru atvinnuleyfin á hendi fyrirtækjanna. Þau eru ekki á hendi einstaklinganna. Það er kannski grundvallarmunurinn á löggjöf hinna Norðurlandanna og okkar. Ég þori ekki alveg að fullyrða hvernig þetta er í Finnlandi. Það gæti verið að þeir hefðu svipaðar reglur og við. En það er afar mikilvægt að við höfum þetta í huga. Af því við erum með þetta allt niðurneglt gagnvart vinnuveitendum þá höfum við ekki haft eins miklar þörf á því að setja skilyrði um dvalarleyfi í löggjöf okkar og sumar aðrar þjóðir. Það er ein af ástæðunum.

Mig langar að fjalla aðeins um 24 ára regluna. Ég veit ekki hvort þingheimur gerir sér grein fyrir því hversu margir Íslendingar eru á aldrinum 18–24 ára. Þeir eru hvorki meira né minna en 30 þúsund, eiginlega jafnmargir af hvoru kyni. Með þessu frv. eru hert skilyrði sett gangvart þessum aldurshópi til að vernda hagsmuni sem ég tel að hægt væri að vernda ríkulega með öðrum aðferðum. Bara með lögleiðingu Palermo-samningsins. Við erum búin að lögleiða hann að hluta, búin að undirrita hann. En ef við tækjum t.d. upp vitnaverndina og lögleiddum hana, við þyrftum ekki sérstök frumvörp hér í þinginu um það, þá hefðum við náð afar langt í mansalsmálum. Sú sem hér stendur þekkir það. Ég er upphafsmanneskja þess að þessi mál voru rædd á hinu háa Alþingi. Enginn hafði heyrt talað um mansal fyrr en ég tók þá umræðu upp fyrir þremur árum. Ég hef talað víða um heim um þessi mál og mér virðist þessi regla ekki koma til með að veita vernd gegn mansali. Með því að klára að lögleiða Palermo-samninginn mundum við hins vegar ná afskaplega langt. Við gætum líka hert löggjöf okkar að því leyti, bæði hegningar og bætt meðferð opinberra mála til þess að ná til þeirra sem brjóta á öðrum manneskjum með þeim hætti.

Það er ekki að ósekju að ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka, þar er enginn stjórnmálaflokkur undanskilinn, skuli taka þetta mál upp og berjast gegn því að slík regla verði leidd í lög. Það er vegna þess að þetta varðar einmitt ungmennin sjálf. Við skulum ekki gleyma því að fjöldi þeirra landa sem verða undanþegin eykst. Eftir því sem Evrópusambandið stækkar meira, þeim mun færri lönd verða eftir í þeim pakka sem þetta varðar.

Það er algengt að námsmenn í Bandaríkjunum kynnis mökum sínum þar. Þá verða menn rétt að vona að þeir séu orðnir 24 ára þegar þeir vilja koma heim með unnustu sína eða unnusta sinn. Ég bendi á mjög skemmtilega grein í Morgunblaðinu í dag eftir varaformann ungra framsóknarmanna. Hann fer yfir þetta og segir að vísu sjálfur að hann yki frásögn sína dálítið til að fólk átti sig á þeim vandamálum sem upp geta komið þegar fólk vill giftast ástinni sinni og flytjast með henni heim til Íslands. Í því sambandi hefur verið nefnd jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og þarf ekki að tíunda það.

Mér finnst í raun grátlegt til þess að vita að við skulum ætla að setja slíkt í lög. Þegar Danir settu þetta í lög og byrjuðu á að setja mörkin við 28 ára aldur, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson upplýsti, voru þeir svo sannarlega ekki að hugsa um mansal. Því get ég lofað ykkur. Það var mjög gaman að fylgjast með þeim umræðum. Það kom aldrei upp á borð hjá Dönum. Aldrei. Við megum heldur ekki gleyma því, þótt það hafi ekki endilega verið góð rök fyrir lagasetningu Dana, að á Íslandi er allt annað útlendingasamfélag en í Danmörku. Þar er samfélag útlendinganna öðruvísi. Þar hefur líka komið í ljós að stúlkur, sem menn hafa hugsanlega talið sig geta verndað með þessu ákvæði, eru bara sendar úr landi og látnar ganga í nauðungarhjónabönd í heimalandinu, þótt þær hafi alla sína tíð búið í Danmörku. Það er mjög

sorglegt til þess að vita. Ýmsir, t.d. Etnisk Råd og aðrir, hafa reynt að berjast fyrir því að mikilvægt sé að halda þeim í landinu til að vernda þær.

Auðvitað er að mörgu að hyggja. Þetta eru alvarleg mál og fremur spurning um hegningarlöggjöf okkar. Við ættum jafnvel frekar að styrkja stöðu þeirra sem brotið er á þeim megin en láta þessi ákvæði ganga á hlut ungs fólks vegna örfárra mála. Ég held að við ættum að reyna að skoða það. Það er alla vega mín bjargfasta skoðun.

Við þekkjum öll umræðuna um lífsýnin. Það er búið að fara vel yfir það í nefndinni. Það skal ég játa. Það verður líka að segjast að það hefur alla tíð einkennt umræðuna í hv. allshn. að þar er málefnaleg og góð vinna í gangi þótt nefndarmenn séu ekki alltaf sammála. Það ber að hrósa formanni nefndarinnar, Bjarna Benediktssyni, fyrir góð vinnubrögð.

Þegar við skoðum ákvæðin um lífsýnin, sem var hent út á sínum tíma og komu ekki inn aftur þegar útlendingafrumvarpið kom endurnýjað ofan úr ráðuneyti, þá sjáum við að það væri strax skárra ef við gerðum eins og Danir, Finnar og Norðmenn, sem eru ekki einu sinni með þetta í lögum sínum en hafa ákveðnar reglur og bjóða upp á slíka möguleika til þess að fólk geti sannað hvaðan það kemur vegna erfiðleika við að fá vottorð frá heimalandi. Það er allt önnur nálgun en var í upprunalega textanum. Ég verð einnig að játa að textinn hefur lagast aðeins en alls ekki nægjanlega.

Norðmenn hófu að setja slíkar reglur vegna þess að þeir fengu stóran hóp af fólki frá Sómalíu. Það varð til þess að þeir urðu að finna ráð til að sanna fjölskyldutengsl, erfiðleikar í heimalandinu buðu ekki upp á að fólkið hefði fæðingarvottorð. Það er líka eðlilegt, ef fólk vill sanna hvaðan það er, að það geti gert það með DNA. Í morgun var bent á það, eins og einnig var gert í nefndinni, að ekki er alltaf ljóst hvað kemur út úr DNA-rannsókn. Ýmsir annmarkar geta verið á því. Þar getur verið um kjörbörn að ræða, börn utan hjónabands, rangfeðruð börn, tæknifrjóvgun o.s.frv. Þannig er ekki allt fengið með blessaðri tækninni þótt við gjarnan vildum hafa það svo.

Ég minni á að Norðmennirnir kynna þessi mál á heimasíðu sinni. Ég bendi þingmönnum á að fara inn á þá heimasíðu. Þar kemur skýrt fram hvernig málum skuli háttað varðandi lífsýnin. Þeir láta t.d. rannsaka DNA-sýnin í Englandi. Þar kemur skýrt fram hverjir eiga að rannsaka sýnin, hvert eigi að senda þau o.s.frv. Þar kemur líka fram að í öllum sendiráðum þeirra í borgum og löndum sem eiga við erfiðleika að stríða varðandi slík sönnunargögn, við getum nefnt Kabúl, Addis Ababa, Nairóbí og fullt af löndum sem það á við, Írak, Afganistan o.s.frv., er boðið upp á þjónustu hvað þetta varðar. Upp eru talin fjölmörg sendiráð sem bjóða upp á slíka þjónustu og að sjálfsögðu á kostnað norska ríkisins. Þannig er það hjá Norðmönnum.

Þannig er málum einnig háttað hjá Dönum. Skoðunin er á þeirra eigin kostnað en ekki þeirra sem krafist er DNA af. Hið sama gildir í Finnlandi og það skýr ákvæði eru hjá Finnum um hvernig eigi að fara með DNA og hver eigi að taka það. Það er einnig algjörlega skýrt á heimasíðu þeirra. Þar er skýrt að stofnun á borð við lýðheilsustöð hjá okkur sjái um allar DNA-sýnatökur og rannsókn á sýnunum. Að því verður að koma fagmaður, heilbrigðisstarfsmaður. Þetta er samkvæmt 66. gr. finnskra laga um útlendinga.

Hefðum við náð að koma á aðeins mildari blæ á ákvæði þessa lagafrv. þá hefði komið fram hver ætti að framkvæma, hver ætti að geyma sýnin o.s.frv. Það var ekki gert. Mér finnst þetta of stórt mál til að hafa það bara í reglugerð. Þarna er að mörgu að hyggja.

Í kjölfar þessa aukna eftirlits og ítarlegri viðtala vegna þeirra sem hyggjast gifta sig eða eru giftir og þurfa að bíða t.d. verður athyglisvert að sjá hvort ekki verði veruleg aukning í starfsmannahaldi hjá Útlendingastofnun. Það er spurning hvort ekki þurfi að ráða fleiri starfsstéttir að Útlendingastofnun. Ég hef talað fyrir því að á Útlendingastofnun yrðu ráðnir fleiri ráðgjafar, bæði félagsráðgjafar og aðrir sem tengjast málum sem sinnt er innan þeirrar stofnunar.

Eins og ég nefndi í upphafi, af því að ég sé að hæstv. dómsmrh. er kominn í salinn, er afar mikilvægt að dregnar verði skýrari línur og reynt að ná meiri breidd innan Útlendingastofnunar og þeirrar vinnu sem þar fer fram. Við viljum alltaf miða okkur við það besta. Því væri ekki úr vegi að gera eins og allar norrænar þjóðir, að setja Útlendingastofnun í sérstakan ramma, undir sérstaka stjórn þar sem úrskurðir eru opinberir. Það væri mikill fengur í því. Þar með væri stofnunin gegnsærri og minna vandamál ef eitthvað kæmi upp. Þannig verður minni styr um málin og allt uppi á borðum. Ég held að það væri afar mikilvægt í svo viðkvæmum málum.

Nú hef ég tæpt á því helsta. Ég sé ekki ástæðu til að tæpa á öllu því sem sagt hefur verið en minni á hve stóran hóp málið varðar. Þótt þeir séu ekki margir þegar til kastanna kemur þá er hins vegar ljóst að 18–24 ára Íslendingar eru hvorki meira né minna en 30 þúsund. Við gætum skoðað hve margir íslenskir námsmenn eru í Bandaríkjunum. Þetta varðar þá kannski sérstaklega. Ég veit ekki til þess að Bandaríkjamenn séu með svo stranga reglu varðandi leyfin og græna kortið. Ég læt þetta nægja í bili, virðulegur forseti.

[14:57]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að gera að umtalsefni umfjöllun hv. þm. um lífsýnatökuna. Hv. þm. hefur greint frá því að hún sé andvíg henni. Það er nefnilega þannig að í minnihlutaálitinu er gert ráð fyrir því að lífsýnataka geti farið fram ef umsækjandi sjálfur óskar eftir því. Ég tel að í raun sé sá ágreiningur sem er á milli meiri hlutans og minni hlutans í þessu efni ekki nema hártogun.

Helstu rökin fyrir því að minni hlutinn er á móti reglunni, eins og hún er í frumvarpinu og kynnt af hálfu meiri hlutans, þ.e. að Útlendingastofnun geti krafist þess að lífsýni verði veitt, eru þau að það er talið að það geti verið túlkað umsækjanda í óhag fallist hann ekki á þessa kröfu. Með nákvæmlega sama hætti er hægt að segja að það yrði túlkað umsækjanda í óhag nýtti hann sér ekki heimild þá sem minni hlutinn leggur til varðandi lífsýni. Niðurstaðan er nákvæmlega hin sama.

Ef undirliggjandi gögn eru ófullnægjandi og það er gert ráð fyrir því í lögunum, hvort sem Útlendingastofnun getur farið fram á lífsýnatökuna eða að umsækjandinn hafi heimild til að leggja hana fram, þá verður niðurstaðan nákvæmlega sú sama. Það verður að hafa það í huga varðandi ákvæðið um lífsýni að það reynir aldrei á þetta ákvæði nema undirliggjandi gögn séu ófullnægjandi. Ákvæðið beinist að því að hægt sé að skera úr um þann skyldleika sem umsóknin byggir á. Við erum hugsanlega að tala um eitt mál á ári, ef við horfum til þess sem tíðkast hefur í nágrannalöndunum, hugsanlega eitt mál annað hvert ár. Þegar menn blanda inn í þessa umræðu hættunni á að þar þvælist fyrir ættleiðingar og þess háttar þá held ég að við séum farin að tala um verulega

litlar líkur á að slík mál valdi truflun í framkvæmd. Það gæti jafnvel gerst á einhverra hundraða ára fresti.

[14:59]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá má kannski spyrja á móti: Af hverju setjum við í lögin ákvæði sem eru tiltölulega íþyngjandi og ekki er búið að skapa reglur um út af einu máli annað hvert ár?

Mér finnast engin rök mæla með því að setja slíkt inn í lög þar sem það telst mjög mikið inngrip. Að mati flestra er talið að vart sé hægt að ganga nær fólki en svo að taka sýni úr munni, geyma og láta rannsaka. Mér finnst að við eigum ekki að gera það að sinni. Þetta mál er einfaldlega allt of hrátt og lítið unnið. Mér finnst að lífsýnin og fleira verði að skoða með öðru hugarfari.

[15:00]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að í nál. meiri hlutans er einmitt gert ráð fyrir að færð verði í reglugerð ákvæði um hvaða reglur skuli gilda um lífsýnatökuna, meðferð lífsýnisins og annað þess háttar þannig að sjálfsögðu þurfa að vera skýrar reglur um þessi efni, en það þýðir samt ekki að þær reglur þurfi að vera inni í lagatextanum sjálfum.

Hvers vegna er verið að setja regluna? Það er vegna þess að mikilvægt er að þær stofnanir sem fara með málaflokkinn hafi skýrar lagaheimildir til þess að framkvæma lögin og fyrir öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að framkvæma lögin í samræmi við tilgang þeirra. Ef það er rétt að það gerist einu sinni á ári eða einu sinni annað hvert ár eða eitthvað þess háttar er þá í raun og veru um það mikla inngrip í líf manna að ræða sem haldið er fram í umræðunni?

[15:02]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með því að hafa það til staðar er möguleiki á slíku inngripi. Bara svo því sé haldið til haga.

Ég vil hafa slík ákvæði í lögunum, það er gegnsærra. Einungis reglugerðin með útlendingalögunum er 116 greinar. Hún er með helmingi fleiri greinar en lögin sjálf. Það gerir að verkum að lögin verða ógegnsæ. Þegar um slík ákvæði er að ræða sem geta valdið titringi, ágreiningi og öllu mögulegu á að hafa þau sem gegnsæjust og uppi á borðinu. Það er farsælla. Þá veit fólk miklu frekar hvar það stendur. Reglugerðin er kannski ekki á færi allra að vera alltaf að glugga í. Lögin eiga að vera skýr og afdráttarlaus.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka fram í upphafi máls að við í Frjálsl. styðjum minnihlutaálitið sem hér hefur verið farið yfir af tveimur síðustu ræðumönnum og þar áður yfir breytingartillögur.

Það er einkum þrennt sem ég ætla að víkja að í málinu og ég ætla ekki að endurtaka mikið umræðuna sem hér fór fram. Í fyrsta lagi er það skilyrðið að útlendingar skuli vera 24 ára til að fá dvalarleyfi á grundvelli giftingar. Ég tel að það sé óásættanlegt að mismuna fólki með þeim hætti. Um það að stofna til hjúskapar eigi að gilda hið almenna ákvæði um 18 ár og skilyrði um 24 ára aldur maka þegar sótt er um dvalarleyfi hér eigi ekki við og sé óeðlilegt að setja það inn í löggjöfina. Það er skoðun mín og ég tel að ekki eigi að mismuna útlendingum að þessu leyti þegar sótt er um dvalarleyfi.

Ég vil einnig víkja að 66 ára aldurstakmarkinu. Þegar fólk kemur til landsins og ætlar að stunda atvinnu þarf það að fá atvinnuleyfi. Það ætti að nægja að halda þeirri kröfu almennt varðandi atvinnuleyfið að mínu viti. Ég tel því að þetta ákvæði sé óþarft þegar talað er um nánustu vandamenn.

Síðan vil ég víkja aðeins örstutt að lífsýnaákvæðinu. Ég lét þá skoðun í ljós í hv. nefnd að ég teldi að ef krafan um lífsýnaákvæðið væri inni ætti hún að vera með þeim hætti að viðkomandi útlendingur legði fram lífsýni til þess að sanna, ef hann kysi svo, fjölskyldutengsl sín en ekki ætti að heimila það að Útlendingastofnun gerði kröfu um lífsýnið.

Þessi þrjú atriði tel ég að séu til mikilla bóta eins og lagt er til í breytingartillögum okkar. Ég er andvígur frv. eins og það er lagt fram og tel að það sé ekki eðlilegt að gera þær kröfur sem þar eru gerðar. Frumvarpið er að öðru leyti staðfesting á EES-gerðum að því er varðar stækkun Evrópusambandsins.

[15:08]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að víkja að einu atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar en það var varðandi hina meintu mismunun annars vegar erlendra ríkisborgara og hins vegar íslenskra að því er viðkemur hjúskap.

Það er ekki svo samkvæmt frv. að verið sé að setja það hjúskaparskilyrði gagnvart erlendum ríkisborgurum að þeir þurfi að vera 24 ára til þess að hjúskapur þeirra teljist gildur að íslenskum lögum. Það er alveg ljóst að það hjúskaparskilyrði um aldur sem gildir í íslenskum hjúskaparlögum mun gilda hér eftir sem áður. Erlendir ríkisborgarar munu geta gift sig hvort sem frv. verður að lögum eða ekki. Það sem máli skiptir er það að með þessari reglu er einungis verið að girða fyrir það að hjúskapur einn og sér veiti sjálfstæðan dvalarleyfisrétt á Íslandi. Það þýðir hins vegar ekki að þeir sem eru giftir og undir 24 ára aldri geti ekki sótt um dvalarleyfi á Íslandi. Þeir geta gert það eftir sem áður. En þeir geta þá gert það á eigin forsendum, persónulegum forsendum. Það kemur fram í nál. meiri hlutans að auðvitað skoðist það viðkomandi leyfisumsækjanda til tekna sé hann í gildum hjúskap með Íslendingi. Ég tel því að verið sé að gera allt of mikið úr þessu atriði í umræðunni og að mörgu leyti sé þetta ákvæði frv. annaðhvort misskilið eða rangtúlkað.

[15:09]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis árétta eitt atriði í tilefni af ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Það er varðandi lífsýnin. Það er nefnilega svo samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir núna að það er umsækjandinn sem kýs hvort hann leggur fram lífsýni eða ekki. Hv. þm. gat þess í ræðu sinni að hann hefði kosið að hafa greinina þannig að umsækjandinn fengi að ráða því. En það er nefnilega þannig samkvæmt frv. Hann hefur endanlega orðið um það hvort lífsýni verður veitt eða ekki. Það eru engin rök sem mæla með því að tillaga minni hlutans hafi í framkvæmd einhver önnur áhrif en sú tillaga sem meiri hlutinn leggur til.

[15:10]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel vera mikinn mun á því hvort orðalag varðandi lífsýnatökuna sé þannig orðað að það sé innflytjandinn sem eigi rétt á því að leggja til lífsýni, ef hann kýs svo, eða að gerð sé krafa um það. Ef hann vill ekki gangast undir það að leggja fram lífsýni verður það væntanlega ekki talið honum til tekna varðandi umsóknina við afgreiðslu stjórnvalda.

Almenna reglan ætti auðvitað að vera sú að það ætti að vera nægjanlegt fyrir hvern og einn að leggja með sér gögn um skyldleika sinn, fæðingarvottorð o.s.frv., en ég tel hins vegar að það eigi að snúa þessu við og útlendingurinn eigi að hafa þann rétt að leggja með sér lífsýnið ef hann vill sanna fjölskyldutengsl sín.

[15:11]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel að í framkvæmd skipti þetta atriði engu máli. Ég vek líka athygli á því að geri Útlendingastofnun kröfu um afhendingu lífsýnis þegar undirliggjandi gögn eru að öðru leyti fullnægjandi til þess að skera úr um skyldleikann, sem skiptir máli vegna umsóknarinnar, væri það brot á meðalhófsreglunni. Með því væri brotið á rétti umsækjandans. Því verður það einungis í undantekningartilvikum sem þessu úrræði verður beitt.

[15:12]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að rétt sé að draga það aðeins fram í umræðunni sem hefur fallið svolítið í skuggann af öðru að upprunalega var þetta frv. um breyting á lögum um útlendinga lagt fram í því skyni að nýta aðlögunarheimildir EES-samningsins í tengslum við stækkun samningsins.

Ég vil halda því til haga hér vegna þess að það er svolítið dapurlegt fyrir þann hluta þessara laga að þau ákvæði hafa ekki fengið mikla umfjöllun, kannski vegna þess að um þau hefur ríkt mikil sátt. Af hverju hefur ríkt um þau mikil sátt? Jú, virðulegi forseti, m.a. vegna þess að það var vel til þeirra ákvæða vandað í upphafi. Haft var samráð við hlutaðeigandi, við aðila vinnumarkaðarins og það er sátt í baklandinu, ef við getum orðað það svo, um þau ákvæði laganna.

Ég vildi óska þess, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. hefði nýtt sér þau vinnubrögð til fyrirmyndar þegar kemur að þeim ákvæðum sem dómsmrn. ákveður að nota, ég vil segja ferðina, nota EES-ferðina til þess að bæta inn í íslensk lög. Það eru öll hin umdeildu ákvæði sem við höfum verið að ræða hér og hafa orðið tilefni til gríðarlegra mótmæla, fjölda undirskrifta til þess að mótmæla lögunum og mikilla mótmæla frá fjölmörgum umsagnaraðilum um frv. Flestir og að því er ég best veit allir sem hafa gefið umsagnir hafa lýst yfir tiltölulega mikilli ánægju með þann þátt sem snýr að EES-kaflanum.

Hv. formaður allshn., Bjarni Benediktsson, og aðrir sem talað hafa af hálfu ríkisstjórnarinnar í málinu frá upphafi hafa gjarnan bent á og svarað fyrir gagnrýni á þessi ákvæði með þeim orðum að um misskilning sé að ræða.

Það er misskilningur hjá stjórnarandstöðunni að túlka frv. á þann veg sem við gerum. Það er misskilningur hjá Alþjóðahúsi, Fjölmenningarráði, Rauða krossinum, mannréttindaskrifstofu, Lögmannafélaginu, Persónuvernd o.s.frv. Það eru ansir margir, virðulegi forseti, sem misskilja frv. og það eitt og sér er að mínu mati næg ástæða til þess að taka öll misskildu ákvæðin til endurskoðunar í dómsmrn., vanda betur til undirbúnings þeirra miðað við þær kröfur sem við gerum til nútímalagasetningar, ræða m.a. við innflytjendur og þá sem vinna með þá hópa, hafa eðlilegt samráð við þá og draga þannig úr þeirri tortryggni og þeim misskilningi ef hann er til staðar, virðulegi forseti. Ég er reyndar á þeirri skoðun að það sé ekki í öllum tilfellum um misskilning að ræða því gagnrýnin er ansi þétt og byggð á sterkum rökum.

Virðulegi forseti. Það á ekki að keyra í gegn lög á tiltölulega skömmum tíma sem eru greinilega meira og minna misskilin, það er ekki góð lagasetning. Menn eiga að vanda sig betur, greiða úr misskilningnum og útskýra fyrir öllum þeim fjölmörgu hópum sem hafa mótmælt frv. að þetta sé ekki eins og þeir halda.

Við vorum með tillögu í hv. allshn. um umdeildu ákvæðin. Ég þarf ekkert að fara ofan í efni þeirra enn einu sinni. Það hefur verið gerð mjög góð grein fyrir ákvæðunum af þeim hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson gerði grein fyrir nefndaráliti sem stjórnarandstaðan stendur öll saman að og búið er að gera ágætlega grein fyrir rökunum að mótmælum okkar. Við erum ekki tilbúin til að setja regluna um 24 ára aldurinn, við erum ekki tilbúin til að heimila ákvæði um lífsýnatöku í því formi sem nú liggur fyrir án þess að kveðið sé á um nokkra málsmeðferð í tengslum við slíka heimild o.s.frv.

Virðulegi forseti. Það hefur komið upp mikil umræða í kringum frv. og umdeildu ákvæðin um friðhelgi einkalífs, persónuvernd og viðlíka mannréttindi. Mig langar til að lesa stuttan kafla upp úr áliti laganefndar Lögmannafélags Íslands um frv. Laganefndin hefur séð ástæðu til þess að brýna sérstaklega þau atriði sem ég ætla að lesa fyrir hið háa Alþingi og kemst að þeirri niðurstöðu að hún gjaldi mjög varhuga við ákvæðunum um lífsýnatökuna, hún er á móti því ákvæði og líka ákvæðinu um 24 ára regluna. En í áliti laganefndar Lögmannafélags Íslands segir, með leyfi forseta:

„Laganefnd minnir á það að samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Sú friðhelgi verður ekki skert nema samkvæmt skilgreindum heimildum í lögum þar sem gætt er meðalhófs og ekki gengið lengra inn á svið friðhelginnar en þörf krefur til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 kveður á um það að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þótt jafnræðisreglan heimili að vissu marki að gera greinarmun á milli tilvika verður slíkur greinarmunur að byggjast á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum. Sambærileg ákvæði er einnig að finna í 8. og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Löggjafinn hefur almenna heimild til þess að setja reglur um rétt útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, sbr. 66. gr. stjórnarskrárinnar, en þau lagaákvæði verða að standast kröfur 65. og 71. gr. stjórnarskrár að öðru leyti. Þótt almennt verði ekki slegið föstu að jafnræðisreglur eða réttur til friðhelgi einkalífs tryggi einstaklingum ótvíræðan rétt til að lifa fjölskyldulífi sínu í ákveðnu ríki, verður löggjöf sem ætlað er að skilgreina þau skilyrði sem uppfylla þarf í því skyni að standast kröfur stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um friðhelgi einkalífs og jafnrétti."

Virðulegi forseti. Svo mörg voru þau brýningarorð sem laganefnd Lögmannafélags Íslands sá ástæðu til að setja í inngang sinn. Þetta eru aðeins inngangsorðin að þeirri gagnrýni sem laganefndin leggur fram um ákvæðin margumræddu.

Virðulegi forseti. Umsagnirnar sem hefur verið vitnað til í umræðunni m.a. hjá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Alþjóðahúsi og fleiri aðilum eru mjög vel rökstuddar. Ég get því miður ekki komist að þeirri niðurstöðu þó ég fegin vildi að hér sé um einhvern misskilning að ræða. Málið er augljóslega ekki svo einfalt og ég held að það sé mjög vont að hæstv. ríkisstjórn ætli að fara með lagasetninguna í gegn á þessum grunni og svara framkominni gagnrýni að hér sé um tóman misskilning að ræða því að með því er verið að hunsa þau fjölmörgu ítarlegu rök sem komið hafa fram gegn þessum ákvæðum og eru flest hver sótt í enn þá umdeildari löggjöf Dana um málefni útlendinga, dönsku hægri stjórnina sem hefur verið mjög umdeild þar í landi og í þokkabót í samfélagi þar sem vandamálin eru allt önnur og miklu stærri en þau sem við erum að takast á við hér vegna sögu Dana í málefnum innflytjenda. Við höfum ekki sömu vandamál. Við höfum allt aðra samsetningu af útlendingahópum sem eru hlutfallslega miklu minni hér en þar í landi og allt öðruvísi samsettir. Við hljótum því að gera þá kröfu, virðulegur forseti, að við miðum löggjöf okkar við þann veruleika sem við búum við í dag.

Lögð hefur verið áhersla á að málið klárist fyrir 1. maí í ljósi þess að EES-ákvæðin þurfi að fara í gegn fyrir þann tíma. Það er enn hægt, virðulegi forseti, að samþykkja þær brtt. sem við höfum lagt til og fella niður þessi umdeildu ákvæði, vanda sig betur við undirbúning þeirra og skoða þau betur. Það er ekkert sem kallar á að þau séu keyrð í gegn í flýti í allri þeirri andstöðu sem þau hafa í samfélaginu.

Ég vil líka vekja athygli á því að Alþýðusamband Íslands, sem ég trúi að hafi þrýst á um að ákvæðin sem lúta að EES-aðlöguninni færu í gegn á tilskildum tíma, tekur fram í umsögn sinni að það leggi áherslu á að það sem snýr að EES taki gildi fyrir 1. maí en að þau umdeildu ákvæði sem hafa verið hvað mest í umræðunni kalli að mati sambandsins á mun meiri skoðun og umræður áður en þau verða að lögum. Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið áherslu á að sá hluti frv. sem snýr að aðlögunarfresti vegna stækkunar EES verði afgreiddur fyrir 1. maí sem og aðrir þættir sem samstaða er um, en hvað varðar annað efni sem mikill ágreiningur er um leggur Alþýðusambandið til að afgreiðslu verði frestað að sinni til að tækifæri gefist til að skoða þau mál frekar og leita leiða til að skapa sem víðtækasta sátt um niðurstöðuna.

Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. dómsmrh. og hæstv. ríkisstjórn til að hlusta á öll þau varnaðarorð sem fram hafa komið um þessi umdeildu ákvæði frv. Góð lagasetning á a.m.k. ekki að vera þannig að allir sem hún nær til misskilji hana að meira eða minna leyti og fjölmargir aðrir því eins og dregið hefur verið fram hafa ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokkanna sameinast um að vera á móti þessum ákvæðum, virðulegi forseti. Ekki er það samsæri, en það getur vel verið að það sé allt saman misskilningur, þverpólitískur misskilningur.

Virðulegi forseti. Það er áfellisdómur yfir þessum ákvæðum, undirbúningi þeirra og efni þeirra ef það er þverpólitískur misskilningur á meðal allra ungliða í öllum stjórnmálaflokkum um efni þeirra ásamt því að sama misskilnings skuli gæta hjá allri stjórnarandstöðunni og nánast öllum þeim sem fjalla um eða hafa komið eitthvað nálægt mannréttindaumræðu hér á landi ásamt Lögmannafélagi Íslands, Persónuvernd og öllum þeim fjölmörgu sem taldir hafa verið upp og óþarfi er að telja upp aftur.

Virðulegi forseti. Ég bind enn vonir við að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér og dragi þessi umdeildu ákvæði til baka, skoði þau betur og reyni a.m.k. að gera þau þannig úr garði að fólk skilji þau ef það er vandamálið.

[15:25]

Útbýting þingskjala:

Laxveiðiár á Austurlandi, 640. mál, svar landbrh., þskj. 1515.

Lokafjárlög 2000, 326. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1543; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 1544.

[15:25]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég sé ástæðu til að leggja orð í belg út af frv. sem hér er til umræðu, um breyting á lögum um útlendinga, varðandi þau atriði sem fram koma í þeim nefndarálitum sem liggja fyrir hinu háa Alþingi. Ég tel nauðsynlegt að skýra og gera grein fyrir nokkrum atriðum sem þar koma fram og hefur verið vikið að í umræðunni. Áður en ég geri það vil ég koma því að það er rétt sem hér hefur komið fram að þegar frv. var lagt fram á Alþingi birtist talsverð gagnrýni og menn höfðu uppi varnaðarorð vegna þess. Ég tel það eðlilegt, enda er málaflokkurinn viðkvæmur og við því mátti búast að athugasemdir yrðu gerðar við efni frv. Reyndar eru afar fá frv. til laga sem ekki eru gagnrýnd a.m.k. af stjórnarandstöðuflokkunum.

Ég tel hins vegar að við í allshn. höfum hlustað á þau varnaðarorð og meðtekið þá gagnrýni sem fram hefur komið og gert breytingar á frv. sem ættu að vera mjög til bóta fyrir þá sem gagnrýndu frv. og sömuleiðis stjórnarandstöðuflokkana sem hafa farið mikinn í umræðunni. Ég verð þó að segja að gagnrýnin sem fram kom á frv. í upphafi var að mörgu leyti ómakleg og bar þess að mínu mati stundum merki að þeir sem hæst höfðu virtust ekki hafa kynnt sér málið nægilega. Ég leyfi mér að minna á að í opinberri umræðu var því haldið fram í aðdraganda umræðu um frv. að ríkisstjórnin væri t.d. að leggja til að heimilaðar yrðu húsleitir á heimilum útlendinga án dómsúrskurðar og slíkar húsleitir hefðu ekki verið praktíseraðar í íslenskum lögum áður. Að sama skapi var því haldið fram í umræðunni að verið væri að lögfesta heimildir fyrir Útlendingastofnun til þess að taka lífsýni af útlendingum án þess að þeir hefðu eitthvað um slíka lífsýnatöku að segja.

Lengst var kannski gengið í gagnrýni á Alþingi í 1. umr. frv. af hálfu hv. þm. Atla Gíslasonar sem lýsti því grímulaust yfir að ríkisstjórnin og frv. væri andsnúið erlendum ríkisborgurum. Það er fjarstæða þegar menn lesa frv. yfir og fara yfir efnisgreinar þess, lið fyrir lið.

Sá sem hér stendur er reyndar þeirrar stjórnmálaskoðunar að það skipti engu máli frá hvaða landi viðkomandi einstaklingur er. Einstaklingshyggjumenn líta ekkert á það. Það skiptir nákvæmlega engu máli. Þegar við förum í bakarí spyrjum við ekki hvernig bakarinn er á litinn, við viljum fá upplýsingar um það hvort brauðið sé gott og hvað það kosti, en það er ekki verið að lögfesta eða tala fyrir þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Atli Gíslason lét falla í 1. umr. og mér þóttu mjög ómakleg.

Umræðan í nefndinni var eins og ég sagði mjög góð. Tekið var tillit til sjónarmiða fjölmargra aðila um atriði sem

betur mættu fara. Þau voru skýrð og þau koma fram í fyrirliggjandi nefndaráliti. Þetta eru atriði sem stjórnarandstaðan ætti að taka undir og mér heyrist hún taka undir a.m.k. einhver þessara atriða.

Ég ætla að víkja að nokkrum efnisatriðum frv. og byrja á b-lið 2. gr. Í þeirri umræðu sem nú stendur yfir hefur mikið verið gert úr því að sú regla feli í sér svokallaða öfuga sönnunarbyrði.

Hvað felur reglan í sér? Hún felur það í sér að þeir einstaklingar sem ætla að ná fram réttindum á grundvelli þess skilyrðis sem þar er sett, þ.e. að gildur hjúskapur sé til staðar, þurfi að sýna fram á að skilyrðið sé uppfyllt. Einstaklingur sem sækir um rétt á grundvelli tiltekinna laga þarf að sýna fram á að hann uppfylli skilyrði sem lög setja. Er þetta öfug sönnunarbyrði? Ég get ekki séð að svo sé. Ég velti fyrir mér hvort sú regla sem minni hlutinn í allshn. mælir fyrir eigi að gilda um alla þá sem í slíkri stöðu eru og sækja tiltekinn rétt. Á ríkið t.d. að færa sönnur á gildi allra hjúskapa í landinu?

Hvað með önnur réttindi? Hvað með það þegar einstaklingur óskar eftir ívilnandi ákvörðun stjórnvalds um það að hann fái einhver tiltekin réttindi, ef t.d. hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson vildi afla sér lögmannsréttinda ætti þá ríkið að grafast fyrir um það hvort hann væri útskrifaður úr lagadeild Háskóla Íslands? Auðvitað ekki. Maðurinn leggur sjálfur fram prófskírteini sem er grundvöllur þeirra réttinda sem hann óskar eftir að fá úr hendi hins opinbera.

Hið sama má segja um þá sem sækja um örorkubætur á grundvelli metinnar örorku. Er það Tryggingastofnunar að færa sönnur á það að viðkomandi bótaþegi sé öryrki? Auðvitað ekki. Bótaþeginn sjálfur færir sönnur á það að hann geti talið til réttar samkvæmt þeim lögum. Þetta er nákvæmlega sú regla sem b-liður 2. gr. frv. kveður á um, að þeir einstaklingar sem óska eftir ívilnandi stjórnvaldsákvörðun færi sönnur á það að þeir uppfylli skilyrði þess að þeir geti notið þeirra réttinda. Það stendur ekki steinn yfir steini í öllu tali um öfuga sönnunarbyrði sem er einungis sett fram til þess að kasta ryki í augu þeirra sem hafa efasemdir um frv. sem liggur fyrir.

Flutningsmenn meirihlutaálitsins hafa lýst því yfir og það kemur líka fram í greinargerð með frv. að þeir vilji sporna við svokölluðum málamynda- og nauðungarhjónaböndum. Þetta vill reyndar minni hlutinn líka og það kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur. Munurinn er hins vegar sá að við í meiri hlutanum viljum hafa tæki í lögum til að sporna við slíkum gerningum. Það virðist minni hlutinn hins vegar ekki vilja. Ein af þeim reglum er títtnefnd 24 ára regla. Þetta er varúðarregla sem kemur í veg fyrir að hjúskapur sem er einungis til þess ætlaður að afla dvalarleyfis geti þjónað tilgangi sínum. Það hljóta allir að vera sammála um að slíkt markmið sé æskilegt. Það hlýtur að vera æskilegt markmið í sjálfu sér að vilja sporna við málamynda- og nauðungarhjónaböndum. Ég leyfi mér a.m.k. að halda því fram.

Reglan miðar jafnframt að því að vernda þá sem er hættara við þrýstingi eða misneytingu af einhverju tagi gegn því að falbjóða sig til hjúskapar.

Nú höfum við fengið á fundi nefndarinnar fulltrúa frá þeim aðilum sem vinna við framkvæmd þessara laga, m.a. sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og forstjóra Útlendingastofnunar. Þetta eru menn sem þekkja lögin og vita hvaða aðferðum er beitt til að ná fram þeim markmiðum sem við viljum sporna við og þeir mæla eindregið með því að þetta ákvæði sé sett í lögin. Hv. þm. telja sig hins vegar vera þess umkomna að vita betur en þeir sem hafa með lögin að gera og vinna með þau og þeir segja að þetta ákvæði sé þýðingarlaust. Ég leyfi mér hins vegar að trúa frekar þeim aðilum sem eru sérfróðir á þessu sviði og þurfa að vinna með lögin.

Það kom fram hjá þessum aðilum í umræðu fyrir nefndinni að varnaðaráhrif svona ákvæða væru mjög mikilvæg. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli útlistaði t.d. að í heiminum væru glæpamenn sem leituðu uppi glufur í löggjöfum einstakra landa og nýttu sér skilyrði um hjónaband til þess að afla sér vettvangs til víðtækari glæpastarfsemi. Það hlýtur að vera lögfull og góð röksemd og ástæða fyrir þessari reglu, a.m.k. trúi ég því og þess vegna styð ég hana.

Eins og ég sagði í andsvari fyrr í dag hefur reglan ekkert með hjúskap að gera í þeim skilningi að það er ekki verið að skerða rétt með þeim hætti sem fram kemur í minnihlutaálitinu. Það er ekki verið að setja það skilyrði að erlendir ríkisborgar þurfi að vera 24 ára gamlir til þess að ganga í það heilaga, síður en svo. Það er einungis verið að setja þá reglu að hjúskapur sem slíkur veiti ekki sjálfstæðan rétt til öflunar dvalarleyfis en hann kemur hins vegar ekki í veg fyrir að þessir aðilar geti aflað sér dvalarleyfis á öðrum grundvelli.

Mig langar þá að víkja að húsleitarheimildinni. Í aðdraganda umræðunnar og þess að mælt var fyrir þessu máli á Alþingi var því haldið fram — eins og kom fram áðan — að verið væri að heimila Útlendingastofnun og yfirvöldum á Íslandi óskilyrtar heimildir til að ráðast inn í híbýli erlendra ríkisborgara sem grunur léki á um að væru að brjóta lög. Þessu var blákalt haldið fram í umræðunni gegn frv. Við vitum hins vegar betur, það kom fram í nefndinni og kemur fram í 29. gr. núgildandi útlendingalaga að þar eru heimildir til húsleitar á heimili útlendinga, alveg eins og það eru heimildir í lögum um meðferð opinberra mála til húsleitar hjá öðrum einstaklingum sem á þessu landi eru. Það kemur líka fram í núgildandi 29. gr., 3. mgr. ef ég man rétt, að þar er gerð krafa um það að lögin um meðferð opinberra mála gildi um slíkar húsleitir. Hvað segja þau? Þau kveða á um að skilyrði þess að farið sé í slíka húsleit sé að fyrir liggi dómsúrskurður.

Því var haldið fram í nefndinni að þetta skilyrði væri ekki til staðar í fyrirliggjandi frv., ekki þyrfti að gera skilyrði um dómsúrskurð sem undanfara húsleitar og breyta þyrfti frv. Við höfum núna gert tillögur til breytinga á þessu frv. sem skýra skilyrðið enn frekar þannig að nú ætti að vera algjörlega ljóst að dómsúrskurður er nauðsynlegur undanfari þess að ráðist verði í húsleit.

Það kemur hins vegar fram í áliti minni hluta nefndarinnar að mjög nauðsynlegt sé að rökstyðja sérstaklega gagnsemi þeirrar húsleitar sem hér er til umfjöllunar. Auðvitað er það rétt. Og hvað felur krafan um dómsúrskurð sem undanfara húsleitar í sér? Hún felur það í sér að sá sem óskar eftir því að fá að fara í húsleit rökstyðji fyrir dómi, fyrir hlutlausum aðila, að efni standi til þess að fara í slíka húsleit. Við höfum orðið við þeirri athugasemd sem gerð var grein fyrir með mjög dramatískum hætti af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar um að meiri hlutinn hlustaði ekki, frekar en reyndar í nokkrum öðrum málum. Þetta er alveg skýrt. Húsleitarheimild hefur alltaf verið til staðar. Hún verður það áfram og hún verður veitt á grundvelli dómsúrskurðar.

Þá er komið að lífsýnunum og ég ætla í örfáum orðum að víkja að þeim. Eins og áður segir byggði hin upphaflega

gagnrýni á frv. m.a. á því að með því væri verið að heimila íslenskum stjórnvöldum að taka lífsýni umyrðalaust úr útlendingum til að sanna skyldleika og að útlendingar hefðu ekkert með þá lífsýnatöku að gera. Fullyrt var að engan dómsúrskurð þyrfti eða neinar slíkar aðgerðir, Útlendingastofnun gæti bara birst og heimtað lífsýni. Ef við skoðum það ákvæði sem hér er til umfjöllunar sjáum við, og það þarf ekki annað en að lesa ákvæðið til þess, að sá skilningur finnst ekki innan ákvæðisins. Ákvæðið kveður á um að Útlendingastofnun hafi heimild til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni, og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða. Í upphaflega frv. er talað um heimild til þess að krefjast lífsýnis. Það felur hins vegar ekki í sér sjálfstæðan rétt til að taka lífsýni vegna þess að útlendingurinn sem krafan beinist að getur undir öllum kringumstæðum og alltaf, og hefur alltaf frá upphafi getað, hafnað því að veita þetta lífsýni. Ákvæðið getur í þeim skilningi ekki talist íþyngjandi eins og hér er haldið fram af þeirri ástæðu að sá sem krafan beinist að þarf ekki að fallast á hana.

Í nefndaráliti meiri hlutans eru lagðar til breytingar á þessu ákvæði frv. og það staðfest að það sé algjörlega morgunljóst að viðkomandi aðili sem krafan um lífsýnatöku beinist að hafi alltaf heimild til að hafna því að gangast undir töku lífsýnis. Útlendingastofnun eða annar sá aðili sem mun leggja fram kröfu um að lífsýnisákvæðinu verði beitt er stjórnvald og í stjórnsýslu sinni er það stjórnvald lögbundið. Við verðum að gera ráð fyrir því, a.m.k. fyrir fram, að íslensk stjórnvöld fari að settum lögum og um Útlendingastofnun eins og önnur stjórnvöld gilda ákvæði stjórnsýslulaga þannig að við framkvæmd laganna leiðir það af eðli máls að sú stofnun verður að fara að stjórnsýslulögum, beita m.a. meðalhófsreglu sem þar er lögfest. Hún felur það í sér að ef útlendingur sem kemur hingað til lands óskar eftir dvalarleyfi og leggur fram gögn sem sanna með óyggjandi hætti að hann uppfylli þau skilyrði sem lögin kveða á um er alveg morgunljóst að Útlendingastofnun hefur ekki heimild í lögum til að krefjast lífsýnis. Það er alveg ljóst. Það leiðir einfaldlega af meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna. Frú forseti. Áhyggjur þeirra sem hér hafa tjáð sig varðandi þennan þátt frv. eru að mínu mati ástæðulausar.

Að svo búnu tel ég ekki ástæðu til að fara nánar yfir fleiri atriði frv. Það er búið að gera það nokkuð ítarlega í þessari umræðu. Þó eru fjölmörg atriði sem mætti fjalla nánar um. Ég leyfi mér hins vegar að vísa til þess sem fram hefur komið í umræðunni varðandi þau.

[15:45]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kaus að eyða nokkrum tíma ræðu sinnar í að rifja upp gagnrýni sem hefði komið fram fyrst á frv., og hugsanlega að einhverju leyti ómaklega að því er á honum mátti skilja. Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn hafi hugsanlega tekist að leiðrétta einhvern misskilning sem upp kom í upphafi þessa máls standa engu að síður eftir fjöldamótmæli, umsagnir eftir alla þá umræðu sem þetta mál hefur fengið, mjög neikvæðar umsagnir margra virtra aðila um stór atriði í málinu sem hér hefur verið vakin athygli á. Það er ekki, virðulegi forseti, eins og þetta sé allt saman byggt á misskilningi. Eins og ég sagði áðan, ef svo er og ef það er næg ástæða til að draga lagasetninguna til baka er það vond lagasetning.

Hv. þm. sagði líka að haft hefði verið samráð við þá sem vinna með lögin og nefndi Útlendingastofnun og lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli. Ég vil benda á að þeir sem vinna með þessi lög eru líka Rauði kross Íslands, Alþjóðahúsið og fleiri aðilar sem var ekkert samráð haft við. Það eru þeir sem vinna með fólkið sem þessi lög ná til. Af hverju í ósköpunum var ekki jafnmikil ástæða til að hafa samráð við þá aðila og hlusta á röksemdir þeirra sem koma fram í þeim umsögnum sem þessir aðilar hafa lagt fram í stað þess að afgreiða allar þeirra umsagnir með þeim rökum að hér sé um misskilning að ræða?

[15:47]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var að vísa til þeirra ummæla sem fram komu hjá gestum allshn. á fundum nefndarinnar. Ég var að vísa til þeirra ummæla sem þeir menn sem vinna með lögin, t.d. sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og Útlendingastofnun, höfðu um frv. að segja og ástæðurnar fyrir svokallaðri 24 ára reglu.

Varðandi samráðið tel ég að það hafi verið mjög viðamikið og gott í allshn. Ég veit ekki betur en að hv. þm. hafi sótt alla þá fundi þar sem frv. var til umfjöllunar og ég veit ekki betur en að allir þeir aðilar sem hér hafa verið taldir upp í dag, fulltrúar erlendra ríkisborgara, fulltrúar Rauða krossins, fulltrúar refsivörslukerfisins, í raun fulltrúar allra hópa sem að þessu máli koma, hafi hlotið áheyrn nefndarinnar, fengið að reifa sjónarmið sín og skiptast á skoðunum við nefndarmenn þannig að ég get ekki séð annað en að verulegt samráð hafi verið haft við alla þessa aðila, þeim hafi tekist að koma sjónarmiðum sínum að, og það sem meira er, við tókum verulegt tillit til athugasemda þeirra.

[15:49]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara örfáir tilteknir aðilar voru kallaðir til þegar verið var að semja þetta umdeilda frv. Það voru þeir sem hv. þm. nefndi til sögunnar áðan, Útlendingastofnun, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og einhverjir fleiri. Það var ekki haft samráð við þá sem vinna með það fólk og hafa fengið það hlutverk að vinna að málefnum þessara hópa. Vissulega voru þeir kallaðir fyrir hv. allshn. sem og hinir aðilarnir sem voru kallaðir til í dómsmrn. til ráðslags við gerð frv. Hefði ekki verið betra að hafa meira samráð við þessa hópa líka og í kjölfarið að taka svolítið meira tillit til þeirra athugasemda þannig að hér tækist kannski að afgreiða frv. sem einhver örlítil sátt væri um?

Allt samfélagið logar út af þessum stóru umdeildu ákvæðum, virðulegi forseti, og hæstv. ríkisstjórn segir: Þetta er bara misskilningur. Það er endalaus misskilningur í gangi. Það gengur ekki, virðulegi forseti, að afgreiða svo alvarlegar athugasemdir og viðamiklar eins og fram hafa komið á þessar umdeildu greinar með því að hér sé um misskilning að ræða. Hæstv. ríkisstjórn verður að átta sig á því að stundum borgar sig að vinna heimavinnuna sína, hafa samráð og reyna að koma í veg fyrir að frv. séu ýmist misskilin eða mjög umdeild eins og það er reyndar hvort tveggja í þessu tilviki.

[15:51]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir heldur alltaf sömu ræðuna og klifar á því að ekkert (**Gripið fram í:** Ha?) annað sé í gangi í þjóðfélaginu en misskilningur. Einu tillögur hennar varðandi þau frv. sem hér eru til umræðu,

ekki bara þetta heldur önnur, eru að þau verði dregin til baka og afgreiðslu þeirra frestað. Það er ekki bara bundið við þetta frv., heldur nánast öll þau frv. sem ríkisstjórnin leggur fram.

Ég verð að segja að ég tel að samráð varðandi samningu þessa frv. og meðferð þess hafi verið mjög eðlileg og lýðræðisleg. Allir þeir sem koma að málefnum þeirra hópa sem frv. varðar voru kallaðir fyrir nefndina, þeir fengu að reifa sín sjónarmið og koma þeim að og ég leyfi mér að endurtaka það ... (**Gripið fram í:** Þó það nú væri.) já, þó það nú væri. Ég leyfi mér að endurtaka að ég tel að þessi vinnubrögð séu eðlileg og lýðræðisleg og ítreka enn og aftur að verulegt tillit var tekið til þeirra athugasemda sem frá þessum hópum komu í því áliti sem liggur fyrir frá meiri hluta nefndarinnar.

[15:52]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Margt í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar vakti miklar spurningar en hann heldur áfram að verja hin umdeildu ákvæði í frv. Mig langar aðeins að staldra við það sem hann talaði um hina svokölluðu öfugu sönnunarbyrði sem hann heldur áfram að verja eins og flokksbræður hans.

Það er einhver misskilningur í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Að sjálfsögðu ber að vísa gildu hjúskaparvottorði. Það er enginn að tala um að hrófla við því. Að því loknu á einstaklingurinn hins vegar ekki að þurfa að hafa sönnunarbyrði fyrir því að hann búi ekki í málamyndahjónabandi. Það á að vera hjá stofnuninni sem heldur því fram. Viðkomandi stofnun á að þurfa að sanna þær ásakanir sem hún setur fram. En einstaklingurinn sem er búinn að framvísa hjúskaparvottorði á ekki að þurfa að sanna það að hann búi ekki í málamyndahjónabandi.

Mig langar aðeins að minnast á örfá atriði í umsögn Lögmannafélags Íslands sem ég ætla að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sé meðlimur í. Þar segir, með leyfi forseta, varðandi þetta atriði:

„Laganefnd leggst eindregið gegn þeirri leið sem lögð er til í 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins að kveða á um öfuga sönnunarbyrði viðkomandi einstaklinga þegar „rökstuddur grunur“ er um málamyndahjónaband eða nauðungarhjónaband í skilningi útlendingalaga.“ Litlu neðar stendur einnig, með leyfi forseta: „Laganefnd telur að ákvæði 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins, einkum hin öfuga sönnunarbyrði sem þar er kveðið á um, takmarki persónufrelsi og friðhelgi einkalífs með of víðtækum og almennum hætti og skapi hættu á því að mörg hjónabönd sem ekkert er athugavert við verði talin falla undir ákvæðið. Þá bendir laganefnd á að það varðar missi mikilvægra réttinda ef slegið er föstu að um málamynda- eða nauðungarhjónaband sé að ræða og telur laganefnd að það tryggi ekki nægilega réttaröryggi að fela Útlendingastofnun vald til að kveða á um það.“

Svipað segir Persónuvernd sem leggur til að umrætt ákvæði verði ekki lögfest. Þess vegna er með ólíkindum hvernig hægt er að réttlæta þetta ákvæði með þeim hætti sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerir ásamt fulltrúum Sjálfstfl.

[15:54]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er búinn að fara yfir þetta atriði málsins svo oft að ég hlýt að vísa til þess sem áður hefur komið fram en bæti því við að ég er ósammála því að um öfuga sönnunarbyrði sé að ræða. Í því skilyrði að krefjast þess að sá aðili sem óskar eftir því að stjórnvald taki ívilnandi stjórnvaldsákvörðun honum til handa tel ég rétt að hann sýni fram á það að hann uppfylli þau skilyrði sem lög kveða á um. Sú regla er eðlileg og getur ekki í réttarfarslegum skilningi eða öðrum falið í sér öfuga sönnunarbyrði. Sé þetta réttur skilningur eða rétt lesið af hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni upp úr álitsgerð eða umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands, lýsi ég mig einfaldlega ósammála þeirri túlkun. Það er eins einfalt og það er. Ég fór yfir það áðan í ræðu minni og tók fjölmörg dæmi, m.a. um þá sem sækja um örorku og þá sem afla sér t.d. réttinda til málflutnings og óska þar með eftir því að stjórnvald taki ívilnandi ákvörðun þeim til handa. Ég tel það eðlilegt og lögum samkvæmt og að það feli ekki í sér neina óeðlilega sönnunarreglu að þeir leggi sjálfir fram þau gögn sem sýna fram á það og sanna að þeir uppfylli skilyrði laga sem kveðið er á um.

[15:56]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu hefur margoft komið fram að fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúar Samf. eru ósammála í þessu máli. Það er grundvallarágreiningur milli þessara stjórnmálaflokka hvað það varðar, enda hafa þeir mismunandi hugmyndafræði um hvernig eigi að nálgast svona réttindamál.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson styður 24 ára regluna. Við gerum það ekki. Hann vill halda í 66 ára regluna. Við viljum það ekki. Hann vill halda inni lífsýnaákvæðinu. Ekki við. Hann hefur talað fyrir því að skipun talsmanna fyrir hælisleitendur verði lögð af. Sömuleiðis er ákvæði í frv. um eignaupptöku á þeim einstaklingi sem kemur ólöglega til landsins. Það er mikill ágreiningur um þetta atriði.

Öfuga sönnunarbyrðin er líka eitt af þessum grundvallarágreiningsefnum sem um er að ræða. Minni hluti allshn. og Samf. telja það einfaldlega ekki einstaklingsins að afsanna ásakanir ríkisstofnana eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það var ekki í núverandi lögum. Því er bætt núna við. Við teljum rétt að Útlendingastofnun beri að sanna að viðkomandi búi í málamyndahjónabandi eða í nauðungarhjónabandi en ekki einstaklingsins að afsanna það.

Að lokum langar mig að vitna enn og aftur í II. kafla umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Laganefnd bendir á að til að ná þeim tilgangi að stemma stigu við málamyndahjónaböndum og nauðungarhjónaböndum virðist nægilegt að kveða á um refsinæmi þess að stofna til þeirra eins og gert er í 16. gr. frumvarpsins. Er það þá metið fyrir dómstólum hvort háttsemin telst sönnuð. Telur laganefnd ekki rétt að kveða á um missi réttar til dvalarleyfis fyrr en eftir að slík háttsemi hefur verið sönnuð eftir meginreglum opinbers réttarfars, m.a. þeirri grundvallarreglu sem kveðið er á um í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, að maður skuli teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð.“

[15:58]

Brynja Magnúsdóttir:

Frú forseti. Í dag er að ljúka 2. umr. um svokallað útlendingafrv. Það hefur vakið harkaleg viðbrögð í samfélaginu og ekki að ástæðulausu. Það er hægt að finna góða punkta í því en það er ekki nóg. Nokkur stór atriði í frv. ber að gagnrýna.

Ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna hafa verið í miklu samstarfi við mörg vefrita og samtaka er lúta að réttindabaráttu innflytjenda. Ungir jafnaðarmenn, Ung vinstri græn og Ung frjálslynd sendu m.a. frá sér sameiginlega ályktun þar sem frv. var mótmælt harðlega. Í ályktuninni segir m.a., með leyfi forseta:

„Félögin telja að frumvarpið gangi gegn hefðbundnum sjónarmiðum um jafnræði borgaranna og borgaraleg réttindi.“

Heimdalli og Sambandi ungra framsóknarmanna var boðið að vera með á ályktun þessari en þau ákváðu að vera ekki með. Ekki náðist meiri hluti í SUF fyrir því og Heimdallur ákvað að vera með aðrar aðgerðir. Engu að síður hefur samstarfið verið mikið og kannski ber þetta einna gleggst merki um að tímarnir breytast og mennirnir með, í það minnsta ungdómurinn. Ungliðahreyfingarnar berjast gegn ýmsum lagaákvæðum frv. og telja að þau brjóti á jafnræði borgaranna og borgaralegum réttindum.

Hér á landi er að alast upp önnur og jafnvel þriðja kynslóð innflytjenda. Unga fólkið hér á landi hefur alist upp með þessum svokölluðu útlendingum og fyrir langalöngu hætti þetta fólk að vera útlendingar. Vinir manns sem eru e.t.v. dekkri á hörund en hinn ljósi Íslendingar fá spurningar eins og: Hvaðan ertu? Og þegar svarið er: Frá Íslandi, þá getur það tæplega verið vegna þess að enginn sannur Íslendingur er dökkur á hörund.

Vinir kynslóðarinnar sem eru að alast upp núna eru af hvaða kynþætti sem er, trúarbrögðum, þjóðarbroti eða húðlit. Unga fólkið í dag fer mun víðar og kynnist mun fleira fólki en gerðist áður fyrr þegar lengsta námsför sem hugsuð var var til kóngsins Kaupinhafn.

Frú forseti. Við Íslendingar erum nýjungagjarnir og við erum ekki lengi að tileinka okkur nýja siði og nýjar venjur, ekki síst matarvenjur. Við kunnum að elda ítalskan, franskan, tælenskan, kínverskan og mexíkóskan mat. Við dásömum menningarlega fjölbreytni og reyndar alla fjölbreytni. Fjölbreytni er tískuorðið í dag hvað varðar lagafrumvörp nema þegar kemur að útlendingum. Staðreynd er að í frv. er ekki hægt að fá dvalarleyfi á grundvelli hjónabands nema erlendur maki sé eldri en 24 ára. Vissulega getur makinn sótt um dvalarleyfi á öðrum forsendum en engu að síður mun þetta ákvæði leiða til mismununar. Maki minn er löggiltur og má koma til landsins án vandkvæða enda er hann Íslendingur, en þinn má það ekki vegna þess að hann er erlendur og yngri en 24 ára og það er grunsamlegt.

Enginn sem er yngri en 24 ára gæti mögulega viljað gifta sig. En sumir þeirra sem standa að meirihlutaáliti nefndarinnar ættu að yfirstíga skuldbindingaróttasinn og viðurkenna að ekki eru öll hjónabönd Íslendinga og útlendinga yngri en 24 ára með illum ásetningi og fólk yngra en 24 ára gæti verið ástfangið. Hver ætlar að sjá um að kanna það? Mun hæstv. dómsmrh. elta fólkið uppi og spyrja það spjörunum úr um ástina, um æskuminningar hvors annars, hver sé uppáhaldsliturinn? Tefjum fólk yngra en 24 ára af erlendu bergi brotnu í að koma til landsins með íslensku elskunni sinni vegna þess að grunur leikur á að um málamyndahjónaband sé að ræða. Það er niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna. Aldursskilyrðið er þó hugsað að einhverju leyti sem verndarsjónarmið, að vernda einstaklinga sem gætu mögulega verið skikkaðir í nauðungarhjónabönd. En sú röksemd hefur heyrst m.a. frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna að konur sem búa í samfélögum þar sem nauðungarhjónabönd tíðkast verði ekki frjálsari með aldrinum og því skiptir aldursákvæðið litlu máli í því tilliti.

Einnig getur ákvæðið leitt til þess að þeir sem virkilega ætli sér að koma á nauðungarhjónabandi sendi stúlkur hreinlega úr landi til upprunalands síns þar sem þær verða fyrir vikið varnarlausari. Þegar við höfum misst einstakling úr landi er ekki víst að hægt verði að koma honum til bjargar. Hægt er að harma og horfa til nærtæks dæmis þar sem er Sophia Hansen sem hefur barist fyrir dætrum sínum í fjölda ára. En kannski horfir það öðruvísi við, þar er um íslenskar stúlkur að ræða og kannski er það einmitt sterkasta atriðið í útlendingafrv. Verið er að gera innflytjendur að annars flokks þegnum. Við þurfum ekki að gæta bróður okkar, ekki að horfa til náunga okkar. Við erum orðin eigingjörn í hnattvæðingunni. Við fögnum henni en hörmum um leið, lokum landamærum og herðum löggjafir til að stemma stigu við alþjóðavæðingunni.

Frú forseti. Eitt er útrás í viðskiptalífi og yfirtökur og eignarhald og allt það í framandi löndum og viðskiptafundir erlendis með fólki af öllu þjóðerni en annað að það fólk fari að koma hingað til lands þegjandi og hljóðalaust. Ónei, herðum löggjöfina og verðum ósanngjarnari.

Stundum finnst mér tilfinnanlega vanta presta á hinu háa Alþingi sem gætu kennt okkur eitt og annað úr sunnudagaskólanum þar sem talað er um gullnu regluna: „Það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Íslendingar setja sig á svo háan hest stundum að það er ótrúlegt.

Erlendis er Íslendingur útlendingur og ég vona að fólk muni það. Útlendingar sem koma til Íslands eiga að lúta íslenskri löggjöf og því þarf ekki að herða ákveðna þætti hennar hvað varðar útlendinga eingöngu. Mér finnst það bera vott um fordóma og eins konar dónaskap gagnvart útlendingum.

Orðalag frv. hefur verið gagnrýnt fyrir að vera opið og óskýrt. Hugtakið málamyndahjónaband er hvergi skilgreint en úr því á víst að bæta í lagatexta. Gott og vel, ég er bara ánægð með það, en engu að síður stendur 24 ára reglan sem hrein og klár mismunun gagnvart útlendingum.

Frú forseti. Þó að Danir hafi þann háttinn á langar mig til að minna á að það er ýmislegt rotið í Danaveldi. Öfgastefna sem fer andstyggilega með útlendinga. Við horfum á sjónvarp og fordæmum hegðun ýmissa þjóðarbrota gagnvart hverju öðru. Við sjáum hvernig hatur blossar upp á ýmsum svæðum og við siglum sömu leið með svona fordómafullum útlendingalögum. Löggjöf er eitt en eins konar fordómamaskína er annað. Við þurfum lög er varða útlendinga en við þurfum líka framtíðarstefnu hvað varðar innflytjendur og útlendinga en ekki alltaf skyndiákvarðanir og skammsýni. Þetta er eins og í landhelginni, skyndilokun á svæðinu. Við Íslendingar erum kannski nafli alheimsins, að okkur finnst, en miðað við búkinn er naflinn ansi lítill. Þó að við séum lítil verðum við að vera skynsöm líka. Ég harma þessa skammsýni og vona að lagafrv. taki einhverjum breytingum fyrir 3. umr. Annars get ég ekki samþykkt það.

[16:06]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég stend að áliti meiri hluta allshn. og þeim ágætu brtt. sem nefndin leggur til við þetta frv. um breyting á lögum um málefni útlendinga. Ég ætla að gera grein fyrir fyrirvara mínum og fara nokkrum orðum um hann úr þessum

stól. Það sem mig langar þó að byrja á er að lýsa yfir þeirri skoðun minni, sem ég hef gert í annan tíma, að alla jafna er það farsælla bæði fyrir störf Alþingis og til að tryggja sátt í samfélaginu að þegar menn leggja fram frumvörp, og þá á ég við hæstv. ráðherra og aðra sem koma að löggjöf, um jafnviðkvæman málaflokk og málefni útlendinga eru, þá er affarasælla að haft sé meira samráð ekki bara við þá sem koma að framkvæmd laganna og hafa fundið agnúana sem eru á löggjöfinni sem Alþingi hefur þegar sett, fundið í framkvæmd hvað það er sem skortir til að þeir geti unnið samkvæmt lögunum, heldur að það sé líka haft samráð við þá sem málið varðar, ef svo má að orði komast, í hinn endann, útlendingana sjálfa sem búa á Íslandi og útlendingana sem óska eftir því að koma til Íslands, og þá á ég við ættingja þeirra sem hérna búa.

Það er ekki aðeins spurningin um að við reynum að hafa sátt um löggjöfina, heldur líka spurningin um að við reynum að koma í veg fyrir misskilning í samfélaginu og síðast en ekki síst að það sé tryggt áður en frumvörpin koma fram og byrja að valda misskilningi, eins og umræðan sannarlega fór af stað um útlendingafrv. í mörgum veigamiklum atriðum. Það er líka þýðingarmikið að fá fram sérþekkinguna. Mig langar í því samhengi að nefna eitt dæmi frá fundi í allshn. af ungri konu sem kom þar og benti á að í athugasemdunum við frv. er talið upp til hvers eigi t.d. að horfa varðandi mat Útlendingastofnunar á hvort um málamyndahjúskap sé að ræða. Hún nefndi að það væri aldursmunurinn, að horfa ætti til þess hvort hjónin töluðu sama tungumál og ég man ekki hvað fleira það var sem átti við í hennar tilviki, en hún benti á að hefði hjúskapur hennar verið metinn á þeim forsendum fyrir tíu árum þegar hún settist hér að með maka sínum hefði hún engan veginn fengið dvalarleyfi á þeim forsendum. Það hefði verið litið til aðstæðna hennar sem málamyndahjúskapar.

Ég vil leggja áherslu á að það er affarasælla að áður en frumvörpin koma fram sé reynt að nýta sérþekkinguna í samfélaginu í báða enda, bæði þá sem lögin varða og sérþekkingu þeirra sem við lögin starfa til þess að ekki verði misskilningur og til þess að það sé sátt af því að raunin er sú að það er mjög erfitt eftir á að ætla að fara að leiðrétta það sem misskilningur er um. Og það sem það gerir líka er að það elur á ákveðinni tortryggni og vantrausti á þeim aðilum sem vinna í þessum málaflokki og það finnst mér ekki gott og mér finnst það ekki þjóna hagsmunum útlendinga að þeir þurfi alltaf að hafa það á tilfinningunni að það sé ástæða til að vantreysta þeim og tortryggja þá sem eiga jú að þjónusta þá í samfélaginu samfara því að vinna samkvæmt löggjöfinni.

Annar galli við frv. sem mætti kannski segja að væri ástæðulaus er að það skorti alveg í athugasemdunum að þar væri gerð grein fyrir ástæðunum og rökunum fyrir þeim breytingum sem lagðar voru fram í frv. Og þegar maður fær slíkt lagafrv. í hendurnar fer maður sem von er fyrst í athugasemdirnar til að ná í upplýsingar um þær og hvers vegna og til hvers en í þessu tilviki voru þar engar upplýsingar að finna og eðlilega, eða a.m.k. gerði ég það í þeim sporum, beið ég eftir fundum í allshn. og eftir umsögnum sem nefndin óskaði eftir og fékk og gerði þá ráð fyrir að í þeim kæmu fram ástæðurnar fyrir breytingunum. Það gerði það vissulega. Svo var bara spurning hvað mörgum okkar fannst ástæða til að ganga langt með tilteknar greinar og tilteknar breytingar, hvort rökin væru nægjanleg til þess. Það eru ekki nægjanleg rök að aðrar þjóðir hafi sett sér sambærilegar reglur vegna þess að aðstæður hjá öðrum þjóðum í öðrum löndum geta verið allt öðruvísi en aðstæðurnar sem við stöndum frammi fyrir. Við setjum ekki lög og breytum lögum bara til að breyta þeim, heldur vegna þess að þörf er fyrir að gera það.

Mér datt í hug áðan, frú forseti, þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, og ég ætla ekki að hafa neitt orðrétt eftir henni, en hún hafði á orði að eftir stæðu mótmæli fjölda manna, og ég tek undir að margir sem hafa gagnrýnt lögin eru virtir þegnar í samfélaginu og fólk sem vert er að hlusta á, og hún talaði um vond lög. Þá rifjaðist upp fyrir mér umræðan sem varð í þinginu árið 2002 þegar útlendingalögin voru sett, þau stóru og miklu lög sem unnið hafði verið að árum saman og var mikil þörf á vegna þess að sú löggjöf sem við bjuggum við áður var orðin úr sér gengin og eins og einhver komst að orði um aðra löggjöf, barn síns tíma, svo sannarlega.

Ég man eftir umræðunni þá. Hún var óskaplega heit og stjórnarliðar sátu þá, ég og fleiri, undir því að vera allt að því vændir um að vera kynþáttahatarar, rasistar, og reynt var að ala á tortryggni um allar þær reglur sem þar voru settar fram. Mér þótti ekki auðvelt að standa í þeim sporum og þá var mikill misskilningur í gangi. En mér leikur svolítil forvitni á að vita hver afstaða þeirra sem gagnrýndu lögin og frv. mest á þeim tíma er til laganna í dag. Ég held að almennt sé mjög mikil sátt um þá löggjöf. Ég man sérstaklega eftir deilunum sem voru um það hvort gera ætti útlendingum skylt að sækja námskeið í íslensku. Ég man ekki hve mörgum mánuðum seinna það var sem einhver skoðanakönnun leiddi í ljós að meiri hluti útlendinga á Íslandi var mjög hlynntur þeirri löggjöf. Afstaða mín til þess á sínum tíma var fyrst og fremst sú að í því litla samfélagi sem við búum í getum við ekki alltaf tryggt túlkaþjónustu á öllum tungumálum um allt land til að aðstoða fólk og í litlu byggðakjörnunum úti á landi þar sem er kannski fólk frá 30–40 löndum og sem talar fjöldann allan af mismunandi tungumálum getur það fólk ekki aðlagast íslensku samfélagi á þann hátt sem við viljum nema það sé fært um að tala tungumálið.

Það sem ég vildi kannski vekja athygli á með þessu orðum er að deilurnar voru oft harðar og því var haldið á lofti sem von var af stjórnarandstöðunni að þetta væri vont. Stundum var allt að því, fannst mér, gefið til kynna að það væri af einhverjum illum hvötum alveg eins og gefið er til kynna núna að markmiðið með þessum lögum sé að hamla komu og dvöl útlendinga á Íslandi. Auðvitað er markmiðið með frv. fyrst og fremst að koma í veg fyrir að verið sé að misnota lögin. Grunnurinn að frv. er fyrst og fremst sá að lögreglan og Útlendingastofnun hafa bent á hvernig verið er að fara á svig við lögin og verið er að leita heimilda fyrir lögreglu og Útlendingastofnun til að bregðast við því. Það er ekki verið að reyna að hamla komu útlendinga til landsins heldur að reyna að koma í veg fyrir að lögin séu misnotuð og þær leiðir sem þau bjóða upp á fyrir ættingja útlendinga í ákveðnum tilvikum.

Efni frumvarpsins hefur vissulega verið afflutt. Ég er ekki að sakast við stjórnarandstöðuna á þingi varðandi það. Mér fannst vinnan í allshn., undir stjórn formanns nefndarinnar, fara mjög vel fram og það var margt sem upplýstist í þeirri umræðu. En við verðum líka að viðurkenna að í mörgum umsögnum sem við fengum gætti mikils misskilnings á veigamiklum atriðum sem frv. lýtur að. Fundirnir urðu til að upplýsa um út á hvað frv. gekk og jafnframt fengum við ábendingar um hvaða breytingar þyrfti að gera á frv.

Ég gladdist sérstaklega yfir því, frú forseti, að lesa í áliti minni hluta allshn. að hann telur ákveðin atriði í frv. mjög jákvæð. Það gladdi mig að sjá það í minnihlutaálitinu en sem von er hafa verið höfð færri orð um það og minna borið á því. Þar er talað um réttarbætur fyrir útlendinga sem allir eru sammála um að eru þarfar og sátt ríkir um.

Málflutningur sumra í þessu máli hefur fyrst og fremst orðið til að vekja tortryggni og vantraust á þeim sem starfa að þessum málum. Ég verð að fá að segja þá skoðun mína að með því er ekki gætt hagsmuna útlendinga almennt. Ég held að þeim líði yfirleitt ekkert vel með að þurfa að treysta öllum sem koma að málefnum útlendinga. Ég vara við því að menn telji sig þjóna hagsmunum útlendinga að því leyti.

Breytingartillagan sem meiri hluti allshn. leggur fram og ég styð tekur m.a. á því sem mest hefur verið gagnrýnt, mest verið misskilið og afflutt. Eftir breytingu á orðalaginu sem lýtur að heimildinni til húsleitar verður skýrt að til þess þarf dómsúrskurð. Ég velti því fyrir mér hvort það hafi hvarflað að nokkrum manni að leita ætti heima hjá útlendingi án dómsúrskurðar. Það þurfti að leggja sig í líma til að skilja ákvæðið þannig að það stæði til.

Í þessu samhengi vil ég nefna að þegar frv. er lesið þá hljóta þeir sem vilja kenna sig við vönduð vinnubrögð að lesa það, ekki bara bókstaflega orð fyrir orð heldur með aðra löggjöf í huga, m.a. stjórnsýslulögin. Allir sem hér eru vita að við framkvæmd laganna hjá Útlendingastofnun og öðrum sem koma að framkvæmd þeirra laga gilda stjórnsýslulögin. Meðalhófsregla stjórnsýslulaganna gildir og hún gildir m.a. fyrir vinnubrögð Útlendingastofnunar. Maður getur ekki lesið frumvarpsgreinina eina sem lýtur að húsleitinni án þess að fletta líka upp í opinberu lögunum. Í þessu samhengi er nokkuð ljóst að það stóð a.m.k. ekki til að leita hjá útlendingi án dómsúrskurðar. En með breytingunni sem nú hefur verið gerð verður það skýrara en ella. Nú þarf enginn að velkjast í vafa um það.

Af umræðunni í samfélaginu mátti skilja það svo að ákvæðið, eins og það var, varðandi lífsýnatökuna gengi beinlínis út á að taka lífsýni úr hverjum einasta útlendingi sem kæmi til landsins. Mér finnst mjög langt seilst til að ná þeim skilningi. Ég skildi þetta ákvæði aldrei öðruvísi en svo að ef útlendingur réði ekki yfir öðrum gögnum heiman frá sér sem sýndu fram á skyldleikann þá væri þetta eitt úrræðið. En ég get vissulega tekið undir að það hefði mátt orða ákvæðið öðruvísi þannig að sá skilningur kæmi fram. Með breytingunni sem gerð hefur verið á þessu ákvæði er sá skilningur skýr að mínu mati. Það er sá skilningur sem ég legg í það. Þetta er tækifæri fyrir þann útlending sem ekki getur sannað skyldleika á annan hátt. Ef fæðingarvottorð og önnur gögn skortir, ef útlendingurinn kemur frá samfélagi þar sem jafnvel gögnin eru ekki tiltæk, ekki til, hafa eyðilagst eða hvernig sem háttar um hagi hans, þá hefur hann tækifæri til að gera þetta. Eins og fram kemur í áliti meiri hluta allshn. verður maður, við mat á því, að hafa í huga öll tilbrigði mannlífsins, til að mynda hvað veldur því að margir geti ekki einu sinni nýtt þetta sem sönnun, t.d. þegar um er að ræða fósturbarn, ættleiðingu og jafnvel tæknifrjóvganir. Þá gildir slíkt sýni ekki sem sönnunargagn. En þetta kemur fram í áliti meiri hluta allshn. og er fyrirvari við þessa heimild.

Fyrirvari minn við frv. varðar ákvæðið sem lýtur að aldursmörkunum gagnvart dvalarleyfinu, 24 ára aldursmarkinu annars vegar sem lágmarksaldri þegar hjúskapur er grundvöllur dvalarleyfis og hins vegar 66 ára aldursmörkum. Eins og ég sagði í upphafi máls míns gerði ég mér vonir um á fundi með gestum inn í allshn. og í umsögnum að ég fengi fram einhver rök fyrir því að þetta væri nauðsynlegt. Það mátti skilja ákvæðið þannig að þetta væri ætlað til að koma í veg fyrir nauðungarhjónabönd og málamyndahjúskap eða hvort tveggja en í gögnum sem liggja frammi með þingskjalinu kemur í ljós að undanfarið hafa fleiri tugir, eða á annað hundrað útlendingar, fengið dvalarleyfi á slíkri hjúskaparforsendu. Eftir því sem fram kom á fundum allshn. var það aðeins í einu tilviki sem menn höfðu á þriggja ára bili haft grun um að um nauðungarhjónaband hafi verið að ræða. Ef tilefnið er ekki meira en þetta og svo margir byggja rétt sinn á því, þar sem hjúskapurinn er ekki í þeim eina tilgangi að afla sér dvalarleyfis, finnst mér meðalhófsreglan segja að við eigum ekki að ganga svona langt. Það er ekki tilefni til að gera það.

Þótt það sé vissulega rétt sem fram kemur í áliti meiri hluta allshn., að bara það að hjúskapurinn er til staðar eru sterk viðbótarrök fyrir því að veita makanum dvalarleyfi, þá eru ekki rök fyrir því að hafa svo hamlandi reglu fyrir alla þá sem byggja hjúskap sinn ekki á því að afla sér dvalarleyfis. Hið sama finnst mér í raun með 66 ára aldurinn. Þegar ég les þessa reglu sé ég fyrir mér foreldra útlendings sem býr hér. Ef hann er í hjúskap er hann að líkindum kominn með börn og ég sé fyrir mér að þetta snerti afann og ömmuna. Fólk sem orðið er afi og amma, með einhverri meðaltalsreglu, er a.m.k. yfir fertugu, kannski nálægt fimmtugu. Við þekkjum það vel, ekki síst þegar konur eru annars vegar, að menn eiga mjög erfiðan aðgang að íslenskum vinnumarkaði um leið og fimmtugsaldrinum er náð, ég tala nú ekki um milli fimmtugs og sextugs. Ég sé ekki ástæðu til að setja þessi takmörk. Ég hef ekki fengið næg rök fyrir því að þetta sé verðug regla til að binda í lög.

Á sama hátt, frú forseti, og ég hef leyft mér að gagnrýna aðeins undirbúninginn að frv., skortinn á samráði við þá sem málið varðar, vil ég þakka fyrir ágætt starf í allshn. og góða fundi með þeim gestum sem þangað komu og stuðning við nefndarálit frá meiri hluta allshn. sem ég stend að og breytingunni sem lögð er fram. Ég vil einnig lýsa ánægju minni með þær breytingar sem gerðar voru en ég hef fyrirvara við aldursmarkaákvæði í a-lið 2. gr. frv. í a-liðnum. Sjónarhorni mínu til þessa mætti kannski lýsa með því sem við öll þekkjum, að ástin spyr ekki um aldur og virðir heldur engin landamæri. Það eru ekki rök fyrir því að setja þetta ákvæði í lög, frú forseti.

[16:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í andsvari og ætlaði að spyrja hv. þm. um réttlætingu hennar fyrir 24 ára reglunni og 66 ára reglunni. Það gleður mig að heyra að hv. þm. sem hefur farið svo ítarlega yfir málið í nefnd skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að sú regla væri ekki ásættanleg. Hún er með fyrirvara við ákvæðið og ég spyr hvort þessi fyrirvari þýði að hún muni ekki styðja slík aldursmörk.

Mér fannst mjög athyglisvert að hlusta á hv. þm. og tek undir það að farsælla er að hafa meira samráð. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa samráð við hagsmunaaðila og þá sem málinu tengjast úti í þjóðfélaginu. Ég tel að stóru mistökin sem núverandi ríkisstjórn gerir aftur og aftur sé að hún er of upptekin af valdi sínu. Hún þarf ekki lengur að spyrja neinn og þarf ekki að hlusta á neinn. Það er ákveðið and-

rúmsloft óvirðingar í þessum lagasetningum, m.a. varðandi útlendinga.

Ég bendi á að nú þegar þurfum við á útlendingum að halda í mjög veigamikil störf. Við leggjumst inn á sjúkrahús og hverjir eru þar í öllum grunnstörfunum? Það eru útlendingar. Svíar hafa reiknað út að þeir þurfi mjög á erlendu vinnuafli að halda og útlendingar komi og deili með þeim samfélaginu. Annars verður ekki um það að ræða að þeir fari á eftirlaun á þeim kjörum sem menn gera í dag og þykir eðlilegt á Vesturlöndum.

[16:27]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að grípa það síðasta sem hv. sagði, að Svíar væru að flytja inn ódýrt vinnuafl og þyrftu mikið á því að halda. Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er þannig að við höfum ekki sömu þörf fyrir erlent vinnuafl. Ég vil helst geta tekið á móti útlendingum á Íslandi á annarri forsendu en vinnuaflsþörfinni. Ég ætla að fá að halda því til haga.

Mér heyrðist hv. þm. hins vegar víkja að lögunum sem sett voru 2002. Ég ætla í því samhengi að benda á að það var mjög mikið gagnrýnt við þá lagasetningu hve margar reglugerðarheimildir voru gefnar. Svo kom í ljós að ein reglugerð var gefin út. Það vill svo til að áður en sú reglugerð var sett var hún send í drögum til allra þeirra sem málið varðaði, líka samtaka útlendinga, ættingja útlendinga og annarra sem því tengdust. Um hana náðist mjög góð sátt. Ég man ekki eftir ósætti um aðdragandann og vinnuna við það frv. áður en það kom fram. Frv. sem samþykkt var 2002 var sniðið að norsku löggjöfinni en einnig voru töluvert miklar breytingar gerðar á því í meðförum allshn. Ég held að það megi fullyrða að víðtæk sátt sé um þau lög, eftir að þau voru sett, sem ekki leit út fyrir þegar um málið var rætt á þinginu.

[16:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það miður að þegar maður kemur í ræðustól og spyr spurninga er málinu er drepið á dreif.

Mér líkar heldur ekki þegar menn tala um innflutning. Það vill þannig til að ég var á fundi þar sem fjallað var um að við á Norðurlöndum þyrftum í raun að vonast eftir að fólk langaði að koma og búa með okkur, einmitt út af breytingum. Nú er allt annar barnafjöldi í fjölskyldum en var þegar ég var að alast upp. Þetta eru breytingar sem eiga sér stað. Ég er að tala fyrir því að fólk finni að það sé mjög jákvætt að koma til landsins og því sé tekið með virðingu og í sátt. Ég er einmitt ekki að tala um að flytja inn fólk. Það á einmitt ekki að sýna þessu fólki að það fái náðarsamlegast að fá að koma til landsins við tilteknar aðstæður. Það var inntakið í orðum mínum.

Hins vegar spurði ég þingmanninn hvort lesa mætti fyrirvarann þannig að hún mundi ekki styðja 24 og 66 ára regluna. Ég fagnaði mjög ræðu hennar.

[16:30]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Svo ég svari spurningu hv. þm. beint felst í fyrirvara mínum að ég get ekki stutt þetta tiltekna ákvæði í frv. En á heildina litið held ég að afstaða mín og hv. þm. til útlendinga sé nokkuð lík. Við deilum ýmsum sjónarmiðum varðandi útlendinga og hvernig eigi að taka á móti þeim. Mér finnst að við mættum gera meira af því að ræða annað en beinlínis verkefni Útlendingastofnunar í þinginu, ræða um annað en bara það sem varðar komu og brottför útlendinga og dvöl þeirra í landinu. Við hljótum að þurfa að ræða hvernig við ætlum að tryggja sem best aðlögun þeirra, hvernig við ætlum að veita börnum útlendinga sem mestan stuðning, ég tala nú ekki um þeirra sem koma frá öðrum löndum en EES-svæðinu og hafa átt erfitt uppdráttar í skóla og skila sér ekki einu sinni í framhaldsskóla. Það er svo ótal margt sem við getum rætt og gert betur á því sviði.

[16:31]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hélt merkilega ræðu að mínu viti. Hún benti á samráðsleysi sem frumvarpshöfundar viðhöfðu við samningu frv. alveg eins og minni hlutinn hefur gert. Hún hafði einnig efasemdir um þær röksemdir sem eru í frv. um þörfina fyrir þeim breytingum sem hæstv. dómsmrh. vill keyra í gegn. Þetta undirstrikar einmitt þann málflutning sem við í minni hlutanum höfum bent á í allan dag. Hv. þm. er með fyrirvara á meirihlutaálitinu. Í rauninni má lesa alvarlegan ágreining milli ríkisstjórnarflokkanna í allshn. eftir ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz að dæma um eitt af stærstu grundvallaratriðum og deilumálum í frv. og það er 24 ára reglan. Ég fagna því að hv. þm. Jónína Bjartmarz treystir sér ekki til að styðja þann óskapnað sem slík regla er.

Mig langar að spyrja hana beint út: Mun hv. þm. Jónína Bjartmarz styðja brtt. minni hlutans um að fella 24 ára regluna og 66 ára regluna út? Mig langar einnig að spyrja hv. þm. Jónínu Bjartmarz, sem er talsmaður Framsfl. í allshn. og í málefnum allshn., hvort Framsfl. er á sömu skoðun og hún og hvort hann muni kjósa í samræmi við kosningu hennar á eftir.

[16:32]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson fór mikinn í ræðustól og hélt því fram að mikill ágreiningur væri innan allshn. milli stjórnarflokkanna í málefnum útlendinga. Hv. þm. hefur ekki nokkra ástæðu til að gefa það í skyn og hefur ekki fundið nokkurn ágreining innan nefndarinnar. Það styðst því ekki við nein rök eða tilefni að gefa það í skyn. Það ríkir sátt og ég stend að áliti meiri hlutans með fyrirvara einungis um þetta eina atriði.

Af því að talað var um að ég hafi gagnrýnt skort á samráði var það ekki lunginn í ræðu minni. Í þinginu og í allshn. eru fjölmörg vel unnin frv. sem unnin eru í fullu samráði. Það má ekki bara halda því á lofti sem miður fer. Við skulum horfast í augu við það mörgum frv. er vert að hrósa, bæði aðdragandanum, undirbúningnum og samráðinu sem fram fer.

Ágreiningurinn er ekki til staðar, frú forseti, um annað en þetta atriði. Ég veit ekki hvort það er ágreiningur í sjálfu sér, þetta er mitt persónulega mat. Ég fékk rök fyrir ýmsu öðru í frv. í meðförum nefndarinnar, en ég fann ekki rök fyrir því að þetta væri nauðsynlegt. Ég trúi því að maður eigi ekki að ganga lengra en þörf, aðstæður og nauðsyn sýna fram á í svona löggjöf og því treysti ég mér ekki til að styðja þetta atriði.

[16:34]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eina sem ég gerði í andsvari mínu var að vísa í ræðu hv. þm. þar sem hún dró upp ákveðna fleti sem hún

var ósátt við, þar á meðal samráðsleysi og 24 ára regluna. Ég ítreka þær spurningar sem ég beindi til hennar í fyrra andsvari mínu. Mun hún, eftir að hafa sagt að hún treysti sér ekki til að styðja áætlun meiri hlutans um að lögfesta 24 ára regluna, styðja brtt. minni hlutans um að fella hana út í atkvæðagreiðslum á eftir? Hver telur hún að viðbrögð Framsfl. verði í atkvæðagreiðslum á eftir? Mun Framsfl. fylgja henni í því? Veit hún, upp á framtíð ákvæðisins þar sem Framsfl. er í oddastöðu í þessum málum eins og svo mörgum öðrum, hvort það verði inni eða ekki?

[16:35]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil eiginlega ekki að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson ætlist til þess að ég svari fyrir afstöðu annarra þingmanna í flokknum og bendi á að í ágætum flokki hv. þm., Samf., fara atkvæði út og suður í ýmsum málum. Ég get ekki svarað hver afstaða samflokksmanna minna er í málinu og ekki eðlilegt einu sinni að þingmaðurinn spyrji. Þetta er ekki pólitískt mál að mínu mati. (**ÁÓÁ:** Styðurðu brtt.?) Útlendingalöggjöfin er ekki flokkspólitískt mál. (**ÁÓÁ:** Styðurðu brtt.?)

[16:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert skrýtið þó ræða hv. þm., varaformanns allshn., hafi vakið athygli okkar stjórnarandstöðuþingmanna því hún leiðir í ljós sem er svo sem vitað að það er ágreiningur milli stjórnarflokkanna í mjög afgerandi málum, t.d. þessu. Og alltaf skal það vera þannig að aumingja Framsfl. þarf að beygja sig undir vilja Sjálfstfl. Mér heyrist á ræðu hv. þm. að hún eigi miklu meira sameiginlegt með stjórnarandstöðunni í málinu en Sjálfstfl. Mér fannst það skína í gegn í máli hv. þm. og fagna því. Sú staðreynd að hún gefur ekki svör við því hvort hún muni styðja brtt. minni hlutans finnst mér gefa til kynna að hún á erfitt með að svara því. Ég skil það líka mætavel. Hv. þm. á því samúð mína alla að vera í þeirri aðstöðu sem raun ber vitni.

Ástæðan fyrir því að ég kom í andsvar var sú að hv. þm. spurði um afstöðu okkar stjórnarandstöðuþingmanna til útlendingalöggjafarinnar sem er orðin tveggja ára gömul. Ég verð að segja að ég er ekki sátt við hana. Mér finnst enn þá að hún kveði miklu meira á um rétt stjórnvalda en réttindi útlendinganna. Það er sú hugsanavilla sem mér fannst allan tímann vera í löggjöfinni og er í henni enn þá. Mér finnst mjög erfitt að íslensk stjórnvöld ætla enn að herða tökin gagnvart útlendingum og reyna að þrengja enn frekar skilyrði þess að útlendingar geti komið hingað og búið hér. Það er engin rangtúlkun. Það er ekki misskilningur af okkar hálfu sem tölum gegn frv. að verið sé að þrengja heimildir. Það liggur algerlega á borðinu. Það er verið að þrengja heimildirnar á sama tíma og íslensk stjórnvöld reka atvinnustefnu sem gerir það að verkum að við þurfum að flytja inn þúsundir útlendinga til þess að vinna hér störf þar sem ekki eru Íslendingar til að vinna.

[16:38]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafði orð á því að ég ætti jafnvel meira sameiginlegt með stjórnarandstöðunni. Mér finnst leiðinlegt að valda henni vonbrigðum og vísa í ágætar ræður bæði hv. þm. Bjarna Benediktssonar formanns allshn. og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem útskýrðu m.a. þann misskilning sem ég hafði á orði að hefði orðið í samfélaginu um málið. Ég get tekið undir margt í ræðum þeirra. Ég verð að halda því fram í þessum stól að ég á meira sameiginlegt með viðhorfum þeirra, enda stend ég að áliti meiri hlutans með allt annað en þetta eina ákvæði.

Varðandi lögin frá 2002 sem hv. þm. hafði líka orð á og mér heyrðist hún segja að lögin hefðu valdið henni vonbrigðum af því að það væri ákveðin hugsanavilla í þeim. Það var sama upp á teningnum þegar við vorum að fjalla um það frv. Menn hengdu sig í ákveðið orðalag og fannst tónninn í lögunum ekki vinveittur. Ég held að fæstir útlendingar sem koma til Íslands lesi útlendingalögin. Ef mönnum finnst lögin ekki nógu vinsamleg eða lagatextinn geta þeir alveg forðast að mæta því viðhorfi, því þeir lesa ekki þessi lög. Það eru einstaka manneskjur sem sýsla með þessi lög.

Það sem skiptir máli er hvernig lögin eru framkvæmd. Og það sem skiptir líka máli er að lögin eru að hluta til framkvæmd á grundvelli reglugerðarinnar sem var ekki svo lítið gagnrýnd í sölum hins háa Alþingis. Sú reglugerð var unnin í samráði við útlendingasamfélagið á Íslandi. Framkvæmdin er því góð með einhverjum hnökrum er ég alveg viss um, sem er m.a. tilefni þess að frv. kemur fram og því ber að fagna því frv. er það sem útlendingarnir finna á eigin skinni.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Útlendingarnir lesa ekki útlendingalögin. Það er alveg rétt. En þeir sem starfa eftir útlendingalögunum á Íslandi kunna þau afturábak og áfram. Þeir skynja og lesa í þeim andann. Viðhorf þeirra mótast af lögunum, eðlilega. Þess vegna er hættulegt að hafa tóninn í löggjöf af þessu tagi annað en vinsamlegan. Ekki af því að útlendingarnir geti ekki lesið lögin og skilji þau ekki.

Við erum ekki með fréttir af því á hverjum degi, en við fáum fréttir af því að það gangi ekki auðveldlega að komast inn í landið, jafnvel fyrir fólk sem af eðlilegum orsökum sækir um dvalarleyfi eða atvinnuleyfi hér á landi. Ég vil nefna eitt í því sambandi. Mér finnst algerlega forkastanlegt að úrskurðir Útlendingastofnunar skuli ekki vera opinberir. Það er eitt sem ég held að við hljótum að geta sameinast um að breyta.

[16:42]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að eðlilegt sé að birta úrskurðina. Þetta er eins og hvert annað skýringargagn um framkvæmd laganna og eitt af því sem kom fram á ágætum fundum í allshn. um málið. Það góða við þessa fundi er þegar sérfræðingar og sérþekking kemur inn og menn benda á ýmislegt sem betur má fara. Ég tek undir með hv. þm. að það er sjálfsagt að úrskurðirnir séu birtir.

Varðandi anda laganna skynja þeir, ef ég skildi hv. þm. rétt, sem starfa við að framkvæma lögin neikvæðan anda laganna. Auðvitað fáum við af og til fréttir af einum og einum útlendingi sem hrasar einhvers staðar í kerfinu. En við fáum fyrst og fremst einhliða fréttir af því. Ég auglýsi eftir fréttum frá öllum fjöldanum sem hnökra- og erfiðleikalaust kemur til Íslands og finnur sig velkominn, bæði af þeim sem starfa við þetta og Íslendingum öllum.

[16:43]

Útbýting þingskjala:

Laxveiði í net við strendur landsins, 915. mál, svar landbrh., þskj. 1520.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 949. mál, nál. utanrmn., þskj. 1546.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, 950. mál, nál. utanrmn., þskj. 1547.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 652. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1542.

[16:44]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við nálgumst óðfluga lok 2. umr. um þetta mjög svo umdeilda lagafrumvarp sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir hið háa Alþingi. Mig langaði rétt í lokin til að viðra aðeins sjónarmið mín hvað þetta varðar. Eins og ég sagði áðan er enginn vafi á því að frv. er mjög umdeilt og merkilegt á vissan hátt að hafa t.d. orðið vitni að því að ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna, sem sjaldnast eru sammála, skuli allar sem ein hafa talað einni röddu gegn málinu. Unga kynslóðin skilur hvað þetta er vitlaust að mörgu leyti og í því felst ákveðin von til framtíðar, þ.e. að komandi kynslóðir muni verða svolítið frjálslyndari í þessum efnum en þær kynslóðir sem nú sitja á valdastólum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð. Félagar mínir í stjórnarandstöðunni eru búnir að segja það mesta. Ég er sammála þeim. Ég er sammála áliti minni hluta allshn. Mér finnast reglur eins og um 24 ára aldurinn, 66 ára aldurinn og lífsýnatökur og annað lykta af nokkurs konar nesjamennsku sem kannski má útskýra með einhverri landlægri hræðslu sem liggur í þjóðarsálinni sem sennilega var plantað þar inn þegar Tyrkjaránin stóðu sem hæst árið 1627 eða þar um bil.

Mér brá svolítið í brún fyrr í dag þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þar sem hún greindi frá því að allshn. hefði fengið til skoðunar dönsku lögin um útlendinga. Hún sagði að núgildandi lög yrðu strangari, íslensku lögin um útlendinga, þ.e. þegar þær breytingar sem nú liggja fyrir þinginu verða komnar í gegn verði íslenska löggjöfin í rauninni strangari en sú danska. Mér varð svolítið bilt við að heyra það því danska löggjöfin hefur verið mjög umdeild, það dylst engum sem fylgist með dönskum stjórnmálum að einmitt útlendingalögin og stefna danskra stjórnvalda í málefnum innflytjenda hefur verið mjög umdeild. Í Danmörku eru allt aðrar aðstæður en á Íslandi. Danmörk liggur miklu nær þéttbýlum svæðum í Evrópu og samgöngur á milli Danmerkur og annarra staða í heiminum, þaðan sem kannski kemur mikið af innflytjendum t.d. frá Afríku, Asíu, fjarlægum heimsálfum, eru með allt öðrum hætti en á Íslandi. Ísland er eyja úti í miðju Atlantshafi, það er yfir stórt og mikið haf að fara fyrir fólk sem vill hugsanlega koma hingað og fá hér aðsetur. Það er dýrt að ferðast hingað. Það eitt virkar því bara sem mikill hemill, (**GHall:** Enn þá.) frú forseti, á aðsókn útlendinga hingað til lands. Ég heyri að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson segir enn þá. Kann að vera enn þá. Ég gæti á vissan hátt tekið undir það.

Þá ber kannski að skilja löggjöfina núna sem svo að menn séu að reyna að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. En mér finnst það í raun og veru óþarfi og mér finnst þá kannski óþarfi að ganga svona langt að setja inn reglu eins og t.d. þá um 24 árin. Mér finnst það óþarfi. En nóg um það.

Það er eitt atriði sem mig langar aðeins til að hnýta í sem mér finnst ekki hafa verið mikið rætt í dag en það er 15. gr. í frv. Þar á að bæta við einni setningu við 1. mgr. 56. gr. útlendingalaganna frá árinu 2002, ef ég man rétt. Síðasta setning 1. mgr. 56. gr. hljóðar svona eins og lögin eru í dag:

„Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingsins til notkunar við brottför."

Nú vilja ríkisstjórnarflokkarnir bæta við eftirfarandi setningu:

„Sama gildir um fjármuni til greiðslu á kröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu samkvæmt ákvæði þessu."

Mér finnst þetta vera afskaplega grimmdarleg setning svo vægt sé til orða tekið. Mér sýnist að hér vilji stjórnvöld gera sig að eins konar þjóðvegaræningja á krossgötum, því áður en útlendingum sem koma hingað til lands og eru kannski svo ógæfusamir að fá ekki dvalarleyfi og eru sendir aftur héðan af landi brott er skutlað um borð í flugvél eða skip eða hvað það nú annars er, á að hirða af þeim alla peninga. Sennilega. Það er oft og tíðum þannig að þetta fólk hefur ekki yfir miklum fjármunum að ráða. Mér finnst það afskaplega grimmdarlegt að ætla að rýja þetta fólk inn að skinninu og sparka því héðan úr landi. Ég get ekki ímyndað mér, frú forseti, að við séum að tala um svo háar fjárhæðir á ársgrundvelli að íslenska ríkið þurfi að vera svo smásmugulegt að snúa við öllum vösum á þessu ógæfusama fólki áður en við hendum því út úr landinu. Ég get hreinlega ekki ímyndað mér það.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram, frú forseti. Ég sé í nál. frá minni hluta allshn. að hún vill að þetta ákvæði falli brott og ég tek hjartanlega undir það. Ég minni enn og aftur á að þetta fólk er oft á tíðum fátækt, hefur ekki yfir miklum fjármunum að ráða og þeir litlu fjármunir sem það hefur kannski á sér við komuna til landsins eða þegar það er tekið og á að fara að vísa því úr landi, geta verið stórar fjárhæðir í þeirra huga og í þeirra heimi, en hreinir smáaurar fyrir okkur Íslendinga sem berjum okkur svo oft á brjóst og segjum að við séum ríkasta þjóð í heimi og að velmegun hér á landi hafi aldrei verið meiri en nú eftir 12 ára stjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, að þá skulum við miðað við þær forsendur vera svo smásmuguleg árið 2004 að við rænum fólk áður en við hendum því út úr landinu. Það er skömm að því, frú forseti.

[16:51]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Komið hefur fram í ræðum manna í dag að varlega beri að halda á þeim málum sem snúa að útlendingum og ég get tekið undir það. Hitt er annað mál að það er því miður margur sauðurinn í stórum hóp og mörgu fé eins og hér hefur orðið reyndin á. Það er mér minnisstætt að búið er að liggja nokkuð lengi á skrifborðinu hjá mér á skrifstofu þingsins frétt úr Fréttablaðinu frá því 3. janúar 2003. Þar segir svo, með leyfi forseta, í fyrirsögn:

„Giftist systur fyrrverandi sambýlismanns. Marókkósk systkini fengu dvalarleyfi eftir að hafa tekið upp sambúð við sama Íslendinginn."

Hann var í staðfestri sambúð með bróður og trúlofaðist síðan systur. Bæði fengu dvalarleyfi á Íslandi. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum. Við erum að verjast þessu og eðlilegt að gert sé. Það eru því miður allt of mörg dæmi um að menn komi hingað til lands á fölskum forsendum. Svo segja margir Íslendingar: Elsku vinir, komiði bara til landsins, við tökum ykkur opnum örmum hvernig svo sem þið komið til landsins.

Á sama tíma er t.d. Atlanta að fljúga pílagrímsferðir með íslenskar flugfreyjur í áhöfn. Þar eru gerðar kröfur um að

þessar íslensku konur, sem eru að sinna störfum sínum, gangi með andlitsdulur vegna þess að svo segir í trú þeirra þar. Það er sjálfsagt að erlendir aðilar komi til Íslands en mér finnst eðlilegt að þeir aðlagi sig að íslensku þjóðlífi. Þetta er náttúrlega alveg dæmigert fyrir þann vanda sem útlendingaeftirlitið hefur staðið frammi fyrir trekk í trekk og Íslendingar eru líka að taka þátt í þessu skúespili að giftast, trúlofast eða staðfesta sambúð. Og það tekur náttúrlega út yfir allan þjófabálk þessi dæmalausa frétt í Fréttablaðinu.

[16:53]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson veifar hér blaðaúrklippu máli sínu til stuðnings og segir að íslenska lögreglan hafi þurft að standa í svona málum trekk í trekk. Ég er ekki viss um að svo sé. Ég held að þarna sé um eitthvert einstakt tilvik að ræða, en ef það er svo að íslenska lögreglan hefur þurft að standa í slíkum málum trekk í trekk, væri gaman að heyra hvort þingmaðurinn hafi undir höndum fleiri dæmi sem hann getur vísað til og jafnvel fá að heyra frá honum einhverjar tölur hvað það varðar.

Ég get alveg tekið undir það að við eigum að gera kröfur til útlendinga sem koma hingað til Íslands. Ég get alveg tekið undir það að við eigum að gera t.d. þær kröfur að þeir læri íslensku og þeir aðlagist íslenskum aðstæðum. Ég get alveg tekið undir það. Mér finnst alveg sjálfsagt að gera slíka kröfu til fólks sem vill búa á Íslandi. Ég tel að við ættum líka að fara vel yfir og fylgjast mjög vel með og stúdera reynslu t.d. nágrannaþjóðanna af einmitt innflytjendamálum. Það er eflaust alveg rétt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti á áðan að aðsókn útlendinga að Íslandi mun aukast. Heimurinn er alltaf að verða minni og minni. Maður hefur í sjálfu sér oft og tíðum furðað sig á því að það skuli ekki vera meiri aðsókn af útlendingum hingað til lands en verið hefur. Skýringin kann einmitt að vera sú að málið er erfitt. Það eru miklar vegalengdir eins og ég benti á í ræðu minni áðan. Það er dýrt að koma hingað. Við njótum þannig lagað á vissan hátt landfræðilegrar einangrunar Íslands. Það er önnur saga.

En eins og ég sagði áðan, frú forseti, væri gaman að heyra hvort hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hafi fleiri dæmi og jafnvel einhverjar tölur á reiðum höndum.

[16:55]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef náttúrlega ekki verið í miklum samskiptum við útlendingaeftirlitið. En ég veit þó að í mörgum tilvikum hefur það komið upp að aðilar sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt hafa villt á sér heimildir og verið með ósannsögli til að afla sér ríkisborgararéttar. Það er náttúrlega grafalvarlegt mál.

Við þekkjum dæmi sem var í fréttum ekki fyrir löngu af stúlku af erlendu bergi brotinni sem var heldur betur lamin og átti fótum fjör að launa vegna þess að ættingjar kröfðust þess að hún giftist föðurbróður sínum. Það voru trúarbrögð sem þar voru á bak við. Það er náttúrlega grafalvarlegt mál. En eins og ég sagði áðan er eðlilegt að erlendir aðilar sem hingað koma og vilja setjast að á Íslandi aðlagi sig að íslensku þjóðlífi en geri ekki kröfu um að við förum að aðlaga okkur að þeim, samanber dæmið með Austurbæjarskóla þar sem átti að aðlaga matseðilinn vegna þess að tvö eða þrjú múslimabörn voru komin þar inn. Þá átti að fara að breyta öllum matseðlinum til að hann væri þénanlegur, þóknanlegur þeim tveimur eða þremur erlendu börnum sem þar voru. Þar átti allur hópurinn að aðlaga sig að því. Það er auðvitað rangt. (**Gripið fram í:** Hvernig ...?) En hversu mikil brögð eru að því veit ég ekki, en ég þykist vita að hv. formaður Samf. sé ábyggilega mjög kunnugur útlendingaeftirlitinu og viti allt hvað þar gerist, hann talar þeim tungum að það er alveg greinilegt að hann hefur mjög verið þar innan dyra að ætla má.

[16:57]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fæ ekki séð að sú breyting sem nú er verið að ræða um á útlendingalögunum muni koma í veg fyrir að konur sem eru af erlendu bergi brotnar verði fyrir ofbeldi í framtíðinni. Það er líka framið ofbeldi gegn íslenskum konum af íslenskum karlmönnum. Ég get ekki séð að þessi lagabreyting muni breyta nokkru þar um, það eru aðrir og meiri hlutir sem þurfa að koma til en það.

Varðandi mataræði í Austurbæjarskólanum. Þetta eru allt saman einhver einangruð tilfelli sem hægt er að ráða bót á án þess að breyta öllum útlendingalögunum og fara að setja inn einhver skilyrði um að fólk þurfi að vera orðið 24 ára gamalt þegar það verður ástfangið og vill koma til Íslands. Ég get ekki séð að slík einangruð tilvik sem eflaust má einmitt rekja til þess að við erum sem þjóðfélag að laga okkur að því að það eru breyttir tímar og flutningur fólks sem er af erlendu bergi brotið er smám saman að aukast hingað til Íslands. Þetta eru miklu frekar dæmi um það að við erum sjálf í aðlögun ekki síður en það fólk. Og einmitt í slíku ferli koma svona dæmi upp. En þetta eru ekki vandamál sem ekki er hægt að leysa. Þetta eru bara smámunir. (**GHall:** Ég vona það.) Að tilgreina einhverja slíka smámuni, svona einangruð tilvik í umræðu um (**Gripið fram í:** Láttu ...) svo alvarlega hluti eins og breytingu á útlendingalögunum sem við höfum verið að ræða í allan dag og munum eflaust ræða lungann úr morgundeginum líka, finnst mér ekki hæfa, frú forseti.

[16:59]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ræða hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar var með algjörum ólíkindum. Ég veit ekki hvort hv. þm. var að tala um sama frv. og hér er til meðferðar vegna þess að rangfærslurnar voru slíkar. Hér var því t.d. haldið fram að lagafrv. sem við erum að fjalla um sé miklu strangara en dönsku lögin sem eru að hluta til fyrirmynd þessa frv. Það er algjör fjarstæða og á sér enga stoð í raunveruleikanum. Ég get t.d. nefnt það að samkvæmt dönskum lögum eiga aðstandendur engan sjálfstæðan rétt á grundvelli fjölskyldutengsla til þess að afla sér dvalarleyfis eins og við gerum ráð fyrir í þessu frv. Í sænsku lögunum er rétturinn aðeins rýmri, en þó ekki jafn vel skerptur og í dönsku lögunum. Svo er því haldið fram að þetta frv. sé miklu strangara en dönsku lögin.

Hv. þm. lýsti sig síðan á móti nánast öllum þeim ákvæðum sem hafa verið til umræðu í dag, þar á meðal 24 ára reglunni. Ég skil ekki hvers vegna. Ekki rökstuddi hann það. Við flutningsmenn erum að reyna að sporna við málamynda- og nauðungarhjónaböndum. Ég mundi telja að allur þingheimur ætti að vera sammála því markmiði. Er hv. þm. sammála því að slíkt sé gert? Það væri ágætt að fá upplýsingar um það.

Varðandi 15. gr. þá er hún ekkert sérstök í íslenskri löggjöf. Hér er einfaldlega um það að ræða að gerð sé aðför eða fjárnám eða lagt hald á fjármuni til þess að hafa upp í sakarkostnað eins og í öllum öðrum opinberum málum, sakamálum þar sem menn eru staðnir að því að brjóta lög.

Eins og við meðferð opinberra mála þar hefur ríkisvaldið rétt til þess að gera eignir upptækar eða gera aðför að eignum til þess að mæta þeim kostnaði sem til fellur við rannsókn mála.

[17:01]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sé lagafrv. þetta ekki eins strangt og dönsku lögin heldur mildara þá fagna ég því. En af hverju kemur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og mótmælir í andsvörum við mig? Af hverju kom hann ekki upp í andsvör þegar Kolbrún Halldórsdóttir sagði hið sama fyrr í dag? Ég hlustaði á hana. Hún er áheyrnarfulltrúi í allshn. og var þar á flestum fundum. Hún sagði eitthvað á þá leið að fyrir nefndina hafi danska frumvarpið verið lagt í enskri þýðingu og frv. sem hér er til umræðu væri mun strangara. Ég tók mark á þessum umræðum Kolbrúnar Halldórsdóttur og þeim var ekki mótmælt fyrr í dag. Hvar voruð þið þá? (**BjarnB:** Þeim var mótmælt.) Ég heyrði ekki þau mótmæli.

Í sambandi við 24 ára regluna, gott og vel, hún á að koma í veg fyrir málamyndahjónabönd, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði. Af hverju ekki að draga þessa línu við 40 ár? Hver eru rökin fyrir því að velja þennan aldur, 24 ár? Það væri gaman að heyra nánari útlistun á því.

Varðandi 15. gr. þá talar hv. þm. um að þetta sé venjulegur praxís í allri löggjöf. Það kann vel að vera en mér finnst þetta ómannúðlegt. Mér finnst þetta ósanngjarnt. Ég hlýt að mega koma upp og láta það í ljós ef ég sé lagaákvæði, einhverja setningu í lögum, sem mér finnast ósanngjörn. Ég hef fullan rétt til að segja það og ég taldi mig rökstyðja það ágætlega áðan. Ég sagði að mér fyndist þetta ósanngjarnt, burt séð frá því hvort menn beita hér einhverju ísköldu mati á því að jafnt skuli yfir alla ganga. Það breytir því ekki að þetta er óréttlátt, frú forseti.

[17:03]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef setið í þingsal meira og minna í allan dag. Ég hef verið hér standandi og sitjandi og gapandi í andsvörum við nánast hvern þann sem hingað hefur komið upp (**ÖS:** Og gapir enn þá.) og gapi enn þá framan í hv. formann Samf.

Það sem hv. þm. sagði er bara ekki rétt. Það er búið að mótmæla öllum þeim rangfærslum sem hv. þm. apar upp eftir öðrum þeim hv. þingmönnum sem hann miðar sig við og hefur þekkingu sína eftir. Gott og vel.

Varðandi sakarkostnaðinn þá deilum við ekki sömu skoðun. Ég er þeirrar skoðunar að við rannsókn opinberra mála, þegar menn eru sakfelldir, beri þeim sjálfum að greiða þann kostnað sem til fellur. Okkur greinir þá á um það.

Af hverju er ekki miðað við 40 ár? var spurt hér. Nú erum við búin að halda margar ræður um það. (Gripið fram í.) Við höfum flutt margar ræður til að rökstyðja 24 ára regluna. Hún er rökstudd á þann veg að með því eigi að sporna við málamynda- og nauðungarhjónaböndum. Hvers vegna er miðað við 24 ár? Það er vegna þess að þeir aðilar (Gripið fram í.) sem vinna að framkvæmd þessara laga, (Gripið fram í.) þ.e. Útlendingastofnun, sýslumenn og erlendir aðilar um allar jarðir og allan heim, hafa komist að því að sérstaklega ungum konum á aldrinum 18–24 ára sé hættara við því að vera fengnar til að falbjóða sig til hjúskapar til að uppfylla annarlegar þarfir þeirra sem misbjóða þeim. Þetta er einfaldlega hinn kaldi raunveruleiki í þessum heimi. Þetta er ástæðan. Þetta er ástæðan fyrir því að það er ekki miðað við 40 ár eða 50 ár. (**Gripið fram í:** 25 ár.) Kannast menn mikið við að t.d. fórnarlömb mansals séu á aldrinum 50–60 ára? Auðvitað ekki. Þetta eru fyrst og fremst ungar stúlkur. Þess vegna er miðað við aldurinn 18–24 ára.

[17:05]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Getur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson þá upplýst mig um hve margar konur á aldrinum 18–24 ára hafi komið hingað á fölskum forsendum á undanförnum árum, t.d. í gegnum sýndarhjónabönd eða annað þess háttar? Það væri gaman að fá að sjá einhverjar tölur yfir það í staðinn fyrir að hlusta á útskýringar sem ganga út á að þannig sé háttað í öðrum löndum og útskýringar á borð við „af því bara“. (Gripið fram í.) Komdu með tölur, hv. þm., leggðu þær á borðið og leyfðu okkur að heyra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 446. mál (slátrun eldisfisks). — Þskj. 630.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingastofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 467. mál (siglingavernd, kóðar, gjaldtaka). — Þskj. 1499.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 570. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 1498.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yrkisréttur, 3. umr.

Stjfrv., 613. mál (EES-reglur, plöntuyrki o.fl.). — Þskj. 1509, brtt. 1532.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, 3. umr.

Stjfrv., 755. mál. — Þskj. 1130.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 780. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1508.

[17:08]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Við 1. umr. um málið sem hér liggur fyrir spunnust talsverðar umræður um nokkra þætti frumvarpsins. Það voru þrír þættir sem ég taldi á þeim punkti umræðunnar einkum þurfa að fara yfir. Það var í fyrsta lagi bráðabirgðaákvæði sem varðaði Norrænu eldfjallastöðina. Í öðru lagi undanþága sem háskólanum var veitt frá því að auglýsa allar stöður. Í þriðja lagi taldi ég þurfa að skoða ákvæði sem vörðuðu dómnefndir. Það kom í ljós á þeim morgni sem við ræddum þetta mál að hæstv. menntmrh. hafði lagt frv. fram í of miklum flýti. Við umræðuna var upplýst að háskólinn hefði sent hæstv. ráðherra bréf og óskað þess að tekið yrði út ákvæði sem varðaði dómnefndir vegna þess að það hafði ekki hlotið nægilega umræðu innan háskólans. Af því bréfi var ljóst að mjög hörð andstaða var gegn þessu tiltekna ákvæði innan skólans. Öll þessi þrjú atriði voru tekin til umræðu í nefndinni sem samþykkti að lokum ágreiningslaust þá niðurstöðu sem var síðan samþykkt við 2. umr. Ég átti þess ekki kost að ræða málið við 2. umr. og vil þess vegna leyfa mér, vegna þess að í sumum greinum er um að ræða grundvallaratriðið, að mínu viti, einkum að því er varðar sjálfstæði háskóla, að fara nokkrum orðum um þessa lokagerð.

Ég vil taka fram að í öllum þeim greinum sem ég hef nefnt hefur frumvarpið tekið breytingum til bóta, í sumum gagngerum stakkaskiptum til bóta og það ber að þakka. Hitt er þess eðlis að ég vil samt sem áður ræða það, einkum og sér í lagi með hvaða hætti háskólinn kemur að frumvörpum sem varða hann sjálfan og hvort það eigi beinlínis að vera sjálfsafgreiðsla hér á óskum háskólans og þær afgreiddar. Ég er ekki alveg viss um að svo sé, frú forseti.

Ég vil byrja á að segja það að ég er ánægður með þann skilning sem kemur fram á högum starfsmanna Norrænu eldfjallastöðvarinnar í frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. Það er verið að flytja Norrænu eldfjallastöðina inn fyrir mörk Háskóla Íslands og sameina hana Raunvísindastofnun. Um leið er búin til ný stofnun sem fjallar um jarðfræði. Ég fagna þessu. Þetta er eitt af því sem rætt var fyrst í ríkisstjórn sem ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir áttum sæti í árið 1995. Ég tel nauðsynlegt að rifja það upp, frú forseti, vegna þess að eitt það fyrsta sem hæstv. menntmrh. lét frá sér fara um vilja sinn til að efla sjálfstæði háskólans, sem ég ætla að gera lítillega að umræðuefni í þessari tölu minni, var að hún hefði tekið ákvörðun um að flytja Norrænu eldfjallastöðina og sameina hana stofnun háskólans til þess að styrkja skólann. Nú er enginn vafi á því í mínum huga að þessi ákvörðun er skynsamleg og hún verður til þess að styrkja báðar þessar stofnanir. Hún verður ekki síst til þess að styrkja Háskóla Íslands.

Mér mislíkaði hins vegar, eins og ég sagði frá við 1. umr., að hæstv. menntmrh. skyldi opinberlega, utan þessara sala, eigna sér þetta. Staðreyndin er sú að það voru jafnaðarmenn innan ráðherranefndar Norðurlandaráðs sem á sínum tíma tóku upp málefni ýmissa stofnana, nokkurra tuga held ég, og könnuðu með hvaða hætti ætti að varða þeim braut til framtíðar. Þá fyrst var það rætt innan íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir níu árum að breyta þyrfti stöðu Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Mörgum sinnum síðan komu fram hugmyndir um að gera það með þessum hætti. Niðurstöðunni má fagna, en það er af og frá að það hafi verið að frumkvæði hæstv. menntmrh. Ég nefni þetta vegna þess að menn eiga ekki að skreyta sig með lánsfjöðrum.

Ég gerði að umræðuefni við 1. umr. málsins að herða þyrfti frekar þau ákvæði sem tengjast afdrifum og framtíð starfsmanna Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Það þarf að liggja alveg ljóst fyrir að þeir sem eru á annað borð taldir hæfir til þess að starfa þar núna haldi áfram störfum sínum við flutninginn. Mér sýnist að eins og greinin lítur út núna sé það tryggara. En ég vil að þetta sé algerlega skýrt og það orðalag sem upphaflega var á greininni hafi ekki verið sett inn til að skapa svigrúm til að segja einhverju af því ágæta fólki sem þar hefur starfað upp störfum. Þeir sem hafa verið nægilega góðir til þess að vinna innan stofnunarinnar meðan hún var utan háskólans eiga að starfa þar áfram. Breytingar af þessu tagi, og tala ég af nokkurri reynslu, ætti ekki að nota til að hreinsa til, ef svo má að orði komast.

Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram og ef einhver úr liði stjórnarinnar hefur aðra skoðun og túlkar þetta á annan hátt þá lýsi ég eftir því að þau viðhorf komi fram, ella tel ég að þetta beri að túlka með þessum hætti.

Mér hefur líka orðið hugsað til þess sem hefur verið helsti akkur stofnunarinnar, þ.e. að fá hingað til lands erlenda vísindamenn sem hafa starfað um nokkurn tíma á styrkjum frá íslenska ríkinu og Norðurlandaráði. Mér sýndist, eins og greinin var upphaflega orðuð, breytingarnar geta falið í sér að þeir sem hafa ílenst hjá stofnuninni vegna þessa þyrftu að horfa fram á lok starfa sinna fyrir stofnunina. Ég lýsti því þá í ræðu minni að ég teldi það ekki við hæfi. Hins vegar sýnist mér að eins og greinin er núna þá taki hún af tvímæli um að menn ætli ekki að misnota sameininguna með þeim hætti.

Ég ræddi líka annað mál, frú forseti, sem ég er ekki alveg nægilega ánægður með hvernig tekið er á af hálfu menntmn. Ég nefndi það sérstaklega að þó að hægt væri að fallast á við vissar aðstæður að háskólayfirvöld fengju undanþágu frá því að auglýsa störf sem þau hyggjast ráða í verða menn samt að gæta hófs varðandi slíkar undanþágur. Taldir voru upp sex þættir í frv. sem undanþágurnar áttu að ná til. Ég tel að í fimm tilvikum sé þetta alveg réttlætanlegt en tek mönnum vara við því að leyfa þetta í þeim tilvikum þar sem um er að ræða störf sem falla til vegna mjög stórra rannsóknarstyrkja sem háskólinn fær. Ég hef stýrt umfangsmiklum rannsóknum sem kostuðu tugi milljóna og byggðust m.a. á opinberum styrkjum hér á landi og voru styrktar af erlendum aðilum líka. Ég hef líka unnið við rannsóknir af þessu tagi við erlenda háskóla og þekki umhverfið sem skapast við slíkar aðstæður. Við Háskóla Íslands eru komnar upp öflugar brautir þar sem íslenskir námsmenn geta sinnt rannsóknum sem falla undir framhaldsnám. Það er mjög jákvætt og leiðir til þess að

þekking skapast hér á landi. Námsfólk, sumt afburðahæft, sem velst í nám af þessu tagi hefði hugsanlega ella farið til útlanda og staðnæmst þar. Þetta er því að öllu leyti gott en fyrir vikið er úrval hæfs ungs starfsfólks miklu meira en áður. Þessu fólki þarf að skapa jöfn tækifæri.

Af reynslu minni er það hins vegar jafnan svo að í rannsóknum af þessu tagi skapast ákveðin tengsl milli prófessora og ýmissa nemenda sem vinna rannsóknir fyrir þá. Ef verið er að auglýsa störf sem ráðið er tímabundið í vegna erlendu styrkjanna er alltaf sú hætta fyrir hendi að vildarnámsmennirnir njóti forgangs. Ég tel það ekki sanngjarnt gagnvart öðrum námsmönnum við svipaðar aðstæður að loka með þeim hætti fyrir leið þeirra inn í þetta. Oft á tíðum er þetta eina leiðin fyrir efnilega vísindamenn inn í háskóla. Þeir fara í tímabundnar stöður og ef þeir standa sig vel verður vist þeirra miklu lengri, þeir verða fastráðnir og hljóta frama innan háskólans. Það er auðvitað ágætt, en allir verða að standa jafnfætis.

Ég þakka hv. menntmn. fyrir að hún gerði þetta að sérstöku umfjöllunarefni. Fram kom í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur við 2. umr. að garnirnar hafi verið tryggilega raktar úr forráðamönnum háskólans sem komu til fundar við nefndina út af ýmsum álitamálum. Niðurstaðan varð sú að í nál. kvað nefndin einróma svo að orði að ákvæðinu ætti að beita þröngt. Það fer nokkurn veg til að setja byttu undir þann leka sem mér þykir á frv. en ekki alla leið.

Ég er þeirrar skoðunar að nefndir þingsins eigi ekki að skilja svona mál eftir opin. Ég tel ljóst af ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að nefndin virtist vera sammála því viðhorfi sem fram kom hjá mér og fleiri hv. þm. Samf. við 1. umr. Ég veit ekki hvað olli því að þetta var ekki sett betur og tryggilegar í ákvæði laganna, en ég vil taka okkur þingmönnum vara við því að skilja við hlutina á þennan hátt. Ég tel að það eigi að kveða fastar að orði. Ég er þeirrar skoðunar að ef þetta hefur verið einróma hugur nefndarmanna hefði þess átt að sjá stað í breytingartillögum. Ég get fellt mig við þetta að þessum orðum sögðum vegna þess að ég tel nauðsynlegt að það komi fram í þingsölunum að það er vilji okkar sem höfum tekið til máls og fjallað um þetta og þeim vilja hefur ekki verið mótmælt, að það á að beita ákvæðinu þannig að ekki sé verið að ráða vildarmenn einhverra tiltekinna stjórnenda innan háskólans.

Þau rök sem beitt var gegn þessu við 1. umr. voru þau að þetta væri ósk háskólans. Að sjálfsögðu. Að sjálfsögðu vilja prófessorarnir og aðrir sem stýra rannsóknum og kostnaðarsömum tilraunum ráða því með hvaða hætti peningunum er eytt. En þróunin á vísindasviðinu hefur verið slík að styrkirnir koma ekki bara, a.m.k. ekki stóru alþjóðlegu styrkirnir, út á þrótt og atgervi einstakra vísindamanna heldur er það orðspor háskólans og viðkomandi deilda sem opnar farveg fyrir fjármagnið. Þess vegna verða allir námsmenn sem tengjast viðkomandi deildum að eiga kost á því að njóta þeirra með sama hætti.

Ég vil líka gera að umræðuefni það sem ég drap á í upphafi ræðu minnar. Það er skipan dómnefnda. Mál sem háskólinn óskaði síðar bréflega með nokkrum flýti að yrði tekið út úr frv. og breytt. Það kom einfaldlega í ljós að innan háskólans var ekki samstaða um þetta tiltekna atriði. Í hinu upphaflega frv. var lagt til að menntmrh. ætti a.m.k. einn fulltrúa í öllum dómnefndum sem settar yrðu upp. Dómnefndirnar voru öðruvísi en fyrri dómnefndir sem fjalla um ráðningar innan háskólans að því leyti að gerð var tillaga um að þær störfuðu varanlega innan meginfræðasviða háskólans. Samkvæmt orðanna hljóðan hefði menntmrh. getað skipað einn og sama manninn í allar nefndirnar sem þá hefði ekki haft annan starfa væntanlega en véla um með hvaða hætti ætti að haga ráðningum innan Háskóla Íslands.

Út af fyrir sig er hægt að færa rök að því að æskilegt sé frá sjónarhóli hæstv. ráðherra hverju sinni að koma að miðstýringu ráðninga innan Háskóla Íslands, en allir sem hafa tekið til máls um þetta, jafnt innan háskólans og í þessum sölum, hafa verið sammála um að andi tímans er slíkur að við viljum efla sjálfstæði háskólans. Enginn stjórnmálamaður síðustu mánuði hefur tekið sér jafnoft í munn orðin „sjálfstæði háskólans“ og hæstv. menntmrh. Það fellur einfaldlega ekki saman að segja að sjálfstæði þjóðskólans eigi að auka og hins vegar að leggja fram tillögur þar sem verið er að herða tök hæstv. menntmrh. á ráðningum.

Sem betur fer kom í ljós að andstaða var við þetta innan öflugra háskóladeilda við HÍ. Í framhaldinu átti nefndin samræður við háskólarektor og fleiri mikilsverða menn innan Háskóla Íslands. Niðurstaðan var ákveðið samkomulag sem háskólarektor lagði til. Samkomulagið fól í sér að aðferðin yrði valkvæð, þ.e. ef deildir óskuðu eftir því að vera ekki seldar undir þær varanlegu föstu dómnefndir sem hæstv. menntmrh. hafði þessi sterku tök í gætu þær sett upp eigin dómnefndir.

Gott og vel. Það er hægt að fallast á slíkt. Við 1. umr. kom hins vegar skýrt fram að þegar menn tala um hagsmuni Háskóla Íslands hafa allir rétt til þess að hafa sjálfstæðar skoðanir. Sjálfstæði háskólans felst ekki í því að fara eigi að öllu leyti eftir því sem yfirvöld háskólans vilja, sér í lagi ef um er að ræða ágreining innan háskólans eins og fram kom í þessu tiltekna dæmi.

Við á hinu háa Alþingi hljótum að eiga og vera skyldug til þess að hafa sterkar skoðanir á því hvernig á að standa að ráðningum innan háskólans. Ég hef það, frú forseti, og ég hef efasemdir um þetta fyrirkomulag. Ég hef líka efasemdir um að rétt sé af háskólarektor að ganga með þessum hætti til einhvers konar samkomulags og málamiðlunar innan háskólans og bera það síðan í menntmn. þegar það er alveg ljóst að málið er ekki fullrætt innan Háskóla Íslands. Ég tel að þetta séu ekki lofsverð vinnubrögð og megintilgangurinn með því að koma hingað er að ítreka það.

Ég tel að þingið hafi sjálfstæðan rétt til að hafa á þessu skoðanir og það eigi ekki endilega að taka allar tillögur sem koma frá háskólayfirvöldum og setja þær sjálfkrafa í lög, allra síst þegar ljóst er að málið hefur ekki verið brotið til mergjar innan háskólans og þar eru uppi mismunandi skoðanir á málinu. Sú samsuða sem að lokum var fallist á til málamiðlunar í menntmn. þykir mér ekki áferðarfalleg. Mér finnst ekki að Háskóli Íslands og enn síður Alþingi Íslendinga eigi að taka þátt í slíkri moðsuðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 817. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1245.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 818. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1246.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tækniháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 819. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1247.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 683. mál (metangas og rafmagn). — Þskj. 1012, brtt. 1484.

[17:28]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt félögum mínum, hv. þm. Samf., Einari Má Sigurðarsyni og Jóhönnu Sigurðardóttur og jafnframt hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ögmundi Jónassyni, við frv. um vörugjald af ökutækjum.

Efnislega er frv. ekkert annað en framlenging á ákvæði til bráðabirgða sem náði til síðustu áramóta og gerði hæstv. fjmrh. kleift að fella niður 120 þús. kr. af vörugjaldi ökutækja sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögunum en eru ekki knúnar af hefðbundnu eldsneyti heldur af metangasi eða rafmagni að verulegu leyti.

Sömuleiðis er í brtt. okkar að finna tillögu um að heimild ráðherrans gildi töluvert lengur en frv. hljóðaði um.

Tillaga okkar er í beinu framhaldi af stefnumótun sem Samf. hefur lagt fram á hinu háa Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að fjmrh. hafi heimild til að fella niður öll opinber gjöld af ökutækjum sem eru knúin af öðru eldsneyti en hefðbundnu bensíni og olíu. Tillaga okkar er fyrsta tillaga sem stjórnmálaflokkur leggur fram þar sem er að finna heildstæða áætlun í þessu efni. Hún nær ekki einungis til ökutækja heldur til alls búnaðar sem þarf til að dreifa slíku eldsneyti og sömuleiðis til þess að framleiða það innan lands.

Við í Samf. og reyndar fleiri í stjórnarandstöðunni, frú forseti, teljum ákaflega mikilvægt að stjórnvöld marki sér heildstæða áætlun til að draga úr losun skaðlegra gróðurhúsalofttegunda. Það hafa íslensk stjórnvöld gert í orði en ekki á borði. Við höfum heyrt það, m.a. frá þeim fulltrúum sem við höfum kosið fyrir hið háa Alþingi til að sitja í Norðurskautsráðinu, að staðan varðandi hlýnun andrúmsloftsins er mun verri en við áður töldum. Fram eru komnar skýrslur, unnar af helstu sérfræðingum heims, á vegum Norðurskautsráðsins sem benda til þess að hlýnunin sé tvöfalt hraðari en menn hugðu áður. Þetta þýðir í fyrsta lagi að það er nauðsynlegt að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem við Íslendingar höfum tekið um að draga úr losun þessara lofttegunda. Í öðru lagi sýnir þetta að það er nauðsynlegt að grípa til öflugri ráða en áður hafa verið samþykkt. Hlýnunin og þróunin er svo ör að við þurfum að grípa til harðari aðgerða.

Nú er frá því að greina, frú forseti, að því miður hafa íslensk stjórnvöld ekki einu sinni staðið við þær áætlanir sem þau hafa þó gert. Ekkert bendir til þess að þau geri sér grein fyrir því að váin er alvarlegri en áður. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir á mikið hrós skilið fyrir það er hún tók til máls í umræðum um utanríkismál fyrr í vetur, sem einn þeirra fulltrúa sem við höfum kosið til setu í Norðurskautsráðinu, og greindi frá því að þar hefðu menn þungar áhyggjur af þessari þróun. Þeir teldu jafnframt að grípa þyrfti til afdrifaríkari aðgerða heldur en áður var ætlað. Hún sagði frá því opinskátt að nefndin hefði þurft að sæta því að fulltrúar Bandaríkjastjórnar hefðu reynt að beita þrýstingi til að koma í veg fyrir að tillögur um aðgerðir yrðu settar fram með þeim hætti sem áður hafði verið samþykkt.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir upplýsti jafnframt að formaður nefndarinnar hefði sent forustu Norðurskautsráðsins bréf um áhyggjur þingmannanefndarinnar af framferði Bandaríkjamanna. Við vitum auðvitað öll að þetta rennur saman við það að Bandaríkjastjórn og núverandi forseti Bandaríkjanna hafa hafnað því að um jafnalvarlegt vandamál sé að ræða og menn áður töldu. Kosningastjóri Bush hefur látið þau boð út ganga til allra starfsmanna kosningabaráttu Bandaríkjaforseta að beita ákveðnum rökum til að andmæla þessu. Það á klárlega að fresta þessu fram yfir bandarísku forsetakosningarnar vegna þess að málið er alvarlegt og er Bandaríkjaforseta erfitt.

Bréfið sem sent var forustu Norðurskautsráðsins hafði ekki mikil áhrif. Mig langar að rifja upp fyrir hæstv. forseta hver er í forustu Norðurskautsráðsins. Það er Ísland. Hver ber ábyrgð á að reyna að verða við tilmælum þingmannanefndarinnar? Það er hæstv. ríkisstjórn Íslands, hæstv. utanrrh. Gagnvart Bandaríkjastjórn, alveg eins og gagnvart hæstv. forsrh., virðist því miður skorta styrk í leggi hæstv. utanrrh. Þetta bréf hafði engin áhrif. Það er ekkert að gerast af hálfu íslenskra stjórnvalda sem segja mætti að séu viðbrögð við þessari vaxandi vá.

Einn stjórnmálaflokkur hefur lagt fram heildstæða stefnu um að bregðast hraðar við, það er Samf. Við lögðum fyrr í vetur fram þáltill. um heildstæða áætlun um að ýta undir notkun endurnýjanlegra innlendra orkugjafa í samgöngum. Samkvæmt hugmyndum okkar á að veita hæstv. fjmrh. opnar heimildir til að fella niður, eins lengi og hann telur þurfa, öll opinber gjöld á borð við þungaskatt, vörugjöld og virðisaukaskatt af þeim samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa og af þeim búnaði sem nýttur er til að framleiða slíka orkugjafa og jafnframt af orkugjöfunum sjálfum svo fremi þeir séu framleiddir innan lands.

Frú forseti. Þetta er nokkuð óvenjuleg tillaga. Hún er óvenjuleg að því leyti að hún rímar ekki alveg við hefðbundin fyrirmæli sem löggjafi setur. Hún hefur í för með sér ákaflega opnar heimildir. Það er stundum ekki talið mjög æskilegt. Í þessu tilviki er það hins vegar verjanlegt vegna þess að þær eru ívilnandi. Hvert er meginmarkmið þessara tillagna? Jú, þær miða að því að auka samkeppnishæfni þeirra ökutækja sem ganga fyrir endurnýjanlegu eldsneyti. Ekkert eitt svið í þjóðlífinu er ábyrgt fyrir því að losa jafnmikið af skaðlegum gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið og einmitt samgöngur. Þess vegna er gleðilegt fyrir mig að hv. formaður samgn. skuli vera í salnum og fylgjast með af þrótti og hefðbundnu kappi eins og hans er von og vísa. Hann er vís til að koma aftur í umræðuna og styðja þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Sökum þess hversu stóran hlut samgöngur eiga í losun gróðurhúsalofttegunda skiptir miklu máli að breyta innviðum og eðli samgangna með þeim hætti að stærri hluti þeirra byggist á umhverfisvænni orkugjöfum. Ökutæki af þessu tagi kosta hins vegar miklu meira en ökutæki sem ganga fyrir hefðbundnum orkugjöfum. Þess vegna er tillagan sem við lögðum fram fyrr í vetur með það að höfuðmarkmiði að jafna þann mun. Við leggjum til að öll opinber gjöld verði tekin af slíkum ökutækjum. Þótt það yrði gert í dag mundi það samt sem áður að öllum líkindum ekki duga til að jafna muninn á kostnaði við innkaup á þeim tækjum.

Sem betur fer er tækniþróun sem þessu tengist ör. Senn koma á markað, innan nokkurra missira, bifreiðar sem eru fjöldaframleiddar og ganga fyrir orkugjöfum af þessu tagi. Þær verða samt sem áður, þrátt fyrir fjöldaframleiðsluna, töluvert dýrari um nokkurt árabil en hefðbundnu ökutækin. Það liggur hins vegar fyrir, samkvæmt þeim upplýsingum sem þingmenn Samf. hafa aflað sér, að ef þessi leið yrði farin mundi innkaupsverð á óhefðbundnu ökutækjunum sem ganga fyrir vetni, metangasi eða rafmagni vera svipað og innkaupsverð á hefðbundnu ökutækjunum.

Við í Samf. horfum til framtíðar og beitum framsýni til að leggja hér lagalegan grunn sem gera mundi hæstv. fjmrh. kleift að grípa til ákveðinna aðgerða sem líklegar væru til að auðvelda Íslendingum að nota ökutæki af þessu tagi. Þá framsýni skortir því miður hjá hæstv. ríkisstjórn.

Auðvitað hangir fleira á spýtunni. Íslendingar eru í sérlega góðri aðstöðu til að notfæra sér þessa tækni. Örfáar aðrar þjóðir eiga kost á því að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti með þeim hætti að ekkert falli til af skaðlegum lofttegundum.

Í Evrópu flokka menn t.d. orkuframleiðslu með jarðgasi með þeim hætti að það sé grænn framleiðsla. Þó er það svo að jafnvel þegar gasið er notað verða alltaf til einhverjar skaðlegar lofttegundir. Á Íslandi, þar sem hægt er að nota vatnsföll og hitaorku úr iðrum jarðar, falla ekki til neinar lofttegundir sem skilgreindar eru sem gróðurhúsalofttegundir. Þetta skiptir miklu máli fyrir framtíðarþróun samgangna á Íslandi og líka til að ýta Íslandi í fylkingarbrjóst hinnar nýju samgöngutækni.

Frú forseti. Þegar við fjölluðum um þetta mál við 1. umr. vakti ég máls á því að Samf. hefði lagt fram þessa stefnumótun. Ég tók fram að í framhaldi af því mundum við gera brtt. við þetta litla frv. sem einungis tekur á smáum þætti. Með breytingartillögunni, eins og ég gat um í upphafi, er lagt til að ráðherra fái til ársins 2006 heimild til að fella niður allt vörugjald af bifreiðum sem knúnar eru af metangasi eða rafmagni. Ráðherrann hafði til síðustu áramóta heimild til að fella niður 120 þús. kr. af vörugjaldinu og upp á það hljóðar hið upphaflega frumvarp. Við leggjum sem sagt til að hann fái að fella það allt niður. Í tilviki þeirra bifreiða sem eru fyrst og fremst notaðar til hefðbundinna fólksflutninga, einkabíla, þá mundi til viðbótar, við þau 120 þús. sem ráðherra hefur heimild hjá þinginu frá 2. umr. til að fella niður, falla niður vörugjöld sem nema um 300–400 þús. kr. af bifreið. Það skiptir ákaflega miklu máli. Í því er mjög sterkur efnahagslegur hvati fyrir þá sem hafa áhuga á að taka upp þennan nýstárlega samgöngumáta. Ríkið þarf með einhverjum hætti að hvetja menn til þess að kaupa sér slíka bíla. Til þess væri einnig hægt að beita niðurgreiðslum en það er ekki leið sem við leggjum til. Við leggjum til að það verði gert með tímabundnum ívilnunum af þessu tagi.

Frú forseti. Ég held að ef maður horfir til hinnar breiðu myndar í þessu dæmi, ef við skoðum hvað hæstv. ríkisstjórn þarf að gera til að standa við skuldbindingar sem hún hefur axlað samkvæmt alþjóðlegum samningum, þá ætti þingheimur að samþykkja þessa tillögu. Hún er skref í áttina, ekki mjög stórt, en þó nægilega langt til að eftir því yrði tekið. Sá vaxandi fjöldi Íslendinga sem íhugar að breyta samgöngumáta sínum til að vernda umhverfið mundi örugglega taka eftir þessu og fleiri láta af því verða.

[17:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði hér prýðilega fyrir brtt. sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samf. standa sameiginlega að, fulltrúar þessara tveggja flokka í efh.- og viðskn. þingsins. En 1. flm. tillögunnar er hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Í rauninni er þessi brtt. sem frá okkur er komin í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að nota skattkerfið til að stuðla að notkun á umhverfisvænum farartækjum. Samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar er hugmyndin sú að vörugjöld af ökutækjum sem nota umhverfisvæna orku verði lægri en af öðrum farartækjum svo nemi 120 þús. kr. En samkvæmt þeirri tillögu sem við leggjum fram á heimild til handa hæstv. fjmrh. að ganga út á að þetta gjald verði fellt niður að fullu.

Í athugasemdum sem fylgja lagafrv. ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Innflutningsverð tvíorkubifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja og er heimildinni ætlað að gera þær samkeppnisfærari á almennum markaði. Markmiðið með framlengingunni er að styðja áfram við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum. Einnig hefur verið bent á að notkun tvíorkubifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu.“

Hér eru í raun færð fram ágæt rök fyrir þessum breytingum. Munurinn á stefnu okkar í stjórnarandstöðunni, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samf. annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar er sá að við viljum ganga lengra í þá átt að lækka innflutningsverð bifreiða sem knúnar eru vistvænni orku en ríkisstjórnin vill gera.

[17:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem hér er til umræðu og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., hefur gert svo

ágætlega grein fyrir er afskaplega þýðingarmikil í því umhverfi sem við erum að upplifa um þessar mundir. Í fyrradag vorum við að ræða samninga Íslands og Færeyja og þá notaði ég tækifærið og innti hæstv. utanrrh. eftir því þar sem hann var hér staddur og mælti fyrir málinu hvort ríkisstjórnin og löndin í kringum okkur væru yfirleitt eitthvað farin að búa sig undir þær breytingar sem gert var ráð fyrir að yrðu, ekki bara á loftslagi heldur líka á hitastigi sjávar og þar með hugsanlega á breytingum á gengi fiskstofnanna sem við erum núna að togast á um, Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn. Hann upplýsti að vissulega væru menn aðeins farnir að ræða saman en það yrði eitthvað lengra í að farið yrði að ræða um hvernig yfirráðum ætti að verða háttað á slóðum sem núna eru ekki fiskislóðir. Af þessu tilefni leyfði ég mér að koma með þá yfirlýsingu að ég harmaði það að ekki væri oftar verið að ræða í sölum Alþingis þær breytingar sem sýnilega eru fram undan í loftslagi, sérstaklega á norðurslóð, og sem komnar væru áþreifanlegar ábendingar um. Það bar nefnilega við um síðustu helgi, og það er tilefni þessara athugasemda minna undir viðkomandi dagskrármáli, að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson flutti ræðu í sambandi við rannsóknir á norðurslóð. Hér var líka staddur Robert Corell, Bandaríkjamaður sem er í forustu mikilla rannsókna og leiðir það vísindastarf sem vísbendingar hafa komið um, nefnilega að miklar breytingar séu að verða á norðurslóðum. Það kom líka fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og í máli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur í utanríkisumræðu fyrr á árinu að tvöföld hröðun er á hlýnun hér, breytingar á loftslagi á norðurslóð eru tvöfalt hraðari en annars staðar í heiminum. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt fyrir okkur, íbúa norðurslóða, en þetta er líka mjög athyglisvert og til rannsóknar fallið fyrir fólk sem býr annars staðar. Þetta segir að það sem gerist hér og mun gerast hratt eigi allt eftir að ganga yfir annars staðar.

Þess vegna eru rannsóknirnar svo mikilvægar. Það verður fróðlegt að sjá skýrsluna sem áætlað er að verði lögð fram í nóvember á sérstakri vísindaráðstefnu sem hér verður haldin og verður tekin til meðferðar í framhaldinu á ráðherrafundi ráðherraráðs norðurslóðar.

Virðulegi forseti. Þetta eru engin smámál. Við þekkjum umræðuna um Kyoto-samninginn, við þekkjum viljann annars vegar hjá ákveðnum þjóðum heims til að bregðast við og undirgangast Kyoto-samninginn og við þekkjum t.d. hvað Bandaríkjamenn — þeirra var getið í ræðu hv. formanns Samf. — hafa verið tregir til að taka þátt í að bregðast við ógnvænlegum breytingum af völdum mannsins sjálfs. Við verðum að taka á þeim og bregðast við. Það er í ljósi þessa umhverfis, þessara breytinga og þeirra staðreynda sem við stöndum frammi fyrir sem brtt. af þeim toga sem hér um ræðir er afskaplega mikilvæg. Við getum ekki leyft okkur, íbúar norðurslóðar og sú þjóð í næsta nágrenni okkar sem kannski mestu eyðir og mesta orku nýtir af þeim toga sem veldur breytingum, þessi ríka þjóð, annað en að stíga stærri og meiri skref í þá átt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti svo ágætlega. Því kem ég hér upp að ekki aðeins er þessi brtt. til orðin af þeim sökum heldur var líka flutt þingmál fyrr á árinu. Fyrsti flm. þess er Össur Skarphéðinsson sem ásamt allnokkrum þingmönnum Samf. hefur flutt þingmál um að vinna heildstæða áætlun um aðgerðir til að auka notkun farartækja sem nýta endurnýjanlega innlenda orkugjafa. Ætlunin er að miða við árið 2020, að þá verði fjórðungur nýrra bifreiða knúinn slíkum orkugjöfum. Áætlunin skal fela í sér tillögur um lagabreytingar sem veiti hæstv. fjmrh. heimild til að fella niður, svo lengi sem þurfa þykir, öll opinber gjöld, svo sem virðisaukaskatt, vörugjöld og þungaskatt af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa og af búnaði sem nýttur er til að framleiða nýja, endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi og af endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleiddir eru hér á landi í því skyni að knýja samgöngutæki.

Þessi stefnumörkun sem hér er til umræðu er þýðingarmikil sem og þingmálið sem Samf. hefur mælt fyrir og svo brtt. sem hér er flutt af því tilefni að verið er að vinna með þessi mál í efh.- og viðskn. og afgreiða þingmál sem gefur tilefni til að slík brtt. nái inn. Við verðum að fara að horfast í augu við það hvernig við eigum að bregðast við, og við eigum að taka á í þessum málum. Ég vildi óska að hægt væri að taka þessa umræðu um umhverfi á Alþingi þegar fleiri af fulltrúum stjórnarflokkanna, ég tala ekki um ráðherra, eru viðstaddir. Ég leyfði mér að segja við hæstv. utanrrh. að tími væri kominn til að þessi mál rötuðu inn í umræðu á Alþingi. Vissulega munu þau gera það, þau verða tekin upp þegar skýrslan kemur. Hingað til hafa komið áfangaskýrslur, það hafa komið vísbendingar, það eru staðreyndir sem hefur verið brugðist við af samtökum frumbyggja, af þeim sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi til sögu. Þetta eru mjög alvarlegir hlutir sem þarf og á að bregðast við. Þess vegna, frú forseti, vildi ég endilega koma hér og lýsa yfir, ekki bara stuðningi við brtt. heldur taka þátt í að hvetja til þess að tillagan nái fram að ganga og að við horfumst í augu við hvað það er sem blasir við a.m.k. börnunum okkar að óbreyttu.

[17:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta litla frv. verkar á mig eins og það sé ósköp munaðarlaust í umfjöllun á hinu háa Alþingi. Hæstv. ráðherra sem flytur málið er í útlöndum, í útlöndunum staddur eins og sagt er, og hér er enginn til að fylgja því úr hlaði af hálfu ríkisstjórnar, enda líta menn kannski svo á að málið sé ekki stórt í sniðum.

Það kann að vera og má til sanns vegar færa að það hreyfi ekki miklum fjármunum eða varði ekki mjög umfangsmikið svið í þjóðfélaginu en það er ákaflega táknrænt, þetta mál. Það er ákaflega táknrænt fyrir metnaðarleysi og ódug hæstv. ríkisstjórnar í öllu sem lýtur að umhverfismálum og því að þoka þeim málum eitthvað fram á veginn en ekki aftur á bak. Langmest sláandi við málið er það að seint og um síðir, í lok apríl á því herrans ári 2004, er verið að fjalla um frv. sem loksins kom frá ríkisstjórninni um að setja aftur í gildi heimild sem féll úr gildi um síðustu áramót, til þess að lækka lítillega gjöld af umhverfisvænum bílum. Heimildin sem verið hafði í gildi um nokkurt árabil féll úr gildi um síðustu áramót og sofandahátturinn er slíkur hjá hæstv. ríkisstjórn að margir mánuðir líða þangað til menn loksins koma henni inn aftur. Að vísu á þetta að vera afturvirkt í þeim skilningi að það má endurgreiða þann innflutning sem kynni að hafa farið fram frá áramótum. Ekki er afturvirkni alltaf slæm, a.m.k. ekki þegar hún er ívilnandi eins og hér á við.

Það er dapurlegt, herra forseti, að ekki skuli vera meira að gerast í þessum efnum og ekki vera meiri metnaður í gangi en raun ber vitni hjá hæstv. ríkisstjórn. Það ætti ekki að þurfa að þakka fyrir þessa heimild sem mætti vera rausnarlegri. Reyndar er lagt til að fella megi þessi gjöld alfarið niður þannig að þessi tegund bifreiða, tvíorkubílar eða umhverfisvænir bílar, komi inn án vörugjalda. Það finnst mér alveg

sjálfsagður hlutur meðan verið er að ýta undir notkun þeirra sem er sáralítil hér. Því miður er bílaflotinn þannig saman settur á Íslandi að hann er langt á eftir því sem gerist í mörgum nálægum löndum hvað umhverfishliðina snertir. Það hefur því miður verið miklu minni hvati hér til þess að sparneytnir bílar væru notaðir og að tvíorkubílar, umhverfisvænir bílar, væru fluttir inn. Það hefur meira og minna vantað hjá okkur. Helst hefur verið hægt að benda á þessa litlu heimild til að lækka lítillega vörugjöld af umhverfisvænum bílum sem notuðu metangas, rafmagn eða annað sambærilegt, a.m.k. að verulegu leyti.

Áherslur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði liggja alveg fyrir í þessu efni. Við höfum margflutt tillögur sem lúta að sjálfbærri þróun í þessum efnum eins og öðrum, bæði hvað varðar áherslur í samgöngumálum, sjálfbærri orkustefnu og sjálfbærri þróun samfélagsins almennt. Þar er gríðarlegt verk að vinna á Íslandi, eins og kunnugt er. Við höfum verið meira og minna sofandi í þessum málum og ríkisstjórnin ástundar þann kostulega tvískinnung að fara út í lönd og skrifa þar undir ýmsar góðar samþykktir en gerir svo, að því er séð verður, nánast ekkert með þær. Það þarf ekki að leita lengra en til Norðurlandanna. Ríkisstjórn Íslands hefur skrifað undir metnaðarfullar áherslur um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Hvað er svo verið að gera hér heima? Eiginlega ekki neitt. Ríkisstjórnin sjálf... (Gripið fram í.) Já, auðvitað hefur hún gert mikið til hið gagnstæða, ef maður færi út í þá sálma, við að stórspilla náttúru landsins eins og kunnugt er.

Ríkisstjórnin sjálf hefur meira að segja sent í Gutenberg fallegar bækur um sjálfbæra stefnu hér, Velferð til framtíðar held ég að hún hafi heitið, hvíta bókin sem var gefin út í tengslum við ráðstefnuna í Jóhannesarborg 2002. Hvað er svo verið að gera? Hvar eru tillögur úr þeirri bók, úr Sjálfbærum Norðurlöndum o.s.frv. í framkvæmd hér á landi? Það fer ósköp lítið fyrir þeim. Hvar eru aðgerðir t.d. til að efla almenningssamgöngur, hvetja til notkunar sparneytinna bíla og reyna eftir atvikum að draga úr óhóflegum einkabílisma hér, orkusóun og öðru slíku? Þær eru hvergi. Það er ekki nóg að senda hv. þm. Hjálmar Árnason út um lönd og álfur að predika vetnissamfélög. Menn eru ekki búnir að leysa málin með því þótt það séu örugglega hin ágætustu ferðalög og fínir fyrirlestrar hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Umhverfismálin uppi á Íslandi breytast lítið við það þó að fagnaðarerindið sé boðað í útlöndum. Menn eru gjarnir á að boða ýmis fagnaðarerindi í útlöndum sem þykja kannski ekkert sérstaklega góð þegar komið er upp á skerið. Menn hafa verið í því að boða fagnaðarerindið um besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi en það þykir ekkert sérstaklega gott alls staðar á Íslandi. (Gripið fram í.) Samt fínt í útlöndum.

Ég hef það pínulítið á tilfinningunni stundum um umhverfismálin hér að þau séu til sunnudagsbrúks og til þess að státa sig af í útlöndum en þegar á hólminn er komið er ósköp lítið verið að gera. Er ekki hægt að standa með aðeins metnaðarfyllri hætti að verki en raun ber vitni? Ég held það. Því má segja að það sé ákveðinn prófsteinn á vilja manna í þessum efnum hvaða afdrif brtt. á þskj. 1484 fær. Það er ekki ofrausn að gera tilraun í nokkur ár með að fella alfarið niður vörugjald af þessum tækjum ef það mætti verða til þess að notkun þeirra ykist nokkuð. Hún er sáralítil. Ég veit ekki hvort þau skipta bara tugum, því miður, kannski hundruðum, ökutæki af þessu tagi sem hér eru í notkun í landinu sem er auðvitað sáralítið, hverfandi lítið. Hér eru ekki almenningssamgöngur nýttar með sama hætti og annars staðar og því miður ekki heldur umhverfisvænar í þeim skilningi að notað sé rafmagn eða annað því um líkt. Mér finnst það stundum gleymast í umræðum um léttlesta- eða sporvagnakerfi að það er ekki bara það sem slíkt og almenningssamgöngutæki sem slíkt sem þar gæti komið, heldur líka umhverfisvænir orkugjafar sem þá fylgja nokkurn veginn sjálfkrafa með. Það er augljóst mál að menn mundu hanna slíkt kerfi þannig að það notaði rafmagn eða þá vetni eða aðra slíka vistvæna orkugjafa. En þetta er ekki mikið á dagskrá, því miður, herra forseti.

Svo ranka menn við sér eins og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Auðvitað er gott þegar menn ranka við sér og halda ræður eða boða það á fundum að vá sé fyrir dyrum vegna loftslagsbreytinga, ekki síst hér á norðurslóðum. Ég segi bara: Það er vonum seinna að hæstv. utanrrh. vakni til lífsins í þessum efnum. Hvar var þessi afstaða hans þegar Ísland hamaðist við að fá undanþágur og sleppa hjá ákvæðum Kyoto-bókunarinnar? Ísland lagðist í víking til þess að fá að hafa hér opið hús fyrir stóriðju, alveg hreint árum saman, og þurfa ekki að uppfylla sömu kröfur og önnur iðnríki og velmegunarríki í þeim efnum. Fundin var út sérstök formúla til þess að við gætum verið undanþegin, öllu heldur ekki við, heldur þeir erlendu auðhringar sem kæmu hér til að gera út á náttúruna, að þeir þyrftu örugglega ekki að borga nein umhverfisgjöld. Svo er það sett inn í lög og samþykktir að það sé algjörlega bannað að leggja nokkur sértæk gjöld eða skatta af umhverfisástæðum á stóriðjuna nema það sé lagt á allan iðnað í landinu líka, alla notendur í landinu. Þetta er jafnréttið sem ríkisstjórnin sér nauðsynlegt að ástunda í þessu samhengi. Menn semja t.d. af sér réttinn til þess að vera með einhverja prógressíva skattapólitík, einhverja stýringu, einhverjar aðgerðir til að ná árangri í umhverfismálum og þróa samfélagið áfram í átt til meiri sjálfbærni. Á Íslandi eru möguleikarnir vissulega kannski meiri en víðast hvar annars staðar í heiminum.

Ég sé ekki að við höfum mikið til að státa af í þessum efnum þótt menn gumi endalaust af tölfræðisamanburði og noti sér þar að við hitum húsin okkar með jarðvarma og framleiðum mest af raforku okkar með vatnsorku (**Gripið fram í:** Og ál.) og jarðhita. Nema hvað? segi ég nú, hvað annað ættum við að nota? Það er ekki eins og það sé mikið til að hrósa sér af. Hvað erum við að gera að öðru leyti? Hvar eru þær áherslur í samgöngumálum, í skattamálum o.s.frv. sem bera einhverri umhverfismeðvitund vitni? Ég sé þær ekki. Þær eru ekki á ferðinni í þessu metnaðarlausa frv. þar sem menn eru að druslast til þess mörgum mánuðum of seint að setja aftur í gildi þessa heimild til að endurgreiða eða lækka um 120 þús. kr. vörugjald af umhverfisvænum bifreiðum. Meiri er metnaðurinn ekki. Hæstv. fjmrh. er að koma þessu í gegnum þingið núna þegar komin eru græn grös. Það eru öll ósköpin. — Kemur nú hæstv. sjútvrh. í salinn sem mætti líka taka til hjá sér. Það er ekki mikið verið að gera í flotanum til þess að ástunda þar orkusparandi stefnu og annað því um líkt. (**Sjútvrh.:** Er málþóf?) Hæstv. sjútvrh. mætti koma í ræðustólinn og fara aðeins yfir það með okkur hvernig kvótakerfið og stórútgerðarstefnan þjónar umhverfisvænum markmiðum sem Íslendingar eru þó skuldbundnir til að ástunda. Við skrifuðum undir Ríósamninginn þar sem m.a. er kveðið sérstaklega á um það að hlúa að vistvænum veiðum, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Það er bara þannig. Síðan er algjörlega gagnstæð stefna rekin

hér þegar til kastanna kemur.

Svona er nú þetta, virðulegur forseti. Ég sá ástæðu til að blanda mér aðeins í umræður undir lokin um þetta munaðarlitla frv. sem hér er á ferðinni, að föður sínum fjarstöddum sem er í útlöndum, sjálfsagt að boða eitthvert fagnaðarerindi, og ber ekki miklum metnaði vitni í þessum málaflokki svo vægt sé til orða tekið.

[18:04]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta frv. sem við ræðum hér er á forræði þingsins, ekki ráðherrans lengur. Hv. efh.- og viðskn. hefur fjallað um málið þannig að það er á forræði þingsins og ef einhver á að vera faðir þess og móðir eru það væntanlega fulltrúar úr efh.- og viðskn. sem ég veiti forstöðu. Ég er sennilega pabbinn. Málið er ekki munaðarlausara en það.

Hv. þm. sagði að við gerðum lítið í umhverfismálum. Ég er bara ekki sammála því. Ég veit ekki betur en að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi komið af stað mjög mikilli tilraun í vetnisvæðingu, tilraun sem hugsanlega getur haft áhrif um allan heim. Það vill svo til, frú forseti, að heimurinn er einn þannig að ef okkur tekst að finna upp nýja vél á Íslandi sem notar vetni og ef það skyldi minnka mengun minnkar það mengun um allan heim. Mengunin er einmitt án landamæra, frú forseti.

Auk þess vil ég benda á að við höfum farið út í stórmiklar framkvæmdir í því að breyta íslenskum fallvötnum í ál sem sparar óhemjumikla mengun. Á sama tíma og við reisum álver á Íslandi er verið að reisa álver í Suður-Afríku sem notar heilu fjöllin af kolum á ári til að framleiða raforku til að búa til það ál. Það er aldeilis umhverfissparnaður fyrir heiminn allan að við skulum framleiða ál á Íslandi.

[18:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að stofna til faðernisdeilu um frv. Hv. þm. Pétur H. Blöndal má vel eiga á því faðerni núna, enda er það rétt hjá hv. þingmanni að málið er í höndum þingsins nú. Það breytir ekki hinu að það hefði verið (Gripið fram í.) — ég mun koma að því — það hefði ekki verið lakara að hafa hér hæstv. ráðherra, fjmrh. eða t.d. hæstv. umhvrh., til að svara fyrir málaflokkinn. Þeir fara þó með framkvæmdarvaldið í málinu í öllu falli.

Mér varð það á að nefna að hv. þm. Hjálmar Árnason væri trúboði úti í löndum um vetnisvæðingu. Það er mikill misskilningur að hann sé upphafsmaður að þeim hugmyndum. Þar mundum við fyrstan frægan telja prófessor Braga Árnason, gamlan læriföður minn úr háskólanum, sem með þrotlausri elju kom þeim hugmyndum á framfæri á yfir 20 ára skeiði þangað til eyru ráðamanna fóru loksins að opnast. Háskóli Íslands, ýmsar rannsóknastofnanir og fleiri vísindamenn hafa lagt þar vel af mörkum en hv. þm. Hjálmar Árnason hefur síðan orðið einhvers konar pólitískur verkstjóri Framsfl. í þessu máli og fer mikinn í þeim efnum sem er ágætt. Þetta er geysilega áhugavert mál og spennandi að það skuli vera framtíðarmál. Það er enn langt í land að menn nái tökum á þeirri tækni, þ.e. að geyma orku í formi vetnis sem auðvitað er ekki uppspretta orku heldur eingöngu geymslumiðill. Menn verða líka að átta sig á því og misskilja ekki málið. Vetnið þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að geyma orku sem er framleidd með öðrum hætti og getur verið gagnlegt sem slíkt og það hefur þann mikla kost að þegar orkan er losuð og vetnið brennt fylgir því ekki mengun.

Kemur svo enn gamla tuggan um það hversu umhverfisvænt það sé að við Íslendingar hrúgum niður álverum, að við breytum íslenskri náttúrugersemi í ál. (Gripið fram í.) Hv. þm. hefur t.d. þá alls ekki áttað sig á því hvernig loftslagssamningum SÞ er ætlað að virka. Menn verða að kaupa út losunarkvóta ef þeir ætla að reisa álver annars staðar, ekki hér á Íslandi þannig að færa má rök fyrir því að þetta sé akkúrat öfugt (**PHB:** Ekki trúir...) vegna undanþágunnar sem Ísland hefur. Hv. þingmaður og aðrir slíkir sem halda slíkri firru fram verða að fara að átta sig á því hvaða grundvallaratriði gilda í þessum efnum.

[18:09]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að eftir þessa prýðilegu umræðu er hjarta mitt slegið nokkru angri þegar ég sé að hv. þm. Hjálmar Árnason hefur gufað upp og er ekki lengur staddur hér. Ég sá að hann rak inn andlitið áðan, sólbrúnn og fagur, og mér fannst vel í veiði bera því að við höfum einmitt átt orðastað, ég og hv. þm. Hjálmar Árnason, í tilefni af nákvæmlega þessum málum sem við erum að ræða.

Þegar ég reifaði stefnu Samf. við 1. umr. þessa máls vildi svo til að hv. þm. Hjálmar Árnason kvað enga þörf á að samþykkja þessa brtt. eða nokkrar breytingar í þessa veru. Svo vel stæði nefnilega á að fyrir hans góða tilstilli væri í gangi nefnd einhvers staðar utan þessara sala sem væri að búa til heildstæða stefnu fyrir ríkisstjórnina. Það var ekki í fyrsta skiptið sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði það. Þetta sagði hann líka fyrir jólin þegar málið barst í tal í tilefni af þeirri tillögu sem við lögðum fram í Samf. Þetta sagði líka hv. þm. í fyrra þannig að það virðist vera orðið hlutverk hv. þm. Hjálmars Árnasonar að koma í umræðu fyrir hönd stjórnarinnar þegar aðrir þingmenn koma með þingmál sem tengjast umhverfisvernd og -stefnu í þeim efnum, slá skildi fyrir stjórnina og segja að einhvers staðar viðs fjarri Alþingi séu menn á vegum ríkisstjórnarinnar að móta stefnu. Það bólar hins vegar aldrei á þeirri stefnu.

Því miður er staðan í þessu tiltekna máli sem við erum að ræða, þ.e. skattalegum ívilnunum af ríkisins hálfu til þess að ýta undir notkun ökutækja sem ekki menga með svipuðum hætti og þessi hefðbundnu, ákaflega flausturskennd. Það er í reynd engin stefna uppi í þeim efnum. Á tveimur eða þremur stöðum á stangli er að finna einhvers konar undanþágur í lögum þar sem verið er að ívilna, að því er virðist, án nokkurs sérstaks markmiðs tilteknum tegundum af bifreiðum varðandi ákveðna skatta. Bráðabirgðaákvæðið sem við erum að ræða hér er t.d. að finna í lögum nr. 29/1993 og þar er sagt að fella megi niður tiltekna upphæð af vörugjaldi sem greitt er af bifreiðum sem nota metangas eða rafmagn. Þessi upphæð er 120 þús. kr.

Ég hélt því fram, og ég held að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi líka gert það í umræðu sem spannst fyrr í vetur, að þetta næði ekki til vetnisbifreiða. Ástæðan fyrir því að ég gerði það og taldi að það ætti að ráða bót á þeirri stöðu er auðvitað sú að við höfum heyrt ríkisstjórnarliðið fara mikinn þegar vetni er annars vegar. Það telur að þar sé komin sáluhjálp varðandi umhverfisvandann og við vitum að fyrir tilstilli Evrópusambandsins tókst að koma hér upp tilraunaverkefni, bæði varðandi dreifingu á vetni á einum stað og nokkra strætóa sem keyra á vetni. Þar af leiðandi var það fullkomlega skiljanlegt að ég héldi því fram að frv., eða ákvæði sem þá var enn í lögum, næði ekki yfir vetnið vegna þess að þar var einungis talað um metan og rafmagn. Þá kom hv. þm.

Hjálmar Árnason í pontu og fór mikinn, sagði að það væri alveg bersýnilegt að formaður Samf. vissi ekki hvað hann væri að tala um, að hann skildi ekki málið rétt vegna þess að búnaðurinn sem þyrfti til þess að nýta vetnið sem orkugjafa byggðist að hluta til á rafmagni og þar af leiðandi fullyrti hann að vetnisbílar væru skilgreindir sem rafmagnsbílar að því er varðaði þetta ákvæði laganna. Ég tók það gott og gilt vegna þess að hv. þm. hefur slegið um sig, eins og formaður Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs benti á áðan, og litið á sig sem guðs útvalinn þegar kemur að vetni.

Af rælni spurðist ég fyrir um þetta hjá fyrirtækinu sem rekur vetnisstrætóana, því fyrirtæki sem hefur haft frumkvæði að því að byggja upp vetnisframleiðslu á Íslandi. Ég sendi fyrirspurn mína til Jóns Björns Skúlasonar hjá Nýorku og svar hans var alveg afdráttarlaust. Vetnisbílarnir falla ekki undir þetta ákvæði. Þó eru vetnisbílarnir það sem við erum að horfa á til framtíðar.

Nú vill svo til að hér eru í salnum a.m.k. þrír sem hafa einhvern tíma komið nálægt borgarstjórnarmálum í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur sýnt ákaflega lofsvert frumkvæði við að reyna að nýta metan. Þegar lífrænn úrgangur gerjast fyrir tilstilli örvera framleiðist töluvert mikið af metangasi. 44 bílar á vegum borgarinnar ganga í dag fyrir metangasi. Þetta eru fyrst og fremst bílar sem borgin á en ég held að það séu ákaflega fáir ef nokkrir einstaklingar sem notfæra sér þetta. Skyldi það vera vegna þess að það er ekki til nógu mikið metan? Nei, það er ekki svo.

Það metan sem fellur til eingöngu af hálfu Reykjavíkurborgar dugar til þess að knýja 5 þús. bifreiðar. Væri ekki munur ef við hefðum 5 þús. bifreiðar á götum Reykjavíkurborgar sem notuðu ekki hefðbundið eldsneyti heldur metan? Það mundi skipta töluvert miklu máli. Það mundi leiða til þess — í snörpum hugarreikningi sem er byggður á upplýsingum frá veitustofnunum Reykjavíkurborgar — að út í andrúmsloftið færu sem næmi 15 þús. tonnum minna af skaðlegum lofttegundum. En af hverju hefur enginn ráðist í það að kaupa sér metanbíl sem fjölskyldubifreið? Það er vegna þess að þær eru svo dýrar, kosta svo mikið. Ef um væri að ræða einhverja heildstæða stefnu af hálfu stjórnvalda til þess að nota þetta sem er þó í dag sannanlega endurnýjanlegur orkugjafi sem fellur til innan lands sem við erum að safna í dag hefðu menn að sjálfsögðu farið þá leið að efla enn frekar hvatann handa mönnum til að kaupa slíkar bifreiðar.

Ég skal ekki segja undir hvaða flokk metanbílar mundu falla en ég ímynda mér að þeir hljóti að falla undir 30% vörugjaldsflokkinn. Ef farin yrði sú leið sem við þingmenn Samf. og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs leggjum til lækkaði vörugjaldið um 300–400 þús. kr. til viðbótar við þau 120 þús. sem það lækkar samkvæmt núverandi frv. sem samþykkt var við 2. umr. Það munar um minna. — Og nú sé ég, frú forseti, mér til mikillar gleði að hv. þm. Hjálmar Árnason er kominn í grennd við þingsalinn og væntanlega til þess að leggja orð í belg.

Ég kom þar niður í ræðu minni áðan, greindi frá því og rifjaði upp að í hvert einasta skipti sem við höfum rætt þessi mál sem hefur verið þrisvar á síðustu 12 mánuðum hefur hv. þm. Hjálmar Árnason komið hingað og sagt að það sé allsendis óþarft að samþykkja einhverja tillögu frá stjórnarandstöðunni sem lýtur að því að greiða leið ökutækja inn í samgöngur Íslendinga sem byggjast á öðru en hefðbundnu eldsneyti vegna þess að merkileg nefnd sem hann hafði ekki bara frumkvæði að með tillöguflutningi á Alþingi að því er mér skildist, heldur á líka sæti í væri önnum kafin við það að móta einmitt þessa stefnu.

Það er ekki hægt, frú forseti, að í hvert einasta skipti sem þessi mál berast með þessum hætti inn í sali Alþingis komi hv. þm. og greini okkur frá því að einhvers staðar úti í bæ sé verið að móta þá stefnu. Hvenær kemur þessi stefna? Ég spyr hv. þm. Hjálmar Árnason: Hvenær kemur fram sú stefna sem á, svo ég rifji upp eftir rosknu minni, að vera heildstæð stefna varðandi skattalaga meðferð á ökutækjum og búnaði sem þarf til þess að nýta innlenda, endurnýjanlega orkugjafa inn í samgöngur Íslendinga? Það væri þarft held ég ef hv. þm. gæti sagt okkur frá því.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon drap á það áðan að sú grein sem við erum að véla um væri hugsanlega eina ákvæðið í gildandi lögum sem ívilnaði bifreiðum sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti. Það er ekki alveg svo. Ég sagði áðan að það virtist sem stefna ríkisstjórnarinnar væri næsta handahófskennd vegna þess að til eru fleiri ákvæði, t.d. bráðabirgðaákvæði eða ákvæði sem ganga mjög skammt. Fyrir utan þetta ákvæði sem hér er og er að finna í lögunum um vörugjald á ökutækjum og eldsneyti sem við samþykktum skömmu eftir að ég tók í fyrsta skipti sæti á hinu háa Alþingi, þ.e. árið 1993, er fleiri ákvæðum til að dreifa. Ég hélt því fram fyrr í vetur þegar ég átti svolitla orðræðu við hv. þm. Hjálmar Árnason að þetta ákvæði heimilaði ekki afslátt af vörugjaldi í tilviki bifreiða sem nýta vetni. Sérfræðingur Framsfl. og ríkisstjórnarinnar hélt hins vegar öðru fram. Hann taldi það bera vott um fáfræði mína og vanþekkingu á málinu að ég héldi þessu fram. Í allri þeirri hógværð sem mér er af guði gefin hafði ég þó manndóm í mér til að koma hingað eftir ræðu hv. þingmanns og segja ranglega að hann væri mér greinilega fremri um allt það sem að þessu lyti og að ég vildi ekki deila við hann. En eins og ég hef upplýst fyrr í ræðu minni skaut ég af mikilli rælni spurningu um þetta tiltekna atriði til forstöðumanna Nýorku og af enn meiri rælni leit ég í póstinn minn rétt áðan og sá að mér hafði borist svar. Samkvæmt því svari falla vetnisbílarnir ekki undir þetta ákvæði og þá vænti ég af þeirri hógværð og lítillæti sem framsóknarmanninum hv. þm. Hjálmari Árnasyni er gefið samkvæmt sínu góða Suðurnesjaeðli komi hann líka hér upp og viðurkenni að hann hafi farið hér rangt með staðreyndir um þetta tiltekna mál fyrr í vetur.

Ég var kominn þar máli mínu þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gekk í salinn að ég hafði vísað til þeirra orða hans að hugsanlega væri þetta eina ákvæðið sem varðaði skattalegar ívilnanir til ökutækja af þessu tagi en það er ekki alveg svo. Það er ekki von að þingmenn geri sér almennt grein fyrir því enda er engin heildstæð stefna í þessum efnum. Það var bráðabirgðaákvæði í eldri lögum, lögum frá 1987 sem fjalla um fjáröflun til vegagerðar, sem kvað á um að bifreiðar sem notuðu í tilraunaskyni annan orkugjafa en hefðbundið eldsneyti skyldu vera undanþegnar greiðslu af þungaskatti. Það er mikilvægt ákvæði og þar er fortakslaust frá því greint samkvæmt hljóðan þeirra orða sem þar standa — ég dreg þá ályktun að það nái yfir bæði tvinnbíla, þ.e. þá sem nota bæði óhefðbundið og hefðbundið eldsneyti, og sömuleiðis bíla sem nota bara óhefðbundinn orkugjafa — a.m.k. túlka ég það svo að vetnisbílar þurfi ekki að greiða þungaskatt. En af því að við höfum þennan ágæta sérfræðing, hv. þm. Hjálmar Árnason, hérna hjá okkur langar mig til að spyrja hann: Er það rangt skilið hjá mér í þessum lögum að þetta ákvæði hafi líka runnið út fyrir skömmu? Ef það er

svo, er þá ekki líka rétt hjá mér að væntanlega sé í ákaflega fá skjól að leita fyrir þá sem vilja einhvers konar varanlegan hvata til þess að ýta undir þetta? Ég sagði fá skjól því að það er þó a.m.k. eitt skjól sem er varanlegt. Til eru lög — ég man nú ekki lengur hvaða lög það eru — þar sem tekið er fram að ökutæki sem nota annað en hefðbundið eldsneyti með vissum skilyrðum hafi varanlega undanþágu og þurfi ekki sérstaka heimild hæstv. fjmrh. Þetta sýnir okkur hins vegar að þessi ákvæði hafa verið sett við aðstæður þar sem menn hafa vissulega verið að reyna að horfa fram á við og gera jákvæða hluti. Þessi ákvæði eru, svo ég noti ein frægustu ummæli allra síðustu vikna um stjórnmálin, barn síns tíma. Um það er hv. þm. Hjálmar Árnason mér sammála og þess vegna hefur hann reynt að beita sér fyrir því að sett verði heildstæð stefna í þessum efnum. Það bara bólar ekkert á henni. Af því að svo vel ber í veiði að hv. þm. er hér á meðal vor, fallegur og brúnn, og hefur þessa náND við nefndina sem á að véla um þessi mál langar mig til að spyrja hann: Með hvaða hætti hefur sú nefnd tekið á þeim válegu tíðindum sem hingað hafa borist í gegnum fulltrúa Alþingis í Norðurskautsráðinu, þingmannanefndinni, að hin válega þróun sem birtist í hlýnun andrúmsloftsins gangi nú miklu hraðar fyrir sig en menn töldu áður?

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir greindi frá því fyrr í vetur að þróunin væri tvöfalt hraðari. Hún byggði það á áliti virtustu sérfræðinga veraldar sem Norðurskautsráðið fékk sér til ráðgjafar. Þetta þýðir, frú forseti, að sú aðgerðaáætlun sem við og umheimurinn áður töldum nauðsynlega og þarfa til að bregðast við þróun sem menn töldu að væri í gangi dugar ekki. Þetta þýðir í reynd að menn þurfa að vera djarftækari og taka fastar á til að koma böndum á þessa þróun. Þá hlýtur að koma til kasta nefndarinnar sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur svo oft notað sem skjöld til varnar gegn þeim röksemdum sem við stjórnarandstæðingar höfum teflt fram um nauðsyn aðgerða.

Við Íslendingar erum lítil þjóð og það sem við látum frá oss fara út í umhverfið er kannski ekki nema örlítið brot af því sem heimurinn sameiginlega mengar. Við höfum samt siðferðilegar skyldur í þessum efnum en okkur stendur líka málið nær en mörgu öðrum. Ástæðan er sú að einfaldlega fáar þjóðir ef frá eru taldar nokkrar eyþjóðir í sunnanverðu Kyrrahafi eiga jafnmikið undir að geta stemmt þessa þróun. Þær þjóðir sem búa undir norðurheimskautinu eins og við verða þær sem hugsanlega verða fyrst og erfiðast úti í þessum efnum. Við gætum hugsanlega lent í því að hafstraumar mundu hægjast og jafnvel stöðvast og við vitum að það eru kaldir straumar norður úr hafinu sem skipta mjög miklu máli. Ef þungi þeirra eykst er mögulegt eins og fram hefur komið að Golfstraumurinn sem er sú náttúrufræðilega staðreynd sem gerir Ísland byggilegt mundi hætta að streyma norður undir Ísland og vestur með landinu. Það mundi ekki aðeins breyta hitafari á Íslandi og gera landið a.m.k. að lokum heldur þyngra — miklu þyngra — til íbúðar en núna heldur mundi það flytja burtu straumaskilin sem eru undirstaða gríðarlegrar frumframleiðni í hafinu sem aftur kveikir af sér átuna sem uppsjávarfiskarnir eta og síðan nærast botnfiskarnir aftur á þeim. Af því að ýmsir hv. þm. hafa áhuga á hvölum eru það þeir sem eru síðan efst í fæðukeðjunni og leggja sér að því er sagt er í allt of ríkum mæli botnfiskana til munns.

Hér er alvarleg þróun í gangi. Það kom fram í umræðum um fiskveiðar fyrir örfáum vikum að við erum að sjá það í fyrsta skipti núna að mokveiði í hafi að því er botnfisk varðar er að færast fjær og norðar. Í fyrsta skipti frá því að sögur hófust hafa menn fengið mestan afla af þorski 30 mílur norður af Kolbeinsey. Ekki skal ég skýra þetta en hugsanlega mætti skýra þetta með því að hitaskilin færist, átan færir sig og þar af leiðandi þorskurinn.

Ég ætla ekki, frú forseti, að tefja umræðuna með því að fara mjög djúpt út í fiskifræði en ég nota þetta til þess að skýra fyrir hv. þm. Hjálmari Árnasyni alvarleika málsins, að það sem atvinnulíf okkar nærist og grundast á er í hættu. Þess vegna höfum við tvöfaldar siðferðilegar skyldur í þessum efnum. Við þurfum að verja okkar eigin framtíð, ekki endilega okkar sem stöndum í þessum sal heldur þeirra niðja sem af okkur munu spretta. Við þurfum að gera allt sem við getum til að haga málum þannig að framtíðin verði þeim ekki bara bærileg heldur góð.

Í annan stað er önnur siðferðileg skylda sem á okkur hvílir, sú að sérstakar náttúrulegar aðstæður gera það að verkum að við eigum að geta verið í fararbroddi í þessum efnum. Mig minnir að ég hafi heyrt hv. þm. Hjálmar Árnason segja þetta um það bil tíu sinnum. Þá er ég ekki bara að tala um þær ágætu ræður sem hv. þm. hefur haldið um þetta efni í þingsölum heldur í ýmsum góðum viðtölum sem tekin hafa verið við hann jafnt innan lands sem utan. Ákaflega fáar þjóðir geta búið til endurnýjanlegt eldsneyti án þess að sú framleiðsla í sjálfu sér leiði til einhverrar losunar á gróðurhúsalofttegundum. Í öðrum löndum þar sem menn hafa verið að nota það sem er að vísu enn þá flokkað sem grænt eldsneyti, græn orka eins og náttúrulegar gastegundir, til að búa til vetni eða annað sem við getum flokkað með þessum hætti fellur samt sem áður alltaf til við framleiðsluna eitthvað af slíkum lofttegundum. Hér á Íslandi þar sem við notum vatnsföllin og jarðhitann er nettóumhverfiskostnaðurinn miklu minni en annars staðar. Við getum þess vegna orðið útflytjendur slíkrar orku. Ég tel a.m.k. að það ætti að vera mögulegt. Sérstaklega vil ég rifja það upp hér af því að hv. þm. Hjálmar Árnason sýnir okkur þann heiður að hlusta á þessa umræðu að einn af þeim mönnum sem hann hefur mest leitað til og oftast vísað til, prófessor Bragi Árnason við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, hefur einmitt af einstakri hugkvæmni bent á möguleika þess að nota meira að segja þessa orku í bland við útstreymi frá tilteknum stóriðjuverum á Íslandi til að búa til vetni eða slíkt efni, metanól, slá þar tvær flugur í einu höggi, bæði að draga úr losun skaðlegra lofttegunda sem fara beint út í andrúmsloftið frá þessum orkuverum og jafnframt að nota hreinu orkuna í vatnsföllunum og jarðhitanum til að búa til eldsneyti sem ekki skaðar nokkurn einasta mann. Við höfum sýnt ákveðið frumkvæði á þessu sviði, ekki síst fyrir hugarafl prófessors Braga Árnasonar og þar í liggur líka siðferðileg skylda okkar til þess ekki bara að halda forskotinu gagnvart okkar eigin þjóð heldur líka varða leiðina inn í framtíðina fyrir umheiminn allan.

Frú forseti. Ég tel þess vegna þegar allt er saman lagt það eiginlega skyldu þeirra þingmanna sem bera hag umhverfisins og vernd þess fyrir brjósti sér að samþykkja þessa litlu tillögu sem stjórnarandstaðan leggur fram. Ríkisstjórnin er þegar að framlengja bráðabirgðaákvæði sem gerir henni kleift að lækka vörugjald um 120 þús. kr. á þessu óhefðbundna ökutæki. Það eina sem við gerum er að segja: Göngum eilítið lengra, ýtum undir þennan hvata og fellum vörugjaldið alveg niður. Það er að sönnu partur af miklu stærri stefnumótun sem Samf. hefur lagt fram og hv. þm.

Hjálmar Árnason telur óþarfa af því að hann á sæti í nefnd sem er líka að véla um það. Kostnaðurinn sem ríkið hefði af þessu næmi sem svaraði 300–400 þús. kr. á þeim ökutækjum sem falla undir 30% vörugjald og eftir þeim upplýsingum sem ég hef 4–70 þús. kr. á lægri flokkinn sem varðar ökutæki sem eru líka að einhverju leyti notuð til veruflutninga. Það er ekki eins og að hér sé verið að ræða um gríðarlega mikið tekjutap fyrir ríkið.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hér er líka staddur og situr í efh.- og viðskn., (**Gripið fram í:** Formaður.) formaður hennar eins og frægt er orðið (Gripið fram í.) að endemum, hefur líka tekið til máls í þessari umræðu, að vísu ekki núna. Jú, hérna áðan, en líka fyrr og hv. þm. hugsar bara í beinum línum og skortir alla hliðarhugsun þegar kemur að þessu, bara í krónum og aurum. Hann metur ekki þann kostnað sem umhverfið þarf að gjalda, sem framtíð okkar geldur fyrir þessa þróun. Hv. þm. hefur margsinnis á undanförnum árum komið upp í svipuðum málum og sagt: Ef þið samþykkið þetta tapar ríkið tekjum. Hann hugsar ekki nógu langt, sér ekki að þegar til framtíðar kemur græðir ríkið á þessu vegna þess að ýmis annar kostnaður minnkar. Ef svo færi að ríkið yrði fyrir verulegu tekjutapi vegna þessa máls þýddi það það eitt að lögin hefðu náð tilgangi sínum, hefðu ýtt undir fjölda manns til þess að skipta yfir í óheftbundin ökutæki. Sá er tilgangurinn. En ég get auðvitað glatt hv. þm. Pétur H. Blöndal með því að þessi tillaga er svo saklaus að ef til þess kæmi er hér einungis um heimild að ræða til hæstv. fjmrh. og hann gæti þess vegna fellt hana niður.

Auðvitað verður uppi allur annar óður þegar núverandi ríkisstjórn fer frá og Samf. og eftir atvikum aðrir stjórnmálaflokkar koma að völdum landsins því að þá setjum við þessi mál ekki bara í nefnd. Þá verður annarri stefnu í framkvæmd hrint.

[18:37]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil ekki lengja umræðuna en vil byrja á að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samf., fyrir afskaplega fræðandi ræðu þrungna af fróðleik, framtíðarsýn og tilfinningum í þessu máli þó að mér fyndist hann kannski einum of persónugera ýmis mál sem þessu efni tengjast. (**ÖS:** Það var viðurkennt af þér.)

Það er reyndar svolítið merkilegt að hér er til umræðu frv. um vörugjald af ökutækjum og eldsneyti en hv. þm. var farinn að ræða um göngur hvala og þorska, kominn norður fyrir Kolbeinsey og má sjá af því að þetta er afskaplega yfirgripsmikið mál.

Hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum og skal ég reyna af virðingu fyrir hv. þingmanni að bregðast við þeim. Hv. þm. vitnaði í fulltrúa okkar í Norðurskautsráðinu, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem hefur upplýst þá umræðu sem fram hefur farið í Norðurskautsráðinu og víðar, svo sem að útblástur og hækkun vegna gróðurhúsaáhrifa gerist með allt að tvöfalt meiri hraða nú en áður var. Þetta er mjög mikið álitamál og eins og hv. þm. veit greinir vísindamenn mikið á um það hvað valdi hinu hækkaða hitastigi á jörðu. Er það af manna völdum eða eru það náttúrulegar sveiflur sem þar eiga sér stað? Við því eru ekki til nein óyggjandi svör og vísindamenn greinir á um það. Besti rökstuðningur sem ég hef heyrt fyrir því er að það muni ekki vera nema 10–12 þús. ár síðan hér var ísöld. Þegar sú ísöld brast á og þegar síðan þar á undan var hlýviðrisskeið voru hvorki til sprengivélar, dísil-, bensín- né aðrar slíkar og ekki útblástur af manna völdum. Ísaldar- og hlýviðrisskeið benda auðvitað til þess að um náttúrulegar sveiflur sé að ræða.

Hitt munu menn þó vera nokkuð sammála um, að eitt af meginvandamálum í byggðum heims sé útblástur af völdum bíla, þá fyrst og fremst staðbundið vandamál, eða a.m.k. líka svo að maður útiloki ekki þessi glóbaláhrif sem útblástur veldur. Þannig er ætlað að þúsundir manna deyi á ári hverju í Bretlandi einu, enn fleiri líklega í Bandaríkjunum og öðrum þéttbýlum stöðum, eingöngu vegna útblásturs frá bílum sem hafa notast við sprengivélina og eru knúnir áfram af jarðefnaeldsneyti. Þar er nýtingin aldrei meiri en um það bil 25%. Hitt gengur út í andrúmsloftið og veldur þessari skaðlegu mengun. Þess vegna hafa menn verið að bregðast við, rétt eins og gert var fyrir 100 árum áður en bílaöldin gekk í garð. Þá voru hestar eitt aðalsamgöngutækið í borgum heimsins og menn nutu þeirra svo sem ágætlega en þar kom að að íbúar stórborganna kvörtuðu og bentu á göturnar sem voru að fyllast af hrossaskít. Eitt aðalvandamál gatna New York borgar var hrossaskítur. Menn vildu fá nýja tækni hvað varðaði samgöngur, upp kom T-módelið af Ford og í kjölfarið bílaöldin sem hefur verið síðustu árin. (Gripið fram í.) Nú er hrossaskítur hins vegar ekki vandamálið í stórborgunum heldur hefur auðvitað vitundin og þekkingin breyst. Nú er það mengun, annars konar skítur má segja, þessi útblástur sem veldur dauða, sjúkdómum og miklum kostnaði fyrir þjóðfélagið.

Þess vegna er því spáð að á 21. öldinni muni vetnisbílar knúnir efnarafölum verða ráðandi. Hv. þm. benti á þá hugmynd sem okkar ágæti prófessor Bragi Árnason hefur kynnt, að gera stóriðjuna hér algjörlega vistvæna með því að nýta metanið í útblæstrinum, skella því saman við vetni og búa þannig til metanól sem yrði notað á efnarafala.

Nú hafa bílaframleiðendur almennt fallið frá þessu vegna þess að það er ekki alveg hrein umhverfisstefna í samgöngunum. Þar er einungis verið að færa útblásturinn frá stóriðjunni út í vetnið, búa til metanól sem er skellt á bíla og af því kemur mengun. Þess vegna eru bílaframleiðendur heimsins í dag að horfa á efnarafala og vetni.

Það er þessi staðbundna mengun af útblæstri bíla sem menn eru að glíma við. Hvað höfum við Íslendingar verið að gera? Við höfum boðið Ísland sem tilraunavettvang á þessu sviði og einmitt af ástæðum sem hv. þm. hefur m.a. nefnt í sinni löngu og ágætu ræðu, að við höfum ýmsa góða kosti. Við erum lítið eyríki. Við höfum reynslu af því að skipta um eldsneyti, eins og þegar við fórum úr kolum og olíu yfir í heitt vatn og rafmagn frá vatnsorkuverum okkar. Það eru ekki margar þjóðir sem hafa reynslu af þessu. Þetta er einn af þeim kostum sem við getum boðið. Við erum lítið ríki, við höfum lítinn infrastrúktúr og erum kjörinn vettvangur til að keyra nýja tækni. Við þessu hafa bílaframleiðendur einfaldlega brugðist mjög vel.

Ég verð hins vegar að leiðrétta örlítinn misskilning sem fram kom hjá hv. þm. Það var ekki örgrannt um að mér fyndist hv. þm. vera ögn sár að ég skyldi leiðrétta hann fyrir nokkrum vikum og hann heldur því enn fram að frv. nái ekki til vetnisbíla. Það er rangt. Ég fullyrði það við hv. þm. að það er rangt. Vetnisbílar eru skilgreindir sem rafmagnsbílar og eins og áður hefur komið fram er munurinn á vetnisbílum og hinum hefðbundnu rafmagnsbílum sá að hinir hefðbundnu rafmagnsbílar og batterísbílarnir sækja rafmagnið inn á línurnar, inn á hið almenna kerfi þar sem þeim er stungið í samband, og hlaða rafmagninu á batteríin og keyra síð-

an meðan það endist, á meðan vetnisbílarnir fá vetni og framleiða rafmagnið um borð í bílunum. Það er munurinn en hvorir tveggja eru knúnir áfram af rafmagni enda eru rafmagnsvélar í vetnisbílunum. Það eru rafmagnsvélar sem eru við hjólin á þeim, fjórar litlar rafmagnsvélar sem knýja bílana áfram. Frumvarpið gildir því að öllu leyti um vetnisbíla eins og venjulega rafmagnsbíla, enda hafa verið fluttir inn vetnisbílar, gamaldags rafmagnsbílar og metangasbílar. Ætli þeir séu ekki u.þ.b. 20 talsins sem aka um á götum höfuðborgarinnar.

Þá verð ég líka að leiðrétta hv. þm. að sú nefnd sem ég stýrði fjallar ekki um stefnumörkun varðandi gjaldtökuna. Flutt var þáltill. og hin mjög svo framsýna iðnn. á síðasta kjörtímabili afgreiddi þá tillögu. Í henni felst að hvert þeirra ráðuneyta sem helst koma að málinu, það er ekki einungis iðnrn., það eru samgrn., fjmrn., umhvrn. og sjútvrn. vegna þess að þetta nær til skipaflotans líka, og líklega einhver önnur ráðuneyti, tilnefni sinn fulltrúa ásamt fulltrúum Íslenskrar NýOrku. Sú nefnd er núna að störfum. Hvað á hún að gera? Hún á einmitt að marka þá stefnu til framtíðar með hvaða hætti við eigum að standa að gjaldtöku þegar vetnisbílar verða orðnir almennir í innflutningi. Þá hættum við að fjármagna vegakerfið t.d. með skatti á bensín og þá þurfum við að svara þeirri grundvallarspurningu: Ætlum við að leggja skattinn á vetnið? Ég er þeirrar skoðunar og sé það til framtíðar að það muni ekki gerast en ríkissjóður muni einmitt ná í þær tekjur sem tapast við það að bensínskatturinn hverfur af því sem hv. þm. nefndi einmitt sjálfur, útflutningi á vetni þar sem við eigum gífurlega möguleika. Og þeir eru það raunhæfir að fyrir u.þ.b. tíu árum var stofnað í Þýskalandi sameignarfyrirtæki margra stórra og þekktra þýskra fyrirtækja sem heitir hvorki meira né minna en Die Isländische Wasserstoffvereinigung, eða Hið íslenska vetnisfélag.

Hvert skyldi markmið þess félags vera? Það hélt mikinn blaðamannafund í Hamborg, ef ég man rétt, í hittiðfyrra, í október, þar sem það vígði vetnispumpur og þó voru ekki komnir neinir bílar á götur Hamborgar. Og hvers vegna var Die Isländische Wasserstoffvereinigung að gera þetta? Það var til þess að vekja athygli á því að þeir hafa aðeins eitt markmið, þ.e. að flytja vetni til Þýskalands frá Íslandi þegar vetnisöldin gengur í garð í Þýskalandi.

Ég hygg, virðulegi forseti, að á milli mín og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sé ekki ágreiningur um málið, en ég kom þó fyrst og fremst til að leiðrétta misskilning, annars vegar um skilgreiningu á vetnisbílum sem rafmagnsbílum, sem þeir vissulega eru, og hins vegar að stefnumörkun til framtíðar, róttæk stefnumörkun sem nær yfir vegafé, yfir það hvernig skattleggja á þessa bíla, er núna í gangi þar sem er fjölskipuð nefnd frá hinum aðskiljanlegustu ráðuneytum ásamt fulltrúum Íslenskrar NýOrku, sem eru fróðastir Íslendinga í þessu máli, og ég vænti mikils af þeirri framtíðarsýn sem þeir skapa. Ég vona að með þessu sé ugg hv. þm. létt. Við erum sammála um málið og ég hygg að það sé í afskaplega góðum farvegi.

[18:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru auðvitað allt saman mál sem við hefðum getað rætt til þrautar í nefndinni ef tími hefði unnist til og vilji hjá þeim sem þar stýra verkum.

Hvað varðar það sem hv. þm. sagði um þróunina þá verð ég að segja að það kom mér mjög spánskt fyrir sjónir að hv. þm. Hjálmar Árnason virðist draga í efa það sem flestir ef ekki allir virtustu fræðimenn á þessu sviði segja um þessar mundir. Hann telur að það sé rangt. Ég gat ekki betur heyrt en að hv. þm. Hjálmar Árnason væri í reynd að segja að vafi léki á því að hlýnun andrúmsloftsins stafaði af hinni skaðlegu losun gróðurhúsalofttegunda. Ég hef ekki heyrt það af munni nokkurs framsóknarmanns fyrr, ég hef ekki heyrt það af munni nokkurs þingmanns nema hv. þm. Péturs H. Blöndals, en það eru mörg ár síðan hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði það og a.m.k. að þessu leyti hefur mér stundum heyrst að hann hafi vitkast og hefði ég gjarnan viljað að það væri á fleiri sviðum líka.

Reglulegar ísaldir hafa alltaf komið í sögunni og þær munu halda áfram að koma vegna þess að þær stafa af breytingum á gangi himintungla og möndulhalla jarðar sem breytist og þá koma ísaldir. Það sem við erum að reyna að forða núna er að það verði einhvers konar þróun sem geri það að verkum að ísöld bresti á núna eða með tiltölulega skömmum fyrirvara. Eitt af því sem menn hafa séð í rannsóknum á borkjörnum í Grænlandsjökli er einmitt það sem menn vissu ekki áður að það getur gerst á einum mannsaldri. Það er hættan.

Varðandi það hvort hér sé um að ræða ákvæði sem nái yfir vetnisbíla þá segi ég bara að upplýsingar mínar um að ákvæðið nái ekki til vetnisbíla koma frá þeim sem hv. þm. sagði að væru fróðastir allra Íslendinga um þessi mál.

[18:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég leyfi mér enn að draga það í efa og hygg að hv. þm., sem er skarpur mjög, hafi eitthvað misskilið svör frá fulltrúum Íslenskrar NýOrku og ég held að við þurfum ekkert að fjalla frekar um það.

En ég vil þó leiðrétta það að ég var ekki að draga í efa skoðanir þeirra fræðimanna sem halda því fram að útblástur af manna völdum eigi sinn þátt í því að hér kunni að styttast í ísöld. Ég var hins vegar að benda á að það er ágreiningur meðal vísindamanna og ég minnist þess að hafa lesið í hinu virta tímariti Times Magazine þar sem var einmitt fjallað um hina almennu hækkun á hitastigi jarðar og voru dregin fram rök vísindamanna sem töldu það vera af mannavöldum og annarra vísindamanna sem drógu það í efa. Ég var í rauninni bara að vitna til þess. En ég deili með hv. þm. eins og allir aðrir áhyggjum af þeirri þróun sem á sér stað.

Jafnframt er líka rétt í þessu samhengi að benda á að framlag okkar Íslendinga til álvera og álmarkaðarins í heiminum er sennilega eitt stærsta framlag nokkurrar þjóðar til umhverfismála með því að við hleypum alþjóðasamfélaginu að okkar vistvænu orkugjöfum í stað þess að láta framleiða ál með kolum, olíu eða öðrum slíkum mengandi þáttum. Hv. þm. veit það.

Þrátt fyrir að við séum heimsmeistarar í því að nýta vistvæna orkugjafa, 67% af orku okkar er vistvæn orka, að meðaltali innan Evrópusambandsins, sem hv. þm. dáir mjög, er sama tala 5% og komast Evrópubúar sem aðrir ekki með tærnar þar sem við höfum hælana í þeim efnum, ætlum við samt að gera enn betur með vetnistækninni.

[18:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla bara að rifja það upp fyrir hv. þm. að það er einmitt fyrir tilstilli Evrópusambandsins sem tilraunaverkefnið sem er í gangi núna varðandi vetnisnýtingu á Íslandi var kleift. Evrópusambandið styrkti það með 40% af

stofnkostnaði. Evrópusambandið er líka sú stofnun í heiminum sem mestu ver af fjármunum til að reyna að þróa aðra orkugjafa sem eru líka umhverfisvænir eins og það afl sem býr í brimi hafsins og ölduhreyfingum.

Það sem ég gerði mér ekki grein fyrir áður en hv. þm. hélt ræðu sína áðan er að nefndin sem ég gerði að umræðuefni er að sinna allt öðru en ég réði af fyrri ræðum þingmannsins í þessum sal. Þar er við engan að sakast nema bara mitt eigið tornæmi. Hv. þm. sagði, að því er ég skildi hann, að nefndin væri fyrst og fremst að leggja grunn að stefnu um gjaldtöku ríkisins og fjáröflun til vegagerðar þegar umskiptin í einhverjum umtalsverðum mæli yfir í þessa nýju tegund bifreiða væri orðin.

Ég taldi að nefndin ætti líka að reyna að leggja fram hugmyndir um það með hvaða hætti mætti nota skattalega hvata til þess að ýta mönnum út í þetta. Gott og vel, ég ætla ekki að deila frekar við hv. þm. um það. Ég ætla hins vegar að rifja það upp fyrir honum að nú þegar eru 44 bílar í Reykjavík sem ganga fyrir metani en þeir gætu verið 5 þúsund. Ég veit að þetta er ekki framtíðarlausn en þarna er um að ræða innlenda orkugjafa og ef hægt væri að nýta 5 þúsund bíla drægi það úr losun skaðlegra lofttegunda sem nemur 15 þús. tonnum af CO_2. Það skiptir máli og hví ekki að samþykkja svona ákvæði til þess að ýta undir notkun slíkra bíla?

[18:55]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn og aftur nefni ég það að sú nefnd sem hér hefur verið gerð að umtalsefni mun skila tillögum. Það er hlutverk hennar. Það var samþykkt Alþingis að láta skipa slíka nefnd til að gera tillögur til framtíðar og ég vænti mikils af þeirri nefnd.

Ég nefndi áðan að við værum heimsmeistarar, að 67% af orkunotkun okkar byggði á vistvænni orku á móti u.þ.b. 5% í Evrópusambandinu. Eigi að síður erum við með töluvert mikinn útblástur. Þriðjungur þess útblásturs kemur frá bílum, annar þriðjungur kemur frá fiskiskipaflotanum og það er ekki nema u.þ.b. einn þriðjungur sem kemur frá iðnaði. Syndir okkar eru sem sagt mestar hvað varðar bíla og fiskiskipaflota. Á þær eigum við að ráðast og erum að bjóða Ísland sem tilraunavettvang til þess að hér sigli vetnisknúin skip og það er eitt af þeim verkefnum sem Íslensk NýOrka stendur að í samstarfi við erlenda aðila, þ.e. að byggja fyrsta vetnisknúna fiskiskipið í veröldinni sem mun sigla hér væntanlega innan 4–5 ára. Sama mun gerast með bíla eins og verkefnið með strætisvagnana.

Ég vil líka nefna umhverfisskatta. Ég var skipaður í nefnd á vegum hins milda Evrópusambands, sem hv. þm. dáir svo mikið, og þar var einmitt verið að fjalla um til hvaða ráða Evrópusambandið ætlaði að grípa til þess að koma á vetnistækninni. Meginniðurstaða þeirrar nefndar, sem sjálfur Prodi, mikill guð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, greindi frá, var að gera það með mengunarsköttum til þess að knýja samfélagið, þá sem eru að valda mengun, þá sem eru að valda skaða, til þess að borga sjálfir fyrir þann skaða. En vetnistæknin er grundvöllur alls þessa og þar erum við og munum verða í fararbroddi og ég hygg að ég og hv. þm. munum ganga þar hönd í hönd

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:58]

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður vegna tannréttinga, 976. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1549.

Húsnæðismál, 785. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1548.

Meðferð á barnaníðingum, 843. mál, svar dómsmrh., þskj. 1545.

[Fundarhlé. — 18:58]

Varamenn taka þingsæti.

[19:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks framsóknarmanna, Hjálmari Árnasyni, dags. 29. apríl 2004:

„Þar sem Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, 5. þm. Suðvesturkjördæmis, er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður hennar á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, Páll Magnússon, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Hjálmar Árnason, formaður þingflokks framsóknarmanna."

Páll Magnússon hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá þingflokksformanni Sjálfstfl., Einari K. Guðfinnssyni, dags. 29. apríl 2004:

„Þar sem Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, Guðrún Inga Ingólfsdóttir hagfræðingur, Reykjavík, taki sæti hennar á Alþingi á meðan en 1. varamaður á listanum situr nú á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins."

Kjörbréf Guðrúnar Ingu Ingólfsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Guðrún Inga Ingólfsdóttir, 5. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[19:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Guðrún Inga Ingólfsdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa.

Siglingavernd, 2. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 859, nál. 1487, brtt. 1488.
[19:38]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgn. um frv. til laga um siglingavernd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila.

Markmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd en kröfur á þessu sviði hafa aukist hratt frá 11. september 2001. Frumvarpið er samið á grundvelli alþjóðasamþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) með breytingum sem samþykktar voru vegna siglingaverndar í desember 2002 auk viðauka við samþykktina sem nefndur er alþjóðakóði um skipa- og hafnavernd (ISPS Code). Aðildarríkjum SOLAS-samþykktarinnar hefur verið gefinn stuttur tími til að setja reglur um siglingavernd en reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um þetta efni koma til framkvæmda 1. júlí 2004. Í maí 2003 setti samgönguráðherra saman stýrihóp sem fékk það hlutverk að vinna að innleiðingu siglingaverndar hér á landi og er frumvarpið samið í samgönguráðuneyti í samvinnu við stýrihópinn.

Þess má vænta að aukin siglingavernd muni leiða til töluverðra breytinga á starfsemi hafna á næstu árum enda verður ekki annað séð en að kröfur á þessu sviði haldi áfram að aukast hratt. Samgöngunefnd telur mikilvægt að settar verði í lög skýrar en einfaldar reglur um siglingavernd sem allra fyrst svo að Ísland dragist ekki aftur úr á þessu sviði. Ekkert ríki og þá allra síst eyríki eins og Ísland hefur efni á að líta fram hjá auknum öryggiskröfum í siglingum.

Í umfjöllun sinni um málið varð nefndin ekki vör við annað en að þeir sem það snertir helst séu reiðubúnir að taka á sig þær skyldur sem á þá verða lagðar. Að nokkru leyti er frumvarpinu ætlað að lögfesta reglur sem þegar er farið eftir til að tryggja öryggi í höfnum og skipum. Hvað hafnir þurfa að ráðast í miklar framkvæmdir til að geta fallið undir reglur frumvarpsins er breytilegt. Hafnir, skipafélög og aðrir sem siglingaverndin tekur til þurfa að huga að mannvirkjum, setja eða yfirfara verndaráætlanir, æfa mannskap o.fl.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að bætt verði við tveimur skilgreiningum, þ.e. á orðunum vástig og verndaryfirlýsing. Orðin koma fyrir í frumvarpinu en eru ekki skilgreind og þykir rétt að bæta úr því.

a. Vástig 1 er þegar viðhlítandi lágmarksverndarráðstöfunum er beitt öllum stundum, þ.e. eðlilegt ástand. Á þessu stigi grípur verndarfulltrúi til ráðstafana samkvæmt verndaráætlun, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og tilkynnir ríkislögreglustjóra ef hætta steðjar að.

b. Vástig 2 er þegar aukin hætta er talin vera á ferð og beita á tímabundið viðhlítandi ráðstöfunum á grundvelli viðeigandi verndaráætlunar eða verndaryfirlýsingar.

c. Vástig 3 er þegar grípa skal tímabundið til sértækra verndar- og öryggisráðstafana af því að líkur eru taldar á váatviki eða ákveðin ógn er yfirvofandi, óháð því hvað nákvæmlega er í hættu.

Verndaryfirlýsing skal staðfest af skipstjóra eða verndarfulltrúa skips og verndarfulltrúa hafnar eða öðrum til þess bærum aðila sem Siglingastofnun Íslands hefur staðfest. Í yfirlýsingunni skal koma fram með hvaða hætti vernd skips og hafnar er tryggð og kveðið á um ábyrgð hvors aðila um sig. Verndaryfirlýsingar væri þörf m.a. þegar lög um siglingavernd ættu við en skip uppfyllir ekki ákvæði skipaverndar, höfn uppfyllir ekki kröfur hafnaverndar, hvorki skip né höfn uppfylla kröfur um siglingavernd eða ef sérstakar ástæður krefjast verndaryfirlýsingar.

2. Að Landhelgisgæslu verði bætt inn í upptalningu 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins á því hverjir fara með sérstakt hlutverk samkvæmt lögunum og að bætt verði við greinina nýrri málsgrein þar sem Siglingastofnun er veitt heimild til að fela öðrum hæfum aðilum að annast einstaka þætti skipaverndar, t.d. að annast eftirlit og úttektir er varða skip eða hafnir. Hér gæti t.d. verið um að ræða flokkunarfélög sem viðurkennd eru á EES-svæðinu.

3. Lagt er til að orðalag 4. mgr. 4. gr. um ríkislögreglustjóra breytist í þá veru að honum verði falin ákvörðun um hvort hann tekur við stjórn þegar aukin hætta getur verið á ferð. Þannig mun stjórnin ekki færast til hans nema hann ákveði svo. Orðalag greinarinnar eins og það er í frumvarpinu þykir of fortakslaust. Því er lagt til að breyta því þannig að það sé metið í hverju tilfelli hvort þörf sé á að ríkislögreglustjóri taki við stjórn aðgerða.

4. Lagt er til að bætt verði nýjum málsgreinum við 5. og 6. gr. frumvarpsins svo fjallað verði um það í lögunum hvernig bregðast eigi við í þeim tilvikum þegar t.d. skip sem fellur undir lögin leggur að höfn sem ekki uppfyllir kröfur siglingaverndar eða skip sem ekki uppfyllir kröfur um siglingavernd leggst að hafnaraðstöðu sem fellur undir lögin. Þær aðstæður má leysa með útgáfu verndaryfirlýsingar sem gildir þann tíma sem ástandið varir.

5. Lagt er til breytt orðalag 8. gr. sem felur í sér nokkra efnisbreytingu. Ábyrgð og framkvæmd öryggisleitar samkvæmt þessari grein á einungis við á vástigi 1, þ.e. þegar engin ógn er yfirvofandi eða merki um hana. Um leið og ástand um borð í skipi eða á hafnaraðstöðu breytist eða grunur vaknar um ógn eða að einhvers konar ólögmætt athæfi eigi sér stað skal kalla til lögreglu og/eða tollayfirvöld. Það leiðir af eðli máls og lögum að þau yfirvöld taka þá við stjórn og framkvæmd aðgerða á grundvelli lögreglulaga, nr. 90/1996, og tollalaga, nr. 55/1987.

6. Lagt er til að orðalagi 9. gr. verði breytt í þá veru að höfnum verði gert skylt að innheimta gjöld fyrir þá þjónustu sem þær veita undir hafnaverndinni. Gert er ráð fyrir að hafnir geti ekki notað aðrar tekjur, svo sem tekjur af vörugjöldum eða skipagjöldum, til þess að greiða niður kostnað við siglingavernd í samkeppnisskyni. Því er sett inn í gjaldtökugreinina að hafnir „skuli“ innheimta gjöld vegna siglingaverndar. Áhersla er lögð á að miðað er við kostnaðarrétta gjaldskrá sem uppfyllir formkröfur til þjónustugjalda opinberra fyrirtækja. Verði hafnir ekki fyrir kostnaði við siglingavernd mega þær ekki innheimta siglingaverndargjöld.

Lítils háttar aðrar lagfæringar hafa verið gerðar á gjaldtökuákvæðinu svo að það valdi ekki misskilningi. Gjaldtökuheimildirnar til hafna sem hér eru veittar eru vegna eigin starfsemi eingöngu. Miðað er við að hafnirnar beri ábyrgð á hafnavernd og sjái um að tilkynna hana til Siglingastofnunar fyrir alla hafnaraðstöðu sem ætlað er að uppfylla kröfur siglingaverndar, hvort sem hún er í rekstri hafnanna eða annarra rekstraraðila. Ef hafnaraðstaða nær til svæða á forræði annarra aðila með leigusamningi eða öðrum gjörningi er miðað

við að viðkomandi sæki um siglingavernd til hafnarinnar. Það er svo rekstraraðilanna að uppfylla kröfur siglingaverndar á yfirráðasvæði sínu. Til einföldunar ber því stjórn hafnarinnar ábyrgð á hafnavernd á skilgreindu hafnarsvæði, sbr. hafnarreglugerð, og er eins konar regnhlíf fyrir siglingavernd allrar hafnaraðstöðu, hvort sem hún er í rekstri hafnarinnar, annarra aðila á hafnarsvæðinu eða blönduðum rekstri. Hver ber kostnað af siglingavernd fyrir sitt yfirráðasvæði. Hér gildir reglan að þeim sem veita þjónustuna er ætlað að afla tekna til þess að standa undir kostnaði hennar og sækja til þeirra sem njóta þjónustunnar. Kostnaðaraðhald ætti svo að koma frá þeim sem njóta þjónustunnar, t.d. útflytjendum. Miðað er við að framkvæmd siglingaverndar verði eins hagkvæm og unnt er. Margs konar fletir eru fyrir samvinnu til þess að draga úr kostnaði. Þess er vænst að framangreint fyrirkomulag hvetji hlutaðeigandi til að leita hagkvæmustu lausna.

7. Lagt er til að við 3. mgr. 11. gr. verði bætt „útgáfu skírteina fyrir hafnaraðstöðu“ til frekari fyllingar á hvað fellur undir hafnavernd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Hjörleifsson, Birkir J. Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Einar Már Sigurðarson. Öll rita þau undir nefndarálitið án nokkurs fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu um málið verði því vísað til 3. umr.

[19:47]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég beini tveimur spurningum til hv. formanns samgn. af þessu tilefni. Önnur varðar 3. og 4. lið þar sem gert er ráð fyrir að verndarfulltrúi skips og höfn geti komið sér saman um verndaráætlun sem leitað skuli eftir samþykki við til Siglingastofnunar. Ég átta mig ekki á því hvað er þarna á ferðinni og vil spyrja hvort verið sé að opna fyrir einhvers konar skemmri skírn, hvort hafnir sem ákveða að hafa ekki siglingavernd eigi með einhverjum hætti að geta brugðist við í einstökum tilfellum.

Aðallega vildi ég, sem varaformaður stjórnar Reykjavíkurhafnar, fá að spyrja hv. þm. um þau atriði sem lúta að því að starfsmenn hafna skuli annast leit á farþegum, m.a. áhafnarmeðlimum og einkanlega í farþegaskipum, sem koma hér talsvert oft að landi. Ég get upplýst formanninn um að það hefur vakið undrun fulltrúa starfsmanna Reykjavíkurhafnar í stjórn þess ágæta fyrirtækis að slíkar skyldur eigi að leggja á hafnarstarfsmenn, að leita á farþegum og áhafnarmeðlimum. Í raun er það ekkert öðruvísi með hafnir en flugvelli, að starfsfólk flugvallanna annast reksturinn en tollgæsla, lögreglumenn eða annað slíkt sérþjálfað starfslið annast þessa þætti í landamæravörslunni. Ég vil spyrja formanninn hvort þetta hafi ekki komið til umfjöllunar í nefndinni.

[19:49]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr sem eðlilegt er um þessa liði. Þeir voru mikið ræddir í nefndinni, t.d. 3. liðurinn, þ.e. um gæslu í höfnum og kröfu um hafnavernd. Þar er gert ráð fyrir því að, eins og við vitum að gerist, þegar skemmtiferðaskip koma, t.d. til Grundarfjarðar, verði að setja upp sérstaka gæslu þar. Með þessu er ætlunin að bregðast við þeim aukna kostnaði sem það leiðir af sér, t.d. varðandi skemmtiferðaskip.

Hvað varðar leit á fólki þegar það kemur um borð tala menn almennt um að áhafnir skemmtiferðaskipa megi annast það alveg sjálfar. Gert er ráð fyrir því að í tengslum við skemmtiferðaskip þurfi að setja upp sérstakt gæsluhús þar sem verðir verði til staðar. Hin eiginlega hafnavernd og gæsla mun fara fram af hálfu skipshafna skemmtiferðaskipanna.

Hvort starfsmenn hafnanna muni hafa heimild til að leita á fólki þá er gert ráð fyrir því að annaðhvort sé kallað til sérstakt öryggisfyrirtæki, eins og hv. þm. kom inn á varðandi t.d. flughöfnina á Keflavíkurflugvelli, eða að hafnirnar komi sér upp sérstökum öryggisvörðum sem jafnframt væru starfsmenn hafnanna. Í því sambandi var rætt að þær mundu jafnvel leita leiða til að verða ekki fyrir miklum kostnaði vegna siglingaverndar.

[19:51]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir svörin svo langt sem þau ná. Ég ítreka þó spurninguna til formanns samgn.: Hvers vegna er ekki tollgæsluyfirvöldum eða lögregluyfirvöldum falið þetta hlutverk fremur en höfnunum? Ekki eru flugvöllunum faldar þessar skyldur þegar fólk kemur þá leiðina inn í landið. Það er einkennilegt að annað eigi að gilda um farþega skemmtiferðaskipa en farþegaflugvéla til að mynda.

[19:52]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þessi atriði var einmitt mikið rætt í tengslum við kostnaðinn sem af þessu hlýst og öryggisákvæði er varða hafnirnar. Þá kom greinilega í ljós, jafnvel þótt þessi nefnd hafi unnið mjög gott starf varðandi siglingaverndina þar sem komu að bæði lögregla, tollgæsla og fleiri aðilar, að það var eindregin afstaða tollgæslunnar að það væri ekki í hennar verkahring að leita á fólki á leið um borð í skip. Tollgæslan ætti að gæta tollverndar og gæta að tollmúrum og það gerðist ekki nema þegar skip kæmu frá útlöndum og t.d. áhöfn kæmi í land, áhöfn flutningaskips.

Einnig var bent á að tollgæslan hefði engar sérstakar tekjur af þessari starfsemi. Því var talið eðlilegt þar sem hafnirnar gætu sjálfar lagt á öryggisgjald væri það í verkahring hafnanna að sjá um þá framkvæmd.

[19:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur kom í máli síðasta hv. þm. stöndum við samfylkingarmenn í samgn. að þessu áliti. Með frv. á að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd. Eins og menn þekkja hafa öryggiskröfur aukist mjög eftir 11. september 2001. Það er ekki bara í höfnum heldur á það náttúrlega líka við í flughöfnum og víðar. Öll þessi mál eru einmitt til umræðu í samgn. þessa dagana.

Sá þáttur sem við erum hér að bæta við siglingaverndina eru reglur sem okkur ber að lögleiða fyrir 1. júlí 2004. Þess vegna er áríðandi að þessi lagasetning gangi í gegn. Við fórum mjög rækilega yfir þessi mál, kölluðum mjög marga til nefndarinnar, eins og kemur fram í nefndarálitinu, og ræddum þetta mál ítarlega.

Í nefndinni kom m.a. fram að fyrirhugaðar eru ýmsar frekari breytingar í áttina að aukinni siglingavernd sem við þurfum að hafa í huga og fylgjast með á næstu árum. Reyndin er sú að við gætum lent í vandræðum ef við tökum ekki upp þessar öryggisreglur. Þar geta verið í húfi miklir viðskiptahagsmunir fyrir okkur.

Hér komu til umræðu skemmtiferðaskipin og eftirlit með þeim. Það var eitt af því sem við höfðum áhyggjur af. Við vitum náttúrlega hvernig það er, að ef aukinn kostnaður leggst ofan á ferðaþjónustuna þá gæti það haft hamlandi áhrif. Eins og komið hefur fram í umræðunni er gert ráð fyrir því að skemmtiferðaskipin annist þetta eftirlit að miklu leyti sjálf. Nú þegar hafa skemmtiferðaskipin tekið upp mjög hert eftirlit, bæði þegar farþegar fara frá borði og um borð. Við ættum því ekki að þurfa að hafa miklar áhyggjur af því. Við ættum ekki að gera það.

Jafnframt hefur verið skoðað hvernig málum verði háttað ef skemmtiferðaskip koma að höfnum sem ekki eru eins vel búnar og Reykjavíkurhöfn, t.d. Grundarfirði. Hv. formaður nefndarinnar hefur einmitt bent á það.

Við fórum yfir orðalag og orðanotkun og komumst að þeirri niðurstöðu að skilgreina þyrfti betur orð eins og „vástig" og „verndaryfirlýsing". Ég tel að það hafi tekist ágætlega í þeim brtt. sem liggja fyrir um vástigið. Það er mjög mikilvægt að lög sem þessi séu skýr og komi greinilega fram hvað átt er við með vástigi 1, vástigi 2 og vástigi 3. Við fyrstu sýn gæti virst mikil hætta þegar vástig 1 er en það er skilgreining á eðlilegu ástandi. Ég tel að sú skýring komi vel fram í þessum brtt.

Við höfum tekið á ýmsum þáttum í frv. sem farið er ítarlega í með þeim brtt. sem við leggjum til. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur farið yfir þær lagfæringar í framsögu sinni og tel ég ekki ástæðu til að lengja umræðuna með því að endurtaka það. Ég býst við að aðrir nefndarmenn muni koma inn á þætti sem voru mjög til umræðu í nefndinni. En eins og komið hefur fram var málið afgreitt í sátt allra úr nefndinni og skilar sér inn í þingið með þeim brtt. sem hér eru á sérstöku þingskjali.

[19:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er nál. um frv. um siglingavernd afgreitt með sátt frá samgn. Þetta er viðamikið frv. og töluverðar breytingar sem felast í því, breytingar sem við verðum að taka upp vegna alþjóðlegra samninga. Undan því verður ekki komist. Ef við frestuðum gildistöku laganna sem við eigum að vera búin að innleiða fyrir 1. júlí 2004 — nú styttist óðum í þá dagsetningu — þá mundum við líklega verða fyrir skakkaföllum hvað varðar fólks- og vöruflutninga milli landa. Ljóst er að ýmis fyrirtæki mundu sniðganga okkur í viðskiptum ef við uppfylltum ekki þessa alþjóðlegu samninga.

Þetta er nokkuð flókið mál. Skipavernd, hafnavernd og farmvernd og það að koma á yfirgripsmiklu eftirlits- og öryggiskerfi lendir á ýmsum aðilum, Siglingastofnun, tollyfirvöldum og ekki síst sveitarfélögunum. Þess vegna er mjög mikilvægt að til framkvæmdarinnar sé vandað og að ríkt tillit sé tekið til þess að sá kostnaður sem mun óhjákvæmilega lenda á sveitarfélögunum verði ekki meira íþyngjandi en nauðsyn krefur. Þó að sveitarfélögin hafi heimild til að taka sérstakt gjald fyrir útlögðum kostnaði, sem væri þá eyrnamerkt og skilgreint til þessara öryggisþátta, er samt sem áður mikilvægt varðandi samkeppnisaðstöðu hafnanna að ekki verði settar strangari kröfur um aðgerðir en umfang hafnanna gefur tilefni til.

Það er mikill munur á Reykjavíkurhöfn og höfninni á Þórshöfn, svo ég taki dæmi. Í umfjöllun nefndarinnar var ítarlega farið yfir þetta atriði og er alveg ljóst að það er mikill vilji fyrir því að uppfylla þessa samninga en með sem minnstum kostnaði. Það er t.d. hægt að gera með því að hafa lausar girðingar sem hægt væri að setja upp þegar skip koma að höfnum. Jafnframt væri hægt að þjálfa starfsmenn hafnanna sem öryggisverði. En lögin eru eitt og framkvæmdin annað og ég treysti því að fullt samstarf og sátt verði um að útfæra slíkar aðgerðir.

[20:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Frumvarpið um siglingavernd á eins og menn vita upptök sín í þeim kröfum sem Bandaríkjamenn hafa reist eftir hryðjuverkaárásina 11. september. Því miður eiga menn ekki kost á öðru en að taka á því vegna þess að annars eru flutningar í hættu að og frá landinu. Það var ágætt samkomulag í nefndinni við alla vinnu við frv. og að mínu viti er verið að gera hlutina skynsamlega. Menn hljóta þó að þurfa að gera breytingar á framkvæmd hlutanna fljótlega því ýmislegt orkar tvímælis þegar menn setja á eftirlit sem þetta og það á eftir að koma í ljós hvernig allt reynist.

Það er hálfdapurlegt að þurfa að horfa fram á það að með lagasetningunni erum við að eyða mjög miklum fjármunum í eftirlit með starfsemi hafna, siglingum, útflutningi á vörum og eftirliti með fólki og farmi sem kemur að og frá landinu. Ég hef áður sagt það í sölum Alþingis í umræðu um málið að það er rétt að menn hafi það á hreinu að málið er ekki neitt óskaplega mikið öryggismál fyrir Íslendinga, því öryggið sem verið er að sækjast eftir er fyrst og fremst fólgið í því að hægt sé að treysta því að í vörum sem koma frá Íslandi séu ekki sprengjur eða eiturefni eða annað slíkt. Þetta er útflutningsvernd að langmestu leyti. Þeir sem fá vörur frá Íslandi, sem hafa vottun um þá meðferð sem hér er lagt upp með að verði, eiga að geta treyst því að það eftirlit sé allt saman í lagi. Við eigum líka að geta treyst því að þær vörur sem koma til landsins frá löndum og höfnum þar sem vernd af þessu tagi er uppi séu öruggar, að við eigum ekki von á neinum eiturefnum, sprengjum eða öðru því um líku með þeim flutningum.

Þar fyrir utan eru flutningar og siglingar í verulegu magni að og frá landinu. Öll skip undir 500 brúttólestum eru undanþegin þessu og í einfaldleika sínum snýr eftirlitið að flutningaskipum yfir 500 tonnum, farþegaskipum og borpöllum, eins og stendur í textanum. Aðrir flutningar, önnur skip og sjóför eru ekki undir lögunum.

Framkvæmdin er orðin nokkurn veginn ljós með frv. Það er líka orðið nokkurn veginn ljóst hvaða hafnir hafa tekið ákvarðanir um að leggja í þann kostnað og gera þær ráðstafanir sem þarf til þess að geta uppfyllt skilyrðin og nokkuð stór hópur hafna í landinu sem mun ekki gera það. Það mun valda ákveðnum vandkvæðum og erfiðleikum að mínu viti og draga enn úr flutningum og siglingum til þeirra hafna sem ekki uppfylla hafnaverndina. Ekki var á það bætandi því að dregið hefur verulega úr útflutningi og siglingum á ýmsar hafnir í landinu á undanförnum árum. Vegna breyttra hátta þeirra sem í flutningum standa og hinna miklu flutninga á landi sem hafa verið teknir upp eru afar fáar hafnir sem annast þá þjónustu sem hér um ræðir. Skip sigla frá Reykjavík, Akureyri og eftir atvikum fáeinum höfnum í viðbót. Annar

flutningur er fluttur á bílum að höfnunum til útflutnings og frá innflutningshöfnunum sem er nánast hægt að segja að séu Reykjavík og Akureyri, nema um einhverja sérstaka starfsemi eins og flutninga á fiskimjöli eða öðru slíku er að ræða.

Ég verð að viðurkenna að ég hef dálitlar áhyggjur af því að rekstur hafnanna muni sums staðar fara á verri veg vegna þess sem hér er að gerast. Það mun bætast ofan á þá þróun sem verið hefur, eins og ég sagði áðan, og ekki á hana bætandi.

Öryggi hér á landi eykst afar lítið við breytingarnar sem verið er að stofna til. Við getum, eins og ég sagði áðan, verið nokkuð örugg um það að skip sem koma frá höfnum sem hafnavernd er í hafi verið tekin út en allar hinar siglingarnar eru þar fyrir utan. Það vita þeir sem hyggjast koma hingað einhverjum eiturefnum, sprengjum eða öðru, að þeir þurfa að gera það á skipum undir 500 tonnum eða öðrum skipum en farþegaskipum og borpöllum. (**Gripið fram í:** Og vöruflutningaskipum.) Vöruflutningaskip undir 500 tonnum geta staðið þarna fyrir utan.

Ég tel því að öryggið aukist ekki mikið vegna breytinganna því að hingað og héðan siglir mikill fjöldi skipa, fiskiskipa, skemmtiferðaskipa, skútur af ýmsu tagi og alls konar för sem fara að og frá eyjunni okkar. Menn skulu því ekki detta í þann pytt að halda að við höfum tryggt öryggi okkar gagnvart hryðjuverkaárásum eða öðru slíku með því sem hér er á ferðinni.

Það er full ástæða til að ræða um þetta og velta þessu fyrir sér vegna þess að hryðjuverkaógnin í heiminum er orðin mikil og við getum engan veginn reiknað með því að mönnum geti ekki dottið það til hugar að gera Íslendingum einhvern óleik miðað við þau markmið sem hryðjuverkamenn hafa, en þau virðast vera að gera sem mestan skaða hjá vestrænum þjóðum. Um þessar mundir virðast hryðjuverkamenn beina skeytum sínum fyrst og fremst að vestrænum þjóðum sem vaða uppi í heiminum. Gæti þeim ekki dottið í hug að hér væri andvaralaust fólk og hægt að gera skaða sem vekti verulega athygli í heiminum? Ég hygg að það væri hægt að gera mjög fjölbreytilegan skaða á Íslandi ef menn gæta ekki að sér í framhaldinu.

Þess vegna er full ástæða til að menn taki til umræðu hverju þurfi að bæta við — og ég er ekki á þeirri skoðun að ég sé að fara út fyrir efnið — siglingaverndina í því augnamiði að siglingar að og frá Íslandi hafi viðlíka öryggi og það öryggi sem við erum að tryggja með þeim ærna kostnaði sem við erum að leggja í þá siglingavernd sem verið er að koma á með lagasetningunni sem hér er til umræðu.

Verkefnið er ekki einfalt og auðleyst. Það mundi þýða að koma þyrfti upp aðstöðu í fleiri höfnum í landinu til þess að uppfylla slíka siglingavernd og það þyrfti að sjá til þess að öll skip sem koma til landsins verði tekin út og líka öll skip sem fara frá landinu. Íslendingar gætu þá gefið það vottorð út að menn gætu treyst þeim siglingum sem héðan kæmu og tilkynningar um viðkomandi siglingar væru alltaf til staðar þannig að ef skip frá Íslandi kæmi til hafnar í öðru landi gætu menn skoðað í tölvukerfi hvort siglingin hafi verið tekin út og komist að niðurstöðu um það.

Við ræddum ekki mikið um þetta í nefndinni þó að við höfum rætt málið í heild sinni og gerðum okkur grein fyrir að málið væri þannig í pottinn búið að það sem við erum að gera núna er fyrst og fremst rekið áfram af því að við þurfum að tryggja útflutning okkar og sjá til þess að hann verði hnökralaus og að menn geti treyst því að vörurnar sem koma frá okkur hafi verið teknar út. Ég reikna t.d. með því að Ameríkumenn sem gerðu að kröfu númer eitt að svona yrði tekið til hendinni hvað varðar alheimssiglingar hafi örugglega farið yfir þessi mál frá sinni hendi og muni sjá til þess að þangað komi engin skip öðruvísi en þau séu tekin út og meðhöndluð með þeim hætti sem þarf til þess að hryðjuverkamenn komist ekki til landsins né ógnarvopn þeirra.

Þessir hlutir eru ekki í frv. en eru samt atriði sem ég álít að menn þurfi að fara vandlega yfir í framhaldinu. Það er ekkert gaman að benda á að skoða þurfi svona lagað í fullri alvöru, vegna þess að þetta er óskaplega mikill kostnaður sem um er að ræða. Það kom í ljós við yfirferð á málinu hjá nefndinni að þær hafnir sem þyrftu að bera mikinn kostnað af þessu bera verulega mikinn kostnað, jafnvel hundruð milljóna á ári eins og Reykjavíkurhöfn. Menn eru farnir að horfa til samstarfs um hafnamál ekki síst vegna þess að þeir hafa séð fram á allan kostnaðinn.

Ég vildi fyrst og fremst koma þessu á framfæri í sambandi við málið sem hér er til umræðu og mun ljúka máli mínu með því að láta það koma fram af a.m.k. minni hálfu að mér finnst að stjórnvöld ættu að fara vandlega yfir hvert framhald málsins á að vera. Það er ekki nóg að mínu viti að taka ákvörðun um að sjá til þess að vörur sem koma héðan og fara til annarra landa séu vottaðar. Við hljótum að fara yfir það úr því við erum lögð af stað í þessa göngu að skoða allar siglingar að og frá landinu og fara a.m.k. yfir það áður en menn ákveða að setja ekki slíka vernd á hvað hún mundi kosta og hvaða öryggi við gætum fengið með því að setja hana á.

Ég hef ekki meira um málið að segja, hæstv. forseti, og lýk máli mínu.

[20:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er í reynd á ferðinni enn eitt frv. hæstv. ríkisstjórnar sem leggur aukna skatta á landsmenn. Ljóst er, þótt það sé í sjálfu sér ekki hægt að sakast við hæstv. ríkisstjórn varðandi orsök þessa frv. og ástæður þess að það er lagt fram, að þegar upp er staðið mun frv. hafa í för með sér feikilega mikinn kostnað. Sá kostnaður leggst eftir atvikum á hafnarstjórnir sem eiga, til einföldunar, að innheimta kostnaðinn sem þær bera af þeim aðilum sem reka starfsemi á svæðinu. Við vitum að sjálfsögðu hver það er sem að lokum mun bera kostnaðinn. Hann fellur á axlir skattborgara og neytenda. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að hér er Sjálfstfl. að leggja fram enn eitt skattafrumvarpið á þessu þingi.

Það er óhjákvæmilegt að skoða málið með hliðsjón af því að hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa haft uppi stór orð um nauðsyn þess að lækka skatta. Reyndar var það svo að Sjálfstfl. fór í gegnum síðustu kosningar, fyrst og fremst drifinn af afli loforða um stórfelldar skattalækkanir. Við höfum ekki séð neitt til þeirra á þessu kjörtímabili. Þvert á móti hefur Sjálfstfl. beitt sér fyrir því að hér hafa þegar verið samþykkt fjögur frumvörp sem öll hafa í för með sér hækkanir á þeim gjöldum sem Íslendingar greiða til ríkisins. Í fyrsta lagi má nefna lög um sérstakan bensínskatt, þá lög um þungaskatt og lög sem í reynd hækkuðu tekjuskatt vegna þess að þau felldu niður ákveðna ívilnun til þeirra sem tóku þátt í sérstökum lífeyrissparnaði. Síðast en ekki síst má rifja upp að hæstv. ríkisstjórn lækkaði vaxtabætur. Hér kemur enn eitt

frumvarpið sem hefur það í för með sér að Íslendingar greiða meira til ríkisins en áður.

Breskir íhaldsmenn kalla þetta, ef ég má með leyfi forseta grípa til enskrar tungu: „tax by stealth", þ.e. part af hinum hljóðlátu sköttum. Hér eru lögð á gjöld sem auka byrðar landsmanna en þau heita ekki skattar. Þau eru samt sem áður ekkert annað. Þetta vildi ég draga fram í upphafi, herra forseti.

Hinir ágætu, ungu og vösku þingmenn Sjálfstfl. sem skattalækkunarkrafan skolaði, eins og hverjum öðrum góðum sprekum, ekki fúasprekum heldur gildum sprekum, inn á fjörur Alþingis, hafa jafnan talað um nauðsyn þess að lækka skatta, jafnvel hinir eldri úr hópi Sjálfstfl. hafa líka lagt fram harðar kröfur um það. Einn helsti þungavigtarmaðurinn í hópi Sjálfstfl., a.m.k. þegar að efnahagsmálum kemur, hv. þm. Gunnar I. Birgisson, tjaldar ekki til einnar nætur, sá ágæti maður. Hann hefur sagt að hann muni ekki fara úr þessu húsi fyrr en fram er komið frv. sem tímasetur skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar. Hvernig er hv. þm. Gunnari I. Birgissyni svarað? Jú, með enn einu frumvarpinu sem leggur aukinn kostnað á íbúa landsins.

Til að allrar sanngirni sé gætt, herra forseti, vil ég auðvitað halda því til haga að hér er um að ræða alþjóðlegan samning. Við erum að ráðast í breytingar á öryggismálum sem tengjast siglingum til og frá landinu, sem tengjast höfnum okkar. Þessar breytingar eru afleiðingar af samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. En hið opinbera hefur samt sem áður val um það með hvaða hætti það fjármagnar slíkar breytingar. Valkostirnir eru tveir. Annars vegar að leggja aukin gjöld á þá sem þurfa að nota þessa þjónustu og hins vegar að leggja til þess fé úr sameiginlegum sjóðum. Nú er það svo, af því hér eru í salnum helstu skattalækkunarpostular Sjálfstfl., að fyrst og fremst þeir hafa bent á að þegar fram koma frv. sem hafa aukinn kostnað í för með sér þá beri ríkinu siðferðileg skylda til að reyna frekar að draga saman í rekstri ríkisins og mæta þeim kostnaði.

Herra forseti. Það er hægt að draga saman í rekstri ríkisins án þess að það bitni á þeim sem njóta velferðarþjónustu hins opinbera. Ég hef á þessum vetri ítrekað bent á nauðsyn þess að stokka upp í ríkisrekstri, stokka upp stofnanir ríkisins og leggja niður heil ráðuneyti. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að ef hæstv. ríkisstjórn, t.d. hæstv. sjútvrh. sem á ungum aldri var ákafur talsmaður þess að menn rækju skilvirkt ríkiskerfi, beitti sér fyrir því að ríkisstjórnin mundi hrinda í framkvæmd því ákvæði sem var að finna í stjórnarsáttmálanum, um gagngera uppstokkun á verkaskiptingu ráðuneyta og á stofnunum hins opinbera, þá væri að sjálfsögðu hægt að finna fjármagn til að koma á móti þeim kostnaði sem leggja þarf til þessa máls.

Ég hef ítrekað bent á að með því að styrkja stofnanir hins opinbera, sameina þær og fækka þeim þá mundi það eitt í sjálfu sér leiða til aukins hagræðis. Kostnaðurinn við að stjórna þeim væri miklu minni. Hvað halda menn að það kosti að reka landbúnaðarráðuneytið, bara yfirstjórn landbúnaðarráðuneytisins? Ég er viss um að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson veit það betur en flestir aðrir í þessum sölum, ef frá er hugsanlega talinn hv. formaður efh.- og viðskn., Pétur H. Blöndal, sem einnig hefur verið ákafur talsmaður þessa.

Ég get upplýst þessa tvo hv. þm. um að það er enginn liður í rekstri landbúnaðarráðuneytisins sem hefur aukist jafnmikið og umfram annað innan vébanda þess ráðuneytis og kostnaðurinn við skrifstofu ráðuneytisins, þ.e. skrifstofu ráðherra. (**PHB:** En rekstur Alþingis á kvöldin?) Þetta þýðir að ef ráðuneytum væri steypt saman í eitt atvinnuvegaráðuneyti, þeim atvinnuráðuneytum sem við höfum núna, muni sparast með því töluverður kostnaður.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill ekki að þingmenn sinni störfum sínum af því að hann telur bersýnilega að það auki kostnað hins opinbera. Hv. þm. getur trútt um talað. Hann er í efh.- og viðskn. og það var fyrst og fremst vegna verkstýringar hans þar sem menn hafa t.d. í dag þurft að tala um mál sem hefði verið hægt að afgreiða í efh.- og viðskn. Það er ekki langt síðan tími þingsins var tekinn í að breyta lögum sem hv. þm. hafði haft frumkvæði að því verkstýra og voru samþykkt fyrir páska, af því það var ekki lögð nógu skilvirk og mikil vinna í það tiltekna mál. (Gripið fram í.)

Það sem ég, herra forseti, er að benda á í þessu tilviki er þetta: Ríkisstjórnin hefur val þegar kemur að því að leggja álögur á fólk til að mæta nýjum og óvæntum kostnaði. Valkostirnir eru tveir. Hún getur reynt að hagræða í rekstri og draga úr útgjöldum hins opinbera. Eins og ég hef bent á er það hægt án þess að það komi niður á velferðarþjónustunni. Á hinn bóginn getur hún tekið þann kost að leggja á nýjar álögur. Það er sá kostur sem ríkisstjórnin hefur tekið með þessu frv.

Við stöndum frammi fyrir því að það eru uppi viðsjár í alþjóðamálum. Það öryggi sem við bjuggum við áður þegar við fórum á milli landa eða fluttum varning á milli landa er horfið. Heimurinn er breyttur. Það er ákaflega miður. Menn reyna að bregðast við nýjum aðstæðum með því að setja upp alþjóðlegar áætlanir sem miða að því að draga úr möguleikum á hermdarverkum. Við því er ekkert að segja. En allt kostar þetta fjármagn. Ríkisstjórnin hefur hrint í framkvæmd þeirri samþykkt sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gerði að ég hygg á síðasta ári, eða hvenær sem það var, ég veit það ekki.

Hitt er ljóst að við erum að fjalla um mál sem er svipað öðrum málum sem hingað hafa komið. Fyrir þinginu liggja mál frá hæstv. dómsmrh., tvö eða þrjú, þar sem vissulega er verið að auka öryggi manna þótt í sumum tilvikum sé það umdeilanlegt. Í öllum tilvikum er óumdeilt að þau hafa aukinn kostnað í för með sér. Þetta er kostnaður sem er skyndilegur. Ég bendi á að á þessu þingi hafa komið fram a.m.k. tvö frumvörp á allra síðustu mánuðum eða yfirlýsingar frá ríkisstjórninni um aðgerðir til að draga úr þessari hættu sem kosta munu stórkostlega fjármuni. Þetta frv. kostar hugsanlega einhver hundruð milljóna.

Herra forseti. Þetta er aðeins byrjunin. Það kemur fram að nauðsynlegt sé á næstu árum að ráðast í enn frekari framkvæmdir til að geta staðist þær kröfur sem til okkar verði gerðar. Við höfum engan kost annan en að grípa til þeirra vegna þess að ella rýrnar samkeppnishæfni atvinnulífsins og verður erfiðara fyrir okkur að flytja út varning til eins helsta viðskiptasvæðis okkar í Bandaríkjunum. Þetta kostar allt peninga. Ríkisstjórnin velur þann kost að velta útgjöldunum yfir á neytendur. Það er gert með þessu máli og það hefur verið gert með málum sem hafa komið frá hæstv. dómsmrh. Ég harma það og mér finnst einkennilegt að hv. þingmenn Sjálfstfl., sem helst hafa látið í sér heyra til að andæfa og mótmæla því þegar nýir skattar eru hljóðlega lagðir á landsmenn, skuli ekki taka þátt í þessari umræðu.

Hvað segir hv. þm. Pétur H. Blöndal? Telur hann ekki að það væri æskilegra, til þess að mæta kostnaðinum sem

af þessu hlýst, að reyna að draga skynsamlega saman í yfirstjórn ríkisins, hagræða málum og draga úr útgjöldum þar til að mæta þessu í stað þess að leggja enn einu sinni nýjar álögur á landsmenn?

[20:30]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að við höfum engin tök á ytri áhrifunum í sambandi við þær kröfur sem gerðar eru nú til öryggis í höfnum hvað áhrærir útflutning frá Íslandi. En að tengja gjörðina sem við komumst ekki hjá beint við skattahækkanir Sjálfstfl. er mjög óraunhæft skot út í loftið. Hv. þm. kom réttilega inn á að hægt væri að spara með margvíslegum hætti. Ég tek alveg undir það. Ef litið er t.d. til allra hafnanna sem við rekum á Íslandi væri vissulega hægt að fækka þeim mjög. Það yrði mikill sparnaður af því.

Þá hlýtur hitt sjónarmiðið að koma fram: Er það rétt gagnvart hinni dreifðu byggð? Er það rétt í þeim anda sem við höfum hugsað okkur að halda byggð í landinu? Það er ekki alveg sama hvernig litið er á.

Munurinn á stöðu íslenskra hafna og þeirra erlendu er sá að í áratugi hafa erlendar hafnir verið lokaðar. Við sem höfum siglt á kaupskipum höfum komið í erlendar hafnir. Þær hafa verið klosslokaðar svo menn komast þar ekki nema með mjög mikilli skoðun og athugun. Hv. þm. kvartaði meira að segja yfir því fyrir ekki mörgum árum að hann gæti ekki tekið sinn venjulega sunnudagsbíltúr eða göngutúr inn um alla olíutankana í Örfirisey og þótti það miður þegar því var lokað öryggisins vegna. En allt um það.

Ég nefni sem dæmi að ekki er langt síðan þrír flóttamenn voru teknir í höfn í Kanada sem höfðu lætt sér um borð í íslenskt skip í Sundahöfn. Það gerist ekki þegar Reykjavíkurhöfn verður lokað.

Það kostar auðvitað fjármagn að loka höfnunum. Það er ein greiðsla varðandi öryggisþáttinn, en síðan er talið að það kosti einhvers staðar á bilinu 60–80 millj. kr. á ári að reka öryggiskerfið.

[20:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Íhaldsmönnum heimsins er ekki alls varnað. Þeir hafa margt gott látið frá sér fara. (**Gripið fram í:** Takk.) Í Bretlandi er til að mynda endurlífgaður Íhaldsflokkur undir forustu Michaels Howards. Sá ágæti maður hefur dregið það ákaflega skýrt fram hvernig núverandi stjórnvöld í Bretlandi hafa með ýmsum hætti í anda fyrrverandi ríkisstjórnar verið að auka álag á atvinnulífið og neytendur, ekki með því að hækka skattana heldur með því að setja á alls konar gjöld. Nú eru hlutverkaskiptin algjör vegna þess að formaður Verkamannaflokksins og forsætisráðherra Breta hefur varið þetta og telur þetta fullkomlega réttlætanlegt. Michael Howard, forustumaður Íhaldsflokksins, hefur hins vegar, líkt og hinir yngri þingmenn Sjálfstfl. á hinu háa Alþingi, andæft þessu.

Það sem ég sagði áðan í ræðu minni var að ég held að að þessu leyti sé formaður Íhaldsflokksins nær hinu rétta og hinni réttu aðferð en hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og þeir ágætu ráðherrar sem hafa lagt málið fram. Ég andæfi ekki málinu. Ég sagði það í máli mínu að þetta væri þungbær nauðsyn en við yrðum að ráðast í þetta því ella mundum við sæta viðurlögum af hálfu þess samfélags sem við eigum viðskipti við. En ríkisstjórnin á val. Hún á val um að leggja annaðhvort á auknar álögur sem að lokum enda á herðum neytenda eða mæta því með skynsamlegum aðgerðum í ríkisrekstri, með því t.d. að hagræða og draga saman yfirstjórn ríkisins. Valið liggur fyrir og hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að gera það þó hún hafi sett það í stjórnarsáttmálann. Nei, hún ætlar að auka álögur á neytendur. Það er algjörlega í takt við það sem hefur gerst á hinu háa Alþingi í vetur. Ríkisstjórnin lofar skattalækkunum en hefur sett fram fjögur frumvörp sem fela í sér skattahækkanir. Hér er um eina tegund skattheimtu að ræða, frú forseti. Mér þykir miður að hinir ágætu ungu þingmenn Sjálfstfl. sem hafa barist fyrir því harðar en allir aðrir að ríkisstjórnin lækki álögur á landsmenn skuli ekki koma hingað og láta í sér heyra, heldur flýja þeir salinn eins og mýflugur ljósaperu um leið og menn fara að tala um skattalækkanir, vegna þess að þeir þola það ekki.

[20:38]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi við hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Mæltu heilt varðandi sparnað ríkisins. Ég minnist þess að hv. þm. hafði ekki mikið við það að athuga þegar umhvrn. var sett á stofn og er núna fjölmennara en sjútvrn. sem skiptir mestu máli í sambandi við undirstöðuatvinnu okkar Íslendinga. Nú vinna menn í umhvrn. við að búa til lög og reglur um að menn megi ekki orðið drepa fæti nema á mjög takmörkuðum svæðum á Íslandi. Eru þetta ekki hin ytri áhrif? Eru þetta ekki auknar skattálögur sem hv. þm. stóð að sem fyrrum umhvrh.? Það er alveg rétt eins og hann kom inn á að það blandast umhvrn. alveg eins og gjaldtökurnar sem nú eru að bresta á varðandi öryggi siglingaverndar og öryggi í höfnum. Ef við ætlum að ástunda útflutning til annarra landa, hvort sem er með sjávarafurðir eða ál, verða þeir öryggisþættir sem rætt hefur verið um varðandi siglingaverndina að vera til staðar til þess að útflutningur geti átt sér stað frá Íslandi.

Hins vegar er það af hinu vonda eins og vopnaleitargjaldið á flugvöllum og öll sú öryggisgæsla sem þar er. Ef við hefðum það ekki á Keflavíkurflugvelli færi engin flugvél frá Íslandi. Hvort sem menn kalla þetta skatt, gjöld, vopnaleitargjald eða annað, þá er þetta gjaldtaka í einni eða annarri mynd sem við verðum að búa við. En það er rangt að kenna því um að það séu skattaglaðir sjálfstæðismenn eða ungir menn í Sjálfstfl. sem verji þetta eða ekki. Þetta er það sem við verðum að búa við, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

[20:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru einmitt ekki ungir menn í Sjálfstfl. sem velja þetta kerfi, það eru eldri menn í Sjálfstfl. sem hafa valið þessa leið. Það sem ég var að reyna að brýna hina „ungu Tyrki" Sjálfstfl. í að gera var að standa við það sem þeir lofuðu í kosningabaráttunni og koma eftir atvikum vitinu fyrir þá sem eldri eru.

Frú forseti. Það gleður mig að undir umræðunni er kominn hv. þm. Gunnar Birgisson, félagi hv. formanns samgn., Guðmundar Hallvarðssonar. Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur sagt að hann ætli ekki að fara út úr húsi fyrr en búið er að lögfesta tímasetningar á skattalækkunum. Hvernig er því svarað af félögum hans í Sjálfstfl.? Meira að segja hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem hefur staðið sína plikt að mörgu leyti í þessum efnum í gegnum árin, kemur hingað sem fulltrúi ríkisstjórnarinnar og ver frv. sem í raun skopast að hv. þm. Gunnari Birgissyni, vegna þess að það felur í sér skattahækkun á íslenska neytendur sem sennilega má meta upp á 200 millj. kr. Ég spyr: Hvað ætlar hv. þm. Gunnar

Birgisson að vera lengi fram eftir sumri til að reyna að hnekkja þessu?

Frú forseti. Málið er einfaldlega þetta. Hér er um að ræða ákveðnar framkvæmdir sem kosta peninga. Framkvæmdirnar eru óhjákvæmilegar, ég fellst á það. Við verðum að ráðast í þær og höfum tvenns konar val til þess að mæta kostnaðinum. Búa til skatta upp á 200 millj. kr. sem eru látnir sytra út til sveitarfélaganna, til hafnarstjórnanna og enda að lokum á neytendum eða að hagræða með skynsamlegum hætti í yfirstjórn ríkisins og mæta kostnaðinum þannig. Sjálfstfl. hefur valið og hann hækkar skatta í fimmta skipti á þessum vetri.

[20:40]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annað veifið þótti mér gott að heyra hvað hv. 1. þm. Reykv. n. sagði í ræðustól áðan þegar hann var að ræða um nauðsyn þess að lækka skatta. Ég sakna þess satt að segja að heyra ekki þennan tón oftar hjá hv. þm., því það er rétt sem hv. þm. sagði að við eigum að draga úr samneyslunni eins og við getum og lækka skatta. Þegar við göngum fram í því verðum við á hinn bóginn að velja hvar við viljum minnka álögurnar og þegar hv. þm. mun sjá þær tillögur sem lagðar verða fram hygg ég að hann verði okkur sammála um að betur verði að því staðið eins og við hugsum okkur að gera það en að leggja á íslenska skattgreiðendur að standa að öllu leyti undir þeim öryggisráðstöfunum sem nú er nauðsynlegt að leggja í vegna meiri hnattvæðingar.

Það var ekki út af þessu sem ég stóð upp heldur hinu að mér leiddist að heyra þann tón sem hv. þm. hefur til landbrn., sérstaklega vegna þess að þegar við vorum saman í ríkisstjórn, ég og hann, stóðum við mjög vel saman. Við höfðum skilning á því að umhverfismál og landbúnaðarmál, ég veit ekki hvort ég má segja það, eru tvílembingar til að nota orðalag Þorsteins Erlingssonar. Ég man að oft ræddum við það á síðkvöldum félagarnir að okkur þætti heldur naumt skammtað bæði til skrifstofu ráðherra landbúnaðarmála og ráðherra umhverfismála. Þess vegna var ég svolítið hissa á því þegar hann fór að tala um það nú að hann sæi eftir þeim peningum sem fara í yfirstjórn landbúnaðarmála hjá hæstv. landbrh., Guðna Ágústssyni.

[20:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt að ég og hv. þm. Halldór Blöndal áttum ákaflega gott samstarf í ríkisstjórn. Það er líka rétt að það kom fyrir að við sátum saman og ræddum landsins gagn og nauðsynjar og jafnvel hin hinstu rök langt fram eftir kvöldi og stöku sinnum inn í nóttina. En ekki minnist ég þess þegar þeim kvöldstundum var eytt í umhvrn. að það fyndist á hv. þm. Halldóri Blöndal að það skorti nokkuð á það fé sem umhvrn. hefði til þess að fjármagna þær stundir a.m.k.

Ég vil líka segja að sem landbrh. flutti hv. þm. Halldór Blöndal ræður sem í minni mínu eru ódauðlegar og það er ekki lengra síðan en rösk vika að ég rifjaði upp eina af síðustu ræðum sem hv. þm. flutti hér sem landbrh. Það var síðla vors 1995 þegar hann lýsti yfir stuðningi við ákveðnar hugmyndir mínar sem vörðuðu eina af perlum íslenskrar náttúru, sem er Þingvallavatn. Ekki orð um það meir, aðeins um skattana.

Ég og hv. þm. Halldór Blöndal erum sammála um að nauðsynlegt sé að lækka skatta og draga úr útgjöldum ríkisins. Munurinn á mér og hv. þm. er sá að eftir að kosningabaráttu slotaði hurfu tillögur hans og Sjálfstfl. Ég lagði fram fyrir hönd Samf. útfærðar hugmyndir á skattalækkunum sem kæmu öllum til góða og hefðu í för með sér hagræði fyrir skattgreiðendur í landinu upp á 6 til 7 milljarða. Ég spyr: Hvar var strollan úr Sjálfstfl. þá? Hvar var stuðningurinn frá Sjálfstfl. þá? Hv. þm. Halldór Blöndal mætti láta nokkur spök orð falla um það.

[20:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú man ég ekki glöggt hvernig það var á síðkvöldum þegar við töluðum saman, hvort matarskattinn hafi nokkru sinni borið á góma. Ég hygg að það sé eitthvert gleggsta dæmið um þær áherslur sem við sjálfstæðismenn höfum haft í skattamálum og má segja að merkilegt sé hversu vel okkur hefur gengið að ná fram þeirri stefnu okkar að lækka skatta á nauðsynjar. Matarskatturinn er frægasta dæmið um það. Ég verð að segja að einhver ömurlegustu skref sem ég hef séð þegar menn stíga feilspor voru þau spor Alþýðuflokksins þegar hann ákvað að slíta stjórnarsamstarfi við okkur sjálfstæðismenn vegna þess að við vildum lækka virðisaukaskatt á matvæli.

Segja má að það sé kannski kjarninn í skattstefnu okkar sjálfstæðismanna að við höfum skilning á því að eftir því sem þjóðfélagið getur með einföldum hætti, beri okkur að reyna að lækka verð á nauðsynjum, þeim sem brýnastar eru fyrir barnafjölskyldur og mannmargar fjölskyldur. Þar kemur matarskatturinn auðvitað fyrst og fremst til. Við landbúnaðarráðherrar höfum auðvitað líka lagt mikla áherslu á nauðsyn þess að greiða niður mjólkurvörur og kindakjöt sem eru af hinu sama en einmitt á þeim punktum hefur Alþýðuflokkurinn staðið gegn tillögum okkar eins og sagan sannar. Að síðustu tókst okkur að vísu að draga þá inn á okkar línu, inn á okkar kant, og má segja að það sé kannski þess vegna sem þetta blíðubros færist nú yfir hv. þm. (Forseti hringir.) þegar hann rifjar það upp að hann hefur a.m.k. stundum verið með lækkun matarskattsins.

[20:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Söguskýringar hv. þm. Halldórs Blöndals eru giska merkilegar svo ekki sé meira sagt. Hv. þm. rifjar það upp sem ég veit ekki hvaðan hann fær að Alþýðuflokkurinn á sínum tíma hafi slitið stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. út af matarskattinum. Má ég rifja það upp, frú forseti, að sumir úr Alþýðuflokknum, sem á þeim tíma sátu í ríkisstjórn með hv. þm., eru enn þá með skófarið á afturendanum eftir þau slit, því auðvitað var það með allt öðrum hætti sem sú ríkisstjórn fór frá völdum eins og hv. þm. man eftir. Matarskatturinn var ekki ástæða þess að hún fór og matarskatturinn kom nú á töluvert fyrir mína tíð. En hv. þm. verður alla vega að hafa þá reisn og sanngirni til að bera að viðurkenna, a.m.k. að því er þann þingmann varðar sem hér talar, að þá er batnandi mönnum best að lifa því það var eftir að ég kom inn á þing fyrir Alþýðuflokkinn sem hann breytti afstöðu sinni til matarskattsins. (**HBl:** Ég var nú einmitt að hrósa þingmanninum fyrir það.)

Nú ætla ég að gefa hv. þm. tækifæri til þess að hrósa þeim þingmanni enn frekar vegna þess að það vill svo til að ég er nákvæmlega sömu skoðunar varðandi matarskattinn og hv. þm. Munurinn aftur á móti á mér og honum er þessi: Fyrsta málið sem Samf. lagði fram á þessum þingvetri var tillaga um að lækka matarskattinn um 6 milljarða. Það var tillaga um að hjálpa þeim sem hafa mest útgjöld vegna matarinnkaupa, með því að lækka lægra virðisaukaskattsþrepið úr 14% niður í 7%. Hvar var stuðningur hv. þm. Halldórs Blöndal við því?

Hvar var stuðningur skattabaráttumannsins hv. þm. Gunnars Birgissonar? Og hvar voru allir hinir „ungu Tyrkir" Sjálfstfl. þegar sú (Forseti hringir.) tillaga kom fram? Þeir gufuðu allir upp eins og dögg fyrir sólu eða héla á móti vormorgni.

[20:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég veit eiginlega ekki í hvað umræðan stefnir. Hér ræða menn landbúnaðarmál og niðurgreiðslur á mjólk, stjórnmálasöguskýringar og skattahækkanir undir umræðu um þingmál sem ég ætla að minna menn á hvert er, þ.e. siglingavernd. Ég veit því ekki almennilega í hvað umræðurnar í þinginu eru að sigla.

Aftur á móti vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram frá því ég tók síðast til máls langar mig aðeins að koma inn á nokkur atriði sem ég tel að eigi erindi inn í umræðuna.

Menn hafa verið að tala um aukna skatta og álögur á almenning hjá ríkisstjórninni. Vissulega get ég tekið undir það að verið er að auka álögur á almenning með frv., það er alveg ljóst, en okkur er ekki stætt á öðru en að lögfesta þá siglingavernd sem hér er til umræðu.

Mig langar til að minna á að það er annað frv. sem samþykkja þarf fyrir þinglok sem felur í sér verulega skattaaukningu á ferðamenn, alla þá sem fara inn og út úr landinu. Það er frv. sem er nýkomið inn í samgn. þar sem eru verulegar álögur á almenning sem fer eitthvað út fyrir landsteinana. Ég tel að við þyrftum, og við erum reyndar að skoða það í nefndinni, að taka á þeim þætti og við verðum að reyna að lágmarka þær álögur sem verið er að leggja á ferðaþjónustuna. Menn eru með miklar væntingar um aukningu í ferðaþjónustunni í sumar, en niðurstaða skýrslu sem hæstv. samgrh. lét Hagfræðistofnun Háskólans gera um farþegaskatta sýndi fram á að það mundi íþyngja ferðaþjónustunni verulega ef slíkir skattar yrðu auknir. Engu að síður er ríkisstjórnin að hækka þessa skatta verulega og taka hin ýmsu gjöld eins og t.d. öryggisgjaldið, það eru ýmis flugvallargjöld, verið er að hækka lendingargjöld o.s.frv. Ég gæti náttúrlega haft langt mál um hvaða skatta er verið að leggja á.

Sem betur fer hefur umræðan í nefndinni aðeins færst út í það að skoða hvort við getum eitthvað minnkað þessar álögur. Ég ætla að vona að Samf. nái þeim árangri í nefndinni að það verði niðurstaðan að við náum að minnka þær álögur sem þau frv. fela í sér og snúa að fluginu. (**GHall:** Samf. lætur ekki ...) Ég hugsa það. Með góðu samstarfi við formann nefndarinnar munum við ná því að lækka þær álögur, þá skatta. En engu að síður eru þetta auknir skattar.

Mig langaði aðeins vegna umræðunnar um skipin undir 500 tonnum sem ekkert eftirlit er með, allar skútur og öll minni skip sem hingað koma, að nefna að hingað geta komið hryðjuverkamenn með slíkum skipum og beitt hér öllum mögulegum aðferðum ef þeim sýnist. Þetta frv. tekur ekkert á því. Þeir geta komið inn á hvaða höfn sem er og landað hér eiturefnum og sprengiefni og hvað það er án þess að frv. taki nokkuð á því. Að sjálfsögðu er verið að taka á stærri skipunum eins og komið hefur fram en vissulega er þetta nokkuð sem við þurfum aðeins að huga að því þetta á náttúrlega ekki að veita okkur falskt öryggi, og þarna er öryggisþáttur sem alls ekki er verið að taka á í málinu.

Vegna þess mikla kostnaðar sem hafnirnar þurfa að leggja út í vegna lagasetningarinnar og það verður ekkert hjá því komist að þær geri það, þá skulum við aðeins horfa til þess hvað er fram undan. Það kom fram í nefndinni að Bandaríkjamenn væru með mjög auknar kröfur um að það væri tryggt að allur farmur sem kæmi héðan væri öruggur og í ljósi þess þyrftum við að kaupa hingað til lands ákveðna gámaskanna sem gætu skannað innihald allra gáma sem fara héðan úr landi. Einn slíkur gámaskanni kostar 400 millj., 400–600 millj. Það eru náttúrlega veruleg útgjöld fyrir þær hafnir sem flytja t.d. fisk til annarra landa. Þetta gæti t.d. íþyngt verulega útflutningi á framleiðsluvörum okkar eins og fiski þegar við verðum neydd til að taka upp þessa gámaskanna því það er fram undan, eins og komið hefur fram í nefndinni, að Bandaríkjamenn munu krefjast þess að enginn farmur muni verða tekinn á land í Bandaríkjunum nema hann sé búinn að fara í gegnum slíka skoðun. Við verðum því að koma okkur upp slíkum skönnum þegar þeir verða búnir að setja þær reglur sem er yfirvofandi á næstunni.

Mig langar líka til að nefna aðeins af því menn hafa verið að ræða um kostnaðinn við siglingaverndina að samkvæmt umsögn fjmrn. um frv. kemur fram að ríkislögreglustjóri gerir ráð fyrir að kostnaður embættis síns við innleiðingu siglingaverndar verði um 30 millj. kr., þar af eru 23 millj. kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna. Vopnum og búnaði. Það er eitt af því sem við höfum verulegar áhyggjur af, vopnakaupin sem eru yfirvofandi vegna lagasetningarinnar. Síðan gerir ríkislögreglustjóri ráð fyrir 7 millj. vegna þjálfunar og kynningar lögregluembætta og vinnu við vottun verndarfulltrúa hafnanna. Landhelgisgæslan metur kostnað sinn vegna innleiðingarinnar um 9 millj. kr. og þar af eru 4 millj. kr. vegna kaupa á vopnum og skotheldum vestum fyrir átta manns í áhöfn hvers varðskips.

Það kom nokkuð til umræðu í nefndinni hvernig þessu yrði háttað og hvort innkaupin yrðu eitthvað samræmd hjá þessum embættum, en svo er ekki.

Tollstjórinn í Reykjavík áætlar árlegan kostnað vegna siglingaverndar um 10 millj. kr. Siglingastofnun hefur haldið utan um vinnu hafnanna til þessa og gefið út handbók og haldið námskeið fyrir starfsmenn sem eiga að vinna við þessar verndarráðstafanir. Til þeirrar vinnu hefur stofnunin fengið 10 millj. kr. á aukafjárlögum 2003 og mun fá 11 millj. kr. á fjárlögum 2004. Siglingastofnun áætlar síðan að árlegur kostnaður vegna siglingaverndarinnar verði u.þ.b. 8 millj. kr.

Það er því víða sem kostnaður kemur niður vegna lagasetningarinnar. Það er ekki aðeins að hann muni koma út í verðlagið sem hann vissulega mun gera, ég hef sérstakar áhyggjur af því þegar við þurfum að fara að kaupa gámaskannana sem munu kosta 400–600 milljónir en það mun auðvitað koma niður á útflutningsvörum okkar eins og fiskinum. Það er því sitthvað sem við þurfum að huga að í framtíðinni.

Eins og við höfum talað um fyrr í umræðunni er ýmislegt í pípunum hvað varðar siglingaverndina og við þurfum að vera vel vakandi og fylgjast með því sem er að gerast. Það munu verða settar kröfur á útflutning okkar sem við þurfum að bregðast við og það mun örugglega kosta mun meira en það sem við höfum verið að tala um hér.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að taka aftur til máls en ég sá mig knúna til þess þegar þessi mikla umræða spannst um málið. Ég taldi að ákveðnar upplýsingar vantaði inn í umræðuna, ég held að þær séu nú allar komnar, enda hefur umræðan svolítið farið út um víðan völl og þó að ég telji mig náttúrlega hafa haldið mig alveg við efnið í báðum ræðum mínum hafa einhverjir hér verið að tala um önnur hugðarefni

sín sem kannski áttu alveg erindi inn í þingsali en ég er ekki alveg viss hvort þau eru undir liðnum siglingavernd, sérstaklega kannski ekki landbúnaðarmálin, nema við förum út í einhvern víðtækan útflutning á landbúnaðarvörum sem muni lenda í íþyngjandi gjöldum vegna þessara laga sem snúa að þeim útbúnaði sem þarf að kosta til til að geta staðið við kröfur í öðrum löndum.

Vegna gámaskannanna sem ég nefndi áðan var nokkuð rætt hvort það mundi duga til að keyptur yrði einn skanni en þá þyrftu allir þeir vöruflutningar, sem gætu e.t.v. farið um aðrar hafnir, að fara í gegnum eina höfn. Ef gámaskanni yrði keyptur t.d. fyrir Reykjavíkurhöfn þyrftu allir flutningar að fara um þá höfn. Mér dettur það bara í hug þegar ég sé hér hv. þm. Guðjón Hjörleifsson að það væri náttúrlega ansi íþyngjandi fyrir t.d. Vestmannaeyjar sem eru mikil fiskihöfn að þurfa að fara með allan útflutning sinn til Reykjavíkur og láta skanna gámana í Reykjavíkurhöfn. En það er auðvitað verulega íþyngjandi fyrir lítið bæjarfélag að þurfa að kaupa gámaskanna eða tækjabúnað upp á mörg hundruð milljónir eins og þarna er áætlað. Það getur vel verið að við munum fjárfesta í slíku í tveimur höfnum þegar að því kemur og þá sjáum við náttúrlega fram á hvaða flutningar þar verða á ferðinni. Auðvitað mun það líka íþyngja vegakerfinu. Við vitum hvernig það er, það er víst nóg samt, allir þeir þungaflutningar sem þar eru á ferðinni. En ég ætla ekki að lengja þetta spjall meira en orðið er og læt því máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197, nál. 1489 og 1502.

[21:01]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum upp-boðsmarkaða, Byggðastofnun, Félagi dagabátaeigenda, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. gildandi laga verði felld niður frá 1. september nk.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, Ísólfur Gylfi Pálmason og Guðjón Guðmundsson.

Í athugasemdum við lagafrv. þetta segir, með leyfi forseta:

„Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rætur að rekja til þess að á árinu 2002 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem felur í sér að frá og með 1. september 2004 verður lagt sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla þegar ekki er um úthlutun að ræða. Jafnframt var þess getið í greinargerð með frumvarpinu að þegar til greiðslu veiðigjalds kæmi væri við það miðað að niður féllu gjöld sem útgerðin greiddi og voru áætluð samkvæmt fjárlögum ársins 2002 um 850 millj. kr., þ.e. veiðieftirlitsgjald, 226,5 millj. kr., og þróunarsjóðsgjald, 621 millj. kr. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. laganna verði felld niður frá 1. september nk. Samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstursreikningi þróunarsjóðs fyrir árið 2003 var hrein eign sjóðsins um 318 millj. kr. í árslok 2003 og var það í fyrsta skipti frá sjóðsstofnun sem sjóðurinn sýnir jákvæðan höfuðstól. Gangi áætlanir þróunarsjóðs fyrir árin 2003–2009 eftir má gera ráð fyrir að hrein eign sjóðsins verði um 370 millj. kr. í árslok 2009 er starfstíma hans lýkur samkvæmt lögunum."

Frú forseti. Töluvert var rætt um það í nefndinni hvort hægt væri að nálgast útreikninga frá sjútvrn. um hve miklu veiðigjaldið mundi skila og hvort það yrði meira en þau gjöld sem verða felld niður, þ.e. veiðieftirlitsgjald og þróunarsjóðsgjald. Það liggja ekki fyrir útreikningar en svarið frá ráðuneytinu gaf til kynna að þar væru töluvert hærri tölur en innheimtar eru í dag. Þetta er náttúrlega líka tengt hagnaði fyrirtækja. Miðað við umræðuna mun ég reyna að nálgast þær tölur og við gætum fengið þær inn í sjútvn. á milli umræðna. Ég vona að það muni ganga eftir.

[21:04]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í frv. sem hér er til umræðu kemur fram að 4. og 6. gr. laganna um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þessar tvær greinar, eigi að falla brott. Þær varða tekjustofna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Ég sé að í lögum um Þróunarsjóðinn er tekið fram að hann sé eign ríkisins. Það segir í einni af greinum þessa lagabálks. Í athugasemdum með lagafrv. sé ég jafnframt að samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstursreikningi sjóðsins fyrir árið 2003 var hrein eign 318 millj. kr. í árslok á síðasta ári. Ef áætlanir ganga eftir er talið að hrein eign sjóðsins verði 370 millj. kr. í árslok 2009.

Í lögunum um Þróunarsjóðinn kemur fram að hann hefur tekið á sig skuldbindingar, m.a. lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnun. Mig langar til að fá að vita aðeins meira um þetta lán. Hvenær á sú skuld að vera að fullu greidd? Það er fyrri spurning mín. Ég reikna með að gert sé ráð fyrir borði fyrir báru í sjóðnum til að greiða af því láni.

Síðan vildi ég spyrja hvort hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjútvn., viti til þess hvort hugsað hafi verið fyrir því hvað eigi eftir að verða um eftirstöðvar sjóðsins, sem samkvæmt lögum er fjárhæð sem er að fullu í eigu ríkisins en eru þó peningar sem útgerðarmenn hafa greitt í þennan sjóð á liðnum árum.

[21:06]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þekki ekki þau lánamál sem hv. þm. nefndi en það kemur fram í frumvarpinu að um er að ræða hreina eign. Það virðist vera sú nettóeign sem stendur eftir. Það var rætt töluvert í sjútvn. að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og Guðjón Arnar Kristjánsson höfðu lagt það til á sínum tíma að ef eftirstöðvar yrðu í þessum sjóði færi hluti þeirra í að gera upp eldri skip. Sú umræða lenti inni á borði ríkisstjórnar og var síðan vísað til hæstv. menntmrh. Samkvæmt lögunum er tekið fram að ef hrein eign verði í

sjóðnum þá eigi að verja honum í hafrannsóknir. Þetta er samkvæmt upplýsingum ráðherra sem ég fékk í dag.

[21:07]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni fyrir svörin svo langt sem þau náðu.

Ég sé, frú forseti, að sjútvrh. er í húsinu. Hann gæti hugsanlega svarað einhverjum af spurningum mínum í ræðu á eftir. En ég læt þetta gott heita að sinni.

[21:08]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna því að hæstv. sjútvrh. skuli vera viðstaddur þessa umræðu. Hann getur kannski upplýst um ákveðin atriði sem okkur hefur þótt skorta á upplýsingar um við umfjöllun um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og annað sem fylgir á eftir varðandi veiðieftirlitsgjald.

Frumvarp þetta ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, sbr. 787. mál yfirstandandi löggjafarþings, þar sem lagt er til að veiðieftirlitsgjald falli niður frá 1. september nk. er hluti af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna að taka upp veiðigjald. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að hæstv. sjútvrh. skuli vera hér staddur.

Ákvörðun um veiðigjaldið var auðvitað hluti af svokallaðri sátt í sjávarútvegsmálum sem ríkisstjórnarflokkarnir stóðu fyrir fyrir síðustu kosningar. Við þurfum að fá að vita nánar um hvers virði sáttin er talin vera þegar reynir á hvað reikningar gefa upp.

Ákvörðun stjórnarflokkanna um upptöku veiðigjalds var kynnt sem niðurstaða af sáttaleit þeirra í deilunum um stjórn fiskveiða. Þessar deilur hafa skekið þjóðina og þennan mikilvæga atvinnuveg árum saman. Umræður um sjávarútvegsmál í aðdraganda síðustu kosninga sýndu svo ekki varð um villst að þessi tilraun stjórnarflokkanna til að ná betri friði um málið hefur gersamlega mistekist. Foringjum stjórnarflokkanna er nú orðið vel ljóst að veiðigjaldsleiðin er ekki leið til sátta við þjóðina um málið. Meðhöndlun þeirra á þeim tveimur frumvörpum sem nú eru til meðferðar á Alþingi er til marks um þetta. Sjávarútvegsráðherra gerði við 1. umr. málanna í þinginu því engin skil hvaða fjárhæðir gætu komið í ríkissjóð í formi veiðigjalds í stað þeirra gjalda sem nú á að leggja af. Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hlutans við meðferð málsins í sjávarútvegsnefnd að fá fram upplýsingar um það atriði. Ég fagna hins vegar því sem hv. formaður nefndarinnar sagði áðan um að hann mundi hlutast til um að áður en 3. umr. fer fram verði þær upplýsingar til staðar. Kannski fáum við þessar upplýsingar í kvöld fyrst hæstv. sjútvrh. er mættur. Hann hefur kannski í farteskinu þær upplýsingar sem hér er beðið um.

Nefndarmenn fengu engar upplýsingar um hvaða áhrif glataðar tekjur vegna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og af veiðieftirlitsgjaldi hafa á heildargreiðslur sjávarútvegsins vegna þjónustu hins opinbera og þar með afkomu ríkissjóðs.

Verði frumvarpið um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að lögum má gera ráð fyrir að innheimta á þróunarsjóðsgjaldi á aflamark lækki um 510 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 650 millj. kr. innheimtu fyrir árið 2004. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins vegna þróunarsjóðsgjalds á skip lækki um 2 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 92 millj. kr. innheimtu. Verði frumvarpið um afnám veiðieftirlitsgjaldsins að lögum lækka tekjur ríkissjóðs af veiðieftirlitsgjaldi um 270 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 335 millj. kr. fyrir árið 2004.

Heildarniðurstaða niðurfelldra gjalda sjávarútvegsins til ríkissjóðs vegna þessara tveggja frumvarpa er þess vegna 782 millj. kr. á árinu 2004 en engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur af veiðigjaldi fyrir þetta ár. Ljóst er þó að veiðigjaldið verður lagt á samkvæmt lögum þar um, sbr. lög nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þessi vinnubrögð eru forkastanleg og sérlega bagaleg í ljósi þess að stjórnarflokkarnir völdu leið sem gerir veiðigjaldið háð afkomu útgerða þannig að minni hlutinn hafði ekki forsendur til að meta hver fjárhæð þess gæti orðið.

Minni hlutinn telur þess vegna að forsendur skorti til að Alþingi geti tekið afstöðu til frumvarpsins og leggur til að málinu verði vísað aftur til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. og að 3. umr. fari ekki fram fyrr en upplýsingar um heildarfjárhæð veiðigjalds á þessu ári liggja fyrir.

Við teljum að í raun ætti atkvæðagreiðsla um þetta mál helst ekki að fara fram fyrr en upplýsingar um fjárhæð gjaldsins liggja fyrir. Ákvörðun Alþingis um að fella út Þróunarsjóðinn og líka veiðieftirlitsgjaldið ætti að taka út frá þeim upplýsingum þannig að menn viti hvaða áhrif það hafi á afkomu ríkissjóðs.

Það er dálítið merkilegt að eftir allar stóru yfirlýsingarnar um sáttina í sjávarútvegsmálum sem gefnar voru í sölum Alþingis þegar veiðigjaldið var sett á sem niðurstaða stjórnarflokkanna, að eftir allt sem hafði gengið á á undan — fyrst skipuð svokölluð sáttanefnd sem við, sem tókum þátt í henni, héldum í einfeldni okkar að ætti að leita pólitískra sátta í þessu máli — reyndist sú sátt ekki vera nema á milli þeirra höfðingjanna, þ.e. forsætisráðherra og verðandi forsætisráðherra. Hún var fólgin í svokölluðu veiðigjaldi.

Nú ber svo við að tekjur ríkissjóðs frá útgerðinni í landinu eru ekki ljósar vegna þess að upplýsingar um hvað eigi að koma í kassann í staðinn liggja ekki fyrir. Það er meiri óvissa í málinu en efni stóðu til vegna þess að í upphafi var tillagan sem var verið að fást við og svokölluð sáttanefnd, þ.e. meiri hluti hennar, lagði til að yrði farin fólgin í því að hluti af veiðigjaldinu væri fastar tekjur ríkissjóðs frá útgerðinni sem kæmu þá í staðinn fyrir þessi tvö gjöld sem við erum að tala hér um en hinn hlutinn væri tengdur afkomu ríkissjóðs. Hæstv. ríkisstjórn komst að þeirri niðurstöðu að láta bæri allt gjaldið sem yrði innheimt taka mið af afkomu útgerðarinnar. Það er merkileg niðurstaða. Þessi atvinnuvegur fær verulega þjónustu frá hendi ríkisins og þessi gjöld sem útgerðin hefur greitt eru ekki nema pínulítill hluti af þeim kostnaði sem fellur til vegna þeirrar þjónustu. Menn voru hins vegar með stóryrtar yfirlýsingar um að eðlilegt væri að sjávarútvegurinn greiddi þann kostnað sem félli á ríkið vegna þeirrar þjónustu sem ríkið veitir sjávarútveginum.

Á meðan við vitum ekki hvernig sú aðferð sem var stofnað til með veiðigjaldinu reynist erum við í algerri óvissu um það hve mikil gjöld innheimtast með þeim hætti sem þarna er búið að ákveða að verði viðhafður.

Ég held að kannski sé ástæða til að vangaveltur um skattamál fylgi í þessari umræðu öllu frekar en þeirri sem fór fram hér á undan. Sannarlega er um að ræða yfirlýsingar um að hér hafi átt að stofna til skatta á útgerðina og hátt hafa þeir kveinað, ýmsir útgerðarmennirnir, vegna þeirrar skattheimtu sem þeir hafa haldið fram að hér væri á ferðinni. Það er þess vegna ekki lítil ástæða til að fá að sjá hversu þungar byrðar

útgerðin á að bera með þessu nýja gjaldi. Okkur fannst líka undarlegt að ekki væri hægt að upplýsa okkur um það í meðferð málsins hjá nefndinni. Mjög stutt var eftir af því tímabili sem á að hafa til viðmiðunar. Manni finnst aldeilis ótrúlegt að í ráðuneytinu leynist ekki svo talnaglöggir menn að þeir hafi getað getið sér til um það með nokkurri vissu hve háar skattgreiðslur gætu komið í ríkissjóð miðað við þau lög sem eru í gildi um veiðigjaldið. Það var sem sagt ekki fyrir hendi og hefur ekki verið fram að þessu.

Okkur finnst þess vegna einsýnt að Alþingi geti ekki og eigi ekki að afgreiða þetta mál við 3. umr. fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir. Satt að segja trúi ég því ekki fyrr en ég tek á að þær verði ekki til staðar þegar þar að kemur. Málið er svona vaxið og það setur okkur í stjórnarandstöðunni í þann vanda að geta ekki tekið afstöðu til þess.

Ekki getum við lagst gegn því sem mundi þá þýða að við værum að leggja til að það yrði fellt og að útgerðin sæti þá uppi með það að borga þessi gjöld, veiðieftirlitsgjaldið og líka þróunarsjóðsgjaldið, plús það sem útgerðin mun þá eiga að borga samkvæmt lögunum sem eru í gildi um veiðigjald.

Ekki getum við samþykkt gjaldið vegna þess að við vitum ekki neitt hvað við erum að samþykkja fyrir hönd ríkissjóðs og útgerðarinnar. Þetta er aðstaða sem þingmenn eiga ekki að vera í og þurfa ekki að vera í. Það er hægt að hafa upplýsingar til staðar og eins og ég sagði áðan trúi ég því ekki fyrr en ég tek á að þær verði það ekki.

Auðvitað væri ástæða til að ræða þetta mál vel og vendilega en þau mál sem ferðast hér saman í gegnum afgreiðslu þingsins af eðlilegum ástæðum eru tvö og ég mun ræða þau nánar þegar veiðieftirlitsgjaldið kemur til umræðu hér á eftir, ef ég sé ekki ástæðu til að fara aftur upp í umræðu um þetta mál um Þróunarsjóðinn.

Ég ætla að segja að lokum að það er rétt að minna þá á sem hafa kannski ekki setið lengi á Alþingi að Þróunarsjóðurinn varð til vegna hremminga útgerðarinnar á sínum tíma (**Gripið fram í:** ... fyrir nýju þingmennina.) og nýju þingmennirnir ýmsir kunna kannski ekki þá sögu. Ég ætla samt ekki að fara yfir hana enda kann ég hana ekki svo nákvæmlega (**Gripið fram í:** ... rifjað upp þessa sögu ...) en ég man hins vegar að útgerðin á Íslandi stóð afar illa þegar Þróunarsjóður var settur upp. Hann var settur upp til þess að bjarga fyrirtækjum í sjávarútvegi frá gjaldþroti. Hvort sem mönnum finnst þessi þróunarsjóðshugmynd góð eða vond — mörgum þótti hún vond á sínum tíma, sérstaklega sjálfstæðismönnum sem börðust hatrammlega gegn þeim sjóði og settu út á hann á alla kanta — náðust í aðalatriðum markmiðin sem menn settu sér með því að koma Þróunarsjóðnum upp, að bjarga fyrirtækjum víða um landið frá miklum vanda. Hrakspár hinna ýmsu manna um að þessi fyrirtæki gætu engin greitt til baka það sem þeim var lánað gegnum þessi átök öll reyndust sem betur fer ekki réttar nema að hluta til.

Það má segja að síðan þetta ólag reið yfir útgerðina á Íslandi hafi annað eins ólag ekki yfir hana riðið sem betur fer. Það uggir mig þó að þegar útgerð á Íslandi kemst aftur í hann krappan sem hún auðvitað gerir einhvern tímann — sagan hefur sýnt okkur að það er ekki varlegt að gera ekki ráð fyrir verðfalli á mörkuðum eða olíukreppu aftur og þá getur reynt á stöðu útgerðar á Íslandi (Gripið fram í.) — hvernig er hún þá í stakk búin til að takast á við það ástand? Jú, menn hafa hælt sér af því að hér hafi aldrei verið betur að útgerð staðið. Útgerðin á Íslandi hefur samt aldrei skuldað þangað í veg það sem hún skuldar núna. Það gæti reynst henni erfitt í kreppu þegar á á að herða, að hafa slíkan skuldabagga að bera.

Þetta er mikið umhugsunarefni og á þá skýringu að stofnkostnaður í útgerð á Íslandi hefur fimm- til sjöfaldast með því að ofan á hann hefur bæst sá kostnaður sem útgerðarmenn hafa af því að þurfa að kaupa framtíðarkvóta á markaðnum á því verði sem þar er. Þetta er ástand sem enginn hélt fram á sínum tíma að mundi koma upp. Allir sem ég a.m.k. heyrði í og sá skrif eftir um þetta fyrirkomulag sem hér er til staðar, einkavæðingu Íslandsmiða sem var í raun sett endanlega af stað 1990 með lögunum um stjórn fiskveiða sem þá voru sett, hefur valdið þessu sem ég er hér að ræða.

Ýmislegt bendir til þess að útgerðin eigi erfiðara í bili en hún átti fyrir einu ári. Batamerkin eru ekkert óskaplega mikil eins og er þó að auðvitað verði menn að vonast til þess að úr rætist. Eftir því verða menn þó að muna að útgerðin á Íslandi hefur aldrei í gegnum tíðina búið við hærra fiskverð en hún hefur gert síðasta áratuginn eða svo. Það hefur aldrei gerst síðan ég fór að fylgjast með í sjávarútveginum að menn hafi sloppið svo vel frá lægðum í fiskverði sem nú þar til að lægðir komu í ýsu- og ufsaverð og einhverjar fleiri tegundir núna á síðasta ári. Kannski eru einhverjir hættuboðar í því og sumir hafa haldið því fram að við mættum búast við erfiðum tímum vegna nýrra keppinauta á mörkuðunum, t.d. Kínverjanna sem eru farnir að láta finna fyrir sér með útflutningi á fiski sem þeir hafa flutt inn til reynslu. Síðan er fiskeldi líka farið að hafa áhrif á framboð á þeim mörkuðum sem við seljum okkar fisk á.

Það væri full ástæða til að fara mjög vandlega yfir allt það mál sem þessi frumvarpaafgreiðsla sem við stöndum nú frammi fyrir ól af sér, hvernig það varð til og í hvað virðist stefna. Það væri fróðlegt að hæstv. sjútvrh. talaði sig svolítið út um það hvernig honum líst á sáttina sína og hverjar þær upphæðir muni verða sem hann taldi, ásamt félögum sínum í ríkisstjórninni, að mundu færa þjóðinni sátt um sjávarútvegsmálin. Það var greinilegt að niðurstaða ríkisstjórnarinnar var sú að með þessum skatti á útgerðina sem þarna er stofnað til með veiðigjaldinu yrði þjóðin sátt við það að áfram ríkti einokunarfyrirbrigði í útgerð á Íslandi sem er fólgið í því að menn fá að kaupa og selja og eiga þjóðarauðlindina, geta farið með hana eins og hverja aðra eign.

Þetta rættist ekki. Enginn er sáttur við að ekki skuli ríkja atvinnufrelsi í sjávarútvegi á Íslandi. Afleiðingarnar eru alltaf að verða skýrari og skýrari. Það er engin nýliðun í atvinnuveginum og á fjölmörgum stöðum hefur orðið brestur í trú manna á þeirri framtíð að búa í sjávarþorpum sem eiga allt sitt undir því að menn megi nýta fiskimiðin sem urðu til þess að byggð komst á þar sem fólkið býr.

Það er mikið umhugsunarefni hvernig þetta er allt saman. Núna stöndum við frammi fyrir því að enn ein deilan stendur yfir um sjávarútveginn. Hæstv. sjútvrh. baslar við það þessa dagana að reyna að klára að loka þessu kvótakerfi. Hann baslar við það að reyna að ná samkomulagi við smábátaeigendur um þetta svokallaða dagakerfi. Því var lofað hér fyrir áramótin að niðurstaða næðist í það mál á þessu vori. Nú styttist í þinghaldinu þó að við vitum svo sem ekki hve lengi hv. þm. Gunnar Birgisson þarf að sitja í þessum sal.

Samt hlýtur að vera kominn tími til að spyrja hvað líði fyrirætlunum hæstv. ráðherra að klára dagamálið og úr því að svo vel ber í veiði að hann er hér hlýtur hann að geta upplýst okkur um hvernig það gangi. Ég get ekki verið bjartsýnn á framhaldið í sjávarútveginum hvað varðar hinar smærri

byggðir í kringum landið, vegna þess að þó svo að þar leysist með einhverjum hætti úr smábátamálinu, sem ég vona og trúi ekki öðru en menn klári úr því yfirlýsingar hafa verið gefnar um það, get ég samt ekki verið bjartsýnn á framtíð sjávarbyggðanna eins og málum er háttað.

Mér finnst ástæða til þess að hæstv. sjútvrh. fjalli líka um hvað eigi að gera við þau 30 þús. tonn í viðbótarveiði á þorski sem að verulegum líkindum verða til ráðstöfunar þegar nýtt fiskveiðiár hefst í haust. Það var bætt við 30 þús. tonnum í þorskveiðinni í fyrra og þá viðbót fengu þeir sem hafa aflaheimildirnar í höndum sínum en aðrir ekki. Mér finnst þess vegna full ástæða til að spyrja hvort sú braut verði áfram haldin að menn ætli ekki að gera neitt til þess að leysa vandamál á landsbyggðinni með þeirri viðbót sem virðist stefna í að verði.

Til viðbótar mætti hæstv. ráðherra fara yfir það, vegna þess að aðalröksemd hans og ýmissa félaga hans fyrir því að úthluta eigi veiðiheimildum með þeim hætti sem gert er hefur verið fólgin í því að menn hafi haft einhverja veiðireynslu á einhverjum tilteknum degi og að úthlutunin hafi byggst á því og rökstuðningurinn þangað sóttur að menn hafi verið að veiða. Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera þegar einhver fisktegund, og einhverjar munu nú þegar vera því marki brenndar, fer að gefa meira af sér en úthlutunin eða veiðireynslan gefur tilefni til? Varla eru rök fyrir því að þegar menn eru búnir að fá sem svarar veiðireynslunni að þeir fái meira en veiðireynslan gefur tilefni til. Hver eru rökin fyrir því að viðbótin sem kemur fram yfir falli líka í þeirra hlut? Er hægt að finna einhverja skynsamlega röksemd fyrir því?

Ég hef leiðst út í að spjalla um ýmsa hluti sem oft hafa verið til umræðu í sölum Alþingis, en reyndar ekki upp á síðkastið og ástæða til að ræða þá oftar en gert hefur verið í vetur.

Ég hlakka til að heyra svör hæstv. ráðherra við spurningum mínum.

[21:34]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom á fundi sjútvn. var ég látinn kanna hvort komnir væru útreikningar á veiðigjaldinu. Það var ekki búið að reikna það út, en svörin voru skýr, að tekjurnar verða töluvert hærri en veiðileyfagjaldið og þróunarsjóðsgjaldið. Þá erum við að tala um 850 millj. kr. á verðlagi 2002 eins og fram kemur í greinargerð.

Ég vil einnig árétta að ef útreikningar verða tilbúnir fyrir 3. umr. mun sjútvn. verða kölluð saman og ráðuneytismenn munu gera grein fyrir þeim. Það verður bara að koma í ljós hvenær 3. umr. verður og hvort embættismönnum tekst að hafa útreikningana tilbúna þá.

[21:35]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fundust yfirlýsingar hv. formanns sjútvn. ekki vera alveg tækar. Það dugir ekki að segja að menn hafi tilfinningu fyrir því að þetta verði töluvert hærra en það sem verið er að taka af, því á bak við það er ekki nokkur skapaður hlutur sem hægt er að byggja á þegar menn hafa ekki sýnt neina útreikninga á veiðigjaldinu.

Ég er ekki ánægður með það sem hv. þm. sagði að við fengjum tölurnar ef þær verða tilbúnar áður en 3. umr. fer fram. Ég tel fráleitt að 3. umr. fari fram í sölum Alþingis á meðan eitthvað er eftir af þinghaldi. Ég sé ekki að það þurfi að ljúka 3. umr. fyrr en kemur að lokum þings og menn geti þá tekið sér þann tíma sem þarf, a.m.k. situr hv. þm. Gunnar Birgisson í Alþingi til þess að bíða með þetta mál og ágætisviðmiðun að ljúka því ekki fyrr en hann stendur upp. Það er tillaga mín að þannig verði það. Það ætti a.m.k. ekki að fara fram hjá neinum hvenær tímabilinu lýkur.

[21:36]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Viðmiðunartímabil við útreikninga á veiðigjaldinu er 30. apríl, í dag er 29. apríl. Það er því ekki möguleiki að komnar séu einhverjar tölur þó menn hafi beðið um einhverjar áætlaðar tölur. Það er líka ljóst að það er mjög erfitt að fara að reikna þetta beint út. Þetta er afkomutengt, þ.e. aflaverðmæti að frádregnum olíu-, launa- og rekstrarkostnaði, og það þarf að vinna töluvert í þessu og mjög misjafnt árferði hjá fyrirtækjum. Gengisþróun hefur ekki verið nógu hagstæð að mínu mati í dag og hefur áhrif á afurðasölu. Vaxtaþróun er misjöfn þannig að tekjur eru örugglega rokkandi á milli ára og því misjafnt hvernig gengur í atvinnugreininni. En viðmiðunartímabilið er ekki komið. Það gerist á morgun, 30. apríl, í dag er 29. apríl.

[21:37]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á Alþingi hafa menn lengi búið við að þurfa að gera áætlanir. Hér vinna menn með fjárlög sem byggja á áætlunum. Ég tek það hreinlega ekki gilt að ekki sé hægt að gera áætlun um tekjur af gjaldinu. Mér finnst ekki hægt að skrifa upp á það. Þó svo að það hafi vantað fáeina daga upp á að tímabilinu væri lokið vil ég meina að það hefði verið fullkomlega hægt að afla sér það haldgóðra upplýsinga að menn kæmust mjög nærri sannleikanum. Ég trúi því ekki að í ráðuneytinu hafi menn ekki verið að vinna í málinu, þó menn hafi kosið af einhverjum ástæðum, sem ég veit ekki hverjar eru, að hafa ekki áætlun um tekjur af gjaldinu til staðar við umræðuna. Mér finnst svolítið sérkennilegt að þannig skuli haga til því við erum ekki að tala um neitt venjulegt mál. Við erum að tala um eitt af stærstu átakamálum í sölum Alþingis í gegnum mörg ár og niðurstöðuna sem ríkisstjórnin komst að í því að sætta þjóðina við stjórn fiskveiða.

Þess vegna hefði ég talið að menn hefðu viljað koma til þjóðarinnar og segja: Sjáið hvað þetta er allt saman gott hjá okkur. Veiðigjaldið sem er látið á til þess að gera ykkur sátta við stjórn fiskveiða er svona mikið og allt gengur þetta upp eins og við héldum fram.

Umræðu frestað.

Fórnarlamba- og vitnavernd, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 443. mál. — Þskj. 620.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 21:40]

Um fundarstjórn.

Innköllun varamanna.

[22:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að mikill skjálfti er hlaupinn í ríkisstjórnarmeirihlutann og greinilega eru uppi efasemdir í þeim herbúðum um að ríkisstjórnin styðjist raunverulega við meiri hluta á Alþingi í ýmsum málum sem liggja nú fyrir þinginu, þar á meðal stjfrv. um útlendinga sem á að greiða atkvæði um á eftir. Hvað gerist þá?

Nú undir kvöldið er Alþingi tilkynnt að kallaðir verði inn tveir nýir þingmenn, tveir varaþingmenn fyrir alþingismenn sem hafa verið erlendis en hefðu ella komið til þings eftir helgina. Ég veit ekki betur, herra forseti, en að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og hæstv. ráðherra Siv Friðleifsdóttir hafi verið fjarverandi frá þinginu með fjarvistarleyfi en það er á grundvelli þess tíma sem þegar er liðinn sem nýir þingmenn eru kallaðir inn og m.a. látnir undirrita eiðstaf eftir kvöldmat. (**GHall:** *Bjóðum við þá ekki velkomna?*) Við bjóðum að sjálfsögðu nýja þingmenn velkomna. Þetta mál snýst ekki um persónur þeirra. Þetta snýst um störf og virðingu Alþingis. Hér er um að ræða misbeitingu á pólitísku valdi og því er mótmælt.

[22:33]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það sem við höfum verið að upplifa í kvöld, frá og með að matarhléi lauk, sýnir vandræðagang stjórnarinnar sem kemur fram í því að á elleftu stundu eru þingmenn sem voru væntanlegir heim á morgun settir út af sakramentinu ef svo má að orði komast og varamenn kallaðir inn til þess að bjarga ríkisstjórn vegna þess að stjfrv. ríkisstjórnar hefði annars ekki haft meiri hluta á þingi í kvöld. Það liggur fyrir að tveir stjórnarþingmenn styðja ekki það frv. sem hér á að fara að greiða atkvæði um, þ.e. frv. um útlendinga. Í þessum vandræðagangi við þetta vonda mál stjórnarinnar er gripið til þessa undarlega úrræðis að núna um kvöldmatarleytið eru nýir þingmenn kallaðir inn — sem að sjálfsögðu eru boðnir velkomnir — í stað þeirra sem annars áttu að koma heim á morgun. Þetta er ótrúlegt en þetta er það sem við sjáum. Við finnum pirring sem er milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, milli stjórnarflokkanna, í ýmsum málum og þetta er rétt byrjunin á því sem á eftir að gerast á þeim dögum sem eftir lifa af þessu þingi. Þetta er byrjunin á þeim vandræðagangi hæstv. ríkisstjórnar sem hér kemur fram með því neyðarúrræði að kalla varamenn inn seint að kvöldi til.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sem er á fundi Evrópuráðsins í Strassborg átti að koma heim á morgun. Varamaður er kallaður inn. Hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir er á fundi úti og er væntanleg heim til þingstarfa en verður áfram við störf erlendis og varamaður kallaður inn.

Herra forseti. Vandræðagangurinn sem hér kemur fram er algjör. Hér er verið að bjarga á elleftu stundu og ég held, eins og ég segi, að þetta sé rétt byrjunin á því sem verður það sem eftir lifir af þingstörfum.

[22:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég veit að ekki þarf að rifja það upp fyrir hæstv. forseta eða þingheimi að þingmenn eru þannig settir, líklega einir stétta í landinu, að um störf þeirra gilda sérstök lög og þeim ber að sinna starfsskyldum sínum, enda liggja landslög við, nema þeir hafi fullgildar ástæður til að vera fjarverandi. Ég vil því spyrja af þessu tilefni sem kemur óvænt upp á: Hafa þær, hv. þingmaður og hæstv. ráðherra, sem nú skyndilega hafa ákveðið að kalla inn fyrir sig varamenn ákveðið að taka sér launalaust leyfi frá störfum þingsins næstu 14 daga? Hafa skyndilega komið upp þær aðstæður í þeirra högum að þeim sé meinað að gegna þingskyldum sínum? Hafa orðið þær skyndilegu breytingar á högum þessa ágæta þingmanns og þessa hæstv. ráðherra nú undir kvöldið að þær komi því ekki við að sinna þingskyldum hér næstu 14 daga og hafi því beðið um launalaust leyfi?

Ég spyr í fullri alvöru, herra forseti, og ég óska eftir svörum því að ef svo er er hér auðvitað um nýmæli að ræða nema skyndibreyting hafi orðið á þeim hefðbundnu og fastmótuðu reglum sem gilda um rétt til inntöku varamanna. Það stendur ekki á því, herra forseti, þegar stjórnarandstaðan á í hlut að fylgja reglunum út í æsar. Menn skulu vera hið minnsta fimm fullgilda þingdaga í burtu í lögmætum, opinberum erindagjörðum til að eiga rétt á því að taka inn varamenn. Undan þessum reglum hafa menn oft kvartað og fundist þær fullharkalegar, líka í ljósi þess að hæstv. ráðherrar hafa nánast sjálfdæmi um það að skilgreina embættisskyldur sínar erlendis sem innan lands þannig að þeir geti tekið inn varamenn.

Nú ber nýrra við ef svo er líka komið með hv. þingmenn stjórnarliðsins. Hér verður eitt yfir alla að ganga, herra forseti. Það eru engir jónar og séra jónar í þessum efnum, hvorki samkvæmt landslögum né hefðum í þinginu. Mér finnst, herra forseti, að við eigum heimtingu á að fá skýringar á því hvað hér er á ferðinni. Hvað hefur breyst? Hafa umræddar, hv. þm. og hæstv. ráðherra, ákveðið að taka sér leyfi frá störfum, launalaust í tvær vikur, vegna persónulegra anna eða hvað annað hefur hér borið til?

[22:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að fyrir þessu eru mörg fordæmi og ég átta mig ekki á því hvað kallar á þingmanninn að taka þetta mál upp með þessum hætti. (**Gripið fram í:** ... fordæmin?)

[22:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér var spurt úr ræðustólnum hvort ríkisstjórnin styddist raunverulega við þingmeirihluta. Þetta vita allir. Ríkisstjórnin styðst við þingmeirihluta og það er einmitt um það sem málið snýst. Ríkisstjórnin hefur þingmeirihluta. Við þurfum að ná fram máli, það þarf að endurspegla þingviljann og til þess að svo megi vera við þær aðstæður sem *núna eru* eru kallaðir *inn varaþingmenn*. Það er bara eðlilegur hlutur. Þannig þarf það að vera í þessu tilviki til þess að þingviljinn komi sem skýrast fram. Ég spyr, virðulegi forseti: Telja menn óeðlilegt að ríkisstjórnarflokkarnir nýti þingstyrk sinn til þess að koma áfram máli sem sannarlega er stutt af meiri hluta Alþingis? Eða telja menn óeðlilegt fyrirkomulag að ríkisstjórnarmeirihlutinn geti kallað á varaþingmenn til að tryggja það að meirihlutavilji Alþingis nái fram að ganga? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Er það þetta sem hv. þm. telja vera hneyksli? Er það þetta sem þeir telja vera óeðlilegt? (**SJS:** *Hver þarf að borga launin?*)

[22:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það velkist enginn í vafa um það að stjórnarmeirihlutinn á þingi stendur mjög tæpt í ýmsum málum, t.d. með frv. um útlendinga sem hefur verið til umræðu í

þinginu. Að auki eru mörg önnur mál sem miklar deilur standa um, t.d. fjölmiðlamálið og frv. um réttindi og skyldur þar sem á að hafa réttindi af starfsmönnum hins opinbera hjá ríki og sveitarfélögum. Það eru miklar deilur um það innan ríkisstjórnarflokkanna. Það er vitað mál og óljóst hvort það fer í gegnum þingið.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þingflokksformaður Sjálfstfl., spyr hvort ekki sé eðlilegt að þingviljinn komi fram. Hann fullyrðir að það sé meiri hluti fyrir þessu frv. og þeim frv. sem ríkisstjórnin stendur að á Alþingi og það sé eðlilegt að sá vilji komi fram. Jú, en samkvæmt þeim reglum og þeim lögum sem við búum við. Annað er misbeiting á pólitísku valdi og það er það sem stjórnarandstaðan gagnrýnir.

[22:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það skýrt fram að með launagreiðslur til þingmanna og varaþingmanna er farið samkvæmt lögum.

[22:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það þýðir ekki að afgreiða hlutina svona, að fara hér með sjálfsagða hluti, selvfölgeligheder, eins og Þórbergur hefði kallað það. Auðvitað er farið með launagreiðslur þingmanna samkvæmt lögum um þingfararkaup. Það er ekki verið að spyrja um það hér.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., virðist líta svo á að það sé til sjálfstæð regla um að ef stjórnarliðið vanti atkvæði geti það kippt inn varaþingmönnum í staðinn á skjön við þær reglur og hefðir sem um það gilda og eru alveg fastmótaðar og samþykktar. Ég spyr: Gildir þá ekki hið sama fyrir stjórnarandstöðuna? Er það þá þannig að ef við uppgötvum að kvöldi að okkur vanti einn mann í atkvæðagreiðslur vegna þess að hann er staddur erlendis, hafði hugsað sér að vera með fjarvist í 1–2 daga frá þinginu, að það stofni sjálfstæðan rétt til að kalla inn varaþingmann? Ég hef ekki orðið var við þá reglu. Ég veit ekki annað en að okkur sé haldið við það að það skuli stíft vera minnst fimm þingdaga í burtu í lögmætum, opinberum erindagjörðum til þess að kallaður sé inn varaþingmaður. Ég mótmæli því, herra forseti, að þessum tveim þingmönnum og önnur gegnir jafnframt störfum hæstv. ráðherra verði greidd laun af hinu opinbera ef svo á að fara fram sem horfir. Hv. þm. ákváðu að vera í burtu með fjarvistarleyfi frá störfum og ætluðu að koma til starfa eftir helgi til þess að ljúka þinghaldinu sem fullgildir þingmenn. Þær skulu að sjálfsögðu vera utan þings í 14 daga, það liggur fyrir, en þær skulu líka vera þar kauplaust. Sjálfstfl. og Framsfl. geta þá borgað þeim laun ef þær hafa ekki efni á því að missa hýruna þessa daga. Það gengur ekki að búa til sérreglur fyrir stjórnarmeirihlutann þegar hann er í vandræðum af þessu tagi. Það bara gengur ekki, herra forseti. Þá er verið að segja að hér séu einhverjir jónar og séra jónar á þinginu og ekki gildi sömu reglur í þessum efnum um meiri hlutann og minni hlutann.

Getur nokkur heilvita maður haldið því fram að þannig eigi það að vera? Ég trúi því ekki að þingreyndur maður eins og virðulegur forseti vor sjái ekki að það er fullkomlega gilt og réttmætt að fara fram á skýringar á því hvað hér er að gerast áður en atkvæðagreiðslan fer fram. Auðvitað hefði hæstv. forseta borið að kalla til fundar að eigin frumkvæði og útskýra hvað þarna væri að gerast og gefa á því fullgildar og lögmætar skýringar. Ég endurtek að um alvörumál er að ræða. Það getur ekki dottið allt í einu upp í hendurnar á mönnum tilefni til þess að víkja sér undan þingskyldum sínum. Menn þurfa annaðhvort að vera í lögmætum, opinberum erindagjörðum og ákveða að af þeim sökum komi inn varaþingmaður eða að þeir séu af persónulegum ástæðum ekki færir um að gegna þingskyldum sínum. Má ég minna virðulegan forseta á að samkvæmt landslögum eiga menn að sækja fundi nema veikindi eða önnur lögmæt forföll hindri? Það getur bara ekki verið geðþóttaákvörðun eins eða neins, hvorki viðkomandi þingmanna né meiri hlutans eða forsetans, að ákveða svona hluti.

[22:44]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hér er ekki um geðþóttaákvörðun að ræða. Eins og hv. þingmanni er kunnugt eru mörg fordæmi fyrir því að þingmenn séu kallaðir inn ef forföll hamla því að vilji þingsins komi fram. Get ég farið yfir þau dæmi (Gripið fram í.) með formönnum þingflokka ef þess er óskað. (**SJS:** Hvar stendur þetta í starfsreglum þingsins?) Það eru ekki starfsreglur þingsins sem ákveða laun þingmanna. Ég veit að hv. þm. vita það.

Útlendingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 749. mál (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). — Þskj. 1120, nál. 1516 og 1534, brtt. 1203, 1517 og 1535.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að breytingartillögur sem fram koma á þskj. 1203 hafa ekki fengið umfjöllun í allshn. enda er nokkur tímapressa á okkur í þeim efnum. En ég vil gera þingheimi sérstaka grein fyrir þeim tillögum sem eiga rætur að rekja til frv. sem 1. flm. að er hv. þm. Atli Gíslason sem sat sem varamaður fyrir mig í nokkrar vikur fyrr í vetur. Þetta er breytingartillaga sem varðar annars vegar 11. gr. laganna og hins vegar 15. gr. laganna. Í 11. gr. er fjallað um skilyrði dvalarleyfis útlendinga og lýtur breytingartillagan að unglingum sem náð hafa 18 ára aldri áður en þeir hafa öðlast búsetuleyfi, þar sem búsetuskilyrðum er ekki náð. Þessir unglingar þurfa samkvæmt núgildandi lögum að sýna fram á sjálfstæða framfærslu til að fá tímabundið dvalarleyfi sitt framlengt en slíkt gerir það að verkum að viðkomandi unglingur hefur litla möguleika t.d. á að stunda nám. Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að veita megi dvalarleyfi gegn framvísun yfirlýsingar foreldra eða framfæranda um að framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt.

Í annan stað er um breytingartillögu að ræða sem heimilar útgáfu dvalarleyfis til útlendings jafnvel þótt viðkomandi hafi þurft að leita til hins opinbera um framfærslu vegna sérstakra aðstæðna.

Í þriðja og síðasta lagi, virðulegi forseti, er breytingartillögunni ætlað að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar og þá fyrst og fremst konur hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á

grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenska ríkisborgara, en allt of mörg dæmi eru um að þessar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi og komi til skilnaðar eru þeim allar bjargir bannaðar. Dæmi eru jafnvel um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera þessum konum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa af sér brottvísun úr landinu. Þessar aðstæður eru óviðunandi og ómannúðlegar og er breytingartillögunni ætlað að leiðrétta þennan órétt.

Að öðru leyti munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs greiða atkvæði í þessari atkvæðagreiðslu um útlendingalögin á þann hátt að við munum styðja breytingartillögur minni hluta allshn. Að öðru leyti stöndum við við sannfæringu okkar og málflutning sem hefur komið fram í þessu máli.

[22:48]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samfylkingin fordæmir það samráðsleysi sem hæstv. dómsmrh. viðhafði við samningu þessa frv. við nauðsynlega hagsmunaaðila. Samfylkingin fordæmir einnig þau vinnubrögð sem eru viðhöfð við þá lagasetningu sem hér um ræðir. Hér er verið að nýta tækifæri við nauðsynlega breytingu á þessum lögum vegna EES-stækkunarinnar til að gera alls kyns breytingar sem koma EES-stækkuninni ekkert við.

Við í Samfylkingunni buðum meiri hlutanum í allshn. upp á það að greiða fyrir afgreiðslu þess ákvæðis sem lýtur að stækkun EES en geyma önnur ákvæði sem mörg hver eru mjög umdeild. Því tilboði var hafnað.

Herra forseti. Nú stöndum við frammi fyrir frv. með mörg vond ákvæði sem Samfylkingin leggst eindregið gegn. Samfylkingin leggst gegn hinni svokölluðu 24 ára reglu sem skerðir rétt tuga Íslendinga á hverju ári til að sameinast maka sínum á grundvelli hjúskapar. Einnig má nefna hina svokölluðu 66 ára reglu sem kemur í veg fyrir eðlilega fjölskyldusameiningu. Samfylkingin er sömuleiðis á móti því ákvæði.

Samfylkingin er einnig á móti því að sönnunarbyrði varðandi málamyndahjónabönd sé snúið á þá sem giftir eru útlendingum. Við leggjumst einnig gegn því að Útlendingastofnun fái heimild til þess að fara fram á lífsýnatöku úr útlendingum. Svona mætti lengi telja. Við gerum því alvarlegar athugasemdir við marga þætti þessa frv. en í því endurspeglast grundvallarmunur á hugmyndafræði þeirra stjórnmálaflokka sem hér sitja á þingi.

1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1203,1 felld með 31:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, JóhS) fjarstaddir.

Brtt. 1535,1.a felld með 30:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJúl, KolH, KLM, BrM, MÞH, ÖB, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn.

nei: MS, PHB, SAÞ, SKK, PM, GII, StB, VS, ÞKG, ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, LMR, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, HBl.

2 þm. (KHG, JBjart) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða breytingartillögu við 2. gr. frá minni hluta allshn. sem gerir ráð fyrir því að greinarnar um 24 ára regluna og 66 ára regluna svokölluðu falli út. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs erum þeirrar skoðunar að hér sé verið að reyna að innleiða afskaplega mikið misrétti í lög. Hér er verið að leiða reglu í lög sem fer á svig við almennan rétt einstaklinga í landinu. Það er verið að þrengja um of allar dyr og gáttir fyrir útlendinga til að koma hingað til landsins, 24 ára reglan og 66 ára reglan eru verulega íþyngjandi fyrir fólk. Þær eru óréttlátar. Ég styð þessa breytingartillögu og segi já.

[22:54]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Þingheimur er að gera alvarleg mistök með lögfestingu þessa ákvæðis um hina svokölluðu 24 ára reglu og hina svokölluðu 66 ára reglu. Þessar reglur lúta að skerðingu réttinda tuga Íslendinga á hverju einasta ári. Hér er verið að lögfesta mismunun og brjóta jafnræði á einstaklingum á aldursbilinu 18–24 ára og íslenskum mökum þeirra.

Samfylkingin kýs með þessari breytingartillögu minni hlutans að fella þetta svokallaða 24 ára ákvæði út. Ég vil einnig hvetja aðra hv. þm. í stjórnarliðinu sem nú þegar hafa lýst andstöðu sinni við þetta ákvæði að kjósa eftir sannfæringu sinni og kjósa með þessari breytingartillögu. Ég segi já.

[22:55]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Hér gerir stjórnarandstaðan tilraun til þess að fella út 24 ára regluna og snúa hæstv. ríkisstjórn frá villu síns vegar. Ákvæðið er óþarft vegna þess að það nægir að kveða á um refsinæmi nauðungahjónabanda í lögunum til að bregðast við framtíðarvanda ef upp kemur. Ákvæðið takmarkar friðhelgi einkalífs og persónufrelsi tuga fólks hér á landi árlega algjörlega að óþörfu. Samfylkingin vill fella þetta ákvæði brott og ég segi því já.

Brtt. 1517,1 samþ. með 30:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

2 þm. (JBjart, KHG) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:59]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Við leggjumst gegn því að sönnunarbyrðinni sé snúið við á einstaklinga sem eru giftir útlendingum en umrætt lagaákvæði snýst um það. Það er ekki rétt að einstaklingur þurfi að sanna að hann sé ekki í málamyndahjónabandi, það er stofnunarinnar sem setur fram þær ásakanir. Hún á að þurfa að sanna þær. Ég segi því nei.

Brtt. 1535,1.b kölluð aftur til 3. umr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

2 þm. (JBjart, KHG) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1203,2 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 1535,2 felld með 32:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 32:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 1535,3 felld með 31:28 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

Brtt. 1517,2.a samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 1517,2.b samþ. með 31:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

Brtt. 1517,2.c, inngangsmgr. og fyrri efnismgr., samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

29 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

Brtt. 1517,2.c, síðari efnismgr., samþ. með 31:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:06]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ákvæði sem verið er að greiða atkvæði um hér og nú er umdeildasta ákvæðið í frv. og það er um DNA-sýnin. Ungliðar allra stjórnmálaflokka hafa að sjálfsögðu mótmælt þessu. Hér er verið að gefa Útlendingastofnun allt of mikið vald. Þetta er einungis réttlætanlegt ef það er ósk viðkomandi að gefa slíkt sýni. Það verður fróðlegt að sjá hvernig atkvæðin falla hér nú. Ég segi nei.

7. gr., svo breytt, samþ. með 31:28 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

Brtt. 1535,4 felld með 32:28 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 32:28 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

9.–14. gr. samþ. með 60 shlj. atkv.

Brtt. 1535,5 felld með 32:28 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 32:28 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

Brtt. 1535,6 felld með 32:28 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

16. gr., stafliðir a–b, samþ. með 60 shlj. atkv.
16. gr., stafliður c, undirliður g, samþ. með 60 shlj. atkv.

16. gr., stafliður c, undirliður h, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
28 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

16. gr., stafliður d, samþ. með 59 shlj. atkv.
17.–18. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 446. mál (slátrun eldisfisks). — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]
Frv. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
3 þm. (DO, EOK, GÁS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1553).

Siglingastofnun Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 467. mál (siglingavernd, kóðar, gjaldtaka). — Þskj. 1499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

4 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1554).

Málefni aldraða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 570. mál (hlutverk Framkvæmdasjóðs, samstarfsnefnd o.fl.). — Þskj. 1498.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Í frv. þessu er gefið undir fótinn með að sveitarfélögin greiði 15% í byggingarkostnaði einkarekinna hjúkrunarheimila. Ákvæðið getur virkað íþyngjandi fyrir sveitarfélögin þó svo að ákvæðið hafi verið mildað í meðferð heilbr.- og trn. Ákvæði um útboð eru ekki skýr í frv.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum uppbyggingu hjúkrunarheimila og öldrunarþjónustu en vegna framangreindra atriða munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BrM, DJ, DrH, EKG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MÞH, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, Sigurjþ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

17 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, DO, EOK, GÁS, GÖg, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1555).

Yrkisréttur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 613. mál (EES-reglur, plöntuyrki o.fl.). — Þskj. 1509, brtt. 1532.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]

Brtt. 1532 samþ. með 59 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

8 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DO, EOK, GÁS, GÖg, JóhS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1556).

Hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans, frh. 3. umr.

Stjfrv., 755. mál. — Þskj. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:16]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg, KHG, SigurjÞ, ÖB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1557).

Háskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 780. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:16]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

5 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg, HHj) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1558).

Kennaraháskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 817. mál (dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.). — Þskj. 1245.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:16]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

5 þm. (DO, EOK, GÞÞ, GÁS, GÖg) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1559).

Háskólinn á Akureyri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 818. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:17]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
4 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1560).

Tækniháskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 819. mál (auglýsing starfa, tímabundin ráðning o.fl.). — Þskj. 1247.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:17]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
4 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1561).

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 683. mál (metangas og rafmagn). — Þskj. 1012, brtt. 1484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:18]
Brtt. 1484 felld með 32:27 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GAK, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.
4 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MS, MÁ, PM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
4 þm. (DO, EOK, GÁS, GÖg) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1562).

Siglingavernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 859, nál. 1487, brtt. 1488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:18]
1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 1488,1 samþ. með 57 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1488,2–7 samþ. með 59 shlj. atkv.
4.–11. gr., svo breyttar, samþ. með 59 shlj. atkv.
12.–14. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Fórnarlamba- og vitnavernd, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 443. mál. — Þskj. 620.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:21]
22. og 23. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 57 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Út af dagskrá voru tekin 14.–25. og 27.–30. mál.

Fundi slitið kl. 23:22.

---

107. FUNDUR

föstudaginn 30. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Útlendingar, stjfrv., 749. mál, þskj. 1552 (með áorðn. breyt. á þskj. 1517), brtt. 1535. — 3. umr.

2. Framkvæmd EES-samningsins, þáltill., 551. mál, þskj. 829. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:34]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá þingflokksformanni Sjálfstfl., Einari K. Guðfinnssyni, dagsett 30. apríl:

„Þar sem Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk., getur ekki sótt þingfundi vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Suðurk., Kjartan Ólafsson, taki sæti hans á meðan.

Virðingarfyllst
Einar K. Guðfinnsson."

Kjartan Ólafsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:34]

Útbýting þingskjala:

Umferðaröryggi á þjóðvegum, 205. mál, nál. samgn., þskj. 1550.

Útlendingar, 749. mál, þskj. 1552.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stríðsátökin í Írak.

[10:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að ræða um stöðuna í Írak og þá miklu ábyrgð sem Íslendingar bera á því máli vegna þess að íslenska ríkisstjórnin, án þess að spyrja þjóðina og án þess að sinna lögum um samráð við utanrmn., gerði okkur að beinum þátttakendum með ótvíræðri stuðningsyfirlýsingu við innrásina í Írak.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að hæstv. utanrrh. hefur lögmæta fjarvist í dag og ég geri engar athugasemdir við það. Hér er hins vegar um svo alvarlegt mál að ræða að þingið verður að taka þetta upp og þingið hlýtur að ræða með hvaða hætti það gerir þessi mál upp gagnvart hæstv. ríkisstjórn sem hefur aldrei reynt að leita ráða hjá þinginu eins og þó er kveðið á um í lögum.

Ég lít svo á, herra forseti, að þátttaka okkar í innrásinni í Írak sé svartasti bletturinn á utanríkisstefnu Íslendinga á síðari árum. Og ég tel að ábyrgð þeirra manna sem þá ákvörðun tóku að þinginu forspurðu sé ákaflega mikil.

Nú sjáum við að stjórnleysi ríkir í Írak sem felur það í sér að heilsa og líf almennra borgara fer forgörðum í sífellt vaxandi mæli. Við höfum á síðustu dögum séð og heyrt fregnir af gríðarlegum loftárásum á borgina Falluja og við sjáum núna hvernig Bandaríkjamenn sitja um hina helgu borg Najaf. Það hlýtur að vera krafa okkar sem sitjum á löggjafarsamkundunni að íslenskir ráðherrar upplýsi hvað þeir hafi gert til þess að reyna að koma vitinu fyrir þá menn sem þeir lýstu stuðningi við.

Við höfum jafnframt heyrt af stríðsglæpum nú allra síðustu daga. Írakskir stríðsfangar hafa verið pyntaðir af amerískum hermönnum. Þeir hafa verið vafðir inn í gaddavír. Þeir hafa verið neyddir til kynmaka og það hafa verið brotnir á þeim alþjóðlegir sáttmálar. Við Íslendingar berum ábyrgð á þessu nema við mótmælum því sterklega og íslenska ríkisstjórnin verður að gefa Alþingi til kynna með hvaða hætti hún hefur mótmælt þessu.

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ekkert lát er á hörmulegum fréttum frá Írak og nú bætast við öll þau ósköp sem á undan eru gengin fréttir af því að fangar séu þar pyntaðir, þverbrotin séu ákvæði Genfarsáttmála um meðferð stríðsfanga og jafnvel sagt að Bandaríkjamenn hafi ráðið verktaka til að sjá um fanga og yfirheyra fanga. Það eru með öðrum orðum ráðnir verktakar til að berja á föngum. Þetta bætist við þau grófu mannréttindabrot sem Bandaríkjamenn ástunda frammi fyrir alþjóðasamfélaginu hvað varðar meðferð fanga í Guantanamo á Kúbu þar sem átt hefur sér stað einstakt réttarhneyksli í sögunni. Menn eru þar geymdir árum saman án dóms og laga og njóta hvorki verndar sem venjulegir borgaralegir fangar né stríðsfangar heldur eru samkvæmt nýrri bandarískri skilgreiningu einhvers konar vígamenn utan dóms og laga. Menn eru verr settir en skepnur vegna þess að dýraverndunarlög ná ekki einu sinni yfir fangana í Guantanamo á Kúbu.

Utanríkismálanefnd Alþingis hlýtur að koma saman við þessar aðstæður og taka fyrir þessi mál. Minni ég þá einnig á þau mál sem þar liggja fyrir varðandi t.d. stöðuna í deilum Ísraelsmanna og Palestínumanna.

Það er enginn vafi á því í mínum huga, herra forseti, að uppáskrift hæstv. ráðherra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar á Íraksstríðinu eru einhver hörmulegustu afglöp íslenskra stjórnmála um langt skeið, örugglega á þessari öld og má mikið vera ef þau endast ekki út öldina sem slík, að þetta eigi eftir að verða á spjöldum sögunnar einhver hörmulegustu pólitísku afglöp og mistök sem lengi hafa verið framin.

Það er betra en ekki þó seint sé að við Íslendingar afsölum okkur frekari ábyrgð á þessum ósköpum og þessum hörmungum og þeim lögbrotum og mannréttindabrotum sem þarna fara fram. Úr því að ríkisstjórn er heillum horfin í þessum efnum þá varðar það sóma Alþingis að þvo okkur af þessari óhæfu eftir því sem kostur er.

[10:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fréttir berast af alvarlegu og versnandi ástandi í Írak. Aðfarir bandarískra hernámsliðsins og fylgifiska þess vekur ugg. Stöðugt berast fréttir af fjöldamorðum. Í morgun berast nú fréttir af pyntingum.

Fyrir nokkru síðan voru fjórir bandarískir hermenn drepnir á hrottafenginn hátt. Hernámsliðið greip til hefndaraðgerða. 600–700 manns, þar á meðal óbreyttir borgarar, börn

og gamalmenni lágu í valnum. Þetta minnir á hefndaraðgerðir nasista í heimsstyrjöldinni síðari.

Íslendingar bera hér ábyrgð. Er ekki ástæða til þess að fulltrúar hinnar staðföstu stjórnar sem hefur staðið í einu og öllu við bakið á hernámsliðinu láti nú frá sér heyra, biðji írösku þjóðina og einnig þá íslensku afsökunar á framferði sínu?

[10:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þegar við tökum þetta mál fyrir í upphafi fundar liggur ljóst fyrir að hvorugur oddviti ríkisstjórnarinnar er staddur hér. Þrátt fyrir það veljum við að ræða þetta mál og senda þau skilaboð frá Alþingi að þessari stöðu verður ekki unað.

Við berum mikla ábyrgð á innrásinni í Írak. Aðild okkar olli miklu ósætti á Alþingi og með þjóðinni. Ég tek undir orð Ögmundar Jónassonar. Það á fyrst og fremst að biðja íslensku þjóðina afsökunar. Það á að biðja íslensku þjóðina afsökunar á því að okkur hafi verið blandað í þennan hörmulega hildarleik. Við berum ábyrgð á innrásinni með þeirri gjörð ríkisstjórnarinnar og við berum ábyrgð á eftirleiknum og eftirleikurinn hefur verið mjög alvarlegur. Ríkisstjórnin lætur sem ekkert sé. Þetta er ömurleg staða fyrir Ísland sem hingað til hefur verið þekkt á erlendum vettvangi sem land lýðræðis og land mannréttinda. Þessi ásýnd okkar hlýtur að breytast í kjölfar þess að Ísland tók þá afstöðu sem tekin var af ríkisstjórninni og við á Alþingi berum ábyrgð. Alþingi ber ábyrgð. Hvers vegna? Vegna þess að ríkisstjórnin nýtur stuðnings meiri hluta Alþingis í öllum gjörðum sínum og þar með þessum. Þess vegna er þetta mál Alþingis og þess vegna getum við rætt það á Alþingi þó enginn sitji á ráðherrabekkjunum frekar venju þegar ekki eru mál sem þeir hafa frumkvæði að.

Það hefur verið ömurlegt að verða vitni að því að ekkert af því sem var réttlæting fyrir innrásinni hefur staðist. Mannfall er orðið gífurlegt og borgarar hafa fallið og það er orðið vandamál fyrir fólk heima fyrir hvað mannfall er orðið mikið hjá innrásarliðinu. Og nú eru það pyntingar sem við berum líka ábyrgð á.

[10:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Nú, þegar rúmt ár er liðið frá því að innrásin í Írak hófst, hefur ástandið þar kannski aldrei verið jafnslæmt og nú. Stríðinu er engan veginn lokið. Daglega fáum við fréttir af miklu mannfalli. Við sjáum myndir af sundurtættum húsum, bílum, líkum, særðu fólki, hörmungum og eymd.

Frjálslyndi flokkurinn hefur allt frá upphafi tekið mjög einarða afstöðu gegn þessu stríði. Við höfum verið á móti því allt frá upphafi. Stríð eru viðbjóðsleg og það var engin ástæða til að ráðast inn í Írak. Það er kominn tími til að íslenska ríkisstjórnin geri hreint fyrir sínum dyrum, fyrir sinni þjóð og að hún segi þjóðinni hvers vegna í ósköpunum við fórum á þennan lista yfir hinar svokölluðu viljugu þjóðir. Við verðum að fá að heyra núna sannleikann um lygina í kringum Írak, sannleikann um lygina því að þetta stríð byggir ekki á neinu nema lygum. Það hafa engin gereyðingarvopn fundist, engin. Það var engin ógn af Írak. Þetta voru hrikaleg mistök og það hljóta allir réttsýnir menn og konur að sjá. Eins og ég sagði áðan er kominn tími til að íslenska ríkisstjórnin með hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson í fararbroddi komi fram fyrir þjóðina og útskýri fyrir henni hvað gerðist þá daga þegar þessi hrikalega og afdrifaríka ákvörðun var tekin, hvers vegna hún var tekin og hvernig þeir réttlæta þá ákvörðun. Þeir hafa aldrei sagt okkur það. Síðan ættu þessir háu herrar að biðja íslensku þjóðina afsökunar og írösku þjóðina afsökunar og byrja síðan að leita leiða til að koma okkur út úr þessu.

Fréttirnar munu halda áfram að berast af miklu mannfalli. Við munum örugglega fá að heyra fleiri fréttir af pyntingum á stríðsföngum og öðru þess háttar vegna þess, herra forseti, að í myrkrinu eru allir kettir gráir og stríðið gerir alltaf það að verkum að stutt er í villidýrið í mannskepnunni.

[10:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Íslendingar eru í eðli sínu friðsöm og sanngjörn þjóð. Hinni íslensku þjóð er misboðið með því að ráðamenn hennar hafa með þessum hætti bundið stuðning hennar við hina skelfilegu innrás í Írak. Þess vegna er það sameiginleg krafa allrar stjórnarandstöðunnar að ráðherrar ríkisstjórnarinnar biðji í senn íslensku þjóðina og írösku þjóðina fyrirgefningar á þeirri misgerð sem þessi skilyrðislausi stuðningur var. Þjóðin öll er upp til hópa á móti þessu. Meira að segja ein af burðarstoðum íslenska samfélagsins, þjóðkirkjan, sendi í gær frá sér af prestastefnu í Grafarvogi eindregna ályktun þar sem þátttaka okkar og stuðningur við Íraksstríðið er hörmuð. Þessi mál hljóta því að koma til frekari umræðu á hinu háa Alþingi. Það verður að gera það uppskátt með hvaða hætti íslenska ríkisstjórnin batt hina íslensku þjóð til stuðnings við innrásina í Írak. Hvaða tildrög voru að því og með hvaða hætti var sú ákvörðun tekin?

Það má deila um það hvort þar var um lögmæta ákvörðun að ræða. Ég spyr t.d.: Á hvaða ríkisstjórnarfundi var sú ákvörðun tekin? Eða var það virkilega þannig að ákvörðunin um að íslenska þjóðin var hnýtt í tagl þeirrar bandarísku varðandi innrásina í Írak var tekin utan ríkisstjórnarfundar, var aldrei borin upp á fundi ríkisstjórnar heldur einungis ákveðin í tveggja manna tali? Hvað heitir lýðveldi þar sem ákvarðanir af þessu tagi eru teknar á þann hátt? Við vitum það öll. Þetta er til skammar fyrir íslensku ríkisstjórnina og ráðherrar hennar eiga að gera hreint fyrir sínum dyrum og þeir eiga að biðja okkur afsökunar og þeir eiga að biðja Íraka fyrirgefningar.

[10:47]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ein mikilvægasta ákvörðun í utanríkismálum sem Íslendingar hafa tekið er vafalaust innganga í varnarbandalag vestrænna ríkja árið 1948. Þá settum við Íslendingar eitt ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðildinni. Það var að Ísland mundi aldrei taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum, aldrei fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Að þessu skilyrði gengu aðrar þjóðir í bandalaginu umyrðalaust.

Ríkisstjórnin þverbraut þetta skilyrði sjálf með því að skipa Íslandi í bandalag hinna staðföstu þjóða sem stóðu að árásinni á Írak. Forsrh. og utanrrh. tóku þessa afdrifaríku ákvörðun án minnsta samráðs við löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Í 24. gr. þingskapa Alþingis Íslendinga segir svo, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Hér á landi finnst varla nokkur maður sem telur aðild okkar að hernaði í Írak til minni háttar utanríkismála og sú skoðun endurspeglaðist á prestastefnu í gær þar sem aðild Íslendinga að þessum hernaði í Írak var harðlega fordæmdur.

[10:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér hefur verið fært í tal er auðvitað ekki hægt að fjalla um efnislega undir þessum dagskrárlið enda ekkert tilefni eða tóm til þess. Það verðum við að gera við aðrar aðstæður og með öðrum hætti. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem við ræðum þessi mál í sölum Alþingis sem eðlilegt er. Við höfum verið að fjalla um þessi mál og við höfum verið að skiptast á skoðunum um þau.

Ég vil minna á að þann 6. apríl sl., fyrir fáeinum dögum, fór fram utanríkismálaumræða og hæstv. utanrrh. gerði þessi mál að meginefni ræðu sinnar og varði sjónarmið Íslendinga. (**Gripið fram í:** Nei.) (**ÖJ:** Nei. Hernámsliðsins.) Virðulegi forseti. Þetta voru sjónarmið ríkisstjórnar Íslendinga. (**ÖJ:** Ekki Íslendinga.) Það er auðvitað þannig, virðulegi forseti. Sama hvað háttvirtur frammíkallandi segir þá var það þannig að við höfðum fullkomið tækifæri til að ræða þessi málefni þá (Gripið fram í.) efnislega og við gerðum það heilan dag. Hv. þm. þarf ekki stöðugt að reyna að koma í veg fyrir að ég hafi orðið þegar hæstv. forseti er búinn að gefa mér það. Hv. þm. er alveg maður til þess að biðja um orðið og tala úr ræðustólnum. Hv. þm. hafði líka tækifæri til þess og notaði það, ef ég man rétt, í umræðunni sem fram fór hér um utanríkismál 6. apríl. Þá fór fram efnisleg umræða um þetta mál. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað láta eins og þessi mál hafi ekki verið borin upp í þinginu og menn hafi ekki haft tækifæri til að fjalla um þessi mál efnislega. Við höfum þó þrátt fyrir allt haft tækifæri til þess margoft, bæði þann 6. apríl í umræðu um utanríkismál og enn fremur í málum sem hafa verið borin upp á þinginu og málum sem hafa verið tekin upp utan dagskrár. Það er því ekki eins og þessi mál hafi aldrei verið rædd og það er ekki eins og ríkisstjórnin, ríkisstjórnarflokkarnir og þingmenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki skýrt sjónarmið sín.

Þessi mál eru einfaldlega þess eðlis að þar vorum við að taka erfiða ákvörun og sem betur fer var það niðurstaða ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna að vera í andstæðingaliði harðstjórnar Saddams Husseins. Ég kalla eftir því að menn segi (Forseti hringir.) hvernig þeir ætluðu að koma þeim harðstjóra frá. (**ÖJ:** Ertu að verja pyntingar?) Ég er að verja ... (**ÖJ:** Þú ert að verja pyntingar.) (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) Hv. þm. er hins vegar stöðugt að koma sér undan því að svara einfaldri spurningu. (Forseti hringir.) Hvernig vildi hann koma harðstjóranum Saddam Hussein frá? Vildi hann kannski hafa hann við völd áfram? (**ÖJ:** Útúrsnúningur.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Hv. þingmenn eru beðnir um að fara ekki í tveggja manna tal hér (**ÖS:** Og halda sig við tíma.) og halda sig við tímamörk.)

[10:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að ekki er tími til þess hér í stuttri umræðu um störf þingsins að fara djúpt efnislega í þetta mál. En það er sjálfsagt mál að bæta úr því. Ég fer hér með formlega fram á það, herra forseti, að umræða verði utan dagskrár um þá stöðu sem nú er uppi í Írak og að til svara verði helst bæði utanrrh. og hæstv. forsrh. Það er best að bræðralagið haldi líka í því að þeir standi ábyrgir fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það væri æskilegt, herra forseti, að semja um að menn hefðu þá rýmri ræðutíma þannig að hægt væri að fara rækilega yfir þetta mál. (Gripið fram í.) Þessir hlutir eru óuppgerðir hér (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) og það hefur margt til tíðinda borið í Írak, því miður, síðan 6. apríl sem ástæða er til að taka til umræðu á nýjan leik. Þessi mál eru óuppgerð hér. Ekki verður deilt um það að beri íslenskir ráðamenn, hæstv. ráðherrar Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, ekki lagalega og formlega persónulega ábyrgð á ákvörðunum sínum sem deila má um þá bera þeir a.m.k. pólitíska og siðferðilega ábyrgð og fyrir henni skulu þeir standa. Í Danmörku hefur þegar einn ráðherra sagt af sér vegna ábyrgðar danskra stjórnvalda á því sem fram fer í Írak. Hann valdi þann kost að taka á sig og axla vissa pólitíska ábyrgð á þeim hörmulegu mistökum dönsku ríkisstjórnarinnar að vera á lista hinna staðföstu þjóða og senda eitt gamalt herskip áleiðis til Persaflóans sem kannski er ekki komið þangað enn. Þátttaka Dana er því í sjálfu sér ekki mjög frábrugðin hinni íslensku að öðru leyti en þessu.

Það vantar að gera þessi mál hér upp. Auðvitað eiga hæstv. ráðherrar að biðja þjóðina afsökunar. Þetta var gert í trássi við hana. Ekki var löglega staðið að ákvarðanatökunni. Það er hægt þó seint sé formlega að afturkalla stuðninginn og það á auðvitað að gera. Ég endurtek, herra forseti, ósk mína um að hér fari fram umræða utan dagskrár um þessi mál.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur eðlilegt að ósk um slíka umræðu verði borin upp á fundi forseta með formönnum þingflokka.)

[10:54]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Í aðdraganda síðustu alþingiskosninga gafst mér sem betur fer tækifæri til að ræða þessi mál varðandi innrásina í Írak við fjölmarga aðra þingmenn. Því miður hafði ég ekki tækifæri í þessum sölum, enda ekki kjörinn þingmaður þá, að ræða þessi mál. Ég hélt því ávallt fram að ef við færum þarna inn, tækjum afstöðu í þessu máli, þá mundum við búa til fleiri harðstjóra eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var að tala um áðan.

Hver er staðan í dag? Þessir fleiri harðstjórar spretta upp eins og gorkúlur um allt Írak. Landið logar í ófriði. Hvenær ætlar fólkið í okkar landi að skilja að stríðsrekstur eins og í Írak elur af sér meira hatur, býr til fleiri harðstjóra, býr til hættulegri menn.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kemur hér og raular og tautar og vælir yfir því að við ræðum þessi mál. Þetta er grafalvarlegt mál. Við höfum margoft rætt það og við eigum eftir að ræða það margoft í þessum sölum. Ég held að allir hv. þingmenn séu mér sammála í þeim efnum. Því er mér frámunað að skilja að maðurinn komi upp, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, og gráti yfir því að við ræðum eins alvarlegt mál.

[10:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. sem hér talaði síðast væri sæmra að reyna að hlusta á það sem sagt er úr þessum ræðustóli. Ég var einfaldlega að vekja athygli á því að hvorki væri tilefni né tóm við þessa aðstæður undir þessum formerkjum að ræða þessi mál efnislega og eins og hv. þm.

Steingrímur J. Sigfússon benti réttilega á er það auðvitað kjarni þessa máls.

Ég er ekki að biðjast undan því að þessi mál séu rædd í þingsölum enda hafa þau margoft verið rædd hér og það er auðvitað margs konar tilefni til þess. Þetta er stórt mál. Þetta er stórpólitískt og utanríkispólitískt mál. Ég vakti athygli á því að við vorum heilan dag, 6. apríl, eðlilega að ræða um utanríkismálin og þessi mál voru kjarni þeirrar umræðu og þau voru burðarásinn í ræðu hæstv. utanrrh. Þess vegna var fullt og nægilegt tilefni til þess að fara yfir þau mjög efnislega og mjög ítarlega þann dag eins og þingmenn gerðu. Ég vakti einfaldlega athygli á því að þarna höfðum við tækifæri til að ræða málin efnislega.

Ef menn vilja ræða þessi mál þá er það a.m.k. hvað mig áhrærir mér alls ekki á móti skapi. Ég tel þvert á móti mjög nauðsynlegt að við vekjum athygli á því að við Íslendingar kusum að berjast gegn harðstjóranum Saddam Hussein. En ég vek líka athygli á því að þeir sem hér hafa talað hafa allir með tölu komið sér undan því að fjalla um það með hvaða hætti þeir vildu koma þeim harðstjóra (Gripið fram í.) frá ef þeir þá vildu það. (**Gripið fram í:** Þeir vildu ekki koma honum frá.)

[10:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er átakanleg umræða. Það var ákveðið að gera innrás í Írak til þess að bregðast við gereyðingarvopnum þar. Þeir sem voru fengnir til þess af hálfu Sameinuðu þjóðanna að leita gereyðingarvopna fengu ekki að klára verkið sitt. Hans Blix var kallaður heim. Hann hefur sagt það eftir á að þeir voru að ljúka störfum sínum. Það var engin þörf á innrásinni vegna gereyðingarvopna. En það var rokið inn um það bil sem menn sáu að þar voru ekki gereyðingarvopn og eftir að innrásin var gerð var fundin ný ástæða. Nýja ástæðan var sú að það þyrfti að taka þennan mann, Saddam Hussein. Það var ekki ástæðan þegar Ísland skrifaði sig á listann. Höfum þetta á hreinu. Síðan hefur verið stríð og hörmungar, mannfall óbreyttra borgara, kvenna, barna, gamalmenna, venjulegs fólks sem býr í venjulegum húsum í þessu hrjáða landi. Og ungir menn koma unnvörpum í kistum heim til landanna sinna sem ýmist tóku þátt í þessu eða voru innrásaraðilar (Gripið fram í.) eins og Bandaríkin.

Virðulegi forseti. Nú síðast eftir gífurleg átök í Falluja ... (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Nú *síðast eftir gífurleg átök og stríð í Falluja er gerð loftárás á* Falluja. En hvað er svo gert? Og það stendur eftir á þessum að morgni. Af hverju erum við að ræða þetta? Af því að okkur verður um. Þá er gerður samningur við fyrrverandi herforingja Saddams Husseins. Hverjir gera það? Innrásarliðið, Bandaríkin. Það er gerður samningur við herforingja Saddams Husseins um að nú taki þeir við. Það er viðskilnaðurinn í Falluja eftir þessar hörmulegu vikur. Er að furða að okkur, venjulegum þingmönnum uppi á Íslandi sem höfum verið gerð ábyrg fyrir stríði í Írak, verði um og kjósi að tala hér um hlutina jafnvel í fjarveru foringja ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.)

Útlendingar, 3. umr.

Stjfrv., 749. mál (aðlögunarheimildir stækkunarsamnings ESB og EES o.fl.). — Þskj. 1552, brtt. 1535,1.b.

[10:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú við 3. umr. stjfrv. ríkisstjórnar Íslands um breyting á lögum um útlendinga. Það er ekki laust við að vel fari á því að hefja þessa 3. umr. í kjölfar umræðunnar sem hér varð um störf þingsins um innrásina í Írak og aðild okkar að henni sem hefur dregið fram gerræðisleg vinnubrögð þeirrar ríkisstjórnar sem við búum við sem hefur farið sínu fram án þess að tala við kóng eða prest, án þess að tala við utanrmn., án þess að ráðgast við Alþingi og hvað þá heldur þjóðina sína í þessu stærsta máli síðustu ára, innrásinni í Írak. Og hvað höfum við rætt undanfarna daga? Við höfum rætt gerræðisleg vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar.

Herra forseti. Á morgun, 1. maí, stækkar Evrópusambandið í 25 lönd. Íbúafjöldi þessa mikla sambands fer úr 385 *milljónum í 460 milljónir. Í álfunni er gert ráð fyrir miklum* hátíðahöldum í kvöld. Stöðuna á Evrópska efnahagssvæðinu, sem nú er að verða 460 milljónir, munum við ræða síðar í dag undir því þingmáli sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir mun mæla fyrir, þáltill. um stækkun Evrópusambandsins. Þar mun ég koma aftur í umræðuna og ræða þennan þátt.

Þessi viðburður, jafnótrúlegt og það hljómar, er orsök þess að hér er flutt þetta umdeilda frv. um útlendinga sem skilur ríkisstjórnina eftir berskjaldaða í viðhorfum sínum til umheimsins. Sá viðburður að Evrópusambandið stækki í 25 lönd og 460 milljóna sambúð fólks sem vill fara með friði, vera með friði, vinna hvert með öðru og leysa upp stríð og hörmungar í álfu sem logaði í óeirðum fyrir u.þ.b. 60 árum þegar við vorum að verða sjálfstætt ríki, árið 1944, er hvati frv. Þetta munum við líka ræða síðar í dag, friðarþátt Evrópusambandsins. Sá atburður að 460 milljónir ætli að starfa saman í einu sambandi og umræðan um frelsi fólks til atvinnu eru ástæður þess að Sjálfstfl. og Framsfl. gripu til þess örþrifaráðs að taka óvænt inn í slíkt frv. atriðin sem hafa orðið svo umdeild á síðustu vikum og sérstaklega á síðustu dögum. Sá atburður að Evrópusambandið verði 460 milljónir er ástæða þess að Framsfl. og Sjálfstfl. grípa til þess að taka inn tvo varamenn stjórnarliðanna í skjóli myrkurs *í gær til að geta greitt atkvæði og geta gengið til verka og* lögfest þau vafasömu ákvæði sem er að finna í því frv. sem í raun átti bara að vera vegna stækkunar Evrópusambandsins.

Undir kvöld í gær kom í ljós að þingmenn sem voru með fjarvist og voru á leið heim um helgina mundu ekki geta greitt atkvæði sem varð að greiða út af ákvæðunum um EES. Þá var gripið til þess ráðs að kalla inn varamenn þannig að þeir þingmenn sem hefðu átt að koma heim, þar á meðal formaður utanrmn. sem á ólokið verkum sínum í utanrmn., komast ekki til starfa nema þingið starfi lengur en næsta hálfa mánuðinn. Það getur líka svo sem orðið. Það verður samt ekki hún sem stýrir vinnu í utanrmn., það verður ekki hún sem axlar þá ábyrgð sem hún hefði viljað viðhafa þegar hún kæmi heim um helgina.

Þessa vandræðagangs sem þjóðin varð vitni að verður lengi minnst vegna þess að hann var fullkomlega ástæðulaus, bara ef menn hefðu haldið á málum eins og fólk. Ástæðan byggist fyrst og fremst á tvennu, valdasýki og skorti á samráði. Það er það sama sem við höfum séð í öllum

málunum sem við höfum rætt að undanförnu, valdasýki og skortur á samráði. Þetta er einkennisbragur á þeirri ríkisstjórn sem nú situr. Ég harma það.

Meginforsendan í frv. er nefnilega heimildin til að nýta sér aðlögun á breytingum á vinnumarkaði sem fylgir því að 10 lönd bætast í Evrópusambandið, sem fylgir fjölgun á svæðinu, eins og ég hef sagt, úr 385 milljónum í 460 milljónir. Lengi vonuðust menn til þess að ekki þyrfti að hafa aðlögun að því að vinnumarkaðurinn opnaðist fyrir alla. Niðurstaðan varð samt sú að næstum öll lönd Evrópusambandsins, ég held meira að segja öll nema eitt, ákváðu að nýta sér aðlögunina. Ekki vegna þess að hún beindist beinlínis gegn því fólki sem væri að koma 10 nýjum löndum inn í Evrópusambandið heldur vegna þess að gera mátti ráð fyrir því að þegar svona stór stækkun yrði í einu kæmi mikið los á fólk og að vinnumarkaður, ekki síst lítill og viðkvæmur vinnumarkaður eins og hjá okkur, þyldi ekki breytinguna ef hún yrði of hröð. Það er til fyrirmyndar að fram til síðustu stundar var Alþýðusamband Íslands fylgjandi því að ekki yrði nýtt neitt aðlögunarákvæði, heldur yrði vinnumarkaðurinn opnaður eins og hann hefur verið á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og út frá þeirri hugmyndafræði sem við ætluðum okkur sem unnum að því að Evrópska efnahagssvæðið og samningurinn yrði að veruleika á sínum tíma.

Aðlögunarheimildin er eiginlega í þremur fösum, ef mér leyfist að nota það orð. Sá fyrsti nær til tveggja ára og á honum er tekið í frv., í fyrsta lagi í 17. gr. en þar er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem gildistöku tilvitnaðra ákvæða 35. og 36. gr. laganna um EES-útlendinga verði frestað um tvö ár gagnvart ríkisborgurum hinna nýju ríkja í Evrópusambandinu að frátöldum Möltu og Kýpur. Að öðrum kosti mundu þær ívilnanir sem EES-útlendingar njóta gilda um þessa ríkisborgara frá og með 1. maí 2004. Um efni ákvæðisins vísast að öðru leyti til almennra athugasemda sem eru í frv.

Hins vegar vil ég aðeins geta hér um rétt EES-íbúa sem getið er um í greinargerð á bls. 2 en þar segir:

„Þannig gera stækkunarsamningarnir ráð fyrir að landslög hvers ríkis, sem í gildi eru 1. maí 2004, gildi um þá ríkisborgara nýju aðildarríkjanna sem eru launþegar. Ríki getur ekki kveðið á um strangari takmarkanir en í gildi voru við gildistökudag samningsins en því er heimilt að setja reglur sem eru meira ívilnandi fyrir ríkisborgara nýju aðildarríkjanna.

Ríkisstjórnin hefur, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ákveðið að leggja til að fyrrnefndum aðlögunarákvæðum verði beitt."

Þess vegna erum við að ræða þau hér í þessu frv. og ég ætla að leyfa mér að setja fram þá von, um leið og ég tek það fram að við styðjum þessi ákvæði, að ekki þurfi að beita fösum númer tvö og þrjú í framhaldi af því ef einhver vandræði skyldu vera eftir þennan tveggja ára aðlögunartíma. Vonandi þurfum við ekki að taka seinni heimildirnar, vonandi verðum við búin að fara í gegnum þá aðlögun sem þarf þannig að hér geti verið það opna flæði sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur mið af.

Herra forseti. Það var sátt um það á Alþingi, a.m.k. var sátt um það gagnvart okkur í Samf., að beita þessum aðlögunarákvæðum. Slíkt frv. um aðlögunarákvæðin sem var bundið af tímasetningunni 1. maí hefði því fengið greiðan aðgang gegnum þingið og verið lögfest þess vegna fyrir löngu vegna þess að um það var enginn ágreiningur. Þetta frv. sem varðar stækkun Evrópusambandsins hefði fengið greiða afgreiðslu gegnum þingið og verið lögfest. Þá hefði ekki orðið vandræðagangur og tímaþröng. Þá hefði ekki þurft að kalla á varamenn í skjóli myrkurs til að greiða atkvæði klukkan 22 í gærkvöldi til að tryggja að hinum umdeildu áformum yrði komið í gegn. Það hefði ekki þurft að kalla inn varamenn og það hefði ekki þurft að fara í útgjöld vegna þess að nú verða tveir varamenn hér í hálfan mánuð sem ekkert hefði þurft að kalla inn. Stjórnarflokkarnir og aðrir sem eru áhugamenn um framgang samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefðu svo sannarlega séð til þess að þessi ákvæði hefðu náð fram að ganga og verið lögfest.

Þegar málið er skoðað í því umhverfi að sá tími sem þingmönnum er ætlaður til hefðbundinna þingstarfa og löggjafarstarfa er nú kominn niður fyrir hálft ár og að ráðuneytin ráða ekki við að koma öllum frv. ráðherra sinna tímanlega fyrir þingið í þessu starfsumhverfi eru það dæmalaus vinnubrögð að setja svona umdeild ákvæði, eins og hér voru rædd í gær og eru áfram rædd í dag, í sama frv. og aðlögunina sem varð að ná fram að ganga fyrir 1. maí. Satt að segja nær eitt orð best yfir það sem við hefur blasað í þeim umdeildu málum sem hafa skekið þjóðina, fjölmiðlafrumvarpinu og útlendingafrumvarpinu, og sannarlega höfum við heyrt það fyrr á þessum morgni. Orðið er frekja. Langur valdatími, þau áhrif að stjórnarliðum finnst sjálfsagt að keyra allt í gegn sem þeim sýnist í stað þess að ástunda lýðræðisleg vinnubrögð og samráð, leiðarljós sem eru viðhöfð annars staðar en þekkjast ekki hér — það er ekkert orð yfir þetta lengur annað en frekja. Það er óviðunandi að fylgjast með þeim vinnubrögðum sem stjórnarliðið hefur smám saman tekið upp.

Ég hlýt að minna á það hér, og ágætt að það kom fram í umræðunni áðan um Írak að danskur ráðherra axlaði ábyrgð vegna þess að Danir höfðu skrifað upp á þá 30 viljugu, að það hefur verið haft að leiðarljósi í öllum stærri málum á Norðurlöndunum að hafa samráð um alla þýðingarmikla og stærri löggjöf, að það sé a.m.k. upp undir 80% stuðningur í þingunum þeirra við þýðingarmikil mál sem eiga að lifa lengi með þjóðinni. Það er farsælt vegna þess að ef þau vinnubrögð eru viðhöfð kemur ekki næsta ríkisstjórn og eyðir miklum kröftum í að breyta öllu til baka. Þá hefur verið haft samráð um mál sem hafa þýðingu fyrir fólkið í landinu og samfélagið sem við höfum verið að skapa hér í gegnum áratugi og aldir.

Í stað þess er það þannig með þann stjórnarmeirihluta sem svo lengi hefur ríkt að menn vilja ekki sjá og ekki heyra og þeir segja þegar þeir mæta andstreymi: Áróður, áróður. Það er ekkert skrýtið þó að það sé svona mikil ólga í samfélaginu, þetta er bara áróður.

Þetta höfum við heyrt hér og manna á meðal á kaffistofunni þegar verið er að ræða hvað þjóðin hefur risið harkalega upp vegna fjölmiðlafrumvarpsins: Áróður. Það er ekki af því að við höfum gert rangt, ekki af því að við séum ekki með lýðræðisleg vinnubrögð, ekki af því að við höfðum ekki samráð, heldur er það bara vegna þess að einhverjir óprúttnir aðilar hafa verið með áróður. Þess vegna rís þjóðin upp gegn okkur.

Það er viðkvæði stjórnarliða.

Það er dálítið furðulegt ef satt skal segja. Það sem verið er að tala um þarna úti — þá vísa ég aftur til fjölmiðlafrumvarpsins og biðst velvirðingar á því, herra forseti, en það

er algengt að maður vísi til annarra frumvarpa eða laga í umræðu sinni um tiltekin mál — og veldur eldfiminni eru staðreyndir sem sérfræðingar hafa sett fram. Ekki pólitíkusar, ekki óvinveittir pólitíkusar, heldur sérfræðingar á sviðinu, sumir hverjir sérstakir vinir ríkisstjórnarinnar, sérfræðingar sem eru hliðhollir ríkisstjórninni og starfa jafnvel í flokkunum þeirra. Þeir hafa komið fram og sagt að það sé mat þeirra að fjölmiðlafrumvarpið brjóti í bága við stjórnarskrá, að frv. sem þessi ríkisstjórn leggur fram í krafti valdsins brjóti í bága við stjórnarskrá. (**Gripið fram í:** Hvað kemur það útlendingamálinu við?) Það kemur því við að ég er hér að fjalla um mjög umdeilt útlendingafrumvarp og svo virðist sem þannig sé komið fyrir ríkisstjórninni að hún stjórnist miklu fremur af frekju en nokkru sinni lýðræðislegum vinnubrögðum. Það á ekkert skylt við pólitík.

Það á í rauninni ekkert skylt við pólitík þegar hér eru keyrð í gegn frumvörp sem fullyrt er af sérfræðingum að standist ekki stjórnarskrá. Það er að verða vani að Hæstiréttur felli dóma um að lög, því miður, standist ekki stjórnarskrá, að þau brjóti í bága við tiltekin ákvæði og hingað inn hafa komið frumvörp þar sem þarf að breyta fyrri lögum sem byggðust á frumvörpum af þessu tagi sem við gagnrýndum af því að niðurstaðan hefur orðið að þau brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár. Þetta er auðvitað ólíðandi vinnulag, vinnulag sem er ekki til sóma fyrir Alþingi. Þetta eru slæm vinnubrögð og það er þess vegna sem ég leyfi mér að nota þetta barnalega orð, frekja, þegar menn eru orðnir þannig að þeir hlusta ekki á neinn, ekki á ráðgjöf og fara sínu fram hvað sem tautar og raular.

Í öðrum þingum er þessu öðruvísi farið. Ég nefni Finnland. Ég átti nefnilega því láni að fagna að vera þar á ráðstefnu í desember á vegum Alþingis þar sem fjallað var m.a. um vinnu þinganna í sambandi við gerðir Evrópusambandsins. Þegar Finnarnir urðu frjálsir settu þeir upp merkilegustu nefndina á sínu þingi og hún hefur það verkefni og hefur haft það alla tíð síðan að skoða hvert einasta frv. með tilliti til stjórnarskrárinnar. Ekki eitt einasta frv. fer í gegn og verður að lögum í Finnlandi nema það hafi fengið þessa vönduðu skoðun. Hér er ekki einu sinni hlustað á það, hvorki þegar stjórnarandstaðan í nefnd eða aðilar úti í bæ, sérfræðingar og lögfræðingar, lýsa því yfir að nú skuli vara sig, nú skuli hægja á.

Af því að ég geri EES-málið að svo miklu meginmáli, a.m.k. í upphafi ræðu minnar, vil ég árétta það að stjórnarandstaðan bauð það tímanlega í allshn. að taka út EES-ákvæðin og lögfesta þau þannig að tímaþröng yrði því máli ekki til trafala. Það var auðvitað ekki þegið. Stjórnin ætlaði í gegn með mál sitt á þeim tíma sem hún ætlaði sér. Þannig er það. Þess vegna voru þau ekki tekin út og afgreidd með stuðningi okkar, nei. Þannig vinnur ekki stjórnarmeirihlutinn. Við viljum, við ætlum, við ráðum. Það eru einkunnarorð hans. Ég hlýt að gagnrýna það vegna þess að tilefnið er liðnir dagar á Alþingi og að hér er verið að koma inn með frv. eftir að fresturinn er útrunninn, hér er verið að koma með umdeild frv. og menn ætla að fara með þau í gegn. Það á að fresta þinglokum og ég harma það ekki. Mér finnst að þingið eigi að standa miklu lengur en 5 1/2 mánuð en vinnubrögðin við það eru óásættanleg.

Svo ég víki aftur að útlendingafrumvarpinu var ríkisstjórnin mjög lengi að koma sér að því að endurskoða gamla úrelta útlendingalöggjöf sem hér var við lýði. Ég get farið aftur til þess tíma þegar Þorsteinn Pálsson, hæstv. þáverandi dómsmrh., var með dómsmálin. Vetur eftir vetur var ég nefnilega með fyrirspurnir um hvað liði endurskoðun á útlendingafrumvarpinu. Ég var þá mjög upptekin af því að mannréttindasamtök kölluðu eftir breytingum á hinni gömlu úreltu löggjöf. Samkvæmt henni var ekki farið að alþjóðasamningum, ekki var gætt réttar flóttamanna þegar þeir komu til landsins, hvorki að tryggja þeim eðlilegan málflutning, túlk né réttaraðstoð. Það var ekki farið að flóttamannasamningi SÞ og þegar ég kallaði eftir endurskoðun á útlendingafrumvarpinu var ég fyrst og fremst með það í huga að lýðræðisríkið Ísland mundi bæta löggjöf sína þannig að það gæti verið hnarreist gagnvart því hvernig það fer samkvæmt alþjóðasamningum og að meðferð flóttamanna væri ævinlega slík að um hana ríkti sátt og að meðferðin væri samkvæmt því sem við, miðað við okkar gildi, gætum verið ánægð með.

Það er fyndið að hugsa til þess núna að þegar maður var að reka á eftir endurskoðuninni hefði maður trúað því að ný íslensk löggjöf, endurbætt ný íslensk löggjöf, mundi bæta réttindi útlendinga. Hún yrði eingöngu sett til að bæta réttindi útlendinga. Það varð ekki þannig, því miður. Þvert á móti þegar löggjöfin leit loksins dagsins ljós — það var þegar hv. þm. Sólveig Pétursdóttir var dómsmrh. — virtist eins og það væri leitast við að nýta öll finnanleg ákvæði í alþjóðasamningum sem gerðu okkur kleift að vísa flóttamönnum alltaf til baka, reyna að finna allar leiðir til að vera með það í löggjöf að við gætum alltaf vísað flóttamönnum til baka. Það gerum við líka, sendum þá til annarra landa, þvoum hendur okkar af óþægindum og höldum áfram að úthýsa flóttamönnum sem hingað leita af því að við getum það samkvæmt löggjöf. Við veljum þá af kostgæfni sem okkur þóknast að flytja hingað inn samkvæmt því að ákveðið var í ríkisstjórn í nokkur ár að taka á móti um það bil 30 flóttamönnum á ári. Við veljum þá af kostgæfni og vísum svo helst öðrum frá. Þetta er inntak þeirrar löggjafar sem varð til loksins þegar endurskoðuð löggjöf sá dagsins ljós. Það er ekki mjög glæsilegur vitnisburður fyrir þjóðina sem er yfirleitt svo hátt metin á erlendum vettvangi vegna aldagamallar lýðræðishefðar.

Það hefur líka komið fram í umsögnum með frv. að verið er að taka af réttinn til talsmanns. Það verður afdrifaríkt fyrir flóttamenn sem hingað koma. Þeir eiga ekki lengur möguleikann á því að fá talsmann sér til aðstoðar og þetta er gagnrýnt mjög alvarlega í þeim góðu umsögnum sem sendar voru til allshn. Ég vil sjá að við tökum í vinsemd og með virðingu á móti því fólki sem velur Ísland sem sinn nýja samastað. Það er fólkið sem í meginatriðum er fjallað um með nýju ákvæðunum í flóttamannafrumvarpinu. Það á nefnilega ekki að taka á móti þessu fólki í vinsemd og með virðingu sem hingað kemur og sem í nærri öllum tilfellum kemur hingað til að vinna hér og deila kjörum með okkur. Það er ekki eins og við þurfum ekki á þessu fólki að halda. Alls staðar á Vesturlöndunum þurfum við á því að halda að fólk annars staðar frá velji að koma og búa með okkur, deila kjörum og gera okkar land að sínum samastað. Það er orðið þannig að í sumum löndunum þar sem þjóðháttabreytingar urðu á undan okkar breytingum er beinlínis mikil þörf fyrir að útlendingar setjist að í löndunum ef fólk á að geta farið með þeim hætti á eftirlaun. Það er of fátt fólk í þeim löndum til að vinna fyrir þeim stóra hópi sem fer á eftirlaun. Það blasir við okkur og ekki bara það, heldur blasir við að í mjög mörgum störfum sem ekki er hægt að manna lengur hefur komið fólk annars staðar frá sem vinnur þessi störf fyrir

okkur. Ég harma það að þetta fólk vinnur fyrst og fremst láglaunastörfin. En það kemur hingað og vinnur og a.m.k. höfum við þannig löggjöf að það sama gildir í launum um Íslendinga og aðra þá sem koma til að dvelja með okkur. Ég vil sjá löggjöf sem tryggir þá lýðræðislegu opnu samfélagsvitund sem við Íslendingar höfum alltaf búið við, alltaf. Ég vil sjá réttláta löggjöf sem gildir um Íslendinga og útlendinga og að þeir sem hingað koma geri það með því hugarfari að lifa við og samkvæmt þeim lögum sem Íslendingar búa við, deila með okkur kjörum og reglum sem byggja á fullum mannréttindum allra, þeirra sem eru á vinnumarkaði, barna, fullorðinna, aldraðra. Þess vegna vekur frv. furðu og andúð. Þess vegna hefur þetta útlendingafrumvarp mjög verið rætt í öllum þeim geirum þar sem fólk þekkir til, að ríkisstjórnin setji allt önnur lög um útlendinga sem hér ætla að lifa en um okkur sjálf, allt önnur lög um þá sem ætla að gera Ísland að samastað sínum ef þeir koma annars staðar að, ef þeir koma frá fjarlægum stöðum.

Stjórnin ætlar að búa þeim annan hjúskaparaldur, önnur ákvæði, setja aldursmörk á það hvort ættingjar, foreldrar, afi og amma fái að koma. Þetta er það sem blasir við. Stjórnarliðið hefur reynt að klóra sig út úr þessu en þetta er það sem blasir við. 24 ára reglan um giftingu, 66 ára reglan um ættingja sem mega koma og dvelja og lífsýnaákvæðið endurspegla það viðhorf til þeirra sem hingað koma að þeir séu með annarleg áform. Þetta hefur verið harðlega gagnrýnt. Þetta er ekki eitthvað sem við í stjórnarandstöðunni erum að finna upp. Laganefnd Lögmannafélagsins leggst gegn samþykkt þessa ákvæðis um lífsýni að óbreyttu og því hefur verið lýst yfir að það væru fyrst og fremst orðalagsbreytingar en ekki efnisbreyting á lífsýnaákvæðinu. Líka hefur verið gagnrýnt af þeim sem sendu inn umsögn frá Persónuvernd að það eigi að vera meginregla að reglur verði látnar gilda um líkamsrannsóknir fyrir alla, ekki sér fyrir einhverja, heldur jafnt fyrir alla á Íslandi.

Virðulegi forseti. Í umræðum í gær, í nefndaráliti, framsögu og öðrum umræðum hefur Samf. fært mjög vel rök fyrir því hvaða afstöðu hún hefur til þessa frv. sem ég hef líka tekið til umræðu. Ég hef fyrst og fremst viljað vekja athygli á því vegna þeirra sem fylgjast með umræðum á Alþingi að forsenda fyrir frv. var EES-aðild okkar. Samf. vill fella brott 16. gr. frv. og hún vill og hefur flutt brtt. um að frekar verði tryggt refsinæmi málamyndahjónabanda og nauðungarhjónabanda en að setja þessa 24 ára reglu. Sú tillaga var að sjálfsögðu felld.

Í frv. er líka lagt til að það verði gert refsivert að hafa í vörslu sinni falsað vegabréf, fölsuð skilríki eða falsaða vegabréfsáritun. Eðli málsins samkvæmt koma ákveðnir hópar fólks yfirleitt ólöglega yfir landamæri og þá oft með fölsuð ferðaskilríki. Þá vísa ég aftur til þess sem mér hefur verið hugleikið og það eru flóttamenn og koma þeirra hingað. Það er í andstöðu við 31. gr. flóttamannasamnings SÞ sem Ísland fullgilti 1. mars 1956 að ákæra í öllum málum vegna falsaðra skilríkja án þess að tillit sé tekið til sérstakra aðstæðna flóttamanna. Þessi regla er undirstrikuð í leiðbeiningarreglum UNHCR til ríkja um málefni flóttamanna. Minni hlutinn telur að setja beri í lagatextann sjálfan fyrirvara um að þetta ákvæði eigi ekki að ná til flóttamanna. Það náði að sjálfsögðu ekki fram að ganga.

Þann 13. desember 2000 var af Íslands hálfu undirritaður Palermo-samningur SÞ gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og viðauki við samninginn um mansal. Ákvæði 16. gr. frv. í h-lið ganga gegn samningnum um að refsa skipuleggjendum mansals en vernda fórnarlömbin. Fórnarlömb mansals eru nefnilega oft með fölsuð ferðaskilríki. Þess vegna hefur Samf. talið að það bæri að gera fyrirvara í lagatextanum varðandi fórnarlömb mansals sem kunna að hafa fölsuð skilríki í vörslu sinni.

Virðulegi forseti. Samf. flutti í gær afar góðar tillögur til að bæta frv. Því miður voru þær allar felldar. Þetta mál er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, það er samkvæmt vilja hennar og endurspeglar hug hennar. Við viljum ekki vera þar með í liði.

[11:30]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var aldeilis makalaus ræða sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hélt hér um frv. til laga um breyting á útlendingalögum. Ræðan fjallaði minnst um frv., fjallaði miklu frekar um annað frv. og var stjórnskipunarlegt manifesto þingmannsins um það hvernig ríkisstjórnir ættu að haga sínum málum við stjórn. Hún kallaði framlagningu þessa frv. og annarra valdasýki, frekju og að skortur hefði verið á samráði hvað þetta frv. varðar.

Nú veit ég ekki hvort hv. þm. hefur veitt því athygli en á fund allshn. komu hvorki fleiri né færri en 22 gestir og umsagnir bárust frá 27 aðilum. Yfir allar þessar umsagnir var farið, við alla þessa gesti var talað og allir gátu þeir komið sjónarmiðum sínum að gagnvart nefndinni. Það sem meira er, tekið var tillit til margra þessara athugasemda og atriða. Þetta kalla menn valdasýki og skort á samráði. Ég leyfi mér að efast um að svo sé.

Í upphafi ræðu hv. þm. kom fram að forsenda frv. væri stækkun Evrópusambandsins. Þess vegna vil ég benda hv. þm. á að það er kannski rétt að taka fram að þau ákvæði sem hv. þm. setur hvað mest út á, án þess að fara efnislega í gagnrýnina, munu ekki gilda um aðila EES-samningsins, heldur borgara utan EES-samningsins. Frv. varðar ekkert hina borgarana eins og þingmaðurinn lét þó að liggja.

[11:32]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað munu þessi ákvæði sem við erum að setja út á gilda fyrst og fremst um útlendinga utan EES. Það veit hvert mannsbarn hvaða forsendur eru fyrir EES-samningnum. Það á bara ekkert saman að taka frv. sem á að fjalla um EES-samninginn og var bundið við 1. maí og setja þar inn þessi ákvæði um útlendinga utan EES. Þess vegna hefði verið nóg að fjalla um slíkt frv. í haust. Það hefur ekkert með það að gera að við erum að stækka EES-svæðið. Við skulum hafa það á hreinu.

Það komu 22 gestir á fund allshn. og það var ekkert gert með það. Við gerð frv. var ekkert samráð haft við samtök þess fólks sem á í hlut á sama hátt og ekkert samband var haft við þá aðila sem eiga hlut að máli við samningu fjölmiðlafrumvarpsins. Alls staðar úti í bæ er búið að vera að fjalla um það. Þó að þingmaðurinn kunni því illa að ég dragi saman vinnubrögðin í ólíkum málum er það samt algengt hér á Alþingi. Undir þingmálum getum við rætt það sem okkur býr í brjósti um málið og skyld málefni. Það gerði ég. Það var full ástæða til þess á þessum morgni að draga fram hver vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru, að hún hefur t.d. ekki samráð þegar hún undirbýr löggjöf. Hún leyfir það, jú, að kallað sé á aðila í nefndirnar en hún gerir bara ekkert með það. Þetta styður allt sem ég hef hér sagt.

[11:34]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. gerir lítið úr því að 22 gestir hafi verið fengnir á fund allshn. og fullyrðir að á þá hafi ekki verið hlustað. Þetta er bara einfaldlega ekki rétt. Ég leyfi mér að mótmæla fullyrðingum í þessa átt og vísa í það nál. sem liggur fyrir frá meiri hluta allshn. Þar kemur fram að einmitt var tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu, þar á meðal varðandi meðferð á fölsuðum persónuskilríkjum og vegabréfum frá aðilum sem eiga undir högg að sækja og eru í raun fórnarlömb og flóttamenn en ekki glæpamenn eða fólk sem er að brjóta vísvitandi gegn lögunum. Þetta kemur allt fram í nál.

Hv. þm. lét hér líka svo margar rangfærslur flakka, t.d. um 24 ára regluna. Hvað sagði þingmaðurinn þar? Að annar hjúskaparaldur ætti að gilda um erlenda ríkisborgara en Íslendinga? Hvers lags vitleysa er þetta? Þetta er algjör þvæla. Reglan gengur út á það að fólk á aldrinum 18–24 ára getur ekki sjálfkrafa aflað sér dvalarleyfis einungis á grundvelli hjúskapar. Það þýðir ekki að þetta fólk geti ekki gift sig fyrr en það er orðið 24 ára og þaðan af síður að það geti ekki aflað sér dvalarleyfis. Það bara gerir það á öðrum forsendum, á sínum persónulegu forsendum. Ef þingmaðurinn les nál. kemur það fram að ef þetta fólk er í hjúskap á þeim tíma sem það sækir um dvalarleyfi skoðast sú hjúskaparstaða þeim til tekna við meðferð umsóknarinnar.

Það væri ástæða til að gera nánari grein fyrir enn fleiri rangfærslum sem komu fram í máli hv. þingmanns og ég mun kannski gera það síðar.

[11:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó ekki væri, þó ekki sé krukkað í fólk ef það er í hjúskap þegar það kemur. Þó ekki væri. Ef fólk er orðið 24 ára þegar makinn kemur, bæði eru 24 ára, fær einstaklingurinn sjálfkrafa þau réttindi sem Íslendingar hafa. En ef einstaklingurinn er ekki orðinn 24 ára hefur hann ekki þau réttindi, og þá eru ákvæðin um hjúskap ekki þau sömu. Þá eru bara mismunandi hjúskaparákvæði. Þingmaðurinn skilur ekki einu sinni sitt eigið frv. Og hvað er enn þá þarna inni? 24 ára reglan, 66 ára reglan, DNA-ákvæðið og það ómar frá þessu frv. útlendingaandúð.

Þingmaðurinn gerir það að umtalsefni og segir að ég geri lítið úr því að 22 gestir hafi komið á fund allshn. Það eru bara hefðbundin, sjálfsögð vinnubrögð á Alþingi Íslendinga og hafa verið svo lengi sem ég hef verið hér að verða við öllum óskum um að gestir komi og greini frá athugasemdum sínum við frumvörp. 22 eða 52, sjálfsagður hlutur. (**Gripið fram í:** Hefðbundin meðferð, er það skortur á samráði?) Það er ekki samráðið sem við erum að tala um. Ef reynt er að leita samráðs er það bæði þverpólitískt og við samtök sem í hlut eiga þannig að sátt verði um löggjöfina. Það er ekki samráð að setja upp frv., jafnvel ómanneskjulegt frv., senda það inn í þingið, setja það í allshn., fá 22 á fundinn og gera síðan ekkert með það. Þá skilur maður ekki orðið samráð. Allt sem ég hef sagt stendur, herra forseti.

[11:38]

Útbýting þingskjals:

Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, 277. mál, nál. samgn., þskj. 1551.

[11:39]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fá að koma hér að smáathugasemd. Í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan komst hún þannig að orði í lokin, ef ég man rétt, að Samf. hefði komið með ótal brtt. við frv. en þær hefðu því miður ekki náð fram að ganga við atkvæðagreiðslu í gær.

Herra forseti. Þetta er kannski ekki alveg rétt. Á nál. minni hluta allshn. er Frjálsl. einnig með án fyrirvara, hv. þm. Gunnar Örlygsson. Hv. þm. Frjálsl., Gunnar Örlygsson og Sigurjón Þórðarson, sátu fundi allshn. þegar þetta mál var til umfjöllunar og allur þingflokkur Frjálsl. greiddi atkvæði með brtt. sem komu fram í nál. minni hluta allshn. hér í gærkvöldi.

Hins vegar vil ég líka þá nota tækifærið, herra forseti, einmitt til að harma það að engin af þessum ágætu brtt. hafi hlotið brautargengi hér seint í gærkvöldi. Það var sorglegt að verða vitni að því að tveir þingmanna Framsfl., hv. þm. Jónína Bjartmarz og Kristinn H. Gunnarsson, kusu bæði að sitja hjá. Ef þau hefðu fylgt sannfæringu sinni í þessu máli og greitt atkvæði eftir henni liti landslagið öðruvísi út í dag en það gerir, því miður.

[11:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hárrétt ábending hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni og ég biðst velvirðingar á því að hafa ekki látið það koma fram að fulltrúar Frjálsl. voru án fyrirvara á álitinu, að Vinstri grænir eru með áheyrn í nefndinni og studdu álitið og að þessir flokkar stjórnarandstöðunnar stóðu saman að þeim ágætu brtt. sem við fluttum. Mér finnst það mjög mikilvægt og vil undirstrika í þessu svari við andsvar hvað það var mikilvægt að stjórnarandstaðan skyldi hafa eina sýn í þessu mikilvæga máli og flytja málflutning sinn einum rómi, bæði í tillögum og umræðunni sem hér hefur farið fram. Ég var með orðum mínum að láta í ljósi skoðun og tillögur Samf. og er alltaf að reyna að passa að gera ekki öðrum flokkum upp skoðanir.

Ég þakka því hv. þm. fyrir ábendinguna og það gefur mér tækifæri til að árétta þetta.

[11:42]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er fram haldið 3. umr. um breyting á lögum um útlendinga.

Núna er búið að dreifa í þingsal frv. eins og það lítur út eftir fall allra tillagna hér í gær, sem ber að harma. 17. gr. er það sem allt átti að snúast um. Það átti einungis að snúast um stækkun EES og undanþágur þar frá, annað átti að bíða, en stjórnin sætti lagi með meiri þrengingar, eins og fram hefur komið.

Auðvitað hefur þessi viðbót sem var sett á 17. gr. og þær breytingar sem gerðar voru í leiðinni valdið óróleika meðal stjórnarþingmanna. Það segir sig sjálft að búið er að tefja þetta mál of lengi út af þessum vinnubrögðum og þess vegna eru allir komnir í tímahrak með það í dag að klára málið vegna gildistíma. Lögin verða að öðlast gildi á morgun.

Ég vil líka minna á umsögn til allshn. frá Alþýðusambandi Íslands þar sem talað er um aðlögunarhluta frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands áherslu á að sá hluti frumvarpsins sem snýr að aðlögunarfrestum vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins verði afgreiddur fyrir 1. maí nk. sem og aðrir þeir þættir

frumvarpsins sem samstaða er um. Hvað varðar annað efni sem mikill ágreiningur er um leggur ASÍ til að afgreiðslu verði frestað að sinni til að tækifæri gefist til að skoða þau mál frekar og leita leiða til að skapa sem víðtækasta sátt um niðurstöðuna."

Við þessu var ekki orðið, herra forseti, eins og þingheimi er kunnugt og þeim sem hafa fylgst með þessu máli. Því miður erum við því með frv. til laga sem kannski má kalla ákveðin ólög þar sem ágreiningur er um það hvort verið sé að brjóta á mannréttindum, lýðræði, jafnræðisreglu stjórnarskrár o.s.frv. Það væri óskandi að hægt væri að láta á það reyna. Að sjálfsögðu er útlendingasamfélagið órólegt yfir samþykktum gærdagsins. Fólk úr öllum flokkum, öllum ungliðahreyfingum allra stjórnmálaflokka sem sitja á Alþingi, hefur líka ályktað um þessi mál, þá ekki síst 24 ára regluna svokölluðu. Auðvitað kemur það við unga fólkið í landinu. Fólk er hneykslað og veit ekki hvernig það á að bregðast við, því það er, eins og ég segi, óróleiki í útlendingasamfélaginu og það er eins og ákveðinn misskilningur ríki um það hvernig stofnun Útlendingastofnun er. Kannski halda allir að þetta sé með betri þjónustustofnunum landsins en ég held að útlendingasamfélagið upplifi hana ekki alveg þannig án þess að ég ætli að taka að mér að fella dóma um það. Samt get ég sagt að hún hefur verið kölluð höfnunar- og hindrunarskrifstofa útlendingamála. Stofnunin þarf að skoða sín mál, við höfum talað um það. Við höfum líka talað um að gera þurfi breytingar á Útlendingastofnun. Það þarf að breyta henni í stofnun sem er með réttinn og lögin algerlega á hreinu, vinnur fyrir það fólk sem þangað leitar, er þjónustustofnun, að úrskurðir hennar verði gefnir út og að yfir henni verði sérstök stjórn þannig að fólk viti ávallt að réttur þeirra sé tryggður. Það er grundvallaratriði. Þetta er eitt af því sem ég ræddi í gær við 2. umr.

Úr því að verið er að endurskoða útlendingalögin sem voru um margt mjög slæm skil ég ekki af hverju ekki er farið í allsherjarskoðun. Við gætum tekið EES núna eins og við höfum alltaf sagt og farið í almennilega skoðun á hinu síðar, hermt loksins eftir því hvernig stofnanir annars staðar á Norðurlöndunum raunverulega fúnkera á sviði útlendingamála. Af þeim getum við mikið lært og útlendingasamfélaginu væri gerður sómi með því að við færum í slíka vinnu. Ekki verður okkur að ósk okkar að sinni með það.

Helst er 24 ára reglan gagnrýnd sem ég nefndi áðan. Það eru 30 þúsund Íslendingar á þeim aldri. Ákveðinn hluti þeirra mun hitta ástina sína á þeim aldri og lenda í hindrunum. Ég mun vitna aðeins í mjög skemmtilega blaðagrein á eftir í því sambandi.

Ég vil líka gera alvarlegar athugasemdir við þessi nýju lög sem á að samþykkja í dag að hvergi kemur fram fyrirvari eða neitt varðandi DNA eða 7. gr. Hvar eigi að taka sýnin, hvar eigi að geyma þau, hver beri ábyrgðina á þeim o.s.frv. Er Útlendingastofnun komin með lækni í þjónustu sína? Hvernig á að fara með þetta? Hver á að bera kostnaðinn? Það kemur ekkert fram um það. Það á að setja í reglugerð en það kemur ekki fram í lagatextanum. Í útlendingafrv. sem við ræddum fyrir tveimur árum var í annarri hverri grein alltaf sagt: Og mun hæstv. dómsmrh. setja reglugerð varðandi málið. Svo er ekki hér. Það er handvömm og ég geri verulegar athugasemdir við það.

Eins og ég sagði áðan hafa ungliðar allra stjórnmálahreyfinga barist hatramlega gegn þessu og hafa starfað með Alþjóðahúsi og með samtökum útlendinga til að reyna að hnekkja því sem hér er verið að framkvæma. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í afskaplega skemmtilega grein sem var í Morgunblaðinu í gær. Hún er skrifuð af Hákoni Skúlasyni, varaformanni Félags ungra framsóknarmanna í Reykv. n. Mig langar aðeins að drepa niður á tvö til þrjú atriði í greininni til þess að sýna hvernig samræðan gerist hjá unga fólkinu í landinu. Hann er að fjalla um þingmál nr. 749 og segir, með leyfi forseta:

„Björn er að reyna að girða ástina inni með gaddavír. Segjum svo að íslenskur ríkisborgari fari í nám til Danmerkur. Þar verður hann ástfanginn af 20 ára stúlku með suður-afríska ríkisborgararétt. Þau ákveða það að ástin þeirra sé sú eina sanna og þau ákveða að taka næsta skref. Eignast börn og búa saman. Ef hún síðan ákveður að flytjast með honum til Íslands, segjum 22 ára gömul, þá hefst skrípaleikurinn því það er ekki leyfilegt. Þau verða að bíða í 2 ár þar til hún verður 24 ára gömul til að mega koma til langdvalar í landinu. Þegar þau loksins komast til landsins þá kvikna upp grunsemdir hjá yfirvöldum „bíddu er þetta ekki samsæri?" Til að komast til botns í þessu er gripið til þess ráðs að gera skyndiárásir á heimili þeirra og þau látin sanna fyrir yfirvöldum að þau séu í raun og veru ástfangin. Hann verður yfirheyrður um uppáhalds hárspreyið og tannkremið hennar og hann náttúrulega veit ekki neitt „ég bara hef ekki pælt í því hvaða hársprey hún notar, satt best að segja". Hún náttúrulega hefur ekki hugmynd um hvað uppáhaldstölvuleikurinn hans heitir. Það er frekar óruggt að ef farið væri í skyndiárás inn á heimili hjá fólki af íslenskum uppruna þá hefði karlinn ekki hugmynd um hvaða hársprey eða tannkrem konan notar. Það er mjög líklegt að hann hafi ekki hugmynd um nafnið á sínu eigin tannkremi, hann kallar það bara tannkrem."

Greinin sendir ákveðnar húmoríska eiturpillur í átt að frv. og því ber að fagna því ég held að húmorinn sé ákveðin mildi til þess að reyna að átta sig á því hvað er í gangi. En mig langar aðeins að líta aftur niður því greinin er afar skemmtileg, með leyfi forseta.

Millifyrirsögnin er: „Tekið sýni úr tengdó."

„Skrípaleikurinn breytist í háalvarleg brot á mannréttindum og persónuvernd einstaklingsins. Dag einn er tengdamamman tekin til yfirheyrslu og látin sanna það að hún sé virkilega móðir dóttur sinnar. Það er tekið af henni DNA-sýni til að sanna skyldleika hennar við dótturina. (Vá, það væri ljótt ef dóttirin hefði verið ættleidd á sínum tíma.) Jæja, komið hefur í ljós að hún sé virkilega mamma stúlkunnar. Þá (tekur plan B við?) taka við heimsóknir yfirvalda á heimili þeirra án dómsúrskurðar og heimsóknirnar geta átt sér stað hvenær sem er sólarhringsins. Þar sem upphaflegur grunur liggur í að þarna sé ekki um raunverulega ást að ræða heldur „málamyndabúskapur þá leita yfirvöld að sönnunargögnum um líf þeirra ...".

Síðan leiðir Hákon meiri líkur að þessu og fer enn á kostum sem er eðlilegt að unga fólkið geri. Það eykur skilning sín á milli með því að setja þetta í samhengi. En að lokum segir hann, með leyfi forseta:

„Skilaboðin eru skýr: Ef þú verður ástfanginn af útlendingi þá ertu einfaldlega í djúpum skít."

Svo mörg voru orð Hákonar Skúlasonar, varaformanns Félags ungra framsóknarmanna.

Það eru enn alvarlegir ágallar á frv. sem komu fram í umræðunni í gær. Það hefur ekki verið komið með brtt. við þá og hefði átt að skoða það, en það á kannski eftir að láta

reyna á frv. gagnvart dómstólum. Það væri kannski sú leið sem þyrfti að fara. En það er mjög erfitt fyrir útlendingasamfélagið að bjóða sig fram í slíkt. Það getur verið þungbært. Umræðan í dag heldur eflaust áfram og við munum greiða atkvæði eftir hádegi um þetta afleita frv.

[11:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er komið að 3. umr. um þetta umdeilda frv. um breyting á lögum um útlendinga. Meiri hluti gærdagsins fór í að kryfja þessi mál til mergjar en það er engu að síður af nógu að taka í umræðunni. Við getum haldið áfram að fjalla um ákveðin atriði frv. og það sem hefur valdið þeim deilum sem staðið hafa um nokkurt skeið frá því að frv. kom fram.

Ég get tekið undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem fjallaði um EES-ákvæðin. Það er rétt að ítreka að allir stjórnarandstöðuflokkarnir stóðu að því sameiginlega að bjóða ríkisstjórninni upp á að setja EES-ákvæðin í útlendingalögin. Það var sjálfsagt mál en við gagnrýndum ríkisstjórnina frá fyrsta degi fyrir að reyna að smygla inn í frv. afar umdeildum ákvæðum, jafnvel ákvæðum sem búið var að taka út úr útlendingafrv. fyrir tveimur árum síðan. Þá var mikið tekist á um ákveðin atriði sem nú eru komin inn sem afturgöngur og eru sett í gegnum þingið með því ofbeldi sem sýnt var af hálfu ríkisstjórnarflokkanna í gærkvöldi. Það er ekkert skrýtið þótt hv. stjórnarandstaða í þessum sölum sé orðin langþreytt á þeirri valdstjórn sem hér ríkir nú því aðferðirnar sem notaðar eru eru aldeilis forkastanlegar.

Þau atriði sem mig langar að gera að umtalsefni í ræðu minni, virðulegi forseti, varða framtíðina því spá mín er sú að þess verði ekki langt að bíða að annaðhvort íslensk stjórnvöld eða dönsk, sem eru sömuleiðis undir þá sök sett að vilja takmarka möguleika ungra einstaklinga sem eru í hjúskap að komast inn í landið, fái á sig kærur sem gætu allt eins endað fyrir Mannréttindadómstólnum í Strassborg. Það kann að vera að þess verði ekki langt að bíða að einhverjir einstaklingar láti á það reyna fyrir þeim dómstóli hvort íslenskum stjórnvöldum er heimilt samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu að leiða þá reglu sem hér um ræðir í lög. Mín skoðun á því máli er sú að reglan gangi gegn ákvæðum mannréttindasáttmálans. Ég vil meina að hún brjóti jafnræði á borgurunum, þeim sé mismunað og mannréttindasáttmálinn bannar alla mismunun. Máli mínu til stuðnings vil ég vitna í mannréttindasáttmála Evrópu en samkvæmt 1. gr. hans er okkur skylt að virða mannréttindi. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings."

Ef við skoðum kafla samningsins sem fjallar um hjúskap, þ.e. 12., 13. og 14. gr., segir í 12. gr., með leyfi forseta:

„Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi."

Hver eru landslög um hjúskaparréttindi á Íslandi? Réttindin eru þau að ungt fólk getur gengið í hjónaband þegar það hefur náð 18 ára aldri, ekki 24 ára aldri. Hv. þm. stjórnarliða hafa verið að reyna að gera lítið úr þeirri reglu sem verið er að innleiða og segja að ef íslenskur ríkisborgari eða Íslendingur komi með erlendan maka sinn inn í landið og sæki um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar verði auðvitað horft til þess hjúskapar og ekki sé verið að setja þessa reglu yfir alla, en samkvæmt orðanna hljóðan gæti maður samt sem áður haldið að hún ætti við.

Við skulum athuga það, virðulegi forseti, að opinber yfirvöld fara ekki alltaf þannig með valdheimildir að sómi sé að. Það kann að vera að stjórnvöld og þeim sem hafa valdheimildirnar verði uppálagt að fara eftir ýtrustu skilyrðum heimildarinnar og því tel ég vera hættu á ferðum í þeim efnum. Ég ætla að vitna áfram til mannréttindasáttmála Evrópu, með leyfi forseta, sem í 13. gr. fjallar um réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, en það er annað atriði sem er mjög mikilvægt í þessum efnum, þ.e. hvaða möguleika fólk sem lendir í þessum höftum hefur til að leita réttar síns:

„Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn."

Afar mikilvægt er að horft sé til þeirrar reglu í sambandi við lagasetninguna því að við erum að auka svo valdheimildir stjórnvalda að ekki er ólíklegt að fólk fari að leita réttar síns í auknum mæli sem það samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu hefur fullan rétt á.

Við höfum haldið því fram, stjórnarandstöðuþingmenn, í umræðunni að það sé verið að brjóta mannréttindi, að verið sé að mismuna fólki. 14. gr. í mannréttindasáttmála Evrópu bannar alla mismunun og ekki bara hún því að stjórnarskrá okkar bannar mismunun og það nægir að vitna í 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Þetta er úr stjórnarskránni okkar, hinni íslensku stjórnarskrá sem á að tryggja það að allir menn séu jafnir fyrir lögunum. Sambærilega grein er að finna í mannréttindasáttmála Evrópu. Þar segir í 14. gr., með leyfi forseta:

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu."

Þessi grein er algerlega óyggjandi varðandi bann við mismunun þannig að eins og ég sagði áðan, herra forseti, þó að ég sé kannski ekki með neina sérstaka spádómsgáfu eða sé að stæra mig af slíku, þá er það svo að ég spái því að út frá þeim reglum sem ég nú hef lesið úr mannréttindasáttmála Evrópu verði þess stutt að bíða að íslensk stjórnvöld fái á sig kærur þar sem þau gætu þurft að standa fyrir máli sínu. Hver ætlar að hjálpa þeim þá? Hver ætlar að standa við bakið á þeim þá? Þá verður ekki hægt að kalla inn einhverja varamenn sem koma og bjarga skinni þeirra eins og gert var í gær. Við eigum eftir að spyrja að leikslokum í þessu máli, virðulegi forseti. Það er spá mín og trú.

Það er ekki bara 24 ára reglan sem hefur verið umdeild í málinu, 66 ára reglan hefur verið það líka en þar er verið að þrengja heimildir fólks til fjölskyldusameiningar. Það er verið að þrengja heimildir útlendinga sem búa löglega í landinu til þess að fá foreldra sína eða eldri ættingja til að koma og segjum til að hjálpa þeim, létta undir með þeim að lifa í landinu. Við skulum átta okkur á því að það er eðlilegt í samfélögum í farlægum löndum að stórfjölskyldan

sé saman, þykir miklu eðlilegra en hér og er miklu algengara en hér tíðkast. Það er því eðlilegt að fólk leiti eftir samruna fjölskyldnanna og afar og ömmur eru oftast nær jafnvel yngri en 66 ára, sérstaklega þegar um ung barnabörn er að ræða. Við getum því gert ráð fyrir að afa og ömmu sé full þörf á heimilum þar sem svo er ástatt um frá því að viðkomandi eru kannski innan við fimmtugt. Því spyr maður: Hvers vegna slík þrenging? Er það vegna þess að íslensk stjórnvöld halda að þetta fólk fari að vaða inn á vinnumarkaðinn og taka störf frá Íslendingum? Nei, varla getur það verið, við flytjum inn þúsundir útlendinga til að vinna störf hér á landi. Og þó svo að viðkomandi einstaklingar gætu komið sem viðbót inn á vinnumarkaðinn vita allir Íslendingar hvernig það er að sækja um starf þegar maður er kominn um miðjan aldur þannig að það er engin ógn af þessu fólki, ekki nokkur. Hér er um mannúðleg sjónarmið að ræða, að heimila eigi fjölskyldusameiningu, heimila eldri ættingjum, öfum og ömmum að koma til landsins og hjálpa fjölskyldum sínum áfram í lífsbaráttunni sem er ekki svo auðveld eða einföld á Íslandi og kannski ekki hvað síst erfið fyrir útlendinga sem eru að aðlagast nýrri menningu og nýjum þjóðfélagsháttum. Það er sannarlega ekki leikur einn eins og við höfum mörg dæmi um.

Stjórnarmeirihlutinn hefur krafist þess að þetta fari allt í gegn og slíkar þrengingar séu gerðar á lögunum og þau mál runnu öll eftirminnilega í gegnum atkvæðagreiðslu við 2. umr. í gærkvöldi og á sennilega ekki eftir að líða mönnum fljótt úr minni.

Eina grein vil ég enn gera að umtalsefni, það er 3. gr. frv. sem ég ætla að einbeita mér að í máli mínu núna en það varðar spurninguna um lífsýnatökuna. Sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, hvað varðar lífsýnatökuna sem sett er heimild um í frv. að enda þótt orðalagið hafi verið eitthvað mildað eða reynt að breyta hugsuninni í brtt. meiri hlutans í gær hljómar hún engu að síður þannig að það skiptir öllu máli hvernig farið er með valdheimildina. Ég vil leyfa mér að lesa upp úr frv. eins og það er eftir 2. umr., c-lið 7. gr., 2. mgr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hefur Útlendingastofnun heimild til að fara fram á að umsækjandi um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða skv. 2. mgr. 13. gr., ef fyrirliggjandi gögn í því efni eru ekki talin veita fullnægjandi sönnun um skyldleikann.“

Hverjir eiga að meta það hvort fyrirliggjandi gögn eru talin fullnægjandi eða ekki? Jú, það eru þeir sem standa í hliðinu, það er Útlendingastofnun sem á að meta það hvort viðkomandi gögn séu nægileg eða ekki. Segjum sem svo að viðkomandi einstaklingur sem er að sækja um dvalarleyfi sætti sig við það að þurfa að skila inn lífsýni en hvar stöndum við þá? Hvað mundi lífsýnið sanna? Í umræðum um málið í allshn., frú forseti, kom fram varðandi þetta atriði að lífsýni séu í raun og veru algerlega ófullkomin til þess að sanna eða afsanna skyldleika. Það eru ótal dæmi um að börn séu rangfeðruð. Dæmi eru um að konur verði ófrískar eftir nauðgun og segi aldrei neinum frá því, hvorki manni sínum né barni. Svo eru jafnvel ættleiðingar sem börnum hefur ekki verið sagt frá. Og hvað á að gera við fósturbörn og fóstursystkini þannig að menn verða að átta sig á að sú heimild sem sett er í 7. gr. sannar ekki neitt, hún gerir ekki það gagn sem viðkomandi yfirvöld, íslensk stjórnvöld telja að hún muni gera þannig að hér er verið að setja inn allsendis óþarfa reglu, reglu sem á ekki eftir að nýtast til nokkurs skapaðs hlutar en er að brjóta að mínu mati mannréttindi á fólki. Hvaða mannréttindi? Friðhelgi einkalífsins.

Samkvæmt mannréttindasáttmálum og slíkum reglum mega jú réttindi sæta ákveðnum takmörkunum en við skulum fletta upp á friðhelgi einkalífsins, það er rétt að ég vitni í umsögn sem mér fannst afar athyglisverð sem allshn. fékk frá Fjölmenningarráði sem lýtur að þessu efni, nákvæmlega þeirri grein, 7. gr., en í þeirri umsögn segir, með leyfi forseta:

„Í mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur staðfest og gerst aðili að, svo og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, er friðhelgi einkalífsins meðal helstu mannréttinda. Það er viðurkennt jafnt á alþjóðavettvangi og í íslenskum lögum að þessa friðhelgi megi rjúfa ef rökstuddur grunur er á að einstaklingur hafi framið refsiverðan verknað. Ströng skilyrði eru þá lögð á stjórnvöld sem tryggja eiga einstaklinginn og að meðalhófs sé gætt af hálfu stjórnvalda. Engin dæmi eru í íslenskum lögum þar sem stjórnvaldi er heimilt að krefja lífsýnis við rannsókn mála, að undanskilinni heimild lögreglunnar til blóðsýnis ef grunur er um ölvunarakstur. Ekki er aðeins um að ræða heimild til að þvinga fram samþykki fyrir slíkri sýnatöku, heldur er það án dómsúrskurðar og Útlendingastofnun, sem burt séð frá staðreyndum er í eðli sínu stofnun sem útlendingar/innflytjendur bera ekki mikið traust til, fær slíka heimild án dómsúrskurðar.“

Virðulegi forseti. Mér finnst engum blöðum um það að fletta að hér er verið að brjóta gegn friðhelgi einkalífs með þessari reglu, með reglu sem er allt eins vís til að skila engu þegar til ætti að taka.

Fjölmenningarráð tekur líka fram í umsögn sinni það sem ég gerði að umtalsefni í máli mínu rétt áðan að íslensk lög, eins og lög ýmissa annarra ríkja, feli það í sér að fæðist barn í hjónabandi þá er eiginmaður móðurinnar lagalegur faðir barnsins. Það er hægt að sanna eða afsanna skyldleika með lífsýni því það kann að vera að viðkomandi einstaklingur sé ekki blóðskyldur viðkomandi ættingja sínum en sannarlega ættingi hans þó, þannig að sú vitneskja sem skapast getur við það að erfðaefni er greint frá einstaklingi getur jafnvel haft mjög alvarlegar afleiðingar og Fjölmenningarráð óttast að í tilfellum þar sem börn vita ekki hverjir eru raunverulegir blóðforeldrar þeirra geti það valdið miklum skaða á fjölskyldusamböndum. Ég tel því að hér sé mikilvægt að fara að með mikilli gát og satt að segja eru íslensk stjórnvöld búin að haga sér eins og heill her af fílum í postulínsverslun í þessu máli. Það er skammarlegt að við skulum ganga fram með þeim hætti að við skulum vera að innleiða reglur sem, eins og ég hef rakið, að öllum líkindum stríða gegn stjórnarskrá okkar, mannréttindasáttmálum, sáttmálanum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og fleiri samninga mætti eflaust tiltaka.

Mergurinn málsins er þó sá, virðulegi forseti, að Ísland er ekki eyland. Hingað sækir fjöldinn allur af útlendingum sem hefur hingað til auðgað menningu okkar til muna og mig langar til að ljúka ræðu minni með því að vitna til orða Kristínar Njálsdóttur sem starfaði hjá Upplýsinga- og menningarmiðstöð nýbúa og skrifaði í rit sem Barnaheill gaf út 2001 um börn af erlendum uppruna en þar segir Kristín, með leyfi forseta:

„Að aðlagast nýrri menningu og nýjum þjóðfélagsháttum er ekki vandalaust heldur fremur sársaukafullt ef skilningur, virðing og umburðarlyndi meiri hlutans er ekki fyrir hendi.

Því kynntust íslensku vesturfararnir og er okkur Íslendingum hollt að minnast þess þegar við tökum á móti nýjum íbúum með framandi menningu til landsins."

Virðulegur forseti. Það er sársaukafullt fyrir útlendinga sem ætla sér að koma til okkar og deila með okkur kjörum og búa hjá okkur ef skortir á skilning, virðingu og umburðarlyndi meiri hlutans en það er nákvæmlega það sem gerst hefur í þessu máli. Hér skortir tilfinnanlega skilning, virðingu og umburðarlyndi meiri hluta Alþingis Íslendinga.

[12:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í belg við 3. umr. um frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga. Eins og komið hefur fram margoft og ítarlega í vel rökstuddu máli þingmanna stjórnarandstöðunnar er hér á ferðinni vægast sagt vafasöm lagasetning sem afhjúpar, því miður verð ég að segja, hæstv. forseti, viðhorf hæstv. ríkisstjórnar Íslands til veru og stöðu útlendinga hér á landi. Yfir það hefur verið farið, m.a. af þingmönnum Samf., í ítarlegu máli við umræðuna í dag og við 2. umr. málsins og að sjálfsögðu í umfjöllun hv. allshn. um málið. Ég hyggst ekki rekja á ný þær athugasemdir sem gerðar hafa verið eða fara efnislega í þær. Hins vegar langar mig til að setja málið í eilítið sögulegt samhengi en get þó ekki látið hjá líða í upphafi máls míns að minnast atkvæðagreiðslunnar við 2. umr. í gærkvöldi þar sem berlega sást hversu ótraustur meiri hluti ríkisstjórnarinnar er í þessu máli. Auðvitað hefði sá meiri hluti betur séð sóma sinn í því að samþykkja og afgreiða brtt. minni hlutans til þess þó að reyna að gera breytingar á lögum um útlendinga þolanlegar fyrir þá sem þurfa að sæta þeim lögum.

Saga útlendinga á Íslandi er ekki mjög löng. Vissulega hafa komið útlendingar til Íslands með einum eða öðrum hætti alveg frá upphafi Íslandsbyggðar og það voru að sjálfsögðu útlendingar sem námu land á Íslandi á 9. öld. Þeir voru bara svo heppnir að hér var enginn fyrir.

Hæstv. forseti. Á síðustu öld, 20. öld, og sérstaklega á seinni hluta þeirrar aldar fóru menn af erlendum uppruna að koma og setjast að á Íslandi af ýmsum ástæðum. Um miðja öldina, bæði fyrir og eftir seinni heimsstyrjöldina, komu hingað flóttamenn með einum eða öðrum hætti innan þess ófullkomna lagaramma sem þá gilti hér á landi. Því miður voru þeir fáir og í raun allt of fáir. Flestir komu hingað sem vinnufólk, t.d. ungar þýskar konur að lokinni seinni heimsstyrjöldinni þegar búið var að höggva slík skörð í hópa ungra karlmanna á meginlandinu að þar var ekkert að hafa í orðins fyllstu merkingu og eina vinnan sem var að fá var að gerast vinnukona á sveitabæ á Íslandi. Það var gæfa margra þessara kvenna að koma hingað og setjast hér að og mikil gæfa Íslendinga og afkomenda þeirra.

Sama gæfa fylgdi ekki börnunum, gyðingabörnunum, sem reynt var að bjarga frá Þýskalandi nasismans og flytja til landsins á fjórða áratugnum fyrir seinni heimsstyrjöldina. Um það höfðu forgöngu nokkrir einstaklingar hér á landi. Þar fór fremst í flokki Katrín Thoroddsen læknir, síðar þingmaður Sósíalistaflokksins, mikil baráttukona og einhver mesti kvenskörungur 20. aldarinnar hér á landi, leyfi ég mér að fullyrða. Hún vildi og reyndi að koma nokkrum hópi barna til landsins, ekki mörgum en nokkrum, en fékk engan skilning á aðstöðu barnanna hjá íslenskum stjórnvöldum, m.a. hjá Hermanni Jónassyni, þáv. hæstv. forsrh.

Sú saga öll er skammarlegur blettur á Íslandssögunni og lýsti miklu skilningsleysi, þekkingarleysi, skorti á umburðarlyndi og í raun fordómum í garð gyðinga á þeim tímum. Mér þykir margt sem rætt hefur verið hér á undanförnum dögum enduróma þann þekkingarskort, það skilningsleysi og í raun þá fordóma sem ríkja og eru andi þeirra laga sem hér eru rædd og þeirra breytinga sem verið er að reyna að gera.

Ég er ekki viss um, hæstv. forseti, að allir Íslendingar geri sér grein fyrir því að einn maður hefur fengið hæli á Íslandi sem flóttamaður fyrir utan það fólk sem hingað hefur komið í sérstökum aðgerðum sem Íslendingar hafa tekið þátt í á vegum Sameinuðu þjóðanna, að veita hópum flóttamanna, vel skilgreindum og vel völdum eins og fram hefur komið í umræðunni, hæli. Það hefur verið gert í nokkrum mæli á undanförnum 10–15 árum. Að því hefur verið vel staðið og ekkert nema gott um það að segja.

En eftir stendur sú staðreynd að einum manni í allri Íslandssögunni hefur verið veitt pólitískt hæli sem flóttamanni, einni sálu frá Afríkuríkinu Kongó. Þeir sem hafa kynnt sér sögu þess og óöldina sem þar hefur geisað lengi vita að þaðan hafa streymt margir flóttamenn og frá mörgum öðrum löndum. Það er eins og það gleymist í umræðunni að flóttamenn eiga sér oftast uppruna vegna stríða og átaka, vegna ofbeldis yfirvalda gagnvart tilteknum hópum, trúarhópum eða öðrum hópum innan samfélagsins, og að fólk er að flýja af raunverulegri og mjög alvarlegri ástæðu.

Hæstv. forseti. Vissulega eru flestir þeir sem flytja á milli landa í þeim miklu þjóðflutningum sem yfir standa í hnattvæddum heimi samtímans að leita að betra lífi, að leita betri kjara, betri menntunar, betri heilsugæslu og einfaldlega betri lífsgæða fyrir sig og afkomendur sína. Fólkið leggur mikið á sig til þess að komast til nýs lands þar sem aðstæður eru betri, þar sem börnin þeirra fá betri menntun og þar sem börnin eiga möguleika á því að komast til mennta og komast í stöðu sem ekki væri möguleiki á í heimalandinu.

Þetta gerir fólk m.a. með því að koma til Íslands og setjast hér að, annaðhvort tímabundið eða til lengri tíma og vinnur við störf sem jafnvel hæfa að engu leyti hæfni þess og menntun. Hér hafa hámenntaðir einstaklingar um allt land unnið í fiski, störf sem Íslendingar sækjast ekki eftir. Í raun má segja að einu útlendingarnir sem hér hafa sest að á síðustu árum og áratugum og hafa fengið störf í sínu fagi og við sitt hæfi séu að stórum hluta tveir hópar, það eru tónlistarmenn og tónlistarkennarar sem hafa glætt tónlistarlíf Íslands miklu lífi og í raun haldið tónlistarlífinu uppi víðast hvar út á landi t.d. og vísindamenn með mjög sértæka sérfræðiþekkingu sem hefur nýst í ákveðinni starfsemi, t.d. hjá Íslenskri erfðagreiningu svo dæmi sé nefnt.

Það er því að sjálfsögðu þannig að minni hluti þeirra útlendinga sem hingað koma æskir hælis sem flóttamenn. Þá hafa nokkrir einstaklingar fengið að jafnaði á ári hverju, örfáir einstaklingar reyndar, hæli af mannúðarástæðum. Þess er þó skemmst að minnast að tveir ungir drengir frá Srí Lanka voru sendir heim, eftir að þeim hafði að sögn íslenskra yfirvalda mistekist að færa sönnur á aldur sinn, í aðstæður þar sem er mikið óöryggi, borgarastyrjöld eiginlega yfirvofandi þó að heita eigi friður á Srí Lanka og í raun allar aðstæður fólks þannig að maður verður að spyrja sig með hvaða rökum íslensk stjórnvöld gátu sent drengina aftur til baka.

Sama var upp á teningnum hér vegna ungra hjóna, en örlög þeirra hlutu nokkra athygli í íslenskum fjölmiðlum.

Mig minnir að unga konan hafi verið frá Úsbekistan og ungi maðurinn frá Afganistan. Í allri umfjöllun um aðstæður þessara ungu hjóna var algjörlega ljóst að þau yfirvöld sem í hlut áttu virtust ekki gera sér neina grein fyrir því við hvaða aðstæður þetta fólk þurfti að búa við í heimalöndum sínum, Úsbekistan og Afganistan, og það sem verra var, virtust ekki gera neitt til þess að rannsaka og komast að því hvernig lífi fólks er háttað í upprunalöndum og upprunahéruðum þessa unga fólks.

Það er einmitt þetta sem gerir það að verkum að það setur að mér ótta og jafnvel ógn við að standa frammi fyrir því, hæstv. forseti, að þær breytingar sem gerðar eru á útlendingalögunum, og munu líklega ganga í gegn síðar í dag, færa sömu yfirvöldum svo ótakmarkaðar valdheimildir til þess að rannsaka eða réttara sagt rannsaka ekki, ef svo ber undir, til þess að leggja huglægt mat á það hverjar aðstæður fólks séu, oft af ótraustum upplýsingum, og valdheimildir til þess, eins og komið hefur skýrt fram í máli margra hv. þm. stjórnarandstöðunnar, að skera úr um aðstæður fólks án þess að hafa nokkuð í höndunum sem hægt er að treysta á.

Íslendingar bjuggu lengi við lögin um útlendinga frá 1965, lögin um eftirlit með útlendingum. Þau lög voru endurnýjuð árið 2002 eins og flestum hér er í fersku minni. Þær endurbætur, ef svo má kalla, sem voru gerðar þá voru að mörgu leyti skref aftur á bak og því tækifæri sem þá gafst til þess að smíða almennilega útlendingalöggjöf sem mundi tryggja mannréttindi og réttarstöðu útlendinga hér á landi var hreinlega glutrað niður, hæstv. forseti, mjög meðvitað og af mjög skýrum pólitískum vilja meiri hlutans.

Nú, tveimur árum síðar, er vont orðið verra. Á ýmsu hefur maður átt von og þurft að horfa upp á á hinu háa Alþingi, en að hlýða á málflutning meiri hlutans og verða vitni að því hvernig brtt. minni hlutans voru felldar í gærkvöldi hefur valdið mér meiri vonbrigðum en flest annað sem ég hef orðið vitni að á hinu háa Alþingi, vegna þess að í viðhorfi meiri hlutans blundar svo óviðkunnanleg og ógeðfelld afstaða til þeirra sem ekki eru fæddir og uppaldir hér á landi að hún er í raun ótæk, hæstv. forseti. Það er með sorg í hjarta að ég sem þingkona Samf. stend hér og þarf að lýsa mig sigraða í málinu um sinn, hæstv. forseti. En sem betur fer eru haldnar kosningar reglulega á fjögurra ára fresti og vondum lögum má breyta þótt seint sé. Samt munu breytingarnar hafa gífurleg áhrif til hins verra á líf venjulegs fólks sem hingað vill koma til þess að búa og starfa, sem hingað vill koma til þess að sameinast fjölskyldu sinni, ömmur og afar í stórfjölskyldum sem koma til þess að hjálpast að, koma börnum á legg og styrkja og styðja fjölskylduna, ég hélt að það væri kostur, hæstv. forseti. Ég hélt að það væri kostur að styðja og styrkja fjölskylduna, því fjölskyldur eru jú hornsteinar samfélagsins, ekki satt? Víðast hvar annars staðar en hér á landi lifir stórfjölskyldan góðu lífi og er forsenda þess að fólk fái þrifist, komist á legg og komist til mennta.

Þess vegna er mörgum þeim útlendingum sem hér hafa sest að mikið kappsmál og mikið hjartans mál að fá hingað aðra fjölskyldumeðlimi sína. Það er ekki að ástæðulausu. Það er ekki til þess, hæstv. forseti, að fólk geti fundið „hjáleið" inn á íslenskan vinnumarkað, eins og svo ósmekklega er að orði komist.

Hvað er það við íslenskan vinnumarkað sem gerir hann að heilagri kú? Við þurfum á erlendu vinnuafli að halda, bara svo því sé haldið til haga í umræðunni. Við þurfum á því að halda við stórar framkvæmdir og litlar framkvæmdir. Við megum ekki við því, hæstv. forseti, að vanþakka og afþakka starfskrafta þess fólks sem vill búa og starfa hér. Við erum ekki þannig í stakk búin, 290 þúsund sálir á Íslandi árið 2004. Þannig gerist það bara ekki í heiminum í dag.

Þess vegna er miklu mikilvægara að lækka múrana, fella niður hindranirnar og gera frjálsa för fólks um heiminn að raunverulegri frjálsri för þar sem réttarstaða einstaklinganna er skýr og viðmót þannig í löndunum sem farið er til að við gætum hugsað okkur að vera í þeirra sporum ef við þyrftum að flytjast úr landi og fara eitthvert annað. Það er holl regla, hæstv. forseti, að reyna að setja sig í spor annarra.

Íslendingar, útblásnir af þjóðarstolti, gera allt sem þeir geta til að halda uppi minningu, orðspori, starfi og sögu vesturfaranna. Þjóðrækni heitir það og er ágæt fyrir sína parta. En eins og fram hefur komið við umræðurnar í dag var vesturförunum ekki alltaf vel tekið þó aðstæður væru um margt allt aðrar í heiminum fyrir 100–150 árum en nú eru.

Hvað mundi gerast í íslensku samfélagi ef t.d. Víetnamarnir sem hér búa stofnuðu þjóðræknisfélag Víetnams? Skyldu þeir sem hafa fellt breytingar minni hlutans og staðið að þessum vondu lagabreytingum fyllast einhverjum ótta vegna þess að þeir útlendingar sem hér búa vilja að sjálfsögðu halda í uppruna sinn, menningu, minningar og sögu? Af því að það er eins mikill hluti af þeim og það að búa á Íslandi og vera nýir Íslendingar. Það virðist ekki örla á skilningi fyrir því í þeim lögum sem sett voru 2002 og hér er verið að breyta til verri vegar eins og fram hefur komið.

Mig langar líka að minnast aðeins á málamyndahjónaböndin sem virðast orðin eitt af því er ógnar helst öryggi íslenska ríkisins. Öðruvísi mér áður brá, hæstv. forseti. Það hefur komið skýrt fram í athugasemdum þeirra sem gjörst þekkja, þeirra sem best þekkja til, að þær breytingar sem hér eru lagðar til um aldurshámark duga ekki gegn málamyndahjónaböndum. Þær duga ekki til, hæstv. forseti. Félag erlendra kvenna á Íslandi hefur tekið það mjög skýrt fram og fært að því gild rök að í samfélögum þar sem málamyndahjónabönd tíðkast þá tíðkast þau alveg án tillits til aldurs. Þau eru undir öðrum félagslegum aðstæðum komin. Þess vegna, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór ítarlega yfir áðan, mun þetta ákvæði að öllum líkindum engu breyta og alls ekki styrkja stöðu þeirra kvenna sem lenda í því að vera ráðstafað í málamyndahjónabönd, þó að það sem ráði ferðinni í þessari breytingu sé reyndar ekki að mínu viti staða kvennanna heldur miklu frekar það að þær geti komið hingað og fengið dvalarleyfi.

Hæstv. forseti. Að lokum þykja mér breytingarnar í raun endurspegla markaleysi íslenskra stjórnvalda, hæstv. ríkisstjórnar, í umfjöllun sinni um friðhelgi einkalífs og þær breytingar sem hér er verið að gera. Lífsýnatakan hefur verið rædd í þaula, í sjálfu sér er ekki annað um hana að segja en að hún stenst engan veginn, og það vita allir sem vilja horfast í augu við það að skyldleikabönd eru ekki alltaf blóðbönd nema síður sé, hæstv. forseti. Sú breyting á án efa eftir að koma yfirvöldum hér í meiri vandræði en minni. Ég þori að spá því, hæstv. forseti.

En markaleysið og stjórnlyndi ríkisstjórnar Íslands og þær valdheimildir sem yfirvöldum eru færð hér endurspegla því miður, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, viðhorf til veru og stöðu útlendinga hér á landi sem er ógeðfellt, svo vægt sé til orða tekið, og hefur lítið með það að gera að tryggja réttarstöðu þeirra, mannréttindi, mannlega reisn, og

sýnir ekki skilning á aðstæðum þess fólks sem hingað vill koma og deila með okkur kjörum og lífi.

[12:34]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar aðeins til að staldra við það sem hv. þm. fjallaði um að í frv. fælist ógeðfelld afstaða gagnvart þeim sem ekki eru fæddir hér á landi. Í því sambandi fór hún sérstaklega yfir það að frv. mundi hafa gífurleg áhrif á líf fólks og nefndi til að mynda ömmur og afa sem vildu koma hingað til þess að sameinast fjölskyldu sinni.

Af því tilefni vildi ég spyrja hv. þm. hvort henni væri ljóst að hér á landi hafa gilt rúmar reglur fyrir þá aðstandendur sem hún tilgreindi sérstaklega. Af öllum Norðurlöndunum eru Íslendingar með rýmstu reglur hvað varðar umsóknir um dvalarleyfi og réttinn til að fá dvalarleyfi sem gilda á því svæði. Jafnvel eftir að frv. verður að lögum munu gilda rýmri reglur á Íslandi um rétt þessara aðila til að sækja um dvalarleyfi hér en gilda fyrir sömu aðila væru þeir að sækjast eftir dvalarleyfi í Danmörku þar sem enginn sjálfstæður réttur er lögfestur fyrir þá til að sameinast fjölskyldu sinni þar. Í Svíþjóð er enginn sjálfstæður réttur. Í Noregi getur einungis annað foreldra sameinast fjölskyldu sinni á grundvelli sameiningar fjölskyldu, þ.e. sótt um dvalarleyfi á forsendum aðstandanda.

Mig langar því að spyrja hv. þm.: Hefur hún gert sér grein fyrir að hér á landi gilda rýmri reglur um þetta efni en á öllum hinum Norðurlöndunum? Gerir hún sér líka grein fyrir að hér á landi munu áfram gilda rýmri reglur en alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum eftir að frv. verður að lögum?

[12:36]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því hvaða reglur hafa gilt hér á undanförnum árum og að þær hafa verið rýmri en annars staðar á Norðurlöndunum. Ég geri mér fulla grein fyrir því, hæstv. forseti. Það hvað gildir í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð hefur ekkert með afstöðu mína að gera. Ég tel að þær reglur sem gilt hafa um sameiningu fjölskyldna þannig að nánustu aðstandendur geti komið hingað og fengið dvalarleyfi á grundvelli sameiningar fjölskyldna — við erum að tala um það — séu reglur sem við eigum að hafa vegna þess að þær eru mannúðlegar og endurspegla skilning á aðstæðum fólks. Þær eru góðar, þær eru íslenskar og við eigum að hafa þær, hæstv. forseti.

[12:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég skil þá hv. þm. ekki öðruvísi en svo að hún telji að þær almennu reglur sem munu gilda fyrir þá aðstandendur sem ekki hafa náð aldursmarkinu séu svo þröngar og svo ósanngjarnar að ekki sé við því að búast að Útlendingastofnun muni fallast á umsókn þeirra um að koma hingað til lands þrátt fyrir að þeir eigi aðstandendur hér á landi. Og þá mundi ég vilja biðja hv. þm. að gera grein fyrir því í hverju sú ósanngirni felst. Eitt helsta skilyrðið er að viðkomandi geti sýnt fram á að hann geti framfleytt sér hér á landi meðan á dvöl hans stendur. Nú er það svo að engin framfærsluskylda er milli niðja og foreldra og á hvaða forsendum eru reglurnar þá ósanngjarnar?

[12:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á þeim forsendum sem ég hef þegar greint frá. Það að koma hingað og sameinast fjölskyldu sinni um lengri eða skemmri tíma hangir þá á því eins og fyrir aðra útlendinga — segjum sem svo að hingað komi amma, 55 ára, og vilji setjast að, hún þarf að fá starfsleyfi, ekki satt? — að fá leyfi til að dvelja og starfa á Íslandi?

Það er nefnilega mjög erfitt fyrir útlendinga að setjast að á Íslandi, hæstv. forseti. Það er mjög erfitt að setjast að í landi þar sem fólk fær ekki að koma inn nema hafa fyrst í hendi loforð um starf. Þær reglur setja upp fleiri þröskulda en flestir gera sér grein fyrir, og það er þess vegna sem sameining fjölskyldna sem veitir dvalarleyfi á grundvelli skyldleika og fjölskylduaðstæðna er mannúðleg og það er þess virði að halda í það, hæstv. forseti.

[12:39]

Brynja Magnúsdóttir:

Hæstv. forseti. Eftir ansi langa atkvæðagreiðslu í gær og augljósan vilja til engra breytinga á frv. þessu langar mig aðeins að tala um lokaathugasemdir nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis. Þetta er reyndar skýrsla frá 2001 og það eiga eftir að koma viðbrögð við reglulegri skýrslu sem er væntanleg. Mig langar að lesa aðeins úr fréttatilkynningunni, með leyfi forseta:

„Hér eru lokaathugasemdir nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis um það hvernig íslenska ríkið hefur framfylgt skuldbindingum sínum samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 1965. Athugasemdirnar eru gerðar í kjölfar fundar nefndarinnar með íslenskri sendinefnd í Genf í Sviss 7. mars sl. Samkvæmt 9. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis ber aðildarríkjum samningsins að skila reglulega til Sameinuðu þjóðanna skýrslu um ráðstafanir sem þau hafa gert til að fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Á síðasta ári skilaði Ísland 16. skýrslu sinni til nefndarinnar og var hún jafnframt send fjölmiðlum til upplýsingar þann 25. september 2000. Á fundinum í Genf voru ræddar 15. og 16. skýrsla Íslands um framkvæmd samningsins á Íslandi."

Í athugasemdum nefndarinnar er lýst ýmsum jákvæðum atriðum varðandi framkvæmd samningsins, m.a. stjórnarskrárbreytingum sem bættu jafnræðisreglu og bann við mismunun við stjórnarskrána. Einnig er lýst ánægju með aðgerðir ríkis og sveitarfélaga um stofnun miðstöðvar fyrir innflytjendur á Vestfjörðum og stofnun menningarmiðstöðvar nýbúa í Reykjavík í Alþjóðahúsinu, svo og breytingar sem hafa verið gerðar á námskrám leikskóla og grunnskóla þar sem hvatt er til umburðarlyndis.

Ísland á eftir að skila sinni reglulegu skýrslu til Sameinuðu þjóðanna en það átti að gerast 4. janúar 2004. Ég hóf leit mína að skýrslunni í mars en ég veit þó að vinna er hafin í dómsmrn. að þessari skýrslugerð og mun ljúka fljótlega. Miðað við umsagnir Sameinuðu þjóðanna 22. mars 2001 hefur íslenska ríkið verið að standa sig. Gerðar voru ýmsar stjórnarskrárbreytingar sem bættu jafnræðisreglu og bann við mismunun við stjórnarskrána. Það er því óneitanlega stílbrot þegar við förum að mismuna einstaklingum á grundvelli uppruna, að vegna þess að einhver er útlendingur gildi aðrar reglur um hann.

Það verður athyglisvert að sjá hvort skýrslan sem væntanleg er frá dómsmrh. geri að umfjöllunarefni sínu lagabreytingarnar sem eru nú til umræðu og það misrétti sem í

þeim er beitt á margan hátt. Það verður líka athyglisvert að lesa skýrslu nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis þegar hún kemur í kjölfarið. Ég leyfi mér að efast um að nefnd Sameinuðu þjóðanna skili jafnjákvæðum viðbrögðum og hún gerði 2001.

Mig langar að lesa hérna 4. athugasemdina í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, með leyfi forseta:

„Ásetningur aðildarríkisins til að fylgja samningi um afnám kynþáttamisréttis og virða eftirlit nefndar um afnám kynþáttamisréttis á framkvæmd hans er nefndinni fagnaðarefni. Hún veitir með ánægju athygli hinni jákvæðu viðleitni þess til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna og til að tryggja hinum vaxandi fjölda innflutts og erlendis fædds fólks jafnrétti og vernd gegn mismunun, en sú breyting er nýleg fyrir lítið ríki."

Þetta litla ríki, Ísland, var að taka krappa hægri beygju og hverfa frá þessari stefnu. En viðhorfið þessa dagana er: Þeir leita þá bara réttar síns.

[12:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mjög góð og málefnaleg umræða hefur farið fram um frv. og er ljóst að það sætir mjög mikilli gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðunnar en eins og fyrri daginn hrín ekkert á stjórnarmeirihlutanum. Það kom fram m.a. við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. í gærkvöldi. Þó er ljóst að mörgum stjórnarsinnanum, mörgum stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar í þingsalnum líður illa yfir afgreiðslu málsins. Það kom t.d. fram í hjásetu tveggja stjórnarþingmanna og ég hef grun um að margir hefðu viljað fara að dæmi þeirra, jafnvel ganga enn lengra og greiða atkvæði gegn frv.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði rækilega grein fyrir afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í máli sínu og ætla ég ekki að endurtaka efnisatriði sem fram komu í máli hennar en lýsa stuðningi við málflutninginn.

Ég vil staðnæmast við eitt þær örfáu mínútur sem ég ætla að verja til að skýra afstöðu mína til málsins, þ.e. hve víðtæk andstaða er gegn frv. í þjóðfélaginu. Andstaðan er ekki bundin við stjórnarandstöðu á Alþingi. Hún kemur úr öllum áttum í samfélaginu. Ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokkanna sameinast um að gagnrýna frv. Stofnanir á borð við Persónuvernd gagnrýna frv. og telja að ýmis ákvæði þess kunni að vega að friðhelgi einkalífs. Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að fjöldi ákvæða frv. standist ekki stjórnarskrá og mannréttindaákvæði. Er ekki ástæða til að staldra við þegar athugasemdir af þessu tagi koma frá Persónuvernd og síðan laganefnd Lögmannafélags Íslands? Ég vil taka þessar stofnanir og þessa aðila alvarlega.

Kirkjan varar við frv., bæði kirkjuráð og Biskupsstofa, og telur að ganga þurfi tryggilega úr skugga um að frv. skerði ekki mannréttindi einstaklinga. Það hefur ekki verið gert. Það hefur ekki verið gengið úr skugga um það að mati Persónuverndar og laganefndar Lögmannafélagsins, svo að dæmi séu tekin.

Ég bendi einnig á andstöðuna frá hagsmunagæslumönnum þeirra aðila sem lögin eiga að taka til. Reyndar erum við öll hagsmunagæslumenn þeirra aðila en það eru til samtök innflutts fólks sem mæla mjög eindregið gegn samþykkt þessa frv. Fjölmenningarráð leggst gegn frv., Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi leggjast gegn frv., Kvenréttindafélag Íslands varar við því. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rætur, Félag áhugafólks um menningarlega fjölbreytni, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra, Félag Víetnama, Félag Nígeríumanna á Íslandi, Félag foreldra tvítyngdra barna, Félag víetnamskra kvenna og prestur innflytjenda, allir þessir aðilar gera alvarlegar athugasemdir við frv. og hafa hvatt stjórnvöld til að endurskoða það vandlega með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa og breyta því með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, alþjóðlegra sáttmála og reglna um mannréttindi og einstaklingsfrelsi.

Er ekki ástæða til að staldra við þegar þessir aðilar leggjast allir á eitt með að vara við samþykkt frv.? Nánast öll mannréttindasamtök á Íslandi vara okkur við því að samþykkja frv. Á virkilega ekki að hlusta á þá aðila?

Það er sammerkt með stjórnarandstöðunni og þeim félagasamtökum og stofnunum sem ég taldi upp að allir vilja að lög og reglur gildi um fólksflutninga til landsins. Að sjálfsögðu vilja allir að farið sé að þeim lögum og þeim reglum sem settar eru. Deilan stendur hins vegar um hitt, hve langt eigi að ganga, í fyrsta lagi í að reisa skorður við því að fólk flytjist til landsins og í öðru lagi um hvernig eftirliti skuli háttað. Það skiptir nefnilega miklu máli.

Þetta frv. sem liggur fyrir þinginu núna er eitt af eftirlitsfrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Það byggir fyrst og fremst á tortryggni. Í því er gengið út frá þeirri almennu hugsun að allir sem vilji flytja til Íslands hafi eitthvað óhreint í pokahorninu og verkefnið sé að finna hvað það er. Frv. byggir þannig á neikvæðum grunni. Í stað þess að bjóða fólk velkomið er því tekið með þessum hætti. Menn búast við því að allir sem vilji koma til Íslands hafi eitthvað óhreint að fela. Þetta er andinn í frv. Þannig upplifir það fólk sem flust hefur til landsins og stofnað með sér samtök þetta lagafrv. Hvers vegna ekki að hlusta á það? Þetta eru mjög ábyrgir Íslendingar sem hafa sest hér að, aðlagast íslensku samfélagi vel og vilja veg þess sem mestan og bestan. Þeir vilja að samskipti þeirra sem fyrir eru og hinna sem flytjast til landsins, eru fluttir eða eiga eftir að flytjast, verði sem allra best. Er ekki ástæða til að hlusta á hvað þetta fólk er að segja, taka varnaðarorð þess alvarlega þegar lög eru sett um þessi efni?

Sem betur fer er ekki bannað með lögum að breyta lögum. Þótt þetta sé vilji núverandi meiri hluta Alþingis þá bendir margt til þess að dagar hans verði senn taldir. Ljóst er að það er kominn mikill skjálfti í stjórnarsamstarfið á Alþingi. Kannski er rangt að líta svo á að gjáin sé að myndast á milli stjórnarflokkanna. Hún er kannski miklu fremur að myndast á milli ráðherrabekkjarins annars vegar og annarra þingmanna hins vegar. Ég held að margir í röðum almennra þingmanna séu búnir að fá yfir sig nóg af yfirgangi og valdstjórn oddvita stjórnarflokkanna og þeirra sem náðarsamlegast fá að verma ráðherrabekki.

Þegar að því kemur að hér hefur verið myndaður nýr stjórnarmeirihluti á Alþingi þá er ég ekki í nokkrum vafa um að þessi lög verða tekin til endurskoðunar. Þá verður fyrst og fremst hlustað á mannréttindasamtök, á Persónuvernd og hlustað á alla þá sem vilja standa vörð um mannréttindi á Íslandi.

[12:53]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við erum hér við 3. umr. um frv. til laga um breyting á lögum um útlendinga. Meginástæða þess er sú að á morgun verður Evrópusambandið stækkað úr 15 ríkjum í 25, þ.e. þar fjölgar um tíu ríki. Vegna ákvæða um frjálsan

flutning fólks á milli landa Evrópusambandsins og innan Evrópska efnahagssvæðisins á að lögfesta frest á gildistöku þess að fólk geti farið frjálst á milli landa.

Þegar maður skoðar Evrópusambandið vekur það athygli að það er nánast eingöngu búsett hvítum mönnum. Það er markaðssvæði sem rammað er inn í mjög sterka tollmúra til að halda uppi og verja ákveðin lífskjör sem þessir hvítu menn búa við.

Raunveruleikinn á jörðinni er sá að einn fjórði mannkyns þarf að lifa á undir einum dollara á dag, þ.e. 70 kr. eða 2.000 kr. á mánuði. Það er hinn nakti raunveruleiki. Af þeim fjölda, sem er einn og hálfur milljarður manna, er einhver hluti sem þarf að lifa á enn minna og á hverjum degi deyja margir úr hungri, svo margir að síðan ég tók til máls hefur sennilega einhver tugur dáið úr hungri.

Þetta er hinn nakti raunveruleiki en menn horfast ekki í augu við þennan veruleika og í því kristallast þessi umræða. Það er ákveðinn tvískinnungur í umræðunni og hræsni sem felst í því að menn tala fjálglega um jafnrétti, mannréttindi og slíkt en horfa fram hjá hinum nakta veruleika.

Ég held að allir mundu vilja leyfa frjálsa för fólks um alla jörð en afleiðingarnar yrðu hræðilegar. Lífskjörum er svo misskipt og það yrðu þvílíkir fólksflutningar, hjá því fólki sem þarf að lifa á undir einum dollara á dag yfir til hinna ríkjanna, að lífskjör mundu sennilega alls staðar hrapa. Þetta er hinn harði veruleiki.

Við Íslendingar höfum tekið á móti flóttamönnum. Það hafa verið miklar aðgerðir. Við höfum barið okkur á brjóst og sagt: Við erum góð þjóð og tökum á móti flóttamönnum með viðhöfn. En ef menn fara að skoða það nákvæmlega þá kemur dálítið merkilegt í ljós. Þeir flóttamenn eru allir hvítir og auk þess allir menntaðir. Á meðan eru tugir milljóna flóttamanna á reiki um eyðimerkur jarðarinnar eða í flóttamannahverfum stórborga og hafa engan möguleika á að koma til Íslands. Þannig er nú veruleikinn.

Undanfarið hefur verið rætt um það að styrkir til einnar atvinnugreinar, sykurframleiðslu, í Evrópusambandinu, í Bandaríkjunum og víðar, til mjög fárra aðila, valdi því að fátækir bændur í löndum sem framleiða sykur, t.d. á Kúbu og í Afríku og víðar, geti ekki selt vöru sína og verði hungrinu að bráð. Menn hafa talað um það að styrkirnir drepi fólk. Á meðan erum við, á Alþingi Íslendinga, að tala um jafnrétti og mannréttindi, að tala um örfáa útlendinga úr þessu feikna mannhafi sem hingað hafa slæðst.

Afleiðing hinnar miklu misskiptingar, sem er veruleiki á jörðinni, er mansal, smygl á fólki, þar sem fólk er lokað innan ákveðinna landamæra og jafnvel þótt það eigi peninga þá kemst það ekki burt. Það borgar fyrir að komast burt. Því er smyglað og við sjáum afleiðingar þess stundum í því að fólk kafnar í gámum einhvers staðar, einhverjir drukkna á leiðinni frá Kúbu yfir til Bandaríkjanna og margir eru teknir höndum á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna. Þetta eru örfá dæmi sem skolar til okkar á bylgjum fréttanna. Við vitum minnst um það sem er að gerast. Þetta er hinn nakti veruleiki.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hélt ágæta ræðu og ég gat tekið undir nánast allt sem hún sagði, nema þegar ég fór að hugsa um þennan veruleika. Þá gengur þetta bara ekki upp. Við getum því miður ekki beitt fullkominni mannúð gagnvart hinum nakta veruleika. Við erum í rauninni að framfylgja þeirri stefnu að loka þessu landi eins og við höfum gert.

Hv. þm. talaði um íslenskan vinnumarkað, að hann væri engin heilög kýr. En hún sagði jafnframt að þetta væri markaður, sem þýðir það að ef of mikið framboð er á vinnuafli, t.d. með frjálsum innflutningi á fólki alls staðar að úr heiminum, þá mundu launin á Íslandi hrapa, burt séð frá öllum kjarasamningum, af því að þetta er markaður. Íslendingar yrðu atvinnulausir, launin mundu hrapa og lífskjörin á Íslandi sömuleiðis. Ég held að það sé miklu betra að við Íslendingar vinnum að því að efla frjálsræði í viðskiptum í heiminum og reynum þannig að bæta stöðu þess fólks sem lifir á undir einum dollara á dag.

Til landsins koma einstaklingar, margir hverjir giftast Íslendingum í útlöndum, sem samkvæmt lögum eiga sjálfvirkan rétt til dvalarleyfis. Við erum að tala um það. Það er í því sambandi sem menn setja á ýmsar kvaðir vegna þess að ef einn maður kemur með einstakling með sér og svo kemur fjölskylda hans þá koma þeir einstaklingar með fjölskyldu með sér líka og þannig getur þetta orðið snjóbolti sem hleður utan á sig. Þessi sjálfvirka og mannúðlega stefna grefur þannig undan þeim raunveruleika sem við búum við.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann kjósi að fresta ræðu sinni eða hvort hann geti lokið henni á stuttum tíma.)

Ég er eiginlega alveg búinn. Ég tel að þessi umræða kristallist í þessu, þ.e. húmaníska draumsýn og einhverju sem við ættum í sjálfu sér alltaf að stefna að, sem rekst því miður á raunveruleikann sem er allt, allt annar.

[13:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Draumur og veruleiki er sitt hvað, en í daglegu lífi okkar reynum við að sætta hvort tveggja.

Ég er alveg sammála hv. þm., Pétri H. Blöndal, að í hinni bestu veröld allra veralda væri æskilegt að Íslendingar gætu rétt hjálpandi hönd til þeirra sem eru þurfandi með því að bjóða þeim upp á betri kjör innan landamæra okkar. Við vitum hins vegar að ekki er praktískt að gera það af ýmsum ástæðum.

Við sem erum á móti frv. erum ekki alfarið á móti því að tilteknar takmarkanir séu settar á för manna hingað til lands, síður en svo. Við teljum æskilegt að fá fólk af alþjóðlegum uppruna hingað sökum ýmissa ástæðna, menningarlegra, en ekki síst til þess að skjóta styrkum stoðum undir atvinnulíf okkar. Fólk af erlendu bergi brotið bjargaði efnahagslífi Íslendinga á síðasta kjörtímabili. Án þess og þátttöku þeirra hefði það farið úr skorðum og orðið óðaverðbólga, það er ég viss um að hv. þm. gerir sér grein fyrir.

Við þurfum samt sem áður að reisa skynsamlegar skorður við því að flutningar verði ekki úr hófi hingað til lands, vegna þess að við getum sennilega ekki tekið á móti öllum þeim sem vilja koma hingað og boðið þeim upp á það sem við skilgreinum sem mannsæmandi kjör. Við erum hins vegar að deila um það við stjórnarliðið hvers konar skorður er sanngjarnt og rýmilegt að reisa. Sumar af þeim sem er að finna í frv. hæstv. dómsmrh. eru þess eðlis að hægt er að fallast á þær. Við höfum sjálf lagt fram hugmyndir að slíku í tímans rás með ýmsu móti.

Hér er hins vegar að finna ákveðna hluti sem ekki er hægt að fallast á sem brjóta mannréttindi fólks og jafnvel þótt þeim væri ýtt út úr frv. mundi það ekki leiða til þeirra vandkvæða sem hv. þm. talar um.

[13:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þeir starfsmenn íslenska ríkisins sem þurfa að velja og hafna og standa frammi fyrir þeim vandamálum sem við veltum yfir á þá hafa ærinn vanda. Þeir eiga nefnilega að komast að því hvort ung stúlka sé flutt nauðug, hvort verið sé að smygla henni eða hvort hún sé gift o.s.frv. Þetta er vandi þeirra og ekki öfundsverður.

Ég veit að starfsmenn ríkisins eru mannúðlega sinnaðir og ef ekkert bendir til þess að um eitthvað misjafnt sé að ræða er ég viss um að það er nokkuð greið leið inn í landið.

Hins vegar býr misskiptingin til heilmikinn iðnað sem heitir mansal, smygl á fólki sem við erum að berjast gegn. Nauðungarhjónabönd eða hentihjónabönd eru því miður raunveruleg afleiðing af þeim veruleika sem við sjáum. Þess vegna tel ég að þær leiðir sem hér eru farnar og bent hefur verið á — og ég er ekki yfir mig hrifinn af, alls ekki, sem húmanisti er ég það ekki — en þegar maður horfist í augu við veruleikann tel ég því miður að þær séu margar hverjar nauðsynlegar.

[13:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. að starf þeirra sem þurfa að taka á móti útlendingum af hálfu ríkisins og greina sauðina frá höfrunum er erfitt. Ég hef líka töluverða reynslu af því og sú reynsla hefur fært mér heim sanninn um að starfið er vanþakklátt, en ég held að á heildina litið sé það vel unnið og af sanngirni.

Við þurfum að gera starfsmönnum ríkisins eins auðvelt fyrir og hægt er. Við megum hins vegar aldrei stíga yfir þá línu, jafnvel þó að við viljum auðvelda fólkinu starfið, þar sem við erum komin inn í friðhelgi manna. Þá skiptir engu máli hvort um er að ræða útlendinga eða Íslendinga. Allir menn hafa ákveðinn lágmarksrétt. Við erum aðilar að alþjóðlegum samningum og sáttmálum sem gera þá kröfu að við, íslenska þjóðin, virðum friðhelgi og persónulegan rétt allra.

Það er farið að seilast ansi langt inn í friðhelgi manna þegar gera á því skylt t.d. að afhenda lífsýni. Ég held reyndar að almennt séum við komin allt of mikið inn á þá braut. Í þessu tilviki gæti það verið nauðsynlegt að mati frumvarpsflytjenda til að ganga úr skugga um að börn séu í reynd niðjar þeirra sem segjast vera foreldrar þeirra.

Frú forseti. Ég var í námi í Bretlandi og þegar DNA-tæknin kom þar fram og farið var að beita henni almennt í rannsóknarskyni sem nýju tæki á breska samfélagið vakti það mikið uppnám. Það kom í ljós að fast að 15% barna í sumum hlutum Bretlands voru rangfeðruð. Hvert er þá gildi þessa ef svona er í pottinn búið?

[13:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. að allir menn ættu að hafa ákveðinn lágmarksrétt, en þeir hafa hann því miður ekki. Sá maður eða það barn, líklegast barn, sem deyr á næsta hálftímanum úr hungri hefur ekki þann algera lágmarksrétt, sem er rétturinn til lífsins, sem er grundvallaratriði að mínu mati.

Við erum því að tala fræðilega, en ekki raunverulega. Raunveruleikinn er annar.

Varðandi lífsýnin. Það er rétt að rangfeðranir eru til staðar. Þær eru reyndar færri á meðal Íslendinga en annars staðar, en hjá þeim sem flytjast hingað gætu þær þess vegna verið um 5–10%. Við náum þá alla vega í hina, 90%, og alltaf er verið að byggja á ákveðnum líkum.

Við erum að koma í veg fyrir að verið sé að stunda mansal. Ef það tekst að hindra eitt slíkt á ári tel ég markmiðinu náð, jafnvel þó menn þurfi að ganga nokkuð langt inn á rétt einstaklinga. Við verðum alltaf að vega og meta ákveðna hagsmuni gagnvart enn meiri hagsmunum. Mansal er að mínu mati alveg hræðilegt fyrirbrigði sem ætti að berjast gegn með öllum ráðum.

[Fundarhlé. — 13:10]

[13:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að segja fáein orð um þetta þingmál sem hér er að ferðinni eða þann anda sem mér finnst vera á bak við það að sumu leyti. Það sem rekur mig í ræðustólinn er kannski það að ég hef í gegnum tíðina svolítið skammast mín fyrir afstöðu okkar í málefnum útlendinga. Það er nefnilega ekkert nýtt. Við Íslendingar höfum á undanförnum árum flutt til landsins, leyft að koma hingað útlendingum í þúsunda tali til þess að vinna af því okkur hefur vantað vinnuafl. Þetta hefur reynst vera hið ágætasta fólk. Reynslan af þeim útlendingum sem hingað hafa komið vegna þess að atvinnurekendur hefur vantað vinnuafl hefur verið mjög góð. Ég hef hins vegar tekið eftir því að jafnvel þó við þurfum á þessu vinnuafli að halda þá hafa á sama tíma hvað eftir annað komið upp mál þar sem fólk hefur sóst eftir því að fá að koma hingað frá t.d. öðrum svæðum en EES-svæðinu og þá hefur því fólki verið snúið frá. Við höfum sem sagt fyrst og fremst hleypt erlendum mönnum til landsins til þess að nýta þá í okkar þágu efnahagslega en haldið landinu harðlokuðu gagnvart þeim sem við getum komið í veg fyrir að komi. Þessi stefna er auðvitað sú stefna sem verið er að árétta með þeim ákvæðum sem hér er verið að tala um að hafa í lögum.

Það sem kemur svo til viðbótar er að hér eru menn tilbúnir til þess að láta aðra reglu gilda um fólk af erlendu bergi brotið en Íslendinga sjálfa. Það er að mér finnst óverjandi og okkur til minnkunar að það skuli vera meiningin.

Það er líka svolítið umhugsunarefni að fólk kemur hingað annars staðar úr heiminum og líka af svæðum utan EES á ýmsum forsendum, vegna hjúskapar t.d., og það er ekkert verið að tala um að gera neinar breytingar á því. Ef íslenskir karlmenn eða konur finna maka annars staðar í heiminum þá geta þau komið hingað með hann og ekkert er við því að segja. Ég held ekki að neinn hafi látið sér detta í hug að reyna að koma í veg fyrir það fyrr en nú að það skal verða aldurstengt af því að menn halda að eitthvað sé um það að stofnað sé til hjónabanda sem ekki séu í alvöru. Hjónabönd sem eru ekki í alvöru geta líka orðið til hjá fólki sem er komið á miðjan aldur eða jafnvel roskið, a.m.k. hafa ekki öll hjónabönd enst lengi sem stofnað hefur verið til á Íslandi eða af Íslendingum. Það þekki ég. Við vitum að sumir tala jafnvel um innflutning á konum til Íslands sem hafa gifst íslenskum mönnum. Í kjölfarið hefur síðan orðið einhver innflutningur á fjölskyldumeðlimum viðkomandi fólks.

Þetta er ekki vandamál á Íslandi. Þetta er tiltölulega mjög lítill hópur og einungis pínulítið brot af þeim útlendingum sem eru í landinu. En útlendingarnir sem eru í landinu eru langflestir hingað komnir, eins og ég sagði áðan, vegna þarfa atvinnulífsins og hafa verið undir ákvæðum sem er náttúrlega ekki hægt að kalla annað en ánauð fram að þessu því leyfi

fólksins til að fá að vera í landinu hefur verið bundið því að atvinnurekandinn hafi slíkt leyfi. Þetta er nú ekki mjög björgulegt og hefur ekki verið. En vonandi verður breyting á þessu. Hins vegar er alveg ljóst að á Alþingi er meiri hluti þingmanna tilbúinn til að rétta hendurnar með því að gera upp á milli fólks eftir því hvaðan það kemur. Ef það kemur ekki af þeim svæðum sem við höfum gert samkomulag um, t.d. EES-svæðinu, og við sjáum fram á frjálsa för vinnuafls af öllu því svæði til Íslands, þá skulum við setja reglur sem girða einhvern veginn fyrir það að menn komi annars staðar að.

Mér finnst satt að segja að hættumerkin hafi nú ekki verið uppi um að það væru skriður á fólki á leiðinni hingað af öðrum svæðum. Þeim sem eru komnir á minn aldur er minnisstætt að þegar opnaðist fyrir innflutning fólks af Norðurlöndunum hingað á sínum tíma, voru hér spár um að menn mundu flytja hingað í þúsundavís af atvinnuleysissvæðum þeirra landa. (**Gripið fram í:** Finnar.) Finnar áttu að koma hingað í stórum hópum. Ég hef ekki orðið var við að Finnar væru hér í miklum mæli. Ef það er hugsunin að utan Evrópska efnahagssvæðisins sé meiri menningarlegur munur á Íslendingum og þeim sem þar búa heldur en innan Evrópska efnahagssvæðisins þá held ég að menn þurfi nú kannski að skoða það dálítið. Ég held ekki að það sé þannig.

Í raun er ekki hægt að sjá nein rök fyrir því að Íslendingar þurfi að múra sig inni eins og þarna er gert á annan veginn eftir að þeir eru búnir að opna landið með þeim hætti sem fyrir liggur að við erum búin að taka ákvörðun um, þ.e. að ekki seinna en innan sjö ára verði allt Evrópska efnahagssvæðið opið gagnvart innflutningi á fólki til Íslands.

Þetta er nú það sem ég vildi láta koma hér fram vegna þess að mér finnst að efnahagslegar ástæður fyrst og fremst, og einhvers konar þjóðernisástæður að einhverju leyti sem engin leið er þó að sjá rök fyrir, hafa ráðið öllu á Íslandi. Engin hætta er fólgin í því að flytja inn fólk ef atvinnurekendur vantar vinnuafl í landinu. En það er einhver stór hætta fólgin í því að hleypa inn jafnvel örfáum mönnum sem hafa lent í erfiðleikum, orðið landflótta eða af einhverjum ástæðum langað til að setjast að á Íslandi, fólki sem er að leita eftir búsetu og atvinnu. Það er eitthvað undarlegt við þessa afstöðu okkar. Við þurfum að fara yfir hana. Við þurfum að taka svolítið til í hugskoti okkar hvað þetta allt saman varðar finnst mér. Ég hvet til þess að menn geri það, velti þessu fyrir sér.

Pólverjar hafa komið hingað í stórum stíl. Þeir voru ekki innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar sá innflutningur varð. Nú eru þeir að koma inn í það svæði og eftir í síðasta lagi í sjö ár getur hvaða Pólverji sem er tekið saman föggur sínar og flutt til Íslands. Ég ætla ekki að kvarta yfir því að svo sé eða verði. En kannski er mesta hættan, ef menn líta á það sem hættu að útlendingar komi hingað, fólgin í því að þjóðarbrot sem hefur náð fótfestu hérna vaxi hratt. Slík hætta hefur ekki verið fyrr hendi á Íslandi fyrr ef á að kalla það hættu. Hún hefur orðið til með þeim hætti sem ég var að lýsa hér, þ.e. þeim möguleikum. Ég er ekki að spá því að mikill innflutningur verði. En mér finnst svolítið skrýtið að Alþingi Íslendinga skuli upptekið við að setja net fyrir einhver vandamál sem hafa engin verið, þ.e. að fólk einhvers staðar annars staðar af jarðkúlunni fái að koma hingað af einhverjum tilteknum ástæðum, því við höfum bara ekki verið að fást við nein stórkostleg vandamál hvað þetta varðar fram að þessu.

En fyrst og fremst vil ég mótmæla því að Íslendingar leyfi sér að líta mismunandi augum á fólk eftir því hvaðan það kemur úr heiminum hvað varðar rétt til þess að mega ganga í hjónaband og fá þau réttindi sem því fylgja. Ég sé satt að segja ekki nein rök fyrir því. Mér finnst ekki að þau hafi komið hér fram við umræðuna. Ég hef að vísu ekki hlustað á nema hluta af henni. En ég hef engin rök heyrt sem mér finnst geta staðið undir nafni hvað þetta atriði varðar. Skal ég nú ekki hafa ræðu mína lengri, hæstv. forseti.

[13:42]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég held að þingheimur hér á eftir muni gera alvarleg mistök með lögfestingu þess frumvarps sem hér liggur fyrir. Ég ætla að vera frekar stuttorður enda var hin eiginlega efnisumræða í gær og þar var gerð grein fyrir þeim breytingartillögum sem minni hlutinn og Samfylkingin vill gera á þessu máli. Eftir þá umræðu voru þær breytingartillögur allar felldar af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í allsherjarnefnd hafa fullyrt að þær breytingartillögur sem hafa komið eftir yfirferð nefndarinnar á þessu máli séu engar efnislegar breytingar. Að þeirra mati er frumvarpið nákvæmlega það sama og það var þegar af stað var farið. Að mínu viti sitjum við þess vegna áfram með þann óskapnað sem þessi lög eru og ekki hefur verið tekið tillit til þeirra alvarlegu athugasemda sem hinir fjölmörgu umsagnaraðilar gerðu við málið. Ég hef á mínum örskamma þingferli aldrei séð jafnmargar umsagnir gera jafnmargar alvarlegar athugasemdir, þar sem jafnvel er efast um að frumvarpið muni standast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu og meginregluna um friðhelgi einkalífs.

Við sjáum að trúverðugir aðilar í þjóðfélaginu eins og Persónuvernd og laganefnd Lögmannafélags Íslands eru að mörgu leyti á sama máli og minnihlutaálit hér á þingi. Allar ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna sameinuðust í afar sjaldgæfri samstöðu gegn þessu máli. Þó er rétt að taka fram að Landssamband ungra sjálfstæðismanna, SUS, stóð ekki á bak við þá undirskriftasöfnun. Þeir skáru sig úr hvað þetta varðar.

Mig langar aðeins að minnast á þessi umdeildu atriði sem er rétt að skauta örlítið yfir nú við lok umræðunnar, það er hina svokölluðu 24 ára reglu. Eins og margoft hefur komið fram vill minni hlutinn á þingi fá þessa reglu út. Samkvæmt svari við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur frá dómsmálaráðherra kemur fram að þetta ákvæði mun snerta tugi Íslendinga á hverju einasta ári sem vilja sameinast maka sínum á grundvelli hjúskapar.

Það er að mínu viti gróf mismunun og brot á jafnræði gagnvart þeim einstaklingum. Það furðar mig í ljósi þeirra staðreyndar að sl. vor var kosið óvenjumikið af ungu fólki á þing og sumir aðilar í þjóðfélaginu bundu ákveðnar vonir við að með þessari nýju kynslóð mundi eitthvað breytast. En það er einmitt unga fólkið í ríkisstjórnarflokkunum sem lætur það verða eitt af síðustu verkum sínum á þessu þingi að lögfesta þá mismunun gagnvart fólki á aldursbilinu 18–24 ára. Þetta finnst mér vera sorgleg þróun hjá viðkomandi aðilum.

Við höfum sömuleiðis gert alvarlegar athugasemdir við hina svokölluðu 66 ára reglu, sem að okkar viti kemur í veg fyrir eðlilega fjölskyldusameiningu. Þetta er meginbreyting á núverandi lögum. Við höfum líka gert athugasemd við

lífsýnaregluna. Við teljum ekki að Útlendingastofnun eigi að fá heimild til þess að fara fram á lífsýnatöku. Við teljum að það eigi að vera að frumkvæði viðkomandi aðila og val hans, eins og tíðkast t.d. í Noregi. Við teljum einnig margt óljóst varðandi framkvæmdina, kostnaðinn o.s.frv. eins og fram kom við umræðuna í gær. Við teljum ekki rétt að setja sérstaka húsleitarheimild í lög um útlendinga, við getum vel stuðst við þá heimild sem er nú þegar í lögum um útlendinga eða þá heimild sem er í lögum um meðferð opinberra mála. Svo mætti halda langt mál um hina öfugu sönnunarbyrði sem við erum að lögfesta um að viðkomandi aðili þurfi að sanna að hann sé ekki í málamyndahjónabandi gagnvart þeirri stofnun sem heldur þeirri ásökun fram.

Það er mýmargt í frv. sem við erum ósátt við og þetta er spurning um grundvallaratriði og jafnvel hugmyndafræði. Ég er alveg búinn að gefa upp alla von, bæði í þingsalnum og í meðförum allshn. þar sem ég sat, um að geta haft einhver áhrif á málið til batnaðar. Ríkisstjórnarflokkarnir eru sannfærðir um að þetta sé rétta leiðin. Við erum því ósammála, þannig að í þessu máli eins og mörgum öðrum þessa dagana eru mjög skýrar línur í íslenskri pólitík.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hef ekki áður haldið ræðu um frv. sem við erum að leggja lokahönd á. Flest þau viðhorf sem Samf. og stjórnarandstaðan hafa andstæð frv. hafa þegar komið fram þannig að ég ætla ekki að setja á langa ræðu. Það eru tvö atriði sem ég vildi drepa á til þess að afstaða mín væri algjörlega skýr og jafnframt að það lægi fyrir hvaða viðhorf liggja henni til grundvallar.

Sú setning sem fleygust er eftir umræðuna er sú sem hv. þm. Jónína Bjartmarz lét sér um munn fara í gær. Hv. þm. sagði: „Ástin sér hvorki aldur né landamæri." Ég held að í þessu felist kjarninn í viðhorfum margra þeirra sem leggjast gegn hinni svokölluðu 24 ára reglu. Sú regla kemur að vísu ekki fortakslaust í veg fyrir að fjölskyldur sameinist, en hún meinar að Íslendingar á grundvelli hjúskapar fái til sín maka erlendis frá sem er af erlendu bergi brotinn hingað til dvalar. Það má því segja að með ákvæðinu sé verið að seilast inn fyrir friðhelgi fjölskyldunnar. Ég tel að þetta fari harkalega nærri því að brjóta það sem við getum kallað sjálfsögð mannréttindi hér á landi. Ég leggst gegn ákvæðinu. Reyndar var athyglisvert hversu sterklega hv. þm. Jónína Bjartmarz tók til máls gegn því.

Það vekur eftirtekt í umræðunni sem hér hefur staðið linnulítið í tvo daga að það hafa fyrst og fremst verið talsmenn stjórnarandstöðunnar annars vegar og talsmenn Sjálfstfl. hins vegar sem hafa tekist á. Talsmenn Sjálfstfl. hafa eftir atvikum verið að verja hæstv. dómsmrh., enda sannarlega ekki vanþörf á þessa síðustu og verstu daga í pólitíska lífi hans, en maður spyr óneitanlega: Hvar er Framsfl. í umræðunni? Það eru fyrst og fremst aðrir stjórnarliðar sem eru til varnar í málinu.

Það er erfitt að skýra þetta með öðrum hætti en þeim, frú forseti, að Framsfl. hefur ekki fullvissu fyrir því að frv. sé gott. Talsmenn hans sem tjá sig leggjast gegn lykilatriðum frv. eins og fram kom í gær. Andstaðan innan Framsfl. er það sterk að grípa þurfti til neyðarráðstafana til þess að tryggja meiri hluta ríkisstjórnarinnar í málinu. Þetta finnst mér merkilegt í ljósi þess að hvert málið á fætur öðru hefur rekið á fjörur þingsins þar sem Framsfl. er bersýnilega píndur af Sjálfstfl. til stuðnings við mál. Það er farið að einkenna núverandi ríkisstjórn að Sjálfstfl. ræður för í einu og öllu og tekur Framsfl. með sér með afli og offorsi.

Ég áfellist ekki hæstv. ráðherra eða hv. þm. Sjálfstfl. fyrir þetta. Eðlilega ganga þeir á lagið. Maður hlýtur hins vegar að spyrja: Hvar er sjálfsvirðing Framsfl. þegar hann hagar sér svona í hverju málinu á fætur öðru? Ætlar Framsfl. að láta bjóða sér hvað eina?

Það hefur líka komið fram í umræðunni, frú forseti, að mikil andstaða er við annað atriði meðal stjórnarandstöðunnar, en líka af hálfu einstakra þm. Framsfl. Hv. þm. Jónína Bjartmarz og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lögðust gegn ákvæðinu um lífsýnatöku. Það er mjög skiljanlegt. Það brýtur gegn viðteknum venjum og skoðunum, sérstaklega Framsfl. á persónuvernd. Ég rifja upp að fáir hafa tekið jafnsterklega til máls um nauðsyn þess að setja skýr mörk um persónuvernd og friðhelgi einstaklinga og ýmsir þingmenn Framsfl. á umliðnum missirum og árum. Þess vegna er merkilegt að einu framsóknarmennirnir sem láta í sér heyra svo eftir sé tekið eru andstæðir frv. Maður hlýtur að spyrja: Hvar eru hinir? Hvers vegna koma þeir ekki og túlka eftir atvikum hvernig á því stendur að þeir styðja frv.?

Við í Samf. höfum lagst gegn því að Útlendingastofnun fái heimild til þess að geta krafist þess að umsækjandi gangist undir lífsýnatöku. Ég vek sérstaka eftirtekt á því að ef viðkomandi leggst gegn því er hægt að túlka það með harkalegum hætti gegn honum og að sjálfsögðu rýrir það mjög möguleika hans til þess að koma umsókn sinni í gegnum nálaraugu kerfisins.

Það sem mér finnst merkilegt, vegna þess að hér eru margir lögspakir menn í hópi stjórnarliðsins sem hafa hlustað á umræðuna, er sú staðreynd að Lögmannafélag Íslands, sjálf laganefnd Lögmannafélags Íslands, er í reynd sniðgengin með frv. Það hefur komið fram í umsögnum af hennar hálfu að hún telur of langt gengið inn á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu með ákvæðinu. Fróðlegt væri að heyra hvað hinum ungu og vísu lögmönnum í liði Sjálfstfl., eins og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, finnst um þetta? Ég reyndar veit það, vegna þess að ég hef hlýtt á ágætlega flutt mál hv. þm. varðandi þetta efni. En óneitanlega er fróðlegt að sjá ungan mann í lögmannastétt bersýnilega vísa í einu vetfangi á bug þeim ítarlegu röksemdum sem laganefnd Lögmannafélagsins setti fram í málinu.

Frú forseti. Það eru einkum þessi tvö atriði sem ég get ekki fellt mig við í frv. Ég hef ekki haldið ræður til þess að skýra það fyrr, en ég vildi að það kæmi algjörlega skýrt fram að ég er þessu mótfallinn og er undrandi á umræðunni og sérstaklega er ég undrandi á þögn Framsfl. í málinu. Það sem kemur frá þeim er fyrst og fremst andstaða við málið, en við höfum ekki enn heyrt skýlaus rök frá hv. þm. Framsfl. sem eru andstæðrar skoðunar við félagana, hv. þm. Jónínu Bjartmarz og Kristin H. Gunnarsson.

[13:54]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjöftugum ratаðist satt orð á munn þegar hann sagðist ekki hafa haldið neina ræðu um frv. fram til þessa, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og ekki lagði hann málstaðnum mikið lið í ræðu sinni. Hann talaði mikið um að heimild Útlendingastofnunar samkvæmt frv. til þess að fara fram á að þeir sem óska eftir dvalarleyfi leggi fram lífsýni ef öðrum gögnum er ekki til að dreifa sé árás á friðhelgi persónufrelsis þeirra og hart inngrip inn í einkalíf þeirra. Svo er ekki. Ef hv. þm. les frv. kemur í ljós að þetta er einungis heimild

til þess að fara fram á að lífsýni sé lagt fram. Viðkomandi einstaklingi er alltaf heimilt að hafna þeirri beiðni eða kröfu. Ákvæðið getur því aldrei verið íþyngjandi í þeim skilningi sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson leggur í það.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að Útlendingastofnun er stjórnvald eins og önnur stjórnvöld í landinu og ber að fara að lögum sem slíkt. Ef það liggur fyrir að umsækjandi um dvalarleyfi hefur gögn sem sanna hver hann er og skyldleika hans við þá aðila sem hann krefst dvalarleyfis á grundvelli skyldleika ber stjórnvaldinu á grundvelli stjórnsýslulaga, þar á meðal á grundvelli meðalhófsreglu laganna, að óska ekki eftir lífsýninu.

Við verðum því að ganga út frá því að þetta stjórnvald eins og önnur fari að lögum og ekki sé gengið eins harkalega gegn friðhelgi einkalífsins og hv. þm. vildi vera láta.

[13:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað á ég að biðja forláts. Auðvitað er það tóm vitleysa af mér að koma hingað og halda því fram að laganefnd Lögmannafélags Íslands hafi hugsanlega jafnmikið eða ef til vill meira vit á þessu en ungur lögmaður. Auðvitað á ég að koma og helst bera ösku í höfuð mér fyrir að hafa dirfst að benda á að það er stofnun sem flokkur hv. þm. hefur m.a. átt þátt í að koma á fót, Persónuvernd, sem tekur þinginu sérstakan vara við því að samþykkja þetta, vegna þess að í ákvæðinu felist of rík íhlutun í persónulega hagi og friðhelgi einstaklinga. Auðvitað veit hinn reyndi þingmaður, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, þetta miklu betur en allir aðrir og sérstaklega miklu betur en stéttarfélagið hans, þar sem er bara að finna einhverja menn sem hafa verið um hálfa öld að praktísera og véla um einmitt þessi mál. Frú forseti. Mikið vildi ég að ég væri fæddur með þá náðargáfu að vita allt miklu betur en allir aðrir og sérstaklega þeir sem hafa meiri reynslu en ég. Sannarlega er það heppinn flokkur, Sjálfstfl., að eiga slíka menn innan vébanda sinna.

Samt sem áður hefur Útlendingastofnun samkvæmt frv. heimild til þess að óska eftir lífsýni. Við hvaða aðstæður getur hún gert það og mun gera það? Hv. þm. lýsti því sjálfur. Þegar stofnunin, stjórnvaldið, ber brigður á að gögn sem hafi verið lögð fram með umsókninni séu nægilega traust. Hvað gerist ef viðkomandi umsækjandi neitar samt sem áður á grundvelli viðhorfa til persónuverndar og einkaréttar að leggja það fram? Dettur nokkrum manni í hug að það yrði ekki til þess að íþyngja honum í sókn sinni fyrir dvalarleyfinu gagnvart stofnuninni? Það eru engum sérstökum pappírum sem dettur það í hug. Það er bara Persónuvernd og laganefnd Lögmannafélags Íslands. En hinn reyndi og kunnáttusami lögfræðingur er annarrar skoðunar og sú skoðun hlýtur að standa.

[13:59]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. n. hlý orð í minn garð, en vil benda honum á að við meðferð málsins tók hv. allshn. einmitt til skoðunar umsögn Persónuverndar sérstaklega hvað þetta atriði varðar og gerði hana a.m.k. að hluta til að sínu. Ef hv. þm. mundi lesa nál. a.m.k. einu sinni í gegn sæi hann að jafnvel sá þingmaður sem hér stendur tók að hluta undir þau atriði sem fram komu í þeirri umsögn.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. má alls ekki misskilja mig. Ég tel ekki að honum sé alls varnað. Ég tel að hann geti lært. Ég hef sannfærst um að a.m.k. stundum getur hann tekið rökum. Það gleður mig að hv. þm. skuli að hluta til hafa tekið mark á þeim mönnum sem praktíserað hafa lögfræði í um hálfa öld fram yfir hann, mönnum sem m.a. lögðu grunninn að persónuverndinni og skipan laganefndar Lögmannafélags Íslands. Ég las álit meiri hlutans í málinu og eitt af því sem ég hnýt um er að það er ekki í gadda slegið við hvaða skilyrði og kringumstæður Útlendingastofnun getur krafist lífsýna.

Síðan vil ég líka vekja athygli á því, hafi það farið fram hjá fránum sjónum hv. þm., að því miður eru ekki allir í sömu stöðu og ég og hv. þm., þ.e. áskrifendur að tiltölulega góðum launum. Því miður er sumum féskylft sem eru í þeirri aðstöðu að þurfa að fara í gegnum nálarauga Útlendingastofnunar. Þeir hafa ekki mikil fjárráð og eru sumir örbjarga. Þeir hafa einfaldlega ekki fjármagn til að leggja út fyrir þeirri kostnaðarsömu framkvæmd sem lífsýnataka og greining sýna er. Því miður er málið þannig.

Ekki hefur hv. þm. bætt málstað sinn með því að taka þátt í því að fólk í þessari stöðu fær ekki lengur talsmann, eins og það hafði þó samkvæmt fyrri lögum. Það má hafa stór orð um það en ég rifja upp að Halldór Laxness sagði að það sem deyr fyrst í hörðu ári er guðs miskunn. Ég vona að miskunnin í hjarta hv. þm. deyi ekki enda ríkir nú velsæld.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:07]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Ég tel að þingheimur sé að gera alvarleg mistök með samþykkt á mörgum efnisatriðum þessa frv. Samf. vill taka það fram að hún styður það ákvæði sem lýtur að stækkun EES sem er nauðsynlegt að lögfesta fyrir 1. maí og greiddi hún með því atkvæði í atkvæðagreiðslu í gær. Hins vegar hefur Samf. fordæmt þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í þessu máli þar sem margs konar önnur ákvæði, sem vægast sagt eru umdeild, eru sett í frv. með ákvæðinu um stækkun EES. Þetta eru ákvæði sem koma stækkun EES ekkert við.

Samf. bauð stjórnarmeirihlutanum upp á að greiða fyrir afgreiðslu ákvæðisins um EES-stækkunina en geyma önnur umdeild ákvæði. Það var sú leið sem ASÍ mæltist t.d. til að þingheimur mundi fara. Þetta vildi stjórnarmeirihlutinn ekki. Frv. er því uppfullt að lagaákvæðum sem eru mörg hver mjög vond og engin sátt er um hjá hlutaðeigandi aðilum. Nefna mætti 24 ára regluna, 66 ára regluna, lífsýnaheimildina, öfugu sönnunarbyrðina, ákvæði um brottvísun, ákvæði um hina sérstöku húsleitarheimild, sviptingu hælisleitenda á talsmanni í ákveðnum tilvikum og eignaupptöku ríkisins umfram aðra kröfuhafa.

Vegna þessara vondu ákvæða sem eru sem rauður þráður í frv. mun Samf. kjósa gegn frv. í heild sinni. Það gengur ekki að raða í kringum nauðsynlega lagabreytingu, sem varðar EES-stækkun sem Samf. styður, alls kyns vondum lagaákvæðum sem jafnvel er spurning um hvort standist stjórnarskrá og mannréttindaákvæði. Þau skerða réttindi fjölda fólks og síðan er ætlast til að menn og flokkar styðji það. Samf. mun því segja nei við frv. í heild sinni en að sjálfsögðu kjósa

með þeirri brtt. minni hlutans sem hér liggur einnig fyrir.

[14:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þó að í þessu frv. sé sannarlega að finna ákvæði sem taka má undir þá eru önnur ákvæði þess svo forkastanleg og fjandsamleg útlendingum að þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sjá sér ekki fært annað en að undirstrika andstöðu sína við þau með því að greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild, enda ekki um það að ræða að hægt sé að skipta lokaafgreiðslu um lagafrumvörp upp.

Við höfum á fyrri stigum þessa máls gert ríkisstjórninni ljóst að við stæðum ekki í vegi fyrir því að ákvæði um útlendinga hins stækkaða Evrópusambands færu í gegnum þingið en við höfum allan tímann mótmælt því harðlega að önnur óréttlát og íþyngjandi ákvæði séu látin fylgja sem viðhengi. Ríkisstjórnin hefur í þessu máli notfært sér sjálfsögð ákvæði til að troða inn forpokuðum afturhaldssjónarmiðum valdstjórnarinnar og slíkt geta þingmenn vinstri grænna ekki sætt sig við undir nokkrum kringumstæðum.

Frú forseti. Ég nota hér orðið valdstjórn að gefnu tilefni. Ríkisstjórnin hefur alfarið hafnað öllum tilboðum stjórnarandstöðunnar um samvinnu við málið og látið undir höfuð leggjast við samningu þess að eiga samráð við samtök útlendinga og þá aðila sem vinna að mannréttindamálum hér á landi. Þar að auki er orðið valdstjórn að finna í lögum okkar í almennum hegningarlögum. Mér virðist sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sé að festast í eins konar valdstjórnarmynstri.

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum af þeim ástæðum sem ég hef rakið greiða atkvæði gegn frv.

[14:11]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól sem fulltrúi þingflokks Frjálsl. Ég vil í upphafi máls míns geta þess að þrír af fjórum þingmönnum þingflokksins eru því miður fjarverandi vegna skyldustarfa og geta ekki verið hér til að greiða atkvæði. Ég minni jafnframt á að atkvæði okkar, allra fjögurra í þingflokki Frjálsl., féllu á sama veg og atkvæði stjórnarandstöðunnar í gær.

Ég minni líka á, frú forseti, að stjórnarandstaðan hefur verið einhuga og samstiga í andstöðu sinni gegn þessu frv. Ég minni líka á að ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka Íslands voru sammála í andstöðu sinni gegn frv. Auk þess mótmæltu því mörg samtök sem láta sig varða hagsmuni innflytjenda á Íslandi, mannréttindasamtök og fleiri.

Frú forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá mæli ég fyrir hönd þingflokks Frjálsl. Við segjum já við brtt. á eftir og nei við frv.

Brtt. 1535,1.b felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

8 þm. (DO, EOK, GAK, GÁS, GÖrl, HÁs, JBjarn, SigurjÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, BrM, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

8 þm. (DO, EOK, GAK, GÁS, GÖrl, HÁs, JBjarn, SigurjÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1567).

Framkvæmd EES-samningsins, fyrri umr.

Þáltill. KJúl o.fl., 551. mál. — Þskj. 829.

[14:14]

Flm. (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á framkvæmd EES-samningsins á þskj. 828, 551. máli.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd sérfræðinga til að kanna hvort framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið rúmist innan 21. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin verði skipuð fimm mönnum og tilnefni Alþingi tvo menn og Hæstiréttur Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík einn mann hver til setu í nefndinni. Fulltrúi Alþingis verði formaður nefndarinnar.

Nefndin skili Alþingi skýrslu um athuganir sínar fyrir 1. október 2004.“

Úttekt eins og hér er lagt til að farið verði í á framkvæmd EES-samningsins var gerð árið 1992. Við gerð samningsins komst nefnd fjögurra sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins að þeirri niðurstöðu í nefndaráliti 6. júlí 1992 að samningurinn rúmaðist innan valdheimilda 21. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi niðurstaða var umdeild meðal fræðimanna en þó var ekki talið óhugsandi að þróun samningsins yrði á þann veg að þetta mat breyttist. Samningurinn hefur verið og er enn í stöðugri þróun samhliða þróun reglna á innri markaði Evrópusambandsins.

EES-samningurinn er umfangsmikill og tekur til flestra þátta þjóðlífsins. Sömuleiðis er samningurinn stór þáttur í lagasetningu og reglugerðum á Íslandi og því mikilvægt að ekki leiki neinn vafi á að framkvæmd samningsins standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Flutningsmenn telja að nú leiki það mikill vafi á að framkvæmd EES-samningsins standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að rétt sé að Alþingi hlutist til um rannsókn á málinu. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er lifandi og tekur hann breytingum dag frá degi. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að Ísland innleiði reglur Evrópusambandsins á samningssviðinu, þ.e. þann hluta sem snýr að innri markaði. Á tímabili var meira að segja áætlað að Ísland innleiddi um 70–80% af öllum reglum sambandsins. Þetta hefur þó breyst og hlutfallið lækkað sökum aukinnar samvinnu ríkja Evrópusambandsins á sviðum sem EES-samningurinn nær ekki til. Þetta hefur þó mjög víðtæk áhrif á íslenskt löggjafarvald.

Þegar við skoðum áætlaðar tölur yfir reglur sambandsins sem við innleiðum er mikilvægt að hafa í huga að frumkvæði

og lokaákvörðun um innleiðingu nýrra reglna er í auknum mæli komin á Evrópuvettvanginn. Það kemur m.a. fram í ágætri bók Eiríks Bergmanns Einarssonar stjórnmálafræðings sem heitir Evrópusamruninn og Ísland – Leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi, sem gefin var út haustið 2003 af Háskólaútgáfunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á sumum sviðum, eins og í umhverfismálum og matvælaeftirliti, er nær öll löggjöf sem tekur gildi á Íslandi mótuð af fulltrúum annarra ríkja í Brussel, en ekki af lýðræðislega kjörnum fulltrúum á Íslandi."

Í sömu bók, sem greinargerðin með tillögunni byggir að miklu leyti á og þar með að sjálfsögðu þessi ræða, er bent á að borgarar ríkja Evrópusambandsins hafi margvíslegar leiðir til að koma sjónarmiðum á framfæri umfram íslenska borgara. Ástæðan er sú að ákvarðanir í stofnunum Evrópusambandsins byggjast á fjölþættu samráði við sérfræðinga, stjórnmálamenn og hagsmunaaðila í aðildarríkjunum. Áhrif Íslands og EFTA-ríkjanna á frumrétt Evrópusambandsins eru engin.

Við, ásamt EFTA-ríkjunum, höfum ekki atkvæðisrétt þegar fjallað er um afleidda löggjöf eða breytingar á samstarfinu sjálfu. Hvert EFTA-ríki hefur þó formlegt neitunarvald þegar kemur að upptöku nýrra reglna en til þess að EFTA-ríkin geti neitað að taka upp nýja löggjöf eða gera breytingar á samstarfinu þurfa þau að vera á einu máli um það innbyrðis. Við framkvæmd samningsins hefur komið í ljós að þetta neitunarvald er einungis formlegt og getur haft svokölluð snjóboltaáhrif ef því er beitt vegna þess að hvert EFTA-ríkjanna veit að ef neitunarvaldinu er beitt getur það þurft að lúta neitunarvaldi annars ríkis í næstu umferð og svo koll af kolli.

Neitunarvald Alþingis er því frekar formlegt en raunverulegt. Beiting þess getur haft mikil áhrif á stöðu samningsins og komið honum í uppnám. Komi það upp að neitunarvaldi verði beitt af hálfu EFTA-ríkis er það hlutverk Evrópusambandsins að meta hvort slík neitun hafi áhrif á það samræmi sem stefnt er að með samningnum. Í framhaldi slíkrar neitunar er því hætt við, sé þetta samræmi ekki til staðar, að samningurinn falli úr gildi á viðkomandi sviði. Þar með væri grafið undan meginforsendu samningsins um einsleitni á öllu svæðinu, að sömu reglur eigi að gilda alls staðar á innri markaðnum. Í stuttu máli: Fari svo að eitt ríki hafni gerð sem snýr að innri markaðnum þýðir það í raun uppsögn á EES-samningnum á því sviði og næði uppsögnin til allra EFTA-ríkjanna.

Virðulegi forseti. EES-samningurinn var upphaflega gerður milli tveggja jafnrétthárra ríkjablokka og byggðist á gagnkvæmum viðskiptalegum hagsmunum. Um var að ræða 12 ríki Evrópusambandsins og sex ríki EFTA og voru þessi sex ríki einn mikilvægasti markaður Evrópusambandsríkjanna. Þá bjuggu í ríkjum EFTA 30 milljónir manna sem samanlagt áttu meiri viðskipti við Evrópusambandið en Bandaríkin.

Veruleikinn sem blasir við okkur nú árið 2004 er allt annar. Evrópusambandið hefur stækkað og EFTA-ríkjunum hefur fækkað. Því hefur sambandið ekki lengur sömu hagsmuni af samningnum og áður og EFTA-ríkin skipta nú orðið litlu fyrir efnahag Evrópusambandsríkjanna. Formleg staða samningsins hefur ekki breyst en pólitískt vægi EFTA-stoðarinnar hefur minnkað samhliða hinni miklu breytingu á vægi stoðanna.

Í kjölfar fækkunar í EFTA-stoðinni hefur því dregið úr vægi EES-samningsins þótt Evrópusambandinu sé skylt að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart EES-ríkjunum. Sem dæmi um þetta má nefna að talsmenn Evrópusambandsins hafa sagt að aðildarviðræður við Austur- og Mið-Evrópuríkin hafi leitt til minnkandi vægis EES. Hefur þetta stundum birst í því að í nýrri löggjöf sambandsins hefur það brunnið við að EES-ríkin hafi hreinlega gleymst í ferlinu og ekkert samráð haft við þessi ríki á nokkru stigi. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu utanrrh. frá því árið 2000.

Virðulegi forseti. Um helgina ganga í gildi mjög stórar breytingar á Evrópusambandinu þegar stækkunin í austur verður að veruleika. 1. maí, á morgun, bætast tíu ný ríki við Evrópusambandsstoðina. Ég tel að með því verði ansi hætt við að vægi EES-samningsins muni minnka enn frekar þegar ríki sambandsins verða orðin 25, með 460 milljónir íbúa á móti þremur ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum með um 4,8 milljónir íbúa. Þetta er glöggt dæmi.

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og lýsa yfir þeirri skoðun minni að margt bendi til þess að EES-samningurinn sé að veikjast allverulega og muni veikjast svo um munar í nánustu framtíð. Það er alvarlegt mál ef stjórnvöld í þessu landi ætla að sitja hjá í stað þess að freista þess að ná samningum um inngöngu Íslendinga í Evrópusambandið. Það er ábyrgðarhluti af hálfu stjórnvalda að hafna því alfarið að sækja um eða skoða þann kost. Ríkisstjórnin hefur látið hjá líða að fara nánar í málið, sérstaklega vegna andstöðu Sjálfstfl. Framsfl. hefur gefið í og dregið úr. Jafnframt er það að mínu mati ábyrgðarhluti af hálfu stjórnvalda að sitja hjá þegar ljóst er að farið er að halla á Íslendinga í þessu samstarfi. Við höfum nánast ekkert um þær reglugerðir að segja sem við tökum inn frá Evrópusambandinu í gegnum EES.

Samf. hefur sagt að komist hún í ríkisstjórn verði ekki setið aðgerðalaust á meðan EES-samningurinn dofnar út og við verðum hægt og rólega hljóðir þiggjendur reglna hér á eyjunni okkar fögru í Atlantshafi.

Herra forseti. Til viðbótar má nefna að ekki má útiloka það að Norðmenn sæki um inngöngu í sambandið á ný. Þá verður EFTA-stoð samningsins borin uppi af Íslandi og Lichtenstein. Við getum þá rétt ímyndað okkur hvar við lendum í forgangsröðinni. Má gera ráð fyrir því að það þýddi endalok samningsins í þeirri mynd sem við höfum þekkt hann. Samningurinn hefur þjónað okkur vel þau tíu ár sem hann hefur verið í gildi. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu og þar verði hagsmunum okkar betur gætt. Ég sé ekki marga aðra möguleika til að tryggja lífsafkomu komandi kynslóða. Ég er ekki hrædd við aðildarviðræður og tel að niðurstaða þeirra geti orðið vel ásættanleg fyrir okkur og fært okkur enn frekari velsæld og lífskjarabætur en EES-samningurinn hefur fært okkur hingað til.

Ég tel umræðuna um aðildarviðræður snúast um lífskjör og frið sem byggist á gagnkvæmum hagsmunum. Við verðum að ræða þessi mál, virðulegi forseti, innan veggja Alþingis fyrr en síðar.

EES-samningurinn byggist á Rómarsamningnum sem er stofnsáttmáli Evrópusambandsins. Síðan samningurinn var gerður hafa þrír nýir sáttmálar Evrópusambandsins tekið gildi og valdið töluverðum breytingum á stofnsáttmálanum. Starfsemi Evrópusambandsins endurspeglast ekki lengur í EES-samningnum. Þetta eru Maastricht-samningurinn

frá 1992, Amsterdam-samningurinn frá 1997 og Nice-samningurinn frá árinu 2000. Ákvarðanatökuferli Evrópusambandsins hefur breyst verulega á þessum tíma.

EES-samningurinn endurspeglar ekki Evrópusambandið eins og það er nú. Gott dæmi um það er að EES-samningurinn tryggir EFTA-ríkjunum einhvern aðgang að störfum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og sérfræðinganefndum hennar sem undirbúa lagagerðir. En nú er sú staða uppi að grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi Evrópusambandsins þannig að dregið hefur úr völdum framkvæmdastjórnarinnar. Með gildistöku Maastricht-samningsins og síðan Amsterdam- og Nice-samningsins hafa völdin að miklu leyti færst til ráðherraráðsins og Evrópuþingsins. EFTA-ríkin hafa lítinn aðgang að þessum stofnunum þar sem samningurinn gerir ekki ráð fyrir samskiptum við þessar stofnanir. Það liggur því í augum uppi að þessar breytingar á uppbyggingu Evrópusambandsins hafa að miklu leyti lokað leiðum EES-ríkjanna til að hafa áhrif á Evrópulöggjöfina, löggjöf sem eftir sem áður gildir og hefur áhrif á öllu EES-svæðinu.

Virðulegi forseti. Fleiri dæmi mætti tína til, t.d. veruleg áhrif sem þessi samningur hefur haft á réttarkerfi okkar, þ.e. réttaráhrif sem eru mun meiri en talið var í upphafi. Það er einungis eitt dæmi af mörgum. Ég hef fært nokkur rök fyrir því að þróun EES-samningsins hafi frá því síðasta úttekt var gerð verið með þeim hætti að ástæða sé til að meta á ný hvort samningurinn og viðbætur við hann rúmist innan 21. gr. stjórnarskrárinnar eða hvort þörf sé á að breyta stjórnarskránni.

Í sumar verður síðasta úttekt á þessu 12 ára gömul. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á framkvæmd samningsins eins og ég hef rakið. Við flutningsmenn teljum tímabært að gera slíka úttekt á ný. Á þessu ári eru jafnframt 12 ára afmæli undirritunar samningsins og 10 ára afmæli gildistöku samningsins. Það gefur gott tilefni til að gera slíka úttekt enda um afar dínamískan og mikilvægan samning að ræða. Miklar breytingar hafa átt sér stað, bæði innan lands og á samstarfinu sjálfu. Slík úttekt er einnig mikilvæg samhliða þeirri umræðu sem orðið hefur í vetur af hálfu allra stjórnmálaflokka um að fara þurfi yfir stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og hugsanlega uppfæra hana og færa til nútímans einstakar greinar hennar.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, geri ég ráð fyrir að tillagan verði send til hv. utanrmn. til umfjöllunar.

[14:27]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. 1. flutningsmanni tillögunnar fyrir þá forustu sem hún hefur veitt í málinu og fyrir þessa prýðilegu till. til þál. Hún er tímabær og þörf enda ekki vanþörf á að vinna hressilega í allri vitrænni umræðu um Evrópumál á Íslandi og stöðu okkar á EES-svæðinu í kjölfar þeirrar miklu stækkunar sem á sér nú stað innan Evrópusambandsins.

Ég get greint frá því að ég er nýkominn af fundi þingmannanefndar EFTA í Liechtenstein fyrr í vikunni. Þar voru þessi mál nokkuð til umræðu. Mönnum lék þar forvitni á að vita hvað Norðmenn hygðust fyrir en meðal Norðmanna voru skiptar skoðanir eftir því hvar í flokki þeir stóðu. Greina mátti á þingmönnum jafnaðarmanna í Noregi, frá norska Verkamannaflokknum, að að þeirra mati styttist mjög í að til dramatískra tíðinda gæti dregið í Noregi. Allt útlit er fyrir það að Norræni jafnaðarmannaflokkurinn álykti um að Norðmenn eigi að sækja um aðild og gerir það að einu af sínum höfuðkosningamálum. Kosningar til norska Stórþingsins fara fram á næsta ári, árið 2005. Verði það að veruleika, að jafnaðarmenn nái vopnum sínum og fyrri stöðu og styrk í norskum stjórnmálum, er einboðið að til tíðinda dregur í norskri pólitík hvað varðar Evrópumálin. Við gætum horft upp á að innan tveggja ára muni Norðmenn sækja um aðild að Evrópusambandinu í þriðja sinn, láta reyna á það að ná samningum og fá þjóðina til að veita þeim samningi brautargengi í þjóðaratkvæðagreiðslu í þriðja skipti.

Þar er eiginlega komið að einum af meginþáttum málsins sem hér er til umræðu, um framtíð og framtíðarhorfur Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og segir í greinargerð hafa orðið miklar breytingar á Evrópusambandinu frá því EES-samningurinn tók gildi á sínum tíma. Deildar meiningar eru um það hvort framkvæmd samningsins á svæðinu rúmist innan 21. gr. stjórnarskrárinnar, eins og 1. flutningsmaður, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, gerði prýðilega grein fyrir áðan.

Þessi mjög svo merkilegi samningur hefur skilað okkur Íslendingum þeim lífskjörum og lífskjarabótum sem við höfum öll séð á síðustu árum og er fyrst og fremst að þakka annars vegar EES-samningnum og svo hinni frægu þjóðarsátt sem vinstri stjórnin og verkalýðshreyfingin gerðu í upphafi síðasta áratugar. Megingallinn á samningnum er sá að með honum erum við að taka á móti um 70–80% af allri okkar lagagerð án nokkurrar lýðræðislegrar aðkomu íslenskra stjórnmálamanna að honum, en lagaákvæðin eru eingöngu smíðuð og sett af fulltrúum erlendra ríkja í Brussel. Er þetta algjörlega óþolandi og ófullnægjandi staða fyrir sjálfstæða og fullvalda þjóð sem tekur sig alvarlega. Við hljótum að gera kröfu um að innan fárra ára verðum við Íslendingar fullgildir aðilar að Evrópusambandinu þar sem við höfum og beitum okkar áhrifum til hins ýtrasta, höfum lýðræðislega aðkomu að Evrópusambandinu. Því tek ég undir með 1. flutningsmanni og er eindreginn stuðningsmaður þess að við Íslendingar sækjum um aðild að Evrópusambandinu hið allra fyrsta. Ég hef skorað úr þessum ræðustól áður á hæstv. utanríkisráðherra að beita sér fyrir breytingum á þeirri forpokuðu stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið fyrir í þessu ríkisstjórnarsamstarfi sem þvertekur fyrir alla vitræna umræðu um Evrópusambandið. Það er bæði dapurlegt og sorglegt að fylgjast með framgöngu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í kjölfarið í allri umræðu um Evrópumálið. Þessi mál eru einfaldlega bannorð hjá núverandi ríkisstjórn og eins og allt ætli af göflum að ganga þegar talið berst að því að hagsmunum okkar Íslendinga er langbest borgið með fullri aðild að Evrópusambandinu. Þannig höfum við áhrif og þannig getum við beitt okkur og veitt málum okkar brautargengi.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, eins og fram hefur komið áður, að lífskjarabæturnar fyrir íslenskan almenning yrðu svo gríðarlegar með fullri aðild að aðrar eins meginbreytingar á samfélaginu og hagsmunum neytenda verður erfitt að finna dæmi um. Allt útlit er fyrir að vextir mundu lækka hér gríðarlega með upptöku evrunnar. Það hefur komið fram að ef við byggjum við sama vaxtastig og evru-löndin hefði það í för með sér að minnsta kosti 8% kaupmáttaraukningu, en þá sætu eftir í buddum landsmanna, frú forseti, heilir 10 milljarðar. Heilir 10 milljarðar sætu eftir í vösum neytenda til að sjá fjölskyldum sínum farborða í því fortakslausa matvælaokri sem á sér hér stað. Það hlýtur að skipta verulegu máli. Eins sjáum við fram á að matvælaverð hérna mundi lækka stórkostlega.

Meginmálið í allri umræðu um aðild að Evrópusambandinu er að sjálfsögðu yfirráð okkar Íslendinga yfir fiskveiðilögsögunni. Það er mat mitt og það er mat margra og þeirra sem hafa fjallað af hvað vitrænustum hætti um Evrópusambandið og Ísland að við mundum standa þar sterkt að vígi.

Kjarni þess málflutnings er sá, frú forseti, að sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins gengur út sameiginlega nýtingu sameiginlegra stofna innan sameiginlegrar efnahagslögsögu. Sá er kjarni málsins að við höfum enga sameiginlega stofna með Evrópusambandinu. Það sem skiptir mestu máli er að við höfum enga sameiginlega efnahagslögsögu. Þess vegna er sú aðlögun sem blasir við nánast staðreynd og hefur komið fram í máli sjálfs Franz Fischlers og svo í frægri Berlínarræðu hæstv. utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar. Kjarni þess máls er sá að við þurfum ekki undanþágur frá stefnu Evrópusambandsins heldur þurfum við fyrst og fremst aðlögun.

Eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði í Berlínarræðunni eru fordæmi fyrir svæðisbundinni stjórnun og það er meginmálið. Það er það sem færir mér og mörgum öðrum eindregnum aðildarumsóknarsinnum að Evrópusambandinu vonir um að þetta geti gengið farsællega fyrir sig, að samningaviðræður og aðildarumsókn fengju þær farsælu lyktir að við Íslendingar enduðum þar innanborðs með full og óskoruð yfirráð yfir fiskimiðum okkar, sem er algjört lykilatriði. Að mínu mati kemur aldrei til greina, frú forseti, að við gerumst aðilar að Evrópusambandinu án þess að halda fullum yfirráðum yfir fiskimiðunum og auðlindinni okkar.

Líkt og fram hefur komið í máli þeirra manna sem ég vitnaði til hér áðan eru allar líkur á því að við héldum fullum yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni og færum með það veganesti til Brussel í samningaviðræðurnar sem hefjast vonandi nokkrum mánuðum eftir að ný ríkisstjórn jafnaðarmanna tekur hér við eftir nokkur ár og með þá málaumleitan fyrir augum að umbylta öllum lífskjörum íslensks almennings. Það gerist ekki nema við verðum fullgildir aðilar að Evrópusambandinu. Það er eitt brýnasta þjóðmál og samfélagsmál okkar tíðar og því fagna ég sérstaklega framkominni tillögu sem við ræðum í dag.

[14:36]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að lýsa sérstakri ánægju með þessa þingsályktunartillögu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. Ég tel að það hafi verið full þörf og tímabært að skoða hvort framkvæmd EES-samningsins rúmist innan ramma stjórnarskrárinnar.

Mig langar aðeins að skauta yfir hvernig staðan er núna, bæði hvernig hún er á Norðurlöndum og svo hvernig staða Íslands er núna gagnvart aðgangi að ákvarðanatöku hjá ESB í ljósi EES-samningsins.

Þegar Ísland gerir samninga við erlend ríki eða alþjóðastofnanir þurfum við að skoða 1., 2. og síðan 21. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi ákvæði hafa verið óbreytt síðan lýðveldið var stofnað árið 1944. Á öllum hinum Norðurlöndunum, líka í Noregi sem stendur fyrir utan ESB, hafa verið gerðar breytingar á stjórnarskrám til að geta mætt þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem geta leitt af þjóðréttarsamningum. Í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar er að finna heimild til framsals valds til alþjóðastofnana ef þrír fjórðu þingmanna samþykkja slíkt. Í 9. gr. 10. kafla sænsku stjórnarskrárinnar er að finna svipað ákvæði samþykki þrír fjórðu þingmanna. En í 20. gr. dönsku stjórnarskrárinnar er framsal valds til alþjóðastofnunar heimilt með samþykki fimm sjöttu þingmanna. Í Belgíu, Ítalíu og Þýskalandi er hins vegar krafist einfalds meiri hluta þingmanna.

Í nefndaráliti fjögurra lögfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins dagsettu 6. júlí 1992 var komist að þeirri niðurstöðu að EES-samningurinn bryti ekki í bága við íslensku stjórnarskrána. Þetta álit varð hins vegar mjög fljótlega umdeilt og er það enn í dag. EES-samningurinn sem tók gildi 1. janúar 1994 hefur þó breyst talsvert síðan þá vegna hins síkvika eðlis samningsins sem gerir hann ólíkan mörgum öðrum þjóðréttarsamningum. Það má færa gild rök fyrir því að framsal valds til alþjóðlegra stofnana vegna EES-samningsins sé algjörlega á mörkunum að vera leyfilegt samkvæmt stjórnarskránni.

Rétt er að rifja upp hver sé aðgangur íslenskra stjórnvalda að ákvarðanatöku ESB. Hann er mestur í upphafi en hann er enginn á þeim vettvangi þar sem endanlegar ákvarðanir eru teknar. Til að mynda hafa EFTA-ríkin, þar á meðal Ísland að sjálfsögðu, enga aðkomu að stefnumörkun ESB, enga aðkomu að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, enga aðkomu að störfum ráðherraráðsins, enga aðkomu að vinnunefndum ráðherraráðsins, en þar taka tillögur oft miklum breytingum, enga aðkomu að störfum leiðtogafundar ESB, enga aðkomu að störfum Evrópuþingsins, en geta þó sent þangað inn athugasemdir. Sama má segja um aðkomu að fundum ráðherraráðsins, en EFTA-ríkin geta aðeins sent þangað inn athugasemdir. Eina þátttaka EFTA-ríkjanna, þar á meðal Íslands, í ákvarðanatöku ESB er í raun í gegnum þátttöku sérfræðinga í fundum framkvæmdastjórnarinnar. En eftir það geta þó tillögur hæglega breyst til muna og gera iðulega.

Ísland og önnur EES-ríki hafa engin áhrif á frumrétt ESB. Þau hafa ekki atkvæðisrétt þegar fjallað er um afleidda löggjöf eða breytingu á samstarfinu. EES-ríkin geta hins vegar neitað að taka upp nýja löggjöf sem snertir EES-samninginn en þá fellur viðkomandi kafli samningsins úr gildi fyrir Ísland, Noreg og Liechtenstein og aðgangur ríkjanna að innri markaði Evrópusambandsins á viðkomandi sviði er úr sögunni. Neitunarvaldið svokallaða er því óraunhæft og hefur því aldrei verið beitt, enda mundi það valda miklu uppnámi og stefna í hættu markmiðinu um einsleitni markaðssvæðisins og samræmingu reglna.

EES-samningurinn hefur sömuleiðis haft margvísleg áhrif á dómsvaldið sem ekki voru séð fyrir. Í hæstaréttardómi nr. 236/1999 frá 16. desember 1999 í svokölluðum Erlu Maríu dómi gekk Hæstiréttur lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna vanrækslu þess við lögfestingu á tilskipun frá Evrópusambandinu. Vísað var í niðurstöðu EFTA-dómstólsins nr. E 9/97 frá 10. desember 1998 þar sem íslensk stjórnvöld voru talin vera bótaskyld þrátt fyrir að EES-samningurinn segði ekkert um slíkan rétt til bóta.

Í ljósi þessara staðreynda tel ég fulla þörf á að samþykkja þessa þingsályktunartillögu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. Það er einfaldlega of mikið í húfi þegar verið er að tala um sjálfa stjórnarskrána.

Ég ætla að nýta þann stutta tíma sem eftir er og renna yfir helstu kosti þá sem ég sé við inngöngu Íslands í ESB.

Ég get nefnt fimm punkta til að byrja með:

1. Fiskveiðistjórn og rétturinn til nýtingar auðlindarinnar mun ekki breytast við inngöngu í ESB.

2. Viðskiptakostnaðurinn mun minnka.

3. Fjárfestingar útlendinga munu aukast hér á landi, sem ég held að sé full þörf á að eigi sér stað og við þurfum ekkert að óttast að mínu viti.

4. Við mundum hafa stóraukin áhrif á löggjöf ESB.

5. Það er almenns eðlis. Við værum orðin hluti af Evrópu þar sem við eigum heima.

Ef við skautum örlítið yfir sjálfa sjávarútvegsstefnuna sem oft hefur verið helsti þröskuldurinn á vegi margra varðandi inngöngu Íslands í ESB þá byggist hún á veiðireynslu, þ.e. sjávarútvegsstefna ESB, og er Ísland eina þjóðin sem hefur veiðireynslu í íslenskri lögsögu. Samkvæmt núgildandi reglum Evrópusambandsins fengi því Ísland allan þann kvóta sem ákveðinn yrði í íslenskri lögsögu eftir að við gengjum í ESB.

Hægt er að gera kröfu um að erlend sjávarútvegsfyrirtæki sem ættu þá rétt á að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi mundu hafa raunveruleg efnahagsleg tengsl við Ísland og kemur það í veg fyrir að verðmæti á sjávarafurðum eigi greiða leið úr landi. Þetta er lykilhugtak í allri umræðu um sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, það er að segja raunveruleg efnahagsleg tengsl. Þetta er regla sem Evrópudómstóllinn sjálfur hefur mótað. Þetta er regla sem mundi hagnast okkur afskaplega vel enda er hún mjög jákvæð fyrir svæði sem treysta mikið á sjávarafurðir og byggja afkomu sína á fiskveiðum.

Aðild Íslands að ESB væri ekkert sérstaklega kostnaðarsöm. Þetta hafa tölur sýnt. Íslendingar þyrftu að greiða til sambandsins en á móti fengi Ísland beina styrki. ESB hefur ætíð styrkt mikið harðbýlar og dreifðar byggðir og á það í rauninni við allt Ísland, svo ekki sé talað um landsbyggðina sem oft hallar á. Hins vegar mun fjárhagslegur ávinningur Íslands af inngöngu í ESB verða gríðarlegur burt séð frá styrkjum og aðildarkostnaði sem ég held að sé aukaatriði í þessari umræðu. Viðskiptakostnaður mundi minnka, fjárfestingar ykjust og vextir mundu lækka og verð til neytenda mundi hrynja.

Íslenskur almenningur er nú að greiða eitt hæsta matvælaverð í heimi. Niðurlagning krónunnar mundi þýða tugmilljarða króna ávinning á hverju einasta ári. Hagsveiflur milli Evrópu og Íslands mundu minnka með notkun sömu myntar. En með minnkandi vægi sjávarútvegs, sem er núna aðeins um 10% af landsframleiðslu Íslands, aðeins 10%, mundi draga úr hagsveiflunum á milli svæðanna. Með inngöngu Íslands í ESB yrði ódýrara fyrir íslensk fyrirtæki að eiga viðskipti við fyrirtæki frá ESB-löndunum og öfugt.

Útlendingar hefðu frekar áhuga á Íslandi sem fjárfestingarkosti og starfsstöð vitandi að Ísland væri hluti af alþjóðlegri blokk og að þar væru í gildi reglur sem þeir þekktu. Sérstaða fælir viðskipti frá þar sem hún hefur í för með sér kostnað við að kynna sér hana.

Með inngöngu Íslands í ESB yrði Ísland áþreifanlegur hluti af Evrópu. Öll svið mannlegs samfélags nytu góðs af inngöngu í ESB.

Að lokum er mikilvægt að muna að það er ekki ESB í hag að rústa litlu hagkerfi lengst norður í hafi enda mundi ESB aldrei taka ákvörðun gegn meginhagsmunum neinnar aðildarþjóðar.

[14:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er einn af tveimur þingmönnum sem sitja nú í þessum sal og taka þátt í þessari umræðu, sem átti þátt í því að EES-samningurinn fór hér í gegn með samþykki meirihluta Alþingis á sínum tíma. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson lýsir mjög vel þeim efasemdum sem risu þá og álitamálum um hvort samningurinn stæðist stjórnarskrá lýðveldisins. Það er rétt hjá honum að sú var niðurstaða nefndar lögvísra manna sem var fengin til þess að fjalla um það. En þeir sögðu jafnframt að að þessu leytinu værum við á gráu svæði. Síðan hefur EES-samningurinn tekið jafnvel enn gagngerri breytingum en komu fram í máli hv. þm. Hv. þm. benti á að við höfum enga aðkomu að frumsmíð lagagerninga hjá Evrópusambandinu. Á sínum tíma skipti það öllu um niðurstöðuna varðandi stjórnarskrá að við Íslendingar höfðum þá aðkomu að sérfræðinganefndum framkvæmdastjórnarinnar. Þá voru hins vegar valdmörkin milli framkvæmdastjórnar og Evrópuþingsins töluvert öðruvísi en í dag. Þá var upphaf lagagerninga hjá framkvæmdastjórn ráðsins og Evrópuþingið hafði engin lýðræðisleg völd. Það gat ekki breytt þessum gerningum. Krafan um að vinna bug á lýðræðishallanum innan Evrópusambandsins leiddi til þess að Evrópuþingið fékk mikinn rétt og í dag hefur það endanlegt vald. Ef ágreiningur rís á milli framkvæmdastjórnar þar sem við höfum aðkomu í gegnum sérfræðinganefndir og Evrópuþingsins fara málin í ákveðið samráðsferli. Ef þá næst ekki niðurstaða sem báðir aðilar sætta sig við leiðir það til þess að Evrópuþingið hefur síðasta orðið. Lög sem koma frá Evrópuþinginu eru þess vegna oft allt öðruvísi en upphaflega var þegar við komum að þeim. Þetta tel ég að hafi ýtt EES-samningnum yfir hið gráa svæði og þess vegna samrýmist hann ekki lengur stjórnarskránni.

[14:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að EES-samningurinn er að mörgu leyti sérstakur samningur. EES-samningurinn hefur það sem hefur verið kallað í lögfræðinni „lifandi eðli". Hann tekur breytingum, hann breytist að því leyti að hann er túlkaður frá ári til árs m.a. í ljósi breyttra tíma. Sumum finnst þetta vera umdeild framkvæmd á EES-samningnum, hins vegar hefur það verið ríkjandi viðhorf að EES-samningurinn taki þessum breytingum. EES-samningurinn í dag er allt annar samningur en hann var árið 1994. Þess vegna er full þörf á þáltill. til að kanna hvort hann standist stjórnarskrána og ef hann gerir það ekki þarf að breyta stjórnarskránni.

ESB hefur einnig farið á mörg önnur svið. Það er ekki nóg með að hlutverk stofnana hafi breyst, heldur hefur samstarf Evrópusambandsríkjanna farið yfir á önnur svið sem var ekki til í dæminu, alla vega ekki með raunhæfum hætti, á þeim tíma sem EES-samningurinn var gerður, t.d. á sviði peningamála, utanríkismála og jafnvel varnarmála. Þetta eru allt svið sem EES-samningurinn tekur ekki tillit til.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hlutverk stofnana ESB hefur gjörbreyst og vegna hins svokallaða lýðræðishalla Evrópusambandsins hafa menn verið að auka vægi Evrópuþingsins og auka vægi ráðherraráðsins. Ráðherraráðið er ekkert annað en fundur fagráðherra viðkomandi ríkja. Völdin hafa verið aukin á kostnað framkvæmdastjórnar. Það var einmitt sú tenging sem Íslendingar höfðu í gegnum EES-samninginn þegar hann var gerður, enda var framkvæmdastjórnin þá talsvert voldugri en hún er núna. Þessu hefur ekki verið breytt varðandi EES-samninginn. Við höfum enn þá eingöngu tengingu við framkvæmdastjórnina og því mætir EES-samningurinn ekki þeim kröfum og þeim breytta heimi sem Evrópusamstarfið starfar

og er í í dag. Svo sjáum við þau áhrif sem Evrópudómstóllinn hefur haft.

Í máli mínu kom ég inn á Erlu Maríu dóminn sem gjörbreytir áhrifum Evrópudómstólsins, sem er dómstóll Evrópusambandsins, á löggjöf og stöðu íslenskra stjórnvalda.

[14:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er svo sérkennilegt að krafan um aukið lýðræði innan Evrópusambandsins hefur orðið til þess að lýðræði okkar, sem *erum hluti af EES en erum partur* af EFTA-stoðinni og þess vegna utan Evrópusambandsins, hefur minnkað.

Lýðræðishallinn sem var helsti ágalli Evrópusambandsins hefur minnkað verulega á síðustu árum með því aukna vægi Evrópuþingsins sem ég og hv. þm. höfum verið að rökræða. Evrópuþingið hefur nú síðasta orðið og getur breytt öllum þeim frv. sem koma frá framkvæmdastjórninni eins og því lystir. Vaxandi dæmi eru um frv. sem taka gagngerum stakkaskiptum. Breytingin er stundum svo mikil að frv. er allt öðruvísi en þegar það kemur fyrst fram á því stigi þegar Íslendingar hafa möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þetta er því gjörbreyting og sú breyting ein og sér dugar til þess að sannfæra mig um að EES-samningurinn er kominn yfir það gráa svæði sem sérfræðinganefndin 1993 skilgreindi.

Í annan stað, eins og hv. þm. nefndi undir lok andsvars síns, hefur túlkun dómstóla gjörbreyst frá því sem var. Á sínum tíma var vissulega ljóst að um var að ræða framsal til erlendra dómstóla, en þó ekki í þeim mæli sem er í dag. Enginn hefur lýst þessu betur en einmitt hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson í blaðagrein og ræðum þar sem hann hefur sýnt fram á hvernig dómar sem hafa gengið hafa í reynd orðið miklu afdrifaríkari og víðtækari en áður var. Þetta veldur því t.d. að núna liggur fyrir Alþingi Íslendinga frv. til laga sem byggist á einum tilteknum EES-gerningi þar sem beinlínis er sagt að íslenskir dómstólar geti ekki hlutast til um niðurstöðu EFTA-dómstólsins að því er varðar húsleitarheimildir í tilteknum atriðum. Þetta skiptir geysilega miklu máli varðandi þetta.

[14:51]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar varðandi hið breytta hlutverk Evrópudómstólsins. Ég held að Íslendingar og a.m.k. meiri hluti þingheims átti sig ekki alveg á þeim öru breytingum sem hafa átt sér stað á undanförnum tíu árum hvað varðar Evrópusamstarfið.

Mig langar að nýta tækifærið í stuttu andsvari mínu og koma aðeins inn á efni þáltill. Ég tel nauðsynlegt að samþykkja þáltill. hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur, m.a. af því farsælast er að mínu viti að vera búinn að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni áður en kemur að þungavigtarumræðunni um kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Það er ekki umræðunni í hag að blanda saman umfjöllun um aðild að Evrópusambandinu við umræður um breytingar á stjórnarskránni. Ég rifja aftur upp að Norðmenn hafa nú þegar þessa heimild þrátt fyrir að þeir séu ekki aðilar að ESB frekar en við. En færa má rök fyrir því að heimild á framsali valds á stjórnarskrá sé óháð hugsanlegri aðild Íslands að ESB og ætti frekar við almenna þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi, svo sem vegna EES-samstarfs, EES-samningsins og Schengen-samningsins.

Á það hefur verið bent að skýr heimild löggjafans á framsali valdsins í stjórnarskrá gæti treyst fullveldi frekar en að takmarka það, en eins og staðan er núna eru ákvæði til framsals valds óljós og því gæti sérstakt stjórnarskrárákvæði skýrt valdheimildir til framsals. Þetta sjónarmið hefur átt upp á pallborðið hjá sumum ríkjum Evrópu, svo sem Noregi.

Að lokum langar mig að minnast á það að ef Ísland og Noregur gengju inn í Evrópusambandið yrði Norðurlandablokkin með meira vægi í ráðherraráðinu atkvæðislega séð heldur en einstök stór ríki. Í því tilliti er einstakt tækifæri fyrir norrænt samstarf á sviði Evrópusambandsins sem við eigum að nýta okkur við fyrsta tækifæri.

[14:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Frú forseti. Í kvöld er búist við miklum hátíðahöldum út um alla Evrópu þegar 25 ríki sameinast í Evrópu, 10 ný ríki stíga inn í 15 landa samvinnu á vettvangi Evrópusambandsins ásamt þremur EFTA-löndum. Um þetta var fjallað í morgunútvarpi í morgun. Íbúafjöldinn eykst úr 385 milljónum í 460 milljónir.

Alþingi hefur nýlokið við að breyta lögum um frjálsa för verkafólks og nýtir þar með aðlögunarrétt til þess að skapa ekki of mikið álag á viðkvæmt atvinnulíf okkar. Miklar breytingar verða við innkomu nýju þjóðanna. Búast má við flutningi fólks sem leitar gæfunnar á nýjum slóðum eftir opnunina. Sömuleiðis mun það gerast að fyrirtæki nýti sér ódýrara vinnuafl og flytji framleiðslu og störf til nýju landanna að einhverju marki því einhvern tíma mun takast að ná nýju löndunum upp á sama velferðarplan og löndin sem fyrir eru í Evrópusambandinu eru á. Til lengri tíma litið má vænta þess að þetta stóra samband verði allra hagur.

Ég verð að gera það að umtalsefni við umræðuna hvert friðarferlið sem fylgt hefur þróun Evrópusambandsins er sem er allt of sjaldan staldrað við í umræðu um ESB. Í ár munum við halda upp á 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins og árið sem við urðum alveg sjálfstæð logaði Evrópa í stríðsátökum, árið 1944. Það er hollt að leiða hugann að þeim miklu breytingum sem fylgt hafa samvinnuþróuninni í Evrópu að öll þessi lönd skuli í dag starfa saman, sitja við sama borð og stefna í sömu átt. Þetta er allt of sjaldan nefnt í umræðunni um Evrópusambandið og samvinnu í Evrópu.

Störf og starfsemi mun flytjast á milli landa, en um þessar mundir gerist það sömuleiðis að störf og starfsemi flyst til fjarlægari landa. Hingað til hefur það helst verið til Kína, en Indland sækir á og Palestína sömuleiðis, sem vilja fá hlutdeild í framleiðslu Vesturlanda. Vandamálin í Evrópu verða því sameiginleg hvað þetta varðar á komandi árum.

EES-samningurinn hefur verið okkur ákaflega mikilvægur. Hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, tók svo djúpt í árinni í umræðum um utanríkismál í haust að segja að EES-samningurinn væri undirstaða þeirrar velferðar sem Íslendingar búa við í dag, ekkert minna. Á þeim tíma sem samningurinn var gerður voru stjórnvöld og við öll sannfærð um að hann bryti ekki í bága við stjórnarskrá, eins og fram hefur komið, en miklar breytingar hafa orðið á stofnunum og skipulagi Evrópusambandsins síðan. Sömuleiðis hefur hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, nefnt að samningurinn sé ef til vill kominn á svig við stjórnskipunarlög okkar. Það er í meira lagi óþægilegt að búa við það að vita ekki hvort samningurinn eins og hann er í dag brjóti í bága við stjórnarskrá eða ekki. Það er óþolandi að það mál sé ekki útkljáð.

Þess vegna er málið sem við ræðum í dag mjög mikilvægt og tillaga Katrínar Júlíusdóttur góð og nauðsynleg.

Þegar við gerðum samninginn voru EFTA-löndin sex og í Evrópusambandinu voru 12 lönd. Árið 1995 voru EFTA-löndin þrjú og Evrópusambandslöndin 15. Þann 1. maí, á morgun, verða EFTA-löndin þrjú og Evrópusambandslöndin 25. Það er gífurlegt ójafnvægi og gefur samningnum og samningsstöðu okkar allt aðra stöðu en fyrr á árum.

Það er áhyggjuefni og kom fram í orðum og málflutningi Díönu Wallis. Díana Wallis er fulltrúi á Evrópusambandsþinginu og hefur með málefni Norðurslóða og Noregs, Íslands og Liechtensteins, þ.e. EFTA-landanna að gera. Hún lýsti því á fundi í Norræna húsinu og hefur lýst því í viðtölum, að komin sé ný kynslóð á Evrópuþingið, kynslóð sem þekkir ekki hugmyndafræðina á bak við Evrópska efnahagssvæðið. Kynslóð sem er upptekin af stækkun Evrópu, á víðari Evrópu og því hvað ný landamæri í Austur munu þýða fyrir Evrópu, hvernig eigi að halda á málum gagnvart hinum nýju nágrönnum handan hinna nýju landamæra.

Þegar hún og aðrir okkur vinveitt eru að reyna að tala fyrir EES-samningnum og útskýra vanda t.d. okkar Íslendinga segir hún að það sé bara yppt öxlum og sagt: Við erum með allt of stór verkefni, við höfum allt of stórum málum að sinna varðandi stækkun Evrópusambandsins að leysa þau mál sem verða í nýrri 25 landa Evrópu og að horfa til nýju landanna, nágrannanna, og hjálpa þeim til að komast t.d. innan einhvers árabils inn á viðskiptasvæði okkar og í fyllingu tímans ef til vill að verða meðlimir í Evrópusambandinu. Ísland, Noregur og Liechtenstein verða bara að fara að gera upp við sig: Ætla þau að vera með eða ætla þau ekki að vera með?

Það er alveg nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að þannig mun það verða á komandi árum. Það verður aftur og aftur sagt við okkur: Þið verðið að fara að gera upp við ykkur hvar þið ætlið að standa. Ætlið þið að vera með í Evrópu eða ekki? Við getum ekki sinnt þessum þremur litlu löndum.

Það er líka athyglisvert að nei-hliðin á Íslandi þegar um er að ræða Evrópusambandsaðild telur að við aðild missi Ísland sjálfstæði sitt og verði undirlagt ákvörðunum í Brussel. En já-hliðin bendir á að við séum skyldug að taka við lögum og reglum um innri markaðinn gegnum Evrópska efnahagssvæðið og séum háð Brussel með alla atvinnuvegalöggjöf okkar og þess vegna sé betra að vera við borðið. Þetta er auðvitað afskaplega mikið einfaldað, en innihaldið er þetta.

Eins og fram kemur í greinargerðinni höfum við mjög óvirkt neitunarvald. Ég átti þess kost að sitja fund í Helsinki í desember á vegum Alþingis um Evrópu og Evrópusambandið. Það var frekar pínlegt hve berlega kom í ljós að hin löndin eru í nánu sambandi allan tímann, frá því að umræða hefst við fyrstu gerð málanna innan Evrópusambandsins. Það er sérstaklega til fyrirmyndar í Finnlandi að málin koma sennilega í þremur umferðum inn í þingið, í gegnum samvinnu við utanríkisráðuneyti og samvinnu við Evrópunefndina. Málin koma inn á frumstigi, þá á vinnslustigi og í lokin koma þau inn í þessa „grand committee"-nefnd sem varð til á sínum tíma þegar Finnland varð sjálfstætt. Með henni vildu þeir tryggja að ekkert mál yrði að lögum sem gæti brotið í bága við stjórnarskrá og mættum við taka okkur það til fyrirmyndar.

Við, fulltrúar Íslands og Noregs á þessum fundi, sögðum bara: Þetta er óþægilegt. Við tökum við öllum þeirra gerðum, tilskipunum og leiðbeiningum og leggjum fyrir utanrmn. og segjum bara já og amen. Svo er búin til löggjöf. Við verðum að horfast í augu við að staða okkar til að hafa áhrif er veik. En vissulega er betra en ekki að vera á Evrópska efnahagssvæðinu og ég tek undir það að samningurinn hefur veitt okkur gífurlega mikla velferð.

[15:02]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Heimurinn verður stöðugt alþjóðlegri. Samvinna þjóða verður sífellt meiri og landamærin eru alltaf að verða þýðingarminni. Í þessum breytta heimi erum við stöðugt að treysta stöðu þjóðanna með því að deila með þeim fullveldinu. Það er stundum sagt að það sé undirstaða sérhverrar sjálfstæðrar þjóðar að hafa óskert fullveldi. Í nútímanum horfir málið öðruvísi við. Þá verður sjálfstæði þjóðar því meira sem hún á nánari samvinnu við vinsamlegar þjóðir á sviðum viðskipta og menningar. Til að það sé hægt að gera samninga um slíkt þurfum við alltaf með einhverjum hætti að deila með þeim valdi. Allir alþjóðasamningar fela í reynd í sér einhvers konar deilingu á valdi og deilingu á fullveldi. Fullvalda þjóðir treysta fullveldi sitt með því að deila því. Þetta er undirstaðan að farsælli utanríkisstefnu Íslendinga.

Við höfum á liðinni öld deilt með öðrum þjóðum mjög mikilvægum þáttum í fullveldi okkar. Ég nefni tvennt sérstaklega. Við finnum til mikils skyldleika við aðrar Norðurlandaþjóðir og höfum reynt að rækta sambandið við þær eins og kostur er. Það höfum við t.d. gert með því að leyfa fyrir lifandis löngu frjálsa för norræns vinnuafls til Íslands. Um leið höfum við selt af höndum okkar vald Íslendinga og íslensku ríkisstjórnarinnar til að stjórna því með hvaða hætti íbúar Norðurlanda koma hingað til þess að sækja vinnu og að lokum að festa hér rætur og verða þegnar landsins.

Á móti höfum við hins vegar fengið framsal af þeirra hálfu. Íslendingar hafa með sama hætti getað farið og selt vinnuafl sitt innan vébanda þessara þjóða. Þetta hefur verið öllum til hagsbóta en það liggur fyrir að í krafti þessa fyrirkomulags hafa þessi ríki verið að framselja hvert öðru hluta af fullveldinu, þó lítill sé. En í reynd hafa þær styrkt stöðu sína og þar með fullveldi sjálfstæðrar þjóðar.

Annað höfum líka gert á liðinni öld sem hefur verið hornsteinn í utanríkisstefnu okkar. Það var að samþykkja aðild að Atlantshafsbandalaginu og í framhaldi af því gerðum við tvíhliða samning milli okkar og Bandaríkjanna um það sem er jafnan einn af burðarásunum í fullveldi sérhverrar þjóðar, sem eru varnirnar. Við gerðum þetta á sínum tíma þótt umdeilt væri. Það var niðurstaða þeirra sem fóru þá með meiri hluta að með því að framselja fullveldið með þessum hætti værum við í reynd að styrkja fullveldi þjóðarinnar þegar litið væri á það út frá breiðara sjónarhorni og til langs tíma. Þetta kann að hljóma þverstæðukennt en þetta er eigi að síður grunnurinn í samskiptum þjóða í dag. Þau deila fullveldi sínu.

Við höfum átt stjórnarskrárlegan kost á að gera þetta vegna þess að í 21. gr. stjórnarskrárinnar er heimild til handa forseta og ríkisstjórnar í umboði hans til að gera milliríkjasamninga. Þetta ákvæði hefur verið talið nægja til að heimila ríkisstjórn að gera alþjóðlega samninga fyrir hönd Íslands. Þó leggur þetta tiltekna ákvæði stjórnarskrárinnar ákveðnar hömlur á möguleika framkvæmdarvaldsins hverju sinni. Ef um er að ræða einhvers konar kvaðir sem lagðar eru á land eða landhelgi þarf sérstakt samþykki Alþingis. Þetta ákvæði hefur hins vegar verið óbreytt og á sama tíma hafa Íslend-

ingar þurft að framselja vald sitt í ríkari mæli í gegnum alþjóðlega samninga.

Sá samningur sem hér er um að ræða og þessi tillaga tengist er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Á sínum tíma, eins og hv. flutningsmaður Katrín Júlíusdóttir rakti og fleiri hafa gert að umræðuefni, var það álitamál hvort framsalið sem í þeim samningi fólst stæðist umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar. Nefnd lagaspekinga sem fór höndum um þetta og skoðaði djúpt á sínum tíma komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri verjanlegt. Það var orðað þannig af hennar hálfu að þetta væri á gráu svæði. Það þýðir að það var ekki mikið þanþol eftir í stjórnarskránni ef samningurinn þróaðist með þeim hætti að um frekara valdaframsal væri að ræða.

Við samþykktum EES-samninginn og það framsal fullveldis sem í honum fólst miðað við ákveðna stöðu. Á þeim *tíma sáum við ekki fyrir að hugsanlega kynni samningurinn* að breytast vegna breytinga á innviðum Evrópusambandsins með þeim hætti að um vaxandi framsal á valdi yrði að ræða. Það hefur samt sem áður gerst. Breytingarnar innan Evrópusambandsins hafa verið margþættar en það sem ég held að hafi skipt langmestu máli er breyting á möguleikum okkar. Annars vegar höfum við ekki sömu tækifæri til að koma *fram sjónarmiðum* við samningu lagagerninga. Hins vegar ber að líta til túlkunar sem Hæstiréttur hefur lagt í dóma EFTA-dómstólsins sem hafa lagt aðrar kvaðir á íslenska ríkið og fært Íslendingum annan rétt en við sáum fyrir þegar samningurinn var gerður.

Svo ég víki að fyrra atriðinu, frú forseti, þá fékk Evrópuþingið, eins og ég hef lítillega rakið fyrr í dag, ríkari völd til að hafa áhrif og reyndar meira vald til að hafa endanleg áhrif á lagagerninga sem upphaflega voru smíðaðir af framkvæmdastjórninni en áður var. Aðkoma okkar, samkvæmt samningnum, er einvörðungu í gegnum sérfræðinganefndir sem heyra undir framkvæmdastjórnina.

Þegar Evrópuþingið fékk þetta aukna vald kom upp sú staða að hugsanlega gæti orðið ágreiningur milli framkvæmdastjórnarinnar og Evrópuþingsins. Reyndin hefur sýnt að svo er. Þá var búið til sérstakt samráðsferli eða „co-decision process" sem fól í sér að reynt var að ná samkomulagi milli framkvæmdastjórnarinnar, þar sem við höfðum þessa takmörkuðu aðkomu og hins vegar Evrópuþingsins þar sem við höfðum enga aðkomu. En samkvæmt breytingum á innviðum Evrópusambandsins er það þannig að ef Evrópuþingið hefur á endanum aðra afstöðu en framkvæmdastjórnin þá ræður hún, með öðrum orðum getur lagagerningurinn orðið allt öðruvísi en til var stofnað.

Þetta þýðir að það hefur augljóslega skapast möguleiki á *mjög umfangsmikilli kröfu á framsal fullveldis af okkar* hálfu. Það er reyndin í dag. Þetta gerir það að verkum, að ég tel, að stjórnarskráin þoli ekki lengur samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þess vegna þurfum við að breyta stjórnarskránni að mínu viti.

Tillaga hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur tengist tillögu sem Samf. lagði fram sem fyrsta þingmál á þessum vetri. Þar var gert ráð fyrir því að sett yrði nefnd til að gera tillögur að stjórnarskránni, m.a. breytingu á 21. greininni, til að hún mundi rúma þessa eðlisbreytingu á afstöðu EES-samningsins til stjórnarskrárinnar. Menn hafa hins vegar ekki verið á eitt sáttir um það og þess vegna er tillagan fram komin, til að hægt sé með hlutlausum hætti að ganga úr skugga um hvort svo sé.

[15:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. nefndi framsal Íslendinga í tengslum við samninga um varnarmál. Það er ljóst að við höfum í gegnum árin átt í mjög þýðingarmiklu varnarsamstarfi og gert mjög þýðingarmikla samninga um okkar mál.

Jafnframt er ljóst að öll eftirstríðsárin hefur Ísland, mitt í Norður-Atlantshafinu, haft mjög þýðingarmikla stöðu, haft þýðingu fyrir þjóðirnar vestan hafs og austan. Það hefur skipt *máli fyrir stöðu okkar á Íslandi. En með þeim breytingum* sem hafa orðið hjá þjóðum heims, með alþjóðavæðingunni, breytingu á varnarmálum og á öxlinum þar sem hlutirnir gerast, er ljóst að Norður-Atlantshafið hefur miklu minna vægi en nokkru sinni áður. Norður-Atlantshafið skiptir í sjálfu sér ekki mjög miklu máli hjá þjóðum heims í dag. Það höfum við séð og heyrt í gegnum umræðuna um varnarsamstarfið.

Því spyr ég hv. þm.: Telur hann að þessi breytta staða Íslands, þegar Norður-Atlantshafið er farið að hafa miklu minna vægi en áður, geti haft áhrif í framtíðinni? Getur verið að þessi breytta staða hafi þau áhrif fyrir okkur að við verðum af meiri alvöru en áður að huga að því í hvaða samstarfi við ætlum að vera og hverjum við ættum að sækjast eftir að vera með í liði? Getur verið að þessi breytta staða með Norður-Atlantshafið hafi miklu víðtækari áhrif en menn hafa talið og hingað til hefur komið til umræðu?

[15:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég dreg ekki í efa að minnkandi vægi Norður-Atlantshafsins og þeirra þjóða sem við það búa, einkum vestanmegin, mun skipta sköpum í utanríkisstefnu Íslendinga. Við höfum byggt svo að segja alla utanríkisstefnu okkar á góðu samstarfi yfir Atlantshafið við Bandaríkin. Nú liggur fyrir að Bandaríkin líta öðrum augum á mikilvægi Norður-Atlantshafsins og framlag Íslands til varna álfunnar með því að leggja til land undir herstöðvar. Það blasir líka við að augu Bandaríkjamanna beinast í ríkari mæli austur.

Það mætti því í fyrsta lagi draga þá ályktun að varðandi almenna stöðu á alþjóðavettvangi væri hagstætt fyrir okkur að efla tengsl okkar við Evrópusambandið. Ég er þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að ganga í Evrópusambandið. En ég tel jafnframt að við eigum að halda eins ríkum tengslum við Bandaríki Norður-Ameríku og hægt er.

Ég tel að í framtíðinni, þegar vindur fram á þessa öld, muni öryggi álfunnar tryggt, ekki einvörðungu með tilvist og herstyrk Evrópusambandsins heldur samvinnu þessara tveggja stóru stofnana, Evrópusambandsins annars vegar og Bandaríkja Norður-Ameríku hins vegar.

*Í öðru lagi skiptir það máli, þegar við horfum til Evrópu*sambandsins, að það sjálft horfir til austurs. Það er ekki að horfa vestur á bóginn. Áhersla Evrópusambandsins er austur og þær varnir sem Evrópusambandið virðist fyrst og fremst byggja upp miða eðlilega að því að verja austurvænginn. Niðurstaðan, að því er varnir snertir, er því sú að nákvæmlega sömu öfl eru að verki sem draga úr áhuga Bandaríkja Norður-Ameríku á að eiga í umfangsmiklu varnarsamstarfi við okkur og valda því að Evrópusambandið er hikandi við að byggja upp varnir á vesturvængnum.

[15:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þetta. Ég tel reyndar að um sé að ræða stærra og víðtækara mál sem snúi ekki eingöngu

að vörnum heldur því að Ísland hefur haft vægi í Atlantshafinu af því að Norður-Atlantshafið var afar þýðingarmikið. Það skipti máli hvernig mál þróuðust hjá okkur.

Ég óttast að ef við ákveðum að vera utan Evrópusambandsins og að einhverjum tíma liðnum hætti Evrópusambandið að leggja vinnu í að þróa áfram samninginn um Evrópska efnahagssvæðið fyrir svo fáa íbúa, einn hundraðasti hluta þeirra sem eru í Evrópusambandinu, komi upp sú staða að við hættum að skipta máli í öðru samhengi. Hætta er á að við verðum ein eftir úti í miðju Atlantshafi og höfum ekki lengur jafnsterka stöðu og við höfum þó í dag. Við þurfum að horfa á þróunina frá fleiri sjónarhornum. Þá verður kannski ekki svo einfalt að berja sér á brjóst og segja: Við ætlum að vera sjálfstæð og sjálfráð hérna uppi. Við þurfum bara þessa og hina samninga við þjóðir heims af því að við getum klárað okkur ágætlega sjálf.

Ég tel að minnkandi vægi Norður-Atlantshafsins þýði að við eigum ekki sérlega mikið val um það í framtíðinni hvaða þjóðir við ætlum að hafa að vinum eða hvaða samstarf við ætlum að meta mest. Við getum hreinlega einangrast ef við horfum ekki á hlutina í víðara samhengi.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að þetta sé alveg hárrétt mat hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Ég er í hópi þeirra örfáu þingmanna sem hafa notið þeirra forréttinda að hafa setið fundi með öllum utanríkismálanefndum allra þeirra ríkja sem eru aðilar að Evrópusambandinu. Í krafti EFTA-nefndarinnar hefur okkur nokkrum þingmönnum hlotnast það tækifæri að deila skoðunum með þessum nefndum og því miður komist að þeirri skelfilegu niðurstöðu að innan þeirra nefnda er enginn áhugi á EES, enginn vilji til að halda því áfram, en það sem þó er verst er að það er ekki lengur nein þekking sem lifir um EES. Það er sérkennileg lífsreynsla að hitta formann eftir formann í utanríkismálanefndum þjóðþinga stórra ríkja og komast að raun um að þeir vita varla að EES er til. Tilfinning mín er því sú að það sé lítill áhugi á því að halda EES úti. Ég tel að það sé sjálfdautt líka ef Norðmenn ganga inn í Evrópusambandið.

Það eru önnur rök sem hníga líka að því að við eigum að ganga í Evrópusambandið, það er samvinna okkar við frændþjóðirnar á Norðurlöndunum. Við höfum frá örófi átt fyrst og fremst samskipti við hin Norðurlöndin. Það stafar af menningarlegum tengslum og líka uppruna okkar. Þar eigum við vinum að mæta og þær þjóðir hafa alltaf stutt okkur ef í nauðir rekur. Ef Ísland og Noregur gengju í Evrópusambandið væri þar komin mjög sterk stoð öflugrar samvinnu. Til viðbótar henni er síðan hin góða samvinna sem þjóðirnar hafa átt í gegnum aldir og eru að þróa sérstaklega síðasta áratuginn við Eystrasaltsþjóðirnar. Ég held að Norðurlandaþjóðirnar ásamt Eystrasaltsþjóðunum gætu orðið einhver öflugasta þjóðagreinin innan ESB og mundu samanlagt fara með töluvert fleiri atkvæði en stærsta þjóðin innan stofnana Evrópusambandsins.

[15:18]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er full ástæða til að þakka hv. flutningsmanni, Katrínu Júlíusdóttur, fyrir að taka þetta mál upp á vettvangi þingsins því það er sannarlega brýnt að það komi til skoðunar og varðar mikilsverð álitaefni í okkar alþjóðlega samstarfi og í því lagaumhverfi sem löggjafarþingið skapar.

Það er auðvitað hverjum manni ljóst sem hefur kynnt sér samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að þar er ekki á ferðinni heilsárshús. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er ekki framtíðaraðsetur fyrir heila þjóð. Ég hygg að frekar megi líkja þeim samningi við einhvers konar fortjald að þeim miklu byggingum sem Evrópusambandið er. Og þeir sem þurfa að liggja í fortjaldi mega búast við því hvenær sem er að ef hann blæs upp og gerir á norðanstorm þá fýkur tjaldið burt með litlum fyrirvara og menn liggja varnarlitlir eftir. Það getur sannarlega hent í því umhverfi sem við erum í í dag, samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þó að hitt sé líklegra að það gerist einfaldlega með árunum að þetta blessaða fortjald láti á sjá og smátt og smátt komi í ljós hver gallinn á fætur öðrum á þeim samningi, eins og hefur verið að gerast, og hann dragist aftur úr Evrópusamstarfinu almennt og verði okkur það fótakefli að okkur verði nauðugur einn kostur að ganga inn í hin stærri og betri húsakynnin. Það væri raunar óskandi að hér væru stjórnvöld sem hefðu metnað til þess að marka slíka stefnu sjálf og líta til framtíðar og hafa áhrif á það og taka þær ákvarðanir á meðan og þegar við erum í sterkri og góðri samningsstöðu fremur en að láta okkur fljóta sofandi að feigðarósi og neyðast í nauðung til þess að dragast inn í húsið þegar ekkert skjól er eftir lengur í fortjaldinu.

Ég vildi af þessu tilefni fá að vekja athygli þingheims á einu af þeim margvíslegu álitaefnum og göllum sem ég tel að séu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og mér hafa orðið ljós í vetur. Það var þegar ég flutti fyrirspurnir um tilskipanir sem vörðuðu mismunun fólks á vinnumarkaði vegna fötlunar, aldurs, trúarbragða, litarháttar o.s.frv., sem ekki höfðu verið teknar upp í íslenskan rétt og íslenska ríkið ákvað að túlka það sem svo að þær tilskipanir eða gerðir féllu ekki undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið því þær heyrðu undir þætti í Evrópusamstarfinu sem við værum ekki aðilar að og gætum þess vegna ekki fullgilt undir gerðinni. Þó höfum við alltaf leitast við að túlka það mjög vítt hvað falli undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, en þegar fatlaðir, aldraðir og aðrir slíkir hópar áttu í hlut reyndist ekki vera pólitískur vilji til að gera það, því miður. Og þannig er það auðvitað að við förum varhluta af ýmsum þáttum í Evrópusamstarfinu, mikilsverðum og góðum þáttum í því samstarfi.

En hitt vakti athygli mína þegar ég fór að kanna þetta að það virðist vera að ítrekað höfum við túlkað gerðir undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í það minnsta, vil ég leyfa mér að segja, á næsta hæpnum forsendum eða a.m.k. með mjög ríkum vilja. Það má t.d. nefna gerð sem varðar vanefndir á samningum á markaði, gerð nr. 35 frá árinu 2000, sem hefur verið innleidd í Evrópuréttinn undir 95. gr. Evrópusamstarfsins sem heimilar í sjálfu sér innleiðingu á margvíslegum tilskipunum sem greiða fyrir skilvirkni á innri markaðnum og hefur kannski verið notuð sem nokkurs konar ruslakista til að koma inn alls kyns leiðréttingum. Þessi gerð er heimfærð þar undir vegna þess að ekki er hægt að heimfæra hana undir neina aðra grein. 95. gr. er ekki að finna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og mönnum því væntanlega verið vandi á höndum að finna henni stað þar en þó komið henni að efnislega undir einum punkti í samningnum.

Slíkum vanda hafa Norðmenn oft staðið frammi fyrir. Þeir hafa hins vegar verið í miklu betri aðstöðu en við til að túlka mál með þessum hætti vítt, vegna þess að þegar um

er að ræða álitaefni og vafamál í þessu þá er Norðmönnum mikið skjól í 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Þegar slíkar gerðir eru annars vegar sem vefengja má að hægt sé að heimfæra undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þá geta Norðmennirnir til þess að hafa lagalega fullvissu og eyða réttaróvissu, eftir að þeir hafa tekið gerðirnar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með okkur, farið með þær heim í Stórþingið og leitað eftir því að fá þær afgreiddar með auknum meiri hluta og með vísun í 93. gr. Þannig geta Norðmenn eytt allri réttaróvissu um þær greinar sem túlka má kannski á tvo vegu hvort falli undir samninginn eða ekki, en það er vegna þess að þeir hafa heimildina í stjórnarskránni.

Við höfum enga slíka heimild og þess vegna er a.m.k. ástæða til að kanna það vel hvort við höfum verið að afgreiða ýmsar gerðir undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem hæpið sé að hafi þar nægilega stoð og að þess vegna og vegna skorts á slíkri heimild, sem hér hefur verið fjallað um, í íslensku stjórnarskránni höfum við skapað réttaróvissu á einhverjum sviðum.

Ég hef af því tilefni, virðulegur forseti, ákveðið að leggja fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh., og vildi boða hana við þessa umræðu, um að hann geri þinginu grein fyrir því hvaða gerðir það eru sem hafa verið heimfærðar undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem Norðmenn hafa talið sig þurfa aukinn meiri hluta á norska Stórþinginu til að geta staðfest og eytt öllum vafa um, þannig að við sjáum hvaða gerðir það eru, hversu margar þær eru og sömuleiðis álit utanrrn. á því hvort um þessar gerðir og þau svið sem undir þær falla á Íslandi ríki einhver réttaróvissa. Ég held að mikilvægt sé að þeirri réttaróvissu sé eytt og ég held að það sé mikilvægt að allri óvissu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sé eytt og fagna því framkominni þáltill. hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur.

[15:26]

Flm. (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar en öllu heldur þakka fyrir hana. Hér hefur margt komið fram sem styrkir þá afstöðu mína að skoða þurfi sem allra fyrst afstöðu EES-samningsins gagnvart þessu fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar.

Það eina sem valdið hefur mér áhyggjum er að í umræðunni hafa einungis talað samfylkingarmenn. Það endurspeglar kannski dálítið hvar áhugi þingheims liggur þegar að þessum málaflokki kemur. Ég spyr: Áttar ríkisstjórnin sig ekki á því hve samningurinn er okkur mikilvægur? Hann er að veikjast og menn þurfa að fara að horfast í augu við það. Því sakna ég þess að stjórnarþingmenn hafi ekki setið hér og tekið þátt í umræðunni um þetta mikilvæga mál. Nægur er tíminn vegna þess að málið er síðasta mál á dagskrá í dag og klukkan er ekki nema þrjú. Þetta veldur mér áhyggjum, frú forseti, vegna þess að ég tel að við höfum ekki mikinn tíma til stefnu.

Mig langar aðeins í tilefni af umræðunni sem spannst um sjávarútveginn að hnykkja á örfáum atriðum, vegna þess að andstæðingar aðildarviðræðna nota oft og tíðum sjávarútveginn sem vopn og því er haldið fram og fullyrt að hann verði tekinn af okkur og landhelgin muni fyllast af Spánverjum og skipum annars staðar frá, og nefna það að í stofnsáttmála Evrópusambandsins er klásúla um að það verði aldrei vegið að grundvallarhagsmunum nokkurrar þjóðar, nokkurs aðildarríkis.

Hvað varðar sjávarútveginn er augljóslega um grundvallarhagsmuni fyrir Íslendinga að ræða vegna þess að í gegnum hann fáum við um 40% af gjaldeyristekjum okkar. Ekkert annað ríki í Evrópu fær svo hátt hlutfall af gjaldeyristekjum sínum úr sjávarútvegi. Ef slíkar svartsýnisspár yrðu niðurstaðan þýddi það að Evrópusambandið hefði einungis áhuga á því að hirða af okkur auðlindirnar og gera okkur að þiggjendum velferðarkerfis sambandsins. Ég leyfi stórlega að efast um að það sé reyndin. Í þessu sambandi hefur oft verið talað um Noreg en ég lít svo á að það sé mikilvægt fyrir okkur að ganga inn í Evrópusambandið á undan Noregi einmitt út af sjávarútveginum. Við sáum hvaða niðurstöðu Norðmenn fengu í aðildarviðræðum sínum. Þar var gert töluvert mikið úr hluta sjávarútvegsins á grundvelli svæðisbundinna hagsmuna, á grundvelli þess að um 12% af vöruútflutningi þeirra koma úr sjávarútveginum. Rúm 60% af vöruútflutningi okkar koma úr sjávarútvegi. Á grundvelli þessara svæðisbundnu hagsmuna náðu þeir fram töluvert góðum samningum þegar kom að sjávarútveginum, t.d. að þeir fengju framkvæmdastjóra sjávarútvegsmála innan Evrópusambandsins og fleiri þætti. Ég hef því verulegar áhyggjur af því ef forgöngumenn á undan okkur í aðildarviðræðum og þeir sem eiga að búa til fordæmi hvað varðar sjávarútveginn og skilgreina hann verða Norðmenn.

Ég tel að við getum ekki beðið miklu lengur. Ég vil nefna það hér að mér þótti áðurnefnd Berlínarræða hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar, sem hann flutti, ég held í mars 2002, alveg ofboðslega góð og hún rammaði eiginlega inn umræðuna um sjávarútvegsmálin og þá möguleika sem við eigum á því, vegna þess að málið snýst um grundvallarhagsmuni, að geta skilgreint hafsvæðið í kringum Ísland þannig að það lúti sérstökum stjórnsýslulögum. Við höfum fordæmi fyrir því í aðildarviðræðum, þ.e. þegar heimskautalandbúnaðurinn var til í aðildarviðræðum við Finna, að mig minnir, og núna er svæði fyrir ofan ákveðna breiddargráðu skilgreint svæði í landbúnaði. Þannig varð það til. Og vegna þess hvernig sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er uppbyggð tel ég þetta raunhæfan möguleika alveg eins og hæstv. utanrrh. gat um í áðurnefndri ræðu.

Ég sakna þess reyndar að heyra varla talað um þessi mál lengur hjá Framsfl. vegna þess að ég taldi og var að vona þegar ræðan var flutt að hann tæki hagsmuni Íslendinga fram yfir flokkslega hagsmuni og forsætisráðherrastól og reyndi að koma þessu brýna hagsmunamáli í gegn, vegna þess að mér fannst utanrrh. tala af sannfæringu á þeim tíma.

Ég ætla að lokum að segja að ég tel sjávarútveginn og stöðu hans hér á landi vera okkar sterkasta vopn í aðildarviðræðum af því að það markar okkur sérstöðu. Ég hef engar áhyggjur af því að okkar lið í utanríkisbransanum geti ekki náð góðum samningi fyrir okkur og tryggt þá hagsmuni.

[15:32]

Útbýting þingskjals:

Skipulag sjóbjörgunarmála, 335. mál, nál. samgn., þskj. 1566.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15:33.

108. FUNDUR

mánudaginn 3. maí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Framkvæmd EES-samningsins, þáltill., 551. mál, þskj. 829. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 1563. — 3. umr.
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197, nál. 1489 og 1502. — Frh. 2. umr.
5. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.
6. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476. — 2. umr.
7. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.
8. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.
9. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.
10. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 2. umr.
11. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.
12. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, brtt. 1537. — 2. umr.
13. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 1. umr.
14. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 1. umr.
15. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.
17. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328, nál. 1539. — 2. umr.
18. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.
19. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540. — 2. umr.
20. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377, nál. 1543, brtt. 1544. — 2. umr.
21. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982, nál. 1359. — 2. umr.
22. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452, nál. 1546. — Síðari umr.
23. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453, nál. 1547. — Síðari umr.
24. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.
25. Stofnun sædýrasafns, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.
26. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.
27. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.
28. Dýravernd, frv., 634. mál, þskj. 948. — 1. umr.
29. Hlutafélög, frv., 686. mál, þskj. 1015. — 1. umr.
30. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 836. mál, þskj. 1277. — 1. umr.
31. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 648. mál, þskj. 965. — Fyrri umr.
32. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 650. mál, þskj. 967. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Brynja Magnúsdóttir, 4. þm. Suðurk.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Einari K. Guðfinnssyni, dags. 3. maí:

„Þar sem Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra, 1. þm. Suðvesturkjördæmis, er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur, Kópavogi, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Sigurrós Þorgrímsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[15:02]

Útbýting þingskjals:

Siglingavernd, 569. mál, þskj. 1563.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um fjárframlög til stjórnmálaflokka.

[15:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þann 29. janúar sl. lagði ég og fleiri þingmenn Samf. fram beiðni um skýrslu frá forsrh. um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi. Sá tími sem hæstv. ráðherra hefur til að svara þessari beiðni er löngu liðinn. Ráðherrann hefur 10 vikur til að svara henni en nú er komið á 14. viku frá því að ráðherra barst þessi beiðni.

Í beiðninni er ráðherrann m.a. beðinn um að svara því hvernig Ísland hefur undirgengist og framfylgt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn pólitískri spillingu og hagsmunaárekstrum og með gagnsæi og eftirliti með fjármálum stjórnmálaflokkanna.

Herra forseti. Ítrekað hefur komið fram af hálfu stjórnarliða að það séu þjóðréttarlegar skuldbindingar samkvæmt tilmælum Evrópuráðsins að settar verði takmarkanir á eignarhald á fjölmiðlum. Þess vegna vekur það furðu að hæstv. forsrh. hafi ekki svarað þessari spurningu. Það brennur auðvitað á þinginu hvort ekki eigi að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna og þeir undirgangist þær alþjóðlegu skuldbindingar eins og stjórnarliðar kalla nú eftir gagnvart fjölmiðlum. Ég beini því til hæstv. forsrh. hvort ekki standi

til að skila þessari skýrslu áður en þingi lýkur vegna þess að það er nauðsynlegt að ræða hana.

Það vakti vissulega furðu mína að rétt áður en fundur var settur í dag barst mér bréf í hendurnar frá ráðuneytinu um að beðið væri um frest til að svara þessari skýrslubeiðni eftir að ég hafði um hádegisbilið óskað eftir því við ráðuneytið að forsrh. svaraði þessu og óskaði eftir því við hæstv. ráðherrann líka í hádeginu að hann svaraði þessu. Það á að fresta skilum skýrslunnar fram á næsta þing stendur í bréfinu, herra forseti. Þetta eru ótæk vinnubrögð, og ótækt með öllu að þetta skuli vera viðbrögðin þegar búið er að biðja um þessa umræðu um störf þingsins.

Ef þingið hefur þurft að ráða starfsmann til að svara þessu eins og kemur fram í bréfinu, af hverju var það ekki gert strax í janúar þegar beðið var um að þessi skýrsla yrði unnin? Þetta eru ólíðandi vinnubrögð.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil láta þess getið að það bréf, sem ég hef í höndum, er dagsett 30. apríl 2004 og ég hygg að ég og hv. þingmaður höfum fengið bréfið í hendur nú í morgun en þess ber að gæta að ekki er unnið 1. maí. (Gripið fram í.)

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er engin ástæða til að efast um að þessi dagsetning er rétt en hún breytir í sjálfu sér engu. Ráðuneytið getur ekki skýlt sér á bak við þessa dagsetningu en dagsetningin er örugglega rétt frá ráðuneytinu. Menn eru ekki að biðja um neina mismunun vegna þessarar dagsetningar eða að gera mál úr henni.

Hitt er svo málið sem þarna er lýst. Vinna við þessa skýrslu eins og vill verða er svo umfangsmikil, eins og skýrslubeiðnin ber með sér, að ráðuneytið hefur tilkynnt þinginu að ekki muni nást á tilskildum tíma að vinna skýrsluna. Það liggur fyrir og þetta er ekkert undarlegt, þannig er málið vaxið. Menn þurfa ekki annað en að lesa skýrslubeiðnina og þá sjá menn strax í hendi sér að skýrslan kallar á (Gripið fram í.) — fyrirgefðu, þingmaður. (**ÖS:** ... í allt sumar?) Já, það má vel vera að menn verði það lengi en eins og segir í bréfi frá ráðuneytinu er þessi skýrslubeiðni þannig sem menn þurfa að vinna vel og hún kallar á meiri tíma. Það er ekkert flóknara en svo. Einfalt, ekki flókið.

[15:06]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. forsrh. verður auðvitað að skipa mönnum sínum til verka eins og honum líkar og hann virðist hafa meiri áhuga á að klára Norðurljós í lok þings en að svara skýrslubeiðnum þingmanna um jafnmikilvægt lýðræðismál og fjármagn til stjórnmálaflokkanna. Hefur þó í fjölmiðlaumræðunni verið vitnað afar hvatskeytislega í Evróputilmæli seint og snemma eins og rakið verður væntanlega síðar í dag.

Ég vil segja frá því líka að rétt áður en ég gekk hér inn fékk ég bréf í hendur, dagsett 28. apríl, þar sem ráðuneytið, hið sama háa ráðuneyti, fer fram á frest þangað til á næsta þingi til að svara sárasaklausri fyrirspurn minni um hvernig stæði á því að forsrh. héldi einu fram í ræðustól en svaraði hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni öðru. Þetta var um kostnað við skýrslur. Það virðist vera svo umfangsmikið, eins og hér stendur, að upplýsa þetta misræmi milli orða hæstv. forsrh. og síðan þess sem drýpur úr penna hans eða ráðuneytisstarfsmanna hans að það þarf að hafa heilt sumar undir.

Málið er það að hæstv. forsrh. er ósköp einfaldlega að koma sér undan því að svara óþægilegum spurningum, svo sem að leggja fram skýrslur sem ekki henta honum og ríkisstjórn hans í þeim verkefnum sem hún hefur sett sér hér, að halda áfram því ofbeldi og þeirri geðþóttastjórn sem því miður hefur verið tekin upp hér á landi á síðari tímum þessa lýðveldis.

[15:08]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Helsti brautryðjandi Framsfl. í íslenskum stjórnmálum, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, hefur með oddi og egg beitt sér gegn því að settar verði reglur um starfsemi stjórnmálaflokkanna og þeim gert skylt að opinbera hverjir leggja til þeirra fé. Hann þarf þess vegna ekki að koma neitt á óvart, sá frestur sem hæstv. forsrh. fékk til að skila skýrslu vegna beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og okkar fleiri þingmanna Samf. um þetta efni. Henni hefur ekki verið sinnt þó að það hljóti að vekja upp spurningar um það hverju Sjálfstfl. hafi að leyna í þessu sambandi.

Hæstv. forsrh. hefur jafnan réttlætt þessa afstöðu sína með því að stjórnmálaflokkarnir eigi að hafa sjálfstæði frá ríkinu, frá ríkisvaldinu, til að geta veitt því aðhald, þá trúlega með sama hætti og það er hlutverk fjölmiðlanna. Í ljósi þess hlýtur maður að spyrja hæstv. forsrh. hvort ástæðan fyrir því að ekki megi leggja fram skýrslu um fjármál stjórnmálaflokkanna eins og honum ber sé sú að það megi ekki gera þegar umræða fer fram um fjölmiðlafrv. hans sjálfs sem hér verður kynnt á eftir. Við hljótum líka að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann, eftir að hafa tekið þessa miklu U-beygju í afstöðu sinni gagnvart fjölmiðlunum í landinu, hafi tekið sömu U-beygju gagnvart fjármálum stjórnmálaflokkanna og hvort hið sama eigi ekki að gilda um Sjálfstfl. og um Stöð 2, að fólkið í landinu viti hverjir leggi þar til fé.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er afar einkennilegt hvað það gengur hægt að þoka málum fram hvað varðar lög og reglur um fjármál stjórnmálaflokka. Við höfum ítrekað lýst því yfir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við viljum sjá löggjöf um fjármál stjórnmálaflokka, um samskipti stjórnmálalífsins við fyrirtæki og um opinberan fjárstuðning við stjórnmálastarfsemina og þar með við lýðræðið í landinu. Allar reglur af þessu tagi vantar í lög á Íslandi og ég hygg að við séum eitt örfárra vestrænna ríkja, ef ekki lýðræðisríkja yfir höfuð, í heiminum sem ekki hefur neinar opinberar lögbundnar reglur af þessu tagi.

Hvað okkur varðar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við einfaldlega gert hreint fyrir okkar dyrum. Það geta stjórnmálaflokkarnir að sjálfsögðu gert ef þeir svo kjósa. Bókhald okkar er opið, það er endurskoðað af löggiltum endurskoðanda og lagt þannig fram á landsfundum hverju sinni. Við höfum skýrar reglur um fjármálaleg samskipti við fyrirtæki. Ef einstakur styrktaraðili leggur meira af mörkum en 300 þús. kr. á ári er nafn hans tilgreint.

Ég vil leyfa mér að spyrja í ljósi þess að menn draga fram til vitnisburðar samþykktir Evrópuráðsins og bera sig mjög saman við önnur lönd í ýmsum tilvikum, og það er gjarnan gagnlegt: Hlýtur þá ekki hið sama að eiga við hér? Ef við lítum umhverfis okkar mælir auðvitað allt með því að þetta svið verði tekið fyrir og því komið í eitthvert skikkanlegt horf, eitthvað svipað og viðgengst annars staðar. Hvaða rök ættu að vera fyrir því að reglur sem menn telja nánast alls

staðar annars staðar nauðsynlegt að hafa eigi ekki við og þurfi ekki hér? Ég held að það þurfi að færa fram sterk rök fyrir því að stjórnmálalíf okkar sé með einhverjum slíkum algerlega sérstökum hætti að reglur sem eru alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum og víðast hvar í kringum okkur eigi ekki við hér. Er ekki hægt að nota sumarið í það m.a. að setjast yfir þetta mál hverjar sem niðurstöður verða hvað varðar aðra hluti hér?

[15:12]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er orðið býsna hlálegt að verða vitni að því hvernig stjórnarflokkarnir mæta sjálfum sér í dyrunum dag eftir dag þessa dagana, oft í viku. Nú fer hér fram í dag umræða um eignarhald á fjölmiðlum, gagnsæi í eignarhaldi á fjölmiðlum. Gott og vel, við skulum taka þá umræðu, Frjálsl. er reiðubúinn til að taka hana. En þá finnst okkur líka sjálfsagt að fleiri hluti séu skoðaðir, t.d. gagnsæi í fjármálum stjórnmálaflokka.

Frjálsl. var fyrsti flokkur hér á landi til að opna bókhald sitt. Það höfum við gert alla okkar tíð. Við höfum alltaf verið í fararbroddi hvað þetta varðar. Við höfum birt okkar endurskoðuðu reikninga, í haust og aftur í dag á vefsíðu Frjálsl., www.xf.is. (**ÖJ:** Við gerðum þetta 1999.) (**Gripið fram í:** Hver var fyrstur?) Þetta er nefnilega nokkuð mikilvæg spurning, einmitt varðandi fjármuni stjórnmálaflokka og hverjir standa á bak við þá með peningagjöfum. Ég fór í gegnum mína fyrstu kosningabaráttu sl. vor og það kom mér verulega á óvart hvað hún var ofboðslega dýr, hvað það er dýrt að auglýsa, hvað það er dýrt að halda úti kosningabaráttu. Kosningabarátta okkar kostaði 13 millj. kr. Ég er alveg sannfærður um að í kosningabaráttu hinna flokkanna og þá er ég sérstaklega að tala um Samf., Framsfl. og Sjálfstfl. erum við að tala um upphæðir sem jafnvel fóru vel á annað hundrað milljónir króna miðað við þá reikninga sem við í Frjálsl. þurftum að borga. Ég tel að þjóðin eigi skýra kröfu á að fá að vita hvaðan þessir flokkar fái peninga. Þetta er spurning um lýðræði og þetta er spurning um trúverðugleika stjórnmálaflokkanna.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ekkert annað en fyrirsláttur hjá hæstv. forsrh. að biðja um frest fram á næsta haust til að skila þessari skýrslu þegar litið er til þess um hvað var beðið. Þarf virkilega að ráða heilan starfsmann til þess að svara þeirri spurningu hvernig Ísland hafi undirgengist og framfylgt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn pólitískri spillingu? Þarf virkilega að ráða starfsmann í það að svara þeirri spurningu hvort hæstv. forsrh. telji að setja eigi fram aðgengilegar upplýsingar um fjármál stjórnmálaflokkanna? Þarf starfsmann til að svara því hver afstaða ráðherra sé til lagasetningar sem skyldar stjórnmálaflokka til að birta opinberlega yfirlit um útgjöld fyrir kosningabaráttu? Þannig má áfram telja. Þetta er fyrst og fremst spurning um afstöðu Sjálfstfl. til lagasetningar í þessu efni. Því er það fráleitur fyrirsláttur að kalla eftir því að starfsmaður verði ráðinn til þess að grafa upp þá afstöðu.

Ég spyr: Hvers vegna var þessi starfsmaður þá ekki ráðinn þegar í janúar þegar skýrslubeiðnin kom fram? Þarf kannski líka starfsmann til að svara því sem hér kemur fram í þessari beiðni, svara því hvort ráðherra sé þeirrar skoðunar að ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi feli í sér sérstaka verndun við stjórnmálaflokka og komi í veg fyrir að hægt sé að setja lög um fjárreiður þeirra? Þessar voru viðbárur hæstv. ráðherra og þeirrar nefndar sem starfaði í fimm ár til að komast að niðurstöðu um það hvort setja ætti lög um fjármál stjórnmálaflokkanna.

Allt er þetta fyrirsláttur af hálfu hæstv. ráðherra. Það eru auðvitað takmörk fyrir því, hæstv. forseti, hvað ráðherrar Sjálfstfl. geta vanvirt þingið í þessu efni. Ég verð að segja að það er ekki hægt að þessu þingi ljúki nema við ræðum þessi mál ítarlega og ég mun leggja fram beiðni til hæstv. forseta um að tekin verði utandagskrárumræða um fjármál stjórnmálaflokkanna áður en þessu þingi lýkur.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að taka utandagskrárumræðu um þau málefni eins og mörg önnur. Ég hef ekkert á móti því. Menn verða þó að hafa í huga, af því að menn tala um Sjálfstfl. í þessu sambandi, að það var nefnd allra flokka sem skilaði áliti (Gripið fram í.) um þetta efni, allra flokka sem þá voru starfandi. Við sáum ekki fram í tímann, hv. þm. Nefnd allra flokka sem þá voru starfandi tók þátt í því nefndarstarfi og komst að sameiginlegri niðurstöðu.

Hitt er annað mál að hver og einn flokkur getur upplýst um það hverjir hafi stutt hann í kosningabaráttu. Þannig vill til, vegna þess að menn tala um fresti, að þáverandi talsmaður Samf. lýsti því yfir í sjónvarpi, þar sem hún sat ein fyrir svörum fjórum dögum fyrir kosningarnar 1999, að strax eftir kosningarnar yrði upplýst hverjir hefðu styrkt þann flokk eða þau stjórnmálasamtök. En það hefur aldrei gerst. Síðan árið 1999, vorið 1999, hefur það aldrei gerst. (Gripið fram í.) Það hefur (Gripið fram í.) aldrei gerst og hvers vegna skyldi það aldrei hafa gerst? (**KLM:** Hefurðu ekki verið á landinu?) (Gripið fram í.) Við getum ekki fært fleiri ræðustóla, herra forseti, inn í þingið. En þetta hefur aldrei verið gert.

Það er svo merkilegt að meira að segja fjölmiðlar sem birta flestar myndir af sumum hér í dag síðustu daga, hafa ekki spurt þessa flokka að því, (**BH:** Hvaða fjölmiðlar eru það?) hvers vegna það hafi ekki verið gert.

Ég skal nefna eitt, meðan menn gjamma hér fram í eins og þeir vilja. Ég skal nefna eitt. Það er að ég hef margoft lýst því yfir að ég væri tilbúinn til að samþykkja frv. og lög um að banna fyrirtækjum að leggja fé til stjórnmálaflokka. Ég hef ekki fengið neinn stuðning við það af einhverjum undarlegum ástæðum.

[15:18]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er ekki laust við að sú spurning sem ég setti fram við upphaf umræðnanna hafi heldur ágerst eftir því sem leið á síðari ræðu hæstv. forsrh., um hvað Sjálfstfl. hafi að fela í þessu efni. Hæstv. forsrh. vildi augljóslega tala um allt annað og alla aðra en sig og Sjálfstfl. í þessu efni.

Það liggur fyrir að Samf. hefur markað stefnu um að við upplýsum um það ef fyrirtæki veita okkur meira en 500 þús. kr. árlega. Það veit hæstv. forsrh. mætavel. Þær upplýsingar hafa verið lagðar fyrir. Að vísu hefur enginn svo stór styrktaraðili verið í síðustu kosningabaráttu. Það er ekki flóknara mál en það.

En hvers vegna í ósköpunum er hæstv. forsrh. svo hræddur við að létta leyndinni af fjármálum stjórnmálaflokkanna? Hvað er þar að fela? Hvers vegna má ekki setja um það lög og reglur? Gildir ekki hið sama um stjórnmálaflokkana og fjölmiðlana í huga forsrh.?

[15:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tel full rök fyrir því að stjórnmálaflokkar upplýsi um fjármál sín með sama hætti og ég tel rök fyrir því að við ræðum um eignarhald og gagnsæi fjölmiðla. Frjálslyndi flokkurinn hefur, eins og hér hefur komið fram, birt fjármál sín og stuðning við flokkinn í gegnum árin. Það er sérstaklega tekið fram að vilji einstakir aðilar sem styrkja flokkinn láta birta þær upphæðir sem þeir styrkja flokkinn með þá sé það gert.

Við höfðum þá reglu upprunalega, árið 1999, að ef styrkur fór yfir 300 þús. kr. þá var það birt. Í síðustu kosningum var miðað við 500 þús. kr. Fjármál flokksins eru birt á netinu ár hvert. Það þurfa ekki að koma tilkynningar utan úr bæ um hverjir styrki Frjálslynda flokkinn. Það er auðvitað áhugavert, sem er að birtast í blöðunum núna, að stjórnmálaflokkar séu orðnir áskrifendur að fjárstyrkjum og fái slíka styrki reglulega, mánaðarlega frá einhverjum ákveðnum fyrirtækjum. Það er auðvitað nýmæli og kannski þurfa fyrirtækin að taka fram fyrir hendurnar á stjórnmálaflokkunum og upplýsa hverja á að styrkja og hverja þeir styrki ekki.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

[15:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta en vil gera grein fyrir málavöxtum með eftirfarandi hætti.

Sá fáheyrði atburður átti sér stað í efh.- og viðskn. þingsins á fundi sem boðað var til klukkan eitt í dag að hv. formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, reyndi að rífa út úr nefndinni þingmál.

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að ég benti honum á það fyrir fram að ekki væri rétt að taka þetta mál upp undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta. En ég mun eftir atvikum, vegna þess hversu rýmilegur ég er í stjórn þingsins, gefa hv. þm. tækifæri til að ljúka máli sínu en vil biðja hann eftirleiðis að taka mál upp undir réttum dagskrárlið.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir og tel mig gera það.

Hv. formaður efh.- og viðskn. reyndi að rífa þingmál út úr nefnd gegn vilja meiri hluta nefndarinnar. Hann byrjaði á að bera upp dagskrártillögu til að koma í veg fyrir nokkrar umræður um umdeilt frv. sem var til umfjöllunar. Síðan bar hann undir atkvæði nefndarinnar hvort hún væri tilbúin að taka málið út úr nefnd. Það var fellt. Meiri hluti nefndarinnar lagðist gegn því. Þá lagði hann fram aðra tillögu, um að málið yrði tekið út á grundvelli fleiri álita en eins, þessara þriggja álita. Hann bar það undir atkvæði fundarins og það var fellt.

Síðan kom fram tillaga frá okkur, dagskrártillaga, um að ekki yrði gengið frá málinu fyrr en gestir yrðu kallaðir fyrir nefndina til að ræða breytingatillögur sem fram höfðu komið. Formaður nefndarinnar neitaði að verða við því. Hann ákvað hins vegar upp á sitt eindæmi að rífa málið út úr nefndinni. Þar kem ég að hlut hæstv. forseta. Hann vísaði í úrskurð hæstv. forseta þingsins um að þetta væri heimilt. Stjórnarandstaðan óskaði í kjölfarið eftir fundi með forseta þingsins þar sem hún vildi fá að vita hvort hæstv. forseti liti svo á að heimilt væri að taka mál út úr þingnefnd með þessum hætti. Við höfum ekki fengið endanlegt svar við þessu en hæstv. forseti hefur engu að síður tjáð okkur, áður en þingfundur hófst, að nefndin yrði kölluð saman að nýju.

Ég lít svo á, hæstv. forseti, að hér hafi verið gerð tilraun til að viðhafa mjög ólýðræðisleg vinnubrögð í þinginu. Ég lít svo á að þegar nefndin kemur saman að nýju þá hljóti að þurfa meiri hluta nefndarinnar, lýðræðislegan vilja, að baki því að taka málið út úr nefndinni.

[15:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni segja að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir því að nefndin kæmi aftur saman. Formaður nefndarinnar hefur ljúfmannlega við því orðið þannig að ég sé satt að segja ekki að hverju athugasemdir hv. þm. við fundarstjórn forseta beinast.

Ég vil í annan stað staðfesta það sem ég hef áður sagt og sagði við formenn þingflokka. Það er skilyrðislaus réttur þingmanna að þeim er heimilt að gefa út nefndarálit ef þeim svo sýnist og ef þeim þykir það rétt, hvort sem þeir eru í meiri hluta eða minni hluta. Getur hvorki meiri né minni hluti nefndar takmarkað athafnafrelsi þingmanna að þessu leyti, enda lýtur þingið ákvæðum stjórnarskrár og einn þingmaður getur með engum hætti skert tjáningarfrelsi annars þingmanns.

[15:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég á engan annan kost en að leita í náðarfaðm herra forseta þegar að manni er sótt og sótt er að lýðræðislegum réttindum okkar sem vinnum almenn þingstörf í nefndunum. Það er einfaldlega þannig að á köflum er varla vært í efh.- og viðskn. undir stjórn hv. þm. Péturs H. Blöndals vegna þess að hann hikar ekki við að ganga á bak orða sinna og viðhafa vinnubrögð sem eru þess eðlis að það er ekki hægt að sætta sig við þau.

Í þessu tiltekna dæmi, herra forseti, hafði ég sem fulltrúi Samf. í efh.- og viðskn. óskað eftir því að til fundar við nefndina kæmu fulltrúar BHM og BSRB. Ég skildi hv. þm. þannig að við því skyldi orðið áður en málið yrði afgreitt. Ég ítrekaði síðan þá beiðni mína með tölvupósti til allra nefndarmanna og starfsmanns nefndarinnar. Ég taldi að það *lægi fyrir að með þessum hætti yrði fullnægt þeim lágmarks*réttindum sem ég nýt, að fá að rannsaka málið. Ég vil að það komi fram að það hefur aldrei verið ætlan okkar að reyna með ólýðræðislegum hætti að koma í veg fyrir að mál væru afgreidd þegar búið væri að rannsaka þau til hlítar. Það var ekki búið í þessu tiltekna máli og þetta þarf að koma skýrt fram.

Nú er það svo að hæstv. forseti, sem sjálfur hefur í dag lýst sér þannig að hann væri eftir atvikum rýmilegur við þingmenn, gegnir þeirri stöðu að hann er líka forseti minn. Hann á líka að verja rétt minn. Það var þess vegna sem við mótmæltum þessu gerræði og leituðum til hæstv. forseta. Ég vil að gefnu tilefni þakka hæstv. forseta fyrir að hafa með þessum hætti staðið á rétti okkar í minni hlutanum.

Ég vil hins vegar lýsa því yfir að ég er út af fyrir sig sammála hæstv. forseta um að minni hluti nefndar geti hvenær sem er gefið út nefndarálit á tilteknu máli. Eigi að síður skil ég þingsköpin þannig að það sé ekki hægt að afgreiða mál úr nefnd endanlega nema fyrir því sé meiri hluti. Hins vegar er það þannig, af því að þetta er ekki í fyrsta skipti

ég geri vinnulagið í efh.- og viðskn. að umræðuefni, að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur rofið þá hefð sem forverar hans sköpuðu, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og áður Vilhjálmur Egilsson. Þeir byggðu á samstöðu og samvinnu. Engin nefnd afgreiðir jafnmörg mál og ég man ekki eftir því frá setu minni í nefndinni að minni hlutinn hafi beitt gerræði til að koma í veg fyrir afgreiðslu máls.

Nú liggur hins vegar fyrir að það er kominn nýr meiri hluti í nefndinni. Ég áskil mér allan rétt sem þingmaður til að leita eftir því hvort ekki sé eftir atvikum rétt að skipta um formann þar.

[15:29]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil að þessu gefna tilefni taka skýrt fram að það eru mörg fordæmi fyrir því að stjórnarmeirihluti hafi haft minni hluta í einstökum nefndum þingsins. Svo var t.d. á árunum frá 1980–1983 og minnist ég þess ekki eitt einasta skipti að stjórnarandstaðan á þeim tíma hafi gert tilraun til að standa gegn því að meiri hluti þingsins næðist fram eða að umræður af þessu tagi ættu sér stað, að minni hluti þingsins héldi því fram að ef hann hefði, af tilviljun, meiri hluta í einhverri þingnefnd gæti hann stöðvað þingmál. Það er auðvitað ekki svo.

Það er auðvitað svo að þingmenn í nefndum geta gefið út nefndarálit hvenær sem þeim sýnist en komi í ljós að meiri hluti nefndar ætli að standa gegn vilja þingsins með því að reyna að koma í veg fyrir að mál sé afgreitt frá nefnd þá kemur til forseta Alþingis að meta stöðuna og skera úr ágreiningi um það hverju sinni. Slíkir úrskurðir eru auðvitað gefnir eftir efni máls eins og okkur er kunnugt. Ég geri ráð fyrir að hv. þingmenn hafi kynnt sér þingsöguna í þessu efni áður en þeir tóku til máls og átti sig á því, án þess að ég þurfi að hafa um það fleiri orð, um hvað ég er að tala.

[15:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að á langri þingsögu minni hafi ég aldrei orðið vitni að öðrum eins vinnubrögðum og í efh.- og viðskn. í morgun. Er ég nú ýmsu vön í þingstörfunum. Í fyrsta lagi var það þannig að hv. formaður nefndarinnar bar upp dagskrártillögu um að taka málið út með meiri hlutanum og það var fellt. Þá bar formaðurinn fram tillögu um að nefndin skipti sér í þrjá minni hluta við afgreiðslu málsins og það var líka fellt. Þá tók formaðurinn til þess bragðs að segja: „Þá ætla ég bara sjálfur að afgreiða málið út einn og sér.“ Hann leitaði ekki einu sinni atbeina minni hlutans til þess en vitnaði þar í túlkun hæstv. forseta um að hann gæti það. Ég bað hv. þm. að láta okkur vita með stoð í hvaða grein þingskapanna hann gæti þetta. Hann hafði engin svör á reiðum höndum. Því er nauðsynlegt að hæstv. forseti, ef það er rétt að þetta sé túlkun hans, nefni hvaða grein þingskapa heimilar að einn nefndarmaður, einn og sér, jafnvel þó hann sé formaður nefndar, geti afgreitt, tekið mál bara út úr nefnd og sagt síðan að fundi sé slitið.

Í 27. gr. þingskapa stendur, með leyfi forseta:

„Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skylt að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefndarmanna greiði henni atkvæði.“

Hér er um alveg nýja túlkun á þingsköpum að ræða og fordæmisgefandi ef hæstv. forseti leyfði, eftir það sem fram hefur komið hjá formanni nefndarinnar í morgun því að hann bar fyrir sig túlkun hæstv. forseta á því að hann einn og sér og óstuddur gæti tekið mál út úr nefnd. Þess vegna beini ég því til forseta að hann vísi okkur á þá grein í þingsköpum sem heimilar þetta.

[15:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér þykir nú leiðinlegt að hv. þm. hefur lesið þessa grein vitlaust. Ég vil lesa þessa grein svo að hv. þingmenn megi glöggt heyra um hvað hún fjallar. Hún fjallar nefnilega um það að minni hluti nefndar getur ekki staðið á móti því að meiri hlutinn fái mál afgreitt úr nefnd ef meiri hlutinn telur það (**Gripið fram í:** Þetta er bull.) rétt. Það er verið að tryggja þann rétt að meiri hlutinn nái máli úr nefnd. (Gripið fram í.) Það er alveg gagnstætt því sem hv. þm. sagði. (**Gripið fram í:** Þetta er ...) Ég bið hv. þingmann að grípa ekki fram í. Þetta er gagnstætt því sem hv. þm. sagði. Þessi grein hljóðar svo:

„Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skylt að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefndarmanna greiði henni atkvæði.“

Þetta þýðir það að minni hluti nefndar, þó svo að formaður sé í minni hluta, getur ekki staðið gegn því að mál fáist afgreitt úr nefnd.

Á hinn bóginn hef ég aldrei heyrt það fyrr en nú, ef það á að vera eitthvert sérstakt keppikefli þingmanna, ég tala nú ekki um stjórnarandstöðuþingmanna, að standa á rétti minni hlutans til þess að skila nefndaráliti eða þrýsta á það að mál sé tekið úr nefnd.

[15:34]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við erum komin út í mjög undarlegar skýringar hér. Samkvæmt þingsköpum fara frumvörp í þrjár umræður. Milli umræðna ganga þau til nefnda. Það þarf meiri hluta í nefnd til þess að afgreiða þau út úr nefndinni. Oft hefur okkur sárnað í stjórnarandstöðunni að okkar mál komist ekki úr nefnd vegna þess að við höfum minni hluta í nefndinni en ekki meiri hluta. (Gripið fram í.) Nú ætti það að vera hægt samkvæmt þessu. Í þessu tilviki er meiri hluti nefndarinnar andvígur því að taka málið út úr nefndinni. Nú óska ég eftir skýringum og skilningi hæstv. forseta á því hvað hann eigi við þegar hann talar um meiri hluta. Skyldi meiri hlutinn sita hér að jafnaði í þessum stóli og heita hæstv. forsrh. Davíð Oddsson?

Við erum ekki á þingflokksfundi í Sjálfstfl. Við höfnum slíkum vinnubrögðum. Við erum á Alþingi Íslendinga og það á að virða lýðræðislegar reglur og það á að virða þingsköp Alþingis. Það hefur ekki verið gert. Það var tilraun gerð í dag til þess að brjóta þessi þingsköp.

[15:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þm. á að hann kom að máli við mig með öðrum þingflokksformönnum og óskaði sérstaklega eftir því að fundur yrði haldinn í nefndinni til þess að tækifæri gæfist til að kalla menn á ný fyrir nefndina og við því var orðið. Og að vera síðan að halda því fram að hér séu ólýðræðisleg vinnubrögð er fyrir neðan allar hellur.

[15:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Þegar meiri hluti þingnefndar fellir það að afgreiða mál úr þingnefnd þá felst í því sú efnislega afstaða að athugun málsins sé ekki lokið. Þingnefndirnar eru

sjálfstæðar í störfum sínum. Ég hef aldrei áður heyrt það á mínum þingferli að einhverjir utanaðkomandi aðilar geti í sjálfu sér sagt þeim fyrir verkum, enda held ég að það væri mjög háskalegt. Forseti þingsins situr ekki í þingnefndum og er ekki þar á vettvangi til þess að blanda sér í ágreining um það t.d. hvort mál sé fullkannað og vinnu við það lokið. Ég tel það alveg ótrúlegar fréttir að formaður þingnefndar, sem lendir í minni hluta með það sjónarmið sitt að athugun máls sé lokið, telji að hann hafi sem slíkur einhverja persónubundna stöðu til að ákveða afgreiðslu *málsins*. Hitt, að menn geti í mótmælaskyni skilað nefndarálitum ef mál sitja föst inni í nefndum, er allt annar hlutur og hefur ekkert gildi í þessu sambandi. Þau nefndarálit liggja hér á borðum og skipta engu máli vegna þess að málið er hjá nefndinni.

Þetta nefnda frv. er enn í efh.- og viðskn. Afgreiðsla þess út úr nefndinni er ómark. Meiri hlutinn felldi það. Þannig er það.

Það er hér í þingsalnum sem mál eru send til nefndar, herra forseti, og ég lít svo á að einungis hér gætu menn tekið valdið af nefndinni, þ.e. tekið mál sín til sín aftur með samþykkt í salnum. Það hlýtur að liggja þannig. Þingnefndirnar eru rétt kjörnar, hafa skýrt verkefni samkvæmt þingsköpum og eru sjálfstæðar í störfum sínum. Þannig hefur það alltaf verið og þannig á það að verða. Ég held að hæstv. forseti og aðrir þeir sem eru lagðir út í lagaskýringar um að þetta sé einhvern veginn öðruvísi séu á mjög hálum ís.

Hér er mjög mikilvægt að halda aðgreindu annars vegar efnislegum ágreiningi um málin og hins vegar spurningunni um vinnu nefndarinnar þar sem nefndin sjálf er eigin dómari að sjálfsögu og ákveður hvenær hún hafi lokið störfum um einhver mál og hvenær ekki. Og sjaldan ef nokkurn tíma reynir á það að lokum þó að nefndin sé margklofin og enginn meiri hluti hvað varðar efnislega afstöðu til *málsins* ef menn ná þó saman um það að vinnunni sé lokið. Þess vegna eru þau fræðilegu dæmi sem forseti er að vitna til a.m.k. fyrir mitt minni í þingsögunni því að yfirleitt hafa menn komist að niðurstöðu um þessa hluti hjálparlaust og án íhlutunar forseta.

Herra forseti. Ég held sem sagt að allir hljóti að sjá og skilja að það er algerlega fráleitt og væri náttúrlega fáheyrt, ef meiri hluti nefndar telur að nefndin hafi ekki lokið störfum í einhverju tilteknu máli, að einn einasti nefndarmaður, þ.e. formaðurinn sem hefur eitt atkvæði eins og allir hinir, geti breytt einhverju þar um. Það liggur bara ekki þannig. Málið er því enn til umfjöllunar í viðkomandi nefnd og ætti ekki að þurfa meira um það að segja.

[15:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég heyri að hv. þingmenn eru að væna mig um að ég vilji standa ólýðræðislega að málum. Það er auðvitað mjög alvarleg ásökun á forseta. En ég vil minna hv. þingmann á að t.d. meðan Gunnar Thoroddsen var forsrh. var stjórnarmeirihlutinn þá iðulega í minni hluta í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar og ég man ekki eftir því í eitt einsta sinn að meiri hluti þeirrar nefndar hafi reynt að standa gegn því að umdeild stjórnarfrumvörp ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens kæmust til 2. umr. í þinginu heldur var almennt litið svo á að meiri hluti þingsins og ríkisstjórnin hlytu að fá sín mál til 2. umr. þó svo hafi staðið á að í þeirri nefnd væru stjórnarandstæðingar í meiri hluta, enda er það þingið sjálft sem á að skera úr um afgreiðslu mála að lokum en ekki einstakar nefndir. Ég er algerlega sammála því sem hv. þm. sagði að það er hér í þessari deild, í þessu herbergi hér, sem úrslit mála eiga að ráðast. Ef svo fer að forseti tekur ákvörðun um að mál skuli tekið á dagskrá þá getur hann eftir atvikum sett það undir úrskurð þingsins hvort við því skuli orðið og það á við í þessu tilviki.

Það er alveg ástæðulaust af hv. þingmönnum að gefa það til kynna að ég vilji aðhyllast ólýðræðisleg vinnubrögð í mínum störfum (**Gripið fram í:** Ég sagði ekki ...) enda er það svo að ég varð mjög vel við því þegar til mín var leitað og við formaður efh.- og viðskn., Pétur H. Blöndal, áttum tal saman, og hann sömuleiðis, að orðið yrði við beiðni stjórnarandstöðunnar í þessu máli og það liggur fyrir.

[15:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta var fróðleg og skemmtileg upprifjun frá dögum þeirrar sælu ríkisstjórnar sem sat undir forsæti Gunnars Thoroddsens. Ég vil einungis árétta að ég tel, og er sammála hæstv. forseta um það, að *minni hluti nefndar* getur hverju sinni sem hann vill ákveðið að senda frá sér nefndarálit. En minni hluti nefndar getur ekki ákveðið að ljúka endanlegri umfjöllun í nefnd. Það verður nefndin sjálf að taka ákvörðun um og það gerir hún með afli atkvæða ef þarf. Það eru ýmis dæmi um það áður.

Hins vegar vil ég segja og láta það koma alveg skýrt fram að ég tel að minni hlutanum sé ekki stætt á því þegar hann telur að málið sé fullrannsakað, þegar búið er að skoða það út í hörgul og ekki þarf að brjóta það frekar til mergjar, að liggja á því máli. Ég vil að það komi fram og það hef ég sagt áður.

Það kom hins vegar fram hjá hæstv. forseta að hann hefði átt ánægjulegan fund með hv. þm. Pétri H. Blöndal, formanni efh.- og viðskn., og að formaðurinn hefði fallist á að hafa fund á morgun. Það þurfti með öðrum orðum atbeina hæstv. forseta til þess að ekki *væri brotið gegn rétti okkar* í stjórnarandstöðunni. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort það sé þá ekki réttur skilningur hjá mér að hæstv. forseti hefur tekið þá afstöðu að vinnslu málsins sé ekki lokið í efh.- og viðskn. því ella hefði hann ekki hlutast til þess að á morgun yrði fundur um málið. Er það ekki réttur skilningur hjá mér, herra forseti?

[15:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér finnst þetta svolítið undarleg uppsetning. Hv. þingmenn báðu mig um að ræða málið við Pétur H. Blöndal og það var að þeirra frumkvæði sem ég átti tal við hann um þetta mál. En ekki lá hins vegar fyrir hvort hv. þingmaður ... (Gripið fram í.) Hv. þingmaður hafði boðað fund á morgun í nefndinni hvort sem var og þeim fundi sem hér er mest rætt um var ekki lokið. Því lá auðvitað fyrir að hv. þm. Pétur H. Blöndal hlaut að boða til framhaldsfundar í síðasta lagi í fyrramálið þannig að fundur minn með honum breytti engu um það. En til þess að rétt sé rétt þá er ljóst að það voru formenn þingflokkanna sem óskuðu eftir því að ég ætti fund með Pétri H. Blöndal og óskuðu eftir því að ég gerði það þegar í stað, áður en fundur hæfist hér klukkan þrjú, til þess að niðurstaða málsins lægi fyrir. Hún liggur fyrir. Það er orðið við beiðni nefndarmanna um að kallað verði á þá menn sem óskað hefur verið eftir og þess vegna hefur þessi umræða hér í þinginu verið án tilefnis.

Framkvæmd EES-samningsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. KJúl o.fl., 551. mál. — Þskj. 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Till. vísað til síðari umr. með 57 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:46]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hlýt að taka þetta svo að bank mitt hér áðan sem forseti varð ekki var við sé um þann lið sem við erum að fara að greiða atkvæði um, þ.e. afbrigði við að taka fjölmiðlafrumvarpið svokallaða á dagskrá. Þingflokkur Samf. greiðir atkvæði á móti því, er á móti því að veitt verði afbrigði fyrir því að taka málið á dagskrá, enda er það illa unnið eins og komið hefur fram, bæði í umræðu á Alþingi um skýrslu nefndarinnar svo og í annarri umræðu. Þess vegna greiðum við atkvæði gegn því að þetta mál fái að ganga hér fram enda lagt fram eftir 1. apríl.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Áður en þessi atkvæðagreiðsla fer fram óska ég eftir því að hæstv. forsrh., fyrir hönd aðstandenda þessa frv., upplýsi þingheim um það hverjar áætlanir aðstandendanna eru um meðferð málsins. Er þetta frv. lagt hér fram eftir atvikum til kynningar, 1. umr. og umfjöllunar á þessu vorþingi og þessum fáu dögum sem eftir lifa eða er ætlun hæstv. ríkisstjórnar í krafti meiri hluta síns hér að knýja málið í gegn á þessu vorþingi?

Ég tel að það skipti okkur máli sem ætlum að fara að taka þátt í atkvæðagreiðslu hér um það hvort veita eigi heimildir fyrir afbrigðilegri málsmeðferð að fá um það skýr svör. Við eigum heimtingu á því. Ég vil taka það fram fyrir hönd þingflokks okkar, Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að við mundum ekki gera athugasemdir við það að þetta mál kæmi hér á dagskrá og yrði rætt en við erum alfarið andvíg því að það verði knúið fram með flýti á fáeinum sólarhringum í bullandi ágreiningi ef svo ber undir og munum þá að sjálfsögðu ekki fallast á heimildir fyrir afbrigðum ef svo er.

Ég óska því eftir því að hæstv. forsrh. gefi skýr svör um það hver áform ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar eru um meðferð eða afdrif málsins á þessu þingi. Ég held að allir hljóti að sjá að við eigum heimtingu á því að verða upplýst um stöðu málsins áður en atkvæðagreiðslan fer fram.

[15:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta mál er út af fyrir sig ekki lagt fram til kynningar, það er lagt fram til afgreiðslu eins og oftast er með stjórnarfrumvörp. Það fer hins vegar eftir þingheimi hvort það verður afgreitt. Menn hafa kallað eftir því að mega eiga umræður um mál af þessu tagi. Svo er það þingsins að ákveða hver niðurstaðan verður.

Hins vegar er mér sagt að þess séu engin dæmi í þingsögum að menn hafi neitað mönnum um afbrigði vegna 1. apríl frestsins. Það er eitthvað óskaplega mikið í húfi hjá sumum þingmönnum ef þeir ætla nú að reyna að neita mönnum um slík afbrigði. Það hefur aldrei gerst í þingsögunni fyrr.

[15:50]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Frjálsl. mun leggjast gegn því að þetta mál verði tekið upp á hinu háa Alþingi. Hér er um mjög umdeilt mál að ræða. Við teljum að það sé illa undirbúið, frv. sem hér á að leggja fram sé hroðvirknislega unnið og það sé meira en nægur tími til að skoða þessi mál á sumri komanda, taka það upp í þinginu næsta haust og vinna það síðan næsta vetur almennilega eins og fólk á að gera. Hér er um gríðarlega stórt og mikið og vandasamt mál að ræða sem snertir hagsmuni fjölmargra Íslendinga og við getum ekki leyft okkur það, herra forseti, að afgreiða þetta mál með svo hroðvirknislegum hætti sem nú stefnir í.

Mér varð litið út um gluggann rétt áðan. Hér fyrir utan stendur mannfjöldi og veifar banönum. Á Austurvelli er fólk með banana. Þetta er sennilega í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins sem fólk stendur fyrir framan hið háa Alþingi og veifar þeim ávöxtum. Hvað það á að þýða veit ég ekki. Ég læt hverjum og einum það eftir að túlka það með sínum hætti.

[15:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá. Atkvæðagreiðslan er hafin. (Gripið fram í.) Nei, þetta eru ekki almennar umræður. (**KolH:** Forseti, um atkvæðagreiðsluna.) Gerir hv. þm. grein fyrir atkvæði sínu? Það eru ekki almennar umræður sem standa yfir núna. (**KolH:** Ég þarf að eiga orð við hæstv. forsrh. út af því sem hann sagði í svari sínu áðan. Það skiptir máli fyrir atkvæðagreiðsluna.) Það gengur ekki. (**KolH:** Hæstv. forsrh. svaraði því ekki.) Það gengur ekki.

2. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 32:27 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

4 þm. (BBj, BrM, HÁs, JBjarn) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að leggjast gegn því að afbrigði séu samþykkt við þessar aðstæður úr því að það er ekki einu sinni hægt að sýna þinginu þá kurteisi að gefa hér sæmilega skýr svör að þessu leyti. Það var ósköp einfalt að við vorum að fara fram á að fá um það a.m.k. einhvern ádrátt af hálfu hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að hér mundi skapast það andrúmsloft í kringum þetta mál að ekki yrði beitt ýtrustu hörku til að knýja það í gegn á vordögum í ágreiningi, þ.e. ef ekki tækist að ná samkomulagi um málið. Það fór lítið fyrir slíku. Í sjálfu sér segir það okkur ekki mikið að fá það staðfest sem við

vitum, að málið er komið til kasta þingsins þegar það er hér fram lagt. Við kærum okkur ekki um að eiga aðild að þeim vinnubrögðum sem þar með gætu verið í uppsiglingu, í ljósi þess líka að aðdragandi málsins er með mjög sérstökum hætti. Þó að mér sé það heldur óljúft — það mun rétt vera hjá hæstv. forsrh. að það gerist ekki oft — sé ég mig knúinn til þess að greiða atkvæði gegn þessum afbrigðum.

Útvarpslög og samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525. [15:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, er hefur það markmið að sporna við því að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hamli gegn æskilegri fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum og skapi þeim nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði til að geta haft jákvæð áhrif og veitt stjórnvöldum og atvinnulífi heilbrigt aðhald í nútímalýðræðisþjóðfélagi án þess þó að hafa til þess lýðræðislegt umboð.

Frumvarp þetta er byggt á skýrslu nefndar sem menntmrh. skipaði í desember sl. til að meta þörf á lagasetningu um eignarhald á fjölmiðlum. Hæstv. menntmrh. gaf skýrslu um niðurstöður hennar hér á hinu háa Alþingi í síðustu viku og skýrsla nefndarinnar er bæði prentuð sem fylgiskjal með frv. og hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu nú um nokkurt skeið. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn að gera sér hana að umtalsefni hér. Engu að síður leggur hún þó svo veigamikinn grundvöll að frv. sem hér er mælt fyrir að nauðsynlegt er að vísa til hennar jöfnum höndum til að þjóðfélagsleg nauðsyn og markmið þeirra ráðstafana sem hér eru lagðar til liggi skýrt fyrir við umræðuna.

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur skoðanaskipta um ólík viðhorf til stjórnmála og menningar- og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Af þessu lykilhlutverki fjölmiðla í þágu skoðana- og tjáningarfrelsis í nútímalýðræðisþjóðfélagi spretta ákveðnar kröfur um fjölbreytni í fjölmiðlun sem ætla má að varðar séu af mannréttindaákvæðum bæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstóli Evrópu en sá sáttmáli leggur okkur skyldur á herðar, bæði að alþjóðarétti, þjóðarétti og landsrétti eftir að hann var lögleiddur hér á landi og reyndar ríkt tillit til hans tekið við endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar frá 1995.

Inntak kröfunnar um fjölbreytni er tvenns konar. Í grófum dráttum má segja að það geri annars vegar kröfu til fjölbreytni í dagskrá fjölmiðla en hins vegar til fjölbreytni eða fjölræðis í eignarhaldi þeirra. Séu þessi skilyrði ekki fyrir hendi á fjölmiðlamarkaði hefur verið litið svo til að stjórnvöldum sé rétt að grípa til virkra aðgerða til að tryggja að svo megi verða. Í skýrslu þeirri sem liggur frv. til grundvallar eru færð fyrir því rök að til þess liggi bæði þjóðréttarleg skylda og stjórnskipuleg nauðsyn með tilliti til þeirra skýringaraðferða sem dómstólar hafa mótað við túlkun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar til samræmis við mannréttindasáttmála Evrópu.

Sú er og raunin að nær alls staðar í þeim löndum sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðisins fyrir stækkun þess um helgina hafa verið settar reglur sem hafa það að markmiði að stemma stigu við samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og heimila stjórnvöldum að grípa til aðgerða ef samruni fyrirtækja er talinn ógna fjölbreytni í fjölmiðlun með því að færast á of fárra hendur.

Reglur af því tagi sem hér er mælt fyrir eru því fjarri að vera séríslenskt fyrirbæri, jafnvel þótt þær aðstæður sem þeim er ætlað að bregðast við hér á landi eigi sér hvergi hliðstæðu. Án þess að ég vilji segja að við höfum sofnað á verðinum er tilfinningin þó ekki ósvipuð því að vakna upp við vondan draum þegar litið er til þess hvernig málum er hér komið.

Í skýrslu þeirri sem birt er sem fylgiskjal með frv. kemur fram að samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði verði að teljast mikil og gildir þá einu hvort horft sé til eignarhalds eða stöðu einstakra aðila á markaði, eitt fyrirtæki beri þar ægishjálm yfir önnur hvað rekstrarlegt umfang og veltu varðar. Heildarmarkaður fyrir dagblöð og útvarp hafi í ljósi þess ýmis þau einkenni sem talin séu óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem getið er um í tilmælum Evrópuráðsins, leiddar eru af mannréttindasáttmála Evrópu og taldar eiga við í öðrum löndum.

Í þessu sambandi er sérstaklega bent á tvennt, annars vegar að fyrirtæki sem hafi sterk ítök á mikilvægum sviðum atvinnulífsins, sér í lagi á matvörumarkaði, séu einnig ráðandi á fjölmiðlamarkaði. Hins vegar að sama fyrirtæki hafi mjög sterk ítök bæði á dagblaðamarkaði og á markaði fyrir ljósvakamiðla. Staðan sé með öðrum orðum sú að eitt félag hafi bæði yfir að ráða því dagblaði sem mesta útbreiðslu hefur auk annars sem markverða útbreiðslu hafi og ráði þar að auki yfir um 37% af áhorfi á sjónvarp og tæplega 44% af hlustun á hljóðvarp, auk eignarhalds sama fyrirtækis á öðrum afþreyingartengdum rekstri.

Þetta er sem sagt sú staða sem uppi er, herra forseti, og við henni hygg ég að allir flokkar sem eiga sæti hér á hinu háa Alþingi hafi lýst sig reiðubúna til að bregðast þótt einhverjir hafi af einhverjum ástæðum fipast þegar til alvörunnar kom. Í tilnefndri skýrslu eru enda lagðir á þessa stöðu þeir alþjóðlegu mælikvarðar sem þar er lýst og notast hefur verið við í öðrum löndum og óhjákvæmilega komist að þeirri niðurstöðu að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og eignatengsl milli þeirra og annarra fyrirtækja séu slík að ástæða sé til að draga í efa að fjölbreytni í fjölmiðlun sé nægilega tryggð hér á landi, eins og það er svo varfærnislega orðað í niðurstöðukafla skýrslunnar.

Að þessu athuguðu er sú skoðun sett fram af hálfu nefndarinnar sem skýrsluna samdi að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við stöðunni með lagasetningu, einkum þannig, með leyfi forseta, „að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni".

Í því skyni er síðan bent á nokkrar leiðir um leið og tekið er fram, vegna samanburðar við önnur ríki, að löggjöf hvers lands taki í ríkum mæli mið af aðstæðum í hverju landi, svo sem þeim sérstöku aðstæðum sem viðkomandi löggjöf er ætlað að taka á. Að teknu tilliti til aðstæðna hér á landi mælir nefndin hins vegar alveg sérstaklega með því að litið verði til þeirra áhrifa sem hafa má á gerð og uppbyggingu

fjölmiðlamarkaðarins með úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum útvarp, og tekur að því leyti undir sams konar ábendingar sem fram koma í tilmælum Evrópuráðsins um eflingu fjölmiðlafjölbreytni.

Að athuguðu máli varð það og niðurstaða ríkisstjórnarinnar að taka þessari leiðbeiningu, enda fellur leiðin um margt ágætlega að því regluverki sem fyrirtæki í útvarpsrekstri hafa búið við fram að þessu.

Mun ég þá, herra forseti, víkja að einstökum ákvæðum frv. eftir því sem ég tel tilefni til en vísa að öðru leyti til athugasemda sem frv. fylgja. Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að við 6. gr. útvarpslaga verði bætt nokkrum skilyrðum er varða eignarhald þeirra fyrirtækja sem útvarpsleyfi geta fengið og haldið þeim. Tekið skal fram að áskilnaður um slíkt leyfi er almennt óháður því hvaða tækni er notuð til að miðla þeirri dagskrá sem lögin taka til og leyfi þarf samkvæmt þeim til að útvarpa. Þá skal þess jafnframt getið að hugtakið „fyrirtæki" er notað í sömu merkingu og í samkeppnislögum og getur því einnig náð til einstaklinga. Sama á við um þær kröfur sem gerðar eru til eignatengsla milli fyrirtækja til að um fyrirtækjasamstæðu geti verið að ræða. Um skilgreiningu þess vísast einnig til samkeppnislaga og eftir atvikum hlutafélagalaga þegar um hlutafélög er að ræða.

Loks er í b-lið sleginn sá varnagli að ákvæði a-liðar greinarinnar geti átt við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en þau sem uppfylla skilyrði samstæðutengsla ef þau eru til þess fallin að leiða til yfirráða. Eru þá m.a. höfð í huga tilvik eða tengsl á borð við þau sem lýst er í 28. gr. laga um verðbréfaviðskipti, enda þótt þar séu ekki tæmandi talin þau atriði sem hér geta komið til.

Að efnisákvæðum greinarinnar. Í a-lið er í fyrsta lagi lagt til að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Með þessu móti er komið í veg fyrir að fyrirtæki í annarri starfsemi sem hafa annarra og óskyldra hagsmuna að gæta taki jafnframt upp útvarpsrekstur. Á sama hátt leiðir af þessu ákvæði að fyrirtæki í útvarpsrekstri er óheimilt að taka upp annan og óskyldan rekstur.

Tekið skal fram að undir „óskyldan rekstur" fellur ekki rekstur sem hefur eðlileg tengsl við rekstur útvarpsins, svo sem rekstur netmiðils í þágu þess. Slíkt verður þó að sjálfsögðu að meta hverju sinni og í hverju tilviki fyrir sig.

Í skýrslu nefndarinnar kemur reyndar fram að sjaldgæft sé annars staðar að beinar takmarkanir séu á því að eignatengsl séu á milli fjölmiðlafyrirtækja og fyrirtækja í öðrum rekstri. Á hinn bóginn þekkist það hvergi að fyrirtæki sem hefur hliðstæð umsvif í viðskiptalífi annarra landa og tiltekinn aðili hefur hér á landi fari jafnframt með ráðandi hlut í öflugu fjölmiðlafyrirtæki. Það þekkist sem sagt hvergi á byggðu bóli. Í þessu liggur hins vegar rót vandans sem við er að glíma hér á landi. Þess vegna sýnir nauðsyn ákvæðisins jafnvel betur en margt annað hvers vegna lög af þessu tagi hljóta svo mjög að taka mið af aðstæðum á hverjum stað.

Í öðru lagi er lagt til að óheimilt verði að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er í eigu markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Á viðskiptaþingi Verslunarráðs nýlega vék ég að því að gera mætti ráð fyrir að fyrirtæki næðu markaðsráðandi stöðu hér á landi við það eitt að ná því sem kallað væri eðlilegri stærð. Við því væri lítið að segja. Þá skiptir hins vegar öllu máli að fjölmiðlar sinni eftirlitshlutverki sínu af árvekni og ábyrgð. Almenningur verður að geta treyst því að fyrirtæki sem eru í markaðsráðandi stöðu hafi eðlilegt aðhald af fjölmiðlum, neytendavernd sé virk og tryggt sé að dregin sé upp hlutlaus og óbjöguð mynd af starfsemi slíkra fyrirtækja. Ef við eigum að umbera það í nafni hagkvæmni að fyrirtæki hafi markaðsráðandi stöðu verðum við að geta treyst því að þau hafi virkt aðhald frá fjölmiðlum. Það gefur því augaleið að ekki er heppilegt að fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu eigi jafnframt fjölmiðla. Það er beinlínis hættulegt. Enn fremur er mjög varhugavert að fyrirtæki sem er með yfirburði, jafnvel á fleiri en einum markaði, sé jafnframt í markaðsráðandi stöðu á fjölmiðlamarkaði.

Engin leið er til þess að fjölmiðill sem býr við slíkt eignarhald geti með trúverðugum hætti sinnt skyldu sinni og veitt eiganda sínum það aðhald sem gera verður kröfu um. Nýjustu dæmin eru hrópandi hvað þetta varðar. Það hafa allir menn séð, jafnvel líka þeir hv. þm. sem tekið hafa að sér að vera eins konar blaðafulltrúar fyrir fyrirtækin. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir?)

Í þriðja lagi er lagt til að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt í því meira en fjórðungshlut. Með þessu móti er leitast við að tryggja dreifða eignaraðild að fyrirtækjum á þessum markaði án þess þó að takmarkanir á eignarhaldi setji fyrirtækjunum ótilhlýðilegar skorður eða raski rekstrargrundvelli þeirra meira en eðlilegt er í þágu markmiðsins um fjölbreytni í fjölmiðlum.

Útgáfa dagblaða hér á landi hefur aldrei sætt sams konar eftirliti og ljósvakamiðlar. Ekki er lagt til að breyting verði þar á. Á hinn bóginn er lagt til að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki úr sömu fyrirtækjasamstæðu á hlut í dagblaði eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis. Með þessu er leitast við að reisa ákveðnar láréttar takmarkanir á eignarhaldi milli ólíkra tegunda fjölmiðla til að tryggja fjölbreytni og koma í veg fyrir að útgáfa dagblaða annars vegar og útvarps hins vegar safnist á eina hönd.

Með dagblaði er í samræmi við almennar viðmiðanir átt við blað sem kemur út fimm sinnum í viku eða oftar.

Í c- og d-liðum greinarinnar er fjallað um upplýsingaskyldu umsækjanda um útvarpsleyfi og útvarpsleyfishafa gagnvart útvarpsréttarnefnd og um heimildir nefndarinnar til að afturkalla leyfi ef þær breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum a- eða b-liðar að leyfishafi uppfyllir þau ekki lengur. Í samræmi við viðtekin sjónarmið um meðalhóf er þó jafnframt kveðið á um ákveðinn frest sem veita má, að hámarki þó í 60 daga, til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðum greinarinnar að öðru leyti. Á sama hátt er í samræmi við sjónarmið um meðalhóf lagt til í bráðabirgðaákvæði að fyrirtæki sem lögin snerta gefist allt að tveggja ára aðlögunartímabil að þeim skilyrðum sem lögin setja hafi leyfi þeirra ekki runnið út fyrir þann tíma. Sjálfsagt er að gefa rúman frest í þessu skyni, enda fyrirsjáanlegt að frv. geti haft nokkra röskun í för með sér verði það að lögum.

Áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, vil ég víkja nokkrum orðum að öðrum tillögum og hugmyndum sem nefndin bar fram í skýrslu sinni og ríkisstjórnin hefur vísað til hennar á ný til nánari útfærslu. Þar á meðal var tillaga um að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Einnig að

taka upp í samkeppnislög aukin úrræði til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði og kanna hvort þörf sé á að reisa skorður við eignarhaldi útlendinga utan EES-svæðisins á fjölmiðlafyrirtækjum. Jafnframt að setja í lög um prentrétt ákvæði sem skylda fyrirtæki í dagblaðaútgáfu til að setja sér innri reglur sem miði að því að tryggja sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum og enn fremur reglur um stöðu blaðamanna gagnvart ritstjórn.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að frv. hefur að geyma almennar reglur sem ætlað er að stuðla að því að innan tiltekins tíma komist á sú fjölbreytni í fjölmiðlun sem *bæði stjórnvöldum og löggjafanum ber jafnt stjórnskipuleg* sem þjóðréttarleg skylda til að tryggja. Það er mat ríkisstjórnarinnar að frv. gangi ekki lengra en þörf krefur til að þessu markmiði verði náð miðað við það ástand sem nú varir á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Við mat á því var byggt á skýrslunni sem fylgir frv. sem fylgiskjal og flestir hafa orðið til þess að bera sérstakt lof á fyrir að hafa að geyma vandaða og gagnmerka úttekt á íslenskum fjölmiðlamarkaði og þeim úrræðum sem tiltæk eru til að bregðast við því ástandi sem þar ríkir. Engin ástæða er því til að efast um að frv. er reist á *traustum grunni að þessu leyti.*

Víða um heim, einkum þó í löndum sem við berum okkur saman við, hafa gilt lög um eignarhald á fjölmiðlum jafnvel svo árum og áratugum skiptir. Þörfin á þeim er því ekki ný þótt hún sé tiltölulega nýtilkomin hér á landi. Alls staðar meðal siðaðra lýðræðisríkja eru reglur sem setja skorður við því að stór og voldug fyrirtæki geti sölsað undir sig fjölmiðla. Reglur um eignarhald eru því settar til að tryggja fjölbreytta fjölmiðlun og lýðræðislega stjórnarhætti. Við erum því að feta í fótspor annarra lýðræðisríkja sem hafa talið rétt og skylt að setja reglur sem stefna að sama marki.

Þróunin hér hefur orðið með þeim hætti að upp er komin afar óæskileg staða. Einkafjölmiðlar eru næstum allir á sömu hendi sem þar fyrir utan er eitt stærsta fyrirtæki landsins. Þess vegna er í alla staði tímabært, rétt og skylt að löggjafinn láti málið til sín taka til að tryggja að hér þrífist heilbrigður fjölmiðlamarkaður.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:12]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fyrsta sem fjölmiðlanefndin leggur til er að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á ljósvakamarkaði. Í grein Páls Þórhallssonar, lögfræðings hjá Evrópuráðinu, í Morgunblaðinu í gær er bent á tilmæli Evrópuráðsins um þjóðarútvarp og sagt að Ríkisútvarpið á Íslandi sé ekki nógu sjálfstætt ef hliðsjón er tekin af þróuninni í Evrópu, ríkisstjórnarmeirihlutinn skipi meiri hluta *útvarpsráðs sem fjalli jafnframt um ráðningar fréttamanna.* Þetta þyki ekki góð latína hjá Evrópuráðinu og fundnar hafi verið leiðir til að tryggja að slíkt ráð gæti almannahagsmuna en ekki stjórnarmeirihluti hverju sinni.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að þetta er það fyrsta sem nefndin leggur til og gerir meira að segja jafnframt ráð fyrir, ef skilja má textann í skýrslu hennar, að þetta úrræði gæti dugað eitt og sér spyr ég hæstv. forsrh.: Hvers vegna byrjar ríkisstjórnin ekki á því að tryggja þennan þátt málsins? Hvers vegna mátti ekki bíða með frv. sem hér liggur fyrir og taka þennan mikilvægasta þátt að mati nefndarinnar inn í frv.?

[16:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála þeirri túlkun hv. þm. að nefndin hafi litið svo á að það væri mikilvægasti þátturinn. Á hinn bóginn, eins og ég gat um í lok ræðu minnar, hefur ríkisstjórnin falið nefndinni að huga sérstaklega að þessum þáttum og öðrum sem ég nefndi til sögunnar í framhaldsvinnu við meðferð *málsins.*

[16:13]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vitna í skýrsluna, bls. 81, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði."

Síðan er beinlínis tekið fram, að sé þetta gert eitt og sér, með öðrum orðum er gert ráð fyrir að þetta gæti dugað eitt og sér. Páll Þórhallsson bendir á það í Morgunblaðinu að það sé skylda ríkja að leita fyrst vægari leiða áður en farið er út í beina íhlutun á borð við þá sem hér er lögð til.

Virðulegi forseti. Þetta stendur í skýrslunni. Nefndin nefnir þessa leið fyrsta til sögunnar og gerir beinlínis ráð fyrir að hún gæti dugað ein og sér.

[16:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu minni *áðan fyrir frv. lít ég þannig á að þær leiðir sem ríkisstjórnin* velur og eru valdar í frv. séu mildar leiðir til að ná þeim markmiðum sem við teljum nauðsynleg. Þar sé farið í nákvæmlega sama far í öllum meginatriðum og gert er í öðrum löndum.

Nýlega bárust fréttir um að ríkisstjórn séra Kjells Magnes Bondeviks vildi fara sömu leið. Ég hef hvergi séð að nokkur maður hafi gengið fram fyrir skjöldu og sakað séra Kjell Magne Bondevik um að fara með ógnarstjórn í landi sínu eins og sumir hafa lagst svo lágt að gera hér á landi.

[16:15]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. vegna þess að hann minntist ekki á þau mál í framsöguræðu sinni: Hvaða fjölmiðlafyrirtæki sem hér hafa starfað frá 1985–1986, þegar einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn, mundi standast það nálarauga sem frv. hans gerir ráð fyrir? Sérstaklega vil ég spyrja hæstv. forsrh. um það í tilefni af ummælum hans fyrir nokkrum missirum í sérstakri bók að *þátttaka hans, Morgunblaðsins og ýmissa risa á markaði sem* þá voru í tilraun hans til ljósvakafjölmiðlunar í fyrirtækinu Ísfilm 1987–1988. Um það sagði forsrh. að það hefði verið rétt ákvörðun á röngum tíma. Væri það núna rétt ákvörðun á réttum tíma eða hvernig liti forsrh. á það fyrirtæki í ljósi frv. sem hann flytur nú?

[16:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þessar spurningar eigi ekki mikið erindi inn í umræðuna og séu ekki mikið innlegg í umræðuna

hvaða fyrirtæki hefðu passað hér fyrir 20 árum. Ég hef enga sérstaka rannsókn gert á því og nefndin hefur ekki gert það.

Varðandi Ísfilm sáluga voru þær aðstæður uppi þá að menn töldu að það væri afskaplega erfitt, flókið og dýrt að koma upp öðru útvarpsfyrirtæki sem gæti keppt við Ríkisútvarpið. Sem betur fer hafa forsendur breyst og það er bæði léttbærara og ódýrara að gera slíka hluti. Allar forsendur, líka sem vörðuðu Ísfilm á sínum tíma, hafa að sjálfsögðu breyst.

[16:18]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það kemur í ljós að hæstv. forsrh. og menn hans hafa ekki hugleitt málið. Þeir hafa ekki skoðað þá 19 ára sögu sem ljósvakar á markaðsforsendum eiga hér á landi. Þeir hafa ekki farið í gegnum það hvernig fyrirtæki fyrir 19 árum og þau sem voru til fyrir þremur árum hefðu staðist frv., sem hlýtur þó að sýna að einhverju leyti hvaða framtíð við megum eiga von á í þessu.

Það er undarlegt að hæstv. forsrh. skuli ekki geta svarað því til hvað honum finnist um Ísfilm vegna þess að það er ekki langt liðið síðan hann sagði í bók Ásdísar Höllu Bragadóttur að Ísfilm hefði verið rétt ákvörðun á röngum tíma. Hæstv. forsrh. sagði að tíminn hafi verið rangur vegna þess að efnahagslegar aðstæður voru ekki fyrir hendi til þess að slíkt fyrirtæki gæti rekið sig. Hvað er rangt við þann tíma sem nú lifir?

[16:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi það áðan og vona að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm. að frv. horfir til frambúðar og framtíðar. Við erum ekki að leggja mælistiku á 20 ára löngu liðinn tíma. Auðvitað geta menn gert það og hv. þm. getur lesið frv. og gert það. Ég sé enga sérstaka þörf á því.

[16:19]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var mjög hissa þegar ég las ræðu eftir hæstv. forsrh., en hún er merkileg því hann sakar okkur í Frjálsl. um að vera að kasta sprengjum inn í íslenskt efnahagslíf og atvinnulíf þegar við ætluðum að koma á réttlátu og árangursríku fiskveiðistjórnarkerfi. Ég get ekki séð annað en að hann sé að kasta sprengjum hér.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh.: Hvað á það að þýða að setja afturvirk lög? Ég get ekki séð annað en að frv. sem við ræðum sé afturvirkt. Fjölmiðlafyrirtækin sem frv. beinist gegn hafa leyfi lengra fram í tímann en umrædd tvö ár sem fram koma í ákv. til brb.

Ég vil því spyrja lögfræðinginn og fyrrum blaðamanninn, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson: Hvað á svona lagasetning að þýða?

[16:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að einhver hafi hugsað með eftirfarandi hætti: Mjög varhugavert er að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins. Slíkt skapar hættu á að ólíkum sjónarmiðum sé gert mishátt undir höfði og fjölmiðlarnir ræki ekki sem skyldi aðhalds- og gagnrýnishlutverk sitt.

Það var spurt hvort ekki væri ástæða til þess að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum fyrirtækja.

Þetta er þáltill. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutti á þessu þingi. Hann var til skamms tíma, a.m.k. áður en ég fór til útlanda, formaður flokks þíns. Það kann að hafa breyst.

(**Gripið fram í:** Við höfum aldrei verið á móti umræðunni.)

[16:21]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum ekki verið á móti umræðunni í Frjálsl. Hæstv. forsrh. hefur náttúrlega lítið verið í þingsalnum, en hann hefur greinilega komist yfir þetta skjal. Við höfum gjarnan viljað koma að vinnunni því það eru fáránleg vinnubrögð og lýðræðinu til skammar að ætla að setja lög með þessum hætti á fjölmiðla í landinu.

Ég lagði þá tillögu fram á fundi með forseta þingsins að við lengdum þingið a.m.k. um einn mánuð til að fara vel yfir þetta mikilsverða mál. Ég styð þá tillögu að við frestum málinu. Ég skil ekki hvað liggur á að afgreiða það. Ef á að afgreiða það á þessu þingi ættum við að taka okkur góðan tíma í það og a.m.k. einn mánuð. Er von á því að hæstv. forsrh. styðji það?

[16:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi fylgt hv. þm. nákvæmlega eftir í öllum fyrirspurnum hans og hringlanda. Hann vildi umræðu um málið og helst lengja þingið, bíddu, við erum einmitt að leggja það til. En hv. þm. greiddi atkvæði gegn því rétt áðan að það yrði gert. — Það þýðir ekkert að gapa framan í mig, hv. þm.

[16:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum aldrei verið á móti því að taka þessa umræðu, langt í frá. Ég minntist á það í ræðu minni um daginn að það væri alveg sjálfsagt og benti m.a. á þá þáltill. sem hæstv. forsrh. var að veifa áðan.

Það er stór munur á því að ræða málin og ræða það að setja lög á menn.

Herra forseti. Í frv. kemur fram að óheimilt sé að veita fyrirtækjum útvarpsleyfi sem eiga meira en 25% eignarhlut í hinu og þessu. Forsrh. veit eflaust hvað ég er að tala um.

Nú háttar svo til að Morgunblaðið, sem er í eigu sjálfstæðismanna og hæstv. dómsmrh. og ráðherra í ríkisstjórn Íslands er einn af hluthöfum í, er eini eigandi að stærsta netmiðli Íslands, mbl.is. Það er hægur vandi með nútímatækni að útvarpa í gegnum internetið. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann sjái enga hagsmunaárekstra í því að ráðherra í ríkisstjórn Íslands, sem á hlut að frv., eigi hlut í Morgunblaðinu og að Árvakur eigi að fullu stærsta og nánast eina netfréttamiðil Íslands.

[16:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Nei, herra forseti, ég sé það ekki, enda er gert ráð fyrir því að rekstur netmiðils sé eðlilegur hluti af rekstri fjölmiðils, eins og ég gat um áðan.

Hv. þm. nefndi að þeir í Frjálsl. væru tilbúnir til þess að ræða málið eins og þáltill. segir fyrir um en ekki að setja lög. En þeir segja, með leyfi forseta, „hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum".

Hvernig ætla menn að gera það án þess að setja lög? (**Gripið fram í:** Tala um það.) Ætla menn bara að tala um

það? Þá verða menn a.m.k. að mæta á ráðstefnur og fundi ef þeir ætla að tala um það.

[16:25]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Heldur fannst mér svar hæstv. forsrh. þunnt. *Ég spurði hann m.a. að því hvort hann sæi engan hagsmunaárekstur í því að ráðherra í ríkisstjórn Íslands væri líka hluthafi í næststærsta dagblaði Íslands sem einnig á að fullu netmiðil.* Við vitum það öll sem fylgjumst með og notum okkur tækni dagsins í dag að internetið verður sífellt meira ráðandi í fréttamiðlun, bæði á Íslandi og út um allan heim og hægur vandi bæði að sjónvarpa og útvarpa í gegnum internetið. Hafa menn ekkert hugleitt þennan möguleika?

Hitt atriðið sem ég spurði um varðar umræðuna. Umræða og orð eru til alls fyrst. Hægt er að taka umræðuna á málefnalegum grundvelli til að byrja með og fara síðan að huga að lagasetningu. Það var það sem ég var að tala um áðan. Við ættum að gefa okkur tíma til þess í sumar, hæstv. forsrh., að fara yfir hvernig við ætlum að búa til lög um þetta, því að ég er alveg sammála því að það þarf að skoða þessa hluti og byrja síðan í haust og nota næsta vetur til þess að ganga frá málinu en ekki að gera það núna á tíu dögum eða tveimur vikum.

[16:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við tökum okkur þann tíma sem við viljum og ef þingmenn þurfa mikinn tíma í vor þá tökum við hann. Það mælir ekkert á móti því. Ég tel að hv. þm. eigi ekki að reyna að fela sig og afstöðu sína með því að vísa til þess að betra sé að gera þetta á einhverjum öðrum tíma en núna. Nú er vandamálið fyrir framan okkur, nú liggur frv. fyrir, skýrt, augljóst og einfalt. Það ber allan keim af því að taka *nákvæmlega mið af þeirri þáltill. sem formaður Frjálsl. flutti.*

Ef þið ætlið ekki að styðja frv. þrátt fyrir það skuldið þið bæði okkur og þjóðinni skýringu á því hvers vegna þið hafið svona snúist.

[16:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess að spyrja: Hvernig sér hæstv. forsrh. fyrir sér fjármögnun fjölmiðlafyrirtækis eftir að lögin taka gildi? Fyrirtækjahópar, t.d. bankar, geta verið markaðsráðandi samkvæmt skilgreiningu Samkeppnisstofnunar. Sameiginlega hafa þeir markaðsráðandi stöðu vegna tengsla í gegnum kortafyrirtæki og Reiknistofnun. Þeir gætu, bæði vegna ákvæðisins um markaðsráðandi stöðu og vegna þess að ekkert fyrirtæki má eiga meira en 25% í fjölmiðlafyrirtæki, ekki tekið veð í hlutabréfum fjölmiðlafyrirtækis vegna þess að þeir mættu ekki eiga í fyrirtækinu.

Þýðir þetta ekki að engin lán er að hafa fyrir slík fyrirtæki á markaðnum? Ekkert lán. Hverjir gætu þá tekið við fyrirtækinu Norðurljósum? Hvernig sér hæstv. forsrh. fyrir sér eignarskipti á fyrirtækjum af þessu tagi ef þau komast í þrot?

[16:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé þetta fyrir mér með einföldum hætti, vegna þess að ég horfi ekki bara til þess eins og hv. þm. að það verði að vera fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu sem fari með eignarhald í slíku fyrirtæki. Hér er sem betur fer gríðarlegur fjöldi fyrirtækja í landinu og einstaklingar sem ekki eru í markaðsráðandi stöðu geta átt dreifða eignaraðild, allt að 25% hlut, í fyrirtækjum af þessu tagi.

Ef menn hafa fjárfest í þessum fyrirtækjum, þeir sem nú hafa eignarhald á þeim, og ekki gert það í annarlegum tilgangi heldur vegna þess að þetta sé góður rekstur geri ég ráð fyrir því að fjöldi annarra geti keypt slíkan rekstur og komið að honum.

Ég tel enga ástæðu fyrir þingmenn til að mála skrattann á veginn hvað það varðar fyrir fram. (**Gripið fram í:** Hvað með lánin?)

[16:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Annaðhvort hefur hæstv. ráðherra ekki skilið spurninguna eða viljað smokra sér fram hjá henni. Ég var að spyrja hvernig hæstv. ráðherra teldi að færi fyrir fyrirtæki sem færi á hausinn og skuldaði fjármálafyrirtækjum peninga, vegna þess að fjármálafyrirtækin gætu ekki tekið veð í hlutabréfunum, mættu ekki eiga viðkomandi fjölmiðlafyrirtæki og gætu ekki tekið það yfir. Hvernig dettur mönnum í hug að hægt sé að fá lán til að reka slíkt fyrirtæki? Hvaða banki mundi lána þessu fyrirtæki peninga til reksturs? Hver mundi taka við Norðurljósum undir þessum formerkjum?

[16:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú reyndar sagt að fjármálastofnun taki aldrei veð í eigin hlutabréfum fyrirtækis. En þess utan kemur fram í frv. að fyrirtæki hafa við slíkar aðstæður sex mánuði til að laga stöðu sem þannig er upp komin. Ef einhverjir hlutir ganga til lánastofnana ... (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. hefur ekki lesið frv. Það er tveggja ára almennur frestur en síðan er sex mánaða frestur við tilteknum atvikum sem upp kunna að koma sem menn hafa til að lagfæra slík atriði sem hv. þm. er nákvæmlega að vísa til. Ég hygg að ef þingmaðurinn les frv. sjái hann að gert er ráð fyrir þessu.

[16:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Samf. leggst gegn því frv. sem hér er um að ræða. Við teljum að í því sé höggvið mjög nærri tjáningarfrelsi og athafnafrelsi. *Við teljum að það þrengi óeðlilega* að rekstrargrundvelli fjölmiðlanna og þar með að einum mikilvægasta grundvelli lýðræðissamfélagsins.

Frumvarpið er flutt í nafni fjölbreytni á fjölmiðlavettvangi en við teljum að í því felist sú hætta að það muni leiða til fábreytni í innihaldi dagskrár og framboði efnis. Störfum hundruða manna í vaxandi atvinnugrein er jafnframt stefnt í hættu. Frumvarpið sýnist vera afturvirkt og það mun að öllum líkindum skapa ríkinu skaðabótaskyldu sem gæti hlaupið á milljörðum. Virtir lögfræðingar telja jafnframt að það geti brotið í bága við stjórnarskrána.

Það er athyglisvert, herra forseti, að frv. gengur gegn ýmsum meginniðurstöðum fjölmiðlaskýrslunnar. Ég er sammála hæstv. forsrh. um að sú skýrsla er býsna gott plagg. En í frv. er ekki farið að eindregnum tilmælum í skýrslunni um að setja lög um aðgang almennings að upplýsingum um eignarhald og ekki að eindregnum óskum um að skylda fjölmiðla til að setja sér innri reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum. Það kann að vera að það eigi að huga að því, eins og hæstv. forsrh. segir, en hvers vegna í ósköpunum er það ekki í frv.?

Frumvarpið á að festa í lög tilmæli Evrópuráðsins en í frv. er samt sem áður ekki að finna fjölmörg tilmæli ráðsins,

svo sem um að pólitískir áhrifamenn úthluti ekki útvarpsleyfum eða að pólitískur meiri hluti fjalli ekki um ráðningar fréttamanna á ríkismiðlum.

Frumvarpið, eins og þegar hefur komið fram í þessari umræðu, hunsar algjörlega tilmæli Evrópuráðsins og tillögur fjölmiðlanefndarinnar um að efla RÚV sem almenningsmiðil til að tryggja fjölbreytni á markaði.

Herra forseti. Þó að það sé hvergi tíundað þá hlýtur tilgangur frv. að vera að bægja frá möguleikum á að eigendur misnoti stóra fjölmiðla með einhverjum hætti í eigin þágu. Þeim tilgangi er hægt að ná með því að beita hugmyndum Samf. um lög sem tryggja sjálfstæði ritstjórna, um lög sem tryggja gagnsæi um eignarhald og ekki síst með því að beita samkeppnislögum, eins og hæstv. dómsmrh. hefur manna best rökstutt mörgum sinnum þótt hann hafi að vísu sýnt aðdáunarverðan sveigjanleika í skoðunum með því að skipta um þær samstundis og þetta frv. var lagt fram.

Ég lít því svo á að þetta frv. forsrh. sé óþarft. Það þjónar ekki markmiðum um fjölbreytni heldur fyrst og fremst geðþótta stjórnamálamanna sem þola ekki eðlilega gagnrýni.

Samf. hefur sérstaklega vakið máls á því að tímabært sé að ræða stöðu fjölmiðlunar hér á landi. Hún hefur af þeim sökum lagt fram tvö þingmál, þar af annað sem tekur beinlínis á sömu málum og frv. hæstv. forsrh. Málefni íslenskra fjölmiðla, ekki síst kostir og gallar samþjöppunar á eignarhaldi, þurfa alvarlega og mikla umræðu. Þau verður að ræða í samhengi við allan markaðinn. Það er ekki hægt að ræða íslenska fjölmiðlun nema taka stöðu, þróun og stjórnsýslu Ríkisútvarpsins með. Þess vegna átel ég þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og tel þau í reynd fráleit.

Ríkisstjórnin kastar inn á þing, korteri fyrir þinglok, frumvarpi og ætlast til þess að umræðulítið séu samþykktar grundvallarbreytingar á frelsi fjölmiðla. Þær kunna hugsanlega að fela í sér brot á stjórnarskrá og það á að ræða það án þess að teknar séu ákvarðanir um breytingar á Ríkisútvarpinu, án þess t.d. að nokkuð sé rætt um að skilyrða leyfisveitingar kröfum um innlenda dagskrá eða annað af skyldu tagi.

Þetta finnast mér, herra forseti, vera skrýtin vinnubrögð. Þau eru ekki síst skrýtin í ljósi þess að á sama tíma er ríkisstjórnin að tala um gagngerar breytingar á umhverfi RÚV, t.d. að fella burt skylduáskrift og taka RÚV út af auglýsingamarkaði. Hvort tveggja eru athyglisverðar hugmyndir en þær hljóta óhjákvæmilega að skapa óvissu um rekstrarforsendur og markaðsvirði annarra fjölmiðla. Á þetta er þó ekki einu sinni drepið í frv. ríkisstjórnarinnar. Það er rætt svona til hliðar og helst þegar hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar komast í vanda í umræðu um frv.

Ríkisstjórnin segir brýnt, og hæstv. forsrh. lagði á það sérstaka áherslu, að leggja fram þetta frv. af því að ríkisstjórnin hafi þjóðréttarlegar skuldbindingar til að fara að tilmælum Evrópuráðsins. Þetta finnst okkur í Samf. athyglisvert í ljósi þess að Evrópuráðið telur fjölmörg önnur atriði jafnbrýn og jafnvel brýnni sem er ekki að finna í frv.

Tilmæli Evrópuráðsins frá 1996 mæla gegn því að pólitískt skipað útvarpsráð fjalli um ráðningar fréttamanna. Því er ekki breytt þrátt fyrir að ríkisstjórnin telji óskaplega brýnt að fara að ábendingum ráðsins.

Tilmæli Evrópuráðsins frá 2000 mæla gegn því að þeir sem sitja í nefndum sem úthluta útvarpsleyfum séu undir áhrifum frá pólitískum öflum. Því er ekki breytt og ég leyfi mér að upplýsa hæstv. forsrh. um að enn situr formaður útvarpsréttarnefndar sem er líka framkvæmdastjóri Sjálfstfl.

Tilmæli frá 1999 mæla með því að staða miðla eins og RÚV sé tryggð sem almenningsútvarps. Frumvarpið fjallar ekkert um það. Þvert á móti lýsti einn hv. þm. Sjálfstfl. því yfir fyrir tveimur sólarhringum að hugsanlega gæti myndast samstaða innan Sjálfstfl. um að selja Ríkisútvarpið. Er það kannski skýringin á því að það má ekki ræða RÚV í tengslum við fjölmiðlamarkaðinn?

Tilmæli Evrópuráðsins frá 1994 fela í sér að setja beri lög sem tryggi að almenningur eigi greiða leið að upplýsingum um eignarhald á fjölmiðlum til að geta metið trúverðugleika. Það er nýlegt dæmi um forkastanlegt brot á þessari reglu hér á landi en um þetta er ekkert í frv.

Tilmæli Evrópuráðsins mæla eindregið með því að lög verndi sjálfstæði ritstjórna gegn misnotkun eigenda, sem við í Samf. teljum vægari en jafnframt áhrifaríkari leið til að vinna gegn áhrifum samþjöppunar en þær leiðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram. Það er heldur ekki í frv. ríkisstjórnarinnar en hæstv. forsrh. ætlar allra náðarsamlegast að leyfa að hugað verði að því í nefnd.

Hver er skýringin á því, herra forseti, að ekki eru sett lög sem tryggja þessa þætti fyrst ríkisstjórnin telur sig hafa þjóðréttarlegar skuldbindingar til þess að fara að tilmælum Evrópuráðsins um fjölmiðla?

Á Íslandi hafa ólíkir flokkar og stjórnmálamenn jafnan reynt að mynda breiða samstöðu um þætti sem varða grunnatriði lýðræðisins. Eitt af því er tjáningarfrelsið og þar með þróun fjölmiðla. Ég rifja það upp að jafnvel á tímum kalda stríðsins, þegar stjórnmálin loguðu af ágreiningi, lögðu ábyrgir forustumenn sig fram um að mynda breiða samstöðu um mál eins og Ríkisútvarpið sem fjölmiðil allra landsmanna. Það gerðu menn af því að þeir töldu að það væri menningarlegur bakhjarl Íslendinga. En þessi ríkisstjórn hefur vikið frá hinni lýðræðislegu hefð um breiða samstöðu um grundvallarþætti. Hún forsmáir hina íslensku hefð um samráð þegar unnið er að málum sem varða slík grundvallaratriði.

Helsti sérfræðingur Evrópuráðsins varðandi stefnu þess um fjölmiðla er Íslendingur. Það var ekki haft samráð við hann. Það var ekki haft samráð við samtök blaðamanna. Það var ekki haft samráð við fyrirtækin sem þessi lög varða þó. Offorsið var jafnvel svo mikið að til að tryggja rétta niðurstöðu fengu hæstv. ráðherrar Framsfl. ekki að sjá skýrsluna fyrr en sama dag og frv. var lagt fram og átti það þó að byggjast á skýrslunni.

Einn af höfundum fjölmiðlaskýrslunnar hefur opinberlega fordæmt þessi vinnubrögð og segir þau óheppileg. Hann hefur sagt að þau vinni gegn því að hægt sé að ræða þróun fjölmiðla hér á landi með yfirveguðum hætti. Er nema von þó Páll Þórhallsson, sérfræðingur Evrópuráðsins um fjölmiðlamarkað álfunnar, spyrji í fyrirsögn í grein í Morgunblaðinu í gær: Helgar tilgangurinn meðalið?

Helsta ástæðan sem í orði er gefin fyrir nauðsyn þess að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með þeim hætti sem nú er lagður til er að tryggja fjölbreytni. Nú er það svo að við, sem höfum fylgst með fjölmiðlum og höfum jafnvel sum nokkra reynslu af fjölmiðlun, vitum vel að það hefur aldrei verið önnur eins gróska í fjölmiðlun á Íslandi og nú. Samkeppnin hefur heldur aldrei verið meiri, úrvalið aldrei meira, fjölbreytnin aldrei meiri. Það ríkir vor í íslenskri fjölmiðlun. Og ein af merkustu niðurstöðum skýrslunnar sem hæstv.

forsrh. hefur lofað er einmitt að það ríki mikil fjölbreytni á fjölmiðlamarkaðnum í dag.

Um dagblaðamarkaðinn segir á bls. 11 í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„... þau blöð sem eftir eru standa sterkar að vígi en áður og geta boðið lesendum sínum upp á betri þjónustu og aukið efnisval."

Um hljóðvarpsmarkaðinn segir á bls. 13, með leyfi forseta:

„Fjölbreytni er mikil á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er fjölda stöðva ..."

Um sjónvarpsmarkaðinn segir á bls. 23:

„Íslenskur sjónvarpsmarkaður er fjölbreyttur þegar litið er til fjölda sjónvarpsstöðva og að teknu tilliti til smæðar íslensk þjóðfélags."

Síðar segir í skýrslunni á bls. 81, með leyfi forseta:

„Þá verður að telja að skipting markaðar fyrir sjónvarp á þá þrjá aðila sem allir hafa marktæka stöðu á markaði, sé ásættanleg þegar höfð er í huga smæð markaðarins."

Um markaðinn í heild segja höfundar að sé litið fram hjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin missiri — eftir að hið óttalega fyrirtæki Norðurljós varð til í núverandi mynd — með leyfi forseta, „verið á margan hátt jákvæð".

Það er því deginum ljósara að höfundar fjölmiðlaskýrslunnar finna ekkert að efnistökum og innihaldi fjölmiðlanna sem nú eru á markaði sem bendir til að fjölbreytni sé í svo mikilli hættu vegna samþjöppunar að það sé þörf á tafarlausri og brýnni lagasetningu.

Hvaða nauð rekur menn til þess á hinu háa Alþingi að það þurfi nánast með hraða ljóssins að reka í gegn frv. sem setur í uppnám afkomu fjölmargra starfsmanna í fjölmiðlum? Hvaða sérstöku aðstæður eru fyrir hendi sem gera það að verkum að í einu vetfangi þarf að samþykkja lög sem eiga að tryggja fjölbreytni, sem nefndin segir að sé til staðar? Það er ekkert sem segir það, ekkert nema geðþótti valdsins.

Vissulega segja höfundar að í ljósi samþjöppunar og eignatengsla séu á markaðnum ýmis einkenni sem í ljósi alþjóðlegra viðmiðana teljist óheppileg. Þeir segja að sönnu afar æskilegt að bregðast við með lagasetningu en ekkert í textanum segir að það þurfi að gerast tafarlaust. Ekkert kemur fram hjá þeim sem bendir til þess að þeir telji óhjákvæmilegt að ráðast í það með þessum hætti, svo að segja án umræðu í samfélaginu. Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur fjallað um benda þeir líka á leiðir sem ná þessu marki án lagasetningar.

Það er að mínu mati athyglisvert að margt í þessu stutta frv. gengur gegn yfirlýstum tilgangi þess varðandi fjölbreytni í fjölmiðlun. Sami aðili má ekki eiga í bæði dagblaði og ljósvakamiðli. En frv. bannar ekki að sami aðili eigi þrjú, fjögur, fimm, sex eða sjö dagblöð. Það bannar ekki að sami aðili eigi öll dagblöð á Íslandi og það bannar heldur ekki að sama fyrirtæki eigi marga ljósvakamiðla. Er það fjölbreytni? Frv. virðist hins vegar banna, eins og fram hefur komið, Hallbirni Hjartarsyni að reka bæði Kántrýbæ og senda út Útvarp Kántrýbæ, ef það væri sent til allra landsmanna. Ég spyr nú: Hvers konar grín er þetta, hæstv. forseti?

Hæstv. forsrh. gerði eðlilega — af því að hann hefur hingað til litið á sjálfan sig sem boðbera frelsis í atvinnurekstri — töluvert úr því ákvæði í frv. sem bannar markaðsráðandi fyrirtækjum að eiga nokkuð í fjölmiðli. Frumvarpið segir að slík fyrirtæki megi ekki eiga nokkurn skapaðan hlut í fjölmiðlum. En er ekki hæstv. forsrh. sammála mér um að með þessum hætti er óhæfilega verið að rýra sjálfsagða möguleika ungra og nýrra miðla til að verða sér úti um fjármagn til að byggja sig upp? Ég rifja það upp að það eru örfáir dagar síðan hæstv. samgrh. lýsti því vel í ræðu á hinu háa Alþingi að fram undan væri mikil og kostnaðarsöm bylting í fjarskiptatækni sem yrði ljósvakamiðlunum svo erfið að hann taldi þurfa að grípa til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisins, setja upp sérstakt samlag, til að auðvelda þeim það. Það sýnir auðvitað hversu vitlaust þetta ákvæði er að einn af höfundum skýrslunnar, sem hæstv. forsrh. hefur lofað svo mjög í dag, hann hefur opinberlega dregið réttmæti þess í efa.

Mig langar að deila með hæstv. forsrh. reynslu minni af því að horfa á sjónvarp. Ég horfi sjálfur mikið á Skjá 1. Ég er nátthrafn eins og kannski hæstv. forsrh. og tel að Skjár 1 sé frábær stöð. En það hefur komið fram í fréttum að fyrirtækið þarf fjármagn til að byggja sig upp til að standast samkeppni og veita mér og öðrum þegnum landsins betri þjónustu. Þá spyr ég: Hvers vegna má ekki gott og öflugt markaðsráðandi fyrirtæki, t.d. Flugleiðir sem hefur lýst því yfir að það sér að leita að heppilegum fjárfestingartækifærum innan lands sem skili góðum hagnaði, fjárfesta í Skjá 1 og hjálpa honum til að veita mér, hæstv. forsrh. og öllum þingheimi betri þjónustu og efla þannig fjölbreytni á markaðnum?

Herra forseti. Eins og ég rakti fyrr í ræðu minni hefur ríkisstjórnin ekki skilgreint þær ógnir sem gætu falist í því að eitt og sama fyrirtæki eigi bæði í dagblaði og ljósvakamiðli og enn síður hvers vegna markaðsráðandi fyrirtæki má ekki með þessum hætti byggja upp fjölmiðil. Ég tel að önnur lögmál gildi um fjölmiðla en atvinnulífið almennt. Ég tel að samþjöppun í eignarhaldi gæti til langs tíma falið í sér ákveðna hættu.

Það er ekki hægt að útiloka að eigandi margra miðla freistaði þess að samræma ritstjórnarstefnu þeirra allra í krafti eignarhalds og misnota hana síðan gegn einstökum stjórnmálamönnum, einstökum flokkum eða fyrirtækjum sem hann á í samkeppni við eða til að setja sitt eigið fyrirtæki í hagstætt ljós. Þetta eru hætturnar. En þær eru hvorki tíundaðar í máli né frumvarpi hæstv. forsrh.

Samfylkingin gerir sér ljósa grein fyrir þessum möguleikum og það er þess vegna sem Samfylkingin hefur lagt fram sérstakar hugmyndir sem við teljum að bægi þessum hættum frá en með miklu mildari aðgerðum en þær leiðir sem hæstv. ríkisstjórn vill fara. Þessum hugmyndum okkar er beinlínis stefnt gegn afleiðingum samþjöppunar á markaðnum til lengri tíma.

Í þingmáli sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir var 1. flutningsmaður að hér fyrr í vetur var lagt til tvennt. Í fyrsta lagi að í lög verði leitt að eignarhald á fjölmiðlum verði gagnsætt þannig að almenningur eigi alltaf greiðan aðgang að upplýsingum um hver eigi þá. Við teljum að það skipti miklu máli til að menn geti metið innihald þeirra í því ljósi og þar með trúverðugleika.

Fyrir skömmu var sú staða uppi að enginn vissi um tíma hver átti Fréttablaðið. Ég taldi það forkastanlegt. Það gerði hæstv. forsrh. líka og það kom síðar í ljós að það voru Baugsmenn. En þrátt fyrir réttmæta hneykslan hæstv. forsrh. á þessu, þrátt fyrir að höfundar fjölmiðlaskýrslunnar leggi áherslu á að gagnsæi um eignarhald sé sett í lög og þrátt fyrir eindregin tilmæli Evrópuráðsins og þrátt fyrir tillögu Samfylkingarinnar frá því fyrr í vetur þá er ekkert um þetta í frv. hæstv. ráðherra. Ríkisstjórnin blessar þetta í reynd með þögninni og aðgerðaleysi. Ég gef ekkert fyrir það þó að

hæstv. forsrh. segi að það eigi að huga að málinu í nefnd. Við þekkjum það að þegar þessi ágæti maður ætlar að huga að málum þá svæfir hann þau.

Í öðru lagi lagði Samfylkingin til að fjölmiðlar hefðu lagaskyldu til að setja sér innri reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum. Þannig er tryggt að eigandinn geti ekki misnotað ritstjórnir. Það þarf engar opinberar eftirlitsstofnanir með þessu eins og hæstv. menntmrh. hélt fram á þingi í síðustu viku vegna þess að hið sívirka aðhald kemur að innan frá starfsmönnum ritstjórnanna af því að það er í þeirra þágu að slíkar reglur séu haldnar. Við höfum nýlegt dæmi sem varðar einmitt ráðherra hæstv. ríkisstjórnar sem sýnir þetta svart á hvítu.

Við í Samfylkingunni teljum því að lög af þessu tagi, lög sem tryggja gagnsæi varðandi eignarhald auk þeirra víðtæku möguleika sem samkeppnislög veita til íhlutunar vegna misnotkunar á stöðu á markaði, dugi til að bægja frá þeirri hættu að samræmd ritstjórnarstefna yrði misnotuð af eiganda. Leið Samfylkingarinnar er mildari leið sem skilar meiri og markvissari árangri, sem er líka í samræmi við viðurkenndar aðferðir, t.d. fyrirmæli Evrópuráðsins. Ég tel því að ef lögum væri breytt samkvæmt þessum hugmyndum Samfylkingarinnar yrði frumvarp hæstv. forsrh. óþarft.

Ég vek eftirtekt á því að í þessari umræðu af hálfu hæstv. forsrh. hér í dag fann ég ekkert, fremur en ég fann það í fjölmiðlaskýrslunni, sem kallar á tafarlausar aðgerðir. Ég tel þess vegna að í ljósi þessa væri langskynsamlegast að láta þetta mál fá yfirvegaða umræðu.

Ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. hafa lagt mikla áherslu á Evrópuráðið. Ég vek eftirtekt á því að núna nýlega lagði ríkisstjórn Lúxemborgar fram frumvarp um breytta skipan fjölmiðla. Það var yfirlýst markmið þeirrar ríkisstjórnar að umræða og umfjöllun um það frumvarp yrði vönduð og fagleg. Þess vegna sendi ríkisstjórn Lúxemborgara frumvarpið til umfjöllunar og umsagnar Evrópuráðsins áður en ætlunin var að afgreiða það endanlega. Þessu var lýst sérstaklega af talsmanni Evrópuráðsins í fjölmiðlamálum sem mjög eftirsóknarverðum og faglegum vinnubrögðum.

Ríkisstjórn Íslands hefur í þessu máli lagt mikla áherslu á að fara eftir því sem Evrópuráðið mælist til. Ég vil því taka hæstv. forsrh. á orðinu og leggja til fyrir hönd Samfylkingarinnar að ríkisstjórn Íslands fari að fordæmi Lúxemborgara og sendi sitt frumvarp um breytingar á starfsemi fjölmiðla til umsagnar Evrópuráðsins. Það mundi fela í sér vönduð og fagleg vinnubrögð.

[16:51]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni var tíðrætt um hvað vanti í frv. sem liggur nú fyrir en fjallaði lítið um efni frv. Hv. þm. taldi að setja þyrfti í lög efni um sjálfstæði ritstjórna, um gagnsæi eignarhalds og síðan ætti að beita samkeppnislögunum, en að ekki ætti setja lög um eignarhald fjölmiðla.

En hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, sagði á Alþingi þann 19. nóvember 2003 um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, með leyfi forseta:

„Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum.“

Fleiri þingmenn Samfylkingarinnar hafa tjáð sig gegnum árin á sömu nótum. Nægir þar að nefna hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, Guðmund Árna Stefánsson og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ég spyr hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Hvað veldur því að hann leggst nú gegn nefndum orðum Margrétar Frímannsdóttur?

[16:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Ja, drottinn minn, herra forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hélt hérna frábæra ræðu, eina bestu ræðuna um fjölmiðlaskýrsluna. Hún lagði mikla áherslu á að sett yrðu lög sem skylduðu ritstjórnir til þess að setja sér innri starfsreglur. Hún gekk meira að segja svo langt að hún óskaði eftir því að það yrði hugað að því hvort ekki ætti að setja sérstakar reglur sem tryggðu sjálfstæði blaðamanna gagnvart ritstjóra.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz talaði líka um nauðsyn þess að setja lög um gagnsætt eignarhald.

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur flutt bestu rökin fyrir því að það þurfi ekki að hrófla við lögum, bæði í pistlum sínum hér fyrr á árum og í umræðu fyrir ekki svo mörgum missirum síðan, þar sem hann færði skýr rök fyrir því að samkeppnislög dygðu. Ef ég man rétt held ég að hann hafi vísað í úrskurð samkeppnisráðs um Landssímann þar sem kom fram að Samkeppnisstofnun hefði í reynd valdheimildir til þess að skipta upp fyrirtækjum.

Ég nefni þetta nú, herra forseti, af því að ég heyri að hæstv. forsrh. er farinn að ókyrrast, að menn hafa sagt ýmislegt í þessu máli. En ég vil taka það alveg skýrt fram að þau sjónarmið sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur sett fram í þessum efnum eru fullkomlega gild. Það er fullkomlega rétt að taka þau inn í umræðuna og það eru margir sem hafa svipuð viðhorf.

Í umræðu innan Samfylkingarinnar, sem var mjög ítarleg, tók hv. þm. Margrét Frímannsdóttir þátt í sérstökum verkhópi um þetta og það var niðurstaða hans og líka hv. þingmanns að þessi vægari leið sem við viljum hér næði þessum markmiðum.

[16:54]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að spyrja um hvað hv. þm. Jónína Bjartmarz eða hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason hafa sagt um þetta mál heldur formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir. Og um þau orð viðhefur formaður flokksins: „Ja, menn hafa nú sagt ýmislegt.“

Ég vil þá líka nefna að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafði orð um þetta efni 1995 og sagði, með leyfi forseta:

„Mat mitt er að ekki verði hjá því komist á þessum viðkvæma þætti fjölmiðlunar að setja um það skýrar og afmarkaðar reglur með hvaða hætti eignarhaldi er háttað á þessum fjölmiðlum.“

Það liggur því fyrir og hægt er að fara yfir það í enn frekara máli — og ég mun gera það í ræðu minni síðar í umræðunni — að þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að setja og færa eigi í lög ákvæði um eignarhald fjölmiðla. Nú hins vegar bregður svo við að formaður Samfylkingarinnar lýsir afdráttarlausri andstöðu við það frumvarp sem hér liggur fyrir, tínir fram hvað vantar í það og megi þar bæta við, en skuldar okkur auðvitað skýringu á því hvers vegna hann hafnar því svo afdráttarlaust að

færð verði í lög ákvæði um eignarhald á fjölmiðlum.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki hlustað nógu vel. Við í Samfylkingunni höfum einmitt lagt fram tillögur um það að sett verði lög sem hafa áhrif á afleiðingar samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði. Það eru þessar hugmyndir sem ég hef hér verið að lýsa.

Ég veit ekki hvernig menn vinna í Framsfl., herra forseti, en svona af þessari umræðu og málavöxtum öllum tel ég að þeir vinni þannig að hæstv. forsrh. tekur ákvörðun og síðan fari þeir eftir henni.

Í Samfylkingunni er það þannig að við förum gaumgæfilega yfir þessi mál. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og fleiri þingmenn sem hafa tjáð sig um þessi mál tóku þátt í þessari vinnu. Hvernig heldur hv. þm. að þetta þingmál sem ég er hér að vísa til hafi orðið til? Heldur hann að það hafi dottið af himnum ofan? Það er ekki svona. Hlutirnir detta ekki inn á borð hjá okkur í Samfylkingunni eins og þeir gera hjá Framsfl. þar sem þeir detta úr Stjórnarráðinu inn á borð hv. þingmanna Framsfl. sem virðast ekki hafa sjálfstæðan vilja og eru búnir að sýna það hve mikils virði forsætisráðherrastóll er. Það er nú önnur saga.

Það sem ég vil segja hér, herra forseti, er að ég er sammála hæstv. forsrh. um að við eigum að taka mikið mark á *tilmælum Evrópuráðsins*.

Það kemur fram í grein í Morgunblaðinu í gær hjá færasta og fremsta sérfræðingi Evrópuráðsins um fjölmiðlamál að túlka beri tilmælin með þeim hætti að ríki sem herðir mjög skilyrði fyrir því að veitt séu útvarpsleyfi verður að rökstyðja hvers vegna aðrar vægari leiðir voru ekki færar og ekki farnar. Það er það sem vantar inn í þessa umræðu.

Til eru vægari leiðir sem við teljum og höfum a.m.k. reynt að færa rök fyrir að nái þessum markmiðum. Hæstv. ríkisstjórn, þar með talinn hv. þm. Páll Magnússon, verða að skýra af hverju sú leið var ekki farin.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 5. þm. Suðvest. óskar að bera af sér sakir.

[16:57]

Páll Magnússon:

Herra forseti. Hv. þm. heldur því hér fram að við í Framsfl. tökum við skýrum fyrirmælum frá hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) Mér finnst það þungar sakir og mjög ómálefnalegt og ódýr málflutningur. En það kemur auðvitað ekki á óvart að forustumaður Samfylkingarinnar forðist málefnalegar umræður og forðist að svara þeim spurningum (**Gripið fram í:** Er þetta málefnalegur ...?) sem ég lagði fyrir hann.

Ég vil ítreka, herra forseti, að formaður Samfylkingarinnar leggst afar lágt þegar hann bregst við andsvari mínu í þessari umræðu og heldur því fram að Framsfl. hafi ekki vilja í málinu og taki við einhvers konar fyrirskipunum úr forsrn. (Gripið fram í.)

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Lokafjárlög 2000, 326. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 1571.

Lúðuveiðar, 890. mál, svar sjútvrh., þskj. 1565.

Ófeðruð börn, 963. mál, svar félmrh., þskj. 1538.

Siglingavernd, 569. mál, brtt. GHall o.fl., þskj. 1572.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég heyri að menn hafa gaman af því að taka hverjir aðra upp hér og sanna að þeim hafi snúist hugur á þennan veginn eða hinn. Satt best að segja sé ég nú ekki hvaða árangri það skilar okkur í þessari umræðu, þ.e. að greina kjarna málsins og velta því fyrir okkur hvaða efni er hér á ferð. Þó svo að menn kunni að hafa sagt eitt eða annað á umliðnum árum þá breytir það í sjálfu sér ekki þeim aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir og þeirri spurningu sem hér ætti að vera til umfjöllunar fyrst og fremst, þ.e. hvort tilefni sé til þeirrar lagasetningar sem hér er borin fram af hæstv. ríkisstjórn og hvað þá í því frumvarpi sé nothæft og hvað ekki ef svo ber undir.

Herra forseti. Mér finnst líka talsverð léttúð á ferðum þegar það er haft í huga að auðvitað hljóta lög og leikreglur um fjölmiðla í landinu að vera grundvallarleikreglur. Þetta er mikilvægt svið og menn ættu að nota vinnubrögð og nálgun af því tagi sem gjarnan er viðhöfð þegar um er að ræða mikilvægar undirstöður í samfélaginu sem menn vanda sig við eins og kostur er að ná samkomulagi um.

Það þjónar engum tilgangi, ef hægt er að komast hjá því, að vera með óþarfa stríðsrekstur og ágreining um grundvallarleikreglur af þessu tagi, eins og um starfsumhverfi fjölmiðlunar í landinu. Það eitt og sér ætti í raun að nægja til þess að menn segðu í grófum dráttum: Nei, nú skulum við aðeins gá að okkur. Það er greinilega allt of mikill ágreiningur uppi um málsmeðferðina og tillögurnar og blæs ekki byrlega með að sæmileg samstaða takist innan þings og utan um þann málatilbúnað sem hér er á ferðinni.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gerum ekki lítið úr þörfinni fyrir að fara rækilega yfir löggjöfina að þessu leyti og svara þeirri spurningu hvort hér á landi, eins og mjög víða annars staðar er gert, sé ástæða til að hafa sértækar reglur í gildi um eignarhald og starfsumhverfi fjölmiðla. Menn bera sig mikið saman við útlönd og nefna samþykktir frá Evrópuráði og víðar að. Það er þarft og gott. Ein niðurstaðan af slíkri skoðun er sú að mjög víða eru einhverjar sértækar reglur af þessu tagi við lýði. Það hlýtur að færa okkur heim sanninn um að okkur er rétt og skylt að fara yfir þetta.

Við hreyfðum við þessu máli fyrir áramót þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir lagði fyrst fram fsp. til hæstv. forsrh. og hafði síðan forustu um að flytja hér þáltill. sem rækilega er búið að vitna til. Þannig komst málið á dagskrá. Illu heilli valdi hæstv. ríkisstjórn ekki þá leið að reyna frá byrjun að hafa þverpólítíska þátttöku í að vinna málið heldur var sett á laggirnar nefnd sem var eingöngu skipuð fulltrúum og trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna. Nú er komið á daginn það sem verra er, að sú nefnd vann tiltölulega einangrað, leitaði ekki til málsaðila. Hvorki Blaðamannafélagið né helstu fjölmiðlafyrirtæki áttu kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Þetta er stórkostlegur ágalli á aðdraganda málsins, á undirbúningi þess og er beinlínis óskynsamlegt að standa þannig að málum.

Umræðan er hins vegar vel þekkt og það er þeim mun dapurlegra þegar haft er í huga að fljótt á litið ætti ekki að þurfa að vera mikið ágreiningur um markmið málsins. Ég hef eiginlega ekki heyrt nokkurn mann mæla gegn því að mikilvægt sé að tryggja í landinu fjölbreytta, óháða og hlutlæga fjölmiðlun. Spurningin er bara hvernig það verði best gert og hvort einhver reglusetning af þessu tagi sé til

þess fallin að ná þessum markmiðum fram, eða hvort hún sé óþörf eða beinlínis skaðleg eins og sumir halda fram.

Mér finnst mikilvægt að menn skoði málið út frá raunsæju mati á aðstæðum á íslenskum markaði. Það gerir það auðvitað að verkum að við getum ekki endilega flutt inn reglur sem menn telja að dugi vel annars staðar, þótt ekkert annað kæmi til en það að markaðurinn er mjög smár. Því hljóta að vera takmörk sett hversu mörg fjölbreytt eða sterk sjálfstæð fjölmiðlafyrirtæki hann ber. Það markmið hlýtur hins vegar að teljast æskilegt í sjálfu sér. Ég sakna þess nokkuð í umræðunni hversu mikla tilhneigingu menn hafa til þess að vera annaðhvort eða. Það hlýtur að vera gott að fjölmiðlunin sé eins fjölbreytt og í eins mörgum sjálfstæðum óháðum einingum og raunhæft er. Fjölmiðlarnir kallast auðvitað á og út frá öllum venjulegum mælikvörðum og sjónarmiðum er æskilegt að fleiri en færri séu á sviðinu.

Að óbreyttu, með engum gildandi sértækum lögum, er ekkert sem útilokar að í raun væru fyrst og fremst tvö fjölmiðlafyrirtæki í landinu, þ.e. Ríkisútvarpið og ein einkarekin samsteypa. Þá stæðum við frammi fyrir spurningunni: Viljum við það? Þættu okkur það góðar fréttir ef í kvöld fréttist að Árvakur væri að kaupa Norðurljós? Nei, ég held nú ekki. Væntanlega mundu menn velta því fyrir sér hvort þá sé ekki fulllangt gengið. Það mundi eingöngu ráðast af því, og því einu, hvort samkeppnisyfirvöld stöðvuðu slíka sameiningu, á almennum grundvelli almennra ákvæða samkeppnislaga, þ.e. hinna viðskiptalegu sjónarmiða í málinu en ekki því er lýtur að fjölmiðlum út frá skoðanafrelsi, menningu og öðru slíku. Það er ekki hlutverk Samkeppnisstofnunar. Af því spretta efasemdirnar um að hin almennu ákvæði samkeppnislaga, hér eins og annars staðar, dugi ein og sér.

Mér finnst líka miður, herra forseti, þegar menn ræða málið út frá spurningunni um hvort núverandi ástand hafi verið eða sé misnotað eða ekki. Mér finnst óþarft að setja málið í það samhengi. Vonandi getum við verið sammála um og treyst því að það sé engin sérstök ástæða til að halda því fram að núverandi ástand eða nýtilkomið hafi verið misnotað eða menn hafi ráðist í það af annarlegum hvötum að setja peninga í fjölmiðla, endurreisa þá sem voru illa staddir eins og raun ber vitni að undanförnu. Það ætti ekki að vera til umræðu hér heldur hitt: Hvernig viljum við hafa reglurnar til lengri tíma litið? Við þurfum að svara spurningunni um það hvort felist hættur í ástandinu eins og það er eða gæti orðið. Þá er mitt svar já.

Ég held því hiklaust fram að það felist hættur í að leyfa ótakmarkaða samþjöppun og hafa engar reglur sem komi í veg fyrir að stóraðilar á öðrum sviðum viðskipta geti þess vegna lagt alla einkareknu fjölmiðlana í landinu undir sig. Með því er ég ekki að segja að verið sé að misnota þá stöðu sem uppi er í dag né heldur að það hafi verið tilgangur manna með því að setja í þá fjármuni. Ég hef aldrei haldið slíku fram og mundi ekki gera það nema ég gæti nefnt um það skýr dæmi. Mér hefur einnig fundist það ódýr málflutningur í þessum efnum oft á tíðum, að gefa sér það fyrir fram að þar sé eitthvað óhreint á ferðinni.

Það er mikill barnaskapur að sjá ekki að aðstæðurnar sem hér hafa verið að skapast bjóða upp á tortryggni. Þær bjóða tortryggni heim. Þær eru mjög líklegar til að valda viðvarandi vangaveltum um hvort einhver óeðlileg hagsmunatengsl séu flæðandi á milli þótt ekki væri nema vegna þess að um er að ræða aðila sem eru mjög stórir í almennu viðskiptalífi og nota mikið auglýsingar til að koma vörum sínum eða þjónustu á framfæri. Þeir eru um leið orðnir helstu tekjugjafar fjölmiðlanna og menn velta fyrir sér þeim hagsmunum sem liggja þar á milli.

Skýrslan sem hér er til umræðu er, eins og margir hafa áður sagt, að mörgu leyti hið ágætasta plagg. Það má hrósa henni fyrir að menn eru þar varfærnir í ályktunum. Menn velta hlutum upp til frekari skoðunar og mér finnst að skýrsluhöfundar ættu að njóta sannmælis í því að þeir gefa það ítrekað í skyn að þeir séu að leggja fram grundvöll til umræðu í málinu, grundvöll til frekari skoðunar, en ekki endilega að skýrslan sé tæk til ákvarðanatöku hér og nú. Til marks um það get ég t.d. vitnað í innganginn að kafla 6.4 á bls. 81, Leiðir sem koma til greina. Þar segir m.a. um tillögurnar, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að hafa í huga við lestur þeirra að þær þarfnast allar ítarlegri tæknilegrar útfærslu en tök eru á að setja fram hér. Er við það miðað á þessu stigi að þær geti orðið grundvöllur að pólitískri ákvörðun um það hvaða leiðir skuli farnar."

Áður er búið að benda á að settar séu fram hugmyndir og atriði til umræðu og skoðunar. Nefndin veltir upp fjölmörgum leiðum sem til greina koma. Þær er að finna í þessum sama kafla. Þar er byrjað á að fjalla um Ríkisútvarpið, eins og hér hefur verið nefnt, og lögð mikil áhersla á eflingu þess. Fjallað er um samkeppnislög og hvaða möguleika menn hafa til að beita þeim einum. Höfundar komast að vísu að þeirri niðurstöðu að víðast hvar hafi menn talið sig þurfa frekari úrræði, sérreglur. Þó er bent á þá leið sem hér er ekki valið að fara, að setja inn í samkeppnislög ákvæði um að fjölmiðlafyrirtækjum sé gert að gefa nánari upplýsingar um eignarhald á þeim fyrirtækjum og félögum sem að fjölmiðlarekstrinum standa en almennt gengur og gerist, þ.e. að settar yrðu í almenn samkeppnislög sérstakar reglur sem væru vissulega ákveðnar kvaðir á fjölmiðlafyrirtæki, sérreglur hvað varðar upplýsingar um eigendur þeirra. Er eitthvað að þessu? Nei. Eru fordæmi fyrir slíku sambærileg? Já, þannig t.d. verða fyrirtæki í fjármálaþjónustu að sinna mun strangari tilkynningarskyldu um breytingar á eignarhaldi og eigendasamsetningu en gerist annars staðar. Menn eiga t.d. að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins fyrir fram um áætlanir um að kaupa virkan eignarhlut í bönkum eða fjármálafyrirtækjum.

Hér er talað um leyfisveitingar, bæði hvað varðar dagblöð og útvarp. Þá staldra menn við þá staðreynd að dagblaðaútgáfa er ekki leyfisskyld sem geri það kannski að verkum að fjallað verður með svolítið öðrum hætti um þann hluta málsins. Það þýðir ekki að menn þurfi að gefast upp við að kalla t.d. eftir upplýsingum um gagnsæi hvað varðar eignarhald dagblaðafyrirtækja. Um það mætti setja sérstakar reglur. Í frv. er hins vegar eingöngu óskað eftir upplýsingum sérstaklega þegar í hlut eiga ljósvakamiðlar í gegnum þær upplýsingar sem þeir eiga að veita útvarpsréttarnefnd.

Síðan er vissulega farið ræki lega yfir reglur um eignarhald á fjölmiðlum, fjallað um stafrænt sjónvarp, eignarhald erlendra aðila, sjálfstæði blaða- og fréttamanna, úrræði sem lúta að dagskrá og meira að segja ríkisstyrki til fjölmiðla. Því er velt upp hvort hér ætti jafnvel að hugleiða að koma á fót fjölmiðlastofnun, eins og víða hefur verið gert erlendis, sérstakri stofnun stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun til að halda utan um þetta svið. Því ekki það? Er síður mikilvægt að hér sé til staðar opinbert tæki í höndum stjórnvalda til að hafa eftirlit með og stuðla að því að markmið á þessu sviði

náist fram? Er síðri þörf á því en að hafa samkeppniseftirlit, fjármálaeftirlit eða ýmsar stofnanir og eftirlitsaðila á sviði samgangna, fjarskipta o.s.frv.? Ég sé ekki að svo þurfi að vera.

Um frv. sjálft, herra forseti, verð ég að segja að ég tel ýmis ákvæði þess meingölluð. Það er alveg ljóst að það eitt og sér nær á engan hátt utan um allt þetta stóra svið. Frv. ríkisstjórnarinnar dregur út einn tiltekinn þátt, takmörkun á eignarhaldi, og einskorðar sig við hann mjög þröngt. Það er mikill galli að mínu mati. Langæskilegast hefði verið að reyna að ná utan um málið í heild sinni í vandaðri og vel undirbúinni löggjöf sem hefði þá sjálfsagt komið inn á fleiri svið en útvarpslögin ein. Í raun má segja að breytingin sem hér er gerð á samkeppnislögum sé nánast til málamynda, þessi eina grein um að Samkeppnisstofnun skuli aðstoða útvarpsréttarnefnd, er eiginlega sjálfsögð. Ég geri ekki ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun hefði skorast undan því að veita slíka þjónustu, jafnvel þótt ekki hefði hvílt á henni lagaskylda hvað það varðar.

Ég held að það ætti líka, að svo miklu leyti sem menn ætla að setja sértækar reglur til að tryggja dreifingu eignarhaldsins, að fara mjög vandlega yfir það hve langt eigi þá að ganga. Hversu langt þarf að ganga til að ná fram þeim markmiðum sem menn vilja? Menn þurfa að gæta þess vel að fara þar ekki offari og beita ekki harkalegri eða meira íþyngjandi aðgerðum en ástæða til og hafa hliðsjón af veruleikanum eins og hann er á Íslandi.

Nú má segja að það hefði verið miklu betra ef þessar reglur hefðu legið fyrir fyrir einu ári eða fyrir fimm árum, að menn hefðu gengið að þeim vísum og þær verið með tilteknum hætti þegar t.d. uppstokkun í fjölmiðlaheiminum átti sér stað eins og við höfum upplifað á síðustu mánuðum. En því fáum við ekki ráðið eða breytt. Menn verða að taka mið af þeim veruleika sem við þeim blasir og standa þannig að lagasetningunni að það sé ekki bersýnilega ósanngjarnt, raski ekki högum starfandi aðila umfram það sem efni standa til og óhjákvæmilegt er með hliðsjón af þeim markmiðum sem menn ætla að ná fram. Það heitir að gæta meðalhófs og ber að skoða málið í því ljósi.

Ég vil taka fram, m.a. vegna umræðna hér áðan um að menn gætu náð þessum markmiðum alfarið með því að setja ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði og annað í þeim dúr og með því sé óþarft að hafa áhyggjur af eignarhliðinni, að ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að það mundi reynast erfitt að tryggja þetta með ákvæðum um ritstjórnarlegt sjálfstæði einum og sér og leyfa algerlega og óhefta samþjöppun hvað eignarhaldið snertir. Enda er niðurstaðan víðast hvar þar sem við skoðum þetta sú að menn reyna að einhverju leyti að fara báðar leiðir og setja ákveðnar reglur sem dreifa eignarhaldinu jafnframt, m.a. vegna þess að að lokum er alltaf erfitt að komast fram hjá þeirri augljósu staðreynd að eigandi fyrirtækis er eigandi fyrirtækis og hann ræður því. Hann ræður m.a. hvort hann rekur það, hvort hann starfrækir það áfram.

Að því hefur verið spurt og er engin hótfyndni að endurtaka það: Hversu lengi kæmi Morgunblaðið út í höndum núverandi eigenda sinna ef Styrmir Gunnarsson tæki ákvörðun um það á morgun að það færi að berjast fyrir sósíalisma og brottför hersins? Einhvern veginn hef ég efasemdir um að hvort tveggja mundi halda áfram, að Styrmir Gunnarsson yrði ritstjóri blaðsins áfram og/eða að Morgunblaðið kæmi lengi út. Það er nú þannig. En auðvitað væri það ákaflega fróðlegt ef þetta gerðist og sögulega séð skemmtilegt.

Jafnvel þótt í gildi væru reglur sem gerðu það alveg ljóst og skýr lög um að ritstjóri ráði ritstjórnarstefnunni þá er veruleikinn sá að eigandinn er eigandi. Hann ræður því hvort hann starfrækir miðilinn áfram og ræður og segir upp starfsfólki. Fram hjá þessu verður alltaf erfitt að komast.

Ég vil hins vegar undir lokin gera athugasemd og ræða nokkur efnisatriði frv. í þeirri von og trausti þess að menn komist einhvern tímann til þess að ræða efnisatriði þessa máls yfirvegað. Ég trúi því auðvitað þangað til ég tek á öðru að menn fái þann tíma sem þeir telja sig þurfa til að skoða þessi mál. Það er augljóst að hér er stórmál á ferð sem undir öllum eðlilegum og venjulegum kringumstæðum væri heppilegast að hafa til umfjöllunar um einhverra mánaða eða missira skeið, senda til umsagnar, draga inn öll sjónarmið og vinna rækilega úr þeim. Með öðrum orðum erum við að tala um ferli sem tæki frekar missiri en mánuði.

Ég tel að það gangi mjög langt að segja að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta megi ekki eiga eina einustu krónu í fjölmiðlafyrirtæki, í ljósvakamiðli. Það er stór spurning hvort menn eiga að fara þá leið að segja bara núll prósent. Því kann að vera ansi erfitt að koma fyrir vegna þess hversu samsett fyrirtæki eru í stórum stíl í landinu. Markaðsráðandi fyrirtæki lenda oft í því, eðli málsins samkvæmt, gegnum dótturfyrirtæki og víðtækt net að eiga í aðilum hér og þar. Þetta verður nú talsverður handleggur að fara yfir. Þarna er spurning um hvort setja mætti þak sem miðaðist við tiltölulega lága prósentu, hvort það væri ekki sanngjarnara og raunhæfara. Hið sama gildir um að fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa sem tengist starfsemi á sviði ljósvakamiðla megi ekki eiga eina einustu krónu í útgefanda dagblaðs. Er ástæða til þess að ganga svo langt, jafnvel með fullri virðingu fyrir því sem var alveg gilt sjónarmið að skoða, að halda dreifðri eignaraðild? Hvað með að nota þar ákvæði laga um fjármálastofnanir, að þar séu mörkin dregin við virkan eignarhlut? Það mætti þess vegna nota sömu skilgreiningu og þar er, með leyfi forseta, þ.e. að „með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi" fyrirtæki. Með öðrum orðum, mætti ljósvakafyrirtæki aldrei hafa veruleg áhrif á stjórnun hins fyrirtækisins, enda undir 10% þaki.

Að síðustu vil ég segja, herra forseti, um gildistökuákvæði frumvarpsins, að þau tel ég alls ekki ganga eins og þau eru úr garði gerð. Mér finnst lágmark að þegar útgefin útvarpsleyfi haldi gildi sínu og lagaskilin séu með þeim hætti að menn hafi hið minnsta tveggja til þriggja ára aðlögunartíma óháð þeim leyfum sem þeir hafa í höndunum en til viðbótar gildi öll þegar útgefin útvarpsleyfi þar til þau renna úr gildi og þarf að endurnýja þau, þá á grundvelli hinna nýju reglna. Mér finnst t.d. fáránlegt ef höggvið verður eitt ár aftan af útgefnu leyfi næststærstu sjónvarpsstöðvarinnar í landinu, eins og frv. gerir ráð fyrir. Stöð 2 hefur samkvæmt fylgiskjölum í frv. útvarpsleyfi fram í ágúst á árinu 2007 og mundi þar af leiðandi missa eitt ár aftan af þegar útgefnu leyfi. Auk þess ímynda ég mér, hvað sanngirni varðar og málsástæður fyrir dómstólum ef á slíkt mundi reyna, að hyggilegra væri að fara þá leið sem ég tala hér fyrir.

[17:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Spyrja má hver séu aðalrökin fyrir að leggja fram frv. sem hér er um að ræða. Hvers vegna stend ég að þessu frv. ásamt félögum mínum í Framsóknarflokknum? Ég mun leitast við að svara hvers vegna.

Grundvallaratriðið er að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hér á landi er orðið mjög mikil. Þróunin í því efni hefur tekið stökkbreytingum síðustu árin. Í umræðum um þetta mál hefur verið vitnað til mjög athyglisverðrar umræðu sem fram fór um þessi mál árið 1995. Sú umræða fór fram af því tilefni að Íslenska sjónvarpsfélagið hafði keypt 35% í Frjálsri fjölmiðlun. Mér er þetta í fersku minni. Ég var reyndar starfsmaður Frjálsrar fjölmiðlunar þegar þetta var og sinnti þar störfum ásamt þingmennsku, eins og þeir muna sem voru þá með mér á þingi. Um þetta urðu mjög miklar umræður varðandi eignarhald á fjölmiðlum og samþjöppun í fjölmiðlun hér á landi. Ég verð að segja að þá komu fram, í máli manna eins og núverandi forseta Íslands og hv. þingforseta, Guðmundar Árna Stefánssonar, sem nú situr í stólnum, miklar áhyggjur af þessari samþjöppun. Hún var þó ekki ekki meiri en svo að Íslenska sjónvarpsfélagið hafði keypt 35% í Frjálsri fjölmiðlun.

En hvað hefur gerst síðan? Það skýrir kannski blæbrigðamuninn á afstöðu minni frá áðurnefndum umræðum, það sem hefur síðan gerst. Þá var Morgunblaðið allsráðandi á dagblaðamarkaði, með 52.000 eintök ef ég man rétt og mikinn lestur. Við sem unnum við blaðamennsku þá höfðum áhyggjur af yfirburðum þess, skoðanamyndandi yfirburðum. Nú hefur það breyst. Það er kominn fjölmiðill sem dreift er ókeypis í landinu og hefur upp undir þriðjungi meiri lestur en Morgunblaðið. Þar að auki hefur orðið samruni þessa fjölmiðils og DV, sem var stóri bróðir okkar á Tímanum í því samstarfi sem var innan Frjálsrar fjölmiðlunar. Þessi blöð hafa runnið saman. Það sem meira er, þau hafa runnið saman við aðra sjónvarpsstöðina í landinu. Þarna er náttúrlega gjörsamlega nýtt landslag. Hins vegar ég veit ekki hvort þeir ágætu þingmenn sem töluðu í þessum umræðum hafi séð svo langt fram í tímann. Þeir lýstu áhyggjum sínum af þeirri samþjöppun sem þá var. Nú er landslagið alveg gjörbreytt í þessum efnum og það er ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að setja reglur eins og margoft er tekið fram í áðurnefndum umræðum.

Það frv. sem hér liggur fyrir tekur á reglum um ljósvakamiðla og eignarhald á þeim. Það má spyrja hvers vegna við tökum á ljósvakamiðlunum en ekki dagblöðunum. Það er að sjálfsögðu vegna þess að ljósvakamiðlarnir eru leyfisskyldir en útgáfa dagblaða hér á landi er ekki háð opinberum leyfum samkvæmt íslenskum lögum. Það stendur ekki til að grípa þar inn í. Engar hömlur hafa verið lagðar á útgáfu dagblaða hér á landi.

Í tilmælum Evrópuráðsins segir, svo ég vitni í skýrsluna, með leyfi forseta:

„... er sérstaklega bent á að ein leiðin til að hafa áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins sé með reglum um úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarp og sjónvarp. Nefndin er sammála þessu og telur, þegar tekið er tillit til aðstæðna á íslenskum fjölmiðlamarkaði, að þetta sé sú leið sem helst beri að skoða. Ástæða er til að gera greinarmun á dagblöðum annars vegar og útvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, hins vegar."

Einmitt þetta er verið að gera með frv. sem hér um ræðir. Með því er tekið skref til að sporna við þeirri samþjöppun sem hér hefur orðið og gefinn er aðlögunartími til að laga sig að hinni breyttu löggjöf. Mér finnst satt að segja að umræðan hafi snúist allt of mikið um ákveðin fyrirtæki í þessu efni frekar en að hún snúi að þeim prinsippmálum sem við erum að tala um varðandi samþjöppunina. Ég vona svo sannarlega að þeim fjölmiðlafyrirtækjum sem starfa í landinu takist að laga sig að þessari löggjöf. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti þeim þótt ég sé uggandi út af þeirri samþjöppun sem hefur átt sér stað. Ég trúi því ekki að ekki sé mögulegt, innan þess ramma sem frumvarpið setur, að laga sig að þessum breytta veruleika. Tilgangur frumvarpsins er að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun hér á landi. Það stendur ekki annað til.

Ég vona satt að segja fastlega að það takist að stemma stigu við hinum mikla samruna sem hér er um að ræða og jafnframt takist að tryggja eðlilega fjölbreytni í fjölmiðlun hér á landi. Það er nauðsynlegt varðandi þessi mál og ég tel þörf á að vinna þetta verk. Hér er um prinsippmál að ræða og ekki seinna vænna en að láta af þessu verða.

Nú hafa áreiðanlega verið lesnar allar helstu tilvitnanir í umræðuna sem fór fram 13. febrúar 1995. Ég ætla ekki að lengja þann lestur. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt að þessi afstaða mín kæmi fram. Að sjálfsögðu verður þetta frv. skoðað í þingnefnd eins og önnur mál. (**Gripið fram í:** Var það frá 1995?) Já, ég minntist á umræður sem fóru fram árið 1995. Ég veit að hv. þm. kann þær umræður. Hér hafa ýmsir hv. þingmenn séð nokkuð langt fram í tímann í þessu máli. Hins vegar er ekki víst að þeir séu sömu skoðunar núna en sumir eru farnir af þingi og til annarra starfa.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Mér finnst það grundvallaratriði í þessu máli að hér er tekið skref til að sporna við óhóflegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði. Ég vona að þeir fjölmiðlar sem starfa hér og hafa unnið ágætlega í mörgum greinum, þótt við séum ekki alltaf ánægð með umfjöllun þeirra um okkur eða okkar mál, geti lagað sig að þessari væntanlegu löggjöf sem vonandi verður til innan tíðar.

[17:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræðan byrjaði eitthvað á þá leið hjá hæstv. heilbrrh.: Hvers vegna? Ég verð að segja að ég var litlu nær hvers vegna hann er fylgjandi frv. Það eru fleiri sem eru alveg gáttaðir á frv. og vil ég nefna unga framsóknarmenn en það má lesa í málgagni þeirra, Maddömunni, grein sem fjallar einmitt um þetta frv. Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Þingmenn Framsóknarflokksins skulda skýringar á því hvers vegna þeir kjósa að leggja þessum fasisma lið. Þeir skulda flokksfélögum sínum skýringar, þeir skulda kjósendum sínum skýringar og þeir skulda þjóðinni allri skýringar. Eru menn svo taugaveiklaðir yfir stjórnarsamstarfinu og svo spenntir yfir því að taka við forsætisráðuneytinu þann 15. september nk. að menn séu tilbúnir að samþykkja hvað sem er? Eru menn reiðubúnir að fylgja Davíð Oddssyni og blindu hatri hans á tilteknu fyrirtæki út á hvaða fúafen sem er?"

[17:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að gera það upp við sjálfan sig hvernig hann skilur ræðu mína. Ég talaði alveg skýrt um það hvers vegna ég er fylgjandi frv. og ég ætla ekki að

fara að endurtaka það hér fyrir hv. þm. Ég talaði gersamlega skýrt um það hver væru prinsippmálin í frv. og ég tel mig ekki þurfa að endurtaka þær skýringar. Það er samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum og ég vona að það komist til skila til hv. þm.

[17:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf líka að komast til skila til ungra framsóknarmanna en greinilega skilja þeir ekkert hvað þingmenn flokksins eru að fara með frv. Menn tala um skref. Ég mundi varla kalla þetta skref. Menn hafa jafnvel talað um að sá skammi tími sem verið er að tala um í bráðabirgðaákvæðinu jafngildi eignaupptöku og þetta séu afturvirk lög og það sé jafnvel hætta á því að þau ríði ákveðnum fjölmiðlum að fullu.

Ég skora á hæstv. ráðherra að koma upp og segja okkur frá því hvort hann taki það til greina að skoða jafnvel smærri skref, taka smærri skref og gefa fyrirtækjunum lengri tíma og jafnvel taka lengri tíma í lagasetninguna. Ég sé ekki að það liggi neitt á. Við gætum þess vegna sett lögin í samráði við sem flesta. Finnst hæstv. ráðherra það ekki eðlilegt?

[17:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að sú afstaða mín hafi komið skýrt fram að ég fylgi frv. eins og það er en hins vegar fer það að sjálfsögðu til umræðu og afgreiðslu á hv. Alþingi og fær þinglega meðferð. Aðilar úti í samfélaginu munu að sjálfsögðu tjá sig um málið þannig að ég vil sjá hvernig sú umræða þróast. En ég vona að það fari ekkert á milli mála að ég er fylgjandi frv. eins og það er.

[17:33]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er engu nær en hv. þm. Sigurjón Þórðarson um hver rökin að baki afstöðu hæstv. heilbrrh. eru í málinu nema þau að hann er hér eins og heillum horfinn, sá ágæti maður, einhvers staðar aftarlega í þeirri lest sem nú hefur verið hnýtt saman frá tagli til kjafts og gengur á eftir hæstv. forsrh. í þinginu. En ég vil spyrja hann nákvæmlega út í frv. sem hann styður af einhverjum ástæðum. Hvernig líst honum, sem gömlum ritstjóra, á það inngrip í prentfrelsið sem felst í því að sett eru sérstök takmörk við eignarhaldi í dagblöðum, þau að það ekki megi fara saman við eignarhald í ljósvakanum? Hvernig finnst honum það og hvernig rökstyður hann sjálfur í stuttu máli það ákvæði í frv. hæstv. forsrh.?

[17:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ákvæði er nákvæmlega til þess að sporna við samruna í fjölmiðlum. Það er nákvæmlega þetta ákvæði sem ýmsir núverandi flokksbræður hv. þm. lýstu áhyggjum yfir árið 1995. Það er nákvæmlega af þeirri ástæðu sem sú umræða spratt og það er ljóst að samruninn hefur verið miklu meiri en menn sáu fyrir þá, fyrir tíu árum. Það er þess vegna sem ég fylgi frv.

[17:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Enn vantar rökin. Sleppum hinu sérstaka staðbundna ákvæði laganna og segjum að útvarp Kántrýbær gæfi út dagblað á Skagaströnd. Væri það hættulegt fyrir lýðræðið og fyrir fjölmiðlana eða væri það þvert á móti kannski æskilegt? Er sú þróun óæskileg í heiminum, í okkar heimshluta á Norðurlöndum og á Íslandi að fjölmiðlafyrirtækin séu í sívaxandi mæli að verða margmiðlunarfyrirtæki, reki í raun og veru starfsemi sína á grundvelli efnis og dagskrár og dreifi þeim síðan á ýmsa miðla, netið, blöð, tímarit, útvarp, sjónvarp? Er það hættuleg þróun fyrir lýðræðið eða stendur lýðræðinu mikil ógn af þeirri þróun? Það er einmitt það sem verið er að koma í veg fyrir með frv. fyrir utan það að verið er grípa inn í sjálft prentfrelsið nánast í fyrsta sinn í sögu okkar að einhverju marki og mér finnst furðulegt að hv. þm. *Jón Kristjánsson, gamall ritstjóri* og blaðamaður, skuli ljá því stuðning sinn.

[17:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alger oftúlkun að verið sé að grípa inn í prentfrelsið og satt að segja finnst mér mjög sérkennileg þessi eilífa umæða um útvarp Kántrýbæ á Skagaströnd því það er undanþáguákvæði í frv. sem varðar svæðisbundna fjölmiðlun þannig að sú umræða er náttúrlega algerlega út í hött.

[17:37]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frá Skagaströnd og til Sauðárkróks en þar býr og starfar ungur lögfræðingur, Jón Einarsson, sem jafnframt ritar í vefritið Maddömuna, sem er málgagn ungra framsóknarmanna og hefur verið vitnað til í umræðunni fyrr í dag. Þar er að finna mjög merkilega og vandaða grein sem heitir Lögfræðileg úttekt á fjölmiðlafrumvarpi og segir þar, með leyfi forseta:

„Einnig er þar farið ofan í hvers vegna frumvarpið brýtur gegn grundvallarhugmyndafræði Framsóknarflokksins."

Hér er að finna harkalega en þó málefnalega úttekt á frv. og mig langaði að fá viðhorf hæstv. heilbrrh. til málsins en í niðurstöðu og samantekt segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt ofangreindu brýtur frumvarpið eins og það er núna gegn stjórnarskrá og alþjóðaskuldbindingum, hugmyndum um réttarríki og grundvallarhugmyndafræði Framsóknarflokksins. Það væri því slys, bæði pólitískt og lögfræðilega ef það yrði að lögum."

Mig langar að fá viðhorf hæstv. ráðherra til þessarar skorinorðu lýsingar unga framsóknarmannsins á Sauðárkróki.

[17:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru skoðanaskipti í flokki okkar um málið. Ég get haft fá orð um það. Ég er ósammála þessum skilgreiningum.

[17:39]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það varpar kannski ljósi á undrun margra og mína m.a. á sinnaskiptunum sem mörgum virtist Framsfl. sýna í þessu stóra máli allt í einu og langar mig að vitna aftur í ummæli Jóns Einarssonar, lögfræðings á Sauðárkróki, sem hæstv. heilbrrh. vildi lítið gefa fyrir, þar sem hann segir í lokin, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er meira í ætt við einhverja af martraðarkenndum skáldsögum Frans Kafka. Jafnframt felur frumvarpið í sér minnkað frelsi án þess að séð verði að raunverulega sé þörf á þeirri frelsisskerðingu."

Aftur vil ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. veiti málefnaleg viðbrögð við þessum hörðu yfirlýsingum í Maddömunni, vefriti ungra framsóknarmanna, þar sem farið er mjög harkalega gegn frv. og þeirri afstöðu sem Framsfl. hefur haft

uppi. Það er fullyrt að hún þverbrjóti grundvallarstefnuskrá flokksins og er vitnað í samþykktir á flokksþingum, bæði frá 2001 og 2003. Það brjóti algerlega gegn henni af því að Framsfl. sé frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem eigi að vinna að stöðugum umbótum í samfélaginu. Frumvarpið fari þvert gegn þeim yfirlýstu markmiðum flokksins og því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra um viðhorf hans til þessara orða.

[17:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það algera oftúlkun að hér sé um frelsisskerðingu að ræða. Hér er ekki verið að skerða málfrelsi. Hér er ekki verið að leggja hömlur á skoðanaskipti í landinu. Hér er verið að sporna við samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum sem á að vera til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu. Ég tel því að þarna sé um oftúlkun að ræða. Auðvitað munum við innan Framsfl. ræða málin af fullri hreinskilni og skiptast á skoðunum um þau og ég veit að þá leiðréttist þessi misskilningur, ef svo má segja, og menn fara að túlka þetta eins og efni standa til.

[17:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra orðaði það svo að hann vonaðist til að þau fyrirtæki sem væru á fjölmiðlamarkaði gætu lagað sig að þeim lögum sem hér á að setja. Nú liggur það fyrir í frv. að fyrirtæki sem lenda í þeirri stöðu sem komið getur upp að fyrirtæki í fjölmiðlarekstri fari á höfuðið og bankar sem ættu hugsanlega veð í fyrirtækinu þyrftu þá að taka það yfir. Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að hægt sé að leysa úr slíkum málum á 60 dögum eins og talað er um í frv.? Sýnist hæstv. ráðherra að nokkur banki láti sér detta í hug að lána fyrirtækjum í fjölmiðlarekstri hafandi svo þrönga stöðu til að leysa úr vandamálum sem upp kæmu síðar? Telur hæstv. ráðherra að t.d. Norðurljósum hefði verið bjargað á 60 dögum frá gjaldþroti eða yfir til annarra eigenda? Er hæstv. ráðherra sannfærður um að fyrirtæki í fjölmiðlarekstri geti lagað sig að frv.?

[17:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að ég vona að þau fjölmiðlafyrirtæki sem fyrir eru í landinu geti það. Gerðar hafa verið miklar breytingar á 60 dögum, en hins vegar ætla ég ekki að leggja neinn dóm á það í smáatriðum. Það er mál sem verður að sjálfsögðu rætt en það hefur verið leyst úr margri flækju á 60 dögum, það er alveg ljóst. Það er nokkuð langur tími í viðskiptum.

[17:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og mig minni að lífróður Frjálsrar fjölmiðlunar hafi verið lengri en þetta og lífróðurinn sem Norðurljós háði var miklu lengri en 60 dagar. Ég held að engum manni detti í hug að nokkur lánastofnun, þar sem menn með fulla ábyrgð á því sem verið er að gera og taka ákvarðanir, láti sér detta í hug að fjármagna fyrirtæki eins og Norðurljós með reglum sem eru svo þröngar sem þessi. Ég held að menn þurfi að fara vandlega yfir þetta vegna þess að ég get ekki séð að það verði nokkur vegur að finna fjárfesta sem eru tilbúnir að koma með 100% eigið fé inn í slík fyrirtæki eða svo hátt að bankar fari að lána þeim án þess að tekin séu veð í hlutabréfum. Þannig er staðan sem verið er að setja upp.

Mér finnst líka að full ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra og fyrrv. ritstjóra: Finnst honum það ekki svolítið erfið lína að ganga yfir að taka barmmerki lýðræðisins niður sem er að allir geti fengið leyfi til þess að gefa út blað?

[17:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel náttúrlega að menn fari mjög fram úr sér í túlkunum í þessu máli. Hér er ekki verið að taka barmmerki lýðræðisins niður. Það er mikið öfugmæli. Hér er ekki verið að grípa inn í útgáfu dagblaða. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að því. (Gripið fram í.) Í frumvarpinu eru eingöngu reistar skorður við samruna ljósvakafjölmiðla og dagblaða. (Gripið fram í.) Hins vegar þýðir það ekki að verið sé að banna blaðaútgáfu hér á landi, taka barmmerki lýðræðisins niður. Þetta er eitt af þeim dæmum sem snúa að (Gripið fram í.) oftúlkun á afleiðingum þessa máls. (**JÁ:** Þetta er nýmæli.)

[17:46]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ég vil hefja þessa ræðu á því að lesa tilvitnanir úr ritlingi sem er að finna á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins. Ritlingurinn ber heitið Sjálfstæðisstefnan og er sérstaklega tekið fram að stærsti hluti ritlingsins sé eftir hæstvirtan forsætisráðherra Davíð Oddsson. Með leyfi forseta:

„Afstaða Sjálfstæðisflokksins til nokkurra lykilhugtaka þjóðmálabaráttunnar varpar ljósi á stefnu hans. Sjálfstæðisflokkurinn er lýðræðisflokkur. Hann setur traust sitt og trú á sérhvern borgara lýðveldisins í þeirri vissu, að fái frumkvæði hans, framkvæmdaþróttur og kapp notið sín, miði skjótast áfram. Stefna flokksins miðast við það, að menn fái notið ávaxta verka sinna og sjái tilgang í því að leggja sig alla fram. Þessi trú á manninn markar einnig ríkinu sinn bás."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Fram hjá því verður ekki litið, að það er pólitísk tvöfeldni að vinna að því öllum árum að auka hlut ríkisvaldsins á kostnað einstaklingsins og athafnafrelsis hans svo sem kostur er, en segjast á hinn bóginn vilja veg lýðfrelsis sem mestan."

Á öðrum stað segir í ritlingi forsætisráðherra, með leyfi forseta:

Það sem öðru fremur einkennir skoðanir sjálfstæðisfólks er trú á frelsi einstaklingsins samfara ábyrgð á eigin gerðum, umburðarlyndi gagnvart mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum, áhersla á sameiginlega hagsmuni ólíkra þjóðfélagshópa og efasemdir um að ríkisvaldið geti leyst öll vandamál."

Frumvarp hæstv. forsætisráðherra sem hér er til umræðu brýtur augljóslega gegn æðstu og göfugustu gildum hægri sinna í íslenskri pólitík. Hans eigin skrif sanna fullyrðingu mína. Frumvarpið endurspeglar í senn óvönduð vinnubrögð við gerð frumvarpsins sem og bræði og langrækni fyrsta flutningsmanns frumvarpsins út í áberandi persónur í íslensku viðskiptalífi.

Herra forseti. Sjálfstæðismenn segja lögin almenn og ekki beinast gegn einhverjum tilteknum fyrirtækjum. Trúi því hver sem vill.

Sjálfstæðismenn segja markmið laganna að tryggja eðlilegt umhverfi fjölmiðla á Íslandi. Ég spyr á móti: Er eitthvað óeðlilegt við starfsemi fjölmiðla á Íslandi?

Sjálfstæðismenn segja lögin koma í veg fyrir að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu geti átt fjölmiðla. Ég spyr á móti:

Gera menn sér grein fyrir smæð hins íslenska markaðar? Er ekki líklegt að dragi undan fjárstreymi í fjölmiðlarekstur þegar öflugum fyrirtækjum í viðskiptalífinu er meinaður aðgangur að greininni?

Þá spyr maður sig um leið: Hvað um störf hundruð ungra Íslendinga sem fengu áfram tækifæri í rekstri Norðurljósa þegar fyrirtækinu var bjargað frá gjaldþroti? Skipta afdrif þessa fólks Sjálfstæðisflokkinn engu máli?

Sjálfstæðisflokkurinn heldur því fram að markaðsráðandi fyrirtæki þurfi strangt aðhald fjölmiðla. Slíkt aðhald verður ekki trúverðugt ef meiri hluti fjölmiðla er t.d. að stærstum hluta í eigu markaðsráðandi fyrirtækis. Ég spyr á móti: Hvað um hugmyndir sem tryggja ritstjórnarlegt frelsi innan fjölmiðla? Hvað um hugmyndir sem varða fullkomið gagnsæi? Engan veginn er tekið á þessum góðu gildu hugmyndum í frumvarpinu þó svo skýrsla menntamálaráðherra hafi svo mælt fyrir.

Enn einn áróður sjálfstæðismanna er að prentmiðlar og ljósvakamiðlar geti ekki verið á sömu hendi, það tryggi jafnvægi á fjölmiðlamarkaði og er sambærilegt við reglur sem gilda víða erlendis. Hvernig má það vera að eitt fyrirtæki hafi getað átt kvótann, verksmiðjurnar, skipin og flutningana í áranna rás án þess að sjálfstæðismenn lyftu svo lítið sem litla fingri? Hér tala ég um Eimskip, óskabarn þjóðarinnar. Er það ekki einsýnt og deginum ljósara að hér er um persónulega aðför forsætisráðherra að ræða? Ef svarið við þessari spurningu nei, af hverju í ósköpunum vó hann ekki að hringamyndunartilburðum Eimskips? Má vera að fyrirtækið sem innsti koppur í kolkrabbaveldi Sjálfstæðisflokksins hafi greitt mynduglega inn á reikninga Sjálfstæðisflokksins í kosningabaráttum undanfarinna ára?

Sjálfstæðismenn segja málsmeðferð ríkisstjórnarinnar eðlilega og þá sömu og við önnur viðamikil mál. Að mínu mati er þessi fullyrðing sjálfstæðismanna staðfesting á því *slæma eðli sem einkennir orðið flokkinn. Hér vitna ég* til einræðis og mjög slæmrar misbeitingar á valdi í áranna rás. Siðferðisbresturinn er orðinn hættulega mikill.

Á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins segir, með leyfi forseta:

„Alþingi fær nægan tíma til að ræða frumvarpið. Þingstörfum lýkur ekki fyrr en Alþingi hefur tekið allan þann tíma sem þurfa þykir til að afgreiða málið."

Herra forseti. Hér vil ég staldra við. Stórgallað mál er til meðferðar í fyrstu umræðu. Bræði, langræknі og einræði einnar persónu sem hefur kollvarpað þjóðfélagsumræðunni hér á landi síðustu daga skal nú keyra í gegn nú á síðustu dögum yfirstandandi þings. Önnur athyglisverð mál skulu lögð til hliðar og á endanum sofna í nefndum. Hvað um hagsmuni þeirra sem frumvarp Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra tekur á? Hvers á fólk að gjalda sem sá til sólar í frumvarpi Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldþrota einstaklinga eða þá lýðræðissinnar sem höfðu velþóknun á frumvarpi Kristins H. Gunnarssonar um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands? Fleiri tugir annarra þingmannamála bíða efnislegrar afgreiðslu og lýðræðislegrar meðferðar.

Sjálfstæðismenn segja að erlendis séu margs konar reglur sem stjórnvöld setja um fjölmiðlamarkaðinn. Þeim er ætlað að tryggja lýðræðislega umræðu og að fjölmiðlar sinni hlutverki sínu. Hér vil ég nota tækifærið og minna sjálfstæðismenn á að víða erlendis eru einnig lög sem tryggja opið bókhald stjórnmálaflokka. Hvað finnst sjálfstæðismönnum um slík lög? Eru slík lög ekki til lýðræðislegra umbóta?

Önnur bein tilvitnun af vef Sjálfstæðisflokksins, með leyfi forseta:

„Ef ljósvakamiðlar eru rekstrarhæfir og geta skilað eigendum sínum eðlilegum arði, þá ætti ekki að verða skortur á fjárfestum til að koma í stað þeirra fyrirtækja sem sökum markaðsráðandi stöðu sinnar mega ekki eiga í ljósvakamiðlum."

Hér endurspeglast hin ótrúlega firra sem einkennir frumvarpið. Það er ekki langt að leita um rekstrarerfiðleika fjölmiðla, þá sérstaklega ljósvakamiðla. Fyrirtæki í ríkiseign, öðru nafni RÚV, sem hefur það ótrúlega forskot á önnur fyrirtæki í greininni að njóta skyldugreiðslu frá landsmönnum í formi afnotagjalda rekur sig engu að síður með stórkostlegum halla. Ef fjársterkir aðilar fá ekki inni í greininni þá er ljóst að ljósvakamiðlar munu eiga alvarlega undir högg að sækja.

Herra forseti. Ég er fylgjandi því að umræða skapist um störf og umhverfi fjölmiðla. Að sjálfsögðu þarf að huga að lýðræðislegri umfjöllun, huga að fjölbreytni, tryggja heilbrigða umfjöllun og góða siði öllum Íslendingum til vegs og virðingar. En þessum markmiðum verður aldrei náð með einræðisstíl hæstv. forsætisráðherra sem svo sannarlega endurspeglast í umræðu undanfarinna missira. Tony Blair er oft umdeildur á síðum enskra dagblaða. Sama gildir um George Bush í bandarískum dagblöðum. Í þessum tveimur lýðræðisríkjum er ekki nokkur vegur að þeir geti upp á sitt einsdæmi vegið að fjölmiðlum með eins afgerandi hætti og hæstv. forsætisráðherra gerir nú.

Þá er dapurt til þess að líta að meðvirkni almennings er mikil fyrir þeim einræðishætti sem einkennt hefur störf hæstv. forsætisráðherra síðustu missirin. Annaðhvort er almenningur í stríðshug og hyllir foringjann eða hann er furðu lostinn og um leið hneykslaður á framferði helstu ráðamanna þjóðarinnar. Til allrar lukku fækkar þeim stríðslyndu þessi missirin.

Herra forseti. Ef þessi lög öðlast gildi þá er tryggt að fjölbreytni á íslenskum fjölmiðlamarkaði mun eiga undir *högg að sækja. Þá er einnig líklegt að fjölmargir íslenskir* fjölmiðlamenn missi atvinnu sína. Umfram allt mun Ísland festa sig í sessi sem alvarlega gallað lýðveldi sem einna helst líkist fyrrum ráðstjórnarríkjum gamla kommúnismans.

Herra forseti. Á síðasta landsþingi Frjálslynda flokksins var eftirfarandi ályktun samþykkt, með leyfi forseta:

„Íslendingar þurfa að heimta aftur frelsi til orða og athafna, sem hefur verið stórlega skert af misvitrum valdhöfum. Athafnafrelsi og frelsi í viðskiptum eru undirstöðuatriði í framfarasókn þjóðarinnar. Hvers konar einokun verði aflétt."

Við heilbrigða hægri menn í íslenskri pólitík vil ég segja: Það er einungis einn heilbrigður hægri flokkur til á Íslandi í dag. Sá flokkur er Frjálslyndi flokkurinn.

[17:56]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp sem byggist á viðamikilli og góðri skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum sem hér var rædd í síðustu viku og fékk mjög ítarlega umræðu. Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að íslenskur fjölmiðlamarkaður hafi ýmis þau einkenni samþjöppunar sem talin eru óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum um fjölbreytni í fjölmiðlun sem byggt er á í skýrslunni og telur

nefndin æskilegt að brugðist verði við þessu ástandi með lagasetningu.

Af mannréttindasáttmála Evrópu, eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstól Evrópu, leiðir að tryggja ber fjölbreytni í fjölmiðlun. Á þeim grundvelli hefur ráðherraráð Evrópuráðsins samþykkt tilmæli um að leita leiða til að ná því markmiði. Á okkur hvílir því sú þjóðréttarskylda að leita leiða til að tryggja þá fjölbreytni.

Markmið frumvarpsins er að tryggja frelsi og fjölbreytni í framboði og að margbreytileg sjónarmið fái að koma fram. Eitt helsta hlutverk fjölmiðla er að vera vettvangur lýðræðislegra skoðanaskipta því að þau eru ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar. Á fjölmiðlamarkaði þarf að ríkja fjölbreytni til að almenningur fái upplýsingar úr ólíkum áttum. Það er varhugavert að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins.

Herra forseti. Frumvarpið beinist ekki gegn neinum tilteknum fyrirtækjum. Með því á að setja almennar reglur. Vegna mikilvægis fjölmiðla fyrir almenning er eðlilegt að setja sérlög um starfsemi þeirra rétt eins og sérlög eru t.d. sett um starfsemi fjármálafyrirtækja. Í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við eru í gildi ýmis lög sem setja fjölmiðlum og eigendum þeirra margvíslegar skorður. Það virðist sem svo að lagasetning hafi gjarnan komið til vegna þess að sérstakar aðstæður hafi myndast á fjölmiðlamarkaðnum sem löggjafinn hefur talið að ekki samræmdust þeim kröfum sem gerðar eru til þarfa lýðræðisins. Þess vegna eru reglurnar margbreytilegar eftir löndum.

Í Bandaríkjunum er t.d. óheimilt að eiga bæði ljósvaka- og prentmiðla á sama markaðssvæði. Í Evrópu eru margháttaðar reglur um starfsemi fjölmiðla og í Noregi er um þessar mundir verið að undirbúa lagasetningu sem takamarkar möguleika eins fyrirtækis til að verða ráðandi í fleiri en einum geira fjölmiðlunar.

Herra forseti. Meginhugsunin í frumvarpinu er sú að markaðsráðandi fyrirtæki eigi ekki hlut í ljósvakamiðlum, að ekki verði sameiginlegt eignarhald á prentmiðlum og ljósvakamiðlum og að tryggt verði að eignarhald verði dreift. Til þess að þessi markmið gangi fram verða lögin að taka til þess ástands sem nú er á markaðnum. Lög um fjölmiðla erlendis markast greinilega af því að löggjafinn hefur brugðist við einhverjum ákveðnum vandamálum sem hafa komið upp á fjölmiðlamarkaði.

Sá vandi sem við er að etja á Íslandi er að sökum smæðar hagkerfisins gerist það oftar en annars staðar að fyrirtæki komast í markaðsráðandi stöðu. Oft er það blátt áfram vegna þess að til þess að geta boðið vöru og þjónustu á hagstæðu verði fyrir neytendur verða fyrirtækin að ná ákveðinni lágmarksstærð og þegar þeirri stærð er náð kann fyrirtækið að vera komið í markaðsráðandi stöðu. Ríkisvaldið hefur ekki viljað beita sömu hörku gegn fyrirtækjum í þessari stöðu og gert er víðast hvar erlendis. Nauðsynlegt er að taka tillit til smæðar íslenska markaðarins. En á móti kemur að gera verður þá kröfu að fjölmiðlar sinni sérstaklega vel þeirri skyldu sinni að gefa óbjagaða mynd af þessum fyrirtækjum og að þau sinni neytendavernd vel og dyggilega, t.d. með verðkönnunum og öðru því sem veitir markaðsráðandi fyrirtækjum aðhald.

Herra forseti. Það þarf líka að hafa í huga að fjölmiðlanefndin lýsti þeirri skoðun sinni að ekki væri hægt að búa við núverandi ástand. Til lítils væri að setja lög sem hefðu engin áhrif og mundu einungis festa í sessi til margra ára stöðu þeirra fyrirtækja sem nú þegar hafa komið sér fyrir á fjölmiðlamarkaðnum. Fyrirtækjum er hins vegar tryggður rúmur tími til að laga sig að þeim breytingum sem frv. felur í sér, eða tvö ár. Markaðsráðandi fyrirtæki þurfa strangt aðhald fjölmiðla. Slíkt aðhald verður ekki trúverðugt ef meiri hluti fjölmiðla er t.d. að stærstum hluta í eigu markaðsráðandi fyrirtækis. Vandinn er einnig sá að eignarhaldið veldur sjálfkrafa vafa um sannleiksgildi frétta. Fréttamenn ættu ekki að þurfa að vera í þeirri stöðu og það á ekki að koma þeim í þá stöðu að þurfa að fjalla um eigendur sína.

Markaðsráðandi fyrirtæki eru því óæskilegir eigendur fjölmiðlafyrirtækja þar sem viðskiptahagsmunir þeirra geta haft mikil áhrif, bein og óbein, á fréttaflutning málgagna þeirra. Hlutverk fjölmiðla er öðrum þræði það að fjalla um viðskiptalífið, veita því aðhald og styðja við neytendavernd. Það hlutverk fjölmiðla er sérstaklega mikilvægt á Íslandi þar sem smæð markaðarins er slík að markaðsráðandi fyrirtæki eru algengari en víðast annars staðar.

Herra forseti. Það er afar varhugavert að fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun í samfélaginu. Fjölmiðlar verða að njóta frelsis og sjálfstæðis, vera fjölbreyttir að gerð og eiginleikum og óháðir hver öðrum til að þeir geti speglað ólík sjónarmið og þeim sé ekki gert mishátt undir höfði. Erlendis eru margs konar reglur sem stjórnvöld setja um fjölmiðlamarkaðinn. Þeim er ætlað að tryggja lýðræðislega umræðu og að fjölmiðlar sinni hlutverki sínu. Alls staðar meðal siðaðra lýðræðisríkja eru reglur sem setja skorður við því að stór og voldug fyrirtæki geti sölsað undir sig fjölmiðla. Þar eru settar reglur um eignarhald til að tryggja fjölbreytta fjölmiðlun og lýðræðislega stjórnarhætti.

Herra forseti. Umræða um fjölmiðlamarkaðinn hefur staðið um langt skeið. Með því að frv. hefur verið lagt fram hefur sú umræða náð nokkru hámarki. Það er því rangt að halda því fram að málið hafi ekki verið rætt í þjóðfélaginu áður en frv. leit dagsins ljós. Ekki þarf að líta langt aftur, þetta er eina málið sem er í fjölmiðlum dag eftir dag frá því að skýrslan kom fram. Það er því rangt að halda því fram að umræðan hafi ekki farið fram.

Hvað þingið varðar er allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar með eðlilegum hætti og sökum mikilvægis málsins hefur verið ákveðið að þinglokum verði frestað og þingið hefur því allan þann tíma sem það sjálft telur nauðsynlegt til að tryggja vandaða umfjöllun áður en til afgreiðslu kemur.

[18:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þegar fyrsti óbreytti þingmaður Sjálfstfl. hefur talað í málinu, eini sjálfstæðismaðurinn á eftir hæstv. forsrh., þá hlustaði ég með athygli á þingmanninn ræða um markaðsráðandi fyrirtæki o.s.frv. Því langar mig að spyrja hv. þm. Drífu Hjartardóttur hvað henni finnist um það að einstaklingar sem eiga í markaðsráðandi fyrirtækjum — mig langar að taka dæmi af Kára Stefánssyni, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, þessa ágæta fyrirtækis, sem heyrðum um í fréttum að tók sig til og lagði töluvert af peningum sínum inn í Norðurljós í fjárhagslegri endurskipulagningu þess fyrirtækis. Finnst hv. þm. til bóta að það verði bannað, að settum þessum lögum, að aðili sem á í markaðsráðandi fyrirtæki sem er alls óskylt, í þessu tilviki Íslensk erfðagreining, megi ekki leggja fram fé ef hann vill í að

endurskipuleggja og skjóta styrkari stoðum undir fyrirtæki eins og Norðurljós í þessu tilfelli?

[18:05]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það hafi komið fram sem ég vildi sagt hafa í ræðu minni. Ég mun ekki ræða hér um einstök fyrirtæki eða einstaklinga.

[18:05]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki gott ef hv. þm. Drífa Hjartardóttir sem hefur flutt ræðu og lýst yfir stuðningi við frv. sem hér er verið að ræða vill ekki segja skoðanir sínar og svara spurningum eins og þeim sem ég lagði fram. Ég skal þá leggja þær fram á ný þannig: Ef ónefndur einstaklingur sem á í markaðsráðandi fyrirtæki á Íslandi í óskyldum rekstri vill leggja eitthvað af peningum sínum í fjölmiðlafyrirtæki í þessu tilfelli, eru það eitthvað verri peningar en frá einhverjum öðrum? Ef menn sem hafa mikið milli handanna vilja leggja fé í fjölmiðla og skjóta stoðum undir rekstur þeirra þannig að þeir séu ekki eins og blöðin voru í gamla daga, alltaf á hausnum og vantaði fé og starfsfólk fékk jafnvel ekki borguð laun um mánaðamót o.s.frv., er fé frá slíkum aðilum eitthvað verra fé en frá einhverjum öðrum?

Í öðru lagi, hverjir eiga þá að leggja fé til fjölmiðla á Íslandi?

[18:06]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé rangt að markaðsráðandi fyrirtæki eigi fjölmiðla hér á landi því að við verðum að tryggja lýðræðið. Eins og Samf. er mikið með lýðræðið á sínum vörum alla daga er ég aldeilis undrandi yfir því að þeir skuli ekki taka heils hugar undir frv.

[18:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja út í ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Það er varðandi skýrsluna. Það kemur fram að markmið skýrslunnar er að tryggja lýðræðislega umræðu og þá væri fróðlegt að fá viðhorf hv. þm. til þess hvort ekki hefði verið eðlilegt að það væru ólík viðhorf innan nefndarinnar, að þar væru fulltrúar frá t.d. öllum stjórnmálaflokkum, hvort það væri ekki eðlilegt til þess að það væri tryggt að sjónarmið allra kæmu fram.

Síðan er annað sem mig langaði að spyrja hv. þm. út í. Það kom fram í máli hennar að dag eftir dag væri verið að fjalla um skýrsluna. Ég hefði t.d. talið eðlilegra að við fengjum umræðu um skýrsluna og hún tæki lengri tíma og við kynntum okkur hvernig slík lagasetning færi fram hjá hinum Norðurlöndunum. Þá bærist skýrslan út í samfélagið og menn reyndu að ná fram góðri sátt í stað þess að henda sprengjum út í samfélagið sem virðast beinast nánast að einu fyrirtæki.

[18:08]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi fyrri hluta spurningar hv. þm. vil ég bara geta þess að þeir sem áttu sæti í nefndinni voru Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Guðmundur Heiðar Frímannsson, deildarstjóri kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsfl.

Það eru ekki pólitískir aðilar í nefndinni, ekki stjórnmálamenn. Ég lít því svo á að þeir aðilar sem komu að skýrslunni séu með mjög breiðan og góðan grundvöll til þess að skoða slík mál. Það hefur verið gert og skýrslan er afar góð og hefur verið rædd hér ítarlega og fengið mjög góða umfjöllun í samfélaginu.

[18:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er algjörlega ósammála hv. þm. að þetta sé ekki nefnd stjórnarflokkanna. Ég veit ekki betur en hæst forsrh. hafi einmitt kallað hana nefnd stjórnarflokkanna. Að segja að framkvæmdastjóri Framsfl. sé ekki fulltrúi flokksins, ég veit eiginlega ekki hvað hv. þm. er að fara, (**DrH:** Hún er ópólitísk.) er það ópólitísk nefnd?

Ég kannast a.m.k. ekki við að nokkur af þeim mönnum sem hv. þm. nefndi væri í Frjálsl., hvað þá í Vinstri grænum eða í Samf. Það væri fróðlegt að fá nánari útskýringu á þessu atriði hjá hv. þm.

Fram kom að það væri rúmur tími sem fyrirtækin hefðu til að aðlaga sig að bráðabirgðaákvæðinu, að þessum breyttu tímum. Ég get ekki séð annað en að hér sé um afturvirkt ákvæði að ræða og margir málsmetandi lögfræðingar eru mér sammála um að það sé í rauninni verið að kippa rekstrarleyfi af starfandi fyrirtækjum. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hún telji það ekki afturvirkt ákvæði sem sviptir útgefin leyfi af fyrirtækum. Það væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu hv. þm. til þess.

[18:11]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. hafi ekki skilið það sem ég var að segja áðan. Það sem ég vildi sagt hafa var að þetta voru ekki stjórnmálamenn. Ég veit ekki hvaða stjórnmálaskoðanir þeir ágætu menn sem voru í nefndinni hafa, (**Gripið fram í:** ... í Framsfl.) en ég lít svo á að hæstv. menntmrh. hafi valið þá ágætu menn vegna kunnáttu þeirra og fagþekkingar á málinu, það hafi verið þess vegna.

Síðan vil ég minna ágætan þingmann Frjálsl. á að á haustdögum var lögð fram till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla þar sem Álfheiður Ingadóttir var 1. flm., ég var 2. flm., Guðjón A. Kristjánsson sá þriðji, Hjálmar Árnason sá fjórði og síðan var Steingrímur J. Sigfússon. Þessi nefnd fjallar nánast um það sama. Tillagan er í meðförum þingsins enn þá. (Gripið fram í.) Þess þurfti ekki vegna þess að umræða var komin af stað í menntmrn. um að þetta þyrfti að gera, nákvæmlega eins og gert hefur verið annars staðar í lýðræðislegum löndum í kringum okkur.

[18:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur með nokkurri athygli og þótti hún þar með gefa tóninn því að hún var, held ég, fyrsti óbreytti stjórnarþingmaðurinn sem talar fyrir frv.

Mér finnst málflutningur stjórnarliða svolítið gefa þann tón að hér sé verið að draga upp einhvers konar pótemkíntjöld um að það sé mikil sátt og einhugur um frv. í stjórnarflokkunum. En er það nú svo, frú forseti? Ég er ekki viss.

Ég var að skoða áðan heimasíðu ungra framsóknarmanna, maddaman.is, og þar er grein sem ber titilinn, með leyfi forseta: „Ertu farin að leika þér að hakakrossfánunum hans afa þíns, strákur?“

Þarna eru ungir framsóknarmenn að ráðast, að ég tel, með mjög ómaklegum hætti að hv. þm. Birgi Ármannssyni fyrir að hann skuli hafa stutt frv. Höfundur sem mér skilst að heiti Jón Einarsson er í stjórn ungra framsóknarmanna í Skagafirði og varamaður í stjórn Sambands ungra framsóknarmanna. Þarna er hv. þm. Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstfl., sá ágæti drengur, orðaður á mjög ósmekklegan hátt við nasisma fyrir það að hann skuli leyfa sér að tala fyrir frv., sem hinn ungi framsóknarmaður segir að sé meira í anda Hitlers, Stalíns og Kim Il Sungs en frelsis.

Mér þætti mjög áhugavert að fá að heyra það hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur hvort henni þyki þetta í fyrsta lagi bera vitni um að það sé mikill einhugur um frv. hjá stjórnarflokkunum og í öðru lagi hvort henni þyki þetta ekki frekar ómálefnalegur málflutningur af hendi framsóknarmanna í garð samstarfsflokksins í ríkisstjórninni, Sjálfstfl. Það væri mjög áhugavert að fá að heyra nokkur orð um það.

[18:14]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get bara sagt að það er mikil sátt um frv. í mínum þingflokki. Framsfl. svarar fyrir sig og hefur gert það hér í umræðunni.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson talaði um ómálefnalega eða skömmustulega grein á netinu. Ég veit ekki betur en að hann sé ansi liðtækur á netinu með sínar greinar.

[18:15]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Þetta var nú mjög djúpt svar sem sagði mér nákvæmlega ekki neitt. Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað. (Gripið fram í.) Það er það sem mér dettur í hug þegar ég heyri í hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég ætla ekki að ræða hér um mín skrif. Ég er að spyrja hér um skrif ungra framsóknarmanna í garð þessa frumvarps. En ég fékk ekkert svar við þeirri spurningu.

Gott og vel. Ég átti heldur svo sem ekki von á því að fá fyllilegt svar við þessari spurningu því að hún er að sönnu frekar pínleg fyrir báða stjórnarflokkanna. Þetta er ekki eina greinin eftir unga framsóknarmenn gegn þessu frumvarpi. Tína má fleiri til og eflaust munu þær poppa hér upp seinna í kvöld.

Ég heyrði líka að hv. þm. Drífa Hjartardóttir talaði um að tvö ár væru fyllilega nægur tími til aðlögunar fyrir fjölmiðlafyrirtæki varðandi þetta frumvarp. Gott og vel.

Þá langar mig til að spyrja formann landbúnaðarnefndar að því hvort hún telji þá sömuleiðis að tvö ár væri nægur tími fyrir bændur þessa lands hvað varðar mjólkurkvóta ef mjólkurkvótinn yrði nú tekinn af þeim og þeir fengju bara tvö ár til að aðlaga sig.

Það væri líka gaman að heyra hvort hún teldi að tvö ár væru nægur tími til aðlögunar fyrir íslenska útgerðarmenn ef veiðiheimildirnar yrðu allt í einu teknar af þeim. Það væri gaman að heyra það.

Þarna er hvort tveggja um að ræða stéttir sem hafa skuldsett sig verulega til að kaupa sér atvinnurétt, veiðirétt í öðru tilfellinu og framleiðslurétt í hinu tilfellinu. Hér erum við að ræða um fjölmiðlafyrirtæki sem hafa skuldsett sig verulega til að kaupa bæði tækjabúnað, vélar og annað þess háttar, markaðssetja sig og ná fótfestu á mjög erfiðum markaði. Við vitum að hann hefur verið mjög erfiður og iðulega skilað miklu tapi. Verið er að taka mikla áhættu. Hér er verið að setja fjárfestingar þessara aðila í stórvoða.

Eins og hefur komið fram hér fyrr í dag þá hafa verið rifjuð upp ummæli hæstv. forsætisráðherra, frú forseti, frá því í kosningabaráttunni í vor þar sem hann sakaði meðal annars Frjálslynda flokkinn um að henda sprengju inn í íslenskt atvinnulíf þegar við vorum ekki að leggja til neitt annað en, jú, að taka kvótann af mönnum. En við ætluðum ekki að taka af þeim veiðiréttinn. Þeir áttu að halda áfram að veiða fisk eins og fyrr og sennilega miklu meira en þeir hafa gert fram að þessu.

Hver er að henda sprengjum í dag?

[18:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki auðvelt að svara hv. þm. þar sem hann fer með umræðuna út og suður og ætlar mér að fara að meta skrif eftir eitthvert fólk úti í bæ. Það dettur mér alls ekki í hug. (**MÞH:** Þú ert með þessum flokki í ríkisstjórn.) Ég ber ábyrgð á því sem ég segi og vil bera ábyrgð með mínum flokki. Ég ber ekki ábyrgð á öðrum. Hv. þm. afbakar hér málið alveg með ólíkindum, eins og er gert úti í samfélaginu. Þar er þetta mál allt afbakað.

Ég er alveg sannfærð um það að eftir ekki mörg missiri mundu margir vilja þessa lilju kveðið hafa.

Hvað varðar mjólkurkvótann þá stendur ekki til að taka hann af bændum. (**MÞH:** Ég er að spyrja fyllilega réttmætra spurninga.)

[18:18]

Mörður Árnason:

Forseti. Í dag er 3. maí og 3. maí er alþjóðlegur dagur frjálsrar blaðamennsku. Hann er það vegna þess að árið 1753 var ritstjóri í því sem þá var New York nýlendan dæmdur fyrir skrif sem þóttu andstæð yfirvaldinu. Það er kannski viðeigandi að þessi umræða fari hér fram í dag á alþjóðlegum degi frjálsrar blaðamennsku.

Það er sérkennilegt að þrátt fyrir þann tíma sem liðinn er frá þessari athöfn — tvær og hálf öld mun það vera — þá hafa valdamenn í upplýstu lýðræðisríki enn þær skoðanir að í bága brýtur við hina frjálsu blaðamennsku. Það er til að mynda sérkennilegt að hæstv. forsætisráðherra og hans lið hefur þau ein dæmi nefnt, fyrir utan lyfjamál ýmis —

Forseti. Ég sé að ráðherrabekkir eru auðir. Hæstv. menntamálaráðherra sé ég ekki. Heilbrigðisráðherra sem hér var áðan sé ég ekki og hæstv. forsætisráðherra og flutningsmann sé ég ekki heldur. Hverju sætir það, forseti?

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti gerir ráð fyrir, hv. þm., að nefndir ráðherrar og ýmsir fleiri sem ekki verma hérna bekkina séu að fylgjast með ágætri ræðu hans annars staðar.)

Telurðu að formaður allsherjarnefndar sé til dæmis að því? Hann fór héðan út mjög snemma í dag og hefur ekkert sést hérna síðan.

Ég geri ráð fyrir að við viljum hafa þetta þannig að ráðherrar séu viðstaddir þegar maður er að mæla við þá og ef þeir eru það ekki þá sé tryggt að þeir séu einhvers staðar þar sem þeir heyra í manni og ef þeir heyri ekki í manni að þeir fái þá heyrnartæki lánað hjá forsetum þingsins. Ég bið forsetann að athuga þetta.

Ég vil halda áfram ræðu minni. Sú sérkennilega staða er uppi að það dæmi eitt sem hæstv. forsætisráðherra, sem ekki er hér viðstaddur nú, nefnir um misnotkun fjölmiðla, þá sem samþjöppunin hafi leitt til og hér á að koma í veg fyrir, eru meint viðbrögð ákveðinna fjölmiðla við nákvæmlega því

frumvarpi sem hér er lagt fram. Það er sem sé þannig að hæstv. forsætisráðherra er óánægður með viðbrögðin við því frumvarpi sem lagt er fram og úr þeirri óánægju eru jafnframt búin til rök um það að frumvarpið hefði átt að leggja fram.

Það má kannski segja eins og einhver sagði við mig um daginn að svona röksemdafærsla sé svipuð þeirri að maður segi við annan: „Þú ert dóni." Og hinn segi: „Nú? Ja, þú ert nú eiginlega bara dóni sjálfur." Þá segir þessi: „Þarna sérðu. Þú ert dóni." Það er svona svipað sem hér fer fram.

Á 3. maí, alþjóðadegi frjálsrar blaðamennsku, er rétt að benda hæstv. forsætisráðherra, einkum ef hann væri nú staddur hér, á það hvað Jón gerir í þeim málum þegar hann er óánægður með umfjöllun blaða og ljósvaka um sjálfan hann. Ef hann er mjög óánægður þá leitar hann gjarnan einhvers konar leiðréttingar hjá fjölmiðlinum. Hann skrifar sjálfur grein. Hann biður um að geta sjálfur komið fram í frétt eða á einhverjum þeim stað þar sem hann getur andæft umfjöllun fjölmiðilsins. Ef hann er mjög óánægður á hann t.d. það ráð að hann talar við siðanefnd blaðamanna og kannar það hvort í siðareglum blaðamanna muni vera einhver leið til þess að hann fái leiðréttingu mála sinna. Og ef hann er aldeilis hífandi rokvondur þá á hann þann rétt að fara í meiðyrðamál við ritstjóra blaðsins eða fréttastjóra fjölmiðilsins eða yfirmann og þann sem brást honum með þessum hætti.

Séra Jón, hvað gerir hann? Jú, hann lætur banna fjölmiðilinn. Leið séra Jóns er sú að banna fjölmiðilinn og það er það sem við erum að upplifa núna í dag, 3. maí, á alþjóðadegi frjálsrar blaðamennsku.

Það er ekki nema von að það frumvarp sem hér er til umræðu eigi sér fáa formælendur. Þeir eru einkum tveir hópar sem við höfum orðið varir við hér síðustu daga. Það eru annars vegar launaðir málsvarar og erindrekar stjórnarflokkanna með ýmsum hætti, núverandi aðstoðarmenn ráðherra ýmsir en ekki mjög margir af þeim fyrrverandi. Það eru nokkrir nefndarmanna í fjölmiðlanefndinni, einir tveir að ég held, annars vegar formaður nefndarinnar, sem er nýskipaður alþjóðlegur mannréttindadómari og hefur líka móðgast yfir því að hafa verið lýst í fjölmiðlum. Og það er Pétur Gunnarsson, hinn ópólitíski framkvæmdastjóri skrifstofu þingflokks Framsóknarflokksins sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir nefndi áðan. En það er t.d. ekki Guðmundur Heiðar Frímannsson sem atyrðir, vissulega á þann kurteislega hátt sem hæfir Menntaskólanum á Akureyri þaðan sem hann er upprunninn og þar sem hann, hygg ég, starfar, forsætisráðherra og hæstv. ríkisstjórn fyrir að leggja þetta frumvarp hér fram og gerir alvarlegar athugasemdir við samhengi frumvarpsins og fjölmiðlaskýrslunnar. Og það eru ýmsir aðrir starfsmenn í sérstökum verkefnum hjá ríkisstjórninni. Til dæmis dúkkaði upp ritstjóri hinnar frægu bókar Forsætisráðherrar Íslands og var kynntur sem óháður blaðamaður í Kastljósi um daginn. Hann varði þetta frumvarp með oddi og egg, enda fær hann ágæt laun fyrir ýmis vikastörf hjá forsætisráðherranum.

Svo hafa reyndar líka, og það ber að viðurkenna og gefa því þá virðingu sem því hæfir, gamlir og góðir vinstri menn nokkrir sem einkum hafa reyndar fjölmiðlareynslu af gömlu flokksblöðunum komið fram og sagt sem svo að þeir séu á móti því að markaðslögmál gildi yfir höfuð og allra síst í fjölmiðlun. Þeir hafa sín rök og hafa nefnt þau og ég ber fulla virðingu fyrir þeim í sjálfu sér.

Hins vegar hefur frumvarpið vakið öldu mótmæla í samfélaginu. Það eru blaðamenn, stéttarfélög, það eru fulltrúar viðskiptalífsins, áhugamenn um stjórnmál og menningu og fjölmiðlun, það eru neytendur fjölmiðlunar sjálfir, það er almenningur, þátttakendurnir í upplýsingasamfélaginu og aðilarnir, leikararnir í lýðræðissamfélaginu. Þeir hafa líka risið upp.

Ástæða væri til að fara yfir þessa ítarlegu umræðu hér alla. En aðstæður leyfa það nú ekki þannig að það verður að takmarka sig. Kannski gefst tækifæri til þess í 2. umr. um málið, ef það nær svo langt, að fara rækilega yfir þessa umræðu.

Ein merkasta röddin í umræðu síðustu daga að öðrum ólöstuðum er Páll Þórhallsson sem skrifar í sunnudagsblað Morgunblaðsins. Páll hefur mikla reynslu sem blaðamaður. Hann er lögfræðingur og vinnur nú í fjölmiðladeild Evrópuráðs þess sem hér er mjög tíðrætt. (**SJS:** Frændi Hjörleifs.) Frændi Hjörleifs. Ekki versnar það hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þetta er maður sem þekkir málin frá öllum sjónarhornum. Hann hefur haft kynni af Morgunblaðinu líka, þessi maður, og honum til heiðurs er auðvitað það að hæstv. menntmálaráðherra, sem ekki er hér stödd, vitnaði í aðra ágæta blaðagrein Páls á miðvikudaginn. Hann hlýtur að leggja við eyru nú þar sem hann situr einhvers staðar úti í bæ og hlustar á umræður um þetta frumvarp.

Páll fjallar um störf Evrópuráðsins að fjölmiðlun síðustu áratugi og er ekki vanþörf á miðað við það stig þekkingar sem komið hefur fram í þingsölum á þeim störfum. Hann rekur atriði úr tilmælum þess á því sviði, en elstu tilmælin sem Páll talar um eru að mér sýnist frá 1974. Hann dregur síðan ályktanir af þessari umfjöllun sinni. Hann dregur þær ályktanir að takmarkanir á því hverjir geta sótt um útvarpsleyfi séu í sjálfu sér íhlutun í tjáningarfrelsi, þess vegna teljist þær ekki heimilar nema þær uppfylli ákveðin skilyrði í mannréttindasáttmálanum og það þýðir að þær verða að vera byggðar á lögum, þær verða að þjóna lögmætu markmiði og vera það sem kallað er nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi þannig að við lagasetningu af því tagi sem við erum hér að fást við verður það að vera hafið yfir allan vafa að takmarkanir á útvarpsleyfum eigi sér lýðræðisleg rök.

Páll segir líka að fjölbreytni í fjölmiðlun sé lögmætt markmið. Það er lögmætt. En þá er það auðvitað fjölbreytni af því tagi sem tilskipunin frá 1999 lýsir. Ég bendi mönnum á að í fjölmiðlaskýrslunni segir hver hún er, vegna þess að menn hafa hér, einkum þeir sem tala af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, talað um aðeins eina tegund fjölbreytni. Ég vona að mér gefist tími, annaðhvort síðar í ræðu minni eða síðar í dag, til þess að fara aftur með þá skilgreiningu, vegna þess að klukkan var orðin nokkuð margt og aðeins staddir hér nokkrir þingmenn, háttvirtir reyndar, í síðustu umræðu um þetta mál þegar ég fór með þessa skilgreiningu.

Þar er sagt að fjölbreytni sé að sjálfsögðu markmið sem réttlætt getur stjórnun útvarpsmála umfram tæknileg atriði, til dæmis sé heimilt að setja skilyrði um gerð dagskrár við slíkt útvarpsleyfi af félagslegum og af menningarlegum ástæðum.

Hann segir svo í þriðja lagi, og það er sú þriðja af ályktunum Páls Þórhallssonar, og nú ætla ég að biðja um leyfi forseta til þess að vitna beint:

„Ríki sem herðir mjög skilyrði fyrir því að veitt séu útvarpsleyfi verður að rökstyðja hvers vegna aðrar vægari leiðir voru ekki færar til að ná sömu markmiðum."

Þetta segir Páll Þórhallsson lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins.

Ég endurtek:

„Ríki sem herðir mjög skilyrði fyrir því að veitt séu útvarpsleyfi verður að rökstyðja hvers vegna aðrar vægari leiðir voru ekki færar til að ná sömu markmiðum."

Höfum við heyrt slíkan rökstuðning hér í dag, í umræðu síðustu daga í máli hæstv. forsætisráðherra sem er annars staðar að hlusta á umræðuna eða í máli annarra hæstv. ráðherra sem eru sum sé á herbergjum sínum eða í sínum skotum með sjónvarpið opið og beina útsendingu frá þingi? Nei, við höfum ekki heyrt það.

Við samfylkingarmenn höfum hins vegar bent á slíkar leiðir. Við höfum sett þær fram. Við höfum sagt: Það eru tvær aðferðir til þess að gera þetta. Og ég þakka Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka undir þetta og verja hér ræðu sinni til þess að fara í þetta mál. Það eru tvær aðferðir til að gera þetta. Önnur aðferðin er leið bannsins, leið hinnar fullkomnu takmörkunar, í raun leið geðþóttans, þess óðageðþótta sem hér virðist ríkja í samfélagi okkar tíma og hefur tekið við af frænku sinni óðaverðbólgunni eins og ágætlega er sagt í góðri grein í Morgunblaðinu. Þetta er leiðin sem hæstv. forsætisráðherra hefur togað ríkisstjórn sína og stjórnarflokka alla í.

Hin leiðin er til. Til eru vægari leiðir. Við samfylkingarmenn höldum því fram að þær séu færar. Við teljum það skyldu okkar, og undir það tekur Páll Þórhallsson, að fara þær fyrst til að ná sömu markmiðum. Við höfum aldrei útilokað takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum. Í tilvísun okkar til samkeppnislaganna felst það að með þeim lögum er hægt að takmarka eignarhald í fjölmiðlum eins og annars staðar. Við höfum hins vegar sagt: Þetta er neyðarúrræði, neyðarúrræði sem ekki á að grípa til nema aðrar leiðir séu ófærar.

Á meðan hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin sem situr nú og hlustar á umræðurnar frá Alþingi, á meðan stjórnarflokkarnir, sem eru meira og minna að fá sér kaffi frammi í Skála, á meðan þetta fólk hefur ekki sagt okkur af hverju aðrar leiðir eru ekki færar þá er ekki hægt að taka mark á frumvarpinu sem hér er borið fram, sem alvörufrumvarpi, sem stjórnvaldsaðgerð sem ætlað er að bæta hag almennings í samfélaginu, að búa til leikreglur sem eru almennar og ekki sértækar. Almennar leikreglur ættu að vera grundvöllurinn að allri lagasetningu í því samfélagi sem forfeður okkar skiluðu okkur og okkur ber skylda til að færa fram og gera betra með hverri kynslóð.

Í fjórða lagi segir Páll Þórhallsson í ályktunum sínum, með leyfi forseta:

„Reglur mega ekki vera það fortakslausar að þær útiloki með öllu að tilteknir aðilar geti fengið útvarpsleyfi."

Þetta segir hann. Takmörkun sem byggist á því að tilteknir aðilar séu útilokaðir frá útvarpsleyfum er slæm.

Páll Þórhallsson talar nokkru síðar í grein sinni um útvarpspólitíkina og fjallar um stýringu og eftirlit með handhöfum útvarpsleyfa, sem sé í lágmarki hér og hafi verið. Hann vekur athygli á þeim galla sem hér hefur verið mörg undanfarin ár, að útvarpsréttarnefndin sem sett var á fót í árdaga hins nýja tíma í ljósvakamiðlun, hefur ekki staðið sig. Hún hefur ekki staðið sig af ýmsum ástæðum. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvers vegna það er. Hvernig varð það ástand til sem nú er uppi og hæstv. ríkisstjórn er svo í nöp við? Það þarf að segja okkur hvernig stendur á því að útvarpsréttarnefndarformaðurinn, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., Kjartan Gunnarsson, hefur ekki staðið sig sem skyldi.

Það þarf líka að sjálfsögðu að segja okkur hvar það stendur í frv. sem nú hefur verið nefnt, og hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hélt fram í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, að það ætti að breyta útvarpsréttarnefndinni og reka Kjartan Gunnarsson. Við sjáum það ekki í frumvarpinu. Forseti. Við sjáum það ekki í frv. að neitt sé minnst á útvarpsréttarnefnd, skipun hennar og hæfi í henni. Enn rekur allt að því sama, öll vötn falla til þess sama fjarðar að hér sé um sérsniðið frv. að ræða, frv. sem einkum er beint gegn einu fyrirtæki, sem á að höggva á tiltekið vandamál í samfélaginu, þ.e. að frumvarpsflytjandanum og semjandanum líkar ekki við eigendur þess fyrirtækis.

Það er vert að minna á að fyrirtækið sjálft, Norðurljós, hefur lýst því yfir að það stefni að því, þegar endurskipulagningu þar er lokið, sem ég vona að gerist sem fyrst en hefur tafist mjög fyrir tilverknað hæstv. forsrh. og Sjálfstfl., að fara með fyrirtækið á markað. Það að fara með þetta fyrirtæki á markað ætti í sjálfu sér að leiða til þess að eignaraðildin verði dreifð og fjölbreytt. Þær reglur sem gilda á Verðbréfaþingi eru þannig að gagnsæi verður augljóst á hverju kvöldi. Það er svo annað mál, sem verður væntanlega rætt síðar, hvernig þetta frv. fer með þau fjölmiðlafyrirtæki sem vilja vera á markaði. Ég vona að menn gefi því gaum þegar það kemur upp.

Í fullri kurteisi, sem fer Páli Þórhallssyni vel, er öll hans grein, sem ég get ekki lesið meira úr, vægðarlaus dómur um þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar. Í grein Páls Þórhallssonar er vísað á allt aðrar leiðir, leiðir sem fara í sömu átt og við samfylkingarmenn höfum lýst hér í ræðustól og í þingmálum okkar.

Það er líka athyglisvert, svo ég taki enn einu sinni upp þessa litlu bláu bók frá 1996, að starfshópurinn um endurskoðun á útvarpslögum sem Björn Bjarnason, þáverandi menntmrh. og núverandi hæstv. dómsmrh., skipaði og í voru Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, núverandi formaður útvarpsráðs, Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntmrh., Ásdís Halla Bragadóttir, núverandi bæjarstjóri í Garðabæ og Páll Magnússon, sem skrifar einmitt, í dag að ég hygg, snjalla grein í blað þar sem hann lýsir sárindum sínum í garð fyrri ríkisstjórnar sem hann vann þó fyrir, kemst að sömu niðurstöðu. Einnig má minna á að starfsmaður nefndarinnar var ... hann heitir Jónmundur Guðmarsson — það kemur úr hörðustu átt að ég skuli ekki muna sérkennileg nöfn. Hann starfaði þar líka og er bæjarstjóri Sjálfstfl. á Seltjarnarnesi. Niðurstaða þeirra er í raun hin sama. Ég ætla að lesa lokaorðin í kafla 11 í þeirri ágætu skýrslu starfshóps um um endurskoðun á útvarpslögum. Þar segir að ákjósanlegra sé, heldur en að setja takmarkanir á eignarhald, með leyfi forseta: „... að samkeppni á ljósvakamarkaði og starfsemi ljósvakamiðla í heild lúti sömu almennu leikreglum og aðrar atvinnugreinar á landinu. Í þessu sambandi skal eignarhald og starfsemi útvarpsstöðva falla undir almenn ákvæði samkeppnislaga um einokun og fákeppni þótt e.t.v. sé nauðsynlegt að aðlaga þau betur aðstæðum ljósvakans."

Ég tek undir það og herði heldur á því. Síðan lýkur þessu, með leyfi forseta, á þessum orðum:

„Til að mynda væri mögulegt að styrkja með einhverjum hætti lagalega framkvæmd við úthlutun útvarpsleyfa þannig að stuðlað verði að fjölbreytni og samkeppni."

Niðurstaða nefndarinnar frá því árið 1996 vísar í sömu átt og leið Samf. í málinu. Það er afar athyglisvert í ljósi síðari tíðinda í þessu efni.

Síðan verður auðvitað að spyrja forsrh. að nokkru sem þarf að koma fram. Hann segir að frumvarpið sé til frambúðar, vísi til framtíðar og eigi ekki að tönnlast hér á atburðum úr fortíðinni. Þá er spurningin: Hvað gerist þegar þetta frv. gengur í gildi? Hvað gerist á næstu mánuðum og næstu missirum? Hvað verður eftir tvö ár? Hver á þá Norðurljós? Verða þau starfandi? Hve margir fjölmiðlar verða í landinu? Verða þeir kannski bara tveir? Ríkisútvarp Sjálfstfl. á ljósvakasviðinu og Morgunblað Sjálfstfl. á blaðasviðinu. Er það svo? Er það kannski tilgangurinn með frumvarpinu, sem nær markmiðum sínum vorið 2006 í sveitarstjórnarkosningum og vorið 2007 í alþingiskosningum?

[18:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að ég fagna þeirri umræðu sem fram hefur farið bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu almennt í tengslum við þetta lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Ég hef hins vegar miklar efasemdir og set mjög ákveðna fyrirvara við þann farveg sem þessu máli hefur verið beint í. Dagblöðin birta mjög athyglisverðar greinar um þetta mál og leiðarahöfundar blaðanna tjá sig. Það er efnt til umræðuþátta í útvarpi og sjónvarpi og í þjóðfélaginu *fer fram lifleg umræða manna á meðal um þetta málefni.* Umræðan er hins vegar að hefjast.

Ég vil byrja á að leggja áherslu á að þessi umræða verður að fá að eiga sér stað. Það er rangt sem hér kom fram í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur, þingmanns Sjálfstfl., að hún hafi þegar átt sér stað. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hvar 1. flutningsmaður frv. sé niðurkominn og setja fram ósk um að hann verði viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseta er ókunnugt um hvar 1. flutningsmaður heldur sig. Ég geri ráð fyrir að hann sé ekki *langt undan. Ég skal koma þessum boðum til hans,* ósk þingmannsins um að hann verði viðstaddur umræðuna.)

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að verða við beiðni minni um að vera viðstaddur umræðuna. Honum til upplýsingar þá byrjaði ég á að taka fram að ég fagna þeirri umræðu sem fram fer í tengslum við þetta lagafrv. ríkisstjórnarinnar þótt ég geri mjög ákveðna fyrirvara við framvindu málsins að öðru leyti og þann farveg sem því hefur verið beint í. Ég hef vísað til athyglisverðra greina sem skrifaðar hafa verið í dagblöð, leiðarahöfunda blaðanna, umræðuþætti í útvarpi og sjónvarpi og samræðna manna á meðal í þjóðfélaginu. Ég vil byrja á að leggja áherslu á að víðtæk umræða um þetta mikilvæga mál þarf að eiga sér stað. Ég andmælti því sem fram kom í máli eins þingmanns Sjálfstfl. að umræðan hefði þegar átt sér stað. Því fer fjarri.

Ég vil til samanburðar nefna að síðasta vor, fyrir réttu ári, var fyrirsjáanlegt að á þinginu yrði umræða um skólagjöld í Háskóla Íslands. Enda þótt við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefðum mjög skýra sýn á þetta málefni, værum andvíg því að sett yrðu á skólagjöld við Háskóla Íslands, ákváðum við engu að síður að kalla til fundar við okkur fulltrúa háskólastigsins almennt, allra háskólanna í landinu, til að kanna hvort sjónarmið kæmu fram í málinu sem okkur væru ekki kunnug. Við unnum í þessu í fyrrasumar. Á grundvelli þessa höfum við síðan mótað stefnu okkar í þeim málum. Það er þetta sem ég auglýsi eftir í tengslum við þetta mál, sem snertir grundvallaratriði í þjóðfélaginu.

Ágreiningurinn um mál þetta er af ýmsu tagi. Menn skiptast í fylkingar á mismunandi forsendum. Í fyrsta lagi eru til þeir sem vilja reisa skorður við eignarhaldi á fjölmiðlum en eru hins vegar ekki á einu máli um hvernig þær skorður eigi að vera. Er það t.d. rétt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að einn aðili gæti átt öll dagblöðin í landinu eða alla ljósvakamiðla í landinu, en ekki blandað þess á milli þannig að dagblaðseigandi gæti átt útvarpsstöð? Er þetta rökrétt, að reisa skorður við eignarhaldi á þennan hátt?

Ég hef t.d. miklar efasemdir um slíkt og sé ekki rökin á bak við það ef það sem fyrir okkur vakir er að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlaflórunni og taka *einnig tillit til* eignarhaldsins. Með öðrum orðum, þarna eru mjög mismunandi sjónarmið uppi á meðal manna og mikilvægt að fá góða umræðu um málið til þess að varpa ljósi á hinar ýmsu hliðar þess. Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi leggja áherslu á, þ.e. að málið fái góða, vandaða, lýðræðislega umræðu, ekki aðeins innan veggja Alþingis heldur í þjóðfélaginu almennt. Það er lykilatriði.

Annað atriði sem ég vil leggja áherslu á er að ég tel að eignarhald á fjölmiðlum skipti máli. Stjórn fjölmiðla og eignarhald skiptir máli. Því óskuðum við eftir því á sínum tíma, í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ráðist yrði í skýrslugerð um efnið og á grundvelli þess sem þar kæmi fram yrði síðan efnt til umræðu í þjóðfélaginu. Eignarhald skiptir máli og stjórn fjölmiðla skiptir máli. Það skiptir máli hvernig Ríkisútvarpinu er stýrt, hverjir gera það og á hvern hátt þeir gera það.

Ég tek einnig undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins frá því fyrir nokkrum dögum þegar hann spyr hvers vegna vopnaframleiðendur vilji eiga fjölmiðil. Niðurstaða hans er sú að viðskiptavinir vopnaframleiðenda séu ríkisstjórnir. Fjölmiðlar kunni að vilja hafa áhrif á ríkisstjórnir með því að hafa áhrif á almenningsálitið. Leiðarahöfundur gefur sér *að ef vopnaframleiðandi vildi eignast New York Times yrði* uppi fótur og fit á bandaríska þinginu, vegna þess að menn gera sér grein fyrir því að það skiptir máli hver eigandinn er. Það kemur einnig fram í þessum leiðara að hefði, eins og reyndar gerðist, ritstjóri New York Times verið rekinn, hefði orðið nokkur umræða í þjóðfélaginu en sáralítil, vegna þess að menn hafi gert sér grein fyrir að vald eigandans var mikið.

Ég minnist í þessu sambandi viðtals sem ég heyrði við ritstjóra New Statesman, sem er tímarit vinstri sinna í Bretlandi. *Hann hafði gagnrýnt Tony Blair forsætisráðherra og* ríkisstjórn hans mjög harðlega. Lesendur þess blaðs eru úr þeim ranni. Hann var spurður hvort hann teldi að þetta mundi hafa afleiðingar í för með sér fyrir hann, að hann kynni hugsanlega að glata ritstjórastólnum. Hann sagði: „Ég tel að eigendur blaðsins muni fara varlega í sakirnar að hrófla við mér, en á endanum er það eignarhaldið sem skiptir máli. Eigandinn getur sagt mér upp störfum, hann getur rekið mig."

Við erum að verða vitni að því og munum eiga eftir að *ræða það við annað og betra tækifæri, hugsanlega síðar við* þessa umræðu eða af sérstöku tilefni, að það skiptir máli hvernig almannaútvarpi og sjónvarpi er stýrt, hvernig farið er með vald þar innan dyra. Það skiptir máli. Þetta var annað atriðið sem ég vildi leggja áherslu á að þessi mál eru mjög umræðunnar verð.

Það er tvennt sem veldur því að menn horfa til þessara mála núna af sérstökum áhuga. Í fyrsta lagi er það staðreynd að á fjölmiðlamarkaði á sér stað mjög mikil samþjöppun. Greint var frá því ekki alls fyrir löngu að undir regnhlíf

Norðurljósa væru að sameinast Frétt, þ.e. útgáfufélag Fréttablaðsins og DV, og Íslenska útvarpsfélagið sem rekur Stöð 2, Bylgjuna, Sýn og fjöldann allan af smáum útvarpsstöðvum. Það hefur einnig komið fram varðandi eignarhaldið að um 60% í hinu nýja eignarhaldsfélagi voru tengd Baugi og Feng, aðilum sem eru orðnir firnasterkir og áhrifamiklir í íslensku atvinnulífi, og það er ekkert séð fyrir endann á samþjöppunarferlinu þar. Við getum alveg séð það fyrir okkur að eignarhald á öllum fjölmiðlum í landinu færðust á eina hendi, kæmust á eina hönd, ef, og þá er ég kominn að hinu atriðinu, Ríkisútvarpið væri ekki við lýði. Ríkisútvarpið er mótvægi við einkaaðila á markaði. Þess vegna skiptir höfuðmáli í mínum huga hver framtíð Ríkisútvarpsins verður. Þá horfum við til yfirlýsinga sem gefnar hafa verið af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. sem vilja hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og setja það á markað. Það hefur komið fram frv. frá þingmönnum Sjálfstfl., það liggur fyrir í þinginu. Ég veit ekki betur en einn viðstaddur þingmaður, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, **(Gripið fram í:** Allir þingmenn flokksins.) og þeir allir sem standa þarna, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Birgir Ármannsson, standi að því frv. Sjálfstfl. hefur ályktað í þá veru. Þetta er því stefna flokksins, en Framsfl. hefur staðið á móti, hefur kannski í þessu eina máli a.m.k. ekki enn alveg lyppast niður. Eða hvað? Hvað sagði hv. þm. Jónína Bjartmarz í umræðu um fjölmiðlamálin fyrir fáeinum dögum? Hún gaf í skyn að nú ætti að svipta Ríkisútvarpið auglýsingatekjum og hæstv. ráðherrar, forsrh. og utanrrh., hafa sagt að nú vilji þeir taka afnotagjöldin af Ríkisútvarpinu, færa tekjustofnana annað þannig að Ríkisútvarpið fái væntanlega úr sama sjóði og Landspítali – háskólasjúkrahús. Við sjáum nú hvernig er að fara fyrir því ágæta sjúkrahúsi. Niðurstaða fjölmiðla á Norðurlöndum og í Bretlandi er sú að til að halda sjálfstæði útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva sé mjög brýnt að standa vörð um þessa tekjustofna. Hér er hins vegar vegið að Ríkisútvarpinu úr öllum áttum af hálfu stjórnarliðsins. Ég segi því: Áður en umræðan er til lykta leidd vil ég fá umræðu um Ríkisútvarpið og framtíð þess.

Þá er komið að því hvernig á að taka á þeim málum sem liggja fyrir okkur núna. Þegar sameiningin varð, sem ég var að vitna til áðan, samþjöppunin, fannst mér hún að mörgu leyti vera góð. Að því leyti sem hún kæmi til með að styrkja rekstur þeirra stöðva sem hafa átt í miklum erfiðleikum þótti mér hún vera góð. Við vitum að það er óhemjulega dýrt að reka fjölmiðla. Góð og vönduð fjölmiðlun kostar peninga, mikla peninga. Stór og öflugur fjölmiðill sem gerir það gott, rekur öfluga fréttastofu með hæfu fólki og býr þar af leiðandi við innra sjálfstraust, er líklegri til að vera sjálfstæður í vinnubrögðum en fjölmiðill sem berst í bökkum með fólk í brúnni sem er stöðugt í óvissu um framtíð sína. Þess vegna fagna ég því ef fjölmiðlum auðnast að styrkja fjárhagslega stöðu sína. Ég vil fara mjög varlega í því að hrófla við þeim grunni. Ég vil gera það að mjög yfirveguðu ráði vegna þess að ég held að mesta öryggið og aðhaldið gegn misnotkun á fjölmiðli liggi í tvennu. Í fyrsta lagi að vitað sé um eignarhaldið. Allt sem snertir eignarhaldið og allt sem snertir stjórnun sé opinbert, að það sé vitað. Í frv. er reyndar verið að styrkja þann þáttinn, í c-lið 1. gr. varðandi ljósvakafjölmiðlana, en það er hins vegar ekki gert varðandi prentmiðlana. Ég tel að við eigum að stíga það skref hugsanlega núna að setja lög sem geri fjölmiðlum skylt að upplýsa um eignarhald sitt. Ég held að það skipti miklu máli um aðhald utan úr þjóðfélaginu. Ég tel það vera lykilatriði.

Hitt atriðið sem gerir fjölmiðil sterkan og óháðan, jafnvel eiganda sínum, er eins og ég gat um áðan kröftugt starfsfólk sem býr við starfsöryggi. Ef til verður öflug fréttastofa á einkareknum miðli, jafnvel þótt hann búi við samþjappaðan eiganda, stóran, er ég ekki eins hræddur um þá fréttastofu og hina sem er mjög veikburða og þar af leiðandi auðvelt að hafa áhrif á.

Menn hafa rætt svolítið hvort setja eigi reglur og skilyrði til að vernda ritstjórn svo dæmi sé tekið. Ég hef miklar efasemdir um slíkt. Ég held t.d. svo ég taki annað dæmi eða samanburðardæmi, þegar menn hafa velt fyrir sér hvort úrskurður umboðsmanns Alþingis eigi að vera endanlegur, þá tel ég svo ekki vera. Ég tel hins vegar að hann eigi að vinna sér það traust í samfélaginu og trúverðugleika í stofnunum samfélagsins að tekið sé tillit til sjónarmiða. Reyndar er ég þeirrar skoðunar líka varðandi úrskurðarnefnd um jafnréttismál. Ég tel ekki að hann eigi að vera endanlegur. Slík stofnun eða slík nefnd á hins vegar að vinna sér traust í samfélaginu þannig að erfitt sé að ganga gegn slíkum úrskurði. Eins er það með fjölmiðlana, þeir verða að ávinna sér traustið, þá verða þeir sterkir. Við eigum ekki að smíða samfélag sem byggir á reglugerðum og eftirliti heldur á opnu lýðræði og aðhaldi frá almenningi.

Herra forseti. Ég ítreka að ég fagna þeirri umræðu sem er að kvikna í samfélaginu í tengslum við þetta lagafrv. Hún er mjög brýn og hún verður að fá að eiga sér stað.

[18:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var virkilega mikill munur á því að heyra ræðu hv. þm. og sjónarmið hans, hann tekur bersýnilega ekki eins og til að mynda talsmenn Samf. hráar skýringar auðhringsins sem á þessa fjölmiðla alla og flytur mál þeirra hérna inni algjörlega hrátt og gagnrýnislaust eins og við höfum öll orðið vör við. Það var ekki svo hjá hv. þm. sem síðast talaði og það er mikilsvert.

Ég vil hins vegar nefna það að hann segir að málið snerti grundvallaratriði. Ég tek undir með honum að það þarf umræður og byggja umræðuna á þáttum sem liggja fyrir. Frumvarp eins og þetta hefði út af fyrir sig verið hægt að leggja fram með venjulegri greinargerð. Sú er eiginlega venjan varðandi lagafrumvörp hér. Það er ekki gert. Það fer fram margra mánaða vinna og skýrsla er lögð fram sem almennt séð hefur verið tekið vel fyrir utan þá sem telja sig eiga að tala hér eingöngu máli Baugs. Þeir hnýta í skýrsluna. En almennt séð hefur skýrslunni verið tekið vel. Þannig að það er heilmikill grundvöllur til þess að byggja ákvörðun á.

Ég áttaði mig ekki á því við ræðu hv. þm. hvaða afstöðu hann ætlar að taka til þessa frumvarps. Mér urðu það vonbrigði að hv. þm. greiddi atkvæði gegn því að umræðan færi fram af því að hann vill umræðuna. Við stöndum frammi fyrir þessu frumvarpi núna. Við verðum hvort sem okkur líkar það betur eða verr að taka afstöðu til þess.

Gagnvart Ríkisútvarpinu þá hef ég aldrei haldið því fram að það eigi að veikja Ríkisútvarpið. Það er ekki hægt að finna þau orð eftir mér höfð, hygg ég, nema það verði þá farið langt aftur frá því að ég var mjög ungur maður. En ég hygg að ekki sé auðvelt að finna slík orð frá mér.

[19:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Er það ekki réttur skilningur hjá mér að landsfundur Sjálfstæðisflokksins hafi ályktað í þá veru að Ríkisútvarpið skuli gert að hlutafélagi? Og er það ekki réttur

skilningur hjá mér að innan Sjálfstæðisflokksins á Alþingi sé ríkur vilji til að fara þá leið? Er það ekki líka réttur skilningur hjá mér að uppi séu raddir um að skerða auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins? Er það ekki líka réttur skilningur hjá mér að það hafi komið fram hjá hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra að þeir ætli að beita sér fyrir því að afnotagjöld Ríkisútvarpsins verði afnumin og færð inn í annað form sem margir telja að gæti skert eða veikt fjárhagslega stöðu Ríkisútvarpsins? Er ekki hæstv. ráðherra sammála mér um það að allir þessir þættir séu í óvissu?

Um grundvallaratriðin sem þetta mál byggir á erum við sammála. Hvert er það grundvallaratriði sem skiptir mestu máli? Það er lýðræðið og það eru lýðræðisleg vinnubrögð. Er hæstv. forsætisráðherra ekki sammála mér um það að til þess að tryggja lýðræðislega umfjöllun um þetta mál, sem á síðan að taka á og standa vörð um lýðræði í landinu, þurfi að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð? Ég held að það sé rangt að líta þar á einhverja skýrslugerð eða greinargerð með þessu frumvarpi. Spurningin snýst um það að við sem hér erum inni og eigum að taka ákvörðun um þessi efni fáum tóm til að móta okkur upplýsta skoðun. Það gerum við ekki nema með samræðu við samfélagið, Blaðamannafélag Íslands og ýmsa aðila sem koma að þessum málum.

Þetta þykir mér vera grundvallaratriði í þessu máli. Ég kem að þeirri spurningu sem hæstv. ráðherra beindi til mín í síðara andsvari.

[19:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vagga lýðræðisins hvað okkur varðar er auðvitað hér.

Varðandi þetta mál var ég ekki að segja að skýrsla ein væri nægjanleg endilega. En það er þó örugglega til þess að auðvelda umræðuna að það er búið að kortleggja bæði innlend og erlend dæmi.

Til viðbótar þessu kemur það að við erum ekki að búa til séríslenskar reglur sem hvergi þekkjast. Við erum seinastir allra að fara inn á þessa braut. Það er ekki eins og við séum, eins og reynt er að setja fram til að mynda af hálfu Samfylkingarinnar, í einhverjum hefndarhug gegn einhverju fyrirtæki. Gerðu allir þeir sem settu reglurnar í Noregi, í Skandinavíu, í Evrópu og sem Evrópusambandið var að krefjast, það af hefndarhug? Eða er það bara ég sem geri þetta af hefndarhug? Þetta er málatilbúnaður sem hafður er uppi.

Auðvitað er það ekki þannig. Við erum síðust til þess að fara til þessara verka og við þekkjum reglurnar. Þess vegna er umræðan ekki eins flókin og ella væri.

Varðandi Ríkisútvarpið þá hafa menn talað um að breyta rekstrarskipulagsforminu í hlutafélag. Menn hafa ekki talað um að selja það hlutafé.

Í annan stað vil ég segja, af því að vitnað hefur verið í nýleg orð okkar, bæði mín og hæstv. utanríkisráðherra um afnotagjöldin: Ég er frelsisins maður en byggi það einnig á því að frelsi eins megi ekki ganga yfir frelsi annars. Það tengist þessu máli. Mér hefur alltaf fundist óþægilegt að við þurfum að hafa rukkunarvald fyrir Ríkisútvarpið sem gengur út á það að við getum lokað sjónvarpinu fyrir öðrum stöðvum til þess að innheimta afnotagjaldið. Þessi aðferð fer alltaf í taugarnar á mér. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki enn þá fundið kannski endilega þá aðferð sem við eigum að nota en ég er opinn fyrir því. Það er það sem ég hef verið að segja og ég hygg að hæstv. utanríkisráðherra hafi verið að gera það sama, án þess að ég ætli að fara að tala fyrir hans hönd.

[19:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Þarna fékk ég staðfestingu á því að það væri stefna Sjálfstæðisflokksins að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi á sama hátt og sami flokkur beitti sér fyrir því að Póstur og sími var gerður að hlutafélagi á sínum tíma. Sá sem situr hér fyrir aftan mig, hæstv. forseti þingsins, var þá samgönguráðherra landsins. Þá var talað um að Síminn yrði ekki seldur. Hann er kominn á sölulista núna eins og allar stofnanir sem gerðar hafa verið að hlutafélögum.

Það er þetta sem ég einmitt óttast, að það koma fram þessar yfirlýsingar. Það gerðist líka með ríkisbankana. Það á bara að breyta rekstrarforminu. En síðan vitum við náttúrlega hver niðurstaðan verður.

Spurt var hvað ég vildi gera núna á þessu stigi. Ég tel að það væri fyrir því samkomulag í þinginu og í þjóðfélaginu almennt að stíga fyrsta skrefið á þessu sviði, setja lög um upplýsingaskyldu um eignarhald á fjölmiðlum. Það tel ég að við eigum að gera núna. Ég er sannfærður um að þverpólitískur vilji er fyrir því í þinginu og í samfélaginu almennt. (**Forsrh.**: Það hefur enga þýðingu.) „Enga þýðingu," segir hæstv. ráðherra. Ég held það. Ég held að máli skipti aðhald frá almenningi sem byggir á slíkum upplýsingum, upplýst aðhald. Það skiptir máli. Það hefur vissulega þýðingu.

„Séríslenskar reglur," segir hæstv. ráðherra, að þetta séu ekki séríslenskar reglur. Við búum í séríslensku samfélagi sem heitir Ísland. Það er mjög lítið og allar aðstæður hér eru að mörgu leyti ósambærilegar við það sem gerist með stærri þjóðum. Þess vegna segi ég það að þegar til er orðin fjölmiðill sem hefur skapað sér sæmilega öruggar fjárhagslegar forsendur þá skulum við fara varlega í sakirnar.

Ég tel að aðhaldið á fjölmiðlamarkaði liggi í sterku Ríkisútvarpi, útvarpi í almannaeign.

[19:07]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson lagði mér þau orð í munn í ræðu minni hér í umræðunni um fjölmiðlaskýrsluna að ég hefði verið talsmaður þess að svipta Ríkisútvarpið auglýsingatekjum og hann tengdi ræðu mína jafnframt við þau tilteknu sjónarmið að veikja ætti Ríkisútvarpið en ekki að styrkja það.

Hv. þm. til upplýsingar vil ég fá að taka það fram að megininntakið í allri minni ræðu var þýðing þess fyrir menningarlega fjölbreytni að styrkja Ríkisútvarpið. Það var megininntakið í öllu því sem ég sagði við þessa umræðu. Hv. þm. er því að fara rangt með eða hann hefur misskilið ræðu mína, hafi hann fylgst með henni eða lesið hana.

Annað sem ég talaði um var að að mínu mati skipti rekstrarformið ekki öllu máli, mér fyndist það að stærstum hluta deilur um keisarans skegg. Það er hægt að styrkja Ríkisútvarpið sem stofnun, sem ég vil viðhalda eins og margir aðrir sem ríkisútvarpi faglega og fjárhagslega. En ég held að rekstrarformið skipti þar litlu máli.

Ég hafði líka orð á því að afnotagjöldin væru hugsanlega barn síns tíma vegna þess að þau miða við útvarpstækið sjálft, sjónvarpstæki sem menn ráða yfir. En nú er hægt að fylgjast með útsendingum sjónvarpsins á netinu og það væri hægt að huga að því að taka upp aðrar fjármögnunarleiðir, til að mynda nefskattsleiðina sem margir hafa bent á.

Um auglýsingatekjurnar sagði ég, með leyfi forseta:

„Ég tel þess vegna rétt að við aðgerðir til þess að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins til frambúðar verði leitað leiða til þess að milda eða draga úr áhrifum þess óhjákvæmilega inngrips í rekstrarumhverfi fjölmiðla sem mun leiða af lagasetningu um þau atriði sem lúta að eignarhaldi með því að stefna að því að draga Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði, eða a.m.k. að takmarka hlutverk Ríkisútvarpsins verulega á þeim markaði.“

Hv. þm. hefur mistúlkað orð mín eða fer rangt með þau, herra forseti.

[19:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Það var ekki meining mín að mistúlka orð hv. þm. En sannast sagna taldi ég mig skilja þau á nákvæmlega sama hátt og ég gerði núna þegar ég las frásögn af ræðu hv. þm. í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum, en þaðan hafði ég vitneskju mína. Ég var ekki viðstaddur þessa umræðu. En ég heyri ekki betur en hv. þm. sé að staðfesta að það eigi að stefna að því að taka Ríkisútvarpið út af auglýsingamarkaði. Ég skil ekki orðin á annan veg en þennan, það er til að milda áhrifin af þessu lagainngripi gagnvart þá væntanlega öðrum fjölmiðlum, ekki satt? Þeim eru reistar skorður, settar takmarkanir og til að milda áhrifin af því þá þurfi að draga úr auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins. Ég skil þetta þannig.

Ég ætla hins vegar að leggjast yfir þennan texta. Það er ekki meining mín að mistúlka orðin. Ef við erum í sama liði til að standa vörð um Ríkisútvarpið þá er það ekki nema hið besta mál, nema við erum það náttúrlega ekki að því leyti að hv. þm. Jónína Bjartmarz telur rekstrarformið ekki skipta neinu máli. Ég tel að það sé grundvallaratriði vegna þess, eins og ég sagði hér áðan, að eignarhaldið eitt sér kemur ekki eitt hér til álita heldur stjórnun, og rekstrarform segir okkur til um stjórnunina. Hlutafélagi er stýrt á annan hátt en stofnun í almannaeign.

[19:11]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst fá að geta þess að þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. áðan þá kom í ljós að við erum alla vega sammála um það atriði að eignarhald á fjölmiðlunum skiptir mjög miklu máli fyrir fjölbreytileikann og lýðræðislega umræðu, svo að ég get tekið undir það að um það erum við sammála og hugsanlega ýmislegt margt annað sem varðar frumvarpið sem hér til umræðu og ágæta skýrslu.

Ég sagði hins vegar ekki, herra forseti, að rekstrarformið skipti engu máli. Ég sagði að að mínu mati skipti það ekki öllu máli fyrir rekstrarlegar og fjárhagslegar forsendur Ríkisútvarpsins.

En orð mín varðandi auglýsingamarkaðinn má fyrst og fremst rekja til þess að menn hafa haldið því fram að með því inngripi inn í þá samþjöppun sem núna er á fjölmiðlamarkaðnum séu ekki rekstrarforsendur, ekki rekstrargrunnur lengur fyrir því að reka einkareknar sjónvarpsstöðvar. Hagsmunirnir sem við stefnum að eru að tryggja lýðræðislega umræðu og fjölbreytni. Ef raunin er hins vegar sú þá getum við alveg hugsað okkur að við leyfðum okkur að hafa þá framtíðarsýn að til lengri tíma litið tryggjum við samkeppnina við Ríkisútvarpið innbyrðis milli þeirra aðila sem reka ljósvakamiðlana með greiðari aðgangi þeirra og meiri hlutdeild á auglýsingamarkaði en verið hefur.

Samtök auglýsenda hafa fagnað Ríkisútvarpinu inn á auglýsingamarkaði vegna samkeppninnar við einkarekna aðila. En með breyttu fyrirkomulagi, þegar við erum búin að setja reglur sem takmarka eignarhald á fjölmiðlunum, þá er umhverfið bara annað. Ég leyfði mér, herra forseti, í ræðu minni hér um þessa ágætu skýrslu að hafa ákveðna framtíðarsýn um það hvaða breytingar þetta mundi fela í sér og hvernig við gætum hugsanlega brugðist við þeim, sérstaklega með það fyrir augum að tryggja áfram samkeppni á þessum markaði, meðal annars til hagsbóta fyrir neytendur og auglýsendur.

[19:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég mun koma upp í þessari umræðu síðar í kvöld og fara aðeins nánar í saumana á þessum málum. En hér er hv. þm. að staðfesta að með breyttu lagaumhverfi fjölmiðlanna þurfi að koma til móts við einkarekna fjölmiðla með því að draga úr auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

Árið 1989 var ég formaður nefndar sem samdi drög að frumvarpi um ný útvarpslög. Við fórum mikið í saumana á þessum málum, hvernig ætti að fjármagna Ríkisútvarpið. Niðurstaðan varð sú að ef dregið yrði úr auglýsingatekjum mundi það óhjákvæmilega hafa samdrátt í för með sér því að það væri mjög ólíklegt að samþykki fengist fyrir því á löggjafarsamkundunni að styrkja Ríkisútvarpið á annan hátt, með þá fjárveitingu úr ríkissjóði eða með því að hækka afnotagjöldin sem þessu nemur.

En nú er sem sagt verið að tala um að skerða tekjur Ríkisútvarpsins og þar með umfang þess. Það er þetta sem er meginhugsunin í mínu máli eða ég sé fyrir mér tvenns konar fyrirkomulag, annars vegar Ríkisútvarpið sem mótvægi einkarekinna fjölmiðla, og þess vegna mjög öflugra, og hins vegar lagaramma af því tagi sem við erum að ræða núna. En þá óttast ég að einmitt það muni gerast sem hv. þm. Jónína Bjartmarz er að boða. Þetta þurfum við að ræða miklu, miklu nánar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:15]

Varamaður tekur þingsæti.

[20:16]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá varaformanni þingflokks Samf., Kristjáni L. Möller, dagsett 3. maí:

„Þar sem Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n., getur ekki sökum veikinda sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Samf. í Reykv. n., Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525. [20:16]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Á íslenskum fyrirtækjamarkaði á síðustu árum hafa orðið gífurlega miklar breytingar. Það má með sanni segja að íslenskur fyrirtækjamarkaður standi á viðkvæmu þroska- og þróunarstigi. Fyrir þróuninni eru ýmsar ástæður og má fyrst nefna þær breytingar sem orðið hafa þar sem dregið hefur verið úr opinberum rekstri og einkaaðilar í vaxandi mæli tekið við rekstri sem áður var á hendi hins opinbera, rétt eins og hefur gerst víðast hvar í nágranna- og samkeppnislöndum okkar.

Önnur ástæða þess er sú að verðmætasköpun og velsæld hefur verið mikil í þjóðfélaginu og þar af leiðandi mikil verðmæti orðið til og um þau verðmæti hafa skapast fyrirtæki.

Eitt af því sem hefur leitt til þessa er m.a. að samkeppni hefur farið mjög vaxandi á hinum mikla íslenska fyrirtækjamarkaði og menn hafa brugðist við samkeppninni með ýmsum hætti, m.a. með þeim hætti að steypa saman fyrirtækjum í nafni hagræðingar með það að markmiði að styrkja samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja. Þetta hefur leitt til þess að fyrirtækjum á einstökum sviðum hefur fækkað og til hafa orðið samrunafyrirtæki, sum hver æðistór. Meðal annars vegna þessa hafa iðulega á hv. Alþingi og víðar í samfélaginu orðið heitar umræður um þróunina og þar hafa ekki síst ýmsir hv. þm. stjórnarandstöðunnar staðið fyrir utandagskrárumræðum, lagt fram fyrirspurnir og jafnvel þingmál önnur, þingsályktunartillögur, þar sem fjallað er um þessa þróun á hinum íslenska fyrirtækjamarkaði.

Hvaða hugsun skyldi vera á bak við þá umræðu og þær utandagskrárumræður sem snerta olíugeirann, tryggingageirann, fjármálageirann, samgöngumálin og þannig má áfram telja? Hvaða hugsun skyldi vera á bak við þann vilja sem hefur birst í því að einstakir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa ítrekað komið með utandagskrárumræður og fyrirspurnir? Rökin hafa verið þau að fákeppni sé óæskileg fyrir neytendur á Íslandi og að einstakir aðilar eigi ekki að hafa frjálsan aðgang að vösum almennings, að vösum neytenda, þeir eigi ekki að græða í skjóli fákeppni. Samkeppni eigi að veita aðhald, leiða til lægra vöruverðs, lægra verðs á þjónustu og þar fram eftir götunum, en slíkt gerir fákeppni ekki.

Undir þessi sjónarmið sem fram hafa komið í ítrekuðum utandagskrárumræðum á liðnum árum um þessi mál get ég tekið. Hins vegar vekur það athygli mína, frú forseti, að á síðustu missirum hefur verið heldur hljótt um Samf. hvað varðar fákeppni á einstökum sviðum og nefni ég sérstaklega matvörumarkaðinn. Hin æpandi þögn Samf. á því sviði hefur vakið athygli mína á síðustu missirum. Þá hlýtur maður að spyrja hvort allt sé í lagi á matvörumarkaðnum.

Ef við lítum yfir þann geira má segja að fyrir u.þ.b. tíu árum hafi verið um 20 aðilar að keppa á matvörumarkaði hérlendis. Enginn þeirra hafði stærri markaðshlutdeild en u.þ.b. 24%. Í dag, frú forseti, er einn aðili með yfir 50% af matvörumarkaði á Íslandi og Samf. þegir þunnu hljóði. Á því kann ég ekki skýringu og hefur vakið undrun mína.

Meðan einn aðili hérlendis er með um og yfir 50% á matvörumarkaði, sem er líklega einn mikilvægasti markaður í daglegu lífi fólks, má benda á til samanburðar að í Bretlandi og Þýskalandi er enginn aðili með meira en u.þ.b. 27%. Það sem meira er að stjórnarformaður BigFood Group matvörukeðjunnar í Bretlandi hefur lýst áhyggjum yfir því að stærsti aðilinn í Bretlandi, Tesco, er með 27% markaðshlutdeild og vekur það ugg og áhyggjur einstaklinga og fólks í Bretlandi.

Þar sem markaðshlutdeildin í Bretlandi og Þýskalandi er þannig að enginn er með meira en 27% virðist matvöruverð í Evrópu vera lægst miðað við þróun neysluvísitölu í löndum Evrópu. Hins vegar þar sem markaðshlutdeildin er á hendi færri aðila og risastórra aðila sem eru með yfir 27%–30% eru meiri sveiflur í verði og tilhneiging til hækkaðs verðs. Hvers vegna? Líklega vegna þess að þá verður samkeppnin minni.

Þegar einn aðili hefur þannig tögl og hagldir á einu markaðssviði má segja að viðkomandi aðili taki við hlutverki Verðlagsstofnunar sem hafði það hlutverk áður fyrr að gefa upp viðmiðunarverð. Einn drottnandi aðili á hvaða sviði sem er hefur í rauninni tekið við hlutverkinu með því að stýra verðlagi samkeppnisaðila, með því að hafa fullkomið tak á birgjum sínum og með því að kaupa upp og/eða drepa af sér samkeppnisaðila.

Þetta má telja, virðulegur forseti, eitt af brýnustu viðfangsefnum okkar, að koma á virkri samkeppni, ekki bara á matvörumarkaði heldur á hinum íslenska neytendamarkaði almennt vegna þess að það eru hagsmunir neytenda. Þetta eru staðreyndir sem ég nefndi af matvörumarkaði og þær skipta fólkið í landinu mest af öllu því allir þurfa að njóta matar.

Þegar við bætist að einn aðili, ein stór keðja, er með um og yfir 50% má líka bæta því við að sami aðili er drottnandi á ýmsum öðrum sviðum, hin mikla fyrirtækjasamsteypa. Þar má nefna fasteignasvið, byggingarvörur, lyfjasölu, farþegaflutning og ýmsar sérvörur eins og íþróttavörur, það má nefna vátryggingar og afþreyingu að ónefndum fjármálamarkaðnum eða brauðgerðinni. Allt er þetta gífurlega stór og mikil keðja sem er drottnandi á þeim sviðum sem íslenskir neytendur þurfa á að halda í sínu daglega lífi.

Þess vegna er eðlilegt að spyrja í tengslum við frv.: Hvers vegna skyldi ég vera að nefna matvörumarkaðinn, tryggingamarkaðinn og byggingarvörumarkaðinn í tengslum við frv. um fjölmiðla? Vegna þess að við hljótum að spyrja hvort eðlilegt sé fyrir íslenskan samkeppnismarkað að bæta fjölmiðlun í þessa stóru samsteypu.

Það er rétt að taka fram að að mínu mati hefur þetta ekkert með einstaklinga, einhverjar tilteknar persónur, að gera. Við erum að fjalla um prinsipp. Auðvitað virðum við dugmikla einstaklinga sem hafa haslað sér völl í atvinnulífinu en við erum að ræða um prinsipp, við erum að ræða um leikreglur sem lúta að því að skapa samfélag sem er neytendum hagstætt. Það getur varla, frú forseti, verið hollt fyrir samfélagið að stórar keðjur, hverju nafni sem þær nefnast, sem eru ráðandi á einstökum sviðum hins íslenska markaðar ráði jafnframt yfir fjölmiðlum og séu ráðandi á fjölmiðlamarkaði, vegna þess að fjölmiðlar eru eitt af grundvallaratriðum í lýðræðisumræðu og eitt af grundvallaratriðum lýðræðisins almennt. Það er ef til vill einn mikilvægasti þátturinn af öllum þeim atriðum sem ég hef talið upp. Það getur ekki verið vilji Alþingis, það getur ekki verið vilji einstakra þingmanna að vilja bæta fjölmiðlum inn í hinar risastóru samsteypur á hvaða sviði sem þær eru.

Um það snýst málið og einmitt á þeim forsendum, frú forseti, hafa verið sett lög á Alþingi með samþykki allra þingmanna ef ég man rétt. Við höfum sett lög um úthlutun

heimildar til reksturs ljósvakamiðla þar sem sett eru ákveðin lög með ákveðnum kröfum og ákveðnum fyrirvörum um með hvaða hætti eigi að úthluta heimildum til reksturs ljósvakamiðla og til hverra.

Ég lít svo á að með frv. sé einmitt verið að bæta samkeppnissjónarmiðinu inn í þau lög til að hindra að fákeppni verði jafnframt ríkjandi á öldum ljósvakans, á fjölmiðlamarkaðnum, rétt eins og hefur verið að gerast á öðrum sviðum hins íslenska neytendamarkaðar. Það hefur ekkert með einstaklinga að gera, frú forseti, það er hin almenna regla sem verið er að fjalla um.

Það er einmitt á þeim nótum sem Evrópuþingið hefur ályktað um málið og beint því til aðildarþjóða sinna, og frv. sem hér er til umfjöllunar og mikið er gert veður út af byggir einmitt á meginsjónarmiðum Evrópuráðsins. Það er á sömu nótum sem Mannréttindadómstóllinn í Strassborg hefur fjallað um málið og beint til aðildarríkja sinna. Það er á sömu forsendum sem þjóðþing einstakra Evrópuríkja og þjóðþing Bandaríkjanna hefur fjallað um málið og sett takmarkandi lög um fjölmiðla, vegna þess að menn vilja varðveita fjölmiðlana, menn vilja varðveita lýðræðið og halda uppi fjölbreytileika í fjölmiðlun. Fjölbreytileiki í fjölmiðlun nær jafnt til innihalds, dagskrárgerðar, ritstjórnar sem og til eignarhaldsins því það hangir mjög vel saman.

Þetta er með öðrum orðum gert á grundvelli hinna almennu sjónarmiða en ekki bundið við einstaklinga. Við hér á Íslandi getum ekki vikið okkur undan því þó þau sjónarmið hafi heyrst. Það er beinlínis rangt að stilla frv. upp eins og það sé til höfuðs einhverjum tilteknum einstaklingum, verið er að ræða um hina almennu reglu og um prinsippin. Það eru sömu prinsipp og þjóðir heims hafa verið að horfa á, eru að horfa á og munu horfa á. Það skyti skökku við ef við Íslendingar ætluðum að víkja okkur undan því á einhverjum annarlegum forsendum, líklega vegna þess að við séum svo sérstök sem við erum ekkert.

Það vill svo til, virðulegur forseti, því hér hefur oft verið nefndur einn ákveðinn einstaklingur, duglegur og mikill athafnamaður, að meira að segja hann hefur í merkilegu viðtali í Viðskiptablaðinu fallist á þau sjónarmið að mikilvægt og nauðsynlegt sé að takmarka drottnandi eignaraðild sömu aðila á fjölmiðlamarkaðnum. Hér stendur, með leyfi forseta: „Tilbúinn að fallast á fjórðungshlut í óbreyttum Norðurljósum."

Það er hvorki meira né minna en Jón Ásgeir Jóhannsson sem segir þetta, væntanlega vegna þess að hann er sammála því meginsjónarmiði sem liggur að baki frv., að það sé óhollt lýðræðisins vegna að þar myndist drottnandi aðili sem sé jafnt drottnandi á neytendamarkaði sem og á fjölmiðlamarkaði. (**ÖS:** Varstu ekki að tala um prinsipp?)

Það skýtur hins vegar skökku við, virðulegi forseti, af því að hinn virðulegi formaður Samf. kallar fram, að ég fæ ekki betur séð en fulltrúar Samf. hafi tekið U-beygju í málinu. Svo háttar til að ég er með á minnisblaði sem ég hef tekið saman mér til fróðleiks og undirbúnings fyrir umræðuna ýmsar yfirlýsingar virðulegra þingmanna Samf. um fjölmiðlamarkaðinn á síðustu árum. Ég sé ekki betur en að þau sjónarmið sem hafa verið kynnt á síðustu fimm árum — við þurfum ekki að fara lengra aftur í tímann — bendi til þess, miðað við þann tón sem nú heyrist í Samf., að hún hafi skipt um skoðun.

Hér segir hvorki meira né minna en hv. formaður Samf. 30. október 2001 m.a.:

„Eins og málin eru að þróast á fjölmiðlamarkaði í dag gæti það með vissum hætti styrkt aðra kima fjölmiðlamarkaðarins og það er nauðsynlegt til þess að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Hún er ekki nógu sterk í dag, m.a. út af því hvernig þróunin er á fjölmiðlamarkaðnum þar sem við sjáum að allt hnígur í átt að vaxandi samþjöppun."

Sami virðulegi formaður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, segir meira að segja 19. maí 2001:

„Þá er ekki bara blokkamyndun til staðar í atvinnulífinu heldur eru nýjar blokkir að hreiðra um sig m.a. í afþreyingariðnaði. Ég spurði hæstv. ráðherra áðan hvernig stæði á því að ekki er tekið á þeim iðnaði. Af hverju er t.d. ekki blokkarinnar í kringum Norðurljós að nokkru getið?"

Þetta segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson hinn 19. maí 2001.

Margrét Frímannsdóttir, eitt sinn talsmaður Samf., segir 19. nóvember 2003:

„Það hlýtur að vera hlutverk okkar á Alþingi að tryggja réttlátar og skýrar leikreglur hvað varðar fjölmiðla og fjölmiðlamarkaðinn rétt eins og aðra þætti. Það er okkar að móta leikreglurnar og hafa eftirlitið og annarra að vinna úr því. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum."

Þetta er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, líklega þáverandi talsmaður Samf., hinn 19. nóvember 2003.

Jóhanna Sigurðardóttir, virðuleg jafnréttisfrú Samf., segir á hinni mjög svo öflugu heimasíðu sinni 23. september 2002:

„Við jafnaðarmenn berjumst gegn samþjöppun valds og fjármagns sem leitt hefur til fákeppni í stórum atvinnugreinum."

15. ágúst 2002 segir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir:

„Þessi þróun" — þ.e. samþjöppunin — „er alvarleg ógn við heilbrigða samkeppni og gengur gegn almannahagsmunum."

Enn segir á þessari ágætu og kraftmiklu heimasíðu í pistli sem ber heitið „Tifandi tímasprengja", 31. júlí 2002:

„Þá tímasprengju sem nú tifar verður að aftengja. Örfáar stórar valdablokkir gífurlegra sterkra fjármagnseigenda ráða orðið öllum helstu atvinnugreinum í landinu."

Í Morgunblaðinu segir sami þingmaður, frú Jóhanna Sigurðardóttir, 20. apríl árið 2000:

„Fákeppni og samþjöppun valds er líka að verða meira áberandi í fjölmiðlastarfsemi sem er vissulega mjög varhugavert fyrir lýðræðið og eðlilega skoðanamyndun í landinu."

Áfram úr smiðju Samf. Guðmundur Árni Stefánsson, virðulegur þingmaður og fyrrverandi blaðamaður segir:

„Það gefur augaleið að ritstjórnarstefna þessara fjölmiðla tekur beint og óbeint mið af eigendum sínum, ekki með beinum hætti endilega heldur einfaldlega með markaðslegum sjónarmiðum."

Síðan segir Ásta R. Jóhannesdóttur árið 1996:

„Ég held að það væri vænlegast fyrir ríkisstjórnarflokkana báða að huga að stefnumótun þessarar ríkisstjórnar í fjölmiðlamálum.

Það er sannarlega þörf á skýrum reglum um rekstur ljósvakamiðla hér á landi ..." og þar fram eftir götunum.

Jafnframt segir sami hv. þm. árið 1995:

„Það ber einnig að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki því að það er augljóst að slík tenging hefur bein áhrif á tjáningarfrelsið."

Virðulegur forseti. Ég skil ekki hvers vegna hv. þm. Samf. leggjast gegn því frv. sem hér er til umræðu vegna þess að það byggir á almennum sjónarmiðum til þess að varðveita það að hér geti starfað sjálfstæðir, öflugir fjölmiðlar án þess að vera háðir ofurvaldi einhvers eins risastórs aðila. Samf. gengur meira að segja það langt að hún greiðir atkvæði gegn því að málið komi til umræðu og fái eðlilega vinnslu í nefnd. Þess vegna fæ ég ekki betur séð en að virðulegir fulltrúar Samf. hafi beinlínis tekið U-beygju. Af er sem áður var þegar Samf. kom reglulega hingað upp til þess að vara við þróun á íslenskum neytendamarkaði þar sem hún taldi tilhneigingu til fákeppni vera orðna of einkennandi fyrir hinn íslenska fyrirtækjamarkað. Ég fæ ekki betur séð af málflutningi Samf. en að hún styðji fákeppni á sviði fjölmiðlamarkaðar og af *því hef ég, frú forseti, töluverðar áhyggjur.*

[20:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var fróðlegt að heyra hv. þm. Framsfl. tala um prinsipp og U-beygjur. Hvar eru prinsipp Framsfl. í málinu? Framsfl. hefur ekki einu sinni sjálfstæðan vilja í málinu, hann tekur beinlínis við forskriftinni beint úr Stjórnarráðinu. Hv. þm. Hjálmar Árnason ætti að sjá sóma sinn í því að rifja frekar upp fyrir hv. þingheimi þær afstöður sem Framsfl. hefur áður haft í þessum efnum. Þær hafa allar gufað upp. Það er ekkert eftir af þeim.

Hv. þm. Hjálmar Árnason las upp úr ræðu minni. Hann ætti kannski að reyna að rifja upp af hvaða tilefni hún var flutt. Hún var flutt þegar það lá fyrir skýrsla um gríðarlega samþjöppun á matvörumarkaði og það var rökstuddur grunur um að menn hefðu misneytt þá afstöðu.

Ég tók málið upp í þinginu. Hverjir mótmæltu því? Ráðherrar Framsfl.

[20:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hélt að ég þyrfti ekki að rifja það upp fyrir hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Íslands, að þegar ríkisstjórn flytur frv. verða þau til í Stjórnarráðinu og berast hingað inn.

Hv. þm. spyr um prinsipp Framsfl. í málinu. Þau eru ósköp skýr og ég var að reyna að reifa þau í ræðu minni. Prinsippin eru þau að það má ekki vera fákeppni á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Við viljum sjá samkeppni, við viljum sjá íslenska fjölmiðla blómstra og þeir munu ekki blómstra ef hér verður fákeppni. Hættan á fákeppni er fyrir hendi ef stórir eignaraðilar drottna á fjölmiðlamarkaði, ég tala ekki um ef sömu aðilar drottna á almennum neytendamarkaði.

Ég hef ekki tíma til að segja mikið meira við hv. þm. annað en að hafi hv. þm. verið áhyggjufullur árið 2002 um þróun íslensks fjölmiðlamarkaðar ætti hann að vera angistarfullur í dag miðað við söguna.

[20:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Angist mín þessa stundina stafar öll af Framsfl. og hvernig hann hefur lekið niður og orðið viljalaust verkfæri í höndum hæstv. forsrh.

Mér er mætavel kunnugt um hvernig frv. verða til, en ég hef aldrei vitað fyrr að í einni ríkisstjórn séu tveir flokkar og formaður annars flokksins kemur ekki að því að semja frv. Það umdeilda frv. sem hér er til umræðu var samið undir handarjaðri hæstv. forsrh. og einskis annars. Hæstv. utanrrh. sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 30. apríl að hann hefði vitað að frv. væri á leiðinni.

Virðing hæstv. forsrh. fyrir samstarfsflokki sínum er ekki meiri en sú að hann lætur ekki einu sinni flokkinn koma að því að semja frv. Hann kynnir ekki skýrsluna fyrr en sama dag og frv. kemur fram og átti þó frv. að byggjast á skýrslunni.

Hvað heitir þetta? Þetta heitir að vera viljalaust verkfæri.

[20:40]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hjó eftir því að virðulegur formaður Samf. svaraði engum athugasemdum um fyrri ræður sínar og þann viðsnúning sem hann hefur tekið í málinu. Þær áhyggjur sem hann hafði 2002 virðast hafa gufað upp með öllu.

Frumvarpið er flutt í nafni ríkisstjórnar og Framsfl. stendur heils hugar að baki frv. *(Gripið fram í.)* Hvers vegna? Vegna þess að það byggir á fjölmiðlaskýrslu og fjölmiðlaskýrslan byggir m.a. á sjónarmiðum Evrópuráðsins. Þess vegna stendur Framsfl., eins og Sjálfstfl., heils hugar á bak við það.

Um það að lyppast niður. Ég veit ekki hvernig samskipti hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og fyrrverandi félaga hans í ríkisstjórn voru en ég kannast ekki við að framsóknarmenn lyppist niður. Þá er hv. þm. að lýsa eigin reynslu og er játning hans og ég virði það við hann.

[20:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. „Á sjónarmiðum Evrópuráðsins", sagði hv. þm. Þá ætla ég að biðja hann að skýra fyrir mér hverjir af þessum þáttum eru tryggðir í frv. hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar.

Það er talað um fjölbreytni í skýrslunni á síðu 69 í frumvarpslíkinu. Þar er þetta sagt um fjölmiðlafjölbreytni, með leyfi forseta:

„Segir að átt sé við fjölbreytni í framboði fjölmiðla, sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis, að því er varðar sjónarmið og skoðanir, sem aðgengileg séu almenningi. Í tilmælunum er leitast við að tryggja þessi markmið, þ.e. fjölbreytni í uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins og því efni sem þeir miðla til almennings. Þá er áréttað að mikilvægustu efnisþættir hugtaksins séu annars vegar pólitísk fjölbreytni og hins vegar menningarleg."

En í frv. er aðeins á ákaflega kauðalegan, þunglamalegan og kjánalegan hátt sem á eftir að fara illa með fjölmiðlana hér á landi minnst á eignarhaldið. Hvar er virðingin fyrir tilmælum Evrópuráðsins? Þetta er 1999 sem ég er að tala um.

[20:42]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er engu líkara en að hv. þm. Mörður Árnason hafi ekki áttað sig á því að frv. lýtur að eignarhaldi. Það er eins og hv. þm. hafi ekki kynnt sér það sem Evrópuráðið beinir til aðildarríkja sinna og eins og hv. þm. hafi ekki fylgst með því sem verið er að gera í öllum ríkjum hins vestræna heims a.m.k., þar sem verið er að takmarka eignaraðild á fjölmiðlum.

Hvers vegna eignarhaldið sem útgangspunktur? Vegna þess að eignarhaldið og starfsemin eru náskyld. Sá sem á fjölmiðil hefur ógnartak á fjölmiðlinum. Það er reynsla flestra þjóða og þess vegna grípa þjóðir til þess að takmarka

eignaraðild til þess að hún verði dreifð og fleiri sjónarmið en eins aðila komist að. Það er grundvöllur málsins. Ég hélt að hv. þm. væri búinn að gera sér grein fyrir því.

[20:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég held að í skynsamlegri umræðu, rólegri og yfirvegaðri, værum við hv. þm. Hjálmar Árnason miklu meira sammála en hér lítur út fyrir.

Það er háttur Framsfl. í ríkisstjórn að sveigja sig að því að vera í ríkisstjórninni, það er markmið númer eitt að vera í ríkisstjórninni og njóta þeirra kosta sem kjötkatlarnir gefa. Þetta er kjötkatlaflokkur. Það má til sanns vegar færa með þeim hætti að bera ummæli hv. þm. — af því að verið var að lesa úr ræðum áðan — saman við ummæli fulltrúa Framsfl. í umræðunni 1995, með leyfi forseta:

„Það hefur verið þannig í íslenskri fjölmiðlun og er nú orðið svo að þrír stórir aðilar eru í fjölmiðlum á Íslandi. Það er Íslenska sjónvarpsfélagið og Frjáls fjölmiðlun, það er Morgunblaðið og það er Ríkisútvarpið. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að samkeppni sé ekki fullnægt meðan menn hafa þá stefnu að reka hér ríkisútvarp og ef menn standa almennilega að því.“

Þetta var hv. þm. Jón Kristjánsson. Hann sagði allt annað í dag vegna þess að ríkisstjórnarþátttakan var í veði, vegna þess að kjötkatlapólitíkin blífur í Framsfl.

[20:45]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Hér kom djúpur sálgreinir og fór yfir stöðu mála á ríkisstjórnarheimilinu eins og hann hefði verið fluga á vegg inni á ríkisstjórnarfundum. En ég hygg að þó að máttur hv. þm. Marðar Árnasonar sé mikill þá viti hann lítt um hvað gerist þegar okkar ágætu ráðherrar ræða saman.

Ég endurtek það, ef hv. þm. hefur ekki náð því áðan, að hér var birt fjölmiðlaskýrsla, afskaplega vönduð skýrsla og málefnaleg. (**MÁ:** Hefurðu lesið hana?) Ef hv. þm. reynir einu sinni að hlusta þá get ég sagt honum að á grundvelli þessarar skýrslu var samið frumvarp. Ríkisstjórnarflokkarnir standa heils hugar að þessu frv. og eru sammála því meginprinsippi sem þar ríkir.

Hins vegar gildir annað um hv. þm. Hann er í því liði sem hefur fallið frá því að hafa áhyggjur af fákeppni á fjölmiðlamarkaði. Það er umhugsunarefni.

[20:46]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hv. þm. Hjálmar Árnason flytja ræðu sína. Ef ég hef talið rétt þá er hann annar óbreytti stjórnarþingmaðurinn sem flytur ræðu í kvöld um þetta frv. forsrh.

Manni skilst af ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar að reyna eigi að telja þjóðinni trú um að hér trampi 68 stígvél stjórnarliða í takt á hinni grýttu braut sem efalaust bíður stjórnarliða, þeirri grýttu braut sem forsrh. hefur varðað fyrir þá til að þetta frv. nái fram að ganga.

Mig langar til að spyrja Hjálmar Árnason að því og vona að hann svari því hreinskilnislega: Er full eining og sátt um þetta frv., ekki bara í þingflokki Framsfl. heldur líka hjá flokksmönnum almennt? Það væri gaman að fá að heyra álit hans á því.

[20:47]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þó að Framsfl. sé ekki mjög stór þá er hann þó það stór að erfitt getur verið að gera sér grein fyrir skoðun allra flokksmanna. Nú kann að vera að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson tali af þeirri reynslu að hann geti í einum snarsnúningi hringt í félagsmenn sína, flokksbundna félaga í Frjálsl. (**MÞH:** Ég er í góðu sambandi við mína flokksmenn.) Þótt Framsfl. sé ekki mjög stór þá er erfitt að ná í alla flokksmenn og spyrja þá um skoðun þeirra á þessu máli.

Ég dreg ekki í efa að í röðum framsóknarmanna megi finna einhverja sem hafi efasemdir, sérstaklega þegar málið hefur verið blásið upp og afbakað í umræðunni, t.d. hér í dag, eins og raun ber vitni. Hins vegar held ég að það sé einfaldast að svara hv. þm. með því að við skulum spyrja að leikslokum. Mál koma fram, þau fá umræðu og síðan eru þau afgreidd með atkvæðagreiðslu. Spyrjum að leikslokum.

[20:48]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé full ástæða til að staldra við og segja: Við skulum spyrja að leikslokum í þessu máli.

Ég tel að hér sé ríkisstjórnin að gera mjög stór og afdrifarík mistök og í þann veginn að fara fram með frv. sem verður mjög óvinsælt, ekki bara í þingsölum heldur líka meðal þjóðarinnar. Ég tel að þetta frv. verði upphafið að ferli sem ég tel að geti orðið mjög varasamt. Hér er farið út í mjög vandasama hluti að illa ígrunduðu máli. Ég held að það hljóti að vera mikið umhugsunarefni fyrir báða stjórnarflokkana, þingflokka beggja stjórnarflokkanna, að þessi mál skuli einmitt ekki hafa verið krufin til mergjar í flokkum þeirra.

Ég mundi a.m.k. ekki vilja fara út í það fúafen sem mér sýnist stjórnarflokkarnir vera að fara út í núna, án þess að hafa rætt þetta mál mjög vandlega í flokki mínum. Þótt hann sé ekki stór þá hefði ég gefið mér lengri tíma en örfáar vikur til að ræða þetta mál til hlítar, áður en ég færi með það hingað.

[20:49]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Ég hygg að um sé að ræða misskilning hjá hv. þm. Hér er ekki farið fram í fljótræði, eins og margsinnis hefur komið fram. Frumvarpið byggir á mjög vel ígrundaðri skýrslu og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. hafi lesið hana. Hún hefur fengið góða umfjöllun, er afskaplega fagleg. Hún vísar í samþykktir alþjóðasamfélagsins, til þróunarinnar á fjölmiðlamarkaði hér og erlendis og þá held ég að hv. þm. sjái að við erum ekki á leiðinni út í fúafen heldur erum við á þeirri braut að vilja verja íslenska fjölmiðlun og lýðræðisumræðu í íslensku samfélagi.

Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að það sé leið í fúafen þá er það væntanlega vegna þess að hann hefur ekki áhyggjur af stöðu fjölmiðlanna. Honum finnst þá eðlilegt að hér sé fákeppni ríkjandi á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Um það erum við hv. þm. einfaldlega ósammála. Ég trúi á að þar eigi að vera dreifð eignaraðild. (**MÞH:** Ekki gera mér upp skoðanir.)

[20:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. þm. að hann hefði miklar áhyggjur af samþjöppun og hlutleysi fjölmiðla. Í framhaldi af því langaði mig að spyrja hv. þm. hvort hann hefði ekki áhyggjur af því að nú hefði sami flokkur, Sjálfstfl., farið með stjórn í menntmrn. í 18 af rúmum 20 árum og þar með haft talsverð áhrif á sjónvarpið. Mig langaði að spyrja

hann hvort hann teldi að þetta gæti haft áhrif á hlutleysi ríkissjónvarpsins.

Í framhaldi af því, vegna þess að hann hafði miklar áhyggjur af fákeppni, væri fróðlegt að vita hvort hann telur að Stöð 2 og Sýn hafi markaðsráðandi stöðu.

[20:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið þessa spurningu. Hér er annars vegar borin saman fákeppni á hinum frjálsa markaði og hins vegar stjórnskipun, lýðræðislegar kosningar o.s.frv.

Hv. þm. talar um að Sjálfstfl. hafi setið um hríð í menntmrn. Mér finnst hann gera afskaplega lítið úr starfsfólki Ríkisútvarpsins, miðað við þær ályktanir sem hann dregur af því. Hins vegar er ólíku saman að jafna. Annars vegar eru lýðræðislegar kosningar þar sem eru úrslit sem ber að virða. Sjálfstfl. var með 33% fylgi, svo að ég rifji það upp fyrir hv. þm., og Framsfl. því miður ekki með nema um 17%. Við getum hins vegar ekki fjallað um fákeppni á atvinnumarkaði og borið saman við kosningar til Alþingis Íslendinga. Ég skil ekki á hvaða leið hv. þm. er.

[20:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég skil hv. þm. rétt þá telur hann að það hafi engin áhrif á efnistök sjónvarpsins hvernig menn eru ráðnir til stofnunarinnar, að sami flokkur hafi farið með stjórn menntmrn. í 18 ár af 21. Mér finnst það undarlegt að hann trúi því að það hafi ekki haft nein áhrif.

Hv. þm. tók hins vegar upp sjónarmið Evrópuráðsins. Það væri fróðlegt að heyra í framhaldinu hvort hann telur að við ættum að líta til Evrópuráðsins varðandi tilmæli um að opinbera bókhald flokkanna. Nú hefur Framsfl. lokað bókhald. Það er ótrúlegt að flokkar sem kenna sig við lýðræði skuli leyna fyrir kjósendum sínum hverjir greiða í flokkssjóði. Mér finnst verðugra viðfangsefni fyrir okkur, sem erum lýðræðislega kjörnir, að upplýsa um hverjir hafi greitt í kosningasjóði. Það væri fróðlegt að fá að heyra álit hans á því. Er það ekki verðugra verkefni?

[20:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Nú ber illa við. Áðan var verið að bera fákeppni á fyrirtækjamarkaði saman við úrslit kosninga. (**Sigurjþ:** Nei.) Nú er völlurinn stækkaður og farið að tala um kosningasjóði og mér ætlað að svara því á innan við einni mínútu.

Hafi hv. þm. ekki áttað sig á því, af því að hann spurði hvort ég teldi að Sjálfstfl. hefði ekki haft áhrif þann tíma sem hann hefur stjórnað menntmrn., þá held ég að menn séu almennt í stjórnmálum til að hafa áhrif. Ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. stæði ekki á sama ef Sjálfstfl. hefði engin áhrif haft á þróun menntamála síðustu árin. Til þess eru menn í stjórnmálum.

Það kann vel að vera að hv. þm. sé í stjórnmálum til að hafa engin áhrif en koma bara upp annað slagið og rífa kjaft, eins og það heitir á góðri íslensku.

En af því að hv. þm. vísar í Evrópuráðið þá vil ég að það komi fram að ég er mjög stoltur af því að þetta frv. byggir á skýrslu fjölmiðlanefndar sem hefur skírskotun í Evrópuráðið. Ég er stoltur af því að taka þátt í vinnu sem byggir á samþykktum Evrópuráðsins.

[20:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi máls míns tel ég rétt, vegna ummæla hæstv. forsrh. fyrr í dag um þann sem hér stendur, að endurtaka nokkuð af því sem ég sagði nýlega í umræðu um hina svokölluð fjölmiðlaskýrslu, með leyfi forseta.

Þar sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. forseti. Það vill svo til að sá sem hér stendur stóð að þáltill. um starfsumgjörð fjölmiðla sl. haust sem var rædd 2. desember ásamt fleiri þingmönnum. Fyrsti flm. að þáltill. var hv. varaþingmaður Vinstri grænna, Álfheiður Ingadóttir. Ég ætla að leyfa mér að vitna í nokkuð sem ég sagði undir þeirri umræðu í upphafi máls míns, en meginefni þáltill. hljóðaði upp á að skipa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla og hræringa á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og hvort huga þurfi að sérstakri lagasetningu eða aðgerðum til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi. Síðan skipaði hæstv. menntmrh. nefndina sem skilaði af sér þeirri skýrslu“ — sem við vorum þá að ræða. Síðan vitnaði ég í ræðu mína frá 2. desember 2003.

„Ég tel það mjög eðlilegt, virðulegi forseti, að í fyrsta lagi sé algerlega skýrt og liggi fyrir og megi jafnvel setja um það lög að það skuli vera opinbert hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma. Ég held að við hljótum að gera kröfu til þess til að geta dregið ályktanir af því ef okkur sýnist svo hvernig eignarhaldi fjölmiðla er fyrir komið.“

Þetta var fyrra atriðið sem ég vildi láta koma fram. Ég vitna síðan aftur í ræðu mína frá 2. desember 2003, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillagan fjallar m.a. um það að huga eigi að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstrar hér á landi. ... Ef starfshópurinn eða nefndin sem sett verður á laggirnar kemst að þeirri niðurstöðu að þörfin sé brýn, þá að sjálfsögðu komi menn fram með tillögur í þá veru. Það liggur í hlutarins eðli. En það er alls ekki sjálfgefið af efni tillögunnar að hún sé beinlínis forskrift að lagasetningu. Hún er miklu frekar forskrift að því að skoða gaumgæfilega hvernig starfsemi fjölmiðla fer fram hér á landi og hvernig eignarhaldi á þeim er fyrir komið.“

Í niðurlagi ræðunnar sagði ég, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég held að sú till. til þál. sem við ræðum nú um að skoða eignarhald og starfsemi fjölmiðla, hvernig því er varið í framtíðinni, sé af hinu góða og það sé ágætt fyrir okkur að fara í gegnum það. Ég tek það hins vegar fram, virðulegi forseti, að það er ekki sjálfkrafa ávísun á það að við setjum fram stíf eða ströng lög um þetta efni en vel kann þó að vera að það verði niðurstaðan.“

Þetta var meginefni ræðu sem ég flutti í tilefni af þáltill. sem ég flutti ásamt öðrum þingmönnum um að kanna stöðu fjölmiðla á landinu í byrjun desember á sl. ári. Hæstv. forsrh. gerði hana að umtalsefni í dag og taldi, ef ég skildi orð hans rétt, að mín afstaða væri verulega breytt frá því sem verið hefði. En svo er ekki.

Ég hygg að þingmenn Frjálsl. séu því hlynntir að skoða starfsemi fjölmiðla hér á landi en það er ekki sjálfkrafa ávísun á eða samþykki fyrir því að setja þau lög sem það frv. sem hér er til umræðu býður upp á.

Þingmaður Frjálsl., Sigurjón Þórðarson, lagði til á fundi með forseta þingsins í dag að starfstími þingsins yrði ákveðinn, að hann væri t.d. í einn mánuð til viðbótar. Ekkert var ákveðið um framhaldið á þeim fundi svo mér sé kunnugt um.

Þegar umræðan hófst var einnig spurt áður en greidd voru atkvæði um afbrigði hvaða starfstíma þinginu væri ætlað til vinnslu málsins. Við því fengust engin skýr svör. Þess vegna lögðust þingmenn stjórnarandstöðunnar gegn þeim afbrigðum sem átti að veita. Við vildum að vel yrði vandað til verksins og frv. er að mínu viti ekki ásættanlegt, hæstv. forseti.

Ýmislegt í frv. vekur furðu og hægt að tengja við það sem fram kemur í fjölmiðlaskýrslunni en annað er ekki hægt að tengja við hana. Maður spyr: Er skynsamlegt að leggja upp með frv. eins og það er í pottinn búið, að aðilar sem með einhverjum hætti eru með markaðsráðandi stöðu í einhverri starfsemi megi ekki eiga krónu í útvarpsfjölmiðlun og það megi ekki vera sömu eignabönd á milli útvarpsfjölmiðla og blaðaútgáfu? Þetta er ein af þeim spurningum sem við hljótum að spyrja og velta fyrir okkur hvort það teljist sanngjarnt miðað við tillöguna eins og hún liggur fyrir í frv.

Það hlýtur líka að verða að spyrja þeirrar spurningar hvort uppsetningin á 1. gr., einkanlega a-liðnum, teljist eðlileg eins og hún er sett fram. Að fyrirtæki, þó þau eigi markaðsráðandi stöðu í einhverri starfsemi hér á landi, megi ekki eiga nokkurn hlut í fjölmiðlum. Einnig er áleitin spurning hvort tvö ár séu eðlilegur aðlögunartími í því sambandi þegar ætlast er til þess að fyrirtæki sem nú eiga í frjálsri fjölmiðlun hér á landi fari algjörlega út úr þeirri starfsemi. Ég tel að slík umgjörð í lagasetningu sé ekki ásættanleg og ekki eðlileg framsetning á málinu.

Ef niðurstaða manna við yfirferð og skoðun á málinu verður sú að nauðsynlegt sé að breyta eignarhaldinu verulega frá því sem nú er tel ég að í fyrsta lagi þurfi lengri aðlögunartíma og í öðru lagi sé órökrétt að banna fyrirtækjum, þó stór séu og markaðsráðandi, að eiga aðild í útvarps- og sjónvarpsrekstri. Mér finnst að skoða þurfi vandlega hvaða reglur menn ætla að setja í því sambandi og ítreka að eins og frv. er fram sett tel ég það óásættanlegt og of harkalega að verki staðið og hef að mínu mati ekki fengið sannfærandi rök fyrir því að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki með neinum hætti eiga í útvarpsrekstri.

Þar að auki hlýtur að verða að gera þá kröfu, ekki síst í ljósi þeirra ummæla sem m.a. hæstv. forsrh. hafði í kosningabaráttunni þegar verið var að tala um breytt fyrirkomulag í stjórnun sjávarútvegsins og um breytingar á fiskveiðistýringunni með fimm ára og upp í 15 ára aðlögun að þetta væri stórhættulegt og mundi setja allt í þjóðfélaginu á annan endann. Í frv. er hins vegar talað um að það megi ganga til gjörbreytinga á eignarhaldi með tveggja ára fyrirvara.

Ég tel að tíminn verði í fyrsta lagi að vera lengri og í öðru lagi tel ég óeðlilegt að mönnum sé algjörlega ýtt út úr atvinnurekstrinum. Varðandi útfærslu á þessum atriðum væri spurning hvort trappa mætti þetta niður og á lengri tíma. Ég teldi miklu ásættanlegra að stór og öflug fyrirtæki mættu eiga allt að 30% í útvarpsfyrirtæki og að hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis væri 15% eða 10%.

Við nánari skoðun á frv. er þar fjöldamargt sem stangast hvert á annars horn. Útvarps- eða sjónvarpsfyrirtæki má eiga vikublað og netmiðil, jafnvel svæðisútvarp en hin pólitíska útvarpsréttarnefnd, eins og segir í e-lið 1. gr.:

„Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum a- og b-liðar ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.“

Sem sagt, ef hljóðvarpið er á landsvísu er eignarhaldið bannað, en ef það er á ákveðnu landsvæði má víkja frá þessum skilyrðum. Pólitísk nefnd, útvarpsréttarnefnd, á að samþykkja að víkja megi frá skilyrðunum. Það er því ekki fortakslaust að stórfyrirtæki megi samkvæmt þessu eiga í útvarpsrekstri en hann þarf að vera svæðisbundinn og menn þurfa að fá þá afgreiðslu með undanþáguákvæði frá útvarpsréttarnefnd, eins og frv. er upp sett.

Ég held að fjöldamargt þurfi að skoða í málinu. Það er ekki hægt að tala um það með þeim hætti sem hér er upp sett, um það verður ekki sátt. Þar með er ég ekki að segja, hæstv. forseti, að ekki megi ná einhverri lendingu um eignarhald á fjölmiðlum og einhverri takmörkun í kringum það. Því höfum við alls ekki hafnað í Frjálsl. enda vorum við meðflytjendur að þáltill. um þetta efni. Það hefði kannski verið meiri sátt um málið ef hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar hennar hefðu tekið þá þáltill. sem var rædd í byrjun desember og gert hana að sinni, skipuð hefði verið pólitísk nefnd fulltrúa allra þingflokka og farið hefði verið öðruvísi í þá vinnu en gert var og haft samráð við m.a. Blaðamannafélag Íslands og fleiri aðila. Þá værum við kannski nær því að lenda málinu en núna.

Niðurstaða mín, hæstv. forseti, er sú að það þurfi góðan tíma til þess að vinna málið og að við eigum að taka okkur tíma til þess. Þess vegna vorum við á fundi með hæstv. forseta þingsins að leggja til ákveðinn starfstíma á þessu vori ef vinna ætti málið nú til enda, og að það lægi ljóst fyrir áður en veitt yrðu afbrigði hvaða tíma menn ætluðu sér til verksins. En í hvorugu tilfellinu fengust ákveðin svör.

Síðan var mér sagt, ég heyrði það ekki sjálfur, að í fréttum í kvöld hafi hæstv. fjmrh. látið þess getið að hann hefði áhuga á því að koma inn með skattalagabreytingar. Ég sagði í Kastljósi í sjónvarpinu fyrir örfáum dögum að e.t.v. lægi mönnum ekki svo mikið á með frv. í þinginu, að menn væru kannski að vinna sér tíma miðað við framlagningu þess, því frv. var fyrst lagt fram í fjölmiðlum. Það var lagt fram í Morgunblaðinu, kynnt þar sérstaklega og kom tveimur dögum síðar inn í þingið. Þetta var ágiskun mín vegna þess hvernig mér fannst menn fara í málið, því það hefði verið hægt að ræða frv. samhliða fjölmiðlaskýrslunni og flýta þannig eitthvað fyrir. En það var greinilega ekki ásetningurinn. Það skyldi þó ekki vera, hæstv. forseti, að mönnum gengi það til að vinna sér tíma með frv. og ef svo er fer maður að skilja ýmislegt í samhengi málsins.

Eins og ég sagði áðan held ég að við ættum að gefa okkur góðan tíma í málið. Ég skil ekki hvers vegna á að hraða málinu núna á vordögum. Það liggur fyrir, bæði miðað við þá tillögu sem var flutt í byrjun desember, eins og ég gat um áður, og einnig miðað við tillögu sem Samf. hefur kynnt, að það er vilji allra til að skoða málin, en menn eru ekki sammála þeirri málsmeðferð sem ríkisstjórnin leggur upp með og þarf kannski engan að undra miðað við hvernig málið er fram sett.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það sé ágætt að taka þessi mál til umræðu. Skýrslan sem var lögð fram er að mörgu leyti ágætlega unnin og ágætisupplýsingaplagg til að byggja á, en það er fjöldamargt annað sem við hefðum viljað ræða í sambandi við málið. Það hefði t.d. verið mjög nauðsynlegt að mínu viti að ræða um upplýsingaskyldu um eignaraðild að fyrirtækjum, gegnsæi þess.

Ég held að það sé líka mjög nauðsynlegt að taka inn í umræðuna um frv., og vonandi verður það rætt af skynsemi í hv. nefnd, stöðu ritstjórna og blaðamanna gagnvart eigendum sínum, að reyna að tryggja þeim betri og öruggari

starfsvettvang þannig að þeir geti mætt þrýstingi, ef upp kemur, frá eigendum sínum og eigi þar ákveðinn varinn rétt.

Það er líka mjög mikilvægt að ræða um útvarp og netmiðla og hvernig sú þróun er að verða. Við getum spurt okkur að því hvaða tökum við náum utan um útvarps- og sjónvarpsrekstur þegar litið er til þeirrar tækni að hægt er að senda allt efnið um gervihnött. Hvernig ætla menn að taka á því? Hafa menn velt því fyrir sér?

Málið er því mjög víðfeðmt og mörg atriði sem þarf að skoða. Þess vegna er það eðlileg krafa sem stjórnarandstaðan hefur sett fram í umræðunum að menn taki sér góðan tíma í málið. Það væri eðlilegt að vinna málið vel og vandlega í sumar og koma aftur að því á haustdögum. Ég sé ekki að það sé neitt sérstakt að fara á hliðina varðandi fjölmiðla í landinu, fjölmiðlaflóran hefur verið fjölbreytt. Ég hef ekki séð að í fjölmiðlum sé gengið þannig á svig við — hvað við eigum að segja — sannleikann að eingöngu sé verið að snúa út úr því sem ríkisstjórnin hefur flutt eða sett fram. Ríkisstjórnir fá ákveðið aðhald frá fjölmiðlum og eiga að fá það. Við fáum það reyndar allir þingmenn og sérstaklega ráðherrar og getum ekkert verið að kveinka okkur undan því.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég segja að við erum að tala um atvinnurekstur í landinu, fjölmiðlastarfsemin er atvinnurekstur. Lagaumgjörð um fjölmiðlana er ekki ein og sér takmörkuð, hún hefur áhrif á aðra atvinnustarfsemi í landinu. Það hlýtur að þurfa að líta til þess að það sem við aðhöfumst gagnvart fjölmiðlum getur haft áhrif á annan atvinnurekstur.

Mér finnst líka afar einkennilegt að sá einstaklingur sem vill eiga í útvarpsrekstri þurfi nánast að gera það upp við sig fyrir fram hvort hann vilji eiga í einhverju öðru fyrirtæki. Ég er ekki sammála þeim sjónarmiðum sem sett hafa verið fram í frv. og tel að það sé mikið verk óunnið við að lenda því. Ég er jafnframt sannfærður um að verði verkið vel og vandlega unnið megi ná miklu betri lendingu í málinu og miklu viðtækari lendingu en það frv. sem ríkisstjórnin ætlar sér að keyra í gegn.

[21:15]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er oft erfitt að átta sig á málflutningi Frjálslynda flokksins í þingsal. Fyrr í dag þegar málið var tekið á dagskrá talaði hv. þm. Sigurjón Þórðarson og mæltist til þess að þinghaldið yrði lengt fram á sumar og málið klárað á þessu þingi. Nú kemur formaður Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, og leggur til að málið verði rætt í sumar og afgreitt í haust. Það væri ágætt að heyra hver afstaða flokksins er eða hvort menn séu mjög ósammála um þetta.

Ég vildi hins vegar ræða um till. til þál. sem hv. þm. sem hér talaði flutti ásamt öðrum fyrir áramótin. Þar var lagt til, með leyfi forseta, að skipa nefnd sem kannaði eftirfarandi atriði:

„... hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila ... hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta ... löggjöf og starfsskilyrði fjölmiðla í nálægum löndum með hliðsjón af markmiði nefndarstarfsins.“

Nú liggur fyrir frv. sem tekur mið af öllum þessum þáttum. Það er að heyra á hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að það sé fyrst og fremst málsmeðferðin sem hann sættir sig ekki við, að ekki hafi verið fallist á að skipa einhverja nefnd með þátttöku stjórnarandstöðunnar til að komast að þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Hv. þm. hælir skýrslunni sem fylgir frv. Formaður nefndarinnar sem vann skýrsluna hefur sagt að frv. byggi á skýrslunni. Hann hælir því starfi. Hann stendur fyrir tillögu fyrir áramót þar sem fjallað er um alla þá þætti sem koma fram nú og blasa við í þessu frv. en sættir sig ekki við málsmeðferðina.

Hæstv. forseti. Þetta finnst mér ómálefnaleg afstaða.

[21:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi tímann og hvort skoða eigi málið yfir sumartímann. Það er rétt að við lögðum fram tillögu á fundi með forseta um hvort hægt væri að fá upp gefið eða hvort fá mætti umræðu á fundi þingflokksformanna um hvort þinghaldið stæði til mánaðamóta maí/júní. Við því fengust lítil viðbrögð. Vonandi getur hæstv. forseti þingsins greint betur frá þeirri umræðu.

Stjórnarandstaðan, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon m.a., spurði sérstaklega um hverjir starfshættirnir ættu að vera á þessu vori áður en hér var kosið um afbrigði. Við því fengust ekki skýr svör og ég hygg að stjórnarandstaðan hefði metið það við atkvæðagreiðslu um afbrigðin á hvern veginn það svar lá. Hins vegar fengust engin skýr svör um það.

Í ræðu minni áðan sagði ég að ég sæi ekki að allt væri að fara á hliðina út af rekstri fjölmiðlanna að undanförnu, þess vegna sæi ég ekki að það lægju þau lífandis ósköp á að afkasta þessu nú á þessu vori, það væri ekkert að fara á hliðina. Þess vegna mætti taka sér tíma og vinna málið vel. Ég sagði einnig að ef það yrði gert þá teldi ég að um málið mætti ná miklu betri sátt en stefnir í nú, miklu betri sátt. Það er eins og hv. stjórnarliðar hafi ekkert með neina sátt að gera og vilji enga sátt í málinu. Það á bara að keyra áfram á þeirri merinni sem sett var undir þetta mál. Það er nákvæmlega þannig. Afstaða okkar er skýr að þessu leyti.

Varðandi þáltill. þá liggur algerlega fyrir að við vildum kanna þetta mál gaumgæfilega. Ég tók það fram og held að fleiri ræðumenn hafi tekið það fram í umræðunni í desember að það væri ekki fyrir fram ávísun á lagasetningu.

[21:19]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var undarlegt svar hjá hv. þm. Það fengust ágætissvör við því í dag þegar málið var tekið á dagskrá að hér yrði málið afgreitt og þinghald lengt ef á þyrfti að halda. Það var skýrt svar sem hæstv. forsrh. lagði fram enda var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að spyrja hvort málið yrði lagt fram til kynningar eða afgreiðslu og fékk svar við þeirri spurningu.

Það er merkilegt að hv. þm. skuli tala með þeim hætti sem hann gerir og gefa í skyn að ekki þurfi með hraði að bregðast við þeirri miklu samþjöppun sem orðið hefur á fjölmiðlamarkaði. Hann telur að nægur tími sé til þess að ræða málið. Mér heyrist rauði þráðurinn í svari hans vera sá að ríkisstjórnarmeirihlutinn geti ekki lagt þetta mál fram nema hann nái sátt við stjórnarandstöðuna fyrst. Það er mjög einkennilegur málflutningur.

Stjórnarliðar þurfa ekki að ná neinni sátt við stjórnarandstöðuna til að leggja fram lagafrv. Stjórnarflokkarnir hafa lagt fram lagafrv. sem grundvallað er á mjög faglegri skýrslu

sem unnin var af fagfólki og tók talsverðan tíma. Mikil gögn liggja þar til grundvallar. Skýrslunni hefur verið hælt, frv. byggir á henni og er í anda þeirrar þáltill. sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson flutti fyrir örfáum vikum. Hann er nú hlaupinn á brott frá því sjónarmiði.

[21:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er afar erfitt að eiga tal við þingmenn Framsfl. um þetta mál, a.m.k. þann hv. þm. sem síðast var í ræðustól. Hann virðist ekki hafa skilið það sem ég sagði áðan um hvaða málsmeðferð ég teldi eðlilegasta og besta í þessu máli. Hann skilur ekki þau orð mín að það væri betra að það lægi fyrir ákveðinn tími til að vinna þetta verk, hvort menn væru að tala um 20. maí eða 1. júní. Hann áttaði sig ekki heldur á því að hægt væri að vinna þetta mál í sumar og koma með það tilbúið í miklu betri sátt inn í þingið á haustdögum.

Ég skil vel þau orð hv. þm. að það sé ónauðsynlegt að ná nokkurri sátt um mál. Við höfum séð afgreiðslu ríkisstjórnarflokkanna á hverju einasta máli. Það er nánast valtað yfir alla.

[21:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Norðvest. Guðjón A. Kristjánsson er vanur að tala sjómannamál og hugsar í skipum og öldugangi. Það er út af fyrir sig ágætt. Tími er honum líka framarlega á tungu. Hann talaði um að taka þurfi tíma til að vinna þetta verk. Ekki liggur ljóst fyrr hvaða verk hann ætlar að vinna. Hann segir að fjölmiðlarnir séu ekkert að fara á hliðina. Ekki átta ég mig heldur á því hvað hann meinar þar, sérstaklega þegar hann bætir því síðan við að nauðsynlegt sé að ná betri lendingu. Það er kannski hægt að vera úti svolítið lengur ef allt er ekki að fara á hvolf.

Ég átta mig heldur ekki á því hvaða afla þessi skip sækja sem hann hugsar svona mikið um. Það lýtur auðvitað líka að hinu, að enginn skilur hvaða verk hv. þm. vill endilega vinna. Þess vegna langar mig til að spyrja hann einfaldrar spurningar til að reyna að fá samhengi í ræðu hans: Telur hv. þm. óæskilega samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlum?

[21:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já. Það má eiginlega svara því játandi, að það er hægt að finna því stað að óheppileg samþjöppun sé í fjölmiðlum með sama hætti og ég tel óheppilega samþjöppun á eignarhaldi í sjávarútvegi, þar sem tíu fyrirtæki eiga kvótann og gera hina að leiguliðum. Með sama hætti tel ég að eignasamsetning í bankakerfinu sé orðin óheppileg hér á landi, þar sem tiltölulega fáir aðilar ráða öllu á þeim markaði. Hið sama má segja um olíufélögin og tryggingafélögin, sem var verið að tala um í dag. Það er mjög margt sem hefur farið úrskeiðis í þessu þjóðfélagi á undanförnum árum, hæstv. forseti.

[21:24]

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Ég er mjög ánægður með að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson skuli í sátt gefa þá yfirlýsingu að hann sé þeirrar skoðunar að það sé óæskileg samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum. Það skýrir þá skoðun hans að við höfum verk að vinna til að draga úr hinni óheppilegu samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum. Það skýrir það enn fremur, þegar hann talar um að ná lendingu í þessu máli, að hann á við að ríkið þurfi að grípa inn í til að draga úr þeim óæskilegu áhrifum sem slík óæskileg samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum hefur.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. tali, eins og hann gerir oft öðrum þræði, sem gamall verkalýðssinni og hugsi auðvitað um það með hvaða hætti hann geti komið launþegum og almenningi til góða. Við skulum jafnframt hafa í huga þá miklu sérþekkingu sem hv. þm. hefur á kjörum fólks úti á landi sem líka skýrir að hann skuli með þessum orðum sínum leggja áherslu á að hér sé óheppileg samþjöppun í fjölmiðlun. Þetta er einmitt atriði sem við þurfum að glöggva okkur á og skýrir um leið, svo ég bæti inn í, það sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundar Jónassonar, í dag. Hann hefur líka áhyggjur af þeirri óæskilegu samþjöppun sem verið hefur í fjölmiðlun hér á landi. Hann lagði að sínu leyti mjög ríka áherslu á að ef til vill mundi nægja eða að a.m.k. væri fyrsta skrefið til að mæta henni að styrkja Ríkisútvarpið meira en gert hefur verið. Ég er að vísu ósammála honum um að það sé nægjanlegt en hann leggur áherslu á þennan þátt málsins. En þar með liggur það fyrir að fjórir stjórnmálaflokkar af fimm eru sammála um að óæskileg samþjöppun sé á fjölmiðlamarkaði.

Á hinn bóginn liggur líka fyrir að fimmti stjórnmálaflokkurinn, Samf., er því fullkomlega andvígur og telur að ekki sé ástæða til að hrugga neitt við þeirri samþjöppun sem þar hefur orðið. Ég vil líka sérstaklega minna á að þetta þarf ekki að koma svo mjög á óvart ef við höfum í huga hverjir hafa eignarhald á þessum fjölmiðlum. Það eru einmitt þeir sömu aðilar og varað var svo sterklega við, í Borgarnesræðunum báðum, að við mætti hrugga.

Það er auðvitað ánægjulegt að hér skuli kominn inn á Alþingi sá stjórnmálaleiðtogi sem sérstaklega hefur borið fyrir brjósti hagsmuni þessarar fyrirtækjasamsteypu Baugs og Jóns Ólafssonar. Hún getur þá með öðru skýrt hugmyndir sínar um æskilega þróun á smásölumarkaði og æskilega þróun á fjölmiðlamarkaði hin síðustu missirin. Mér finnst mjög þarft að fá þau sjónarmið skýrt fram. Auðvitað gerum við, sem um þetta ræðum og berjumst fyrir því að hér verði settar nokkrar hömlur á slíka samþjöppun valds, okkur grein fyrir því að þeir sem mest eiga þar í húfi berjast sterklega gegn því sem við erum að gera. Í því sambandi er líka eftirtektarvert að sjá og heyra þegar þingmenn Samf. tala um það hér að þeir óttist mjög að engir verði til þess að reka Stöð 2 ef Baugur hættir því.

Nú skulum við líta á hvaða augum Jón Ásgeir Jóhannesson lítur á Stöð 2 að þessu leyti. Í viðtali við Jón Ásgeir í Viðskiptablaðinu var hann spurður: Skiluðu innlendar fjárfestingar Baugs hagnaði á síðasta ári? Þá svaraði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Já. Fyrirtækið skilaði um 9 milljörðum í hagnað og 2–3% af því kemur úr innlendri starfsemi," segir hann. 2–3% af 9 milljörðum eru um 180–270 millj. kr. Ef við á hinn bóginn horfum til þess hvaða hagnað þessi reyndi viðskiptajöfur telur hægt að hafa af Stöð 2 þá svarar hann, með leyfi forseta:

„Þegar spurt er hvar er hægt að spara í í Norðurljósum er svarið alltaf fréttastofan. Þar eru um 200 millj. Möguleikarnir sem við sáum í þessu voru að byggja upp fyrirtæki sem hefði 1.000–1.200 millj. rekstrarhagnað fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og ætti von á sparnaði upp á 300–400 millj. á næstu 2–3 árum. Þannig var hægt að búa til ágætt félag."

Þetta er mat Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á því hvaða arðsemi hægt er að ná út úr Stöð 2. Þegar við horfum á þessar niðurstöður, þegar við gerum okkur grein fyrir því að hann telur að hann geti haft meiri sparnað, meiri nettóhagnað af Stöð 2 einni en af allri innlendri starfsemi Baugs, þá skiljum við um leið að það eru staðlausir stafir, í þessu ljósi, að *það sé vafi á því að einhverjir aðrir muni hafa áhuga* á rekstri Stöðvar 2 og Bylgjunnar. Hér er beinlínis sagt að þessi fyrirtæki séu mjög arðvænleg ef rétt er að rekstri þeirra staðið.

Á hinn bóginn vekur það líka athygli sem þessi ágæti viðskiptajöfur segir þegar hann hótar með hinu orðinu, með því að segjast sjá fram á að ef frv. af þessu tagi verði að lögum muni einungis rekin ein fréttastofa í sjónvarpi, ríkisfréttastofa, einungis þessi eina fréttastofa. Þetta fellur ekki saman við það sem hann segir á öðrum stað. Hann segist geta haft 300–400 millj. kr. nettó upp úr krafsinu en einungis kosti 200 millj. kr., segir hann, að reka fréttastofuna, þ.e. sá sparnaður mundi hljótast af því að leggja hana niður.

En það er annað hjá þessum ágæta viðskiptajöfri sem við skulum hyggja að í þessu samhengi. Það er að í raun og veru er hann að gefa í skyn að fréttastofa Stöðvar 2 sé rekin með samlegðaráhrifum við fréttastofu Fréttablaðsins og fréttastofu DV. Þá erum við einmitt komin að þeim kjarna málsins sem fram kemur hjá Evrópuráðinu og hjá þeim mönnum sem vilja hugsa *frjálst og óháð*, sem hugsa um að í gegnum fjölmiðlana sé hægt að fá túlkun og frásögn af því sem er að gerast á hlutlægan hátt, þ.e. að fréttastofa á hverjum fjölmiðli sé sjálfstæð og öðrum óháð. Á þetta hefur verið lögð svo mikil áhersla í Ríkisútvarpinu, og af stjórnmálamönnum fram til þessa, að mér er ekki kunnugt um að einum einasta stjórnmálamanni hafi dottið í hug að bæta rekstur Ríkisútvarpsins með því að reka saman fréttastofu sjónvarps og útvarps. Hér sjáum við eins og þetta er túlkað hér, nema þarna sé eitthvað sem maður sér ekki við fyrsta lestur af því að maður er ekki viðskiptajöfur, gefið í skyn að þetta eigi allt að reka saman.

Ef maður reynir að lesa blöðin og hlusta á Stöð 2, á hvernig fréttir eru túlkaðar þegar mikið liggur við þar sem *hagsmunir Baugs eru, þá vitum við* að blærinn er sá sami og myndbirtingin í þessum þremur fjölmiðlum svipuð. Með þessu er ég ekki að segja að ég sé á móti því að Fréttablaðinu eða DV sé beitt af mikilli óskammfeilni. Ég hef langa reynslu í blaðamennsku og geri mér grein fyrir því að smátt og smátt glöggva lesendur sig á því ef einhver fjölmiðill kemur fram æ ofan í æ með sömu messugjörðina og reynir að stinga ofan í hlustarkokið á fólki einhverju sem hlustarkokið vill ekki kyngja. Ég óttast því ekki svo mjög að þessir tveir fjölmiðlar, DV og Fréttablaðið, muni þegar til lengdar lætur verða svo skoðanamyndandi að úrslitum ráði. En ég vek athygli á að mér vitrari menn, eins og í Evrópuráðinu og á ýmsum öðrum stöðum, leggja upp úr því að frjáls fréttaflutningur sé grundvallaratriðið í almennum mannréttindum lýðfrjálsra þjóða. Þeir ætlast til þess að lýðfrjálsar þjóðir tryggi það, m.a. með því að setja reglur um eignarhald fjölmiðla. Þetta liggur fyrir. Þegar hv. þingmenn Samf. koma og reyna að lesa upp úr skýrslu nefndarinnar aðrar staðreyndir en ég hef sagt frá þá er með því verið að drepa málinu á dreif. Það er *kjarni málsins*. Þá er verið að drepa málinu á dreif.

Nú skulum við athuga einn hlut. Nú geta menn auðvitað sagt, sem trúa og treysta Samkeppnisstofnun: Já, við skulum bara láta Samkeppnisstofnun um þetta. Hún sér um það. En það er hvergi gert vegna þess að samkeppnislögin eru fyrst og fremst viðskiptalegs eðlis. Þau geta aldrei tekið á hlutum eins og frjálsum fréttaflutningi, huglægum hlutum eins og frelsi og öðru slíku. Það er af þeim sökum sem hvarvetna er sagt að það verði að setja frekari tryggingu þegar fjölmiðlar eiga í hlut. Þetta vitum við öll sem hér erum inni. Við vitum öll að við viljum ekki of sterkan einhliða áróður.

Hver hefðu svörin orðið ef við hefðum spurt þingið fyrir tíu árum, fyrir átta árum, fyrir fjórum árum: Er einhver þingmaður hér inni sem mundi hika við að rétta upp hönd með því að sá smásöluaðili sem er með 30–50% af allri smásölu í landinu og kannski með 30–50% af *öllum auglýsingunum* í sínum höndum, hafi ofurvald í eign sinni á meiri hluta fjölmiðlanna? Hefði Kvennalistinn fagnað því sérstaklega að láta einhverja karla hafa þetta allt í sínum vösum? (**ISG:** Þeir eru það.) Var það stefna Kvennalistans á sínum tíma? Það var ekki stefna Kvennalistans. Ég skal ekki fara út í það hvernig þær konur sem ég tek mest mark á hafa gert grein fyrir því að þær hugsjónir og sá flokkur og sá kvennalisti var eyðilagður.

Horfum til þeirra manna sem hafa verið að predika sósíalisma og annað í þá áttina og þá getum við spurt: Hvernig stendur á því að þeir leggja sérstakt kapp á það að gerast talsmenn þess að tveir eða þrír einstaklingar eigi, ofan á það að bera ægishjálm yfir alla aðra í smásölunni, líka að ráða *meiri hluta á fjölmiðlamarkaði*? Hvernig hafa menn geð í sér til að halda slíku fram? Hvernig hafa menn það?

Svo tala menn um það hér að tryggja eigi ritstjórum og blaðamönnum frelsi gagnvart eigendunum með einhverri löggjöf. (Gripið fram í.) Menn segja þetta með englasvip og blá augu. Mér dettur stundum í hug að þeir hafi æft sig heima áður en þeir komu upp í pontuna, horft á sig í spegli og sagt: Við skulum setja lög um að eigendur allra fjölmiðlanna skipti sér ekki af því hvað blaðamennirnir skrifa.

Það er hálfbroslegur pistill sem hér er verið að flytja.

Tökum annað dæmi. Ég man ekki betur en að hver á fætur öðrum úr gamla Alþýðuflokknum — sumir tóku meira að segja stökk yfir í nýjan flokk áður en þeir komust í Samf. — hafi haldið því fram að það skipti höfuðmáli og öllu máli að hér skuli vera samkeppnislög. Við skulum passa upp á samkeppnina, hafa þeir sagt. Förum fjögur ár aftur í tímann, halda menn að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefði flett upp í einkamálgagni lyfsala til að fá þaðan fréttir um það hvort lyfjaverð væri hæfilegt í landinu? Dettur einhverjum hv. þm. *í hug að sami hv. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, hefði flett* upp í ársskýrslu kjötsala hafi hún velt fyrir sér kjötverðinu? Ætli það sé ekki best að eftirlitið sé í höndum þeirra sem eiga að fylgjast með? Ætli við vitum það ekki öll að við tökum ekki mark á Fréttablaðinu, DV eða Stöð 2 þegar þessir fréttamiðlar, eins og þeir eru skrifaðir, eru að tala um það hvort samkeppni sé rétt og sönn á smásölumarkaði? Ég held að hver einasti þingmaður, jafnvel líka þeir sem hefðu trúað á blað lyfsala, séu sammála mér um að frjáls fjölmiðlun sé forsendan fyrir því að fólk geti treyst útvarpi og því sem í blöðum stendur. Hér er ekki stigið lengra en svo að það á að takmarka eignarhald á sjónvarpi vegna þess að ljósvakafjölmiðlarnir eru áhrifamestu fjölmiðlarnir og það er þess vegna sem við þurfum að taka á þeim fyrst, og vonandi er það nóg.

Í þessum umræðum öllum er eitt sem mér hefur þótt mjög leiðinlegt og satt að segja óhuggulegt. Það var ekki fyrr byrjað að ráðast á Ríkisútvarpið fyrir óheiðarleika í Bónusfjölmiðlunum en sá sami tónn bergmálaði hér í þingsölum

frá þingmönnum Samf., ekki væri hægt að treysta Ríkisútvarpinu og sjónvarpinu. Þar væru þættir og þar væru menn sem væru hallir undir ríkisstjórnina. Hið sama heyrðist frá Frjálsl.

Nú vitum við auðvitað að menn geta haft deildar meiningar um heiðarleika þeirra manna sem vinna í Ríkisútvarpinu. Er samt ekki lágmarkskrafa að biðja hv. þm. sem eru að verja Baugsveldið um að hlífa þeim og sýna þeim nokkra kurteisi? Ekki hafa þeir neitt til saka unnið.

Að síðustu vil ég aðeins minna á að Þorbjörn Broddason segir í viðtali við Fréttablaðið, með leyfi forseta: „Hann telur hins vegar eðlilegt að gjalda varhuga við sterkri stöðu Baugs, bæði á matvöru- og fjölmiðlamarkaði, en hugsanlega ætti að beita öðrum úrræðum ef vilji sé til þess að draga úr þeim.“ Nú getur enginn maður borið þessum manni það á brýn að hann sé einhver sérstakur vinur okkar sjálfstæðismanna, eins og hann hefur talað. Hér segir hann þó beint og afdráttarlaust að við skulum gjalda varhuga við því að sami aðilinn skuli hafa svo sterka stöðu á matvörumarkaði og fjölmiðlamarkaði og staðfestir með því þann ótta og þann kvíða sem við höfum borið í brjósti. Það er ekki hægt að koma hér upp og tala eins og ekkert af þessu sé fyrir hendi sem ég hef verið að lýsa. Við vitum að þessi ógnvænlega samþjöppun á sér stað og það er skylda Alþingis gagnvart því fólki sem hér býr og gagnvart frjálsri hugsun að bregðast við og það munum við gera nú á þessu vori.

[21:44]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Mér þykir nokkuð langt seilst hjá hv. þm. sem hér talaði síðast að telja alla þá í landinu bandamenn sína sem gjalda varhuga við því að stórt fyrirtæki eins og Baugur eigi svo mikið í Norðurljósum og svo mikið í fjölmiðlamarkaðnum sem raun ber vitni. Það hafa margir sagt það. Ég skal segja það hér hv. þingmanni til ánægju og gleði að ég geld varhuga við. Ég tek líka mark á því sem Baugur sjálfur segir um það, og tel að við eigum að virða þá menn sem þar sitja þess að þeir standi við orð sín, um að þeir ætli með þetta fyrirtæki á markað eftir að þeir hafa verið að stokka það upp og reyna að bjarga því.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þm.: Hvar var hans frelsishugur og hin mikla barátta fyrir lítilmagnann þegar Ísfilm átti að verða til, þegar Stöð 2 eignaðist þriðjung í DV 1995, þegar Morgunblaðið og Stöð 2 ætluðu að rugla saman reytum sínum 1995–1997 og þegar DV og Skjár 1 runnu saman eða ætluðu að renna saman 2000–2003? Hvar var hv. þingmaður þá?

[21:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljós ánægju yfir því að þessi þingmaður Samfylkingarinnar skuli hafa eins og ég áhyggjur af óæskilegri samþjöppun og eignarhaldi í fjölmiðlum. Ég vona að hv. þm. dragi af því réttar ályktanir.

Hann var að spyrja hvar ég hefði verið þegar erfiðlega gekk rekstur ýmissa fjölmiðla. Við vitum alveg að miklar umbyltingar hafa orðið á fjölmiðlamarkaði nú á síðustu missirum. Eftir því sem Baugur hefur styrkt stöðu sína sem afgerandi sterkasti aðilinn á smásölumarkaði, sem er með flestar auglýsingarnar, og eftir ýmislegt annað sem þar gerðist þá urðu fyrirtæki gjaldþrota og það voru miklir erfiðleikar. En eins og ég sagði þá hefur forstjóri Baugs lýst því yfir hvernig hann telur stöðuna núna og hann telur að hún sé mjög björt.

[21:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er auðvitað sorglegt að hinn forni ritstjóri Íslendings og mikilvirki blaðamaður á flokksblöðum hér á öldinni sem leið skuli kunna aðeins eitt ráð við sjúkdómi í fjölmiðlun og það er að höggva. Það er nefnilega hægt að lækna. Það er hægt að fara hinar mildari leiðir sem Páll Þórhallsson m.a. tekur til í gær í Morgunblaðsgrein sinni. Það eru þær mildari leiðir, það eru þær vægari leiðir sem við höfum lagt til hér samfylkingarmenn sem Páll telur ríki skylt að gera grein fyrir hvers vegna séu ekki farnar áður en höggvið er. Ég biðst undan því frá hv. þingmanni og félögum hans að vera hér kenndur við eitthvert Baugsveldi. Ég þekki ekki neinn í Baugi. Það eina sem ég geri er að kaupa hjá þeim matvörur, skyr og mjólk, í búðinni hjá þeim á Laugaveginum. Það er ókurteislegt að láta svona, sérstaklega þegar um jafnmikla kappa í lagasetningu og hagsmunatengslum er að ræða og hv. þingmann og flokksbræður hans.

[21:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara vegna ókunnugleika hv. þingmanns þá var ég nú lengur blaðamaður á Morgunblaðinu heldur en ritstjóri Íslendings þó hvort tveggja væri gott og skemmtilegt svo hv. þingmaður svona sér til tilbreytni geti nefnt eitthvert annað blað en Íslending. Hann getur þá kannski nefnt tvö blöð líka.

Ég ítreka það sem ég áður sagði að mér þykir vænt um að hann skuli nú hafa lýst því yfir að hann telji þessa samþjöppun hættulega. Honum er það auðvitað ljóst að ekki er hægt að draga úr óæskilegri samþjöppun nema með því að draga úr henni. Það er einmitt það sem lagt er til hér með þessu frumvarpi.

[21:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti helst skilja á orðum hv. þm. að eignarhaldið skipti öllu máli til að fá hlutlausar fréttir og að best bæri að eignarhaldið væri ríkisins á fjölmiðlum. Hann lýsti yfir hneykslun á þeim orðum okkar frjálslyndra að við höfum efast um hlutleysi Ríkisútvarpsins í einu og öllu. Fyrir því eru gild rök, m.a. þau að sami flokkurinn hefur farið með stjórn þessa ráðuneytis, menntamálaráðuneytis, í 18 af 20 árum. Við höfum séð fingraför Sjálfstæðisflokksins. Það var t.d. ekki hægt að ráða ákveðna manneskju með öll tilskilin próf, Helgu Völu Helgadóttur, einungis vegna þess, eftir því sem fréttir herma, að maðurinn hennar hafði starfað fyrir ákveðið stjórnmálaafl, Vinstri græna. Við höfum séð það í Frjálslynda flokknum að borgarfulltrúi okkar er ekki með í umræðuþáttum, í Kastljósinu t.d. Þetta eru okkar rök.

[21:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú þakkað það 100 ára afmæli ráðherradóms á Íslandi að ég fékk að fara í Kastljósið. Að öðru leyti vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé sammála formanni sínum um að hér á landi sé óæskileg samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlum?

[21:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það ég sem er í andsvörum, hv. þm. Ég vil spyrja út í ræðuna af því hún var athyglisverð. Honum var tíðrætt um ákveðinn viðskiptajöfur. Það mátti helst skilja

á ræðunni að lagafrumvarpinu væri beinlínis beint gegn þessum ákveðna manni vegna þess að hann hefði misnotað sína fréttastöð. Mér finnst þetta staðfesta í raun þann grun sem uppi er í þjóðfélaginu, að lagafrv. sem við erum nú að ræða snúist einungis um persónulegan ágreining. Hæstv. forsrh. hefur horn í síðu þessa ákveðna manns og virðist vera að beina Alþingi til að koma höggi á hann.

[21:51]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort þessi hv. þm. hefur lesið það viðtal sem er við forstjóra Baugs í Viðskiptablaðinu (Gripið fram í.) 30. apríl. Hann segir einmitt hér, með leyfi forseta:

„Ég held að það sé ekkert endilega hollt að menn eigi meiri hluta í fjölmiðlum, þ.e. fjölmiðlum sem eiga fréttastofur."

Það kemur því alveg skýrt fram hér að forstjórinn gerir sér grein fyrir því að völd sömu samsteypunnar mega ekki verða of mikil í fjölmiðlum, sérstaklega ef þeir reka fréttastofur. Hann hefur sína mælistiku á það hvar mörkin liggi. Ég hef aðra mælistiku en hann. En hann viðurkennir að þessi hætta sé fyrir hendi. (**Gripið fram í:** En hvað með sama flokkinn?)

[21:52]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá dásamlegi kafli í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals sem laut að áhrifum eigenda á fjölmiðla er auðvitað giska góð lýsing á því hvernig Sjálfstfl. hefur beitt sér gagnvart Ríkisútvarpinu. En hv. þingmanni stoðar ekki að vitna til Evrópuráðsins því Páll Þórhallsson lögfræðingur hefur í Morgunblaðinu gert ágæta grein fyrir málinu undir fyrirsögninni: Helgar tilgangurinn meðalið? Enda er málið þannig að þessum lögum er beint gegn einu fyrirtæki og einu fyrirtæki aðeins sem hv. þingmaður og félagar hans í Sjálfstfl. virðast hafa á heilanum og það eru vond lög og það eru ólög sem sett eru afturvirk gegn einu fyrirtæki, hv. þm. Það er vandséð hvernig við nytum þeirrar fjölbreytni í fjölmiðlun sem við njótum ef markaðsráðandi fyrirtæki í gegnum árin og áratugina hefðu ekki verið fáanleg til að leggja fé, reynslu og þekkingu í fjölmiðlana.

[21:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það staðfestist á ræðu hv. þm. hvaða skoðun þingmenn Samfylkingarinnar hafa á trúverðugleika starfsmanna Ríkisútvarpsins, að þeir séu ekki menn fyrir sínu starfi og (Gripið fram í.) séu óöruggir og ófrjálsir í sínum störfum. Mér finnst mjög undarlegt að heyra hér á Alþingi þessar aðdróttanir í garð starfsmanna Ríkisútvarpsins og skil ekki hvernig á þessu megi standa. (Gripið fram í.) En ég áttaði mig á því þegar ég fór að lesa gamalt Fréttablað og rakst á klausuna þar og ég sé að þingmennirnir eru duglegir að taka þetta upp.

Að öðru leyti vil ég einungis undirstrika það sem hv. þm. veit og allir vita, að það er óæskileg samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum og menn ætla að reyna að draga úr henni með lagasetningu. Þá hlýtur lagasetningin einmitt að beinast að því að draga úr þessari óæskilegu samþjöppun á eignarhaldi. Þetta er nú einfalt. Það þarf ekki hv. þm. Helga Hjörvar til að segja manni það.

[21:55]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef það ber að lesa ræður manna svona þá voru þetta náttúrlega ótrúlegar dylgjur í garð blaðamanna Morgunblaðsins hjá hv. þm. Halldóri Blöndal hér áðan.

Nei, herra forseti. Ég lít svo á að starfsmenn, hvort heldur Ríkisútvarpsins eða Baugs, reyni nú heldur að hrista af sér þau afskipti sem eigendur þessara miðla kunna að hafa og við njótum sem betur fer nokkuð sjálfstæðrar fréttamennsku í þessu landi.

Það er hins vegar alveg ljóst að þau fyrirtæki sem hér á að setja lög á sölsuðu ekki eitthvert stórveldi undir sig heldur voru þau hirt upp úr gjaldþroti vegna þess að það voru ekki forsendur fyrir rekstri þeirra. Það er mótsögn og þversögn í sjálfu sér, hv. þm. Halldór Blöndal, að ætla að auka fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi með því að banna stórum hópi manna og fyrirtækja að leggja fé sitt, reynslu og þekkingu í að veita ríkinu samkeppni á ljósvakamarkaði. Það er enginn að sækja um það að fá að reka sjónvarpsstöð. Það er enginn að biðja um það að fá að leggja peninga í Skjá 1. Það hefur enginn viljað fara inn á þennan markað. Og af hverju er þá verið að reka menn út af honum?

[21:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú undarleg röksemdafærsla, að það eigi að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og að það sé einn aðili sem sé þar allsráðandi. Ég veit ekki hvernig hv. þm. dettur þetta í hug. Þetta er alveg andstætt því sem menn hafa haldið fram alla tíð. Þetta er ný heimspeki sem þarna er fundin upp. Auðvitað, ef við horfum eitthvað fram í tímann, dregur það úr fjölbreytni og trúverðugleika ef sami aðilinn er eignaraðili að öllum fjölmiðlum. Þetta er alveg augljóst.

Hitt er auðvitað líka merkilegt ef svo skyldi nú vera að Samkeppnisstofnun hafi ekkert hugleitt hvort þarna sé um of mikla samþjöppun að ræða, sem er auðvitað annað mál. En ég get nú ekki skilið að margir hv. þingmenn taki undir með hv. þm. Helga Hjörvar að ef eitt fyrirtæki er markaðsráðandi þá auki það fjölbreytni.

[21:57]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. og hæstv. forseti Halldór Blöndal hafði langt og ágætt mál um nauðsyn ríkisafskipta og inngripa fjölmiðla og stjórnvalda á frjálsan markað fjölmiðlunar og nauðsyn þess að setja sérstök lög sem er stefnt gegn einu sérstöku fyrirtæki. En nú var það lengi trú og grundvallarþáttur í frjálshyggju og markaðshyggju hvers konar að markaðurinn leiðrétti sjálfur allar skekkjur sem myndast gætu á markaði hvort heldur það er á sviði fjölmiðlunar eða annars rekstrar líkt og fram hefur komið í máli margra forustumanna frjálshyggjumanna, t.d. hjá Ólafi Teiti Guðnasyni blaðamanni og frjálshyggjumanni í Kastljósinu á föstudaginn.

Því langaði mig að spyrja hv. þm. Halldór Blöndal hvort hann hafi hafnað því grundvallaratriði hægri stefnunnar og markaðshyggjunnar að markaðurinn leiðrétti sig sjálfur gefist honum tími til þess án hvers konar freklegra inngripa stjórnmálamanna og ríkisvaldsins.

[21:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki við því að búast að þessi gamli vinstri sósíalisti, allaballi — og ég veit ekki hvort hann var einhvern tíma kommi — viti mikið um frjálshyggju eða

frjálsa samkeppni. Það er nú síður en svo að Ólafur Björnsson prófessor sem var nú nestor okkar allra hafi haldið því fram að íslenski markaðurinn væri það stór að við gætum treyst því skilyrðislaust og undantekningarlaust að þar nytu sín allir kostir hins frjálsa markaðar. Það var alls ekki svo. Það var alls ekki til í hans ræðu heldur varaði hann við því að við mættum ekki ofmeta markaðsáhrifin á okkar litla markaði. Þetta vita allir frjálshyggjumenn. En það er nú varla von að þessi sannleikur hafi náð hlustum hv. þingmanns.

[21:59]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sannleikanum er hver sárreiðastur. Eins og við öll vitum þá er það grundvallaratriði í allri frjálslyndri stjórnmálastefnu að sé hlutunum og fyrirtækjunum gefinn friður fyrir inngripum frekra og ráðríkra stjórnmálamanna þá hefur markaðurinn tilhneigingu til þess að rétta sig af sjálfur og leita jafnvægis. Algjört grundvallaratriði í frjálslyndri stjórnmálaumsýslu hvers konar nú á dögum er að gefa fyrirtækjunum frið fyrir inngripum stjórnmálamanna og stjórnvalda hugnist þeim ekki sérstaklega stefna og rekstur fyrirtækjanna tímabundið. Því er það með ólíkindum að heyra jafnglæsilegan fulltrúa hægri manna og frjálshyggjumanna og hv. þm. Halldór Blöndal færa rök fyrir lagasetningu sem er alls ekki almenns eðlis heldur eingöngu sett fram sem sértæk lög til að brjóta upp eitt ákveðið fyrirtæki sem þóknast ekki stjórnvöldum tímabundið. Með ólíkindum er að það eigi og megi eiga sér stað í lýðveldinu Íslandi í dag.

[22:00]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi ég efast um það áður að hann hafi einu sinni verið kommi heyrði ég það á síðustu orðunum að hann er það sennilega enn.

Auðvitað liggur alveg ljóst fyrir að þessi lög eru ekki sett gegn einhverju ákveðnu fyrirtæki, bara gegn því. (**Gripið fram í:** Nei, það ....) Þessi lög eru alveg ... rólegur bara ... þessi lög eru almenns eðlis. Eins og komið hefur fram hér, m.a. frá einum þingmanni Samf., telur hann og þingmenn úr öllum flokkum að hér sé óæskileg samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum. Hv. þm. Mörður Árnason tók undir það áðan og fulltrúar annarra flokka. Ég veit hins vegar að samfylkingarmenn margir mega ekki heyra þetta nefnt vegna þess að þeir eru þannig þenkjandi nú um stundir. Og við vitum hvers vegna. Óhjákvæmilegt er að taka á þessu kýli, setja leikreglur sem fólkið getur treyst. Fjölmiðlafrelsi verðum við að hafa í landinu.

[22:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta byrjaði allt á bolludaginn og þessi bolludagur stendur enn. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsrh. yrði hér og hlýddi á ræðu mína (**BH:** Láttu kalla á hann.) og óska eftir því að honum verði gert viðvart. Fyrir því eru fleiri en ein ástæða. Ég ætla að spyrja nokkurra spurninga.

(**Forseti** (BÁ): Forseti mun gera ráðstafanir til að gera forsrh. viðvart um þessa ósk hv. þingmanns.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það. Þetta er ekki langt frv. sem við höfum hér til meðferðar en vissulega er það mikilvægt og í því eru flókin atriði. Ég ætla að leyfa mér að fara yfir þetta frv. út frá sjónarmiðum mínum og Samf.

Þetta byrjar, með leyfi forseta, í 1. gr. á orðunum: „Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum.“ — Mér verður á að spyrja: Þarf útvarpsleyfi? Það er ástæða til að spyrja þess. Ástæðan er sú að það þarf nefnilega ekki útvarpsleyfi í nærri öllum tilfellum til þess að útvarpa á Íslandi. Það þarf ekki útvarpsleyfi til endurvarps, ekki í gegnum breiðband Símans, ekki í gegnum koparleiðslurnar hjá Orkuveitunni og ekki í gegnum gervihnetti. Það er nóg að tilkynna að það eigi að nýta þennan rétt.

Aðferðin sem hér á að beita er ónýt. Hún getur í versta tilfelli eyðilagt fyrirtæki á þessum markaði en hún kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að útvarpa á Íslandi án leyfis af því tagi sem verið er að tala um að úthluta hér.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji að þessar reglur, þ.e. að setja það í reglur að leyfi af þessu tagi þurfi og binda það þeim skilyrðum sem hér eru sett fram, endist til einhverrar framtíðar. Ég spyr vegna þess sem nú er þegar komið og ég var að telja upp, breiðbands Símans, koparleiðslna Orkuveitunnar og gervihnattanna, og líka vegna þess að nú nálgast það óðum að menn geti útvarpað hér stafrænt og öllum verður gert kleift að komast að sem vilja stunda einhvers konar fjölmiðlun. Það vantar sem sagt innan skamms, og sennilega ekki einu sinni núna, möguleika á hvað varðar rásir til að uppfylla þarfir þeirra sem hugsanlega vildu koma inn í þennan rekstur og stofna útvarpsstöð. Það er grundvallaratriði fyrir samkeppni á þessum markaði að alltaf sé hægt að veita nýjum aðilum réttinn eða möguleikann til að útvarpa.

Núna er í alvöru tæknilega mögulegt og sennilega fjárhagslega líka að senda sjónvarpsdagskrá til notenda á Íslandi þrátt fyrir þau lög sem hér er verið að tala um að setja.

Lögin sem á að setja samkvæmt þessum hugmyndum eru skv. a-lið 1. gr. í frv., með leyfi forseta:

„Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri.“

Þetta þýðir að ekkert fyrirtæki sem er í öðrum rekstri getur fengið úthlutun leyfis og stofna verður sérstakt fyrirtæki um reksturinn. Þetta þýðir líka, og hæstv. forsrh. staðfesti það í ræðu sinni í dag, að einstaklingar geta ekki fengið leyfi til útvarpsreksturs. (**Forsrh.:** Þetta sagði ég aldrei, þvert á móti.) Hæstv. forseti. Þá hef ég eitthvað misskilið ræðu hæstv. forsrh. Það er gott. Ef einstaklingar geta fengið leyfi til útvarpsreksturs en ekki fyrirtæki gæti þá t.d. fyrrverandi eigandi Norðurljósa tekið við rekstri Norðurljósa ef sú tilraun klikkar sem nú er í gangi. Það verður að vera einstaklingur en ekki fyrirtæki. Hæstv. forsrh. er hér búinn að leiðrétta misskilning minn.

Í a-lið 1. gr. segir áfram, með leyfi forseta: „Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta.“

Þetta er algjörlega fortakslaust ákvæði og þýðir að enginn sem hefur markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði eða landsvæði, svo sem Baugur í matvöru, Hampiðjan í veiðarfæraframleiðslu, Sæplast í fiskikerjaframleiðslu, Góa í páskaeggjum, sérverslun í sjávarþorpi með matvöru eða veiðarfæri, myndbandaleiga á einhverjum slíkum stað, getur verið í fjölmiðlarekstri. Ef þessi fyrirtæki eru talin hafa markaðsráðandi stöðu eru tvær skilgreiningar hjá Samkeppnisstofnun. Önnur gengur út á það að markaðsraðandi staðan sé á landsvísu, hin um það að um sé að ræða markaðsráðandi

stöðu á einhverju svæði. Öll fyrirtæki í þessu landi sem hafa markaðsráðandi stöðu, og þau eru býsna mörg í hinu litla samfélagi okkar, eru öll undanþegin því að geta tekið þátt í fjölmiðlarekstri. Þeir sem eiga þau fyrirtæki geta ekki notað hluta af fjármunum sínum til að styrkja eða taka þátt í fjölmiðlarekstri á Íslandi.

Fyrirtækjahópar geta líka verið markaðsráðandi. Það er ekki nóg að eitt fyrirtæki á markaði sé lítils háttar stærra en önnur, það er líka skilgreint frá hendi Samkeppnisstofnunar sem markaðsráðandi með þeim hætti að um sé að ræða hóp fyrirtækja á markaðnum sem eru álíka stór. Þá eru þau sameiginlega talin markaðsráðandi. Þetta mundi t.d. eiga við um bankana á Íslandi núna. Þrír stærstu bankarnir eru ekki að marki misstórir og þeir sameiginlega teldust markaðsráðandi og hefðu slíka stöðu, líka vegna þess að þeir hafa tengsl í gegnum kortafyrirtæki og Reiknistofu.

Þá hljóta menn að spyrja, og það er ekki síst þess vegna sem mig langar til að heyra betur svör hæstv. forsrh., hvert hlutskipti þessara fyrirtækja, bankanna, sem hafa fjármagnað fjölmiðlarekstur á Íslandi og eiga stærstu peningafúlgurnar hjá Norðurljósum, t.d. núna, verður. Þeir eru settir í skrýtna stöðu til framtíðar. Nú eru menn að tala um að Norðurljós fái tvö ár til að aðlaga sig að þeim reglum sem hér eru settar fram en lögin sem á að setja þýða að fyrirtæki í fjölmiðlarekstri sem lendir í þrotum og verður yfirtekið af banka eða fjármálafyrirtæki vegna veða í fyrirtækinu eða hlutabréfum þess fær einungis tvo mánuði, 60 daga, til að koma fyrirtækinu aftur í hendur annarra eigenda.

Þetta er fortakslaust í þeim tillögum sem hér eru, þetta er hámarkstíminn sem er settur samkvæmt frumvarpstextanum. Það er ekki bara að um sé að ræða fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu, heldur er það líka þannig að ekkert fyrirtæki má eiga meira en 25% í fjölmiðlafyrirtæki. Það þýðir að fjármálafyrirtæki sem hefur tekið veð eða lánað fjölmiðlafyrirtæki lendir í þeirri stöðu að það má ekki samkvæmt lögunum eiga meira en 25% í þessu fyrirtæki þó að jafnvel ákvæðið um markaðsráðandi stöðu væri ekki til staðar. Það eru tvö ákvæði í frv. sem gera fjármálafyrirtækjum í landinu ókleift að fjármagna fjölmiðlafyrirtæki.

Mér er sem ég sjái bankastofnun á Íslandi tilbúna til að fjármagna fyrirtæki af þessu tagi, fyrirtæki sem hafa ekki möguleika á því að hafa áhrif á það hvernig fer fyrir þessu fyrirtæki ef í illt stefnir.

Síðan er hér ákvæði í framhaldi af þessu sem segir, með leyfi forseta:

„Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því."

Þetta þýðir hömlur á krosseign. Út af fyrir sig finnst mér þetta jákvætt ákvæði. Í raun og veru hef ég alltaf haft ímugust á þessum krosseignafyrirtækjum sem eru notuð með ýmsum hætti á fjármálamarkaði.

Síðan stendur í framhaldi af þessu:

„Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu."

Þetta hef ég kallað atlöguna að prentfrelsinu. Prentfrelsið hefur eiginlega verið barmmerki lýðræðisins í gegnum tíðina. Ég fullyrði, og ég vil að ég verði leiðréttur ef það er ekki rétt hjá mér, að þetta er í fyrsta skipti sem mönnum svo sem flögrar í hug að það eigi að taka prentfrelsisréttinn af nokkrum aðila í þessu samfélagi. Ég spyr hæstv. forsrh.: Finnst honum ekkert erfitt að hoppa yfir þessa línu?

Prentfrelsið hefur verið talið heilagur réttur og ég get ekki, hvað svo sem mér finnst um einstök fyrirtæki í landinu, hvort sem þau heita Baugur eða eitthvað annað, sagt að taka megi af þeim prentréttindi til þess að gefa út blað, til þess að bera ruslpóst heim til mín, gefa út frítt blað og bera það út, senda mér það. Hvers lags háttsemi er það eiginlega á Íslandi þegar menn eru komnir að þeirri niðurstöðu að ekki megi bera út blöð til þeirra sem fá þau frítt eða bara yfirleitt, að mönnum skuli detta í hug í dag að prentfrelsið sé ekki handa öllum? Þá meina ég öllum.

Í b-lið stendur: „Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða." — Hvað þýðir þetta? Mig langar til að biðja hæstv. forsrh. að útskýra það. Þýðir þetta t.d. að Kári Stefánsson megi ekki eiga í Norðurljósum? (**Gripið fram í:** ... markaðsráðandi ...) Íslensk erfðagreining er nokkuð stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða (Gripið fram í.) og gæti verið markaðsráðandi á því sviði sem hún er. Ef Kári Stefánsson hefur ekki tengsl við það fyrirtæki skil ég ekki allt of mikið í því sem menn hafa til hliðsjónar þegar þeir meta slíkt.

C-liður: „Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum a- og b-liðar sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar." — Hvaða kröfur þarf að gera til þeirra sem sitja í útvarpsréttarnefnd? Ég spyr hæstv. forsrh.: Mega þeir vera framkvæmdastjórar stjórnmálaflokka? Mega þeir sitja í bankaráðum? Bankar geta átt verulegra hagsmuna að gæta hvað varðar útvarpsleyfi ef hætta er á ferðum hvað varðar rekstur fjölmiðlafyrirtækja sem þeir hafa lánað. Mega þeir eiga í bönkum eða fjármálafyrirtækjum? Mega þeir eiga í fjölmiðlafyrirtækjum? Hvaða kröfur á að gera til þeirra sem sitja í þessari nefnd, útvarpsréttarnefnd? Mér finnst a.m.k. athyglisvert að velta fyrir mér hvort þeir sem sitja í henni núna geti verið þar áfram.

Í d-lið er sagt: „Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í a- og b-lið. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði a- eða b-liðar. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 60 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum." — Ég vek athygli hæstv. forsrh. á þessu vegna þess að í andsvari við mig í dag leyfði hann sér að halda því fram að ég hefði ekki lesið frv. Ég talaði um þessa 60 daga en hann sagði sjálfur að um væri að ræða sex mánuði. Mér finnst ástæða til að hæstv. forsrh. komi hér upp og útskýri hvað hann átti við. Hann sagði þetta ekki bara einu sinni, hann sagði þetta tvisvar.

Ég spyr líka: Úr því að þetta er svona fortakslaust orðað, „skal veita leyfishafa frest í allt að 60 daga", sem verður ekki misskilið er hámarksfresturinn 60 dagar. Verður þá ekki nefndin að beita ákvæðinu? Ekki verður það geðþóttaákvörðun hverju sinni hvort ákvæðinu verður breytt. Þetta virðist, og ég bið hæstv. forsrh. að leiðrétta mig ef það er ekki þannig, gera fyrirtæki ókleift að vera t.d. á verðbréfaþingi vegna þess að þar er ekki hægt að stjórna því hverjir kaupa

í fyrirtækinu. Verðbréfaþingið mun ekki sjá um að ekki verði seld hlutabréf í fyrirtækjum þeim sem vilja kaupa. Það þýddi að ef einhver af hefnigirni — við skulum segja það — einhver sem hefði orðið fyrir barðinu á þessum væntanlega lögum mundi kaupa hlut í þessu fyrirtæki er það búið að missa leyfið eftir 60 daga. Ég held að allir sem lesa þetta og velta þessu fyrir sér sjái að það er gjörsamlega vonlaust að hafa fyrirtæki á verðbréfaþingi sem þyrfti að sæta þeim reglum sem hér eru á ferðinni.

Síðan segir í e-lið, svo ég klári þetta nokkurn veginn: „Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum a- og b-liðar ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.“ — Hvað er þá svæðisbundið hljóðvarp? Það væri fróðlegt að fá að vita það. Værum við að tala um að svæðisbundið hljóðvarp sem gæti fengið undanþágur frá þessum ákvæðum væri t.d. 101 Reykjavík? Eða er það kannski bara Kántrýbær á Skagaströnd?

Ég sé að tíma mínum er að verða lokið og ætlaði þó að segja meira. Ég vonast til að hæstv. forsrh. a.m.k. leiðrétti það sem hann var að leiðrétta mig með í andsvari fyrr í dag.

[22:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur á óvart, það síðasta. Ég sagði við þingmanninn fyrir klukkutíma síðan að ég hefði mismælt mig en þingmanninum var ekki nóg að heyra það. Ég vona að hann kannist við það. Kannski var það fyrir tveim tímum.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um tækniþáttinn vék ég reyndar að þessum þætti sérstaklega í ræðu minni og sagði, með leyfi forseta: „Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að við 6. gr. útvarpslaga verði bætt nokkrum skilyrðum er varða eignarhald þeirra fyrirtækja sem útvarpsleyfi geta fengið og haldið þeim. Tekið skal fram að áskilnaður um slíkt leyfi er almennt óháður því hvaða tækni er notuð til að miðla þeirri dagskrá sem lögin taka til og leyfi þarf samkvæmt þeim til að útvarpa.“ — Auðvitað gilda alveg sömu tæknimöguleikar hér á landi og annars staðar. Þar er enginn munur á og alls staðar eru í gildi lagakostir eins og við höfum áður rakið hvað það varðar.

Er það einhver atlaga að prentfrelsi ef einum aðila sem á sjónvarpsstöð er ekki jafnframt leyft að gefa út dagblað? Verkfallsrétturinn er heilagur. Það eru til menn sem aldrei hafa fengið að hafa verkfallsrétt, sérstaklega er tekið fram að þeir hafi hann ekki, alla ævina, til að mynda ég allt frá því að ég útskrifaðist. Það er sérstaklega tekið fram að ég hafi ekki verkfallsrétt í þeim stöðum sem ég hef gegnt. Almennur verkfallsréttur gildir, auðvitað gildir prentfrelsið.

Út á hvað gengur Evrópuráðið? Nálarauga Evrópuráðsins er það að ríki uppfylli skilyrði mannréttindasáttmálans, það er nálaraugað. Svo er látið eins og það að tillögur sem Evrópuráðið gerir sérstaklega séu til þess fallnar að níða af mönnum skóinn, taka af mönnum merki lýðræðisins, sjálft prentfrelsið. Þetta eru algjörir útúrsnúningar.

Varðandi útvarpsréttarnefnd eins og rætt var um lýtur hún almennum lögum vanhæfis. Í nefndinni sitja núna Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri, Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri, Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur, Björn Ingi Hrafnsson skrifstofustjóri, Lára Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, Kristín Pétursdóttir lögfræðingur og Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður. Ég hef aldrei heyrt um ágreining í þessari nefnd.

[22:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. svaraði því ekki sem ég spurði um, þ.e. hvort menn gætu setið í þessari nefnd sem gegndu tilteknum embættum sem ég upp taldi. Það er athyglisvert að hann skuli ekki hafa gert það.

Það sem ég var að leita eftir með því að spyrja um tækniþáttinn var einfaldlega það hvort hæstv. forsrh. tryði því virkilega að þær reglur sem hér er verið að setja í lög ef hann fær að ráða muni eitthvað ráða því til lengdar hverjir útvarpa hér. Er forsrh. kannski tilbúinn til að útbúa einhverjar viðbótarreglur sem koma í veg fyrir það að héðan verði sent út með þeim kostum sem ég taldi upp áðan, breiðbandinu, koparleiðslunum hjá Orkuveitunni, gervihnöttunum og öðru því um líku? Það hlýtur að verða hluti af því sem menn velta fyrir sér þegar þeir hugsa um hvort eigi að setja svona reglur, þ.e. hvort þær gangi. Mín skoðun er sú að þær muni ekki ganga. Mín skoðun er jafnframt sú að þær reglur sem verið er að setja núna séu settar í flaustri vegna þess að menn eru ekki í jafnvægi, vegna þess að menn hafa áhyggjur af eignarhaldi viðkomandi aðila. Ég tel möguleika til að taka á þessum hlutum með vægari hætti sem setja það fyrirtæki sem hér um ræðir ekki í þau vandræði sem í stefnir með því sem hér er til stofnað og það þurfi að taka sér tíma til að skoða þau mál almennilega.

Um prentfrelsið vil ég segja að það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir menn að taka upp slíkt ákvæði að einhver aðili í þessu landi hafi ekki rétt til þess að eiga og reka prentmiðil.

[22:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn sviptur prentfrelsi. Ef menn vilja nota prentfrelsi þurfa þeir að lúta þeim hræðilegu kröfum að reka ekki jafnframt sjónvarpsstöð. Eru það einhverjar ofboðslegar kröfur? Það geta allir notað prentfrelsi sitt. Þetta er ótrúlegur útúrsnúningur eða vanþekking, finnst mér.

Allir þeir þættir sem síðasti hv. ræðumaður nefndi til sögunnar til að reyna að gera þetta frv. tortryggilegt standast ekki. Hann sagði að fyrirtæki af þessu tagi gætu ekki verið á verðbréfaþingi eftir að lögin væru sett. Slík fyrirtæki með slíka annmarka eru á verðbréfaþingi úti um allan heim. Því ekki hér? Af hverju sér hv. þm. alla þessa erfiðleika þegar við erum að skapa sömu aðstæður og aðrir búa við annars staðar þar sem markaður er frjáls? Hvers vegna vex honum þetta svona skyndilega mikið í augum?

Ég vakti athygli á því hverjir sitja í útvarpsréttarnefnd. Ég sé ekki betur en að flokkarnir hér séu sæmilega varðir hvað það varðar. Kjartan Gunnarsson er formaður frá 1985. Ég hef aldrei heyrt að það væri ágreiningur um það. Ég hef aldrei heyrt að störf hans væru gagnrýnd (**Gripið fram í:** Nú?) í þessari nefnd, aldrei heyrt það. (**MÁ:** Þá ertu bara heyrnarlaus.) Og þú ert ágætlega kurteis, hv. þm. (**Gripið fram í:** Þakka þér fyrir.) Það reyndar kemur ekki á óvart með þennan hv. þm. Árni Gunnarsson, fyrrum þingmaður, Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur, Björn Ingi Hrafnsson skrifstofustjóri, Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, Kristín B. Pétursdóttir lögfræðingur og Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður. Ég man ekki til þess að hafa séð opinberlega gagnrýni á störf þessarar nefndar og ég vænti þess að menn sem kunna sig sæmilega í kurteisi komi þá með þá opinberu gagnrýni sem þessi nefnd hefur hlotið. Ella sitja þeir upp með þá skömm sem þeir eiga skilið.

[22:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt tilmælum Evrópuráðsins eru í útvarpsréttarnefndum ekki pólitískir fulltrúar en af því að hæstv. forsrh. nefndi Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstfl., spurði ég einmitt um stöðu sem gæti komið upp gagnvart honum. Hann er stóreigandi í banka sem á verulegra hagsmuna að gæta hvað varðar þetta fyrirtæki. Hann er framkvæmdastjóri Sjálfstfl. og hlýtur að verða litið á hann sem slíkan í umfjöllun um þau málefni sem hér um ræðir. Fleira mætti tína til en ég ætla ekki að nota tíma minn í það hér.

Ég vil koma aftur að þessu með prentfrelsið enn einu sinni, einfaldlega vegna þess að mér finnst það vera miklu stærri atburður en að hægt sé að afgreiða hann sisvona, að einhver aðili í þessu samfélagi megi ekki gefa út prentmiðil. Það er verið að taka prentfrelsið af fyrirtæki í þessu landi. Það liggur fyrir, bara núna, að fyrirtækjum á fjölmiðlamarkaði af þessu tagi er ekki heimilt að gefa út prentmiðil. Þar með er ekki lengur fortakslaust prentfrelsi á Íslandi. Þetta barmmerki lýðræðisins er að því leyti til fallið hér. Menn geta auðvitað haft þá skoðun að það eigi að gera þetta. Ég hef hana ekki. Ég tel ekki að slíkur voði sé á ferð þó að Norðurljós beri eitthvert blað í hús, hvort sem það væri selt eða gefið.

Hæstv. forsrh. fullyrðir að ekki myndist vandamál á verðbréfaþingi. Ég sé þau samt fyrir mér því að ef eignarhaldið breytist með þeim hætti að ekki passar við þær reglur sem hér eru settar fram missir fyrirtækið innan 60 daga útvarpsleyfi sitt. Það er ekki hægt að hoppa fram hjá svona ákvæði.

[22:31]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég hef fylgst hér í dag af mikilli athygli með umræðunni um frv. um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það sem stendur upp úr þegar liðið er fram á kvöldið er að ég hef ekki enn áttað mig á því hvers vegna Samf. sem árum saman — eins og hefur verið vísað til hér í dag og sést í gömlum þingræðum — hefur lagt sig fram við og lagt áherslu á að brugðist yrði við samþjöppun í viðskiptalífinu almennt finnst gilda allt önnur sjónarmið þegar kemur að fjölmiðlamarkaðnum og fyrirtækjum í fjölmiðlarekstri.

Það er athyglisvert að fara aðeins til baka í tímann. Mig langar í tengslum við þetta að vísa í orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hún skrifaði á heimasíðuna sína í september 2002. Þar segir þingmaðurinn, með leyfi forseta:

„Á kjörtímabilinu höfum við lagt þunga áherslu á að nýta kosti markaðarins í almannaþágu, en tryggja um leið heilbrigðar leikreglur og öfluga samkeppni í atvinnulífi og á fjármálamarkaði.“

Síðan segir hv. þm. áfram, með leyfi forseta:

„Við jafnaðarmenn berjumst gegn samþjöppun valds og fjármagns sem leitt hefur til fákeppni í stórum atvinnugreinum.“

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði í umræðu á Alþingi 19. nóvember 2003 þegar rætt var um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, með leyfi forseta:

„Það hlýtur að vera hlutverk okkar á Alþingi að tryggja réttlátar og skýrar leikreglur hvað varðar fjölmiðla og fjölmiðlamarkaðinn rétt eins og aðra þætti. Það er okkar að móta leikreglurnar og hafa eftirlitið og annarra að vinna úr því. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum.“

Ég spyr, herra forseti: Hvað er það sem hefur breyst frá þeim tíma að hv. þm. Samf. Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir viðhöfðu þessi orð, annar hv. þm. á heimasíðunni sinni almennt um samþjöppun í viðskiptalífinu og hinn hv. þm. í þingræðu um samþjöppun í rekstri fjölmiðla?

Annað sem vekur athygli í þessari umræðu hér í dag er öll áherslan sem lögð er á aðdragandann að frv., aðdragandann að því að frv. er lagt fram. Áhersla er lögð á að skýrslan hafi ekki verið birt og henni ekki dreift með hæfilegum fyrirvara og að ekki hafi gefist nægjanlegt svigrúm og nægjanlegur tími til umræðunnar. Mig langar af því tilefni til að minna á að hér var rædd í heilan dag skýrsla fjölmiðlanefndarinnar sem fylgir sem fylgiskjal með þessu frv. og við umræðuna hér í dag er gefinn kostur á því að halda áfram þeirri umræðu.

Því er líka haldið fram að ætlunin sé að keyra frv. í gegnum þingið á engum tíma, að það eigi ekki að leyfa umræðu um málið. Ég vil árétta, ef ég fæ að segja bara fyrir mitt leyti, að ég er tilbúin til að sitja fram á mitt sumar til að halda áfram að ræða þetta mál og ég geng út frá því að aðrir stjórnarliðar séu sama sinnis, ætlunin sé að fá góða umræðu, bæði hér á þingi og sömuleiðis áframhaldandi úti í samfélaginu til að fá fram hin ólíkustu sjónarmið.

Burt séð frá þessum viðhorfum verð ég að segja að í umræðunni hafa fallið mjög stór og þung orð, einstaklingar ýmsir hafa setið undir miklum aðdróttunum og mér finnst þannig málflutningur síst til framdráttar eða vitnisburður um málefnalega og lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Mér finnst alveg óþarfi, herra forseti, að vera alltaf að tiltaka inn í þessa umræðu ákveðna einstaklinga og ákveðin fyrirtæki. Ég kýs í umfjöllun um málið, bæði hér í þingsal og líka þegar málið er komið til allshn., að reyna að fjalla um þetta almennt og út frá tilteknum prinsippum.

Það sem maður hefur heyrt í þeim sem hafa talað hérna í dag úr hópi stjórnarandstæðinga sumra skil ég svo að í rauninni sé því ekki lengur haldið fram að almennt séu ekki reglur í Evrópuríkjum og í Bandaríkjunum sem takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Ég held að nokkur sátt sé um að svo sé og að við séum eitt fárra ríkja sem ekki hafa gripið til þess að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum.

Mér hefur líka skilist, herra forseti, að það sé nokkuð víðtæk samstaða hér á þingi um það sem meginmarkmið að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum og standa vörð um tjáningarfrelsi.

Í þriðja lagi, herra forseti, hefur mér heyrst vera víðtæk samstaða milli stjórnmálaflokka og líka hagsmunasamtaka blaðamanna um nauðsyn þess að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um útfærslu slíkra reglna og slíkrar löggjafar. Það hlýtur að vera þess vegna sem maður hlustar grannt eftir raunverulegum vilja þingflokks Samf., sérstaklega í ljósi þess sem þingmenn Samf. hafa sagt í gegnum árin um nauðsyn þess almennt í viðskiptalífinu að sporna við samþjöppun og hringamyndun.

Ég velti því líka fyrir mér, herra forseti, hvort við getum ekki almennt fallist á að það skipti máli fyrir tjáningarfrelsið, lýðræðislega umræðu og fjölbreytni hverjir eigi fjölmiðlana. Í umræðunni hér um fjölbreytni hafa þingmenn gjarnan bent

á að við eigum kost á fjölbreyttu efni. Það sem ég er að reyna að átta mig á er hvort einhver hér á þingi sé raunverulega þeirrar skoðunar að það skipti engu máli hvert eignarhaldið á fjölmiðlunum sé.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson tók í ágætri ræðu sinni fyrr í kvöld dæmi frá Bandaríkjunum um vopnasala sem vildi eignast fjölmiðla. Mér fannst það mjög lýsandi. Þá ruku menn upp til handa og fóta. En við getum alveg séð fyrir okkur fyrirtæki í öðrum rekstri en vopnasölu sem fá menn aðeins til að hrökkva í gírinn. Væri ekki hætt við að umræðan yrði einsleit ef allir fjölmiðlarnir væru á sömu hendi? Ég held að það sé sannanlega óumdeilt andstætt hagsmunum alls almennings og rétti almennings til fjölbreytni í upplýsingum að fjölmiðlarnir séu í jafnmiklum mæli og þeir eru nú á sömu hendinni. Mér finnst óeðlilegt að eitt fyrirtæki geti stýrt því að eins miklu marki og nú er hvað við lesum, heyrum og sjáum.

Ástæðan er fyrst og fremst sú að skoðanamyndandi þáttur fjölmiðla í lýðræðinu er allt of stór. Fjórða valdið er allt of sterkt í samfélagi okkar ef við ætlum ekki að spyrna fótum við því að samþjöppunin sé jafnmikil og hún hefir orðið á liðnum missirum.

Mig langar í þessu samhengi, herra forseti, að vísa til Reykjavíkurbréfsins í gær til samanburðar þar sem tekið var hvernig við setjum í löggjöf okkar reglur sem setja valdi stjórnmálamanna mörk. Mér fannst það ágæt samlíking og það var ekki vegna þess að við ætlum einhverjum að misbeita valdi sínu, hvorki að við gerum þeim upp að þeir séu eða ætli að gera það einhvern tíma. Þetta eru reglur til að taka af allan vafa og til að standa vörð um tiltekinn trúverðugleika.

Mig langar, herra forseti, að leggja áherslu á það að þetta frv. sem ekki er ætlunin að flýta hér í gegnum þinglega meðferð (**Gripið fram í:** Nú?) fái vandaða og faglega umfjöllun, bæði innan þings og málefnalega umræðu úti í samfélaginu á sama tíma. Ég held að þegar við fjöllum um þetta mál í allshn. þurfum við að horfa til þess hvaða afleiðingar það hafi að lögfesta svona reglur um eignarhald á fjölmiðlunum og reyna að átta okkur á því hvaða afleiðingar það hefur fyrir fyrirtæki á markaði eins og hér, í fámenninu og vegna smæðar markaðarins. Hér hafa verið uppi hugmyndir um að þetta kollsteypi og kippi rekstrargrunninum undan rekstri Norðurljósa. Aðrir hafa bent á og vísað í viðtal við stjórnarformann þess fyrirtækis sem á stærsta hlutann þar að þau geti alveg borið sig þó að þessi uppskipting verði. Þetta vona ég að verði eitthvað sem komi skýrar fram og við getum áttað okkur á í allshn. þannig að við gerum okkur grein fyrir því hvaða afleiðingar þessar reglur hafa sem ætlað er að takmarka eignarhaldið.

Annað sem ég tel að við þurfum líka að gefa sérstakan gaum í allshn. og ábendingar hafa komið um frá ágætum lögfræðingum og prófessorum úti í samfélaginu er bráðabirgðaákvæðið. Við horfum þá til stjórnarskrárinnar og sjáum hvort ákvæðið eins og það er sett fram standist ákvæði hennar. Ég held að sjónarmið um það og ýmislegt annað sem lúti að efni frv. eigi eftir að koma fram á fundum allshn. og ég geri ráð fyrir að það fái þar góða umfjöllun.

[22:42]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er orðið svolítið þreytandi að hlusta á enn eina ræðuna frá hv. þingmönnum framsóknarmanna sem eru allar upplesnar, sömu gömlu greinar eða ræður hv. þingmanna Samf., og ég ætla ekki að endurtaka einu sinni enn hverjir það eru. Þetta hefur greinilega vakið óskipta athygli framsóknarmanna. Ég segi ekki annað en það, virðulegi forseti, að hv. þingmönnum Framsfl. hefði verið nær að lesa betur hin ýmsu tilmæli Evrópuráðsins og skoða betur frv. sem þessi ágæti flokkur samþykkti út úr þingflokki sínum án nokkurra mótatkvæða — vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var ekki á landinu — og samþykkir þar af leiðandi að sé lagt fram í þessari mynd.

Ég vil því spyrja hv. þingmann, kannski ekki síst vegna þess að hún er löglærð: Telur hún yfir allan vafa hafið að þetta frv. feli í sér afturvirkni, eins og fram hefur komið gagnrýni á að það geri, þrátt fyrir að í því felist heimild til að afturkalla útgefin útvarpsleyfi áður en þau renna út? Telur hv. þm. yfir allan vafa hafið, úr því að hún samþykkti frv. út úr þingflokknum, að þetta feli í sér afturvirkni? Ekki trúi ég því, virðulegi forseti, að hv. þingmenn Framsfl. telji rétt að leggja hér fram frv. sem hugsanlega feli í sér afturvirkni eða að þeir ætli að skoða það á síðari stigum og hefja það yfir allan vafa. Á það ekki að gerast áður, virðulegi forseti?

Ég spyr að þessu og ég vil líka spyrja hv. þingmann hvort ekki hafi komið til greina af hennar hálfu að fara aðrar vægari og mildari leiðir, eins og m.a. er bent á í grein sem Páll Þórhallsson ritar í Morgunblaðið í gær.

[22:44]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki skrýtið þó að Samf. sviði þegar rifjuð eru upp orð þingmanna flokksins ... (Gripið fram í.) Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir grípur hér fram í og segist vera orðin leið á þessu. Hún verður þá bara að halda áfram að vera það, hv. þingmaður.

Við komumst ekki hjá því í þessari umræðu, þegar verið er að hlusta eftir því hver afstaða Samf. er, hvað hún vilji gera í þessu máli, að rifja upp nokkurra mánaða gömul ummæli. Raunveruleikinn er sá að þessi ágæti flokkur hefur sett sig upp á móti því og sagt að taka eigi á samþjöppun í viðskiptalífinu. Spurning mín er: Af hverju gegnir öðru máli með fjölmiðlamarkaðinn?

Til viðbótar því að hv. þm. (Gripið fram í.) spyr áðan hvernig þetta frv. hafi verið afgreitt út úr þingflokki Framsfl. langar mig að geta þess, eins og hefur komið fram í máli hæstv. forsrh., að frv. sem kom út úr ríkisstjórninni var ekki það frv. sem upphaflega var lagt fram. Það hefur hæstv. forsrh. sagt sjálfur. Frv. tók breytingum þar og við hljótum að gera ráð fyrir því við þinglega meðferð ef við á annað borð ætlum að sýna Alþingi einhverja virðingu að enn sé gert ráð fyrir því að það jafnvel taki einhverjum breytingum í meðförum þingsins og nefndarinnar.

[22:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hélt satt best að segja að lagasetning hjá ríkisstjórninni ætti að vera það vönduð að það væri hafið yfir allan vafa að frv. fælu í sér afturvirkni. Varðar mig þó engu hvaða breytingar hafa verið gerðar á þessu frv. í fyrri meðferðum ríkisstjórnarinnar. Mér kemur það ekkert við. Ég geri þá kröfu, virðulegi forseti, að þegar frv. eru lögð fyrir hið háa Alþingi sé búið að hefja það yfir allan vafa innan ríkisstjórnarinnar og hjá þeim ráðuneytum sem í hlut eiga og hafa unnið og undirbúið frv. að þau a.m.k. brjóti örugglega ekki í bága við stjórnarskrá. Það á greinilega að skoða eftir á, virðulegi forseti.

Ég spurði líka hv. þingmann hvort hún hafi ekki talið koma til greina, eins og Páll Þórhallsson bendir á í ágætri

grein í Morgunblaðinu í gær, að leita fyrst annarra vægari leiða eins og hv. þm. veit að Samf. hefur lagt til. Hún hefur lagt það til í tillögum sem liggja fyrir þinginu og vill að þær leiðir verði reyndar áður en farið verður út í alvarlega íhlutun inn í þessa starfsemi eins og hér er verið að leggja til. Tillögur Samf. hvað varðar samþjöppun á markaði gilda allar enn og öll þau orð sem hér hefur verið vitnað til standa óhögguð.

[22:47]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Spurningu minni er enn ósvarað: Hvers vegna hefur Samf. aðra afstöðu til samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði en í viðskiptalífinu almennt?

Hér segir hv. þm.: Við viljum fara aðrar og vægari leiðir. Hvers vegna gildir það bara í þessum rekstri? (**BH:** Samkeppnislög gilda.) Samkeppnislög, hv. þingmaður, hafa ekki sama gildi varðandi rekstur fjölmiðla þar sem við þurfum m.a. að standa vörð um tjáningarfrelsið og að þau gildi á viðskiptalífinu, alveg rétt. Af því að hv. þm. vísaði til þess að sú sem hér stendur er löglærð vísa ég til þess að hv. þm. er það jafnframt. Hún túlkar samkeppnislögin svo og ég held því fram að henni sé ekki stætt á því af því að sérstakar reglur gilda, sérstök sjónarmið, um tjáningarfrelsið. Það er ekki viðskiptalegs eðlis.

Svo að svarað sé varðandi afturvirknina veit hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir alveg eins og ég að úti í samfélaginu greinir lögfræðinga og prófessora á um það ákvæði. Ég geri ráð fyrir að við skoðum það sérstaklega í allshn.

[22:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz að hún taldi meginrökin fyrir því að setja ætti stífari reglur á Íslandi en í öðrum þjóðum sem við berum okkur saman við vera fámennið í íslensku samfélagi og smæð markaðarins. Þess vegna ættum við að setja strangari reglur en tíðkast annars staðar. Í rauninni á hið öndverða við. Þegar við skoðum regluverk í öðrum löndum sjáum við einmitt að í stórum ríkjum, á stórum mörkuðum, er regluverkið mun strangara en hjá minni ríkjum á minni mörkuðum. Við þurfum ekki annað en að horfa á Norðurlöndin, þ.e. Finnland, Svíþjóð og Danmörku, sem eru með mjög takmarkað regluverk í kringum eignarhald á fjölmiðlum. Eina ríkið sem hefur sett slíkar reglur á Norðurlöndunum, strangar reglur, er hið norska og Norðmenn eru einmitt núna að endurskoða þær reglur með tilliti til þess að draga úr þessum takmörkunum. Það kemur líka fram í skýrslunni sem unnin var, fjölmiðlaskýrslunni, að það sé almennt á hinn bóginn. Hér segir, með leyfi forseta, að mælikvarðar sem miða við hlutafjáreign eða veltu séu „... á undanhaldi, enda hafi reynslan sýnt að fyrirtækjum er tiltölulega auðvelt að fara kringum viðmiðanir og takmarkanir sem lúta að því".

Ég er hér með grein eftir sænskan prófessor í fjölmiðlafræði, Jens Cavallin, sem er að fara yfir sænska markaðinn og sænska regluverkið. Hjá honum kemur fram — og það skýrir hvers vegna frv. um þetta fór ekki í gegnum sænska þingið — að það er talið að það mundi beinlínis brjóta á stjórnarskránni sænsku ef menn reyndu að gera slíkar breytingar án þess að breyta málfrelsisákvæðum sænsku stjórnarskrárinnar. Þetta verða menn að hafa í huga, virðulegur forseti.

[22:50]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er alveg sérlega ljúft að koma í þennan ræðustól og leiðrétta misskilning. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur greinilega misskilið ræðu mína. Ég hélt því ekki fram hér í þessum stól áðan að ástæða væri til að setja strangari reglur á Íslandi um eignarhald á fjölmiðlum vegna fámennisins og vegna smæðar markaðarins. Í fyrsta lagi hélt ég því ekki fram að ástæða væri til að setja strangari reglur hér á landi en annars staðar. Reglur svipaðar og þær sem við erum að setja eru settar víða annars staðar, en ég sagði að við þyrftum, vegna smæðar markaðarins sérstaklega, að huga að því hver rekstrargrunnur fyrirtækjanna væri. Ég tók fram að við þyrftum sérstaklega að gefa því gaum við þessa umræðu vegna þess hvað markaðurinn er smár. En það eru áhöld um það í umræðunni. Af hv. þingmönnum Samf. hefur því verið haldið fram að verði frv. að lögum sé rekstrargrunninum kippt undan Norðurljósum.

Ef ég skil viðtal í Viðskiptablaðinu við forstjóra Baugs rétt má hins vegar akkúrat lesa hið andstæða.

Ég tók það fram að þetta væri eitt af því sem við þyrftum að gefa gaum og sérstaklega að skoða í meðferð allshn. á málinu svo að ég leiðrétti allan misskilning um það. Meira fámenni, minni markaður — það segir sig sjálft að þá þarf að skoða sérstaklega rekstrargrunn fyrirtækjanna. Ef þeim fækkar of mikið höfum við ekki fjölbreytnina sem við viljum halda í, frú forseti.

[22:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég átti mjög erfitt með að skilja þessa ræðu hv. þingmanns og fannst hér allt reka sig hvað á annars horn. Ég er búin að hlusta á þennan þingmann tala um það mál sem hér er til umfjöllunar, ekki bara hér heldur á opinberum vettvangi. Fyrst byrjaði þingmaðurinn með þá röksemdafærslu að það væri að sjálfsögðu enginn í fjölmiðlarekstri nema vegna þess að hann vildi hafa völd og áhrif. Það væri ekkert að hafa upp úr fjölmiðlarekstri, þetta væri svo óarðbær atvinnugrein. Þess vegna væru menn í þessum atvinnurekstri beinlínis til að hafa völd og áhrif. Það kann vel að vera að einhverjir séu af þeim sökum í þessu.

Nú halda menn því hér fram, m.a. þessi þingmaður, að í sjálfu sér sé ekkert að óttast við uppstokkun þessara fyrirtækja vegna þess að þau séu arðvænleg. Hér rekur sig hvað á annars horn í málflutningi þeirra þingmanna sem tala um þessi mál.

Þá hefur því líka verið haldið fram í þessari umræðu að þetta séu þjóðréttarlegar skuldbindingar sem við verðum að uppfylla. Hér sagði forseti þingsins í dag að lýðfrjálsar þjóðir setji sér reglur um þetta. Varð Ísland lýðfrjálst árið 2004, með leyfi að spyrja?

(**Forseti** (ÞBack): *Minni hv. þingmenn á að ávarpa hv. þingmenn með réttum hætti.*)

[22:53]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur hlustað, segir hv. þm., á málflutning minn í þessu máli og leggur út af honum eins og hún skilur hann. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, frú forseti, að ég botna ekkert í málflutningi hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og ætla ekki að reyna að leggja út af honum.

Ef fyrirtæki eru ekki rekin til að skila hagnaði, þá spyr ég: Í hvaða tilgangi vill markaðsráðandi fyrirtæki á matvörumarkaði eða einhverjum öðrum reka fjölmiðil? Er það þá

ekki til þess að hafa áhrif og völd, eða á einhvern hátt að nýta hagræðið af því að fyrirtækin eru rekin saman? Þetta er það sem við hljótum að velta fyrir okkur. Hvort það er rekstrargrunnur til að reka fyrirtæki eins og þetta ef það er leyst upp er bara eitthvað sem ég á eftir að kanna hvort sé eða sé ekki. Frásagnir af því eru mjög misvísandi, þ.e. hvort svo sé. Ef það er ekki hagnaðarvonin, frú forseti, hlýtur það að vera eitthvað annað sem menn ætla að ná fram með rekstrinum. Hvers vegna ekki áhrif og völd? Það hafa menn beinlínis sagt og forstjóri Baugs viðurkennt.

[22:55]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði: Fjórða valdið er orðið allt of sterkt. Vegna þess að hv. þm. er málefnaleg vil ég trúa að það hafi verið mismæli og vonast til að þingmaðurinn staðfesti í ræðu á eftir að svo hafi verið. Ég minni samt hv. þingmanninn á að hlutverk fjórða valdsins er fyrst og fremst að veita stjórnvöldum aðhald því að almenningur getur aðeins veitt okkur aðhald á fjögurra ára fresti. Fyrirtækjum á markaði veita neytendur hins vegar aðhald á hverjum degi með innkaupum sínum, ekki aðeins á fjögurra ára fresti.

Stjórnvöld hafa hins vegar eftirlit með starfsemi fyrirtækja á markaði og vilji menn koma í veg fyrir óheilindi af hálfu markaðsráðandi fyrirtækja er nærtækast að setja reglur um fjárhagsleg samskipti þeirra og stjórnmálaflokkanna sem hafa yfir Samkeppnisstofnun og öðrum eftirlitsstofnunum að segja.

Ég verð að spyrja hv. þingmann: Hvar í veröldinni er markaðsráðandi fyrirtækjum bannað að eiga í ljósvakamiðlum? Er það ekki rétt, hv. þingmaður, að ástæðan fyrir því að takmarkanir eru á slíkum leyfum í öðrum löndum sé sú að þar eru það takmörkuð gæði? Hér á Íslandi eru til ráðstöfunar sjónvarpsrásir fyrir þá sem hafa vilja og hér gengur sjónvarpsstöð og hefur gengið manna á meðal í leit að fjármagni, og gengið illa vegna þess að staðreyndin er sú að hér hefur fremur skort á það að menn vildu leggja fjármagn í sjónvarpsrekstur en hitt. Þess vegna er fásinna að ætla að tryggja fjölbreytni með því að banna þó þeim fáu aðilum sem tilbúnir hafa verið að leggja fé í þennan rekstur að gera það. Það mun einfaldlega styrkja einokunaraðstöðu ríkissjónvarpsins á þessum markaði og það kann að vera hið pólitíska markmið sem Sjálfstfl. hefur í þessum leiðangri. Það er hins vegar illskiljanlegt að Framsfl. skuli vera honum svona eftirlátur í þessu efni.

[22:57]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Í lok andsvars síns lagði hv. þm. Helgi Hjörvar áherslu á þá þrautagöngu sem sjónvarpsstöð hefði gengið í gegnum til að fá fjármagn. Ég spyr hv. þingmann: Er það eitthvert skilyrði fyrir góðum rekstri á sjónvarpsstöð að um hann sjái markaðsráðandi aðili? Hvers vegna geta ekki önnur fyrirtæki á markaði stutt þetta? Hvers vegna þarf það að vera markaðsráðandi aðili?

Í annan stað hélt hv. þm. því fram að ég hefði sagt, og tekur það úr samhengi, að fjórða valdið væri orðið allt of sterkt. Ég spurði hvort ekki væri hætt við því að fjórða valdið yrði of sterkt og veldi fjölmiðlanna of mikið ef allir fjölmiðlar væru komnir á sömu höndina eða í slíka meirihlutaeign sem nú er. Það er eitthvað sem ég held að sé umhugsunarefni fyrir lýðræðislega umræðu og fjölbreytni.

Það sem ég vakti líka athygli á og spurði eftir er hvort þingmenn Samf. héldu því virkilega fram að eignarhald á fjölmiðlum skipti engu máli. (**BH:** Hvað eru bankarnir ... markaðsráðandi ...?)

[22:58]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég harma yfirlýsingar hv. þingmanns hér því að hún staðfesti það í ræðu sinni að stjórnvöldum í þessu landi þyki fjórða valdið vera orðið of sterkt, gagnrýnin á sig og aðhaldið of mikið og nauðsynlegt að setja við því skorður. Það er ekki hægt að skilja ræðu hv. þingmanns öðruvísi.

Ég spurði hv. þingmann hvar í veröldinni væru dæmi þess að markaðsráðandi fyrirtækjum væri bannað að eiga í fjölmiðlafyrirtækjum. Ekkert dæmi gat þingmaðurinn nefnt. Það getur vel verið, hv. þingmaður, að aðrir aðilar en markaðsráðandi geti rekið sjónvarp hér í landinu. Þeim er það frjálst, það eru sjónvarpsrásir til ráðstöfunar. Það eru sjónvarpsfyrirtæki á markaðnum sem fegin yrðu að fá nýtt fjármagn inn í rekstur sinn til að styrkja hann og efla. Rekstur Norðurljósa varnar því ekki. Það er þess vegna engin ástæða til að banna þeim aðilum sinn rekstur þó að menn vilji auka enn á fjölbreytni. Þvert á móti.

[22:59]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. spyr hvar annars staðar markaðsráðandi aðila sé bannað að eiga í ljósvakamiðli.

Ég verð að viðurkenna að ég þekki það ekki gjörla eða hvort markaðsráðandi aðili hafi einhver takmörk á því hvað hann megi eiga mikið í ljósvakamiðli. Við skulum hins vegar halda því til haga að þegar við setjum reglur fyrir íslenskan fjölmiðlamarkað þurfum við sérstaklega að horfa til séraðstæðna á Íslandi. Það kemur í ljós í ágætri skýrslu sem er fylgiskjal með frv. að aðstæður eru svo mismunandi frá einu landinu til annars að það er ekki hægt að apa eftir löggjöf eða reglum sem eru settar neins staðar annars staðar. Við þurfum sérstaklega að skoða þennan markað sem við búum á.

[23:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í dag, 3. maí, er dagur sá sem Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt sem alþjóðlegan dag frjálsrar fjölmiðlunar. Það er nokkuð kaldhæðnislegt að hæstv. forsrh., formaður stjórnmálaflokks sem löngum hefur hagað málflutningi sínum með þeim hætti að ætla mætti að hann ætti einkarétt á notkun hugtaksins „frelsi" skuli einmitt í dag ákveða að tala fyrir frv. sem reisir skorður við eignarhaldi á fjölmiðlum.

„Ég er frelsisins maður," sagði hæstv. forsrh. í ræðu fyrr í dag. En hæstv. forsrh. kvartar sáran undan því að í umræðunni hafi ásetningur hans verið gerður tortryggilegur og því haldið fram að frv. sé af gremju stefnt gegn óvinum ráðherrans. Framlagning þessa frv. þarf auðvitað að vera hafin yfir allan vafa, virðulegi forseti, um að þar búi að baki annar ásetningur en sá sem hæstv. ráðherra hefur gefið upp. Þegar litið er til þess að Norðurljós eru eina fyrirtækið sem verður fyrir áhrifum við lagasetningu þessa er ekki einfalt að trúa því að málið sé eingöngu lagt fram til að ná fram réttlæti og fjölbreytni í fjölmiðlun, eins og hæstv. forsrh. virðist vilja vera láta.

Frú forseti. Það er klifað á því að frv. sé ætlað að auka fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun. En það hefur ekki farið mikið fyrir því í umræðunni, það sem af er, hvað menn meina með þessu fjölbreytnihugtaki. Er þetta kannski bara þægilegt hugtak sem hefur yfir sér jákvæðan blæ og því

gripið til þess nú, svo fólk haldi að samþykkt frv. forsrh. færi okkur betri heim hvað þetta varðar?

Ég verð að segja að ég ekki ánægð með stöðuna í þessu tilliti eins og hún er í dag. Í mínum huga er dagskrárframboð hér á landi fremur einhæft, bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi. Þær stöðvar virðast allt of margar sem varla hafa þrek til að gera meira en setja annan geisladisk í spilarann. Í sjónvarpi sakna ég sjálfstæðrar dagskrárgerðar. Ég sakna fjölbreyttra fréttaskýringaþátta, heimildamynda, fræðsluefnis um menningu okkar jafnt sem annarra þjóða, þjóða í fjarlægum heimshlutum. Ég er orðin langþreytt á bandarískum sápum og þrái innlent leikið efni og leikið efni frá öðrum menningarheimum en þeim engilsaxneska.

Það er ekki fjölbreytni af þessu tagi, virðulegi forseti, sem við höfum fjallað um síðustu daga, öðru nær. Okkur er stillt upp við vegg og við fáum eingöngu að ræða fjölbreytni í eignarhaldi. Að þessu leyti er ég sammála höfundum skýrslunnar sem hæstv. menntmrh. bað um að yrði gerð. Þeir leggja höfuðáherslu á það að fjölmiðlum beri að tryggja aðgengi almennings að dagskrárefni sem endurspegli mismunandi menningarleg og pólitísk sjónarmið. Það er kjarni málsins í umræðunni um fjölbreytni í fjölmiðlum. Þingmenn stjórnarflokkanna hafa ekki gert neina tilraun til þess í ræðum sínum í dag að beina umræðunni inn á þá braut, því miður.

Virðulegur forseti. Það eru mörg atriði í þessu frv. sem skoða þarf nánar. Áður en ég fer að telja þau upp eða líta frekar á þau vil ég segja að það ergir mann óneitanlega við umræðu um þetta mál að umræðan um skýrslu hæstv. menntmrh. skuli þá þegar hafa verið lituð af þegar framkomnu frv. forsrh. Það gefur manni ekki til kynna að ríkisstjórnin hafi viljað öfluga skapandi umræðu um skýrslu ráðherrans. Það gefur manni til kynna að meiningin hafi verið að stýra umræðunni strax inn á þá braut sem frv. lagði. Það er mjög miður, þegar mál af þessu tagi kemur fyrir Alþingi, að ekki skuli gætt að frelsi umræðunnar, að þegar skuli sett á hana höft eða bönd og eins og menn hafa verið að kvarta undan hér í dag. Afgreiðsla málsins var sett í flýtifarveg sem lokar fyrir möguleika okkar á að eiga skapandi umræðu, samtal við aðila á markaði, samtal við fagmenn sem starfa á fjölmiðlunum, samtal sem gæti mögulega leitt af sér niðurstöðu sem allir gætu meira eða minna sætt sig við eða orðið ásáttir um að yrði til bóta.

Í frv. eru, eins og ég sagði, mörg atriði sem þarf að skoða nánar. Ef við værum að vinna af skynsemi mundum við afgreiða málið til nefndar, að öllum líkindum til menntmn. Alþingis, sem síðan mundi senda málið út til umsagnar til allra hagsmunaaðila. Í því ferli væri ljósi varpað á alla vankanta frv. og velt upp öðrum möguleikum til að ná fram sömu eða svipaðri niðurstöðu, a.m.k. til að tryggja fjölbreytni dagskrárframboðs íslenskra fjölmiðla eins og markmiðið er sagt vera.

Frú forseti. Ég get tekið undir með þeim sem gert hafa athugasemdir við að í frv. sé ekki gætt jafnræðisreglu. Það er eitt þeirra atriða sem undir eðlilegum kringumstæðum hlyti að verða skoðað í meðförum nefndar. En vegna þess hvernig mál þetta ber að er eðlilegt að það veki ótta hjá okkur sem sitjum á Alþingi í umboði þeirra sem andæfa ríkisstjórninni og stefnu hennar. Sá ótti er fólginn í þeirri tilfinningu sem við kennum nú, undan sporunum sem eru reknir í síður reiðskjótans. Hér á ekki að vinna af sanngirni og það skelfir mann. Eða hvers vegna er frv. sett fram með þeim hætti að útvarpsrekstur er gerður leyfisskyldur í þessu plaggi en ekki blaðaútgáfa? Hvar er jafnræðisreglan? Hæstv. forsrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að varpa neinu ljósi á það í ræðum sínum í dag þótt hann hafi fengið ótal tækifæri til þess. Þessari spurningu hefur enn ekki verið svarað.

Eða hvernig er hægt að horfa fram hjá því að frv. vegur sannarlega að hagsmunum ákveðins fyrirtækis? Ég spyr hvort ríkisstjórnin sé tilbúin til að ræða gildistökuákvæðið eða ákvæði til bráðabirgða í frv. eða hvort það verði að fara óbreytt í gegn. Ég gæti hugsanlega verið til viðræðu um að gildistakan héldist í hendur við sólarlag núgildandi útvarpsleyfa en ég sé ekki nokkur merki þess að slík umræða eigi upp á pallborðið hjá stjórnarmeirihlutanum. Ég get þó ekki séð að það ætti að vera svo útlátamikið fyrir þingmenn stjórnarmeirihlutans að ræða gildistökuákvæðið þannig að útvarpsleyfi viðkomandi fjölmiðla, sem hafa leyfi í dag, verði látin renna út áður en breytingar frv. taki gildi hjá viðkomandi rekstraraðilum.

Frú forseti. Ég er mjög efins um þá kröfu sem í frv. er, að fyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu á öðrum sviðum viðskipta skuli ekki heimilt að eiga baun í bala í ljósvakamiðlum. Ef við fáum svigrúm til að skiptast á skoðunum um þetta atriði þá held ég að finna mætti miklu skynsamlegri niðurstöðu en þá sem frv. gerir ráð fyrir.

Í þessu frv. er heldur ekkert fjallað um innri reglur sem tryggt geti sjálfstæði ritstjórna eða fréttastofa, sem auðvitað er flókið mál í eðli sínu. Maður getur vel ímyndað sér að eigandi og ritstjóri fjölmiðils séu óhjákvæmilega í sama liði og það er spurning hvort nokkuð sé óeðlilegt við að eigandi fjölmiðils og ritstjórn hans myndi með sér bandalag. Þá verður hins vegar eitt að vera ljóst: Almenningi verður að vera ljóst hver er eigandi fjölmiðilsins.

Þarna er ég komin að því, frú forseti, sem mér finnst vega þyngst í umræðunni allri. Ég get ekki annað en furðað mig á því að frv. skuli ekki hafa að geyma nein ákvæði um gagnsæi eignarhalds. Í mínum huga er það algert lykilatriði, í þeim heimi sem okkur hefur verið búinn — af hverjum? Af ríkjandi stjórnvöldum, nota bene — að eignarhald fjölmiðlanna sé öllum ljóst og upplýsingar um það aðgengilegar á hverjum tíma. Það er algert frumskilyrði. Á þann hátt einan getur almenningur áttað sig á því hvernig best er að hlusta á viðkomandi fjölmiðil og með hvaða gleraugum beri að lesa viðkomandi blað.

Frú forseti. Ég endurtek það sem ég sagði við umræðuna um skýrslu menntmrh., sem hér er eiginlega notuð sem skálkaskjól hugmynda í frv. Ég sakna þess að hugmyndafræði lýðræðisins sé gætt við framlagningu þessa máls. Ég get ekki fellt mig við að ekkert samráð skuli hafa verið haft við aðila á fjölmiðlamarkaði eða við fagfélag þess fólks sem starfar við fjölmiðlana, Blaðamannafélag Íslands.

Blaðamannafélagið hefur lýst, með ályktun á aðalfundi sínum, vilja sínum í þessum efnum. Það er ekki á móti lagasetningu en það er ekki sátt við framgang mála. Ég vitna, leyfi forseta, í ályktun aðalfundar Blaðamannafélagsins sem haldinn var fyrir skemmstu en þar segir:

„Aðalfundurinn hvetur til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga, en efnisatriði fyrirliggjandi frumvarps munu tæplega fá viðunandi umræðu á opinberum vettvangi eigi að samþykkja það sem lög fyrir þingfrestun í vor."

Ég verð að segja, frú forseti, ég hlýt að taka undir ályktun fundarins hvað þetta varðar. Hér hefur því miður ekki verið efnt til eðlilegrar, lýðræðislegrar umræðu, því miður.

Þá er ég komin, frú forseti, að atriði sem mér er mikið í mun að komist að í umræðunni. Það hefur svo sem örlað á því í þeim ræðum sem haldnar hafa verið í dag, þ.e. málefnum Ríkisútvarpsins. Í mínum huga er mjög miður hvernig formenn stjórnarflokkanna hafa kosið að færa málefni Ríkisútvarpsins inn á borð í þessari umræðu. Með hvaða hætti er það? Jú, með yfirlýsingum um það að nú sé rétti tíminn til að leggja af afnotagjöld Ríkisútvarpsins, þau séu úrelt og finna þurfi afnotagjöldunum annað form. Eitthvert annað form. Ég minnist þess að hafa verið gagnrýnd fyrir að tala alltaf um „eitthvað annað" í þessum stól, sem ég geri reyndar ekki. Ég hef yfirleitt hugmyndir til að leggja í pott vilji ég fara aðrar leiðir en ríkisstjórnarflokkarnir. En nú vilja stjórnarherrarnir, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., gera eitthvað annað við fjármögnun Ríkisútvarpsins en að láta borga afnotagjöld.

Ég fullyrði það, frú forseti, að ég treysti Sjálfstfl. ekki fyrir horn í málefnum Ríkisútvarpsins. Það er á stefnuskrá þess flokks að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. Til eru landsfundarsamþykktir fyrir því, samþykktir ungra sjálfstæðismanna og samþykktir Heimdallar. Ekki nóg með það heldur vill yngra fólkið í Sjálfstfl. selja Ríkisútvarpið þegar búið verður að hlutafélagavæða það. Við þekkjum öll þessa sögu um hlutafélagavæðingu ríkiseigna sem eru síðan alltaf seldar, ekki á elleftu stundu, heldur nánast strax eftir að búið er að hlutafélagavæða. Þá er farið í söluferli.

Ég vara alvarlega við því, frú forseti, að í þessari umræðu sé vegið að þeim máttarstólpa Ríkisútvarpsins sem fólginn er í afnotagjaldinu. Ég vil leyfa mér að vitna til greinar sem G. Pétur Matthíasson, starfsmaður Ríkisútvarpsins til margra ára, skrifar í Morgunblaðið í gær, sunnudag, eftir því sem ég held ég muni rétt, en með leyfi forseta þá segir G. Pétur Matthíasson þar:

„Nú eru uppi hugmyndir um að afnema afnotagjald Ríkisútvarpsins. Með því er vegið að sjálfstæði Ríkisútvarpsins því afnotagjaldið gerir Ríkisútvarpið að fjölmiðli þjóðarinnar en ekki fjölmiðli ríkisins."

Þessi yfirlýsing G. Péturs Matthíassonar er alveg samhljóða yfirlýsingu nefndar menntmrh. Hvað segir nefndin í kafla 4.3 þar sem fjallað er um lög Ríkisútvarpsins? Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála um að mikla þýðingu hafi fyrir efni þessarar greinargerðar, að gefa gaum að hlutverki og stöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði, enda er ljóst að styrking og efling ríkisútvarps er ein þeirra leiða sem koma til greina til að hamla gegn neikvæðum áhrifum samþjöppunar eignarhalds á fjölmiðlamarkaði."

Þetta er er afar mikilsverð yfirlýsing og athyglisverð.

Í þessum sama kafla segir jafnframt, sem mér finnst vera lykilatriði í niðurstöðu nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Réttur til innheimtu afnotagjalda styrkir mjög stöðu Ríkisútvarpsins og sjálfstæði".

Það er lykilatriði fyrir sjálfstæða stöðu Ríkisútvarpsins að neytendur og eigendur Ríkisútvarpsins finni að þeir eigi það, þeir greiði til þess og finni það á eigin skinni og eigin buddu að þeir reki þennan fjölmiðil. Ríkisstjórnin á ekki ríkisútvarpið. Þjóðin á það. Það er einn af máttarstólpum íslenskrar menningar. Þegar stjórnarherrarnir leyfa sér að færa umræðuna um Ríkisútvarpið inn í þessa umræðu eins og þeir hafa gert, að varpa því fram sisvona ábyrgðarlaust að afnotagjöldin séu úrelt þótt þeir hafi engar hugmyndir um hvernig megi leysa málin á annan hátt þá segi ég að þeir standi ekki undir ábyrgð sinni, frú forseti.

Ég mundi segja að ef Ríkisútvarpið yrði sett á fjárlög þá væri það dauðadómur yfir því. Það væri þar með sett undir geðþóttavald stjórnvalda og þá fyrst yrði það fyrir alvöru ríkisstjórnarútvarp. Ástandið er ekki gott eins og það er í dag en það yrði skelfilegt ef Ríkisútvarpið yrði sett á fjárlög. Það er tilfinning mín fyrir þessu því að endanlegt skjól Ríkisútvarpsins er að eigendurnir viti að þeir geti treyst því, eigendurnir finni að þeir eigi þar innhlaup og eigi sinn þátt í þeim trúverðuga fréttamiðli sem Ríkisútvarpið er.

Ég tel verulega þörf á að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins. Ég tel að leysa eigi það undan pólitískum áhrifum ríkisstjórnarflokkanna. Ég tel að losa þurfi það undan pólitísku ráði sem leyfir sér að hafa áhrif á ráðningu fréttamanna og annars starfsfólks. Það verður ekki gert með því að færa málefni þess inn á þetta borð með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafa gert.

Það er mjög athyglisvert, frú forseti, að lesa kafla 6.4.1 í skýrslu nefndar menntmrh. þar sem lagt er til að hugað verði sérstaklega að stöðu Ríkisútvarpsins í þessari umræðu með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Það er einnig athyglisvert að nefndin segir að ástæðan fyrir því að þetta sé nefnt fyrst — nota bene, þetta er fyrsta leiðin sem sögð er koma til greina til úrbóta, þ.e. að tryggja traust almenningsútvarps eða ríkisútvarp — sé að sú leið feli ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðarins. Hún segir jafnvel í niðurlagi kaflans að það virðist hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd án breytinga á gildandi lögum, að slíkt mundi geta haft ákveðin áhrif á frjálsa markaðinn, einkamarkaðinn, sem hefði ákveðið svigrúm utan þess vallar sem Ríkisútvarpið leikur á. Kafli 6.4.1 er sannarlega athyglinnar virði í skýrslu menntmrh.

Frú forseti. Ég verð að segja að í heildina tel ég á ferðinni gallað frumvarp. Ég tel það ekki gera neina tilraun til að horfa heildstætt á málin. Þar af leiðandi sver það sig í ætt við önnur stórmál þessarar ríkisstjórnar sem sífellt skautar á yfirborði hlutanna og hikar ekki við að beita meirihlutaafli sínu til að forðast lýðræðislega umræðu og lýðræðislega ákvarðanatöku.

[23:18]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um ummæli forsrh. hæstv. og utanrrh. um afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Hv. þm. talaði um að þessir ágætu hæstv. ráðherrar hefðu ábyrgðarlaust varpað fram hugmyndum um að afnema afnotagjöld og ekki rætt um hvað ætti þar að taka við. Ég tel að þeir hafi ekki varpað þeim hugmyndum fram af ábyrgðarleysi. Mér finnst furðulegt að hv. þm. skuli ekki hafa getið þess í ræðu sinni að í kjölfarið var m.a. rætt við hæstv. menntmrh. sem tók reyndar undir þessi sjónarmið en lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni að hún væri fylgjandi því að nefskattur mundi fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins.

Ég tel að við eigum að fara í umræðu um hvort rétt sé að innheimta gjald af eigendum viðtækja við fjármögnun Ríkisútvarpsins. Ég tel að það kunni að vera úrelt fyrirkomulag. Eins og útvarpsstjóri hefur viðrað í umræðunni gefast orðið aðrar leiðir við að ná útsendingum sjónvarpsins, það er m.a. gert í tölvum með sjónvarpskortum og af þeim eru ekki innheimt afnotagjöld. Fólk sem t.d. hverfur af landi brott um árabil vegna náms eða annars þarf að innsigla viðtæki til

þess að komast hjá þessum greiðslum. Slíkt fyrirkomulag er kannski barn síns tíma.

Að lokum má nefna að innheimtukostnaður Ríkisútvarpsins vegna afnotagjalda nemur tugum milljóna króna. Hann er tekinn af rekstri stofnunarinnar. Þetta er óvinsælt form. Skapar stofnuninni óvinsældir meðal greiðenda að mörgu leyti, að halda úti leitarsveitum við að leita uppi viðtæki. Ég tel fullkomlega eðlilegt að skoða aðrar leiðir við fjármögnun Ríkisútvarpsins en tek undir með hv. þm. varðandi það að þar þarf að gæta mjög að sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

[23:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ánægð með að hv. þm. skuli samsinna sjónarmiðum mínum varðandi það að huga þurfi vel að sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Ég tel að við getum þá a.m.k. orðið bandamenn í þeirri baráttu.

En um hugmyndina um að leggja af afnotagjöld ríkisútvarpsins vegna þess að þau séu úrelt þá verð ég að segja að menn þurfa ekki að leita mjög langt til að finna aðrar hugmyndir sem eru til staðar varðandi það hvernig megi gera þessa hluti á annan hátt, án þess að skerða eða minnka eða slíta tengsl eigendanna, þjóðarinnar, við miðilinn. Sú leið sem ég hef nefnt í ræðum og hef heyrt fjallað um á afar gáfulegan hátt er sá möguleiki að tengja afnotagjöldin við fasteignir og gjaldið sé innheimt með fasteignagjaldi sem ákveðinn hluti fasteignagjalds. Það væri þar með bundið fast við ákveðnar fasteignir. Þetta er leið sem er vel fær og hefur verið til athugunar að fara, a.m.k. hjá því fólki sem hefur haft áhuga á að velta fyrir sér öðrum möguleikum.

Það er hins vegar eitt sem dettur niður við þetta, t.d. hótelin, sem greiða umtalsverð afnotagjöld af því að þau eru með mikinn fjölda tækja. Það er ekki alveg sama hverjir neytendurnir eða notendurnir eru.

Ég verð að segja að mér finnst það frumhlaup af stjórnarherrunum að koma með þennan þátt inn í umræðuna án þess að hafa velt því fyrir sér hvaða umræða eða hvaða hugmyndir hafa verið á sveimi varðandi þetta mál. Ég segi: Höfum allan vara á þessu því að það að fella einhliða niður afnotagjöld Ríkisútvarpsins og breyta þeim í nefskatt, sem mundi hverfa inn í einhverja hít og gera það að verkum að fólk hætti að finna fyrir því að það væri að greiða til Ríkisútvarpsins, tel ég að vegi að rótum sjálfstæðis Ríkisútvarpsins og vinni þar með gegn sjónarmiðum þeim sem hv. þm. talaði fyrir rétt áðan.

[23:22]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að skoða megi þá leið að binda greiðslur við fasteignir. Það er eitt af því sem hefur verið í umræðunni og þarf að fara yfir. Ég ítreka að mér finnst alls ekki óeðlilegt og ekkert frumhlaup af hálfu hæstvirtra ráðherra að nefna að það kunni að vera rétt að afnema afnotagjöldin.

Af hálfu formanns Framsfl. er a.m.k. ekki hægt að halda því fram að þar sé um frumhlaup að ræða. Flokkurinn hefur markað sér stefnu í málefnum Ríkisútvarpsins og samþykkti hana á miðstjórnarfundi fyrir einum tveimur árum. Þar er einmitt fjallað um að það kunni að vera heppilegt að breyta um aðferð við fjármögnun Ríkisútvarpsins og afnema afnotagjöldin. Þó er tekið skýrt fram að sú breyting verði að taka mið af því að viðhalda sjálfstæði Ríkisútvarpsins, þannig að það verði einmitt ekki bundið pólitísku valdi við úthlutun fjármuna eins og hætt er við að verði ef stofnunin fer á fjárlög. Útvarpsstjóri hefur m.a. minnt á það í opinberri umræðu síðustu daga.

[23:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég taldi mig einmitt vita að Framsfl. hefði markað sér stefnu varðandi Ríkisútvarpið. Við vitum það öll sem hér erum inni og þjóðin veit það öll að Framsfl. hefur staðið gegn mjálmi Sjálfstæðisflokksins um breytingu á rekstrarformi og veikingu Ríkisútvarpsins. Framsfl. hefur staðið gegn þeim hugmyndum sem Sjálfstfl. hefur haft um málefni Ríkisútvarpsins.

Eins og ég sagði í ræðu minni treysti ég Sjálfstfl. ekki fyrir horn í málefnum Ríkisútvarpsins. Mér finnst því mjög miður þegar Framsfl. leggst við fætur Sjálfstfl. í þessum málum. En nákvæmlega þannig lítur málið út núna.

Af því við erum að tala um að afnotagjaldið eigi að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og við hv. þm. erum sammála um að það beri að tryggja það þá langar mig að ljúka þessu síðara andsvari mínu með því að vitna aftur til orða G. Péturs Matthíassonar sem skrifaði grein í Morgunblaðið um helgina. Hann segir, með leyfi forseta:

„Afnotagjaldið er stuðpúði eigenda Ríkisútvarpsins, þjóðarinnar, gagnvart stjórnvöldum sem síðan hafa sín áhrif í gegnum útvarpsráð. Það dugir þeim, þeir þurfa ekki líka að hafa fjárhagslegt vald yfir Ríkisútvarpinu."

Verum þessara orða minnug, frú forseti. Ég treysti því að þingmenn Framsfl. fari ekki að láta sjálfstæðismenn leiða sig út í þá gildru núna, sérstaklega ekki í umræðu eins og þeirri sem hér fer fram og farið er í með hasti, að búa til málatilbúnað kringum Ríkisútvarpið sem veikt gæti stöðu þess eða tekið frá því sjálfstæðið.

[23:25]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á að segja að ef þessi ríkisstjórn er flink í einhverju þá er hún reglulega flink í að kveikja elda. Nú logar enn eitt ófriðarbálið sem kveikt hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Heimurinn hefur enn á ný verið málaður svart/hvítum litum og með eða á móti pólitík ræður hér allri för. Þetta kom skýrt fram í framsögu hæstv. forsrh. þegar hann kallaði hv. þingmenn, sem hafa lýst sig andvíga frv. hans, sérstaka blaðafulltrúa ákveðinna fyrirtækja í þessu landi. Það er óþolandi að sitja undir svona ávirðingum ef maður er ekki sammála hæstv. forsrh. Að sama skapi virðist það orðið hegðunarmynstur hjá þessari ríkisstjórn að troða í gegnum þingið mikilvægum málum á síðustu dögum í krafti meiri hlutans án nægjanlegrar umræðu. Þetta eru óþolandi vinnubrögð. Helst mætti ætla að ríkisstjórnin leggi hreinlega ekki í umræður um mikilvæg mál. Hún vill klára málin áður en umræða þroskast. Þetta er eins og að rífa upp ræturnar áður en uppskeran hefur svo mikið sem gægst upp úr moldinni. Hins vegar gæti verið að ríkisstjórnin sé hreinlega orðin það vön völdunum að henni standi nákvæmlega á sama um viðhorf fólks.

Hvaða aðrar ástæður geta verið fyrir því að þegar svo umfangsmikil skýrsla, sem fjölmiðlaskýrsla menntmrh. er, er lögð fram þá komi fram. frv. á sama tíma sem á að byggja á henni? Þannig er slökkt á vitrænni umræðu um skýrsluna sjálfa. Þetta segir mér að ríkisstjórnin hafi ekki nokkurt samráð í huga og hafi ekki nokkurn vilja til samræðu um þetta mál. Vinnubrögðin hingað til bera þess a.m.k. ekki merki.

En það logar ekki bara ófriðarbál vegna þessara vinnubragða innan veggja Alþingis heldur berast mótmæli og hafa borist undanfarna viku frá ýmsum hagsmuna- og stjórnmálasamtökum. Ástæðan er m.a. sú að ekki var haft samráð við þá aðila við samningu frv. Þeir hafa nú sent frá sér mótmæli og nægir þar að nefna samtök á borð við Samtök auglýsenda og Blaðamannafélagið. Þetta eru engin vinnubrögð þegar um svo afdrifaríkt frumvarp er að ræða. Ég segi afdrifaríkt, vegna þess að við vitum að það mun aðallega snerta eitt fyrirtæki á íslenskum fjölmiðlamarkaði sem heitir Norðurljós, fyrirtæki með um 2.000 starfsmenn. Frv. hefur gríðarleg áhrif á afkomu og líf fólks.

Af lestri skýrslunnar er ljóst að staða Ríkisútvarpsins er afar sterk á ljósvakasviðinu. Það ánægjuefni. RÚV er risi á þessum markaði, með 43% hlutdeild í sjónvarpi og 52% hlutdeild í útvarpi, auk þess að reka einn mest sótta vefmiðil í landinu. Hér er því um að ræða restina af þeirri köku sem til skipta kemur á hinum frjálsa markaði þegar ríkið hefur tekið sinn bita. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að ekki er snert við netmiðlum né sjónvarpsstöðvum þeim sem Landssíminn er með á sínum snærum í gegnum breiðbandið. Ekki er heldur gert ráð fyrir sjónvarpi sem sent er í gegnum gervihnött frá sendum úti í heimi, hvað þá stafrænum pökkum sem hægt er að senda gegnum netið. Slíkur er flýtirinn í öllu þessu máli við að brjóta upp fjölmiðlafyrirtækið Norðurljós eins og það er nú að það er ekki litið heildrænt á málin, nema þá menn átti sig hreinlega ekki á því að það eru til fleiri leiðir til að senda út og gefa út lifandi efni en sjónvarps- og útvarpsbylgjur á tímum nýrrar tækni.

Virðulegi forseti. Afleiðingar þessa frv. tel ég að verði margar og ekki síður hætturnar, sem ég tel að verði allnokkrar. Þær eru fyrirsjáanlegar og ég vil nefna nokkrar þeirra.

Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að fjölmiðlarekstur verði mun erfiðari og fjölmiðlar á hinum frjálsa markaði verði fjársveltir vegna þeirra miklu takmarkana á fjármögnunarleiðir sem settar eru í frv. Þetta veldur mér áhyggjum vegna þess að ég tel fjársvelta fjölmiðla verri en enga. Ritstjórnarlegt frelsi er betur tryggt með kínamúr, alvöru kínamúr á milli fjármagns og ritstjórna, sem hætt er við að verði ansi þokukenndur hangi fjölmiðill á horriminni.

Í öðru lagi tel ég að fjölmiðlaflóran verði einsleitari á ný og minna í boði á okkar litla markaði. Þetta getur haft mikil áhrif á fjölbreytileikann í menningu og afþreyingu. Íslensk dagskrárgerð hefur verið afar fjölbreytt á undanförnum árum og þá ekki síður hjá hinum frjálsu sjónvarpsstöðvum en hjá Ríkisútvarpinu. Hef ég verulegar áhyggjur af því að íslensk dagskrárgerð og afþreying muni koma afar illa út úr þessu og fjölbreytileikanum þannig stefnt í hættu.

Í þessu samhengi verður einnig að minna á að mælingar benda til aukinnar notkunar á fjölmiðlum og aukinnar lesningar dagblaða. Það er ekki merki um einsleitni að mínu mati, öllu heldur um meira og fjölbreyttara framboð á þessum markaði. Þessu á að fagna í okkar lýðræðislega samfélagi, ekki setja lög á það. Fleiri virðast komast í miðlana og væri ráð, áður en svona lög eru samþykkt og fullyrðingum haldið fram um að hér ríki einsleitni, að hreinlega yrði gerð úttekt á því hversu margir Íslendingar ár hvert komast með sín mál í fjölmiðla og það verði tekið saman.

Fullyrðingum um að hér sé ekki fjölbreytni ráðandi verða að fylgja mælingar en ekki persónulegt mat. Samhliða þessu er einnig hætta á að með þessu frv. sé verið að minnka farmboð eftirsóknarverðra starfa fyrir blaðamenn, tæknifólk, dagskrárgerðarmenn og fleiri sem starfa við þennan iðnað. Þetta er stór iðnaður.

Í þriðja lagi má alls ekki gleyma því að bak við þessi fyrirtæki er fjöldinn allur af fólki og fjölskyldum. Sú tala hleypur á hundruðum. Við erum að tala um fjölskyldur sem eiga allt sitt undir störfum hjá þessu fyrirtæki. Störf þeirra eru nú í uppnámi. Þetta snýst nefnilega líka um afkomu fólks og fjölskyldna þess. Því megum við ekki gleyma í öllum þessum flýti og öllu þessu hanaati sem hér hefur átt sér stað.

Ég hef sérstaklega hoggið eftir því að þegar þingmenn Sjálfstfl. koma fram í fjölmiðlum, sérstaklega í síðustu viku, hamra þeir á því að þessi lög verði sett vegna samfélagslegra hagsmuna. Þá get ég ekki annað en spurt mig: Í hvaða samfélagi búa þeir eiginlega? Það að koma hundruðum eða þúsundum starfa í uppnám hjá einni stétt atvinnulífsins eins og nú er gert get ég ekki séð að feli í sér neina samfélagslega hagsmuni né séu það samfélagslegir hagsmunir að vega að starfsheiðri manna eins og gert hefur verið í þessari umræðu af hálfu stjórnarliðsins.

Í fjórða lagi, síðasta en ekki sísta, finnst mér undarlegast að í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um þessi mál af hálfu stjórnarliða er allt kapp lagt á að drífa sig að brjóta upp og banna með lagasetningu eignarhald stærstu fyrirtækja landsins í fjölmiðlun en ekki einu einasta orði minnst á gagnsæi eignarhalds. Gagnsæið er miklum mun mikilvægara en lagasetning á borð við þá sem ríkisstjórnin hefur hér lagt fram.

Þingmenn Samf. hafa lagt fram þáltill. á þessu þingi sem lýtur að því að auka gagnsæi á eignarhaldi á fjölmiðlum til að skapa traust milli neytenda og fjölmiðlanna. Neytandinn er skynsamur, frú forseti, og lætur ekki bjóða sér fréttir sem bornar eru fram af eigendum fjölmiðlanna. Neytandinn sér í gegnum slíkt. Neytandinn mun þannig tryggja hið ritstjórnarlega frelsi. Neytandinn er gagnrýninn en með þessari aðgerð er ekkert slíkt gagnsæi tryggt, þvert á móti er aukin hætta á því að fjármagnið verði neðan jarðar og komi með krókaleiðum yfir landamæri vegna þess að óeðlilegar hömlur eru settar á markaðinn. Það er því mikil hætta á því að ekki verði nægilega ljóst fyrir neytandann hverjir eigi miðlana og við getum ekki viljað neðanjarðareignarhald það sem þetta frv. getur mögulega leitt af sér.

Virðulegi forseti. Við höfum margar vísbendingar um að þessi lög séu til komin vegna sárinda og gremju hæstv. forsrh. út í einstaka eigendur Norðurljósa. Hefur þetta birst með ýmsum hætti, bæði úr þessum stóli hér og í fjölmiðlum undanfarið. Í síðustu viku sagði hæstv. forsrh. við fjölmiðlamenn að fréttamenn á fréttamiðlum Norðurljósa hefðu ekkert frelsi og að þeir gengju algjörlega og eingöngu erinda eigendanna.

Frú forseti. Þetta eru stór orð sögð um fjölda manns og þarna finnst mér harkalega vegið að blaðamönnum.

Miðað við ræðu hæstv. félmrh. fyrir helgi í umræðum um fjölmiðlaskýrsluna virðist hann líka vera býsn fúll út í fréttaflutning ákveðinna miðla í þeirra eigu. Hann veifaði hér Dagblaðinu og gekk svo langt að fullyrða að blaðamenn semdu ekki fyrirsagnir á fréttum sínum. Ég spyr: Hvað hefur hann eiginlega fyrir sér í því? Ég átta mig ekki á því, en þetta er álíka málefnaleg fullyrðing og ef ég héldi því hér fram að ríkisstjórnin stýrði uppslætti á Ríkisútvarpinu. Í reynd má spegla rök stjórnarliðsins um hlutdrægan málflutning frjálsu fjölmiðlanna á Ríkisútvarpið sem lýtur meirihlutastjórn ríkisstjórnarflokkanna. En mér dettur það ekki í hug vegna þess

ég tel blaðamenn almennt faglega, hvort sem þeir starfa hjá ríkinu eða öðrum miðlum.

Virðulegi forseti. Mér finnst svona málflutningur ekki boðlegur. Ég skil samt að ráðherrarnir séu stundum súrir út í umfjöllun einstakra fjölmiðla eins og t.d. DV. Sjálf hef ég lent í þeim. Eins og kannski einhverjir muna birtist rætinn pistill um mig á milli jóla og nýárs í því blaði þar sem ég var uppnefnd og reynt að gera mig tortryggilega í starfi mínu. Ekki hvarflaði að mér eina mínútu að þessi pistill væri skrifaður vegna þess að Jón Ásgeir, Jóhannes í Bónus eða einhver annar ætti eitthvað sökótt við mig, þar með væri eitthvert stórkostlegt plott á bak við, annað en það að maður er opinber persóna og gefur blaðamönnum færi á sér. Ekki hvarflaði að mér sú hugsun, ekki eina einustu sekúndu, hvað þá mínútu, að á slíka menn þyrfti þess vegna að setja lög. Ég hef greinilega ekki eins frjótt ímyndunarafl og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og þessi ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Það þarf ríkar ástæður til að grípa inn í markaðinn með svo afgerandi hætti, á slíkum hraða og án alls samráðs við þá sem málið snertir. Ég tel að fórnarkostnaður þessa frv. sé allt of hár og hann geti haft áhrif á störf fjölda manna og gert fjölmiðlamarkaðinn einsleitan eins og hann var á árum áður þegar það eina sem var í boði á sunnudögum var Húsið á sléttunni. Hér er gengið of nálægt tjáningarfrelsinu, virðulegi forseti. Hér gengur ríkisvaldið allt of langt. Það er mikilvægt að stíga varlega til jarðar, það eru nefnilega mörg hundruð störf undir og við skulum ekki gleyma því í þessari umræðu.

[23:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur fram í viðtali við Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóra Baugs, eins og ég hef rakið hér áður, að það sé mjög góður fjárfestingarkostur að eiga hlutafé í Stöð 2 og hann talar um að þeir hyggist reka fyrirtækið með svo góðum árangri að það skili á næstu 2–3 árum 300–400 millj. í sparnað. (Gripið fram í.) Ég skil ekki hvernig hv. þm. getur fundið það út að það bendi til þess að störf hjá þessu fyrirtæki séu í hættu þó að aðrir fjárfestar komi að. Ég skil heldur ekki (Gripið fram í.) þegar hv. þm. heldur því fram að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu ekki heiðarlegir í fréttaflutningi sínum.

[23:38]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt því aldrei fram að blaðamenn eða fréttamenn á Ríkisútvarpinu væru óheiðarlegir blaðamenn. Ég sagði að almennt teldi ég alla blaðamenn heiðarlega, hvort sem þeir ynnu hjá ríkinu eða hjá hinum frjálsu miðlum þó að í umræðunni hafi ítrekað komið fram að hæstv. ríkisstjórn treysti ekki fréttamönnum á miðlum Norðurljósa, eins og ég vitnaði til.

Varðandi þennan upplestur úr Viðskiptablaðinu — hv. þm. Halldór Blöndal hefur verið með það hér í dag — tel ég að þeim þætti hafi verið svarað hér ágætlega í fyrra skiptið sem þetta var lesið upp.

[23:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók það svo að hv. þm. hefði verið að tala um að ríkisstjórnin hefði tök á sjónvarpinu. Ef það hefur ekki komið fram í ræðu hv. þingmanns hef ég tekið rangt eftir og bið afsökunar á því. Mér þykir vænt um að hv. þingmaður skuli bera traust til starfsmanna Ríkisútvarpsins og telja þær árásir sem Ríkisútvarpið hefur orðið fyrir, m.a. af öðrum þingönnum Samf., ekki á rökum reistar. Mér þykir gott að hv. þingmaður skuli deila þeim skoðunum með mér og læt sérstaka ánægju í ljósi yfir því að hv. þingmaður skuli hafa traust og trú á ríkisfjölmiðlunum. Mjög gott að fá það fram. (Gripið fram í.)

Á hinn bóginn held ég að það sé óhjákvæmilegt fyrir hv. þingmann að skýra nánar hvers vegna hún telur að aðrir geti ekki rekið Stöð 2 jafn vel og Baugur. Það kemur fram hjá forstjóra Baugs, eins og ég gerði grein fyrir, að það er mjög góður kostur að fjárfesta í Stöð 2 og er engin ástæða til að draga dómgreind hans í efa hvað það varðar (**BH:** Það má enginn kaupa.) og vísa því til annarra manna. Þessi dómur forstjórans liggur fyrir og ekki þarf að draga í efa greind hans og reynslu í bisness.

Annars langar mig að lokum að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að óæskileg samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlum hafi átt sér stað. Fá já eða nei við því ef hv. þm. vill vera svo elskuleg.

[23:41]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi þetta: Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ég var alls ekki með einhverjar aðdróttanir um eða að draga í efa heilindi blaðamanna og fréttamanna á Ríkisútvarpinu. Miklu heldur var ég að lýsa yfir trausti á blaðamannastéttina yfirleitt. Ég tel almennt að blaðamenn starfi býsna faglega í þessu landi og hafi fengið sæmilegt rými til þess, hvar sem þeir hafa starfað. Það á bæði við um ríkið og einkamarkaðinn.

Við höfum séð eitt glöggt dæmi sem mér finnst ég eiginlega verða að nefna hér, dæmi sem kom upp síðasta sumar á einkamiðli þar sem eigandinn hafði bein afskipti af fréttastofu með áberandi hætti, og hvað gerðist? Fréttamenn á þeim miðli gerðu uppreisn vegna þess að þeir vilja vera faglegir. Það varð uppi mikið fár. Hvað gerðist í kjölfarið? Traust á fréttastofunni fór niður og það endaði með því að það þurfti að stokka hana algjörlega upp og þar var á endanum skipt um fréttastjóra og tekið til. Það er til komið vegna þess að fréttamennirnir sjálfir á faglegum forsendum gerðu uppreisn og mótmæltu þessari aðkomu eigendanna að fréttastofunni. (**Gripið fram í:** Hvaða miðill var þetta?) (**BH:** Stöð 2.) Þetta var Stöð 2. (**Gripið fram í:** ... laxveiði ...) Já, já, laxveiði.

Varðandi þá fullyrðingu mína að ég teldi að störf væru í uppnámi get ég ekki með nokkru móti séð hvaða fyrirtæki með alvörufjármagn í þessu landi eiga að geta fjárfest í þessum fjölmiðli eins og staðan er núna, samkvæmt þessu frv. Ég vil gjarnan fá dæmi ef hægt er að nefna slíkt fyrirtæki sem það gæti eða einstakling sem gæti komið inn með þá milljarða sem til þarf.

[23:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hafa verið miklar umræður í dag um þetta mál og ekki að ófyrirsynju. Hér er um að ræða býsna viðamikið mál sem hefur hreyft við mörgum í þjóðfélaginu. Það er eðlilegt því það lýtur að löggjöf um fjölmiðla og fjölmiðlar eru einn hornsteininn í lýðræðislegu þjóðfélagi þannig að það er eðlilegt að menn hafi skoðanir á því hvernig eigi að ganga frá og útbúa löggjöf um það efni.

Ég vil segja, herra forseti, að mér finnst eðlilegt að menn taki þetta mál til umfjöllunar. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt að menn litu til málsins í heild og huguðu að löggjöf um hringamyndun í atvinnulífinu. Ég hef haft nokkrar áhyggjur af því um nokkurt skeið að mjög mikil samþjöppun hafi verið á mörgum sviðum atvinnulífsins. Þar er nærtækast að

nefna matvörumarkaðinn og fjármálamarkaðinn. Það hefur á seinustu árum þróast líka yfir í það að fyrirtæki hafa orðið mjög umsvifamikil í öðrum atvinnugreinum en þau byggja meginstarfsemi sína á. Þar vil ég fyrst og fremst nefna fjármálafyrirtækin sem hafa með beinu eignarhaldi í öðrum atvinnugreinum stjórnað þróuninni í þeim með mjög afgerandi hætti.

Þar má nefna ýmis dæmi eins og afskipti bankanna af svínarækt og kjúklingarækt, svo ekki séu önnur dæmi nærtæk nefnd því til sönnunar. Við getum nefnt sjávarútveg og fleira í þeim dúr.

Ég tel fyllstu ástæðu til að setja löggjöf um hringamyndun til þess að takmarka vald og áhrif einstakra fyrirtækja og aðila þvert í gegnum atvinnulífið. Ég bar fram tillögu um það á flokksþingi Framsfl. í febrúarmánuði á síðasta ári sem var samþykkt, svohljóðandi:

„Undirbúin verði löggjöf um hringamyndun í atvinnulífinu þar sem m.a. komi til greina að skipta upp stórum fyrirtækjum sem eru markaðsráðandi."

Þetta er mín almenna afstaða til máls af þessu tagi.

Ég hef ekki í aðdraganda þess máls sem hér er komið inn í þingsali velt sérstaklega fyrir mér hvort ástæða væri til að setja sérstaka löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn og draga hann þannig út úr. Ég er eiginlega á því að það sé ekki eðlilegt, heldur eigi menn að taka málið í heild og undirbúa löggjöf um hringamyndun. Ég sé ekki forsendur fyrir því að taka eitt svið atvinnulífsins út úr í þessu skyni. Löggjöf um hringamyndun hlýtur að taka á viðskiptaþætti málsins með það að markmiði að tryggja samkeppni af því að menn trúa því að samkeppnin sé besta leiðin til að tryggja viðskiptavinunum lágt verð og góða þjónustu. Þess vegna ætti hún að stuðla að samkeppni á fjölmiðlamarkaði alveg eins og samkeppni á matvörumarkaði og víðar.

Menn leggja önnur sjónarmið til grundvallar því og spyrja: Eigum við að setja sérstaka löggjöf um fjölmiðla til að tryggja það að lýðræðisleg umfjöllun í þjóðfélaginu verði með einhverjum þeim hætti sem menn telja eðlilegt? Nú er hlutverk fjölmiðla fyrst og fremst það að draga fram staðreyndir máls, segja frá þeim staðreyndum og draga fram þau sjónarmið sem eru í hverju máli þannig að þeir sem tala fyrir þeim geti komist að í fjölmiðlum með sjónarmið sín. Þau eru meginhlutverk fjölmiðla. Það er engin skylda á fjölmiðlum að þeir hafi ekki skoðun. Þeir mega hafa skoðun en þeir verða að gæta þessara atriða við fréttaflutning í einstökum málum.

Ég held að við þurfum að skoða smæð íslenska markaðarins. Ég hef að vísu fengið þær röksemdir gegn því að rétt sé að setja sérstaka löggjöf um hringamyndun að menn geti ekki haft samkeppnisþjóðfélagið hér á landi eins og það gerist í milljónaþjóðfélögunum erlendis. Menn færa fyrir því þau rök, sem eru alveg rétt, að á flestum sviðum þjóðfélagsins sé ekki um að ræða samkeppni milli margra aðila, heldur fárra aðila. Þeir eru tveir til þrír og í fáum tilvikum fleiri, á flutningamarkaði einn eða tveir aðilar, í innanlandsflugi líka o.s.frv.

Smæð markaðarins gerir það að verkum að það er kannski ekkert alveg víst að samkeppnislögmálin skili okkur á enda eins og við ætlumst til út frá þessu sjónarmiði sem ég nefndi og liggur að baki því að setja löggjöf um hringamyndun. Það hefur hins vegar orðið ofan á, getum við sagt, í pólitískri umræðu að trúa á samkeppnina. Þess vegna tel ég að við verðum að vinna eftir því þangað til við sannfærumst um annað en þá þurfum við líka að huga að löggjöf sem er til þess fallin að tryggja stöðu neytenda á markaði þó að hún kunni að vera að einhverju leyti öðruvísi en menn vildu hafa hana í öflugu samkeppnisþjóðfélagi.

Við skulum ekki gleyma því að fjölbreytni, t.d. á blaðamarkaði á Íslandi, hefur verið mikil í gegnum tíðina. Hún hefur farið minnkandi vegna þess að það var ekki rekstrargrundvöllur undir blöðunum. Eitt af öðru týndu þau tölunni og engin löggjöf hefði getað tryggt þeim rekstrargrundvöll. Það verður að gæta að því í löggjöf að hún sé um það sem getur orðið en komi ekki í veg fyrir þá fjölbreytni sem þó er til staðar.

Mér sýnist fljótt á litið að þetta frv. dragi úr möguleikunum á því að þeir fjölmiðlar starfi sem eru þó starfandi í dag, mér sýnist það, án þess þó að samkeppnin sé í nægilegu samræmi innbyrðis til að vera trúverðug. Hvernig má það vera að það sé hættulegt að fyrirtæki sem á útvarpsstöð eins og Útvarp Stjörnuna sem útvarpar íslenskri músík allan sólarhringinn en engum fréttum eigi hlut í dagblaði? Hún má eiga allar aðrar útvarpsstöðvar og það má þjappa þeim saman alveg út í það óendanlega. Það finnst frv. ekki hættulegt. Eykur annað fjölbreytnina en hitt ekki? Það verður auðvitað að vera samræmi í því, virðulegi forseti.

Menn hafa dregið fram ályktanir Evrópuráðsins til grundvallar umræðu um þetta mál. Ég er hér með ákveðna skýrslu frá Evrópuráðinu sem mig langar að fara aðeins yfir. Ég vil þó segja að ég tel að mál af þessu tagi eigi að taka almennt eins og ég nefndi. Menn eiga að leggja fram skýrslu um það til opinberrar umfjöllunar sem á síðan að vera til umræðu í nokkurn tíma áður en menn taka málið til endanlegrar niðurstöðu, t.d. með frumvarpsgerð hér á Alþingi. Það samrýmist ekki sjónarmiðum mínum um lýðræðislega umfjöllun að þau gögn sem eru grundvöllur ákvarðanatöku í þessu máli skuli þá fyrst vera gerð opinber þegar menn eru búnir að ná meiri hluta þingsins á bak við tiltekna niðurstöðu. Það samrýmist ekki þeim viðhorfum sem ég hef til lýðræðislegrar umfjöllunar máls. Það eru mörg þúsund manns í stjórnmálaflokkunum á Íslandi, þar á meðal stjórnarflokkunum, sem eru í þeim vegna áhuga síns á þjóðmálum. Það fólk vill auðvitað fá að hafa áhrif á það hvernig þessi umræða þróast. Mér finnst að menn eigi að gefa fólkinu tíma til að koma að málinu áður en búið er að ljúka því með lagasetningu. Það er allt annað að koma að máli sem búið er að loka. Þegar aðkoma áhugamanna um stjórnmál er opin eru menn að fjalla um það hvort þeir vilji hafa þá lagasetningu eða niðurstöðu sem orðin er en ekki hvort þeir geti haft áhrif á hvernig hún verður. Það er tvennt ólíkt. Málsmeðferðin er að mínu viti, virðulegi forseti, ekki í samræmi við það sem ég hefði lagt til í þessu máli.

Ég er hér með skýrslu stjórnarnefndar um fjölmiðla frá Evrópuráðinu sem er gefin út í desember 2002 og heitir „Media Diversity in Europe". Hún er mjög fróðleg og dregur það fram að margar þjóðir vilja setja reglur um þessa hluti til að tryggja að umfjöllun fjölmiðla verði sem lýðræðislegust en varpar líka ljósi á það hvernig menn telja að eigi að nálgast þetta viðfangsefni. Ég vil fyrst nefna að í skýrslunni er tekið fram að fjölbreytni í eignarhaldi tryggi ekki í sjálfu sér fjölbreytni í fjölmiðlun eða efni fjölmiðilsins. Það er skýrt tekið fram í skýrslunni. Í öðru lagi er líka tekið fram sem menn hafa komist að raun um að mikil samkeppni, t.d. milli dagblaða eða milli sjónvarpsstöðva, tryggir ekki heldur fjölbreytni í efnisinnihaldi. Hvorki samkeppnin né eignarhaldið

eitt og sér dugar til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Þetta er afstaða stjórnarnefndarinnar sem ég vitna hér til. Það þarf því fleiri atriði. Það þarf að leggja mat á fleiri atriði til þess að menn geti nálgast viðfangsefnið.

Mælikvarðarnir sem menn nota í Evrópu eru allmargir. Þeir nota þá saman, ekki bara einn stakan, heldur taka þá alla saman. Helstu mælikvarðarnir sem menn nota eru áhorf eða útbreiðsla, velta, útgjöld, fjöldi rása o.s.frv. Menn leggja saman mörg atriði til að leggja til grundvallar stefnumörkuninni í þessu efni. Ef til er einhver meginlína hjá þessum þjóðum sem eru til athugunar má segja að hún sé sú að markmið löggjafar í þessum efnum sé að tryggja að a.m.k. þrír stórir aðilar séu á hverju sviði á landsvísu, t.d. tveir einkaaðilar og einn ríkisaðili. Þá liggur til grundvallar að það sem menn geta kallað eðlilega hlutdeild á markaði í öllum þessum þáttum sé á að giska þriðjungur.

Þetta eru hinar almennu reglur í milljónaþjóðfélögunum. Í fámennari þjóðfélögum getur ástandið verið annað, sérstaklega vegna þess að efnahagslegar forsendur eru ekki fyrir hendi til þess að svona margir aðilar geti starfað. Því má segja að í fámennari löndum sé venjan sú að ýmist eru bara tveir aðilar, ríkisaðili og einkaaðili, jafnvel bara einn aðili á markaðnum og í þeim tilvikum kemur samkeppnin frá erlendum stöðvum sem hafa útsendingarrétt í viðkomandi landi. Ég minni á að hér er búið að lögtaka Evróputilskipun sem við getum flett upp í útvarpslögunum sem heimilar útvarps- og sjónvarpsstöðvum að senda út um allt Evrópska efnahagssvæðið. Það er ekki hægt að banna mönnum að senda út til Íslands efni frá Hollandi eða Þýskalandi. Hvernig ætla menn að taka á því fyrirtæki? Hvernig ætla menn að skilgreina stöðu þess? Í hvaða skilningi á það að vera markaðsráðandi?

Þetta er mjög athyglisverð ábending frá þessari stjórnarnefnd. Í hinum fámennari þjóðfélögum er hin venjulega staða sú að einn ríkisaðili og einn einkaaðili séu á markaði, eða bara einn aðili og síðan erlendar stöðvar. Þetta er mjög svipað ástand og við búum við. Mér sýnist staðan hér á landi vera mjög svipuð því sem er í öðrum fámennum ríkjum. Þetta er það sem kemur fram í téðri skýrslu.

Það sem mér þykir athyglisvert, virðulegi forseti, er hvernig nefndin leggur til að menn bregðist við ef einstakur aðili fer yfir þá þröskulda sem settir eru um stærð og umfang viðkomandi fyrirtækis. Það er lagt til að beitt verði viðurlögum eða refsingum eftir eðli máls. Hafi menn fjárfest of mikið verður mönnum gert að draga úr fjárfestingu, draga úr áhrifum á tilteknum markaði eða nýjum aðila er t.d. úthlutað nýjum útsendingartíma eða rás.

Svo er síðasta úrræðið, virðulegi forseti, ég leyfi mér að lesa það á ensku:

„... or the extreme sanction of the withdrawal of a license."

Það er síðasta úrræðið og harðasta refsingin að afturkalla leyfið. Þetta er í niðurstöðukafla skýrslunnar. (Gripið fram í.)

Mér finnst að frv. endurspegli ekki þá lýsingu sem er að finna í skýrslunni frá desember 2002 sem heitir „Media Diversity in Europe". Ég tel nauðsynlegt að menn endurskoði frv. í ljósi skýrslunnar ef þeir á annað borð ætla sér að ljúka því á þessu vori. Ég held að annað væri afar óskynsamlegt og er reyndar á þeirri skoðun að frv. gangi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Gildistökuákvæðið er með þeim hætti að þeim forsendum sem fyrirtæki sem hafa leyfi starfa eftir og gengu út frá þegar þau fengu leyfið er breytt. Verið er að breyta forsendunum jafnvel áður en leyfi rennur út.

Við ræddum mikið um sjávarútvegsmál á sínum tíma í þingsölum og um það hvort við ættum ekki að breyta úthlutun veiðiheimilda úr því kerfi sem er yfir í annað kerfi og ætla okkur síðan einhvern tíma til að fara á milli kerfa. Það var kölluð fyrningarleið. Mínar hugmyndir voru að fara á milli kerfa á 33 árum, 3% fyrning á ári. Í gildistökuákvæðinu er í raun 50% fyrning. Það er mjög hröð aðlögun að nýjum veruleika sem ég fæ ekki séð að gangi upp.

Þá held ég líka að það ákvæði að fyrirtæki sem skilgreint er markaðsráðandi megi ekki eiga neitt í ljósvakamiðlum sé algert einsdæmi. Ég hef ekki séð svo strangar kröfur í neinu landi. Í Frakklandi t.d. er gert ráð fyrir að hvaða fyrirtæki sem er megi eiga 49%. Ég held því að menn verði að rýmka það og eins líka að hafa takmarkanir ekki eins skarpar og eru á milli ljósvakamiðla annars vegar og blaða hins vegar. Setji menn sér einhver mörk um útgáfu, veltu og annað á það ekki að skipta máli hvort fyrirtæki er að reka sjónvarpsstöð og dagblað eða sjónvarpsstöð og útvarpsstöð. Það ætti að taka starfsemi fyrirtækisins í heild til grundvallar en ekki skilja þetta með þeim hætti sem gert er í frv.

Það má segja margt um málið, herra forseti, en ég læt þessu lokið að sinni. Ég held að mönnum væri hollt að kynna sér þær áherslur sem uppi eru af hálfu Evrópuráðsins í þessum efnum. Ég held að þær séu að mörgu leyti eilítið öðruvísi en menn hafa rætt um í umræðunni til þessa, og er ég þó ekki að gera lítið úr þeirri skýrslu sem liggur til grundvallar. Ég held að það sé margt gott í henni og að hún sé ágætur grundvöllur umræðu, en hún getur ekki verið grundvöllur niðurstöðu sem er tekin áður en umræðan hefst.

[00:03]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir mjög athyglisverða og á margan hátt merka ræðu. Ég vil, áður en ég spyr hann þeirra spurninga sem mig langar til að spyrja hann, taka undir með honum þegar hann talar um að hann telji að það eigi að líta á hringamyndun og samþjöppun í miklu víðara samhengi en við höfum gert í dag og í kvöld. Ég kom aðeins inn á þetta í langri ræðu minni fyrir helgi í umræðum um fjölmiðlaskýrsluna.

Í skýrslunni sem hæstv. menntmrh. eða ríkisstjórnin lét gera kemur fram að Baugur er núna með 75% af matvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu og rúm 50% á landsbyggðinni. Þetta eru náttúrlega hlutir sem við þurfum að líta nánar á, ekki bara að einblína á fjölmiðlana, við þurfum líka að líta á fjármálamarkaðinn.

Ég fagna enn og aftur, frú forseti, ræðu hv. þm. Það var mikið að maður fékk að heyra einhverja vitræna ræðu úr munni framsóknarmanns í dag, það var svo sannarlega kominn tími til. Ræðan sýnir að enn er smávonarneisti í Framsfl. þó að þar sé ansi dimmt nú um stundir.

Mig langar að spyrja hv. þm. Kristin H. Gunnarsson að því, af því að mér fannst hann ekki tala nógu skýrt hvað það varðaði: Er hann að mælast til þess að frv. ríkisstjórnarinnar verði slegið á frest og að við reynum að hugsa málin í sumar eins og mælst hefur verið til í dag, m.a. af þeim sem hér stendur, og jafnvel að reynt verði að líta á hlutina í víðara samhengi? Mér fannst það ekki koma alveg nógu hreint fram hjá honum og þætti vænt um að fá nánari skýringu á því.

[00:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt skilið hjá hv. þm. að það er afstaða mín. Ég tel að það eigi ekki að ljúka afgreiðslu málsins á þessu vori með lagasetningu. Ég tel að það eigi að gefa tíma til þess að menn geti rætt málið í þjóðfélaginu, stjórnmálaflokkunum og þingflokkunum því það er nýtilkomið. Þetta er stórt svið og mörg álitaefni og ábyggilega flestir þingmenn sem hafa ekki kynnt sér öll efnisatriði málsins og margt sem menn eiga eftir að lesa og skoða í þeim efnum og því er óskynsamlegt að ljúka afgreiðslu málsins áður en menn hafa athugað málið til hlítar.

Ég vil bæta því við, herra forseti, að ég tel ekki að menn eigi bara að einblína á þann þátt málsins sem mér finnst um of gert úr að eigendur hafi svo og svo mikil áhrif á framgöngu fréttamanna fjölmiðils. Ég legg ekki trúnað á þær fullyrðingar að fréttamenn, hvort sem þeir eru hjá Stöð 2 eða Fréttablaðinu, gangi erinda eigenda sinna. Ég tel að menn megi ekki tala um þá af svona mikilli lítilsvirðingu og tek eftir því að það talar enginn svona um fréttamenn Morgunblaðsins, enda engin ástæða til.

Það þarf líka að gæta að því að fjölmiðlamenn hafi frelsi frá stjórnmálamönnum. Þeir eiga að veita stjórnmálamönnum aðhald en ekki öfugt. Ég held að við megum aldrei gleyma því að stjórnmálamennirnir eru ekki þeir sem eiga að segja fréttamönnunum fyrir verkum. Þess vegna verða stjórnmálamenn að gæta hófs í ummælum sínum og gagnrýni á íslenska fjölmiðla.

[00:07]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hún er mjög í takt við þær hugmyndir sem ég og minn flokkur höfum verið að gera okkur varðandi málið.

Stjórnarþingmenn hafa m.a. verið að reyna að haga málflutningi þannig að flokkur minn, Frjálsl., sé eins og einhver vindhani í málinu og hafa dregið inn í umræðuna að við vorum með þáltill. sem var borin fram í haust. Í þeirri þáltill. segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstur hér á landi."

Þar á meðal var kveðið skýrt á um að leita ætti samráðs, ekki bara á hinu háa Alþingi heldur við Blaðamannafélag Íslands og helstu fjölmiðla eða samtök þeirra.

Við höfum aldrei verið á móti því að skoða eignarhald á fjölmiðlum. Það var t.d. hv. þm. Páli Magnússyni hreinlega til vansa fyrr í kvöld hvernig hann reyndi að snúa út úr þessu og nota þetta gegn okkur (Gripið fram í.) og reyndi (Gripið fram í.) að láta líta út fyrir að málflutningurinn ... (Gripið fram í.) — Hv. þm., ég er að tala, ég hef orðið hér. — Það var hv. þm. hreinlega til vansa hvernig hann reyndi að snúa þessu upp á okkur, snúa málunum gjörsamlega á hvolf. Ég skal gjarnan svara honum aftur á eftir, ég hlakka til þess að takast á við hann, frú forseti.

[00:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fáu að bæta við það sem fram hefur komið. Ég vil þó segja, virðulegi forseti, að umræðan snýst töluvert um það að fréttaflutningur í fjölmiðlum sé með óviðunandi hætti í einhverjum skilningi að mati einhverra og að setja þurfi lög til þess að breyta þeim flutningi í eitthvert viðunandi horf.

Ég held að við megum ekki falla í sömu gryfju að ætla að lýðræðisleg umræða um málið í þingsölum sé bara tvær hliðar, önnur hliðin flutt af þeim sem eru í stjórn og hin hliðin flutt af hinum sem eru í stjórnarandstöðu. Ef við pólaríserum umræðuna þannig, erum við þá ekki að falla í sömu gryfju og sumir ásaka fjölmiðlamenn um þegar þeir greina frá einstökum deilumálum? Við verðum að hafa víðsýni til þess að taka á málum út frá viðhorfum hvers og eins, við verðum að geta leyft okkur að fara yfir málin án þess að vera með fyrir fram gefna afstöðu í málinu af því að menn eigi að vera í tilteknu liði.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að setja fram sjónarmið mín í málinu eins og þau blasa við mér. Ég vona að menn sýni þeim viðhorfum, bæði mínum og annarra, þá virðingu að virða þau.

[00:11]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Stjórnarliðar hafa gjarnan haldið því fram flestir hverjir að þau lög sem til stendur að setja um fjölmiðla séu almenn lög en ekki sértæk lög. Þetta hafa þeir sagt æ ofan í æ á þingi og í fjölmiðlum.

En umræðan í þinginu í kvöld endurspeglar að lögin eru ekki almenn lög. Þetta eru sértæk lög um að brjóta upp tiltekið fyrirtæki í fjölmiðlarekstri. Við þurfum ekki annað en að hlusta á þingmenn tala hér, eins og hv. þm. Halldór Blöndal, til þess að gera okkur grein fyrir því að þetta eru sértæk lög um tiltekið fyrirtæki og umræðan hefur snúist um það og endurspeglar það.

Hv. þm. sem talaði áðan, Kristinn H. Gunnarsson, sagði að löggjöf ætti að vera um það sem getur orðið. Þetta eru held ég skynsamlegustu orð sem ég hef heyrt mælt í þingsalnum í kvöld, löggjöf á að vera um það sem getur orðið. Þessi löggjöf getur ekki orðið til þess að auka fjölbreytni. Það er ekki markmiðið. Þessi löggjöf getur orðið til þess að brjóta upp eitt tiltekið fyrirtæki og það er markmiðið, og það gera menn sér ljóst. Menn eru að setja lög um það sem getur orðið. Það sem getur orðið er að eitt tiltekið fyrirtæki sé brotið upp. Það sem getur ekki orðið er að þetta auki fjölbreytni. Til þess eru aðrar og betri leiðir færar.

Menn eru því vísvitandi að setja sértæk lög, ekki almenn lög. Það kristallaðist í ágætri ræðu þess sem talaði áðan að lög eru það sem getur orðið, og það er þetta.

[00:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að formi til eru þetta almenn lög, þau setja almennar reglur um úthlutun leyfa, en að efni til eru þau sértæk vegna þess að þegar búið er að greina öll skilyrðin og yfirfæra þau á íslenskan veruleika er bara eitt fyrirtæki sem verður fyrir áhrifum laganna. Þess vegna tek ég undir það sjónarmið að lögin eru gegn því fyrirtæki, það er ekki hægt að draga fjöður yfir það. Ég held að það sé ákaflega erfitt að halda öðru fram. Menn geta haft sínar ástæður fyrir því að vilja gera þetta svona. Ég tel að þetta eigi ekki að vera og er ekki sammála því að setja skilyrðin svona niður.

En það eru fleiri sem líta svona á en ætla mætti. Ég fór inn á heimasíðu Sjálfstfl. og las þar upplýsingar um málið eins og þær eru birtar þar. Þar er greint frá áliti nefndar menntmrh. og segir, með leyfi forseta:

„M.a. annars kom fram að nefndin hafði hvergi í heiminum fundið dæmi þess að fyrirtæki, sem hefði jafnmikil

viðskiptaumsvif og Baugur Group hefur á Íslandi, hefði jafnsterka stöðu á fjölmiðlamarkaði og raun ber vitni. Af ofangreindum ástæðum er frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum lagt fram.“

[00:15]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Í þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag af hálfu þeirra stjórnarliða sem styðja frv. ríkisstjórnarinnar eða hæstv. forsrh. um lög á eignarhaldi á fjölmiðlum hefur verið klifað á því að sambærilegar reglur og hér væri verið að setja væru víða um lönd, t.d. víða um Norðurlönd. Svo er hins vegar alls ekki, rétt eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom lítillega inn á fyrr í kvöld. Þær reglur sem hér eru til umræðu eru miklu strangari en nokkurs staðar annars staðar á Norðurlöndunum. Hvergi er um að ræða takmarkandi reglur á eignarhaldi í fjölmiðlum nema þá helst í Noregi. Umræðan þar gengur núna út á það að slaka verulega á þeim reglum og fara upp í allt að 49%, hækka mörkin í 49%, sem er meira en um ræðir eins og staðan er núna á Íslandi. Ríkisútvarpið er með 52% hlutdeild á ljósvakamarkaði og allir einkareknu miðlarnir samtals með 48%.

Til að enginn velkist í vafa ætla ég að stikla á stóru í þeim samanburði og þeirri upptalningu í skýrslu nefndar menntmrh. um stöðuna á fjölmiðlamarkaði þar sem fram kemur með mjög skýrum og afdráttarlausum hætti hvernig staðan er annars staðar á Norðurlöndunum. Þeim blekkingum er varpað til hliðar sem viðhafðar hafa verið af hálfu margra stjórnarliða þar sem æ ofan í æ hefur verið klifað á því að við séum að setja okkur sambærilegar reglur með þessari lagasetningu og viðgangast og tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum, í þeim löndum sem við hljótum að bera okkur saman við þegar við skoðum löggjöf og ramma hvers konar utan um samfélag okkar og hátterni.

Með leyfi forseta segir um stöðuna í Noregi:

„Fram hafa komið hugmyndir um að slaka á reglunum í Noregi. Þær fela í sér eftirfarandi: (i) að lögin gildi ekki um svæðisbundna fjölmiðla; (ii) að miðað verði við 49% eignarhlutdeild á fjölmiðlamarkaði á landsvísu; (iii) að lögin taki einnig til láréttra eignatengsla, rafrænna miðla og til samstarfssamninga milli fyrirtækja í fjölmiðlun. Fyrsta atriðið, um að fella svæðisbundna fjölmiðla undan gildissviði laganna, virðist eiga talsverðan stuðning meðal flokka á Stórþinginu og enn fremur hugmyndir um að hækka mörkin í 49%.“ — Talað er um að slaka verulega á stífustu lögunum sem nú eru í gildi innan Norðurlandanna þar sem eru reglur að einhverju marki um takmarkandi eignarhald á fjölmiðlum.

Hér segir að lokum um reglurnar í Noregi:

„Reglurnar í Noregi hafa helst verið gagnrýndar fyrir það að vera mjög matskenndar og veita yfirvöldum mikið svigrúm til að meta atvik í hverju máli fyrir sig. Af því hefur þótt leiða nokkra óvissu um réttarstöðuna.“

Þá komum við að Danmörku. Ákveðins misskilnings hefur gætt um stöðu mála í Danmörku og þær reglur sem þar gilda. Hann hefur verið leiðréttur hér fyrr í kvöld af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, eins og ég gat um áðan. Með leyfi forseta, stendur um tilhögun mála í Danmörku:

„Engar takmarkanir gilda um eignarhald á dagblöðum, aðrar en þær sem leiðir af almennum samkeppnisreglum. Þannig taka samkeppnisreglur til samráðs fyrirtækja í fjölmiðlum, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og samruna fyrirtækja með sama eða svipuðum hætti og annarra fyrirtækja.

Fyrirtæki (félög) sem eru í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri mega ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp (sjónvarp og hljóðvarp).

Þeir sem hafa leyfi til að reka sjónvarp eða hljóðvarp verða að hafa þann rekstur sem sitt eina markmið.

Engar takmarkanir eru annars á láréttum eignatengslum eða eignarhaldi útlendinga.“

Hvað stöðu varðar í Finnlandi:

„Varðandi dagblöð gilda engar takmarkanir á eignarhaldi eða útbreiðslu aðrar en þær sem leiða má af almennum samkeppnisreglum.“

Um Svíþjóð segir, með leyfi forseta:

„Varðandi dagblöð gilda engar takmarkanir utan þær sem leiðir af almennum samkeppnisreglum.“

Allt er þetta mjög í ætt við þann málflutning sem hér hefur verið hafður uppi af Samf., að ekki sé sértækra reglna þörf sem miði að því að taka einvörðungu á fjölmiðlunum sérstaklega og út fyrir það sem almennt gerist um fyrirtæki og gildir í samkeppnisreglum. Enda er engum blöðum um það að fletta, virðulegi forseti, að lagasetningunni sem hér um ræðir er beint sérstaklega gegn einu ákveðnu fyrirtæki á íslenskum fjölmiðlamarkaði, Norðurljósum. Frumvarpið er ekkert annað en áhlaup á Norðurljós og til þess eins lagt fram að brjóta fyrirtækið á bak aftur eins og það er í núverandi mynd og undir því eignarhaldi sem það er nú þó að það kosti stjórnarskrárbrot og stórkostlegar skaðabætur á kostnað íslenskra skattgreiðenda. Þetta eru ekki lög almenns eðlis til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, heldur er hér um að ræða sértæk lög stefnt gegn einu ákveðnu fyrirtæki.

Sú staða sem nú blasir við á íslenskum fjölmiðlamarkaði kann vissulega að gefa tilefni til að setja skýrar reglur um upplýst eignarhald og sjálfstæði fréttastofa. Það er hins vegar ekki í neinu samræmi við það meðalhóf sem stjórnvöldum ber að gæta, að skerða stjórnarskrárbundin réttindi manna til að tryggja óvilhalla fjölmiðlun. Ef markmiðið er fjölbreytni í fjölmiðlarekstri er vandséð, frú forseti, að fjölbreytnin væri mikil ef rekstri Fréttablaðsins, DV, Stöðvar 2, Sýnar og Bylgjunnar hefði ekki verið bjargað á síðustu mánuðum.

Yfirvofandi lagasetning lýsir ekki mikilli trú ráðamanna á hinn frjálsa markað og er ekki til marks um að landstjórnin sé í höndum manna sem hafa að leiðarljósi frelsi einstaklingsins til orða og athafna. Þar fyrir utan verður að teljast með ólíkindum í lýðræðissamfélagi að lögum sé einkum beint gegn ákveðnu fyrirtæki sem hæstv. forsrh. landsins hefur margoft lýst sem andsnúnu sér. Fjölmiðlafrumvarp þetta snýst því ekki um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, heldur hefur málflutningur hæstv. forsrh. snúið því upp í spurningu um tjáningarfrelsi.

Meginniðurstaða fjölmiðlaskýrslunnar var að ef sett yrðu lög ættu þau að horfa til framtíðar en ekki vera afturvirk, ella risu álitamál um stjórnarskrá. Frv. forsrh. sem hér er til umræðu fer ekki eftir því.

Þá stefnir frv. í hættu afkomu hundruða starfsmanna Norðurljósa sem ekkert hafa til saka unnið nema að vinna hjá fyrirtæki sem vekur óbeit hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Þetta er ótrúleg málsmeðferð um grundvallaratriði í íslensku samfélagi sem lýtur að sjálfu lýðræðinu og lýðræðislegri umræðu.

Virðulegi forseti. Samf. lagði á dögunum fram vandaða og ítarlega þáltill. um gagnsæi á eignarhaldi og ritstjórnarlegt sjálfstæði undir forustu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur,

Marðar Árnasonar og Ásgeirs Friðgeirssonar. Hefur til þeirrar ágætu þáltill. verið vísað ítrekað í umræðunum fyrr í dag enda um að ræða ákaflega skynsamlega nálgun á ramma utan um starfsemi fjölmiðlanna. Þar er lagt til að Alþingi skipi nefnd til að undirbúa löggjöf sem tryggi nauðsynlegt gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlamarkaði og nefndin athugi hvernig hægt sé að tryggja almenningi hlutlægar grundvallarupplýsingar um eignarhald á fjölmiðlum og rekstur þeirra. Einnig að nefndin taki afstöðu til þess hvort gera eigi slíka upplýsingagjöf að skilyrði við veitingu útvarpsleyfis þannig að upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega og liggi alltaf fyrir.

Miklar umræður hafa átt sér stað um þróunina á fjölmiðlamarkaðnum út af ótta sumra við einokun og fákeppni en annarra við það að einstaklingar þeim óvilhallir séu að verða of áhrifamiklir á markaðnum. Slíkar áhyggjur eru ekki nýjar af nálinni. Má nefna talsverðar rökræður um fákeppni á dagblaðamarkaði þegar Morgunblaðið tók að bera höfuð og herðar yfir önnur dagblöð fyrir nokkrum áratugum, áhyggjur af því að ljósvakasamsteypa í eigu einkaaðila gætu vaxið Ríkisútvarpinu yfir höfuð og efasemdir vegna eignarhluta prentmiðla í ljósvakamiðlum, og öfugt. Slík umræða er eðlileg, enda er hætta á því að einokun og fákeppni hefti fjölmiðlana í að sinna hlutverki sínu í lýðræðissamfélagi. Það er þó mikilvægt og því er gott að umræðan fari fram en á réttum, eðlilegum og almennum forsendum, ekki eftir því hverjir eigi einstaka miðla og hvert álit ráðamanna hverju sinni á þeim eigendum miðlanna er.

Hlutverk stjórnmálamanna er fyrst og síðast að setja almennar leikreglur þar sem gætt er réttar almennings til upplýsinga og tjáningarfrelsis ásamt því að skapa fjölmiðlafyrirtækjunum ramma til eðlilegs rekstrar. Það er hins vegar ekki rétt að setja sérstök lög um að takmarka eignarhald á íslenskum fjölmiðlum umfram þau ákvæði samkeppnislaga sem eiga við um fjölmiðla rétt eins og annan rekstur.

Með lagasetningu á borð við þá sem forsrh. virðist ætla að keyra í gegnum þingið yrði þrengt verulega að fjölmiðlarekstri og starfsumhverfi þeirra, þ.e. ef settar verða sérstakar skorður hvað varðar aðgang þeirra að fjármagni. Þar fyrir utan stenst hún tæpast stjórnarskrárákvæði um frelsi manna til athafna, líkt og fram kom í máli ræðumanns á undan mér, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Samf. er vissulega þeirrar skoðunar að fjölmiðlar séu ekki eins og hver önnur atvinnugrein og um þá verði að gilda strangari reglur en aðra starfsemi, enda höfum við í vetur lagt fram tvö þingmál sem ganga út á að setja sérreglur um þennan markað, annað um vernd heimildarmanna og hitt um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði, eins og ég gat um áðan. Við teljum mjög mikilvægt að standa vörð um fjölmiðlastarfsemi með svo skýrum og eðlilegum hætti.

Það er fullkomið ábyrgðarleysi að leggja fram tillögur um bann við fjárfestingu fyrirtækja með markaðsráðandi stöðu í ljósvakamiðlum. Þessi tillaga er sett fram án þess að tilraun sé gerð til að meta hvaða áhrif þetta kunni að hafa á möguleika fyrirtækjanna til að fjármagna starfsemi sína. Það má skoða þennan litla markað sem er hér á landi og velta því fyrir sér hvaða fyrirtæki séu að öllum líkindum markaðsráðandi og þar með bannað að fjárfesta í ljósvakamiðlum. Er það fróðleg upptalning, virðulegi forseti, t.d. Eimskip á flutningamarkaði, Húsasmiðjan og BYKO í byggingarvörum, Flugleiðir, Nói – Síríus í sælgætinu, Áburðarverksmiðjan, Pharmaco í lyfjunum, deCODE í líftækni, Vífilfell, Myllan, Mjólkursamsalan og fleiri og fleiri fyrirtæki. Öllum þessum aðilum er bannað að fjárfesta í ljósvakamiðlum samkvæmt því lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Skýrslan sem liggur lagafrv. til grundvallar og er réttlæting hæstv. forsrh. á gjörningnum sýnir að fjölbreytni ríkir á fjölmiðlamarkaði. Mig langar, frú forseti, til fróðleiks og þessu til staðfestingar að vísa í fáeina staði í skýrslunni máli mínu til stuðnings. Á bls. 13 í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Fjölbreytni er mikil á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er til fjölda stöðva, en síður þegar litið er til dagskrár þeirra."

Síðan segir á bls. 23, með leyfi forseta:

„Íslenskur sjónvarpsmarkaður er fjölbreyttur þegar litið er til fjölda sjónvarpsstöðva og að teknu tilliti til smæðar íslensks þjóðfélags."

Þá segir á bls. 27, með leyfi forseta:

„Framboð sjónvarpsefnis hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun stöðva."

Á bls. 35, með leyfi forseta:

„Stóraukið framboð sjónvarpsefnis samfara fjölgun sjónvarpsstöðva á undanförnum árum hefur aðeins að óverulegu leyti dregið úr hlutdeild sjónvarpsins í áhorfi ..." — enda staða Ríkisútvarpsins og -sjónvarps gríðarlega sterk á okkar litla ljósvakamarkaði.

Þessar tilvitnanir í skýrsluna birta ástand sem er þokkalega gott. Fjölbreytnin er mikil, sama hvar á er litið. Það kemur ekki fram í skýrslunni að einkenni samþjöppunar séu svo óheillavænleg að grípa þurfi til einhverrar sérstakrar lagasetningar. Þvert á móti er bent á ýmsar leiðir sem hægt væri að fara til að vinna gegn þessum einkennum og um sumar þeirra er sérstaklega tekið fram að ekki þurfi einu sinni lagasetningu.

Skýrslan er ágætt rit og þar er bent á margar leiðir sem er auðvelt að taka undir. Þar er t.d. sérstaklega bent á ákveðnar leiðir sem fram koma í stefnu, frv. og þáltill. Samf. og ég hef rakið fyrr í köld og aðrir hv. þm. Samf. hafa komið inn á í umræðunum í dag og kvöld. Í skýrslunni kemur t.d. fram að höfundar hennar mæla með því að sett verði lagaleg skylda á ritstjórnir prentmiðla og samsvarandi ákvæði í útvarpslög sem eiga að vernda sjálfstæði ritstjórnanna. Þetta er að mínu mati algjört lykilatriði og þetta er mikilvægt í þeirri nálgun sem við þingmenn Samf. höfum haft í öllu þessu máli og þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað á síðustu vikum og mánuðum.

Annað sem Samf. hefur lagt áherslu á er að almenningur eigi greiðari aðgang að upplýsingum um hverjir eigi fjölmiðlana. Það tryggir gagnsæið og á að liggja ramma um starfsemi fjölmiðla til grundvallar, rétt eins og opið bókhald stjórnmálaflokkanna liggur til grundvallar hverju einasta lýðræðissamfélagi sem hægt er að kenna við heilbrigði og gagnsæi. Það hefur blandast talsvert inn í þær umræður sem átt hafa sér stað hér í dag og hófust strax um miðjan daginn þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kallaði eftir skýrslubeiðni frá því fyrir 14 vikum. Leikreglur og umgjörð lýðræðisins eru algjört grundvallaratriði í allri umræðunni.

Flokksræðið hér er mikið og drottnar það oft á köflum yfir raunverulegu lýðræði, enda hefur þjóðin aldrei útkljáð deilumál með beinum hætti. Vegna samsteypustjórnarfyrirkomulagsins er kötturinn alltaf keyptur í sekknum þegar gengið er að kjörborðinu á fjögurra ára fresti. Þetta allt verðum við að hafa til grundvallar og með í allri þeirri umræðu sem hér gengur yfir um opið og gagnsætt samfélag og þær

leikreglur sem við viljum að gildi um lýðræðið, leikreglur um fjölmiðlana, leikreglur um lýðræðislegt aðgengi almennings, rétt eins og þegar við ræðum um það hvort við eigum að binda í stjórnarskrá heimild ákveðins hluta kjósenda til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að fólk geti haft aðkomu að stórmálum þegar það vill. Rétt eins og það væri sjálfsagt mál núna ef ákveðinn hópur kjósenda krefðist þess að fá að greiða atkvæði með beinum og milliliðalausum hætti um þau ólög sem hæstv. forsrh. virðist ætla að keyra í gegnum þingið.

Það kom athyglisverður brestur í málflutning stjórnarliða þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mælti hér rétt áðan og verður fróðlegt að heyra í þeim framsóknarmönnum sem hér koma á eftir. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson svaraði spurningu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um það hvort hann teldi að frv. ætti að liggja og bíða ítarlegri og vandaðri vinnu og ekki að vera afgreitt út úr þinginu á þessu vori þannig að það væri algjörlega sjálfsagt mál, enda væru vankantarnir margir á því. Hann klykkti út með því að lýsa yfir að þar væri áreiðanlega um stjórnarskrárbrot að ræða.

Eftir þá athyglisverðu og merkilegu ræðu þingmannsins getur varla nokkrum manni blandast hugur um að þegar svo sterk skilaboð koma innan úr innsta kjarna þingflokks annars stjórnarflokksins þá getur ekki verið um eðlilega málsmeðferð að ræða. Því hljótum við að krefjast þess að hv. flutningsmaður frv., hæstv. forsrh., kalli málið til baka og láti það liggja, enda svo langur vegur frá því að málið sé að fullu rætt að það verður einfaldlega að fá miklu betri og ítarlegri meðferð, eins og fram kom í máli hv. stjórnarþingmanns og framsóknarmanns, Kristins H. Gunnarssonar, sem var ákaflega athyglisverð samantekt á því hvernig málið liggur og hvernig málið horfir við mönnum sem jafnvel tilheyra þingflokkum stjórnarflokkanna.

Virðulegi forseti. Við höfum rætt um mikilvægi þess að opna bókhald flokkanna og hér hafa staðið yfir umræður um það meðfram, enda er augljóst mál að ríki leynd yfir fjárráðum flokkanna blasir við að það dregur úr trausti almennings gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðþinganna. Því hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar sett fram óskir um það í dag að samhliða allri umræðunni um framtíðarfyrirkomulag lýðræðislegra stjórnarhátta á Íslandi hljóti menn að fara að skoða það alvarlega að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna sem skylda þá alla til að gera grein fyrir aðkomu fjársterkra aðila að stjórnmálastarfi sínu og þeim stuðningi sem þar er að finna. Enda getur engum blandast hugur um það þegar verið er að gera þær kröfur á fjölmiðlana og fyrirtækin að þar ríki gagnsæi og opinn aðgangur að því hverjir eigi fjölmiðlana og fyrirtækin, að þá geti stjórnmálahreyfingar sem taka sig alvarlega gengið fram með þá stefnu að bókhaldið eigi að vera lokað og það sé eðlilegur hluti af tjáningarfrelsi fólks að fá að gefa til stjórnmálastarfs án þess að það komi nokkurs staðar fram. Og af því að það er ákaflega óeðlilegt að um það sé um að ræða er beinlínis broslegt að hlusta á þingmenn Sjálfstfl. ræða hér um mikilvægi þess að mölbrjóta upp íslenskt fjölmiðlafyrirtæki sem fyrir örfáum mánuðum var bjargað frá gjaldþroti og nauðung og því að hundruð Íslendinga missti vinnu sína, hundruð hæfileikaríks fólks sem starfar við núverandi fjölmiðla Norðurljósa missti vinnu sína og gengi um atvinnulaust. Það er alveg með ólíkindum að heyra þá mæla þeirri lagasetningu bót sem brýtur slíkt fyrirtæki upp á sama tíma og leyndin og pukrið á að ráða ríkjum í þeirra eigin stjórnmálastarfsemi. Fyrir þessu eru engin rök og það er með ólíkindum að heyra málflutning sjálfstæðismanna og stjórnarliðanna réttlæta þennan gjörning og þá stöðu mála sem hér er uppi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð í þessari umferð og bíð með frekari umfjöllun um málið þar til í seinni ræðu minni í kvöld.

[00:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það síðasta sem hv. þm. sagði var að hann gaf það í skyn að DV og Fréttablaðið og Stöð 2 færu á höfuðið ef þau fyrirtæki væru ekki rekin af því markaðsráðandi fyrirtæki Bónus. Það stendur hér og er haft eftir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni að DV hafi verið rekið með hagnaði sl. mánuð. Það er því alveg ljóst að þetta er miklu, miklu betri bisness en hv. þm. vilja vera láta og engin ástæða til að ætla að slíkur rekstur skili ekki hagnaði.

Í annan stað, herra forseti, er leiðinlegt að þessi hv. þm. skuli bera fyrir sig ósannindi í máli sínu þegar hann segir að sú nefnd sem skilaði fjölmiðlaskýrslunni hafi ekki talið nauðsyn á lagasetningu. Það er algjörlega rangt hjá þingmanninum eins og ég hef áður leiðrétt hér þegar annar þingmaður sama flokks hélt þeirri firru fram.

Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði, að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni."

Þetta stendur hér svart á hvítu en hv. þm. lét þess getið áðan að þetta stæði hvergi í skýrslunni. Það má auðvitað segja að það geti verið góður taktur ef enginn er til andsvara að hafa uppi ósannindi, en auðvitað þýðir það ekki þegar aðrir hafa sömu skýrsluna í höndum. Og ég vil vekja athygli hæstv. forseta á að sá maður sem fór með ósannindi um sama efni hér fyrir skömmu, hv. þm. Mörður Árnason, er núna á eyrnaskrafi við hv. þm.

[00:38]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var einmitt sérstaklega að vona að hv. þm. Halldór Blöndal kæmi í andsvar og ræddi þessi mál hér til þrautar, enda langt í land.

Ég fór ekki með nein ósannindi í ræðu minni og er auðvelt fyrir hv. þm. að taka einhver ummæli úr samhengi og leggja mér þau í munn. Ég ætla að vitna beint í skýrsluna, með leyfi forseta, máli mínu til stuðnings þar sem ég sagði áðan að skýrslan benti á ýmsar leiðir, ég sagði að hún benti á ýmsar aðrar leiðir og fullyrti aldrei að lagasetningar væri þörf:

„Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu, fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum." — Þetta segir á síðu 82 í skýrslunni, virðulegi forseti. Og áfram segir: „Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins, en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni." — Sem er nú orðin ansi ókunnug flestum þingmönnum Sjálfstfl. eftir þessa umræðu.

[00:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan hafði hv. þm., og áður fyrir nokkrum dögum hv. 7. þm. Reykv. s., Mörður Árnason, haldið því fram að í skýrslunni kæmi ekki fram að nefndin teldi löggjöf æskilega. Ég hef hér vitnað í þau ummæli þar sem sérstaklega er vakin athygli á því, og ég vil enn fremur benda hv. þm. á það sem segir í því nefndaráliti um samkeppnislögin. Það er því alveg ljóst að skýrsluhöfundar telja að samkeppnislögin dugi ekki. Ef menn vilja vitna í skýrslur er það góður háttur að reyna að láta koma fram aðalatriði skýrslunnar. Það hafa menn lært t.d. sem hafa verið blaðamenn og aðrir þeir sem vilja gera þriðja aðila grein fyrir því sem stendur í plöggum sem sá þriðji aðili hefur ekki sjálfur í höndunum.

[00:40]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt kjarni málsins hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að skýrslan bendir á ýmsar leiðir. Hún tekur ekki til neina eina leið og staðhæfir aldrei að grípa þurfi til þeirra drastísku og stórundarlegu lagasetningar sem liggur fyrir í því frv. sem við erum að ræða um og bendir sérstaklega á þessa leið ásamt mörgum öðrum leiðum. Skýrslan er því ákaflega vandað plagg að þessu leyti og tekur til ýmsar góðar leiðir sem hægt er að fara án þess að ráðist sé í það að brjóta upp fyrirtækið og kosta þar með jafnvel hundruð manna vinnuna ef vill svo illa til að fyrirtækið fari á hausinn í framhaldi af því, enda ákaflega stuttur tími gefinn í frv. sem hér um ræðir til að aðlagast breyttum reglum og lögum eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom inn á í sinni ágætu ræðu. Þar er um að ræða 50% fyrningu, langt umfram það sem menn hafa verið að ræða um hér í skynsamlegum tillögum um fyrningu í sjávarútvegi.

[00:41]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson talar um að nú eigi að mölbrjóta upp fjölmiðlafyrirtæki og með ólíkindum að slíkt standi fyrir dyrum. Í janúar árið 2002 tók til máls í þinginu hv. þm. Össur Skarphéðinsson og formaður Samf. um samþjöppun fyrirtækja á matvælamarkaði. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Minn stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, hefur ákaflega skýra stefnu í þessu máli. Á landsfundi sínum sagði hún að ef ekki væru önnur úrræði þá ætti að heimila Samkeppnisstofnun að skipta slíkum fyrirtækjum upp, ef það þjónaði hagsmunum neytenda."

Hv. þm. sagði einnig: „Ég er auðvitað sammála henni [þ.e. Valgerði Sverrisdóttur] um að það á ekki bara að láta þetta ná til matvælamarkaðarins heldur annarra greina líka."

Nú tala hins vegar þingmenn Samf. á öðrum nótum og grípa jafnvel til kennisetninga frjálshyggjunnar um að markaðurinn leiðrétti sig sjálfur. Það er ljóst samkvæmt skýrslu sem hér liggur fyrir frá nefnd menntmrh. að Norðurljós hafa markaðsráðandi stöðu. Formaður Samf. sagði fyrir tveimur árum að Samkeppnisstofnun ætti að hafa þau tæki að brjóta upp slík fyrirtæki. Hvað veldur þeirri stefnubreytingu Samf.?

[00:42]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hún hefur nefnilega ekkert breyst. Eins og kom fram í máli formanns Samf., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, og framsóknarmaðurinn hv. þm. Páll Magnússon vitnaði til, þá eiga fjölmiðlarnir einmitt að heyra undir sömu lögmál, sömu samkeppnislög og önnur fyrirtæki í landinu. Nákvæmlega þetta sögðu bæði Björn Bjarnason og Össur Skarphéðinsson í þinginu á þessum tíma og Björn löngu fyrr. Hv. þm. Páll Magnússon rammaði þetta prýðilega inn þar sem hann dró það sérstaklega saman í einni snjallri tilvitnun í Össur Skarphéðinsson að fjölmiðlar og önnur fyrirtæki lytu sömu lögum, það ætti ekki að taka fjölmiðlana út úr og ganga á milli bols og höfuðs þeim ef ráðamönnum byði svo við að horfa, heldur ættu fjölmiðlar að lúta nákvæmlega sömu lögmálum og önnur fyrirtæki í landinu. Ég ætla að biðja hv. þm. Pál Magnússon að fara aftur með þessa tilvitnun ef hann er ekki með aðra, en þeir hafa verið með þær nokkuð margar, framsóknarmennirnir, í dag þannig að hann er kannski með einhverja nýja.

[00:43]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað er um algjöra stefnubreytingu að ræða þegar formaður Samf. lýsir því yfir árið 2002 að veita eigi Samkeppnisstofnun tæki til að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki. Slíkt tæki hefur Samkeppnisstofnun ekki í dag. Þarna talar hv. þm. Össur Skarphéðinsson fyrir breytingu á samkeppnislögum sem leiddu til þess að hægt væri að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson talaði um frv. sem liggur fyrir núna á þeim nótum að það væri til þess fallið að mölbrjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki. Eftir stendur að hér er um grundvallarstefnubreytingu að ræða. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson talaði um það í dag og greip til kennisetninga frjálshyggjunnar þess efnis að markaðurinn eigi að leiðrétta sig sjálfur. Auðvitað er um stefnubreytingu að ræða þegar fram hefur komið að hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti stefnu Samf. árið 2002 á þann veg að Samkeppnisstofnun ætti að hafa tæki til að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki.

[00:45]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað á Samkeppnisstofnun að hafa slík tæki og tól í höndunum. Hún á að geta unnið gegn hringamyndun í öllum greinum samfélagsins og ætti það að gilda um fjölmiðla eins og önnur fyrirtæki í landinu. Það er kjarni málsins.

Ég ítreka hins vegar að hef tröllatrú á því að menn gefi markaðnum hverju sinni tækifæri til að sjá hvort hann leiðrétti sig ekki, leiðrétti ekki einhverjar skekkjur sem upp kunna að koma. Ég tek undir með hv. þm. Páli Magnússyni um að sú kennisetning frjálshyggjunnar á þann rétt að við gefum henni tækifæri og grípum ekki alltaf til örþrifaráða í hendingskasti ef okkur líkar ekki við eiganda fyrirtækis. Stóra spurningin er líka: Hvaða hús er það sem stendur í björtu báli? Hver er neyðin? Hver er váin? Hvaða læti eru þetta? Hvað liggur hæstv. forsrh. og Framsfl. á að sprengja upp og ganga á milli bols og höfuðs á Norðurljósum? Af hverju þessi læti?

[00:46]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. og reyndar fleiri hv. þingmenn Samf. hafa vitnað nokkuð til ákveðinna grundvallargilda í stjórnarskránni, eignarréttar, atvinnufrelsis og tjáningarfrelsis. Af máli þeirra má skilja að það frv. sem hér liggur fyrir feli í sér mikið brot á þessum réttindum. Þess

vegna vil ég spyrja hv. þm. hvort hann telji að þessi réttindi séu brotin, með svo freklegum hætti sem hann lýsir, í löndum eins og Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Er honum kunnugt um að umræðan í þeim löndum, um reglur á þessum sviðum, snúist um þessa þætti? Telja menn að löggjöfin í þessum löndum standist ekki grundvallarmannréttindi, grundvallaratriði borgaralegs frelsis? Eins og fram hefur komið í þessum umræðum fara öll þessi lönd, hvert með sínum hætti, inn á þetta svið, að setja reglur sem setja eignarhaldi skýrar og ákveðnar skorður að ýmsu leyti.

[00:47]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir við þá umræðu sem hér fer fram að tveir af virtustu lögspekingum íslensks samfélags, Ragnar Aðalsteinsson og Sigurður Líndal, hafa gefið það álit sitt að það stappi nærri stjórnarskránni að gera það sem lagafrv. sem hér liggur fyrir gerir. Eins kemur það sérstaklega fram í tíðræddri skýrslu frá nefnd menntmrh. að hún varar sérstaklega við því að um stjórnarskrárbrot geti verið að ræða ef til slíkrar lagasetningar yrði gripið.

Álit Sigurðar Líndals og Ragnars Aðalsteinssonar hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um hvað er hér á ferðinni. Þess vegna hafa menn haldið því fram í umræðunni að hér hljóti að vera um stjórnarskrárbrot að ræða. Það hafa ekki ómerkari menn en stjórnarþingmaðurinn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, staðfest fyrr í kvöld og lýst yfir eindregnum áhyggjum sínum af því máli. Þegar maður úr innstu iðu annars ríkisstjórnarflokksins lýsir þessu yfir þá hlýtur það að vekja spurningar um á hvaða leið stjórnarflokkarnir eru. Maður úr innstra hring þingflokks Framsfl. hefur lýst þessu yfir. Við hljótum því að kalla eftir því að menn staldri við, dragi frv. til baka og gefi því tíma í vinnslu og vinnuferli. Við getum skoðað málið aftur næsta haust og tekið næsta vetur í að skoða hvaða ramma *við viljum reisa utan um fjölmiðlana* í þessu landi, hvaða ramma og leikreglum við viljum að þeir vinni eftir þannig að best og réttlátast sé um haldið.

Það ætti ekki að ganga fram í einhvers konar æðiskasti á lokadögum þingsins bara til að koma bragði á ákveðin athafnaskáld. Það er náttúrlega með algjörum ólíkindum. Þegar upp koma spurningar um stjórnarskrárbrot og skaðabætur upp á milljarða þá hlýtur maður að hvá.

[00:49]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína að í svari hv. 7. þm. Suðurk. við andsvari mínu kom ekki svar við þeirri spurningu sem ég lagði fram. Ég spurði hvort hann kannaðist við að í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og fleiri löndum þar sem strangar reglur gilda um eignarhald á fjölmiðlum, væri allt logandi í óánægju, óeirðum og ég veit ekki hvað og hvað vegna þess að þar væri gengið gegn grundvallargildum borgaralegra réttinda. Það má skilja það á máli hans að svo sé gert í þessu máli. Ég velti fyrir mér: Hvers vegna er slík umræða ekki uppi í þessum þroskuðu lýðræðisríkjum sem hann nefnir?

Ég vil bæta því við, af því að hann vitnaði í ákveðna lögfræðinga og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að það er afar oft tekist á um þessa þætti þegar frumvörp eru lögð fram á þingi. Það er ekkert nýmæli að þessir tilteknu ágætu lögfræðingar hafi aðrar skoðanir en fjöldamargir aðrir lögfræðingar hafa á ýmsum málum eins og fram hefur komið opinberlega á undanförnum dögum.

[00:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég komst ekki í að svara spurningum hv. þm. í fyrri ræðunni, enda var um margt að fjalla, m.a. afstöðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og hans merkilegu yfirlýsingar.

Þessu er nefnilega fljótsvarað, hv. þm. Birgir Ármannsson. Í fyrsta lagi þá er hvergi í þessum þroskuðu lýðræðisríkjum, eins og hann réttilega nefndi þau, um að ræða sértæk lög á fjölmiðla. Þar er hvergi um að ræða lagasetningu sem felur í sér afturvirkni af þessu tagi. Í þriðja lagi er hvergi alfarið bannað að eiga í fjölmiðlum. Sums staðar er um að ræða hámarkseign o.s.frv. Allt slíkt kemur að sjálfsögðu til greina og væri að sjálfsögðu til skoðunar ef við stæðum í eðlilegri, heilbrigðri og lýðræðislegri umræðu um jafnmikið grundvallaratriði og lög á fjölmiðla. Ef ekki væri reynt að keyra málið í gegnum þingið á örfáum dögum til að þóknast einhverju lundarfari, þá værum við kannski að ræða þessi *mál með þessum hætti*. Þá er hins vegar um að ræða ákveðið hámark en hvergi er fyrirtækjum alfarið bannað að fara í slíka fjárfestingu. Þannig að því er fljót- og auðsvarað. Þess vegna logar ekki allt í illdeilum í þessum löndum um eignarhald á fjölmiðlum.

[00:52]

Páll Magnússon:

Hæstv. forseti. Aðdragandi þessa máls er sá að menntmrh. skipaði nefnd í desember á síðasta ári sem hafði m.a. það hlutverk að kanna hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndin skilaði af sér mjög vandaðri skýrslu sem tiltölulega góð sátt virðist um í þinginu. Þess ber auðvitað að geta að frv. sem hér er til umræðu byggir á þessari skýrslu.

Það er mikilvægt að halda því til haga að þetta lá fyrir, sú vinna sem ríkisstjórnin setti af stað, þegar eigendur Fréttar og Norðurljósa ákváðu að sameina félögin. Því er ekki hægt að halda því fram að það hafi þurft að koma þeim á óvart að ríkisstjórnin mundi leggja fram frv. um eignarhald á fjölmiðlum eftir að þessi samruni hafði átt sér stað.

Meginniðurstaða skýrslunnar er á þann veg að skýrsluhöfundar telja að grípa eigi til aðgerða á þessu sviði. Bent er á að víðast hvar í nágrannalöndum okkar séu einhver lög eða hömlur á eignarhaldi á fjölmiðlum. Það kemur berlega í ljós hve *mikil samþjöppun* á sér stað í eignarhaldi fjölmiðla hér á landi og skýrslan dregur vel fram eignarhald markaðsráðandi fyrirtækja á landinu í fjölmiðlum. Það eru afar sérstæðar aðstæður á íslenskum markaði. Það kemur jafnframt mjög skýrt fram í skýrslunni að hvergi sé þetta í *raun eins í nágrannalöndunum heldur taki löggjöf í hverju* landi mið af aðstæðum hverju sinni og ekki sé í sjálfu sér hægt að finna tiltekna fyrirmynd í þessum efnum.

Það er líka mikilvægt að taka tillit til þess í þessari umræðu að breyttar aðstæður á mörkuðum og í viðskiptalífi kunna að kalla á viðbrögð stjórnvalda. Flest meiri háttar úrræði á sviði samkeppnisréttar og fjármagnsmarkaðar í Bandaríkjunum hafa átt sér stað í kjölfar breyttra aðstæðna, jafnvel hneykslismála. Nægir þar að nefna svonefnt Enron-mál, sem tröllriðið hefur viðskiptalífsumræðu í Bandaríkjunum. Ætla má að sú löggjöf sem gripið var til í Bandaríkjunum í kjölfar þess máls muni hafa áhrif hér á landi áður en langt um líður, m.a. á sviði reikningsskila.

Að mínu mati væri ábyrgðarlaust af hálfu stjórnvalda hér á landi að grípa ekki til aðgerða og það strax í ljósi aðstæðna á fjölmiðlamarkaði.

Í umræðunni hefur verið spurt hvað liggi á. Ég spyr á móti: Eftir hverju er að bíða? Hér liggur til grundvallar ítarleg skýrsla og það er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu við lestur skýrslunnar en að grípa þurfi til lagasetningar.

Tvennt finnst mér standa upp úr og kalla á aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Annars vegar það hve mikil samþjöppun hefur átt sér stað á fjölmiðlamarkaðnum. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði verður að teljast mikil. Gildir þá einu hvort horft er til eignarhalds eða stöðu einstakra aðila á markaði."

Síðar segir í skýrslunni um Norðurljós hf.:

„Fyrirtækið ber ægishjálm yfir aðra aðila hvað rekstrarlegt umfang og veltu viðkemur ... ýmist sem annar stærsti á markaði eða með markaðsráðandi stöðu."

Síðar segir í skýrslunni um stöðu Norðurljósa á markaði, með leyfi forseta:

„Norðurljós hf. eiga Íslenska útvarpsfélagið ehf. sem rekur stöðvar sem hafa 44% af hlustun fyrir hljóðvarp og 37% af áhorfi fyrir sjónvarp. Þá eiga Norðurljós Frétt ehf. sem gefur út Fréttablaðið sem er útbreiddasta blað landsins með daglegan 69% lestur og DV sem lesið er af 17% landsmanna daglega."

Þetta er að mínu mati önnur meginástæðan fyrir því að grípa þurfi til aðgerða, þ.e. sú gríðarlega samþjöppun sem hefur átt sér stað á fjölmiðlamarkaðnum á undanförnum mánuðum.

Hitt megintilefnið til að grípa til aðgerða er sú staðreynd, sem er vel útlistuð í skýrslunni, að staða markaðsráðandi fyrirtækja innan þessara fjölmiðlafyrirtækja er sterk. Markaðsráðandi staða hefur verið skilgreind með þeim hætti að fyrirtæki í þeirri stöðu geti tekið ákvarðanir að verulegu leyti án þess að taka tillit til keppninauta, viðskiptavina eða neytenda. Þess vegna eru gerðar ríkari kröfur til markaðsráðandi fyrirtækja, ekki bara í samkeppnislögum hér á landi heldur um allan heim. Markaðsráðandi fyrirtækjum eru settar strangari kröfur en öðrum fyrirtækjum á markaði.

Stærsti eigandinn í Norðurljósum, Baugur, hefur ekki bara markaðsráðandi stöðu á einum markaði heldur fjölmörgum mörkuðum. Baugur er í raun allsráðandi á neytendamarkaði á landinu. Hvernig er þá eftirliti háttað með þessum markaðsráðandi fyrirtækjum sem, eins og ég sagði áðan, geta tekið ákvarðanir án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina eða neytenda? Eftirlitið á sér stað á tvo vegu, annars vegar er um að ræða opinbert eftirlit sem við höfum falið Samkeppnisstofnun með setningu samkeppnislaga og hins vegar er eftirlitið í höndum fjölmiðla.

Það vekur því óneitanlega upp spurningar þegar markaðsráðandi fyrirtæki hefur markaðsráðandi stöðu á fjölmiðlamarkaði. Er hægt að halda því fram með trúverðugum hætti að fjölmiðlar í þess eigu geti sinnt þessu eftirlitshlutverki?

Í skýrslu menntmrh. kemur fram að Evrópuráðið hefur sent frá sér tilmæli varðandi fjölmiðla á grundvelli 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Nefnd menntmrh. dregur af því eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Af þessu leiðir, sé það mat íslenskra yfirvalda að aðstæður á fjölmiðlamarkaði séu með þeim hætti að pólitísk og menningarleg fjölbreytni sé ekki tryggð, að þjóðréttarleg skylda hvílir á ríkisvaldinu til að gera beinar ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja hana." — Á þessu grundvallast aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Í tilmælunum kemur fram að aðildarríki Evrópuráðsins skuli huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun. Hægt sé að miða við hámark leyfilegrar markaðshlutdeildar eða takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila. Auk þess að leggja til að skoða eignarhald einkafjölmiðla leggur nefnd menntmrh. einnig til, á grundvelli tilmæla Evrópuráðsins, að Ríkisútvarpið verði styrkt.

Ég vil af því tilefni lýsa þeirri skoðun minni að ég tel afar mikilvægt að fara í þá vinnu. Það er orðið löngu tímabært að fara yfir lög um Ríkisútvarpið. Þeim hefur ekki verið breytt um langt árabil og að mínu mati hefur sú nýskipan í ríkisrekstri sem hefur þó náð að ryðja sér til rúms á Íslandi ekki náð til Ríkisútvarpsins, m.a. vegna þess að þar hefur lögum ekki verið breytt. Ég tel koma til greina að fara yfir það hvort rétt sé að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins, en umfram allt þarf að gera þær breytingar á lögunum að rekstur þess verði skilvirkari og í meiri takt við það sem gerist hjá samkeppnisfyrirtækjunum, enda er það hamlandi fyrir ríkisstofnun á samkeppnismarkaði þegar löggjöfin tekur ekki tillit til þess.

Frú forseti. Umræðan um fjölmiðlafrv. hefur því miður verið á tilfinningalegum nótum. Þannig hafa til að mynda yfirlýsingar stjórnenda Norðurljósa um fyrirhugaðar uppsagnir á starfsfólki haft áhrif. (**MÞH:** Hvað með upphrópanir forsætisráðherra?) Hvernig ætli það sé fyrir starfsmenn þessara fyrirtækja? Í hvaða stöðu eru þeir raunverulega að fjalla um frv. í fréttum þegar eigendur hafa lýst því yfir að verði það samþykkt missi þeir vinnuna? Ég tel að umræðan hafi verið allt of hástemmd (Gripið fram í.) og alls ekki aðilum málsins til framdráttar. Ég tel líka að það hafi berlega komið í ljós að eigendur Norðurljósa og forsvarsmenn þess völdu þá leið að persónugera umræðuna. Þeir settu umræðuna í þann farveg að málið varðaði deilu þeirra og hæstv. forsrh. (**MÁ:** Bjuggu þeir til frv.?)

Ég tel líka athygli vert hve litla athygli yfirlýsingar forstjóra Baugs í Viðskiptablaðinu hafa vakið. Eins og hv. þm. Halldór Blöndal hefur ítrekað vakið athygli á í umræðunni var viðtal við forstjóra Baugs, Jón Ásgeir Jóhannesson, í Viðskiptablaðinu þann 30. apríl sl. Þar sagði forstjórinn m.a., með leyfi forseta:

„Ég held að það sé ekkert endilega hollt að menn eigi meiri hluta í fjölmiðlum, þ.e. fjölmiðlum sem eiga fréttastofur."

Einnig kemur fram í viðtalinu að Baugur geti sætt sig við eitthvert hámark á eignarhlut og nefnir hann 25% í því sambandi.

Segja má að forstjóri Baugs, sem er stærsti eigandinn í Norðurljósum og menn hafa talað um að frv. beinist helst gegn, fallist í rauninni á grundvallarsjónarmið frv.

Hér hefur líka verið rætt talsvert um ummæli Samf. í gegnum tíðina. Það er alveg ljóst að flokkurinn hefur algjörlega skipt um skoðun á þessum málum (**Gripið fram í:** Hvar er Jón Kristjánsson?) og vil ég af því tilefni vísa enn og aftur til ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á Alþingi um stefnu Samf. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tók undir það áðan í andsvari að stefna Samf. væri að í lög ætti að leiða heimildir stjórnvalda til að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki. Þessu lýsti formaður Samf. fyrir tveimur árum en svo fara hv. þm. í hring og tala um lögin sem ólög vegna þess að þau miði að því að brjóta upp fjölmiðlasamsteypuna.

Hvernig er hægt að skilja svona málflutning? Það er ekki heil brú í þessu. *Menn fara algjörlega í hring í málinu.*

Það er ekki bara hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem hefur talað á þessum nótum og upp hefur verið rifjað í umræðunni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lét þessi orð falla í Morgunblaðinu árið 2000, með leyfi forseta:

„Fákeppni og samþjöppun valds er líka að verða meira áberandi í fjölmiðlastarfsemi sem er vissulega mjög varhugavert fyrir lýðræðið og eðlilega skoðanamyndun í landinu. Er reyndar orðin full ástæða til þess að fákeppni og valdasamþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum sé gefinn meiri gaumur og metin áhrifin af þeirri þróun."

(**MÁ:** Já, þetta er alveg rétt.) Þetta er alveg rétt.

Margrét Frímannsdóttir sagði á Alþingi um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði fyrir áramótin eins og fram hefur komið, með leyfi forseta:

„Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. *Þá skiptir ekki eins miklu máli* hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum."

Þessi sjónarmið er að finna í frv. sem liggur fyrir.

Að lokum, herra forseti, er rétt að ítreka að meginniðurstaða skýrslu hæstv. menntmrh. er sú að í ljósi aðstæðna hér á landi beri að grípa til aðgerða. Segir í skýrslu nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði, að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni."

Á þessum orðum byggist frv. sem liggur fyrir og vonast *ég til* þess að það hljóti málefnalega umræðu *í þinginu*. Vera kann að það taki einhverjum breytingum, það hefur alls ekki verið útilokað af forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna, en mikilvægt er að ljúka afgreiðslu þess á núverandi þingi og ekki eftir neinu að bíða í því sambandi.

[01:08]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fór um víðan völl í ræðu sinni sem mér fannst frekar loðin og fálmkennd á köflum, en samt sem áður hjó ég eftir nokkrum atriðum. Þegar hann var að reyna að réttlæta þá makalausu lagasetningu sem menn virðast ætla að stefna að á hinu háa Alþingi spurði hann eftir hverju væri að bíða og reyndi að færa rökstuðning fyrir því að mönnum lægi lífið á að koma lögunum í gegn hið allra fyrsta. Þá vil ég spyrja á móti: Hvers vegna má ekki bíða til haustmánaða og reyna að vanda lagasetninguna? Mér þætti vænt um að hv. þm. kæmi með rök fyrir því hvers vegna megi ekki bíða í fjóra til fimm mánuði og hefjast síðan handa við þessi lög. Ég er alveg sammála honum í því að það má líta á þetta með eignaraðild fjölmiðla, absalút.

Varðandi starfsfólk Norðurljósa. Hverjir komu starfsfólki Norðurljósa í þá stöðu sem það er í í dag?

[01:10]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan sé ég enga ástæðu til að bíða. Það liggur fyrir þinginu ítarleg og vel unnin skýrsla sem þingmenn hafa fremur hælt en hitt í ræðum sínum í dag. Frumvarpið er byggt á skýrslunni. Það er ágætlega unnið og mjög skýrt. Ef ég hef skilið fjölmiðlaumræðuna rétt hafa stjórnarandstöðuþingmenn, ekki síst þingmenn Frjálsl., kvartað yfir löngu sumarfríi Alþingis og flutt sérstakar þingræður þess efnis, m.a. hv. þm. Gunnar Örlygsson. Stjórnarmeirihlutinn hefur lýst því yfir að hann sé tilbúinn til að sitja áfram inn í sumarið ef þurfa þykir til að klára málið. Það er ekki eftir neinu að bíða og ég vænti þess að það sé víðtækur stuðningur í þinginu við að setja lögin áður en farið er í sumarleyfi.

[01:11]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nákvæmlega. Það liggur fyrir þinginu skýrsla sem er á margan hátt ágæt, ég get tekið undir það, þó hún sé alls ekki gallalaus. Það liggur fyrir þinginu skýrsla sem ætti einmitt að vera grundvöllur til vitrænnar umræðu, ekki bara á hinu háa Alþingi meðal hv. þm., heldur líka úti í þjóðfélaginu. Hversu margir landsmenn skyldu hafa fengið *tækifæri til þess að kynna sér skýrsluna? Hverjir hafa séð* skýrsluna fyrir utan þá sem sitja í sal hins háa Alþingis? Það eru því miður ekki margir. Ég held einmitt að skýrslan gæti orðið grundvöllur til vandaðrar umræðu í sumar sem við gætum byggt á vandaða lagasetningu. Hv. þm. Páll Magnússon hlýtur að hafa tekið eftir því að menn hafa bent á ótal galla á frv., ótal leiðir til að fara fram hjá því og skrumskæla það á allan mögulegan hátt. Það á ekki að vera hlutverk okkar á hinu háa Alþingi að setja lög sem hægt er að skrumskæla.

[01:12]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að Íslendingar muni ekki eyða sumarleyfum sínum til þess að lesa skýrsluna. Hún hefur verið aðgengileg á netinu, þökk sé m.a. hv. þm. Helga Hjörvar. Ég held að öllum almenningi, sem hefur þótt tilefni til, hafi verið mögulegt að kynna sér efni hennar. (**MÞH:** Í eina viku.) Ég *var ekki eina viku að lesa skýrsluna, ég held að það hafi* tekið mig um tvo klukkutíma að renna í gegnum hana. Hún er ekki flókin. Hún er tiltölulega aðgengileg og einföld.

Ég ítreka að ég tel að almenningur muni ekki verja sumarleyfum sínum til þess að lesa skýrsluna og ég leyfi mér að draga í efa að það muni nokkuð breytast fram á haustið. Ég tel að þó menn taki allt sumarið í umræðuna og komi til þings í haust verði afstaða þingflokkanna nokkuð óbreytt.

[01:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Árið 2000 var það ástand uppi á fjölmiðlamarkaði, sé miðað við hina þrengri skilgreiningu á honum, að hann virtist vera að skiptast í þrennt. Á einn vænginn var Morgunblaðið, á annan var Ríkisútvarpið og á hinn þriðja var Stöð 2 og DV sem voru að renna saman virtist mönnum í eina samsteypu. Þetta var árið 2000.

Árið 2004 er uppi sú staða á fjölmiðlamarkaði í hinum þrengri skilningi þess orðs að hann skiptist í þrennt. Á einn vænginn er Morgunblaðið, á annan er Stöð 2 og DV ásamt nýju blaði sem heitir Fréttablaðið og á þriðja vænginn er Ríkisútvarpið.

Um stöðuna árið 2000 sagði hv. þm. Jón Kristjánsson, með leyfi forseta:

„Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að samkeppni sé ekki fullnægt meðan menn hafa þá stefnu að reka hér ríkisútvarp og ef menn standa almennilega að því.

Menn mega ekki gleyma því að blaðamenn vinna samkvæmt sérstökum siðareglum og það er ekki hægt orðið nú til dags að segja blaðamannastéttinni fyrir verkum á Íslandi.

Ég tel enga hættu að samkeppni sé ekki nóg á Íslandi eins og er í þessum málum, en nota bene, menn verða að standa að því að reka Ríkisútvarpið vel og fólk eigi aðgang að því þannig að það sé þriðji aðilinn í þessari mynd."

Þetta sagði hv. þm. Jón Kristjánsson, traustur og góður framsóknarmaður. Af hverju hefur Framsfl. breytt um skoðun?

[01:14]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh., Jón Kristjánsson, flutti ræðu um þetta efni í dag og svaraði andsvörum um það og ég ætla ekki að fara að endurtaka það.

Það eru tvær meginástæður þess að grípa þarf til aðgerða og ég rakti þær í ræðu minni. Það er annars vegar meiri samþjöppun en áður á markaðnum og hins vegar sú staðreynd að markaðsráðandi fyrirtæki á fjölmörgum neytendamörkuðum í íslensku samfélagi á ráðandi hlut í fjölmiðlarisanum. Það var ekki uppi á teningnum árið 2000. Þess vegna er allt önnur staða en nokkurn tímann áður á fjölmiðlamarkaðnum og það er ekki síður ástæða þess að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á þessu sviði.

[01:15]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Það er rétt að staðan er að sumu leyti öðruvísi á Íslandi. En frumvarpið sem hér er til umræðu tekur reyndar ekki nema að hluta til þeirrar breyttu stöðu. Stuðningur Framsfl. er því hrein stefnubreyting frá árinu 2000.

Munurinn á Framsfl. og Samf., sem hv. þingmanni Páli Magnússyni hefur orðið afar tíðrætt um í dag og er náttúrlega ekki nema von að leggist þungt á huga hans, er sá að Framsfl. hefur einfaldlega tekið mikla U-beygju, eins og menn tala um. Það virðist til komið af ýmsum ástæðum. Ég hef fyrr í dag kastað fram ákveðnum ástæðum fyrir því, að það sé hreinlega eðli Framsfl. að taka þær beygjur sem Sjálfstfl. skipar honum hverju sinni þegar hann er í stjórnarsamstarfi. Samf. hefur ekki tekið neina slíka sveigju. Samf. hefur á þeim tíma sem hér er vitnað til, og langt aftur í tímann ef miðað er við forvera okkar, haft áhyggjur af þessum málum. Við höfum rætt um hvaða kostir komi þar til greina. Við höfum ekki alltaf haft sömu áherslur í málinu en við höfum alltaf haft áhyggjur af því og um það vitna þær tilvitnanir sem hv. þm. Páll Magnússon kemur hér með, seint og snemma.

[01:16]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason rökstyður mál sitt um að Framsfl. hafi tekið U-beygju í þessum málum með því að vitna til orða Jóns Kristjánssonar frá árinu 2000. Hann viðurkennir samt að aðstæður eru gjörbreyttar frá þeim tíma. Þetta er því ekki mjög málefnaleg röksemdafærsla af hans hálfu.

Hins vegar liggur fyrir að Samf. fer í algjöran hring í þessu máli. Hv. þm. Björgvin Sigurðsson lýsti því yfir áðan að hann teldi að hér væri um ólög að ræða, verið að brjóta upp fjölmiðlafyrirtæki án nokkurs tilefnis, þótt það hefði markaðsráðandi stöðu. Hann viðurkennir síðan í hinu orðinu að Samf. sé þeirrar skoðunar að það eigi að færa í lög heimildir til ríkisvaldsins til að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki. Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að skilja þessa stefnu?

[01:17]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Magnússon synti nokkuð hressilegt björgunarsund eftir merka ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Það kom mörgum okkar á óvart að hann skyldi ekki slá sömu nótur og hv. þm. Kristinn gerði í sinni ræðu. En björgunarsundið var ágætlega synt þótt ýmsar gloppur væru í því. Hann missti taktinn á köflum.

Sérstaklega langaði mig til að spyrja hann út í það hvort hann væri virkilega undrandi, af því hann talaði um það af nokkurri undrun, á því tilfinningalega uppnámi sem þeir 2.000 starfsmenn sem vinna hjá Norðurljósum hafa kannski komist í þegar þeir lásu í gegnum fjölmiðlaleka í Morgunblaðið að þeir kynnu að vera að missa atvinnuna innan skamms. Vekur það hv. þm. virkilega undrun að þessi hundruð og þúsund manna sem starfa hjá þessu fyrirtæki, sem hefur róið lífróður síðustu missiri til að halda starfsemi sinni gangandi, komist í tilfinningalegt uppnám og upp komi ýmsar tilfinningar í garð stjórnvalda þegar stjórnvöld ganga fram eins og raun ber vitni og vega hressilega að atvinnu þeirra svo að við þeim blasir atvinnumissir og afkomuhrun?

[01:19]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ég ekkert undrandi á því, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Ég var eingöngu að lýsa því að það liggur fyrir að starfsmenn þessara fyrirtækja þurfa að flytja fréttir af þessu frv. undir því að verði það samþykkt muni þeir missa vinnuna. Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir þetta starfsfólk að vinna undir því. Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir fréttamenn og blaðamenn þessara miðla að þurfa að fjalla um þetta frv. með það hangandi yfir sér að verði það samþykkt, verði það að lögum, þá kunni eigendur fyrirtækisins að segja þeim öllum upp. Ég er ekkert undrandi á tilfinningalegu uppnámi þeirra. Ég var eingöngu að lýsa því að þetta hlyti að vera mjög erfitt fyrir þessa starfsmenn. Sumir hafa haldið því fram, ég get að einhverju leyti tekið undir það, að þetta hafi komið fram í fréttum, sérstaklega blaðanna.

[01:20]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt til að vita að hv. þm. kemur ekki algjörlega af fjöllum í þessu máli. Það rifjaðist upp fyrir mér að Framsfl. rak kosningabaráttu sína fyrir nokkrum árum undir merkinu Fólk í fyrirrúmi. Þar er áreiðanlega ekki starfsfólk Norðurljósa í fyrirrúmi þar sem það les í fréttum að lífsafkomu þeirra sé hleypt í uppnám með þessum hætti, þegar ráðamenn landsins gera atlögu að störfum þeirra og afkomu með þeim ótrúlega hætti sem við erum að ræða um í kvöld og nótt og trúlega eitthvað fram eftir morgni. (Gripið fram í.) Vinna – vöxtur – velferð, nema hjá Norðurljósum.

Það er hreint ótrúlegt að flokkur sem talið var fyrir nokkrum árum og missirum að í væri einhver félagsleg taug enn þá skuli ganga þannig fram að yfir 2.000 manns, 2.000 venjulegir Íslendingar, geti átt á hættu að missa vinnuna út af því að ráðamönnum líkar ekki við eiganda fyrirtækisins.

[01:21]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú full dramatískt fyrir minn smekk. Ég verð að viðurkenna það, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson. Ég hafna því alfarið að þetta frv. leiði til þess að kippa lífsviðurværi undan öllu þessu fólki. Það er bara ... (**BjörgvS:** Það blasir við.) Nei, nei, það blasir bara alls ekkert við. Þetta fyrirtæki rann saman í eitt fyrir þremur mánuðum. Fyrir þremur mánuðum varð þessi fjölmiðlarisi til. Hér koma svo hv. þingmenn upp og tala þannig að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að kippa fótunum undan atvinnu 2.000 manns.

Það vantar ekkert upp á dramatíkina hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni. Ég verð að segja það. Ég vísa þessu alfarið á bug. Svona málflutningur er auðvitað ekki til þess fallinn að ná umræðunni í tilfinningalegt jafnvægi. Þetta er til þess fallið að halda umræðunni á allt of tilfinningalegum nótum með gríðarlegri dramatík og ég veit ekki hvaða hagsmunum það þjónar.

[01:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur gert að umræðuefni það viðhorf sem ég hef reifað til úrræða samkeppnislaga til að taka á markaðsráðandi fyrirtækjum sem verða uppvís að því að brjóta ítrekað af sér með því að misnota aðstöðu sína. Hv. þm. hefur sakað mig um að skipa fyrirtækjum í flokka, að ég vilji ekki láta hið sama gilda um fjölmiðlafyrirtæki og um fyrirtæki í matvælarekstri. Ég hef sagt að ég telji að samkeppnislög eigi að duga til að ná yfir slíkt hjá fjölmiðlafyrirtækjum. Mig langar til að spyrja hv. þm.: Telur hann að samkeppnislög feli ekki í sér möguleika Samkeppnisráðs til þess að brjóta upp fyrirtæki ef þau brjóta af sér?

[01:23]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að núgildandi samkeppnislög veiti samkeppnisyfirvöldum vart heimild til að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki, enda var hv. þm. einmitt að benda á það í þingræðunni fyrir um tveimur árum að slíkt ákvæði þyrfti að binda í lög. Það er greinilegt að hann er enn þeirrar skoðunar að binda þurfi slík ákvæði í lögin.

Hins vegar er ekki sjálfgefið að það eigi að fjalla um fjölmiðlamarkaðinn í samkeppnislögunum. Fjölmiðlamarkaðurinn er mjög sérstæður. Það hefur ítrekað komið fram í umræðum í dag og kemur fram í skýrslunni. Það kemur einnig fram í tilmælum Evrópuráðsins sem hv. þm. ætti að þekkja. Þess vegna tel ég heppilegra að binda í önnur lög en samkeppnislögin ákvæði um eignarhald fjölmiða.

[01:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sagt að samkeppnislög eigi að ná yfir fjölmiðlafyrirtæki alveg eins og fyrirtæki á matvælamarkaði.

Mig langar, vegna þess að hv. þm. telur að ekki séu heimildir í samkeppnislögunum til að fara þessa leið, að vísa í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1998, þar sem fjallað var um breiðband Landssímans. Þar kemur fram að samkeppnisráð lítur svo á að það hafi tiltölulega frjálsar hendur við val á þeim aðgerðum sem talin er þörf á að grípa til í hverju tilviki. Það kemst þar að þeirri niðurstöðu að ef markmiðum samkeppnislaga verði ekki náð með öðru og vægara móti en því, t.d. í þessu tilviki að Landssíma Íslands verði skipt upp, sé ótvírætt heimilt að grípa til slíkra aðgerða. Ef það er heimilt með Landssíma Íslands, hvers vegna þá ekki með fjölmiðlafyrirtæki ef um er að ræða ítrekuð brot?

[01:26]

Páll Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fjallaði um það árið 2002 í tveimur ræðum, annars vegar í umræðum um samþjöppun fyrirtækja á matvælamarkaði og hins vegar í ræðu um horfur í efnahagsmálum, í umræðum utan dagskrár, að færa þyrfti í lög heimild til Samkeppnisstofnunar til að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum. Ég tel að samkeppnisyfirvöld hafi ekki ótvíræðar heimildir í samkeppnislögunum í dag til að ráðast í að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum, enda hefur hv. þm. kallað eftir því fram til þessa. Nú virðist sem svo að hv. þm. hafi skipt um skoðun og kalli ekki lengur eftir því að stjórnvöldum sé heimilt að grípa til þeirra ráða.

Frv. sem hér liggur fyrir boðar heldur ekki slíkt en beinist að því að tryggja dreift eignarhald á fjölmiðlum sem ég tel afar mikilvægt að festa í lög á þessu þingi.

[01:27]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Nú er klukkan að verða tvö að nóttu og ég var að velta því fyrir mér sem ég gekk í stólinn hvers vegna við stæðum hér á næturfundi á Alþingi, hvers vegna allir fjölmiðlar landsins væru undirlagðir af fréttum um mikil átök, kallað til skyndifunda í ríkisstjórn um helgar, skýrslur útbúnar með hraði eins og skýrsla sú sem hér hefur m.a. verið til umræðu, um fjölmiðla, þar sem skýrsluhöfundar hafa lýst því yfir að vegna hins mikla tímaskorts sem þeir voru í hefðu þeir ekki getað gengið úr skugga um það hvort tillögur þeirra væru í samræmi við Evrópuréttinn sem hlýtur þó að vera grundvallarforsenda fyrir því að hér sé lagt fram vandað og gott frv.

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. hefur allt í einu eftir 13 ára setu á stóli forsrh. ákveðið að nú sé ekkert brýnna úrlausnarefni í íslensku samfélagi en það að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum. Yfirlýsingar og loforð um skattalækkanir í þágu þjóðarinnar eru ekki brýn eða aðkallandi mál sem þinga þarf um fram eftir sumri. Alvarlegt ástand í heimsmálum og aðild okkar að voðaverkum í Írak er ekki mál sem þingið þarf að sitja yfir fram eftir sumri. Nei, það er hið nýja dagskrármál hæstv. forsrh., fjölmiðlarnir og nauðsyn þess að tryggja fjölbreytni þar.

Þessi dramatísku tilþrif, þessir bolludagar sem hafa tilheyrt ingu til að fylgja athöfnum hæstv. forsrh., gera það gjarnan að verkum að málatilbúnaður allur og umræða færist úr lagi.

Við höfum orðið vitni að því í dag hvernig hv. þm. Sjálfstfl. vitna í Ólaf Ragnar Grímsson, forseta lýðveldisins, og Jón Ásgeir Jóhannesson máli sínu til halds og trausts. Ber þá nýrra við. Sömuleiðis hafa þingmenn Samf. vitnað í lofgjörðir hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar um Ísfilm og aðrar slíkar stórhuga hugmyndir um markaðsráðandi risafyrirtæki í fjölmiðlun og lesið upp úr Birni Bjarnasyni, hæstv. dómsmrh., þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir því hversu fráleitt sé á þessari tækniöld að ætla að banna sama aðilanum að reka miðla í ljósvaka annars vegar og prenti hins vegar, nú þegar tæknin öll er að renna saman í eitt. Sjálfstæðismennirnir saka okkur samfylkingarmennina um að vilja ekki samkeppni og styðja það að fyrirtæki drottni yfir markaðnum sem eins og allir vita er þvert gegn höfuðáherslum okkar jafnaðarmanna. Við ásökum sjálfstæðismennina um að þeir hafi kvatt hugsjónir sínar um frelsi einstaklingsins, um mark-

aðinn, um frumkvæði einstaklingsins og það að takmarka ríkisafskipti. Þannig ganga brigslin með dramatískum hætti á báða bóga, öfgarnar stundum, fyrst til hægri og vinstri nema það er eins og að fylkingarnar hafi skipt um vallarhelming. Það er kannski ekki nema von að þeir sem reyna að hlusta á þessa orðræðu verði dálítið ruglaðir í ríminu.

Þegar stjórnmálamenn eru farnir að rugla með þessum hætti er oft gott að láta þá orðræðu sem vind um eyru þjóta og athuga hvernig raunveruleikinn er, horfa fram hjá þessari hátimbruðu orðræðu í sölum hins háa Alþingis, horfa út um gluggana á veruleikann í íslensku samfélagi og spyrja sig þeirrar einföldu spurningar: Er fjölbreytni í fjölmiðlun knýjandi úrlausnarefni í íslensku samfélagi sem afgreiða verður með hraði, ofboði og valdi og með sérstöku sumarþingi á því herrans ári 2004? Við skulum fara yfir veruleikann eins og hann er.

Veruleikinn á Íslandi er þannig að hér kemur út eitt dagblað í 95 þús. eintökum, Fréttablaðið, og er borið inn á hvert einasta heimili á Stór-Reykjavíkursvæðinu, ókeypis, og það er einsdæmi. Það er einsdæmi að öll heimili í einni höfuðborg njóti þess að fá ókeypis dagblað inn um lúguna hjá sér á hverjum degi. Það skiptir, virðulegur forseti, miklu máli, er jákvætt og gott fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu og fyrir almennt læsi hjá þjóðinni að jafnvel hin fátækustu heimili, jafnvel heimili innflytjenda sem alla jafna gætu farið á mis við það að fylgjast með íslenskum prentmiðlum, allir á höfuðborgarsvæðinu njóti þessa aðgangs. Þeir sem vilja nálgast blaðið úti um landið eiga kost á því.

Svo eigum við Morgunblaðið. Hvorki meira né minna en annað hvert heimili í landinu er áskrifandi að því og ég hugsa að það sé líka einsdæmi í heiminum, að annað hvert heimili í einu landi sé áskrifandi að öðru dagblaði.

Í þriðja lagi höfum við, virðulegur forseti, DV fyrir þá lesendur sem kjósa kannski meira afgerandi fréttir og persónulegri en er að finna í hinum tveimur miðlunum. Það kemur út í hátt í 20 þús. eintökum og þætti víða nokkuð gott. Við búum við slíkan dagblaðamarkað að hér koma út yfir 160 þús. eintök af dagblöðum á dag fyrir þjóð sem telur 290 þús. manns. Hér eru í landinu rétt liðlega 90 þús. heimili og það eru nærri því tvö eintök af dagblaði á hvert heimili í landinu. Erlendum mönnum þykir ótrúlegt þegar þeim er sagt frá þessari sterku stöðu prentmiðlanna á Íslandi.

Svo eru tímaritin. Horfum á hina miklu flóru af tímaritum. Við höfum glanstímarit, bókmenntatímarit og akademísk tímarit. Við höfum héraðsblöð, vikublöð, ársfjórðungsrit og ársrit. Við höfum félög, sjálfseignarstofnanir, einstaklinga og hlutafélög hringinn í kringum þetta land prentandi skoðanir sínar og sýn á hverjum einasta degi ársins. Það verður ekki með nokkrum rökum sagt að í prentmiðla á Íslandi skorti fjölbreytni. Veruleikinn er einfaldlega ekki þannig.

Þegar við lítum til ljósvakamiðlanna sjáum við hátt í 20 útvarpsstöðvar. Þessi þjóð — ég minni aftur á að Íslendingar eru 290 þús., 0,29 millj. — rekur hátt í 20 útvarpsstöðvar á íslensku. Við höfum menningarstöð, aðra stöð sem útvarpar einvörðungu talmáli, talmálsútvarp, vandaðar dægurmálastöðvar og síðan höfum við fjöldann allan af afþreyingarstöðvum. Þegar kemur að sjónvarpi eigum við fjórar íslenskar sjónvarpsstöðvar. Þar eru tvær fréttastofur, voru til skamms tíma raunar þrjár, og við höfum úr að velja tugum erlendra sjónvarpsstöðva á degi hverjum, varpað um fjölvarpið eða um breiðvarpið fyrir utan að óvíða hygg ég að meiri internetnotkun sé en á Íslandi. Hér er stærstur hluti íbúanna tengdur internetinu, hér eru gefnir út netmiðlar hægri og vinstri og heimsóknir á þá skipta tugum þúsunda á degi hverjum. Þá er ég bara að tala um heimsóknirnar á íslensku netmiðlana. Þá er ég ekki að tala um heimsóknir Íslendinga á erlenda netmiðla.

Virðulegur forseti. Þegar ég var strákur, og það er ekkert mjög langt síðan þó að það sé orðið allnokkuð, ég viðurkenni það, hæstv. forseti, var ekkert sjónvarp á fimmtudögum. Það var ekkert sjónvarp í júlí og við gátum hlustað á lög unga fólksins í 40 mínútur á þriðjudagskvöldum. (**ÖS:** Með Ástu R.) Með hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, já, það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þar lagði hún eins og víða annars staðar gjörva hönd á plóg. En að halda því fram í fullri alvöru, eftir að vera nýkominn út úr þessum veruleika, eftir að vera nýkominn út úr þeim veruleika að hafa sjónvarpslausa fimmtudaga, sjónvarpslausa júlímánuði og algera einokun ríkisins á ljósvakamarkaði, að sú gríðarlega flóra og ótrúlega framleiðsla á útvarps- og sjónvarpsefni sem fram fer á Íslandi sýni skort á fjölbreytni og það sé eitthvert sérstakt viðfangsefni íslenskra stjórnmála einmitt nú að taka á því máli er auðvitað bara fjarstæða. Sennilega gætu menn ekki talað sig upp í hita um það neins staðar annars staðar en hér á hinu háa Alþingi nema ef vera skyldi í Útvarpi Matthildi, virðulegur forseti.

Hvað er það þá sem rekur menn til þess? Jú, þeir segja: Fjölbreytni í eignarhaldi. Já, það er sem sagt ekki fjölbreytni í allri dagblaðaútgáfunni eða fjölbreytni í ljósvakamiðlunum sem skiptir máli, nei, það er fjölbreytnin í eignarhaldi. Hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að það eru til „vondir" eigendur, eins og ritstjórn Morgunblaðsins kaus að benda á á dögunum. (**Gripið fram í:** ... framleiðendur.) Hæstv. forsrh. hefur líka haldið því fram að hér væru í landinu fjölmiðlar sem væru misnotaðir oft á dag, ef ég man rétt.

Nú skulum við ekki neita því að auðvitað geta eigendur haft áhrif á fjölmiðla. Það er ekki hægt að neita því. Auðvitað hlýtur Ríkisútvarpið nokkuð að markast af þeim pólitíska vilja sem þar fer fyrir og auðvitað hlýtur það að hafa einhver áhrif á fjölmiðla Baugsveldisins sem kallað er hverjir eiga það. Hið sama hlýtur að gilda um Morgunblaðið. Við getum ekki neitað því en engu að síður eru frétta- og blaðamenn á Íslandi sem betur fer í meginatriðum sjálfstæðir. Þeir litast kannski af því að vinna hjá ákveðnum eigendum, taka kannski stundum óafvitandi tillit til hagsmuna þeirra en ég held að heiður blaðamannastéttarinnar sé almennt sá að þó að Sjálfstfl. reyni að beita sér á Ríkisútvarpinu hafi það þegar allt kemur til alls fremur óveruleg áhrif á fréttaflutninginn og hið sama eigi við á Morgunblaðinu og hjá Baugi.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að hér sé ekki um raunverulegt áhyggjuefni að ræða þó að vissulega séu rök fyrir því að treysta eigi stöðu blaða- og fréttamannanna með löggjöf gagnvart eigendum sínum þannig að staða þeirra í starfi verði sterkari. Ég held samt að fjölmörg dæmi sýni okkur að íslenskir blaðamenn eru vandir að virðingu sinni og hafa ekki hikað við að neita eigendum um að láta eftir vilja þeirra þá sjaldan það hefur komið upp.

Hvers vegna leggjum við í Samf. þá svo ríka áherslu á að þessi nýja haftastefna Sjálfstfl. nái ekki fram að ganga? Ástæðan er sú að hér er um að ræða blómlega atvinnugrein, ekki bara fjölbreytta fjölmiðla heldur blómlega atvinnugrein. Hér á landi starfa á annað þúsund manns að fjölmiðlun og það er mikilvægt að sú fjölbreytta flóra sem þar er viðhaldist og að hún verði ekki fábreytninni eða fáokuninni að bráð.

Þegar við lítum til þess hverjir hafa fjármagnað uppbyggingu ljósvakafjölmiðla á Íslandi og raunar ýmissa annarra fjölmiðla er það einfaldlega þannig að markaðsráðandi fyrirtæki hafa komið mjög sterkt inn í þá uppbyggingu. Að mörgu leyti hefði sú uppbygging vart orðið nema fyrir þá sök að markaðsráðandi fyrirtæki sáu hag sinn í því að taka þátt í þeirri uppbyggingu, já, sáu hag sinn en ekki þurfa endilega að felast í því óheilindi. Það þurfa ekki að felast í því óheilindi að Skífan, fyrirtæki sem selur myndbönd, tölvuleiki og hljómdiska, sjái hag sinn í aðild að fjölmiðlafyrirtæki. Það þurfa ekki að vera óheilindi þó að markaðsráðandi fyrirtæki eins og SAM-bíóin á bíómarkaðnum sjái sér hag í því að eiga aðild að útvarpsstöð. Það þurfa ekki að vera óheilindi þó að hinn markaðsráðandi Kántrýbær sjái hag sinn í því að reka útvarpsstöð og kynna starfsemi sína. Og þó að það væri að vísu bannað samkvæmt þessum lögum að sú útvarpsstöð yrði landsstöð yrðu engin óheilindi í því þó að Kántrýbær mundi vilja með þeim hætti nýta ljósvakann til að kynna starfsemi sína um land allt og draga að viðskiptavini.

Það eru einfaldlega fjölmargar heilbrigðar ástæður fyrir því að markaðsráðandi fyrirtæki hafa verið tilbúin til þess, kannski öðrum fyrirtækjum fremur, að leggja fé í ljósvakamiðlana. Það þarf ekki að tengjast neinum óheilindum, enda hefur stjórnarliðið engin dæmi í veröldinni getað bent okkur á að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki leggja fé í ljósvakamiðla. Það lítur út fyrir að við séum þá að taka upp harðdrægustu og mest takmarkandi fjölmiðlapólitík í heiminum öllum. Við göngum jafnvel lengra en sjálfir Norðmenn. Við erum þó með þetta litla málsvæði þar sem brýnt er að sem allra flestir geti og megi fjárfesta í framleiðslu á íslensku efni á íslenskri tungu fyrir íslenskan markað, fyrir langtímahagsmuni þessarar þjóðar, herra forseti.

Þótt stjórnarliðarnir hafi getað bent á það að víða tíðkist að binda leyfi til ljósvakastarfsemi ýmsum skilyrðum, m.a. því að standa ekki í blaðaútgáfu, er til þess að líta að í stórum löndum á borð við Bretland, Þýskaland, Frakkland, Bandaríkin o.s.frv. er ljósvakinn takmörkuð auðlind, eins og hv. 6. varaforseti Alþingis Birgir Ármannsson benti á fyrr í umræðunni. Í þessum löndum þarf að velja hverjir fá að komast að og hverjir fá ekki að komast að. Þess vegna er eðlilegt að menn setji reglur um það hvernig útdeila eigi takmörkuðum gæðum. Ljósvakinn á Íslandi er hins vegar ekki takmörkuð gæði. Útvarpsréttarnefnd hefur bara, takk fyrir, heila rás sem enginn er að biðja um. Þess vegna eru þau skilyrði ekki fyrir hendi í íslensku samfélagi sem kallað hafa á skilyrði fyrir útgáfu ljósvakaleiða í öðrum löndum. Þau skilyrði eru einfaldlega ekki fyrir hendi.

Það er skoðun mín að það sé röng niðurstaða í frv. sem hér er til umfjöllunar að prentfrelsi séu skorður settar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé röng ákvörðun, ef tekin verður á Alþingi, að setja takmörk við því hverjir megi gefa út blað. Ég tel að allir eigi að mega gefa út blað, háir og lágir, ríkir og fátækir, góðir og vondir. Ef maður vill prenta blað á íslenskri tungu og dreifa því eða selja á honum að vera það frjálst, hvort sem hann á ljósvakamiðil eða ekki. Ég tel að það sé óheillaspor að setja takmörkun við því og ég tel út frá sjónarmiðum um tjáningarfrelsi að sama sjónarmiðið sé uppi í ljósvakanum vegna þess að hann er ekki takmörkuð auðlind á Íslandi. Meðan hann er ekki takmörkuð auðlind tel ég mikilvægt að allir þeir sem vilja útvarpa eða sjónvarpa og hafa til þess burði geti sótt um það og fengið meðan enginn skortur er á rásunum. Ég tel að þessi bægslagangur allur sé gegn straumi tímans og fái ekki staðist, í fyrsta lagi ekki fyrir dómstólum og þótt hann stæðist þar, þá ekki nema fáein missiri því við erum að sigla inn í stafrænt sjónvarp þar sem nóg framboð verður af rásunum og hver getur fengið sem hann vill. Það er mikilvægt að skerða ekki frelsi manna, jafnvel þó að þeir séu ríkir, til að prenta skoðanir sínar, segja þær, útvarpa þeim eða sjónvarpa ef þeim býður svo við að horfa. Ég tel ekki að í umræðunum í dag hafi komið fram nein röksemd, herra forseti, sem gefur tilefni til að skerða svo mjög frelsi manna til fjölmiðlunar að setja hér afturhaldssömustu lög sem við finnum um þau efni.

[01:47]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar kom aðeins inn á hugleiðingar varðandi hið skelfilega samsæri hvaða voðalegu hvatir lægju að baki ef menn ættu kannski eignarhlut í einhverjum ljósvakamiðlum. Þá rann allt í einu upp fyrir mér, í ljósi þess að ég er svo gæfusamur maður að búa við mikið barnalán og halda heimili þar sem mikið er af ungum börnum, að vinsælasta útvarpsstöðin á mínu heimili og í bílum fjölskyldunnar er Útvarp Latibær, FM 102,2. Þar er útvarpað mjög vandaðri tónlist, barnatónlist, barnalögum, klassískum barnaleikritum og það er allt á íslensku. Þetta eru lög sem meira að segja við sem sitjum hér í nótt ólumst upp við á sínum tíma. Ég sé ekki hið hryllilega samsæri í kringum þessa ágætu útvarpsstöð en því miður er hún seld undir þá sök að hún er í eigu þess fyrirtækis sem líka á Glanna glæp, Sollu stirðu ...

(**Forseti** (HBl): Er hv. þm. að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns?)

Já, hann er að því.

(**Forseti** (HBl): *Ég á erfitt með að átta mig á því, en lát heyra.*)

Ég ætlaði einmitt að koma að því, virðulegi forseti. Þessi útvarpsstöð er í eigu þess fyrirtækis sem á Glanna glæp, Sollu stirðu og Sigga sæta. Ég vildi einfaldlega koma upp í andsvari og benda á að hv. þm. Helgi Hjörvar gleymdi einmitt að minnast á þessa hættulegu útvarpsstöð sem því miður verður að hætta rekstri ef þessi lög verða að veruleika innan fárra daga eins og stefnir í. Ég vil bara benda á þetta, virðulegi forseti.

(**Forseti** (HBl): Ég átta mig ekki á því, hv. þingmaður, hvort við getum sagt að hér sé um andsvar að ræða en ef hv. þm. Helgi Hjörvar skilur það svo er líka fróðlegt að fá að heyra það.)

[01:49]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að þetta er ekki í fyrsta sinn á þingferli mínum sem menn hafa komið upp í andsvörum til að bera mig þeim sökum að ég hafi gleymt mikilvægum atriðum í málflutningi mínum og ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir að vekja athygli á þessari útvarpsstöð sem ég þekki í sjálfu sér ekki.

Hann beinir auðvitað kastljósinu að kjarna spurningarinnar sem hér er fyrir. Hvers vegna í ósköpunum skyldum við banna einhverjum sem vill setja peninga í að framleiða efni fyrir hljóðvarp eða sjónvarp á íslensku og dreifa því? Herra forseti. Ég bara spyr. Hér er til ráðstöfunar heil sjónvarpsrás og enginn biður um hana. Hér hafa fyrirtæki á ljósvakamarkaði gengið á milli fjárfesta, leitað eftir fjármagni og ekki fengið. Það er enginn að berja á þessar dyr en ef menn

banna markaðsráðandi fyrirtækjum að vera á markaðnum eru þeir jafnframt að banna til að mynda bönkunum eins og bent hefur verið á í umræðunni að eiga þessi fyrirtæki. Ef bönkunum er óheimilt að eiga þau er algert glapræði fyrir þá að lána þeim þannig að það er algerlega augljóst að það er verið að herða að og kyrkja hina frjálsu fjölmiðla með frv.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja báða þessa hv. þm. að virða þingsköpin og vera ekki að kveðja sér hljóðs undir andsvörum þegar slíku er ekki til að dreifa.)

[01:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nokkur athyglisverð sjónarmið komu fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv. n. Meðal þess sem vakti athygli mína voru ummæli um að auðvitað hefðu eigendur áhrif, starfsmenn gætu litast af því að vinna hjá ákveðnum eigendum og starfsmenn gætu óafvitandi hegðað sér með einhverjum tilteknum hætti til að gera eigendum til geðs.

Ég er alveg sammála sjónarmiði hv. þingmanns um að margir góðir blaðamenn láta slíka hluti ekki hafa áhrif á sig. Hins vegar finnast mér ummælin sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að aðrir talsmenn Samf. í kvöld, flestallir, hafa beinlínis hafnað því að þetta gæti skipt máli í þessu sambandi. Ég verð að segja að að þessu leyti er ég meira sammála hv. 9. þm. Reykv. n. en þeim þingmönnum Samf. sem fyrr hafa talað.

Annað atriði sem skiptir líka máli og sem kom fram í ræðu hv. þingmanns var það að hann telur okkur ekki standa í þeim sporum að hér séu raunveruleg áhyggjuefni í sambandi við samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Það finnst mér líka vera svolítið í öðrum stíl en hjá mörgum öðrum sem hafa talað í kvöld, talsmönnum Samf. og öðrum talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Ég hef skilið þá svo að vissulega væru merki um samþjöppun áhyggjuefni en ríkisstjórnin legði bara ekki til rétta leið. Til þess að fá þetta á hreint vildi ég biðja hv. 9. þm. Reykv. n. að staðfesta þann skilning minn að engar áhyggjur þurfi að hafa af þessum markaði hér og þeirri samþjöppun sem kann að hafa átt sér stað.

[01:54]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. 6. varaforseta Alþingis Birgi Ármannssyni að ég taldi það ekki vera sérstakt áhyggjuefni, nei, en ég benti jafnframt á að við hefðum flutt tillögur á Alþingi um það hvernig mætti styrkja og efla sjálfstæði blaða- og fréttamannanna. Ég taldi fulla ástæðu til að fara að þeim tillögum Samf.

Hvað hitt atriðið varðar sem hv. þm. nefndi sneri það að — hvað var það aftur? (**BÁ:** Það var um sjálfstæði blaðamanna hérna.) Það var um sjálfstæði blaðamanna, já. Það er rétt að sérstök fræðigrein fjallar um áhrif eigenda á blaðamenn, sjálfsritskoðun og aðra slíka hluti. Ég held að meginmunurinn á því sem ég hef sagt og því sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa sagt sé að þeir hafa ásakað fréttamenn um að ganga erinda eigenda sinna vitandi vits um að misnota miðla sína. Ég hafna almennt slíkum ásökunum í garð fréttaog blaðamanna á Íslandi, hvort sem þeir vinna á Moggaanum, hjá RÚV eða Baugi. Þar liggur kannski munurinn í málflutningnum, hv. þingmaður.

Það er kátlegt að sjá fyrrum erindreka Verslunarráðs Íslands reyna að halda uppi vörnum í þessu máli, hv. þm. Birgi Ármannsson sem sennilega hefur oftar en flestir aðrir menn skrifað erindi til Alþingis um nauðsyn þess að atvinnulífið í landinu fengi að búa við sem minnst ríkisafskipti og hversu ógnvænlegt það væri ef Alþingi ætlaði að grípa með harkalegum aðgerðum inn í eina atvinnugrein. Þegar til kastanna kemur og hann hefur verið kjörinn á Alþingi tekur hann að sér hlutverk handauppréttingavélarinnar og samþykkir hvaðeina sem fyrir hann er lagt og bergir á þeim ógeðsdrykk sem fyrir hann er borinn.

[01:56]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög athyglisvert að heyra að sérstök fræðigrein fjalli um áhrif eigenda á starfsmenn fjölmiðla og skiptir máli að það komi fram við þessa umræðu af því að hér hefur stundum verið látið í veðri vaka að slík áhrif væru ekki og gætu ekki verið fyrir hendi. Ég minni á að um allan heim á sér stað umræða sem tengist áhrifum eigenda á fjölmiðla. Tilefni þessa frv. eru auðvitað áhyggjur manna af því að eigendunum fækki óhæfilega mikið, að eigendurnir verði ekki margir með mismunandi sjónarmið og mismunandi hagsmuni heldur færist eignarhaldið á of fáar hendur. Það er áhyggjuefnið.

Varðandi almennu sjónarmiðin um viðskiptafrelsi, atvinnufrelsi og frelsi fyrirtækja frá ríkisafskiptum stendur allt sem ég hef sent inn í erindum til Alþingis og hef áður sagt, enda hef ég aldrei hafnað því að sérstakar leikreglur gætu átt við á sérstökum mörkuðum þar sem hætta er á að ekki sé nægilega vel farið með það vald sem felst í stöðu fyrirtækja á markaði.

[01:57]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ekki nema rétt sjálfsagt að upplýsa hv. þm. Birgi Ármannsson um að til væri fræðigrein sem héti fjölmiðlafræði, fjallaði um ýmsa þætti blaðamennskunnar og hvað gæti haft áhrif á menn í störfum sínum. Það var ekki nema sjálfsagt.

Hitt verð ég þó að segja að fjölmiðlamarkaðurinn hefur aldrei verið fjölbreyttari en í dag, aldrei blómlegri og aldrei hefur trúlega í sögu veraldarinnar nokkurt annað málsvæði af þessari stærðargráðu skartað jafnfjölbreyttri flóru á þessu sviði. Það er undarlegt að nú fyrst vakni áhyggjur manna, einmitt þeirra sem engar áhyggjur höfðu þegar Morgunblaðið drottnaði hér, eitt annarra miðla en Ríkisútvarpið.

Sá grunur læðist að manni að vandamálið í þessu efni sé að ekki séu réttir menn hér á ferðinni með réttar skoðanir og sé eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði fyrr í umræðunni í dag mikið áhyggjuefni ríkisstjórnarflokkunum að fjórða valdið sé orðið of sterkt og að ríkisstjórnin þurfi að setja lög á fjórða valdið, á fjölmiðlana svo þeir verði ekki of rammir í gagnrýni sinni á stjórnarathafnirnar. Kannski verða stjórnarherrarnir að geta farið sínu fram og þeir einu miðlar sem um þá mega fjalla eru þeir miðlar sem þeir sjálfir með einum eða öðrum hætti hafa tök á. Það, hæstv. forseti, er öndvert lýðræðisþróun og góðum stjórnarháttum og það lagafrumvarp sem hér liggur fyrir er öndvert þeim sjónarmiðum góðum sem hafa ber í heiðri við lagasetningu, þ.e. virðingu fyrir stjórnarskránni, atvinnufrelsi manna og þeim mannréttindasáttmálum sem við erum aðilar að.

[02:00]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í nútímalýðræðisríki. Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þeir hafa vald á því hvað er á dagskrá í umræðunni í samfélaginu, þeir segja okkur hvað er í tísku, þeir ráða því hvaða tónlist nýtur mestra vinsælda, hvaða kvikmyndir, þeir

dæma leiksýningar og nýjar bækur og þeir veita okkur þær upplýsingar sem við byggjum á skoðanir okkar og viðhorf til fjölmargra mála, stórra jafnt sem smárra. Þeir eru líka farvegur þessara skoðana okkar sjálfra og samborgara okkar og spegla samfélagið sem við lifum í um leið og þeir móta það með því valdi sem þeir hafa yfir því hverju við gefum gaum og hvað þeir vinsa fyrir okkur úr öllu upplýsingaflóðinu til þess að beina athygli okkar að. Síðast en ekki síst eiga þeir að veita aðhald okkur sem störfum hér á Alþingi, ríkisstjórn landsins, dómstólum og öllum valdhöfum í þjóðfélaginu, hverju nafni sem þeir nefnast. Það á einnig, og ekki síst, við um þá sem fara með mikil efnahagsleg völd.

Það liggur í augum uppi, virðulegi forseti, að fjölmiðlar eru miklar valdastofnanir í samfélaginu. Áhrif þeirra, bæði þau sem þeir hafa í raun og veru og hin sem hugsanlegt er að þeir geti tekið sér, geta ráðið úrslitum um það hvaða stefnu þetta samfélag tekur. Þess vegna höfum við þjóðréttarlega skyldu til að tryggja lýðræðislega fjölbreytni fjölmiðla hér á landi og sé tilefni til lagasetningar til að vernda fjölbreytnina til þess að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar þeirrar samþjöppunar sem þegar er orðin og orðið getur í framtíðinni verðum við að grípa til hennar.

Ég nefndi áðan aðhaldshlutverk fjölmiðla og að það eigi einnig að beinast að þeim sem fara með efnahagsleg völd í krafti eigna sinna og stöðu í viðskiptalífinu. Það frv. sem við ræðum hér hefur einmitt það að markmiði að standa vörð um aðhaldshlutverk fjölmiðlanna gagnvart þeim sem fara með efnahagsleg völd og geta í krafti þeirrar stöðu sinnar haft áhrif á og brenglað þá mynd sem við, almenningur í landinu, fáum af þeim margvíslegu málum sem okkur snerta, hvort sem um er að ræða ákvarðanir sem við tökum við innkaup eða það hvaða skoðanir við myndum okkur á máli sem er til umræðu af miklum tilfinningahita í þjóðfélaginu, máli eins og því sem við erum hér að ræða, herra forseti.

Það skiptir þetta samfélag miklu máli að við getum treyst því að fjölmiðlar gangi ekki annarra erinda en okkar, lesenda þeirra og áhorfenda, þegar þeir veita okkur upplýsingar. Hættan á að sú mynd brenglist þarf ekki alltaf að vera til komin vegna vísvitandi aðgerða starfsmanna fjölmiðlanna, hún getur verið að meira eða minna leyti ómeðvituð og átt rætur í uppbyggingu og þeim hefðum sem myndast á miðlunum sjálfum. Það er mikilvægt að við gerum það sem í okkar valdi stendur, það sem okkur er skylt að gera, til að draga úr því að fjölmiðlar séu í þeirri stöðu að þeir geti misnotað lýðræðið í þágu sjónarmiða eigenda sinna.

Fjölmiðlar eru ekki bara þessar lýðræðislegu stofnanir. Þeir eru líka, og ekki síst, fyrirtæki sem veita fjölmörgu starfsfólki atvinnu, þurfa að skapa tekjur og geta skilað eigendum sínum hagnaði. Það markmið sem við höfum að leiðarljósi með aðgerðum til að koma í veg fyrir samþjöppun í eignarhaldi er jú fjölbreytni, það að tryggja að sem flestar raddir fái að heyrast.

Þær aðgerðir sem við grípum til mega ekki verða til þess að draga úr fjölbreytni, þá er verr af stað farið en heima setið. Þess vegna er brýnt að standa vörð um rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja sem fært hafa okkur aukna fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði undanfarna mánuði og ár um leið og við gerum skyldu okkar til að hindra að það afl sem í þeim miðlum býr geti verið nýtt til þess að gera þá að tæki annarra efnahagslegra eða pólitískra hagsmuna eigenda sinna.

Í frv. sem við ræðum verður fullt tillit tekið til þessara sjónarmiða og ég treysti því að Alþingi muni gæta að því að niðurstaða þeirrar lagasetningar verði ekki til þess að draga úr framboði fjölmiðla í landinu.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna þá niðurstöðu höfunda skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum að ein hinna vænlegustu leiða, þótt hún nægi ekki ein og sér til að tryggja nauðsynlega fjölbreytni, sé sú að gera breytingar á samkeppnislögum og fela Samkeppnisstofnun mikilvægt hlutverk við eftirlit á þessum markaði á grundvelli þeirra sérstöku sjónarmiða sem snúa að fjölbreytni og lýðræði en jafnframt með eðlilegu tilliti til þess að hér er um að ræða fyrirtæki í viðskiptum og að viðskiptaleg sjónarmið þurfa að fá eðlilegt vægi í því hagsmunamati sem fram fer þegar teknar eru ákvarðanir sem þrengja svigrúm fjölmiðla á einkamarkaði.

Virðulegi forseti. Flest erum við vön því að þegar talað er um fjölmiðla sé fyrst og fremst átt við þá fjölmiðla sem hæst ber í umræðunni og ná til landsins alls. Það er að mörgu leyti skiljanlegt því áhrif þeirra eru mest í allri umræðu. Einu vil ég þó halda sérstaklega á lofti í þessu samhengi og í þessari umræðu um fjölbreytni í fjölmiðlum, þeirri staðreynd að ég tel að okkur beri einnig skylda til þess, eftir því sem unnt er, að stuðla að fjölbreytni í svæðisbundinni fjölmiðlun, þ.e. þeim fjölmiðlum sem hafa aðeins útbreiðslu í tilteknum sveitarfélögum eða landshlutum.

Fyrir þessu eru margvísleg rök, herra forseti, ekki síst þau að um leið og við ræðum það í pólitískri umræðu að fela sveitarfélögum aukin verkefni og að þau muni í framtíðinni í auknum mæli annast þá nærþjónustu sem íbúarnir þarfnast eykst þörf íbúanna til þess að fá upplýsingar og eiga völ á markvissri, opinberri umræðu um þessi málefni.

Í skýrslunni um eignarhald á fjölmiðlum er nefnt að ríkisstyrkir séu ein þeirra leiða sem til greina komi til að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun. Hún byggir að miklu leyti á hugmyndum sem fram hafa komið á vettvangi Evrópuráðsins. Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að þótt nefndin geri þetta ekki að tillögu sinni tel ég fyllstu ástæðu til að velta þessu upp og ræða í tengslum við það hvort ástæða sé til að fara þessa leið til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun á landsbyggðinni.

Eitt er ljóst í mínum huga, frv. sem Alþingi fjallar nú um vegna eignarhalds á fjölmiðlum mun ekki verða til þess að draga úr þeirri fjölbreytni eða setja starfsemi fjölmiðla, hvorki þeirra sem ná til landsins alls né hinna sem aðeins hafa svæðisbundna útbreiðslu, svo þröngar skorður að niðurstaðan verði fábreyttara umhverfi en við búum nú við verði það að lögum. Þess vegna munu þau lög sem Alþingi setur gæta fyllsta réttar gagnvart tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi, eignarréttindum og öðrum þeim réttindum þeirra aðila sem hér eiga hagsmuna að gæta og ekki fara harkalegri leið en nauðsynlegt er að fara að hinu lögmæta markmiði um lýðræðislega fjölbreytni í fjölmiðlun, í víðasta skilningi þess hugtaks.

[02:08]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var prýðileg ræða hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur og merkilegar nótur slegnar þarna sem ekki var hægt annað en að leggja eyrun grannt við. Sumt kom kannski svolítið á óvart. Ég gat ekki skilið ræðu þingmannsins öðruvísi en svo að hún væri alls ekki sátt við þá leið sem lögð er til í frv. sem hér um ræðir. Hún nefndi sérstaklega að lagasetningin mætti alls ekki verða til að draga úr fjölbreytni, þrengja skorður, skerða tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi

og eignarrétt og alls ekki ganga fram af meiri hörku en bráðnauðsynlegt væri. Þennan kafla má segja að hún hafi tvítekið í ræðu sinni og meginmálið var að lagasetningin mætti alls ekki verða til að kippa fótunum undan starfandi fjölmiðlum. Það er allt annar tónn en hefur verið að heyra í málflutningi ýmissa annarra stjórnarliða í dag og í kvöld.

Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þingmanninn hvort hún sé að segja þegar allt kemur til alls að hún vilji alls ekki ganga svo langt sem hér er lagt til, vilji ekki þrengja svo að því fyrirtæki sem hér er til umræðu fyrst og fremst, Norðurljósum, þannig að skipta þurfi fyrirtækinu upp sem gæti orðið til þess að hlutar þess færu einfaldlega út úr rekstri, á hausinn eins og menn segja, enda fyrirtækið Stöð 2, Íslenska útvarpsfélagið, gríðarlega skuldsett. Eins og allir vita var fyrirtækinu bjargað frá bráðagjaldþroti fyrir nokkrum mánuðum. Þess vegna spyr ég hana: Er hún að segja að málið eigi ekki að fara í gegn eins og það lítur nú út heldur taka stakkaskiptum hvað þetta varðar, ella liggja og bíða síðari umræðu?

[02:10]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hólið fyrir ræðu mína en ég vil segja að þetta hefur kannski verið dálítil oftúlkun eða mistúlkun hv. þm. Björgvins Sigurðssonar. (**BjörgvS:** Ég var að spyrja ...) Skoðun mín er sú að þetta frv. dragi ekki úr fjölbreytni og það er einnig skoðun mín að fjölmiðlar muni starfa áfram og að rekstrarumhverfi þeirra verði ekki breytt. Hugur minn stendur til þess að ganga eins langt og frv. kveður á um en ég tel líka alveg skýrt að í meðförum þingsins, þá í þeim nefndum sem um málið fjalla, verði kallaðir til gestir og jafnvel fengnar umsagnir. Þá er mjög mikilvægt að þau lagaatriði sem einhver vafi hefur leikið á um verði skýrð og það verði alveg á hreinu að frv. geti gengið eins langt og það gerir ráð fyrir.

[02:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá liggur spurningin í augum uppi sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni rétt áðan: Hvaða lagaákvæði eru það? Eiginlega er ekki hægt að skilja þingmanninn öðruvísi en svo að hún vildi sjá einhver ákvæði í frv. taka breytingum áður en það yrði að lögum. Þó að hún hafi því miður dregið aðeins í land og lýsi sig fylgjandi frv. eins og það liggur fyrir núna var samt ekki hægt að skilja hana öðruvísi en að eitthvað væri í því sem hún vildi sjá breytast í meðförum þingsins næstu dagana ef svo fer sem horfir að málinu verði þvælt í gegn á næstu tveimur vikum. Því blasir það við að ítreka spurninguna: Hvað vildi hún sjá breytast í frv. áður en það yrði að lögum til að tryggja að það verði ekki til að draga úr fjölbreytni, setja fjölmiðlunum þrengri skorður eða til þess að fækka miðlunum sem nú eru starfandi?

[02:12]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mikil óskhyggja sé í gangi hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni um að ég vilji eitthvað draga í land.

Afstaða mín er mjög skýr. Ég styð frv. Við getum samt ekki horft fram hjá því að áhöld hafa verið uppi varðandi bráðabirgðaákvæðið og gildistökuna. Ég veit að þetta verður rækilega skoðað í nefnd. Best er auðvitað að þetta standi allt og við munum sjá hvað sérfræðingar nefndanna munu segja um það.

[02:13]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur varð tíðrætt áðan um fjölbreytni í fjölmiðlun, það yrði að tryggja hana. Þetta er frasi sem maður er búinn að heyra í þessum ágæta sal hins háa Alþingis allt frá því að menntmrh. kynnti skýrslu sína í síðustu viku. Fjölbreytni í fjölmiðlun. Síðan hefur verið tönnlast á þessu, einmitt í fjölmiðlum, ýmsum útvarpsþáttum og öðrum þáttum í ljósvakamiðlunum, prentmiðlum líka. Fjölbreytni í fjölmiðlun. Stjórnarliðar hafa tönnlast á þessu.

Áðan flutti hv. þm. Helgi Hjörvar hér ágæta ræðu. Hann benti m.a. á að fjölbreytni í fjölmiðlun hefur aldrei í Íslandssögunni verið jafnmikil og í dag. Hér eru gefin út þrjú dagblöð sem hafa gríðarlega útbreiðslu. Á 17 þéttbýlisstöðum koma út 23 héraðsfréttablöð, yfirleitt einu sinni í viku, a.m.k. reglulega. Við höfum viðskiptablað, blað um sjávarútveg, 17 útvarpsstöðvar, Ríkisútvarpið með sex rásir, fjögur svæðisútvörp, 9 eða 10 sjónvarpsstöðvar, fjórar þeirra senda út á landsvísu. Síðan höfum við alls konar fjölmiðlun á internetinu eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á áðan.

Ég vil fá að heyra nánari röksemdir fyrir því hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að tryggja þurfi fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi árið 2004. Hún er nefnilega mjög mikil, þessi fjölbreytni, og mig langar að heyra hana lýsa því hvernig hún telur að þetta frv. til laga sem liggur fyrir hinu háa Alþingi eigi að tryggja þessa svokölluðu og margumtöluðu fjölbreytni í fjölmiðlun.

[02:15]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki í minnsta vafa um að þetta frv. muni ekki koma í veg fyrir þá gleðilegu fjölbreytni sem ríkir núna á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Tilgangur frv. er að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar þeirrar samþjöppunar sem þegar er orðin, og orðið getur í framtíðinni. Það er einmitt tilgangur okkar.

Eins og ég segi eru ekki nema 3–4 mánuðir síðan fjölmiðlarisinn mikli varð til sem þingmönnum hefur orðið tíðrætt um í kvöld þannig að ég hef enga ástæðu til að ætla að þessi fjölbreytni muni minnka.

[02:16]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta svar hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fór vægast sagt út um allar þorpagrundir. Erfitt var að átta sig á því hvað hún var að fara. Hins vegar tel ég að það hafi skinið berlega í gegn að hún er einmitt að rugla saman tveimur ólíkum hugtökum sem stjórnarliðar hafa markvisst, eða ómarkvisst, gert í heila viku. Þeir rugla saman annars vegar fjölbreytni í fjölmiðlun og hins vegar fjölbreytni í eignaraðild. Þetta er tvennt ólíkt. Fjölbreytni í fjölmiðlun hefur aldrei verið jafnmikil í Íslandssögunni og í dag.

Hitt er svo annað mál, og það er allt önnur hlið á peningnum, einmitt fjölbreytni í eignaraðild. Ég hvet hv. stjórnarliða til að hætta að rugla svona með umræðuna og reyna, að ég held meðvitað, að slá ryki í augu fólks með því að tala alltaf um fjölbreytni. Fjölbreytni, fjölbreytni, fjölbreytni. Þeir mættu kveða fastar að orði, og skýrar, segja fjölbreytni í eignaraðild, hætta að rugla með þetta hugtak, fjölbreytni.

[02:17]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir mér er þetta mjög skýrt. Við erum að tryggja fjölbreytni til framtíðar en koma í veg fyrir hina óæskilegu samþjöppun. Þetta er ekkert flóknara en það. Ég held að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hafi dálítið opinberað sig í umræðum áðan þegar hann fór að tala um barnastöðina Latabæ og hann sagðist sjálfur ekki skilja fullkomlega umræðuna um þau leyfi. Ég verð bara að segja við hv. þingmann að þetta er mjög skýrt. Markmið okkar er að tryggja fjölbreytnina og ég held að það muni koma glöggt í ljós þegar til framtíðar er litið.

[02:18]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Mér þótti hv. þm. hafa þær áhyggjur helstar af núverandi stöðu að þar sem fyrirtæki sem eru umsvifamikil í matvöruverslun og á nokkrum öðrum sviðum ættu stóran hlut í Norðurljósum og þar með þeim fjölmiðlum sem Norðurljós ættu mundu blöðin hrósa frammistöðu þeirra og koma þar með í veg fyrir að neytendur hefðu bestu upplýsingar hugsanlegar áður en þeir veldu vöru sína. Ég deili ekki þessum áhyggjum vegna þess að ég tel að hv. þingmaður hafi gleymt kannski tvennu, annars vegar því að eftir allt saman og hvað sem hv. þm. Halldór Blöndal og aðrir hafa af reynslu sinni sagt um fáránleik þess að blaðamenn geti hugsað sjálfstætt er blaðamennska samt fag á Íslandi. Margir blaðamenn eru annaðhvort menntaðir eða margreyndir í blaðamennsku og sem betur fer er sú hefð upp á við á Íslandi þrátt fyrir brogaða sögu í íslenskri blaðamennsku að menn standa nokkuð klárir á því að gæta ekki sérstakra viðskiptahagsmuna, hvorki eigenda né helstu auglýsenda í fjölmiðlum sínum. Á þessu eru undantekningar og ég hygg að þær sanni þá þessa reglu.

Á hinn bóginn er það svo að ef einn fjölmiðill sem er í samkeppni eins og allir þessir miðlar eru reyndar — Norðurljósamiðlarnir eru ekki einir í heiminum — gerist sekur hlutdrægni í málefnum af þessu tagi, matvöru eða einhverju öðru, verða neytendur þess mjög fljótt varir. Í öðru lagi eru þá hin fyrirtækin sem eru í samkeppni á svipuðum markaði og annaðhvort neita að auglýsa eða reyna að stuðla að því að til verði enn einn auglýsingamiðill. Hin gamla kenning Adams Smiths um að markaðurinn eigi þetta við sig sjálfur á að vissu leyti við í þessu sambandi.

[02:20]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var kannski erfitt að skilja einhverja ákveðna spurningu í máli hv. þm. Marðar Árnasonar í andsvari en ég man ekki betur en að í máli hv. þingmannsins í dag hafi hann opinberað miklar áhyggjur af samþjöppun. Kannski hefur sú skoðun hans breyst eitthvað sem á leið nóttina en ég vil bara segja að við erum að tryggja skilyrði fyrir fagmennsku með þessari dreifðu eignaraðild.

Ég sagði ekkert áðan að ég gæti bent á nein atriði í fjölmiðlum í dag en við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sínu.

[02:21]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég held að í andsvari mínu sem út af fyrir sig verður ekki bein spurning sé réttast að rifja það upp úr ágætri ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur í dag þegar hún sagði að einhverjir varasömustu fjölmiðlarnir væru blankir fjölmiðlar vegna þess að á blönkum fjölmiðli, fjölmiðli sem er í hættu í rekstri sínum, getur skapast það ástand að það slakni á fagmennsku blaðamanna og að kröfur frá eigendum, frá útgefendum, til starfsmanna á blaðinu séu þær að þeir gefi eftir á sinni réttu stefnu og línu gagnvart auglýsendum eða gagnvart einhvers konar hagsmunum eigenda eða einhverra annarra sem talin er þörf á að gerist. Ég held að þetta sé afar athyglisvert og rétt hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og ég held að það sé hættan sem við stefnum núna út í ef þetta frv. verður samþykkt, að hér verði smám saman í raun og veru bara fákeppni í fjölmiðlun.

[02:22]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þykist skilja orð hv. þm. Marðar Árnasonar svo að hann vilji réttlæta samþjöppun og hefur hann þá farið í 180 gráður frá því að hann fór í andsvar við hv. þm. Halldór Blöndal fyrr í dag. Ég vil bara ítreka að megingrundvöllurinn er dreifð eignaraðild.

[02:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er búið að vera ansi athyglisvert að fylgjast með umræðunni í dag. Hún hefur farið út um víðan völl eins og oft vill verða. Ég hef sérstaklega tekið eftir einu sem mér finnst hafa vantað í umræðuna — þetta snýst um eignarhald á fjölmiðlum eins og við vitum — en það er einmitt hugsanlegur þáttur Morgunblaðsins í öllu saman.

Ég hygg, hæstv. forseti, að ef þetta frv. fer í gegn muni það verða til þess að Morgunblaðið muni að einhverju leyti ná að rétta hlut sinn gegn bæði Fréttablaðinu og DV. Það hefði verið mjög fróðlegt að fá að sjá í tengslum við þessa umræðu hvernig þróunin hefur verið hjá Morgunblaðinu á undanförnum missirum frá því að Fréttablaðið kom til sögunnar sem ókeypis miðill sem dreift er í öll hús á höfuðborgarsvæðinu og fer einnig mjög víða um land allt, þ.e. hvernig markaðshlutur Morgunblaðsins hefur breyst hvað varðar áskriftir, auglýsingar og annað þess háttar. Morgunblaðið eða það félag sem á það, Árvakur, er í eigu lítillar klíku innan Sjálfstfl., eins og ég hef áður sagt. Sú ríkisstjórn sem nú er við völd er einmitt mynduð af Sjálfstfl. og Framsfl.

Meðal þeirra sem eiga Morgunblaðið eða eiga hlut í Árvakri eru hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason og ættingjar hans. Hann hefur varið þetta frv. með kjafti og klóm. Ég hef reyndar tekið eftir því að hann hefur verið fjarverandi í allan dag, hvað sem því veldur. Maður hlýtur að spyrja sig hvað valdi fjarveru hæstv. dómsmrh. í allan dag. Maður hefði haldið að hann hefði áhuga á að taka þátt í umræðunni. En nóg um það, hæstv. forseti.

Ég vil fá að koma svolítið að málflutningi framsóknarmanna í dag. Hann hefur verið loðinn, vægast sagt, og farið í ýmsar áttir. Þingmenn Framsfl. hafa flestir talað hlýlega um frv. og sagst styðja það. Einn þeirra gerir það ekki, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Síðan hafa komið fram mjög alvarlegar athugasemdir hjá ungum framsóknarmönnum, að virðist vera, sérstaklega norðan úr landi. Það er einkar athyglisvert. Fyrr í dag fór ég yfir grein sem birtist eftir einn þeirra, Jón Einarsson minnir mig, sem mér skilst að sitji í varastjórn Samtaka ungra framsóknarmanna. Hann veittist mjög harkalega og með óbilgjörnum hætti að hv. þm. Birgi Ármannssyni, Sjálfstfl. Skömmu eftir að ég greindi frá skrifum þessa unga framsóknarmanns vildi svo furðulega til að vefsíðunni þar sem þessi skrif birtust, maddaman.is, var lokað. Ef maður slær inn slóðina núna stendur að hún sé því miður óaðgengileg vegna bilunar í hugbúnaði.

Mér þykir skjóta ansi skökku við, virðulegi forseti, að eftir að hafa verið í rekstri í nokkur missiri skuli þessi síða taka upp á því að hrynja hálftíma eftir að ég yfirgef ræðustól Alþingis þar sem ég upplýsi þessi skrif sem hafa verið á þessum ágæta vef allt frá 27. apríl sl.

Þessi makalausa grein frá ungum framsóknarmönnum, að ég ætla — ég vel að trúa því að þetta sé frá þeim komið vegna þess að það stendur meira að segja á vef hins háa Alþingis að maddaman.is sé vefur ungra framsóknarmanna og það stendur líka á heimasíðu hæstv. umhvrh., Sivjar Friðleifsdóttur, að þessi síða sé síða ungra framsóknarmanna — þar sem fram koma alvarlegar ásakanir á hendur hv. þm. Birgi Ármannssyni, að því er ég best fékk séð, er enn þá til. Ungir framsóknarmenn, og framsóknarmenn yfir höfuð, munu eflaust ekki sleppa svo billega frá þessum skrifum sínum. Ég hygg að Sjálfstfl. sé ekki vanur að láta vaða yfir sig á skítugum skónum, jafnvel þó að um samstarfsflokk í ríkisstjórn sé að ræða. Hér var, eins og ég nefndi áðan, um mjög alvarlegar aðdróttanir að ræða.

Ég vildi aðeins að þetta fengi að koma fram. Ég vil svo enn og aftur í lok máls míns, herra forseti, fá að ítreka það að við í Frjálsl. höfum ekkert á móti því að eignarhald íslenskra fjölmiðla verði skoðað, farið verði ofan í saumana á því sem og fákeppni á fjölmiðlamarkaði. Við höfum ekkert á móti því. Við teljum hins vegar að það verði að vanda betur til verka. Við þurfum að gefa okkur meiri tíma til að skoða þessa hluti, ekki rasa um ráð fram því að hér er um svo vandasamt mál að ræða. Að sjálfsögðu ber okkur einnig að líta á fákeppni á matvörumarkaði, fjármálamarkaði og í öðrum geirum viðskiptalífsins.

Ef þetta frv. verður gert að lögum hlýtur það að vekja upp spurningar um hvar menn eigi í framtíðinni að fá fjármagn til að stofna og reka fjölmiðla. Ég er ekkert sannfærður um að svo ofboðsleg auðlind sé falin í því að reka fjölmiðla á þessum litla markaði sem Ísland er. Í framhaldi af þessu rifjast einmitt upp fyrir mér saga af hæstv. forsrh. sem mér var sögð í Stýrimannaskólanum á dögunum. Ungur maður sem nú stundar þar nám kom að máli við forsrh. í kosningabaráttunni í fyrravor og sagði við hann: Ég er ungur, efnilegur sjómaður og ég er í Stýrimannaskólanum. Mig langar til að eignast bát, verða minn eigin herra, verða sjálfstæður atvinnurekandi, eignast eigin útgerð. Ég bara get það ekki vegna þess að kvótinn er svo dýr. Það er erfitt að komast yfir kvóta, hann kostar svo mikla peninga. Hverju svaraði hæstv. forsrh.? Að sögn hins unga sjómanns sem talaði við okkur, þingmenn, í Stýrimannaskólanum fyrir einum og hálfum mánuði sagði forsrh.: Farðu og keyptu þér happadrættismiða.

Ef þetta frv. fer í gegn hygg ég að þeir sem hyggja á það að stofna fjölmiðla sem eiga að ná einhverri fótfestu hér á Íslandi muni þeir þurfa á miklu meira að halda en því að kaupa sér happadrættismiða. Eins og margoft hefur komið fram hér er mjög dýrt að stofna fjölmiðla á Íslandi í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–32. mál.

Fundi slitið kl. 02:32.

---

109. FUNDUR

þriðjudaginn 4. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 1563, brtt. 1572. — 3. umr.

3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197, nál. 1489 og 1502. — Frh. 2. umr.

4. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.

5. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476. — 2. umr.

6. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.

7. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.

8. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.

9. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 2. umr.

10. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

11. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, brtt. 1537. — 2. umr.

12. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 1. umr.

13. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 1. umr.

14. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.

16. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328, nál. 1539. — 2. umr.

17. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

18. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540. — 2. umr.

19. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377, nál. 1543 og 1571, brtt. 1544. — 2. umr.

20. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982, nál. 1359. — 2. umr.

21. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452, nál. 1546. — Síðari umr.

22. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453, nál. 1547. — Síðari umr.

23. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.

24. Stofnun sædýrasafns, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.

25. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.

26. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.
27. Dýravernd, frv., 634. mál, þskj. 948. — 1. umr.
28. Hlutafélög, frv., 686. mál, þskj. 1015. — 1. umr.
29. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 836. mál, þskj. 1277. — 1. umr.
30. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 648. mál, þskj. 965. — Fyrri umr.
31. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 650. mál, þskj. 967. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá varaformanni þingflokks Samf., Kristjáni L. Möller, dags. 3. maí:

„Þar sem Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, getur ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, Einar Karl Haraldsson, taki sæti hennar á Alþingi á meðan."

Einar Karl Haraldsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Klukkan 13.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um lokun Kísiliðjunnar við Mývatn og framtíðarhorfur. Málshefjandi er hv. þm. Halldór Blöndal. Hæstv. iðnrh., Valgerður Sverrisdóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við teljum að það mál sem hér liggur fyrir sé óþinglegt. Við teljum sterkar líkur á því að það brjóti í bága við þrenn ákvæði stjórnarskrárinnar. Við teljum litlar líkur á því að málið fái þá umræðu sem það þarf til þess að þroskast nægilega til að hægt verði að afgreiða það héðan með sæmilegum hætti.

Við höfum líka lagt fram þá tillögu í framhaldi af nýfundnum áhuga hæstv. ríkisstjórnar á því að fara að tilmælum Evrópuráðsins að þessu máli verði vísað til umsagnar og faglegrar umfjöllunar hjá fjölmiðladeild Evrópuráðsins.

Við lögðumst gegn því að málið yrði tekið hér til afgreiðslu og greiddum atkvæði gegn afbrigðum. Þingið hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að málið eigi að fara í þinglega umfjöllun og fara til umræðu í nefndum. Samf. mun greiða því atkvæði og freista þess að nota nefndarvinnuna til að leiða í ljós þá ágalla sem ég hef rakið og sýna ríkisstjórninni fram á að þetta mál sé ekki tækt til afgreiðslu. Við leggjumst samt ekki, eftir að þingið hefur samþykkt afbrigðin, gegn þinglegri meðferð málsins og munum því greiða atkvæði með því að málinu verði vísað til 2. umr. og nefndar.

[10:35]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiddi atkvæði gegn því í gær að veita afbrigði fyrir því að fjölmiðlafrv. yrði tekið með flýti á dagskrá. Við höfðum gengið eftir því við oddvita ríkisstjórnarinnar að fá vitneskju um það hvort ætlan manna væri að keyra málið í gegnum þingið, jafnvel í miklum ágreiningi í vor, á slíkt gætum við aldrei fallist.

Nú er 1. umr. um málið lokið og við greiðum atkvæði með því að málið fari til þingnefndar, þar gefi menn sér góðan tíma til að leita umsagna hlutaðeigandi aðila, stofni til vandaðrar umræðu og freisti þess að ná sátt um þetta mikilvæga mál. Það krefst hins vegar tíma og fráleitt er annað en að bíða haustsins með frekari afgreiðslu málsins út úr þinginu.

[10:36]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við afgreiðslu þessa máls nú og vísun málsins áfram til nefndar er treyst á það að málsmeðferð verði vönduð og að ekki verði sjálfgefið að málinu ljúki á þessu vori ef ekki næst um það góð og eðlileg sátt. Í þeirri trú munum við styðja það að málið gangi áfram.

Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv.

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Ég hefði viljað fá að heyra sterkari rök fyrir því að þetta mál gangi til allshn. Að uppistöðu til heyrir efni þess undir menntmn., snýst um breytingu á útvarpslögum, og það litla sem ekki heyrir beint undir menntmn. varðar efh.- og viðskn. Frv. er tveggja lína grein sem varðar örlítið innskot í samkeppnislögin. Eina tenging þessa þingmáls við allshn. er þá sú staðreynd að hæstv. forsrh. flytur það sem bandorm en það er ekki þar með sagt að málið þurfi að fara í þá nefnd sem venjulega tekur við málum forsrh. Þess eru fjölmörg dæmi að bandormar eru sendir til þeirrar nefndar sem málið heyrir undir að efnislegri uppistöðu til. Ég minnist þess t.d. að forsætisráðherrar hafa flutt bandorma um efnahagsmál sem engum hefur dottið í hug að senda til allshn. heldur hafa þeir þá oftast verið sendir til efh.- og viðskn. vegna þess að málið átti að uppstöðu til þar heima.

Ég teldi langeðlilegustu málsmeðferðina í þessu tilviki þá að málinu yrði vísað til menntmn. og að hún sendi þessa einu lagagrein sem varðar annað en verksvið hennar til umsagnar hjá efh.- og viðskn. Ég held að með mörgum fleiri gildum rökum megi rökstyðja að málinu væri vænlegast komið í menntmn. sem eðlilega fjallar um málefni fjölmiðla,

útvarpslög og annað slíkt. Ég geri þessa athugasemd, virðulegur forseti, og veit ekki hvort þá fer fram kosning ef líta ber á þetta sem tillögu um aðra nefnd.

[10:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að þetta mál gangi til allshn. eins og lagt var til við umræðuna. Ég heyrði engan andmæla því í allri hinni löngu umræðu í gær að málið gengi með þessum hætti til allshn. eins og þinghefð stendur til. Ef menn hlustuðu á umræðurnar í gær var mönnum algjörlega ljóst að þetta mál fór í mjög vítt samhengi, almenna þjóðfélagsumræðu í landinu um stjórnskipunina, lýðræðið og annað þess háttar.

Hins vegar finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að allshn. sendi málið til annarrar þeirrar nefndar sem nefndarmenn telja skynsamlegt að gera og ég held að það ætti að geta verið sæmileg sátt um það.

[10:39]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Ég er nýliði hér á þinginu eins og komið hefur fram og ég er enn að læra. Mér hefur skilist að þingið ráði sjálft nefndum sínum og taki sjálft ákvörðun um það hvert mál fara og geri það á efnislegum forsendum fyrst og fremst þannig að í nefnd sé einkum unnin vinna á því sviði sem nefndin tekur til.

Hér eru tvö ný dæmi um það að nefndirnar ráðist ekki einkum af efnissviðinu, heldur af því hvaða þokka einstakir ráðherrar, í þessu tilviki hæstv. forsrh., hafa á nefndum. Hann lítur með einhverjum hætti á eina nefnd þingsins sem sína nefnd og vill að mál sín fari þangað. Það eru ekki starfshættir sem við getum unað við samkvæmt þeim skilningi sem mér hefur verið innprentaður en forseti kann að hafa aðrar skoðanir á því.

Eðlilegast væri að þetta mál gengi samkvæmt efnissviði sínu til menntmn. og að aðrar nefndir tækju þá þátt í þeirri vinnu eftir því sem þurfa þætti.

[10:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ef hv. þm. er að spyrja um mína skoðun hefur það ekki verið venja í þessum þingsölum. Það vita þeir sem eru orðnir þingvanir að það fer ekki eftir geðþótta eins eða neins hvert mál fara. (Gripið fram í.)

[10:41]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir þá sjálfsögðu ósk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að málið komi til menntmn. til umfjöllunar. Það byggir að sögn flutningsmanna á skýrslu þeirri sem nefnd á vegum menntmrh. vann fyrir skemmstu um stöðuna á fjölmiðlamarkaðnum. Það plagg liggur til grundvallar því lagafrv. sem hér er til umræðu, eins og ítrekað kom fram í þeirri löngu umræðu sem stóð fram á nótt, þótt mörgum kunni að þykja undarlegt að frv. sem hér er til umræðu byggi á þeirri skýrslu, enda laut hún að mörgu leyti að öðrum málum.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að þetta mál gangi til menntmn. Það lýtur fyrst og fremst að fjölmiðlum í landinu og stöðu þeirra, útvarpsleyfaveitingu og fleiri slíkum málum þannig að það er undarlegt í hæsta máta að málið gangi ekki til menntmn. til umfjöllunar. Því er það sjálfsögð og eðlileg ósk sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að málið komi þar til efnislegrar umfjöllunar. Málið lýtur að grundvallarþáttum íslensks samfélags, sjálfri lýðræðislegu umræðunni og fjölmiðlaumhverfi okkar. Því tek ég undir þá sjálfsögðu ósk og skora á þingið að hleypa málinu þangað til umfjöllunar og efnislegrar umræðu á næstu vikum.

Frv. vísað til allshn. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LMR, MS, PM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

7 þm. (BBj, BrM, GÁS, HÁs, JBjarn, KLM, MÞH) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 10:42]

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 341. mál, nál. 1. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1574; brtt. 1. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1575; nál. 2. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1576.

Tilkynning um heimsókn.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að gert er ráð fyrir nærveru þeirra, undantekningarlaust, kl. 3.30 þegar forseti Eistlands kemur hingað í Alþingishúsið og mun þá forseti Alþingis mæla til forseta Eistlands.

Umræður utan dagskrár.

Lokun Kísiliðjunnar við Mývatn og framtíðarhorfur.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða um lokun Kísiliðjunnar við Mývatn og framtíðarhorfur. Málshefjandi er hv. þm. Halldór Blöndal. Hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur því í hálfa klukkustund.

[13:34]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er sú að það er nú fyrirsjáanlegt að starfrækslu kísilgúrverksmiðjunnar í Mývatnssveit mun ljúka í lok þessa árs, sennilega í nóvembermánuði, sem hefur það í för með sér að fjöldi manns missir atvinnu sína. Samkvæmt erindi sem alþingismönnum kjördæmisins hefur borist er talið að um 80–100 störf muni tapast á svæðinu og ef við horfum til Mývatnssveitar einnar er ljóst að tíundi hver íbúi þar muni missa vinnuna sem er auðvitað mjög alvarlegt. Slíkur atvinnumissir mun verða keðjuverkandi, enginn vafi er á því, samdráttur sveitarfélagsins verður um þriðjungur og þar fram eftir götunum.

Nú höfðu menn gert sér vonir um að kísilduftverksmiðja mundi taka til starfa. Upphaflega gerðu menn sér vonir um

að úrslit þess máls gætu legið fyrir fyrir 1 – 2 árum og á þeim tíma vissi ég ekki annað en að góðar vonir stæðu til þess. Nú hefur aftur dregist að úrslit ráðist í því máli og síðast þegar ég vissi lá ekki ljóst fyrir hvort nægilegt fjármagn hefði fengist til að stofna til þessa atvinnurekstrar en mér skilst að úrslit þess máls muni liggja fyrir nú í lok þessa mánaðar. Má vera að hæstv. ráðherra viti eitthvað frekar um það en mér tókst ekki í morgun að ná í þá menn sem helst hafa að þessu unnið þannig að ég veit ekki nákvæmlega hvernig sú staða er. Eftir sem áður er ljóst að nokkurt hlé verður á því að fullri atvinnu sé hægt að halda uppi í Mývatnssveit, kannski tvö ár. Auðvitað geta menn hugsað sér að einhver hluti íbúanna geti leitað sér vinnu annars staðar til skamms tíma og kannski ekki frágangssök því að íbúarnir vilja búa í Mývatnssveit. Nauðsynlegt er þó að úrslit þessa máls verði ljós eins fljótt og kostur er, ekki síðar en í þessum mánuði.

Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því að ráð er gert fyrir því að kísilgúrverksmiðjan verði rifin ef enginn atvinnurekstur kemur þegar í stað en ég vil leyfa mér að vona að frá því verði horfið, að mönnum gefist svigrúm til að vinna að því að önnur starfsemi komist í þá verksmiðju.

Til þess að átta sig á stærð þessa máls má gera ráð fyrir því að á þessu atvinnusvæði dragist tekjur saman um 800 millj. kr. eða jafnvel 1 milljarð. Nú má ekki skilja orð mín svo að ég telji að leggja eigi árar í bát. Það er ýmislegt hægt að gera í Mývatnssveit. Sveitin býður upp á mikla möguleika, t.d. í ferðaþjónustu, og ég vil sérstaklega vekja athygli á heilsutengdri ferðaþjónustu sem yrði þá í tengslum *við það sem við höfum kallað gufubað á þeim stað*, eða við getum líka kallað það blátt lón. Ég vil minna á að á sínum tíma varði ríkissjóður mjög verulegu fé til rannsókna og til athugana á Bláa lóninu á Reykjanesi og ég tel að ekki *síður sé ástæða til þess að taka til hendinni fyrir norðan*. Mikið er í húfi og engan tíma má missa en einmitt atburðir eins og þessi sem líkja má við náttúruhamfarir valda því að allir telja skynsamlegt og rétt að samfélagið komi þar til bjargar og hjálpar með heilbrigðum hætti til þess að hjálpa íbúunum til sjálfsbjargar sem einnig má raunar gera með því að leggja áherslu á ýmsa aðra þætti sem yrðu til þess að auðvelda ferðaþjónustunni að byggja sig hraðar upp. Ég nefni í því sambandi sérstaklega veg niður að Dettifossi sem skiptir máli fyrir alla ferðaþjónustu á þessu svæði og ég get líka nefnt sem dæmi uppbyggingu Sprengisandsvegar, hvort sem menn hugsuðu sér þá að vegurinn kæmi niður í Bárðardal með góðri tengingu við Mývatn eða kæmi austan við Sellandafjall. Skal ég ekki á þessari stundu gera mikið úr því.

Loks vil ég tala um fræðasetur, t.d. á Skútustöðum, sem tengdi þá saman Náttúrurannsóknastöðina, gestastofu, upplýsingamiðstöð og Mývatnssafnið sem gæti orðið stofnun sem drægi fólk að og yrði til þess að byggja upp þetta samfélag.

[13:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Haustið 2000 varð mér ljóst að til tíðinda gæti dregið með framtíð Kísiliðjunnar við Mývatn. Þá kom fulltrúi World Minerals sem var meðeigandi ríkisins í verksmiðjunni til fundar í ráðuneytinu og skýrði frá því að í ljósi taprekstur væri líklegt að þeir yrðu knúnir til að hætta rekstrinum fljótlega. Að mati þeirra væri líklegt að tapið mundi aukast á næstu missirum vegna fyrirsjáanlegra kostnaðarhækkana. Verksmiðjan væri komin til ára sinna og ekki lengur samkeppnisfær. Að auki bentu framtíðarspár fyrirtækisins til þess að notkun kísilgúrs til síunar væri á undanhaldi, m.a. vegna tækni og þróunar á markaðnum.

Þetta voru alvarleg tíðindi sem því miður reyndust á rökum reist og styrktust meðeigendur okkar í Kísiliðjunni jafnt og þétt í þeirri trú að lokun verksmiðjunnar væri óumflýjanleg. Í viðræðunni þá kom engu að síður í ljós vilji til að skoða aðra valkosti og að ekki mundi koma til fyrirsjáanlegrar lokunar.

Á sama tíma og mál þróuðust með þessum hætti kom að nýju fram áhugi hjá fyrirtækinu Allied EFA um kaup á Kísiliðjunni. Allied EFA hafði frá árinu 1998 unnið að þróun á nýrri framleiðsluaðferð á kísildufti og hafði m.a. komið til álita að reisa tilraunaverksmiðju fyrir kísilduftframleiðsluna í Kísiliðjunni. Af því varð þó ekki en Kísiliðjan við Mývatn var áfram til skoðunar sem hagkvæm staðsetning fyrir verksmiðju, einkum vegna þess að framleiðsla á kísildufti og kísilgúr gat farið saman.

Þegar þrengdi að rekstri Kísiliðjunnar á síðari hluta ársins 2000 og viðræður hófust á milli iðnrn. og World Minerals um framtíðarstarfsemi við Mývatn kom fram skilningur frá meðeigendum okkar á mikilvægi þess að nauðsynlegt væri að skapa svigrúm til endurnýjunar atvinnulífsins við Mývatn þegar framleiðsla Kísiliðjunnar legðist af. Nýr forstjóri fyrirtækisins *sýndi hugmyndum Allied EFA um byggingu* kísilduftverksmiðju mikinn skilning og á árinu 2000 var kominn góður skriður á viðræður á milli Allied EFA og eigenda Kísiliðjunnar um sölu hennar.

Sem hluti af þeim viðræðum var eftirminnilegur fundur ráðuneytisins og World Minerals í New York í janúar 2001. Þar skýrði forsvarsmaður ítarlega frá greiningu sinni á stöðu kísilgúrvinnslunnar við Mývatn, stöðunni á heimsmarkaði, *líklegri tækniþróun og mati á þróun heimsmarkaðar fyrir* kísilgúr næstu árin. Að þeim fundi loknum var alveg ljóst að rekstri kísilgúrverksmiðjunnar yrði hætt mjög fljótlega. Jafnframt var það skýrt að brýnasta verkefni ráðuneytisins væri að tryggja eftir því sem hægt væri áframhaldandi iðnaðarframleiðslu við Mývatn.

Í framhaldi af þessu gengu hlutirnir hratt fyrir sig. Samningar náðust og var endanlega gengið frá sölunni til Allied EFA þann 30. mars 2001. Mikilvægt atriði í samningi World Minerals og nýrra eigenda Kísiliðjunnar var sölusamningur þar sem World Minerals skuldbatt sig til að selja afurðir verksmiðjunnar í takmarkaðan tíma sem lýkur um áramót og ekki reyndist unnt að framlengja. Ástæða þess er að markaður í Evrópu fyrir kísilgúr hefur dregist saman vegna offramboðs.

Á sama tíma skoðaði iðnrn. aðra valkosti í atvinnuþróun fyrir héraðið. Ríkisstjórnin hafði samþykkt að verja hluta af söluandvirði Kísiliðjunnar til atvinnuuppbyggingar þar. Með tilliti til sérkenna svæðisins og sérstakrar náttúru varð niðurstaðan sú að besti kosturinn væri að efla ferðaiðnað og standa við bakið á metnaðarfullri uppbyggingu á baðlóni í Mývatnssveit. Framkvæmdir við baðlónið hafa gengið samkvæmt áætlun og er ráðgert að opna það innan fárra vikna.

Þá hefur verið fjárfest í félagi um framleiðslu á pólýóli og fara þeir fjármunir til skoðunar á staðsetningu slíkrar verksmiðju við Húsavík. Þróun framleiðslutækninnar fyrir kísilduftverksmiðjuna gekk vel og er nú lokið. Til að liðka fyrir fjármögnuninni ákvað ríkisstjórnin að verja 200 millj. kr. til hlutafjárkaupa í kísilduftverksmiðjunni og leggja þannig

veigamikið lóð á vogarskálina. Hefði önnur fjármögnun gengið greiðar hefði líklega orðið samfella í iðnaðarframleiðslu við Mývatn eins og að var stefnt hjá hinum nýju eigendum Kísiliðjunnar. Seinkunin á fjármögnun hefur verið mjög bagaleg fyrir eigendur fyrirtækisins, fyrirtækisins Promex, og leitt til kostnaðarauka fyrir þá. Engu að síður er staðan nú þannig að vonir standa til að fjármögnun ljúki í þessum mánuði og að framleiðsla geti hafist í byrjun ársins 2006.

[13:44]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við ræðum utan dagskrár enn eitt áfallið í atvinnumálum ákveðins staðar á landsbyggðinni. Nú ræðum við um ástand og horfur í Mývatnssveit.

Eins og fram hefur komið missir tíundi hver maður sveitarfélagsins vinnu sína við lokun verksmiðjunnar. Til samanburðar jafngildir það um 2.500 störfum í Kópavogi.

Ég er þeirrar skoðunar að við svona áfall í atvinnumálum byggðarlaga eins og hér er gert að umtalsefni verði ríkisstjórnin að koma myndarlega að málum og gera allt sem hægt er að gera til að lágmarka sem allra mest það áfall með tilheyrandi hugsanlegri varanlegri byggðaröskun og enn meiri erfiðleikum viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi íbúa. Heimamenn hafa sem betur fer á fundi með þingmönnum kjördæmisins nefnt fjölmörg atriði sem hægt væri að ráðast í eða flýta framkvæmdum við á þeim millibilstíma sem skapast frá lokun Kísiliðjunnar til opnunar kísilduftverksmiðjunnar sem verður vonandi að veruleika sem allra fyrst. Allar slíkar tillögur verður að skoða með opnum huga, herra forseti. En því miður er þessi ríkisstjórn ekki þekkt að slíkri vinnu og aðgerðum til hjálpar eða öllu heldur varnar hinum ýmsu byggðum landsins sem lent hafa í atvinnulegum áföllum eins og nú stefnir í í Mývatnssveit.

Það er þjóðhagslega óarðbært, herra forseti, að láta áföll atvinnumála á landsbyggðinni sig engu varða eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert undanfarin ár. Tölur um fækkun íbúa fjölmargra sveitarfélaga eru vitni um slíkt. Hæstv. ríkisstjórn lokar augunum, ráðherrar gera ekkert og tala jafnvel um að ekkert sé hægt að gera, eins og t.d. hæstv. ráðherra byggðamála sem þó hafði ráð undir rifi hverju í kosningabaráttunni og ætlaði allt fyrir alla að gera ef hún hlyti atkvæði þeirra og ríkisstjórnin héldi velli. Hún ætlaði að fjölga atvinnutækifærum í hverju byggðarlagi, lækka flutningskostnað, bæta samgöngur, auka byggðakvótann o.s.frv.

Herra forseti. Mín síðustu orð skulu vera þessi til hæstv. ríkisstjórnar og þá alveg sérstaklega byggðamálaráðherrans: Opnið augun. Atvinnumál landsbyggðarinnar eru sífellt að versna og það þarf aðgerðir í stað aðgerðaleysis núverandi hæstv. ríkisstjórnar.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur verið fyrirsjáanlegt lengi, a.m.k. síðustu 10–12 ár, að þessi yrði mjög líklega endirinn á kísilgúrnámi úr Mývatni, þ.e. að því lyki einhvern tíma á fyrstu árum þessarar aldar. Það má segja að það hafi verið endanlega ljóst með sölu ríkisins á verksmiðjunni 2001. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnvöld og aðstandendur málsins hefðu getað notað tímann betur til að undirbúa og mæta þessum breytingum í samráði við heimamenn. Ríkið ber mjög mikla ábyrgð á því ástandi sem þarna er að skapast. Stjórnvöld bera ábyrgð sem frumkvæðisaðili að þessum rekstri á sínum tíma í samstarfi við erlenda aðila og þau gera það sem helmingseigandi að fyrirtækinu lengst af. Það eru mikil vonbrigði að bil skuli myndast milli þess að Kísiliðjan lýkur störfum eða lokar og kísilduftverksmiðja fer af stað. Það hefði verið ákaflega farsæll, hamingjusamur endir á þessu máli ef það hefði getað mæst í einum og sama tímapunktinum.

Það sem nú er brýnast er auðvitað að ljúka fjármögnun kísilduftverksmiðjunnar og fá það á hreint hvort svo getur orðið þrátt fyrir allt, þótt nokkur töf verði á, að nokkur hluti starfsmanna geti færst úr núverandi starfsemi yfir í hina nýju verksmiðju eða umsvif sem henni tengjast. Á meðan þetta ástand varir eru auðvitað ýmis mál sem heimamenn í Mývatnssveit, á Húsavík og í Suður-Þingeyjarsýslu leggja áherslu á. Þar má nefna heilsársflandvörslu, gestastofu, samgöngubætur, ýmiss konar framkvæmdir sem tengjast ferðaþjónustu og þar má jafnvel nefna sem hugmynd að flýta stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls og hraða þeirri uppbyggingu sem í því sambandi er fyrirhuguð í Mývatnssveit. Það sem skiptir öllu máli er að stjórnvöld taki höndum saman við heimamenn um hvaðeina sem má draga úr röskun sem af þessum breytingum hlýst, svo sem eins og að setja á fót átaksverkefni með stéttarfélögum og sveitarfélagi, standa fyrir námskeiðahaldi og öðru slíku á meðan bilið er brúað.

[13:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er vissulega þarft að taka á dagskrá í þinginu umræður um framtíðarhorfur varðandi rekstur Kísiliðjunnar við Mývatn og framtíðaratvinnuhorfur á svæðinu. Ber að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að eiga frumkvæði að því.

Kísiliðjunni verður lokað eins og hér hefur komið fram þann 1. desember nk. og við það missa fjölmargir íbúar í Mývatnssveit atvinnu, þeir sem þar hafa starfað. Það hefur verið unnið að því að setja á fót nýtt fyrirtæki eins og hér hefur komið fram um framleiðslu á kísildufti og hafa flest sveitarfélög á þessu landsvæði lýst sig tilbúin til að leggja fram allt að 150 millj. kr. í það fyrirtæki. Áætlað er að komist kísilduftverksmiðjan á laggirnar muni 35–40 manns fá þar starf.

Til atvinnuuppbyggingar á svæðinu voru sérmerktar 200 millj. kr. ef ég man rétt þegar verksmiðjan yrði lögð niður. Ég held að það hafi komið fram í máli hæstv. ráðherra áðan varðandi kísilgúrverksmiðjuna.

Baðfélagið mun væntanlega hefja starfsemi í lok maí en eftir stendur að atvinnuleysi verður til staðar á svæðinu þegar á næsta ári. Við þann vanda verður að fást og vonandi verður það ástand aðeins tímabundið. Í því sambandi vil ég minna á að það mundi auðvitað auðvelda atvinnusókn út af svæðinu ef sú tillaga sem Frjálsl. hefur flutt í hv. þingi um að launþegar megi draga ferðakostnað sinn frá tekjum, þ.e. þegar þeir þurfa að sækja atvinnu um langan veg, hefði verið samþykkt. Það hefði vissulega komið til móts við það ástand sem þarna getur myndast. Hins vegar vænti ég þess að þar sem þetta er í kjördæmi hæstv. iðn.- og viðskrh., ráðherra byggðamála, muni eigi standa á því að finna einhvern aukinn stuðning við að efla atvinnulíf á svæðinu.

[13:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ákaflega mikilvægt fyrir íbúa Mývatnssveitar og Húsavíkur að það skýrist sem fyrst hvernig framhaldið verður um fjármögnun kísilduftverksmiðjunnar.

Sveitarfélög fyrir norðan hafa unnið af krafti að því að ná þessari fjármögnun. Þau hafa m.a. stofnað félagið Fjárþing ehf. til að leggja fé í kísilduftverksmiðjuna. Byggðastofnun hefur komið að málinu með lánsloforðum og ráðuneytið hefur lagt sitt af mörkum. En það verður að klára þetta mál. Þess vegna verður ráðuneytið að setja aukinn kraft í að ganga frá þessu og klára málið.

Í Mývatnssveit er mikill kraftur í ferðaþjónustu. Baðfélagið sem nú hefur verið stofnað og mun opna í sumar er mjög mikilvægur stuðningur við þá ferðaþjónustu sem fyrir er í Mývatnssveit. Einnig hafa komið fram mjög áhugaverðir kostir um vetrarferðaþjónustu í Mývatnssveit og skemmtilegar viðskiptaáætlanir hafa verið kynntar hvað hana áhrærir. Þá verður auðvitað möguleiki á því að ferðaþjónustan í Mývatnssveit verði meiri heilsársatvinnugrein þannig að fleiri geti byggt heilsársafkomu sína á henni.

Hæstv. forseti. Viðfangsefnið fyrir heimamenn og sveitarstjórn verður allt annað til þess að fást við ef fjármögnunin skýrist sem fyrst. Kísilduftverksmiðjan er forsenda fyrir því að þarna geti haldið áfram blómleg byggð. Þó að þetta millibilsástand verði á milli þess að kísilgúrverksmiðjan loki og kísilduftverksmiðjan verði að veruleika munu Mývetningar og Þingeyingar komast yfir þetta millibilsástand ef það skýrist sem fyrst hver staðan verður.

[13:54]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. málshefjanda Halldóri Blöndal það að hefja þessa nauðsynlegu umræðu. Við vitum það sem hér erum að Kísiliðjan við Mývatn hefur gegnt gríðarlega miklu hlutverki í atvinnulífi Mývetninga og Suður-Þingeyinga og í raun má segja að ef Kísiliðjan hefði ekki starfað á síðustu áratugum væri byggð svipur hjá sjón miðað við stöðuna eins og hún er í dag.

Við sem hér erum hljótum að fagna því að niðurstaða um uppbyggingu kísilduftverksmiðju mun birtast okkur mjög fljótlega og að allar líkur eru á að af þeirri uppbyggingu verði. Við verðum jafnframt að játa að það hefur orðið tap á rekstri Kísiliðjunnar síðustu ár og í raun er það fagnaðarefni út af fyrir sig að mögulega muni arðbær kísilduftvinnsla verða tekin upp í framtíðinni. Það var mjög merkileg ræða — en við erum vön að heyra það í þessum sal hjá hv. þm. Kristjáni Möller — og mikilsvert innlegg í byggðamálaumræðuna þegar hann gagnrýndi ríkisstjórnarflokkana fyrir atvinnuuppbyggingu Suður-Þingeyjarsýslu nú þegar við horfum upp á að ríkisstjórnarflokkarnir ætla að verja 200 millj. í að byggja upp kísilduftverksmiðju við Mývatn. Það er búið að leggja fjármuni í uppbyggingu pólýólverksmiðju í Suður-Þingeyjarsýslu og það er búið að leggja mikla peninga í baðfélag. Svo talar hv. þm. eins og hæstv. ríkisstjórn hafi ekki gert neitt í þessum málum. Þetta er bara eins og málflutningur hans hefur verið í byggðamálum á umliðnum árum, eintóm yfirboð og staðleysur.

Ég vil segja það að lokum, hæstv. forseti, að ég hrósa hæstv. iðn.- og viðskrh. Valgerði Sverrisdóttur. Mér finnst hún hafa haldið ákaflega vel á málefnum Suður-Þingeyinga í þessu máli. Ég hef trú á því og ég hef vissu um það að úr atvinnumálum Mývetninga muni rætast og að þeir fjármunir sem fengust við sölu Kísiliðjunnar muni nýtast vel til atvinnuuppbyggingar heima í héraði. Ég vil segja það hér um málflutning hv. þm. Kristjáns Möllers að hann er ekki til þess fallinn að auka tiltrú Suður-Þingeyinga á búsetu þar.

[13:56]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ja, mikil er trú þín, ungi maður. Það er ekki annað hægt að segja eftir ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar. Við vonum auðvitað að trú hans rætist og hæstv. iðnrh. nái að bæta það alvarlega ástand sem nú er í Mývatnssveit. (**BJJ:** Er það ekki bara von?) Vissulega, hv. þingmaður, þurfum við að hafa von og það er ekki verra þegar við höfum trú með voninni. Við vonum að þetta gangi allt sem best en það er ekki hægt annað en að velta því fyrir sér hvernig á því stendur að þetta millibilsástand verður. Þeirri spurningu er óhjákvæmilegt að velta upp hvernig á því stendur að ekki var staðið betur að þessum undirbúningi öllum þannig að þetta millibilsástand skapaðist ekki.

Millibilsástandið með þeirri óvissu sem því fylgir er grafalvarlegt mál. Það er alvarlegt þegar ekki er vitað hvort kísilduftverksmiðjan tekur við eður ei. Það er hins vegar jákvætt að sagt hefur verið að það muni liggja fyrir í þessum mánuði hvort svo verður eða ekki. Ákvörðun um framtíðina byggist algjörlega á því hver niðurstaða þess máls verður og við sjáum hversu alvarlegt þetta mál er af þeim tölum sem hér hafa verið nefndar. Um tíundi hver maður í Mývatnssveit missir vinnuna þegar verksmiðjan lokar, á svæðinu eru þetta um 80–100 störf og keðjuverkunin er margs konar. Það er m.a. mikið áhyggjuefni á Húsavík hvernig verður með skipaumferð þar þegar verksmiðjan lokar vegna þess að sá flutningur sem átt hefur sér stað til verksmiðjunnar í Mývatnssveit hefur verið helsta tekjulind hafnarinnar og þannig má lengi áfram telja.

Herra forseti. Lykilspurningin er, og það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari henni: Hvað geta opinberir aðilar gert til að tryggja þá fjármögnun sem nú er svo mikilvægt að tryggja á næstu dögum? Það kom t.d. fram á fundi okkar með forsvarsmönnum sveitarfélagsins í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi, að Byggðastofnun hefði með lánsloforðum sínum gert þá kröfu að fjármagn kæmi á móti, m.a. frá sveitarfélaginu. Okkur er spurn: Hvernig á sveitarfélag við þær aðstæður sem hafa skapast í Mývatnssveit að geta tryggt slíkt fjármagn?

[13:59]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Allt frá því að Kísiliðjan hóf vinnslu á kísilgúr úr Mývatni árið 1967 hefur mikill styrr staðið um reksturinn. Gagnrýnin hefur beinst fyrst og fremst að vinnslu hráefnis úr setlögum á botni Mývatns en áhrif þessarar vinnslu á lífríki Mývatns voru ekki þekkt á þeim tíma sem Kísiliðjan var stofnuð. Varúðarregluna ber að virða og það hefur legið fyrir í nokkur ár að starfsemi Kísiliðjunnar væri mjög ótrygg, bæði út frá náttúruverndarsjónarmiðum og einnig vegna nýrra framleiðsluhátta á kísilgúr. Það hefði því ekki átt að koma nokkrum á óvart að verksmiðjunni yrði lokað.

Það er ljóst að Kísiliðjan hefur gríðarlega þýðingu fyrir Mývatnssveit og nærliggjandi sveitarfélög og er Húsavík gott dæmi um þá keðjuverkun sem Kísiliðjan og starfsemi hennar hefur. Þegar ríkið seldi hlut sinn í Kísiliðjunni árið 2001 var það gert undir því fororði að önnur verksmiðja mundi rísa í hennar stað. Forsvarsmenn Kísiliðjunnar hafa um alllangt skeið unnið að undirbúningi kísilduftverksmiðju en enn vantar fjármagn til að tryggja starfsemina. Ef allt gengur eftir með kísilduftvinnslu þarf, eins og fram hefur komið, að brúa yfirgangstíma milli starfsemi verksmiðjanna

með nýjum störfum eða undirbúningi að breyttu atvinnuumhverfi.

Ríkið á að koma að þessari uppbyggingu með heimamönnum. Það á að styrkja byggðina og forða fólksflótta af svæðinu sem annars blasir við þar sem a.m.k. 50 manns munu missa störf. Margt getur komið til greina. Það er hægt að hækka hlutafé í kísilduftverksmiðjunni. Það er hægt að styrkja stofnun hennar með því. Það er hægt að koma á þjónustumiðstöð ferðamála, heilsuþjónustu og hvalaskoðun á Húsavík er hægt að styrkja svo og rannsóknarmiðstöð og það er hægt að styrkja átaksverkefni með sveitarfélögum og verkalýðsfélögunum.

[14:01]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin og ég tók þau svo að niðurstaða mundi fást um næstu mánaðamót hvort kísilduftverksmiðja rísi á svæðinu eða ekki. Ég tel auðvitað mjög æskilegt að hún rísi og þó svo að nákvæmlega sama fólkið fái ekki vinnu við hana og í Kísiliðjunni er gert ráð fyrir svipuðum fjölda starfsmanna og öðruvísi samsettum.

Í mínum huga nú er það aðalatriðið hvernig við getum byggt upp Mývatnssveit með öðrum hætti. Forustumenn í ferðaþjónustu á svæðinu ætla að hittast í dag og þá veltir maður vöngum yfir því hvort ekki sé efni til þess nú að endurskoða t.d. áætlanir um uppbyggingu Baðfélagsins, taka fastar á því máli með það í huga að byggja upp heilsutengda ferðaþjónustu í Mývatnssveit. Þetta hefur verið skilgreint sem baðmenning. Menn taka sér það orð gjarnan í munn. (**Gripið fram í:** Hvað er það á þýsku?) Ég kann það ekki á þýsku en frændi hv. þm., Stefán Þorláksson, veit það og getur hjálpað hv. þm. með það. Slíka heilsutengda ferðaþjónustu má byggja upp í samstarfi við Sjúkrahúsið á Húsavík og hafa menn sett fram ýmsar hugmyndir um það og má sækja leiðbeiningar um það til annarra landa og eins til Hveragerðis eða í Bláa lónið.

Ég hygg að við verðum líka að horfa til annarra hluta eins og ég sagði áðan. Ég minntist sérstaklega á fræðasetur á Skútustöðum og ýmislegt annað sem tengist náttúru þessa merkilega svæðis, þeim möguleikum sem eru þar við bæjarvegginn. Ljóst er að Byggðastofnun hlýtur að koma að þessu máli og að hún hafi þá einkum í huga að Mývetningar geti byggt á þeim auðæfum sem þeir hafa sjálfir og á þeim auðlindum sem náttúran gefur þeim með góðri umgengni um hana eins og við viljum öll hafa.

[14:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umræðuna og hv. frummælanda, Halldóri Blöndal, fyrir að taka málið upp vegna þess að mér finnst ástæða til að það sé rætt.

Ég kom ekkert smeyk til þessarar umræðu vegna þess að ég tel að vel hafi verið haldið á málum hvað varðar kísilduftverksmiðjuna og Kísiliðjuna sem nú fer að syngja sitt síðasta. En málið er að það skipti máli á þeim tíma þegar ljóst varð að hún ætti ekki framtíð fyrir sér að annar iðnaðarkostur væri inni í umræðunni og það er sá kostur sem við treystum á og það styttist í niðurstöðu í því máli.

Ég vil segja með fullri virðingu fyrir hv. þm. Kristjáni Möller að ég gef lítið fyrir slík yfirboð eins og komu fram í ræðu hans. Hv. þm., sem kemur úr flokki sem aðhyllist samræðupólitík, ekki athafnir og ekki framkvæmdir heldur bara að tala um málin, ætti ekki að koma fram með þeim hætti sem hann gerði áðan í ræðustól. Það er ekki hægt, ekki síst þegar verið er að vinna af fullum krafti að því að leysa þessi mál og það veit hv. þm. mjög vel vegna þess að við höfum átt fundi um það áður.

Spurt er: Hvað er hægt að gera? Hvað geta opinberir aðilar gert? Ég fór yfir það í ræðu minni áðan hvað opinberir aðilar hafa gert og ýmsum finnst það bara vera dálítið mikið og ég heyrði hv. þm. Guðjón A. Kristjánssonýja að því. Það er heilmikið að vilja setja 200 millj. í hlutafé í þessa verksmiðju og það skipti sköpum, vil ég meina, á því stigi sem sú ákvörðun var tekin.

Við erum að sjá stórskemmtilegt fyrirtæki rísa eins og Baðfélagið og sú starfsemi verður opnuð eftir nokkrar vikur. Það er því, guði sé lof, margt jákvætt að gerast en ég tek undir með hv. þm. hvað það varðar að kísilduftverksmiðjan skiptir gríðarlega miklu máli.

Siglingavernd, 3. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 1563, brtt. 1572.

[14:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um frv. til laga um siglingavernd vegna þess að það er margt sem ég hef við það frv. að athuga. Ég hef áður átt orðastað við hv. þm. Sjálfstfl. sem sitja í samgn. og eftir atvikum fengið alveg prýðileg svör frá þeim. Við áttum eins og ég rifja upp töluverðar samræður um daginn sem laut að kostnaði við frv. Ég fór þá aðeins yfir sviðið í þeim efnum og rifjaði upp með hvaða hætti Sjálfstfl. hefur lofað að draga úr þeirri skattaáþján sem mörgum finnst þeir vera ábyrgir fyrir gagnvart landsmönnum.

Það sem mér finnst skipta máli í því tiltekna frv. sem hér liggur fyrir er að gert er ráð fyrir margvíslegum nýjum gjöldum sem á að leggja á hafnir eða sveitarfélög og líka almenna neytendur í landinu. Ég verð að lýsa eftir því, herra forseti, hvort Sjálfstfl. telur ekki, í samræmi við þá stefnu sem hann hefur fylgt í áranna rás, að það hefði verið miklu vitlegra að reyna, í stað þess að leggja þessi margvíslegu gjöld á, að draga saman í ríkisrekstri eftir þeim hugmyndum sem ég lagði fram í ræðu minni við 2. umr. og mæta kostnaðinum þannig. Ég veit að ég og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem situr í samgn. og er fróðleiksnáma um þessi mál, hljótum að vera sammála um að þegar nauðsynlegt er að grípa til ráða af þessu tagi sem við verðum að undirgangast vegna alþjóðlegra sáttmála þá beri eftir föngum að haga því svo að sem minnstur kostnaður falli til. Og sömuleiðis að sem minnst af honum verði eftir atvikum velt yfir á hafnir, fyrirtæki sem starfa á starfssvæði hafna og síðan neytendur. En þegar maður les frv. kemur í ljós að það má eiginlega heita að hægt sé að finna nýtt gjald í annarri hverri grein í því og allt lendir það á okkur sem erum skattþegnar í landinu.

Þegar ég les mér til fróðleiks 9. gr. um gjöld rekur mig í rogastans að sjá þar fjölda nýrra gjalda sem á að leggja á fólk. Þar kemur fram t.d. að Siglingastofnun Íslands á samkvæmt frv. að vera heimilt að innheimta ekki gjald heldur eftir atvikum gjöld í fleirtölu til að standa straum af margvíslegum kostnaði sem fellur til samkvæmt lögunum. Það er ekki bara vegna útgáfu skráa og eftirlits heldur líka staðfestingargjöld. Það má með öðrum orðum líta svo á að í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. sé verið að boða þrenns konar gjöld hið minnsta. Það er gjald fyrir staðfestingu. Þeir sem ganga frá verndaráætlun

fyrir skip, verndaráætlun fyrir hafnir þurfa að leita sérstakrar staðfestingar á því frá Siglingastofnun og þurfa að greiða gjald fyrir það. Þegar Siglingamálastofnun gefur síðan út skrár sem væntanlega þurfa að liggja fyrir, m.a. til þess að staðfesta gagnvart erlendum eftirlitsaðilum hvernig staða mála er, er líka innheimt gjald og það er erfitt að sjá af frv. eins og það lítur út eftir 2. umr. annað en að það séu þeir aðilar sem eru skráðir, sem er að finna í skránum, sem eigi að borga það gjald. Síðan kemur auðvitað til eftirlit þó að mér sé ekki algerlega ljóst með hvaða hætti Siglingastofnun á að hafa það eftirlit þannig að það falli mikill kostnaður á það en það er ljóst að henni er færð heimild til þess, í krafti reglugerða sem síðar verða gefnar út, að innheimta sérstök eftirlitsgjöld. Það er auðvitað hæstv. samgrh. sem alltaf er að tala um að það þurfi að draga úr eftirlitsiðnaðinum, draga úr eftirlitsgjöldunum, sem á að setja sérstaka reglugerð sem á að tryggja þessa gjaldskrá.

Nú er ég, herra forseti, nýkominn af fundi í efh.- og viðskn. þar sem meiri hlutinn taldi vera nauðsynlegt að draga úr ákveðinni vernd fyrir neytendur vegna þess, eins og hv. þm. Sjálfstfl. sögðu, að þar væri verið að ýta undir það óttalega fyrirbæri sem Sjálfstfl. hefur sérlegan ímugust á og kallar eftirlitsiðnaðinn í landinu. Eins og þingheimur veit er eftirlitsiðnaður eitthvað það allra versta sem Sjálfstfl. þekkir á byggðu bóli og hæstv. forsrh. heldur sjaldan meiri háttar ræður án þess að taka góðan snúning á eftirlitsiðnaðinum og nauðsyn þess að leggja hann helst allan af. Þetta segja menn í hátíðarræðum en svo sytra inn í þingið frumvörp sem eru að leggja til enn meira eftirlit, og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort allt það eftirlit sem liggur fyrir í þessu frv. sé raunverulega nauðsynlegt.

Sú spurning vaknar ekki síst vegna þess að það kemur fram í álitinu sem liggur fyrir frá nefndinni um frv. að stjórnvöld hafi ekki hugmynd um í hvaða áfangastað þau muni að lokum bera niður þegar búið er að ganga frá öllu því eftirlitsbatteríi sem þarf að setja samkvæmt þeim alþjóðlegu sáttmálum sem við höfum gerst aðilar að. Enginn veit því enn þá hversu umfangsmikið þetta eftirlit er og það er þess vegna sem samgrh. er gefin sú rúma heimild með reglugerð til að setja á hver þau gjöld sem hann telur þurfa í framtíðinni til þess að standa straum af eftirliti sem við vitum ekki í dag hversu umfangsmikið verður. Fyrir utan þau gjöld sem reifuð eru í 1. mgr. 9. gr. og Siglingastofnun fær heimild til að innheimta samkvæmt gjaldskrá sem hæstv. samgrh. fær að setja, á síðan að vera sérstakt gjald sem hafnir eiga að innheimta. Það er þá fjórða tegund gjalds sem er að finna í þeirri grein og heitir siglingaverndargjald. Það gjald á að taka af öllum vörum sem umskipað er í viðkomandi höfn og gjaldið helgast þá af eðli vörunnar og að sjálfsögðu af magni.

Herra forseti. Hverjir eru það sem munu að lokum bera þessar gjaldbyrðar? Auðvitað ekki hafnirnar, ekki heldur útgerð þeirra skipa sem flytur vöruna heldur að sjálfsögðu neytandinn í því tilviki sem ég er að ræða. Gjöldin munu verða lögð á eftir eðli og magni vöru. Í flestum tilvikum þýðir það eitt, að sá sem að lokum fær vöruna í sínar hendur, neytandi í einhvers konar formi, þarf að borga þau gjöld. Og það má svo sem spyrja: Er þá hæstv. ríkisstjórn ekki búin að smyrja ofan á þau hvers konar nýjum álögum í formi skatta, hugsanlega þungaskatta þeirra ökutækja sem síðan taka að sér að flytja varninginn til síns heima, virðisaukaskatts o.s.frv. Þarna er því enn ein matarholan sem ríkisstjórnin er að búa til til að skapa sér gjaldtökufæri.

Ég verð að segja, herra forseti, að þó að ég hafi lýst því yfir að ég ætli að samþykkja lögin vegna þess að það er nauðsynlegt til að við getum staðist ákveðnar skuldbindingar sem við höfum axlað með þessum erlendu samningum, hlýt ég samt sem áður að taka mönnum vara við því offorsi í gjaldtöku sem þarna sést. Hafnargjaldið, þ.e. siglingaverndargjaldið sem hafnirnar eiga að innheimta, á auðvitað að verða til þess að ekki bara reka verndina, reka eftirlitið, heldur líka að greiða niður kostnaðinn sem liggur í fjárfestingu sem þarf að ráðast í til þess að koma upp þeirri vernd.

Fyrir utan siglingaverndargjaldið, sem lagt er á eftir vörunni sem flutt er um höfnina, kemur enn ein tegund gjalda til viðbótar, þ.e. hafnirnar eiga líka að innheimta gjald fyrir hvert það skip sem fellur undir lögin. Skemmtiferðaskip, vöruflutningaskip sem eru yfir 500 tonnum og þess vegna flytjanleg mannvirki sem kynnu að vera notuð á hafi úti við einhverja „construction" eins og borpalla. Það gjald er síðan reiknað út frá stærð skipsins, reiknað út frá því hversu oft það kemur í höfnina og hversu lengi það nýtir hafnaraðstöðuna. Hér er auðvitað um að ræða verulega umfangsmikla gjaldtöku, en það kemur hins vegar fram í nefndarálitinu að menn vita ekki hversu mikið það verður. Það er auðvitað gagnrýnivert gagnvart hæstv. samgrh. að menn skuli leggja fram þingmál með þeim hætti sem felur í sér töluverða gjaldheimtu af aðilum í atvinnulífi án þess að geta bent á hversu mikil sú gjaldheimta er.

Er það ekki algert skilyrði, herra forseti, og ég veit að undir þá spurningu hlýtur hv. þingflokksformaður Framsfl. að taka, að ef leggja á einhvers konar álögur á atvinnulífið verði að liggja fyrir áður en það er samþykkt hversu miklar þær álögur eru? Hv. þm. Hjálmar Árnason er þrátt fyrir allt sanngjarn maður og hann hlýtur, í þeirri umræðu sem ég er viss um að hann tekur þátt í um málið því það varðar auðvitað stjórnarflokkana báða, að taka undir þetta sjónarmið. Er það ekki sanngirni? Ég spyr, herra forseti, er það ekki sanngirni?

Fyrir utan þetta mega hafnirnar til viðbótar innheimta enn eitt gjaldið, farþegagjald, þ.e. hafnirnar geta þá innheimt einhverja upphæð sem sett er á hvern haus sem fer um hafnirnar.

Herra forseti. Þau gjöld sem ég hef talið hér upp eru í fyrsta lagi staðfestingargjald til Siglingamálastofnunar. Hún má að öðru leyti líka taka eftirlitsgjald og síðan útgáfugjald vegna skránna. Í fjórða lagi heimta hafnirnar sérstakt siglingaverndargjald af vörum sem er umskipað, í fimmta lagi heimta þær gjald fyrir hvert skip sem kemur um höfnina og í sjötta lagi innheimta þær líka sérstakan nefskatt, þ.e. gjald fyrir hvern farþega sem fer þar í gegn.

Með öðrum orðum, herra forseti, hér liggur fyrir frv. þar sem hæstv. samgrh. freistar þess að uppfylla skyldur sem við erum nauðbeygð að taka á okkur með alþjóðlegum samningum en það felur í sér a.m.k. sex ný gjöld á atvinnulífið. Manni verður eiginlega orða vant andspænis þessu, sér í lagi þegar maður hugsar til þess að hv. þm. Sjálfstfl., sem samþykkja þetta eins og að drekka blávatn, eru önnum kafnir úti í kjördæmunum að tala við kjósendur og tala við forsvarsmenn atvinnufyrirtækja og reyna að sannfæra þá um að það sé akkur þeirra að kjósa Sjálfstfl. vegna þess að aðal þess flokks sé að draga úr kostnaði á atvinnulífinu.

Hér gerist það aftur og aftur að verið er að reisa skorður gagnvart atvinnulífinu af hv. þm. Sjálfstfl. Í hverju málinu á fætur öðru sem við ræðum hér dag eftir dag er um það að

ræða að verið er að setja einhvers konar þröskulda sem koma í veg fyrir að hin smurðu hjól atvinnulífsins geti gengið eftir þeim brautum sem áður var búið að leggja. Ég spyr hv. þingmenn Sjálfstfl. eins og hv. þm. Guðmund Hallvarðsson: Veit hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgn., hvað þetta mun kosta atvinnulífið? Veit hann hvaða byrðar þetta mun leggja á útgerðina sem hefur með höndum skipin sem fara um hafnirnar? Liggja fyrir nákvæmar tölur um það? Ég dreg þá ályktun af nefndarálitinu sem hv. þm. ber mesta ábyrgð á að svarið liggi ekki fyrir. Og þó að það kunni hugsanlega að liggja fyrir hvað varðar þann umbúnað sem er hér er alveg ljóst í nefndarálitinu að gert er ráð fyrir að töluvert meira eftirlitsumstang verði í framtíðinni vegna þess að ekki er séð fyrir með hvaða hætti á að koma þessu nákvæmlega fyrir. Menn vita því ekki í dag hversu mikill sá umbúnaður þarf að vera til að við getum uppfyllt þau ákvæði sem hinir alþjóðlegu samningar setja á hendur okkar.

Stöðugt er verið að tala um að reyna eigi að auka framleiðni í atvinnulífinu, að reyna eigi að skapa störf sem búa til verðmæti. Og síst skal ég draga úr því að landsbyggðin á ekkert meira skilið en að þar verði til störf. En þegar ég les 4. gr. verð ég satt að segja undrandi á öllum þeim topphúfum sem þar eru búnar til. Þar kemur fram að Siglingastofnun á að hafa með höndum alls konar verkefni. Hún á m.a. að skipa verndarfulltrúa fyrir íslensk skip, fyrir íslenskar útgerðir og fyrir hafnaraðstöðuna. Það kemur fram annars staðar í frv. að sérhverju skipi þarf að tilnefna einhvers konar verndarfulltrúa. Í höfnunum er að sjálfsögðu verndarfulltrúi og það þarf að vera verndarfulltrúi útgerðanna. Ég velti því þá fyrir mér hvers konar bírókratí þarf til að henda reiður á öllu þessu. Það sem ég er að leiða rök að, herra forseti, er að það hlýtur að hafa verið hægt að fara einfaldari leið til að ná því markmiði sem okkur er sett.

Nú er það svo, herra forseti, að ég tel nauðsynlegt að setja frv. í sitt eðlilega samhengi sem er auðvitað breytt staða í heiminum í kjölfar þess að öryggið sem við töldum áður að við byggjum við er ekki lengur til staðar. Við vitum öll að sú heimsmynd sem við bjuggum við fyrir 11. september 2001 er gjörbreytt. Ég skil auðvitað að þjóðir heims og sérstaklega þær stórþjóðir sem sæta þeim örlögum að vera sérstakur skotspónn alþjóðlegra glæpasamtaka og hryðjuverkasamtaka uggi um sinn hag. Ég vona að þegar helsta taugaveiklunin í kjölfar þeirra erfiðu mála bráir af mönnum sjái þeir að það er kannski hægt að ná þessum markmiðum með töluvert mildari og viðkvæmari hætti.

Ég held að hægt sé að finna tölur í heiminum í dag um að 97% þeirra hafna sem Bandaríkjamenn telja sig þurfa að sigla til eða eiga einhvers konar viðskipti um séu komnar með verndaráætlanir eins og hér er verið að tala um. Af sjálfu leiðir þá að ef íslenskar hafnir og íslenskt atvinnulíf ætlar að vera fyllilega samkeppnishæft verðum við að taka slíkt á okkur. Það er þess vegna sem ég segi að auðvitað er ekki hægt annað en að samþykkja þetta bix eins og það liggur hér fyrir. En, drottinn minn, er ekki hægt af hálfu hæstv. samgrh. að finna einhverjar einfaldari leiðir til að ná því marki en hér eru settar fram í því flókna munstri sem er að finna í þessu frv. til laga um siglingavernd? Er það virkilega svo að ekki sé hægt að gera það með öðrum hætti en þeim að búa til a.m.k. sex tegundir nýrra eftirlitsgjalda eins og ég hef rakið í þessari örstuttu ræðu sem kann þó að verða töluvert lengri ef mér rennur ekki hitinn úr hamsi?

Auðvitað er það svo, herra forseti, og (**GHj:** Ertu ekki aðeins að kólna?) eins og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, fyrrverandi bæjarstjóri og hafnarstjóri í Vestmannaeyjum, hlýtur auðvitað að gera sér grein fyrir ... (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. afsökunar ef ég hef verið að gera honum upp embætti en á þeim sælu árum þegar samskipti okkar voru sem mest og við vorum báðir hvor með sínum hætti fulltrúar framkvæmdarvaldsins var hv. þm. allsráðandi í Vestmannaeyjum, þannig að ég veit að hann virðir mér það til betri vegar þó að ég geri hann að hafnarstjóra líka. Bæjarstjóri var hann og formaður í hvers konar góðum samtökum sem ég tel kannski ekki þörf á að rifja upp hér, enda eiga þau ekki erindi inn á hið háa Alþingi þó að mér fyndist nú stundum að það kæmi sér vel fyrir braginn á Alþingi að hv. þm. sýndi okkur stundum þá hlið sem hann sýndi Vestmannaeyingum oft þegar hann var að „agera" sem formaður Hrekkjalómafélagsins. Það er nú allt önnur saga. Hitt er það, herra forseti, að þó að hægt sé að tala um hrekki í frv. gagnvart t.d. þeirri stefnu sem Sjálfstfl. hefur flutt fram og ég rakti í upphafi míns máls, þá er orðið hrekkjalómur allt of góðlátlegt orð til að það sé hægt að nota það um hæstv. samgrh. í þessu efni. Ég vil taka alveg skýrt fram að ég skil alveg þá stöðu sem hv. þm. í samgn. eru í. Þeir fá þetta mál og þeir verða að afgreiða það með ákveðnum tímafresti vegna þess að það eru dagsetningar í alþjóðlegum samningum sem við verðum (Gripið fram í.) að samþykkja.

En það breytir ekki hinu, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að frv. snareflir það sem ríkisstjórnarliðið hefur með nokkurri fyrirlitningu kallað eftirlitsiðnaðinn. Ég sem er einn af talsmönnum þeirrar hyggju að vilja draga úr flóknu gangvirki og munstri stjórnkerfisins, sem vilja einfalda það og stokka það upp og gera það skilvirkara, get ekki annað en komið hér og lýst hneykslan minni á því að sömu mennirnir og tala um það daginn út og inn og í öllum hátíðarræðum sem þeir halda að nauðsynlegt sé að draga úr þessum dýra og kostnaðarsama eftirlitsiðnaði, koma hingað með frv. sem lætur lítið yfir sér, en þegar maður les það og brýtur til mergjar kemur í ljós að hér er bara skotið heilu hjóli undir eftirlitsvagninn. Það kemur í ljós að hér eru, ja, hv. þm. hlæja, en það er bara þannig, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, sem ég veit ekki hvort situr í samgn. en hefði gott af að vera í samgn. (Gripið fram í.) Það er upplýst að hv. þm. situr í samgn. Hvernig má það vera eins og hv. þm. talaði áðan, flutti glæsilega ræðu, að vísu með allt of mörgum köpuryrðum í garð ágæts þingmanns Samf., talaði um nauðsyn þess að byggja upp atvinnulíf. Ég er sammála hv. þm. um það, sérstaklega er ég sammála honum um að nauðsynlegt sé að treysta undirstöður atvinnulífsins á landsbyggðinni. En telur hv. þm. Birkir Jón Jónsson, fulltrúi Framsfl. í samgn., að það treysti stoðir atvinnulífs á ströndinni sem byggist að verulegu leyti á öflugri hafnarstarfsemi að búa til sex ný gjöld sem leggjast á þau fyrirtæki sem starfa á atvinnusvæði hafnanna? Ég legg til að hv. þm. Birkir Jón Jónsson, og gef honum mitt leyfi til þess, hvíslist aðeins á við fyrrverandi bæjarstjóra í Vestmannaeyjum og spyrji hann um það. Hann veit að svarið er nei. Mér þætti vænt um að fá það upplýst hér hvort hv. þm. Birkir Jón Jónsson gekk eftir því eins og þingskylda býður honum að það kæmu fram upplýsingar um hversu mikið muni leggjast á atvinnulífið vegna allra þessara gjalda.

Er það virkilega þannig að hv. þm. telji nauðsynlegt til þess að standa undir öllu þessu að setja alla þessa fulltrúa, allan þennan mannskap til þess að gæta þessa? Hefur hv. þm. Birkir Jón Jónsson velt því fyrir sér hvort þau skilyrði

sem hér eru t.d. um þá skipaflokka sem fumvarpið nær til dugi til þess að bægja frá þeirri hættu sem verið er að reyna að útiloka? Ég vek sérstaklega athygli hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar á því að skip, farmskip af ákveðinni stærð falla ekki undir þetta. Má ég rifja það upp fyrir hv. þm. Birki Jón Jónsson að sem betur fer eru til stórhuga Íslendingar sem telja að það sé röng leið hjá ríkisstjórn Íslands að ýta öllum vöruflutningum á Íslandi yfir á vegi. Í vaxandi mæli eru menn að reyna að brjótast til þess að koma á strandsiglingum aftur. Má ég rifja upp að við vorum hér tveir hv. þingmenn í umræðu um daginn að fagna því að Jaxlinn er nýtt strandsiglingaskip. Og þess er skammt að bíða þegar slík skip fara í vaxandi mæli aftur að sinna landsbyggðinni að þau sigli líka til útlanda. Þá er spurning, ef þau ná ekki þessari tilteknu stærð, hvort ekki sé farið að sneiðast um hólmann sem við erum að reyna að verja með þessu frumvarpi?

Svo er annað, herra forseti, sem ég er alveg sérlega undrandi á. Það er það hlutverk sem ríkislögreglustjóra er gefið í þessum efnum. Það er ekki löggæslan á staðnum sem á að meta það sem kallað er vástig í höfnum. Það er ekki sýslumaðurinn, nei. Það er ríkislögreglustjóri. Það er sjálfur Haraldur Johannessen sem í reynd er orðið innra yfirvald á svæði hafnanna sem sæta þessum lögum. Mér finnst það ákaflega merkilegt. Ég spyr nú hv. þingmenn í samgöngunefnd.: Er það kannski framtíðin að ríkislögreglustjóri eigi að taka yfir öryggi hafna á Íslandi? Á kannski sérsveit ríkislögreglustjóra að taka að sér þetta hlutverk? Herra forseti. Ég er bara ekki sannfærður um að hæstv. samgönguráðherra hafi hugsað þetta mál nægilega djúpt.

Það kom hér upp lítillega í umræðunni um daginn að ekki væri með öllu ljóst hver verkaskiptingin væri á milli löggæsluyfirvalds í héraði og ríkislögreglustjóra ef upp kemur einhvers konar aðsteðjandi vá. Við hvaða aðstæður á ríkislögreglustjóri að taka yfir? Ég bendi hér hv. þingmönnum á 5. mgr. 4. gr. þar sem segir að ríkislögreglustjóri ákveði vástig um borð í skipum og höfnum og síðan þegar vástig er hækkað þá sé það ríkislögreglustjóri sem ákveði hvenær hann tekur við stjórn aðgerða. (**GHall:** Þá ertu búinn að svara eigin spurningu.) Nei, það sem ég er að segja er að verkaskiptingin getur ekki verið ljós samkvæmt þessu. (Gripið fram í.) Nei, herra forseti. Ég undrast það að jafn vel gerður og skýr maður og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er sætti sig við þetta. Það er kannski bara vegna þess að málið er í reynd í hans höndum á hans framfærslu og það er hann sem ber ábyrgð á því hér í þinginu.

Þetta er auðvitað eitt af því sem menn hljóta að skoða þegar þetta mál kemur hér aftur vegna þess að mér býður í grun að það verði skammt þangað til að við tökum þetta mál upp aftur vegna þess að ég held að það sé svo óljóst og það sé svo lítt klárt hvernig það fellur að þessum alþjóðlegu samþykktum sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerði prýðilega grein fyrir í máli sínu við 2. umr. að ég er alveg sannfærður um að málið kemur aftur. Auðvitað er alveg ljóst að það gerist ekki síst vegna þess að það kemur svo skýrt fram í áliti nefndarinnar að hér er bara um fyrsta vers að ræða. Menn vita ekki hvernig annað versið er. En í nefndarálitinu segir og það kom fram í ræðum hv. þingmanna að öryggismál í höfnunum þurfi að binda miklu tryggari hnútum. Ég er að endursegja þetta efnislega. Ég man ekki hvernig orðalagið er. En það er ekki hægt að segja svona nema menn viti að þetta sem liggur fyrir sé ekki nægilega skýrt. Það er ekki hægt annað en að átelja hv. samgönguráðherra fyrir að koma með málið í þessu formi.

Að endingu, herra forseti, ítreka ég að það sem mér er þorn í auga í þessu frumvarpi er hið grófa misræmi á milli stöðugra ræðuhalda hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins um nauðsyn þess að draga úr eftirlitsiðnaðinum og hins vegar það sérkennilega framlag þeirra til eftirlitsiðnaðarins sem kemur hér fram, það eru verndarfulltrúar skipa, útgerða og hafna. Drottinn minn dýri, einhvern tímann hefði þetta nú verið kallaður eftirlitsiðnaður. Þarna er heill her af eftirlitsmönnum.

Vita menn það, veit hv. þm. Birkir Jón Jónsson t.d., hversu margir munu þurfa að starfa sem verndarfulltrúar samanlagt í öllum höfnum landsins? Liggur það fyrir? Hver er kostnaðurinn af því? Vita menn hver kostnaður verður af öllum þessum gjöldum? Eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem eru hér berjandi sér á brjóst daginn út og daginn inn af því þeir eru svo miklir skattalækkunarmenn, eru þeir ánægðir með það að vera í reynd að leggja hér á sex nýja skatta þó lágir séu? Miðað við þá merkingu sem við leggjum yfirleitt í orðið skattar þá er það hins vegar svo að þetta eru ekkert annað en álögur á atvinnulífið í landinu og eftir atvikum á neytendur. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma hér dag eftir dag og tala um nauðsyn þess að lækka skatta. Svo koma þeir hinn daginn og leggja fram frumvörp og hækka skatta.

Herra forseti. Ef ekki er hægt að útfæra þetta öðruvísi en hér er í frumvarpinu, og sem ég dreg stórlega í efa, og ef það er svo að við verðum að taka á okkur einhvern tiltekinn kostnað þá eigum við alltaf tvær leiðir. Þessar tvær leiðir, hv. þm. Birkir Jón Jónsson — af því ég sé að þú ert að búa þig undir stóráhlaup á formann Samfylkingarinnar — þessir tveir kostir eru svona: Í fyrsta lagi að láta þennan kostnað beint á axlir atvinnulífsins og neytenda eða þá að draga saman í rekstri ríkisins, hagræða og gera hann skilvirkari til þess að draga úr kostnaði þar á móti.

Það er stefna okkar í Samfylkingunni að fara í gagngera uppstokkun á stjórnkerfi ríkisins, steypa saman stofnunum, styrkja þær með því að fækka þeim, fækka ráðuneytum og styrkja þar með skilvirka stjórnsýslu. En hvað fáum við út úr því annað en betri stjórnsýslu? Stórfelldan sparnað sem við gætum notað á móti þessu og þannig hlíft atvinnulífinu og landsbyggðinni (Gripið fram í.) og neytendum frá því að taka þetta á sig.

Hæstv. forseti. Ég er alveg undrandi á þessum framsíköllum hv. þingmanna, aðallega Sjálfstæðisflokksins, sem bersýnilega líður illa undir þessari ræðu. Ég skil það vel. Væri ég sjálfstæðismaður þá væri ég ekki stoltur af því að leggja hér fram frumvarp sem felur í sér sex ný gjöld, sem felur í sér gjaldtöku sem enginn veit hversu mikil er. Svo eru þeir alltaf úti í kjördæmunum, alltaf í ræðustólum að halda fram nauðsyn þess að lækka skatta. Þetta rímar einfaldlega ekki. Ég skil það vel að hv. þingmönnum líði illa undir svona ræðu.

[14:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hina ágætu ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar en taka það jafnframt fram að frumvarpið sem við erum að fjalla um hefur fengið afskaplega góða og vandaða umræðu í samgöngunefnd, (Gripið fram í.) m.a. með þátttöku fótgönguliða hv. þingmanns og flokksformanns Össurar Skarphéðinssonar, þeirra hv. þingmanna Jóhanns Ársælssonar, Ástu R. Jóhannesdóttur og Einars Más Sigurðarsonar. Þetta ágæta fólk, þessir

hv. þingmenn, unnu þetta mjög samviskusamlega með okkur öðrum sem í samgöngunefnd sitjum. Við rannsökuðum málið mjög vel og komumst að þessari niðurstöðu, að undan þessum alþjóðasamningum og samþykktum yrði ekki vikist. Jafnframt kom fram í nefndinni að menn munu leggja mjög mikið á sig til þess að kostnaður af þessu frumvarpi verði sem minnstur. Við teljum það einfaldlega mjög mikilsvert hversu vel allir þeir sem við fengum fyrir nefndina höfðu það í huga. Meðal annars það að gjaldtakan sem hv. þingmanni var svo tíðrætt um, það er að segja að sú gjaldtaka er þjónustugjöld sem þýðir að ekki má taka hærri gjöld fyrir það sem þarna fer fram en fyrir þá þjónustu sem veitt er, fyrir þá það eftirlit sem þarna mun fara fram. Þetta veit ég að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skilur mjög vel. Ég sé nú ekki hvaða ástæðu hann hefur til að vefengja svona störf sinna eigin þingmanna og fótgönguliða.

[14:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nánast hrærður þegar hv. þm. kemur og eys þessu lofi á hv. þingmenn Samfylkingarinnar í samgöngunefnd. Auðvitað verð ég að trúa henni fyrir því að ég deili þessari reynslu með henni. Það er mín reynsla að þeir vinni ákaflega vel eins og reyndar flestir þingmenn jafnan.

Ég tók það ákaflega skýrt fram í ræðu minni núna og ekki síst í ræðu minni við 2. umr. að ég er ekki að deila á nefndina. Ég veit að hún hefur farið vel yfir þetta, enda spurði ég hv. þm. Guðmund Hallvarðsson við 2. umr. út í ákveðin atriði sem skýrðu málið svolítið fyrir mér. Það er alveg ljóst að nefndin hafði skoðað þetta eins og kostur var miðað við þann tímaramma sem er á þessu. Það liggur fyrir að við verðum að samþykkja þetta vegna þess að ef við gerum það ekki þá einfaldlega getum við misst af viðskiptum við Bandaríkin. Þess vegna er þetta algjörlega nauðsynlegt.

Það sem ég var hins vegar að deila á var útfærslan af hálfu hæstv. samgönguráðherra sem ber málið með þessum hætti inn í þingið. Ekki er hægt að ætlast til þess að þingið gjörbylti tæknilegri útfærslu eins og þeirri sem kemur til í frumvarpinu sem við erum hér að ræða. Ég deili hins vegar á hæstv. samgönguráðherra fyrir að gera þetta svona flókið og sömuleiðis fyrir að leggja til öll þessi gjöld. Sú vá sem við erum hér sameiginlega að bregðast við er nefnilega ekki eins og hverjar aðrar hremmingar. Þetta er nokkuð sem við sem þjóð þurfum að sæta vegna þess að ytri skilyrði breytast. Þá segi ég: Við eigum að velta því fyrir okkur hvort ekki sé hægt að bregðast við kostnaðinum með öðrum hætti. Þeir sem eiga fyrst og fremst að gera það eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins vegna þess að þeir hafa sagt að hægt sé að spara mikið í rekstri ríkisins með tilteknum aðgerðum. Þá væri væntanlega hægt að nota það svigrúm sem þar skapast til þess að mæta þessum sex gjöldum sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir virðist beinlínis vera stolt af að styðja.

[14:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enginn þarf að efast um að ég berst með oddi og egg gegn allri gjaldtöku sem hugsanlega er verið að leggja á atvinnulífið. Í þessu tilfelli hins vegar varð ekki undan þessu vikist. (**Gripið fram í:** En breytingin á ...) Við komumst að því í vinnu nefndarinnar að aðferðin sem þarna er farin væri sú hagkvæmasta til þess að kostnaður við þessa innleiðingu yrði sem minnstur. Við vitum það manna best í Sjálfstæðisflokknum að hádegisverðurinn er aldrei ókeypis og að á endanum lendir þessi kostnaður á neytendum. Þess vegna leggjum við afar mikið á okkur til þess að öll þessi umsýsla megi verða sem minnst og að hagkvæmni verði leitað sem víðast, ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson má vera að því að hlusta á mitt mál. Það er stefna okkar og við höfum ekkert breytt þeirri stefnu, hv. þingmaður.

[14:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Það er því miður þannig, herra forseti, að hægt er að fara yfir lítil mál og stór mál og það ber allt að sama brunni. Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur kallað til þess að vera málsvari frelsis og lipurðar í atvinnulífi er að verða brautryðjandi í því að draga úr frelsi í atvinnulífi. Það er sama hvert litið er. Við skulum halda okkur við hafnirnar. Það var Sjálfstæðisflokkurinn sem hér í fyrra kom í gegn lögum sem gjörbreyttu rekstrarumhverfi hafnanna. Það leiddi til þess að ríkisstyrkir til hafnanna féllu niður í stórum mæli (Gripið fram í.) og í staðinn komu álögur á atvinnulífið.

Ef við lítum bara á hin stærri mál. Við vorum hér í allan gærdag að rökræða fjölmiðlamál sem gekk fyrst og fremst út á það að Sjálfstæðisflokkurinn, sökum dynta foringjans, var að draga úr frelsi manna til þess að reka atvinnustarfsemi á því sviði. Nei, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir ætti að fara og lesa gömlu mennina, Ólaf Thors, Bjarna Ben. Þá fær hún hina sönnu sjálfstæðisstefnu. (**Gripið fram í:** Geri það reglulega.)

[14:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er virkilega hægt að deila áhyggjum með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um þann kostnað sem fylgir þessu frumvarpi. Við 1. umr. þessa máls gerði ég það sérstaklega að umræðuefni hér úr þessum ræðustól að eins og frumvarpið hafði þá verið kynnt, og talaði ég um þær kvaðir sem því fylgdu, að ég sæi ekki annað en kostnaðurinn af frumvarpinu yrði verulega meiri en hæstv. ráðherra hafði þá gert grein fyrir. Ég held að heimsóknir gesta okkar í samgöngunefnd hafi leitt í ljós að sums staðar verður kostnaðurinn verulega meiri og ekki er óvarlegt að áætla þegar allt er talið, kostnaður í höfnum, einkum þeim sem taka á móti vöruflutningaskipum í meira mæli en aðrar hafnir, að samanlagður kostnaður hafna allt í kringum landið muni, gæti ég vel trúað, nálgast milljarð þegar upp er staðið.

Auðvitað verður einhvers staðar að innheimta þennan kostnað. Eins og hv. þm. vék hér réttilega að áðan var breyting á hafnalögunum á síðasta ári ekki til þess fallin í mörgum tilfellum að laga stöðu hafna vítt og breitt um landið þó kannski stærstu vöruhafnirnar hafi ekki farið halloka út úr því dæmi. Svo er sérstakt áhyggjuefni hvernig gjöld og sá kostnaður sem hér verður til mun innheimtast. Það er alveg ljóst að smátt og smátt mun þessi kostnaður færast yfir á neytendur. Hann mun hvergi enda annars staðar. Af því tilefni er því alveg hægt að taka undir það með hv. þingmanni að það er margt í þessu að athuga. En þetta eru alþjóðareglur sem við neyðumst til að gangast undir, því miður.

[14:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að þetta eru reglur sem settar eru í framhaldi af aðild okkar að alþjóðlegum samningum og að við eigum engra

kosta völ en vera aðilar að þessum samningum því ella munum við einfaldlega fara á svartan lista hjá stórþjóðum eins og Bandaríkjamönnum og það þýðir einfaldlega að þeir taka ekki á móti skipum sem koma héðan með vörur eða fara hingað. Svo einfalt er það nú.

Síðan blasir það við að af þessu hlýst ákveðinn kostnaður. Spurningin er þá hvernig við ætlum að mæta honum? Það sem ég er helst að deila hér á hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins fyrir er að þeir eru ekki samkvæmir sjálfum sér. Þeir tala um að draga eigi úr eftirlitsiðnaðinum. En þeir eru að auka hann. Þeir tala um að draga eigi úr álögum á atvinnulífið. En þeir eru að auka þessar álögur. Það sem er auðvitað merkilegast er að ekki liggur fyrir hvað þetta kostar. Ég hef að vísu spurt hv. þm. Birki Jón Jónsson sem hugsanlega tekur til máls um þetta mál síðar í dag hvort hann hafi gegnt þeirri þingskyldu að rannsaka það atriði. Hv. þm. kinkaði kolli með þeim hætti að við urðum þess vör alla leið hingað í ræðustól þannig að ég ímynda mér að við hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson upplifum þá ánægjustund hér á eftir að hv. þm. Birkir Jón Jónsson upplýsi okkur um þetta. Ef ekki þá þarf auðvitað að fara að efast um vinnubrögðin. Ég ætla nú ekki að gera það á þessu stigi.

Ég er sammála hv. þingmanni um að hér er enn verið að auka álögur á atvinnulífið. Það er í framhaldi af því að í fyrra rak hæstv. samgönguráðherra hér í gegn breytingar á hafnalögum sem leiddu til þess að kostnaður hafnanna við að reka sig og standa undir fjárfestingum stórjókst. Þá spyr maður sjálfan sig: Hvar er allt þetta frelsi atvinnulífsins sem Sjálfstæðisflokkurinn er að tala um?

[14:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að eftirlitsiðnaðurinn fer mjög vaxandi með þessu frumvarpi og færast munu til ýmis störf sem beinlínis snúa að eftirliti og eftirfylgni samkvæmt frumvarpinu sem tekur til skipaverndar, hafnaverndar og farmverndar. Öll þessi atriði kalla á eftirlit.

Líka er rétt að vekja athygli á öðru atriði sem mun breytast varðandi okkur íslenska þegna. Við munum ekki lengur hafa frjálsan aðgang að höfnum sem við oft höfum haft hingað til. Einkum á þetta auðvitað við þar sem skip koma erlendis frá og eru yfir 500 brúttólestir, farþegaskip t.d. Við höfum getað labbað hér niður á garð í Reykjavíkurhöfn eða höfnina vestur á Ísafirði, rölt þar alveg niður að skipshlið og skoðað og velt fyrir okkur erlendum skipum og fólki sem þar er að koma í land. Það mun ekki verða svo framvegis. Fólkið verður girt af og við stöndum fyrir utan.

[14:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmenn, sérstaklega þingmenn landsbyggðarinnar, geta að minnsta kosti glatt sig við eitt og það er að þetta frv. sem er upprunnið hjá Sjálfstæðisflokknum skapar fjölda starfa á landsbyggðinni því verið er að búa til hverja topphúfuna á fætur annarri inn í þessar áætlanir eins og ég rakti í ræðu minni áðan. Það sem skiptir mjög miklu máli er að hér er Sjálfstæðisflokkurinn að búa til sex tegundir nýrra eftirlitsgjalda. Hv. þm. hlýtur að vera mér sammála um að það er ærið umdeilanlegt hvort gott samræmi sé annars vegar á milli þeirrar gerðar og hins vegar þeirrar yfirlýstu stefnu þingmanna Sjálfstæðisflokksins að draga úr eftirlitsiðnaði. Engu er hægt að líkja jafn vel við þunga möru sem liggur á Sjálfstæðisflokknum og eftirlitsiðnaðinum. Það er með því allra versta sem sá flokkur veit um. Hann lætur kosta dýrar skýrslur við Háskóla Íslands til þess að skoða umfang hans. Svo kemur hann hingað og eykur þetta sama umfang.

[14:53]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. formaður Samfylkingar fór hér mikinn og flutti hér að mörgu leyti mjög góða ræðu, skorinorða eins og hans er von og vísa og gagnrýndi okkur fulltrúa í hv. samgöngunefnd. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að hann væri hálfpartinn að saka okkur um slæleg vinnubrögð. Ég vil fullvissa hv. þm. um að við höfum farið mjög ítarlega ofan í það frumvarp sem hér um ræðir, talað við alla hlutaðeigandi aðila og eins og fram hefur komið hér m.a. hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur þá er hér um samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að ræða og okkur er skylt að undirgangast hana fyrir 1. júlí næstkomandi.

Ég kem hér upp og tel mig þess knúinn að koma hér upp til þess að ræða við hv. formann Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, um það flokksstarf sem á sér stað í þingsölum Alþingis því ég get ekki betur séð en hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi skrifað undir það frumvarp sem hér liggur fyrir án fyrirvara. Þess vegna kemur það okkur spánskt fyrir sjónir þegar formaður Samfylkingarinnar kemur hér upp og er mjög hvassyrtur í garð okkar þingmanna sem sitjum í hv. samgöngunefnd og hálfpartinn les okkur pistilinn. Ég segi það hér og þingmönnum Samfylkingarinnar til vorkunnar að þetta er ekki einn af betri dögum formanns Samfylkingarinnar.

Ég ætla að ráðleggja hv. þingmönnum Samfylkingarinnar sem sitja í hv. samgöngunefnd að leita til þingflokksformanns síns sem fer með innri stjórn hér á þingi því mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, ráðast full ómaklega að sínum nefndarmönnum sem sitja fyrir hönd Samfylkingarinnar í samgöngunefnd. Og auðvitað sárnar mér fyrir hönd minna félaga þó þeir séu ekki í Framsóknarflokknum. En hver veit nema þeir endi þar að lokum ef fram heldur sem horfir. (Gripið fram í.) En ég vil segja það hér að ég held að það sé nokkuð ljóst að ég held að stjórn á þingflokknum sé að einhverju leyti ábótavant miðað við síðustu (Forseti hringir.) ræðu hv. formanns Samfylkingarinnar.

(**Forseti** (GÁS): Stjórnin á þinginu er góð. Ég bið hv. þingmann að gæta að rauða ljósinu og aðra þingmenn.)

[14:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Birkir J. Jónsson er fullur áhuga á innra starfi Samfylkingarinnar. Ég skil það vel vegna þess að eins og hlutum hefur undið fram í hinu háa Alþingi þá sýnist mér að Framsóknarflokkurinn sé að verða að engu. Því er það fullkomlega skynsamlegt af hv. þm. Birki J. Jónssyni, svo ungur sem hann er, að leita sér að nýjum samastað í sinni pólitísku tilveru. Veri hann velkominn.

Ég spurði hv. þm. um það áðan hérna hvort hann hefði sinnt rannsóknarskyldu sinni í samgöngunefnd til þess að reyna að grafast fyrir um hvað það kosti atvinnulífið að taka á sig þessar nýju sex tegundir eftirlitsgjalda sem hér er verið að leggja á atvinnulífið. Hvað kostar það? Er það ósanngjörn spurning, herra forseti, að ég spyrji hv. þm. sem (Gripið fram í.) telur sig hafa svona gott vit á þessu máli, hvað þetta sem hann er hér að samþykkja kosti atvinnulífið. Og af hverju spyr ég hann umfram aðra? Vegna þess að hv. þm. var hér í

ræðu fyrr í dag að ráðast á hv. þm. Kristján L. Möller vegna þess sem honum þótti ekki nægilega skarpur skilningur á stöðu atvinnumála á landsbyggðinni. En nú skal ég taka ómakið af hv. þm. Birki J. Jónssyni og segja honum hvað þetta kostar vegna þess að ég hef sinnt minni þinglegu skyldu til þess að grafast fyrir um það. Þetta kostar 300 milljónir. Hv. þm. Birkir J. Jónsson var að guma af því hérna áðan að einn af leiðtogum lífs hans, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir, hefði barist fyrir því að setja 200 milljónir í atvinnulíf á landsbyggðinni. En nú kemur hv. þm. Birkir J. Jónsson og hann tekur til baka 300 milljónir. (Gripið fram í.)

[14:58]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fer hér mikinn og ég segi það enn og aftur úr ræðustóli Alþingis að ég vorkenni félögum mínum, hv. þingmönnum Samfylkingarinnar í samgöngunefnd að þurfa að sitja undir þeim ræðum sem hér hafa fallið, því auðvitað sinntum við okkar þinglegu skyldum. — Ég óska eftir því að hv. formaður Samfylkingarinnar hlusti á ræðu mína hér. (Gripið fram í.) — Við kölluðum á okkar fund alla hlutaðeigandi aðila. Ég hugsa að ekkert mál í hv. samgöngunefnd hafi fengið jafnítarlega umræðu og það mál sem við ræðum hér. Ég segi það hér enn og aftur að það er undarlegt, þegar hv. þingmenn Samfylkingarinnar í samgöngunefnd skrifa undir það mál sem hér liggur fyrir og er til umræðu án fyrirvara, að horfa á hv. þm. Össur Skarphéðinsson koma hér upp og hallmæla því frumvarpi sem hér er rætt og brigsla okkur um að við höfum ekki sinnt þinglegum skyldum okkar. Mér finnst það ansi lélegt þó ég kveði ekki fastar að orði. En ég vona að hv. þingmaður sjái að sér og styðji þetta mál því hér er um alþjóðlega skuldbindingu að ræða.

[14:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég styð málið eins og fram hefur komið. Ég hef hins vegar bent á að það hefði verið æskilegt af hálfu hæstv. samgönguráðherra að það hefði verið búið úr garði með öðrum hætti. Það sem meiru máli skiptir fyrir hv. þm. Birki J. Jónsson er að ég styð hann. Ég styð hann í þeirri vinnu sem hann er að reyna að inna af höndum hér í þinginu. Það kom fram að hv. þm. hafði ekki, þrátt fyrir mikla rannsóknarvinnu, getað komist að því hvað þetta frumvarp kostaði. Það var ég sem hins vegar lagðist í að finna þær upplýsingar. Þetta kostar 300 milljónir. Þá veit hv. þm. það.

Það sem skiptir hins vegar máli í þessari umræðu og hv. þm. hefði auðvitað átt að taka undir er þessi staðreynd: Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru hér í öðru orðinu að tala um nauðsyn þess að draga úr eftirlitsiðnaðinum. En í hinu orðinu eru þeir að styðja hér frumvarp þar sem verið er að leggja til sex nýjar tegundir af eftirlitsgjöldum. Það veit ég að hv. þm. Birkir J. Jónsson er mér sammála um að ætti ekki að vera.

[15:01]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Það er margt athyglisvert sem fram hefur komið í umræðunni um það frv. til laga sem liggur fyrir 3. umr., um siglingavernd, en ég vil byrja á því að fylgja úr hlaði brtt. við frv. til laga um siglingavernd frá eftirtöldum hv. nefndarmönnum:

Guðmundi Hallvarðssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Guðjóni Hjörleifssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóhanni Ársælssyni, Birki J. Jónssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

(**Gripið fram í:** Ekki Össuri?) Hann er ekki í nefndinni, hv. þm.

Herra forseti. Í tilefni af frammíkallinu væri ef til vill rétt ef þingsköp leyfðu að hægt væri að leita afbrigða í þingsalnum að fá það í gegn að hv. formaður Samf., Össur Skarphéðinsson, fengi að sitja í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi.

Við leggjum til eftirfarandi breytingu:

1. Við 3. gr.

a. Í stað orðanna „alþjóðasamþykktar um siglingavernd" í 2. tölul. komi: siglingaverndar.

b. Í stað orðsins „skips" 8. tölul. komi: skipa.

2. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

Allir nefndarmenn að undanskildum Kristni H. Gunnarssyni, sem var fjarstaddur, skrifa undir brtt. svo og nál. samgn.

Vegna orða hv. formanns Samf., Össurar Skarphéðinssonar, sé ég mig tilneyddan til að fara aðeins yfir athugasemdir við lagafrumvarpið, einkum þær sem beinast að því hvers vegna lögin voru sett. Með leyfi forseta vitna ég til þeirra enn á ný:

„Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samvinnu við stýrihóp sem samgönguráðherra setti á fót í maí 2003 til að vinna að innleiðingu siglingaverndar hér á landi. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjóra, tollstjóra, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti auk formanns sem tilnefndur var af samgönguráðherra. Hópnum var falið eftirfarandi hlutverk:

1. að fara yfir og skilgreina þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðasamþykktum um siglingavernd og ákvarða hverjum beri að fullnægja þeim,

2. að gera tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum til að innleiða framangreindar alþjóðlegar kröfur,

3. að semja siglingaverndaráætlun fyrir Ísland,

4. að kanna fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar.

Hópurinn skilaði skýrslu í janúarlok 2004. Skýrsla stýrihópsins er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Markmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar á sviði siglingaverndar."

Síðan er farið ítarlega í málið og segir, með leyfi forseta:

„Árangur þessa starfs var sá að á þingi stofnunarinnar" — þ.e. Alþjóðasiglingamálastofnunar — „í Lundúnum 9.–13. desember 2002 var samþykkt að gera breytingar á alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS, og taka inn í hana ákvæði til að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ógnanir á höfunum. Á ráðstefnunni var einnig staðfestur nýr viðauki við SOLAS-samþykktina, svokallaður alþjóðakóði um skipa- og hafnavernd, sem felur í sér nánari lýsingar á skuldbindingum og ráðstöfunum sem aðildarríki samþykktarinnar skulu framfylgja í þessum efnum."

Svo kemur hv. formaður Samf. og segir að hér séu tillögur þingmanna Sjálfstfl. um aukin álög á útgerð og farmflytjendur.

Áfram stendur hér, með leyfi forseta:

„Hjá Evrópusambandinu liggja fyrir drög að reglugerð um siglingavernd. Þegar hún hefur öðlast gildi mun hún innleidd í íslenskan rétt samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar koma til framkvæmda 1. júlí 2004 og er lagt til að frumvarpið taki þegar gildi og komi til framkvæmda þann dag.“

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur mikið velt upp spurningum varðandi kostnað sem af þessu hlýst. Hann er nokkuð á reiki. Hins vegar segir svo í kostnaðarumsögn fjmrn.:

„Samkvæmt áætlun frá ríkislögreglustjóra er gert ráð fyrir að kostnaður embættisins við innleiðingu siglingaverndar verði u.þ.b. 30 millj. kr. og þar af eru u.þ.b. 23 millj. kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna en 7 millj. kr. eru vegna þjálfunar og kynningar lögregluembætta og vinnu við vottun verndarfulltrúa hafnanna. Landhelgisgæslan metur kostnað sinn vegna innleiðingarinnar u.þ.b. 9 millj. kr. og þar af eru 4 millj. kr. vegna kaupa á vopnum og skotheldum vestum fyrir átta manns í áhöfn hvers varðskips. Auk þessa gerir Gæslan ráð fyrir 1,3 millj. kr. árlegum kostnaði við æfingar og námskeiðshald vegna siglingaverndar. Tollstjórinn í Reykjavík áætlar árlegan kostnað vegna siglingaverndar 10 millj. kr. Siglingastofnun hefur haldið utan um vinnu hafnanna til þessa og m.a. gefið út handbók og haldið námskeið fyrir starfsmenn sem eiga að vinna við þessar verndarráðstafanir. Til þessa hefur stofnunin fengið 10 millj. kr. í fjáraukalögum 2003 og 11 millj. kr. í fjárlögum 2004. Stofnunin áætlar árlegan kostnað vegna siglingaverndarinnar u.þ.b. 8 millj. kr.

Samtals er því gert ráð fyrir að kostnaður við innleiðingu siglingaverndar í íslenskan rétt verði um 60 millj. kr., þar af er stofnkostnaður áætlaður um 40 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 20 millj. kr.“

Mér þótti rétt að taka þetta fram, virðulegi forseti, og halda þessu til haga.

Þar sem hv. nefndarmenn í samgn. hafa komið í ræðustól og getið þeirrar vinnu sem viðhöfð var við yfirferð á frv. til siglingalaga vildi ég geta þess að það voru á þriðja tug aðila sem með einum eða öðrum hætti komu að höfnum, siglingum, og öryggismálum hér á landi sem komu til nefndarinnar og þar var málið ræki lega rætt og tekið fyrir.

Það er alveg ljóst og kom fram hjá nefndarmönnum að það verður ekki lagt út í meiri kostnað en nauðsyn krefur, vegna þess að í frv. eru ákvæði sem segja til um að hafnirnar verði að leggja fram greinargerð um þann kostnað sem af hlýst vegna siglingaverndar og geta ekki tekið þann þátt beint inn í gjöld, svo sem hafnargjöld eða önnur gjöld sem tilheyra höfnum, vegna þess að þessi liður á að vera mjög skilgreindur þannig að ekki verði hægt að nota ákvæðin til að fara t.d. í samkeppni á milli hafna.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á strandferðir og talaði um að það væri miður að aðeins eitt íslenskt skip stundaði nú strandferðasiglingar. Það er rétt. Hins vegar hefur það margsinnis komið fram í umræðu á Alþingi að það er nokkuð merkilegt að þó fyrir liggi skýrsla sem segir að það sé 70% dýrara að flytja 40 feta gám landleiðina en sjóleiðina ástunda sveitarfélög og útgerðir úti á landi samt sem áður landflutninga. Það hafa engar skýringar komið fram á því hvers vegna þetta er gert með þeim hætti.

Varðandi þá gjaldtöku sem hér hefur verið talað um, t.d. vegna farþega, eru farþegaskipin, sem væntanleg eru hingað og hafa líklega aldrei verið fleiri en þau sem koma til Íslands á þessu sumri, flest með öryggisverði í áhöfn, þ.e. þannig að öryggisgæsla skipsins mun annast alla gæslu farþega sem fara frá borði og koma um borð aftur svo að ekki hlýst kostnaðarauki þar af.

Að lokum, herra forseti, varðandi þá gjaldtöku sem hv. formanni Samf., Össuri Skarphéðinssyni, var tíðrætt um, að þetta væri verk Sjálfstfl., en sagði þó um leið að við ættum ekki annarra kosta völ og að við værum nauðbeygð til að leggja á þessi gjöld. (**Gripið fram í:** Nei, það er ekki rétt.) Það er einmitt það sem er að gerast. Við eigum ekki annarra kosta völ en að fara í siglingaverndina til þess að geta ástundað útflutning. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst.

Hv. þm. kallar frammí, fyrrum bæjarstjóri í Hafnarfirði. Hann þekkti þá mjög vel til hafnarreksturs og þekkir eflaust að hafnirnar eru ekki að bruðla og munu ekki gera það í þessu sambandi. Þær munu halda vel á þessum málum. En eftir stendur að ljóst er, hver sem í ríkisstjórn hefði setið, að fram hjá kostnaðinum verður ekki komist ef Íslendingar ætla að ástunda útflutning. Þess vegna, virðulegi forseti, verða lögin að taka gildi 1. júlí, eins og fram hefur komið, á þessu ári.

Ég vil nota tækifærið vegna orða hv. þm., formanns Samf., sem féllu í grýttan jarðveg hjá stjórnarsinnum þegar hann beindi orðum til allra nefndarmanna samgn. að þeir hefðu nánast unnið með óeðlilegum hætti og látið hækkanir yfir sig ganga sem ekki ættu sér stoð í tilverunni. Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og góða yfirferð á málinu. Það hefur verið mjög vel á málinu haldið og liggur ljóst fyrir eftir nefndastörfin að allir þeir aðilar sem að málinu koma eru sammála frv. eins og það lítur út núna.

[15:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við þá mynd sem hv. formaður samgn. dregur upp af kostnaði í þessu efni, og ætti hann þó að vita betur verandi fyrrverandi formaður hafnarstjórnar Reykjavíkur. Þó ég rengi ekki þær tölur sem hann tiltekur um kostnað ríkisstofnana, nefnir hann ekki kostnað hafnanna. Þar liggur meginþunginn í þeim kostnaði sem velt verður yfir á neytendur og yfir á fyrirtækin í landinu í málinu. Þannig hefur það verið upplýst í hafnarstjórn Reykjavíkur að árlegur kostnaður við breytingarnar fyrir höfnina og flutningafyrirtækin í Reykjavíkurhöfn er hátt í 200 millj. kr. Við erum að tala um gríðarlegan kostnað sem felst í girðingum, eftirlitsmyndavélum, lýsingum og kannski síðast en ekki síst í því að þurfa að koma upp mönnuðum vakthliðum 24 tíma á sólarhring, 7 daga vikunnar, allan ársins hring. Bara að reka eitt slíkt hlið, til að loka af einu svæði á hafnarsvæði, kostar tugi milljóna á hverju ári. Þess vegna er kostnaðurinn mjög fljótur að safnast upp og full ástæða til að hafa áhyggjur af honum. Ég geri athugasemdir við að hv. formaður samgn. dragi ekki þennan kostnað fram í því yfirliti sem hann gefur þinginu, því nauðsynlegt er að hið háa Alþingi sé sér algerlega meðvitað um þá miklu skatta sem verið er að leggja á neytendur og fyrirtæki í landinu.

[15:13]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginhluti Reykjavíkurhafnar er lokaður allt árið. Skipafélögin hafa gert það. Sú lokun hefur ekki fallið á kostnað Reykjavíkurhafnar.

Vert er að geta eins sem ég gleymdi áðan. Það gæti farið svo að sambærilegar kröfur yrðu gerðar eins og nú þegar eru gerðar varðandi höfn í Rotterdam. Þar eru gerðar kröfur um að skyggnir sé til staðar eða gegnumlýsingartæki sem gámar verða að fara um áður en þeir eru fluttir til Bandaríkjanna. Ég vona að það komi ekki til á Íslandi, en hins vegar er upplýst að slíkt tæki kostar nærri hálfan milljarð.

Ég vil ekki fara út í pólitískt tog um málið, vegna þess að allir nefndarmenn voru sammála um að þetta skref yrði að stíga, hvort sem okkur líkaði betur eða verr. Það er alveg ljóst. Síðan má alltaf deila um kostnaðinn og hvar hann á að falla, en ljóst er að það er ekki vilji samgn. að efla eftirlitsiðnaðinn eins og hefur verið títtnefnt í dag. Þetta er eitt af þeim málum sem við komumst ekki hjá, frekar en vopnaleitargjöld og önnur gjöld sem falla orðið á flugið vegna kröfu þar um. Þetta er hinn blákaldi raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir.

Vegna þess sem hv. þm. Helgi Hjörvar kom inn á varðandi kostnað Reykjavíkurhafnar sérstaklega, liggur það ljóst fyrir að skipafélögin lokuðu höfninni þar fyrir mörgum árum, þó enn sé nokkur kostnaður sem mun til falla vegna enn frekari krafna en verið hafa fram að þessu.

[15:15]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er af minni hálfu ekkert pólitískt tog. Ég vil einfaldlega, sem varaformaður stjórnar Reykjavíkurhafnar, upplýsa hið háa Alþingi um þann kostnað sem embættismenn Reykjavíkurhafnar og stjórnendur flutningafyrirtækjanna við Reykjavíkurhöfn telja að þetta frv. muni hafa í för með sér. Ég geri athugasemdir við að hv. formaður samgn. geri lítið úr þeim kostnaði. Ég er ekki að deila um hvort sá kostnaður kunni að vera óhjákvæmilegur eða krefjast þess að leitað verði annarra leiða. Ég tel eðlilegt að hv. þm. séu upplýstir um hvers konar fjárhæðir eru hér á ferðinni, þ.e. hátt í 200 millj. kr. á ári sem þessar aðgerðir munu kosta í Reykjavíkurhöfn einni.

Ég trúi því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hafi þá reynslu af embættismönnum Reykjavíkurhafnar, sem fyrrverandi formaður hafnarstjórnar, að þær upplýsingar sem þeir leggja fyrir hafnarstjórn um kostnað við framkvæmdir og rekstur í Reykjavíkurhöfn séu áreiðanleg gögn og því ástæða til þess að upplýsa þingheim um þann kostnað en ekki draga úr honum, eða láta eins og hann verði ekki. Þá væri þinginu sannarlega ekki gefin rétt mynd af því frv. sem hér liggur fyrir.

[15:17]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þetta mál var tekið til 1. umr. þá kom hv. þm. Helgi Hjörvar í ræðustól og nefndi þær tölur sem hann nefnir aftur núna.

Það er rétt að ég geri ekki lítið úr starfi embættismanna Reykjavíkurhafnar, svo ábyggilegir og öruggir sem þeir hafa verið í útreikningum sínum fram að þessu. Ég ætla ekki að draga þá í efa. Það kann vel að vera að þetta eigi eftir að velta meira upp á sig en staðreyndin er sú að alþjóðasamþykktin liggur fyrir og við verðum að fullnægja þeim skilyrðum sem þar er gerð krafa um, annars erum við í vondum málum.

[15:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson harmaði það með hvaða hætti flutningar hafa færst af hafinu yfir á vegi landsins. Ég spyr hv. þm.: Telur hann að þau gjöld sem nú er verið að leggja á hafnir og flutningastarfsemi á sjó muni ýta undir það að menn flytji vörur á hafinu í ríkari mæli? Ég spyr hann um það.

Ég hirði lítt um þann kostnað sem hv. þm. nefndi að mundi falla til þess að vopna sérsveitir ríkislögreglustjóra sem eiga að hafa með höndum váeftirlit í höfnum landsins. Ég er búinn að fara yfir það mál og ætla ekki að gera það núna.

Meginefni ræðu minnar var vitaskuld það að Sjálfstfl. leggur þetta frv. fram og það er Sjálfstfl. sem fyrst og fremst hefur hamast gegn því sem hann kallar eftirlitsiðnað. Það er ekkert sem liggur eins þungt á Sjálfstfl. og vöxtur eftirlitsiðnaðarins. Þá hlýtur það að vera mikil þverstæða, annars vegar milli orða Sjálfstfl. og hins vegar gjörða Sjálfstfl., að leggja fram frv. um siglingavernd sem felur í sér sex tegundir nýrra eftirlitsgjalda. Bara í einni grein er að finna sex ný gjöld, staðfestingargjöld, eftirlitsgjald, útgáfugjald, siglingaverndargjald, skipagjald og farþegagjald. Hvers konar stjórnsýsla er þetta?

Sjálfstfl. á tvo kosti. Annars vegar að fara þessa gjaldtökuleið og hins vegar að standa við það sem hann segir í stjórnarsáttmálanum um að spara og hagræða, t.d. í yfirstjórn ríkisins, til að skapa svigrúm sem hægt væri að nota til að mæta þessu. Maður hlýtur óneitanlega að spyrja: Af hverju gerir Sjálfstfl. það ekki?

[15:20]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í beinu framhaldi af niðurlagi ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan þá minni ég á að hann sagði fyrr í dag í ræðu sinni að við ættum ekki annarra kosta völ en að leggja á þessi gjöld. „Ekki annarra kosta völ," orðrétt, virðulegi þingmaður Össur Skarphéðinsson. Síðan kemur hann upp og segir að þetta séu gjöld sjálfstæðismanna, fyrst og fremst.

Varðandi það hve hneykslaður hv. þm. er á þessum eftirlitsgjöldum þá man ég ekki betur en þegar hv. þm. var virðulegur umhverfisráðherra þá hafi komið fram nokkrar tillögur um gjaldtöku úr því háa ráðuneyti. Ég man ekki betur. Þingmaðurinn þekkir þetta vel og talar auðvitað af þekkingu og reynslu, nú þegar hann getur ýtt þessum málum frá sér og segist hvergi hafa komið nærri.

Varðandi það hvort á verði lögð sérstök gjöld vegna strandflutninga þá á ég ekki von á því. Ekki vegna þessa máls. Ákveðnar hafnir munu fá sérstaka heimild til að leggja á siglingaverndargjald. Ég á ekki von í því að allar hafnir landsins muni sækjast eftir því.

Umræðu frestað.

Heimsókn forseta Eistlands.

[15:22]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti Eistlands, hr. Arnold Rüütel, er staddur á þingpöllum ásamt

fylgdarliði. Forseti Eistlands er hér í heimsókn í Alþingishúsinu í tengslum við opinbera heimsókn hans hingað til lands í boði forseta Íslands.

Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forseta Eistlands, Arnold Rüütel, velkominn í Alþingishúsið. Ég vænti þess að heimsókn hans til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli landanna.

Alþingi vottar forseta Eistlands og eistnesku þjóðinni vináttu og virðingu. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Siglingavernd, frh. 3. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 1563, brtt. 1572.

[15:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson getur leitað í útskrift ræðu minnar þegar búið verður að skrifa hana til að komast að raun um hvað ég sagði. Það er tóm vitleysa að ég hafi sagt að óhjákvæmilegt væri að taka upp þessi gjöld. Það sem ég sagði var að það er óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga annað en að samþykkja lögin í samræmi við þær alþjóðlegu samþykktir sem við höfum gert og þær skuldbindingar sem við höfum axlað.

Við eigum hins vegar tveggja kosta völ, sérstaklega á Sjálfstfl. tveggja kosta völ þegar kemur að því að mæta kostnaðinum. Annars vegar getur hann staðið við það sem hann hefur lofað sjálfur, að spara og hagræða til að skapa svigrúm til að mæta auknum kostnaði og útgjöldum eins og þessum. Á hinn bóginn getur hann gengið gegn því sem flokkurinn hefur sjálfur sagt, um að draga úr eftirlitsiðnaðinum, með því að gera nákvæmlega það sem hann leggur til í þessu frv., að setja á ekki eitt, ekki tvö ekki þrjú, ekki fjögur, ekki fimm, heldur sex ný eftirlitsgjöld.

Hvernig má það vera, herra forseti, að Sjálfstfl. tapar á stundum svefni af áhyggjum sínum yfir eftirlitsiðnaði sem hann telur eitt helsta mein atvinnulífsins? Síðan kemur hæstv. samgrh. með tilstyrk hv. þingmanna Sjálftstfl. og skirrist ekki við að leggja fram frv. sem felur í sér nýjar álögur á atvinnulífið, sex tegundir nýrra gjalda. Hafa menn einhvern tímann séð skarpari greinarmun á því sem sagt er og því sem gert er? Ég get ekki bent á betra dæmi um það.

[15:25]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skrifaði niður á blað það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan, orðrétt sagði hann að við værum „nauðbeygð til að taka á okkur þessar skuldbindingar." Jafnframt sagði hann að við gætum ekki, eins og hann sagði hérna nákvæmlega, vikist undan því að taka þátt í þessu alþjóðastarfi.

Ég hlýt að spyrja hv. þm. um annað: Hvert á að beina þessum gjöldum sem við verðum að taka vegna skuldbindinga um að tryggja öryggi í höfnum? Við þurfum að grípa til slíkra aðgerða til að geta stundað útflutning. Hvert á að beina þessum kostnaði? Nú eru það sveitarfélögin sem almennt reka hafnir á Íslandi. Er hv. þm. að leggja til að þessi gjaldtaka verði felld niður en allar byrðar verði lagðar á sveitarfélagið, á þau sveitarfélög sem reka hafnirnar? Það er mjög gott fyrir hv. þm. Helga Hjörvar að hlusta á leiðarljós sitt í Samf. og hvert hann vill sækja þessar kostnaðargreiðslur.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Siglingaverndin, sem við ræðum hér, er auðvitað stórt og mikið mál. Eins og fram hefur komið í umræðunum erum við hér að undirgangast alþjóðlegar skuldbindingar og eigum ekki hægt um vik að víkjast undan þeim. Við verðum að mæta þeim eins og alþjóðareglurnar kveða á um.

Það er hins vegar alveg rétt sem hér hefur verið vikið að, að það fylgir þessum reglum mikill kostnaður. Það skapast kostnaður við að framfylgja þeim reglum sem á verður komið með lagasetningunni þar sem hafnir landsins þurfa að bregðast við með ýsum hætti, koma sér upp aðstöðu, sérstökum girðingum, færanlegum í sumum tilvikum en föstum í öðrum tilvikum, allt eftir aðstöðu í höfnunum. Það fer eftir því hversu miklar vöruskipahafnirnar um er að ræða. Þessi lög taka fyrst og fremst til flutningaskipa yfir 500 brúttótonnum að stærð og farþegaskipa, þar með eru talin háhraðaskip. Þau taka einnig til færanlegra borpalla en ég geri ekki ráð fyrir að mikið verði um slík farartæki hér við land. (**GHall:** Ekki enn þá.) A.m.k. ekki á næstu árum. Okkur gefst örugglega tími til að fjalla um nánari útfærslur á því vandamáli þegar það fæðist, að hér verði mikið um færanlega borpalla.

Þetta mál tekur á þáttum sem snúa að skipaverndinni og sérstökum verndaráætlunum sem þarf að gera fyrir skip. Gera þarf áhættumat í því sambandi sem tekur til vöruflutningaskipa og farþegaskipa. Málið tekur til hafnaverndarinnar. Í því sambandi þarf einnig að gera sérstakar áætlanir, útbúa áhættumat fyrir hafnaraðstöðu og verndaráætlun og bera þær undir Siglingamálastofnun til staðfestingar. Það þarf að skipa sérstaka verndarfulltrúa fyrir skip og útgerðarfélög, búa til áhættumat og þá verndaráætlun og skipa verndarfulltrúa o.s.frv. Það þarf einnig að leggja fyrir Siglingastofnun til staðfestingar. Hér þarf jafnframt að tryggja sérstaka farmvernd sem tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um. Tollstjórar hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd þeirra verndarráðstafana, þar með eftirlit með farmi sem flytja á úr landi.

Þetta kallar eðlilega allt saman á ýmsa aðstöðu. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgn., hefur m.a. vikið að því hér að það gæti komið til þess að við þyrftum að koma upp sérstöku skoðunartæki fyrir gáma þó að vonandi sé það ekki alveg á næsta leiti en þó gæti svo verið. Það er einfaldlega svo að Bandaríkjamenn gera mjög stífar kröfur um hvað kemur inn til Bandaríkjanna og hvaða vottun og skoðun hafi farið fram á þeim farmi sem þangað á að flytja. Við gætum því staðið frammi fyrir því annars vegar að koma okkur upp slíku tæki hér á landi sem kostar kannski frá hálfum milljarði og upp í yfir milljarð eftir því hversu afkastamikið það er eða hins vegar að við neyddumst til að flytja hluta af farmi okkar til annarra hafna, t.d. í Evrópulöndum, og fá slíkt vottorð fyrir útflutningi þar og flytja farminn þaðan til Bandaríkjanna.

Þetta eru kröfur sem teknar hafa verið upp m.a. vegna þess að lögð hefur verið sérstök áhersla á að auka þyrfti öryggi í öllum flutningum, ekki bara flutningum með flugvélum, flutningum á vöru og fólki með flugvélum, og þær breytingar sem hafa fylgt í kjölfarið á flughöfnum í veröldinni eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum á sínum tíma, 11. september.

Þetta er einnig framkvæmt á völlum hér á landi og um víða veröld.

Það sem við erum að fást við hér er í raun og veru reglur sem eru að sumu leyti að færast í þá átt að við tökum upp sams konar eftirlit í höfnum vítt og breitt í veröldinni að kröfu alþjóðasamfélagsins sem hefur komið þar til umræðu og ákvarðanatöku og samþykktar að kröfu ákveðinna ríkja, m.a. Bandaríkjanna. Smátt og smátt mun það verða svo að hafnir þar sem skipað er út vörum eða farþegar fara um verða að uppfylla ákveðna öryggisstaðla sem við erum hér að hluta til að innleiða með skipaverndinni, með hafnaverndinni, með farmverndinni sem samanlagt heyrir undir frv. um siglingaverndina. Þær kvaðir sem því fylgja munu kosta okkur talsverða fjármuni og mest auðvitað í upphafi meðan hafnirnar eru að koma sér upp ákveðinni aðstöðu, kaupa sér sérstakar girðingar sem í sumum tilfellum verða fastar með öryggishliðum eða færanlegar eftir atvikum, eftir því hvernig menn meta það. En það er alveg ljóst að því er varðar vöruflutningaskip og farþegaskip að loka þarf þau skip af frá almennum aðgangi landsmanna sem er vissulega nýmæli hér á landi þar sem hafnir hafa oft og tíðum verið með óheftan aðgang, nema stærstu vöruhafnirnar í Reykjavík og e.t.v. í Hafnarfirði, en verða nú með heftan aðgang vítt og breitt um landið eftir því hvaða hlutverki hafnirnar hafa að gegna og eftir því hvaða skip þurfa þar á þjónustu að halda.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið vikið að að það þarf að sjálfsögðu að setja ýmsar reglur um þessi mál. Þær reglur liggja ekki allar ljósar fyrir, því miður, og við fórum vel yfir það í samgn. til að reyna að átta okkur á hvort hægt væri að kortleggja þær nákvæmlega. Okkur sýndist að slíkt væri ekki hægt en það liggur hins vegar ljóst fyrir að kostnaður hafnanna í upphafi er mjög mikill. Mér kæmi ekki á óvart að heildarstofnkostnaður ásamt eftirlitskostnaði fyrsta árið eftir að lögin um siglingavernd koma til framkvæmda nálgaðist milljarð yfir allt landið ef hann væri tekinn væri saman. Þá er ég bæði að tala um stofnkostnaðinn í upphafi og framkvæmd eftirlitsins sem þarf að inna af hendi. Vonandi tekst mönnum þegar reglurnar verða teknar upp að gera þær smátt og smátt eins vel úr garði kostnaðarlega séð og mögulegt er og draga úr kostnaði við framkvæmdina, en það er alveg ljóst að henni mun fylgja verulegur kostnaður. Þess vegna er gert ráð fyrir að gjöld séu tekin fyrir kostnaðinum sem af henni hlýst. Það segir í 9. gr. frv. um þessi gjöld að þau skuli „standa straum af kostnaði sem til fellur samkvæmt lögum þessum".

Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að það þarf að taka þann kostnað einhvers staðar, ekki getum við sett hann beint á hafnirnar og hann verði greiddur af þeim því a.m.k. á mjög mörgum stöðum hafa hafnirnar ekki bolmagn til að bera viðbótarkostnað þó að svo kunni að vera með stærstu vöruhafnir landsins sem hafa haft fjárhagslega mikla afkomu á undanförnum árum að þær geti tekið á sig þann kostnað tímabundið en þá er það ekki nema frestur ef svo verður því kostnaðurinn mun færast yfir á fragtina, á skipafélögin, á farmflytjendur eða eigendur farms eftir atvikum, yfir á farþegaskipin og þar af leiðandi yfir á þá farþega sem kaupa sér farmiða með þeim skipum. Kostnaðurinn mun því auðvitað smátt og smátt færast yfir þá sem nota þessa aðstöðu. Hjá því verður ekki komist. Það er vissulega æskilegt og að því eru vonandi allir að reyna að stefna að sá kostnaður verði sem minnstur en það er samt fyrirsjáanlegt að hann verður verulega mikill, sérstaklega í upphafi. Nefndar hafa verið tölur eins og 200 millj. á ári fyrir Reykjavíkurhöfn, ég man ekki hvað þeir nefndu nákvæmlega hjá Hafnarfjarðarhöfn, mig minnir að talan sem þeir nefndu hafi verið yfir 100 millj. á ári. Þá eigum við eftir að ganga frá ýmsum höfnum sem eru algjörlega opnar. Við getum nefnt Straumsvík sem að hluta til er sennilega lokuð, og við getum nefnt Grundartanga sem er algjörlega opinn og á eftir að girða af samkvæmt frv. Svo getur verið um fleiri hafnir og þó að ég hafi ekki skoðað það nákvæmlega hvernig hafnir hér á landi eru í stakk búnar til að takast á við málið er alveg ljóst að því mun fylgja mikill kostnaður.

Síðan eru auðvitað vítt og breitt um landið að koma flutningaskip til að taka hinar ýmsu vörur sem verið er að framleiða í fyrirtækjum þar. Sem betur fer eru ekki enn þá allir flutningar komnir á þjóðvegina en nóg er nú samt. Það er samt hætt við því að einmitt þessi lög geti orðið til þess, vegna kröfunnar um að vitað sé nákvæmlega og vottað og innsiglað hvað sé t.d. í gámum, að flutningar til Reykjavíkur sem stærstu útskipunarhafnar muni aukast í framtíðinni einkum ef gerð verður krafa um að gámar séu skoðaðir sérstaklega með sérstöku skoðunartæki og staðfest hvað í þeim er með þeim hætti, að það nægi sem sagt ekki að votta hvað sett er í gáminn á hleðslustað, sem getur verið hvar sem er úti á landi og hann innsiglaður þar, að t.d. Bandaríkin muni ekki taka mark á því og þá erum við fyrst virkilega komnir í nokkuð erfið og vond mál.

Það er því fjölmargt í þessu sem við verðum að athuga og það er alveg hárrétt að hér er að fæðast nýr eftirlitsiðnaður. Hann mun kosta fé og hann mun að vísu skapa einhver störf, en þetta er örugglega kostnaður sem leggst á atvinnulífið og fer síðar inn í farmflutningana og kemur þaðan sem kostnaður til neytenda, það liggur ljóst fyrir, hvort sem það gerist á fyrsta eða öðru árinu. En þessi kostnaður verður til við flutningana og honum mun örugglega verða mætt einhvers staðar með því að tengja hann við vöruverð og farmgjöld.

Verndaráætlanirnar, hvort sem er um borð í skipum eða höfnum, kosta fé. Takmörkun á aðgengi að höfnum kostar einnig fé. Öryggisvottun og útflutningskostnaður kostar auðvitað fé. Það er einfaldlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og að við erum að stærstum hluta að uppfylla alþjóðlegar reglur og komumst illa fram hjá þeim. Eftir sem áður er auðvitað æskilegt að við reynum að lágmarka þann kostnað eins og mögulegt er og komast frá framkvæmd þessa máls með þeim hætti að hún valdi sem minnstum kostnaði og minnstri röskun. Það er auðvitað eftirsjá í því, verð ég að segja fyrir mína parta, þegar hafnir landsins lokast. Ég hugsa að það sé eftirsjá í því fyrir margan Íslendinginn að upplifa það að hafnir landsins eru ekki lengur opnar eins og lengst af hefur verið þegar skip koma þar til hafnar og að lokað verður fyrir aðgang almennings að ákveðnum skipagerðum. Ég er þá ekki að tala um að fara um borð í skipin, heldur umgang um þau svæði sem skipin liggja við. Jafnframt er gert ráð fyrir því í þessum öryggisáætlunum að það sé jafnvel fylgst með skipum þeim megin sem að sjó snýr með sérstöku eftirliti. Hvort það verður gert með eftirlitsmyndavélum eða öðrum hætti skal ég ekki um segja en allt eru þetta kvaðir sem á okkur eru lagðar þannig að með frv. erum við í raun og veru að taka upp algjöra vöktun á skipunum. Við erum að taka upp vöktun á hafnarsvæðunum og aðgengi að hafnarsvæðunum og við erum að taka upp vöktun á vörunum sem verið er að flytja og tryggja að í þeim felist engin hætta eða önnur vá.

Hins vegar er ekki vanþörf á að ítreka það sem átt er

við í frv. með orðinu vástig, sem menn gætu litið svo á að í öllum tilfellum þýddi hættuástand. Vástig 1 er það sem notað hefur verið um eðlilegt ástand, þ.e. það ástand sem menn þekkja þegar engin hætta steðjar að. Síðan er vástig 2 hækkað vástig eða hættuástand og þá fyrst fer að reyna á hvernig menn ætla að bregðast við. Þó að mönnum sé ekki nákvæmlega ljóst hvaða hætta steðjar að ber mönnum að bregðast við þegar í stað og tilkynna til ríkislögreglustjóra að vástig hafi verið hækkað og þar af leiðandi hafi myndast ákveðið hættuástand sem ríkislögreglustjóri verður svo að taka afstöðu til hvaða aðgerða er þörf, og þegar ógn steðjar að ákveður hann hækkun vástigs o.s.frv., bæði um borð í skipum og í höfnum í samráði við Siglingastofnun.

Það er því fjöldamargt sem þarf að skoða í þessu máli. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði í ágætri ræðu sem hann flutti, spurningar sem er ákaflega eðlileg og við þurfum auðvitað að alltaf spyrja okkur þegar við ræðum vandasöm mál eins og þetta er: Dugar þetta til þess að vernda okkur gegn þeirri hættu sem gert er ráð fyrir? Það verður að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég tel mig ekki hafa svar við því hvort það dugar til þess, vegna þess að ég geri mér ekki nákvæma grein fyrir því hvaða hættu við Íslendingar þyrftum að fást við. Við höfum ekki upplifað neitt sérstakt hættuástand í höfnum hér nema þá helst ef orðið hafa mengunarslys. Við því höfum við reynt að bregðast með ýmsum hætti, m.a. með því að hafnir eigi ákveðnar girðingar til að forðast mengunarslys og takast á við þau. En aðra utanaðkomandi hættu sem stafar af árásargirni manna, hvort sem hún felst í því að menn hafi falið sprengiefni eða hyggist sjálfir gera árás höfum við sem betur fer ekki upplifað og ég ætla að vona að við þurfum ekki að upplifa það, en við getum hins vegar ekki svarað því hvort það sem við erum að koma hér á dugar til þess að bregðast við því eins og nauðsynlegt er.

Það er auðvitað eftirsjá að þeirri veröld sem áður var ef við eigum almennt að gera ráð fyrir því að eiga alltaf von á óróa, uppþotum, spellvirkjum og jafnvel hryðjuverkum í skipaferðum að og frá landinu. Ég ætla að leyfa mér að vona að heimurinn verði ekki þannig og þetta séu aðeins eðlilegar varúðarráðstafanir. Þegar reyndin hefur sýnt að þessi framkvæmd er talsvert dýr munum við fljótlega taka þetta mál upp aftur og reyna að gera það þannig úr garði að kostnaðurinn lækki í ljósi þeirrar reynslu sem höfum af framkvæmdinni. Þeir aðilar sem eiga við að búa, þ.e. útgerðaraðilar, þeir sem reka hafnirnar, þeir sem stunda útflutninginn o.s.frv., sem hafa komið að máli við okkur í hv. samgn., hafa talið að ekki væri undan því vikist að takast á við þessa reglu.

Það er stuttur tími til stefnu. Við í samgn. höfum reynt að vinna þetta mál vel. Við höfum hins vegar áhyggjur af því hvert stefnir í þessum málum, hvernig gjaldtakan verður, hvernig framkvæmdin muni takast og hversu langt við munum yfirleitt þurfa að ganga í framtíðinni í að uppfylla þau skilyrði sem alþjóðareglur setja okkur, hvernig það muni breyta þjóðfélagi okkar. Við Íslendingar höfum að langmestu leyti lifað í friðsömu þjóðfélagi. Það væri æskilegast fyrir Íslendinga að búa þannig áfram.

[15:47]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þar sem ég hafði ekki tök á að vera viðstaddur 2. umr. þessa stóra máls tel ég nauðsynlegt að víkja að nokkrum atriðum við þessa umræðu.

Sú umræða sem farið hefur fram um frv. í dag hefur að mörgu leyti verið fróðleg. Þar hefur eðlilega borið mest á þeim mikla kostnaði sem óhjákvæmilega mun hljótast af frv. þegar það verður samþykkt og tekur gildi þann 1. júlí. Það hefur einnig komið fram í umræðunni að ástæðan fyrir framlagningu þess er sú að alþjóðasamþykktir liggja fyrir sem gefa okkur í raun engan kost í málinu. Við verðum að uppfylla þau skilyrði sem hér er um fjallað, ella væri útflutningur okkar allur í uppnámi. Þannig er ljóst að þrátt fyrir að kostnaðurinn sem hér kemur til sé gífurlegur þá yrðu afleiðingarnar okkur enn kostnaðarsamari ef ekki tækist að uppfylla þessi skilyrði.

Í þessu samhengi má nefna nokkuð sem fram kom í viðamiklum störfum nefndarinnar, að 97% af öllum innflutningi til Bandaríkjanna kemur frá 40 höfnum í heiminum. Það eru þær hafnir sem langstrangasta eftirlitið hafa. Það eru stórar hafnir sem væntanlega geta sett enn strangari kröfur en við. Hjá nokkrum aðilum sem heimsóttu okkur kom fram sá ótti að það gæti þess vegna gerst, mér liggur við að segja á hverri stundu, að Bandaríkjamenn settu slík skilyrði að þeir tækju eingöngu við vörum frá þeim 40 höfnum. Því miður erum við hluti af þeim 3% sem eru utan við þessi 97%. Það er því augljóst að við þurfum að fylgjast vel með og, því miður verð ég að segja, vera viðbúin því að fram verði settar auknar kröfur. Nefnd hafa verið nokkur dæmi þar um, m.a. að búast megi við því að allir gámar þurfi að fara í gegnum skönnun eins og farangur okkar þegar við förum úr landi. Það mun gjörbreyta allri þeirri mynd sem við búum við í dag varðandi útflutning.

Við verðum að fylgjast með á þessu sviði. Ég tek undir orð annarra hv. þingmanna varðandi það að við þurfum líka að fylgjast með því hvernig þetta frv., þegar það er orðið að lögum, verður í framkvæmd. Það hefur verið rætt um að hugsanlega þurfi að endurskoða einhver ákvæði þegar á þau reynir. Það er ljóst að þrátt fyrir að mikil vinna hafi farið fram í nefndinni þá var mikil tímapressa á verkinu vegna þess að dagsetningin er 1. júlí. Það varð ekki undan því vikist að afgreiða málið fyrir þinglok og mætti segja að helst hefði þurft að vera búið að afgreiða það. Meðan frv. hefur ekki verið samþykkt hafa t.d. gjaldskrár og reglugerðir ekki verið útgefnar. Þannig verður naumur tími fyrir menn til að uppfylla allt það sem gera þarf.

Það er óhjákvæmilegt að koma örlítið inn á það sem mér þótti sérkennileg viðkvæmni einstakra samnefndarmanna minna í samgn. varðandi ágæta ræðu hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, sem fór auðvitað vítt yfir sviðið hvað varðaði kostnaðinn. Ég taldi að það hefði ekki átt að koma nokkrum nefndarmanni á óvart. Auðvitað blasir við að mikill kostnaður fylgir þessu. Það sem væntanlega hefur snert viðkvæmnistaugina hjá hv. þingmönnum var að hv. þm. dró upp þá mynd að þetta væri ekki alveg í fullu samræmi við ýmislegt sem sumir stjórnmálaflokkar hafa á stefnuskrá sinni, varðandi það að draga úr gjaldtöku og minnka báknið. Eftirlitsiðnaður má vart sjást o.s.frv.

Auðvitað var það þannig í nefndinni að við fórum yfir þetta. Þess vegna kom mér á óvart að þetta hreyfði við mönnum. Þetta var eitt af því sem við skoðuðum. Ég man sérstaklega eftir þeirri umræðu í tengslum við það þegar nokkrir aðilar töldu að á margan hátt væri eðlilegra að leggja á eitt gjald. Sameiginleg niðurstaða okkar í nefndinni var að það væri ekki rétt að hafa gjaldtökuna með þeim hætti. Ég er sannfærður um að það er miklu vænlegri kostur að hafa þessa framkvæmd hjá sveitarfélögunum en ekki hjá stóra

bróður. Sveitarfélögin hafa sýnt það í gegnum tíðina að þau eru yfirleitt hæfari en ríkisvaldið til að draga úr kostnaði og halda honum í algjöru lágmarki. Það var auðvitað það sem við vorum að leita eftir í nefndinni, að reyna að tryggja að sá mikli kostnaður sem óhjákvæmilega leggst á verði í algjöru lágmarki.

Það er ljóst að þessi kostnaður getur hvergi endað annars staðar en að verða tekinn úr vösum neytenda. Þar mun hann auðvitað enda. Þetta mun hafa einhver verðbólguáhrif o.s.frv. og það skiptir máli.

Hún var í senn athyglisverð og sérkennileg viðkvæmnin hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni, sem að vísu kom okkur ekki algerlega á óvart þegar hann fór að hafa áhyggjur af þingmönnum Samf. í samgn. Það er þakkarvert að hv. þm. skuli bera svo mikla umhyggju fyrir okkur þótt hún hafi verið byggð á misskilningi. Með orðum sínum fannst mér hann í raun loka þeirri mynd sem hann hóf að draga upp í umræðum í dag, þ.e. í utandagskrárumræðu um atvinnuástandið við Mývatn. Þar lýsti hann yfir mikilli trú á iðnrh. og bar mikla von til starfa hæstv. iðnrh. Það vantaði bara eitt inn í til að þrenningunni yrði fullnægt. Það kom fram í hinu ágæta andsvari hv. þm. þegar hann sýndi okkur þingmönnum Samf. alveg sérstakan kærleika. Að því leyti kom þetta ekki á óvart og ber auðvitað að þakka umhyggjuna þrátt fyrir að allt hafi þetta verið á misskilningi byggt.

Þessum atriðum vildi ég helst koma að. En það er nauðsynlegt, vegna þess sem hér hefur einnig komið fram og verið ítrekað, m.a. af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, að nefndin stendur einhuga að þessu nál. Ég held að rétt sé að nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega verkstjórn hv. þm. í nefndinni. Það hefur verið býsna gott vinnulag á nefndinni og nefndin hefur verið afskaplega samstiga í öllum störfum. Ég tel það mjög til fyrirmyndar og að þannig nái menn bestum árangri. Ég held að við höfum náð eins langt með þetta mál og kostur var innan þess tímaramma sem okkur var settur. Víða eru samt miklar flækjur sem við hefðum trúlega þurft að eyða í meiri tíma og hugsanlega hefðum við þá getað komist að betri niðurstöðu. Álit okkar er hins vegar lagt fram með opnum huga. Við munum ásamt ráðuneytinu fylgjast með framkvæmdinni og grípa til breytinga ef þurfa þykir.

Því miður er það ekki þannig í öllum nefndum þingsins að unnið sé á þennan hátt, þ.e. leitað eftir því að sem allra best samstaða náist og sameiginleg niðurstaða í stórum og flóknum málum. Ég tel vinnulag samgn. vera mjög til fyrirmyndar og sé ástæðu til þess að þakka fyrir það og vek á því sérstaka athygli.

Þrátt fyrir að hinn mikli kostnaður sem við höfum rætt töluvert mikið um í dag muni leggjast á mun sá kostnaður væntanlega ekki breyta mjög samkeppnisstöðu okkar, t.d. gagnvart öðrum þjóðum. Álíka kostnaður leggst auðvitað alls staðar á og þar sitja allir við sama borð þótt væntanlega sé stofnkostnaður okkar til að byrja með töluvert meiri en víðast hvar annars staðar. Við höfum búið við miklu opnari og frjálslegri hafnir en víðast hvar erlendis þar sem menn hafa þegar tekið upp þær lokanir sem við þurfum nú að taka upp.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að lengja umræðuna mikið meira. Að lokum vil ég þó minnast örlítið á þá miklu grein, 9. gr. frv. Sú grein fjallar um gjöldin, þ.e. hvernig á að ná til baka kostnaðinum til hafnanna, Siglingastofnunar og annarra aðila sem bera hann. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þar eru gjöldin tíunduð og gjaldflokkarnir eru sex þegar allt er talið. Sá kostnaður sem hv. þm. nefndi hins vegar tel ég að sé afar varlega áætlaður. Hv. þm. nefndi töluna 300 millj. kr. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur hins vegar talað um að þetta gæti náð milljarði þegar allt er talið, (**GAK:** Með stofnkostnaði.) með stofnkostnaði og öllu slíku. Ég hugsa að sú áætlun sé kannski í hærri kantinum og hin í þeim lægri. Ég tel að einhvers staðar þar á milli sé upphæðin.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni var í nefndinni reynt að velta þessu upp og ná utan um þennan kostnað. En það er ógerningur á þessu stigi að átta sig á því hver hann verður endanlega. Það er enn ein ástæða þess að við þurfum að fylgjast með þessu og átta okkur á því hvort tilgangurinn með þeirri leið sem valin hefur verið náist, þ.e. að reyna að halda kostnaði í lágmarki. Tíminn leiðir í ljós hvort gera þurfi einhverjar breytingar á lögunum, þess vegna á hausti komanda eða að ári liðnu, sem væri kannski eðlilegri tími að gefa sér til að sjá hvernig þessu máli reiðir af.

Herra forseti. Ég hef þar með komið að þeim athugasemdum sem ég taldi nauðsynlegt að koma að við þessa umræðu. Ég ítreka að samstarfið í nefndinni hefur verið afskaplega gott og við gerum ráð fyrir því að þurfa að fylgjast með framkvæmd laganna og hugsanlega endurskoða einhver ákvæði þeirra þegar í ljós kemur hvernig til hefur tekist.

[15:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég má til með að koma með örstutta athugasemd um þetta frv.

Við á Vesturlöndum dáum lýðræðið, frelsi einstaklingsins, frjáls viðskipti, persónulegt frelsi o.s.frv. Þeir glæpamenn sem flugu á turnana tvo 11. september — ég vil ekki kalla þá hermenn eða segja að þeir hafi verið í hernaði, ég vil einfaldlega kalla þá glæpamenn — voru á móti þessu öllu. Þeir voru á móti lýðræði, á móti frelsi einstaklingsins, á móti persónulegu frelsi og þeir voru á móti alþjóðaviðskiptum. Þeim virðist þó vera að takast það sem þeir ætluðu sér. Hægt og rólega er þeim alls staðar að takast það. Þetta er einn anginn af því.

Hér er verið að skerða frelsi Íslendinga til að ganga niður að höfn á sunnudögum. Hér er lagt út í gífurlegan kostnað. Í þessu frv. felst helsi á alþjóðaviðskipti. Þetta er mikið inngrip inn í persónulegt frelsi einstaklinga, bæði til að flytja vöru og selja vöru, til að umgangast landið sitt o.s.frv. Þessum glæpamönnum er því miður að takast að ná markmiðum sínum. Mér finnst að menn þurfi að vera vakandi yfir því og reyna eins og mögulegt er að vinna gegn því að þeim takist þetta ætlunarverk sitt til fullnustu.

Mörg okkar hafa ferðast til útlanda og kynnst þar litlum öryggiseyjum. Það eru virkilegar öryggiseyjar sem eru víggirtar, með vörðum og tvöföldum hliðum og ég veit ekki hvað og hvað. Ég hef kynnst því í Bandaríkjunum þar sem menn kaupa sér öryggi innan slíkra víggirðinga. Þetta eru orðin einhvers konar öfug gettó. Upp á þetta horfum við mjög víða, að ríkið getur í raun ekki lengur ábyrgst öryggi borgaranna. Það er mjög alvarleg þróun. Þetta er ákveðin veiking ríkisins og það guggnar gagnvart öllum glæpalýðnum, hvort sem það eru litlir glæpamenn, af götunum, eiturlyfjaglæpamenn, eða þá stórglæpamenn eins og þeir sem réðust á turnana tvo.

Ég vildi í þessu sambandi, af því að menn hafa rætt um kostnað, kostnaðarskiptingu, gjöld og óhjákvæmilegan kostnað og ekki óhjákvæmilegan og sparnað ríkisins, koma inn á það að þetta er í raun afleiðingin af 11. september og það sem glæpamennirnir vildu.

[16:02]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Umræðan um málið sem nú er á dagskrá, þ.e. um siglingavernd, hefur eðli málsins samkvæmt farið í að ræða talsvert um gjöld og annað slíkt vegna þeirra auknu skyldna sem lagðar verða á hafnirnar. Þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., fjallaði áðan um öll þau gjöld sem á að taka upp í tengslum við málið þá rifjaðist upp fyrir mér breyting á hafnalögum sem gerð var í fyrra. Sú slæma aðgerð sem samgrh. beitti sér fyrir samkvæmt áliti nefndar sem hann skipaði þar á undan. Samgrh. sigldi í kjölfar niðurstöðu þeirrar nefndar til að breyta lögum um hafnir eins og mönnum er kunnugt. Sú breyting gerði það að verkum að margar hafnir víðs vegar á landinu munu lenda í og eru þegar byrjaðar að lenda í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Þau gjöld sem þær eiga að innheimta og þær tekjur sem þær eiga að fá munu engan veginn koma á móti þeim ríkisframlögum sem féllu niður. Þess vegna munu þær hafnir okkar halda áfram að drabbast niður. Ég hygg að það sé hægt að fara vítt um landið, til Vestmannaeyja, Siglufjarðar, Ísafjarðar og annarra staða og sjá að reynslan af þeim breytingum mun tifa inn næstu árin. Þær tekjur sem boðaðar voru í þessum nýju hafnalögunum, með þeim breytingum, munu ekki skila í takt við það sem reiknað var með.

Ég minnist þessa nú þegar enn einu sinni er lagt fram frv. með fjölda möguleika á að leggja á gjöld til að innheimta fyrir þeim kostnaði sem hafnirnar sannarlega verða fyrir. Í 9. gr. þessa frv. segir að höfnum sé heimilt að innheimta sérstakt gjald, siglingaverndargjald. Höfnum er einnig heimilt að innheimta gjald fyrir hvert skip. Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega. Höfnum, sem annast tilfallandi framkvæmd siglingaverndar, er heimilt að innheimta þann kostnað sem af hlýst o.s.frv. Siglingastofnun Íslands er heimilt að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði sem til fellur samkvæmt lögum þessum, þar með talin gjöld fyrir staðfestingar, eftirlit og útgáfu skráa o.s.frv.

Herra forseti. Í nýbreyttum hafnalögum segir, í 17. gr. um gjöld, með leyfi forseta:

„Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir rekstur hafna samkvæmt kafla þessum:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn ...

2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar ...

3. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla.

4. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.

5. Gjald fyrir geymslu vöru á hafnarsvæði til að standa straum af kostnaði við rekstur vöruaðstöðu.

6. Leigugjöld fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.

7. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið ...

8. Lóðargjöld og lóðarleigu.

9. Hafnsögugjöld sem skulu standa straum af kostnaði við hafnsöguþjónustu.

10. Gjöld fyrir þjónustu dráttarbáta sem skulu standa straum af kostnaði við rekstur dráttarbáta.

11. Festargjöld sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.

12. Gjöld fyrir sölu á vatni og rafmagni.

13. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði.

14. Vigtargjald sem standa skal straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.

15. Umsýslugjald ...“

Herra forseti, þetta er víst búið. Þau eru þar með upp talin öll 15 gjöldin sem samþykkt voru með hafnalögunum í fyrra. Sjálfstfl. beitti sér fyrir að búa til þessa frábæru hugmynd, eða hitt þó heldur, gjaldheimtu af skipum og tekjustofnum hafna í framhaldi af því sem ég gat um áðan, að fella niður ríkisstyrki til hafna.

Þvílíkt hugmyndaflug í samgrn. að búa til svona vitleysu. Svo kórónar það allt saman með því að bæta við:

„Gjaldtaka hafnar skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.“ — Með öðrum orðum verður að fara fram kostnaðarmat á hverjum þætti.

Yfir þetta var vandlega farið í fyrra og rétt að vísa í þá ræðu sem ég flutti af því tilefni. Þarna eru sem sagt 15 gjöld og svo bætast við sex, sjö, eða hvað þau eru mörg verði þetta frumvarp að lögum. Herra forseti getur ímyndað sér hvernig reikningurinn lítur út fyrir þann sem þyrfti að borga öll þessi gjöld. Sá reikningur tæki yfir nokkuð mörg blöð.

Ég verð að segja alveg eins og er, að það er furðulegt hvernig samgrn. vinnur að þessu. Ég verð að segja að ég hef eiginlega dáðst að þeim mönnum sem búa til þessi frumvörp, að hafa hugmyndaflug til að búa til þvílíkan haug af gjöldum til að innheimta. Ég er hins vegar hissa á því að ekki hafi verið reynt að setja þetta í skárri búning og auðvelda skriffinnskuna í kringum þetta. Þetta frv. bítur svo höfuðið af skömminni með nýjum gjöldum.

Herra forseti. Ég vildi leggja þessar vangaveltur til umræðunnar um leið og ég minni á að sumt af þessu ráðum við ekki við, t.d. þetta með siglingaverndina sem tekið er upp vegna ástandsins í heiminum, vegna hryðjuverka og þess háttar atburða. Þetta er slæmur fylgifiskur ástands heimsmála. Það er sífellt verið að auka eftirlit sem kostar háar fjárhæðir sem leggjast eðlilega á þá sem njóta þjónustunnar. Þetta er skattheimta á þann rekstur, tekjurnar aukast ekki. Verra er þó að ásamt hafnalögunum síðustu, svo gölluð sem þau voru, þeirri árás á hafnir og sveitarfélög sem hafnirnar reka, er gjaldtakan eiginlega meiri en nóg og komin upp í kok á mönnum.

Virðulegi forseti. Þegar eru komnir í ljós, miklu fyrr en menn reiknuðu með, ókostirnir og gallarnir við þessi nýju hafnalög og þær tekjur sem hafnirnar eiga að innheimta. Þegar hafnirnar ætluðu að búa til gjaldskrá til að hafa uppi og safna peningum fyrir nauðsynlegum framkvæmdum sem þurfti að ráðast í þá kveinkaði útgerðin sér strax og tók að hóta því að sigla frá viðkomandi höfnum ef gjöldin yrðu ekki lækkuð. Hvað gerðist? Hafnirnar tóku sig allar til, hver á fætur annarri, og þorðu ekki annað en að lækka gjaldskrár sínar. Þetta er því tifandi tímasprengja, ef svo má að orði komast, þ.e. tekjuleysi hafnanna. Þær munu ekki safna tekjum í sjóði til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum. Eftir einhver ár mun þetta koma skýrar í ljós. Það getur vel

verið að það verði ekki fyrr en eftir að við erum lausir við hæstv. ríkisstjórn sem nú situr. Það gæti orðið vandamál annarra ríkjastjórna að taka á því. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu atriði, herra forseti.

[16:11]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. Kristján Möller kom inn á, þá gjaldtöku sem heimiluð er, þá er upptalið fyrir hvað taka má gjöld. Ég geri ekki ráð fyrir því að t.d. Siglufjarðarhöfn hafi miklar tekjur af dráttarbát. Ég geri ekki heldur ráð fyrir því að hún hafi miklar tekjur af ýmsum fleiri þáttum sem upp eru taldir.

Það er hins vegar eðlilegt að upp sé talið hvaða gjöld hafnirnar mega taka. Áður fyrr gaf samgrn. út gjaldskrá sem allar hafnir áttu að fara eftir. Það blasir hins vegar við, með minnkandi fiskiskipastól og breyttri aflasamsetningu, að því miður munu nokkrar hafnir á landinu ekki lifa af þessar breytingar. En er það það sem hv. þm. er að tala um, að arðsemi hafnanna eða rekstur þeirra skipti ekki máli, heldur sé eðlilegt að veita áfram háa ríkisstyrki til hafnanna án tillits til þarfarinnar fyrir viðkomandi höfn eða sveitarfélag?

Ég geri mér grein fyrir því að það skiptir miklu máli í mörgum sjávarplássum að höfnin sé þannig úr garði gerð að skip sæki þangað til þess að kaupa sér þjónustu. Þá kemur að þeim þjónustuþáttum og þjónustuliðum sem tilteknir eru hvað kostnað áhrærir.

Þannig er eðlilegt að upp sé talið hvaða gjöld eigi að taka en það þýðir ekki, eins og mátti skilja á málflutningi hv. þm. Kristjáns Möllers, að hér sé með gjaldskrá upptalið hvað innheimta eigi þegar skip koma í höfn. Hér er aðeins talað um hvaða þjónustuþætti hafnirnar mega taka gjöld fyrir.

[16:13]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, að ef viðkomandi höfn er ekki með hafnsögubát þá má ekki innheimta það gjald, eins og hér kemur fram. En þá standa eftir 14 gjöld.

Það sem ég var að vekja athygli á er þetta ótrúlega hugmyndaflug samgrn., að skipta gjöldunum svo mikið niður sem raun ber vitni og segja t.d. um vörugjöld af vörum að það gjald skuli standa undir kostnaði við aðstöðu við bryggju og hafnarbakka. Skipagjöldin skulu hins vegar standa undir kostnaði við að reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn. Ég man ekki hvernig það endaði en þegar málið kom til meðferðar til að byrja með, þótt ég sjái ekki í fljóti bragði hvort það er enn þá hér inni, átti að vera eitt gjaldið fyrir ytri hafnsögumannvirki.

Ég er einfaldlega að tala um, herra forseti, að orðið hefur til mikið kraðak og haugur af gjöldum sem eiga að mynda þessa tekjustofna hafna.

Hins vegar vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði, að vandi hafna þar sem afli er að dragast saman er enn þá meiri þar sem afli færist frá höfnum. Nú er farið að keyra afla milli landshluta þannig að fjölmargar hafnir tapa miklu meiri tekjum heldur en ætlað var í því reiknilíkani sem við unnum m.a. með í hv. samgn., ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson á síðasta kjörtímabili. Ástandið á eftir að verða enn þá verra hjá sumum höfnum með samdrætti á afla. Tökum nýlegt dæmi. Þegar 150–160 þús. tonn af loðnu veiðast ekki á síðustu vertíð vegna axarskafta bæði Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn., þá kemur það illa við þessar hafnir. Sparnaðurinn er ekki endilega í hlutfalli við það.

[16:15]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt eins og hv. þm. kom hér inn á að við vorum að horfa á allt annað módel þegar lögum um hafnir var breytt. Ég gat hér sérstaklega um dráttarbáta. Þá kom hv. þm. og sagði: „Þá standa enn þá eftir 14 upptalin gjöld." En auðvitað er þetta allt tengt því ef skipin þurfa á þessari þjónustu að halda. En það er til tekið, haldið til haga og upptalið hvaða gjöld megi taka þannig að það sé kostnaðargreint þegar skip eða útgerðir fá reikning fyrir hvaða þjónustu verið er að greiða. Ég tel að það sé bara af hinu góða.

Það er eitt sem ég hef oft komið hér inn á og kannski er gott að ég nefni það nú við hv. þm. Kristján L. Möller sem þekkir Siglufjarðarhöfn mjög vel og fleiri hafnir á Eyjafjarðarsvæðinu: Hvernig má vera að svo mikill akstur með t.d. sjávarafurðir er orðinn eins og raun ber vitni? Hvernig má vera að hann sé kominn svo mjög á þjóðvegina í ljósi skýrslu sem hefur verið lögð fram um flutninga á sjó og landi og kostnaðarmun þar á, þar sem kemur fram að 70% dýrara er að flytja 40 feta gám með flutningabíl heldur en sjóleiðina? Í ljósi þessara staðreynda er samt sem áður enn þá mikill flutningur landveginn. Það leiðir auðvitað af sér að hafnarmannvirkin eru ekki eins nýtt t.d. af kaupskipum eins og eðlilegt mætti teljast í ljósi þessara staðreynda um kostnaðarmuninn á milli sjóflutninga annars vegar og landflutninga hins vegar.

[16:17]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég þakka fyrir þá hreinskilni sem kom fram hér í fyrra andsvari. Ég komst ekki til þess áðan. Þá sagði hv. formaður samgöngunefndar að svo og svo margar hafnir, x margar, mundu ekki lifa þessar breytingar af því miður. Ég er sammála því. Það verður svoleiðis. Hvort það tekur eitt, tvö, þrjú ár eða fleiri verður að koma í ljós.

Hins vegar ræddi hann í seinna andsvari sameiginlegt áhugamál okkar, flutning á sjó og m.a. gáma af fullunnum fiskafurðum frá t.d. Eyjafjarðarsvæðinu, sem er mjög mikill. Það er sífellt umhugsunarefni af hverju það er. Margar skýringar eru á því atriði, jafnvel þó þær séu dýrar. Skipakomur eru náttúrlega stopular. Það er ekki nema eitt skipafélag sem kemur við og það vikulega. Mér er sagt að sölukerfi fiskafurða sé mikið að breytast. Fyrirtækin eru mikið sjálf að selja til ákveðins aðila. Þar með sagt eru þau ekki endilega að senda einn gám af frystum þorskflökum eða svoleiðis heldur er verið að blanda saman hinum ýmsu tegundum í þetta og skipa því svoleiðis. Það er þessi hraði sem sífellt þarf að vera við að koma þessu annaðhvort hingað suður eða austur á Eskifjörð eða eitthvað, í veg fyrir millilandaskip. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Ég held að öll sú gjaldtaka sem þarna á að koma muni nú ekki hjálpa til við þetta. Hins vegar vil ég nefna eitt atriði sem er ansi fróðlegt. Það er að skip kemur að landi og landar afla. Þeim afla er svo áfram skipað annars vegar í skip sem bera þá öll þessi gjöld sem hér er heimilt að innheimta eða í flutningabílinn sem stendur á hafnarbakkanum, tekur við aflanum og keyrir svo með hann á leiðarenda og þarf ekki

að borga mikið af þeim gjöldum sem annars hefði þurft að vera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197, nál. 1489 og 1502.

[16:19]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við tökum nú aftur til við að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Það tókst ekki í fyrri viku að klára þessa umræðu. Þess vegna kemur hún hér aftur. Það voru einhver önnur mál veigameiri sem þurfti að fara í og þessu máli var frestað á meðan. Hér síðar á dagskránni kemur einnig til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum. Það er svolítið erfitt annað en tala um þessi mál nánast á sama tíma þar sem þau eru samkynja eða sama eðlis. Hér er um að ræða frumvarp til laga um að fella niður tvö gjöld sem útgerðin hefur greitt til ríkisins, annars vegar gjald í Þróunarsjóð og hins vegar svokallað veiðieftirlitsgjald. Ég mun þó reyna eins og efni eru til og hægt er í þessari ræðu minni að fjalla eingöngu um frumvarpið til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Í sjálfu sér liggur ekki mikið annað fyrir en að fella niður þessi tvö gjöld eftir að búið var að samþykkja hið svokallaða veiðigjald eða auðlindagjald eins og sumir hafa kallað það við breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og ágreiningur er kannski ekki um að full nauðsyn sé á því að fella þau niður eftir að búið var að festa í lög annað gjald í staðinn.

Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans þá hefur okkur ekki tekist í sjávarútvegsnefnd, þrátt fyrir ítarlegar óskir þar um, að fá upplýsingar um hver upphæð þessa nýja veiðigjalds gæti orðið sem kæmi í stað þeirra fjármuna sem ekki skila sér í ríkissjóð af gjaldi í Þróunarsjóð. Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra gerði við fyrstu umræðu málanna í þinginu því engin skil hvaða fjárhæðir gætu komið í ríkissjóð í formi veiðigjalds í stað þeirra gjalda sem nú á að leggja af. Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hlutans við meðferð málsins í sjávarútvegsnefnd að fá fram upplýsingar um það atriði.

Nefndarmenn fengu því engar upplýsingar um hvaða áhrif glataðar tekjur vegna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og af veiðieftirlitsgjaldi hafa á heildargreiðslur sjávarútvegsins vegna þjónustu hins opinbera og þar með afkomu ríkissjóðs.“

Í umræðunni sem varð um þetta atriði hér í fyrri viku sagði formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, að ekki væri í raun hægt að reikna hvert þetta gjald væri á þessari stundu og ekki væri heldur farið að reyna að gera sér nokkra grein fyrir hvert þetta gjald gæti hugsanlega verið miðað við þó þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Hv. þm. sagði þó að þetta gjald yrði hærra en þau gjöld sem lögð yrðu niður. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvernig hv. þm. geti haldið því fram að það gjald sem kemur í staðinn verði hærra án þess að menn séu byrjaðir að reikna. Eðlilegt er að spurt sé á hverju þessi skoðun hans byggir því hún hlýtur að byggja á einhvers konar útreikningum eða einhverju því sem menn hafa reynt að gera sér grein fyrir hvernig þetta gjald gæti orðið.

Það er í raun alveg ótrúlegt og ég satt að segja trúi því ekki, herra forseti, nú þegar viðmiðunartímabilið er liðið sem nota á til útreiknings á þessu nýja veiðigjaldi að embættismenn í sjávarútvegsráðuneytinu hafi ekki reynt með einhverjum hætti að gera sér grein fyrir því hver heildarfjárhæð þessa nýja gjalds verði. Ég verð að segja eins og er að ef það er staðreynd þá skil ég ekki þau vinnubrögð sem þar tíðkast vegna þess að þeim hlýtur að bera skylda til þess að reyna að gera sér grein fyrir hvaða áhrif breytingar á lögum hafa á fjárhagsatriði sem ráðuneytið og undirstofnanir þess snerta.

Í nefndaráliti minni hlutans kemur fram hvert þróunarsjóðsgjaldið sem hér er verið að tala um að fella niður er. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að lögum má gera ráð fyrir að innheimta á þróunarsjóðsgjaldi á aflamark lækki um 510 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 650 millj. kr. innheimtu fyrir árið 2004. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins vegna þróunarsjóðsgjalds á skip lækki um 2 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 92 millj. kr. innheimtu. Verði frumvarpið um afnám veiðieftirlitsgjaldsins að lögum lækka tekjur ríkissjóðs af veiðieftirlitsgjaldi um 270 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 335 millj. kr. fyrir árið 2004.

Heildarniðurstaða niðurfelldra gjalda sjávarútvegsins til ríkissjóðs vegna þessara tveggja frumvarpa er þess vegna 782 millj. kr. á árinu 2004 en engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur af veiðigjaldi fyrir þetta ár.“

Þetta nýja veiðigjald kemur í staðinn fyrir þessi tvö gjöld. Það byggir á lögum um stjórn fiskveiða sem nú gilda. Þar segir í 20. gr., með leyfi forseta:

„Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 22. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.“

Þarna er grein sem við hljótum að velta aðeins fyrir okkur núna þegar komið er að því að reikna út hið nýja veiðigjald, það er að ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.

Síðan segir í 21. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.“

Eins og fram kemur í þessari tilvitnuðu grein er því viðmiðunartímabili sem þarna er talað um lokið. Það hófst 1. maí á liðnu ári og lauk núna 30. apríl á þessu ári. Viðmiðunartímabilinu er því lokið og spurning er hvort ekki sé komið að því að hægt verði að reikna út hvert þetta nýja veiðigjald verður í heild.

Síðan segir áfram í 21 gr. laganna um stjórn fiskveiða, með leyfi forseta:

„Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

a. Reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.

b. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.

c. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 19. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. málsl. í krónum á þorskígildiskílógramm."

Seinna í sömu lögum er ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að þetta gjald verði ekki 9,5%, heldur 6% á árinu 2004.

Í ljósi þess sem ég hef hér lesið finnst mér eðlilegt, virðulegi forseti, að spyrja hv. formann sjútvn. þar sem þessu viðmiðunartímabili er nú lokið: Hvert er það aflaverðmæti sem talað er um að þurfi að reikna út miðað við tímabilið sem leggja á til viðmiðunar? Ég veit að það er nýliðið en þó hljóta einhverjar skýrslur að liggja fyrir því það er yfirleitt fylgst mjög vel með lönduðum afla á hverju tímabili, hver landar hverju og hvert verðmæti þess afla er. Reyndar eru flestir sem í slíkum fiskviðskiptum standa í svokölluðum flýtiskilum í virðisaukaskatti þannig að aflaverðmæti hjá flestum ætti að liggja fyrir fyrir tímabilið þannig að það ætti að vera hægt að fá upplýsingar um hvert það heildaraflaverðmæti er frá 1. maí á sl. ári til 30. apríl á þessu ári.

Í öðru lagi á að reikna viðmiðunarkostnað olíu, eins og sagði hér í greininni, og miða við 6.218 millj. kr. Þetta verð átti að breytast miðað við skráð verð á markaði á olíu í Rotterdam eins og greinin tiltekur, og því spyr ég: Hver er þessi upphæð nú í lok viðmiðunartímabilsins? Það hlýtur að vera hægt að reikna hver þessi upphæð er nú. Hún var 6.218 millj. þegar lögin voru sett, það átti að miða hana við skráð meðalverð á markaði á olíu í Rotterdam. Menn hljóta að vita hvert það er í dag og hver sú tala verður nú sem draga á frá aflaverðmætinu.

Í þriðja lagi var það annar rekstrarkostnaður. Í frv. um stjórn fiskveiða var gert ráð fyrir að hann væri 17.568 millj. kr. og hann átti að breytast með vísitölu neysluverðs. Búið er að gefa út vísitölu neysluverðs þannig að það hlýtur að vera tiltölulega einfalt að reikna út hver þessi annar rekstrarkostnaður á að vera sem notaður er í þá reikniformúlu sem nota á til að reikna út nýja veiðigjaldið.

Að síðustu var það launakostnaðurinn, 39,8% af aflaverðmætinu. Ef aflaverðmætið liggur fyrir eða styttist í að það liggi fyrir ætti einnig að vera auðvelt að reikna þetta út.

Ef hægt er að fá svör, hæstv. forseti, við þessum spurningum er hægt að reikna út heildarveiðigjaldið, hvert það á að vera fyrir alla sem fá úthlutað aflaheimildum en kannski erfiðara að fara að skipta því niður á þorskígildiskílógrömm þar sem ekki liggur fyrir hvað þau verða mörg á komandi fiskveiðiári.

Niðurstaðan úr dæminu þegar allar þessar upplýsingar liggja fyrir, 6% af því verður þetta nýja veiðigjald, 6% af þeirri framlegð, getum við kallað það, sem eftir verður þegar búið er að taka aflaverðmætið, olíukostnaðinn, annan rekstrarkostnað og launakostnað frá þessari upphæð.

Hv. formaður sjútvn. sagði sjálfur í umræðum í síðustu viku að hann hefði ítrekað reynt að fá upplýsingar hjá embættismönnum sjútvrn. um hvert veiðigjaldið yrði og ber að þakka það að hv. formaður reyni að fá þær upplýsingar sem um er beðið. Hann bar til okkar þau svör að það mætti búast við að heildarupphæð veiðigjaldsins lægi fyrir í kringum 15. maí. Nú vitum við að þingstörf hafa dregist og lítur vel út fyrir að þau dragist nokkuð í viðbót og því sýnist mér að það hljóti að koma til með að liggja fyrir hvert heildargjaldið verður, raunverulegt heildarveiðigjald, áður en til þess kemur að við hættum þingfundum fyrir sumarleyfi. Við höfum viljað bíða, eins og fram kemur í nál. okkar í minni hlutanum, eftir því að taka málið til 3. umr. þar til fyrir liggur hvaða gjöld koma í staðinn fyrir þau gjöld sem falla niður.

Síðan getur maður, virðulegi forseti, náttúrlega leikið sér bæði með ýmsar tölur og ýmsar hugmyndir í þessu. Eins og ég las upp úr lögunum um stjórn fiskveiða áðan kemur fram að ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning og álagningu og innheimtu á veiðigjaldinu, og því hlýtur maður að velta fyrir sér hlutum eins og t.d. línuívilnun. Talað er um að leggja ákveðið gjald á hvert þorskígildiskíló sem gefið er út í kvóta. Reyndar er einnig talað um að það megi leggja þetta gjald á hvert landað kíló þar sem ekki er um það að ræða að verið sé að úthluta aflaheimildum, eins og hjá dagabátum, og því veltir maður fyrir sér hvaða hugmyndir eru uppi t.d. með línuívilnun þar sem hvert úthlutað kíló í kvóta er ekki það sama og kílóin sem viðkomandi útgerðir koma til með að landa. Hv. formaður sjútvn. studdi jú línuívilnunina dyggilega á þingi og maður veltir því fyrir sér hvernig hann vill fara með þann afla sem landað verður í gegnum þessa ívilnun, hvaða gjald menn koma til með að greiða þar. Koma menn til með að greiða gjald af þeim aflaheimildum sem þeim er úthlutað eða af þeim landaða viðbótarafla sem landað verður í formi þessarar ívilnunar? Ef eingöngu er greitt gjald af úthlutuðum aflaheimildum og menn landa síðan mun meiri afla en aflaheimildir segja til um þá eru menn jú að greiða lægra veiðigjald á kíló í gegnum línuívilnun en í gegnum önnur form útgerðar.

Að minnsta kosti hljótum við að geta sagt, virðulegi forseti, að miðað við þær upplýsingar sem gefnar hafa verið í þingsalnum hefðu upplýsingar um veiðigjaldið sem tekur við af gjaldinu í Þróunarsjóð og veiðieftirlitsgjaldinu að $^{11}/_{12}$ hlutum getað legið fyrir hér 15. apríl. Þá hefðum við getað séð með nokkurri vissu hvort nýja gjaldið sem leggja á á hrykki fyrir þeim niðurfelldu gjöldum sem við erum að ræða.

Veiðigjaldið sem verið er að tala um að komi í staðinn fyrir þróunarsjóðsgjaldið og veiðieftirlitsgjaldið er niðurstaða sem hér varð og hefur verið byggð á vinnu svokallaðrar auðlindanefndar. Það hefur náttúrlega verið farið yfir það fyrr í umræðunni að það er í raun ekki nein sátt um þá leið á milli þeirra flokka sem eru á Alþingi og það er ekki einu sinni sátt um þá leið innan stjórnarflokkanna.

Það er of mikið sagt, eins og við heyrðum klingja í kosningabaráttunni sí og æ, að með því að taka upp veiðigjald, sem sumir hafa viljað kalla auðlindagjald, væri loks komin hin langþráða og mikla sátt sem menn voru að leita að og hafa alltaf verið að leita að í sjávarútvegi. Þeir sem halda

því fram að upptakan á þessu nýja veiðigjaldi sé í raun búin að ná fram einhverri sátt um fiskveiðistjórnarkerfið lifa í einhverjum öðrum raunveruleika en við hin. Skoðum aðeins hvað sagt var og ritað þegar lagt var fram á Alþingi frv. um það veiðigjald.

Það hefur verið í tísku undanfarna daga, virðulegi forseti, að lesa hér upp úr gömlum skjölum og ég held að það sé allt í lagi að halda því eitthvað áfram. Ég velti fyrir mér hverjar voru skýringar manna við þetta nýja veiðigjald þegar lagt var fram frv. á Alþingi um að breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að þetta gjald yrði tekið upp. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa aðeins upp úr athugasemdum við það lagafrv. Þar segir:

„Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 1/1999, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd hinn 28. september 1999 sem skyldi endurskoða fiskveiðistjórnarlögin. Í skipunarbréfi nefndarinnar komu fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni og tillögum um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í skipunarbréfinu segir:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.“ — Við getum síðan tekið hér langa tölu og deilu um hvort það hafi tekist hjá hinni svokölluðu auðlindanefnd eða ekki, en ég held áfram að vitna í athugasemdir við lagafrv., með leyfi forseta:

„Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“

Síðastliðið haust skilaði nefndin skýrslu sinni til ráðherra. Meginumfjöllunarefni nefndarinnar var hvort leggja skyldi auðlindagjald á sjávarútveginn og í hvaða formi slíkt gjald ætti þá að verða. Ræddi nefndin nokkra kosti við álagningu greiðslna fyrir afnotarétt af nytjastofnum sjávar. Þær leiðir sem auðlindanefnd taldi koma til greina og kenndar eru við veiðigjald og fyrningu voru ræddar ítarlega, en einnig var skoðuð sú leið sem kennd hefur verið við samninga og lýst er í skýrslu nefndarinnar.

Meiri hlutinn taldi og mikilvægt að deilur um eignarhald og afnotarétt á nytjastofnum sjávar yrðu settar niður og til þess skyldi farin sú leið sem auðlindanefnd lagði til, þ.e. að greiðsla kæmi fyrir afnotaréttinn með hliðsjón af afkomu fiskveiða. Þessi niðurstaða meiri hlutans byggðist þó á því að sjávarútvegurinn fengi aukið svigrúm og yrði gert kleift að treysta stöðu sína, greiða niður skuldir og auka hagnað. Til að svo megi verða skiptir mestu að frjálsræði verði aukið í sjávarútvegi og langtímastefnumótun og festa í lagaumhverfi og framkvæmd laga á sviði greinarinnar verði haft í öndvegi.

Við útfærslu tillagna sinna um veiðigjald lagði meiri hlutinn til að veiðigjaldið yrði tvískipt; annars vegar fastur hluti sem tæki mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnunar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem tengdist afkomu í greininni. Á móti gjaldtökunni lagði nefndin til að niður féllu ýmis gjöld sem útgerðin ber nú enda taldi nefndin afkomu í sjávarútveginum ekki gefa tilefni til frekari sérstakrar gjaldtöku og því bæri einnig að hafa rúman aðlögunartíma að veiðigjaldinu.

Í frv. eru tillögur nefndarinnar um veiðigjald útfærðar, þó þannig að um eitt gjald er að ræða sem bæði er magn- og afkomutengt.“

Þarna kemur fram með skýrum hætti, virðulegi forseti, að auðlindanefndin svokölluð lagði til að það yrði farið í þetta veiðigjald en hún lagði jafnframt til að gjaldið yrði tvískipt. Hún lagði til að annars vegar yrði innheimt gjald sem væri föst krónutala af útgerðinni og síðan yrði annar hluti gjaldsins tengdur afkomu útgerðarinnar á hverjum tíma.

Hér segir í sömu athugasemdum, með leyfi forseta:

„Í skýrslu endurskoðunarnefndar leggur meiri hluti hennar til að gjaldið verði tvískipt, annars vegar breytilegur hluti sem tengist afkomu greinarinnar og hins vegar fastur hluti sem miðist við kostnað ríkisins vegna stjórnar fiskveiða. Í því sambandi leggur nefndin til að við ákvörðun gjaldsins verði horft til árlegs kostnaðar vegna þess hluta Fiskistofu sem snýr að fiskveiðum (um 400 millj. kr.), rekstrar Hafrannsóknastofnunarinnar, um 940 millj. kr., og afskrifta og fyrirsjáanlegs kostnaðar við fjárfestingar í hafrannsóknarskipum (150–200 millj. kr.). Samtals nemur þessi kostnaður um 1.490–1.540 millj. kr. á ári.“

Hér var auðlindanefndin að leggja til, og ég held að það hafi verið ákaflega skynsamlegt fyrst menn á annað borð voru að tala um að leggja á veiðigjald, að hluti þess yrði fastur. Að það væri ákveðinn hluti af veiðigjaldinu sem kæmi í staðinn fyrir þau gjöld sem við nú ætlum að fara að fella niður sem menn vissu nákvæmlega fyrir fram, burt séð frá því hver afkoman væri á hverjum tíma, að útgerðin í landinu mundi greiða, enda væri sá hluti eingöngu miðaður við þann kostnað sem ríkið bæri beint af rekstri Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og árlegum kostnaði við að fjárfesta í hafrannsóknarskipi, 1.490–1.540 millj. kr. Síðan átti að bæta við þetta afkomutengdu veiðigjaldi.

Nú veit ég ekki hvort við fáum upplýsingar í þessari umræðu um hugsanlegar upphæðir veiðigjaldsins eins og það er reiknað út, byggt á þeim tilögum sem nú eru í gildi í lögum um stjórn fiskveiða, en miðað við hvernig útvegurinn hefur gengið á viðmiðunartímabilinu er ég ekki einu sinni viss um að heildargjaldið sem reiknað verður út frá þeirri reikniformúlu sem ég fór yfir áðan nái einu sinni þeim fasta hluta sem auðlindanefndin lagði til að skyldi þó verða algjört lágmark í þeim gjöldum sem kæmu í staðinn fyrir þau gjöld sem við fellum nú niður, verði þau frv. sem verið er að fara yfir í dag að lögum.

Í athugasemdum með áðurnefndu frv. segir, með leyfi forseta:

„Til að einfalda sem mest útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjaldsins var ákveðið að leggja til í frumvarpi þessu að veiðigjald yrði lagt á útgerðina í einu gjaldi og veiðigjaldið yrði ekki tvískipt ...“

Þetta var niðurstaðan hjá Alþingi þegar lögunum um stjórn fiskveiða var síðast breytt og þetta veiðigjald kom inn, að einfaldara væri að miða það eingöngu við afkomuna fremur en að vera með fast gjald.

Nú þykir mér skörin vera að færast upp í bekkinn. Ég skil ekki hvernig það getur verið einfaldara að vera eingöngu með breytilegt gjald, sem veltur á mörgum breytilegum forsendum, en ákveðna fjárhæð sem alltaf yrði a.m.k. greidd í veiðigjald.

Fjmrn. lagði mat á þessar tillögur þegar þær lágu fyrir í frumvarpsformi og sagði í sínu áliti, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum og ekki gerðar breytingar á tekjustofnum Fiskistofu og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins má gera ráð fyrir að gjald fyrir veiðiheimildir hækki

í áföngum til ársins 2009, en þá geti gjaldið skilað ríkissjóði um 1,8–2 milljörðum kr. í tekjur á verðlagi ársins í ár."

Þarna var því spáð að miðað við þær reglur sem nú gilda gæti þetta nýja veiðigjald orðið 1,8–2 milljarðar kr. á árinu 2009. Fjmrn. reyndi líka að meta hvert gjaldið yrði á árinu 2004.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðað við frumvarpið eins og það stendur eitt og sér verða tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi 1,1–1,2 milljarðar kr. árið 2004 og hækka í áföngum og verða 1,8–2,1 milljarður kr. árið 2009. Á móti lækka tekjuskattar á útgerðarfyrirtæki um 18% af því sem tekjuskattsstofninn lækkar hjá þeim fyrirtækjum sem greiða tekjuskatt."

Það hefur reynst okkur í þessari umræðu erfitt, eins og fram hefur komið, að draga fram einhverjar tölur. Þarna finnur maður þó einhverja spá, þó gömul sé, frá fjmrn. um að þetta nýja veiðigjald gæti hugsanlega skilað 1,1–1,2 milljörðum á árinu 2004. Ég efast um að embættismenn fjmrn. hafi á þeim tíma sem spáin var gerð vitað um þá niðursveiflu sem orðið hefur í sjávarútvegi. Mér er til efs að gjaldið geti náð þeim tölum sem þarna koma fram, 1,1–1,2 milljörðum kr. Auðvitað væri gott ef svo væri en rekstrarumhverfi sjávarútvegsins hefur breyst svo mikið á þessum viðmiðunartíma sem við erum að tala um að verði notaður, frá 1. maí á síðasta ári til 30. apríl á þessu ári, að ég efast um að nokkrir embættismenn á þeim tíma sem þessi spá var gerð hafi gert sér grein fyrir að niðursveiflan yrði þetta mikil.

Hvað verður um Þróunarsjóð sjávarútvegsins samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir?

Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstursreikningi Þróunarsjóðs fyrir árið 2003 var hrein eign sjóðsins um 318 millj. kr. í árslok 2003 og var það í fyrsta skipti frá sjóðsstofnun sem sjóðurinn sýnir jákvæðan höfuðstól. Gangi áætlanir Þróunarsjóðs fyrir árin 2003–2009 eftir má gera ráð fyrir að hrein eign sjóðsins verði um 370 millj. kr. í árslok 2009 er starfstíma hans lýkur samkvæmt lögunum."

Þarna kemur fram í athugasemdum við lagafrv. að samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstursreikningi Þróunarsjóðs í lok árs 2003 sé hrein eign 318 millj. kr. og hrein eign gæti orðið 370 millj. kr. þegar leggja á sjóðinn niður í árslok 2009.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, hvaða fyrirbæri er þetta og hvernig stendur á því að í hann hafa verið lagðar háar fjárhæðir? Hvernig varð hann til og hvert var hlutverk hans?

Í lögum um Þróunarsjóð segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr., fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr., fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr., innheimta skuldabréf í eigu atvinnutryggingadeildar skv. 13. gr. og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóður sjávarútvegsins taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina."

Í 1. gr. laganna kemur skýrt fram hvert hlutverk þessa sjóðs er, sem við ætlum nú í framhaldi af þessu frv., verði það að lögum, að leggja niður. Ég held að allir sem einhvern þátt tóku í stjórnmálum eða sjávarútvegi á þeim árum sem Þróunarsjóðurinn var stofnaður muni það ástand sem þá var og í hvaða tilgangi sjóðurinn var settur á laggirnar. Það urðu ansi miklar deilur um það í þjóðfélaginu hvort um enn eina sértæku aðgerðina væri að ræða fyrir ákveðna landshluta eða fyrir ákveðinn iðnað. Ég held þó að flestir hafi gert sér grein fyrir því á þeim tíma að það var nauðsynlegt að koma útveginum til hjálpar og það var ákveðið að gera það með því að stofna þennan Þróunarsjóð.

Sjóðurinn tók á sínum tíma við öllum eignum og skuldbindingum fleiri sjóða. Í lögunum segir, með leyfi forseta:

„Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins ... eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja ... Yfirtakan miðast við stöðu eigna og skulda við gildistöku laga þessara að frádregnum 950 millj. kr. endurlánum ríkissjóðs til atvinnutryggingardeildar sem ríkissjóður tekur að sér að greiða. Jafnframt ábyrgist Þróunarsjóður gagnvart ríkissjóði það sem á kann að falla vegna ríkisábyrgðar á verðbættu nafnvirði A-hlutdeildarskírteina hlutafjárdeildar."

Þeir sem þekktu rekstur þessa sjóðs muna það að hann gat keypt hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum, svokölluð A-hlutabréf og B-hlutabréf. Þarna er verið að tala um A-hlutdeildarskírteini hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Halda skal fjárreiðum framangreindra sjóða aðskildum í bókhaldi sjóðsins. Þá skal ríkissjóður leggja sjóðnum til að láni jafnvirði 4 þús. millj. kr. á árunum 1994 og 1995. Skal hver hluti lánsins afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan með jöfnum árlegum afborgunum þannig að þau verði að fullu greidd árið 2005."

Þessi lán sem ríkissjóður lagði sjóðnum til, 4 þús. millj. kr. á árunum 1994 og 1995, eiga því að endurgreiðast að fullu á næsta ári.

Það kemur einnig fram í lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að Þróunarsjóðurinn er í eigu ríkisins. Af hverju tel ég að taka þurfi það fram? Jú, kannski vegna þess að í störfum sjútvn. var óskað umsagnar frá hagsmunaaðilum, eins og við yfirleitt gerum þegar við fjöllum um mál í nefndum. Okkur barst m.a. umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna þar sem fram kemur að Landssamband íslenskra útvegsmanna leggur til að sjóðurinn verði strax gerður upp þar sem hann eigi nú fyrir skuldum og því sem umfram verði verði skilað til þeirra útgerðarmanna sem greitt hafa í sjóðinn á þessu ári.

Þegar ég sá þetta í umsögn LÍÚ fór ég að velta fyrir mér hvort það gæti verið að ekki væri kveðið á um hvernig ætti að fara með eigur sjóðsins þegar kæmi að því að leggja hann niður eða gildistími laganna um hann rynni út. Sem betur fer fann ég, þegar ég fór að leita, að í lögunum stendur að þau gildi til 31. des. árið 2009 „og skulu eignir sjóðsins þá renna til Hafrannsóknastofnunarinnar og andvirði þeirra varið til hafrannsókna." Það liggur því alveg ljóst fyrir og hefur legið fyrir ljóst frá upphafi að þeir sem greiða í þennan sjóð hafa ekki neinn eignarrétt á því fé sem þar kemur inn, jafnvel þótt sjóðurinn komi til með að eiga eitthvað umfram skuldbindingar sínar. Jafnframt var ljóst af umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna að þeir ágirnast það fé sem reikna má með að verði til í sjóðnum.

Í frv. kemur fram að áætlaður efnahags- og rekstrarreikningur fyrir árið 2003 segi að hrein eign geti orðið um 318 millj. kr. Þar sem við erum komin fram í maí á árinu 2004 datt mér í hug í dag að leita mér upplýsinga um það hvort ekki lægi fyrir ársreikningur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fyrir síðasta ár þannig að maður gæti séð hvort þessi áætlun um 318 millj. kr. stæðist.

Ég gat ekki orðið mér úti um ársreikning fyrir síðasta ár en ég gat fengið ársreikning fyrir árið 2002, sem ég gerði til að gera mér grein fyrir því í tölum hvers konar sjóður Þróunarsjóður sjávarútvegsins er. Ég hef farið yfir lagalegt hlutverk hans en fljótt á litið gerir maður sér ekki alveg grein fyrir stærð sjóðsins í tölum og hollt er að rifja það upp núna þegar fyrir liggur að þessi sjóður verður niður lagður.

Í ársreikningi ársins 2002 kemur fram að samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings varð hagnaður á rekstri sjóðsins um 1.108 millj. kr. Hann var mun meiri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og var það aðallega vegna hagstæðrar gengisþróunar á því ári. Í lok ársins 2002 var eigið fé sjóðsins neikvætt um 395 millj. kr. Sé eigið fé í lok árs 2003 orðið jákvætt um 318 millj. kr. er alveg ljóst að það hefur verið ágætisafgangur af sjóðnum á árinu 2003. Staðan hefur þá breyst út því að vera neikvætt eigið fé upp á 395 millj. kr. í að vera jákvætt upp á 318 millj. og varla getur munað miklu í áætluninni sem lögð er til grundvallar í lagafrv.

Hvernig hefur þessi sjóður þróast frá því að hann var settur á laggirnar? Eignir sjóðsins við lok árs 1994 voru 7.128 millj. kr. Hann skuldaði þá 10.108 millj. kr. þannig að neikvætt eigið fé var 2.980 millj. kr. Síðan hafa eignirnar smám saman verið að minnka og skuldirnar líka minnkað. Staðan nú í lok árs 2002 var sú að eignir voru upp á 3.679 millj. kr. en skuldir upp á 4.074 millj. kr. og neikvætt eigið fé upp á 395 millj. kr.

Þetta er enginn dvergur, þessi sjóður sem við erum að tala um. Í honum eru miklar eignir en jafnframt hvíla enn þá á honum miklar skuldir. Tekjurnar sem sjóðurinn hefur fengið frá ári til árs hafa verið að þróast og breytast. Árið 1996 var gjaldið á aflamark 478 millj. kr. Árið 2002 var það komið upp í 633 millj. kr.

Þróunarsjóðsgjald á fiskiskip var ekki neitt í upphafi, árið 1994 þegar sjóðurinn var settur á laggirnar, en árið 2002 var það komið í 101 millj. kr.

Í stjórn sjóðsins eru þrír valinkunnir menn. Segja mætti að hlutverk þessa sjóðs hafi ekki verið mikið á undanförnum árum annað en að taka á móti gjöldum og greiða niður skuldir. Hlutverkið var meira á árum áður, eins og flestir muna, þegar Þróunarsjóður fór um landið og keypti upp frystihús og fasteignir sem ekki nýttust lengur í sjávarútvegi. Hann keypti þær upp og reyndi síðan að selja aftur í einhvern annan farveg heldur en fiskvinnslu eða útgerð. Það hefur lítið verið um slíkar hreyfingar innan sjóðsins á undangengnum tveimur árum, aðallega hefur sjóðurinn, eins og ég sagði hér áðan, tekið við þessu gjaldi og greitt niður skuldir.

Það er vont að hafa ekki tölur ársins 2003 þegar menn velta þessum hlutum fyrir sér og hvernig gengið hefur hjá sjóðnum. Þó held ég að það sé nauðsynlegt umræðunni að við förum aðeins yfir umfangið eins og ég gerði áðan varðandi þennan sjóð á árinu 2002, sem eru síðustu endurskoðaðar upplýsingar sem við höfum um ársveltu og ársreikning þessa sjóðs. Þá voru vaxtatekjur rúmar 206 millj. kr. og gengishagnaðurinn 354 millj. kr. Þetta ár er því kannski ekki alveg marktækt að því leyti að þarna er sjóðurinn að hagnast verulega á hagstæðu gengi, sem ekki var á árinu 2001 því að þá tapaði hann 350 millj. kr. á genginu. Vaxtagjöld sjóðsins voru 164 millj. kr. Hreinn vaxtamunur, mismunur á milli þeirra vaxta sem sjóðurinn hafði í tekjur og vaxta sem hann greiddi í gjöld, var tæpar 400 millj. kr., þ.e. 397 millj. Þetta hefur sjóðurinn til síns reksturs en til viðbótar hefur hann tekjur, þróunarsjóðsgjaldið á aflamarkið og þróunarsjóðsgjaldið á fiskiskip og fasteignir. Af aflamarki fengust 632 millj. á árinu 2002 og af fiskiskipum 101 millj. kr. þannig að heildartekjur aðrar en vaxtatekjur voru 734 millj. En hreinar heildarrekstrartekjur sjóðsins á árinu 2002 voru 1.131 milljarður kr. Eins og ég segi erum við ekki að tala um neinn dverg. Það var lítið um framlög og styrki úr sjóðnum á þessu ári, eingöngu í kringum 10 millj. kr.

Á þessu ári tók sjóðurinn ný lán upp á 200 millj. kr. Hann borgaði af langtímaskuldum rétt tæpar 939 millj., tæpan milljarð, og borgaði af hlutdeildarskírteinum 13 millj. kr.

Við lok ársins 2002 átti sjóðurinn enn þá nokkrar fasteignir. Hann átti fjórar fasteignir sem voru Skeið 1 á Ísafirði, metið á 72 millj., Eyjaslóð 5 í Reykjavík á 56 millj., Bolafótur 15 í Njarðvík á 20 millj. og Straumnes, hraðfrystihús á Patreksfirði, metið á 1 millj. kr. Sjóðurinn á því enn fasteignir sem hann hefur tekið í úreldingu eins og hann gerði á sínum tíma sem metnar eru enn í dag upp á tæpar 150 millj. og hlýtur alltaf að vera spurning þegar farið er yfir slíkar eignir og mat á þeim hvaða mat er rétt á hverjum tíma.

Í lok ársins 2002 hafði sjóðurinn keypt samtals 62 krókabáta. Sjóðurinn keypti mikið af krókabátum á ákveðnu tímabili til að ná þeim út úr kerfinu. Hér segir í ársreikningi fyrir árið 2002 að markmiðið með kaupum þessum hafi verið að Þróunarsjóður gæti stutt íslensk sjávarútvegsfyrirtæki til að hasla sér völl á erlendum fiskimiðum með því að leggja þeim til hlutafé eða báta eða selja þá báta úr landi til þess að stuðla að íslenskri útrás tækja og búnaðar. Í lok ársins hafði 59 bátum af þessum 62 verið ráðstafað en á árinu 2002 var engum bát ráðstafað.

Sjóðurinn var, eins og ég sagði, ekki í miklum rekstri og hefur ekki verið í miklum rekstri, a.m.k. ekki núna á síðustu tveimur árum, en eftir sem áður hefur hann hlutverk og þarna fara miklar tekjur í gegn, tekjur af þróunarsjóðsgjaldi, bæði af aflamarki, fiskiskipum og fasteignum. Ég tók eftir því í ársreikningi fyrir árið 2002 að þrátt fyrir að einungis þrír menn sitji í stjórn sjóðsins er þó verið að greiða í stjórnarlaun rétt um 3 millj. þannig að það kostar talsvert að reka sjóðinn og ég held að ég geti alveg tekið undir það með þeim aðila sem skrifaði umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna að það er í sjálfu sér enginn tilgangur í því að halda sjóðnum á lífi ef hægt er að leysa hann upp, en þá verður líka að passa upp á að þeir fjármunir sem í honum eru renni til þeirra hluta sem kveðið er á um í lögum.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að formaður sjútvn. og hv. framsögumaður meiri hlutans í málinu, Guðjón Hjörleifsson, svari einhverjum af þeim spurningum sem hér hafa verið lagðar fram og reyni að knýja á í sjútvrn. með svör því við komumst lítið áfram í umræðunni um niðurfellingu á þróunarsjóðsgjaldi og veiðieftirlitsgjaldi nema við vitum eitthvað um hvað kemur í staðinn. Ég treysti því að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, sem jafnframt er formaður sjútvn., passi upp á það fyrir okkur að við förum ekki í gegn með þessi frumvörp nema fyrir liggi staðfestar upplýsingar um hvert veiðigjaldið geti orðið. Í fyrsta lagi eins og ég sagði áðan þurfum við að vita hvert heildargjaldið verður og í öðru lagi þurfum við líka að vita hvert gjaldið verður á þorskígildiskíló því það skiptir máli, ekki bara fyrir okkur sem hér erum og munum fara í gegn með lagafrumvörpin með einum eða öðrum hætti, heldur líka þá sem koma til með að þurfa að greiða veiðigjaldið. Við heyrum það strax hjá útgerðarmönnum að flestir hverjir eru þegar farnir að kveinka sér undan því að þurfa að greiða þetta sértæka gjald sem

þeir kalla til ríkissjóðs, þennan sérskatt á atvinnugreinina, þannig að það mun örugglega heyrast hljóð úr horni þaðan þegar fyrir liggur hvert gjaldið á að verða og við hljótum að þurfa að vita hvað kemur í staðinn þegar við fellum niður slík gjöld.

[17:06]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að svara öllum spurningum í svona viðamikilli ræðu sem ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Það er rétt að rætt var í sjútvn. hvort hægt væri að fá útreikninga um þetta og eins og ég sagði í framsögu minni fyrir nokkrum dögum var það ekki hægt því að viðmiðunarárið miðast við 30. apríl og nú eru liðnir aðeins tveir dagar frá því þannig að það er mjög erfitt að ná í þær tölur.

Sjútvn. setti upp gróft reiknilíkan til að reyna að átta sig á stærðinni á þessu. Þar gáfu þeir sér að aflaverðmætið væri 78 milljarðar og reiknuðu þá með því að tekjur yrðu 1.370 millj. Þeir segja samt sem áður að gengishreyfingar, aflasamdráttur og kostnaðarhækkanir miðað við þau 6% sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á áðan, muni vera á bilinu 1,1–1,2 milljarðar sem eru sömu tölur og hv. þm. Jón Gunnarsson kom með. Ég get ekki lofað því að þetta verði tilbúið en ég verð vonandi með nánari upplýsingar á næsta fundi í sjútvn. Þeir eru ekki vissir um það, þeir eru að viða að sér upplýsingum og eins og ég sagði er þetta annar vinnudagurinn frá því að tímabilinu lauk þannig að við verðum bara að sjá hvað gerist í því. En hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi hér tölur, 1.490 og 1.540 millj., við erum að tala um að veiðigjaldið eigi að vera 9,5% í krónum á þorskígildistonn en það verður fyrst til að byrja með 6% í stað 9,5 árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% 2006, 8% 2007, 8,7% 2008 og 9,5% 2009. Ef við framreiknum þessar tölur miðað við 2009, þegar við sjáum heilt ár miðað við fullt álag, 9,5%, þá eru þetta tæpir 2 milljarðar miðað við að tökum ekki tillit til gengisbreytinga, gengið eins og það er í dag og eðlilegan afla þannig að þetta eru þær tölur sem við byggjum á í dag.

[17:08]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er þess fullviss að hv. þm. hefur reynt eins og hann mögulega gat að fá fram þessar upplýsingar því hann veit hvað það er nauðsynlegt fyrir okkur sem í nefndinni störfum að hafa þær þegar við höldum áfram. Það er rétt hjá hv. þm. að það eru einungis liðnir tveir dagar frá því að viðmiðunartímabilinu lauk en eins og ég sagði í framsögu minni trúi ég ekki öðru en unnið sé þannig í ráðuneytum að menn reyni að gera sér grein fyrir hlutunum fyrir fram og setji niður einhver líkön og velti fyrir sér hvaða tölur gætu komið upp. Aflaverðmætið liggur náttúrlega fyrir alla vega til loka mars þó að við séum ekki að fara framar í tímann þannig að hægt er að reikna út með $^{11}/_{12}$ nákvæmni hvert gjaldið kemur til með að verða.

Í svari hv. þm. kom fram að sett hefði verið upp einhvers konar reiknilíkan og menn hefðu reynt að reikna þetta út. Það hefðu orðið breytingar á kostnaði, sem er alveg rétt, en þetta eru svo einfaldir hlutir að ég trúi því ekki að ráðuneytið geti ekki reiknað út eins og t.d. hvað viðmiðunarverð á olíu hefur breyst á viðmiðunartímabilinu. Það eru bara tvær tölur sem þarf að bera saman og reikna út hver breytingin hefur orðið.

Það sama á við um annan rekstrarkostnað. Ég trúi ekki öðru en ráðuneytið geti reiknað út hvað þessar 17.568 millj. eru orðnar núna. Þar er eingöngu miðað við vísitölu neysluverðs og hún liggur fyrir. Ég trúi því heldur ekki að ráðuneytið geti ekki reiknað 39,8% af aflaverðmæti þegar aflaverðmæti liggur fyrir. Ég verð því að hvetja hv. formann til þess að knýja á um að ráðuneytið svari okkur en láti ekki tímann líða þannig að við höfum ekki þessi svör þegar þingið fer í sumarleyfi.

[17:11]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var fleira sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar áðan varðandi línuívilnunina. Það er ljóst að verið er að reikna út frá aflaverðmæti. Hann sagði áðan og það er alveg rétt að það var ekki sátt um hvaða leið yrði farin. Auðlindanefndin svokallaða vildi leggja á veiðileyfaeða auðlindagjald eða fara fyrningarleiðina. Það var ákvörðun að fara þá leið þar sem miðað væri við aflaverðmæti að frádregnum olíukostnaði, reiknuðum rekstrarkostnaði og launakostnaði og þetta er niðurstaðan. En eins og hugmyndir sumra voru að leggja fast krónugjald á þorskígildiskíló þá hefði línuívilnun sennilega verið utan við það miðað við úthlutun. En menn eru að viða að sér gögnum, miklum gögnum, þannig að það eru engar tölur komnar, en eins og ég sagði skal það bara liggja fyrir á næsta fundi í sjútvn. hvort svo geti orðið. Ég átta mig náttúrlega ekki á því hvenær þinglok verða en þetta gerist vonandi í þessum mánuði.

[17:12]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. kom inn á mál sem okkur báðum er hjartfólgið, þ.e. línuívilnun. Það er alveg rétt hjá honum að menn koma til með að reikna þetta nýja veiðigjald út frá aflaverðmæti en síðan þurfa menn að skipta því á hvert þorskígildiskíló. Það þarf að rukka út frá aflaheimildum sem gefnar eru út og því veltir maður fyrir sér með aflaheimildirnar sem notaðar verða í línuívilnun hvort veiðigjaldið á þær heimildir verði í raun ódýrara miðað við hvert kíló sem landað er en í öðrum heimildum.

Ég verð einnig að segja að ég varð fyrir talsverðum vonbrigðum með nefndarálit meiri hlutans í sjútvn. varðandi frv. því þar segir í raun eingöngu, með leyfi forseta, þegar búið er að telja upp þá gesti sem þar komu:

„Í frumvarpinu er lagt til að gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. gildandi laga verði felld niður frá 1. september nk.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.“

Ekki er á nokkurn hátt reynt að útskýra í nefndarálitinu hvað þarna er á ferðinni og hvað hugsanlega gæti komið í staðinn eða hvaða áhrif þetta hefði á greinina eða fjárhag ríkissjóðs. Ég var reyndar svolítið undrandi á því líka að þegar frv. var lagt fram með kostnaðarmati fjmrn. reyndi fjmrn. ekki á nokkurn hátt að gera sér grein fyrir hvað gæti komið í staðinn þarna. Þeir reiknuðu út hver upphæð þeirra gjalda sem féllu niður væri en ekki var á nokkurn hátt reynt nú, eins og var þó fyrir tveimur árum síðan þegar þessi breyting var ákveðin, að reikna út hvað kæmi í staðinn og það hlýtur að sækja að manni sá grunur að ástæðan fyrir því sé kannski sú að gjaldið sé talsvert lægra vegna afkomu en menn ætluðu í upphafi.

[17:14]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysisbætur, 620. mál, svar félmrh., þskj. 1564.

Fiskræktarsjóður, 977. mál, fsp. ÖS og AKG, þskj. 1578.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, nál. iðnn., þskj. 1577.

Refa- og minkaveiðar, 802. mál, svar umhvrh., þskj. 1568.

[17:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Nú missti ég af fyrri hluta þessarar umræðu um málið sem við ræðum hér, það er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92 frá 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég var upptekinn á fundi með forseta þingsins ásamt formönnum hinna þingflokkanna þannig að vera kann að ég hafi í raun misst af svari við einni spurningu sem mér leikur hugur á að fá svar við. Það er þannig, virðulegi forseti, að í athugasemdum við frumvarpið stendur að samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstrarreikningi Þróunarsjóðs fyrir árið 2003 var hrein eign sjóðsins um 318 millj. kr. og ef áætlanir ganga eftir fyrir árin 2003–2009 má víst gera ráð fyrir að hrein eign sjóðsins verði um 370 millj. kr. þegar starfstíma hans á að ljúka samkvæmt lögum.

Í lögum um Þróunarsjóð kemur skýrt fram að ef þessi sjóður hættir störfum, eins og reyndar er verið að leggja til með frumvarpinu, þá eigi fjármunir hans að renna til hafrannsókna. Gott og vel. Þegar við höfum 2. umr. um frumvarpið fyrir um viku síðan, ef ég man rétt, spurði ég einmitt hv. formann sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, hvernig menn hefðu hugsað sér þetta varðandi skuldbindingar sjóðsins.

Nú hefur komið fram og ég hygg að allir sem á annað borð fylgjast með þessum málum viti það reyndar að þessi sjóður tók á sig skuldbindingar. Hann tók lán til að standa straum af kostnaði við smíði nýs hafrannsóknaskips, Árna Friðrikssonar. Ég spurði hv. þm. að því fyrir viku síðan hvað yrði um þessar skuldbindingar. Honum var ekki kunnugt um svarið þá en kannski hefur hann aflað sér upplýsinga á þeim dögum sem eru liðnir síðan þannig að hann geti þá svarað þessu núna. Kann að vera að hann hafi svarað þessu fyrr í dag. En þar sem ég missti af fyrri hluta umræðnanna eins og ég sagði áðan bið ég hann um að endurtaka svar sitt ef svo er. Það væri mjög gagnlegt að fá svar við þessari spurningu, frú forseti.

Eins og ég sagði áðan þá eiga fjármunir þessa sjóðs að renna til hafrannsókna samkvæmt lögum eins og þau eru í dag. Í sjálfu sér er kannski ekkert við það að athuga. Ég er einn af þeim sem hafa talað mjög hlýlega um það að okkur beri að auka fjármuni til þess að efla hafrannsóknir hér við land. Við eyðum of litlum peningum og jafnvel líka of litlum tíma í þennan mikilvæga málaflokk.

Þó er það svo, frú forseti, þegar maður fer að kynna sér þetta mál og skoða svolítið sögu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og þær umræður sem hafa verið í þinginu á undanförnum missirum að þá kemur ýmislegt athyglisvert í ljós sem ég tel rétt að gefa gaum núna þegar við ræðum endalok Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Það sem ég hnaut um þegar ég skoðaði þetta var að á 125. löggjafarþingi 1999–2000 var lagt fram frumvarp til laga á hinu háa Alþingi um breytingu á þessum lögum nr. 92 frá 1944, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Flutningsmenn frumvarpsins voru hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson og Hjálmar Árnason. Frumvarpið er mjög einfalt og stutt og 1. gr. þess hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa. Fjárhæð styrks skal nema 50.000 kr. á hverja rúmlest skips sem tekið er til varðveislu eftir 1. janúar 1990.“

Í greinargerð með þessu ágæta frumvarpi kemur fram að það skortir mjög fjármagn til varðveislu gamalla fiskiskipa sem menn vilja eiga til minja, ef svo má segja, til að varðveita merka sögu okkar í sjávarútvegi, og ekki bara fiskiskipa heldur ýmiss búnaðar jafnvel, ýmissa minja, jafnvel húsakosts og annars þess háttar. Ég held að flestir geti fallist á að við Íslendingar höfum ekki verið nógu dugleg við að varðveita minjar um þessa glæstu fortíð okkar sem sjávarútvegs- og fiskveiðiþjóðar. Má um það finna mörg ljót dæmi þar sem mikil menningarverðmæti hafa farið í súginn. Ég ætla svo sem ekki að rekja þá sorgarsögu í löngu orði hér og nú. Flestir kannast við einhver dæmi um þetta.

Þetta frumvarp dagaði reyndar uppi í þinginu. En nokkrum mánuðum síðar var frumvarpinu breytt í þingsályktunartillögu sem fór fyrir þingið á vordögum árið 2000. Að þessari þingsályktunartillögu stóð gjörvöll þáverandi sjávarútvegsnefnd sem voru hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, Jóhann Ársælsson, Árni Ragnar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

Þessi þingsályktunartillaga, frú forseti, er svolítið merkileg vegna þess að hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um varðveislu báta og skipa. Frá sjávarútvegsnefnd.“ — *tek ég fram enn og aftur.*

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.“

Þessi merka þingsályktunartillaga kom sem sagt í framhaldi af þessu frumvarpi. Menn höfðu sem sagt tekið frumvarpið og frekar breytt því í þingsályktunartillögu til þess að reyna að finna málinu einhvern farveg frá hinu háa Alþingi og inn í stjórnsýsluna. Þingsályktunartillagan hlaut ágæta meðferð í þinginu og var rædd og fór til atkvæðagreiðslu og var að lokum samþykkt á hinu háa Alþingi 9. maí árið 2000, það er fyrir réttum fjórum árum síðan. Hún flaug í gegn og varð sem sagt að þingsályktun, tilmælum til ríkisstjórnarinnar þar sem ríkisstjórninni var falið að undirbúa tillögur um það hvernig skyldi staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilvægar minjar um atvinnu og byggðasögu, og líka móta reglur um fjármögnun og annað þess háttar sem meðal annar Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki þátt í.

Síðan hefur töluvert vatn runnið til sjávar, frú forseti. En ég veit ekki til þess að nokkur skapaður hlutur hafi gerst. Þessi þingsályktunartillaga sem afgreidd var í þinginu hvarf út í tómið og ég held að ekkert hafi verið efnt á öllum þessum mánuðum sem liðnir eru. Það eina sem hefur gerst er að dýrmætum minjum um glæsta sögu okkar sem fiskveiðiþjóðar hefur enn haldið áfram að hraka og brotna. Þessar minjar hafa brotnað og týnst og mikilvægur hluti af menningararfleifð þjóðarinnar hefur farið í súginn. Ríkisstjórnin hlýtur að bera

ábyrgð á þessari handvömm og ég verð að segja það, frú forseti, að mér finnst það mjög alvarlegt mál ef ríkisstjórnin fer ekki að tilmælum Alþingis.

Það er nú svo að Alþingi, þessi stofnun sem situr hér er dýr í rekstri og mér finnst mjög alvarlegt ef Alþingi er látið sólunda tíma sínum í umræður fram og til baka um mál, um þingsályktunartillögur. Þessi mál fara til nefnda og svo framvegis. Jafnvel er leitað eftir umsögnum. Þarna er miklum tíma eytt til einskis. Mikill tími fer í súginn. Alþingi vill vel en það rekst á ókleifan múr sem er ríkisstjórn Íslands. Þetta er mjög alvarlegt mál. Því miður er það svo, frú forseti, að einmitt grúsk mitt og eftirgrennslan í skjölum þingsins, eftir að ég settist á hið háa Alþingi fyrir réttu ári síðan, hefur leitt til þess að ég komst að því að þetta er ekki eina þingsályktunartillagan, því miður, sem virðist hafa dagað einhvers staðar uppi.

Ég þykist vita um annað dæmi um þingsályktunartillögu sem var samþykkt hér 3. mars árið 1998. Þar fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa nefnd hæfra manna sem áttu að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns. Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram af þremur ágætum þingmönnum, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, hv. þm. Árna M. Mathiesen og hv. þm. Guðna Ágústssyni. Nú eru bæði hv. þm. Guðni Ágústsson og hv. þm. Árni M. Mathiesen ráðherrar í núverandi ríkisstjórn. En það virðist ekki hafa dugað til. Ég held að þessa þingsályktunartillögu hafi hreinlega dagað uppi. Ég hef reyndar lagt inn fyrirspurn til forsætisráðherra með ósk um skriflegt svar eða réttara sagt að hann segi okkur fréttir af störfum þessarar nefndar sem hann ber ábyrgð á að hafi átt að vera skipuð árið 1998, sennilega um sumarið. Það verður mjög gaman og athyglisvert að sjá hvaða fréttir hæstv. forsætisráðherra getur fært okkur af störfum nefndarinnar um Þingvallaurriðann. Nóg um það í bili.

Áður en ég held áfram er kannski best að minnast á þriðju þingsályktunartillöguna sem hefur farið í gegnum þingið og einhvern veginn dagað uppi að ég tel. Það er þingsályktunartillaga sem var samþykkt hér í mars árið 2003, tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Flutningsmaður var Hjálmar Árnason. Sú tillaga hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum fiskvinnslustöðva og sjávarútvegsráðherra sem jafnframt skipar formann.

Sjávarútvegsráðherra kynni Alþingi niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en 15. mars 2003.“

Hér stendur: „... eigi síðar en 15. mars 2003“. Ég hygg reyndar að þetta sé prentvilla og þarna hafi átt að vera 15. mars árið 2004.

Þessi ágæta þingsályktunartillaga fór í gegnum hefðbundnar leiðir í þinginu. Hún fór fyrir sjávarútvegsnefnd og aftur inn í þingið og hún var samþykkt síðari hluta mars árið 2003. Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu, hv. þm. Hjálmar Árnason, var að vonum mjög stoltur af verkum sínum og gumaði mjög af því í kosningabaráttunni í fyrra fyrir rétt rúmu ári síðan að hann hefði einmitt fengið samþykkta þessa tillögu, þ.e. um skipun nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Hann skrifaði m.a. grein sem er dagsett 19. mars 2003, með leyfi forseta:

„Undirritaður hefur mikil tengsl við Færeyjar. Að undanförnu hef ég rætt við fjölmarga aðila þar um kerfið. Athygli vekur að almenn sátt virðist ríkjandi um það meðal eyjaskeggja. Gildir þá einu hvort um er að ræða sjómenn, útgerðarmenn, verkendur, bankamenn eða almenning. Sáttin er nokkuð almenn. Sú staðreynd að Færeyingar séu almennt sáttir beinlínis kallar á að skoða hvað í kerfinu felst. Sannarlega er til mikils að vinna ef hægt er að draga úr hinum langvarandi deilum um fiskveiðistjórnun hérlendis. En við verðum að vera viss í okkar sök áður en skrefið er stigið til fulls.“

Og áfram heldur hv. þm.:

„Með samþykkt Alþingis hefur verið stigið raunhæft skref til markvissra vinnubragða gagnvart færeyska kerfinu. Framsóknarmenn áttu frumkvæði að því skrefi. Fróðlegt verður að sjá niðurstöðurnar. Þær munu a.m.k. skapa raunhæfan grundvöll til frekari ákvarðanatöku.

Hjálmar Árnason, alþingismaður, Suðurkjördæmi.“

Áfram hélt hv. þm. í kosningabaráttunni og fór mikinn við að auglýsa það sérstaklega fyrir kjósendum í Suðurkjördæmi að hann hefði barist fyrir því að þessi úttekt á færeyska kerfinu yrði gerð. Hér stendur m.a. í grein sem birtist á vefmiðlinum horn.is rétt fyrir kosningar í fyrra, með leyfi forseta:

„Á síðasta þingi var samþykkt tillaga frá undirrituðum um að láta fara fram hlutlausa úttekt á kostum og göllum færeyska kerfisins og rannsaka hvernig það hentar við íslenskar aðstæður. Eftir slíka úttekt getum við fyrst tekið afstöðu til þess hvort færeyska kerfið er betra eða verra en okkar kerfi. Þá fyrst er hægt að bera saman kostina og gallana og síðan í framhaldinu að taka ákvörðun. Þetta er mjög ábyrg afstaða.“

Þetta skrifaði hv. þm. Hjálmar Árnason.

Því miður var þetta eintómt froðusnakk. Það var ekkert að marka orð þingmannsins, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta var eingöngu notað í blekkingarskyni af Framsfl. til að villa um í umræðunni, kasta ryki í augu kjósenda og telja þeim trú um að Framsfl. og ríkisstjórnin ætluðu sér að gera eitthvað raunhæft í að skoða þessi mál og leggja fyrir þjóðina hlutlausa skýrslu um þetta mál. Þetta kom mjög til umræðu í kosningabaráttunni. Þeirri fölsku gulrót var óspart veifað framan í kjósendur síðustu vikurnar fyrir kosningar og hv. þm. Hjálmar Árnason, sem því miður er ekki í salnum núna þótt hann ætti náttúrlega að vera hér sem einn af fulltrúum í sjútvn. til að taka þátt í umræðunum eða jafnvel aðeins til að hlusta, fór þar fremstur í flokki, enda var hann hinn stolti flutningsmaður að þessari þáltill. sem fór í gegnum þingið en dagaði síðan uppi eins og svo margar þingsályktunartillögurnar sem teknar eru til afgreiðslu í þinginu.

Frú forseti. Það er ljótt að blekkja kjósendur. Það er ljótur leikur sem hlýtur að koma frambjóðendum í koll fyrr eða síðar. Ég get lofað því að hv. þm. Hjálmar Árnason verður rukkaður um loforð sín um að úttekt verði gerð á færeyska kerfinu þótt síðar verði. En nóg um það.

Ég ætlaði einmitt að mæla fyrir því að við notuðum eitthvað af þeim peningum sem eru í þróunarsjóðnum — þarna eru miklir peningar — þó að það sé gott og gilt og góðra gjalda vert að nota peninga til hafrannsókna, að einhverjir fjármunir verði nýttir til að vernda sjóminjar, merkilegar minjar úr menningar- og atvinnusögu þjóðarinnar.

Reyndin er sú að talsvert er til af gömlum bátum sem liggja flestir undir skemmdum og brýnt er að verði bjargað. Við höfum nokkur dæmi, þó að þau séu ekki mörg, um það að slíkum bátum hafi verið bjargað. Þá báta er að finna í höfnum landsins, ekki mjög víða reyndar en á sumum stöðum. Þeir eru mikið augnayndi og mörgum til mikillar ánægju. Sumir af þessum bátum þjóna reyndar nýju hlutverki sem hvalaskoðunarbátar eða til að flytja ferðafólk.

Við höfum eitt glæsilegt dæmi frá Vestamannaeyjum, mótorbátinn Blátind, sem var smíðaður fyrir tæpum 60 árum. Hann hefur verið gerður upp af miklum glæsibrag og var afhentur menningarmálanefnd Vestmannaeyja til varðveislu á sjómannadaginn árið 2001, að mig minnir. Þar voru miklir eldhugar á ferð sem tókst að bjarga þessum fallega bát, sem nú er til mikillar prýði úti í Eyjum og mun væntanlega gleðja komandi kynslóðir. Margir af þessum gömlu bátum eru mjög fallegir og vekja tilfinningar meðal þjóðarinnar, ég tala ekki um þegar þeir eru einmitt gerðir upp með þeim hætti sem á að gera upp gamla báta, að þeir séu ekki dregnir á land og látnir rotna þar heldur notaðir áfram til siglinga, fólki til ánægju og yndisauka.

Ég man eftir öðrum bát sem búið er að bjarga. Hann er kominn í hús, sögufrægt skip sem lengi lá og grotnaði í Vestmannaeyjum, Skaftfellingur. Hann er núna geymdur í Vík í Mýrdal og bíður þess að verða gerður upp. Það er mjög merkilegt skip sem á sér mikla sögu á Suðurlandi.

Annað skip liggur því miður undir stórskemmdum og er okkur Íslendingum til mikilla vansa hve illa hefur verið farið með það. Það er kútter Sigurfari á Akranesi. Það merkilega skip var illu heilli dregið upp á land, hefur síðan verið að rotna þar í aldarfjórðung og er orðið mjög illa farið. En það eru engir peningar til að bjarga þessu skipi. Þetta er eini kútterinn sem við Íslendingar eigum í dag og hann er því miður að hverfa ofan í jörðina. Það er til skammar fyrir okkur Íslendinga hvernig við höfum farið með það skip.

Það á að bjarga þessum gömlu tréskipum og nota þau, sigla þeim. Ég vek t.d. athygli á því að nágrannaþjóðir okkar, bæði Norðmenn og Færeyingar, eiga marga kúttera. Þeir hafa ekki verið svo vitlausir að draga þá upp á land. Nei, þeir sigla á þeim, nota þá og viðhalda þekkingu meðal þjóðarinnar um hvernig eigi að sigla svona skipum. Ég hygg að sú þekking sé ekki til staðar á Íslandi lengur, þekkingin á því hvernig sigla eigi kútter. Þannig er komið fyrir siglingaþjóðinni og fiskveiðiþjóðinni Íslendingum í dag, að þeir gætu ekki siglt kútter þó að líf þeirra lægi við. Þannig er nú það.

Annað skip sem ég man eftir er bátur uppi á Akranesi sem stendur þar uppi á kambi, Höfrungur. Hann er dæmigert síldveiðiskip frá því á síðustu öld sem bíður þess að vera gerður upp en liggur undir skemmdum.

Frú forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa mál mitt mikið lengra en þetta. Ég vona að það veki einhverja til umhugsunar um þær miklu og merkilegu menningarminjar sem enn eru til og enn er hægt að bjarga. Til þess að svo megi verða held ég að hið háa Alþingi verði að grípa inn í og reyna að finna til þess fjármögnun. Ég tel einmitt að nú sé tækifærið þegar við ígrundum hvernig fara skuli með þróunarsjóð og þá peninga sem þar eru. Ég tel að við þingmenn ættum að staldra við. Við erum fjárveitingavaldið og við erum löggjafarvaldið, alla vega í orði og vonandi líka á borði. Við ættum að staldra við og íhuga hvort ekki ætti að reyna að beina einhverju af þessum peningum í að bjarga þessum merkilegu minjum um atvinnusögu okkar. Það er alveg klárt, frú forseti, að ef þær glatast þá verða þær ekki endurheimtar.

[17:36]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spurði um 318 millj. kr. sem hreina eign. Þegar rætt er um hreina eign þá eru allar skuldir farnar. Spurning er síðan um hvernig mati á eignum er háttað. Hins vegar liggur fyrir að þetta á að vera hrein eign upp á 318 millj. kr. og um 370 millj. kr. árið 2009. Það er rétt, sem fram kemur í lögunum, að peningunum á að ráðstafa til hafrannsókna. Það liggur fyrir.

Varðandi tillöguna um varðveislu gamalla skipa þá ræddum við þetta í sjávarútvegsnefnd. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson lét kanna hvert umrædd tillaga fór í meðferð þingsins og ef ég skil hann rétt þá var henni vísað til hæstv. menntmrh. Ég held að það væri ágætt sem fyrsta mál fyrir hugmenn í þessu máli að leggja fram fyrirspurn um stöðu þessa máls áður en við höldum áfram. Það er ljóst að þótt hér sé breytt ákvæðum um þróunarsjóðinn þá er hann ekki lagður af, hann á að lifa til 2009 samkvæmt frv. Því er nógur tími til að skoða þau mál og eðlilegt að spurt verði um hver sé staða þessa máls í dag.

[17:37]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar þá til að spyrja hv. formann sjútvrn., af því að ég veit að hann kemur úr miklu sjávarplássi, Vestmannaeyjum, og er eflaust áhugamaður um siglingasögu þjóðarinnar eins og margir af bæjarbúum Vestmannaeyja og annarra sjávarplássa vítt og breitt um landið: Gæti hann hugsað sér að ljá þessu máli lið og jafnvel styðja að við reyndum að nota eitthvað af þessum peningum í þetta merka mál?

Það er þannig, sem tengist Vestmannaeyjum, að ég nefndi Blátind áðan, Skaftfelling og eflaust fleiri minjar, gamla báta og annað þess háttar úti í Eyjum sem vel væri þess virði að setja peninga í til að bjarga. Slíkar menningarsögulegar minjar og sjávarútvegssöfn gefa plássum, t.d. Vestmannaeyjum, ákveðið gildi, þ.e. fortíðin. Við vitum öll að Vestmannaeyjar eiga sér mjög glæsta fortíð sem sjávarútvegspláss og menningarpláss.

Þetta var eitt, frú forseti, en mig langar líka að hnykkja á öðru, þ.e. spurningu sem ég kom að í upphafi máls míns áðan, varðandi lán sem þróunarsjóðurinn tók til að standa straum af kostnaði við hafrannsóknarskipið Árna Friðriksson. Mér er ekki kunnugt um hve hátt þetta lán var. Mér hefur einfaldlega láðst að grennslast fyrir um það. Kannski hv. formaður sjútvn. geti frætt okkur meira um það, bæði stöðu þessa láns og hvað eigi að verða um það núna á þessum árum sem eftir eru af starfsemi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

[17:39]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki ekki sögu þessa láns. Ég vísa í það sem stendur um þróunarsjóðinn, að hér sé um að ræða hreina eign þannig að lánið hlýtur þar að vera undanskilið, eða ég reikna með því. Þegar verið er að tala um hreina eign þá er ekki talað um skuld á móti. Það er alveg ljóst.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr mig hvort ég muni styðja þetta mál, varðveislu gamalla skipa og hvort það eigi að ráðstafa til þess úr þróunarsjóðnum. Ég þekki það, sem

bæjarstjóri í Eyjum á sínum tíma, að endurbygging gamalla skipa er mjög kostnaðarsöm. Við slíkar framkvæmdir er mikill kostnaður. Það er alltaf spurning hvort taka eigi úr þessum sjóði, sem einnig þarf að nýta til hafrannsókna. Það er líka þörf á því. Það er líka þörf á að varðveita þessi skip. Spurningin er hvort þetta eigi að vera mál fjárln. Þeir hafa veitt til slíkra verka litla styrki og ég veit að það kostar mjög mikið ef gera á upp alvöruskip.

Ég staldra svolítið við þetta. Við höfum Húsafriðunarsjóð, af hverju eigum við ekki að huga að skipafriðunarsjóði í framtíðinni, með einhverri fjármögnun? Það er kannski næsta mál.

[17:40]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri kannski ekki svo vitlaust að huga að því að búa til eitthvað sem gæti heitið skipafriðunarsjóður eða sjávarminjasjóður, einmitt til að nota í þetta. Ég tel að það sé okkur í til mikilla vansa og alveg ótækt hve deig við höfum verið við að bjarga þessum minjum.

Tökum til að mynda Landhelgisgæsluna og varðskipin. Varðskipið Þór liggur í Reykjavíkurhöfn í mikilli niðurlægingu. Það er búið að mála það í gylltum lit og rífa innan úr því allar innréttingar, síðast þegar ég kom um borð. Það býr þar við mjög mikla niðurlægingu. Það ætti að vera búið að bjarga þessu skipi fyrir löngu, gera það að safni og hafa það til sýnis í Reykjavíkurhöfn til marks um glæsta sögu okkar í landhelgisstríðunum við Breta, stríðum sem lögðu grundvöllinn að því að við náðum yfirráðum yfir fiskimiðum okkar. Þetta hefur gersamlega verið vanrækt og er okkur til mikilla vansa.

Það væri líka mjög gaman ef við ættum eins og einn gamlan síðutogara sem við gætum haft til sýnis. Ferðamönnum þykir áhugavert að skoða þetta. Aðrar og minni fiskveiðiþjóðir en við, t.d. Bretar, hafa haft rænu á því að bjarga einhverju af togurum sínum og hafa þá til sýnis í dag, þetta eru opin söfn. Ég veit að nágrannar okkar, Færeyingar, hafa verið mjög duglegir við þetta. Þeir eru að gera upp kútter úti í Skotlandi, þessi litla þjóð, og eiga nokkra aðra til viðbótar sem þeir hafa gert upp og sigla á í dag, sjálfum sér og ferðamönnum til yndisauka. Norðmenn hafa verið mjög duglegir við þetta líka. Það er gaman að koma til Noregs, þar er mikið af gömlum skipum.

Enn og aftur, ef við lítum til Færeyja, úti í Færeyjum eru sem betur fer enn þá til tréskip sem voru smíðuð á Íslandi á sínum tíma og eru orðin mjög gömul. Ég man eftir tveimur sem nú eru í Klakksvík sem eflaust væri hægt að kaupa til landsins, til varðveislu á Íslandi okkur sjálfum til yndisauka og ánægju í framtíðinni og ekki bara fyrir okkur sem lifum í dag heldur líka fyrir komandi kynslóðir.

[17:42]

Útbýting þingskjala:

Eftirlitsráðgjafar Umhverfisstofnunar, 758. mál, svar umhvrh., þskj. 1569.

Lokafjárlög 2001, 653. mál, nál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 1580.

Samkeppnisstofnun, 962. mál, svar viðskrh., þskj. 1570.

Samþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 831. mál, svar félmrh., þskj. 1573.

[17:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Áður en ég ég fjalla almennt um afkomuna í sjávarútvegi og þróunarsjóðsgjaldið, sem ég ætlaði að gera í upphafi máls míns, hef ég ákveðið að klára að ræða um það sem hér var í umræðunni rétt áðan hjá hv. þingmönnum varðandi þróunarsjóðinn og þá tillögu sem hér var vikið að og samþykkt 9. maí árið 2000, um það að þróunarsjóðurinn kæmi að varðveislu gamalla skipa og varðveislugildi báta og skipa yrði skilgreint.

Það er rétt að þessi tillaga var samþykkt á hv. Alþingi og ríkisstjórninni falið að útfæra hana. Haustið 2000 spurði ég hæstv. forsrh. hvar þetta mál væri statt og hvernig því yrði fylgt eftir. Ég vék þá m.a. að afkomu sjóðsins og því sem hér hefur einnig komið fram í máli manna, að þróunarsjóðurinn hefur fengið tekjur af fjármunum sem í raun var búið að afskrifa, eins og A-hlutdeildarskírteinum sem menn töldu á sínum tíma að væru verðlaus eign en hafa síðan við samruna fyrirtækja í sjávarútvegi reynst pappírsins virði. Inn í þróunarsjóðinn hafa komið tekjur af þessum eignum sem menn töldu að mundu ekki skila sér. Þar af leiðandi stefnir staða sjóðsins í að verða betri en menn áttu von á, þrátt fyrir þær skuldbindingar sem á hann hafa verið lagðar, m.a. fjármögnun á nýju hafrannsóknarskipi.

Hæstv. forsrh. sagði, með leyfi forseta, þann 29. nóvember 2000 í svari við fyrirspurn sem ég bar upp um stöðu þessa máls á vegum ríkisstjórnarinnar:

„Tillagan hefur fengið þá hefðbundnu meðferð og afgreiðslu í stjórnsýslunni að forsrn. hefur falið menntmrn. meðferð og framkvæmd hennar. Ég geri ráð fyrir því að ályktunin fái þá meðferð sem henni ber og í anda þeirrar tillögu sem samþykkt var í því ráðuneyti og er ekki í vafa um að ráðuneytið leysi vel úr því verkefni sem því hefur verið falið."

Í lokaorðum ræðunnar sagði hæstv. forsrh. síðan, með leyfi forseta:

„Ég tel að málið sé út af fyrir sig í eðlilegum gangi þrátt fyrir þessar ábendingar í greinargerðinni. Ég tel að málið sé komið í eðlilegan farveg og muni væntanlega fá málefnalega og góða meðferð sem hægt verður að greina frá í fyllingu tímans."

Í þessari umræðu tóku þátt fleiri þingmenn, m.a. hv. þm. Jóhann Ársælsson. En undir lok umræðunnar sagði forsrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því að þetta er hið mikilvægasta mál og hluti af sögu okkar. Við vorum reyndar að rifja það upp hér, hæstv. utanrrh. og ég, að við áttum einmitt samstarf um það á sínum tíma þegar hann var sjútvrh. og ég borgarstjóri að bjarga einu slíku skipi, Aðalbjörginni sem var síðan sett upp í Árbæjarsafn og á síðan að hverfa á hafnarsvæði á nýjan leik. Þetta er stór hluti af sögu okkar. En við skulum gera okkur grein fyrir því líka að þetta er heilmikið mál. Við þekkjum vandamálin á Akranesi. Þar er hið merka skip, kútterinn. Menn eiga í erfiðleikum með hann þó að hann sé varðveittur þar. Þetta er heilmikið mál því það er ekkert auðvelt að varðveita þessi skip úti. Þau þarf helst að varðveita við réttar aðstæður, rétt rakastig og slíkt. Þetta er heilmikill kostnaður þannig að við verðum að fara í þetta af festu og alvöru en jafnframt með gát."

Hæstv. forsrh. sagði að endingu:

„En ég ítreka að ekki stendur annað til en reyna að afgreiða þetta mál fljótt og vel en það þarf líka að undirbyggjast vel."

Þetta voru orð hæstv. forsrh. Síðan hefur verið kosið í þessu landi og tekið við ný ríkisstjórn. Enn þá er sami einstaklingur forsætisráðherra og ríkisstjórn með sömu flokkum

en enn þá hefur ekki verið framkvæmt, a.m.k. ekki svo ég viti, það sem samþykkt var á hv. Alþingi. Sá vilji forsrh. sem kom fram í þeim svörum sem ég vitnaði til hefur heldur ekki gengið eftir. Ég tel að málið hafi fengið svæfingu í höndum fyrrv. menntmrh. Ég veit ekki hvað núverandi menntmrh. mun gera og aðhafast í þessu máli. Ég vona vissulega að hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir taki þetta mál upp. Ég vil hins vegar, af því að við erum að ræða um þróunarsjóðinn og af því að samþykkt var á hv. Alþingi að þróunarsjóðnum skyldi fengið þetta hlutverk, benda á að stefnumótun Alþingis liggur fyrir um að þróunarsjóðurinn geti komið að þessu verkefni.

Þegar menn hafa verið að reyna að varðveita söguna, hvort sem það eru sögulegar minjar á landi eða skip eins og í þessu tilfelli, hefur oft og tíðum verið erfitt að fá fjármagn til þeirra verkefna. Þau hafa stundum verið leyst sérstaklega í fjárln. með styrkjum til endurbyggingar einstakra skipa, til áhugamanna sem unnið hafa að því. Það er auðvitað vel og hefur tekist að varðveita mörg eldri skip með þeim aðferðum. Einkum hafa þetta verið minni fiskiskip, alveg niður í árabáta. Um það er ekkert nema gott að segja.

Það er hins vegar svo að við eigum aðeins einn kútter hér á landi, kútter Sigurfara, sem varðveittur er uppi á Akranesi. Skipið er því miður í mikilli niðurníðslu og þarf að gera átak í að varðveita það skip, okkar eina eintak frá því tímabili útgerðarsögunnar. Það mun kosta mikið fé. Ég hefði talið, hæstv. forseti, að þótt við legðum ekki til nema um helming af þeim 318 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að sé afgangs í sjóðnum, hvað þá ef tekst að varðveita eignir sjóðsins vel áfram, þá væri það markvert átak fyrir framtíðina í að varðveita útgerðarsöguna og atvinnusögu landsins. Ég teldi enga goðgá, hæstv. forseti, að hv. Alþingi fylgdi eftir stefnumótun sinni með því að leggja til breytingar á lögunum um þróunarsjóðinn, þ.e. að hluti þeirra fjármuna sem þar verða eftir við uppgjör nýtist til skynsamlegra verka og í sérstök verkefni eins og að varðveita kútter Sigurfara.

Auðvitað eru fjöldamörg önnur verkefni sem verja þarf fjármunum til í þessa veru en nú fer hver að verða síðastur í að ná til þeirra skipa sem byggð hafa verið úr viði hér á landi og viðhalda þeim eintökum sem menn telja á annað borð skynsamlegt að varðveita. Ég held að við hljótum að líta til þess, hv. þingmenn á Alþingi, að þessi stefnumótun Alþingis liggur fyrir og svar forsrh. var nokkuð skýrt að þessu leyti, hann vék m.a. að ástandi kútters Sigurfara uppi á Akranesi. Auðvitað mætti tína til fleiri verkefni sem hægt væri að marka skynsamlegar tekjur til og ná þeim áfanga að bjarga skipum sem menn telja þess virði að varðveita fyrir framtíðina og komandi kynslóðir.

Þó að í lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sé núna tekið fram að fjármunir, ef einhverjir verða eftir, gangi til Hafrannsóknastofnunar til hafrannsókna að loknum gildistíma þeirra, skulum við ekki gleyma því að áður en það ákvæði var lögfest, sem mig minnir að hafi verið árið 1999, áttu fjármunir þróunarsjóðsins að renna beint til ríkisins. Síðan hefur Alþingi samþykkt þessa tillögu sem ég hef rætt. Ég tel að þrátt fyrir lögin um þróunarsjóðinn og afganginn af honum þá liggi jafnframt fyrir stefnumótun Alþingis um að ákveðnir hlutir af þessum fjármunum muni renna til varðveislu gamalla skipa. A.m.k. er algerlega ljóst í mínum huga, hæstv. forseti, að þeim peningum sem verða eftir í þróunarsjóðnum við uppgjör hans verði varið til ákveðinna verkefna. LÍÚ á enga sérstaka kröfu á að þeir fjármunir renni beint til samtakanna eða til útgerðarmanna. Þannig er nú það, virðulegi forseti.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég vonast vissulega til þess að þeir þingmenn sem eru svipað þenkjandi og sá sem hér stendur muni sameinast um það, þótt það verði ekki fyrr en á næsta þingi eða þarnæsta, að tryggja að ákveðnir fjármunir fáist til þeirra verka eins og að varðveita kútter Sigurfara. Ég er ekki viss um að við höfum annað tækifæri til þess að ná í peninga til að takast á við það verkefni. Það verður mjög dýrt að byggja kútter Sigurfara upp. Ég mundi spá því að það verkefni hlypi á tugum milljóna. Þeir peningar detta ekki ofan úr himninum. Ég held að stefnumótun Alþingis liggi fyrir að því er varðar hlutverk þróunarsjóðsins að hluta til í það verkefni.

Ég skrifaði undir þetta nefndarálit um þróunarsjóðinn með fyrirvara, m.a. vegna þess að ég vildi láta þetta koma fram að á hv. Alþingi hefði verið mótuð ákveðin stefna um fjármuni þróunarsjóðsins að þessu leyti, til varðveislu gamalla skipa. Ég vildi ekki ljúka umfjölluninni um þróunarsjóðinn án þess að láta þessa getið.

Ég velti vissulega fyrir mér öðru þegar ég skrifaði undir nefndarálitið. Það tengdist fyrirvara mínum einnig en það er fyrirkomulag gjaldtöku í sjávarútvegi sem hér var ágætlega fjallað um af hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrr í dag og hv. formanni sjútvn., Guðjóni Hjörleifssyni. Þeir fóru yfir það mál. Ég ætla ekki að rekja alla þá sögu sem hv. þm. Jón Gunnarsson fór yfir. Hann fór ágætlega yfir aðdraganda þess að sjóðurinn var stofnaður og til hvers hann var stofnaður. Hann fór einnig yfir atvinnutryggingardeildina og A-hlutdeildarskírteinin. Ég gat um það í upphafi ræðu minnar að auknir fjármunir í þróunarsjóðnum nú eru m.a. komnir til vegna þess að í raun eru að greiðast til baka skuldir sem menn voru búnir að afskrifa, varðandi A-hlutdeildarskírteinin og atvinnutryggingardeildina.

Rétt er að taka það fram að þingmenn Frjálslynda flokksins greiddu ekki atkvæði með upptöku veiðigjalds sem sett var í lög og á að koma til framkvæmda 1. september næstkomandi. Því var eiginlega fundinn staður í upphafi máls, ef ég man rétt, í skýrslu auðlindanefndar frá árinu 1999 sem gerði þá úttekt á málum sjávarútvegsins. Þar var sagt eitthvað á þá leið að forsenda þess að taka upp auðlindagjald skyldi vera niðurgreiðsla skulda í sjávarútvegi og það gjald skyldi vera magntengt annars vegar og afkomutengt hins vegar. Þetta var meginefnið í skýrslu auðlindanefndarinnar að því er varðaði þessa gjaldtöku.

Nú er það svo, virðulegi forseti, sem rétt er að láta koma fram við þessa umræðu, að sjávarútvegurinn hefur alls ekki verið að greiða niður skuldir sínar, því miður. Þær hafa verið að aukast. Ef ég man rétt úr umfjöllun úr fjölmiðlum og umræðu á fyrstu mánuðum þessa árs þá hafa lánastofnanir í þessu landi og ýmsir sem fylgst hafa með lántökum og breytingum á eign fyrirtækja í sjávarútvegi, m.a. sölu Landsbankans á Brimi o.s.frv., talið að það væri ekki óvarlegt að áætla að skuldir sjávarútvegsins hefðu aukist um 30–40 milljarða kr. í viðskiptum sem hafa átt sér stað innan sjávarútvegsfyrirtækjanna, við þau uppkaup og samþjöppun sem farið hefur verið í á undanförnum árum. Þótt menn séu að kaupa fyrirtæki og sameina þau við önnur þá hefur afkoman í sjávarútvegi ekki verið þannig á undanförnum árum að menn hafi hlaðið upp tugum milljarða í sjóði sína. Menn hafa vissulega tekið þessa peninga að láni. Það á líka við um þá þróun sem nú er í gangi, að menn eru að taka fyrirtæki

út af markaði og setja fram yfirtökutilboð til minni hluthafa. Þeir peningar eru einnig teknir að láni að stórum hluta, við uppkaup á hlutum minni hluthafa.

Auðvitað væri hægt að rekja um þetta einstök dæmi. Ég ætla ekki að gera það hér en hins vegar er hægt að segja frá því að skuldir sem stofnað var til við að m.a. Grandi keypti HB leiddu til þess að Grandi seldi einhvers staðar hluti, m.a. vestur á fjörðum. Þeir sem þar voru í fyrirtæki tóku lán til að kaupa Granda út o.s.frv. Skuldirnar hafa víða myndast og liggja á sjávarútveginum. Því miður hafa þær aukist og að fróðra manna mati um 30–40 milljarða kr. á síðustu mánuðum og missirum. Það er auðvitað ekki góð staða og í allt öðru samhengi heldur en skýrsla auðlindanefndar byggði á, að sjávarútvegi gæfist tími til að greiða niður skuldir sínar. Sú þróun hefur alls ekki gengið eftir og væntingar manna til kvótakerfisins að þessu leyti eru algerlega á skjön við það sem menn töldu á sínum tíma.

Það er líka rétt að láta þess getið, hæstv. forseti, að ef ég man rétt voru tekjur sjávarútvegsins á árinu 2003, þ.e. aflatekjurnar af fiskveiðunum, 67 milljarðar. Ég held að ég hafi séð þetta í blaði alveg nýverið. Af þeim 67 milljörðum minnir mig að þorskurinn hafi gefið 23 milljarða, þorskafli nn, og ýsan sem var rúm 60 þús. tonn hafi gefið um 6 milljarða, 5,9, eða samanlagt tæpir 30 milljarðar og þá sjáum við að þorskurinn og ýsan gefa tæplega helminginn af heildartekjunum í sjávarútvegi. Mig minnir að loðnuveiðarnar á síðasta ári hafi gefið 4,9 milljarða. Þetta er sagt eftir minni en það er ekki langt síðan þetta var í blöðunum.

Ég segi þetta vegna þess að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sagði áðan að áætlun sjútvrn. byggði á því að tekjurnar væru 78 milljarðar, fer ég ekki rétt með? Ef ég fór rétt með varðandi 67 milljarða á síðasta ári skakkar þarna 10–11 milljörðum á tekjunum. Þar af leiðandi er áætlun sjútvrn. um að við fáum tekjur upp á 1,1–1,2 milljarða út úr hinu nýja veiðigjaldi eða auðlindagjaldi miðað við þá prósentu sem á að taka á næsta fiskveiðiári, ekki alveg rétt. Það er sennilega frekar nær milljarði eða þar um bil sem tekjurnar gætu orðið miðað við þær forsendur. Við erum hins vegar að fella niður gjöld sem nema 782 millj. þannig að reikna má með að tekjurnar að því leyti til aukist þá um það sem þar munar, um kannski 200–300 millj. ef að líkum lætur.

Eftir sem áður fannst mér vegna afstöðu minnar til málsins að ég gæti ekki staðið að því að viðhalda þessari gjaldtöku, vera á móti niðurfellingu á henni, vitandi að síðan ættu að taka gildi þau lög og sú gjaldtaka sem á að koma 1. september. Ég tók því þá afstöðu að vera á nefndarálitinu með fyrirvara og það er auðvitað líka í ljósi þess að afkoma sjávarútvegins er ekki allt of góð um þessar mundir og þessi gjöld verða ekki lögð á sjávarútveginn hvor tveggja, þ.e. gamla þróunarsjóðsgjaldið og veiðileyfagjaldið og síðan þróunarsjóðsgjaldið á hvert skip og upptaka gjaldtökunnar 1. september sem miðast við afkomutengt auðlindagjald. Og af því að afkoman var slakari á síðasta ári en árið á undan og markaðsverð hafa farið lækkandi og talsvert verið talað um það í vetur að markaðsverð og tekjur sjávarútvegsins hefðu almennt lækkað um 20% á fyrstu mánuðum ársins miðað við árið á undan, geri ég ráð fyrir að þegar árið verður skoðað, uppgjörsárið sem á að miða við til 30. apríl, muni það dæmi sem ég hef nefnt upp á 67 milljarða jafnvel ekki vera að lagast þrátt fyrir það hvernig hlutirnir hafa gerst á eyrinni. Þó gæti verið að vegna þess að við höfum verið að auka ýsuveiðina og þorskveiðina með meiri heimildum í þorski og ýsu, eins og ég gat um áður, hafi sá aukni afli unnið eitthvað upp samdráttinn í verðmætunum vegna þess hversu þorskurinn og ýsan eru stórt hlutfall af heildartekjunum í fiskveiðunum, eða tæplega helmingur.

Það segir okkur auðvitað líka að það skiptir aldeilis miklu máli hvernig okkur tekst að nýta þorskstofninn og ýsustofninn og þá kemur auðvitað spurningin í framhaldi af því, ef við ætlum að ná þessum stofnum upp, hvort þá sé jafnvel orðið skynsamlegt að fórna einhverju til varðandi uppsjávarveiðarnar til þess að gefa þessum fiski að éta því að þarna eru alveg gríðarleg verðmæti. Þetta eru auðvitað líffræðilegar spurningar og eiga kannski ekki heima í umræðunni en rétt að láta þess getið.

Hins vegar er rétt að geta þess að þegar fara á að meta slík verðmæti, og það kom fram í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar áðan að hagfræðingarnir í fjmrn. eða Seðlabankanum ættu erfitt með að meta þetta og þeir geta ekki vitað beint um niðursveiflu í verðmætum, það er alveg örugglega rétt ályktun hjá hv. þm., en það er líka alveg örugglega rétt að þeir höfðu ekki hugmynd um að við mundum auka kolmunnaveiðarnar með því hraði sem við gerðum og sáu það ekki fyrir og það var ekki séð fyrir þegar við settum auðlindagjaldið á. Það er auðvitað þannig að bæði geta sveiflur í aflaverðmæti verið miklu hraðari í sjávarútveginum en menn hafa kannski gert sér í hugarlund og síðan höfum við auðvitað fengið til viðbótar verulega skelli eins og í rækju og hörpudisk sem við erum bara alveg hætt að veiða og allt hjálpast þetta að við að lækka tekjur sjávarútvegsins. Á móti hefur hins vegar komið meiri kolmunnaveiði sem hefur bætt þetta að einhverju leyti upp, en samt sem áður, hvert væri þá tekjufallið ef við hefðum ekki farið í kolmunnaveiðarnar, hvar værum við þá? Hvað væri þá að marka þessar áætlanir?

Virðulegi forseti. Ég tel að ekki sé hægt annað en að klára málið með þeim hætti sem hér er lagt upp með. Við getum ekki bæði verið með þróunarsjóðsgjöldin og síðan tekið upp veiðileyfagjaldið sem samþykkt var á hv. Alþingi. Þó að þingmenn Frjálsl. hafi ekki greitt því atkvæði þá er það staðreynd og við getum ekki í því árferði sem er núna í sjávarútveginum verið með miklar skuldir og tvöfalda gjaldtöku að þessu leyti. Ég vonast hins vegar til þess að árferði í sjávarútvegi fari batnandi og að sjávarútvegurinn geti á komandi árum greitt hærri gjöld og staðið algerlega undir þeim kostnaði sem honum tengist í atvinnurekstri eins og hafrannsóknum og veiðieftirliti.

Það er auðvitað sérmál að ræða veiðieftirlitið og hvernig það hefur þróast og mikil spurning hvort eftirlitsiðnaðurinn í því dæmi getur gengið svo fram sem horfir og hvort ekki sé orðin spurning um að breyta veiðikerfinu þannig að eftirlitspátturinn verði ekki svona ofboðslega dýr og við séum ekki alltaf að telja fiska og kíló og þá erum við auðvitað komnir að þeirri grundvallarspurningu: Er eitthvert vit í því að hafa m.a. keilu, löngu, skötusel og fleiri tegundir inni í kvóta? Er eitthvert vit í öllu því eftirliti sem núverandi fiskveiðistjórnarkerfi býður upp á? Við í Frjálsl. höfum talið að það væri betra að skipta flotanum upp í útgerðarflokka og reyna að innleiða sókn í eitthvað af veiðunum, sérstaklega í botnfiskveiðunum, og höldum að það mundi spara mikla fjármuni í eftirlitspætti og þar að auki auka verðmæti og minnka brottkast og laga umgengni varðandi veiðarnar.

Ég held að þetta nægi til að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði varðandi málið og segi að lokum að það ætti að vera hægt að nálgast með meiri vissu en við

erum kannski að ræða í dag þær upphæðir sem við ætlum að byggja gjaldtökuna á. Viðmiðunarverð á olíu er þekkt um hver mánaðamót vegna þess að það tengist skiptaverði í kjarasamningum sjómanna og liggur fyrir um hver mánaðamót þannig að sú staðreynd ætti að liggja fyrir. Nú er komið fram yfir 30. apríl og það ætti að vera hægt að áætla þetta betur. Ég held að það væri fróðlegt og vík því að hv. formanni sjútvn., Guðjóni Hjörleifssyni, hvort ekki væri rétt að óska eftir frekari útreikningum frá sjútvrn. og taka síðan annan fund í nefndinni, t.d. á fimmtudag eða föstudag, á fyrirhuguðum nefndadögum, og vita hvort við værum komnir með raunhæfari áætlanir þannig að við værum með betra veganesti fyrir framan okkur þó að ég telji að menn hafi reynt að nálgast þá vitneskju og formaður nefndarinnar hafi reynt að fá fram þær upplýsingar sem mögulegt var að ná í. En viðmiðunartímabilið er sem sagt liðið og nú er bara spurning um að vinna úr þeim upplýsingum og það ætti að vera hægur vandi hjá ráðuneytinu með þeim upplýsingagögnum sem fyrir liggja í sjávarútvegi að áætla þetta með tiltölulega mikilli nákvæmni þannig að ekki skeikaði hundruðum milljóna í því dæmi. Það væri auðvitað fróðlegt áður en við stimpluðum málið til 3. umr. Eftir sem áður tel ég að málinu verði að ljúka á þessu þingi.

[18:11]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þeim orðum sem féllu hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni varðandi vörslu gamalla skipa þá hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að koma á sjóminjasafni. Reykjavíkurhöfn hefur keypt gamla bæjarútgerðarhúsið eða fiskvinnsluhús Bæjarútgerðar Reykjavíkur og hyggst koma þar upp sjóminjasafni. Jafnframt hefur verið hugað að því að væntanlega væri hægt að setja á laggirnar sjómannastofu á neðri hæð fyrir innlenda jafnt sem erlenda sjómenn.

Samgn. hefur nýlega afgreitt frá sér nefndarálit varðandi stofnun sædýrasafns á höfuðborgarsvæðinu þannig að það er margt að gerast í þessum málum. Hvað áhrærir þá ágætu aðstöðu í hinu gamla frystihúsi Bæjarútgerðar Reykjavíkur þá hef ég séð hugmyndir um að austanvert við húsið sem snýr í átt að Slippstöð Daníels hafi menn jafnvel hug á að vera með bryggju samsíða húsi bæjarútgerðarinnar einmitt til að geyma þar skip á floti. Það væri mjög áhugavert og er athyglisvert ef þeim langþráða draumi yrði hrint í framkvæmd og tengist það þá því sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á varðandi Þróunarsjóðinn, að taka upp samstarf til að vernda gömul skip því að illu heilli á árum áður, eins og við þekkjum, þegar skip voru endurnýjuð varð að úrelda skip á móti og því miður fóru þá mörg góð skip fyrir lítið.

Vonandi tekst okkur að standa saman að því að sett verði á stofn myndarlegt sjóminjasafn með gömlum skipum og sædýrasafni auðvitað til þess að sýna fólki hver uppruni okkar Íslendinga er og hvað það var sem breytti bæ í borg og gerði okkur lífið svo gott sem það er nú.

[18:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekkert nema gott um þær hugleiðingar að segja sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vék að. Þetta er m.a. verkefni sem hægt væri að nýta fjármuni í og ég hef horft til þess að nota megi fjármuni úr Þróunarsjóðnum, sem þar standa vonandi út af við uppgjör hans, til ýmissa góðra verkefna sem tengjast útgerðarsögu okkar og sjóminjasögu og það er ekki víst að í annan tíma fáum við betra tækifæri til þess en einmitt nú. Ég hafna því alfarið að þeir peningar séu einhver sérstök eign íslenskra útgerðarmanna.

[18:15]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Andsvar mitt snýst kannski upp í andhverfu sína því að ég er hjartanlega sammála því sem hér hefur verið sagt. Auðvitað á að nota þessa fjármuni til þess að geyma söguna og vernda hana.

Við erum með mörg góð sjóminjasöfn vítt og breitt um landið en við þurfum endilega að reyna að stuðla að því að byggja eitt gott og stórt sjóminjasafn, bæði þar sem væru gömul skip og enn fremur sædýrasafn, eins og tillaga sem ég og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og fleiri þingmenn úr samgn., þeirri merkilegu nefnd, erum sammála um.

[18:16]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég var reyndar búinn að halda ræðu mína um þetta mál, þ.e. fyrri ræðu mína. Ég sé hins vegar ástæðu til að koma aftur í ræðustól vegna upplýsinga sem hv. formaður sjútvn. kom á framfæri í andsvari í dag. Hann upplýsti að samkvæmt grófum áætlunum yrði veiðigjaldið sem lagt yrði á núna í fyrsta sinn líklegast í kringum 1.200 millj. kr. á ársgrundvelli. Það þýðir að á þessu ári, árinu 2004, mun gjaldið sem skilar sér til ríkissjóðs vegna veiðigjalds verða í kringum 400 millj. kr. Þau tvö frumvörp sem við fáumst hér við þýða það að ríkissjóður verður af tekjum upp á 782 millj. kr. Miðað við það að við höfum ekki meiri upplýsingar en þetta er hátt í 400 millj. kr. tap ríkissjóðs fyrirsjáanlegt á þessu ári vegna þessara breytinga.

Ef þetta er niðurstaðan verð ég einfaldlega að spyrja: Hvers vegna ákveða menn að hafa þetta svona? Var einhver ástæða til þess og var ekki meiningin og var það ekki í því hluti af þeirri sátt sem talað var um, a.m.k. frá þeirra hendi sem lögðu upp með veiðigjaldið, að með því yrði greitt fyrir aðganginn að því að nýta auðlindina? Átti ekki að greiða meira heldur en áður hafði verið greitt? Hvernig stendur á því ef menn byrja á því, hið fyrsta ár veiðigjaldsins, að lækka önnur gjöld svo mikið að árið kemur út í stórum mínus? Það er auðvitað engin ástæða til þess.

Auðvitað hefði verið hægt að hafa frumvörpin um veiðigjaldið og þróunarsjóðinn þannig úr garði gerð að tekjurnar stæðust a.m.k. nokkurn veginn á við það sem ætlað var á árinu. Ég stóð reyndar í þeirri meiningu að með álagningu veiðigjaldsins, það var yfirlýst hér í umræðum á þinginu, mundi útgerðin greiða meira en hún hefur gert áður, ekki að hún greiddi minna. Er þetta handvömm? Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á því að menn velja lokadag fyrir veiðieftirlitsgjald og þróunarsjóð með þeim hætti að allt virðist stefna í að ríkissjóður verði í stórum mínus á þessu ári?

Ég sé ástæðu til að óska eftir því að staðið verði við það sem búið var að lofa. Ég hef svo sem engar efasemdir um að þetta mál verður tekið til umræðu. Ég tek þar með undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að þetta mál verði tekið inn í sjútvn. á milli 2. og 3. umr. og að þar fari menn vandlega yfir það og fái upp á borðið hvers vegna svona er staðið að málum.

Ég tel satt að segja gjörsamlega óhugsandi að menn leggi í þessa göngu með þessum hætti nema þeir upplýsi um hvers vegna sinnaskiptin hafa orðið svo ótrúleg frá því

að menn ákváðu að setja á veiðigjaldið. Þá var yfirlýst að veiðigjaldinu væri ætlað að innheimta frá útgerðinni hærri gjöld til sameiginlegra þarfa en áður. Eins og núna virðist til stofnað þá lækka þessi gjöld verulega og ríkissjóður verður af verulegum tekjum sem hann hafði áður. Það eru þó gjöld sem þjónusta er veitt fyrir. Veiðieftirlitsgjaldið fer auðvitað í þjónustu við útgerðina. Það liggja fyrir útreikningar um að útgerðin er að njóta miklu meiri þjónustu, í kostnaði fyrir ríkissjóð, en sem nemur þeim upphæðum sem hér er um að ræða. Það þarf að bíða nokkuð lengi eftir hækkun veiðigjalds til að þjónustan við útgerðina fáist greidd eða kostnaðurinn af henni fyrir ríkissjóð eins og hann liggur nú.

Ég vil fyrst koma því á framfæri, mjög skýrt og greinilega, að við í Samf. óskum eindregið eftir að fá betri og gleggri upplýsingar um það hvers vegna menn hafa valið að hafa tillögurnar með þessum hætti sem hér virðist ætla að verða niðurstaðan. Ég vil ekki trúa því að menn hafi ekki skoðað sig sæmilega um áður en hæstv. ráðherra ákvað að leggja þessi frv. fram með þeim hætti sem hér liggur fyrir og um hefur verið fjallað í nefndinni. Nefndin þurfti að fjalla um þetta mál án þess að fá neinar upplýsingar um hvert veiðigjaldið mundi verða á þessu ári, hve mikið mundi skila sér í ríkissjóð vegna veiðigjalds á þessu ári.

Þetta vildi ég nú sagt hafa um það og vonast til að hv. formaður nefndarinnar svari fyrir þetta og sé tilbúinn til þess að staðfesta að við tökum þetta mál til umræðu í nefndinni og kallaðir verði til þeir sem til þess eru bærir til að upplýsa okkur um það hver meiningin var með þessu öllu saman og hvernig stendur á því að það virðist stefna í þessa niðurstöðu, eða leiðrétta okkur ef svo ber undir. Það er alveg greinilegt að það verður ekki farið að innheimta veiðigjaldið fyrr en 1. september. Þá verður innheimtur þriðjungur af því gjaldi sem lagt verður á vegna fyrsta árs í veiðigjaldi. Miðað við þá grófu áætlun sem hv. þm. kom með getur sú upphæð ekki orðið hærri en í kringum 400 millj. kr. á þessu ári.

Úr því að ég er kominn í ræðustól þá vil ég taka undir það sem menn hafa sagt um þróunarsjóðinn og hlutverk hans. Það væri bæði þarft og við hæfi að sjóðurinn, sem vill svo til að ber nafn sem hann gæti borið með rentu, Þróunarsjóður sjávarútvegsins, gæti sinnt því hlutverki að styrkja söguminjar úr sjávarútvegi þar sem þróun sjávarútvegsins inn í framtíðina yrði sýnd. Það væri við hæfi að fjármunir til þess kæmu úr honum. Það er líka búið að lýsa því hér að vilji Alþingis hvað þetta varðar hefur komið fram. Verkefnin sem þarna eru fram undan eru mörg og stór og það er verulega mikil hætta á því að verðmæti haldi ella áfram að tapast í þeim menningarminjum sem fólgin eru í skipum á Íslandi, sérstaklega tréskipunum.

Nú stefnir í að Alþingi starfi svolítið lengur en við reiknuðum með í vor. Við gætum því gefið okkur góðan tíma til að fara yfir þau mál sem hér eru til umræðu. Það er enn langt til engjasláttar og enn er þess langt að bíða að hv. þm. Gunnar Birgisson dragi tjaldhæla sína úr jörð því að ekki hefur enn bólað á skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar. Við getum því gefið okkur enn betri tíma til að fara yfir þau málefni sem liggja fyrir þinginu.

Mig langar að bæta aðeins við þá ræðu sem ég hafði hugsað mér að halda um það hlutverk sem við höfum vanrækt hvað varðar varðveislu menningarminja í sjávarútvegi. Það liggur næst mér að nefna þau tvö verkefni sem á Akranesi bíða þess að menn geri eitthvað í þeim. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson nefndi kútterinn áðan og það er full ástæða til að tala um hann. Það þarf verulega fjármuni til að koma því skipi í það horf að hægt sé að varðveita það til framtíðar. Einnig vantar umbúnað um það þannig að það geti enst eftir þá miklu aðgerð sem gera þarf á því.

Það er líka annað skip á Akranesi sem á sér mjög merka sögu og varðveita þarf til framtíðar. Það er Höfrungur AK sem hefur undanfarin ár staðið í Slippnum á Akranesi og er virkilega áhugavert skip. Það er byggt árið 1955, ef ég man rétt, á Akranesi fyrir Harald Böðvarsson, það góða fyrirtæki. Þetta var mikið happaskip og hefur verið happaskip alla tíð. Það var happaskip hjá Haraldi Böðvarssyni og er í tiltölulega þokkalegu ástandi, skrokkurinn sjálfur. Töluvert hefur verið unnið að endurbótum á skipinu og að mínu viti er ljóst að það skip á að endurbyggja með það í huga að það komist á flot. Höfrungurinn var eitt af fjölveiðiskipum síns tíma. Þetta voru skipin sem notuð voru á vertíðum, notuð á línu og net og fóru á síld á sumrin. Höfrungur var, eins og ég sagði áðan, happaskip og frábært skip á margan hátt. Hann var teiknaður og smíðaður á Akranesi. Magnús Magnússon skipasmiður frá Söndum á Akranesi teiknaði þetta skip. Það var smíðað í Slippnum af skipasmiðum og með verkþekkingu á Akranesi. Þetta skip er í hættu núna. Það hefur staðið í reiðileysi í nokkur ár eftir að þeir sem vildu gera það upp höfðu ekki til þess fjármuni og getu. Nú ríður á að menn safni kröftum í að bjarga þessu skipi, ásamt kútternum auðvitað.

Ég vildi nefna þetta vegna þess að þarna eru a.m.k. tvö verkefni til staðar á þessu svæði. Víðar liggja verkefnin. Við höfum séð marga góða fulltrúa þessa tíma, í tréskipum, fara forgörðum. Við þyrftum að bjarga því sem bjargað verður. Ég tel að skoða þurfi vandlega hvort ekki eigi að gera breytingar á lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þannig að hann haldi áfram nafni sínu, verði áfram Þróunarsjóður sjávarútvegsins en fái nýtt hlutverk sem væri að sýna þróun sjávarútvegsins með því að styðja við þær menningarminjar sem tengjast sjávarútvegi, þá meina ég skip og aðra hluti sem minna okkur á þróun sjávarútvegsins marga undanfarna áratugi.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um þennan hluta en vík aðeins aftur að veiðigjaldinu í tengslum við umræðuna um þróunarsjóðinn. Við eigum eftir að ræða um veiðieftirlitsgjaldið líka en þessi tvö frumvörp hanga saman eins og áður hefur komið fram. Niðurstaðan sem virðist ljós núna vekur mér furðu. Það er búið að halda leyndu fyrir okkur hvað muni koma inn af veiðigjaldinu. Það tel ég vegna þess að ég get ekki trúað því að menn hafi ekki þá reikningsþekkingu í sjútvrn. eða geti ekki sótt sér hana eitthvað annað, að þar sé hægt að reikna nokkurn veginn hvaða gjöld gætu komið inn af veiðigjaldi miðað við þau lög sem eru í gildi. Við höfum margspurt eftir þessu en það er ekki fyrr en núna að við fáum grófa hugmynd um hvað geti skilað sér í veiðigjaldi, þ.e. sem hv. formaður nefndarinnar upplýsti um hér í dag. Af því virðist ljóst að ákveðið hafi verið af stjórnvöldum að lækka verulega þær fjárhæðir sem sjávarútvegurinn greiðir til ríkissjóðs á þessu ári. Þá skulda stjórnarliðar og stjórnvöld okkur skýringar á þeirri stefnubreytingu sem í því felst. Ég held því ekki fram að sjávarútvegurinn þoli miklar álögur. Það var heldur ekki ég eða við í Samf. sem komum á veiðigjaldi, við studdum ekki það mál. Við studdum alls ekki veiðigjaldið heldur greiddum atkvæði gegn því. Þeir sem studdu það höfðu þann rökstuðning uppi að þeir mundu leysa úr þeim þjóðfélagsvanda sem átökin um sjávarútveginn, um auðlindina, hafa verið. Af þeim sökum átti að leggja á veiðigjald og

þess vegna þurftu útgerðarmenn að greiða til sameiginlegra sjóða fjármuni, sem ætti að innheimta með veiðigjaldi.

Nú virðist hafa orðið stefnubreyting sem fólgin er í því að um leið og veiðigjaldið er sett á virðast menn hafa gert það með þeim hætti að létta um leið af útgerðinni gjöldum til ríkissjóðs. Þetta er mjög merkilegt og full ástæða til að spyrja eftir því hvaða hugmyndir eru núna uppi. Ég skal fyrstur manna fagna því ef niðurstaða stjórnvalda í þessu landi er sú að veiðigjaldið sé della og finna eigi aðrar leiðir til að sætta þjóðina við stjórn fiskveiða.

Ég hef aldrei tekið undir það að skattleggja ætti útgerðina sérstaklega í landinu með þessum hætti. Samf. lagðist gegn því þegar það mál var til afgreiðslu á þinginu. Mér finnst kominn tími til að menn taki umræðuna upp aftur og geri það í alvöru með því að leita pólitískra sátta í þessu máli. Ég held að hægt sé að finna slíka leið. En þá verða menn að brjóta odd af oflæti sínu og gera það í alvöru með sáttum þar sem allir koma að, allir flokkar sem eiga fulltrúa hér á þingi en ekki ákveða það með samningi milli höfðingjanna Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar eins og gerðist þegar ákveðið var að setja á veiðigjald.

Útgerðarmenn hafa, þótt þeir hafi beðið um að þessi leið yrði farin, kveinað hástöfum yfir því að þurfa að borga veiðigjaldið. Kannski erum við að upplifa það að stjórnvöld séu farin að sjá nýja skímu. Vonandi er það þannig en ekki hefur okkur verið sagt frá því. Þessi gjöld segja okkur a.m.k. að það er ekki meiningin, ekki á þessu ári a.m.k., að setja á raunverulegt veiðigjald. Varla gera menn það með því að lækka álögur á útgerðina í landinu eins og hér virðist stefna í.

Hæstv. forseti. Ég fæ tækifæri til að taka aftur til máls undir næsta þingmáli, sem er hangir saman við þetta. Veiðieftirlitsgjaldið er hitt frumvarpið í þessu máli. Þá fæ ég tækifæri til að halda ræður, a.m.k. eina og kannski tvær ef ég sé ástæðu til.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra núna. Ég óska eindregið eftir því að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson staðfesti að hann muni kalla nefndina saman og gefa okkur tækifæri til að fara yfir þessi tvö mál sem ég hef nú kosið að fjalla um saman í ræðu minni. Ég óska eftir því að við fáum þá fulltrúa úr ráðuneytinu, frá stjórnvöldum, sem væru tilbúnir til að upplýsa okkur um hvað er eiginlega á ferðinni, hvort það er stefnubreyting eða hvað menn eru að hugsa í þessum sjávarútvegsmálum núna. Það er greinilegt að það er eitthvað annað sem þeir eru að hugsa núna en þeir voru að hugsa þegar ákveðið var að setja á veiðigjald og sett voru lög um það.

[18:36]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var gaman að hlusta á hinn gamla skipasmið frá Akranesi, hv. þm. Jóhann Ársælsson, tala um gamlan bát sem stendur uppi á kambi á Akranesi og er að grotna þar niður, Höfrung AK. Af því hv. þm. Jóhann Ársælsson er fagmaður í þessari grein, skipasmíðum og jafnvel skipasmíðum í tré, hann hefur smíðað báta úr tré, þá langar mig að spyrja hann hvort hann geri sér einhverja grein fyrir því hversu mikið mundi kosta að koma þessum bát aftur í upprunalegt horf. Það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson segir, að þetta er mjög merkilegur bátur og afskaplega fallegur. Það er til mjög falleg litmynd af þessum bát frá því er hann var nýsmíðaður. Þetta var og er afskaplega glæsileg fleyta og yrði afskaplega fallegt skip ef það yrði gert upp. Mig langaði bara að höggva eftir þessu.

Ég fór að hugleiða annað þegar ég hlustaði á hv. þm. tala um þetta, einn þátt í þessu sem við megum ekki gleyma varðandi varðveislu gamalla minja og það að gera upp gömul skip. Ég er að tala um þá kunnáttu sem felst í handverkinu. Menn þurfa að kunna að smíða skip úr tré og mikilvægt að kunnáttan verði varðveitt í landinu. Þessi kunnátta er því miður að hverfa. Menn hafa ekki smíðað skip úr tré á Íslandi í nálega 20 ár.

Þá rifjaðist líka upp fyrir mér, ég vil fá að koma því að á síðustu sekúndunum, að í Harðangri í Noregi er einmitt miðstöð þar sem gerð eru upp tréskip. Þar eru skólanemar látnir taka þátt í að vinna við þetta og læra af eldri mönnum hið gamla handverk við skipasmíðar, þ.e. nemar í annarri iðn, t.d. almennri trésmíði.

[18:38]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað mjög nákvæmlega til um kostnaðinn, þótt ég hafi verið í sambandi við menn sem hafa velt fyrir sér því hvernig best væri að standa að því að koma þessum bát í upprunalegt horf. Við erum samt ekki að tala um óskaplegar upphæðir vegna þess að skrokkurinn á bátnum er nokkuð góður. Við getum kannski gert ráð fyrir 15–20 millj. kr. eða einhverju slíku. Það er mjög viðráðanlegt og þá er verið að tala um að gera bátinn þannig úr garði að hann geti verið á floti og nýst til siglinga, t.d. á Hvalfirðinum eða í öðrum tilgangi, sem skólabátur o.s.frv.

Hvað varðar handverkið þá er ekki svo langt síðan tréskip voru smíðuð á Íslandi að ekki séu til nokkuð margir sem kunna eitthvað til þess enn þá. Það er vel hægt að bjarga þeirri þekkingu milli kynslóða ef eitthvað verður í því gert. Það eru a.m.k. til menn sem kunna þótt þeir hafi ekki sömu líkamskrafta og þurfti í skipasmíðar hér áður. Nú er hins vegar komin miklu betri tækni og þægilegri tæki til að vinna þessi verkefni þannig að jafnvel þeir gamlingjar gætu eitthvað gert.

[18:40]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu um Þróunarsjóð sjávarútvegsins en vil byrja á að fara aðeins yfir það sem Jóhann Ársælsson nefndi.

Í lögum um stjórn fiskveiða segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert.“

Þetta veiðigjald er lagt á miðað við næsta fiskveiðiár, 1. september. Þegar búið er að leggja það á verður það alltaf lagt á. En aftur á móti verður þriðjungur þess greiddur á þessu ári. Veiðigjaldið er lagt á og tekjufært á þessu ári. Þetta er alveg nákvæmlega eins og við sveitarstjórnarmenn þekkjum, að við leggjum á fasteignagjöld í byrjun árs. Þau eru síðan innheimt allt árið og sumir ná ekki að greiða greiðslurnar sínar fyrr en árið á eftir en það er búið að tekjufæra þetta allt saman. Síðan er þetta fært í efnahagsreikninginn á móti. Ég sé því ekki ástæðu til að fjalla meira um það miðað við það hvernig ég túlka þessa útfærslu.

Mér finnst vegið að starfsmönnum sjútvrn. með því að segja að menn séu að halda einhverju leyndu. 30. apríl sl. er viðmiðunardagsetningin. Það var á föstudaginn var. Síðan eru liðnir tveir virkir dagar og við höfum varið öðrum deginum í að ræða um þessi mál. Menn hafa mikla ofurtrú

á starfsmönnum ráðuneytisins ef þeir telja að þeir geti verið tilbúnir með allar lokatölur um veiðigjald á tveimur dögum. Mér finnst það mjög undarleg krafa en við skulum taka málið upp í sjútvn. og fá upplýsingar úr ráðuneytinu um hvernig menn sjá fyrir sér að þetta gjald verði lagt á.

Varðandi töluna sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi, að ég hefði nefnt aflaverðmæti upp á 78 milljarða kr. Það er rétt, en þá ætluðu menn að ná í 1.370 millj. kr. Síðan koma inn í áhrif af gengishreyfingum, aflasamsetningu og kostnaðarhækkunum, þannig að þeir reikna með að þetta verði 1,1–1,2 milljarðar kr. Þar er breytingin. Þá er það í samræmi við 68 milljarðana. Þá erum við á svipuðu róli í útreikningum.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir góða umræðu um þessi mál. Ég legg til að málinu verði vísað til 3. umr.

[18:43]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með seinni ræðu hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar. Ég bjóst við að hann mundi reyna að svara einhverju af því sem fram kom í ræðum okkar sem talað höfum í málinu fyrr í dag.

Þar sem ég hef stuttan tíma langar mig að spyrja hv. þm. beint um álit hans á beiðni LÍÚ um að fá til sín það sem eftir verður í þróunarsjóði þegar búið verður að gera málið upp. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna beint í umsögn LÍÚ. Þar segir:

„Við styðjum að sjálfsögðu þá breytingu sem gert er ráð fyrir með frumvarpinu en leggjum jafnframt til að því verði breytt í þá veru að sjóðurinn verði gerður upp og lagður niður hið fyrsta.

Eignir sjóðsins eru fyrst og fremst bankainnstæður og skuldabréf og skuldir hans að stærstum hluta skuldabréf og lán ríkissjóðs.

Við blasir að unnt er að gera sjóðinn upp nú þegar og í því sambandi virðist nærtækast að gera skuldir sjóðsins við ríkissjóð upp með afhendingu eigna hans á móti skuldum. Mikilvægt er að þetta gerist sem fyrst, enda er umtalsverður kostnaður á rekstri sjóðsins sem unnt er að spara.“

Síðan kemur efnisgrein sem ég spyr hv. þm. Guðjón Hjörleifsson beint um hans álit á, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem ljóst er að innheimt hafa verið gjöld umfram skuldbindingar sjóðsins er þess farið á leit að við uppgjör á sjóðnum verði það sem umfram verður endurgreitt til þeirra sem hafa greitt til sjóðsins á þessu fiskveiðiári í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra.“

Eins og við rifjuðum upp nokkrir þingmenn í umræðunum í dag þá eru lögin skýr í þessu efni. Þar segir að þegar sjóðurinn verði lagður niður árið 2009 þá eigi fjármunir hans að renna til hafrannsókna. Menn hafa rætt aðrar hugmyndir og viðrað þær og hlýtur þá að þurfa koma til lagasetningar ef breyta á ákvæðinu um í hvað sjóðurinn á að fara. En mig langar, virðulegi forseti, að fá svar hæstv. formanns sjútvn. Guðjóns Hjörleifssonar við því hvort hann taki undir þessa kröfu LÍÚ sem fram kemur í umsögn þeirra.

[18:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að lögin eru það skýr að eignir Þróunarsjóðs eiga að fara í hafrannsóknir og ég sé ekki að komnar séu neinar breytingar á því. Menn hafa einnig rætt um að ráðstafa þeim í varðveislu gamalla skipa og þar er tillaga hjá hæstv. menntmrh. Ég tel því ekki tímabært að taka þá umræðu meðan málið er í farvegi.

[18:46]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Annað atriði sem fram kom hjá hv. þm. í stuttri seinni ræðu var að við sem hér höfum talað værum að lýsa yfir einhvers konar vantrausti á embættismenn. Það er af og frá og vísa ég því algjörlega á bug. Það sem ég sagði í ræðu minni var það að ég trúi ekki öðru en að þeir embættismenn, sem ég er alveg viss um að valda sínu starfi með miklum sóma og velta því fyrir sér eins og þeim ber hvaða tekjur komi til ríkisins í stað þeirra gjalda sem nú er verið að fella niður, hljóti að hafa reynt að reikna út þetta nýja veiðigjald með einhverjum hætti. Annað er með ólíkindum ef ekki er búið að fara yfir aflaverðmæti fyrstu 11 mánuði þessa viðmiðunartímabils, ef menn eru ekki þegar farnir að skoða hvernig olíukostnaðurinn hefur breyst, ef menn eru ekki þegar farnir að skoða hver áhrif vísitölu neysluverðs eru á annan rekstrarkostnað og ef menn eru ekki þegar farnir að reyna að taka saman aflaverðmætið sem þarna liggur á bak við.

Varðandi þær tölur sem hv. þm. fór með hér, u.þ.b. 1.200 millj., sem þetta gjald gæti verið þá var ég nú að leika mér með pennann minn í sæti mínu áðan, 78 milljónir í aflaverðmæti skildist mér á þingmanninum að hefðu verið, (**Gripið fram í:** Milljarðar.) 78 milljarðar hefðu verið lagðir til grundvallar og þá er þetta ósköp einfalt. Þessi áætlun byggir bara á því að launin eru 32 milljarðar, olían rúmir 6, annar rekstrarkostnaður 20, þá eru 20 milljarðar eftir og 6% af því eru 1.200 millj. Mér sýnist að ekki hafi kannski verið lögð mikil vinna í að reyna að reikna þetta út því eins og fram kom í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar hefur orðið mikil breyting á samsetningu aflaverðmætis, hvort það komi síðan út í 78 milljörðum er eitthvað sem ég veit ekki. En veit þingmaðurinn hvort í raun er búið að reikna út breytinguna á olíukostnaðinum og öðrum rekstrarkostnaði eins og segir til í frv?

[18:48]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það að hv. þm. Jóhann Ársælsson hefði sagt í ræðu að það væri verið að halda einhverju leyndu að ekki væri komin niðurstaða. 30. apríl er viðmiðunardagur, það er 4. maí í dag. Það eru búnir að vera tveir vinnudagar í ráðuneytinu frá 30. apríl sl., mánudagur og þriðjudagur. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þar séu komnar lokaniðurstöður. Menn eru að viða að sér gögnum og það getur vel verið að útreikningar á olíukostnaði liggi fyrir. Við hv. þm. Jóhann Ársælsson ræddum báðir í dag við starfsmann í ráðuneytinu og sá aðili sem hefur verið með þetta mál var sennilega erlendis. Þannig að sá aðili sem við ræddum við var ekki alveg viss um hver staðan væri í þeim málum. En þær grófu tölur sem menn gengu út frá miðað við þær forsendur, og ef útreikningar Jóns Gunnarssonar eru réttir með 1.200 millj. miðað við 78 milljarða, þá er alveg ljóst að sú tala er ekki rétt, hún verður sennilega lægri þannig að það mun þá lækka. Ég þekki ekki hvaða forsendur liggja að baki þeim útreikningum, en ef penni hv. þm. Jóns Gunnarssonar er réttur þá mun niðurstaðan vera aðeins lægri.

[18:49]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki liggja undir því að ég sé að halda því fram að einhverjir starfsmenn í ráðuneytinu vilji halda einhverju leyndu. Ég held því bara hiklaust fram að stjórnvöld, sjútvrh., hafi ákveðið að láta þessi mál ganga svona fram. Og ég held því alveg hiklaust fram að menn hafi vitað mjög nálægt lagi hvað það væri nokkurn veginn sem hægt væri að fá inn fyrir veiðigjaldið, vegna þess að það er alveg skýrt í lögunum hvernig á að fara að því að reikna þetta út. Annað eins hafa menn nú kunnáttu til að gera eins og að gera áætlun sem byggir á því að vera nokkurn veginn með allar staðreyndir í höndunum.

Það er þess vegna sem ég er tortrygginn þegar ég fæ þessa grófu áætlun sem hv. þm. var að nefna áðan og að það sem eftir stendur er það að ríkissjóður virðist eiga að sitja uppi með það að tapa verulegum fjármunum á sama tíma og ríkisstjórnin er að taka upp veiðigjaldið sem hún lýsti svo fjálglega að ætti að vera sátt við þjóðina sem væri fólgin í því að útgerðin í landinu færi að greiða fyrir aðganginn að auðlindinni. Annaðhvort er á ferðinni stefnubreyting eða einhver skrýtinn brandari. Ég get ekki sagt annað.

Ég vil gjarnan að við fáum tækifæri í nefndinni til að fara yfir þessa hluti því það liggur alveg ljóst fyrir að það er bara handavinna að finna dagsetningar á þróunarsjóðinn og veiðieftirlitsgjaldið til þess að stemma þetta þannig saman að menn fái þá tölu sem þeir ætluðu sér að fá. Hafi þetta verið talan sem menn ætluðu sér að fá þá þurfa menn líka að segja frá því hvers vegna þeir eru komnir að nýrri niðurstöðu um það hvernig veiðigjaldið á að virka úr því það á að virka til lækkunar.

[18:51]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég undrast þessa umræðu. Halda menn að fiski sem er landað þann 30. apríl í Vestmannaeyjum, inn á fiskmarkað, inn í frystihús eða í gám, halda menn að aflaverðmætistölur frá 1. maí til 30. apríl liggi fyrir nákvæmlega á mánudagsmorgni þegar 30. apríl var sl. föstudag? Þetta er ekki svona einfalt. Við erum að nálgast þetta á 100 millj. til eða frá eins og við ræddum um í dag og þegar útreikningar liggja fyrir kemur þetta til okkar í nefndinni. Ég ætla að kynna mér það fyrir fundinn á fimmtudag eða föstudag hvort þetta geti legið fyrir fljótlega og þá fæ ég bara skrifleg svör um málið. En ég get ekki ætlast til að þessar tölur liggi fyrir þannig að ég geti verið að kynna þær í dag miðað við 30. apríl. Það er ekki hægt að ætlast til þess. Það eru ekki komnar sölutölur erlendis eða neitt. Sú umræða er bara alveg út úr kortinu að gera þá kröfu í dag, 4. maí, tveim vinnudögum eftir að viðmiðunardegi lýkur.

[18:52]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum bara alls ekki gert kröfu um að þessar tölur ættu að liggja nákvæmlega fyrir. Við höfum bara ímyndað okkur að þegar menn væru komnir með 11 mánuði af 12 til þess að gera áætlun og hefðu allar tölur sem væru til staðar að þá gætu menn, a.m.k. flestir sem eitthvað kunna fyrir sér í reikningi og ef menn kunna það ekki er hægt að fá menn til að gera það, komist að niðurstöðu sem væri það nærri að menn gætu ákveðið hvernig ljúka ætti starfsemi annars vegar Þróunarsjóðsins og hins vegar veiðieftirlitsgjaldsins þannig að hún stemmdi við þær tölur sem menn ætluðu að fá í ríkissjóð. Eða þora menn ekki að segja það sem ég held að eigi og ætti að segja hér, að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að það ætti að styrkja útgerðina í landinu um 400 millj. á þessu ári í staðinn fyrir að leggja á hana veiðigjald?

[18:54]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit nú ekki hvert umræðan er komin, en ég vil sérstaklega taka fram varðandi þá álagningu innan ársins sem lögð er á 1. september að það er tekjufært á árinu. Það er ekki ástæða til þess, eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að fara að taka þetta mál aftur fyrir í sjútvn. Ef upplýsingar liggja fyrir í ráðuneytinu verður rætt um málið. Að öðru leyti vil ég segja að það voru það margir aðilar sem voru á tillögunni um breytingar á Þróunarsjóðunum að mér finnst eðlilegt að við ræðum það í nefndinni. Það er sjálfsagt mál án þess að nokkur ákvörðun sé tekin í því máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–31. mál.

Fundi slitið kl. 18:55.

---

110. FUNDUR

miðvikudaginn 5. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Fríverslunarsamningur við Kanada, fsp. RG, 771. mál, þskj. 1169.
2. Sprengjuleit, fsp. JGunn, 911. mál, þskj. 1385.

Til menntamálaráðherra:

3. Tæknimenntun, fsp. KJúl, 617. mál, þskj. 925.
4. Skipting fjárveitinga milli framhaldsskóla, fsp. KJúl, 624. mál, þskj. 933.
5. Þjóðminjasafnið, fsp. MÁ, 670. mál, þskj. 999.
6. Hverfaskipting grunnskóla, fsp. BjörgvS, 772. mál, þskj. 1170.
7. Brottfall nemenda úr framhaldsskólum, fsp. JBjart, 777. mál, þskj. 1177.
8. Hlutur ábyrgðarmanna í endurgreiðslum námslána, fsp. JBjart, 778. mál, þskj. 1178.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Afgreiðslutími lyfjaverslana, fsp. KJúl, 618. mál, þskj. 926.
10. Forvarnastarf í áfengismálum, fsp. MÁ, 684. mál, þskj. 1013.
11. Heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs, fsp. GunnB, 809. mál, þskj. 1227.

12. Þjónusta sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins, fsp. JBjart, 940. mál, þskj. 1430.

Til umhverfisráðherra:

13. Ljósmengun, fsp. MÁ, 682. mál, þskj. 1011.

14. Staðfesting aðalskipulags Reykjavíkur 2001–2024, fsp. MÁ, 760. mál, þskj. 1141.

15. Hreinsun skolps, fsp. SigurjÞ, 804. mál, þskj. 1219.

16. Veðurathugunarstöðvar, fsp. JBjarn, 844. mál, þskj. 1299.

Til félagsmálaráðherra:

17. Staða og afkoma barnafjölskyldna, fsp. RG, 692. mál, þskj. 1030.

Til samgönguráðherra:

18. Fjarskiptaþjónusta í Húnaþingi vestra, fsp. JBjarn, 769. mál, þskj. 1167.

19. Kötlugos, fsp. HBl, 797. mál, þskj. 1212.

Til iðnaðarráðherra:

20. Framlög til eignarhaldsfélaga, fsp. KHG, 956. mál, þskj. 1469.

21. Nýting mannvirkja á Keflavíkurflugvelli til iðnaðar, fsp. GÖrl, 975. mál, þskj. 1526.

Til viðskiptaráðherra:

22. Brunatryggingar, fsp. KHG, 953. mál, þskj. 1466.

23. Hringamyndun, fsp. KHG, 955. mál, þskj. 1468.

Til fjármálaráðherra:

24. Skattgreiðslur vegna virkjunarframkvæmda, fsp. SJS, 863. mál, þskj. 1321.

25. Kaup á hlutafé í eignarhaldsfélögum, fsp. KHG, 957. mál, þskj. 1470.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Styrkir til menningar heyrnarlausra, 716. mál, svar menntmrh., þskj. 1579.

Umferðarlög, 464. mál, nál. samgn., þskj. 1581; brtt. samgn., þskj. 1582.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ábendingar umboðsmanns Alþingis um skipun í embætti dómara við Hæstarétt.

[13:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ekki hefur farið fram hjá neinum að það hafa risið miklar deilur í framhaldi af mjög umdeildri skipun hæstv. dómsmrh. í embætti hæstaréttardómara. Í gær gerðist það svo að það kom fram álit umboðsmanns Alþingis á þessari skipun í tilefni af kvörtun þriggja lögmanna. Það er óhætt að segja að álitið fól í sér ákaflega harðan áfellisdóm að mínu viti yfir hæstv. dómsmrh. Í því eru gerðar sterkar aðfinnslur við embættisfærslu ráðherrans. Þar kemur skýrt fram að ráðherrann braut rannsóknarreglu stjórnsýslulaga, sömuleiðis að hann uppfyllti ekki skilyrði laga um dómstóla varðandi málsmeðferð og áður var komið fram að Jafnréttisráð telur að hæstv. ráðherra hafi brotið í bága við jafnréttislög með þessari skipun.

Menn verða að sjálfsögðu að taka álit umboðsmanns Alþingis alvarlega. Hann er ekki eins og hver annar júristi úti í bæ eins og mætti ráða af ýmsum ummælum hæstv. ráðherra í framhaldi af þessu. Honum er ætlað það mikilvæga hlutverk að gæta réttar borgaranna og benda á ef framkvæmd laga er með óhæfilegum hætti gagnvart þeim. Hæstv. dómsmrh. hlýtur því að taka stöðu sína til alvarlegrar umhugsunar og sömuleiðis viðbrögð sín í framhaldi af því.

Álit umboðsmanns varðar líka okkur sem sitjum á Alþingi, sérstaklega vegna þess að hann bendir löggjafanum á að það sé tímabært að skoða hvort ekki eigi að breyta þeim háttum sem við höfum haft á, Íslendingar, við að skipa í embætti hæstaréttardómara. Það er brýnt. Samf. hefur bent á þetta og hún hefur lagt fram þingmál þar sem lagt er til að þessari skipan verði breytt þannig að það verði Alþingi sem fjalli um dómaraefni og það þurfi $^2/_3$ á hinu háa Alþingi til að hægt sé að skipa viðkomandi í Hæstarétt.

Ég vil af þessu tilefni varpa fram þeirri hugmynd, frú forseti, að í sumar verði skipuð sérstök nefnd allra þingmanna þar sem menn reyna að ná breiðri samstöðu um nauðsynlegar breytingar á þessu.

[13:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Embættisfærsla hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar þegar hann lagði tillögu fyrir forseta Íslands um skipun hæstaréttardómara í ágústmánuði sl. fær nú hverja falleinkunnina á fætur annarri. Fyrir nokkru féll úrskurður kærunefndar jafnréttismála á þá leið að dómsmrh. hefði brotið jafnréttislög þegar gengið var fram hjá hæfari eða a.m.k. jafnhæfri konu og tækifærið þar með ekki notað til að laga kynjahlutföll í réttinum. Fræg urðu að endemum ummæli hæstv. ráðherra af því tilefni um jafnréttislög, þ.e. að þau væru barn síns tíma og bar væntanlega að skilja svo að ekki þyrfti að taka ákvæði þeirra mjög alvarlega.

Nú kemst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að hæstv. dómsmrh. hafi sömuleiðis farið á svig við eða brotið ekki ákvæði einna heldur tvennra annarra laga, þ.e. ákvæði laga nr. 15/1998, um dómstóla, einkum ákvæði 4. gr. þeirra laga, og ákvæði 10. gr. stjórnsýslulaga. Þá fer maður að spyrja, virðulegur forseti, er ekki allt þegar þrennt er? Er það ekki að verða nóg að einn hæstv. ráðherra sé sakaður um það af aðilum af þessu tagi, þ.e. umboðsmanni Alþingis og kærunefnd jafnréttismála, að ganga á svig við ákvæði laga? Hlýtur ekki að verða að taka málið til rækilegrar skoðunar? Það verður Alþingi bersýnilega að gera a.m.k. tvíþætt. Annars vegar þessi embættisfærsla ráðherrans, sem ber að svara fyrir verk sín í þinginu, og hins vegar þau tilmæli umboðsmanns að taka til skoðunar þær aðferðir sem notaðar eru við skipun hæstaréttardómara og breyta þeim. Því máli hefur margoft verið hreyft á Alþingi. Ég er hér með frv. um að Alþingi þurfi sjálft að staðfesta skipun hæstaréttardómara sem flutt var 1993 og því hefur reyndar oftar verið hreyft með sama hætti í þinginu. (Forseti hringir.) Mér finnst líka, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. eigi að koma og gera Alþingi grein fyrir málinu af sinni hálfu.

[13:37]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel fulla ástæðu til fyrir Alþingi að ræða það mál sem hér hefur verið vakin athygli á, þ.e. þá álitsgerð frá umboðsmanni Alþingis sem nú liggur fyrir.

Við höfum horft upp á það í þessu máli eins og öðrum að ríkisstjórnin er ber að því að beita geðþóttavaldi og fótumtroða allar grundvallarhugmyndir um að umgangast vald með varfærni og ég ætla ekki að rekja þau mál öll sem komið hafa til kasta þingsins bara á þessu ári.

Núna liggja fyrir tvær álitsgerðir frá tveimur mismunandi stjórnsýslustofnunum sem segja eins skýrt og hægt er að málefnaleg sjónarmið hafi ekki ráðið við skipun dómara í

Hæstarétt. Hæstv. dómsmrh. sagði í ágúst sl. að hann hefði lagt málefnaleg sjónarmið til grundvallar skipuninni og þess vegna væri ákvörðun hans yfir gagnrýni hafin. Ákvörðun hans væri yfir gagnrýni hafin sagði hæstv. dómsmrh. í viðtali við fjölmiðla.

Það er nú helst. Hér eru komin tvö álit, annars vegar frá kærunefnd jafnréttismála og hins vegar frá umboðsmanni Alþingis sem eru áfellisdómur yfir embættisfærslu ráðherrans. Þau eru áfellisdómur yfir embættisfærslunni. Hann hefur kastað til höndunum við mat á hæfni. Hann hefur brugðist almannahagsmunum í embættisfærslunni. Hann hefur orðið ber að því að beita geðþóttavaldi og hann hefur ekki gætt að virðingu og sjálfstæði Hæstaréttar.

Eins og kom fram hjá einum ágætum umsækjanda í gær hefði þetta í ýmsum siðmenntuðum löndum verið talin næg ástæða til þess að ráðherra segði af sér. Ég er ekki viss um að það gerist hér. Ég held að menn ákveði bara að sitja af sér þessa dembu eins og allar aðrar, það muni stytta upp að lokum og menn sitji bara áfram með sínar geðþóttaákvarðanir í sínum ráðherrastólum vegna þess að valdið er sætt. Það er sætleiki valdsins sem skiptir máli. En ég vil segja það og koma þeim skilaboðum til ráðherra að nú ætti hann að sjá sóma sinn í því að segja af sér. Nú ætti hann að sjá sóma sinn í því að hugleiða það að segja af sér vegna þessarar embættisfærslu.

[13:39]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir því að fyrir þeim sem hóf umræðuna hafi vakað að hér gæti farið fram efnisleg umræða um málið að hæstv. dómsmrh. fjarstöddum. Það hefur legið fyrir í nokkra daga að hæstv. dómsmrh. yrði fjarstaddur í dag þannig að ég þykist vita að mönnum hafi verið það mætavel ljóst, enda er út af fyrir sig ekki stofnað til þessarar umræðu undir þessum dagskrárlið til þess að við getum farið í þá efnislegu umræðu. Hins vegar hafa menn verið að kalla eftir efnislegri umræðu og það er auðvitað sjálfsagt að hún fari fram þegar viðeigandi tími fæst til þess og við getum gert það undir eðlilegum dagskrárlið. Ég verð hins vegar að segja að eins og umræðan hefur hafist í dag er ekki við því að búast að þetta verði mjög efnisleg eða málefnaleg umræða vegna þess að við höfum núna í höndunum álit frá umboðsmanni sem var gert heyrinkunnugt í gær og menn ættu a.m.k. að hafa það í fersku minni, en það er ekki að heyra a.m.k. þegar maður hlustaði á málflutning hv. síðasta ræðumanns sem talaði áðan, sem fór langt út fyrir álit umboðsmanns í túlkunum sínum á því sem sagt hafði verið af hálfu umboðsmanns.

Það er auðvitað til marks um það að hér hefur ekki verið ætlunin að reyna að draga fram efnislega umræðu um mál sem auðvitað verðskuldar umræðu í sjálfu sér, heldur var auðvitað fyrst og fremst verið að reyna að slá pólitískar keilur í fjarveru hæstv. dómsmrh. Það er það sem málið snerist um og það var auðvitað það sem menn voru að reyna að gera. Í trausti þess að hæstv. dómsmrh. væri ekki staddur hérna til að verja afstöðu sína efnislega var farið af stað með það að skrumskæla, snúa út úr og rangtúlka álit umboðsmanns og síðan að hefja árásir hæstv. dómsmrh. Hæstv. dómsmrh. hefur að vísu átt þess kost í fjölmiðlum að svara nokkuð fyrir sig. Og það er auðvitað algerlega rangt sem fram kom í máli hv. 5. þm. Reykv. n. að hæstv. dómsmrh. taki ekki ábendingar umboðsmanns alvarlega. Það kemur þvert á móti fram í umfjöllun hæstv. dómsmrh. í fjölmiðlum um málið að hann tekur það mjög alvarlega, hann ætlar að fara ofan í þessi mál. En hann vekur líka athygli á því að álit umboðsmannsins hnekki ekki ákvörðun sinni um skipun hæstaréttardómarans. Þetta séu ný sjónarmið sem þurfi að fara vandlega yfir en þarna sé fyrst og fremst um annmarka á málsmeðferð að mati umboðsmanns að ræða og það er mjög mikilvægt að menn geri greinarmun á þessu tvennu.

[13:42]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði á hádegisfréttir útvarpsins áðan þar sem var viðtal við hæstv. dómsmrh. og ég verð að segja að mig rak í rogastans og ég varð að hlusta á viðtalið við ráðherrann ekki einu sinni heldur tvisvar og síðan aftur í þriðja sinn til að átta mig á hvað maðurinn var að fara. Þar sagði hann m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það sem þarna gerist er það að umboðsmaður er að fóta sig á nýrri reglu varðandi túlkun á lagaákvæðum og það er hans hlutverk að skoða málin og líta á þau og okkar síðan að meta hvort hann hefur forsendur fyrir sinni niðurstöðu."

Okkar síðan að meta hvort hann hefur forsendur fyrir sinni niðurstöðu. Þá fór ég og náði í lagasafnið og fór að athuga hvert er hlutverk umboðsmanns. Það stendur í 2. gr. laganna um umboðsmann Alþingis:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi."

En hvað sagði hæstv. ráðherra? „... okkar síðan að meta hvort hann hefur forsendur fyrir sinni niðurstöðu".

Frú forseti. Getum við ekki lagt niður embætti umboðsmanns Alþingis? Mér sýnist það. Hér er bara hraunað yfir hann eins og venjulega. Það er eins og þetta sé bara lögfræðingur á einhverjum kontór úti í bæ, kemur með eitthvert álit og hvað varðar okkur um það? Við metum það bara sjálfir. Það er okkar mál, okkar hlutverk. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum. Ég held ég verði að hlusta aftur á viðtalið við hæstv. ráðherra. Var hann virkilega að meina þetta? (**Gripið fram í:** Þú ættir að gera það.) Þetta er þvílíkt virðingarleysi við embætti umboðsmanns Alþingis, þvílíkt virðingarleysi við Alþingi að það er fáheyrt, þetta er óheyrilegt. Ég er sammála því að það er fyllilega kominn tími til að hæstv. dómsmrh. fari að athuga stöðu sína og leita sér að nýrri vinnu. Hann ætti að segja af sér.

[13:44]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er mjög óvenjuleg og sértæk staða sem Alþingi stendur frammi fyrir, að sami ráðherrann skuli fá á sig fyrst úrskurð kærunefndar jafnréttismála um að þetta hafi verið brot á þeim lögum og svo nú úrskurð umboðsmanns Alþingis um að hæstv. ráðherra hafi farið á svig bæði við lög um dómstóla og stjórnsýslulög. Það er þeim mun alvarlegra að hér er um að ræða ráðherra sem fer með framkvæmdarvald dómsmála í landinu og það ætti a.m.k. ekki að reiknast hæstv. ráðherra til tekna í fordæmisgerð sinni.

Mér finnst það svo alvarlegt mál sem hér er á ferðinni að ég vil inna hæstv. utanrrh. og oddvita annars stjórnarflokksins og væntanlegan forsrh. ef af verður sem að líkum er hvort málið hafi verið tekið upp í ríkisstjórninni og rætt, hvort það

eigi bara að vera hin viðtekna regla og ráðherrar eigi að fá að komast upp með slíkt án þess að ríkisstjórnin fari ofan í málið og kanni hvort ástæða sé til að grípa inn í því að hæstv. ráðherra starfar náttúrlega á ábyrgð viðkomandi ríkisstjórnar. Það væri sennilega rétt að fá hæstv. félmrh. sem fer með vinnuréttinn og hefur reynslu af því hvernig á að taka á embættismönnum sem að hans mati brjóta eða fara á svig við lög við ráðningar fólks. Hann væri ekki í neinum vanda hvernig hann ætti að bregðast við. Það væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. félmrh. tæki á málum hæstv. dómsmrh. í ríkisstjórn þegar þau mál væru rædd og rætt um hvernig ríkisstjórnin ætti að bregðast við. (Forseti hringir.) Mér finnst að hæstv. utanrrh. ætti að upplýsa okkur um hvernig ríkisstjórnin hafi tekið á málinu.

[13:46]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er óhjákvæmilegt annað en að hæstv. utanrrh. og tilvonandi forsrh. tjái sig um málið. Ég hef með málefnalegum hætti bent á að í áliti umboðsmanns kemur skýrt fram að einn tiltekinn ráðherra hefur farið á svig við tvenn lög. Það liggur fyrir í öðrum úrskurði að hann hefur gert það líka gagnvart þriðju lögunum.

Hvað segir hæstv. utanrrh. um það? Ætlar hann að þruma eins og örninn í sæti sínu og segja ekki neitt?

Ég spurði líka, frú forseti, í framhaldi af áliti umboðsmanns hvort við löggjafinn ætluðum ekki að taka alvarlega á þeim eindregnu ábendingum sem þar koma fram um að við Alþingi tökum til endurskoðunar þann hátt sem lög hafa á skipan í embætti hæstaréttardómara. Ég spurði svo hæstv. utanrrh. heyrði hvort ekki væri rétt að við tækjum þetta það alvarlega að í sumar yrði sett niður nefnd þingmanna allra flokka sem reyndi að komast að samstöðu um það með hvaða hætti ætti að breyta þessu. Það hefur komið fram hjá einum hæstv. ráðherra að málið gefi tilefni til þess að skoða breytingar. Hvað segir hæstv. utanrrh. og tilvonandi forsrh.? Hefur hann enga skoðun á málinu? Aftur og aftur hafa komið upp alvarlegar deilur í tengslum við Hæstarétt, t.d. í tengslum við öryrkjamálið þegar Hæstiréttur setti sig í erfitt ljós sem ekki varð til þess að skapa frið í kringum hann. Síðan hafa gengið fram heldur stórkarlalegar yfirlýsingar af hálfu hæstv. forsrh. þar sem beinlínis var settur þrýstingur á Hæstarétt út af tilteknum málum. Ekki hefur það orðið til þess að skapa frið og samstöðu.

Frú forseti. Við þurfum að beita okkur fyrir því að það skapist umhverfi sem Hæstiréttur getur starfað í í tiltölulegum friði og þess vegna þurfum við að verða við tilmælum umboðsmanns og reyna að skapa lagaramma sem gerir það mögulegt. Hvað segir hæstv. utanrrh. við því?

[13:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mér finnst alveg fráleitt að umræðan skuli fara fram að fjarstöddum hæstv. dómsmrh. þegar hv. þm. vita að hæstv. dómsmrh. gat ekki verið hér. Hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir að fara þurfi yfir álit umboðsmanns í málinu og hugsanlega gera einhverjar breytingar í framhaldi af því. Eigum við ekki að gefa hæstv. dómsmrh. tíma til að fara yfir málið? Eigum við ekki að gefa okkur öllum tíma til þess? Mér finnst umræðan í dag vera ástæðulaus og fráleitt að hún skuli fara fram að fjarstöddum hæstv. ráðherra því hv. þm. eru að tala við dómsmrh. (**Gripið fram í:** Nei.) Hv. þm. hafa aðallega verið að tala við dómsmrh. (**SJS:** Ég talaði við þig áðan.) (**Gripið fram í:** Og utanrrh.) Já, þess vegna tók ég til máls. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. hafa almennt afskaplega litla þolinmæði til þess að hlusta á aðra. Kannski var hugmyndin hjá hv. þm. sem hér hafa tekið til máls að hlusta fyrst og fremst á sjálfa sig og því ástæðulaust að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur. (Gripið fram í.)

[13:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hafði enga hugmynd um hvar hæstv. dómsmrh. væri niður kominn og skiptir mig engu máli. (**Gripið fram í:** Veit hann það sjálfur?) Þessi dagskrárliður er þannig að ef tilefni eru til að gera athugasemdir um störf þingsins eða eitthvað sem tengist málefnum þingsins hafa þingmenn rétt til þess að gera það í upphafi fundar. Ráðherrar geta ekki komið í veg fyrir að slíkar athugasemdir séu gerðar með því að vera í burtu, hvort sem þeir eru að klífa fjöll eða einhvers staðar annars staðar.

Umboðsmaður Alþingis hefur fellt úrskurð eða öllu heldur gefið út álit þar sem hann beinir tilmælum til Alþingis um aðgerðir í mjög alvarlegu máli og fullgilt að taka það upp hér og ræða undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins þó hæstv. dómsmrh. sé ekki viðstaddur. Hitt hefði verið mannborulegra ef hæstv. dómsmrh. hefði haft frumkvæði að því að gera grein fyrir málinu á Alþingi í formi yfirlýsinga t.d.

Hæstiréttur er býsna grátt leikinn af samskiptum við núverandi ríkisstjórn. Hann er rétt að jafna sig eftir hremmingarnar í öryrkjamálunum, bréfaskriftir og annað því um líkt þegar logandi ófriður hefst vegna þess hvernig hæstv. dómsmrh. stendur að málum við skipan hæstaréttardómara. Þar hefur a.m.k. hæstv. dómsmrh. algerlega mistekist að skapa starfsfrið um málefni réttarins. Það er algerlega óhjákvæmilegt að Alþingi taki á málinu. Forsætisnefnd hlýtur að taka tilmæli umboðsmanns Alþingis til skoðunar og í framhaldinu þyrfti að nást niðurstaða í því hvort hún eða sérstök nefnd skoðar málið í framhaldinu. Annað væri vanræksla af hálfu Alþingis. Síðan var það mjög góð spurning sem hæstv. utanrrh. fékk, formaður hins stjórnarflokksins, sem ber fulla ábyrgð á embættisfærslum dómsmrh. eins og allir aðrir sem styðja núverandi ríkisstjórn: Getur hæstv. utanrrh. þegar eða ef að því kemur að hann verður forsrh. haft hinn þríbrotlega ráðherra í ríkisstjórn sinni?

[13:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Gott og vel. Við skulum sleppa því í þessari umræðu að ræða embættisfærslu hæstv. dómsmrh. í málinu og taka um það umræðu í þinginu í næstu viku. Það er sjálfsagt að gera það og fara þá mjög gaumgæfilega yfir álit umboðsmanns Alþingis, álit sem ég tel að skipti okkur þingmenn miklu máli þó svo að hæstv. dómsmrh. tali um það eins og hvert annað lögfræðiálit í hádegisfréttum útvarpsins í dag.

Það sem við hins vegar þurfum að ræða í dag og er ástæða þess að farið er fram á umræðu um stjórn þingsins er að umboðsmaður Alþingis beinir ákveðnum tilmælum til Alþingis að skoða hvernig málsmeðferð er við skipan dómara í Hæstarétt og hvort ekki sé ástæða til að styrkja meðferð þeirra mála þannig að það tryggi aukið sjálfstæði Hæstaréttar. Það er ástæða til að vekja athygli hv. þm. á þessu vegna þess að nú nýverið var einmitt viðtal við aðstoðarmann dómsmrh. í fréttum útvarpsins þar sem kemur fram að dómstólalög séu í endurskoðun í dómsmrn. og þar verði

hugsanlega gerðar breytingar á lögum sem snerta Hæstarétt. Hvaða breytingar var hann að tala um sem hann taldi að mætti skoða eins og aðrar? Jú, með leyfi forseta:

„Þá segist hann hafa heyrt þá hugmynd nefnda að ráðherra ætti að skipa forseta réttarins og telur það geta verið rökrétt *og megi skoða eins og annað.*"

Að ráðherra skipi forseta réttarins svo ráðherra hafi betri tök á Hæstarétti en hann hefur núna. Ég segi nei, virðulegi forseti. Þetta eigum við ekki að skoða og það er Alþingis að gjalda varhuga við hugmyndum sem þarna eru á ferðinni.

[13:54]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur enginn verið að reyna að koma í veg fyrir eina eða neina umræðu. Menn voru eingöngu að vekja athygli á því að hæstv. dómsmrh. væri ekki viðstaddur. Málið snertir hæstv. dómsmrh. og efnisleg umræða um stöðu mála varðandi Hæstarétt getur ekki farið fram að neinu gagni nema hæstv. dómsmrh. sé viðstaddur.

Það er líka rangt sem menn hafa verið að halda fram að hæstv. dómsmrh. hafi umgengist þetta álit umboðsmanns af einhverri léttúð. (Gripið fram í.) Öðru nær. Hæstv. dómsmrh. sagði í viðtali í Morgunblaðinu í morgun, með leyfi forseta:

„Þetta eru mál sem þarf alltaf að skoða og velta fyrir sér. Nú liggja fyrir fræðilegar vangaveltur og ábendingar á grunni þeirra frá umboðsmanni sem mér finnst sjálfsagt að menn velti áfram fyrir sér og ræði."

Þetta er álit. Þetta er ekki dómstólaúrskurður og þarna *liggur fyrir grundvöllur til umræðu sem sjálfsagt er að fari* fram.

Að öðru leyti vil ég segja að umræðan hefur að hluta til markast af því að menn hafa verið í ákveðnu kapphlaupi um hver gæti haft uppi stærstu orðin svo að eftir yrði tekið.

Fríverslunarsamningur við Kanada.

Fsp. RG, 771. mál. — Þskj. 1169.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh. hvað valdi því að enn hefur ekki verið lokið við gerð fríverslunarsamnings EFTA við Kanada en sá fríverslunarsamningur yrði þar með samningur Íslands og Kanada.

Ég bar sömu fyrirspurn fram í árslok 2001 og þá þegar höfðu samningaviðræður staðið yfir af hálfu EFTA-landanna í þrjú eða fjögur ár. Á árinu 2000 var viðræðum við Kanada lýst sem forgangsverkefni Fríverslunarsamtakanna og búist við því að fljótlega yrði samningur undirritaður. Það er því ljóst að ekki hefur skort áhuga af hálfu EFTA-ríkjanna til að gera þennan samning, en þegar ég ræddi málið síðast kom fram hjá hæstv. utanrrh. að niðurgreiddur skipaiðnaður Noregs stæði í veginum fyrir samningunum og að Kanada félllist ekki á fríverslun nema skipaiðnaðurinn lægi algerlega þar utan við en það er mál sem EFTA hefur ekki getað fallist á vegna prinsippsins um að fríverslun gildi um allar iðnaðarvörur. Þá lá einnig fyrir að Noregur og Norðmenn væru að hætta að veita nýja styrki til skipaiðnaðarins og því var búist við að sú ákvörðun Norðmanna yrði til þess að skammur tími liði þar til unnt væri að ganga frá þessum mikilvæga samningi við Kanada.

EFTA-ríkin hafa jafnframt viljað sýna fullan sveigjanleika eftir því sem yfirlýsingar hafa komið fram um sem mér skildist að þýddi einhverja aðlögun að núlltolli en samt hafa þessi lönd ekkert komist áleiðis enn þá. Þetta er mjög þýðingarmikill samningur fyrir okkur, bæði vegna fyrirtækja sem hafa verið að fóta sig á Kanadamarkaði og svo hitt að þarna bíða ný tækifæri þeirra sem eru í iðnaði, útflutningi og að setja upp störf og dótturfyrirtæki í landi eins og Kanada. Þess vegna spyr ég enn á ný hvort það séu einhver önnur ljón í veginum en skipasmíðarnar sem stoppuðu samninginn á sínum tíma, hvað sé þarna um að ræða og hvaða stöðu hæstv. utanrrh. sjái fyrir sér í málinu.

[13:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Helsta ástæða þess að ekki hefur tekist að ljúka samningaviðræðum við Kanada á vettvangi EFTA er sú að Kanada hefur ekki fallist á að semja um fríverslun á allar iðnaðarvörur. Það hefur verið algerlega ófrávíkjanleg grundvallarregla EFTA-ríkjanna í öllum fríverslunarsamningaviðræðum að niðurtröppun tolla á iðnaðarvörum sé þannig háttað að engar iðnaðarvörur séu undanskildar og niðurtröppunin endi í fullri fríverslun. Þetta er mjög mikilvægt hagsmunamál sérstaklega fyrir Ísland og Noreg þar sem sjávarafurðir flokkast sem iðnaðarvörur miðað við flokkun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Í tilviki Kanada eru þó erfiðleikarnir ekki bundnir við fiskafurðir eins og kom fram hjá hv. þm. heldur snúa þeir að skipum, bátum og skipasmíðavörum ýmiss konar. Skipasmíðaiðnaðurinn í Kanada er mjög áhrifamikill og hafa hagsmunaaðilar þar áhyggjur af samkeppni við skipasmíðaiðnaðinn í EFTA-ríkjunum, einkum norskan skipasmíðaiðnað, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, sem þeir telja að hafi í gegnum tíðina notið ríkisstyrkja og sé því í betri samkeppnisstöðu en sá kanadíski.

Í ársbyrjun samþykktu EFTA-ríkin nýjar tillögur um aðlögunartíma varðandi tollflokkana og þær voru sendar til Kanada í janúar. Nýverið hafa komið fram jákvæð viðbrögð frá Kanadamönnum vegna þessara tillagna og telja þeir að þær geti orðið grundvöllur frekari samninga um þetta erfiða mál. Ísland hafði fengið fund í apríl með aðalsamningamanni Kanada og háttsettum embættismönnum þar til að reyna að hreyfa frekar við málinu en sá fundur frestaðist vegna veikinda. Nú er unnið að því að fá slíkan fund í maí til þess að gera tilraun til að hreyfa frekar við málinu og kanna sjónarmið Kanadamanna frekar. Hins vegar er mjög líklegt að boðað verði til kosninga á næstu mánuðum í Kanada og því fremur ólíklegt að full svör fáist eða að formlegar viðræður fari af stað fyrr en eftir þær kosningar.

Það er hins vegar mikilvægt, þó að um afmarkaðan vöruflokk sé að ræða, að EFTA-ríkin standi saman og gefi ekki eftir þetta grundvallarsjónarmið í samningaviðræðum sínum því slík breyting eða eftirgjöf í einum samningi getur skapað fordæmi fyrir breytingum á öðrum iðnaðarvörum sem eru mikilvægari fyrir íslenskan útflutning í viðræðum við aðrar þjóðar síðar.

[14:02]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er með ólíkindum hversu mikið og lengi þetta mál hefur dregist. Ég stýrði sjálfur þeim fundi utanrmn. sem haldinn var að frumkvæði kanadískrar sendinefndar sem

hingað kom vegna þess að Kanadamenn fýsti svo mjög að ná þessum tengslum við okkur. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli fyrir okkur að þessi samningur verði gerður. Ég veit að það er ekki við íslensk stjórnvöld að sakast í þessu máli. Ég veit líka um mikilvægi þess að samstaða sé innan EFTA. Við höfum hins vegar ekki náð mikilli samstöðu með Norðmönnum varðandi t.d. endurskoðun á EES-samningnum á meðan það mál var í deiglu og ég spyr þess vegna hæstv. utanrrh.: Kemur ekki undir neinum kringumstæðum til greina að við í þessu tilviki gerum tvíhliða samning við Kanada? Fyrir liggur óskoraður vilji Kanadamanna til að eiga góð samskipti við okkur. Ég minnist þess að hafa heyrt hjá hæstv. utanrrh. hljóð í þessa veru á ráðherrafundi EFTA og ég spyr hæstv. ráðherra: Kemur til greina að gera tvíhliða samning við þessa góðu frændur okkar?

[14:03]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Rétt til að bæta í þessa umræðu út af því sem hæstv. utanrrh. sagði áðan.

Þingmannanefnd EFTA hefur haft samband við þingmenn í Kanada og reynt að aðstoða við að koma þessu máli í gang. Aðstæður í Kanada eru slíkar að það er nýbúið að skipta um forsrh., ríkisstjórn og nefndir. Utanríkisviðskiptanefnd þingsins er undirnefnd utanríkismálanefndar þingsins. Þetta hefur allt verið mjög þungt í vöfum og erfitt eftir því. Eins og hæstv. utanrrh. sagði standa fyrir dyrum kosningar í Kanada, jafnvel á næstunni, þannig að það hefur verið mjög erfitt að ná sambandi við Kanada. Þeir hjá EFTA kvarta mikið yfir því, ekki bara þingmannanefndir heldur almennt og meðal annarra þjóða, að illa gangi að ná sambandi við Kanada.

Ég tek undir að okkur Íslendingum er mjög mikilvægt að þessi samningur náist.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra og þeirra sem hafa tekið þátt í umræðu um þessa fyrirspurn. Ég tek undir að þetta er afskaplega mikilvægt mál. Þess vegna finnst mér áhugavert að heyra svar hæstv. ráðherra um mögulegan tvíhliða samning okkar og Kanada. Ég vil líka spyrja hvort Noregur sé ekki hættur að styrkja skipaiðnaðinn og hvort Kanada hangi þá virkilega á því núna, einhverjum árum síðar, að skipaiðnaðurinn hafi fengið styrki og standi því þar með fyrir þrifum að svona samningur verði gerður.

Þar sem hæstv. utanrrh. nefndi sjávarafurðir sem flokkast undir iðnaðarvörur í Kanada langar mig líka að spyrja hæstv. utanrrh. hvað annað sé mikilvægt fyrir okkur í viðskiptum við Kanada. Ég bryddaði upp á því á sínum tíma, eftir að hafa þá verið nýlega í heimsókn á Ísafirði og heimsótt fyrirtæki sem var með mikla, og er vonandi enn þá, starfsemi í Kanada. Þeir fluttu út vélbúnað til að nota í sjávarútvegi, höfðu sett upp nokkrar rækjuverksmiðjur í Kanada og lýstu því hvað viðskiptaumhverfið væri þeim erfitt og kerfið þungt og það mundi gjörbreyta stöðunni fyrir svona fyrirtæki ef fríverslunarsamningur næðist. Það er mjög mikilvægt að við fylgjumst með því hvaða viðskiptamöguleikar eru þarna, hvort þeir eru í húfi og hverjir gætu haft áhrif á það hvort Ísland ætti að skoða það að reyna að gera tvíhliða samning ef það væri í myndinni.

[14:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar um hvort ekki sé mögulegt að gera tvíhliða fríverslunarsamning við Kanada tel ég að það leiði ekki til lausnar á þessu máli. Við höfum sett afskaplega mikið í þennan undirbúning, bæði af okkar hálfu og líka af hálfu Kanada. Ég trúi því að hægt verði að leysa það. Við megum ekki gleyma því að það hefur verið ófrávíkjanleg grundvallarregla hjá EFTA-ríkjunum að engar iðnaðarvörur væru undanskildar. Því skyldum við þá undanskilja slíkar vörur í tvíhliða samningi? Ég tel að það komi ekki til greina.

Við höfum haft mjög gott samstarf við hin EFTA-ríkin í öllum þessum málum og ég fullyrði að það er þess vegna sem Ísland er almennt með fríverslunarsamninga við ýmis ríki. Það er ekki sami áhuginn á að gera fríverslunarsamninga við lítil ríki eins og stærri. Efnahagskerfi EFTA-ríkjanna er svipað og efnahagskerfi Kanada og það er mjög stórt mál fyrir okkur og öll EFTA-ríkin að varðveita þá samstöðu sem er meðal þeirra. Ég tel að svo sé jafnframt í þessu máli. Við verðum að reyna að halda áfram að leysa það og ég trúi að það muni takast þó að það hafi valdið miklum vonbrigðum hvað það hefur tekið langan tíma.

Sprengjuleit.

Fsp. JGunn, 911. mál. — Þskj. 1385.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ung börn að leik fundu virka sprengju á leiksvæði sínu 12. apríl 2003 og léku sér með hana um stund, m.a. prófuðu þau að henda henni í stein til að athuga hvort hún spryngi. Eftir að hafa leikið sér með sprengjuna um stund fengu þau bakþanka og settu hana í poll til að koma í veg fyrir að hún mundi springa. Mesta mildi var að ekki fór verr.

Maður gæti haldið að hér væri um að ræða frétt frá einhverju ófriðarsvæðanna í heiminum. Svo er þó ekki því að hér er um að ræða frétt frá Suðurnesjum á síðasta ári og það skrýtna er að eftir að þessi atburður átti sér stað hefur afskaplega lítið verið gert til að tryggja að svona hlutir komi ekki fyrir aftur.

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli notaði um 10 ára skeið svæðið við Háabjalla og Snorrastaðatjarnir á Vogaheiði í Vatnsleysustrandarhreppi sem skotæfingasvæði. Ekki hefur nýlega farið fram nein skipuleg leit með nýjustu tækni á þessu svæði að sprengjum þótt vitað sé að mikið sé af þeim þar. Sprengjur þessar finnast á yfirborði og talið er að um sé að ræða 15 ferkílómetra svæði þar sem mestu líkurnar séu á að finna þennan ófögnuð.

Í tveimur yfirborðsleitum sem framkvæmdar voru 1986 og 1996 fundust yfir 600 sprengjur sem var eytt. Ástæðan fyrir leitinni 1996 var sú að barn varnarliðsmanns hafði á sama hátt og ég lýsti í upphafi fundið sprengju í ferð með fjölskyldu sinni á svæðinu sem varð til þess að varnarliðið setti fjölda manns í að leita að sprengjum á yfirborði.

Sprengjan sem íslensku börnin fundu í apríl 2003 innihélt tvö kg af TNT og var hönnuð þannig að ef hún spryngi færu sprengjubrot í allar áttir og lífshættulegt væri að vera innan 300 m radíusar frá sprengjusvæðinu. Sérfræðingar telja nauðsynlegt að ráðist verði í gerð áætlunar um bæði

yfirborðshreinsun og einnig hreinsun með nýjustu sprengjuleitartækni til að lágmarka þá hættu sem getur orðið ef almennir borgarar labba um og finna sprengjur á svæðinu. Lengi hefur verið reynt að fá íslenska ríkið til að taka á í þessu efni því að eftir því sem best er vitað hefur íslenska ríkið leyst varnarliðið undan allri ábyrgð á umræddu svæði. Nýlega tókst að fá merkingar á svæðinu þar sem varað er við því að þarna gætu verið virkar sprengjur og er það til bóta.

Þegar maður les hins vegar og sér að íslenska ríkið hefur fjármuni til þess að ráðast í sprengjuleit í Írak er ekki undarlegt þó að maður spyrji hæstv. utanrrh. hve miklum fjármunum hafi verið varið í sprengjuleit í Írak og eins á Íslandi, hvort ráðherrar telji ekki fulla þörf á því að efla sprengjuleit og eyðingu hér á þessu landi okkar og hver beri ábyrgð á sprengjuleit og eyðingu á fyrrum athafnasvæðum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

[14:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Fyrsta spurning hv. þingmanns er: Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar í Írak og hver hefur árangurinn orðið?

Áfallinn kostnaður vegna íslensku sprengjusérfræðinganna sem sendir voru til Íraks er 9 millj., þar af vegna tækja og búnaðar sem nýtist í framtíðinni rúmar 2 millj. Árangur af starfi þessara sérfræðinga í Írak varð verulegur. Meðal verkefna sem þeir unnu var að sprengjuhreinsa akra, skólabyggingar, leiksvæði, vegi og íbúðarhús. Samtals eyddu þeir eða gerðu óvirkar 3.076 sprengjur og sprengjuhluti eða um 19 tonn af sprengjuefni. Að auki tóku þeir þátt í að eyða rúmlega 60 tonnum af sprengjuefni á sérstökum eyðingarsvæðum.

Í 2. og 3. spurningum spyr hv. þm.: Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar á fyrrverandi æfingasvæði varnarliðsins í Vatnsleysustrandarhreppi og hver hefur árangurinn orðið? Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar á öðrum stöðum á Íslandi?

Fyrrverandi æfingasvæði í Vatnsleysustrandarhreppi var á 6. og 7. áratugnum tekið af hálfu utanrrn. á leigu af landeigendum til notkunar sem skotæfingasvæði fyrir varnarliðið. Svæði þetta var þó aldrei gert að varnarsvæði. Eins og algengt er á skotæfingasvæðum sprungu ekki allar sprengjurnar. Sumar þeirra lentu undir yfirborði og hafa með árunum verið að koma upp aftur. Á árunum 1986 og 1996 var gerð yfirborðsleit á þessu svæði. Þáverandi tækni leyfði ekki að gerð væri undirborðsleit með tækjum. Sú tækni er hins vegar til staðar og hefur Landhelgisgæslan haft yfir slíku tæki að ráða frá 2002. Frá þeim tíma hefur Landhelgisgæslan eyðilagt 129 virkar sprengjur þarna og tekið þaðan aðra 200 sprengjuhluti. Í þetta hafa farið rúmlega 600 vinnustundir.

Varnarliðið hafði þrjú æfingasvæði við Stapafell og hefur Landhelgisgæslan varið um 800 vinnustundum í að leita að sprengjum á þessum svæðum. Hafa um 300 sprengjur fundist þar frá árinu 2000.

Suður af Njarðvíkum er gamalt æfingasvæði og hefur Landhelgisgæslan varið um 60 vinnustundum í að rannsaka það og hafa þar fundist yfir 200 sprengjur frá árinu 2002. Kostnaður vegna leitar á æfingasvæði varnarliðsins á Vogaheiði og annars staðar á Suðurnesjum er áætlaður um 4 millj. en Landhelgisgæslan hefur einbeitt sér að því svæði. Við Kleifarvatn er jafnframt gamalt æfingasvæði sem notað var bæði í síðari heimsstyrjöldinni og af varnarliðinu. Um 20 sprengjur hafa fundist þar síðan árið 2000. Í þá leit hefur Landhelgisgæslan varið um 34 vinnustundum. Þá hefur hún fjarlægt sprengjubrot frá gömlum skotæfingasvæðum á Sandskeiði í Mosfellsdal og við Sandgerði.

Að því er varðar 4. spurninguna um hvort ekki sé þörf á að efla leit að sprengjum og eyðingu þeirra er því til að svara að á nokkrum undanförnum árum hefur Landhelgisgæslan unnið mjög þarft og gott starf við sprengjuleit á Íslandi. Vissulega er þörf á slíkri leit áfram. Stjórnvöld verða að styðjast við mat Landhelgisgæslunnar og staðbundinna yfirvalda á hvaða svæðum sé þörf á að viðhafa skipulagða leit. Um ábyrgðina að því er varðar 5. spurninguna er samkvæmt 1. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands, eitt af markmiðum hennar að „tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af". Það er því Landhelgisgæslunnar að sjá um sprengjuleit enda er hún eina stofnunin í landinu sem býr yfir nauðsynlegri þekkingu í landinu til að framkvæma slíkar leitir. Teljist viðkomandi svæði enn þá vera varnarsvæði er leit að sprengjum og eyðingu þeirra undir yfirstjórn utanrrn. samkvæmt lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum. Hafi utanrrn. verið leigutaki að landi sem notað hefur verið sem æfingasvæði þótt það hafi ekki verið varnarsvæði hefur ráðuneytið engu að síður haft hönd í bagga með hreinsun, enda oft þurft að leita til varnarliðsins um margvíslegar upplýsingar og aðstoð eins og fyrrverandi æfingasvæði á Vatnsleysuströnd eru dæmi um.

[14:17]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Heldur voru þau tilþrifalítil, svörin hjá hæstv. utanrrh. við þessu grafalvarlega máli þar sem um er að ræða æfingasvæði varnarliðsins í Vatnsleysustrandarhreppi. Fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Jóns Gunnarssonar, að 600 sprengjur hefðu fundist þarna árið 1996 og mætti ætla að stórstyrjöld hefði geisað á svæðinu á þessum ímyndaða vígvelli bandaríska varnarliðsins. Ábyrgðin er skýlaust íslenska ríkisins að hreinsa upp svæðið og er slóðaskapurinn alveg með ólíkindum. Hérna er rekið á eftir því og hvatt til þess að hæstv. utanrrh. beiti sér fyrir því að íslenska ríkið taki sig til og setji í þetta það fjármagn og þann kraft sem þarf til að hreinsa upp svæðið og varna því að börn og aðrir vegfarendur verði fyrir stórskaða, enda er hér um að ræða svæði sem er þakið af sprengjum og öðrum stórhættulegum hlutum. Því er ástæða til að skora á hæstv. ráðherra að reka hressilega á eftir þessu máli.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil minna á það í tengslum við þessa þörfu fyrirspurn að fyrir þingi liggur tillaga mín og hefur gert lengi um úttekt á umhverfisáhrifum eða mengun af völdum erlendrar hersetu. Eitt af því sem þar er undir er auðvitað gömul skotæfingasvæði á nokkrum stöðum á landinu þar sem skotfæri og sprengjuhleðslur eru að grotna niður. Satt best að segja hefur ótrúlegt tómlæti lengi vel ríkt gagnvart þessu.

Ég geri ekki lítið úr því að þarft sé að leita að sprengjum í Írak. Ég tel þó að betur færi á því og félli betur að hefðum okkar Íslendinga að leggja okkar af mörkum á sviði borgaralegrar og friðsamlegrar þróunarsamvinnu, kenna mönnum að veiða og verka fisk, beisla jarðhita og þar fram eftir götunum. Næg eru verkefnin af því tagi sem ég held að við Íslendingar gætum betur einbeitt okkur að.

Það má líka segja að áður en menn verði í færum til þess að fara að taka til hjá öðrum eigi þeir að taka til heima hjá sér. Er það ekki jafnvel dálítið hlálegt að eyða miklum fjármunum í sprengjuleit í Írak á sama tíma og svo mikið verk er óunnið hér heima?

[14:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þessar tölur sem hæstv. utanrrh. nefndi varðandi hversu margar sprengjur hefðu fundist á þessum æfingasvæðum hersins á undanförnum örfáum árum komu mér nokkuð á óvart. Ég held að talan sé eitthvað hátt í 2 þús. sprengjur. Það er alveg rétt sem hv. þm. Björgvin Sigurðsson benti á, það mætti halda að þarna hefði geisað stórstyrjöld. Svo er sem betur fer ekki.

Ég held að það sé einmitt mjög þarft og brýnt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á, við ættum að leggja miklu meiri áherslu á að hreinsa til heima hjá okkur áður en við förum til annarra landa að leita þar að sprengjum. Ég ætla alls ekki að gera lítið úr því starfi. Ég tel mjög þarft og gott starf að við sendum sérfræðinga okkar einmitt til að hreinsa upp sprengjur á vígvöllum erlendis. Við mættum gjarnan gera meira af því. Írak, Afganistan, Kambódía, það eru ótal ófriðarsvæði, m.a. líka í Afríku, þar sem mikið er af jarðsprengjum sem þyrfti að hreinsa. Ég styð það starf fyllilega og af heilum hug. Fyrst að tækjabúnaður er fyrir hendi í landinu held ég að hreinsa ætti til á Reykjanesskaga sem fyrst.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Fram kom að við hefðum sett 9 millj. í sprengjuleit og -eyðingu í Írak og ætla ég ekki að sjá eftir þeim fjármunum.

Aftur á móti fannst mér að hæstv. utanrrh. skáskyti sér undan því að svara beint hver bæri ábyrgð á því að leita uppi sprengjur og eyða þeim á þessu svæði. Eftir því sem ég best veit telur Landhelgisgæslan á því fulla þörf að setja fram langtímaáætlun um það hvernig eigi að fara að því að leita að sprengjum á þessu svæði og eyða þeim. En til þess þarf fjármuni. Þeir fjármunir eru ekki fyrir hendi í dag og þessir sprengjusérfræðingar sem eru ákaflega færir hjá Landhelgisgæslunni eyða meira að segja stundum frítíma sínum í að leita þarna að sprengjum vegna þess að þeir hafa áhyggjur af þessu, ekki síður en við sem búum í Vatnsleysustrandarhreppi. Það hlýtur að vera áhyggjuefni ef á svæði sem liggur svona nálægt þorpinu og Reykjanesbrautinni og börn stunda leiki á geta verið virkar sprengjur. Við erum heldur ekki að tala um neitt smávegis. Við erum að tala um alvörusprengjur sem þarna hafa fundist. Þetta eru sprengjur sem geta valdið dauða í fleiri hundruð metra radíus frá þeim stað sem þær springa á. Ég held að við hljótum að kalla eftir ákveðnari svörum frá hæstv. utanrrh. um það hvort hann hyggist reyna að tryggja til þess einhverja fjármuni sem sérstaklega verði eyrnamerktir í það að leita að sprengjum og eyða þeim á þessu svæði, fjármunum sem duga kannski til að framkvæma eitthvað af þeim hugmyndum sem sérfræðingar í sprengjuleit á vegum Landhelgisgæslunnar hafa sett fram. Hingað til hefur ráðuneytið ekki mikið hlustað á þá, að því er virðist. Við verðum með einhverjum hætti að ná því að koma ráðuneytismönnum upp úr því meðvitundarleysi sem þeir eru í í þessu máli.

[14:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það kom alveg skýrt fram hjá mér að ég tel nauðsynlegt að halda áfram að leita að sprengjum á þessu svæði. Sú tækni sem við þurfum á að halda í því sambandi varð hins vegar ekki til fyrr en 2002. Þessar sprengjur hafa lent undir yfirborði, hafa síðan verið að koma upp á yfirborðið og við þurfum að sjálfsögðu að halda leitinni áfram.

Ég verð að segja að mér finnst alveg óþarfi hjá hv. þingmanni að blanda þessu saman við sprengjuleit í Írak. Ég veit ekki hvað mönnum gengur til. Þetta er alveg eins og þegar verið er að tala um að við eigum ekki að vera í þróunarhjálp vegna þess að enn séu óleyst verkefni hér innan lands. Berum við enga ábyrgð til þess að taka þátt í því að hjálpa því fólki á alþjóðavettvangi sem þar er að berjast? (**Gripið fram í:** Höfum við enga ábyrgð heima?) Auðvitað höfum við ábyrgð heima en ég tel að það sé ósmekklegt í hæsta lagi hjá hv. þingmanni að blanda þessum málum saman með þeim hætti sem hann gerir.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu þörfina á Suðurnesjum, það gerum við öll. En við höfum þá ábyrgð gagnvart alþjóðasamfélaginu að hjálpa þeim sem eiga við miklu meiri erfiðleika að etja en við höfum nokkurn tíma átt. Ég tel ósmekklegt af hv. þingmanni (Gripið fram í.) að blanda þessu saman og bið nú hv. þm. Helga Hjörvar að bíða þess að hann fái orðið hjá hæstv. forseta. Það væri rétt fyrir hv. þingmenn að tala meira í sínum eigin ræðutíma en að eyða ræðutíma annarra skipti eftir skipti í þinginu með framíköllum.

(**Forseti** (JóhS): Það er hefð fyrir því að ef hv. þm. vilja gera athugasemdir í umræðum um fyrirspurnir geri þeir það áður en fyrirspyrjandi og hæstv. ráðherra ljúka síðari ræðum sínum.)

Tæknimenntun.

Fsp. KJúl, 617. mál. — Þskj. 925.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Áður hef ég staðið í þessum ræðustól og fjallað um málefni tæknimenntunar á Íslandi og þá óhjákvæmilega Tækniháskóla Íslands sem er ungur háskóli. Nú er um 1 1/2 ár síðan hann varð til úr gamla Tækniskólanum. Ég tel að það hafi verið mikið gæfuspor þegar sá atburður varð því að við stöndum öðrum þjóðum langt að baki þegar kemur að verkfræði- og tæknimenntuðu fólki.

Þörfin fyrir tæknimenntun er mikil og er atvinnulífið í brýnni þörf fyrir fólk með slíka menntun. Samtök iðnaðarins hafa margoft bent á þetta og hafa lengi beitt sér fyrir því að vekja athygli á þessu, enda er skortur á tæknimenntun oft og tíðum farin að há útrás íslensks iðnaðar.

Árið 2000 leiddu niðurstöður könnunar samtakanna í ljós að fyrirtækin í iðnaði töldu nauðsynlegt að fjöldi tækni- og verkfræðimenntaðra ykist um 80% á árunum 2000–2005. Þessari eftirspurn hefur ekki enn verið svarað með nægjanlega afgerandi hætti. Hlutfall tækni- og verkfræðimenntaðs fólks á Íslandi er það lægsta á Norðurlöndum og má þar nefna sem dæmi að þetta hlutfall hefur verið hér meira en helmingi lægra en í Finnlandi. Þar hefur verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu tæknimenntunar undanfarinn áratug

og hefur það gert mikið fyrir efnahagslíf Finnlands eins og dæmin sanna.

Virðulegi forseti. Það jákvæða sem gerst hefur í þessum efnum samhliða aukinni eftirspurn eftir tæknimenntuðu starfsfólki er að eftirspurnin eftir náminu sjálfu hefur vaxið gríðarlega, enda eru neytendur menntakerfisins skynsamir. Þeir vita hvar tækifærin liggja og sækja sér yfirleitt heppilega menntun á hverjum tíma.

Síðasta vor þurfti Tækniháskólinn að vísa frá 140 af 200 umsækjendum í tækninám vegna ónógs fjármagns. Þáverandi hæstv. menntmrh. greip þá til þess ráðs að heimila skólanum inntöku 50 nemenda til viðbótar og hófu þeir nám þar síðasta haust. Var það vel. Það sem gerðist þó var að ekki fylgdi þessum nemendum fjármagn á fjárlögum sem þó hafði verið samþykkt að teknir yrðu inn. Það fundust mér merkileg vinnubrögð, að samþykkja heimild fyrir fjölgun nemenda án þess að henni fylgdi fjármagn. Ég tel mikilvægt að hæstv. menntmrh. hugi að því að tryggja betur rekstrargrunn Tækniháskólans svo að hægt verði og mögulegt að fjölga þar nemendum allverulega á næstu árum.

Í ljósi þessa spyr ég hæstv. ráðherra hvort það sé til skoðunar að rýmka heimildir Tækniháskólans til að taka inn nemendur til að svara eftirspurn nemenda og atvinnulífs eftir tæknimenntun auk þes sem ég spyr hversu margir hafi lokið tæknimenntun á háskólastigi á Íslandi.

[14:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Varðandi spurningu hv. þingmanns um það hversu margir hafi lokið tæknimenntun á háskólastigi á Íslandi vil ég geta þess að það var leitað til Tækniháskóla Íslands varðandi svar við spurningunni og spurt hversu margir hefðu útskrifast úr tæknifræði frá upphafi.

Samkvæmt svörum skólans hafa 443 nemendur lokið námi í byggingartæknifræði frá skólanum frá því að kennsla í byggingartæknifræði hófst árið 1971 en það var fyrsta kennslugrein skólans á tæknisviði. Nám í iðnaðartæknifræði hófst síðan 1991 og hefur 121 nemandi lokið því námi. Frá því að tekið var að kenna upplýsingatæknifræði árið 1998 hafa 13 nemendur lokið því námi. Nýjasta viðbót við námsframboð Tækniháskólans er vél- og orkutæknifræði sem tekin var upp árið 2003 og hafa nú þegar 30 útskrifast úr því námi. Alls hafa því 607 nemendur útskrifast með próf í tæknifræði frá Tækniháskólanum.

Samkvæmt upplýsingum Háskóla Íslands útskrifuðust 627 nemendur úr verkfræði- og raunvísindadeild frá árinu 1982 þar til deildinni var skipt í verkfræðideild annars vegar og raunvísindadeild hins vegar árið 1987. Frá því ári hefur 1051 nemandi verið útskrifaður úr verkfræðideildinni en 1867 nemendur hafa verið útskrifaðir úr raunvísindadeild frá árinu 1987.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Er til skoðunar að rýmka heimildir Tækniháskóla Íslands til að taka inn nemendur til að svara eftirspurn nemenda og atvinnulífs eftir tæknimenntun?

Í samningi sem er milli menntmrn. og Tækniháskóla Íslands sem kemur til með að gilda til næstu þriggja ára kemur fram að fjárveitingar til Tækniháskólans byggja á reglum frá árinu 1999 um fjárveitingar til háskóla og einnig að ráðuneytið muni hafa til hliðsjónar áætlun skólans til næstu fimm ára sem og stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Í fjárlagafrv. ársins 2004 er gert ráð fyrir að fjárframlög til háskólastigsins aukist um 4% á milli ára næstu þrjú árin, þ.e. til ársins 2007. Byggir sú spá á mannfjöldaspá Hagstofunnar um fækkun í árgöngum 20–24 ára og jafnframt er tekið mið af þeirri þróun síðustu ára að stærra hlutfall hvers árgangs fari í háskóla.

[14:31]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er ákaflega mikilvægt að við leggjum meira til í tæknimenntun hvers konar. Galdurinn margfrægi að baki þess mikla uppgangs sem hefur verið að baki finnskum iðnaði og finnskri hátækni er að þeir réðust í stórbrotnar fjárfestingar gagngert í tæknimenntun til að keyra upp þetta stig atvinnulífsins. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Finnar eru stórveldi í hátækni og tækni hvers konar í dag. Mjög mikilvægt er að við fjárfestum, eins og þeir, mjög duglega í þessari menntun enda kom fram að framlög okkar eru helmingi lægri en þeirra til tæknimenntunar. Það var dapurlegt að heyra að hæstv. menntmrh. skyldi ekki taka hressilega undir og lýsa því yfir að við mundum gera þetta, stefna að því á næstu árum að rýmka heimildir til inntöku í Tækniháskólann og efla þetta menntastig verulega. Því sjónarmiði var því miður ekki til að dreifa.

[14:32]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægu máli. Nauðsynlegt er að líta á verk- og tæknimenntun í heild þegar við horfum til Tækniháskólans. Það er ekki bara þörf á því, þótt hún sé mikil, að rýmka heimildir til inntöku í Tækniháskólann nemenda vegna heldur líka vegna þess að það er þörf fyrir slíka menntun í atvinnulífinu. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tók góð dæmi varðandi Finnana og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. sem ég veit að átti ferð um Finnland fyrir nokkru hvort ekki væri til athugunar í ráðuneytinu að horfa örlítið til Finna varðandi verk- og tæknimenntun. Væri ekki ráð að endurskipuleggja það nám í heild sinni og horfa til Finna í því tilliti?

Það er dapurlegt að ríkisstjórnin skuli ekki hafa metnaðarfyllri áform á lofti varðandi háskólanám almennt, ekki síst tæknimenntun sem er augljóst mál, til framtíðar litið, að verður sú menntun sem við þurfum hvað mest á að halda. Því miður stöndum við ekki nægjanlega vel að vígi. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti tjáð okkur eitthvað um þau áform sem eru fram undan varðandi verk- og tæknimenntun og þá sérstaklega ef horft væri til Finnlands í því sambandi.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Spurningu minni um það hvort til skoðunar væri að rýmka heimildir Tækniháskóla Íslands til að taka inn nemendur til að svara eftirspurn nemenda og atvinnulífsins eftir tæknimenntun var í rauninni svarað með neii. Ég tók því þannig þar sem hæstv. menntmrh. vísaði í gerða hluti en ég var ekki að spyrja um þá heldur spurði ég um framtíðarsýn, hvort það væri eitthvað til skoðunar og hvort stefna ríkisstjórnarinnar væri að auka veg og virðingu tæknimenntunar.

Ég spyr vegna þess að ég tel mikilvægt að byggja upp tæknimenntun á háskólastigi og að það verði best gert með því að nýta þann glæsilega háskóla sem við eigum í Tækniháskólanum. Til þess að svo megi verða þarf að auka heimildir Tækniháskólans til þess að taka inn nemendur og rýmka þær að einhverju eða verulegu leyti til frambúðar.

Eins og aðrir háskólar verður Tækniháskólinn að geta treyst fjárveitingavaldinu þegar gerðar eru áætlanir, treyst því að samningar standi og að fé fylgi samningum og heimildum til inntöku nemenda.

Við höfum lengi staðið nágrannaþjóðum okkar að baki í þessum efnum og gerum enn. Það er því mín skoðun að við eigum að taka á þessu máli í eitt skipti fyrir öll, og það myndarlega vegna þess að við vitum að eftirspurnin er svo sannarlega til staðar í atvinnulífinu. Að sama skapi vil ég koma því að að mér finnst þetta líka tengjast að ákveðnu leyti heildarmenntastefnu þessarar ríkisstjórnar. Ég tel að meiri sveigjanleika vanti í menntakerfið til þess að bregðast við þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Takmarkanir á inngöngu nemenda geta reynst okkur dýrar og núna tel ég að klukkan tifi í þessum efnum, þegar kemur að tæknimenntuninni, og að með einhverjum hætti verði að leysa slíkar takmarkanir, losa um böndin og gera kerfið sveigjanlegra.

[14:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Á síðustu árum hafa stórstígar framfarir verið í málefnum iðn-, tækni- og verkmenntunar en lengi má gera gott betra. Ég vil minna á að m.a. Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur aldrei verið vinsælli en akkúrat núna. Er það vel.

Ég vil einnig geta þess að við breyttum Tækniskóla Íslands og það m.a. undirstrikar það mikilvægi sem stjórnvöld telja Tækniháskólann hafa, þ.e. að breyta Tækniskólanum í Tækniháskóla. Við undirstrikum enn og aftur að við viljum hefja hér tækni- og verknám til enn frekari vegs og virðingar. Það er rétt sem hv. þm. hefur komið inn á að við höfum að vísu ekki jafnháa og -glæsilega prósentutölu og Finnar í tækni- og verkgreinum en við höfum þó verið að þokast upp á við. Það er líka gott að taka það fram sem vel er gert.

Ég hef það á stefnuskrá minni að auka enn frekar verk- og tæknimenntun og m.a. er ég að reyna að skoða allan markaðinn í heild, hvort sem það verður til þess að auka nemendaígildi hjá Tækniháskólanum eða veita fleiri háskólum heimild til að reka verkfræðideild. Það hefur m.a. komið fram í blöðum að Háskólinn í Reykjavík kemur til með að sækjast eftir því að setja á laggirnar verkfræðideild. Það er þáttur í því að skoða það að auka verkfræðimenntun í landinu enda er mikil eftirspurn eftir henni.

Vísinda- og tækniráð er uppstokkun á því kerfi í vísindasamfélaginu sem var lögfest fyrir einu ári, einmitt með það í huga að reyna að efla þetta tækni- og verkmenntaumhverfi sem við búum við, reyna að styðja það og efla. Ég mun m.a. og er með það í skoðun hvernig við getum kveikt og glætt áhuga yngri nemenda á raungreinum, hvernig hægt sé að kveikja þann áhuga og þann blossa sem getur kviknað við það að kynnast stærðfræðinni og verkgreinum.

Skipting fjárveitinga milli framhaldsskóla.

Fsp. KJúl, 624. mál. — Þskj. 933.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hæstv. menntmrh. um reiknilíkan sem notað er til grundvallar skiptingar fjárveitinga milli framhaldsskóla. Nú hefur reiknilíkan það sem notað er til útdeilingar fjármuna til framhaldsskólanna verið við lýði í þó nokkur ár og því er komin ágæt reynsla á það.

Fjölmargir hafa orðið til að gagnrýna líkanið, bæði í heild sinni og einnig einstaka þætti þess, og komið hefur í ljós að reiknilíkanið hentar skólunum með afar mismunandi hætti þó svo að markmiðið með reiknilíkaninu hafi verið að jafna aðstæður og koma reglu á framlögin til framhaldsskólanna. Ég tel að kominn sé tími til að fara gaumgæfilega í gegnum þetta flókna líkan af hálfu ráðuneytisins og máta hvern og einn skóla inn í það og meta sérstaklega.

Allmargir vankantar hafa komið fram á líkaninu. Einn er sá að ekki hefur verið nægilegt fjármagn til verkmenntunar sem hefur leitt af sér að aðbúnaður til kennslu er mjög víða úr sér genginn og tækjabúnaður ekki í takt við það sem gerist í atvinnulífinu.

Annar stór galli sem hefur mikil áhrif á rekstur sumra þessara skóla er að framlög til allflestra rekstrarliða eru tengd við nemendafjölda. Þetta veldur því að framlög til t.d. reksturs bókasafns eru háð nemendafjölda, fjöldi starfsmanna safnsins og einnig þrif á skólabyggingum, svo fátt eitt sé nefnt, er allt tengt nemendafjölda. Þetta finnst mér afar sérkennilegt því alla skóla þarf að þrífa þó svo að nemendum fækki. Skólabyggingin minnkar ekki að fermetrafjölda þótt nemendum fækki og grunnkostnaður, svo sem ljós og hiti, lækkar heldur ekki með fækkun nemenda. Þetta hefur valdið framhaldsskólum, sérstaklega úti á landsbyggðinni, nokkrum vanda. Á landsbyggðinni eru meiri líkur á sveiflum og/eða fækkun nemenda vegna þess m.a. að atvinnuástand í ýmsum byggðarlögum hefur verið nokkuð sveiflukennt. Get ég í þessu sambandi nefnt Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem hefur lent í mikilli fækkun nemenda á undanförnum árum. Það breytir því þó ekki að í skólanum þarf að halda úti ákveðinni lágmarksþjónustu eins og bókasafni og þrifum fyrir þá 200 nemendur sem skólann sækja.

Nemendafjöldi hefur nefnilega svo mismunandi áhrif á mismunandi rekstrarliði. Endurskoðun reiknilíkansins þyrfti að taka tillit til allra ytri aðstæðna sem hafa áhrif á hvern skóla fyrir sig, svo sem staðsetningar og stöðu sveitarfélaga í kring. Í ljósi þess sem hér á undan er sagt vil ég því spyrja hæstv. menntmrh.:

Telur ráðherra að endurskoða þurfi reiknilíkan um skiptingu fjárveitinga milli framhaldsskóla þannig að fjárveitingar til grunnrekstrarliða verði óháðar nemendafjölda?

[14:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. þm. spyr hvort endurskoða þurfi reiknilíkanið um skiptingu fjárveitinga milli framhaldsskóla þannig að fjárveitingar til grunnrekstrarliða verði óháðar nemendafjölda. Reiknilíkanið fyrir skiptingu fjár til framhaldsskóla var tekið í notkun fyrir fjárlagagerðina 1998 en lögfest með löggjöfinni frá 1996. Það var m.a. vegna þeirrar áherslu sem skólameistarar lögðu á að fá hlutlægar mælingar á skólastarfið og þær yrðu síðan grundvöllur fjárveitinganna sem þeir fengju til hvers og eins skóla.

Afstaða skólanna og skólameistaranna hefur ekki breyst og þeir eru yfirgnæfandi fylgjandi þessari aðferð. Meðal annars er í reiknilíkaninu kveðið á um lágmörk nokkurra rekstrarliða, svo sem vegna starfsmanna annarra en kennara, húsaleigu, orku og hitunar. Í reglugerð um líkanið var kveðið á um reglulega endurskoðun þess á fjögurra ára fresti hið skemmsta og endurskoðað reiknilíkan er að fullu komið til

framkvæmda á árinu 2004. Nefnd fulltrúa fjmrn. og framhaldsskóla var menntmrn. til ráðgjafar við þá endurskoðun á árunum 2001–2002. Í þeirri endurskoðun var frá því gengið að þeir grunnrekstrarliðir sem skilgreindir voru í fyrstu útgáfu reiknilíkansins skiluðu sér ekki í lakari framlögum samkvæmt hinu nýja en verið hafði í eldra líkaninu.

Það er ljóst að leiði reglubundin endurskoðun á líkaninu í ljós að hagsmunum skólanna væri betur borgið með aðgreiningu grunnrekstrarliðanna og nemendafjölda er ekki óeðlilegt að mínu mati að slíkt yrði þá skoðað sérstaklega. Fram til þessa hefur góð meðferð almannafjár, bæði hér á landi og erlendis, verið talin best tryggð með því að hafa náin tengsl milli nemendafjölda og framlaga til framhaldsskóla. Síðan er það, eins og hv. þm. kom inn á, alltaf og verður að vera ávallt til skoðunar hvernig hagsmunum er best borgið innan þessa reiknilíkans. Líkanið verður að hafa ákveðinn sveigjanleika sem það hefur reyndar í dag og við höfum náð sæmilegri sátt með þessu reiknilíkani. Menn hafa, bæði í þessum stól og annars staðar, bent á ýmsa hnökra sem hafa fylgt því en menn hafa eftir fremsta megni reynt að taka einmitt á þeim hnökrum.

Þegar svona endurskoðun byrjar að eiga sér stað verður kerfið flóknara og flóknara og á endanum verður það svo flókið að enginn skilur það og þá byrjar allt aftur frá grunni og fer í ákveðna einföldun. Ég held að þetta sé í ákveðnu ferli hjá okkur, eðlilegu ferli, og við eigum að hafa það svigrúm innan kerfisins að við getum endurskoðað hlutina með tilliti til þess umhverfis sem viðkomandi framhaldsskólar standa frammi fyrir. Forsendurnar eru upphaflega þær sömu. Allir vilja hafa þann grundvöll að mælingarnar séu nokkurn veginn hlutlægar á skólastarfinu og það hef ég gert í sátt við skólameistarana sjálfa.

[14:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að skólameistarar eru sammála um að það eigi að hafa sem samræmdastar reglur við úthlutun fjár til skólanna. Síðasta leiðréttingin sem gerð var á reiknilíkaninu var gerð til þess að rétta hlut verknámsskóla sem höfðu búið við afar slæman kost en sú leiðrétting var gerð á kostnað bóknámsskóla og nú eru hinir hefðbundnu bóknámsskólar sem áður undu sáttir við sitt í verri málum.

Nú er líka nýbúið að gera breytingar á húsaleigusamningum varðandi heimavistir. Sú breyting gerir það að verkum að t.d. við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er komin 10 millj. kr. skekkja í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Það er auðvitað algjörlega óviðunandi.

Staðan er einfaldlega sú að stærstu skólarnir geta nokkuð vel við unað og litlu skólarnir líka, minnstu skólarnir, vegna þess að þeir fá sértæka aðstoð. Meðalstóru skólarnir eru hins vegar í afar vondum málum og þessir meðalstóru skólar eru ákaflega mikilvægir fyrir starfsumhverfi sitt og nánasta umhverfi.

[14:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er hægt að taka undir það með hæstv. ráðherra að hlutlægan grundvöll þarf að vissu leyti en það er mjög nauðsynlegt að taka ákveðna þætti út úr reiknilíkaninu, festa þá öðruvísi og koma þannig í veg fyrir að fótunum verði kippt undan starfsgrundvelli ákveðinna skóla eins og núverandi reiknilíkan gerir.

Títtnefndur Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er í ákaflega erfiðum málum bara út af fyrirkomulagi reiknilíkansins og stjórnmálamenn mega ekki láta pikkfesta sig svo í reiknilíkanapólitíkinni, svo leiðinleg sem hún er, að þeir geti ekki tekið tillit til breytanna og ákveðinna þátta sem er ekki hægt að stýra í reiknilíkani. Það er prýðilegt að ákveða það að nokkru leyti og láta nemendafjölda stýra hluta fjárveitinga til skólanna. Að öðru leyti er það mjög gallað og það verður að endurskoða reiknilíkanið, bæði með tilliti til þessa og iðn- og verknámsins í heild sinni.

[14:47]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Oft hefur verið rætt hér um þetta ágæta reiknilíkan framhaldsskólanna og alltaf hefur verið full ástæða til þess. Það er rétt að taka fram að ég hef ætíð verið fylgjandi reiknilíkaninu sem slíku. Það er afskaplega nauðsynlegt til útreiknings á fjárveitingum en vandinn hefur hins vegar fyrst og fremst verið sá að reiknilíkanið hefur ekki fylgt þróuninni. Ýmis hlutföll hafa gjörbreyst í þessum útreikningum frá því að reiknilíkanið var tekið í gagnið og því miður hafa þær endurskoðanir sem átt hafa sér stað ekki verið fyllilega framkvæmdar í anda þess sem fyrir hefur verið lagt. Frá því að það var tekið í gagnið hafa tvær nefndir starfað. Þær hafa ekki lokið störfum. Þess vegna var það athyglisvert sem hæstv. ráðherra sagði, það er rétt að þessar nefndir hafa eingöngu verið til ráðgjafar. Ekki hefur verið farið algjörlega eftir þeim tilmælum sem þar hafa komið fram, m.a. um breytingar á hlutföllum. Það er hins vegar grundvallarforsendan til þess að þetta reiknilíkan geti fúnkerað eins og við viljum hafa það, þ.e. að ákveðin grunnupphæð fari til hvers skóla og síðan sé miðað við nemendafjöldann.

Annað sem er auðvitað gífurlegt vandamál er að því miður hefur fjmrn. ekki metið niðurstöður kjarasamninga rétt undanfarin ár.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. vildi meina að kerfið yrði flóknara við endurskoðun. Ég verð að segja alveg eins og er að ég sé ekki flækjuna í því að aðskilja grunnrekstrarliði frá öðrum sem yrðu þannig tengdir nemendafjölda. Það kæmi grunnupphæð á hvern skóla. Ef eitthvað er mundi ég halda að það einfaldaði margt.

Ég dró alls ekki í efa í ræðu minni gildi líkansins sjálfs, þ.e. hugmyndafræðina þar á bak við. Hugmyndafræðin, hugmyndin sjálf, er góð. Grunnhugmyndin um hlutlæga útdeilingu fjár er ákaflega góð. Praxísinn á þessu líkani hefur hins vegar ekki staðið fyllilega undir væntingum. Er það af mörgum ástæðum og fannst mér hv. þm. Einar Már Sigurðarson lýsa því afar vel áðan.

Reiknilíkanið hefur einhvern veginn ekki þennan innbyggða möguleika á að fylgja þróuninni sem felur í sér ýmsa kostnaðarliði og hlutföll sem breytast.

Mér finnst mikilvægt að líta til þess að nú eru sex ár liðin frá því að líkanið tók gildi og því teldi ég eðlilegt að menn legðust dálítið yfir það. Þetta er alveg gríðarlega flókið líkan. Það þarf að mæla það við skólana eins og þeir eru í dag og eins og þeir hafa þróast undanfarið, mismunandi skóla. Þá á ég við jafnólíka skóla og hinn títtnefnda Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og síðan t.d. Menntaskólann í Reykjavík. Ég held að við mundum fá mikið út úr slíkri raunathugun.

[14:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þingmaður hafi misskilið mig en sé ekki að reyna að snúa út úr orðum mínum þegar ég tala um endurskoðun. Það er einfaldlega þannig í eðli sínu að þegar hlutir eru endurskoðaðir með því að taka einn og einn þátt út úr ákveðnu líkani er verið að gera málið flóknara. Annað mátti greina á mæli þeirra þingmanna sem komu inn í þessa umræðu áðan, bæði hv. fyrirspyrjanda og fleiri þingmanna.

Það er annað að taka bara þann þátt sem menn hafa verið að tala um, þ.e. grunnrekstrarliðina. Ef eingöngu þeir eru teknir út kann að vera að það verði ekki flókið í sjálfu sér. Undir eins og menn byrja að taka einn og einn lið út úr almennu hlutlægu líkani erum við bara komin með undantekningar ofan á undantekningar og undanþágur ofan á undanþágur. Þá er spurningin hvað stendur eftir af líkani sem við viljum kalla hlutlægt og reyna að miða við.

Ég veit að hv. þingmönnum er ekki vel við orðið íhaldssemi. Ég held þó að hún sé góð í þessu samhengi, við verðum að gæta ákveðinnar íhaldssemi en vera þó óhrædd við það að skoða reiknilíkanið með tilliti til þess umhverfis og þeirra þarfa sem viðkomandi framhaldsskólar standa frammi fyrir.

Ég held að við verðum að halda vel utan um þessa hugmynd sem reiknilíkanið er. Það er meira en virðingarverð viðleitni stjórnvalda í samvinnu við skólameistara að koma böndum yfir fjármál framhaldsskólanna. Við verðum að halda áfram að vinna í þeirri sátt sem við höfum verið að vinna reiknilíkanið í en að sjálfsögðu munum við halda áfram eins og við höfum gert í ráðuneytinu að leita eftir ráðum hjá þeim sem málið varðar og þekkja það og halda áfram þeirri vinnu sem við nú þegar erum byrjuð á í ráðuneytinu, frú forseti.

Þjóðminjasafnið.

Fsp. MÁ, 670. mál. — Þskj. 999.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Hæstv. menntmrh. hefur tekið upp þá skemmtilegu venju að þegar ég legg fram fyrirspurn á þinginu um Þjóðminjasafn Íslands svarar ráðherrann í fjölmiðlunum, a.m.k. að hluta til. Þetta er afar ánægjulegt og gaman að hafa þessi keðjuverkandi áhrif á upplýsingastreymið í samfélaginu. Þetta er meðal forréttindanna við það að vera þingmaður á Alþingi við hina góðu leiðsögn hæstv. menntmrh.

Það hefur ekkert þótt liggja á að svara fyrirspurn minni hér vegna þess að svarið við fyrsta liðnum hefur legið fyrir í fjölmiðlum. Fyrirspurnin er nú orðin rúmlega tveggja mánaða gömul. Fyrirspurninni um dagsetningu opnunar Þjóðminjasafnsins hefur þegar verið svarað, sjálfum mér og öllum landslýð til gleði og ánægju. Ég get upplýst þingmenn um að 1. september muni vera þar í sigtinu. Það er skemmtilegt að það skuli verða í september því í september gerist svo margt og svo margt gerist í september.

Hinir tveir liðirnir í þessari fyrirspurn standa þó eftir fyrir hæstv. ráðherra að svara með sínum ánægjulega hætti. Þeir eru svona:

Hversu háa fjárveitingu hyggst ráðherra sækja á aukafjárlögum fyrir árið 2004 vegna opnunar Þjóðminjasafnsins í sumar? Ég bendi hv. þingmönnum á að sumarið er hér skilgreint sem sá helmingur ársins frá fornu fari sem stendur frá sumardeginum fyrsta og fram á fyrsta vetrardag þannig að 1. september fellur innan þess ramma.

Hver er áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar frá 1. ágúst 1998 þegar safnhúsinu var lokað? Hvernig skiptist sá kostnaður á ár og verkliði?

[14:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er rétt að bæta því við að að auki höfum við hv. ágætur þm. Mörður Árnason líka átt einhver orðaskipti um þetta tiltekna mál í óundirbúnum fyrirspurnum.

Hv. þm. hefur beint til mín þremur spurningum sem ég ætla að svara. Við erum búin að svara þeirri fyrstu, þ.e. hvenær í sumar á tímabilinu frá 18. júní til 22. október Þjóðminjasafnið við Suðurgötu verður opnað að nýju. Eins og staða framkvæmda er í dag er ætlunin og stefnan og undirbúningur hafinn að því að opna Þjóðminjasafnið þann 1. september nk. Eins og hv. þm. gat um gerast ýmsir hlutir þá, (Gripið fram í.) allt ánægjulegir hlutir og þeir koma til með að gerast hversu vænlegir sem þeir síðan verða.

Hversu háa fjárveitingu hyggst ráðherra sækja á aukafjárlögum fyrir árið 2004 vegna opnunar Þjóðminjasafnsins í sumar? spyr hv. þm.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja til við Alþingi að á fjáraukalögum þessa árs verði varið 100 millj. kr. til þess að unnt verði að ljúka verklegum framkvæmdum við safnhúsið við Suðurgötu á þessu ári og með þessari fjárhæð er ætlunin að klára verkið allt saman og inni í þessu er þá m.a. turninn. Hv. þm. veit nákvæmlega hvað ég er að meina þegar ég tala um turninn. Þá eru allar framkvæmdir honum tengdar kláraðar líka og hægt að opna húsið með sóma.

Hver er áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar frá 1. ágúst 1998 þegar safnhúsinu var lokað? Hvernig skiptist sá kostnaður á ár og verkliði?

Framkvæmdir við endurbyggingu og uppsetningu sýningar í húsi Þjóðminjasafns við Suðurgötu eru alls áætlaðar 1.274 millj. kr. og við það bætist kostnaður vegna skrifstofu- og geymsluaðstöðu fyrir safnið sem féll til fyrst og fremst á árunum 1998 og 1999, eða alls um 144 millj. kr. Kostnaður við framkvæmdir er tengdust húsi safnsins við Suðurgötu var á árinu 1998 um 20 millj. kr., mest þá vegna hönnunar. Á árinu 1999 um 55 millj. kr. vegna rifs og hreinsunar innan húss auk frekari undirbúningsvinnu. Árið 2000 var 105 millj. kr. varið til að ljúka hreinsun, steypa upp nýtt anddyri og til undirbúnings grunnsýningar. Á árinu 2001 hófust endurbætur innan húss sem hafa staðið fram til þessa. Á því ári var kostnaður 123 millj. kr., 260 millj. kr. á árinu 2002 og 238 millj. kr. á síðasta ári. Til að ljúka framkvæmdum við húsið og sýningu er talið að 473 millj. kr. þurfi á þessu ári.

Mig langar líka að geta þess hvernig skipting kostnaðar á helstu verkliði er en hún er sem hér segir: Hönnun, umsjón og eftirlit eru 135 millj. kr., rif og hreinsun 69 millj. kr., endurbætur verklegra framkvæmda innan húss og utan eru 621 millj. kr., lóð og bílastæði 80 millj. kr., grunnsýning 289 millj. kr. Annað, eins og búnaður, opinber gjöld o.fl., er um 80 millj. kr. Samtals gerir þetta um 1.274 millj. kr. og vona ég að ég hafi náð að svara spurningum hv. þingmanns með sem mestri nákvæmni.

[14:59]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er auðvitað ánægjuefni að nú skuli sjá fyrir endann á framkvæmdum við Þjóðminjasafnið. Vonandi stendur þessi síðasta dagsetning sem nefnd hefur verið, þ.e. 1. september. Þær eru margar, þessar dagsetningar sem við höfum heyrt frá því að framkvæmdirnar hófust.

Athugasemd mín varðar fyrst og fremst þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur samþykkt 100 millj. kr. framlag vegna verklegra framkvæmda við þessar breytingar. Það er athyglisvert vegna þess að það var til umræðu þegar fjárlög voru samþykkt fyrir jólin síðustu að aukið fjármagn þyrfti til Þjóðminjasafnsins. Við því var ekki orðið. Ríkisstjórnin hefur sem sagt samþykkt þetta og það er greinilega hefðin í þessari blessuðu ríkisstjórn, að haga sér eins og áður og fara ekki eftir fjárlögunum því ekki hefur fjárln. fengið að heyra neitt um þessa samþykkt eins og gert er þó ráð fyrir að henni sé tilkynnt um.

Spurning til hæstv. ráðherra er sú hvort inni í þessari upphæð sé líka sá kostnaður sem áætlaður er vegna sýningar sem fyrirhugað er að koma upp þegar Þjóðminjasafnið verður opnað. Þar um var ósk í fjárlögum, að sérstök fjárveiting kæmi. Er hún inni í þessum 100 millj. eða kemur hún til viðbótar síðar?

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svörin. Allt var talið fram, vænti ég, sem fram þurfti að telja. Heildarkostnaðurinn er auðvitað ákaflega mikill við þetta. Ekki sé ég eftir því fé til Þjóðminjasafnsins en ég hygg, án þess að hafa þá tölu í höndunum, að þetta sé tvöföld eða þreföld sú upphæð sem upphaflega var gert ráð fyrir að veitt yrði til safnsins.

Saga þessa máls er auðvitað alveg ótrúleg, mikill hrakfallabálkur. Áætlanir um það eru allar úr skorðum, ákvarðanir um málið eru teknar hjá þjóðminjaráði og menntamálaráðherra að því er virðist út í bláinn. Hver yfirlýsingin um opnun safnsins liggur fyrir annarri dauðari frá ráðherrunum, forverum hæstv. núv. ráðherra, sem á hér litla sök eða enga, og undirbúningi öllum hefur verið ábótavant í þessu máli og ég skora á hæstv. menntmrh. að láta fara fram sérstaka rannsókn á fjárhagslegum og skipulagslegum þáttum þessarar viðgerðar. Ef hæstv. menntmrh. vill ekki gera það er kannski ástæða til að beina því til Ríkisendurskoðunar til þess að við getum lært af þessum hrakfallabálki og tryggt að hann endurtaki sig ekki.

Það er aukafjárveiting í haust. Það á að setja inn á fjáraukalögin 100 millj. kr. sem okkur er ætlað að samþykkja. Ég hygg að ég geri það með ánægju, legg áherslu á að kappi fylgi full forsjá í því efni. Það eru viðkvæmir munir sem við erum að fara með þarna og sú sýning sem á að opna í haust á líka að standa til frambúðar og ég ætla ekki að álasa ráðherra fyrir að hafa sagt 2. febrúar þegar spurt var um aukafjárveitinguna og henni neitað, en þá sagði hún, með leyfi forseta: „Það eru nægir fjármunir til til að geta opnað safnið með reisn." Ég ætla einungis að endurtaka að ég fagna því að við skulum loksins vera að opna safnið og ég hlakka til að hitta hæstv. menntmrh. í salarkynnum Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu hinn 1. september nk.

[15:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég er sannfærð um að ég og hv. þm. Mörður Árnason eigum eftir að eiga ánægjulegan dag 1. september nk. í húsakynnum Þjóðminjasafnsins. Ég vil hins vegar mótmæla því að framkvæmdum hafi í öllu verið ábótavant. Það er vissulega eitt og annað sem þarf að leggjast yfir, ég ætla ekkert að draga dul á það.

Ég hef líka velt fyrir mér hver tilgangur byggingarnefndar almennt er annars vegar og Framkvæmdasýslu ríkisins hins vegar. Ég held að það séu hlutir sem við verðum að fara yfir, vonandi á hlutlægan hátt, til þess að læra fyrir stjórnsýsluna.

Á hinn bóginn skulum við ekki heldur gleyma því hvernig óhappaferillinn hefur verið í kringum verkið. Við vitum það, og ég dró það fram í umræðum við hv. þm. á sínum tíma sem reynt var að gera lítið úr, að það er einfaldlega þannig — svona praktískir hlutir — að 2. hæð hússins var á sínum tíma steypt í frosti og var ónýt, 1. hæðin var ekki járnabundin. Síðan var eitt og annað sem kom upp eins og m.a. gjaldþrot verktaka. Menn velta líka fyrir sér og það er þannig í reglum ríkisins að það þarf að taka tilboði þess sem er með lægsta tilboðið. Sá verktaki fór síðan á hausinn en næsti verktaki var síðan Ístak sem var með næstlægsta tilboðið og hefur enn mér vitanlega ekki farið á hausinn og hefur staðið ágætlega við þær skuldbindingar sem þeir hafa komið að. Þarna eru því líka ákveðnir praktískir hlutir.

Það er rétt að geta þess að starfsmenn Þjóðminjasafnsins hafa líka bent á að það er þó grátbroslegt í gegnum þetta að við höfum í rauninni fengið aukahæð í kjallara sem hefur leitt til þess að sýningaraðstaðan verður betri. Við fáum meiri lofthæð þar og mun betra rými til að taka á móti nemendum og fleira (Forseti hringir.) fólki sem hefur áhuga og vill kynna sér starfsemi Þjóðminjasafnsins nánar.

Hverfaskipting grunnskóla.

Fsp. BjörgvS, 772. mál. — Þskj. 1170.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þriðjudaginn 10. febrúar á þessu ári segir frá því í ritstjórnargrein Morgunblaðsins að hæstv. ráðherra menntamála, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, hafi gefið yfirlýsingu á ráðstefnu Sambands ungra sjálfstæðismanna um skólamál þess efnis að fjármunir til grunnskólamenntunar barna verði bundnir við nemendur sem stuðli að frjálsu vali nemenda og foreldra á milli ólíkra skóla.

Hæstv. ráðherra lýsti sig jafnframt jákvæða gagnvart því að rifnir yrðu niður múrar milli skólahverfa þannig að fólk gæti valið milli skóla fyrir börn sín, þ.e. að hverfaskólafyrirkomulagið yrði lagt af og tekið yrði upp ávísanakerfi fyrir grunnskólabörn á skólana.

Það má leiða að því líkum að gengju þessar hugmyndir eftir mundu þær leiða til endaloka á fyrirkomulagi hverfaskólanna og upptöku einhvers konar óútfærðs ávísanakerfis á börnin þar sem foreldrar fá sendan tékka í pósti með hverju barni og þeir velji skólann og bæti við þeim upphæðum sem á vantar.

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að á grunnskólastiginu starfi sjálfstæðir skólar til hliðar við hina opinberu en þarna þarf að stíga ákaflega varlega til jarðar þar sem annað kerfi en það sem nú tíðkast getur leitt af sér og mundi leiða af sér mjög ómarkvissa og dýra uppbyggingu skólamannvirkja og að auki gæti það leitt til efnalegs ójafnræðis milli barna til

að sækja sér grunnskólamenntun allt eftir fjárhag foreldra og aðstandenda.

Hins vegar er valfrelsið þar til hliðar með sjálfstæðu skólunum ágætt og með skólum á borð við Hjallastefnuskóla Margrétar Pálu Ólafsdóttur og Ísaksskóla blandast fáum hugur um að þeir bæti okkar skólakerfi og séu til góðs. Hins vegar tel ég mjög óráðlegt bæði út frá hagsmunum hins opinbera og barnanna að afnema hverfaskólana, enda tryggja þeir öllum börnum jafnan aðgang að fyrsta flokks og framúrskarandi skólum, ef vel er á málum haldið, óháð efnalegri stöðu foreldra sinna og uppalenda.

Hæstv. ráðherra þarf að taka mjög afdráttarlaust af skarið með stefnu sína í málinu og hvað hún hafi átt við með yfirlýsingu sinni sem ég vísaði til áðan enda um að ræða, ef það gengi eftir, algera grundvallarbreytingu á skólakerfi okkar Íslendinga og að mati margra aðför að jafnrétti til náms í grunnskólum. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

1. Telur ráðherra að hætta eigi hverfaskiptingu grunnskólanna? Ef svo er, telur ráðherra að samhliða því ætti að fela einkaaðilum rekstur grunnskólanna í ríkari mæli en nú er gert?

2. Telur ráðherra að misjöfn nýting á húsnæði grunnskólanna útiloki afnám hverfaskiptingarinnar?

[15:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Samkvæmt gildandi grunnskólalögum frá árinu 1995 er skólahverfi samkvæmt 11. gr. sú eining sem stendur að einum grunnskóla eða fleirum. Sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla telst samkvæmt grunnskólalögum eitt skólahverfi. Þó er heimilt að skipta sveitarfélagi í fleiri skólahverfi samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarfélög geta sameinast um rekstur grunnskóla og mynda þá eitt skólahverfi. Samkvæmt 12. gr. grunnskólalaganna skal vera skólanefnd í hverju skólahverfi sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaga sem kom til framkvæmda 1. ágúst 1996 hefur ábyrgð á grunnskólahaldi verið í höndum sveitarstjórna samkvæmt lögum um grunnskóla. Hver sveitarstjórn hefur skyldur gagnvart þeim börnum á skólaskyldualdri sem eiga lögheimili innan marka sveitarfélagsins og greiðir kostnað af skólahaldi. Almenn viðmiðun laganna er að eitt sveitarfélag sé eitt skólahverfi. Sveitarfélögunum er þó heimilt að skipa skólamálum með ýmsum hætti innan ramma laganna eins og við þekkjum svo vel.

Menntmrn. skilgreinir ekki að öðru leyti hverfaskiptingu í grunnskólum umfram það sem kemur fram í lögunum um grunnskóla.

Ég hef skipað starfshóp til að yfirfara lögin um grunnskóla frá árinu 1995 og er starfshópnum í fyrsta lagi ætlað að meta þörf á breytingu laganna með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er eftir að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna árið 1996. Í öðru lagi er hópnum ætlað að fara yfir þau atriði sem lúta að framkvæmd grunnskólalaganna og úrskurðum ráðuneytisins er framkvæmdinni tengjast á síðustu árum. Í þriðja lagi er síðan starfshópnum ætlað að yfirfara þau ákvæði laganna sem varða heimildir til stofnunar og reksturs einkarekinna grunnskóla, viðurkenningu þeirra og rétt til opinberra fjárframlaga og skal þar m.a. tekið tillit til gildandi laga um þau málefni á Norðurlöndunum. Starfshópurinn hefur nýhafið störf og tillagna er að vænta frá honum líklega nú í haust.

Ég hef lýst því yfir að ég telji eðlilegt að einkaaðilar geti í auknum mæli tekið að sér rekstur grunnskóla með skilgreindum viðmiðunum um viðurkenningu á rétti til opinberra fjárframlaga. Það þýðir þó ekki að horfið sé frá því að sveitarfélög beri ábyrgð á rekstri grunnskóla. Ég tel að sveitarfélög eigi frekar að fá meira ákvörðunarvald í ýmsum málum sem snerta skólahald í grunnskólunum. Eðlilegt er að ákvörðun um útfærslu á hverfaskiptingu grunnskóla sé tekin af sveitarfélögunum í víðtæku samráði við hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

Ég vil líka benda á m.a. þær leiðir sem sveitarfélög hafa farið og þær eru mjög misjafnar. Ég get nefnt Garðabæ sem dæmi um að þar hefur einkaaðila verið falið að sjá um grunnskóla. Sá grunnskóli fær sömu fjárframlög og aðrir grunnskólar á hvert barn. Þar af leiðandi geta foreldrar valið um, án tillits til þess hvað það kostar því það er allt endurgjaldslaust, fleiri grunnskóla fyrir hönd barna sinna þannig að þar hefur valfrelsi tvímælalaust verið aukið og um leið má þá vænta þess að gæði skólastarfsins komi líka til með að aukast með aukinni fjölbreytni.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Telur ráðherra að misjöfn nýting á húsnæði grunnskólanna útiloki afnám hverfaskiptingarinnar?“

Ég ætla ekki að taka afstöðu í þessu máli, enda alfarið að mínu mati sveitarfélaganna að útfæra skólahverfaskiptingu innan og milli sveitarfélaganna samkvæmt grunnskólalögunum. Telji sveitarfélög sig hafa hag af því að standa saman að rekstri grunnskóla til að nýta sem best fyrirliggjandi skólahúsnæði þá er ákvörðunarvald í þeim efnum alfarið hjá sveitarfélögunum sjálfum. Í öllum slíkum málum er eðlilegt að mínu mati að sveitarfélögin hafi víðtækt samráð um skipan mála og kynni allar fyrirhugaðar breytingar rækilega fyrir starfsfólki skólanna, foreldrunum og nemendunum sjálfum.

[15:15]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að mjög mikilvægt sé að það mál sem hér er til umfjöllunar fái einhverja umræðu á Alþingi, þ.e. hvernig við sjáum fyrir okkur skipulag skólastarfs í landinu, hver á að vera grundvallarregla og grundvallarviðmiðið í skipulagi skólastarfs. Ég er þeirrar skoðunar að hverfisskólinn eins og við þekkjum hann og eins og hann hefur þróast á Íslandi í áratugi sé mjög mikilvæg þungamiðja í skólastarfi á grunnskólastiginu og við eigum að standa vörð um hann um leið og við tryggjum auðvitað að fólk geti átt ákveðið val um aðra skóla ef barn af einhverjum ástæðum þrífst ekki í hverfisskóla sínum, ef foreldrar hafa sérstök rök fyrir því að vilja láta barnið sækja annan skóla en sinn hverfisskóla. Ég held að það sé mjög mikilvægt og ég vil koma því á framfæri að við stöndum vörð um hverfisskólann. Ég gæti haldið langa ræðu um af hverju ég er þeirrar skoðunar en ég held að það sé ákveðinn grundvöllur í lýðræðisþróun og ákveðin fjölbreytni sem ríkt hefur og jafnræði í íslensku samfélagi og þess vegna sé mjög mikilvægt út frá mennta- og menningarlegum forsendum að við gerum það. Ég verð hins vegar að játa að ég var óskaplega litlu nær um viðhorf ráðherrans í þessum málum eftir það svar sem hér kom fram og tel að ræða þurfi þessi mál ítarlegar á síðari stigum.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á því að taka undir með síðasta ræðumanni að eftir svar ráðherra varð maður ákaflega litlu nær um hennar eigið viðhorf til málanna. Hér er um stórpólitískt mál að ræða og í allri þróun í íslenskum skólamálum, hvort sem um er að ræða málefni grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla, verður að sjálfsögðu að liggja þar til grundvallar sjónarmið ráðherra menntamála í landinu. Það er alveg morgunljóst og er útilokað að vísa því algerlega yfir á sveitarfélögin, og þó að þau hafi með rekstur skólanna á grunnskólastigi að gera köllum við á hinu háa Alþingi eftir viðhorfum hæstv. ráðherra menntamála til þessa brýna máls.

Ég vísaði í upphafi máls míns til ummæla sem hún viðhafði á menntaþingi Sambands ungra sjálfstæðismanna í febrúar á þessu ári, fyrir einungis þremur mánuðum, og Morgunblaðið tók upp og barði bumbur og hrópaði húrra fyrir og lýsti því yfir að þetta hefðu verið viðhorf blaðsins árum saman og fagnaði þeirri sýn mjög. Þess vegna kallaði ég eftir því í upphafi umræðunnar á hinu háa Alþingi í dag að hæstv. ráðherra menntamála skýrði þessi viðhorf sín en vísaði ekki til þess að sveitarfélögin ættu að gera þetta. Við vitum alveg hvernig málum er háttað hvað varðar rekstur grunnskólanna, það liggur skýrt fyrir. Við erum að kalla eftir viðhorfum hennar til þessara mála í ljósi fyrri yfirlýsinga sem voru aðrar en yfirlýsingar forvera hennar í starfi menntmh. Því er þessi umræða tekin upp í dag til að fá fram hver viðhorf hæstv. menntmrh. eru til reksturs grunnskóla í landinu. Á hverfaskólinn að vera áfram sú þungamiðja jafnræðis og sanngirni í skólastarfi sem hann hefur verið fram að þessu eða ekki? Á að leggja hverfaskólana af að mati hæstv. ráðherra eða ekki? Viðhorf hennar verða að koma inn í umræðuna.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég held að menn verði að fara að hlusta betur eða ég verði að fara að taka þær ábendingar til mín að fara í betri og meiri framsagnarkennslu því að ég reyndi að svara mjög gaumgæfilega þeirri spurningu sem hv. þm. bar til mín. En ég vil líka minna hv. þm. á að það eru lög í landinu sem gilda um sjálfræði sveitarfélaganna í þessum málum. Auðvitað er það sveitarfélaganna að ákveða hvort þau vilja afnema hverfaskiptinguna eða ekki. Mér þykir vænt um að hv. fyrirspyrjandi skuli vitna ítrekað í Morgunblaðið og ég held að hann ætti að gera meira af því því þá yrði viska hans mun meiri, en þar kemur stefna mín nákvæmlega fram í því sem hann las upp áðan. Ég er hlynnt því að fólk fái aukið valfrelsi, að ekki sé grafið undan þeim örfáu sjálfstæðu skólum sem fyrir eru í landinu sem m.a. Reykjavíkurborg hefur gert með að draga úr þeim grundvelli og veikja þann grundvöll sem sjálfstæðu skólarnir og merku skólastofnanir eins Landakotsskóli (**BjörgvS:** Hvað meinarðu ... hafa gert það?) og Ísaksskóli — ég held einmitt að hv. þm. ætti að lesa Morgunblaðið oftar til að fá það staðfest. Ég tel það tvímælalaust eina af skyldum mínum sem menntmrh. að byggja undir þennan grundvöll sjálfstæðra skóla svo lengi sem jafnrétti til náms sé ekki ógnað. Við eigum að fara þá leið, sem að mínu mati er mjög ákjósanleg, sem m.a. hefur verið farin í Garðabæ, að auka frelsi foreldra og nemenda í grunnskólanáminu en það er sveitarfélaganna að ákveða. Það er skoðun mín að við eigum að auka valfrelsið, auka fjölbreytnina með það í huga að efla gæði námsins og að fjölbreytni fyrir nemendur verði meiri líka í grunnskólanum, ekki bara á framhaldsskóla- og háskólastigi. Ég held, virðulegi forseti, að hafi hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson lagt sig eftir því og hafi hann haft vilja og getu til, hefði hann glögglega mátt greina hið skýra og góða svar mitt áðan við fyrirspurn hans.

[15:19]

Útbýting þingskjala:

EES-reglur um bifreiðar, 839. mál, svar samgrh., þskj. 1583.

Nám í fótaaðgerðafræði, 978. mál, fsp. AKG, þskj. 1585.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 948. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1584.

Vernd ungmenna gegn kynferðisofbeldi, 979. mál, fsp. KolH, þskj. 1586.

Hlutur ábyrgðarmanna í endurgreiðslum námslána.

Fsp. JBjart, 778. mál. — Þskj. 1178.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Með Lánasjóði íslenskra námsmanna er ætlunin að tryggja jafnan aðgang allra að námi og koma í veg fyrir að nemendum sé mismunað eftir efnahag. Það er líka eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar að lánasjóðurinn gegni því hlutverki að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggi öllum tækifæri til náms. En lögin um lánasjóðinn áskilja sjálfskuldarábyrgð hið minnsta eins manns á endurgreiðslu láns til námsmanns ásamt vöxtum og verðtryggingu og það er alkunna að nokkur fjöldi námsmanna hefur ekki tök á því að leita til aðstandenda eða annarra til að ábyrgjast námslán sín. Námsmenn sem ekki geta leitað til aðstandenda er þannig gert ókleift að stunda nám.

Liður í því að tryggja markmið lánasjóðsins og því markmiði ríkisstjórnarinnar að sjóðurinn gegni því hlutverki að vera félagslegur jöfnunarsjóður, þ.e. að afnema ábyrgðarmannakröfuna á námslánum, langar mig í því samhengi, frú forseti, að vekja athygli á frv. á þskj. 1016 sem er 687. mál þingsins, um breytingu á lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, í þessa veru sem nokkrir þingmenn Framsfl. standa að.

Spurningin er því sú, frú forseti, hvað áskilnaðurinn um ábyrgðarmenn hefur mikla þýðingu fyrir fjárhagslega afkomu sjóðsins. Í svari þáv. hæstv. menntmrh., 19. nóvember sl., við fyrirspurn frá hv. þm. Björgvin G. Sigurðssyni um afnám ábyrgðarmanna sagði, með leyfi forseta, að bæði með tilliti til útlána og endurgreiðslna hafi krafan um ábyrgðarmenn haft í för með sér ákveðið aðhald. Ráðherrann sagði líka að útistandandi lán sjóðsins næmu á bilinu 50–60 milljörðum kr. og því væri um gífurlegar fjárhæðir að ræða sem tryggja þyrfti með ákveðnum hætti að skili sér til baka. En til þess, frú forseti, að hægt sé að gera sér grein fyrir þýðingu ábyrgðarmannakerfisins fyrir fjárhagslega afkomu lánasjóðsins beini ég þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hversu stór hluti námslána hafi lent í vanskilum með þeim afleiðingum að ábyrgðarmenn hafi þurft að greiða þau, sundurliðað fyrir sl. 10 ár.

[15:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi Jónína Bjartmarz spyr að því hversu stór hluti námsmanna hefur lent í vanskilum með þeim afleiðingum að ábyrgðarmenn hafi þurft að greiða þau, sundurliðað fyrir síðustu 10 ár. Hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN, hefur ekki verið haldið utan um vanskil námslána þar sem ábyrgðarmenn hafa þurft að greiða af lánunum. Það er heldur ekki hægt þar sem útilokað er að segja til um hver greiðandinn er hverju sinni.

Eins og innheimtunni er nú háttað fá ábyrgðarmenn afrit af ítrekunum 40 dögum eftir gjalddaga og lokaviðvörun 15 dögum síðar þar sem þeim ásamt lántakanda er tilkynnt að afborgun verði send í lögmannsinnheimtu 10. næsta mánaðar hafi hún ekki verið greidd fyrir þann tíma. Um 15% lántakenda eru búsett erlendis að námi loknu. Í þeim tilvikum eru það því oft umboðsmenn þeirra og/eða ábyrgðarmenn sem annast afborgun lánanna sem millgöngumenn en ekki endilega sem raunverulegir greiðendur.

Nokkur dæmi eru um það, frú forseti, að ábyrgðarmenn komi í veg fyrir vanskil námslána með því að fá greiðslutilkynningar sendar beint til sín og það má kannski segja að það sé ákveðið aðhald eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan. Rúmlega 4% afborgana enda í innheimtu hjá lögmönnum. Ábyrgðarmennirnir eiga þá oft mjög stóran þátt í því að koma lánunum í skil, ýmist með því að greiða sjálfir hluta af skuldinni en oft og ekki síður með því að hjálpa lántakendum sjálfum að fá vanskilunum skuldbreytt, virðulegi forseti.

Ég vil einnig geta þess sérstaklega að eins og við vitum og við sem þekkjum stjórnarsáttmála þessarar ágætu ríkisstjórnar mjög vel, og fleiri góðir þingmenn ættu að kynna sér til þess að fræðast eitthvað, að endurskoðun á námslánakerfinu og lögunum um LÍN stendur fyrir dyrum og vonast ég til að hægt verði að ljúka þeirri endurskoðun í sumar og hugsanlega á haustdögum. Ég tel því eðlilegt að menn taki upp m.a. þessa umræðu í tengslum við þá endurskoðun hvort við eigum að viðhalda áfram því ábyrgðarmannakerfi sem við höfum byggt upp eða hvort einhverra breytinga sé þörf á því kerfi.

[15:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Í vetur hafa nokkrum sinnum átt sér stað umræður um kröfur Lánasjóðs íslenskra námsmanna um ábyrgðarmenn, bæði í þeirri fyrirspurn sem hv. fyrirspyrjandi Jónína Bjartmarz vitnaði til áðan og einnig í tveimur lagafrumvörpum. Annars vegar frá nokkrum þingmönnum Framsfl. og auk þess frá okkur þingmönnum Samf. um að afnema kröfu lánasjóðsins um ábyrgðarmenn á lánin og að hluti þeirra breytist í styrk að námi loknu hafi eðlilegum námshraða verið haldið, en hægt er að fullyrða að krafan um ábyrgðarmenn á lánin hjá Lánasjóði íslenskra starfsmanna standi því hlutverki sjóðsins fullkomlega fyrir þrifum að hann sé félagslegur jöfnunarsjóður og eigi að tryggja jafnrétti allra til náms. Til eru fjölmörg dæmi um að fólk hafi annaðhvort hrakist frá námi eða ekki getað sótt sér menntun og nám vegna þess að það hefur ekki aðgang að fjársterkum ábyrgðarmanni sem er tekinn til greina. Því ætti breyta með þeim hætti að námsmenn sjálfir undirriti sjálfskuldarábyrgð við upphaf lántöku en þurfi alls ekki að ganga bónarveg til einhverra þeim tengdum til að gangast í ábyrgðir fyrir lán sín.

[15:27]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég er nýliði á þingi eins og menn vita og núna síðustu daga eða vikur hef ég tvisvar hlýtt á umræður um svokallaðan vilja þingsins eða þingvilja sem ég hef síðan leitað að í stjórnarskránni og þingsköpunum en ekki fundið. Sé um þingvilja að ræða þá er hann hins vegar orðinn ljós í þessu máli. Það er nefnilega meiri hluti á þinginu fyrir því að ábyrgðamannakerfið verði aflagt á námslánunum. Sá meiri hluti kemur fram í tillögu frá samfylkingarmönnunum sem ég fullyrði eða segi frá að allir samfylkingarmenn styðja og síðan kemur hann fram í tillögu frá framsóknarmönnum og hefði kannski verið nær að flytja þær saman og ég geri ráð fyrir því og reikna með því, sé því ekki sérstaklega mótmælt, að allir framsóknarmenn styðji þá tillögu, enda er hún þannig fram borin að það er eðlilegt að álykta sem svo. Það er meiri hluti á þinginu og ég þykist vita um fleiri sem eru sama sinnis þannig að við getum haft hraðar hendur í vor, á þeim tíma sem hæstv. ráðherrar hafa af góðmennsku sinni gefið okkur til breytinga í þágu lands og þjóðar, og samþykkt þá tillögu að afnema þetta óréttláta og ósanngjarna ábyrgðarmannakerfi.

[15:28]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin þó að þau hafi kannski ekki verið mjög upplýsandi vegna þess hversu takmörkuð gögn liggja fyrir. Ég vil hins vegar segja um málið að hæstv. menntmrh. getur ekki þurft að bíða eftir neinum niðurstöðum einhverrar nefndar til að lýsa vilja sínum til ábyrgðarmannakerfis LÍN. Það hefur verið ógæfa íslensku þjóðarinnar að vefja sig inn í sjálfskuldarábyrgðarkerfi sem hefur orðið mörgum fjölskyldum og mörgum heimilum þungbært þegar til hefur átt að taka og hefur varnað því og hrakið frá námi fjölmarga einstaklinga og einkanlega þá sem höllustum fæti standa. Og ég hef sem formaður félagsmálaráðs Reykjavíkur mikla reynslu af því að fá til mín fólk sem ekki á höfði sínu að halla að fjölskyldu til að mynda, hefur verið svipt fjölskyldu sinni af barnaverndarástæðum til að mynda, og hefur orðið að hrekjast frá námi en þyrfti þess þó helst með. Ég hvet þess vegna hæstv. menntmrh. til að lýsa einarðlega yfir afstöðu (Forseti hringir.) sinni til þess hvort hún vilji ekki beita sér fyrir því að afnema þetta óréttláta ábyrgðarmannakerfi.

[15:30]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Verið er að ræða um ábyrgðarmenn á námslánum. Sumir hv. þm. hafa farið mikinn og vilja alls ekki hafa neina ábyrgðarmenn og ekki bara neina ábyrgðarmenn á lánum yfir höfuð í landinu, að það sé lausnin. En það er alveg ljóst að innheimta á námslánum mun verða lakari ef engir ábyrgðarmenn eru, ég held að það sé alveg kristaltært. Og allar fullyrðingar um að menn hafi þurft að hrekjast frá námi vegna þess að þeir hafi ekki getað útvegað ábyrgðarmenn á lán eru mjög orðum aukna svo vægt sé til orða tekið. Það eru til aðrar leiðir sem verið er að kanna núna. Það er spurning hvort til séu aðrar leiðir til að tryggja ábyrgðir á námslánum heldur en einungis persónulegar ábyrgðir, það geta verið ábyrgðir lögaðila, nokkuð sem verður væntanlega kannað í vinnu þeirrar ágætu nefndar sem nefnd var áðan. En námslánakerfið sem er í gangi hér á landi er það besta í heimi, fullyrði ég, og mér finnst mjög ósanngjarnt af hv.

þingmönnum, virðulegi forseti, að reyna að tala það niður enn og aftur.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans svo og öðrum hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. En mér fannst vert að reyna að fá fram svar við þessari fyrirspurn svo við gætum raunverulega gert okkur grein fyrir því hvaða þýðingu það hefði fyrir fjárhagslega afkomu lánasjóðsins að halda í ábyrgðarmannakerfið. Það er kannski erfitt að halda utan um það hver greiðir en ég leyfi mér að leggja til að við þá endurskoðun laganna sem hæstv. menntmh. hefur sagt að standi yfir, verði m.a. hugað að því hvers virði það sé fyrir afkomuna.

Svo aðeins til að halda því til haga þá eru ýmsar aðrar leiðir færar og ég mundi líka vilja fá að leggja það til við hæstv. menntmrh. að kannað yrði hvernig þjóðirnar í kringum okkar standa að því að tryggja lánveitingar sínar og lán sín til námsmanna og bendi á að m.a. á síðasta flokksþingi Framsfl. ályktuðum við um þetta og horft væri til þess hvort ekki mætti í staðinn fyrir ábyrgðarmenn taka upp ákveðið kerfi sem gerði lánasjóðnum eða námsmönnum í hans nafni kleift að kaupa tryggingar. Það má líka fara með það út í þann farveg til að aflétta þessu en meginmálið er kannski að við þurfum að koma okkur saman um eitthvert kerfi, tryggingu fyrir lánum sjóðsins sem tryggja það að sjóðurinn nái því markmiði sínu að vera félagslegur jöfnunarsjóður. Málið snýst fyrst og fremst um það. Og þar sem hv. þm. Gunnar Birgisson hafði orð á því áðan að það væri orðum aukið hversu margir námsmenn gætu ekki stundað nám vegna þessa kerfis vil ég fá að halda því líka til haga, frú forseti, að ég sagði að það væru allnokkrir og þóttist ekki taka of stórt upp í mig í þessu tilviki en það vill svo til að ég þekki bara persónulega fjóra eða fimm slíka. Svo getur vel verið að svo hátti líka um aðra þingmenn í salnum og ég fullyrði að dæmin eru örugglega fleiri en þetta.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. LÍN er félagslegur jöfnunarsjóður og sjóðurinn stendur sig afspyrnuvel og kemur vel út í samanburði við aðrar þjóðir og það er ekki síst m.a. hv. þm. Gunnari Birgissyni að þakka að svo er því annars værum við með lánasjóð sem væri á hvínandi kúpunni og væntanlega engan lánasjóð ef ekki hefði verið farið í þær björgunaraðgerðir sem farið var í á árunum 1991–1995. Í þær björgunaraðgerðir einhenti hv. þm. Gunnar Birgisson sér ásamt fleiri góðum mönnum og konum. Við skulum hafa það á hreinu.

LÍN er félagslegur jöfnunarsjóður og það verður áfram okkar takmark að svo sé. Ekkert er óumbreytanlegt og m.a. þess vegna erum við að fara í endurskoðun á lánasjóðnum. *Ábendingum þessum er búið að koma á framfæri*, m.a. við þann sem kemur til með að stýra endurskoðuninni á löggjöfinni, sem hv. þm. Gunnar Birgisson kemur til með að leiða því enginn er betri til þess að leiða það starf en hann að mínu mati því að þekkingin er margföld (Gripið fram í.) miðað við þá sem er nú þegar til staðar í þingsalnum, virðulegi forseti.

En það var athyglisvert að mér fannst eins og ég greindi ákveðinn ágreining hjá hv. þingmönnum Samf., að einn sagðist vera tilbúinn til að hafa sjálfskuldarábyrgð meðal námsmanna eða lántakenda hjá LÍN meðan annar var ekki eins reiðubúinn til að taka undir það hjal.

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

Fsp. JBjart, 777. mál. — Þskj. 1177.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Eitt af því sem tínt var til á haustmánuðum sem rök fyrir styttingu náms til stúdentsprófs var aukin þjóðhagsleg hagkvæmni og framleiðni skólanna og bætt afkoma heimilanna með betri nýtingu á tíma og fjármunum bæði nemenda og foreldra. Rökin fyrir markvissum aðgerðum gegn brottfalli nemenda eru öll þau sömu hvert svo sem raunverulegt brottfallshlutfallið er. En upplýsingarnar eru sannarlega misvísandi. Á liðnum árum hefur gjarnan verið kastað fram tölunni 30–40% en ef marka má skýrsluna er það mun meira í almennu bóknámi og stúdentsnámi eða heil 58% því aðeins um 42% þeirra sem hefja bóknám til stúdentsprófs ljúka því. Meðalfjöldi þeirra nemenda sem hófu nám á fyrsta námsári var 4.631 árin 1992–2004 en meðalfjöldi brautskráðra stúdenta á sama árabili var aðeins 1.963. Brottfallið er þó mun minna í starfsnámi en munurinn á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því er að meðaltali 36% en á árabilinu 1995–2000.

Samkvæmt svari hæstv. ráðherra á þskj. 1406 við skriflegri fyrirspurn á þskj. 918 er á hinn bóginn brottfallið skilgreint sem hlutfall nemenda sem hurfu frá námi á milli skólaáranna 2002–2003 og þá er talað um aðeins 15% brottfall. En burt séð frá því, frú forseti, hvert brottfallið er þá er ljóst að það er ekki mörgum íslenskum rannsóknum til að dreifa á þessu sviði og ein meginheimildin um brottfallið og ástæður þess er skýrsla Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar frá því í nóvember 2002 um afstöðu til skóla og félagslega og sálfræðilega þætti en í niðurlagi þeirrar skýrslu er fjallað um forspár um brottfall og þar segir m.a., og það kom ekki á óvart, að fyrri námsárangur spái fyrir um það, en samkvæmt niðurstöðum virðist jafnmiklu máli skipta að nemendum finnist þeir fá stuðning frá foreldrum sínum í námi og að þeir upplifi samræmi á milli eigin námsvals og áherslna foreldra sinna. Auk þess skipti afstaða til náms máli og þá benda höfundar á að hægt sé að bregðast við með því að hjálpa nemendum að finna hvar vilji þeirra og áhugi liggi, að sumu leyti með því að breyta umhverfi skólans og að sumu leyti með því að hafa áhrif á stuðning í nánasta umhverfi.

Frú forseti. Ein meginástæða Framsfl. árum og áratugum saman er að tryggja jafnrétti til náms og á síðasta flokksþingi okkar var bent á þá leið í ályktun að stórauka náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum í samvinnu við atvinnulífið. Fyrrgreindar rannsóknarniðurstöður sýna að mínu mati jafnframt augljósa þörf fyrir aðkomu foreldra, ráðgjöf og stuðning við nemendur og erlendar kannanir sýna það sama.

Með vísan til þessa, frú forseti, beini ég þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort hún hafi í hyggju að beita sér fyrir aðgerðum til að draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum og hvort reynt hafi verið að reikna út kostnað samfélagsins vegna brottfallsins.

[15:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Í lögum um framhaldsskóla frá 1996 er skýrt mörkuð sú stefna stjórnvalda að nám á framhaldsskólastigi sé ætlað öllum nemendum og allir nemendur eigi

að geta fundið þar nám við hæfi. Jafnframt er lögð áhersla á að námsval nemenda sem innritast í framhaldsskóla geti tekið mið af námsstöðu þeirra við lok grunnskóla. Þannig eru meiri líkur á að nemendur ráði vel við það nám sem þeir leggja stund á og minni líkur á brottfalli úr námi.

Í aðalnámskrá framhaldsskólanna segir að framhaldsskólar skuli leitast við að draga úr brottfalli nemenda, m.a. með skýrari námskröfum, aukinni upplýsingamiðlun um námskröfur, fjölbreyttara námsframboði, ekki síst starfsnámi og upplýsingum um starfsmöguleika að náminu loknu. Í námskránni er lögð áhersla á að skólar bjóði upp á fjölbreytt nám þannig að allir nemendur geti fundið nám við hæfi. Með reiknilíkani og samningum við skóla um árangursstjórnun hefur frá árinu 1998 verið unnið gegn brottfalli í framhaldsskólum. Frá árinu 1998 hafa fjárveitingar til framhaldsskóla miðast við fjölda nemenda sem þreyta próf og fjölda þreyttra eininga en ekki fjölda innritaðra nemenda. Í þessu kerfi er því í raun innbyggður hvati fyrir framhaldsskóla til að vinna gegn brottfallinu þar sem fjárveitingar eru háðar því hve vel gengur að halda nemendum við nám í skóla.

Jafnframt hefur verið unnið að því, frú forseti, að skapa nemendum skilyrði til náms við hæfi svo sem með viðleitni til að efla starfsnám og almenna braut. Með starfrækslu almennra námsbrauta í mörgum framhaldsskólum hefur verið reynt að koma til móts við ólíkar þarfir og mismunandi undirbúning nemenda úr grunnskóla og búa þá þannig undir frekara nám á framhaldsskólastigi.

Frá árinu 2002 hefur verið gert verulegt átak í að styrkja almennu námsbrautirnar og hafa fjárframlög til þeirra verið hagstæðari en til annarra námsbrauta. Skólum er nú kleift að hafa námshópa á almennum brautum minni. Með hliðsjón af framansögðu tel ég að margt hafi verið gert til að sporna gegn brottfalli úr framhaldsskólum og verður áfram unnið í anda þess sem hér hefur komið fram.

Einnig má gera ráð fyrir því að stytting námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú muni draga úr brottfalli. Námstími á framhaldsskólastigi hér á landi er lengri en almennt gerist í nágrannalöndunum og því er meiri hætta á að nemendur hætti námi þegar langt er í námslok. Ljóst er að atvinnuástand hefur bein áhrif á sókn í skóla. Hér á landi hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið mikil á undanförnum árum. Sveigjanlegt og opið skólakerfi hér á landi gerir nemendum kleift að hverfa tímabundið frá námi. Aðstæður á vinnumarkaði víða erlendis eru hins vegar mjög ólíkar aðstæðum hér á landi. Langvarandi hátt atvinnuleysi í mörgum Evrópusambandslöndum veldur því að stjórnvöld reka þá stefnu að halda nemendum í skóla eins lengi og unnt er, enda hafa nemendur litla sem enga möguleika á vinnumarkaði. Samanburður milli landa getur því verið mjög varasamur.

Hæpið er að telja alla þá nemendur sem gera hlé á námi sínu hér á landi brottfallsnemendur, enda ljóst eins og við vitum að margir þessara nemenda hefja nám að nýju. Síðustu ár hefur t.d. mátt greina hlutfallslega fjölgun nemenda á aldursbilinu frá tvítugu og eldri í framhaldsskólunum. Þar er í rauninni mesta hlutfallslega aukningin í framhaldsskólunum.

Varðandi svar mitt við spurningum hv. þm. sem lýtur að því hvort reynt hafi verið að reikna út kostnað samfélagsins vegna brottfallsins þá er það að segja, frú forseti, að kostnaður samfélagsins vegna brottfalls hefur ekki verið reiknaður út en til greina kemur að reikna út þann kostnað, en þá er jafnframt ljóst að slíkur útreikningur er mjög flókinn og tímafrekur.

[15:43]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir ágæta fyrirspurn og nauðsynlega. En fyrst hæstv. menntmrh. nefndi það þá komu fram tillögur á haustdögum um styttingu náms til stúdentsprófs sem ollu heilmikilli gagnrýni enda ekki vandlega unnar og því vil ég nota tækifærið til að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði nýjum eða gömlum tillögum um styttingu náms til stúdentsprófs. Það væri gott að fá þær fram, enda um stórpólitískt mál að ræða og nauðsynlegt ef af þeirri styttingu verður að hún verði þá framkvæmd með sem farsælustum og bestum hætti.

Á dögunum fékk ég svar frá menntmrh. um brottfall sundurgreint eftir skólum. Síðan kom fram að þær forsendur sem lágu að baki svarinu voru kannski ekki alveg réttar, það vantaði inn í samningsbundna starfsnema og fjarnámsnema o.fl., en þrátt fyrir það kemur fram í svarinu að brottfallið er hátt og segja má að um sérislenskt stórvandamál sé að ræða, enda er brottfallið ekkert viðlíka í öðrum löndum og því brýnt að gripið sé til sértækra aðgerða til að vinna gegn því og fagna ég því að rætt sé um það hér.

[15:44]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er sjálfsagt að gera fyrirvara um sérstakar íslenskar aðstæður þegar kemur að því að bera brottfallstölurnar saman á milli landa. Það er hins vegar fáránlegt að skýla sér á bak við þá fyrirvara eins og hæstv. menntmrh. virtist gera í svari sínu. Til dæmis er í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, einmitt gengið út frá því að sá munur sé að vissu leyti leiðréttur með því að fylgst er með árganginum upp á við og ekki bara tekinn sá aldur sem nákvæmlega miðast við framhaldsskóla.

Það lýsir ástandinu ágætlega að í löngu svari hæstv. menntmrh. eru hin raunverulegu svör við spurningum fyrirspyrjanda í fyrsta lagi hvort ráðherra hyggist ætla að beita sér fyrir aðgerðum, nei, og í öðru lagi hvort reynt hafi verið að reikna út kostnað samfélagsins og það er líka nei. Ráðherra hefur engar áhyggjur af málinu. Ráðherra telur að hinar sérísléensku aðstæður og fögur orð í plöggum frá 1996 og 1998 dugi í einhverjum mesta menntavanda Íslendinga.

[15:46]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Enn á ný ræðum við hið stóra mál, um brottfall í framhaldsskólum. Full þörf er á þeirri umræðu. Ég vildi aðeins nota mínútuna sem ég hef til að vekja athygli á því sem hv. fyrirspyrjandi benti á. Ég held að það sé kannski það stærsta sem hægt væri að gera í að skoða málið heildstætt.

Þegar við berum skólakerfi okkar saman við kerfi annars staðar sést hversu náms- og starfsráðgjöf er í raun lítil hjá okkur miðað við aðrar þjóðir. Ég held hins vegar að það dugi ekki að horfa á framhaldsskólana í því sambandi heldur þurfum við að horfa mjög sterkt til grunnskólans. Það ræðst mikið undir lok grunnskólans hvaða framhaldsnám nemendur velja sér. Það er auðvitað mikilvægt að nemendur, þegar þeir hefja framhaldsnám, viti hvert þeir stefna. Við það þurfa þeir oft aðstoð og ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að skoða hvort ekki sé ástæða til þess að stórefla, eins og hv. fyrirspyrjandi orðaði það, náms- og starfsráðgjöf í skólum landsins.

[15:47]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég get ekki tekið undir það sem hér var fullyrt af hv. þm. Merði Árnasyni, að hér væri slakt ástand í menntamálum. Vitaskuld hefur menntunarstig íslensku þjóðarinnar hækkað allverulega á síðustu áratugum. Það er grundvöllur þeirrar hagsældar sem hér er. Sannarlega má þó gera betur og ég hygg að það sé vilji til þess.

Ég tek undir það sjónarmið að náms- og starfsráðgjöf þurfi að efla. Ég tel að að því sé unnið. Jafnframt þarf að gæta að því að starfsmenntabrautir séu til staðar og ég vil af því tilefni segja að mjór er mikils vísir í samstarfi menntmrh., félmrh., atvinnurekenda á Suðurnesjum og menntastofnana á Suðurnesjum. Af stað er farið mikið og merkilegt átak þar sem fólki á atvinnuleysisskrá er komið inn á nýjar starfsmenntabrautir. Það er liður í því að byggja fólk upp. Þar er akkúrat módel sem ég trúi að við munum sjá áður en varir í framhaldsskólunum.

[15:48]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er dýrt bæði peningalega og þjóðfélagslega, og ég tala ekki um félagslega, að nemendur falla frá námi, sem þeir hafa ætlað sér að stunda hver svo sem ástæðan er.

Í síðustu byggðaáætlun sem nú er í gildi var lögð áhersla á það stefnumið að hvarvetna í heimabyggð yrði reynt að koma því kerfi á að nemendur gætu stundað nám sitt, a.m.k. til 18 ára aldurs. Með því þarf ekki að senda ungt fólk úr byggðunum til náms í framhaldsskóla fyrr en eftir þann tíma.

Þau landsvæði sem koma hvað harðast niður í brottfalli eru einmitt þau sem verða að senda nemendur sína burt til framhaldsskólanámsins. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður því átaki sem átti að gera samkvæmt byggðaáætlun, um að koma á samfelldu námi heima fyrir til 18 ára aldurs?

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ágætt svar. Í svarinu kom fram hvað segir í lögunum um framhaldsskóla og í aðalnámskrá framhaldsskóla. En mér sýnist, af þeim tölum sem ég fór yfir um brottfallið úr skýrslu um styttingu náms til stúdentsprófs sem ég vísaði til, að það sé kannski sýnt að þessar fyrirætlanir í lögunum og aðalnámskránni skili tilætluðum árangri og einhverju sé ábótavant.

Þegar ég var, frú forseti, að tala um stóraukna námsráðgjöf var ég fyrst og fremst að tala um grunnskólann. Mér sýnast niðurstöður þeirra Kristjönu og Jóns Torfa fyrst og fremst segja að þar sé verið að aðstoða nemendur með því að upplýsa þá, kynna þeim mismunandi nám og mismunandi starf og aðstoða þá við rétt val sem getur líka orðið til að auka áhuga þeirra á námi almennt, ef þau vita hvert þau stefna.

Eins og hv. þm. Hjálmar Árnason er óþreytandi að benda á, ásamt ýmsum öðrum hv. þingmönnum, erum við með öfugt hlutfall hér á landi, að 70% allra fara í bóknámið á móti 30% í eitthvert annað nám, sem er alveg öfugt við hlutfallið í löndunum í kringum okkur, á hinum Norðurlöndunum. Ég held að þetta skipti óskaplega miklu máli. Mig langar að beina því til hæstv. ráðherra að í endurskoðun á grunnskólalögunum er þetta skoðað líka. Ef ég man rétt eru námsráðgjafarnefndir hvergi nefndar í aðalnámskrá grunnskóla ef þær hafa eitthvert hlutverk. Þær eru við suma skóla og vinna mjög mismunandi vinnu með mismunandi aldurshópa. Mig langar sérstaklega að biðja hæstv. ráðherra að horfa til þess sem Danir hafa verið að gera á þessu sviði. Þeir settu sér fyrir einhverjum árum markmið um að fyrir tiltekið árabil skyldi tryggt að 95% allra nemenda sem klára grunnskóla ljúki framhaldsnámi af einhverju tagi. Stór liður í því var stórefld náms- og starfsráðgjöf í skólum með aðkomu bæði atvinnulífs og foreldra.

[15:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég skal taka boltann á lofti, grípa hann og halda áfram að rekja hann að því marki að minnka brottfallið. Það er m.a. hægt með því að taka þetta inn í endurskoðun á grunnskólalöggjöfinni sem nú þegar er hafin. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að við skoðum a.m.k. hverju það mundi skila að efla starfs- og námsráðgjöf, sér í lagi þegar við lítum til reynslu annarra þjóða þótt, eins og ég gat um áðan, erfitt sé að bera okkur saman við aðrar þjóðir varðandi brottfallið. Ég rakti það áðan og vona að menn hafi hlustað.

Varðandi styttingu námstímans þá met ég umræðuna þannig að menn séu frekar hlynntir því að stytta námstíma til stúdentsprófs. Það er ekki sama hvernig það er gert. Þegar ég kom í ráðuneytið lagði ég mikla áherslu á að líta ekki eingöngu til framhaldsskólans eins og sér heldur skoðuðum við allt skólastigið, þ.e. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og upp í háskóla, með hliðsjón af styttingunni.

Varðandi þá þýðingarmiklu vinnu sem við sinnum í ráðuneytinu í góðu samstarfi við þá aðila sem að því máli koma vil ég geta þess, frú forseti, að ég vænti þess að fá niðurstöðu úr þeim þremur starfshópum sem eru í gangi til að skoða hvort stytta beri námstíma til stúdentsprófs. Ég fæ niðurstöðu frá þeim starfshópum undir lok þessa mánaðar og geri ráð fyrir, frú forseti, að við komum til með að takast á við þetta umfangsmikla verkefni hér í þingsal á næsta hausti.

Forvarnastarf í áfengismálum.

Fsp. MÁ, 684. mál. — Þskj. 1013.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Efni fyrirspurnar minnar, sem heitir fögru nafni í forvarnarátt, er um áfengisauglýsingar. Grundvallarspurningin er auðvitað einföld, hún er: Eru áfengisauglýsingar leyfðar á Íslandi eða eru þær ekki leyfðar á Íslandi? Til er 20. gr. laga nr. 75/1998, sem bannar áfengisauglýsingar. Ég sé ekki betur, leikmannsaugum mínum, en þessi grein sé brotin nær daglega.

Síðasta dæmið, ég vek athygli heilbrrh. á því, er í blaði allra landsmanna í Morgunblaðinu á föstudaginn var, ég endurtek, á föstudaginn. Á bls. 7 er mynd af bjórglasi og augljóst hvað um er að ræða. Er þetta áfengisauglýsing? Ég spyr þingheim og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Stenst hún ákvæði laganna? Heilbrrh. er staddur nokkrum metrum frá mér og sér væntanlega ekki hvað það er í auglýsingunni sem á að lauma henni í gegnum það nálarauga. Það er að vísu borgarhlið nú orðið. Það stendur hérna, ég vona að hæstv. heilbrrh. sjái, 0,0% með örsmáu letri í mikilli fjarlægð. Þetta er eitt dæmið. En þau eru fjölmörg, svo mörg að það tæki sennilega það sem eftir er af þingtímanum að telja þau upp.

Þessi heilsíða kostar 400 þús. og er hægt að fá hana með einhverjum afslætti ef menn reyna. Menn geta rétt ímyndað sér hvort menn borga 400 þús. kr. fyrir þessa heilsíðu á föstudegi til að auglýsa áfengislausan pilsner. Það er auðvitað ekki svo. Það er auðvitað brandari að láta sér detta það í hug.

Ég hef tvisvar spurt dómsmrh. um þessa hluti á Alþingi. Ég hef ekki fengið svör frá honum um afstöðu hans til málsins, nema útúrsnúning. Hins vegar komu fróðlegar upplýsingar frá honum 31. mars þegar ég spurði hann um kærur síðustu ár. Þar kom í ljós að 37 kærur vegna þessa banns bárust lögreglu 2003, á þeim þremur árum. Aðeins tvær af 37 enduðu með dómi og ein reyndar með eins konar dómsátt, við skulum telja hana með. Þrjár af 37.

Það er auðvitað ljóst að lögregla, saksóknari, almenningur og áhugamenn um áfengisvandamálið, sem ég hitti t.d. á ráðstefnu um daginn sem boðað var til af 18 samtökum, allt frá Vímulausri æsku til Íþróttasambands Íslands, eru ekki hvattir til að kæra þessa hluti eða skipta sér af þeim. Menn vilja ekki hreyfa sig vegna þess að yfirvöld vilja hafa það þannig að þessi lög séu brotin, að í landinu séu lög sem sumir mega fylgja en aðrir ekki. Ég spyr hæstv. heilbrrh. út í þetta þeim spurningum sem sjá má á þskj. 1013.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason hefur beint til mín fyrirspurn varðandi umfjöllun áfengis- og vímuvarnaráðs um meint brot á 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, en í greininni er lagt bann við hvers konar auglýsingum á áfengi.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm. hvort áfengis- og vímuvarnaráð hafi fjallað um meint brot á 20. gr. áfengislaga í starfi sínu frá ábyrsbyrjun 2000.

Því er til að svara að ráðið hefur margoft fjallað um meintar áfengisauglýsingar í íslenskum fjölmiðlum. Í stefnu ráðsins og framkvæmdaáætlunum hefur einnig verið kveðið á um mikilvægi forvarnagildis, banns við áfengisauglýsingum, samhliða öðrum takmörkunum, svo sem takmörkuðu aðgengi að áfengi. Það má geta þess að fyrrverandi framkvæmdastjóri ráðsins tók þátt í vinnuhóp ríkislögreglustjóra um bann við áfengisauglýsingum sem skilaði ítarlegri skýrslu um málið síðla árs 2001.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort ráðið hafi reynt að benda auglýsendum á meint brot. Ráðið hefur ítrekað bent auglýsendum á meint brot, m.a. fulltrúum framleiðenda og innflytjenda áfengs bjórs á Íslandi. Þeim var boðið á fund ráðsins í apríl 2001 til að ræða áfengisauglýsingar. Þar lýsti ráðið yfir áhyggjum sínum vegna fjölda áfengisauglýsinga í fjölmiðlum. Sama ár stóð áfengis- og vímuvarnaráð fyrir opinberri áskorun til íslenskra framleiðenda og innflytjenda áfengis, innlendra fjölmiðla og auglýsingastofa, undir fyrirsögninni „Virðum rétt barna". 20 aðlar sem vinna að velferð barna og unglinga á Íslandi skrifuðu undir áskorunina sem birtist í helstu fjölmiðlum landsins. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins tók m.a. þessa áskorun upp í sínum skrifum. Þá tók fyrrum framkvæmdastjóri ráðsins þátt í málþingum og umræðuþáttum þar sem fjallað var um áfengisauglýsingar og skrifaði greinar og áfengisauglýsingar, þar sem sérstaklega var fjallað um áhrif þeirra á börn og ungmenni.

Loks spyr hv. þm. hvort slík mál hafi verið kærð til lögreglu fyrir tilstilli ráðsins. Til áfengis- og vímuvarnaráðs berst fjöldi kvartana vegna áfengisauglýsinga í tímaritum, á heimasíðum, í útvarpi og sjónvarpi. Þegar ábending um áfengisauglýsingu berst til ráðsins og talið er að um brot á fyrrgreindum lögum sé að ræða er send fyrirspurn eða kæra til lögreglunnar í Reykjavík.

Yfirleitt berast þau svör frá lögreglunni að auglýsingin sé lögleg vegna þess að orðin „léttöl" eða „alkóhól 0,0%" koma einhvers staðar fyrir, líkt og í þeirri auglýsingu sem hv. þm. sýndi okkur áðan. Ef ástæða þykir til er einnig leitað álits ríkislögreglustjóra. Afrit kæru er sent til auglýsanda og ábyrgðarmanns viðeigandi fjölmiðils. Fimm slík erindi voru send árið 2003, ekkert þeirra leiddi til kæru. Eitt erindi hefur verið sent það sem af er þessu ári og hefur svar ekki borist. Frá miðju ári 1996 til ársloka 2000 voru kærur og ábendingar vegna áfengisauglýsinga til lögreglunnar í Reykjavík alls 40, flestar frá áfengis- og vímuvarnaráði. Í 25 tilfellum var rannsókn hætt eða mál lagt upp. Sjö mál voru felld niður að rannsókn lokinni en dómar gengu í þremur málum.

Hv. þm. spyr um afstöðu ráðherra í þessum málum, um afstöðu mína til áfengisauglýsinga. Ég er fylgjandi banni á áfengisauglýsingum. Varðandi síðasta hluta fyrirspurnarinnar þá er ég fylgjandi því að rækilega verði farið yfir framkvæmd þessa máls, með það að markmiði að herða á framkvæmd þessarar lagagreinar. Ég vona að almenningur í landinu sé tilbúinn að vinna með stjórnvöldum í þessu efni.

[16:02]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þrautseigju hans í málinu enda gengið illa að fá fram almennileg viðhorf stjórnvalda í þessu máli og hæstv. dómsmrh. hrakist undan málinu. En hér koma þó skýrari svör frá hæstv. heilbrrh., enda löngu tímabært að þessum léttölsskrípaleik ljúki og menn gangi hreint til verks og kveði upp úr með það að annaðhvort sé bannað að auglýsa áfengi á Íslandi eða það leyft. Menn geta haft sínar skoðanir á því hvort hvort það eigi að vera bannað eða leyft en það er ekkert millibil þar frekar en í tóbaksauglýsingum. Menn geta haft þá skoðun að þetta eigi að vera leyft og horft þar með í gegnum fingur sér í málinu sem er hins vegar fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalda að gera. Annaðhvort taka menn af skarið, ganga fram fyrir skjöldu með þeim hætti að það verði bannað og þeim sem eru að brjóta lögin refsað með þeim hætti sem lög kveða á um. En hér er um óeðlilegan hlut að ræða og ég skora á ráðherra að enda skrípaleikinn í kringum léttölið.

[16:03]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er ljóst að áfengisauglýsingabannið heldur ekki á Íslandi og sú auglýsing sem hv. fyrirspyrjandi sýndi hér sýnir það gleggra en nokkuð annað. Það þýðir ekki að rita með tveggja eða þriggja punkta letri í hægra horn niðri 0,0%. Það er verið að auglýsa áfengi, hæstv. forseti, og það hlýtur að vera löggjafans að kveða skýrt upp úr um það hvort það sé leyfilegt að auglýsa áfengi á Íslandi eða ekki. Ef á að leyfa það er hægt að setja um það mjög strangar reglur eins og gert er víða í nágrannalöndum okkar og ef ekki á að leyfa það, sem á víst að vera reglan í dag, þarf að framfylgja því banni, frú forseti, þannig að þeir sem brjóta lögin finni fyrir því í fjársektum og öðru.

[16:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er algerlega ljóst á því sem hér hefur komið fram, bæði hjá hv. frummælanda og sömuleiðis hjá

hæstv. ráðherra að lögin eru handónýt. Þau virka ekki og það er áralöng reynsla af því að þau virka ekki. Það er rétt að hæstv. ráðherra svari því til hvort ekki sé tímabært að breyta lögunum og af hverju hann hafi ekki gert það fyrir löngu síðan því það kemur fram í máli hans að hann sé sjálfur fylgjandi því að farið sé varlega fram í þessum málum og að ekki ríki það ástand sem nú ríkir. Lögunum þarf því að breyta. Hæstv. ráðherra getur sjálfur beitt sér fyrir því að það verði gert og ég hvet hann til að gera það jafnvel þó svo ætla megi að samstarfsflokkur hans í ríkisstjórn standi í veginum fyrir því að slík lagabreyting fari fram eða eigi sér stað því það er ekki lengra síðan en örfáir dagar að hæstv. forsrh. stóð í ræðustóli og sagðist vera frelsisins maður þegar hann mælti fyrir fjölmiðlafrv. umdeilda þannig að það má alveg ætla það að eitthvað verði maldað í móinn hjá Sjálfstfl., en við verðum að brýna hæstv. heilbrrh. í að láta breyta lögunum, að fá það í gegn.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir tiltölulega glögg svör og fagna liðsinni hans í málinu. Það að hafa lög sem ekki er farið eftir og sem stjórnvöldum er sama hvort farið er eftir eða ekki er verra en að hafa engin lög. Í Frakklandi á síðasta áratug, Frakkland sem við höfum álitið mikið áfengisland og stundum horft til ýmist hneykslunar- eða löngunaraugum, gengu í gildi lög á síðasta áratug, ég held að það hafi verið 1992. Þau voru um áfengisauglýsingar. Þær eru leyfðar þar en ekki í sjónvarpi. Þær eru leyfðar á öðrum auglýsingastöðum, í dagblöðum og á skiltum, sem við höfum hér líka, á Háaleitisbrautinni er komið skilti með bjórglösum líka. Ég ók þar fram hjá í morgun en ég kom ekki auga á léttölsáletrunina en væntanlega er hún skrifuð með stórum stöfum einhvers staðar. Á skiltum eða annars staðar eru leyfðar áfengisauglýsingar í Frakklandi en þær þurfa að vera þannig að það má vera mynd af framleiðsluvörunni en ekkert annað má fylgja. Það má auglýsa hvaðan vínið er. Þetta er mikið til rauðvín og þar skiptir framleiðslustaðurinn máli o.s.frv. en það má ekkert fylgja meira. Það má ekki sýna unglinga í partíi, það má ekki sýna fólk í kynferðisatlotum eða einhverju því um líku sem hér er notað — til hvers? Jú, það er vegna þess að þegar þetta er sett upp hér er ekki verið að reyna að ná til fullorðins fólks, allra síst, það er verið að reyna að ná til unga fólksins. Það er verið að reyna að laða unga fólkið inn í þennan heim með því að telja því trú um að áfengisdrykkjunni fylgi sjálfkrafa tiltekin gæði og sæla, áhrifin og vinsældirnar með félögunum og með makanum en fólk er ekki sýnt daginn eftir eða um miðja nótt o.s.frv.

Ég vil segja við heilbrrh. að í þeirri skýrslu sem hann nefndi, frá vinnuhópi ríkislögreglustjóra frá 2001, er efast um að lögin haldi og það er greinilegt að það þarf að fara fram vinna til þess að breyta lögunum, annaðhvort þannig að (Forseti hringir.) það sé ótvírætt að þetta sé bannað eða þá að slaka á og skapa einhver mörk eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Björgvin G. Sigurðsson nefndu áðan.

[16:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um málið og ég mun taka mið af þeim ábendingum sem komið hafa fram. Ég tel að þessi mál þurfi umfjöllun. Forstöðumenn Lýðheilsustofnunar hafa rætt þessi mál við mig. Þeir hafa lýst áhyggjum af vaxandi áfengisneyslu landsmanna og því að landsmenn séu farnir að nota áfengi sem stressmeðal í vaxandi mæli. Ég tel ástæðu til að fara yfir löggjöfina en hins vegar er ekkert einfalt mál að búa til úr henni löggjöf sem heldur, t.d. hvað má vera margra punkta letur til þess að sýna að menn séu að auglýsa pilsner en ekki bjór ef menn ætla að fara þá leið eða hvort og þá hvernig á að meðhöndla umfjöllun um t.d. hvítvín og rauðvín sem og úir og grúir af í blöðum, í venjulegum matreiðslublöðum, í dagblöðum. Það úir og grúir af umfjöllun um áfengi. Ég held því að við þurfum að setjast niður og fara yfir málið og hvernig hægt er að útbúa löggjöf sem heldur. Ég sé það ekki fyrir mér og þess vegna segi ég að ég fylgi banni við áfengisauglýsingum. Leiknar áfengisauglýsingar með íslenskum leikurum eða íslensku fólki í íslensku sjónvarpi finnst mér ekki skemmtileg tilhugsun. Við verðum að útbúa löggjöfina þannig að það sé auðveldara að fara eftir henni en núna er en það kostar vinnu. Menn gera það ekki á öðru hné sér en ég er staðráðinn í því að halda umræðunni uppi.

[16:10]

Útbýting þingskjals:

Niðurstaða Samkeppnisstofnunar í máli tryggingafélaganna, 980. mál, fsp. JóhS, þskj. 1587.

[Fundarhlé. — 16:10]

[18:00]

Útbýting þingskjals:

Fátækt á Íslandi, 981. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1588.

Heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs.

Fsp. GunnB, 809. mál. — Þskj. 1227.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Um er að ræða heilsugæslumál hjá Kópavogsbæ og er fyrirspurnin um heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs, þ.e. elstu heilsugæsluna í Kópavogi.

Á 10. áratugnum var heilsugæslustöð númer tvö tekin í notkun, þ.e. sú sem staðsett er í Kópavogsdal vestan við Smáralind. Eftir mikið harðfylgi náðist að fá að opna þar heilsugæslustöð og svo hina þriðju sem tekin var í notkun í fyrra í Salahverfi, í nýju hverfunum í Kópavogi. Okkur hefur fundist þetta allt ganga með miklum hægagangi og höfum lýst óánægju með það. Það er kannski afleiðing af breytingu á lögum um heilsugæslu þar sem einni grein í lögunum var kippt úr sambandi þar sem nú er það ráðherra sem skipar stjórnina og nú er ein stjórn yfir höfuðborgarsvæðinu þar sem býr 61% íbúa landsins. Þar er ein stjórn og skilvirkni alls ekki nógu góð.

Í gömlu stöðinni eiga að vera, virðulegi forseti, samráðsfundir með fulltrúum bæjarfélaga tvisvar á ári. Slíkir fundir eru ekki haldnir, eða ekki veit ég til þess. Húsnæði heilsugæslunnar í Fannborg 1 er orðið gamalt og er á tveimur hæðum. Neðri hæðin er gluggalaust rými og heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við það. Það eru því tveir möguleikar, annaðhvort er að gera húsnæðið upp eða að flytja heilsugæsluna í nýtt húsnæði. Á fjáraukalögum í desember á síðasta ári, á fjáraukalögum fyrir árið 2003, voru samþykktar 50 millj. vegna þessa verkefnis. Síðan höfum við í Kópavogi ekki heyrt frá heilbrigðisyfirvöldum varðandi málið. Í gömlu heilsugæslustöðinni er Kópavogsbær

15% eignaraðili á móti 85% frá ríkinu. Ég ætla því að spyrja hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hvernig gengur að flytja heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs úr gömlu húsnæði í nýtt? Er undirbúningur búinn eða komið leyfi frá fjmrn.?

2. Er búið að bjóða til kaups eða selja húsnæðið þar sem heilsugæslustöðin hefur verið? Það er auðvitað ein af forsendunum í málinu.

3. Er búið að festa húsnæði til framtíðar fyrir heilsugæslustöðina? Verið er að byggja nýtt húsnæði yfir Kópavogsgjána og það er kannski það eina sem kemur til greina í þessu máli.

[18:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 3. þm. Suðvest., Gunnar Birgisson, hefur beint til mín fyrirspurn í þremur liðum varðandi hvernig gangi að flytja heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs í nýtt húsnæði, hvort búið sé að bjóða til kaups eða selja núverandi húsnæði og hvort búið sé að festa nýtt húsnæði.

Því er til að svara að fjárveiting er fyrir hendi til þess að flytja heilsugæslustöðina í nýtt húsnæði en hugur okkar stendur til þess. Unnið hefur verið að undirbúningi að flutningi heilsugæslustöðvarinnar og hefur sú vinna staðið í nokkurn tíma. Sá undirbúningur felst í vinnu forsagnar fyrir gerð og innréttingu hins væntanlega húsnæðis þannig að það henti sem best starfsemi heilsugæslustöðvarinnar nú og í framtíðinni. Auk heilbr.- og trmrn. hefur heilsugæslan í Reykjavík, starfsmenn heilsugæslunnar í Kópavogi og fjmrn. komið að þeim undirbúningi. Stefnt er að því að ljúka undirbúningnum sem fyrst þannig að hægt sé að fara hina hefðbundnu leið og auglýsa eftir húsnæði. Ég vona að ekki líði langur tími áður en búið verður að taka ákvörðun um nýtt húsnæði fyrir stöðina og að hægt verði að flytja í hana innan tíðar því fjármunirnir eru fyrir hendi til verksins.

[18:05]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans. Þau voru mjög jákvæð í þetta skiptið og ég þakka fyrir að komið er eiginlega á lokahnykk að ganga í málið, þ.e. auglýsa eftir húsnæði og afsetja gömlu heilsugæsluna. Það sem kannski er ástæða fyrirspurnarinnar er að ekkert hefur heyrst um málið. Svör úr ráðuneytinu hafa verið þokukennd og út og suður en núna liggja svör hæstv. ráðherra fyrir og ég þakka fyrir þau og legg áherslu á það aftur að drífa í málinu. Það er húsnæði til staðar sem heilsugæslan mun væntanlega fara í. Það er aðili sem er að byggja það og þarf þá að afsetja það ef heilsugæslan ætlar ekki að kaupa það og þá verður það náttúrlega selt einhverjum öðrum þannig að óvissan í málinu hefur verið erfið.

Það hefur einnig legið fyrir varðandi gömlu stöðina að Kópavogsbær hefur áhuga á að kaupa það húsnæði undir íbúðir fyrir okkar minni bræður og systur og bíður í raun og veru eftir því húsnæði því það er mikil vöntun á slíkum íbúðum á svæðinu. Það ýtir því allt hvað á eftir öðru en ég vil enn og aftur þakka hæstv. ráðherra góð og greið svör.

[18:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það er nú svo að ef svör hafa verið þokukennd þá léttir alltaf þokunni einhvern tímann og ég tel að það sé engin þoka í þessu máli. Varðandi stöðu þessara mála almennt á höfuðborgarsvæðinu þá höfum við verið að setja það í forgang hjá okkur að halda áfram uppbyggingunni hér og erum núbúin að opna glæsilega stöð í Salahverfi í Kópavogi. Við erum að semja um byggingu heilsugæslustöðvar í Voga- og Heimahverfi sem mun væntanlega rísa við Glæsibæ og við höfum hug á að halda svo áfram í Hafnarfirði og auglýsa eftir húsnæði þar fyrir nýja heilsugæslustöð.

Það kostar auðvitað fjármuni sem við þurfum að fá viðurkenningu fyrir en við höfum verið með þetta sem forgangsmál hjá okkur vegna þess að það þarf að ljúka þessu verki og dekka höfuðborgarsvæðið í uppbyggingunni eins og margoft hefur komið fram í umræðum um þessi mál en ég tel að þeim hafi þokað verulega áfram á undanförnum tveimur árum.

Þjónusta sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins.

Fsp. JBjart, 940. mál. — Þskj. 1430.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. heilbrrh. lýtur að því hvernig standa megi að því að auka þjónustu sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins. Hv. þingmenn í heilbr.- og trn. hafa lengi haft áhuga á því að gripið verði til einhverra ráðstafana þannig að hægt sé að auka aðgengi almennings að þjónustu sálfræðinga.

Nefndin réðst í það að mig minnir fyrir 2–3 árum að breyta almannatryggingalögunum þannig að samninganefnd ríkisins sem semur við sérfræðilækna væri gert heimilt að semja líka við aðrar heilbrigðisstéttir og það voru ekki síst sálfræðingar sem nefndarmenn höfðu þá í huga af því að því hafði oft verið borið við að það væri ekki hægt vegna þess að lagaheimild skorti.

Hv. þingmenn í heilbr.- og trn. á síðasta kjörtímabili voru líka nokkuð sammála um kosti þess fyrir allan almenning að auka þjónustu heilsugæslunnar, að fjölga fagstéttum innan heilsugæslunnar þannig að ekki væri einungis um það að ræða eins og gjarnan er að það væru læknar og hjúkrunarfræðingar sem veittu heilbrigðisþjónustu heldur jafnframt aðrar heilbrigðisstéttir eins og sums staðar er reyndar, það eru iðjuþjálfar, félagsráðgjafar og einhvers staðar eru sálfræðingar. Þetta eru að mestu leyti ákveðin tilraunaverkefni og eftir því sem ég best veit, herra forseti, hafa þær tilraunir, þar sem þær hafa verið gerðar, gefist ákaflega vel. Málið snýst á vissan hátt um það að þjónusta sálfræðinga, þeirra sem starfa utan heilsugæslunnar, sem er lunginn af þeim, kostar fólk mun meira en t.d. að sækja til geðlæknis eða sækja til heilsugæslunnar eftir heilbrigðisþjónustu vegna þess að Heilbrigðisstofnun ríkisins tekur ekki þátt í þeim kostnaði. Og að mínu mati og margra annarra sem hafa stutt það að aðgangurinn að slíkri þjónustu væri bættur er þetta spurning um valfrelsi, að fólk geti valið sér þjónustu og að við höfum svolítið fjölbreyttari sýn á andlegt heilbrigði og það geti jafnframt orðið til þess að lækka lyfjakostnað en eins og við vitum hefur m.a. kostnaður ríkisins og sjúklinga vegna geðlyfja hækkað mikið á undanförnum árum á sama tíma og rannsóknir hafa sýnt að hluti slíkra lyfja endar bara uppi í skáp eða uppi á hillu.

Spurning mín til hæstv. heilbrrh. er um það hvort einhverjar áætlanir séu um að auka þjónustu sálfræðinga innan

heilbrigðiskerfisins og gera hana aðgengilegri, með samningum við sjálfstætt starfandi sálfræðinga og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins og/eða með fjölgun stöðugilda sálfræðinga innan heilsugæslunnar.

[18:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Spurst er fyrir um áætlanir mínar um að auka þjónustu sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins og gera hana aðgengilegri, með samningum við sjálfstætt starfandi sálfræðinga og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins og/eða fjölgun stöðugilda sálfræðinga innan heilsugæslunnar.

Heildarstefnumótun í þessum málaflokki er nauðsynleg og að undanförnu hefur töluvert stefnumótunarstarf farið fram. Sálfræðiþjónusta við börn og ungmenni er mikilvægur þáttur í störfum sálfræðinga og að mínu mati sá þáttur sem sérstaklega þarf að styðja við. Á þeirri forsendu ákvað ég á síðasta ári að útnefna verkefnisstjóra á vegum ráðuneytisins til að efla þjónustuna í þessum málaflokki. Þá fór ég þess einnig á leit við ráðuneyti félags- og menntamála að það styddi við endurskoðun málaflokksins. Þann 1. febrúar sl. hóf verkefnisstjórinn, Kristján Magnússon sálfræðingur, störf í ráðuneytinu. Honum er ætlað að skila tillögu að heildaráætlun um aðgerðir í ágúst á þessu ári.

Það hefur verið stefna mín að leggja mesta áherslu á grunnþjónustu sálfræðinga og þá sérstaklega þjónustu fyrir börn og unglinga og að sú þjónusta starfi innan heilsugæslunnar. Nauðsynlegt er að fólk eigi kost á aðgengi að sálfræðingum innan heilsugæslunnar og komið hefur verið á fót barnateymi á heilsugæslustöðinni á Akranesi og fé hefur verið veitt til sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum á Suðurlandi og gert hefur verið átak í geðheilbrigðismálum hjá heilsugæslunni í Reykjavík og Mosfellsbæ. Á þessu ári er verið að vinna að þessu markmiði með tilraunaverkefni á vegum heilsugæslunnar í Reykjavík. Komið hefur verið á fót samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa innan heilsugæslunnar og það er von mín að sú tilraun gefist vel og geti þessi starfsemi orðið okkur leiðarljós að bættri sálfræðiþjónustu.

Ég hef lýst yfir vilja mínum til að gera þjónustu sálfræðinga ódýrari fyrir þá sem þurfa þeirrar þjónustu með en legg áherslu á það eins og hér hefur komið fram að brýnasta verkefnið að mínu mati er að bæta grunnþjónustuna með sérstakri áherslu á þjónustu við börn og unglinga. Nauðsynlegt er að vinna að heildarstefnumótun í þessum málaflokki og eins og áður sagði ákvað ég á síðasta ári að útnefna verkefnisstjóra á vegum ráðuneytisins í það mál. Verkefnisstjóranum er ætlað að skila af sér tillögu að heildaráætlun um aðgerðir í ágúst á þessu ári. Það er von mín að starf hans og þeirra fjölmörgu aðila innan og utan ráðuneytisins sem hann á í samskiptum við vegna vinnu sinnar eigi eftir að skila niðurstöðum sem skýra betur þær leiðir sem rétt er að fara varðandi samninga um þjónustu sálfræðinga og hægt sé að taka ákvarðanir í framhaldi af því.

[18:16]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, fyrir að hreyfa þessu máli. Það kom fram í máli hennar að nefndarmenn í heilbr.- og trn. á síðasta kjörtímabili voru flestir sammála um að auka þyrfti aðgengi að sálfræðiþjónustu, bæði sjálfstætt starfandi sálfræðinga og eins inni á heilsugæslustöðvum. Ég held að ég geti sagt að hið sama gildi um núverandi meðlimi heilbr.- og trn.

Það má aldrei verða svo að þjónusta sálfræðinga sé nánast lúxusþjónusta, að fólk þurfi að velja og hafna slíkri meðferð eftir því hvort það hefur efni á að sækja þá þjónustu, þar sem hún er lítt eða ekki niðurgreidd af hálfu ríkisins. Ég minni á að það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir okkur að auka þetta aðgengi, sérstaklega á heilsugæslustöðvunum þannig að þessi þjónusta sé fyrir hendi fyrir hvern og einn heima í héraði. Með því, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, yrði kannski komið í veg fyrir þennan mikla lyfjakostnað sem við erum að horfa á í tauga- og geðlyfjum, meiri kostnað en í öllum nágrannalöndunum.

[18:17]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir ágætt svar hans. Mér heyrðist á hæstv. ráðherra að eitthvert samstarf væri við félmrn., hann leiðréttir mig ef það er ekki rétt. En mig langar í þessu sambandi að leggja áherslu á þörfina fyrir samstarf við menntmrn. Það háttar svo til að þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna var með reglugerð skorin niður sú þjónusta sem veitt var í grunnskólanum, sérfræði- og sálfræðiþjónusta innan grunnskólans.

Áður áttu börn, kennarar og foreldrar rétt á meðferð en með reglugerðarbreytingunni eiga þeir einungis rétt á greiningu. Mér hefur fundist menn loka augum fyrir því að þörfin minnkaði ekkert við það. Ef eitthvað hefur þörfin fyrir þjónustuna aukast síðustu árin. Þess vegna tek ég undir það með hæstv. ráðherra, að það skiptir miklu máli að þjónustan sé aðgengileg innan heilsugæslunnar sem hluti af almennri heilbrigðisþjónustu sem fólk sækir.

Ég hef rætt þetta víða og mér sýnist einsýnt að til lengri tíma litið verði af þessu sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið. Þetta leiðir til aukinnar hagkvæmni vegna þess að læknar á heilsugæslustöðvum eru ekki menntaðir til að taka á vanda sem kannski lýsir sér í líkamlegri vanlíðan en á sér félagslegar orsakir. Ég hefði talið að þetta yrði til að efla þjónustu heilsugæslustöðvanna og jafnframt að fólk geti sótt þessa þjónustu úti í bæ og notið niðurgreiðslu Tryggingastofnunar.

Ég geri mér vonir um að þjónustan verði aukin og til þess fáist fjármagn að bæta og auka þá þjónustu sem gerð hefur verið tilraun með á síðustu missirum.

[18:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég tek undir að það er áríðandi að samhæfa krafta í þessum málaflokki milli ráðuneyta, menntmrn., félmrn. og sveitarfélaga sem fara m.a. með rekstur grunnskólans. Það er afar áríðandi að sálfræðiþjónusta í skólum nýtist til að greina vanda barna sem fyrst. Það er grundvallaratriði og verkefnisstjórinn sem við réðum hafði það sem eitt af grundvallaatriðum í erindisbréfi, að ræða við þessa aðila og finna samstarfsleiðir sem geri þjónustuna markvissari og öflugri.

Ég legg á það mikla áherslu að efla þjónustuna innan heilsugæslunnar. Heilsugæslan er nærþjónusta. Að henni á að vera gott aðgengi og þröskuldurinn til þess að sækja þjónustuna lágur. Hitt væri auðvitað æskilegt markmið að geta samið um greiðsluþátttöku við sálfræðinga almennt en það snýst um fjármuni. Maður getur ekki horft fram hjá því. Ég hef ekki á þessari stundu fjármuni til að taka upp þá samninga. En þetta er eitt af þeim verkefnum sem er nauðsyn í heilbrigðisþjónustunni. Við verðum að fara þær leiðir sem

eru færar og skynsamlegar hverju sinn með tilliti til þess sem við höfum úr að spila af fjármunum.

Ljósmengun.

Fsp. MÁ, 682. mál. — Þskj. 1011.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem þetta orð er nefnt á þinginu og þessu máli hreyft. Því er ekki að leyna að sumir hafa spurt mig hvort ég sé að búa til vandamál, hvort ég telji ekki að myrkur sé nægt á Íslandi, a.m.k. að vetri til. Menn telja að við getum talist heppin að hafa ódýra orku til að eyða því myrkri.

Það er hins vegar svo að ljósmengun, eins og menn hafa rætt hana erlendis, varðar a.m.k. þrennt. Í fyrsta lagi geta verið bein óþægindi og ami að því að hafa ljós of björt. Það getur verið ami að því að búa á ljósmiklum svæðum. Því geta fylgt óþægindi að búa við atvinnustarfsemi sem notar hreinlega of mikið af ljósum og ýmislegt getur komið upp í þessu sem varðar samskipti granna.

Í öðru lagi vakna spurningar um orkunýtingu. Erum við að nýta orkuna skynsamlega með því að beina ljósinu út í loftið?

Í þriðja lagi er það fegurð næturhiminsins sem er auðvitað partur af náttúrunni. Það finnum við, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, að á undanförnum áratugum hefur dregið úr fegurð næturhimins á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf að fara töluvert út fyrir borgina til að njóta þeirrar dýrðar sem næturhiminninn stjörnum prýddur, alstirndur, er. Þar með höfum við tekið frá börnum okkar tækifæri sem við höfðum sjálf í æsku, að njóta þessa himins. Við eigum líka að hugsa um gesti okkar, ferðamenn sem koma hingað, m.a. til að njóta þeirra kosta sem við höfum á himni, t.d. Japana að leita að norðurljósum og annarra í leit að náttúru sem þeir telja að sé ómenguð.

Þótt við höfum ekki rætt mikið um þetta á þinginu er umræða um þetta í gangi í samfélaginu. Ég leitaði m.a. á netinu og fann þar þrjár merkilegar greinar eftir Birgi Þórðarson, heilbrigðisfulltrúa á Suðurlandi, eftir Sævar Helga Bragason og Þorstein Vilhjálmsson, á vísindavef háskólans, og eftir Ágúst Bjarnason, sem skrifaði fyrir hönd Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness. Þar er m.a. mynd sem ég get kannski ekki sýnt þingheimi mjög náið. En hún sýnir Ísland úr nokkurri hæð og það sést á samanburði við Evrópumynd fyrir ofan að á nóttunni, þegar mikil ljós eru upp í himininn, getur ljósmengun orðið alvarlegt vandamál á landi okkar innan tíðar.

Fyrirspurn mín er ósköp einfaldlega sú hvort umhvrh. og hennar menn hafi hugleitt þann vanda.

[18:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr: „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að athuguð verði ljósmengun á Íslandi og ráðstafanir gerðar í því sambandi?“

Því er til að svara að upplýstu nútímaborgarsamfélagi fylgir óhjákvæmilega lýsing sem hefur áhrif út fyrir mörk þess. Í vaxandi borgarumhverfi er ljósmengun. Sumum finnst gott að hverfa úr því því umhverfi, finna myrkrið og sjá stjörnurnar. Það er mjög sérstök upplifun eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Það má segja að þessi upplifun verði sífellt vandfundnari í heiminum vegna aukinnar lýsingar.

Fáar fyrirspurnir um ljósmengun hafa borist til Umhverfisstofnunar en meðal þeirra þátta sem þó hefur verið spurst fyrir um er lýsing í gróðurhúsum, þar sem sterk ljós eru notuð og sjást stundum langt að. Engin ákvæði eða skilgreiningar eru hins vegar í íslenskum lögum og reglum varðandi ljósmengun sem hægt er að hafa til viðmiðunar eða afgreiðslu.

Rannsóknir hafa ekki farið fram hér á landi um viðhorf almennings eða ferðamanna til ljósmengunar eða á umfangi og útbreiðslu hennar á landinu. Ekki eru uppi sérstakar áætlanir til að athuga ljósmengun hér á landi í náinni framtíð þó svo geti orðið síðar. Því er til að svara að af mörgum málum sem eru í forgangi hjá umhvrn. og undirstofnunum ráðuneytisins hafa ekki komið upp hugmyndir um að nota fjármagn til að fara í sérstaka könnun á ljósmengun á Íslandi. Þetta vandamál er minna hér en víðast annars staðar. Menn vilja hafa þau svæði upplýst sem þeir fara almennt um. Það er því ekki í forgangi að gera neitt sérstakt átak í þessu og hafa ekki komið neinar tillögur um það frá undirstofnunum okkar. Sjálfsagt mun umræðan um þessi mál aukast í samfélaginu eftir því sem lýsing eykst. Líklegt er að þessi mál verði skoðuð síðar en þau eru ekki í forgangi núna.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Hæstv. umhvrh., fráfarandi, virðist ekki hafa neinn áhuga á þessum málum og hyggst ekki setja í gang neins konar rannsókn eða athugun á því sem hér er um að ræða. Hún virðist ekki einu sinni kannast við að þetta sé nokkurt vandamál.

Nú vill svo til að í stjórnkerfinu, þótt ekki sé um að ræða stjórnsýslustig hæstv. umhvrh., er um þetta fjallað, í a.m.k. tveimur heilbrigðisreglugerðum sveitarfélaga, bæði í Borgarnesi og í Hveragerði, sem er ekki tilviljun. Í einni af þeim greinum sem ég nefndi áðan, grein Birgis Þórðarsonar, sem starfar við heilbrigðiseftirlit á Suðurlandi, sem er heldur ekki tilviljun því þar er margt gróðurhúsið, eru nefnd tíu ráð. Þegar yfir þau er farið kemur í ljós að ekki þarf stórkostlegar byltingar eða mikil fjárútlát til að forða a.m.k. einhverju af þeim vanda sem hér er um að ræða. Það felst aðallega í því að í reglugerðum sé kveðið á um að ljós séu skermuð að ofan og ljósum ekki að óþörfu beint upp í himinhvolfið. Ýmislegt af því tagi hjálpar og jafnframt fræðsla til almennings og verktaka um ljósmengun.

Af því að íslensk stjórnvöld skilja oft ekki annað en beinharða peninga má nefna að töluvert er um ferðamennsku hingað af hálfu Japana. Þeir eru að vísu ekki aðeins að skoða stjörnuhimininn. Þeir eru að leita eftir norðurljósum, reyndar ekki þeim sem hæstv. ráðherra ætlar að búta sundur, heldur hinum raunverulegu norðurljósum. Ef við hyggjum á að hafa hag af þeim gestakomum í framtíðinni þá verðum við að passa upp á að norðurljósin séu hér til.

Því má svo bæta við að kannanir hafa sýnt að þetta er víst ekki bara náttúruskoðun hjá Japönum heldur er sú trú þar í landi að börn getin undir norðurljósum muni búa við sérstaklega gæfusama framtíð. Þetta getur orðið hagur okkar Íslendinga ef rétt er á haldið.

[18:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að hingað koma Japanar í auknum mæli til að skoða norðurljósin. Þeir koma hingað einnig til að taka þátt í áramótagleði og upplifa stemninguna í kringum bálkestina á höfuðborgarsvæðinu og er það mjög gott.

Ég hef ekkert við það að athuga að ef heilbrigðisnefndir sveitarfélaga telja ástæðu til að gera sérstakar ráðstafanir á sínum svæðum. Ég tel það mjög æskilegt og ágætt. Ég býst við því að umræðan um þessi mál muni aukast í framtíðinni en ljósmengun er að mínu mati ekki orðið vandamál á Íslandi. Að mínu mati er mun nærtækara að einbeita sér að öðrum málum á næstunni og ekki í forgangi hjá okkur að grípa til sérstakra ráðstafana í þessu máli.

Staðfesting aðalskipulags Reykjavíkur 2001–2024.

Fsp. MÁ, 760. mál. — Þskj. 1141.

[18:31]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Sem kunnugt er er Reykjavík mest sveitarfélaga hér á landi. Þess vegna eru ákvarðanir sem teknar eru í Reykjavík um málefni framtíðarinnar hve mikilvægastar af öllum þeim ákvörðunum sem hér eru teknar. Einhver mikilvægasta ákvörðun Reykvíkinga um framtíð sveitarfélagsins felst í samþykkt aðalskipulags Reykjavíkur á hverju kjörtímabili.

Sú regla er við lýði að umhverfisráðherra staðfesti aðalskipulag sveitarfélaga. Það hefur hæstv. umhvrh. reynt að gera hvað varðar aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 en þó aðeins að hluta. Þess vegna er ástæða til þess, núna þegar liðin eru þrjú ár af þeim tíma sem hér er um að ræða, að spyrja hæstv. umhvrh. að því hvers vegna hún hafi ekki enn staðfest að fullu aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 og hvenær hún hyggist staðfesta aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 að fullu.

[18:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er í fyrsta lagi spurt: „Hvers vegna hefur ráðherra ekki enn staðfest að fullu aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024?“

Í öðru lagi: „Hvenær hyggst ráðherra staðfesta aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 að fullu?“

Því er til að svara að ráðuneytið lítur svo á að í fyrirspurninni sé vísað til fyrirvara sem settur var við staðfestingu umhvrh. á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024 og á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til sama tíma. Þann 20. desember 2002 var aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 staðfest af umhvrh. með eftirfarandi fyrirvara. Virðulegur forseti, ég vitna í fyrirvarann:

„Gerður er fyrirvari um samþykkt borgarstjórnar og samþykkt umhverfisráðherra varðandi þær framkvæmdir sem eru matsskyldar og úrskurður liggur ekki fyrir um. Uppbygging í Vatnsmýri og tímasetning hennar er háð flutningi á flugstarfsemi af svæðinu samanber kafla 3.2.1 í Greinargerð I – Stefnumörkun. Óvissa er um legu Sundabrautar.“

Sams konar fyrirvari var settur varðandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til sama tíma. Þannig hefur ráðherra nú þegar staðfest að fullu aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 með framangreindum fyrirvörum samanber 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Sama dag og skipulagið var staðfest skipaði umhverfisráðherra nefnd um svæðisskipulag samkvæmt 6. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að fara yfir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 og gera tillögur um landnotkun í Vatnsmýri á svæði 5 sem tekur til tímabilsins 2016–2024.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 sem staðfest er af umhverfisráðherra þann 20. desember 2002 og gera tillögur um landnotkun á Vatnsmýri á svæði 5 sem tekur til tímabilsins 2016–2024. Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skal hún gera tillögu um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins á umræddu svæði til samræmis við framangreinda tillögu nefndarinnar.

Um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu á breytingu á svæðisskipulaginu skal farið samkvæmt 14. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. 13. gr. sömu laga, eftir því sem við á og skal nefndin gegna því hlutverki sem samvinnunefnd er falið samkvæmt framangreindum ákvæðum. Um gerð svæðisskipulags gilda að öðru leyti 9. gr. skipulags- og byggingarlaga og ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Leggi nefndin til breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins skal Reykjavíkurborg hlutast til um að lagðar verði til samsvarandi breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024 sem staðfest var af umhverfisráðherra 20. desember 2002.“

Nefndinni var þannig ætlað að skoða sérstaklega landnotkun á því svæði sem Reykjavíkurflugvöllur stendur á í dag og Reykjavíkurborg áformar að nýta sem svæði fyrir blandaða byggð eftir 2016. Í nefndinni áttu sæti fulltrúi ráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og samgrn. Niðurstaða nefndarinnar, samanber skilabréf hennar dags. 1. desember 2003, var að þau sjónarmið samgönguyfirvalda að halda tveggja flugbrauta flugvelli í Vatnsmýrinni og áform Reykjavíkurborgar um aðra landnýtingu í Vatnsmýrinni færu ekki saman. Niðurstaða um tillögu til breytinga á skipulagi næðist því ekki í nefndinni. Nefndin taldi eigi að síður mikilvægt að borgaryfirvöld í Reykjavík og samgönguyfirvöld tækju upp formlegar viðræður um framhald málsins.

Þetta varð niðurstaðan. Menn náðu ekki saman þannig að vinnslu þessa máls er lokið í umhvrn. en breytist forsendur og komi upplýsingar fram um annan vilja þá færi þetta mál að sjálfsögðu í hefðbundna vinnslu.

Mér skilst, hæstv. forseti, að hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson og Reykjavíkurborg séu í viðræðum um þessi mál almennt. Þær viðræður tengjast flugvellinum og samgöngumiðstöð sem til umræðu hefur verið í nánd við Öskjuhlíðina, framtíðarsamgöngumiðstöð. Aðilar málsins eru því að ræða saman.

[18:37]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vona að ég hafi skilið hæstv. umhvrh. rétt, þ.e. þannig að aðalskipulag Reykjavíkurborgar, hvað lýtur að Vatnsmýrinni, sé staðfest, enda hafi sú nefnd sem skipuð var ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um að gera neinar tillögur um breytingar á því skipulagi sem þar

gildir. Ég tel ákaflega mikilvægt að þessi skilningur verði staðfestur af ráðherranum þannig að af séu tekin öll tvímæli.

Stjórnskipun okkar byggir á þeirri meginreglu að sveitarfélögin séu sjálfstæð í störfum sínum og fari með skipulagsvaldið. Reykjavíkurborg hefur með þessum hætti hagað skipulagi sínu og ekki aðeins það heldur hefur Reykjavíkurborg náð saman við öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í svæðisskipulagi þar sem gert er ráð fyrir þessum breytingum á nýtingu Vatnsmýrarinnar.

Þótt að við hljótum að vonast eftir farsælum viðræðum samgrn. og Reykjavíkurborgar í þessu efni þá þarf að vera alveg á hreinu af hálfu hæstv. umhvrh. að skipulagið er Reykjavíkurborgar og þarna hafi verið skipulögð byggð af hennar hálfu.

[18:39]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Það verður auðvitað að mæta því með skilningi að hún hafi viljað bíða eftir niðurstöðum umræddrar nefndar með lokastaðfestingu sína. Nú hefur sú nefnd runnið sitt skeið án þess að komast að niðurstöðu. Þá stendur upp á ráðherrann að staðfesta að fullu þetta aðalskipulag sem sveitarfélag hefur tekið ákvörðun um, lögmæta ákvörðun og endanlega af sinni hálfu fyrir það tímabil sem um ræðir.

Ég spyr enn: Hvenær hyggst hæstv. umhvrh. staðfesta þetta skipulag? Ef hún gerir það ekki þá verður hún að hafa til þess ákaflega gildar ástæður og koma með þær fram. Það þýðir ekki að geyma þær á skrifstofu í umhvrn. eða annars staðar þar sem almenningur sér ekki til. Umhverfisráðherra er skylt samkvæmt stjórnskipunarreglum að skýra frá ákvörðunum sem hún tekur. Einkum á það við um þessa ákvörðun því að auðvitað er undirskrift ráðherra á aðalskipulagi sveitarfélaga fyrst og fremst til marks um gott samstarf og góðan vilja á milli stjórnsýslustiganna og, eins og ég segi, ef ráðherra gerir það ekki þá er það pólitísk yfirlýsing af hennar hálfu sem ber að skýra bæði fyrir íbúum sveitarfélagsins og öllu landinu. Ég tek það svo, eins og hv. síðasti ræðumaður, að nú standi yfir ákaflega stutt tímabil sem líður á milli þess að nefndin hafi lokið störfum og þess að umhvrh. fái ráðrúm til að staðfesta aðalskipulagið að fullu.

[18:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í fyrra svari mínu er ráðuneytið nú þegar búið að staðfesta að fullu aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 með ákveðnum fyrirvörum, samanber 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Málið er þannig ekki til frekari vinnslu í ráðuneytinu. Þetta hafa lögfræðingar okkar farið yfir. Málið er sem sagt ekki til frekari vinnslu.

Nefndin, sem var eina úrræðið sem við höfðum til að grípa til þegar þessi staða kom upp, þ.e. nefnd sem hægt er að skipa um svæðisskipulag samkvæmt 6. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Þar með var ekki hægt að auglýsa þá niðurstöðu að nýju sem nýtt skipulag. Nefndin taldi hins vegar mikilvægt að aðilar málsins færu í samningaviðræður og þær standa yfir miðað við þær upplýsingar sem ég hef.

Þarna hafa vegist á misjöfn sjónarmið, annars vegar Reykjavíkurborgar, að vilja nýta þetta land til frekari uppbyggingar á byggð og svo skoðanir og sjónarmið samgönguyfirvalda og að hluta til landsbyggðarinnar, miðað við umræðuna, um að Reykjavíkurflugvöllur sé mjög mikilvægur sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll og mikilvægur fyrir heilbrigðisþjónustu. Menn ná mikilli nálægð við hátæknisjúkrahús með því að hafa sjúkraflug um Reykjavíkurflugvöll. Jafnframt er svæðið talið afar mikilvægt með tilliti til samgangna á landinu. Þessi sjónarmið stangast á. (**MÁ:** Hver eru sjónarmið þín?) Sjónarmið mín hafa verið þau að ég hef staðfest þetta skipulag en jafnframt sett við það fyrirvara af því að menn hafa verið ósammála.

Hreinsun skolps.

Fsp. SigurjÞ, 804. mál. — Þskj. 1219.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh. hvers vegna gerðar eru sömu kröfur, samkvæmt reglugerð umhvrh. nr. 798/1999, um hlutfall lífrænna efna sem hreinsa á úr skolpi, annars vegar frá Reykjavík, þar sem mengun er mikil, og hins vegar frá minni sveitarfélögum, t.d. Skagaströnd, þar sem íbúar eru fáir og mengun er lítil. Í reglugerðinni kemur fram að hreinsa eigi a.m.k. 20% af lífrænum efnum úr skolpi viðkomandi sveitarfélags áður en því er veitt í sjóinn.

Þessi regla stenst ekki neina skynsemi þar sem hún heimilar 100 þúsund manna borg að veita í sjóinn sem svarar til þess sem kemur óhreinsað frá 80 þúsund manns á sama tíma og hún skyldar lítið sveitarfélag, t.d. 500 manna sveitarfélag, til að hreinsa úr skolpinu það sem svarar til þess sem 100 manns láta frá sér af lífrænum efnum. Með öðrum orðum: Þar sem margir búa, svo sem 100 þúsund manns, er heimilt að veita allt að 80 þúsund einingum af lífrænum efnum út í umhverfið en þar sem fáir búa er ekki heimilt að setja 500 einingar af lífrænum efnum út í umhverfið.

Ég hefði talið að ef vel ætti að vera þá ætti að meta hvað viðkomandi staður þolir mikla mengun af lífrænum efnum, t.d. 10 þúsund einingar. Þá væri allt það sem væri umfram þol viðtakans hreinsað. Auðvitað er fáránlegt að ætla sér að hreinsa í burtu 20% af 500 einingum með ærnum kostnaði ef viðkomandi staður þolir allt að 10 þús. einingar.

Til að útskýra þessa reglu er ekki rétt að vísa á Evrópusambandið sem einhvern sökudólg í málinu. Reglur Evrópusambandsins eru mun sveigjanlegri og taka meira tillit til minni sveitarfélaga. Í 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins frá 21. maí 1991 kemur fram að ætlast sé til að skolp frá þéttbýlisstöðum með minna en 10 þúsund persónueiningum sé hreinsað með viðunandi hætti. Hvað merkir það að hreinsa skolp með viðunandi hætti? Það kemur fram í 2. gr. áðurnefndrar tilskipunar. Það getur verið mjög sveigjanlegt hvað telst viðunandi og fer alfarið eftir því hve viðkvæmur viðtakinn er.

Ljóst er að víða við sjávarbyggðir Íslands er viðtakinn mjög góður og þolir vel þau lífrænu efni sem veitt er út í hann. Allar líkur eru á að ef íslensku reglugerðinni væri breytt í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins þá þyrfti víða einungis að koma til grófhreinsun á skolpi við sjávarbyggðir landsins.

[18:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er spurt: Hvers vegna eru gerðar sömu kröfur samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um hlutfall lífrænna efna sem hreinsa á úr skolpi annars vegar frá

Reykjavík, þar sem mengun er mikil, og hins vegar frá minni sveitarfélögum, t.d. Skagaströnd, þar sem íbúar eru fáir og mengun er lítil?

Því er til að svara að ekki eru gerðar sömu kröfur til hreinsunar óháð viðtaka og þess magns frárennslis sem um er að ræða, eins og gefið er í skyn í spurningu hv. þingmanns. Það eru einmitt ekki gerðar sömu kröfur. Kröfur um hreinsun skolps eru skilgreindar annars vegar út frá hæfni viðtaka til að taka við skolpi og hins vegar umfangi og magni skolps sem rennur frá þéttbýlissvæðum.

Í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skolp, eru skilgreindar *þrjár gerðir skolphreinsunar* frá þéttbýli, tveggja þrepa hreinsun, eins þreps hreinsun og viðunandi hreinsun. Tveggja þrepa hreinsun er meginreglan samkvæmt reglugerðinni og skal beita henni við losun skolps frá þéttbýli nema ef heimiluð er eins þreps hreinsun eða áðurnefnd viðunandi hreinsun. Í tveggja þrepa hreinsun er fyrst forhreinsun með botnfellingu eða síun og síðan frekari hreinsun skolps sem oftast felur í sér líffræðilegar aðferðir, þ.e. örverur eru notaðar til að eyða lífrænum efnum í skolpinu. Í þessum tilvikum er oftast einnig eftirhreinsun með botnfellingu. Í sérstökum tilfellum getur verið farið fram á frekari hreinsun en tveggja þrepa sem getur falið í sér enn frekari lækkun næringarsalta eða annarra efna eða eyðingu saurgerla.

Eins þreps hreinsun er heimilt að nota annars vegar á strandsvæðum sem skilgreind hafa verið sem síður viðkvæm þegar losun er á bilinu 10–150 þús. persónueiningar og hins vegar í ármynni ef losun telst á bilinu 2–10 þús. persónueiningar. Einnig er möguleiki að beita eins þreps hreinsun á skolp með meira en 150 þús. persónueiningar ef það er losað í viðtaka sem flokkast sem síður viðkvæmt svæði og að undangenginni rannsókn sem sýnir fram á að þróaðri *hreinsiaðferðir hafi engin umhverfisbætandi áhrif*.

Við eins þreps hreinsun skolps eru notaðar aflfræðilegar og/eða efnafræðilegar aðferðir þar sem magn svifagna er lækkað um tiltekinn hundraðshluta, t.d. með botnfellingu eða síun. Aðferðirnar geta verið sambærilegar fyrra þrepinu í tveggja þrepa hreinsun. Í viðunandi hreinsun fer hreinsun skolps fram með viðurkenndum hreinsibúnaði svo ásættanlegt sé fyrir viðtakann. Ekki eru notuð losunarmörk en uppfylla þarf skilgreind gæðamarkmið. Þessa gerð hreinsunar er einungis heimilt að nota fyrir þéttbýli þar sem losun er minni en 2 þús. persónueiningar í ár og vötn og ármynni og minna en 10 þús. persónueiningar við losun í strandsjó.

Í dreifbýli og þar sem ekki er sameiginleg fráveita er gert ráð fyrir rotþró og siturlögn eða öðrum sambærilegum hreinsibúnaði. Af framansögðu er ljóst að kröfur samkvæmt reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skolp, eru flokkaskiptar eftir mælanlegum gildum og í samræmi við áhrif fráveituvatns á umhverfið og viðkomandi viðtaka.

Að lokum má benda á að flokkun viðtaka og val á hreinsunaraðferð er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga og í samræmi við aðferðafræði og losunarmörk sem eru sett fram í framangreindri reglugerð. Reglugerðin er byggð á tilskipun 91/171/EBE um hreinsun skolps frá þéttbýli en ákvæði hennar eru sveigjanleg og eru hreinsunarkröfur byggðar á viðtaka og fjölda persónueininga, með öðrum orðum á umhverfislegum markmiðum.

Í sveitarfélaginu Skagaströnd eru samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar minna en 10 þús. persónueiningar og svæðið er skilgreint sem síður viðkvæmt. Í Reykjavík eru yfir 150 þús. persónueiningar og svæðið er einnig skilgreint sem síður viðkvæmur viðtaki. Um þessi tvö svæði gilda því ekki sömu kröfur og reglur samkvæmt lagaumhverfi okkar. Sveitarfélagið Skagaströnd mun taka ákvörðun um gæðamörk sem heilbrigðisnefnd svæðisins metur einnig og jafnframt veitir Umhverfisstofnun umsögn í slíkum málum þannig að þar taka heimamenn ákvörðun um gæðamörk miðað við lagaumhverfi okkar.

[18:50]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að hreyfa þessu. Hann veltir því fyrir sér í fyrirspurn sinni hvort verið gæti að reglugerð nr. 798/1999 gengi lengra en þyrfti miðað við þær tilskipanir sem við höfum séð frá Evrópusambandinu. Er þetta ekki í fyrsta skipti sem ég heyri það sjónarmið. Sérfræðingar sem þetta hafa skoðað hafa margir haldið því fram að reglugerðin væri stífari og gengi lengra en þyrfti til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru hjá Evrópusambandinu.

Eins og menn þekkja eru aðstæður hér öðruvísi á mörgum stöðum en gengur og gerist í þröngum flóum og fjörðum. Maður veltir því óneitanlega fyrir sér að ef hægt er að gera mengunarmælingar við útrák, við enda útrásar, og þar kemur í ljós að mengun er undir þeim mörkum sem menn telja vel ásættanlegt af hverju þurfi þá að fara út í dýr hreinsimannvirki til að koma menguninni eitthvað neðar þegar hún er undir þeim mörkum sem menn telja þegar ásættanleg.

[18:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi umræða um sorp- og skolpförgun hér á landi er að mínu viti allt of vanþróuð og stefnulaus. Ég og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum til við afgreiðslu fjárlaga síðast að umhvrh. beitti sér fyrir einhverri landsáætlun varðandi sorp- og skolpmál. Það var því miður ekki samþykkt.

Hér er vakin athygli á því að reglugerð Evrópusambandsins er keyrð yfir íslenskar byggðir, stórar og smáar, þorp og borgir, og jafnvel gengið lengra en þar er krafist. Ég vil þá líka árétta: Eru þessar reglugerðir keyrðar yfir þessi þorp og þessar byggðir án þess að þeim fylgi nokkrir tekjustofnar til að takast á við þessi verkefni? Þetta er eitt dæmi um það hvernig ríkisvaldið íþyngir sveitarfélögunum án þess að styðja þau.

[18:53]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Þetta er ný túlkun umhvrn. á reglunum en mér þykir hún ágæt. Í 24. gr. reglugerðarinnar er vísað í 7. gr. og í henni stendur að skolp *skuli hreinsa a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri* hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem viðkvæmur. Ég hef skilið það svo að eins þreps hreinsun væri í rauninni lágmarkshreinsun samkvæmt reglugerðinni. Ef svo er ekki en reglugerðin hins vegar í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins er það gott mál fyrir sveitarfélögin. Það er mjög gott að fá þessa umræðu og þessar kröfur á hreint því að vafi leikur á því hvernig eigi að lesa reglugerðina. Ég held að einmitt sé ágætt að lesa hana og skilja eins og hæstv. umhvrh. skildi hana, að við eigum að notast við tilskipun Evrópusambandsins, nota þá viðunandi hreinsun, gera skynsamlegar kröfur og ekki ríkari kröfur en þörf er á.

Að öðru leyti þakka ég svörin. Ég minni samt á að í reglugerðinni segir að notkun síubúnaðar til hreinsunar skolps sé

sambærileg eins þreps hreinsun á síður viðkvæmum svæðum. Málið er einfaldlega það að þó svo að í reglugerðinni segi að það sé sambærilegt er notkun síubúnaðar miklum mun minni hreinsun en raunverulega felst í skilgreiningu á eins þreps hreinsun.

[18:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi það sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda Sigurjóns Þórðarsonar tel ég að hér sé ekki um einhverja nýja túlkun að ræða hjá umhvrn. á reglugerðinni, alls ekki. Það er ekki hægt að skilja svar mitt þannig. Það er engin ný túlkun á ferðinni. (**SigurjÞ:** Skýrari.)

Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni líka það sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni og Jóni Bjarnasyni. Við erum með reglur hér sem taka mið af reglum Evrópusambandsins. Þegar samið var um það fengum við okkar svæði skilgreind meira eða minna sem síður viðkvæman viðtaka þannig að Evrópusambandið gerir engar óeðlilegar kröfur til Íslands, alls ekki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið gerðum við kröfur vegna samkeppnisstöðu okkar í sjávarútvegi gagnvart Norðmönnum inn á Bandaríkjamarkað löngu áður en þessar Evróputilskipanir komu til. Það hafði ekkert með Evrópusambandið að gera þannig að menn töldu að við yrðum að hafa reglur hér sem stæðust skoðun inn á markaðinn í Bandaríkjunum því að við flytjum fisk þangað. Einhver gryla er hér á ferðinni sem segir að Evrópusambandið geri einhverja ægilega kröfu. Það er bara rangt. Þetta hefur heyrst frá mörgum sveitarstjórnarmönnum og þetta er ekki rétt (Gripið fram í.) þannig að við erum ekki að gera einhverjar óeðlilegar kröfur á Íslandi miðað við að við erum að framleiða matvæli og viljum selja þau á viðkvæman markað.

Varðandi það að hér væri ekki landsáætlun í sorpmálum og ekki skolpmálum heldur er það alls ekki rétt. Við erum með landsáætlun varðandi sorpmál, það er nýbúið að kynna hana og hún var unnin samkvæmt lögum. Þar að auki er búin að vera áætlun í gangi varðandi skolpmál í langan tíma og við erum mjög langt komin þó að ýmislegt sé eftir, sérstaklega á landsbyggðinni. Hér er í fullum gangi áætlun og menn eiga að uppfylla hana fyrir ákveðinn tíma. Okkur mun sjálfsagt ekki takast það en ríkið kemur að málum með því að borga um 20% af kostnaði þessarar framkvæmdar.

Veðurathugunarstöðvar.

Fsp. JBjarn, 844. mál. — Þskj. 1299.

[18:58]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Fátt er okkur Íslendingum hugleiknara en veðrið og oft er það brýnt fyrir okkur að hlusta á veðurlýsingu áður en við leggjum í ferðalög. Veðurfar og veðurlýsing skiptir máli hvað varðar staðsetningu hinna ýmsu atvinnutækifæra svo nokkuð sé nefnt og atvinnulíf okkar er mjög háð veðri. Þess vegna skipta veðurathugunarstöðvar þar sem við fáum upplýsingar um veður vítt og breitt um landið okkur afar miklu máli.

Nú er verið að þrengja fjárhagslega að Veðurstofunni og henni ætlað að spara um 20–30 millj. kr. á þessu ári. Mun það þá að því sem boðað hefur verið koma niður á veðurathugunarstöðvum landsins. Ég vil því spyrja hæstv. umhvrh.:

1. Hve margar mannaðar veðurathugunarstöðvar eru nú utan höfuðborgarsvæðisins?
2. Hvar hafa verið lagðar niður veðurathugunarstöðvar sl. þrjú ár?
3. Hve mörg störf hafa verið lögð niður á veðurathugunarstöðvum utan höfuðborgarsvæðisins á sama tíma? Þetta snýst ekki bara um veðurfarsupplýsingar heldur líka störf á viðkomandi svæðum.
4. Er stefnt að frekari fækkun mannaðra veðurathugunarstöðva og þá hvar?
5. Hvaða veðurupplýsingar tapast við að stöðvarnar eru ómannaðar?
6. Var lagt mat á öryggishlutverk veðurathugunarstöðvarinnar á Hveravöllum áður en tekin var ákvörðun um lokun hennar?

Eins og komið hefur fram í fréttum hefur Veðurstofan sagt upp samningi við veðurathugunarfólkið á Hveravöllum og sá samningur verður ekki endurnýjaður þegar hann rennur út í lok júlí. Í stað þess verður notast við sjálfvirka veðurstöð sem verður ekki endurbætt frá því sem nú er. Veðurathugunarstöðin á Hveravöllum hefur verið mönnuð frá 1965.

Gegn þessari ákvörðun um að loka veðurathugunarstöðinni á Hveravöllum eða gera hana ómannaða hafa komið mótmæli frá héraðsnefnd Austur-Húnvetninga, dagsett 27. apríl sl., þar sem héraðsnefnd lýsir þungum áhyggjum vegna boðunar um lokun mannaðrar veðurathugunarstöðvar á Hveravöllum. Þar er minnt á öryggishlutverk veðurathugunarstöðvarinnar og mikilvægi hennar fyrir veðurfar og veðurlýsingu um hálendið.

Aðalfundur Félags íslenskra veðurfræðinga, haldinn 23. mars 2004, ályktaði einnig, mótmælti lokun veðurathugunarstöðvarinnar á Hveravöllum og benti á að þar hefðu veðurathuganir verið gerðar frá 1965 og upplýsingar þaðan nýttar fyrir veðurspár fyrir hálendið, til að gefa upplýsingar um flugveðurskilyrði á Íslandi og þær eru einnig mikilvægar fyrir alla umferð um hálendið.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. umhvrh. hvernig hún hyggist taka á þessu máli, sérstaklega hvað varðar Hveravelli.

[19:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er spurt í fyrsta lagi: Hve margar mannaðar veðurathugunarstöðvar eru nú utan höfuðborgarsvæðisins?

Því er til að svara að Veðurstofa Íslands rekur 44 mannaðar veðurskeytastöðvar utan Reykjavíkur. Auk þess rekur Veðurstofan 16 veðurfarsstöðvar og 54 úrkomustöðvar.

Í öðru lagi er spurt: Hvar hafa verið lagðar niður veðurathugunarstöðvar sl. þrjú ár?

Því er til að svara að á síðustu þremur árum, þ.e. 2001–2003, var hætt rekstri á tveimur úrkomustöðvum, tveimur veðurfarsstöðvum og einni skeytastöð, þ.e. fimm stöðvum samtals.

Í þriðja lagi er spurt: Hve mörg störf hafa verið lögð niður á veðurathugunarstöðvum utan höfuðborgarsvæðisins á sama tíma?

Því er til að svara að samtals var starfsemi á þeim stöðvum sem lagðar hafa verið niður skilgreind sem rúmlega eitt ársverk.

Í fjórða lagi er spurt: Er stefnt að frekari fækkun mannaðra veðurathugunarstöðva og þá hvar?

Því er til að svara að auk Hveravalla er gert ráð fyrir að hætta athugunum á Reykhólum í sumar. Reikna má enn fremur með að mönnuðum stöðvum muni fækka á næstu árum vegna tækniþróunar með hliðstæðum hætti og mönnun á vitum hefur verið að leggjast af á síðustu árum. Sams konar þróun hefur átt sér stað erlendis. Það hefur orðið geysileg fjölgun í sjálfvirkum veðurstöðvum á Íslandi hin seinni ár. Veðurstofan rekur nú um 70 slíkar en alls fær Veðurstofan upplýsingar frá 150 sjálfvirkum stöðvum og er það auðvitað mjög mikil breyting frá því sem var og mun örugglega hafa áhrif á mál þannig að mönnuðum stöðvum mun fækka á næstu árum vegna þessarar tækniþróunar.

Í fimmta lagi er spurt: Hvaða veðurupplýsingar tapast við að stöðvarnar eru ómannaðar?

Því er til að svara að á flestum sjálfvirkum stöðvum sem Veðurstofan rekur er mældur vindhraði, þ.e. meðalhraði og hviður, vindátt, hiti, rakastig og loftþrýstingur. Á nokkrum stöðvum er mælt úrkomumagn. Miðað við þá gerð veðurstöðva sem Veðurstofan notar munu falla niður veður-, skýja- og skyggnisupplýsingar auk mælinga á snjódýpt og snjóhulu en á móti kemur að sjálfvirkar stöðvar mæla mun oftar, a.m.k. á klukkutíma fresti allan sólarhringinn.

Í sjötta lagi var spurt: Var lagt mat á öryggishlutverk veðurathugunarstöðvarinnar á Hveravöllum áður en tekin var ákvörðun um lokun hennar?

Því er til að svara að Veðurstofan hefur ekki lagt svokallað öryggismat á einstakar veðurstöðvar, enda er það varla hægt nema þá helst á flugvöllum. Stöðvakerfi Veðurstofunnar vinnur sem heild þótt einstakar stöðvar hafi þar meira vægi en aðrar. Tíðni athugana og gæði þeirra skiptir ekki síður máli en fjöldi stöðva og staðsetning þeirra. Ef hv. fyrirspyrjandi er að spyrja um öryggishlutverk varðandi umferð á hálendinu og mikilvægi þess að hafa fólk uppi á Hveravöllum er því til að svara að Veðurstofan sinnir ekki almennri öryggisgæslu á hálendinu og það fellur alls ekki undir hennar skilgreinda hlutverk.

[19:04]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessar upplýsingar. Ég vil í fyrsta lagi árétta að mannaðar veðurstöðvar gefa til kynna hvernig hið raunverulega veður er á viðkomandi stað, segir til um skyggni, sólfar, hvort það sé skafrenningur, snjókoma eða annað því um líkt á hverjum stað. Það skiptir gríðarlega miklu máli að þetta sé vitað.

Það kom fram hjá ráðherranum að ætlunin sé að leggja niður mannaða stöðu á Reykhólum og önnur hefur nýverið verið lögð niður, veit ég, á Blönduósi. Ég tel að þetta skipti máli, bæði með tilliti til atvinnu og líka upplýsinga fyrir alla umferð, og enn fremur fyrir búsetu og þar af leiðandi atvinnulíf á þessum stöðum. Ég fer fram á það að ráðherra endurskoði þetta ferli sem þarna er komið í gang. Það er gott og blessað að vera með sjálfvirkar veðurstöðvar og má gjarnan fjölga þeim en það er einnig mikilvægt að hafa hina mannlegu hönd sem getur þá gert nánari grein fyrir því hvernig hið raunverulega veður er.

Síðast vil ég koma aftur að veðurathugunarstöðinni á Hveravöllum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ráðherrann hafi ekki fengið mótmæli og áskoranir frá starfsmönnum Veðurstofunnar, frá starfsmönnum á mælingadeild Veðurstofu Íslands og frá fjölmörgum aðilum sem telja, bæði af veðurfarslegum ástæðum og öryggisástæðum á landi og í lofti, brýnt að halda starfseminni áfram. Til þess erum við að reka veðurathugunarstöðvar að þær eru einhver mikilvægasti hlekkurinn í öryggiskerfi þjóðarinnar. Þar er hvorki Veðurstofan undanskilin né hæstv. ráðherra þannig að ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir endurskoðun á þeirri fyrirætlan að loka veðurathugunarstöðinni á Hveravöllum. Ég skora á hana afdráttarlaust að endurskoða þá ákvörðun.

[19:07]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun ekki endurskoða þetta ferli sem er komið í gang eins og hv. fyrirspyrjandi orðaði það. Ég hef fengið þessi mótmæli sem hv. þm. vitnaði líka til og las upp úr. Þau hef ég fengið. Það kom svo sem ekkert á óvart að skoðanir voru að hluta til skiptar hjá þeim sem málið varðaði. Við erum ekki óvön slíku, má segja.

Sú tillaga að leggja niður mannaða veðurstöð á Hveravöllum kemur frá Veðurstofunni sjálfri. (**JBjarn:** Til hvers? Vegna sparnaðar.) Það er til þess að hún geti mætt fjárlögum sínum. Hún hefur verið með halla á undanförnum árum, innibyggðan halla, og hún fékk reyndar svokallaða halaklippingu fyrir stuttu síðan. Hún hefur farið í gegnum mjög ítarlega skoðun hjá Ríkisendurskoðun þannig að það er mjög mikið búið að gera gott á Veðurstofunni og er ég bjartsýn fyrir hönd þeirrar stofnunar. Hún sem sagt gerir þessa tillögu sjálf og telur að hún sé réttmæt. Ég gerði ekki athugasemdir við þessa tillögu hennar til að halda sig innan fjárlaga. Það er auðvitað eðlilegt að stofnanir geri það. Við getum ekki horft fram hjá því að tækninni fleygir fram. Það getur ekki hv. þm. Jón Bjarnason gert frekar en aðrir. Í dag fær Veðurstofan upplýsingar frá 70 sjálfvirkum stöðvum, áður fyrr var engin, og hún fær upplýsingar frá 150 stöðvum sem bætast við það sem aðrir eiga, þ.e. það sem Vegagerðin rekur, Siglingastofnun og fleiri aðilar. Það eru 150 sjálfvirkar veðurstöðvar sem Veðurstofan fær upplýsingar frá og að sjálfsögðu hefur þetta áhrif á þessar mönnuðu stöðvar. Þær upplýsingar verða ekki eins mikilvægar og þær voru áður fyrr. (**Gripið fram í:** En hvenær ...?)

Staða og afkoma barnafjölskyldna.

Fsp. RG, 692. mál. — Þskj. 1030.

[19:09]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram þá fyrirspurn til hæstv. félmrh. hvort stjórnvöld hafi kannað stöðu og afkomu barnafjölskyldna í samræmi við þál. um opinbera fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem var samþykkt á Alþingi í maí 1997, og ef svo er hverjar væru þá niðurstöðurnar og hvort stjórnvöld hefðu ráðist í aðgerðir á grundvelli könnunarinnar til að bæta stöðu barnafjölskyldna. Ályktunin sem Alþingi samþykkti átti sér tveggja ára aðdraganda og var arfur frá fyrri ríkisstjórn. Sú er hér stendur átti hlut að máli, enda verið áhugamanneskja um fjölskyldupólitík allar götur frá bæjarstjórnarárunum í Kópavogi þegar giftudrjúgt samstarf þriggja flokka vinstri meiri hluta leiddi af sér umsögnina um Kópavog sem félagsmálabæinn. Því var það ánægjulegt að fyrrverandi félmrh. Páll Pétursson

skyldi bera þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu fram svo til óbreytta nema hvað varðar fjölskyldusjóðinn.

Ég hef þó ætíð talið það grundvallarmistök að taka út úr tillögunni áform um fjölskyldusjóð því sjóðnum var ætlað að standa undir úttektum, könnunum og rannsóknum sem fjölskylduráðið m.a. teldi ástæðu til að gera og til að ljóst væri til hvaða aðgerða þyrfti að grípa væri á því áhugi. Sérstaklega hef ég talið mikilvægt að fjölskylduráð gæti á hverjum tíma kannað hvernig stjórnvaldsaðgerðir bitna á fjölskyldum og þá sérstaklega hvernig þær hitta ólíka fjölskylduhópa fyrir. Þess vegna harma ég að þetta ágæta tæki, fjölskyldusjóðurinn, skyldi ekki hljóta náð hjá þessari ríkisstjórn.

Ég hef á þessu vori, virðulegi forseti, borið fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. félmrh. um úttektir og aðgerðir í fjölskyldumálum. Það er gott að fá þau svör. Ég hef óskað eftir að svör við þremur fyrirspurnum væru skrifleg og mun að sjálfsögðu skoða mjög nákvæmlega hvernig staðan blasir við út frá þeim svörum. Í fljótu bragði finnst mér reyndar að ekki sé beint um stórátak í þessum málum að ræða. Á átta árum hefði verið unnt að gera svo miklu meira ef áhugi hefði verið fyrir hendi.

Þó vil ég sérstaklega nefna tvennt sem ég er mjög ánægð með, í fyrsta lagi að ILO-samþykkt nr. 156, sem er samþykkt frá Alþjóðavinnumálastofnuninni um að ekki megi segja upp fólki vegna fjölskylduábyrgðar, skyldi vera fullgilt og lögfest. Eftir því var búið að ganga frá árinu 1995. Svo er ég ánægð með hve virkt fjölskylduráðið virðist hafa verið þrátt fyrir að athafnafrelsi þess séu settar fjárhagslegar skorður. Svo eru líka hugmyndirnar um fjölskylduvogina nokkuð áhugaverðar og góðar.

Ég hlakka til að heyra svar hæstv. félmrh. og mun koma inn á það í síðari ræðu minni.

[19:12]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda þær spurningar sem til mín hefur verið beint. Í fyrsta lagi: Hafa stjórnvöld kannað stöðu og afkomu barnafjölskyldna í samræmi við þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?

Sem svar við þeirri spurningu hv. þingmanns er rétt að fram komi að gerð hefur verið könnun á vegum fjölskylduráðs í samræmi við ályktunina auk þess sem tekið var saman rit um áætlanir ráðuneytanna á sviði fjölskyldumála. Gerð var könnun á viðhorfum sveitarfélaganna til málefna fjölskyldunnar. Fyrsti hluti hennar fjallaði um fjölskyldustefnu almennt, annar um fjölskylduna og atvinnulífið og hvaða aðgerðum sveitarfélög hefðu beitt til að bæta hag fjölskyldunnar. Þriðji og síðasti hlutinn fjallar svo um það hvernig sveitarfélög standa að forvörnum og fræðslu í málefnum fjölskyldunnar. Þá var sveitarfélögum gefinn kostur á að gera grein fyrir aðgerðum sínum á þessu sviði ásamt því að koma á framfæri atriðum sem fjölskylduráð ætti að þeirra mati að leggja áherslu á að beita sér fyrir.

Það er mikilvægt að ráðuneytin sem eru stefnumótandi innan hvers sviðs, svo sem heilbrigðis, félagslegra réttinda, menntunar, húsnæðis, umhverfis og menningar, samræmi störf sín til að vinna þeirra móti hagstæð lífsskilyrði fyrir fjölskyldur landsins. Þess vegna er talið mikilvægt að fyrir hendi sé heildarsýn yfir þau málefni er lúta að fjölskyldunni og stjórnvöld eru að vinna að. Því ákvað fjölskylduráð að taka saman upplýsingar um málefni fjölskyldunnar sem mið í að marka opinbera fjölskyldustefnu.

Þetta var í fyrsta sinn, hæstv. forseti, sem áætlanir ráðuneytanna á sviði fjölskyldumála voru teknar saman í eitt rit. Niðurstöður umræddrar könnunar og samantektarinnar voru gefnar út árið 2001, á alþjóðlegum degi fjölskyldunnar þann 15. maí.

Hæstv. forseti. Fjölskylduráð hefur fjármuni til að fara í grunnrannsókn á högum fjölskyldunnar. Auk þess er nú unnið að undirbúningi á viðamiklu mælitæki sem mæla á lífsgæði fjölskyldunnar og hefur verið kallað fjölskylduvog. Er forhönnun þess langt komin. Það er Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri sem vinnur að þessu verkefni fyrir fjölskylduráð og gert er ráð fyrir að næsta grunnrannsókn á högum fjölskyldunnar muni nýtast í fjölskylduvoginni.

Hv. þm. spyr einnig um niðurstöður og helstu aðgerðir á grundvelli könnunar til að styrkja og bæta stöðu barnafjölskyldna. Þar sem bæði verkefnin voru viðamikil er ekki unnt að greina frá tæmandi niðurstöðum í stuttu máli mínu hér en ég mun nefna einstaka dæmi úr könnun á viðhorfum sveitarfélaganna. Þau hafa almennt áhuga á að setja sér fjölskyldustefnu en höfðu yfirleitt ekki hafið þá vinnu þegar þessi könnun var gerð. Skólamál voru langoftast nefnd sem jákvæðasti þátturinn í viðkomandi sveitarfélagi gagnvart fjölskyldunni en einnig sá málaflokkur sem var efstur á blaði hjá þeim, enda einsetning grunnskólanna í fullum gangi á þeim tíma. Atriði sem sveitarfélögin töldu að helst gætu bætt stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu voru skólamál, atvinnumál, menningarmál, tómstundamál, samgöngur, öryggis- og umhverfismál. Sveitarfélögin óskuðu m.a. eftir úrbótum varðandi lengra fæðingarorlof, aukinni ráðgjöf, fræðslu og stuðningi við fjölskyldur, lagfæringu á skattalöggjöf, styttri vinnutíma, stuðningi til framhaldsnáms, sveigjanlegum vinnutíma, auknum stuðningi við sveitarstjórnir og forvarnastarf í fíkniefnamálum.

Hæstv. forseti. Það er varla gerlegt að taka saman helstu niðurstöður úr samantekt fjölskylduráðs um málefni fjölskyldunnar enda var hún 50 blaðsíður að lengd en athygli er vakin á því að hana er hægt að nálgast á vefsetri félmrn.

Um aðgerðir má nefna að efst á blaði hjá sveitarfélögunum var lengra fæðingarorlof fyrir mæður og feður. Eins og þekkt er hefur ráðuneytið beitt sér fyrir umtalsverðum umbótum á því sviði og Alþingi hefur sem kunnugt er samþykkt breytingar á því sviði og fjallað um þær. Félmrn. hefur einnig sem kunnugt er hafið átak í sameiningu sveitarfélaga til að styrkja sveitarstjórnarstigið en það töldu sveitarstjórnarmenn mikilvægt, ekki síst út frá hagsmunum fjölskyldunnar. Þá hefur verið unnið að aukinni fræðslu fyrir foreldra, m.a. að undirbúningi að gerð vefsvæðis um fjölskylduna sem er gert ráð fyrir að takist að opna á þessu vori.

Fleira mætti nefna, hæstv. forseti, en að lokum tel ég rétt að upplýsa að í september komandi er ráðgert að halda ráðstefnu á vegum fjölskylduráðs einmitt fyrir sveitarfélögin og fulltrúa þeirra til að ræða þar um gerð fjölskyldustefnu sveitarfélaganna.

[19:17]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda sérstaklega fyrir að vekja athygli á mikilvægi málefna barnafjölskyldna. Í framhjáhlaupi langar mig að vita hvort hægt sé að kanna hug hæstv. félmrh. til ákveðins máls, þáltill. sem hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir flutti en hún var eitthvað á þá leið að

Alþingi ályktaði að tekinn yrði upp sérstakur ótekjutengdur skattafsláttur handa foreldrum eða forráðamönnum sem hafa börn á framfæri. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. félmrh. hefði kynnt sér tillöguna og hver hugur hans væri til þessa máls.

[19:18]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. þessi svör. Ég geri mér alveg grein fyrir því að fróðlegar niðurstöður hafi komið frá sveitarfélögunum vegna þess að stærstu skref sem hafa verið tekin í fjölskyldumálum og varða aðbúnað fjölskyldnanna í landinu eru skref sem hafa verið tekin í sveitarfélögunum, aðgerðir sem sveitarfélögin hafa gripið til. Auðvitað hefur maður verið að vonast til þess að ríkið færi að móta sér í ríkari mæli fjölskyldustefnu. Á því hefur verið þörf. Af því að hér var fæðingarorlofið nefnt hefur verið þverpólitísk samstaða í mörg ár um að auka það og hefði svo sem ekki þurft að gera neina sérstaka samþykkt um fjölskyldumál á Alþingi til að ná því fram.

Svo virðist sem fjölskylduráðið fyrst og fremst hafi leitast við að framfylgja ályktun Alþingis. Minna hefur farið fyrir aðgerðum hjá ráðuneytunum. Mér finnst auðvitað mikilvægt að það var óskað tilnefninga í samstarfshóp en mér finnst minna um hvað út úr því hefur komið. Ég tek eftir því að ekki hefur verið leitað til ráðsins vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir sem var einn af þeim stóru þáttum sem fram komu í ályktuninni um að ríkisvaldið nýtti sér þetta tæki til að átta sig á hvernig það mundi hitta ólíka hópa fyrir þegar verið væri að gera grundvallarbreytingar.

Ég tek líka eftir því í svörunum sem ég hef fengið að ráðið telur að bæði löggjafarvaldið og framkvæmdarvald ríkisstjórnarinnar skorti upplýsingar og almenna vitneskju um hvaða áhrif ýmsar aðgerðir hafa á hag fjölskyldnanna. Svo tek ég eftir því, virðulegi forseti, að nú er komin á borð okkar skýrsla forsrh. um fátækt á Íslandi. Bara með því að glugga í hana á tveimur mínútum sé ég að það er gífurlegur munur, virðulegi forseti, á aðstöðu fjölskylduhópanna í þessu landi.

[19:20]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir þessa umræðu. Hvað varðar skattafslátt til barnafjölskyldna er það eitt af þeim verkefnum sem þessi ríkisstjórn hefur sagt að hún muni taka til kostanna þegar kemur að því að útfæra skattalækkunartillögur, þ.e. barnabæturnar, hækkun bótanna og vonandi auknar ótekjutengdar barnabætur sem ég tel að sé mikilvægur þáttur í því að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Það held ég að fari saman við þá grunnhugsun sem kemur fram í þáltill. sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson vitnaði til.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda, Rannveigu Guðmundsdóttur, að við sem höfum tækifæri til höfum kannski ekki verið nægilega dugleg við að nýta okkur fjölskylduráðið. Það er nokkuð sem ég get alveg tekið til mín. Ég hef átt fundi með m.a. formanni fjölskylduráðsins þar sem við höfum verið að reyna að átta okkur á því hvort ekki væri hægt að auka hlutverk ráðsins og aðkomu að ýmsum málum. Eins og ég rakti í máli mínu áðan eru fyrirsjáanlegir núna a.m.k. tveir viðburðir þar sem fjölskylduráðið mun leika mikið hlutverk, annars vegar opnun þessa fjölskylduvefs, síðan vonandi gildistaka fjölskylduvogarinnar og síðan ráðstefna á haustdögum þar sem verður unnið með sveitarfélögunum að gerð fjölskylduáætlana þeirra. Ég vona, hæstv. forseti, að fjölskylduráðið sem vissulega var þarft spor á sínum tíma öðlist meira og gildara hlutverk.

Fjarskiptaþjónusta í Húnaþingi vestra.

Fsp. JBjarn, 769. mál. — Þskj. 1167.

[19:22]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Aðgengi íbúa landsins að háhraðatengingum í fjarskiptum skiptir miklu máli fyrir atvinnumöguleika, fjölbreytta nýtingu tækninnar og hvaða möguleika einstaka byggðir hafa til að takast á við samkeppnina í búsetunni. Undirskriftalisti sem hefur borist okkur þingmönnum Norðvest. frá íbúum á Laugabakka í Miðfirði bendir rækilega á þessa staðreynd. Þeir sendu þingmönnunum lista með eftirfarandi formála, með leyfi forseta:

„Meðfylgjandi eru undirskriftalistar með áskorun um betri internetþjónustu á Laugabakka í Miðfirði í Húnaþingi vestra. Íbúum og öðrum notendum er mikið í mun að fá möguleika á ADSL-tengingu sem fyrst en einfalt mun vera að koma henni á við símstöðina sem er á Laugabakka. Með tilvísan í að ríkisstjórnin og samgönguráðherra hafa ákveðið átak í internetþjónustu á landsbyggðinni vonast ég til að Landssíminn og aðrir þeir sem þetta bréf fá hlutist til um að farið verði að ósk undirskrifenda sem fyrst. Það er það sem við viljum."

Undir þetta rita íbúar á Laugabakka og í næsta nágrenni þar.

Nú er unnið að því að koma á ADSL-tengingu á stærstu þéttbýlisstöðum landsins. Eftir því sem ég best veit hafa verið sett þar skilyrði um að íbúar yrðu 500 eða fleiri til að fá hana. Það má velta fyrir sér skilgreiningunni á þéttbýli. Ef við horfum t.d. á stöðu Hvammstanga og Laugabakka er það eitt sveitarfélag og eiginlega samrekið þéttbýli. Laugabakki og Hvammstangi þjóna sem ein þéttbýlismiðstöð í öllu starfslegu tilliti. Það er því mikið óréttlæti að Hvammstangi skuli vera flokkaður sér sem þéttbýli en Laugabakki ekki hluti af því. Þetta er innan þeirrar skilgreiningar sem unnið hefur verið eftir.

Sama má líka segja víðar, t.d. í Ísafjarðarbæ. Hann samanstendur af nokkrum minni þéttbýlisstöðum þar, Flateyri, Þingeyri og Suðureyri, en háhraðatengingin er bara á Ísafirði en ekki á hinum stöðunum vegna þess að samkvæmt þessari vinnureglu teljast þeir undir þessum fjölda. Hnífsdalur sem er í fjögurra km fjarlægð frá Ísafirði yrði ekki með háhraðatenginguna vegna þess að hann er skilgreindur sem annað þéttbýli. Mér finnst, virðulegi forseti, þessi skilgreining alveg með endemum og spyr hæstv. samgrh. bæði hvernig hann muni bregðast við þessum óskum íbúa á Laugabakka og einnig hvort ekki standi til að endurskoða þessar reglur þannig að þær reynist þá manneskjulegri og komi í raun íbúum þessara svæða til góða.

[19:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í fyrirspurn hv. þingmanns hefur samgrn. borist undirskriftalisti Vestur-Húnvetninga með ósk um bætt fjarskiptasamband á Laugabakka í Miðfirði þar sem búa um 80 íbúar. Ráðuneytið getur

tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í erindinu og það styður aukna gagnaflutningaþjónustu en hefur takmörkuð lögbundin úrræði til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtækin umfram alþjónustu sem kveðið er á um í 19.–22. gr. fjarskiptalaganna. Þessi ákvæði gilda á öllu EES-svæðinu.

Í þessu sambandi má þó benda á að á Íslandi er krafa um 128 kílóbita gagnaflutningasamband. Það er hluti af alþjónustu. Þar er um að ræða ISDN-tengingar og þekkist þessi krafa ekki annars staðar en hefur verið afar mikilvæg fyrir okkur á Íslandi og var mikið framfaraspor.

Loks er að geta þess að samkomulag hefur orðið milli Bændasamtakanna og Landssímans um ISDN Plús samband í sveitum. Þetta samband dugar víða þar sem ADSL er ekki í boði og er mikilvæg aukning á þjónustu. Er mikil ánægja með þá viðbótarþjónustu sem þar er um að ræða. Það er undir fjarskiptafyrirtækjunum sjálfum komið hvar frekari uppbygging þeirra fer fram umfram alþjónustu. Í þessu sambandi er athygli fyrirspyrjanda vakin á 24. gr. fjarskiptalaganna um samtengingu neta og 34. gr. laganna um aðgang að heimtaugum. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þau gera það að verkum að a.m.k. fjögur fyrirtæki eru í stakk búin að verða við óskum neytenda um gagnaflutningaþjónustu og á það við íbúa á Laugabakka í Miðfirði. Þessum fyrirtækjum hefur verið gert viðvart um óskir Húnvetninga um bætt gagnaflutningasambönd. Samgrn. hefur ekki lagaheimildir til þess að ganga lengra í að hlutast til við fyrirtæki í samkeppni.

Að lokum er rétt að vekja athygli á því að skipaður hefur verið stýrihópur til að hefja undirbúning að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Með henni er stefnt að því að móta heildarstefnu í fjarskiptamálum á Íslandi, til þess m.a. að kortleggja með hvaða hætti stjórnvöld geta komið að frekari uppbyggingu í fjarskiptamálum. Markmið áætlunarinnar er að leggja grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskipti með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Þetta verður m.a. gert með hliðsjón af nýrri stefnumótun forsrn. um upplýsingasamfélagið sem ber yfirskriftina Auðlindir í allra þágu – stefna um upplýsingasamfélagið 2007. Hún hefur verið kynnt og liggur fyrir. Stýrihópnum sem vinnur á vegum samgrn. er m.a. ætlað að skoða og gera tillögur um stefnu stjórnvalda er varða gagnaflutningatengingar á landsbyggðinni, farsímasamband á þjóðvegum og fleira. Stýrihópnum er ætlað að skila tillögu að nýrri fjarskiptaáætlun eigi síðar en 1. september 2004. Miðað er við að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi næsta haust. Lögð er áhersla á að áhugasamir hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til hópsins við gerð áætlunarinnar. Rétt er því að benda á veftorg sem hefur verið sett upp í því skyni og er það aðgengilegt frá vef samgrn.

[19:30]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að hreyfa við þessu ágæta máli. Ég veit sem er að víðar en í Húnaþingi vestra eru undirskriftalistar í gangi. Ég veit ekki betur en að undirskriftalisti sé í Fljótunum. Menn sætta sig einfaldlega ekki við að vera ekki í GSM-sambandi og að gagnaflutningar séu mjög hægir. Þetta er spurning um byggðastefnu.

Ég heyrði, ef ég man rétt, viðtal við forstjóra Landssímans þar sem hann sagðist vera að bíða eftir pólitískum skilaboðum frá hæstv. samgrh. Mér finnst kominn tími til að hann segi hvað hann vill vegna þess að fólk í hinum dreifðu byggðum óttast að það verði enn erfiðara að hreyfa við þessum málum eftir að Síminn hefur verið seldur. Ég tel þess vegna að það væri mikið til bóta ef hæstv. samgrh. gæfi í rauninni skýr pólitísk skilaboð um hver vilji hans er í þessu máli.

[19:31]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Hann virðist standa svo nákvæmlega fastur í því fari að þessi fjarskipti séu komin svo rækilega út á einkavæðingarmarkaðinn og samkeppnismarkaðinn að ekki sé hægt að koma þar að pólitískum vilja. Ég held að það sé einfaldlega rangt mat hjá hæstv. ráðherra.

Ég vil benda á að á Laugabakka er símstöð og tiltölulega lítið mál að koma þessari tengingu á. Svo er víðar. Er nokkur sanngirni í því að bæjum sé svona mismunað? Ísafjarðarbær fær þessa tengingu, ADSL-tengingu, en Suðureyri, Þingeyri og Flateyri sem eru bara með 300–400 íbúa en eru samt hluti af sama bæjarfélagi fá hana ekki vegna þessarar þröngu skilgreiningar sem beitt er. Hólmavík, rétt undir þessum mörkum sem unnið hefur verið eftir, fær ekki þessa ADSL-tengingu. Landssíminn skilar samt 2–3 milljörðum kr. í arð til ríkisins en upplýsingar sem ég fæ líka eru að nánast ekkert hefur gerst í uppbyggingu á fjarskiptakerfi og GSM-símanum í dreifbýlinu síðustu árin, allra síðustu missirin. Þetta er orðið samkeppnismál og í samkeppnismálum gera menn ekki neitt nema það skili þeim arði sem vænst er.

Ég skora á hæstv. samgrh. sem ég veit að er um margt hlynntur því að efla og styrkja aðstöðu í byggðunum að beita bara pólitísku afli sínu til að þessi fjarskiptamál gagnvart litlum þéttbýlisstöðum vítt og breitt um landið verði tekin pólitískum ákveðnum tökum og þau bætt.

[19:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það var slæmt að hv. þm. Jón Bjarnason var ekki kominn í þingið þegar félagi hans Steingrímur J. Sigfússon var samgrh. Ekki urðu framfarirnar miklar á þeim tíma. Hv. þm. breiðir úr sér með yfirlýsingum um að það skorti eitthvað á vilja minn til að styrkja hinar dreifðu byggðir. Það er mjög gott og auðvelt að tala svona eins og hv. þm. gerir.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson sagði að forstjóri Símans hefði auglýst eftir pólitískum skilaboðum frá samgrh. Ég hef ekki heyrt (Gripið fram í.) þessar óskir. Pólitísku skilaboðin eru alveg skýr af minni hálfu. Við leggjum á það áherslu að sem hröðust uppbygging eigi sér stað umfram það sem þegar hefur orðið, bæði hvað varðar gagnaflutninga og farsímaþjónustuna. Auðvitað er samt um það að ræða að þarna eru fyrirtæki á samkeppnismarkaði sem eru undir þá sök seld að þurfa að vinna í samræmi við lög. Stjórnvöld hafa ekki boðvald yfir þessum fyrirtækjum, það liggur alveg ljóst fyrir.

Hin pólitíska lína er alveg klár af minni hálfu. Við leggjum áherslu á að hraða uppbyggingu upplýsingasamfélagsins og þess vegna höfum við unnið með þeim hætti að á Íslandi er útbreiðsla mest og mest notkun á internetinu og hér er mikil notkun farsíma þannig að staðan hjá okkur er góð. Þótt víða sé verk að vinna er staðan býsna góð og við megum ekki gleyma því. Við viljum samt hraðari uppbyggingu og að því leyti get ég tekið undir það sem kom fram hjá fyrirspyrjanda og hv. þingmanni sem hér talaði.

Framlög til eignarhaldsfélaga.

Fsp. KHG, 956. mál. — Þskj. 1469.

[19:36]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var samþykkt þáltill. um stefnu í byggðamálum og í henni fólst að ákveðið var að leggja 300 millj. kr. á ári í fjögur ár til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Stofnuð voru í því skyni eignarhaldsfélög fyrir atbeina Byggðastofnunar, auk þess sem stofnunin keypti sig inn í starfandi eignarhaldsfélag á Suðurnesjum í sama skyni. Féð rann til þessara eignarhaldsfélaga og á móti því kom fé frá aðilum á starfssvæði hvers félags og það var síðan notað til að kaupa hlutafé í fyrirtækjum á starfssvæði einstakra eignarhaldsfélaga til atvinnuuppbyggingar á því svæði. Þessu var hætt árið 2002 og framlagi þess árs sem þá var ákveðið til eignarhaldsfélaga var breytt og nýtt til annarra verkefna.

Í fjárlögum þessa árs og fjáraukalögum síðasta árs er samanlagt ákveðið að veita 150 millj. kr. til kaupa á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja. Það er eitt af þeim eignarhaldsfélögum sem ég gat um áðan að hefðu verið notuð til þess að koma stuðningi ríkissjóðs út til landsbyggðarinnar til atvinnuuppbyggingar þar. Það vekur upp þá spurningu hvort áhugi sé á því að fara á nýjan leik sömu leið og áður var farin og setja úr ríkissjóði fé til atvinnuuppbyggingar um landið, ekki bara á starfssvæði Eignarhaldsfélags Suðurnesja heldur líka annars staðar á landsbyggðinni, t.d. Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi. Af þessu tilefni er borin fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. iðnrh., með leyfi forseta:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því, í framhaldi af kaupum ríkissjóðs á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja að andvirði 150 millj. kr., að ríkissjóður verji fé til kaupa á hlutafé í eignarhaldsfélögum sem Byggðastofnun á hlut í fyrir hönd ríkissjóðs?

[19:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þann 8. maí 2003 varð til samkomulag á milli heilbrrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. og Bláa lónsins hf. um að eignarhaldsfélagið fyrir tilstyrk ríkissjóðs tæki þátt í uppbyggingu nýrrar meðferðarstöðvar Bláa lónsins sem reist verður á athafnasvæði félagsins við Svartsengi. Markmið byggingar nýrrar meðferðarstöðvar var að bæta þjónustu við íslenska psoriasis-sjúklinga og styrkja alþjóðlega meðferð og rannsóknastarfsemi til að fjölga enn frekar meðferðardvölum erlendra psoriasis-sjúklinga við Bláa lónið. Eignarhaldsfélagið mun gerast einn af eignaraðilum fasteignarinnar sem reist verður til að starfrækja meðferðarstöðina. Félagið leggur í því skyni fram 200 millj. kr. og ríkissjóður 150 millj. kr. til viðbótar sem komi til greiðslu á árunum 2003 og 2004, að fenginni heimild Alþingis um að ríkissjóður leggi fram framangreint hlutafé.

Iðnn. sendi fjmrn. fyrirspurn vegna þessa máls síðasta haust. Í svarbréfi fjmrn., dags. 7. nóvember 2003, segir m.a., með leyfi forseta:

„Eignarhaldsfélagið mun gerast einn af eignaraðilum fasteignarinnar en á þessu stigi er ekki að fullu ákveðið hverjir verða meðeigendur þess að byggingunni. Áætlaður byggingarkostnaður meðferðarstöðvarinnar er 400 milljónir króna. Að loknum byggingartíma mun Bláa lónið hf. taka fasteignina á leigu gegn eðlilegu leigugjaldi. Ekki er talið að þetta samkomulag hafi áhrif á önnur eignarhaldsfélög og ekki eru uppi sérstök áform um ný framlög til þeirra."

Við þetta svar fjmrn. til iðnn. hef ég í sjálfu sér engu að bæta.

[19:41]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Forsenda þess að ríkið kemur að atvinnuuppbyggingu eins og í þessu tilviki er auðvitað sú að styrkja atvinnulíf á landinu, sérstaklega á þeim stað þar sem atvinnustarfsemi fer fram. Ekki geri ég neinar athugasemdir við það að ríkisstjórnin leggi til að settir verði peningar úr ríkissjóði til þeirra verkefna, hvort sem það er Bláa lónið eða annars staðar. Ég hygg að það geti verið spennandi að fylgjast með því hvort ekki rætist þau áform manna þar að með þessari aðstöðu takist að fá fleiri erlenda gesti til landsins sem koma hingað gagngert til að nýta sér þjónustuna sem er í Bláa lóninu. Það skapar bæði atvinnu- og gjaldeyristekjur fyrir þjóðina.

Á hinn bóginn vil ég minna á að atvinnuuppbygging er auðvitað viðfangsefni ríkisins líka annars staðar á landinu. Sérstaklega tel ég brýnt að ríkisstjórnin hugi að því á þeim svæðum landsins þar sem samdráttur er. Ég vil nefna norðvesturhluta landsins, bæði Húnavatnssýslu og Vestfirði. Allar tölur sem mönnum eru aðgengilegar, t.d. hjá Hagstofu Íslands, bera þess vitni að það er samdráttur í helstu atvinnugreinum á þessu landsvæði. Það er því full þörf á því, virðulegi forseti, að ríkisvaldið sýni myndarskap við stuðning við atvinnuuppbyggingu á þessu landsvæði, ekki síður en á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess.

Brunatryggingar.

Fsp. KHG, 953. mál. — Þskj. 1466.

[19:44]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er bruni sem varð í Bolungarvík í októbermánuði á sl. hausti. Atvik eru þau að eignin var brunatryggð fyrir 30 millj. kr. og um altjón var að ræða í brunanum. Það var hins vegar niðurstaða tryggingafélags að meta tjónið ekki á því verði sem brunabótamat kvað á um heldur á 6,4 millj. kr. Í lögum um brunatryggingar segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Vátryggingarfjárhæð húseignar skv. 1. mgr. 1. gr. skal nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu húseignar samkvæmt matskerfi og verklagsreglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat. Er markmið matsins að finna vátryggingarverðmæti húseignarinnar á þeim tíma er virðing fer fram. Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti."

Miðað við lagatextann virðist vera ljóst að brunabótamatið er mat á verðmæti eignarinnar á þeim tíma sem matið fer fram og miðað við aldur og ástand. Hins vegar er greinilegt af viðbrögðum tryggingafélagsins að það leggur annan skilning í það og því er borin fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. viðskrh., með leyfi forseta:

Telur ráðherra að lög um brunatryggingar tryggi húseigendum bætur frá tryggingafélagi sem eru í samræmi við brunabótamat þegar um altjón er að ræða og síðan endurbyggingu hinnar tryggðu eignar?

[19:46]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Því er til að svara að í 2. gr. laga um brunatryggingar kemur fram að vátryggingarfjárhæð húseigna skuli nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu húseigna og er heiti þeirrar matsgerðar brunabótamat.

Brunabótamati er ætlað að taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað hennar að frádregnum afskriftum vegna aldurs, slits, viðhalds og ástands eignarinnar að öðru leyti. Við ákvörðun afskrifta er tekið mið af áætluðum líftíma byggingarhluta en afskriftir taka þó almennt ekki til vinnu manna og vélavinnu.

Í lögum um brunatryggingar er að litlu leyti fjallað um hvernig um uppgjör bóta fari verði brunatjón. Lög um vátryggingarsamninga koma þar fyrst og fremst til skoðunar en þau mæla fyrir um hvernig vátryggingarverðmæti húseignar skuli ákveðið eftir að tjón er orðið en með því hugtaki er átt við það verðmæti sem liggur til grundvallar ákvörðun fjárhæðar vátryggingarkvóta.

Í 37. gr. laganna kemur fram að bætur vegna húseigna skuli miðast við enduröflunarverð að teknu tilliti til mismunar milli gamals og nýs. Árið 1999 var lögum um brunatryggingar breytt. Laut breytingin m.a. að því að gert var ráð fyrir afskriftum í brunabótamati. Var tilgangurinn að tryggja samræmi milli vátryggingarfjárhæðar, þ.e. brunabótamatsins og vátryggingarverðmætis, þ.e. bótafjárhæðar við tjón. Enn fremur var markmiðið að betra samræmi yrði milli iðgjalda og þeirrar verndar sem húseigendur greiða fyrir, enda reiknast iðgjöld af vátryggingarfjárhæð. Rétt er að hafa í huga að samkvæmt löggjöf um brunatryggingar hvílir skylda á húseigendum að óska eftir nýju brunabótamati á húseign hafi miklar endurbætur verið gerðar á húseign eða hún endurbyggð og ætla má að verðmæti hennar hafi aukist. Einnig er að finna heimild til lækkunar brunabótamats á húseignum sem eru í lélegu ástandi og hafa lítt eða ekki verið í notkun, enda liggi fyrir beiðni húseigenda og staðfesting sveitarstjórnar á ástandi eignarinnar. Þannig er það í höndum húseigenda sjálfra að tryggja að vátryggingarfjárhæð húseigna endurspegli raunverulegt verðmæti þeirra.

Nýlega voru samþykkt á Alþingi ný lög um vátryggingarsamninga sem taka gildi 1. janúar 2006. Nýju lögin innihalda ekki sambærilegt ákvæði um vátryggingarverðmæti og gildandi lög. Er í nýju lögunum gert ráð fyrir að vátryggingafélag og vátryggingartaki semji um það sérstaklega í vátryggingarsamningi hvernig vátryggingarverðmæti verði ákveðið komi til tjóns. Ekki er þó gert ráð fyrir að breyting þessi hafi efnislega breytingu í för með sér varðandi uppgjör vátryggingarbóta við bruna.

[19:50]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég verð að játa að ég skildi alls ekki svarið við spurningu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Lesið var úr lögum fram og aftur og hingað og þangað í lagabálkum en þetta mál skiptir verulega miklu máli vegna þess að fólk á landsbyggðinni er óóruggt um hvort það njóti raunverulegra brunatrygginga og því tel ég að við þurfum að fá skýr svör frá hæstv. ráðherra. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að hún er einnig byggðamálaráðherra, ráðherra byggðamála, og ég tel að það skipti verulega miklu máli fyrir landsbyggðina hvort fólk sé raunverulega tryggt fyrir brunatjóni eða ekki. Ég verð að segja að eftir svar hæstv. ráðherra skil ég raunar ekkert hvað hún er að fara og ég óska eftir skýrari svörum.

[19:51]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Frú forseti. Þetta er ákaflega þýðingarmikið mál fyrir fók sem býr á landsvæðum þar sem markaðsverð eigna er lægra en byggingarverð eða brunabótamat eins og það er skilgreint í dag. Munur sem þarna er á getur verið býsna mikill eins og kom fram í því dæmi sem ég nefndi. Hins vegar er húseigendum gert skylt að brunatryggja húseignir sínar og þeir ráða ekki verðmætinu sem ákveðið er á húseigninni heldur er það í höndum Fasteignamats ríkisins að ákvarða það eftir þeim ákvæðum laganna sem um það fjalla.

Í raun og veru er spurningin sem húseigendur á þessum svæðum landsins velta fyrir sér sú hvort þeir geti treyst því að matið sem er á eignum þeirra, brunabótamatið, sé grundvöllur bóta þegar á tryggingarnar reynir. Allmikil ástæða er til að það leiki ekki vafi á þessu. Húseigendur greiða iðgjald miðað við matið og menn hljóta að álykta sem svo að það sé þá jafnframt grundvöllur bótanna þegar til þess kemur. Viðbrögð tryggingafélags í því dæmi sem ég nefndi benda til annars. Því er ákaflega þýðingarmikið að fá skýr svör ráðherra sem fer með framkvæmd laganna og túlkun á þeim hvert mat ráðherrans sé á þessum ákvæðum laganna og ég skildi svar hæstv. ráðherra svo að í raun væri svarið við spurningunni já.

[19:53]

Útbýting þingskjala:

Íslandsskýrsla GRECO-hóps Evrópuráðsins gegn spillingu, 983. mál, fsp. JóhS, þskj. 1590.

Ráðherrayfirlýsing Evrópuráðsins um setningu reglna gegn spillingu, 985. mál, fsp. JóhS, þskj. 1592.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, 984. mál, fsp. JóhS, þskj. 1591.

Upptaka gerða í EES-samninginn, 982. mál, fsp. HHj, þskj. 1589.

Hringamyndun.

Fsp. KHG, 955. mál. — Þskj. 1468.

[19:54]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Víða erlendis er það eitt ekki látið duga að hafa almenna samkeppnislöggjöf heldur líka sett sérstök ákvæði eða jafnvel sérstök löggjöf um hringamyndun þar sem tekið er á þeim tilvikum þegar stór og öflug fyrirtæki verða ráðandi eða mjög sterk á mörgum sviðum atvinnulífsins í senn. Hér á landi höfum við séð þá þróun á undanförnum árum eða kannski má segja allra síðustu árum. Fyrst má nefna Bónus og Baug og þau fyrirtæki sem eru afar sterk í smásöluverslun á matvörusviði og hafa síðan haslað sér völl á öðrum sviðum atvinnulífsins.

Annað nærtækt dæmi má nefna úr fjármálageiranum þar sem Landsbanki Íslands hefur t.d. orðið mjög umsvifamikill í fjárfestingum í öðrum sviðum atvinnulífsins svo sem á

flutningasviði og öðru og fleiri dæmi má nefna frá öðrum fyrirtækjum á fjármálasviði eins og öðrum bönkum. Það leiðir auðvitað hugann að því hvort ekki sé eðlilegt að fara að huga að því að leggja til á Alþingi löggjöf sem tekur á þessari stöðu og kveður upp úr um það hvernig menn vilja bregðast við til að tryggja hagsmuni neytenda, sem er alltaf markmiðið með löggjöf af þessu tagi, þannig að sem mestar líkur séu á því að neytendur og viðskiptavinir fái sína vöru og þjónustu á sem lægstu verði með því að tryggja samkeppni.

Ég vil geta þess, herra forseti, að ég bar fram tillögu um málið á flokksþingi Famsfl. sem var samþykkt, um að sett verði löggjöf um hringamyndun þar sem m.a. yrði athugað hvort rétt væri að skipta upp markaðsráðandi fyrirtækjum. Ég tel að slíkt komi til greina þó að ekki sé rétt að kveða upp úr með það í einstökum tilvikum fyrr en menn hafa ákveðið þær almennu leikreglur sem menn vilja hafa í slíkri löggjöf.

Nýlegt frv., svonefnt fjölmiðlafrv., er auðvitað að hluta til angi af þessu sjónarmiði því það tengir saman starfsemi á fjölmiðlasviði við starfsemi fyrirtækis á öðrum sviðum atvinnulífsins og leggur bann við því að fyrirtæki sem er markaðsráðandi á einu sviði geti starfað á fjölmiðlasviði. Það er auðvitað angi af löggjöf af þessu tagi þó að markmiðið sé reyndar annað. Því hef ég, með leyfi forseta, lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til viðskrh.:

Hvað líður undirbúningi að löggjöf um hringamyndun?

[19:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spyr hvað líði undirbúningi að löggjöf um hringamyndun. Því er til að svara að ég skipaði nefnd í lok janúar sl. um íslenskt viðskiptaumhverfi. Ástæða þess að nefndin var skipuð er sú að aukin hagræðing og hraðar breytingar á eignarhaldi fyrirtækja hafa leitt til meiri samþjöppunar og minni samkeppni í einstökum atvinnugreinum. Þá hafa ýmis viðskipti á verðbréfamarkaði vakið upp spurningar um hvort stjórnunarhættir hlutafélaga séu með þeim hætti sem best gerist. Nefndin er að skoða hvernig bregðast megi við aukinni samþjöppun og með hvaða hætti skuli þróa reglur þannig að viðskiptalífið sé skilvirkt og njóti trausts. Hún skal hafa hliðsjón af reynslu síðustu ára og alþjóðlegum samanburði.

Nefndin er að skoða lagasetningu um viðskiptalífið á breiðum grundvelli en ekki löggjöf um hringamyndun sérstaklega. Þau lög sem sérstaklega koma til skoðunar í vinnu nefndarinnar eru lög um hlutafélög, samkeppnislög og löggjöf um fjármálamarkaðinn. Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. september nk. Mikill vinna er hjá nefndinni núna, ekki síst við að afla gagna. Á þessu stigi get ég ekki sagt meira um nefndarstarfið eða til hvers það muni leiða.

[19:59]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Mér fannst afar athyglisvert að heyra það hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hann hafi borið fram tillögu á flokksþingi Framsfl. um hringamyndanir og ef við tökum mið af því hvað gerst hefur síðan sú tillaga var borin fram og samþykkt verður eiginlega að líta svo á að flokkurinn hafi litið svo á að það ætti að herða á hringamynduninni. Tillagan sem hv. þm. flutti hafi einhvern veginn misskilist eða hún hafi snúist í öndverða átt því síðustu árin undir stjórn Framsfl., undir stjórn hæstv. viðskrh., hefur orðið alveg gríðarlegur samruni þannig að ég held að megi orða það sem hringamyndun. Framsfl. hefur því fylgt því að þjappa saman og koma á hringamyndun, síðast þegar Landsbankinn var afhentur einni fjölskyldu sem ræður orðið stórum hluta bæði á peningamarkaði og í atvinnulífinu.

Við þingmenn Vinstri grænna höfum lagt fram frv. sem gerði slíkt ómögulegt og tæki fyrir þetta en Framsfl. virðist beita sér fyrir auknum hringamyndunum.

Skattgreiðslur vegna virkjunarframkvæmda.

Fsp. SJS, 863. mál. — Þskj. 1321.

[20:01]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um tiltekna hluta skattgreiðslna vegna erlendra starfsmanna sem starfa við Kárahnjúkavirkjun. Það má segja að hér sé að hluta til um endurtekið efni að ræða því að ég lagði fram ásamt með hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrirspurn þar sem beiðst var skriflegs svars um ýmis atriði og álitamál sem kynnu að tengjast skattalegri meðferð mála í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Fimmta spurningin í þeirri fyrirspurn var á þá leið að spurt var hvort hæstv. fjmrh. teldi einhver álitamál eða vandamál vera uppi eða kunna að koma upp í sambandi við skattalega meðferð mála í framangreindum tilvikum sem áður hafði verið spurt um og voru tengd umsvifum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar í heild sinni eða almennt. Svar hæstv. ráðherra var á þá leið að að mati ráðuneytisins væru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kynnu að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna annarra framkvæmda af þessari stærðargráðu.

Ég varð til þess að mótmæla þessu svari harkalega og ég benti á að útsvarstekjur hefðu ekki skilað sér til sveitarfélaga og að mikil óánægja væri með ýmsa fleiri þætti þessara mála. Síðan hefur nánast ekki linnt fjölmiðlaumfjöllun eða upplýsingum um að þessi mál voru auðvitað ekki, og eru ekki, í neinu lagi. Þetta svar hæstv. ráðherra var rangt, hann hefði átt að sjá sóma sinn í að draga það til baka og endurnýja það eða betrumbæta.

Ég hef því að nýju lagt spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Þær lúta að því hvort hæstv. fjmrh. telji að útsvars- og tekjuskattsgreiðslur erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun hafi verið eðlilegar og skili sér, og hafi skilað sér, að fullu til réttra aðila. Ég vil fá heiðarlegt svar.

Í öðru lagi: Er ráðherra enn þeirrar skoðunar að engin sérstök vandamál séu uppi, né líkleg til að koma upp, hvað varðar skattskyldu, tilhögun skattgreiðslna og skattskil vegna virkjunarframkvæmdanna við Kárahnjúka? Enn standa mál þannig, samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá sveitarfélögum, að aðeins um 160–180 erlendir starfsmenn eru á skrá hjá sveitarfélaginu sem fyrst og fremst á í hlut, þ.e. Norður-Héraði, af um það bil 700 erlendum starfsmönnum sem talið er að séu á svæðinu. Allt að 1.000 kennitölur hafa þegar verið gefnar út vegna erlendra starfsmanna sem þarna hafa komið við sögu. Svo virðist sem starfsmenn frá þriðju þjóðum svokölluðum, þ.e. löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, séu teknir að skila sér í einhverjum mæli inn á skrá hjá sveitarfélögunum en ekki starfsmenn sem búa á Evrópska efnahagssvæðinu. Hvort þeir eru enn þá á svonefndri

utangarðsskrá, biðskrá, veit enginn, borga þá skatta, hvert? — veit enginn og auðvitað er það stórfurðulegt ástand, herra forseti, að heimilismálum, skráningu og heimilisfesti þessara manna skuli ekki hafa verið komið í horf. Hæstv. fjmrh. verður að útskýra fyrir okkur hvernig gengur þá að taka af mönnum skatta við slíkar aðstæður.

[20:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi kýs, alveg eins og fyrr í vor þegar þetta mál kom til umræðu, að snúa út úr ummælum mínum. Ég var spurður að því skriflega fyrr á þessu þingi hver væru helstu álitamál og vandamál sem uppi væru eða upp kynnu að koma að mati ráðuneytisins í sambandi við skattalega meðferð mála. Ég svaraði því eftir bestu samvisku. Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna þessara framkvæmda umfram það sem vænta má þar sem framkvæmdir eru af þessari stærðargráðu.

Það sem ég er að tala um er að það eru engin álitamál að okkar dómi hvað varðar þessa skattskyldu, eða hvað varðar þann rétt íslenska ríkisins til að innheimta þarna skattalögum samkvæmt. Ég vænti þess bara og treysti því að hv. þm. sé mér sammála um þetta. (**SJS:** Hvernig gengur framkvæmdin?)

Síðan gera viðkomandi aðilar sem þarna eru að störfum ágreining. Allir skattgreiðendur í landinu hafa leyfi til þess en til eru leiðir sem eru notaðar til að útkljá slíkan ágreining. Skattkerfið íslenska ræður fullkomlega við það. Ef ekki vill betur eru lagðar fram áætlanir og þær innheimtar eftir atvikum og síðan geta menn farið kæruleiðir sínar ef þeim býður svo við að horfa.

Hitt er svo annað mál að þarna hafa greinilega verið ákveðnir örðugleikar sem snúa ekki endilega að innheimtu skatta, heldur m.a. þeim atriðum sem hv. þm. nefndi, hvar þetta fólk eigi að vera með lögheimili o.s.frv. Þá er rétt að hafa í huga hvernig innheimtukerfi ríkisins og sveitarfélaga hvað varðar staðgreiðsluna er uppbyggt. Innheimtri staðgreiðslu á yfirstandandi ári er skipt daglega á milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga samkvæmt ákveðnum forsendum úr staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra, tekjubókhaldskerfi ríkisins og upplýsingum um útsvarsprósentu í hverju sveitarfélagi á grundvelli samkomulags milli stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnar frá árinu 1989. Skiptihlutfallið sem þarna kemur við sögu er breytilegt og því er breytt eftir því sem þörf krefur í hverjum mánuði.

Það sveitarfélag sem hv. þm. nefndi hefur mikið verið í þessari umræðu og eðlilega hafa þeir kvartað yfir því að peningarnir hafi ekki komið til þeirra með þeim hætti sem þeir væntu. Eigi að síður virðist vera að greiðast eitthvað úr þeim málum hvað þetta varðar vegna þess að skiptihlutfall þessa sveitarfélags hefur tvöfaldast frá febrúar og fram í apríl. Það var 0,04% af heildarútsvarinu sem innheimt er í landinu en er núna rúmlega 0,08% þannig að hér hefur orðið greinileg breyting sem er auðvitað til marks um að það er að komast betri skipan á þennan þátt málsins.

Það sem ég læt mér fyrst og fremst annt um er að þetta fyrirtæki sem þarna er umsvifamesti verktakinn, sem og aðrir sem þarna eru með menn í vinnu, launþega í vinnu, standi skil á greiðslum sínum. Um það eru að mínum dómi engin áhöld, engin álitamál og engin vandamál hvað varðar skattskylduna. Hún er annaðhvort full eða takmörkuð eftir því hvernig þarna stendur á og launagreiðendum ber að draga staðgreiðsluna af launum allra sinna starfsmanna, innlendum jafnt sem útlendum, og skila henni til réttra yfirvalda sem síðan sjá um það þegar þau eru búin að greiða úr lögheimilismálum og öðru þess háttar að viðkomandi sveitarfélög fái sinn skerf. Þess vegna leyfi ég mér að segja, eins og ég hef sagt áður: Um þetta á enginn ágreiningur að vera í þingsölum. Menn eiga ekki að reyna að gera úlfalda úr mýflugu. Við það ráðum við ekki ef tilteknir launagreiðendur eða skattgreiðendur í landinu gera ágreining um sína skattskyldu eða ágreining um innheimta skatta eða álagningu eða áætlun vegna þess að þeir eiga rétt á því. Þá fer það bara í ákveðinn kærufarveg og þá verða menn að una hinum íslensku leikreglum sem um það gilda og þá verða íslensk stjórnvöld líka að veita mönnum þann rétt sem lögin gera ráð fyrir.

[20:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er þó virðingavert við hæstv. fjmrh. að hann viðurkennir núna að uppi sé ágreiningur sem eigi að fara í eitthvert ferli, og þá væntanlega í málaferli. Hins vegar er ráðherrann jafnviss í sinni sök.

Þá veltir maður því fyrir sér hvort fyrirtækið hafi ekki verið upplýst rækilega um íslensk skattalög áður en það sendi inn tilboð. Átti hæstv. fjmrh. ekki aðild að því máli að upplýsa fyrirtækið um íslensk skattalög? Og hvernig verður samkeppnisstaða þessara fyrirtækja, íslenskra og erlendra fyrirtækja, ef þarna verður mismunur á?

Ráðherrann minntist á að hægt væri að áætla skatta. Ég vil spyrja: Hve mikið hefur nú þegar samkvæmt því verið áætlað af sköttum á erlenda starfsmenn hér? Þó að þeir hafi ekki talið fram ber skylda til að áætla á þá, og hvað er búið að áætla af gjöldum?

Frú forseti. Hér er gríðarlegt fordæmismál á ferðinni og því finnst mér ráðherra skauta allt of létt í gegnum það í þingsölum.

[20:11]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég held að hæstv. fjmrh. sé vel ljóst að þegar ég talaði um skattalega framkvæmd var ég að tala um framkvæmd þessara mála í heild sinni, eða skattalega meðferð. Hæstv. ráðherra velur að túlka það afar þröngt, að það snúist bara um skattskylduna sjálfa. Svo segir hann að verið sé að snúa út úr orðum hans þegar maður gagnrýnir það að af svari hans hafi ekki orðið annað ráðið en að þetta væri allt í himnalagi, (Gripið fram í.) gengi allt mjög vel, engin vandamál.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra sé kominn það að landi í þessum efnum að hann viðurkenni vissa erfiðleika. Innilega til hamingju, hæstv. fjmrh., með þetta raunsæi sem þarna er á skollið. Það er mikilvæg viðurkenning og það lengsta sem hæstv. fjmrh. hefur komist hingað til. Auðvitað þarf samt að gera þessi mál upp og það er ekki eins og þetta sé alveg nýtilkomið. Hvar borguðu starfsmenn NNC skatta, þeir sem voru komnir til starfa á árinu 2002? Norður-Hérað hefur ekki séð neitt af þeim enn þá. Hvert renna skattar þeirra 500 erlendu starfsmanna eða svo sem talið er að séu við störf við Kárahnjúka en ekki eru skráðir íbúar sveitarfélaganna, Norður-Héraðs eða Fljótsdalshrepps? Hvert renna skattar þeirra? Hvert rennur útsvarið, ef eitthvert útsvar er tekið af þeim, ef þetta er gert upp daglega eins og hæstv. ráðherra segir? Það er afar dularfullt að það skuli vera allt að hálfu þúsundi manna í landinu og engin leið að upplýsa hvert

útsvarið þeirra rennur. Hvert greiddu þeir erlendu farandverkamenn skatta sem farnir eru úr landi? Hvert rann útsvar þeirra og skattur?

Hæstv. ráðherra gerir auðvitað réttast í því að gera mönnum hreinskilnislega grein fyrir því hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig og viðurkenna þá að þarna hafi verið við erfiðleika að etja sem menn ætli sér hins vegar að taka á. *Ég efast ekkert um að íslensk skattyfirvöld vilji reyna að* standa sig og láta menn fylgja reglum. Það er misskilningur að þau verði ekki að horfast í augu við raunveruleikann og viðurkenna hann opinberlega, þar á meðal og ekki síst á Alþingi sem ber að veita framkvæmd þeirra aðhald.

[20:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur. Það er verið að gefa það í skyn að sá ráðherra sem hér stendur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hafi einhverja annarlega hagsmuni af því að þetta fyrirtæki borgi ekki þá skatta sem ég er að halda fram að það eigi að borga. *Ég veit hins vegar*, og geri ráð fyrir því að hv. þm. Jón Bjarnason hafi vitað það þó að hann segi að ég hafi viðurkennt það núna fyrst, að það var ágreiningur. Vissi hann ekki að það kom fram opinberlega að fyrirtækið gerir verulegan ágreining um greiðslu tryggingagjalds og hefur íslenska lögmenn í sinni þjónustu til að hjálpa sér í slíkum málum? (**SJS:** Vanir menn.) Það er *auðvitað ekki óeðlilegt. (Gripið fram í.)* Það er eðlilegt að fyrirtæki leiti sér lögfræðilegrar aðstoðar innan lands til að greiða úr ágreiningsmálum. Mér finnst þetta annarlegur málflutningur og ég veit að það er ekki einn einasti maður hér á Alþingi, í það minnsta ekki í stjórnarmeirihlutanum, sem ætlast ekki til þess að þau fyrirtæki sem þarna eiga hlut að máli standi eðlilega skil á öllum gjöldum og greiðslum sem réttilega á að inna af hendi.

Hvert renna þessir peningar? Aðalfyrirtækið sem um er að tefla hér er með lögheimili í Reykjavík. Það er þess vegna skattstofan í Reykjavík sem gengst fyrir þeirri álagningu sem þarna er um að tefla og peningarnir liggja þá væntanlega hér þangað til búið er að fá botn í það hvar hver og einn hefur lögheimili. Það hefur verið tafsamt. Það hefur valdið einhverjum vandamálum sem þingmaðurinn hefur verið að tala um. Ég reiddi fram upplýsingar sem benda til þess að úr þessu sé að greiðast, og vonandi er það. Samt má gera ráð fyrir því að einhver svona ágreiningur fari á æðri stig innan skattkerfisins til úrskurðar, og jafnvel dómstóla eins og *hv. þm. Jón Bjarnason sagði* þó að maður geti ekki um það fullyrt.

Svo spurði hann mig: Hvað var mikið áætlað á þessa aðila? Hvernig dettur þingmanninum í hug að ég geti svarað slíkri spurningu hér um einhvern einn skattgreiðanda? Það er algjörlega út í hött. Hafi hann einhvern tíma lent í áætlun, mundi hann kæra sig um eða telja eðlilegt að einhver annar þingmaður mundi spyrja mig: Hvað var mikið áætlað á hv. þm. Jón Bjarnason? Þetta er algjörlega út í bláinn. (Gripið fram í.)

Kaup á hlutafé í eignarhaldsfélögum.

Fsp. KHG, 957. mál. — Þskj. 1470.

[20:16]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Í fjárlögum þessa árs og fjáraukalögum síðasta árs er samtals veitt úr ríkissjóði 150 millj. kr. til kaupa á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf. Í bréfi frá fjmrn. dags. 7. nóvember sl. kemur fram að þessu fé á að verja sem hlutafé inn í uppbyggingu meðferðarstöðvar við Bláa lónið á grundvelli samkomulags milli ríkissjóðs, eignarhaldsfélagsins og Bláa lónsins. Til þess að draga fram hvaða stefnumörkun liggur að baki þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem ég hef ekki gagnrýnt heldur lýst yfir stuðningi við, að fjárfesta í þessu verkefni, hef ég borið fram eftirfarandi fyrirspurnir:

1. Í hvaða skyni kaupir ríkissjóður hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja fyrir 150 millj. kr.?

2. Við hvaða reglur, svo sem um val á verkefni, fjárhæð hverju sinni, staðsetningu og áhættu verkefnis, er stuðst við ákvörðun um kaup á hlutabréfum í eignarhaldsfélögum?

3. Er áformað að kaupa hlutafé í öðrum eignarhaldsfélögum fyrir sambærilegar upphæðir, svo sem þeim sem Byggðastofnun á hlut í fyrir hönd ríkissjóðs?

Þar er verið að vísa til þess, virðulegi forseti, að á árunum 1999–2001 lagði ríkissjóður til 900 millj. kr. inn í eignarhaldsfélög sem Byggðastofnun átti hlut í til þess að efla atvinnulíf á einstökum svæðum landsins með kaupum á hlutafé í fyrirtækjum á þeim svæðum. Frá þessari stefnu var horfið árið 2002 og hefur hún ekki verið endurvakin síðan. Ég tel það miður því að það er mikil þörf á því, virðulegi forseti, að styrkja atvinnulíf víða um land, ekki bara í Grindavík eða Bláa lóninu, heldur líka á ýmsum veikum svæðum landsbyggðarinnar þar sem störfum hefur fækkað verulega, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Því leikur mér *forvitni á að vita, herra forseti, hvaða stefnumörkun liggi til* grundvallar þessari ákvörðun.

[20:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er spurt í fyrsta lagi: Í hvaða skyni kaupir ríkissjóður hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja fyrir 150 millj. kr.?

Kaup ríkissjóðs á viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja voru gerð til að auðvelda því félagi að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu meðferðarstöðvar við Bláa lónið og voru gerð á grundvelli samkomulags milli ríkissjóðs, Eignarhaldsfélags Suðurnesja hf. og Bláa lónsins hf. Meginmarkmið þessarar stöðvar er að bæta þjónustu við íslenska psoriasis-sjúklinga og styrkja alþjóðlega meðferðar- og rannsóknastarfsemi til að fjölga enn frekar meðferðardvölum erlendra psoriasis-sjúklinga við Bláa lónið.

Í öðru lagi er spurt: Við hvaða reglur, svo sem um val á verkefni, fjárhæð hverju sinni, staðsetningu og áhættu verkefnis, er stuðst við ákvörðun um kaup á hlutabréfum í eignarhaldsfélögum?

Því er til að svara að ekki eru til staðar neinar formlegar eða skráðar reglur sem ríkissjóður styðst við í vali á verkefnum hverju sinni. Fjmrh. hefur það ekki á stefnu sinni að festa fjármuni ríkisins í eignarhaldsfélögum og hefur því ekki sett fram reglur eða leiðbeiningar þar að lútandi. Stofnanir ríkissjóðs í C-hluta sinna hins vegar m.a. fjárfestingum fyrir

ríkissjóð í samræmi við þá stefnu og hlutverk sem stofnununum hefur verið sett. Sem dæmi má nefna að í lögum um bæði Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins eru settar ákveðnar skorður við fjárfestingum, svo sem um fjárhæð og eðli verkefna. Byggðastofnun hefur einnig sett sér ákveðinn ramma um þau verkefni sem fjárfest er í. Þannig fjárfestir Byggðastofnun í ekki meira en 30% af hlutafé hvers félags. Fjárhæð fjárfestingar er yfirleitt á milli 5 og 10 millj. kr. og forðast skal að fjárfesta í félögum sem búa við samkeppni.

Þar sem fjmrn. fyrir hönd ríkissjóðs hefur staðið í fjárfestingum hefur verið reynt að meta hvert tilvik fyrir sig út frá til að mynda gæðum, áhættu og staðsetningu verkefna en einnig ýmsum sjónarmiðum eins og þingmönnum er kunnugt. Ég nefni sem dæmi kaup á hlutafé í Farice hf. og svo á eignarhluta sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hf.

Í þriðja lagi er spurt: Er áformað að kaupa hlutafé í öðrum eignarhaldsfélögum fyrir sambærilegar upphæðir, svo sem þeim sem Byggðastofnun á hlut í fyrir hönd ríkissjóðs?

Ekki eru uppi sérstök áform um ný framlög til annarra eignarhaldsfélaga. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að í fyrra var stofnað til sérstaks átaks þegar lagðar voru fram 700 millj. kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis til sérstaks atvinnuþróunarátaks sem ég hygg að þingmönnum sé öllum vel kunnugt um. Það er gert ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi þessu fjármagni til verkefna á sviði atvinnuþróunar á landsbyggðinni og að við ráðstöfun fjárins verði tekið mið af þeim áherslum sem fram komu í byggðaáætlun 2002–2005 og haft samráð við aðra þá sem vinna að atvinnuþróunarverkefnum.

[20:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held út af fyrir sig að Suðurnesjamenn séu ekki of sælir af atvinnuástandi þar um slóðir um þessar mundir og ég tel ekki eftir þó að þeir fái stuðning í formi hlutafjárkaupa eða framlags af þessu tagi. Auðvitað vekur það samt athygli í því samhengi að ástandið er mjög víða þannig að það kæmi sér vel, í öðrum landshlutum, að fá sambærilega fjármuni.

Það sem ég vil sérstaklega leggja áherslu á við þessa umræðu er að nú liggja fyrir upplýsingar og við erum með þær í höndunum, t.d. í iðnn., þar sem við höfum verið með málefni Nýsköpunarsjóðs til skoðunar, að það er algjör þurrð á fjármagni til nýsköpunar og fjárfestinga af því tagi í landinu. Nýsköpunarsjóður er tómur og ekki hefur verið veitt meira fé til fjárfestingarfélaga af því tagi sem við erum hér að ræða um. Ástandið er hörmulegt hvað þetta snertir. Þar er bent á þetta litla sem farið hefur í gegnum Byggðastofnun en það er líka búið. Þess vegna er fullgilt að spyrja: Stendur til að önnur brýn nýsköpunarverkefni annars staðar í landinu fái einhverja sambærilega fyrirgreiðslu?

[20:23]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vil segja í fyrsta lagi að það vekur athygli mína, og ég hygg að menn eigi að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að taka á því, að ráðuneytin sjálf taka ákvarðanir um fjárfestingar. Við höfum ekki dæmi um það bara í þessu tilviki í fjmrn., heldur líka í öðrum ráðuneytum, eins og t.d. iðnrn. sem hefur tekið ákvörðun um beina fjárfestingu í hlutafélagi.

Mér finnst ekki eðlilegt að ráðuneytin taki ákvarðanir af þessum toga. Miðað við stjórnskipun okkar hlýtur það að vera verkefni stofnana sem heyra undir ráðuneytin að fara með ákvarðanir af þessum toga. Í því skyni höfum við sett upp stofnanir eins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Byggðastofnun og e.t.v. má finna fleiri stofnanir sem hafa það verkefni að fjárfesta í atvinnuuppbyggingu á einstökum sviðum atvinnulífsins eða einstökum svæðum landsins. Ég hygg að það fari ekki vel saman að hafa þessa hluti með svona ólíkum hætti.

Í öðru lagi vil ég segja, herra forseti, að við stefnu eða stefnumörkun sem ríkisstjórn ákveður hverju sinni og stefnu sem hún fylgir eftir verður að gæta almennra sjónarmiða. Það verður að vera ljóst við hvað er miðað þegar teknar eru ákvarðanir um ráðstöfun fjár. Það verður líka að standa öllum til boða sem svipað er ástatt um. Ég geri engar athugasemdir við það að hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir atvinnuuppbyggingu á Reykjanesskaganum. En ég tel eðlilegt að sambærilegar áherslur séu á öðrum svæðum landsins þar sem atvinnulíf er ekki í betra ástandi en raun ber vitni.

[20:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt sem þingmaðurinn segir að almennt séð eiga ráðuneyti ekki að blanda sér í beinar ákvarðanir um fjárfestingar af þessu tagi, ég er sammála því. Frá því geta þó verið frávik af eðlilegum ástæðum (Gripið fram í.) og þetta tiltekna mál var, má segja, ákveðið samstarfsverkefni okkar heilbrrh. vegna sérstöðu þessa máls. Það var vegna hennar sem við ákváðum að beita okkur fyrir þessu.

Auðvitað geta svona fjármunir hvorki runnið í fjárfestingar né annað nema Alþingi ákveði að veita fjármunina. Það er hér í þessum sal sem menn hafa um þetta síðasta orðið. En það er líka hér sem menn ákveða með hvaða hætti stofnunum á borð við Byggðastofnun eða Nýsköpunarsjóð eru tryggðir fjármunir. Á endanum endar þetta allt í þessum virðulega sal eins og við vitum.

Við vitum líka að það eru ákveðin vandkvæði í atvinnumálum víða um land. Því miður er það þannig og við eigum að reyna að leysa þau mál með jákvæðum en helst almennum hætti. Ég geri ráð fyrir því að allar góðar hugmyndir sem menn hafa í þeim efnum séu boðnar velkomnar af þeim sem með þau mál fara.

Út af dagskrá voru tekin 9., 19. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 20:27.

111. FUNDUR

mánudaginn 10. maí,
kl. 10.30 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Samtökum atvinnulífsins.
Ályktun læknaráðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[22:31]

Útbýting þingskjala:

Áfengislög, 163. mál, nál. allshn., þskj. 1593.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 961. mál, nál. utanrmn., þskj. 1594.

Greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum, 669. mál, svar fjmrh., þskj. 1600.

Greiðsluskylda ríkissjóðs umfram heimildir fjárlaga, 928. mál, svar fjmrh., þskj. 1601.

Kostnaður ríkisins við starfsnám, 907. mál, svar menntmrh., þskj. 1599.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1608; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1609.

Sóttvarnalög, 790. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1605; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1606.

Tollalög, 986. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1602.

Tónlistarsjóður, 910. mál, nál. menntmn., þskj. 1607.

Útlán lífeyrissjóða, 832. mál, svar fjmrh., þskj. 1598.

Útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1618; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1619.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, nál. umhvn., þskj. 1604.

Virðisaukaskattsskyld kennsla á námskeiðum, 931. mál, svar fjmrh., þskj. 1595.

Virðisaukaskattur af námsefni á netinu, 935. mál, svar fjmrh., þskj. 1597.

Virðisaukaskattur af refa- og minkaveiðum, 927. mál, svar fjmrh., þskj. 1596.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 734. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1610; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1611.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þinghaldið og afgreiðsla fjölmiðlafrumvarps úr nefnd.

[22:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að gera alvarlegar athugasemdir við og mótmæla því sérkennilega, ég vil segja afbrigðilega vinnulagi og þinghaldi sem hér er nú ástundað. Rétt fyrir klukkan sex í dag sat ég á skrifstofu minni og þá var hringt frá skiptiborði Alþingis og boðað að í fyrramálið hæfist fundur klukkan 10.30. Er ekki mikið um það að segja. Þegar ég spurði eftir því hins vegar hvað þar yrði á dagskrá var svarið að engar upplýsingar væri hægt að veita um það. Því til viðbótar var boðað að hér yrði útbýtingarfundur klukkan 22.30 í kvöld, þ.e. sá fundur sem nú er hafinn. Þegar ég spurði hverju ætti að útbýta var engar upplýsingar heldur hægt að fá um það.

Ég hlýt að mótmæla þessum vinnubrögðum, herra forseti, og ég sé ekki hvaða nauðir rekur til þess að standa að málum með þessum hætti. Þar við bætast þær fréttir af allshn. að hinu umdeilda fjölmiðlafrumvarpi er troðið í gegnum hana og það rifið þar út. Vinnubrögðin, og þau frammi fyrir alþjóð, eru til stórkostlegs vansa fyrir Alþingi, að láta menn horfa upp á slíkt þegar í hlut á svo afar umdeilt mál sem þar er á ferðinni. Umsagnarfrestur er hafður svo skammur að það er nánast til málamynda og hlutirnir unnir þannig að málið er rifið út úr nefnd rétt fyrir klukkan tíu þegar útbýtingarfundur hefur verið boðaður fyrir fram alllöngu áður en nefndin hefur lokið störfum. Það er augljóst að þar eru hrein formsatriði á dagskrá. Það verð ég að segja þeim til hróss, meirihlutamönnum í allshn., að þeir eru býsna vaskir í textagerð því að hér er komið nefndarálit á sjöttu blaðsíðu og brtt. á borð okkar þingmanna hálftíma eftir að nefndin lýkur störfum. Hvers konar framkoma er það við minnihlutamenn í nefndinni að hafa svo skamman tíma til að skoða það sem kemur frá meiri hlutanum, bregðast við því og ganga frá sínum málum?

Þetta eru, herra forseti, stórkostlega ámælisverð vinnubrögð. Það er engin ástæða til að viðhafa þau í ljósi þess að okkur er ekkert að vanbúnaði að taka þann tíma í þingstörfin sem gerir okkur kleift að ástunda þau með eðlilegum hætti.

Ég mótmæli þessu, herra forseti.

[22:36]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi málsmeðferð í kringum þetta mál er mjög alvarleg og ég vil ganga svo langt að segja að hér hafi verið framið, og sé framið, tilræði við lýðræðið, hvorki meira né minna.

Virðulegur forseti. Þetta frv. hefur verið keyrt af mikilli hörku í gegnum allshn. þingsins. Það hefur ekki verið vilji fyrir því af hálfu meiri hlutans að leita óháðra sérfræðiálita hjá Lagastofnun Háskóla Íslands eða hjá öðrum stofnunum sem gætu gefið óvilhöll álit um þær alvarlegu athugasemdir sem þar hafa komið fram. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að ekki nokkurt stjórnarfrumvarp hafi nokkru sinni í sögu þessa þings fengið aðra eins útreið í umsögnum og þetta frv. Af þeim mörgu tugum umsagna sem hafa borist man ég eftir þremur, virðulegi forseti, sem taka undir með nauðsyn þess að gera þetta frv. úr garði eins og það er, og það eru allt saman samkeppnisaðilar við það fyrirtæki, við þá tilteknu sjónvarpsstöð sem frv. beinist gegn.

Alvarlegar athugasemdir hafa komið fram frá okkar helstu sérfræðingum í stjórnskipunarrétti um að frv. stangist á við fjölmörg ákvæði stjórnarskrár. EES-reglurnar gleymdust, virðulegi forseti, það gleymdist að skoða þær í vinnunni fyrir undirbúning frv. Frv. hefur þann tilgang fyrst og síðast að knésetja eitt tiltekið fyrirtæki. Þær brtt. sem nú liggja fyrir, virðulegi forseti, breyta engu um það. Þær eyða ekki þeirri óvissu sem ríkir um frv. gagnvart stjórnarskrá, EES-reglum og því að hér sé ekki gætt meðalhófs eins og ber að gera í lagasetningu og að auki að hér séu í raun ekki málefnaleg og lögmæt sjónarmið að baki þessari lagasetningu. Það hefur líka margsinnis komið fram í umræðunni. Að auki skilja margir, a.m.k. margir hæstv. ráðherrar, frv. svo að það snúist um að koma í veg fyrir tiltekna umræðu í fjölmiðlum.

Það er ögrun við tjáningarfrelsið, virðulegi forseti.

[22:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í þessum sal sagði hæstv. forsrh. að menn skyldu gefa sér nægan tíma til að vinna þetta mál, (Gripið fram í.) þingið fengi nægan tíma til að fara í gegnum málið, ræða það og taka þau sjónarmið til umræðu sem komið hafa fram o.s.frv.

Þetta mál var sent efh.- og viðskn. Ég held að það hafi einnig verið sent í menntmn. Eðlilegt hefði verið að hv. allshn. hefði fengið þær umsagnir til sín sem þar hafa verið unnar. Það eru engin rök til þess að flýta málinu. Nú er búið að færa gildistökudagsetninguna aftur til 2006 og það hefur komið fram nánast hjá öllum sem gefið hafa umsagnir um málið að það ætti ekki að afgreiðast með því hraði sem hér er verið að gera, það ætti ekki að flýta málinu. Menn eiga að gefa sér tíma til að fara yfir það, en þeim kröfum er hafnað.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst málsmeðferðin á þessu máli vægast sagt undarleg, sérstaklega í ljósi þeirra ummæla sem voru viðhöfð í þessum þingsal um það hvernig þingið fengi að vinna málið. Hér er gengið á bak allra þeirra orða sem þar voru sögð um nægan tíma, næga skoðun o.s.frv. Sömu spurningarnar vakna upp og áður um það hver verði réttarstaða fólksins sem vinnur hjá því fyrirtæki sem lögin beinast sérstaklega að, og nánast eingöngu. Verður ríkið skaðabótaskylt? Er gengið á svig við stjórnarskrá með frv. eins og það lítur út eftir brtt.? Eru EES-reglurnar virtar o.s.frv.?

Öllum þessum spurningum þarf að svara, virðulegi forseti, og það er nánast forkastanlegt hvernig þetta mál ber allt að.

[22:40]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ágætu þingmenn. Ég þarf í sjálfu sér ekki að endurtaka það sem hér hefur verið sagt um vinnubrögðin í allshn. Alþingis og vinnubrögðin á hinu háa Alþingi. Ég vil bara segja að ég held að ég hafi aldrei áður orðið vitni að slíkum vinnubrögðum um mál sem varðar lýðræðið jafnmiklu og sem liggur jafnlítið á eins og í því máli sem hér um ræðir. Við sem höfum fylgst með vinnubrögðunum í málinu hljótum að lýsa ábyrgð á hendur þingmeirihlutanum öllum, á hendur báðum stjórnarflokkum, fyrir að standa að málum eins og hér hefur verið gert. Ég undanskil þar ekki Framsfl. þó að hann hafi í fjölmiðlum undanfarna daga reynt að hlaupa í eitthvert skjól af Sjálfstfl.

Ég vil líka segja að það er óskaplega dapurlegt að fylgjast með því að þrír nýir þingmenn sem sátu sitt fyrsta þing skuli standa þannig að málum. Ég trúi því ekki að þá langi til að standa þannig að málum, að þá langi til að vinna með þeim hætti sem hér var gert. Þeim er gert að vinna svona og þeir hafa ekki meiri burði en þetta og ekki meira bein í nefinu en svo að þeir láta sig hafa það. Þeir láta sig hafa það að ástunda hér vinnubrögð á sínum fyrsta þingvetri sem eru ósæmileg, virðulegur forseti. Þetta frv. á ekki að taka gildi fyrr en eftir tvö ár. Allir hafa talað um að við eigum að gefa okkur tíma, enginn telur að það liggi nokkurn skapaðan hlut á nema meiri hluti þingsins, einhverra hluta vegna sem ekki hefur fengist nein skýring á.

Það er búið að spyrja aftur og aftur hvers vegna liggi svona mikið á og það fæst ekkert svar, virðulegur forseti.

[22:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er satt að segja niðurlægjandi að þurfa að *lúta því valdi sem beitt hefur verið* við afgreiðslu þessa máls í þinginu og í afgreiðslu allshn. Satt að segja eru engin rök fyrir þessum flýti. Ég talaði um það við 1. umr. um málið að það væri eins og himinn og jörð væru að farast og ég spurði hvort húsið væri að brenna. Það hafa engin rök verið borin á borð fyrir okkur í allshn. sem rökstyðja þennan asa við málsmeðferðina. Það er satt að segja dapurlegt að þurfa að verða vitni að því hvernig meiri hlutinn hefur varið sinn vonda málstað í þessum vinnubrögðum.

Ég get líka tekið undir að lítið leggst fyrir unga frjálshyggjumenn sem þurfa að beygja sig undir það að vera þjónar valdhafanna sem í þessu máli hafa hreinlega hafnað lýðræðislegum vinnubrögðum og lýðræðislegri ákvarðanatöku. Ávirðingar málsmetandi umsagnaraðila í málinu hafa verið mjög alvarlegar. Þær hafa varðað stjórnarskipunarlög, reglur um Evrópurétt, mannréttindasáttmála Evrópu og minni hlutinn hefur ítrekað reynt að fá málsmeðferðinni þannig hagað að sómi væri að fyrir Alþingi. Því hefur verið hafnað, jafnvel í atkvæðagreiðslu, af meiri hluta allshn. að slíkur framgangsmáti gæti orðið að við gætum fengið allar þær umsagnir upp á borðið og lögfræðileg álit sem talið var þurfa.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að ekki er langt síðan lög voru sett um fjölmiðla í Noregi sem borið hefur á góma í umræddri umræðu. Umræðan um þau lög áður en þau voru sett tók fjögur ár. Af hverju halda menn að það hafi verið? Af því að Norðmenn hafi svo gaman af að tala saman um ekki neitt? Nei, það var vegna þess að þar var unnið af skynsemi. Það er þannig sem þjóðin á kröfu á að Alþingi Íslendinga *vinni*.

Það er ekki unnið af skynsemi í þessu máli.

[22:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hér í þessum sal er enginn framsóknarmaður. (**Gripið fram í:** Svona er þetta alltaf.) Framsfl. hleypur í felur í þessu máli eins og svo mörgum öðrum þar sem hann hefur tekið á sig stóran part af oki Sjálfstfl.

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kem hingað upp er að inna hæstv. forseta eftir því hvernig í ósköpunum sé hægt að taka þetta mál á dagskrá á morgun, eins og mér skilst að eigi að gera, þegar fyrir liggur að nefndir þingsins hafa ekki lokið lögskipaðri umfjöllun sinni um málið. Efh.- og viðskn. fékk málið til umsagnar frá allshn. og þeirri umfjöllun er ekki lokið. Þvert á móti varð niðurstaða nefndarinnar sú þegar hún lauk fundi sínum í dag að á morgun yrði aftur tekið til óspilltra málanna við að vinna málið. Við eigum eftir að fá fulltrúa til að skoða málið, þar á meðal var loforð frá meiri hlutanum um að við fengjum fulltrúa bankanna til að tjá sig um það vegna þess að áhöld eru um hvort þeir geti lánað til fyrirtækja sem þurfa að sæta þeim takmörkunum sem er að finna í frv. Því vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hann muni ekki sjá til þess að réttur okkar þingmanna til að sinna rannsókn málsins verði virtur.

Í annan stað spyr ég: Hvernig í ósköpunum má það vera, þegar við borð liggur að næstum því hver einasti hæstaréttarlögmaður sem hefur tjáð sig um málið, nema Jón Steinar Gunnlaugsson, telur að þetta tiltekna frv. kunni í ýmsum greinum að stangast á við stjórnarskrá og í mörgum greinum

á við EES-rétt, að hæstv. forseti hlutast ekki til um það að þingið gangi úr skugga um hvort svo sé, ekki síst þegar við blasir að lögin eiga ekki að taka gildi, ef frv. verður samþykkt, fyrr en að loknum tveimur árum?

[22:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eins og fram kemur á þskj. 1618 hefur málið verið afgreitt frá allshn.

[22:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ekki einungis efh.- og viðskn. sem hefur fengið málið til umfjöllunar frá allshn. heldur líka menntmn. Menntmn. hefur ekki hafið umfjöllun sína á málinu. Hún fundaði í dag og ræddi málið í kringum 15–20 mínútur og þá málsmeðferðina. Það var þokkalegt samkomulag um það í dag í þeirri nefnd að menntmn. legði áherslu á þann þátt málsins sem varðaði einmitt markmið frv. í orði kveðnu, fjölbreytni í fjölmiðlun, að menntmn. ræddi það hvernig frv. kæmi út fyrir fjölmiðlun í landinu og hvaða áhrif það hefði á mikilvægi fjölmiðlunar fyrir íslenska menningu og íslenska tungu. Lagður var fram listi af okkar hálfu, stjórnarandstæðinga, sem formaður nefndarinnar tók vinsamlega, um þá sem áttu að mæta hjá nefndinni. Þar voru félagsfræðingar, fjölmiðlafræðingar, reyndir blaðamenn, yfirmenn á fjölmiðlum og fulltrúar þeirra stétta sem starfa að menningarmálum og þar með að fjölmiðlun og á morgun átti að liggja fyrir hverjir yrðu kallaðir á fund nefndarinnar af þeim lista og hvernig málunum yrði framfylgt í nefndinni.

Það sem nú gerist er að það liggur fyrir nál. frá meiri hluta allshn. sem þó kallaði á álit menntmn. um störf sín þannig að allsherjarnefndarmeirihlutann virðist ekki varða um hvaða álit menntamálanefndarmenn hafi á þessu. Þá virðist ekki varða um hvaða áhrif frv. hefur á fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu eða hvaða áhrif það hefur á íslenska menningu og íslenska tungu. Það er aumur stjórnarmeirihluti sem stendur á bak við þá menn í allshn., á bak við hina staðföstu, á bak við íhaldsdrengina þrjá, hina staðföstu hv. þm. sem sitja í allshn. og eru svo staðfastir að þeir hafa ekið út af í fyrstu beygju svo tekið sé til gagns orðalag frá því í haust. Þetta er óhæfa, forseti, og ég mótmæli þessu.

[22:49]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur verið með ólíkindum að fylgjast með störfum meiri hluta allshn. síðustu vikuna. Greinilegt er að það hefur verið ákveðið að keyra málið hratt í gegn og forðast alla umræðu um það. Aldrei nokkurn tíma hefur því verið svarað, enginn þingmaður stjórnarflokksins hefur svarað því af nokkru viti af hverju í ósköpunum lá svona á. Eina svarið sem ég hef heyrt er frá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur í útvarpsviðtali, að það væri gert af einskærri tillitssemi við fyrirtækið Norðurljós og starfsfólk þess. Ég veit eiginlega ekki hvort það er brandari en ef svo er er hann mjög lélegur því að hér er um alvörumál að ræða gagnvart starfsfólkinu. Ég spyr hv. þingmann: Var þetta brandari? Ég vonast til að hv. þm. komi upp og skýri ástæðuna fyrir því hvers vegna í ósköpunum lá svona á.

Allir vita að frv. er afrakstur þess að hæstv. forsrh. hefur lengi haft horn í síðu ákveðinna manna í viðskiptalífinu. Í byrjun báru hinir ungu þingmenn Sjálfstfl. höfuðið hátt og töldu að vísu að að öllum líkindum væri hér um slæmt mál að ræða en eflaust mætti troða því hratt og örugglega í gegnum þingið og forðast alla umræðu og svo var öll von sett á að það mundi gleymast. En eftir því sem leið á vikuna sem frv. var til umfjöllunar og í meðförum allshn. fóru að renna tvær grímur á lögfræðingagerið í nefndinni því hver gesturinn og umsagnaraðilinn á fætur öðrum og hver umsögnin á fætur annarri báru með sér að hér væri um einstaklega slæmt frv. að ræða og líklega stjórnarskrárbrot og brot á Evrópureglum.

Lögfræðingagerið, hv. þm. Birgir Ármannsson, sérfræðingur í meðalhófsreglu, og hv. þingmenn frelsisins Sigurður Kári Kristjánsson og Bjarni Benediktsson, sá að hér var ekki um neitt frelsisfrv. að ræða og sömu sögu má segja (Forseti hringir.) um hv. þm. Jónínu Bjartmarz sem gaf í skyn að hér væri (Forseti hringir.) um slæmt mál að ræða.

[22:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forseta í byrjun: Hvað á að vera á dagskrá fundar á morgun? Það er ekki seinna vænna að við þingmenn fáum að vita það. Er ætlunin að ræða fjölmiðlafrv. strax í fyrramálið? Á að halda áfram vinnubrögðunum í sama stílnum og stilla mönnum upp frammi fyrir 2. umr. um málið strax í fyrramálið eftir þá endemisafgreiðslu á málinu nú úr allshn. sem greinilega hefur verið ákveðin mörgum klukkutímum áður en nefndin sjálf afgreiðir málið formlega, samanber það að útbýtingarfundur er boðaður fyrir klukkan sex en nefndin afgreiðir málið frá sér um tíuleytið? Hvers konar uppáskriftaniðurlæging er það, herra forseti, sem menn hafa fundið hér? Hvers konar sjálfseyðingarhvöt er það að standa fyrir slíkum vinnubrögðum frammi fyrir alþjóð?

Herra forseti. Það er náttúrlega lítil huggun að ofríki ríkisstjórnarinnar ráði hér ferðinni því auðvitað eru færibandið og stimpillinn þau tvö tól sem manni koma fyrst í hug þegar maður stendur frammi fyrir vinnubrögðum af þessu tagi. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn vilji stríðið, vilji ófriðinn, vilji hafa þetta sem allra ömurlegast á allra handa máta. Og til að bíta höfuðið af skömminni er gildistökuákvæði frv. fært aftur til 1. júní 2006 samkvæmt breytingartillögunum sem í sjálfu sér er ekki umtalsverð efnisbreyting en undirstrikar fáránleika þess að hraða málinu svona í gegn því menn hafa rúm tvö ár til stefnu til að gera gott úr löggjöfinni áður en hún á að taka gildi.

Herra forseti. Ég endurtek spurninguna: Hvað á að verða á dagskrá þingfundarins í fyrramálið? Ætlar hæstv. forseti virkilega að bjóða upp á það að umsagnir frá nefndum, sem hæstv. forsrh. m.a. lofaði að fengju að skoða málið eins og menntmn., liggi (Forseti hringir.) ekki fyrir þegar allshn. afgreiðir málið frá sér? Það eru m.a. svik á því loforði (Forseti hringir.) sem forsrh. gaf mér úr þessum ræðustóli fyrir nokkrum dögum.

[22:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja sem þingmaður sem er að ljúka sínum fyrsta vetri á hinu háa Alþingi að mér er illa brugðið í kvöld. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með störf þingsins í vetur en aldrei orðið fyrir jafnmiklum vonbrigðum og nú í kvöld. Þingið starfar ekki með nógu virkum hætti, ég hef gagnrýnt það áður í opinberri umræðu, en það er verra en það, það starfar líka með röngum hætti.

Mér finnast það alveg forkastanleg vinnubrögð, hæstv. forseti, hvernig frv., hinu svokallaða fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar, er troðið með offorsi og nánast ofbeldi í gegnum þingið. Það er verið að fótumtroða lýðræðið og lýðræðislega umræðu í landinu. Það er alveg rétt sem bent hefur verið á

í kvöld að það liggur ekki svo mikið á að koma frv. í gegn. Hvers vegna er ekki hægt að nota sumarið til að vinna í svo mikilvægu og vandasömu máli og takast síðan á við þá vinnu í haust? Hvað gerir það að verkum að það liggur svona ofboðslega mikið á? Þeirri spurningu þurfa stjórnarliðar að svara. Þeir verða að svara spurningunni. Þetta er spurning sem brennur á þjóðinni. Hvað er það sem gerir það að verkum að svona mikið liggur á? Við krefjumst þess að fá svör við því, ef ekki nú í kvöld þá á morgun eða hinn þegar frv. kemur til 2. umr. Þessari spurningu verður að svara.

Það hefur verið alveg með ólíkindum að vera hér í kvöld og horfa á það, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á áðan, að hér í salnum er ekki einn einasti framsóknarmaður. Enginn. Fjarvera þeirra er æpandi og ég spyr líka: Hvar eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar? Hér eru auðir bekkir bæði til vinstri og hægri. Hvar eru höfuðpaurarnir? Hvar er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson í kvöld og hvar er hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, verðandi forsrh., í kvöld? Þora þessir menn ekki að horfast í augu við þjóð sína? Þora þeir ekki að horfast í augu við þingið? Mér er spurn.

Um fundarstjórn.

Dagskrá næsta þingfundar.

[22:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég lagði spurningu fyrir hæstv. forseta áðan og endurtók spurninguna. Ég spurði: Getur hæstv. forseti upplýst okkur þingmenn um hvað verður á dagskrá þingfundar í fyrramálið? Það er ekki seinna vænna, virðulegur forseti, en að það fari að skýrast. Ég tel það algera óhæfu ef ætlunin er að láta menn mæta til fundar og þá komi í ljós jafnvel að hið umdeilda fjölmiðlafrv. sé á dagskrá. Ég óska eftir því að forseti upplýsi eða þá svari því til að ekki sé hægt að upplýsa um málið, ef staðan er virkilega þannig, áður en hann slítur fundinum.

Ég endurtek ósk mína um að hæstv. forseti svari þessari spurningu. Hann hlýtur að vita svarið ef einhver veit það hvað á að vera á dagskrá þingfundar í fyrramálið. Ég geri ráð fyrir að það eigi að gera meira í fyrramálið en standa upp fyrir forseta ungverska þingsins og fara svo heim.

[22:57]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum sem birtist okkur í dag. Mig langar aðeins að fara yfir daginn.

Undir venjulegum kringumstæðum hefði forseti boðað formenn þingflokka til fundar í hádeginu. Ekkert slíkt boð barst. Klukkan 16.40 var boðaður fundur með stuttum fyrirvara hjá forseta. Þegar komið var til fundar lá auðvitað í loftinu og það sá maður á þeim dagfarsprúða forseta þess fundar að eitthvað lá í loftinu þó að lítið væri sagt hverju yrði dreift í kvöld, getið um eitt eða tvö mál sem hugsanlega yrði dreift en ekkert um þetta mál, þ.e. fjölmiðlafrv. Og það verður að taka undir með þeim sem það hafa sagt að það eru mikil afrek að búa til þetta nál. og dreifa því í kvöld.

Virðulegi forseti. Ef þetta er innlegg til að auðvelda þingstörfin og koma til móts við þingmenn alla þá segi ég að það eru úrelt vinnubrögð sem tilheyra gamla tímanum allt aftur til 1950 eða 1940 eða hvað má taka sem dæmi. Ég held að verið sé að setja af stað leikrit. Við munum núna taka þátt í og sjá, og landsmenn allir, framhaldsleikrit sem hófst á heimastjórnarafmælinu. Það skyldi þó ekki vera að stjórnarmeirihlutinn þegi þunnu hljóði það sem eftir er í umræðu um málið og enginn taki þátt í umræðunni. Stjórnarandstöðuþingmenn munu að sjálfsögðu taka þátt í henni. Hver er svo tilgangurinn, herra forseti? Er það kannski tilgangurinn að forseti Alþingis geti setið í forsæti og undirritað þessi skrýtnu lög sem eru ekkert annað en ólög? Er það svo að vegna þess að forseti Íslands er að fara í brúðkaupsveislu til Danmerkur að forseti Alþingis og þeir sem fara með handhafavald forseta í fjarveru hans eigi að klára málið um helgina?

Herra forseti. Má ég þá ráðleggja ykkur eitt. Gerið þið það bara áfram í skjóli nætur. Hafið myrkur yfir ykkur þegar þið gangið í þá ósvinnu. Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, þegar tekið er tillit til þess að tvær nefndir sem fengu málið til sín frá allshn., efh.- og viðskn. og menntmn., eru rétt að hefja störf um það að þá er nál. bara komið. Og þögn hinna ungu hv. þingmanna sem öllu ætluðu að breyta ef þeir kæmust til valda er æpandi. Óskaplega mun maður (Forseti hringir.) kenna í brjósti um þá þingmenn sem þurfa að sitja í sæti sínu og brosa og jafnvel þegja.

[23:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við það að skamma hæstv. forseta en ekki einstaka þingmenn þegar verið er að gera athugasemd við fundarstjórn forseta.

Annars vil ég láta þess getið að ég minntist sérstaklega á það á fundi með formönnum þingflokka í dag að þess mætti vænta að nál. kæmi varðandi réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og minntist einnig á útvarpslög og samkeppnislög.

[23:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að hæstv. forseti verði að svara því skýrar en svo að það komi til álita að setja málið á dagskrá í fyrramálið. Ég tel að hæstv. forseti verði að svara því skilmerkilega hvort það standi til að halda áfram þeirri flýtimeðferð sem tjáningarfrelsið hefur fengið í sölum hins háa Alþingis, því ef hæstv. forseti getur gert það uppskátt að málið verði tekið á dagskrá í fyrramálið þarf minni hluti þingsins að nota nóttina í að vinna nál.

Ég vona að hæstv. forseti geri sér grein fyrir því að hv. allshn. sat að störfum til klukkan tíu í kvöld. Einhverra hluta vegna tókst meiri hlutanum að semja nál. og ítarlegar brtt. í kvöldmatarhléinu, sem okkur vannst ekki tími til að gera, og þess vegna geri ég alvarlegar athugasemdir við það ef meiningin er að minni hlutinn eigi að vinna nál. sitt í skjóli nætur og spyr: Hvað, hæstv. forseti, gerir það að verkum að málið þolir ekki dagsljós lýðræðislegrar rökræðu í sölum Alþingis? Hvers vegna má varla líða einn dagur enn sem málið er í umræðu, virðulegi forseti?

Ég trúi ekki öðru en hæstv. forseti standi a.m.k. vörð um þann litla sóma sem stofnunin á eftir við meðferð málsins gagnvart ofríki ríkisstjórnarinnar. Ég spyr: Er hann hér til að gæta sóma Alþingis eða er hann hér til að gæta hagsmuna ríkisstjórnarinnar?

[23:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið spurt mjög einfaldrar spurningar. Nú eru innan við tólf tímar þar til þingfundur hefst í fyrramálið. Dagskrá liggur ekki fyrir og þó dagskrá

þingfunda liggi oft seint fyrir liggur hún oftast fyrir áður en þingmenn ganga til náða. Þá er hægt að skipuleggja vinnu morgundagsins, hæstv. forseti, og hægt að vinna á hinu háa Alþingi svo sómi sé að.

Menn hafa áhyggjur af því í samfélaginu að ekki sé næg virðing borin fyrir hinu háa Alþingi. Herra forseti, það liggur alveg fyrir hvers vegna. Það er m.a. vegna stjórnar yðar á hinu háa Alþingi. Aldrei hefur virðing þess verið eins lítil og framgangan jafnlágkúruleg og nú á vormánuðum árið 2004. Margt höfum við mátt reyna undir stjórn forseta Alþingis en þetta er hneisa sem fer í sögubækurnar og verður hæstv. forseta að hneisu ævilangt og enn lengur.

[23:03]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég kem til þess að lýsa því yfir og segja í heyranda hljóði, þar sem forseti greip fram í áðan og sagði að minnst hafi verið á þau lög sem við erum að tala um á fundi formanna þingflokkanna með forseta í dag, þ.e. breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, að það var ekki minnst á það einu einasta orði á fundinum að ræða ætti um nál. eða brtt. í málinu. Ég vísa því til föðurhúsanna að það hafi verið gert.

Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur lýst því ágætlega sem hér er að gerast og svo sem ekki miklu við það að bæta. En innkall og frammíkall hæstv. forseta um að þessi lög hafi verið nefnd á fundinum í dag eru ekkert annað en skröksögur og hæstv. forseti hlýtur að vera með svarta tungu eftir þetta.

(**Forseti** (HBl): Ég greip ekki fram í fyrir hv. þm., það er ósatt.)

[23:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég var á umræddum fundi formanna þingflokka í dag og minnist þess ekki að minnst hafi verið á útvarpslög eða samkeppnislög í tengslum við útbýtingarfundinn í kvöld.

Hins vegar er það rétt hjá hæstv. forseta að hann sagði að til greina kæmi að dreifa yrði þingskjali um réttindi og skyldur og gaf til kynna að málið kynni að verða rætt á þingfundinum á morgun. Ég sagði að ég mundi mótmæla því mjög harðlega ef svo yrði gert, enda er komið á daginn að öll þingskjöl í því máli eru ekki komin fram. Það er komið fram eitt álit, eitt minnihlutaálit frá stjórnarmeirihlutanum á Alþingi, og það segir sína sögu. Fyrsti minni hluti hefur skilað áliti. Annar og þriðji minni hluti eiga eftir að skila áliti.

Í síðustu viku var langur listi þingmála á dagskrá þingsins, mála sem ríkisstjórnin hefur sagt að hún legði áherslu á að næðu fram að ganga fyrir þinglok. Nú spyr ég: Hvers vegna eru þau mál ekki tekin til umræðu á dagskrá þingsins á morgun? Ég nefni húsnæðismál og lög um fæðingarorlof. Er þetta gert til þess að ögra þinginu? Er þetta gert til þess að ögra stjórnarandstöðunni á þingi, að rífa úr nefndum óklárað mál án þess að öll þinggögn séu komin fram á þinginu og krefjast þess að við tökum umræðu um málið?

Ég mótmæli harðlega þessum vinnubrögðum og vek athygli hæstv. forseta þingsins á því að gangi þetta eftir með þessum hætti verður því mjög kröftuglega mótmælt í upphafi þingfundar á morgun.

[23:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þm. á að ég gat um raforkulög, útvarpslög og samkeppnislög á fundinum í dag og sagðist ekki vita nema nál. yrði skilað varðandi þessi mál, enda átti ég ekki sæti í viðkomandi nefndum og vissi ekki nákvæmlega hvernig málin stóðu.

[23:07]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil koma upp í ræðustól til að staðfesta það sem hv. þm. Kristján L. Möller og hv. þm. Ögmundur Jónasson sögðu áðan. Ég heyrði ekki minnst á útvarpslög og samkeppnislög á fundi formanna þingflokkanna með forseta þingsins í dag. Hins vegar var mjög sterklega gefið í skyn af forseta að málið sem yrði til umræðu á morgun væri frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Ég man það greinilega vegna þess að við ræddum líka um að annað kvöld eigum við formenn þingflokkanna ásamt forseta þingsins að vera í veislu með forseta ungverska þingsins í ráðherrabústaðnum. Þá sagði hæstv. forseti við hv. þm. Ögmund Jónasson að hann teldi miklu meiri líkur en minni til þess — alla vega sagði hann eitthvað á þá leið — að hv. þm. Ögmundur Jónasson yrði upptekinn við umræður í þinginu annað kvöld, sennilega vegna þess að hann er formaður BSRB til viðbótar því að vera mjög upptekinn af verkalýðsmálum og er þingmaður.

Þetta voru orðin sem féllu. Það var aðeins minnst á raforkulögin, jú, en menn voru sammála um að þau væru sennilega ekki tilbúin úr nefnd. Það var líka talað um olíugjald en það var ekki minnst á útvarpslög og heldur ekki samkeppnislög. Þetta er einfaldlega ekki rétt.

Mér finnst mjög athyglisvert að hæstv. forseti er eitthvað svo rólegur í kvöld, þó það dynji á honum skammirnar. Mann fer að renna í grun, eins og hv. þm. Kristján L. Möller sagði áðan, að þetta sé bara leikrit og búið að skrifa handritið, sennilega fyrir nokkrum dögum. Þetta er partur af handritinu, nál. sem við fengum í kvöld. Það var ekki skrifað í dag, menn hespa því ekkert af á einum degi. Það er búið að undirbúa þetta lengi.

Það er eitthvað í gangi, hæstv. forseti, sem við þingmenn sem erum í salnum í kvöld, langflestir stjórnarandastæðingar, sjáum ekki alveg fyrir. En það er sennilega búið að spenna upp einhverja lævísa gildru sem stjórnarandstaðan á sennilega að ganga í á næstu dögum. Þetta er farið að minna óneitanlega mikið á eftirlaunafrumvarpið sem var lagt fyrir þingið á síðustu dögum fyrir jól og keyrt í gegn á örfáum dögum.

Það er verið að svína á lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu til þess að hygla einhverjum valdafíklum í þjóðfélaginu — ég ætla ekki að nefna nein nöfn — og sennilega líka einhverjum eiginhagsmunaöflum sem eru að vinna á fullu og svína á lýðræðinu. Ég er alveg sannfærður um það.

[23:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Forsetaembætti Alþingis er ætlað að vera brjótsvörn þingmanna, forseti á að gæta réttar allra þingmanna og á að sjá til þess að þeim sé sýnd virðing í þeirri vinnu sem þeir vinna. Það vantar mikið á að hæstv. forseti hafi rækt þær skyldur sínar.

Það er alveg fáránlegt að menn skuli hafa setið yfir verkefnum í allshn. og öðrum nefndum þingsins þegar það liggur

ljóst fyrir að þegar menn stóðu upp frá verki í kvöld hafði meiri hlutinn verið búinn að ákveða hvernig ætti að klára málin, búinn að semja nál. og brtt., líklega fyrir löngu síðan, og menn verið látnir sitja yfir einhverju blaðri hjá þeim ágætu mönnum sem sitja í nefndinni fyrir hönd stjórnarliða um ekki neitt því þeir voru búnir að ákveða þetta allt saman.

Minni hlutinn tók þátt í því af heilindum að reyna að fá fram vinnu í nefndinni sem mundi skila einhverjum breytingum og öðru slíku en þá standa menn frammi fyrir því að það er búið að semja þetta allt saman og þetta er allt ákveðið fyrir fram.

Til hvers voru þessir fundir í nefndinni í dag? Þeir voru leikþáttur. Hæstv. forseti hefur ekki svarað því enn hvort hann ætlar að gefa minni hlutanum, sem tók mark á því að verið væri að vinna í frv., tækifæri til þess að semja nál. áður en umræða fer fram um málið. Hvers lags vinnubrögð eru þetta, hæstv. forseti, að forsetaembættið skuli ekki ætla að sjá til þess að stjórnarandstöðuþingmönnum sé sýnd sú virðing að þeim, eftir að hafa staðið upp frá því verkefni að fara yfir málið á þeim tíma sem til þess fékkst, sem var ekki allt of mikill, sé ekki gefið tækifæri til þess að setjast almennilega yfir nál. og koma því frá sér áður en málið fer í umræðu. Mér finnst þetta hneisa.

Mér finnst að hæstv. forseti ætti að nota þá fáu daga sem hann á eftir í embætti til þess að reyna að öðlast einhverja virðingu þingmanna þannig að hann skilji við Alþingi með þeirri reisn að hann hafi þó í lokin bætt ráð sitt og orðið forseti alls þingsins. Til þess er enn lítið tóm að vísu.

[23:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti. Ég hef ítrekað spurt hæstv. forseta einfaldrar spurningar í kvöld: Hvað verður á dagskrá fundar í fyrramálið? Það hefur verið upplýst og liggur fyrir að fyrir liggja fjölmörg mál, stjórnarfrumvörp og fleiri þingmál sem eru fullunnin og samstaða var um að afgreiða frá nefnd fyrir nokkrum dögum og jafnvel vikum og bíða afgreiðslu. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að hafa þinghald með eðlilegum hætti og nota tímann í að afgreiða mál sem fyrir liggur að þurfa afgreiðslu í vor, breytingar á húsnæðislögum og fjölmörgu sem ágætt samkomulag gæti væntanlega verið um að hafa til umfjöllunar og ljúka afgreiðslu á.

Ég spyr þar af leiðandi og ég spyr í alvöru, virðulegi forseti, og mér leiðist að forseti fái ítrekað beinar efnisspurningar frá þingmönnum og hunsi algjörlega að svo mikið sem minnast á þær, eins og hæstv. forseti hafi hvorki heyrt og þaðan af síður skilið það sem við hann er sagt. Það er þreytandi til lengdar að eiga orðaskipti við þannig kringumstæður. Það er eins og maður sé að tala með saltstólpa fyrir aftan sig.

Ég endurtek spurninguna: Hvað verður á dagskrá í fyrramálið? Er þess að vænta að fjölmiðlafrumvarpið verði sett á dagskrá? Ef hæstv. forseti tekur það ekki alvarlega að fá svona spurningu vísa ég til þeirra ákvæða þingskapanna að forseta beri að bregðast við og úrskurða um mál ef slíku er beint til hans. Ég fer þá fram á það, ef forseta finnst það þægilegra form, að forseti úrskurði um hvað verði á dagskrá í fyrramálið, að við fáum sem sagt að heyra niðurstöðu forseta í formi úrskurðar í þeim efnum.

[23:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil gera enn eina tilraun til að styðja þá einföldu kröfu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri þingmenn hafa lagt fram núna þegar nálgast miðnætti á þessum, ég vil ekki segja ágæta, degi, hæstv. forseti. Því miður get ég ekki sagt það, mér er ekki þannig innan brjósts núna. Við gerum þá sjálfsögðu kröfu til forseta hins háa Alþingis að hann svari okkur því hvort mál sem var tekið úr allshn. klukkan tíu í kvöld verði á dagskrá fundarins á morgun. Eða er það svo, virðulegi forseti, að hæstv. forseti geti ekki svarað því hér og nú hvað verði á dagskrá fundarins á morgun? Ég trúi ekki, hæstv. forseti, að ekki verði hægt að fá svar við þessu fyrir miðnætti.

Virðulegi forseti. Ég hef lagt á það áherslu fyrr í kvöld að það skiptir máli upp á það hvort minni hlutinn á hinu háa Alþingi þurfi að sitja yfir nefndaráliti í alla nótt eða hvort það nægi að sitja eitthvað fram eftir nóttu. Mér finnst þetta skipta máli, virðulegi forseti, og það hlýtur að vera eðlileg og sjálfsögð krafa okkar að hæstv. forseti svari þessu. Verður þetta frv. á dagskrá þingsins á morgun eða ekki, hæstv. forseti?

Hér hafa fjölmargir hv. þm. komið upp og mótmælt þeirri flýtimeðferð sem frv. á að fá og ég vek athygli á að ekki einn einasti þingmaður hefur lagt fram ósk eða kröfu um það við forseta að málið verði á dagskrá fundarins á morgun. Því hlýtur hæstv. forseti að þurfa að gera það upp við sjálfan sig hvað virkilega hasti, eða er það svo sem ég held og kannski einhverjir fleiri hér inni að ríkisstjórnin meti það svo að þetta frv. þoli ekki umræðu einum degi lengur? Er það mat hennar að frv. þoli ekki að vera í dagsljósinu og þurfi þess vegna flýtimeðferð og hér þurfi að vinna í skjóli nætur dag eftir dag til að klára það sem allra fyrst?

Hæstv. ríkisstjórn telur væntanlega að best sé að meðhöndla íslensku þjóðina þannig að láta hana kokgleypa stóru vondu bitana á sem allra skemmstum tíma, síðan er hún svo fljót að gleyma, virðulegur forseti. Er það kannski þannig sem hæstv. ríkisstjórn lítur á málið og þá um leið hæstv. forseti?

[23:18]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það var minnst á það áðan að fjarvera framsóknarmanna úr þingsalnum væri mjög áberandi, kannski æpandi eins og sagt var. Ég verð að segja að skortur forseta á svörum við þeim spurningum sem til hans er beint er mjög áberandi og æpandi í þessum þingsal í kvöld. Ég var að hugsa til þess áðan, virðulegur forseti, að miklar ráðstefnur hafa verið haldnar um árangursstjórnun. Ríkisendurskoðun hefur tekið út fjölmargar ríkisstofnanir með tilliti til þess hvernig þær standist mælikvarða um árangursstjórnun sem fjmrn. og ríkisstjórnin öll þykist vera að innleiða í ríkisrekstrinum. Ég er hrædd um að þessi virðulega stofnun hér viti ekkert um hvað árangursstjórnun snýst og að virðulegur forseti hafi eflaust aldrei heyrt það fremur en hann hefur heyrt hugtakið starfsáætlun.

Hvernig í veröldinni er hægt að búast við því, eins og hér kom fram, að nokkur maður beri virðingu fyrir Alþingi þegar vinnulagið á hinu háa Alþingi er með þeim hætti að við stöndum hér klukkan að verða hálftólf að kvöldi og við vitum ekkert hvað við ætlum að tala um á morgun, við vitum ekkert hvaða pappíra við eigum að mæta með í þingsalinn. Við vitum ekkert hvernig við eigum að undirbúa okkur. Við vitum akkúrat ekkert hvað hér á að gerast á morgun, virðulegur forseti.

Ég hygg að það verði að fara að koma svör við þeim spurningum sem hér var beint til virðulegs forseta. Ég hygg

að þessi ágæta stofnun verði að fara að tileinka sér meiri árangursstjórnun en hér er greinilega við lýði í dag.

[23:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þingmanni á að hún kvaddi sér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta þegar ég var í miðri setningu.

[23:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum komið upp og óskað svara hæstv. forseta við því hvað eigi að gera hér á morgun. Það koma engin svör. Hæstv. forseti lætur eins og þingmenn séu að reyna á langlundargeð hans en því er öfugt farið, það er langlundargeð okkar sem hér sitjum í salnum sem er þrotið. Við höfum ekki meiri þolinmæði gagnvart þessum herra forseta sem getur ekki svarað einföldum spurningum, sem getur ekki látið minni hluta allshn. vita hvort hér á að vaka í nótt við að skrifa minnihlutaálit eða ekki.

Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð. Þingheimur og þjóðin eiga skilið af hæstv. forseta að hann segi okkur hér og nú hvort eigi að hafa fjölmiðlafrumvarpið á dagskrá á morgun. Það er ekki eðlilegt að við skulum þurfa að standa í þessu stappi og þurfa að munnhöggvast við hæstv. forseta á þeim nótum sem við hér gerum. Ég verð að viðurkenna að það er ekki af því að okkur langi til þess, heldur egnir hæstv. forseti okkur í þetta. Vinnubrögðin sem forseti býður okkur upp á eru óboðleg. Hér sitjum við, hv. þm., og hæstv. forseti, að því er virðist, í gíslingu framkvæmdarvaldsins, í gíslingu ríkisstjórnarinnar og það virðist sem hæstv. forseti geti ekki svarað fyrir það sem hann þó á að hafa völd yfir, þ.e. dagskrá þingsins á morgun.

[23:21]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hef aldrei sagt að ég geti ekki svarað því og muni ekki svara því. Hins vegar hafa þingmenn óskað eftir því að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta. (**BH:** Vegna þess að ...) Ef lyki kannski þessum athugasemdum væri hægt að svara spurningum.

[23:22]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér er það mjög að skapi að spurningum sé svarað og er reiðubúinn að gera hlé á þessu máli mínu meðan forseti svarar spurningunni.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. er í ræðustól.)

Forseti vill ekki að ég geri hlé á ræðu minni til þess að hann geti svarað spurningum sem hér hafa verið margbornar fyrir hann?

Forseti. Í nefndaráliti því sem hér hefur m.a. orðið tilefni umræðu er minnst á nútímalýðræðisríki. (**Gripið fram í:** Ha?) Það er minnst á nútímalýðræðisríki (**Gripið fram í:** Hvar?) í 3. mgr. þessa nefndarálits. Síðasta orðið í 3. mgr. er nútímalýðræðisríki. (**Gripið fram í:** ... strika undir það.) Það mun vera uppfundning hinna staðföstu að setja það orð í nefndarálitið.

Nútímalýðræðisríki er einmitt eitt af því sem Íslendingar hafa tekið að sér ásamt Norðurlandamönnum öðrum, sérstaklega, að sýna Eystrasaltsþjóðum og öðrum þeim nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem hinn 1. maí sl. gengu í Evrópusambandið og tóku þar með sæti við hlið okkar í evrópskum félagsskap. Nú vill svo til að á morgun gengur hér í salinn forseti ungverska þingsins sem nýverið er aftur orðið að lýðræðisþingi. Það stóð a.m.k. til. Ég vil hvetja forseta til að íhuga hvort ástæða sé hugsanlega til að breyta þeirri dagskrá og hlífa forseta ungverska þingsins við því að ganga inn í Alþingi Íslendinga undir hans stjórn.

Það sem hér fer fram fer ekki fram í nútímalýðræðisríki og á ekki að vera til sýnis og eftirdæmis fyrir hinar nýfrjálsu þjóðir.

[23:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Á dagskrá fundar á morgun verður eitt mál, útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál.

Fundi slitið kl. 23:25.

---

112. FUNDUR

þriðjudaginn 11. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525, nál. 1618, brtt. 1619. — 2. umr.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um skipan hæstaréttardómara. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Norðaust., Jóni Kristjánssyni, dags. 10. maí:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, Þórarinn E. Sveinsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þórarinn E. Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Sveitarstjórnarlög, 856. mál, nál. félmn., þskj. 1614; brtt. félmn., þskj. 1615.

Heimsókn forseta ungverska þingsins.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á því að forseti ungverska þingsins, frú Katalin Szili, er stödd á þingpöllum ásamt fylgdarliði. Forsetinn og fylgdarlið hennar eru stödd hér á landi í boði Alþingis.

Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða forseta ungverska þingsins og fylgdarlið velkomin í Alþingishúsið og vænti þess að heimsókn þeirra til Íslands verði til þess að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli landanna.

Alþingi vottar forseta ungverska þingsins og ungversku þjóðinni virðingu og virðingu. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla fjölmiðlafrumvarps.

[10:35]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hæstv. forseta. Það er sannarlega ánægjuefni að hafa þennan góða gest á meðal okkar í dag. Tilefni þess að ég kem hingað upp og kveð mér hljóðs eru þó þau vinnubrögð sem viðhöfð eru á hinu háa Alþingi í dag.

Ég rifja það upp, af því að hæstv. forsrh. er hér staddur, að hann lofaði okkur þingmönnum á hinu háa Alþingi að nægur tími yrði gefinn til að fara yfir það erfiða mál sem við höfum hér til umfjöllunar. Ég spyr hæstv. forsrh.: Ætlar hann að brjóta þetta loforð? Hér kom fram í gær að fyrirhugað væri að taka til afgreiðslu í dag útvarpslögin og hið umdeilda fjölmiðlafrumvarp. Þó blasir við að meiri hlutinn hafði forskot, hafði þá þegar undirbúið meirihlutaálit sitt og málið var með valdi og ofbeldi tekið úr nefndinni. Ég spyr herra forseta sem er skjól okkar þingmanna hér: Hver er réttur okkar til þess að fá tíma og tækifæri til að vinna með þokkalegum hætti það nefndarálit sem á að vera grundvöllur vinnu okkar í þinginu? Við hljótum að hafa sama rétt og þingmenn stjórnarliðsins til að geta lagt fram ítarlegt og vel rökstutt nefndarálit. Þó að okkar fólk hafi verið að vinna mestan part nætur hefur það ekki tekist. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort ekki komi til mála að hann fresti fundi þegar þessari umræðu nú í upphafi dags lýkur, kalli saman fund þingflokksformanna þar sem rætt verður hvort ekki séu tök á því, með vísan til loforða hæstv. forsrh. í upphafi þessa máls alls, að fresta þinginu til kl. tvö í dag til að okkur gefist tóm til að ljúka þessu máli og sömuleiðis til að efh.- og viðskn. gefist tóm til þess að ljúka umfjöllun sinni. Sú nefnd hefur ekki lokið henni og ekki hefur komið fram tillaga af hálfu stjórnarliða í þeirri nefnd að henni ljúki. Þar er málið enn í umfjöllun og enn á eftir að fá gesti sem lofað var.

[10:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér finnst alveg sjálfsagt að fresta málinu til kl. tvö eins og um er beðið.

[10:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Var það hæstv. forsrh. sem hér talaði eða hæstv. forseti þingsins? Það er hæstv. forseti þingsins sem tekur ákvörðun um þinghaldið í samráði við aðra forseta þingsins (**ÖS:** Hann á að gera það.) og á að gera það. Hins vegar er reyndin sú að ríkisstjórnin beitir fullkomnu agavaldi í þinginu og er það áhyggjuefni hvernig komið er.

Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það mál sem er á dagskrá hér í dag er fullkomlega vanreifað. Allshn. sem fékk málið til umfjöllunar frá þinginu skaut því m.a. til efh.- og viðskn. til umfjöllunar. Sú nefnd hefur ekki lokið henni. Okkur hafa borist nokkrar umsagnir aðila sem allir kvarta þó undan of skömmum fresti til að vinna málið. Í umfjöllun Samkeppnisstofnunar kemur m.a. fram að hún hafi ekki haft tök á því að rannsaka ítarlega samkeppnislegar afleiðingar frv. Í umsögn Verslunarráðsins eru reifuð ýmis álitaefni, lagst gegn frv. Sama um Samtök atvinnulífsins, reifuð ýmis álitaefni. Sama gildir um umsögn Alþýðusambands Íslands, reifuð ýmis álitaefni. Sama gildir um Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, reifuð ýmis álitaefni.

Á okkur ekki að gefast tóm til að setjast yfir þetta mál og skoða það á málefnalegan og vandaðan hátt? Við krefjumst þess að þingið viðhafi önnur og vandaðri vinnubrögð í þessu máli.

[10:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna ummæla hv. þingmanns er rétt að taka fram að mér hafði borist beiðni frá hv. 3. þm. Norðaust., varaformanni þingflokks Samf., um að fundi yrði frestað til kl. tvö og ég hafði skýrt forsrh. frá því að ég mundi verða við þeirri beiðni. Ég vil ekki að neinn misskilningur sé á ferðinni í þeim efnum. Það mál er nú svo vaxið, enda er það einnig vani. Ég hygg að hv. þingmaður viti það af langri þingreynslu að ef formenn þingflokka óska eftir því að eiga fund með forseta er við því orðið. Ég hafði hugsað mér að sá fundur yrði þegar þessum fundi yrði slitið en enn hafa nokkrir þingmenn kvatt sér hljóðs um störf þingsins og mér finnst sjálfsagt að sú umræða fari fram áður en mér gefst tóm til að hitta formenn þingflokka hér niðri.

[10:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi þessa máls sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þá leið að að sjálfsögðu gæfist þinginu og starfsnefndum þingsins nægilegur tími til að vinna þetta mál, menn tækju sér þann tíma sem þeir þyrftu til að vinna í málinu. Nú hefur málið hins vegar borið þannig að að það var drifið inn í þingið í gærkvöldi og hefur t.d. efh.- og viðskn. ekki lokið umfjöllun sinni. Mér finnst ekki mikið samræmi á milli orða hæstv. forsrh. við upphaf þessa máls og þeirrar málsmeðferðar sem verið hefur á málinu hingað til. Ég hef heldur ekki fengið, og margir aðrir þingmenn hafa haft orð á því líka, rök fyrir því hvers vegna þurfi að flýta þessu máli með þeim látum sem nú virðist stefna í.

Lögin eiga ekki að taka gildi samkvæmt frv. sem nú liggur fyrir fyrr en í júní 2006 og ég undra mig á þessum vinnubrögðum.

[10:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að nú er að hefjast 2. umr. um frv. hæstv. forsrh. um lög um eignarhald á fjölmiðlum vil ég vekja athygli á að svo háttar til að allshn. Alþingis óskaði umsagnar menntmn. vegna málsins og fundaði nefndin í fyrsta sinn vegna þessa síðdegis í gær. Þar lögðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram ítarlegan lista yfir þá gesti sem við teljum nauðsynlegt að nefndin kalli á fund sinn

til að varpa ljósi á möguleg áhrif umræddra frv. á íslenska menningu og miðlun í víðustu merkingu þess orðs.

Það er ljóst að nái frv. fram að ganga verða áhrif þess á íslenskt menningarlíf gríðarleg og því er nauðsynlegt að menntmn. komi ítarlega og af mikilli vandvirkni að allri vinnu við frv. Nú hefur ekki reynt á það að fullu hvort hv. formaður nefndarinnar, Gunnar Birgisson, verður við þeirri ósk okkar en ég mótmæli þeirri sýndarmennsku sem aðkoma nefndarinnar er í ljósi þess að hér er að hefjast 2. umr. um málið áður en nefndin hefur störf sín um frv. Þetta er málsmeðferð sýndarmennskunnar og verið er að gera lítið úr aðkomu menntmn. að málinu sem rammar inn þá ólýðræðislegu flýtimeðferð sem er á þessu máli öllu. Hraðinn á málsmeðferðinni er slíkur að furðu vekur en kannski ekki skrýtið þar sem lagasetningunni er fyrst og fremst stefnt gegn einu fyrirtæki.

Á fundi menntmn. í gær fórum við fram á að valinkunnur hópur fræðimanna, höfundar fræðibóka um fjölmiðla, reyndir blaða- og fréttamenn, ritstjórar og faglegir yfirmenn á fjölmiðlum, hinir ýmsu fulltrúar stéttarfélaga innan atvinnugreinar menningarinnar auk fulltrúa Blaðamannafélags Íslands og Félags fréttamanna, yrði kallaður á fund nefndarinnar þar sem hann gæti gefið okkur ítarlegt yfirlit yfir það hvernig hann telur að umrætt frv. eigi eftir að koma við fagfélögin og við alla þætti íslenskrar miðlunar og menningarlífs. Við þessu virðist ekki eiga að verða og óska ég eftir að forseti og hv. formaður nefndarinnar greini frá því hvernig þeir hyggjast tryggja aðkomu menntmn. að vinnu að máli sem hafin er 2. umr. um.

[10:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til að staldra við það hversu óhefðbundnar og krókóttar boðleiðir gerast nú á þinginu. Þegar formenn þingflokka eða fulltrúar þingflokka biðja hæstv. forseta um hlé til að ganga frá nefndarálitum — sem er náttúrlega fullkomlega sanngjörn og eðlileg ósk við þessar aðstæður — svarar hæstv. forseti forsrh. Forsrh. tekur svo að sér að vera boðberi tíðindanna til þingheims eins og við upplifðum áðan. Þetta eru athyglisverðar boðleiðir, virðulegur forseti.

Mér eru líka ofarlega í huga þau alvarlegu brot á venjulegum og vönduðum vinnubrögðum sem áttu sér stað í gær þegar nefnt frv. var rifið úr allshn. og í ljós kom síðar að þingnefndirnar tvær sem höfðu fengið málið sent frá nefndinni til umsagnar höfðu hvorug lokið vinnu sinni og þaðan af síður sent frá sér álit sín. Þarna áttu í hlut annars vegar menntmn. og hins vegar efh.- og viðskn. sem hæstv. forsrh. lofaði við umræður á dögunum að fengju að sjálfsögðu ráðrúm til að skoða málið og láta álit sitt í ljósi. Ég minni hæstv. forseta á að ágreiningur var uppi um það í hvaða þingnefnd málið ætti að fara og forsrh. rökstuddi tillögu sína um allshn. m.a. með því að menntmn. sem málið heyrir að sjálfsögðu að langmestu leyti undir efnislega fengi málið til skoðunar.

Þetta allt saman, herra forseti, er afar athyglisvert og auðvitað dapurlegt. Það er dapurlegt að sjá að mál af þessu tagi skuli svona grátt leikið af þessum ofbeldisvinnubrögðum hæstv. ríkisstjórnar sem forseti þingsins því miður leggur blessun sína yfir. Málið verðskuldar vönduð vinnubrögð og að vera skoðað rækilega og engin ástæða væri til að gefa sér fyrir fram að um það þyrfti að vera svo mikill pólitískur ágreiningur ef vinnubrögðin væru eðlileg.

[10:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég starfa í menntmn. og vakti á því athygli í gær, á sérkennilegum þingfundi, að allshn. hefði sent menntmn. ákveðið erindi sem hér hefur verið til umræðu. Ég óska skýringa á því frá formanni allshn. til hvers þetta erindi var sent menntmn. Vaninn er sá að erindi sem berast nefndum þingsins frá öðrum nefndum eru ætluð til þess að hjálpa þeirri nefnd sem sendi við að forma álit sitt.

Hefur allshn. fengið þetta álit frá menntmn.? Nei, hún hefur ekki gert það vegna þess að menntmn. hefur vart hafið störf við gerð þess álits sem allshn. bað um. Ég óska þess líka að hv. þm. Gunnar I. Birgisson, formaður menntmn., geri grein fyrir því hér hvernig hann ætlar að fara að því að sinna þessari beiðni hv. allshn. með hv. þm. Bjarna Benediktsson í broddi fylkingar.

Forseti. Ég óska enn fremur skýringa þinna á því hvernig þessu er háttað, hver sé vaninn þegar nefnd biður aðra nefnd um álit og sú nefnd ætlar að bregðast við en hin nefndin afgreiðir frá sér það sem hún vill sagt hafa, þ.e. meiri hlutinn réttara sagt, án þess að skeyta um það álit sem hún bað um. Hvað er þetta, forseti? Skrípaleikur, farsi, sirkus? Mér þykir þingið undir þinni stjórn hafa sett nokkuð ofan og ég óska skýringa á því hvernig á þessu stendur.

[10:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmann á að honum ber að beina orðum sínum til forseta þingsins. (**MÁ:** Ég var að því.) Hv. þm. á að sýna háttvísi.

[10:49]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga að í morgun óskaði ég eftir því við starfsmann þingsins að forseta þingsins yrðu borin þau skilaboð að við óskuðum eftir fresti á fundi til klukkan tvö þannig að allsherjarnefndarfólki gæfist tími til að vinna nefndarálit. Eðli málsins samkvæmt fengum við náttúrlega ekki svar við því strax en það furðulega er að á fundi forsn. er mér tjáð að ekki hafi verið minnst á þessa ósk okkar.

Það má taka undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði: Það eru ansi krókóttar leiðir sem hér eru nú farnar um störf og stjórn þingsins. Það er greinilegt, og við sáum það strax eftir ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hér kom forsrh. á eftir með hálfgerða tilskipun innan gæsalappa um hvernig skyldi unnið áfram.

Er það ekki akkúrat þetta sem okkur er að birtast, og þjóðinni, hér dag frá degi í þessum furðulegu vinnubrögðum sem viðhöfð eru á Alþingi nú um mundir?

Ekki voru margir þingmenn í salnum í gærkvöldi á útbýtingarfundi, sérstaklega vantaði þingmenn Framsfl. og það er rétt að þeir viti þá um hvernig hlutirnir ganga hér. (**Gripið fram í:** Hvaða, hvaða?) (**Gripið fram í:** Hvaða ...?) Það voru engir hv. þm. Framsfl. í þingsal. Við getum haft það í huga ef þeir hafa verið hér til hliðar. (**Gripið fram í:** Þetta er ómerkilegur málflutningur.) Ef þeir hafa verið hér til hliðar, hv. þm. Magnús Stefánsson, skulum við ræða um það á eftir hvers vegna þingmenn Framsfl. voru ekki í salnum.

Ég vil segja það hins vegar, herra forseti, og ítreka það svo að allur þingheimur sem hér situr heyri að það er rangt hjá forseta Alþingis að hann hafi sagt það á fundi með formönnum þingflokka í gær að þetta umdeilda mál yrði tekið til útbýtingar á fundinum í gærkvöldi. Það er beinlínis

rangt og það eru ósannindi, eins og staðfest var hér af öðrum formanni þingflokks í gær.

Hæstv. forseti setur niður við það að koma með svona tilbúning og aðdróttanir. Ég vil helst ekki taka mér í munn fleiri orð um svona vinnubrögð.

[10:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni vil ég taka það fram að mér bárust tilmæli, eins og hv. þm. sagði, um að umræðu yrði frestað og ég ákvað að verða við þeim. Eins og venja er til á forseti fund með formönnum þingflokka um tilhögun fundarhalda. Ég hafði hugsað mér að við mundum hittast að loknum þessum fundi, enda hafði ég spurnir af því að (Gripið fram í.) formaður þingflokks Vinstri grænna mundi kveðja sér hljóðs um störf þingsins sem hann og gjörði.

Ég vildi af þeim sökum bíða þess að taka nákvæma ákvörðun um hvernig þetta yrði þangað til hann hefði tekið til máls. Síðan kom í ljós að fyrstur tók til máls formaður Samf. sem beindi orðum sínum til forsrh. en ekki til mín. Forsrh. var kunnugt um, eins og ég sagði, að ég mundi fresta umræðunni.

Um hitt vil ég segja að hver verður að eiga það við sjálfan sig hvorum hann trúir betur, mér eða hv. þingmanni.

[Fundarhlé. — 10:52]

[14:01]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, 946. mál, nál. samgn., þskj. 1616.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2003, 987. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1603.

Framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi skólaárin 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002, 988. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 1628.

Loftferðir, 945. mál, nál. samgn., þskj. 1620; brtt. samgn., þskj. 1621.

Lækningatæki, 991. mál, fsp. EKH, þskj. 1634.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, 477. mál, nál. umhvn., þskj. 1631.

Ófeðruð börn, 989. mál, fsp. RG, þskj. 1632.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, brtt. KHG, þskj. 1635.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1612; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1613.

Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 990. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1633.

Umræður utan dagskrár.

Skipan hæstaréttardómara.

[14:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur vakið miklar deilur með skipan í Hæstarétt sem að öllum líkindum stenst ekki lög. Þessi skipan ber hins vegar öll merki valdhrokans sem er orðið aðalsmerki Sjálfstfl. á þessum síðustu og verstu tímum. Jafnréttisráð hefur þegar sagt að skipan þessi brjóti alvarlega gegn jafnréttislögum. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir konur í Sjálfstfl., fyrir aðrar íslenskar konur og fyrir íslenska jafnréttissinna að sjá af hvílíku virðingarleysi hæstv. dómsmrh. umgengst jafnréttislögin.

Tilefni þessarar umræðu er hins vegar ekki síst þær alvarlegu athugasemdir sem umboðsmaður Alþingis hefur gert við skipan hæstv. ráðherra í Hæstarétt. Álitið er einn samfelldur áfellisdómur yfir embættisfærslu ráðherrans. Umboðsmaður gerir ýmsar alvarlegar athugasemdir við það hvernig hæstv. ráðherra fer á skjön við lög um dómstóla. Hin alvarlegasta varðar þá skýringu að ráðherra hafi upp á sitt einsdæmi, án þess að fá mat Hæstaréttar, ákveðið að nota þekkingu umsækjenda á tilteknu sérfræðisviði, Evrópurétti, til að gera upp á milli þeirra. En hvenær ákvað ráðherrann það? Ráðherrann segir blygðunarlaust í skýringum sínum til umboðsmanns, með leyfi forseta:

„Ég ákvað vitaskuld ekki áður en embættið var auglýst laust til umsóknar ... að ég myndi hafa þekkingu í Evrópurétti að leiðarljósi við gerð tillögu minnar ...“

Hæstv. ráðherra ákvað sem sagt reglurnar eftir á. Umboðsmaður átelur þetta harðlega. Hann rekur aðstæður eins og þær sem hæstv. ráðherra býr til með því að skilgreina forsendur valdsins eftir á og segir blákalt, með leyfi forseta:

„Víst er að þá heggur nærri að valið hafi verið að byggja á sjónarmiði sem beinlínis leiðir til þess að hæfni annarra umsækjenda kemur ekki til mats.“

Með þessu er umboðsmaður í reynd að segja að fyrst hafi hæstv. ráðherra valið kandídatinn en síðan hafi hann búið til rökin til að réttlæta valið. Þetta heitir á lagamáli ómálefnalegar forsendur en á kjarnyrtri íslensku heitir það valdníðsla. Ómálefnaleg, vegna þess að hæstv. ráðherra býr til leikreglur eftir á. Valdníðsla, vegna þess hvernig ákvörðun hans mismunar mönnum. Hún kemur í veg fyrir að þeir njóti jafnræðis.

Umboðsmaður Alþingis rekur ýmis önnur dæmi varðandi skipanina sem ekki samrýmast lögum um dómstóla. En ráðherrann sem sér aldrei kusk á eigin hvítflibba bítur höfuðið af skömminni með því að ásaka umboðsmann um að hafa búið til nýjar reglur. Þetta er ótrúlega hrokafullur málflutningur en hann er alveg í stíl við valdhroka Sjálfstfl. Vér einir vitum.

Umboðsmaður kemst þar að auki að þeirri niðurstöðu að ráðherrann hafi líka brotið gegn rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Þetta er sá ráðherra sem á að sjá um að við borgararnir fylgjum lögunum en hann brýtur þau ítrekað sjálfur.

Herra forseti. Fyrir hæstv. dómsmrh. er álit umboðsmanns ein samfelld rassskelling frá upphafi til enda. Mér finnst að í þessum verknaði birtist ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. nakin. Sjálfstfl. er orðinn svo gegnsýrður af valdhroka að hann knýr fram hverjar þær ákvarðanir sem hann vill og Framsfl. lafir með, löngu búinn að missa sína pólitísku sannfæringu, löngu búinn að tapa hugsjónum og stefnu, reiðubúinn til þess að styðja allt sem Sjálfstfl. vill, bara til að hanga á völdum og draumnum um forsætisráðherrastól.

Hvað gerir svo ábyrgur embættismaður eins og umboðsmaður Alþingis sem stendur frammi fyrir því að ráðherra misnotar vald sitt með þessum hætti? Hann getur ekki tekið fram fyrir hendurnar á honum. Til þess hefur hann ekki vald. Hann getur ekki ógilt skipunina. Hann grípur því í niðurlagi álitsins til þess eina ráðs sem hann hefur, að beina því til stofnunarinnar sem kýs hann beint, til Alþingis, að taka völdin af ráðherrunum. Umboðsmaður óskar eftir því að Alþingi taki afstöðu til þess hvort skipan hæstaréttardómara eigi að njóta staðfestingar ríkisstjórnarinnar í heild eða þjóðþingsins. Hann setur fram hugmyndir að þremur

hugsanlegum breytingum sem allar hafa þann tilgang einan að verja Hæstarétt fyrir ráðherrum eins og hæstv. dómsmrh.

Tillögur Samf. í þessum efnum liggja fyrir. Við viljum að Alþingi komi að því að staðfesta endanlegt val á dómara í Hæstarétti. Ég spyr hæstv. ráðherra með hvaða hætti hann ætlar að bregðast við tilmælum umboðsmanns að þessu leyti. Er hann reiðubúinn til samstarfs við þingið allt, ekki aðeins meiri hlutann heldur þingið allt, til að nota sumarið til að komast að sameiginlegi niðurstöðu um skipan Hæstaréttar í framtíðinni.

Frú forseti. Í flestum löndum hefði ráðherra sem orðið hefði svo alvarlega á í messunni fyrir löngu sagt af sér. Ég spyr því að lokum: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að axla ábyrgð sína? Ætlar hann að sitja eins og ekkert hafi í skorist?

[14:08]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hefja þessar umræður þótt ég sé ekki sammála stóryrðum hans um málið. Ég tek álit umboðsmanns Alþingis alltaf alvarlega og skoða þau vel. Þau eru til leiðbeiningar miðað við stöðu hans sem álitsgjafa. Rík ástæða er fyrir þingmenn til að íhuga þetta álit umboðsmanns sérstaklega því ég fullyrði að við samþykkt laga um dómstóla hafi þingmenn ekki talið að með því samþykki yrði sú grundvallarbreyting á skipan hæstaréttardómara sem leiða má af lögskýringum umboðsmanns í því máli sem hér er rætt.

Hér stendur svo á að Hæstiréttur veitti umsögn samkvæmt lögunum og taldi alla umsækjendur uppfylla kröfur um hæfi og hæfni. Alþingi hefur aldrei samþykkt neina lagareglu sem styður hið óvænta sjónarmið umboðsmanns, að senda hafi þurft mál aftur til umsagnar í Hæstarétt eftir að ég ákvað að leggja meistarapróf í Evrópurétti til grundvallar við málefnalega ákvörðun.

Ýmsir aðrir lögfræðingar en umboðsmaður hafa látið í ljós þá eindregnu skoðun að ég hafi uppfyllt lagaskyldu mína um álitsumleitan réttarins, ekki sé unnt að gera þá kröfu til ráðherra að fara að lagareglu sem aldrei hafi verið sett af Alþingi. En um slíka hluti geta menn alltaf deilt.

Ég vil láta í ljós þá skoðun að þótt Hæstarétti sé vel treystandi til að meta hæfi umsækjenda um embætti þá er ekki þar með sagt að dómarar réttarins, svo ágætir sem þeir eru, séu allra manna heppilegastir til að kveða upp úr um það á hvaða sviði rétturinn standi höllustum fæti hverju sinni, á hvaða sviði hann mætti helst bæta við sig sérfræðikunnáttu.

Samkvæmt áliti umboðsmanns var það málefnalegt sjónarmið í stjórnsýslu minni að leggja áherslu á menntun og þekkingu í Evrópurétti við val á milli umsækjenda. Skipunin var byggð á málefnalegum forsendum. Það má hins vegar alltaf deila um hvenær nægilega er rannsakað hversu mikið hver og einn umsækjandi kann fyrir sé á tilteknu sviði. Ég taldi ítarlegar umsóknir hinna ágætu umsækjenda gefa fullnægjandi mynd.

Umboðsmaður telur að rannsóknarregla stjórnsýslulaga hafi ekki verið uppfyllt nægilega með því að ekki var leitað frekari gagna en fram koma í umsóknum um þekkingu allra umsækjenda í Evrópurétti. Mér hefði með sömu rökum, án frekari rannsóknar, verið óheimilt að velja annan þeirra umsækjenda sem Hæstiréttur taldi heppilegast að skipa vegna þekkingar hans í réttarfari.

Virðulegi forseti. Af því sem hér hefur verið sagt er ljóst að ég er ekki samþykkur þeirri niðurstöðu umboðsmanns að ég hafi ekki fullnægt kröfum dómstólalaga eða sinnt rannsóknarskyldu í samræmi við stjórnsýslulög. Ég hvorki skildi né skil dómstólalögin með þeim hætti sem umboðsmaður virðist gera. Ég mun hins vegar skoða ábendingar hans alvarlega enda ber ég vissulega virðingu fyrir umboðsmanni. Mér var hins vegar ómögulegt að fara eftir skýringu sem ég hafði aldrei heyrt og umboðsmaður kynnti ekki til sögunnar fyrr en í áliti sínu, rúmum átta mánuðum eftir að skipað hafði verið í starfið.

Í bréfi sem umboðsmaður ritaði mér með áliti sínu vék hann ekki að þessum álitaefnum heldur því að hann hefði talið rétt að vekja athygli á tilteknum atriðum, þá með það í huga að tekin verði afstaða til þess hvort þörf sé á að fyrirkomulag við undirbúning og ákvarðanir um skipun hæstaréttardómara verði tekið til endurskoðunar og lagabreytingar gerðar af því tilefni ef sú verður niðurstaðan. Vegna þessa þáttar í áliti umboðsmanns ætla ég að minna á ræðu sem ég flutti í umræðum utan dagskrár um þetta sama mál hinn 16. apríl síðastliðinn þegar ég var spurður um hvort ég teldi rétt að breyta fyrirkomulagi við skipan dómara og ef svo væri, þá hvernig. Þá sagðist ég ekki hafa komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri rétt en sjálfsagt væri að ræða þetta mál eins og allt annað sem lyti að því að finna leið til að komast hjá þrefi og þrasi mánuðum saman um lögmæta ákvörðun um skipan manns í Hæstarétt. En ég tók fram að einhver einn bæri þó ábyrgðina á valinu að lokum og það yrði að vera unnt að kalla hann til pólitískrar ábyrgðar, spurningin væri um hvort unnt yrði að finna leið sem tryggði sæmilegan frið um málið eftir að ákvörðun hefði verið tekin.

Ég tel réttmætt að ræða hvernig að skipun dómara er staðið í ólíkum löndum og jafnvel draga lærdóm af því sem best hefur reynst. En ég ítreka að ábyrgðin verður að vera pólitísk að lokum.

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta mál er tvíþætt. Það varðar annars vegar aðferðir við skipan hæstaréttardómara, hvort ástæða er til að breyta þeirri skipan sem þar hefur verið viðhöfð og hins vegar embættisfærslu hæstv. dómsmrh. í þessu einstaka tilviki. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hana. Hún hefur fengið almenna fordæmingu og falleinkunn alls staðar þar sem menn mæla slíkt. Það er alveg víst að hæstv. dómsmrh. næði ekki samræmdu prófunum í þessari námsgrein ef prófað væri á þann máta í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra hefur fengið á sig álit frá embættum um þrenns konar brot á lögum, á jafnréttislögum, á lögum um dómstóla og á stjórnsýslulögum. Málsvörn hæstv. ráðherra varðandi það að hann ákveður einhliða eftir á að gera hæfni á sviði Evrópuréttar að sérstöku andlagi þessarar ráðningar stenst náttúrlega engan veginn. Það að hann taki sér það vald að úrskurða án nokkurrar rannsóknar eða án nokkurrar umsóknar hver af umsækjendunum sé hæfastur á því sviði stenst ekki heldur. Það er alveg sama hvernig á málið er litið þótt hæstv. ráðherra reyni stanslaust að þræða á milli skerja, fyrst og fremst til að bjarga því sem bjargað verður hvað það snertir að hann hafi ekki með beinum hætti brotið lög, þá er embættisfærslan sem slík svo ófagleg og óvönduð að það hálfa væri nóg.

Ef hæstv. ráðherra var þeirrar skoðunar að mikilvægast væri að styrkja Hæstarétt á sviði Evrópumála þá átti það auðvitað að liggja fyrir strax við auglýsinguna, svo maður tali ekki um þegar hæfni umsækjenda var metin og borin saman.

Þá hefði umsagnaraðilinn, þ.e. Hæstiréttur, lagt sérstakt mat á hver umsækjendanna væri hæfastur á því sviði. Allt þetta vantar þannig að þessi spilaborg hæstv. dómsmrh. hrynur ofan í hausinn á honum líkt og gerist með aðra þessa dagana.

[14:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í lögum um umboðsmann Alþingis segir um hlutverk hans:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti."

Um þetta sagði hæstv. ráðherra að það væri síðan þeirra mat — „okkar mat" eins og hann sagði — að meta hvort umboðsmaður Alþingis hefði forsendur fyrir niðurstöðu sinni.

Hæstv. forseti. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar meta málin og framkvæma vilja sinn. Lög má sniðganga og láta óátalið með aðgerðaleysi að lögum sé ekki framfylgt. Lögum er líka framfylgt gagnvart sumum en öðrum ekki, eins og dæmin sanna. Hæstv. dómsmrh. viðurkennir í engu mistök sín og hikar ekki við að verja vafasamar embættisveitingar þótt ríkið geti orðið skaðabótaskylt vegna starfa hans.

Ráðherra er ekki hafinn yfir lög og þar breytir engu hvort hann telur að menn hafi menntun í Evrópurétti og haldi að þeir hafi menntað sig í samkeppnisrétti. Valdhroki ráðherra er mikill, hann virðir ekki þjóð og þing.

Semjum reglur sem falla að vilja mínum. Þannig vill dómsmrh. stjórna og gerir það. Það voru mikil mistök hjá þjóð vorri að kjósa þessa hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr við völd, á síðastliðnu vori.

[14:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði að hér væri um pólitíska ábyrgð að ræða. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra og hann er í vondum málum í því samhengi. Við þingmenn vitum það, þjóðin veit það og ráðherrann veit það líka innst inni, þótt hann eigi erfitt með að viðurkenna það. Aðferðir hans og ákvarðanir við skipan hæstaréttardómara voru með þeim hætti að í raun velkist enginn í vafa um að Björn gerði rangt, gerði mistök, gekk á svig við jafnréttislög, gekk fram hjá hæfum umsækjendum og valdi samkvæmt geðþótta eða flokkspólitískum forsendum. Það er öllum ljóst.

Máttlausar en um leið hrokafullar tilraunir hans, hér og annars staðar, til varnar gjörðum sínum, raunar misgjörðum, í kjölfarið voru máttlausar og sumpart broslegar. Þær gerðu að sumu leyti illa gjörð verri og voru í besta falli kattarþvottur.

Umboðsmaður Alþingis, fræðimaður sem er virtur hér inni sem og meðal þjóðarinnar allrar, tók ráðherrann í kennslustund í lögfræði, stjórnsýslureglum og meðferð valds. Samt þrætir ráðherrann, mér liggur við að segja eins og sprúttsali sem gripinn er á vettvangi. Öllum sem fylgst hafa með eru málsatvik ljós. Þau er óþarfi að rekja hér að nýju. Ákvarðanir ráðherrans verða því miður ekki aftur teknar enda er það svo að nýr hæstaréttardómari, vafalaust ágætur maður sem ráðherrann skipaði og á ekki að gjalda þessa, er ekki sá seki í málinu heldur sá sem ákvörðunina tók, þessi maður hér, hæstv. ráðherra Björn Bjarnason.

Hvað skal til bragðs taka? Best væri auðvitað að koma núverandi ríkisstjórn frá í hvelli. Næstbesti kosturinn er sá að ráðherrann sýni annars vegar iðrun, biðjist afsökunar, og hins vegar yfirbót og lofi því að taka saman höndum við þingheim við að gera bragarbót á og gjörbreyta verklagi við skipan hæstaréttardómara. Hann gaf það til kynna í ræðu sinni og það er fagnaðarefni að hann er loksins farinn að sjá ljósið.

Að lokum þetta, frú forseti. Hæstv. ráðherra, ekki meir, ekki meir.

[14:19]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Hér hafa þungir dómar fallið og menn verið sakaðir um að brjóta lög. Máli sínu til stuðnings vísa hv. þingmenn til nýlegs álits umboðsmanns Alþingis. Ég verð að segja að ég hef ýmislegt við niðurstöður umboðsmanns að athuga enda tel ég að í áliti sínu hafi umboðsmaður komist að niðurstöðu á grundvelli sjónarmiða sem ekki er að finna í settum landsrétti.

Í áliti umboðsmanns er mikið lagt upp úr því að með lagabreytingu 1998 hafi áhrif Hæstaréttar á val dómara við réttinn verið aukin. Það hafi verið gert með því að útvíkka umsögn réttarins í að fjalla bæði um hæfi og hæfni umsækjenda og einnig því að ekki megi veita umsækjanda embætti ef í umsögn réttarins kemur fram það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum dómstólalaga til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Í því máli sem hér er til umræðu vill svo til að Hæstiréttur veitti umsögn samkvæmt lögunum og taldi alla umsækjendur uppfylla kröfur um hæfi og hæfni. Með þeim hætti hafði réttturinn öll þau auknu áhrif sem lögin kveða á um. Ég tel í besta falli undarlegt að umboðsmaður skuli nota þessa röksemd til að álykta sem svo að rétturinn eigi að hafa meiri áhrif á veitingu embætta við dóminn en felst í skýrum texta laganna. Það er sérkennilegt að telja brotið gegn rannsóknarreglu með því að leita ekki frekari gagna um þekkingu annarra umsækjenda á Evrópurétti fyrst ráðherra taldi þekkingu dómarans ráða úrslitum við veitingu embættisins. Virðist umboðsmaður m.a. gefa í skyn að ráðherra hefði borið að leita upplýsinga um þetta hjá umsækjendum sjálfum. Þetta fær ekki staðist. Hvergi í landslögum er að finna þá lagareglu sem styður það sjónarmið umboðsmanns að afla hefði þurft sérstakrar umsagnar Hæstaréttar um þýðingu þekkingar á Evrópurétti fyrst ráðherra vildi ganga út frá henni.

Að mínu mati er enginn vafi á því að ráðherra uppfyllti í málinu lagaskyldu sína til að leita álits Hæstaréttar áður en hann veitti embættið. Hann braut því ekki lög heldur fór hann eftir þeim. Ég vil taka fram að ég tel að taka beri álitið til skoðunar en ítreka að niðurstaða umboðsmanns er með þeim annmarka að hún byggir á sjónarmiðum sem ekki er að finna í settum lögum.

[14:21]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú embættisgjörð dómsmrh. sem hann hefur reynt að verja á hinu háa Alþingi gerir tvennt: Annars vegar brýtur hún gegn jafnræðisreglum og hins vegar gegn jafnréttissjónarmiðum, þ.e. reglur bæði um jafnræði og jafnrétti eru brotnar í þessari embættisfærslu dómsmrh.

Í sjálfu sér var málsvörn ráðherrans áðan ekki slæm. Það var allt í lagi með hana miðað við þá málsvörn sem við höfum heyrt frá þessum ágæta ráðherra hingað til. Í fyrsta lagi sagði ráðherrann, þegar hann skipaði í embættið á sínum

tíma í einhvers konar bernskri óskammfeilni, leyfi ég mér að segja, við fjölmiðla að hann hefði byggt á málefnalegum sjónarmiðum og ákvörðun hans væri yfir gagnrýni hafin, virðulegur forseti. Auðvitað var þessi ákvörðun ekki yfir gagnrýni hafin frekar en nokkur önnur ákvörðun sem stjórnvöld taka ef út í það er farið. En núna kemur hann aftur fram í bernskri óskammfeilni á heimasíðu sinni og segir, með leyfi forseta, að álit umboðsmanns hafi „að geyma lögfræðilegar vangaveltur, sem eru til leiðbeiningar um framtíðina, án þess að umboðsmaður hnekki niðurstöðu minni ...“ Bíðum við, hvaða vald hefur umboðsmaður til þess að hnekkja niðurstöðu ráðherrans? Hvert er vald umboðsmanns til þess?

Við höfum hlustað á málflutning stjórnarliða í þessu máli og hann einkennist af valdhroka og óskammfeilni. Hér hefur verið beitt geðþóttavaldi, ekki bara í þessu máli heldur í mörgum öðrum málum sem við höfum þurft að horfa upp á í þinginu og eigum eftir að horfa upp á á næstu dögum. Hvert sækja menn svo stuðning í þessum málum? Hvert sækja menn lögfræðilegan stuðning við það sem þeir eru að gera hérna? Í Jón Steinar Gunnlaugsson, leiðarahöfund Morgunblaðsins og Sigurð Kára Kristjánsson, þar er lögfræðilegi stuðningurinn.

[14:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar biðja gjarnan um meiri tíma til að kynna sér umfangsmikil plögg, helst nokkrar vikur. En eftir að hinn mikli doðrantur umboðsmanns Alþingis lá fyrir komu menn daginn eftir með stóra dóma um hæstv. dómsmrh. að honum fjarverandi, þótt að hann væri að koma heim frá útlöndum daginn eftir. Þá þurfti ekki að lesa. Þá þurfti ekkert að kynna sér. Þá var hægt að koma með stóra dóma og flenna þá yfir hæstv. dómsmrh. fjarstaddan.

En því miður. Nú er liðinn þessi tími. Það er augljóst í mínum huga að þeir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem talað hafa hafa enn ekki lesið þetta álit og láta stóryrðin fjúka. Það er afar athyglisvert að það skuli gerast með þessum hætti.

Hér er sérstaklega nefnt til sögunnar að hæstv. dómsmrh. hafi þurft að gera grein fyrir því fyrir fram, þegar hann liti yfir allar umsagnir og umsóknir, hvað mundi ráða niðurstöðu hans, hann yrði að gera ráð fyrir því fyrir fram og segja frá því fyrir fram. Bíddu, varð ekki Hæstiréttur að gera það fyrir fram við umsækjendur, að segja frá því að hann mundi aðallega leggja til grundvallar þekkingu á réttarfari? Gerði Hæstiréttur það? Eru menn að halda því fram að Hæstiréttur hafi brotið lög í þeim efnum? Hæstiréttur gerði það ekki. Síðan er sagt, af fákunnáttu, að hæstv. dómsmrh. hafi gefið skýringar eftir á. Út á hvað gengur stjórnsýslureglan? Stjórnsýslureglan gengur út á það að ef menn eru ekki ánægðir með niðurstöðu ráðherra, hver sem hann er, þá beri honum að gera grein fyrir því eftir á. Út á það gengur stjórnsýslureglan. Annaðhvort er þetta vísvitandi kjánaskapur sem hér kemur fram eða eitthvað sem kallað er bernsk óskammfeilni, sem ég veit ekki hvað er.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst málið versna jafnt og þétt eftir því sem fleiri reyna að hjálpast að í vörninni fyrir hæstv. dómsmrh. Ég bíð bara eftir því að sjálfur yfirvarnarstjóri, „fullback“ Einar K. Guðfinnsson, háttvirtur þingmaður komi í vörnina eins og oft vill bregða við þegar enginn annar fæst til þess. Þegar ríkisstjórnin er ber að fólskuverkum er oft enginn annar maður eftir í salnum sem leggst í vörnina en sá hv. þm. og hann á út af fyrir sig heiður skilinn fyrir þann kjark.

Mér finnst með ólíkindum hvernig reynt er að hreyta ónotum á víxl í umboðsmann Alþingis og jafnvel í Hæstarétt. Það er jafnvel látið að því liggja að Hæstiréttur viti ekkert hvað hann er að gera þegar hann fjallar um hæfi umsækjenda. Það gleymdist hins vegar að hreyta í úrskurðarnefnd kærunefnd jafnréttismála. Ég bendi mönnum á að láta það ekki henda sig að gleyma því að hreyta ónotum í hana líka. Auðvitað eru allir ómögulegir sem gagnrýna embættisfærslu hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar og hans nánustu aðstandenda í ríkisstjórninni.

Annars hefði, virðulegi forseti, verið fróðlegt að nota tímann til að ræða hvaða grundvallarbreytingar á að gera á þessu fyrirkomulagi. Það er bersýnilega ómögulegt að hafa þetta svona. Ég tel að tvennt þurfi að gera umfram allt annað til að koma þessum málum í skikkanlegt horf. Setja þarf á laggirnar óháða matsnefnd og reglurnar um hana yrðu þannig að það væri algerlega skýrt á hvaða forsendum beri að úrskurða um hæfi og bera saman umsækjendur. Það þarf að liggja fyrir fyrir fram og auðvitað á það að koma fram í auglýsingu þannig að allir viti að hverju þeir ganga þegar þeir sækja um. Sé ákveðið að styrkja réttinn á tilteknu sviði eða jafna hlut kynjanna ætti það að liggja fyrir.

Síðan á tillaga ráðherra um dómara að hljóta staðfestingu Alþingis. Það verður að gera þá breytingu á til þess að því linni að Hæstiréttur liggi stanslaust undir þessum ófriði sem framganga stjórnvalda hefur búið honum á undanförnum missirum. Það gengur ekki að það sé logandi ófriður um málefni Hæstaréttar eða að menn séu að blanda honum inn í hluti eins og öryrkjamálið forðum og annað í þeim dúr.

[14:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. leggst svo lágt að ásaka mig, sem málshefjanda, um að hafa ekki kynnt mér málið. Ég treysti mér til að láta hæstv. forsrh. prófa mig í þessu áliti og fá hærri einkunn en hann fékk á lögfræðiprófi.

Herra forseti. Það sem skiptir mestu máli er að menn læri af mistökum sínum. Ég verð að segja að ég met það við hæstv. dómsmrh. að hann segir þó að hann sé reiðubúinn til að skoða þær ábendingar sem umboðsmaður Alþingis setur fram. Þetta er allt annar Björn en var í fjölmiðlum um daginn og talaði um álit umboðsmanns eins og þar væri um ræða fræðilega vangaveltur júrista úti í bæ. Nú er hæstv. dómsmrh. að læra lexíuna og guð láti gott á vita.

Við í Samf. erum þeirrar skoðunar að það eigi að breyta reglum og lögum um skipan hæstaréttardómara þannig að það verði ekki dómsmrh. heldur forsrh. hverju sinni sem tilnefnir og síðan komi sú tilnefning til umfjöllunar og staðfestingar á Alþingi þar sem tveir þriðju alþingismanna þurfa að staðfesta hana. Við teljum að með því takist það sem hæstv. dómsmrh. hefur ekki tekist, að skapa frið og sátt um Hæstarétt. Það skiptir miklu máli að hæstv. ráðherrar séu ekki stöðugt að draga hann inn í pólitískt skak eins og þeir hafa gert.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er algerlega ósammála því þegar hæstv. ráðherra segir að hann hafi meira vit á því en Hæstiréttur hvers konar sérfræðiþekkingu réttinn skorti. Ég leyfi mér að vísa í álit umboðsmanns sem segir,

með leyfi forseta, „að Hæstiréttur hafi betri yfirsýn og þekkingu á breytilegum þörfum réttarins á hverjum tíma heldur en ráðherra." Auðvitað er það þannig. Hins vegar kemur líka fram í áliti umboðsmanns að fyrir utan Evrópuréttinn verði hæstv. ráðherra líka á mistök við að rannsaka annað sem varðar sérþekkingu á réttarfari.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi núna þegar hann fer til útlanda að taka álitið með sér og læra það utan að eins og ég. Svo skulum við sjá hvort við komumst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig eigi að breyta kerfinu.

[14:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég veit ekki til hvers hv. þm. vísaði, með að ég væri að fara til útlanda. Ég er ekki að fara þangað en ég skal lesa álitið. Ég hef lesið það, kynnt mér það og sagt álit mitt á því. Ég tel hins vegar að ég muni gera það betur. Ég hef fullan hug á því að upplýsa þingheim og aðra um skoðun mína á þessu áliti og gera það á þann veg að það sé líka skiljanlegt fyrir aðra en lögfræðinga. Margt af því sem hér hefur verið sagt finnst mér bera keim af því að menn hafi ekki þá þekkingu sem þarf að hafa til að bera til að skilja hvað í álitinu felst.

Varðandi það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, um nauðsyn þess að það kæmi fram í auglýsingu eftir hvaða sérþekkingu menn væru að leita þegar auglýst væri eftir hæstaréttardómara, þá tel ég að það sé algert stílbrot þegar litið er til þess hvernig menn hafa auglýst slíkar stöður. Ég tel að auglýsa eigi á þann veg að sem flestir sæki um og ekki eigi að þrengja umsækjendahópinn svo með ströngum kröfum að aðeins fámennur hópur sæki um heldur eigi þetta að vera almenn auglýsing og síðan eigi menn að sjálfsögðu eftir á, á grundvelli stjórnsýslureglna að ráða menn úr hópnum og rökstyðja það málefnalega, eins og ég hef gert í þessu efni.

Hitt er náttúrlega alveg fráleitt að ætla það, eins og ég vék að í máli mínu, að Hæstiréttur muni í svari til dómsmrh. viðurkenna að réttinn skorti sérþekkingu á einhverju sviði lögfræðinnar. Menn gera því skóna að skynsamlegt væri að leggja það á réttinn, fyrir utan það að leggja það á ráðherra eða hvern þann sem um ætti að spyrja, að spyrja réttinn: Er það svo með Hæstarétt að þekkingu skorti á þessu sviði lögfræðinnar innan Hæstaréttar? Hvernig búast menn við því að rétturinn geti brugðist við því á annan hátt en að segja að rétturinn ráði við öll svið lögfræðinnar og þurfi þess vegna ekki að spyrja hann slíkra spurninga. Ég held að rétturinn mundi taka það sem móðgun við sig ef leitað yrði til hans á þeim forsendum og gefið til kynna að ákveðna þekkingu skorti í réttinn.

Hitt er annað mál, að þegar menn taka ákvarðanir um að veita embætti þá þurfa þeir að hafa málefnalegar forsendur fyrir ákvörðunum sínum og það hafði ég í þessu máli.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá í utandagskrárumræðu.

[14:33]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég kem upp til að spyrjast aðeins fyrir um störf þingsins og framkvæmd á þessari utandagskrárumræðu sem hér fór fram. Það vakti sérstaka athygli mína að enginn framsóknarmaður tók þátt í umræðunni. Eins og lög gera ráð fyrir hefðu þeir getað sent tvo menn í umræðuna eins og aðrir þingflokkar. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort einhver mistök hafi átt sér stað og þeir hafi ekki komist að í þessari umræðu eða hvort þeir hafi einfaldlega ekki beðið um orðið.

[14:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti getur upplýst að allir fengu að tala sem um það báðu.

Útvarpslög og samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525, nál. 1618, brtt. 1619.

[14:34]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila sem taldir eru upp í nefndarálitinu, alls 45 einstaklinga sem komu fyrir nefndina fyrir hönd ýmissa hagsmunaaðila eða sem sérfræðingar.

Nefndin sendi frumvarpið út til umsagnar til fjölmargra aðila sem ekki var ástæða til að telja alla upp í nefndarálitinu. Ég hygg að þeir hafi skipt tugum og alls hafi verið um hátt í 80 aðila að ræða. Svör bárust frá fjölmörgum aðilum og eru þeir taldir upp í þskj. 1618. Af því má sjá að yfir 20 aðilar brugðust við beiðni nefndarinnar.

Ég sé ástæðu til þess að fara nákvæmlega yfir nefndarálitið því að í álitinu er farið allítarlega yfir helstu atriði sem deilt hefur verið um og hafa komið til umfjöllunar í tengslum við frv. sem hér liggur frammi.

Markmið frumvarpsins er að sporna við því að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hamli gegn æskilegri fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun og skapa þeim nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði til að geta haft jákvæð áhrif og veitt stjórnvöldum og atvinnulífi heilbrigt aðhald í nútímalýðræðisríki.

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í þágu stjórnarskrárvarins skoðana- og tjáningarfrelsis í landinu. Af því sprettur krafan um fjölbreytni í fjölmiðlun, þar á meðal eignarhaldi þeirra. Í niðurstöðu skýrslu sem liggur frumvarpi þessu til grundvallar kemur fram að veruleg samþjöppun hafi orðið á eignarhaldi fjölmiðla hér á landi og reyndar svo mikil að hún eigi sér fáar hliðstæður. Í frumvarpinu er á grundvelli þessarar niðurstöðu og með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins um eflingu fjölmiðlafjölbreytni lagt til að leitast verði við að hafa æskileg áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins með því að auka nokkuð við skilyrði fyrir því að geta fengið og haldið leyfi til að reka útvarp. Við val á þessari leið var m.a. haft í huga að beinar takmarkanir á eignarhaldi gætu á hinn bóginn falið í sér inngrip af því tagi sem stjórnarskrárvarin vernd eignarréttar og atvinnufrelsis reisir ákveðnar skorður við.

Við meðferð málsins í nefndinni hefur verið fjallað um hvort frumvarpið samrýmist mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Einkum hafa þrenn stjórnskipulega varin mannréttindi verið nefnd til sögunnar: Eignar- og atvinnuréttindi skv. 72. gr., tjáningarfrelsi skv. 73. gr. og atvinnufrelsi skv.

75. gr. stjórnarskrárinnar. Að sínu leyti hefur um grundvöll sömu réttinda verið vísað til ákvæða 10. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. jafnframt lög nr. 62/1994.

Atvinnufrelsi er verndað skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 13. gr. stjórnarskipunarlaga, með þeim fyrirvara að því megi setja skorður með lögum þegar almannahagsmunir krefjast. Samkvæmt hefðbundnum sjónarmiðum í stjórnskipunarrétti er viðtekið að skýra þennan fyrirvara svo að hann veiti löggjafanum verulegt svigrúm til að meta hvaða almannahagsmunir koma til greina í þessu skyni. Það er mat meiri hlutans að vernd lýðræðislegrar umræðu og fjölbreytni hennar séu á meðal þeirra hagsmuna sem augljóst er að löggjafanum sé heimilt að leggja slíkum takmörkunum til grundvallar. Í þessu sambandi má rifja upp að löggjafinn hefur áður talið sig hafa rúmar heimildir til þess að setja heimildum til reksturs ljósvakamiðla skorður. Í því tilliti er skemmst að minnast afnáms einkaréttar ríkisins þar að lútandi. Hann var afnuminn með lögum árið 1986 án þess að nein stjórnskipuleg krafa lægi því til grundvallar. Í dómi Hæstaréttar frá 1987, sem birtur er í dómasafni réttarins frá því ári á bls. 748 og áfram, var stjórnskipulegt gildi eldri útvarpslaga staðfest og þar með rúmar heimildir löggjafans til að setja því veigamiklar skorður hverjum sé heimill rekstur ljósvakamiðla. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar verið breytt með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995. Þær breytingar sem þá voru gerðar á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verða ekki taldar hafa falið í sér neina rýmkun á heimildum í þessu sambandi. Því stendur eftir sú ályktun meiri hlutans að ætla verði löggjafanum eðlilegt svigrúm til þess að bregðast við þeirri vá sem almannaheill stafar af óeðlilegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði hér á landi.

Meiri hlutinn telur á hinn bóginn standa veigameiri rök til að huga vel að því hvort ákvæði frumvarpsins kunni með einhverjum hætti að ganga á svig við fyrirmæli um tjáningarfrelsi í 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Svo sem fyrr getur hagaði lengst af þannig til að rekstur ljósvakamiðla var undirorpinn einkarétti ríkisins eða allt til ársins 1986. Á árinu 1987 gekk áðurnefndur dómur í Hæstarétti þar sem reyndi m.a. á það hvort umrætt fyrirkomulag eldri útvarpslaga bryti í bága við þágildandi tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Svo var ekki talið vera. Óumdeilt er að með 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 var tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar rýmkað frá því sem áður var. Ekki fæst þó séð að með stjórnarskrárbreytingunni hafi sérstaklega verið hugað að því að rýmka rétt til starfrækslu ljósvakamiðla. Í athugasemdum við 3. mgr. 11. gr. frumvarps þess er síðar varð að stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, sagði m.a. svo um heimildir fyrir því að setja tjáningarfrelsi skorður, með leyfi forseta:

„Með þessu er þó ekki fyllilega unnt að útiloka að tjáningarfrelsi geti sætt takmörkunum sem standi ekki fjarri mörkum ritskoðunar í fyrrnefndum skilningi. Þannig má benda á að í núgildandi lögum er mælt fyrir um að leyfi stjórnvalda þurfi til að hafa með höndum útsendingar í útvarpi eða sjónvarpi, en með áskilnaði í lögum um slíkt leyfi er á vissan hátt gert ráð fyrir að maður verði knúinn til að afla sér fyrir fram opinberrar heimildar til að mega tjá sig. Með réttu er þó ekki unnt að fella þetta undir tálmun á tjáningarfrelsi, sambærilega við ritskoðun, enda er ekki ætlast til að viðkomandi afli fyrir fram heimildar stjórnvalda til að mega láta tiltekin orð falla."

Þá er það óumdeilt að gildandi stjórnarskrárákvæði gengur lengra í vernd tjáningarfrelsis en samsvarandi ákvæði í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í 3. málsl. 1. mgr. þeirrar greinar er raunar sérstaklega tekið fram að tjáningarfrelsisvernd sáttmálans hindri ekki einstök ríki í því að gera útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum að starfa samkvæmt sérstöku leyfi. Í þessu sambandi má hafa í huga dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 24. nóvember 1993 þar sem látið var reyna á einkarétt austurríska ríkisins til reksturs útvarps. Þar taldi dómstóllinn ríkiseinokun á útvarpsrekstri ekki útilokaða ef til þess stæðu málefnaleg rök. Á hinn bóginn væri ríkiseinokun mest íþyngjandi af öllum þeim leiðum sem fara mætti til þess að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Þau rök voru þó ekki talin vera fyrir hendi í því máli. Allt að einu má draga þá ályktun af þessu máli að stjórnvöldum verða viðurkenndar afar rúmar heimildir til þess að tryggja málefnaleg markmið um fjölbreytni í fjölmiðlun, þar á meðal heimildir til að takmarka þau réttindi sem tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu er að öðru jöfnu ætlað að vernda. Í þessu ljósi miðar fyrirliggjandi frumvarp sannarlega að því að bregðast við óæskilegri þróun á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Þar hefur óumdeilanlega verið gríðarleg eignasamþjöppun sem til lengri tíma litið er líkleg til að grafa undan ákveðnum grundvallarstoðum lýðræðislegrar stjórnskipunar og skaða meginmarkmið lýðræðisþjóðfélags um fjölbreytni í fjölmiðlun, sbr. eindregnar niðurstöður þar að lútandi í skýrslu þeirri sem frumvarpið er byggt á.

Ljóst þykir að hin mjög svo sérstaka og raunar einstaka eignasamþjöppun sem orðið hefur á fjölmiðlamarkaði hér á landi á tiltölulega skömmum tíma heimilar stjórnvöldum að grípa til þeim mun veigameiri aðgerða til þess að snúa þeirri öfugþróun við. Að öllu þessu virtu verður að ætla að það sé í fullu samræmi við þær stjórnskipunarhefðir sem hér hafa skapast að ætla löggjafanum ríflegt svigrúm til þess að meta til hversu viðamikils inngrips skuli koma. Sé enn vísað til þeirrar óvenjulegu eignasamþjöppunar sem hér hefur sannarlega orðið er það samdóma álit meiri hlutans að í fyrirliggjandi frumvarpi sé sannarlega ekki lengra gengið en þörf er á til þess að ná því yfirlýsta og málefnalega markmiði sem að er stefnt.

Þá telur meiri hlutinn ástæðu til að benda sérstaklega á þá staðreynd að útvarpsleyfi hafa alltaf verið veitt tímabundið allt frá þeim grundvallarbreytingum sem gerðar voru með útvarpslögum, nr. 68/1985. Meiri hlutinn vísar því á bug að í þeirri tímabindingu felist ekki skýr takmörkun gagnvart þeim aðilum sem fengið hafa slíkum leyfum úthlutað. Engin efnisleg rök hafa verið færð fyrir því að þeir geti vænst þess að fá á ný úthlutað leyfi að óbreyttum lagaskilyrðum þegar eldra leyfi rennur út eða njóti með einhverjum hætti til þess lögvarins réttar. Að þessu athuguðu telur meiri hlutinn ekki vafa undirorpið að sú skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að ætla umsækjendum um útvarpsleyfi að undirgangast ný, breytt og eftir atvikum þrengri skilyrði um eignarhald eftir gildistöku laganna, fái að öllu leyti staðist þá vernd sem eignarréttarvörðum atvinnuréttindum er að öðru leyti búin af 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, sbr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Með tilliti til þeirrar verndar sem 72. gr. stjórnarskrárinnar

býr eignarréttindum þeirra aðila sem starfa samkvæmt gildandi útvarpsleyfum, þar með talið atvinnuréttindum þeirra, þykir eðlilegt að ætla þessum aðilum rúman aðlögunarfrest sem talið er eðlilegt að geti numið allt að tveimur árum. Þrátt fyrir þann ríflega aðlögunartíma sem frumvarpið gerir ráð fyrir þykir smæð fjölmiðlamarkaðar hér á landi og sérstakar aðstæður að öðru leyti ekki geta útilokað að umrædd breyting kunni að koma svo hart niður á einhverjum aðilum að þeir nái ekki að laga sig að breyttu lagaumhverfi á þessum tíma og bíði eftir atvikum af því fjárhagslegt tjón. Í því tilviki kann að koma til bótaskyldu íslenska ríkisins sem þá grundvallaðist beinlínis á fyrirmælum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar en dómafordæmi eru fyrir því að almennar takmarkanir eignarréttar geti í einstaka tilviki komið svo harkalega niður á tilteknum aðilum að bótaskylda sé viðurkennd. Á slíkt getur þó aldrei reynt fyrr en að liðnum þeim tíma sem frumvarpið ætlar til aðlögunar, enda hafi aðilar þá gripið til allra eðlilegra ráðstafana til ráðstöfunar eignarhlut sem ekki er í samræmi við ákvæði laganna eða leitast við að takmarka tjón sitt eins og kostur er.

Fram hafa komið sjónarmið um að frumvarpið kunni að stríða gegn skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Af þessu tilefni telur meiri hlutinn ástæðu til að benda á að á vettvangi Evrópusambandsins hefur farið fram nokkur umræða um eignarhald á fjölmiðlum með tilliti til kröfunnar um fjölmiðlafjölbreytni. Í desember 1992 gaf framkvæmdastjórn sambandsins út skýrslu um fjölbreytni og eignarhald á fjölmiðlum og í framhaldi af því samdi framkvæmdastjórnin árið 1996 drög að tilskipun sem miðaði að því að samræma reglur á þessu sviði. Ekkert samkomulag varð hins vegar um þessi drög og samkvæmt upplýsingum sem meiri hlutinn hefur aflað bendir ekkert til þess að svo verði í nánustu framtíð. Engar sameiginlegar reglur gilda því um eignarhald á fjölmiðlum í Evrópusambandinu — og þar með ekki á Evrópska efnahagssvæðinu heldur — og ekki heldur reglur sem með beinum hætti takmarka svigrúm aðildarríkjanna til að binda útvarpsleyfi skilyrðum sem lúta að eignarhaldi á þeim fyrirtækjum sem slík leyfi má veita.

Þessu til viðbótar er ástæða til að benda á að Evrópudómstóllinn hefur í nokkrum dómum vikið að álitaefnum um mörk tjáningarfrelsis og takmarkana á frelsi fjölmiðla. Dómstóllinn hefur m.a. tekið svo til orða, með leyfi forseta:

„Dómurinn telur, í ljósi 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að ríkir almannahagsmunir búi að baki kröfunni um fjölbreytni í hljóðvarpi og sjónvarpi sem réttlæti takmarkanir á fjórfrelsisreglunum. Ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmálans tryggir þannig ekki aðeins rétt fjölmiðla heldur felur einnig í sér skyldu til að tryggja fjölbreytni skoðana og menningar í þágu virks lýðræðis og frelsi til upplýsinga fyrir alla. Fjölbreytni er þannig grundvallarregla í evrópskri fjölmiðlastefnu."

Telja má víst að sömu sjónarmið verði lögð til grundvallar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins komi álitaefni af þessu tagi til kasta þessara stofnana. Í öllum þessum dómum er byggt á því, og þá er vísað til dóma í nefndarálitinu, að aðildarríki hafi svigrúm til að setja starfsemi fjölmiðla takmarkanir út frá kröfunni um pólitíska og menningarlega fjölbreytni.

Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að víkja hér að einstökum ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti en því sem hér fer á eftir. Í 1. málsl. a-liðar 1. gr. frumvarpsins segir að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Auk þeirra skýringa sem gefnar eru í athugasemdum við frumvarpið leggur meiri hlutinn áherslu á að hér sé átt við það að útvarpsrekstur skuli vera yfirlýstur megintilgangur fyrirtækis sem leitar eftir slíku leyfi, en til viðmiðunar í því sambandi má hafa að meira en 50% af starfsemi og rekstri fyrirtækisins sé helgað útvarpsrekstri, hvort sem litið er til veltu, umfangs starfsemi eða annars. Jafnframt má í tilviki hlutafélaga taka mið af skráðum tilgangi þeirra, sbr. ákvæði hlutafélagalaga þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali sem liggur frammi, þingskjali 1619. Ég ætla að fara yfir breytingartillögurnar sem eru í sex liðum:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að skipan útvarpsréttarnefndar verði breytt á þann hátt að í stað þess að Alþingi kjósi sjö menn í nefndina verði hún skipuð þremur mönnum, sem ráðherra skipar, þar af meiri hlutann samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að nefndin verði sjálfstæð og óháð í störfum sínum og að ákvarðanir hennar feli í sér fullnaðarúrlausn mála innan stjórnsýslunnar, sbr. 6. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Samhliða því sem auknar kröfur eru gerðar til eftirlits af hálfu nefndarinnar er lagt til að allir nefndarmenn og varamenn þeirra skuli uppfylla sams konar kröfur og gerðar eru til starfsgengis héraðsdómara í því skyni að tryggja enn frekar hlutlægni í störfum nefndarinnar.

2. Í öðru lagi er lagt til að takmörkun við að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem er í eigu markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu skuli aðeins taka til fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu sem veltir yfir tveimur milljörðum króna á ári, enda þykir einna helst ástæða til að takmarka heimildir markaðsráðandi fyrirtækja til að eiga hluti í fyrirtækjum í útvarpsrekstri ef saman fer töluverður fjárhagslegur styrkur og umsvif til viðbótar við hina markaðsráðandi stöðu. Þó er lagt til að þeim markaðsráðandi fyrirtækjum eða fyrirtækjasamstæðum sem takmörkunin tekur til sé heimiluð takmörkuð fjárfesting sem þó fari ekki yfir 5% af eign í fyrirtækinu. Telur meiri hlutinn að með þessum breytingum sé að fullu komið til móts við sjónarmið um meðalhóf við lagasetningu þessa.

3. Í þriðja lagi er lagt til að áréttað verði að takmörkun á því að sami aðili gefi út dagblað og sé í útvarpsrekstri taki berum orðum til þess ef umsækjandi um útvarpsleyfi er sjálfur útgefandi dagblaðs, jafnvel þótt takmörkun skv. 1. málsl. a-liðar 1. gr. ætti að leiða til sömu niðurstöðu. Þetta er fyrst og fremst til skýringar.

4. Í fjórða lagi er lagt til að hámarksfrestur sem útvarpsréttarnefnd getur veitt til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðum laganna verði lengdur úr 60 dögum í 120 daga, m.a. til að gefa lánastofnunum tækifæri til að losa sig við hlut í fjölmiðlafyrirtæki sem þær komast yfir með því að leysa til sín veð ef viðkomandi lánastofnun kynni að teljast markaðsráðandi fyrirtæki á einhverju sviði í skilningi laganna.

5. Í fimmta lagi er lagt til að tekið verði upp ákvæði er heimilar útvarpsleyfishafa að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um að eignarhlutur sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum laganna að mati útvarpsréttarnefndar skuli seldur. Gangi salan ekki eftir innan mánaðar er jafnframt lagt til að viðskiptaráðherra skuli þá gera ráðstafanir til að fela óháðu

verðbréfafyrirtæki að annast söluna. Hér er um að ræða sams konar fyrirkomulag og lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, gera ráð fyrir þegar fjárfestingar útlendinga í íslenskum atvinnurekstri fara í bága við ákvæði laganna. Þykir ákvæði af þessu tagi nauðsynlegt til að verjast því að óvinveittur aðili sem ekki uppfyllir skilyrði útvarpslaga kaupi sig inn í útvarpsfyrirtæki til þess eins að eyðileggja rekstrargrundvöll slíks fyrirtækis. Önnur tilvik mætti svo sem nefna sem bersýnilega mundu leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir leyfishafann en ekki er ástæða til að gera tæmandi talningu á öllum þeim tilvikum, enda er það í sjálfu sér ómögulegt. Komi til þess að viðskiptaráðherra feli verðbréfafyrirtæki að annast söluna skal það fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð. Þegar verðbréfafyrirtækið hefur selt eignarhlutinn er eigandi hans bundinn við söluna. Meðan þessu fer fram er eðlilegt að útvarpsréttarnefnd fresti afturköllun leyfis.

6. Í sjötta lagi er lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda þegar þau meta hvort fyrirtæki er í markaðsráðandi stöðu. Ljóst er að niðurstaða um þetta skiptir verulegu máli um heimildir viðkomandi fyrirtækis til að eignast hlut í fyrirtæki sem stundar útvarpsrekstur. Af þeim sökum er eðlilegt að fullkomið réttaröryggi sé tryggt, að rannsókn standist ýtrustu kröfur og andmælaréttar sé gætt, sem og möguleika til að fá um þetta endurskoðaða niðurstöðu fyrir óháðum og sérfróðum aðila á þessu sviði.

Bent hefur verið á að aðlögunartíminn sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir nýtist ekki að fullu þeim sem hafa útvarpsleyfi sem renna út á þessum tíma á sama hátt og öðrum. Í þágu jafnræðis í þessu tilliti er lagt til að gildistaka frumvarpsins verði færð fram sem þessu nemur eða til 1. júní 2006. Í samræmi við þessa breytingu er efnisákvæði bráðabirgðaákvæðisins flutt í gildistökuákvæðið að breyttu breytanda.

Þá leggur nefndin til að breytingar tæknilegs eðlis á ákvæðum 1. gr. frv. og til að skýra það nánar eru færðar inn í sérstakar málsgreinar það sem áður var tiltekið undir bókstafnum c og áfram í 1. gr.

Ég hef farið yfir nefndarálitið og ítrekað þau sjónarmið sem liggja brtt. nefndarinnar til grundvallar. Ég tel og ítreka það að með þessum brtt. er í veigamiklum atriðum og að verulegu leyti komið til móts við þau sjónarmið sem fram komu á fundum nefndarinnar. Eins og ég gat um áðan hefur nefndin fundað með fjölmörgum aðilum, fengið til sín fjölda sérfræðinga sem bæði hafa komið sérfræðiskoðun sinni á framfæri við nefndina skriflega og á löngum fundum nefndarinnar. Eins og þingheimur veit hefur verið fundað stíft í nefndinni undanfarna daga.

[14:56]

Útbýting þingskjals:

Útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1629.

[14:57]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, þá er þessi sögulega stund runnin upp þegar búið er að mæla fyrir þessu makalausa frv. ríkisstjórnarinnar sem sumir hafa gengið svo langt að kenna við fasisma. Ég ætla ekki að ganga svo langt í dag, virðulegi forseti, alls ekki. Mér leikur þó hugur á að vita hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni — og ég vil fá skýr svör og enga útúrsnúninga: Hvernig stendur á því að svona ofboðslega mikið lá á því að mæla fyrir frv. í dag? Af hverju gátum við ekki beðið til haustsins?

Enn og aftur, hv. þingmaður, ég bið um skýr svör og enga útúrsnúninga. Það kemur t.d. greinilega fram í ágætu nefndaráliti minni hluta allshn. sem var verið að dreifa að það er búið að hrauna yfir allt og alla til að reyna að koma þessu á dagskrá í dag. Enn og aftur bið ég um skýr svör: Af hverju lá svona mikið á?

[14:58]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að frv. til grundvallar liggur skýrsla sem unnin var af sérfræðingum og höfðu þeir verið við störf í marga mánuði áður en sérfræðigreinargerð þeirra kom fram. (**Gripið fram í:** Hve marga?) (Gripið fram í.)

Hér á þinginu hefur gefist tækifæri til að ræða niðurstöðu nefndarinnar en það er meginniðurstaða nefndarinnar að hér á landi sé komin upp afar óæskileg staða í fjölmiðlun, þ.e. að hér hafi átt sér stað meiri eignasamþjöppun en menn þekkja annars staðar og það er mat nefndarinnar að við þessu þurfi að bregðast. Nú þurfa menn að fara að taka pólitíska afstöðu í þessu máli og hætta að tala um málsmeðferðina. Það er kominn tími til að menn fari að taka afstöðu til þess hvort þeir ætli að bregðast við þessari stöðu eða ekki. (**Gripið fram í:** Er ekki allt í lagi ...?)

[14:59]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er með ólíkindum að hlusta á þetta. Enginn hefur skorast undan því að taka afstöðu í þessu máli, enginn. Enginn í stjórnarandstöðunni hefur skorast undan því. Allir í stjórnarandstöðunni hafa talað um að þessa hluti þurfi að skoða. Við höfum bara líka mælst til þess að við fáum góðan tíma.

Það er alveg rétt sem hv. þm. bendir á, fyrir liggur vönduð og ítarleg skýrsla, menn hafa verið sammála um það. Sú skýrsla gefur einmitt tilefni til að þessi mál verði rædd á málefnalegan hátt og að ekkert verði gert nema að vel ígrunduðu máli. Því miður er allt of margt sem bendir til þess að hér sé verið að fara fram með handvömm og fautaskap sem sennilega mun leiða til þess að ríkið verður skaðabótaskylt svo nemur hundruðum milljónum króna. Hér verður framið stórslys í sal hins háa Alþingis innan örfárra daga og það er ólíðandi.

[15:00]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma það að eftir framsögu mína þar sem ég fór ítarlega yfir þau sjónarmið sem liggja brtt. nefndarinnar til grundvallar komist þingmaðurinn að þeirri niðurstöðu að hér sé um handvömm að ræða. Ég tel einmitt að í nefndarálitinu sé farið ítarlega og nákvæmlega yfir öll þau atriði sem haft hefur verið á orði að þurfi að koma til skoðunar í tilefni af þessu frumvarpi, hvert og eitt einasta þeirra. Ég hins vegar sakna þess þegar hann kemur hér upp í tilefni af þessu stóra máli að hann skuli ekki með nokkrum hætti tjá sig um eitt einasta efnisatriði málsins. Ég ætla að vona að hann bæti úr því síðar í umræðunni í dag. (**Gripið fram í:** ... umræður.)

[15:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ein af brtt. nefndarinnar veldur mér heilabrotum, sú sem er um það að undanþegin frá þessu ákvæði um markaðsráðandi fyrirtæki verði þau fyrirtæki sem velta undir tveimur milljörðum. Það er fortakslaust sagt hér í lagatextanum:

„Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir." — Þetta þýðir að mínu viti að fyrirtæki sem á 25% í fjölmiðlafyrirtæki getur ekki átt meira en sem svarar veltu sinni plús veltu fjölmiðlafyrirtækisins. Þetta mundi þýða ef við værum að tala um Norðurljós að fyrirtæki sem væri með 600 millj. kr. veltu væri búið að sprengja þennan tveggja milljarða kr. skala sem nefndin kom sér upp. Ég spyr: Var þetta skoðað?

[15:02]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að þegar umsæknjandi um útvarpsleyfið leggur fram umsóknina og er að láta kanna það hvort hann uppfylli skilyrðið ætti hann ekki að vera orðinn eigandi að eignarhlutnum. Að sjálfsögðu lít ég svo á að útvarpsréttarnefnd muni ekki horfa til veltu þess fyrirtækis sem í hlut á, þ.e. fjölmiðlafyrirtækis sem um er að ræða. Það væri fráleitt að leiða þá ályktun af ákvæðinu að mínu áliti.

[15:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel þetta fáránlega skýringu. Ég held að það komi bara ekki til mála ef menn setja reglu af þessu tagi að þeir hugsi hana út frá því að fyrirtæki sem hefur keypt í fjölmiðlafyrirtæki og fer svo upp fyrir þessa tveggja milljarða kr. veltu sem um er að ræða geti haldið áfram útvarpsleyfinu. Á það bara að vera í upphafi, svo er allt í plati í framhaldinu? Hvað eru menn eiginlega að hugsa? Lágu menn ekki nógu lengi yfir þessu, eða hvað?

[15:03]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það færi hv. þingmanni betur að huga aðeins að því hver tilgangur laganna sé. Hver er tilgangur reglunnar sem hér er verið að setja? (Gripið fram í.) Hann er sannarlega ekki sá sem hv. þm. er að reyna að draga hér skýringar af eða reyna að halda fram að megi skýra greinina með. Sannarlega er tilgangurinn ekki sá. Ég segi hv. þingmanni: Lög skal skýra í samræmi við tilgang þeirra. Þetta er ekki tilgangurinn og þar af leiðandi er ekki hægt að komast að þessari niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekkert svar.)

[15:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka spurninguna: Hvað lá á? Mér finnst það ekki hafa komið fram í þessari umræðu. Ég er ekki einn um það. Mér hafa borist fjölmörg tölvuskeyti bara í morgun frá starfsfólki Norðurljósa. Hvað lá á?

Hv. þm. Bjarni Benediktsson talar um vá, lýðræðislega vá sem stafar af þessari samþjöppun. Ég hef ekki orðið var við hana. Að vísu hef ég lesið um hana. Ég hef lesið um hana í vefriti hæstv. dómsmrh. og heyrt af henni í orðum hæstv. forsrh. en ég vil fá nákvæmlega útskýrt hvaða vá um er að ræða. Ég óska eftir því að hv. þingmaður gefi hér greinargóð svör um það vegna þess að margir bíða eftir þeim svörum.

[15:05]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðan á íslenska fjölmiðlamarkaðnum er ítrekuð í greinargerð þeirri sem liggur frv. til grundvallar. Þar er m.a. komist að eftirfarandi niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði, að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar..."

Hvað telur þingmaðurinn að hefði verið eðlilegt að bíða í mörg ár eftir því að bregðast við þessum tilmælum nefndarinnar?

Ég tel og ítreka það sem ég sagði áðan að til grundvallar þessu frv. liggur bæði ítarleg greinargerð og vönduð vinna í nefndinni. Það hefur verið kallað eftir öllum þeim sjónarmiðum sem við eiga um þetta mál, þeim hefur verið mætt með brtt. og það er búið að gera grein fyrir þeim í nefndarálitinu. Á málinu þarf að taka og menn þurfa að gera það af alvöru og festu en ekki með því að klóra sér í hausnum og hugsa sig um í mörg ár.

[15:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki upp úr hv. þingmanni hver váin væri. Það er enginn að tala um að bíða í nokkur ár. Við höfum talið í stjórnarandstöðunni að það væri rétt að bíða í a.m.k. tvær vikur. Það hafa komið fram eins og hann taldi upp hér, hv. þm. Bjarni Benediktsson, alvarlegar athugasemdir við frv., að það bryti mögulega í bága við stjórnarskrána og við Evrópureglur. Finnst honum það léttvægt? Honum fannst það ekki á föstudaginn á fundi í nefndinni. Þá taldi hann rétt að hringja í og jafnvel spyrja þann sem hann starfaði í umboði fyrir í nefndinni.

Ég óska þess að hv. þingmaður svari því hvort hann starfi hér í umboði þjóðarinnar eða eingöngu í umboði hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

[15:08]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er það komið fram hjá hv. þingmanni að öll lætin eru út af því að ekki var beðið í tvær vikur enn. Orð hans verða ekki skilin á annan veg en að við hefðum átt að bíða í tvær vikur í viðbót. (**Gripið fram í:** ... það er ...) Ég hygg að það sé algjörlega óraunhæft af hv. þingmanni að ætla að með öllu verði skorið úr á þeim tíma þeim lögfræðilegu álitaefnum sem uppi eru í málinu. Ég tel hins vegar að við höfum tekið á hverju og einu þeirra í nefndarálitinu, ítarlega og rökstutt það. Nú er kominn tími til þess að þingmenn sem hér gera athugasemd við frv. taki þau atriði til skoðunar og fari inn í efnislega umræðu um málið.

[15:08]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að stjórnarmeirihlutinn ætti að fara varlega í að stæra sig af vönduðum vinnubrögðum. Hv. þm. Bjarni Benediktsson er ábyrgur fyrir þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð í allshn. og við erum að gagnrýna þau. Ég

get ekki skilið hvernig hv. þm. Bjarni Benediktsson getur séð það sem góð vinnubrögð að gefa umsagnaraðilum tvo daga, afgreiða málið sama dag og sérfræðingar í stjórnskipunarrétti mæta fyrir nefndina o.s.frv. Niðurstaðan verður slæmt mál.

Ég skil það ekki og mig langar að beina spurningu til hv. þm. Bjarna Benediktssonar: Af hverju hafnaði meiri hlutinn, bæði Framsfl. og Sjálfstfl., þeirri ósk stjórnarandstöðunnar að leitað yrði lögfræðiálits hjá óvilhöllum einstaklingum og stofnunum úti í bæ? Af hverju var því hafnað? Hvernig gat það bætt málið að keyra það í gegnum nefndina á einni viku? Núverandi ríkisstjórn hefur fengið dóm eftir dóm í hausinn vegna stjórnarskrárbrota. Það fer að verða svolítið þreytt að vísa í hvert skipti í einkunn Davíðs Oddssonar í lögfræðinni. Það hefur sýnt sig að það er vitagagnslaust. Ég vil fá skýr svör við því hvernig þessar ákvarðanir sem hv. þm., formaður allshn., reynir að réttlæta gátu bætt málið.

[15:10]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allshn. fékk á sinn fund, að ég hygg, 21 lögfræðing. Að vísu komu ekki allir fyrir nefndina sem sérfræðingar en fjölmargir aðilar komu fyrir hana sem slíkir. Einkum vorum við að funda með aðilum sem voru komnir til nefndarinnar til þess að taka á þeim lögfræðilegu álitaefnum sem við fjöllum um í nefndarálitinu. (**Gripið fram í:** Þeir eru allir á móti.) (**BH:** Allir á móti því.) Það er með öllu óþolandi að sitja undir því að þeir sem eru á móti frv. haldi því fram að allir sérfræðingar sem komu á fund nefndarinnar hafi fullyrt eitt eða annað. (Gripið fram í.) Það er bara rangt. Það er beinlínis rangt. (**MÁ:** ... Jón Steinar ...) Það komu fram sjónarmið um að einstök atriði í frv. kynnu að stangast á við eitt eða annað í stjórnarskrá, mannréttindasáttmálanum eða evrópskum reglum (**BH:** Af hverju var það þá ekki kannað?) og brtt. nefndarinnar miða sérstaklega að því að koma til móts við þær ábendingar. Það er staðreynd málsins.

[15:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Undantekningarlítið sögðu þeir lögfræðisérfræðingar sem komu fyrir allshn. að þetta frv. færi hugsanlega í bága bæði við stjórnarskrá og EES-samninginn. Meira að segja formaður fjölmiðlanefndarinnar, Davíð Þór Björgvinsson sagði fyrir framan nefndina að þetta frv. gengi lengra en skýrslan sem hann stóð fyrir. Svona endurskoðun tók fjögur á í Noregi, fjögur ár. Hér tökum við í þetta, hvað — fjórtán daga?

Mig langar að nýta tækifærið í seinni hluta andsvars míns til að spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson: Að hvaða leyti er þetta frv. viðbrögð við fréttaflutningi? Hvernig er hægt að skilja orð hæstv. félmrh.? Hann kemur upp í pontu, veifar blöðum og segir að þetta þurfi að stöðva. Hæstv. forsrh. kemur líka og talar um stríðsfyrirsagnir og bendir á að það nægi að líta á blöðin til að fá sannanir fyrir því að svona frv. þurfi. Að hvaða leyti tengist þetta tilgangi þessa frv.? Spyr sá sem ekki veit.

[15:12]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. tengist að engu leyti þeim atriðum sem hv. þm. vísar til, ekki með nokkru móti. Ég hygg að þeir sem gefa sér tíma til að fara yfir skýrsluna, í fyrsta lagi, og skoða þá umræðu sem þar kemur fram, þar sem öllum hliðum á þessum málum er velt fram og til baka, staðan í öðrum löndum skoðuð, farið yfir það hvaða úrræði koma til álita til að bregðast við þeirri stöðu sem allir stjórnmálaflokkar sem hér sitja eru sammála um að þurfi að bregðast við, verði einhvers vísari. Farið er yfir úrræðin sem koma til álita. Frv. rúmast innan þeirra tillagna sem nefndarmenn benda á, (Gripið fram í.) þeirra leiða sem nefndin bendir á. Að því leytinu til er ómögulegt annað en að komast að þeirri niðurstöðu að frv. sé unnið 100% á faglegum grunni. Það er ekkert annað sem vakir fyrir mönnum með þessari lagasetningu en að ná því markmiði sem er yfirlýst og fylgir með frv., þ.e. að bregðast við þeirri eignasamþjöppun sem hefur átt sér stað á fjölmiðlamarkaði. (**Gripið fram í:** Er Mörður ...?)

[15:13]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við upphaf þingfundar í dag fórum við hv. þm. Mörður Árnason sem erum fulltrúar í menntmn. fyrir hönd Samf. þess á leit við forseta þingsins og formann menntmn. að nefndin yrði þegar kölluð saman til að vinna að áliti sínu um frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndin kom í fyrsta sinn saman í gær þar sem henni var tilkynnt að óskað hefði verið eftir áliti frá allshn. um frv. frá nefndinni. Nefndin hefur ekki enn komið saman, hæstv. forseti, til að vinna að frv. eða fjalla um þann ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að vekja athygli hv. þingmanns á því að þetta lýtur ekki að fundarstjórn forseta á þessum fundi, heldur að störfum þingsins.)

Jú, ég ætla að óska eftir því að forseti kalli til formann nefndarinnar og að hann kalli nefndina þegar í stað saman þannig að hún geti farið að vinna að áliti sínu svo að hún geti skilað því og komið því að frv.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur hlýtt á þessa ósk hv. þingmanns en vill vekja athygli þingmanna á því að til er hér liður sem heitir störf þingsins og ber að taka upp í upphafi hvers fundar. Hér er annar liður sem um ræðir og lýtur að fundarstjórn forseta og tekur til annarra þátta. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns og annarra hv. þingmanna á því. Er það ekki ljóst?)

Ég þakka þá ábendingu, virðulegi forseti, og ítreka að ég er að ræða hérna um fundarstjórn forseta þar sem ég óska eftir því að ...

(**Forseti** (GÁS): Er henni ábótavant í einhverju?)

Nei, ég er að beina þeim tilmælum til forseta að hann kalli til formann menntmn. ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur þegar hlýtt á þessa ósk.)

Þá er henni komið til skila.

[15:16]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Virðulegur forseti. Það vekur óneitanlega athygli mína að sá sem mælti fyrir frv. við 1. umr., hæstv. forsrh., er ekki viðstaddur og óska ég eftir því við hæstv. forseta að hann kalli eftir því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur umræðuna. Ég tel að hann hefði gott af því að hlýða á þá umræðu sem hér fer fram.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun þegar beita sér fyrir því að hæstv. forsrh. fái að vita af þeirri ósk að viðveru hans sé óskað.)

Takk fyrir.

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta hv. allshn. en að áliti þessu standa auk mín hv. þm. Ingibjörg

Sólrún Gísladóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Sigurjón Þórðarson. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk þessu nefndaráliti.

Minni hlutinn leggur fram þá tillögu að málinu verði vísað frá eins og nánar verður greint frá síðar. Rökstyður minni hluti þá niðurstöðu sína með því að bæði efni og formi þessa frv. sé svo ábótavant að málið sé ótækt til afgreiðslu í þinginu. Það hefur fengið ótrúlega flýtimeðferð og ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir vanþóknun minni á þeim vinnubrögðum sem meiri hluti beitti í hv. allshn. Því miður hefur hæstv. forseti Alþingis ekki þann metnað til að bera fyrir hönd hins háa Alþingis að hann sjái ástæðu til þess að stöðva þann yfirgang sem meiri hlutinn hefur sýnt í þessu máli, yfirgang sem bitnar ekki aðeins á þinginu heldur á þjóðinni allri og þeim fjölmörgu aðilum sem eiga hlut að máli, hvort sem við erum þar að fjalla um fjölmiðlafyrirtækin sjálf eða þau mörgu hundruð starfsmanna sem búa við óvissu varðandi framtíð sína og störf sín.

Við meðferð hv. allshn. komu fram athugasemdir sem fela í sér alvarleg álitamál um það hvort frv. standist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og var þar einkum vísað til mannréttindaákvæða, atvinnufrelsis, tjáningarfrelsis, eignarréttarákvæðisins og jafnræðisreglu. Frv. felur í sér alvarlega íhlutun í fjölmiðlamarkaðinn. Það gengur mun lengra en nauðsynlegt er í lýðræðissamfélagi og brýtur því í bága við meðalhófsreglu íslenskra laga. Frv. gæti reynst samkeppnishamlandi í stað þess að tryggja samkeppni og dregið er úr aðgengi fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni og nýrra aðila að markaðnum. Frv. virðist beint gegn einni tiltekinni sjónvarpsstöð þrátt fyrir að orðalag þess sé klætt í almennan búning.

Minni hlutinn gerir auk þeirra efnisatriða sem hér hafa verið nefnd alvarlegar athugasemdir við meðferð málsins en þar hefur ekki verið litið til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum, einkum reglna um staðfesturétt, þjónustufrelsi, fjármagnsflutninga og reglna um lögfræðilega vissu og bann við afturvirkni. Ekki hefur verið tekið tillit til mannréttindasáttmála Evrópu eða samnings SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Ekki hefur verið gefið svigrúm fyrir efh.- og viðskn. Alþingis og menntmn. til að ljúka athugun sinni á málinu samkvæmt beiðni allshn. og ekki hefur verið gefinn nægilegur tími fyrir umsagnaraðila til að senda nefndinni umsagnir um málið. Engin heildarskoðun hefur farið fram á heildarumhverfi fjölmiðlunar og dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis eða áhrifum frv. á rekstrarumhverfi starfandi fjölmiðla. Ekkert mat hefur farið fram á því hvort og þá hvernig frv. getur náð uppgefnu markmiði *sínu, þ.e. að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði.* Sterk rök hafa komið fram um hið öndverða, þ.e. verði það að lögum muni draga úr fjármagni til innlendrar dagskrárgerðar sem getur haft neikvæð áhrif á íslenska menningu og fjölbreytni í fjölmiðlum.

Ekki hefur komið fram nægilegur rökstuðningur um nauðsyn þess að breyta lögum í þá veru sem frv. gerir ráð fyrir þrátt fyrir að ljóst sé að það muni hafa í för með sér verulega íþyngjandi áhrif á fyrirtæki og einstaklinga. Ekki hefur gefist tóm til að ræða efni og áhrif brtt. sem meiri hlutinn lagði fram eða verið gefinn kostur á að leita umsagna um þær. Örskammur umsagnarfrestur og óhófleg áhersla meiri hlutans á flýtimeðferð málsins í nefndinni hefur falið í sér óvirðingu gagnvart þingi og þjóð og komið í veg fyrir lýðræðislega umræðu í þjóðfélaginu.

Breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram af hálfu meiri hluta allshn. eyða ekki þeirri óvissu sem ríkir um fram komin álitamál.

Hæstv. forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að málsmeðferðinni. Hinn 19. desember sl. skipaði hæstv. menntamálaráðherra nefnd til að kanna hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndin skyldi skila ráðherra skýrslu 1. mars 2004 en skýrslugerðin dróst fram í apríl enda kom í ljós að málið var gríðarlega umfangsmikið. Skýrslu nefndarinnar var beðið með nokkurri eftirvæntingu en þegar hún var tilbúin í byrjun apríl var hún ekki gerð opinber — ég vek athygli á því að við erum að fjalla um umhverfi fjölmiðla, sjálft tjáningarfrelsið — og henni var haldið leyndri fyrir Alþingi í tvær vikur. Skýrslan var fyrst gerð opinber samhliða því að forsætisráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum þann 28. apríl sl.

Strax á þessu stigi málsins gera meiri hlutinn og ríkisstjórnin alvarleg mistök í málsmeðferðinni. Í stað þess að gefa kost á því að skýrsla fjölmiðlanefndarinnar og þær fjölmörgu tillögur sem þar eru reifaðar fengju ítarlega umfjöllun í samfélaginu kaus ríkisstjórnin að leggja fram tilbúið frv. samhliða skýrslunni. Öll athygli hefur síðan beinst að því óvandaða frv. sem ríkisstjórnin hafði með fljótaskrift samið í stað þess að skoða aðra kosti sem fjölmiðlanefndin leggur til og ríkisstjórnin til að mynda kýs að gera ekki að umtalsefni í frv. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, af því að hv. formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, vísar ætíð í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar til rökstuðnings frv. að ekki er hægt að rökstyðja efni frv. að öllu leyti með þeirri skýrslu, einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin kýs að taka einn tiltekinn punkt út úr skýrslu fjölmiðlanefndarinnar og fara með hann eins og henni sýnist. Það er óhæfa, virðulegur forseti, af ríkisstjórninni að nota síðan rökstuðning fjölmiðlanefndarinnar, sem leggur fram fjölmargar og breytilegar tillögur á sitt borð, fyrir þeim óskapnaði sem þetta frv. er.

Ég ítreka líka það sem kom fram í máli höfunda fjölmiðlanefndarinnar sjálfrar þegar þeir komu fyrir nefndina. Þeir lýstu því yfir að þeir hefðu talið eðlilegt að skýrslan hefði fengið meiri umfjöllun áður en frv. var birt og byggt á henni. Þeir lýstu því líka yfir sem hafði verið haldið fram í umræðunni að frv. gengi lengra en skýrslan í ýmsum efnum. Ég ítreka það, virðulegur forseti, að ríkisstjórnin verður að gjöra svo vel að rökstyðja þetta frv. með sínum orðum í greinargerð. Það hefur henni ekki tekist og hafa komið fram alvarlegar athugasemdir um þann þátt, m.a. hjá prófessorum í stjórnskipunarrétti.

Fyrsta umræða um málið fór fram í þinginu þann 3. maí og var málinu vísað til allshn. daginn eftir. Samkvæmt venju var málið sent til umsagnar fjölmargra aðila en frestur var nánast enginn. Svo mikið lá á, virðulegur forseti, og enn hafa ekki komið fram svör við því af hverju þessi ósköp hafi legið á. Hvað er það annað en mannorð ríkisstjórnarinnar sem kallar á að þetta frv. fái ekki meira pláss í umræðunni í þjóðfélaginu í dag? Það er ekkert annað, virðulegi forseti. Ríkisstjórnin gerir sér fulla grein fyrir því að frv. þolir ekki dagsljós umræðunnar deginum lengur. Það skal klárast hér og afgreitt á sem allra mestum hraða.

Umsagnaraðilum voru gefnir tæpir tveir sólarhringar til að gefa umsögn, virðulegur forseti. Þetta er dónaskapur við fólk sem er beðið um að koma og tjá sig um jafnviðamikið

frv. Þótt það feli ekki í sér mörg ákvæði er það viðamikið og hefur mikil áhrif. Þetta er dónaskapur,virðulegur forseti.

Nefndinni bárust um 30 umsagnir og erindi um málið en fram kom í mörgum þeirra að umsagnaraðilar töldu sig ekki geta tekið efnislega afstöðu til þess með svo skömmum fyrirvara, og láir þeim enginn, málið er flókið og skýrsla fjölmiðlanefndarinnar sem fylgdi frv. er ein og sér 100 síður sem sífellt er verið að vísa í í umræðunni.

Nefndin kallaði fyrir sig fjölmarga sérfræðinga og hagsmunaaðila til að ræða efni frv. Vöruðu þeir nánast allir við því, virðulegur forseti — ég ítreka þetta og það er nokkuð sem hv. þm. og formaður allshn., Bjarni Benediktsson, verður að horfast í augu við og er skjalfest í gögnum nefndarinnar — sérfræðingarnir á sviði lögfræði, að Alþingi lögfesti frv. Flestir umsagnaraðilar töldu verulegar líkur á að þetta bryti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, grundvallarreglur EES-samningsins og þjóðréttarskuldbindingar Íslands, m.a. ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi.

Virðulegur forseti. Það var einmitt af þessum sökum, af þessu gefna tilefni, sem minni hlutinn í nefndinni fór fram á það, formlega, að aflað yrði lögfræðilegra álitsgerða frá Lagastofnun Háskóla Íslands og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík til að hægt yrði að fá hlutlægt mat á þær alvarlegu athugasemdir sem fram voru komnar. Hæstv. forseti. Hver og einn einasti nefndarmaður í meiri hlutanum, allir með tölu, hv. þm. meiri hlutans í allshn., hafnaði því að ástæða væri til að leita álits þessara óvilhöllu aðila. Síðan var málið keyrt áfram með hraði þrátt fyrir þau varnaðarorð sem fjölmargir sérfræðingar í stjórnskipunarrétti og Evrópurétti höfðu uppi.

Virðulegur forseti. Með fullri virðingu fyrir lögfræðikunnáttu þeirra hv. þm. meiri hlutans sem sitja í allshn. þingsins er það algjör vanvirða við stjórnarskrá lýðveldisins og við þann eiðstaf sem þingmenn hafa unnið gagnvart stjórnarskránni að svona alvarlegar athugasemdir skuli koma fram frá nánast öllum þeim sérfróðu á sviði stjórnskipunarréttar sem komu fyrir nefndina og meiri hlutinn ákveði í einhvers konar hálfkæringi að hann einn viti best, hann skuli bara leggja mat á þetta sjálfur. Þetta gengur ekki, virðulegur forseti, og ég minnist þess ekki áður að hafa fylgst með meðferð frv. í þinginu sem hefur fengið jafnmargar athugasemdir og alvarlegar athugasemdir um að það brjóti hugsanlega gegn stjórnarskrá og ekki einu sinni sé leitað eftir áliti óvilhallra aðila þar um. Ég fordæmi þessi vinnubrögð, virðulegur forseti.

Nefndin fékk síðan eina viku, eða vart eina viku, til að fara yfir málið og ég kalla enn og aftur eftir ástæðunni fyrir þessum mikla flýti. Þau einu rök sem ég hef heyrt hv. stjórnarliða hafa í frammi eru þau að með þessu sé verið að sýna starfsmönnum Norðurljósa og fyrirtækinu sjálfu tillitssemi, best sé að þetta gangi í gegn sem fyrst þannig að menn viti rétt sinn.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegur forseti, að nú hefur verið gert ráð fyrir því að gildistaka frv. sé ekki fyrr en eftir tvö ár og ég hlýt að spyrja enn: Hver eru rökin fyrir því að keyra þetta mál áfram? Starfsmenn Norðurljósa hafa ekki kallað eftir þessu frv. Þeir hafa ekki kallað eftir þeirri flýtimeðferð sem hér er höfð á málinu og ekki heldur forsvarsmenn fyrirtækisins. Það er fyrirsláttur af hálfu ríkisstjórnarinnar að nefna þetta til sögunnar.

Það er líka einsdæmi að mínu mati í sögu þessa þings, virðulegur forseti, að fagnefnd vísi máli til annarrar nefndar til umsagnar en liggi svo mikið á að klára málið frá nefndinni að ekki reynist hægt að bíða eftir áliti þessara nefnda. Enn er staðan sú að tvær nefndir þingsins eru formlega með málið á dagskrá sinni, efh.- og viðskn. og menntmn. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég held að slík vinnubrögð hljóti að vera einsdæmi í sögu Alþingis og ef eitthvað hefði mátt vera, virðulegi forseti, hefði kannski verið eðlilegt að t.d. samgn. þingsins, sem á að sjá um fjarskiptamál á Alþingi, hefði líka fengið málið til umsagnar. Fram komu fjölmörg álitaefni sem varða fjarskiptamarkaðinn sem ekki er tekið tillit til í frv.

Virðulegi forseti. Eitt af því sem minni hlutinn nefnir til sögunnar og telur neikvætt í þessu frv. er hversu sértækt gildissvið þess er. Íslenskur markaður er mjög lítill sem hefur í för með sér ákveðnar takmarkanir fyrir rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu. Rekstrarafkoma fyrirtækja í fjölmiðlum hefur með örfáum undantekningum verið óviðunandi, hvort sem litið er til ljósvakamiðla eða prentmiðla. Til að unnt sé að framleiða innlent dagskrárefni og halda uppi öflugum fréttaflutningi er fjölmiðlum nauðsynlegt að hafa trausta fjárhagslega bakhjarla. Hingað til hafa þeir ekki verið á hverju strái. Verði frv. að lögum er hætta á að aðgangur fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni verði takmarkaður verulega.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því, enda tel ég það algert lágmark fyrir þessa umræðu, að hv. formaður allshn. sé til svara og til að hlusta á þær umræður sem hér fara fram. Ég vek athygli á því að enn hefur hæstv. forsrh. ekki birst í salnum og reyndar virðist enginn hæstv. ráðherra sjá ástæðu til að sitja hér og hlýða á þessar umræður. Er það til vitnis um það á hvern hátt meiri hlutinn lítur á umræðuna og málið sem hér er verið að ræða?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill upplýsa að þegar hefur verið komið boðum til hæstv. forsrh. hvað varðar beiðni hv. þm. Einnig vill hann geta þess að tveir hæstv. ráðherrar eru í húsinu þ.e. hæstv. menntmrh. og hæstv. viðskrh. Er óskað eftir viðveru þeirra á fundinum?)

Virðulegi forseti. Ég óska eftir, eins og ég hef áður gert, að hæstv. forsrh. sé hér og fylgist með þessari umræðu. Ég þakka fyrir að forseti hafi kallað eftir nærveru hans en ég óska líka eftir því, virðulegi forseti, að formaður hv. allshn. sitji hér og hlýði á umræðurnar, annars er mjög erfitt að eiga við hann rökræðu um málið. Ég sé að hann er kominn í salinn. Ég tel það grundvöll þess að við getum tekist málefnalega á um þetta mál.

Í tengslum við vinnslu frv. hefur ríkisstjórnin ekki látið fara fram skoðun á samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðlafyrirtækja. Ekkert hefur verið fjallað um stóra hluta sjónvarpsmarkaðarins, svo sem útsendingar um breiðband, gegnum tölvur, ljósleiðara, gervihnetti og fleira. Þessi tækni er í mjög örri þróun og mun hafa veruleg áhrif á dreifingu sjónvarpsefnis í framtíðinni. Eins og staðan er í dag er ekki skortur á leiðum til að dreifa sjónvarpsefni á Íslandi. Hins vegar er takmörkuð framleiðsla á slíku efni í landinu. Ég hlýt að spyrja hv. formann allshn. hvers vegna ekki hafi verið litið til þess þáttar frv. og hvort meiri hlutinn hafi virkilega engar áhyggjur af þeirri þróun. Er það virkilega eðlilegt að taka fyrir lítinn hluta, sem er ljósvakamarkaðurinn, en horfa fram hjá þeirri tækniþróun sem á sér stað á þessu sviði og taka á engan hátt tillit til þess í frv.? Þetta er verulega stór ágalli á frv., reyndar einn af fjölmörgum, hæstv. forseti.

Áður hefur verið nefnt að þetta frv. virðist klæðskerasaumað utan um eitt fyrirtæki á markaðnum. Þrátt fyrir að frv. sé almennt orðað er ljóst að efnisákvæðum þess er eingöngu beint að einum aðila, Norðurljósum hf. Þetta hlýtur að orka tvímælis, ekki síst í ljósi þess að í umræðum um málið hefur ítrekað komið fram að markmið ríkisstjórnarinnar með lagasetningunni er ekki að setja almennar reglur um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum heldur að koma böndum á eignarhald tiltekinna aðila á ljósvakamarkaðinum og stöðva umræðu í fjölmiðlum sem m.a. fól í sér gagnrýni á ríkisstjórnina. Þetta mátti hvað gleggst sjá við umræðu um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar þegar hæstv. félmrh. veifaði tilteknu blaði og lýsti yfir andúð sinni á fréttaflutningi þess. Ekki var hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að það væri krafa hans að svona fréttaflutning ætti að stöðva.

Sama má segja um ósmekkleg ummæli hæstv. dómsmrh. sem kallar þá fjölmiðla, sem þetta frv. einhverra hluta vegna nær einnig til, aldrei annað en Baugstíðindi. Það felur í sér ótrúlega vanþóknun á þeim hundruðum starfsmanna sem hjá þessum fjölmiðlum starfa, virðulegur forseti. Eru þá ónefnd fjölmörg ummæli hæstv. forsrh. um fréttaflutning sömu miðla.

Virðulegur forseti. Hver sem hæstv. ríkisstjórn segir að séu markmiðin í þessu frv. og hvað sem hv. formaður allshn. segir um þau markmið, sem að hans mati eru göfug, þá vill svo til að í skugga áðurnefndra ummæla er þetta frv. lagt fram, í skugga ummæla ráðherra og aðdraganda málsins. Hjá því verður ekki vikist við meðferð þessa máls að skoða þennan aðdraganda, virðulegur forseti. Svona markmið felur einfaldlega í sér kröfur um ritskoðun af hálfu stjórnvalda sem samrýmist engan veginn lýðræðislegum stjórnarháttum á seinni tímum, virðulegi forseti.

Það hefur mikið verið fjallað um tilmæli Evrópuráðsins í þessari umræðu. Það vekur athygli í greinargerð með frv., í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar og áliti meiri hluta allshn., að ofuráhersla er skyndilega lögð á tilmæli Evrópuráðsins. Í þessu tiltekna tilviki tilmæli ráðsins frá 1999, um fjölbreytni í fjölmiðlun. Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ágætur grunnur til upplýstrar umræðu um framtíðarskipulag fjölmiðlamarkaðarins á Íslandi en þau eru ekki skuldbindandi að þjóðarrétti sem slík þótt stjórnvöldum sé falið að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra.

Í samþykktum Evrópuráðsins felast leiðbeiningar til aðildarríkja ráðsins um það hvernig tryggja megi fjölbreytni í fjölmiðlun. Það er hins vegar misskilningur sem fram hefur komið, hvað eftir annað í máli fjölmargra stjórnarliða, að með tilmælum Evrópuráðsins takist íslenska ríkið á hendur þjóðréttarlegar skuldbindingar. Tilmæli Evrópuráðsins um fjölmiðla eru hluti af heildstæðu ferli sem hefur staðið yfir hjá Evrópuráðinu í meira en áratug og m.a. leitt af sér fjölmargar ábendingar um það á hvern hátt megi tryggja gagnsæi, fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlun. Þessa þróun hafa íslensk stjórnvöld látið sig engu varða hingað til. Það hljómar því óneitanlega hjákátlega, hæstv. forseti, að heyra ráðherra skyndilega tjá sig um þjóðréttarlegar skyldur í þessu sambandi.

Í grein sem Páll Þórhallsson, lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins, skrifaði í Morgunblaðið 2. maí síðastliðnum kemur fram gagnrýni á túlkun ríkisstjórnarinnar á tilmælum Evrópuráðsins. Þar vekur hann athygli á vissum annmörkum á íslenskum fjölmiðlamarkaði sem lúta einkum að því að Ríkisútvarpið sé enn ekki nógu sjálfstætt og stýring og eftirlit með handhöfum útvarpsleyfa sé í lágmarki. Af þessu hefur hæstv. ríkisstjórn, hvorki Framsfl., að því er virðist, né Sjálfstfl., ekki nokkrar einustu áhyggjur þrátt fyrir tilmæli Evrópuráðsins.

Sjálfstfl. finnst allt í lagi, væntanlega þá Framsfl. líka sem er yfirleitt sammála Sjálfstfl., að hjá þeim fjölmiðli sem þeim hefur verið treyst fyrir, Ríkisútvarpinu, standi í brúnni tómir sjálfstæðismenn. Það er allt í lagi að útvarpsstjóri sé sjálfstæðismaður, virkur í pólitík til margra ára. Það er allt í lagi að formaður útvarpsráðs sé sjálfstæðismaður. Það er allt í lagi að formaður útvarpsréttarnefndar sé jafnframt framkvæmdastjóri Sjálfstfl. Ég hlýt að spyrja ríkisstjórnina og hv. formann allshn., úr því að hæstv. forsrh. sér sér ekki fært að vera viðstaddur þessa umræðu: Hefur Sjálfstfl. og ríkisstjórnin engar áhyggjur af sjálfstæði starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu fyrst málum er þannig háttað þar á bæ?

Virðulegur forseti. Hvar eru okkar þjóðréttarlegu skuldbindingar gagnvart Evrópuráðinu þegar kemur að sjálfstæðu Ríkisútvarpi, þar sem pólitískt útvarpsráð fjallar enn um umsóknir fréttamanna um tilteknar stöður. Það þykir ekki góð latína hjá Evrópuráðinu, a.m.k. ekki að mati Páls Þórhallssonar. Ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti: Hvar eru áhyggjur sjálfstæðismanna af þessum þætti málsins? Ég ítreka að í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar, sem er orðin biblía ríkisstjórnarinnar í þessum málum, er lögð á það áhersla númer eitt, tvö og þrjú, að efla Ríkisútvarpið og gera m.a. sjálfstætt frá stjórnvöldum, eins og Evrópuráðið hefur lagt til í tilmælum sínum.

Ég sný mér þá aftur að grein Páls Þórhallssonar. Hann segir í grein sinni, virðulegur forseti — hér talar sérfræðingur á sviði tilmæla Evrópuráðsins um fjölmiðla — að samþjöppun eignarhalds veki athygli en mæti samt skilningi enda þurfi *verulega fjármuni til að reka alhliða sjónvarpsstöð.* Tekið er undir það sjónarmið, í grein Páls Þórhallssonar, að þegar ríkið herðir mjög skilyrði fyrir útgáfu útvarpsleyfa verði að rökstyðja hvers vegna aðrar og vægari leiðir hafa ekki verið færar til að ná sömu markmiðum. Það hefur ríkisstjórninni ekki tekist að rökstyðja, virðulegi forseti.

Sem dæmi um vægari úrræði sem grípa mætti til má nefna að beita má ákvæðum gildandi samkeppnislaga eins og Samkeppnisstofnun og fleiri hafa bent á hjá hv. allshn. Eins kemur til álita að gera breytingar á þeim lögum til að gera þau að virkara tæki í þessu skyni ef þau duga ekki eins og þau líta út í dag. Þetta er ekki skoðað, virðulegur forseti, en væri þó óneitanlega mildara úrræði sem að einhverju leyti mundi ná því markmiði að auka fjölbreytni í eignarhaldi í fjölmiðlun og koma í veg fyrir fákeppni og samþjöppun á þeim markaði.

Ástæða er til að vekja athygli á því að frv. tekur á engan hátt á því að tryggja gagnsæi í eignarhaldi eða stuðla að ritstjórnarlegu sjálfstæði. Það er þó brýnt úrlausnarefni sem Evrópuráðið hefur haft til umfjöllunar miklu lengur en þær tillögur sem hæstv. ríkisstjórn byggir á. Þær eru reyndar líka nefndar til sögunnar sem mikilvæg forsenda fyrir fjölbreytni í fjölmiðlun í tilmælum Evrópuráðsins frá árinu 1999.

Virðulegur forseti. Það hefur mikið verið vikið að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands í tengslum við umræðu um þetta mál í hv. allshn. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég undrast hve mikill kuldi er í meiri hlutanum gagnvart því að afgreiða málið með þessum hætti, án þess að fá álit óvilhallra aðila, sérstaklega í ljósi þess að þeir ágætu nefndarmenn sem í allshn. sitja eru í miklum meiri hluta lögfræðilega mennt-

aðir. Þeir ættu því fremur að gera sér grein fyrir því hversu mikið getur verið í húfi og hve alvarlegt mál getur verið á ferðinni ef þær athugasemdir eru réttar sem hafa komið fram á fundum nefndarinnar.

Fjölmargir sérfræðingar í stjórnskipunarrétti komu fyrir nefndina og bentu á að efni frv. væri sértækt, íþyngjandi og afturvirkt. Þeir töldu að það mundi væntanlega brjóta fjölmörg ákvæði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef það yrði að lögum. Í umsögnum kom fram að efni frv. væri andstætt meðalhófsreglu, þ.e. að ekki skuli gengið lengra í að skerða stjórnarskrárvarin réttindi með lagasetningu en nauðsynlegt er til að ná lögmætu markmiði. Minni hlutinn bendir á að markmið frv. sé þar að auki mjög óljóst og ekki verði ráðið af greinargerð með frv. hvað fyrir löggjafanum vakir með lagasetningunni. Þetta er atriði, virðulegur forseti, sem prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, Björg Thorarensen, vakti athygli á hjá hv. allshn. Það var reyndar á sama tíma og meiri hlutinn sat með breytingartillögur og nefndarálit í vösum sínum, nánast tilbúin til dreifingar.

Björg Thorarensen og fleiri sérfræðingar í stjórnskipunarrétti voru fengin til að leggja mat á frv. án þess að fyrir þeim væru kynntar þær breytingartillögur sem meiri hlutinn hafði í vasanum. Þetta eru ólíðandi vinnubrögð og ekki boðlegt við þá gesti sem koma fyrir nefndina og eru, virðulegur forseti, að eyða í það dýrmætum tíma sínum til að gefa sérfræðileg álit um jafnviðamikið efni og stjórnarskrá Íslands er gagnvart löggjöf. Björg Thorarensen sagði á þessum tíma að það væri ekki nægilega skýrt í rökstuðningi í greinargerð með frv., í fyrsta lagi hvað fyrir löggjafanum hefði vakað með þessari lagasetningu og í öðru lagi hvers vegna sú leið hafi verið farin sem lögð er til í frv. Þetta taldi hún ekki nægilega rökstutt og þetta sagði hún að mundi koma til skoðunar hjá Hæstarétti ef málið færi þangað, yrði því stefnt þangað fyrir brot á stjórnarskrá eða ríkisstjórninni öllu heldur.

Virðulegur forseti. Það er sama hvað hv. þm. og formaður allshn., Bjarni Benediktsson, segir um álit þeirra fjölmörgu sérfræðinga sem tjáðu sig um þetta frv. fyrir nefndinni. Enginn þeirra treysti sér til að fullyrða að frv. stæðist stjórnarskrá, virðulegur forseti. Ég bið hv. þm. Bjarna Benediktsson um að leiðrétta það og nefna mér einn sem treystir sér til að fullyrða að frv. standist stjórnarskrá. Ég fullyrði að ekki einn einasti sérfræðingur á sviði stjórnskipunarréttar hefur gert það. Davíð Þór Björgvinsson, formaður fjölmiðlanefndarinnar, gekk líklega hvað lengst í því þar sem hann sagði að hann teldi að þetta mundi standast. Aðspurður treysti hann sér ekki til að fullyrða það.

Þetta er, virðulegur forseti, frekar slappur undirbúningur að máli þegar ríkisstjórnin og hv. meiri hluti nefndarinnar treystir sér ekki til að fá álit óvilhallra aðila á borð við Lagastofnun Háskóla Íslands og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík til þess að skera úr um jafnalvarlegar athugasemdir og komið hafa fram um brot á stjórnarskrá og EES-rétti. Álitaefnin sem snúa að stjórnarskránni varða jafnræðisreglu, vernd eignarréttar, atvinnufrelsi, tjáningarfrelsi, afturvirkni og einnig meðalhófsreglu.

Ég ítreka enn og aftur að minni hlutinn margfór fram á að um þetta væri leitað álits óvilhallra aðila en því var hafnað. Mér finnst slík málsmeðferð fela í sér fullkomið skeytingarleysi gagnvart grundvallarlögum íslenska ríkisins, með fullri virðingu fyrir lögfræðikunnáttu þeirra hv. þingmanna sem sitja í allshn. af hálfu meiri hlutans. Um svona mál á að leita óháðra lögfræðilegra álita. Það er vítavert kæruleysi, virðulegi forseti, af meiri hlutanum í allshn. að afgreiða málið án þess að slíks álits sé leitað. Það er vítavert kæruleysi og algerlega óviðunandi sem undirbúningur slíkrar löggjafar.

Þá er það EES-rétturinn, virðulegi forseti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var lögfestur hér á landi með lögum nr. 2/1993. Af skýrslu fjölmiðlanefndar er ljóst að ekki var rannsakað hvort tillögur sem lagðar eru til í skýrslunni samrýmast ákvæðum EES-samningsins. Formaður nefndarinnar hefur opinberlega lýst því yfir að nefndinni hafi ekki unnist tími til að kanna EES-réttinn.

Virðulegur forseti. Ég tel að þarna sé mjög alvarlegt mál á ferðinni. Það eru nánast afglöp af hálfu nefndarinnar að skoða ekki þennan þátt til þrautar. Í ljósi þess að nefndin hefur væntanlega litið svo á að hér væri einungis um að ræða grundvöll að umræðu um málið, sem skýrslan átti að vera, verður að segjast að afglöpin hljóta að teljast á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem treystir sér til að leggja frv. fram í þessum búningi án þess að fá óháð álit á þeim rökstuddu fullyrðingum sem hafa komið fram hjá sérfræðingum á sviði Evrópuréttar um að frv. feli í sér brot á reglum EES um staðfesturétt, þjónustufrelsi, frjálsa fjármagnsflutninga, lögfræðilega vissu og afturvirkni. Enn og aftur hafnaði meiri hlutinn því að fá álit Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Lagastofnunar Háskóla Íslands um þetta álitaefni.

Í þessu sambandi vísa ég, virðulegur forseti, til þess að við fengum stutta greinargerð frá forstöðumanni Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík sem kom jafnframt fyrir nefndina og lýsti því yfir að verulegar líkur væru á því að frv. bryti gegn þessum reglum. Sama hefur Stefán Geir Þórisson lögmaður, sérfræðingur á sviði Evrópuréttar, sagt í umfjöllun sinni um málið.

Vér einir vitum, virðulegur forseti. Meiri hlutinn telur sig þess umkominn að geta lagt mat á þetta án þess að fá til þess frekara sérfræðiálit. Þeir kunna þetta allt saman eins og við vitum.

Komið hafa fram fjölmargar athugasemdir varðandi samkeppnislögin. Að mati Samkeppnisstofnunar, sem lagði fram umsögn um þetta mál sem liggur frammi sem fylgiskjal ásamt fleiri umsögnum með nefndaráliti minni hlutans, felst í frv. að verulegar hömlur séu settar á eignahaldi og viðskiptafrelsi á fjölmiðlamarkaði. Stofnunin telur að einstök ákvæði frumvarpsins séu samkeppnishamlandi og fari í bága við markmið samkeppnislaga. Stofnunin telur að ekki verði annað séð en frumvarpið takmarki mjög aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Einnig megi færa fyrir því rök að í því felist óhæfilegar hindranir og takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri.

Stofnunin bendir jafnframt á að frumvarpið vinni gegn markmiði samkeppnislaga þar sem það hindri að nýir aðilar hefji útvarps- og sjónvarpsrekstur og dragi úr fjölbreytni í fjölmiðlum hér á landi.

Samkeppnisstofnun telur að markmiðinu megi ná með vægari úrræðum svo sem með því að beita gildandi samkeppnislögum eða gera á þeim nauðsynlegar úrbætur til að vinna gegn óhæfilegri samþjöppun eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Virðulegur forseti. Meiri hlutinn sá enga ástæðu til að skoða betur þær alvarlegu athugasemdir sem fram komu af hálfu Samkeppnisstofnunar en þar á bæ ættu að vera saman komnir okkar helstu sérfræðingar á sviði samkeppnisréttar. Þetta veit meiri hlutinn að sjálfsögðu betur og þarf ekki að

leggja undir mat sömu stofnunar þær brtt. sem hann kýs að leggja fram á þessu frv. Til þess gafst ekki tími, virðulegur forseti, því það lá svo óskaplega mikið á.

Virðulegur forseti. Minni hlutinn tekur undir þær áhyggjur sem koma fram í umsögn Samkeppnisstofnunar og telur að ekki hafi verið tekin af öll tvímæli um það í vinnu nefndarinnar að frumvarpið vinni gegn markmiðinu um fjölbreytni og muni í raun leiða til aukinnar fábreytni.

Virðulegur forseti. Í ljósi alls framangreinds leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir álit þetta rita auk mín, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Sigurjón Þórðarson.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

[15:52]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í fyrsta lagi koma upp af því tilefni að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sem hér hefur mælt fyrir nefndaráliti minni hlutans, segir meiri hlutann hafa sýnt gestum sínum lítilsvirðingu í störfum sínum. Ég vil gera sérstaka athugasemd við þau orð vegna þess að fyrir þessu er ekki nokkur fótur. Það er sannarlega rétt að meiri hluti nefndarinnar var farinn að mynda sér skoðun á málinu eftir því sem vinnu nefndarinnar vatt fram. Það er hins vegar ólíðandi að fullyrt sé að það hafi verið búið að ganga frá öllum hnútum málsins þegar síðustu gestir komu á fund nefndarinnar. Það er einfaldlega rangt. Ég fullyrði að nefndarálit meiri hlutans tók breytingum eftir að síðustu gestirnir gengu af fundi nefndarinnar. Það er staðreynd málsins og um það veit ég meira en hv. þm.

Hv. þm. sagði fjölmarga sérfræðinga hafa fullyrt að lögin væru íþyngjandi, brytu stjórnarskrá o.s.frv. Þetta er að mínu mati rangt. Enginn af þeim óvilhöllu sérfræðingum sem komu á fund nefndarinnar fullyrtu eitt eða annað í þessu efni. Þeir bentu hins vegar á ýmis álitaefni. Af ræðu hv. þm. mátti einna helst skilja að hún hefði einfaldlega ekki farið almennilega ofan í þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til. Þeim er einmitt sérstaklega stefnt að þessum athugasemdum, beint að þeim. Þetta eru viðbrögð nefndarinnar við ábendingum, sérstökum ábendingum um stjórnarskrána, Evrópuréttinn og annað þess háttar. Þess vegna hafna ég því algerlega að meiri hlutinn hafi ekki tekið mark á þeim sérfræðingum sem komu á fund nefndarinnar.

[15:54]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég spurði hv. þm. að því hvaða sérfræðingar hefðu treyst sér til að fullyrða að frv. stæðist stjórnarskrá. Það var ekki einn slíkur sérfræðingur sem kom fyrir nefndina sem treysti sér til að fullyrða það.

Ég sagði hins vegar áðan að þeir voru ansi margir, virðulegi forseti, og það veit hv. þm. Bjarni Benediktsson, sem treystu sér til þess og bentu á að mjög veruleg og alvarleg álitamál væru uppi í frv. um ýmis atriði er snúa að stjórnarskránni. Auk þess töldu fjölmargir mjög mörg álitaefni uppi og að öllum líkindum bryti frv. í bága við EES-reglur. Hvað í tillögum meiri hluta nefndarinnar kemur til móts við gagnrýnina á að frv. feli í sér brot á EES-reglum og ummæli fjölmargra sérfræðinga sem tjáðu sig um það?

Virðulegi forseti. Ég kalla það lítilsvirðingu við gesti sem koma fyrir nefndina þegar þeir eru kallaðir til, sérfræðingar úr háskólum okkar, sérfræðingar á sviði stjórnskipunarréttar, til þess að fjalla um frv. meðan meiri hlutinn er með brtt. tilbúnar í vasanum, þrátt fyrir að þær hafi tekið einhverjum breytingum, vegna þess að þær voru settar fram fyrir okkur beint í kjölfarið á fundi með þessum ágætu prófessorum. (**BjarnB:** Eftir hlé.)

Virðulegi forseti. Eigi að síður hefði, að mínu mati, verið meiri kurteisi að spyrja þá ágætu prófessora og sérfræðinga hvort það mundi skipta einhverju máli að tilteknar breytingar væru gerðar. Nei, það skyldi komið í veg fyrir lýðræðislega umræðu um þessar brtt. enda þola þær ekki dagsljósið frekar en frv. að öðru leyti.

[15:56]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hv. þm. snúi allri málsmeðferðinni á hvolf með því að stinga upp á því að brtt. séu kynntar sérstaklega fyrir gestunum sem eru kallaðir til til þess að ræða við nefndina um frv. sem liggur frammi. Þetta gerist ekki þannig.

Nefndarstarfið gengur þannig fyrir sig að við köllum eftir sjónarmiðum, leggjum mat á það hvort breytinga er þörf og í kjölfar þess að við höfum hitt sérfræðingana og farið yfir önnur sjónarmið í störfum nefndarinnar þá leggjum við mat á hvaða breytingar eru æskilegar á frv. Þannig gerist þetta.

Þegar spurt er hvort einhverjir ákveðnir sérfræðingar sem koma á fund nefndarinnar hafi treyst sér til að fullyrða eitt eða annað, þá hefur ekki verið óskað eftir því. Það er ekki farið fram á að málið sé lagt í dóm sérfræðinga sem koma til nefndarinnar til að ræða þau álitaefni og sjónarmið sem þurfa að koma til sérstakrar skoðunar.

Ég ítreka að það var farið eftir ábendingum og brtt., eins og ég hef áður sagt, taka sérstaklega mið af þeim.

[15:57]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef starfað á hinu háa Alþingi í rúm tvö kjörtímabil. Yfirleitt er það svo að þegar stjórnarfrumvörp eru lögð fram að á bak við þau eru álit sérfræðinga sem treysta sér til að fullyrða að frumvörp brjóti ekki í bága við stjórnarskrá.

Virðulegur forseti. Það verður að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstjórnar, varðandi frumvörp sem hún leggur fram og munu hafa í för með sér miklar breytingar fyrir fólk og fyrirtæki í landinu, að a.m.k. einn óháður sérfræðingur treysti sér til að fullyrða að þau brjóti ekki í bága við stjórnarskrá. Ég geri þá kröfu, virðulegur forseti.

Vegna málsmeðferðar nefndarinnar, sem ég tel algerlega óviðunandi, hlýt ég að spyrja hv. þm. hvers vegna í ósköpunum mátti ekki leita álits Lagastofnunar Háskóla Íslands, sem oft er leitað til í svona tilvikum, eða Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík til að fá mat þeirra aðila? Gæti ekki hv. þm. sofið örlítið betur í framtíðinni ef slíkt álit hefði a.m.k. legið á bak við það að málið væri látið fara fram óbreytt, eftir allar þær fjölmörgu athugasemdir sem hér hafa komið fram?

Hv. þm. getur ekki fullyrt það, eftir að málsmeðferð í nefndinni hefur verið rakin, að meðferðin hafi verið eðlileg. Ég fullyrði að svo var ekki. Ég hef aldrei nokkurn tíma séð aðra eins málsmeðferð frá upphafi til enda í nefnd, hef ég þó starfað hér um nokkurt skeið. Þegar reynt er að halda því fram að svona vinnubrögð séu eðlileg þá tel ég illa komið fyrir hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar, ef þeir telja virkilega í hjarta sér að svona vinnubrögð og slíkur hraði sé eðlilegur við meðferð mála af þessu tagi.

[15:59]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur kom ýmislegt fram en þrátt fyrir það eru ýmis atriði sem ekki hafa fengist útskýringar á varðandi fullyrðingar sem þar koma fram. Ég get þó byrjað á því að svara spurningum sem hún varpaði fram þegar hv. þm. talaði um Ríkisútvarpið og áhyggjur okkar sjálfstæðismanna af því, af skipan útvarpsráðs o.s.frv. Áhyggjurnar koma fram á þskj. 407, í 337. máli, í frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem ég, hv. þm. Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson höfðum lagt fram á þingi. Það gerir ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði einkavætt. Ég minni hins vegar á að í umræðunni um það frv. lagði Samf. mikla áherslu á að það væri ekki hægt að einkavæða Ríkisútvarpið vegna þess að það yrði að vera til mótvægi við þá stóru aðila sem nú þegar starfa á fjölmiðlamarkaði og mundu að öðru óbreyttu gleypa Ríkisútvarpið án þess að nokkrum vörnum verði við komið.

En þá að öðru. Í nál. minni hluta allshn. er því haldið fram að ýmis ákvæði frv. brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er reyndar ekki rökstutt mjög ítarlega. Því er fyrst og fremst haldið fram. Mig langar að spyrja hv. þm. að því, af því að það er tiltekið að frv. feli í sér brot á tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar: Hvernig má það vera, þegar það liggur fyrir samkvæmt frv. að hver einasti einstaklingur eða lögaðili geti átt og rekið dagblað hér á landi og hver einasti einstaklingur eða lögaðili geti átt eða rekið ljósvakamiðil? Í hverju felst þessi takmörkun á tjáningarfrelsi sem haldið er fram að felist í frv.?

[16:01]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er merkilegt að sjá að hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni virðist líða betur í umræðu um einkavæðingu Ríkisútvarpsins en að halda uppi vörnum fyrir það mál sem hér er til umræðu. Ég svo sem lái honum það ekki.

Það er líka ánægjulegt að heyra, virðulegur forseti, að Framsfl. og Sjálfstfl. hafi náð saman um stefnu í málefnum RÚV og fróðlegt að heyra að hún hafi verið hér kynnt af hálfu hv. þingmanns.

Í upphafi var lagt af stað með það að banna með öllu tilteknum hópi fyrirtækja eða tilteknum fyrirtækjum að eignast svo mikið sem 1% í ljósvakamiðli án þess að fyrir því kæmu nokkur einustu boðleg rök, virðulegur forseti. Í brtt. meiri hlutans er lagt til að þetta verði mildað og verði farið upp í 5% án þess að fyrir því séu nokkurs staðar boðleg rök. Út af hverju eru það 5% en ekki 2, 3 eða 7%? Engin rök fyrir tölunni.

Virðulegur forseti. Ég tel það orka mjög tvímælis gagnvart tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar að setja slíkar takmarkanir án þess að fyrir þeim séu færð fram boðleg rök, sérstaklega að nauðsyn fyrir slíkum reglum sé ekki rökstudd almennilega, enda eru þær hvergi nokkurs staðar til í heiminum. Það er eins og að hæstv. ríkisstjórn standi svo skelfileg ógn af markaðsráðandi fyrirtækjum að það á helst að gera þau brottræk héðan úr landinu. Fyrst var lagt af stað með það að engin markaðsráðandi fyrirtæki mættu koma svo mikið sem nálægt einu prósenti í því að reka ljósvakamiðil. Nú er búið að breyta þessu örlítið og laga það án þess að nokkur boðleg rök séu fyrir því hvar þau mörk eru sett, án þess að hægt sé að benda á eitt einasta fordæmi í heiminum fyrir svona ströngum takmörkunum. Þetta felur í sér brot gegn tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, virðulegur forseti, og er þá fátt eitt tínt til.

[16:03]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var sem mig grunaði, þessi málflutningur allur byggir á upphaflega frv. Hv. þm. skautar hins vegar léttilega fram hjá þeim brtt. sem gerðar hafa verið við frv. Þeirri spurningu er enn þá ósvarað hvernig í ósköpunum sé hægt að halda því fram að tjáningarfrelsið sé skert þegar hverjum einasta einstaklingi og hverjum einasta lögaðila í landinu verður á grundvelli þessa frv. heimilað að reka og eiga dagblað og að eiga hlut í ljósvakamiðli, hversu stór sem hann nú er. Það liggur fyrir að þessir aðilar, hver einn og einasti, geta átt og rekið fjölmiðil og komið sjónarmiðum sínum þar á framfæri.

Það var líka annað athyglisvert í ræðu hv. þingmanns. Hv. þm. kaus að skauta algjörlega fram hjá þeim brtt. sem meiri hluti allshn. leggur til. (**MÁ:** ... gamla ...) Það væri gaman að fá að vita hvaða afstöðu hv. þm. og formælandi minni hlutans í allshn. tekur efnislega til þeirra. Er hv. þm. t.d. á móti því að markaðsráðandi fyrirtæki fái að fjárfesta í ljósvakamiðlum? Er hv. þm. á móti því að útvarpsleyfi Bylgjunnar, sem annars að óbreyttu hefði runnið út um næstu áramót, verði framlengt um eitt og hálft ár? Er hv. þm. yfir höfuð á móti öllum þeim brtt. sem meiri hluti allshn. leggur til við frv.?

Það væri gott að fá svar við þessum spurningum, frú forseti, vegna þess að það var algjörlega skautað fram hjá þeim í ræðu hv. þingmanns þegar hún gerði grein fyrir áliti minni hluta allshn. (**MÁ:** Þær skipta engu máli.)

[16:05]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. verður að hlusta á þær ræður sem hann er að fara í andsvar við. (**SKK:** Hann gerir það.) Ég gerði grein fyrir því í máli mínu að þær brtt. sem hér hafa verið lagðar fram breyttu í engu eða mundu ekki draga úr þeim álitaefnum sem væru uppi varðandi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og EES-reglur sem hafa komið fram við meðferð málsins. Ég rökstuddi það líka áðan í andsvari við hv. þingmann þar sem ég gerði að umtalsefni sérstaklega brtt. um 5% sem mér finnst vera hreint út sagt hlægileg. Ég tel hana ekki breyta neinu um það að hér er gengið mun lengra en ástæða er til til þess að setja hömlur á tjáningarfrelsið.

Virðulegur forseti. Það er ekki rétt að ég hafi ekki tekið hér afstöðu til þessara brtt., ég hef lýst henni og ég hef sérstaklega vakið á því athygli að þær brtt. sem hér er verið að leggja fram eru ekkert betur rökstuddar en frv. sem lá upprunalega fyrir, frv. sem er ekki hægt að kalla neitt annað en hrákasmíð með fullri virðingu fyrir virðulegum forseta. Hið sama má segja um þessar tilögur.

Hvaðan, virðulegur forseti, fær meiri hlutinn þá hugmynd að miða við 5%? Þeir hafa sennilega fallist á að 0% væri óhóflegt og stæðist ekki tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, eða hvað? Af hverju er farið upp í 5%? Hvaðan fá hv. þm. meiri hlutans fordæmi fyrir slíkri reglu? Hvaða rök eru fyrir henni? Af hverju ekki 7%, af hverju ekki 3%? Þessu hefur hv. meiri hlutinn ekki svarað og það er hann sem á að rökstyðja frv. og brtt. sem hér liggja fyrir. Það er ekki hlutverk okkar í minni hlutanum að rökstyðja það bull og þá vitleysu sem hefur komið frá meiri hlutanum í tengslum við þetta mál.

[16:08]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Nú hafa þau tíðindi gerst við upphaf þessarar 2. umr. um það mál sem hér er til umfjöllunar að okkur í menntmn. hefur borist fundarboð sem afhent var hér fyrir 10–15 mínútum en ber tímasetninguna 15.07 frá nefndadeild Alþingis. Í því fundarboði er gert ráð fyrir fundi klukkan 8.15 á morgun í menntmn. í Austurstræti 8–10. Þar eru tvö mál á dagskrá, síðara málið er önnur mál og fyrra málið er mál nr. 974, útvarpslög og samkeppnislög. Boðaðir eru þar nokkrir af þeim sem við stjórnarandstæðingar í nefndinni höfðum lagt til að þar yrðu kvaddir til. Það eru m.a. Herdís Þorgeirsdóttir, fjölmiðlalögfræðingur og fyrrverandi ritstjóri, Styrmir Gunnarsson ritstjóri, Gunnar Smári Egilsson ritstjóri, Magnús Ragnarsson, forstjóri hygg ég Íslenska sjónvarpsfélagsins, Sigurður G. Guðjónsson, kollega hans hjá Norðurljósum eða réttara sagt á Stöð 2, og Sigurður Líndal, prófessor emeritus í lögum við Háskóla Íslands.

Þetta eru tíðindi sem við höfum verið að leita eftir. Það á sem sé að halda fund í menntmn. og það er þeim mun athyglisverðara, forseti, vegna þess að í nefndaráliti meiri hluta allshn. kemur fram að í henni hefur ekki verið fjallað á neinn þann hátt sem sæmilegur er um þau mál sem við í menntmn. höfðum rætt um að taka fyrir, nefnilega áhrif frv. á fjölmiðlun í landinu sem atvinnugrein, á samkeppnisstöðu íslenskrar fjölmiðlunar gagnvart erlendri fjölmiðlun og áhrif þessa alls á íslenska menningu. Fjölmiðlun má líta á sem atvinnugrein sem er í nánum tengslum við ýmsar aðrar menningargreinar. Ef samlegðaráhrif, sem er nú vinsælt orð í þingsölum um aðra hluti, eru lögð saman má reikna með að á að giska 4–7 þúsund manns í landinu hafi beinan hag í fjölmiðlun og öðrum greinum af því hvað hér um ræðir.

Nefndir vinna hér ekki fyrir sjálfar sig, þó að nefndarstarfið geti vissulega verið gjöfult og áhugavert, heldur fyrir þingheim. Úr því að boðað hefur verið til fundar í menntmn., sem ég fagna eindregið, er eðlilegt að hætta þessari umræðu hér, slíta þessum fundi og fresta umræðunni þangað til menntmn. hefur starfað, sem ég hygg að sé kl. 10 á morgun.

Ég fer fram á það við forseta að hann annaðhvort geri það eða þá að hann hafi hér stutt fundarhlé til þess að bera sig saman við aðra forseta þingsins um þessa kröfu mína.

[16:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir kröfu hv. þm. Marðar Árnasonar. Það er algjörlega ómögulegt að halda áfram nokkurri vitrænni eða boðlegri umræðu um frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum án þess að hv. menntmn. hafi komið saman og farið ítarlega og af vandvirkni mikilli yfir málið. Hún verður að fá að gaumgæfa það eins og hennar er von og vísa og nokkur kostur er á og skila svo inn því áliti sem hv. allshn. Alþingis óskaði eftir að kæmi frá menntmn. þingsins um þetta umrædda frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum.

Virðulegi forseti. Það er algjörlega útilokað að hv. þingheimur geti sætt sig við það að fram haldi 2. umr. um þetta mál sem lýtur að grundvallarstoðum lýðræðisríkisins lýðveldisins Íslands án þess að menntmn. þingsins hafi komið saman, rætt ítarlega um málið, kallað þá gesti á sinn fund sem hv. nefndin telur að þurfi að koma á hennar fund til að hún geti skilað því vandvirknislega áliti sem metnaður hennar stendur til að skila inn um málið. Því hlýt ég að gera þá kröfu, virðulegi forseti, að þingfundi verði frestað þegar í stað og nefndinni gefinn kostur á að vinna að áliti sínu. Án þess að það álit liggi fyrir getur 2. umr. um þetta frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum ekki haldið áfram.

Það blasir við öllum þenkjandi mönnum, öllum upplýstum mönnum sem vilja gera vel og skila því frv. út í einhverri boðlegri mynd að það er ekki hægt að Alþingi haldi áfram umræðu um málið í dag án þess að menntmn. Alþingis hafi komið saman, unnið sína vinnu, skilað áliti sínu og komið með þá mikilvægu nálgun í þessa umræðu sem lýtur að áhrifum frv. á menningarlega þætti, á íslenska menningu og miðlun, á alla þá þætti fjölmiðlunar á Íslandi sem lúta að menningunni, sem eru stórbrotnir. Ef svo fer fram sem horfir að ... (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég fer fram á að þingfundi verði frestað þar til menntmn. hefur komið saman þannig að hún geti gert grein fyrir því hvaða áhrif þetta sértæka frv., þetta áhlaup á Norðurljós, hafi á íslenska fjölmiðla og íslenska menningu nái það fram að ganga. Því ítreka ég þá ósk okkar hv. þm. Marðar Árnasonar, virðulegi forseti, að hlé verði gert á þingfundi nú þegar og þinghald haldi ekki áfram hér í fundarsal hv. Alþingis án þess að menntmn. hafi unnið sína vinnu og skilað nefndaráliti sínu. Þetta er grundvallarkrafa, hæstv. forseti, og ég krefst þess að við henni verði orðið.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég held að þetta sé rýmileg ósk sem hér er fram komin frá tveimur hv. þm. sem eiga sæti í menntmn. Þeir hafa upplýst að þeir hafa báðir óskað ítrekað eftir því í nefndinni að kallað yrði á sérfræðinga til að hægt yrði að leggja mat á þá þætti frv. sem beinlínis varða málaflokkinn sem nefndinni er af hálfu þingsins falið að fjalla um.

Nú er það líka upplýst, frú forseti, að formaður nefndarinnar hafði bæði lofað því að kveðja til ákveðna sérfræðinga og jafnframt hitt að hann hefur nú tímasett þann fund.

Hvernig er hægt að boða til fundar í menntmn. sem beinlínis á að fjalla um þetta frv., væntanlega þá til þess að gera þingmönnum kleift að skoða út í hörgul álitaefni sem frv. varða, en eigi að síður að halda áfram þessari umræðu? Mér finnst það mjög umhendis, frú forseti.

Ég vil svo bæta því að ég á sæti í hv. efh.- og viðskn. og eins og fram hefur komið hefur sú nefnd ekki lokið störfum. Allshn., sem hv. þm. Bjarni Benediktsson veitir forstöðu, fól efh.- og viðskn. að senda álit sitt á tilteknum þáttum frv. til allshn. Efh.- og viðskn. hefur eftir föngum reynt að sinna þeirri skyldu sinni og fengið til sín fjölmarga fulltrúa.

Ég ætla ekki, frú forseti, að fara í efnisumræðu en eitt af þeim álitaefnum sem við ræddum var einmitt hvort unnt væri að ætla að bankar treystu sér, ef frv. yrði að lögum, til að lána fjölmiðlafyrirtækjum rekstrarfé, hafa þau í viðskiptum. Ég spurði fulltrúa Samkeppnisstofnunar sem kom til fundar

við nefndina, hvort hann teldi svo vera (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarstjórn forseta?) og hann svaraði að hann gæti ekki upplýst það.

Hér er kallað fram af einum hv. þm. hvort þetta sé um fundarstjórn forseta. Svarið er já. (**Gripið fram í:** Viltu útskýra það.) Ég er ekki í efnisumræðu, frú forseti, heldur er ég að benda á að það er mikilvægt álitaefni sem varðar þetta mál sem ekki hefur fengist upplýst. Áður en hv. þm. kallaði fram í ætlaði ég að fara að botna setningu mína sem er svona: Það liggur fyrir, samkvæmt ákvörðun nefndarinnar, að á morgun mun efh.- og viðskn. einmitt fjalla um þetta tiltekna atriði. Það skiptir miklu máli að fá botn í það til þess að geta haldið hér áfram vitrænni umræðu. Þess vegna óska ég eftir því að farið verði að tilmælum þeirra tveggja hv. þm. sem hér hafa talað, a.m.k. finnst mér að frú forseti ætti að fresta fundi og kveðja til fundar þingflokksformenn til að ráðslaga um þetta.

Svo verð ég að segja að ég veit að hæstv. forsrh. hefur lögmæt forföll, en hvar er hæstv. menntmrh.? Sér hún ekki einu sinni tilefni til að sitja hér í salnum þegar verið er að ræða um þetta mikilvæga mál?

[16:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem hér hefur orðið óska ég eindregið eftir því að umræðu verði haldið áfram um málið. Hér liggja fyrir mjög vönduð nefndarálit frá meiri hluta allshn. og einnig frá minni hluta allshn. (**Gripið fram í:** Hefurðu lesið það?) Þessi nefndarálit og þetta mál er hér á dagskrá og ég óska eindregið eftir því að þeirri umræðu verði haldið áfram.

Til upplýsingar skal þess getið að bæði hv. menntmn. og efh.- og viðskn. fengu málið til umsagnar með fresti fram á gærdaginn. Það var ákvörðun þessara nefnda að halda áfram umfjöllun um málið eftir að fresturinn var útrunninn. Það er alveg fullkomlega í valdi þessara þingnefnda að halda áfram umfjöllun um hvaða mál sem þeim dettur í hug, þar á meðal þetta mál.

Ef einhver álit verða eftir umfjöllun þeirra munu þær nefndir væntanlega leggja þau fyrir þingið. En þetta er staða málsins eins og er og ég óska eftir því, hæstv. forseti, að umræðu verði haldið hér áfram.

[16:19]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Til að hjálpa hæstv. forseta til að komast að niðurstöðu í málinu, vegna þess að ég veit að hún vill gera það sem hún getur til þess að sanngirni og réttlæti varðandi aðbúnað og möguleika þingmanna til að rannsaka málið nái fram að ganga, verð ég að rifja það upp að þegar málið kom fram spunnust heiftarlegar umræður um málsmeðferð. Hæstv. forsrh. hjó á þann hnút sem þá var bundinn á málið af hv. þingmönnum stjórnarliðsins með því að lofa að málið fengi þann tíma sem þyrfti og hann lofaði sérstaklega að hv. menntmn. fengi tóm til að rannsaka það.

Á að svíkja þetta loforð? Mér þykir það skipta ákaflega miklu máli að stjórnarliðið efni það sem það sagði við hið háa Alþingi um möguleikana til þess að ræða málið til þrautar.

Af því er kom síðan fram í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur um málsmeðferðina milli allshn. og efh.- og viðskn. verður það að koma fram að allshn. óskaði eftir umsögn efh.- og viðskn. með bréfi. Það er kannski til marks um vinnubrögðin hjá stjórnarliðum í allshn. að það tók bréfið þrjá daga að komast frá allshn. til efh.- og viðskn. Við fengum bréfið þremur dögum eftir að það var dagsett. Efh.- og viðskn. fékk þess vegna þremur dögum skemur til umfjöllunar en ætlað var, sökum mistaka, væntanlega hjá allshn. sem formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, er þá ábyrgur fyrir.

Mér finnst að við eigum, sé fyllstu sanngirni gætt, inni þrjá daga hjá allshn. til að ljúka þessu.

Ég ætla þó ekki, frú forseti, að gera kröfu um að málsmeðferðinni verði frestað um þrjá daga. Ég held hins vegar að það sé ekki órýmileg eða ósanngjörn krafa af minni hálfu sem þingmanns stjórnarandstöðu í efh.- og viðskn. að fara fram á það að við fáum a.m.k. tóm til þess að ljúka umfjöllun um málið. Það eru veigamiklar gloppur í ýmsum hugmyndum varðandi tæknilega útfærslu af hálfu stjórnarliðsins að okkar mati. Er til of mikils mælst að óska eftir því að við fáum ráðrúm til að ljúka umfjölluninni og tala við þá fulltrúa sem búið var að boða til fundarins? Mér finnst það ekki og óska þess vegna eftir að frú forseti geri hlé á þessum fundi og ræði við formenn þingflokka til þess að komast að niðurstöðu um það hvort við eigum að fá þennan rétt okkar uppfylltan.

[16:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera athugasemd við fundarstjórn forseta. Hér hefur farið fram umræða um störf þingsins ... (**ÖS:** Nei. Fundarstjórn forseta.) (**Gripið fram í:** Fundarstjórn forseta.)

Efnisinnihald, hæstv. forseti, í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar undir þessum lið hefur verið um störf þingsins. Ég vil, hæstv. forseti, minna á úrskurð þess forseta sem sat hér næst á undan þeim forseta sem situr núna um að þessi umræða, nákvæmlega sama umræðan, sem var kallað til um fundarstjórn forseta, þegar hv. þm., sennilega Björgvin Sigurðsson, var að fjalla um störf þingsins ... (Gripið fram í.) (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Hæstv. fyrri forseti gaf þann úrskurð að þetta ætti ekki að ræða undir liðnum um fundarstjórn forseta. (**KÓ:** Rétt.) Ég held að það sé rétt að menn reyni að fara að þingsköpum í þessu efni.

[16:24]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir fer hér með kenningu. Ég skal ekki segja um það hvort forseti hafði rétt fyrir sér áðan þegar hann taldi að ræða hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar ætti heima undir liðnum um fundarstjórn forseta. Ég treysti því að sá þáverandi forseti hafi haft rétt fyrir sér í því, af því að þinginu á að stjórna vel og réttilega.

Ég hóf þessa umræðu um fundarstjórn forseta vegna þess að ég fór fram á að þessum fundi yrði frestað eða hann blásinn af og boðað til nýs fundar eftir að menntmn. kemur saman kl. 8.15 á morgun. Ef það varðar ekki fundarstjórn forseta veit ég eiginlega ekki hvað á að ræða undir liðnum um fundarstjórn forseta, satt að segja.

Ef ekki er hægt að verða við þessari bón, sem ég vona að verði, er ekki að sjá að fundur í menntmn. á morgun, þangað sem boðaðir hafa verið fimm menn sem hafa örugglega margt annað að gera en að eyða tíma sínum til einskis, hafi neitt gagn. Álit hans og það sem við fáum að vita hjá því fólki skilar sér ekki inn í þessa 2. umr. sem samkvæmt þinghefðum er meginumræða um mál, umræðan þar sem á að fara í hvern bókstaf og hverja tölu í því efni sem um er að ræða. Það er alveg fáránlegt þegar slíkur fundur hefur verið boðaður í menntmn., sem óljóst var hvort af yrði, að þingheimur nýti ekki það tækifæri sem sá fundur gefur til

þess að ræða niðurstöður hans og það álit sem menntmn. kemst að, sameinuð eða af meiri hluta og minni hluta, um það efni sem þar fer fram á þeim fundi og hugsanlega þá fleiri fundum. Við skulum samt hafa þann fund fyrstan.

Ég ítreka þá ósk mína að forseti annaðhvort fresti þessum fundi þangað til á morgun eftir menntamálanefndarfundinn klukkan 10, þegar honum lýkur að venju, eða geri stutt fundarhlé til þess að bera sig saman við formenn þingflokka og eftir atvikum aðra í forsn. um þessa kröfu.

[16:26]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ef óskað er eftir því að fundi sé frestað, eins og hér er búið að koma fram, á það auðvitað við undir liðnum um fundarstjórn forseta. Hvernig menn rökstyðja það þegar þeir fara fram á slíkt er undir hverjum og einum komið. Það er tilgangslítið fyrir aðra þingmenn að vera með einhverjar vangaveltur yfir því hvort sá rökstuðningur eigi nákvæmlega við sem til þess er notaður.

Mér finnst hins vegar sá rökstuðningur sem hér hefur verið settur fram eiga fullkomlega við. Það er búið að koma fram í þessari umræðu í dag og umræðum um fundarstjórn forseta hvers konar undirbúningur hefur verið fyrir þetta mál sem hér liggur fyrir og hvað það vantar mikið upp á að hér hafi verið sinnt almennilega því sem þingið á að gera. Nefndir hafa ekki lokið störfum. Verkefnum sem nefndum hafa verið fólgin hefur ekki verið lokið og kannski ætti þessi umræða að standa um það hvort ætti ekki bara að hætta umræðum um þetta mál, hreinlega, og hefja að nýju vinnu í nefndum.

Það kom t.d. til umræðu í samgn. þingsins hvers vegna hún hefði ekki fengið það verkefni að fara yfir þetta mál sem svo sannarlega heyrir undir hennar verksvið líka. Hér var samgrh. einn af aðalræðumönnum við 1. umr. málsins, einmitt vegna þess.

Þetta er eitt af því sem hægt er að benda á og segir sitt um það hvernig menn hafa unnið að þessu máli. Hér hefði auðvitað þurft að taka það til langrar umræðu og leyfa því að liggja á milli þinga til þess að menn gætu áttað sig á því hvað væri skynsamlegt að gera í þessum hlutum.

Menn hafa sagt frá því að í fjögur ár hefur staðið yfir umræða í Noregi um að breyta reglum sem þar eru. Fréttir komu af því í dag að ekki yrði af þeim breytingum þetta árið. Tíminn hefur ekki dugað þeim til þess að klára málið með þeim hætti sem þeir telja að þurfi að gera.

Hér ætla menn hins vegar að renna sér í gegnum málið og koma með einhverjar lítils háttar brtt., sem menn hafa ekki einu sinni lagst almennilega yfir og vita því ekki hvernig virka, og síðan standa hér yfir umræður um það hvort nefndir, sem hafa fengið það verkefni að gefa álit á þessu, fái að klára að skila áliti. Önnur nefndin a.m.k. fékk ekki einu sinni til þess þann tíma sem til þess var ætlaður vegna þess að bréf sem átti að fara til hennar um að taka þetta verkefni upp misfórst.

Ég segi, hæstv. forseti, það er fullkomlega ástæða til þess að menn fresti fundi og gefi mönnum tækifæri til að vinna betur að verkefninu.

[16:29]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til að þakka hæstv. forseta fyrir ágæta fundarstjórn. Þetta mál er prýðilega þingtækt, það er búið að afgreiða það úr þeirri nefnd sem hafði forræði málsins. Við tókum um það ákvörðun hér í þinginu að vísa málinu til allshn. Hún hefur unnið að málinu og skilað því frá sér. Það er hér í efnislegum ágreiningi og það er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að við fáum tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um efni málsins. Það er engin ástæða til að bíða eftir því þó að önnur nefnd sé að fjalla um anga þessa máls. Kjarni málsins er bara sá að allshn. hafði forræði málsins og allshn. hefur lokið því, það er komið hingað aftur til 2. umr.

Það var mjög sérkennilegt fyrr í dag þegar leitað var atbeina forseta fyrir því að hann færi að skipta sér af störfum nefnda, færi að reyna að leika hér einhvern yfirformann í tiltekinni nefnd og segja nefndinni fyrir verkum, hvernig og hvenær hún ætti að vinna og að nefndin ætti að koma saman o.s.frv. Það er einfaldlega ekki hlutverk forseta þingsins og það geta menn lesið um í þessu ágæta plaggi sem heitir Þingsköp Alþingis og er frá árinu 1993. Þar er greinilega kveðið á um að það er auðvitað formaður sem stýrir störfum nefndarinnar og engin ástæða er til að reyna að hvetja hér til brota á þingsköpum Alþingis með þeim hætti að hvetja til þess að forseti þingsins fari að seilast um hurð til lokunnar og fari að skipta sér af starfi sjálfstæðrar nefndar sem Alþingi hefur kosið.

Þetta er furðuleg umræða sem á auðvitað ekki að eiga sér stað og er truflun á hinni góðu fundarstjórn forseta. Ég hvet hv. þingmenn til að láta af þessum leiða sið og leyfa umræðunni að halda áfram eins og formaður allshn. hvatti hérna mjög til, að við getum farið að skiptast efnislega á skoðunum um mál sem skiptir mjög miklu og við þurfum að fara að leiða til lykta.

[16:31]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Marðar Árnasonar og fleiri þingmanna barst okkur í menntmn. erindi í hádeginu í gær, virðulegi forseti, um að okkur væri ætlað að skila áliti til allshn. um frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum sem hér liggur fyrir. Þetta var í hádeginu í gær.

Virðulegi forseti. Nefndinni var ætlað um korter í gær til að ræða málið. Öllum var því morgunljóst að útilokað væri annað en að nefndin þyrfti að setja sig í startholurnar og ákveða hvernig hún ætlaði að taka á málinu. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn. mættu að sjálfsögðu vel vopnum búnir á þann fund, með ítarlegan lista yfir fræðimenn, fjölmiðlamenn, fréttamenn, höfunda fræðibóka um fjölmiðla og fleiri tengda fagstéttum innan menningargeirans sem við töldum, frú forseti, að yrðu að koma að störfum nefndarinnar til að hv. menntmn. gæti skilað vönduðu og ítarlegu áliti til hv. allshn. og þar með unnið sitt lögbundna starf, að skila ítarlegu og greinargóðu áliti.

Virðulegi forseti. Við förum því fram á það hér og nú að þingfundi þessum verði frestað þar til menntmn. hefur komið saman, unnið vinnu sína, og skilað því áliti sem hv. allshn. óskaði eftir að hún skilaði. Það hefði ómögulega getað orðið í gær áður en 2. umr. um frv. hófst. Nefndinni einfaldlega gafst ekki tími til þess, enda barst erindið ekki fyrr en í gær.

Þó að einungis örfáir aðilar af þeim sem við stjórnarandstöðuþingmenn menntmn. óskuðum eftir að kæmu á fund nefndarinnar séu boðaðir í fyrramálið er það samt ágætisbyrjun, ef menntmn. gæfist nú sæmilega rúmur tími, t.d. út þessa viku og eitthvað fram í næstu viku, til að sinna verki sínu og skila ítarlegu og vönduðu áliti til allshn. um frv. sem hér er til umræðu. Því er bara alls ekki að heilsa og því tek

ég undir það að ef virðulegur forseti kemst ekki að þeirri niðurstöðu að þessum þingfundi verði frestað og ákveður að 2. umr. um frv. haldi áfram fram eftir degi, fram eftir kvöldi og fram eftir nóttu, þá er það ekki annað en hrein og klár móðgun við það ágæta fólk sem boðað er á fund menntmn. klukkan korter yfir átta í fyrramálið, að láta það mæta þar eftir að 2. umr. um frv. hefur átt sér stað.

Virðulegur forseti. Við förum fram á það að forseti fresti þessum fundi þegar í stað svo menntmn. geti hafið störf sín og unnið það ítarlega nefndarálit sem hún ætlaði sér af miklum metnaði að skila til allshn. eða einfaldlega beiti sér fyrir því að fundi menntmn. verði frestað.

[16:35]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem aftur upp vegna þess að hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. kom í ræðustól og hélt því fram að það væri ekki á verksviði forseta þingsins að sjá til þess að nefndir þingsins hefðu svigrúm til að starfa.

Það er ekki lengra síðan en svo að í morgun fyrir hádegi ákvað hæstv. forseti að fresta fundum þingsins þangað til klukkan tvö vegna þess að hann vildi gefa nefnd tækifæri til að ganga frá sínum málum áður en umræðan hæfist.

Auðvitað er þetta á verksviði forseta Alþingis. Hann á auðvitað að sjá til þess að nefndir þingsins fái tækifæri til að ljúka störfum sínum með sóma.

Ég vil af þessu tilefni vitna í 18. gr. þingskapa, þar sem stendur:

„Forseti ákveður í samráði við formenn fastanefnda fundatíma nefnda, starfsáætlun þeirra og starfshætti að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þá í þingsköpum.

Forseti skal gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann.“

Þetta segja þingsköpin og til viðbótar hlýtur það að vera á ábyrgð forseta að sjá til þess að þingmenn fái tækifæri í sínum nefndum til að vinna eðlilega það starf sem þeim er ætlað. Sú krafa sem hér hefur verið sett fram er því eðlileg, að þeim nefndum sem ekki hefur tekist að ljúka störfum, sérstaklega menntmn. þingsins, gefist tækifæri til að ljúka starfi sínu af þeim ástæðum sem hér hafa verið dregnar fram, að hún fékk verkefnið í hendurnar síðar en aðrar nefndir.

Við erum að upplifa á hv. Alþingi málsmeðferð sem á varla sinn líka í þingsögunni í máli sem er svo mikilvægt sem þetta. Það er sérkennilegt að menn skuli þurfa að standa endalaust í ræðustól Alþingis til að fá það fram að reynt verði að bæta eitthvað úr því sem menn eru hér að stofna til. Ekki þannig að það verði nokkurn tíma hægt að afgreiða þetta mál á þessu þingi svo vit sé í. Þó væri a.m.k. hægt að fara yfir þau aðalatriði sem skoða þarf í vinnu þeirra nefnda sem eiga eftir að skila áliti.

[16:38]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það á að þurfa að tala um þessa hluti við svo þingreyndan mann sem hv. 2. þm. Norðvest. Það ákvæði sem vísað var til hérna lýtur fyrst og fremst að því þegar verið er að skipuleggja störf nefndanna til lengri tíma. Það er ekki þannig að 18. gr. þingskapalaganna kveði á um að forseti þingsins geti tekið fram fyrir hendurnar á formönnum einstakra þingnefnda og skipað þeim fyrir verkum, hvenær þær eigi að starfa og hvernig þær eigi að starfa.

Hins vegar hefur verið unnið þannig að þingstörfunum á undanförnum dögum að sérstaklega hefur verið veitt svigrúm til að nefndirnar hafi sem bestan tíma til að fara yfir þau mál sem þeim hafa verið falin. Það liggur auðvitað fyrir, eins og ég hef margoft tekið fram, að það tiltekna mál sem við erum hér að ræða er á forræði allshn.

Allshn. hefur lokið störfum sínum. Það getur vel verið að menn hafi eitthvað við það að athuga, ég veit það ekki og efast reyndar um það, en það getur samt verið. Ef það er þannig þá geta menn auðvitað látið það koma fram í þingræðum sínum en ekki reynt að koma í veg fyrir að hinar efnislegu umræður geti farið fram sem nauðsynlegt er að fari fram. Auðvitað hefur allt svigrúm verið veitt til þess að nefndirnar geti starfað og við látið efnislegar umræður fara fram.

Ég vil bara enn og aftur taka það fram, eins og ég gerði í upphafi máls míns áðan, að ég lýsi yfir fullum stuðningi og trausti á störf hæstv. forseta. Ég veit að hæstv. forseti reynir að greiða fyrir þessari umræðu og vona að þingmenn reyni ekki að koma í veg fyrir það með því að beita alls konar hælkrókum til að trufla starfið.

[16:40]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti hefur hlustað á þau atriði sem hér hafa komið fram og þær upplýsingar sem nú liggja fyrir. Forseti mun hlutast til um að þingflokksformenn komi saman og fari yfir málið og þá stöðu sem nú er uppi á meðan næsti ræðumaður flytur mál sitt.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér nefndarálit sem liggja fyrir um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og á samkeppnislögum, nr. 8/1993.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir var frsm. minnihlutaálits allshn. og gerði skilmerkilega grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem í því áliti felast. Ég sem áheyrnarfulltrúi í allshn. er samþykk því nál. sem hv. þm. talaði fyrir.

Það er ljóst hvert sjónarmið minni hluta allshn. í þessu máli er. Það kemur fram í niðurstöðu og niðurlagi álitsins á þskj. 1629. Þar kemur fram tillaga að rökstuddri dagskrá þar sem óskað er eftir því að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá. Þessi niðurstaða minni hluta allshn. kemur í kjölfarið á þeirri athugun sem fram hefur farið síðustu daga í allshn. við afar óviðunandi aðstæður, verður að segja. Hér er á ferðinni, eins og margoft hefur komið fram, viðamikið, viðkvæmt og umfangsmikið mál en síðast og ekki síst afar spennandi mál. Um er að ræða mál sem gengur út á það hvort setja eigi einhvers konar reglur um störf fjölmiðla á Íslandi. Það er bara ekkert minna sem liggur undir.

Hver er aðdragandi málsins? Ef við reifum aðeins það sem gerst hefur í vetur má rifja það upp að um miðjan nóvember í vetur svaraði hæstv. forsrh. í fyrirspurnatíma spurningum frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. Hann fór þá allt í einu mikinn um stöðuna á fjölmiðlamarkaði á Íslandi og hafði þá þau sjónarmið uppi að vissulega bæri að skoða þá stöðu með tilliti til ýmissa þátta og lýsti sig reiðubúinn til þess að gera það.

Í kjölfar umræðu sem spannst síðan í fjölmiðlum og í samfélaginu af þessu svari hæstv. forsrh. í nóvember mátti strax sjá að mikill áhugi var hjá fólki um að umræða um stöðuna hjá fjölmiðlafyrirtækjum færi fram. Nokkrir þingmenn

tóku sig saman og fluttu þingmál, á þskj. 485. Það er till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla. Þá tillögu fluttu þingmenn úr flestum stjórnmálaflokkunum. Það voru hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson, Hjálmar Árnason og Steingrímur J. Sigfússon. Sú tillaga gerði ráð fyrir því að Alþingi kysi nefnd sem yrði skipuð fulltrúum allra þingflokka. Sú nefnd átti að fá það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, skoða hræringar á fjölmiðlamarkaði, skoða hvert stefndi og huga m.a. að því hvort þörf væri á lagasetningu eða aðgerðum til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstur hér á landi. Tillagan var ítarlega rökstudd. Hún var í nokkuð mörgum liðum og sett fram í þeirri trú að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefði í alvöru áhuga á að fagleg umræða og vinna færi af stað á þessu sviði.

En hver varð svo raunin? Skömmu eftir að þessi þáltill. kom fram var tilkynnt um það í fjölmiðlum að menntmrh. hefði einhliða ákveðið að skipa nefnd sem ætti að fara ofan í þessi mál, kanna stöðuna á fjölmiðlamarkaði og þá sérstaklega með tilliti til eignarhalds á fjölmiðlum og það hvort samþjöppunin væri orðin svo mikil að ekki mætti við una.

Í þeirri ákvörðun hæstv. menntmrh. var auðvitað fólgin ákveðin lítilsvirðing í garð þeirra þingmanna sem staðið höfðu að þeirri þáltill. sem ég nefndi í upphafi máls míns. Hvers vegna? Jú, vegna þess að vilji þingsins er ekki alltaf sá sami og vilji framkvæmdarvaldsins. Þetta tel ég hafa verið freklegt frammígrip framkvæmdarvaldsins við fram komna tillögu sem er samin og flutt af breiðum hópi þingmanna úr flestum stjórnmálaflokkum þannig að strax bara á því sást að gerræðislegir tilburðir ríkisstjórnarinnar yrðu hafðir uppi í þessu máli.

Eitt af því sem ríkisstjórnin eða öllu heldur hæstv. menntmrh. horfði fram hjá var sá eðlilegi vilji þeirra þingmanna sem flutt höfðu þáltill. til að hafa samráð, vítt samráð, við þessa skoðun. Að sjálfsögðu fór hæstv. ráðherra ekki út í það að kjósa nefnd sem yrði skipuð fulltrúum þingflokkanna, nei, og ekki heldur fulltrúum Blaðamannafélagsins eða fulltrúum samtaka fjölmiðlanna. Nei, nei. Nefndin var einhliða skipuð af hæstv. menntmrh. að eigin geðþótta og einstaklingar valdir í hana án nokkurs rökstuðnings eða án þess að séð væri hvaða faglegu sjónarmið lægju þar til grundvallar. Hæstv. menntmrh. fór því ekki, því miður, í þá hugmyndafræði sem lá að baki tillögu þingmannanna.

Síðan var skýrslan gerð og unnið var að henni undir mikilli tímapressu. Nú verð ég að taka það fram, virðulegi forseti, að ég kasta ekki rýrð á það fólk sem vann að gerð þeirrar skýrslu sem nú liggur fyrir, nefndina sem menntmrh. skipaði, þó svo að ég gagnrýni að ekki hafi verið valinn til hennar breiðari hópur og að ekki hafi verið ákveðið í upphafi málsins að nefndin hefði samráð við það fólk sem starfar á markaði, við fagfélag eins og Blaðamannafélagið og þá mögulega fulltrúa þingflokkanna til þess að sem breiðust sjónarmið gætu komið að gerð skýrslunnar. Greinargerð nefndarinnar um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi var sem sagt birt, eða henni skilað, 2. apríl 2004 og hún vakti strax talsverða athygli. Það hafði frést í fjölmiðlum einhverjum dögum áður, jafnvel einhverjum vikum áður, að nú væri nefndin að leggja lokahönd á vinnu sína. Eftirvæntingar gætti meðal fólks sem áhuga hafði á málinu að fá að heyra eða sjá það sem nefndin legði til, afrakstur vinnunnar sem farið var í.

Jú, viti menn. Í apríl fregnast það að greinargerðin sé komin til ríkisstjórnarinnar. Öllum verður mjög mál að fá að sjá hana en ekkert gerist. Greinargerðinni er haldið leyndri fyrir fjölmiðlum, þingmönnum, almenningi og þjóðinni. Henni er haldið leyndri, henni er ekki hleypt út í umræðuna. Hvers vegna í ósköpunum?

Jú, það kom í ljós nokkrum dögum síðar. Hæstv. forsrh. hafði ákveðið að skýrslan færi ekki í umræðu fyrr en hann væri tilbúinn með frv. sem hann gæti sagt að væri byggt á niðurstöðum nefndarinnar, byggði á eða tengdist þeim að einhverju leyti. Á endanum, fyrst tæpum þremur vikum eftir að skýrslan kom fram, er hún gerð opinber með viðhengi sem á ættir sínar að rekja til forsrn. Í viðhenginu var frv. hæstv. forsrh. sem við nú erum búin að vera að vinna með undanfarna daga í allshn.

Hvað þýðir þetta, frú forseti? Þetta þýddi að hæstv. forsrh. setti af ásetningi lok og girðingar á alla umræðu. Hann hefti umræðuna um málið, á Alþingi jafnt sem úti í samfélaginu. Eru þetta vinnubrögð til fyrirmyndar? Ég svara því neitandi. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og til skammar af hæstv. forsrh. að koma svona fram.

Hver var ásetningur hans í þessu máli? Hvers vegna vildi hæstv. forsrh. ekki heimila frjálsa og opna umræðu um skýrsluna sem mögulega hefði getað leitt til þess að á endanum, í fyllingu tímans, hefði kristallast út úr umræðunni frv. eða hugmynd að frv. eða reglum sem hefði verið hægt að segja að væru lýðræðislegar, lýðræðislega orðnar til, hefðu átt sér eðlilegan aðdraganda, eðlilega fæðingu þar sem allir hefðu getað komist að með sjónarmið sín. Nei, hæstv. forsrh. kýs að fara ekki þá leið. Hann hafnar lýðræðinu nákvæmlega eins og hv. allshn. gerði í umfjöllun sinni og hann setur greinargerð nefndarinnar fram með þessu viðhengi sínu til þess beinlínis að hefta umræðuna, einskorða hana við það sem hann vildi að yrði rætt.

Ég lýsi hér vanþóknun minni á þessu háttalagi hæstv. forsrh. sem hefur síðan litað öll störf nefndarinnar, illu heilli.

Hvers vegna er málið, eins og ég sagði í upphafi máls míns, yfirgripsmikið, flókið, viðkvæmt og spennandi? Jú, það er t.d. vegna þess að fjölmiðlar eru, eins og alþjóð veit, ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar. Það er bara ekkert öðruvísi. Fjölmiðlar hafa gífurlega mikilvægu hlutverki að gegna í samfélagi okkar til þess að tryggja m.a. málfrelsi og skoðanafrelsi sem við eigum að búa við samkvæmt stjórnarskrá okkar. Það er á þeirra ábyrgð meira eða minna að skoðanafrelsið sé til staðar og að lýðræðisleg umræða um menn og málefni fari fram í samfélaginu.

Það hefur verið mál manna í gegnum tíðina, sérstaklega á seinni árum, að huga þurfi að ákveðnum þáttum á fjölmiðlamarkaði okkar. Frá 1986, þegar einkareknar ljósvakastöðvar fóru af stað, hefur fólk haft áhuga á því sem er að gerast á fjölmiðlamarkaði og þar hefur gjarnan kveðið við sú krafa að gæta þurfi fjölbreytni, ekki bara fjölbreytni í tónlistarstöðvum, ekki bara það að við höfum eina rokkstöð sem heitir Skonrokk og eina barnastöð sem heitir Latibær og eina klassíska stöð sem heitir Klassík, heldur miklu frekar að það gæti fjölbreytni í umræðu um þjóðmálin. Að hluta til er þessi krafa fólks í landinu komin til vegna þess að það var farið að gæta ákveðinnar einsleitni. Á seinni árum hefur farið að gæta ákveðinnar einsleitni á fjölmiðlamarkaði, t.d. eftir að flokksblöðin, dagblöðin sem flokkarnir ráku í sínu nafni og í sínu umboði, voru lögð af. Ákveðin samþjöppunareinkenni tóku að gera vart við sig á þessum markaði mjög fljótlega,

við skulum segja að í upphafi tíunda áratugarins hafi þessi krafa verið orðin nokkuð almenn og fólk farið að hafa ýmis viðvörunarmerki á lofti hvað þetta varðar.

Slík umræða átti sér ekki bara stað hér á Íslandi heldur átti hún sér líka sannarlega stað í nágrannalöndum okkar og það er þekkt úr þessari umræðu að Evrópuráðið hefur samþykkt tilmæli til aðildarþjóða sinna um það að þjóðir leiti leiða til þess að fjölbreytni sé gætt í fjölmiðlum. Í þeim tilmælum og í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélagi okkar um þessi mál erum við ekki að einskorða kröfuna um fjölbreytni við eignarhald, sannarlega ekki. Þar þurfum við líka að ræða hluti eins og hvort fjölbreytni sé gætt í dagskrárframboði og í skoðunum, þ.e. að stjórnmálaskoðanir af öllu tagi fái aðgang að ljósvakanum og dagblöðunum, aðgang að fjölmiðlunum. Það þarf að ræða í þessu tilliti nýja tækni, nýja miðla. Við þurfum að ræða um veraldarvefinn sem er orðinn einn alstærsti og öflugasti fjölmiðillinn. Við þurfum að ræða um gervihnattasjónvarpið, kapalsjónvarpið, ljósleiðarann og möguleika hans, samtengingu lokaðra kerfa, um opin kerfi og lokuð og allt sem lýtur að þeirri nýju tækni og þeim möguleikum tækninnar sem eru til staðar á fjölmiðlamarkaði.

Síðan þurfum við að skoða aðferðir og aðgerðir sem geta tryggt sjálfstæði ritstjórna á fjölmiðlum. Það er afar mikilvægt atriði í þessari umræðu um fjölbreytnina. Það verður auðvitað að tryggja að þótt stöðvar séu orðnar meira eða minna einkareknar og kannski dagblöð einkarekin verður að vera einhver trygging fyrir því að ritstjórar og ritstjórnir njóti sjálfstæðis og geti verið trúverðugar gagnvart almenningi, að það sé ekki liðið að eigendur beiti beinlínis eigendavaldi sínu til þess að stýra ritstjórnunum sínum. Þetta eru atriði sem þarf að ræða í þessu sambandi.

Sömuleiðis þarf að ræða fjölmiðlarannsóknir. Það er afar spennandi viðfangsefni sem lítið hefur komið upp í umræðunni á síðustu dögum enda fljótaskriftin slík að ekki hefur gefist ráðrúm til að fara út í það viðamikla verkefni að ræða fjölmiðlarannsóknir, en þær eru lykillinn að því að við vitum hvar við stöndum í þessum efnum.

Eitt af því sem ég mundi vilja nefna varðandi vísindarannsóknirnar er að það liggja afar bágbornar upplýsingar fyrir um fjölmiðlamarkað okkar, fáar og einsleitar rannsóknir hafa farið fram á honum. Við höfum einhverja statistík sem er mjög gott að hafa og við getum byggt ákveðinn þátt umræðunnar á en vissulega væri gott að hafa í þessari umræðu dýpri vísindarannsóknir til að styðjast við.

Þegar fjölbreytnin er annars vegar er rekstur opinbers fjölmiðils líka eitt af því sem þarf að ræða. Við búum við það á Íslandi, ég vil segja til allrar hamingju, að hafa öflugt Ríkisútvarp en við þurfum að skoða á hvaða hátt það getur haft áhrif á aðrar stöðvar á markaði, bæði hvernig samspil milli Ríkisútvarps og annarra stöðva og samspil Ríkisútvarps og t.d. dagblaðanna á að vera eða getur verið og hvernig það kemur inn á fjölbreytnina. Svo getum við líka nefnt almennt í þessu sambandi opinberan stuðning við fjölmiðla.

Allir þeir þættir sem ég nú hef nefnt eiga að koma til álita þegar fjölbreytni í fjölmiðlun er annars vegar. Fæstir af þeim þáttum sem ég hef nefnt hafa komið upp á yfirborðið svo nokkru nemi í umræðum sem farið hafa fram á borði allshn. síðustu daga. Þar hafa menn verið í blóðspreng við að afgreiða mál með þvílíku hraði að varla hefur gefist tóm til að hugsa. Matur hefur verið borinn í nefndina þannig að ekki hefur hún þjáðst af vannæringu eða næringarskorti en það hefur verið sáralítið rúm til þess að nefndin viðraði sig, viðraði sjónarmið sín, fengi að takast á um þau ólíku sjónarmið sem upp hafa komið. Satt að segja saknaði ég þess gífurlega að málið fengi nokkru sinni byr í vængina í umfjöllun nefndarinnar. Það gerði það svo sannarlega ekki.

Tilfinning mín var sú að það væri kannski ekki af illum hug formanns allshn., hv. þm. Bjarna Benediktssonar, heldur væri það miklu frekar helgað af þeirri staðreynd að hann stjórnaði ekki för. Honum var stjórnað að ofan. Maður hafði það oft á tilfinningunni að hann væri barinn áfram af vilja framkvæmdarvaldsins og að vilji hæstv. forsrh. stýrði gjörðum hv. þm., formanns nefndarinnar, meðan hann var að reyna að komast í gegnum þetta viðamikla verkefni. Enda fórst honum þetta mál ekki vel úr hendi, það verður að segjast eins og er.

Í þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar hefur komið fram nú þegar að tæplega 80 aðilar voru beðnir um að senda allshn. umsögn um málið. Það er athyglisvert þegar þetta er skoðað í því ljósi sem hefur verið varpað á málið í gær og í dag að menn höfðu aðeins kannski tæpa tvo sólarhringa til þess að gefa umsögn. Sumum barst ekki beiðnin um umsögnina fyrr en daginn sem umsagnarfresturinn rann út. Það er athyglisvert í þessu sambandi að einungis milli 20 og 30 af þessum 80 sem beðnir voru um umsögn sendu á endanum inn umsögn.

Ég held að ég geti fullyrt að allir þeir sem sendu nefndinni umsögn hafi borið sig illa undan þessum skamma fresti. Þeir tóku það meira og minna allir fram í umsögnum sínum að þeir vildu gjarnan gefa faglega og vandaða umsögn um málið en væri gert það ókleift af allshn. sjálfri, sem gæfi þeim ekki ráðrúm til þess að setja sjónarmið sín á blað með þeim hætti sem fólk gæti sætt sig við.

Til hvers ætlaðist hv. allshn. þegar hún gaf umsagnaraðilum einungis 36 tíma frest til þess að skila inn umsögnum í svona viðamiklu máli? Ætlaðist nefndin til þess að menn köstuðu frá sér öllum þeim verkefnum sem þeir voru staddir í, sama hvort um háskólaprófessora var að ræða, forstjóra fjölmiðlafyrirtækja, útvarpsstjóra, lögfræðinga, hæstaréttarlögmenn og fleiri mætti nefna? Ætlaðist nefndin til að öllu yrði kastað til hliðar fyrir þá umfjöllun sem menn voru í blóðspreng við að afgreiða? Ætlaðist hún í alvöru til þess að fá vandaðar umsagnir á svo skömmum tíma?

Í mínum huga, frú forseti, getur það varla verið. Það sér hver heilvita maður að það er óframkvæmanlegt verk. Umsagnaraðilum var gert fullkomlega ókleift að vanda til verka í þeim umsögnum sem óskað var eftir. Það eitt og sér er til vansa og beinlínis niðurlægjandi fyrir hv. alþingismenn, sem reyna að vinna störf sín af kostgæfni eða þykjast a.m.k. yfirleitt gera það. Hv. stjórnarþingmenn hafa haft um það fögur orð að hér hafi verið faglega að verki staðið. Ég hef mótmælt því. Ég verð að segja að þeir setja umsagnaraðila úti í bæ í vonlausa stöðu. Það er ábyrgðarhluti af þingnefnd að gera slíkt. Þessa virðast menn ekki iðrast. Enginn þeirra skammast sín fyrir að hafa komið fólki um allan bæ í þá ómögulegu stöðu sem við í allshn. komum umsagnaraðilum í.

Það er þyngra en tárum taki, frú forseti, þegar gestir koma á fundi þingnefnda og hafa ekki fengið möguleika á að verða við þeirri ósk sem borin er fram. Þeir hafa verið settir í slíka spennitreyju að það er gjörsamlega ómögulegt fyrir fólk að verða við þeirri ósk sem borin var fram. Halda hv. þm. í þessum sal að fólk láti sér þetta í léttu rúmi liggja?

Auðvitað ekki. Fólki líður illa yfir því að vera sett í slíka stöðu. Margir af þeim umsagnaraðilum sem settu þó eitthvað niður á blað gerðu það af veikum mætti en sögðu ævinlega, annaðhvort í upphafi umsagnar eða niðurlagi, að þeir hefðu gjarnan viljað standa faglegar að málum en þeim var gert kleift af nefndinni.

Það mætti kannski vitna til nokkurra umsagna. Ég greip af handahófi, frú forseti, umsagnir úr möppu allshn. sem er nokkuð þung og viðamikil. Hún er mikil að vöxtum. Ég hefði gaman af því að bera niður í umsögn sem okkur barst frá Rafiðnaðarsambandi Íslands, undirritaðri af formanni þess, Guðmundi Gunnarssyni. Þar kemur fram að formaðurinn hafi fengið bréf frá allshn. með beiðni um umsögn um málið og það eigi að skila umsögninni eigi síðar en 7. maí, þ.e. degi eftir að hann fær þetta bréf frá nefndinni. Hann situr þarna með beiðni um umsögn og hann fær einn dag til að gefa þá umsögn. Um hvað erum við að biðja um að umsögn verði gefin? Um bók upp á 116 blaðsíður, heila bók, sem þetta frv. er ásamt greinargerðinni, 116 blaðsíður. Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir í bréfi sínu að um sé að ræða athyglisvert mál sem skoða þurfi vel og taka á því af yfirvegun. Hann rökstyður það með þeim orðum að við búum í fámennu málsamfélagi, séum lítil þjóð og tryggja þurfi málfrelsi og tjáningarfrelsi. Hann fjallar um að rökin sem stjórnvöld hafi helst sett fram virðast beinast að því að óþægilegar greinar og málflutningur hafi birst í þeim fjölmiðlum sem frv. virðist beint gegn. Hann hafnar því að vera dreginn í lið með eða á móti forsrh. eða með eða á móti Baugi. Hann segir í athugasemd sinni, frú forseti, að þessi skoðun þurfi að fara fram að vel athuguðu máli og það gildi ekki síst um endurskoðun á pólitísku valdi á Ríkisútvarpinu. Margir umsagnaraðilar nefndu það einmitt. Hann segir síðan, með leyfi forseta:

„Rafiðnaðarsambandið getur ekki liðið að offors stjórnvalda setji atvinnu og heimili fjölda félagsmanna okkar í upplausnarstöðu."

Ástæðan fyrir því að ég vitna í umsögn Rafiðnaðarsambandsins er að ég vil sýna hvernig fólki líður þegar það fær svo skamman frest að það getur ekki með nokkru móti orðið við því að veita umsögn. Guðmundur Gunnarsson segir síðan orðrétt, með leyfi forseta, í þessari umsögn:

„Það er á grundvelli þessarar ályktunar og sjónarmiða sambandstjórnar RSÍ, að ég mun ekki taka þátt í því að skella saman einhverri umsögn, sem svo gæti hæglega ekki verið nægilega vel ígrunduð. Rafiðnaðarmenn vilja eins og áður hefur komið fram, yfirvegaða umræðu um þetta mál og við erum tilbúnir til þess að taka þátt í þeirri umræðu. Þó ég sé formaður Rafiðnaðarsambandsins, þá hef ég t.d. enga möguleika að setja fram umsögn um þessa 116 síðna bók í nafni RSÍ, til þess þarf ég að kalla saman miðstjórn sambandsins. Sú ályktun sem send var frá sambandinu um þetta mál var afgreidd af 40 manna sambandstjórnarfundi. Sama gildir um aðrar ályktanir eða umsagnir sem við sendum frá okkur, þær fá félagslega afgreiðslu."

Hverju er verið að lýsa, frú forseti? Það er verið að lýsa lýðræðislegri málsmeðferð í félagasamtökum eins og Rafiðnaðarsamband Íslands er. Lýðræðislegri málsmeðferð. Það er eðlilegt að formaður Rafiðnaðarsambandsins útlisti fyrir okkur að formaður þeirra stóru samtaka geti ekki bara á borðshorninu sínu hripað niður nokkur orð um 116 síðna bók til allshn. og kallað umsögn Rafiðnaðarsambandsins. Auðvitað getur hann það ekki. Rafiðnaðarsambandið viðhefur lýðræðisleg vinnubrögð en það virðist framkvæmdarvaldinu, hæstv. ríkisstjórn Íslands, fyrirmunað að skilja, enda langt í frá að hún stundi slík vinnubrögð. Það væri nær að hæstv. ríkisstjórn færi í læri til Rafiðnaðarsambandsins og annarra félagasamtaka sem hafa brugðist við óskum okkar um umsögn á svipaðan hátt.

Eins og ég sagði, frú forseti, get ég vitnað í fjölda umsagna sem eins er farið með, þ.e. þar sem fólk fyrirverður sig nánast fyrir að þurfa að segjast ekki hafa svigrúm, það sé leitt yfir því að hafa ekki svigrúm til þess að gera það sem kunnátta þess, þekking og hæfileikar standa til. Allshn. vængstýfði umsagnaraðila sína fyrirfram. Það er verulega miður.

Af því við erum farin að tala um lýðræðislega umfjöllun, frú forseti, þá er við hæfi á þessum tímapunkti í ræðu minni að vekja athygli á því að stjórnarliða úr þingliðinu er nú sárt saknað í þingsal, verð ég að segja. Hér situr að vísu hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., kannski af skyldurækni frekar en öðru. Fjarvera hæstvirtra ráðherra er hrópandi, hæstv. forseti. Flutningsmaður frv., hæstv. forsrh., er ekki hér til staðar. Ekki heldur hæstv. menntmrh. sem hefur þó með útvarpsmálin að gera í ríkisstjórninni. Ég sá þó ekki betur en hún væri til staðar einhvers staðar áðan.

Hæstv. samgrh. mætti vera hér einnig til að ræða við okkur um tæknimálin sem ég nefndi áðan, nýja miðla og möguleika tækninnar. Eitt af því sem við höfum fengið inn á borð okkar í allshn. er ástandið varðandi rásarmálin, þ.e. hvað er eftir af rásum til úthlutunar, hvaða tækni er möguleg til sjónvarpsútsendinga og fleira athyglisvert hefur komið fram í þeim dúr, sem hæstv. samgrh. mætti alveg skipta sér af eða vera til umræðu um. Sömuleiðis verð ég að segja að hæstv. iðn.- og viðskrh. mætti alveg láta sjá sig. Ég sá hæstv. ráðherra á göngunum áðan. Er enginn af hæstv. ráðherrum í húsi, frú forseti?

(**Forseti** (JóhS)**:** Nei, enginn af ráðherrunum er í húsinu sem stendur. Ef hv. þm. óskar sérstaklega eftir viðveru tiltekins ráðherra þá get ég orðið við því að athuga hvort þeir séu tiltækir og geti komið og verið við umræðuna, sé óskað eftir ákveðnum ráðherrum.)

Ég hef nefnt, frú forseti, þessa fjóra ráðherra: hæstv. forsrh., menntmrh., samgrh. og iðn.- og viðskrh. Ég ætla ekki að gera neina sérstaka kröfu um að þeir verði sóttir með valdi en ég vil vekja athygli þings og þjóðar á því að þeir eru fjarverandi við umræðuna. Það segir ansi mikið um áhuga eða áhugaleysi þeirra á þessu máli. Það segir sitt fyrir samfélagið hvernig við, sem höfum barist með kjafti og klóm fyrir því að málið fái lýðræðislega umfjöllun og breiða umræðu, verðum ævinlega að lúta í lægra haldi fyrir áhugaleysi ríkisstjórnarinnar. Mér fyndist eðlilegt, frú forseti, að þessum ráðherrum yrði tilkynnt að þeirra sé saknað, án þess að ég geri um það ríka kröfu að þeir verði dregnir inn í húsið. En ég mundi fagna því ef þeir sæju sóma sinn í að vera viðstaddir.

Svo má vekja athygli á því, fyrst ég er farin að hafa þetta á hornum mér, frú forseti, að hér skuli vanta ráðherra, að fjarvera Framsfl. við þessa umræðu er algerlega himinhrópandi. Mér fyndist að hv. þingmenn Framsfl. ættu að láta sig hafa það, þótt ekki væri nema til að sýna kjósendum sínum örlitla virðingu, að sitja í salnum og hlusta á það sem við höfum fram að færa. Á bara að hafa þetta þannig að stjórnarandstöðuþingmenn megi dingla hér í pontu, segja það sem þeim sýnist og halda maraþonræður, án þess að það fari inn

fyrir skelina á þeim þingmönnum sem síðar í umræðunni verða notaðir sem atkvæðamaskínur fyrir framkvæmdarvaldið? Hér er nákvæmlega það að gerast. Stjórnarliðar á þingi þurfa ekki að vera við þessa umræðu en þeir þurfa að vera við atkvæðagreiðsluna. Við getum verið viss um að þeir verða dregnir hingað inn, hver og einn. Það verður séð til þess að allir skili sér og ef einn vantar þá verður kallaður inn varamaður til að puttarnir á já-takkanum verði örugglega nógu margir til að tryggja frumvarpinu brautargengi gegnum þingið. Þetta eru vinnubrögð sem eru til háborinnar skammar, frú forseti. Áhugaleysið sem fram kemur í því sem ég hef rakið, þessum skorti á viðveru bæði framkvæmdarvaldsins og stjórnarliða í þingsalnum, segir miklu meira en mörg orð um afstöðu þessara þingmanna og flokka til málsins, til lýðræðislegrar umræðu og til þjóðarinnar.

Frú forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég hef ævinlega í umræðu um málefni fjölmiðlanna, reyndar alveg síðan á níunda áratugnum, talið eðlilegt að um fjölmiðla giltu ákveðnar reglur. Ég tala því ekki hér sem fulltrúi þess sem engar reglur vill setja. Ég tel að við þurfum að hafa, og hef ævinlega talið, að við þyrftum að setja ákveðnar reglur um hvernig fjölmiðlaumhverfi við viljum sjá. Af hverju er ég hlynnt því að reglur gildi um fjölmiðla? Ég tel að framtíðarsýn okkar þurfi að mótast af ákveðnum reglusetningum. Þannig er það í lýðræðissamfélögum. Við höfum komið okkur upp þeirri leið, að setja okkur reglur til að búa til þá framtíðarsýn sem við teljum eftirsóknarverða.

Á sínum tíma, árið 1986, þegar hið svokallaða frelsi á ljósvakanum hóf innreið sína þótti ýmsum nóg um. Menn sögðu sem svo: Hva, á ekki að reisa neinar skorður? Eiga bara allir að geta fengið útvarpsleyfi? Sumir sögðu: Enn flott. En aðrir sögðu: Obbobbobb. Ég var í þeim hópi sem sagði: Obbobbobb, er þetta skynsamlegt? Á ekki t.d. að tryggja að stöðvarnar noti íslenskt mál í dagskrá sinni? Á ekki að setja reglur um það hverjir fá og hverjir fá ekki útvarpsleyfi? Er þetta ótakmörkuð auðlind? Svo kom auðvitað á daginn að útvarpsrásirnar eru ekki ótakmarkaðar. Þær eru takmörkuð auðlind. Það kom líka á daginn að ríkisvaldið og alþingismenn sáu að setja þyrfti einhverjar reglur.

Síðast þegar útvarpslögin voru endurskoðuð var reynt að reisa einhverjar, ég segi ekki skorður en alla vega setja einhvers konar reglur um dagskrárframboð og um að lýðræðislegar grundvallarreglur yrðu hafðar í heiðri þegar leyfum væri úthlutað til útvarps. Í núgildandi útvarpslögum fjallar 6. gr. um leyfi til útvarps. Þar eru útvarpsréttarnefnd settar ákveðnar skyldur á herðar, t.d. varðandi það að fylgjast með því að reglunum um útvarpsleyfin sé fylgt og hefur ákveðna eftirlitsskyldu samkvæmt orðanna hljóðan í þessum lögum.

Sömuleiðis er getið um það í 9. gr. útvarpslaga að útvarpsstöðvar skuli í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þar kemur fram að þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum, þó skuli útvarpsstöð sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar.

Í 7. gr. er fjallað um dagskrárframboð þar sem löggjafinn hefur innrammað þá skoðun sína að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu, þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á að vísu, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Varðandi sjónvarpsstöðvarnar segir löggjafinn að þær skuli kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu.

Varðandi skyldur útvarpsstöðvanna, sem er að finna í útvarpslögunum, verður maður að segja að þær eru í algjöru lágmarki. Þeim hefur ekki verið fylgt eftir af ákafa hjá útvarpsréttarnefnd. Það hefur komið fram í umfjöllun um málið í allshn. að útvarpsréttarnefnd hefur lítið sem ekkert gert í að fylgjast með því að þessum þáttum í útvarpslögunum sé framfylgt. Það var mikið gert úr því að útvarpsréttarnefnd virtist afar vinsæl nefnd enda lítið sem ekkert undan henni kvartað. Formaður nefndarinnar taldi a.m.k. að hún hefði rækt hlutverk sitt nokkuð vel og ekki mikið út á það að setja hvernig hún hefði framfylgt því.

Þetta kann allt að vera gott og blessað en ég vil samt meina að umræða um reglur á ljósvakanum og í fjölmiðlum almennt hefði þurft að vera viðameiri, öflugri og málefnalegri, en okkur hefði tekist að hafa hana á þeim örskamma tíma sem gefinn var fyrir umræðuna í hv. allshn.

Það er alveg ljóst, t.d. af því sem hér hefur verið sagt varðandi tilmæli Evrópuráðsins, tilmæli nr. 1 frá 1999, sem gerð hefur verið grein fyrir í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, að reglurnar eða stefnumótunin sem Evrópuráðið hefur lagt fyrir aðildarþjóðir sínar er þess eðlis að það verður að taka til alvarlegrar skoðunar og málefnalegrar hvort og á hvern hátt Íslendingar ættu að fara að þeim tilmælum. Það hefur sannarlega ekki verið gert í þessari umræðu og er það verulega miður.

Hér hefur verið vitnað til athyglisverðrar greinar sem birtist í Morgunblaðinu 2. maí sem skrifuð er af Páli Þórhallssyni. Hann er lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins. Hann skrifaði í Morgunblaðið þessa efnismiklu grein sem fjallar að mestu leyti um tilmæli Evrópuráðsins. Hann segir að varðandi þessa stefnumótun verði að hafa eitt og annað í huga. Mig langar að vitna beint í þessa grein, með leyfi forseta, þar sem Páll segir:

„Enn fremur verður að hafa í huga að stefnumótun Evrópuráðsins á þessu sviði undanfarna áratugi hefur verið margþætt og er fjölbreytni fjölmiðla einungis eitt af mörgum umfjöllunarefnum. Önnur eru til dæmis frelsi blaðamanna, höfundarréttur, aðgerðir gegn kynþáttahatri í fjölmiðlum og valdmörk ríkisins gagnvart fjölmiðlum bæði í sambandi við sjálfstætt almenningsútvarp og úthlutun útvarpsleyfa."

Ummæli Páls gefa okkur til kynna á hve breiðum grunni við þurfum að skoða mögulega reglusetningu og segja okkur jafnframt hversu illa við höfum staðið okkur í að líta til þessara ólíku þátta sem eðlilegt er að séu skoðaðir og eru beinlínis fólgnir í tilmælum Evrópuráðsins nr. 1 frá 1999.

Páll rekur í grein sinni á afar fróðlegan hátt söguna síðustu 20 árin varðandi það hvernig málin hafa þróast á fjölmiðlamarkaði í Evrópu. Ég verð að segja að mér finnst athyglisvert hvernig Evrópuþjóðum virðist hafa tekist að efla hjá sér gagnrýna umræðu og hafa beinlíns þroskað hæfileika almennings til að vega og meta upplýsingar. Það er eitt af því sem fjölmiðlar þurfa auðvitað að gera. Þeir þurfa að þroska alla umræðu sem á sér stað í samfélaginu og eiga að efla gagnrýna hugsun borgaranna. Það skiptir verulegu máli í því sambandi að t.d. sé alveg á hreinu hver stendur að baki miðlinum. Það skiptir verulegu máli í mínum huga að fólk viti hverjir eru eigendur fjölmiðlanna, alveg eins og við krefjumst þess að ríkisfjölmiðlarnir séu hlutlausir, sem sannarlega er misbrestur á. Við krefjumst þess líka að fá að vita hverjir eru málpípurnar eða hverra hagsmuna fjölmiðlar

gæta ef um það er að ræða að fjölmiðillinn gæti ákveðinna hagsmuna umfram aðra. Páll segir í grein sinni að það skipti verulegu máli að gagnsæi sé á þessum markaði, það sé mikilsvert skilyrði til að tryggja fjölbreytni.

Það er verulega miður að ekki skuli hafa verið fjallað um það í allshn. af neinni alvöru að setja það inn í frv. forsrh., sé yfir höfuð um það að ræða að eitthvað sé hægt að plástra, bæta eða gera eitthvað við. Það er verulega miður að okkur hafi ekki gefist tóm til þess að ræða möguleikana á því að sett yrðu inn ákvæði sem lytu að gagnsæi gagnvart eigendum fjölmiðlanna. Það finnst mér algjört skilyrði, að við, þjóðin, vitum ævinlega hverjir standa að baki fjölmiðlunum, alveg niður í smæstu einingu. Það á þjóðin skilið að vita. Því ber auðvitað að tryggja með reglum að eignarhald á fjölmiðlum sé gagnsætt. Ég held að það muni á endanum skila okkur ansi miklu, þ.e. að fólk veit nákvæmlega hvort það eru félagasamtök eða stóreignamenn sem eiga viðkomandi miðil og geta þá hlustað á hann eða lesið hann með þeim gleraugum sem fólk sjálft kýs, alveg eins og við lásum flokksblöðin á sínum tíma. Menn lásu þau með þeim gleraugum sem menn töldu sig þurfa. Þegar við lásum Þjóðviljann þá vissum við hvaða flokkur stóð að baki honum á sama hátt og við vissum hvaða flokkur stóð að baki Morgunblaðinu.

Nú hefur þetta landslag breyst og Morgunblaðið lætur í veðri vaka að það sé hlutlaus miðill. Ég ætla ekki að kasta rýrð á Morgunblaðið sem slíkt. Ég les það helst með morgunkaffinu og þar er mjög oft gætt að því að hafa breiða umfjöllun og hlutleysi, en alls ekki alltaf. Alltaf lúrir á bak við, kannski sérstaklega í umfjöllun um utanríkismálin, stefna Sjálfstfl. Þetta verða menn að vita. Menn verða að vita tengslin við Sjálfstfl. til að geta lesið með réttum gleraugum, t.d. fréttir Morgunblaðsins af sjónarmiðum stjórnarherra í Bandaríkjunum, svo eitthvað sé nefnt af handahófi. Gagnsæi í eignarhaldi er því afar mikilvægt og miður að ekki gafst ráðrúm til að ræða það af hreinu viti í hinni hraðsoðnu umfjöllun allshn.

Á sama hátt, frú forseti, er varhugavert að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins. Ég tel, eins og ég hef sagt fyrr í máli mínu, að ákveðin hættumerki séu í þeirri samþjöppun sem átt hefur sér stað á fjölmiðlamarkaði. Ég hefði viljað ræða það í alvöru hvers konar reglur væru bestar í þeim efnum en ekki líma mig, eins og stjórnarþingmenn hafa gert við þessa umfjöllun, á hugmyndir sem forsrh. dregur úr rassvasanum og heimila ekki umræður um aðrar.

Ég sé ekki betur, frú forseti, en ótal atriði bendi til þess að þetta frv., verði það að lögum, eigi eftir að snúast upp í andhverfu sína. Í athugasemdum með frv. segir í fyrstu málsgrein, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi."

Þessi setning hefur verið hrakin af ýmsum umsagnaraðilum. Fjöldamargir aðilar hafa bent á að ekkert í þessum reglum tryggi þetta markmið frumvarpsins. Það er verulega miður að svo mikill vafi skuli leika á að meginmarkmið frv. nái fram að ganga, verði það að lögum. Það verður að telja ekki bara bagalegt heldur allsendis óviðunandi, frú forseti. Það er auðvitað líka kaldhæðni örlaganna þegar maður les aðra setninguna í athugasemdum með frv. sem er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er reist á almennt viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútímalýðræðisþjóðfélagi."

Í þessu nútímalýðræðisþjóðfélagi er ekki pláss fyrir lýðræðislega umræðu um nákvæmlega það sem við ræðum um hér. Bara gerræðislega einræðistilburðina. Ekki lýðræðislega umræðu. Alls ekki. Eins og fram hefur komið var þingmönnum í gær, dauðþreyttum eftir erfiða vinnu undanfarna daga, ekki einu sinni sagt hvort eða hvenær þetta mál yrði á dagskrá. Þessi framkoma er náttúrlega algjörlega forkastanleg.

Ég held að það hafi verið um sexleytið í gærkveldi sem ég spurði hv. formann nefndarinnar hvort við mættum búast við því að nál. yrði lagt fram síðar á þeim fundi, sem átti að standa til klukkan tíu um kvöldið. Klukkan sex um kvöldið spurði ég hvort við mættum búast við því að nál. yrði lagt fram og breytingartillögur síðar á þeim fundi. Þá svaraði hv. formaður okkur því að hann útilokaði ekki að það gæti orðið. Þar með varð okkur ljóst að það átti að rífa málið úr nefndinni fyrir klukkan tíu það kvöld. Þegar það síðan birtist rétt um kvöldmatarleytið, upp úr kvöldmat, sex síðna nefndarálit, þá spurði maður sig: Bíddu, hvaða skrípaleikur er þetta? Hvenær hafa félagar mínir í allshn. setið og skrifað þetta nefndarálit? Þau höfðu verið að gera nákvæmlega það sama og ég undanfarna viku, undanfarna fimm daga, hlustað á gesti nefndarinnar, tekið á móti gestum og hlustað á ýmsar ávirðingar. Meiri hlutinn hefur kannski reynt að stauta sig í gegnum þykka möppu af athugasemdum sem barst, greinum, lesefni, greinargerðum og álitsgerðum sem við fengum inn í möppurnar okkar, m.a. eldri greinar um lýðræði og lýðræðislega umfjöllun. Ég man ekki hvað allt þetta heitir enda hef ég ekki komist í að lesa það nándar nærri allt. En kollegar mínir í allshn., hv. þm. stjórnarmeirihlutans, höfðu ekki skrifað þetta nefndarálit sjálfir í sínum örstuttu en góðu fristundum. Það var ekkert sem benti til þess.

Þegar breytingartillögurnar lágu fyrir gafst ekkert ráðrúm til að yfirfara þær eða skoða á hvern hátt þær mundu mögulega breyta því landslagi sem við og umsagnaraðilar höfðum reynt að teikna upp út frá frumvarpinu eins og það lá fyrir í upphaflegri gerð. Ekkert ráðrúm var gefið til að skoða breyttar aðstæður eða breytt landslag. Það mátti ekki kalla inn sérfræðingana sem við höfðum verið með fyrr um daginn til að spyrja: Hverju mundi þetta breyta? Við áttum að sjá þetta í kollinum á okkur en vorum sennilega ekki nógu skýr, a.m.k. ekki jafnskýr og hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans sem gerðu sér grein fyrir þessu eins og hendi væri veifað. Þeir sáu þetta allt í hendi sér að því er virtist. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, frú forseti, að staðan hafi ekki verið eins skýr í kollinum á þeim eins og þeir vildu vera láta. Hvernig má það vera?

Fólk var búið að sitja tímum saman yfir erfiðum umsögnum. Oftar en ekki voru umsagnirnar þykkar og miklar. Umsögn Norðurljósa var heil bók. Hún var ekki minni að vöxtum en skýrsla nefndarinnar sem menntmrh. skipaði. Þessa skýrslu, umsögn Norðurljósa, fengum við í hendur um leið og gestirnir frá Norðurljósum gengu í salinn. Með öðrum orðum þýðir það að enginn nefndarmanna hafði fengið ráðrúm eða tækifæri til að kynna sér sjónarmið gestanna áður en við þurftum að spyrja þá út úr. Svo var sagt: Geta gestirnir gert okkur grein fyrir hvað stendur hér?

Heldur hæstv. forseti að gestirnir hafi fengið ráðrúm til að lesa yfir okkur þessar 40 bls. til að við fengjum nú hvert orð í

æð? Nei, aldeilis ekki. Þeir fengu að gera örstutta grein fyrir meginniðurstöðum þessarar umsagnar. Svo áttu þingmenn í nefndinni að spyrja fólk út úr þessu 40 síðna plaggi.

Það sér hver maður að það hefur ekki verið heil brú í aðstöðunni sem þingmenn hafa fengið til að vinna að máli þessu. Ekki heil brú.

(**Forseti** (JóhS)**:** Vegna óska hv. þm. um viðveru fjögurra ráðherra áðan vill forseti upplýsa að hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. eru í húsinu. Þeim hefur verið gert viðvart um óskir hv. þm. Hæstv. samgrh. er upptekinn og getur ekki verið á fundinum. Ekki hefur náðst til hæstv. viðskrh.)

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að kanna þetta, þau verkefni sem hæstv. ráðherrar sinna í dag. Ég fagna því að hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. skuli komnir í salinn. Mér finnst ekki eðlilegt, eins og ég sagði áðan, að þessi umræða fari fram án þess að þeir hlýði a.m.k. á hluta hennar. Ég hafði orð á því í ræðu fyrir ekki margt löngu að það væri líkast því að hér sæti að völdum valdstjórn. Það rifjaðist þá upp fyrir mér að hugtakið valdstjórn er að finna í hegningarlögum, almennum hegningarlögum okkar. Ég held að ákveðinn kafli heiti beinlínis Brot gegn valdstjórninni. Það hefur aftur og aftur komið upp í huga minn síðustu daga að hér sitjum við, stjórnarandstöðuþingmenn, undir hælnum á valdstjórninni. Við fáum að halda málfrelsi okkar og fáum aðgang í ræðustól. En við fáum sárasjaldan skoðanaskipti við hæstv. ráðherra. Valdstjórnin verður að fá að hafa sinn gang og við megum móast við, stjórnarandstæðingarnir, þakka fyrir málfrelsið og ræðustól Alþingis.

Frú forseti. Það er ekki margt eftir af því sem mig langaði að segja hér. Ég vil þó víkja nokkrum orðum að umsögn sérfræðinga í Evrópurétti. Það var satt að segja mjög athyglisvert sem við fengum að heyra frá sérfræðingum í Evrópurétti sem til okkar komu. Þar á ég sérstaklega við Einar Pál Tamimi, sem er forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmann. Þessir virðulegu gestir sátu hjá okkur lengi dags og fóru yfir það á hvern hátt t.d. EES-reglurnar, ESB- og EES-reglurnar, ættu við um þetta frv. Ég verð að segja að það var afar dýrmæt kennslustund fyrir mig í þessum efnum. Ég tel að hið sama gildi um aðra nefndarmenn. Í umsögn Einars Páls Tamimi, ég hef fyrir framan mig þessa umsögn þar sem kvartað er, eins og hjá öllum öðrum, yfir því að tímaramminn hafi verið knappur og á umræddum tíma hafi ekki verið hægt að gera viðeigandi efnisréttarlegum álitaefnum Evrópu- og EES-réttarins forsvaranleg skil. Þar kemur enn einu sinni fram að menn vilji gefa forsvaranlega umsögn svo sem hæfni þeirra og hæfileikar standa til. Það er sannarlega slæmt að það geti ekki gengið vegna þröngs tímaramma.

Evrópustofnunin nálgaðist málið með þeim hætti að skoða hvaða reglur Evrópu- og EES-réttarins gætu helst átt við í þessu samhengi. Þær reglur sem sérfræðingar þessir sögðu helst koma til álita voru í fyrsta lagi reglur ESB og EES um staðfesturétt, reglur um þjónustufrelsi og reglur ESB og EES-réttarins um frjálsa fjármagnsflutninga. Sömuleiðis fjallaði Einar Páll Tamimi um það í umsögn sinni að samnefnari, svokallaður samnefnari mannréttinda samkvæmt ESB og EES-rétti, ætti hér við en þá er um að ræða reglur um tjáningarfrelsi, reglur um eignarrétt, reglur um lögfræðilega vissu og afturvirkni. Loks tjáði hann okkur að afleidd löggjöf ESB, sem væri hluti EES-réttar, kæmi hér líka við sögu. Þar nefndi hann tvær tilskipanir sem ég verð að segja að hefði verið afar athyglisvert fyrir nefndina að fá að kynna sér. Þessar tilskipanir varða í fyrsta lagi útvarpsleyfi og hafa verið teknar upp af sameiginlegu EES-nefndinni í EES-samninginn. Hinar varða samræmingu útsendingarstarfsemi sjónvarps, á ensku „Television without Frontiers".

Það hefði verið afar fróðlegt fyrir nefndina að fá að kynna sér þessar reglur, sem búið er að taka upp í EES-samninginn. Hvað væri eðlilegra en að við þingmenn fengjum að sannreyna hvort frumvarpið, eins og það lá fyrir, eða frumvarpið með breytingartillögunum sem nú liggja fyrir, stenst þær tilskipanir sem hér er getið? Það væri eðlilegasti hlutur í heimi að þingnefnd óskaði eftir slíku. En var ráðrúm til þess? Nei, það var ekki ráðrúm til þess. Tilskipanirnar voru ekki einu sinni settar í möppur nefndarmanna. Þó kann að vera að ég fari með fleipur, frú forseti, þar sem ég hef ekki komist yfir að kynna mér síðustu gögnin sem sett voru í nefndarmöppurnar undir kvöld í gær.

Segja má að niðurstaða könnunar Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, á þeim réttarreglum sem tilgreindar voru og ég hef tilgreint og eru teknar úr umsögn stofnunarinnar, sé sú að ekki sé hægt að slá því föstu að frumvarpið sem fyrir liggur samrýmist að öllu leyti ofangreindum reglum. Forstöðumaðurinn segir reyndar að áreiðanleikastig niðurstöðunnar verði að vega í samræmi við þann stutta fyrirvara sem stofnunin hefur til að skoða málið. Við fengum í hendurnar upplýsingar um EES-réttinn og Evrópuréttinn sem eðlilegt hefði verið að nefndin færi vel í saumana á. Auðvitað er forkastanlegt að ekki skyldi veitast svigrúm til þess því að þetta eru auðvitað tilskipanir sem við eigum innan skamms eftir að þurfa að innleiða í löggjöf okkar. Það þarf ekki að segja þeim sem hér sitja hvernig slík mál ganga fyrir sig.

Sömuleiðis má segja að meðalhófsregla ESB hafi komið til umræðu hjá okkur. Meðalhófsreglan gerir ráð fyrir því að markmiðið með lagasetningunni eða reglunni sé lögmætt. Leiðin sem farin er, eða lagt er til að farin sé, sé almennt nothæf og viðurkennd til að ná fram þeim markmiðum sem á að ná og nauðsynlegt sé að gera þá breytingu sem verið er að framkvæma. Maður spyr aftur: Er nauðsynlegt að fara þá leið sem lögð er til í þessu frumvarpi? Það er satt að segja sorglegt, en rökstuðningurinn fyrir því hjá stjórnarliðum hefur verið lítill sem enginn. Er nauðsynlegt að fara þessa leið? Ég hef ekki fengið sannfærandi rök stjórnarmeirihlutans fyrir því að það sé nauðsynlegt.

Í annan stað spyr maður enn og aftur: Hefði ekki verið hægt að ná fram þeim markmiðum sem frv. ætlar sér að ná fram með reglum sem hefðu minni frelsisskerðingu í för með sér en yrði í þessu tilfelli?

Í Morgunblaðsgrein sem Páll Þórhallsson skrifaði, og ég vitnaði til í ræðu minni áðan og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir einnig, er sagt að eðlilegt sé að skoðaðar verði vægari leiðir, þ.e. leiðir sem fari hægar í sakirnar. Spurningin er hvort slíkar leiðir gætu ekki skilað sama markmiði og jafnvel verið árangursríkari.

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan greip ég með mér, af handahófi, nokkrar umsagnir sem mig langar til að ljúka máli mínu á að vitna til. Þar verður fyrst fyrir mér umsögn dr. Ólafs Þ. Harðarsonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Ólafur er jafnframt forseti félagsvísindadeildar. Hann segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Sú leið sem farin er í frumvarpinu gengur mjög langt. Nauðsynlegt er að greina vandlega hvaða háski kann að fylgja henni og jafnframt að skoða kosti annarra leiða, t.d.

þeirra sem nota einhvers konar hlutdeild af fjölmiðlamarkaði, t.d. áhorf eða útbreiðslu, sem viðmiðun.

Ég hvet til þess að málið fái vandlega skoðun. Mér sýnast álitamálin svo mörg að það sé óhjákvæmilegt að taka til þess nægan tíma."

Frú forseti. Nauðsynlegt er talið að greina hvaða háski kunni að fylgja þessari leið. Greindum við þann háska í allshn.? Nei. Sannarlega ekki. Stjórnarmeirihlutinn mátti ekki heyra minnst á að hér gæti einhver háski verið yfirvofandi. Hin efnislega umfjöllun fór auðvitað aldrei fram í nefndinni. Þegar nefndarálitið og breytingartillögurnar voru lagðar fram var ljóst að þar mundu leiðir skilja. Þar með var lokið umfjöllun nefndarinnar og engin málefnaleg umfjöllun fór fram eða skoðanaskipti milli nefndarmanna.

Önnur umsögn sem verður fyrir mér er frá laganefnd Lögmannafélags Íslands. Þannig telur laganefndin til að mynda nauðsynlegt að taka til ítarlegrar skoðunar nokkur ákvæði stjórnarskrárinnar við samningu umsagnar um frumvarpið, svo og ákvæði alþjóðlegra samninga og sáttmála sem Ísland er bundið af og ákvæði í settum lögum. Í umsögn laganefndarinnar segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Ákvæði þessi varða sum hver grundvallarmannréttindi borgaranna, svo sem réttinn til tjáningarfrelsis og friðhelgi eignarréttarins, en við þessar aðstæður er að mati laganefndarinnar sérstaklega brýnt að vanda til undirbúnings lagasetningarinnar.

Laganefndin fær ekki séð að það sé yfir höfuð mögulegt með vísan til framanritaðs að skila vandaðri umsögn um málið á þeim tveimur sólarhringum sem nefndinni eru ætlaðir til verksins. Af þeim sökum getur laganefnd LMFÍ ekki orðið við beiðni um að veita umsögn um frumvarp þetta."

Enn ein dæmigerð umsögnin. Ég hef einnig umsögn um frumvarpið frá Blaðamannafélagi Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands fordæmir jafnframt að félagið var sniðgengið við skipan nefndar, sem skilaði skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum sem nú liggur til grundvallar frumvarpinu, og að þátttöku fulltrúa félagsins og stéttarinnar í starfi nefndarinnar var hafnað."

Í umsögn, með leyfi forseta, frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, er fjallað um lagastoð. Þar segir:

„Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins bendir á að skera verði úr um hvort frumvarpið stenst stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, Evrópurétt og alþjóðlegan mannréttindasáttmála, sem virtir fræðimenn hafa dregið í efa."

Auðvitað var ekki gengið úr skugga um þetta í vinnu nefndarinnar. Að lokum, sem er síðasta umsögn sem ég vil vitna til, frú forseti, í þessari ræðu minni, hef ég umsögn frá Þorbirni Broddasyni, sérfræðingi í fjölmiðlum og prófessor við Háskóla Íslands. Hann spyr okkur nokkurra spurninga, þ.e. setur fram nokkra þankapunkta í lok umsagnar sinnar. Ég vil gera þessi orð Þorbjörns Broddasonar að mínum, en hann segir, með leyfi forseta:

„Hvað ber að gera?

Flýtum okkur hægt.

Göngum úr skugga um að leiðirnar séu í samræmi við markmiðin.

Víkkum sjónarhornið; lítum á stöðu blaðanna, Ríkisútvarpsins og nýrra miðla.

Tryggjum með löggjöf algert gegnsæi eignarhalds á öllum fjölmiðlum.

Tryggjum með löggjöf að útvarpsleyfi falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti, hvað sem öðru líður.

Eflum þekkingu á fjölmiðlum."

Frú forseti. Ég geri þessi lokaorð Þorbjörns Broddasonar að niðurlagsorðum ræðu minnar. Það er ljóst að stjórnarmeirihlutinn fer offari og það sér ekki fyrir endann á afleiðingum þess offors.

[17:43]

Útbýting þingskjala:

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál, nál. samgn., þskj. 1625.

Landssíminn, 723. mál, svar fjmrh., þskj. 1630.

Mismunandi rekstur heilsugæslustöðva, 838. mál, svar heilbrrh., þskj. 1623.

Notkun ljósabekkja, 916. mál, svar heilbrrh., þskj. 1624.

Uppfinningar starfsmanna, 313. mál, nál. iðnn., þskj. 1637; brtt. iðnn., þskj. 1638.

[17:44]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil lýsa því yfir í upphafi máls míns að við í Frjálsl. erum algjörlega andsnúin fjölmiðlafrumvarpinu. Verði það samþykkt á hinu háa Alþingi munum við vinna að því að afnema það, komumst við í aðstöðu til þess, rétt eins og við munum afnema kvótakerfið.

Kvótakerfið er ranglátt og það sem er líkt með þessu máli og kvótakerfinu er að stjórnarflokkarnir, réttara sagt kvótaflokkarnir, hafa notað falskar forsendur sem yfirvarp til að ná fram markmiðum sínum, sem ganga þvert gegn yfirlýstum markmiðum laganna.

Við að réttlæta gagnslaust og óréttlátt kvótakerfi hafa menn yfirvarp af fiskverndinni til þess að skerða atvinnuréttindi sjávarþorpanna hringinn í kringum landið. Hér nota menn málfrelsið sem yfirvarp til þess að reyna að hefta gagnrýna umræðu um stjórnvöld. Það hefur komið ítrekað fram að fjölmörgum ráðherrum er illa við fréttaflutning vissra fjölmiðla og telja að við þeim verði að bregðast. Það hefur komið fram m.a. í þessum ræðustól. Hér veifaði hæstv. félmrh., Árni Magnússon, DV til vitnis um að þetta þyrfti að stöðva. Allt orðfæri sumra manna er með þeim hætti að af öllu má skilja að þeim er í nöp við gagnrýna umfjöllun ýmissa fréttamiðla sem þeir uppnefna gjarnan Baugstíðindi. Hver kannast ekki við það orðfæri að Fréttablaðinu sé troðið inn um lúguna? Ég tel að slíkt orðfæri, að troða Fréttablaðinu inn um lúguna, einkenni ráðamenn sem eru orðnir vanir gagnrýnislítilli umræðu um verk sín. Ég starfaði lengi við að bera út blöð, en ég starfaði aldrei við að troða einhverjum blöðum inn um lúguna. Þetta orðfæri sem hinir háu herrar sem ráða ferð á Íslandi hafa tileinkað sér er farið að einkennast af valdhroka. Við sjáum það, ekki bara í þessu máli, heldur mörgum öðrum málum. Jafnvel í þessum ræðustól eru sumir þingmenn kallaðir litlir þingmenn og litlir kallar. Það má þá væntanlega leiða að því rök að það séu mjög stórir kallar sem stjórna þessu landi, gífurlega stórir.

Þessi valdhroki kemur fram einmitt við undirbúning á þessu frv. Þá eru menn ekki að kalla alla þá sem þetta málefni snertir að þeirri vinnu til að vanda til verksins, þ.e. þá sem vinna í atvinnugreininni, t.d. blaðamenn. Nei, þeim er haldið fjarri. Þeir mega ekki koma. En hverjir fá að koma að? Það er nefnilega athyglisvert. Það eru bara flokksbundnir flokkshestar og síðan nokkrir lögfræðingar. Þetta er vinnan í kringum fjölmiðlafrumvarpið. Það er ekki nóg með að sú vinna sé á þann veginn, heldur er henni haldið leyndri sem

lengst. Þegar síðan er búið að opinbera hana á að keyra hana hratt í gegn og helst forðast alla umræðu.

Það er óneitanlega skrýtið að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, skuli ekki blanda sér í þessa umræðu af meira kappi. Við erum að ræða hér um barnið hans. Það mætti ætla að honum væri umhugað um að það fengi góða umfjöllun hér á þinginu og hann skýrði út fyrir stjórnarandstöðunni verk sín, hvað stæði fyrir dyrum og að þetta væri allt gert af góðum hug og allt mjög eðlilegt. Ég hefði talið það. Hæstv. forsrh. ætti að vera hér og ræða þessi mál við okkur í stjórnarandstöðunni. Við höfum haft efasemdir um frv. Það eru ekki einungis við sem höfum haft efasemdir um það, heldur eru efasemdir víða í þjóðfélaginu. Ég veit ekki betur en að þorri landsmanna sé andsnúinn frv. Við erum að tala um lýðræðislega umræðu. Ég hefði talið að við ættum að tala saman um þetta og taka okkur góðan tíma. Hvers vegna er það ekki gert? Ég tel að stjórnarmeirihlutinn skuldi okkur svör við spurningunni um hvað liggi á. Ég ítreka það að þau svör sem við höfum fengið hér í dag hjá hv. formanni nefndarinnar voru rýr í roðinu, vægast sagt.

Það hefur verið með ólíkindum að fylgjast með störfum meiri hluta allshn. síðustu vikuna. Greinilegt er að hann fylgir dagskipunum hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar. Ekki má gleyma arftaka hans, hæstv. utanrrh., en hann virðist fylgja honum vel og örugglega í því að keyra málið með miklu hraði í gegnum þingið. Ég spyr: Hvert er markmiðið með því að hraða þessari umræðu? Eigum við ekki að taka góðan tíma og ræða málið málefnalega?

Eins og fram kom í upphafi máls míns tel ég að þetta frelsistal sé bara yfirvarp. Allir vita hver raunveruleg ástæða er fyrir frv. þ.e. að hæstv. forsrh. hefur lengi haft horn í síðu ákveðinna manna í viðskiptalífinu. Því má segja að það mál sem við ræðum nú sé beint framhald af bolludagsmálinu í fyrra. Það var allt hið furðulegasta, rétt eins og það sem við erum að ræða hér. Ef ég man rétt snerist það m.a. um að hæstv. forsrh. sakaði nafngreinda menn, kennda við Bónus, um að hafa reynt að múta sér án þess að hæstv. forsrh. hafi fært nokkrar sönnur á að svo hafi verið. Hann vitnaði helst í tveggja eða þriggja manna tal. Það leikur vafi á því hvort mennirnir voru tveir eða þrír.

Erfiðara hefur verið að átta sig á því hvað rekur Framsfl. áfram í þessu furðulega löggjafarstarfi. Mér var það lengi ráðgáta og leitaði víða fanga til að átta mig á því hvað ræki framsóknarmennina áfram. Ég spjallaði við marga framsóknarmenn, hér á hinu háa Alþingi og víðar, og fór m.a. norður í Skagafjörð. Þar er ýmsa framsóknarmenn að finna. Mér var bent þar á að svarið væri e.t.v. að finna í grein á maddömunni.is sem er vefrit ungra framsóknarmanna. Greinin er skrifuð af lögfræðingnum Jóni Einarssyni sem er ein helsta vonarstjarna ungra framsóknarmanna og skýrði ungi framsóknarmaðurinn gerðir þingmanna Framsfl. eitthvað á þá leið „að Framsóknarflokkurinn væri í gíslingu vegna þess að hæstvirtur utanríkisráðherra horfði vonaraugum til þessa dags sem hann fengi að vera forsætisráðherra“. Ég leitaði annarra skýringa á þessu en fann ekkert í stefnu flokksins, sem gefur sig út fyrir að vera frjálslyndur miðjuflokkur, sem útskýrir það að flokkurinn fari í þessar gerræðislegu athafnir og forðist alla umræðu um málið.

Það er í sjálfu sér undarlegt að horfa upp á Framsfl. hér, þegar hann leggur fram þetta frv. undir því yfirvarpi að verið sé að tryggja lýðræðislega umræðu. Hvað gera framsóknarmenn þá? Það er athyglisvert. Þeir loka umræddu vefriti. Það skýtur skökku við að þessar óþægilegu staðreyndir megi ekki birtast þjóðinni. Hvers vegna ætli það sé? Ætli það hafi verið eitthvert sárt sannleikskorn þarna sem ekki mátti berast út meðal þjóðarinnar?

Ég tel að ungir framsóknarmenn hér, ungir og glæsilegir fulltrúar þess flokks, hv. þm. Dagný Jónsdóttir og Birkir Jón Jónsson, ættu að koma hér fram og segja okkur frá því hvort þau séu þá fylgjandi þeim greinum sem koma fram á vefritinu góða, maddömunni.is., eða hvort þau ætli að fylgja leiðtoga sínum, Halldóri Ásgrímssyni, hæstv. utanrrh., í því að múlbinda eða koma lögum yfir ákveðna fjölmiðla sem eru óþægir ljáir í þúfu valdhafanna í landinu. Ég sakna þeirra hv. þm. hér í salnum. Ég hefði talið að það væri í tísku að ræða um fjölmiðla og einhver skemmtilegheit hér. Það væri þá tilbreyting og gott ef ungir framsóknarmenn kæmu hér fram og segðu okkur frá því hvað vekti fyrir þeim og hvort þau væru sammála ungliðanum á Sauðárkróki.

Frú forseti. Eins og áður segir hefur verið með ólíkindum að fylgjast með vinnubrögðum meiri hlutans. Vil ég lýsa algjörri hneykslan á vinnubrögðum nefndarinnar, sérstaklega því að umsagnaraðilar fengu aðeins örfáa daga til að skila inn umsögnum um frv. sem varðaði hvorki meira né minna en fjölmiðla í landinu sem oft hefur verið talað um að séu fjórða valdið. Við megum ekki gleyma því að við erum að ræða um að tryggja lýðræðið í landinu. Hvers vegna eigum við ekki að taka góðan tíma í að ræða það? Hvers vegna eiga umsagnaraðilar ekki að fá góðan tíma í að gefa umsagnir? Hvað liggur á að taka þessa umræðu í einum spreng? Ég veit það ekki. Ég á von á því að hv. ungir þm. sem vilja eflaust ræða fjölmiðla og einhver skemmtilegheit, hv. þm. Dagný Jónsdóttir og Birkir Jón Jónsson, sjái sóma sinn í því að koma hér fram þar sem þau hafa verið tíðir gestir á skjám landsmanna að segja frá ýmsum skemmtilegheitum. Það væri fróðlegt að fá að heyra viðhorf þeirra í þessu máli, hvaða eldar brenna og hvaða vá er fyrir dyrum.

Það mátti skilja á formanni allshn. að uppi væri vá gegn lýðræðinu og að ekki mætti taka lengri tíma í þetta verkefni, við yrðum að klára það sem fyrst og það væri ekki hægt að fá lögfræðiálit þó svo að veigamiklar athugasemdir hefðu komið, m.a. frá þeim sem sömdu skýrsluna góðu sem ég hef nú vissar efasemdir um, skýrsluna um fjölmiðla í landinu sem liggur til grundvallar þessu frv. Davíð Þór Björgvinsson gat ekki fullyrt með óyggjandi hætti að þetta frv. stæðist Evrópureglur.

Það þykir mér í meira lagi undarlegt og ég átta mig eiginlega ekki á hvað vakir fyrir meiri hlutanum hér á þingi að fara í þennan æðibunugang. Við í minni hlutanum lögðum til að farið yrði í að leita álits Lagastofnunar Háskóla Íslands og Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík. Því var hafnað. Að vísu tók formaður nefndarinnar sér umhugsunarfrest og sagðist þurfa að ræða við þann sem hann starfaði í umboði fyrir. Það kom mér í opna skjöldu því að ég hafði talið að við þingmenn störfuðum í umboði þjóðarinnar. Það mátti þó einna helst skilja það á þingmönnum meiri hlutans að þeir störfuðu í umboði foringjanna. Ég sé ekki, alls ekki, að okkur liggi svo á. Ég hef ekki fengið neinn rökstuðning fyrir þessari flýtimeðferð.

Komið hefur fram í umræðunni að menn hefðu viljað meiri efnislegar umræður um brtt. Jú, ég hefði verið tilbúinn í að ræða þær, senda þær út til umsagnar. Það hefur komið fram m.a. frá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að þær væru veigamiklar og hefðu bjargað frv. Ef þær eru svo

veigamiklar, er þá ekki rétt að senda þær út til umsagnar? Það væri þá hægt að senda þær í tvo eða þrjá daga. Það eru fordæmi fyrir því í starfi nefndarinnar að senda mál út í 2–3 daga og fá þá inn athugasemdir. Menn hafa talið það hingað til nógu langan tíma. Hvers vegna ekki að senda það út í 2–3 daga? Ekki liggur okkur svo á að komast í sumarleyfi. Ég hefði talið að það væri málinu til framdráttar að fá faglegar umsagnir. Ýmis misskilningur hefur komið fram varðandi þessar brtt. Sumir hafa talið þær ganga skammt og aðrir langt. Það væri eflaust gott ef hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerði rækilega grein fyrir tillögunum og útskýrði hvernig þær bæta t.d. afturvirkni laganna.

Sigurður Líndal taldi að lögin fælu í sér afturvirkni. Er þá ekki rétt að fara yfir það atriði? Öll leyfi eiga að renna út eftir tvö ár og meira að segja leyfi sem gilda sjö ár fram í tímann. Er það ekki ákveðin afturvirkni? Það væri ágætt ef hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fræddi okkur um það af viskubrunni sínum sem lögfræðingur.

Ég sé ekki ástæðuna fyrir þessum flýti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir útskýrði fyrir mér í ágætu útvarpsviðtali að það stafaði m.a. af því að það væri verið að hugsa um hag starfsfólksins og fyrirtækjanna, einkum fyrirtækisins Norðurljósa sem frv. beinist gegn.

Ég get ekki séð að nokkur hafi beðið um það. Ég hef fengið margan tölvupóstinn frá starfsfólki Norðurljósa og ég hef ekki séð nokkurn, ekki einn einasta, sem hefur bent til þess að starfsfólkið hafi beðið um þetta frumvarp. Kannski að Arnbjörg Sveinsdóttir hafi fengið einhvern tölvupóst sem ég hef ekki fengið og það væri fróðlegt ef hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kæmi og segði okkur frá því. Kannski hefur hann þá misfarist, sá póstur sem henni hefur borist.

Það sem er alvarlegt við þetta er að þetta eru auðvitað ómerkilegir útúrsnúningar hjá hv. þm. Við erum að ræða alvarlegt mál. Við erum að setja löggjöf um störf mörg hundruð og jafnvel þúsunda manna og auðvitað á að vanda til hennar. Menn eiga ekki að gera þetta með einhverjum handarbakavinnubrögðum. Það á að gefa fólki langan frest og það á að taka lýðræðislega umræðu um málið. Ég held að við getum öll verið sammála um að til þess að slík löggjöf verði vönduð þá tekur hún ákveðinn tíma.

Í Noregi tók slík umræða fjögur ár. Hún tekur hér tvær vikur. Eða hvað er hinu háa Alþingi ætlaður langur tími til að setja þessa löggjöf, tvær, þrjár vikur? Það fer eftir því hvenær menn byrja að telja. Sumir fengu skýrsluna fyrr í hendur en aðrir. Skýrslunni sem frumvarpið byggir á var haldið leyndri fyrir stjórnarandstöðunni og okkur þykir það náttúrlega ákaflega skrýtið þegar verið er að setja umgjörð um lýðræðislega starfsemi að menn skuli halda einhverju leyndu. Ég átta mig ekki á þessu. Því væri fróðlegt ef hæstv. forsætisráðherra, foringinn sjálfur, Davíð Oddsson, kæmi hér og útskýrði hvað þessi leynd átti að þýða. Hvers vegna var skýrslunni haldið leyndri og frumvarpinu fram á síðasta dag? Og síðan á að kýla það í gegn. Það hefði einmitt verið mjög gott ef bæði skýrslan og frumvarpið hefðu komið sem fyrst út í umræðuna. Þá hefðu menn getað undirbúið sig betur undir þær umsagnir sem komu inn.

Auðvitað vekur þetta frumvarp upp ýmsar spurningar. Hefði til dæmis verið hægt að ná fram yfirlýstu markmiði um að tryggja lýðræði og jafnræði á fjölmiðlamarkaði eða auglýsingamarkaði með vægari úrræðum? Til er regla í lögfræðinni, meðalhófsregla, og við höfðum einmitt sérfræðing í nefndinni sem hafði hvorki meira né minna en samið háskólaritgerð um meðalhófsregluna, hv. þm. Birgir Ármannsson. Því hefði verið fróðlegt að fá að heyra viðhorf hans í umræðunni hvort ekki hefði mátt ná fram markmiðunum um að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu með vægari úrræðum en að taka beint á eignarhaldinu með þessum hætti. Það hefði verið fróðlegt að fá það upp og það hefði verið málinu til framdráttar. Einnig hefði verið gott ef hann hefði greint betur frá þekkingu sinni á meðalhófsreglunni í nefndinni.

Það má einnig segja að margt ámælisvert sé í frumvarpinu og við fengum fjölmargar umsagnir. Það var heill bunki. Þær voru nú bara á aðra bókina. Frumvarpið fékk nánast falleinkunn í einu og öllu. Einstaka menn gáfu því þó þokkalega einkunn og það var eiginlega sammerkt með þeim að þeir voru samkeppnisaðilar Norðurljósa sem frumvarpið beinist gegn. Maður hefði ætlað að meiri hlutinn hefði tekið meira tillit til efnis umsagnanna en varð.

Umsögnin frá Samkeppnisstofnun var sérstaklega athyglisverð um að frumvarpið getur beinlínis snúist upp í andhverfu sína. Eins komu fram umsagnir um að frumvarpið muni jafnvel draga úr þeirri fjölbreytni sem er á markaðnum. Því má spyrja hvort frumvarpshöfundur og sá sem ber mesta ábyrgð á frumvarpinu sé þá ekki nokkuð sáttur við það því komið hefur fram í umræðunni að allar líkur séu á því að markmið frumvarpsins hafi verið allt annað en yfirlýst markmið, að það hafi í rauninni beinst gegn tjáningarfrelsinu. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvort hann sé ekki mjög sáttur við frumvarpið, hæstv. forsrh., einmitt vegna þess að það dragi í raun úr fjölbreytni. Vera má að Samkeppnisstofnun hafi einmitt rétt fyrir sér í þessu áliti um að það jafnvel fækki þeim aðilum sem eru á markaði og það rökstyður þá vangaveltur mínar um að markmið frumvarpsins sé í rauninni allt annað en það er sagt vera. Ef menn væru að meina eitthvað með því í alvöru að þeir vildu tryggja lýðræðislega umræðu þá hefðu þeir staðið allt öðruvísi að verki. Auðvitað hefðu menn þá skipað menn úr öllum stjórnmálaflokkum til að fara yfir þessi mál. Ég hefði talið það. Það getur hver maður séð. Það eru fáránleg vinnubrögð við að tryggja að öll sjónarmið eigi að heyrast að taka bara menn úr stjórnarflokkunum og síðan tvo lögfræðinga. Auðvitað eiga menn að skoða alla myndina. Gallinn við frumvarpið er sá að það gerir einungis ráð fyrir útvarpsrekstri eins og hann er í dag en gerir ekki ráð fyrir ýmsum tæknibreytingum sem eru handan við hornið, til dæmis þeirri að hægt verði að sjónvarpa í gegnum dreifinet Landssímans, breiðbandið. Það þarf víst ekki útvarpsleyfi til að fara þá leiðina. Svo er það gervihnattasjónvarp. Auðvitað mundu menn skoða alla þætti málsins.

Eins má segja að menn hefðu átt að skoða þátt Ríkisútvarpsins betur og fara yfir það rækilega og gagnrýnið hvort hin langa seta Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu sé farin að hafa áhrif á efnistök í ýmsum þáttum í ríkissjónvarpinu. Ég tel að rækilega ætti að fara í gegnum þá umræðu og það hvernig við getum tryggt sjálfstæði Ríkisútvarpsins og þess ágæta starfsfólks og fréttamanna sem þar vinna. Ég hefði talið það vera eðlilegt í þessari umræðu.

Ég ætla að taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að meiri hlutinn hafi sýnt gestum ákveðna lítilsvirðingu. Sérstaklega á það við gesti sem komu á fund allsherjarnefndar síðasta daginn. Þá voru allar breytingartillögur tilbúnar og nefndarálit en hvað svo sem fólkið hefði sagt þá hefði það ekki skipt miklu máli. Ég efa það. Það sem mér fannst sérkennilegast að horfa upp

á var að sjá hv. þingmenn setja virðulegan háskólakennara sinn í slíka aðstöðu. Mér fannst mjög sérkennilegt að sýna fólki ekki meiri virðingu. Ég ítreka það að ekkert kallar á og enga elda þarf að slökkva og á þá vá sem hefur verið bent að sé fyrir hendi hefur hv. þm. Bjarni Benediktsson ekki sagt okkur hver sé. Ég veit að starfsmenn Norðurljósa og starfsmenn fréttastofu vita í rauninni ekki við hvaða vá er átt. Mér finnst að þeir eigi heimtingu á því að formaður allsherjarnefndar geri betur grein fyrir því hvaða vá standi hér fyrir dyrum og hvað sé lýðræðinu hættulegt. Ég tel að ef við hefðum tekið eitt ár í viðbót í þessa umræðu þá stæðum við uppi með miklu betri sátt og gætum þá tryggt raunveruleg yfirlýst markmið frumvarpsins.

Ég ætla að víkja lítillega að aðkomu framsóknarmanna að frumvarpinu. Það kemur ekki á óvart að þeir eru fáir í þingsalnum, hv. þingmenn Framsóknarflokksins. Þeir hafa nánast varla sést í þingsalnum. Ég tel að þeir hafi leikið tveim skjöldum í þessu máli. Ég tel að þeir hafi gefið í skyn að þeir væru að einhverju leyti andsnúnir frumvarpinu. Ég verð að segja það hreinskilnislega að ég varð alls ekki var við þessa andstöðu hv. þm. Framsóknarflokksins Jónínu Bjartmarz í störfum nefndarinnar. Ég sá ekki betur en hv. þm. Jónína Bjartmarz stæði heils hugar að baki hraðvirkum handarbakavinnubrögðum meiri hlutans. Það kom mér því óneitanlega á óvart að gefið var í skyn í fjölmiðlum að hún væri á báðum áttum varðandi frumvarpið. Ég taldi það að óreyndu vera hreint yfirvarp, sérstaklega í ljósi þess að hún fann landamæri ástarinnar í útlendingafrumvarpinu þrátt fyrir yfirlýsingar um annað.

Annar þáttur í þessu er að nú erum við í 2. umræðu að ræða þetta mál og það er óneitanlega sérkennilegt að ýmsar þingnefndir hafa ekki lokið störfum, bæði menntamálanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Ég hefði talið eðlilegt að þær skiluðu áliti sínu og síðan héldum við umræðunni áfram. Í raun má segja að allur þessi flýtir kemur alveg stórlega á óvart. Ég sagði fyrr í umræðunni að það hefði verið lágmark að gefa hálfs mánaðar frest til þess að fara yfir breytingartillögurnar sem komu fram seint í gærkvöld. Ég tel það vera sjálfsagða skyldu alþingismanna að ganga úr skugga um að þeir séu að setja lög sem stangist ekki á við stjórnarskrá. Því má spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson hvað hann muni taka til bragðs ef þessi lög, sem þau eflaust gera, fara fyrir dóm og fyrir Evrópudóm og ef Ísland fær bágt fyrir, hvernig hann muni taka á því. Það væri mjög athyglisvert að heyra hv. þm. segja frá því. Hann hlýtur að hafa hugleitt það. Það hafa komið margar athugasemdir fram við frumvarpið um að það væri á mörkum ýmissa og ekki bara ýmissa heldur margra stjórnarskrárgreina íslenska lýðveldisins.

Menn hafa notað tilmæli Evrópuráðsins sem rök í umræðunni um frumvarpið og ég tek undir það að við eigum að taka tilmæli Evrópuráðsins alvarlega. Ég tel að við ættum að taka þessa umræðu en taka miklu lengri tíma í hana, ekki bara hálfan mánuð heldur að minnsta kosti eitt ár. Ég sé í rauninni ekkert vit í því að fara í þessa löggjöf og taka svo skamman tíma í það.

Fyrr í umræðunni var hv. þm. Bjarni Benediktsson ítrekað spurður út í hvaða vá standi fyrir dyrum lýðræðisins í þjóðfélaginu þó að þetta mál bíði í eitt ár. Ég hef ekki séð hana og ef maður fer yfir skoðanakannanir þá held ég að landsmenn séu mér sammála. En það er í ýmsum öðrum efnum sem við höfum fengið tilmæli frá Evrópuráðinu, meðal annars um fjármál stjórnmálaflokka. Ég hefði talið að við hv. þingmenn ættum að setja þau ofar á listann. Ég tel það ekki síður mikilvægt og ég veit að hv. þm. Bjarni Benediktsson er mér sammála. Því væri þá fróðlegt að spyrja hann hvort hann muni þá leggja ofuráherslu á að koma því máli næst í gegn að opna fjármál stjórnmálaflokkanna til að sjá hverjir hafa styrkt kvótaflokkana. Ég tel það mjög áhugaverða spurningu.

Í framhaldi af því má segja að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, sé eitthvað að átta sig á því að þetta eru mál sem þarf að hreyfa við en mér finnst hann í raun vera að drepa málinu á dreif með því að snúa umræðunni endilega eingöngu að fyrirtækjum landsmanna. Ég held að það snúist bara um gera þetta gagnsætt þannig að menn viti hverjir greiða í kosningasjóði flokkanna. Ég tel það mikilsvert. Það hefur komið fram að ýmsar kosningabaráttur hafi verið verðlaunaðar og hafi kostað gríðarlega fjármuni. Ég tel að við ættum að fara rækilega í gegnum það og ég hafna fyrirslætti eins og trúnaðarsambandi. Ég átta mig ekki á því og það væri áhugavert ef hv. þm. útskýrði þau orð. Ef ég man rétt hefur hæstv. forsrh. vitnað í eitthvert trúnaðarsamband flokksins og kjósenda og þess vegna ætti að halda því leyndu hverjir greiddu í kosningasjóðinn. Mér finnst það vera mjög sérkennileg röksemdafærsla og átta mig ekki á hvað menn eru að fara.

Að lokum ætla ég að minnast á að það er dálítið sérstakt að sjá unga hv. frelsisþingmenn Sjálfstfl. í þeim sporum að vera að berjast hatrammri baráttu fyrir höftum og heftu eignarhaldi og hertri samkeppnislöggjöf á ýmsum sviðum, sérstaklega í ljósi ýmissa ummæla sem þeir hafa haft í gegnum árin. Og ef ég má vitna í hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson þegar hann var spurður út í það, í ágætu viðtali, hvort samkeppnislög eigi rétt á sér, þá segir hv. þm., með leyfi forseta:

„Nei, ef aðili á markaði níðist á neytendum eða öðrum aðilum á markaði eiga markaðslögmálin að fá að leiðrétta slíkt en ekki eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera."

Mér finnst vera svolítið sérkennilegt að lesa þetta vegna þess að nú er hv. þm. að heimta höft á eignarhald og ýmis eignarmörk, hverjir mega eiga og hverjir mega ekki eiga. Það er umhugsunarefni hvernig menn breytast frá hugsjónum sínum á skömmum tíma yfir í þjónkun við forustusveit. Mér finnst það athyglisvert, eins og einn þingmaður orðaði það fyrr í umræðunni, að vera að breytast í atkvæðamaskínu fyrir stjórnarflokkana.

Það er alvörumál sem við ræðum hér og það sem er alvarlegast í því og við stöndum nú frammi fyrir er að það hefur ekki verið gerð nein úttekt á afleiðingum frv. Við vitum í rauninni ekki hvaða afleiðingar það muni hafa fyrir Norðurljós. Við vitum það ekki og því væri æskilegt ef hv. þm. Bjarni Benediktsson kæmi í ræðupúltið og svaraði þeirri spurningu: Hefur hann gert sér grein fyrir því hverjar afleiðingar frv. munu verða fyrir það ágæta fyrirtæki og ekki eingöngu sjálft fyrirtækið, það er ekki það sem málið snýr eingöngu að, heldur starfsfólkið sem þar vinnur?

Frú forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[18:20]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir ágæta og efnismikla ræðu, enda hefur hann setið í allshn. síðustu dagana og verið með í rússíbanareiðinni í gegnum þá vinnu og á þeim skamma tíma sem nefndinni var skammtað. En mig langaði að inna hv. þm. eftir áliti hans

á einu máli sem kom ekki fram í ræðu hans og kom fram í fréttatíma Ríkisútvarpsins fyrr í kvöld.

Í viðtali við Gunnar Helga Kristinsson stjórnmálafræðing var hann að tjá sig um að ef þetta frv. yrði að lögum væri það mál sem uppfyllti mjög vel öll skilyrði þess að forseti Íslands beitti synjunarvaldi sínu og rökstuddi það með þeim hætti að málið uppfyllti þau skilyrði sem slíkt stórmál þyrfti að uppfylla til að vera bært til að fara fyrir dóm þjóðarinnar, að forseti ætti að vísa málinu í dóm þjóðarinnar ef stjórnvöld keyrðu það af harðfylgi í gegn til að gera þessi ólög að lögum.

Hann rökstuddi þetta með þeim hætti að frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum uppfyllti öll grundvallarskilyrði þess að stjórnskipun væri í hættu, þ.e. að vegið væri að atvinnufrelsi, eignarrétti og tjáningarfrelsi. Frv. uppfyllti öll þessi skilyrði, málið væri þess eðlis og það alvarlegt að það vegi að grundvallarstjórnskipun í landinu og væri bært til að forsetinn beitti synjunarvaldi sínu og sendi málið fyrir dóm þjóðarinnar, verði það að lögum. Því vildi ég spyrja hv. þm., sem fór yfir svo margt sem málinu viðkemur í sinni góðu ræðu áðan, álits á því hvort hann telji málið þess eðlis að forsetinn eigi að beita synjunarvaldi sínu og málið eigi að fara fyrir dóm þjóðarinnar verði það að lögum á næstu dögum.

[18:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þetta ágæta andsvar og þá get ég komið skoðunum mínum á framfæri varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Almennt tel ég að við eigum að beita þjóðaratkvæðagreiðslu í ríkari mæli en gert er og ég tel einmitt að þetta mál ætti að skoða vel með tilliti til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hefði talið, burt séð frá því hvort forseti Íslands beitti neitunarvaldi, að mál eins og þetta ætti að fara fyrir þjóðina rétt eins og stjórn fiskveiða.

Það eru ýmis álitamál sem þjóðin ætti að fá að greiða atkvæði um og ég tel að fjölmiðlafrumvarpið sé einmitt mál sem rétt væri að þjóðin hefði skoðun á og að það eigi alls ekki að vera ákveðið eingöngu í einhverri nefnd og þröngri klíku stjórnarflokkanna, alls ekki. Þetta er einmitt mál sem ætti að fara í opna umræðu og væri málinu til framdráttar ef þjóðin greiddi atkvæði um það.

[18:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir prýðilegt og greinargott svar þar sem hann telur málið til þess bært að forseti Íslands beiti synjunarvaldi sínu, verði það að lögum.

En það er annað sem mig langaði að inna hann eftir og kom fram í máli Skarphéðins Bergs Steinarssonar, stjórnarformanns Íslenska útvarpsfélagsins, þar sem hann fullyrðir að þetta mál sé sérsniðið að Íslenska sjónvarpsfélaginu og eigendum Skjás 1. Og um leið og það sé sértækt til að leysa upp Norðurljós og brjóta það fyrirtæki á bak aftur og þvinga það til að leysa sumar deildir sínar upp sé það sérsniðið að því að Íslenska sjónvarpsfélagið geti keypt Íslenska útvarpsfélagið ef og þegar að því kemur að stjórnvöld hafi neytt Norðurljós til að brjóta einingar sínar upp. Rökstuðningur Skarphéðins Bergs fyrir því var að í frv. væri tekin inn reglan um 5% eignarhald markaðsráðandi aðila eða þeirra sem væru með yfir 2 milljarða kr. veltu. Svo athyglisvert sem það væri, sagði Skarphéðinn Berg, ætti Íslandsbanki einmitt tæp 5% í Skjá 1 eða Íslenska sjónvarpsfélaginu og IKEA, sem ætti eitthvað á bilinu 20% í Íslenska sjónvarpsfélaginu, væri með veltu á Íslandi upp á 1,8 milljarða. Svo miklar og rammar væru þær tilviljanir sem hér væri um að ræða og þar með væri frv. sérsniðið að því að eigendur Skjás 1 gætu keypt upp leifarnar af Norðurljósum þegar þau væru hætt að loga og íslensk stjórnvöld hefðu brotið þau á bak aftur með þessum ólögum.

Því langaði mig að spyrja hv. þm. Sigurjón Þórðarson um viðhorf hans til þessara fullyrðinga Skarphéðins Bergs Steinarssonar sem fram komu í fréttum í dag þar sem þingmaðurinn hefur á síðustu dögum unnið ötullega í nefndinni og er því öllum hnútum vel kunnugur um tilhögun mála þar.

[18:26]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir það sjónarmið að frv. er ekki eingöngu sérsniðið að heldur sérsniðið gegn Norðurljósum. Það er umhugsunarefni að við skulum standa í þvílíkri lagasetningu á hinu háa Alþingi og sérstaklega að hinir ungu þingmenn, frelsisþingmenn, skuli taka þátt í þessu. (**Gripið fram í:** Helsisþingmenn.) Já, yfirlýstir frelsisþingmenn sem eru í rauninni að ganga til furðulegra verka og er mjög undarlegt að horfa upp á. Ég tel að hv. þm. Bjarni Benediktsson verði að gera betur grein fyrir hvaða vá hann sjái sem standi lýðræðinu fyrir þrifum. Ég tel að það sé ekki á mínu valdi að svara því svo með óyggjandi hætti sé hvort þetta sé í rauninni plottið sem menn sjá fyrir sér í þessu máli. Ég tel það miklu frekar vera á forræði hæstv. forsrh. að gera betur grein fyrir málinu. Hann skuldar þjóðinni að gera betri grein fyrir því. Hann hefur sett þessa ungu hv. þm. í mjög erfiða stöðu. Óneitanlega hlýtur það að vera erfið staða sem þeir hv. þm. eru í að verja þau slæmu verk sem við erum að ræða í dag.

[18:28]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem upp til að bregðast við þeim spurningum sem að mér var beint í ræðu hv. þm.

Í fyrsta lagi spyr hann hvað ég ætli til bragðs að taka ef á síðari stigum komi í ljós að lögin stangist í einhverjum atriðum á við Evrópurétt eða stjórnarskrá eða annað þess háttar. Því miður er það þannig að undir dómstóla verða ekki bornar lögfræðispurningar sem eiga ekki við um einstök mál sem eru raunhæf í þjóðfélaginu. Því er það svo að þessi óvissa verður alltaf til staðar að einhverju leyti. Henni verður ekki útrýmt með endalausum lögfræðiálitum, alltaf verða settir fyrirvarar um að einhver sérstök sjónarmið kunni á endanum að verða ofan á sem ekki verða séð fyrir fyrir fram. En það er einmitt af þeirri ástæðu sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt sérstakt kapp á að bregðast við þeim ábendingum sem nefndinni hafa borist frá sérfræðingum til þess einmitt að tryggja að sú staða komi ekki upp á síðari stigum.

Hv. þm. hefur jafnframt beint þeirri spurningu til mín hvaða áhrif lögin komi til með að hafa og spyr hvort ég geti veitt honum svar við því. Því er til að svara að markmið frv. er, eins og segir í nefndarálitinu, að sporna við því að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hamli gegn æskilegri fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum og skapi þeim nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði til að geta haft jákvæð áhrif og veitt stjórnvöldum og atvinnulífi heilbrigt aðhald. Þetta eru þau áhrif sem verið er að sækjast eftir með frv. og þetta eru þau

áhrif sem ég ætlast til að lögin hafi í framkvæmd.

[18:30]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Yfirlýst markmið frv. er fjölbreytni. En nú höfum við fengið bunka af umsögnum til nefndarinnar sem segja að frv. geti snúist upp í andhverfu sína. Það ætti hv. þm. að íhuga. Hann ætti einnig að íhuga hvað gerist ef við fáum á okkur dóm eða álit EFTA-dómstólsins um að þetta standist ekki Evrópureglur. Hvað liggur á? Hvaða vá er fyrir dyrum? Er ekki rétt að hann greini frá því? Væri ekki nær að fara rækilega yfir málið?

Næstum allir málsmetandi lögfræðingar hafa slegið varnagla við því hvort þetta frv. standist Evrópureglur. Þeir hafa efasemdir um að það standist stjórnarskána. Hefði ekki verið rétt að taka a.m.k. hálfan mánuð í að skoða málið rækilega? Þótt ég trúi því að hv. þm. hafi unnið af góðum hug, að brtt. væru til þess gerðar að það stæðist reglur, hefði þá ekki verið rétt að senda þær aftur út til umsagnar? Við sendum þetta frv. til umsagnar í nokkra daga. Okkur hefði ekki munað um að leyfa því að vera til skoðunar í nokkra daga í viðbót.

[18:31]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. telur að tvær vikur til viðbótar hefðu leyst úr þeim vanda sem hann telur fyrir hendi í málinu og dugað til að koma til móts við athugasemdir sem gerðar hafa verið hraðann á málinu. Ég verð að segja að ég er honum ósammála um það. Ég tel að á næstu tveimur vikum hefði ekki fengist endanleg niðurstaða í þeim lögfræðilegu álitaefnum sem hann vísar til. Ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég tel að öllum þeim atriðum hafi verið sérstaklega mætt með þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur til.

Hvaða vá vofir yfir? spyr þingmaðurinn. Því er til að svara að til grundvallar frv. liggur ítarleg greinargerð sem lýsir þeirri vá. Það er engin tilviljun, hæstv. forseti, að öll ríki sem horft hefur verið til til samanburðar hafa sett sér sérstakar reglur um þessi efni. Það er engin tilviljun að Frakkar, Svíar, Danir, Norðmenn og fleiri ríki setja sérstakar reglur um hvernig eignarhaldi á fjölmiðlum skuli háttað eða hafi með öðrum hætti afskipti af því hvernig fjölmiðlamarkaðurinn byggist upp. Við höfum ekki haft slíkar reglur á Íslandi og nú er kominn tími til þess. Það er vegna þeirrar óvenjulega miklu samþjöppunar sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum. Það er váin. Það er ástæðan fyrir því að aðrar þjóðir hafa brugðist við og nú er komið að því að við gerum eitthvað í málunum.

[18:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru ekki mín orð að ég hefði viljað eyða tveimur vikum meira í þessa vinnu, alls ekki. Ég hefði viljað verja í það miklu lengri tíma, fara í opna umræðu í þjóðfélaginu og gera málið vel úr garði. Það hefði eflaust mátt taka á eignarhaldinu með þeim hætti. Ég er ekki að draga úr því. En menn eiga ekki að vinna verkin með þessum hætti.

Þessar tvær viku hefðu ekki leyst úr vandanum, eins og hv. þm. hélt fram. Ég tel hins vegar að sá tími hefði dugað til að leiða meiri hlutanum fyrir sjónir að þeir eru á villigötum. Þeir hefðu áttað sig á því í staðinn fyrir að æða áfram eins og vagnhestar, keyrðir áfram með forsrh. sem vagnstjóra. Auðvitað eiga menn að fara í opna lýðræðislega umræðu. Ég er sannfærður um það, ég hef ekki misst það mikla trú á þessum hv. ungu þingmönnum, að ef þeir hefðu fengið tveimur vikum lengri tíma og fengið lögfræðiálit sem gengi þvert á þessa fyrirætlan, þá væru a.m.k. einhverjar líkur á að mennirnir hefðu séð að sér.

Hvað liggur okkur á? Er ekki mikilvægara að hafa vaðið fyrir neðan sig og taka þann tíma sem þarf til að vera viss um að við séum ekki að brjóta stjórnarskrána eða fara á svig við Evrópureglur.

[18:35]

Útbýting þingskjala:

Heilsugæslustöð í Hafnarfirði, 709. mál, svar heilbrrh., þskj. 1617.

Hjúkrunarheimilið Sólvangur, 710. mál, svar heilbrrh., þskj. 1622.

Umskurður kvenna, 964. mál, svar heilbrrh., þskj. 1626.

[18:35]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Fyrr í dag kom fram ósk frá hv. þingmönnum Samf. í menntmn. um að umræðu um svonefnt fjölmiðlamál yrði frestað á meðan fagnefndir þingsins væru enn að fjalla um málið. Nú hefur komið í ljós að menntmn. mun á fundi í fyrramálið taka þetta mál til umfjöllunar og taka á móti gestum. Svipaða sögu er að segja af efh.- og viðskn. þannig að það er ljóst að málið er enn þá í umræðu hjá fagnefndum þingsins sem ætlunin var að mundu nálgast þetta umfjöllunarefni frá öðrum sjónarhóli en allshn. hefur gert. Bæði hæstv. forsrh. og allshn. óskuðu á fyrri stigum þessa máls eftir áliti þessara fagnefnda og þær hafa ekki enn gefið álit sitt.

Svo það komi fram í þessum sal var þeirri kröfu Samf. og stjórnarandstöðunnar, um að fresta umræðu á meðan fagnefndir þingsins væru enn að fjalla um málið, hafnað af hæstv. forseta Alþingis, Halldóri Blöndal. Þessi fundur átti sér stað fyrir rúmum hálftíma og það er rétt að það komi fram með formlegum hætti.

Hæstv. forseti Halldór Blöndal taldi þetta eðlilegt, að umræðan færi fram þrátt fyrir að fagnefndirnar væru að störfum og mundu fjalla um þetta mál á morgun. Þingflokksformenn Sjálfstfl. og Framsfl. tóku undir það og vörðu þessi vinnubrögð. Þeir töldu að hér hefði verið afskaplega vel að máli staðið.

Nú kemur að sjálfsögðu annað í ljós. Það hefur ekki verið vel að þessu máli staðið. Aðrar nefndir hafa ekki lokið yfirferð sinni yfir málið og það er rétt að undirstrika að það eru einmitt flokksbræður þingflokksformanns Sjálfstfl. og hæstv. forseta sem stjórna umræddum nefndum. Það er alveg ljóst að þessir flokksbræður hæstv. forseta og þingflokksformannsins hafa metið það svo að málið þarfnist frekari umfjöllunar. Við í Samf. höfum talið rétt að þessari lykilumræðu, sem við teljum 2. umr. vera, verði frestað meðan fagnefndirnar eru að fjalla um þetta mál. Því var sem sagt hafnað af hæstv. forseta Halldóri Blöndal nú seinni partinn.

[18:38]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill taka fram að það hefur verið ljóst frá því í morgun, frá því að þessi umræða hófst, að tvær fagnefndir hafa ekki lokið störfum. Engu að síður hefur umræðunni verið haldið áfram. Það varð að samkomulagi milli forseta þingsins og formanna flokkanna að í kvöld yrði haldinn fundur aftur milli forseta og formanna þingflokka til að meta

stöðuna. Eins og fram kom í máli hv. þm. var haldinn fundur áðan að ósk þingmanna frá því fyrr í dag. Á þeim fundi formanna þingflokkanna og forseta náðist ekki samkomulag um aðra tilhögun en þá sem var ákveðin fyrr á þessum degi, að forseti hitti formenn þingflokkanna eftir kvöldmat. Við þá áætlun mun staðið.

Forseti óskar eftir góðri samvinnu við hv. þm. um að þessi umræða geti haldið áfram þar til þessum fundi lýkur. Þá verður staðan metin. Við sjáum þá hvort einhver breyting verður á en gert verður matarhlé milli kl. sjö og átta í kvöld.

[18:39]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert að heyra þessa niðurstöðu af fundi forseta og formanna þingflokka. Ekki er hægt annað en harma að hæstv. forseti skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu, ásamt formönnum þingflokka Sjálfstfl. og Framsl., að verða ekki við ósk okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntmn. sem við bárum upp við virðulegan forseta fyrr í dag. Við tókum þá fram að við sæjum alls ekki hvernig þingheimi væri stætt á að halda áfram efnislegri umræðu um jafnviðamikið mál þegar ekki hefðu enn borist upplýsingar og faglegt mat þeirrar nefndar sem málið varðar kannski fyrst og fremst, hv. menntmn. Þótt við getum ekki annað en beygt okkur undir þá niðurstöðu sem greint var frá rétt í þessu af hæstv. forseta og hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, þá hljótum við að bera fram þá ósk til þess fundar sem fram fer eftir kvöldmatinn, milli forseta og formanna þingflokka, að menn taki þetta að nýju upp, virði ósk okkar til fullnustu og gefi nefndunum færi á því að koma saman.

Heppilegast hefði náttúrlega verið að gera hlé á þingfundi, virðulegi forseti, strax í dag þegar þessi ósk kom fram. Þannig hefðu fagnefndirnar sem hér um ræðir, menntmn., efh.- og viðskn. og jafnvel samgn., haft tíma í dag til að vinna í málinu, kalla til sín gesti, fara vel og vandlega yfir málið og sinna því lögbundna skylduverkefni sínu að skila ítarlegu, vönduðu og yfirveguðu áliti nefndanna um þetta grundvallarmál og eitt það stærsta átakamál, virðulegi forseti, sem upp hefur komið í íslensku samfélagi um nokkurra ára skeið. Því er ekki hægt annað en óska eftir því við virðulegan forseta, varðandi þann fund sem halda á í kvöld, að menn taki málið upp, hæstv. forseti og formenn þingflokkanna, taki þessar niðurstöður og endurskoði. Við höfum engin rök heyrt fyrir því að 2. umr. um frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum geti farið fram og átt sér stað hafi menntmn. ekki skilað áliti sínu um það. Það má eiginlega segja að málið sé ekki svo mikið sem hálfkarað í umræðunum. Menn hafa rætt um litla anga málsins. Meginþættir málsins hafa ekki komið inn sem þingskjöl þar sem menntmn. hefur ekki enn þá hafið störf við málið. Þó er 2. umr. komin af stað og hefur staðið um skeið. Þetta er með ólíkindum, hæstv. forseti.

[18:42]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni einnig taka fram að sá fundur sem kallað hefur verið eftir er kl. 8.15 í fyrramálið. Það er ekki eins og þessari umræðu sé að ljúka. Hún hefur staðið í fjórar klukkustundir. Fjórir hv. þingmenn hafa talað og 19 hv. þingmenn eru á mælendaskrá. Með sama áframhaldi, þó að umræðunni yrði stanslaust haldið áfram, lyki henni ekki fyrr en um eftirmiðdaginn á morgun. Það stefnir þess vegna í að álit menntmn., ef hún skilar af sér, komist inn í þessa umræðu.

Forseti vill ítreka þá ósk sína að við getum haldið áfram með mælendaskrána.

[18:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil af þessu tilefni að það komi fram við þessa umræðu um fundarstjórn forseta að hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, studdi að sjálfsögðu þá tillögu sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson gerði grein fyrir. Það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan stendur sameinuð á bak við þá tillögu að fresta umræðunni á meðan fagnefndirnar ljúka störfum. Við skulum ekki gleyma því að hæstv. forsrh. hafði um það góð orð að leitað yrði til fagnefnda þingsins, annarra en allshn., varðandi þetta mál. Það er akkúrat sú vinna sem nú er í gangi.

En allur þessi gjörningur og sá stíll sem hér er viðhafður gefur okkur skilyrðislaust til kynna að hér er um málamyndaumfjöllun um þetta mál að ræða. Það kemur í ljós og er berlega afhjúpað í þessari umræðu. Ég fagna því, frú forseti, að þó skuli búið að ákveða að kallað verði til fundar formanna flokkanna í kvöld, ég hef ekki tímasetninguna á því. En ég treysti því að ekki aðeins komi fram mótmæli á þeim fundi heldur verði orðið við þeim mótmælum sem hér hafa verið borin fram hvað eftir annað í dag.

[18:44]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Nú hefur komið í ljós í þessari umræðu, sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, starfandi þingflokksformaður Samf., hóf, að forseti þingsins, sá sem kjörinn var, hefur ákveðið og tilkynnti þá ákvörðun á þessum fundi að verða ekki við bón hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Ástæðan virtist ekki koma neinum við. Ég verð að segja að ég skil ekki enn þá og hef ekki fengið neina skýringu á því að ekki var orðið við þessari bón.

Ég er ekki afgamall maður en þó er stund síðan ég byrjaði að fylgjast með þingstörfum. Maður hefur fengið þær skýringar að nefndir ynnu á milli umræðna og skiluðu af sér fyrir næstu umræðu á eftir, þ.e. milli 1. og 2. umr. og eftir atvikum milli 2. og 3., sem væri þá yfirleitt framhaldsnefndarálit. Ég hygg að það sé kallað svo í þingsköpum. Mér er fullkomlega óskiljanlegt hvernig þessu máli á að hátta og hvert menntmn. og efh.- og viðskn. — menntmn. er ekki byrjuð á sinni umfjöllun en hin nefndin er eitthvað komin áfram — eiga að skila álitum sínum ef af því verður. Eiga þær að skila þeim inn í 3. umr. eftir að greidd hafa verið atkvæði um brtt. við 2. umr.? Þá væri verið að gera grín að því fólki sem vinnur í menntmn. og efh.- og viðskn. Það er að sjálfsögðu verið að gera gys að því fólki sem hefur verið boðað á fundinn kl. 8.15 á morgun í menntmn., þeim sex mikilsverðu fræðimönnum og blaðamönnum sem þangað eru boðaðir. Maður skammast sín í raun fyrir að mæta á þann fund, hvernig sem andrúmsloftið verður þá eftir þessa umræðu, að heilsa upp á það fólk.

Ég verð líka að segja að í þingsköpum er fjallað um að ekki eigi að halda nefndarfundi á þingtíma. Það verður ekki gert í þetta sinn. Því skal ég lofa hér með.

Hins vegar verð ég að ljúka þessu með því að lýsa yfir vonbrigðum mínum varðandi erindi sem hér eru borin upp við forseta, ég get ekki gert að því hver sinnir þeim störfum hverju sinni, sem forseti hefur síðan lofað að setja í ákveðna meðferð, að forseti skuli ekki taka það upp hjá sjálfum sér — ég tek það fram að ég er ekki að áminna þann sem nú

situr í forsetastóli — að skila niðurstöðum þeirra erinda til þingmanna þegar þau eru borin fram á þennan hátt. Það er sérkennilegt að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson skuli þurfa að gera það hér en ekki forseti, annaðhvort sá sem hér situr eða sá sem til þess var kjörinn. Hvar er hann?

[18:47]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Þetta snýst um þinglega meðferð mála, um það hvort nefndir þingsins sem hafa fengið mál til meðferðar geti skilað þeim af sér áður en þau eru tekin til 2. umr. eins og þingsköp gera ráð fyrir. Þau svör hæstv. forseta að enn sé óljóst hversu lengi 2. umr. standi þannig að innan þeirra skilgreindu marka ætti að vera mögulegt að koma inn með nefndarálit frá hv. menntmn. og efh.- og viðskn. eru náttúrlega engin svör, og afar ómálefnaleg af hálfu hæstv. forseta.

Það var dapurlegt að málið skyldi vera tekið á dagskrá án þess að skil þessara nefnda lægju fyrir en ég leyfi mér að vitna til þess að þegar málið var afgreitt til nefndar á hv. Alþingi við lok 1. umr. tók hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fram við atkvæðagreiðsluna að hann teldi langeðlilegast að málinu væri vísað til menntmn. og hún sendi, eins og stendur í svari, með leyfi forseta, „þessa einu lagagrein sem varðar annað en verksvið menntamálanefndar til umsagnar hjá efnahags- og viðskiptanefnd“ og lagði áherslu á það. Í svari sínu eða athugasemd við atkvæðagreiðsluna sagði hæstv. forsrh. þá, með leyfi forseta:

„Hins vegar finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að allshn. sendi málið til annarrar þeirrar nefndar sem nefndarmenn telja skynsamlegt að gera og ég held að ætti að geta verið sæmileg sátt um það.“

Þessi voru orð hæstv. forsrh. þegar hann fylgdi málinu til nefndar í lok 1. umr. Mér finnst dapurlegt ef hvorki forsrh. né þingið og forsetar þingsins geta staðið við þessi orð. Því er lofað í heyranda hljóði að gefnu tilefni í málefnalegri umræðu við lok 1. umr. hvernig með skuli fara og það er ekkert að skella á jarðskjálfti eða náttúruhamfarir með þeim hætti að hægt sé að þola það að stjórn þingsins og forsrh. sem 1. flm. þessa máls geti ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin eru í þinginu. Auðvitað átti ekki að taka málið á dagskrá fyrr en allt saman væri komið inn frá þessum nefndum. Nógu skammur hefur fyrirvarinn verið í þessari vinnu þó að staðið hefði verið við þetta. Ég tel alveg einboðið að nú eigi að fresta þessari umræðu þannig að þessar lögboðnu nefndir þingsins geti skilað áliti sínu til þingsins eins og þær hafa verið beðnar um af þinginu.

[18:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu ekki annað hægt en að beygja sig undir þá niðurstöðu sem virðulegur forseti Alþingis komst að í dag með formönnum þingflokka um að umræðan fari fram. Um leið verður það samt að koma fram vegna þessara upplýsinga frá forsetaembættinu að við, hv. fulltrúar Samf. í menntmn., hljótum að harma það mjög að 2. umr. skuli hafa farið af stað í Alþingi um þetta mikla mál. Í ljósi þess að upplýsingarnar og álit menntmn. vantar er hún, svo vægt sé til orða tekið, meingölluð ef ekki handónýt. Það er skaði að 2. umr., meginumræðan, um þetta grundvallarmál í stjórnskipun okkar Íslendinga skuli fara fram á hinu háa Alþingi án þess að sú nefnd sem málið snertir hvað mest, menntmn. Alþingis, skuli hafa fjallað um það í störfum sínum. Því var þeirri ósk svo skýrt og skorinort komið á framfæri við virðulegan forseta fyrr í dag að fundi yrði frestað þá þegar, nefndir kallaðar saman svo að þær gætu hafist handa við að viða að sér gögnum, kalla til sín gesti og vinna alla þá ítarvinnu sem nefndunum ber að vinna, þá vandvirknislegu ítarvinnu sem þingnefndunum ber að vinna til að þær séu, frú forseti, í stakk búnar til að skila því inn á hið háa Alþingi sem þær eiga að skila inn. Það er grundvöllur og undirstaða þeirrar umræðu sem fer fram hérna, þeirrar lýðræðislegu umræðu sem fer fram í þingsölum um öll okkar meginmál.

Og þar sem um meginmál er að ræða, frú forseti, tókum við mjög ákveðið á málinu fyrr í dag þegar við ítrekað óskuðum eftir því að þingfundi yrði frestað og nefndum gefið tóm til að starfa vegna þess að hér er um að ræða meginmál í samfélagi okkar, grundvallarmál sem margir telja að vegi að stjórnskipun landsins þar sem málið brjóti harkalega á öllum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar fyrir utan þá sem lýtur að trúfrelsi. Þetta álítum við að komi fram hjá fjöldamörgum sérfróðum aðilum, frú forseti, og þess vegna fórum við fram á það ...

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill biðja hv. þingmann að fara ekki í efnislega umræðu um frv. undir fyrirsögn um fundarstjórn forseta.)

Ég verð við þeirri ósk, frú forseti, en var að færa rök fyrir því af hverju við sóttum það svo stíft á þingfundi fyrr í dag að fundi yrði frestað og fundið yrði tóm fyrir nefndirnar til að starfa. Vil ég ítreka við þann forseta sem nú situr að við, fulltrúar Samf. og stjórnarandstöðunnar í menntmn., höfum farið þess á leit enn og aftur við hæstv. forsetaembættið að það gefi okkur tíma til að sinna þessum störfum okkar.

[18:54]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég lýsi yfir furðu á því að þessari ósk hafi verið hafnað, og sérstaklega að menn bíði ekki eftir áliti menntmn. Ég hefði talið eðlilegasta farveg málsins að málið hefði verið í menntmn. en ekki verið sett á forræði allshn. Þess vegna er svo mikilvægt að bíða eftir áliti menntmn. Ég tel það vera mjög mikilvægt. Ég sat umræddan fund með hæstv. forseta þingsins og mér fundust rök meiri hlutans vera veigalítil í málinu.

Önnur rök skipta ekki minna máli hvað það varðar að við eigum að gefa okkur lengri tíma. Komið hefur fram í umræðunni að brtt. sem við erum að fjalla um í 2. umr. hafa verið sagðar mjög veigamiklar og þess vegna á að gefast ráðrúm til að kynna sér þær í frekari mæli en gert er ráð fyrir eins og þinghaldinu er háttað nú. Ef við ætlum að setja góð lög er lágmark að bíða eftir áliti menntmn. sem ætti samkvæmt venju að hafa forræði í málinu.

[18:56]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Það er ekki annað að gera en að sætta sig við þá niðurstöðu sem enn er í málinu. Vegna forsögunnar og til þess að hjálpa til við afgreiðsluna hér á eftir vil ég taka fram að það er rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að í lok 1. umr. fór fram sérstök lítil umræða um það hvert ætti að vísa þessu máli. Hana hóf hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Mál sem fjallar að $^{9}/_{10}$ eða $^{95}/_{100}$ um útvarpslög og um menningar- og menntamál, sem eru á sviði menntmn. sem fjölmiðlarnir vissulega eru, þó að þetta mál hafi marga aðra útúrdúra og hliðar, á auðvitað heima í menntmn.

Í 23. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta: „Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu.“ — Þetta mál er á valdsviði menntmrh. þó að forsrh. hafi svo flutt það eins og frægt er og mikið hefur verið rætt.

Síðan segir áfram í þingsköpunum, með leyfi forseta:

„Til allsherjarnefndar skal vísa dómsmálum, kirkjumálum, byggðamálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður.“ — Það er vissulega rétt að þingið ákvað í þetta sinn að gera þetta.

Um slík tilvik að nefnd vísi máli til umsagnar til annarrar nefndar á sérsviði getur ekki í þeim þingsköpum sem við störfum nú eftir — kannski er ástæða til að athuga það í næsta sinn — heldur er einungis gert ráð fyrir því eftir því sem ég kem auga á að þingnefnd vísi máli í heilu lagi til annarrar nefndar vegna þess að það eigi frekar heima á hennar sviði. Þó segir þetta og það er mjög mikilvægt í lok 1. mgr. 23. gr.: „Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.“

Alþingi samþykkti þessi þingsköp árið 1993 og þau eiga sér stoð aftur í tímann, allt aftur á miðja þarsíðustu öld, og ég skil þessa grein svo að á meðan nefnd vinnur að máli skuli ekki ræða hana í Alþingi þar sem þingheimur situr allur. Vinnan í nefndinni er nauðsynlegur undanfari umræðunnar í Alþingi og þá gildir einu hvort það er í aðalnefndinni eða þeim nefndum sem aðalnefndin, í þessu tilviki allshn., hefur vísað málinu til, í þessu tilviki menntmn. og efh.- og viðskn. Þessi skilaboð óska ég eftir að forseti sá sem nú situr eða sá sem kjörinn var til þess embættis hafi í huga á fundinum sem haldinn verður á eftir.

[Fundarhlé. — 18:59]

[20:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Röðin átti nú ekki að vera komin að mér á þeirri mælendaskrá sem hefur verið að myndast í dag því að hér átti að tala formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Hjálmar Árnason, og var nú kominn tími til að eitthvað heyrðist í framsóknarmönnum í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. En einhverra hluta vegna ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill upplýsa að Hjálmar Árnason þurfti að hverfa af vettvangi af persónulegum ástæðum og gerði forseta viðvart um það.)

Mér er kunnugt um að þingflokksformaður Framsfl., Hjálmar Árnason, þurfti að hverfa af vettvangi en einhverra hluta vegna vildi enginn framsóknarmaður stökkva í skarðið sem hefði kannski ekki verið óeðlilegt, að einhver hefði tekið keflið þar sem hv. þm. Hjálmar Árnason þurfti að sleppa því. En sú varð ekki raunin og við erum enn engu nær um skoðanir framsóknarmanna í málinu og þeir eru enn víðs fjarri góðu gamni í þingsalnum og hefur fjarvera þeirra úr salnum undanfarna daga verið hrópandi eins og hér hefur verið bent á.

Hægt er að hafa langt mál um þetta frv., virðulegur forseti, og það er hægt að ræða einstök efnisatriði ítarlega og öll þau lögfræðilegu álitamál sem upp hafa komið. Ég mun að einhverju leyti gera það en ég ætla þó öðru fremur að dveljast við hina pólitísku hlið málsins og ég ætla að reyna að skilja og skýra á eftir þá pólitísku hugsun — eða eigum við kannski að segja það pólitíska ofstæki — sem býr að baki frv. En ég ætlaði að byrja á lögfræðinni, virðulegur forseti.

Fyrst vil ég segja af því að þingmenn vinna eið að stjórnarskránni, hver og einn sem sest á Alþingi, þá hlýtur að verða að halda því hér fram og halda því til haga í umræðunni að enginn þingmaður geti með góðri samvisku haldið því fram að hann sé ekki í vafa um að frv. standist stjórnarskrána. Það þarf enginn þingmaður að halda því fram að ekki leiki á því vafi að þetta frv. standist stjórnarskrána. Við þurfum ekki annað en að hlusta á þá sem hafa tjáð sig um málið í fjölmiðlum í dag, sérfræðinga í stjórnskipunarrétti, til þess að vita að það orkar enn þá tvímælis að frv. standist stjórnarskrána. Efist þingmaður um að frv. standist stjórnarskrá er honum ekki heimilt samkvæmt þeim eiði sem hann hefur unnið að stuðla að framgangi slíks frv. Ég geri ráð fyrir því að þingmenn stjórnarliðsins á Alþingi, já-liðið á Alþingi kæri sig kollótt um það. Það er hvort eð er margdæmt fyrir það að brjóta gegn stjórnarskránni. Hvað munar það um að gera það eina ferðina enn, margdæmdu fólkinu, sem hefur brotið íslensku stjórnarskrána, mannréttindaákvæði hennar fleiri en eitt og fleiri en tvö, þó að einhver þeirra bætist við? Tjáningarfrelsið bætist nú við önnur ákvæði mannréttindagreinar stjórnarskrárinnar, og held ég að sjálfsagt sé þeim ýmsum hér bæði ljúft og skylt að brjóta þau ákvæði líka eins og önnur sem stjórnarliðið hefur staðið að.

En ég ætlaði að tala um lögfræðina í þessu sambandi og þar kemur auðvitað stjórnarskráin mjög sterkt inn í myndina. Ég segi og ítreka hér: Það hefur ekki verið eytt vafa um að frv. standist meginreglur okkar, að það standist íslenska stjórnarskrá.

Það er líka annað sem þingmenn ættu að hafa í huga, ekki bara það hvort þeir eru að brjóta lög, þau grundvallarlög íslenska ríkisins sem þeir hafa unnið eið að, þeir ættu líka að hafa það í huga hvort þeir eru að skapa ríkinu veruleg útgjöld vegna þess að það munu auðvitað koma fram verulegar kröfur um fébætur vegna málsins. Það liggur ljóst fyrir að höfðað verður dómsmál vegna þessa og að gerðar verða verulegar kröfur um fébætur. Þær fébætur munu íslenskir skattgreiðendur auðvitað greiða. Það eru íslenskir skattgreiðendur sem munu greiða þær en ekki það fólk sem mun rétta upp höndina í þingsalnum, væntanlega, þegar málið kemur á enda og samþykkja það sem í því felst. En væntanlega er því fólki líka alveg sama um það, því er alveg sama um það þó að það sé að skapa íslenska ríkinu og íslenskum skattgreiðendum skaðabótaskyldu með aðgerðum sínum á Alþingi.

Varðandi fébæturnar er hins vegar líka ástæða til að þingmenn hafi það í huga og hafi það hugfast að tjáningarfrelsi verður ekki verðlagt eða bætt fébótum. Það eru mjög sterk rök sem má leiða að því að frv. sem hér liggur fyrir brjóti gegn ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og vernd þess og einnig 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hverju segi ég það, af hverju segi ég að það gangi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi? Jú, vegna þess að frv. gengur lengra í skerðingarátt á tjáningarfrelsinu en hægt er að fallast á að ástæða sé til að gera, miðað við þau markmið sem menn setja sér í frv. og miðað við þau tilmæli Evrópuráðsins sem menn telja sig vera að vinna í samræmi við. Gengið er lengra í frv. í skerðingarátt en efni tilmæla Evrópuráðsins gefa tilefni til. Skerðingarnar eru ekki nauðsynlegar og þær eru ekki í samræmi við lýðræðishefð og þar af leiðandi má færa sterk rök fyrir því að verið sé að brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og vernd þess. Það má líka benda á í því sambandi að efni frv. er andstætt meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar

um að ekki skuli með almennri lagasetningu gengið lengra í skerðingu stjórnarskrárvarinna réttinda, eins og tjáningarfrelsisins, en hægt sé að komast af með til að ná lögmætu markmiði. Það kemur aftur inn á það sem ég sagði áðan um brot á stjórnarskrárákvæðum varðandi tjáningarfrelsið. Það er líka brot gegn meðalhófsreglunni vegna þess að verið er að ganga lengra en hægt er að komast af með til þess að ná því markmiði sem menn setja sér.

Af hverju segi ég þetta? Jú, vegna þess að dómar bera með sér að það er mjög líklegt að sönnunarbyrðin um það hvort meðalhófs hafi verið gætt verði færð yfir á ríkið, ríkið verði að sanna það að meðalhófs hafi verið gætt ef hægt er að færa rök fyrir því að aðrar vægari leiðir hafi verið tiltækar. Og það er hægt að færa rök fyrir því að aðrar leiðir og vægari hafi verið tiltækar. Það má m.a. benda á slíkar leiðir í skýrslu nefndar menntmrh., það má benda á slíkar leiðir í Noregi, það má benda á samkeppnislögin í því sambandi og fleira er hægt að nefna. Það má því leiða rök að því að verið sé að brjóta gegn tjáningarfrelsinu, ákvæði stjórnarskrár um það, og þetta sé andstætt meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar. Það má líka færa rök fyrir því að efni frv. brjóti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Það má líka vísa þar í samning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Að vísu er búið að gera þá breytingu á frv. núna að öllum er heimilt að fjárfesta í ljósvakamiðli, þó að hámarki 5%. Þar skilja leiðir. Allir mega fjárfesta upp að 5%, hvort sem um er að ræða markaðsráðandi fyrirtæki, stór eða lítil. En þá skilja leiðir. Í breytingunni er notuð sú lógík Orwells að sagt er að allir séu jafnir, bara sumir jafnari en aðrir. Allir mega svo hins vegar kaupa að 25% nema markaðsráðandi fyrirtæki með 2 milljarða í veltu. Allir upp að 5%, en eftir að því marki er náð mega fyrirtæki sem eru með yfir 5 milljarða í veltu og eru markaðsráðandi á sínum markaði ekki kaupa meira, en aðrir mega fara upp í 25%. (**Gripið fram í:** Yfir 2 milljarða.) Yfir 2 milljarða, fyrirgefðu, virðulegur þingmaður, ég mismælti mig, 2 milljarða. Færa má rök fyrir því að í raun sé gengið lengra gegn jafnræðissjónarmiðum en var í frv. eins og það var lagt fram, að það sé gengið lengra núna gegn jafnræðissjónarmiðum þar sem takmörkunin tekur ljóslega til enn afmarkaðri hóps fyrirtækja en var. Og af því að stundum hefur verið talað um leysigeislaákvæði í lögum þá var reynt að setja slíkt leysigeislaákvæði í bandarísk lög einhvern tíma af því að því var ætlað með mikilli nákvæmni að hitta fyrir einn tiltekinn aðila. Það var að sjálfsögðu dæmt ólögmætt að standa þannig að málum í Bandaríkjunum. Það má segja að í þessu frv. sé slíkt leysigeislaákvæði, þ.e. búið er að sérhanna ákvæði sem á að hitta fyrir alveg tiltekinn aðila með tiltölulega mikilli nákvæmni og það er búið að koma öllum öðrum fyrir í ákveðið skjól og ákveðið var, sem hefðu hugsanlega getað orðið fyrir ákvæðinu eins og það var þegar frv. var lagt fram. Það má því færa rök fyrir því að verið sé með enn ríkari hætti núna eftir breytinguna að brjóta gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Það má líka færa rök fyrir því, virðulegur forseti, að efni frv. feli í sér afturvirka skerðingu á eignarréttindum sem brjóti þá gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Af hverju segi ég þetta? Jú, vegna þess að það hefur ekki orðið nein eðlisbreyting á frv. þótt aðeins sé lengt í hengingarólinni. Eftir stendur að fyrirtækjum — og ég get alveg nefnt Norðurljós í því samhengi vegna þess að það fyrirtæki hefur svo sem alltaf verið undir og það er engin ástæða til þess að vera að fara hér eins og köttur í kringum heitan graut í þingsalnum, það hefur fengið ýmis leyfi, sjónvarpsleyfi, sem sum hver gilda fram yfir 1. júní 2006 þegar lögin eiga að taka gildi. Þau leyfi munu falla niður við gildistöku laganna ef fyrirtækinu hefur ekki verið komið í það horf sem lögmælt er fyrir um ef frv. verður að lögum, þ.e. þá falla þau leyfi úr gildi sem hafa í sjálfu sér gildistíma fram yfir 1. júní 2006 ef ekki verður búið að breyta fyrirtækinu með þessum hætti.

Það kom skýrt fram á fundi nefndarinnar með sérfræðingum í stjórnskipunarrétti, Sigurði Líndal, Björgu Thorarensen, Ragnhildi Helgadóttur, að ef menn vildu vera vissir um að frv. fæli ekki í sér afturvirka skerðingu á eignarréttindum og þar með brot gegn friðhelgi eignarréttar í stjórnarskránni, ættu leyfin að falla úr gildi miðað við þann gildistíma sem á þeim er, þ.e. að þegar þar að kemur falli þau bara úr gildi og menn þurfi að endurnýja þau samkvæmt nýjum lögum, en fyrr ekki, þannig að þau leyfi sem í gildi eru núna fái að lifa sitt skeið en síðan þegar til endurnýjunar kemur eða úthlutunar á öðrum leyfum verði að uppfylla þau lög sem þá eru í gildi. Þetta hefur komið fram hjá nefndinni, þetta hefur komið fram núna í fjölmiðlum, þetta álit sérfræðinga í stjórnarskipunarlögum um að frv. standist ekki hvað þetta varðar.

Þá má færa sterk rök fyrir því að efni frv. sé þrátt fyrir breytinguna ósamþýðanlegt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. stangist á við réttarreglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrir því eru þau rök að í frv. eftir breytinguna felist svo miklar hömlur á heimildir einstaklinga og fyrirtækja innan Evrópska efnahagssvæðisins til þess að stofna fjölmiðlafyrirtæki hér á landi eða fjárfesta í fjölmiðlafyrirtækjum að það sé meira en hægt sé að samræma reglum Evrópska efnahagssvæðisins um staðfesturétt, um frjálsa þjónustustarfsemi og um frjálsa fjármagnsflutninga. Þessi þrjú ákvæði koma öll þar til skoðunar.

Í sjálfu sér hefur ekki orðið nein eðlisbreyting á frv. hvað þetta varðar og má færa, eins og ég segi, sterk rök fyrir því að það stangist enn á við réttarreglur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég hef nefnt hérna helstu þætti sem frv. í sinni upprunalegu mynd stangaðist á við í lagaumhverfi okkar samkvæmt réttarreglum og stjórnarskrá en loks vil ég nefna að verulega skortir á að undirbúningur þessarar lagasetningar geti talist fullnægjandi. Hann var ófullnægjandi þegar frv. var lagt fram og er það enn. Það má segja að lok málsins í allshn. styrki þetta enn frekar, það sjónarmið að það skorti á undirbúning þessarar lagasetningar.

Hér er verið að leggja fram og tala fyrir breytingum í þinginu. Það hefur komið fram í umræðum að auðvitað hefði verið sjálfsagt að heyra sjónarmið þeirra sem þessum breytingum var ætlað koma til móts við. Því hefur verið haldið fram í hinni opinberu umræðu að verið sé að gera breytingar til að koma til móts við þau sjónarmið sem fram voru sett, m.a. af sérfræðingum í stjórnskipunarrétti, og athugasemdir gerðar við frv. eins og það lá fyrir. Hefði þá ekki verið eðlilegt og kurteisi að spyrja þessa aðila hvort svo væri?

Við vorum með þrjá sérfræðinga, þrjá háskólakennara, á fundi nefndarinnar í gær, frá klukkan fimm til líklega að verða hálfátta, og við fórum yfir frv. Þeim var boðið upp á það að fara yfir frv. óbreytt meðan meiri hlutinn í nefndinni sat með í vasanum tillögur til breytinga á þessu frv. og vissi nákvæmlega hvernig þetta átti allt saman að líta út á endanum. Það er auðvitað ekkert annað en skrípaleikur og

dónaskapur að bjóða sérfræðingum upp á svona meðhöndlun á hv. Alþingi.

Undirbúningur málsins var ekki fullnægjandi vegna þess að vandamálið var aldrei skilgreint, vandamálið var aldrei rannsakað. Áður en ráðist er í tillögusmíð hefði auðvitað þurft að komast að þeirri niðurstöðu að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamlaði gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Það hefði auðvitað þurft að komast að því með einhverjum rökum og einhverjum óyggjandi hætti að því væri þannig farið á íslenskum fjölmiðlamarkaði, eins og segir í byrjun athugasemda með upprunalega frv.

Sú niðurstaða var hins vegar ekki fengin með neinum rökum. Forsenda frv. ber það með sér að tilgangurinn sé að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun og henni verði ekki náð án fjölbreytni í eignarhaldi. Athugun málsins bendir hins vegar öll til þess að lögfesting þessara reglna geri rekstur og öflun áhættufjár erfiðari og sé því líkleg til þess að ganga gegn tilgangi sínum, þ.e. það verði erfiðara að halda úti öflugum innlendum ljósvakafjölmiðlum með góðri innlendri dagskrárgerð og fréttaflutningi vegna þess að frv. takmarkar aðgang þeirra að fjármunum. Það vita allir að það að halda úti sjónvarpsstöð af einhverjum metnaði er kostnaðarsamt fyrirtæki.

Það kemur m.a. fram í ágætri grein eftir Pál Þórhallsson í Morgunblaðinu, þann 2. maí sl. minnir mig, að ákveðin samþjöppun á þessum markaði njóti skilnings í Evrópuráðinu. Menn gera sér grein fyrir því að það er kostnaðarsöm starfsemi að halda úti ljósvakamiðli þannig að hann geti stuðlað að menningarlegri fjölbreytni og lýðræðislegri umræðu og sé ekki bara eins og hver önnur vídeóstöð, rekin af einkaaðilum eða ríkinu. Við vitum að ríkisfjölmiðlar og einkafjölmiðlar þurfa verulegt fjármagn til þess að geta staðið undir metnaðarfullri framleiðslu.

Ég sagðist ætla að tala ekki bara um hin lögfræðilegu atriði og ég ætla ekki að verja miklu meiri tíma í þau. Ég ætla þó að minnast bara lítillega á samþykktir og tilmæli Evrópuráðsins. Skyndilega hefur vaknað svo mikill áhugi á Evrópuráðinu og tilmælum þess hjá stjórnarþingmönnum. Nú er ekki þverfótandi hér fyrir ráðherrum og þingmönnum sem hafa allt í einu vaknað upp við vondan draum og tala nú hver um annan þveran um þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar, gott ef ekki bara að það sé lögmælt að við skulum fara eftir þeim samþykktum sem Evrópuráðið hefur gert. Þar gekk nú fremst í flokki hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem talaði, eins og ég hef orðað það, af miklu öryggi en lítilli þekkingu um samþykktir Evrópuráðsins og þá vinnu sem þar hefur farið fram um vettvang fjölmiðla. Evrópuráðið hefur fjallað um þessi mál frá 1988. Evrópuráðið hefur gert fjölmargar samþykktir um fjölmiðla, beint tilmælum til ríkisstjórna, sýnt fram á hvaða leiðir mætti fara og hverjar mætti hafa til viðmiðunar. Mönnum hefur bara verið nokk sama um það hingað til, mönnum í Sjálfstfl. og Framsfl. og þeim menntamálaráðherrum sem hafa setið á stóli hingað til.

Nú skyndilega er farið að tala um þessar þjóðréttarlegu skuldbindingar, eins og þær eru orðaðar, með þeim hætti að okkur beri bara hreinlega skylda til þess að setja þau lög sem hér er um að ræða og setja hin íþyngjandi ákvæði inn í lögin. Það er auðvitað alls ekki rétt og þarf ekki að fara frekari orðum um það.

Ábendingar í samþykktunum og tilmæli sem þar hafa komið fram allt frá árinu 1989 eru hins vegar að mörgu leyti hin ágætustu gögn og við hefðum mátt vera búin að taka tillit til þeirra fyrir lifandis löngu. Við hefðum líka mátt vera búin að koma hér á auknu sjálfstæði fjölmiðlanna, sjálfstæðu útvarpsráði í stað þess að hafa það alltaf pólitískt skipað af meiri hlutanum og að það sæi um ráðningar á fréttamönnum og við hefðum mátt vera búin að koma því á með því að auka verkefni og eftirlit útvarpsréttarnefndar. Við hefðum mátt vera búin að koma því á með því að tryggja gagnsæi varðandi eignarhald á fjölmiðlum, með því að setja ákveðna múra á milli eigenda og ritstjórna blaða og ljósvakamiðla og með því að koma hér upp ákveðnum siðareglum í starfsemi hjá fjölmiðlum. Svona gæti ég áfram talið því að það er margt sem Evrópuráðið hefur látið frá sér fara um þessi efni sem við hefðum mátt taka mið af en höfum bara ekki gert vegna þess að stjórnvöldum hér á landi hefur verið nákvæmlega sama um þessi ákvæði og tilmæli. Það þýðir ekki að bjóða okkur núna upp á tal um þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Þá að pólitíkinni. Auðvitað er það mál sem við erum að ræða um pólitískt í eðli sínu. Þetta er ekki lögfræði nema bara að formi til af því að þetta kemur hér fram sem frv. sem þarf að standast ákveðnar lagareglur, ákveðin grundvallarviðhorf sem gilda í íslensku og evrópsku réttarfari. En þetta er ekki lögfræði, þetta er pólitík og við eigum einmitt að tala um það á þeim nótum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, og við þurfum ekkert heldur að vera að fara þar eins og kettir í kringum heitan graut, að forsrh. er mjög uppsigað við tiltekna einstaklinga í okkar samfélagi. Þegar málum er þannig farið, og það hefur alltaf verið þannig, að forsrh. er uppsigað við einhverja í íslensku samfélagi fá allir sem þeim tengjast að kenna á því. Menn eru bara annaðhvort með honum eða á móti honum, það er ekkert þar á milli.

Fólk hefur mátt búa við það að troðnar séu illsakir við einstaklinga í samfélaginu með hætti sem enginn sómakær ráðamaður getur leyft sér. Það má segja að þessi afstaða forsrh. hafi eyðilagt hvert málið hér á fætur öðru, þ.e. það er engin leið fyrir almenning í landinu að átta sig á því hvar málefnalegum sjónarmiðum sleppir og annarleg sjónarmið taka við. Það er engin leið að greina þar á milli og engin leið fyrir almenning að átta sig á því hvort annarleg sjónarmið eru á ferðinni eða málefnaleg. Það á m.a. við í fjölmiðlamálinu hér vegna þess hvernig menn hafa talað. Við skulum fara aðeins yfir það.

Þegar ég horfi á og fylgist með samskiptum, skulum við segja, forsrh. og Baugs og þeirra sem þar eru í forsvari dettur mér stundum í hug sagan sem sjálfsagt einhverjir hér þekkja og sem heitir, ef ég man rétt, Tryggur staður og er eftir Halldór Kiljan Laxness. Ég hygg að ef forsrh. hefði verið hér í salnum hefði komið fram að hann þekkir eflaust þá sögu — það getur líka vel verið að hann sé hérna einhvers staðar frammi — vegna þess að góðvinur hans, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, fór mjög frjálslega með hana í nýútkominni bók sinni um ævi nóbelsskáldsins. Sagan um hinn trygga stað segir frá hundi og ketti á bænum þar sem Dóri litli ólst upp og hundinum og kettinum var mjög uppsigað hvorum við annan. Þeir kunnu þó að sýna öðrum þá tillitssemi að taka á sig stóran krók ef þeir urðu hvor á vegi annars til þess, eins og segir í bókinni, að firra fólkið á bænum vandræðum af bágu samkomulagi þeirra.

Ég hygg að það sé tímabært að forsrh. reyni að ná slíku samkomulagi við stjórnendur Baugs og að þessir aðilar leggi svolitla lykkju á leið sína til að firra fólkið í landinu vand-

ræðum af bágu samkomulagi. Þar verður maður auðvitað að segja að eftir höfðinu dansa limirnir og hvað höfðingjarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það. Þess vegna verður forsrh. í þessu efni að sýna gott fordæmi og firra okkur vandræðum af þessu bága samkomulagi. Þetta er heimilisvandi Sjálfstfl. og auðvitað valdabarátta í Valhöll því að allt er þetta fólk meira og minna, eða var a.m.k. til skamms tíma, í Sjálfstfl. Þetta er fólki úr öðrum flokkum algjörlega óviðkomandi nema hvað það er dregið inn í deilur um það hvort menn þar á bæ séu í Sjálfstfl. eða Baugi.

Bíðum við, er þetta það sem íslenskt samfélag snýst um, hvort menn séu í Sjálfstfl. eða í Baugi? Ætla menn að kvitta upp á þetta hér á hinu háa Alþingi að það sé hinn íslenski veruleiki í dag, að það séu bara þessar tvær víddir í veröldinni, Sjálfstfl. eða Baugur? Ég held að við hér flest hver mundum ekki vilja fallast á þá skilgreiningu, erum í hvorugum flokknum, með leyfi forseta.

Auðvitað er það þetta ósamkomulag sem liggur málinu til grundvallar. Það verður að segja hlutina eins og þeir eru.

Morgunblaðið hefur margsinnis bent á það að í svona deilu hafi stjórnmálamennirnir og Alþingi undirtökin í samskiptunum. Það er margbúið að benda alþingismönnum á að þeir hafi undirtökin í svona málum. Þeir hafa undirtökin í samskiptum við viðskiptalífið, rétt eins og í samskiptum við alla sem þarf að beygja undir vilja ráðamanna. Við höfum svo oft fylgst með því hér hvernig menn hafa verið beygðir undir vilja ráðamanna. Alþingi hefur lagasetningarvaldið og nú á að beita því. Ráðamenn eru staðráðnir í því að láta vilja sinn ná fram að ganga.

Ég var spurð að því úti á gangstétt áðan hvernig á því stæði að menn gætu ekki náð saman í þessu máli úr því að allir væru þeirrar skoðunar að tryggja þyrfti fjölbreytni, lýðræði, gagnsæi, sjálfstæði o.s.frv., eins og við höfum öll verið að tala um hérna. Bíðum við, hvernig stendur á því að menn geta þá ekki náð saman ef allir eru svona sammála um markmiðið, að tryggja lýðræði og fjölbreytni í fjölmiðlun?

Ég heyrði hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann allshn., leggja áherslu á það í ræðustól í dag að allir á þingi væru sammála um markmið frv. og það væri svo merkilegt að allir umsagnaraðilar væru sammála um markmið frv. Við erum líka öll svona nokkuð sammála um að við viljum hafa samfélagið sæmilega gott og þarf engan að undra það og er kannski ekki í frásögur færandi á Alþingi. Spurningin er þá: Hvernig ætla menn að ná því fram, hvernig ætla menn að standa að verki?

Ekki er öll sagan sögð með því að allir séu sammála um markmið frv., þ.e. að tryggja fjölbreytni. Markmiðið er bara í orði kveðnu að tryggja fjölbreytni. Í raun er markmiðið að stöðva tiltekið ástand, þagga niður í tilteknum aðilum og koma tilteknum fjölmiðlum í hendur nýrra aðila. Þar skilja leiðir milli stjórnarþingmanna, sem vilja standa að sértækum lögum sem skerða réttarstöðu ákveðinna aðila, og okkar hinna sem teljum að allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum og lög eigi ekki að snúa að tilteknum einstaklingum, allt að því nafngreindum. Þingmenn eiga ekki að leggja lykkju á leið sína til að snúa niður fólk eða fyrirtæki með lagasetningu. Það getur ekki verið í verkahring þingmanna að beina spjótum sínum eða leysigeislum að tilteknum einstaklingum eða tilteknum fyrirtækjum. Við eigum að setja almenn lög, almennar lýðræðislegar leikreglur en ekki sértækar eins og hér er verið að gera.

Við höfum mátt sæta því, sérstaklega af hálfu stjórnarþingmanna, við sem erum í stjórnarandstöðunni og tilheyrum flokkum sem kenna sig við jafnaðarmennsku, að vera núið því um nasir að við séum að ganga erinda auðvaldsins, við séum öll komin í Baug. Var ekki forsrh. að tala um það í kvöldfréttunum, morgunfréttunum og hádegisfréttunum, í öllum fréttum, að við værum öll gengin í Baug og við gengjum öll erinda auðvaldsins? Það er auðvitað dapurleg afstaða að menn tali og spyrji með þessum hætti. Þeir sem spyrja á þann hátt hafa aldrei skilið hvað felst í borgaralegum réttindum eins og málfrelsi og atvinnufrelsi. Þeir telja að ríkisvaldið — þ.e. þegar þeir fara með ríkisvaldið — hafi mjög víðtækt frelsi til að taka stjórnarskrárvarin réttindi af fólki. Við höfum séð þau dæmi og menn eru ekkert órólegir þó að þeir séu eina ferðina enn að leggja upp í slíkan leiðangur.

Það er dálítið undarlegt að þeir menn sem tala óskaplega mikið um þjóðfrelsi, ég vona að þið hafið tekið eftir því hvað þeir eru uppteknir af þjóðfrelsinu, telja að þjóðfrelsinu stafi veruleg ógn fyrst og fremst og ekki síst af ESB, Evrópusambandinu.

Það má segja að hjá þjóðinni sé nokkur ríkur skilningur á því að þjóðfrelsi skipti máli, það sé mikilvægt og það verði að standa vörð um það og skerða ekki meira en nauðsyn krefur. En þegar kemur svo að rétti einstaklingsins, hinum borgaralegum réttindum — réttindum sem íslensk þjóð þurfti reyndar aldrei að berjast fyrir, menn þurftu aldrei að berjast fyrir borgaralegum réttindum en þeir börðust fyrir þjóðfrelsinu — þá er eins og eitthvað hafi misfarist í lýðræðisuppeldinu. Þeir sem hafa kannski talið sig fremsta í flokki, frelsisflokknum, við að verja frelsi einstaklingsins umgangast það ekki eins og borgaraleg réttindi. Þeir umgangast það ekki eins og frelsið sem felst í því að gera rétt og þola ei órétt. Nei, þeir umgangast það eins og frekjufrelsi. Frekjufrelsi nýfrjálshyggjunnar, það er það sem þeir þekkja. En hin borgaralegu réttindi og þann rétt sem felst í því frelsi að gera rétt og þola ei órétt, það þekkja þeir ekki. Þau hugtök þekkja þeir ekki.

Það er merkilegt að ég skuli þurfa að standa hér og segja sjálfstæðisfólki þessi sannindi, fólki sem er alið upp í Sjálfstfl. Ég hef velt því fyrir mér hvernig stendur á því að þannig skuli komið, ekki síst fyrir ungum sjálfstæðismönnum. Ég ætla bara að segja það eins og það er, að það er uppeldinu að kenna. Það er ekki uppeldinu heima að kenna heldur uppeldinu í Sjálfstfl. að kenna. Það er skelfilega vond uppeldisstöð og hefur verið skelfilega vond uppeldisstöð síðustu 10–20 árin.

Það segir manni talsvert um hvaða hefð og hvaða pólitíska menning hefur skapast í Sjálfstfl. og ríkisstjórninni í tíð núverandi forustu. Það nöturlega við þessa hefð, þessa pólitísku menningu, er þó að þeir sem nú fara fyrir flokknum, þótt þeirra tíma ljúki, þeir hætti — sem þeir gera von bráðar, sumir hverjir og sjálfsagt flestir hverjir — þá lifir menningin sem þeir hafa búið til í flokknum. Hefðin lifir meðal þeirra sem voru aldir upp í henni. Það er hið nöturlega í þessu máli. Það er komin heil kynslóð af ungu fólki í Sjálfstfl. sem hefur alist upp í frekjufrelsi nýfrjálshyggjunnar og stjórnlyndi núverandi ríkisstjórnar, forustu Sjálfstfl. og forustu ríkisstjórnarinnar. Þetta tvennt er ekki góð blanda.

Það er engin tilviljun að dómsmrh. segi, þegar hann skipar í Hæstarétt án þess að hafa staðið þar rétt að málum og hefur verið staðinn að því að brjóta ekki bara ein lög og ekki bara tvenn lög, heldur þrenn lög, að ákvörðun hans hafi verið hafin yfir gagnrýni. Ákvörðun hans var hafin yfir gagnrýni,

sagði hann í fjölmiðlum, við okkur hér og þjóðina: Ég tók ákvörðun á málefnalegum forsendum og hún er hafin yfir gagnrýni. Það er auðvitað engin tilviljun að menn tali svona.

Það er heldur engin tilviljun þegar ungur þingmaður úr Framsfl., Páll Magnússon, kemur upp í 1. umr. um þetta mál og segir: Bíddu, af hverju ættum við að vera að hlusta á ykkur í stjórnarandstöðunni? Bíddu við, rifjaðu það upp fyrir mér, af hverju ættum við að vera að hlusta á ykkur í stjórnarandstöðunni? Við þurfum það ekkert, við þurfum ekkert að hlusta á ykkur. Þetta er lýðræðishugmyndin sem þarna er á ferðinni. Lýðræðishugmynd þessara manna er: Við ráðum, við tökum ákvarðanirnar vegna þess að við förum með meiri hlutann. Lýðræðið felst ekki í ferli, það felst ekki í umræðu, það felst ekki í því að hlusta á aðra og hlusta á önnur sjónarmið.

Í nál. meiri hlutans, virðulegur forseti, er sagt að löggjafinn megi í þágu almannahagsmuna grípa til aðgerða, eins og stendur, til að vernda lýðræðislega umræðu og fjölbreytni. Til þess að vernda lýðræðislega umræðu og fjölbreytni má löggjafinn grípa til aðgerða.

Þetta er rétt, þetta má löggjafinn auðvitað gera. Hann má grípa til aðgerða í þágu almannahagsmuna til að vernda lýðræðislega umræðu og fjölbreytni. Það er líka rétt að löggjafinn má bregðast hratt við og hann má beita meirihlutavaldi sínu til að keyra mál hratt í gegnum þingið ef vá er fyrir dyrum. Ef vá er fyrir dyrum getur meiri hluti á þingi þurft að gera það. Hann getur þurft að beita meirihlutavaldi sínu og taka mál hratt í gegnum þingið.

Ef slökkva þarf elda sem, ef þeir fengju að brenna, gætu skaðað verulega almannahagsmuni þá má þetta. Um það er ekki deilt. En það er grundvallaratriði að löggjafinn rökstyðji á sannfærandi hátt af hverju grípa þarf til íþyngjandi aðgerða sem njóta einskis stuðnings í samfélaginu og þvinga þeim upp á íslenskt samfélag án þess að nokkur vá sé fyrir dyrum.

Löggjafinn má ekki beita valdi sínu bara af því að hann hefur það. Ákvörðun verður ekki málefnaleg við það eitt að valdhafinn beiti valdi sínu. Þetta var sagt svo ágætlega í áliti umboðsmanns Alþingis um skipan hæstaréttardómarans, af því að hæstv. dómsmrh. hafði haldið því fram að þar hefðu verið málefnaleg sjónarmið ráðið skipan hans. Þá segir í umsögn umboðsmanns Alþingi, með leyfi forseta, eitthvað á leið að sjónarmið verði ekki málefnaleg eða að vald verði ekki málefnalegt við það eitt að veitingarvaldshafinn beiti því valdi sem hann hefur. Það er ekkert málefnalegt við það.

Hið sama gildir í þessu tilviki. Ákvörðun á Alþingi verður ekki málefnaleg við það eitt að valdhafinn beiti valdi sínu. Ef gripið er til íþyngjandi aðgerða, sem koma sannarlega niður á tilteknum aðilum hljóta menn að verða að færa sannfærandi rök fyrir því að þær séu nauðsynlegar. Valdinu eru nefnilega takmörk sett.

Þá spyr maður: Hvar brennur, hvaða elda þarf að slökkva? Ég held að við fáum bestu vitneskjuna um það með því að hlusta á hæstv. forsrh. í fjölmiðlum eða lesa það sem eftir honum er haft þar. Í Viðskiptablaðinu 5. maí, bara tveimur dögum eftir að mælt var fyrir frv., viðtalið er reyndar tekið við hæstv. forsrh. áður en hann mælir fyrir frv., þá segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Ef einhver hefur velkst í vafa um það að fjölmiðlar kynnu að verða misnotaðir í þágu eigenda sinna þá hafa allir fyrir framan sig einhver hrikalegustu dæmi um það sem við höfum séð, ekki bara á Íslandi heldur í þessum heimshluta."

Bíðum við, hvar hefur forsætisráðherra alið manninn? Óskaplega eru menn kvartsárir, sjálfhverfir og uppteknir af sjálfum sér og því sem um þá er sagt. Halda menn hér á hinu háa Alþingi að það sé ekki fjallað með mjög afgerandi og gagnrýnum hætti um valdamenn í öðrum samfélögum í fjölmiðlum þar? Að sjálfsögðu, enda á það að vera í verkahring fjölmiðla að hafa eftirlit með valdhöfum í landinu. Þar hljóta auðvitað þeir sem fara með framkvæmdarvaldið að vera til sérstakrar skoðunar og vera undir sérstöku rannsóknarljósi. Það gefur augaleið.

Ég skil ekki hvernig menn, sem hafa þau völd sem þeir er sitja í ríkisstjórninni hafa, geta leyft sér að vera svona kvartsárir, svona hörundssárir og svo uppteknir af þeim spjótum sem að þeim beinast.

Gagnvart okkur hinum hefur það birst þannig að m.a. forsrh., kannski hann einna helst, hefur að jafnaði fengið þá meðferð í fjölmiðlum að fjölmiðlamenn hafa verið eins og mýs undir fjalarketti þegar þeir tala við hann, þegar ráðherranum þóknast að stíga niður af stalli sínum og tala við þá undir fjögur augu. Aldrei er það nema undir fjögur augu og þá eru þeir eins og mýs undir fjalarketti. Þetta hefur verið sú mynd sem við okkur hefur blasað. Við höfum svo sem ekki verið að kvarta sérstaklega undan því. Við höfum bara búið við þetta. Það hefur eiginlega þurft sérstaka kjarkmenn í fjölmiðlastétt til að ganga hart fram í að spyrja ráðherrann eins og aðra stjórnmálamenn. Menn hafa haft það sérstaklega á orði ef einhver fjölmiðlamaður er dálítið upplitsdjarfur og ágengur. Þá er alveg sérstaklega á orði haft hvaða óskaplegi kjarkmaður þar sé á ferðinni. Hann eigi greinilega ekki mikið undir í þessum efnum.

Ég spurði áðan: Hvar brennur? Svarið er: Það brennur hjá ríkisstjórninni. Þar er bruninn. Hún brennur í skinninu að koma böndum á þá sem gagnrýna hana, þá sem voga sér að standa uppi í hárinu á henni. Þeir skulu nokk fá að kenna á því, þeir skulu engu ná fram. Og við — svo ég leyfi mér að orða það þannig, virðulegur forseti, þó að það sé varla við hæfi í þessum þingsal — þessar druslur hér í stjórnarandstöðunni á þingi — það er viðhorfið hjá stjórnarliðinu — skulum ekki láta okkur dreyma um að við höfum eitthvað að segja, fáum einhverju ráðið, hvort heldur sem er um efni, form eða meðferð þessa máls. Við skulum ekki láta okkur dreyma um það.

Nei, nú á að keyra málið áfram í dag og á morgun, gera það að lögum og engum hleypa að fyrr en því verki er lokið. Nú liggur mikið við. Nú má enginn bregðast og enginn gangast undan merkjum því að það liggur mikið við að klára þetta mál. Það er bruni hjá ríkisstjórninni, það er bruni.

Það má einu gilda hversu mikilvæg önnur mál eru sem bíða afgreiðslu því að þetta mál hefur algjöran forgang. Þetta lagafrv. sem á að taka gildi eftir tvö ár hefur algjöran forgang. Hér skal sko engu eirt og hér skal sko engum hleypt út og ekkert afgreitt fyrr en þetta mál hefur verið afgreitt í þinginu. Hvers vegna? Það vita allir hvers vegna og ég þarf ekki að svara því hér í þessum ræðustól.

Það er engin sú ógn eða vá yfirvofandi í íslensku samfélagi, þó að upplifunin sé greinilega þannig á stjórnarheimilinu, sem getur réttlætt að veita þessu máli slíka meðferð hér á þingi. Það upplifir það enginn í íslensku samfélagi nema þeir sem sitja í ríkisstjórninni og eru á stjórnarheimilinu. Þar er váin, þar er ógnin, þar brennur eldurinn en hvergi annars staðar. Og þá skal engu eirt og við skulum nokk klára málið áður en nokkuð annað gerist í pólitík.

Þetta snýst um það að sýna öllum í tvo heimana, sýna hver ræður.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að kalla þetta óðagot og þetta er auðvitað óskiljanlegt öllu venjulegu fólki. Ráðamenn eru meira að segja orðnir svo viðskila við þjóð sína að þeir geta ekki einu sinni talað við hana. Þeir geta ekki skýrt þetta út fyrir henni. Þeir kunna ekki rökin til þess. Þeir geta ekki beitt rökum til þess að sannfæra hana um réttmæti þess sem þeir eru að gera eða þá að þeir vilja það ekki. Fólk er satt að segja talsvert magnþrota yfir því sem gengur á á Alþingi og yfir þeim málatilbúnaði og yfir þeirri framgöngu sem stjórnarliðar standa fyrir á hinu háa Alþingi. Fólk er magnþrota yfir þessu. Það veit að það á þetta ekki skilið, ekki þessa framkomu.

Ég ætla að leyfa mér að segja það, virðulegur forseti, að hér geri ég engan greinarmun á framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum og ég geri engan greinarmun á unga fólkinu í stjórnarliðinu eða hinum sem meiri reynslu hafa. Í rauninni er kannski unga fólkið enn verra en hinir sem eldri eru, sem eru þó svolítið skömmustulegir sumir hverjir, (**Gripið fram í:** Jónína, hún er skömmustuleg.) — til dæmis — leggja kollhúfur og bera kinnroða yfir málinu. En unga fólkið hér, nei takk, það er svo vel upp alið í Sjálfstæðisflokknum á síðastliðnum 10–20 árum að það hefur ekki miklar áhyggjur af því sem hér er að fara fram.

Ég sagði að ég gerði engan greinarmun á framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum. Pólitíkin er oft dálítið sérkennilega bernsk og ég notaði það orð í dag vegna þess að pólitíkin er oft dálítið sérkennilega bernsk og kannski þegar til á að taka eru að verki í eðli sínu sömu lögmál í pólitíkinni og eru bara á skólalóðinni í grunnskólum borgarinnar. Það er sama hegðunarmunstur að mörgu leyti, sömu áhrifavaldar, sama munstur í gangi. Þegar ég segi þetta finnst mér nefnilega framsóknarmenn stundum vera eins og krakkar sem taka þátt í einelti. Þeir eru sko ekki alveg með. Þeir standa svona álengdar á hliðarlínunni, fylgjast með forsprakkanum, finnst forsprakkinn flottur, finnst forsprakkinn uppátækjasamur, skemmtilegur, fyndinn, það er gaman að vera með honum, það er gaman að vera í liðinu. Hafið þið ekki heyrt þetta? Það er svo gaman að vera í liðinu. Það er svo gaman að vera í liðinu, horfa álengdar, standa á hliðarlínunni og fylgjast með hvað þarna er að gerast.

En svo þegar menn þurfa að standa reikningsskil gerða sinna, þegar þeir eru spurðir hvað þeir hafi verið að aðhafast, nei, þá voru það ekki þeir, það voru hinir sem voru að verki, það var forsprakkinn sem var að verki, ekki þeir, þeir stóðu bara álengdar.

Þannig birtast framsóknarmenn okkur í fjölmiðlunum núna. Ég hlýt að spyrja hvort þetta hafi verið leiðangurinn sem kjósendur Framsóknarflokksins sendu flokkinn sinn í. Varð þetta leiðangurinn sem Framsóknarflokkurinn var sendur í? Er það svona sem menn vilja vinna?

Okkur hefur verið sagt að það liggi svona mikið á í þessu máli vegna þess að fyrirtækin og starfsfólkið sem þetta muni ná til þurfi að vita í hvaða starfsumhverfi þau vinni, það þurfi að létta óvissu þeirra, það þurfi að létta þeim róðurinn þannig að þau viti nú í hvaða umhverfi þau eigi að starfa. Þvílíkt bull, virðulegur forseti. Ég leyfi mér að taka þannig til orða.

Þingmeirihlutanum er nákvæmlega sama um fyrirtækin sem fyrir þessu verða og nákvæmlega sama um starfsöryggi þeirra sem þar starfa. Hraðinn er í óþökk þessa fólks. Það vitum við öll. Þetta fólk er búið að koma inn á fundi allsherjarnefndar og biðja okkur um að hafa ekki þennan hraða á. Öll starfsmannafélögin þarna, öll fagfélögin sem þetta fólk er í, öll stéttarfélögin hafa beðið okkur um að hafa ekki þennan hraða á. Fyrirtækin hafa beðið okkur um að hafa ekki þennan hraða á, hafa þá frekar tímann sem tikkar fram að gildistöku skemmri heldur en að hraða málinu með þessum hætti. Hraðinn er í óþökk þessa fólks. Það hefur beðið þingið um að fresta málinu, skoða það í sumar og taka svo aftur til við það í breyttri mynd í haust.

En fólkið getur náttúrlega ekki haft vit fyrir sér sjálft. Það segir sig sjálft. Það kann ekki fótum sínum forráð. Nei, það er stjórnarliðið sem getur sagt þessu fólki hvað því er fyrir bestu. Stjórnarliðið hefur ákveðið að það sé þessu fólki fyrir bestu að það fái bara á sig þessi lög strax, að þau fáist bara samþykkt strax, þannig sé best fyrir fólkið að búa, þannig sé best fyrir það að starfa og þannig sé best fyrir það að tryggja afkomu sína því að það er stjórnarliðið sem veit hvað fólki er fyrir bestu í þessu landi. Fólkið veit það ekki sjálft. Það kann ekki fótum sínum forráð. Stjórnarliðið er best til þess fallið að segja fólki hvað það má og hvað það má ekki, hvað er viðeigandi hegðun og hvað er ekki viðeigandi hegðun, hvað má segja og skrifa á þingi eða í fjölmiðlum og hvað ekki. Þetta er sem sagt orðið eins og — einhvers staðar var talað um ekki stóra bróður heldur stóra björn. Ég veit ekki hvaða orð ég ætti að gefa ríkisstjórninni í þessu sambandi. En svo mikið er víst að hún veit langbest hvað má og hvað má ekki, hvað best er að gera og hvað ekki og hvernig við eigum að haga okkur og hvernig við eigum ekki að haga okkur.

Virðulegur forseti. Ég held að við séum flest hver magnþrota gagnvart þessu ofríki stjórnarflokkanna, gagnvart þessari valdbeitingu. Maður hlýtur að spyrja sig þeirrar spurningar hvernig á því standi að við, þingmenn og þjóð, leyfum ríkisstjórninni að koma svona fram við okkur. Hvernig stendur á því að við leyfum henni þetta? Það er ekki bara ég sem spyr að þessu. Það er verið að spyrja að þessu úti um allan bæ. Hvernig stendur á þessu?

Ég ætla að enda þessa ræðu mína í kvöld á því að lesa upp úr bréfi sem við höfum öll fengið frá einum af starfsmönnum fjölmiðla. Ég ætla ekkert að nefna hann með nafni enda segir það okkur sjálfsagt ekki neitt. En það segir dálítið mikið um þá tilfinningu sem er hjá fólki gagnvart þessu máli.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Ég er alinn upp á miklu íhaldsheimili. (Gripið fram í.) Ég meðtók þessa stefnu og skoðanir og trúði þeim staðfastlega." (**Gripið fram í:** Á það við ræðumanninn?)

Nei. Jú, að vísu. Ég vitkaðist þegar ég var 13 ára. Ég tók snemma út þroska.

„Það var ekki auðvelt að vera í Menntaskólanum við Hamrahlíð á árunum 1969–1973 og aðhyllast þessar stjórnmálaskoðanir [sjálfstæðisskoðanirnar]. Það hefur samt alltaf verið óbifanleg trú mín að einstaklingsfrelsi og frjálst framtak sé það sem blífi. Ég sé hins vegar að flokkurinn sem hefur predikað þá stefnu aðhyllist ekki þá stefnu lengur."

Svo segir, með leyfi forseta:

„Ég lýsi hreinlega eftir stjórnmálaflokki sem hefur þá stefnu og mun hann fá atkvæði mitt í næstu alþingiskosningum. Sjálfstæðisflokkurinn þarf ekki að hafa fyrir því að svara því að hann er eins og olíuskip. Það er erfitt að snúa svona bákni á rétta leið þegar það er komið einu sinni af leið. Fyrir honum á aðeins eitt fyrir að liggja, að reka upp í

fjöru. Því miður, eins og olíuskipa er siður, á hann víst eftir að menga talsvert í kringum sig áður en yfir lýkur.“

Og hann segir í þessu bréfi:

„Ég hef aldrei orðið vitni að annarri eins valdníðslu. Ég skil nú hvað minni hluti Alþingis á við með kúgun meiri hlutans. Hvernig í ósköpunum er hægt að vinna á svona vinnustað? Ég er hræddur um að ekki héldi ég starfinu mínu lengi með svona vinnubrögðum. Hvernig stendur á því að maður eftir mann getur komið fram í ræðustól og fullyrt að breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu skipti einhverju raunverulegu máli? Þær eru álíka skammgóður vermir og að pissa í skó sinn. Þær eru hrein og klár móðgun við hugsandi fólk. Fólk þarf ekki einu sinni að vera alvarlega hugsandi til að sjá í gegnum þetta.“

Svo segir:

„Ég er sannfærður um að þetta frumvarp á eftir að fara í gegnum Alþingi og verða samþykkt enda aðeins einn stjórnarþingmaður með eitthvert bein í nefinu í þessu máli. Það er til vansa fyrir lýðræðið að leyfa ekki öllum, og þá meina ég öllum sem vit hafa á, að segja álit sitt á frumvarpinu. Hvers vegna er menntamálanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd ekki leyft að klára sín störf? Af hverju fá þær ekki að skila álitum sem þær voru beðnar um.“

Svo segir:

„Ég er afar ósáttur. Ég er afar sorgmæddur. Ég skammast mín fyrir svona lýðræði.“

[20:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru akkúrat svona ræður sem brengla okkar lýðræðislegu umræðu. Hér hefur hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutt tæplega klukkutíma ræðu, klukkutíma ræðu fulla af heift, klukkutíma ræðu fulla af bræði, klukkutíma ræðu fulla af bulli.

Það er einmitt þetta, frú forseti, sem ég óttast í þessari umræðu. Það er einmitt þetta sem stjórnarandstaðan hefur gert sér að leik. Hún hefur stefnt leynt og ljóst að því forðast hina efnislegu umræðu. Það eru akkúrat svona ræður settar niður á eitthvert pólitískt skítkastsplan sem leiða til þess að umræðan í samfélaginu brenglast. (**Gripið fram í:** Það svíður.) Það er ekki síst stjórnarandstöðunni að þakka að slík umræða brenglast.

Ég velti því fyrir mér eftir að hafa hlustað á þessa klukkutíma bræðis-, heiftar- og bullræðu, af hverju ekki er farið í hin efnislegu atriði. Það er farið í formsatriðin. Það er verið að tala um málsmeðferðarhraðann. Ekki var hraðinn á sínum tíma varðandi sparisjóðsfrumvarpið að þvælast fyrir þingmönnum Samfylkingarinnar. Þá var hægt að keyra það frumvarp í gegn með fullum stuðningi nokkurn veginn af hálfu Samfylkingarinnar. Mig minnir að það hafi tekið, frú forseti, um tvo daga. (**Gripið fram í:** Þjóðarheill.) Þá var það þjóðarheill. En núna er Bleik brugðið. Hér er ekkert annað en skítkast og mér finnst leiðinlegt, frú forseti, hvernig þetta er.

Ég sakna þess að fá útskýringu á því af hverju Samfylkingin hefur umturnast algjörlega í öllum sínum málflutningi. Áður fyrr var alltaf talað um almennar og skýrar leikreglur. Nú má ekki tala um almennar leikreglur. Það er flótti kominn í andstöðuna.

[20:57]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður eiginlega að gera þá lágmarkskröfu að það sem sagt er sé svona sæmilega rökfært og sæmilega rökhelt.

Í sjálfu sér getur hæstv. menntamálaráðherra gefið málflutningi mínum hvert það nafn sem hún kýs. Hún getur kallað það heift. Hún getur kallað það reiði. Hún getur kallað það bull. Það skiptir mig bara engu máli. Það breytir engu um það að ég fór hér lið fyrir lið yfir þau atriði í þessu frumvarpi sem stangast á við íslensk lög, við stjórnarskrá og grundvallarreglur íslenska ríkisins, við Evrópuréttinn. Ég fór lið fyrir lið yfir það. Ég fór hér líka lið fyrir lið yfir það hvaða pólitísku sjónarmið lægju að baki.

Það má ráðherrann kalla heift. Hún má kalla það reiði. Hún má kalla það bull. Mér er nokk sama. Þetta voru málefnaleg rök, pólitísk rök sem hér voru færð fram af minni hálfu og ráðherrann hefði auðvitað átt að reyna að svara þeim í einhverju.

Ráðherrann heldur því fram að verið sé að brengla lýðræðisumræðuna með málflutningi stjórnarandstöðunnar og að stjórnarandstaðan sé að forðast hina efnislegu umræðu. Við erum að biðja um efnislega umræðu. Við erum að biðja um lýðræðislega umræðu. Við erum að biðja um það að þetta mál fái þann tíma til umræðunnar sem það þarf og meðhöndlunar í nefndum. Hvernig er hægt að snúa hlutunum svona á haus með þessum hætti, virðulegur forseti.

Hvernig er líka hægt að snúa málunum þannig á haus að segja að við viljum allt í einu ekki almennar lýðræðislegar leikreglur? Það er nákvæmlega það sem við viljum. En þetta frumvarp er leysifrumvarp. Þetta er sértækt frumvarp og það er það sem okkar málefnalega gagnrýni byggir á, virðulegur forseti.

[20:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla strax að svara því sem að mér var beint í ræðu hv. þm. varðandi þjóðréttarskylduna. Ég vil vísa í skýrsluna með leyfi forseta. Þar stendur:

„Á íslenska ríkinu hvílir því sú þjóðréttarskylda að leita leiða til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun.“

Það vill svo til að í millitíðinni hefur formaður nefndarinnar verið kosinn dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. (Gripið fram í.) Af hverju mætti ég þá ekki fá að vísa akkúrat í þessa skýrslu?

Frú forseti. Ég sakna þess að fá afstöðu Samfylkingarinnar til þess að setja lög um eignarhald fjölmiðla. Af hverju má ekki setja lög um eignarhald fjölmiðla? Í rauninni þarf ég ekki lengur að spyrja því ég man hvað þingmenn sögðu við 1. umræðu. Þeir vilja ekki koma í veg fyrir að auðhringar eignist fjölmiðlana. Þeir hafa sagt, Samfylkingin hefur sagt: Auðhringar mega eiga allt landið og þar með líka fjölmiðlana. Þeir mega líka eiga fjölmiðlana sem eiga að veita viðskiptalífinu aðhald í sinni efnislegu umræðu. (**Gripið fram í:** Er ráðherra ...?) En þessu vilja samfylkingarmenn ekki una. Þeir vilja óbreytt ástand.

[21:00]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú finnst mér skörin farin að færast heldur upp í bekkinn þegar hæstv. menntmrh., sem þarf að reyna að vera aðeins vönd að virðingu sinni, er farin að halda

því fram að Samf. tali beinlínis fyrir því að auðvaldið eigi allt Ísland.

Málið snýst bara (Gripið fram í.) um það, virðulegur forseti, eins og ég sagði áðan, að ákveðin borgaraleg réttindi séu tryggð í landinu. Við höfum hér ákveðinn rétt í huga og tryggjum hann. Þá má einu gilda hvort sá sem rétturinn nær til heitir Jóhannes Jónsson í Baugi eða Bónus eða hvað það nú er eða Lalli Johns. Það bara skiptir ekki máli. Við erum að tala um ákveðin grundvallarréttindi, ákveðin borgaraleg réttindi sem mönnum eru tryggð samkvæmt stjórnarskrá og við verðum að umgangast þau réttindi af varúð, virðulegur ráðherra. (**Menntmrh.:** Óbreytt ástand.)

[21:02]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert fyrir mig að hlusta á ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Það er augljóst að pólitísk fortíð gleymist hratt. Hér flutti hún klukkutímaræðu sem var hefðbundin heift út í Davíð Oddsson og Sjálfstfl. og, jú, formsatriði. Engan stjórnmálamann hef ég nokkurn tíma heyrt kveinka sér jafnmikið yfir því að einhver vilji ræða formsatriði. Hún talaði sérstaklega um það að hún, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, væri ekki í bókhaldi, hún væri í stjórnmálum, þegar hún var að ræða um einfalda hluti eins og skuldasöfnun sem viðkomandi fyrrverandi borgarstjóri stóð fyrir í borginni.

Hér var talað um óðagot. Ég held að menn tali þá um bitra reynslu. Við vorum bara í dag í Orkuveitu Reykjavíkur að afskrifa hálfan milljarð af einu óðagotinu hjá fyrrverandi borgarstjóra.

Hér var líka talað um það í fullri alvöru, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) að hér þyrfti að vera lýðræðisleg umræða og ég heyri að menn kveinka sér í salnum. Ég má ekki rifja þetta upp, að sjálfsögðu ekki. Lýðræðisleg umræða og hlusta á minni hlutann. (**Gripið fram í:** Það er auðvelt á Húsavík.) Pólitísk fortíð gleymist hratt. (Gripið fram í.) Ég kannast ekki við þessa upplifun þegar fyrrverandi borgarstjóri hafði valdið. Nú á hins vegar að hlusta á minni hlutann.

Svo við reynum aðeins að halda okkur við efnisatriðin, sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir reynir að hlaupast frá, sagði hv. þm. að vandamálið hefði aldrei verið skilgreint. Er hv. þm. að tala í fullri alvöru? Hér er hundrað síðna skýrsla þar sem ástandið hér er borið saman við annars staðar og það liggur alveg fyrir að samþjöppunin er hvergi meiri. Samt talar hv. þm. um að vandamálið hafi aldrei verið skilgreint.

[21:04]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hjá þessum ágæta þingmanni Sjálfstfl. fékk ræða mín þá einkunn að hún hefði verið hefðbundin heift út í Sjálfstfl. og Davíð Oddsson.

Það var ekkert hefðbundið við hana og það var engin heift í henni. Ég er hins vegar mjög ósátt við Sjálfstfl. og framgöngu hans í landsmálunum. Ég er andstæðingur ykkar, ágætu þingmenn, ég er pólitískur andstæðingur ykkar og ég tel enga ástæðu til þess að fara um ykkur nokkrum silkihönskum. Því í ósköpunum skyldi ég gera það? Hafið þið staðið þannig að málum að ástæða sé til að strjúka ykkur eitthvað sérstaklega eða fara um ykkur einhverjum silkihönskum? Ég tel ástæðu til þess að segja hlutina eins og þeir eru, eins og þeir koma mér fyrir sjónir, og ekki bara mér heldur fólki almennt í samfélaginu. Það hljótið þið að hafa heyrt, ágætir þingmenn.

Munið það, ég er pólitískur andstæðingur ykkar og sé enga ástæðu til annars en að leggja á það talsverða áherslu á Alþingi.

Varðandi formsatriðin sem þingmaðurinn talaði um. Mér fannst athyglisvert að hann skyldi tala um það sem formsatriði. Ég var að fjalla um það með hvaða hætti það frv. sem hér liggur fyrir brýtur í bága við grundvallarréttindin, grunnlögin, stjórnarskrána. Ég var að fjalla um það hvernig frv. brýtur í bága við Evrópurétt. Þingmaðurinn talar um að ég sé að fjalla um formsatriði. Þetta eru ekki formsatriði, virðulegur forseti, þetta skiptir meginmáli. Þetta eru þau formsatriði sem þessi þingmaður vann þá eið að þegar hann settist inn á Alþingi. Honum ætti þá að vera meira umhugað um þau en virðist vera af framgöngu hans í þingsalnum í dag.

Varðandi vandamálið sem aldrei var skilgreint. Þetta mál snýst um að tryggja fjölbreytni. Ef við ætlum að ná því fram þurfum við fyrst að átta okkur á því hvort upp á vantar.

[21:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað á margar ræður hjá hv. þingmanni og ég get fullyrt að hv. þm. er alveg með Davíð Oddsson á heilanum. Þessi klukkutímaræða bar þess merki svo við höfum þá hluti algjörlega á hreinu.

Hins vegar var ég að reyna að spyrja hv. þingmann, virðulegi forseti, um efnisatriðin. Hver er skoðun Samf. á þessu máli? Aftur sagði hv. þm., með leyfi, virðulegi forseti, að vandamálið hefði ekki verið skilgreint. Allir vita að hvergi er meiri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði en einmitt hér á landi, hvergi meiri. Ef einhver hefur ekki áttað sig á því var samin hundrað síðna skýrsla þar sem farið var yfir það. Allir vita þetta. (**MÁ:** Ertu búinn að lesa ...?) Og hér var haldin klukkutímaræða sem var hefðbundin heift út í Davíð Oddsson og Sjálfstfl. og farið út í alls konar formsatriði og undirbúning en ekkert um það hvað Samf. vill í málinu, ekki neitt. Ekki kom það fram í þessu andsvari hjá hv. þingmanni og við skulum bíða spennt hvort eitthvað komi nú.

[21:07]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem við erum með hér til umfjöllunar á þingi er frv. til laga sem lýtur að því að skerða möguleika tiltekinna aðila á því að eignast í ljósvakamiðlum og reka ljósvakamiðla. Það mál er til umfjöllunar hér.

Ég vildi svo gjarnan að við værum með öðruvísi frv. Sú er bara ekki raunin, virðulegur forseti. Ég vildi svo gjarnan að við værum hér með frv. sem tæki m.a. á útvarpsráði, eins og ég nefndi fyrr í kvöld, að það væri ekki skipað með þeim hætti sem það er skipað núna, sem tæki á gagnsæi eignarhalds, sjálfstæði ritstjórna, samkeppnislögum og því að tryggja það að menn geti ekki misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni í fjölmiðlum. Ég vildi svo gjarnan að við tækjum á öllum þessum hlutum en það bara er ekki þannig, virðulegi forseti. Við erum með frv. sem tekur á tilteknu atriði og öðrum ekki.

Ég vil leyfa mér að endurtaka það, virðulegur forseti, að hér er ekki um formsatriði að ræða, hér er um efnisatriði að ræða.

[21:09]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla svo sem ekki að fara að ræða um svokallað frekjufrelsi og silkihanska og annað það sem hér hefur verið til umræðu, heldur víkja að einu efnisatriði sem örlaði fyrir í ræðu hv. þingmanns. Það var um það hvort þessi löggjöf væri sértæk en ekki almenn en um það er ágreiningur í þessu máli.

Því var haldið fram, og hefur verið haldið fram, af Samf. að löggjöfin sé sértæk. Það liggur samt sem áður fyrir að hún mun snerta önnur fyrirtæki en Norðurljós, hún mun snerta Árvakur, Framtíðarsýn sem gefur út Viðskiptablaðið, Íslenska sjónvarpsfélagið og fleiri félög. Ég er ekki tilbúinn til að fallast á það að þessi löggjöf sé sértæk.

En gefum okkur að frv. sé sértækt, rökræðunnar vegna. Þá velti ég fyrir mér: Hvað hefur breyst varðandi afstöðu Samf. til slíkrar lagasetningar? Það vill nefnilega þannig til að hér á þinginu, fyrr á þessu ári, voru einmitt sértæk lög til umræðu sem öðluðust lagagildi. Það var í svokölluðu SPRON-máli, máli sem ég greiddi ekki atkvæði með. Öll Samf. hins vegar, að einum þingmanni undanskildum, hv. þm. Helga Hjörvar, greiddi atkvæði með þeirri sértæku lagasetningu. Þá var ekkert verið að setja út á það að málshraðinn væri mikill. Þá var ekki verið að velta því fyrir sér að fá lagaumsögn frá Evrópuráðinu eða Háskóla Íslands. Nei, nei, þá var bara frv. keyrt í gegn og allir þessir höfðingjar sem sitja þarna aftast í salnum tóku fullan þátt í dansinum.

Þá spyr ég: Hvað hefur breyst varðandi afstöðu Samf. til sértækra lagasetninga? Hvað hefur breyst? Skiptir máli hvaða fyrirtæki á í hlut eða hefur orðið almenn breyting á stefnumörkun flokksins varðandi slíkar sértækar lagasetningar?

[21:11]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þingmaðurinn byrjaði á að halda því fram að hér væri ekki um sértæka löggjöf að ræða, hún væri almenn vegna þess að hún mundi snerta fleiri félög en Norðurljós. Hún mundi snerta Árvakur, Skjá 1 og einhverja fleiri sem hann tiltók hér.

Ég geri ráð fyrir að þingmaðurinn sé þar að vísa til þess að verði frv. að lögum þýðir það auðvitað að Árvakur og þeir sem hann reka eða gefa út Morgunblaðið geti ekki líka verið inni á ljósvakamarkaðnum, að það muni ná til fleiri aðila þegar fram líða stundir, þetta setji mönnum skorður þegar fram líða stundir. Skjár 1 getur ekki farið að gefa út prentmiðil samkvæmt þessum lögum. Að því leytinu til tekur þetta til þessara aðila.

Ef horft er hins vegar á frv. er það að ýmsu leyti framvirkt að efni en að öðru leyti afturvirkt. Þegar kemur einmitt að þessu afturvirka hittir það fyrir tiltekinn aðila og aðra ekki. Það er auðvitað það sem við erum að deila um hér, virðulegur forseti.

Varðandi það að setja sértæk lög eða almenn er ég þeirrar skoðunar að við eigum hér á Alþingi fyrst og síðast að huga að almennum lýðræðislegum leikreglum en ekki einhverju sem tekur til tiltekinna einstaklinga eða fyrirtækja.

Nú ætla ég ekki að fara að skattyrðast við virðulegan þingmann um SPRON-málið enda var ég ekki hér á þinginu á þeim tíma, tók ekki þátt í þeirri umræðu og þekki ekki til þess hvernig það mál er vaxið. Ég get að sjálfsögðu kynnt mér það ef því er að skipta.

[21:13]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var sem mig grunaði, ekki kom neitt svar við spurningu minni. Hv. þm. svaraði ekki spurningunni um hvort stefnubreyting hefði orðið hjá flokknum hennar, Samf., eða hvort það skipti máli hvort löggjöfin sneri að einu fyrirtæki fremur en öðru.

Ég veit mjög vel að hv. þm., sem er varaformaður Samf., ætti að geta svarað fyrir afstöðu síns flokks þrátt fyrir að hún hafi ekki verið hér á þingi þegar þetta mál var til umfjöllunar. Það þýðir ekki að skýla sér á bak við það. Það sem skiptir máli, og er nauðsynlegt fyrir umræðuna að komi fram svar við, er að ef menn eru á móti sértækri lagasetningu hljóta þeir að vera á móti henni í öllum tilvikum. Ekkert frv. á þessu þingi hefur beinst jafnbeint að einu ákveðnu fyrirtæki og þetta SPRON-mál. (Forseti hringir.) Það er alveg ljóst og það er ekkert hægt að deila um það. Hvar stóð Samf. í því máli? (Forseti hringir.) Hún greiddi öll atkvæði með því að einum þingmanni undanskildum.

(**Forseti** (JBjart): Forseti minnir þingmenn á að virða þröng tímamörk í andsvörum.)

[21:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég endurtek það sem ég hef sagt, og geri það bara fúslega, að ég þekki ekki efnisatriði þess máls sem hér um ræðir. Ég ætla ekki að taka þau rök sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson færir hér fram í SPRON-málinu sem góð og gild. (**SKK:** Ertu ekki ánægð með þau?) Ég ætla ekki að taka þau rök sem góð og gild og get ekkert á það fallist hér í þessum ræðustól við umræður um fjölmiðlamálið að SPRON-málið hafi verið sértækt mál með þeim hætti sem hér hefur verið sagt. Ég ætla ekkert að fallast á það nú í þessum ræðustól. Það kann vel að vera að svo hafi verið, virðulegur forseti.

Það sem ég vil segja er það, og það er almennt mín skoðun, að löggjafinn eigi að setja lög sem eru almenn en ekki sértæk, hvorki að efni né formi, virðulegur forseti.

[21:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er stundum sagt, kannski í öðru samhengi en menn halda að eigi við hér, að byltingin éti börnin sín. Mér hefur dálítið orðið hugsað til þessarar setningar upp á síðkastið og tengt það við Davíð Oddsson. Ég vona að menn leggi það nú ekki út á versta veg þó að ég nefni nafn hans, ég sé ekki þar með þegar sekur dæmdur um óstöðvandi heift í hans garð eða annað í þeim dúr.

Það er nefnilega þannig að Davíð Oddsson hefur verið við völd í rúm 13 ár og hefur haft gríðarleg áhrif með ríkisstjórnum sínum og stefna Sjálftsfl. hefur meira og minna verið leiðandi tónn í því stjórnarsamstarfi. Við segjum stundum að það hefur ekki skipt miklu máli hvort það voru kratagreyin eða framsókn með þeim hverju sinni. Íhaldið sem hefur ráðið ferðinni, hugmyndafræðin hefur verið nýfrjálshyggjan og gerðar hafa verið miklar breytingar á íslensku samfélagi. Það hefur verið markaðs- og einkavætt í mjög veigamiklum atriðum.

En nú er svo komið, og á því hefur talsvert borið síðustu missirin, að jafnvel sjálfur höfuðsmiðurinn, skipstjórinn á einkavæðingarskútunni, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, sé að verða nokkuð með böggum hildar yfir afleiðingum stefnu

sinnar. Hann virðist ekki að öllu leyti sáttur við það þjóðfélag sem hann á sjálfur meiri þátt í að búa til en nokkur annar núlifandi maður, með forustu sinni fyrir ríkisstjórnum í hátt á annan áratug sem hafa fylgt þessum leiðarljósum. Ég skýri það a.m.k. gjarnan þannig, þegar hæstv. forsrh. lendir aftur og aftur í lóðbeinum átökum við aðila í viðskiptalífinu, sem gera í raun ekki annað en að grípa tækifærin, nýta sér möguleikana og höndla með það sem þeim hefur verið fært í hendur af stjórnvöldum á undanförnum árum, hvort sem það er á sviði fjölmiðlunar, í bankaheiminum eða annars staðar þar sem teppalagt hefur verið fyrir þessa þróun með markaðs- og einkavæðingu á fjölmörgum sviðum.

Þá grípa menn til hátíðlegra fyrirsagna eins og þeirra að menn kunni ekki að fara með frelsið. Það er líkt og með að rónarnir komi óorði á brennivínið, að menn kunni ekki að fara með frelsið. Ég hef ekki rekist á sérstakar leiðbeiningar um það frá ríkisstjórninni, samhliða frjálshyggjuvæðingu samfélagsins, hvernig eigi að fara með frelsið. Þangað til menn eru staðnir að því að hafa beinlínis misnotað aðstöðu sína eða brotið lög þá verða menn að hafa einhver rök fyrir því að tala með þessum hætti, nema menn séu gengnir af trúnni, sjái eftir öllu saman og vilji reyna að snúa hjólunum til baka.

Nú er það þannig, frú forseti, að ef ég veit rétt þá er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson flutningsmaður frv. sem hér um ræðir. Getur ekki forseti staðfest að þetta sé rétt munað?

(**Forseti** (JBjart)**:** Við munum það bæði vel, ég og hv. þm., að forsrh. mælti fyrir þessu frv.)

Mikið þykir mér vænt um að fá þetta staðfest. Þá hlýtur hæstv. forsrh. að sýna okkur þann sóma að vera viðstaddur umræðuna. Það er alvanaleg krafa og yfirleitt við henni orðið að þeir ráðherrar sem bera mál fram, sérstaklega þegar um stórmál er að ræða, séu til svara við umræðuna, sitji undir umræðunni, taki niður spurningar sem til þeirra er beint og svari fyrir þær. Þegar það bætist svo við að formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, er nokkuð laus við, hefur rekið inn nefið hér í hliðardyrum eins og einu sinni í kvöld eftir að hann kom úr kastljósunum, er nú ekki björgulegt á búinu, frú forseti. Það er hér alls enginn til að svara fyrir þetta frv. Það þarf ekki að nefna Framsfl. Hann er gjörsamlega gufaður upp. Hann hefur ekki sést í allan dag og er svo sem bættur skaðinn og væri betur að þetta væri varanlegt ástand, að framsókn bara hyrfi ad infintum úr þessum sal.

Ég fer fram á það, frú forseti, að hæstv. forsrh., og gjarnan hæstv. menntmrh. sem var hér áðan, sem er málið skylt og ætti auðvitað að svara fyrir það, og hæstv. utanrrh., sem var síðast þegar ég vissi formaður Framsfl., að þeim verði gert viðvart um það að við höfum áhuga á því að eiga við þessa hæstv. ráðherra og forustumenn stjórnarflokkanna orðastað. Ég held að þeim sé ekki vandara um, úr því að þeir leggja svona gríðarlega áherslu á að troða þessu máli áfram, en okkur hinum að vera í vinnunni sinni. Það er nú einu sinni þannig að ráðherrar hafa eins og aðrir þingmenn þingskyldum að gegna og eiga að vera hér nema þeir hafi lögmæt forföll. Þeir voru allir við góða heilsu í dag og ég veit ekki til þess að þeir hafi lagst veikir síðan þannig að þeir hljóta að eiga að geta verið hér.

Ég hef áhuga á því að leggja spurningar, m.a. fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. og hæstv. menntmrh. síðar í ræðu minni. Síðan tók ég með mér hérna gagnmerka bók, frú forseti. Þetta er ekki Biblían og þó, þetta er íslensk orðabók Menningarsjóðs. Í henni eru tvö orð sem ég hefði gaman af því að lesa upp fyrir hæstv. forsrh. og fara svolítið í orðskýringarnar. Ég hygg að það geti orðið bæði skemmtiefni og áhugavert. Þetta eru orðin „hrossalækning“ og „valdníðsla“, sem ég ætla að fara aðeins í á eftir. Þau koma mér bæði í hug í sambandi við vinnubrögðin í þessu máli.

Nú er það svo, frú forseti, að auðvitað er það viðfangsefni sem við fáumst hér við allrar athygli vert. Það er angi af stærra máli sem er mikið vandamál í íslensku samfélagi, þ.e. mikil samþjöppun, tilhneiging til þess að fáeinir stórir aðilar leggi markaði undir sig, sem eru þá opnir fyrir „frjálsri samkeppni“ svokallaðri. Við þekkjum þetta ástand mætavel af miður góðri reynslu á mörgum sviðum. Það er almennt viðurkennt að það sé ekki sérstaklega heppilegt fyrirkomulag að tveir til þrír menn geti tekið upp símann eða hist í Öskjuhlíðinni og gengið frá því til árs í senn hvernig markaðnum sé skipt á milli. Þetta þekkjum við úr ýmsum sviðum viðskipta. Það má færa fyrir því gild rök að því miður hafi þessi þróun ágerst frekar en að dregið hafi úr henni á allra síðustu árum.

Þetta er auðvitað ekki nýtt undir sólinni. Þetta eru ósköp einfaldlega lögmál kapítalismans, sem þarf greinilega að fara að halda svolítið námskeið um. Það er eðli kapítalismans að reyna að stækka sína sneið af kökunni, ná sem mestu til sín og hagnast sem mest. Gamlir menn, löngu horfnir af dögum, skrifuðu um þetta þykkar bækur svo snemma sem á 19. öld. Karl Marx og ýmsir spekingar leiddu að því býsna sterkar líkur, sem standast tímans tönn, að þar séu ákveðnir hlutir að verki sem sennilega eru býsna djúpt grónir í mannlegu eðli og birtast okkur á nýjan leik á mismunandi tímum við mismunandi aðstæður og taka á sig mismunandi birtingarform. En þarna er þetta.

Auðvitað eru menn alltaf að keppa að því að ná sem sterkastri stöðu og kunna ekki alltaf með hana að fara. Nú er hægara sagt en gert að takast á við þetta eða ráða bót á þessu. Ég tala nú ekki um þegar menn eru ekki nema 300 þúsund hræður á einu stóru skeri úti í miðju Atlantshafi. Markaðurinn er ekki til skiptanna, segja ýmsir, og sú klisja er algeng, sérstaklega þegar menn eru að réttlæta fákeppnina, að við séum svo lítill markaður og fyrirtækin verði að vera svo stór, að því miður sé það þannig að tvö til þrjú fyrirtæki skipti markaðnum á milli sín.

En það er ekki gott ástand. Það er króníska fákeppnisástand sem býður hættunni heim. Það er ekki endilega það sem kemur best út að lokum þó að tímabundið segi menn að í því sé fólgin mikil hagræðing og miklir möguleikar að hafa hlutina þannig. Aðrir réttlæta það með því að fyrirtækin verði að vera svo stór vegna þess að þau séu í samkeppni við útlönd eða séu í útrás. Til þess þurfa þau að fá að vera svona stór heima fyrir, jafnvel á kostnað íslenskra neytenda, til að þeir geti staðist risunum í útlöndum snúning, hvort sem það er í Bretlandi eða Búlgaríu.

Þá fer maður að spyrja sig: Á það að vera hlutverk íslenskra neytenda að greiða herkostnaðinn af því að einhver fín fyrirtæki hafi gaman af því að taka áhættu í útlöndum? Geta þau ekki bara gert það hjálparlaust án þess að það sé á kostnað óeðlilegra umsvifa eða óeðlilegs olnbogarýmis þeirra í íslensku athafnalífi?

Þetta segi ég, frú forseti, vegna þess að mér finnst auðvitað rétt að taka efni þessa máls og skoða það í samhengi við heildarmyndina, aðstæður í íslensku viðskiptalífi og þróunina undanfarin ár. En það er ekki þar með sagt að það sé einhver brú í því að ganga til verka með þeim hætti sem

hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Það er það ekki. Menn geta ekki, þótt þeir séu meðvitaðir um hætturnar sem geta verið samfara óæskilegri og of mikilli samþjöppun í viðskiptalífinu á hinum einstöku sviðum þess, ég tala nú ekki um ef það krossast, þar með skrifað upp á að hægt sé að ganga í það að splundra því eða breyta því bara hvernig sem er.

Með öðrum orðum, frú forseti: Tilgangurinn helgar ekki hvaða meðal sem er. Þó að við viljum reyna að hafa eins mikla fjölbreytni og tryggja þannig forsendur raunverulegrar samkeppni, ég tala nú ekki um í fjölmiðlaheiminum sem auðvitað er mjög mikilvægt, þá leyfir það ekki hvað sem er. Við getum ekki ýtt til hliðar lögum og reglum, stjórnarskrá og alþjóðasamningum, bara af því að við trúum því að við séum að gera það í réttmætum eða göfugum tilgangi.

Enn versnar málið ef meðulin sem á svo að nota eru kannski til ills, ef sjúklingurinn deyr af aukaverkununum. Það er lítil lækning. Það er lítil lækning í íslenska fjölmiðlaheiminum ef hann fellur allur vegna aukaverkana. Það er ekki góður læknir sem skrifar út slíkt resept.

Menn eru, trúi ég, í aðalatriðum sammála um hin yfirlýstu markmið í þessu frv., að mikilvægt sé að tryggja, eftir því sem kostur er, — eða ég mundi a.m.k. orða það þannig og jafnvel í þeirri röð — óháða, sjálfstæða, öfluga og fjölbreytta fjölmiðlun í landinu. En það verður að nálgast af raunsæi og út frá því að markaðurinn er ekki stærri en hann er, hvorki hvað lesendur, áhorfendur eða hlustendur snertir, né heldur auglýsingatekjur. Þetta er ekki óskaplega flókið reikningsdæmi. Við erum tæplega 300 þúsund hræður. Að vísu er drjúgur hluti nokkuð lestrarfíkinn og hlustar talsvert á útvarp eða horfir á sjónvarp. Efnahagslíf okkar, atvinnulíf okkar og þjónusta notar sér fjölmiðla til að koma vöru sinni eða þjónustu á framfæri og boðskap sínum. Það skapar auglýsingatekjur. Það er hægt að slá máli á það og þetta er til skiptanna til viðbótar því fé, ef svo væri, sem menn væru tilbúnir að leggja með þessari starfsemi ef það væri uppi á teningunum, sem auðvitað er sums staðar við lýði. Það flokkast ekki undir kommúnisma eða ríkisbúskap þó að menn styrki t.d. tímarit eða blaðaútgáfu til að reyna að tryggja fjölbreytni hennar og að hún fái staðist í harðri samkeppni við aðra ágenga miðla í nútímanum.

Þetta verðum við allt saman að meta. Eins og ég segi, þó að markmiðin séu góð og við væntanlega flest sammála um þau þá skilja í aðalatriðum leiðir þar með. Hæstv. ríkisstjórn hefur nálgast þetta mál með þeim hætti að það er ómögulegt að koma nálægt því. Ég segi fyrir mitt leyti að þótt ég hefði verið, sem ég hef verið og það stendur, áhugasamur um að taka þátt í ítarlegum og vönduðum skoðanaskiptum og vinnu sem miðaði að því að fara rækilega í gegnum þetta svið, hvernig getum við best tryggt hér sem öflugasta, sjálfstæðasta óháða og fjölbreytta fjölmiðlun, þá gerir maður það ekki svona.

Það er eins og hæstv. ríkisstjórn beinlínis vilji losna við að slík umræða komist af stað. Það að keyra þetta mál í gegn á örfáum sólarhringum er auðvitað aðferð til þess, að koma því út úr heiminum og treysta svo á að þjóðin fari bara að grilla og gleymi þessu öllu í sumar. Ég er reyndar ekki viss um að svo fari. Ég spái því að eftirköstin verði býsna mikil ef frv. verður að lögum með þessum hætti.

Við þekkjum út af fyrir sig aðdraganda málsins, frú forseti. Það þarf ekki að eyða miklum tíma í að rifja hann upp. Umræðan hefur af og til skotið upp kollinum á undanförnum árum. Menn hafa vitnað hér í fræg orðaskipti núverandi Bessastaðabónda, forseta lýðveldisins, og fleiri þingmanna árið 1995. Ég man eftir umræðum um þessa hluti enn fyrr, fljótlega upp úr breytingunum miklu sem urðu þegar einokun Ríkisútvarpsins á ljósvakanum lauk á 9. áratugnum. Auðvitað hafa verið umræður um stöðuna í fjölmiðlaheiminum á mismunandi tímum, t.d. í tengslum við erfiðleika dagblaðaútgáfunnar þegar þau voru meira og minna öll að fara á hausinn, flokksmálgögnin lögðu upp laupana o.s.frv. Já, ég er einn af þeim sem sé eftir þeim. Ég sé eftir öllu sem gerði þessa flóru fjölbreyttari og þyddi að skoðanaskiptin voru víðtækari, öflugri og tryggðu sem best að öll sjónarmið fengju að heyrast. Þannig á það auðvitað að vera.

Upp á síðkastið má segja að þetta hafi skotið upp kollinum í tengslum við hræringar sem voru á þessum markaði á síðasta ári og gengu inn á þetta ár. Hér á þingi var þetta mál t.d. tekið upp í desembermánuði af þingmanni okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Álfheiði Ingadóttur, sem lagði þá fyrirspurn fyrir forsrh., afar saklausa fyrirspurn um það hvort þessi mál hefðu verið tekin fyrir í ríkisstjórn og hvort menn teldu þar á bæ ástæðu til að huga að þróuninni eins og hún birtist mönnum. Svörin þóttu nokkrum tíðindum sæta því að þá má segja að hæstv. forsrh. hafi kannski gefið tóninn sem síðan hefur svifið yfir vötnunum.

Hæstv. þáverandi menntmrh., Tómas Ingi Olrich, tilvonandi sendiherra þjóðarinnar í París, skipaði síðan í desember nefnd í framhaldi af umræðum um þetta mál á Alþingi og tillöguflutningi þingmanna úr fjórum flokkum af fimm um að málið yrði sett í vandaða og yfirvegaða skoðun. Því miður var sú nefnd þröngt skipuð, fjórum ágætismönnum að sönnu en þar voru t.d. ekki fulltrúar allra flokka. Þaðan af síður voru þar hagsmunatengdir aðilar eins og eigendur og rekendur fjölmiðla eða blaðamannastéttin. Nefndin sem að vísu vann ágæta skýrslu, að miklu leyti ágæta, skilaði henni af sér og þegar hún loksins var tekin fyrir í ríkisstjórn gerðust þau undur og stórmerki að fram kom frv. sem hafði verið samið til hliðar við nefndarstarfið, samið af öðrum og á vegum annars ráðherra en hafði sett nefndina á laggirnar. Þetta er sögulega séð, frú forseti, afar athyglisvert og merkilegt. Ég hygg að þess séu ákaflega fá dæmi að vinnu sé hagað með þessum hætti á einu búi, í einni ríkisstjórn.

Þetta hefur síðan markað framhaldið. Frv. kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum, meingallað á margan hátt, í verulegu ósamræmi við andann í skýrslunni og tínir út úr henni aðeins afmarkaða hluti sem snúa að því að takmarka með mjög harkalegum og í raun og veru sérkennilegum hætti eignarhald í fjölmiðlum en sleppir öllu öðru. Það er ákaflega sláandi þegar skýrslan er lesin og rætt er um möguleikana sem einn af mörgum kostum sem til greina komi til að reisa þarna skorður eða tryggja markmið um fjölbreytni. Þegar rætt er um eignarhaldið og takmarkanir á því fjalla skýrsluhöfundarnir í alllöngu máli um þá möguleika að setja því einhverjar skorður, setja t.d. á það einhver þök hvað einstakir aðilar geti átt mikið í fjölmiðlum eða hversu mikið stórir markaðsráðandi aðilar geti átt. Skýrsluhöfundarnir ræða þarna um mismunandi möguleika til að setja skorður, þök sem eru bundin við ákveðna prósentu eignarhalds eða mögulega að hafa þessa veggi óðruvísi, lárétta þannig að það sé spurning um markaðshlutdeild eins og gert er víða í stærri löndum. Aftast í kaflanum er síðan skotið inn einni örstuttri setningu þar sem segir: „Er þá ónefndur sá möguleiki að banna slík eignatengsl með öllu.“ — Í þessa stuttu setningu í þessum kafla eru væntanlega sótt rökin fyrir því

að fara þá leið. Það er sem sagt ekki valin nein þeirra leiða sem skýrsluhöfundarnir fjalla um í ítarlegu máli, að setja þarna inn einhver ákveðin mörk, t.d. einfaldlega að reyna að tryggja að enginn einn aðili geti átt ráðandi hlut. Það eru mörg fordæmi og ýmsar viðmiðanir til úr fjármálaheiminum og víðar þar sem menn hafa sett skorður við slíku eða þá þeim sem eiga svokallaðan virkan eignarhlut, eignarhlut sem er yfirleitt miðaður við að hann sé nógur til að ná a.m.k. einum stjórnarmanni í stjórn viðkomandi fyrirtækis. Nei. Frumvarpshöfundarnir velja að ganga þarna ýtrustu leið, taka þann kostinn sem gengur langlengst, bakka svo að vísu hér í brtt. niður í það að markaðsráðandi fyrirtæki megi eiga 5%.

Ef við leyfum málinu að njóta þess að það sé þess virði, a.m.k. á köflum, að ræða það efnislega held ég að við eigum líka að spyrja okkur: Hver eru rökin á bak við þetta? Hver er ástæðan? Er einhver sýnileg, sjáanleg ástæða til þess að markaðsráðandi fyrirtæki, þó að við viljum alls ekki að þau drottni yfir fjölmiðlum, megi ekki eiga eitt einasta prósent eða þau megi ekki eiga 7%, bara 5%? Hvaða rök eru fyrir því? 5% duga yfirleitt ekki fyrir stjórnarmanni í fyrirtæki, hvað þá öðru. Ég hefði gaman af því að heyra höfunda frv., Davíð Oddsson, eða ábyrgðarmann, pabba frv., eða þá formann allshn., hv. þm. Bjarna Benediktsson, sem er fjarverandi líka svara þessu, útskýra þetta fyrir mér. Hvaða nákvæmnisvísindi liggja núna á bak við 5% þar sem 0% voru áður?

Þessi vinnubrögð, herra forseti, eru óskaplega dapurleg. Mér finnst mjög dapurlegt að sjá mál sem er allrar athygli virði — þá meina ég almennt talað, ekki þetta frv. heldur málið sem slíkt í heild sinni, viðfangsefnið, þetta svið — svona grátt leikið af vinnubrögðum af þessu tagi. Það er algerlega útilokað allt sátta- eða samkomulagsandrúmsloft í kringum þetta. Það er ekki boðið upp á það. Það vottaði ekki fyrir því að fulltrúar meiri hlutans í allshn., eftir því sem mér er tjáð af þeim sem þar sátu, þreifuðu fyrir sér um það hvort einhverjir fletir væru til samkomulags um málið, t.d. að því tilskildu að sjálfsögðu að boðið væri upp á raunverulegar og umtalsverðar efnislegar breytingar á því. Hvernig stendur á þessu? Vilja mennirnir endilega þennan ófrið? Þykir þeim það betra? Fá þeir meiri útrás og svölun í því að þetta sé gert með heift og látum í bullandi ósætti við alla? Það er erfitt að leita einhverra efnislegra haldbærra skýringa á þessu. Af hverju vilja menn ekki reyna að ræða svona mál ofan í kjölinn og skoða hvað menn gætu mögulega orðið sammála um eða a.m.k. eitthvað sem minni ófriður yrði um?

Ég vek athygli á því og minni á að eigandi fyrirtækisins sem hér er alltaf í nágrenninu, Baugs, eða stjórnarformaður hygg ég að hann sé, Jón Ásgeir Jóhannesson, sagði sjálfur í ágætu viðtali í Viðskiptablaðinu að hann skildi alveg rökin fyrir því að menn vildu ekki að kannski mjög öflugur og stór markaðsráðandi risi á almennu sviði viðskipta eins og í verslun væri allt of drottnandi í fjölmiðlaheiminum. Hann gæti vel sætt sig við einhver takmörk á því. Mér þótti þetta skynsamlega mælt enda er ég alveg nákvæmlega sömu skoðunar. Ég er nákvæmlega sömu skoðunar og hef margsagt það. Hún hefur ekki breyst þó að vinnubrögðin hér séu eins og þau eru.

Ég held að það væri hyggilegt og sé hyggilegt að hafa ákveðin mörk þannig að menn haldi þessum hlutum nokkuð aðgreindum þótt ekki væri nema bara með velferð þessara aðila í huga, þ.e. viðkomandi stórfyrirtækja og fjölmiðla. Hvernig verður ástandið ef þetta er of tengt? Það verður stanslaus tortryggni. Menn liggja stanslaust undir grun um að staðan sé misnotuð. Jafnvel þó að við trúum því öll og viljum að svo sé ekki verða slíkar grunsemdir og vangaveltur og bollaleggingar endalaust uppi. Það er ákaflega ódýrt fyrir menn að slengja því fram að menn séu bara málpípur þessa eða hins. Menn virðast ekki þurfa að hafa fyrir því að rökstyðja það. Hæstv. forsrh. hefur margfullyrt það í ótal sjónvarpsviðtölum að fjölmiðlarnir sem nú tengjast fyrirtækinu Baugi í gegnum Norðurljós séu bara málpípur fyrirtækisins. Aldrei nefnt eitt einasta dæmi svo ég viti, þarf þess ekki að því er virðist. Ég hef aldrei gert þetta, ósköp einfaldlega vegna þess að ég hef engin sérstök dæmi til að benda á og ég mundi aldrei taka mér svona lagað í munn nema ég gæti bent á dæmi sem ég teldi að sýndu að fótur væri fyrir slíku. Ég viðurkenni þó að það er alveg augljóst að þessar aðstæður munu stanslaust bjóða upp á tortryggni. Þær gera það úti um allan heim þar sem þær eru svipaðar. Auðvitað verðum við að horfast í augu við það að sums staðar eru þessi mál í algerum ólestri. Það langar engan í ítalskt ástand, svo ég tali ekki um rússneskt.

Það vill svo til að ég var í Rússlandi í desember að fylgjast þar með kosningum til Dúmunnar og sá hvernig fjölmiðlarnir þar fjalla um t.d. stjórnmálin. Í 37% allra tilvika sem fjallað var um stjórnmál var það Pútín sjálfur. Í 20% í viðbót var það flokkurinn hans. Næststærsti stjórnmálaflokkur landsins komst í fjölmiðlana í um það bil 7% tilvika og af þeim voru 6% neikvæð umfjöllun. Það litla sem sá flokkur fékk var neikvætt. Nei, við viljum ekki slíkt ástand. Það er ekkert sjálfgefið að hlutirnir séu alltaf í lagi alls staðar. Okkur er auðvitað tamt að vilja trúa því uppi á Íslandi að hjá okkur sé ævinlega allt í góðu lagi.

Það sakar ekki að byrgja brunninn. Ég hef ævinlega talað fyrir því að setja einhverjar skynsamlegar og hófsamlegar reglur sem við gætum bundið vonir við að næðu fram þeim markmiðum að tryggja sjálfstæða, öfluga og óháða fjölmiðlun, leyfa henni þó að sjálfsögðu að vera það sterkri í formi eininga að hún gæti borið sig. Það þjónar engum tilgangi að ganga þannig fram að þetta verði allt saman afvelta aumingjar sem ekkert geti. Það er stórkostlegt vandamál ef fjölmiðlarnir eru það vanmáttugir að þeir geti ekki rekið öflugar fréttastofur. Það er alveg bráðnauðsynlegt fyrir lýðræðið og til þess að kafað sé stundum undir yfirborð hlutanna að menn hafi afl til þess að skoða mál af einhverjum burðum. Þess sakna ég í allri íslenskri fjölmiðlun. Hún er allt of yfirborðskennd. Vandaðir ítarlegir fréttaskýringaþættir sem byggja á rannsóknum og kryfja mál til mergjar eru allt of sjaldgæfir. Af hverju er það? Af því að fjölmiðlarnir eru svo fámennir, undirmannaðir og efnahagslega veikir að þeir ráða ekki við það. Það er verið að burðast við að halda einum eða einum og hálfum slíkum þætti úti í sjónvarpinu, tveimur í hljóðvarpinu kannski. Maður auðvitað fagnar því og þakkar fyrir þá. Stöð 2 hefur vissulega reynt ýmislegt slíkt, Morgunblaðið á köflum en núna líður langt á milli greinaflokka sem eru frægir þar á bæ. Að vísu er stórmerk úttekt á forsetanum núna í helgarblöðunum þó að kannski sé ekki skrifað upp á allt sem þar stendur, sérstaklega ekki menn sem þekktu þar vel til hluta á sinni tíð.

Frú forseti. Hvernig er það með þessa ágætu heiðursmenn sem ég lýsti eftir? Ég er kominn svolítið inn í ræðu mína, ég ætla ekki að lofa því að hún sé hálfnuð. Það getur oltið á ýmsu, en ég lýsti eftir nokkrum mönnum.

(**Forseti** (JBjart)**:** Hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er í húsinu. Forseti man ekki hvort hv. þm. auglýsti sérstaklega eftir henni.)

Jú.

(**Forseti** (JBjart)**:** Hv. formaður allshn. Bjarni Benediktsson mun líka vera í húsinu, hæstv. forsrh. hefur verið látinn vita og jafnframt hæstv. utanrrh.)

Já, ég þakka fyrir þetta. Mér þætti auðvitað betra að þessir ágætu þingmenn væru í salnum, vona að þeir séu ekki á fundi einhvers staðar annars staðar í húsinu úr því að þau eru bæði fjarverandi.

Ég ætla síðan aðeins að renna yfir þá kosti, frú forseti, sem mér finnast koma til greina. Reyndar eru flestir nefndir í skýrslunni ágætu. Það vekur auðvitað mikla undrun þegar maður er með hana í höndunum eða ýmis önnur plögg sem aðgengileg eru í þessum efnum — það er hægt að sækja sér gögn víða á netinu og hér og þar um það hvernig þessu er hagað annars staðar, í öðru samhengi — hvað möguleikarnir sem þar koma til álita eru fjölmargir. Enda eru farnar mjög mismunandi leiðir í einstökum löndum til að reyna að tryggja þessi markmið. Auðvitað hljóta þær allar, og eiga, að koma til skoðunar. Höfundar skýrslunnar gera í raun og veru í fæstum tilvikum upp á milli þeirra nema þeir leggja ekki til eða ráða frá vissum hlutum, eins og t.d. því að leyfisbinda dagblaðaútgáfuna. Þeir segja sem svo: Það er ekki hefð fyrir því þannig að við leggjum það ekki til. Þeir hafa það alveg opið að taka á þessu máli í gegnum ýmsar mismunandi leiðir. Þær geta að hluta til verið samverkandi, að hluta til komið hver í stað annarrar. Við lestur kaflans sem ber fyrirsögnina: Leiðir sem koma til greina, er ágætt að hafa það í huga að skýrsluhöfundar eru mjög varkárir. Þeir slá ýmsa varnagla og segjast setja fram hugleiðingar og velta upp möguleikum, það kosti miklu meiri vinnu og skoðun, m.a. á tæknilegri útfærslu, að komast til botns í því hvort þær leiðir séu skynsamlegar, t.d. við okkar aðstæður. Förum aðeins yfir þetta, frú forseti.

Í fyrsta lagi er t.d. talað um mikilvægi trausts almenningsútvarps. Nú er það sem betur fer svo að menn eru víðast hvar aftur farnir að halla sér að því bjargi sem eru traust, öflug almenningsútvörp, að þau séu geysilega mikilvæg sem hluti af fjölbreyttri fjölmiðlaþróun. Að stjórnvöldum í hverju lýðræðisríki sem tekur sig alvarlega sé rétt og skylt að sjá til þess að öflugt almenningsútvarp sé til staðar því það tryggi vissa hluti sem ekki er sjálfkrafa öruggt að séu til staðar með öðrum hætti.

Nefndin leggur sem sagt til að það sé skoðað rækilega að gera ráðstafanir t.d. til að efla, og ekki bara efla Ríkisútvarpið heldur gera það sjálfstætt og óháð stjórnvöldum. Nú er það þannig að Ríkisútvarpið er búið að vera undir hælnum á Sjálfstfl. í á fjórtánda ár. Ég hef stundum sagt að það sé kannski eitt alvarlegasta einelti sem viðgengst í íslensku þjóðfélagi í dag hvernig Sjálfstfl. hefur á köflum lagt Ríkisútvarpið í einelti með endalausum pólitískum mannaráðningum þangað inn og með ýmsum öðrum hætti sem ég þarf ekki að rekja hér fyrir mönnum. Það væri alveg gífurlegt gustukaverk ef hægt væri að ná því fram að slá nú öflugri skjaldborg utan um Ríkisútvarpið sem almenningsútvarp með öllum þeim mikilvægu skyldum sem það hefur að gegna og reyna að safna um það liði t.d. þannig að einhvers konar fulltrúaráð utan úr þjóðfélaginu, heildarsamtaka, félagasamtaka, samtaka úr menningu og listum og öðru slíku, slíkt fulltrúaráð yrði skjaldborgin utan um það, kysi því stjórn sem síðan réði útvarpsstjóra o.s.frv. þannig að við losnuðum undan þeim flokkspólitíska hrammi sem verið hefur þarna yfir nú síðustu árin og auðvitað oft og tíðum alla tíð. Frv. minnist ekki á þetta einu orði. Þessum þætti skýrslunnar, tillögum til úrbóta, algerlega sleppt.

Í öðru lagi er rætt talsvert um samkeppnislögin og þá möguleika að taka á þessum málum í gegnum hin almennu samkeppnislög. Sums staðar er farin sú leið að menn setja ekki sértæk lög eða þá að það er að einhverju leyti fjallað með sértækum hætti um fjölmiðla í samkeppnislöggjöfinni þannig að það séu samkeppnisyfirvöld, Samkeppnisstofnun, úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og kærunefnd sem færu með þá hluti. Einn hlut leggja þó skýrsluhöfundar til með alveg skýrum hætti í kaflanum um samkeppnislögin og það er um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Frv. kemur ekkert inn á þetta, því er sleppt. Því í raun og veru eru þær upplýsingar sem útvarpsleyfishafar eiga að senda útvarpsréttarnefnd handa nefndinni. Ég skil það ekki endilega svo að það sé nein kvöð á útvarpsréttarnefnd að gera þær upplýsingar opinberar, það stendur hvergi, kannski verður það. Á öðrum fjölmiðlum, þ.e. dagblaðaútgefendum, tímaritaútgefendum eða þeim sem reka öflugustu netmiðlana eða hvað sem það nú væri, er engin upplýsingaskylda um eignarhaldið. Þetta er lykilatriði. Inn á það er komið alls staðar að það sé gríðarlega mikilvægt að tryggja að eignarhaldið sé gagnsætt og tært á hverjum tíma. Af hverju er þessu algerlega sleppt?

Síðan er fjallað um leyfisveitingar og þá kemur að því sem ég áður sagði að nefndarmenn gera ekki í tillögum sínum tillögur um að leyfisbinda dagblaðaútgáfu, enda ekki hefð fyrir því og reyndar engin lög í gildi um dagblaðaútgáfu sem gætu fóstrað slík ákvæði. Það yrði þá að setja þau upp frá grunni með einhverjum hætti, en þeir koma aftur inn á þetta með upplýsingaskylduna hvað varðar dagblöðin, að ef sú leið verði farin, eins og segir hér á bls. 86, með leyfi forseta:

„Þar með yrði skylt að upplýsa samkeppnisyfirvöld um eignarhald á fyrirtækjum í dagblaðaútgáfu og breytingar sem kunna að verða á því. Enn fremur yrði gert ráð fyrir að stofnunin“— sem ég veit ekki alveg hvaða stofnun er í þessu tilviki nema þeir séu þar að tala um fjölmiðlastofnunina sem þeir nefna síðar í textanum — „gæti gripið til þeirra ráðstafana sem greindar eru í kaflanum hér að framan.“

Það er því alveg ljóst að skýrsluhöfundar eru uppteknir af þeirri hugmynd að sett verði inn kvöðin um upplýsingaskyldu á eignarhaldi allra fjölmiðla, líka dagblaða, og það þarf enga leyfisbindingu til þess, það er að sjálfsögðu hægt að gera það t.d. með ákvæði í samkeppnislögunum. Það er fjallað um útvarpsreksturinn, útvarpsleyfin, fjallað er um sérreglur um eignarhald á fjölmiðlum og útbreiðslu og það er síðan í þann kafla sem höfundur frv., ef hann hefur yfir höfuð lesið skýrsluna þegar hann var að semja frv. því það var gert samhliða eins og kunnugt er, sækir sér helst þau rök að fara þá leið sem frv. gerir ráð fyrir. Það er fjallað um uppbyggingu og þróun stafræns sjónvarps í skýrslunni. Frv. kemur að sjálfsögðu ekkert inn á það. Það er bara eitt stórt gat þegar kemur að þeirri umbyltingu sem þar er væntanlega fram undan í gegnum stafrænt sjónvarp og þá miklu möguleika sem þar opnast til að nýta betur tíðnirásir. Og ef maður bætir svo við möguleikum á miðlun myndefnis um breiðband og jafnvel yfir netið sem kannski mun á næstu 5–10 árum umbylta þessum markaði þá fer það að verða svolítið götótt að ráðast fram með þessum óskapa látum gagnvart gömlu útvarpsleyfunum sem byggja á sendingum

í loftinu, hliðrænni tækni, en horfa fram hjá öllu hinu. Eru menn að ná mikið utan um þetta? Nei, auðvitað ekki.

Það er komið inn á eignarhald erlenda aðila, það er komið inn á sjálfstæði blaðamanna og fréttamanna, úrræði sem lúta að dagskrá og ríkisstyrki. Ég hrósa höfundunum fyrir að hafa kjark til að bera sér það orð í munn, setja það meira að segja sem kaflafyrirsögn, Ríkisstyrkir. Ég hélt að menn væru, mér liggur við að segja skotnir á færi ef menn nefndu slíkt á þessum tímum, (Gripið fram í.) en menn hafa þó uppburð í sér til að nefna þann möguleika. Auðvitað er það eitt af því sem menn geta velt fyrir sér og er gert sums staðar í löndunum í kringum okkur að það er hlúð að fjölmiðlun jafnvel með almannafé. Svo mikilvæga telja menn hana vera og fjölbreytni hennar og nauðsyn þess að styrkja t.d. dagblaðaútgáfu eða útgáfu héraðsfréttablaða sem bæði menningar- og upplýsingamiðla. Hvað er verið að gera á Íslandi núna? Það er verið að drepa þá alla, m.a. með einkavæðingu póstsins sem okrar þannig á burðargjöldunum að þau hafa líklega þúsundfaldast frá því fyrir um tíu árum síðan þannig að sú blómlega útgáfa sem áður var er öll að koðna niður.

Síðast en ekki síst nefna skýrsluhöfundarnir möguleikana á því að endurskipuleggja stjórnsýslu þessara mála, koma á fjölmiðlastofnun, búa til stjórnsýslustofnun sem hefur með þessi verkefni að gera og heldur utan um þau, útvarpsleyfin eða þá hluti aðra sem við viljum í framtíðinni tryggja að fjölmiðlar klári sig af. Þá koma ýmsir möguleikar til greina og leiðir sem færar væru og slík stjórnsýslu- eða framkvæmdastofnun, sem þyrfti ekki að vera neitt risabatterí, gæti þá haft slíkt með höndum. Um hana giltu lög og fjölmiðlar yrðu að uppfylla sínar skyldur gagnvart henni, t.d. um upplýsingagjöf og annað í þeim efnum. Ekkert af þessu ratar inn í frv., ekkert nema þetta eina um eignarhaldið þannig að augljóslega, frú forseti, eru menn ekki að ná utan um þetta mál eða svara spurningunum sem uppi eru í þessum efnum á nokkurn hátt. Menn velja bara sértækt út úr þessu einn algerlega afmarkaðan hluta og búa svo um hann með þeim endemum sem raun ber vitni.

Aðeins síðan að frv. sjálfu, frú forseti. Það er að mínu mati, eins og ég hef áður sagt, auðvitað algerlega meingölluð smíð og satt best að segja, þegar ég fór að skoða það betur og velta því fyrir mér, varð ég alltaf meira og meira undrandi. Ég varð svo undrandi þegar ég var búinn að skoða gildistökuákvæðin og ákvæði til bráðabirgða í 1–2 daga og velta því fyrir mér út frá ýmsum hlutum sem manni hefur á yfir 20 ára puði á Alþingi lærst að reyna að hafa í huga þegar verið er að velta fyrir sér lagasetningu og m.a. lagaskilum og gildistöku, að ég átti ekki til aukatekið orð og segir nú sagan að mig skorti þau sjaldan. Þetta er svo ótrúlegt. Til dæmis ákvæði til bráðabirgða eins og það er í frv. sem hefði þýtt að óbreyttu að útvarpsleyfi sem féllu úr gildi á næstu mánuðum fengjust ekki endurútgefin, bara strax innan nokkurra mánaða, a.m.k. í lok þessa árs, í öllu falli þau fyrstu, nema fyrirtækin uppfylltu öll hin nýju skilyrði þannig að í rauninni er það rangt, það er ekki samkvæmt orðanna hljóðan að þar hafi verið settur inn einhver tveggja ára aðlögunartími. Hann hefði ekki nýst í reynd, á manna máli sagt því eina fyrirtæki sem beinlínis verður fyrir þessu vegna þess að það uppfyllir augljóslega ekki kröfurnar um algeran aðskilnað dagblaðaútgáfu og ljósvakamiðla og ekki heldur um eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækis sem samkvæmt frv. mátti ekki vera meira en 0,0% eins og kunnugt er. Þar hefði aðlögunartíminn að óbreyttu orðið nokkrir mánuðir. Og láta sér detta þau lifandis ósköp í hug að halda að það geti verið sanngjörn, eðlileg aðlögun að þar sé gætt meðalhófs að leggja slíkt til, það hefði ég seint látið segja mér svo ég tryði að menn flyttu slíkt.

Ég tel reyndar að breytingartillaga meiri hlutans bæti þarna litlu úr því auðvitað fara lögin þegar þau hafa verið sett, þó að gildistakan sé miðuð við mitt ár 2006, strax að hafa áhrif. Þau hafa það nú þegar og þau hafa það eftir helgina þegar búið verður að gera þessi ósköp að lögum, hver sem skrifar undir, hvort sem það verður ein undirskrift eða tvær eða þrjár. Það verður sjálfsagt hægt að fara í mál út af þeim strax þó að þau eigi ekki að forminu til að taka efnislega gildi eða hafa efnisáhrif fyrr en 2006. Það er ekkert meðalhóf, herra forseti, það er engin sanngini í að umgangast hlutina á þennan hátt.

Eins er það að ýmis þau ákvæði sem hér eru sett inn hljóta náttúrlega að þurfa að skoðast út frá þeim markmiðum sem menn að sögn ætla að ná, og eru þau þá vænleg til þess? Er það líklegt? Er t.d. endilega gefið að þessi algeri aðskilnaður milli dagblaðaútgáfu og ljósvakamiðla sé rétta leiðin, sé skynsamleg? Er það endilega víst? Hvort vildum við heldur ef við segjum að lögin opni á að eftir sem áður sé sá möguleiki opinn að í raun og veru verði fyrst og fremst tveir einkaaðilar í fjölmiðlarekstri, annar ráði öllum ljósvakamiðlunum og hinn öllum dagblöðunum, er það gott ástand? Síðan yrði Ríkisútvarp og við hefðum þá þrjá fjölmiðlarisa á svæðinu. Eða vildum við kannski heldur að það væru 2–3 einkafyrirtæki sem gætu eftir atvikum bæði verið með einhverjar útvarpssendingar og dagblöð? Ég sé ekki hvers vegna ekki á alveg eins að hugleiða þann möguleika ef menn telja að það gæti verið hagstætt fyrirkomulag. Eða leyfa ákveðna eignarhlutdeild, menn gætu átt eitthvað í hver öðrum en upp að skilgreindum mörkum sem er hin venjulega leið sem er farin í þessum efnum og fjölmörg dæmi eru um úr íslenskri löggjöf, að því séu settar skorður með einhverjum þökum hversu mikil ítök eða áhrif einstakra aðila megi vera í stofnunum eða starfsemi á viðkomandi sviðum? Dæmi: Bankalöggjöfin þar sem settar eru skorður við því, að vísu allt of veikar að mínu mati, hversu sterkir einstakir aðilar geti orðið í bönkunum. Viðskrh. hefur heimildir til að grípa þar til aðgerða, getur m.a. tekið af mönnum stjórnarmennina ef þeir eru komnir yfir virkan eignarhlut. Annað dæmi er auðvitað sjávarútvegslöggjöfin þar sem sett er þak á hámarkskvótaeign hvers fyrirtækis. En það er ekki valin sú leið að banna þar, setja þar einhver 0%. Nei, það er reynt að setja einhver skilgreind mörk og hafa einhver rök fyrir þeim.

Menn geta auðvitað endalaust rifist um það hvort kvótaþakið eigi að vera 10% eða 12% eins og menn geta rifist um það hvort markaðsráðandi fyrirtæki á almennu sviði viðskipta megi eiga 12%, 15% eða 25%, t.d. í fjölmiðlum. (**GAK:** Það er líka búið að hækka það þak.) Já, svo geta komið þær pólitísku aðstæður að menn freistist til að fikta í þökunum, það er alveg hárrétt.

En efnislegt verður þetta að vera og rökstutt á einhvern hátt. Það er ekki hægt að nálgast málið eins og menn hafa gert hér.

Ég tel því, frú forseti, í sjálfu sér ekki þurfa fleiri orð um þetta, dapurlegt sem það er. Frumvarpið er meingallað og ótrúlegt eins og það kom frá höfundum sínum. Brtt. eru auðvitað aumlegt kák, sjálfsagt í þeirri trú að menn sýni einhvern lit í því að laga þetta mál. Það má efast um að það skipti í raun nokkru minnsta máli. Það er kannski helst hægt

að segja að sá örlitli gluggi sem opnast með því að lögin taka ekki gildi fyrr en um mitt ár 2006 gefi færi á að breyta þeim innan þess tíma. En það er, eins og við vitum, ekkert í hendi í þeim efnum og ekki líklegt að mikill hugur yrði í mönnum til þess, a.m.k. ekki að óbreyttu stjórnarfari í landinu. Þau hafa sín áhrif nú þegar og strax á næstu dögum og mánuðum á fyrirtækin eða fyrst og fremst það fyrirtæki sem fyrir þeim verður.

Ég vil aðeins skjóta því inn í, frú forseti, af því að áðan var umræða um sértæka löggjöf versus almennri löggjöf, sem mér fannst dálítið merkileg. Ég hef aldrei skilið það svo að bannað væri að setja lög ef þau hefðu áhrif á einn aðila. Ég held að það sé ekki rétt. Það getur ekki verið þannig. En það er ekki sama hvernig þau lög eru og það verður að vera fullnægjandi réttlæting fyrir því og verður að vera sú nauðsyn til staðar sem knýr á um þá lagasetningu, sérstaklega ef hún er íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila. En það er auðvitað ekki þannig að stjórnvöld, að löggjafinn sé afvopnaður ef áhrifin af ákvörðunum hans hafa fyrst og fremst áhrif á einn aðila, það er ekki þannig. Þá væri illa komið.

Fyrirtækið Microsoft er ekki heilagt og ósnertanlegt bara af því að það er eitt með heimsyfirráð. Nei, menn eru í leiðöngrum eftir því, bæði austan hafs og vestan. Því einu. Af hverju? Jú, af því að það er eina fyrirtækið í þeirri stöðu á heimsmarkaði. Þess vegna snýst spurningin um möguleika annarra aðila til að koma sínum búnaði að, eftir atvikum hugbúnaði eða aukabúnaði. Hún snýst um að þvinga Microsoft til að beita ekki einokun sinni til að útiloka aðra í viðskiptunum í kringum sig. Þá er auðvitað ekki um annað að ræða en að menn geri eitthvað sem beinist að þessu fyrirtæki eða ekki.

Frægasta viðskiptalöggjöf í heimi, Sherman-lögin í Bandaríkjunum, voru aðallega sett út af einum aðila, einum öflugum auðhring sem menn vildu setja skorður vegna umsvifa hans í bandarísku viðskiptalífi um aldamótin 1900. Rúmum 20 árum eftir að lögin voru sett voru þau notuð til að leysa þann auðhring upp, skipta honum upp.

Auðvitað geta þær aðstæður komið upp að lög sem sett eru og hafa almennt gildi, verða til frambúðar, hafi fyrst og fremst áhrif á einn aðila. Það á ekki endilega að skoða sem svo að það sé vegna þess að menn vilji ná sér niðri á honum. Ég er ekki að útiloka að það sé í þessu tilviki, frú forseti, en það þarf ekki endilega að vera svo. Menn segja: Þetta er ástand sem við ætlum að bregðast við. Við ætlum að setja löggjöf sem tryggir að hlutirnir verði með tilteknum hætti. Ef ástandið er orðið þannig að lögin hafa þegar áhrif, koma við einhvern, þá kemur að því að lagasetningin verður auðvitað að standast allar kröfur sem gera verður við slíkar aðstæður, að farið sé fram með sanngirni, að högum manna sé ekki raskað umfram það sem talið er þá óhjákvæmilegt vegna almannahagsmuna. Ef eignir þeirra eru skertar þá fái þeir þær bættar og þar fram eftir götunum. Svo einfalt er það mál.

Ég held að það eigi ekki að nálgast þetta fyrst og fremst út frá því hvort hér sé um eitthvað að ræða sem sé sértæk versus almennri löggjöf, enda held ég að sú aðgreining sé í raun og veru ekki brúkleg.

Út af fyrir sig er það alveg rétt að lögin sem hér voru sett um sparisjóði í vetur höfðu fyrst og fremst áhrif á eitt fyrirtæki, af því að þar var eitt fyrirtæki sem var að undirbúa hluti sem löggjafinn ákvað að koma í veg fyrir, þ.e. að sparisjóðir væru gleyptir af bönkum og að menn gerðu sér mat úr sjálfseignarfénu. En það er almenn löggjöf. Hún gildir núna og kemur í veg fyrir það að mönnum í Hafnarfirði eða annars staðar detti á morgun í hug að fara sömu leið. Þessi aðgreining er því oft á tíðum ekki brúkleg sem slík þegar betur er að gáð. Ég vona að menn taki þetta ekki sem einhverja varnarræðu fyrir því að það sé almennt góður praxís að klæðskerasauma hlutina með einhverjum sértækum hætti utan um tilteknar kennitölur. Það er auðvitað ekki svo. Þetta er ekki eitthvað sem menn vilja gera og þeir eiga að reyna að komast hjá því. Það er miklu betra að svona löggjöf liggi fyrir og menn gangi að henni vísri í ákvörðunum sínum.

Það var t.d. skömminni skárra þegar lögin voru sett um kvótaþakið að þökin voru sett það rúm að þau voru nokkuð ofan við þáverandi kvótaeign tveggja, þriggja stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þau röskuðu ekki þegar teknum ákvörðunum þeirra í fjárfestingum og öðru slíku. Það er auðvitað miklu betra ef hægt er að finna slíkar leiðir.

Það er nokkuð sem við sjáum að hefur verið gert í kringum okkur, að þegar menn hafa staðið frammi fyrir tilteknum aðstæðum á fjölmiðlamarkaði, svo sem í Noregi, þá reyna menn að finna leiðir til að setja þær skorður eða ná fram þeim markmiðum sem þeir ætla sér án þess að raska því ástandi sem fyrir er, ef menn telja það þolanlegt en vilja tryggja að það gangi ekki lengra. Það er nákvæmlega það sem rætt er um og verið er að undirbúa í Noregi núna, sérstaklega að koma í veg fyrir það að einn tiltekinn stór aðili, sem mjög hefur gerst fyrirferðarmikill og sett út olnbogana í norskum fjölmiðlaheimi, nái enn meiri afgerandi stöðu en hann hefur nú þegar í dag.

Mergurinn málsins er auðvitað sá, frú forseti, og það er svo sem ástæðulaust að þvæla um þetta, með sértæka og almenna löggjöf, að allt sem við gerum hér, öll löggjöf sem héðan er afgreidd verður að standast allar þessar kröfur. Það er hlutur sem ég hafði hugsað mér að ræða, m.a. við hinn fjarstadda forsrh., spurninguna um álitamál sem þessu frv. tengjast gagnvart stjórnarskránni.

Er það þannig, frú forseti, að forsrh. nenni ekki á fund hér í kvöld? Ætlar hann að hunsa þessa umræðu þó að hann sé flutningsmaður málsins? Það fer nú að þykkna í mér ef þetta á að ganga svona.

(**Forseti** (JBjart)**:** Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, boðum hefur verið komið til hæstv. forsrh. um að það sé óskað eftir viðveru hans í þingsal.)

Já. Hvaða svör hafa borist?

(**Forseti** (JBjart)**:** Ég get ítrekað þau boð. Það hafa ekki borist svör til baka.)

Mér finnst þetta algjörlega óviðunandi ástand, frú forseti, og ég fer þá fram á að þessum fundi verði frestað ef enginn af þeim ráðherrum sem óskað hefur verið eftir, frú forseti, lætur sjá sig í þingsalnum. Formaður allshn. nennir ekki að sitja hér, er að vísu sagður í húsinu. Varla er hann allan þennan tíma á klósettinu. Sama gildir um menntmrh. Hún er sögð í húsinu en sést ekki í þingsalnum.

Þetta er ekki boðlegt, frú forseti. Ég hef verið hér í yfir 20 ár og það þarf enginn að segja mér að þetta sé framkoma sem við þurfum að láta yfir okkur ganga. Ef hæstv. ríkisstjórn leggur svona mikið við að fá þetta mál afgreitt þá skal hún gjöra svo vel og mæta í vinnuna. (**JóhS:** Þingmaðurinn hlýtur að gera hlé á ræðu sinni.) Ja, ég er að undirbúa að gera það ef engin viðbrögð verða við þessu. Ég tel það ekki ósanngjarna ósk að þessir ábyrgðaraðilar málsins komi hér og þekki ég það vel úr sögunni. Það er venja að ráðherrar

verði við því ef óskað er eftir að þeir komi, sérstaklega þeir sem ábyrgð bera á málinu og reyndar oft og iðulega fleiri.

Sá sem hér stendur hefur, eins og frægt er í þingsögunni, verið vakinn upp um miðja nótt og rifinn frá börnum sínum ungum til að mæta niður í þingsal að kröfu hv. þm. Halldórs Blöndals, sem þá var. Kannast kannski einhverjir við manninn? Hann er forseti Alþingis í dag. Það vildi að vísu svo til að ég mætti honum svo hlæjandi á tröppunum. Þá var alvaran ekki meiri á bak við það en að þegar búið var að vekja mig og ná mér hingað niður eftir þá var tilganginum náð. En ég mætti auðvitað og hvarflaði ekki annað að mér. Auðvitað eiga ráðherrar að sinna þingskyldum sínum og vera hér til svara eins og aðrir. Ég vil fara að fá botn í þetta, frú forseti, innan tíðar.

Eins er þetta með Framsfl., þessi gríðarlega fjarvera Framsfl., það er náttúrlega stórkostlegt að þeir þingmenn skuli ekki þora að vera hér í þingsalnum. (**JóhS:** Saknarðu þeirra?) Að vísu er frú forseti hér en hún er að sinna skyldustörfum. Það má velta því fyrir sér hvort hún væri hér annars. Já, út af fyrir sig er það svo að vissu leyti að ég sakna þeirra svolítið. Það væri gaman að hafa svona eins og eitt eintak, eitt sýnishorn í salnum, hafa eitt vitni sem gæti borið boðskapinn inn á þingflokksfundi. Auðvitað er það með endemum hvernig Framsókn hefur beygt sig í duftið í þessu máli. Það er alveg makalaust og má segja að sjaldan launi kálfurinn ofeldið. Að vísu afbökuðu menn þetta einhvern tíma og sögðu að sjaldan launaði kálfurinn ofbeldið. En hann launar alla vega ekki ofeldið því að það hefur komið fram að einn allra dyggasti styrktaraðili Framsfl. er fyrirtækið Baugur. Er það ekki rétt að það hafi komið fram í fjölmiðlum að þeir hafi hreinlega verið áskrifendur að verulegum peningum um hver einustu mánaðamót frá fyrirtækinu og launa það svo svona? Ja, það eru mikil endemi, frú forseti.

Á þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar virðist mér hálfgerður feigðarsvipur. Það er eitthvað sem slær mig þannig að þetta sé einhvers konar sjálfseyðingarleiðangur. Menn hafi lent inn á blindgötu sem þeir komist ekki út úr. Þetta minnir mig um sumt, svo maður gerist nú sagnfræðilegur, á matarskattslotuna sem stóð á Alþingi frá því 2. desember 1987 til 11. janúar 1988, með nánast engum hléum nema þeim sem helg voru, rauð í dagatalinu, þ.e. jól, aðfangadag og jóladagana, gamlársdag og nýársdag. Það var mikil og hörð lota og blandaðist reyndar fleira inn í en matarskatturinn einn. Það er enginn vafi á því að sú harða lota myndaði sprungur í það stjórnarsamstarf sem síðan héldu áfram að gliðna og allir vita hvernig því lauk níu mánuðum síðar. Ég velti því fyrir mér: Er þetta að verða núverandi ríkisstjórn mál af þessu tagi? Þetta er svo ógæfulegt allt saman. Menn hafa greinilega enga leið fundið í land. Þegar menn eru komnir með hausinn undir sig þá halda þeir áfram. Auðvitað komast menn langt ef þeir eru skriðþungir en það getur endað þannig að menn lendi á svo sterkan vegg að ferðinni ljúki með ósköpum. Ég veit það ekki.

Það mætti líka rifja upp vordagana 1985, af því að þá kom við sögu hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson, sem er einn elskaðasti ráðherra þjóðarinnar — þá er að vísu ekki mikið sagt. En samkvæmt skoðanakönnunum er hann alveg í toppi þar í vinsældum. Hann var að skrifa undir búvörusamning eða mjólkursamning. Þá rifjaðist það upp fyrir mér að það stóð einmitt þannig á um svipað leyti 1985 að þáverandi landbrh., Jón Helgason, tók sig einmitt til í annríki þingsins og skrifaði undir búvörusamning og dengdi honum svo inn í þingið. Hann ásamt fleiri málum, sumum umdeildum og ekki vel þokkuðum, eins og þetta fjölmiðlafrumvarp, entist mönnum fram yfir Jónsmessu. Kannski verður það þannig, góðir þingmenn og háttvirtir, að við fáum að sitja yfir þessum viðfangsefnum okkar fram á Jónsmessuna. (**JBjarn:** Við fáum ráðherrana með okkur.) Þá höldum við náttúrlega „midsommarafton" þegar því verður lokið öllu saman, en það er önnur saga.

Ég hef líka miklar áhyggjur af nýju frjálshyggjukynslóðinni sem skeiðaði svo glæst inn á þing í vor sem leið. (**KolH:** Blessaður vertu ekki að hafa áhyggjur af þeim.) Jú, ég hef miklar áhyggjur af þessum piltum. Ég held að þetta sé að fara hroðalega með þá. Mér þykir að vísu vænt um að þeir beri sig mannalega og séu jafnvel með brosviprur úti í salnum. En ég verð að segja að ég öfunda þá ekki af því að þurfa að éta ofan í sig allt sem þeir hafa talað um hástöfum, um frelsi, frjálsræði og hvað það nú er (**JóhS:** Og skattalækkanir.) með þessum ósköpum. Það má mikið vera ef þessi nýja kynslóð sem auðvitað átti að erfa landið, skulum við reikna með, í ríki Davíðs, kemur ekki stórsköddуð út úr þessum vetri. Það verður bara gat, kynslóðargat, hjá Sjálfstfl. og verður að fara að ala upp einhverja á leikskólunum núna til að taka við og koma þeim inn á þing sem fyrst.

Frú forseti. Það á auðvitað ekki að gera gaman að þessum ósköpum eins og þetta ber allt að manni hér. Þó veit ég það svo sem ekki, það er kannski ekki mikið annað að gera, en oft er ágætt að beita því vopni þegar annað þrýtur. Það hefur náttúrlega ekki mikið upp á sig að rökræða í þessu máli, það er alveg greinilegt. Það var alls ekki boðið upp á það af hálfu meiri hlutans, vinnubrögðin í þingnefnd voru þannig. Ríkisstjórnin afþakkar greinilega með öllu að opna á að menn vinni eðlilega að málinu t.d. með því að taka það og skoða rækilega í sumar, sem oft hefur gefist vel þegar mikilvæg löggjöf á í hlut, að sýna hana, ræða um hana og koma henni af stað bæði innan þings og utan, setja svo málin í skoðun. Þá mætti vinna úr þeim umsögnum sem hafa borist til þingsins, nota sumarið í það, endurskoða síðan málið og leggja fram í breyttu formi. Það hefði væntanlega verið samið nýtt frumvarp í þessu tilviki, þ.e. ef niðurstaðan hefði orðið að nauðsynlegt væri að setja lög. Mögulega hefðu menn valið þann kost að fara aðrar leiðir, skilyrða leyfisveitingar eða annað í þeim dúr. En í öllu falli hefðu það verið geðþekkari vinnubrögð en þessi ósköp.

Sem betur fer skapast oft það andrúmsloft að menn vinna málin með slíkum hætti. Oft er reynt að gera kröfu til þess að það sé gert þegar um mikilvæga grundvallarlöggjöf eða viðkvæm málefni er að ræða. Ég held t.d. að það detti engum manni í hug í alvöru að fara fram með illsku og offorsi og beita meirihlutavaldi, t.d. þegar menn væru að setja kosningalöggjöf. Það liggur í hlutarins eðli hversu ógæfulegt slíkt væri. Eða þegar menn væru að setja aðrar sambærilegar mikilvægar grundvallarleikreglur í samfélaginu, sem menn vilja að sé sem mestur friður um og sem eiga að geta staðið til frambúðar, óháð því hver er meiri hluti og hver er minni hluti á hverjum tíma.

Það er hollt fyrir meiri hluta — að vísu er það sjálfsagt erfitt fyrir þá sem hafa setið lengi að muna það — að velta því fyrir sér að þeir gætu orðið minni hluti á morgun. Það er nefnilega þannig. Þá snúa hlutirnir oft allt öðruvísi við.

Mér finnst löggjöf um fjölmiðla, ef hún er sett, sérstaklega ef það væri almenn undirstöðulöggjöf sem skapaði rammann eða grundvöllinn sem fjölmiðlunin ætti að hvíla á, gífurlega

mikilvæg. Það væri undirstöðulöggjöf, algjörlega sambærileg við réttarfarslöggjöfina, kosningalög og annað í þeim dúr, enda oft talað um fjölmiðla sem fjórða valdið. Ekki satt? Þess þá heldur að láta sér detta í hug að vinna að því með þessum hætti, það er aldeilis með endemum, frú forseti.

Ég tel að það hefði verið gaman, áhugavert og alveg þess virði að vaka yfir því nokkrar nætur, að ræða um fjölmiðlunina sem slíka á almennum nótum. Hvernig er hún, hvernig stendur hún sig, bæði hér á Íslandi og annars staðar? Erum við ánægð með hana? Hvernig hefur t.d. vestræn fjölmiðlun staðið sig í umfjöllun um heimsatburði á undanförnum missirum, eins og Íraksstríðið? Alveg hörmulega, upp til hópa hörmulega. Hún flutti lygaþvæluna meira og minna gagnrýnislaust, mötuð af áróðursdeildum herjanna sem í hlut eiga og menn urðu svo að biðjast afsökunar á öllu saman eftir á. Eru menn búnir að gleyma því þegar stærstu amerísku fréttastofurnar báðust afsökunar eftir Flóabardaga á því að hafa tekið gagnrýnislaust við lygaþvælunni frá áróðursdeildum ameríska hersins og birt heimsbyggðinni þá mynd, meira og minna gagnrýnislaust, fyrstu sex til níu mánuðina?

Svo fór auðvitað hið sanna smátt og smátt að koma í ljós og það mega heiðarlegir ritstjórar bæði á dagblöðum og sjónvarpsstöðvum vestra eiga að þeir báðust afsökunar.

Ég sé ekki að þetta sé mikið skárra núna, satt best að segja. Það er smátt og smátt að síast og leka út sannleikurinn um þau ósköp og þær hörmungar sem hafa verið að gerast í Írak. Er þetta fjölmiðlun í heiminum sem stendur sig nógu vel? Nei. Er íslenska fjölmiðlunin nógu gagnrýnin þessum efnum? Nei.

Það hefur t.d. aldrei verið farið ofan í það hvernig ákvörðunin var tekin um að setja Ísland á listann yfir 30 staðfastar þjóðir. Við höfum í raun tæmt úrræði okkar hér innan þings til að reyna að fá það upplýst. Fjölmiðlarnir hafa heldur ekki staðið sig mjög vel í því, finnst mér. Þeir eru auðvitað undirmannaðir og hafa takmarkað bolmagn til þess að leggjast í rannsóknir og kryfja slíka hluti. En hver var aðdragandi þess að Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson tilkynntu það að Ísland ætlaði að verða á listanum yfir hinar 30 staðföstu þjóðir? Hvernig nákvæmlega var ferlið sem leiddi til niðurstöðunnar? Væri ekki gaman að vita það?

Eða hver var aðdragandinn að því að Hæstarétti var skrifað bréf í öryrkjamálinu? Það er nú ekki svo úrelt og gleymt og grafið að það mætti ekki setja eins og einn öflugan rannsóknarblaðamann í að fara ofan í saumana á því. Er það kannski rétt hjá Sigmund að það hafi verið búið að semja svarið áður en bréfið með spurningunum barst? Þannig teiknaði hann atburðinn. Forsetinn sat aftan við mig og skrifaði spurningarnar þegar svarið kom og sagði: Þið eruð heldur búin að taka ykkur á í Póstinum.

Það væri líka gaman að ræða hvort okkur finnist yfirleitt að fjölmiðlun — burtséð frá því sem hér er undir, spurningu um eignarhald og samþjöppun — sé eitthvað til að hafa áhyggjur af? Hvernig er hún að standa sig? Er hún að skila því sem við ætlumst til af henni? Ef ekki, þurfum við þá ekki að taka það alvarlega? Kannski er niðurstaðan sú að við þyrftum að reyna að stórefla nokkra burðuga fjölmiðla þannig að þeir gætu skilað hlutverki sínu betur. Ég er eiginlega þeirrar skoðunar.

Mér fyndist t.d. alveg stórkostlegt ef hér kæmu út segjum tvö til þrjú gagnrýnin þjóðmálatímarit, vikulega, hálfsmánaðarlega eða mánaðarlega. Þau vantar okkur. Hér eru gefin út falleg tímarit á fínum pappír en þau eru aðallega að fjalla um tísku og taka alltaf innan úr sama fræga fólkinu. Það fer lítið fyrir skarpri gagnrýnni þjóðfélagsumræðu. Hér vantar t.d. blað eins og Information í Danmörku, a.m.k. fyrir minn smekk.

Frú forseti. Ég ætlaði að fara að leggja að síðustu spurningar mínar fyrir þessa ágætu höfðingja og ætla nú að spyrja: Er eitthvað af því að frétta hvort þeir séu að koma? Eða finnst forseta það ganga að halda þessum fundi áfram við þessar aðstæður?

(**Forseti** (JóhS)**:** Formaður allshn. er kominn í salinn ásamt hæstv. menntmrh. en forseti skal gera gangskör að því að freista þess að fá hæstv. forsrh. í salinn.)

Mér þykir vænt um það, frú forseti. Ég ætla ekki að vera hér til meiri leiðinda en óhjákvæmilegt er og á svo sem rétt til þess að tala aftur í umræðunni. En ég er ekki síður að gera þessa kröfu fyrir hönd annarra en sjálfs mín. Mér finnst bara ekki við hæfi að þessi umræða fari fram með þessum hætti. Mér finnst að hæstv. forsrh. eigi að vera viðstaddur umræðuna til að taka niður spurningar og vera til svara, eftir atvikum í andsvörum eða þá að biðja um orðið í lokin og svara rækilega því sem til hans hefur verið beint. Þetta er lítilsvirðing við þingið og auðvitað í sjálfu sér lítilsvirðing við það mál sem hann ber hér fram. Honum þykir, þegar öllu er á botninn hvolft, málið greinilega ekki merkilegra en þetta, að hann sér ekki ástæðu til að fylgja barninu á veg.

Ég ætla þá a.m.k. að spyrja hæstv. menntmrh. einnar spurningar. Mér finnst að hæstv. menntmrh. hafi verið fullþögul í þessu máli. Auðvitað hefði hæstv. menntmrh. átt að flytja þetta frv., þetta er fyrst og fremst spurning um útvarpslög eins og það þróaðist. (**JBjarn:** Og þá miklu betra.) Vonandi. Það hefði örugglega ekki orðið verra. Það er útilokað. Það eru 100% líkur á að það hefði orðið betra ef það hefði ekki verið óbreytt. Það hefði ekki getað versnað.

Mér finnst heldur ekki við hæfi að hæstv. menntmrh. sé nánast algjörlega þögul. Saknar t.d. ekki hæstv. menntmrh. þess að eitthvað sé gert með það sem í skýrslunni er sagt um Ríkisútvarpið? Má ég þá biðja um annað svar en það að vísa því inn í framtíðina, að það eigi að skoða það í nefnd. Úr því að ekkert liggur á og þetta á ekki að taka gildi fyrr en 2006, af hverju er þetta þá ekki látið fylgjast að?

Hvað segir hæstv. menntmrh. um þá þætti sem snúa að mikilvægi þess að efla Ríkisútvarpið og koma stjórnsýslu þess eða skipulagi í sambærilegt horf og menn eru almennt orðnir sammála um að reyna að gera erlendis, þ.e. að það sé sem óháðast og sjálfstæðast frá stjórnvöldum í formi sjálfseignarstofnunar eða í formi þess að einhvers konar fulltrúaráð úr þjóðfélaginu myndi skjaldborg um það?

Í öðru lagi, hvað segir hæstv. menntmrh. um þá hugmynd skýrsluhöfundanna að stofnuð verði einhvers konar stjórnsýslustofnun fjölmiðlamála, fjölmiðlastofnun eða hvað við köllum hana? Ég spyr líka vegna þess að hér í salnum eru margir áhugamenn um nýjar ríkisstofnanir, eins og ungu frjálshyggjumennirnir. Mikið mundi það gleðja þá að fá að fara inn í sumarið með loforð frá menntmrh. um að vel líti út með að ný ríkisstofnun sjái dagsins ljós með haustinu, „Fjölmiðlastofnun ríkisins".

Síðan vandast málin, frú forseti. Ég ætlaði að spyrja hæstv. forsrh., annars vegar um gildistökuákvæði frv. og hvaða rök væri hægt að færa fyrir því að þröngva þyrfti þessu máli í gegn á örfáum sólarhringum í önnum vorþingsins, úr því að það á hvort sem er ekki að taka gildi fyrr en 2006. Skilaboðin væru komin og ef málið væri í vinnslu í

sumar mundu menn væntanlega reikna með því að þeir yrðu að búa sig undir löggjöf af einhverju tagi. Þar með væri a.m.k. búið að setja menn í köldu sturtuna. Ætli það væri þá ekki allt í góðu lagi að menn tækju eitthvað af þeim tíma sem til ráðstöfunar er, fram að 1. júní 2006, til að vinna málið aðeins betur, t.d. að menn settu sér að klára það verk fyrir næstu áramót. Menn hefðu þá allt sumarið, haustið og þingið fram að áramótum, til að vanda til verka.

Auðvitað þýðir ekki að segja reyndu fólki það að þetta séu frambærileg vinnubrögð. Hv. formaður allshn., það þýðir ekkert að reyna að segja gamalreyndum jöxlum draugasögur í björtu. Þetta eru auðvitað ekki góð vinnubrögð. Menn hafa látið sig hafa ýmislegt í gegnum tíðina en það hefur aldrei þótt góð rökræða að réttlæta léleg vinnubrögð með því að eitthvað slíkt hafi gerst áður. Er það ekki frekar slöpp vörn þegar menn fá á sig sjálfsmark að segja að þetta hafi gerst áður? Það þætti nú ekki gott í fótboltanum. Ég segi þetta af því að hv. formaður allshn. er áhugamaður um þá íþrótt.

Ég ætlaði líka að spyrja hæstv. forsrh. um stjórnarskráróvissuna. Ég les þessar spurningar inn í þingtíðindin, það má vera hæstv. forsrh. til áminningar um að hafa ekki verið viðstaddur. Ég er vís til að endurtaka þær í seinni ræðu minni. Mér þykir að vísu leitt að hryggja forseta með því að upplýsa að þetta mun lengja umræðuna verulega. Ég verð þá að endurtaka spurningarnar og fara aftur í ræðustólinn.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. forsrh. er ekki í húsinu. Skilaboðum hefur verið komið til hans en forseti hefur ekki enn fengið svar með viðbrögðum hæstv. ráðherra við þeirri ósk að hann sé hér viðstaddur umræðuna. En það er enn verið að leita eftir því.)

Ég ætlaði að spyrja hæstv. forsrh. um stjórnarskráróvissuna. Hæstv. forsrh. er forsætisráðherra þeirrar ríkisstjórnar sem sló m.a. eitt ákaflega vafasamt met — ég held að það sé alveg örugglega met — að hún fékk á sig dóm fyrir brot á stjórnarskránni tvisvar í sama málinu. Það held ég að sé alveg örugglega Íslandsmet. Í svonefndu öryrkjamáli tapaði ríkisstjórnin tvisvar í Hæstarétti og var dæmd fyrir brot — að vísu fyrir mismunandi ákvæði stjórnarskrárinnar í hvoru tilviki fyrir sig — í tvígang í sama málinu. Hefur hæstv. forsrh. ekkert af þessu lært? Finnst ekki hæstv. ráðherra, eða þá formanni allshn., hæstv. menntmrh. eða öllum þeim þingmönnum sem hafa hugleitt að styðja þetta mál og hafa undirritað eiðstaf að stjórnarskránni, ástæða til að fara varlega?

Við höfum því miður ekki í stjórnskipun okkar lagaráð eða úrskurðaraðila á forstigi sem getur gefið þinginu ráðgjöf um það hvort löggjöf sé í hættu vegna þess að hún kunni að stangast á við stjórnarskrána. Slík úrræði eru til staðar sums staðar í nágrannalöndunum eða dómstólar, sjálfstæðir stjórnarskrárdómstólar, sem auðvitað koma ekki að málinu fyrr en eftir á, ef á það reynir.

Í Danmörku, þar sem okkur ber oft niður — löggjöf okkar er auðvitað að heilmiklu leyti arfur frá sambúðinni við Dani — er þessu akkúrat svona háttað, að þar er sérstakt lagaráð, þykist ég muna rétt, sem hægt er að skjóta málum þegar þau eru til umfjöllunar á þingi. Þá fæst á því tiltölulega vandað mat og óháð álit sem þingið getur stuðst við varðandi það hvort hætta sé á því að viðkomandi löggjöf færi í bága við stjórnskipunina eða stjórnarskrána.

Mér finnst óskaplega fátæklega nestað við afgreiðslu málsins hvað þetta snertir, með ótal vangaveltum, svo ég segi nú ekki fullyrðingum, um að málið kunni að brjóta þessi eða hin ákvæði stjórnarskrárinnar, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og hvað það nú er, fyrir utan ýmsa alþjóðasáttmála og þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar.

Það hefði nú verið ástæða til að hæstv. forsætisráðherra, júristinn Davíð Oddsson, sem kallaði það hér fram í dag að hann hefði víst fengið ágætiseinkunn á lögfræðiprófi, hefði látið í ljósi álit sitt á þessari stöðu málsins. Það kann að skipta máli. Það er nú þannig að stundum er farið afturábak í umræður og þær lesnar þegar mál eru komin til dómstóla og menn eru að velta því fyrir sér hvað löggjafanum hafi gengið til. Þá getur það líka skipt máli ef rökstudd sjónarmið hafa komið fram um það að viðkomandi lög væru líkleg til að brjóta í bága við stjórnarskrána. Það var nú bara nákvæmlega það sem gerðist í öryrkjamálinu. Þá var það fullyrt hér og rökstutt rækilega að menn væru í stórhættu með að fara fram með þessa löggjöf gagnvart því að hún kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána á árinu 1998 og það reyndist rétt. Æðsti dómarinn í málinu úrskurðaði að svo væri.

Frú forseti. Ég hugsa ég fari þá að ljúka máli mínu. Satt best að segja nenni ég ekki að standa í meira pexi út af því að ráðherrarnir skuli ekki mæta hér í vinnuna sína. Mér finnst það til skammar. Það er bara auðveldast að segja það á íslensku. Það hvarflaði satt best að segja ekki að mér annað en hæstv. forsætisráðherra yrði hér og mér finnst að formaður hins stjórnarflokksins ætti að vera það líka. En það er kannski bara svona til að undirstrika hugarfarið og í hvaða anda þetta er allt saman unnið að þeir séu það ekki. Kannski er bara einmitt best að það sé þannig. Við skulum þá bara vera dugleg við að benda þjóðinni á það með hvaða hugarfari þessir ágætu herramenn ganga fram. Þegar þeir hafa troðið málinu hér inn á þing, látið verkamenn sína rífa það úr nefnd og komið því hér til umræðu þá telja þeir sig ekki þurfa að hafa áhyggjur af því meir og fara bara heim að sofa, nema þeir séu að gera eitthvað annað. Mér finnst alla vega ekki háreistur svipur yfir því, frú forseti.

Ég lofaði hérna orðabókinni svona í lokin. Var það ekki? Ég lofaði orðabók Menningarsjóðs sem ég veit að á sér marga aðdáendur hér. Ég hef oft áður gripið til hennar þegar mikið liggur við. Ég ætlaði aðeins að skoða nokkur orð af því mér fundust þau einhvern veginn eiga vel við. Það gæti kannski verið upplýsandi og þau gætu staðið sem mín einkunnarorð um þetta mál. Ég ætla því að lesa þau og orðskýringar með þeim. Fyrst er það orðið hrossalækning. Ef við gefum okkur það nú að mönnum hafi í sjálfu sér gengið gott til og gangi gott til, þeir vilji tryggja hér fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði þá er þetta spurningin um meðulin. Eru þá meðulin sem gripið er til líkleg til að duga? Ég hef miklar efasemdir um það og þær hafa komið hér fram hjá fleirum og eru vel rökstuddar. Svo mikið er víst, og það fullyrði ég, að væri þetta eða verði þetta einhver lækning þá er hún að minnsta kosti hrossalækning. Og hvað er hrossalækning samkvæmt orðabók Menningarsjóðs? Jú, það er að lækna hesta. Í öðru lagi er það harðneskjuleg eða subbuleg (og vafasöm) læknisaðferð eða aðgerð. Ég held að það sé ekki of djúpt í árinni tekið að kalla þetta hrossalækningu þá í þessari annarri merkingu orðsins. (**Gripið fram í:** Skottulækning.) Þetta er miklu verra en það. Þær eru iðulega alveg meinlausar. Að gefa mönnum ópal og telja þeim trú um að það sé meðal er t.d. alveg meinlaust. Það var mikið notað á Langanesi í gamla daga. Það var bara sett ópal í pakka þegar langt var að fara til læknisins og svo lengi sem menn trúðu því að þetta væri kraftmikið meðal þá batnaði þeim

snarlega. Líkaminn hefur nefnilega mikið lag á því að lækna sig sjálfur ef hann fær að vera í friði fyrir læknunum. Þetta segir Pétur Pétursson læknir og ekki lýgur hann.

Hitt sem ég var að hugsa um, frú forseti, ætti hér býsna vel við. Það er orðið valdníðsla. Mér finnst stefna í að þetta verði í raun valdníðsla, valdboð stjórnmálamanna, ofríki stjórnmálamanna sem hafa auðvitað stöðu til að knýja þetta svona hér í gegn. En það er enginn svipur á því. Þetta er ekki í lagi. Hvað stendur um orðið valdníðslu í orðabók Menningarsjóðs? Jú, það er kvenkyn, misnotkun valds, það að ólögmæt sjónarmið (einkahagsmunir, óvild eða flokkshagsmunir eða þess háttar) ráði ákvörðun stjórnvalds. (**Gripið fram í:** Heyr! Heyr!) Er það ekki býsna nærri því að vera það sem hér kynni að vera á ferðinni, það að ólögmæt sjónarmið, einkahagsmunir, óvild eða flokkshagsmunir ráði ákvörðun stjórnvalds.

Mér finnst, herra forseti, ágætt að hætta á þessum nótum, ekkert gaman, en ég geri það samt, að þau einkunnarorð sem ég get best gefið þessu með viðhlítandi orðskýringum séu hrossalækning og valdníðsla.

[22:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að fá að svara spurningum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem flutti nokkuð skemmtilegt og áheyrilegt erindi þó ég hafi nú ekki verið sammála honum í einu og öllu — ég verð nú að undirstrika það — og síst af öllu því sem hann nefndi hér síðast varðandi hrossalækningar og valdníðslu. Ef við höldum okkur nú við hrossalækningarnar þá veit ég að hv. þm. er ágætur hestamaður og hann veit það jafnvel að þegar hross taka hrossasótt þá þurfa þau skjóta og fljóta lækningu annars drepast þau. Það má kannski segja að það sama gildi um fjölmiðlamarkaðinn hér, að við þurfum að bregðast skjótt við. Þetta veit hv. þm.

Ég sé, frú forseti, að tími minn er að renna út en hv. þm. beindi til mín tveimur spurningum, annars vegar um Ríkisútvarpið og hins vegar um fjölmiðlastofnunina. Eins og margoft hefur komið fram þá er ég einmitt með málefni Ríkisútvarpsins til endurskoðunar og einmitt með það að markmiði að taka á þeim atriðum sem hv. þm. nefndi sérstaklega, að gera stjórnskipulagið og stjórnsýslu Ríkisútvarpsins skýrari og breyta henni í grundvallaratriðum frá því sem nú er.

[22:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hrossalækningar geta nú kannski átt við á hross, að minnsta kosti t.d. lyfjaskammtar. En enginn notar hrossaskammt á kettling. Sömu meðul eða sömu skammtar eru ekki notaðir bara algjörlega óháð því hvaða viðfangsefni á í hlut. Ég held að fjölmiðlaheimurinn og ástandið þar eigi nú mest lítið skylt við hrossasótt. Ég held að það sé nú ekki góð samlíking.

Varðandi útvarpið þá spyr ég á móti: Nú, gott og vel ef útvarpið er í skoðun hjá hæstv. ráðherra, af hverju má þá ekki þetta bíða þess? Er ekki skynsamlegt að skoða þetta allt í samhengi? Er ekki samspil á milli Ríkisútvarpsins og stöðu þess og einkamarkaðarins í fjölmiðlun? Ég hefði haldið það. Ég held að það sé ákaflega fátækleg vörn í því að þetta þurfi einhverja flýtimeðferð og að lífið liggi við að pína þetta í gegn, ég tala nú ekki um þegar það á ekki að taka gildi fyrr en 2006. Af hverju má þetta ekki vera samferða skoðuninni á Ríkisútvarpinu?

[22:38]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur margoft komið fram að aðrar reglur og önnur sjónarmið gilda um Ríkisútvarpið. Ekki bara hér heldur alls staðar annars staðar í hinum vestræna heimi gilda önnur sjónarmið um ríkisútvörp. Það er margviðurkennt og hefur margoft verið undirstrikað á hinum og þessum þjóðþingum víðs vegar í hinum vestræna heimi.

Ég vil þó fagna því að hv. þm. hefur lagt áherslu á ákveðna hluti í máli sínu. Hann hefur talað um óæskilega samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði. Hann hefur þó haft þann dug að koma hingað og segja að um óæskilega samþjöppun væri að ræða. Það er meira en meðal annars þingmenn Samfylkingarinnar hafa gert sem vilja algjörlega óbreytt ástand, vilja að heilu viðskiptablokkirnar eigi fjölmiðlana, vilja ekki að neitt verði gert á Íslandi, í þessu litla samfélagi okkar, sem þarf á virku aðhaldi og eftirliti frá fjölmiðlum að halda. En ég virði það hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þó til vorkunnar að hann sér þessa vá sem er í íslensku samfélagi.

[22:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta seinna svar var nú aðallega um Samfylkinguna og það er ekki mín deild (Gripið fram í.) þannig að ég leiði það nú hjá mér. En varðandi viðhorf mín í þessum efnum og í mínum flokki, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þá höfum við verið nákvæmlega sjálfum okkur samkvæm í gegnum allan þennan málflutning.

Hæstv. ráðherra getur flett því upp eins og hún vill. Við höfum að sjálfsögðu viðurkennt mikilvægi þess að skoða öll þessi mál yfirvegað og rækilega. En við frábiðjum okkur þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstjórn hefur ástundað og þetta meingallaða frumvarp. Auk þess er greinilega ekki áhugi á því á nokkurn hátt hjá ríkisstjórninni að leita eftir því að skapa neinn frið eða neina samstöðu um málið. Ríkisstjórnin vill ófrið um þetta bæði innan þings og utan og þá er best að hún fái hann.

[22:40]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú orðið alllangt síðan ég bað um andsvar til þess að ræða tiltekið atriði sem kom upp í máli hv. þm. Ég ætla áður en ég geri það að segja að það er allt að verða svo skemmtilega öfugsnúið í þessu máli því hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, og mér fannst það eiginlega vera svona með tilvísun til fjölmiðlamarkaðarins, að líkaminn hefði tilhneigingu til þess að lækna sig sjálfur bara ef hann fengi að vera í friði. Einhvern tímann hefðu nú frjálshyggjumennirnir sagt að þetta ætti nú við um markaðinn, að hann leitaði í ákveðið jafnvægi ef hann fengi að vera í friði fyrir stjórnmálamönnunum. Allt er þetta því einhvern veginn orðið dálítið öfugsnúið hér í umræðunni og rökin farin að færast svolítið til í henni.

Ég kom hér upp út af umræðunni um almenn og sértæk lög. Ég ætla að halda mig við það heygarðshorn að lög eigi að vera almenn ef þess er einhver kostur. Það er auðvitað aldrei neitt fortakslaust í þeim efnum. En ég held að ekki dugi okkur að vísa til laga frá árinu 1900 sem var ætlað ná til tiltekins fyrirtækis því að eftir árið 1900 hefur verið sett mikið af almennri löggjöf sem einmitt er ætlað að ná til tiltekinna aðstæðna sem geta skapast á markaði, t.d. (Forseti

hringir.) samkeppnislögin. Ég held að slík lög eigi almennt að duga okkur og að við eigum ekki að þurfa að grípa til sértækrar lagasetningar, þó ekkert sé fortakslaust auðvitað.

[22:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski ekki ástæða til að eyða löngum tíma í rökræður um þetta hliðarspor í umræðunni hér um almenn og sértæk lög. Það er svona lagafræðileg umræða. Ég held hins vegar að þessi skil séu ekki eins glögg og hv. þm. vill vera láta finnst mér. Ég held að sé ekkert hægt að afgreiða málin með því að þetta eigi að vera annaðhvort eða. Það eru aðstæðurnar sem geta og verða auðvitað að ráða því hvað á við hverju sinni. Ég tel að löggjafarþing geti að sjálfsögðu ekki afsalað sér þeim möguleikum stundum að setja lög sem fyrst og fremst hafa áhrif á einhvern einn aðila, eitthvert eitt tiltekið svið. Það er ekki endilega vegna þess menn vilji það og telji að það eigi að vera almennt séð þannig. En þannig er það. Sett hafa verið lög um einstök fyrirbæri sem menn eru að stofna, koma á fót — ég veit að hv. þm. hefur setið lengi í stjórn eins slíks — ákaflega sértæk lög sem gilda um eitt tiltekið fyrirbæri á Íslandi, Landsvirkjun.

[22:42]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta má auðvitað til sanns vegar færa. Það eru samþykkt lög sem setja opinberum fyrirtækjum ákveðna ramma. Við erum með lög um Ríkisútvarp. Við erum með lög um Landsvirkjun. Við erum með lög um Orkuveitu Reykjavíkur og svo framvegis. En við erum nú kannski ekki að vísa til þess þegar við erum að tala almennt um lagasetningu sem tekur til markaðarins sem slíks. Við erum að tala þarna um opinber fyrirtæki.

Varðandi SPRON-málið, af því það kom hér upp í kvöld, verður auðvitað að hafa í huga við það mál að Alþingi var þar að lagfæra lög sem sett voru á sínum tíma og reyndust vera gölluð og reyndust ekki vera með þeim hætti sem Alþingi taldi. Þó svo að reyndar hefði verið varað við því á sínum tíma að ákveðinn annmarki væri á lögunum sem menn ættu að vara sig á þá sáu menn ekki alveg fyrir þá atburðarás sem síðar varð. Þess vegna má segja að Alþingi hafi þar verið að lagfæra ákveðinn galla á sinni eigin lagasetningu. En hér erum við að tala um ný lög þannig að við ættum ekki að þurfa að haga okkur með þeim hætti.

[22:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki einu sinni heldur þetta nú alveg vegna þess að svo vill til að hér er um að ræða bandorm sem einmitt breytir tvennum lögum. Verði hann afgreiddur eins og ríkisstjórnin leggur hann fram og sérstaklega með breytingartillögunum eins og þær verða þá verður hann aldrei til í lagasafninu heldur ganga mismunandi ákvæði hans annars vegar inn í útvarpslög og hins vegar inn í samkeppnislög. Þar með er verið að breyta ákvæðum eldri laga vegna þess að menn telja sig standa frammi fyrir væntanlega breyttum aðstæðum og þurfa að taka á þeim, að samkeppnislögin óbreytt dugi ekki, nái ekki þeim markmiðum sem menn vilja ná fram í fjölmiðlun og svo framvegis.

Ég tek það auðvitað fram að ég tel þessa lagasetningu ranga og illa að henni staðið. En að formi til og sögulega séð má segja að atvikin séu þá hliðstæð, að Alþingi sé að bæta ákvæðum inn í lög sem fyrir eru vegna þess að menn eru að bregðast við einhverju ástandi sem annaðhvort er fyrirsjáanlegt eða er þegar orðið. Það er kannski það sem skilur fyrst og fremst á milli þessara mála, SPRON-málsins og málsins nú, að annað ástandið var í vændum, hitt er þegar orðið. Að því leyti til eru lögin auðvitað í öðru samhengi.

[22:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og við var að búast var auðvitað farið vítt og breitt um sviðið, fram og aftur í sögunni í ræðu hv. þm. og margt skemmtilegt rifjað upp sem auðvitað er alltaf gaman á síðkvöldum í þingsölum. Mér þætti samt skemmtilegra við lok ræðu hv. þm., a.m.k. í fyrri ræðu hans um málið, að reyna að fiska það út úr málflutningi hans hvort hann telji ástæðu til að bregðast við samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum á Íslandi í dag. Telur hann ástæðu til að bregðast við þeirri samþjöppun?

[22:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að svarið liggi svo sem fyrir í mörgum ræðum mínum um málið og í sjónarmiðum mínum og félaga minna sem hafa komið rækilega fram. Við teljum fullt tilefni til að fara rækilega yfir og skoða þetta mál og við útilokum ekki að til einhverra ráðstafana verði gripið, t.d. til þess að tryggja þá kannski að samþjöppunin verði ekki enn ríkari en orðið er í framtíðinni. Við höfum aldrei svarað því hvort við teldum óhjákvæmilegt að fara að brjóta upp það ástand sem komið er í fjölmiðlum. Við höfum bent á hluti eins og þá að tryggja gagnsæi hvað varðar eignarhald á fjölmiðlum, talað um mikilvægi þess að styrkja Ríkisútvarpið o.s.frv. Þar erum við að tala um ákveðnar aðgerðir. Við erum ekki að tala um algert afskiptaleysi eða bara að láta það ráðast hvernig hlutirnir kunni að þróast á komandi missirum og árum. Ég mundi hafa áhyggjur af því ef menn aðhefðust ekki neitt. En það er himinn og haf á milli þess að lýsa viðhorfum af því tagi og lýsa sig reiðubúinn til að skoða málin og hinu að ætla að standa að verki eins og hæstv. ríkisstjórn og því miður sennilega meiri hluti hennar hyggst gera hér.

[22:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Má skilja það af orðum hv. þm. að hann sé ... (Gripið fram í) ja, hann telur að það þurfi að íhuga ástandið, að hann sé býsna ánægður með það eignarhald sem við sjáum fyrir okkur núna á fjölmiðlamarkaði? Hv. þm. sagðist ekki hafa svarað því. Væri ekki upp á framhald umræðunnar rétt að fá það út? Vill hann verja það ástand sem nú er í eignarhaldi á fjölmiðlum eða eigum við að grípa til einhverra ráðstafana til þess að breyta því?

[22:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Þetta er nú skemmtilegt, frú forseti. Hér höfum við verið að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem láta ekki sjá sig og eru ekki til svara, en stjórnarliðar grípa til þess í vörn sinni að leggja spurningar fyrir okkur og taka okkur upp. Ég held út af fyrir sig að ég þurfi ekki að bæta miklu við það sem ég hef áður sagt og sjónarmið mín eins og ég hef lýst þeim í þessu máli liggja ágætlega fyrir. Ég ætla ekki að láta taka mig upp í prófi í því hvort eignarhaldið eins og það er nákvæmlega núna sé þannig að við teljum að það eigi að vera svo um ár og aldir. Ég minnist þess þó að í fyrstu ræðu minni sagði ég að að óbreyttum lögum væri ekkert sem kæmi endilega í veg fyrir að fyrirtækið Árvakur keypti Norðurljós á morgun eða öfugt og menn gætu staðið frammi

fyrir þeirri spurningu: Telja menn það í lagi? Ég hugsa að mörgum mundi nú bregða í brún þannig að við getum líka rætt málið út frá því að kannski er áfram ástæða til að skoða einhver mörk í þessum efnum, ekki endilega með það í huga að brjóta upp núverandi ástand. Auk þess skiptir auðvitað öllu máli, ef menn að fara að hugleiða slíkt, hvernig það er gert, hvaða aðlögun menn fá (Forseti hringir.) að þeim breytingum o.s.frv., að komið sé fram við menn eins og menn en fótunum ekki kippt undan þeim eins og til stendur.

[22:50]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir yfirgripsmikla og skemmtilega ræðu og í ljósi þeirrar miklu þingreynslu sem hann býr yfir og kom glöggt í ljós í máli hans þar sem hann fór yfir ýmsa hluti í sögu síðustu 20 ára í þinginu, langaði mig til að spyrja hann um álit hans á því sem fram hefur komið í máli fræðimanna, lögfræðinga og fleiri sem hafa haft með málið að gera, svo sem Gunnars Helga Kristinssonar stjórnmálafræðings í fréttum í dag og kvöld, er lúta að því að frv. vegi að grundvallargildum stjórnskipunar okkar. Hv. þm. talaði um valdníðslu í því sambandi, frv. bæri vott um valdníðslu og því um mjög óeðlilega löggjöf að ræða. Því vildi ég fá fram það viðhorf hjá hv. þm. hvort hann styddi þá hugmynd fram komna að málið væri þess eðlis, að inntak þess væri slíkt að forseti ætti að beita synjunarvaldi og vísa málinu fyrir dóm þjóðarinnar og þar með þjóðaratkvæði, þar sem þingreynsla hans gæti nýst honum í að meta það kalt hvort málið væri þess eðlis að forseti ætti að beita synjunarvaldi sínu og vísa málinu fyrir dóm kjósenda verði ólögin að lögum.

[22:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég verði að biðjast undan því að svara þessu síðasta. Hvorki er ég forsetinn né hef ég neitt sérstaklega í hyggju að stefna á það embætti. Það eru aðrir menn í því. Ég held að það geti í sjálfu sér enginn svarað slíkri spurningu nema sá sem fer með valdið á hverjum tíma, bæði hvernig hann metur stöðu sína og hvernig hann hefur gert grein fyrir viðhorfum sínum gagnvart þjóðinni til beitingar þess valds áður en hann var kosinn. Mér finnst það geta ráðist dálítið af því með hvaða hætti forseti hefur sjálfur talað fyrir því og mér fyndist t.d. að forseti sem hefur gert þjóðinni skýra grein fyrir því að hann kunni að grípa til þessa valds við einhverjar tilteknar aðstæður, sé í sterkari stöðu til að gera það en annar sem ekki hefur þannig séð sótt sér umboð með slíkum hætti frá þjóðinni. Þetta er nú mikil deila eins og við þekkjum báðir þingmenn. Aðalatriðið er auðvitað að Alþingi ber skylda til að reyna að eyða þessari óvissu eins og kostur er. Það á aldrei að þurfa að koma til þess að forseti lýðveldisins standi frammi fyrir því að verða að vega það og meta, m.a. út frá stjórnarskráróvissu, hvort hann eigi að sleppa lögum í gegn.

[22:52]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Það hefur komið glöggt fram í umræðunni í kvöld og ekki síst í máli hans að hér væri um að ræða lagagjörning sem lyti sérstaklega að því að knésetja eitt einstakt fyrirtæki í landinu, Norðurljós, kippa fótunum undan tilveru og rekstrargrundvelli þess fyrirtækis og það var í því ljósi sem stjórnmálafræðingurinn lét þau orð falla í fréttum í kvöld að frv. snerti þau grundvallargildi stjórnskipunar okkar sem lytu að atvinnufrelsi, eignarfrelsi og tjáningarfrelsi. Í því ljósi varpaði ég þeirri spurningu til hv. þm. hvort hann teldi það ekki einnar messu virði að ræða það hvort þingheimur ætti að skora á forseta lýðveldisins að beita synjunarvaldi sínu og vísa þessum væntanlegu ólögum fyrir dóm kjósenda. Það var í því ljósi sem ég bar spurninguna upp þar sem þingmaðurinn er meðal þingreyndari manna þegar kemur að slíkum álitaefnum.

[22:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé bara fræðileg umræða að þingheimur skori á forsetann því væntanlega felst í afgreiðslu frv. með meirihlutastuðningi á Alþingi yfirlýsing þess meiri hluta um að málið standist og það þurfi ekki frekari skoðunar við og það sé ekkert vafamál að það eigi að staðfestast sem fullgild lög. Minni hlutinn hefur auðvitað áður við kannski að einhverju leyti sambærilegar aðstæður látið á það reyna hvort hægt væri að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu með sjálfstæðri ályktun um slíkt og auðvitað veit ég að einstakir þingmenn hafa í ákveðnum tilvikum beitt sér persónulega eða sem einstaklingar við forseta og hvatt hann til að beita þessu valdi sínu. Ég veit um dæmi slíks, ég held að það hlyti að vera á því formi. Hitt er í raun og veru tæpast einu sinni fræðileg umræða. Það liggur í raun og veru í eðli samskiptanna að um leið og meiri hluti hefur afgreitt mál eða Alþingi sem slíkt þá felst í því það mat þingsins að forsetinn hljóti og eigi að staðfesta lögin.

[22:55]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að tæpa örlítið á þeim vinnubrögðum sem hafa verið tíðrædd í þingsalnum en ég held að ekki sé hægt að ræða efnisatriði frv. án þess að tala um vinnubrögðin. Gagnrýni á vinnubrögðin felst m.a. í því að málið hafi ekki verið skoðað til hlítar, m.a. með hliðsjón af stjórnarskrá og EES-samningnum. Þar af leiðandi er efnisleg andstaða við málið í ljósi slæmra vinnubragða. Það er augljóst að málið er ekki fullunnið ...

(**Forseti** (JóhS): Forseti vil gjarnan hafa einn fund í salnum.)

Það er augljóst að málið er ekki fullunnið og því til staðfestingar er að það er enn þá til umræðu hjá öðrum fagnefndum þingsins, menntmn. og efh.- og viðskn., þar sem formenn og stjórnarmeirihluti í þeim nefndum líta augljóslega svo á að málið sé ekki fullunnið. Þrátt fyrir það hefur þeirri ósk verið hafnað sem stjórnarandstaðan bar upp fyrr í dag um að fresta umræðunni þar til þeim fundum lyki.

Ef við förum aðeins aftur í vinnuna sem átti sér stað í allshn. þar sem ég á sæti, þá var hinn skammi umsagnarfrestur það fyrsta sem kom okkur á óvart í málinu. Veigamiklir hagsmunaaðilar fengu tvo daga til að skila inn umsögnum. Margar hverjar áttu að vera mjög lögfræðilegar og varða gríðarlega hagsmuni fyrir viðkomandi aðila. Í kjölfarið uppskárum við umsagnir sem bæði voru ófullkomnar að mati þeirra sem gáfu umsagnirnar en nánast allar umsagnirnar sem bárust allshn. byrjuðu á þeim orðum að vegna skamms tíma teldist þetta ekki fullnægjandi umsögn og að þetta væri ófullkomin umsögn að margra mati, o.s.frv.

Það sem var einnig alvarlegt við þá ákvörðun stjórnarmeirihlutans að gefa þennan skamma umsagnarfrest var að í sumum tilvikum treystu veigamiklir umsagnaraðilar sér ekki til að gefa umsögn. Þannig að allshn. barst það svar

að viðkomandi félag, t.d. Lögmannafélagið, laganefnd Lögmannafélagsins sem iðulega hefur lykilumsögn í málum sem varða allshn., treysti sér ekki til að gefa umsögn innan þessa frests og niðurstaðan varð sú að við höfum enga umsögn frá þeim við þessa umræðu til að styðjast við. Enga umsögn vegna ákvörðunar framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í nefndinni. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga við umræðuna að stjórnarmeirihlutinn í nefndinni telur fimm manns, minni hlutinn telur fjóra, þannig að hver og einn einstaklingur í allsh. er oddaatkvæði. Þar eru fjórir sjálfstæðismenn og einn framsóknarmaður, Jónína Bjartmarz. Það er stjórnarmeirihlutinn sem tók þær ákvarðanir sem við stóðum frammi fyrir í nefndinni.

Strax í vinnu nefndarinnar komu fram afar alvarlegar athugasemdir. Ég er ekki að tala um einhverjar athugasemdir af pólitískum toga eða augljóslega hagsmunatengdar athugasemdir. Ég er að tala um grafalvarlegar athugasemdir um gildi frv. gagnvart stjórnarskránni, EES-samningnum og mannréttindasáttmála Evrópu. Það eru alvarlegar athugasemdir. Þetta voru ekki hefðbundnar pólitískar athugasemdir hagsmunaaðila úti í bæ. Það eru alvarlegar athugasemdir sem við þingmenn verðum að taka mjög alvarlega. Að sjálfsögðu er það undantekning að við erum að fjalla um frv. sem hugsanlega brýtur í bága við stjórnarskrá. Í flestum tilvikum er enginn vafi á að þau standast stjórnarskrá en það kemur að því að við fáum slík mál frá stjórninni sem eru vafamál og þá ber okkur að skoða þau. Það var það eina sem minnihlutinn í allshn. bað um. Af hverju fengum við ekki lögfræðiálit óvilhallra stofnana, trúverðugra stofnana úti í bæ, Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Lagastofnunar Háskóla Íslands? Það vildi framsóknarmaðurinn ekki, það er aðeins einn framsóknarmaður í nefndinni, og hinir fjórir fulltrúar Sjálfstfl. ekki heldur. Við báðum um að kosið yrði um þetta svo það væri skýrt. Það var mikil tregða á því að kjósa um þetta með beinum hætti í nefndinni en við fengum það í gegn og hinni eðlilegu ósk okkar var hafnað.

Þá komu fulltrúar stjórnarflokkanna í fjölmiðla sama dag og töluðu um að að svo stöddu hefði þessari beiðni verið hafnað og menn ætluðu að sjá til eftir tvo daga. Þetta átti sér stað á laugardaginn. Þessir hv. þm. sögðu í fréttum á laugardaginn: Að svo stöddu var ósk stjórnarandstöðunnar um lögfræðiálit hafnað. Síðan leið mánudagurinn en það var sá dagur sem hv. þm. sögðust ætla að skoða málið aftur, og þá var sama ákvörðun tekin með kosningu þannig að það var enginn vilji til að láta skoða hvort frv. stæðist stjórnarskrá, hvort það stæðist EES-samninginn eða mannréttindasáttmálann. Og meira að segja á þessum örlagaríka mánudagsfundi þar sem gert var ráð fyrir átta klukkustunda fundi allshn. byrjuðum við daginn á að hitta fulltrúa stærsta hagsmunaaðilans, Norðurljósa, og lögfræðinga þeirra. Þeir mættu með 40 blaðsíðna lögfræðiúttekt sem enginn í nefndinni hafði séð. Við ræddum þá álitsgerð jafnóðum og við lásum hana. Við spurðum hlutaðeigandi aðila sem komu fyrir nefndina fjölmargra spurninga en tíminn nægði ekki til að klára allar spurningarnar og þessir herramenn frá Norðurljósum, lögmenn Mörkinni og hagsmunaaðilar þeirra, yfirgáfu okkur, fundinn, (Gripið fram í.) með þeim orðum, a.m.k. orðum stjórnarandstöðunnar, að við vildum fá þá aftur til að klára spurningarnar. Þannig skildum við við þessa stærstu hagsmunaaðila málsins. Svo var haldinn þingflokksfundur klukkan hálfeitt til þrjú. Þá hittust allir þingflokkarnir. Hver og einn þingflokkur ræddi málið og svo klukkan fimm hittist nefndin aftur sama dag. Þá fengum við þrjá góða gesti, sérfræðinga í stjórnskipunarrétti, Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti, dr. Ragnhildi Helgadóttur, lektor í Háskólanum í Reykjavík, og Sigurð Líndal lagaprófessor. Þetta er þungavigtarfólk í allri lögfræðilegri umræðu sem varðar stjórnarskrána. Þessir þrír aðilar komu strax með mjög alvarlegar athugasemdir við frv. og lýstu miklum efasemdum um að það stæðist stjórnarskrá og það sem þau sögðu var mjög trúverðugt, enda eru þetta sérfræðingar í fremstu röð.

Við spurðum þessa sérfræðinga spjörunum úr. Að því loknu ákvað meiri hlutinn að taka matarhlé og sagði að við ættum að hittast aftur um kvöldið. Við spurðum hvað stæði þá til vegna þess að það voru engir gestir á dagskrá en það voru fjölmargir aðilar sem áttu eftir að fylgja umsögnum sínum og koma fyrir nefndina. Þá var bara beinlínis gefið í skyn að málið ætti hugsanlega að afgreiða úr nefnd. Þann sama dag og við hittum í fyrsta skipti fulltrúa Norðurljósa og lögmenn þeirra, sama dag og við hittum sérfræðinga í stjórnskipunarrétti í fyrsta skipti. Á þeim sama fundi virtist meiri hlutinn vera tilbúinn til að afgreiða málið út. Hv. þm. í allshn. úr Sjálfstfl. og Framsfl. sátu því á breytingartillögum og nefndaráliti allan þann tíma meðan þessir sérfræðingar og hagsmunaaðilar voru kallaðir fyrir nefndina og komu með sín rök en það stóð ekki til að hlusta á þá. Það var ekki tilgangurinn. Þetta var leiksýning frá A til Ö. Að sjálfsögðu tók stjórnarandstaðan þátt í henni. Við áttum ekki annarra kosta völ. Við reynum að bæta upp mál sem við tökum til umfjöllunar frá stjórninni, það er hlutverk okkar, því ekki eru okkar mál afgreidd úr nefndunum, þau daga uppi þó að stjórnarmeirihlutinn sé sammála þeim. Þeir hleypa ekki stjórnarandstöðumálum úr nefndum vegna þess að það virðist skipta svo miklu máli hvaðan gott kemur. Að sjálfsögðu á það ekki að vera svo.

Engu að síður vorum við komin þarna um hálfníuleytið á mánudagskvöldið. Þá voru okkur kynntar eftir mat skrifaðar breytingartillögur og við sáum nefndarálit á borðum hinna nefndarmannanna í stjórninni, okkur var ekki sýnt það en við getum litið til hliðar og við sáum að það var tilbúið. Við gerðum miklar athugasemdir við þetta enda töldum við málið að öllu leyti vera vanbúið. Það var ekki búið að svara grundvallarathugasemdum, fjölmargt var eftir að skoða en það skipti ekki neinu máli. Málið átti að fara út sama dag og við fengum glænýjar og mjög mikilvægar upplýsingar frá Norðurljósum, frá lögmönnum Mörkinni, frá prófessorum og sérfræðingum í stjórnskipunarrétti. Og til að kóróna vinnuferlið var boðað til fundar í þessum sal þetta sama kvöld til að dreifa breytingartillögunum og nefndarálitinu og til að toppa þetta enn frekar var ákveðið að málið ætti að fara á dagskrá daginn eftir sem er í dag. Stjórnarminnihlutinn þurfti að vera að skrifa nefndarálit í alla nótt. Hugsanlega hafa þeir metið það svo að það væri þeim í hag en svona kemur stjórnarmeirihlutinn fram við stjórnarminnihlutann sem er þó minni hluti sem 49% af þjóðinni kaus í síðustu kosningum. 49% af þjóðinni er á bak við stjórnarandstöðuna. Það er ekki eins og við séum einhverjir litlir klúbbar úti í bæ með fáa aðila á bak við okkur og síðustu daga er stjórnarandstaðan með góðan meiri hluta samkvæmt skoðanakönnunum. En svona er komið fram við stjórnarandstöðuna og mér sem nýjum þingmanni kemur það afskaplega á óvart. Vonandi mun þetta breytast. Ég hélt reyndar, hugsanlega í einhverri barnalegri trú minni, að með nýrri kynslóð kæmi nýr hugsunarháttur, ný vinnubrögð, en svo virðist ekki vera ef við lítum á þá ein-

staklinga sem eru að stjórna eða a.m.k. að taka þátt í þessari leiksýningu. Það eru allt glænýir þingmenn, hv. þm. Bjarni Benediktsson er formaður allshn., hann stjórnar vinnulagi nefndarinnar, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, glænýr þingmaður, hv. þm. Birgir Ármannsson, glænýr þingmaður. En ég ásamt þessum hv. þm. eigum eins árs afmæli í dag, við erum búnir að vera á þingi í eitt ár. Mér finnst þetta vera mjög sneypulegt upphaf á pólitískum ferli þessara manna. Er þetta það sem koma skal, eða hvað? Hugsanlega eru þessir menn aldir upp við slík vinnubrögð. Það er augljóst að það tengist ekki því hversu gamlir menn eru hvernig þeir starfa. Sú kenning hefur augljóslega fallið um sjálfa sig. Ég held að þessi vinnubrögð, bæði þing og þjóð sjá það, séu óeðlileg í alla staði. Í Noregi tók slík endurskoðun fjögur ár. Hvað ætlum við að taka í þetta? 14 daga, hámark?

Hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem hafði góðan tíma til að undirbúa sig til að taka við embættinu og er núna búin að vera menntmrh. í nokkra mánuði svarar iðulega spurningum stjórnarandstöðunnar um hvaðeina sem snertir embætti hennar að hún sé ekki alveg búin að kynna sér málið, hún þurfi meiri tíma. Hún er ekki enn þá búin að móta sér stefnu varðandi Ríkisútvarpið. Það hefur tekið hana nokkur ár því áður en hún fór í pólitík starfaði hún hjá Ríkisútvarpinu. Enn þá sjáum við ekki stefnu hennar varðandi Ríkisútvarpið en það tekur hana 14 daga að mynda sér stefnu um eignarhald á fjölmiðlum. Það var ekkert mál.

Mér finnst eins og það hafi í rauninni verið markmið að vinna málið illa, heimskulegt markmið að sjálfsögðu, en það virðist vera að enginn vilji hafi verið til að vinna málið vel. Það átti að vinna það hratt, það átti að keyra það í gegnum umsagnaferli, það átt að keyra það í gegnum gestina, það átti að keyra það í gegnum þingið og í gegnum þjóðina. Í umræðu um eins veigamikla hluti í samfélagi okkar og fjölmiðlamakaðurinn er þá er það er umræða sem þjóðin þarf að taka þátt í en hún hefur ekki fengið það.

Nú langar mig aðeins að fara yfir þær breytingartillögur sem kynntar hafa verið af hálfu meiri hlutans. Í mínum huga er alveg ljóst að breytingartillögurnar breyta ekki efnisatriðum frv. Ég var á móti frv. efnislega. Mér finnst það alvarlegt inngrip í markað sem ég sé ekki réttlætingu fyrir. Þessar breytingartillögur bæta það ekki. Sigurður Líndal, einn af þeim sérfræðingum sem sagði að frv. gengi lengra en þörf væri á hefur einnig sagt að þessar breytingartillögur nægi ekki til að koma til móts við kröfur stjórnarskrárinnar. Þeir eru því ekki búnir að koma til móts við þær fjölmörgu athugasemdir sem þeir fengu, eins og hv. þm. hafa verið að segja í fjölmiðlum í allan dag. Þeir hafa ekki mætt einni einustu athugasemd. Þetta er sami efnislegi óskapnaðurinn og hann var með hinum annarlega tilgangi. Við þurfum bara að líta á hver tilgangurinn er. Ég held að hv. þm. og hæstv. ráðherrar átti sig ekki alveg á því hvað það þýðir að benda á blöð og segja: Þetta þarf að stöðva, eins og hæstv. félmrh. Árni Magnússon gerði. Eða þegar hæstv. forsrh. Davíð Oddsson segir máli sínu til stuðnings: Sjáið stríðsfyrirsagnirnar, það þarf ekki annað en að líta á blöðin. Og þetta hefur verið endurtekið aftur og aftur af fulltrúum Sjálfstfl. og Framsfl. En með því eru menn að benda á að það er efnið sem þeir eru ósáttir við, og hvað er það? Það er ritskoðun. Fjölmiðlar hafa heilagan rétt til að skrifa um og gagnrýna stjórnvöld og stjórnmálamenn. En stjórnmálamenn og stjórnvöld eiga ekki að hafa neinn rétt til að banna eða setja lög á viðkomandi fyrirtæki vegna þess að þeim líkar ekki hvað stendur í viðkomandi miðli. Þá eru þeir komnir á afskaplega hættulegar slóðir. Eftir að breytingartillögurnar voru kynntar er tilgangurinn orðinn enn þá grímulausari. Málið er enn þá meira sniðið að einum aðila á markaðnum, Norðurljósum. Við verðum bara að tala um hlutina eins og þeir eru.

Verði þessi óskapnaður að lögum er hér um að ræða strängustu löggjöf á fjölmiðlamarkaði sem þekkist á Vesturlöndum. Þetta hafa erlendir sérfræðingar staðfest og sagt og þetta hafa stjórnarþingmenn ekki getað hrakið. Þeir hafa ekki getað bent á einhverjar fyrirmyndir. Hvergi annars staðar mundu ríkja jafnmiklar takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla og hér verða ef frv. verður að lögum. Floyd Abrams, þekktur lögfræðingur, sérfræðingur í tjáningarfrelsi sem hefur unnið fyrir New York Times og hefur kennt fjölmiðlarétt, kom fyrir nefndina. Hann er þungavigtarmaður, það hefur enginn efast um, hann kom hingað til lands og staðfesti þetta. Hann þekkti ekki nein dæmi um eins stranga löggjöf og þetta frv. býður upp á. Hann sagði að það væri augljóst að lögin beindust að einni samsteypu og það væri klárlega brot á lögum um tjáningarfrelsi. Svo sagði hann, með leyfi forseta:

„Stjórnvöldum leyfist ekki að þagga niður í fólki og knésetja fyrirtæki einungis vegna þess að stjórnvöld eiga í deilum við þau fyrirtæki eða mislíkar við þau."

Þetta segir hann. (**BjarnB:** Kemur á óvart.) Já, kemur þér kannski á óvart. En við stöndum frammi fyrir þessu, hv. þm. Bjarni Benediktsson. Hv. þm. Bjarni Benediktsson er að stuðla að frv. sem lýtur að einu fyrirtæki og fer hugsanlega í bága við grundvallarreglur. Engar smáreglur. Grundvallarreglur um eignarrétt, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi, lög um afturvirkni, lögfræðilega vissu, o.s.frv. Við fengum ekki að skoða það í betra tómi í nefndinni undir stjórn hv. þm. Bjarna Benediktssonar, það lá svo mikið á.

Þessir þingmenn sem sitja í allshn., margir hverjir, hafa haft stór orð um gildi frelsis á markaði og frelsi einstaklingsins og voru að mörgu leyti kosnir út á það. Þeir voru kosnir út á hugmyndafræði um frjálslyndi og frelsi. Svo koma þeir inn á þing og allt er svikið. Þeir eru í sínu liði. Það hefur meira að segja einn stjórnarþingmaðurinn sagt. Eftir að hún kom inn á þing gjörbreytti hún um stefnu í menntamálum og svar hennar á hennar eigin heimasíðu var: „Þessi stjórnarandstöðuþingmaður" — sá sem hér talar — „áttar sig ekki á því að nú er ég í stjórnarliðinu." En ég áttaði mig ekki á því að sannfæringin og hugsjónirnar hyrfu við það að vera kosinn á þing. Því miður áttaði ég mig bara ekki á því.

Mig langar að vitna í viðtal við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson sem situr í nefndinni, allshn., og er oddamaður í nefndinni. Þar er hver maður oddamaður, þ.e. hver maður í þeirri hv. þingnefnd getur komið í veg fyrir þessa málsmeðferð þar sem stjórnarandstaðan hefur fjóra, stjórnin fimm. Hann segir eftirfarandi árið 2001 í tímaritinu Lagakrókum. Hann er spurður: Eiga samkeppnislög rétt á sér? Með leyfi forseta, segir Sigurður Kári:

„Nei, ef aðili á markaði níðist á neytendum eða öðrum aðilum á markaði eiga markaðslögmálin að fá að leiðrétta slíkt en ekki eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera."

Þetta sagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson (**SJS:** Hvar er þingmaðurinn?) fyrir þremur árum. (**Gripið fram í:** Það þarf að sækja hann.) Hvað hefur breyst? Hann vill ekki samkeppnislög en hann vill strängustu löggjöf sem þekkist á fjölmiðlamarkaði á Vesturlöndum. Það eina sem hefur breyst er að hann var kosinn á þing.

Önnur spurning í sama tímariti. Sigurður Kári er spurður: Hver eiga viðurlög við brotum á samkeppnislögum að vera? Með leyfi forseta, segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og nefndarmaður í allshn.:

„Þar sem ég er mótfallinn samkeppnislögum þá tel ég að viðurlögin eigi engin að vera. Viðurlög markaðarins eru nægilega hörð. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að samkeppnisyfirvöld hafi farið langt fram úr sjálfum sér í nýlegum lögum þar sem lagðar hafa verið allt of þungar sektir á aðila á markaði sem sakaðir eru um brot á samkeppnislögum."

Þetta sagði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fyrir þremur árum. Hvernig stenst þetta á við það sem hann er að berjast fyrir núna að koma í gegn í þinginu? Sá spyr sem ekki veit. Það er augljóst að eitthvað hefur gerst hjá þessum ungu mönnum, í þeirri hugmyndafræði sem þeir voru kosnir út á. Þetta eru menn sem vildu ekki samkeppnislög, a.m.k. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Nú vill hann eina ströngustu löggjöf sem þekkist á fjölmiðlamarkaði á Vesturlöndum. Það er furðulegt.

Mig langar aðeins að tæpa á helstu álitaefnunum sem við í stjórnarandstöðunni vildum einmitt að skoðuð yrðu betur, efnisleg atriði, ég er ekki að tala um einhver formsatriði. Það er ekki hægt að afgreiða það sem ég er að fara að segja núna sem einhver formsatriði, því þetta eru atriði sem snerta stjórnarskrá, EES-samninginn, mannréttindi. Þetta eru atriði sem láta mann vera efnislega ósammála frv.

Það fyrsta sem mig langar að nefna er meðalhófsreglan sem allir hv. þm. í allshn. þekkja mjög vel, enda allir löglærðir eða flestir. Þetta er grundvallarregla sem byggist á því að ekki sé gengið lengra en þörf krefur til að ná settu markmiði. Þetta er fyrsta atriðið sem við þurfum að skoða. Þetta er fyrsta atriðið sem nánast allir lögfræðingar sem komu fyrir nefndina bentu á að væri hugsanlega brotið, meðalhófsregla íslenskra stjórnarskipunarlaga sem dómstólar hafa mótað. Þessi regla er einnig til í íslenskum stjórnsýslurétti. Það er ágætt að rifja kannski upp hvað stendur í 12. gr. stjórnsýslulaganna um meðalhófsregluna. Með leyfi forseta, stendur þar:

„Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til."

Inntaki reglunnar í stjórnskipunarrétti hefur verið lýst á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Markmið þeirrar takmörkunar á réttindum sem um ræðir verður að vera lögmætt og skerðingin verður aðeins framkvæmd samkvæmt beinni lagaheimild. Skerðingin verður að vera nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og má ekki ganga lengra en þörf krefur til þess að ná hinu lögmæta markmiði."

Að mínu viti er þessi regla brotin. Hér er gengið lengra en þörf krefur til að ná viðkomandi markmiði. Það má alveg deila um markmiðið. Tökum það aðeins frá. Nú erum við að tala um leiðina. Þeir sérfræðingar sem komu fyrir nefndina töldu að hægt væri að ná markmiðinu með vægari leiðum. Formaður fjölmiðlanefndarinnar svokölluðu, Davíð Þór Björgvinsson, sagði frammi fyrir nefndinni að það væri hægt að ganga skemur en frv. laut að. Ef það er hægt brýtur frv. meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar. Og allt tal um þessar hlægilegu breytingartillögur, þær mæta ekki þessum kröfum, þessi 5% sem bætt var inn. Það er hægt að ganga vægar en það til að ná svipuðum markmiðum. Að mínu viti er það alveg augljóst.

Með öðrum orðum felur reglan um meðalhófið það einfaldlega í sér að löggjafanum ber að velja vægasta úrræðið sem að gagni getur komið til að ná því markmiði sem að er stefnt. Um það snýst þetta.

Prófessor í stjórnskipunarrétti, Björg Thorarensen, kom fyrir nefndina. Hún sagði að vera þyrftu veigamikil rök fyrir því að setja svo íþyngjandi reglur eins og frv. lýtur að, m.a. út af meðalhófsreglunni. Og hún nefndi líka jafnræði. Við sjáum ekki þessi veigamiklu rök, hvorki í frv., í athugasemdum við frv. né í umræðunni á þinginu. Við sjáum þau ekki enn þá. Við sjáum hins vegar hæstv. forsrh. uppnefna fjölmiðlana, kalla alla þá sem leyfa sér að gagnrýna málið „málpípur Baugs". Hæstv. forsrh. er að benda á efni sem hann er ósáttur við. Hann dettur í þann pytt sem fleiri hafa gert í umræðunni að gagnrýna efnið. Þá eru menn komnir á mjög hálan ís.

Það er mjög furðulegt í þessari umræðu sem við í stjórnarandstöðunni bentum á að frv. hafi sértæk áhrif, þ.e. lúti að einum aðila á markaðnum öðrum fremur, svokallað „laser beam" ákvæði sem hefur verið rætt, að þá er iðulega svarað að þetta séu almennar reglur. Almennar reglur en kemur ekkert Baugi við eða Norðurljósum, en í sömu andrá kemur hæstv. forsrh. Davíð Oddsson í fjölmiðla og segir að stjórnarandstaðan hljóti að vera málpípa Baugs. Ég hélt að málið snerist ekkert um Baug eða Norðurljós. Hvort er það?

Það er líka svolítið merkilegt að skoða þessar málpípur Baugs. Þeir sem hafa leyft sér að efast um stjórnskipunarlegt gildi frv. eru Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti, Sigurður Líndal, Ragnhildur Helgadóttir, Þorbjörn Broddason, Ólafur Harðarson, Verslunarráð, Samtök atvinnulífsins, Árvakur o.s.frv. Þetta eru allt aðilar sem hafa lýst efasemdum um frv. og ekki talið æskilegt að það yrði lögfest. Þetta eru málpípur Baugs samkvæmt málflutningi hæstv. forsrh.

Annað sem mig langar aðeins að minnast á er spurningin um afturvirkni. Efasemdir hafa komið fram um hvort frv. standist almennar kröfur um afturvirkni. Enn komum við aftur að því að við í nefndinni fengum ekki einu sinni að skoða það. Við fengum t.d. ekki lykilumsagnir, lögfræðilegar umsagnir, t.d. frá Lögmannafélaginu sem treysti sér ekki til að gefa umsögn á svo skömmum tíma. Nefndin sótti ekki að fá umsagnir frá óvilhöllum aðilum í samfélaginu. Því var hafnað, ekki einu sinni heldur tvisvar. Það mátti ekki skoða það.

Lög ber að telja afturvirk sem taka til tilvika sem gerðust fyrir gildistöku þeirra eða tilvika sem eiga upptök sín í atvikum er áttu sér stað að nokkru eða öllu leyti fyrir þann tíma. Mér finnst það vekja spurningar um hvort frv. og breytingartillögurnar sé ekki afturvirkt, íþyngjandi á einhvern hátt. Mér finnst sterk rök mæla fyrir því.

Eignarrétturinn, ein mikilvægustu réttindi sem stjórnarskráin tryggir bæði fyrirtækjum og fólki hér á landi. Hvernig hljóðar eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar í 72. gr., með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi."

Þetta er eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Við skulum líta á vernd eignarréttar sem finna má í 1. gr. I. viðauka

mannréttindasáttmála Evrópu, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga."

Í þessum ákvæðum er undirstrikað mikilvægi eignarréttarins og hversu friðhelgur hann er. Hins vegar er löggjafanum heimilt að takmarka eignarrétt, krefjist almenningsþörf slíks og komi fullt verði fyrir og meðalhófsreglan kemur aftur hér inn í túlkun á eignarréttinum. Var hægt að fara vægari leið til að ná settu markmiði?

Rétt er að taka fram að samkvæmt hefðbundinni lögskýringu er eign og eignarréttur skilgreint í víðum skilningi þeirra orða. Þetta eru grundvallaratriði sem við verðum að geta svarað ef við ætlum að samþykkja lög, en það mátti ekki leita álits fleiri aðila. Það er iðulega bent á að menn geti einfaldlega leitað til dómstólanna. Svona er unnið hér í þinginu. Ef menn eru ósáttir þá fari þeir bara í mál. Mönnum dettur ekki í hug að reyna að vanda sig. Gera heimavinnuna sína. Hlusta á sérfræðingana. Nei, borgararnir geta bara farið í mál. Það hafa þeir gert og unnið aftur og aftur. Það fer að verða reglulegur viðburður hér á landi að ríkisstjórnin fái a.m.k. eitt stjórnarskrárbrot í hausinn á ári. Ísland, íslensk ríkisstjórn er sú ríkisstjórn sem fær hvað oftast slíkt í hausinn ef við lítum til Norðurlandanna.

Tjáningarfrelsið er einmitt lykilþátturinn sem er hugsanlega brotinn hér.

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar má finna reglur um tjáningarfrelsi og vernd þess. Með leyfi forseta, stendur þar:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um tjáningarfrelsi, stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla."

Þetta er löng lesning en þetta er eitt af því sem við hefðum átt að skoða. Fer frv. í bága við tjáningarfrelsið? Það eru til lögfræðingar sem segja já við því. Í rauninni eru fleiri lögfræðingar sem segja já heldur en nei. Maður hefði haldið að það hefði hreyft við stjórnarmeirihlutanum til að skoða málið aðeins betur. Enn sem fyrr var því hafnað.

Það er rétt að taka fram að í 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu fellur starfsemi útvarps- og sjónvarpsfyrirtækja undir tjáningarfrelsisákvæðin og þá vernd sem þau veita. Sömuleiðis verður að telja að það sama gildi um 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar að þessu leyti.

Það hefur verið minnst á atvinnufrelsi. Nú eru efasemdir um hvort frv. standist atvinnufrelsisákvæði. Það mátti ekki skoða það frekar en annað. En í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Hér kemur meðalhófsreglan aftur inn: „enda krefjist almannahagsmunir þess". Meðalhófsreglan er svona rauður þráður, regnhlíf, sem alltaf þarf að hafa í huga þegar kemur að skerðingu á réttindum sem stundum getur verið réttlætanleg. Stundum getur hún verið réttlætanleg með góðum rökum. En hér er gríðarlegur vafi á hvort um slíkt sé að ræða.

Sem betur fer erum við ekki ein í heiminum. Við þurfum að lúta reglum, alþjóðlegum reglum, m.a. EES-samningnum, sem hefur gjörbreytt íslensku samfélagi undanfarin tíu ár. Í rauninni er það EES-samningurinn sem hefur átt hvað mestan þátt í því að breyta þjóðfélaginu í það sem það er og opna það og gera frjálst, enda sjáum við að það er einmitt á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til þar sem mesta frjálsræðið ríkir en á hinum sviðunum sem EES-samningurinn tekur ekki til, hefur lítið sem ekkert gerst. Vil ég í því sambandi nefna landbúnaðinn sem er sérstakt vandamál að mínu viti, það kerfi.

EES-samningurinn er með mikilvæga reglu um svokallaðan staðfesturétt. Það er rétt að taka fram að hægt er að brjóta EES-samninginn þótt menn mismuni ekki eftir þjóðerni. Sumir nefndarmenn í allshn. virtust halda að allar reglur sem mismunuðu ekki eftir þjóðerni væru í lagi. Svo er ekki. Það er hægt að brjóta EES-samninginn þó menn mismuni ekki eftir þjóðerni, þó að menn láti sömu reglu gilda um Íslendinga og EES-íbúana. Staðfesturétturinn er í 31. gr. EES-samningsins en þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Innan rammaákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers þeirra, setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla."

Í staðfesturétti EES-samningsins og Rómarsáttmálans felst réttur allra ríkisborgara svæðisins og félaga til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki í öðru aðildarríki með sömu skilyrðum og gilda um ríkisborgara og félög þess ríkis.

Á síðari árum hefur verið staðfest að í staðfesturéttinum felst ekki aðeins bann aðildarríkja við að setja reglur sem fela í sér mismunun á grundvelli þjóðernis, heldur felur hann jafnframt í sér bann við að setja reglur sem takmarka frelsi til staðfestu.

Hér hafa sérfræðingar í Evrópurétti sagt að hugsanlega sé þetta brotið og fari í bága við staðfesturétt EES-samningsins. Forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík sagði með þeim heföbundna fyrirvara hjá lögfræðingi sem hafði tvo daga til að undirbúa sig, að það var ýmislegt sem gæfi til kynna að frv. færi í bága við staðfesturétt EES-samningsins. Annar sérfræðingur í Evrópurétti, Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður, fullyrti fyrir nefndinni að frv. færi í bága við EES-réttinn. Engu að síður neitaði stjórnarmeirihlutinn að skoða þetta nánar. Hann þurfti að keyra málið í gegn.

Önnur ákvæði sem að mínu viti eru hugsanlega brotin með frv. og breytingartillögum þess eru reglur um frjálsa fjármagnsflutninga. Það þarf ekki heldur að mismuna eftir þjóðerni þar. Svo eru reglur um þjónustufrelsið, lögfræðilega vissu og afturvirkni.

Mig langar aðeins að fara yfir stórmerkilega umsögn að mínu viti sem er umsögn Samkeppnisstofnunar. *Í stuttu máli* er Samkeppnisstofnun afar ósátt við frv. og telur að mörg þeirra ákvæða sem eru í frv. fari beinlínis í bága við samkeppnislögin og markmið þeirra. Með leyfi forseta, stendur þar:

„Að mati Samkeppnisstofnunar felast í ofangreindum töluliðum 1. gr. frv. verulegar hömlur á eignarhaldi og viðskiptafrelsi á fjölmiðlamarkaði. Það er og mat stofnunarinnar að einstök ákvæði séu samkeppnishamlandi og fari í bága við markmið samkeppnislaga. Eins og áður segir skal stuðlað að markmiði samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Ekki verður annað séð en að ákvæði framangreindra tölulíða sem felast í frv. takmarki mjög aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Þá má færa fyrir því rök að í þeim felist einnig óhæfilegar hindranir og takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri."

Þetta segir Samkeppnisstofnun um frv. Síðar segir í sömu umsögn, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar fæst ekki séð að þessi ákvæði séu nauðsynleg til þess að tryggja markmið frv. Þvert á móti virðast þau vinna gegn markmiði þess þar sem þau t.d. hindra að nýir aðilar hefji útvarps- og sjónvarpsrekstur og auki þar með fjölbreytni í fjölmiðlun hér á landi. Vakin er athygli á því að í skýrslu nefndar menntamálaráðherra sem fylgir frv. kemur fram að sjaldgæft sé í erlendri löggjöf að settar séu takmarkanir við að fyrirtækjum í óskyldum rekstri sé veitt útvarpsleyfi. Samkeppnisstofnun leggur því til að ákvæðið verði fellt brott úr frv."

Þetta ákvæði er enn þá inni. Breytingartillögur meiri hlutans breyta því ekki. Efnislega er ég sammála umsögn Samkeppnisstofnunar. Ég tel að frv. með breytingartillögunum, sem snerta reyndar ekki þetta ákvæði sem er í a-lið 1. gr., gangi of langt, allt of langt. Ég er efnislega ósammála þessari reglu. Þetta er of mikið inngrip í markaðinn að mínu viti til að það sé réttlætanlegt. Sjálfstfl. og Framsfl., hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem vill ekki samkeppnislög sættir sig við þetta. Það er furðulegt.

Samkeppnisstofnun gerir sömuleiðis alvarlegar athugasemdir við ákvæði sem lýtur að banni við að fyrirtæki sem er í eigu markaðsráðandi fyrirtækja sé veitt útvarpsleyfi. Samkvæmt *breytingartillögunni hefur verið gerð lítilleg breyting* á þessu ákvæði sem lýtur að því að viðkomandi markaðsráðandi fyrirtæki þarf að hafa a.m.k. 2 milljarða kr. veltu og það má eiga upp að 5%. Ég tel þetta ekki mæta þeim kröfum sem gera þarf til svona íþyngjandi lagaákvæðis. Ég tel að með breytingartillögunni sé gengið of langt. Það væri reyndar gaman að fá að vita af hverju 5%, af hverju ekki 3% eða 15%? Kannski er þetta bara tala út í loftið.

Svona heldur umsögn Samkeppnisstofnunar áfram og lýsir mikilli andstöðu við flest ákvæði frv. Þetta er umsagnaraðili sem að mínu viti hefur mjög trúverðuga stöðu hvað þetta mál varðar.

Það er gaman að skoða umsögn Sigurðar Líndals prófessors sem vill nú svo til að hefur kennt allri ef ekki stærstum hluta allshn. Hann gerði góða umsögn þar sem hann færir mjög veigamikil rök fyrir því að frv. standist ekki stjórnarskrá. Hér stendur í umsögn Sigurðar Líndals, með leyfi forseta:

„Þegar tekin er afstaða til reglna sem takmarka eiga eignarhald á fjölmiðlum verður að hafa í huga að mjög strangar takmarkanir henta illa hér á landi vegna þess hversu smár markaðurinn er og málsvæðið lítið. Allur samanburður við margfalt fjölmennari ríki um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því villandi."

Þetta segir prófessor Sigurður Líndal.

Síðar í þessari umsögn segir um ákvæði 1. gr., með leyfi forseta:

„Eins og þegar hefur verið rakið fela þau í sér að mjög er þrengt að fjárhagslegu sjálfstæði fjölmiðlafyrirtækja, þar sem þeim eru sett veruleg takmörk við að afla áhættufjár. Þá vakna spurningar um það hvort slíkt reisi ekki tjáningarfrelsi skorður og kunni að fara í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar, einkum 3. mgr. ..."

Í þessari umsögn er einnig tekið fram að í öllum mannréttindasáttmálum sé lögð mikil áhersla á vernd tjáningarfrelsisins. Allar takmarkanir ber því að túlka þröngt og gjalda varhuga við hverju einu sem setur því skorður, þar á meðal fjárhagslegar.

Það er skemmtileg lesning að fara í gegnum þær umsagnir sem bárust. Þær voru svo að segja allar neikvæðar, nema hugsanlega frá samkeppnisaðilum Norðurljósa. Félag fréttamanna er andsnúið frumvarpinu. Starfsmannafélag Fréttar er andsnúið frumvarpinu. Starfsmenn Ríkisútvarpsins gagnrýna skamman tíma til athugunar á málinu og telja að frumvarpið veki ótal spurningar sem verði að svara áður en það verði að lögum. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála fjallar um skamman tíma til umsagnar. Félag bókagerðarmanna telur að frumvarpið gangi of langt, Rafiðnaðarsamband Íslands sömuleiðis. BHM gerir alvarlegar athugasemdir við það, ASÍ gerir það sömuleiðis. Heimur, útgáfufélagið, telur ekki vera þörf á þessu frumvarpi og leggst gegn samþykki þess, *telur það ganga of langt. Félagsvísindadeild telur það einnig* ganga of langt. Verslunarráð, Árvakur, Þorbjörn Broddason o.s.frv. Nánast hver einasta umsögn er neikvæð í garð frumvarpsins.

Það er því hægt með góðum rökum að rökstyðja að þetta frv. er bæði óklárað, illa unnið og vanbúið fyrir utan þá efnislegu annmarka sem a.m.k. koma í veg fyrir að ég geti stutt

það. Hér er einfaldlega gengið of langt á grundvallarréttindi til að hægt sé að réttlæta slíkt inngrip.

Komið hafa fram trúverðugar efasemdir um hvort frv. standist stjórnarskrá EES. Fram hafa komið trúverðugar athugasemdir um að frv. leiði til meiri fábreytni. Hvaða áhrif heldur fólk að frv. hafi á menningarstarfsemi og innlenda dagskrárgerð, ef þrengt er að einkaaðilum á þeim markaði með þessum hætti? Innlend dagskrárgerð er dýrasti kostnaðarliður einkafyrirtækja á fjölmiðlamarkaðnum. Það má ætla að þar verði fyrst skorið niður. Menningarstarfsemi hér á landi skilar meira til þjóðarbúsins en landbúnaðurinn. Hér er því um að ræða grundvallaratvinnugrein sem ber að hlúa að en ekki þrengja að henni.

Í umræðunni hefur verið kallað eftir því hverjar leiðir Samf. eru. Ég get svarað því. Leið Samf. er ekki þetta frv. Það hefur komið margoft fram. Leið Samf. er ekki breytingartillögurnar sem meiri hlutinn hefur kynnt. Samf. hefur t.d. bent á þau úrræði sem eru í samkeppnislögum. Byrjum á þeim. Í 18. gr. samkeppnislaga er úrræði sem veitir samkeppnisráði heimild til að koma í veg fyrir að markaðsráðandi staða fyrirtækja myndist. Í sömu grein er jafnframt úrræði fyrir samkeppnisyfirvöld til að koma í veg fyrir að markaðsráðandi staða eflist, að núverandi markaðsráðandi fyrirtæki auki markaðsráðandi stöðu. Það er hægt að koma í veg fyrir það. Þetta eru leiðir sem Samf. styður heils hugar. Samf. vill efla Samkeppnisstofnun. Við viljum samkeppnislög, enda eru það almennar leikreglur sem nánast allar þjóðir viðurkenna. En eins og fram kom í máli mínu fyrr í kvöld eru til þingmenn í Sjálfstfl. sem vilja ekki hafa nein samkeppnislög. En þeir vilja hafa þessi yndislegu fjölmiðlalög. Ég fæ ekki séð að það fái staðist. Augljóslega ganga fjölmiðlalögin miklu lengra en samkeppnislögin. Í huga þessara manna gengur þetta einhvern veginn saman.

Einnig mætti hugsa sér leiðir til að efla úrræði samkeppnisyfirvalda. Það má alveg skoða það. Við gerum veigamiklar breytingar á samkeppnislögum, aðallega í gegnum EES-samninginn. Við getum sýnt sjálfstæði í því.

Samf. kom með tillögu þegar við vorum að afgreiða fjárlögin fyrir jól um að auka fjármagn til Samkeppnisstofnunar um 30 millj. kr., hlægilega upphæð. Stjórnarmeirihlutinn, allir með tölu, hver einasti stjórnarþingmaður, felldi þá tillögu. Við sjáum hvaða aðstöðu Samkeppnisstofnun er búin. Hún er sjö ár að skoða tryggingafélögin. Ríkisstjórnin er ekki fær um að bregðast við réttaróvissu sem ríkir á þessu sviði, um valdmörk ríkislögreglustjóra og Samkeppnisstofnunar, vegna deilna í ríkisstjórninni. Hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir og hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason hafa rifist um þetta í allan vetur og niðurstaðan er sú að það er enn ekki búið að leysa úr þessari réttaróvissu.

Núverandi ríkisstjórn hefur engan áhuga á samkeppnislögum. Það er enginn áhugi hjá ríkisstjórninni að efla samkeppnisyfirvöld. En einhverra hluta vegna er gríðarlegur áhugi á að setja eina ströngustu löggjöf sem þekkist á fjölmiðlamarkaðinn.

Samf. hefur einnig komið með tillögur um að efla gegnsæi á fjölmiðlamarkaðnum, gegnsæi í eignarhaldi. Það er gríðarlega mikilvægt atriði. Þetta eru leiðir til að sporna við óæskilegri samþjöppun á markaðnum, eins og það er kallað. Það er grundvallaratriði að vita hverjir eiga fjölmiðlana. Grundvallaratriði. Svo er það neytandans, okkar, að meta hvort við tökum mark á viðkomandi fjölmiðli eða ekki. Við erum lokadómarinn í þessu. Við þurfum ekki að stýra markaðnum að þessu leyti eins og frv. þessu er ætlað.

Samf. hefur einnig lagt fram tillögur um að efla ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þetta er ekki einhver klisja sem er bara kastað fram. Þá leið nefnir Páll Þórhallsson í grein sinni, sem hér hefur verið vitnað til. Hann segir t.d. að efla þurfi sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Þetta er grundvallaratriði, að ritstjórnirnar séu sjálfstæðar. Blaðamannafélagið hefur ítrekað ályktað um þetta og að það mætti hugsa sér einhvers konar kínamúra. Við þekkjum það af verðbréfamarkaðnum. Svo þarf að tryggja eftirlitið. Hver mundi sinna því eftirliti? Hugsanlega samkeppnisyfirvöld. Þetta eru leiðir sem Samf. hefur lagt til að verði skoðaðar. Samf. hefur ekki lagt til þær leiðir sem þetta frv. fer, langt frá því. Hv. þingmenn Sjálfstfl. segja hins vegar í ljósi þessa, ég held að enginn framsóknarmaður hafi talað hér í kvöld, að fyrst við styðjum ekki þetta frv. þá styðjum við ekki neitt. Hvernig komast þeir að þeirri niðurstöðu? Fyrir liggur tillaga Samf. á þinginu um aðrar leiðir til að bregðast við ástandinu á fjölmiðlamarkaðnum, svo sem að efla gegnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Síðan Samf. var stofnuð hefur ein meginkrafan innan Samf. verið uppi um að efla samkeppnisyfirvöld. Það er í hugmyndafræði jafnaðarmanna að hafa sterk samkeppnisyfirvöld sem byggist á almennum leikreglum. Hæstiréttur Bandaríkjanna kallaði samkeppnislög stjórnarskrá atvinnulífsins. Stjórnarskrá atvinnulífsins, „Magna Charta" held ég að hæstirétturinn hafi kallað þetta. Menn sjá að án samkeppnisreglna ríkir frumskógalögmálið. Við erum ekki að mæla fyrir því. Við erum ekki að mæla fyrir óheftum markaði. Við höfum aldrei gert það. Við erum að tala um sanngjarnar, almennar leikreglur. Frumvarp ríkisstjórnar er það ekki, langt frá því.

Allar tillögur okkar samfylkingarmanna og jafnaðarmanna um að efla samkeppnisyfirvöld hafa verið felldar, nú síðast 30 millj. kr. aukafjárveiting til Samkeppnisstofnunar fyrir jól. Fellt. Allir þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. felldu það. Enda vilja sumir hv. þm. augljóslega ekki hafa samkeppnislög eins og ég hef margoft komið inn á. Þeir hafa sagt það með beinum orðum. En þeir vilja þessi lög.

Ég held ég láti þetta duga. Ég tel málið vanbúið og vanreifað. Alvarlegar athugasemdir hafa komið hér fram um efni þess. Bent hefur verið á vægari leiðir til að bregðast við þeim markaði og þeim raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir.

Samf. vill ekki fara þessa leið. Hún vill vinna svona mál vel og gefa bæði þjóð og þingi tækifæri til að ræða aðferðirnar, leita til sérfræðinga, leita út fyrir landsteinana og fá þetta á hreint enda eru hér gríðarlegir hagsmunir í húfi og gríðarleg réttindi, stjórnarskrárvarin réttindi. Þetta er ekki út í loftið og að mínu mati ekki hefðbundin pólitísk andstaða. Hér er um að ræða grundvallarréttindi og grundvallarvinnubrögð sem við í minni hluta allshn. höfum margoft óskað eftir að meiri hlutinn samþykki en án þess að fá undirtektir.

[23:57]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hófust nefndarfundir klukkan átta í morgun og í fyrramálið eru fyrirhugaðir fundir í menntmn. og í efh.- og viðskn. klukkan 8.15 og 8.30 eftir því sem ég kemst næst. Mér finnst þingheimur verði að fá yfirlýsingar um það frá hæstv. forseta þingsins um hvenær hann hyggst ljúka þessum þingfundi. Ég tel að honum þurfi að ljúka í síðasta lagi klukkan tvö í nótt.

Við erum tilbúin að halda áfram umræðu um þetta mál til klukkan tvö, en forseti þingsins verður að gefa okkur yfirlýsingar um hvenær hann hyggst ljúka þingfundi. Það eru fyrirhugaðir fundir í nefndum þingsins klukkan 8.15 á morgun. Þótt stjórnarþingmenn liggi í rúmum sínum og sofi vært þá hafa stjórnarandstöðuþingmenn verið hér í allan dag og þurfa að mæta á fundi í fyrramálið. Við látum ekki bjóða okkur annað en að fá a.m.k. fimm eða sex tíma hvíld áður en gengið er til þingstarfa í morgunsárið.

Við þurfum að fá ákveðnar yfirlýsingar frá þingforseta um þetta efni áður en við höldum áfram þessum þingfundi.

[23:59]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Sá forseti sem hér situr hefur í hyggju að halda fundi áfram og sjá hvernig vinnst á mælendaskrá. Hins vegar er forseta kunnugt um að formenn þingflokka hyggjast ræða við forseta Alþingis nú um miðnætti og verður að koma í ljós hvað kemur út úr þeim viðræðum.

[00:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við erum búin að vera að í nokkuð marga klukkutíma í dag eins og kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess, hæstv. forseti, að það geti ekki komið fram í máli forseta hvernig á að haga fundum fram eftir nóttu. Við hljótum að eiga rétt á því að vita hvers konar vinnulag á að vera hér og að það stefni ekki í að unnið sé bara eftir hentugleikum frá klukkan tólf til klukkan sex eða átta í fyrramálið, eða hvaða plön eru fram undan? Eiga þau bara að vera hipsum happs eftir því hvernig hæstv. forseta dettur í hug að stjórna fundi?

(**Forseti** (BÁ): Forseti hefur engu við fyrri yfirlýsingu sína að bæta.)

[00:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir ósköp sanngjarnar og í raun hógværar óskir um að það verði eitthvað upplýst um þinghaldið, hvað sé fyrirhugað. Nú er klukkan tólf á miðnætti og nýr drottins dagur að renna upp og menn búnir að vera að störfum síðan átta eða hálfníu í morgun á nefndarfundum og síðan samfelldum þingfundum eða við önnur störf. Svo háttar til í þinghaldinu að það liggur engin starfsáætlun fyrir og flest sem bendir til þess að þingið eigi alllangan tíma eftir við störf á þessu vori eða inn í sumarið. Það er því ekki hægt að segja að menn séu í pressu af því að þinglok séu fyrirsjáanleg innan fárra sólarhringa, öðru nær. Menn hafa greinilega sett sig í þann gír að hér sé nógur tími. Gott og vel, þá vinna menn í samræmi við það en þá er líka eðlilegt að þinghaldið sé með nokkuð reglubundnum eða manneskjulegum hætti þannig að menn fái lágmarkshvíldartíma og annað í þeim dúr. Út af fyrir sig er sá sem hér talar ekkert óvanur næturfundum þó að þeir gerist sjaldgæfari í seinni tíð og það er ekkert að því í sjálfu sér að menn ræði saman eina og eina næturstund en það þjónar ekki í sjálfu sér tilgangi nema það sé til þess að ná fram einhverjum markmiðum vegna þess að menn hafi sett sér takmörk í sambandi við afgreiðslu mála eða í þinghaldinu.

Í þessu máli er náttúrlega ekki mikið samkomulag eins og ég geri ráð fyrir að forseta sé ljóst og meðan við mætum engri viðleitni af hálfu forustu stjórnarliðsins til þess að skipuleggja þingstörfin eða sýna einhverja sanngirni í þeim er hætt við því, reynslan sýnir það, virðulegur forseti, að þetta gangi allt svona frekar stirðlega þannig að stundum fer tíminn til lítils og það að þrjóskast áfram í ósamkomulagi með fundarhöld fram á nótt skilar litlum tilgangi.

Ef forseti vildi vera svo vinsamlegur og upplýsa hve margir eru á mælendaskrá væri fróðlegt að heyra það. Ég hygg að það sé líklegt að sú tala sé þannig að það sé alveg morgunljóst að umræða um málið muni verða hér einnig á morgun og þá er auðvitað langeðlilegast að gefinn sé skikkanlegur lágmarkshvíldartími milli daga. Ég tek því eindregið undir að það sé réttmæt og sanngjörn krafa og að við eigum fulla heimtingu á því að verða upplýst um það núna á næstunni hvað til standi með fundarhaldið í nótt og mér sýndist það vera orðið ágætisdagsverk að við yrðum hér fram um tvöleytið. En að vísu datt mér það í hug, af því að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson var hér síðastur í ræðustóli, að það mætti náttúrlega hugsa sér að reyna að fara að standa hér vaktir ef ríkisstjórninni er alvara með að funda dag og nótt þangað til yfir lýkur.

(**Forseti** (BÁ): Um það bil 20 hv. þm. eru á mælendaskrá.)

[00:05]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Núverandi forseti og stjórnandi þingsins sagði að fyrirhugaður væri fundur með formönnum þingflokka um framhald þinghaldsins. Ég get upplýst þingheim um að fyrir skömmu fór fram fundur formanna þingflokka með hæstv. forseta þingsins sem var ekki reiðubúinn að gefa nein svör um framhaldið í nótt. Við sættum okkur hins vegar ekki við þau vinnubrögð og gerum þá kröfu að þessum þingfundi ljúki í síðasta lagi eftir tvo til þrjá tíma. Fyrirhugaðir eru fundir í þingnefndum, menntmn. og efh.- og viðskn., kl. 8.15 og 8.30 í fyrramálið. Það er lágmarkskrafa af hálfu þeirra sem verið hafa að störfum frá því klukkan átta í morgun að þeir fái 4–5 tíma hvíld áður en hafist er handa á nýjum vinnudegi.

Ég sé hér ekki nokkurn stjórnarþingmann að undanteknum hv. þm. Pétri H. Blöndal og Magnúsi Stefánssyni frá Framsfl. og að vísu Bjarna Benediktssyni frá Sjálfstfl., en að öðru leyti eru hér margir stjórnarandstöðuþingmenn sem hafa áhuga á að ræða málið, hinir þingmennirnir, þingmenn stjórnarmeirihlutans, sniðganga umræðuna. Við gerum kröfu um að hér sé hvíldartími virtur og við látum ekki bjóða okkur svona vinnubrögð. Þess vegna æskjum við svara frá hæstv. forseta þingsins áður en við höldum áfram umræðunni.

Menn geta náttúrlega tekið þann kost að stefna öllu þinghaldinu í fullkomið uppnám. Það liggur fyrir okkur að afgreiða 40–50 þingmál áður en þinginu lýkur í vor. Ef það er raunverulegur vilji stjórnar þingsins að hafa þessi vinnubrögð, þá skulu menn hugsa það mál alveg til enda, vegna þess að eftir hverja einustu ræðu sem flutt verður í nótt fer fram umræða um þinghaldið og stjórnina á þinginu. (**PHB:** Er þetta hótun?) Þetta er hótun, já. Þetta er vörn fyrir eðlileg vinnubrögð í þinginu. Við látum ekki bjóða okkur vinnubrögð af þessu tagi.

[00:08]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem aðeins til að taka undir það sem aðrir þingmenn sem hér hafa komið hafa sagt og gert athugasemdir við um störf þingsins. Það er svo langt liðið á að ég man ekki hvort það var í morgun eða gærkvöldi sem ég spurði hvort það gæti verið að umræðan væri að þróast á þann veg að ekki neinir hv. stjórnarþingmenn mundu sitja

í salnum og hlusta. Ef ég man rétt held ég að einn stjórnarþingmaður sé búinn að tala frá því klukkan tvö í dag og það var hv. þm. Bjarni Benediktsson, talsmaður meiri hluta allshn., sem er að reyna að tala fyrir þessu máli. (**PHB:** Hjálmar.) Ef ég man rétt, hv. þm. Pétur Blöndal, sem grípur hér fram í og nefnir Hjálmar, þá heyrðist mér að Hjálmar Árnason hefði tekið sig út af mælendaskrá eða réttara sagt fært sig, þannig að sú spá mín sem þar var hefur þá ræst, sá hluti, og ég hygg að spá mín frá því í gær eigi öll eftir að rætast um málsmeðferðina og hvernig hún á að fara fram með handhafa forsetavalds o.s.frv.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég tel fullkomlega óeðlilegt að haldið verði áfram langt fram á nótt vegna þess að nefndarfundir eru boðaðir í fyrramálið kl. 8.15. Það hefur komið fram að 19 eða 20 þingmenn eru á mælendaskrá og vitað er að það á eftir að bætast við hana. Ef hv. stjórnarþingmenn ætla að haga þingstörfum sínum í nótt með því að sofa heima eða vera ekki viðstaddir er það lágmarkskurteisi að leyfa okkur að hvílast aðeins áður en við komum til funda þannig að við mætum þá jafnsofin eða illa sofin til leiks eftir því hvernig á það er litið.

Það er rétt, virðulegi forseti, að talað var um að hæstv. forseti þingsins væri búinn að boða formenn þingflokka á fund klukkan tólf. Því vil ég mælast til þess núna við þann sem situr í forsetastóli að gert verði hlé á þessum fundi á meðan fundur verður haldinn með forseta þingsins og vil formlega óska eftir því þannig að okkur gefist tími til að fara niður í forsetaherbergi til að funda með honum á þeim fundi sem hann bíður eftir að við komum til núna.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur ekkert því til fyrirstöðu að umræðan haldi áfram þó að hv. formenn þingflokka ræði við forseta þingsins.)

[00:11]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Þessi fundur hófst klukkan hálfellefu í morgun en síðan var gert hlé á honum og hann hófst aftur klukkan tvö í dag. Sá dagur er 11. maí og það var nú vertíðarlokadagur á sínum tíma. Það er eiginlega merkilegt hvað þessar dagsetningar eru miklir örlagadagar í því máli sem við erum að fást við því allt byrjaði þetta 11. febrúar árið 2003, á bolludaginn. Mér finnst einhvern veginn að það sé ekki okkur til sóma hvernig við vinnum hér. Það er nógur tími fram undan og mér skilst að frændur vorir Færeyingar eigi máltæki sem segir að það komi alltaf meiri tími og sá tími kemur auðvitað og við getum notað hann vel til að ræða þetta mál fram á vorið og svo kemur sumarið. Þingmenn hafa lýst því yfir hver um annan þveran að þeir séu tilbúnir að sitja hér á Alþingi eins og fara vill, miklu lengur en menn hafa stundað fram að þessu. Ég sé því ekki hvaða offors er í því sem hér er stundað að halda áfram ræðuhöldum langt fram á nætur eins og virðist stefna í.

Mér finnst það líka óboðlegt að hæstv. forseti þingsins skuli ekki geta haft þær reiður á þinghaldinu að hann geti ákveðið sig þegar fyrir liggur að það eru 20 á mælendaskránni, hvenær eigi að ljúka fundi í dag. Mér finnst að það geti varla verið óskaplega flókið að taka þá ákvörðun sem hæstv. forseti á auðvitað að taka því það er hann sem skipuleggur þinghaldið. Ég sé ekki að það þurfi neina samninga um það. Hæstv. forseti á að vera fullfær um að meta það út frá því hvað menn hafa verið að gera, hve lengi fundir hafa staðið og hvernig mál standa. Það er auðséð að umræðunni mun ekki ljúka á þeirri nóttu sem hafin er. Tuttugu eru á mælendaskrá og ég hef ekki fylgst með því en ætli það séu búnir að tala meira en fimm þingmenn eða eitthvað svoleiðis í dag, þannig að menn geta aldeilis áttað sig á því að fundur mun standa langt fram á næsta dag ef klára á mælendaskrána. Mér finnst að hæstv. forseti Alþingis eigi að meta þetta sjálfur og ákveða að hætta fundi þannig að ekki sé verið að láta menn standa hér fram á nætur þegar þeir eiga meira að segja að mæta á nefndarfundum í fyrramálið.

[00:14]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að málið sem er hér á dagskrá, um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, þessir tveir málaflokkar heyra eðlilega undir starfsnefndir þingsins, annars vegar menntmn. og hins vegar efh.- og viðskn. Nú er það svo að nefndin sem málið varðar kannski ekki neitt, allshn., er búin að skila áliti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Hyggst hv. þm. tala um fundarstjórn forseta?)

Já. Ég vil benda á að því var lofað við afgreiðslu málsins við 1. umr. eða að ekki yrði lagst gegn því að málið færi til efh.- og viðskn. og menntmn. Þær nefndir hafa ekki enn skilað áliti þannig að málið er enn þá til meðferðar í þeim nefndum. Þó að fallist hafi verið á að málið yrði reifað á þinginu í nokkurn tíma var alls ekki ætlast til þess að umræðu yrði lokið áður en nefndirnar hefðu skilað áliti. Og eina dagskráin sem liggur fyrir er að þessar nefndir koma saman kl. 8.15 á morgun til þess einmitt að ræða málið og reyna að koma með nál. um málið sem hér er á dagskrá og þá finnst mér alveg einboðið að þingið og hæstv. forseti standi við þau loforð sem hér voru gefin um að nál. bæði efh.- og viðskn. og menntmn. komi inn við 2. umr. um málið. Ég tel því alveg einboðið að til þess að geta uppfyllt þessi fyrirheit sem þingið gaf eigi hæstv. forseti að fresta fundi núna og bíða uns álit efh.- og viðskn. og álit hv. menntmn. liggja fyrir þannig að atriði sem snerta málið geti komið inn í þessa umræðu. Annað er bara fullkomin ósvinna í störfum og eiginlega eiga mál ekki að vera til meðferðar í þinginu á meðan þau eru enn þá með formlegum hætti í umfjöllun nefnda á vegum þingsins samkvæmt beiðni þingsins. Hér er því á vissan hátt verið að fara á svig og hálfpartinn að fremja þingsafglöp ef því heldur áfram sem horfir.

[00:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það er ekki nokkurt vit í stjórn þingsins. Ég vil hvetja hæstv. forseta til að verða við sanngjörnum og eðlilegum óskum sem fram hafa komið um að þessum fundi verði frestað meðan forseti þingsins og formenn þingflokka ráðslaga um hvernig þinghaldinu á að vinda fram. Það vill svo til að í fyrramálið klukkan 8.15 verða fundir í þeim tveimur nefndum sem fjalla um málið sem hér er á dagskrá. Það mundi sannarlega greiða fyrir þingstörfunum ef þessum fundi yrði lokið fljótlega þannig að menn geti lagst til hvílddar og búið sig undir þá fundi sem verða haldnir snemma í fyrramálið. Ég var á fundi snemma í morgun og á að vera á öðrum fundi sem boðaður er í fyrramálið klukkan hálfníu. Ég set fram þá kröfu að það verði a.m.k. reynt að virða lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar segir í 53. gr., með leyfi forseta:

„Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Með samkomulagi ... er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg."

Hér hefur komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að við göngum lengra en lög heimila. Við erum að bjóða fram að fá einungis fimm til sex tíma hvíld áður en við mætum til nefndastarfa.

Hér er verið að hespa mál í gegn, herra forseti, og krefja þingmenn um að vinna mun lengur en lögin um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustað segja til um. Það er gert til að ná í gegn lögum sem eiga að taka gildi eftir tvö ár, herra forseti. Hvers slags vitleysa er þetta orðin? Svo er manni sagt að önnur mikilvæg mál verði ekki tekin á dagskrá fyrr en búið er að gera þessi mál að lögum. Það er auðvitað ekkert vit í þessum vinnubrögðum.

Ég vil vekja athygli forseta á því að hér hafa einungis sjö þingmenn talað þótt fundur hafi staðið í tíu tíma. Það eru 19 þingmenn á mælendaskrá. Þó að við höldum stanslaust áfram án þess að fá nokkra hvíld mun þessum fundi örugglega ekki ljúka fyrr en aðra nótt. Það er nauðsynlegt að þingmenn fái eðlilega hvíld.

Ég mótmæli því að löggjafarsamkundan, sem setur þjóðinni og landsmönnum lög, skuli standa í því að brjóta mikilvæga löggjöf um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Ég fer fram á það, herra forseti, að orðið verði við þessum sanngjörnu óskum. Ég minni á að það tók fjóra daga að ræða lagafrv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði í 2. umr. árið 1998. Það tók 50 klukkustundir og ég býst ekki við því að þessi umræða taki styttri tíma.

[00:20]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að hefja mál mitt á að lýsa því yfir að mér þykir sem fundir á hinu háa Alþingi og fundarstjórn forseta verði æ farsakenndari með hverjum deginum sem líður. Ég minni á, virðulegi forseti, að í gærkvöldi fór fram afskaplega undarleg sýning þar sem þingheimur fékk loks að vita, eftir mikið japl, jaml og fuður, að málið sem við höfum verið að ræða í allan dag, frá því þingfundur hófst klukkan hálfellefu í morgun, yrði tekið fyrir í dag.

Í dag hafa hellst yfir okkur þingmenn, sem ekki höfum starfað í þeim nefndum sem hafa haft þetta mál til umfjöllunar, haugar af alls kyns pappírum sem okkur hefur verið gert að fara yfir í dag. Við höfum verið að undirbúa ræður okkar.

Stjórnarandstaðan hefur, þrátt fyrir að henni hafi verið stillt upp við vegg í þessu máli og stjórnarliðar ákveðið að keyra þetta mál í gegnum þingið af miklu offorsi, hvorki æmt né skræmt. Hún hefur tekið þátt í leiknum af alefli og hvergi látið bilbug á sér finna. Sú fróma ósk að þingmenn fái hvíld yfir blánóttina til að geta tekist á við erfiðan þingdag á morgun, til að greiða fyrir störfum þingsins, er alls ekki ósanngjörn. Sú gagnrýni sem hér hefur komið fram á fundarstjórn forseta er fyllilega réttmæt. Hún á fullan rétt á sér.

Eins og ég sagði áðan verður þetta æ farsakenndara. Ég held að vinnubrögðin sem hafa tíðkast á hinu háa Alþingi undanfarna viku séu síst til þess fallin, herra forseti, að auka virðingu landsmanna fyrir löggjafanum. Slík vinnubrögð verða ekki til að auka virðingu landsmanna fyrir framkvæmdarvaldinu og því miður held ég að þau séu farin að rýra ansi mikið álit landsmanna á löggjafanum og á hinu háa Alþingi.

Ég reikna með því að margir séu nú að horfa á sjónvarpið og fylgjast með þeirri furðulegu sýningu sem á sér stað, þar sem hver uppákoman rekur aðra, dag eftir dag. Ég fyrir mitt leyti verð að segja, sem nýr þingmaður sem er að ljúka sínum fyrsta vetri á þingi, að á vissan hátt er þetta mikil upplifun. Hver dagur ber í skauti sér eitthvað nýtt og óvænt sem maður hefur aldrei orðið vitni að fyrr og hafði aldrei ímyndað sér að maður ætti eftir að lenda í. Þetta er á vissan hátt mikil lífsreynsla og dýrmæt lífsreynsla.

Ég segi hins vegar enn og aftur að ég tel þetta alls ekki til þess fallið að vekja virðingu þjóðarinnar fyrir hinu háa Alþingi. Ég skil ekki að ekki skuli hægt að leyfa þingmönnum að fá a.m.k. lágmarkshvíld.

[00:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa verið bornar fram óskir til hæstv. forseta, í fyrsta lagi um að gefa svör varðandi áframhald þessa fundar. Engin svör komu frá hæstv. forseta önnur en þau að hann hygðist halda fundinum áfram þótt það svar væri fremur loðmullulegt. Þá var beðið um að hæstv. forseti gerði hlé á fundinum til að hægt væri að halda formlegan fund með forseta þingsins og formönnum þingflokka. Hvað gerir hæstv. forseti? Hann þegir, þumbast við og þrjóskast.

Þessi framkoma hæstv. forseta kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Hún í takt við framkomuna sem þingmenn hafa mátt þola í því máli sem hér hefur verið til umræðu. Hún sver sig í ætt við þau vinnubrögð sem hér hafa verið tíðkuð og færast í vöxt og verða umfangsmeiri, róttækari og dónalegri eftir því sem árin líða með núverandi ríkisstjórn við völd.

Virðulegur forseti. Ég er tilbúin að gera hlé á máli mínu til að hægt sé að svara því til hvernig eigi að halda áfram þessum fundi. Á ekki að gera hlé til að við getum rætt áframhaldandi þingstörf? Á ekki að gera hlé á þessum fundi svo þingflokksformenn geti hitt hæstv. forseta og rætt út um þessi mál? Ég krefst þess að fá svar meðan ég stend hér í ræðustól.

(**Forseti** (BÁ): Forseti telur ekkert því til fyrirstöðu að formenn þingflokka hitti forseta Alþingis á jarðhæð Alþingishússins.)

Forseti telur ekkert því til fyrirstöðu en það er greinilegt að hæstv. forseti ætlar ekki að gera hlé á fundinum á meðan þingflokksformenn fá að ræða þessi praktísku mál við hæstv. forseta. Það er alveg ljóst. Ég held að sé engin vanþörf á að draga aftur upp orðabók Menningarsjóðs og fara yfir það hvað orðið valdníðsla þýðir. Hér á greinilega að keyra þingmenn inn í nóttina og láta okkur tala fyrir okkar hjartans málum, málum sem við höfum í allan dag búið okkur undir að tala um. Það ber ekki vott um virðingu fyrir störfum okkar þegar við erum látin tala í skjóli nætur um mál sem við viljum eiga skoðanaskipti við stjórnarmeirihlutann um. Hér er verið að sýna okkur vanvirðingu. Ég mótmæli því, virðulegi forseti, og krefst þess að farið verði að vinnuverndarlöggjöf, að farið verði að eðlilegum reglum varðandi þinghald og þingmenn fái eðlilega hvíld.

[00:26]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Við höfum hér nokkrum sinnum fært í tal fundarstjórn forseta. Í fyrstu var það af þeim sökum að skýringa var óskað á því og óskað ráðstafana vegna þess að tvær nefndir sem allshn. fól ákveðið verk hafa ekki fengið ráðrúm til að skila af sér því verki í 2. umr., sem þó er meginumræða um mál á þinginu.

Í öðru lagi er útlit fyrir að 2. umr. rekist beinlínis á við þessa fundi í nefndunum tveimur, menntmn. og efh.- og viðskn. Mér sýnast vera sjö klukkutímar og 45 mínútur þar til fundurinn hefst í menntmn. Eins og forseti getur ímyndað sér hefur okkur ekki gefist mikill tími til að undirbúa þann fund hingað til. Það var tilkynnt í gærkvöldi, að ég held um svipað leyti, að þessi umræða yrði hér í dag. Kallað var til menntamálanefndarfundarins, ég veit ekki um hina nefndina, um fjögurleytið í dag. Við þingmenn höfum verið trúir lögunum, trúir lögunum liggjum við hér, var sagt um nokkra Spartverja. Trúir 53. gr. sækjum við þingfundi og skiptum okkur af þeim málum sem hér eru sett á dagskrá. Það er kominn tími til þess að forseti fari að hysja upp um sig buxurnar í þessu efni, hætta veisluhöldum, hætta þvermóðsku og stirðleika og svara því hvernig hann ætlar að haga fundum næstu klukkutímana og næstu eyktaskil. Hvernig eigum við að fara að því að undirbúa okkur fyrir þá fundi sem fram undan eru? Við spyrjum þess ekki okkar vegna, vegna þess að við erum auðvitað hetjur og getum staðið allar vaktir, heldur vegna þeirra gesta sem við eigum að hitta og eigum að standa frammi fyrir, ræða við og spyrja út úr. Í mínu tilviki eru það Herdís Þorgeirsdóttir, Styrmir Gunnarsson, Gunnar Smári Egilsson, Magnús Ragnarsson, Sigurður Guðjónsson og Sigurður Líndal. Allt er þetta fólk sem ég vil ekki mæta, ég segi nú ekki í myrkri, en ég vil ekki mæta því óundirbúinn.

[00:29]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn. höfum ítrekað gert athugasemdir við fundarstjórn forseta hér í dag, við að 2. umr. um frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum haldi áfram án þess að nefndir þingsins hafi haft tök á því að koma saman, skila áliti, vinna álit sín. Menntmn. og efh.- og viðskn. hafa ekki haft tækifæri til að koma saman og vinna álit og skila til allshn. þannig að þau mættu koma inn í 2. umr. um þetta lagafrv. Nefnd þarf að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu við að vinna ítarlega og vandvirknislega þau álit sem óskað er eftir frá henni.

Virðulegi forseti. Við höfum ítrekað óskað eftir því að þessum fundi verði frestað, að 2. umr. um frv. um eignarhald á fjölmiðlum haldi ekki áfram og fari ekki fram án þess að fagnefndir þingsins komi saman og vinni álit sín á því. Við höfum óskað ítrekað eftir þessu og síðdegis var okkur tjáð að hæstv. forseti og formenn þingflokkanna mundu hittast og taka málið aftur upp og taka aftur efnislega afstöðu til þess hvort ekki væri rétt að gera hlé á þingfundi þannig að nefndarmenn gætu búið sig vandlega undir þá fundi sem hefjast eins og fram hefur komið eftir innan við átta klukkustundir. Eftir sjö klukkustundir og 45 mínútur er okkur ætlað að setjast niður með valinkunnum gestum sem kallaðir hafa verið fyrir menntmn. að beiðni fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntmn.

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki séð hvernig mönnum er stætt á því að halda því fram að þessi þingfundur geti haldið áfram án þess að nefndarmönnum gefist ráðrúm til að búa sig vandlega undir það mikla starf sem bíður þeirra í fyrramálið, þannig að þeim gefist tóm til að setjast yfir pappíra sína og undirbúa vel og vandlega spurningar sínar til gesta nefndarinnar. Það er óboðlegt með öllu að kalla til gesti án þess að sýna þeim þá lágmarksvirðingu að gera hlé á þingfundi til að ígrunda álit þeirra. Það sem þar kemur fram skiptir máli í þeirri umræðu sem hér fer fram um grundvallarmál í íslenskri stjórnskipan.

Ég ítreka þá ósk, herra forseti, að þessum þingfundi verði frestað þegar í stað og okkur fulltrúum í fagnefndum þingsins gefist ráðrúm til að undirbúa okkur fyrir fundina í fyrramálið og hvílast eins og eitt augnablik.

[00:32]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Í þessari fyrstu ræðu minni um fundarstjórn forseta í kvöld verð ég að segja að mér finnst hryggilegt að sjá ungan þingmann, hæstv. 6. varaforseta Alþingis, Birgi Ármannsson, ganga hér svo að segja í björgin á Alþingi, inn í þau fornaldarvinnubrögð og þá ótrúlegu starfshætti sem maður hefur þurft að fylgjast með árum saman utan frá þó til þessa. Oft og einatt hefur maður undrast það vinnulag sem hér hefur verið, þá næturfundi og þau sérkennilegu vinnubrögð og óvönduðu vinnubrögð við lagasetningu á vorin og bundið vonir við að nýjar kynslóðir og nýir þingmenn mundu nú beita sér fyrir því að breyta hér nokkuð verklagi. En hæstv. forseti virðist ekki vera á þeim buxunum.

Það er rétt, virðulegur forseti, að vekja athygli yðar á því að nú er árið 2004 þó það hafi e.t.v. farið fram hjá hæstv. forseta og það er ekki þannig, virðulegur forseti, að við sem hér erum höfum komið ríðandi til þings. Það er ekki þannig að hér kalli sauðburður á það að við vinnum hér nótt eftir nótt sleitulaust til að rubba af málum til að komast aftur heim í sveitina. Það er ekki þannig, virðulegur forseti. Hér starfar venjulegt nútímafólk, fjölskyldufólk sem hefur ýmsum skyldum að gegna og vill skipuleggja vinnu sína og vinna að verkum sínum vel og vandlega. Það er algjörlega fráleitt að neita hér um stutt fundarhlé til þess að formenn þingflokka geti rætt við forseta þingsins um skipulag vinnu sinnar. Það er algerlega óboðlegt.

Hæstv. forseti hefur sagt að hann sjái ekkert því að vanbúnaði að hér haldi ræðuhöld áfram. Ég verð að vekja athygli hæstv. forseta á því að á því kynnu að vera vanhöld því það vill nú þannig til að næsti þingmaður á mælendaskránni er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það er rétt að vekja athygli hæstv. forseta á því að í stórmálum hefur sá hv. þm. talað mest í tíu og hálfa klukkustund um eitt einstakt mál í einni einstakri ræðu. (**BjörgvS:** Nú verður metið slegið.) Ef hv. þm. tekur til máls með einhverja slíka ræðu þá erum við að horfa á fundartíma til klukkan ellefu á morgun, hæstv. forseti. Ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt, svo við þurfum ekki að ræða hér fundarstjórn forseta klukkutímum saman í nótt eftir hverja ræðu, að gert verði stutt hlé þannig að menn nái að bera saman bækur sínar og komast að samkomulagi um einhverja skikkanlega vinnutilhögum því það er auðvitað þannig að ef hæstv. forseti hefði sýnt af sér rögg og, ég vil leyfa mér að segja, manndóm til að gera stutt hlé þá væri fundi forseta og formanna þingflokka löngu lokið. (Forseti hringir.) Hér á eftir að flytja hverja ræðuna á fætur annarri um fundarstjórn forseta vegna þessarar stirfni hæstv. forseta.

[00:36]

Einar Karl Haraldsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúinn til þess að kveðja mér hljóðs hér og ræða um fundarstjórn forseta. Það hefur komið fram hjá hv. þingmönnum beiðni um að gert verði hlé fyrir þingflokksformenn og forseta þingsins til þess að ræða hvernig þinghaldinu skuli fram haldið í nótt. Það sætir nokkrum tíðindum að ekki skuli vera hægt að verða við

slíkri sjálfsagðri ósk enda er það mjög sérkennilegt að þessi þingfundur sem staðið hefur þegar mjög lengi skuli eiga að standa fram í nóttina að því er virðist með 20 mönnum eða fleiri á mælendaskrá og þegar þingið sjálft hefur sett nefndarfundi snemma í fyrramálið þar sem á að ræða mikilsverð mál er tengjast því máli sem nú er til meginumræðu í 2. umr.

Ekki verður séð hvaða nauð rekur til þess að haga þinghaldinu með þessum hætti. Eins og menn vita er ekkert ákveðið hvenær þingi lýkur í vor. Hv. þingmenn úr stjórnarliðinu hafa lýst því yfir að þeir muni ekki fara heim frá þessu þingi fyrr en botn er kominn í skattaloforð ríkisstjórnarflokkanna og lögð hafa verið fram einhvers konar fyrirheit eða frumvörp um þau mál. Því virðast stjórnarliðar tilbúnir að sitja hér fram á sumar. Þess vegna er ekki nokkur boðleg skýring á því að það liggi slík ósköp á að koma því máli sem hér er til umræðu fram á næturfundum. Það ætti að vera hægt að ljúka því máli með eðlilegum hætti og með skikkanlegu þinghaldi þannig að menn þurfi ekki að standa hér í brotum á lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum ofan á allt annað sem er vafasamt í þinghaldinu um þessar mundir.

Eins og komið hefur fram má vænta þess að það gæti stirðleika í allri framkvæmd þinghaldsins ef ekki er neitt samkomulag um hvernig vinna skuli. Þess vegna er það ósk mín eins og annarra til forseta að hann íhugi þetta mál sem hér hefur verið fram borið mjög vel.

[00:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær mikilsverðu upplýsingar sem forseti veitti í svari við spurningu minni í fyrri ræðu minni, að það væru 20 þingmenn á mælendaskrá. Jafnframt kem ég hingað til að endurtaka og ítreka óskir um að forseti verði nú við tilmælum, sem ég minnist ekki oft að menn hafi algerlega hafnað, að gera stutt fundarhlé til þess að menn geti aðeins borið saman bækur sínar við aðstæður af þessu tagi. Það er nú alvenjulegt að gera 10–15 mínútna fundarhlé og skapa smá svigrúm fyrir samtöl og hefur oft gefist vel. Menn hafa oft náð landi í svona, að minnsta kosti með skipulagningu þinghaldsins næstu klukkutímana, með því að tala svolítið saman. Svo getum við hin notað tækifærið á meðan og fengið okkur kaffi. Það er nefnilega þannig að á venjulegum vinnustöðum er meira að segja í kjarasamningum hvíldartíma- og kaffihléaákvæði (Gripið fram í.) og þyrfti það auðvitað að vera hér. Ég minnist þess að hv. þm. Halldór Blöndal var iðinn við að heimta slík hlé þegar hann var í stjórnarandstöðu á árum áður, til dæmis í efri deild, og ræddi lengi um þá ósvinnu forseta sem þá var að hann skyldi ekki vera búinn að gefa kvöldmatarhlé og héldi þingmönnum svöngum við störf sín. Þegar leið síðan lengra inn á kvöldið hófust upp sömu ræðuhöldin um nauðsyn þess að gera kaffihlé. Menn hafa því svo sem áður ætlast til þess að þeir fengju bæði eðlilegt ráðrúm til að næra sig og hvíla sig.

Svo vil ég benda virðulegum forseta á að þetta er nú kannski ekki gáfulegasta ráðstöfunin á tíma að þumbast svona við. Farið var fram á það fyrir um hálfri klukkustund að gert yrði svo sem eins og tíu mínútna hlé til að formenn þingflokka og forseti þingsins gætu talað saman. Kannski hefði komið út úr því stutta hléi að umræðan hefði haldið áfram hér í einhvern tíma í viðbót samkvæmt samkomulagi um að henni lyki á tilteknum tíma í nótt og þá bara töluðu þeir sem kæmust að á þeim tíma. Það hefði verið miklu betri ráðstöfun og nýting á tímanum heldur en að halda svona áfram í, mér liggur við að segja, tilgangsleysi og halda á fundarstjórninni með þessum stirðbusahætti.

Ég vona að forseta sé fullkomlega sjálfrátt í þessu efni og að hann geti treyst á eigin dómgreind í því hvað hyggilegast sé að gera. Hann á ekki að taka við fyrirmælum annars staðar frá. Forsetavaldið er hjá þeim sem í stólnum situr hverju sinni. Ég treysti því að núverandi forseti geti íhugað þetta og vegið og metið á eigin forsendum og þá sjái hann að það hefst ekkert upp úr vinnulagi af þessu tagi. Miklu betra er að reyna að ná einhverju lágmarkssamkomulagi um málin eftir því sem það er þá hægt, til dæmis þannig að menn ákveði nú hvenær umræðum ljúki í nótt, hver verði sá lágmarkshvíldartími sem menn fái til að hvílast og undirbúa sig undir morgundaginn. Ég held að öllum sé ljóst að þessari umræðu lýkur ekki hér í nótt og hún verður á morgun líka. Það þjónar því satt best að segja sáralitlum tilgangi að halda þessu hnoði áfram. Ég bið nú forseta að hugsa sinn gang.

[00:42]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mála sannast þegar litið er yfir þennan sal að augljós þreytumerki sjást á fólki. Við sjáum það t.d. á hv. þm. Framsóknarflokksins að þeir eru svo þreyttir að þeir eru flestir horfnir inn í tréverkið. Ég veit ekki hvar þá er að finna. Hér í kvöld hefur mátt sjá einn til tvo þeirra á stangli, að vísu sá ég hæstv. utanríkisráðherra sem er formaður Framsóknarflokksins stinga hér höfði inn í gættina, en það er í fyrsta skipti sem ég sé hann viðstaddan þessa umræðu. Því er það mín trúa, herra forseti, að Framsóknarflokkurinn sé svo þreyttur að það væri gustukaverk að leyfa honum nú að fara heim að sofa. Reyndar er það líka skoðun mín að sjálfstæðismenn séu heldur farnir að missa þrekið. Ég finn til dæmis til með hv. þm. Bjarna Benediktssyni sem hefur haldið hér í dag á þriðja tug ræðna og kemur nú einmitt sem kallaður væri inn um dyrnar. Hann fórnaði sér þar að auki til einvígis við ljónin í einum tveimur sjónvarpsþáttum í kvöld og stóð sig eftir atvikum þokkalega. En ég er viss um að hann mundi standa sig miklu betur á morgun ef hann mætti hvílast í nótt. Það er þess vegna ekki síður af umhyggju minni fyrir stjórnarliðum sem ég tel að hæstv. forseti ætti nú að vega það og meta af nokkurri íhygli hvort ekki væri rétt að fresta þessum fundi til að geta kvatt saman til annars örstutts fundar formenn þingflokka svo þeir mættu véla um hvort ekki væri rétt að þingið stæði við fyrri yfirlýsingar meðal annars hæstvirtra forseta, þess sem nú ríkir hér yfir Alþingi og forvera hans, um að gera reka að því að gera Alþingi að fjölskylduvænum vinnustað. Hvar á öllu Íslandi þekkist það að menn séu með þessum hætti í reynd teknir frá fjölskyldu sinni svo dögum skiptir?

Nú er það svo, virðulegi forseti, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir ákvörðun forseta um framhald næstu daga, að það verður að koma fram að stjórnarandstaðan er þess albúin að þreyta 2. umr. um þetta mál sem hér liggur fyrir þinginu, þess vegna fram á helgi ef því er að skipta. Okkur er ekkert að vanbúnaði. Okkur skortir hvorki rök, vopn né örendi. Hins vegar verða menn að leika eftir einhverjum reglum. Við höfum margsinnis einsett okkur það á hinu háa Alþingi að setja okkur reglur sem fólki sæma, setja okkur viðlíka reglur og menn til dæmis settu í kjölfar harðrar kjarabaráttu snemma á síðustu öld til þess að vernda togarasjómenn frá óhóflegum vökum. Í alvöru talað, herra forseti, þá er einfaldlega kominn tími til þess að Alþingi

fari að skapa sjálfu sér vinnuumhverfi sem fólki er boðlegt. (Forseti hringir.)

Að lokum vil ég bara segja það, virðulegi forseti, að mér finnst að við eigum nú að finna til með — ég vil ekki segja garminum honum Katli — en leyfa Framsóknarflokknum að (Forseti hringir.) hvílast til að hann megi þó einhvern tíma sjást í þessari umræðu.

[00:46]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst forseti alls ekki íhuga stöðu sína nógu grannt. Hann svarar ekki beiðnum sem til hans er beint um að fresta fundi svo skipuleggja megi störf þessa fundar í nótt.

Málið sem er hér til umræðu, gildistaka frv. ef að lögum verður er 1. júní árið 2006. Hefur forseti velt því fyrir sér hvaða ár er núna? Maður veltir því hreinlega fyrir sér hvort hann hafi villst um tvö ár í hugleiðingum sínum um hvernig eigi að stýra þessum fundi. Í gamla frumvarpinu, fyrstu drögunum, var gert ráð fyrir 1. júní 2004. Ég er ekki alveg viss um hvort forseti átti sig á því að komið hafa fram breytingartillögur og eiga kannski eftir að koma fleiri. Samkvæmt þeirri sem nú liggur fyrir er gildistakan 1. júní 2006. Ef við eigum að ræða þetta mál þangað til 1. júní 2006 þá er ágætt að við förum bara að búa okkur undir það.

Einhver var að tala um að þingmenn væru ekki bundnir yfir sauðburði. Ég held það væri betra að hæstv. forseti færi og kynnti sér vinnulag í sauðburði. Þar verða menn yfirleitt að hvílast því annars missa þeir lömbin. Þar þykir ekki búmannlegt að vaka úr sér glóruna. Einhver var að vorkenna framsóknarmönnum í þeim efnum hér áðan við umræðuna, að þeir mættu ekki við því að týna glórunni. Ég skora því á hæstv. forseta að kíkja á tímatalið hjá sér og átta sig á því að nú er árið 2004 og að frv. sem við erum að ræða, verði það einhvern tímann að lögum sem ég hef reyndar enga trú á, tekur ekki gildi fyrr en 1. júní 2006. Það eru tvö ár þangað til.

[00:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Áðan var minnst á vökulögin sem sett voru þegar óhófleg vinna þótti vera á togaraflotanum í gamla daga. Ég ætlaði að upplýsa hæstv. forseta um það að hámark þess reiðileysis sem menn gátu lýst á einni skútu, sem er farið að líkjast svolítið þeim vinnubrögðum sem hér eru, var þegar menn komust í þá stöðu að fá loftnetið í skrúfuna. Það þótti alveg sérstaklega slæmt og þurfti eiginlega kraftaverk til að lenda í því reiðileysi. Þetta vinnulag minnir eiginlega orðið nokkuð á að menn séu að fá loftnetið í skrúfuna.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, og forseti hlýtur að gera sér grein fyrir því, að stjórn þingsins er í raun farin að standa fyrir lögbroti. Það er einfaldlega þannig að í landinu eru lög um hvíldartíma. (Gripið fram í.) Ég verð að spyrja, hæstv. forseti, ef stjórn þingsins á að vera með þessum hætti í vor, hvort stjórn þingsins ætlar að knýja stjórnarandstöðuna til að leggja fram kæru á vinnulagið hér á Alþingi. Er það virkilega svo?

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég sé engan tilgang í því reiðileysi sem stjórn þingsins hefur komið á síðasta klukkutímann. Það hefði verið skynsamlegra fyrir þveran forseta þingsins að taka upp viðræður við þingflokksformenn, kannski 10 mínútur eða korter, hvort sem honum líkar það betur eða verr, og reyna að finna flöt á því hvernig standa eigi að þinghaldi fremur en sitja í fýlu í sæti sínu og geta ómögulega unnt mönnum þess að ræða við hæstv. forseta þingsins, (Gripið fram í.) hvorki þeim sem er í ræðustól eða þeim sem les blöðin.

Mér finnst ekki neinn sómi af því að gera ekkert með óskir okkar sem eru eðlilegar, um að taka upp viðræður um hvernig standa eigi að þessum næturfundi. Við höfum nefnt þann möguleika að vinna til klukkan tvö eða þrjú. En það virðist ekki hægt að taka upp nokkrar viðræður um það.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þetta er eiginlega að verða hámark reiðileysisins, eins og hér er staðið að verki.

[00:52]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að liðnar séu upp undir 40 mínútur frá því ég bar fram þá ósk við þann forseta sem nú situr í forsetastól, að gert yrði hlé á fundinum til að hægt yrði að mæta til fundar með forseta Alþingis klukkan tólf eins og boðað hafði verið. Þetta er nú ekki vel farið með tímann, virðulegur forseti. Betra hefði verið að fara að ósk okkar og þá væri kannski komið á betra vinnulag.

Rétt er að benda á það, sem er ákaflega fróðlegt, að samkvæmt skráningu er bara einn sjálfstæðismaður í hópi þess 21 sem er á mælendaskrá. Hér er einn þingmaður á mælendaskrá frá þeim „stóra þingflokki“, sem er þó í næstminnsta sögulega lágmarki Sjálfstæðisflokksins eftir síðustu kosningar. Rétt er að hafa í huga að 11. maí birtust okkur þau úrslit, þau ánægjulegu tíðindi, að Sjálfstæðisflokkurinn tapaði verulega í síðustu kosningum. Hér er einn þingmaður frá þeim á mælendaskrá og ég geng út frá því að þeir hljóti að vilja tjá sig meira um þetta mál en séu bara svo þreyttir að þeir treysti sér ekki í umræðurnar í nótt.

Væri það ekki gustukaverk, virðulegi forseti, að gera hlé og hætta þessu? Leyfum þeim sjálfstæðismönnum sem þurfa að hvílast og vilja taka þátt í þessari umræðu og geta ekki sett sig á mælendaskrá að fara að hvíla sig. Ég get t.d. ekki ímyndað mér annað en að hinn vaski þingmaður, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem vaknaði eldsnemma í morgun til að fá sér morgunkaffi og gera sig kláran í sjónvarps- og útvarpsþætti, sendur fram á völlinn af Sjálfstæðisflokknum, eini sóknarmaðurinn sem birtist í morgun þótt hann hafi fljótlega farið út af vellinum, hafi áhuga á að koma og taka þátt í umræðunni með tilliti til þess sem sagt var í kosningum. Þessir frjálshyggjumenn sem ætluðu að boða frelsið, skattalækkanir og allt það, hljóta að eiga eftir að tjá sig, taka þátt í umræðu, koma í andsvör við okkur o.s.frv.

Þar að auki, virðulegi forseti, þó að ég sé að verða orðinn hálfhræddur við að nefna þann flokk, en verð að brjóta þá reglu af því ég hef ekki gert það á þessum sólarhring sem er nýbyrjaður, eru bara þrír framsóknarmenn á mælendaskrá. Þeir eru að tínast inn í salinn einn af öðrum en hafa verið frekar fáliðaðir. Ég held að það væri líka mikil tillitssemi við þá að fresta fundi. Við vitum að það var mjög erfiður dagur hjá þeim í gær, þar sem Sjálfstfl. var að troða þeim brtt. og því sem hér er til umræðu ofan í kokið á þeim. Þeim veitir ekki af hvíldinni, virðulegur forseti.

Ég ítreka því óskir um að gera hlé á þessum fundi þannig að við getum gengið til forseta. Ég sé að hæstv. forseti þingsins er orðinn frekar óþolinmóður að bíða eftir okkur sem áttum að mæta á fund fyrir 55 mínútum síðan.

[00:55]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég er orðinn nokkuð þreyttur á að fá aldrei svör við þeim spurningum sem ég beini til forseta um hvernig málum er háttað með nefndastörf á Alþingi. Ég hef að ég held spurt í fjórgang. Eina svarið sem ég hef fengið barst í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps. Þar svaraði hæstv. forsrh. Í þinghaldi síðustu daga virðast þeir fara hvor í annars líki, forseti þingsins og forsætisráðherra og skipta um hlutverk. Réttara sagt er það þannig að forsætisráðherra hleypur inn í eyður, eins og það heitir á knattspyrnumáli, sem myndast hjá forseta þingsins þegar hann er fjarri vettvangi eða hefur ekki mikla þóknun á því að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Hæstv. forsrh. sagði að það væri þannig á Alþingi og hefði verið lengi, af því að hann hefur verið hér svo lengi, að ef nefndir fengju mál til umsagnar þá skipti engu máli hvort þær gæfu álit sitt eða ekki, það skipti engu máli og allt væri meira eða minna grín og glens sem hér færi fram. Spurningum um þingsköp og slíkt var fréttamaðurinn náttúrlega ekki svo ókurteis að beina að honum.

Ég hef ekki enn þá fengið svör við spurningum og enn hefur aukist við þann spurningalista. Þar bætist við spurningin um hvernig fari saman þingfundir og nefndarfundir, annars vegar það sem segir í þingsköpum um að nefndarfundir skuli ekki fara fram á þingtíma og hins vegar, forseti, það hvernig greiða eigi fyrir því að menn geti undirbúið sig fyrir nefndarfundi.

Ég hef lesið 53. gr. þingskapa og af því að ég er vanur því að eitt skuli yfir alla ganga hlýt ég að beina þremur spurningum til forseta sem ég bið hann að svara. Fyrst vil ég þó lesa, með hans leyfi, fyrri hluta 53. gr. Hún er svona:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um fyrirspurnafundi."

Spurningarnar eru: Er fyrirspurnatími núna? Ef ekki, af hverju eru ekki allir þingmenn mættir? Í þriðja lagi spyr ég: Hvaða þingmenn eru á forfallalista hjá forseta að þessu sinni?

[00:58]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason var fyndinn í ræðu sinni eins og vant er. Nú er það svo að ég óskaði eftir því við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar fyrir einum og hálfum tíma eða svo að þeir mundu hitta mig til að við gætum talað um þinghaldið. Þeir völdu sér sjálfir tímann, að hitta mig klukkan tólf á miðnætti. Eftir að ég hafði beðið eftir þeim drykklanga stund hér niðri óskaði ég eftir því við þingvörð að þeir yrðu látnir vita að klukkan væri orðin tólf og mig langaði til að hitta þá. Þá fékk ég þau svör að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar vildu ekki hitta mig fyrr en þessari umræðu um þingsköp væri lokið.

Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar báðu ekki um þinghlé þegar við ákváðum fundinn klukkan tólf. Eins og komið er sé ég ekki ástæðu til þess að við því sé orðið hvað sem forseti segir um það. Ég hef hins vegar hugsað mér að fara niður á skrifstofu mína og bíða þess að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar komi þangað eins og við höfðum talað um. En þeir höfðu sjálfir ákveðið þennan tíma.

Ég var hins vegar mjög undrandi á því þegar ég frétti að hér væri hafin umræða þar sem þess var krafist að ég ætti fund með formönnum þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna, á nákvæmlega sama tíma og þeir ætluðu að hitta mig hér niðri. Þetta er mjög undarleg málsmeðferð en má út af fyrir sig segja að ekki skipti máli, ef stjórnarandstaðan er á annað borð í málþófi, um hvað hún talar á hinu háa Alþingi.

[01:01]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. „Sjaldan bregður mey vana sínum", segir máltækið. Hæstv. forseti er hér óbilgjarn eins og hann hefur oft verið. Það er hlutverk hans að stýra þinghaldinu og reyna að gera það með sóma. Hann hefur ekki viljað tala við menn eða koma á hreint hvernig þessum málum eigi að vera varið. Hann hitti formenn þingflokka, veit ég, einhvern tímann fyrir klukkan tólf og vildi þá ekkert gefa út um hvað væri fram undan. Hann á því aldeilis hlut í þeirri stífni sem hér er uppi. Menn hafa beðið um hlé á þingfundi á meðan fundurinn með hæstv. forseta færi fram og vegna stífni forseta hafa menn talað tímunum saman um fundarstjórn forseta í staðinn fyrir að halda þann fund.

Ég veit ekki betur en að það hafi verið algengt hér í gegnum tíðina, a.m.k. þann tíma sem ég hef verið á Alþingi, að gerð hafi verið stutt hlé á þingstörfum til þess einmitt að þingflokksformenn gætu rætt við hæstv. forseta um framhald þinghaldsins. Hvað er að því? Nei, þá vilja menn heldur hafa áframhaldandi þóf og hleypa stífni og leiðindum í þinghaldið frekar en að reyna að koma einhverju samkomulagi á sem í raun og veru á ekki að vera af öðru tagi en því að forseti taki eðlilega ákvörðun um framhald þinghaldsins, þ.e. hvenær eigi að ljúka fundi. Það á ekki að vera neitt samningsatriði af hálfu stjórnarandstöðunnar um það. Hæstv. forseti á að hafa bein í sér til þess að ákveða það með þeim hætti að menn þurfi ekki að standa í endalausum mótmælum um hvernig þinghaldinu skuli fram haldið.

Það er margbúið að segja að hér eru þingmenn á mælendaskrá sem eiga að mæta til fundar í þingnefndum í fyrramálið og það er auðvitað fyrirsjáanlegt, og það þurfa menn bara að horfast í augu við og ef þeir gera það hljóta þeir að vera tilbúnir að ákveða að hætta hér störfum í nótt, að sá dagur, morgundagurinn, er búinn fyrir þeim. Það verður þannig að þessi nótt fer í þessa umræðu. Það eru 20 þingmenn á mælendaskrá, en það virðist enn þá vaka fyrir stjórnarliðinu að láta þessa umræðu deyja á komandi nóttu en það mun hún alls ekki gera. Það er tilgangslaust þvarg sem við stöndum nú í og mér finnst að menn eigi að ljúka því með að forseti lýsi því bara yfir að störfum verði hætt á eðlilegum eða viðsættanlegum tíma.

[01:04]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er óneitanlega sérkennilegt að fylgjast með þingstörfum og ekki síst að fylgjast með störfum hæstv. forseta þingsins og hvernig hann kemur fram við umbjóðendur sína, leyfi ég mér að segja, þ.e. aðra þingmenn. Það má auðvitað öllum ljóst vera að hæstv. forseti er stríðlyndur og sérsinna oft og tíðum en það nær auðvitað ekki nokkurri átt að forseti þingsins leggi sig eiginlega fram um að ergja þingmenn. Að ergja þingmenn, þreyta þá og niðurlægja þá, eins og gerðist t.d. í gærkvöldi þegar menn töluðu hér hver í kapp við annan til þess að fá upplýsingar um það hvað ætti að gerast í þinginu í dag. Það var klukkan hálftólf í gærkvöldi sem við vorum að tala um það og spyrja hvað ætti að gerast í þinginu þegar við kæmum til þingstarfa í dag og að forseti, sem auðvitað hefur alla möguleika á því

að taka til máls eftir að menn hafa spurt spurninga þó svo að menn gefi merki um að þeir vilji tjá sig um stjórn þingsins, skildi ekki upplýsa að hann hefði einhverjar áætlanir um hvernig þingið ætti að starfa á þessum degi. Forseti hefur auðvitað skyldur til þess að vera með einhverjar áætlanir, einhverjar hugmyndir um störf þingsins sem hann getur deilt með öðrum. Það getur vel verið að hann hafi þær fyrir sig en það bara dugir ekki til, hann þarf að vera fær um að deila þeim með öðrum og gera einhverjar áætlanir um það hvernig menn eigi að starfa á hinu háa Alþingi. Það er ekki til þess fallið að auka virðingu Alþingis að standa að málum með þessum hætti.

[01:06]

Þuríður Backman *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það þarf ekki að taka fram hvað klukkan er orðin margt en það skipti ekki máli ef við vissum hvað við ættum að vera hér lengi í nótt. Mér finnst málið liggja þannig fyrir eftir að hæstv. forseti tilkynnti að ekkert annað mál yrði tekið á dagskrá þingsins fyrr en þessu máli yrði lokið að þá sé alveg augljóst að málið hleypur ekkert frá okkur. Það skiptir ekki máli hvort við afgreiðum það deginum fyrr eða seinna, við verðum hér, það er greinilegt, þangað til því er lokið og öðrum málum verður ekki hleypt að. Mér fyndist það vera okkur öllum til sóma, og þá sérstaklega þinginu, að við gerðum hlé á fundinum núna, byrjuðum á nefndastörfum í fyrramálið eins og boðað hefur verið og héldum síðan áfram á tilsettum tíma, hálfellefu í fyrramálið, þar sem frá var horfið, því það breytir engu hvort þessi nótt líður inn í ræðuhöld eða hvort við tökum daginn á morgun í málið.

Það verða óvönduð vinnubrögð þegar við erum öll orðin þreytt, getum ekki einbeitt okkur eins og við þurfum við að fara yfir jafnalvarlegt mál og hér er og sem ég veit að við viljum vinna vel og koma málinu vel frá okkur. Þetta er okkur ekki til sóma. Þar sem það er alveg ljóst að ekki á að taka neitt annað mál á dagskrá fyrr en þetta er búið, þá er ekkert sem truflar afgreiðslu þessa máls. Nóttin fyrr eða seinna skiptir ekki máli.

Því hvet ég hæstv. forseta til að gera stutt hlé svo hægt sé að halda fund með þingflokksformönnum, formlegan fund til að fara yfir málið og við stöndum ekki hér í lengri tíma til þess að fara yfir vinnubrögð og vinnutilhögun heldur reynum að ná samkomulagi þannig að við vitum þá a.m.k. hvort orðið verður við þessari bón okkar eða ekki.

[01:09]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að endurtaka og ítreka þá spurningu sem ég bar upp við hæstv. forseta áðan, og hef ítrekað komið upp undir liðnum um fundarstjórn forseta núna síðdegis í dag og í kvöld, hvort og hvernig hann taki í þá bón okkar og hvort endurskoðuð hafi verið sú niðurstaða forseta og formanna þingflokkanna að hlé eigi að gera á þingfundi þannig að fagnefndir þingsins, menntmn. og efh.- og viðskn., geti komið saman og unnið sína vinnu, talað við gesti sína, kallað fram þær grundvallarupplýsingar sem þeim ber að kalla fram og setja saman í þau álit sem hv. allshn. Alþingis óskaði eftir að þessar nefndir létu henni í té. Svo öfugsnúið sem það er hefur ekki verið orðið við þeirri frómu ósk okkar stjórnarandstöðuþingmanna í menntmn. um að virðulegur forseti fresti þessum þingfundi, geri hlé á honum á meðan nefndin kemur saman, kalli fram þær upplýsingar sem við teljum algjörlega liggja til grundvallar allri vitlegri umræðu um umrætt frv. um eignarhald á fjölmiðlum.

Málið er að frv. heyrir nefnilega fyrst og síðast undir menntmn. þó svo að þannig hafi málum verið háttað að allshn. hafi farið með málið eftir að hæstv. forsrh. flutti það. Málið lýtur að útvarpslögum og starfsumhverfi ljósvakamiðla og fjölmiðla á Íslandi. Því hef ég ásamt félögum mínum í menntmn. ítrekað óskað eftir því við hæstv. forseta að hann geri hlé á þessum þingfundi, gefi okkur tóm, ráðrúm, svigrúm og andrými til að fara vel og vandlega yfir öll þau hugsanlegu gögn sem við gætum þurft að fara yfir, vinna sem gæti tekið og ætti að taka marga daga eða margar vikur ef því væri að skipta, og það hefur nú komið fram í umræðunni, virðulegi forseti, að það sem tók Norðmenn fjögur ár og því hefur ekki verið lokið enn hefur tekið stjórnarmeirihlutann hér 14 daga, enda ber hið hroðvirknislega og sértæka frv. til að knésetja Norðurljós öll þau merki.

Því ítreka ég þá ósk okkar menntamálanefndarmanna í stjórnarandstöðu til hæstv. forseta að hlé verði gert á þingfundinum á meðan nefndin kemur saman, vinnur sitt álit og 2. umr. um frv. fari ekki fram meira en orðið er, henni ljúki ekki fyrr en menntmn. hefur skilað áliti sínu. Þetta er grundvallarkrafa, virðulegi forseti.

[01:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér varð litið á klukkuna sem er á veggnum fyrir ofan dyrnar og ég sé það núna að þetta þvarg hefur nú staðið í rúmar 70 mínútur, um það hvort þingheimur eigi að fá að fara heim að sofa í nótt eða ekki. Þetta er náttúrlega til vitnis um mikla sóun á tíma en þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem maður verður vitni að því að tíma þingsins sé sólundað og þá um leið peningum því tíminn er svo sannarlega peningar á hinu háa Alþingi, það er ekki ókeypis að reka þingið.

Flest okkar hafa verið að störfum frá því klukkan níu í gærmorgun, í 15–16 tíma, og það er alveg rétt sem komið hefur fram að margir eru orðnir þreyttir. Dagurinn í gær var erfiður og nóttin virðist líka ætla að verða erfið en eins og fram hefur komið eru 20 manns á mælendaskrá. Ég veit að margir þeirra sem eru á mælendaskrá og bíða eftir því að fá að komast að ætla ekki að flytja stuttar ræður. Það eru langflestir stjórnarandstæðingar, fólk sem hefur undirbúið sig vel með litlum fyrirvara einmitt til að geta tekið þátt í lýðræðislegri umræðu. Vonir standa til að hér geti farið fram lýðræðisleg umræða um mjög mikilvægt og vandasamt mál.

Því miður er það svo, virðulegi forseti, að stjórnarliðar hafa að sjálfsögðu sýnt þinginu þá lítilsvirðingu að vera lítið við í dag. Hér hefur nánast vantað heilan þingflokk tímunum saman, þingflokk Framsfl. Þingflokkur Sjálfstfl. má eiga það að þar hefur mætingin verið örlítið betri, en hér hafa stjórnarandstöðuþingmenn setið vaktina af mikilli prýði og þeir gera það enn. Ég er alveg sannfærður um að þó það náist ekki í gegn að fólk fái að fara heim núna og hvíla sig í nokkra klukkutíma og þráðurinn verði síðan tekinn upp aftur á morgun, í fyrramálið klukkan hálfellefu eins og síðað fólk ætti náttúrlega að gera, þá efast ég ekki um að stjórnarandstaðan býr yfir þeim styrk að standa vaktina áfram. Hún mun gera það. Það er ég alveg sannfærður um. En það slær hins vegar ekki á móti því að það sé mjög sjálfsögð og eðlileg krafa að fólk sem er búið að vera í vinnunni í 16 klukkutíma fái smáhvíld.

Ég skil því ekki, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að gera hlé á þingfundi og ná samningum um að við förum heim núna, hvílum okkur og mætum síðan frísk og endurnærð í fyrramálið. Sum okkar þurfa að mæta eldsnemma, ég á t.d. sjálfur ásamt öðrum þingmanni að mæta í útvarpsviðtal klukkan hálfátta í fyrramálið.

[01:15]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ekki að það hafi hvarflað að mér undir þessari ræðu en sennilega er það rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði áðan, að sú orðræða sem stjórnarandstaðan hefur haldið uppi í rúman klukkutíma sé tilgangslaust þvarg. Ég held að það væri skynsamlegast fyrir okkur að fara að ráðum þess hæstv. forseta sem sat hér í dag, Þuríðar Backman, sem leysti úr álíka máli þegar menn fundu að verklagi í umræðunum. Hún lagði þá til að þingflokksformenn færu til fundar með forseta og umræðan héldi áfram, að næsti háttvirti ræðumaður tæki til máls og við gæfum okkur gott tóm, þingflokksformenn og þingforseti, til að fara yfir málin alveg eins og við höfðum hugsað okkur að gera á tólfta tímanum áðan, þegar við sátum saman en vorum að sönnu ekki komnir að neinni niðurstöðu. Það var ágreiningur milli þingflokksformanna og niðurstaðan varð sú að menn ræddu betur saman, hver í sínum hópi, og kæmu síðan aftur til fundar um tólfleytið.

En af því varð ekki. Í stað þess fór fram það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kallaði tilgangslaust þvarg og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kallaði þvarg. Ég vil út af fyrir sig ekki gera það að mínum orðum.

Ég vil hins vegar árétta að ég held að ákaflega skynsamlegt væri fyrir okkur að fara að því ágæta ráði sem hæstv. þingforseti Þuríður Backman lagði til áðan, að þingflokksformenn hittu þingforseta og menn færu yfir þessi mál eins og alvanalegt er. Það hefur ekki mikinn tilgang að halda þessari umræðu áfram og reyna með henni að koma í veg fyrir að þingflokksformenn geti sest niður eins og okkur ber að gera og reynum að átta okkur á stöðu málsins. Það kemur þá einfaldlega á daginn hvort við getum náð saman eða ekki. Það reynir auðvitað ekki á það nema við höfum tækifæri til að setjast niður á fund. Það getum við gert, umræðan getur jafnframt haldið áfram, eins og fjölmörg dæmi eru um. Þingið var prýðilega sátt við það fyrr í dag og það reyndist ágætlega.

[01:18]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég held nú aðra ræðu mína um fundarstjórn forseta í kvöld og ekki þá síðustu, heyrist mér af öllu og hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þar á meðal.

Það verður að gera þá athugasemd við ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að í dag var ekki nótt. Það er einfaldlega komið fram yfir miðnætti. Hér liggja fyrir í þinginu yfirlýsingar stjórnanda þingsins, sem færi sennilega betur á að væri hér í salnum og reyndi að stýra þessari samkomu af sæmilegum myndarskap. Þeir hv. þingmenn Halldór Blöndal og Birgir Ármannsson hafa náttúrlega ekkert umboð til þess að taka einar eða neinar ákvarðanir hér.

En stjórnandi þingsins, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, hefur gefið út um það algerlega afdráttarlausar yfirlýsingar að hér verði gefinn allur sá tími sem þarf. Þegar eftir því var leitað í upphafi þingfundar í morgun, ekki að gert yrði tíu mínútna hlé til samráðs heldur leitað eftir því að gert yrði hlé á fundi í þrjár og hálfa klukkustund þá sá stjórnandi þingsins, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, auðvitað ekkert því til fyrirstöðu og varð við óskinni um leið. Hann greiddi þannig vel og liðlega úr þingstörfum.

Þeir sem hér sitja á forsetastól hafa greinilega annaðhvort ekki umboð til að stjórna þinginu af þeim myndarskap sem stjórnandi þingsins, hæstv. forsrh., gerði hér í morgun eða ekki vit til þess, hæstv. forseti. Þvarg er það réttnefnt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að menn skuli þurfa, árið 2004, að standa um miðja nótt frá fjölskyldum sínum til að ræða þá almennu mannasiði í fúlustu alvöru við fullorðið fólk hvort hægt sé að gera hlé á fundi í fimm eða tíu mínútur til að ræða um það hvenær menn komist heim til að sofa eða hvenær eigi að hefja fund á morgun.

Ég verð, herra forseti, að lýsa vantrú minni á þeim algjöra skorti á almennum mannasiðum sem í ljós hefur komið í kvöld í framgöngu yðar og hv. þm. Halldórs Blöndals. Hér er einföldum spurningum þingmanna ekki svarað. Þeir eru ekki virtir viðlits. Þeir eru látnir ganga upp í ræðustól hver á fætur öðrum og spurningum þeirra ekki svarað, vitandi vits, til þess eins að geta síðan þegar mælendaskrá er tæmd staðið upp og gefið út úrskurð og lítillækkað þá sem til máls hafa tekið. (Forseti hringir.) Hér er ekki sinnt lágmarksóskum um að gera smávægilegt hlé á fundi enda (Forseti hringir.) hafa þeir sem hér sitja á stóli enga stjórn á þinginu. Það gerir hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hins vegar, (Forseti hringir.) og ég bið um að hann komi í salinn og taki við stjórn þingsins.

(**Forseti** (BÁ): Hæstv. forsrh. er í húsinu og veit af þeirri umræðu sem fer hér fram.)

[01:22]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sú umræða sem fram hefur farið síðasta klukkutíma og tuttugu mínútur lýsir vel, herra forseti, þeirri óbilgirni sem við í stjórnarandstöðunni þurfum að búa við að hálfu stjórnarmeirihlutans. Ég verð að segja að þessi vinnubrögð eru óskiljanleg. Við erum að greiða fyrir þingstörfum með því að óska eftir því að þessari umræðu ljúki fljótlega. Rökin fyrir því eru þau að í fyrramálið fer fram umræða í tveimur þingnefndum, efh.- og viðskn. og menntmn., um frv. sem hér er til umræðu. Öllum hv. þm. hlýtur að vera ljóst að niðurstaða efh.- og viðskn. og menntmn. þarf að komast að í þessari umræðu. Það gæti kallað á endurtekningar ef þessari umræðu verður haldið áfram áður en niðurstaða fæst í þeim tveimur nefndum.

Efh.- og viðskn. er langt frá því að ljúka þeim hluta þessa máls sem vísað var sérstaklega til hennar af hv. allshn. sem snertir einn mikilvægasta þátt frv., þ.e. samkeppnislög. Samkeppnisstofnun sem mætti á fund nefndarinnar hafði mikið við málið að athuga og í vandaðri umsögn Samkeppnisstofnunar koma fram mörg gagnrýnisatriði sem greinilegt er að stjórnarliðar ætla að hunsa.

Eðli máls samkvæmt kemur verulegur hluti frv. til kasta menntmn. þar sem við erum að fjalla um lög á fjölmiðla eða réttara sagt sérlög á einn fjölmiðil. Mikilvægt er að sjónarmið menntmn. og niðurstaða hennar komi til umræðu strax við 2. umr. Herra forseti ætlar ekki að verða við óskum okkar um að þingmenn fái eðlilegan hvíldartíma áður en þeir hefja vinnu klukkan átta í fyrramálið. Þeir hafa verið stanslaust í vinnu í 16 tíma en það eru ekki nema nokkrir tímar þangað til áðurnefndir fundir hefjast. Það hefði verið miklu skynsamlegra og farsælla fyrir framgang málsins og vitleg vinnubrögð að verða við óskum okkar.

Það kann ekki góðri lukku að stýra, herra forseti, að ætla að hafa þingmenn örþreytta við störf á morgun og þeim *vikum sem fram undan eru á þessu þingi*. Auðvitað hljótum við að tala um þinghaldið og hvort það muni teygjast fram í næsta mánuð, miðað við öll þau mál sem eru á dagskrá. Virðulegi forseti, maður skilur ekki það offors og það ofbeldi gegn lýðræðinu sem við höfum upplifað á síðustu dögum.

Ég skil ekki stjórnina á þinghaldinu, nema ef vera skyldi sem mig grunar nú helst, að hæstv. forsrh. stjórni hér þinghaldinu, ef það er rétt sem maður hefur heyrt að það eigi ekki að taka önnur mál á dagskrá þingsins fyrr en þetta umdeilda fjölmiðlafrumvarp er orðið að lögum. Það á að keyra það með offorsi í gegnum 2. og 3. umr. en önnur mikilvæg mál, sem eru nú fjölmörg, komast ekki á dagskrá. Mér býður í grun, virðulegi forseti, að hér séu ein 40–50 mál tilbúin til afgreiðslu í þinginu en þau skipta minna máli. Samt eru það mál sem ég hygg, herra forseti, að skipti meira máli fyrir fólkið í landinu en fjölmiðlafrumvarpið sem á ekki að taka gildi fyrr en eftir tvö ár.

Virðulegi forseti. Mér finnst það satt að segja niðurlægjing fyrir þingið hvernig á þessu máli hefur verið haldið. Við búum í lýðræðissamfélagi, erum í virðulegri stofnun í einu elsta löggjafarþingi í heimi. Það hefur mátt búa við niðurlægingu og ofríki ríkisstjórnarinnar sem ég verð að segja, herra forseti — ég held að það sé ekki ofsagt — að misbeiti valdi sínu, ekki bara í þessu máli heldur í fleiri málum. En birtingarmyndin er kannski sérstaklega sterk í því máli sem við fjöllum um nú.

Hér hafa verið stunduð hroðvirknisleg vinnubrögð frá því að hæstv. forsrh. ákvað að keyra yfir allt og alla, samstarfsflokkinn, stjórnarandstöðuna og hagsmunaaðila, þá sem við eiga að búa. Frá því að málið kom fyrir þingið hafa verið stunduð hroðvirknisleg vinnubrögð í því. Réttur fólks sem ekki er sammála valdstjórninni er í engu virtur, réttur fólks til eðlilegrar umræðu eða svigrúm til að koma skoðunum sínum eða athugasemdum á framfæri. Við heyrum þá síbylju að hér sé um einfalda löggjöf að ræða eða einfalt frv. og að stjórnarandstöðunni ætti ekki að verða skotaskuld úr því að afgreiða þetta mál, að það fái flýtiafgreiðslu og sé afgreitt hér á örfáum dögum.

Ég gat um það áðan, virðulegi forseti, þegar við vorum í umræðu um stjórn fundarins, að annað frv., sérlög fyrir annað fyrirtæki sem hæstv. forsrh. í því tilviki hafði velþóknun á, sem var deCODE og gagnagrunnur á heilbrigðissviði, tók fjóra daga í umræðunni í þinginu. Í að ræða það mál fóru 50 klukkustundir. Þau áhrif sem þetta mál getur haft í þjóðfélaginu kalla líka á mikla umræðu. Hér er um að ræða sérlög á eitt fyrirtæki og forsvarsmenn þess, sem hæstv. forsrh. er eitthvað illa við af óskiljanlegum ástæðum. Hæstv. forsrh. virðist hafa sett sér það markmið að setja í lögbókina lög sem beinast að einu fyrirtæki. Þetta er auðvitað eftir öðru hjá hæstv. forsrh. sem hefur ekki hikað við að leggja niður stofnanir, t.d. Þjóðhagsstofnun, af því að hún var ekki viljalaust verkfæri í höndum hans.

Virðulegi forseti. Umsagnaraðilar fengu einn til tvo sólarhringa til að skila umsögnum. Svo lágt leggst þetta þing og misbýður fólki. Það fær erindi frá allshn. á föstudegi og á að skila á mánudegi — hafi yfirleitt gefist svo langur tími — hefur eina helgi til að skila áliti sínu í þessu máli, sem er stórt mál, virðulegi forseti, á margan hátt og mun ég koma síðar að því í máli mínu. Álitaefnin eru gríðarlega mörg.

Þjóðþingin, virðulegi forseti, fara misjafnlega að. Þau umgangast landsmenn með misjöfnum hætti, með mismikilli virðingu. Ég heyrði það t.d. í frétt í fjölmiðlum í hádeginu í dag að í norska þinginu hefur verið í undirbúningi í fögur ár fjölmiðlalöggjöf. Slíkt mál liggur fyrir norska Stórþinginu, ef ég skil málið rétt, en þar á bæ treysta menn sér ekki til að afgreiða svo stórt mál með hraði. Sú löggjöf bíður haustsins. Samt hefur sú löggjöf verið í undirbúningi í heil fjögur ár. Hér eru menn rétt byrjaðir að ræða þetta mál en samt á að keyra það í gegn.

Það er líka athyglisvert, virðulegi forseti, að skoða málið í ljósi þess að stjórnvöld vilja setja þessi lög vegna einkenna sem benda til samþjöppunar á fjölmiðlamarkaðnum, sem eru væntanlega hættuleg lýðræðinu og ganga gegn almannahagsmunum. Maður spyr af hverju stjórnvöld hafa lítið aðhafst varðandi aðrar greinar atvinnulífsins þar sem sannarlega ríkir einokun og samþjöppun. Hvað með vátryggingamarkaðinn? Maður heyrir ekki mikið frá stjórnvöldum þó að aftur og aftur komi fram verulegar hækkanir hjá tryggingafélögunum þar sem greinilega er um samráð að ræða milli tryggingafélaganna, sem hafa ákveðinn samstarfsvettvang, Samband íslenskra tryggingafélaga, ef ég man rétt. Ég biðst afsökunar ef ég hef ekki farið rétt með en maður hefur verið vakandi hér í sextán klukkutíma.

Við þekkjum samráð olíufélaganna og fákeppni sem þar hefur verið. Við getum talað um flutningastarfsemi og fjármálamarkaðinn, þegar við tölum um einokun og samkeppni, og matvörumarkaðinn. En maður heyrir ekki mikið um það frá stjórnvöldum að nauðsynlegt sé að setja lög til að koma í veg fyrir samþjöppun valds og eigna á fárra hendur á þessum sviðum þjóðlífsins. Það virðist sem það sé fyrst nauðsynlegt að huga að slíkri lagasetningu þegar kolkrabbinn, sem var stjórnvöldum þóknanlegur, var að líða undir lok.

Ég hygg, virðulegi forseti, að það sé einsdæmi í sögunni að af tugum umsagnaraðila skuli aðeins örfáir, ég hef heyrt að þeir hafi verið þrír, veita stjórnvöldum einhvern stuðning í þessu máli. Flestir aðrir gagnrýna frv. harðlega. Það er athyglisvert að það er m.a. Skjár 1, sem er í samkeppni við það fjölmiðlafyrirtæki sem þessi sérlög beinast að, sem lýsir andstöðu sinni við málið. Það var athyglisvert sem fram kom í dag hjá 5. þm. Reykv. n., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að þær brtt. sem gerðar eru á frv. beinast m.a. að því að tryggja að löggjöfin skaði á engan hátt samkeppnisaðilann Skjá 1. Þetta er athyglisvert sem sannar enn betur en áður hefur komið fram að hér er um að ræða skraddarasaumaða löggjöf sem beinist að einum aðila, einu fyrirtæki.

Það er ljóst að hér er um að ræða mannréttindabrot, eins og margoft hefur komið fram. Það er verið að undirbúa málshöfðun gegn ríkinu nái þessi lög fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég varð raunverulega agndofa þegar ég hlustaði á hæstv. forsrh. í sjónvarpinu í kvöld, yfir því virðingarleysi sem hann sýndi starfsfólki Norðurljósa þegar hann sagði að allt fjölmiðlafólk sem starfaði hjá Baugi væri á sama máli og enginn hefði sjálfstæða skoðun, sagði hæstv. ráðherra, aðra en eigenda sinna.

Hvers lags lítilsvirðing er þetta, virðulegi forseti, gagnvart þessu starfsfólki? Ég spyr: Hefur hæstv. forsrh. eða aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni lesið þann tölvupóst sem borist hefur frá starfsfólkinu sem hæstv. forsrh. talar svona til? Ég er sannfærð um að hæstv. forsrh. hefur ekki lesið eitt einasta af þessum tölvuskeytum vegna þess að í þeim kemur fram hvaða áhrif það getur haft á lífsafkomu þessa fólks, nái umrædd löggjöf fram að ganga. Þetta fólk lifir í

ótta og er óóruggt um starf sitt vegna yfirvofandi löggjafar. Margir sjá fyrir sér að missa lífibrauð sitt og eru kvíðnir fyrir framtíðinni.

Þetta er nú kveðjan, virðulegi forseti, sem hæstv. forsrh. sendir þessu fólki, að segja að allt fólk sem starfi hjá Baugi sé á sama máli, enginn hafi sjálfstæða skoðun og gangi raunverulega erinda eigenda sinna. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, að tala svona til fólks. Hvað segir hæstv. forsrh. við fólk sem vinnur á þeim fjölmiðlum, sem ber virðingu fyrir starfi sínu, rækir það af trúmennsku og í samræmi við siðareglur Blaðamannafélagsins, rækir starf sitt af trúmennsku gagnvart sjálfstæði fréttamiðlanna? Hæstv. forsrh. segir að það gangi erinda eigenda sinna.

Ég hjó eftir því að hæstv. forsrh. sagði líka í sama viðtali að það væri áberandi hvernig fjölmiðlar Baugs, eins og hann orðaði það, hefðu afflutt málið og væru gjörsamlega misnotaðir þegar eigendunum hentaði. Maður er eiginlega orðlaus yfir því að hæstv. forsrh., oddviti ríkisstjórnarinnar, velji orð sín með þeim hætti sem ég hef lýst. Manni finnst svo mikið offors í svona málflutningi og svo mikil vanvirða við fólk og ofbeldi gegn lýðræðinu að maður á ekki til eitt einasta orð.

Hvað eru eðlileg vinnubrögð í þessu sambandi, þegar við erum að velta fyrir okkur hvort setja þurfi löggjöf fyrir fjölmiðlana? Það er fyllilega eðlilegt að ræða um hvort slíkt eigi að gera og þá af hverju og menn skilgreini af hverju en hlaupi ekki í að setja löggjöf án þess að málið fái ítarlega umræðu í þjóðfélaginu, vandaða umræðu um stöðu og starfsemi fjölmiðla. Málið þarf að ræða ítarlega í ljósi tjáningarfrelsis og frjálsra skoðanaskipta, í ljósi ritstjórnarlegs frelsis og sjálfstæðis fréttastofa og ritstjórna, og síðast og ekki síst í ljósi gegnsæis í eignarhaldi, óæskilegrar samþjöppunar og hvort og með hvaða hætti nauðsyn er á fjölmiðlalöggjöf.

Mér finnst, virðulegi forseti, sem fyrirtækið sem þessi löggjöf beinist að geri sér fyllilega ljóst með hvaða hætti eigi að taka á þessu máli. Mér finnst þeir setja fram álit sitt og skoðun í því efni af mikilli skynsemi. Í því sambandi vil ég t.d. nefna það sem fram kemur í álitsgerðum sem við fengum afhentar í efh.- og viðskn., m.a. álitsgerð Ragnars Aðalsteinssonar og Sigríðar Rutar Júlíusdóttur um fjölmiðlafrv.

Í þeirri álitsgerð er m.a. verið að ræða hvaða lausnir eru til staðar ef menn vilji skoða þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sem dæmi má nefna reglur sem tryggja sjálfstæði ritstjórnar og óhlutdrægni í fréttaflutningi eða skyldar ráðstafanir. Þessar leiðir virðast vera heppilegri, ekki síst að teknu tilliti til eðlis fjölmiðlamarkaðarins á Íslandi þar sem eigendur fjölmiðla hafa hvað eftir annað lent í fjárhagslegum erfiðleikum. Að þessu leyti yrði það ekki heppileg lausn að setja lög í því skyni að leysa upp og sundra aðila á fjölmiðlamarkaði."

Í þeirri álitsgerð sem kemur frá Norðurljósum og er undirrituð af forsvarsmönnum fyrirtækisins fyrir hönd Norðurljósa og dótturfélaga, Sigurði G. Guðjónssyni og Skarphéðni Berg Steinarssyni, kemur fram, með leyfi forseta:

„Í fjölmiðlafyrirtæki er brýnt að varðveita sjálfstæði ritstjórna og tekjuöflunar með sölu áskrifta eða auglýsinga. Var það skoðun nýrra eigenda Norðurljósa að það væri best gert með því að hver hluti væri sjálfstæður en ætti viðskipti sín á milli með hefðbundnum hætti eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þannig voru ritstjórnir blaðanna og fréttastofa ljósvaka ekki sameinaðar né heldur auglýsingasöludeildir."

Maður veltir fyrir sér, virðulegi forseti, af hverju ekki var hægt að ráðast í þetta verkefni, að skoða stöðu og starfsemi fjölmiðla á markaðnum og nálgast viðfangsefnið með eðlilegum hætti. Af hverju liggur svona mikið á? Er það virkilega svo að hæstv. forsrh. sé þetta svo mikið í mun að eitt af síðustu verkefnum hans í stóli forsrh. verði að fótumtroða lýðræðið og standa að lagasetningu sem er skraddarasaumuð til að ganga frá einu fyrirtæki? Breytingartillögurnar, virðulegi forseti, herða enn þar á svo enginn getur velkst í vafa um að frv. er sérsniðið um eitt fyrirtæki, skraddarasaumað kringum eitt fyrirtæki til að þrengja að athafnafrelsi þess. Á árum áður hefði þurft að spyrja tvisvar að því hvort sjálfstæðismenn ætluðu að standa að slíkri löggjöf.

En hæstv. forsrh. hefur ekki getað leynt þeirri bræði sinni sem hann virðist vera uppfullur af gagnvart þessu fyrirtæki og með góðu eða illu skal þetta frumvarp fara í gegn til þess að hægt sé að knésetja það.

Ég velti aftur fyrir mér, virðulegi forseti, hvers vegna ríkisstjórnin sem hefur nú setið frá árinu 1995 hafi ekki haft svona miklar áhyggjur af samþjöppun í íslensku atvinnulífi fyrr. Ég vil vitna til þess að á árinu 1994 gaf Samkeppnisstofnun út rit um stjórnar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.

Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„4. Merki eru um að í atvinnulífinu myndist „blokkir" fyrirtækja þar sem fyrirtæki í „blokk„ tengjast eigna- og stjórnunarlega.

Stærstu fyrirtækin á sviði trygginga, olíuverslunar, flutninga, útflutnings sjávarfangs og ferðaþjónustu tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi og stjórnunartengsl eru einnig mikil þar sem sömu aðilar sitja í stjórnum þessara fyrirtækja og veita þeim forustu."

En í þessu máli virðist vera að sérhagsmunir skulu hafðir í forgrunni en almannahagsmunir víkja.

Ég hef satt að segja mikið velt fyrir mér markmiði þessa frumvarps sem sagt er vera að auka fjölbreytni og lýðræðislega umræðu. Nú hefur fjölbreytni aldrei verið meiri á fjölmiðlamarkaðnum en nú. Við erum með þrjú öflug dagblöð í stað þess risaveldis sem Morgunblaðið var á markaðnum þegar það var að mestu einrátt áður. Og maður spyr: Þegar við erum núna með þrjú öflug dagblöð, er það ekki fjölbreytni? Ég minnist þess ekki að maður hafi heyrt hósta eða stunu frá stjórnarflokkunum um að einhver fábreytni ríkti á markaðnum eða að sérstaka fjölmiðlalöggjöf hafi þurft þegar Morgunblaðið var að mestu einrátt á markaðnum.

Við erum líka núna með þrjár öflugar sjónvarpsstöðvar. Netið er sífellt að auka fjölbreytni í skoðanaskiptum og lýðræðislegri umræðu. Tímaritamarkaðurinn er mjög öflugur. Svo mætti lengi telja.

Virðulegi forseti. Mig langar að líta aðeins á umsögn Samkeppnisstofnunar sem aðeins hefur verið vitnað til í kvöld. Það er ekki skrýtið vegna þess að umsögnin er mjög athyglisverð. Ég er viss um að menn eiga lengi eftir að vitna til þessarar umsagnar vegna þess að hún tekur mjög faglega á málinu og ástæða er til þess að fara ítarlega yfir hana þegar við fjöllum um þetta mál.

Ég vil fyrst segja að það er athyglisvert að þegar Baugur keypti Norðurljós var það tilkynnt til Samkeppnisstofnunar og málið er þar til skoðunar. En samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna Samkeppnisstofnunar telja þeir að þessi kaup Baugs á Norðurljósum hafi engin áhrif á fjölmiðlamarkaðinn heldur er fyrst og fremst á vegum Samkeppnisstofnun-

ar verið að skoða samruna Skífunnar og BT og verið að skoða samkeppnisleg áhrif á afþreyingariðnaðinn en ekki fjölmiðlamarkaðinn. Það er líka nauðsynlegt að benda á það sem Samkeppnisstofnun segir um bann við að fyrirtæki tengdu útgefanda dagblaðs sé veitt útvarpsleyfi. Þar ætla ég að vitna til þess sem Samkeppnisstofnun segir í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Í frv. eru ekki settar skorður við því að fyrirtæki eigi eða eignist hlut í dagblaði og gilda því almenn samrunaákvæði samkeppnislaga um slíkt eignarhald og umfang þess. Í frv. er hins vegar algjörlega tekið fyrir það að fyrirtæki sem á eða eignast einhvern hlut í dagblaði geti átt hlut í fyrirtæki sem hefur útvarpsleyfi. Samkeppnisstofnun fær ekki séð að svo afdráttarlaus aðgreining eignarhalds á útgáfu dagblaðs annars vegar og fyrirtækis með útvarpsleyfi hins vegar sé nauðsynleg til að tryggja markmið frv. Ná megi markmiðinu með vægari hömlum svo sem því að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem lýtur virkum yfirráðum aðila sem hefur (hafa) jafnframt virk yfirráð í útgefanda dagblaðs. Með óbreyttu orðalagi felast í ákvæði frv. aðgangshindranir að markaði sem að mati Samkeppnisstofnunar fara gegn markmiði samkeppnislaga."

Það er alveg skýrt hjá Samkeppnisstofnun að þeir telja að í ákvæði frumvarpsins um bann við að fyrirtæki tengt útgefanda dagblaðs sé veitt útvarpsleyfi felist með óbreyttu orðalagi aðgangshindranir að markaði sem að mati Samkeppnisstofnunar fara gegn markmiði samkeppnislaga. Þetta er alveg skýrt. Svona tekur Samkeppnisstofnun hvern þáttinn á fætur öðrum og fer yfir það hvernig þetta gengur gegn samkeppnislögum.

Samkeppnisstofnun ræðir nokkuð um það sem ég ræddi áðan, þ.e. fjölbreytnina sem sett er fram sem eitt meginmarkmið frumvarpsins.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun fær ekki séð að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til þess til að tryggja markmið frv. um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlun. Jafnvel má leiða að því líkur að ákvæðið stuðli frekar að einsleitni í eignarhaldi þar eð þeim fyrirtækjum kann að fækka að óþörfu, miðað við tilgang frv., sem þátt geta tekið í eignarhaldi og þar með rekstri fjölmiðla. Þannig fæst ekki séð hvernig það getur takmarkað fjölbreytni og aukið samþjöppun að markaðsráðandi fyrirtæki taki þátt í því að stofna nýjan fjölmiðil. Ekki fæst heldur séð að það geti takmarkað fjölbreytni að markaðsráðandi fyrirtæki styrki með eignarhlut sínum möguleika lítils fjölmiðils að keppa við stærri fyrirtæki, m.a. þau sem njóta ríkisaðstoðar eða eru í markaðsráðandi stöðu. Þvert á móti eru slíkar aðgerðir til þess fallnar að auka fjölbreytni og draga úr samþjöppun. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að ákvæði samkeppnislaga leggja bann við hvers konar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppnislög eiga því að koma í veg fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri nýti styrk sinn með óeðlilegum hætti á fjölmiðlamarkaði.

Umrætt ákvæði virðist byggja á þeirri forsendu að það sé í eðli sínu óæskilegt að markaðsráðandi fyrirtæki komi að rekstri útvarpsfyrirtækja. Ekki er fullkomlega ljóst á hvaða grunni þetta er talið óheppilegt. Eins og leiðir af framangreindu getur aðkoma markaðsráðandi fyrirtækja að fjölmiðlarekstri bæði aukið fjölbreytni og minnkað samþjöppun. Ef ástæða þessa ákvæðis er sú að hætta sé talin á því að markaðsráðandi fyrirtæki hafi of mikil áhrif á umhverfi sitt með rekstri hljóðvarps eða sjónvarps hefði verið heppilegra að mati Samkeppnisstofnunar að takmarka ákvæðið við eignarhlut í markaðsráðandi útvarpsfyrirtæki eða fyrirtæki sem hefur verulegt áhorf eða hlustun. Engin sérstök samfélagsleg áhrif leiða af eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækis í útvarpsfyrirtæki sem slíku heldur leiða áhrifin, ef einhver eru, af stöðu viðkomandi fjölmiðils á markaðnum."

Þarna finnst mér nú Samkeppnisstofnun hreinlega taka ríkisstjórnina í nefið og þar með talinn Framsóknarflokkinn og alla framsóknarmenn. Hér er verið að hnekkja afstöðu þeirra sem hefur komið fram, þessu tali þeirra um fjölbreytni og komist að allt annarri niðurstöðu. Hér erum við að tala um faglega stofnun sem gerst þekkir til að því er varðar samþjöppun og markaðsráðandi fyrirtæki. Mér finnst því þessi kafli sem ég var hér að lesa mjög mikilvægt innlegg í umræðuna. Ég held að það sé nauðsynlegt að halda honum til haga og skora á stjórnarliða, ekki síst þá ungu upprennandi menn sem komu núna nýir inn á þetta þing en virðast bara ætla að kokgleypa allt sem að þeim er rétt af þeirra forustumönnum, að þeir lesi nú vel þennan kafla í umsögn Samkeppnisstofnunar.

Hér segir alveg skýrt, með leyfi forseta:

„Þannig fæst ekki séð hvernig það getur takmarkað fjölbreytni og aukið samþjöppun að markaðsráðandi fyrirtæki taki þátt í því að stofna nýjan fjölmiðil. Ekki fæst heldur séð að það geti takmarkað fjölbreytni að markaðsráðandi fyrirtæki styrki með eignarhlut sínum möguleika lítils fjölmiðils að keppa við stærri fyrirtæki, m.a. þau sem njóta ríkisaðstoðar eða eru í markaðsráðandi stöðu."

Þannig væri hægt að halda áfram, virðulegi forseti. Það er alveg skýrt hvernig Samkeppnisstofnun lítur á þennan mikilvæga þátt málsins.

Ég vil þá víkja að því sem fram kemur í umsögn Sigurðar Líndals. Hann víkur líka að fjölbreytni fjölmiðla. Í umsögn hans ber einn kafli yfirskriftina: Tryggja takmarkanir á eignarhaldi fjölbreytni fjölmiðla á Íslandi?

Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Þegar tekin er afstaða til reglna sem takmarka eiga eignarhald á fjölmiðlum verður að hafa í huga að mjög strangar takmarkanir henta illa hér á landi vegna þess hversu smár markaðurinn er og málsvæðið lítið. Allur samanburður við margfalt fjölmennari ríki um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því villandi. Fjölmiðlanefnd hefur vakið athygli á þessu í skýrslu sinni og bent á að ótilhlýðilegar skorður raski rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja; þess verði að gæta að reglur hamli ekki svo að þær vinni gegn þeim hagsmunum sem vernda á með því að fyrirtæki verði ekki svo lítil að þau fái ekki þrifist. Slíkar reglur geti unnið gegn því markmiði, að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum. Þá verði að tryggja íslenskum fyrirtækjum aðstæður til að þrífast og jafnframt bent á, að því öflugri sem innlend fyrirtæki séu því minni hætta sé á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila og því líklegra sé að þau hafi burði til að standa undir innlendri dagskrárgerð."

Maður óttast það einmitt að hér sé verið að stefna inn í fábreyttara umhverfi að því er varðar dagskrárgerð í fjölmiðlum og það er einu sinni svo, virðulegi forseti, eins og við þekkjum að fjárskortur hefur háð því að hægt sé að efla hér innlenda dagskrárgerð og það kemur einmitt fram í umsögn frá Sigurði Líndal.

Áfram segir Sigurður Líndal, með leyfi forseta:

„Þetta skipti máli um eflingu innlendrar menningar til mótvægis gegn erlendri fjöldamenningu sem nú þegar sé mjög áberandi, einkum í sjónvarpi.

Því hefur verið haldið fram að hvergi í nálægum löndum sé viðlíka samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og hér á landi. En hér er verið að stilla upp ósambærilegum hlutum. Við Íslendingar erum í alþjóðlegri samkeppni, þurfum að verja menningararfleifð okkar, hlú að henni og sækja fram á grundvelli hennar. Eins og fjölmiðlanefnd bendir á verða íslensk fjölmiðlafyrirtæki að vera tiltölulega stór á innlendan mælikvarða og því fylgir óhjákvæmilega nokkur samþjöppun og hún reisir einnig skorður við fjölda slíkra fyrirtækja. Þá verður að hafa í huga að lítil og veikburða fjölmiðlafyrirtæki eru miklu líklegri til að verða leiksoppar hagsmunaafla en þau sem stærri eru og standa styrkum fótum fjárhagslega.

Þegar þetta er haft í huga hlýtur það að vera nokkurt álitamál hvort fortakslaust eigi að vera óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem hefur annan rekstur en fjölmiðlarekstur að meginmarkmiði, ...“

Síðan kemur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan af því sem hér hefur verið rakið er sú, mjög ólíklegt sé að með framangreindum reglum verði því yfirlýsta markmiði náð, að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, þannig að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum og þær séu vænlegar til að tryggja skoðana- og tjáningarfrelsi, en að því verður nánar vikið hér á eftir.“

Það er einmitt athyglisvert að Sigurður Líndal er í hópi þeirra fjölmörgu sem telja að þetta frumvarp gangi gegn stjórnarskránni, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarréttarákvæðum og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Það kom einmitt fram í kvöld í útvarpsþættinum Speglinum að Sigurður Líndal telur að líkur séu á því, þrátt fyrir þær breytingar sem meiri hlutinn hefur gert á frumvarpinu, að engu að síður brjóti ákvæðin í frumvarpinu enn í bága við stjórnarskrána.

Virðulegi forseti. Margt af því sem kemur fram í umsögn Verslunaráðs Íslands vakti mjög athygli mína. Ég tel nú ekki oft ástæðu til að draga sérstaklega upp úr pússi mínu þegar við erum að fjalla hér um hin ýmsu mál umsagnir frá Verslunarráði Íslands. En í þessu tilviki get ég tekið undir margt sem þar kemur fram. Vil ég fá að vitna til þess. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Markmið frumvarpsins er að tryggja fjölbreytta og sjálfstæða fjölmiðla. Sú leið sem valin er felst í því að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með ýmsum hætti. Verslunarráð dregur í efa að ofangreint frumvarp sé til þess fallið að ná markmiðum sínum.

Verslunarráð telur að fjölmiðlafyrirtæki lúti samkeppnisreglum eins og önnur fyrirtæki. Verslunarráð furðar sig á því að eftir síauknar heimildir samkeppnisyfirvalda og ítarlegri samkeppnisreglur þá telji menn nú að þær almennu samkeppnisreglur nái ekki til fyrirtækja í fjölmiðlun.

Verslunarráð telur að með frumvarpinu sé gengið miklu mun lengra en nauðsynlegt er telji menn brýnt að kveða á um eignarhald á fjölmiðlum í löggjöf.“

Þar höfum við það hvorki meira né minna en frá Verslunarráði Íslands. Þeir telja að hér sé gengið miklu lengra en eðlilegt er ef menn telji brýnt að kveða á um eignarhald í fjölmiðlum í löggjöf.

Þeir segja síðar í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Íslensk fyrirtæki hafa svo áratugum skiptir verið mikilvæg kjölfesta fjölmiðlunar hérlendis á markaði sem hefur einkennst af meiri ríkisumsvifum en í flestum nágrannalöndum okkar. Verslunarráð telur ekki að fjölbreytni útvarps og sjónvarps stafi ógn af eignarhaldi fyrirtækja í annars konar rekstri. Þvert á móti mætti ætla að aðkoma fyrirtækja á ýmsum sviðum að fjölmiðlun gæti leitt til meiri fjölbreytni.“

Þeir fara svo yfir fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu og segja, með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur ekki rétt að meina fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu þátttöku í útvarpsrekstri. Þrátt fyrir umtalsverð ríkisumsvif og algera fjárhagslega yfirburði ríkisstöðvanna hefur mikil gróska verið í einkafjölmiðlum og vel á annan tug öflugra fyrirtækja hafa lagt fé í þá. Verði nýtt frumvarp að lögum verður flestum þessara fyrirtækja gert erfitt að fjárfesta í starfsemi af þessu tagi vegna markaðshlutdeildar sinnar á öðrum sviðum. Á eins litlum markaði og sá íslenski er liggur ljóst fyrir að fjölmörg fyrirtæki geta talist markaðsráðandi á sínum sviðum, jafnvel lítil fyrirtæki.“

Það væri nú hægt að fara yfir meira í umsögninni en niðurstaða þeirra er þessi, með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur að upplýsingar um afleiðingar frumvarpsins séu ófullnægjandi, bæði hvað varðar fyrirkomulag á fjölmiðlamarkaðinum og einnig hvað snertir hugsanlega skaðabótakröfu núverandi fjölmiðlafyrirtækja á hendur ríkinu.“

Það er full ástæða til þess að ræða skaðabótakröfuna á hendur ríkinu sem stjórnarliðar virðast vera alveg óttalausir um að þeir fái á sig. En ég er hrædd um að því miður geti það farið svo að íslenska ríkið muni fá á sig skaðabótakröfu ef þeir ætla að halda sínu striki og lögfesta þetta frumvarp. Vil ég geta þess að forráðamenn Norðurljósa sem komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar töldu að tjón hluthafa og hugsanlegar skaðabótakröfur sem settar yrðu fram fyrir dómstólunum verði á bilinu 2,5–3 milljarðar króna.

Það má nú nokkuð gera fyrir þá fjárhæð, virðulegi forseti, fyrir ýmsa hópa í þjóðfélaginu sem hafa verið skildir eftir í tíð núverandi ríkisstjórnar, fyrir 2,5–3 milljarða. Getum við átt von á því að skattgreiðendur þurfi að súpa seyðið af því að dómstólar dæmi íslenska ríkið til skaðabótakröfu upp á 2,5–3 milljarða króna?

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram í dag er mjög athyglisvert að þeir lögfræðingar sem hafa fjallað um þetta mál, annars vegar þeir sem hafa fjallað um málið fyrir Norðurljós og hins vegar lögfræðingar eins og Sigurður Líndal og fleiri mætti nefna, Einar Pál Tamimi til dæmis sem er forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, komast að mjög sambærilegum niðurstöðum varðandi það hvernig með þessu ákvæði er gengið gegn stjórnarskránni, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarréttarákvæði hennar og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Síðan hef ég farið yfir hvernig gengið er gegn samkeppnislögum og á eftir að koma inn á það nánar í máli mínu, af því að ég hef aðeins að hluta til farið yfir umsögn Samkeppnisstofnunar. Síðan er líklegt að reglur ESB og EES-réttar um staðfesturétt og um þjónustufrelsi og frjálst flæði fjármagns sé brotið. Þessir lögfræðingar kvarta einmitt yfir því að lítill tími hafi gefist til þess að kanna það og vildi ég aðeins fara yfir þessa þætti vegna þess að það er auðvitað mjög mikilvægt að löggjafarþingið geri sér grein fyrir því þegar hætta er á að verið sé að brjóta stjórnarskrána. Ábyrgð löggjafarþingsins er afar mikil í því máli að ganga úr skugga

um það eins og kostur er að svo sé ekki. En því miður hefur ekki gefist neinn tími til þess vegna offors stjórnvalda við að keyra þetta mál í gegn.

Virðulegi forseti. Ég ætla fyrst að hlaupa á niðurstöðunni sem kemur fram í skýrslunni frá Norðurljósum og þeirra lögfræðinga sem þar skoðuðu málið.

Þar er niðurstaðan, með leyfi forseta:

1. Verulega skortir á að undirbúningur fyrirhugaðrar lagasetningar geti talist fullnægjandi ...

2. Efni frumvarpsins er sértækt, þ. e. lagasetningin lýtur aðeins að starfsemi eins fyrirtækis þótt orðalag frumvarpsins sé almennt.

3. Reglur frumvarpsins ganga miklu lengra en annars staðar þekkist og fela í sér mun harðari tök opinberra aðila á viðkomandi markaði en nauðsynlegt getur talist til að ná þeim markmiðum með lagasetningunni sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu.

4. Efni frumvarpsins er andstætt meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar um að ekki skuli með almennri lagasetningu gengið lengra í skerðingu stjórnarskrárvarinna réttinda en hægt sé að komast af með til að ná lögmætu markmiði.

5. Efni frumvarpsins brýtur gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

6. Efni frumvarpsins felur í sér afturvirka skerðingu á eignarréttindum sem brýtur gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

7. Efni frumvarpsins brýtur gegn ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og vernd þess, sbr. einnig 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

8. Efni frumvarpsins er ósamþýðanlegt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993."

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, að þetta kemur nokkuð vel heim og saman við það sem Sigurður Líndal setur fram. Í fyrsta lagi er þar talað um að ákvæði frumvarpsins kunni að fara í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er vísað í tjáningarfrelsisákvæðið sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Svo segir, með leyfi forseta:

„Í öllum mannréttindaskrám er lögð mikil áhersla á vernd tjáningarfrelsis, þannig að allar takmarkanir ber að túlka þröngt og gjalda varhuga við hverju einu sem setur því skorður, þar á meðal fjárhagslegar."

Í þessari umsögn Sigurðar Líndals segir einnig, með leyfi forseta:

„Einnig kemur til álita hvort ekki sé með ákvæðum frumvarpsins þrengt að atvinnufrelsi umfram það sem heimilað er í 75. gr. stjórnarskrárinnar, ..."

Síðan segir einnig hér, með leyfi forseta:

„Hér má einnig huga að 72. gr. um friðhelgi eignarréttar þar sem lagðar eru víðtækar hömlur á rétt manna til að ráðstafa eignum sínum, sem er ein meginheimild eignarréttarins."

Síðan er sagt að gefa þurfi sérstakan gaum að ákvæði til bráðabirgða þar sem verið gæti um afturvirkni að ræða og farið ítarlega út í það, virðulegi forseti. Skal ég ekki tefja tíma þingsins þegar svona áliðið er nætur að fara ítarlega yfir það en mun gera það í síðari ræðu minni.

Ég vil þó nefna það sem mér finnst athyglisvert varðandi þennan þátt máls því í umsögn Sigurðar Líndals segir, með leyfi forseta:

„Þar er niðurstaðan sú að atvinnuréttindi manna njóti verndar sem eignarréttindi eða eignarréttarígildi. Sérstaklega er tekið fram að lögmætar væntingar þess sem hefur leyfi til atvinnustarfsemi njóti verndar 1. gr. viðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Leyfishafi megi gera ráð fyrir, að sér sé almennt heimil starfsemi sín til frambúðar sér til efnahagslegs ávinnings. Þessi réttindi njóti þó takmarkaðri verndar en hefðbundin eignarréttindi. Eignarréttindi megi skerða ef það sé til almannaheilla, enda sé gætt hæfilegs jafnvægis milli einstaklingshagsmuna og almannahagsmuna, sanngjarnt jafnvægi sé milli tilgangs og meðals, nánar tiltekið að meðalhófs sé gætt, þannig að ekki sé gengið lengra en þörf krefur hverju sinni."

Síðan segir loks, með leyfi forseta:

„Í stuttu máli það öryggi í atvinnustarfsemi sem bundið er við réttmætar væntingar nýtur stjórnskipulegrar verndar sem eignarréttindi. Þessu raskar bráðabirgðaákvæðið og fer þannig í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar."

Ég man satt að segja ekki, virðulegur forseti, eftir því að hafa lesið slík lögfræðileg álit og umsagnir þar sem um svona mikil brot er að ræða á lögum og þjóðréttarlegum skuldbindingum eins og fram kemur í þeim lögfræðiálitum sem ég hef verið að vísa í.

Í dag hefur líka verið vísað í álit Einars Páls Tamimi, forstöðumanns Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík. Þar er eins og hjá öðrum kvartað yfir því að það hafi verið mjög lítill tími til þess að fara yfir þessi álitaefni og þar er vísað til þess, virðulegi forseti, að þær reglur sem helst komi til álita séu reglur ESB og EES-réttar um staðfesturétt og um þjónustufrelsi auk reglna um frjálst flæði fjármagns og reglur um grundvallarréttindi eins og tjáningarfrelsi, eignarrétt auk reglna um lögfræðilega vissu og afturvirkni.

Hér segir, og er ég hér að vitna, virðulegi forseti, í frétt um þetta mál í DV, með leyfi forseta:

„Áreiðanleikastig niðurstöðunnar er vissulega í samræmi við þann stutta fyrirvara sem stofnunin hefur haft til að skoða málið en það er engu að síður mat hennar að tvímælis geti orkað frá sjónarhóli EES-skuldbindinga Íslands að lögtaka frumvarpið án frekari skoðunar á þessum atriðum."

Hér eru svo sterkar vísbendingar, virðulegi forseti, um að það sé verið að margbrjóta stjórnarskrána, að verið sé að ganga gegn samkeppnislögum, eins og ég hef vitnað til, líklegt að reglur ESB og EES-réttar um staðfesturétt og um þjónustufrelsi og frjálsræði fjármagns sé brotið að það er með ólíkindum að stjórnarliðar skuli treysta sér til þess að afgreiða frv. frá sér án þess að málið fái betri skoðun en raun ber vitni, ekki síst í ljósi þess að ekkert liggur á að afgreiða það eins og ítarlega hefur komið fram, enda tvö ár í það að lögin eigi að taka gildi. Frekar vill ríkisstjórnin og stjórnarliðar taka þá áhættu fyrir íslenska ríkið og skattgreiðendur að íslenska ríkið fái á sig skaðabætur sem geta skipt milljörðum króna. Það hefði engu breytt þótt málið hefði verið látið liggja í sumar, það hefði fengið ítarlega og vandaða skoðun, það hefði farið í lagalega skoðun og skoðun hjá Evrópuréttinum þannig að menn hefðu gengið úr skugga um að þeir væru ekki að margbrjóta stjórnarskrána eins og

sterkur rökstuðningur hnígur að hjá þeim sem um það hafa fjallað og ég hér nefndi.

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, þegar stjórnarliðar bera fyrir sig, sem er nokkuð langsótt, þjóðréttarlegar skuldbindingar að því er varðar þessa löggjöf, en þeir telja sig aldrei þurfa að bera fyrir sig þjóðréttarlegar skuldbindingar þegar kemur að fjármálum flokkanna. Full ástæða er til að nefna það í þessu sambandi þegar verið er að ræða um þjóðréttarlegar skuldbindingar, virðulegi forseti, vegna þess að því er minna haldið á lofti af þeim ágætu herrum að samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum verður ekki lengur hjá því komist að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Það mega forsvarsmenn þeirra greinilega ekki heyra, en lög og reglur eða alþjóðlegar skuldbindingar virðast engu breyta þar um vegna þess að menn eru staðráðnir í því að það liggi ekki mikið á að setja lög um fjármál stjórnmálaflokkanna þrátt fyrir tilmæli til íslenskra stjórnvalda frá nefnd á vegum Evrópuráðsins, sem vinnur gegn spillingu, um að lög verði sett um fjárstuðning við stjórnmálaflokka. Þau eru virt að vettugi. Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna er skorað á aðildarríki að tryggja gegnsæi í fjárreiðum stjórnmálaflokka, í ráðherrayfirlýsingu Evrópuráðsins kemur fram að fjármál flokka eigi að vera opinber, sérstaklega framlög yfir tiltekið lágmark. En það er bara eins og oddviti ríkisstjórnarinnar setji undir sig hausinn og vilji engin lög um gegnsæi í fjármálum flokkanna. Auðvitað er það svo að fólk spyr þá hvort menn hafi eitthvað að fela, hvort fjármál stjórnmálaflokkanna þoli ekki dagsins ljós þegar menn draga alltaf lappirnar í því að setja lög að því er varðar fjármál flokkanna.

Ég vil aðeins gera að umræðuefni starfsöryggi þeirra sem vinna hjá Norðurljósum, sem þessi löggjöf beinist að, en það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að starfsöryggi hundruð einstaklinga og fjölskyldna er stefnt í voða með lagasetningunni. Ég tók því miður ekki með mér tölvupóst í stólinn sem ég var búin að taka saman svo tugum skipti frá fólki á fjölmiðlum sem bæði gagnrýnir mjög vinnubrögð stjórnvalda og hefur áhyggjur og ótta af afkomu sinni og fjölskyldna sinna verði frv. að lögum. Það hefði verið full ástæða til þess, virðulegi forseti, og það getur vel verið að ég geri það síðar í umræðunni, að fara ítarlega yfir þann tölvupóst sem skiptir orðið tugum frá því fólki sem býr við þetta óöryggi nú vegna áforma ríkisstjórnarinnar.

Starfsfólkið hefur vissulega ástæðu til að óttast um starfsöryggi sitt, enda lýstu fulltrúar Norðurljósa því yfir á fundi með efh.- og viðskn. að yrði frv. að lögum gæti það leitt til gjaldþrots fyrirtækisins. Það er auðvitað alveg ljóst, herra forseti, að ábyrgð stjórnvalda er mikil í þessu efni þegar litið er m.a. til starfsöryggis hundruð einstaklinga sem búa nú þessa dagana og þessar klukkustundirnar við mikla óvissu um afkomu sína og fjölskyldna sinna. Eitt er víst að ekki vinnur það með fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, heldur gegn því af því að þá fækkar svo um munar fjölmiðlum á markaðnum.

En ég er komin, virðulegi forseti, að þeim kafla í ræðu minni sem lýtur að umfjöllun efh.- og viðskn. um málið, en eins og við höfum farið yfir í dag vantar enn álit frá efh.- og viðskn. og ég veit ekki hvort okkur auðnast á fundi efh.- og viðskn. í fyrramálið, eftir fimm klukkustundir eða svo, að ganga frá því nefndaráliti. Á fund efh.- og viðskn. komu fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, frá Verslunarráði, forstöðumenn Norðurljósa, fulltrúi frá Verðbréfastofu og Samkeppnisstofnun, en fulltrúa frá Landsbanka Íslands vantaði. Við í minni hlutanum höfum óskað eftir að fá þann fulltrúa á okkar fund en væntanlega kemur hann á fund efh.- og viðskn. á morgun. En ég vil koma nokkuð inn á það í ræðu minni hvers vegna við teljum nauðsynlegt að fá fulltrúa Landsbankans á fund efh.- og viðskn. til að fjalla um málið.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi sjaldan upplifað aðrar eins ákúrur og meiri hlutinn fékk frá gestum á fundi efh.- og viðskn. enda sátu meirihlutafulltrúar mjög beygðir yfir þeirri umræðu. Ég er þeirrar skoðunar og leyfi mér að láta hana í ljós að margir í meiri hlutanum séu ekki öfundsverðir og þeir séu raunverulega beygðir af forustumönnum flokka sinna til þess að fylgja því til enda að gera frv. að lögum, og er það miður að það skuli bara einn í hópi stjórnarliða standa í lappirnar í málinu og fara að eigin sannfæringu og greiða atkvæði samkvæmt því, en ég er viss um að það eru margir og stór hluti þingmanna, ef ég þekki þá rétt, sem hefðu gjarnan viljað fylla hóp okkar í stjórnarandstöðunni og greiða atkvæði gegn frv.

Það er alveg ljóst eftir því sem við höfum getað fjallað um málið í efh.- og viðskn. að verið er að bregða fæti fyrir atvinnufrelsi í fjölmiðlum á alvarlegan hátt og setja miklar hömlur og takmarkanir á reksturinn. Ég vil nefna sem dæmi að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja benda á að lögfesting frv. muni valda því að ekki verði hægt að skrá hérlend fjölmiðlafyrirtæki í Kauphöll Íslands, og það er nokkuð alvarlegt sem ég ætla að koma inn á í máli mínu, en það er gert að skilyrði fyrir opinberri skráningu að viðskipti með verðbréf séu án takmarkana. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja nefna að sum skilyrði fyrir útvarpsleyfi sem sett eru í frv. séu það erfið að meta að óframkvæmanlegt yrði fyrir Kauphöllina að hafa eftirlit með þeim.

Ég ætla að fara aðeins í þá ágætu skýrslu frá Norðurljósum sem við fengum á fundi efh.- og viðskn. þar sem farið er inn á það efni sem ég nefndi að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja bentu okkur á hvaða afleiðingar það hefði í för með sér ef frv. yrði lögfest. Í þeirri skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Flestir fjölmiðlar sem hafa verið settir á stofn undanfarin ár hafa verið veikburða í rekstri sínum og oftar en ekki orðið gjaldþrota. Þetta er þó varla lögmál enda má sjá af rekstri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, að ef traustir hluthafar eru bakhjarlar rekstursins getur hann gengið svo áratugum skiptir. Það var í ljósi þess sem núverandi eigendur Norðurljósa komu að rekstri Fréttar ehf. fyrir um einu og hálfu ári síðan og að rekstri Íslenska útvarpsfélagsins fyrir um hálfu ári síðan. Viðskiptahugmyndin var sú að forða félögunum frá gjaldþroti, endurfjármagna rekstur þeirra og koma rekstrinum svo í hendur nýrra eigenda með skráningu í Kauphöll Íslands. Með samstarfi við lánadrottna Norðurljósa var þessum hugmyndum komið í framkvæmd. Allir lögðu sitt af mörkum. Nýir hluthafar í Norðurljósum lögðu fram einn milljarð króna í reiðufé, sem nýtt hlutafé, og fjármálastofnanir endursömdu um lán félagsins sem öll voru í vanskilum frá miðju ári 2003. Gert var ráð fyrir að skrá félagið í Kauphöll Íslands á næsta ári og að núverandi hluthafar myndu þá minnka hlutaeign sína eða hverfa alveg úr hluthafahópi félagsins."

Mér finnst athyglisvert að halda þessu til haga af því að ég veit ekki hvort stjórnarliðar í því hasti sem hér er við að afgreiða málið hafa yfirleitt gefið sér tíma til þess að fara yfir þessa skýrslu Norðurljósa sem er ákaflega mikilvægt innlegg inn í umræðuna og mjög fróðleg á allra handa máta

og raunverulega skyldulesning fyrir þingmenn áður en þeir greiða atkvæði að fara í gegnum þetta álit Norðurljósa sem nokkrir lögfræðingar hafa unnið fyrir fyrirtækið. Þeir segja sem sagt að gert hafi verið ráð fyrir að skrá félagið í Kauphöll Íslands á næsta ári og að núverandi hluthafar mundu þá minnka hlutaeign sína og hverfa alveg úr hlutahafahóp félagsins. Þetta er mjög athyglisvert. Verið er að setja lög á þetta félag m.a. af því að það eru óæskilegir eigendur að því.

Síðan kemur fram varðandi Kauphöllina og skráningu fyrirtækisins þar, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Stærsta hagræðið af uppbyggingu félagsins var hins vegar að hafa breiddina og stærðina til að gera félagið skráningarhæft í kauphöll. Það er öllum ljóst að til að hægt sé að skrá fyrirtæki í kauphöll þarf það að vera yfir ákveðnum stærðarmörkum að rekstrarumfangi og hafa stöðugleika. Þannig væri fyrirtæki sem eingöngu væri í ljósvakarekstri eða eingöngu í dagblaðaútgáfu ekki skráningarhæft sökum einhæfni og smæðar. Saman gæti það hins vegar gengið og með Skífunni sem þriðju stoð væri markmiðinu náð þó það síðastnefnda ætti að öðru leyti lítið skylt við fjölmiðla."

Þetta kemur heim og saman við það sem fram kom hjá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Þau segja, með leyfi forseta:

„SBV vilja vekja athygli á því að svo virðist sem lögfesting frumvarpsins að óbreyttu mundi valda því að ekki verði hægt að skrá hérlend fjölmiðlafyrirtæki í Kauphöll Íslands," — þeir telja afleiðingarnar hinar sömu og ég vitnaði til í greinargerð Norðurljósa — „sbr. 17. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 434/1999, um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, en þar er gert að skilyrði fyrir opinberri skráningu að viðskipti með verðbréf séu án takmarkana. Sum skilyrði fyrir útvarpsleyfi sem sett eru í 1. gr. frumvarpsins er það erfitt að meta að óframkvæmanlegt yrði fyrir Kauphöllina að hafa eftirlit með þeim. Sérstaklega má þar vísa til 2. málsliðar a-liðar efnismálsgreinar 1. gr., en einnig ákvæðis til bráðabirgða."

Síðar í sömu umsögn segir:

„Afdráttarlaus takmörkun á eignarhlut, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi útiloka möguleika fjölmiðlafyrirtækis á slíkri aðkomu þeirrar lánastofnunar sem það er í viðskiptum við og þannig hugsanlega koma í veg fyrir að það geti fetað sig út úr erfiðleikatímabilum. Slíkt gæti ekki einungis orðið fjölmiðlafyrirtækinu þungbært heldur einnig skaðað þá lánastofnun sem um ræðir. Því væri eðlilegt að skeyta inn í lagatextann lagatilvísun í undanþágu 22. gr. laga nr. 161/2002."

Þá er ég komin að því sem ég nefndi áðan, ástæðunni fyrir því að við teljum rétt að fá fulltrúa bankastofnana á fund Samkeppnisstofnunar. Það má benda á að Norðurljós hafa haldið því fram að 5,7 milljarða kr. skuldbindingar fyrirtækisins við eina lánastofnun muni gjaldfalla, nái þetta frv. fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég ætla að vitna til greinargerðar Norðurljósa og þess sem þeir segja um þessa skuld. Það er náttúrlega mjög alvarlegt að standa að lagasetningu sem getur haft þau áhrif að 5,7 milljarða skuldbinding við þetta eina fyrirtæki, sem þessi lagasetning beinist að, gæti gjaldfallið. Ég vitna einmitt til þess sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja segja, að afdráttarlaus takmörkun á eignarhluta, eins og frv. gerir ráð fyrir, mundi útiloka möguleika fjölmiðlafyrirtækis á slíkri aðkomu þeirra lánastofnana sem það er í viðskiptum við og þannig hugsanlega koma í veg fyrir að það geti fetað sig út úr erfiðleikatímabilum. Þannig, virðulegi forseti, er verið að setja fyrirtækinu slíkar skorður að það gæti hindrað og takmarkað eðlilegt aðgengi þeirra að lánastofnunum, sem hefur þá í för með sér að það hamlar samkeppnishæfni slíks fyrirtækis.

En Norðurljós segja um þessa 5,7 milljarða kr. skuldbindingar fyrirtækisins við lánastofnun, með leyfi forseta:

„Heildar vaxtaberandi skuldir Norðurljósa nema um 5.700 millj. kr. Eins og fyrr segir er stærstur hluta þeirra í móðurfélaginu en rekstur og eignir í dótturfélögum. Til að skipta félaginu upp þarf því að skipta skuldum móðurfélagsins á milli dótturfélaganna með einhverjum hætti. Látið hefur verið að því liggja í opinberri umræðu að undanförnu að það sé hægðarleikur. Slíkar fullyrðingar eru rangar og settar fram af þekkingarleysi. Skuldirnar eru við nokkra lánadrottna og þyrftu þeir að koma sér saman um hvernig skuldirnar mundu skiptast milli dótturfélaganna og taka þá tillit til núverandi forgangsraðar skuldanna og svo hversu álitleg þeir sjái einstök dótturfélög sem lántaka til framtíðar litið. Má í þessu sambandi nefna að í lok síðasta árs var álitið að Íslenska útvarpsfélagið væri mjög góður og traustur lántakandi, þar sem félagið hefði yfir að ráða tíðnum sem nota mætti til útvarps, sjónvarps og hljóðvarps, og engar takmarkanir væru eða hefðu verið á útgáfu útvarpsleyfa hér á landi frá því er einkarekin ljósvakamiðlun var gefin frjáls árið 1985. Með fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar ljóst að stjórnvöld eru reiðubúin til að breyta þessari mikilvægu forsendu rekstrarins með afgerandi hætti sem leiðir til þess að lánveitendur munu breyta mati sínu á útvarpsrekstri til tjóns fyrir lántaka.

Þá er þess jafnframt að geta að í flestum lánasamningum er gjaldfellingarákvæði sem snúa m.a. að því að heimilt er að gjaldfella lán ef meiri háttar breyting verður á rekstrarumhverfi, breyting verður á eignarhaldi eða til sölu eigna kemur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að breyting verði á öllum þessum þáttum og munu eigendur félagsins og starfsmenn þá eiga allt sitt undir lánveitendum um hvernig megi vinna sig út úr þeirri stöðu."

Fróðlegt væri að vita hvort stjórnarliðar hafa kynnt sér það sem fram kemur í greinargerðinni, að þeir séu með þessum áformum sínum raunverulega að setja fyrirtækinu stólinn fyrir dyrnar þannig að það geti leitt til gjaldþrots, eins og forsvarsmenn fyrirtækisins óttuðust þegar þeir komu á fund efh.- og viðskn. Það sem þeir segja kemur heim og saman við það sem fram kemur hjá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Í flestum lánasamningum er gjaldfellingarákvæði og heimilt að gjaldfella lán ef meiri háttar breytingar verða á rekstrarumhverfi eða á eignarhaldi, ef til sölu eigna kemur. Allt þetta getur komið upp og því hætta á að fyrirtækið hafi litla eða enga samningsstöðu gagnvart viðkomandi lánastofnun og að þetta lán muni gjaldfalla. Eins og fram kemur hér hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins gerir frv. ráð fyrir að breyting verði á öllum þessum þáttum sem skipta máli um það hvort gjaldfelling eigi sér stað eða ekki, hvort lánastofnunin geti beitt þessu gjaldfellingarákvæði. Frv. gerir ráð fyrir breytingu á öllum þeim þáttum sem geta haft afgerandi áhrif á það. Þá eiga eigendur félagsins og starfsmenn allt sitt undir lánveitendunum varðandi það hvernig unnið skuli úr þeirri stöðu.

Þarna er algjör óvissa á ferðinni og ekki skrýtið að við í efh.- og viðskn. höfum knúið á um að fá ýmsa aðila á okkar

fund, m.a. forsvarsmenn þessara lánastofnana, til að ganga úr skugga um hvort þessi hætta, ásamt öðrum, vofi virkilega yfir fyrirtækinu.

Þegar talið berst að fjárhagsstöðu fyrirtækisins og þeirri klemmu sem þetta ákvæði setur þessa stofnun í er vert að vitna til Sigurðar Líndals. Hann talar líka um það að frv. þrengi kosti fjölmiðla til að afla sér áhættufjár. Hann segir, með leyfi forseta, um frv.:

„Um liði 3–4 er í sjálfu sér fátt að segja. Ekkert mælir gegn því að einhver takmörk séu sett fyrir eignarhaldi eins aðila, en álitamál er hversu langt skal ganga. Hér ætti að koma til skoðunar hvort 25% markið sé of lágt og er þá sérstaklega haft í huga, hvort þessi takmörkun kunni að þrengja um of kosti fjölmiðlafyrirtækja til að afla áhættufjár."

Sigurður Líndal kemur einnig inn í þennan þátt málsins með sama hætti og þeir hjá Norðurljósum og einnig Samtök banka og verðbréfafyrirtækja.

Virðulegi forseti. Þegar hin fjármálalega staða er skoðuð kemur í ljós að hugsast gæti að skaðinn verði mikill. Ef málið gengur svo langt að forsvarsmenn Norðurljósa fari með málið fyrir dómstóla þá meta þeir sjálfir að tjón hluthafa og hugsanlegar skaðabótakröfur sem verði settar fram verði 2,5–3 milljarðar kr. Nú væri fróðlegt að vita hvort meiri hlutinn hafi eitthvað velt þessu fyrir sér, hvort í það stefni að skattgreiðendur verði látnir greiða nokkra milljarða og skaðann vegna þess offors sem ríkisstjórnin sýnir. Það er ástæða til að velta frekar fyrir sér áhrifunum af frv.

Þá ætla ég að vitna í fulltrúa Verðbréfastofu sem kom á fund nefndarinnar. Hann hélt því fram að ákvæði frv. mundu útiloka stóran hóp fjárfesta frá fjárfestingu í fjölmiðlafyrirtækjum. Hann taldi upp flesta stærstu aðilana í atvinnulífinu. Svo geta menn út af fyrir sig spurt sig hvort það sé líklegt til að auka fjölbreytni á markaði. Ljóst er að þessi ákvæði auðvelda ekki nýjum aðilum að koma inn á fjölmiðlamarkaðinn.

Ég vil vitna aftur til ágætrar umsagnar frá Samkeppnisstofnun vegna þess að hún fer líka inn á þennan þátt málsins. Hún telur ljóst að ákvæði frv. útiloki stóran hóp fjárfesta og bendir stofnunin á að ákvæði frv. taki til og hindri jafnt stór fyrirtæki og lítil og meðalstór sem teljast markaðsráðandi á viðkomandi markaði.

Ég vil líka nefna það sem fram kemur hjá Samkeppnisstofnun að þeir vísa til þess að í samkeppnisrétti sé til hugtakið „sameiginleg markaðsráðandi staða" og líta verði til þess. Þeir segja að það feli í sér að við sérstakar aðstæður þar sem ákveðin skilyrði eru til staðar á fákeppnismörkuðum geti samkeppnisyfirvöld komist að þeirri niðurstöðu að tvö eða fleiri sjálfstæð fyrirtæki séu sameiginlega í markaðsráðandi stöðu.

Samkeppnisstofnun segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt orðalagi frv. væri að mati Samkeppnisstofnunar öllum fyrirtækjum sem eru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta óheimilt að eiga hlut í fyrirtæki sem hafa útvarpsleyfi. Það kunna að vera öll stærstu fyrirtækin á þeim mörkuðum þar sem aðstæður eru með fyrrgreindum hætti.

Afdráttarlaust orðalag ákvæðisins í frv. sem útilokar úthlutun útvarpsleyfis til fyrirtækis sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta takmarkar þátttöku fjölda fyrirtækja hér á landi í útvarpsrekstri."

Nú er að vísu búið að breyta þessu og auka aðeins svigrúmið en Samkeppnisstofnun segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Tekur þessi hindrun jafnt til stórra fyrirtækja og lítilla og meðalstórra sem teljast markaðsráðandi á viðkomandi markaði. Að mati Samkeppnisstofnunar er ljóst að það getur haft jákvæð áhrif á samkeppni á fjölmiðlamarkaði ef markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri t.d. tekur þátt í stofnun nýs keppinautar í útvarpsrekstri."

Þótt meiri hlutinn hafi gert breytingar sem rýmka aðeins ákvæðin þá gætu lítil eða meðalstór fyrirtæki samt sem áður fallið utan þessara hindrana en það gafst ekki tími til þess að skoða það frekar en annað, herra forseti, sem þurfti nánari skoðunar við.

Af því að álit Samkeppnisstofnunar er til umræðu vil ég halda því til haga, meðan ég man eftir því, að Samkeppnisstofnun vekur í áliti sínu athygli á því að óbreytt mannahald hjá Samkeppnisstofnun gæti orðið til að óheppilegur dráttur verði á niðurstöðum stofnunarinnar þegar skera þarf úr um markaðsráðandi stöðu samanber ákvæði 2. gr. frv. Það vekur spurninguna um hvers vegna Samkeppnisstofnun er haldið í því fjárhagslega svelti sem raun ber vitni og við höfum ítrekað vakið athygli á. Ég minnist þess að stjórnarliðar felldu tillögu okkar í Samf. um að veita 30 millj. kr. við síðustu fjárlagagerð til að styrkja Samkeppnisstofnun. Það hefur komið fram hjá forsvarsmönnum Samkeppnisstofnunar að löng bið sé eftir því að þeir geti leyst úr þeim málum sem koma til þeirra kasta eða að stofnunin geti haft frumkvæði að því að taka til rannsóknar mál. Sú staða er komin upp að það er ekki hægt sökum fjárskorts. Ég býst við að með frv. sem við fjöllum um hér sé enn verið að auka á þau verkefni sem Samkeppnisstofnun hefur á sinni könnu.

Mér finnst ástæða til að velta fyrir mér þeirri brtt. sem fram kom frá meiri hlutanum við 2. umr. þessa máls. Ég velti fyrir mér af hverju miðað er við 5% í þeirri brtt., þ.e. þessi 5% virks eignarhluta. Ég hef heyrt fleiri velta því upp af hverju miðað er við 5%. Ég hefði haldið að þeir sem settu saman þessa brtt. hefðu horft til þess hvað segir í lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem menn hafa þó reynt að glíma við það hvað telst virkur eignarhluti og hvað ekki.

Í 2. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem tekur á því hvað virkur eignarhlutur í fjármálafyrirtæki er, segir, með leyfi forseta:

„Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis."

Hér er sem sagt miðað við 10% eignarhlut og það er kallaður virkur eignarhluti. Í 1. mgr. 28. gr. sömu laga, sem tekur á hvað teljist hámark virks eignarhluta fjármálafyrirtækis í fyrirtæki sem stunda ótengda starfsemi, segir, með leyfi forseta:

„Fjármálafyrirtæki mega ekki eiga virka eignarhluti í einstökum fyrirtækjum, sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki tengd fjármálasviði, sem nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 5. mgr. 85. gr."

En í brtt. meiri hlutans segir, með leyfi forseta:

„Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er að meira en 5% í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta."

Maður veltir fyrir sér og spyr: Af hverju þessi 5%? Af hverju er ekki miðað við skilgreiningu á virkum eignarhlut í lögum um fjármálafyrirtæki? Ég veit ekki til þess að stjórnarmeirihlutinn hafi gert nokkrar tilraunir til þess í dag að skilgreina hvers vegna miðað er við 5%. Er það virkilega svo, eins og fram kom í fjölmiðlum í dag og hér hefur verið haldið fram, að með því sé Skjá 1 komið í skjól fyrir þessum lögum? Er það virkilega svo, virðulegi forseti?

Forsvarsmenn Norðurljósa hafa bent á að brtt. séu sérsniðnar að þörfum samkeppnisaðilanna á Skjá 1 og bent á að með brtt. um að fyrirtæki með tveggja milljarða ársveltu megi eiga að hámarki 5% sé verið að tryggja Skjá 1, en Íslandsbanki á 5% í Skjá 1 og því verið að fyrirbyggja að Íslandsbanki þurfi að láta af eignaraðild sinni að þeirri sjónvarpsstöð.

Þetta er mjög sérstakt, ef brtt. eru með þeim hætti að með því sé tryggt að Íslandsbanki geti áfram átt eignarhlut sinn í Skjá 1 meðan verið er að útiloka samkeppnisaðila frá því að halda eignarhlut sínum í Norðurljósum. Þetta náttúrlega kórónar þetta mál, ef þetta er virkilega þannig að frv. sé ekki aðeins sérsniðið að einu fyrirtæki heldur og brtt., þegar það uppgötvast að það lagafrv. gæti leitt til þess að Íslandsbanki þyrfti að láta af hendi hlutdeild sína í samkeppnisaðilanum. Þá er þetta bara skraddarasaumuð brtt. til að Íslandsbanki geti haldið sínum eignarhlut í sjónvarpsstöð í samkeppni við þann miðil sem frv. sjálft beinist að. Þetta er með ólíkindum, virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvað stjórnarliðar láta bjóða sér.

Mig langar, virðulegi forseti, að fara yfir það sem fram kemur í fylgigögnum minni hluta allshn. Þar er umsögn frá Þorbirni Broddasyni sem ég staldraði við. Mér fannst hún mjög athyglisverð og hefði viljað fá meiri tíma til að skoða hana og fara yfir. Ég ætla að lesa það sem þar kemur fram, með leyfi forseta, þegar hann dregur saman niðurstöðu sína af því hvaða áhrif frv. gæti haft ef það yrði að lögum. Í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan gæti orðið sú að fátæklegra verði um að litast á vettvangi íslenskra fjölmiðla; þeir verði færri og veikari eftir en áður og starfsfólk þeirra óóruggara um sinn hag.“ — Þetta er spáin, virðulegi forseti, og er ekki bjart yfir. — „Ef ég hugsa mér að litið sé yfir sviðið svo sem ári eftir samþykkt laganna freistast ég til að grípa til klisjukenndrar samlíkingar: Uppskurðurinn heppnaðist en sjúklingurinn dó.“

Þorbjörn Broddason segir síðan í áliti sínu:

„Gjaldþrot eins eða fleiri einkarekinna fjölmiðla í kjölfar þeirrar uppstokkunar, sem frumvarpið krefst, hefur ekki endilega í för með sér eflingu þeirra miðla sem eftir lifa. Vaxandi atvinnuleysi í starfsgreininni spillir starfsanda og skapar óvissu, einnig meðal þeirra sem enn halda vinnu sinni. Vissulega getur þessi svartsýni mín orðið sér til skammar, en ég hef ekki síst í huga að nú lifa 15 einkareknar hljóðvarpsstöðvar af 41 sem stofnuð hefur verið frá árinu 1986; ekki færri en fjögur dagblöð hafa kvatt okkur á fáum árum; fjórar sjónvarpsstöðvar hafa hætt starfsemi frá 1997; allir fjölmiðlar Norðurljósasamsteypunnar römbuðu á barmi gjaldþrots til skamms tíma og Ríkisútvarpið er rekið með stöðugum halla. Loks dylst engum að Morgunblaðsmenn eiga á brattann að sækja þessi missirin.“

Samkvæmt því sem ég les hjá Þorbirni Broddasyni er ekki bjart yfir. Nú þegar verið er að útiloka að fjársterkir aðilar geti komið inn í fjölmiðlarekstur, eins og ég hef farið yfir í máli mínu og tekið er undir af Verðbréfastofu svo dæmi né nefnt, þá blasir ekki við að frv. verði til að efla fjölmiðlastarfsemi í landinu. Það mun ekki efla íslenska dagskrárgerð ef á að útiloka fjársterka aðila frá því að láta fjármagn inn í fjölmiðlafyrirtæki eða takmarka verulega eignarhlut þeirra. Enn og aftur skal haldið til haga áhyggjum forsvarsmanna Norðurljósa af því að þessi lagasetning gæti leitt til gjaldþrots þess fyrirtækis.

Í fylgigögnum með nefndaráliti minni hlutans er vitnað til ýmissa annarra leiða sem hægt væri að fara, virðulegi forseti, til að styrkja fjölmiðlarekstur og efla þar gagnsæi. Ég sé, virðulegi forseti, þótt ég ætli nú ekki að fara ítarlega yfir það, að þar eru nefndar margar aðrar leiðir en sú sem hér er farin, að setja lög á eitt fyrirtæki og stilla sérhagsmunum gegn almannahagsmunum. Það er ekki sú leið sem við í Samf. viljum fara heldur viljum við efla Samkeppnisstofnun, eins og við höfum margfarið yfir, efla gegnsæi í eignarhaldi og að ritstjórnarlegt sjálfstæði sé skýrt.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara yfir það núna en mun gera það í seinni ræðu minni ef ástæða verður til. Mér finnst ekki veita af, virðulegi forseti, að upplýsa stjórnarliða betur um þær umsagnir sem hafa komið fram um þetta mál. Mér virðist að stjórnarliðar geri sér ekki mikla grein fyrir áhrifum af þeim lögum sem þeir ætla að setja.

Ég hefði einnig, virðulegi forseti, viljað fara yfir það sem fram kemur um meðalhófsreglu stjórnsýslulaga sem mikið hefur borið á góma. Hér er ítarlegt rit eftir Pál Hreinsson þar sem hann fer vandlega í meðalhófsregluna, sem mér finnst að stjórnarliðar og forsvarsmenn stjórnarflokkanna ættu að lesa vandlega og læra. Það er sannarlega ekki meðalhóf sem þeir temja sér við þá lagasetningu sem hér á að knýja í gegn, virðulegi forseti.

Þar sem langt er liðið á nótt og fjórir tímar í að maður þarf að mæta á fund í efh.- og viðskn. þá læt ég hér staðar numið. Ég kann þó að hafa úthald í það að ræða þetta frekar þegar líður að morgni. Málið er stórt og það liggur mikið á að keyra það í gegn og ég veit ekki hvað maður hefur langan tíma til að fjalla um það. Það er ýmislegt, virðulegi forseti, sem ég á ósagt í þessu máli.

Það skulu vera mín síðustu orð að þessu sinni að ég fordæmi harðlega hvernig ríkisstjórnin ætlar með offorsi og ofbeldi gegn lýðræðinu að keyra í gegn þetta makalausa frv. sem margbrýtur stjórnarskrána og gengur gegn samkeppnislögum. Þeir ætla að láta sig hafa það eins og að drekka vatn, stjórnarliðarnir, fótgönguliðar hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og hæstv. forsrh., að kyngja þeim ósóma sem hér er á ferðinni. Ég segi, virðulegi forseti, verði ykkur að góðu en ég er viss um að ykkur verður mjög bumbult af þessu öllu saman.

[03:00]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú er töluvert langt liðið á nóttu. Enn liggur ekki fyrir neitt samkomulag um með hvaða hætti haga eigi fundum hér fram eftir nóttunni. Það liggur fyrir að við erum mörg að fara til fundar í nefndum þingsins á morgun. Við höfum áður rætt það í kvöld að nauðsynlegt sé að þingið temji sér almennileg vinnubrögð og gefi fólki sem starfar á löggjafarsamkundunni færi á að hvílast og undirbúa sig til að geta unnið með sæmilegum hætti í þinginu.

Það sem ég vildi sérstaklega vekja eftirtekt á, herra forseti, er að hér hefur það gerst tvisvar í nótt að Framsfl. hefur dregið sitt fólk út af mælendaskrá. Ég spyr, herra forseti: Er

það ekki sanngjörn krafa af okkar hálfu sem erum í málefnalegri umræðu um þetta umdeilda frv. að fá að heyra viðhorf beggja stjórnarflokkanna? Ég kvarta ekki undan Sjálfstfl., herra forseti, en hann hefur í gegnum talsmann sinn í allshn. lagt spil sín á borðið, hann hleypur ekki í felur með sín sjónarmið eins og Framsfl. Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsfl., sá sem á að leiða liðið í þingsölum, hefur hlaupist undan þeirri skyldu að gera grein fyrir málstað Framsfl. Ég spyr: Hvað veldur því að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsfl., hleypur með þessum hætti undan þeim skyldum að gera þinginu grein fyrir því hvort Framsfl. styður frv. í reynd? Hvert er afl Framsfl. gagnvart málinu? Hvernig má það vera að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokksins, hefur ítrekað dregið sig út af mælendaskrá? Er það ætlan Framsfl., herra forseti, að skjóta sér undan því að rökstyðja hvernig á því stendur að hann hefur lekið niður í málinu, horfið aftur og aftur og þorir ekki að tjá þau viðhorf sem ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti bendir hv. þm. á að þetta flokkast tæpast undir fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Ég er að leita liðsinnis forseta til þess að greiða fyrir umræðu. Það mundi skipta máli fyrir okkur, sem erum í rökræðu við stjórnina um þetta umdeilda mál, að annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., léti okkur í té þau viðhorf sem hann hefur. Þeir sem hafa lagt í að tjá sig, herra forseti, af hálfu Framsfl. hafa mótmælt frv. Hv. þm. Jónína Bjartmarz slær úr og í. Í fjölmiðlum talar hún á móti en í þessum sal heykist hún auðvitað eins og allir framsóknarmenn og lætur sig hverfa. En ég spyr, herra forseti: Er það ekki (Forseti hringir.) sanngjarnt af mér sem formanni ...

Ég sé að tími minn er búinn, herra forseti, og lýk því máli mínu.

[03:03]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti getur engu um það svarað hverjir tala fyrir hönd hvaða flokka í þessari umræðu.

[03:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék réttilega að því að við höfum séð að þingflokksformaður Framsfl. hefur rúllað niður listann nokkuð ört. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson bað um að verða færður upp á listanum. Ekki var hægt að verða við því hér fyrr í kvöld. Hann var þó að sinna störfum fyrir þingið með því að taka þátt í veislu og varð að færa sig til á mælendaskránni. Það var ekki hægt að færa hann ofar en það er endalaust hægt að færa til þingflokksformann Framsfl. niður eftir listanum. Við virðumst ekki geta fengið fram viðhorf Framsfl. í þessari umræðu á meðan við ræðum þetta mál. Það er ákaflega furðulegt, virðulegi forseti, að málin þróist með þeim hætti í umræðunni sem hér hefur verið. Ég spyr hæstv. forseta að því hvort ekki sé alveg klárt að það sama gildi varðandi þingflokksformann Frjálsl. og Framsfl. í þessu máli, að ef annar getur fært sig niður þá geti hinn fært sig upp?

Hæstv. forseti. Nú er klukkan orðin rúmlega þrjú og full ástæða til að spyrja hversu lengi fundinum verður haldið áfram. Það eru ekki nema um fjórar klukkustundir þangað til fólk þarf að rísa úr rekkju sem ætlar að mæta til funda í nefndum þingsins. Við hljótum að eiga kröfu á því að fara að vita eitthvað um hvernig þinghaldinu verður fram haldið í nótt, hvort til stendur að vinna til fjögur eða fimm eða hvort menn ætli að vinna til klukkan sjö, eða hvaða plön hafa hæstv. forsetar um að stjórna þessum fundi? Á það bara að vera í óvissu og án þess að fáist neitt skipulag á þau störf sem hér eru unnin? Eigum við þingmenn að sitja uppi með það að umræðan fari þannig fram að það verði eingöngu stjórnarandstöðuþingmenn sem tali og síðan muni e.t.v. hv. þm. og formaður þingflokks Framsfl. koma inn í umræðuna sem síðasti ræðumaður? Það er nú ekki nógu málefnalegt, hæstv. forseti, að umræðan þróist með þeim hætti að við fáum ekki að heyra viðhorf annars stjórnarflokksins í umræðunni áður en henni vindur lengra fram.

[03:06]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill benda hv. þm. á að almennt er auðveldara að færa menn niður á mælendaskránni en upp. (**Gripið fram í:** Sérstaklega framsóknarmenn.)

Forseti vill geta þess að hann stefnir að því að fundur standi í tæpa klukkustund í viðbót á þessari nóttu.

[03:06]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn. höfum ítrekað leitað liðsinnis forseta þess efnis að vandséð sé hvernig 2. umr. um frv. um eignarhald á fjölmiðlum geti farið fram og haldið áfram án þess að menntmn. þingsins og efh.- og viðskn. hafi hafið og ég tala ekki um lokið störfum sínum við það álit sem allshn. óskaði eftir frá þeim í þessa umræðu. Með nákvæmlega sama hætti er erfitt, virðulegi forseti, að færa rök fyrir því að umræðan geti haldið áfram með vitlegum eða boðlegum hætti án þess að viðhorf Framsfl. og þingmanna hans komi fram með skýrum hætti í umræðunni. En fréttir bárust um það alla helgina út og suður, fram og til baka, að mikil ólga væri innan Framsfl. og því höfum við, virðulegi forseti, verið að óska liðsinnis forseta í því að Framsfl. gefist kostur og færi á að skýra viðhorf sín við þessa umræðu. Þær fréttir virðast á sandi byggðar og lítið að marka þær ef rétt er sem reynist að Framsfl. hafi nákvæmlega ekkert annað fram að færa í umræðuna en grafarþögnina eina og þar með stuðning sinn og liðsinni sitt við það frv. sem er til umræðu.

Virðulegi forseti. Það er því sanngirniskrafa okkar þingmanna á hendur hæstv. forseta að hann beiti alefli sínu og öllum krafti til að fá framsóknarmenn til að tjá sig með skýrum og afdráttarlausum hætti í umræðunni, en sú tóma og æpandi þögn sem umlukið hefur Framsfl. síðustu dagana hér í þinginu skelfir okkur mjög sem bíðum eftir viðhorfum hans og höfum litið mjög til þess að þingmenn hans tækju af skarið og gerðu það sem gefið var í skyn, að þeir væru andvígir þessum gjörningi, þeim ólögum sem á að setja á fjölmiðlana í landinu.

Því hljótum við að óska þess að virðulegur forseti beiti sér fyrir því að framsóknarmenn streymi upp í pontu hver af öðrum og geri skýra grein fyrir afstöðu sinni og flokksins í málinu. Það virðast hafa farið út einhver undarleg og villandi skilaboð þess efnis að einhverjir straumar í þingflokki Framsfl. væru andvígir frv. Aðeins einn þingmaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sagðist við 1. umr. frv. og í fjölmiðlum ekki mundu styðja það en aðrir virðast ætla að ljá þessum dæmalausi gjörningi samþykki sitt með þeirri þögn sem ríkir í kringum Framsfl. enda hefur ekkert til hans spurst við þá löngu umræðu sem staðið hefur um frv. í dag.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun í samræmi við þingsköp una því að þingmenn geri þær athugasemdir við störf forseta sem

þeir kjósa en forseti hefur engin áhrif á það hvort einstakir þingmenn eða þingflokkar tjái sig um þau mál sem eru til umræðu. Ég tel að slík ósk beinist ekki að fundarstjórn forseta þannig að ég tel að þingmenn geti notað ræðutíma sinn en ekki tímann til athugasemda um fundarstjórn forseta til að koma slíkum sjónarmiðum að.)

[03:10]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim upplýsingum sem hæstv. forseti gaf þingheimi rétt áðan þar sem hann tilgreindi að þinghaldi í nótt yrði hætt eftir u.þ.b. klukkutíma, þ.e. klukkan fjögur. Þá eru sennilega margir búnir að standa hér vaktina í um 17 klukkutíma og þykir mörgum orðið nógu gott.

Þetta er búið að vera frekar undarleg nótt. Það hefur gengið á ýmsu bak við tjöldin. Átt hafa sér stað ákveðnar viðræður á milli stjórnarliða og síðan stjórnarandstöðu. Ég get upplýst það að stjórnarliðar hafa reynt að fá stjórnarandstöðu til að semja um að hætta þingfundi á ákveðnum tímapunkti í nótt þannig að stjórnarandstaðan gæti komist heim og fengið einhvern svefn gegn því að stjórnarandstaðan gæfi þá einhvers konar ábyrgð fyrir því hversu lengi 2. umr. skyldi haldið áfram í þinginu á morgun. Slíkt kom ekki til greina af okkar hálfu. Við semjum ekki um umræðutíma í svo mikilvægu máli sem þessu. Það er alveg á hreinu. Sú umræða verður tekin og hún verður kláruð hversu langan tíma sem hún annars tekur. Við höfum nóga orku. Við höfum nógan tíma. Okkur liggur ekkert á. Eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti á áðan mun frv. ekki taka gildi fyrr en eftir rúm tvö ár og einhverjir dagar til eða frá í umræðunni skipta engu máli í því sambandi. Ég taldi rétt að þetta kæmi fram í umræðunni. Ég fagna því enn og aftur að þessu fari brátt að ljúka, þessum farsakennda fundi ef ég má leyfa mér að taka svo sterkt til orða, hæstv. forseti.

Ég vil líka gera smá athugasemdir við það að þeir fáu stjórnarþingmenn sem hafa skráð sig á hina löngu mælendaskrá sem nú liggur fyrir — ef ég man rétt er 21 þingmaður nú á mælendaskrá — a.m.k. tveir þeirra hafa verið að rokka niður listann í allt kvöld, annars vegar hv. þm. Hjálmar Árnason og hins vegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Mér er það mjög til efs, virðulegi forseti, að þessir þingmenn ætli sér yfir höfuð að taka þátt í umræðunni. Ég hef séð þetta gerast áður. Það gerðist í umræðunni um útlendingafrumvarpið að stjórnarþingmenn settu sig á mælendaskrá þannig að upphafsstafirnir þeirra komu fram á sjónvarpsskerminum og það leit út eins og stjórnarliðar væru mjög aktífir í umræðunum. Fólki sem situr heima í stofu er því á nokkurn hátt talin trú um að stjórnarliðar taki þátt í umræðum á fullu, en það er sýndarmennska og blekking. Þetta er sviðssetning. Þeir ætla sér ekkert að taka þátt. Þeir eru bara með á listanum og síðan þegar umræðan nálgast lokin detta þeir allt í einu út.

[03:14]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í nótt, í gær og í fyrradag hafa átt sér stað nokkrir fundir formanna þingflokka með hæstv. forseta þingsins um þinghaldið og líklega framvindu í þinginu á næstu dögum. Kannað hefur verið hvort flötur væri á einhverju samkomulagi. Af hálfu stjórnarandstöðunnar höfum við lagt áherslu á að nefndum þingsins sem hefur verið falið að skila áliti um umdeilt fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar yrði skapað svigrúm til vinnu. Það hefur ekki reynst nokkur vilji til þess af hálfu stjórnarmeirihlutans og hefur Framsfl. engu síður verið óbilgjarn í því efni en Sjálfstfl. Hvorugur þingflokkanna, hvorugur formaður þessara þingflokka hefur viljað hlusta á beiðni okkar um að nefndum þingsins, menntmn. og efh.- og viðskn., yrði skapað svigrúm til að vinna málið af einhverju viti. Það sem hefur hins vegar valdið mér miklum vonbrigðum er framganga hæstv. forseta í málinu, vegna þess að við erum vön því að ríkisstjórnin velji sér handarbakið sem vinnuborð. Það þekkjum við. En þegar við leitum til hæstv. forseta þingsins um að hann komi sem fulltrúi stjórnar þingsins þá hefur hann, því miður, gengið erinda ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans í einu og öllu. Þetta gerðist nú á fundi með formönnum þingflokka í nótt þar sem við óskuðum eftir liðsinni hæstv. forseta en þá var ómögulegt að gera nokkurn greinarmun á honum annars vegar og formönnum þingflokka stjórnarmeirihlutans hins vegar. Ég ætla ekki að hafa eftir ummæli hæstv. forseta en ég vil segja það að þetta eru mér mikil vonbrigði, vegna þess að núverandi hæstv. forseti þingsins hefur óneitanlega oft sýnt góða spretti. Því finnst mér það dapurlegt hlutskipti hans að hafa uppi slík vinnubrögð á ögurstundu.

[03:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir þá, því miður að vísu, síðbúnu yfirlýsingu um að fundi ljúki ekki síðar en klukkan fjögur. Ég held að nota hefði mátt tímann talsvert betur í nótt ef menn hefðu séð að sér og sett fyrir eins og fjórum, fimm klukkustundum einhver tímamörk, einhver skynsamleg tímamörk og hefðu mátt vera sanngjarnari en það að menn eigi að hafa fjögurra eða innan við fjögurra tíma hlé þangað til þeir taka aftur til starfa. Það er þó gott þó seint sé að hæstv. forseti sér að sér og áttar sig á að auðvitað verður að fá einhvern botn í það hvernig menn standa hér að málum í nótt. Það þjónar engum tilgangi að þjösnast áfram í hið óendanlega því okkar bíður áframhaldandi starf á þinginu næstu daga og vinnulagið verður að vera með einhverjum skikkanlegum hætti.

Ég verð í öðru lagi líka að taka undir og fagna þeirri umhyggju sem menn sýna Framsfl. Það er auðvitað mikilvægt að einhverjir muni eftir honum. Ég tek alveg undir að það er ástæða til að hafa það sérstaklega í huga við skipulagningu þinghaldsins að framsóknarmönnum gefist kostur á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeir mega alls ekki verða af því sökum þreytu eða af öðrum ástæðum ef svo er. Þannig að mannfall þeirra af mælendaskránni og döpur viðvera í þingsölum er auðvitað sérstakt úrlausnarefni fyrir forustu þingsins, sem vonandi tekst að leysa vel úr á næstu dögum, enda líklegt að málið verði áfram nokkuð til umræðu og þá gefast mönnum góð tækifæri til að tjá hug sinn til þess í ítarlegu máli og einstökum atriðum.

Að lokum, virðulegur forseti, vil ég ítreka að mér finnst það slæmur svipur á þessari umræðu og hafa spillt fyrir henni að aðstandendur málsins, þ.e. hæstv. forsrh., flutningsmaður frv., og iðulega formaður allshn., eru ekki viðstaddir umræðuna. Það er ámælisvert. Ég tel það linku hjá hæstv. forsetum að sjá ekki til þess að þeir menn séu hér. Ef þetta er forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar er lágmarkskrafa að hún torveldi ekki þingstörfin með því að láta ekki sjá sig í þingsölum og daufheyrast við réttmætum óskum um að vera hér til staðar og svara fyrir málið. Það liggur algerlega í hlutarins eðli að þingmenn eiga réttmæta kröfu á því að svo sé, það eru þinghefðir. Það er ekkert annað en aumingjadómur hjá forsetunum og linkind fyrir hönd þingsins og virðingar þess

að sjá ekki til þess að það sé í lagi. Ég fer því fram á að á morgun þegar umræðunni heldur fram verði búið að tala ærlega við þessa höfðingja og þeim gert það ljóst að þeir eigi að vera hér og sinna þingskyldum sínum og svara fyrir sín mál, þannig að við þurfum ekki að eyða tíma í það á morgun eða í framhaldinu á næstu dögum að krefjast viðveru þeirra.

[03:20]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það ber að harma þá stífni sem hæstv. forseti hefur sýnt í þessu máli í nótt. Ég vil að það komi skýrt fram að það er mikill hiti og sannfæringarkraftur í þingmönnum stjórnarandstöðunnar í málinu og það er ljóst að við erum þess reiðubúin að tala hér eins lengi og við teljum nauðsynlegt til að koma þeim rökum sem hver og einn þingmaður telur sig búa yfir á framfæri í málinu. Ég tel að hæstv. forseti hafi í samskiptum sínum við stjórnarandstöðuna í nótt borið sand í gangvirki þingsins. Ég harma það. Ég hefði kosið að það væri hægt að vinda umræðunni fram með tiltölulega skikkanlegum hætti eins og siðaðir menn eiga að gera. Mér finnst það ekki siðaðra manna háttur að viðhafa þau vinnubrögð sem höfð hafa verið í frammi á þessari nóttu.

Ég tel það líka eðlilegt, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að við þessa mikilvægu umræðu létu hæstv. ráðherrar sjá sig annað veifið. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að málið er á forræði allshn. og það er fyrst og fremst hv. þm. Bjarni Benediktsson sem þarf að svara fyrir það og hefur svo sem ekki á því staðið. Málið er flókið í eðli sínu og það er keyrt fram af óvanalegum þunga, en þingmönnum gefinn óvanalega lítill tími til að fara vel yfir það. Það er því ekkert að því að ósk komi fram um að hæstv. ráðherrar sem tengjast málinu séu a.m.k. við annað veifið. Það eru þrír ráðherrar sem málið varðar, hæstv. viðskrh., menntmrh. og að sjálfsögðu forsrh. Það er lágmarkskrafa að það sé aðgengi að því að varpa til þeirra spurningum. Málið og aðdragandi þess er þess eðlis.

Ég vil að það komi fram, herra forseti, að stjórnarandstaðan hefur óskað eftir því að á morgun verði þeim tveimur nefndum sem samkvæmt ákvörðun þingsins eiga að halda áfram vinnu í málinu, efh.- og viðskn. og menntmn., gefinn nægilegur tími til að ljúka yfirferð málsins. Það liggur fyrir að nokkrir gestir hafa verið kvaddir til fundar við menntmn. til þess að ræða málið. Sömuleiðis liggur fyrir að efh.- og viðskn. ætlar að fjalla um það.

Ég vil þess vegna óska eftir því við hæstv. forseta að hann lýsi því yfir hér til þess að greiða fyrir störfum þingsins að þessar nefndir fái nægan tíma til að vinna og ljúka yfirferð á morgun og ef þess þarf hefjist þing ekki aftur fyrr en kl. 13.30. Ég tel að það mundi bæta þau samskipti til nokkurra muna sem farið hafa úr skorðum í nótt, herra forseti.

[03:23]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að fjarvera Framsfl. í þessari umræðu hafi orðið að umfjöllunarefni undir þessum dagskrárlið, enda eru að verða liðnir 14 tímar, 14 klukkustundir samfelldar í efnislegri umfjöllun um málið án þess að heyrst hafi hósti eða stuna í þingmönnum Framsfl., ég skal kannski ekki taka fyrir að hið síðarnefnda hafi heyrst. Það er auðvitað til marks um hið fullkomna áhrifaleysi Framsfl. í stjórnarsamstarfinu. Ekki þarf annað en að hóta þeim því að 15. september verði frestað til að þeir kokgleypi hvað sem er og séu þá heldur heima og þegi frekar en að þurfa að þola það að fara í gegnum efnislega umræðu.

Virðulegur forseti. Ég undrast enn verklagið í þinginu og við hljótum að líta yfir það hvaða árangri hæstv. forseti hefur náð í því. Það er sem sagt þannig að frá því á miðnætti, og nú er klukkan vel að ganga fjögur, hefur forseti haft það fram með því að hér hefur verið haldin ein þingræða. Svo mikið hefur áunnist í umfjöllun málsins með því að keyra það fram á rauða nótt. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt eina þingræðu og hefði trúlega farið betur á því að hún hefði verið flutt á morgun og þá trúlega tekið umtalsvert skemmri tíma og öll sú umræða sem verið hefur í kringum það. Þetta fjögurra tíma streð hæstv. forseta hefur satt að segja ekki orðið til neins.

Það er auðvitað til vansa fyrir hæstv. forseta að gera hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hefur þjónað á Alþingi í yfir 20 ár, það að flytja sína efnismiklu og yfirgripsmiklu ræðu af sinni miklu þingreynslu og af sinni víðtæku þekkingu á þeim mörgu sviðum sem hér eru undir, um miðja nótt fyrir tómum sal. Það er náttúrlega algerlega óboðleg framkoma af hálfu hæstv. forseta við virðulega alþingismenn.

Ég vil taka undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og óska eftir því að fyrst öll stjórn þingsins er undir geðþótta forseta komin en engu samráði, þá verði upplýst hvenær ætlast er til að við mætum til vinnu á morgun, þau sem ekki þurfa að sækja nefndarfundi, og hvort það sé ekki rétt, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi, að þingfundur hefjist kl. 13.30 á morgun þannig að nefndum vinnist tími til þess að ljúka störfum sínum.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill upplýsa að nefndum hefur verið skammtaður ákveðinn tími í fyrramálið, ýmist frá klukkan korter yfir átta eða hálfníu, og er gert ráð fyrir að þingfundur hefjist kl. 10.30.)

[03:27]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta vil ég taka undir og þakka fyrir það að forseti sem nú stýrir fundi skuli vera búinn að taka þá ákvörðun að nú skuli menn fara að hvílast og fundur verði ekki nema til klukkan fjögur. Ég vil aðeins vekja athygli á því, virðulegi forseti, og ég er ekkert endilega að gagnrýna beint það fólk að það skuli vera farið, en fulltrúar í allshn., nokkrir stjórnarþingmenn eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, hv. þm. Jónína Bjartmarz, hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson voru fyrir nokkrum mínútum farin úr húsi samkvæmt skjámynd hér frammi, og ég tek það fram að ég er ekki að gagnrýna það. Þetta fólk er vafalaust orðið mjög þreytt og eðlilegt að það vilji fara að komast til hvílu. Það hefur mikið mætt á allshn. Það er svo með aðra þingmenn líka, sem hafa verið að sinna sínum störfum í nefndum og öðru og farið snemma upp í morgun og verið lengi að síðustu nætur, og það sé þá eðlilegt að taka tillit til þeirra.

Það er komið svar við spurningunni sem ég ætlaði að bera fram um hvenær eigi að byrja, en fundur hefur verið boðaður, ef ég hef heyrt rétt, kl. 10.30 í fyrramálið, sem er ekki samkvæmt ósk okkar um að nefndirnar tvær, hv. menntmn. og efh.- og viðskn., fengju að fara í rólegheitum og almennilega yfir málið og jafnvel skila af sér nefndarálitum og hefja fund klukkan hálftvö á morgun. Það hefði verið almennilegur bragur að slíkum tilkynningum sem hafa verið að smákoma fram. En vegna þess, virðulegi forseti, sem ég

hef sagt um fjarveru nefndarmanna, eins og hv. þm. Bjarna Benediktssonar, sem þó hefur kannski manna best setið hér þingsalnum og hlustað með örfáum undantekningum, að það fólk sé farið af velli, þá fyndist mér myndarbragur á því að forseti mundi nú að lokum tilkynna okkur að við skyldum bara hætta strax og geyma þennan hálftíma til morgundagsins og þá ræðu sem á að hefjast hér á eftir, enda verður ekki, miðað við tilkynningu forseta, verið mínútu lengur en til fjögur. Meiri myndarbragur yrði nú að því, virðulegi forseti, og ég vil eindregið leggja það til.

Jafnframt vil ég geta þess, eins og hér hefur komið fram og ítrekað, að það eru fleiri stjórnarþingmenn sem eru orðnir þreyttir og eru farnir heim að leggja sig. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sem átti að vera hér samkvæmt dagskránni þarnæsti ræðumaður, samkvæmt blaði sem skrifað var út um mælendaskrá ekki alls fyrir löngu, er líka farinn úr húsi og hefur tekið sig af mælendaskrá. Stjórnarliðið er orðið þreytt og ég skil það í raun og veru vel, bæði að þurfa að vera svona lengi og vera úti í bæ að reyna að verja þá vitleysu sem við erum hér að ræða um, fjölmiðlafrumvarpið. Það er eðlilegt að það taki á stjórnarþingmenn og þeir séu farnir heim að sofa.

[03:30]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég upplifi það svo að hæstv. forseti þingsins geri sér ekki fyllilega grein fyrir hvert hlutverk hans sé við stjórn þingsins né heldur hvernig hann skuli starfa með forustumönnum þingflokka á þinginu. Í 8. gr. þingskapa Alþingis stendur, með leyfi forseta:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu.“

Síðar stendur:

„Forseti hefur umsjón með starfi þingnefnda, sbr. II. kafla.“

Þetta er hlutverk forseta.

Í greinargerð með handbók þingsins stendur um þingflokksformenn að forseta beri samkvæmt þingsköpum að hafa samráð við formenn þingflokka um skipulag þingstarfa og fyrirkomulag umræðna. Hann á ekki að vera bara með tilskipunarvald.

Eins og þessar umræður hafa þróast hér í dag þá tel ég að þetta birtist okkur þannig að ekki hafi verið mikið samráð heldur fullkomlegt tilskipunarvald. Hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, greindi hér frá því að hann hefði upplifað það svo að forseti þingsins hefði alveg eins getað verið fulltrúi stjórnarflokkanna og að ekki hefði verið hægt að sjá mun á honum og þingflokksformönnum þeirra sem voru að reka erindi flokka sinna. Forseti þingsins á að vera forseti allra þingmanna og gæta fyllsta jafnræðis. Hann á ekki bara að vera forseti stjórnarflokkanna hverju sinni.

Ég tel því að mikil þörf sé á því að hæstv. forseti kanni betur háttu sína í stjórn þingsins þannig að við séum ekki að upplifa það sem raun sannar. Hér erum við að ræða mál sem er enn í þingnefnd, mál sem er enn í meðförum þingnefndar sem Alþingi hefur falið að skila áliti um. Ég tel að þar sé forseti að fara á svig við þær skyldur sem honum ber að inna af hendi við góða og óaðfinnanlega verkstjórn.

Ég tel mjög nauðsynlegt að þessum fundi verði slitið núna. Ég bendi líka á að samkvæmt hefðbundinni dagskrá á að vera fyrirspurnadagur á morgun. Það liggur heldur ekki fyrir í sjálfu sér nein starfsáætlun fyrir næstu viku sem forseta ber að vinna í samráði við þingflokksformenn. Þessi stjórn af hálfu forseta þingsins fer því að mínu viti á svig við þingsköp.

[03:33]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að það komi fram að þess hefur verið leitað að ná samkomulagi um störf þingsins nú og afgreiðslu þessa máls. En enn sem komið er eru ekki forsendur fyrir hendi til þess. Það hefur verið kvartað mjög mikið undan því að til dæmis þingmenn Framsóknarflokksins hafi ekki tekið til máls og líka yfir því að langt sé liðið á nóttu. Þó er það nú svo að síðan klukkan tólf hefur aðeins einn hv. þm. tekið til máls um það frumvarp sem hér er til umræðu, á þremur og hálfum tíma, sem auðvitað sýnir okkur að ... (**Gripið fram í:** Að eitthvað er að.) menn vilja gjarnan tala um ýmislegt annað en það frumvarp sem hér er til umræðu. Það er kjarni málsins.

Auðvitað liggur það fyrir að komið er að lokum þessa þinghalds í þeirri merkingu að menn ætluðu sér að reyna að ljúka þingfundum fyrir miðjan maí. Nú er sýnt að það gengur ekki. Eftir sem áður hljóta allir að leggja sig fram um að átta sig á því hver framvindan verður. Þá reynir á þá alla sem á þingi sitja. Ég held að það sé nú kjarni málsins. Forsetinn getur ekki ráðið því um hvað menn tala eða hversu lengi menn tala eða hvernig einstakir þingmenn haga sér. Hann getur reynt að hafa stjórn á sjálfum sér og tekst kannski misjafnlega. (Gripið fram í.) En hann getur ekki ráðið annarra manna gjörðum. Nú er ákveðið að þingfundur haldi áfram klukkan hálf ellefu í fyrramálið. Þá sjáum við hverju fram vindur og þá gefst mönnum á ný tækifæri á að átta sig á því hvernig hugur manna stendur.

[03:36]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér fóru fram nokkuð dramatísk lýsing á hinni óbilgjörnu afstöðu formanna þingflokka ríkisstjórnarflokkanna sem skilja mátti að væri að standa sérstaklega í vegi fyrir því að hægt væri að ná fram eðlilegu samkomulagi um framhald þingstarfanna. Það má vel vera að þannig birtist þetta einstökum hv. þingmönnum. Vandi okkar er hins vegar sá að í hvert skipti sem við höfum rætt einhverjar hugmyndir um hvernig hægt væri að vinna þessi mál áfram þá er komið fram með nýjar kröfur. Það var auðvitað það sem gerðist á þessum fundum hér í kvöld að þegar menn voru farnir að ræða efnislega um einstaka þætti, þegar við töldum kannski að við værum að sjá til lands í einhverjum hugmyndum í þessum efnum þá komu menn með hugmyndir sem gengu nánast í þveröfuga átt við það sem menn höfðu verið að ræða. Hér voru þó á ferðinni þaulvanir samningamenn sem vita alveg að það er vísasta leiðin til að allt sigli í strand þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð.

Það hefur líka komið fram í umræðunni núna að kallað hefur verið endalaust eftir því í þessum löngu umræðum um fundarstjórn forseta að forsendan fyrir því að hægt væri að halda hér áfram efnislegri umræðu væri sú að menn sæju fyrir sér hvernig til dæmis þessum fundi lyki núna í nótt. Hæstv. forseti. var varla búinn að greina frá því að hans hugmynd væri sú að ljúka þessum fundi um fjögurleytið að menn fóru að kalla á það að þessum fundi yrði að ljúka strax og héldu síðan áfram umræðum um fundarstjórn forseta beinlínis í þeim tilgangi, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að koma í veg fyrir að hin efnislega umræða gæti hafist. Hv. þm. Kristján Möller talaði mjög um það að þess yrði að gæta

mjög að fundinum lyki klukkan fjögur og það væri auðvitað þess vegna ekki tóm til að hefja hina efnislegu umræðu. Það er mjög erfitt að eiga við svona málflutning.

Ég vil líka mótmæla því harðlega að ekki hafi verið með eðlilegum hætti tekið þátt í efnislegri umræðu. Hér kom fram meðal annars hjá formanni Samfylkingarinnar í kvöld að hv. formaður allsherjarnefndar hefði haldið hér einar 30 ræður um þessi mál. Svo segja menn að það fari ekki fram eðlileg umræða af hálfu stjórnarliða um málið.

Aðeins að lokum vegna þess sem hv. þm. Kristján Möller taldi upp til þess að koma því inn í þingstíðindin þegar hann reyndi að gera lítið úr hlut hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins þá vil ég bara vekja athygli á því að af 20 manna þingflokki Samfylkingarinnar voru sex til staðar rétt í þann mund sem ég hóf þetta mál mitt. Og af þeim er ekki einn einasti, ekki einn einasti fulltrúi Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd Alþingis. Ég held því, virðulegi forseti, að menn ættu að spara sér allan slíkan mannjöfnuð. Við vitum að liðið er á nóttu. Mjög margir þingmenn eru farnir heim til sín af ýmsum ástæðum. (Forseti hringir.) Hér er samt nægur hópur til þess að halda uppi ágætri umræðu. (Forseti hringir.) En það er fráleitt og óvirðulegt við þingmenn að gera lítið (Forseti hringir.) úr hlut þeirra í umræðunni.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill minna þingmenn á að hámarks ræðutími undir þessum lið er þrjár mínútur.)

[03:40]

Hjálmar Árnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér kemur nú helst í hug eftir síðustu orðaskipti sem hér hafa átt sér stað að „der skal to til". Eins og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson nefndi hafa menn verið að reyna að semja og það hefur einfaldlega ekki náð saman enda ber umræðan öll þess merki eins og glöggt hefur mátt heyra hér í nótt að í gangi er svokallað málþóf og það er ekki í fyrsta sinn og örugglega ekki í síðasta sinn sem það gerist á hv. Alþingi.

Hér hafa menn farið út um víðan völl og drjúgur hluti af umræðunni hefur verið um tæknileg atriði, fundarstjórn forseta, en stöðugt minna um efni þess frumvarps sem hér er á dagskrá. Það fellur allt að því sama að hér er málþóf í gangi sem svo er kallað.

Ég kvaddi mér, virðulegur forseti, hljóðs vegna þess að það er ánægjulegt til þess að vita að okkar framsóknarmanna skuli hafa verið saknað í umræðunni. Ég verð þó að leiðrétta þann misskilning sem fram hefur komið í ræðum einstakra hv. þingmanna að afstaða þingflokks Framsóknarflokksins liggi ekki ljós fyrir. Ég vil vekja athygli á því að að nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar stendur meðal annars hv. þm. Jónína Bjartmarz sem er fulltrúi Framsóknarflokksins í allsherjarnefnd. Ég vil líka nefna, og ég hélt ég þyrfti ekki að rifja það upp, að við 1. umræðu fóru fulltrúar Framsóknarflokksins í umræðuna, þar á meðal sá sem hér stendur, og afstaðan kom þar skýrt fram.

Hins vegar setti ég mig að sjálfsögðu á mælendaskrá fljótlega eftir að þingfundur hófst og var nokkuð framarlega á dagskránni. En það virðist nú hafa farið fram hjá mörgum hv. þingmönnum þegar forseti tilkynnti það hér eftir matarhlé þegar fundur hófst að nýju klukkan átta að ég hefði óskað eftir því að vera færður neðar á mælendaskrá af persónulegum ástæðum. Þess gat forseti. En ég geri ráð fyrir því að margir hv. þingmanna sem um þetta hafa tjáð sig hafi ekki heyrt það því hér í nótt hafa nú ekki verið margir inni. Þegar ég leit eitt skipti hingað inn stóð hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ein í ræðustól með hæstv. forseta að sjálfsögðu á bak við sig. Aðrir voru ekki hér inni. Það er nú eins og gengur og gerist. Þannig munu menn ugglaust halda áfram að telja hversu margir eru í þingsalnum. Ég óskaði eftir því að vera færður neðar á mælendaskrá einfaldlega vegna þess að ég neyddist af persónulegum ástæðum til þess að fara héðan úr húsi. Þegar ég kom svo hins vegar aftur þurfti ég að sitja fund með forseta ásamt öðrum formönnum þingflokka. Ég tel það einfaldlega fullgildar ástæður, enda er nafn mitt á mælendaskrá sem og hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Ég hefði haldið að öll orð sem hér eru töluð væru jafnmikilvæg hvenær sem þau eru töluð, hvort sem menn eru fyrstir eða síðastir, bara að orð séu sögð.

Ég vil hins vegar árétta það að ég fagna því að oss skuli sárt saknað, að hv. þingmenn skuli samt sakna Framsóknarflokksins. En við munum vonandi létta þeirri spennu af þeim þegar umræðan heldur áfram.

[03:43]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Sá galli er á máli hv. síðasta ræðumanns að annars vegar er hann að skilgreina þær umræður sem farið hafa fram hér í kvöld og hins vegar er hann að lýsa því fyrir okkur að hann hafi alls ekki verið viðstaddur þær heldur verið á ýmsum fundum, verið af persónulegum ástæðum einhvers staðar úti í bæ og síðan í þeim ágætu veisluhöldum sem hér fóru fram samtíða þessum fundi. (Gripið fram í.) Hv. þm. hefur rekið hingað inn höfuð sitt einu sinni og séð (Gripið fram í.) hv. þingmann og hinn mikla skörung Jóhönnu Sigurðardóttur eina í ræðustól. Það er rétt að um skeið var Jóhanna Sigurðardóttir ein í ræðustól vegna þess að félagar hennar þurftu að ræða saman (Gripið fram í.) og höfðu þó Jóhönnu í öðru eyranu, þannig að það sé sagt.

Það er sérkennilegt hvað margir stjórnendur eru hér á þinginu. Það er forseti þingsins og það er stjórnandi þingsins sem við fréttum hér um áðan, það eru sex varaforsetar þingsins. Svo eru svona tveir sjálfboðaforsetar. Það eru formenn þingflokka stjórnarinnar sem koma hér upp og halda miklar prótókollræður og messa yfir öðrum þingmönnum um siði og venjur og hefðir sem þeir vita um betur en aðrir. Það virðist vera, forseti, einhver þrá hjá þessum mönnum að komast í forsetastólinn. Væri kannski ráð að við næstu úthlutun herfangs á þinginu yrði þessum tveimur látið eftir svo sem eins og 5. og 6. varaforsetadæmið og þeir losaðir við þessi erfiðu störf sín sem kvelja þá svona mikið þannig að þeir fái að stjórna í þinginu og halda með umboði ræður yfir okkur vesölum þingmönnum sem ekki kunnum, ekki getum og ekkert vitum.

Erindi mitt var það að nú er orðið ljóst að fundi verður slitið hér eftir um það bil 15 mínútur hafi ég skilið forseta rétt. Ég fagna þeirri ákvörðun hans og tel að hún sé góð þó fyrr hefði hún mátt koma. Ég vil hins vegar spyrja hann og ég bendi á 18. gr. þingskapa sem áður hefur komið hér við sögu í kvöld vegna þess að annar sjálfboðaforsetinn, hv. þm. Einar Guðfinnsson, tók upp mikla þingskapaumræðu sem hann rann nú á rassinn með að vísu undir eins vegna þess að hann þóttist kunna þingsköp meira en góðu hófi gegndi og gleymdi 18. gr. Meðan ég vísa í þessa 18. gr. vil ég að forseti geri mér ofurlitla grein fyrir því hvernig við tveir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd sem höfum verið við þessa umræðu eins og okkur er bæði rétt og skylt eigum að fara að því að vinna núna — nú þurfum við að hvílast væntanlega til klukkan 8.15 með þeim tíma sem það tekur að

koma sér þangað — og hvernig við eigum svo að undirbúa nefndarálit okkar eða hvernig nefndin á að starfa, sú nefnd sem hv. þm. Gunnar I. Birgisson veitir forstöðu og forseti á að leiðbeina honum með í samræmi við 18. gr. þingskapa.

[03:47]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í samræmi við 18. gr. tel ég að það hafi farið fram samráð milli forseta og formanna þeirra nefnda sem í hlut eiga.

[03:47]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ekki er hægt annað en gera alvarlegar athugasemdir við þá fundarstjórn forseta að ætlast til þess og sem fram kom í máli hans áðan að nefndunum, hv. menntmn. og efh.- og viðskn., séu gefnir innan við tveir klukkutímar í fyrramálið, einn og hálfur til tveir klukkutímar, til að tala við gesti sína, kalla fram þær upplýsingar sem þar kunna að koma fram og munu koma, vinna álit sín til allshn. sem allshn. óskaði sérstaklega eftir að kæmu fyrir 2. umr. en tókst að sjálfsögðu ekki þar sem nefndirnar, a.m.k. menntmn., höfðu ekki einu sinni hafið störf þegar 2. umr. hófst í þinginu í dag.

Því vil ég ítreka þá ósk til virðulegs forseta að hann beiti sér fyrir því — beiti sér af sama þrótti og hann gerði áðan þegar hann fékk Framsfl. til að leggja orð í belg í þessari umræðu, en ég tel að það hafi verið fyrir tilstilli forseta og áeggjan okkar þingmanna sem sá stórviðburður átti sér stað fyrir nokkrum mínútum að Framsfl. rauf grafarþögnina og lagði nokkur orð í belg í einar þrjár mínútur — að þingfundur hefjist ekki á morgun fyrr en klukkan hálftvö, þannig að nefndunum gefist lágmarkstóm til sinna starfa að tala við þann gestafjöld sem kallaður hefur verið fyrir nefndirnar. Dragi þær upplýsingar saman sem og aðrar upplýsingar sem hv. þm. munu væntanlega setjast yfir núna klukkan fjögur og dunda sér við að tína saman þangað til klukkan korter yfir átta í fyrramálið. En eins og kunnugt er og fram hefur komið hefst nefndarfundur eftir liðlega fjóra klukkutíma þannig að við þurfum að hafa hraðar hendur á. Okkur mun áreiðanlega ekki, virðulegi forseti, veita af því að þingfundur hefjist ekki fyrr en klukkan hálftvö. Ef það er eitthvað annað en skrípaleikur að láta nefndirnar vinna álit sín um málið sem allshn. óskaði eftir hlýtur virðulegur forseti að verða við þessari hóflegu og kurteislegu beiðni okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar í þeim nefndum og gefa okkur og nefndunum það ráðrúm sem við þurfum að algjöru lágmarki til að geta staðið þannig að málum að sómi sé að, bæði fyrir okkur hv. þm. sem og Alþingi allt. Það gefur augaleið að á tveimur klukkutímum í fyrramálið, þar sem varla gefst tími til að ræða við þá gesti sem kallaðir hafa verið fyrir nefndina, gefst okkur augljóslega enginn tími til klukkan hálfellefu í fyrramálið, þar sem við förum strax í umræður í þinginu, að draga þær upplýsingar saman og skila í boðlegu nefndaráliti.

[03:50]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta ákveðinn misskilning sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar um viðveru í þinginu. Ég ætla að meiri hluti stjórnarandstöðunnar hafi verið við umræðuna í kvöld og í nótt þótt menn hafi ekki verið öllum stundum í þingsalnum. Hins vegar eru sárafáir stjórnarþingmenn á svæðinu.

Ég held að það kunni að hafa verið ómaklegt af hálfu okkar sumra að kenna þetta frv. eingöngu við hæstv. forsrh. eða jafnvel Sjálfstfl. því ég held að það sé rétt sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar, þingflokksformanns Framfl., að „der skal to til". Það þarf nefnilega Sjálfstfl. og Framsfl. saman, sem mynda meiri hluta í þinginu, til að þröngva þinginu til þeirra vinnubragða sem við erum að verða vitni að. Og það sem hv. þm. kallar málþóf eru tilraunir okkar í stjórnarandstöðunni til þess að tryggja að þetta mikilvæga þingmál fái faglega og vandaða umfjöllun.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þingflokksformaður Sjálfstfl., sagði að stjórnarmeirihlutinn hefði lagt sig í líma við að finna leiðir til að fjalla um málin á vandaðan hátt og þá hefðu alltaf risið nýjar kröfur. Ég sit í efh.- og viðskn. þingsins sem fékk málið til umfjöllunar frá allshn. Ef ég man rétt fengum við málið í hendur á föstudegi og var gert að ljúka umfjöllun samdægurs. Við vildum leita álits hjá nokkrum stofnunum, Samkeppnisstofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Verslunarráði, bönkum og öðrum aðilum en þeir tjáðu okkur að þeir þyrftu lengri tíma. Við fengum frest fram á mánudag. Þá komu þessir aðilar til fundar við okkur og kvörtuðu allir yfir tímaskorti. Út á það hefur málflutningur okkar gengið, að reyna að skapa þeim aðilum í þjóðfélaginu svigrúm sem vilja og eiga að varpa ljósi á þetta þingmál, þannig að við getum tekið einhverja vitiborna afstöðu til málsins. Út á það hefur hið meinta málþóf gengið, að skapa þinginu svigrúm til þess að fjalla á faglegan hátt um málið.

[03:53]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér er frekar illa við að þurfa að koma hér upp aftur til að ræða þau mál sem við erum að ræða vegna þess að mér finnst að það hafi leyst úr þessu fyrir 20 mínútum, að það var boðað að fundi mundi ljúka klukkan fjögur og hefði verið betri og meiri mannsbragur að ef það hefði verið gert fyrr.

Aðeins vegna orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar út af fjarveru þingmanna og því að ég hafi verið að gera lítið úr þeim hv. stjórnarþingmönnum sem sitja í allshn., sem eru farnir. Ég tók það skýrt fram að ég væri ekki að gagnrýna það að þeir væru farnir heim vegna þess að þeir væru örugglega orðnir þreyttir og þyrftu hvíldar við. Ég vil líka geta þess að allsherjarnefndarfólk okkar í Samf. fékk leyfi til að fara heim og hvíla sig eftir fundinn með forseta sem var klukkan hálfþrjú, til þess að hafa það alveg á hreinu. Á meðan enginn vissi hve lengi átti að halda hér áfram og hvort haldið yrði áfram inn í morgundaginn var sjálfsagt að leyfa ákveðnu fólki að hvíla sig, enda var það fólk, allsherjarnefndarfólkið, búið að vinna fram eftir nóttu síðustu nótt og koma snemma að morgni og vera hér á vaktinni í allan dag. Ég vil hafa það á hreinu og við skulum bera virðingu fyrir allsherjarnefndarfólkinu, hvort sem það er í stjórnarmeirihluta eða minni hluta, það hefur verið að vinna mikla og erfiða vinnu, stranga vinnu, og það er eðlilegt að það fólk sé farið heim til að hvíla sig fyrir átök morgundagsins.

Líka út af því að sex þingmenn Samf. væru í húsi á þeim tíma sem þau orð voru sögð af hv. þm. þá voru þeir nokkrum mínútum áður margfalt fleiri, vegna þess að við sátum á fundi með þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl. Á meðan hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ræðustól notuðum við tímann til að bera saman bækur okkar, enda var þá fundi með forseta nýlokið.

Virðulegi forseti. Ég held að það séu komin þreytumerki í alla hér, það er nokkuð ljóst, og kominn galsi í suma. Ég held að það fari vel á því að við hættum þessari umræðu núna og förum og hvílum okkur, nefndarfólkið sem þarf að funda kl. 8.15 í fyrramálið fær vonandi tóm til að vinna sína vinnu almennilega, og við hefjumst hér handa. Ég ítreka það sem ég sagði, virðulegi forseti, mér hefði fundist meiri mannsbragur að því og betra fyrir þingið ef við hefðum byrjað á morgun kl. 13.30, en það hefur verið boðað hér að byrja kl. 10.30. Ég læt þá ósk í ljós, virðulegur forseti, að umræðum verði nú hætt og við göngum til hvílu.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 03:57.

---

113. FUNDUR

miðvikudaginn 12. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson landbrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla fjölmiðlafrumvarps.

[10:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Klukkan 8.30 í morgun kom efh.- og viðskn. þingsins saman til fundar. Á dagskrá nefndarinnar voru þrjú eða fjögur mál og hafði formaður efh.- og viðskn. sett síðast á dagskrána það mál sem er til umræðu í þinginu. Umræða um hið umdeilda fjölmiðlamál hófst fimm mínútur yfir 10 og kom þá fulltrúi Samkeppnisstofnunar á fund nefndarinnar. Hann hafði ekki lokið við að svara spurningum nefndarmanna þegar minni hlutinn fór þess á leit við formann nefndarinnar að óskað yrði eftir því að þessum þingfundi yrði frestað til kl. 11 þannig að við gætum lokið við að ræða við fulltrúa Samkeppnisstofnunar. Því var hafnað og bar formaður nefndarinnar fram dagskrártillögu þess efnis að þingmálið yrði tekið út úr nefnd. Sú tillaga var felld. Aðeins tveir þingmenn í efh.- og viðskn. veittu tillögu formannsins stuðning.

Það er ljóst að það er orðinn bullandi ágreiningur um málið í stjórnarliðinu og ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð í efh.- og viðskn. í morgun. Við höfum óskað eftir því að fá fulltrúa banka og fjármálafyrirtækja á fund nefndarinnar. Það er vilji til þess í nefndinni. Meiri hluti hennar vill fjalla lengur og betur um þetta mál og ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér voru viðhöfð í morgun í efh.- og viðskn.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ofbeldið sem notað er í þessu máli er orðið hreint með ólíkindum. Í efh.- og viðskn. var staðan þannig að fulltrúi Samkeppnisstofnunar var í miðri setningu þegar hv. formaður nefndarinnar krafðist þess að umfjöllun hennar um málið lyki. Við áttum þá eftir að fá mikilvægar upplýsingar um viðhorf Samkeppnisstofnunar til breytinga sem meiri hlutinn hefur lagt til. Athyglisverðar, segi ég, ekki síst í ljósi þess að svo virðist sem Samkeppnisstofnun telji að breytingarnar séu smávægilegar andlitslyftingar á frv. en breyti í engu þeirri skoðun stofnunarinnar að það sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga.

Það sem mér fannst sæta mestum tíðindum var að þegar formaður efh.- og viðskn. lagði til að málið yrði tekið út úr nefndinni greiddu fimm nefndarmenn atkvæði gegn því. Einungis tveir fulltrúar Sjálfstfl. greiddu atkvæði með því að málið yrði tekið út. Annar af tveimur fulltrúum Framsfl. innti formann eftir hvað liði afgreiðslu nefndarálits og spurði hvort ekki ætti að taka það fyrir. Formaður nefndarinnar sagði að það lægi fyrir.

Það kom sem sagt í ljós að Sjálfstfl. fótumtreður Framsfl. með þeim hætti í nefndinni að formaður hennar hafði ekki einu sinni fyrir því að sýna fulltrúum Famsfl. drög að áliti.

Þetta eru ótrúleg vinnubrögð, herra forseti. Ég mótmæli því ofbeldi sem við erum látin sæta í málinu. Málið fær ekki lýðræðislega afgreiðslu á hinu háa þingi.

[10:35]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Kl. 8.15 í morgun, rúmum fjórum klukkustundum eftir að þingfundum lauk í nótt, kom menntmn. þingsins saman í fyrsta sinni til að sinna því starfi sínu að útbúa álit um fjölmiðlafrumvarpið títtnefnda. Við þökkum í sjálfu sér fyrir það litla sem gert var. Fimm fulltrúar af þeim fjölda sem við óskuðum eftir voru kallaðir til og ber að harma það hve lítilsvirt álit nefndarinnar er og hve mikill skrípaleikur og sýndarmennska er í kringum vinnu nefndarinnar. Hér er 2. umr. um fjölmiðlafrumvarpið vel á veg komin.

Loksins þegar nefndin kemur saman, nánast í skjóli myrkurs eftir þingfund fram í morgunsárið, tekur hún einungis á móti örfáum fulltrúum af þeim sem við lögðum til að kæmu. Það komu t.d. engir úr hópi reyndra blaða- og fréttamanna, engir fulltrúar frá félögum innan atvinnugreina menningarinnar eða fulltrúar frá Blaðamannafélaginu og Félagi fréttamanna. Ber að harma það sérstaklega að menntmn. skuli ekki vera gefinn kostur á því að hafa aðgang að upplýsingum og viðhorfum frá þessum hópum.

Það var vissulega mjög upplýsandi að heyra viðhorf frá virtum fræðimönnum á borð við Herdísi Þorgeirsdóttur sem gaf tóninn um það hve vandvirknislega og vel nefndin hefði getað staðið að málum og hve miklu máli álit hennar hefði getað skipt fyrir 2. umr. um fjölmiðlafrv. Því er því miður ekki að heilsa og því mótmælum við kröftuglega, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn., hvernig nefndin er fótumtroðin í þessu máli. Vinna hennar er einskis virt enda bara um sýndarmennsku og skrípaleik að ræða þegar nefndin kemur saman í rúma klukkustund þegar 2. umr. um frv. er vel á veg komin.

Þetta eru hörmuleg vinnubrögð, virðulegi forseti, og með algerum ólíkindum að stjórnarmeirihlutinn skuli bjóða okkur

upp á slíkt á hinu háa Alþingi í jafnmikilvægu grundvallarmáli.

[10:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég veit ekki hvort það er rétt mat hjá hv. þingmanni að umræðan sé vel á veg komin þegar átta hafa lokið máli sínu en 21 er á mælendaskrá.

[10:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. allshn. leitaði eftir umsögn hv. efh.- og viðskn. í því máli sem um ræðir og gaf frest til síðasta föstudags. Við ræddum það í efh.- og viðskn. á föstudaginn. Fékk ég framlengdan frestinn til mánudags og það var rætt á mánudaginn í hv. efh.- og viðskn. Ég lagði þá til að það yrði tekið út en heyrðist á mönnum að þeir teldu málið ekki fullreifað.

Benti ég mönnum á að við mundum frjósa inni með umsögnina ef við ekki skiluðum henni þann dag. Menn hlýddu því ekki og málið var rætt í gær og aftur í morgun.

Ég tel að það hafi ekki mikið upp á sig að ræða svar efh.- og viðskn. til allshn. eftir að allshn. hefur lokið umfjöllun um málið. Málið er komið til 2. umr. á Alþingi. (**ÖJ:** Við ...) Þá værum við í efh.- og viðskn. enn þá að fjalla um málið sem allshn. var með til umsagnar eftir 1. umr. Þess vegna lagði ég til í morgun að málið yrði tekið út. Ég taldi að það hefði lítið upp á sig að ræða það áfram. Niðurstaðan varð að menn vildu ræða það áfram. Menn vilja sem sagt ræða það áfram í hv. efh.- og viðskn. Það er guðvelkomið, bara fram eftir sumri þess vegna.

[10:39]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við heyrum hér hvernig málin hafa gengið í morgun eftir fundi næturinnar og spádóma um vinnu í efh.- og viðskn. og menntmn. og það sem m.a. var rætt við hæstv. forseta á fundum formanna þingflokka oft og títt í gær og í nótt. Það er að koma á daginn.

Það kemur reyndar miklu meira fram. Svo virðist sem flóttinn hjá Framsfl. í þessu máli sé að byrja. Því er lýst hér hvernig átti að taka málið út úr efh.- og viðskn. með dagskrártillögu hv. formanns nefndarinnar eins og oft er farið að gera í efh.- og viðskn. Sú tillaga fékk aðeins tvö atkvæði. Annar fulltrúi Framsfl. greiddi atkvæði á móti og hinn fulltrúi Framsfl. sat hjá. Þetta eru ansi athyglisverð skilaboð og benda kannski til þess að Framsókn sé að koma af fjöllum og muni koma inn á sviðið og taka þátt í þessu leikriti sem skrifað hefur verið af forustumönnum ríkisstjórnarinnar. Þetta verður þá kannski ekki einþáttungur.

Þetta er ansi athyglisvert og það er líka athyglisvert að á fundi nefndarinnar voru fulltrúar Samkeppnisstofnunar, eins og hér kom fram, að ræða málið og náðu ekki að klára. Þar töluðu þeir um andlitslyftingu og að frv. væri í andstöðu við markmið samkeppnislaga. Ætla menn ekkert að hlusta á þetta? Á að halda áfram að keyra hér?

Virðulegi forseti. Fyrir jól átti að fremja stjórnarskrárbrot í efh.- og viðskn. Er ég þá að vitna í vaxtalögin þar sem þau hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir fluttu dagskrártillögu um að kanna málið betur. Til hvers leiddi það? Ég sat þann fund og ég minnist þess þegar hv. þm. Pétur Blöndal sagði: Ef nokkur vafi er á nýtur stjórnarskráin hans. Hann setti mál í gang — sem leiddi til hvers? Ríkisstjórnin kom til baka með skottið milli lappanna og breytti málinu. Stjórnarandstaðan hafði þá eins og oft áður, herra forseti, á réttu að standa og það var líka oft í gærkvöldi og nótt.

[10:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sá dónaskapur er með eindæmum sem stjórnarliðar sýna gestum í efh.- og viðskn. Fulltrúi Samkeppnisstofnunar er í miðri setningu þegar hann er bókstaflega rekinn á dyr og við fáum ekki að ræða út við hann um mikilsverð mál. Við báðum um frest á þessum fundi í hálftíma til þess að geta lokið umfjöllun en við því var ekki orðið.

Meiri hlutinn vísar oft til þess að hann hafi meiri hluta og að eftir atvikum eigi minni hlutinn að virða það. Nú er meiri hluti í efh.- og viðskn. fyrir því að þessari umfjöllun verði haldið áfram, að við fáum að ljúka samtölunum við Samkeppnisstofnun og að við fáum á fund okkar líka fulltrúa Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Mikilvægt atriði kom fram í umsögn hjá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, og reyndar hjá Norðurljósum einnig, um að verið væri að þrengja svo mikið að rekstrarumhverfi eins fyrirtækis að líklega yrði stórt lán hjá því upp á 6 milljarða kr. gjaldfellt sem hugsanlega gæti riðið þessu fyrirtæki að fullu og gert það gjaldþrota. Svo margar hindranir eru settar á eðlilegt rekstrarumhverfi þessa fyrirtækis að það gæti haft þessar afleiðingar, sögðu fulltrúarnir. Og við þurfum auðvitað að fá á fund okkar fulltrúa Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og helst auðvitað fulltrúa Landsbankans. Ég óska eftir því, herra forseti, og tel að það muni greiða fyrir þingstörfum að meiri hlutinn fái að ræða málið áfram og ljúka umfjöllun um það.

Ég vísa til þess að í gær miðaði okkur ekki svo vel í dagskrá þessa fundar vegna þess að ekki var orðið við eðlilegum kröfum okkar um að ljúka störfum í nefnd til þess að við gætum með eðlilegum hætti fjallað um þetta mál í þinginu. Ég beini þeim eindregnu óskum til forseta að hlé verði gert á þessum fundi og að við fáum með eðlilegum hætti að ljúka umfjöllun okkar um málið í dag. Ég gæti lofað forseta því að um kl. 2 í dag yrðum við búin að ljúka umfjöllun okkar um þetta mál og ég óska eftir að við því verði orðið.

[10:44]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég veit ekki hvort það greiðir fyrir þingstörfum að meina hv. þingmönnum sem hafa kvatt sér hljóðs um störf þingsins að tala eins og hv. þm. biður um.

[10:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég er að koma af fundi í menntmn. Alþingis. Eins og komið hefur fram í máli þingmanna á undan mér ber auðvitað að þakka það litla sem gert er í hinu ótrúlega ferli sem hér fer fram. Það sem ég get þakkað hv. þm. Gunnari Birgissyni, formanni menntmn., fyrir er að hann hafði ekki tilbúið á borði sínu áður en fundurinn hófst umsögn meiri hluta menntmn. Í þeim skrípaleik sem hér fer fram ber að þakka slíkt því að satt að segja átti ég von á því að slíkt álit lægi þegar fyrir.

Hitt ber að harma að við fáum ekki þann tíma sem nauðsynlegur er fyrir nefndina til að fjalla um það málasvið sem nefndinni er ætlað að fjalla um. Við óskuðum eftir því í stjórnarandstöðunni að fá að fjalla sérstaklega um þann þátt í þessu frv. sem lýtur að hinni menningarlegu fjölbreytni. Það er mál sem þarf að taka til sérstakrar skoðunar og við verðum að taka það til umfjöllunar áður en umfjöllun um

málið lýkur. Það hefur enn ekki verið gert í menntmn. því að í morgun höfðum við svo margar lögfræðilegar spurningar og tíminn fór í annað en það sem við hefðum kannski viljað einbeita okkur að. Við óskuðum eftir því, stjórnarandstæðingar, að hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður nefndarinnar, færi fram á það við forseta að þessum fundi yrði frestað fram til hádegis. Við því var ekki orðið en þá ítreka ég hér og tek undir ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að forseti taki af skarið og sjái til þess að svigrúm verði veitt fyrir áframhaldandi umfjöllun í þessum tveimur nefndum og að þingmenn fái þá líka tækifæri til að skrifa álitin sín.

Menn hafa verið að tala um leikrit. Ég vil óska eftir því að við hættum að kalla þennan skrípaleik sem hér fer fram leikrit vegna þess að ekkert íslenskt leikrit er svo illa skrifað að það verðskuldi að vera í flokki með þeirri fléttu sem ríkisstjórnin er að búa til í þessu máli. Þetta er ekki íslenskt leikrit. Þetta er skrípaleikur.

[10:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá er nú spurning, hv. þingmaður, hver er höfundur textans.

[10:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ákveðnar reglur gilda um það hvernig standa eigi að því að ljúka umfjöllun um mál í nefndum og hvernig eigi að taka þau út úr nefnd. Að vísu hefur verið varpað dálítilli skuggaóvissu á það með því að formaður efh.- og viðskn. tók upp á eigin dæmi mál út úr nefnd og forseti Alþingis kvað ekki skýrt á um það hvort slíkt væri heimilt eða ekki. Það þarf auðvitað að fá niðurstöðu í slíkt mál og ég mun beita mér fyrir því að efh.- og viðskn. ræði það mál og komist að niðurstöðu um hvort hún telji rétt að formaður nefndarinnar geti tekið mál út einn og sér, vísað því til þingsins og lokið athugun nefndarinnar á málinu þannig.

Í 27. gr. þingskapa segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og getur þá jafnframt falið einum nefndarmanni að vera framsögumaður málsins. Framsögumaður skal þá fyrir hönd nefndarinnar vinna að athugun málsins, gera tillögu um afgreiðslu þess og drög að nefndaráliti þegar hann hefur lokið athugun sinni."

Tillagan í morgun um það að taka út úr nefndinni umsögn um mál frá allshn. var lögð fram án þess að lokið væri að ræða við þann gest sem var fyrir nefndinni og án þess að fyrir lægju drög að nefndaráliti frá formanni um það hver ætti að vera afstaða nefndarinnar. Það var því á engan hátt hægt að styðja afgreiðslu málsins á þeim tíma. Hins vegar tel ég rétt að nefndin beiti sér fyrir því að ljúka athugun málsins sem fyrst og skila áliti sínu til allshn.

[10:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni orða hv. þingmanns vil ég ítreka það sem ég hef áður sagt að það er afdráttarlaus réttur þingmanna að gefa út nefndarálit í sínu nafni hvenær sem þeir telja að það sé rétt og efnisumfjöllun málsins að þeirra mati lokið. (Gripið fram í.) Afdráttarlaus réttur þingmanna og sem ekki er hægt að taka af þeim.

[10:49]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Rétt til að gefa örstutta mynd af því sem hefur verið að gerast í menntmn. Við vorum að ljúka fundi þar núna kl. hálfellefu. Það er búið að ræða þetta mál tvisvar í nefndinni. Efnisleg umræða hefur aðallega verið á forsjá allshn. enda var málinu vísað til hennar.

Allar skriflegar umsagnir sem bárust allshn. hafa borist menntmn. þannig að nefndarmenn hafa haft aðgang að öllum þeim skjölum sem allshn. hefur haft aðgang að. Ég taldi ekki, virðulegi forseti, efni til að halda fundi í menntmn. meðan allshn. var að fjalla um málið. Margir aðrir nefndarfundir voru í gangi og það hefði ekki gengið upp.

Við fengum í morgun á fund til okkar, virðulegi forseti, sex aðila, þ.e. tvo ritstjóra, annan frá Morgunblaðinu og hinn frá Fréttablaðinu, tvo framkvæmdastjóra, þ.e. framkvæmdastjóra Norðurljósa og Skjás 1, og svo tvo óháða ráðgjafa, þ.e. Sigurð Líndal prófessor og Herdísi Þorgeirsdóttur. Við fórum yfir málið á fundi sem stóð í tvær klukkustundir og 15 mínútur. Áðan sagði hv. þm. Björgvin Sigurðsson að fundurinn hefði staðið í eina klukkustund. Ég veit ekki hvaða klukku hann er með eða hvernig samfylkingarúrið gengur. Svo var alveg hábjartur dagur. Þessir fundir hafa farið fram allir á hábjörtum degi, ekki í skjóli myrkurs þannig að ég ber það til baka.

Ég tel að umfjöllun í nefndinni hafi farið ágætlega, þetta hafi verið ágætisumfjöllun. Við áttum mjög góðan fund í morgun. Það var ákveðið í lok hans að meiri hluti og minni hluti mundu skila umsögn til allshn. fyrir lok 2. umr. Umsögn meiri hlutans verður tilbúin í dag og þar með teljum við að umfjöllun menntmn. um málið verði lokið.

[10:51]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það kemur svo sem ekki á óvart að heyra lýsingar nefndarmanna í efh.- og viðskn. og menntmn., hv. nefndum þingsins, núna á þessari morgunstundu. Þetta rímar alveg við það sem við reyndum í nótt. Þetta er áframhald á þeim farsa sem átti sér stað í gær. Liðna nótt voru ítrekuð fundahöld með forseta þingsins þar sem hann og stjórnarliðar reyndu að ná samkomulagi, reyndu að draga upp úr okkur, formönnum þingflokkanna, loforð um að eftir að fólk var búið að vera tímunum saman á þingfundi yrði okkur hleypt heim í nótt til að hvílast gegn því að við kæmum með einhver loforð um að umræðan í dag tæki ekki meira en eitthvað í kringum 12 tíma.

Nú sjáum við að þessum tveimur mikilvægu nefndum sem eru að fjalla um mjög mikilvægt frv., þ.e. efh.- og viðskn. sem skiljanlega er að fjalla um þetta frv. þar sem gríðarlegir peningalegir hagsmunir liggja undir og svo hv. menntmn. þar sem málir er mikilvægt fyrir menningu þjóðarinnar, þ.e. framtíð íslenskra fjölmiðla, er ekki leyft að starfa eðlilega. Fundurinn er barinn áfram. Núna byrjum við kl. hálfellefu og sú ósk stjórnarandstöðunnar að fá að byrja kl. hálftvö, til að fólk geti skilað heiðarlega af sér verki sínu, er hunsuð.

Mér finnst þetta alveg með ólíkindum, alveg ótrúleg vinnubrögð. Þetta getur ekki rímað við neitt sem heitir lýðræði eða lýðræðisleg vinnubrögð, svona háttsemi stjórnarliða.

Í þingsölum ríkir núna algert stríð milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég get fullvissað þig um það, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan stendur mjög vel saman í þessu máli og ég segi fyrir mína parta að það stendur ekki til að gefa eftir eða víkja um eina tommu. Ekki eina tommu, herra forseti.

[10:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil áminna hv. þingmann um að ávarpa forseta þingsins með viðeigandi hætti. Ég vil jafnframt leiðrétta hv. þingmann. Það voru þingmenn stjórnarandstöðunnar sem leituðu eftir samkomulagi um þessa umræðu og ef menn leita eftir samkomulagi felst auðvitað í því að menn leggja fram eitthvað af sinni hálfu til að greiða fyrir því að slíkt samkomulag geti orðið.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla fjölmiðlafrumvarps.

[10:54]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Förum aðeins aftur yfir það sem rætt var um í gær og þá tillögu stjórnarandstæðinga til forseta að efh.- og viðskn. og menntmn. fengju að halda áfram vinnu sinni lengur en frá 8.15 til 10.30.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að hann er að ræða um fundarstjórn forseta. Hann verður síðan sjálfur að meta ...)

Ég er að því, virðulegi forseti, ef ég fæ að halda áfram.

(**Forseti** (HBl)**:** ... hvernig — ekki grípa fram í —)

Þú ert að grípa fram í fyrir mér.

(**Forseti** (HBl)**:** ... hann hagar orðum sínum ef hann þekkir þingsköpin.)

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að nefna að í gær kom fram góð tillaga sem sýnir sig nú að var fullkomlega eðlileg og hefði verið besta tillagan, að nefndirnar fengju að vinna rólega í morgun og klára sín mál. Hér hefur verið lýsing á því hvernig málin ganga fyrir sig í efh.- og viðskn. Hún þarf meiri tíma. Ef fallist hefði verið á tillögu okkar sem var gáfulegasta tillagan sem kom fram í gær um að halda áfram kl. 13.30 væri ástandið mun skaplegra.

Í morgun nefndi ég það við virðulegan forseta hvort ekki yrði fallist á að fresta þessum fundi og halda áfram kl. 13.30 þannig að efh.- og viðskn. gæti klárað sína vinnu, eða haldið a.m.k. áfram. Mér skilst að forstjóri Samkeppnisstofnunar hafi ekki eingöngu verið stoppaður í umræðunni heldur í miðju orði. Ég ber þá ósk enn fram, virðulegi forseti, að fundi verði frestað hér og nú til þess að efh.- og viðskn. geti haldið áfram störfum, rætt við þá gesti sem þar voru og haldið áfram með málið. Það hefur komið fram og þarf ekki að endurtaka að dagskrártillaga hv. formanns nefndarinnar fékk aðeins tvö atkvæði um að rífa málið út.

Hér hefur það líka verið gert, virðulegi forseti, og það er gott að rifja það upp um fundarstjórn forseta að ekki alls fyrir löngu átti að beita þessu ofbeldi og taka mál út. Þá voru ekki tveir heldur einn sem ætlaði að rífa mál út. Þá var verið að ræða um útlendingalögin. Á fundi með forseta þingsins þá og formönnum þingflokka var þessu harðlega mótmælt. Það endaði með því, virðulegi forseti, mjög skynsamleg ákvörðun hæstv. forseta þingsins, að það var slegið á puttana á formanni efh.- og viðskn. og nánast sagt: Svona gerir maður ekki, svo að vitnað sé í fræg ummæli þar sem talað var við önnur börn, þ.e. blaðburðarbörn forðum.

Ef áfram á að halda á þessum nótum í hv. efh.- og viðskn. held ég að menn hljóti að fara að athuga með að jafnvel þurfi að skipta um formann. Þá er ég ekki að tala um það með okkur stjórnarandstæðinga heldur verða stjórnarsinnar að fara að átta sig á því að það verður að koma skikkanlegri stjórn á fundi nefndarinnar.

Rétt einu sinni, virðulegi forseti, óska ég eftir því að fundi verði frestað þannig að efh.- og viðskn. geti haldið áfram störfum sínum, a.m.k. til kl. 13.30. Núna hefur 25 mínútum verið eytt í þetta sem hefði ekki gerst ef hlustað hefði verið á tillögur okkar í gær um að fundur byrjaði kl. 13.30.

[10:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Sem fundarstjóri þessa fundar hefur hæstv. forseti að mínu mati að nýju vakið upp ákveðna óvissu um þingsköp. Hann gerir því skóna að minni hluti nefndar, jafnvel einn maður, geti tekið mál út úr nefnd gegn vilja meiri hluta nefndarinnar, skrifað minnihlutaálit og er svo að skilja að með tilstyrk forseta þingsins sé hægt að setja slíkt mál á dagskrá þingfundar. Hér er vakin upp alvarleg óvissa um þingsköp og reyndar tel ég að þessi túlkun stríði gegn þingskapalögum.

Ég þakka hv. þm. og formanni efh.- og viðskn. Pétri H. Blöndal fyrir að varpa ljósi á hve óhönduglega ríkisstjórnarmeirihlutanum hefur tekist til um meðhöndlun á þessu umdeilda máli. Það vantar þá eina vídd í lýsingar hans. Hann talar um alla þá fundi sem boðað hefur verið til. Hann gleymir einu. Hversu langir voru þessir fundir og hvert svigrúm var gefið til vandaðrar umræðu um málin? Efh.- og viðskn. þingsins fékk erindið frá allshn. um að gefa álit á þessu umdeilda máli á föstudegi og frest til sama dags til að skila áliti. Á fyrsta fundi lögðum við á ráðin um til hvaða fulltrúa við vildum leita, til hverra, til hvaða aðila. Það voru Samtök atvinnulífsins, Verslunarráðið, Alþýðusamband Íslands, Samkeppnisstofnun og bankar og verðbréfafyrirtæki sem mér komu í hug. Allar þessar stofnanir óskuðu eftir frekari fresti, töldu að þær þyrftu a.m.k. að fá fram í miðja þessa viku til að skila áliti, allar þessar stofnanir. Síðan gerist sá fáheyrði atburður að í morgun á fundi efh.- og viðskn. eru þrjú eða fjögur mál sett á dagskrá og formaður nefndarinnar setur þetta síðast á dagskrána. Fimm mínútur yfir 10 er hafin umræða um málið. 20 mínútum síðar, gegn vilja meiri hluta nefndarinnar, leggur formaður nefndarinnar fram dagskrártillögu um að vísa málinu út úr nefnd. Hún er felld, sú tillaga er felld, og við höfðum óskað eftir því að fá frest á þessum þingfundi um hálfa klukkustund. Því var hafnað að bera fram þessa ósk okkar og ég spyr: Hvers konar vinnubrögð eru þetta í þinginu?

[11:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. þm. hafði eftir mér áðan að ég hefði sagt að einn maður gæti tekið mál út úr nefnd gegn meiri hluta nefndarinnar. Þetta sagði ég ekki. Ég sagði að það væri skýlaus réttur þingmanns að gefa út nefndarálit hvenær sem hann teldi það rétt og hann teldi athugun máls lokið í nefndinni. Það var það sem ég sagði og ég vil biðja hv. þingmann ef hann vill efna til umræðu um þingsköp að hafa rétt eftir það sem ég sagði, a.m.k. merkinguna.

[11:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst forseta ekki takast sem skyldi við fundarstjórnina hér. Í raun og veru er verkstjórnin öll í þessum málum með þvílíkum endemum að langt er til jafnað.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að þegar tekist var á um það til hvaða nefndar þetta mál ætti að ganga bentum

við á, þingmenn, að að uppistöðu til væri efni þessa frv. breyting á útvarpslögum og ætti því eðlilega heima í menntmn. Afgangurinn er ein örstutt grein sem skotið er inn í samkeppnislögin og einu tengsl frv. efnislega við allshn. eru sú staðreynd að hæstv. forsrh. flytur frv. Það er bandormur og er það eingöngu vegna þessarar litlu setningar sem skotið er inn í um samkeppnislög.

Þá sté í pontu hæstv. forsrh. og sagði hins vegar sjálfsagt mál að allshn. vísaði málinu til viðkomandi fagnefnda sem efni mismunandi greina frv. heyrði undir. Það var líka gert formlega, með bréfi, þannig að málið er enn þá í þessum tveimur þingnefndum. Það er stórkostlegur ágalli á málsmeðferðinni hér að þessi umræða skuli yfir höfuð hafin áður en álitin frá menntmn. og efh.- og viðskn. liggja fyrir, svo maður tali ekki um verkstjórnina og hvað vönduð vinnubrögð snertir.

Það er ekki eins og nefndirnar eigi bara að skila álitum sínum vegna allshn. og nefndarmenn í allshn. eigi einir rétt á því að fá þessi álit. Nei, það er vegna þingsins í heild. Við förum fram á að fagnefndir þingsins á viðkomandi sviðum fari yfir sína þætti málsins. Hér kemur í ljós að það er einmitt verið að því. Efh.- og viðskn. er tekin að skoða hvaða áhrif þessi löggjöf geti haft á stöðu eins stærsta fyrirtækis landsins hvað varðar lánasamninga. Það er hreinlega spurning um að fyrirtækið verði sett í uppnám, verði jafnvel gjaldþrota. Er það virkilega, virðulegur forseti, ekki sanngjörn ósk að svigrúm sé skapað til að nefndirnar ljúki störfum og skili álitum sem við gætum haft undir í umræðunni þegar hún heldur áfram eftir hádegi? Ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, þó að maður ætti kannski ekki að gefa forseta eða meiri hlutanum ráð því hann á fátt gott skilið en þetta er ákaflega heimskulegt verklag og óskynsamlegt, tímasóun. Í stað þess að bregðast skynsamlega við óskum af þessu tagi, skapa þann tíma sem til þarf, kannski 2–3 klukkutíma, erum við neydd til að gera athugasemdir við vinnubrögðin og mótmæla þeim. Það er ekki annað í boði. Forseti daufheyrist annaðhvort við eða svarar í engu óskum af þessu tagi og ég vil biðja hæstv. forseta að skoða hug sinn um það hvort ekki væri gáfulegasta ráðstöfunin á tíma okkar fram til tvö að þessar tvær nefndir fengju að ljúka störfum, ganga frá álitum sínum og þau gætu svo legið fyrir þegar umræðan héldi áfram.

[11:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmann á að meirihlutaálit og minnihlutaálit allshn. liggja fyrir þinginu en þessu máli var vísað til allshn. svo það er farið eftir öllum fyllstu kröfum og fyllstu óskum þingmanna.

[11:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að það mundi greiða mjög fyrir þingstörfum og fyrir þessari umræðu ef við fengjum að sjá þau rök sem stjórnarliðar allir hafa fyrir þessum málum.

Ég vakti máls á því í nótt, herra forseti, að það væri með miklum fádæmum hvernig þingmenn Framsfl. sem voru á mælendaskrá féllu eins og litlir hnullungar fyrir björg eftir því sem fram vatt nóttinni. Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokksins, lét tveimur sinnum fjarlægja sig af mælendaskrá, bersýnilega vegna þess að þingmenn Framsfl. treysta sér ekki til þess að koma hingað og ræða þetta mál.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann afsökunar en hann telur að hann sé að ræða um þingsköp, um fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Ég hef mikla trú á því afli sem býr í hæstv. forseta og ég veit að ef hann á það féllist mundi atbeini hans duga til þess að hægt yrði að fá fram viðhorf framsóknarmanna hér. Ég hef greint frá því í þessari umræðu að af því að hæstv. forseti hefur gert að umræðuefni álit nefnda þingsins vakti ég máls á því hér að áðan kom fram í efh.- og viðskn. að álit meiri hlutans lá fyrir í höndum formannsins, og hann hafði séð það ásamt þingmönnum Sjálfstfl. Telur hæstv. forseti að það sé fallið til þess að greiða fyrir þingstörfum að hv. formaður efh.- og viðskn. hafði ekki einu sinni haft fyrir því að sýna þingmönnum Framsfl. álitið sem meiri hluti ætlaði að senda frá sér? Er nema von, herra forseti, að ég leiti eftir atbeina hæstv. forseta til þess að fá úr því skorið hvort Framsfl. yfir höfuð stendur á bak við þetta frv. Tilefnið er ærið eins og ég hef rakið, herra forseti, þeir einu þingmenn Framsfl. sem hafa talað í umræðunni eða talað opinberlega, að frátöldum formanni Framsfl., hafa verið ýmist gagnrýnir á inntak frv. eða lagst gegn því. Síðan gerist það að aðrir þingmenn Framsfl. sem hér kveðja sér hljóðs hrapa jafnharðan fyrir björg.

Herra forseti. Ég veit að við þingmenn eigum þrátt fyrir allt skjól í hæstv. forseta. Við þurfum að ljúka umfjöllun okkar í efh.- og viðskn. Sú umfjöllun hófst með samhljóða ákvörðun nefndarinnar. Þegar formaður nefndarinnar reyndi hins vegar með ofbeldi að rífa málið úr nefndinni fékk hann tvö atkvæði. Enginn framsóknarmaður treysti sér til að styðja hann. Sýnir þetta ekki í hvaða klemmu málið er komið af hálfu stjórnarliðsins, herra forseti?

[11:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér þykir vænt um áhuga stjórnarandstöðunnar á því að greiða fyrir málinu.

[11:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tel að það sé mjög skýrt í þingsköpum hvernig standa eigi að því að ljúka athugun máls og taka það út úr nefnd. Í fyrri mgr. 27. gr. þingskapa sem ég las upp áðan er kveðið á um það að framsögumaður geri tillögu um afgreiðslu þess þegar hann telur athugun málsins lokið. Til þess að gera þá hluti alveg skýra með hvaða hætti athugun máls í nefnd væri lokið samþykkti Alþingi lagabreytingu fyrir 11 árum sem er síðari mgr. 27. gr., svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skylt að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefndarmanna greiði henni atkvæði.“ (**Gripið fram í:** Já, já.)

Ég tel þetta alveg skýrt og tæmandi og finn engin önnur ákvæði í þingsköpum um það með hvaða hætti mál eigi að vera tekið úr nefnd.

Þá segir í 29. gr. þingskapa að þegar nefnd hefur lokið athugun máls með þeim hætti sem ég las upp áðan lætur hún uppi álit sitt, en ekki fyrr. Ég fæ ekki séð stoð í þingsköpum fyrir því áliti forseta að hver nefndarmaður geti gefið út álit í máli þegar hann sjálfur telur athugun málsins lokið í nefndinni. Ég óska eftir að forseti vísi á þær greinar þingskapa sem kveða á um þetta.

Í 31. gr. þingskapa er á hinn bóginn gert ráð fyrir því að nefnd geti með skýrslu gert þinginu grein fyrir athugun sinni

á þingmáli sem hún hefur ekki lokið athugun á, þ.e. gert stöðuskjal, lýst því hvernig staða máls er í nefndinni með sérstakri skýrslu. Það er hvergi tekið fram í þessari grein að einstökum nefndarmanni sé heimilt að gera slíkt. Ég ætla ekki að útiloka að það kunni að vera rétt sjónarmið hjá forseta að hver nefndarmaður geti hvenær sem er gefið út þingskjal þar sem hann lýsir afstöðu sinni til hvers þess máls sem er til umfjöllunar í nefndinni sem hann situr í. Það getur samt ekki falið í sér ákvörðun um að umfjöllun nefndarinnar um málið sé lokið. Það verður aðeins gert samkvæmt ákvæðum 27. gr.

[11:11]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég held að hv. þingmaður skilji ekki það sem ég er að segja, þ.e. að það sé sjálfsagður réttur hvers þingmanns að skila nefndaráliti hvenær sem honum svo sýnist og hann telur að umfjöllun nefndar um eitthvert mál sé lokið. Aðrir nefndarmenn eru ekki skyldugir til að fara í það en það er réttur hvers þingmanns að gera það. Fyrir því eru ótal mörg fordæmi. Ég veit ekki hvort ég er rétti maðurinn til að útskýra það nákvæmlega fyrir hv. þingmanni.

[11:11]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram af hálfu einstakra þingmanna mjög mikill áhugi á því að menn reyndu að ná saman um störf þingsins og menn reyndu að átta sig á því hvernig hægt væri að vinna þetta mál áfram í sem mestri sátt og samlyndi. Ég tek að sjálfsögðu mjög undir það. Það er það sem hefur verið einlægur vilji stjórnarliða að reyna að gera, greiða fyrir þessu máli eins og hægt væri þannig að menn gætu tekið til við hina efnislegu umræðu alveg eins og ég hvatti mjög til í gær.

Vandinn hefur hins vegar verið sá að í hvert skipti sem menn fara að ræða saman eru einfaldlega reistar nýjar kröfur. Í nótt var mjög talað um að fara þyrfti að sjá fyrir endann á því hvernig menn ætluðu að ljúka þingstörfunum í nótt. Síðan var það tilkynnt af forsetastóli að ætlunin væri að gera það um kl. 4 sem var ekki langt frá því sem menn höfðu verið að ræða sín í millum. Þá hefði maður vænst þess að hin efnislega umræða færi af stað og stæði til kl. 4. Nei, þá var gripið til þess sama gamla að fara í umræður um fundarstjórn forseta til þess að komast hjá því að hægt væri að hefja efnislega umræðu. Þannig stóð umræðan — til hvað? Til nákvæmlega kl. 4 þannig að búið væri að ljúka því að koma örugglega í veg fyrir að hin efnislega umræða færi fram.

Í morgun var greint frá því að sú krafa hefði komið fram á fundi efh.- og viðskn. að hún fengi tíma til kl. 11 til að ljúka störfum sínum og það hefði greitt alveg óskaplega fyrir þingstörfum. Síðan koma menn inn í þingsalinn og þá eru þeir ekkert að tala um að það hefði þurft hálftíma í viðbót til að ljúka þessum störfum. Nei, þá fara hv. þm. stjórnarandstöðunnar að tala um að það þurfi að fá tíma til kl. hálftvö, 2–3 tíma í viðbót við það sem áður hafði verið talað um, 5 mínútum fyrr handan Austurvallar. Til viðbótar er síðan sagt: A.m.k. til hálftvö, eða eins og hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði: Til kl. tvö.

Það virðist alveg sama hvernig þessum málum vindur fram. Það er greinilega enginn vilji til þess að hefja efnislega umræðu þó að menn tali um nauðsyn þess að málin séu rædd. Það er einfaldlega þannig að þessu frv. var vísað með öllum greiddum atkvæðum úr þessum þingsal til meðferðar í allshn. Alþingis. Allshn. sendi síðan málið til umsagnar. Þær hafa borist frá fjöldamörgum aðilum en því miður luku ekki þær tvær þingnefndir sem fengu málið til umsagnar umfjöllun sinni. Það breytti auðvitað ekki neinu um stöðu málsins í sjálfu sér. Forræði málsins var hjá allshn. Allshn. lauk vinnu sinni á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hafði aflað. Það liggur fyrir núna að menntmn. hefur lokið sinni vinnu. Formaður efh.- og viðskn. segir að honum sé ekkert að vanbúnaði þegar tóm gefst til að taka málið frekar fyrir í nefndinni.

Forræði málsins var hjá allshn. þangað til allshn. vísaði því inn í þingsalinn og nú erum við að ræða það á grundvelli þeirra eðlilegu skjala sem eiga að vera til grundvallar þegar við ræðum þessi mál. Okkur er ekkert að vanbúnaði að hefja hina efnislegu umræðu og ég hlýt að hvetja stjórnarandstöðuna til að láta af þessum, virðulegi forseti og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, leikaraskap.

[11:15]

Jón Bjarnason:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson veltir fyrir sér hvers vegna verið sé að ræða um fundarstjórn forseta. Ég hélt að hv. þingmanni ætti að vera orðið fullljóst að fundarstjórn forseta er verulega áfátt og að umtalsverðar brotalamir eru á stjórn þingsins. Það er það sem er til trafala.

Ég minni á umræðuna í nótt. Þegar þingflokksformenn komu af fundi með forseta í nótt sagði þingflokksformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að hann hefði upplifað það að hann sæi engan mun á forseta þingsins, sem ætti að vera forseti allra þingmanna í hagsmunagæslu sinni, og á formönnum þingflokka stjórnarflokkanna, hann væri genginn í lið með þeim. Ekki mátti á milli sjá hvor væri forseti þingsins, formaður þingflokks Sjálfstfl. eða hæstv. forseti. Þetta er mjög alvarlegt.

Ég vil líka benda á að í þingsköpum stendur, með leyfi forseta:

„Forseti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokka, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hverrar viku.“

Hluti af störfum þingsins er nefndarstörfin. Þessu máli var eftir umræðu hér á þingi vísað af hálfu allshn. til bæði efh.- og viðskn. og menntmn. til umsagnar. Það fór því ekkert á milli mála hver vilji þingsins var enda kom það fram einmitt í undirtektum hæstv. forsrh., flutningsmanns frv., að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu og þvert á móti væri eðlilegt að aðrar þingnefndir fjölluðu um það.

Spurning mín til forseta er hvort hann hafi nú í morgun, eftir að hafa heyrt hve óbjörgulega var staðið að störfum í nefndum, sérstaklega efh.- og viðskn., kallað til formenn þingflokka, eins og gert er ráð fyrir í þingsköpum, og haft samráð við þá um frekara þinghald í ljósi nefndarstarfanna. Eða hefur hann bara haldið uppteknum hætti og þjösnast áfram í einleik sínum, í mesta lagi haft samráð við formenn stjórnarflokkanna?

Forseta ber að hafa samráð við þingflokksformenn. Með samráði er sjálfsagt þá að taka tillit til þess sem fram kemur og reyna að finna sameiginlega lausn en ekki bara að troða bómull í eyrun, setja undir sig hausinn og vaða áfram.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er alveg nauðsynlegt að það komi hér fram, hæstv. forseta til upplýsingar og ekki síður formanni þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að það er ekki rétt að þetta mál hafi verið afgreitt samhljóða til allshn. Ég gerði hér í umræðum um atkvæðagreiðslu tillögu um menntmn. og það var gengið til atkvæða. Hæstv. forsrh. hélt sig við tillögu sína um allshn. og hún var samþykkt með 33 atkvæðum stjórnarliðsins. 23 þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu atkvæði á móti, með vísan til tillögu sem fyrir lá um menntmn.

Til að liðka fyrir málum bauð forsrh. það hins vegar fram af sinni hálfu og lagði á það áherslu að það væri sjálfsagt mál að allshn. sendi þetta, samkvæmt venjum og hefðum hér í þinginu, til formlegrar umsagnar hjá fagnefndunum. (**Gripið fram í:** Já, menntmn.) Menntmn., og þá þótti mönnum auðvitað eðlilegt að efh.- og viðskn. fengi málið einnig. Þetta var gert með bréfi samkvæmt venjum sem við þekkjum.

Þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vælir hér út af stjórnarandstöðunni ætti hann að líta í eigin barm. Hvers konar verkstjórn er á þessu máli hjá meiri hlutanum? Hvers konar verkstjórn er það að sjá ekki til þess að menntmn. og efh.- og viðskn. ljúki störfum og séu tilbúnar með sín álit í takt við allshn.? Meiri hlutinn hefur þetta allt í hendi sér, ræður í nefndunum, hefur meiri hluta.

Svo var uppákoman í efh.- og viðskn. í morgun. Er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, vanur maðurinn, stoltur af því hvernig hlutirnir ganga þar fyrir sig, að formaður nefndarinnar kemur með nefndarálit sem hann hefur ekki sýnt samstarfsflokknum og ber upp dagskrártillögu um afgreiðslu málsins sem kolfellur? Hann hefur ekki meiri hluta fyrir tillögum sínum í nefndinni sem hann stýrir. (Gripið fram í.) Það er meiri upphefðin. Hann er bara eins og valdalaus skipstjóri á skútu. Messaguttarnir hafa tekið yfir og skipstjórinn bara rekinn út í horn. Þetta er glæsilegt verklag, er það ekki?

Svo vælir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson undan því að stjórnarandstaðan láti ekki bjóða sér þessi vinnubrögð og vilji standa hér á rétti sínum, bendi á slíka ágalla á málsmeðferð og verkstjórn sem blasa við augum og eru engin uppgerð — eða hvað? Hvernig þætti t.d. ef fagnefndirnar hefðu ekki haft tíma til að afgreiða álit sín til fjárln.? Þætti það góður svipur á 2. umr. fjárlagafrv. ef svo væri, að formaður fjárln. hefði allt í einu þjösnað bara málinu út í nóvember og það vantaði öll álit fagnefndanna? Nei, auðvitað ekki, það dytti engum manni í hug. Þetta er nákvæmlega sambærilegs eðlis. Hér er um formlega aðgerð samkvæmt hefðum í þinginu að ræða, að senda málið til álits í nefndunum. Eins og ég segi, það eru ekki bara nefndarmenn í allshn. sem eiga rétt á því að fá þau álit heldur líka við þingmenn allir hér við umræðuna.

Auðvitað er þetta verklag allt til skammar. Ég held að meirihlutamenn ættu að líta í eigin barm frekar en að halda fleiri grátræður eins og hér var flutt áðan.

[11:21]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmann á það sem ég sagði áður. Þessu máli var vísað til allshn. Bæði meiri og minni hluti allshn. hafa skilað áliti. Þar með er málið afgreitt til umræðu í þinginu eins og hv. þm. þekkir og hv. þm. veit.

[11:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er líka vert að hafa það í huga að hv. allshn. vísaði málinu til efh.- og viðskn. og menntmn. og óskaði eftir umsögn þeirra. Það þarf ekki að ræða um það.

Mér þótti ákaflega merkileg áðan sú kennslustund í þingsköpum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór með í ræðustól gagnvart forseta Alþingis. Hann las hér upp grein sem er margbúið að lesa upp og var lesin oft upp þegar verið var að ræða útlendingalög. Ég fór aðeins að hugleiða eftir á hvort hæstv. forseti skildi ekki greinina eða hvort hann hefði ekki áttað sig á því að viðbótin við 27. gr. kemur með lögum nr. 102/1993. Það kann að stafa af einhverju slíku vegna þess að hæstv. forseti er mjög fróður um störf þingsins. Ég hef oft orðið þess áskynja að hér er rætt um ýmislegt sem gerðist á árum áður. Ég hef hugleitt að það var farið miklu aftar en til 1993. Með leyfi forseta er þessi málsgrein svohljóðandi:

„Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skylt að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefndarmanna greiði henni atkvæði."

Þetta gerðist í efh.- og viðskn. í morgun. Hv. þm. Pétur Blöndal lagði fram tillöguna, það gengu atkvæði og hún var kolfelld, fékk aðeins tvö atkvæði, herra forseti. Það var þó aðeins skárra en í útlendingafrumvarpinu, hún fékk bara eitt þar.

Sú kennslustund sem hér fór fram áðan, eins og ég vitnaði til, hlýtur að bera þann árangur, virðulegi forseti, að forseti fresti nú fundi vegna þess að nú er búið að eyða hér klukkutíma í umræðu um störf þingsins, fundarstjórn forseta og þessi vitleysisvinnubrögð, vil ég leyfa mér að kalla, sem hefði verið betur varið í efh.- og viðskn. Forstjóri Samkeppnisstofnunar hefði t.d. fengið að klára það orð sem hann var byrjaður á þegar fundi var frestað. Þetta er grundvallaratriði.

Virðulegi forseti. Ég spyr hvort ekki sé nú komið á daginn að besta tillagan um framkvæmd þingstarfa hér á fjölmörgum fundum með hæstv. forseta í gær hafi komið frá okkur stjórnarandstæðingum, þ.e. tillaga um að hætta eigi síðar en kl. 4, sem forseti féllst á en ekki fyrr en kl. rúmlega 3. Þá var búið að eyða mörgum tímum í að ræða um störf þingsins og fundarstjórn forseta. Það hefði verið meiri myndarbragur á því, virðulegi forseti, að tilkynna lok fundar kl. 4. Þá hefði mátt spara þá tíma og nota í efnislega umræðu um málið.

Nú er hæstv. forseti búinn að eyða klukkutíma, eins og fram hefur komið. Var ekki besta tillagan sú sem kom fram í gær um að halda áfram klukkan 13.30? Virðulegi forseti. Ég vil allt gera til að létta þér störf þingsins og ég er tilbúinn til að koma með fleiri góðar tillögur um hvernig málum skuli haldið fram. Það er ekkert mál að láta vita og við skulum koma til fundar hvenær sem er til að leiðbeina þér um hvernig best sé að keyra hér áfram þingið.

[11:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja hv. þingmann að ávarpa forseta Alþingis með réttum hætti.

Ég ítreka jafnframt það sem ég áður sagði, það er réttur hvers þingmanns sem í nefnd situr að gefa út nefndarálit í sínu nafni hvenær svo sem honum sýnist og það er misskilningur hjá hv. þingmanni að 2. mgr. 27. gr. þingskapa skerði þann rétt.

Að hinu leytinu bregður nýrra við á Alþingi ef það er minni hluti Alþingis sem krefst þess af forseta að hann reyni að ganga á rétt minni hlutans. Einstakir þingmenn eiga sinn rétt, stjórnarskrárvarinn rétt, og ég hyggst halda þann rétt í heiðri á meðan ég sit á forsetastóli.

[11:25]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Á síðustu 11 klukkustundum hefur rúmlega þremur verið eytt í að ræða hér um stjórn fundarins. Hæstv. forseti, jafnskynsamur maður og hann er, hlýtur að sjá að slíkt verklag gengur ekki. Það hlýtur að vera miklu eðlilegra að taka upp viðræður um það að fá nefndarálitin frá efh.- og viðskn. og menntmn. inn í þessa umræðu svo að henni megi fram halda með eðlilegum hætti og hér takist að ræða þetta mál út frá þeim forsendum að um það hafi verið fjallað í þeim nefndum þingsins sem fengu málið til meðferðar.

Ég get ekki séð, hæstv. forseti, að það sé neinum til framdráttar að halda svo fram sem verið hefur á síðustu 11 klukkustundum með þetta mál. Það hlýtur að vera eðlileg og réttlát krafa þingmanna að forseti taki tillit til þess. Hæstv. forseti hlýtur sjálfur að sjá að það vinnulag að eyða mörgum klukkustundum á hverri vakt, ef svo má segja, í að fara yfir störf og stjórn forseta á fundinum getur ekki gengið.

Það hlýtur líka að vera mjög eðlilegt, hæstv. forseti, að áður en fram heldur 2. umræðu um málið komi hér inn nefndarálitin frá efh.- og viðskn. og menntmn. um það hvernig þær nefndir hafa farið yfir þetta mál.

Ég vil þess vegna beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. forseta að hann endurskoði hug sinn í þessu máli og sjái til þess að nefndir geti lokið störfum sínum svo að við getum tekið til fullra verka við að ræða þetta mál með öll efnisleg gögn í höndunum.

[11:28]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil ítreka það sem ég áður sagði, hv. þingmaður, að Alþingi vísaði þessu máli til allshn. og bæði meiri og minni hluti allshn. hafa sent frá sér nefndarálit sem staðfestir að rétt sé að taka málið fyrir. (**Gripið fram í:** ... nefndarálit.) Það heitir minnihlutaálit þá, hv. þingmaður.

[11:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Engum dylst að þingið er í uppreisnarhug. Þau vinnubrögð sem hér eru keyrð í gegn af Sjálfstfl. valda því að menn eru ákaflega ósáttir við það vinnulag sem hér er haft uppi. Það gildir ekki bara um okkur í stjórnarandstöðunni.

Herra forseti. Eins og hér hefur verið rakið hafa vinnubrögðin verið með þeim hætti í efh.- og viðskn. að enginn úr Framsfl. sem þar hefur komið inn hefur treyst sér til að styðja hv. formann Pétur H. Blöndal í þeirri ósvinnu sem hann hefur haft í frammi.

Ég vek eftirtekt hæstv. forseta á þeirri staðreynd að þegar formaður nefndarinnar lagði til að umfjöllun yrði hætt í miðju kafi og orðið nánast rifið af fulltrúa Samkeppnisstofnunar í miðri setningu greiddi annar fulltrúi Framsfl. atkvæði gegn formanni nefndarinnar. Það var varaformaðurinn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir treysti sér ekki heldur til að styðja tillögu formanns efh.- og viðskn. Þetta bendir til þess, herra forseti, að mikið ósætti sé með vinnubrögðin í málinu. Þess vegna er leitað atbeina hæstv. forseta til að setja deiluna niður. Vitaskuld eru stjórnin og stjórnarandstaðan grá fyrir járnum í málinu. Það breytir ekki hinu að við ættum að geta haft í frammi, hvor fylkingin gagnvart hinni, tiltölulega siðvædd vinnubrögð. Við eigum að geta komið okkur saman um það að lágmarksreglum sé fylgt í samskiptum.

Það eina sem við fórum fram á, herra forseti, var að þingfundi yrði frestað um hálftíma. Ég kom þeirri ósk á framfæri við formann nefndarinnar og bað hann um að koma því til forseta þingsins að við þyrftum frest til kl. 11 til þess að geta lokið þeirri lágmarksumfjöllun sem við töldum nauðsynlega til að geta rætt þetta mál málefnalega til þrautar. Við vorum að afla mikilvægra upplýsinga hjá Samkeppnisstofnun, sem er lykilstofnun að því er varðar bæði frv. og brtt.

Þegar formaður nefndarinnar hafnaði því var það gert þannig að meira að segja Framsfl., annar stjórnarflokkurinn, sætti sig ekki við vinnubrögðin. Það kom enginn stuðningur frá fulltrúum Framsfl. við þetta. Vegna þess að ég veit að hæstv. forseti getur þrátt fyrir allt sýnt þá hlið á eðli sínu að dugi til að græða í kringum hann mælist ég til þess að hæstv. forseti taki undir með þingmönnum Framsfl. og þingmönnum stjórnarandstöðunnar og leyfi að ljúka þessari umfjöllun. Það þarf ekki nema á að giska hálftíma, hugsanlega þrjú korter.

[11:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það verður gefið hálftímamatarhlé.

[11:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég gat um það við upphaf þingfundar að menntmn. hefði með hraði lokið umfjöllun sinni um frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum. Við vorum eitthvað á annan klukkutíma með sex gesti þar sem við fengum fram sjónarmið þess valinkunna fólks á lagafrv., þessum gjörningi.

Virðulegi forseti. Nú hefur nefndarmönnum ekkert tóm gefist til að vinna að áliti sínu, því áliti fagnefndar sem menntmn. er, og hv. allshn. óskaði sérstaklega eftir fyrir 2. umr. um þetta frv. Nú er umræðan farin vel af stað og við erum flest á mælendaskrá í henni, eins og lög gera ráð fyrir, og sinnum þeim skyldum okkar að vera við þingfund, taka þátt í umræðum og fylgjast með þeirri málefnalegu umræðu sem hefur farið hér fram af hálfu stjórnarandstöðunnar um málið. Þar með gefst okkur að sjálfsögðu, virðulegi forseti, enginn tími til að vinna að nefndarálitinu eða sinna þeirri lögbundnu skyldu okkar og þeirri ósk allshn. að skila inn ítarlegu og vönduðu áliti menntmn. sem mætti verða til að beina þessum ólögum í réttan farveg og koma í veg fyrir þann gjörning sem hér vofir yfir þingheimi, þeirri skömm sem blasir við þingheimi ef umrætt frv. verður að lögum.

Ég hef þá trú að álit menntmn., þ.e. minni hlutans í menntmn., stjórnarandstöðunnar, geti skipt verulegu máli í þessari umræðu allri. Ég hef bent á það áður að rétt eins og það er með algjörum ólíkindum að Framsfl. skuli ekki viðra viðhorf sín í þessari umræðu eða að hæstv. ráðherrar skuli ekki sýna okkur þann sóma, hinu háa Alþingi, að vera við þingfund, taka þátt í umræðunni, hlýða á spurningar og taka þátt í svörum, sé engin leið, virðulegi forseti, að halda því fram með nokkrum málefnalegum hætti að umræðan um frv. um eignarhald á fjölmiðlum geti farið fram þannig að um sé að ræða vandaða og boðlega umræðu án þess að fyrir liggi álit menntmn. á þessu máli. Menntmn. er lykilnefnd í því, hefur með útvarpslögin að gera og málefni fjölmiðlanna.

Þetta mál snertir fyrst og fremst rekstrarumhverfi fjölmiðlanna, ljósvakamiðlanna, prentmiðlanna o.s.frv., og því getur enginn haldið því fram, virðulegi forseti, að hægt sé að fara í þessa umræðu af nokkru viti án þess að álit menntmn. liggi fyrir.

Nú höfum við ekki haft nokkurt einasta ráðrúm frá því að fundi nefndar lauk rétt um hálfellefu til að vinna álit okkar og því tek ég undir þá sjálfsögðu ósk félaga minna hér að fundi verði frestað um nokkra klukkutíma þannig að við getum komið saman og unnið nefndarálit okkar og skilað því hér inn í 2. og fyrir 3. umr. um málið.

[11:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmann á að þessu máli var vísað til allshn. og bæði meiri og minni hluti allshn. hafa skilað nefndaráliti hér til Alþingis.

[11:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hitti naglann á höfuðið áðan þegar hann sagði að hér ríkti einhvers konar uppreisnarhugur, uppreisnarandi. Það fékk mig til að staldra aðeins við, horfa um öxl og rifja upp með sjálfum mér hvernig mál hafa þróast á undanförnum dögum, þ.e. frá því að þetta frv. um fjölmiðlana hóf umferðir sínar hér í þinginu, allt frá því að þessi skýrsla var lögð fram, skýrsla sem mér skilst að ríkisstjórnarliðar hafi legið á vikum saman meðan þeir voru að lesa hana og sjóða saman frv. Þingið fékk síðan — henni var reyndar lekið í stjórnarandstæðinga, sennilega af einhverjum stjórnarliðum, birtist á heimasíðu hv. þm. Helga Hjörvars og síðan sjálft frv. þar líka daginn eftir, alvarlegur leki úr herbúðum ríkisstjórnarinnar. Þá fyrst fengu stjórnarandstæðingar að sjá hvað var í farvatninu.

Síðan liðu örfáir dagar og þá var tekin umræða um þessa merkilegu og miklu skýrslu. Sú umræða var öll með einhverjum eindæmum og rifin í gegnum þingið á lágmarkstíma. Síðan kom frv. og þar var hið sama upp á teningnum. Málið var sent inn í nefnd og þar var allt einnig með endemum, menn höfðu varla tíma til að skila af sér umsögnum. Æ ofan í æ hefur síðan fundarstjórn forseta í þessu máli verið verulega ábótavant og mér finnst hann einhvern veginn vera í því farinu að reyna að troða illsakir við stjórnarandstöðuna og öll tækifæri notuð til þess.

Ég verð að segja að það furðar mig mjög, hæstv. forseti, að jafnreyndur og klókur maður skuli halda á spilunum með þessum hætti þegar við vitum að hér er um mjög vandasamt og umdeilt mál að ræða og lítið má út af bera til þess að málin fari einmitt í þann farveg sem þau eru í núna. Brostinn er á einhvers konar skotgrafahernaður á milli stjórnarliða og stjórnarandstöðu, víglínan er gersamlega kyrr, tíminn líður og málin þokast ekkert áfram. Mér finnst þetta alveg óskiljanlegt.

Af hverju var ekki hægt að lempa málin til í gær, hæstv. forseti, gefa það t.d. út á miðnætti í gærkvöldi að þingfundi lyki kl. 3 eða 4 svo að menn vissu það og verða síðan við óskum stjórnarandstöðunnar um það að þingfundur í dag hæfist ekki fyrr en klukkan hálfþrjú. Það er alveg morgunljóst, hæstv. forseti, að umræðan væri komin miklu lengra á veg ef orðið hefði við þessum einföldu og frómu óskum stjórnarandstöðunnar.

Ég verð að fá að segja það, hæstv. forseti, að það er í mínum huga mikil ráðgáta hvernig þér hafið haldið á málum í þessari fundarstjórn, vitandi að þetta hlyti að fara svona, jafnreyndur maður í stjórn þingsins.

[11:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil áminna hv. þingmann um að tala til forseta Alþingis með viðeigandi hætti.

Ég vil einnig minna á að ég féllst á það að ræða við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar klukkan 12 á miðnætti og beið þess niðri í forsetaherbergi að þeir kæmu til fundar við mig. Mig minnir að þeir hafi ekki sýnt sig fyrr en kl. hálftvö.

[11:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar fjallað var um fundarstjórn forseta einhvern tíma eftir miðnættið í nótt og sú umræða hafði staðið nokkuð lengi benti ég á að skynsamlegra hefði verið að verða við þeirri ósk sem þá var uppi um að gert yrði stutt fundarhlé á meðan menn skoðuðu hvort hægt væri að ná samstöðu um vinnubrögð en að láta umræður um fundarstjórn forseta standa svo lengi sem þá hafði verið.

Nú gerist það aftur að hæstv. forseti vill ekki verða við því að menn fái að klára sín mál í nefndum og hér hafa staðið umræður um fundarstjórn forseta um langa stund. Ég segi alveg eins og er að það er orðið ljóst að ekki hefur orðið tímasparnaður af því að koma ekki til móts við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Ég held að það yrði tímasparnaður af því og væri skynsamlegt hjá hæstv. forseta að fresta nú þessum fundi, gefa nefndum þingsins sem eftir eru — reyndar er fundur að fara að hefjast í iðnn., skilst mér, núna í hádeginu — tækifæri til að fara yfir sín mál og reyna að klára þau álit sem til var stofnað heldur en að vera í ósætti við stjórnarandstöðuna með framgang mála hér, eins og raun ber vitni. Mér finnst hæstv. forseti ekki meta þá stöðu rétt sem er búin að vera uppi gagnvart störfum þingsins og hann þurfi að taka svolítið til í hugskoti sínu og velta fyrir sér hvort hann geti ekki haldið þannig á málum að þeim þoki betur fram en raun ber vitni.

Ég legg þetta til í mikilli vinsemd við hæstv. forseta því að ég hef alltaf haft þá von að að því kæmi — hann er nú farinn að telja daga sína sem forseti Alþingis — að hann vildi ljúka því starfi með því orðspori að hann hefði þó undir lokin farið að starfa sem hæstv. forseti alls þingsins og með þarfir bæði stjórnarandstöðu og stjórnarliða í huga. Ég hvet hæstv. forseta til að velta þessum hlutum vel fyrir sér því að það verða átök um fleiri mál á þessu vorþingi, ef mig grunar rétt, og hæstv. forseti þarf þá að vanda sig. Annars munu þingstörf standa langt fram á sumar.

[11:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að formenn þingflokkanna hafi beðið um fundarhlé þegar þeir óskuðu eftir fundi með mér klukkan 12 á miðnætti. Það er rangt.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619.

[11:43]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið farið vítt og breitt um þetta mikla mál og mun ég koma víða við í þeirri umræðu

sem fram undan er í þinginu í dag í þessari fyrri ræðu minni um frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum.

Þingheimi til upplýsingar og kannski áminningar ekki síður ætla ég að byrja á því að lesa valinn kafla sem eiginlega fletti upp á sér sjálfur úr grundvallarriti heimspekinnar og allrar undirstöðu undir frjálslynt borgarasamfélag okkar tíma, lýðræðislegt, borgaralegt og frjálslynt samfélag. Bókin kom út árið 1859 og er eftir heimspekinginn John Stuart Mill, mjög merkilegt rit sem liggur til grundvallar flestum nútímastjórnmálastefnum sem hafa lýðræði og lýðréttindi hvers konar að leiðarljósi. Mun ég grípa nokkrum sinnum til hennar í umræðunni. Ég ætla að byrja á öðrum kafla, á bls. 53 í þessu ágæta riti. Bókin er skrifuð árið 1859 í Bretlandi, fyrir 150 árum tæpum, löngu áður en Evrópa gekk í gegnum tvær heimsstyrjaldir sem skóku hana sundur og saman. Setti óhug að mörgum á þeim tímum um hvað yrði um mannréttindi, lýðréttindi og frelsi hvers konar. En upp reis álfan og frelsið var endurreist með lýðréttindum hvers konar og að sjálfsögðu liggur þar til grundvallar prentfrelsið, málfrelsið og réttur okkar til tjáningar, eigna og athafna. En þessi varnaðarorð skrifaði John Stuart Mill fyrir 150 árum. Árið 1859 talar hann um liðna tíð, að einu sinni hafi þurft að gera það sem á eftir kemur í setningunni.

Með leyfi forseta:

„Annar kafli. Um hugsunarfrelsi og málfrelsi. Sú tíð," segir John Stuart Mill árið 1859, „er nú vonandi liðin, er verja þurfti prentfrelsið með ráðum og dáð sem eina helztu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn. Nú verður að ætla, að óþarft sé að ráðast með rökum gegn þingi eða stjórn, sem á aðra hagsmuni í húfi en þegnarnir, skipar þeim fyrir um skoðanir og ákveður, hvaða kenningar og rökræður þeir megi heyra. Að auki hafa fyrri höfundar rætt þessa hlið málsins svo oft og með svo ágætum árangri, að ástæðulaust er að fjölyrða um hana á þessum stað."

Þetta var mat Johns Stuarts Mills, þess mikla heimspekings sem ritaði grundvallarritið Frelsið, eins og ég gat um í upphafi máls míns, um lýðréttindi, frjálslyndi, jafnræði og borgaralegt nútímasamfélag. Hann taldi ekki þurfa að eyða sérstaklega púðri í að færa rök fyrir því að verja þyrfti prentfrelsið með ráðum og dáð. Hann taldi okkur, Evrópubúa á þeim tíma, einfaldlega komin miklu lengra í þróun mannréttinda og uppbyggingu heilbrigðs lýðræðissamfélags en svo að sérstaklega þyrfti að taka það fram í þessu grundvallarriti sem síðar varð, Frelsinu, að verja þyrfti prentfrelsið. Eins og segir hér aftur, með leyfi forseta, „sem eina helztu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn".

Ja, hérna. Þetta er merkileg lesning, virðulegi forseti, og ætti að vera okkur öllum áminning um að þó að tíminn líði breytist hlutirnir oft ótrúlega hægt. Oft er eins og við séum komin nokkur árhundruð aftur í tímann þar sem við stöndum í því dag og nótt sólarhringana út að verja prentfrelsið og málfrelsið, eins og segir hér, „gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn". Þetta er einmitt veruleikinn okkar í dag, að mínu mati, virðulegi forseti. Við stöndum í pontu núna dag og nótt, myrkranna á milli, til að verja málfrelsið, prentfrelsið, tjáningarfrelsið, grundvallarmannréttindi okkar Íslendinga gegn ofríkisfulli landstjórn. Það er nákvæmlega það sem við erum að gera hér á hinu háa Alþingi í dag, við erum að verja grundvallarmannréttindi íslensku þjóðarinnar. Þess vegna á það svo ljómandi vel við, virðulegi forseti, að lesa upp úr hinu 150 ára gamla riti Johns Stuarts Mills, Frelsinu, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu, á þeim tíma á Bretlandseyjum, að ekki þurfi sérstaklega að hafa orð á því að þurfa að verja prentfrelsið og málfrelsið gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn eins og hann segir.

Tímarnir breytast, og oft til hins verra. Við stöndum í þeim pólitísku sporum uppi á Íslandi í dag að vera að verja málfrelsið og prentfrelsið gegn ofríkisfullri landstjórn. Sú er akkúrat staðan, svo merkilegt og sorglegt sem það er, virðulegi forseti, að tíma Alþingis skuli þurfa að verja í slíka hluti í stað þess að slíkt sé löngu að baki sem sjálfsagðir hlutir okkar borgaralega lýðræðissamfélags. Ég mun jafnvel koma síðar við í þessu ágæta riti eftir John Stuart Mill.

Víkur þá sögunni 150 ár fram í tímann og að fundi menntmn. í morgun þar sem við fengum, að þrábeiðni okkar, fulltrúa stjórnarandstöðunnar í menntmn., vísinn að því hvernig lýðræðislegt nefndarstarf fer fram. Við fengum sýnishorn af því. Við fengum ekki að taka þátt í lýðræðislegu nefndarstarfi vegna þessa máls. Því fer víðs fjarri en við fengum hins vegar smáleikrit. Tveggja klukkustunda leikrit var sett á svið þar sem við fengum að þykjast koma að þessu máli. Við fengum að þykjast vera að spyrja gestina, reyndar afskaplega upplýst og gott fólk. Allir vita samt að aðkoma menntmn. að málinu er bara skrípaleikur.

Við fengum í rúma tvo klukkutíma í morgun að þykjast vera að vinna að þessu frv. um eignarhald á fjölmiðlum. Það var svo sem ósköp skemmtilegt og upplýsandi að taka þátt í því að þykjast vera að vinna að þessu máli og þykjast starfa eftir lýðræðislegum leiðum og lýðræðislegum hefðum. Stundum er allt betra en ekkert, virðulegi forseti. Það má kannski segja sem svo í þessu tilfelli en við munum að sjálfsögðu nýta okkur þær upplýsingar sem þar komu fram til að fylgja málstað okkar og máli eftir á hinu háa Alþingi. Sem sagt, 150 ár fram í tímann, og þar fengum við á fund okkar það prýðilega fólk Herdísi Þorgeirsdóttur, doktor í fjölmiðlalögum, Sigurð G. Guðjónsson, forstjóra Norðurljósa, Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, Gunnar Smára Egilsson, ritstjóra Fréttablaðsins og Magnús Ragnarsson, forstjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins, eiganda Skjás 1.

Það var fróðlegt að heyra viðhorf þeirra en við, virðulegi forseti, óskuðum eftir mörgum öðrum ágætum fræðimönnum, fréttamönnum og öðrum. Ég ætla að nefna þá hér til að það hafi komið fram hvernig menntmn. vildi nálgast þetta mál, hvernig við vildum koma að þessu máli og hvernig við sáum það fyrir okkur þegar við höfum störf og settum saman listann yfir þá sem við vildum hitta. Við ályktuðum að við værum að fara í a.m.k. vikuvinnu, úti á nefndasviði við að taka á móti gestum, viða að okkur upplýsingum og draga saman allar þær upplýsingar sem við teljum að þurfi til að við getum skilað boðlegu og vitrænu áliti nefndarinnar. Í því ljósi óskuðum við eftir eftirtöldum fulltrúum og að sjálfsögðu töldum við að meiri hlutinn í nefndinni vildi bæta við og við fengjum þá enn fleiri gesti á fund okkar, þeir mundu skipta tugum og við yrðum, eins og ég segi, a.m.k. í viku að vinna að þessu máli.

Þeir sem við óskuðum eftir, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, voru Gunnar Helgi Kristinsson, Háskóla Íslands, áðurnefnd Herdís Þorgeirsdóttir, Hilmar Thor Bjarnason, Háskóla Íslands, Kjartan Ólafsson, Háskólanum á Akureyri, Ragnar Karlsson, Hagstofu Íslands, Ólafur Harðarson, Háskóla Íslands, Róbert H. Haraldsson heimspekingur, háskólanum og að sjálfsögðu Þorbjörn Broddason sem skilaði ítarlegu og vönduðu áliti inn til allshn. Okkur þótti það

algjört grundvallaratriði að fá að hlýða á viðhorf hans. Af höfundum fræðibóka um fjölmiðla óskuðum við sérstaklega eftir að hitta Birgi Guðmundsson, Hannes Hólmstein Gissurarson og Stefán Jón Hafstein, allt að magra mati mikils verðir fræðimenn sem við töldum mikinn hag fyrir nefndina að fá að hlýða á. Af reyndum blaða- og fréttamönnum óskuðum við t.d. eftir að fá að hitta Jóhann Hauksson, Jón Ásgeir Sigurðsson, Halldór Halldórsson, Agnesi Bragadóttur, Kára Jónasson, Egil Helgason, Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur, Elínu Hirst, Brynhildi Ólafsdóttur, Ólaf Sigurðsson, Árna Bergmann og Odd Ólafsson. Að sjálfsögðu töldum við að stjórnarliðar mundu bæta fjölda reyndra frétta- og blaðamanna við þennan hóp. Þetta var alls ekki tæmandi listi heldur nöfn reyndra fjölmiðlamanna sem skaut upp í hugann akkúrat á þeirri stuttu stundu sem við vorum að setja listann saman. Hvað varðaði ritstjóra og aðra faglega yfirmenn fjölmiðla nefndum við sérstaklega Styrmi Gunnarsson, Illuga Jökulsson, Mikael Torfason, þá tvo ritstjóra þess blaðs, DV, sem kannski hefur sætt hvað harðastri gagnrýni og ofstækisfullri gagnrýni stjórnvalda, Gunnar Smára Egilsson, Boga Ágústsson, Sigríði Árnadóttur, Pál Magnússon, Rúnar Gunnarsson og Sverri Agnarsson. Þetta voru hinir faglegu og ritstjórnarlegu yfirmenn fjölmiðla sem við óskuðum eftir.

Í raun og veru var meginmálið, má kannski segja, í kröfu okkar að fá að hitta fulltrúa frá félögum innan atvinnugreina menningarinnar og fulltrúa Blaðamannafélagsins og Félags fréttamanna sem þetta mál snertir fyrst og síðast. Hvernig sem allt saman veltur standa peningamennirnir af sér áföllin en það er fólkið sem vinnur á miðlunum, fólkið sem hefur lifibrauð sitt af því að starfa kringum eða á þessum miðlum sem frv. snertir fyrst og fremst. Það er það fólk sem við vildum fá að heyra í, heyra hvaða mat það legði á stöðuna og hvernig það sæi fyrir sér að mál mundu þróast.

Fyrst ég er kominn að þeim þætti ræðu minnar langar mig að fylla upp í þá mynd sem hefur orðið svolítið út undan í umræðunni sem hefur eðli málsins samkvæmt snúist meira um stjórnarskrána og pólitíska tilurð þessa máls, af hverju hæstv. forsrh. óð fram á völlinn með sértæk lög á fjölmiðla Norðurljósa einungis til að brjóta fyrirtækið á bak aftur, sprengja það upp þannig að það yrði leyst upp og yrði ekki til staðar sem slíkt. Við þessu urðu að sjálfsögðu feiknarleg viðbrögð hjá starfsmönnum þessara miðla sem skipta hundruðum. Skyldi engan undra að viðbrögð fólks yrðu sterk þegar það upplifir að sjálfur hæstv. forsrh. fari með báli og brandi gegn því, lífsafkomu þess og það sjái fyrir sér að hann muni keyra í gegnum þingið á örfáum dögum frv. sem kippir fótunum undan lífsafkomunni, eða stefnir henni alltént í verulega hættu. Það er alveg morgunljóst að ef frv. verður að lögum mun þrengja svo að starfsemi Norðurljósa að fyrirtækið mun þurfa að draga verulega saman seglin. Ég ætla sérstaklega að vitna til orða forstjóra Norðurljósa, Sigurðar G. Guðjónssonar, af fundi nefndarinnar í morgun. Aðspurður um möguleg áhrif á Norðurljós fullyrti hann einfaldlega að Norðurljós mundu ekki lifa í núverandi mynd. Þau þyrftu að losa sig við stærsta hluthafann og ákveðna miðla. Svo ræddi Sigurður um bótaskylduna, upp á 2,5–3 milljarða væntanlega, miðað við virði félagsins í dag. Það sem eftir stendur þegar, og ef, frv. verður að lögum og þessi aðför að lýðræðinu hefur tekist, þetta áhlaup á Norðurljós átt sér stað, verður að sjálfsögðu fyrsta skrefið fyrir fjárvana fyrirtæki að draga saman seglin í innlendri dagskrárgerð og fréttaþjónustu. Tilgangur frv. er í orði kveðnu að efla fjölbreytni í fjölmiðlun og skjóta stoðum undir lýðræðislega umræðu en með samþykkt þess þyrfti þetta stóra fyrirtæki að draga verulega úr innlendri dagskrárgerð og fréttaþjónustu hvers konar. Frv. mundi fyrst og fremst bitna á þessu, dregið yrði verulega úr fréttaþjónustu sem kostar Íslenska útvarpsfélagið, Norðurljós, yfir 300 millj. á ári. Nefndi forstjórinn að ef menn litu einungis þannig á málið væri sú staða uppi að menn færu að sýna ameríska þætti eins og Simpsons og Friends, færu niður á sama plan og hver önnur vídeóleiga, að sýna vinsæla þætti sem hafa ágætt áhorf, kosta smámuni miðað við það að halda úti fréttaþjónustu sem ekkert knýr fyrirtækið til að gera en er, eins og allir vita, geysilega mikilvægur þáttur í allri fjölmiðlaflóru okkar.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa útdrátt úr nokkrum tölvupóstum sem ég hugsa að flestir hverjir hafi borist okkur þingmönnum öllum. Þeir skiptu tugum, ekki hundruðum en þeir gætu hafa farið yfir 100. Þetta voru allt persónuleg bréf sem starfsfólk hinna ýmsu fjölmiðla í eigu Norðurljósa skrifaði eitt og óstutt. Ekki var um fjölsendingu að ræða, staðlaðan fjölpóst sem fór til þingmanna, heldur var hér um að ræða mjög persónulegar hugleiðingar þessa fólks sem upplifir það að stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., haldi uppi áhlaupi á það fyrirtæki sem það starfar hjá með það að markmiði að brjóta það á bak aftur með þeim afleiðingum að hluti þess gæti misst vinnu sína. Þá ætla ég, með leyfi forseta, að vitna til nokkurra tölvupósta án þess að nefna nöfn þess fólks sem þá ritar, enda hef ég ekki óskað leyfis bréfritara til að birta nöfn þeirra hér. Það er líka algjör óþarfi. Um er að ræða starfsfólk Norðurljósa, fólk sem vinnur við innkaup á efni, þýðingar, fréttaflutning, auglýsingasölu, fólk sem vinnur við flesta þá þætti sem lúta að rekstri fjölmiðla hjá Norðurljósum. Með leyfi forseta:

„Ágætu þingmenn. Eins og þið vitið var lagt fram á Alþingi í gær frumvarp sem skerðir tilvistarmöguleika frjálsra ljósvakamiðla. Í framhaldi af því langar mig að segja ykkur frá helstu persónulegum hugrenningum mínum þessa dagana.

Ég er fimmtugur. Hóf störf hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu síðla árs árið 1989. Síðan varð það að Íslenska útvarpsfélaginu og þá að Norðurljósum. Áður hafði ég unnið hjá Sambandinu frá 1976. Þar áður hafði ég aðeins unnið sumarstörf og störf til skemmri tíma á meðan ég var að finna mína hillu í lífinu. Það væri því synd að segja annað en að ég hafi verið húsbóndahollur í gegnum tíðina en ókosturinn við þetta er náttúrlega sá að reynslan á atvinnumarkaði var heldur fábrotin.“ — Síðan rekur maðurinn að honum hafi fundist hann detta í þann lukkupott að fá starf hjá einum miðla Norðurljósa. Því spyr hann:

„Hvernig getur einn maður haft þau áhrif að heilu lagabálkarnir fara í gegnum Alþingi landsins, aðeins ef hann beitir sér fyrir þeim? Hvernig stendur á því að einn maður má samkvæmt honum sjálfum ráða heilu Alþingi en annar maður má ekki eiga ráðandi hlut í fjölmiðlum? Hvernig stendur á því að sumir samflokksmenn hans sem eru andvígir frumvarpinu segja ekki neitt? Hvernig stendur á því að samflokksmenn mannsins á þingi viðurkenna í einkasamtölum að þeir séu algjörlega ósammála frumvarpinu, en að þeir missi vinnuna (þingmennskuna) ef þeir makki ekki rétt? Skyldi ráðherrann hafa aðra sýn á málið ef Ólafur Ragnar Grímsson hefði aldrei verið kosinn forseti? Hvernig á ég að fara að því að kljúfa afborganir af skuldbindingum mínum

ef ég missi vinnuna í kjölfar þess að lögin nái fram að ganga á Alþingi?

Þessum skrifum er ekki ætlað að kryfja stöðu fjölmiðla á landinu," segir bréfritari, „enda eru mér fróðari menn um þau mál hæfari til þess. Ég er bara að hugsa um mig sjálfan, fjölskyldu mína og afkomu okkar."

Síðan kemur fróðleg setning, virðulegi forseti, og kannski dapurleg í ljósi stöðunnar og þess meiri hluta sem fer núna með ofbeldi á Alþingi:

„Við höfum alltaf kosið Sjálfstæðisflokkinn í gegnum þykkt og þunnt. En nú er okkur ljóst að við verðum að fara að leita okkur að öðrum vettvangi fyrir atkvæðin okkar. Því miður þá eyddum við þeim á þann flokk síðast. Ég vildi að ég hefði vitað þá það sem ég veit í dag. Í dag sé ég mjög eftir þeim atkvæðum. Flokkurinn kom illa út úr þeim kosningum, tapaði reyndar, og svo virðist sem nú sé verið að hefna sín á þeim miðlum sem reyndu að vera með gagnrýna umfjöllun um þjóðmálin þá. Ég bið ykkur öll," segir hann við þingheim „einlæglega að greiða þessu frumvarpi ekki atkvæði ykkar. Sum ykkar virðast hreinlega verða að gera það af því að ykkar eigin störf væru annars í hættu, en hafið það í huga að það vinna fleiri hjá Norðurljósum en þingmenn eru og fleiri mundu missa vinnuna hér en hjá ykkur. Fólk ætti erfiðara með að fá aðra vinnu en þau ykkar sem hugsanlega munduð missa vinnuna ef velvilji Ráðherrans hyrfi." — Með stórum staf. — „Hann ræður jú öllu.

Með vinsemd." Signaterað af bréfritara.

Þetta var eitt bréf af mörgum. Ég ætla að vitna hérna í fleiri, enda varpa þau ljósi á stöðuna. Þau varpa ljósi á þann þátt málsins sem lýtur að starfsfólki þessara miðla á þessum örsmáa fjölmiðlamarkaði sem er í okkar litla og ágæta landi. Fyrir aðeins örfáum mánuðum römbuðu frjálsu miðlarnir flestir, fyrir utan Morgunblaðið, bókstaflega á barmi gjaldþrots og fleiri hefðu nú trúað því að miðlar eins og Fréttablaðið og Stöð 2 hefðu einfaldlega farið í þrot ef ekki hefðu komið til nýir hluthafar. Ólíkt því sem mætti ráða af umræðunni af hálfu ráðamanna eru þeir reyndar nokkrir en ekki aðeins einn. Ætli fólkið sem vinnur á miðlunum hafi ekki hugsað þá og margir aðrir að sama væri nú hvaðan gott kæmi. Miðlarnir voru endurreistir, tilvera þeirra tryggð um sinn. Markmiðið var, virðulegi forseti, að koma þeim á markað eftir u.þ.b. ár og tryggja þannig dreifða eignaraðild að miðlunum. Fram hefur komið að stærsti hluthafinn í Norðurljósum, Baugur, æskir þess sérstaklega að koma fjölmiðlafyrirtækinu á markað og leysa til baka til sín hluta af þeim fjárfestingum sem fyrirtækið lagði inn í miðilinn í upphafi árs. Það er sjálfsagt mál og gerir frv. enn þá undarlegra í ljósi þeirra markmiða sem fyrirtækið hefur sett sér um rekstur á fyrirtækinu, þ.e. að koma því á markað og tryggja þannig dreifða eignaraðild. Það er ekki eins og Baugur ætli að eiga þetta fyrirtæki í meirihlutaeigu. Mikið gekk á þegar verið var að finna fleiri öfluga hluthafa og fjárfesta til að koma að fyrirtækinu. Eins og þekkt er kom Kári Stefánsson þar að og á, að mig minnir, 15% í Norðurljósum. Öllum þessum fjárfestum var að sjálfsögðu fagnað af þeim hundruðum sem hafa lifibrauð sitt og atvinnu af því að vinna hjá þessum miðlum og að sjálfsögðu af okkur sem unnum frelsi, lýðræði, mannréttindum og hvers konar frjálslyndi í heilbrigðu, lýðræðislegu, borgaralegu samfélagi þar sem grundvallarmannréttindin eru tryggð en þeim ekki kippt í burt að hluta og jafnvel verulegu leyti með einu sértæku lagafrumvarpi sem er stefnt gegn einum einstökum miðli.

Þetta var millikafli til að brjóta upp lesturinn á bréfunum. Ég valdi bréfin ekki af neinni sérstakri kostgæfni, frekar af handahófi, af því að öll þau bréf sem mér bárust frá starfsmönnum Norðurljósa verðskulda upplestur á hinu háa Alþingi. Þar tjáir fólkið sig hreint og umbúðalaust á mjög opinskáan hátt um hvernig það upplifir áhlaup stjórnvalda á fyrirtæki sitt, hvernig það upplifir það að stjórnvöld gerðu áhlaup að því að kippa fótunum undan fyrirtækinu sem fólkið vinnur hjá.

Næsta bréf, með leyfi forseta:

„Ágæti þingmaður. Ég tilheyri þeirri undarlegu stétt fólks sem flestir vita að er til og kannast jafnvel við nokkur nöfn sem henni tilheyra, en enginn þekkir að öðru leyti. Ég er sem sagt sjónvarpsþýðandi. Flestir þýðendur eru sjálfstæðir verktakar og er ég í þeim hópi. Fram að þessu hafa stærstu verkkaupar mínir verið Íslenska útvarpsfélagið og Skífan, en frá þessum fyrirtækjum koma sirka 90% tekna minna."

Þetta bréf, virðulegur forseti, les ég nákvæmlega upp til að varpa ljósi í 2. umr. um málið á það hve marga þetta snertir og þær fagstéttir sem vinna innan þeirrar greinar sem á að flokka undir menningu og miðlun. Að þeim er vegið með fyrirliggjandi frv.

En áfram með lesturinn, með leyfi forseta:

„Af högum mínum er það að segja að ég hef í 20 ár verið með sykursýki og er því afar hentugt fyrir mig að geta hagað vinnutíma eftir eigin hentugleikum og því hvað heilsan leyfir mér hverju sinni." — Svo kemur fram að manneskjan er að nálgast sextugt. — „Þá kem ég að því sem hvílir hvað þyngst á mér þessa dagana. Eftir að hafa fylgst með umræðum um fjölmiðlafrumvarpið að undanförnu og ekki síst á Alþingi í gær byrjaði að myndast þessi líka bansetti hnútur í maganum á mér og það var ekki laust við að ég fyndi til ógleði. Mér sýnist nefnilega að frumvarp þetta sé flausturslega unnið og því fyrst og fremst beint að einu fyrirtæki og eigendum þess og brjóti þar að auki gegn stjórnarskránni en í henni er kveðið á um að eignarréttur sé friðhelgur nema almenningsþörf krefji. Ég hef enn ekki heyrt nein gild rök fyrir slíkri almenningsþörf. Þar af leiðandi get ég ekki séð nein rök fyrir því að knýja svo áhrifaríkt frumvarp í gegnum þingið á síðustu dögum þess.

Öll umræða er af hinu góða og vissulega má setja einhverjar reglur um eignarhald á fjölmiðlum en þær verður að ígrunda vandlega. Enn fremur blöskra mér ummæli ráðherra og ýmissa stjórnarþingmanna í garð fréttastofu Stöðvar 2 og ritstjórnar Fréttablaðsins og DV þar sem ráðist er að starfsheiðri fréttamanna og þeir vændir um að vera viljalaus verkfæri í höndum eigenda sinna. Ég vil því skora á þig, ágæti þingmaður, að greiða atkvæði gegn því frumvarpi. Þegar það verður að lögum verða þau lög vissulega barn síns tíma, þ.e. tíma geðþóttaákvarðana og einræðistilhneigingar ríkisstjórnar sem með rangindum kennir sig við lýðræði."

Lýkur því bréfi og hlífi ég bréfritara við nafnbirtingu, enda hef ég ekki farið þess á leit að fá að birta nafn hennar og ætla að hlífa henni við mögulegum afleiðingum þess að koma hér fram undir nafni.

Í næsta bréfi kemur annar vinkill á málið, upplýsandi mjög. Manneskjan segir, með leyfi forseta:

„Ég flutti til Íslands í byrjun september á síðasta ári eftir 16 ára búsetu á Spáni. Fljótlega eftir að ég kom til landsins hóf ég störf mín á Fréttablaðinu sem þá var til húsa á Suðurgötu 10 en hefur síðan flutt starfsemi sína í Fréttahúsið, Skaftahlíð 24. Þessi tími sem ég hef upplifað hjá fyrirtækinu

hefur verið mjög gefandi og það hefur einnig verið spennandi verkefni að eiga þátt í uppbyggingu þessara fjölmiðla og sjá þá blómstra.

Í dag var ég á starfsmannafundi Norðurljósa þar sem ég fann hlýhug fólksins til þessa fyrirtækis sem það starfar fyrir en jafnframt hræðsluna vegna þess óvissuástands sem nú ríkir. Eftir setu á þessum fundi get ég ekki orða bundist," segir bréfritari, og sendir því okkur þingmönnum þessar línur. „Stolt af mínu landi, af mínu víkingablóði, af sigri okkar á Bretum í þorskastríðinu, af nóbelsskáldinu okkar, af Snorra-Eddu, af lífsþrótti okkar og þrautseigju, í landi þar sem veðurguðirnir eru oft óvægir við okkur, var ég oft hneyksluð á stjórnmálamönnum Spánar sem létu frændur fá verktakasamning og réðu fjölskyldumeðlimi í hin ýmsu embætti. Oft átti ég samræður við spænska vini mína þar sem ég tjáði þeim að slíkt væri óhugsandi í því litla samfélagi sem Ísland er."

Taktu eftir, virðulegi forseti, „óhugsandi í því litla samfélagi sem Ísland er," segir bréfritari.

„Síðan þá hafa augu mín verið að opnast meira og meira fyrir þeirri hryggilegu staðreynd að margir (sem betur fer ekki allir) stjórnmálamenn þessa lands eru verri en þeir spænsku og það viðgengst sú spilling að láta almannafé borga persónulegar veislur, að 14 ára barn sé í sendinefnd landsins í utanlandsferð, að forsætisráðherra lofar skattalækkunum upp á tugi milljarða en svíkur það og ætlar sér frekar að tryggja sjálfum sér margmilljónaeftirlaun þegar fólkið í landinu býr allt við verri kjör og heilbrigðiskerfið er ekki lengur verndari okkar, heldur óvinur. Þegar lífskjör almennings bötnuðu aðeins með tilkomu Bónusverslana sem stuðluðu að aukinni samkeppni og lækkun vöruverðs, þá var þessum sömu aðilum meinað að reka fjölmiðlafyrirtæki vegna þess að dagblöð í eigu þeirra fjalla ekki nægilega þóknanlega um Forsætisráðherrann," er skrifað hér með stórum staf. „Vegna þess að hann er óvinveittur okkur ætlar þessi sami forsætisráðherra að setja lög sem hafa áhrif á 700 fjölskyldur í landinu. Lögin taka með beinum og hreinum hætti til 700 fjölskyldna í landinu." — Eins og hér segir í bréfinu: „... a.m.k. 2.400 manns sjá vegið að lífsafkomu sinni, allt vegna þess að stjórnvöld geta ekki tekið gagnrýni og vilja hafa það fyrirkomulag sem tíðkast í ráðstjórnarríkjum, að leyfa bara rekstur á fjölmiðlum sem þeim eru hliðhollir. Svo eru þessi stjórnvöld það barnaleg að þau halda að þessi gagnrýni og umfjöllun á þá sé ekki vegna þess að aðgerðir þeirra séu gagnrýnilegar, heldur vegna persónulegrar óvildar eigenda blaðanna á þeim sjálfum. Allur sá fjöldi blaðamanna sem starfa á þessum tveim blöðum er ásakaður af stjórnvöldum um að vinna gegn sinni eigin sannfæringu sem er að skrifa fréttir og segja satt og rétt frá.

Ég skora því á alla þingmenn þessa lands að láta ekki geðþóttaákvörðun eins manns hafa áhrif á lýðræði þessa lands, það lýðræði sem tók okkur margar aldir að öðlast og þroska. Einnig skora ég á þetta sama fólk að stofna ekki lífsafkomu 2.400 manns í hættu, en það er tæpt prósent af öllum landsmönnum, en við erum líka," eins og segir hér í bréfinu, „þegnar þessa lands. Ég skora því á alla þingmenn að samþykkja ekki þetta frumvarp."

Þetta er magnaður lestur, virðulegi forseti. Til að ramma málið inn og bakka aðeins, þingheimi til upplýsingar og vegna samhengis ræðunnar, ætla ég aftur að vitna í annan kafla bókarinnar Frelsið, eftir John Stuart Mill, algjört grundvallarrit í allri uppbyggingu samfélags, lýðræðis, lýðréttinda, jafnréttis og manneskjulegs samfélags. Ég minni líka á það að John Stuart Mill var mikill frumkvöðull í allri baráttu fyrir réttindum kvenna og jafnréttindum kynjanna. Hann skrifaði fræga bók og frábært rit sem hét Kúgun kvenna. Hún verðskuldar oft tilvitnanir á hinu háa Alþingi þegar við ræðum jafnréttismálin.

Ég ætla aftur að vitna í þennan kafla í Frelsinu og minni enn á að hann var skrifaður fyrir 145 árum. Fyrir 145 árum skrifaði heimspekingurinn John Stuart Mill þessa bók, Frelsið, úti í Bretlandi og fjallaði um hvernig frelsinu væri best fyrir komið og það tryggt. Bókin er stórmerkilegt rit og væri eiginlega þeirrar messu virði að hún yrði öll lesin við þessa umræðu um aðförina að frelsinu sem felst í því frv. sem við erum að ræða hér. Ég held að sú lesning væri stjórnarmeirihlutanum ákaflega holl, og prýðilegt að Frelsið eftir John Stuart Mill væri að finna í þingtíðindunum.

Hefst þá lesturinn úr völdum kafla. Í upphafi annars kafla sem ber yfirheitið Um hugsunarfrelsi og málfrelsi segir John Stuart Mill fyrir 145 árum — ég bendi aftur á það eins og ég gat um í upphafi máls míns að Mill talar þarna í þátíð. Hann segir, með leyfi forseta:

„Sú tíð er nú vonandi liðin, er verja þurfti prentfrelsið með ráðum og dáð sem eina helztu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn. Nú verður að ætla, að óþarft sé að ráðast með rökum gegn þingi eða stjórn, sem á aðra hagsmuni í húfi en þegnarnir, skipar þeim fyrir um skoðanir og ákveður, hvaða kenningar og rökræður þeir megi heyra."

Það er akkúrat það sem hér um ræðir, virðulegi forseti. Áfram, með leyfi forseta:

„Að auki hafa fyrri höfundar rætt þessa hlið málsins svo oft og með svo ágætum árangri, að ástæðulaust er að fjölyrða um hana á þessum stað," segir John Stuart Mill fyrir 145 árum. Það er ástæðulaust að hans mati þá fyrir tveimur heimsstyrjöldum og einni og hálfri öld síðan að ræða sérstaklega um mikilvægi prentfrelsis og málfrelsis og hve sjálfsögð lýðréttindi, mannréttindi þetta eru.

Það er magnað að lesa þetta rit í samhengi við upplifun Íslendinga, venjulegra Íslendinga sem starfa hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og sérstaklega því fólki sem starfar við fjölmiðlun í landinu þar sem oft er erfitt um störf og fólk nánast lifir við það frá degi til dags að búa við óöryggi um afkomu sína og störf. Fyrir utan Ríkisútvarpið og Morgunblaðið hafa miðlarnir staðið á brauðfótum, alveg frá upphafi, alveg frá tímum flokksblaðanna, alveg frá því að tími þeirra leið undir lok og tími hinna frjálsu dagblaða hóf göngu sína. Nýjasta dæmið var þegar Dagblaðið var kæft í ofstækisfullri hægri pólitík þannig að lestur þess hrundi. Það var leitun að þeim sjálfstæðismanni sem bæði tímdi að kaupa blaðið og nennti að eyða tíma sínum í að lesa það ofstæki sem kom fram í ritstjórnarskrifunum. Blaðið sagði oft ágætar fréttir en þegar kom að pólitísku leiðinni var það alveg með ólíkindum. Svo var því bjargað og gefið nýtt líf, blásið í það lífi af nýjum eigendum sem eru m.a. Baugur. Er það svo dæmalaust skammaryrði í íslenskri samfélagsumræðu að það er eiginlega alveg með ólíkindum.

Sé ég að undrunarsvipur kemur á hv. þm. Einar Má Sigurðarson sem er að búa sig undir að taka þátt í þessari umræðu hér á eftir. Mun ég lána honum að hans ósk þessa bók. Hann mun lesa hérna annan kafla úr henni en ég las áðan.

Aftur að starfsmönnum Norðurljósa og þeim tilfinningum sem hrærast í brjóstum þeirra þegar þeir sjá stjórnvöld,

hæstv. forsrh., koma æðandi á fyrirtæki sitt eins og óðan mann með sértækt frv. þeirrar einu gerðar að sprengja upp fyrirtækið, leggja það í rúst, koma því úr rekstri, hafa af þessu fólki vinnuna, allt af því að hann hefur, að sögn, óbeit á eigendum fyrirtækisins.

Áfram sleppi ég nöfnum bréfritara og segir hér, með leyfi forseta:

„Ég starfa sem tæknimaður hjá Íslenska útvarpsfélaginu. Þetta bréfkorn er það fyrsta sem ég rita til nokkurs kjörins fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Þessi nýlega ritþörf kemur ekki til af góðu þar sem mér hreinlega ofbýður standardinn á þeirri umræðu sem nú er í gangi um svokallað fjölmiðlafrumvarp og vinnulag það sem haft var við undirbúning þess. Þá þingmenn sem eru tilbúnir til þess að leggja nafn sitt og æru við það vinnulag að hunsa þá aðila sem starfa á fjölmiðli á Íslandi í dag, samanber viðbrögð stéttarfélaga og stjórna miðla við undirbúning að svo stóru máli sem um ræðir, setur verulega niður.

Er kjörnum fulltrúum á Alþingi Íslendinga," spyr bréfritari, með leyfi forseta „sæmandi að væna alla starfandi blaðamenn miðla Norðurljósa um óheiðarleika og eins það að starfa sem viljalaus verkfæri núverandi eigenda Norðurljósa? Alvarlegar fullyrðingar sem dæma sig þó best sjálfar.

Vilt þú, kæri þingmaður, að innihald og efni fjölmiðla á Íslandi sé ritskoðað?"

Ég get svarað fyrir mig hérna í miðjum lestri að eins og hjá öðrum hv. þm. stjórnarandstöðunnar er svarið nei við því. Þess vegna stöndum við nú þann frelsisvörð um mannréttindi á Íslandi sem við gerum þessi dægrin gegn þeirri aðför að stjórnarskránni sem hér er um að tefla.

Áfram, með leyfi forseta:

„Fram hefur komið í máli einstakra þingmanna og eins formanns fjölmiðlanefndarinnar að umfjöllun miðla Norðurljósa um þetta mál hafi styrkt þá í þeirri trú að lagasetningar sé þörf. Þetta eru varasöm rök fyrir lagasetningu. Til að undirstrika hve þetta frumvarp virðist lítt grundað, sé því ætlað að auka á fjölbreytileika fjölmiðlaflórunnar og styrkja lýðræðislega umræðu í landinu, þá er það lagt til að markaðsráðandi aðilar í annarri atvinnugrein geti ekki átt hlut í útvarpsstöðinni Sýn eða unglingastöðinni Popp tíví, en þeir mega eiga DV.

Þær fullyrðingar sem fram hafa komið í umræðunni undanfarna daga um að eignarhald fjölmiðla Norðurljósa setji hömlur á að andstæðar skoðanir fái að koma fram í fréttamiðlum Norðurljósa eru dæmalausar og krefjast ábendinga frá þeim sem svo haga máli sínu. Sé ástæðan sú ein fyrir mismunandi reglum um eignarhald á prent- og ljósvakamiðla að tíðnibönd þau sem ljósvaki notar séu takmörkuð auðlind þá skal bent á að ekki hefur enn komið til þess, mér vitanlega, að lögaðila með útvarpsleyfi hafi verið neitað um tíðnileyfi, hvorki til sjónvarps- né útvarpssendinga.

Kæri þingmaður. Vinsamlega kynntu þér þetta stóra mál frá eins mörgum hliðum og þér er unnt að komast yfir og taktu afstöðu út frá þinni eigin sannfæringu. Þannig og aðeins þannig er hægt að meta þig réttlátan út frá þínum gjörðum." Signaterað af bréfritara.

Það er að mörgu leyti átakanlegt að fá svona lesningu beint í æð, bréf sem fólkið skrifar í því uppnámi og jafnvel þeirri hræðslu sem það finnur til, þeim ótta sem það finnur til um lífsafkomu sína. Allir þekkja þá tilhugsun, a.m.k. flestir, hvernig er að standa frammi fyrir því að vita ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér hvað varðar lífsafkomu og það að brauðfæða fjölskyldurnar.

Því hlýtur það að vekja undrun að við tilurð og tilbúning þessa lagafrumvarps forsrh. skuli ekki sérstaklega hafa verið gætt að því að afkoma starfsmanna væri tryggð í gegnum starfsmannafélög þeirra, Blaðamannafélagið, Félag fréttamanna og önnur starfsmanna- og fagfélög sem þau heyra undir, VR o.s.frv. Enda höfum við heyrt hvernig hluti af verkalýðshreyfingunni hefur brugðist við, Alþýðusambandið, BSRB, Rafiðnaðarsambandið. Allir þessir aðilar hafa farið hamförum gegn frv. svo og þeir aðilar vinnumarkaðarins, ef svo má að orði komast, sem hafa komið að málinu líka, eins og Verslunarráðið, Samtök atvinnulífsins og fleiri.

Allir fordæma frv., dæma það ónýtt, út í hafsauga og kallað eftir því að menn dragi það einfaldlega til baka og fari að ráði frænda okkar Norðmanna sem hafa varið fjórum eða fjórum og hálfu ári í að endurskoða fjölmiðlalögin sín. Þar voru sett lög á fjölmiðla sem mundu þó hér uppi á hinu undarlega Íslandi þykja gríðarlega frjálslynd lög í ljósi þess frv. sem liggur fyrir Alþingi. Ég efast um að nokkur mundi taka eftir slíkri lagasetningu eftir þá orrahríð sem hefur geisað í sölum Alþingis og úti á götum Íslands og meðal borgaranna eftir að lýðnum varð ljóst að þetta frv. væri ekki bara hótun eða hótfyndni, heldur rammasta alvara.

Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, í hvaða stöðu við erum og ágætt að hafa það í huga meðan við hlýðum á raddir þeirra sem vinna á miðlunum. Ég hef ákveðið að verja meginmáli mínu í þessari ræðu í það að miðla sjónarmiðum og röddum fólksins sem vinnur á miðlunum. Það var, eins og ég sagði áðan, átakanlegt að lesa sig í gegnum þá tugi tölvupósta sem okkur bárust frá starfsmönnum fyrirtækja Norðurljósa og að setja sig með þeim hætti inn í það hugarástand sem skapast á þessum fjölmiðlum þegar fólkið finnur vegið að afkomu sinni, og nánast án nokkurrar umræðu. Fjögur ár í Noregi, 14 dagar á Íslandi. Það er hryggilegt að þurfa að standa hér þann frelsisvörð sem við stjórnarandstöðuþingmenn stöndum þessi dægrin eftir tilkomu þessa máls.

Að sjálfsögðu á að ræða stöðu fjölmiðla, að sjálfsögðu á að ræða og endurskoða rammann utan um fjölmiðla hvenær sem er, alltaf, síbreytilega og í ljósi aðstæðna og breytinga á markaði hvers konar. En að keyra málið fram með því offorsi sem hér er gert heyrir til algjörra undantekninga. Er fátítt í veröld víðri að svo sé staðið að lagasetningu.

Að næsta bréfi. Þar skrifar maður sem vinnur að fréttamiðlun nokkurs konar á einum af miðlum Norðurljósa. Með leyfi forseta:

„Kæri þingmaður. Ég er enn ekki búin/n að heyra rökin fyrir því að það verði að afgreiða þetta frv. á þessu þingi frekar en á haustþingi. Það er einlæg ósk mín að þið endurskoðið þetta frumvarp í núverandi mynd og leyfið fleiri aðilum að koma með ábendingar að vinnslu þess fyrir haustþing.

Fyrir mér liggur það eins kristaltært og það gerist að engum, já engum, er gert gagn með því að flýta frumvarpinu í gegn með svo miklum asa eins og stefnir hér í. Ég hef starfað í útvarpi frá því á menntaskólagöngu árið 1989 og hef notið þeirrar lukku að fá að alast upp með frjálsu útvarpsstöðvunum alveg frá því sex árum eftir að einokun RÚV á útvarpsmarkaðnum var afnumin. Á þessu tímabili hef ég lært meira en nokkur skólaganga kennir um fjölmiðla um hvernig útvarpsrekstur þrífst á þessu litla landi og því gremst mér að horfa upp á forsætisráðherra ana svo hratt áfram með þetta

mikilvæga mál. Ekki ein einasta útvarpsstöð hefur lifað af án þess að þurfa að hætta rekstri einhvern tíma á líftíma sínum án samstarfs við annan miðil enda ekki um stóran markað að ræða. Á milljón manna markaði yrði það hugsanlega hægt en ekki á 290 þúsund manna markaði.

Ég bið ykkur alþingismenn vinsamlega að skoða alla möguleika sem í boði eru ásamt réttum fagaðilum og fresta því að afgreiða frumvarpið í svo miklum flýti. Ég er fullviss um að hægt er að lenda á sanngjarnri niðurstöðu sem verður ekki til þess að hundruð ef ekki þúsundir missi vinnuna að ástæðulausu. Með von um jákvæð viðbrögð við afgreiðslu frumvarpsins."

Já, það er vonandi að vonin lifi í brjóstum þessa fólks þó að svo fari fram sem horfir að frv. verði böðlað í gegnum þingið á þeim ógnarhraða sem hér um ræðir. Þarf nú mikið samstillt átak stjórnarandstöðunnar allrar til að tryggja að málið fái a.m.k. grundvallarmálsmeðferð. Hef ég komið nokkrum sinnum að því í umræðunni síðasta sólarhringinn hér úr ræðustól Alþingis hvernig menntmn. þingsins var fótumtroðin og henni nánast gert ókleift að koma að málinu, máli sem heyrir fyrst og síðast undir menntmn. Henni var nánast haldið frá málinu þó að lítils háttar og hálfgerð spaugstofa væri sett á svið þar sem við fengum að þykjast vera að vinna að málinu og þykjast vera með lýðræðislega aðkomu að þessu mikilvæga máli. Það vekur manni þá spurn: Af hverju tilkynntu menn bara ekki einfaldlega hér að nefndin fengi ekkert að koma að málinu? Hún á að skila áliti einhvern tíma í dag inn í 2. umr. eða fyrir 3. umr. þegar málið er langt komið og búið að fara meginhring sinn í gegnum meðferð hv. Alþingis. Þetta er alveg með ólíkindum.

Þá er það síðasta bréfið sem ég valdi af handahófi úr því bréfasafni sem okkur þingmönnum barst frá starfsmönnum Norðurljósa. Vil ég nota tækifærið og þakka starfsmönnunum fyrir að hafa fyrir því að senda okkur þessi bréf og upplýsa okkur um það hvernig þeim er innan brjósts í þeirri aðför sem hér á sér stað að atvinnufrelsi í landinu og lífsafkomu þeirra. Hefst þá lesturinn, með leyfi forseta:

„Háttvirti þingmaður. Gerir þú þér grein fyrir því að afdrif fjölda manna eru í þínum höndum? Ef þú greiðir atkvæði með fjölmiðlafrumvarpinu óbreyttu ertu ábyrgur fyrir því að fjöldi starfsmanna gæti misst lífsviðurværi sitt. Hvernig eiga foreldrar að útskýra fyrir börnum sínum atvinnumissinn sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar á jafnt hjónaband sem og fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar? Atvinnuleysi er döpur staðreynd og er æ algengara að háskólamenntað fólk sé atvinnulaust til lengri tíma. Langar þig að bera ábyrgð á óhamingju fjölda kvenna, karla og barna? Metur þú tryggð þína við flokkinn og frama í stjórnmálum meira en velferð fólksins sem fól þér með fullu trausti að vernda land og þjóð?

Vilt þú ekki frekar láta minnast þín í sögunni sem þingmannsins sem hlustaði á almenning og bjargaði frjálsum fjölmiðlum frá glötun heldur en þess sem studdi forustu sína út í rauðan dauðann?" — (**Gripið fram í:** Hver skrifar svona ...?) Ég vil ekki upplýsa um nöfn en þessi kona býr í Hafnarfirði og vinnur hjá Norðurljósum. Ég bað ekki um leyfi bréfritara til að birta nöfn þeirra þó að þau hefðu sjálfsagt orðið við þeirri ósk minni. Mér gafst heldur ekki tími til þess enda valdi ég þessi bréf eiginlega eins og maður dregur miða úr hatti eða velur sér gíróseðilinn sem maður ætlar að borga þann mánuðinn. Maður dregur úr bunkanum af því að öll voru bréfin fín og jafngild (Gripið fram í.) og mun ég les fleiri upp hérna í seinni ræðu minni við 2. umr. í nótt eða á morgun eða hvenær sem það verður. (**Gripið fram í:** Hvað er langt ...?) Þingmenn allir eiga að hafa fengið bréfin þannig að ég hvet menn til að fletta upp í tölvupóstshólfinu sínu og lesa þessi bréf aftur. Það er, eins og ég sagði hér áðan, virðulegi forseti, mjög upplýsandi en um leið átakanleg lesning að lesa hugrenningar fólks sem upplifir það að stjórnvöld í frjálsu lýðræðisríki við upphaf nýrrar aldar geri áhlaup á atvinnufyrirtæki þess af því að stjórnarherrunum er í nöp við eigendur fyrirtækisins. Ég get eiginlega ekki ímyndað mér hvernig þessu fólki líður, virðulegi forseti.

Þess vegna óskuðum við, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn., sérstaklega eftir því að fulltrúar þessa fólks, fulltrúar fagfélaganna, allra þeirra hópa sem hafa atvinnu sína á miðlunum kæmu á fund menntmn. og gerðu nefndinni grein fyrir viðhorfum sínum. Eins og ég sagði áðan lifa peningamennirnir áföllin af og þeirra bök bogna ekki svo glatt þó að einhverjir molar hrjóti af borðum þeirra. Það er fólkið sem vinnur hjá miðlunum, það eru þessir 700 starfsmenn, þessir 2.400 fjölskyldumeðlimir, sem eiga hlut að máli, sem skipta öllu máli við meðferð þessa máls. Það er alveg með ólíkindum hvernig hægt er að keyra jafnmikilsvert mál í gegnum þingið með það fyrir sjónum hvað þetta snertir ofboðslega marga Íslendinga auk þess að brjóta trúlega öll mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar fyrir utan það sem lýtur að trúfrelsinu.

Mundi nú einhvers staðar heyrast hljóð úr horni ef svo væri farið að ýmsum öðrum fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum Íslandsbyggðar allrar. Þarf oft minna til til að allt ætli af göflunum að ganga.

En áfram með bréfið úr Hafnarfirði, með leyfi forseta:

„Skoðanakannanir sýna að 70% þjóðarinnar" — eitthvað hefur mælst held ég yfir 80% núna — „eru á móti fjölmiðlafrumvarpinu óbreyttu. Er almenn undrun og hneykslan meðal almennings á vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar. Hvernig stendur á því að frumvarpinu er þrýst í gegn á ljóshraða þegar fjöldi löglærðra manna hefur lýst því yfir að frumvarpið sé afturvirkt og brjóti í bága við stjórnarskrá? Ríkið getur verið að skapa sér skaðabótaskyldu sem getur numið milljörðum króna ef lögin fara í gegn. Er samfélagið aflögufært um slíka upphæð?" spyr bréfritari.

„Hvers vegna var skýrslan hrifsuð af fjölmiðlanefndinni áður en henni gafst færi á að kanna hvort tillögurnar í skýrslunni stæðust EES-samninginn? Hvað er það sem segir að markaðsráðandi fyrirtæki misnoti aðstöðu sína meira en fyrirtæki sem er ekki með markaðsráðandi stöðu? Er ekki meira í húfi fyrir fyrirtæki með litla markaðshlutdeild en fyrirtæki sem er búið að tryggja sér markaðsráðandi stöðu?

Andrúmsloftið var dauft en spennuþrungið á starfsmannafundi Norðurljósa í morgun," segir bréfritari. „Starfsfólk Norðurljósa er búið að ganga í gegnum miklar hremmingar um margra ára skeið. Loksins var farið að sjá til sólar. Starfsfólkið er með kvíðahnút í maganum og grátstafinn í kverkunum. Nú á að fórna starfsfólki Norðurljósa í baráttunni um völdin. Starfsfólk Norðurljósa er hið raunverulega fórnarlamb í deilu Davíðs Oddssonar og Jóns Ásgeirs. Því er það ljóst að eigendur Norðurljósa munu fá skaða sinn bættan á sama tíma og lífi starfsmanna er rústað.

Allir hér eru sammála um að það þarf lagasetningu um eignarhald á fjölmiðlum en þingheimur verður að gæta hagsmuna okkar, starfsmanna Norðurljósa. Við höfum minnst áhrif en mestu að tapa. Eina von starfsmanna er sú að þú, þingmaður góður, látir hjartað og vilja almennings ráða för

og leggir til þær breytingar sem tryggja að hagsmunum okkar sé ekki fórnað á altari sérhagsmunanna.

Atkvæðisréttur á Alþingi Íslendinga felur í sér mikla ábyrgð. Nú er framtíð okkar í hendi þér. Ekki bregðast trausti okkar. Kapp er best með forsjá." Signaterað af þessari mjög svo pennafæru konu úr Hafnarfirði sem ég hvet hér mjög eindregið til áframhaldandi skrifta, enda er þetta prýðilegur texti og vel skrifaður.

Að svipuðu máli. Umsögn barst frá Blaðamannafélagi Íslands sem margir þessir starfsmenn sem ég er að vitna til eiga aðild að. Allshn. barst umsögn frá Blaðamannafélaginu og ætla ég að renna í gegnum hana. Hún er skorinorð og ber þess að sjálfsögðu merki að félaginu var ekki frekar en fagnefndum þingsins gefinn nokkur einasti tími til að vinna að einhverju faglegu og ítarlegu áliti. Félagið dregur hér samt saman ágætan texta þar sem fram koma viðhorf félagsmanna.

Með leyfi forseta:

„Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands, haldinn 26. apríl 2004, lýsir harðri andstöðu við frumvarp ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum, en verði það að lögum munu strangari reglur gilda um slíkt eignarhald hér á landi en í flestum viðmiðunarlöndum okkar.

Með frumvarpinu er starf hundruða manna sett í uppnám og lífsviðurværi þúsunda í óvissu. Blaðamannafélagið hvetur alþingismenn til að taka málið til ítarlegrar skoðunar, ábyrgð þeirra er mikil, enda getur frumvarpið ef það verður að lögum leitt til þess að fjöldi manna missi vinnu sína," segir hér í áliti Blaðamannafélagsins.

Áfram, með leyfi forseta:

„Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er til þess fallið að draga úr mætti frjálsra fjölmiðla á Íslandi og skerða möguleika þeirra til framþróunar. Það veikir þessa fjölmiðla fjárhagslega, sem leiðir til þess að þeir verða vanmáttugri í gagnrýnni umfjöllun um málefni samfélagsins og síður líklegir til að veita valdhöfunum nauðsynlegt aðhald."

Gæti nú verið, virðulegi forseti, að þarna hafi Blaðamannafélagið komist að kjarna málsins, að hið sértæka frv. sé sett fram til að kippa fótunum undan Norðurljósum? Hver veit nema það sé einmitt hugsunin á bak við það? Að veikja hina frjálsu fjölmiðla þannig að þeir verði, eins og hér segir, „vanmáttugri í gagnrýnni umfjöllun um málefni samfélagsins og síður líklegir til að veita valdhöfunum nauðsynlegt aðhald"? Skyldi þó aldrei vera, virðulegi forseti, að eitthvað slíkt byggi hér að baki. Við fáum það kannski upplýst síðar í umræðunni þegar þingmenn stjórnarflokkanna hefja upp raust sína nú í 2. umr. um málið. Lítið hefur spurst til þeirra frá því að formaður allshn., virðulegur mjög, mælti fyrir nál. fyrir bráðum sólarhring, held ég.

Áfram með umsögn Blaðamannafélagsins, með leyfi forseta:

„Ótækt er að frumvarp, sem getur haft svo víðtæk áhrif á afkomu fjölda fólks og fyrirtækja, fái ekki vandaðri undirbúning en raun ber vitni og vandséð er hvernig slík vinnubrögð geti samrýmst lýðræðislegum háttum. Aðalfundurinn hvetur til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga, en efnisatriði fyrirliggjandi frumvarps munu tæplega fá viðunandi umræðu á opinberum vettvangi eigi að samþykkja það sem lög fyrir þingfrestun í vor.

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands fordæmir jafnframt að félagið var sniðgengið við skipan nefndar, sem skilaði skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum sem nú liggur til grundvallar frumvarpinu, og að þátttöku fulltrúa félagsins og stéttarinnar í starfi nefndarinnar var hafnað.

Fyrir hönd stjórnar BÍ, Hjálmar Jónsson framkvstj."

Þetta var athyglisvert.

Í smástund ætla ég að beina máli mínu að öðru sem hefur litla athygli fengið við umræðu um frv. Frv. er borið fram af ungum og upplýstum mönnum sem einu sinni töldust til frjálslyndra hægri sinna en gera það ekki lengur. Engu að síður teljast þeir til upplýstra og fróðra manna og þess vegna er með ólíkindum hvernig frv. kemur nánast með engu móti að þeirri byltingu sem í vændum er hvað varðar stafrænt sjónvarp. Það er nánast hlægilegt að á þessum síðustu tímum hinnar miklu tækniþróunar þegar hver byltingin rekur aðra í miðlun hvers konar, rafrænni og annars konar, skuli menn setja hér lög á fjölmiðla sem lúta sérstaklega að því að splundra ljósvakamiðlum í gegnum veitt útvarpsleyfi. Þar með á að takmarka tjáningarfrelsi okkar Íslendinga í gegnum það og frv. tekur ekki mið af þeirri byltingu sem fram undan er á næstu árum. Ætla ég að koma aðeins að því af því að ég er hér með upplýsandi gögn um stafrænt sjónvarp, bæði úr umsögn Norðurljósa um frv. og eins almennar upplýsingar um stafrænt sjónvarp frá Póst- og fjarskiptastofnun. Það er nefnilega athyglisvert að rýna svolítið í það hvað framtíðin muni bera í skauti sér í miðlun hvers konar í gegnum nýjustu tækni og vísindi. Við horfum fram á svo gagngerar breytingar að eftir nokkur ár mun hin gamla tækni heyra sögunni til.

Ég ætla að renna yfir valda kafla sem eiga að skýra það vel fyrir þingheimi og þeim sem á umræðuna hlýða hvað framtíðin ber í skauti sér þegar kemur að stafrænu sjónvarpi. Ég ætla að víkja aðeins að öðrum efnisþætti sem lítið hefur komið við sögu í þessari umræðu, eðlilega enn þá, enda umræðan rétt að byrja og á vonandi eftir að standa hérna í margar vikur.

Með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur sett í uppnám öll áform Norðurljósa um stafræna uppbyggingu sjónvarps og hljóðvarps. Stafrænar útsendingar átti að hefja á Faxaflóasvæðinu þann 9. október nk. á 18 ára afmæli Íslenska útvarpsfélagsins. Með stafrænni tækni er hægt að nýta hverja rás til útsendinga á fjórum til átta dagskrám."

Þetta eru nefnilega mjög merkilegar og upplýsandi upplýsingar. Þingheimur gæti viljað leggja þær á minnið. Áfram með lesturinn, virðulegi forseti, með þínu auðmjúka leyfi:

„Væru allar 16 MMDS rásir Íslenska útvarpsfélagsins gerðar stafrænar samtímis þýddi það að íbúum frá Akranesi til Grindavíkur og jafnvel á stærstum hluta Suðurlands gæfist kostur á að velja á milli allt að 130 dagskrárrása." — Talandi um byltingu í miðlun og upplýsingaveitu.

En áfram, virðulegi forseti:

„Að stórum hluta byggist stafrænt sjónvarp á endurvarpi erlendra sjónvarpsstöðva, sjónvarpsstöðva þar sem eignarhaldið er allt annað en í Norðurljósum, enda leyfa aðstæður hér á landi ekki íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum að standa í mikilli innlendri dagskrárgerð. Endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva hlýtur að tryggja fjölbreytni, enda bjóða Norðurljós þá upp á sjónvarpsefni fyrir allan almenning sem framleitt er af ólíkum aðilum í eigu fjölbreytts hóps fjölmiðla- og framleiðslufyrirtækja um víða veröld ..." — Virðulegi forseti, ekki hér uppi á okkar kalda klaka, Íslandi, heldur um víða veröld.

En áfram:

„... sjónvarpsefni, sem þeir einir njóta nú sem hafa komið sér upp móttökubúnaði“ — sem heyrir til forréttinda þeirra sem hafa töluverð fjárráð en aðrir geta ekki leyft sér þann munað — „fyrir erlent gervihnattasjónvarp sem því miður felur oftar en ekki í sér margháttuð lögbrot af hálfu seljenda og notenda búnaðar og áskriftar að gervihnattastöðvum, einkum að því er varðar sölu á aðgengi að dagskrá Sky og annarra evrópskra greiðslusjónvarpsstöðva. Menntamálaráðherra, ráðherra útvarpsmála, hefur ekki látið skoða samkeppnisumhverfi íslenskra ljósvakamiðla.

Fjölmiðlaskýrslan fjallar ekkert um sjónvarpsstarfsemi Landssímans, Landsvirkjunar í gegnum fyrirtæki sín, Fjarska og Íslandsmiðil“ — og kem ég þar að einmitt athyglisverðum punkti sem fékk allt of litla athygli í umræðu um skýrsluna títtnefndu. Þetta er eins og að fjalla um Íslendingasögurnar. Við erum ekki að fjalla um raunveruleikann, við erum ekki að fjalla um morgundaginn. Skýrslan og frv. fornaldarlega fjalla um gærdaginn. Við skiljum hér eftir þann hluta sem verður algjörlega yfirgnæfandi í allri ljósvakamiðlun eftir örfá ár. Því hef ég ákveðið að verja tíma mínum til að fjalla sérstaklega um þetta, enda nýr flötur á málinu og algjört grundvallaratriði í allri umræðu um lög um eignarhald á fjölmiðlum að taka inn í þá umræðu þá byltingu í stafrænu sjónvarpi sem það hefur í för með sér og þá gjörbreytingu á öllu eignarhaldi á þeim miðlum og framleiðslufyrirtækjum á fjölmiðlaefni sem íslenskir neytendur hafa aðgang að. Við erum að tala um, eins og hér segir, með þessum breytingum 130 sjónvarpsrásir, langflestar útlendar. Hver er þá tilgangur með því að setja lög á eignarhald á ljósvakamiðlum Íslands, bara til að kippa fótunum undan einu veikburða fjölmiðlafyrirtæki sem er fjarri því að vera búið að ná landi eins og komið hefur fram í umræðunni, skuldar enn þá 5,7 milljarða kr.?

Mér finnst hlægilegt, herra forseti, að ræða um frv. og láta eins og ekki sé enn þá búið að finna upp tölvuna, að stafræn miðlun sé ekki til. Við erum að ræða um fjölmiðlaumhverfi sem var með svipuðum hætti og árið 1966 þegar Ríkisútvarpið hóf göngu sína sem sjónvarp, þegar Ríkisútvarpið hóf að sjónvarpa. (**Gripið fram í:** Hvað með netið?) Já, og svo kemur að netinu, ég kem síðar að því. Við erum að ræða um fjarskiptamál og miðlun útvarps- og sjónvarpsefnis án þess að taka inn í myndina hina stafrænu fjarskiptabyltingu. Þess vegna vek ég máls á þessum upplýsingum og þess vegna er ég að fræða þingheim um þessi mál. En áfram, með leyfi forseta:

„Landssíminn dreifir nú þegar dagskrám um 40 erlendra sjónvarpsstöðva um ljósleiðarakerfið í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Húsavík undir heitinu breiðvarp. Landssíminn þarf ekki útvarpsleyfi til þessarar starfsemi og honum eru engar takmarkanir settar um fjölgun rása eða dagskráa sem í boði geta verið nema þá fjárhagslega. Þær geta þess vegna verið um 3.000 sem er sá fjöldi sjónvarpsdagskráa sem má ná frá gervihnattastöðvum með tilheyrandi búnaði hér á landi. Starfsemi Landssímans á öðru sviði hefur hins vegar leitt til árekstra við sjónvarpsstarfsemi ÍÚ, t.d. í Hafnarfirði þar sem Landssíminn neitar að flytja fjölvarp Íslenska útvarpsfélagsins á breiðbandi sínu í Hafnarfirði og útilokar þar með alla samkeppni.

Landssíminn hyggst á næstu árum nýta sér ADSL-tækni til að dreifa sjónvarpi um koparlagnir sínar sem ná til 99,9% heimila“ — taktu eftir því, virðulegi forseti, 99,9% íslenskra heimila, hvorki meira né minna, „og Landssímanum er jafnframt gert skylt að veita öðrum aðgang að þessu kerfi til fjarskipta. Til flutnings gagna sem flytja hljóð og mynd þarf ekki útvarpsleyfi því ekki er verið að dreifa útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi með rafsegulöldum.“ — Sem sagt, í gegnum þá tækni gærdagsins sem frv. hæstv. forsrh. lýtur eingöngu að. En áfram, með leyfi forseta:

„Hér er og verður á ferðinni gagnaflutningur í skilningi fjarskiptalaga. Sams konar starfsemi getur hitt fjarskiptafyrirtækið Og Vodafone tekið upp. Í reynd er það svo að þessi tvö fjarskiptafyrirtæki hafa í framtíðinni miklu meira um það að segja að þjóðin hafi aðgang að upplýsingum, sé upplýst, en hefðbundin útvarpsfyrirtæki.“ — Þetta er lykilsetningin og ég ætla að lesa hana aftur, með leyfi forseta: „Í reynd er það svo að þessi tvö fjarskiptafyrirtæki hafa í framtíðinni miklu meira um það að segja að þjóðin hafi aðgang að upplýsingum, sé upplýst, en hefðbundin útvarpsfyrirtæki.“ — Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti. Landssíminn og Og Vodafone hafa nefnilega miklu meira um það að segja í kjölfar hinnar stafrænu byltingar hvaða miðlum landsmenn hafa aðgang að heldur en þau fyrirtæki sem eru núna að útvarpa og sjónvarpa á rafsegulöldum ljósvakans í gegnum hin hefðbundnu útvarpsfyrirtæki og handhafar hinna hefðbundnu útvarpsleiða. Það er alveg með ólíkindum að sú umræða sem nú geisar um fjölmiðla, stöðuna á fjölmiðlamarkaði og öll þau mál skuli fara fram án þess að hæstv. forsrh. skuli með áhlaupi sínu á fyrirtæki Norðurljósa og þeirri ógnun á lífsafkomu 2.400 Íslendinga taka það inn í mynd sína að hér er vofandi yfir okkur fjarskiptabylting í gegnum stafræna miðlun, stafrænt sjónvarp. Hann er að setja lög á útvarpsmiðlun gærdagsins til þess eins að koma höggi á íslenska viðskiptamenn sem hann, að sögn, hefur óbeit á. Ég hef spurt fullt af fólki að því sem maður gæti talið að þekkti til af hverju hann hefur þessa óbeit á eigendum Baugs en enginn hefur getað sagt mér það. Það man enginn en það verður kannski upplýst seinna við umræðuna af hverju óbeitin stafi og af hverju sú óbeit mun nú jafnvel kosta hundruð ef ekki þúsundir Íslendinga atvinnu sína með þeim hörmulegum afleiðingum að vegið er að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.

Íslenskur fjölmiðlamarkaður, og ég segi íslenskur af því að margar þessara rása sem við eigum í vændum eru erlendar, verður miklu fátæklegri á eftir. Lýðræðisleg umræða verður miklu minni ef áhlaupið tekst og fótunum verður kippt undan einhverjum af miðlum Norðurljósa þannig að þeir verði ekki lengur í rekstri og geta ekki lengur miðlað okkur fréttum og upplýsingum sem af einhverjum ástæðum eru ráðamönnum alls ekki þóknanlegar.

Minni ég aftur á lestur minn úr John Stuart Mill og kannski er tilvalið að hafa þá setningu aftur yfir af því að við erum aftur komin að þeim þætti málsins, þeim grundvallarþætti málsins sem ég var að varpa ljósi á hve fáránlegur væri með því að upplýsa þingheim og almenning um þá stafrænu miðlunarbyltingu sem er í vændum. Ég ætla í þriðja sinn að lesa þessa völdu málsgrein í þessari frábæru bók, Frelsinu eftir John Stuart Mill, einu af grundvallarritum okkar lýðræðislega fjölmenningarsamfélags sem grundvallast að sjálfsögðu á hugsjóninni um frelsi einstaklingsins til orðs, æðis og athafna, eða gerði það fram að þessu, þangað til Sjálfstfl. ákvað að vega svolítið hressilega að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar í skjóli Framsfl., svo ótrúlegt sem það má nú hljóma í eyrum gamals félagshyggjufólks víða um land

sem jafnvel fram á þennan dag trúði því að félagsleg taug væri eftir í skrokki Framsfl. En með leyfi forseta ætla ég að lesa aftur þessa einstöku málsgrein sem John Stuart Mill skrifaði fyrir 145 árum. Hann skrifaði þetta til að varpa ljósi á það að á þeim tíma vorum við komin það langt í þróun mannréttinda og lýðræðissamfélagsins að við þurftum ekki að ræða það í Frelsinu hvernig vernda eigi prentfrelsið, með leyfi forseta:

„Annar kafli. Um hugsunarfrelsi og málfrelsi. Sú tíð er nú vonandi liðin, er verja þurfti prentfrelsið með ráðum og dáð sem eina helztu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landstjórn. Nú verður að ætla, að óþarft sé að ráðast með rökum gegn þingi eða stjórn, sem á aðra hagsmuni í húfi en þegnarnir, skipar þeim fyrir um skoðanir og ákveður, hvaða kenningar og rökræður þeir megi heyra. Að auki hafa fyrri höfundar rætt þessa hlið málsins svo oft og með svo ágætum árangri, að ástæðulaust er að fjölyrða um hana á þessum stað." — Hann telur sem sagt að prentfrelsið fyrir 145 árum síðan á Bretlandseyjum og í Evrópu sé útrætt mál, prentfrelsið, málfrelsið, lýðfrelsið sé tryggt með svo vönduðum og ítarlegum hætti að það þarfnist ekki frekari uppáskrifta í bókinni um frelsið. Það er alveg með ólíkindum að lesa þetta núna öllum þessum árum seinna þegar við stöndum í þeim hryggilegu sporum, þingmenn stjórnarandstöðunnar, að standa vörð um mannréttindi í landinu vegna þess dæmalausa frv. sem hér liggur fyrir þinginu.

Ég hef rætt um stafrænu byltinguna. Ég hef farið yfir nokkuð mörg bréf sem mér og öðrum þingmönnum bárust frá hinum ýmsu starfsmönnum Norðurljósa. Það var eina leið mín til að koma sjónarmiðum starfsmanna Norðurljósa að í umræðum í þinginu af því að á fundi menntmn. gerðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar skýlausa kröfu um það að fulltrúar starfsmanna kæmu á fund nefndarinnar og greindu frá viðhorfum sínum en því var hafnað, eins og svo mörgu öðru í þeirri sýndarmennsku og þeim skrípaleik sem málsmeðferðin er hérna í þinginu og í nefndum þingsins. Þess vegna kaus ég að fara þá leið, án þess að geta nafna bréfritara, að lesa upp örfá þessara bréfa, þá átakanlegu og mögnuðu lesningu sem fólkið ritar þegar það upplifir og sér áhlaupið, áhlaup ráðamanna, Framsóknar og Sjálfstfl., koma æðandi gegn sér með þeim afleiðingum að lífsafkomu þeirra er verulega ógnað. Maður á varla orð þegar maður hefur rennt í gegnum þessi bréf frá starfsfólkinu og hvaða tilgang það upplifir hjá stjórnvöldum með því að setja þessi lög, þann einan að stjórnvöld nái fram hefndum gegn ákveðnum aðilum í íslensku viðskiptalífi og noti þá ósvífnustu aðferð, held ég að megi segja, í nokkru vestrænu lýðræðisríki enda eru þessi lög algjörlega einstök sinnar tegundar ef þau ná fram að ganga.

Það var eitt sem ég vildi líka koma að í umræðunni. Ég las mér til gagns og skemmtunar lítinn ritling á dögunum sem heitir Sjálfstæðisstefnan og er að finna á vefslóðinni www.xd.is. Í lok ritlingsins stendur: „Stærstur hluti ritlings eftir Davíð Oddsson; útgefinn í Reykjavík 1981 auk viðbóta, t.d. úr öðru útgefnu efni um stefnu Sjálfstæðisflokksins." — Að meginhluta er þessi ágæti bæklingur eftir Davíð Oddsson. Kemur hérna einn kostulegur kafli sem heitir Frjáls einstaklingur – frjálst atvinnulíf, með leyfi forseta, þar sem höfundur ritlingsins er að skilgreina Sjálfstfl. sem stjórnmálaafl og skilgreina hlutverk hans í stjórnmálaflórunni. Þetta þykir svo merkilegt og lífseigt rit að því er haldið frammi á heimasíðu Sjálfstfl. 23 árum eftir að það var ritað. Þetta er sem sagt grundvallarrit, að maður skyldi ætla, í stefnu Sjálfstfl. þó að við mörg höfum aldrei lagt mikinn trúnað á faguryrðin sem þaðan streyma á köflum því að verkin sýna merkin. (Gripið fram í.) Er óbeit okkar margra jafnaðarmanna á flokknum á þeim byggð frekar en faguryrðum úr stefnuskrá. En svo segir hér, með leyfi forseta:

„Staða og hlutverk Sjálfstæðisflokksins í þessum átökum hafa verið ljós. Hans var að standa vörð um rétt einstaklinganna og berjast fyrir auknu sjálfræði þeirra og efldum áhrifum í atvinnulífinu. [...] Talsmenn flokksins hafa haldið því fram, að sá vinningur, sem athafnasamur einstaklingur geti haft af útsjónarsemi, atorku og framtaki, sé óviðjafnanlegur hvati fyrir allt atvinnulífið. Þessi orka sé óþrjótandi."

Síðan kemur heilmikill kafli um ómöguleika ríkisrekstrar og ríkisafskipta og svo klykkir höfundur út undir millifyrirsögninni Hlutverk ríkisins: „Ríkisafskiptaflokkar og ríkisforsjármenn gleyma einatt þeim sannindum, að ríkið lifir ekki sjálfstæðu lífi."

Fleiri kostulega passusa er að finna í þessu öndvegisriti Sjálfstfl., Sjálfstæðisstefnunni þar sem hæstv. núverandi forsrh. og fleiri fara á hreinum kostum í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin og hve illa Sjálfstfl. hefur farið með vald sitt á undanförnum árum og missirum.

Margt annað hefur borið að þinginu á síðustu dögum sem vert er að ræða og skoða sérstaklega á hinu háa Alþingi, ekki síst ágætt álit eftir Þorbjörn Broddason, umsögn um frv. til laga sem hann ritar 7. maí 2004 þar sem hann fer vel og vandlega yfir ýmsa þætti málsins. Þar kemst hann svo að þeirri niðurstöðu að þetta frv. eigi alls ekki rétt á sér og segir í lokin hvað beri að gera, telur upp í stikkorðum, með leyfi forseta:

„Flýtum okkur hægt.

Göngum úr skugga um að leiðirnar séu í samræmi við markmiðin.

Víkkum sjónarhornið; lítum á stöðu blaðanna, Ríkisútvarpsins og nýrra miðla.

Tryggjum með löggjöf algert gegnsæi eignarhalds á öllum fjölmiðlum.

Tryggjum með löggjöf að útvarpsleyfi falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti, hvað sem öðru líður.

Eflum þekkingu á fjölmiðlum."

Svo segir Þorbjörn, með leyfi forseta:

„Vaxandi atvinnuleysi í starfsgreininni spillir starfsanda og skapar óvissu, einnig meðal þeirra sem enn halda vinnu sinni. Vissulega getur þessi svartsýni mín orðið sér til skammar, en ég hef ekki síst í huga að nú lifa 15 einkareknar hljóðvarpsstöðvar af 41 sem stofnuð hefur verið frá árinu 1986; ekki færri en fjögur dagblöð hafa kvatt okkur á fáum árum; fjórar sjónvarpsstöðvar hafa hætt starfsemi frá 1997; allir fjölmiðlar Norðurljósasamsteypunnar römbuðu á barmi gjaldþrots til skamms tíma og Ríkisútvarpið er rekið með stöðugum halla. Loks dylst engum að Morgunblaðsmenn eiga á brattann að sækja þessi missirin," segir Þorbjörn Broddason í áliti sínu þar sem hann finnur þessu frv. flest til foráttu, þó með mjög málefnalegum og greinargóðum hætti, ekki síst í ljósi þess hve skamman tíma hann hafði til að vinna álit sitt. Hann er vandvirkur og framúrskarandi fræðimaður (**Gripið fram í:** Hann hefur átt þennan stafla.) og átt stafla í þetta kannski sem hefur nýst honum vel í þessu. Hann segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Nefnd um eignarhald á fjölmiðlum kastar fram mörgum hugmyndum að leiðum til að ná fram þeim markmiðum sem

hún hefur að leiðarljósi. Í frumvarpinu er valin ein þessara leiða og er hún ein sér, eins og hún birtist þar, alvarlegum annmörkum háð. Hér skulu nefndir tveir; annars vegar er ekki tekið á gegnsæi eignarhalds, en það tel ég brýnasta skrefið og hið fyrsta sem ætti að stíga." — Brýnasta skrefið er að hans mati það sama og þingmenn Samf. lögðu fram hérna fyrr í vetur till. til þál. um, sjálfstæði ritstjórna og gagnsæi í eignarhaldi. Þorbjörn tekur mjög afdráttarlaust undir tillöguflutning Samf. og segir berum orðum að það sé fyrsta skrefið sem eigi að stíga í staðinn fyrir að vaða fram með báli og brandi, ógna afkomu fyrirtækisins og allri tilurð þess. Síðar segir hann, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi getur ákvæðið um fortakslausa útilokun fyrirtækja með markaðsráðandi stöðu af einhverju tagi frá eignarhlut í ljósvakamiðlum valdið miklum erfiðleikum við fjármögnun útvarps- og sjónvarpsreksturs."

Það er nefnilega málið, virðulegi forseti, að ef Norðurljósum eða eigendum þeirra verður gert að skipta fyrirtækinu upp blasa við miklir erfiðleikar við fjármögnun fyrirtækisins, enda eins og fram hefur komið í umræðunum rambaði fyrirtækið á barmi gjaldþrots fyrir örfáum mánuðum. Það var í janúarmánuði sem svo áraði.

Þorbjörn Broddason rammar niðurstöðu sína inn eiginlega í einni setningu: „Uppskurðurinn heppnaðist en sjúklingurinn dó."

Þetta er sú varúð sem hann geldur við frv., að líkur séu á því að uppskurður stjórnvalda heppnist að því leytinu að fyrirtækið er mölbrotið á bak aftur og því gert að leysast upp í frumeindir með þeim afleiðingum að sjúklingurinn gefur upp öndina. Það getur hins vegar vel verið, þó að Þorbjörn meti það ekki svo, að það sé nefnilega tilgangur stjórnvalda að kála sjúklingnum, ekki bara framkvæma vel heppnaðan uppskurð heldur einnig að koma sjúklingnum fyrir kattarnef. Það ætla ég samt ekki að leggja mat á, virðulegi forseti.

Til að liðka fyrir störfum þingsins þar sem ég hef talað í bráðum einn og hálfan klukkutíma í þessari 2. umr. og margir, ég held einir 19 eða 20, þingmenn bíða á mælendaskrá og margir þeirra með upplýsandi og merkar ræður í farteskinu, ætla ég að fara að ljúka máli mínu. Ég mun taka þátt í umræðunum í gegnum þær þingræður sem hér eru eftir en vil að endingu vísa þingheimi á það að ég hef undir höndum bókina Frelsið eftir John Stuart Mill sem ég hef jafnvel í hyggju að lesa meira upp úr í síðari ræðu minni eða við 3. umr. til að bókin sé aðgengileg að hluta í þingtíðindum Alþingis. Það er augljóst mál að eftir að sjálfstæðismennirnir vígreifu gengu af trúnni á frjálshyggjuna hafa þeir líka annaðhvort gleymt eða aldrei fengið upplýsingar um það í stjórnmálaskóla Sjálfstfl. á sínum tíma að frelsið er grundvallarundirstaða alls okkar borgaralega frjálslynda samfélags. Allt þetta er fyrir borð borið í því ofstækisfulla og ofbeldisfulla frv. til laga um eignarhald á fjölmiðlum sem hér liggur fyrir Alþingi að afgreiða á næstu dögum. 14 dagar á Íslandi, fjögur ár í Noregi, rammar hugmyndina ágætlega inn en kannski er allt falt fyrir 15. september, líka mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Nú reynir á Framsfl.

Er allt til sölu fyrir 15. september? Það er stór spurning og henni hefur ekki verið svarað enn af því að framsóknarmenn hafa verið sjaldséðari en hvítir hrafnar í sölum Alþingis síðustu daga (**Gripið fram í:** Það hafa aldrei verið ...) og þakka ég þingheimi athyglina við ræðuflutninginn.

[13:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir upplýsandi og ítarlega ræðu en hefði viljað að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson gerði þó nánar grein fyrir einu varðandi þetta frv. sem við erum að ræða hér.

Markmið laganna er að tryggja lýðræðislega umræðu. Það hefur m.a. komið fram hjá formanni allshn., hv. þm. Bjarna Benediktssyni, að sérstök vá sé fyrir dyrum varðandi lýðræðislega umræðu. Einnig hefur verið nefnt að verið sé að tryggja jafnræði á auglýsingamarkaði. Þá langaði mig að spyrja hv. þingmann hvort hann teldi að meðalhófsreglunnar hefði verið gætt. Til upplýsingar má nefna að meðalhófsreglan (Gripið fram í.) gengur út á það að ná eigi fram þessum tveimur markmiðum með eins vægum úrræðum og hægt er. Við höfum nokkra lögfræðinga í nefndinni, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, Bjarna Benediktsson og Birgi Ármannsson sem situr nú í forsetastóli. Það væri mjög upplýsandi (Gripið fram í.) að fá að heyra hjá hv. þingmanni hvort hann teldi að þessarar reglu hefði verið gætt. Það er mjög athyglisvert að við höfum sérstakan sérfræðing í nefndinni sem skrifaði ritgerð um téða reglu, eftir því sem ég best veit. Ef ég fer ekki með rétt mál vona ég að hæstv. forseti leiðrétti mig. Hún liggur frammi í Þjóðarbókhlöðunni, þessi ágæta ritgerð, og ætti e.t.v. að vera hér gagn í umræðunni til þess að við tryggjum að meðalhófsreglunnar sé gætt hér.

[13:08]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er gott sjónarhorn í málinu. Ég komst ekki að því að ræða þetta en tel að hv. þingmaður hafi að einhverju leyti verið að vísa til frægrar ritgerðar sem virðulegur forseti skrifaði á sínum tíma um meðalhófsregluna. Kannski hæstv. forseti svari okkur hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni um það hvort hann muni taka til máls um efnið eða hvort hann sé e.t.v. að láta fjölrita ritgerðina svo að henni verði jafnvel dreift á eftir eða látin liggja frammi á bókasafni Alþingis. Það væri mjög upplýsandi. (Gripið fram í.) Þegar hæstv. forseti hefur lokið setu sinni í forsetastól og annar úr forsn. hefur tekið sæti hans tekur hann sig kannski til og les valda kafla úr ritgerðinni. Ég óska eftir því að hv. þm. Birgir Ármannsson lesi bitastæðustu bútana úr ritgerð sinni um meðalhófsregluna. Ég held að það yrði umræðunni mjög til framdráttar, mjög gott fyrir bæði stjórnarliða og eins okkur stjórnarandstæðinga, bara til að fá fram merkilegar upplýsingar sem geta nýst okkur í varðstöðunni um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, frjálsa fjölmiðlun á Íslandi og lýðræðislega umræðu á Íslandi.

Þá held ég að umrædd ritgerð gæti komið að mjög fínu gagni, rétt eins og lestur minn úr Frelsinu eftir John Stuart Mill minnir vonandi ýmsa þá á sem hafa misst sjónar á takmarkinu um hvað er hér að tefla. Það er ekki bara leikaraskapur að sinna starfi löggjafans. Þetta er grafalvarlegt hlutverk. Menn verða að taka það alvarlega og það þýðir ekkert að láta geðþóttaákvarðanir einstakra ráðamanna koma þar inn.

Til að svara honum er meðalhófsreglunnar að sjálfsögðu alls ekki gætt, enda segir hún að ekki eigi að ganga lengra en þörf krefur til að ná markmiðinu. Velja skal vægasta úrræðið til að ná því markmiði sem að var stefnt. Það er alls ekki gert.

[13:10]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi hraði á málinu sem við erum að ræða er merkilegur. Hann hefur verið helst skýrður út frá því að verið sé að tryggja lýðræðislega umræðu og að mikil vá sé fyrir dyrum. Við höfum dregið það í efa en síðan hafa komið önnur sjónarmið. Það kom fram m.a. í útvarpsþætti á Bylgjunni þar sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hélt því fram að flýtirinn stafaði af einskærri umhyggju bæði fyrir fyrirtækinu sem frv. beinist gegn og fyrir því fólki sem vinnur hjá umræddu fyrirtæki. Eftir lestur upp úr bréfum starfsfólksins hér finnst mér æðiundarlegt að meta þetta með þessum hætti. Ég furða mig á því.

Ég hef verið að velta þessu fyrir mér. Hún hefur ekki dregið þessi orð sín til baka, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, og verður maður þá að ætla að þau standi og það sé enn þá skoðun hennar að þetta sé af einskærri umhyggju fyrir starfsfólkinu og fyrirtækinu. Það er þá eins gott að fá botn í þetta mál sem fyrst og vil ég velta því upp hvort það geti verið að umræddur þingmaður hafi fengið einhver skeyti sem okkur í stjórnarandstöðunni hafi ekki borist, hvort það geti verið möguleiki í málinu. Mér finnast fjarstæðukenndar skýringar hjá hv. þingmanni að koma með það að þetta sé af einhverri umhyggju fyrir starfsfólkinu í ljósi allra þeirra tölvuskeyta sem mér hafa borist. Greinilega hefur fleiri þingmönnum borist þessi póstur því að mörg skeytanna voru lesin upp í hinni ágætu ræðu hv. þm. Björgvins Sigurðssonar.

[13:12]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum ekkert annað en beðið í ofvæni eftir því að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir skýri sjónarmið sín um umhyggjuna fyrir starfsfólki Norðurljósa sem henni finnst skína af þessum gjörningi öllum. Hún metur það svo að áhlaupið á Norðurljós sé fyrst og fremst tilkomið af umhyggju ráðamanns fyrir starfsfólkinu sem hann hefur reyndar vaðið yfir með svo andstyggilegum hætti og svo undarlega sóðalegum brigslyrðum á undanförnum dögum, um að það sé ekkert annað en ómerkileg þý og handbendi eigenda sinna, að ég efast um að til sé nokkur samjöfnuður úr íslenskri stjórnmálaumræðu seinni áratuga. Það væri fróðlegt að fara í gegnum það við tækifæri hvort einhver ráðamaður hafi einhvern tíma gengið fram með jafnandstyggilegum hætti gegn hundruðum einstaklinga, gegn þeim hundruðum sem starfa á miðlum Norðurljósa, eins og hæstv. forsrh. gerði síðast í fréttum sjónvarps í gær þar sem hann lýsti stjórnarandstöðuna alla sem ómerkilega málpípu Baugs og sagði jafnframt að fréttamenn miðlanna gengju skýlaust erinda eigenda sinna, væru fótumtroðnir af eigendum sínum og gerðu lítið annað en að útmála skoðanir þeirra í einhverjum fréttafölsunum. Það var algerlega ótrúlegur málflutningur.

Mér gefst ekki tími til að lesa aftur upp úr bréfunum sem ég las upp úr áðan en beini því til þingheims að fara í tölvupóstshólfið sitt ef þeir hafa ekki þegar eytt þessum bréfum af því að þau hafa kannski valdið stjórnarmeirihlutanum sársauka, hafa kannski stungið í augun og vonandi í hjörtun á einhverjum hv. þingmönnum, enda um mjög einstakar bréfaskriftir að ræða þar sem fólkið lýsir þeim tilfinningum sem það upplifir þegar stjórnvöld veitast með þessum viðbjóðslega hætti að lífsafkomu þess.

[Fundarhlé. — 13:15]

[13:47]

Útbýting þingskjala:

Aðild að Gvadalajara-samningi, 883. mál, nál. utanrmn., þskj. 1639.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga, 976. mál, svar heilbrrh., þskj. 1636.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2003, 992. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1643.

Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, 884. mál, nál. utanrmn., þskj. 1640.

[13:48]

Mörður Árnason:

Forseti. Nú tek ég til máls í þessari 2. umr. um fjölmiðla frv. sem svo er kallað, eða Davíðslög sem nú er farið að nefna hið ósamþykkta frv. Það er þannig að á því má taka á mörgum stöðum og hefur auðvitað verið gert á ýmsan hátt.

Ég hef hingað til við 2. umr. haft það hlutskipti að tala nokkuð um fundarstjórn forseta og hef einkum í þeim ræðum talað um hlut menntmn. í starfinu að þessu frv. Ég hef rakið það fyrir þeim sem hlustað hafa að málið var upphaflega lagt fram fyrir hönd, ég veit ekki alveg hverra en væntanlega hæstv. ríkisstjórnar. Það gerði hæstv. forsrh. sem var óvenjulegt vegna þess að málið er á málasviði menntmrh. og hún hefði með réttu átt að flytja þetta frv.

Nú skiptir kannski ekki miklu máli fyrir þingheim eða þjóðina hvaða ráðherra tekur að sér að standa í stólnum en þessi hæstv. ráðherra hefur þær kenjar að öll hans mál eiga að fara í tiltekna nefnd sem hann telur nánast eins og sína eign á þinginu eða einhvers konar lén sem hann hafi hér og hafi þá sérstöðu að taka fyrir öll hans mál auk þess að fjalla um þau mál sem í þingsköpum eru sérstaklega við hana kennd, þ.e. dómsmál, kirkjumál og byggðamál held ég að upptalningin sé. Þannig hafnaði þetta mál í allshn.

Það gerðist reyndar með athugasemdum okkar nokkurra sem töldum rétt að málið færi í menntmn., að menntmn. yrði aðalumfjöllunarnefnd málsins en aðrar nefndir tækju þá eftir atvikum á þeim þáttum sem að þeim sneru. Um þetta varð atkvæðagreiðsla og þau óvæntu úrslit urðu úr þeirri atkvæðagreiðslu, þar sem allir þingmenn tóku efnislega afstöðu til þessa álitaefnis, að stjórnarliðar greiddu atkvæði með því að málið færi í allshn. en stjórnarandstaðan studdi okkur nokkra í því að menntmn. yrði helsta umfjöllunarnefnd þessa máls.

Ég ætla ekki að rekja að sinni, geri það kannski síðar í ræðu minni, hvernig farið hefur um nefndarstörfin í menntmn. og í hinni nefndinni, efh.- og viðskn., sem fékk frv. sent frá allshn. Ég verð hins vegar að segja að það var lán í óláni að þessu leyti að í allshn. sitja góðir þingmenn, lagahestar miklir, bæði af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu, og málið fékk fljótt á sig þá helstu umfjöllun hvað í þessu frv. rækist á við stjórnarskrá, EES-sáttmála og helstu reglur í stjórnskipun og þeim mannréttindaplöggum sem við höfum annaðhvort samþykkt eða skrifað með einhverjum hætti undir.

Þetta hefur verið mjög gagnleg umræða og sýnt marga þverbresti sem ekki var hægt annað en berja í. Það sá jafnvel hv. flm. sjálfur. Ég hygg að í hádegisfréttum í gær hafi verið sagt frá því að brtt. meiri hluta allshn. hafi verið samþykktar í ríkisstjórninni. Ég hef aldrei heyrt þá frétt áður að ríkisstjórn hafi sest yfir brtt. meiri hluta nefndar og samþykkt þær en þær voru sem sagt sérstaklega teknar fyrir, greinilega, á ríkisstjórnarfundi og samþykktar þar, væntanlega til að auka samstöðu í ríkisstjórninni sem ekki hefur verið of mikil í kringum þetta mál.

Gangur málsins í allshn. var slíkur að það var ljóst að forustumenn meiri hlutans í allshn. bjuggu ekki til brtt. eða sömdu nefndarálitið, heldur var það gert úti í bæ. Það er það orðalag sem stundum er viðhaft um slíka hluti en ég hygg að það hafi ekki verið á fundi úti í bæ heldur öndvert í Kvosinni, austan lækjar í brekkunni upp af því sem nú heitir Lækjartorg.

Það var sem sé alls ekki úr vegi að allshn. ynni mikið að þessu máli vegna þeirra ágalla sem voru á frv. Það má þó ekki verða til þess að við gleymum því efnissviði sem frv. einkum varðar sem er efnissvið menntmn. Þess vegna gerðum við það, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn., þegar málið loks kom þangað sem var um hádegi í gær, hygg ég að hafi verið, að þá var rætt hversu ræða skyldi, að leggja til að við tækjum ekki allt frv. að okkur til að fara í gegnum þá sömu vinnu og allshn. hafði gert heldur tækjum við að okkur ákveðna afmarkaða þætti þess frv. eða réttara sagt hefðum á það ákveðið sjónarhorn sem væri það að fjalla um fjölmiðlun sem atvinnugrein í landinu. Fjölmiðlun er atvinnugrein sem skiptir verulegu máli, sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu, höfuðborgarsvæðinu, en auðvitað líka úti um landið, skiptir þar líka mjög miklu máli. Það má ekki gleyma því að byggð án fjölmiðlunar er nánast eins og andlitslaus maður. Hún á erfitt með að sýna öðrum hvernig lífi þar er lifað og hún á erfitt með að gera af sér sína eigin sjálfsmynd þannig að síst skal lasta hlutverk fjölmiðlunar á landsbyggðinni. Staðreyndin er þó sú að í mannafla og veltu eða öðrum þeim mælikvörðum sem notaðir eru á afl atvinnugreinar eða fyrirtækja er það mest á höfuðborgarsvæðinu. Þetta skiptir okkur verulegu máli, ekki síst vegna þess að fjölmiðlun á Íslandi sem atvinnugrein er í mikilli samkeppni við erlenda fjölmiðlun, sífellt meiri samkeppni. Ég hygg að það sé kannski ein af örfáum jákvæðum afleiðingum þessa uppistands í kringum núverandi frv. að fleiri og fleiri gera sér grein fyrir þeirri stöðu.

Okkur sem nú teljumst vera á miðjum aldri og var að þroska til varpað inn í miðjan 7. áratuginn, hvað þá þeim sem eru eldri, hættir til að hugsa um íslenska fjölmiðla og íslenska fjölmiðlun sem heimavöll. Annars vegar séu sjónvarp, útvarp og blöð á Íslandi en hins vegar séu fjölmiðlarnir úti í heimi sem maður nýtur þegar maður kemur þangað eða getur aflað sér hluta af útlöndum með því að vera í áskrift eða kaupa sér eitt og eitt vikublað í búð. Nú eru þessir tímar gjörbreyttir. Hvað dagblaðalestur varðar hygg ég t.d. að hann komi við verulegan hluta Íslendinga. Auðvitað fer það eitthvað eftir aldri og menntun en stór hópur skoðar á hverjum degi erlend dagblöð, fer á netið og flettir þar upp. Ég nefni sjálfan mig, ég les New York Times, Le Monde (**Gripið fram í:** Guardian.), Politiken. Aðrir nefna Guardian, hver hefur sinn smekk í þessu eftir áhuga, tungumálakunnáttu og þeim kynnum sem hann hefur haft af löndum.

Það er líka þannig og hefur verið lengi að menn geta hlustað á hvaða útvarp sem er. Í mínu ungdæmi settust menn fyrir framan gömlu tækin og sneru tökkum á stjörnubjörtum nóttum einkum því þetta var svolítið snúið og erfitt. Nú er það betur gert með því að fara í tölvuna og velja þar ákveðnar möppur þar sem útvarpsstöðum er raðað fram og aftur og hægt að hlusta á það sem maður vill. Ég er ekki viss um að margir geri þetta en möguleikarnir eru þó vissulega fyrir hendi, einkum hjá mönnum með sérstök áhugamál og kannski t.d. tónlistarmönnum en á þeim nokkrum áratugum sem nýliðnir eru hefur aðstaða manna til að vita hvað er að gerast í heiminum á sviði tónlistar, hvaða greinum hennar sem vera skal, gjörbreyst. Menn þurfa ekki annað en að renna huganum aftur til Rúnars Júlíussonar, Rúnars Gunnarssonar og þeirra félaga, frumkvöðla bítlsins, hvað þá ef maður fer enn aftar og talar um rokkarana sem voru með eyrað við léleg útvarpstæki eða reyndu að pikka upp gítarhljómana úr Kananum.

Sjónvarpið er þannig statt, svo að það sé aðeins rakið, að sjónvarpsstöðvarnar okkar eru í mikilli samkeppni við erlendar stöðvar. Hér eru tvö fyrirtæki með rekstur beinlínis á því sviði að útvarpa erlendum sjónvarpsstöðvum. Annað þeirra, breiðbandið, er í eigu Landssímans og hefur um 40 stöðvar undir, hygg ég. Hitt er Fjölvarpið í eigu Norðurljósa og ég man ekki hvað það hefur margar stöðvar. Þetta hvort tveggja er þannig að stöðvarnar eru sýndar beint. Þær eru sýndar óslitnar, það er skilyrðið, og þær eru þar með ótextaðar. Það er ekki sú skylda að texta það efni sem þarna er, laga það að íslenskum veruleika að því leytinu eins og er um íslensku stöðvarnar. Það er óvalið af þeim fyrirtækjum sem senda út hér og kemur sem sé beint af skepnunni. Það þýðir auðvitað líka eins og ég get um síðar í ræðu minni að hætt er við að það efni kunni að verða einhæfara en það sem fagmenn búa til dagskrá úr þótt ekki sé nema vegna þess að tungumálakunnátta okkar, þótt við hrósum okkur af henni, er fremur einsleit.

Íslendingar þykjast kunna ensku allvel. Margir tala Norðurlandamál eða skilja en meira er það oftast ekki og þess vegna þurfum við á því að halda að sendiherrar eða menningarsendiherrar, sjónvarpsþýðendur og aðrir slíkir fari höndum um efnið áður en við njótum þess þegar það kemur frá þótt ekki sé nema grannlöndum okkar eins og Þýskalandi eða Frakklandi, hvað þá frá Suður-Evrópulöndum eða enn fjær á korti tungumálanna.

Á hinn bóginn þótti okkur stjórnarandstæðingum í menntmn. rétt og lögðum það til að fjallað yrði um frv. út frá áhrifum þess á menninguna í landinu á nokkuð breiðum grunni, að við fjölluðum um áhrif þess á t.d. framboð innlends efnis, þjóðmálaumræðu í ljósvakamiðlum og pappírsmiðlum, á menningarlífið og íslenska tungu. Eitthvað af þessu blandast saman eins og kom fram í lýsingu minni áðan á samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla. Við vildum enn fremur, það varð nokkuð merkileg samræða okkar í milli meðan við undirbjuggum okkur undir menntamálanefndarfundinn, athuga áhrif frv. á efnisframboð til barna og hugsanleg áhrif þess á íslenska barnamenningu. Því miður varð það alveg út undan í hinni stuttu umfjöllun í menntmn.

Þess vegna er kannski rétt að segja strax um það nokkur orð. Engin frekari athugun getur búið þar að baki í menntmn. sem var hindruð í að fjalla frekar um málið. Okkur gafst enginn tími til að kalla á t.d. leikskólakennara, fræðimenn í Kennaraháskóla Íslands og umboðsmann barna til að geta fyrir okkur og með okkur í þær eyður hvaða áhrif frv. gæti haft á íslenska barnamenningu og efnisframboð til barna. Þótt eitt af hlutverkum Ríkisútvarpsins hafi frá upphafi verið að sinna börnum og barnamenningu og það hafi gert það þokkalega vel urðu samt verulegar breytingar þegar einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn og til kom Stöð 2 og síðan aðrar stöðvar í einhvers konar samkeppni við Ríkisútvarpið. Í samleik þessara stöðva hefur þannig á þessum árum, líka vegna tækniþróunar, sjónvarpsefni við barna hæfi aukist mikið. Það má deila um hversu heppilegt það sé. Ég ætla ekki að skipta mér af slíkum deilum en það hefur færst

í vöxt og er orðið nánast einrátt eða a.m.k. mjög títt að sjónvarpsefni barna í formi teiknimynda og því um líks sé talsett, ekki bara textað heldur einnig talsett. Það hefur m.a. leitt það af sér að nánast engar myndir sem eiga að vera við hæfi barna eru sýndar í kvikmyndahúsum án þess að þær séu talsettar. Hér hefur orðið á sinn hátt mjög gleðileg og ánægjuleg þróun í barnaefni og það má segja Stöð 2 til hróss og þeim mönnum sem börðust fyrir afnámi einkaréttarins og því sem menn hafa kallað frelsi í fjölmiðlun að það hefur orðið barnamenningu styrkur.

Það er hætt við að allur samdráttur bitni á þessu barnaefni. Kann að vera að auglýsendur haldi því að einhverju leyti uppi. Það hefur verið leiður fylgikvilli á barnaefni í Ríkisútvarpinu og á öðrum stöðvum að því fylgja auglýsingar sem stundum eru úr hófi fram og höfðað er til barna með ýmsum hætti fram hjá foreldrunum. Það er sennilegt að talsetningin yrði fyrir höggi ef frv. leiddi til þess að drægi úr fjölmiðlaframboði, fjölbreytni ykist hvorki í efnisframboði né dagskrárgerð í framtíðinni vegna þeirra raka sem að baki þessu frv. liggja. Þar fyrir utan mundi það trúlega bitna á innlendu framleiðslunni á báðum aðalstöðvunum og sem eitt sinn var reyndar á Skjá 1 líka.

Við fórum í menntmn. með nokkurn lista til athugunar um menn til að tala við í nefndinni. Á honum voru fræðimenn um þetta efni, Þorbjörn Broddason, Herdís Þorgeirsdóttir, Ragnar Karlsson á Hagstofu Íslands, Gunnar Helgi Kristinsson og Ólafur Þ. Harðarson frá háskólanum, Hilmar Thor Bjarnason sem er stundakennari við háskólann, ungur fjölmiðlafræðingur, Kjartan Ólafsson, Háskólanum á Akureyri, Róbert Haraldsson, heimspekingur í Háskóla Íslands, sem hefur látið fjölmiðlamál, m.a. siðareglur, til sín taka. Þá voru höfundar fræðibóka um fjölmiðla hver úr sinni áttinni en allir viðræðuhæfir og vonandi tillögugóðir. Við nefndum Birgi Guðmundsson, Háskólanum á Akureyri, sem hefur skrifað einmitt um héraðsfréttablöð og fjölmiðlun á landsbyggðinni sem ég talaði aðeins um áðan, Hannes Hólmstein Gissurarson sem hefur skrifað bók um fjölmiðlun sem notuð er sem kennsluefni í einhverjum skólum. Ég er ekki viss um hana en hef enga ástæðu til að efast um að það sé góð bók, skrifuð frá frjálshyggjusjónarmiðum hans. Hannes getur verið vandaður fræðimaður, við skulum hafa það orðalag þannig. Stefán Jón Hafstein var líka á listanum en hann hefur skrifað kunna bók sem heitir Sagnaþulir samtímans og opnaði á sínum tíma, 1987, augu margra fyrir eðli fjölmiðlunar og hvernig nútímafjölmiðlun fer fram í landinu. Stefán vinnur ekki við háskólann núna nema háskóla lífsins, er borgarfulltrúi í Reykjavík og einn af forustumönnum í borginni. Hann hefur tekið þátt í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og hefði verið mjög gagnlegt að fá hann til nefndarinnar, að ég tali ekki um þá skemmtun sem hefði verið að því að fá þessa þrjá saman, Birgi, Hannes Hólmstein og Stefán Jón. Við hefðum eiginlega þurft að fá Egil Helgason líka til að stjórna þeim þætti.

Egill Helgason var einmitt í næsta hópi sem við töldum rétt að menntmn. ræddi við eða hefði fréttir frá. Í honum áttu að vera reyndir blaðamenn. Þar höfðum við þá á ýmsum aldri, Jóhann Hauksson, sem er yfirmaður á Rás 2 og skrifaði grein í Morgunblaðið sem var hliðstæð áliti og umsögn sem hann gaf um fræga þáltill. hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur og fleiri hv. þm., grein sem ráð væri að lesa á eftir og ég hugðist gera. Ég sé til hvort mér vinnst tími til. Jón Ásgeir Sigurðsson er orðinn einn af reyndustu útvarpsmönnum okkar, Halldór Halldórsson sem menn þekkja sem reyndan blaðamann og frægan og einmitt kunnan í fjölmiðlafræðum höfðum við á listanum sem og Agnesi Bragadóttur, einn helsta rannsóknarblaðamann okkar, og Kára Jónasson, hinn styrka fréttastjóra útvarps. Við nefndum líka Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur sem er með umtalsverða reynslu af þingfréttum, Elínu Hirst nefndum við, Brynhildi Ólafsdóttur, ungan blaðamann sem nú nýlega fékk sérstök verðlaun fyrir framúrskarandi fréttamennsku og rannsóknir. Við nefndum líka þrjá af gamla skólanum sem ýmist eru að ljúka störfum eða þegar farnir að líta yfir farinn veg, Ólaf Sigurðsson, Árna Bergmann og Odd Ólafsson. Þeir sem þekkja til í blaðamennsku sjá að þessi listi er allfjölbreyttur, ekki bara að kyni og aldri heldur líka lífsskoðun, stjórnmálaviðhorfum o.s.frv.

Við nefndum líka fyrir menntmn. ritstjóra og aðra faglega yfirmenn. Suma þeirra fengum við reyndar á fundinn, Styrmir Gunnarsson var t.d. á fundi hjá okkur í dag. Þar var líka Gunnar Smári Egilsson en þar söknuðum við reyndar annarra sem við settum á listann, t.d. Illuga Jökulssonar og Mikaels Torfasonar, ritstjóra DV, Boga Ágústssonar, fréttastjóra á sjónvarpinu, Sigríðar Árnadóttur, kollega hans á Stöð 2 sem áður var einn af fremstu mönnum í liði Kára Jónassonar, Páls Magnússonar, sem víða hefur farið í fjölmiðlum, setið þar hringinn í kringum borðið og er reyndar einn af höfundum frægrar skýrslu frá 1996 um endurskoðun útvarpslaga sem ég hef vitnað til áður á þinginu og hyggst gera á eftir. Mér hefur aldrei gefist tækifæri til að lesa þann kafla í heild sem þar skiptir máli fyrir þessa umræðu. Páll hefur mikla reynslu og mikinn sjóð að sækja í. Við nefndum líka Rúnar Gunnarsson sem er yfirmaður innlendrar dagskrárgerðar á sjónvarpinu, hefur mikla reynslu í fjölmiðlun en þó einkum þeim þætti sem lýtur að dagskrárgerð. Hann er auðvitað kvikmyndamaður líka og ljósmyndari. Við nefndum líka Sverri Agnarsson. Ég veit ekki alveg hvað staðan sem hann gegnir hjá Skjá 1 heitir en hann er einn af virkustu fjölmiðlamönnum á þessu sviði sem liggur á milli framleiðslu- og peningamála og mundi kannski á ensku heita producent en á íslensku einna helst reddari. Hann hefur verið mjög frjór í því starfi, sennilega ein helsta auðlind Skjás 1 í mannslíki.

Þetta var auðvitað ekki tæmandi listi. Af þessum lista komu nokkrir en allt of fáir. Síðan nefndum við að sjálfsögðu fulltrúa frá félögum innan atvinnugreina menningarinnar, auk fulltrúa Blaðamannafélags Íslands og annarra faghópa blaðamanna. Við töluðum þar um hönnuði, auglýsingafólk, tónlistarmenn, bókaútgefendur, rithöfunda, leikara, vefhönnuði og sjálfstæða framleiðendur, einkum sjónvarpsefnis. Framtíð fjölmiðla og fjölmiðlunar á Íslandi skiptir fleiri máli en blaðamenn að atvinnunni til og starfsumhverfi. Fjölmiðlun, þessi beina og hreina sem við stundum hugsum um á þröngan hátt þegar um hana er rætt, er auðvitað eins og drottning í ríki sínu og tengist fjölmörgum öðrum sviðum á afar margvíslegan hátt. Það er eitt af einkennum á nútímafjölmiðlun að þau tengsl eru sífellt að verða meiri, magnaðri og fjölbreytilegri. Það á ekki bara við um samstarf fjölmiðlanna, hinna eiginlegu fjölmiðlamanna við þessa faghópa, heldur á það líka við um fyrirtækin, um reksturinn sjálfan sem æ meira er að verða sameiginlegur eða í einhvers konar samkrulli. Þróunin er sú, eins og síðar verður rakið, í heiminum að menningarfyrirtæki ýmis eru að vaxa saman eða a.m.k. að tengjast. Það er ýmist að þau eru öll saman undir einum hatti eða samtengd á annan hátt. Hér er bæði um að ræða tæknina og þróun í viðskiptum og fyrirtækjarekstri

sem getur haft ýmsar hættur í för með sér en við verðum þó að taka mark á. Á þeim tímum sem við lifum getum við ekki alveg valið okkur hvernig tæknilegt umhverfi er í kringum okkur og hvaða kostir eru uppi um rekstur fyrirtækja og samtengingu þeirra þótt það sé að sjálfsögðu — það skal ítrekað — hlutverk almennings, almannavaldsins og okkar stjórnmálamanna að hafa þar áhrif á og setja þeirri starfsemi ramma.

Ég ætla að loknum þessum stutta inngangi að reifa nokkuð út frá þessum aðalsjónarmiðum tveimur hvernig þetta frv. sem hér er til umræðu geti náð tilgangi sínum, hvort það sé líklegt eins og það lítur út nú. Það hefur raunar alltaf litið eins út því það hefur ekki breyst í neinu því sem meginatriði geta talist nánast frá þeim fréttum um tvær setningar sem láku út um göt í Stjórnarráðinu. Það hefur ekki breyst í neinum meginatriðum og þá þarf að athuga hvort þau markmið sem það setur sér muni nást eða hvort þau munu kannski ekki nást og hvort það verður þá þannig eins og stundum fer þegar menn vilja stíga skrefin of ört að þeir hrasa og lenda aftar en þeir byrjuðu.

Markmið frv. er talið það að aðstoða við að í fjölmiðlun á Íslandi ríki æskileg fjölbreytni. Í athugasemdum við það stendur að það eigi að sinna þeirri kröfu í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Nú hefur það verið rakið hér oftar en einu sinni í umræðunni að fjölmiðlafjölbreytni er hugtak sem er ekki fyrir okkur, alþingismenn, að fabúlera um, heldur er það ákveðið viðurkennt hugtak í fræðum og umræðu sem þarf að hafa sína skilgreiningu. Sú skilgreining er fyrir hendi. Hún er ósköp einfaldlega í þeirri skýrslu sem frv. er talið vera byggt á. Reyndar er viðurkennt af skýrsluhöfundum að skýrslan standi ekki nema að svolitlu leyti, að sýnd, á bak við frv. Skilgreiningin á fjölmiðlafjölbreytni kemur engu að síður fram í skýrslunni, í endursögn hennar á tilmælum Evrópuráðsins um fjölmiðlun frá 1999. Hér er þetta, á síðu 69–70 í þeirri gerð fjölmiðlaskýrslunnar sem birtist að baki frv. á þskj. 1525. Fjölmiðlafjölbreytni. Með því hugtaki segir í endursögn skýrsluhöfunda, með leyfi forseta:

„... fjölbreytni í framboði fjölmiðla, sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum (structural pluralism) og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis, að því er varðar sjónarmið og skoðanir, sem aðgengileg séu almenningi."

Þetta er skilgreiningin á fjölbreytni í fjölmiðlum. Við þurfum að velta henni fyrir okkur, auk hinna alvarlegu spurninga um hvort meiri hluti þingsins kunni að vera að ganga í bága við stjórnarskrá og að brjóta EES-reglur á okkur með þeim afleiðingum sem það hefur, bæði ímyndarhnekki og í beinhörðum peningum, fyrir utan þá skaðabótaskyldu sem raunar er viðurkennt af hálfu meiri hluta allshn. að kunni að fylgja breytingu þessa frv. í lög. Meiri hluta allshn. virðist reyndar vera alveg sama um það, enda á hann ekki að borga skaðabæturnar sjálfur. Það hefur reyndar loðað við meginstofninn í þeim meiri hluta sjálfstæðismanna, þeir eru ákaflega viljugir til að taka mikla áhættu í ríkisrekstri vegna þess að þeir vita að það kemur ekki niður á þeim sjálfum. Þeir munu fá launin sín áfram sem þingmenn, ráðherrar, embættismenn og verktakar í ríkiskerfinu af ýmsu tagi en skattborgararnir sem þeir þykjast bera virðingu fyrir í orði kveðnu þurfa bara að kafa dýpra í vasa sína. Þetta hefur einkennt Sjálfstfl. og væri kannski ráð að taka það til umfjöllunar. Ég veit ekki hvort ég ætti að fresta því til síðari ræðu minnar í þessari umræðu en auðvitað væri ráð að taka svolitla syrpu í sögu Sjálfstfl. í þessum efnum og sjónarmiðum hans því Sjálfstfl. — Já, ég held, forseti, að ég geti ekki stillt mig um að gera það, sérstaklega af því að formaður allshn., hinn ungi og vopndjarfi hv. þm. Bjarni Benediktsson er hér í salnum. Sjálfstfl. hefur að sumu leyti lent í því sem gamall flokkur lenti í sem ég hafði nokkur kynni af, Alþýðubandalagið, en það hafði uppi á síðari tímum sínum — og kannski loddi það alltaf við Alþýðubandalagið sem var þó að ýmsu leyti góður flokkur, ég vil taka það fram hér í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Já.) Ég sé að ýmsir félagar mínir hér í salnum taka undir það, með eftirsjá nánast. Ég sé eitthvert blik í auga og eru það félagar sem nú eru í ýmsum stjórnmálaflokkum reyndar. Alþýðubandalagið, eins góður flokkur og það var og oft gaman að vera þar nærri, einkum í umræðu og líka í skemmtan — það var oft góð skemmtan í Alþýðubandalaginu (Gripið fram í.) — þá loddi það við Alþýðubandalagið að það hafði mikla kenningu sem það hélt fram á hátíðarstundum og reyndi að innprenta mönnum sem það var að reyna að toga til liðs við sig. Kenningin var ákaflega heilög og mátti ekki mikið breyta henni. Það var afar strangt haldið utan um hana og allt hennar regluverk. Síðan þegar menn komust í þá aðstöðu að þurfa að fylgja kenningunni fram í verki dugði hún ekki. Þá varð að gera undantekningu og skapa bráðabirgðaástand þar sem menn voru í öðrum málum, fóru í önnur föt, geymdu kenninguna í jakkafataskápnum heima og stunduðu kaupin á eyrinni, jafngrimmilega og stundum grimmilegar en þeir aðrir sem þau stunduðu, misstu sumsé samband við kenninguna vegna þess að þeir gættu ekki að því að aga hana að þeim viðfangsefnum sem við var að fást hverju sinni.

Þetta sama virðist mér vera að koma fyrir Sjálfstfl., þann hluta hans sem hefur kennt sig við neólíberalismann og fylgt fram frjálshyggju í orði kveðnu. Þegar hann kemur að verkum dugar ekki þessi frjálshyggja og þá snúa þeir við blaðinu, kunna ekki að aga kenningu sína að þeim verkefnum sem við er að fást, heldur snúa við blaðinu og taka upp hina hefðina í Sjálfstfl. sem er hefð stjórnlyndis og valdstjórnar. Þetta tvennt hefur farið saman í þessum flokki, frjálshyggja með ýmsum hætti, gömul og ný á yfirborði og hátíðarstundum, en stjórnlyndi, og valdhyggja liggur mér við að segja, virðingarleysi fyrir lýðræðinu, takmörkuð vitund um það. Þetta hefur því miður spillt bæði Sjálfstfl. og líka íslensku samfélagi að verulegu leyti.

Ég legg til að hv. þm. Bjarni Benediktsson og þeir aðrir félagar hans sem yngri eru í Sjálfstfl. fari að loknu þessu þingi í sérstakar sumarbúðir og hugleiði hvernig þeir ætla að halda á þessum málum í framtíðinni þegar þeir eru lausir úr þeim viðjum sem þeir eru í núna. Það er auðvitað sorglegt að horfa á þá í viðjum þeirrar forustu sem nú er uppi í Sjálfstfl. og viðjum þess hlutverks sem þeir eru í, að vera að vinna sig í álit innan flokksins og þurfa þannig að taka að sér alls konar skítverk. Þeir þurfa að velta því fyrir sér fyrir hönd Sjálfstfl. hvað eigi að taka við. Ætlar Sjálfstfl. að verða hér þröngur hægri flokkur? Ætlar hann að verða kannski 15–20% flokkur sem er í tengslum við ákveðna fyrirtækjasamsteypu í landinu og hefur öll einkenni stjórnlyndis og valdhyggju? Og frekjufrelsis sem er hugtak sem er kynnt til sögunnar í gær? Það á ágætlega við þá tegund eða afbökun á frelsi sem sprettur upp úr þessari aðstöðu Sjálfstfl. Eða ætlar Sjálfstfl. að tengja sig aftur við atvinnulífið á Íslandi og reyna að hafa breiða höfðun í samfélaginu, að vera ásamt öðrum flokkum

einhvers konar burðarflokkur í samfélaginu sem er boðberi ákveðinna sjónarmiða og skoðana sem ég er kannski ekki hrifinn af og tel mig vinna gegn? Ég virði þau viðhorf samt fyllilega og tel Sjálfstfl. á köflum hafa verið góðan fulltrúa fyrir þau.

Þetta held ég að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn. sem hefur farið með það sem hann átti eftir af áliti sínu þegar eftirlaunafrumvarpinu sleppti fyrir áramótin langvegis í þessu máli, eigi að hugleiða. Þetta held ég að hann og félagar hans, hinir viljugu ungu sjálfstæðismenn, þurfi að hugsa um í sumar. Óska ég þeim velgengni í því.

Ég ætlaði að fara hér í gegnum umsagnir og álit, einkum þau sem borist hafa allshn., en einnig nokkra pistla af öðrum stöðum og skoða þá. Sumir þeirra hafa verið lesnir hér áður og ég biðst afsökunar á því að endurtaka þann lestur. En ég les þá aftur vegna þess að þá þarf að skoða með þeim gleraugum sem ég nefndi, út frá sjónarhólnum: Stenst markmið frv.? Verður það að einhverju? Hvernig fer um fjölmiðlun sem atvinnugrein á Íslandi og hvernig fer um fjölmiðlun sem kjarnlæga grein í íslenskri menningu á okkar tímum?

Áður en ég geri það langar mig í tilefni af frétt í Fréttablaðinu í dag að fjalla örlítið um stofnun í Bandaríkjunum sem heitir Freedom House. Menn kannast við það hér vinstra megin í salnum, hv. þm. Bjarni Benediktsson kannast við þetta enska orð og veit að þetta þýðir frelsis- segjum ekki húsið en frelsisstofnunin kannski, eitthvað því um líkt. Þetta er bandarísk stofnun. Ég hygg að hún sé sjálfseignarstofnun en nýtur mikillar velvildar hjá bandaríska ríkinu og hefur gert lengi. Þótt hún væri ekki kaldastríðsfyrirbæri nýttist hún að mig minnir vel í kalda stríðinu við að benda á þá miklu galla sem voru á fjölmiðlun í kommúnistaríkjum og öðrum þeim ríkjum ýmsum sem þeim tengdust, auk þess að vera ákveðin svipa á ríki sem Bandaríkjamenn og fylgjendur þeirra litu til með á vægilegri hátt af því að þeir væru tíkarsynir okkar en ekki einhverjir aðrir í alræðisríkjum sem við þekkjum hér í heiminum sem fylgdu Bandaríkjunum að málum. Skýrsla þessarar stofnunar, Freedom House, kom út í Bandaríkjunum 28. apríl sl. og það er ekki alveg tilviljun því hún er gefin út í tilefni af degi frjálsrar blaðamennsku sem hér er 3. maí, eins og ég rifjaði upp í ræðu minni í 1. umr. þessa máls sem einmitt fór fram 3. maí, á degi frjálsrar blaðamennsku. Í þessari skýrslu er reynt að leggja mælikvarða á frelsi í fjölmiðlun í ríkjum heimsins.

Skemmst er frá því að segja að Íslendingar lenda í þessari skýrslu fyrir árið 2004 í 1. sæti ex aequo, 1. sæti þrídeildu má segja, ásamt hinum norrænu vinum okkar Dönum og Svíum. Við fáum þar átta stig. Það eru mínusstig gefin líka en við fáum átta stig og umsögnina „frjáls" sem er mjög mikilvæg. Þessi einkunnagjöf byggist á þrennu. Hún byggist í fyrsta lagi á lagaumhverfi sem skilgreint er sem heildaryfirsýn yfir lög og reglugerðir sem hafa áhrif á innihald efnis í fjölmiðlunum og hneigð ríkisstjórnar eða ráðandi yfirvalda til að nota þessi lög gegn starfsemi fjölmiðlanna. Í þessari deild fáum við aðeins -1 þannig að hér er ekki talinn vera mikill ríkisrekstur í fjölmiðlum. Ég leyfi mér að vera með ákveðna fyrirvara gagnvart áliti þessarar stofnunar vegna þess að ég hefði talið að Ríkisútvarpið ætti að afla Íslendingum frekari neikvæðra stiga í þessu dæmi. Þeir gefa okkur sem sé -1 sem er mjög gott.

Í öðru lagi er talað um pólitísk áhrif. Þar eru gefin mínusstig fyrir það hvaða áhrif stjórnmálalegir þættir hafa, aðallega á fréttir. Þar er einmitt talað um ritstjórnarsjálfstæði sem hér hefur mjög verið nefnt, bæði í ríkismiðlum og markaðsmiðlum eða einkamiðlum. Þar fáum við aðeins tvö stig. Þó að okkur finnist ástandið stundum svona og svona á Íslandi er það í alþjóðlegu ljósi ákaflega gott. Flest mínusstigin fáum við fyrir efnahagsþrýsting, sem ég hráþýði svo. Þar fáum við fimm mínusstig. Þar er átt við hvernig eignarhaldi er varið, hvernig gagnsæið lítur út og hversu erfitt það er að koma upp nýjum miðlum. Síðan er fjallað um auglýsingamál og reyndar líka um spillingu, mútur o.s.frv. og þar fáum við fimm mínuspunkta sem er meira en á hinum sviðunum. Þess verður auðvitað að geta að á hinu fyrsta sviði laganna er hægt að fá 30 punkta en við fáum einn. Í stjórnmálunum er hægt að fá 40 mínuspunkta, við fáum tvo. Í efnahagsþrýstingi eða efnahagsáhrifum er hægt að fá 30 punkta, við fáum fimm. Þetta er mjög góð einkunn sem íslenskir miðlar fá og í raun furðugóð miðað við það sem við sem þekkjum fjölmiðlana hér heföum ímyndað okkur.

Merkilegt er að í Fréttablaðinu í dag — nú er það orðið þannig að eins og hæstv. forsrh. segir vita allir að starfsmenn Baugsmiðlanna eru, með leyfi forseta, „gersamlega misnotaðir af eigendum sínum". Ég tel samt að það beri að vitna í Fréttablaðið og taka fullt mark á því. Ég hef reyndar líka fylgst undanfarna daga með þeim blaðamanni sem hér kemur við sögu, Sigríði D. Auðunsdóttur. Hún er greinilega ungur og vaxandi blaðamaður sem hefur hringt í Freedom House, í konu sem heitir Karin Karlekar og er sérfræðingur í fjölmiðlafrelsi hjá þessari stofnun, Freedom House. Hún spyr hana um íslenska frv., hefur þá væntanlega sent henni það áður. Fulltrúi Freedom House segir um frv., með leyfi forseta:

„... að takmark laganna sé í sjálfu sér jákvætt, að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum og tryggja þannig fjölbreytni í fjölmiðlun."

Síðan er vitnað beint í hana, með leyfi forseta:

„Hins vegar er frumvarpið ekki rétt leið til að ná fram þessu markmiði. Með því að setja svona miklar takmarkanir á eignarhald er hætta á því að enn meiri samþjöppun verði á eignarhaldi. Sem dæmi gæti það gerst að fjölmiðlafyrirtæki sem nú starfa verði neydd til þess að láta útvarpsleyfi af hendi og hætti störfum. Fjölmiðlum gæti því fækkað."

Þetta segir Karin Karlekar. Hún segir líka, með leyfi forseta:

„... að það sé alveg ljóst að þörf sé á því að gera frekari rannsóknir á mögulegum afleiðingum laganna. Sem dæmi þyrfti að kanna hvort hugsanlegt væri að einhverjir fjölmiðlar þyrftu að hætta störfum. Eins hvort markaðsaðstæður á Íslandi séu þær að aðrir fjölmiðlar geti komið í stað þeirra sem hverfa af markaðinum."

Hefur þetta verið rannsakað við undirbúning þess frv. sem hér er verið að fjalla um? Nei, það hefur ekki verið rannsakað. Menn vita hreinlega ekkert um það. Ég hef spurt við hvert hugsanlegt tækifæri flm. frv., hæstv. forsrh., og þá fylgismenn þessa frv. hér á þinginu sem hafa þorað að gefa sig upp í pontunni hvaða áhrif frv. muni hafa á fjölbreytni í fjölmiðlum, á hag fjölmiðlanna, á fjölda þeirra. Það fást engin svör. Menn forðast að svara þessari spurningu, hafa forðast að svara henni frá mér og öðrum sem vinna á þinginu, frá þeim sem spyrja úti í samfélaginu, utan þings, og forðast að svara eðlilegum spurningum erlends fjölmiðlafræðings sem vinnur hjá stofnuninni Freedom House í Bandaríkjunum. Karin Karlekar segir enn fremur þetta:

„Rannsókn Freedom House á frelsi fjölmiðla gerir ráð fyrir því að of mikil samþjöppun í fjölmiðlaumhverfi geti dregið úr frelsi fjölmiðla og rétti fólks á fjölbreyttu flæði upplýsinga."

Síðan bætir hún við:

„Of strangur lagarammi varðandi eignarhald getur þó án efa haft sömu neikvæðu áhrif."

Karin bendir samkvæmt frétt Fréttablaðsins á það að samkvæmt mati Freedom House, því sem ég talaði um hér áðan, hafi fjölmiðlar á Íslandi búið við eins mikið frelsi og mögulegt er og því sé líklega ekki jafnmikil þörf á að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum og látið hefur verið í ljós. Hún segir líka, með leyfi forseta, „mjög líklegt að Ísland hrapi úr efsta sæti yfir þjóðir þar sem mesta fjölmiðlafrelsi ríkir ef lögin verða að veruleika."

Þótt ég sé auðvitað ekki skárri í því en flestir aðrir, hafi gaman af að sjá hvað útlendingar segja um okkur og sé svolítið hégómagjarn gagnvart því sem kemur utan úr hinum stóra heimi les ég þetta samt ekki þess vegna, heldur vegna þess að niðurstaða Karinar Karlekar, sem ég þekki ekki neitt, af skoðun þessa frv. — væntanlega er sú skoðun ekki mjög mikil heldur einhvers konar yfirlit en þessi stofnun þekkir sem sé til gangs mála á Íslandi og í fjölmörgum öðrum ríkjum — er sú sama og lesa má úr flestum þeim álitum sem þetta varðar sérstaklega og allshn. hefur fengið. Hún er líka sú sama og hér hefur fengist í umræðunni á opinberum vettvangi síðustu vikurnar, að undanteknum nokkrum mönnum sem aðra skoðun hafa og ég rek kannski aðeins á eftir.

Mig langar að hefja hina eiginlegu umfjöllun mína um þetta á því að lesa úr áliti sem áður hefur verið lesið úr, Þorbjarnar Broddasonar, sem er prófessor við háskólann og er einn af okkar fremstu fjölmiðlafræðingum. Reyndar verður að taka fram að í því áliti sem hann sendi allshn. lýsti hann sig fúsan að ganga á fund allshn. ef hún svo óskar, sem er kurteislegt orðalag um það að hann vilji afar gjarnan koma sjónarmiðum sínum munnlega á framfæri við nefndina. Allshn. gat ekki orðið við þeim óskum að kalla á Þorbjörn Broddason sem hér hefur í 30–40 ár verið frumkvöðull í félagsfræði og er í raun og veru fyrsti fjölmiðlafræðingur þjóðarinnar.

Hann segir í umfjöllun sinni að sú greinargerð sem menntmrh. Tómas Ingi Olrich bað um að tekin yrði saman sé mjög fróðleg og það sé gagnlegt að taka saman slíka greinargerð um eignarhald á fjölmiðlum. Hann segir, að hún muni, með leyfi forseta:

„... ásamt öðrum gögnum, reynast hinn þarfasti grundvöllur umræðunnar. Að þessu sögðu skal því bætt við að fátt eða ekkert bendir til þess að þörf sé á skyndilöggjöf til að bregðast við ástandinu. Við höfum allt að vinna og engu að tapa á yfirvegaðri málsmeðferð."

Aftar í greinargerð sinni vitnar hann í upphaf athugasemda sem fylgja frv. og vitnar í orð um lykilhlutverk fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi, eins og það er orðað í texta frumvarpsflytjendanna:

„Fjölmiðlar gegna lykil... " Nei, fyrirgefið, ég held reyndar að nútímalýðræðisþjóðfélag komi ekki fyrir í texta frumvarpsflytjendanna. Mig minnir hins vegar að nútímalýðræðisþjóðfélagið komi fyrir í áliti meiri hluta allshn. og var kímt nokkuð í salnum í gær eða fyrradag þegar frá því var sagt hér í stólnum. En í athugasemdunum með frv. er þessi texti hér, með leyfi forseta:

„„Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis." Ekkert er ofsagt þarna," segir Þorbjörn. „Frumvarpið er sagt byggt á því að íslensk löggjöf eigi að vernda aðgang almennings að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum."

Áfram segir Þorbjörn Broddason, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum óbreytt er eigi að síður hætt við að skammtímaafleiðingar þess verði ekki aðeins þeröfugar, heldur jafnframt svo róttækar að aldrei muni reyna á megin frumvarpsins til að ná því markmiði „að fjölbreytni í fjölmiðlum sé nægilega tryggð hér á landi til lengri tíma litið" svo aftur sé vitnað til athugasemda við frumvarpið."

Það er eins og Þorbjörn og Karin Karlekar vinni hlið við hlið, en það gera þau ekki. Þorbjörn er hér uppi á Melum og Karin Karlekar er að ég hygg í borginni Washington í Bandaríkjunum. Þau segja samt nákvæmlega það sama, að það sé hætt við því að tilgangur frv. náist ekki, heldur verði skammtímaafleiðingar þess ekki aðeins þveröfugar við það sem til er ætlast, heldur svo róttækar að aldrei muni reyna á kraft frv. til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum sem þýðir á mannamáli að fjölbreytnin breytist í fábreytni.

Þorbjörn segir svo síðar í texta sínum að niðurstaðan gæti orðið sú, með leyfi forseta:

„... að fátæklegra verði um að litast á vettvangi íslenskra fjölmiðla; þeir verði færri og veikari eftir en áður og starfsfólk þeirra óöruggara um sinn hag. Ef ég hugsa mér að litið sé yfir sviðið svo sem ári eftir samþykkt laganna freistast ég til að grípa til klisjukenndrar samlíkingar: Uppskurðurinn heppnaðist en sjúklingurinn dó. Gjaldþrot eins eða fleiri einkarekinna fjölmiðla í kjölfar þeirrar uppstokkunar, sem frumvarpið krefst, hefur ekki endilega í för með sér eflingu þeirra miðla sem eftir lifa. Vaxandi atvinnuleysi í starfsgreininni spillir starfsanda og skapar óvissu, einnig meðal þeirra sem enn halda vinnu sinni. Vissulega getur þessi svartsýni mín orðið sér til skammar, en ég hef ekki síst í huga að nú lifa 15 einkareknar hljóðvarpsstöðvar af 41 sem stofnuð hefur verið frá árinu 1986; ekki færri en fjögur dagblöð hafa kvatt okkur á fáum árum; fjórar sjónvarpsstöðvar hafa hætt starfsemi frá 1997; allir fjölmiðlar Norðurljósasamsteypunnar römbuðu á barmi gjaldþrots til skamms tíma og Ríkisútvarpið er rekið með stöðugum halla. Loks dylst engum að Morgunblaðsmenn eiga á brattann að sækja þessi missirin."

Þetta eru orð Þorbjarnar Broddasonar um það frv. sem hér um ræðir. Þau eru athyglisverð í sjálfu sér af þeim ástæðum sem ég áður hef rakið. Þau eru líka athyglisverð fyrir okkur sem erum að skapa þingsögu hér síðustu daga vegna þess að í umræðunni um fjölmiðlaskýrsluna seint að kvöldi í lok aprílmánaðar kom í ræðustól hv. þm. Halldór Blöndal, sem hér er því miður fjarstaddur, en hefur komið við sögu í þessari umræðu með ýmsum hætti. Hann vitnaði sérstaklega í Þorbjörn Broddason, í frétt sem höfð var af viðtali við hann — ég man ekki í hvorum Baugspappírsmiðlinum en ég hygg að rétt hafi verið í Þorbjörn vitnað þó að alkunna sé, eins og menn vita af orðum hæstv. forsrh., að blaðamenn og starfsmenn hjá Norðurljósum séu, með leyfi forseta, „gersamlega misnotaðir af eigendum sínum". Svo smekklega komst hæstv. forsrh. vor að orði í hádegisfréttum í gær. Hv. þm. Halldór Blöndal vitnaði til þeirra orða Þorbjarnar Broddasonar að hann gyldi varhuga við þeirri stöðu sem uppi væri í eignarhaldi í einka-

miðlunum eða markaðsmiðlunum íslensku, þeirri stöðu að Baugur ætti stóran hlut í Norðurljósum sem réðu Stöð 2, Fréttablaðinu og Dagblaðinu.

Ég fór þá upp, forseti, í stólinn á eftir þessari ræðu Halldórs Blöndals og varaði hann við því að gera alla að bandamönnum sínum í kringum þetta frv. sem hefðu þessa skoðun. Svo vildi til að ég væri sjálfur sömu skoðunar, gyldi sjálfur varhuga við þeirri stöðu sem upp væri komin með eignarhaldi Norðurljósa og þeirri þrenningu sem þar er nú innan borðs og teldi ástæðu til að íhuga þá stöðu og bregðast einhvern veginn við henni. Ég var því miður ekki með þetta viðtal við Þorbjörn Broddason þá en rakst síðar á það og komst þá að því að hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., hafði ekki lesið nema hálfa setningu. Þorbjörn Broddason sagði — þetta er að vísu eftir minni — í þessu viðtali að hann gyldi varhuga við þeirri stöðu sem upp væri komin o.s.frv. en hefði miklar efasemdir um að það frv. sem nú lægi frammi næði tilgangi sínum og óttaðist að það hefði þveröfug áhrif við það sem til væri ætlast. Þessu sleppti hv. þm. Halldór Blöndal af einhverjum ástæðum eða þá að hann hefur hreinlega ekki komist yfir að lesa lok málsgreinarinnar í gleði sinni yfir því að þarna birtist honum úr háskólanum, úr fjölmiðlafræðinni, bandamaður gegn veldi hins illa, sem á Íslandi líkamnast í Baugi og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kannski þeim feðgum báðum, hjá ákveðnum hluta ráðamanna í Stjórnarráðinu.

Ég ætla næst að víkja aðeins að umsögn Ólafs Þ. Harðarsonar sem skrifar allshn. sem prófessor í stjórnmálafræði og forseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Erindi hans til allshn. er að svara því að félagsvísindadeild treysti sér ekki til umsagnar, m.a. vegna þess knappa tíma sem til ráðstöfunar var. Hann segir að honum hafi borist erindið deginum áður, bréfið er skrifað 7. maí, en svars sé óskað þann sama dag. Bréf barst 6. maí og svars var óskað 7. maí. Jafnvel harðduglegur maður með sína deild eins og Ólafur Þ. Harðarson treysti sér ekki til að gefa umsögn á þeim tíma. Hann svarar allshn. þó í nokkrum atriðum og segir að málið sem um ræðir sé bæði mikilvægt og viðkvæmt, með leyfi forseta:

„Frumvarpið felur í sér takmarkanir á þremur grundvallarmannréttindum sem stjórnarskráin tryggir: tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarrétti. Löggjafanum ber að sýna fyllstu varkárni þegar hann beitir heimildum sínum til slíkra takmarkana og umfram allt tryggja vandaða málsmeðferð."

Þetta segir Ólafur Þ. Harðarson. Þetta eru ráð forseta félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til alþingismanna þegar þeir fara í gegnum þetta frv. Hann segir líka neðar í bréfinu, án þess að taka afstöðu til frv. sjálfs, að fjölmiðlanefndin bendi í skýrslu sinni á að markmið löggjafar sé að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Til þess séu margar leiðir, segir Ólafur, telji menn nauðsynlegt að ríkið hafi þar afskipti. Síðan kemur þetta, með leyfi forseta:

„Sú leið sem farin er í frumvarpinu gengur mjög langt. Nauðsynlegt er að greina vandlega hvaða háski kann að fylgja henni og jafnframt að skoða kosti annarra leiða, t.d. þeirra sem nota einhvers konar hlutdeild af fjölmiðlamarkaði (t.d. áhorf eða útbreiðslu) sem viðmiðun."

Dr. Ólafur Þ. Harðarson tjáir það kurteislega en honum líst ekkert á það sem er að gerast. Þó að hann treysti sér ekki til að semja sjálfur eða láta deild sína eða samstarfsmenn í deildinni samþykkja einhvers konar umsögn vill hann taka það fram í svarbréfi sínu að hann vari við því sem hér er að gerast. Hann biður menn að kanna vandlega hvaða háski kunni að fylgja því sem menn eru hér að leggja út í.

Ég ætla í þriðja lagi, forseti, að vitna í texta sem ekki er álit. Allshn. — formaður hennar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, er nú genginn í salinn — láðist, gleymdi eða datt aldrei í hug að boða til fundar við sig einn fremsta fjölmiðlafræðing á Íslandi, Herdísi Þorgeirsdóttur. Þess vegna hefur hún ekki skilað neinu áliti til allshn. Hins vegar skrifaði allshn. bréf til Háskólans á Bifröst og hann svaraði því bréfi. Það var eins og áður, bréfið barst sama dag og álitið átti að skila sér til baka. Við slíkum kröfum er ákaflega erfitt fyrir menn að verða, sérstaklega þegar menn vinna í háskólaumhverfi. Menn vilja þar ekki einungis vegna mannkosta sinna vanda mál sitt og vinna sín verk af prýði, heldur er þeim beinlínis skylt að gera það. Þeir væru reknir ella úr starfi, og með réttu, og þannig gat Háskólinn á Bifröst ekki uppfyllt þær kröfur og sendi allshn. það svar einfaldlega en tekur jafnframt fram að ef hann hefði gert það hefði Herdís Þorgeirsdóttir verið til þess sett.

Herdís Þorgeirsdóttir var hins vegar að beiðni okkar ein af þeim sem sluppu í gegnum nálarauga hv. þm. Gunnars Birgissonar, formanns menntmn., og fékk að koma og ræða við okkur í menntmn. í morgun. Hún var bara ein af sex sem boðaðir voru til fundarins og raðað var upp saman við borðsendann. Fundurinn stóð, eins og hv. þm. Gunnar I. Birgisson sagði okkur fyrr í dag, í rúma tvo tíma. Bæði vegna tímalengdarinnar og fundarformsins gafst lítið ráðrúm til þess að tala við menn af viti og upplýsingarnar urðu að vera í formi stuttra ávarpa. Herdís sagði í afar stuttu máli að þetta væri hápólitískt mál, bæri öll þess merki og að ekki hefði verið unnið að því á fræðilegan hátt út frá sjónarhóli lögfræði eða fjölmiðlafræði. Það væri klárt að á grundvelli Evrópuráðsins og Evrópusambandsins væri ótvíræð heimild um eignarhald á fjölmiðlum, sem enginn út af fyrir sig hefur efast um. Hún sagði að í Evrópusambandinu hefði á miðjum tíunda áratugnum verið reynt að koma á samræmdri löggjöf en það hefði þá ekki tekist. Það væri viðurkennt í bæði bandarískum rétti sem hún þekkir allvel og í evrópskum fræðum að fjölmiðlarnir eru stofnanir engum öðrum líkar og þess vegna eigi að gilda um þá sérstök lögmál, t.d. umfram venjulegar viðskiptareglur Samkeppnisstofnunar.

Það er samhljóða því sem við í Samf. höfum haldið fram og þess vegna flutt hér í vetur tvö frv. um endurbætur á fjölmiðlarétti sem ganga þó hvergi nærri að rótum fjölmiðlagróðurs okkar eins og það frv. sem hér er um rætt. Það er einmitt hluti af hinum vægari aðgerðum, í raun og veru hinum betri aðgerðum sem taldar eru t.d. fram í grein Páls Þórhallssonar og víðar og er stuðst við í Evrópurétti. Herdís segir að takmörkun á eignarhaldi sé auðvitað ekki brot á fjórfrelsinu eða mannréttindaákvæðunum í sjálfu sér en í Evrópurétti sé tiltekið að við slíkar takmarkanir verði að taka tillit til smæðar markaðarins og lögin megi ekki hindra vöxt í fjölmiðlum. Síðan sagði þessi ágæti fræðimaður og fyrrverandi ritstjóri prýðilegs og á sínum tíma mjög vinsæls mánaðarrits — hygg að það hafi verið Heimsmynd — að ákvæði í brtt. meiri hluta allshn. um 5% þak á eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja væri, með leyfi forseta, „bara grín" sagði Herdís Þorgeirsdóttir um þá frábæru tillögu allshn. undir forustu hv. þm. Bjarna Benediktssonar sem nú arkar hér um salinn í vandræðum. Honum er órótt vegna þessa máls alls. Bara grín var sagt um það. Málamyndahlutur sem gengur ekki, voru orð Herdísar Þorgeirsdóttur um þessa góðu brtt. hv. þm. Bjarna

Benediktssonar, sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sótti sér á borð ríkisstjórnarinnar, þ.e. hún hraut af borði hinna tveggja turna í ríkisstjórninni, fráfarandi og viðtakandi hæstvirtra forsætisráðherra, til hv. þm. Bjarna Benediktssonar, og hann kom svo með eftir kvöldmat eitt kvöldið sem frægt er.

Það er bara grín. Málamyndahlutur sem gengur ekki.

Það sem Herdís segir — er þó alveg ljóst að hún telur heppilegt að almennt, og líka á Íslandi, sé harðari löggjöf en við ýmis önnur viljum — líka er að fjölræði í eignarhaldi tryggi ekki endilega fjölbreytni í skoðanamótun. Orðrétt, með leyfi forseta, frá því á fundinum í dag:

„Fjölræði í eignarhaldi tryggir ekki endilega fjölbreytni í skoðanamyndun."

Það sem Herdís segir er að sjálfsagt sé að setja lög um eignarhald með einhverjum hætti, þá megi hins vegar ekki skekkja markaðinn, þ.e. hér verði þá að taka á málefnum Ríkisútvarpsins í leiðinni og tryggja gagnsæi, og ritstjórnarlegt sjálfstæði verði að fylgja í þessum aðgerðum. Síðan bætir hún við að einnig verði sérstaklega að huga að því — ekki gafst tími til að spyrja hana með hvaða hætti það ætti að vera — að reyna að verja fjölmiðlana og starfsfólk þeirra gegn ásókn bæði pólitískra og viðskiptalegra hagsmuna.

Það vill til að auk þess að hafa hitt hana hér í dag átti ég í fórum mínum minnispunkta frá fyrirlestri sem hún flutti fyrir ári eða tæplega það. Ég man það, forseti, vegna þess að þetta var rétt eftir kosningar og auk fyrirlestrar Herdísar var pallborð þar sem m.a. sat Styrmir Gunnarsson sem var líka á fundi menntmn. í dag. Það var ákaflega gaman að sjá hann og aðra sem þar voru. Þar sátu saman fulltrúar hefða og nýjunga á blaðamarkaði, Styrmir Gunnarsson og Gunnar Smári Egilsson, hlið við hlið. Styrmir var að fara í pallborðið og ég spurði hann sérstaklega um álit hans á því hvers vegna Morgunblaðið hefði hagað sér misjafnlega við tvo frambjóðendur í kosningunum sem þá voru nýháðar, annars vegar frambjóðandann Ellert Schram sem skrifaði mannlífspistla í sunnudagsblað Morgunblaðsins og var úthýst úr blaðinu þegar í ljós kom að hann hugðist sitja í 6. sæti á framboðslista Samf. í Reykv. n. og hins vegar frambjóðandann Björn Bjarnason sem skrifaði pólitískar kjallaragreinar í miðopnu Morgunblaðsins vikulega og gerir hygg ég enn. Ég rekst a.m.k. stundum á hann þegar ég opna Morgunblaðið á sunnudögum, eða eru það laugardagar? Ég veit það ekki. Björn fékk sem sagt að vera. Styrmir svaraði þessari spurningu og brást nokkuð hvasst við og þess vegna man ég þetta. Maður man stundum hluti út frá því sem gerist í eigin lífi frekar en því sem er miklu merkilegra fyrir aðra, og sem þarna var auðvitað fyrirlestur Herdísar.

Þar hlýt ég að hafa náð mér í inngang eða einhvern hluta af inngangi, blað sem ég á hér frá henni, úr doktorsritgerð hennar. Ég ætla að flytja hann hér í hráþýðingu en þar er einmitt útgáfa af því að fjölræði í eignarhaldi tryggi ekki endilega fjölbreytni í skoðanamótun. Þar segir að samkeppnislög, reglur um krossmiðlun, þ.e. sameign útvarps og dagblaðs, og aðgerðir gegn samþjöppun virðist ekki vera nægileg lagaráð við ýmsum vanköntum eða göllum í fjölmiðlum þar sem þetta sem hér var nefnt tryggir ekki nægilega fjölbreytni í skoðunum eða sjónarmiðum. Þótt eignarhald sé takmarkað geta starfshættir á hverjum miðli áfram mótast af aðstæðum sem vinna gegn rannsóknarlegri blaðamennsku. Á ensku talar hún um „investigative journalism" sem ég þori ekki að þýða sem rannsóknarblaðamennsku en menn geta þá gert það ef þeir vilja. Fjölræði í eignarhaldi er vissulega skref í þá átt að tryggja fjölbreytni í dagskrárframboði. Ég tek undir með henni að það sé eðlilegt að reyna að stefna að fjölræði í eignarhaldi. Það tryggir hins vegar ekki ritstjórnarlegt sjálfstæði. Ef ritstjórnarlegt sjálfstæði er á hinn bóginn tryggt, segir doktor Herdís Þorgeirsdóttir, má gera ráð fyrir því að fjölbreytt sjónarmið komi fram í hinum einstöku miðlum, jafnvel þótt eignarhaldið sé hið sama.

Þetta er merkilegur texti og það þarf fræðimann til að bregða honum upp. Hann fellur ekki að hefðbundinni skoðun í þessu efni, t.d. skoðun sem hefur verið nokkuð hefðbundin og áleitin hjá okkur sem erum til vinstri í pólitísku litrófi og höfum, að ég held, um of einblínt á áhrif eignarhaldsins á alla hluti. Á öldinni sem leið var uppi sú kenning að á flestum framleiðslutækjum ætti að vera sameiginlegt eignarhald, sem sé meiri áhersla lögð meðal jafnaðarmanna á eignarhald en í nútímanum sem er í fyrsta lagi öðruvísi en fortíðin og í öðru lagi þannig lagaður að skoðanir manna hafa breyst og mótast í smiðju reynslunnar. Nú höfum við ekki lengur þessar grimmu skoðanir og það er fróðlegt að Herdís, sem leggur mikla áherslu á lög um eignarhald, takmarkanir á eignarhaldi sem ráð við sjúkdómum sem upp koma í fjölmiðlaumhverfinu, segir þetta. Annars vegar segir hún að fjölræði tryggi ekki ritstjórnarlegt sjálfstæði og hins vegar að ef hægt er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði með einhverju móti megi gera ráð fyrir því að miðlarnir beri með sér fjölbreytt sjónarmið, jafnvel þótt eignarhaldið sé hið sama. Hér er auðvitað engin ósk um að eignarhaldið sé hið sama en hún heldur því fram að ritstjórnarlegt sjálfstæði skipti meira máli en eignarhaldið þegar til stykkisins kemur.

Ég ætla ekki að rekja Herdísi lengra, enda hef ég ekki farið í gegnum fræði hennar. Sá galli er við fræðimennsku hennar — það má gjarnan berast henni héðan — að hún er ekki nægilega aðgengileg á íslensku. Ég hygg að Herdís og aðrir, félagar hennar á Bifröst og í fræðaheiminum, eigi eftir að koma kenningum hennar fram á aðgengilegri hátt en nú er því þær eru vissulega merkar. Hún hefur t.d. haft hugmyndir um að lögvernda starfsheitið blaðamaður, hygg ég án þess að fara að fullyrða um of, sem blaðamenn ýmsir hafa ekki verið hrifnir af. Það er í framhaldi af þeirri hugsun Herdísar að ritstjórnarlegt sjálfstæði sé það sem mestu máli skiptir, ekki fyrir þá sem því eiga að beita, og ekki sem hefnd gegn eigendunum, heldur til að tryggja rétt almennings. Það er réttur almennings, hagur samfélagsins af fjölmiðlum sem er markalína okkar. Það er ekki eini tilgangur fjölmiðlunar en það er markalína okkar stjórnmálamanna sem erum að fjalla um fjölmiðlun og reyna að setja henni reglur. Við eigum hins vegar ekki að skipta okkur af því sem menn kunna að hafa gaman af eða gagn eða þurfa að gera í fjölmiðlun, það er þetta sem við eigum að hugsa um og á þessum slóðum er Herdís.

Ég er ekki langt kominn í ræðu minni, forseti, og þarf að taka nokkuð strangt á til að halda henni áfram. Ég er hér í þriðja álitinu sem ég var með og ansi mörg eru eftir.

Ég ætlaði næst að lýsa viðhorfum Blaðamannafélagsins. Þau koma fram í bréfi frá framkvæmdastjóra þess til allshn. Þar er auðvitað vitnað sérstaklega í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Blaðamannafélagsins fyrir nokkrum dögum, 26. apríl, þar sem fundurinn lýsir harðri andstöðu við frv. ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum og segir, með leyfi forseta, að „verði það að lögum munu strangari reglur gilda um slíkt eignarhald hér á landi en í flestum viðmiðunarlöndum okkar."

Eins og margir vekja athygli á erum við með þessu frv. á leiðinni úr einhverju frjálslegasta fjölmiðlaumhverfi í heimi inn í reglur sem hvað eignarhald varðar eru strangari en víðast hvar í kringum okkur. Blaðamenn segja einnig í ályktun sinni, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er starf hundruða manna sett í uppnám og lífsviðurværi þúsunda í óvissu. Blaðamannafélagið hvetur alþingismenn til að taka málið til ítarlegrar skoðunar, ábyrgð þeirra er mikil, enda getur frumvarpið ef það verður að lögum leitt til þess að fjöldi manna missi vinnu sína."

Þetta er nú skelfilegt auðvitað sem þeir hafa þegar sagt, sérstaklega í því ljósi sem í þessari ræðu er beint að frv. Síðan segja samt blaðamenn, með leyfi forseta, og það er sérlega athyglisvert:

„Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er til þess fallið að draga úr mætti frjálsra fjölmiðla á Íslandi ..." — Ég bið hv. þm. Pétur Blöndal að taka eftir þessari setningu — „... að draga úr mætti frjálsra fjölmiðla á Íslandi og skerða möguleika þeirra til framþróunar. Það veikir þessa fjölmiðla fjárhagslega, sem leiðir til þess að þeir verði vanmáttugri í gagnrýnni umfjöllun um málefni samfélagsins og síður líklegir til að veita valdhöfum nauðsynlegt aðhald."

Af því að þingheimur hefur ýmislegt að gera ætla ég að gefa honum kost á að heyra aftur þetta álit Blaðamannafélags Íslands á frv. hæstv. forsrh.:

„Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er til þess fallið að draga úr mætti frjálsra fjölmiðla á Íslandi og skerða möguleika þeirra til framþróunar. Það veikir þessa fjölmiðla fjárhagslega, sem leiðir til þess að þeir verði vanmáttugri í gagnrýnni umfjöllun um málefni samfélagsins og síður líklegir til að veita valdhöfum nauðsynlegt aðhald."

Blaðamenn á aðalfundi sínum segja hér það sama og aðrir sem ég hef vitnað í, að ekki sé einungis sennilegt að frv. nái ekki tilgangi sínum og markmiði, heldur vinni beinlínis gegn þeim tilgangi og þeim markmiðum sem því eru sett af flm. og stuðningsmönnum ýmsum sem þora að færa einhver önnur rök að stuðningi sínum en þau að nú sé að koma 15. september.

Blaðamenn segja enn fremur sem að vísu skiptir minna máli fyrir sjónarhorn okkar en er engu að síður gott og hollt fyrir alþingismenn að hafa með í farteski sínu að það sé ótækt „að frumvarp, sem getur haft svo víðtæk áhrif á afkomu fjölda fólks og fyrirtækja, fái ekki vandaðri undirbúning en raun ber vitni og vandséð er hvernig slík vinnubrögð geti samrýmst lýðræðislegum háttum. Aðalfundurinn hvetur til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga, en efnisatriði fyrirliggjandi frumvarps munu tæplega fá viðunandi umræðu á opinberum vettvangi eigi að samþykkja það sem lög fyrir þingfrestun í vor". — Hefur aðalfundur Blaðamannafélags Íslands sjaldan komist skýrar og betur að orði.

Á eftir þessu áliti blaðamanna ætla ég að vitna aðeins í ályktun sem hér hefur líka verið minnst á, frá Félagi fréttamanna. Félag fréttamanna er ekki stéttarfélag eða fagfélag þeirra sem fást við fréttir, eins og ætla mætti, heldur félag sem stofnað er innan Bandalags háskólamanna vegna þess að bandalagið þarf að hafa félag til að semja við ríkið fyrir hönd starfsmanna á fréttastofum Ríkisútvarpsins. Margir fréttamenn á Ríkisútvarpinu eru í Blaðamannafélaginu. Það er upp og ofan vegna þess að það er ekki samningstæknilegt stéttarfélag þeirra en þeir hafa hins vegar þá sérstöðu að vera starfsmenn Ríkisútvarpsins, starfsmenn keppinautar Stöðvar 2, sem margir hafa sagt að frv. sé einkum stefnt gegn, ásamt öðrum miðlum í eigu Norðurljósa.

Jón Gunnar Grjetarsson, formaður félagsins, skrifar fyrst bréf þegar hann fær erindi allshn. 7. maí 2004 og segir þetta um málsmeðferðina, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags fréttamanna lýsir furðu sinni á þeim mikla hraða sem viðhafður er við afgreiðslu á fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það er lágmarkskrafa að gefinn sé góður tími til að ræða og fara yfir svo margslungið mál sem fjölmiðlafrumvarpið tekur á. Það snertir ýmsar grundvallarspurningar um þjóðfélag okkar í framtíðinni — um atvinnufrelsi, tjáningarfrelsi, eignarhald, leikreglur á fjölmiðlamarkaði, atvinnuöryggi hundruða manna o.fl. Stjórn Félags fréttamanna telur fráleitt að ætla að afgreiða frumvarpið á yfirstandandi þingi án fullnægjandi umræðu þjóðar og þings. Stjórnin lýsir undrun sinni á því hvers vegna allsherjarnefnd Alþingis hefur ekki leitað eftir áliti og umsögn Félags fréttamanna um frumvarpið."

Fyrirgefið, þetta var einmitt þannig að allshn. sendi stjórninni ekki erindi, heldur bað Félag fréttamanna um að fá að gefa umsögn.

Það er að vísu misskilningur hjá Félagi fréttamanna, svona í framhjáhlaupi, því að í þingsköpum okkar — ég veit ekki betur en að það ákvæði sé virkt því ekki eru öll ákvæðin í þingsköpum jafnvirk eins og hv. þm. Pétur Blöndal getur vel borið vitni um. Hann skoðaði þingsköpin í vetur, sem kunnugt er, og athugaði hvað af þeim væri virkt og hvað ekki. Við t.d. komumst í sameiningu að því í spjalli okkar að sennilega væri 53. gr. þingskapanna ekki mjög virk en hún gerir ráð fyrir því að þingmenn sæki alla þingfundi nema fyrirspurnafundi og boði forföll ella en ég sé það hér í salnum að þótt margir séu auðvitað viðstaddir eru ekki allir viðstaddir. Sennilega hafa ekki allir þeir sem ekki eru viðstaddir boðað forföll. (**Gripið fram í:** Og ekki margir mættir.) Margir góðir, hér er mjög góðmennt hvað sem fjöldanum líður og á það bæði við um forsetastólinn, stað starfsmanna og þá hv. þm. sem hér eru staddir.

Hins vegar má auðvitað spyrja hvað valdi forföllum hjá þeim sem sitja eiga í þeim bekkjum sem hér eru lagðir í norðurhlið húss þess sem við stöndum í og hefur verið aðsetur Alþingis frá árinu 1881. Mér til hægri handar eru sex stólar auðir og til vinstri handar forsetastóli eru líka sex stólar auðir. Þótt ég sakni kannski ekki mjög þessara ráðherra væri vissulega við hæfi að hér væru tveir þeirra, annars vegar hæstv. menntmrh. sem ætti að sitja hér með vit sitt og þokka og hins vegar hæstv. forsrh. sem ætti að sitja hér nálægt okkur með vit sitt og sinn sérstaka þokka. (Gripið fram í.) Af þessu tilefni spyr ég forseta hvort þessir hæstv. ráðherrar hyggist taka þátt í umræðum hér í dag eða hlýða á þær, eins mikla áherslu og þeir leggja á að þetta mál sé vel rætt og rækilega í þinginu og eins mikla áherslu og þeir hafa lýst yfir að þeir leggi á að gefa allar upplýsingar sem eftir er leitað og taka þátt í rökræðum og samræðum um það frv. sem þeir hyggjast setja í gegnum þingið á þremur vikum við afar hávær mótmæli sem ég hef hér minnst örlítið á. Núna síðast las ég upp úr bréfi frá Jóni Gunnari Grjetarssyni, formanni stjórnar Félags fréttamanna. Hefur hæstv. forseti gert ráðstafanir til þess að ráðherrarnir komi eða hefur hún látið þau vita að hér sé í gangi framhald 2. umr. um fjölmiðlafrumvarpið svokallaða sem á að verða að Davíðslögum og er þar með kennt við annan þeirra hæstv. ráðherra sem um er að ræða? (**PHB:** Málið er í höndum Alþingis ...)

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill upplýsa að það hefur ekki verið kallað á hæstv. ráðherra sérstaklega núna inn í salinn. Forseti telur þó mjög líklegt að viðkomandi ráðherrar viti af þessari umræðu hér í dag.)

Ég tel þetta næg svör. Forseti telur að þau viti það bæði, hæstv. menntmrh. og forsrh., að hér fari fram framhald 2. umr. um þetta mikla áherslumál íslensku ríkisstjórnarinnar og sérstaklega þeirra ráðherra tveggja, menntmrh. sem ekki flytur þó málið af einhverjum ástæðum, og forsrh. sem flytur málið af einhverjum ástæðum, kannski þeim að þetta er eitt af síðustu málum um fjölmiðlun sem hann á kost á að flytja sem forsrh. áður en þingi lýkur og upp rennur í haust eftir gróðurríkt og veðursælt sumar hinn mikli dagur 15. september sem í íslenskri sögu, framtíðarsögu, er farinn að taka á sig nánast þjóðsagnakenndan svip.

Forseti. Ég ætla næst að lesa úr sjálfri umsögn stjórnar Félags fréttamanna um það mál sem hér er um að ræða. Það var sent allshn. Alþingis 10. maí, reyndar eftir að fyrsti frestur var settur um þetta mál:

„Stjórn Félags fréttamanna fagnar skjótum viðbrögðum allsherjarnefndar (starfsmanns) við ályktun stjórnar um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem send var nefndinni síðdegis á föstudag. Félaginu var þá boðið að senda umsögn um frumvarpið fyrir klukkan 16.00 í dag, mánudag. Þrátt fyrir góðan vilja stjórnarmanna tókst þeim ekki yfir helgina að gera allt í senn; lesa fjölmiðlaskýrslu fjölmiðlanefndar," — sem er 113 síður í þeirri útgáfu sem við höfum hér fyrir framan okkur þar sem hún er fylgiskjal við frv. forsrh., fjölmiðlafrumvarpið svokallaða — „rýna vel í sjálft frumvarpið, renna í gegnum stjórnarskrána, lesa vel samþykktir EES um fjölmiðla, kynna sér mannréttindasáttmála SÞ og skýrslu Evrópuráðsins (sérstaklega greinarnar sem fjalla um fjölmiðla), kafa ofan í útvarpslögin, fletta upp dómsmálum sem snerta prent- og tjáningarfrelsi, gaumgæfa lög og reglugerðir um samkeppnismál, atvinnufrelsi og rétt vinnandi manna o.s.frv. Okkur gafst heldur ekki tími til að leita ráða hjá fróðu fólki um hin ýmsu atriði frumvarpsins. Aldrei reyndi því á smáatriði eins og að samræma skoðanir stjórnarmanna og koma áliti og umsögn á skiljanlegt mál. Með öðrum orðum, stjórnin ítrekar furðu sína á þeim ógnarhraða sem viðhafður er við afgreiðslu frumvarpsins. Það er lágmarkskrafa að gefinn sé góður tími til að ræða og fara yfir svo margslungið mál sem fjölmiðlafrumvarpið tekur á. Metnaður stjórnar Félags fréttamanna er meiri en svo að hún kæri sig um að senda frá sér efnislega umsögn á svo mikilvægu máli í tímahraki. Sú umsögn stæðist ekki kröfur okkar um vönduð og fagleg vinnubrögð."

Hér misstu þingmenn af því að fá efnislega umfjöllun frá fréttamönnum á Ríkisútvarpinu, þeirri fréttastofu landsins sem ég hygg að búi við hvað mesta hefð. Hún er sennilega sjálfstæðasta fréttastofa landsins, þ.e. önnur þeirra, fréttastofa útvarpsins, og er a.m.k. sú fréttastofa sem skipuð er — ég veit ekki hvort Morgunblaðið mundi ráða við það — reyndustu og menntuðustu fréttamönnunum. Það var sorglegt.

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins hins vegar treystu sér til þess og höfðu það af að senda eins konar umsögn þrátt fyrir bréf til allshn. frá 7. maí, þessum títtnefnda föstudegi 7. maí, þar sem samtökin fara fram á að fá vikufrest til að skila umsögninni. Meginniðurstaða starfsmannasamtakanna er sú að stjórn þeirra telur mikilvægt að settar séu, með leyfi forseta, „reglur um eignarhald á fjölmiðlum með það að markmiði að tryggja sjálfstæði og fjölbreytni fjölmiðla. Stjórnin telur hins vegar að hinar þröngu skorður sem eignarhaldinu eru settar í fyrirhuguðum breytingum á útvarps- og samkeppnislögum tryggi alls ekki markmið laganna.

Í þessu sambandi bendir stjórn SSR á 6. gr. 3. mgr. skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum, þar sem segir: „Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra. Gæta verði þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrifist.""

Þarna höggva starfsmannasamtökin í sama knérunn, vötn þeirra falla í sama fjörð og þau önnur vötn sem hér hefur verið fylgt í ræðu minni, að markmið frv. náist ekki, tilgangurinn sé úti í hafsauga, en það sé ekki einungis svo, heldur sé líka sennilegt að þau vinni gegn yfirlýstum tilgangi sínum og hamli sjálfstæði og fjölbreytni fjölmiðla.

Þetta voru starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins.

Margir hafa komið auga á það að yfirmaður Ríkisútvarpsins, Markús Örn Antonsson, sem m.a. er fyrrverandi borgarfulltrúi og borgarstjóri Sjálfstfl. í því sveitarfélagi sem við erum nú í, hefur lýst yfir a.m.k. skilningi ef ekki stuðningi við þetta frv. í áliti sem hann gaf og ég ætla ekki að endurtaka mikið hér. Það fjallar nokkuð um samkeppni sjónvarpshluta Ríkisútvarpsins við Stöð 2. Þar er ýmislegt sagt af viti um úthlutun rása á Íslandi, lýst óánægju með Póst- og fjarskiptastofnun og síðan útvarpsréttarnefnd. Síðan er Markús Örn Antonsson einhver helsti boðberi Ríkisútvarpsins í óbreyttri mynd, í þeirri mynd sem það hefur verið síðustu 10–15 árin. Á þeim tíma hefur ekki gefist neinn kostur á breytingum vegna stjórnmálaástands í landinu og tregðu yfirmanna í Ríkisútvarpinu, Markúsar Arnar Antonssonar og manna hans. Ekki hefur verið hægt að endurskoða hlutverk Ríkisútvarpsins og laga það að því nýja umhverfi sem það er í. Hann vill hafa það þannig áfram og mælir með takmörkuðu eignarhaldi og að settar séu ýmsar reglur.

Sú setning sem ekki hefur verið vitnað mikið til í umsögn Markúsar Arnar Antonssonar er þessi hér, með leyfi forseta:

„Hér verður ekki tekin afstaða til hinna einstöku skilyrða og leiða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir."

Markús Örn Antonsson tekur með öðrum orðum undir megintilgang frv., að tryggja fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlum, bendir á ýmislegt það sem að sé í þessu máli en segir um frv. sjálft þetta hér, með leyfi forseta:

„Hér verður ekki tekin afstaða til hinna einstöku skilyrða og leiða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir."

Hann heldur áfram:

„Með tilliti til grundvallaratriða um frjálsa atvinnustarfsemi og þess að umrædd samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hefur farið fram með blessun þeirra stofnana sem annast veitingu leyfa og hið opinbera eftirlit, er eðlilegt og sanngjarnt að rúmur tími verði ætlaður til að koma málum í eðlilegt horf."

Afstaða Markúsar Arnar Antonssonar til frv., ekki til hins yfirlýsta tilgangs þess sem ég hygg að þingheimur allur geti tekið undir, a.m.k. eins og ég skil hann, og ekki til þeirra markmiða að tryggja sjálfstæði, fjölbreytni og góða þjónustu við almenning í landinu á fjölmiðlasviði sem ég tel að sé hlutverk almannavaldsins og umhugsunarefni og verkefni okkar stjórnmálamanna, er þessi:

„Hér verður ekki tekin afstaða til hinna einstöku skilyrða og leiða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir."

Útvarpsstjórinn á Íslandi, fyrrverandi borgarstjóri Sjálfstfl. í Reykjavík og borgarfulltrúi þar áður, reyndar með hléi þar sem hann var einmitt útvarpsstjóri, treysti sér ekki til að taka efnislega afstöðu til þeirra leiða sem hæstv. forsrh. hefur valið sér með frv. sínu og til þeirra leiða sem fylgismenn frv., þar á meðal hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem einu sinni var ungur sjálfstæðismaður (**Gripið fram í:** Enn þá.) og er orðinn 31 árs og er sennilega enn þá hæfur í Sambandi ungra sjálfstæðismanna og á væntanlega félagsskírteini í Heimdalli, hafa tekið undir. (**Gripið fram í:** Þetta er eins og í Sovét, þeir eru ungir til fimmtugs.) Já, þeir eru ungir til fimmtugs í Sjálfstfl., þeir eru ungir furðu lengi, (**Gripið fram í:** ... 35 ára.) a.m.k. á ytra borði hvað sem líður hinni innri tilveru.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur orðið fyrir því að hans gamli klúbbur og bakland í Heimdalli hefur afneitað þessu fjölmiðlafrumvarpi með mjög einörðum hætti sem ég er að vísu fullkomlega ósammála en ber þó virðingu fyrir. Í þeim félagsskap viðgengst öfgakennd frjálshyggja. Hv. þm. hefur orðið fyrir því að hann fylgir Davíð því hér er um lífið að tefla en skilur Heimdall eftir úti á gaddinum. Hann velur því frekar sinn eigin frama en þann hugmyndagrundvöll sem fleytti honum inn á þingið og til þeirra starfa að fylgja frelsisskerðingarfrumvarpi hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, sem er eins konar atvinnurekandi hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, fram til sigurs hér gegn frjálsri fjölmiðlun, gegn störfum fjölda fólks í kjördæminu sem hann er kosinn í, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, og gegn allri venjulegri, mannlegri skynsemi í þjóðfélagsmálum og menningarlífi.

Útvarpsstjórinn er ekki í liði með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni í þessu efni. Hann er heldur ekki í liði með Heimdalli reyndar, það er langt síðan hann var þar, útvarpsstjórinn, en hann segir sumsé þetta svo að ég endurtaki það enn einu sinni um efni frv. þess sem hér liggur fyrir að hann treysti sér ekki til þess að taka afstöðu til, með leyfi forseta, „hinna einstöku skilyrða og leiða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir".

Þá vil ég segja frá því að annar maður sem er framarlega í fjölmiðlun á Íslandi og hefur unnið hér ýmis merkileg menningarstörf, sem vitnað hefur verið til sem stuðningsmanns frv., heitir Magnús Ragnarsson. Hann er einn af þeim sem komu í heimsókn til okkar í menntmn. í morgun á þennan merkilega fund sem ég held að öllum sem hann sátu eigi eftir að verða minnisstæður. Þarna voru samankomnir merkilegir menn í íslensku samfélagi. Magnús Ragnarsson skrifaði álit sem hefur verið túlkað sem stuðningur við frv. Það álit til allshn. lýsir að nokkru samskiptum hans eða Skjás 1 við Stöð 2 en þó ekki síður við Ríkisútvarpið. Magnús sagði á fundinum með okkur í morgun að hann tæki undir þær aðgerðir sem gætu orðið til þess að draga úr valdi Stöðvar 2 annars vegar og Ríkisútvarpsins hins vegar. Ég man ekki hvort hann lýsti yfir opinberum stuðningi við frv. Ég lái honum ekki. Hann rekur hér stöð sem er númer 2 af markaðssjónvarpsstöðvum og númer 3 á heildarmarkaðnum. Hún er með 40 fasta starfsmenn samkvæmt upplýsingum Magnúsar. Alls eru kannski um 60 sem þarna starfa, með lausamönnum, þannig að hér er fyrir nokkru búi að sjá þótt það sé ekki jafnstórt og á Stöð 2, að ég tali ekki um Ríkisútvarpið. Það kom svo í ljós þegar Magnús fór að ræða vandræði sín og Skjás 1 að þau virðast ekki einkum stafa af því að hér þurfi hörð lög um strangar takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum, heldur virðast þau stafa einkum af því að Samkeppnisstofnun er lítt fær til þeirra verka sem hún þarf að vinna á þessu sviði.

Þeir lýstu því báðir, Magnús Ragnarsson og Sigurður G. Guðjónsson, forstjóri Norðurljósa, sem var þarna í þessari samræðu og talaði fyrir hönd Stöðvar 2, hvað það væri erfiður vegur að fara í Samkeppnisstofnun með umkvörtunarefni, t.d. sem varða auglýsingamál og þann óhjákvæmilega núning sem verður við ríkisstöðina sem kostuð er af opinberu fjármagni o.s.frv. Þetta rekja þeir eins og að fara með Faðirvorið, þann óhjákvæmilega núning sem verður við ríkisstöðvarnar, á auglýsingamarkaði, við það að ná í efni til útlanda og í þeirri samkeppni um starfsmenn sem góðu heilli hefur staðið hér í nokkur ár. Sumt af því eru venjulegar áhyggjur manna í viðskiptalífinu. Til þess er viðskiptalífið að menn í þessari stöðu hafi áhyggjur af þessum hlutum og þarf ekkert meira að ræða það. Annað er þannig að um óeðlilegt samkeppnisumhverfi er að ræða. Þá er eðlilegt að Samkeppnisstofnun skipti sér af því og að hægt sé að leysa flest þau vandræði með samkeppnislögum. Það flækir líka þetta mál að útvarpsréttarnefnd hefur hingað til starfað á ákaflega ómarkvissum forsendum og tekið mjög ýmislega á málum. Að sumu leyti hefur hún deilt og drottnað. Hún hefur gert athugasemdir, alveg örugglega réttmætar, þær sem ég veit um og hef séð, við starfsemi og starfshætti stöðvanna. Vegna þeirra athugasemda liggur í loftinu að gula spjaldið geti orðið rautt og það virðist ekki vera nógu skýrt hjá útvarpsréttarnefnd hver grundvöllur þeirra reglna er þannig að það flækir mjög starfsumhverfi markaðsstöðvanna sem til hennar eiga að sækja öll sín leyfi.

Ég ætla ekki að fara að leggja Magnúsi Ragnarssyni orð í munn en óska honum velgengni á hans sviði. Hann er nýtekinn við þessari stöð. Ég hygg að hann eigi eftir að færa hana framar á þessum vettvangi. Niðurstaða mín er sú að áhyggjuefni og umkvörtunarefni Magnúsar Ragnarssonar séu mjög svipaðs eðlis miðað við hina ólíku stöðu og áhyggjuefni og umkvörtunarefni Sigurðar G. Guðjónssonar og fjalli einkum um það að Samkeppnisstofnun er ekki í þeim búningi, nýtur ekki þeirra fjárráða, hefur ekki þá starfskrafta, að geta sinnt þeim verkum sem óhjákvæmileg eru á þessu sviði, þessu sviði sem er flóknara en mörg önnur svið. Þar af stendur í raun og veru stuðningur Magnúsar Ragnarssonar og fleiri af hans mönnum við þetta frv. að þetta ástand sé óþolandi og það hjálpi þá a.m.k. að minnka risið á Stöð 2 hvað sem um annað kunni að verða.

Ef maður hugsar um hag Skjás 1 til skammtíma getur það hjálpað honum í þeirri stöðu fyrirtækis á sínum markaði sem hann er að risið á Stöð 2 lækki. Það er alveg rétt. Hætt er hins vegar við að ef Skjár 1 rís upp til þess með einhverjum hætti að ógna Stöð 2 á sínu sviði eða taka við af henni sem leiðandi markaðsmiðill verði Skjár 1 fyrir hinu sama og að báðir tapi á þessari leiðréttingu mála.

Jafnvel þeir menn sem taldir hafa verið í fjölmiðlum og hér í þingsal sérstakir stuðningsmenn og áhugamenn um það frv. sem hér er um að ræða, m.a. hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem hefur ákveðið að styðja frv. gegn ráðum Heimdallar, sem myndar kjörbakgrunn hv. þingmanns, eða myndaði fyrir síðustu kosningar, hafa þegar betur er á litið ekki verið stuðningsmenn nema til hálfs, eða stuðningsmenn nánast út úr vandræðum, eða stuðningsmenn sem ekki vilja bera ábyrgð á efnisatriðum þess frv. sem hér er til umfjöll-

unar. Það er stundum gott að skoða málin ofan í kjölinn og taka ekki bara mark á hinu ytra borði.

Ég ætla næst, forseti góður, að víkja aðeins af þeim vegi sem ég hef verið á. Af því að ég er hér í markaðsmiðlunum langar mig að segja þingheimi frá öðru sjónarmiði sem lýsir nokkurri gagnrýni á markaðsmiðlana. Ég geri það í ákveðnum tilgangi, auk þess að auka fjölbreytni í umræðunni og koma inn í hana viðhorfum sem hingað til hafa ekki í henni sést.

Ég ætla að gera það með því að lesa pistil sem Páll Baldvin Baldvinsson skrifaði á vefsetrið Land og syni sem kvikmyndamenn hafa helgað sér, sjálfstæðir sjónvarpsframleiðendur og áhugamenn um þessi efni. Páll Baldvin er sem kunnugt er menningarmaður, varð frægur fyrir það, kunnur hér um landið hjá öðrum en í sínum vinahóp fyrir að setja af stað merkilegar leiksýningar með miklum þrótti, og látum vil ég segja, snemma á níunda áratugnum. Hann hefur núna lengst af verið dagskrárstjóri Stöðvar 2 og er því öllum hnútum kunnugur. Hann segir þetta í pistlinum sem heitir „En hvað með einkastöðvarnar?" og birtist ekki löngu eftir að kvikmyndagerðarmenn gagnrýndu Ríkisútvarpið, sjónvarp ótæpilega fyrir að sinna ekki innlendri dagskrárgerð og framleiðsluefni frá sjálfstæðum framleiðendum, einkum um leikið efni. Páll segir þetta, með leyfi forseta:

„Það var fréttamaður hjá ríkinu sem spurði. Dagskrárdeildin hjá ríkinu var gagnrýnd harðlega fyrir að kaupa of lítið efni frá innlendum framleiðendum. Það birtust greinar og viðtöl og voru haldnir fundir en hvergi minnst á einkareknar sjónvarpsstöðvar. Það komst bara eitt að, ríkissjónvarpið, svona rétt eins og það skipti engu máli að í landinu væru fyrirtæki með áralanga sögu og þúsundir áskrifenda, sjálfviljugra áskrifenda, og nýrri fyrirtæki sem höfðu á síðustu missirum sópað að sér áhorfi. Það var bara ekki með. Kvikmyndagerðarmenn og fréttasnápar héldu helmingnum af sjónvarpsmarkaðnum til hliðar og einblíndu á ríkissjónvarpið."

Hér verður að minnast þess eins og ég sagði áðan að þetta er skrifað á vef sem kvikmyndagerðarmenn og framleiðendur sjónvarpsefnis og ýmislegs myndefnis hafa helgað sér. Þess vegna er þessi kumpánlegi gagnrýnistónn. Hér eru menn að tala inn í sinn hóp, en það varðar okkur líka.

„Var nema von að manngreyinu dytti í hug að spyrja. Hann hafði jú unnið á einkarekinni stöð í nokkur missiri og vissi að þar var líka innlent efni á dagskrá, sumt aðkeypt. En hvað með einkastöðvarnar? Okkur er tamt að tala fjálglega um forræði ríkissjónvarps og halda á loft hástemmdum og reyndar merkingarlitlum stöfum í lagabálknum um útvarp ríkisins. Þeir frasar eiga að réttlæta aukið fjármagn í framleiðslusjóði leikins efnis. Ríkissjónvarpið á að kaupa meira af innlendum framleiðendum, vinna meira með þeim og auka þátt innlendra dagskrárliða á kostnað þeirra erlendu. Stjórnendur ríkissjónvarpsins þumbast við, veifa tölum um ánægða notendur og mikið áhorf og þetta og hitt. Svo er loftið farið úr blöðrunni og næsta fjargviðri tekur við.

En hvað með einkastöðvarnar, hvaða skyldur hafa þær? Enginn fær útvarpsleyfi frá stjórnvöldum nema leggja fram einhvers konar dagskrárramma og til er nefnd valinkunnra öldunga úr öllum stjórnmálaflokkum sem þurfa að líta þar yfir og segja sitt, sem er víst oftast já við því sem formaðurinn segir, en hann hefur verið þar frá því nefndin var stofnuð og sinnir því starfi af samviskusemi ásamt öðrum verkum. Hann er stórtækur kryddinnflytjandi og húseigandi og er framkvæmdastjóri stærsta stjórnmálaflokks landsins og situr ofan í kaupið í stjórn eins stærsta banka landsins. Hann veit því alveg hvað hann er að gera, hefur aldrei stigið feilspor. Vammlaus maður.

Þegar svo er búið að samþykkja dagskrárrammann orðalaust og án skilyrða þá er gefið leyfi. Eigendur sjónvarpsstöðva þurfa jú að halda helstu lög í landinu, færa bókhald samkvæmt bestu venjum sem hefur gengið svolítið erfiðlega, ekki ruglast á skattskilum og virðisaukanum sem alltaf er verið að tékka. Svo verða þeir að þýða og texta og talsetja og gefa fólki andsvararétt ef það er svívirt mikið á skjánum, mega bara hafa auglýsingar í tiltekinn tíma á klukkustund og ekki selja kostun á fréttatíma. Annað er það nú ekki. Það er nú ekki verið að íþyngja þeim blessuðum, hvort sem þeir eru nú á takmörkuðum svæðum eða landinu öllu, eða bara í næstu álfum, með einhverjum skilyrðum af neinu tagi um dagskrár, hvað þá um hlutdeild innlendra framleiðenda í henni.

Þessi skipan mála hefur viðgengist án athugasemda allar götur frá 1985 þegar einkaréttur ríkisins af útvarpi var afnuminn. Síðan hafa allir stjórnmálaflokkar fengið sting í nárann ef einhver hefur fært það í tal að setja mönnum í einkarekstri einhver önnur skilyrði en þau að þeir færi bókhald rétt og texti útlenska þætti villulaust. Þetta er einstakt fyrirkomulag í heiminum. Það er að vísu yfirleitt ekki talið þurfa að taka það fram að innlenda dagskrárstefnu skuli sjónvarpsstöðvar stunda með skipulögðum hætti en víða tekið fram að innlendir framleiðendur skuli eiga nær þriðjung í dagskrá fyrir utan fréttir og íþróttir. Þetta er gert til að koma fótum undir innlendan iðnað og þykir skynsamlegt víðast hvar, styður atvinnulíf í myndiðnaði landanna. En slíkt gerist nú ekki hér. Þær eru ekki að hafa miklar áhyggjur af því, Valgerður og Þorgerður, innlendum framleiðendum, svo, svo, svo, strjúka pilsin bara niður um lendar sér og gera sig ábyrgar í framan og setja talandann í gang.

Hér eru sem sagt aðstæður þær að sumar sjónvarpsstöðvar hafa menningarlegu hlutverki að gegna, en aðrar engu tilteknu. Sumar eru á sérstöku leyfi fjármálaráðuneytis til að fara fram úr árlega, en aðrar mundu bara fara á hausinn. Sumar eru á ótakmörkuðu starfsleyfi, en aðrar bara á tímabundnu. Sumar á sérlögum yfir ríkisstofnanir, en aðrar á almennari lagabálkum. Engu þessara fyrirtækja sem öll starfa með skýru en skilyrðafáu leyfi stjórnvalda er gert að sinna jafnri skyldu um framleiðslu og sýningu á íslensku efni á eigin vegum, eða kaupum á því af þriðja aðila.

Ættum við ekki að hafa stærri áhyggjur af eignarhaldinu og þvaðra meira um það?" spyr Páll Baldvin Baldvinsson í lok þessarar greinar sinnar. „Væri nú ekki hollt fyrir forustumenn í kvikmyndaiðnaði okkar að líta víðar og lengra en bara á ríkissjónvarpið þegar þeim þykir ekki nóg keypt? Því varla eru þeir svo vitlausir bisnessmenn að þeim þyki þægilegast að hafa bara einn kaupanda á markaði."

Þetta var greinarkorn frá Páli Baldvini Baldvinssyni. Af hverju er ég með það hér í umræðunni? Jú, vegna þess að það lýsir vel þeim skoðanaskiptum og þeirri skoðanamótun sem fram fer innan hóps kvikmyndagerðarmanna og sjálfstæðra framleiðenda efnis og reyndar líka leikara og leikhúsmanna því þeir gera ákveðnar kröfur til allra íslensku sjónvarpsstöðvanna og allra íslensku ljósvakastöðvanna. Þær kröfur varða ekki eignarhald í fjölmiðlum. Þær áhyggjur eru allt aðrar, forseti, en áhyggjur flm. sem virðast stafa af því að öxull hins illa á Íslandi, Baugur og Norðurljós, sé í ein-

hvers konar samsæri gegn sér og völdum sínum sem þarf að kveða niður áður en þau völd breytast hinn 1. september nk. Þær áhyggjur eru auðvitað starfslegar, byggja á hagsmunum þeirra, atvinnuhagsmunum og starfshagsmunum, en eru líka hugsjónaástæður og byggðar á metnaði. Þær eru þær að samfélagslegt hlutverk þessara stöðva sé tiltekið, hlutverkið sé það að vera spegill íslensks þjóðlífs, stöðvarnar eigi að styðja íslenska dagskrárgerð, bæði á eigin vegum og annarra, og það eigi jafnvel, eins og kemur fram hjá Páli Baldvini og hann er ekki einn um, að skilyrða útvarpsleyfi því að innlend dagskrá sé með einhverjum hætti tryggð í þeim stöðvum sem um er að ræða.

Það er ekki langur vegur frá þessari hugleiðingu til þeirrar að til þess að innlendar ljósvakastöðvar geti sinnt innlendu dagskrárefni í útvarpi eða sjónvarpi þurfa þær að hafa ákveðið umfang, ákveðinn styrk í starfsemi sinni, góðan rekstrargrundvöll og búa að fjármagni sem að sumu leyti verður að vera það sem á nútímaíslensku er kallað „þolinmótt" þannig að arður þess verði ekki innheimtur daginn eftir eða um næstu mánaðamót, heldur stefni menn á lengri tíma. Það þýðir að þeir menn sem yfir slíku fjármagni búa verða að hafa nokkuð mikið af því. Maður sem vill leggja alla peninga sína í þolinmæði kemst illa af í markaðssamfélagi nútímans.

Þessi grein Páls Baldvins Baldvinssonar getur orðið okkur þörf hugvekja um það að eina leiðin til að innlend dagskrárgerð þrífist sé að fjölmiðlarnir á ljósvakamarkaði styðji við íslenska menningu, haldi áfram að rækta þann garð sem hér hefur verið plantað í með ýmsum hætti og hefur borið ýmsan ávöxt um aldir, óvenjuríkulegan af smáþjóð að vera sem allir viðurkenna og er auðvitað eftir allt saman ein helsta ástæðan fyrir því að við erum til sem þjóð, að við sitjum og stöndum hér í Alþingi Íslendinga, ekki bara vegna þess að við höfum byggt upp sjálfsmynd okkar og gert okkur kleift að hugsa um okkur sem þjóð sem ekki var sjálfsagt á ýmsum tímum Íslandssögunnar, heldur líka vegna þess að sú menning sem hér var sáð til í árdaga og síðan haldið áfram í gegnum ýmsar þrengingar og margvíslegar breytingar í Evrópusögunni og mannkynssögunni varð til þess að erlendis var litið á okkur sem sérstaka heild, sem sérstaka einingu, sem merkilegt fólk með merkilega sögu sem ætti það skilið að vera sjálfstætt og haga sér eins og það vildi. Það er ekki til lasts hetjum okkar í sjálfstæðisbaráttunni eða frumherjum þeim sem hér hanga á veggjum og styttur eru af á torgum eða dáðir eru í ljóðalestri eða öðrum þeim athöfnum sem menningunni tilheyra sem það er sagt að þau sjónarmið hafi skipt verulegu máli á 19. öld, bæði í hinu forna herraríki okkar, Danmörku, en ekki síður í hinum menningarlega stóra bróður Danmerkur, Þýskalandi, á 19. öld. Reyndar sjáum við það þegar farið er ofan í söguna að álit breskra höfðingja á Íslendingum var með ýmsum hætti eins og gaman er að kynnast í bókunum sem þeir skrifuðu um skrýtna Þingvallaklerka, lata hestamenn í Reykjavík og ýmis furðufyrirbæri. Álit þessara Breta skiptu okkur auðvitað verulegu máli í þróun íslenskrar sjálfstæðisbaráttu og mótun íslensks samfélags, þess sem við búum núna við. Það kann líka að vera að það álit Breta sem spratt af menningarstarfi okkar hér á Íslandi og má nú sjá kannski einna skýrast í mikilli hrifningu þeirra á Jóni á Bægisá, karlpíslinni, vegna þýðingar hans á Milton hafi líka skipt máli þegar stórveldi þurftu að véla um stöðu Íslands að loknum hildarleikjum í sögu Evrópu. Af því að þessi forseti sem nú er í stólnum er sestur í stólinn tók ég þennan útúrdúr um íslenska menningu sem ég veit að er eitt af hans góðu áhugamálum og ýmis mikilsverð verk á því sviði á starfsviði hans.

Ég ætla næst, forseti, að þessu loknu að lesa upp úr áliti Norðurljósa sjálfra, þeirra sem eyða skyldi. Ég ætla ekki að fara í lögfræðihluta þess, heldur ætla ég að lesa upp 5. kaflann í umsögn þeirra um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Undir það skrifa þeir félagar Sigurður G. Guðjónsson og Skarphéðinn Berg Steinarsson. Þetta er fyrir hönd stjórna Norðurljósa og dótturfélaga. Ég les þetta upp vegna þess að mér sýnist að í þessum 5. kafla reyni þeir að gera nokkur skil því fjölmiðlaumhverfi sem kynni að verða til ef þingmenn verða svo vitlausir að samþykkja það frv. sem hér er um að ræða. Þetta hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur sett í uppnám öll áform Norðurljósa um stafræna uppbyggingu sjónvarps og hljóðvarps. Stafrænar útsendingar átti að hefja á Faxaflóasvæðinu þann 9. október nk. á 18 ára afmæli Íslenska útvarpsfélagsins. Með stafrænni tækni er hægt að nýta hverja rás til útsendinga á fjórum til átta dagskrám. Væru allar 16 MMDS rásir Íslenska útvarpsfélagsins gerðar stafrænar samtímis þýddi það að íbúum frá Akranesi til Grindavíkur og jafnvel á stærstum hluta Suðurlands gæfist kostur á að velja á milli allt að 130 dagskrárrása. Að stórum hluta byggist stafrænt sjónvarp á endurvarpi erlendra sjónvarpsstöðva, sjónvarpsstöðva þar sem eignarhaldið er allt annað en í Norðurljósum, enda leyfa aðstæður hér á landi ekki íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum að standa í mikilli innlendri dagskrárgerð. Endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva hlýtur að tryggja fjölbreytni, enda bjóða Norðurljós þá upp á sjónvarpsefni fyrir allan almenning sem framleitt er af ólíkum aðilum í eigu fjölbreytts hóps fjölmiðla- og framleiðslufyrirtækja um víða veröld, sjónvarpsefni sem þeir einir njóta nú sem hafa komið sér upp móttökubúnaði fyrir erlent gervihnattasjónvarp sem því miður felur oftar en ekki í sér margháttuð lögbrot af hálfu seljenda og notenda búnaðar og áskriftar að gervihnattastöðvum, einkum að því er varðar sölu á aðgengi að dagskrá Sky og annarra evrópskra greiðslusjónvarpsstöðva."

Þetta er upphaf þessa 5. kafla. Það er sérlega athyglisvert sem bent er á í þessum kafla að á sjónvarpsmarkaði hér viðgengst eða fer a.m.k. fram sjóræningjastarfsemi í útsendingum sem byggist á því að menn kaupa sér móttökubúnað en fara fram hjá lögunum, útvarpslögum okkar, sem setja slíkri móttöku tiltekin skilyrði með því að versla hér við innlenda aðila, kaupa sér áskrift að útlendum stöðvum án þess að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í útvarpslögum. Þetta kemur mjög niður á þeim stöðvum sem þessa þjónustu bjóða á heimavettvangi, þ.e. markaðsmiðlunum.

Ég held hér áfram í þessari umsögn Norðurljósa, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra, ráðherra útvarpsmála, hefur ekki látið skoða samkeppnisumhverfi íslenskra ljósvakamiðla. Fjölmiðlaskýrslan fjallar ekkert um sjónvarpsstarfsemi Landssímans, Landsvirkjunar í gegnum fyrirtæki sín, Fjarska og Íslandsmiðil. Landssíminn dreifir nú þegar dagskrám um 40 erlendra sjónvarpsstöðva um ljósleiðarakerfið í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Húsavík undir heitinu breiðvarp. Landssíminn þarf ekki útvarpsleyfi til þessarar starfsemi og honum eru engar takmarkanir settar um fjölgun rása eða dagskráa sem í boði geta verið nema þá fjárhagslega. Þær geta þess vegna verið um 3.000 sem er sá fjöldi sjónvarpsdagskráa sem má ná frá gervihnattastöðvum með

tilheyrandi búnaði hér á landi. Starfsemi Landssímans á öðru sviði hefur hins vegar leitt til árekstra við sjónvarpsstarfsemi ÍÚ, t.d. í Hafnarfirði þar sem Landssíminn neitar að flytja fjölvarp Íslenska útvarpsfélagsins á breiðbandi sínu í Hafnarfirði og útilokar þar með alla samkeppni um dreifingu erlendra gervihnattarása, þar sem íbúum þeirra hverfa sem breiðband Landssímans nær til er óheimilt að setja loftnet á hús sín af skipulagsástæðum.

Landssíminn hyggst á næstu árum nýta sér ADSL-tækni til að dreifa sjónvarpi um koparlagnir sínar sem ná til 99,9% heimila í landinu. Landssímanum er jafnframt gert skylt að veita öðrum aðgang að þessu kerfi til fjarskipta. Til flutnings gagna sem flytja hljóð og mynd þarf ekki útvarpsleyfi því ekki er verið að dreifa útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi með rafsegulöldum. Hér er og verður á ferðinni gagnaflutningur í skilningi fjarskiptalaga. Sams konar starfsemi getur hitt fjarskiptafyrirtækið Og Vodafone tekið upp. Í reynd er það svo að þessi tvö fjarskiptafyrirtæki hafa í framtíðinni miklu meira um það að segja að þjóðin hafi aðgang að upplýsingum, sé upplýst, en hefðbundin útvarpsfyrirtæki."

Það er mjög merkileg staðreynd, forseti, að allt í einu hafa þessi tvö fjarskiptafyrirtæki í raun og veru meiri áhrif til framtíðar en þau útvarpsfyrirtæki sem við erum hér að fjalla um, þ.e. þegar við erum að tala um fjölmiðlun sem heild, fjölmiðlun sem menningarlegt fyrirbæri, þátt í upplýsingu Íslendinga, en ekki aðeins að horfa á hugsanleg völd og áhrif í gegnum fjölmiðlana eins og hæstv. forsrh. sem flytur lagafrumvarp það sem hér er til umræðu er gjarnast að gera. Við erum að hugsa um, a.m.k. einnig, það sem stjórnmálamenn eiga að vera að hugsa um á fjölmiðlavettvangi, heill almennings, þörf hans fyrir þjónustu, menningarlega fjölmiðlun á Íslandi til þess að efla sjálfsmynd okkar, gera okkur hæfari, betri til að lifa eigin lífi á Íslandi og fóstra upp næstu kynslóðir. Fyrir þá sem ekki hafa fylgst þeim mun nánar með er þessi tæknilega framþróun ör, og alla jafna nokkuð flókið viðfangsefni. Oft finnst manni, þótt maður reyni að sýna því áhuga, að maður hafi annað betra við tíma sinn að gera en að setja sig inn í það en fyrir stjórnmálamenn er slíkt viðhorf ekki í boði.

Fjallar frv. sem hér er til umræðu um þessi fjarskiptafyrirtæki eða þá möguleika sem þau hafa á því að ná til heimila í landinu með erlent sjónvarpsefni? Nei, það er ekki svo. Það þarf ekki einu sinni útvarpsleyfi til að senda út 40 stöðvar eða 3.000 stöðvar eftir atvikum. Það er hægt að gera ef maður á koparlagnir eða getur selt gervihnattadiska, hvort sem er löglega eða ólöglega. Er líklegt að fjölmiðlun af þessu tagi styrki íslenska menningu eða sé í raun og veru mjög upplýsandi? Það er afar upp og ofan. Eins og ég lýsti hér fyrst í ræðu minni er t.d. mjög ólíklegt vegna íslenskra aðstæðna að efni annars staðar frá, réttara sagt á öðru máli en ensku, verði hér snar þáttur í framtíðinni í útsendingu af þessu tagi. Það er ólíklegt að þetta verði í framtíðinni efni sem við getum talið til þess að auka menningarlegan vöxt og viðgang á Íslandi hvað sem um efni annars er að segja. Það er óþarfi að fitja upp á trýnið með ýmislegt alþjóðlegt efni sem er kannski helst partur af samsömun okkar nú á tímum sem eru auðvitað að ákveðnu leyti alþjóðlegir. Það eru breytingar sem hafa gerst á ekkert mjög löngum tíma.

Ef ég má orða það nokkuð gróflega er Íslendingur kannski ekki Íslendingur nema til hálfs eða til þriðjungs, og að þriðjungi er hann að vissu leyti ameríkur hvað menningu varðar og að þriðjungi alþjóðlegur. Það er þá þessi þriðjungspartur, sá íslenski, sem gerir okkur öðruvísi en annað fólk og heldur uppi sjálfsmynd okkar sem Íslendinga. Þetta er gróft orðað en þetta er samt hugsun sem ég tel vert að hafa í huga. Ég hlýt að hafa hana í huga því að æskuhetjur mínar voru ekki eingöngu Grettir Ásmundarson, Ingólfur Arnarson landnemi og aðrar slíkar íslenskar hetjur, ekki bara Jón Hreggviðsson, Bjartur í Sumarhúsum og Hjalti litli og hvað þetta fólk hét allt saman, heldur líka Andrés önd, Roy Rogers, og hvað hét hann, Bob Moran og Beverly Gray sem ég fékk frá móður minni og var bandarísk blaðastúlka. Við erum auðvitað samsettari að þessu leyti í menningarlegu uppeldi. Menningarleg samsömun okkar er víðari en fyrri kynslóða sem þó voru aldrei 100% íslenskar því það var sem betur fer aldrei til.

Við þurfum þó að gæta að þessum þætti, að halda áfram að vera Íslendingar að þessum þriðjungi sem um er að ræða og sem skiptir máli þegar til stykkisins kemur.

Lausnin felst ekki — ekki, ég legg áherslu á það — í að stöðva þessa þróun, þá þróun fjarskiptanna að við getum haft aðgang að öllum þessum stöðvum, 30 eða 3.000 hjá Landssímanum eða hjá Og Vodafone, ekki í því að reyna að trufla gervihnattasendingar eða koma í veg fyrir að fólk nái hér því erlenda efni sem það vill, ekki í því að reyna með einhverjum hætti að koma í veg fyrir samskipti okkar við erlenda tónlist og erlent útvarp í gegnum tölvuna, ekki að reyna með einhverjum öðrum hætti að stöðva þá þróun — það er eins og þriðja kynslóðin af símanum sem alltaf er að koma en hefur aldrei komið í raun — að eftir nokkur ár komi hér upp í raun og veru samsettar einstaklingsdagskrár sem hafa verið kallaðar PPV eða Pay Per View ...

(**Forseti** (HBl)**:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Já, töluvert.

(**Forseti** (HBl)**:** Þá bið ég hv. þingmann að gera hlé á ræðu sinni. Þessum fundi er frestað til ...)

Ég átti eftir niðurlag setningar.

(**Forseti** (HBl)**:** Gerðu svo vel.)

Ekki að gera þetta, heldur að efla íslensku stöðvarnar sem kjarna í íslenskri fjölmiðlun sem sérstakar verndarstöðvar og uppeldisstöðvar og starfsstöðvar innlendrar dagskrárgerðar og íslenskrar menningar. Hér lýk ég fyrri hluta ræðu minnar.

(**Forseti** (HBl)**:** Þá er ræðu hv. þingmanns frestað. Fundur hefst að nýju klukkan 5.)

[Fundarhlé. — 16:02]

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 751. mál, nál. iðnn., þskj. 1641; brtt. iðnn., þskj. 1642.

Vatnsborðssveiflur í Þingvallavatni, 994. mál, fsp. ÖS, þskj. 1645.

Vatnsmiðlun úr Þingvallavatni, 993. mál, fsp. ÖS, þskj. 1644.

Vímuefnavarnir, 917. mál, svar heilbrrh., þskj. 1627.

[17:02]

Mörður Árnason (frh.)**:**

Forseti. Ég átti eftir af ræðu minni og ætla nú að hafa það styttra en ég hélt upphaflega. Það dregst úr þeim plöggum sem maður hefur og stundum er það þannig að þótt maður telji sig vera nokkuð einarðan og markvissan í málflutningi verða útúrdúrar fleiri en upphaflega var áætlað, eins og hér hefur sannast. Vona ég þó að enginn hafi beðið skaða af.

Ég var þar kominn í ræðu minni að ég var að leggja út af umsögn frá öxli hins illa, Norðurljósum, sem talinn er vera

hér í landinu eins og öxull hins illa telst í heiminum ýmis vond ríki. Þetta voru staðreyndir sem þeir Norðurljósamenn töldu fram um þá fjölmiðlun sem ekki er fjallað um í frv. og ég var búinn að rekja frásögn þeirra um breiðvarp og um frekari starfsemi Landssímans og Og Vodafones, hvernig sem á að beygja þetta furðulega nafn á því fyrirtæki sem einu sinni hét Tal. Norðurljósamenn segja líka frá því að Fjarski, sem er landsbyggðarfyrirtæki, hafi byggt upp stafrænt sjónvarpskerfi á Faxaflóasvæðinu sem megi stækka með litlum tilkostnaði þannig að það nái til Akureyrar og jafnvel annarra þéttbýlisstaða, t.d. Egilsstaða. Þeir hafa dreift erlendum gervihnattadagskrám um kerfi sitt en skort innlenda dagskrá til að dreifa, segja þeir kunnáttumenn hjá Norðurljósum. Ítrekað hefur verið leitað eftir því við Íslenska útvarpsfélagið, segja þeir, að þeir flytji dagskrá stöðva sinna á kerfi Fjarska. Af því hefur ekki orðið þar sem það hefur verið talið of dýrt. Þeir segja enn fremur frá því að Orkuveita Reykjavíkur hafi fjárfest í ljósleiðurum og fjarskiptabúnaði til gagnaflutnings. Sá búnaður getur flutt sjónvarpsefni en vantar slíkt efni. Þar er enn ein leiðin opin fyrir framtíðina. Þar er reyndar verið að ræða hugmyndir um að koma á laggirnar einhvers konar myndveitu, hugmyndirnar eru þær að menn geti pantað sér með einhverjum hætti kvikmyndir eða myndefni til sýnis eins og títt er orðið í erlendum borgum.

Lokaniðurstaða þeirra í þessum kafla hvað okkur varðar a.m.k. er þessi, með leyfi forseta:

„Íslenskt sjónvarpsefni fyrir alla þessa dreifingaraðila" — sem er eins og rakið hefur verið opinberar stofnanir, það er sérkennilegt við þetta mál — „verður ekki til ef koma á í veg fyrir frjálst flæði fjármagns inn í ljósvakamiðla eins og frumvarpið gerir ráð fyrir."

Þetta er í menningarlegum efnum hin mikla spurning sem framtíðin spyr okkur: Ætlið þið, Íslendingar, með þennan mikla arf, ykkar litlu þjóð en miklu möguleika, á næstu áratugum að hafa framtíðina íslenska eða ætlið þið að láta ykkur renna bakleiðina inn í hið alþjóðlega efni sem verður til þess að hér dofnar sá rammi safi sem runnið hefur frjáls í gegn meðan við höfum haft sæmilega skynsemi og stjórn á okkar málum og ekki látið persónulega hagsmuni, kreddur og kenjar ráða því sem hér skiptir máli?

Ég hefði viljað lesa úr fleiri álitum og greinargerðum en ætla að láta það eiga sig að sinni, enda eigum við möguleika á að tala hér síðar við þessa umræðu. Þar vil ég sérstaklega benda á Samkeppnisstofnun sem menn hafa lesið hér, einkum vegna lögfræðilegra álitamála, en kemur í raun og veru inn á þessi menningarlegu og atvinnulegu álitamál líka. Ekki má heldur gleymast í þessari umræðu að minnast á skýrslu útvarpslaganefndar 1996 sem m.a. fjallar um þær hættur sem of ströng takmörkun á eignarhaldi getur sett fyrirtækjum við okkar aðstæður. Skýrsluhöfundar komust að þeirri niðurstöðu þá. Í nefndinni sátu, eins og ég hef rakið nokkuð oft hér á þinginu, valinkunnir íhaldsmenn sem enn eru í ábyrgðarstörfum fyrir Sjálfstfl. á ýmislegum vettvangi. Lítið hefur að vísu heyrst til þeirra um þetta frv., enda sumir þeirra þannig að þeir selja kannski ekki frumburðarrétt sinn fyrir væntanlega brauðbita eins og hefur komið fyrir nokkra hv. alþingismenn hér og rætt hefur verið lengi.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á álit Sigurðar Líndals sem sameinar tvennt, annars vegar það að vera spekingur mikill í lögum og hins vegar íslenskur menningarmaður, fremstur meðal jafningja eins og nú er ástatt á Íslandi. Hann er ekki frægur fyrir róttækni í stjórnmálaskoðunum, þvert á móti, en hann hefur hins vegar staðið mjög fast á íslenskum viðhorfum og jafnvel þótt það hafi gengið gegn skammtímastjórnmálalegum hagsmunum þess flokks sem hann studdi eða þeirra hópa sem hann hefur leitað sér fylgilags við í stjórnmálum. Það má minna á Keflavíkursjónvarpið því til staðfestingar.

Fyrir utan hin lögfræðilegu álitamál sem menn hafa rakið hér segir Sigurður Líndal að allur samanburður við fjölmennari ríki um samkeppni á fjölmiðlamarkaði sé villandi vegna þess að strangar takmarkanir henta illa á smáum markaði og litlu málsvæði. Sigurður Líndal vitnar svo í kafla 6.3 í fjölmiðlaskýrslunni sem heitir því skrýtna nafni Kostir samþjöppunar, en það verður að horfa framan í það líka að samþjöppunin getur haft ákveða kosti á Íslandi, en þar segir að það verði að tryggja íslenskum fyrirtækjum aðstæður til að þrífast. Höfundar benda líka á að því öflugri sem innlend fyrirtæki eru, því minni hætta sé á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila og því líklegra að þau hafi burði til að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þarna bendir sjálf fjölmiðlaskýrslan sem sumir segja að standi undir frv., sem er auðvitað fásinna, á enn einar hætturnar af því að veikja stoðir innlendra fyrirtækja.

Ég vil hafa þetta eftir Sigurði, með leyfi forseta:

„Því hefur verið haldið fram að hvergi í nálægum löndum sé viðlíka samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og hér á landi. En hér er verið að stilla upp ósambærilegum hlutum. Við Íslendingar erum í alþjóðlegri samkeppni, þurfum að verja menningararfleifð okkar, hlúa að henni og sækja fram á grundvelli hennar. Eins og fjölmiðlanefnd bendir á verða íslensk fjölmiðlafyrirtæki að vera tiltölulega stór á innlendan mælikvarða og því fylgir óhjákvæmilega nokkur samþjöppun og hún reisir einnig skorður við fjölda slíkra fyrirtækja. Þá verður að hafa í huga að lítil og veikburða fjölmiðlafyrirtæki eru miklu líklegri til að verða leiksoppar hagsmunaafla en þau sem stærri eru og standa styrkum fótum fjárhagslega."

Ég vil gera það að lokaorðum mínum hér í þessari ofurlitlu ræðu að við eigum að taka mark á Páli Þórhallssyni, Evrópuráðinu, Herdísi Þorgeirsdóttur og þeim öðrum sem benda okkur á meðalhófsregluna í tengslum við þetta frv. Við eigum að leita að hinum vægari aðgerðum, að öðrum aðgerðum sem taka í raun og veru á vandanum, en ekki búa til lög sem bara beinast gegn einu fyrirtæki sem er ósanngjarnt og óréttlátt, heldur leiða líka til þess að draga úr möguleikum íslenskrar menningar, innlendrar fjölmiðlunar og minnka veg Íslands og Íslendinga til frambúðar. Þegar maður lítur á þetta mál frá menningarlegum sjónarhól er það hin stóra og mikla hætta af kenjum og skapsmunum hæstv. forsrh. sem að baki þessu frv. stendur.

[17:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hefur haldið langa og djúpvitra ræðu í tvo tíma og tuttugu og fimm mínútur og fórst honum mjög vel. Nú er það þannig, frú forseti, með mína persónu að athygli vill dofna eftir 5–10 mínútur og rennur þá allt í eina móðu. Því miður veldur þessi annmarki minn því að ég náði ekki nema hluta af ræðu hv. þingmanns og vildi ég gjarnan að hann súmmeraði upp fyrir mig aðalatriðin ef hann gæti og kannski aðallega hvort hann er með málinu eða á móti. Ég náði því ekki heldur.

Samf. hefur verið að tala um flýtimeðferð, afbrigði, sértæk lög, lög á eitt fyrirtæki o.s.frv. en nú fyrir ekkert voðalega löngu síðan, ég ætla ekki að fara marga áratugi aftur í tím-

ann, ég ætla að fara 100 daga, frú forseti, aftur í tímann en þá var hér í þessu þingi rætt mál sem almennt gengur undir nafninu SPRON-málið. Það var tekið í gegn á þrem dögum, kom fram 3. febrúar, 1. umr. var 4. febrúar, allt tekið í gegn með miklum afbrigðum, 2. umr. var 5. febrúar og 3. sömuleiðis, málið gert að lögum, allt tekið með miklum afbrigðum. Því frv. var stefnt gegn einu fyrirtæki, einum samningi og kom í veg fyrir að sjóður upp á sex þús. millj. til menningar- og líknarmála myndaðist en beindist gegn eitt þúsund litlum hluthöfum, stofnfjáreigendum í SPRON. Þá var Samf. eindregið með slíkri lagasetningu. Núna, þegar um er að ræða reyndar frv. sem sagt er að beinist að einhverju leyti gegn einu stóru fyrirtæki, einum auðhring sem er miklu ríkari en allir þessir stofnfjáreigendur, er Samf. allt í einu á móti. Hvernig stendur á þessum umsnúningi?

[17:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. SPRON-málið var mjög sérstakt mál og ég skal fúslega viðurkenna að það þurfti að bíta á jaxlinn til að greiða atkvæði að lokum í því máli vegna þess hvernig því var háttað. Það vill hins vegar svo til að hv. þm. er ekki alveg saklaus af úrslitum þess máls því honum tókst, og það er auðvitað gríðarlegt afrek, að sameina þingheim gegn athöfnum sínum á þessu sviði frá því að hann varð að launuðum starfsmanni Búnaðarbankans við að sölsa undir bankann þennan sparisjóð og undir aðra banka fleiri sparisjóði í landinu.

Málið stóð þannig að samþykkt höfðu verið lög á Alþingi. Við því hafði reyndar verið varað. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir varaði við því á sínum tíma að þau lög væru gölluð. Það kom í ljós að þau voru það þannig að Alþingi var þarna með nokkrum hætti að leiðrétta sínar fyrri gjörðir. Það skiptir líka máli í þessu sambandi að um var að ræða samning og ekki starfsemi sem var í gangi.

Ég viðurkenni hins vegar að það var samanbitnum jöxlum sem þurfti að greiða atkvæði um þetta mál en það er svo, sagði Einar Benediktsson, að „þegar býður þjóðar sómi, þá á Bretland eina sál".

[17:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Á Dómkirkjunni er vindhani sem snýst eftir áttum, stundum í vestur og stundum í austur, eftir hvernig vindurinn blæs. Er það þannig með Samf. sömuleiðis, henni er létt að snúast 180 gráður og tala um sérlög, sértæk lög, hraða meðferð sem þó hefur tekið viku eða meira o.s.frv. en hún kyngir því viðstöðulaust að keyra í gegn sérlög gegn SPRON, meira að segja á einn samning, á þrem dögum — á þrem dögum, frú forseti — og gerði það viðstöðulaust. Hvað er að marka svona málflutning þegar menn tala núna um sértæk lög, um hraða meðferð o.s.frv. gegn einum auðhring? Þarna voru menn að klekkja á eitt þúsund litlum stofnfjáreigendum.

[17:16]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það mál lá ákaflega ljóst fyrir. Það var enginn vafi í hugum manna um hvað það mál snerist. Það hafði verið reifað hér lengi vegna þess að hv. þm. og félagar hans höfðu verið að berjast í því máli, að reyna að breyta eðli þess fjár sem um var að ræða úr stofnfé í hlutafé og reyna að virkja löngun manna í peninga. Það var spurning um nokkrar milljónir í flestum tilvikum, (Gripið fram í.) jeppa, afborgun af húsi, sér í hag, bankanum í hag, stórgróðafyrirtækjum og auðhringnum í hag. Fyrst og fremst verður náttúrlega hv. þm. Pétur H. Blöndal að eiga um þetta við foringja sinn Davíð Oddsson sem hann gagnrýnir nú mjög ótæpilega.

Ég segi það enn, ég þurfti að bíta á jaxlinn til að gera þetta vegna þess að það lá mjög nærri í þessu efni. Ég tel að málið hafi verið þannig vaxið að þetta hafi þurft að gera og það hafi verið rétt að gera það. Það á ekki að hika við að taka slíkar ákvarðanir þegar öll rök hníga til þess.

Hins vegar verða menn auðvitað að geta tekið afleiðingunum af því þegar þeir gera svona. Það verður að vera byggt á rökum og á grundvelli. Það á ekki við um þetta mál sem við tölum um núna.

Til að svara fyrri spurningu hv. þingmanns um hvað ræða mín hefði í raun og veru sagt ætla ég að gefa honum lítinn útdrátt úr ræðunni sem mér heyrðist hann vera að biðja um. Þegar ég var ungur kom út ljóðabók eftir ljóðskáld og blaðamann sem þá var, og hét sá Ari Jósefsson. Ég get svarað Pétri því um afstöðuna sem fram kom í ræðu minni að henni er best lýst með titli þeirrar ljóðabókar. Hún hét Nei.

[17:18]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Mörður Árnason hefur flutt hér fróðlega og yfirgripsmikla ræðu út frá þeim sjónarhóli sem hann stendur gjarnan á, þ.e. sjónarhóli íslenskrar menningar. Ég vildi gera smáathugasemd við það sem hann vitnaði til í grein Páls Baldvins Baldvinssonar þar sem fram kom að enginn áskilnaður væri í útvarpslögum um framleiðslu á íslensku efni eða frá sjálfstæðum framleiðendum.

Í 10. gr. útvarpslaga er áskilnaður um það að 10% af útsendingartíma einkastöðvanna, a.m.k. 10% af árlegu dagskrárfé, skuli varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvarnar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk. Þetta ákvæði á ekki rætur sínar að rekja til áhuga hæstv. menntmrh. á íslenskri menningu í einkastöðvum, heldur er hér um að ræða að efna tilskipun Evrópusambandsins um þessi efni. Hins vegar er ekki skilgreint í lögunum hvað teljist vera sjálfstæður eða óháður framleiðandi. Það er miður. Það hefur t.d. verið gert mjög nákvæmlega í finnsku útvarpslögunum.

Auðvitað veit ég að hv. þm. veit þetta en það hefði verið betra ef hann hefði leiðrétt þessa missögn úr grein Páls Baldvins svo að hið rétta kæmi fram.

[17:20]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég minnist þess ekki að Páll Baldvin hafi sagt þetta berum orðum. Hann er auðvitað m.a. að gagnrýna sína menn fyrir að beina ekki spjótum í allar áttir í senn, nánast, og ég minntist á þessa grein Páls vegna þess að ég var að sýna hér hin raunverulegu áhyggjuefni manna í þessum geira, að þau væru ekki þau að fyrirtæki væru of sterk, heldur miklu frekar að fyrirtæki væru of veik og síðan að skilyrði þau sem þeim eru sett af almannavaldinu séu kannski ekki nógu ströng í menningarlegum efnum. Þetta ákvæði er í útvarpslögunum sem betur fer og eftir því er nú sennilega farið. Ég veit hins vegar ekki hvernig eftir því er gengið t.d. af hálfu útvarpsréttarnefndar sem hv. þm. Einar Karl Haraldsson er nú varamaður í. Hann getur kannski svarað þeirri spurningu.

Ég kannast ekki við það að útvarpsréttarnefnd gangi mikið eftir þessu eða gangi mikið almennt eftir þeim skilyrðum sem hún á að ganga eftir við leyfisveitingar eða rekstur

íslenskra sjónvarpsstöðva. Ég man ekki betur en að síðast — sem var bara í morgun — þegar ég fór inn á vefsetur útvarpsréttarnefndar hafi þar allt efni verið svo fornt að það hafi verið sett inn á vefinn á öldinni sem leið, a.m.k. meira og minna.

Undan þessu er kvartað en ekki því sem þetta frv. á að leysa. Frv. leysir engin umkvörtunarefni af þessu tagi, af auglýsingatagi, spurningar um ritstjórnarlegt sjálfstæði, spurningarnar um gagnsæi, engin af hinum raunverulegu umkvörtunarefnum blaðamanna, áhugamanna, lesenda, framleiðenda og starfsmanna. Það er meginmálið.

[17:22]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur rétt fyrir sér í því að þær kröfur sem gerðar eru til íslensks sjónvarpsefnis og menningarlegs hlutverks einkastöðvanna eru allt of smávaxnar. Í útvarpslögum annarra þjóða er gerð krafa um hærra hlutfall en 10% frá sjálfstæðum framleiðendum. Þar mættum við vissulega gera betur.

Varðandi útvarpsréttarnefnd hefur hún í skýrslum sínum gert nokkra grein fyrir því hvernig skipting útvarpsefnis er og tekið þar fram eitthvað um hvernig það er framleitt. Skýrslugerðin er eins og tölvuvæðingin hjá útvarpsréttarnefnd, síðasta skýrslan er frá 1997. Þar eru sem sagt sjö ára gamlar upplýsingar það nýjasta sem almenningur getur komist að frá útvarpsréttarnefnd, og var það nokkuð vel af sér vikið. Það sýnir kannski hversu lítið og máttlaust stjórnvald útvarpsréttarnefnd er. Þar sem ég hef verið varamaður í nefndinni síðan síðast var kosið í hana og fundarhöld eru ekki mjög tíð í þeirri nefnd hef ég ekki nákvæmar upplýsingar um hvernig þessum eftirrekstri er háttað.

[17:24]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða það frv. sem hér liggur fyrir um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum og nefndarálit frá allshn. og þær brtt. sem allshn. hefur gert við frv.

Ég vil minna á það í upphafi að þetta er ekki eina málið sem er til umræðu hér í dag því að í áliti minni hluta allshn. er einnig tillaga um að þessu breytingafrumvarpi við útvarpslög og samkeppnislög verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Sú tillaga er einnig hér til umræðu svo því sé haldið til haga.

Ég hyggst ræða lítillega nokkur atriði sem tengjast a-lið í brtt. allshn., þ.e. um þann 1. lið sem á að koma eftir 3. mgr. útvarpslaga, 1. mgr., ræða sérstaklega um hana, og síðan um útvarpsréttarnefnd og þá nýju skipan sem lögð er til varðandi hana. Í þriðja lagi langar mig til að ræða nokkuð um stöðu mála í fjölmiðlum á Íslandi í dag og reynslu mína af því að hafa komið nálægt þeim málum.

Fyrst, hæstv. forseti, langar mig að taka samlíkingu sem mér finnst ekki út í hött. Þótt ólíku sé þar saman að jafna er eitthvað kunnuglegt við aðferðafræðina í báðum tilvikum.

Úr Íraksstríðinu þekkjum við hugtakið um hinar staðföstu þjóðir sem fylgdu Bush og Blair í blindni út í það forað án sjálfstæðrar skoðunar á forsendum og tilefnum þess stríðs. Við þekkjum líka að þarna var um að ræða ólögmætt stríð sem hafði ekki lögmæti alþjóðasamfélagsins eða stuðning Sameinuðu þjóðanna og það var farið í það á fölskum forsendum. Gereyðingarvopnin sem voru ein af ástæðunum fyrir innrásinni hafa ekki fundist og ekki hefur tekist að sanna að Saddam Hussein, sá grimmi einræðisherra, hafi verið sú bráðaógn við heimsfriðinn sem látið var að liggja eða eins stórvirkur í skipulagi og samstarfi um alþjóðleg hryðjuverk eins og fullyrt var. Sannleikurinn er miklu nær því að harðstjórinn hafi verið að veslast upp á leikfanga- og vopnaskranhaug sínum og Írakar hefðu sjálfir losað sig við hann innan tíðar án þess að hægt sé að fullyrða hvað það hefði tekið langan tíma. Markmið stríðsins um að koma á lýðræði í Írak er fjarlægt, afar fjarlægt. Framkvæmdin á hernáminu er hneisa fyrir vestrænar lýðræðishugmyndir og mannréttindi.

Hér höfum við verið að fjalla um frv. til laga sem nánast samanlagður lögfræðingaskari landsins sem að hefur verið spurður er sammála um að hafi hæpið lögmæti. Það sé tæpt, ef ekki mjög tæpt, að frv. og lögin ef það verður að lögum standist stjórnarskrá og Evrópureglur. Þau eru líka stríðsyfirlýsing gagnvart einni fjölmiðlasamsteypu, eru svokölluð mónísk lög, beinast að einu fyrirtæki, einni samsteypu og því fólki sem hjá henni vinnur. Ekki hefur heldur tekist að sanna, hvorki með áliti allshn. né í þeim litlu umræðum sem hér hafa orðið af hálfu stjórnarliða, sem nánast eru ekki fyrirfinnanlegar enn þá, að samsteypa Norðurljósa sé bráð ógn gegn pólitískri og menningarlegri fjölbreytni eða samkeppni.

Þvert á móti er það þannig í dag eins og nefnd á vegum menntmrh., fjölmiðlanefndin svokallaða, viðurkennir að fjölbreytni er tiltölulega mikil á íslenskum fjölmiðlamarkaði og samkeppnin er hörð og mikil þó að ekki séu margir aðilar á markaðnum.

Það er óvíst líka hvort markmiðið með lögunum sem í sjálfu sér er jákvætt, fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, náist með þessum lögum. Margir telja eins víst að lögin hafi þveröfug áhrif þegar fram í sækir miðað við markmiðið. Það er eins víst að markaðurinn sjálfur hefði tryggt dreift eignarhald betur í nánustu framtíð en lögin ef markaðurinn hefði fengið að vera í friði fyrir frjálshyggjupostulunum sjálfum og valdstjórninni sem við búum við í þessu landi um þessar mundir.

Hinar staðföstu þjóðir í Írak halda áfram að fylgja Bush og Blair í blindni án sjálfstæðrar skoðunar á Íraksmálinu. Eins og við vitum hefur það ekki fengist skoðað hér á Íslandi frekar en annað hver tildrögin urðu til þess að forsrh. og utanrrh. bundu okkur sem þjóð til stuðnings við þetta stríð. Staðföstu þjóðirnar halda sem sagt enn þá fast við stuðning sinn nema Spánverjar. Þó sjáum við að það eru komnir brestir í samstöðu staðfastra þjóða sem við hugsanlega eigum eftir að sjá meira til á næstunni.

Hinir staðföstu nefndarmenn í allshn. halda áfram að hlýða forsrh. og utanrrh. í blindni án nokkurrar sjálfstæðrar viðleitni þingnefndarinnar eða þingmeirihlutans til að meta fjölmiðlamarkaðinn eða áhrifin af lögunum sem ætlunin er að setja. Alveg eins og í Írakstilfellinu og með hinar staðföstu þjóðir er einn hv. þm. fallinn frá, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Efasemdirnar læðast að fleira fólki, bæði meðal hinna staðföstu þjóða eins og ég sagði áðan og líka hinna staðföstu þingmanna í allshn. og stjórnarmeirihlutanum. Við vitum að nánast liggur við uppreisn innan Sjálfstfl. og meðal almennra stuðningsmanna hans vegna þessa máls. Sú andstaða nær alveg inn í kirkjueigendur í Sjálfstfl., til fólks sem áratugum saman hefur bundið trúnað sinn við Sjálfstfl., stutt hann með ráðum og dáð, fjármunum og starfi. Auðvitað finna forustumenn flokksins fyrir þessari andúð á framkomu hans, á valdníðslunni, á hrossalækningunum sem hann stendur fyrir, og fá að finna það á baki sínu. Stuðningur við bæði forsrh. og flokkinn minnkar í skoðanakönnunum.

Það er hins vegar helsta einkenni Sjálfstfl. og Framsfl. að raddirnar innan þeirra flokka eru þagnaðar. Hefði ekki verið eðlilegt og skynsamlegt af forráðamönnum Sjálfstfl. sem finna fyrir þessu gríðarlega andófi innan síns flokks gagnvart því lagafrumvarpi sem verið er að reyna að þrýsta gegnum Alþingi á þessum dögum að heyra í flokksfólkinu, halda fundi í miðstjórn, halda fundi í flokksfélögunum, mæta sínum eigin stuðningsmönnum og ræða við þá, gera smáhlé á verkunum hér og ræða við sitt fólk? Nei, umræður tíðkast ekki lengur innan þessara flokka. Maður sér trúnaðarmenn flokksins kvarta opinberlega í blöðum yfir því sama. Það virðast því vera örlög þessara flokksmanna sem hafa bundið trúnað sinn við Framsfl. og Sjálfstfl. um þessar mundir að bíða tilskipana að ofan. Þeim er síðan ætlað að fylgja þeim í blindni eins og hinum staðföstu þingmönnum og ungherjum Sjálfstfl. í allshn. þingsins.

Menn hafa nokkuð rætt um það hver kunni að vera ástæðan fyrir þögn stjórnarþingmanna hér í salnum. Hugsanlega eru menn að gera því skóna að okkur þrjóti örendið í þessum ræðustól, stjórnarandstæðinga, og höfum ekki neitt um þetta frv. að tala, hugsanlega bíða þeir eftir því að við tölum okkur dauða, eins og sagt er. Önnur ástæða hefur líka verið nefnd sem mér finnst miklu sennilegri. Ýmsir ráðherrar og þingmenn hafa talað mjög óvarlega í þessum málum, í hitaumræðum hér á Alþingi. Ég mun víkja að því síðar í ræðu minni. Sú ástæða kann að vera fyrir þessari þögn að menn vita að þessi mál munu koma fyrir dómstóla, hugsanlega hér heima og örugglega í Evrópu. Eins og fram hefur komið hafa forráðamenn Norðurljósa þegar ákveðið að vísa málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA. Þá kann að vera að stjórnarþingmönnum þyki ráðlegt að hafa ekkert á prenti og í þingtíðindum um þær ritskoðunartilhneigingar eða önnur rök sem hægt væri að nota gegn stjórnarmeirihlutanum og lögmæti laganna við dómsmeðferð.

Hæstv. forseti. Það er engum blöðum um það að fletta að þetta eru bannlög sem verið er að þrýsta í gegnum þingið. Þetta eru lög um boð og bönn. Það er sérkennilegt að það skuli vera örlög þeirra þingmanna sem rétt eru orðnir ársgamlir á þingi og voru kosnir hingað sem sérstakir boðberar frjálshyggjunnar og studdir, eins og fram kom hjá hv. þm. Merði Árnasyni, mjög drengilega af Heimdellingum og Frjálshyggjufélaginu og sækja í rauninni sitt bakland þangað, að standa fyrir frv. sem fjallar fyrst og fremst um boð og bönn.

Eftir að frv. forsrh. hefur verið breytt er það nú á þann veg að á eftir 3. mgr. útvarpslaga eiga að koma fjórar nýjar málsgreinar og sú fyrsta, a-liður greinarinnar, er banngreinin. Þar kemur orðið „óheimilt" fyrir fimm sinnum. Fimm sinnum í frv. forsrh. um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum og jafnoft, fimm sinnum, í a-liðnum eftir breytingar sem allshn. skrifaði upp á. Það er ekki neinum blöðum um það að fletta að þetta er lagafrv. um boð og bönn. Við skulum aðeins fara yfir það hvað er bannað samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum.

Fyrirtæki sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur útvarpsrekstri er óheimilt að eiga ljósvakamiðla. Hér kemur orðið óheimilt fyrir í fyrsta skiptið. Þetta er fyrsta bannið.

Fyrirtæki sem er að meira en 5% í eigu fyrirtækis eða samstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta er óheimilt að eiga í ljósvakamiðli nema ársvelta þess sé undir tveimur milljörðum. Þarna fáum við orðið óheimilt í annað sinn.

Í þriðja lagi er fyrirtæki sem annað fyrirtæki á meira en fjórðungseignarhlut í óheimilt að eiga í ljósvakamiðli. Þarna kemur orðið óheimilt fyrir í þriðja sinn í þessum a-lið.

Í fjórða lagi er fyrirtæki í fyrirtækjasamstæðu sem á yfir fjórðungseignarhlut í fyrirtækinu eða önnur fyrirtæki í samstæðunni eiga yfir fjórðung í því óheimilt að eiga í ljósvakamiðlum. Í fjórða sinn er hér komið orðið óheimilt. Fjórða bannið.

Fimmta bannið. Fyrirtæki sem á hlut í dagblaði eða er útgefandi dagblaðs er óheimilt að eiga hlut í ljósvakamiðli.

Hér hefur verið látið að því liggja af hálfu hv. allshn. og hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns nefndarinnar, sem mælti fyrir nefndarálitinu hér á Alþingi, að um væri að ræða veigamiklar breytingar frá frv. forsrh. og að tillit hefði verið tekið til athugasemda lögfræðinga og ýmissa annarra umsagnaraðila sem kallaðir voru í mikilli skyndingu eins og menn vita á fund allshn. og fengu lítinn sem engan tíma til að koma málum sínum á framfæri. Ég fullyrði hér að breytingarnar á þessum bannákvæðum eru óverulegar. Bönnin og boðin eru veruleg eftir sem áður. Þau eru á þann veg að þau ganga lengra en nauðsyn krefur. Það hefur ekki verið sannað eða rökstutt af hálfu þingmeirihlutans hér eða allshn. að ekki hefði verið hægt að ná markmiðum laganna með öðrum og vægari aðgerðum, eins og í rauninni er skylt miðað við meðalhófsreglu og alla leiðsögn sem við getum fengið í þessum málum, t.d. úr Evrópusamfélaginu.

Fullyrt hefur verið að breytingarnar sem gerðar voru í meðförum allshn. væru fyrst og fremst sniðnar að hagsmunum Skjás 1 og Íslenska útvarpsfélagsins. Ég er ekki kunnugur hvernig málum er háttað þar á bæ en kannski eru refirnir þannig skornir vegna þess að það er alls ekki óheimilt, samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir, að safna sjónvarpsstöðvum eða sjónvarpsleyfum á eina hönd. Ekkert bannar það. Kannski eru refirnir skornir til þess að eigendur Skjás 1 sem lengi hafa sóst eftir eignaraðild eða kaupum á Stöð 2 komist yfir þá sjónvarpsstöð. Um það verður ekkert fullyrt, en það er a.m.k. ekki sannað af hálfu allshn. og meiri hlutans hér og ekki hafa verið færð rök fyrir því að frv. geti ekki eins og margir halda fram gengið þvert gegn markmiðum sínum, þ.e. stuðlað að fábreytni í fjölmiðlaumhverfinu frekar en fjölbreytni.

Fyrir utan það að bannákvæðin eru enn þá mjög íþyngjandi og veruleg, stórtæk, regluleg hrossalækning, eru enn líkur á því að frv. brjóti í bága við EES-reglur um staðfesturétt, þ.e. að fyrirtæki á EES-svæðinu geti haslað sér völl hér í fjölmiðlarekstri, um þjónustufrelsi og um frjálst flæði fjármagns. Eins og ég sagði áðan er ekki líklegt að gengið sé nægilega langt til þess að meðalhófsreglu stjórnsýslulaga sé gætt og að ekki sé beitt meiri takmörkunum en þörf krefur og nauðsyn kallar á.

Í EES-samningunum er nefnilega að finna ákvæði sem segir „að setja megi lög gegn öðrum ákvæðum samningsins sem grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheill". Lögin verða hins vegar að ná eins skammt og mögulegt er til að ná settu markmiði. Þetta frv. rýmkar ekki takmarkanir á fjárfestingum í fjölmiðlum eins og ég sagði og fyrirtæki á EES-svæðinu eru hindruð í að stofna fjölmiðlafyrirtæki hér.

Eins og hv. þm. Mörður Árnason nefndi í sinni yfirgripsmiklu ræðu áðan kemur fram í Fréttablaðinu í dag í viðtali

við Karin Karlekar frá Frelsisstofnuninni í Bandaríkjunum, eða Freedom House, að verði þetta frv. að lögum muni Ísland ekki lengur vera í efsta sæti hvað fjölmiðlafrelsi varðar ásamt frændum okkar í Skandinavíu. Við höfðum þann glæsilega sess áður en þetta valdboð kom að ofan, frá þeim ráðherra sem nefndur hefur verið stjórnandi þingsins.

Það er fróðlegt að kynna sér viðhorf Karinar Karlekar frá Freedom House. Hún segir nefnilega að það sé vandratað, meðalhófið. Of mikil samþjöppun er að sjálfsögðu ákveðin ógn til lengri tíma litið, eins og sagt er í áliti allshn. Of miklar takmarkanir á eignarhaldi geta líka haft neikvæð áhrif á frelsi fjölmiðla og rétt fólks til að eiga kost á fjölbreyttu flæði upplýsinga. Þessi atriði verður að hafa í huga og bent er réttilega á það í athugasemdum hennar.

Hv. allshn. heldur því fram í áliti sínu að frv. sem hér um ræðir sé reist á almennum viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútímalýðræðisþjóðfélagi. Þetta held ég að sé víðs fjarri vegna þess hvernig frv. er lagað. Það hefur komið fram þvert ofan í það sem haldið var fram í fjölmiðlanefnd menntmrh. að engar þjóðréttarlegar skyldur hvíla á íslensku þjóðinni og Alþingi til þess að setja takmarkandi reglur um eignarhald. Það er fásinna. Hins vegar er sjálfsagt og eðlilegt að hér séu lög um útvarps- og sjónvarpssendingar eins og hér eru, bæði um Ríkisútvarp og sérstök útvarpslög. Þetta á náttúrlega sérstaklega við þegar um er að ræða takmarkað tíðnisvið til sendinga í ljósvakanum.

Frumvarpshöfundar vitna til ráðlegginga og tilmæla Evrópuráðsins frá 1999. Það er mjög sérkennilegt í áliti fjölmiðlanefndarinnar sem frv. er sagt byggt á að eingöngu er fjallað um þessa ályktun. Eins og fram hefur komið, bæði hjá fræðimönnum og öðrum sem fjallað hafa um málið, hefur Evrópuráðið fjallað um þessi mál, fjölmiðlamálin í Evrópu, reglulega á fundum sínum síðustu 20 árin. Við þingmenn höfum fengið safn af tilmælum og ályktunum Evrópuráðsins um þetta efni og þar er t.d. ályktun frá 1991 um útvarpssendingar þar sem fjallað er fyrst og fremst um almannaútvarp og um ríkisútvarp. Það er mjög eðlilegt því að á þeim tíma hafði Sovétlýðveldið byrjað að liðast í sundur og frelsisstraumar voru um alla Austur-Evrópu. Menn stóðu þar frammi fyrir miklum vanda um hvernig ætti að hafa útvarps- og sjónvarpsumhverfið á hinum nýju tímum. Evrópuráðið fjallar um það í ályktunum sínum að safna saman reynslu annarra þjóða og reyna að leiðbeina Austur-Evrópuríkjunum um það.

Árið 1994 er gerð mjög merk ályktun um gagnsæi fjölmiðla. Það eru tilmæli sem Samf. hefur sérstaklega skoðað í stefnumótun sinni og telur afar gagnlega. Þar er lagt til og mönnum bent á að setja í lög mjög ítarlegar reglur um það hvernig menn eigi að greina frá því hverjir þeir eru á fjölmiðlamarkaði, þ.e. ekki bara um hverjir eigi fjölmiðlana, heldur hverjir stjórna þeim, hvernig breytingar verða á stjórnarháttum, að það sé ljóst hver gefur fjölmiðilinn út, hverjir móta ritstjórnarstefnu hans, helst að ritstjórnarstefnan sé skráð og útgefin og öllum ljós, hvaða menn eru áhrifamenn á ritstjórn blaðsins, hafa áhrif á ritstjórnarstefnu og segja blaðamönnum fyrir verkum. Allar þessar ábendingar eru þarfar og afar mikilvægt að þetta liggi ljóst fyrir svo að almenningur hafi einhver tök á því að taka afstöðu til fjölmiðilsins og geti svo að segja lesið eða horft á hann með réttum gleraugum, einnig til þess að hægt sé að snúa sér til réttra aðila á fjölmiðlunum og gera þá ábyrga fyrir misbeitingu þeirra, bæði að lögum og í samskiptum við almenning.

Í því fjölmiðlafrumvarpi sem hér liggur fyrir, þ.e. frv. um breytingu á útvarpslögum, er ekkert um gagnsæi fjölmiðlanna hér, það er ekkert fjallað um það mikilvæga atriði í umhverfi fjölmiðla að við höfum einmitt staðið frammi fyrir slíku vandamáli hér á Íslandi. Þegar Fréttablaðið fór af stað í útgáfu Fréttar ehf. eftir að fyrsta rekstrarfélagið hafði orðið gjaldþrota lá ekki fyrir hverjir væru þar eigendur. Það stóð í þófi heilan vetur að fá fram hverjir ættu það blað. Útgefandi blaðsins varði afstöðu sína í fjölmiðlum út og suður heilan vetur. Það var gjörsamlega óverjandi afstaða og það er afar brýnt að búa svo um hnúta að svona lagað geti ekki endurtekið sig.

Árið 1996 eru önnur mjög merk tilmæli gerð, um sjálfstæði almannaútvarps. Við búum enn þá við það hér heima að Ríkisútvarpið er undir flokkspólitískri stjórn þar sem teknar eru ákvarðanir um ráðningar, dagskrárstefnu og þess háttar. Það er ekki hægt að tala um að Ríkisútvarpið sé fullkomlega sjálfstætt eða nægilega sjálfstæður almannamiðill. Í þessum tilmælum er að finna margvíslegar ábendingar um það hvernig hægt er að koma stjórn almannaútvarpsins þannig fyrir að hún sé bæði trúverðug, endurspegli almannahagsmuni og sé fulltrúi þeirra sem hlusta og horfa á sjónvarp og útvarp.

Árið 1999 er svo þessi Evrópuráðsályktun um fjölbreytni fjölmiðla sem ég ætla að ræða aðeins síðar.

Það eru fleiri ályktanir. 2001 koma tilmæli frá Evrópuráðinu um frelsi til tjáningar og aðgengis að upplýsingum í evrópskum fjölmiðlum. Þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn því þar er í rauninni komið að kjarna málsins. Það sem skiptir máli varðandi fjölbreytni í fjölmiðlum er auðvitað að það sé tjáningarfrelsi í fjölmiðlunum, að ritstjórnirnar séu sjálfstæðar, séu ekki undir óeðlilegum þrýstingi frá viðskiptaaðilum, eigendum eða pólitískum aðilum. Það er líka réttur almennings að hafa aðgang að trúverðugum upplýsingum í fjölmiðlunum. Þetta er kjarni málsins. Þetta er það viðmið sem við hljótum að hafa hugfast í öllum okkar störfum hér á Alþingi og þegar við ræðum um fjölmiðlamál. Það eru í rauninni ekki eigendurnir. Það er ekki pólitíkin. Það er frelsi til tjáningarinnar og rétturinn til aðgengis að upplýsingum sem skiptir öllu máli í þessu viðfangi.

Árið 2003 er gerð ályktun um stafrænar útvarpssendingar í ljósi lýðræðisviðhorfa og félagslegra viðhorfa. Hvar sér maður endurspeglun af þessari umræðu í frv. til breytinga á útvarpslögum og samkeppnislögum sem hér liggur fyrir eða í umfjöllun allshn.? Hvergi.

Það er sem sagt látið eins og framtíðin sé ekki til. Það er látið eins og ekkert sé að gerast í tækniþróun á útvarps- og sjónvarpsmarkaðnum. Það er alveg augljóst að það er engin tilraun gerð til að hugsa um nánustu framtíð, reyna að setja ramma utan um þær tækninýjungar sem fram undan eru og nánast liggja fyrir. Spurningin er bara hvernig þeim verður hrint í framkvæmd. Um þetta eru Evrópuríkin að fást. Á þetta hefur margoft verið bent hér. Einn mesti brandarinn í umfjöllun stjórnarliða á þessum málum er hinn nývakti áhugi þeirra á tilmælum og viðhorfum Evrópusambandsins í útvarpsmálum og fjölmiðlamálum og lesháttur þeirra á þessum ályktunum og tilmælum Evrópuráðsins þar sem þeir virðast eingöngu hafa staðnæmst við ályktunina frá 1999.

Árið 2004, hvað eru menn að gera í Evrópuráðinu í ár? Þeir eru að samþykkja tilmæli um frelsi til stjórnmálaumræðu í fjölmiðlum. Þar erum við þá kannski komin að því hvar hundurinn liggur grafinn í þessu öllu saman. Eins og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur sagt í einni af niðurstöð-

um sínum eiga fjölmiðlar og blaðamenn að vera varðhundar almennings. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu er lögð sérstök áhersla á pólitíska fjölhyggju. Almenningur á að hafa aðgang að öllum skoðunum og sjónarmiðum sem uppi eru á sviði stjórnmála. Hann þarf að hafa frelsi til þess að koma stjórnmálaumræðunni á framfæri, inn í fjölmiðlana og koma þeim áleiðis til stjórnmálamannanna.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því hér, eins og ég hef lofað að koma að síðar, að ráðherrar og þingmenn hafa kveinkað sér undan gagnrýni og skrifum fjölmiðla að undanförnu. Það er einmitt til vitnis um það að þeim líkar ekki það frelsi sem er í stjórnmálaumræðu og umfjöllun dagblaða og fjölmiðla um stjórnmálin í dag. Þá er spurningin hvort komi á undan, eggið eða hænan. Verður framferði stjórnmálamannanna tilefni til skrifanna í fjölmiðlunum eða er það einhver sérstakur skepnuskapur blaðamanna eða eigenda fjölmiðla sem þeir vinna hjá sem ræður harðri gagnrýni og óvæginni umfjöllun í fjölmiðlum um ýmislegt það sem er að gerast á vettvangi stjórnmálanna hér í dag?

Ég held að það geti allt eins verið að stjórnmálamenn sem fara út fyrir valdmörk sín, stjórnmálamenn sem beita valdníðslu og hrossalækningum, eigi í rauninni ekkert betra skilið í fjölmiðlum en harða og óvægna gagnrýni og umræðu. Það er einmitt þetta sem Evrópuráðið vill að sé verndað og að menn hafi frelsi til að koma á framfæri.

Mig langaði aðeins til að víkja þá að þeim reglum um eignarhald sem hér eru lagðar til grundvallar í banngrein frv. um breytingu á útvarpslögunum. Þær eru mjög fróðlegar. Þær eru á bls. 70–71 í áliti útvarpsnefndar. Reglurnar stafa ekki af neinum þjóðréttarlegum skuldbindingum. „Lagt er fyrir aðildarríkin að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun í hættu, hvort heldur á landsvísu eða svæðisbundið.“ Evrópuráðið mælir með því að ríkið skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar.

Auðvitað er hægt að gera þetta með ýmsum hætti. Í dæmaskyni er nefnd leyfileg hámarksmarkaðshlutdeild þar sem mælikvarði á markaðshlutdeild er annaðhvort fjárhagsleg velta eða útbreiðsla, þ.e. lestur, áhorf eða hlustun. Þeir segja að einnig „megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á frjálsum markaði“. Það er varla hægt að segja að menn hafi bara hugað að því á hv. Alþingi því að í banngreinunum eru ákvæði beinlínis þvers og kruss sem setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila.

Eins og líka hefur komið fram frá ýmsum aðilum þarf að hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Það kostar marga milljarða að reka almennilega sjónvarpsstöð. Það er mjög mikilvægt að hún hafi fjárhagslegt bolmagn og þolinmótt fjármagn til þess að byggja sig upp og helst þarf hún að hafa þannig starfsskilyrði, þannig fjármögnun, að hún geti lagt í metnaðarfulla eigin dagskrárgerð sem síðan er söluvara hennar á markaði.

Það eru ýmsar leiðir aðrar nefndar varðandi það hvernig hægt er að takmarka eignaraðild og koma í veg fyrir samþjöppun á markaði. Það er t.d. nefnt að fyrirtækjum sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði verði ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði. Auðvitað er bent á það að við leyfisveitingar til einkaaðila geti yfirvöld haft sérstaklega í huga að auka fjölbreytni í fjölmiðlun.

Sú fullyrðing að bannmálsgrein frv. byggi á þessum tilmælum Evrópuráðsins á sér vægast sagt litla stoð. Það er athyglisvert að í sömu tilmælum er fjallað um gríðarlega mörg önnur atriði sem skipta máli. Það er fjallað um tækninýjungar og hvernig aðildarríki styðji við og styrki þróun nýjunga í fjölmiðlun og hvernig nýjungar sem koma inn, eins og stafrænt sjónvarp, verða að hlíta ramma og stjórnun til þess að tryggja fjölmiðlafjölbreytni. Eins og menn hafa nefnt hér eru öll hin nýju svið sem fjarskiptakerfin og fjarskiptafyrirtækin, símafyrirtækin, geta farið inn á í nýrri samskipta- og fjarskiptatækni. Sérstök áhersla er lögð á þetta atriði til að tryggja framþróun stafræns sjónvarps.

Talað er um efni fjölmiðla og hvernig eigi að tryggja almenningi aðgang að dagskrárefni sem endurspegli mismunandi pólitísk og menningarleg sjónarmið um leið og gerðar eru ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði ritstjórna, dagskrárstjórna og fjölmiðlafyrirtækja. Það er einmitt þetta atriði sem Samf. hefur staldrað við í stefnumótun sinni í þessum málum og kosið að sú leið yrði frekar farin, enda er hún meðal þeirra tilmæla sem felast í rauninni í sömu ályktun og ríkisstjórnin sækir sína visku til. Síðan er það spurningin hvernig ríkið styrkir framleiðslu útsendingar á fjölbreyttu dagskrárefni. Það er líka ein af stóru spurningunum sem Evrópuráðið veltir fyrir sér.

Síðan kemur að þessu sem ég hef nefnt áður, ábyrgð eigenda og/eða ritstjórna og dagskrárstjórna. Ekkert er um það fjallað í því frv. sem hér liggur fyrir. Þar er mælst til þess að ríkið hvetji fjölmiðlafyrirtæki til að styrkja sjálfstæði ritstjóra og blaða- eða fréttamanna í sínum röðum, m.a. með því að setja sér innri reglur þar um. Síðan er talað, eins og Evrópuráðið gerir jafnan, um Ríkisútvarpið. Eins og við vitum hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekist að koma sér saman um nokkurn hlut í sambandi við Ríkisútvarpið og það gengur hvorki né rekur að koma fjárhagslegum rekstri þess í viðunandi horf, né að ákveða hvernig framtíðarskipulag Ríkisútvarpsins eigi að vera. Hæstv. menntmrh. bregst ekki venjunni frá því sem aðrir menntamálaráðherrar hafa tekið upp, þ.e. að lofa því sífellt að slíkar tillögur um Ríkisútvarpið séu á næsta leiti. Eins og við vitum líður hvert missirið á fætur öðru án þess að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir geti komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut í þeim efnum.

Síðan er komið að því merkilega atriði sem er opinber fjárstuðningur við fjölmiðla. Hann kemur náttúrlega til greina líka til að tryggja og auka fjölbreytni. Ég er ekki að mælast til þess að ríkisstjórnin fari að styrkja Norðurljós sérstaklega en kannski þarf að koma að því að við verðum að vernda Morgunblaðið fyrir harðri samkeppni og tryggja að það geti komið sér upp nýrri prentsmiðju ef þar á bæ eru rekstrarerfiðleikar. Það væri mér a.m.k. mikið ánægjuefni sem gömlum Þjóðviljaritstjóra að fá tækifæri til þess að standa að því á Alþingi að styrkja útgáfu Morgunblaðsins sem ég les með mikilli ánægju á hverjum degi.

Eitt svið sem ekkert er tekið fyrir í frv. er rannsóknir. „Mælst er til þess að aðildarríki styðji við rannsóknir og þróun á sviði fjölmiðlunar og samþjöppunar, sérstaklega að því er varðar áhrif nýrrar fjarskiptatækni og -þjónustu á þessum sviðum.“ Hinn einkennilegi lestur á þessu hlaðborði ályktana Evrópuráðsins undrar mig. Það er virkilega hægt að sækja í sjóð Evrópuráðsins til þess að efna sér í skynsamlega umræðu til þess að reyna að átta sig á því hvaða atriði væri

rétt að við tækjum til eftirbreytni hér á landi og hentuðu okkar aðstæðum. Eins og fram kemur þarna þarf að taka samræmt á miklu fleiri þáttum en gert er ráð fyrir í frv.

Hæstv. forseti. Þetta er viðamikið mál og kannski ekki alltaf auðvelt að fylgja fyrir fram skipulagðri uppsetningu ræðunnar. Ég vildi aðeins víkja að öðrum þætti þessa máls og hér er hann. Ég var að nefna það að ríkisstjórnin og allshn. hefðu lesið þessi tilmæli Evrópuráðsins með einhverjum sérstökum gleraugum sem aðeins komu auga á tilmælin um takmörkun á eignarhaldi. Það sem þá blasir við og maður getur lesið í þessum textum er að Evrópuráðið segir sjálft að í flestum aðildarríkjum þess sé verið að hverfa frá áherslu á takmörkun eignarhalds í fjölmiðlun. Af hverju eru menn að hverfa frá þeirri áherslu sem ríkisstjórnin hér vill taka upp? Það er eins og vant er að þegar við höfum ekki fylgst með í Evrópu, erum komin aftur úr öllum öðrum þjóðum, rjúkum við til og ætlum að fara að gera eitthvað en þá lenda menn í því að fara að setja lög og reglur hér sem menn eru búnir að fá þá reynslu af í öðrum löndum að gangi ekki upp. Ástæðan sem tilgreind er hjá Evrópuráðinu eða niðurstaða 40 ríkja sem fjalla um þetta og hafa víða yfirsýn í Evrópu fyrir því að menn eru að hverfa frá áherslu á takmörkun eignarhalds í fjölmiðlum er að það er svo auðvelt að fara í kringum það. Þá erum við komin að því sem skiptir máli en hættan er sú að þessi lög ríkisstjórnarinnar hafi lítil sem engin áhrif.

Það er hættan við lagasetningu af þessu tagi. Það eru tvær hættur, annars vegar að inngripið sem verið er að gera með boðum og bönnum hafi í för með sér það mikla skerðingu á rekstrarmöguleikum fjölmiðlafyrirtækja að þar verði um að ræða rekstrarstöðvun, gjaldþrot og vandræði í rekstri og hins vegar að farið verði í kringum lögin eins og í Evrópulöndunum. Hinir raunverulegu eignaraðilar finna þá leiðir með einhverjum hætti til að stjórna og ráða þessum fjölmiðlum áfram. Í hvoru tilfellinu sem er nær frv. ekki markmiði sínu sem er að tryggja fjölbreytni og lýðræðislega umræðu fyrir almenning í landinu.

Í áliti allshn. stendur að þar standi eftir sú ályktun meiri hlutans að „ætla verði löggjafanum eðlilegt svigrúm til þess að bregðast við þeirri vá sem almannaheill stafar af óeðlilegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði hér á landi". Þá er spurningin: Hver er þessi vá? Hugsanlega vondir, óheppilegir eigendur. Ritstjóri Morgunblaðsins sagði einhvers staðar að sumir væru heppnir með eigendur og aðrir óheppnir. Sannleikurinn er sá að í sjónvarpsrekstrinum hér hafa menn lengst af verið mjög óheppnir með eigendur. Frumkvöðlarnir sem komu Stöð 2 af stað voru miklir bjartsýnis- og hugsjónamenn og eiga hrós skilið sem frumkvöðlar en þeir steyptu félaginu í miklar skuldir og við tók eignarhald sem var mjög brokkgengt þar sem skiptust á kaup og sölur og mikil átök innan hluthafahópsins. Fyrirtækið var meira og minna stjórnlaust löngum stundum og reksturinn kannski eftir því. Upp úr því náði Jón Ólafsson athafnamaður öllum tökum á félaginu og það er spurning hvort hann hafi í ljósi sögunnar verið heppilegur eigandi miðað við þá miklu rekstrarörðugleika sem upp komu í tíð hans.

Það er erfitt að átta sig á því hvað átt er við með vondum eigendum og góðum eigendum. Ég hef tilhneigingu til að skilgreina góðan eiganda þannig að hann sé tiltölulega afskiptalítill um ritstjórnarstefnu fjölmiðilsins en sjái hins vegar til þess að nægilegt fjármagn sé í rekstrinum og annist endurnýjun á tækjum, tólum og tækni þannig að fjölmiðillinn eigi greiða leið til almennings.

Hin skýringin er hugsanlega sú að um sé að ræða misnotkun á eignarhaldi. Það kann að felast ákveðin ógn í eignarhaldinu sjálfu, ógn um að því kunni að verða misbeitt. Við höfum hlýtt á það hér á hv. Alþingi að stjórnarherrarnir líta svo á að eigendur fjölmiðlasamsteypunnar Norðurljósa hafi misnotað fjölmiðlana sína, að blaðamenn séu í rauninni ekkert annað en viljalaus verkfæri í höndum eigenda og láti bjóða sér að þeir séu misnotaðir í þágu eigendanna til þess að ráðast á hæstv. ríkisstjórn, hæstvirta ráðherra og þar fram eftir götunum.

Við sáum þetta t.d. í Viðskiptablaðinu 5. maí þar sem forsrh. segir: „Ef einhver hefur velkst í vafa um það að fjölmiðlar kynnu að hafa verið misnotaðir í þágu eigenda, þá hafa allir fyrir framan sig einhver hrikalegustu dæmi um það sem við höfum séð, ekki bara á Íslandi, heldur í þessum heimshluta." — Það er gott að menn eru sigldir. Ég hef dvalið langdvölum erlendis, bæði í Frakklandi og í Svíþjóð, og þar eru tiltölulega kurteisir fjölmiðlar en samt er harkalega tekið á stjórnmálamönnum og óvægin gagnrýni sem þar kemur fram oft og tíðum, ekki síst í sjónvarpi. Fari maður síðan í önnur lönd, eins og t.d. til Bretlands, er nú ekki verið að spara skotfærin. Ég fullyrði að íslenskir fjölmiðlar hafa aldrei komist í hálfkvisti við það sem bresku götublöðin leyfa sér í framkomu og gagnrýni, nánast við að hundelta opinberar persónur í Bretlandi. Þessi fullyrðing forsrh. getur varla talist mjög vísindaleg.

Menntmrh. og félmrh. hafa veifað hér DV í ræðustól og tekið, a.m.k. félmrh., grínsíðu og hæðnissíðu um forsrh. sem dæmi um að þarna sjái menn að setja þurfi lög. „Þetta verður að stöðva," sagði félmrh., en mér er sagt að það efnisatriði hafi verið strokað út úr þingtíðindum. Svo er sagt.

Fjmrh. Geir H. Haarde hefur sagt að Kim Il Sung opnan í DV hafi verið sjúkleg. Hann verður náttúrlega að standa fyrir ... (**JÁ:** Í hvaða merkingu?) Eflaust vantar orðskýringu á því en þessi skilgreining á húmor hefur oft verið tekin upp. Það eru þessi einkunnarorð á húmor að hann sé sjúkur, „sick humor". Ég veit að hv. þingmaður kannast eflaust við það. Ef ég man rétt var það kímni sem þeir ástunduðu í Útvarpi Matthildi, Davíð Oddsson, núverandi forsrh., Hrafn Gunnlaugsson og Þórarinn Eldjárn. Við höfðum gríðarlega gaman af því á þeim árum sem við vorum að skríða til stúdentsprófs hér, ég norðan heiða en þeir sunnan þeirra.

Það sem þarna liggur fyrir er að verið er að gagnrýna af hálfu stjórnvalda efnistök, uppsetningu, framsetningu og innihald í fjölmiðlunum. Látið er að því liggja að það kunni að vera ein af ástæðunum fyrir nauðsyn þess að setja þessi lög sem hér er ætlunin að þrýsta í gegn. Þá spyr maður sig náttúrlega: Hvað er í gangi? Ég held að það sé lágmarksskilyrði til að grípa til slíkra aðgerða að fyrir liggi, ekki bara huglægt mat einstakra stjórnmálamanna sem hafa orðið fyrir gagnrýni, heldur rannsóknir, rökstutt álit frá fræðimönnum. Ég tók sérstaklega eftir því að Sigríður Árnadóttir, fréttastjóri Stöðvar 2, hafði frumkvæði að því að láta Háskólann á Akureyri meta frásagnir Stöðvar 2 af fjölmiðlafrumvarpinu sem hér er til umræðu, miðað við frásagnir Ríkisútvarpsins. Þetta finnst mér afskaplega lofsvert frumkvæði. Samkvæmt útvarpslögunum hvíla ríkar skyldur á Stöð 2, ríkar skyldur til að hafa lýðræðislega umræðu og jafnvægi í allri umfjöllun. Það varðar við missi útvarpsleyfis ef þeirri sjálfsögðu skyldu er ekki sinnt. Þess vegna leggur hún mikið undir, enda veit ég að þar er metnaður til að halda vel á málum. Allar aðfinnslur í þessa veru varðandi einstakar fréttir, einstakt efni

fjölmiðlanna, verður að styðja með rökum, rannsóknum og athugun yfir lengri tíma.

Ég er enn að tala um eignarhaldið og bannákvæðin í frv. Áður en ég lýk því langar mig til að koma aðeins inn á tilurð Norðurljósa.

Málið er mér ekki alveg óskylt. Ég var fyrsti ritstjóri Fréttablaðsins en var horfinn af þeim vettvangi áður en fyrirtækið varð gjaldþrota. Þá kom mér það ekki á óvart að Baugsmenn hefðu fjárfest í Frétt ehf. Ég fagnaði því að nýr aðili væri kominn að Fréttablaðinu til að tryggja útgáfu þess. Ég fagnaði því líka þegar sami aðili bjargaði eftirhreytunum eða hirti eftirhreyturnar, hvort sem maður vill nú segja, bjargaði eða hirti upp. Það fer eftir því hvort maður hefur jákvæða eða neikvæða afstöðu til þeirra sem þar stóðu að málum. Ég fagnaði því að þessir fjölmiðlar lognuðust ekki út af, að sjálfsögðu. Ég var samt mjög undrandi þegar þessu fylgdu svo eignabreytingar, sala Jóns Ólafssonar á Stöð 2 og Norðurljósum þegar tilkynnt var að Baugur og aðilar honum skyldir hefðu tekið þar við taumunum. Það fannst mér vera einhvers konar gleypugangur og ég, eins og margir aðrir, undraðist þessa athöfn. Ég sá heldur ekki hvaða rök lægju fyrir því að reka saman dagblað og sjónvarpsstöð við þáverandi aðstæður. Kannski má finna fyrir því rök eftir því sem tækninni vindur fram. Miðað við þekkingu mína á þessum rekstri sá ég það ekki beinlínis. Þegar viðskiptahugmyndin var hins vegar loksins kynnt var maður kannski tilbúinn til að gefa hugmyndinni möguleika því að rökin fyrir uppbyggingu Norðurljósa voru sem sagt þau að til stæði að mynda öflugt fjölmiðla- og afþreyingarfyrirtæki sem hefði innan vébanda sinna, ekki bara sjónvarpsrásir, heldur líka dagblöð og hefði þar fyrir utan afþreyingarfyrirtæki eins og Skífuna og kvikmyndahús. Rökin fyrir því voru þau að einungis með þessum hætti væri hægt að mynda nógu sterkt og fjölbreytt fyrirtæki til að fara með á markað. Sannleikurinn er sá að gerðar hafa verið tilraunir og menn hafa haft áform um að fara með Stöð 2 á markað oftar en einu sinni en það hefur alltaf mistekist vegna þess að reksturinn var of einhæfur og fjárhagsgetan, stöðugleikinn ekki nógu mikill í umhverfinu.

Þannig var greinilega viðskiptahugmynd eigendanna að fyrirtækið væri skráningarhæft á markaði með þessum stoðum. Kosturinn við að fara á markað er sá að þá eru kvaðirnar á upplýsingagjöf gríðarlega miklar og möguleikar þeirra eigenda sem hafa tekið að sér að endurskipuleggja þetta fyrirtæki í einni heild og fjölmiðlafyrirtækið sem slíkt eru þá þeir, eftir að hafa endurskipulagt fyrirtækin með góðum árangri, grynnkað á skuldum og gert þau verðmætari en þau voru áður, að losa sig við þau verðmæti til fleiri fjölmiðla og finna út eignaraðild sína. Það er það sem ég átti við áðan um það að ef þessi áform hefðu fengið að vera í friði fyrir valdsherrunum hér hefði markaðurinn kannski séð um þetta sjálfur. Hefðu þá ekki frjálshyggjumennirnir, ungu drengirnir sem sátu í allshn. og véluðu þar um, án þess að þar væri um mikla sjálfstæða umfjöllun að ræða, fagnað því að geta sannað yfirburði markaðarins með slíkum hætti? Ég trúi því. Núna fá þeir ekki að upplifa hvers konar töfratæki markaðurinn getur verið ef allar áætlanir ganga eftir. Markaðurinn er tæki sem sjálfsagt er að nota og getur oft og tíðum komið góðu til leiðar.

Það sem gerst hefur hér með þessu frv. — ég er enn að tala um bannákvæðin og vek athygli á því að ég hef alveg haldið mig við efni frv. í þessari ræðu. Ég er enn þá að tala um a-liðinn og eru þá fjórir liðir eftir í 1. gr. Ég á enn eftir að ræða hér talsvert um útvarpsréttarnefnd sem var annar liðurinn og síðan um reynslu mína af fjölmiðlum hér á landi á síðustu árum.

Sá gjörningur sem við erum að horfa upp á hér kemur í veg fyrir að fyrirtæki geti farið á markað. Það liggur alveg fyrir. Þeir sem segja að þetta sé ekki róttækt ákvæði fara villir vegar, þetta er ákvæði um að brjóta upp Norðurljós sem fjölmiðlasamsteypu. Þetta er ákvörðun um að Norðurljós verði brotin í sundur. Þetta er ákvörðun um að koma í veg fyrir að viðskiptaáætlun sem að baki stofnunar þessa fyrirtækis liggur komist aldrei til framkvæmda. Ég held að atriði af þessu tagi hljóti að gera það að verkum að þetta frv. þoli ekki skoðun og meðferð hjá evrópskum dómstólum, hjá evrópskum eftirlitsstofnunum og ekki hjá Samkeppnisstofnun á Íslandi.

Áður en ég vík frá þessu efni og áður en ég kem að umræðunni um útvarpsréttarnefnd, sem er afskaplega skemmtileg og fróðleg umræða fyrir þá sem hafa áhuga á útvarpslögum og tæknilegri framkvæmd þeirra, langar mig aðeins til að tala um reynslu mína í þessum efnum.

Ég er sannfærður um að ef eitthvað er hættulegt frjálsri fjölmiðlun, sjálfstæði fréttamanna, eru það blankir fjölmiðlar. Blankheitin eru miklu hættulegri en ríkir einstaklingar, íslenskir auðjöfrar og þar fram eftir götunum. Þess vegna má kannski segja að frv. sem hér liggur fyrir miði að því að allir fjölmiðlar verði áfram blankir í landinu eins og þeir hafa verið fram að því að íslenskir auðmenn fóru að dæla *inn peningum í Norðurljós. Þá erum við komin að því* hvort það verði ekki til þess í framhaldinu að niðurstaðan af þessu brölti ríkisstjórnarinnar verði fábreyttari fjölmiðlun.

Fyrir um þremur árum var ég, hæstv. forseti, að vinna sem deildarstjóri í fyrirtæki hér í bæ og sá þar um almannatengsladeild. Þá komu að máli við okkur útgefendur DV sem þá voru Eyjólfur Sveinsson og Sveinn Eyjólfsson og viðruðu mjög merkilega hugmynd. Þeir vildu að við skoðuðum sjálfstætt það sama og þeir voru að skoða. Ég gerði í framhaldi af því úttekt á nýju fyrirbæri sem var að ryðja sér til rúms í borgum Evrópu og líka í Bandaríkjunum, svokölluðu „free paper". Það voru blöð sem var deilt út til þeirra sem eru á hreyfingu í borgum, getur maður sagt. Þeim var deilt út á morgnana á lestarstöðvum, flugvöllum, umferðarmiðstöðvum, alls staðar þar sem mikill fjöldi fólks fór um. Menn gátu tekið sér eitt eintak og lesið það á leiðinni á áfangastað. Þetta voru blöð með stuttar fréttir til að lesa á leiðinni, blaða í gegnum. Þau nutu strax mikilla vinsælda, voru mikið lesin og urðu eftirlæti auglýsenda. Þau eru orðin útbreidd og er að finna mjög víða í borgum, bæði víða í Evrópu, Skandinavíu, Frakklandi, Hollandi, og sums staðar í Bandaríkjunum. Við skoðuðum þessi blöð og komumst að sömu niðurstöðu og þeir DV-feðgar, að það vantaði fólk sem væri „á leiðinni" hér á Íslandi. Hér væru menn aldrei á leiðinni í gegnum einhverjar miðstöðvar í slíkum mæli að menn mundu hirða upp blað í það stórum stíl að auglýsendur vildu auglýsa í slíku blaði.

Þó kom upp sú hugmynd að láta blaðið liggja frammi í verslunarmiðstöðvum sem eru kannski slíkar miðstöðvar hér á landi. Reynslan af að láta liggja blöð þar frammi var samt ekki talin góð eða ekki talið líklegt að það hefði aðdráttarafl fyrir auglýsendur. Niðurstaða almannatengsladeildarinnar hjá mér og hjá þeim DV-feðgum var sú að svona blað sem væri gefið væri aðeins hægt að gefa út með því að dreifa því inn á hvert heimili. Það var byrjað að dreifa því

inn á hvert heimili í Reykjavík og síðan smám saman út um landsbyggðina. Þetta hafði hvergi verið reynt í heiminum og sýndist vera óðs manns æði. Samt lögðu hinir vösku menn í þetta ævintýri og úr varð að ég samþykkti að ritstýra þessu blaði fyrstu sex mánuðina.

Ég var þó alls ekki á leið í mitt gamla ritstjórastarf. Eins og kannski hv. þm. sumir vita og muna erum við hér nokkrir samfylkingarþingmenn sem höfum allir haft þá ánægju að bera titilinn ritstjóri Þjóðviljans. Það voru skemmtilegir tímar ... (**Gripið fram í:** Skemmtilegt blað.) (**Gripið fram í:** Já, það var skemmtilegt blað.) Já, ég held að Þjóðviljinn hafi verið á köflum mjög hressilegt blað. Ég man t.d. að á tímabilinu 1974–1978 sem var undanfari kosningasigursins mikla 1978 var Þjóðviljinn hresst blað og íhaldsmenn um allt land kepptust við að fá sunnudagsblaðið okkar og lásu það ... (**Gripið fram í:** Hver var þá ritstjóri?) Þá voru Kjartan og Svavar ritstjórar, ég var fréttastjóri blaðsins. Það var öflugur hópur sem kom að Þjóðviljanum þá og öflugur hópur sem var þar á eftir líka, oft skemmtilegir sprettir og tök á Þjóðviljanum. En auðvitað var þetta blað undir pólitískri ráðstjórn. Þegar ég var að byrja mína ritstjóratíð áttum við setu í þingflokki Alþýðubandalagsins. Við vorum hluti af hinu pólitíska apparati flokksins. Síðan losnaði aðeins um þau tök en engu að síður höfðu þingmenn og ráðherrar mjög mikið að segja um allan fréttaflutning og ritstjórnarstefnu blaðsins. Þjóðviljinn þróaðist svo líka með öðrum fjölmiðlum. DV og Vísir breyttu um svip og auðvitað var í gangi þróun sem hélt svo áfram eftir að ég hvarf þaðan frá ritstjórn.

Ég kom sem sagt þarna inn í ritstjórn Fréttablaðsins eftir, hvað á ég að segja, 15 ára hlé í dagblaðamennsku. Við byrjuðum á að ráða vaskan hóp af bæði reyndu fólki og svo ungu og frísku fólki sem við töldum efnilegt. Þessi hópur fór af stað með Fréttablaðið og vann sér til húðar við að koma út blaði með ónýtri prentsmiðju eða lélegri prentsmiðju þar sem útgefendurnir stóðu ekki við áform um það fé sem átti að setja í reksturinn. Það varð að taka fé út úr veltunni í stofnkostnað blaðsins. Það olli gríðarlegum erfiðleikum í rekstrinum frá degi til dags og menn vissu aldrei eiginlega að kvöldi hvort blaðið kæmi út að morgni, hvort blaðberarnir fengju borgað eða hvort menn fengju laun um hver mánaðamót. Þegar upp var staðið eftir sex mánaða tímabilið hafði ritstjórinn ekki fengið laun í þrjá mánuði. Þannig var ástandið. Engu að síður tókst þessum vaska hópi sem var á Fréttablaðinu þá að forma blað í meginatriðum eftir þeirri hugmynd sem við ætluðum og sem hefur í meginatriðum sýnt sig að átti erindi. Síðan seig á ógæfuhliðina eftir því sem leið á veturinn þó að blaðinu væri gríðarlega vel tekið hjá almenningi. Það var vissulega ófullkomið en mæltist samt vel fyrir. Svo kom að um vorið stöðvaðist rekstur blaðsins og rekstrarfélagið varð gjaldþrota. Fjölmiðlasamsteypa þeirra DV-feðga, eins og þeir voru kallaðir eins og við þekkjum, hrundi og nýir eigendur tóku við báðum blöðunum. Þá hafði útgáfa þeirra beggja stöðvast um tíma og tugir blaðamanna og starfsmanna blaðanna stóðu atvinnulausir sem og starfsmenn í prentsmiðju.

Það er engum blöðum um það að fletta að þetta var hörmungarástand. Þess vegna skilur maður starfsfólkið vel. Hér hafa verið lesin upp bréf frá starfsfólki fjölmiðla, starfsfólki Stöðvar 2 sem hefur sent persónuleg bréf sem sýna okkur inn í þá kviku sem þar er undir. Þetta er allt saman fólk sem hefur haft yfir sér rekstrarstöðvun, yfirvofandi uppsagnir, hefur lent í hremmingum út af því að hafa lagt út á þá braut að vinna hjá blönkum fjölmiðlum og hefur séð fram á betri tíð, meiri stöðugleika, meira tekjuöryggi og spennandi verkefni, en sér nú aftur fram á það að hugsanlega sé verið að kippa fótunum undan þessu öllu saman. Ég hef mikla samúð með þessu fólki, ekki síst fyrrverandi samstarfsmönnum mínum á Fréttablaðinu sem margir vinna þar enn þá og hafa staðið sig frábærlega vel. Mér sviður það þegar verið er að bera þeim á brýn að þeir gangi erinda eigenda blaðsins.

Það sem kom mér mjög á óvart þegar ég settist í ritstjórastól á Fréttablaðinu var að viðhorfið hjá blaðamönnum, reynslan og þekkingin, hefur tekið stakkaskiptum. Þá er ég ekkert að segja að við hv. þm. Mörður Árnason höfum verið lélegir blaðamenn eða ekki kunnað til verka. Við vorum frábærir blaðamenn, góðir í íslensku og kunnum vel að beita penna þegar sá gállinn var á okkur. Það voru samt allt önnur viðhorf í gangi, miklu harðari, og mér fannst allt þetta fólk hafa lært að draga miklu meira mörkin milli blaðamennsku og umhverfisins. Menn virkilega stóðu, nánast allir sem einn, vörð um það að ekki væri hægt að draga stöðu þeirra og heiðarleika sem blaðamanna í efa. Það var forgangsmál þeirra. Eitt helsta einkenni margra þeirra blaðamanna sem ég kynntist þarna aftur eftir 15 ára hlé var að broddarnir voru út á þeim um leið og þeir héldu að með einhverjum hætti væri verið að reyna að hafa áhrif á þá, fá þá til að ganga erinda einhverra eða að sinna málum sem þeir töldu að væri ekki rétt mat að sinna. Það kom mér á óvart hvað þessi heimur var gjörólíkur þeim sem ég hafði farið frá fyrir 15 árum.

Engu að síður hefur maður auðvitað tilfinningar og taugar til samstarfsmanna, sérstaklega hjá Frétt ehf., á Fréttablaðinu. Þess vegna langar mig til að vitna í umsögn Starfsmannafélags Fréttar ehf. um fjölmiðlafrumvarpið sem hér er til umræðu. Ég held að hún lýsi mjög vel hvernig því fólki líður sem vinnur á blöðunum og aðstandendum þeirra um þessar mundir.

„Starfsmannafélag Fréttar ehf. harmar að hafa ekki fengið nægan tíma til að skoða hugsanlegar afleiðingar fjölmiðlafrumvarpsins og því telur félagið sig ekki geta metið að fullu hvaða áhrif það muni hafa á hagsmuni félagsmanna sinna.

Starfsmannafélag Fréttar ehf. telur það frumvarp um fjölmiðla sem hér er til umsagnar, þar sem stefnt er að þrengingu á eignarhaldi og banni við samrekstri prentmiðla og ljósvakamiðla, gangi gegn eigin markmiðum um fjölbreytni fjölmiðla og muni þess í stað draga úr mætti og fjölbreytni íslenskra fjölmiðla.

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Við mat á þeim úrræðum, sem til greina kemur að mæla fyrir um til að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði, er óhjákvæmilegt annað en að líta til smæðar íslenska markaðarins. Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra."

Það er mat okkar að frumvarpið geri einmitt þetta; raski rekstrargrundvelli þess fyrirtækis sem við störfum fyrir. Hvorki í skýrslu nefndar sem lögð var til grundvallar frumvarpsins né í greinargerð með frumvarpinu eru gerðar tilraunir til að meta afleiðingar frumvarpsins á framtíð fjölmiðlafyrirtækja. Á meðan frekari upplýsingar eru ekki fyrir hendi um hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á rekstrargrundvöll íslenskra fjölmiðlafyrirtækja teljum við að fresta eigi frekari umræðu á Alþingi.

Við teljum að alþingismenn hafi ekki forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um innihald frumvarpsins, verði það sam-

þykkt í vor, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Þá viljum við minna á að nefndarmaður fjölmiðlanefndarinnar, Guðmundur Heiðar Frímannsson, hefur sagt í útvarpsviðtali að efni frumvarpsins hafi fengið afar litla umfjöllun af hálfu nefndarinnar. Starfsmannafélag Fréttar ehf. telur það óviðunandi að Alþingi Íslendinga taki ákvörðun um hagsmuni okkar án þess að afleiðingar frumvarpsins hafi verið metnar vandlega.

Margir starfsmenn Fréttar ehf. þekkja af eigin raun gjaldþrot vinnustaða, með tilheyrandi óvissu og erfiðleikum við að standa við eigin skuldbindingar. Það er reynsla sem við óskum hvorki okkur né öðrum í framtíðinni. Rekstur fjölmiðla á Íslandi hefur alla tíð markast af rekstrarerfiðleikum og skorti á fjárfestingarfé. Í því ljósi teljum við að takmörkun sú sem í frumvarpinu felst sé til þess fallin að gera það afar ófýsilegt að fjárfesta í fjölmiðlum. Bann við samrekstri prentmiðla og ljósvakamiðla er einnig vafasamt þegar fjölmiðlun er í örri þróun og stefnir í þá átt að skilin milli farvegs tjáningarfrelsisins á prenti eða á öldum ljósvakans verði ekki jafnafgerandi og nú er.

Niðurstaða okkar er að núverandi frumvarp sé vanhugsað og verði það að lögum á þessu þingi sé sú niðurstaða móðgun við almenna skynsemi og lýðræðishugsun."

Hæstv. forseti. Ég bið afsökunar ef ég hef gleymt að biðja yður leyfis til að lesa upp úr þessu plaggi.

(**Forseti** (ÞBack): Tekið til greina.)

Ég skal reyna að muna það framvegis. Ég hef mér það til afsökunar að þingvani minn er ekki langur.

Enn hef ég ekki lokið að ræða um eignarhald. Ég er enn þá að ræða um a-liðinn í frv. forsrh. og brtt. hv. allshn. Það sem mig langaði að ræða aðeins var einmitt þetta sem þau víkja að á Fréttablaðinu sem þau kalla samrekstur prentmiðla og ljósvakamiðla sem líka hefur verið nefnt krosseign. Á bls. 73 í nefndaráliti frá minni hluta allshn. er aðeins fjallað um þetta mál. Mig langar til að víkja að því.

Þar er spurning um hvort efnislega gildi hliðstæðar reglur annars staðar á Vesturlöndum, þ.e. um bann við krosseign eða samrekstri prentmiðla og ljósvakamiðla. Það er alltaf fróðlegt að hugsa sér hvað mundi gerast ef þessi lög sem ætlunin er að við setjum hér á Íslandi yrðu látin gilda um alla Evrópu. Hvað ef þau yrðu látin gilda í Bandaríkjunum? Það er til að mynda mjög fróðlegt nýlegt dæmi um tilraunir heilbrrh. til að koma á viðmiðunarverði fyrir samanburðarlyf í nokkrum flokkum mjög algengra lyfja. Ég man eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., tók það dæmi á ráðstefnu sem við héldum í Samf. á laugardaginn var. Hann hafði eftir glöggum manni að ef þessi viðmiðunarverðskrá yrði látin gilda um alla Evrópu, gengi í gildi á Íslandi og yrði svo tekin upp í öllum Evrópulöndum, mundi evrópskur lyfjaiðnaður leggjast niður samstundis. Allur evrópskur frumlyfjaiðnaður mundi leggjast niður. Þetta getum við notað sem próf á löggjöf sem verið er að setja. Hvað ef hún gilti erlendis líka? Það er einmitt það sem Norðurljós gerðu þegar þau leituðu til erlendra sérfræðinga um tjáningarfrelsi og löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum, bæði í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu, þeirra Floyds Abrams frá Bandaríkjunum og Filips van Elsen frá Belgíu. Niðurstaða þeirra varð að engar hliðstæður í þessu efni væri að finna á sameinuðum Vesturlöndum. Hvergi í þessum heimshluta, hvergi á Vesturlöndum er að finna svona lagareglur. Ef slíkar lagareglur yrðu lögfestar t.d. í Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Bretlandi eða Bandaríkjunum mundu þær leiða til lokunar á flestum einkareknum sjónvarpsstöðvum sem eitthvað kveður að í þessum löndum. Það er ekkert annað. Haldið þið ekki að menn rækju upp ramakvein um alla Evrópu ef þetta yrði?

(**Gripið fram í:** Heldur betur.)

Þannig kom t.d. fram að fjögur stærstu sjónvarpsfyrirtækin í Bandaríkjunum, það sem er kallað TV networks upp á ensku, sem ég veit að formanni Samf., hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, er vel kunnugt, sem öll sjónvarpa gjaldfrjálst til allra fylkja í því stóra ríki eru hvert um sig í eigu fyrirtækja sem ugglaust yrðu talin markaðsráðandi ef íslensk mælistika yrði lögð á þau og hvert þeirra hefur annars konar rekstur að meginmarkmiði. General Electrics, sem er stærsta fyrirtækjasamstæða heimsins og fjárfestir aðeins í markaðsráðandi fyrirtækjum, yrði að losa sig við NBC. Walt Disney kompaníið, sem er ekkert smáfyrirtæki heldur, yrði að losa sig við ABC-sjónvarpsstöðina. Viacom, fjölmiðlafyrirtækið, yrði að losa sig við CBS-sjónvarpsstöðina. Rupert Murdoch yrði að losa sig við Fox.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti óskar eftir að fá upplýsingar hjá hv. þingmanni um hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Ég á alveg eftir þriðja hluta ræðu minnar og (Gripið fram í.) ég spái að það taki mig a.m.k. hálfa klukkustund að gera grein fyrir útvarpsréttarnefnd og skoðunum mínum varðandi það atriði.

(**Forseti** (ÞBack): Þá óskar forseti eftir því að hv. þingmaður ljúki ræðu sinni eftir hlé. Nú verður gert matarhlé milli klukkan sjö og átta. Mun hv. þm. ljúka ræðu sinni að hléinu loknu.)

Hæstv. forseti. Ég mun að sjálfsögðu fara að tilmælum forseta.

[Fundarhlé. — 19:02]

[20:01]

Einar Karl Haraldsson (frh.):

Hæstv. forseti. Í ræðu minni fyrir matarhlé fjallaði ég aðallega um a-lið b-liðar í brtt. með frv. til laga um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum sem við höfum fengið frá meiri hluta allshn. Það er sá liður sem fjallar um fimmfalt bann og margs konar takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum og sem gerir það að mínu mati að verkum að hér er farið offari og stofnað í hættu sjálfum markmiðum frv. um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Einkenni fjölmiðlamarkaðarins í dag er einmitt að þar er meiri fjölbreytni en oft áður og meiri samkeppni. Þær framtíðarógnir og sú vá sem er fyrir dyrum sem allshn. kallar svo og frv. virðist eiga að stemma stigu við hafa ekki verið nægilega rökstuddar. Ekki hefur heldur verið nægilega rökstutt af hendi ríkisstjórnarflokkanna að ekki sé hægt að bægja henni frá dyrum, ef hún er fyrir hendi, og að sú meinta samþjöppun sem er á eignarhaldi skapi slíka ógn að ekki sé hægt að ná markmiðinu með vægari og mildari aðgerðum, og jafnframt aðgerðum sem ættu að geta skilað okkur meiri árangri.

Í síðari hluta ræðu minnar vil ég gera a-lið brtt. að umræðuefni, þ.e. breytingu við 1. gr. í útvarpslögunum eins og þau eru nú. Það segir að greinin skuli orðast svo, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal

varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á."

Í athugasemdum við þessa tillögu segir:

„.... skipan útvarpsréttarnefndar verði breytt á þann hátt að í stað þess að Alþingi kjósi sjö menn í nefndina verði hún skipuð þremur mönnum, sem ráðherra skipar, þar af meiri hlutann samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að nefndin verði sjálfstæð og óháð í störfum sínum og að ákvarðanir hennar feli í sér fullnaðarúrlausn mála innan stjórnsýslunnar, sbr. 6. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Samhliða því sem auknar kröfur eru gerðar til eftirlits af hálfu nefndarinnar er jafnframt lagt til að allir nefndarmenn og varamenn þeirra skuli uppfylla sams konar kröfur og gerðar eru til starfsgengis héraðsdómara í því skyni að tryggja enn frekar hlutlægni í störfum nefndarinnar."

Hér er verið að breyta skipan útvarpsréttarnefndar í grundvallaratriðum. Hins vegar er ekki með neinum hætti gert ljóst í hverju þær auknu kröfur eru fólgnar sem gerðar eru til eftirlits af hálfu nýrrar nefndar, miðað við það sem áður var og hefur tíðkast sl. 20 ár. Af því sem hér stendur og því sem ég hyggst ræða og reifa á eftir er augljóst að þessi nefndarskipan er í rauninni miðuð við frv. forsrh., breytingar við það og þær greinar sem þar koma inn nýjar í útvarpslögin, en ekki við útvarpslögin sjálf og framkvæmd þeirra. Það er erfitt að sjá á hvaða hátt þessi nefnd verður annað en nokkurs konar dómstóll yfir úthlutun útvarpsleyfa. Það er ekki hægt að lesa út úr textanum eins og hann stendur, hvorki tillögugreininni né skýringunum, hvernig þessir þremenningar eiga að rækja eftirlitsstörf sín og hafa áhrif á framkvæmd útvarpslaganna. Þar er skilað auðu og við fáum ekki um það að vita.

Þetta leiðir hugann að þeim ágöllum sem hafa verið á starfi núverandi útvarpsréttarnefndar sem starfað hefur um nærfellt 20 ára skeið. Kannski er rétt að fara aðeins yfir það í byrjun hvernig hún kom til. Árið 1985 varð verkfall opinberra starfsmanna sem lauk með því að starfsmannafélag útvarpsins stöðvaði útsendingar útvarps. Þá voru hér nokkrir frjálshyggjumenn, m.a. Kjartan Gunnarsson, núverandi framkvæmdastjóri Sjálfstfl. og stjórnarmaður í Landsbankanum, sem stofnuðu til útvarpsreksturs og spruttu upp margar svokallaðar ólöglegar útvarpsstöðvar sem aðstandendur þeirra vildu kalla frjálsar útvarpsstöðvar. Í kjölfar þess var einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarps- og sjónvarpssendinga afnuminn og sett útvarpslög um rekstur einkarekinna stöðva. Í þeim lögum sem tóku gildi 1986 er útvarpsréttarnefnd falin framkvæmd mikilvægra verkefna. Það er ekki hægt að lesa útvarpslögin sem að stofni til eru frá þessum tíma, en hefur verið breytt síðan, öðruvísi en að nefndinni hefði verið ætlað að hafa allrúmt umboð til að móta starfssvið sitt frá upphafi. (**RG:** Mætti Kjartan vera áfram formaður í útvarpsréttarnefndinni?) Ég efast um að hann hafi gegnt lögmannsstörfum upp á síðkastið þannig að hann hafi hæfi lögfræðings. Ég kann annars ekki þannig skil á menntun hans að ég geti svarað fyrir um það. Hann lagði hins vegar til á fundi allshn. að skipan útvarpsréttarnefndar yrði breytt og sagði að samkvæmt hugmyndum valdhafanna hér yrði henni breytt í slíkum grundvallaratriðum að hann sæktist ekki eftir því að leiða nefndina áfram og mæltist til þess að hún yrði kosin í sumar svo núverandi útvarpsréttarnefnd gæti lokið störfum sínum um mitt sumar og ný útvarpsréttarnefnd tæki þá við og héldi í öxina fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann þegar kemur að því að búta Norðurljósin niður eða tína þau niður af himinhvolfinu.

Ég ætlaði að fara að vitna í lögin því til stuðnings að nefndinni hefði verið ætlað töluvert starfssvið í upphafi. Í 6. gr. laganna segir:

„Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði."

Þorbjörn Broddason prófessor hefur bent á að hann hafi alla tíð skilið þetta orðalag þannig að í því fælist heimild til nefndarinnar að móta almenn skilyrði fyrir leyfum, þar með talið fjölda leyfa á hverjum stað og hverjum tíma. Á þetta hefur nærri því aldrei reynt vegna þess að stefna nefndarinnar var frá upphafi mótuð, undir forustu framkvæmdastjóra Sjálfstfl. sem lengst af hefur stýrt þessari nefnd, í anda afskiptaleysis og óheftrar samkeppni. Til vitnis um það er viðtal við hann úr Morgunblaðinu frá 1987, þar sem hann segir:

„Útvarpsfrelsi byggist á sömu forsendum og prentfrelsi og annað tjáningarfrelsi. Það orkar því mjög tvímælis hvort sérstök lög þurfi um þessa tegund tjáningar. Þetta tel ég að eigi að taka til endurskoðunar þegar útvarpslögin falla úr gildi í lok ársins 1988. Almenn prent- og meiðyrðalöggjöf ætti að ná yfir ábyrgð á efni og einungis þyrfti að setja reglur um úthlutun tíðnisviða."

Það er nefnilega þannig að ... já, enn láist mér að biðja um leyfi forseta til þess að lesa orðrétt úr texta.

Þetta er ekki í eina skiptið sem komið hefur fram hjá Kjartani Gunnarssyni að hann er það sem hann sjálfur kýs að kalla útvarpsanarkisti. Hann hefur ekkert breytt þeirri skoðun sinni. Það væri fróðlegt fyrir frjálshyggjuþingmennina fyrrverandi sem eru hér ársgamlir á þingi og hafa stjórnað störfum allshn. að kynna sér hversu staðfastur í trúnni á frjálshyggjuna framkvæmdastjóri Sjálfstfl. hefur verið þessi síðustu 20 ár. Hann hefur hvergi hvikað og hann hefur í rauninni sameinað teoríu og praxís í störfum sínum fyrir útvarpsréttarnefnd. Enda segir Þorbjörn Broddason í áliti sínu til allshn., með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdin hefur nær undantekningarlaust verið í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu því útvarps- og sjónvarpsleyfi hafa verið afhent öllum sem hafa vildu. Útvarpsréttarnefnd hefur því í raun haldið á lofti fána stjórnleysis nær óslitið í tæpa tvo áratugi. Þessi stefna — eða stefnuleysi — á sinn þátt í þeirri stöðu sem nú blasir við í íslenskum fjölmiðlum, jafnvel þótt margir aðrir skýringarþættir komi einnig við sögu. Skýrt dæmi um erfiðleika sem útvarpsréttarnefnd átti þátt í að skapa snemma á ferli sínum (vissulega með atbeina ráðherra úr tveim ólíkum ríkisstjórnum) er „Málefni Sýnar hf." eins og það heitir í ársskýrslu útvarpsréttarnefndar 1992–1994. Þetta fyrirtæki hafði orðið sér úti um eftirsóknarverða senditíðni fyrir sjónvarp og ógnaði árið 1991 stöðu Stöðvar 2 sem greip til þess örþrifaráðs að kaupa Sýn hf. þrátt fyrir bágan eigin fjárhag og enga þörf fyrir aðra rás á þessum tíma."

Kannski er rétt að geta þess að bak við þá hógværð sem þarna kemur fram í textanum mun vera hið sanna að Þorbjörn Broddason var þá sjálfur formaður útvarpsréttarnefndar.

En áfram með umsögn hans, með leyfi forseta:

„Í skýrslu útvarpsréttarnefndar 1992 – 1994 er þannig sagt frá (þess ber að geta að 1991 – 1993 var útvarpsréttarnefnd undir stjórn hins formannsins sem kemur við sögu hennar):

„Í samningi sem gerður var samhliða útvarpsleyfi Sýnar hf. dags. 25. júlí 1991 var sett það skilyrði að innan tveggja ára hefði eignarhlutur Íslenska útvarpsfélagsins hf. minnkað úr 70% í 20%.

Í júlí 1993 leitaði útvarpsréttarnefnd eftir upplýsingum um hvort að ofangreind skilyrði hefðu verið uppfyllt. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. var 80% hlutafjár í Sýn hf. selt til þriggja einstaklinga og þar með átti Íslenska útvarpsfélagið hf. 20% hlutafjár eins og kveðið er á í ofangreindum samningi. Útvarpsleyfi Sýnar hf. rennur út 25. júlí 1996."

Kaupendur hlutafjárins voru þrír lögfræðingar sem voru í stjórn Íslenska útvarpsfélagsins, en seljandi mun hafa átt endurkauparétt innan tiltekins árafjölda. Þessi tilraun útvarpsréttarnefndar til að efla fjölbreytni og sjálfstæði í ljósvakanum rann þannig út í sandinn."

Eins og ég nefndi áðan hefur Evrópuráðið einmitt komist að þeirri niðurstöðu að sú leið að setja takmarkanir á eignarhald og þar fram eftir götunum sé því miður þannig að það sé afar auðvelt að fara í kringum hana. Þess vegna er sú leið sem Samf. hefur predikað, þ.e. að setja og styrkja reglur um sjálfstæði ritstjórna, gegnsæi í öllum athöfnum og skipulagi og stefnu fjölmiðlanna og vernd fyrir heimildarmenn, sú stefna sem reynir að tryggja að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum upplýsingum og að fjölmiðlum séu lagðar á hendur skyldur til þess að vera með metnaðarfulla dagskrá. Þær leiðir sem snúa beint að almenningi eru miklu farsælli í þessum efnum.

Áfram með lýsingu Þorbjörns Broddasonar, prófessors:

„Nokkrum árum síðar keypti Stöð 2 annan keppinaut, Stöð 3, fyrir háar upphæðir til þess eins að losna við hana af markaðnum. Spyrja má hvort þessi viðskipti öll hafi ekki farið í bága við h-lið 3. málsgreinar 6. greinar útvarpslaganna sem hefst þannig:

„Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila..."

Hafi því ekki verið að heilsa hefði Alþingi verið í lófa lagið að skýra orðalag í þessari grein til að styrkja valdsvið útvarpsréttarnefndar. Ekki er um seinan að bæta úr þessu og mætti t.d. fara í smiðju hjá Finnum með þetta atriði og önnur. Þar gildir sú sáraeinfalda regla að verði breytingar á hlutafjáreign í fyrirtækjum sem hafa útvarpsleyfi sem leiða til þess að nýir eigendur fái ráðandi hlut, falla leyfin úr gildi (grg. fjölmiðlanefndar). Aðra einfalda reglu hafa Finnar sett sér sem ég tel til mikillar fyrirmyndar og er á þá leið að þeir einir mega neyta atkvæðisréttar í útgáfuhlutafélagi sem skrá hluti sína opinberlega."

Svo mörg voru þau orð Þorbjörns. Ég minni á í þessu sambandi að útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins hefur einmitt í blaðagrein gagnrýnt þau lausatök sem hafa verið á úthlutun útvarpsréttarnefndar á útvarpsleyfum. Hann telur einnig að framkvæmd útvarpslaganna hafi verið of laus í böndunum gegnum tíðina og styður því sjónarmið Þorbjörns um hvernig þetta hefur þróast.

Nú er til að taka að í skýrslu þeirrar nefndar sem vann álit fyrir menntmrh. um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi er talsvert talað um einmitt þá möguleika sem útvarpsréttarnefnd hefur til að tryggja góða framkvæmd útvarpslaganna. Í 9. gr. útvarpslaganna kemur t.d. fram að „útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar."

Þarna hlýtur að felast möguleiki til að ganga eftir því að þessar skyldur séu uppfylltar. Til þess þarf þó útvarpsréttarnefnd að hafa einhver tæki og tól. Hún þarf að hafa möguleika til að hafa eftirlit, yfirsýn til þess að fylgja hlutunum eftir, gera rannsóknir, geta rökstutt mál sitt, hvort brotið hafi verið gegn þessum ákvæðum útvarpslaga og til þess að fylgja því eftir. Auðvitað hefur hún heimild til að svipta menn útvarpsleyfi ef þeir hafa brotið grundvallarreglur, eins og t.d. fælist í því ef eigendur misbeittu valdi sínu til að stjórna fjölmiðlum og gæta hagsmuna sinna en ekki hagsmuna lesenda.

Engir tilburðir hafa verið í þessa átt á vegum útvarpsréttarnefndar enda hefur hún í störfum sínum verið undir áhrifum frá stjórnleysishugmyndum formannsins sem óneitanlega hefur mótað starfið.

Andsvarsrétturinn er líka mikilvægur í útvarpslögunum, réttur þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana „sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá" eða mál þeirra eru afskipt til andsvara „á viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða". Menn hafa sem sagt rétt gagnvart þessum útvarpsstöðvum og brjóti þær í bága við grundvallarréttindi manna ber þeim að leyfa þeim að rétta hlut sinn. Útvarpsréttarnefnd getur auðvitað fylgt þessu eftir og sett mönnum reglur.

Það er fróðlegt að kynna sér í þessu sambandi hugmyndir sem koma fram í grein Páls Þórhallssonar í Morgunblaðinu 2. maí 2004. Þær eru fskj. með minnihlutaáliti úr allshn. og liggja fyrir. Fyrir utan það að verið er að fjalla um nauðsyn þess að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og gera það skýrara og betra en það er í dag segir hann hérna, með leyfi hæstv. forseta:

„Evrópuráðið hefur einnig beint sjónum að hlutverki stjórnvalda sem fara með úthlutun útvarpsleyfa og lagt áherslu á að komið verði á fót sjálfstæðum stjórnvöldum sem hafin séu yfir pólitísk átök."

Það má segja að í þeirri skipan sem lögð er til í sambandi við útvarpsréttarnefnd nú, með því að tveir af þremur fulltrúum verði skipaðir af Hæstarétti, og einn af ráðherra, séu kannski einhver líkindi til þess að það markmið í sjálfu sér náist.

„Í tilmælum nr. (2000) 23 um sjálfstæði og hlutverk stjórnvalda á útvarpssviðinu segir þannig að setja beri reglur sem tryggi að þeir sem eiga sæti í opinberum eftirlitsnefndum sem hafi með höndum úthlutun útvarpsleyfa séu ekki undir áhrifum frá pólitískum öflum né séu þeir í slíkum tengslum við fjölmiðlafyrirtæki að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Þar segir enn fremur að skilgreina beri með skýrum hætti í lögum hver séu helstu skilyrði fyrir því að fyrirtæki öðlist útvarpsleyfi og fái það endurnýjað."

Hér er náttúrlega verið að benda mönnum á að það er hægt að skilyrða útvarpsleyfi með miklu fleiri atriðum en sem lúta að eignarhaldi. Það er hægt að skilyrða útvarpsleyfið með áskilnaði um metnaðarfulla dagskrárgerð, að einhver hluti útsendingartímans sé helgaður t.d. íslensku efni, efni

frá sjálfstæðum framleiðendum, efni sem tengist börnum, fyrir utan þau skilyrði sem þegar eru um textun efnis o.þ.h.

„Í skýringum með tilmælunum segir að útgáfa útvarpsleyfa sé venjulega eitt helsta verkefni stjórnvalda á þessu sviði. Í því felist mikil ábyrgð vegna þess að val á rekstraraðilum ráði úrslitum um jafnvægi og fjölbreytni á þessu sviði fjölmiðlunar. „Jafnvel þótt rásum eigi eftir að fjölga mjög vegna stafrænnar tækni, þá er sem stendur að vissu leyti skortur á rásum til sjónvarpsútsendinga og þess vegna er nauðsynlegt í almannaþágu að úthluta þeim til þeirra aðila sem bjóða besta þjónustu. Að auki gefur úthlutun leyfa færi á að tryggja að útvarpsfyrirtæki þjóni tilteknum almannahagsmunum eins og vernd ungmenna og fjölbreytni," segir þar enn fremur."

Það er athyglisvert að sjá hverjar eru meginniðurstöður Páls Þórhallssonar sem er lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins og öllum hnútum kunnugur. Mig langar að vitna hér, með leyfi hæstv. forseta, í niðurstöðuorð hans:

„1. Ríkisútvarpið er enn ekki nógu sjálfstætt. Kemur þar sjálfsagt margt til. Eitt af því er að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni skipar meiri hluta útvarpsráðs á meðan víðast hvar erlendis, sbr. einnig tilmæli Evrópuráðsins nr. (96) 10, hefur verið fundið fyrirkomulag sem tryggir að slík ráð gæti almannahagsmuna en ekki hagsmuna ríkisstjórnar eða stjórnarflokka. Það þætti til dæmis ekki góð latína á Evrópuvettvangi að pólitískt skipað útvarpsráð fjallaði um umsóknir um stöður fréttamanna. "

Við í Samf. höfum margoft bent á að í fjölmiðlalöggjöf þurfi samtímis að taka á málefnum Ríkisútvarpsins, málefnum einkastöðva, sjónvarpsstöðva og útvarpsstöðva og á málefnum hinna nýju miðla sem taka á sig nýjar myndir og tengjast m.a. möguleikum á stafrænum sjónvarps- og útvarpssendingum.

Í öðru lagi segir Páll í ályktunarorðum sínum:

„2. Stýring og eftirlit með handhöfum útvarpsleyfa er í lágmarki. Stofnanir sambærilegar útvarpsréttarnefnd erlendis hafa gjarnan á að skipa öflugu starfsliði sem undirbýr útboð leyfa, hefur eftirlit með reglum til dæmis um auglýsingar og takmarkanir á sýningu ofbeldisefnis, safnar upplýsingum um markaðinn og óskir neytenda. Þessar stofnanir hafa með sér samtök á Evrópuvísu, European Platform of Regulatory Authorities (www.epra.org) ..." — Mér vitanlega hefur útvarpsréttarnefnd aldrei haft nein samskipti við þessa stofnun og ekki sótt í smiðju hennar að neinu verulegu leyti. Í þessum samtökum er skipst „á skoðunum um framkvæmd reglna sem eru í raun svipaðar frá einu landi til annars vegna tilskipunar ESB um sjónvarp án landamæra og samsvarandi sáttmála Evrópuráðsins. Íslendingar eru ein af fáum Evrópuþjóðum sem ekki sækja þessa fundi og ber það kannski vott um að menn hafa allt of lengi kært sig kollótta um þennan markað, þau vandamál sem upp koma við stýringu hans og það jafnvægi sem þarf að finna milli ólíkra hagsmuna". — Er það ekki dæmigert að loksins þegar menn taka sig til og finna fyrir samþjöppun á markaðnum og þegar sterkur aðili er kominn inn í fjölmiðlun hér sem efnir til samkeppni, bæði við Ríkisútvarpið og Morgunblaðið, skuli menn rjúka til og án langrar umhugsunar detta ofan á alverstu leiðina sem hægt er að hugsa sér að fara til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði hér til frambúðar, þá leið sem Evrópuráðið segir sjálft að menn séu í auknum mæli í öllum Evrópulöndum að hverfa frá? Það hefur komið í ljós að það er svo auðvelt að fara í kringum reglur um eignarhaldið.

Til hvers er þá barist? Auðvitað er það engin réttlæting gegn því að setja lög að einhverjir kunni að brjóta þau en það er líka hægt að fara í kringum þau. Það höfum við séð gerast á fjármálamarkaðnum hvað eftir annað, þar virðast menn sífellt finna nýjar leiðir til að fara fram hjá reglum sem þó eru ærnar á þeim markaði. Stöðugar umræður eru um innherjaviðskipti og meint innherjasvik í milljarðaviðskiptum á Íslandi með hlutabréf, þær eru nánast daglegt brauð hér. Auðvitað er það hygginna manna háttur að huga að og læra af reynslu annarra en það verður ekki gert í skyndingu og þess vegna erum við að súpa seyðið af því að hafa ekki tekið þátt í eðlilegu Evrópusamstarfi á þessu sviði og fylgst með því hvernig mál hafa verið rædd þar, hvernig þau hafa þróast og hvaða reynslu menn hafa aflað sér.

Í þriðja lagi segir Páll Þórhallsson í niðurlagsorðum sínum, með leyfi forseta:

„3. Samþjöppun eignarhalds vekur auðvitað athygli líka en utan frá séð mætir það samt skilningi. Í erlendum skýrslum hefur verið talað um að það þurfi marga milljarða króna á ári til að reka alhliða sjónvarpsstöð og það sér hver maður að færri ráða við slíkt hjá smáþjóð heldur en hjá milljónaþjóðum."

Eins og ég hef rakið hér áður veldur einmitt sú ákvörðun að banna samrekstur sjónvarpsstöðvar og dagblaðs því að Norðurljós geta ekki framkvæmt þá viðskiptahugmynd eigenda að fara með fyrirtækið á markað og bjóða þar hlutabréf til kaups sem hugsanlega gætu leitt til þess að þar yrði dreifðari eignaraðild en nú er. Það er sem sagt verið að koma í veg fyrir að þeirri viðskiptahugmynd verði hrint í framkvæmd og að markaðurinn fái að vinna sína vinnu sem hann gæti hugsanlega skilað. Kannski væri ekki ástæða til að grípa inn í fyrr en í ljós væri komið hvort þær fyrirætlanir sem búa að baki viðskiptahugmyndinni gengju eftir. Auðvitað er ekki hægt að treysta því að þær fyrirætlanir gangi upp en það virðist vera ástæðulaust að grípa inn fyrir fram.

Páll segir áfram:

„Þeir sem búa við samþjöppunina virðast heldur ekki sammála um að fjölbreytni efnis og þá einkum fréttaefnis sé neitt minni en áður."

Það er alveg rétt hjá honum. Við upplifum það í dag að fjölbreytni fréttaefnis er meiri en verið hefur á undanförnum missirum. En auðvitað getur enginn spáð með óyggjandi hætti fyrir um hvað verður á ókomnum árum.

Páll Þórhallsson talar líka um brýnar úrbætur:

„Brýnustu úrbæturnar frá mínum bæjardyrum séð væru því þær að efla stjórnsýslu útvarpsmála til þess að tryggja að þeir mikilsverðu almannahagsmunir sem útvarpslögin kveða á um séu ekki fyrir borð bornir.

Ef menn telja að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sé slík ógnun við frjálst upplýsingastreymi og skoðanamyndun að tafarlausra aðgerða sé þörf væri ein leið að koma strax á fót sjálfstæðri stjórnsýslustofnun sem leysti útvarpsréttarnefnd af hólmi. Hún gæti þegar í stað byrjað eftirlit á grundvelli ákvæðis gildandi laga um að útvarpsstöðum beri að hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og „stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum". Eftir því sem gildandi leyfi renna út væri svo hægt að skilgreina betur, áður en þau eru auglýst aftur, til hvers nákvæmlega er ætlast af leyfishöfum, varðandi til dæmis vægi frétta og innlendrar dagskrárgerðar. Það mætti hugsa sér að sett yrði jafnframt sem skilyrði að innri reglur tryggðu sjálfstæði fréttastjórnar gagnvart eigendum.

Þessi leið væri í góðu samræmi við það sem helst gerist erlendis og engin hætta á að brotið væri gegn stjórnarskránni eða mannréttindasáttmála Evrópu. Að auki þyrfti auðvitað að hafa nákvæmt eftirlit með því að almennar samkeppnisreglur séu ekki brotnar í krafti markaðsráðandi stöðu og ítaka á auglýsingamarkaði.“

Auðvitað er það verkefni Samkeppnisstofnunar að fylgjast með þessum atriðum og það kynni að þurfa að styrkja samkeppnislög sérstaklega til að taka á þessum málum.

„Eins þyrfti auðvitað að skoða betur þann möguleika,“ segir Páll, „að setja almennar reglur sem giltu um alla fjölmiðla til að koma í veg fyrir að einn aðili legði undir sig of stóran hluta af skoðanamótandi fjölmiðlum.“

Hér er í rauninni verið að taka saman þá leiðsögn sem við getum fengið af Evrópuvettvanginum inn í aðstæður okkar hér á Íslandi. Merkilegt nokk er þetta mjög á þeim nótum sem Samf. hefur talað. Við byrjuðum löngu áður en frv. forsrh. um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum kom fram eða brtt. hv. allshn. Samf. hefur lagt fram þingmál um þessi mál.

Það sem mér finnst vera að í greininni um útvarpsréttarnefndina hér og skýringunum við hana er að þetta er í rauninni algjörlega autt blað. Við fáum ekkert að vita um ætlunina með þessa nýju útvarpsréttarnefnd. Innan þess ramma sem lagður er hér upp gæti hún verið með sömu stjórnleysisviðhorfin og núverandi formaður útvarpsréttarnefndar sem hefur mótað starf þeirrar nefndar mestan hluta þess tíma sem hún hefur starfað. Það er engin trygging fyrir því að hún hafi meiri starfsmöguleika til þess að fylgja útvarpslögunum eftir og tryggja fjölbreytni í fjölmiðlunum.

Hér er sem sagt skilað algjörlega auðu, og það er miður. Við fáum ekki að vita í hvaða átt þessi nefnd á að þróast. Eins og ég segi held ég að þetta markist af þeirri fljótaskrift sem er á öllu málinu. Útvarpsréttarnefndin þarna og þær skýringar sem fylgja eru eingöngu hugsaðar út frá þeim breytingum sem fram koma á útvarpslögunum og frv. en ekki út frá framkvæmd útvarpslaganna í heild. Ekkert kemur fram um það hvort þessi útvarpsréttarnefnd verður hótinu skárri eða uppbyggilegri en sú útvarpsréttarnefnd sem setið hefur í anda stjórnleysisins sl. 20 ár.

Ég tel að þarna þyrfti löggjafinn að gefa miklu skýrari vísbendingu. Það er heldur ekkert um það fjallað hver á að kosta störf þessarar nefndar. Það hefur verið til vandræða í rekstri útvarpsréttarnefndar að hún hefur litið á sig sem sjálfstæða stofnun en ekkert ráðuneyti hefur viljað við hana kannast. Þannig hafa óreiðuskuldir hlaðist upp á ríkisreikningi vegna starfa útvarpsréttarnefndar mörg umliðin ár. Ef maður skoðar stjórnsýslu þessarar nefndar er t.d. síðasta skýrslan sem birt er á heimasíðu hennar frá 1997. Sjö ára gömul skýrsla er þar almenningi til sýnis svo hann geti fylgst með því sem er að gerast og þróast á fjölmiðlamarkaðnum fyrir einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Svona fylgist hún með tímanum. Sjö ára dráttur. Það hefur margt gerst á þessum sjö árum, Stöð 2 hefur skipt um eigendur og markaðurinn breyst mjög mikið. Útvarpsréttarnefnd skilar þannig upplýsingum út til þjóðfélagsins. Við fáum ekkert að vita hvaða kostnaðarrammi verður settur um útvarpsréttarnefnd, hvort óreiðuskuldir muni hlaðast upp á ríkisreikningi vegna hennar af því að enginn vill við hana kannast í kerfinu, hvort hún verður þar óhreina barnið hennar Evu til frambúðar.

Varðandi það hvort hin nýja útvarpsréttarnefnd hefur möguleika til þess að framkvæma útvarpslögin eins og þau eru skilar formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, algjörlega auðu blaði. Ég tel að það sýni hvernig núverandi frv. keyrir fram úr meðalhófsreglunni að það er ekki virt að ýmis af þeim vandræðum sem við erum í og sú samþjöppun sem hefur orðið á útvarpsleyfum er til komin vegna stjórnleysisviðhorfa í stjórnsýslu útvarpsréttarnefndar á síðustu 20 árum. Þær hrossalækningar sem menn ætla að grípa til hér af hálfu ríkisstjórnarinnar eru úr öllu hófi fram. Með betri stjórnsýslu, markvissri stefnumótun og með því að framkvæma útvarpslögin væri hægt að stýra þessum málum miklu betur en nú hefur verið gert en um það hvernig þeim verður stýrt í framtíðinni fáum við ekkert að vita. Það eru bara hrossalækningarnar sem gilda.

[20:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir prýðilega ræðu. Við þingheimur nutum þess þar að hv. þm. hefur setið í útvarpsréttarnefnd og er gjörkunnugur störfum hennar. Það kom fram í máli hv. þingmanns að hann hefur kynnt sér mjög rækilega þau tilmæli Evrópuráðsins sem lúta að almannaútvarpi. Hv. þm. rakti sérstaklega þau tilmæli þar sem lögð er rík áhersla á að frelsa, ef svo má að orði kveða, almannaútvarp undan pólitískri forsjón. Í tilmælunum kemur skýrt fram, eins og hv. þm. rakti, að eftirsóknarvert væri að koma í veg fyrir að almannaútvarpið og veiting útvarpsleyfa væri, eins og mig minnir að hv. þm. hafi orðað það, á pólitísku áhrifasvæði. Síðan rakti hv. þm. þær breytingar sem í brtt. meiri hluta allshn. lúta að útvarpsréttarnefnd. Þar er lagt til að skipuð verði þriggja manna útvarpsréttarnefnd, tveir tilnefndir af Hæstarétti, en einn af hæstv. menntmrh. Hv. þm. svo sem spurði sjálfan sig upphátt og þingheim hvort þetta dygði til þess að verða við tilmælum Evrópuráðsins. Ég er ekki sannfærður um það. Ef hæstv. menntmrh. tilnefnir mann er það alveg ljóst að þótt hann þurfi að uppfylla ákveðnar kvaðir er þar um pólitíska tilnefningu að.ræða.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann telji þetta nægilegt til þess að koma veitingu útvarpsleyfanna undan pólitísku forræði. Ég er alls ekki sammála því að svo sé, en það mátti ráða af máli hv. þingmanns að hann teldi það vera.

[20:43]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta minnir mig á dóttur mína sem sat einhvern tímann mjög hugsi. Ég spurði hana: „Arna mín, hvað ertu að hugsa?“ og hún svaraði: „Ég er ekki búin að hugsa.“ Það er þannig með mig að ég hugsa ekki nógu hratt til þess að geta metið þessar nýju tillögur um útvarpsréttarnefndina. Það hljómar ágætlega að menn hafi þarna hæfi héraðsdómslögmanns og séu skipaðir af Hæstarétti. Spurningin er hvort það teljist vera pólitísk kosning ef einn er skipaður af ráðherra og það liggur náttúrlega í augum uppi að svo er. Ég er ekkert endilega viss um að það sé galli að hafa einhver pólitísk tengsl þarna því það þarf að útvega þessari nefnd einhvern starfsgrundvöll. Sannleikurinn er sá að í stjórnkerfi okkar gerist það varla nema fyrir atbeina ráðuneytanna.

Ég hef bara ekki hugsað þetta og mér vanari menn verða að svara þessu endanlega. Það sem ég hef aðallega verið að fetta fingur út í er það að ég sé ekki að hlutverk útvarpsréttarnefndar sé með neinum hætti skilgreint í frv. nema að því leyti sem snertir þau verkefni sem frv. sem hér liggur fyrir setur mönnum, þ.e. að vera nokkurs konar dómstóll.

(**SKK:** Er Samf. komin í andsvör við sjálfa sig?) (**RG:** Andsvar er það sama og „replik", getur verið bæði jákvætt og neikvætt.)

[20:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Sigurður K. Kristjánsson er því mjög andsnúinn og það fer um hann þegar við þingmenn Samf. ræðum málefni útvarpsréttarnefndar. Ég skil það vel. Sú nefnd hefur verið á pólitísku forræði og nánast í pólitískri skúffu í Valhöll, flokksmusteri Sjálfstfl., og nú hefur það gerst í þessari umræðu að einn af þeim sem eru í minni hluta í útvarpsréttarnefnd hefur lýst starfinu. Þar hefur til að mynda komið fram að óreiðuskuldir útvarpsréttarnefndar hrannast upp á ríkisreikningi. Það hljóta að vera gleðitíðindi fyrir hreingerningarmanninn pólitíska, hv. þm. Sigurð K. Kristjánsson. Það kemur líka fram að nefndin hefur starfað með þeim hætti, herra forseti, að síðasta skýrsla nefndarinnar sem hægt er að sjá á vefnum er frá 1997, þ.e. skrifuð undir lok síðustu aldar. Framkvæmdastjóri Sjálfstfl. stendur fyrir þessu.

Herra forseti. Ég tel að það sem vaki fyrir Sjálfstfl. með þessari breytingu á nefndinni sem sér um veitingu útvarpsleyfa sé að sjálfsögðu að hafa áfram pólitískt forræði á þessu máli. Alveg eins og við sjáum að Sjálfstfl. leitast við að hafa pólitískt forræði á Ríkisútvarpinu vill hann líka hafa pólitískt forræði á þessari nefnd. Þess vegna setur hann þetta upp með þeim hætti að hann getur skipað formann nefndarinnar. Það skiptir öllu máli. Það er bara til marks um það hvílíka járnkrumlu flokkurinn vill hafa á allri fjölmiðlun í landinu. Þetta er dæmi af því. Þeir ráðast á einkareknu miðlana og síðan hrammsa þeir til sín Ríkisútvarpið og veitingu leyfanna. (**Gripið fram í:** Gott að þú gefur þér ...)

[20:48]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fylgdist eftir bestu með þessari ágætu ræðu hv. þingmanns sem mér fannst vera fyrst og fremst löng og tiltölulega efnislega þunn. Það sem eftir stendur (**Gripið fram í:** Ágæt ...) er að ég hef ekki fengið svör við ákveðnum spurningum sem varða þetta frv. sérstaklega. Það er þá í fyrsta lagi þetta: Er það rétt skilið hjá mér að hv. þm. sé ánægður með þá eignasamþjöppun sem hefur átt sér stað í Norðurljósum?

Ég spyr sérstaklega að þessu vegna þess að hann tók fram að hann hefði viljað sjá draum þess fyrirtækis um að komast á markað verða að veruleika í óbreyttri mynd.

Er það í annan stað rétt skilið hjá mér að þingmaðurinn sé mótfallinn þeirri tillögu í frv. að gerð séu skil á milli eigenda í prentmiðlum, þ.e. dagblöðum, og ljósvakamiðlum? Er það rétt skilið hjá mér að hann sé mótfallinn því grundvallarprinsippi í frv.?

Í þriðja lagi hefði ég viljað spyrja hv. þingmann: Telur hann yfir höfuð einhverja ástæðu til þess að hafa afskipti af því hverjir fara með eignarhluti í fjölmiðlum? Ég spyr kannski þessarar síðustu spurningar sérstaklega vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur hér í þingsölum teflt fram kröfu um að brugðist verði við blokkamyndun í fjölmiðlum. Hann hefur beinlínis sagt héðan úr ræðustól, formaður í flokki hv. þingmanns, að það sé nauðsynlegt til að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu að bregðast við vaxandi samþjöppun á fjölmiðlamarkaði.

[20:50]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson spyr spurninga, auk þess að birta dóm um ræðuhaldið. Ég vil þó benda honum á að ég hélt mig þar skýrt við tvær greinar og tvö atriði í frv. sem hann hefur gert brtt. við og ræddi þær ítarlega, enda full þörf á.

Það mun hafa komið fram á fundi efh.- og viðskn., í dag skilst mér, að það sé alveg ljóst að verði þetta frv. að lögum með áorðnum breytingum verði ekkert úr markaðsvæðingu Norðurljósa. (**SKK:** Hvað kemur í veg fyrir það?) Það að fyrirtækið nær ekki nægri stærð og fjölbreytni til þess að geta talist tækt á markaðinn. Það er einsdæmi að þannig sé staðið að málum fyrir tilhlutan ríkisvaldsins að slíkar fyrirætlanir séu stöðvaðar, auk þess sem maður hefði haldið að þeir boðberar frjálshyggjunnar sem hér sitja og fylgdu henni eiginlega þangað til fyrir hálfum mánuði, en virðast nú af henni gengnir, hefðu viljað láta reyna á hæfni markaðarins til þess að tryggja dreifða eignaraðild að slíku fjölmiðlafyrirtæki á markaði.

Varðandi samrekstur prentmiðla og ljósvakamiðla er ég á sömu skoðun og stjórn Árvakurs. Ég tel ekki rétt að setja svo íþyngjandi skilyrði, m.a. vegna tækniþróunar sem er í gangi. Hljóð, mynd og texti eru að renna saman í eitt og við getum ekki verið að koma í veg fyrir tækniþróun hér í landinu.

[20:53]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við því sérstaklega hvort hv. þm. væri sáttur við þá þróun sem hér hefur átt sér stað undanfarin ár í eignarhaldi á ljósvakamiðlum og ekki heldur því hvort hann teldi yfir höfuð ástæðu til að hafa afskipti af eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum. Ef ég skildi hugsanlega hv. þingmann rétt taldi hann að markaðurinn ætti að leysa úr þessu.

Markaðurinn hefur haft algjörlega frjálsar hendur og eignasamþjöppunin hefur aldrei orðið meiri. Hún er meiri hér en á nokkrum stað öðrum sem við getum borið okkur saman við.

Varðandi þær tækninýjungar sem hv. þm. vísaði til er það nú þannig að þetta frv. lætur frjálsræðið gilda áfram um alla aðra miðla, um netið og hvað það kann nú allt að heita. Þetta frv. fjallar eingöngu um prentmiðlana og ljósvakamiðlana. Það er af ásettu ráði. Það stendur ekki til í þessu frv. að hafa afskipti af hinum tegundum fjölmiðlunar. Það er sérstök pólitísk ákvörðun og ég vona að ég eigi ekki að skilja hv. þingmann þannig að hann telji ástæðu til þess að fara að setja sérstakar reglur um þá miðla.

[20:54]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson heldur áfram að spyrja og vill fá að vita hvort ég sé ánægður með þá stöðu mála sem er á fjölmiðlamarkaði í dag (**BjarnB:** Eignarhaldið.) og í eignarhaldinu. Ég gerði í löngu máli grein fyrir þeirri ríkjandi skoðun innan Evrópuráðsins að þessi áhersla á eignarhaldið væri víkjandi í öllum löndum Evrópu vegna þess að það er svo auðvelt að fara í kringum slíkar reglur. Ég taldi að það væri dæmigert um það hvað stjórnarliðar virðast hafa hunsað alla samvinnu í Evrópu um þróun útvarps- og sjónvarpsmála að þeir skuli detta ofan í það að fara verstu

leiðina til að tryggja fjölbreytni og menningarlegt framboð í fjölmiðlum. Þetta frv. er frv. um fortíðina.

Ég get alveg sagt hv. þingmanni það varðandi tilfinningar mínar til fjölmiðlamarkaðarins í dag, sem virðast vera áhugamál hans, að ég vil frekar hafa fjölmiðla lifandi en dauða. Ég vil frekar hafa Fréttablaðið á lífi en dautt. Ég vil frekar hafa DV á lífi en dautt. Ég vil frekar hafa Stöð 2 öfluga og fjárhagslega vel skipulagða en blanka og á barmi gjaldþrots. Ég tel að Norðurljós hafi tryggt þetta markmið og að fjársterkir aðilar hafi komið inn til þess að tryggja stöðu þessara fjölmiðla og 2.400 manns sem eiga beint afkomu sína undir þessum fjölmiðlum. Ég hef sjálfur tekið þátt í að stofna einn þeirra og rekið hann á blankheitatímabili þegar menn vissu aldrei hvort þeir fengju kaupið sitt eða hvort fyrirtækið færi í gjaldþrot á morgun. Ég veit alveg hvernig fólkinu líður á þessum fjölmiðlum.

[20:57]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kem hér að gefnu tilefni. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa skapað tóm fyrir efh.- og viðskn. til að halda áfram yfirferð sinni um fjölmiðlafrumvarpið. Eins og kom fram í morgun var lögð rík áhersla á það af hálfu okkar sem sitjum í nefndinni að hægt yrði að fá ákveðna fulltrúa til að varpa ljósi á tiltekin atriði málsins. Í nefndinni reyndist vera mikill meiri hluti fyrir því og hæstv. forseti varð ljúfmannlega við því að skapa hér tíma til þess að það væri hægt. Þetta skiptir mjög miklu máli. Þarna komu fram grundvallaratriði í þessu máli, herra forseti.

Þó að ég ætli ekki í neina efnisumræðu hér tel ég eigi að síður að það verði að koma fram að það reyndist rétt sem við sögðum, bæði Samkeppnisstofnun og Samtök banka og verðbréfafyrirtækja höfðu yfir að ráða upplýsingum sem setja málið í töluvert annað ljós. Það kom fram hjá fulltrúa Samtaka banka og verðbréfasjóða að það er álit þeirra að þetta frv. setji það miklar hömlur á starfsemi fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði að ekki verði tök á að skrá þau í Kauphöll. Þetta er allt annað en hv. formaður allshn. hefur upplýst og sömuleiðis lögmaðurinn, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Enn merkilegra var líka að heyra að það væri álit fulltrúa þessara samtaka sem ég nefndi hér, Guðjóns Rúnarssonar, að frv. eins og það er kæmi í veg fyrir að bankar gætu komið inn með tímabundið eigið fé til þess að fleyta fjölmiðlafyrirtækjum yfir erfiðan hjalla eins og gerist oft í atvinnulífinu. Þetta skiptir ákaflega miklu máli. Sömuleiðis var það upplýst á þessum fundi að lífeyrissjóðir eru með 2 milljarða sem þeir hafa lánað Norðurljósum án nokkurra veða. Þetta er í uppnámi. Miðað við þær upplýsingar sem þarna komu fram kynni svo að fara að þetta tiltekna stóra fyrirtæki yrði til jarðar slegið og þar með yrðu þessar upphæðir í uppnámi.

Ég vildi, herra forseti, koma hingað til að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gert okkur kleift að halda áfram þessari rannsókn málsins. Það er alveg ljóst að þær upplýsingar sem þarna komu hafa ekki komið fram á fundi allshn. því það kom t.d. fram hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrr í dag að hann er allt annarrar skoðunar. Hann hefur ekki séð þessar upplýsingar. Því mælist ég til þess við forseta að hann hlutist til um það að allshn. nái sömuleiðis að halda fund og fá þessa menn til fundar við sig til þess að hún geti rætt þessar nýju upplýsingar í málinu.

[21:00]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti telur að með því að upplýsingar hafi komið fram á fundi efh.- og viðskn. hljóti þær að komast inn í umræður hér í þinginu.

[21:00]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að þakka fyrir að efh.- og viðskn. hafi verið skapað svigrúm til þess að koma saman til fundar að nýju. Í nefndinni komu fram mjög mikilvægar upplýsingar. Ég verð að segja að í ljósi þess finnst mér það mjög alvarlegt sem gerðist á fundi efh.- og viðskn. í morgun þegar formaður nefndarinnar reyndi að stöðva frekari umræðu um málið og freistaði þess að keyra með atkvæðagreiðslu það fram að umræður yrðu stöðvaðar og málið tekið út. Það er ekki nóg með að menn greini á um sjálfan grundvöll þessarar lagasmíðar, heldur er hitt ekki síður alvarlegt að það er fullkomlega óljóst hvaða áhrif þessi lagasetning kemur til með að hafa á afar fjölmennan vinnustað hér í landinu. Við erum að tala um einn fjölmennasta vinnustað á Íslandi, 680 manns. Blaðburðarfólkið mun vera um 1.200 talsins. Á fundi efh.- og viðskn. ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Gæti hv. ræðumaður aðeins fært sig nær efninu fundarstjórn forseta?)

Ég er að þakka hæstv. forseta fyrir að skapa svigrúm fyrir efh.- og viðskn. þingsins til að koma saman til fundar og það er mikilvægt að þær upplýsingar sem komu fram á fundi nefndarinnar í kvöld milli klukkan sjö og átta komist á framfæri inn í þingsal. Við vorum upplýst um það að Norðurljós skulda 5,7 milljarða kr., þar af eru um 2 milljarðar í lífeyrisskuldbindingum. Sex lífeyrissjóðir í landinu eiga allt sitt eða mikið undir því að þetta fyrirtæki fari ekki á hausinn. Ég er að ríma saman upplýsingar sem komu fram í efh.- og viðskn. þingsins og í máli formanns fjölmiðlanefndar, Davíðs Þórs Björgvinssonar, sem upplýsti hér fyrir fáeinum dögum, á fundi með fréttamönnum, að hann gerði sér ekki grein fyrir því hvaða áhrif þetta frv. hefði á þetta stóra fyrirtæki og þennan fjölmenna vinnustað í landinu.

Hæstv. forseti. Mér fannst nauðsynlegt að þessar upplýsingar kæmu fram hér í þingsalnum áður en lengra er haldið.

[21:03]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill taka fram að hann er reiðubúinn að gefa hv. alþingismönnum orðið um fundarstjórn forseta eins og þeir óska, en bendir á að um efnisatriði þessa máls er mælendaskrá og þar eru allmargir á skrá. Ef menn fara í mikla efnisumræðu undir liðnum fundarstjórn forseta eru menn að fara fram fyrir þá sem hafa beðið um orðið og skráð sig á mælendaskrá til að ræða málið efnislega. Ég bið menn því að halda sig við umræðuefnið fundarstjórn forseta þegar umræður eru hafnar undir þessum lið.

[21:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Gerir forseti sér grein fyrir því sem hér er að koma fram, að þingmenn ganga í ræðustól einn af öðrum til að þakka fyrir það að hafa fengið að halda fund um kvöldmatarleytið vegna þess hversu miklar og alvarlegar upplýsingar komu þar fram? Gerir hæstv. forseti sér grein fyrir því að svo er komið fyrir hv. Alþingi að menn þakka fyrir það einum og hálfum sólarhring eftir að mál hefur verið tekið með offorsi út úr nefnd? Í raun og veru hefði þá átt

að vera búið að ljúka allri umfjöllun í öllum nefndum, þeim nefndum sem málinu var vísað til. Það hefur þurft að berjast fyrir því á hæl og hnakka að fá að ljúka umfjöllun í nefndum. Þegar það hefur fengist með miklum harmkvælum er það upplýst hér klukkan níu að kvöldi annars dags umræðunnar að mjög alvarlegar upplýsingar hafi komið fram í efh.- og viðskn.

Ég man ekki eftir öðru eins og því sem hefur verið að gerast undanfarna daga og hef ég þó setið á hv. Alþingi í 15 ár. Samt ætla ég að taka undir þessar þakkir málsins vegna. Málsins vegna ætla ég að taka undir það hversu mikilvægt það var að það náðist að halda fund í efh.- og viðskn. og ræða við þá aðila sem nú hafa komið fram með veigamiklar upplýsingar, en jafnframt harma ég það að vinnubrögðin á Alþingi Íslendinga séu orðin þannig af hálfu gjörspilltra valdhafa að þeir gera ekkert með það sjálfir að sækja þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að fagleg vinnubrögð eigi sér stað á Alþingi og að löggjöf verði þannig að um hana verði ekki efast í kjölfarið.

Þetta hef ég að segja um fundarstjórn forseta.

[21:06]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er erfitt að gera þessum hæstv. forsetum til hæfis. Hér koma þingmenn og þakka forsetanum, hæstv. forseti vísar því á bug og vill helst ekki fá svona. Ég get í sjálfu sér snúið mér í annan farveg, herra forseti, og átalið hæstv. forseta. Þegar maður skoðar þetta mál er það mála sannast að niðurstaðan hlýtur að vera sú að það er hæstv. forseti sem ber ábyrgð á þessum vinnubrögðum. Það er hann sem hefur með heldur miklu offorsi sett þetta mál vanreifað á dagskrá. Það sem ég er að gera hér, og hæstv. forseti hefur vandað um við mig vegna þess, er að ég greini frá því, eins og mér ber sem þingmanni, að nýjar og grafalvarlegar upplýsingar hafa komið fram um málið í efh.- og viðskn. Það í fyrsta lagi staðfestir að það var rétt hjá okkur að krefjast framhaldsfundar. (Gripið fram í.) Í öðru lagi, herra forseti, er það mjög merkilegt að þegar við flytjum þessi tíðindi hingað til þingsins gerist það að hver einasti þingmaður Sjálfstfl. flýr úr salnum. Hv. formaður allshn. Bjarni Benediktsson var hér áðan en hann er horfinn úr salnum. Að vísu stendur 6. varaforseti hér álengdar, á sæti í nefndinni og hlustar á mál mitt en það kom fram hér fyrr í dag að fulltrúar Sjálfstfl. í allshn. gera sér ekki grein fyrir þeim upplýsingum sem ég var að greina frá. Ég var að segja að fulltrúi Samtaka banka og verðbréfasjóða hefði upplýst um það að það fyrirtæki sem verst verður úti vegna laganna fær ekki skráningu í Kauphöllinni. Þetta eru nýjar upplýsingar í málinu. Ég greindi frá því líka, herra forseti, að það hefði komið fram að sex lífeyrissjóðir í landinu eiga hjá þessu fyrirtæki 2 milljarða án nokkurra veða. Það þýðir á mæltu máli, herra forseti, að ef rétt er sem forráðamenn fyrirtækisins halda fram, að það kunni að missa fótanna ...

(**Forseti** (HBl)): Þetta er um fundarstjórn forseta, er það ekki, hv. þingmaður? Ég hef treyst dómgreind þinni og ég heyri að hún er á sínum stað.)

Herra forseti. Ég vildi líka geta sagt hið sama, að það mætti treysta dómgreind hæstv. forseta ...

(**Forseti** (HBl)): Ég vona að hv. þingmaður hafi sömu dómgreind og áður.)

Herra forseti. Ég óska eftir því að fá að tala hér í friði fyrir sífelldum inngripum hæstv. forseta. Ég er að finna að fundarstjórn forseta. Ég er að finna að því að hæstv. forseti hefur þröngvað þessu máli vanreifuðu á dagskrá. Ég er að greina hæstv. forseta frá því að nýjar og alvarlegar upplýsingar komu fram í málinu á fundi efh.- og viðskn. sem þýðir að það verður að ræða þau mál lengur í efh.- og viðskn. Sömuleiðis er ég að mælast til þess, herra forseti, (Forseti hringir.) að allshn. ... ég þarf meiri tíma vegna þess að hæstv. forseti hefur tekið af mér tíma með dónalegri frammítöku sinni.

(**Forseti** (HBl)): Til máls tekur hv. 10. þm. Norðvest. Sigurjón Þórðarson.)

Herra forseti. Ef þú rekur mig úr ræðustólnum mun ég að sjálfsögðu víkja úr stólnum en ég hef ekki átt tök á því að nýta tíma minn til þess að koma fram með þær ábendingar varðandi fundarstjórn forseta sem ég reyndi að koma fram til þess að greiða fyrir þingstörfum ...

(**Forseti** (HBl)): Ég vil biðja hv. þingmann að sýna kurteisi. Það fer honum betur.)

[21:10]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála þeim orðum sem féllu hjá þeim forseta sem sat hér á undan þeim sem situr nú, að það væri verið að ræða efnisatriði málsins. Ég er bara ekki sammála því. Það væri ágætt að sá ágæti þingmaður, hv. 11. þm. Reykv. s., kæmi hér og skýrði mál sitt. Hann á sæti í efh.- og viðskn. þingsins og menn hafa komið hér hver á fætur öðrum og sagt ófagrar sögur af því sem fór þar fram, að grafalvarlegar upplýsingar hefðu komið fram um gang þessa máls ...

(**Forseti** (HBl)): Má ég spyrja hv. þingmann hvort hann telji sig vera að tala um fundarstjórn forseta?)

Já, ég er að því.

(**Forseti** (HBl)): Ég vil þá biðja hv. þingmann að halda sig við það.)

Já, ég er að ...

(**Forseti** (HBl)): Gjöra svo vel að gera það og sýna þinginu þá virðingu að reyna að halda ...)

Ég er að reyna ...

(**Forseti** (HBl)): Ekki grípa fram í. Ég vil biðja hv. þingmann að sýna þinginu virðingu.)

Ég vonast til þess og það er ætlun mín að sýna herra forseta mikla virðingu. Ég ætlast einnig til þess að fá tíma til að skýra mál mitt.

Hér hafa fallið þungar ásakanir um að það alvarlegar upplýsingar hafi komið fram á fundi efh.- og viðskn. að ekki sé rétt að halda áfram umræðu um það mál sem við erum að ræða hér. Þess vegna væri réttast að bíða með umræður þangað til eftir fund í allshn. Nú vill svo ágætlega til að það er búið að boða fund í allshn. og hann er boðaður í hádegishléinu á morgun. Ég hefði talið réttast, vegna þess að málið er vanreifað, að við biðum og létum þá allshn. sem hefur forræði í málinu — það var að sérstakri ósk hæstv. forsrh. að sú nefnd færi með málið — ljúka umfjöllun sinni. Við höfum engar aðrar upplýsingar en þær að mjög alvarlegar upplýsingar hafi komið fram sem varða þetta mál. Það væri þá réttast að þeir stjórnarliðar sem vilja bera á móti því, svo sem hv. þm. Birgir Ármannsson, kæmu hér og greindu okkur frá því að þetta væru léttvægar upplýsingar og að við ættum að halda málinu áfram. Ég vænti þess að hv. þingmaður komi í ræðustól og greini okkur frá því.

[21:13]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við höfum komið hingað í ræðustól, tveir fulltrúar úr efh.- og viðskn. þingsins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og ég, til að gera grein fyrir því að á fundi efh.- og viðskn. þingsins sem haldinn var milli kl. sjö og átta komu fram upplýsingar sem við teljum að hafi ekki komið áður fram hér í þinginu. Það hefur verið staðfest að allshn. sem hefur þetta þingmál til umfjöllunar hefur ekki haft vitneskju um það sem okkur var sagt á þessum fundi.

Það lýtur að því að verði þetta frv. að lögum verði ekki hægt að skrá fyrirtækið Norðurljós í Kauphöllinni. Í framhaldinu var á það bent að færi svo yrðu rekstrarforsendur þessa stóra vinnustaðar stórlega skertar. Við bentum einnig á að þetta fyrirtæki væri skuldsett verulega, upp á 5,7 milljarða kr., þar af væru 2 milljarðar frá lífeyrissjóðum landsins, og það sem meira er, þessir 2 milljarðar hefðu ekki veð. Við erum að vekja athygli á því að þessar upplýsingar verða að komast til allshn. og til þeirra þingmanna sem eru að ræða þetta mál. Það er fullkomlega eðlilegt og efnislegt að koma þessum upplýsingum hér á framfæri undir þessum dagskrárlið.

[21:15]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlýtt hér á ábendingar hv. þingmanna úr efh.- og viðskn. þar sem þeir hafa greint frá því að þar hafi komið fram afar mikilvægar nýjar upplýsingar í málinu. Ég vil því inna hæstv. forseta eftir því hvort hann muni í krafti embættisstjórnunar sinnar hlutast til um að meiri hluti og minni hluti skili nefndarálitum eða að formlegt nefndarálit komi frá efh.- og viðskn., annaðhvort hingað inn í þingið til þingmanna inn í þessa umræðu með formlegum hætti ellegar þá til allshn. sem komi þessum upplýsingum áfram inn í þingið.

Mér þykir mikilvægt að hæstv. forseti kanni hvernig hann getur átt hlut að því að þær upplýsingar sem hérna hafa verið nefndar komist með formlegum hætti inn í þessa umræðu. Ég óska eftir því að fá að heyra hvort hæstv. forseti hafi ekki þegar hlutast til um að svo verði, að efh.- og viðskn. skili þessum upplýsingum formlega hingað inn. Þetta voru gríðarlega mikilvægar ábendingar sem hér voru bornar fram varðandi nýjar upplýsingar í málinu og forseti hlýtur að hlutast til um að þær komi hingað inn. Ég vil bara inna eftir því hvort svo verði ekki.

[21:16]

Birgir Ármannsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hefur verið talað um það undir liðnum fundarstjórn forseta að ástæða væri til þess að slá þessari umræðu á frest vegna nýrra upplýsinga sem komið hefðu fram á fundi efh.- og viðskn. í kvöld. Ég er ósammála því. Ég sat þennan fund að stórum hluta og er ósammála mati þeirra hv. þm. sem hér töluðu á þeirri forsendu að ég tel að þessar upplýsingar hafi komið fram áður við þessa umræðu, m.a. í meðferð allshn. og enn fremur í því skjali sem hér liggur fyrir sem nefndarálit minni hluta allshn. Í fylgiskjölum þar, í upplýsingum frá Norðurljósum, er komið inn á þá þætti sem vikið er að og var látið í veðri vaka hér að væru nýjar upplýsingar sem þyrfti brýnt að koma á framfæri við þingið. Staðreyndin er bara sú að þessar upplýsingar eru í gögnum málsins. Ef menn hefðu gefið sér tíma til þess að fara yfir þau í staðinn fyrir að ræða stöðugt fundarstjórn forseta hefðu menn vitað þetta og ekki verið jafnhissa og hneykslaðir hér í þessari umræðu. (**ÖJ:** Ekki þau efnisatriði sem ...)

[21:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessar síðustu upplýsingar sem hér var verið að ræða um eru staðfesting á því sem ég reyndar hélt fram við 1. umr. málsins, þ.e. að ef þessi mál gengju fram með þeim hætti sem til er stofnað mundu fjármálastofnanir ekki treysta sér til að fjármagna fyrirtæki í fjölmiðlun á eðlilegan hátt, þau gætu ekki treyst því að þau gætu gripið inn í starfsemi slíkra fyrirtækja þegar í nauðirnar ræki og mundu þess vegna ekki vilja fjármagna þau. Það er auðvitað grafalvarlegt mál þegar það er staðfest, þetta álit, því að hvernig ætla menn að reka fyrirtæki í fjölmiðlun á Íslandi til framtíðar ef fjármálastofnanirnar í landinu treysta sér ekki til að fjármagna fyrirtækin? Ég held að það hefði nú minna átt að þurfa til þess að menn dokuðu við og veltu fyrir sér á hvaða leið þeir væru með þetta mál.

Hæstv. forseti. Þetta mál er allt með miklum eindæmum. Eins og ég sagði við fyrri umræðu byrjaði þetta allt saman á bolludaginn. Það hafa þó orðið breytingar á frv. og ég ætla að fjalla um þær síðar í ræðu minni. Hæstv. forsrh. sagði reyndar í viðtölum við fjölmiðla að það hefði verið tekið á öllum athugasemdum sem hefðu komið fram um frv., komið til móts við þær allar. Hann orðaði þetta svona, blessaður maðurinn. Ég held að það sé af og frá og umræðan hér hefur aldeilis sýnt að það er ekki þannig.

Frumvarpið er áfram mónískt, eins og lögfræðingar lýsa því. Ef eitthvað er er það enn þá sértækara en það var. Það snýst um það sérstaka áhugamál hæstv. forsrh. að koma Baugi út úr fjölmiðlarekstri á Íslandi. Þetta er í raun og veru valdníðsla sem hæstv. forsrh. kemst upp með af því að hann hefur heljartök á ríkisstjórninni. Framsókn lætur nota sig án þess að nokkur maður mögli annar en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hann hrópar nú sem stundum áður, í einu málinu enn, einn í eyðimörk fornra hugsjóna Framsfl. sem allar hafa vikið fyrir þeim þráða 15. september í haust.

Ég orðaði það svo í upphafsræðu um þetta mál að svo virtist sem hæstv. forsrh. ætlaði að hleypa framsóknardróginni yfir forirnar á meðan hann hefði hana enn undir hnakknum. Það er óhætt að segja að reiðlagið og tilþrif hests og knapa vekja athygli fólks um gervallt þjóðfélagið. Ferðalags hæstv. forsrh. frá bolludeginum 3. mars 2003 til 15. september 2004, í bjarma norðurljósanna, verður áreiðanlega minnst lengi. Hér helgar tilgangurinn meðalið. Það á að koma á ritskoðun á Íslandi. Hver skyldi hafa trúað því að nokkrum manni dytti það í hug?

Það hefur komið fram í þeirri umræðu sem hefur farið hér fram, m.a. frá hæstv. aðalforseta þingsins, að ástæðan til þess að gera þetta virðist augljóslega vera sú að þeir sem eru núna í fjölmiðlarekstri hagi sér ekki rétt, noti ekki fjölmiðlana með þeim hætti sem geðjast hæstv. ríkisstjórn og þeim sem hana styðja. Ekkert fer milli mála — lögin snúa að einum aðila. Það er búið að klippa það út sem sneri óvart að öðrum, eða svo halda menn.

Mundi einhver efast um tilgang minn ef ég legði fram tillögu eða frv. um það að enginn gæti orðið forsætisráðherra eftir 15. september ef hann væri hrokkinhærður, meira en einn og fimmtíu á hæð, hefði verið forsætisráðherra í 13 ár og öðlast rétt til þess að fara á eftirlaun þegar honum hentaði? Eða hvað? Mundi einhver efast um hvað ég ætti við? Hér í

sölum Alþingis efast heldur enginn um hvað átt er við með þessu frv.

Allt er þetta mál í raun tákn um valdhroka, tákn um það að hér hafa menn verið of lengi í valdastólunum. Dramb er falli næst. Ef einhver sannleikur er í þessu gamla máltæki er stutt í fall þeirra sem nú halda um valdataumana á Íslandi. Valdhroki og drambsemi þeirra hefur ítrekað komið í ljós þegar réttkjörnir menn í trúnaðarstöðum, t.d. fyrir lögskipaðar stofnanir, hafa leyft sér að hafa aðrar skoðanir á málunum en foringjarnir og aðalmálsvarar stjórnarflokkanna. Skemmst er að minnast úrskurðar umboðsmanns Alþingis um skipan Björns Bjarnasonar í hæstaréttardómarasæti og reyndar úrskurðar jafnréttisnefndar um þetta sama mál. Jafnréttislögin eru barn síns tíma, sagði dómsmrh., og úrskurður umboðsmanns Alþingis er í besta falli afþreyingarlestur fyrir valdamenn þessa lands.

Ég minni líka á úrskurð Samkeppnisstofnunar vegna sameiningar Landsbanka og Búnaðarbanka á sínum tíma. Þá stóð ekki á yfirlýsingum ráðamanna og ráðgjafa þeirra um að niðurstaðan væri illa rökstudd og vitlaus. Viðbrögð hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar við dómi í málefnum öryrkja leiða hugann líka að þessu gamla spakmæli, að dramb sé falli næst. Dómararnir voru ekki nógu margir, sagði hæstv. forsrh. þá. Dómararnir voru ekki nógu margir. Ætli Davíð, hæstv. forsrh., hefði sagt það ef dómurinn hefði fallið á hinn veginn, þótt dómararnir hefðu verið jafnmargir?

Ákvörðun forseta Hæstaréttar þá um hve margir skyldu skipa dóminn var ekki tekin umhugsunarlaust. Vera kann að hann hafi ekki átt kost á að skipa fleiri dómara í dóminn þá vegna vanhæfis. Það er líka vandséð að mögulegt sé að velja úr mál sem hægt er að skilgreina sem pólitískt mál, eins og þá var haldið fram, og hafa fleiri dómara í þeim málum, eins og hæstv. forsrh. gerði kröfu um, en Hæstiréttur hafði áður en öryrkjadómurinn féll fundið til tevatnsins hjá hæstv. forsrh. Það var þegar hann kvað upp dóm sinn í Valdimarsmálinu. Þá var líka kallað á lögsnillinga ríkisstjórnarinnar og þann dóm túlkuðu þeir þannig að það væri brot á stjórnarskránni að neita mönnum um veiðileyfi. Þeir hafa áhyggjur af slíku þegar þeim hentar, hæstvirtir ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Þá setti meiri hlutinn á Alþingi lög um að menn skyldu fá veiðileyfi en enginn réttur til að veiða fisk ætti að fylgja því veiðileyfi. Sem sagt, gagnslaust veiðileyfi dygði til að fara að dómi Hæstaréttar, og með lagasetningu í kjölfarið ákvað Alþingi síðan að halda áfram að brjóta stjórnarskrána, tímabundið, með því að hafa sams konar úreldingarákvæði í gildi og þeir töldu að bryti gegn stjórnarskránni hvað varðaði smábáta. Snillingarnir höfðu fundið út að það væri sem sagt brot á stjórnarskránni, eins og ég fór yfir áðan. Það kerfi er reyndar við lýði enn sem þeir töldu sjálfir að væri brot á stjórnarskránni en væri í lagi að gera af því það væri tímabundið. Það þurfti þess vegna engan að undra þótt forsrh. og snillingunum hafi dottið í hug að það væri í góðu lagi að brjóta stjórnarskrána, tímabundið, eins og ákveðið var vegna dóms Hæstaréttar í máli öryrkjanna líka.

Ég fer yfir þetta vegna þess að valdhroki þeirra sem núna eru við völd á Íslandi er þvílíkur að það er kominn tími til að menn safni saman þeim hlutum sem hafa gerst á undanförnum árum. Reyndar bitu þeir höfuðið af skömminni með því að svíkja opinbert samkomulag við öryrkja, eins og allir muna. Þau svik hafa ekki verið leiðrétt enn. Þeir finna til valdsins.

Það er vert að minnast afskipta forsrh. af Hæstarétti á sínum tíma. Þau afskipti báru árangur. Vatneyrarmálið sæla er gott dæmi um það, málið sem reis í kjölfar Valdimarsmálsins, kom fyrir Hæstarétt og þá beitti forsrh. sér með einstæðum hætti og hótaði hallærum og landflótta ef Hæstiréttur dæmdi með svipuðum hætti í því máli og Valdimarsmálinu. Þannig fór, sem líklega er einsdæmi, að dómarar Hæstaréttar sem höfðu dæmt í fyrra málinu urðu ekki sammála um hvað þeir hefðu meint með Valdimarsdómnum. Þess vegna varð niðurstaða réttarins þveröfug við hinn fyrri dóm. Sem sagt, þrýstingur stjórnvaldsins, hæstv. forsrh., bar þann árangur gagnvart Hæstarétti að hann sneri við blaðinu í næsta máli á eftir. Hvað er hér á ferðinni? Skilja það ekki allir?

Það var auðvitað algjör tilviljun að dómarar sem skiptu um skoðun eru allir sjálfstæðismenn og að allir dómararnir sem studdu þá niðurstöðu sem forsrh. var þóknanleg hafa verið skipaðir af ráðherrum Sjálfstfl. Það er auðvitað líka tilviljun að dómsmrh. Sjálfstfl. lagði það á sig að brjóta jafnréttislög og jafnréttisáætlanir síns eigin ráðuneytis til þess að koma fyrir meðal hæstaréttardómaranna einum af aðalhöfundum laganna um stjórn fiskveiða. Eru menn búnir að gleyma þessu líka?

Ef okkur hefðu borist fréttir úr öðrum löndum af slíkum afskiptum forsrh. á æðsta dómstóli landsins og hér var lýst, og stjórnvaldsathöfnum af slíku tagi, hefði mönnum örugglega þótt eitthvað athugavert við stjórnarfarið þar.

Ég ætla að fara aftur yfir þetta mál sem hér er til umræðu.

Nú er lagatextanum samkvæmt brtt. ætlað að hefjast á ákvæðum um útvarpsréttarnefnd og þau eru vonandi til bóta. Ekki hefur sú nefnd gert mikið fram að þessu. Það var fróðlegt að hlusta á hv. þm. Einar Karl Haraldsson fara yfir það hvernig sú nefnd hefur starfað á undanförnum árum og hvers konar ólestur er á öllu því starfi sem henni fylgir. Ekki hefur verið skilað skýrslu um starfsemi hennar frá 1997 og skuldirnar hlaðast upp í óreiðu. Ef þetta væri fyrirtæki væri löngu búið að loka því og setja það í gjaldþrot. Hinn ágæti framkvæmdastjóri Sjálfstfl. hefur haldið þarna um stjórnvölinn af mikilli snilli, bankaráðsmaður í Landsbankanum og stærsti eigandi hinna smærri hluthafa þar.

Mér er spurn: Hvað finnst mönnum um það hverjir eiga hæfi í þessari nýju útvarpsréttarnefnd? Það er eingöngu talað um að þar þurfi menn að hafa hæfi héraðsdómara, ekkert annað sagt. Mega þeir vera framkvæmdastjórar stjórnmálaflokka? Mega þeir sitja í bankaráðum? Bankarnir geta haft mikilla hagmuna að gæta hvað varðar rekstur slíkra fyrirtækja sem við erum að fjalla hér um. Koma þessi starfsgengisskilyrði héraðsdómara í veg fyrir hagsmunaárekstra? Þurfa þessir menn ekki að framfleyta sér á einhverju öðru en að vera í þessari útvarpsréttarnefnd? Við hvað mega þeir vinna? Mega þeir vera í fjármálafyrirtækjunum? Mega þeir vera í fjölmiðlafyrirtækjunum? Spyr sá sem ekki veit. Það þyrfti að fá betur upplýst hvað menn ætla sér með þessu. Það hefur ekki verið gert.

Mér finnst, vegna þeirrar umræðu sem fór fram hér rétt áður en ræða mín hófst, að ekki væri úr vegi að þeir sem hafa sett út á það að samfylkingarmenn færu í andsvör hverjir við aðra sinntu skyldum sínum á hv. Alþingi og kæmu til þessarar umræðu til þess að ræða málið á efnislegum grunni, svara spurningum og setja fram skoðanir sínar á málinu. Hér hefur einn stjórnarliði gert grein fyrir afstöðu meiri hluta allshn., og ekki meir. Ekki meir. Síðan er okkur ætlað að hafa umræðuna með höndum. Við munum auðvitað gera það með þeim hætti sem við teljum skástan. Ég fagna því

sérstaklega að aðalforseti þingsins skuli hlýða á ræðu mína því þá veit ég þó að einn einlægur hlustandi úr Sjálfstfl. er í salnum, getur fylgst með og velt því fyrir sér sem ég mun leggja fram í henni.

Útgáfa útvarpsleyfis verður háð ýmsum skilyrðum. Mér verður á að spyrja eins og ég gerði við 1. umr.: Þarf þetta útvarpsleyfi? Það er ástæða til að spyrja vegna þess að fram hefur komið að í stafræna kerfinu sem Landssíminn er farinn að reka eru sendar út 40 sjónvarpsrásir. Það þarf ekkert leyfi fyrir þeim. Það er nóg að tilkynna um þær rásir. Það er sem sagt þannig að Íslendingar ætla að nota útvarpsleyfin til þess að setja hömlur á fyrirtækin á Íslandi, en Íslendingar ætla að leyfa allar aðrar útsendingar án þess að til þess þurfi leyfi. Nú má enginn taka orð mín svo að ég sé á móti því að þessar erlendu útvarpsstöðvar séu sendar hér út. Ég er á móti því að menn setji þau lög sem hér er stofnað til.

Hæstv. forseti. Ég var áðan byrjaður að fara yfir það sem ég kalla valdhroka þessarar ríkisstjórnar og þeirra sem eru við völdin. Líklega er rétt að halda því áfram svolítið síðar í ræðu minni.

Ég held því fram að sú aðferð sem menn hafa tekið hér upp, þ.e. að ætla að stjórna útsendingum, koma í veg fyrir þær með þeim hætti sem hér er til stofnað, sé ónýt. Hún mun eingöngu duga til þess að slá til jarðar það fyrirtæki sem henni er beint að en í einhverri framtíð munu menn auðvitað verða að meðtaka nútímann sem er sá að allir sem vilja munu fá tækifæri til þess að senda út og selja aðgang að sjónvarpsstöðvum og -rásum sem þeir kjósa. Það verður eingöngu tímabundið sem hæstv. ríkisstjórn getur komið í veg fyrir þetta. Fólkið í landinu er óskaplega mikið á móti því sem hér er á ferðinni. Ég ætla að segja frá einu símtali sem ég fékk rétt áður en ég hóf ræðu mína, hæstv. forseti.

Í mig hringdi maður sem bjó í Austur-Þýskalandi í þó nokkur ár. Hann sagði mér að í því landi hefði verið ein sjónvarpsstöð sem ríkið átti og ríkisstjórnin stjórnaði hverjir þar réðu ríkjum og húsum. Hann sagðist hafa búið nálægt landamærum Vestur-Þýskalands og það hefði verið hægt að fá einhvers konar tæki eða tól til að tengja við sjónvörpin þannig að auðvelt hefði verið að ná hinum ýmsu sjónvarpsstöðvum í Vestur-Þýskalandi en menn hefðu læðst með húsveggjum og horft inn um gluggana til þess að fylgjast með því hvort menn væru að horfa á þessar stöðvar. Ef þeir sáu það var gert húsbrot á þeim stöðum til að taka tækið af þeim sem þeir höfðu til þess að horfa á þessar stöðvar. Á sama tíma sagðist hann hafa fengið heimsókn þar sem honum var vinsamlega bent á það, af því hann fengi sent Morgunblaðið frá Íslandi, að til væru betri blöð í því landi. Það væri miklu nær fyrir hann að fá sendan Þjóðviljann eða Dag frá Akureyri.

Hvert eru menn komnir á Íslandi? Ætla menn virkilega að fara að reyna að stjórna því hvaða fjölmiðlar eru lesnir? Hæstv. forseti. Á hvaða leið er sú ríkisstjórn sem hæstv. forseti þingsins styður? Ég heyri ekki betur en að hæstv. forseti sjálfur styðji þessa hluti, mæli fyrir ritskoðun í ræðum sínum. Hæstv. forseti hélt hér ræðu sem ég get ómögulega gleymt. Hún fjallaði um það að þeir sem rækju Stöð 2, þeir sem gæfu út Fréttablaðið og þeir sem gæfu út DV notuðu starfsfólkið til þess að koma skoðunum sínum á framfæri með þvílíkum hætti að ekki var hægt að skilja neitt annað hjá hæstv. forseta en að það þyrfti að stöðva þetta. Seinna í ræðunni ásakaði hann okkur stjórnarandstæðinga um það að við létum að því liggja að ríkisfjölmiðlarnir væru ekki hlutlausir. Hann var afar hneykslaður á því, lýsti svo með nákvæmum hætti hvernig húsbóndavaldið á þessum fjölmiðlum sem hann hafði áður nefnt, hjá Dagblaðinu, Fréttablaðinu og Stöð 2, væri notað og bókstaflega hló að því hér í ræðustólnum að menn létu sér yfirleitt detta nokkuð annað í hug en að þetta væri notað. Þetta var dálítið mikið líkt frægri persónu sem við sjáum oft í sjónvarpinu, Ragnari Reykás. Það var skipt um plötu eftir því hvort var talað um Ríkisútvarpið og ríkisfjölmiðlana eða hina fjölmiðlana. Þá hafði eigendahlutverkið ekkert að segja, þegar um var að ræða ríkisfjölmiðlana.

Ég er ekki hér í ræðu minni að ásaka þá sem eru fréttamenn og starfsmenn ríkisfjölmiðlanna en ég minni á þessa ræðu vegna þess að það hefur komið í gegnum bæði hana og fleiri ræður að þessu frv. með brtt. sem hér liggja fyrir væri ætlað að koma í veg fyrir óæskilegan fréttaflutning. Öðruvísi verður það ekki skilið sem ýmsir stjórnarliðar hafa hér sagt.

Það hafa orðið breytingar á frv. eins og ég sagði áðan. Nú er t.d. búið að bæta því inn og skilgreina að ekkert fyrirtæki sem er í öðrum rekstri en fjölmiðlun sem hefur meira en 50% umfangs fyrirtækisins í öðrum rekstri getur fengið úthlutun leyfis. Það verður að stofna sérstakt hlutafélag um reksturinn. Það stendur í útvarpslögum og hæstv. forsrh. leiðrétti mig í ræðu sem ég hélt við 1. umr. vegna þess að ég hafði skilið það af orðalagi útvarpslaga og þeirra breytinga við útvarpslögin sem hér liggja fyrir að einstaklingar gætu ekki átt fjölmiðla. Hæstv. forsrh. leiðrétti mig. Það er rétt hjá honum. Ef maður les útvarpslögin betur, sem ég hefði betur gert áður, er ljóst að einstaklingar geta fengið úthlutað útvarps- og sjónvarpsrásum. Lagafrumvarpið sem hér liggur fyrir ásamt brtt. er þannig úr garði gert að engin fyrirtæki sem eru í útvarps- eða sjónvarpsrekstri geta verið í eigu færri en fjögurra aðila. Ég dreg í efa að það standist að hafa aðrar reglur um einstaklinga en fyrirtæki. Það sem mun gerast ef þetta frv. verður að lögum er það að einstaklingur — við skulum bara gefa okkur að auðugur einstaklingur sem vill verða fjölmiðlakóngurinn á Íslandi og er tilbúinn að selja fyrirtæki sín, breyta þeim í peninga og kaupa fjölmiðlana sem hér eru — má eiga allar sjónvarpsstöðvar á Íslandi nema ríkissjónvarpið eins og er. Það verður sem sagt svona Murdoch-ákvæði í þessum lögum ef þessi verður niðurstaðan.

Ég spyr: Er þetta það sem menn eru að hugsa? Eru þeir sammála því að svona skuli þetta vera, að einstaklingur sem ákvæði að fara í fjölmiðlarekstur gæti yfirtekið allan markaðinn? Honum er gert það undarlega auðvelt, ef ég má komast svo að orði, vegna þess að fyrirtækjum er gert mjög erfitt að standa í þessum rekstri. Menn verða nánast að koma með fjármunina í eigin fé inn í þennan rekstur og þeir mega ekki standa í annarri starfsemi svo nokkru nemi.

Markaðsráðandi fyrirtæki mega nú, samkvæmt brtt., ekki eiga meira en 5% í slíkum fyrirtækjum sem hér um ræðir. Það skiptir auðvitað engu máli. Það er alveg eins gott að hafa það 0%. Ég held að það sé fyrst og fremst af einhverjum hagkvæmnisástæðum sem 5% hafa verið sett inn, að það geti rekið á fjörurnar hjá þessum fyrirtækjum óvart í einhverjum viðskiptum einhvern lítils háttar hlut í fjölmiðlafyrirtækjum og að þess vegna vilji menn hafa þennan möguleika inni. En það gerir það ekkert áhugavert fyrir fyrirtæki sem skilgreind væru markaðsráðandi að eignast einhvern hlut í þessum fyrirtækjum. Það er af og frá.

Síðan er annað. Menn sáu sitt óvænna og settu ákvæði vegna þess að með þeim lagatexta sem liggur fyrir í þingmálinu, upphaflega þingmálinu, var verið að koma í veg fyrir að

jafnvel dekkjaverkstæði á einstökum stöðum á landinu mættu eiga í fjölmiðlafyrirtækjum. Nú er það sem sagt skilgreint að tveir milljarðar í veltu skuli þarna ráða úrslitum um það hvort fyrirtæki megi eiga í fjölmiðlafyrirtæki. Nú skulum við gefa okkur að fyrirtæki sem er innan þessara stærðarmarka vildu fjárfesta í fjölmiðlafyrirtæki, fyrirtækjahópur tæki sig saman — þetta verður að vera fyrirtækjahópur, ekki færri en fjögur — og hvert um sig keypti sín 25% í fjölmiðlafyrirtæki. Þá er lagatextinn sem hér er borinn á borð fyrir þingmenn þannig fram settur að ekki er hægt að misskilja hann að mínu viti, í lagatextanum er talað um hvað eigi að telja með í veltu fyrirtækjanna. Það kemur hvergi fram hvernig eigi að telja eignina í sjálfum fjölmiðlinum. Því verður ekki annað ráðið af lagatextanum en að það eigi að telja eignarhlutann í fjölmiðlinum með. Ef fjögur fyrirtæki keyptu fyrirtæki af stærðargráðunni sem Norðurljós eru virðist liggja nokkuð ljóst fyrir að ekkert þeirra mætti vera með meira en 600 millj. kr. veltu á ári. Sú velta plús hlutur þess í veltu Norðurljósa væri þá farin yfir tvo milljarða kr. á ári.

Ég bið hæstv. forseta eða einhverja aðra fyrirsvarsmenn þess máls sem við erum hér að ræða að leiðrétta mig ef ég fer rangt með. Sá lagatexti sem hér er til staðar virðist vera mjög skýr og ekki er vafi í mínum huga að það hljóti að eiga að lesa hann með þessum hætti. Síðan er í lagatextanum ákvæði um það að útvarpsréttarnefnd eigi að grípa til aðgerða ef fyrirtæki fari yfir þessi mörk. Engrar undankomu er auðið fyrir útvarpsréttarnefnd. Hún verður að beita þeim skilyrðum sem þarna eru sett. Um leið og eitthvert fyrirtæki sem er búið að kaupa í fjölmiðli fer yfir tveggja milljarða veltu, þ.e. samanlagða veltu fyrirtækisins og þeirra fyrirtækja sem það á í með einhverjum hætti, eða hefur yfirráð yfir að mati Samkeppnisstofnunar, er þetta fyrirtæki þar með komið á svartan lista útvarpsréttarnefndar og fær 120 daga til að breyta eignarhaldinu í fyrirtækinu og koma því í lag. Lengri tími verður það ekki.

Meiri hlutinn hefur gripið til neyðarbjargana af einhverju tagi í brtt. sínum, m.a. benti ég á, og kannski fleiri, við 1. umr. að einhver sem bæri illan hug til fjölmiðlafyrirtækis og réði yfir fyrirtæki sem væri í markaðsráðandi stöðu gæti bara keypt einhvern part í fjölmiðlafyrirtæki í þeim tilgangi að setja það í vanda. Nú eru komin ákvæði um hvernig eigi að meðhöndla það. Ég geri svo sem ekki neinar sérstakar athugasemdir við það sem menn eru hér að gera með brtt. sínum. Ég tel reyndar að málið sé þannig vaxið að við sem erum í stjórnarandstöðunni eigum engan kost á því að styðja eitt einasta ákvæði þessa frv. Það er svo glórulaust sem hér er verið að setja í gegnum Alþingi, ef það verður niðurstaðan, að á því held ég að sé rétt að bera ekki neina ábyrgð.

Fjármálafyrirtækin í landinu komu til umræðu svolítið áðan. Þau eiga mikilla hagsmuna að gæta hvað varðar það fyrirtæki sem þessum lögum er beint að. Nýjar upplýsingar komu fram í umræðunni um fundarstjórn forseta áðan, a.m.k. fyrir mig, þar sem það var upplýst að lífeyrissjóðirnir ættu 2 milljarða undir í þessu fyrirtæki. Ég held að nú hljóti mönnum að vera mikið umhugsunarefni með hvaða hætti þetta fyrirtæki og þeir sem því stjórna geta losað sig úr þeirri klemmu sem það er í. Ég held að niðurstaðan af því verði varla önnur en sú að ríkissjóður muni sitja uppi með það að borga skaðabætur vegna þess að aðilar sem hugsanlega vildu eignast þetta fyrirtæki og uppfylltu hæfisskilyrðin sem hv. Alþingi ætlar að setja, ef það verður að lögum sem hér liggur fyrir, ættu alls kostar við þá sem eiga skuldir hjá Norðurljósum. Þeir gætu svo sem sett verðmiðann bara sjálfir á þetta fyrirtæki. Þar með sætu lánardrottnar fyrirtækisins uppi með það að þurfa að afskrifa lán sín til fyrirtækisins.

Mér er sem sagt enn þá spurn: Hvaða fjármálafyrirtæki mundi eiginlega lána fyrirtækjum svo gífurlega fjármuni sem þarf til að reka fyrirtæki eins og Norðurljós? Fyrr í kvöld hefur verið sagt í ræðustól að skuldirnar séu 5,7 milljarðar. Hvaða lánastofnun fjármagnar slíka fúlgu ef hún á enga möguleika á því, nema 120 daga frest, að taka þátt í rekstri þessa fyrirtækis, getur ekki lagt inn hlutafé í fyrirtækið vegna eignarhaldsákvæðanna og hefur þennan ótrúlega skamma frest til að koma málum fyrirtækisins í lag? Það er nú ekki svo langt síðan þetta fyrirtæki stóð í þeim vanda sem allir þekkja sem fylgst hafa með á fjölmiðlamarkaðnum hér á undanförnum mánuðum.

Ég ætla líka að tala aftur um það ákvæði í þessu frv. sem snýr að prentfrelsinu, þ.e. að fyrirtæki í fjölmiðlun megi ekki eiga í dagblöðum. Ég hef kallað prentfrelsið barmmerki lýðræðisins í gegnum tíðina. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst umræðan um þetta atriði ekki hafa verið nóg þótt hér hafi menn talað langar stundir. Svo lengi hefur prentfrelsið verið í heiðrum haft að það væri ástæða til að menn gæfu því nokkra umræðu hér á hv. Alþingi þegar menn orða þá hugsun í fyrsta skipti að það sé ekki fyrir alla. Ég held því fram að prentfrelsið eigi að vera fyrir alla, og þá hvern sem er. Hver sem kýs að gefa út blöð, bæklinga eða einhvers konar rit á Íslandi á að hafa til þess rétt. Mér finnst líka undarleg hugsun fólgin í því að ætla sér að koma í veg fyrir að einhver aðili geti gefið út blöð.

Þær breytingar sem hafa orðið á blaðamarkaðnum eru fólgnar í því að nú eru menn farnir að bera blöð ókeypis í hús og fjármagna þau með öðrum hætti en að selja þau. Verslunarkeðjur eða önnur fyrirtæki sem vilja koma á framfæri upplýsingum sínum geta þess vegna séð sér hag í því að fara að gefa út blöð, hafa í þeim auglýsingar og annað efni sem fólki finnst áhugavert til þess að fá það til að lesa þau og kynna sér auglýsingarnar, upplýsingar um vörur fyrirtækjanna. Er þetta eitthvað slæmt? Það er skoðun mín að þetta sé í raun og veru ekkert slæmt. Það er eindregin skoðun mín að það sé gjörsamlega fráleitt að ætla að koma í veg fyrir þetta. Þá eru menn að keyra býsna hratt aftur á bak í frelsi á Íslandi þegar þeir eru komnir að þeirri niðurstöðu að það eigi að taka prentfrelsið og útgáfuréttinn sem því hefur fylgt í gegnum tíðina af nokkrum einasta aðila. Ég kalla eftir því að menn bendi á að ákvörðun af þessu tagi hafi verið tekin á Íslandi fyrr.

Mér finnst þessi réttur vera heilagur. Hann er orðinn forn. Svo dettur mönnum í hug árið 2004 á Íslandi að taka hann af einhverjum. Hvers vegna? Vegna þess að menn óttast yfirráð einhvers konar fjölmiðlarisa á íslenskum markaði þar sem risinn á markaðnum er í raun og veru Ríkisútvarpið. Það er mikið umhugsunarefni að þetta hafi flögrað yfirleitt að nokkrum manni.

Hæstv. forseti. Í þjóðfélaginu er bókstaflega mótmælaalda gegn því sem ríkisstjórnin er að aðhafast hér á hv. Alþingi þessa dagana. Sem dæmi um það langar mig að lesa hér upp ályktun sjálfstæðisfélags Hlíða- og Holtahverfis sem, með leyfi hæstv. forseta „hvetur til þess að afgreiðslu frumvarps um eignarhald á fjölmiðlum, sem nú liggur fyrir Alþingi, verði frestað og málið verði tekið fyrir á næsta landsfundi Sjálfstæðisflokksins, áður en lengra verður haldið".

Ég vek athygli hæstv. forseta Alþingis á þessari ályktun og hvet hann til þess að lesa frétt Morgunblaðsins vandlega yfir:

„Í ályktun sem félagið hefur samþykkt og sent fjölmiðlum segir að félagið skilji þau sjónarmið sem liggja að baki frumvarpinu, en þó er hvatt er til þess að málinu verði frestað og það rætt á næsta landsfundi flokksins."

Bragð er að þá barnið finnur er stundum sagt. Þegar félög Sjálfstfl. eru farin að reyna að hafa vit fyrir ríkisstjórninni, hæstv. forsrh. og hæstv. forseta Alþingis er ástæða til þess að spyrja hvers vegna þeir hlusti ekki.

Á undanförnum dögum hafa fjölmargir aðilar komið fram í samfélaginu og bent á ágalla þeirrar hugmyndar sem hér liggur fyrir. Þeir eru af fjölmörgu tagi en alvarlegastir eru þeir þó að menn telja, og það menn sem á því ættu að hafa býsna mikið vit, að hér sé á ferðinni atlaga að stjórnarskránni, það sé meiri háttar vafi á því að ákvæði þessa lagafrumvarps geti staðist stjórnarskrá. Enn einu sinni erum við í þeim sporum hér í sölum hv. Alþingis að ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. leggur fram frv. sem vafi leikur á að geti staðist stjórnarskrá. Enn hljóta menn að spyrja: Er það þá ekki regla hér á hv. Alþingi að stjórnarskrárákvæðin njóti ævinlega vafans? Nei, það er sko ekki regla. Það má segja að reglan sé heldur á hinn veginn, að sé vafi eigi að taka áhættuna. Það hefur reyndar verið gert býsna oft. Hæstiréttur sem svo vill til að hefur verið skipaður í gegnum tíðina undanfarin æðimörg ár af ráðherrum Sjálfstfl. hefur, þrátt fyrir þá skipun, þurft að senda hin ýmsustu mál aftur til baka í höfuðið á ríkisstjórninni vegna þess að hann hefur ekki talið að þau stæðust ákvæði stjórnarskrárinnar. Samt heldur hæstv. ríkisstjórn áfram á sinni braut.

Nú sem aldrei fyrr hafa komið fram virtir lögfræðingar, hæstaréttarlögmenn og prófessorar í lögum og haldið því fram að þetta mál væri svo alvarlegt og líklegt til þess að brjóta stjórnarskrána að sennilega þyrfti forseti lýðveldisins að velta því mjög vandlega fyrir sér hvort hann yfirleitt gæti staðfest þessi lög ef þau verða afgreidd hér við lokaafgreiðslu á hv. Alþingi. Þetta er mér mikið umhugsunarefni, hæstv. forseti.

Ég ætla að vitna hér í umsögn ágæts lögspekings, Sigurðar Líndals, hæstv. forseti, með leyfi hæstv. forseta — ég held við höfum báðir gott af því að fara yfir það sem Sigurður Líndal segir um þetta:

„Hér koma fyrst til athugunar ákvæði 1. gr. a–b. Eins og þegar hefur verið rakið fela þau í sér að mjög er þrengt að fjárhagslegu sjálfstæði fjölmiðlafyrirtækja, þar sem þeim eru sett veruleg takmörk að afla áhættufjár. Þá vakna spurningar um það hvort slíkt reisi ekki tjáningarfrelsi skorður og kunni að fara í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar, einkum 3. mgr. sem hljóðar svo:

„Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Í öllum mannréttindaskrám er lögð mikil áhersla á vernd tjáningarfrelsis, þannig að allar takmarkanir ber að túlka þröngt og gjalda varhuga við hverju einu sem setur því skorður, þar á meðal fjárhagslegar.

Einnig kemur til álita hvort ekki sé með ákvæðum frumvarpsins þrengt að atvinnufrelsi umfram það sem heimilað er í 75. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Hér eru settar svo miklar hömlur á atvinnustarfsemi manna á sviði fjölmiðlunar að mjög tvísýnt er að þær samrýmist ákvæði greinarinnar," segir Sigurður Líndal.

„Hér má einnig huga að 72. gr. um friðhelgi eignarréttar þar sem lagðar eru viðtækar hömlur á rétt manna til að ráðstafa eigum sínum, sem er ein meginheimild eignarréttarins.

Þetta er nauðsynlegt að skoða vandlega áður en frumvarpið verður afgreitt."

Hefur það verið gert? Nei, nei, og ekki stendur til að gera það. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að þetta mál skuli fara með þeim hraða sem mögulegur er gegnum Alþingi og verði ekki skoðað nánar en nú hefur þegar verið gert í nefndum þingsins.

„Sérstakan gaum verður að gefa að ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðar svo:

„Þeir sem lögin taka til skulu hafa lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. gr. laganna að þeim tíma liðnum."

Samkvæmt útvarpslögum má veita leyfi til hljóðvarps til 5 ára lengst, en leyfi til sjónvarps lengst til 7 ára í senn. Í framangreindu ákvæði er heimild til að stytta leyfistímann, ef leyfishafi hefur ekki innan tveggja ára fullnægt þeim hörðu skilyrðum um breytt eignarhald sem mælt er fyrir um í a-lið 1. gr. og áður eru rakin. Þótt lögin séu að formi til framvirk eru þau í reynd afturvirk þar sem þau raska með ófyrirsjáanlegum hætti forsendum sem lagðar hafa verið til grundvallar við rekstur fjölmiðlafyrirtækja. Í áfangaskýrslu auðlindanefndar sem birt var í mars 1999 er ritgerð eftir undirritaðan" — þ.e. Sigurð Líndal — „og Þorgeir Örlygsson, nú dómara við EFTA-dómstólinn í Strassborg, þar sem fjallað er um vernd atvinnuréttinda í fjölþjóðlegum mannréttindasáttmálum og þar rakin dómaframkvæmd mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu og enn fremur Evrópudómstólsins. Þar er niðurstaðan sú að atvinnuréttindi manna njóti verndar sem eignarréttindi eða eignarréttarígildi. Sérstaklega er tekið fram að lögmætar væntingar þess sem hefur leyfi til atvinnustarfsemi njóti verndar 1. gr. viðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Leyfishafi megi gera ráð fyrir, að sér sé almennt heimil starfsemi sín til frambúðar sér til efnahagslegs ávinnings. Þessi réttindi njóti þó takmarkaðri verndar en hefðbundin eignarréttindi. Eignarréttindi megi skerða ef það sé til almannaheilla, enda sé gætt hæfilegs jafnvægis milli einstaklingshagsmuna og almannahagsmuna, sanngjarnt jafnvægi sé milli tilgangs og meðals, nánar tiltekið að meðalhófs sé gætt, þannig að ekki sé gengið lengra en þörf krefur hverju sinni. Jafnframt er lögð áhersla á það hvort réttindum hafi verið úthlutað með tilteknum skilyrðum, t.d. fyrirvara um afturköllun eða breytingu, og jafnframt hvort breyting eða afturköllun er framkvæmd með þeim hætti að sá sem þolir skerðingu fái svigrúm til að laga starfsemi sína að breyttum reglum (sjá bls. 143).

Í stuttu máli það öryggi í atvinnustarfsemi sem bundið er við réttmætar væntingar nýtur stjórnskipulegrar verndar sem eignarréttindi. Þessu raskar bráðabirgðaákvæðið og fer þannig í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar."

Nú er reyndar komin brtt. frá meiri hluta allshn. sem gengur út á það að í stað bráðabirgðaákvæðisins skuli lögin

öðlast gildi eftir tvö ár. Gerðin er þó sú sama þannig að þetta hlýtur að eiga við um brtt. líka.

„Eins og fyrr er tekið fram breytir bráðabirgðaákvæðið forsendum, skerðir öryggi við atvinnustarfsemi með því að rjúfa þann tíma sem útvarpsleyfishafar höfðu til starfsemi sinnar og raska því lagaumhverfi sem ekki verður betur séð en leyfishafar hafi mátt treysta að héldist óbreytt að minnsta kosti út leyfistímann. Þannig urðu lögin afturvirk þótt formlega væru framvirk. Nú segir fjölmiðlanefndin í áliti sínu, kafla 6.4.4 (bls. 86):

„Sé litið til aðstæðna á markaði á Íslandi er ljóst að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald eða útbreiðslu yrði ekki náð að öllu leyti nema þær yrðu afturvirkar."

Með afturvirkni og röskun á því öryggi sem er forsenda þess að unnt sé að starfrækja atvinnufyrirtæki hefur verið brotið gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar," segir Sigurður Líndal.

Hæstv. forseti. Álit þessa ágæta lagaprófessors er allt með þessu marki brennt sem ég hef verið að fara yfir. Þetta mál er meira og minna augljóslega brot á réttindum, brot á stjórnarskránni og virðist augljóslega vera beint að einu sérstöku fyrirtæki. Þá veltir maður fyrir sér hvernig á því skuli standa að ríkisstjórnin skuli treysta sér í þá lagasetningu sem hér er stofnað til. Hér hefur þeirri röksemd verið hreyft hvað eftir annað að í fjölmiðlaskýrslunni sem var rædd um daginn og liggur hér fyrir og frv. var dreift með séu vísbendingar og umfjöllun sem nánast hljóti að leiða til þeirrar niðurstöðu sem hér liggur.

Þetta er náttúrlega skrumskæling á því sem stendur í þessari skýrslu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessari skýrslu hafa verið hælt meira hér í sölum Alþingis en efni standa til. Hún er að mínu viti samt furðulega góð miðað við hvernig í hana var valið fólk til að vinna. Það var handvalið í þessa fjölmiðlanefnd af hálfu stjórnarflokkanna og ekki var gefinn neinn kostur á því að aðilar sem hafa staðið í þessum rekstri, blaðamenn eða aðrir sem koma að fjölmiðlum á Íslandi fengju tækifæri til þess að setja fram skoðanir sínar á því sem nefndin var að gera og mundi leggja til. Þrátt fyrir það er það niðurstaða fjölmiðlanefndarinnar og fyrsta tillaga hennar — hún er kölluð það og það getur ekki verið tilviljun að þessi tillaga nefndarinnar skuli vera kölluð fyrsta tillaga nefndarinnar — að það eigi að styrkja Ríkisútvarpið.

Mér fannst þetta merkilegt þegar ég las það og velti því fyrir mér hvernig menn hafi snúið skýrslunni þegar þeir lásu hana. Hvernig gátu þeir komist að þeirri niðurstöðu að úr þessari skýrslu mætti lesa það að menn ættu að setja mónísk lög til að kollvarpa einu fyrirtæki í þessu landi? Satt að segja er hér öllu á haus snúið, hæstv. forseti, í þessari umræðu.

Það hefur komið í ljós við þessa umræðu, nefndarmenn allshn. og fleiri hafa farið vel yfir það, að þeir sem komu til fundar við nefndirnar, sérstaklega allshn., voru nánast allir á einu máli um það að þeir treystu sér ekki til þess að mæla með því sem hér er á ferðinni. Fjölmargir þeirra, langflestir, mæltu eindregið gegn því sem hér hefur verið sett á blöð. Samkeppnisstofnun setti frá sér álit. Í því eru að mínu viti mjög athyglisverðar niðurstöður. Þar stendur undir fyrirsögninni „Bann við að fyrirtæki í óskyldum rekstri sé veitt útvarpsleyfi. Bann við að eiga meira en 25% hlut", með leyfi forseta:

„Eins og nefnt var gerir frv. ráð fyrir að óheimilt verði að veita útvarpsleyfi til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig verður bannað að veita fyrirtæki slíkt leyfi sem er að fjórðungi í eigu annars fyrirtækis eða samanlagt að fjórðungi í eigu fyrirtækja í sömu fyrirtækjasamstæðu. Að mati Samkeppnisstofnunar munu þessi ákvæði með augljósum hætti takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Þannig kemur ákvæðið t.d. í veg fyrir að fyrirtæki sem starfar á tilteknum markaði auki starfsemi sína og hefji samkeppni við keppinauta sem fyrir eru t.d. á útvarpsmarkaði. Einnig hamlar ákvæðið verulega fjárfestingarmöguleikum fyrirtækja í útvarpsrekstri og dregur þar með úr frelsi í atvinnurekstri. Ákvæðin fara því gegn markmiði samkeppnislaga," segir Samkeppnisstofnun.

Síðan heldur þetta áfram, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar fæst ekki séð að þessi ákvæði séu nauðsynleg til þess að tryggja markmið frv. Þvert á móti virðast þau vinna gegn markmiði þess þar sem þau t.d. hindra að nýir aðilar hefji útvarps- og sjónvarpsrekstur og auki þar með fjölbreytni í fjölmiðlum hér á landi. Vakin er athygli á því að í skýrslu nefndar menntamálaráðherra sem fylgir frv. kemur fram að sjaldgæft sé í erlendri löggjöf að settar séu takmarkanir við að fyrirtækjum í óskyldum rekstri sé veitt útvarpsleyfi. Samkeppnisstofnun leggur því til að ákvæðið verði fellt brott úr frv."

Það getur ekki verið skýrara. Þetta er stofnun á vegum hins opinbera sem hefur fjallað um ákvæðið faglega og leggur til að það verði fellt í brott.

Ég endurtek og bendi aftur á það sem ég sagði áðan, það rekst hvað á annars horn í þessu frv. og þeim lögum sem verða þegar upp verður staðið með þeim ákvæðum sem fyrir eru í útvarpslögum. Hér er talað um 5% eign og þær takmarkanir að fyrirtæki megi þá ekki velta nema tiltölulega lágum fjárhæðum. Ef sú skilgreining á við sem ég hélt fram hér áðan og hefur ekki verið mótmælt enn verður niðurstaðan sú að fjölmiðlaeksturinn og rekstur fyrirtækjasamstæðunnar sem á 25% skuli lögð saman og ef við erum að tala um fyrirtæki af þeirri stærðargráðu sem Norðurljós eru núna mundi fyrirtækið sem um væri að ræða og ætti þessi 25% ekki mega velta í starfsemi sinni meira en 600 millj. kr. vegna þess að velta fjölmiðlafyrirtækisins bætist við og fyrirtækið verður um leið markaðsráðandi.

Mér skilst að þessir ágætu breytingartillagnaflytjendur úr meiri hluta allshn. hafi bara ekki velt þessu fyrir sér, þetta væru bara ekki 2 milljarðar, þetta væru bara 600 millj., eitthvað svoleiðis. Það er líkt þeim handarbakavinnubrögðum sem eru í þessu máli.

Hér hafa nefnilega brtt. sýnt eins gjörla og hægt er að undirbúningur þessa máls er mikil hrákasmíð, þ.e. málið er þvílík hrákasmíð vegna undirbúningsins að því er ekki viðbjargandi með nokkrum hætti. Samt halda framsóknarmenn því fram að þeir hafi verið búnir að stýfa út úr frv. einhver ægileg ákvæði sem voru þar inni áður. (**Gripið fram í:** Hvernig var það þá?) Ja, hvernig var það þá? Hvernig var það þegar það kom af skepnunni?

Samkeppnisstofnun segir líka, með leyfi forseta:

Fyrirsögnin er: „Bann við að fyrirtæki sem er í eigu markaðsráðandi ..." — bann, hér stendur alltaf bann í öllum textum — „fyrirtækis sé veitt útvarpsleyfi.

Í frv. segir að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta."

Það er stórkostlegt hvernig þetta var lagt fram í upphafi þegar meira að segja dekkjaverkstæði í einhverjum smáþorpum máttu ekki eiga í fjölmiðlafyrirtæki. Síðan ætla þeir að fara að bæta úr og þá fer það svona, þá er sett þetta lágmarksákvæði, sjálfsagt í þeirri góðu trú að menn væru að tala um eitthvað sem mætti kalla þokkalegt alvörufyrirtæki á Íslandi og velti tveim milljörðum. Þá dettur það bara óvart niður í 600 millj. eða eitthvað svoleiðis sem þetta fyrirtæki getur velt. Hvaða fyrirtæki eru það á Íslandi? Það eru engin óskapleg fyrirtæki sem þarna eru á ferðinni. Ef fjölmiðlaflóran á Íslandi á að þurfa að þola það að engir megi fjárfesta í fjölmiðlum nema einhver smáfyrirtæki með tiltölulega litla veltu, eða einn fjölmiðlakóngur, blæs ekki byrlega. Þar kem ég aftur að því ákvæði sem ég nefndi fyrr í ræðu minni og sé ástæðu til að rifja aðeins betur upp. Það er Murdoch-ákvæðið í lögunum sem hefur verið túlkað þannig af hæstv. forsrh. að úthluta megi einstaklingi útvarpsleyfi og að 25% eignarhaldsákvæðið gildi ekki ef um einstakling er að ræða.

Þá breytist flóran. Þá breytast möguleikarnir svolítið. Einstaklingurinn sem við getum hugsað okkur að dytti í hug að það væri bara sniðugt að skella sér í fjölmiðlarekstur á Íslandi vegna þess að stjórnvöld væru búin að setja þannig reglur að alvörufyrirtæki gætu ekki keypt fjölmiðlana — það væri því hægt að fá þá fyrir skít á priki — gæti farið til þeirra sem núna ættu hjá Norðurljósum og sagt þeim hvaða upphæð hann treysti sér til að kaupa fyrirtækið á. Þeir yrðu að lúta því vegna þess að fyrirtækið mundi annars missa útvarpsleyfið og lenda í þrotum. Kannski lendir það reyndar í þrotum áður en það missir útvarpsleyfið vegna þess að fjármálastofnanirnar sem eiga þarna hlut að máli treysta sér ekki til að halda þessu áfram og vilja fá botn í sín mál sem allra fyrst.

Einkaaðili, einhver einstaklingur sem ætti nógu mikið undir sér og vildi leggja fjármuni í þetta og hafa það bara á sínu nafni, getur keypt fjölmiðlafyrirtæki. Ég hefði gjarnan viljað fá útskýringu á því og mér þykir mikill skaði að hér skuli ekki vera a.m.k. formaður allshn. til að svara spurningum þeirra þingmanna sem halda ræður. Ég spyr hæstv. forseta: Er formaður allshn. ekki í húsinu? Eða hæstv. menntmrh. eða (**Gripið fram í:** Forsrh.) hæstv. forsrh., aðalábyrgðarmaður málsins?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti getur upplýst að formaður allshn. er staddur í húsinu, og forsrh.)

Ég vil biðja hæstv. forseta að láta hv. formann allshn. vita að ég hafi áhuga fyrir því að spyrja hann nokkurra spurninga. Ég óska eftir því að kallað verði í hann vegna þess að þetta er eitt af því sem ekki hefur verið upplýst með nægilega skýrum hætti hér við þessa umræðu. Ég vil gjarnan að í þetta fáist botn.

Hæstv. forsrh. leiðrétti mig við 1. umr. málsins þegar ég hafði lesið frv. sem hér liggur fyrir og hélt að þetta þýddi að það þyrfti ævilega að lágmarki fjóra til þess að eiga fjölmiðlafyrirtæki. Það stendur reyndar mjög skýrt í lagatextanum en svo kemur í ljós að í útvarpslögunum sjálfum er minnst á að það megi úthluta einstaklingi útvarpsleyfi. Hæstv. forsrh. leiðrétti mig með þetta og ég sé enga ástæðu til að þræta um það en þetta hlýtur að kalla á að menn gefi skýringar á því hvort menn telja það standast í raun og veru að gera með þeim hætti upp á milli einstaklings sem rekur fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtækja sem reka fjölmiðlafyrirtæki.

Hæstv. forseti. Mér finnst líklegt að hv. formaður allshn. hafi ekki heyrt það sem ég fór yfir í ræðu minni áðan og ætla þess vegna að endurtaka það.

Ég óska eftir því að hér fáist skýr svör um það með hvaða hætti menn telja að eigi að rökstyðja það að einstaklingar geti fengið úthlutað útvarpsleyfi og að um þá, einstaklingana, skuli gilda aðrar reglur en um fyrirtækjahóp sem gerð er krafa um að verði til ef menn eigi að fá úthlutað útvarpsleyfi. Samkvæmt textanum sem hér er lagt til að verði að lögum er gert ráð fyrir því að ekkert fyrirtæki megi eiga meira en 25% í fjölmiðlafyrirtæki. 25% er hámarkið.

Það hefur hins vegar komið fram ... Hæstv. forseti. Ég vil vera viss um að hv. þingmaður heyri orð mín þannig að ég geri hlé á ræðu minni þangað til samtölum hefur lokið í salnum. (**Gripið fram í:** Þangað til ró hefur færst yfir hug hans.) Já, þangað til ró hefur færst yfir huga hv. þingmanns. Mér finnst þetta mikilvæg spurning. Mér finnst mikilvægt að fá að vita hvort menn telji það standast að einstaklingur geti fengið úthlutað útvarpsleyfi og hann geti þá keypt hömlulaust alla fjölmiðla á Íslandi, þ.e. í sjónvarpsrekstri eða útvarpi, því að á því séu þá engar kvaðir, hann þurfi ekki að hlíta 25% ákvæðinu sem um er að ræða. Ég vil kalla þessi ákvæði hvað varðar einstaklinginn Murdoch-ákvæði, þ.e. einstaklingur sem vill verða fjölmiðlakóngur á Íslandi og á nóga fjármuni getur sem sagt farið inn í þetta og er laus undan öllum hömlunum sem hv. þm. eru tilbúnir að setja á fyrirtækið. Hann má eiga 100% í fjölmiðlinum en fyrirtækin þurfa að sæta því að eiga 25%. Mér finnst þetta áhugavert. Ég hafði misskilið þetta en hæstv. forsrh. leiðrétti mig.

Ég bið um upplýsingar um það hvort menn hafi yfirfarið þetta atriði og hvort þeir séu sammála því að þetta standist í raun og veru jafnræðisákvæði. Þá eru einstaklingar sem taka þá ákvörðun að fara í fjölmiðlarekstur í raun og veru alls ekki undir sömu reglu settir og fyrirtækjahóparnir sem gerð er krafa um að verði til, að lágmarki fjögur fyrirtæki skulu það vera sem geta efnt til fjölmiðlareksturs.

Hæstv. forseti. Nú veit ég ekki hvað ég á að hafa þessa ræðu mína langa, hvort ég á kannski að geyma mér sumt af henni til seinni ræðu minnar við þessa umræðu. Mér er skapi næst að gera það en það er svo langt í frá að ég hafi lokið því sem ég hafði hugsað mér að tala um í þessari ræðu. Mér finnst skemmtilegra að sá mikli fjöldi þingmanna sem hefur fylgst með umræðunni fái nú að sjá breytilegri andlit en mitt hér. (**SKK:** Tala lengur.) Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skorar á mig að tala lengur. Það er ekki vandi að verða við þeirri ósk. Ég hef hins vegar ákveðið að hafa ekki þessa ræðu lengri og ætla mér að geyma mér frekari ræðuhöld til síðari tíma í þessari umræðu, hæstv. forseti.

[22:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég þakka ágæta og efnismikla ræðu en það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað fá frekari skýringar á, einkum varðandi rót vandans sem við ræðum hér.

Stjórnarliðar hafa bent á að fyrir dyrum standi einhver vá sem þurfi að taka á, helst í gær, en við í stjórnarandstöðunni föllumst ekki á það og sjáum enga stóra hættu. Hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði í upphafi máls síns að upphaf þessa máls mætti e.t.v. rekja til bolludagsmálsins. Það væri fróðlegt að fá að heyra nánar um það og hvort við ættum þá ekki að horfa á það mál sérstaklega, rannsaka það og reyna að höggva að rót vandans. Ég tek ekki trúanlega þá vá sem menn hafa bent á. Ég hefði talið að við ættum að fara vel

yfir og skoða einmitt rót vandans og skoða hvort ekki beri að rannsaka hana frekar.

Ástæðan fyrir því að ég spyr að þessu og bið um nánari skýringar er að enginn í stjórnarliðinu hefur neitað því að þetta gæti verið möguleg orsök þess máls sem stefnir, ekki bara nokkrum í hættu, heldur störfum hundruða manna í þjóðfélaginu í hættu, og jafnvel málfrelsinu. Menn hafa látið að því liggja. Þess vegna ættu menn að horfa til þess hver raunveruleg rót vandans er og reyna að höggva á hana í stað þess að vera að búa til einhverja vá og færa ekki fyrir henni nein rök. Allténts eru þau rök sem hér hafa verið borin á borð ekki mjög málefnaleg.

[22:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Ég hef orðað það svo að þetta hafi allt byrjað á bolludaginn vegna þess að hin mikla andstaða og óbeit hæstv. forsrh. á fyrirtækinu Baugi kom þá í ljós með mjög dramatískum hætti. Þá komu fram upplýsingar frá hæstv. forsrh. um að til hefði staðið að bera á hann fé til þess að hann léti fyrirtæki Baugs í friði. Bolludagurinn er mér minnisstæður vegna þessa og mér finnst að herferð hæstv. forsrh. gegn þessu fyrirtæki hafi hafist þá fyrir alvöru. Hún hefur staðið síðan. Síðan er sá endasprettur sem við stöndum hér frammi fyrir auðvitað einstæður þar sem lög á að setja á hv. Alþingi sem greinilegt er að er ætlað að knésetja þetta fyrirtæki.

Ég kann ekki ráð til að höggva að rót þessa vanda. Ég held að fylgismenn forsrh. og ríkisstjórnarinnar þurfi að halda á þeirri öxi sem verði notuð til þess.

[22:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú hafa fjölmargir og nær allir umsagnaraðilar um þetta mál sem við erum að fjalla um hér sagt að hugsanlega væri um stjórnarskrárbrot að ræða og brot á Evrópureglum. Þess vegna er eðlilegt að spyrja hvort hv. þm. Jóhann Ársælsson muni styðja það að þjóðin fái að greiða atkvæði um þetta mál og taki jafnvel undir og styðji forseta lýðveldisins í því að taka ákvörðun um að skrifa ekki undir þessi lög ef svo ólíklega vill til að meiri hlutinn sjái ekki að sér. En ég á enn von á því að menn sjái að sér og taki mark á þeim aðvörunum sem koma alls staðar að úr þjóðfélaginu. Ég ber enn þá von í brjósti að stjórnarliðar sjái að sér.

[22:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Veigamikil rök hafa verið færð fram fyrir því að frv. geti falið í sér brot á stjórnarskránni og reyndar brot á Evrópureglum líka. Hvort ég styðji hæstv. forseta þessa lýðveldis liggur fyrir — ég hef ekkert legið á því — að það hef ég gert æðilengi. Það er engu að síður í hans valdi hvort þessu máli verður skotið til þjóðarinnar þegar þar að kemur. Ég ætla ekki í ræðustól á Alþingi að lýsa yfir einu eða neinu um skoðun mína á því. Það verður að vera hans val. Ég tel reyndar að Alþingi Íslendinga verði að láta honum það hlutverk alfarið eftir.

[22:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvernig það megi vera að einstaklingar geti samkvæmt þessu frv. sölsað undir sig alla einkareknu fjölmiðlana og verið hér einráðir á fjölmiðlamarkaði á meðan frv. gerir ráð fyrir því að fyrirtæki sem hafi þennan sama áhuga geti einungis eignast 25%. Ég hygg að svarið við þessu sé einfalt: Það þykir einfaldlega svo ólíklegt að einstaklingar sækist eftir slíku. Dæmið sem hv. þm. nefnir hér, Rupert Murdoch, er einkennilegt fyrir þær sakir að hann stendur ekki í rekstri fjölmiðlaveldis síns í eigin nafni, ég leyfi mér að fullyrða það.

Öll ákvæði þessa frv. miða sérstaklega að fyrirtækjum, til að mynda ákvæði sem fjallar um fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu. Einstaklingur sem slíkur kemst seint í markaðsráðandi stöðu án þess að vera með einhvern rekstur á bak við sig í fyrirtækjaformi.

Þetta er það helsta.

Ég ætla aðeins að víkja að öðru atriði sem hv. þm. fór yfir þegar hann fjallaði um þá nýbreytni í íslenskum fjölmiðlum að nú væri farið að dreifa dagblöðum frítt inn á heimili landsins. Ég gat ekki skilið hv. þm. betur en svo að hann teldi að frv. bannaði fyrirtækjum í framtíðinni að gera slíkt eða vægi með einhverjum hætti að þessari þróun með þeim efnisákvæðum sem er að finna í frv. Ég ætla að biðja hv. þm. aðeins um að útskýra betur hvað hann á við þar.

[22:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta síðasta fyrst. Með því lagafrv. sem hér liggur fyrir er bannað að Norðurljós megi eiga Fréttablaðið. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Er það ekki bannað? Fréttablaðið er borið í hús. Þetta er auglýsingablað og er borið uppi með þeim hætti. (**Gripið fram í:** Er það það?) Það er fréttablað líka. (**Gripið fram í:** Er þetta auglýsingablað? Má ekki segja Fréttablaðið?) Það er alveg greinilegt að blaðið er fjármagnað með auglýsingum. Það er ekkert vafamál að það eru auglýsingarnar sem standa undir blaðinu. Ég get ekki séð annað en að ef menn vildu bera daglega út auglýsingablað með einhverju efni sem vekti áhuga fólks til þess að það mundi lesa auglýsingarnar yrði það kallað dagblað og þar með væri það bannað.

Ef menn ætla að setja lög á hv. Alþingi sem byggjast á því að það sé ólíklegt að eitthvað gerist, það sé ólíklegt að einhverjum einstaklingi detti í hug að verða fjölmiðlarisi hér á Íslandi og notfæra sér þann möguleika að vera undir allt aðra sök seldur en lögin gera ráð fyrir um fyrirtæki finnst mér það bara skrýtið. Ég spyr: Líta menn kannski svo á að þetta verði skilgreint þannig af útvarpsréttarnefnd að enginn einstaklingur fái í raun og veru útvarpsleyfi úthlutað þótt það standi í lögunum? Verður hann að vera með einhvers konar fyrirtæki til þess að halda utan um reksturinn? Ef það er ekki hlýt ég að álykta sem svo að viðkomandi sé ekkert háður þeim reglum sem þarna eru settar fram um að 25% eignaraðild sé hámarkið.

[22:44]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð fyrst að segja að mér þykir þessi yfirferð hv. þingmanns varðandi þróunina á dagblaðamarkaðnum alveg kostuleg. Honum finnst það greinilega jafnvel bara hreinlega æskilegt að hér séu gefin út fyrirtækjaauglýsingablöð sem séu borin inn á hvert einasta heimili til að flytja boðskap fyrirtækjanna í formi auglýsinga og jákvæðrar umfjöllunar um starfsemi viðkomandi fyrirtækis á annan hátt. (Gripið fram í.) Greinilega sérstaklega eftirsóknarverð þróun.

Hann kallaði Fréttablaðið hreinlega auglýsingablað.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að Norðurljós og aðrir ljósvakamiðlar geta ekki gefið út prentmiðla en öll önnur

fyrirtæki á Íslandi sem hafa áhuga á að fara út í dagblaðarekstur geta gert það og einmitt með þeim hætti sem hv. þm. telur svo æskilegan, að þeir kynni starfsemi sína sérstaklega með auglýsingum og jákvæðri umfjöllun að öðru leyti.

[22:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir sem útvarpa einhverju eða sjónvarpa mega þetta ekki, ekki samkvæmt þessu lagafrumvarpi. Þeir mega ekki bera út auglýsingablöð. (**BjarnB:** Það eru rök fyrir því í frv.) Rök í frv.? Það kom meira að segja fram í greinargerð með frv. hvernig ætti að skilgreina dagblað. Það er blað sem kemur út fjóra daga í viku. Ef fyrirtæki vill gefa út slíkt blað, hafa í því eitthvert efni, eitthvert auglýsingablað, já, ég leyfi mér að kalla Fréttablaðið auglýsingablað. Það er bara mjög einfalt mál. Ég tel að það sé þá alveg augljóslega skilgreiningarvandi ef svo er ekki því að fyrirtækið sem gefur þetta blað út fjármagnar sig á auglýsingum. (**BjarnB:** ... fullkomið ...) (**BjarnB:** Fullkomið rangnefni á blaðinu þá.) (**Gripið fram í:** Af hverju heitir það þá ekki Auglýsingablaðið?)

[22:47]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hinum geðþekka Sandara og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir einkar tilþrifamikla ræðu sem stóð hátt á annan klukkutíma. Hann má nú eiga það að hún var efnismeiri en margar fyrri ræður félaga hans úr Samf. sem haldnar hafa verið hér í þessari umræðu. (**GAK:** Hvar eru þínar ræður?) (**Gripið fram í:** Efnislegu.) (**JBjarn:** Hann kann ekki að ...)

Mig langar til að víkja að einu atriði í ræðu hv. þingmanns sem hann lagði mikið upp úr í upphafi hennar. Hann sagði að með þessu frv. væri verið að koma á ritskoðun á Íslandi. Mig langar til að biðja hv. þingmann að færa aðeins rök fyrir þeirri skoðun sinni. Það gerði hann ekki og ég sé þess ekki stað í frv. sem við erum að ræða að verið sé að koma á ritskoðun á Íslandi. Út á hvað gengur þetta frv.? Það gengur ekki út á það að banna hverjum sem er að reka dagblað og koma skoðunum sínum á framfæri þar, eða auglýsingum ef svo ber undir. Það er ekkert í þessu frv. sem bannar t.d. Samf. að endurvekja Þjóðviljann. Það er ekkert sem bannar fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu að reka dagblað og reka allan þann áróður þar sem þeim sýnist. Það er ekkert í þessu frv. sem leggur þann stein í götu einhvers fyrirtækis eða einstaklinga að þeir geti ekki átt hlut í og rekið fjölmiðil. (Gripið fram í.) Hvað á hv. þm. með þegar hann heldur því fram að hér sé verið að koma á ritskoðun? Hvar finnur hann þess stað í því frv. sem við erum hér að ræða?

[22:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég orðaði það svona, já, að þetta væri ritskoðun. Það er kannski ekki rétta orðalagið því viðkomandi er hreinlega bannað að gefa út blað. Það er miklu drastískara en að skoða blaðið og skipta sér af því hvað stendur í því.

Það er bara þannig að hér er í fyrsta skipti á Íslandi, eftir því sem ég veit best, og ég bið hv. þingmann sem er nú lögfræðingur að upplýsa mig ef hann veit betur, verið að taka prentfrelsi af nokkrum aðila. Það er gert með þessu frv. Ég bið hv. þingmann að leiðrétta það ef það er einhver misskilningur hjá mér að þetta sé ekki alveg nýtt. (**Gripið fram í:** Prentfrelsi...) Hvað á að kalla það annað en prentfrelsi þegar einhverjum er bannað að gefa út prentmiðil? Það liggur fyrir að fyrirtæki af því tagi sem þessu frv. er beint að, og við vitum öll hvaða fyrirtæki það er, er bannað að gefa út dagblað samkvæmt þeim frumvarpstexta sem liggur hér fyrir. Það kalla ég að taka prentfrelsið af því fyrirtæki. (**Gripið fram í:** Því er ekkert bannað.) Ég vil biðja hv. þingmenn að útskýra þetta fyrir mér, ef ég er svona andskoti tornæmur, ef þetta er eitthvað öðruvísi.

[22:50]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nefnilega það. Hv. þm. orðaði hugsanir sínar á rangan hátt. Það er ekki verið að koma á ritskoðun á Íslandi eins og hv. þm. hélt fram í ræðu sinni. Það er ekki verið að snerta prentréttinn (**Gripið fram í:** Nú?) heldur eða prentfrelsið. Alls ekki. Að sjálfsögðu ekki. Það er verið að setja ákveðin skilyrði fyrir því að fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu geti ráðið hér öllum fjölmiðlum og stjórnað lýðræðislegri umræðu. En það er ekki verið að leiða ritskoðun í lög. Það er fráleitt. (**BjarnB:** Skilyrði ... útvarpsleyfi.) Margt í þessari ræðu hv. þingmanns hefur hins vegar vakið athygli og þær rangfærslur sem hann hefur haft í frammi eru mjög sérstakar. Hér liggur sem sagt fyrir viðurkenning hans á því að ekki er verið að koma á ritskoðun á Íslandi, eins og hann hélt fram. Það liggur líka fyrir að hann lítur ekki á Fréttablaðið, sem heitir Fréttablaðið, sem fréttablað, heldur auglýsingablað. Allt er þetta að verða ansi öfugsnúið hjá hv. þingmanni. (Gripið fram í.)

[22:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur alltaf verið íþrótt manna að standa í útúrsnúningum.

Hvað vilja menn kalla það þegar einhverjum er bannað að gefa út prentmiðil? Ég kalla það bara að taka af honum prentfrelsið. Það er miklu drastískara en að setja á hann ritskoðun. (**BjarnB:** Skilyrðin eru út af útvarpsleyfi, ekki prentfrelsi.) Það er nákvæmlega sama hverju orði þið kallið þetta. Þið eruð að tala um einstök fyrirtæki á Íslandi sem rétturinn til þess að gefa út prentmiðil er tekinn af í fyrsta skipti. (Gripið fram í.) Þannig liggur það. (**Gripið fram í:** ... gefa út prentmiðla?) Það getur ekki hver sem er gefið út prentmiðil eftir að þessi lög hafa tekið gildi. (**BjarnB:** Allir geta gert það. Þeir missa útvarpsleyfið ... ef þeir ... þetta líka.)

[22:53]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Óhætt er að segja að fá mál á hv. Alþingi hafi fengið jafnmikinn tíma til umræðu og valdið jafnmikilli umræðu í samfélaginu og það mál sem hér er verið að ræða við 2. umr. sem staðið hefur nú í nokkra sólarhringa. Þá hlýtur að vera eðlilegt að spyrja, virðulegur forseti, hvers vegna eitt mál hljóti svo mikla og almenna umræðu úti í samfélaginu eins og á hv. Alþingi.

Svarið er auðvitað augljóst. Það er verið að takast á um alveg gríðarlega hagsmuni. Það er verið að fjalla um og takast á um fyrirkomulag, leikreglur á samkeppnismarkaði sem hefur verið að skapast og þróast í okkar litla landi á síðustu árum og áratugum. Þegar inn í það blandast einnig að það snertir fjölmiðlamarkaðinn segir sig sjálft að hagsmunirnir eru gífurlegir. Þess vegna er eðlilegt að mikil umræða verði innan þingsins og utan.

Að sjálfsögðu er umræða nauðsynleg og umræða góð en mér hefur fundist dálítið gæta þess að hún fjalli um mjög afmarkaða þætti málsins og jafnvel komi hér upp hv. þm.

með fullyrðingar sem ekki eiga sér stoð, eins og fram kom í síðustu ræðu. (Gripið fram í.) Mér finnst mjög mikilvægt að horft sé á grundvallaratriðin í málinu, þ.e. þá þróun sem verið hefur á neytendamarkaði okkar að undanförnu, þá tilhneigingu til samþjöppunar þar sem fyrirtæki hafa runnið saman og það er sú samþjöppunartilhneiging sem hefur orðið á íslenskum neytendamarkaði að undanförnu. Það er grundvöllur málsins og mér finnst að það eigi í rauninni að vera kjarni umræðunnar hér því að það hefur ekki verið annað að heyra en hv. þm. úr öllum flokkum hafi á síðustu árum borið mikinn ugg og kvíða yfir þeirri þróun og hafi haft mjög afdráttarlausar skoðanir á því. (**Gripið fram í:** Afleiðingar stjórnarstefnunnar.) Það vekur hins vegar mikla athygli mína, og ég vék að því við 1. umr. og mér finnst ástæða til að gera það aftur, að Samf. hefur tekið allhressilega beygju í málinu í afstöðu sinni til þróunar á neytendamarkaði og þeirrar samþjöppunar sem þar hefur orðið og er að verða. Ég hef kallað það U-beygju og það er hægt að gera það með fullum rökum.

Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna til ræðu sjálfs formanns Samf., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem hann flutti á Alþingi þar sem verið var að fjalla um samþjöppun á neytendamarkaði og þar sem hv. þm. skammar ríkisstjórnina fyrir það sem honum fannst litlar aðgerðir á því sviði. Þá sagði hinn virðulegi formaður Samf.:

„Það er hins vegar Svarti-Pétur í stokknum. Stóru keðjurnar hafa í skjóli einokunar keyrt upp matarverð. Hreðjatak þeirra á markaðnum hefur kallað fáheyrða dýrtíð yfir neytendur. ... þá er það skoðun okkar í Samfylkingunni að Samkeppnisstofnun eigi að fá í hendur þau tæki sem hún þarf til þess að skipa fyrir um breytingar, þar á meðal að skipta upp slíkum einokunarrisum ef hún telur þess þörf til þess að vernda hagsmuni neytenda."

Svo endar hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., ræðu sína á þeirri spurningu: „Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?" (**ÖS:** Svarið kom.)

Þarna kemur alveg glöggt fram að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur eða hafði, réttara sagt, þungar áhyggjur af þeirri þróun sem hefur orðið á neytendamarkaði hér og hann er með ráð til ríkisstjórnarinnar um leið og hann kallar eftir úrræðum hennar og þau ráð eru að Samkeppnisstofnun gangi strax inn í þessi fyrirtæki og leysi þau upp með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Þetta er tilvitnun, virðulegur forseti, í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samf., þar sem hann hvetur til þess að Samkeppnisstofnun gangi strax inn í það hreðjatak sem stóru blokkirnar hafi á neytendamarkaði og leysi þær blokkir upp. Þetta var hin almenna skoðun Samf. fyrir örfáum missirum á stöðunni á neytendamarkaði.

Hv. formaður Samf. fjallar síðan á öðrum stað um fjölmiðlamarkaðinn sérstaklega í svipuðu samhengi. Það er fróðlegt, virðulegur forseti, að stinga þar niður hvað virðulegur formaður Samf. sagði fyrir örfáum missirum um fjölmiðlamarkaðinn og þá þróun sem þar á sér stað. Með leyfi forseta:

„... þá er ekki bara blokkamyndun til staðar í atvinnulífinu heldur eru nýjar blokkir að hreiðra um sig m.a. í afþreyingariðnaði. Ég spurði" — segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson — „hæstv. ráðherra áðan hvernig stæði á því að ekki er tekið á þeim iðnaði. Af hverju er t.d. ekki blokkarinnar í kringum Norðurljós að nokkru getið?"

Ég er að vitna hér, virðulegur forseti, í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem er að brýna ríkisstjórnina til þess að ganga í skrokk á Norðurljósum. (**ÖS:** Nei.) Hann er að brýna ríkisstjórnina til þess að gera það, hann hvetur ríkisstjórnina, hann hvetur Samkeppnisstofnun til þess að ganga inn í blokkirnar og leysa þær upp með hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

Annar hv. þm. Samf., öflugur þingmaður, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur einnig tjáð sig um þessi mál hér í ræðustól og á öflugri heimasíðu sinni.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir segir á einum stað, með leyfi forseta, þar sem fyrirsögnin er Tímasprengjan tifar:

„Þá tímasprengju sem nú tifar verður að aftengja. Örfáar stórar valdablokkir gífurlegra sterkra fjármagnseigenda ráða orðið öllum helstu atvinnugreinum í landinu. Það hefur leitt til fákeppni, sem komið hefur fram í dýrara verði á vöru og þjónustu fyrir neytendur."

Þetta eru orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir sem talar um tifandi tímasprengju og fellur vel saman við það sem formaður Samf. sagði og ég vísaði til áðan, að það yrði strax að grípa til aðgerða.

Hér er verið að aftengja hinar tifandi tímasprengjur, hér er verið að bregðast við ákalli m.a. hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. En hvað gerist þá? Sprengjan springur í bæli Samf. Hún bregst við í vörn, og er nema von að maður spyrji: Hvað veldur þeirri 180° beygju Samf.? Það hlýtur að þurfa að koma fram í umræðunni hvers vegna Samf., sem kallað hefur hér missiri eftir missiri eftir aðgerðum, hörðum aðgerðum, að ganga inn í stóru blokkirnar, að brjóta þær upp með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Hvers vegna snýr Samf. þá svona skyndilega við blaðinu? Við hljótum að þurfa að fá skýringar á því í þessari umræðu. Ég kann þær ekki en það er augljóst að hér hefur orðið stefnubreyting miðað við þær ræður, sumar langar, sem hafa verið fluttar í þessari umræðu.

Ef menn meina eitthvað með því að vilja hindra samþjöppun á neytendamarkaði þá kunnum við að þurfa að grípa til aðgerða, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, eins og fram hefur komið í ræðum og pistlum frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri hv. þingmönnum Samf. Þeir hafa kallað eftir þessum aðgerðum, þeir hafa hvatt til þeirra. Og ef menn meina eitthvað með því að koma þurfi í veg fyrir og jafnvel að brjóta upp slíka hringi sem hafa myndast verða menn líka að stíga næstu skref og fylgja því eftir.

Vitanlega, svo að ég bara vísi til ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og greinar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir þar sem þau kalla eftir aðgerðum til þess að ganga inn í stóru blokkirnar, segir það sig sjálft að ef menn ætla að stíga þau skref hlýtur það að koma við einhver kaun vegna þess að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Ég hlýt að kalla eftir svörum við því hvers vegna Samf. vildi áður, fyrir örfáum missirum, ráðast með oddi og egg gegn samþjöppun, gegn jafnvel tilteknum nafngreindum fyrirtækjum, gegn tifandi tímasprengju og þannig má áfram telja. Hvað veldur þeirri kúvendingu? Við hljótum að kalla eftir þeim svörum vegna þess að ræðurnar og textarnir liggja fyrir.

Ef samþjöppun, hæstv. forseti, var til staðar árin 2001, 2002 og 2003, þegar þessi orð féllu á Alþingi, þegar þessar greinar eru skrifaðar, þegar þessar brýningar eru bornar á torg, hafi samþjöppun verið mikil þá er hún enn meiri í dag. Og miðað við þessar röksemdafærslur og þessar brýningar er enn meiri ástæða til að fara í harðar aðgerðir í dag.

Þegar Samf. vildi ganga í beinar aðgerðir og beita Samkeppnisstofnun, hvers vegna er hún þá ekki tilbúin til þess að ganga í slíkar aðgerðir eins og hún krafði ríkisstjórnarflokkana um að grípa til? (**ÖS:** Úrræðin eru núna fyrir hendi.) Þá átti að vaða í aðgerðir strax, þá átti að brjóta upp blokkir og hringa. Nú er of langt gengið, nú er samþjöppunin ekki jafnmikil og áður var.

Ég er sammála þeim sjónarmiðum sem virtust hafa verið ríkjandi í röðum Samf. á fyrri missirum um að samþjöppun á samkeppnismarkaði sé ekki holl og góð fyrir neytendur. Ég tek undir þau sjónarmið og um það fjallar þetta mál, það er grundvöllur þessa máls.

Ég er líka sammála þeim sjónarmiðum að samkeppni veiti aðhald, samkeppni á milli fyrirtækja þar sem eignaraðild er dreifð og markaðurinn er dreifður. Það veitir fyrirtækjum aðhald og ég er sammála því að slík heilbrigð samkeppni er vörn fyrir neytendur. En til þess þurfa leikreglur að vera til staðar þannig að hér verði ekki eignaþjöppun á hendur fárra fyrirtækja sem verða drottnandi yfir markaðnum, sem ráða markaðnum og ráða yfir verði og kjörum neytendanna.

Ef einn aðili er stór, og ég tek undir það sjónarmið sem Samf. áður hélt á lofti, að ef einn aðili er orðinn of stór á markaði ræður hann yfir öðrum fyrirtækjum, þá ræður hann kjörum fólksins, þá stýrir hann verðlaginu með sínum aðferðum. Samanburðarfræði við slíka markaðsstöðu í Evrópu sýnir að þar sem samkeppnin er sem mest, þar sem fyrirtækin dreifast jafnast um markaðinn eru verðin hagstæðust. Þess vegna er mikilvægt að leikreglurnar séu skýrar þannig að þær tryggi dreifðan markað og dreifða eignaraðild fyrirtækja. Um það snýst málið.

Við þekkjum hvernig markaðurinn er hér þegar matvælamarkaðurinn er kominn á hendur eins aðila yfir 50%. Við vitum hvaða áhrif það hefur gagnvart birgjum, við vitum hvaða áhrif það hefur gagnvart samkeppnisaðilum, við vitum hvaða áhrif það hefur gagnvart nýjum aðilum sem vilja hasla sér völl á markaði. Þeir eiga afskaplega takmarkaða möguleika. Ég hefði talið eðlilegt að umræða hv. stjórnarandstöðu snerist um að skamma ríkisstjórnarflokka fyrir að hafa ekki fyrir löngu komið þessum leikreglum upp en ekki að snúast til varnar þeirri samþjöppun sem átt hefur sér stað á á íslenskum neytendamarkaði, matvælamarkaði með einum risa með 50%. Við vitum um lyfjamarkaðinn sem skiptist á milli tveggja til þriggja aðila, afþreyingarmarkaðurinn er kominn í sömu spor, byggingarvörumarkaðurinn, flutningamarkaðurinn og þannig mætti áfram telja. Og það er einn risi sem drottnar yfir þessu öllu saman, sem drottnar yfir neytendamarkaði. Það hlýtur að vera áhyggjuefni miðað við þær ræður sem haldnar hafa verið í sölum Alþingis árum saman. Því hljótum við að kalla eftir hvað valdi stefnubreytingu.

Gæti t.d. verið að hið háa vöruverð á Íslandi tengist því hve markaðurinn hefur farið í gegnum mikla samþjöppun? Það skyldi þó ekki vera að skortur á dreifðum markaði, að skortur á alvörusamkeppni eigi sinn þátt í því að vöruverð er hærra hér en víðast annars staðar vegna samþjöppunar. (Gripið fram í.) Það sem ógnar kjörum íslenskra neytenda, virðulegur forseti, er samþjöppunin sem á sér stað á íslenskum neytendamarkaði. Á því verður að taka.

Ég trúi því ekki að hv. þm. Samf., sem hafa á síðustu missirum tjáð sig mjög fjálglega um þetta, hafi skipt um skoðun. Hér þarf að vera dreifð markaðsaðild, hér þarf að ríkja virk samkeppni. Um það snýst málið, það er bakgrunnur þess frv. sem hér er til umræðu.

Auðvitað kemur það við kaunin á einhverjum og ætli það mundi ekki heyrast eitthvað frá Berlusconi-veldinu ef Ítalir ætluðu sér að setja lög sem tækju á Berlusconi-ástandinu á Ítalíu. Ég hef grun um að þá heyrðust ramakvein á ítölsku ef menn ætluðu sér að taka á því Berlusconi-veldi sem allir þekkja.

Talandi um hið mikla frelsi á markaði þá leyfi ég mér að vitna til þess sem ágætur og virtur tónlistarmaður sagði, og kýs að nafngreina hann ekki hér, enda hef ég ekki heimild til þess. Hann var að fjalla um frelsi í fjölmiðlun og vildi lítið með það gera. Og hvers vegna vildi hann lítið með það gera? Hann fullyrti að á fjölmiðlamarkaði, á ljósvakamiðlum, hinum frjálsu ljósvakamiðlum ríkti ekki annað frelsi en það að þar væru þáttastjórnendur skyldaðir til að leika lög sem gefin eru út eða flutt inn af einum aðila, aðila sem er í eigu sama fyrirtækis. Hvaða frelsi er það? spurði þessi ágæti tónlistarmaður sem taldi sig og aðra sem ekki væru gefnir út á vegum þeirrar hljómplötuútgáfu eiga litla möguleika í tölvukerfi sem prógrammerar lögin sem flutt eru á þeim ljósvakamiðlum. Hvaða frelsi er það? (**ÖS:** Það er eftirspurn ...) Það segir töluvert um einmitt eignatengsl á milli fyrirtækja, ljósvakamiðla og annarra fyrirtækja. Það er þetta sem tengist einmitt grundvelli málsins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, það er akkúrat slík eignasamþjöppun og samspil margra fyrirtækja í eigu sömu aðila. Það er ekki hollt gagnvart neytendum, eins og hv. þm. hefur margsinnis haldið fram á hv. Alþingi.

Hvað frv. sem hér er til umræðu varðar lýtur það einmitt að því að reyna að setja leikreglur sem stuðla að því að markaðsaðild á fjölmiðlamarkaðnum verði sem dreifðust þannig að við höfum hér til framtíðar frjálsa fjölmiðla sem byggja á dreifðri eignaraðild en ekki drottnandi af einum aðila, sem þar að auki drottnar á öðrum sviðum atvinnulífsins.

Eftir að breytingartillögur komu frá hv. allshn. tel ég að komið hafi verið mjög vel til móts við þau sjónarmið sem upphaflega frv. hlaut hvað mesta gagnrýni fyrir. Ég nefni þar sérstaklega ákvæðið um 5% sem stærri aðilar mega fjárfesta í ljósvakamiðlum. Mér finnst ég hafa orðið dálítið var við það jafnvel í umræðunni hér en ekki síður úti í þjóðfélaginu að menn hafa túlkað ákvæðið sem svo að fyrirtæki almennt mættu ekki eiga meira en 5%. Það er auðvitað rangt. Þar er einungis átt við þau fyrirtæki sem að mati Samkeppnisstofnunar eru talin vera drottnandi á tilteknum markaði og með yfir 2 milljarða kr. ársveltu. Önnur fyrirtæki sem ekki eru drottnandi á markaði og hafa undir 2 milljarða kr. veltu geta fjárfest fyrir allt að 25%. Ég tel þetta vera nokkuð skynsamlegt til þess að ná því markmiði sem er grundvöllur alls þessa, að hafa dreifða eignaraðild, þannig að það sé ekki einn eigandi sem er drottnandi og allt um vefjandi, vegna þess að fjölmiðlun er mikilvæg.

Með því atriði og tveggja ára aðlögunartímanum, þ.e. að fella bráðabirgðaákvæðið út, tel ég að skapist einmitt það svigrúm sem þarf líklega að vera til þess að fyrirtæki á markaði geti aðlagað sig að nýjum lögum, ef að lögum verða. Og talandi um tvö ár þá veit enginn hver verður ráðandi á markaði eftir tvö ár. Við þurfum ekki annað en að skoða þá þróun sem átt hefur sér stað bara á fyrirtækjamarkaði á allra síðustu árum, þar eru miklar sviptingar fram og aftur, skipt er um eigendur, fyrirtæki renna saman, eru leyst upp og seld sundur og saman, má segja, þannig að hver verður ráðandi á hvaða sviði að tveimur árum liðnum getur enginn svarað

í dag. En það er einmitt Samkeppnisstofnun ætlað að meta hverju sinni á hlutlægan hátt.

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það rétt að lokum að mér finnst skipta mestu máli að horfa á þau grundvallaratriði að verið er að fjalla um það sem margsinnis hefur komið til umræðu á hv. Alþingi, mikilvægi þess að fyrirtæki og markaðurinn sé sem dreifðastur þannig að hér geti ríkt hörð og grimm samkeppni neytendum til hagsbóta þannig að samkeppnin leiði til þægilegra vöruverðs, lægra vöruverðs. Með dreifðum markaði í stað þess að fákeppni sé ríkjandi trúi ég að þau markmið náist og það á að sjálfsögðu að gilda ekki síður, og er jafnvel enn mikilvægara, um fjölmiðla en önnur fyrirtæki á neytendamarkaði.

[23:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað fagnaðarefni að Framsfl. sé kominn í leitirnar og ekki er verra að fá svona kostulega ræðu eins og hv. þm. Hjálmar Árnason flutti hér, langan og mikinn reiðiþrunginn lestur um hina skaðlegu samþjöppun í viðskiptalífinu hist og her, í lyfjadreifingu, smásöluverslun, fjármálaþjónustu og hvað það var sem hv. þm. nefndi, flokksbróðir hæstv. viðskrh. Valgerðar Sverrisdóttur. Hv. þm. var að lýsa afleiðingum stjórnarstefnunnar undanfarin ár, þeirri samþjöppun í viðskiptalífinu sem orðið hefur undir handarjaðri Framsfl. Með því að menn skrifi hins vegar ekki upp á hin fráleitu vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu fjölmiðlamáli eiga menn að vera orðnir ábyrgir fyrir öllu hinu, en ekki ríkisstjórnin, ekki viðskrh., er það? Nei, nei, nei. Þvílíkir loftfimleikar í röksemdafærslu hjá hv. þingmanni.

Það er auðvitað Framsfl. sem ber meiri ábyrgð á öllum þessum ósóma sem hv. þm. var að lýsa en nokkur annar flokkur í landinu.

[23:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru einmitt þær ræður sem ég hefði talið að væru kjarninn í gagnrýni hv. stjórnarandstæðinga á þetta frv., það er að hafa áhyggjur af þeirri stöðu sem er á markaði. Ég held að Framsfl. muni ekki víkja sér undan þeirri ábyrgð. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér kemur og það má segja að við höfum brugðist of seint við. En þýðir það þá að við ætlum að sætta okkur við það ástand sem er eða er hv. þm. þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að brjóta upp þá samþjöppun sem orðið hefur? Það verður gaman að heyra hvað hv. þm. segir um það.

[23:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki Framsfl. sem er að bregðast við í þessu tilviki, það vita allir. Það er hæstv. forsrh. sem flytur þetta mál og Framsókn er dregin á halanum til stuðnings við að málið sé lagt hér fram. Það er ekki hæstv. viðskrh. sem er að bregðast við. Það er einmitt öfugt. Og þó að menn hafi áhyggjur af þróun mála á einhverju sviði þýðir það ekki að tilgangurinn helgi algerlega meðalið, að menn geti leyft sér hvers konar vinnubrögð. Þá er verr af stað farið en heima setið. Það má vel færa fyrir því rök að þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar geri illt verra, þau nái engan veginn þeim markmiðum sem þeim er ætlað að ná. Þess vegna er það þannig að þó að málið sé í sjálfu sér þarft, þ.e. að skoða hvort þarna þurfi að koma til reglur og eigi að reisa einhverja rönd við, má ekki leiðangurinn vera svo ógæfulegur að það sé verr af stað farið en heima setið. Það skyldi þó ekki eiga við í þessu tilviki?

[23:19]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og hv. þm. veit stendur meiri hluti allshn. að nefndaráliti og það liggur fyrir að eftir þá breytingu sem gerð hefur verið styður þingflokkur Framsfl. þetta mál með einni undantekningu. (**Gripið fram í:** Hvað með ...?) Með einni undantekningu, sagði ég, og það þýðir ekki allur eins og fram hefur komið. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur lýst yfir andstöðu.

Hv. þm. spyr hvort það eigi að setja hér einhverjar takmarkandi reglur. Ég hef ekki heyrt eitt orð frá honum um hvernig eigi að gera það. (**Gripið fram í:** Jú.) Mér finnst hv. þingmaður jafnvel (Gripið fram í.) gefa það í skyn að fyrst ástandið sé svona eigum við ekki að hjóla í þá sem þegar hafa komið sér fyrir, eða með hvaða hætti vill hv. þm. gera það? Það má ekki gera það svona. Ef það á að brjóta upp einhverjar keðjur og setja takmarkanir kann það að koma við kaunin á einhverjum. En ég heyri ekki að hv. þingmaður hafi lausnina á því. (**ÖJ:** Á ekki að ... þingflokksformann ...?)

[23:20]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur farið mikinn og sagt brtt. húsbónda síns, hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, stórmerkilegar, að allir geti stundað hér ljósvakarekstur. Samkvæmt þessum brtt. talar hann um að húsbóndinn, hæstv. forsrh., hafi af auðmýkt sinni slegið því á frest að gildistími útvarpsleyfis Bylgjunnar rynni út eins fljótt og fyrirhugað var.

Hvað er að gerast í kolli hv. þingmanns? Ætlar hann þjóðinni að trúa þessu endemis yfirvarpi sínu? Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir þeim vanda sem steðjar að einum stærsta vinnustað landsins? Býr hv. þm. yfir einhverri ofurbjartsýni í þessu máli? Lífeyrissjóðirnir eiga til að mynda 2 milljarða undir því að þetta fyrirtæki fái áfram að starfa. Við erum eigendur lífeyrissjóðanna, fólkið í landinu. Væri ekki gáfulegra, hv. þm. Hjálmar Árnason, að staldra við þar sem stórir fjármunir eru í húfi fyrir almenning í landinu, atvinnufrelsi, mannréttindi og þaðan af meira?

[23:21]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að fara í sálfræðianalýsu eða -stúdíu við hv. þingmann eins og hann er að mælast til en auðvitað hljótum við að hugsa til þess starfsfólks sem þarna er. Það hlýtur samt líka að vera skylda okkar stjórnmálamanna, ef menn meina eitthvað með því að þeir vilji hafa dreifðan neytendamarkað, vilja ekki hafa fákeppni, að setja almennar leikreglur. Eins og ég nefndi áðan kann það að koma illa við einhver fyrirtæki.

Ég hef ekki heyrt þá fjárfesta, fulltrúa lífeyrissjóða, þá sem hafa lagt peninga í þessi fyrirtæki segja að með þessum lögum muni þeir draga sig í hlé. Ég hef ekki heyrt orð um það frá þessum fjárfestum. Að vísu hefur stjórnarmaður, líklega framkvæmdastjóri Norðurljósa, tjáð sig um það. Ég hef ekki heyrt fjárfesta tala með þeim hætti.

Það sem auðvitað skiptir mestu máli eru hinar almennu leikreglur til framtíðar.

[23:23]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði haldið að hv. þm. Hjálmar Árnason, sem er hér á 9. ári, hefði meiri vitneskju um atvinnu- og viðskiptalífið en þetta. Ef maður ætlar að skrá fyrirtæki í

Kauphöll Íslands má viðkomandi fyrirtæki ekki vera í þeim miklu höftum sem til að mynda þetta frv. hæstv. forsrh. setur þau í.

Það segir sig líka sjálft að lífeyrissjóðum eru settar skorður við að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru ekki skráð á markað. Hverjir eru möguleikarnir í þessari stöðu fyrir lífeyrissjóðina ef fyrirtækinu verður skipt upp? Hvað er spennandi fyrir fjárfesta á Íslandi að kaupa 5% í fyrirtæki? Það er ávísun á lítil völd. Það er jafnvel ávísun á engan stjórnarmann í fyrirtækinu. Þetta frv. er ávísun á mjög lítinn fjölbreytileika í eignarhaldi og fjölmiðlun. Þó að tilgangurinn sé góður er leiðin óskynsamleg. Menn vita það í hjarta sínu, hv. þm., stjórnarliðar, og það veit öll þjóðin líka. Menn verða að sýna visku, staldra við og gefa þessu tíma. Það er það margt sem liggur undir, ekki bara störfin heldur líka miklir fjármunir.

[23:24]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þótt tilgangurinn sé góður er aðferðin vitlaus. Einhvern veginn á þá leið talaði hv. þm. Þá verður hv. þm. líka að segja með hvaða hætti hann ætlar að ná þeim markmiðum, hinum góða tilgangi, sem hann tekur undir. Um það hefur ekki verið sagt eitt einasta orð. Hér er þó gerð tilraun til að fara að þeim leiðum.

Hér eru Norðurljós sérstaklega dregin inn. Ég veit ekki betur en að það sé yfirlýst markmið í framtíðinni að fara með það fyrirtæki á markað. Ég hef trú á því fyrirtæki vegna þess að þar er öflugt starfsfólk með öfluga dagskrárgerð. Ég hygg að frv. muni ekki á nokkurn hátt koma í veg fyrir það að fjárfestar sækist eftir því eða öðrum góðum fyrirtækjum. Það er rangt hjá hv. þingmanni að fyrirtækið geti einungis átt 5%. Það eru bara allra stærstu fyrirtækin. Flest fyrirtæki á Íslandi geta farið með allt að 25% eignaraðild inn í þessi fyrirtæki. Það veit hv. þingmaður.

[23:25]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð aldeilis undrandi þegar hv. þm. hóf ræðu sína og sagði eitthvað á þá leið að hann væri undrandi yfir þeim viðbrögðum sem frv. hefði fengið þar sem það hefði verið mjög vel undirbúið. Ég vil spyrja hv. þm. hver þessi góði undirbúningur sé.

Ég bið hann um að rökstyðja það og fara yfir það sem hann telur góð vinnubrögð. Var það undirbúningur að samningu frv.? Var það nefndarvinnan? Voru það umsagnirnar eða var það athugun á því hvaða áhrif þetta frv. hefði á fjölmiðlaumhverfið eins og það er í landinu í dag? Hvað af þessu telur hann að hafi verið vel unnið?

[23:26]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er þetta frv. byggt á svokallaðri fjölmiðlaskýrslu sem fróðir aðilar á fjölmiðlamarkaði, við skulum kalla þá sérfræðinga, komu að og lögðu gífurlega mikla vinnu í. Skýrslan er vönduð og góð að mínu mati. Þar er fjallað um fjölmiðlamarkaðinn. Þetta frv. byggir á því. Ég tel að þar sé grundvöllur hinnar góðu vinnu.

Frv. er síðan byggt á því og má segja að það sé hluti af viðbrögðum við skýrslunni. Það er lagatæknileg útfærsla á tilteknum þáttum í tillögum skýrslugerðarmanna. Umræðan sem hefur kannski verið hvað háværust er hvort þetta valdi broti á stjórnarskrá eða ekki. Um það hafa, eins og við vitum, ýmsir lagaspekúlantar deilt og þess vegna hefur frv. tekið breytingum.

[23:27]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir þeim sérfræðingum sem unnu skýrsluna og skýrslunni sjálfri vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann telji það góð vinnubrögð að skipa nefnd fárra sérfræðinga sem kanna umhverfi sitt og setja saman skýrslu, kalla ekki til og vinna ekki með þeim sem eiga svo að vinna í því umhverfi sem lögin skapa, ef frv. verður að lögum. Telur hann þetta lýðræðisleg vinnubrögð? Telur hann að unnið hafi verið með lýðræðislegum hætti? Telur hann eðlilegt að þeir aðilar úti á vinnumarkaðnum sem koma að þessu máli hafi ekki verið kallaðir til og hafi ekki komið að samningu frv.?

[23:28]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég tel eðlilegt að aðilar úti í bæ komi ekki að samningu frv. Það erum við á Alþingi sem gerum það. Ég ítreka enn og vísa til fjölmiðlaskýrslunnar sem að mínu mati er mjög vönduð og tel mig hafa góðar upplýsingar um að við samningu hennar hafi verið haft samband við fjöldann allan af fólki sem hefur starfað við fjölmiðla og/eða er starfandi á fjölmiðlamarkaði. Menn kortlögðu þennan viðkvæma, öfluga og mikilvæga fjölmiðlamarkað með því að hafa samband við alveg óheyrilega marga aðila sem starfa við fagið og drógu síðan upp mynd á grundvelli þeirra upplýsinga. Þar að auki eru nokkrir þeirra sem unnu þessa fjölmiðlaskýrslu gamalreyndir hundar á fjölmiðlamarkaði og hafa gífurlega yfirgripsmikla þekkingu á honum. Verkum þeirra treysti ég afskaplega vel.

[23:30]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún var undarleg, ræðan hér áðan hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Hann eyddi tíma sínum aðallega í að lesa úr gömlum ræðum annarra hv. þm. Þar talaði hann mikið um samþjöppun á matvörumarkaði og reyndi að leiða rök frá þeirri umræðu til þess að við þyrftum að reyna að kyrkja þá fjölbreyttu flóru fjölmiðlafyrirtækja sem er á Íslandi.

Mig langar að biðja hv. þingmann að hugsa aðeins aftur í tímann og velta fyrir sér hvað framsóknarmenn sögðu og skrifuðu þegar Framsókn vildi sameina Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Þá var ekki lítið sagt. Hvernig stóð á því að sú ætlan þeirra gekk ekki eftir? Samkeppnisstofnun stoppaði þá af á þeim tíma. U-beygjur eins og hv. þm. talar um — mig langar að spyrja hann hver hefur tekið U-beygju frá því að vilja sameina tvo stærstu banka á Íslandi í eitt fyrirtæki í þann málflutning sem hann var með hér áðan.

[23:31]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi túlka ég fyrri hluta andsvars hv. þingmanns svo að hann talar um að framsóknarmenn vilji kyrkja matvælamarkaðinn. (**JGunn:** Nei, fjölmiðlamarkaðinn.) Það er túlkun hans. Nú byrja ég á að tala um matvælamarkaðinn. Það var hann sem vísaði til að þar er einn aðili með 50% markaðsaðild. (Gripið fram í.) Mér finnst það óeðlilegt og í markaðsfræðum er almennt talið óheppilegt að einn aðili sé með 50% eignaraðild. (Gripið fram í.) Það er ráðandi aðili sem hefur markaðinn í hendi sér. (Gripið fram í.) Ég tel að það eigi að ráðast gegn því. (**Gripið fram í:** En bankarnir?)

Voru þessir bankar sameinaðir? Nei. (**Gripið fram í:** En þið vilduð ...) Hvers vegna voru þeir ekki sameinaðir? (Gripið fram í.) Vegna þess að það hefði orðið of stórt batterí. (Gripið fram í.) Það er svarið. (**Gripið fram í:** Þið vilduð þetta.) Við vildum skoða það ... (**Gripið fram í:** Nei, nei.) (**Gripið fram í:** Nei.) Við skoðuðum það, og hver varð niðurstaðan? (**Gripið fram í:** Ekkert svona, nei, nei.) (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Hver varð niðurstaðan, hv. þingmaður, hver varð niðurstaðan? Hún var sú að það yrði of stór aðili og þess vegna var fallið frá því.

[23:32]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skrýtið svar hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Eins og svo oft áður snýr hann út úr því sem spurt er um. Ég talaði um að hann hefði sjálfur talað hér um samþjöppun á matvörumarkaði og reynt að leiða umræðuna út í það að þess vegna þyrfti að kyrkja hina fjölbreyttu flóru fjölmiðlafyrirtækja á Íslandi. Hann snýr því upp á það að ég vilji kyrkja matvörumarkaðinn á Íslandi. Þetta er alveg stórundarlegt.

Kannski er jafnmikið að marka þetta og það sem hv. þm. sagði í fréttatíma sjónvarpsins fyrr í kvöld. Hann sagði að hér talaði enginn efnislega um þetta frv. (**HjÁ:** Það er nú rangt.) Ég gat ómögulega séð að hann talaði mikið efnislega um það. Hann fullyrti í þessum sama fréttatíma að hér væri málþóf og að þingmenn töluðu í þrjá til fjóra klukkutíma. Því tók ég mér það bessaleyfi að taka saman ræður þeirra þingmanna sem hafa talað alveg frá því að umræðan byrjaði. Sá sem talað hefur lengst talaði í tvær klukkustundir og sautján mínútur. Hér hafa menn yfirleitt talað í 35 mínútur til klukkutíma og meðaltalið er klukkutími og átján mínútur, hv. þingmaður.

[23:33]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Fyrst aðeins varðandi frammíköll hér um samruna banka. Það sem hæstv. viðskrh. gerði var að hún beindi því máli í eðlilegan farveg. Hún bað Samkeppnisstofnun um að leggja mat á það hvað slíkur samruni þýddi. Það kom svar frá Samkeppnisstofnun og við því var brugðist. (Gripið fram í.) Það er eðlilegur farvegur að beina málum inn til Samkeppnisstofnunar eins og m.a. þetta frv. gerir ráð fyrir. Þegar ráðandi aðili hyggst fjárfesta í ljósvakamiðli er Samkeppnisstofnun ætlað að leggja mat á það. Það var nákvæmlega það sem hæstv. viðskrh. gerði þegar hugmyndir komu um samruna þessara tveggja banka. Svar Samkeppnisstofnunar var mjög skýrt og þess vegna var ekki leitað eftir þessum samruna. Það er eðlilegt ferli. Það er sama ferlið og er gert ráð fyrir í þessu frv.

Það er aðili með yfir 50% eignaraðild á hinum almenna fjölmiðlamarkaði. Telja menn það vera eðlilegt hlutfall?

[23:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem gamall umhvrh. er ég almennt hlynntur endurvinnslu. Það er þó fullmikið af því góða að hlusta á hv. þingmann endurtaka orðrétta ræðu sína úr 1. umr. Ég svaraði því sem hann spurði mig um þá og ég get gert það aftur.

Það er alveg hárrétt að ég var á móti því að Baugur beitti markaðsráðandi stöðu sinni gegn almannahagsmunum. Ég spurði hæstv. viðskrh. hvort ekki væri rétt að Samkeppnisstofnun fengi úrræði sem gætu leitt til þess, ef um ítrekuð brot væri að ræða, að fyrirtækið yrði hlutað upp. Hæstv. ráðherra svaraði: Þau úrræði eru fyrir hendi. Ef þau eru fyrir hendi gagnvart matvælamarkaðnum hljóta þau að vera fyrir hendi gagnvart fjölmiðlamarkaðnum líka.

Herra forseti. Það vill svo til að þetta er rætt í fjölmiðlaskýrslunni og þar segir á bls. 68, þar sem verið er að ræða um úrræði Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Ef niðurstaða þessa mats sýnir að markmiði samkeppnislaga verði ekki náð með öðru og vægara móti en því að [tilteknu fyrirtæki] verði skipt upp eða fyrirtækið skyldað til að stofna sérstakt fyrirtæki [...] er ótvírætt að heimilt er að grípa til slíkra aðgerða."

Það er þess vegna sem ég segi að þessi lög séu óþörf. Úrræðin eru fyrir hendi.

[23:36]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til hæstv. fyrrverandi umhvrh.: Ég tel eðlilegt að staldra örlítið við og endurtaka úr 1. umr. þessa máls það sem ég sagði þar, þar sem ég er með skírskotun til orða Samf. frá því fyrir nokkrum missirum. Hvers vegna? Vegna þess að mér finnst ekkert hafa komið fram í hinni löngu umræðu um það hvað Samf. vill gera. Vill hún sætta sig við það að á hinum frjálsa almenna markaði séu einstakir risar með í kringum 50% markaðshlutdeild á fjölmiðlamarkaði, matvælamarkaði og öðrum sviðum?

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var þeirrar skoðunar að það ætti strax að ganga í þessar blokkir. Það er þess vegna sem ég vísa til ræðu hans. (**Gripið fram í:** ... Norðurljósum ...) Hefur hv. þm. skipt um skoðun? Telur hann ekki ástæðu til að grípa til aðgerða í dag?

[23:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo verð ég að leiðrétta það sem hv. þm. sagði, að ég hefði sagt í þessari tilteknu umræðu að það ætti að ráðast í það að brjóta upp blokkina Norðurljós. Það eru hrein ósannindi. Ég nefndi Norðurljós vegna þess að til umræðu var skýrsla um nýjar valdablokkir í íslensku viðskiptalífi sem hæstv. viðskrh. lagði fram. Ég vakti sérstaka athygli á því að blokkin í kringum einkavin Framsfl., Jón Ólafsson, var ekki nefnd. Hvernig stóð á því? Getur verið að ástæðan hafi verið sú að Jón Ólafsson hefur árum saman verið einn af þeim sem hefur fjármagnað Framsfl.? Ég spyr hv. þingmann. Það var ástæðan fyrir því að ég dró þetta inn í umræðuna þá. Sú blokk var ekki nefnd.

Herra forseti. Það er átakanlegt að sjá með hvaða hætti Framsfl. fer í þessa umræðu. Það eru engin rök. Það eru engin rök hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir því að styðja frv. sem fram hefur komið að Framsfl. hefur verið kúgaður til að styðja hér á þessu þingi. Hv. þm. er ekki sjálfráður gerða sinna. Það er hæstv. forsrh. sem ræður honum eins og Framsfl.

[23:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Síðustu orð hv. þingmanns dæma sig auðvitað sjálf. (Gripið fram í.) Ég tel að hv. þingmaður hafi með þessu síðara andsvari sínu staðfest það að hann hefur breytt um skoðun frá því að hann stóð hér í þessum (Gripið fram í.) ræðustól og hrópaði á ríkisstjórnina (Gripið fram í.) að grípa þegar í stað til ráðstafana gagnvart þeim aðilum sem væru ráðandi, gagnvart því sem hann kallaði blokkir. Í dag segir hv. þm.: Það eru engin rök. Það kom hér fram í síðara andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Það segir mér að hann staðfestir það. Það eru engin rök. Það eru engin

tilefni til þess að fara gegn því sem hann kallaði eftir fyrir nokkrum missirum.

Hvað varðar þann einstakling sem hv. þm. nefndi hérna eru það tíðindi fyrir mig ef hann er einkavinur Framsfl. Ég vissi ekki betur en að með Jóni Ólafssyni, brottfluttum Keflvíkingi, og krötunum hefðu ávallt verið afskaplega miklir kærleikar. En það veit hv. þm. ugglaust betur en ég.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 1. þm. Reykv. n. óskar að bera af sér sakir.

[23:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er borinn þeim sökum að ég hafi ekki sömu viðhorf til samþjöppunar á matvælamarkaði og ég hafði fyrir nokkrum árum. Það er alrangt. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég hef ekki horfið frá þeirri skoðun minni að þá lágu fyrir staðreyndir sem bentu til þess að tiltekið viðskiptaveldi, Baugur, hefði misnotað markaðsráðandi stöðu til að hækka verðlag á matvælum upp úr öllu valdi. (Gripið fram í.) Ég hafði fyrir mér, herra forseti, skýrslu sem þá kom fram sem bráðabirgðaskýrsla frá Samkeppnisstofnun og sýndi fram á þetta. Ég spurði hæstv. viðskrh. um úrræðin. Hún sagði að þessi úrræði væru fyrir hendi. Spurning mín ætti auðvitað að vera: Hvers vegna voru þau ekki notuð?

(**Forseti** (HBl): Ég vil ...)

Þannig að það er rangt ... ég skal hætta, herra forseti.

Það er rangt þess vegna að ég hafi í nokkru skipt um skoðun varðandi samþjöppun á matvælamarkaði. Ég veit að hæstv. forseta er kunnugt um það.

[23:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er nú vandi á höndum því að hér er farið út í efnislegar umræður undir dagskrárliðnum að bera af sér sakir, en hv. 6. þm. Suðurk. hefur óskað að bera af sér sakir.

[23:41]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Ég túlka síðustu orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann kemur og ber af sér sakir þannig að hann hafi ekki skipt um skoðun. Vilji hann ekki grípa til aðgerða sem hann kallaði eftir hlýtur hann að vera sáttur við stöðuna á markaði í dag, hvort heldur er fjölmiðlamarkaður, matvælamarkaður eða annað. (**ÖS:** Ég er það ekki.) Sé hann ekki sáttur væri fróðlegt að heyra til hvaða aðgerða hann vildi grípa. Ég mun hlusta á það í ræðu hans. (**ÖS:** Ég verð að ...)

(**Forseti** (HBl): Ekki meir. Má ég biðja hv. þingmann að muna að hér er um efnislegar umræður að ræða. Ég bið hv. þingmann að taka tillit til forseta.)

[23:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það kom fram í umræðunni rétt áðan að það þætti orðið fréttaefni hve miklar og langar ræður væru hér fluttar varðandi þetta mál. Ég segi að þetta mál er það mikilvægt okkur öllum að einhvers staðar verður umræðan að fara fram. Ekki fór hún fram við undirbúning frv. eða í nefndum þingsins. Þótt kallað hafi verið á fjölda manna til að fara yfir málið segir fjöldinn ekki nema hálfa söguna. Það þarf að hlusta og það þarf að fara eftir því sem fram kemur hjá þeim gestum sem koma til nefndarinnar. Það er að mínu mati brot á vinnureglum þingsins að kalla eftir nefndarálitum annarra nefnda og skila svo af sér áliti eins og hv. allshn. gerði án þess að vera búin að fá nefndarálit bæði frá efh.- og viðskn. og menntmn. Til hvers er þá verið að setja upp þetta ferli sem manni finnst að sé leikrit en ekki til að vinna á hinu háa Alþingi með lýðræðislegum hætti?

Hv. þm. Hjálmar Árnason taldi í ræðu sinni og andsvörum að vel hefði verið staðið að málum hvað varðar undirbúning frv. þar sem sú skýrsla sem sagt er að frv. byggi á hafi verið vönduð og góð. Ég efa ekki að hún hafi verið það og að við gerð skýrslunnar hafi verið talað við fjölda einstaklinga til að afla gagna. Ég veit samt ekki til þess, hæstv. forseti, að í þeirri vinnu hafi verið leitað eftir áliti eða samvinnu þeirra einstaklinga til að vinna úr skýrslugerðinni, að koma með tillögur til frumvarpsgerðar. Það er allt annað að leita til fjölda manna til þess að fá upplýsingar inn í svo viðamikla skýrslu eða til þess að halda svo ferlinu áfram og fá samvinnu með framhaldið.

Það er alveg ljóst að þegar skýrslan kom fram var það frv. sem við höfum hér undir höndum unnið með hraði. Hörðustu þættir skýrslunnar eru valdir til lausnar, þeir sem setja fjölmiðlamarkaðnum hvað mestar skorður. Þess vegna er ekki hægt að segja að farið sé að tillögum skýrslunnar, heldur eru þar teknir úr valdir kaflar. Í skýrslunni er vissulega að finna gagnlegar ábendingar um hvernig bregðast megi við þeirri stöðu sem við erum í í dag. Samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum er staðreynd og ég tel rétt að við bregðumst við en ég hefði talið gott að fá þessa skýrslu, fara yfir hana og leyfa henni að gerjast svolítið, skoða málið og hafa markvissa vinnu ekki styttra en fram á haustið og sjá þá hvernig menn hefðu náð að lenda þessu máli eftir betri yfirferð. Við verðum að gefa okkur tíma til að skoða mismunandi lausnir, en ekki bara það, ég lít nú í eigin barm og til míns flokks og við viðurkennum að það ástand sem hér hefur skapast, bæði á fjölmiðlamarkaðnum og á öðrum sviðum þjóðlífsins, er ekki hollt og gott fyrir íslenskt þjóðlíf. Það þarf að bregðast við en það er hægt að gera á svo margan hátt.

Það hefur verið vitnað til þess að í nágrannalandi okkar og vinalandi, Noregi, séu uppi nákvæmlega sömu áhyggjur. Norðmenn átta sig hins vegar á því að það að fjalla um lýðræðið og grípa svo inn í ráðandi ástand sem á einhvern hátt skerðir hugsanlega það tjáningarfrelsi sem til staðar er sé mjög viðkvæmt. Þeir voru fjögur ár að vinna að sinni lagagerð. Mér finnst það segja okkur hvað málið er viðkvæmt.

(**Forseti** (HBl): Afsakið. Það er almenn kurteisi við ræðumann að vera ekki með fundarhöld fyrir framan hann.)

Herra forseti. Það sem við stöndum frammi fyrir núna er ekkert annað en beinar afleiðingar aðgerða hæstv. ríkisstjórnar og þeirra sem hafa setið undanfarið kjörtímabil. Boðorðið hefur verið að allt skuli gefið frjálst. Markaðurinn á að ráða. Samkeppnin á að ráða. Hin heilbrigðu markaðsöfl eiga að veita aðhaldið og hið opinbera á ekki að vera með puttana í því. Þetta sjáum við á öllum sviðum. Það sem hefur verið í ríkiseigu, þá nefni ég bara bankana sem síðasta dæmið, er selt. Opinberar eigur eru seldar út á hinn frjálsa markað. Þetta m.a. hefur hjálpað fjármagnsöflunum í þessu landi til að verða sterkari og öflugri og þar með hefur farið af stað þessi keðjumyndun eignarhalds á mismunandi sviðum, og m.a. á fjölmiðlamarkaðnum.

Það veit ég að þeir sem muna hvernig fjölmiðlar hafa staðið í ströngu og átt í eilífum rekstrarerfiðleikum í gegnum árin hafa samúð með þeim. Það er fjárhagslega þungt að reka fjölmiðla, hvort heldur það eru prentfjölmiðlar eða ljósvakafjölmiðlar. Menn voru fegnir því að fá inn fjársterka

aðila. Fyrst þegar jafnfjársterkur aðili og Baugur kom inn í rekstur Norðurljósa — það er ekki hægt annað en að nefna það fyrirtæki — varð rekstur þeirra tryggður og hefur náð að verða eins sterkur og hann er í dag.

Það er alltaf betra að setja leikreglurnar áður en þarf að grípa inn í. Sú ákvörðun var tekin að gefa þetta frjálst með ákveðnum takmörkunum sem vörðuðu útvarpsleyfin en eins og við þekkjum öll hefur þeim leyfum verið nokkuð frjálslega útdeilt og lítið verið hugsað til eignarhaldsins og enn þá síður til innihalds og krafna um það sem á að útvarpa.

Við höfum talað um fjölmiðlana sem þriðja valdið. Það er réttnefni að mínu mati því fjölmiðlar hafa í daglegu lífi mjög sterk áhrif á hvern þann einstakling sem les, hlustar og horfir. Það er ekki alltaf sem við óskum eftir því áreiti sem er frá útvarpi og sjónvarpi. Við kveikjum ekki bara og slökkvum á tækjunum þegar við viljum, heldur erum við með þetta í eyrunum liggur við hvar sem við förum. Útvarpsefni og það efni sem birtist í fjölmiðlunum, hvort sem er í ljósvökunum eða dagblöðunum, er skoðanamyndandi. Það er vandfarið með það vald sem fjölmiðlarnir hafa. Ég tel að fjölmiðlar eigi að hvetja til virkrar umræðu eða þá að við eigum að gera þá kröfu til þeirra að þeir hafi ákveðna upplýsinga- og fréttaskyldu.

Ég tel að til þess að hægt sé að gera þessar kröfur þurfi fjölmiðlarnir að hafa styrkar stoðir. Við þurfum að finna ásættanlega leið til þess að við kippum ekki rekstrargrundvelli undan þeim sem nú eru starfandi svo að áfram verði hér þannig umhverfi að fleiri en færri hafi áhuga á því að vera í slíkum rekstri. Fjölmiðlaflóran verður áfram að vera breið og koma bæði að mismunandi efni og sjónarmiðum.

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði tökum sannarlega undir þá tillögu sem kemur fram sem fyrsta tillaga skýrsluhöfunda, þ.e. að styrkja Ríkisútvarpið. Það er mjög mikilvægt að tryggja að það verði eflt til muna frá því sem nú er og það verður að gefa Ríkisútvarpinu og sjónvarpinu möguleika á að auka framboð af íslensku efni. Þetta er númer eitt, tvö og þrjú.

Í öðru lagi er mikilvægt að tryggja sjálfstæði fjölmiðlanna og ritstjórna, allra fjölmiðla, og tryggja það þannig að þeir séu óháðir bæði pólitískum og efnahagslegum þrýstingi. Þetta á við þá fjölmiðla sem eru reknir af hinu opinbera, en öðru máli mundi gegna um fjölmiðla sem væru reknir af hinum pólitísku flokkum eða öflum. Því miður er það þannig í dag að fjárhagur hinna pólitísku flokka leyfir ekki að þeir stundi blaðaútgáfu eins og áður var. Tel ég að eitt af því sem við hefðum átt að skoða í þessu samhengi væri að styrkja flokkana betur með opinberu fé til þess að efla lýðræðislega umræðu. Flokkarnir þyrftu meira framlag svo að þeir gætu verið með fjölmiðlaútgáfu af einhverju tagi. Það er nauðsynlegt.

Til þess að efla lýðræðislega umræðu tel ég mjög nauðsynlegt að koma að öllum pólitískum sjónarmiðum og jafnnauðsynlegt er að eignarhald á fjölmiðlunum sé ljóst. Það vitum við að á meðan Morgunblaðið hafði hinn pólitíska bláa stimpil og Þjóðviljinn þann eldrauða vissu allir fyrir hvað þessi blöð stóðu og lásu fréttir og annað sem í þeim birtist með það fyrir augum að þarna væru þessir flokkar að koma sínum pólitísku skilaboðum á framfæri. Þá meðtekur maður það, veit það og er gagnrýninn með tilliti til þess. Því er nauðsynlegt að eignarhaldið sé ljóst.

Við verðum fyrst og fremst að stuðla að fjölbreyttri fjölmiðlaflóru. Eins og ég sagði áðan verður lagaumhverfið að tryggja sterkan rekstrargrunn.

Ég tel líka, herra forseti, ekki nóg að horfa bara á það að ekki sé hægt að rugga siglandi bátum eða stokka upp það munstur sem við höfum á eignarhaldi fjölmiðlanna í dag því að við getum líka staðið frammi fyrir því að ráðandi fyrirtæki á fjölmiðlamarkaðnum sé hugsanlega með marga fjölmiðla, bæði ljósvaka og blöð, en framboðið af efni sé allt af svipuðum toga.

Herra forseti. Ég sé engan mun á því hvort við hlustum á dægurtónlist á einni rás eða hvort svipuð dægurtónlist sé á 10 rásum, svo ég taki dæmi. Það er ekki nóg að segja að við höfum mjög fjölbreytta flóru í dag. Fjölbreytt flóra getur verið margar rásir, en mjög svipað efni. Það sem við þurfum auðvitað að tryggja líka er fjölbreytnin í efninu. Við þurfum að horfa til þess að íslenski markaðurinn er lítill og því þurfum við að sníða þessar reglur sem við ætlum að hafa utan um fjölmiðlamarkaðinn með tilliti til þess. Hér gilda allt aðrar reglur en hjá hinum stærri þjóðum. Það er dýrt eins og ég sagði áðan að reka ljósvakamiðil. Við þurfum því líka að taka tillit til stærðar markaðarins.

Að mínu mati eigum við að viðurkenna, eftir þá úttekt sem hér var gerð, að þörf sé á breyttum leikreglum vegna þeirrar þróunar á eignarhaldi á fjölmiðlum sem samhliða samþjöppun í íslensku viðskiptalífi er ekki holl til lengdar litið.

Ég tel sem sagt mögulegt að fara margar leiðir. Markmiðið með því að takmarka eignarhald á fjölmiðlum eins og hér er lagt til á að vera til þess að treysta lýðræði og fjölbreytni. Tilgangurinn verður að vera ljós í lögunum og okkur ber að setja ekki strangari reglur en nauðsynlegt er.

Herra forseti. Eins og frv. kom fram, með algjöru banni, líka með fyrirliggjandi brtt., er það allt of strangt til þess að ná tilgangi sínum fyrir utan að fela svo í sér þau alvarlegu ákvæði sem hér hafa komið fram um brot á hinum ýmsu sáttmálum.

Svo fannst mér, herra forseti, mjög áhugavert að hlusta á hv. þm. Jóhann Ársælsson þegar hann velti því upp hvort hugsanlegt væri að ákvæði frv. um eignarhald markaðsráðandi fyrirtækja á fjölmiðli ætti ekki við einstakling. Mér fannst svar hv. þm. Bjarna Benediktssonar hljóma eins og ekki hefði verið hugsað út í það. Það skyldi þó aldrei vera að þetta væri eitt af mörgum atriðum sem þyrfti að skoða betur, hvort samkvæmt þessu frv. væri möguleiki á því að fjársterkur einstaklingur gæti hreinlega keypt upp fjölmiðlana eða orðið ráðandi hér á fjölmiðlamarkaðnum, þá sérstaklega ljósvökunum. Þegar menn geta tekið næstum því upp úr öðrum vasanum fjármuni eða þurfa ekki að hafa pening til að kaupa heilu bankana eða stórfyrirtæki sé ég í raun og veru engan mun á því eða að fjárfesta í fjölmiðli ef einstaklingur hefur áhuga á því. Mér sýnist fjármagnið vera til staðar, a.m.k. eins og þó nokkuð stór hópur einstaklinga virðist geta fjárfest í dag. Ég held að þetta sé frekar spurning um áhuga en fjárhagslega getu. Ég tel, herra forseti, að þetta sé eitt af því sem við þurfum að skoða líka.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki talsmenn þess að ekkert megi gera hér. Við höfum talað fyrir því eins og kom fram í umræðunni fyrr í vetur og eins samkvæmt till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði fyrir. Fleiri þingmenn voru meðflm., eins og Drífa Hjartardóttir, Guðjón Kristjánsson, Hjálmar Árnason og Steingrímur J. Sigfússon.

Þar var lagt til að fara í vinnu svipaða og skýrsluhöfundum finnst en þó með allt öðrum hætti. Í þeirri þáltill. var lagt til að nefndin yrði skipuð fulltrúum allra þingflokka til að koma öllum sjónarmiðum að, pólitískum áherslum, og hún færi í þá vinnu „að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi". Síðan átti nefndin að kanna eftirfarandi atriði sérstaklega eins og segir í þingskjali 366, með leyfi forseta:

„a. hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila,

b. hvort setja beri sérstök ákvæði í lög sem tryggi fullt gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum." — Um þetta ákvæði er, herra forseti, ekkert í frv. þannig að það er nokkuð langt í land með að við séum búin að klára vinnuna.

Síðan kemur hér: „c. hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, t.d. á sviði fjármálaþjónustu".

Það er svo sannarlega gert, bæði í frv. og eins í brtt. Það hefur breyst frá því að vera algjört bann yfir í að í brtt. er talað um að fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta megi eiga 5% hlut í ljósvakafjölmiðli. 5%, herra forseti, tel ég að sé allt of lág prósenta til þess að hún hafi eitthvað að segja varðandi það að hafa tryggan rekstur.

Þegar við förum þá leið að nefna prósentu tel ég að hún þurfi að vera hærri til þess að vekja áhuga fjárfesta á að reka fjölmiðil án þess þó að hann sé þar í meirihlutaeigu. Það er nokkuð breitt bil á milli 5% og t.d. 20% — ég ætla svo sem ekki að nefna neina tölu en það verður að fara mun hærra en 5% svo að þetta sé áhugaverður fjárfestingarkostur.

Herra forseti. Í tillögunni var lagt til að löggjöf og starfsskilyrði fjölmiðla í nálægum löndum yrðu skoðuð með hliðsjón af markmiði nefndarinnar og þá með tilliti til þess að setja samsvarandi löggjöf hér. Nú er löggjöfin í nálægum löndum misjöfn en alls staðar einhvers konar takmarkanir með mismunandi hætti. Ég tel að ekki hafi verið lagst í þá vinnu að skoða mögulega löggjöf á víðum grunni og skoða hvað af lagaumhverfinu hefði passað hjá okkur. Það hefði þurft að leggja miklu meiri vinnu í þá skoðun.

Það sem greinir þáltill. sem ég nefndi frá þeirri vinnu sem fór í gang eftir að skýrslan var lögð hér fram er alveg ljóst. Í þáltill. var lagt til að leitað yrði samráðs við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla og samtök þeirra, menntmrn. og aðra sem málið varðar. Það er þetta samráð sem hefur skort og þar greinir á milli tillögu okkar og svo vinnunnar sem var lögð í frv.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að hér hefðu verið viðhöfð vönduð vinnubrögð. Ég tel að svo sé ekki og þess vegna séu viðbrögðin svona hörð. Fyrir utan efnisinnihald frv. eru viðbrögðin í þinginu, og úti í þjóðfélaginu ekki síst, vegna þeirra vinnubragða og þeirra tilfinninga sem fólk hefur, ekki síst gagnvart þingmönnum, að hreinlega sé valtað yfir okkur trekk í trekk, í þessu máli eins og mörgum öðrum. Hér er þingmeirihluti sem ætlar að ráða þessu og við getum svo sem dansað með og þeir gestir sem við köllum til nefndanna en það þarf ekki að hlusta á minni hlutann frekar en menn vilja, eða taka einhverjum rökum.

Ég tel alvarlegast núna miðað við hvar við stöndum í þessu ferli að menn hafa ekki gefið sér tíma til að skoða vel hvaða afleiðingar það mundi hafa út á fjölmiðlamarkaðinn ef þetta frv. með fram komnum brtt. yrði að lögum. Menn vita ekki hvaða áhrif þetta hefði. Þótt búið sé að fresta gildistökunni um tvö ár hefur umræðan þegar haft efnahagsleg áhrif á fyrirtækið Norðurljós. Það eru fleiri sem þetta snertir. Þetta snertir lífeyrissjóðina, atvinnu fólksins sem vinnur við þessa fjölmiðla o.s.frv. Afleiðingar þess að festa hugmyndirnar í lög eru ófyrirsjáanlegar. Það hefur ekki verið kannað. Þar tel ég að menn ættu að hinkra við. Það er betra að gera það fyrir fram en að fá skellinn á sig síðar.

Herra forseti. Það hefur líka verið bent á og færð rök fyrir því að þrátt fyrir brtt. standist frv. að öllum líkindum ekki ESB-skilgreiningar um svokallaðan „puralism," þ.e. að halda ákveðnum aðila frá markaðnum. Þaðan kemur þetta ákvæði um að ef hægt er að ná sama árangri með minna inngripi skuli það gert, þ.e. að setja ekki strangari reglur en nauðsynlegt er. Samkvæmt öðrum tilskipunum ESB, Evrópusambandsins, munu lögin jafnframt brjóta gegn ákvæðinu um frjálst flæði fjármagns og það er alveg ljóst að samkeppni mun minnka hér með frv. ef frv. verður að lögum.

Herra forseti. Mig langar aðeins að fara nokkrum orðum um útvarpsréttarnefnd sem kemur fram í brtt. Þar er tillaga um að breyta henni úr fimm manna nefnd sem Alþingi skipar í dag yfir í þriggja manna nefnd sem menntmrh. skipar. Komið hefur fram gagnrýni á hvernig útvarpsréttarnefnd hefur starfað. Ég tel að hún verði að vinna eftir mjög skýrum reglum og hafa mjög skýra stjórnsýsluskipan. Hér er hins vegar enn einu sinni verið að færa ábyrgð frá Alþingi yfir á framkvæmdarvaldið og síðan á með þessari tillögu að færa ábyrgðina frá framkvæmdarvaldinu yfir á þessa þriggja manna útvarpsréttarnefnd. Hún á að hafa það vald að skoða og ákvarða og meta. Það verður ekki hægt að vísa úrskurði hennar til æðra stjórnvalds og það tel ég vera mjög umhugsunarvert. Í raun ætti að skoða miklu betur þá þróun að flytja stöðugt meira af ábyrgð þingsins yfir á framkvæmdarvaldið og í þessu tilfelli hvað verið er að fá útvarpsréttarnefnd mikið vald, óskorað vald, mjög víðfeðmt verkefni, en um leið er mjög óskilgreint hvernig hún eigi að starfa. Þetta verður mjög valdamikil nefnd sem hefur úrskurð í sínum höndum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína mjög langa. Ég gæti talað í alla nótt, eins og ég veit að allir þingmenn gætu gert, og ekki þá til þess að vera í einhverju sem kallað er málþóf, heldur eru bara svo margir þættir sem við getum fyrst rætt í þessum sal. Þessi umræða hefur ekki komið fram fyrr en hérna.

Ég vil draga eitt fram til viðbótar. Mér finnst þetta frv. taka á mjög takmörkuðum þáttum, þ.e. til útvarpsleyfanna. Það eru svo margir aðrir þættir sem skipta máli eins og mjög ör þróun varðandi tækni í útsendingum. Veraldarvefurinn er kominn núna. Það er verið að senda út í gegnum gervihnött. Mér finnst að ef í svona vinnu er farið eigi að horfa á útvarpslögin í heild og taka á fleiri þáttum en gert er í þessu frv. Það tekur eingöngu tillit til núverandi stöðu og þá aðallega vegna eignarhaldsins. Það er ekki verið að horfa á fleiri þætti sem koma fram í skýrslunni, eins og t.d. það að úthlutun leyfa gæti líka verið bundin útsendingarefni, þ.e. hverju eigi að útvarpa. Það gætu verið ákveðnar kröfur um magn af íslensku efni, um fjölbreytni, textun, túlkun á táknmáli og fleira sem ætti þá að koma inn í leyfin líka.

Ég vil taka það fram, herra forseti, í lokin að það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill í þessu sambandi er fyrst og fremst að efla Ríkisútvarpið, sérstaklega þá íslenska dagskrárgerð. Við viljum setja skorður á eignarhald á fjölmiðlum með tilliti til markaðsráðandi aðila á öðrum vettvangi og eins vegna hringamyndunar fyrirtækja en ekki með þeim hætti sem hér er gert. Hér er gengið allt of langt. Það þarf að ná miklu víðtækari samstöðu og einingu um það hvernig við viljum hafa þetta umhverfi. Það á að undirbúa slíka löggjöf í samráði við viðkomandi aðila. Það tekur tíma. Það tekur tíma að ná sáttum og að vinna sig í gegnum slíkt ferli.

Því styð ég, herra forseti, frávísunartillögu sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta allshn.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um fjölmiðlafrumvarp.

[00:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði einmitt að ræða það við forseta hvort ekki væri orðið tímabært að taka málið af dagskrá og ljúka þessum fundi en ég skil forseta þannig að hann hafi verið að gera það.

Fundi slitið kl. 00:22.

---

114. FUNDUR

fimmtudaginn 13. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619. — Frh. 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[10:03]

Útbýting þingskjala:

Einkamálalög og þjóðlendulög, 872. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1654.

Lyfjalög, 880. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1650; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1651; nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1652.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla fjölmiðlafrumvarps.

[10:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hefur efh.- og viðskn. fjallað á fundum sínum undanfarna daga um það frv. til fjölmiðlalaga sem liggur fyrir. Á fundinum í morgun gerðist það að meiri hluti nefndarinnar samþykkti með fimm atkvæðum gegn fjórum að leggja áfangaumsögn til allshn. sem væntanlega dreifir henni síðar til þingsins. Það skiptir miklu máli tel ég fyrir þingheim að vita af því að meiri hluti efh.- og viðskn. er þeirrar skoðunar, samkvæmt þessu áliti, að frv. sé augljóslega vanbúið og ekki tækt til afgreiðslu á þeim skamma tíma sem þinginu er ætlaður til að fjalla um frv. Meiri hluti efh.- og viðskn. telur það jafnframt alvarlegt umhugsunarefni að á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn sem benda til að hugsanlega stríði frv. gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Sömuleiðis hlýtur það að varða þingið miklu að í þessu sameiginlega áliti meiri hluta efh.- og viðskn. er vakin sérstök athygli á því að Samkeppnisstofnun hafi lýst þeirri skoðun við nefndina að þrátt fyrir þær brtt. sem fram hafa komið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar stríði frv. enn gegn markmiðum samkeppnislaga. Það er meginniðurstaða þess nýja meiri hluta sem hefur myndast í þessu máli í efh.- og viðskn. að málið sé vanbúið og vanreifað og þurfi augljóslega miklu víðtækari og ítarlegri skoðunar við. Með hliðsjón af því leggur meiri hlutinn til að Alþingi fresti afgreiðslu frv. og að tíminn í sumar verði nýttur til að vinna málið betur og í nánara samráði við sérfræðinga.

Ég vil líka að það komi fram að nefndin ákvað að halda áfram umfjöllun sinni. Hv. formaður lagði fram dagskrártillögu um að nefndin lyki umfjöllun málsins. Hún var felld. Það var einungis eitt atkvæði sem formaðurinn fékk þannig að heldur er farið að sneyðast undan hv. formanni það sem hann stendur á.

[10:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Minni hv. þingmanns er frekar stutt. Fyrst kom fram dagskrártillaga um að nefndin skilaði umsögnum til hv. allshn. og héldi áfram umfjöllun málsins. Hún var samþykkt með fimm atkvæðum gegn einu, mínu atkvæði. Síðan bar ég upp dagskrártillögu um að nefndin skilaði umsögn til allshn. og lyki umfjöllun. Það var fellt á jöfnu, með fjórum atkvæðum gegn fjórum. Sú var staðan.

Um er að ræða umsagnarbeiðni frá hv. allshn. sem gaf okkur frest. Fyrst fengum við frest til föstudags og ég fékk hann framlengdan til mánudags. Þá lagði ég til að nefndin skilaði umsögn til allshn. þannig að hún gæti komið til umfjöllunar í nefndaráliti hennar. Það var fellt á þeim tíma. Eftir það erum við í rauninni að ræða einhverja umsögn sem menn vita ekki hvar endar. Í morgun var mikið rætt um það hvaða leiðir væru færar til þess að umsagnir hv. efh.- og viðskn. gætu komið til umfjöllunar og gætu komið fram á þinginu. Mér finnst að menn séu farnir að stunda ákveðna tilraunalögfræði. Það er svo sem ágætt að leita leiða en auðvitað áttu menn að skila umsögnum innan þess frests sem allshn. gaf. Það væri eðlilegast. Menn ákváðu hins vegar að halda áfram að ræða og í morgun var fellt að ljúka umfjöllun málsins þannig að ég er búinn að boða til fundar í fyrramálið milli 8 og 10 svo að menn geti enn frekar fjallað um málið til að skila umsögn til allshn. sem löngu er búin að skila nefndarálitum til Alþingis, bæði meiri hluti og minni hluti þeirrar nefndar.

[10:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ekki mundi hv. þm. Pétur H. Blöndal fá háa einkunn á sagnfræðiprófi. Við höfum fundið að því,

fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn., hvernig hv. þm., formaður nefndarinnar, hefur reynt að stöðva umræðu um þetta mál. Hann hefur reynt að rífa málið vanreifað út úr efh.- og viðskn. en hefur ítrekað orðið undir í atkvæðagreiðslu í nefndinni. Hann segir að menn séu að ræða einhverja umsögn sem við vitum ekki hvar endi.

Það er mergurinn málsins. Málið er vanreifað.

Við teljum hins vegar ábyrgðarhluta að senda ekki frá okkur áfangayfirlit. Meiri hluti skapaðist í nefndinni í morgun við atkvæðagreiðslu um að það yrði gert en jafnframt haldið áfram umfjöllun í nefndinni. Mér finnst að þingið þurfi að taka það alvarlega þegar meiri hluti efh.- og viðskn. þingsins varar við afgreiðslu þessa máls, bendir á að það séu líkur á að það stangist á við stjórnarskrá landsins og hvetur til þess að málið verði tekið út af dagskrá, og haft til umfjöllunar í sumar og að nýju reifað á næsta hausti. Þetta er vilji meiri hluta efh.- og viðskn. þingsins. Ég vek athygli á því að þegar þessi niðurstaða lá fyrir reyndi formaður nefndarinnar að bera upp tillögu og gerði það, dagskrártillögu um að umfjöllun um málið yrði þá stöðvuð. Hann var einn um að greiða atkvæði með þeirri tillögu, eitt atkvæði gegn fimm í nefndinni.

Mér finnst að Alþingi þurfi að vita um þetta og þurfi að taka tillit til vilja meiri hluta efh.- og viðskn. þingsins.

[10:10]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ég sat fund efh.- og viðskn. í morgun og það sem vekur furðu mína er að í öðru orðinu segir hv. formaður nefndarinnar nauðsynlegt að fá álit frá fulltrúum Kauphallarinnar til að fá úr því skorið hvort fyrirtækið Norðurljós eigi möguleika á því að komast á markað, ef brtt. nást í gegn, eður ei en í hinu orðinu segir hann nefndina vera tómt mengi og ekki til neins nýta eins og staðan er.

Ég vil bara vekja athygli á því að þetta er eina nefndin á hinu háa Alþingi sem er að fjalla um þetta mál. Enn hafa fulltrúar lífeyrissjóðanna sem eiga mikið undir í þessu máli ekki komið að einni eða neinni nefnd og enn hefur enginn fulltrúi frá Kauphöllinni komið og talað um málið við eina eða neina nefnd.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar í gær að markmið þessa frv. væri að tryggja fjölbreytta eignaraðild í fjölmiðlun. Hann minntist á það að fyrirtæki gætu fengið skráningu í Kauphöll Íslands sem mundi tryggja fjölmiðlum í slíkum rekstri dreifða eignaraðild.

Í hinu orðinu segir fulltrúi frá Sambandi banka og verðbréfafyrirtækja: Kauphöllin setur ströng skilyrði fyrir skráningu í Kauphöll Íslands. Hömlur eins og þær sem þetta frv. ber með sér sem njörvar niður fjölmiðlafyrirtæki í landinu tryggja það, líklega, að fyrirtækið fái ekki skráningu í Kauphöll Íslands. Því er mjög þarft að efh.- og viðskn. fjalli áfram um málið og skili frá sér áfangaáliti á þessari stundu.

[10:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mjög athyglisverður fundur var í efh.- og viðskn. í gær og þá sýndi það sig að það var nauðsynlegt að efh.- og viðskn. fjallaði um málið. Þar kom m.a. fram og var upplýst af forsvarsmönnum Norðurljósa að líklegt væri að tæplega 6 milljarða lán fyrirtækisins mundi gjaldfalla við þetta breytta rekstrarumhverfi fyrirtækisins, þar á meðal 2 milljarðar sem lífeyrissjóðirnir eiga hjá þessu fyrirtæki. Og það var athyglisvert að engin veð standa á bak við skuldir fyrirtækisins við lífeyrissjóðina þannig að hjá lífeyrissjóðunum gætu tapast um 2 milljarðar kr. og að tæplega 6 milljarðar kr. gætu gjaldfallið og það gæti leitt til gjaldþrots þessa fyrirtækis. Þetta er mjög alvarleg staða og þetta eru nauðsynlegar upplýsingar inn í þessa umræðu.

Það er líka athyglisvert að eftir þessa umræðu í nefndinni í morgun, eftir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson bar fram tillögu sína um að skila áfangaáliti sem fékk meiri hluta í nefndinni, hefur myndast nýr meiri hluti í henni. Til marks um það hvað nefndarmenn telja stöðu þessa máls alvarlega fékk dagskrártillaga formannsins sjálfs um að afgreiðslu málsins væri lokið í nefndinni einungis eitt atkvæði. (**PHB:** Fjögur.) Tillagan fékk eitt atkvæði. Hinir sátu hjá. Málinu hefur ekki verið lokið í nefndinni og verður þar til umfjöllunar áfram vegna þess að það er nauðsynlegt að fá fulltrúa Kauphallarinnar á fund nefndarinnar. Þetta fyrirtæki, Norðurljós, ætlaði að láta skrá sig í Kauphöllina á þessu ári en nú er ólíklegt að það gangi eftir vegna þeirra takmarkana og hindrana sem settar eru á rekstrarumhverfi þess. Við munum því óska eftir því í framhaldinu að fá fulltrúa Kauphallarinnar á fund okkar sem og fulltrúa lífeyrissjóðanna.

[10:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Mikil tíðindi hafa borist frá störfum efh.- og viðskn. í morgun sem þarf svo sem ekki að koma á óvart. Það vita allir sem vilja vita að frv. og allur málatilbúnaðurinn í kringum það ber keim af því að þetta sé bæði vanreifað og illa undirbúið á allan hátt.

Allir sem vilja sjá það sjá að allir mælar loga á rauðu í þessu máli. Þetta sjá allir sem vilja sjá það og mér er gersamlega fyrirmunað að skilja að ríkisstjórnarliðar sjái það ekki allir sem einn. Þetta er yfir höfuð vel gefið fólk. Mér býður reyndar í grun, hæstv. forseti, að sífellt fleiri stjórnarliðar séu einmitt farnir að sjá að þetta getur ekki gengið og að það þarf að gefa þessu máli miklu lengri tíma. Að sjálfsögðu eiga menn núna að staldra við og hætta þessari vitleysu, gefa þessu tíma í sumar og koma frekar með vandaðra og betra frv. í haust. Nú er tímabært að láta staðar numið, hætta að eyða dýrmætum tíma þingsins í þetta bölvaða kjaftæði, ef mér leiðist svo að segja. Þetta er gersamlega komið úr böndunum. Það er farið að rýra traust og trúverðugleika þingsins út á við. Það er búið að gjaldfella störf þingsins stórlega í augum þjóðarinnar með þessum sirkus sem hefur staðið yfir í heila viku.

Það er talað um tilraunalögfræði. Formaður efh.- og viðskn. segir að hér reyni menn að stunda einhverja tilraunalögfræði og viti ekki hvar þetta endar. Ég held að þetta frv. allt saman og allur málatilbúnaðurinn sé tilraunalögfræði — og við vitum ekki hvar málið endar. Hér hafa verið stunduð tilraunaþingsköp á undanförnum dögum, tilraunaþingsköp. Þetta er allt í einhverju limbói, þetta er sirkus. Við verðum að hætta þessu.

[10:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að þessar fréttir úr efh.- og viðskn. og þeir atburðir sem þar hafa verið að gerast í gær og í dag sýni hversu fráleit vinnubrögðin hafa verið, hversu fráleit afgreiðsla allshn. á málinu út úr nefnd var og í raun fráleitt hvað hefur haldið uppi umræðum um þessi mál meðan verið er að skoða það til hliðar í fagnefndum þingsins. Þaðan eru

síðan að koma fréttir og nýjar upplýsingar um hluti af því tagi sem hér hefur verið tæpt á.

Það ber reyndar vel í veiði, herra forseti, að hæstv. viðskrh. skuli vera hér í salnum. Hvenær fáum við að heyra í hæstv. viðskrh. um afstöðu hennar til þessa máls? Hvað segir hæstv. viðskrh. um það sem efh.- og viðskn. hefur verið að skoða, að hér sé um þverbrot á samkeppnislögum að ræða, að þetta muni gjaldfella 6 milljarða skuldir fyrirtækisins og kippa undan því fótunum í einu vetfangi, einu af stærri fyrirtækjum landsins? Hvernig líður hæstv. viðskrh. þessa dagana? Er hún búin að segja af sér? Er hæstv. forsrh. líka orðinn viðskrh., eða formaður allshn.? Þetta er mjög sérkennilegt og maður bíður spenntur eftir því að hæstv. viðskrh. tjái sig um þessar hliðar málsins.

Ég segi fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég vil fá þessar upplýsingar sem þingmaður í umræðum um þetta mál. Ég sit ekki í efh.- og viðskn. og á heimtingu á upplýsingum öðruvísi. Það stendur í þingsköpunum og stjórnarskránni að við eigum að hafa allar þær upplýsingar sem þörf krefur til að mynda okkur skoðun á málum, taka afstöðu hér og greiða atkvæði eftir samvisku okkar. Það á ekki að standa svona að hlutunum, það er alveg augljóst mál. Allshn. gerði réttast í því að bjarga leifunum af sóma sínum með því að biðja um að fá málið aftur, með því að biðja um að umræðunni yrði frestað og fá málið aftur til skoðunar. Gáfulegast væri auðvitað að verða við tilmælum meiri hluta efh.- og viðskn. um að afgreiða málið ekki í sumar en næstgáfulegast a.m.k. að skila framhaldsnefndaráliti og koma þessum upplýsingum á framfæri með formlegum hætti eins og allshn. ber skylda til að gera.

[10:20]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það eru svo margar atkvæðagreiðslur í efh.- og viðskn. að það er ekki nema von að aðeins skolist til hjá manni hvernig niðurstöður voru í sérhverri þeirra. Nú höfum við borið saman bækur okkar, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson. Það er rétt sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, sú tillaga sem ég bar fram um að nefndin skilaði áfangaáliti og héldi síðan áfram umræðu fékk fimm atkvæði gegn einu. Sú tillaga sem hv. þm. Pétur H. Blöndal bar fram um að umfjöllun málsins yrði lokið var felld á jöfnu, fjögur atkvæði gegn fjórum.

Auðvitað koma stöðugt nýjar upplýsingar inn í þetta mál sem varða þingið allt. Á fundunum í gær kom t.d. fram sú skoðun hjá fulltrúa Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja að fjölmiðlafyrirtæki eins og Norðurljós yrði ekki tækt til skráningar í Kauphöllinni ef þessi lög yrðu samþykkt. Þetta eru nýjar upplýsingar í málinu. Það var líka upplýst á fundi efh.- og viðskn. að fulltrúi Kauphallarinnar hefur ekki verið kvaddur til fundar við allshn. til þess að ræða þetta mál. Þetta skiptir öllu máli og það er þess vegna sem efh.- og viðskn. mun halda umfjöllun sinni áfram til þess að grafast fyrir um svona mál og geta skilað því síðan til þingsins í einhverju formi.

Alvarlegast í þessu, herra forseti, er þó að meiri hlutinn sem skapast hefur í efh.- og viðskn. telur það mjög alvarlegt umhugsunarefni að lögð voru fram gögn sem benda til að hugsanlega stríði frv. gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er enginn valinkunnur lagaspekingur sem hefur stigið fram á sviðið og sagt annað nema einn, einkavinur hæstv. forsrh., Jón Steinar Gunnlaugsson. Við hljótum, þingmenn og þingheimur, þegar svona alvarlegt álit kemur frá einni af nefndum þingsins að staldra við og skoða málið, brjóta það til mergjar. Getur verið að við sem höfum unnið eið að stjórnarskránni séum að taka þátt í því að brjóta ákvæði hennar? Það má aldrei verða.

[10:22]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég hef undanfarnar vikur setið fundi efh.- og viðskn. Þannig hefur málum verið háttað í þeirri ágætu nefnd að þar hefur varla farið fram fundur öðruvísi en að þar hafi orðið einhverjar sérkennilegar uppákomur. Fundurinn í morgun slær þó líklega öll fyrri met. Eins og komið hefur fram í umræðunum voru þar lagðar fram tvær dagskrártillögur. Sú fyrri var frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, tillaga um að nefndin skilaði af sér áfangaumsögn vegna þess að svo alvarlegar upplýsingar hafa komið fram í störfum nefndarinnar að ekki var talið fært að halda þeim frá þingsal lengur, en halda hins vegar áfram umfjöllun í nefndinni, m.a. til að fá fleiri gesti og upplýsa málið enn frekar.

Sú dagskrártillaga var samþykkt með fimm atkvæðum gegn einu, gegn einu atkvæði formannsins sem skömmu áður á sama fundi hafði marglýst því yfir að jafnvel væri ástæða til að ræða þetta mál fram á sumar í nefndinni, ekki mundi hann standa gegn því.

Þegar einn nefndarmanna hafði yfirgefið fundinn vegna þess að hann þurfti að mæta á fund í annarri nefnd bar formaður upp, án þess að nokkur frekari umræða hefði farið fram, aðra dagskrártillögu sem gekk út á það að umfjöllun nefndarinnar væri lokið þátt fyrir að nýlega hefði verið samþykkt dagskrártillaga um að umræðan héldi áfram í nefndinni. Sú dagskrártillaga hv. þm. Péturs Blöndals var felld með fjórum atkvæðum gegn fjórum. Þá fékk formaður með sér nokkra stjórnarliða á ný, en eins og fram kom í fyrri atkvæðagreiðslunni sem hlýtur að vera einstakt í störfum nefndar á Alþingi sat formaðurinn einn gegn þeirri afstöðu að eðlilegt væri að halda umfjöllun áfram og skila áfangaumsögn í málinu.

Þetta, herra forseti, hlýtur að vekja athygli okkar og segja okkur margt um það í hvaða stöðu þetta mál er í þinginu. Þess vegna er ástæða til að við gefum okkur þann tíma sem þarf til að ræða málið, bæði í nefndum og þingsal.

[10:24]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Þetta er að verða allundarleg umræða. Hér er verið að setja á ýmsar ræður um það að efh.- og viðskn. ræði mál sem er á forræði annarrar nefndar. Efh.- og viðskn. fékk frest til að skila umsögn til allshn. Ég endurtek það, til að skila umsögn. Hér hafa komið þingmenn hver á fætur öðrum og talað um álit og talað eins og að þetta mál sé á forræði efh.- og viðskn. sem það er alls ekki. Ég held að menn ættu að skoða betur þær reglur og þingsköp sem við störfum eftir heldur en að koma hér upp hvað eftir annað, hver á fætur öðrum og tala af slíkri vanþekkingu sem gert er. (**SJS:** Nefndir mega taka upp hvaða mál sem þær kjósa.) Þetta mál er á forræði annarrar nefndar.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla fjölmiðlafrumvarps.

[10:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir þessum lið, um fundarstjórn forseta, og mælist til þess að hann taki það upp í stjórn þingsins að þinghaldinu eða umfjöllun um þetta mál verði frestað. Hér hefur komið fram að meiri hluti efh.- og viðskn. Alþingis telur að þetta mál sé alvarlega vanreifað og stríði hugsanlega gegn stjórnarskrá landsins. Álit þessa efnis var samþykkt á fundi efh.- og viðskn. í morgun.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem fór yfir atkvæðagreiðslur í nefndinni, niðurstöður þeirra og leiðrétti það sem þar var missagt, m.a. af þeim sem hér stendur. Ég ítreka að fram hafa komið upplýsingar í efh.- og viðskn. sem eru mjög alvarlegs eðlis, ekki aðeins að það séu áhöld um að hægt verði að skrá starfandi fjölmiðlafyrirtæki, sem er tæplega 700 manna vinnustaður, í Kauphöllinni og að rekstrarforsendum þess fyrirtækis sé stórlega ógnað heldur hefur það einnig verið upplýst að hjá fyrirtæki sem er skuldsett upp á tæpa 6 milljarða kr. eru 2 milljarðar í eigu lífeyrissjóða. Ekki nóg með það, þessir 2 milljarðar í eigu lífeyrissjóða eru án veðs. Er það ekki ábyrgðarhluti fyrir Alþingi að samþykkja lög sem stefna þessum verðmætum lífeyrissjóðanna í hættu, a.m.k. í tvísýnu?

Ég mælist til þess að forseti þingsins taki það upp í stjórn þingsins að þessu máli verði skotið á frest. Það er eðlilegt að þessum þingfundi verði frestað meðan það mál er tekið til umfjöllunar.

[10:28]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar um að gera nokkurn frest á störfum þingsins vegna fundarhalda í efh.- og viðskn. Þessar umræður hafa farið fram áður og forseti telur ekki tilefni til þess að verða við þessari ósk um frestun á fundinum.

[10:29]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Það kemur upp í huga við þessa umræðu það sem hér er að gerast og lýsing á því sem var að gerast í efh.- og viðskn. í morgun sem og í gær — annað með hinn nýja meiri hluta sem þar hefur myndast en geymum það — að fyrir áramót urðu átök í efh.- og viðskn. út af fjárlögum, þ.e. breytingu á vaxtabótakerfinu. Mér er það ákaflega minnisstætt vegna þess að ég sat þann fund sem varamaður þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti, að mig minnir, dagskrártillögu um að vegna þeirra álitamála að málið bryti gegn ákvæði stjórnarskrár um afturvirkni yrði það skoðað frekar. Mér er ákaflega minnisstætt þegar formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, lýsti því yfir að stjórnarskráin skyldi njóta alls vafa. Það var ákaflega merkileg yfirlýsing. Þess vegna beitti hann sér fyrir því að nefndin óskaði eftir óháðu áliti lögfræðinga úti í bæ, að mig minnir Skúla Magnússonar og fleiri sem komu með það ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Hyggst hv. þm. ræða fundarstjórn forseta?)

Já, ég er að því. Ef ég má halda áfram ræðu minni mun ég bera fram ósk við forseta sem ég ætla að fá að koma að. Hún hefur svolítinn aðdraganda og vænti ég þess að þessu innskoti verði bætt við tíma minn.

Ég var kominn að því að lýsa því þegar þetta nefndarálit kom svo fram sem var á þann veg að stjórnarmeirihlutinn sá að sér og sá hvers konar vitleysu var verið að gera. Breytingunum á vaxtabótunum var því breytt aftur. Mér sýnist svipað vera að gerast nú. Hér berast okkur upplýsingar, okkur sem sitjum ekki í efh.- og viðskn., mjög alvarlegar upplýsingar sem við viljum fá að heyra.

Nú sný ég mér að því, virðulegi forseti, að fara fram á það að hæstv. forseti geri hlé á þessum fundi þannig að tóm skapist til að funda með forseta þingsins og formönnum þingflokka með tilliti til þeirra óska sem hér hafa komið fram. Ég tek undir ósk um að fundi verði frestað þangað til eftir hádegi þannig að öllum þingmönnum gefist kostur á að fara yfir þessi mál. Mér sýnist vera að koma fram enn þá meiri staðfesting í efh.- og viðskn. um að það frv. sem við ræðum hér sé skraddarasaumað utan um eitt fyrirtæki til að koma í veg fyrir að það megi vinna áfram að þessari endurskipulagningu og því sem hefur verið að gerast hjá Norðurljósum. Ef þetta hefur þær afleiðingar að fyrirtækið getur ekki sótt um skráningu í Kauphöll er þetta bein aðför að þessu fyrirtæki — eins og við höfum alltaf talið en það eru sífellt að koma fleiri og fleiri sannanir.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að hlé verði gert á þessum fundi og efnt verði til fundar með formönnum þingflokka hjá forseta.

[10:31]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti telur ekki tilefni til að fresta fundi af þessu tilefni. Þessi umræða sem fer fram nú fór líka fram í gærkvöldi og ekkert nýtt hefur komið fram.

[10:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta þar sem ég ætla að taka undir fram komna kröfu um að fresta þegar í stað þingfundi þannig að mönnum gefist tóm til að halda áfram að vinna málin.

Nú háttar svo til að menntmn. Alþingis — frá því segi ég til að styðja kröfu mína — fundaði hér í gærmorgun og fékk til sín nokkra valinkunna einstaklinga. Þar komu fram upplýsingar sem við, stjórnarandstæðingar í menntmn., teljum að gefi til kynna að í því frv. sem hér er til umfjöllunar felist alvarleg aðför að tjáningar- og málfrelsi í landinu. Við teljum að frv. vegi að þessum grundvallarmannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar, herra forseti, það hreinlega vegi að tjáningar- og málfrelsi í landi, prentfrelsinu, öllu því sem lýtur að frelsi manna til orðs, æðis og athafna.

Nú hefur okkur, fulltrúum stjórnarandstöðunnar í menntmn., lítill tími gefist til að vinna það minnihlutaálit sem við ætlum að skila inn til þingsins að ósk hv. allshn. Þingfundur hófst í gær strax og fundi menntmn. lauk. Hann stóð til klukkan að verða hálfeitt í nótt. Við höfum að sjálfsögðu nýtt nóttina til að leggja drög að því áliti sem við ætlum að skila inn til þingsins en eins og margoft hefur komið fram áður í málflutningi okkar teljum við að 2. umr. um frv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum geti ekki farið fram með neinum vitrænum eða boðlegum hætti án þess að álit menntmn. liggi fyrir. Það ætti að liggja umræðunni til grundvallar, enda skipta þær upplýsingar sem þar komu fram sköpum þegar talið berst að tjáningarfrelsinu í landinu.

Eins og ég hef áður sagt metum við það svo, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í menntmn., að hér sé um að ræða alvarlega aðför að tjáningarfrelsinu í landinu. Við gerum þá

kröfu, virðulegi forseti, að okkur gefist tími og tóm til að vinna nefndarálit okkar og skila því hér inn á hið háa Alþingi þannig að það megi liggja umræðunni til grundvallar. Því geri ég þá kröfu að virðulegur forseti beiti sér fyrir því þegar í stað að þingfundi verði frestað þannig að okkur gefist tími til að vinna að álitinu. Það getum við að sjálfsögðu ekki gert með neinum boðlegum hætti meðan þingfundur stendur yfir enda erum við hér við umræðuna.

Því set ég fram þessa kröfu og óska eftir því að virðulegur forseti beiti sér fyrir því strax að þingfundi verði frestað þannig að við getum dregið saman þær upplýsingar sem við teljum að leiði í ljós þá alvarlegu aðför að tjáningarfrelsinu í landinu sem þetta frv. hefur augljóslega í för með sér að okkar mati.

[10:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum sólarhringum hafa hv. stjórnarandstæðingar rætt undir þessum geysivinsæla og sívinsæla dagskrárlið kröfuna um að svigrúm yrði gefið fyrir þær tvær þingnefndir sem fengu þetta frv. til umsagnar — ekki álits — frá hv. allshn.

Það var orðið við þessum kröfum. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Þessir fundir voru haldnir, málin voru rædd. Fyrir nefndina komu þeir aðilar sem eftir var kallað. Niðurstaða var fengin. Hið pólitíska mat hlaut síðan að koma í kjölfarið.

Það er nákvæmlega staðan núna og auðvitað er okkur ekkert að vanbúnaði að halda þessari umræðu áfram. Menn eiga að halda henni áfram.

Hver eru tíðindin miklu sem menn fluttu héðan úr nefndinni í morgun og létu eins og stórtíðindi hefðu átt sér stað? Jú, það gerðist að fimm þingmenn, sem allir með tölu höfðu margoft lýst því yfir að þeir væru andsnúnir þessu frv., skrifuðu það á blað að þeir væru andsnúnir þessu frv. Þetta eru gríðarleg tíðindi, þetta er söguleg stund. Þetta kallar á það að þingið endurskoði allar starfsáætlanir sínar. Það liggur sem sagt fyrir í skriflegu formi að fimm hv. þm. (**Gripið fram í:** Hvaða ..?) (Gripið fram í.) sem búnir voru að lýsa yfir andstöðu sinni við frv. eru búnir að gera það í skriflegu formi. Virðulegi forseti. Er verið að setja hér af stað enn einn farsann? Er það þetta sem menn ætla að gera að haldreipi sínu til að koma í veg fyrir að efnisleg umræða haldi áfram?

Virðulegi forseti. Má ég vekja athygli á því að það eru 25 eða 26 þingmenn sem hafa látið það í ljósi við hæstv. forseta að þeir vilji tjá sig um málið eins og það lá fyrir í gær? Ætla þeir hv. þm. sem hér hafa talað og eru með kröfur uppi um það að stöðva umræðuna að koma í veg fyrir að þeir hv. þm. sem voru algjörlega reiðubúnir og sáu ekkert því til fyrirstöðu að halda máli sínu áfram í gær fái orðið? Þeir koma til þess að geta rætt málin, látið í ljósi skoðanir sínar, skipst á skoðunum við okkur hina sem erum þeim andsnúnir, með aðrar skoðanir, og komið á framfæri (Gripið fram í.) sjónarmiðum sínum við þjóðina í gegnum Alþingi. Það er greinilega það sem vakir fyrir þingmönnunum með þessari umræðu hérna í dag, að koma í veg fyrir það.

Ég mótmæli harðlega þessum tilraunum til að koma í veg fyrir að hv. þm., 25 eða 26 talsins, fái orðið hérna til að þeir geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þetta eru undarlegar aðfarir þegar dögum saman hefur verið uppi krafa um að þessar þingnefndir gætu hafið störf, og núna þegar þær hafa lokið störfum sínum — og það var talað um að þetta yrði til að greiða fyrir umræðu hér í þinginu — þegar búið er að verða við þessum kröfum er þetta notað til að reyna að koma í veg fyrir að þingið geti haldið áfram störfum sínum, unnið hér og haldið áfram umræðunni. Öllu er snúið á haus.

[10:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sífellt fleiri rök koma fram um að það mál sem við erum að ræða hér, fjölmiðlafrumvarpið, einnig eftir að brtt. hafa komið frá meiri hlutanum, sé þannig úr garði gert að ástæða sé til að fresta afgreiðslu þess. Ég tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram, miðað við þær upplýsingar sem hafa komið frá því fólki sem starfar í efh.- og viðskn., um að þessum fundi verði frestað, okkur gefinn tími til að skoða fram komnar upplýsingar og að betur verði unnið að þessu máli. Það hlýtur líka að vera eðlilegt að menntmn. ljúki málsmeðferð sinni og að við fáum þær ábendingar sem áðan voru reifaðar í þessum ræðustól inn í þingið.

Úti í þjóðfélaginu vísa sífellt fleiri löglærðir aðilar til þess að frv., jafnvel í þeim búningi sem það er í nú, standist ekki stjórnarskrána. Það er mjög alvarlegt mál, hæstv. forseti, að við skulum vera í þeirri stöðu að vera að ræða hér mál sem margt bendir til að fari beint til dómstóla eftir að það verður afgreitt hér, þ.e. ef meiri hlutinn nær vilja sínum fram. Það er þinginu ekki til sóma að lenda enn einu sinni í því að koma hingað inn með frv. og síðan út með lög sem verða til þess að verk þingsins verða dæmd ómerk. Ég skora á hæstv. forseta að verða við þeim tilmælum sem hér hafa komið fram.

[10:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að karpa hér við formann þingflokks Sjálfstfl. sem gerir lítið úr því að meiri hluti efh.- og viðskn. mælist til þess að þessu máli verði frestað. Hann kallar það farsa þegar Sjálfstfl. verður undir í þinginu. Ég kalla það lýðræðislegan vilja þingsins.

Ég ætla ekki að ræða efnisatriði þessa máls en beini þeirri ósk til forseta þingsins að hann geri hlé á þingfundinum í 10 mínútur þannig að formönnum þingflokka gefist ráðrúm til að koma saman til fundar og ræða þá stöðu sem nú er upp komin.

[10:41]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti hyggst verða við þeim óskum sem fram hafa komið um að setja á stuttan fund með formönnum þingflokka. Frestur verður gerður á þessum fundi í 10 mínútur.

[Fundarhlé. — 10:42]

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619.

[10:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Sem kunnugt er þá er mælendaskrá við 2. umr. sem hér stendur yfir um svokallað fjölmiðlafrumvarp hæstv. forsrh. nokkuð löng og menn hafa viljað halda því fram að eitthvert málþóf væri í gangi í umræðunni. Ég vil taka það fram í upphafi máls míns, hæstv. forseti, að ég er

algjörlega ósammála því mati því að allar ræður sem hér hafa verið haldnar af hv. þm. stjórnarandstöðunnar við 2. umr. málsins hafa verið efnismiklar, vel rökstuddar og tekið á kjarna málsins. Það sem hefur hins vegar að stórum hluta vantað, herra forseti, og þess vegna verður maður að staldra við og spyrja sig hvernig sé ástatt með lýðræðið á Íslandi, er að fá fram skoðanir og viðbrögð stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar. Jú, það var mælt fyrir meirihlutaáliti allshn. og nokkrir stjórnarliðar hafa verið í andsvörum, gott og vel. Í gærkvöldi kom hv. þm. Framsfl., Hjálmar Árnason, og flutti hér ræðu. Ég hef fylgst nokkuð vel með umræðunum, herra forseti, og ég man ekki til þess að aðrir hafi talað frá stjórnarliðinu en ég á von á að úr því rætist í dag við þessa umræðu. Ég geri athugasemd við það, herra forseti, vegna þess að svona umræða, 2. umr. um frv. til laga, hvert sem frv. er, á að vera efnisumræða, já, og skoðanaskipti. Skoðanaskipti þeirra sem eru að einhverjum hluta eða að öllu leyti ósammála í málinu og í þessu tilviki skoðanaskipti stjórnarandstöðu og stjórnaliða. Það liggur í hlutarins eðli að á hinu háa Alþingi fari umræður fram með þeim hætti.

Eins og þingheimi er kunnugt hefur það ekki verið þannig og það er reyndar ekki bara í þessu máli, herra forseti, sem það hefur viðgengist að það er líkt og það sé sérstök áþján fyrir stjórnarliða að sitja undir ræðum stjórnarandstöðunnar, þeir jafnvel dæsa og kvarta yfir því bæði opinberlega og óopinberlega að hér sé fólk í málþófi og það sé erfitt að sitja undir löngum umræðum á Alþingi. Ja, heyr á endemi, herra forseti. Til hvers voru þessir menn kosnir á þing?

Mig langar til í upphafi máls míns að rifja upp orð sem féllu í gærkvöldi í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar, þingmanns Framsfl. í Suðurk. Fyrir utan að hafa eytt drjúgum tíma ræðu sinnar í að vitna í gamlar ræður frá þingmönnum Samf., sem ég svo sem lái honum ekki enda voru það ágætar ræður, vel fluttar og vel samdar eins og gjarnt er með þá þingmenn, hafði hann frá litlu að greina er varðaði stefnu Framsfl. í málinu. Hún liggur hreinlega ekki fyrir, herra forseti. Mér liggur við að segja að hún sé engin önnur en sú að stíga skrefið inn í lið Sjálfstfl. í þessu máli og fylgja hæstv. forsrh. upp á gott og vont í þeirri von að þjóðin síðan gleymi, þegar afgreiðslu málsins verður loks lokið, ef því lýkur nú á næstu vikum, og svo renni upp 15. sept. 2004 og hæstv. utanrrh. verði hugsanlega forsrh. landsins. Ég hygg að þannig sé málið vaxið frá sjónarhóli Framsfl. Og það er dapurlegt, herra forseti, að þurfa að horfa upp á það með þeim hætti sem við höfum þurft að horfa upp á, m.a. hér í gærkvöldi.

Það sem hins vegar ber að þakka fyrir í þeim málflutningi hv. þm. Hjálmars Árnasonar er að hann staðfesti með algjörlega óyggjandi hætti að frv. sem hér er til umræðu beinist gegn einu fyrirtæki. Það fór ekki á milli mála í ræðu þingmannsins. Hafi menn reynt hingað til að rökstyðja mál sitt með því að hér eigi að setja almenn lög til þess að stýra eignarhaldi á fjölmiðlum hér á landi þá liggur það algjörlega fyrir núna að svo er ekki. Stjórnarliðar geta þess vegna sparað sér ómakið við að reyna að búa málið í þann búning að hér sé um almenn lög að ræða. Þau eru sértæk, frv. er móníska eins og lagamenn sem þekkja til kalla það.

(**Forseti** (ÞBack): Má ég biðja hv. þingmenn í hliðarsal að hafa fund annars staðar en hér rétt í dyragættinni.)

Þakka þér fyrir, frú forseti.

Frv. er móníska í eðli sínu, eins og stjórnarandstaðan hefur margoft bent á og það hefur verið staðfest af hv. þm. Hjálmari Árnasyni og í sjálfu sér er engin ástæða til að eyða meiri dýrmætum tíma þingmanna og fólksins í landinu til þess að þrefa um það. Það liggur fyrir að því er stefnt gegn einu fyrirtæki.

Rétt í lokin um þá ræðu sem hér var flutt af hv. þm. Hjálmari Árnasyni í gærkvöldi þá varð honum tíðrætt um vernd neytenda hér á landi. Nú vill svo til að Framsfl. hefur haft þann málaflokk með höndum um nokkurra ára skeið, níu ára skeið líklega, hæstv. iðn.- og viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir fer með málefni neytenda, neytendavernd og -réttindi. Það er einnig vitað og hefur reyndar verið rætt á hinu háa Alþingi að í þeim efnum standa Íslendingar langt að baki nágrannaþjóðum sínum, langt að baki Norðurlöndunum, svo langt að baki að hér eru neytendamál að stærstum hluta í grárri forneskju ef ekki væri fyrir þær leiðbeiningar, lög og reglugerðir sem komið hafa hingað til lands í gegnum EES-samninginn. Annars hefði lítið verið gert. Hafandi þetta í huga verður það í besta falli hjákátlegt að sjá þingmann þess flokks sem farið hefur með þennan málaflokk í níu ár berja sér á brjóst og tala um neytendavernd þegar eignarhald fjölmiðla er annars vegar. En það er eins og annað í þessu máli, frú forseti, að flestu því sem satt er og rétt í málinu er snúið á haus. Menn koma hér fram og segja að frv. sé almenns eðlis, því sé alls ekki beint gegn einu fyrirtæki. Samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði leiðir til skorts á fjölbreytni. Allt það sem hér er haldið fram er eins og öfugmælavísa.

Í sjálfu sér mætti afgreiða frv. með þeirri einföldu lýsingu að það gengur gegn þeim markmiðum sem það á að ná, þeim markmiðum sem lýst er og ætlast er til að frv. nái. Leiðin að því markmiði, eins og hún er lögð fram í frv., er einfaldlega leið sem fer í þveröfuga átt við markmiðið, leið sem gæti riðið íslenskum fjölmiðlamarkaði að fullu, gert það úrval sem þó er á útvarpi, hljóðvarpi, sjónvarpi að næstum því engu. Og það að þeir stjórnarliðar sem hafa í áranna rás gagnrýnt Ríkisútvarpið hvað harðast og stöðu þess á íslenskum fjölmiðlamarkaði, sem vissulega er sterk og að mínu áliti á að vera sterk, skuli nú ganga harðast fram í að styðja frv. sem hér um ræðir sem gæti, eins og tugir ábendinga hafa bent til, hreinlega riðið hinum einkarekna fjölmiðlamarkaði á Íslandi að fullu.

Hver er þá tilgangurinn? Tilgangurinn liggur jú fyrir eins og ég hef hér áður nefnt. Tilgangurinn er sá að stöðva framrás eins tiltekins fyrirtækis, og ég vil þakka það aftur, hæstv. forseti, að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi tekið af allan vafa um það í ræðu sinni í gærkvöldi.

Í umræðu á dögunum um fjölmiðlaskýrsluna frá ríkisstjórn Íslands, sem sögð er liggja til grundvallar þessu frv., og sú umræða var í raun og veru eins og upptaktur að þeirri umræðu sem nú fer fram, 1. umr. um frv. og nú 2. umr., mátti heyra stjórnarliðana hafa uppi makalausar fullyrðingar um eðli, starf og ábyrgð fjölmiðla og fólksins sem þar starfar. Það var ekki annað að heyra á sumum stjórnarliðum en að flestir blaða- og fréttamenn landsins væru handbendi einhverra, handbendi eigenda sinna. Því var haldið fram að blaðamaður réði aldrei fyrirsögn á frétt sem hann skrifaði. Eru menn að gefa það í skyn að eigendur liggi í símanum allan daginn til að búa til fréttir og að heiður og starf blaðamanna á Íslandi sé ekki meiri en svo að menn láti það yfir sig ganga?

Það er einfaldlega ekki svo. Blaðamennska er fag, blaðamennska er starf sem lýtur ákveðnum reglum, ákveðnum

lögmálum, gamalt starf, starf sem er eins mikilvægur hluti af lýðræðissamfélagi og starf hinna kjörnu fulltrúa. Starf sem sér til þess að hinir kjörnu fulltrúar fái það aðhald sem þeir þurfa á að halda. Þá í raun gildir einu hvort sú umfjöllun er smekkleg eða ósmekkleg eða hvort einhverjum finnst hún góð eða vond, allir hafa full réttindi til þess að gefa út vond blöð, vondan texta, fullan af stafsetningarvillum og vitleysu. Um það snýst frelsið. Okkur varðar engu um það hvernig umfjöllun um forsrh. er slegið upp í tilteknu dagblaði. Stjórnmálamenn eru opinberar persónur og víða í kringum okkur er aðhald við þá og gagnrýni á þá í fjölmiðlum miklu grimmari en nokkru sinni hér á landi. Menn þurfa ekki annað en að líta til breskra dagblaða og fjölmiðlaumfjöllunar um stjórnmál og stjórnmálamenn til þess að komast að því hvernig aðhaldið er þar. Það að reyndir stjórnmálamenn skuli kveinka sér undan umfjöllun eða því að það sé gert grín að þeim í einhverjum fjölmiðlum ber ekki vott um stóran hug, stórt hjarta eða bein í nefi.

Eins og svo margt í þessari umfjöllun hafa lýsingar stjórnarliðanna einkennst af ákveðnum ranghugmyndum og ég vil segja þekkingarskorti á því starfi sem fer fram á fjölmiðlum hér á landi, hvort sem það eru dagblöð, vikublöð, tímarit, hljóðvarp, sjónvarp, vefmiðlar eða annað. Við búum svo vel í okkar litla landi að eiga fjölmiðlaflóru sem er gífurlega fjölbreytt og hefur sem betur fer fengið nú á síðustu missirum tækifæri til að dafna bærilega vegna þess að í henni hefur verið fjárfest.

Sjálfstæði fjölmiðla er ekki síst hið fjárhagslega sjálfstæði og því hefur verið lýst hér, m.a. af hv. þm. Einari Karli Haraldssyni, hvernig það er að vera ritstjóri á blaði sem er alltaf að fara á hausinn og það er ekki hægt að greiða laun um mánaðamót og það er allt í eindaga í rekstri. Sú reynsla er mörgu fjölmiðlafólki á Íslandi vel kunnug og ekki aðstæður sem stuðla að sjálfstæðum, faglegum og góðum fréttaflutningi. Skortur á fjármagni í rekstri fjölmiðla dregur nefnilega úr fagmennskunni og þar með úr sjálfstæði þeirra. Við þekkjum það öll hvernig kvartað er undan hroðvirknislegum vinnubrögðum, oft hraðsoðnum fréttum, ég tala nú ekki um í sjónvarpi sem er miðill sem býður upp á stutta og hnitmiðaða umfjöllun en ekki langan texta eða mjög ígrundaðan eins og t.d. prentmiðlarnir gera. En það kostar peninga að halda úti góðri, faglegri og sjálfstæðri fréttamennsku af því að það kostar peninga að setja fréttamann í mál til þess að rannsaka það og segja honum að hann hafi sjö daga til þess að komast til botns í málinu eða, eins og oftast er, að segja honum að hann hafi tvær klukkustundir til þess og fréttin verði að vera tilbúin fyrir klukkan fimm í dag. Í því felst munurinn.

Það liggur í augum uppi, frú forseti, að sú umfjöllun sem fréttamaðurinn síðan væntanlega skilar eftir vandlega og ítarlega yfirlegu, rannsóknir þar sem talað er við alla sem málið varðar, að sú umfjöllun sem fær tíma verður miklu betri, verður réttari og verður sannleikanum samkvæm. Um það snýst sjálfstæði fjölmiðla. Það snýst um að hafa svigrúm til þess að vinna þá vinnu sem þar fer fram þannig að sómi sé að og þannig að menn fái borgað fyrir vinnuna sína. Það gerist ekki þegar fjölmiðlar eru í stöðugri kreppu. Það vita þeir sem starfað hafa við slík skilyrði og þeir vita að úr því verður yfirborðskennd, oft fálmkennd umfjöllun og umfjöllun sem lýsir oftast aðeins einni hlið á máli vegna þess að það er fljótlegast að gera það þannig og það þarf meiri vinnu, meiri tíma, meiri hugsun, flóknari rannsóknir til þess að fá fleiri fleti upp og helst alla fleti upp á einu máli.

Ég veit, frú forseti, að ég þarf ekki að fara nánar út í það, þingmenn þekkja það líklega best, enda fylgjast þeir mjög vel með fréttum, hvernig stundum er sagt frá því sem gerist í þessum sal t.d. og kannski upplifun okkar í stjórnarandstöðunni á ákveðinni umræðu, ákveðnum orðaskiptum, er með ákveðnum hætti. Svo kveikjum við á útvarpi eða sjónvarpi um kvöldið og sjáum allt aðra hlið. Það er ekki röng hlið en það er bara ein hlið á málinu. Ósjálfstæðir, veikburða fjölmiðlar sem hafa ekki nóg fé til rekstrar og til þess að vinna vinnu sína faglega stuðla að fátæklegri og einhliða umræðu í samfélaginu.

Í því ljósi liggur líka alveg fyrir að það er alltaf miklu auðveldara að greina frá þeirri hlið mála er snýr að valdhöfunum. Það er alltaf miklu einfaldara að matreiða fréttatilkynningar sem koma frá þeim sem valdið hefur til þess að greina frá því sem er að gerast. Það er miklu flóknara mál og oft erfiðara að tala við þá sem eiga ekkert undir sér, og þá er ég ekkert endilega að tala um stjórnmálaflokka eða stjórnmálamenn, heldur bara almennt séð fólk í landinu. En það er m.a. ábyrgð fjölmiðla, sem fjórða valdsins í samfélaginu, að endurspegla líka líf og störf þeirra sem eiga minna undir sér en valdhafarnir, sem gegna öðrum störfum. Annars eru þeir ekki að endurspegla samfélagið.

Sú umræða er náttúrlega þess eðlis að hér vinnst ekki tími til að fara í hana að neinu ráði, en ég vildi þó, frú forseti, hefja mál mitt í dag með þessum hætti vegna þess að mér þykir miður, og það kemur mér nokkuð á óvart, hversu yfirborðskennd umræða stjórnmálamanna getur oft verið um þessi mál, um fjölmiðlana sem skipta okkur líklega meira máli en flestar aðrar stéttir í landinu. Það er einfaldlega svo og það vita allir þeir sem hér starfa.

Frú forseti. Það hefur komið fram við þessa umræðu að það sé ákveðin ólga í samfélaginu. Fólk hefur áhyggjur, það hefur áhyggjur af lýðræðinu, það hefur áhyggjur af þingræðinu, það hefur áhyggjur vegna þess að hér er of langt gengið. Með þessu frv. er of langt gengið, frú forseti. Þessar áhyggjur endurspeglast m.a. í ályktunum félaga stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., sem sagt hefur verið frá í fjölmiðlum. Félag sjálfstæðismanna í Hlíða- og Holtahverfi í Reykjavík ályktaði í fyrradag, held ég, og bað forustu flokks síns að staldra við og fresta umfjöllun um þetta mikilvæga mál og leyfa landsfundi Sjálfstfl. að fjalla um það áður en lengra væri haldið. Ég býst við því, frú forseti, að það sé vegna þess að þessir sjálfstæðismenn hafi áhyggjur af því að flokkurinn og forusta hans séu á rangri leið í málinu, það hlýtur að blasa við. Framsóknarfélagið í mínum heimabæ, Garðabæ, og í Bessastaðahreppi skorar einnig á þingflokk Framsfl. að fresta umfjöllun um málið og gefa betri tíma og nota sumarið til að ná breiðari samstöðu um málið í samfélaginu.

Ég tel að full ástæða sé til þess að taka tillit til þessara ábendinga beggja félaganna. Ég veit það líka, vegna þess að ég þekki nokkuð til þess hvernig flokkarnir eru uppbyggðir að það þarf nokkuð mikið til að hinum venjulega félagsmanni í Framsfl. og Sjálfstfl. sé svo nóg boðin framganga forustunnar að það sé blásið til fundar og ályktað gegn forustunni. Það hefur a.m.k. ekki tíðkast mjög lengi í Sjálfstfl., frú forseti.

Það er því ljóst að það er víða ólga úti í samfélaginu og hún er ekki síst meðal þeirra sem stutt hafa ríkisstjórnina og sem stutt hafa þá flokka sem verið hafa við völd hér á landi síðustu níu ár, vegna þess að stuðningsmenn þeirra sjá

vel að þessir flokkar eru á rangri leið, þeir eru á kolrangri leið í málinu. Þeir stýrast af einhverju allt öðru en umhyggju fyrir almannahagsmunum og lýðræðinu og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Hér býr eitthvað allt annað undir og það fengum við staðfest í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar í gærkvöldi. Þetta frv. til laga beinist gegn einu fyrirtæki, það er móníska og sem slíkt þó að ég þekki lítið til laga veit ég þó að það er óeðlilegur grunnur lagasetningar. Lagasetning á að vera almenn, hún á að gæta meðalhófs og hún á að hafa almannahagsmuni að leiðarljósi.

Það er þrennt sem stendur upp úr sem hefur auðvitað komið fram ítarlega í málflutningi stjórnarandstöðunnar í málinu og ber að hafa mestar áhyggjur af í umfjöllun þess á hinu háa Alþingi. Í fyrsta lagi að frv. fari í bága við stjórnarskrá Íslands, þó nokkur ákvæði hennar. Í öðru lagi að það samræmist e.t.v. ekki reglum EES-réttar. Og í þriðja lagi að meðalhófsreglunnar sé ekki gætt við samningu þess.

Um þessi þrjú atriði hefur hið háa Alþingi og þær nefndir sem um málið hafa fjallað fengið margar vel rökstuddar ábendingar, greinargerðir, umsagnir og bréf um að of langt sé gengið hvað þau þrjú atriði varðar.

Ég hef hér undir höndum álit frá prófessor Sigurði Líndal, Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, sem hefur líklega verið afhent allshn., og er dags. 7. maí 2004. Í IV. kafla þessa álits stendur, með leyfi forseta:

„Hér koma fyrst til athugunar ákvæði 1. gr. a-b [í frv.]. Eins og þegar hefur verið rakið fela þau í sér að mjög er þrengt að fjárhagslegu sjálfstæði fjölmiðlafyrirtækja, þar sem þeim eru sett veruleg takmörk að afla áhættufjár. Þá vakna spurningar um það hvort slíkt reisi ekki tjáningarfrelsi skorður og kunni að fara í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar, einkum 3. mgr. sem hljóðar svo:

„Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Í öllum mannréttindaskrám er lögð mikil áhersla á vernd tjáningarfrelsis, þannig að allar takmarkanir ber að túlka þröngt og gjalda varhuga við hverju einu sem setur því skorður, þar á meðal fjárhagslegar."

Prófessor Sigurður Líndal heldur áfram, með leyfi forseta:

„Einnig kemur til álita hvort ekki sé með ákvæðum frumvarpsins þrengt að atvinnufrelsi umfram það sem heimilað er í 75. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Hér eru settar svo miklar hömlur á atvinnustarfsemi manna á sviði fjölmiðlunar að mjög tvísýnt er að þær samrýmist ákvæði greinarinnar."

Að lokum, frú forseti, segir prófessor Sigurður Líndal, með leyfi forseta:

„Hér má einnig huga að 72. gr. [stjórnarskrárinnar] um friðhelgi eignarréttar þar sem lagðar eru víðtækar hömlur á rétt manna til að ráðstafa eignum sínum, sem er ein meginheimild eignarréttarins.

Þetta er nauðsynlegt að skoða vandlega áður en frumvarpið verður afgreitt."

Í ljósi þessarar umsagnar, frú forseti, má skoða þær umræður sem hér hafa farið fram í upphafi hvers fundar frá því að málið var tekið á dagskrá hins háa Alþingis, um störf þingsins og fundarstjórn forseta, um afgreiðslu nefndanna þriggja sem um þetta mál hafa fjallað. Sú umræða hefur ekki farið fram að ástæðulausu. Sú umræða hefur farið fram vegna þess að málið er vanreifað í nefndunum og álit meiri hluta allshn. ber þess skýr merki að ekki hefur verið tekið fullt tillit til ábendinga sem þessara um að frv. fari að öllum líkindum í bága við stjórnarskrá Íslands í nokkrum atriðum, frú forseti, ekki bara einu, heldur nokkrum, um tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi, friðhelgi eignarréttar. En það varðar meiri hlutann á hinu háa Alþingi engu um. Þar gildir bara gamla viðkvæðið: Ja, þeir geta þá bara farið í mál, dómstólar munu fjalla um það, e.t.v., kannski einhvern tíma í framtíðinni.

Þetta eru einfaldlega ekki boðleg vinnubrögð, frú forseti, og þau standast engan veginn lýðræðislegar hefðir og bera vott um virðingarleysi fyrir því kerfi, þeim hefðum sem við höfum komið okkur upp á Íslandi og stöndum flestöll í þeirri trú að við búum í lýðræðissamfélagi. Þessi vinnubrögð bera ekki vott um það, frú forseti. Hér er of langt gengið.

Þá hefur einnig verið um það fjallað að þær breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram af meiri hluta allshn. við frv. breyti engu um þau grundvallaratriði er lögð eru fram í frv. Þar eru gengin hænufet, eins og einn maður orðaði það, og þetta eru málamyndatillögur, frú forseti, og þær breyta engu um eðli frv. Eðli þess er enn hið sama, það er hið móníska eðli frv. sem gengur gegn einu fyrirtæki eins og staðfest hefur verið af hv. þm. Hjálmari Árnasyni.

Annað atriði sem ég vil minnast á og taldi upp áðan er hvort frv. samræmist reglum í EES-rétti. Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík skilaði inn stuttri umsögn til allshn. um málið og þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að þessi tímarammi" — þ.e. þeir örfáu dagar sem Evrópuréttarstofnunin fékk til umsagnar — „hefur sniðið Evrópuréttarstofnun HR mjög þröngan stakk og að á umræddum tíma var ekki hægt að gera viðeigandi efnisréttarlegum álitaefnum Evrópu- og EES-réttarins forsvaranleg skil. Þannig hefur Evrópuréttarstofnunin nálgast málið með þeim hætti að skoða á hvaða reglur Evrópuréttarins gæti helst reynt í samhengi framkomins frumvarps. Þær reglur sem helst koma til álita eru eftirfarandi:" — og svo eru þær taldar upp:

Reglur ESB- og EES-réttar um staðfesturétt. Reglur þess réttar um þjónustufrelsi. Meginreglur ESB- og EES-réttarins, um tjáningarfrelsi, um eignarrétt, um lögfræðilega vissu og afturvirkni. Og að síðustu afleidd löggjöf ESB sem er hluti EES-réttarins, sem varðar tilskipanir er varða útvarpsleyfi og um samræmingu útsendingarstarfsemi sjónvarps.

„Niðurstaða könnunar Evrópuréttarstofnunar HR á þeim réttarreglum sem tilgreindar eru hér að ofan er sú að ekki sé hægt að slá því föstu að frumvarp það sem fyrir liggur samræmist að öllu leyti ofangreindum reglum."

Frú forseti, „að ekki sé hægt að slá því föstu að frumvarp það sem fyrir liggur samræmist að öllu leyti ofangreindum reglum". Hér er enn önnur vísbendingin um að í þessu frv. sé of langt gengið, allt of langt gengið við reglusetningu sem samræmist ekki þeim skuldbindingum sem við höfum axlað með öðrum hætti og hér í þessu dæmi í EES-rétti. Hvernig stendur á því, frú forseti, að þetta er ekki athugað til fullnustu? Hvernig stendur á því að málinu er ekki frestað og þessi mál skoðuð ofan í kjölinn, krufin til mergjar?

Það er ekki vilji meiri hlutans. Vilji meiri hlutans er að frv., að hið móníska frv., svokallað fjölmiðlafrumvarp hæstv. forsrh., verði að lögum sem fyrst og ekki annað að heyra en

það verði nauðsynlega að gerast nú á 130. löggjafarþingi, enda verði sá hinn sami maður líklega eða að öllum líkindum ekki lengur forsrh. á því 131. Það verður ekki annað séð en að flýtirinn og asinn sé þess vegna.

Í þriðja lagi, frú forseti, vil ég gera að umtalsefni meðalhófsregluna svokölluðu, sem er annað lagalegt hugtak sem sú sem hér stendur hefur ekki sérþekkingu á. En ég hef leitað mér heimilda um það efni og í grein sem birtist í Lögbergi, sem er rit Lagastofnunar Háskóla Íslands, á síðasta ári eftir prófessor Björgu Thorarensen og ber yfirskriftina Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða, kemur ýmislegt fróðlegt fram um meðalhófsregluna við lagasetningu hér á landi og í íslensku réttarfari. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp hvert er markmið meðalhófsreglunnar. Í III. kafla greinarinnar eftir Björgu Thorarensen stendur:

„Meðalhófsreglan á sér langa sögu sem ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttar í ríkjum sem byggja á þeirri réttarhefð að opinberu valdi skuli setja skorður þegar teknar eru ákvarðanir sem takmarka réttindi einstaklinga. Fela þessi lagaviðhorf í sér að þegar efni stjórnvaldsákvörðunar er að einhverju leyti komið undir mati stjórnvalds er því skylt að vega og meta hagsmuni sem fara ekki saman og að fara í athöfnum sínum og ákvörðunum tiltekinn meðalveg með tilliti til þeirra andstæðu hagsmuna sem í hlut eiga og gæta hófs í meðferð valds síns. Segja má að heiti hugtaksins á nokkrum erlendum málum (d. proportionalitetsprincippet, e. principal of proportionality) vísi einnig til þess að aðgerðir sem takmarki réttindi manna skuli vera í tilteknu hlutfalli með vísan til þess markmiðs sem þær stefna að."

Hér eru grundvallaratriði á ferðinni, frú forseti, grundvallaratriði í íslensku réttarkerfi og í hinu íslenska réttarríki. Í greininni er bent á að fyrir gildistöku stjórnsýslulaganna árið 1993, fyrir 11 árum, hafi meðalhófsreglan ekki verið bundin í lög með almennum hætti fremur en aðrar meginreglur stjórnsýsluréttar en hún hafi reyndar um langt skeið verið lögfest á ýmsum réttarsviðum.

Stjórnvöld hér á landi hafa þó haft rúman áratug til þess að tileinka sér meðalhófsregluna við lagasetningu og það hugarfar sem býr að baki hennar. Það virðist þó algjörlega hafa gleymst við samningu þess frv. sem hér um ræðir. Ég leyfi mér að vísa aftur til greinar Bjargar Thorarensen, með leyfi forseta:

„Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til."

Ég vitna áfram í greinina, frú forseti, með leyfi forseta:

„Litið hefur verið svo á að í meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins felist þrjú skilyrði sem öll verða að vera uppfyllt og segja má að séu stigskipt. Í fyrsta lagi er sú krafa gerð til stjórnvalds að efni ákvörðunarinnar sé til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt. Í öðru lagi að velja skuli það úrræði sem vægast er þar sem kostur er á fleiri úrræðum til að ná sama markmiði. Í þriðja lagi að gætt sé hófs í beitingu þess úrræðis sem hefur verið valið, eða með öðrum orðum að reynt sé að beita því með sem vægusta móti."

Frú forseti. Ekki verður annað séð fyrir leikmann a.m.k. en að það frv. sem hér um ræðir þverbrjóti meðalhófsreglu íslensks stjórnsýsluréttar og að hér sé gengið gegn þeim skilgreiningum og þeim markmiðum sem hún setur og í raun þeim leiðbeiningum sem meðalhófsreglan er við lagasetningu. Ég leyfi mér að vitna aftur til þessarar greinar, frú forseti.

„Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til."

Nú liggur fyrir, frú forseti, að markmið þessara laga er ekki hið almenna markmið sem talað hefur verið um og látið í veðri vaka, nema síður sé. Því má draga þá ályktun að það markmið sé ekki lögmætt, enda stefnt að einu fyrirtæki eins og hv. þm. Hjálmar Árnason staðfesti í ræðu sinni í gærkvöldi.

Að auki er greinilegt og hefur komið skýrt fram í ræðum þingmanna stjórnarandstöðunnar við 1. umr. og nú við 2. umr. málsins að hér er ekki verið að grípa til vægra úrræða eða vægustu úrræða sem völ er á. Þau úrræði, frú forseti, liggja fyrir í tillögum Samf. Það eru væg úrræði þar sem meðalhófs er gætt um ritstjórnarlegt sjálfstæði, um að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði og gegnsæi í eignarhaldi á fjölmiðlum. Það eru úrræði sem eru í takt við meðalhófsregluna. Ég leyfi mér að halda því fram að þau séu líka í takt við stjórnarskrá landsins. Það liggur hins vegar fyrir að í því frv. sem hér er til umfjöllunar er þessa meðalhófs ekki gætt og þá hlýtur maður að spyrja sig, frú forseti: Hvernig stendur á því að stjórnvöld ana af stað í þessa vegferð vitandi að það leikur vafi á ýmsum grundvallaratriðum í lagasetningunni? Færustu lögspekingar landsins segja hana brjóta í bága við stjórnarskrána að öllum líkindum. Þeir segja að hún samræmist að öllum líkindum ekki reglum í EES-rétti í þó nokkuð mörgum atriðum, og það liggur algjörlega fyrir að við samningu þessa lagafrv. hefur meðalhófsreglan ekki verið höfð að leiðarljósi. Hér er einfaldlega allt of langt gengið, frú forseti.

Ég vil leyfa mér í lok máls míns, frú forseti, að vitna til míns gamla læriföður, prófessors Þorbjörns Broddasonar, sem segir í umsögn sinni um frv. sem skilað var til allshn. — hér vitnar Þorbjörn Broddason til fundar sem haldinn var hér í borg 5. maí sl. þar sem verið var að ræða fyrirhugaða löggjöf og fengnir erlendir sérfræðingar til að ræða hana:

„... að hin fyrirhugaða löggjöf sem hér er til umræðu muni skapa Íslendingum algera sérstöðu meðal þjóða heims nái hún fram að ganga." — Segir prófessor Þorbjörn Broddason þegar hann vitnar til eins sérfræðingsins sem talaði á þessum fundi. — „Satt mun það vera, en Abrams" — sérfræðingurinn sem talaði — „láðist hins vegar að geta þess (enda ekki inntur eftir því) að núverandi útvarpslöggjöf (eða framkvæmd hennar) skapar Íslendingum líklega jafnmikla sérstöðu með þeim losarabrag sem nú viðgengst."

Hér komum við að öðru kjarnaatriði í málinu og atriði sem farið hefur verið ítarlega yfir, m.a. af hv. þm. Einari Karli Haraldssyni. Það er í raun þau lausatök og sá losarabragur sem hefur verið á framkvæmd útvarpslaganna hingað til, ofan í skúffu hjá framkvæmdastjóra Sjálfstfl. með nefnd sem hittist sjaldan og veiting útvarpsleyfa greinilega engum skriflegum skilyrðum háð eða engum reglum háð sem hægt er að nálgast fyrir fram og annað slíkt. Það er vert að hafa þessa ábendingu Þorbjörns Broddasonar í huga og hann bætir við, með leyfi forseta:

„Með samþykkt frumvarpsins færumst við því öfganna á milli." Þ.e. frá algjörum losarabrag á fjölmiðlasviðinu yfir í þvílíka ofstjórnun að svo langt er gengið að samþykkt frv. gæti hreinlega riðið hinum einkarekna útvarpsmarkaði hér á landi að fullu.

Það segir sig sjálft, frú forseti, að hér er ekki gætt meðalhófs, ekki með neinum hætti.

Ýmsir hafa verið kallaðir til og nefndir í umræðunni allt frá því að við höfum umræðu á hinu háa Alþingi um fjölmiðlaskýrslu ríkisstjórnarinnar. Þá fór ráðherra menntamála mikinn og hefur reyndar gert áfram í umræðunni. Í blaðagrein sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hv. þm. og hæstv. ráðherra, skrifaði með yfirskriftinni „Erum við sammála Murdoch?" nefnir hún til sögunnar Rupert nokkurn Murdoch, sem nefndur hefur verið hér í umræðunni af ýmsum ástæðum, ástralskur fjölmiðlakóngur sem hefur ítök í fjölmiðlum víða um heim. En á það hefur verið bent að stjórnarliðarnir hafa í raun búið svo um hnútana í frv., á það benti hv. þm. Jóhann Ársælsson m.a. í ræðu sinni, að þeir hafa búið til sérstakt Murdoch-ákvæði. Ég er ekki viss um að þetta ágæta fólk hafi gert sér grein fyrir þessu eins og það hefur rætt um Rupert Murdoch og hlutverk hans í fjölmiðlaheiminum. Það er nefnilega ákvæði um það að einn maður, einn milljóner, getur svo gott sem safnað til sín ljósvakamiðlum, eignast þá alla. Þetta dæmi, frú forseti, fyrir utan að vera náttúrlega grátbroslegt sýnir það líka svo vel hversu illa frv. er samið og hversu blindaðir þeir sem setið hafa yfir samningu þess hafa verið af annarlegum tilgangi þess. Þess vegna, virðist vera, hefur þeim sést yfir algjört grundvallaratriði í málinu og færa hér fyrir hið háa Alþingi alveg sérstaklenskt Murdoch-ákvæði. Ef málið væri ekki svona grafalvarlegt, frú forseti, þá væri þetta náttúrlega bara fyndið.

Síðasta dæmið mitt af því hversu langt er gengið, ekki bara í ákvæðum frv. heldur í umfjöllun um það og hvernig það hefur verið varið af stuðningsmönnum þess, hvar sem þeir finnast í samfélaginu, hvort þeir eru hér innan búðar eða annars staðar, er leiðari Morgunblaðsins frá 29. apríl þessa árs sem ber yfirskriftina „Hvers vegna vill vopnaframleiðandi eiga fjölmiðil?"

Hæstv. forseti. Ég get verið algjörlega sammála leiðarahöfundi Morgunblaðsins um að það er alveg út í hött að vopnaframleiðendur eigi fjölmiðil. Það blasir við hverjum manni. En við erum að setja íslenska löggjöf fyrir íslenskt samfélag. Síðast þegar ég vissi, frú forseti, störfuðu ekki vopnaframleiðendur á Íslandi. Kannski hefur það breyst. Kannski er það eitthvað nýtt í atvinnusköpun ríkisstjórnarinnar að búa hér til aðstæður fyrir vopnaframleiðslu. Það væri þá eftir öðru, frú forseti. Það er með öllu óforsvaranlegt að beita slíkum rökum í þessu máli, frú forseti. Það er ekki málefnalegt og það er ósköp einfaldlega allt of langt gengið. Fólki er misboðið.

Það er þó huggun harmi gegn, frú forseti, að eigendur og stjórn þess blaðs er birti þennan leiðara eru á allt öðru máli en höfundur hans. Í umsögn Árvakurs er send var allshn. segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur hins vegar fram komið lagafrumvarp ganga of langt og fela í sér óþarflega röskun á starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja í ljósvakamiðlun."

Í sjálfu sér er hér saman komið í einni setningu allt sem segja þarf um frv. með yfirveguðum hætti. Hér er allt of langt gengið, frú forseti. Hér hafa menn farið af stað, blindaðir af annarlegum tilgangi, í þeim tilgangi að setja lög sem eru mónísk í eðli sínu, brjóta líklegast í bága við nokkur ákvæði stjórnarskrár Íslands, samræmast líklegast ekki EES-rétti og eru ekki í neinu samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins. Því verður maður að spyrja að lokum, frú forseti: Hvað ræður í raun þessari ferð? Hvernig stendur á því að stjórnarliðar, hvort heldur það eru þingmenn Sjálfstfl. eða þingmenn Framsfl., taka þátt í þeirri vegferð? Hvernig stendur á því að annars vel gefnir og ábyrgir þingmenn leggjast svo lágt að taka þátt í þeim leiðangri, frú forseti? Því hefur ekki verið svarað, og þeir örfáu stjórnarliðar sem hér hafa talað hafa ekki fært nein haldbær rök fyrir því hvernig standi á því að þetta fólk geti stutt frv. Það eina sem hefur þó komið í ljós og ber að þakka fyrir enn og aftur, frú forseti, er að hv. þm. Hjálmar Árnason staðfesti það hér í gærkvöldi að frv. er beint gegn einu fyrirtæki.

[11:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mig langar til í upphafi máls míns að gera grein fyrir grundvallarafstöðu minni til málsins. Hún er sú að mér finnst eðlilegt að við tryggjum með lögum að eignarhald og vald yfir fjölmiðlum safnist ekki á fáar hendur, að ekki sé minnst á eina hönd, og gildir einu hvernig sú hönd er á litinn, rauð, blá, græn eða brún. Vald yfir fjölmiðlum skiptir máli, eignarhald á fjölmiðlum skiptir máli.

Ég verð líka að segja að mér finnst að við eigum að fara svolítið varlega í sakirnar þegar við kveðum upp úr um að löggjöf sem tekur á einokun — látum málið núna og aðstæður sem nú eru uppi liggja á milli hluta — að undir öllum kringumstæðum sé rangt að beina slíkri löggjöf gegn tilteknum fyrirtækjum. Einokunarlöggjöf er yfirleitt sett vegna þess að völdin og eignarhaldið er að safnast á fáar hendur. Má í því sambandi vísa til Microsoft í tölvugeiranum í Bandaríkjunum svo dæmi sé tekið. Ég vil að það komi fram að mér finnst eðlilegt að þingið taki lagasmíð af þessu tagi til umfjöllunar. Það er ekki þar með sagt að ég sé að leggja blessun mína yfir þetta frv. Fjarri því. Þetta er svo gallað frv. og svo vanreifað að það er með öllu ótækt að taka það til afgreiðslu nú í vor og reyndar held ég að það sé ekki hægt að lappa upp á frv., það er svo gallað.

Þrátt fyrir þessa afstöðu mína vil ég að það komi líka fram að þótt ég vilji setja skorður við eignarhaldi vil ég jafnframt fara gætilega í sakirnar hvað varðar þau fjölmiðlafyrirtæki, þá fjölmiðla sem nú eru starfræktir í landinu. Þar erum við að tala um stóra vinnustaði. Við erum að tala um vinnustaði sem hafa tæplega 700 manns í vinnu, og þá er ég að vísa til fjölmiðlanna undir regnhlíf Norðurljósa. Við höfum, þingmenn, verið að fá bréf frá starfsmönnum þessara fyrirtækja, við höfum verið að fá ályktanir frá samtökum þeirra, við höfum verið að hlusta á varnaðarorð frá aðstandendum fyrirtækjanna, eigendum, og ég vil taka þau alvarlega. Ég vil taka öll þessi varnaðarorð alvarlega og allar þær óskir sem settar eru fram við okkur um að við stígum gætilega til jarðar. Við eigum að hlusta á það.

Það sem ég held að sé kannski erfiðast fyrir þetta fólk að kyngja eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessum eðlilegu óskum. Viðbrögðin eru á þá lund að verið sé að gera þetta, að verið sé að hraða málsmeðferð fyrir fólkið sjálft. Það er verið að gera þetta allt fyrir fólkið. Og hvernig? Í fyrsta lagi er sagt að það þurfi nauðsynlega að eyða óvissu, þess vegna þoli málið ekki bið fram á haustið. Í öðru lagi, og það hlýtur nú að flokkast undir óskammfeilni, er sagt að menn séu að slá skjaldborg um lýðræðið.

Örfá orð um þessi atriði. Óvissu verður ekki eytt með þessu frv., það er síður en svo. Það sem hefur verið að koma fram við vinnslu á málinu í þingnefndum er að óvissan fer vaxandi. Því er haldið fram af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja að nái frv. fram að ganga verði ekki hægt að

skrá Norðurljós í Kauphöllinni. Við höfum fengið gagnstæð sjónarmið í efh.- og viðskn., úr nefndinni. Þarna ríkir óvissa. Það ríkir óvissa um hvað verður um skuldir fyrirtækisins og þessara fyrirtækja sem nema 5,7 milljörðum kr., þar af eru 2 milljarðar fjármagn sem lífeyrissjóðirnir eiga. Kemur þetta til með að gjaldfalla? Menn spyrja þessara spurninga. Þarna er óvissa sem ekki verður eytt með samþykkt þessara laga, hún verður aukin.

Þá er komið að hinu, að slá skjaldborg um lýðræðið. Þar kann að vera snertiflötur til langs tíma litið við það sem ég sagði í upphafi, að það er spurning um lýðræði eða snertir einn af grunnþáttum í lýðræðisþjóðfélagi hvernig fyrirkomulagi á fjölmiðlamarkaði er háttað til langs tíma litið. En hér er ekki staðið lýðræðislega að verki, nema síður sé. Lýðræði snýst nefnilega ekki um það eitt að kjósa fulltrúa á þing eða í bæjarstjórnir og taka ákvarðanir í krafti meirihlutavalds. Lýðræði er vönduð umræða sem er opin og allir eiga aðkomu að. Lýðræði er að hlusta á vel grunduð og sanngjörn sjónarmið sem við erum að fá hér í hendur daglega. Það er lýðræði.

Umræðan í gær var að mörgu leyti mjög fróðleg. Mér fannst ágæt ábendingin frá formanni þingflokks Framsfl., Hjálmari Árnasyni, að við skyldum hafa í huga það sem hann kallaði Berlusconi-ástand. Hann vísaði til þess að á Ítalíu hefði átt sér stað mikil samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum og að einn maður, Berlusconi, ætti stóra hluti og í sumum tilvikum ráðandi í fjölmiðlafyrirtækjum. En hv. þm. Hjálmar Árnason gleymdi einu. Berlusconi er líka forsætisráðherra Ítalíu. Og við skulum þá halda áfram með þessa samlíkingu og hafa Berlusconi-ástandið í huga. Berlusconi hefur nefnilega verið sakaður um að beita valdi sínu á ítalska þjóðþinginu og viti menn, í ítölskum fjölmiðlum sem reknir eru á vegum ríkisins. Það mun tíðkast að honum sé boðið í það sem kallað hefur verið drottningarviðtöl þar sem Berlusconi fær að tjá sig óhindrað og baða sig í kastljósum sjónvarpsstúdíóanna.

Þó að ég leggi áherslu á eignarhald, það skiptir máli, þá er eitt hugtak ofar því, það er vald. Ástæðan fyrir því að ég horfi til eignarhaldsins er að það veitir völd. En pólitíkin getur líka veitt mönnum völd og ég hef stundum hugsað til þess hvort við höfum verið nógu dugleg sem berum hag Ríkisútvarpsins og almannaútvarps sérstaklega fyrir brjósti að halda þeirri stofnun við efnið og taka kannski svolítið betri og kröftugri umræðu um, ja, drottningarviðtöl og aðkomu stjórnarherranna að umræðu um málefni dagsins, um málefni líðandi stundar. Ég ætla því að taka hv. þm. Hjálmar Árnason, formann þingflokks Framsfl., á orðinu og hvetja menn til að hafa Berlusconi-ástandið í huga þegar við hyggjum að stöðu fjölmiðlanna í landinu. (**Gripið fram í:** Og í framtíðinni líka.) Og í framtíðinni.

Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði, og ég hef heyrt það úr munni fleiri stjórnarsinna í þinginu, þar á meðal formanns þingflokks Sjálfstfl., að hér fari fram geysilega mikil og vönduð og góð umræða, það geti enginn kvartað yfir því að þetta mál verði vanreifað. Ég skal taka undir það að einu leyti að þær ræður sem hér hafa verið fluttar hafa að mínum dómi margar verið mjög góðar og upplýsandi. Ég var annaðhvort í þingsalnum eða sat á skrifstofu minni og hlýddi á þessar ræður og þau sjónarmið og þær upplýsingar sem þar komu fram.

Það var fróðlegt að hlusta á samanburðarfræði Einars Karl Haraldssonar þar sem hann bar saman þær breytingar sem höfðu átt sér stað frá þeim tíma sem hann var annars vegar ritstjóri Þjóðviljans og hins vegar ritstjóri Fréttablaðsins. Hann komst að þeirri niðurstöðu að menn væru faglegri og málefnalegri nú en áður. Ég er honum reyndar ósammála. Mér fannst miklu safaríkari fréttamennska hér fyrr á tíð og sakna hennar stórlega þegar flokksblöðin voru upp á sitt besta. Ekki þannig að það er margt ágætt gert í fjölmiðlum okkar í dag þó að ég sakni þess stundum að þeir séu ekki nægilega kröftugir.

En það er eitt sem formenn þingflokka stjórnarmeirihlutans gleyma þegar þeir segja að hér fari fram mikil umræða. Þótt hún kunni að vera ágæt og málefnaleg þarf hún tíma, vegna þess að á skömmum tíma koma ekki öll sjónarmið fram. Menn eru enn að reifa málin, menn eru enn að finna nýja vinkla og reyna að gera sér grein fyrir afleiðingum og hún þarf einfaldlega tíma.

Frá því að ég kom inn á Alþingi árið 1995 hefur verið tekist á um mörg hitamál í þingsölum. Ég minnist Símans, hlutafélagavæðingar Símans og bankanna, Kárahnjúkamálsins, gagnagrunnsins, og fleiri mál mætti telja. Stjórnvöld litu svo á í öllum tilvikum að umræðan væri í rauninni af hinu illa, hún væri í besta falli ill nauðsyn. Okkur sárnaði það oft í stjórnarandstöðunni hve miklar brotalamir voru í umræðunni og margt sagt og staðhæft sem var villandi og reyndist rangt, eins og varðandi Landssímann. Þá var sagt að verið væri að breyta rekstrarfyrirkomulagi, ekki stæði til að selja. Það vissu allir að það var ósatt, að þetta væri aðeins fyrsta skrefið. Sama gilti um bankana. Og Kárahnjúkar, sú virkjun átti að vera geysilega arðsöm. Núna tala forsvarsmenn Landsvirkjunar um að setja beri Landsvirkjun á markað eftir einhvern tiltekinn árafjölda. Lífeyrissjóðirnir kunni að koma að kaupunum. Það verði hins vegar ekki gert fyrr en Kárahnjúkadæmið er uppgert. Hvers vegna? Vegna þess að það er óarðbært. Nú kemur það í ljós. Þannig hefur það verið með margt af því sem við bentum á við þá umræðu, að það hefur hreinlega komið á daginn. En í öllum þeim tilvikum sem ég nefndi fór umræðan fram á löngum tíma. Það er mergurinn málsins. Sjónarmiðin komu fram vegna þess hve löng umræðan var, hve langan tíma hún spannaði.

Mér kemur í hug frv. sem kom fyrir þingið síðastliðið vor, um vatnsveitur, heimildir til sveitarfélaga að hlutafélagavæða vatnsveitur. Þetta var hitamál fyrir réttu ári. Samkomulag náðist á lokadögum þingsins um að taka það út úr umræðunni og setjast yfir það sumarlangt. Það var gert. Ég er ekkert sérstaklega ánægður með þá niðurstöðu sem varð. En hún er miklu betri en við blasti fyrir réttu ári. Hvers vegna? Menn gáfu sér tíma til að skoða málið og leita eftir því hvort samkomulagsgrundvöllur væri fyrir hendi.

Það er þetta sem við erum að leggja áherslu á í stjórnarandstöðunni. Það kunna að vera mismunandi áherslur í afstöðu okkar, einstaklingsbundin milli flokka að einhverju leyti, en í öllum höfuðdráttum erum við fullkomlega samstiga um afgreiðslu þessa máls, að við teljum ekki vera stætt á því að samþykkja eða ganga til atkvæðagreiðslu um frv. (**Gripið fram í:** Og þjóðin öll.) Og þjóðin öll, það eru í rauninni allir sammála þessu.

Síðast gerðist það í morgun að meiri hluti efh.- og viðskn. þingsins, ekki minni hlutinn, meiri hlutinn samþykkti álitsgerð sem send yrði til allshn. og vakin athygli á í þingsölum þar sem varað er við því að afgreiða málið í vor. Hvers vegna? Það stríði hugsanlega gegn stjórnarskrá landsins. Það

séu svo mörg álitamál uppi að stórlega varhugavert muni reynast að afgreiða málið núna.

Hér segir í álitsgerð meiri hluta, og ég legg áherslu á meiri hluta, efh.- og viðskn. þingsins, með leyfi forseta:

„Málið er augljóslega vanbúið og ekki tækt til afgreiðslu á þeim skamma tíma sem þinginu er ætlaður til að fjalla um frv. Þá er það alvarlegt umhugsunarefni að á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn sem benda til að hugsanlega stríði frv. gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar."

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun málsins upplýsti fyrirtækið Norðurljós að þrátt fyrir breytingartillögur sé líklegt að lögfesting frv. geti leitt til verulegra rekstrarerfiðleika fyrirtækisins og hugsanlega gjaldþrots. Atvinna fjölmargra starfsmanna í greininni er því sett í uppnám að ástæðulausu, þar sem hægt er að vinna gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar með öðrum og mildari hætti en lagt er til í frv. Enn fremur upplýstu Norðurljós að lífeyrissjóðir ættu veðlaus lán hjá fyrirtækinu ..."

Síðan er fjallað nánar um það en um er að ræða 2 milljarða í eigu sex lífeyrissjóða. Efh.- og viðskn. þingsins mun fara nánar í saumana á því máli á fundi í fyrramálið en þetta er að sjálfsögðu umhugsunarefni sem taka ber alvarlega. Síðan segir enn fremur, með leyfi forseta, í áliti meiri hluta efh.- og viðskn.:

„Samtök banka og sparisjóða töldu að lögfesting frv. leiddi til þess að fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði mundu að öllum líkindum ekki geta skráð sig hjá Kauphöllinni. Samtökin lýstu jafnframt þeirri skoðun að slík lög mundu leiða til að bankar og fjármálastofnanir gætu ekki lagt til tímabundna aukningu á eigið fé fjölmiðla sem augljóslega takmarkar verulega möguleika fjölmiðlafyrirtækja til að endurskipuleggja rekstur sinn á tímum erfiðleika. Í ljósi þess að rekstrarerfiðleikar hafa verið tíðir hjá fjölmiðlafyrirtækjum á síðustu árum má ætla að þetta feli í sér verulega skerðingu á starfsgrundvelli þeirra.

Sérstaka athygli vekur að Samkeppnisstofnun lýsti þeirri skoðun við nefndina að þrátt fyrir breytingartillögur stríddi frv. enn gegn markmiðum samkeppnislaga.

Meginniðurstaða umfjöllunar nefndarinnar er að mati meiri hlutans því sú, að málið sé vanbúið og vanreifað og þurfi augljóslega miklu víðtækari og ítarlegri skoðunar við. Með hliðsjón af ofangreindu er því lagt til að Alþingi fresti afgreiðslu frv., tíminn í sumar verði nýttur til að vinna málið betur og í nánara samráði við sérfræðinga, og það lagt að nýju fyrir Alþingi í haust."

Þetta er úr álitsgerð meiri hluta efh.- og viðskn. sem samþykkt var í morgun og við hljótum að taka alvarlega tillit til.

Ég vil vekja athygli á því að þegar málið kom fyrst til umfjöllunar í efh.- og viðskn. var óskað eftir því að nefndin fengi rúman tíma til að skoða málið. Efh.- og viðskn. fékk málið til umfjöllunar frá allshn. þingsins og var ætlað að afgreiða álit samdægurs, á sama degi og nefndinni bárust upplýsingar um að hún ætti að tjá sig um efni frv. Þetta eru náttúrlega svo stórlega ámælisverð vinnubrögð að ekki tekur tali, enda voru menn gáttaðir. Þeir aðilar sem nefndin leitaði álits hjá voru voru fullkomlega gáttaðir á þessum vinnubrögðum.

Það er ekki á hverjum degi að sá sem hér stendur getur í einhverju tekið undir eitthvað sem kemur frá Verslunarráðinu eða Samtökum atvinnulífsins en það á nú við í þessu máli að því leyti að þeir aðilar vara við þessum vinnubrögðum. Verslunarráðið leggst mjög eindregið gegn því að frv. nái fram að ganga. Það er feitletrað hér í lokin á þriggja síðna plaggi frá Verslunarráði Íslands, með leyfi forseta:

„Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga."

Ég ætla ekki að þreyta menn á því að lesa úr umsögninni, það má íhuga það við síðari ræðu eða við 3. umr., en ég ætla að halda mig við aðalefni málsins að þessu sinni.

Samkeppnisstofnun sagði í álitsgerð sem hún sendi nefndinni, var áður búin að óska eftir að fá rúman tíma sem henni var neitað um. Á föstudegi lýsti hún því yfir að hún vildi fá a.m.k. til lokadags, á þriðjudag, ráðrúm til að reifa málið þó ekki væri nema á almennan hátt. Hún segir hér í sínu áliti, með leyfi forseta:

„Vegna skamms frests til að skila umsögn hefur stofnunin ekki haft tök á að rannsaka ítarlega samkeppnislegar afleiðingar frv. ef það verður að lögum eða áhrifin á störf Samkeppnisstofnunar. Líta ber á eftirfarandi umsögn stofnunarinnar í því ljósi."

Þetta hefur aftur komið fram á fundum með nefndinni að fulltrúar Samkeppnisstofnunar segja að það sé mjög óljóst hvernig hún eigi að bera sig að í eftirliti með framkvæmd laganna. Það hefur ítrekað komið fram í máli fulltrúa stofnunarinnar.

Í niðurlagi bréfs Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja segir, með leyfi forseta:

„Afdráttarlaus takmörkun á eignarhlut, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi útiloka möguleika fjölmiðlafyrirtækis á slíkri aðkomu þeirrar lánastofnunar sem það er í viðskiptum við og þannig hugsanlega koma í veg fyrir að það geti fetað sig út úr erfiðleikabilum." — Hér er vísað til þess hvort lánastofnanir geti tímabundið komi inn sem eignaraðili í fyrirtæki sem rambar á barmi gjaldþrots. Áfram segir, með leyfi forseta: „Slíkt gæti ekki einungis orðið fjölmiðlafyrirtækinu þungbært heldur einnig skaðað þá lánastofnun sem um ræðir. Því væri eðlilegt" o.s.frv. — Síðan er vikið að hugsanlegum breytingum.

Hér eru aftur varnaðarorð, ýmis álitamál uppi að áliti þessara aðila og eins og ég gat um áðan sagði fulltrúi samtakanna að hann teldi að Norðurljós gætu ekki skráð sig í Kauphöllinni ef frv. næði fram að ganga.

Samtök atvinnulífsins eru við sama heygarðshornið og oft áður og í samfloti með Verslunarráðinu, að þau telja þetta vafasamt en hnýta síðan sérstaklega í Ríkisútvarpið. Ég mun koma aðeins að því áður en ég lýk máli mínu hvernig samhengið í mínum huga er á milli þessa frv. og Ríkisútvarpsins og framtíðar þess. En það segir hér, með leyfi forseta, í niðurlagi álitsgerðar Samtaka atvinnulífsins:

„Loks vilja samtökin undirstrika, þótt málefni RÚV séu ekki viðfangsefni þessa frumvarps, að brýnt er að jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila á útvarpsmarkaðnum. Breytingar í þeim efnum eru forsenda heilbrigðs rekstrargrundvallar í útvarpsrekstri á Íslandi. Í þessu sambandi vísar SA í jákvæða umsögn sína um 337. mál, um breytingu á RÚV í hlutafélag."

Ég er að reyna að rifja það upp hvaða mál þetta er en sennilega er hér um að ræða þingmannamál nokkurra þingmanna Sjálfstfl. sem leggja til að Ríkisútvarpið verði einkavætt og selt. Það er samhengi sem við skulum ekki gleyma.

Mér finnst í sjálfu sér fullkomlega eðlilegt að eigendur einkarekinna stöðva vilji jafna stöðu sína við það sem Rík-

isútvarpið býr við, mér finnst það mjög eðlilegt. Ég hef hins vegar miklar efasemdir á slíku og hef margoft lýst því yfir, en ég vil að hinum gangi vel. Ég vil að einkareknum stöðvum gangi vel. Þess vegna gladdi það að vissu leyti hjarta mitt, og ég sagði það á prenti eða á vefsíðu minni, held ég hafi verið, þegar Norðurljósin breiddu úr sinni regnhlíf, vegna þess að ég hafði þá horft á, eins og aðrir landsmenn, hvern fjölmiðilinn á fætur öðrum ramba á barmi gjaldþrots, jafnvel fara í gjaldþrot, DV ekki alls fyrir löngu, Fréttablaðið, Stöð 2. Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því, við vitum að eigendur Stöðvar 2 hafa í gegnum tíðina tekið formúur út úr því fyrirtæki. Við eigendaskipti hafa verið teknar mörg hundruð milljónir, jafnvel meira, út úr því fyrirtæki. Maður vonar aðeins að slíkir tímar séu liðnir en þetta hefur því miður gerst. En í ljósi þessa ástands á fjölmiðlamarkaðnum hugsaði ég sem svo hvort sá tími gæti verið að renna upp að þessir fjölmiðlar fengju bakhjarl sem dygði. Forsendan hjá mér er hins vegar að það mál verði hugsað alveg til enda og þá erum við komin að Ríkisútvarpinu því að þar sé ég mótvægið við markaðinn.

Hitt getur nefnilega alveg gerst ef vilji þingmanna Sjálfstfl. og landsfundar Sjálfstfl. um að einkavæða Ríkisútvarpið og setja það á markað nær fram að ganga, að eignaraðili á markaði komi höndum yfir alla fjölmiðla í landinu. Það fyndist mér ekki góð tilfinning og við slíkar aðstæður þyrfti að setja stranga löggjöf að mínu mati. Það er þess vegna sem ég hef alltaf sagt við þessa umræðu að ég vilji vita áður hvað menn hugsa sér um Ríkisútvarpið og framtíð þess. Það er hugsunin á bak við það sem ég hef sagt í þessu efni. Það gæti líka gerst. Morgunblaðið er ekkert eilíft frekar en annað.

Einhvern tíma var sagt að Mogginn væri kominn á matseðil hjá fjölmiðlarisanum nýja á einkamarkaði. Ekki fyndist mér það góður kostur, alls ekki. En við verðum að hugsa þessi mál til framtíðar.

Hér hefur enn eitt atriðið komið upp í umræðunni sem mér finnst vera vanreifað og menn hafi ekki skoðað. Menn spurðu: Gætu einstaklingar eignast fjölmiðlana? Gæti íslenskur Murdoch eignast fjölmiðlana á Íslandi? Já, frv. kæmi ekki í veg fyrir slíkt. Og þá finnst mér komið að kjarna máls í allri umræðunni. Ef menn væru spurðir í þessum sal og í þjóðfélaginu hvort þeir kysu fremur dreifða eignaraðild eða samanþjappaða er ég sannfærður um að allir segðu dreifða. En hvers vegna þá ekki að gera það? Hvers vegna stuðlum við ekki að dreifðri eignaraðild? Þá er svarað á móti: Það er enginn nógu burðugur fjármálaaðili sem getur gert það. Hvernig stendur á því? spyr maður þá. Jú, það er vegna þess að átt hefur sér stað slík samþjöppun á fjármagni í þjóðfélaginu gegnum kvótakerfið, gegnum einkavæðingu ríkisstofnana, að það eru aðeins örfáir aðilar með allt fjármagnið í landinu á sínum höndum. Þá spyr ég: Er það ekki vandinn? Er ekki hitt aðeins birtingarformið á djúpstæðari breytingum í íslensku samfélagi á liðnum árum? Og ég spyr aftur: Hvernig stendur á því að fulltrúar stjórnarflokkanna hafa ítrekað og aftur neitað að taka á þeim málum? Þeir hafa neitað að taka á kvótakerfinu. Þeir hafa neitað að stöðva einkavæðinguna eða jafnvel haga henni með þeim hætti að hún stuðli að dreifðri eignaraðild.

Hvers vegna voru ríkisbankarnir, sem ég var andvígur að yrðu yfirleitt seldir af því að ég taldi eðlilegt í okkar litla samfélagi að þeir væru notaðir, a.m.k. einn banki, sem kjölfesta í fjármálalífinu. En þegar ákvörðun hafði verið tekin um að selja þá hvers vegna voru þeir ekki seldir á markaði í litlum bitum? Hvers vegna var það látið gerast að Framsfl., því ég held að hann hafi verið gerandi í því máli, fékk óáreittur að setja í framkvæmd kenningu sína um nauðsyn kjölfestufjárfestis, að ákvörðun var tekin um að selja 45,6% hlut í Landsbanka og Búnaðarbanka? Kjölfestufjárfestar? Þeir lýstu því nú fljótlega yfir þessir miklu kjölfestufjárfestar að þeir ætluðu ekki að staldra við nema í svona tvö, þrjú ár í hæsta lagi, ég held að þeir hafi sagt tvö ár. Þetta var gert til þess að geta tryggt pólitískum vildarvinum aðkomu að kaupunum. Ég held að þarna sé á ferðinni eitt ljósasta og ljótasta dæmi um pólitíska spillingu þegar eignum þjóðarinnar er ráðstafað. Við munum öll síðan hvernig ráðslagið var. Upphaflega var talað um að selja þennan hlut á 11,3 milljarða kr. Síðan var farið að þjarka um verðið. Og viti menn, ef annar aðilinn náði árangri gerði hinn samsvarandi kröfu og fékk sínu framgengt. Hvers vegna? Þetta voru helmingaskipti.

Menn fóru þá, þessir nýju eignaraðilar í bönkunum, að bjóða skuldsettum fyrirtækjum niðurfellingu á lánum vegna þess að það fylgdi í kaupsamningnum að yrðu lán afskrifuð þá lækkaði kaupverðið. Þannig náðu menn niður um 700 millj. kr. Hin leiðin til að ná niður verðinu á bönkunum var sú að það var bundið í dollurum. Gengisbreytingar urðu þess valdandi að ríkissjóður varð af 1 milljarði. Menn náðu því verðinu niður um tæpa 2 milljarða kr.

Nú er fullyrt, ég held að það hafi verið fullyrt í blöðum í gær, að hlutur þessara kjölfestufjárfesta í Landsbankanum sem keyptur var á 11,3 milljarða, en ekki borgaður út náttúrlega strax því að það var beðið eftir því, væri kominn í 25 milljarða. Það er nú bara sæmilegt. Menn eru að kaupa banka og klára það á einu til tveimur árum. Þegar almenningur kaupir íbúð er talið eðlilegt að það gerist á svona 42, 43 árum, er það ekki? Þetta eru vildarvinirnir.

Þá komum við aftur að grundvallarspurningunni um einstaklingana og fjármagnið ef við horfum aðeins undir yfirborðið. Þetta er vandinn. Hitt er bara birtingarform á þeim vanda vegna þess að ég ítreka það að ég held að allir séu á því máli að æskilegast væri að fá dreifða eignaraðild. Reyndar held ég að það þurfi líka að skoða það í þessari umræðu þegar menn eru að tala um áhrif sem menn geti beitt í fjölmiðlum, að ég held að kannski sé stóra málið þar fjárhagslegur grundvöllur fyrirtækisins. Ég held að starfsmenn t.d. á fréttastofu á fjölmiðli sem stendur mjög veikt og rambar stöðugt á barmi gjaldþrots eigi í miklu meiri erfiðleikum gagnvart eigendum sínum og umhverfinu en starfsmenn á stórum fjölmiðli sem býr við traustar rekstrarlegar forsendur. Ég held að þar sé líklegt að skapist innra sjálfstraust í fjölmiðlinum, sterk starfsmannasamtök sem tryggi hið frjálsa orð og tjáningarfrelsið.

Ég hef sjálfur efasemdir um að hægt sé að setja einhverjar reglur um það að tryggja fréttamönnum óhæði, eða hvað kallar maður það? (**Gripið fram í:** Sjálfstæði.) Sjálfstæði gagnvart eigendum sínum, ég held að það sé ekki hægt. Ef við ákveðum að setja á fót fjölmiðil, ég og hv. Helgi Hjörvar, og við ætlum aðallega að hafa knattspyrnufréttir en ráðum síðan fréttastjóra sem hefur miklu meiri áhuga á handbolta og hann segir: Það er bara mitt faglega mat að hafa handbolta vel í bland við knattspyrnuna. Og við segjum: Ja, það var aldrei meining okkar að vera með handboltastöð. Auðvitað munu sjónarmið okkar ná fram að ganga. Þetta er náttúrlega stórlega ýkt dæmi en ég er bara að draga fram áherslur. Þegar kemur hins vegar að faglegri umfjöllun um

efnahagslífið, um stjórnmálin o.s.frv. ítreka ég að ég held að það skipti máli að fjölmiðillinn sé kröftugur, búi við góðar rekstrarlegar forsendur og innra sjálfstraust. Ég held að það skipti mjög miklu máli.

Hæstv. forseti. Ég gleymdi, þegar ég vísaði í álitsgerðirnar sem komu frá umsagnaraðilum, að nefna Alþýðusamband Íslands sem er með mjög góða umfjöllun um málið og leggst algerlega gegn því að frv. nái fram að ganga. Fulltrúi Alþýðusambandsins var með mjög sannfærandi og kröftugan málflutning í efh.- og viðskn. þingsins. Það má vel vera að við síðari umræðu komi ég nánar inn á þá álitsgerð Alþýðusambandsins.

En aðeins þegar fer að síga á seinni hlutann í máli mínu langar mig til að ítreka skoðanir mínar í þessum efnum og nefna að ég hef alla tíð verið mikill áhugamaður um fjölmiðla og aðhylltist sjónarmið sem mörgum finnst og fannst íhaldssöm á sínum tíma þegar menn ræddu um afnám einokunar Ríkisútvarpsins í ljósvakanum. Ég var í hópi þeirra sem lagðist gegn því. Ástæðan var sú að ég var að reyna að sjá inn í framtíðina og fannst liggja í loftinu þá, eins og reyndar núna — við erum að horfa á þetta í langtímasamhengi — að þetta væri fyrsta skrefið. Næsta skref væri að hlutafélagavæða eða einkavæða Ríkisútvarpið, selja það, setja það á markað, og þá spurði ég eins og frumvarpshöfundar núna: Hvernig tryggjum við fjölbreytni? Er þetta líklegt til þess að auka gæðin í efni og fjölbreytni?

Hrakspár mínar urðu ekki að veruleika. En fjölbreytnin varð fyrst og fremst í eignarhaldi. Stöðvarnar urðu fleiri en fjölbreytnin í efninu sjálfu varð ekki eins mikil að sama skapi og fjöldi eigenda. Þetta var svipað efni og mér finnst svona almennt útvarps- og sjónvarpsefni ekki hafa tekið þeim framförum sem eðlilegt væri. Við erum því með margar stöðvar sem eru í rauninni með afskaplega svipað efni. Kjölfestan er nú sem fyrr Ríkisútvarpið, gamla Gufan kannski, sem menningarmiðill, en hins vegar eru fréttastofurnar á einkareknum stöðvum heldur að festa sig í sessi, finnst mér, en þurfa að verða miklu kröftugri og miklu öflugri.

Ég er ekki talsmaður þess að við skrúfum klukkuna til baka, alls ekki. Við erum komin með fleiri fjölmiðla inn á markaðinn, inn í flóruna, og nú finnst mér verkefnið vera að finna umhverfi sem tryggir þeim öllum sanngjarnar og heppilegar rekstrarforsendur. Og þá ítreka ég að ég tel skipta höfuðmáli hver verður framtíð Ríkisútvarpsins. Hérna langar mig til að vísa í nefndina eða álit fjölmiðlanefndarinnar sem reifar einmitt þetta atriði. Það sem mér finnst athyglisvert í umfjöllun hennar, og það hefur snertiflöt við afstöðu mína, er að hún segir: Ef við styrkjum Ríkisútvarpið og höfum það sem gagnpól gegn markaðnum í þessari flóru þá er þörfin fyrir lagasetningu hugsanlega ekki fyrir hendi. Þetta finnst mér vera innlegg í umræðuna. Ég ætla að taka fjórar, fimm mínútur í að lesa úr álitsgerðinni um þennan efnisþátt vegna þess að það snertir afstöðu mína í málinu — reyndar tek ég fram að þessi nefnd er einkavæðingarsinnuð. Hún vill að verkefni sem hún segir að einkaaðilar geti sinnt eigi að fara á markað. Ég tel reyndar að einkaaðili geti sinnt öllum verkefnum, að sjálfsögðu geta einkaaðilar selt brennivín og læknað fólk og hvaðeina. Spurningin er hins vegar hvar við viljum virkja markaðslögmálin og hvar ekki, hvar við viljum setja á þau hömlur. Hér segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði. Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað yrði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun.

Nefndarmenn deila því almenna viðhorfi að takmarka beri afskipti ríkisins af fyrirtækjarekstri“ — þetta er það sem ég vísaði í áðan — „og atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta sinnt. Engu að síður telur nefndin eðlilegt að leggja til að hugað verði að því að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings. a) Í fyrsta lagi má vísa til framangreindra tilmæla Evrópuráðsins R (99) 1 þar sem mælt er með því að þessi leið sé farin. b) Í öðru lagi er bent á þetta sem æskilega leið til að tryggja þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi og þar með til að mæta skyldum ríkisins í þessum efnum. Er bent á að því er gjarnan haldið fram að einkareknir fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að vera mun einsleitari í dagskrá en almenningsútvarp til að mæta kröfum þorra neytenda um skemmtun og létta afþreyingu. Slíkt efni verði þá jafnvel uppistaðan í dagskrá miðils, gjarnan á kostnað upplýstrar og málefnalegrar umræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni, einkum þeirra miðla sem byggja rekstur sinn á auglýsingum og kostun. c) Í þriðja lagi“ — og taki menn nú eftir — „má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu, fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins, en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni. d) Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum.“

Mér finnst þetta vera umhugsunaratriði og er þungamiðjan í afstöðu minni til málsins. Þess vegna hef ég sagt: Tökum fyrst umræðuna um framtíð Ríkisútvarpsins. Ætla menn að fara leið hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar og félaga hans í Sjálfstfl., eins og kveðið er á um í samþykkt landsfundar Sjálfstfl., að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið, væntanlega með það fyrir augum að selja það, leggja það niður og selja það, eða eru menn tilbúnir að ljá þessari hugsun lið sitt? Mér finnst þetta skipta grundvallarmáli.

Mér fannst yfirlýsingar sem fram komu frá oddvitum ríkisstjórnarflokkanna setja málið í fullkomið uppnám. Hvað sögðu þeir? Þeir sögðu að þeir teldu að afnema ætti afnotagjöldin hjá Ríkisútvarpinu. Það kann vel að vera að spurning sé um aðrar leiðir til að afla Ríkisútvarpinu tekna, t.d. með hliðsjón af fasteign eða einhverjum öðrum leiðum. Við þurfum hins vegar að fá að vita hvort til standi að skerða tekjur Ríkisútvarpsins því hin tekjuleið Ríkisútvarpsins er auglýsingar og það hafa komið fram yfirlýsingar sem í besta falli orka tvímælis um hvaða hugmyndir menn hafi í því efni hvort til standi að svipta útvarpið auglýsingatekjum. Þá segi ég: Ef niðurstaðan verður sú að hert verði að Ríkisútvarpinu, það verði svipt tekjustofnum sínum eins og verið er að gefa í skyn að kunni að gerast, eða það verði hlutafélagavætt og

jafnvel selt þá er að sjálfsögðu um ekkert annað að ræða en huga að löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum.

Ef við veljum hins vegar ríkisútvarpsleiðina og tryggjum Ríkisútvarpið sem öflugan fjölmiðil, almannaútvarp, finnst mér að við eigum að íhuga það sem fram kemur í álitsgerð fjölmiðlanefndar, hvort yfirleitt þurfi slíkar hömlur á markaðnum. Mér finnst það vera álitaefni og ég er eindregið á þeirri skoðun að við getum ekki afgreitt málið fyrr en við höfum tekið umræðuna um Ríkisútvarpið, mér finnst það algerlega útilokað. Og ef eitthvað er finnst mér álitamálunum fjölga í tengslum við málið. Skiptir ekki máli að halda opinni þeirri, ég ætlaði að segja smugu, stórt gat dugar varla til að lýsa þessu, að halda því opnu að einstaklingur geti eignast alla fjölmiðla á einkamarkaði, íslenskur Berlusconi, sem þess vegna gæti orðið forsrh. líka og orðið hæstvirtur í þessum sal? Þetta er fullkominn möguleiki. Það yrði hægt samkvæmt þessu frv. Þá ítreka ég að við verðum að horfa á af raunsæi hvað hefur verið að gerast í íslensku þjóðfélagi. Eignarhlutur Samson-hópsins í Landsbankanum er núna metinn á 25 milljarða. Þeir voru búnir að prúkka verðinu niður fyrir 10, var upphaflega í 11,6 og voru komnir með það niður þegar hæstv. viðskrh. Framsfl., Valgerður Sverrisdóttir, var búin að fara höndum um þessa viðskiptavini sína. Þá var búið að gefa afslátt upp á tæpa 2 milljarða en það munu hafa verið 11,3 sem upphaflegt söluverð átti að vera. Þessi hlutur er núna metinn á 25 milljarða, það var upplýst í blöðunum í gær.

Við höfum öll fengið fréttirnar af risavöxnum hagnaðartölum úr þessum einkavæddu bönkum og það er staðreynd, það er veruleiki að fjármunirnir og völdin eru að færast á mjög fáar hendur í íslensku samfélagi. Þess vegna væri fróðlegt að heyra frá þingmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, frá forsrh., flutningsmanni frv., hvort ekki sé nokkuð til í þeirri kenningu að vandinn sem blasi við sé ekki sá sem frv. taki á, heldur samþjöppun fjármagns í íslensku samfélagi sem runnið er undan rifjum ríkisstjórnarstefnunnar í sjávarútvegsmálum, í einkavæðingu og nánast öllu því sem tekur til efnahags- og peningamála í landinu. Það er vandinn.

Hin rétta spurning er: Hvernig stendur á því að ekki er hægt að koma á dreifðri eignaraðild á fjölmiðlum? Það er vegna þess að peningarnir eru ekki nægilega dreifðir í þjóðfélaginu. Það er vandinn og það er afleiðing þeirrar stefnu sem við höfum búið við. Aldrei hefur verið sýndur neinn vilji í verki, enginn raunverulegur vilji til að taka á því nákvæmlega.

Þegar bankarnir voru seldir kom fram tillaga í þinginu um að eignarhald á bönkunum yrði takmarkað við 8%, að enginn einn aðili mætti eiga meira en 8% í fjármálastofnunum sem voru síðan skilgreindar með tilteknum hætti, stórum fjármálastofnunum. Þessu þingmáli var vísað til efh.- og viðskn. og þar var það látið sofna. Aftur endurvakið og látið sofna. Ríkisstjórninni er nákvæmlega sama um þetta. Ríkisstjórninni er nákvæmlega sama um samþjöppun á peningum og valdi í íslensku þjóðfélagi, vill ekkert gera í því. En í þessu tilviki taka menn einn þáttinn út úr, mikilvægan þátt, fjölmiðla, og eru reiðubúnir að setja lög um hann. Ég held að menn séu að byrja hér á röngum enda, ég tel svo vera.

Ég tek undir það sem kom fram í umræðunni fyrr í dag að nú finnst mér mál til komið að ráðherrar Framsfl. láti í sér heyra við umræðuna. Hefur viðskiptaráðherra landsins ekkert um þetta að segja, hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir? Nú er umræðan farin að beinast inn í þann farveg, inn í afleiðingar verka ríkisstjórnarinnar sem hefur fært örfáum sterkum aðilum öll þessi völd og þessa miklu peninga í hendur. Ég held reyndar og ætla kannski ekki að kveða fastar orði en tilfinning mín er sú að það sé miklu alvarlegra en það sem er að gerast í fjölmiðlaheiminum. Við erum búin að verða vitni að því á undanförnum mánuðum hvernig þeir aðilar sem fengu ríkisbankana að gjöf — þeir voru afhentir í Þjóðmenningarhúsinu, ég held að það hafi verið á gamlársdag, það voru allir skartklæddir sem komu til veislunnar þegar þeir fengu eitt stykki banka í hendur — hafa síðan verið að brjótast til áhrifa í efnahagslífinu. Mér finnst að taka verði umræðu um þessi grundvallarmál áður en að við förum að krafsa svona í yfirborðið.

Síðan er verið að stilla þessu þannig upp og íslensku þjóðinni, í hvoru liðinu hún sé, hvort menn séu í Baugsliðinu eða einhverju öðru liði. Við erum bara í liði með Íslendingum, við viljum bara hafa sanngirni í þjóðfélaginu, lýðræði, lýðræðisleg vinnubrögð. Ég held að við séum öll andvíg því að halda frekar inn á þær brautir þar sem til verða nokkrir auðkýfingar í landinu. Við erum ekki í neinu slíku liði. En ég er í liði með starfsfólki í fjölmiðlum sem hugsanlega er verið að setja í mikla óvissu með þessari lagasmíð, ég er í liði með því. Ég held að við eigum það öll sammerkt í stjórnarandstöðunni. Og mér segir hugur um að það fjölgi í okkar liði, ekki bara í þjóðfélaginu heldur einnig í þingsalnum.

Ég held að við ættum að rifja upp aftur og taka alvarlega *áminningu formanns þingflokks Framsfl. frá í gær um að* hafa Berlusconi-ástandið í huga. Ekki bara utan þings, heldur einnig innan veggja þingsins.

[12:46]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. „... má aldrei í lög leiða." Þessi orð þekkja auðvitað allir alþingismenn, í þeim er hljómur. Það er hljómur úr stjórnarskránni, úr einu grundvallarákvæða stjórnarskrárinnar, ákvæðinu sem tryggir okkur frelsi til orðs og æðis, ákvæðinu um tjáningarfrelsið, að það má aldrei leiða í lög takmarkanir á því nema með þeim fyrirvörum að brýnir almannahagsmunir krefji. „Má aldrei í lög leiða." Þetta fortakslausa orðalag lýsir ákaflega vel þeim djúpa skilningi sem stjórnarskrárgjafinn hafði á því að „má aldrei í lög leiða" er hornsteinn þessarar stofnunar, hins háa Alþingis Íslendinga. Það að óheimilt sé með öllu að takmarka tjáningarfrelsi manna er sjálfur grundvöllurinn að lýðræðislegri umræðu, að lýðræðislegu samfélagi og þar af leiðandi grunnurinn að æðstu stofnun lýðræðisins, hinu háa Alþingi sem hér stendur. „Má aldrei í lög leiða" er nokkuð sem við höfum öll sem á þingi sitjum tekið að okkur að virða og verja.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar, virðulegur forseti, hafa ýmsir málsmetandi menn, fræðimenn, stjórnmálamenn, menn úr atvinnulífinu, almennir borgarar, leitt líkum að því að í því sé gengið gegn þeirri eindregnu yfirlýsingu stjórnarskrárinnar „má aldrei í lög leiða". Við þær aðstæður eru skyldur alþingismanna miklar því þau eru fá ákvæðin í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem skylda alþingismanna er jafnrík við og orðin „má aldrei í lög leiða". Það er þess vegna fullt tilefni til þess fyrir alþingismenn að ræða hér og fara mjög vandlega yfir það ef það er sannfæring þeirra eða ef þeir hafa minnstu efasemdir um að stjórnarskránni sé fylgt í þessu máli hvað þetta varðar, ef þeir hafa svo mikið sem minnstu efasemdir um það er það skylda þeirra sem alþingismanna, starfsskylda þeirra að koma í ræðustólinn og gera

grein fyrir þeim efasemdum og láta sannarlega stjórnarskrána og ákvæðið „má aldrei í lög leiða“ njóta vafans.

Þær ræður sem ýmsir þingmenn hafa flutt um þetta hafa af hálfu stjórnarliðsins verið kallaðar málþóf. Hv. formaður þingflokks Framsfl., Hjálmar Árnason, leyfði sér t.d. að hafa uppi þau orð. Það lýsir auðvitað virðingarleysi fyrir skoðunum þeirra þingmanna sem telja að hér sé vegið að grundvallaratriðum í íslensku samfélagi og að ástæða sé til að hafa efasemdir um að einhver mikilvægustu atriði stjórnarskrárinnar séu uppfyllt. Það er ekki málþóf að gera vandlega grein fyrir því.

Það er algjör misskilningur af hálfu stjórnarliðsins að halda að erindi okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar og raunar eins stjórnarliða sem þannig er farið um enn sem komið er, sé að sannfæra stjórnarliðið eða yfir höfuð að sannfæra einn eða annan í orðræðunni í salnum, það er auðvitað í fæstum tilfellum svo. Stjórnarliðið þarf engrar sannfæringar við í málinu. Langflestir þingmenn stjórnarinnar vita betur en að fylgja þessu frv. og vita að hér er verið að tefla á tæpasta vað gagnvart grundvallarákvæðum sem þeim ber að standa vörð um. Þannig er því einfaldlega farið. Við þurfum því ekki, þingmenn, að fara í ræðustólinn til að sannfæra þingmenn stjórnarliðsins í þessu máli, síst af öllu til að mynda þingmenn Sjálfstfl. af minni kynslóð, þingmenn eins og hv. þm. Birgi Ármannsson, hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og hv. þm. Bjarna Benediktsson, enda eiga þeir hér fullt í fangi með að kyngja sannfæringu sinni.

Ástæðan fyrir því að hér er tilefni til að gera ítarlega og glögga grein fyrir sjónarmiðum manna er að það liggur nú þegar fyrir að því máli sem hér er til umfjöllunar lýkur ekki á vettvangi Alþingis, því verður ekki lokið með afgreiðslunni á Alþingi. Það liggur fyrir að eðli málsins samkvæmt verður málinu skotið annað. Því hefur þegar verið skotið til Eftirlitsstofnunar EFTA, því verður skotið hugsanlega til almennings af hæstv. forseta lýðveldisins, því verður auðvitað skotið til dómstóla af hálfu þess fyrirtækis, þess eina fyrirtækis sem þessum lögum er af alefli beint gegn. Og því verður væntanlega áfrýjað af öðrum hvorum aðila þar til Hæstaréttar og hugsanlega rekið áfram fyrir erlendum dómstólum. Þar eru uppi þær miklu grundvallarspurningar hvort frv. samræmist meginatriðum um löggjöf og um lýðræði.

Þeir þingmenn sem hafa efasemdir um það hafa skyldum að gegna í ræðustólnum á Alþingi að gera ítarlega grein fyrir þeim efasemdum sem þeir hafa vegna þess að það eru gögn í málinu, virðulegur forseti, vegna þess að á síðari stigum málsins, ef ríkisstjórnarmeirihlutinn heldur áfram því ofbeldi sem hann hefur haft uppi við meðferð þess, þá eru þær ræður sem hér eru fluttar gögn þessa máls. Þeim þingmönnum sem hafa efasemdir um að grundvallarákvæði séu virt við lagasetningu þessa ber skylda til að gera ítarlega grein fyrir því hvernig það er þannig að þeim efasemdum sé þá komið á framfæri við þær eftirlitsstofnanir og þá dómendur sem eiga eftir að fjalla um málið. Þingmenn eru þess vegna með einum eða öðrum hætti að bera hér vitni um með hvaða hætti til þessa verknaðar var stofnað, sem þeir telja að hafi brotið gegn grundvallarákvæðum mannréttinda eða stjórnarskrár.

Það er algerlega tvímælalaust af minni hálfu, þess þingmanns sem hér stendur, virðulegur forseti, að það eru ekki málefnaleg sjónarmið sem ráða för í þeirri lagasetningu sem hér liggur fyrir. Hver sá maður sem skoðar þau vinnubrögð sem höfð hafa verið uppi í aðdraganda þessa máls og vinnslu þess á Alþingi, hver sá maður, sæmilegri skynsemi gæddur og meðalhófi, virðulegur forseti, sem skoðar það með hvaða hætti málið hefur verið unnið hér gerir sér strax grein fyrir því að það hefur ekki verið málefnalega unnið. Það hefur verið keyrt áfram með ótilhlýðilegu offorsi og sjálfsögðum og eðlilegum sjónarmiðum um varúð þegar annars vegar eru ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála, sjálfsögðum ákvæðum um varúð, íhygli og aðgætni við löggjöf af þessu tagi hefur verið kastað fyrir róða.

Sagt er að nú fáum við að tala eins og við viljum á Alþingi og halda allar þær ræður sem við viljum og út af fyrir sig er þakkarvert að við fáum þó að gera það. En á þessu stigi í vinnslu málsins er það þó að sumu leyti of seint, virðulegur forseti, vegna þess að við undirbúning málsins og einkanlega við vinnslu þess í hv. allshn. hafa engar sæmilegar leikreglur verið virtar.

Þegar málsmetandi menn um allt samfélag, prófessorar, forustumenn í atvinnulífi, þingmenn, trúlega 30 þingmenn, telja að hér sé teflt á tæpasta vað hið minnsta gagnvart stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum, er auðvitað ekki nema sjálfsagt ef hér væru málefnaleg sjónarmið á bak við að leitað væri eftir áliti stofnana, háskólastofnana til að mynda, á því hvort þær efasemdir séu á rökum reistar. Það eitt að hafna þeirri málaleitan sýnir að þeir sem flytja frv. gera það ekki á málefnalegum grundvelli og hafa viljað varna því að fram kæmu málefnaleg sjónarmið og álit þeirra sem gerst þekkja á efnisatriðum frv. Málið hefur þvert á móti verið keyrt áfram, sannarlega með ofbeldi, og umsagnaraðilum boðinn algjörlega óhæfilega skammur tími til að undirbúa mál sitt. Fram hefur komið að veigamiklir þættir sem lúta að réttarhlið málsins höfðu alls ekki verið rannsakaðir. Fram hefur komið að stofnanir eins og Lögmannafélagið, Evrópuréttarstofnunin og aðrir slíkir töldu sig ekki með málefnalegum hætti fá tækifæri og tíma til að veita þær umsagnir sem veita þyrfti um jafnmikilsvert mál. Allt þetta hefur verið hunsað. Það hefur verið hunsað vegna þess að frv. er ekki á málefnalegum rökum reist, það er ekki flutt til þess að ná fram lögmætum, málefnalegum sjónarmiðum, það er flutt með offorsi og ofbeldi vegna þess að það er leiðangur gegn einu fyrirtæki og aðstandendum þess til þess hafinn og rekinn að koma í veg fyrir að fjölmiðlar á vegum þess fyrirtækis fái haldið uppi harðri gagnrýni á stjórnvöld í landinu, þau stjórnvöld sem þetta frv. reka.

Virðulegur forseti. Mætti ég spyrja hvað tíma mínum líður?

(**Forseti** (SP)**:** Klukkan er alveg að verða eitt. Það stendur til að gera hlé milli klukkan eitt og hálftvö þannig að ef hv. þm. óskar eftir að gera hlé á ræðu sinni núna þá er sjálfsagt að verða við því. Óskar hv. þm. eftir því?)

Já, ég óska eftir því.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Áhrif gengisþróunar á lyfjaverð, 795. mál, svar heilbrrh., þskj. 1647.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2003, 995. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1657.

Kuðungsígræðslur, 862. mál, svar heilbrrh., þskj. 1649.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 868. mál, nál. allshn., þskj. 1655; brtt. allshn., þskj. 1656.

[13:31]

Helgi Hjörvar (frh.):

Virðulegur forseti. Ég vildi áður en ég hef ræðu mína fá að spyrja eftir því hvort hæstv. forsrh. sé staddur í þinginu.

(**Forseti** (SP): Það mun vera svo að hæstv. forsrh. er staddur í húsinu.)

En hæstv. utanrrh. og formaður allshn. sömuleiðis?

(**Forseti** (SP): Hæstv. utanrrh. mun ekki vera staddur í húsinu. Formaður allshn. er ekki staddur hér heldur, en forseti mun gera ráðstafanir til þess að óska eftir að hann komi í húsið ef hv. þm. æskir þess.)

Já, virðulegur forseti, ég æski þess eindregið að formaður allshn. sé viðstaddur umfjöllun um það frv. sem hann mælir hér fyrir nefndaráliti um og svari mikilvægum spurningum þar að lútandi. Það væri jafnframt æskilegt ef formaður hins stjórnarflokksins, Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, sæi sér það fært en um það hef ég ekki neinar óskir fram að færa, en þykir vænt um að heyra að hæstv. forsrh. er staddur í þinginu og bið um að því verði komið til hans að ég ætlist ekki til að hann sitji hér undir ræðu minni en í lok ræðu minnar er það ætlun mín að beina til hans nokkrum spurningum sem mér þætti vænt um að honum gæfist a.m.k. kostur á að heyra og jafnvel svara.

Virðulegur forseti. Áður en ég gerði hlé á ræðu minni gerði ég grein fyrir því hversu mikilvægt er að þeir þingmenn sem hafa efasemdir um að þessi löggjöf standist grundvallaratriði í stjórnskipan landsins og/eða að hér sé á ferðinni algerlega ómálefnaleg löggjöf sem hafi það eitt að markmiði að knésetja eitt fyrirtæki, geri vel og skilmerkilega grein fyrir því hvernig í ósköpunum þetta gat orðið í þinginu, þannig að þeir sem um málið fjalla á eftir okkur, m.a. ýmsir áfrýjunaraðilar, geti reynt að átta sig á því ástandi sem er á Alþingi. Ástandi, segi ég, því að ég sýndi og sannaði í máli mínu, virðulegur forseti, að meðferð málsins á Alþingi er fullkomlega ómálefnaleg. Í henni hefur ekki verið gætt meðalhófs, í henni hefur einskis hófs verið gætt vegna þess að markmiðið er ekki að ná fram lögmætum sjónarmiðum, heldur er markmiðið að knésetja eitt fyrirtæki, knésetja einn aðila, og í þeirri aðför mega ekki málefnaleg sjónarmið komast að og þess vegna hefur því verið hafnað að leitað verði álits lögfræðinga, stofnana ýmissa sem fái hæfilegan tíma til að gefa álit og kanna mikilvæga þætti sem varða framgang málsins.

Þá kunna menn að spyrja sem ekki þekkja til á Alþingi Íslendinga: Hvernig má slíkt vera? Þá er því til að svara að Alþingi Íslendinga er stjórnað úr Stjórnarráðinu. Því er stjórnað úr Stjórnarráðinu af hæstv. forsrh. og hér fer allt fram eftir tilskipunum þaðan. Þær tilskipanir eru augljóslega með þeim hætti að afgreiða eigi málið, enda yfirleitt snöfurmannlegar tilskipanir gefnar úr Stjórnarráðinu. Það lýsir auðvitað fyrst og fremst því að við Íslendingar búum við það sem í réttarheimspeki hefur gjarnan verið nefnt fyrstukynslóðarlýðræði en það er kannski stig í lýðræðisþróuninni sem flestar vestrænar þjóðir hafa skilið að baki sér. Það einkennist af meirihlutaræðinu, af því að meiri hlutinn, gjarnan naumur, fer sínu fram hvað sem tautar og raular, hefur sitt fram, hirðir ekki um hvað málefnalegt kunni að vera, hvað eðlilegt kunni að vera, hver önnur sjónarmið kunni að vera uppi eða hvort aðilar skaðist af athöfnum meiri hlutans. Það meirihlutaræði einkennir meira og minna alla stjórn þingsins og alla stjórnarathöfn raunar í Stjórnarráðinu yfirleitt. Þetta meirihlutaræði, sem ekkert tillit tekur til annarra sjónarmiða en fer bara sínu fram, helgast auðvitað sumpart af stjórnmálasögu okkar Íslendinga og stöðu þess aðila sem nú hefur ákveðið með þessari ómálefnalegu löggjöf að klekkja á einu fyrirtæki. Sá aðili er Sjálfstfl. og það er þannig að í stjórnmálasögu Íslendinga bar Sjálfstfl. um áratuga skeið höfuð og herðar yfir aðra stjórnmálaflokka, var langtímum saman stærsti flokkurinn í hlutaðeigandi ríkisstjórn, réði meira og minna lögum og lofum sem langstærsti þingflokkurinn þar til að þingflokkur Samf. kom til árið 1999.

Fyrir utan að hafa í liðlega 20 ár nær samfellt haft forustu meira og minna fyrir ríkisstjórnum landsins hefur flokkurinn sömuleiðis átt mikil ítök í forustunni í atvinnulífinu í gegnum þann tíma, enda það oft farið vel á að ríkið hafi verið notað til þess að styrkja stöðu manna í atvinnulífinu og öfugt. Þannig má í raun og veru segja að Sjálfstfl. hafi verið ríki í ríkinu í þessu samfélagi langtímum saman, stofnun í sjálfu sér, og haft ákaflega mikil völd yfir langan tíma eins og sá sem fer fyrir honum nú, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, sem á einhvern glæsilegasta valdaferil sem sögur fara af, nær áratug á stóli borgarstjóra í Reykjavík, höfuðborg landsins, og þaðan beint í stól forsrh. á Alþingi og hefur ráðið þar ríkjum í 13 ár samfleytt, Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. auðvitað með sínu lýðræðislega umboði sem sótt hefur verið með reglulegum hætti og engin ástæða er til að gera athugasemdir við. En það er rétt að draga upp þessa mynd vegna þess að það að ráða íslenska ríkinu meira eða minna felur í sér gríðarlega mikil völd því að umsvif ríkisins á Íslandi eru meiri en víðast hvar þekkist. Umsvif ríkisins í þjóðarbúskapnum standast helst samjöfnuð við hin Norðurlöndin en þar er þó sá munur á að miklu stærri hluti opinberra umsvifa er í höndum sveitarfélaganna en hér er þannig að þó að samjafna megi hinum opinberu umsvifum frá einu Norðurlandi til annars þá er staða ríkisins mun sterkari hér. Ekki aðeins í samfélagsþjónustunni, heldur hefur ríkið haft drottnandi stöðu á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins, á hér enn markaðsráðandi fyrirtækið á fjarskiptamarkaði, hefur rétt nýskilið við það að reka tvo ríkisbanka sem hafa drottnað yfir þeim markaði, rekur stærsta fyrirtæki landsins, Landsvirkjun, sem fer fyrir mestu fjárfestingum í sögunni og þannig mætti áfram telja.

Í öllu þessu er staða Sjálfstfl. líka ákaflega sterk því í þessu meirihlutaræði er hefð fyrir því að hið pólitíska vald beiti sér og að hið pólitíska vald fari með stjórnir opinberra menningarstofnana, fjölmiðla o.s.frv., sem er kannski háttur sem flestar aðrar þjóðir hafa horfið frá. Það gefur kannski einhverja mynd af þessari menningu okkar Íslendinga fyrir þá sem ekki þekkja til að framkvæmdastjóri Sjálfstfl., sem sagt leiðandi stjórnarflokksins, var hygg ég á sama tíma ekki aðeins framkvæmdastjóri flokksins heldur formaður útvarpsréttarnefndar sem gaf út leyfi til starfsemi ljósvakamiðla og hafði eftirlit með þeim, og formaður bankaráðs Landsbankans, helsta og stærsta banka þjóðarinnar, og hygg ég að það gefi nokkuð góða mynd af hinni sterku stöðu Sjálfstfl. í öllum stofnunum íslenska ríkisins og áhrifum hans. Varaformaður flokksins, fyrrverandi, er forstjóri stærsta fyrirtækisins og fer fyrir stærstu framkvæmdum Íslandssögunnar, fyrrverandi borgarstjóri flokksins stýrir Ríkisútvarpinu og þannig mætti áfram telja.

Þetta er ekki sagt til að lasta þá menn sem í hlut eiga heldur fyrst og fremst til þess að draga upp mynd af því mikla valdi sem Sjálfstfl. hefur haft í samfélaginu og hefur enn, vegna þess að það er þessi Sjálfstfl. og forusta hans sem hefur ákveðið að ráðast hér að einu starfandi fjölmiðlafyrirtæki.

Það er svo að þegar menn hafa haft mikil völd um langan tíma, bæði flokkar og fólk, þá hneigjast þeir til þess að verða nokkuð frekir til fjörsins. Á síðasta ári sáum við margvísleg dæmi um það hvernig menn líta á vald sitt, meirihlutavaldið, sem meira og minna sjálfsagt og nánast á stundum einkamál, því það er annað sem einkennir meirihlutaræðið að ekki aðeins fer meiri hlutinn sínu fram hvað sem tautar og raular heldur lítur hann gjarnan á stjórnarathafnirnar sem einkamál sitt.

Við höfum nýlega dæmi um skipun náfrænda hæstv. forsrh. í Hæstarétt, sem hefur verið gagnrýnt um allt samfélagið, af virtum prófessorum, af kærunefnd jafnréttismála, af umboðsmanni Alþingis og síðast en ekki síst af prófessor Sigurði Líndal, sem hefur haft þá einstæðu stöðu um áratuga skeið að ala upp hverja kynslóð íslenskra lögfræðinga á fætur annarri í Háskóla Íslands og hefur þess vegna kannski hvað gleggsta yfirsýn yfir hverjir eru þar hæfastir manna, allir þessir aðilar hafa harðlega fordæmt þessar ráðstafanir. Og þó láta stjórnarherrarnir bara eins og hér sé um sjálfsagða og eðlilega hluti að ræða að framkvæmdarvaldið setji með bersýnilega ómálefnalegum hætti sína menn inn í annan valdþátt, inn í Hæstarétt sjálfan sem hefur sem betur fer nokkrum sinnum á síðustu árum sett framkvæmdarvaldinu stólinn fyrir dyrnar. Þess vegna er engin tilviljun að framkvæmdarvaldið sé nú farið að krukka í skipun hæstaréttardómara með þessum endemum.

Við höfum frá síðasta ári dæmi úr utanríkismálum þar sem hæstv. forsrh. ákvað að íslenska þjóðin styddi innrásina í Írak án þess að ræða það við utanrmn. og e.t.v. ekki einu sinni utanrrh. Er það þó lögskylt að ræða slík málefni við utanrmn. Alþingis og gefur aðra mynd af því með hvaða hætti meirihlutalýðræðið er rekið hér á landi.

Sömuleiðis er þriðja dæmið nýlegt, það varðar varnir landsins og öryggi þjóðarinnar, að hæstv. forsrh. var tilkynnt að varnarliðið eða herinn í Keflavík væri á förum frá landinu og hæstv. forsrh. leit svo á að þær upplýsingar um grundvallaratriði fyrir hvert samfélag, öryggi þess og varnir, væri hans einkamál og kaus þess vegna að upplýsa ekki þjóðina um það fyrr en löngu, löngu seinna og raunar eftir kosningar, virðulegi forseti.

Þessi dæmi eru auðvitað ágæt til að sýna það hversu sjálfgefið og sjálfsagt þetta meirihlutavald er orðið valdhöfunum og hvernig með það er farið. Og við vitum öll að þegar menn hafa haft mikið vald um langan tíma þá er aðhalds þörf. Það aðhald hafa þessir stjórnarherrar kannski fengið í ríkara mæli á síðari árum og þá kannski einkanlega frá fjölmiðlum og þegar vald eins stjórnmálaflokks og eins stjórnmálamanns er jafnafgerandi og hér um ræðir er mikilvægt að við skoðum hvaða aðhald þeir hafa frá fjölmiðlunum.

Þá verðum við að draga það fram að öflugasti fjölmiðill landsins er Ríkisútvarpið. Sjálfstfl. hefur um langt árabil lagt áherslu á að hafa með höndum menntmrh. sem fer með málefni Ríkisútvarpsins. Fyrrverandi borgarstjóri flokksins er þar útvarpsstjóri og margir trúnaðarmenn í stöðum. Sjálfstfl. hefur stjórnunar- og ráðningarvald yfir Ríkisútvarpinu. Um það er engum blöðum að fletta, um það þarf ekki að deila. Menn geta deilt um hvort því sé beitt eða hvort því sé misbeitt og einhverjar slíkar deilur hafa verið á undanförnum dögum. Einhverjir starfsmenn stofnunarinnar telja að ekki sé heimilt fyrir starfsmenn að vinna fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð en hins vegar þyki sjálfsagt að trúnaðarmenn Sjálfstfl. yfirheyri menntmrh. Sjálfstfl. í stærstu deilumálum samtímans. Um þær deilur skal ég ekki segja, ég held að það hljóti að gilda um starfsfólk Ríkisútvarpsins eins og um starfsfólk Norðurljósa að það fari fyrst og fremst eftir eigin sannfæringu og eigin siðferði. En það sem skiptir máli er að nefndur Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. hafa stjórnunarvald og ráðningarvald yfir öflugasta fjölmiðli landsins. (**Gripið fram í:** Nei.)

Um áratuga skeið var það blað sem drottnaði yfir blaðamarkaðnum, Morgunblaðið, jafnframt málgagn Sjálfstfl. og ritstjórar þess sátu á þingflokksfundum Sjálfstfl. hér í húsinu langt fram eftir og eru kannski farnir að gera aftur ef marka má ritstjórnarlega umfjöllun blaðsins, einkanlega hin síðari missirin, kannski eftir að Matthías Johannessen lét af störfum á blaðinu.

Slík var staða Sjálfstfl. í fjölmiðlum en hér var flóra af frjálsum fjölmiðlum sem gekk ákaflega illa í rekstri en hefur á síðustu tveimur árum orðið nokkuð öflugri, einkum fyrst með tilkomu Fréttablaðsins og síðan með því að Fréttablaðið, DV, Stöð 2 og ljósvakamiðlar Norðurljósa runnu saman í eitt fyrirtæki, en þá var loksins kominn burðugur aðili á fjölmiðlamarkaði til að keppa við hina stóru og öflugu aðila, Morgunblaðið og Ríkisútvarpið.

Það verður þess vegna að horfa á það lagafrv. sem hér liggur fyrir sem aðgerð þess félags, Sjálfstfl., sem fer með stjórnunar- og ráðningarvald á öflugasta fjölmiðli landsins, Ríkisútvarpinu, sjónvarpi, að það félag sé að flytja frv. til að knésetja helsta keppinaut Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Það er augljóslega hið pólitíska markmið hér og hefur verið hið pólitíska markmið sl. rúmt ár. Það er ástæðan fyrir öllum hinum ómálefnalega málatilbúnaði að það afl, Sjálfstfl. og hæstv. forsrh., sem hefur meira og minna deilt og drottnað í íslensku samfélagi um áratuga skeið og ráðið því hverjir fengju framgang og hverjir ekki framgang og hverjir nytu gæða og ekki gæða og hverjir fengju að eignast fyrirtæki og ekki eignast fyrirtæki, að það er svo komið að sá flokkur hefur orðið fyrir harðri gagnrýni, harðri stjórnarandstöðu nýrra og nútímalegra fjölmiðla og hann hefur einsett sér að taka úr þeim máttinn þannig að það verði aftur sem áður var að Sjálfstfl. drottni yfir fjölmiðlum landsins.

Þá erum við komin að því hvers vegna stjórnarskrárgjafinn sagði í stjórnarskránni að það mætti aldrei í lög leiða. Ástæðan fyrir því að tjáningarfrelsið er vandlega varið í stjórnarskrám vestrænna ríkja er að menn þekkja það af sögunni að þegar valdið hefur verið lengi og verið mikið sækir það í sig veðrið og þá er því nauðsyn á aðhaldi, einkum aðhaldi frá hinu fjórða valdi, frá fjölmiðlunum. En þá hefur það líka jafnan tilhneigingu til að reyna að berja á fjórða valdinu og setja um það einhvers konar lög eins og eru fjölmörg dæmi um, bæði austan hafs og vestan og nú líka á Alþingi. Það er algjörlega augljóst af þessu frv. að það þjónar þeim tilgangi einum að varna því að sjálfstæðir, nútímalegir fjölmiðlar, sem eru í stjórnarandstöðu við allt og alla, geti haft sterka og öfluga bakhjarla sem sækja afl sitt á alþjóðavettvang en eiga ekki áhrif sín undir náð eða fyrirgreiðslu íslenska stjórnmálakerfisins. Það, virðulegur forseti, er mergurinn málsins. Þess vegna er allur málatilbúnaðurinn með þessum ólíkindum, þess vegna hefur enginn tími unnist til þess að vinna málið svo vel sé, þess vegna er öllum sáttatillögum um að menn sameinist um hóflegar og eðlilegar ráðstafanir til þess að forða óhóflegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hafnað. Það er vegna þess að hér eru ómálefnaleg markmið á ferðinni um það að draga svo mátt

úr þeim fjölmiðlum sem veita þó ríkisstjórninni aðhald að vald hennar verði áfram tryggt og að valdheimildir hennar verði heldur rýmri en hitt því að hún hafi ekki aðhald frá sterkum fjölmiðlum með sterka bakjarla. Það er mergurinn málsins.

Þess vegna var prófessor Davíð Þór Björgvinsson fenginn til að leiða fjölmiðlanefndina, vegna þess að það lá fyrir að sá ágæti prófessor hafði gefið út um það margar yfirlýsingar og haldið um það ræður og skrifað um það greinar að Hæstiréttur hefði takmarkað óhóflega athafnafrelsi stjórnmálamanna. Ríkisstjórnin vissi þess vegna að þar væri á ferðinni fræðimaður sem túlka mundi heimildir stjórnvalda til að ganga á réttindi manna með mjög rúmum hætti, vegna þess að sá sami maður hafði ítrekað gagnrýnt Hæstarétt fyrir að setja ríkisstjórninni valdmörk, hafði gagnrýnt Hæstarétt fyrir að setja ríkisstjórninni valdmörk hvað varðaði til að mynda öryrkjamálið sem mér tókst nú að kynnast ágætlega og hefur alltaf þótt með miklum ólíkindum að hafi verið afgreitt á Alþingi, en þar var ávöxturinn af meirihlutaræðinu sú lögfesta ákvörðun Alþingis að hópur Íslendinga ætti að framfleyta sér á 18 þús. kr. á mánuði ævina út.

Nei, virðulegur forseti, þegar rökin sem sett eru fram í málinu eru skoðuð kemur auðvitað í ljós að það eru ekki annað en pótemkintjöld, það eru afsakanir fyrir þessu framferði, það er reynt að fela hinn raunverulega tilgang sem er einfaldlega að draga máttinn úr þeim fjölmiðlum sem þótt hafa gagnrýnt ríkisstjórnina óhóflega. Og það stendur auðvitað ekki steinn fyrir steini. Fjölbreytileikarökin hafa hér verið nefnd og það hefur auðvitað verið farið nógsamlega yfir það að aldrei hefur fjölbreytni verið meiri í fjölmiðlun á Íslandi og því tómt mál að tala um að hér sé einhver knýjandi nauðsyn til þess að setja lög á því sviði nú á þessu vori. Hér hefur einfaldlega aldrei verið meiri fjölbreytni og raunar jafnvel meiri fjölbreytni í eignarhaldi en oft áður því það eru þó a.m.k. fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar sem nú eiga í fjölmiðlafyrirtækjum meðan ríkið hafði þar áður algera einokun og því sannarlega til framfara horft á síðustu árum fremur en hitt.

Þegar þessar takmarkanir eru skoðaðar eru þær líka svo algjörlega gegn straumi tímans því hér á að takmarka útgáfu útvarpsleyfa. Slíkar takmarkanir þekkjast vissulega í löndunum í kringum okkur mörgum en það eru miklu stærri lönd og þar eru útvarpsleyfi takmörkuð gæði. Þess vegna hafa menn orðið að finna sér einhverjar reglur til þess að ákvarða um það hverjir megi fá þau takmörkuðu gæði. Við Íslendingar höfum ekki búið við þann veruleika og nú mun ný tækni gera það að verkum að við munum aldrei þurfa að búa við þann veruleika að rásir fyrir sjónvarp eða útvarp verði takmörkuð gæði. Þar er einfaldlega nóg til, það er nóg til handa öllum og það er enginn sem bíður úti í kuldanum og fær ekki að reka sjónvarp vegna þess að einhver hafi bolað honum út af markaðnum. Það er einfaldlega ekki svo.

Það er mikilvægt fyrir íslenska þjóð, fyrir íslenska tungu og fyrir framtíð þjóðarinnar að ekki verði settar neinar skorður við því að menn fái að leggja fé sitt í innlenda dagskrárgerð, í það að hafa hér á markaðnum öflugar íslenskar sjónvarpsstöðvar til þess að vera valkostur við þá alþjóðamenningu sem sífellt harðar sækir á í gegnum internetið, í gegnum gervihnetti o.s.frv. Ef við höfum ekki fjársterka aðila, burðuga aðila sem leggja fjármagn til framleiðslu á íslensku efni, til þess að byggja upp íslenska miðla þá mun til lengri tíma litið, virðulegur forseti, okkar litla málsvæði láta undan síga í hinni hörðu alþjóðlegu samkeppni um athygli neytenda og afþreyingu í þessum miðlum öllum.

Hér hefur svo sannarlega ekki verið gætt neins meðalhófs í málsmeðferð enda tilgangurinn sannarlega ekki sá að gæta neins meðalhófs. Hér á einfaldlega af hálfu eins flokks og forustu hans að setja lög um eitt fyrirtæki til þess að koma í veg fyrir gagnrýni. Slíkt má aldrei í lög leiða. Ef meiri hlutinn á Alþingi knýr málið í gegn liggur það fyrir að því verður áfrýjað til annarra aðila og við verðum bara að vona að það grundvallarsjónarmið um tjáningarfrelsi reynist standa nægilega traustum fótum í stjórnarskránni til þess að það verði varið, vegna þess að ég er, virðulegur forseti, þeirrar skoðunar að Jón Jónsson megi vera hver sem er og hvernig manneskja sem er og hafa gert af sér hvað sem er. Hann á skilyrðislaust að mínu mati rétt á því að prenta blöð, útvarpa eða sjónvarpa sjónarmiðum sínum svo fremi að markaðshlutdeild þeirrar starfsemi fari ekki yfir óhófleg mörk að samanlögðu. En til þess höfum við einfaldlega almenna samkeppnislöggjöf og hún hefur dugað okkur hingað til.

Ein af þeim afsökunum sem beitt hefur verið er sú að hér sé samþjöppun á matvörumarkaði svo mikil og veldi þess fyrirtækis sem knésetja á, Baugs, svo mikið að það verði að setja bönd á það. En það er, virðulegur forseti, ákaflega skrýtið að ætla sér að koma böndum á samkeppni á matvörumarkaði með því að banna Bónus að eiga í sjónvarpsstöð. Það, virðulegur forseti, nær náttúrlega ekki nokkurri átt og eru algjörlega óboðleg rök. Ef menn vilja gera eitthvað í fákeppni á matvörumarkaði verða þeir að beina sjónum sínum að matvörumarkaðnum og samkeppnislöggjöfinni sem að honum lýtur en ekki ráðast á fjölmiðlana.

Sömuleiðis hefur því verið haldið fram að þessi staða hér sé einsdæmi og það er auðvitað út af fyrir sig rétt. En það er líka bara retorísk yfirlýsing vegna þess að staða þessa nefnda fyrirtækis á matvörumarkaði er einsdæmi í heiminum og þess vegna skiptir engu máli hvað þetta fyrirtæki tekur sér fyrir hendur, það er allt einsdæmi. Ef þetta fyrirtæki opnar ísverslun í Austurstræti þá er það einsdæmi að fyrirtæki með slíka stöðu á matvörumarkaði opni ísbúð í aðalgötu, því það er staðan á matvörumarkaði sem er einsdæmi og hefur oft og tíðum sannarlega verið áhyggjuefni. Víst höfðum við mörg efasemdir um að rétt væri að heimila samruna Bónuss og Hagkaups en við leysum það auðvitað ekki með því að banna þeim að reka sjónvarp. Þeim á að vera frjálst, hverjir svo sem þeir eru, hvað svo sem þeir hafa gert, að prenta blöð, útvarpa og sjónvarpa. Það er grundvallarsjónarmið.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni, m.a. af hæstv. forsrh., að nú séu komin í stað gömlu flokksblaðanna fyrirtækjablöðin og þau séu nú hálfu verri og hið mikilvæga sé að hafa eftirlit og aðhald með fyrirtækjunum enda séu völd þeirra og umsvif sífellt meiri. Það síðasta má til sanns vegar færa. En sá er nú munurinn á að ástæðan fyrir því að fjórða valdið, fjölmiðlarnir, á að hafa aðhald með löggjafanum, framkvæmdarvaldinu og dómsvaldinu er að enginn þessara valdþátta er á markaði. Fyrirtækin í landinu eru á markaði. Á hverjum degi þurfa þau að keppa um hylli neytenda og markaðurinn er einfaldlega þannig að ef þau ekki til lengri tíma sinna vel starfsskyldum sínum glata þau stöðu sinni á markaði, enda séu samkeppnisreglur sæmilega skýrar.

En á Alþingi er því ekki að heilsa né í ríkisstjórninni. Hér erum við kosin til fjögurra ára og þess vegna er það fyrst og fremst með valdþáttum ríkisvaldsins, dómsvaldinu,

framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu, sem fjölmiðlarnir eiga að hafa eftirlit en ríkisvaldið svo aftur með fyrirtækjunum. Og það kallar auðvitað á að það sé mikið gegnsæi hjá ríkisvaldinu og hjá stjórnmálaflokkunum og þær röksemdir sem hafa verið færðar upp á fjölmiðlana í þessu efni eiga auðvitað við um stjórnmálaflokkana, því að ef þeir eiga að geta haft eftirlit með atvinnulífinu verður auðvitað að liggja fyrir hverjir það eru sem eru að setja peninga í það. Stjórnmálaflokkarnir eru jú í vissum skilningi leynifélög og meðan sú mikla leynd hvílir yfir bókhaldi þeirra veit enginn meðan þessi umræða fer fram hvort einstaka hagsmunaaðilar á markaðnum, einstaka aðilar sem þar eigi hagsmuna að gæta, hafi látið hundruð þúsunda, milljónir eða tugi milljóna renna í sjóði þeirra sem nú fara fram með þessi lög. Um það er engar upplýsingar að fá, ekkert gegnsæi þar og það er auðvitað jafnóþolandi eins og þegar við vissum ekki hver ætti Fréttablaðið. Það er mikilvægt að við vitum hverjir eiga blöðin og þau eiga allir að mega gefa út. Hér er, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sýndi fram á í gær, í fyrsta skipti í sögu landsins verið að setja skorður við prentfrelsi manna, að þeir sem reka útvarps- eða sjónvarpsstöðvar geta ekki eftir lögum þessum gefið út dagblöð.

Virðulegur forseti. Það hefur ítrekað gerst á síðustu árum að Alþingi hefur samþykkt lög sem hafa gengið gegn stjórnarskrá og Hæstiréttur hefur þurft að leiðrétta. Menn hafa einhvern veginn aldrei hirt um að taka það svo mjög alvarlega og raunar í tilfelli öryrkjanna okkar sett önnur lög ofan í dóm sem jafnframt brutu gegn stjórnarskránni og raunar verið teknir upp í Hæstarétt þrisvar til þess að læra grundvallaratriði um íslenska stjórnskipan af Öryrkjabandalaginu einu saman, fyrir utan kvótadómana og ýmislegt annað sem fallið hefur.

Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., og fagna því að hann er í salnum, og e.t.v. hæstv. forsrh. ef hann lætur svo lítið, geri þinginu grein fyrir sinni pólitísku ábyrgð í málinu. Hér hafa verið settar fram efasemdir um að þetta lagafrv. standist grundvallarákvæði í stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum, að það kunni að leiða til umtalsverðrar skaðabótaskyldu af hálfu íslenska ríkisins, að það kunni að stefna atvinnu hundruð manna í hættu. Þessum sjónarmiðum hafa hv. þm. Bjarni Benediktsson og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafnað, og það er þeim heimilt, fullkomlega frjálst og heimilt. Þeir hafa þá skoðun að þessi sjónarmið séu röng, það sé ekki ástæða til að hafa efasemdir um þetta og þessi aðvörunarorð séu að engu hafandi. Það er réttur hæstv. forsrh. og hv. þm. Bjarna Benediktssonar að fara þannig fram með þetta frv. sitt. En ég tel alveg nauðsynlegt að þeir geri þá grein fyrir því þegar þeir hafna athugasemdum og ábendingum um þessi grundvallaratriði, vísa þeim á bug og gera þetta að lögum, hvort þeir hafi þá ekki jafnframt axlað ábyrgð á lögunum og pólitíska ábyrgð á málinu. Ég vil biðja hv. þm. Bjarna Benediktsson, því hann er ólíkt hæstv. forsrh. staddur í salnum, að lokinni ræðu minni að svara til um hvaða afleiðingar hann telur það hafa fyrir sig og sína pólitísku stöðu ef þær aðvaranir sem hann lætur sem vind um eyru þjóta reynast á síðari stigum í meðferð málsins fyrir dómstólum, til að mynda fyrir Hæstarétti Íslands, hafa verið réttar athugasemdir, hver telur hann að ábyrgð hans sé og hvernig mun hann þá axla hana? Ég tel alveg nauðsynlegt að það komi fram.

Vegna þess að ég heyrði hv. þm. Pétur H. Blöndal hafa hér úr hliðarsal uppi einhver orð kemur mér jafnframt í hug annað atriði sem ég tel að sé mjög mikilvægt að við fáum svar við hér og raunar að við fáum svar við frá hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni, því að það mál varðar óvissu í stjórnskipan Íslands sem ég tel satt að segja algerlega óviðunandi og mikilvægt að hæstv. forsrh. taki af öll tvímæli um hér á Alþingi hvernig því máli víkur við, því að hafin er söfnun áskorana á hæstv. forseta Íslands um að undirrita ekki þau lög sem hér stefnir í að verði samþykkt. Á þeirri áskorun ætla ég ekki að hafa neina skoðun en ég hef þó talið að forseti lýðveldisins hefði heimild til að synja lögum um staðfestingu. En ég heyrði í morgunsjónvarpi Stöðvar 2 í morgun að Pétur H. Blöndal alþingismaður vefengir að hæstv. forseti Íslands hafi þá heimild. Nú er það út af fyrir sig svo að það er almennt viðurkennt að embætti forseta Íslands er fremur valdalítið embætti og fyrst og fremst táknrænn forustumaður þjóðarinnar, en þó hélt ég satt að segja að ekki væri um það deilt að stjórnarmyndunarumboðið afhenti forsetinn annars vegar og hins vegar gæti hann með þessum hætti, þó að hann hafi aldrei gert það, neitað að staðfesta lög.

En ef staðan er sú hér í lýðveldinu að ríkisstjórnin, hv. þm. Pétur H. Blöndal og hæstv. forsrh. — því að ég mundi þá líka eftir sambærilegum yfirlýsingum hæstv. forsrh. í tengslum við ríkisráðsfund — viðurkenna ekki, ef hæstv. ríkisstjórn viðurkennir ekki að forseti Íslands hafi þessa heimild, ja, hvar erum við þá stödd, hæstv. forseti? Erum við þá þar stödd að ríkisstjórnin mun láta sig það engu varða hvaða afstöðu forseti lýðveldisins kann að hafa til efnisins? Mun það engu skipta hvað hann gerir? Hafnar ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir því að forseti Íslands hafi yfir höfuð nokkuð um málið að segja?

Hér er um að ræða óvissu um slíkt grundvallaratriði í stjórnskipan landsins að ég tel algerlega nauðsynlegt að forustumaður ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, geri grein fyrir því hvort hann hafni því að forseti Íslands hafi þetta vald. Ef það er svo að forsrh. hafnar því að forseti Íslands hafi þetta vald og ef einhvern tíma í framtíðinni, við skulum láta þetta frv. liggja milli hluta, en jafnvel ef forseti Íslands neytti þessa réttar síns við þetta frv., hver er staða okkar þá ef hæstv. forsrh. neitar að viðurkenna þá athöfn? Ríkir þá stjórnskipunarleg kreppa í landinu? Telur hæstv. forsrh. og telur hv. þm. Pétur H. Blöndal að hæstv. forseti Íslands hafi engin völd?

Það er alveg nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að allur þorri almennings telur að forseti Íslands hafi þetta vald og hefur ítrekað komið til hans áskorunum um að hann beiti því valdi. Ef það er svo að það skiptir engu máli og ríkisstjórnin mundi hvort eð er bara hunsa slíka ákvörðun og halda áfram að stjórna landinu eins og ekkert hefði í skorist, hvar erum við þá stödd? Þess vegna tel ég að það sé algerlega nauðsynlegt, fyrst hæstv. forsrh. er ekki kominn í salinn, að hv. þm. Bjarni Benediktsson og hv. þm. Pétur H. Blöndal geri grein fyrir því hvort þeir hafni því með öllu að hæstv. forseti Íslands hafi yfir höfuð nokkur völd í íslenskri stjórnskipun.

[14:11]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins bregðast við ræðu hv. þm. Helga Hjörvars. Hann beindi til mín fyrirspurn um hvernig ég hygðist axla mína pólitísku ábyrgð. Það er nú einu sinni þannig að ég mun ekki einn og óstuddur geta komið frv. í gegn á þinginu. Í nál. meiri hluta allshn. er farið yfir þau

lögfræðilegu álitaefni sem uppi eru í málinu og lúta að stjórnarskránni sérstaklega og þar eru færð fyrir því efnisleg rök hvers vegna nefndin telur að með þeim breytingum sem hún leggur til að gerðar verði á frv. hafi verið komið nægilega til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið við störf nefndarinnar um þessi álitaefni.

Því miður er það svo að við getum ekki skorið úr því endanlega í þessu starfi hvernig þessum hlutum er háttað. Ég vil þó vekja athygli á því að í nál. er sérstaklega gert ráð fyrir þeim möguleika að sú staða kunni að koma upp að einstakir aðilar geti sótt bætur á grundvelli frv. Við sérstakar aðstæður eins og nefnt er í nál. kann sú staða að koma upp.

Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. að hann fjallaði aðeins um stöðuna á fjölmiðlamarkaði og var þeirrar skoðunar að bregðast þyrfti við þegar einstök fjölmiðlafyrirtæki væru samanlagt komin með slíka markaðshlutdeild að hún teldist óhófleg. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm.: Er eitthvert fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi samanlagt með óhóflega markaðshlutdeild?

[14:13]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki hissa á því að hv. þm. Bjarni Benediktsson hafi ekki verið tilbúinn til að lýsa því yfir hér að hann sem formaður allshn. væri reiðubúinn til að axla pólitíska ábyrgð á því frv. með þeim breytingum sem hann hefur nú lagt fyrir þingið. Ég hygg, virðulegur forseti, að hv. þm. Bjarni Benediktsson vísi ábyrgðinni á alla félaga sína í stjórnarmeirihlutanum vegna þess að hann veit að hér eru uppi veruleg álitaefni um grundvallaratriði sem knúin eru í gegn algerlega að nauðsynjalausu.

Það er engu að síður þannig, hv. þm. Bjarni Benediktsson, að ef það reynist svo að þú, hv. þm., hafir haft að engu aðvörunarorð um að gengið væri gegn grundvallarákvæðum stjórnarskrár svo sem eins og um eignarrétt eða tjáningarfrelsi, þá er ábyrgðin þín. Og sú ábyrgð eins alþingismanns að fá aðvaranir frá mætustu mönnum um að hann sé að brjóta gegn stjórnarskránni, hafa þær að engu og keyra það í gegn, er mikil og það verður ekki hjá því komist að hv. þm. Bjarni Benediktsson axli þá ábyrgð og lýsi því yfir að hann beri fulla og óskoraða ábyrgð á því frv. sem hér liggur fyrir og leggi starfsheiður sinn og stjórnmálaframa að veði í því efni því hér eru svo mikilsverð álitaefni uppi.

Til að svara spurningunni um fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði liggur það væntanlega fyrir að Ríkisútvarpið, sjónvarp hefur sterkasta stöðu og ég hef lýst þeirri skoðun að e.t.v. sé sú staða svo sterk að hún valdi því að ekki hafi verið nægileg gróska á einkamarkaði á undanförnum árum, að sú markaðsstaða hafi verið óhófleg. (Forseti hringir.) En það er það eina sem mér kemur í hug.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill minna hv. þm. á það að ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann.)

[14:16]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir hv. þm. gera lítið úr efnismikilli umfjöllun meiri hluta allshn. um þau álitaefni sem upp hafa komið í störfum nefndarinnar og segir mig, þrátt fyrir þann ítarlega rökstuðning sem þar er að finna, hafa að engu ábendingar um lögfræðilega fleti málsins. Það þykir mér vera býsna fast að orði kveðið.

Hv. þm. vék að því í ræðu sinni áðan að samkeppnislögin hefðu ekki gagnast sem skyldi til að koma í veg fyrir eignasamþjöppun. Ef ég skildi hann rétt var hann þeirrar skoðunar að annaðhvort hefðu stjórnvöld ekki beitt þeim heimildum sem er að finna í samkeppnislögunum eða að samkeppnislögin sem slík hefðu ekki gagnast í þeim tilgangi að stýra þessum markaði í farsælt horf.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því varðandi eignasamþjöppunina að samkvæmt umsögn sem nefndinni barst frá Útgáfufélaginu Heimi hf. þá er hlutdeild Norðurljósa í frjálsu miðlunum 63%. Ef Ríkisútvarpið er tekið með er hlutdeild Norðurljósa í ljósvökum og dagblaði 47%. Þar er því umtalsverðan hlut að ræða. Ég hygg að hann hafi einkum verið að beina orðum sínum að þeirri þróun og eignasamþjöppun sem þar hefur átt sér stað, samþjöppun fjölmargra fjölmiðla undir einu þaki, þegar hann fjallaði um þá óæskilegu þróun sem átt hefði sér stað þrátt fyrir samkeppnislög.

[14:18]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að við jafnaðarmenn höfum ítrekað flutt á þingi margvíslegar tillögur um að styrkja enn frekar samkeppnislögin, um að setja þar inn frekari skorður við hringamyndun, um auknar fjárveitingar til Samkeppnisstofnunar og þar fram eftir götunum, og auðvitað er sjálfsagt að nálgast fjölmiðlamarkaðinn undir sömu formerkjum, hæstv. forseti.

Það þýðir hins vegar ekki fyrir hv. þm. að skjóta sér undan ábyrgð sinni sem formaður allshn. og þykja fast að orði kveðið. Málið sem hér er fyrir er bara þess eðlis að það hlýtur að vera fast að orði kveðið, sérstaklega vegna þess að hv. þm. Bjarni Benediktsson ber ábyrgð á vinnubrögðum allshn. Ég hygg að þegar málið verði skoðað af öðrum aðilum á síðari stigum verði fátt ef nokkuð talið jafnforkastanlegt og málsmeðferðin í allshn. þar sem það er viðurkennt að mikilvæg svið í áhrifum frv., m.a. í Evrópuréttinum, hafi nær ekkert verið könnuð, þar sem því hefur verið hafnað að Lagastofnun Háskólans verði fengin til að vinna álit um hina lögfræðilegu hlið málsins, þar sem Lögmannafélaginu, sem hv. þm. Bjarni Benediktsson var félagi í síðast þegar ég vissi, þykir tíminn langt í frá nægur til að veita umsögn og þar fram eftir götunum.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson ber einn og óskoraður sem formaður allshn. fulla og tæmandi ábyrgð á þessum vinnubrögðum og ef þau reynast hafa verið jafnvond og slæm og ég hef hér haldið fram verður hann að axla á því pólitíska ábyrgð þegar þar að kemur.

[14:20]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að víkja að nokkrum atriðum og einkum einu atriði sem fram kom í ræðu hv. þm. og varpa fram spurningum til hans í kjölfarið á því sem fram hefur komið í umræðunni.

Hv. þm. var tíðrætt um svokölluð fyrirtækjablöð, nefndi þau og taldi að með frv. væri verið að leggja stein í götu fyrirtækja til þess að gefa út blöð og verið að skerða tjáningarfrelsi. Nú er ég ekki sammála því í sjálfu sér að svo sé verið að gera og hef reyndar gert grein fyrir sjónarmiðum mínum í þá átt í fjölmörgum andsvörum á Alþingi á undanförnum dögum. En það kom dálítið athyglisverður og nýr vinkill inn í umræðuna í gær frá frammámanni í Samf., hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Hann gerði sömu umkvartanir og hv. þm. Helgi Hjörvar í ræðu sinni og hélt því fram að verið væri að koma

í veg fyrir það með frv. að fyrirtæki gætu gefið út blöð og auglýst sig og sínar vörur og sína þjónustu og tók sérstaklega fyrir Fréttablaðið í því sambandi. Þingmaðurinn lýsti því yfir að Fréttablaðið væri ekki fréttablað heldur auglýsingablað. Það héti reyndar Fréttablaðið en væri ekki fréttablað, heldur auglýsingablað.

Þetta er dálítið sérstakt en einhverra hluta vegna hefur enginn fjölmiðill haft áhuga á því að gera grein fyrir þessum sjónarmiðum þingmanns Samf. og skilgreiningu hans á Fréttablaðinu og eðli þess. (Forseti hringir.) En mig langar til þess að spyrja hvort hv. þm. Helgi Hjörvar sé sammála þessari greiningu flokksbróður síns á Fréttablaðinu.

[14:22]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvaða tilgangi svona málflutningur á að þjóna en ég get sagt hv. þm. það að ég tel að ef núverandi útgefandi Fréttablaðsins hefði ekki komið til liðs við það kæmi það ekki út í dag með þeim hætti sem það gerir og ég tel að gjaldþrot fyrra Fréttablaðsins sýni að það er algjör forsenda að sterkt félag eins og Baugur standi á bak við það. Ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt og gott að við fengum Fréttablaðið vegna þess að Fréttablaðið fer á íslensku á hverjum degi inn á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og má nálgast það um land allt. Það fer til allra hópa samfélagsins, það fer til innflytjenda, til fátækra, okkar fatlaðra og allra hópa í samfélaginu og það er ákaflega mikilvægt að það sé með þeim hætti gefið tækifæri á því að allir geti tekið þátt í upplýsingasamfélaginu.

Hitt tel ég að sýni fram á að hæstv. forsrh. hefur í heilt ár ætlað að knésetja þetta fyrirtæki, að við umræður fyrr í vetur lýsti hæstv. forsrh. því yfir að til greina kæmi að veita blöðum sem seld væru í áskrift sérstakan ríkisstuðning, og tók að því leyti til undir hugmyndir hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, fyrrv. forseta Alþingis, um ríkisdagblað. Það væri þá fjárstuðningur úr ríkissjóði sem aðeins rynni eða fyrst og fremst rynni til Morgunblaðsins en þá ekki til Fréttablaðsins sem á þeim tíma var eina blaðið sem Baugur gaf út. Ég vil spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson hvort hann sé stuðningsmaður ríkisdagblaðs og hugmynda um ríkisstyrki af þessu tagi.

[14:24]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Til þess að svara hv. þm. Helga Hjörvar með skýrum hætti get ég upplýst hann um það að ég er ekki hlynntur slíkum ríkisstyrkjum. Og það sem meira er þá er ég ekki hlynntur því að ríkið reki fjölmiðil, hvort sem það er blað, útvarp eða sjónvarp. Ég hef lagt fram á Alþingi á þskj. 407, sem er 337. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, ásamt hv. þingmönnum Birgi Ármannssyni og Pétri H. Blöndal, sem mælir fyrir um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ég held því að það liggi alveg fyrir hvert mitt álit er á ríkisstyrkjum og þátttöku ríkisins á fjölmiðlamarkaði.

Hins vegar svaraði hv. þm. ekki spurningu minni. Það hafa komið fram yfirlýsingar frá þingmanni Samf. sem heldur því fram að Fréttablaðið sé ekki fréttablað heldur auglýsingablað. Ég tel að með þeim yfirlýsingum sé hann að gefa blaðamönnum sem starfa á því blaði nokkuð langt nef og gera lítið úr störfum. þeirra. Ég tel líka að þær yfirlýsingar setji heldur betur í uppnám þingmál Samf. sem mælir fyrir um að setja skuli reglur til þess að tryggja sjálfstæði og frelsi blaðamanna. Ég átta mig ekki á því, ef Samf. lítur svo á að t.d. þetta tiltekna blað sé auglýsingablað en ekki fréttablað þá veltir maður því fyrir sér hvernig þær skilgreiningar skarast á við þau markmið sem fram koma í því þingmáli.

En ég spyr enn og aftur: Er hv. þm. Helgi Hjörvar sammála flokksbróður sínum um að þetta tiltekna blað sé auglýsingablað en ekki fréttablað?

[14:26]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að frétta það í þessari umræðu að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sé ekki orðinn helsti sporgöngumaðurinn að útgáfu ríkisdagblaða á Íslandi. En hv. þm. hefur nú snúist eins og vindhani í meiningum sínum undanfarna daga og skilið við fyrri sannfæringu sína í öllum grundvallaratriðum, held ég, í því máli sem hér liggur fyrir og þess vegna full ástæða til að ganga eftir því hvort hann væri ekki fullkomlega genginn í björgin með ríkisdagblaðinu og öllu.

Þegar hann spyr hvort ég sé sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um það að Fréttablaðið sé auglýsingablað þá vil ég nú fyrst segja að ég tel að hv. stjórnarliðar hafi verið alveg einfærir um að svívirða starfsmenn Fréttablaðsins og að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi ekki gert það í ræðu sinni, enda með eindæmum málefnalegur og kurteis þingmaður þar á ferð. Það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson var að draga fram var að Fréttablaðið væri fjármagnað með auglýsingum og í þeim skilningi auglýsingablað en ekki áskriftarblað. Það breytir því ekki að í því birtast fréttir og ágætar fréttir oft og stundum auðvitað aðrar og verri fréttir. Ég hef þannig sjálfur verið titlaður siðblindi blindrahöfðinginn af ritstjórum Fréttablaðsins og DV í skrifum þeirra og getur mönnum auðvitað sýnst sitt hverjum um það. En mér finnst nú samt að þeir menn og eigendur þessara blaða og hver sem er eigi að fá að prenta blöð, útvarpa eða sjónvarpa skoðunum sínum meðan ekki eru nein takmörk fyrir því hve margir komast að í því efni. Það er grundvallaratriðið sem hér er undir, þ.e. að allir, hverju nafni sem nefnast, háir sem lágir, svartir sem hvítir, hægri menn, vinstri menn, góðir menn, vondir menn, fangar og frjálsir menn, allir megi prenta, útvarpa og sjónvarpa að vild sinni fyrir Íslendinga á íslensku.

[14:29]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hvað liggur á? Hvers vegna liggur svona mikið á? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað. Norðmenn tóku fjögur ár í að búa til þá löggjöf um fjölmiðla sem í gildi er þar í landi þessa dagana og þeir eru nú að endurskoða þá löggjöf og færa til meira frjálsræðis. Sú löggjöf er engu að síður mun frjálslegri en íslenska löggjöfin verður ef það frv. sem hér er til umfjöllunar ásamt breytingartillögum verður að lögum.

Fyrir Alþingi liggja fjölmargar umsagnir sem eiga það sameiginlegt að leggja á það áherslu að vanda beri vinnuna og verkið og undrast það flaustur sem einkennir verklag Sjálfstfl. og Framsfl. Dæmi um slíkar umsagnir eru umsagnir ASÍ, BHM, BHMR, Þorbjörns Broddasonar, Sigurðar Líndals og Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins. Í umsögn Árvakurs segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur hins vegar fram komið lagafrumvarp ganga of langt og fela í sér óþarflega röskun á starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja í ljósvakamiðlun.“

Síðar í sömu umsögn segir, með leyfi forseta:

„Hvað meðferð þessa mikilvæga máls í held sinni varðar, átelur stjórn Árvakurs hf. hversu skammur tími virðist ætlaður til umræðu um það, sem leiðir til alvarlegrar óvissu um farsælar lyktir þess og hugsanleg áhrif til lengri tíma litið."

Ég minni aftur á að Norðmönnum þótti ástæða til að taka fjögur ár í umfjöllun um sitt frv. þó að ég sé hér með ekkert endilega að mæla með því að svo langur tími verði tekinn, en á milli má nú vera.

Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir lögmenn, Einar Páll Tamimi, lögfræðingur og kennari við Háskólann í Reykjavík, og Stefán Geir Þórisson lögmaður fjalla öll um frv. með tilliti til EES-samningsins. Þau gefa öll frv. falleinkunn, einnig eftir að tillit hefur verið tekið til brtt. sem fram eru komnar.

Lögmennirnir Jakob Möller, Einar Páll Tamimi og Sigurður Líndal hafa allir lýst því yfir að frv. muni ekki standast þrátt fyrir brtt. Samkeppnisstofnun telur frv. ekki standast samkeppnislög þrátt fyrir brtt. meiri hluta allshn. og margir fleiri hafa tekið í sama streng og stöðugt fleiri efast. Því spyr ég enn, eins og fólkið um allt Ísland er að spyrja: Hvað liggur á?

Ég ætla að vitna í Sigurð Líndal, með leyfi forseta, en hann segir:

„Ef reynslan verður sú að frumvarpið — ef að lögum yrði óbreytt — snerti einungis eitt fyrirtæki með sérstökum hætti umfram önnur, jafnvel svo að það biði verulega hnekki, er það sérstakt athugunarefni hvort lög sem í reynd hefðu þessi áhrif, þótt orðalag þeirra væri almennt, samrýmdust 72. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að ekki yrði unnt að líta svo á að þau fælu í sér almennar takmarkanir, heldur svo sérstakar að þau fælu í sér eignaupptöku þegar til framkvæmda kæmi. Þá er álitaefnið hvort dómstólar breyttu þeim í eignarnámslög og þau stæðust sem slík, en bætur yrðu dæmdar. Þar sem hætt væri við að tjón snerti svo marga og yrði svo gríðarlegt að enginn vegur væri að meta það er hitt miklu líklegra að lögunum yrði vikið til hliðar."

Þessi umsögn segir okkur ásamt mörgum fleirum hvað það er, virðulegi forseti, fáránlegt að flýta sér með vinnslu frv. og skilja eftir svo marga óvissuþætti sem raun ber vitni.

En hvers vegna eru þessi vinnubrögð viðhöfð? Mín skoðun er sú að hér ríki alls ekkert ógnarástand í fjölmiðlun og að það sé engin vá fyrir dyrum, eins og komist er að orði í greinargerð meiri hluta allshn. Ég er sátt við ástandið, við stöðuna á fjölmiðlamarkaði á Íslandi í dag og tel hana vera góða. Ég tel að það sé fyllilega hægt að komast hjá hættum sem einhverjir sjá með öðrum ráðum sem hér er bent á og það er í mörgum umsagnanna bent á ráð sem við höfum þegar til að varast að falla í gildrur.

En eftir því sem málinu vindur fram og fleiri upplýsingar berast mætti ætla að löggjafarvaldið teldi það hlutverk sitt að bjarga einu fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði með því að eyðileggja annað, sama þótt það kosti lífeyrissjóðina a.m.k. 2 milljarða, fjölda fólks atvinnuna og leiði auðsjáanlega til aukinnar fábreytni á fjölmiðlamarkaði og veiki framleiðslu íslensks menningarefnis, að ég tali ekki um brot á stjórnarskránni eins og bent er á í mörgum greinum í fjölmörgum umsögnum virtra lögmanna sem liggja fyrir Alþingi og nefndum þess.

Í vetur höfum við séð tvö dæmi um frv. sem keyra átti í gegnum þingið með miklum hraða, þ.e. eftirlaunafrumvarpið og fjölmiðlafrumvarpið. Nú spyr ég: Hvað eiga þau sameiginlegt? Jú, þau eiga það sameiginlegt að ríkisstjórnarflokkunum finnst óþægilegt að efni þeirra sé í umræðunni og vilja koma henni af sem fyrst. Svo hefur verið látið um mælt að best sé að keyra óþægileg mál sem hraðast í gegn því þótt allt verði vitlaust í samfélaginu verði fólk búið að gleyma öllu eftir tvo daga. Þess vegna liggur svona mikið á, auk þess sem forsrh. er að nýta sér það tangarhald sem hann hefur á Framsfl. fram að 15. september. Framsóknarmenn, sem hvorki láta sjá sig né heyra, leika eins og venjulega hlutverk hins sanngjarna málamiðlara en stjórnast í raun af hagsmunagæslu og geta í hvorugan fótinn stigið.

Margir hafa reynt að mana framsóknarmenn og aðra stjórnarliða til að taka þátt í umræðunni sem hefur verið nær alfarið á höndum stjórnarandstöðunnar, en ekki tekist. Hugsanleg ástæða fyrir því að stjórnarþingmenn þegja þunnu hljóði hvað sem á dynur er að þeir vita að þeir munu fá á sig lögsókn vegna málsins og að hvert orð sem sagt er af hálfu stuðningsmanna frv. er hugsanlega málsgagn í skaðabótamáli. Það er því óhætt fyrir þá að tala varlega. Ein undantekning hefur þó orðið á því sem ég lýsti hér að framan en það var þegar hv. þm. Hjálmar Árnason berstrípaði hin raunverulegu markmið í gærkvöldi, þ.e. markmiðið er einfaldlega að snúa vopnunum gegn einu fyrirtæki. Hjálmar er eini þingmaður Framsfl. sem enn hefur tekið þátt í umræðunni. Sjálfstæðismenn hafa þó látið sjá sig hér, m.a. tekið þátt í andsvörum.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í Sigurð Líndal þar sem hann fjallar um eignaupptöku í umsögn sinni. Nei, ég var víst að því áðan, fyrirgefðu forseti. En þessi tilvitnun í Sigurð minnir okkur á hve það er stórt mál sem við erum að tala um og kostnaðarsamt ef það verður raunin sem við erum með hér í höndunum. En það er í trausti þess að þjóðin gleymi sem stjórnarflokkarnir haga málum eins og raun ber vitni á Alþingi. Málin sem koma við almenning og eru almenningi erfið eru sett fram í byrjun kjörtímabils, skattaálögur, skerðing þjónustu, niðurskurður heilbrigðisþjónustu, fjöldatakmarkanir í framhalds- og háskóla, svik við aldraða og öryrkja, öllu þessu er dembt á í byrjun tímabilsins í trausti þess að það verði gleymt undir lokin. Skattalækkanirnar sem lofað var fyrir kosningar, afnám eignarskatts, lækkun neðra þreps virðisaukaskatts og lækkun tekjuskatts mun hugsanlega birtast fyrir næstu kosningar.

En þessa dagana horfum við fram á atlögu að tjáningarfrelsinu. Lögmennirnir Gestur Jónsson, Gísli G. Hall, Gunnar Jónsson, Margrét Einarsdóttir og Ragnar H. Hall segja í umsögn sinni um tjáningarfrelsi, með leyfi forseta, og fyrst er það skilgreining á tjáningarfrelsinu:

„Þrátt fyrir mikilvægi þessara mannréttinda er heimilað í 3. mgr. 73. gr. að setja tjáningarfrelsinu skorður. Draga má skilyrði þar að lútandi saman þannig:

Í fyrsta lagi verður það aðeins gert með lögum.

Í öðru lagi verður það aðeins gert í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra." — Ég endurtek: í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra.

„Í þriðja lagi verða þær skorður sem settar eru að teljast nauðsynlegar í lýðræðisríki.

Ljóst er að tjáningarfrelsi verður ekki takmarkað með öðrum hætti en felst í þessum skilyrðum. Hér er um undantekningarreglur að ræða, sem samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum verður að skýra þröngri lögskýringu."

Þetta var skilgreining lögfræðinga á því hvaða skilyrði verða að vera fyrir hendi ef leyfa á takmörkun tjáningarfrelsis. Í niðurlagi umfjöllunar sinnar um tjáningarfrelsi segja sömu lögfræðingar, með leyfi forseta:

„Því verður ekki móti mælt að ákvæði frumvarpsins ganga í mörgum atriðum lengra í átt til takmörkunar á tjáningarfrelsi en efni tilmælanna gefur tilefni til. Við teljum ótvírætt að það sé hvorki nauðsynlegt né í samræmi við lýðræðishefðir. Jafnframt teljum við að efni þess sé til þess fallið að valda stórkostlegu tjóni þeim aðilum sem efni frumvarpsins beinist gegn, en engin leið er að átta sig á mögulegu umfangi slíks tjóns á þeim skamma tíma sem ætlaður er til umfjöllunar um frumvapið á Alþingi. Er í því sambandi áréttað að ákvæði frumvarpsins skerða eingöngu hagsmuni Norðurljósa hf., dótturfélaga þeirra og hagsmuni þeirra sem þeim tengjast. Hér er því niðurstaðan sú að ákvæði frumvarpsins, einkum og sér í lagi ákvæði til bráðabirgða, séu andstæð 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr."

Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir fjalla einnig um tjáningarfrelsi í umsögn sinni og segja í lokaorðum sínum eftir vandaða umfjöllun, með leyfi forseta:

„Í 3. málslið 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi segir að ákvæðið skuli ekki hindra ríki í að gera útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum að starfa samkvæmt sérstöku leyfi. Er ákvæði þetta var samþykkt var það annars vegar af tæknilegum ástæðum, þ.e. vegna takmarkaðs tíðnisviðs, en einnig vegna þess að sum ríki vildu viðhalda einkaleyfi ríkisins til útvarpsreksturs. Mikilvægi ákvæðis þessa hefur minnkað mjög, annars vegar vegna þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að viðhalda einkaleyfi ríkis til útvarpsreksturs og hins vegar vegna tækniframfara sem tengjast notkun tíðnisviðsins. Þá er og minnt á að skammt er þar til allt útvarpsefni verður sent viðtakendum með stafrænum hætti og því verður ekkert sem takmarkar fjölda útvarpsstöðva. Við útgáfu útvarpsleyfa ber að hafa í huga að réttur ríkis til að takmarka útgáfu þeirra er og háður ákvæðum 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Takmarkanir verða að vera nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi m.a. vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla."

Nú skulum við spyrja okkur hvort það sé eitthvað slíkt sem er í húfi hér. Þetta ömurlega öfugmælafrumvarp sem hefur það að yfirvarpi að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði mun að öllum líkindum tryggja fábreytni, samanber umsögn Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun fær ekki séð að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til þess að tryggja markmið frumvarpsins um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlun. Jafnvel má leiða að því líkur að ákvæðið stuðli frekar að einsleitni í eignarhaldi þar eð þeim fyrirtækjum kann að fækka að óþörfu, miðað við tilgang frumvarpsins, sem þátt geta tekið í eignarhaldi og þar með rekstri fjölmiðla. Þannig fæst ekki séð hvernig það getur takmarkað fjölbreytni og aukið samþjöppun að markaðsráðandi fyrirtæki taki þátt í því að stofna nýjan fjölmiðil. Ekki fæst heldur séð að það geti takmarkað fjölbreytni að markaðsráðandi fyrirtæki styrki með eignarhlut sínum möguleika lítils fjölmiðils að keppa við stærri fyrirtæki, m.a. þau sem njóta ríkisaðstoðar eða eru í markaðsráðandi stöðu. Þvert á móti eru slíkar aðgerðir til þess fallnar að auka fjölbreytni og draga úr samþjöppun. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að ákvæði samkeppnislaga leggja bann við hvers konar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppnislög eiga því að koma í veg fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri nýti styrk sinn með óeðlilegum hætti á fjölmiðlamarkaði."

Síðasta setningin sýnist mér afar mikilsverð því þarna er Samkeppnisstofnun í raun að benda á að henni sé ætlað að hafa eftirlit með því sem frv. á m.a. að snúa að en gerir í raun ekki því þó að yfirvarpið sé eitt þá er tilgangurinn augljóslega allt annar með frv.

Frú forseti. Virðingu þjóðarinnar er misboðið. Þetta mál mun ekki gleymast enda eru allar líkur á því að þjóðin standi frammi fyrir því rétt fyrir næstu kosningar að þurfa að borga á milli 2 og 3 milljarða kr. skaðabótadóm, verði frv. að lögum. Sá dómur og sú fjárhæð sem ég held að íslenska þjóðin öll vildi gjarnan nota á annan hátt og skynsamlegri verður áreiðanlega nægileg áminning til þess að fólk hugsi sig vel um og láti ekki blekkjast, jafnvel þó að dregnar verði kanínur upp úr töfrahatti eða einhverju veifað sem á að ginna kjósendur að kjötkötlum Framsfl. og Sjálfstfl. eins og oft hefur verið.

[14:50]

Brynja Magnúsdóttir:

Frú forseti. Fjölmargir fræðimenn hafa komið fram og farið gegn þessu frv. og erfitt hefur reynst fyrir meiri hluta allshn. að finna einhvern sem getur sagt að frv. og nú þessar brtt. geti leitt til hins yfirlýsta markmiðs um aukið fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Frumvarpið er ekki að ná tilgangi sínum og ætti því að detta dautt niður og menn ættu að snúa sér að einhverjum öðrum leiðum til að tryggja sjálfstæði fjölmiðla og gagnsæi þeirra.

Í blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu 2. maí eftir Pál Þórhallsson rekur hann ytri og innri aðstæður fjölmiðlaumhverfis, lagaumhverfis og samspil við frv. þetta. Ráðherranefnd Evrópuráðsins kom með tilmæli 1999 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun og það hefur verið viðfangsefni hennar í áratugi. Þegar dagblöðum fór að fækka vegna fjárhagsörðugleika og samruna brást ráðherranefndin við með ályktun nr. (74) 43 um samþöppun og nefnir mikilvægi 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, um rétt almennings til upplýsingar. Síðar samþykkti Evrópuráðið tilmælin nr. (94) 13, um aðgerðir til að stuðla að gagnsæi fjölmiðla. Núna kemur ríkisstjórn Íslands fram með frv. til að reyna að taka á samþjöppun með það að markmiði að auka fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum. Páll nefnir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Í tilmælum nr. (2000) 23 um sjálfstæði og hlutverk stjórnvalda á útvarpssviðinu segir þannig að setja beri reglur sem tryggi að þeir sem eiga sæti í opinberum eftirlitsnefndum sem hafi með höndum úthlutun útvarpsleyfa séu ekki undir áhrifum frá pólitískum öflum né séu þeir í slíkum tengslum við fjölmiðafyrirtæki að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa."

Hann dregur þær ályktanir að takmarkanir á því hverjir geti sótt um útvarpsleyfi sé íhlutun í tjáningarfrelsi og stangist á við 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hann segir einnig að þegar ríki herðir mjög skilyrði fyrir því að veitt séu útvarpsleyfi verði að útskýra af hverju vægari leiðir voru ekki farnar til að ná sömu markmiðum. Hann bendir einnig á að taka þyrfti það til skoðunar á grundvelli jafnræðisreglna hvers vegna sumir megi sækja um leyfi en aðrir ekki og hvort sú mismunun sé málefnaleg. Að lokum bendir Páll á að reglur megi ekki vera það fortakslausar að þær útiloki með öllu að tilteknir aðilar geti fengið útvarpsleyfi.

Þegar ríki herðir mjög skilyrði fyrir veitingu útvarpsleyfa verður það að útskýra af hverju vægari leiðir voru ekki farnar. Í skýrslu fjölmiðlanefndar koma fram mismunandi leiðir til að stemma stigu við samþjöppun á fjölmiðlamarkaði en engin þeirra er eins róttæk og frv. sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Þetta frv. getur í raun og veru virkað samkeppnishamlandi og dregið úr aðgengi fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni. Það beinist gegn einni tiltekinni sjónvarpsstöð. Fyrirtæki úti í bæ hafa sætt harðri gagnrýni stjórnarliða, fagmennska fréttamanna hefur verið sögð engin, fólk sagt vera að gera úlfalda úr mýflugu, frv. sé klárt og skýrt og gangi auðveldlega í gegn og því ætti frv. varla að vera fréttnæmt.

Nauðsynlegt er að koma með fjölmiðlafræðilegt sjónarhorn í þessa umræðu og hvernig þróunin hefur verið frá upphafi miðlunar. Því hef ég stuðst við samantekt prófessors Þorbjörns Broddasonar, Ritlist, prentlist, dægurmiðlar, til að geta gert slíkt á markvissan og skemmtilegan hátt, en þar kemur m.a. fram að þegar faðir prentlistarinnar, Gutenberg, fann aðferð til að steypa í móti prentstafi má segja að ákveðin tæknibylting hafi átt sér stað í boðskiptum. Með tilkomu þessarar nýju aðferðar breiddist prentlistin hratt út um Evrópu, fólk fór að prenta eitthvað annað en kirkjuleg orð og hófst mikil ritskoðun. Í Frakklandi voru menn sannfærðir um að stöðva þyrfti þessa vítisvél, villukenningar og annað sem ekki samræmdist stjórninni varð að banna. Það var ekki fyrr en í stjórnarbyltingunni að ritskoðunin hætti. Í Bretlandi var sett á stimpilgjald og samkvæmt því varð eigandi blaðs að borga penní á hvert blað sem hann prentaði og shilling á hverja auglýsingu. Þetta leiddi til hærra verðs og minni lesendahóps og einungis efnamenn gátu lesið blöðin. Blöðunum fækkaði unnvörpum og urðu fyrir vikið enn háðari yfirvöldum.

Fréttafrelsi var takmarkað víða um heim og það er ekki fyrr en í Bandaríkjunum að sett var viðbót við stjórnarskrána sem hljóðaði á þá leið að óheimilt væri að setja lög sem hindruðu málfrelsi eða prentfrelsi. Við erum svo heppin á Íslandi að hafa svipaða klausu, með leyfi forseta, segir í 73. gr. stjórnarskrárinnar:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Hér er gengið fram með þetta frv. sem einhvers konar gunnfána. Hér á lýðræðið að blakta við hún. Við verðum að viðurkenna að aldrei hefur fjölmiðlalandslagið á Íslandi verið fjölbreyttara. Því er erfitt að skilja hvaða „akút" ástand er hér í gangi fyrst við verðum hreinlega að skella okkur í herliðið sem arkar áfram á ljóshraða og lítur hvorki til hægri né vinstri — og forðast sérstaklega hægri áttina.

Napóleon Bónaparte útrýmdi blaðamennsku þegar hann var hæstráðandi. Hann sá ekki aðeins til þess að Frakkland fyndi fyrir sínu almætti heldur einnig í öðrum löndum og sagði Napóleon sjálfur að þrjú fjandsamleg fréttablöð væru hættulegri en þúsund byssustingir. Hér á landi er því svipað farið. Sakir um skort á málefnalegri umræðu í fjölmiðlum, blaðamenn sem ganga erinda eigenda sinna, engin fagmennska.

Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson segir í grein 1. maí í einu vefritanna, með leyfi forseta:

„Í Baugsblöðunum hafa ráðið för einstaklingar sem skeyta hvorki um skömm né heiður þegar koma þarf höggi á einstaklinga. Í þessu tilviki augljóslega, til að þóknast eigenda blaðsins."

Og svo síðar:

„Framganga þeirra sem fara með fjórða valdið í samfélaginu getur haft afgerandi áhrif. Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Þær reglur verða að taka eðlilegt tillit til þeirra gilda sem eru í heiðri höfð í samfélaginu að þjóðarrétti. Eigendur fjölmiðla geta ekki vænst þess að geta óáreittir beitt fjölmiðlum í krafti ofurvalds í eigin þágu og hafa með því áhrif á stjórnmálamenn og almenning. Eigi lýðræðið að vera virkt fara þeir sem hafa verið kjörnir til þess með hið opinbera vald á sviði löggjafar, framkvæmdarvalds eða dómsvalds. Þeir verða auðvitað að þola heiðarlega og öfluga umræðu um störf sín."

En óþarfi er það að skella á þessari hlussu sem þetta litla frv. er í raun og veru, Ísland skelfur undan þunga þess, og eitt af því sem hæstv. forsrh. hefur um það að segja er, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er mjög skýrt og einfalt og klárt og auðvelt að skilja það þegar menn sjá það. Ég á því von á því að það gangi greiðlega í gegnum þingið og hljóti þar mikinn stuðning. Ég á ekki von á öðru."

Þetta var 26. apríl á mbl.is og nú er kominn 13. maí og nætur liðnar og dagar og ansi margir klukkutímar og 2. umr. hafin.

Sem betur fer var þetta ekki flókið. Þetta var ekki óljóst og ófullkomið frv. vegna þess að þá hefði umræðan verið eitthvað lengri, þó að henni sé ekki lokið. Í sömu grein segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Það hefur verið haft fullt samráð við alla."

Það er flott, segi ég, það er algjör óþarfi að vera að vorkenna nefndum sem hafa komið hér grátandi undan flýtinum á meðferð málsins. Það er alveg ótrúleg frekja í þessum nefndum, það hefur verið haft fullt samráð við alla.

Svona heldur þetta áfram. Ummæli hæstv. menntmrh. í Kastljósi 28. apríl sl. eru þó athyglisverð, sérstaklega í ljósi þeirrar varnar að ekki sé verið að ganga gegn einhverju einu fyrirtæki og lögin séu ekki sértæk. Með leyfi forseta:

„Ég er ekkert rosalega sátt við það hvernig það er verið að ráðast á eina persónu í stjórnmálunum sem vill svo til að er forsætisráðherra landsins sem hefur leyft sér að gagnrýna fyrirtæki sem á Frétt og Norðurljós kannski meira heldur en aðrir í samfélaginu og þá er verið að ráðast hann og ég oft á tíðum dáist að því hvað hann stendur í lappirnar. Það er verið að væna hann um að hann sé ekki heill á geði beint eða óbeint í ritstjórnarpistlum og ýmsum blaðagreinum í Fréttablaðinu. Það er verið að tala um að það sé verið að binda gremju hans í lög o.s.frv. Ég hef aldrei upplifað jafnmiklar persónulegar árásir á einn eða neinn einstakling í samfélaginu sem leyfir sér að mótmæla einhverjum hagsmunum ákveðins fyrirtækis."

Ummæli hæstv. fjmrh. 3. maí á Stöð 2:

„Það er allt í sambandi við málsmeðferðina í þessu máli hefðbundið og hefur tíðkast um mörg mál. Það sem var hins vegar nýtt í þessu og má sjá til dæmis í dagblöðunum, sérstaklega DV og einkum DV, eru árásir á forystumenn þjóðarinnar, sérstaklega forsætisráðherra, sem mér liggur við að kalla sjúklegar. Það er ekki einleikið hvernig þetta blað, DV, leyfir sér að fjalla um forsætisráðherra."

Svo kemur vörn þeirra fagmanna sem eru undir þessu. 8. maí birtist á mbl.is fréttatilkynning frá Sigríði Árnadóttur, fréttastjóra Stöðvar 2 og Bylgjunnar, þar sem hún biður Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að fara yfir fréttaflutning RÚV og Stöðvar 2 og meta hvort einhver munur hafi verið á efnistökum í fréttaflutningi, með leyfi forseta:

„Alhæfingar sumra stjórnmálamanna undanfarið um óheiðarleg vinnubrögð, undirlægjuhátt, svik við gildi, sem allir blaða- og fréttamenn eiga að halda í heiðri, er ekki gagnrýni sem mark er á takandi. Við krefjumst ekki kurteisi, en biðjumst undan dylgjum og ærumeiðingum. Vissulega göngum við erinda — erinda áhorfenda, almennings. En ekki eigenda. Það er skylda okkar að velta hverjum steini. Veita aðhald. Upplýsa. Óháð og án afskipta eigenda."

Hér kemur fagmennskan fram. Viðleitni til fagmennsku og sú vissa sem almenningur getur haft um fjölmiðla er fagmennska og setja verður þessa gagnrýni í tengsl við fjölmiðlafræðilegt mat á atburðum líðandi stundar og ástæður þess að frv., öll orðræðan, athugasemdir, ummæli, neikvæðni, jákvæðni og allt það heila sé svona mikið umfjöllunarefni fjölmiðlanna. Af hverju er fjölmiðlafrumvarpið svona fréttnæmt og af hverju er umræðan með þessum hætti? Hef ég því ákveðið að taka þetta fyrir í tólf fréttaforsendum Galtungs og Ruges. Galtung og Ruge eru fræðimenn hafa skrifað um þá þætti sem hafa áhrif á birtingu frétta. Fréttaforsendur þeirra standast vel tímans tönn þó svo að þau hafi skrifað þessa tímamótagrein seint á fjórða áratug síðustu aldar.

Fyrsta fréttaforsendan er tíðni og átt er við þann tíma sem tekur atburð að renna sitt skeið. Fyrst var byrjað að leka fjölmiðlaskýrslunni, síðan heyrðist af frumvarpssmíðum. Fjölmiðlar hafa verið ötulir við að upplýsa almenning um breytingar og þróun á stöðu mála. Reyndar er það þannig að eitthvað eins og fjölmiðlafrumvarpið, breyttur þjóðarhagur eða róttækar stefnubreytingar hafa það langa tíðni að hætt er við að slíkir atburðir fari fram hjá vitund almennings, eitthvað annað en jarðskjálfti eða mannsmorð. En sem betur fer hafa fjölmiðlar, ríkisreknir sem og einkareknir, haft puttann á málunum.

Næsta fréttaforsenda er styrkur. Því stærri sem atburðurinn er því meiri athygli hlýtur hann. Í þessu tilfelli er það umfang fjölmiðlanna, stærð þeirra, fjöldi fólks sem er í hættu að missa atvinnuna og svo hið litla stjórnarskrár- og mannréttindabrot.

Skýrleiki er þriðja fréttaforsendan. Ef heimildir eru óljósar, umfjöllunin er of kostnaðarsöm eða of tímafrekt er að koma sér inn í málin getur fréttaflutningur orðið óljós og þokukenndur. En í þessu máli er augljóst hvernig málin standa. Umsagnir um frv. og nál. meiri hluta og minni hluta liggja fyrir, það er hægt að sjá svart á hvítu ólík viðhorf eða réttara sagt: stjórnarliðar og þrjár umsagnir gegn rest.

Fjórða atriðið er merking. Skipti atburðurinn miklu máli fyrir okkur eru meiri líkur á að við veitum honum athygli. Galtung og Ruge nefna þennan þátt líka nálægð. Því nær sem atburðurinn er því meira máli skiptir hann. Það er hægt að skipta þessu í tvennt, menningarlega nálægð og snertingu. Fjölmiðlar á Íslandi skipta miklu máli hvað varðar menningarlega hlutann og snertingu. Miðað við Íslendingabók erum við öll skyld.

Fimmta fréttaforsendan er samhljómur. Galtung og Ruge greina þessa forsendu í tvennt, fyrirsegjanleika og eftirspurn, og segja að við séum fljótari að átta okkur á því sem við eigum von á en hinu sem við búumst ekki við. Þetta getur þó jafnframt falið í sér að við séum við einhverju búin eða að við vonumst eftir einhverju.

Flestir flokkar hér hafa farið fram með tillögur um fjölmiðla og umhverfi þeirra. Samf. lagði fram þáltill. um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði sem útbýtt var 31. mars 2004, rétt tæpum mánuði á undan þessu agalega lagafrv. Pirringur hæstv. forsrh. hefur ekki heldur verið nein launung og ekki bara út í byssustingi sem eru að angra hann heldur víða og miðað við hið nútímalega lýðræðisríki sem við búum nú við er hin bónapartíska aðferð alveg tilvalin, enda endurtekur sagan sig stöðugt.

Eftirspurn og fyrirsegjanleiki. Andstaðan við það og jafnframt sjötta fréttaforsendan er óvænti, eða skipt upp í tvennt ófyrirsegjanleiki og skortur. Offorsið, reiðin heiftin, tímaskorturinn í ljósi gildistöku eftir tvö ár, málsmeðferð og hin óskiljalega þögn. Ekki átti landinn von á þessari málsmeðferð og hvernig svínað er á lýðræðinu og er það vitaskuld eftirtektarvert.

Sjöunda fréttaforsendan er samfella og ekki er beint hægt að segja að samfellan hafi náð einhverju marki. Undir samfellu fellur miklu frekar eitthvað eins og björgun skipsins Guðrúnar Gísladóttur af hafsbotni. En hvað varðar samfellu þá er skilgreiningin þannig, með leyfi forseta:

„Í þessu felst að atburðarás sem eitt sinn hefur hlotið skilgreiningu sem frétt mun halda þeirri stöðu áfram jafnvel þótt styrkur hennar minnki."

Nú eru einungis þrjú ár í næstu kosningar og samfellan heldur áfram. Vonandi hefur styrkur hennar þá ekki minnkað það mikið að þjóðin hafi gleymt málsmeðferðinni. Kannski er einna helst hættan á að Alþingisvefurinn liggi niðri alla kosningabaráttuna eins og hefur gerst með vefrit með óheppilegar skoðanir, hin bónapartíska ritskoðun máski þar á ferð. Það verður þá a.m.k. blátt bann við henni.

Samsetning er áttunda fréttaforsendan og þá einungis til að auka fjölbreytileikann í fjölmiðlunum. Ef borist hefur mikið af einni tegund fréttа er farið í annars konar fréttir til að auka á fjölbreytileikann.

Valdaþjóðir eru níunda fréttaforsendan. Það sem gerist meðal voldugra þjóða er iðulega merkilegra en það sem gerist hjá fátækum og valdsnauðum þjóðum. Jú, Ísland er voldug þjóð þó svo að lýðræðið hafi hopað aðeins og svona aðeins öðru hvoru.

Valdafólk er tíunda forsendan. Það sem kemur fyrir valdamenn fremur en almúgann er iðulega fréttnæmara, og þegar níðst er á kónginum, t.d. í Svíþjóð, er fjallað um það frekar en þegar kaupmaðurinn á horninu var bitinn af þremur hundum.

Persónutenging er ellefta fréttaforsendan. Sé hægt að persónutengja atburðinn verður frásögnin auðveldari en ella og meiri líkur eru á að sagt verði frá þeim atburði. Við vitum nokkurn veginn hvernig þetta atriði er að pluma sig í fjölmiðlum. Fréttaforsenda þessi stenst algerlega tímans tönn, reyndar líkt og allflestar þær sem hafa komið fram. Þegar þessir fræðimenn hafa sagt þetta seint á fjórða áratug síðustu aldar má maður nú ekki gerast hrokafullur og halda að í nútímalegu lýðræðisríki með fjölbreytileika fjölmiðlanna séu þeir að einblína á og einbeita sér að einni manneskju af einskærri tilviljun en ekki af gefinni ástæðu.

Síðasta forsendan eða sú tólfta tengist fyrstu forsendunni, tíðni, á þann hátt að jákvæðir atburðir taka yfirleitt langan tíma en neikvæðir gerast skyndilega, með leyfi forseta:

„Oft eru neikvæðir atburðir mjög skýrir og merkingarbærir, þeir koma einnig mjög oft á óvart. Fyrir vikið höfum við vanist því að fréttir af fjarlægum slóðum eru oftar en ekki slæmar. Góðu fréttirnar, sumar hverjar a.m.k., skortir styrk. Tíðni þeirra hentar ekki, þær taka kannski langan tíma og þær skortir merkingu fyrir okkur og þær eru e.t.v. ekki tengdar einstaklingum heldur lúta frekar að breytingum á lífi og kjörum hópa og þjóða, þær snerta almenning."

Ég veit nú varla hvort þessi neikvæði atburður hafi komið eitthvað sérstaklega á óvart. Samfylkingin hafði komið fram með þáltill. varðandi gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði, síðan hafði komið fram sameiginleg þáltill. frá hinum flokkunum um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla. Þessi fréttaforsenda á þó einna helst við umfjöllunina erlendis frá eins og t.d. pyntingar Bandaríkjamanna á föngum. Það kom virkilega á óvart að það sem Bandaríkjamenn hafa einna harðast fordæmt í stríðrekstri iðka þeir sjálfir.

Það var árið 1856 sem ritskoðun var afnumin með lögum hér á landi en þangað til gátu yfirvöld í raun og veru stöðvað útgáfu blaða ef þeim mislíkaði þau. En engu að síður er prentfrelsi okkar varið í stjórnarskrá og er því mjög skringilegt að standa í pontu hér árið 2004 og sjá atlögu að tjáningarfrelsi, að stjórnarskránni, að mannréttindasáttmála Evrópu og fleiri lagabálkum sem nefndir hafa verið í þeim ótalmörgu umsögnum sem borist hafa allshn. Frumvarpið er ekki að ná yfirlýstum tilgangi sínum og því ætti að vísa því frá og fara aðrar leiðir til að auka gagnsæi á eignarhaldi eða sjálfstæði ritstjórna.

[15:10]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, á sér mjög sérstæðan aðdraganda og feril í meðförum þingsins. Við höfum svo sannarlega fundið fyrir þeirri þróun sem verið hefur á undanförnum árum í stóraukinni fákeppni á flestum sviðum almannaþjónustunnar, fákeppni, einkavæðingu, skerðingu á samkeppni og mismunun á milli íbúa landsins til aðgengis þessarar grunnþjónustu. Ég mun síðar í ræðu minni koma inn á hvað hefur verið að gerast á bankamarkaðnum, matvörumarkaðnum, kjötmarkaðnum, fjarskiptamarkaðnum, í sjávarútveginum þar sem fiskveiðiheimildirnar eru að færast á örfárra manna hendur. Allt er þetta hluti af ákveðinni heild sem hefur verið keyrð markvisst af núverandi stjórnarflokkum, Sjálfstfl. og Framsfl., að færa auðlindir þjóðarinnar á fárra manna hendur, fá ráðstöfun þeirra í hendur örfárra manna, og færa það fjármagn sem þjóðin hefur aflað í gegnum aldirnar úr almannaeigu, úr almannaráðstöfun í ráðstöfun örfárra. Það er baksviðið sem er við frv. sem hér er til umræðu.

Fulltrúar fjögurra flokka á þinginu fluttu þáltill. á Alþingi í byrjun desember um að kanna starfsumgjörð fjölmiðla. Fyrsti flutningsmaður á þeirri þáltill. var hv. þm. og varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Álfheiður Ingadóttir, en aðrir flutningsmenn voru hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Hjálmar Árnason og Steingrímur J. Sigfússon. Sú þáltill. var kannski eins konar upphaf að þeim ferli sem síðan fór í gang þó svo að sá ferill tæki allt aðra stefnu en fyrrnefndir hv. þingmenn lögðu til í þeirri þáltill. sem mælt var fyrir á Alþingi 2. des. sl.

Þess vegna held ég að mikilvægt sé, frú forseti, að við áttum okkur á og rifjum upp hvað þarna var lagt til og síðan hvernig vikið hefur verið frá því með sorglega afdrifaríkum afleiðingum sem við sjáum ekki enn fyrir.

Í tillögunni stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi."

Síðan eru talin upp nokkur atriði sem nefndin geti kannað sérstaklega, svo sem eins og hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila, hvort setja beri sérstök ákvæði í lög sem tryggi fullt gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum, hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, og síðan að kanna löggjöf í nágrannalöndunum. Þung áhersla var lögð á eftirfarandi:

„Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, menntamálaráðuneytið og aðra aðila er málið varðar."

Hér er lagt til, frú forseti, að þingið í heild, fulltrúar allra flokka komi að þessari vinnu og stýri henni og vinni hana. Það hefði verið farsælt ef þeirri leið hefði verið fylgt.

Í grg. með þessari þáltill. er áréttað, með leyfi forseta:

„Fjölmiðlar eru ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar. Þeir hafa einnig undirstöðuhlutverki að gegna við að tryggja málfrelsi. Á fjölmiðlamarkaði þarf að ríkja fjölbreytni svo að almenningur fái upplýsingar úr ólíkum áttum. Mjög varhugavert er að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins. Slíkt skapar hættu á að ólíkum sjónarmiðum sé gert mishátt undir höfði og fjölmiðlarnir ræki ekki sem skyldi aðhalds- og gagnrýnishlutverk sitt. Fjölmiðlar verða að njóta frelsis og sjálfstæðis, vera fjölbreyttir að gerð og eiginleikum og óháðir hver öðrum til að öll framangreind markmið náist. Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því afar varasöm. Einnig er nauðsynlegt að ætíð liggi ljóst fyrir hvernig eignarhaldi fjölmiðla er háttað."

Áfram segir í grg. með sömu þáltill. frá 2. desember á síðasta ári:

„Verkefni nefndarinnar sem hér er gerð tillaga um er að kanna starfsumgjörð fjölmiðla á Íslandi, hvert stefni í þeim efnum og hvort styrkja megi sjálfstæði þeirra, frelsi og fjölbreytni með lagaákvæðum eða öðrum hætti. Mikilvægt er að nefndin starfi í nánu samráði við hagsmunaaðila og hraði störfum sínum."

Tillagan hlaut allmikla umræðu bæði í þinginu og utan þess þegar hún var lögð fram. Framkvæmdarvaldið gat ekki unað því að þingið tæki frumkvæði í málinu og þess vegna var það næsta sem gerðist í því að hæstv. menntmrh. skipaði sérstaka nefnd 19. des. árið 2003 til þess að skoða reglur um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Sú nefnd starfaði á ábyrgð stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., en ekki á ábyrgð þingsins.

Grundvallaratriðið sem lagt var upp með í þeirri þáltill. sem ég vitnaði til áðan var að þingið allt, fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna kæmu að vinnunni og henni voru í sjálfu sér ekki sett nein tímamörk en mikilvægt væri að hún væri unnin á þann hátt að sem flestir aðilar þjóðfélagsins gætu átt þar hlut að máli og komið sjónarmiðum að.

Framkvæmdarvaldið valdi að fara hina hörðu valdbeitingarleið og skipa nefnd á sínum vegum að frumkvæði menntmrh. og verkefni hennar var samkvæmt skipunarbréfinu sett mjög þröngt. Allt í einu er komið í ljós að framkvæmdarvaldið hefur bara áhuga á einum þætti fjölmiðlunarinnar, þ.e. hver fer með eignarhaldið. Nefndin er skipuð og tekur til starfa.

Sjálfsagt hefur vel tekist til með skipun manna í nefndina og þeir sem í henni störfuðu á vegum menntmrh. hafa greinilega, samkvæmt þeirri skýrslu sem þeir síðan lögðu fram, unnið mjög mikið og gott verk og ekki talið sig vera múlbundna af ríkisstjórnarvaldinu eða þeirri tilskipun sem erindisbréfið hljóðaði upp á. Það kemur fram í inngangi að skýrslu nefndarinnar að nefndarmenn geta þess sérstaklega að þeir hafi talið að skipunarbréfið frá menntmrn. hafi verið allt of þröngt markað varðandi störf nefndarinnar og þeir þess vegna vikið frá því. Með leyfi forseta, stendur einmitt í innganginum:

„Samkvæmt orðalagi skipunarbréfsins er umboð nefndarinnar takmarkað við það að meta hvort tilefni sé til að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Setning beinna reglna um eignarhald í þröngum skilningi er þó aðeins ein þeirra leiða sem farnar hafa verið í öðrum löndum, til að vernda þá hagsmuni sem að framan eru raktir." — Það er að segja um frjálsa og trausta og örugga stöðu fjölmiðla. — „Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að hægt er að fara ýmsar aðrar leiðir til að ná sömu eða svipuðum markmiðum. Nefndin hefur því tekið þá afstöðu að eðlilegt sé að fjalla einnig um aðrar leiðir sem til greina koma en lagasetningu um eignarhaldið sem slíkt, enda kunni slíkar leiðir að einhverju eða öllu leyti að vera til þess fallnar að standa vörð um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði."

Það er mjög athyglisvert, frú forseti, að nefndin sjálf rífur sig þannig úr þeim viðjum sem hún var sett í af framkvæmdarvaldinu og skoðar málið í mjög víðu samhengi og telur það skyldu sína og að hún geti í rauninni ekki sóma síns vegna og vinnu sinnar vegna unnið starfið öðruvísi en að fara þegar í stað út fyrir þau mörk sem menntmrh. eða framkvæmdarvaldið skipar.

Það hefði því átt að vera ríkisstjórninni nægileg lexía eða a.m.k. góð ábending um að hún væri á rangri leið í sínum ferli með því að binda sig svona alfarið bara við eignarhaldið þegar nefndin sjálf bendir á að það séu aðrar leiðir sem gætu fullt eins komið þar að gagni, að það sé a.m.k. mjög fávíst að ætla að binda sig bara við einn þátt.

Það hefur einnig komið fram í umræðunni um málið og er öllum ljóst að samtímis nefndarvinnunni er svo annar aðili, hæstv. forsrh., þegar farinn að skrifa texta að lögum. Þegar maður sér erindisbréf nefndarinnar, þ.e. að hún skuli bara taka á eignarhaldinu og engu öðru, liggur við að maður haldi að búið hafi verið að skrifa textann að þessu lagafrv. í megindráttum áður en nefndin fer að vinna. Að minnsta kosti er svo mikill samhljómur í því að ekki skuli tekið á öðrum þáttum en eignarhaldinu en ekkert á fjölmiðluninni sem slíkri.

Þetta eru auðvitað þekkt vinnubrögð, við þekkjum þessa vinnu ríkisstjórnarinnar í öðrum málum, t.d. ef við lítum til öryrkjamálsins, öryrkjadómsins, þar sem bréf og lagafrumvörp voru skrifuð áður en leitað hafði verið til þeirra aðila sem áttu að skrifa upp á bréfin og sama virðist vera hér upp á teningnum að frv. hafi verið skrifað áður en skýrsla nefndarinnar eða þau atriði sem hún benti á kæmu fram og ekkert tekið tillit til þess.

Það er því á allan hátt, alveg frá upphafi ferils málsins, beitt valdníðsluvinnubrögðum og ekki ætlunin að koma neitt að kjarna málsins eða þeim þáttum sem þurfti og ætlunin var að fjalla um, eins og lagt var til í þáltill. sem ég vísaði til áðan þar sem lögð var áhersla á að þingflokkarnir, Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðlar og samtök þeirra og aðrir aðilar í samfélaginu kæmu að vinnunni í upphafi og tækju fyrir alla þætti sem lytu að fjölmiðlun.

Sú skýrsla sem síðan var unnin er um margt mjög athyglisverð. Hún tekur til margra góðra þátta og þar leyfa menn sér meira að segja að velta fyrir sér stöðu Ríkisútvarpsins.

Það er reyndar athyglisvert að í allri þessari umfjöllun um fjölmiðla í þinginu og einnig af hálfu stjórnarliða og kemur skýrt fram í því frv. sem hér er lagt fram að menn eru alfarið og eingöngu uppteknir við eignarhaldsmálin. Menn ræða ekkert um hlutverk, menn ræða ekkert um skyldur og því síður að minnst sé á einhverjar samfélagslegar skyldur fjölmiðla, þjónustuskyldur eða samfélagsskyldur.

Í huga mínum og í huga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru upplýsingar sem fjölmiðlar gefa og hlutverk og skylda fjölmiðla mjög margþætt og einn af hornsteinum lýðræðisins sem lýðræðið byggir á og þeir eru einnig hluti af því almannaþjónustukerfi sem við viljum standa vörð um að allir landsmenn eigi jafnan og öruggan aðgang að á sönnum grundvelli. Það er aðeins í lögunum um Ríkisútvarpið sem er að finna einhverjar slíkar samfélagslegar skyldur sem taldar eru upp. Í lögum um Ríkisútvarpið er sagt, með leyfi forseta:

„Hlutverk og staða Ríkisútvarpsins samkvæmt íslenskum lögum hefur mikla þýðingu fyrir efni þessarar greinargerðar og við mat á því hvort ástæða sé til að setja sérstakar reglur um eignarhald á fjölmiðlum í því skyni að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Skv. 1. gr. rúvl. annast Ríkisútvarpið útvarp í samræmi við ákvæði laganna og skv. 2. gr. rúvl. er Ríkisútvarpið sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins."

Um hlutverk þess er sagt:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð."

Í 4. gr. laga um Ríkisútvarpið stendur, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Þarna er kveðið á um samfélagslegar skyldur Ríkisútvarpsins, að því beri að senda út og þjóna öllum landsmönnum.

Ég hefði í sjálfu sér talið að það hefði verið réttast að kanna fyrst hvernig Ríkisútvarpið gerir þetta eða hvernig því er gert fært að sinna þeim skyldum sínum að senda út til alls landsins og næstu miða hljóðvarpsdagskrá og eina sjónvarpsdagskrá. Nei, frú forseti, það er nefnilega fjarri því að svo sé enn, það er fjarri því að Ríkisútvarpinu sé gert mögulegt að standa undir þessum skyldum sem eru þó lagðar lögbundið á Ríkisútvarpið og Ríkisútvarpið vill í sjálfu sér standa við. Enn þá er ákveðinn hluti landsins og landsvæði sem ekki hafa aðgengi að dagskrám útvarpsins. Við þekkjum það að í stórum landshlutum er skipt sitt á hvað milli Rása

1 og 2 vegna þess að þær virðast ekki hafa útsendingarkraft, þannig að þeir sem eru að hlusta á Rás 1 í útvarpinu geta allt í einu fengið Rás 2 inn á útsendinguna.

Sjónvarp er ekki komið nærri því á alla byggða staði hér á landi, hvorki til lands né til sjávar. Það er fjarri því að því jafnrétti sem þegnarnir eiga rétt á að búa við varðandi þjónustu Ríkisútvarpsins sé enn þá fullnægt. Væri það ekki fyrsta krafan sem við ættum að gera hér þegar við fjöllum um stöðu, hlutverk og skyldur fjölmiðla að þeir nái þessum skyldum og þessum kvöðum? Ég hefði talið að það væri eitt af því fyrsta sem ætti að gera. En menn virðast láta sér það í léttu rúmi liggja og eru farnir út í aðra sálma.

Sú nefnd sem ráðherra skipaði, og vann í sjálfu sér ágætt verk þó svo að ríkisstjórnin hafi síðan ákveðið að taka ekki mikið mark á þeim tillögum sem hún lagði til, lagði einmitt áherslu á stöðu Ríkisútvarpsins og mikilvægi þess og benti á að einkareknar sjónvarpsstöðvar eða útvarpsstöðvar hefðu ekki talið sér skylt að axla í sjálfu sér neinar samfélagslegar kvaðir heldur hafi þær eftirlátið Ríkisútvarpinu það.

Mér hefði fundist það vera eitt af meginatriðunum sem leggja hefði átt upp í umræðunni að leggja þær samfélagslegu kvaðir á fjölmiðla, hvort heldur eru blöð, útvarp eða sjónvarp, sem komnir eru upp fyrir einhverja ákveðna markaðshlutdeild meðal þjóðarinnar og geta ekki beint flokkast undir að vera héraðsblað, héraðsútvarp eða héraðssjónvarp að þeir gerðu ekki upp á milli landsmanna eftir búsetu.

Það er t.d. alls ekki hægt að fallast á það að Fréttablaðið sé héraðsfréttablað Reykjavíkur eða nokkurra hverfa í Reykjavík. Það er hvorki hægt að fallast á það né að það sé héraðsfréttablað höfuðborgarsvæðisins og beri þess vegna ekki skyldur gagnvart landsmönnum öllum. Fréttablaðið er komið með slíka útbreiðslu að það er alveg eðlilegt og sjálfsagt að mínu mati að til þess væru gerðar samfélagslegar kvaðir og samfélagslegar skyldur.

Hvers vegna er þá sá munur gerður á borgurum landsins að Fréttablaðið er borið ókeypis í öll hús á höfuðborgarsvæðinu og á ákveðnum stærstu þéttbýlistöðum landsins en ekki svo á öðrum svæðum landsins? Mér finnst að þegar miðill er kominn með svo mikla útbreiðslu og er orðinn svo virkur í þjóðfélagsumræðunni að hann er farinn að hafa þar bæði áhrif og óbeina upplýsingaskyldu ættu líka að fylgja eftir í gegnum löggjafann með einum eða öðrum hætti samfélagslegar kvaðir á slíka fjölmiðla, þannig að ekki væri gerður munur á fólki eftir búsetu um að eiga jafnan aðgang að umræðunni sem þar fer fram.

Sama má segja um annað, eins og útvarp og sjónvarp. Þegar útvarpsrásir eða útvarpsstöðvar eru komnar með þá hlutdeild í hlustun að vera orðinn virkur aðili í þjóðfélagslegri umræðu finnst mér jafnframt að kanna eigi með hvaða hætti hægt er að gera þeim skylt að boðskapur þeirra eða sú umræða sem þær standa fyrir geti borist öllum landsmönnum. Það má svo velta því fyrir sér hvernig megi íþyngja þessum fyrirtækjum sjálfum með þeirri þjónustukvöð en þar finnst mér að ríkisvaldið eigi að vera ábyrgðaraðilinn gagnvart öllum íbúum landsins um að þessi mál verði þá í þeim farvegi að allir landsmenn sitji að mestu eða að öllu leyti við sama borð.

Hvaða réttlæti er í því að önnur aðalsjónvarpsstöðin sem komin er með umtalsverða hlutdeild á íslenskum markaði og er orðin mjög virk í þjóðfélagsumræðunni, einstaklingar í þjóðfélaginu koma þar fram og túlka skoðanir sínar og störf starfsmanna þessara miðla hafa orðið áhrif á og stýra þjóðfélagsumræðunni, er það í lagi út frá jafnræðisreglu að það sé bara hluti landsmanna sem eigi aðgang að þeirri umræðu? Er það forsvaranlegt? Hvaða frelsi og hvaða jafnrétti erum við að tryggja þar?

Mér finnst að í allri umræðunni um stöðu og hlutverk fjölmiðla sem hornsteinar lýðræðisins, hornsteinar lýðræðislegrar umræðu, hornsteinar fyrir þróun og velferð þjóðarinnar sem fjölmiðlarnir bera gríðarlega ábyrgð á og eru þátttakendur í að móta, eigi að horfa til þjóðarinnar allrar í þeim efnum. Við getum svo sem skilið að við gerum ekki sömu kröfur til einhverra afmarkaðra héraðsblaða. Reyndar er það svo að ríkisvaldið hefur í gegnum aðgerðir sínar, í gegnum einkavæðingu á pósti í áföngum, með því að taka hluta af skyldum póstsins og gera þær að markaðsvöru, orðið til þess að póstþjónusta fyrir héraðsfréttablöðin, sem geta ekki dreift sér með öðrum hætti en að kaupa póstþjónustu, hefur hækkað um mörg hundruð prósent og er að gera þeim ókleift að starfa með þeim hætti sem þau vildu og gera. Þessir héraðsfréttamiðlar eru líka gríðarlega þýðingarmiklir fyrir upplýsta, almenna fjölmiðlaumræðu.

Hér er því orðin veruleg mismunun á. Sú mismunun, frú forseti, sem gerð er á þegnum þjóðfélagsins eftir búsetu um aðgengi að þessari umræðu finnst mér hrópleg og er að mínu viti brot á öllum jafnræðisreglum og líka öllum þeim hugsjónum sem ég hélt að við flest hefðum um að við værum ein þjóð í landinu. Þennan þátt vil ég líka draga inn í umræðuna. Landið er stærra en bara þéttbýlissvæðið hér, en það er eins og umræðan snúist bara um það, um markaðshlutdeild og slag um ákveðinn markað á höfuðborgarsvæðinu, vissulega þar sem fjöldinn er mestur.

Verði sú þróun áfram eins og nú horfir til mun enn aukast gjáin milli landshluta, milli íbúa landsins í aðgengi að fjölmiðlum. Þess vegna finnst mér afar mikilvægt að í umræðunni um fjölmiðla verði settar á þá einhvers konar alþjónustukvaðir og settar á þá skyldur, upplýsingaskyldur, samfélagsskyldur við alla íbúa landsins. Á það er hvergi minnst, hvorki í skýrslunni sem hér liggur fyrir, þeirri ágætu skýrslu, annað en það sem fram kemur í umfjöllun um Ríkisútvarpið, né heldur í þessu frv. til breytinga á útvarpslögum.

Það er þó mjög athyglisvert og ánægjulegt til þess að vita a.m.k. eftir því sem ég les skýrslu þeirra ágætu manna sem unnu hana, hve þunga áherslu þeir leggja á sterkt ríkisútvarp. Þeir leggja þunga áherslu á að styrkja þurfi Ríkisútvarpið með öllum tiltækum ráðum til þess að tryggja umræðu og samkeppni hér á landi. Því er það frv. um fjölmiðla sem flutt er af formanni Sjálfstfl., þess flokks sem hefur hvað helst ályktað um að einkavæða Ríkisútvarpið, hlutafélagavæða það, selja frá því einstakar rásir, taka af því tekjustofna, breyta því og reyna að veikja það, þetta hefur verið grunntónn í ályktunum landsfundar Sjálfstfl. á undanförnum árum, ég tala nú ekki um ályktunum ýmissa undirstofnana eða stofnana og samtaka sem eru mjög tengdar Sjálfstfl. eins og Verslunarráðsins, sem leggst náttúrlega alfarið gegn frv. í umsögn sinni um það á þeim forsendum að það hefti markað, sé illa unnið og geti stangast á við stjórnsýslulög, en einn áherslupunktur Verslunarráðsins er mikilvægi þess að einkavæða og selja Ríkisútvarpið — sá hugur sem liggur að baki þeirri vinnu sem hér er verið að leggja fram er öllum ljós. Því held ég að fyllileg ástæða sé til þess að vera á varðbergi gagnvart þeim tillögum sem sprottnar eru upp úr farvegi fjölmiðlaáhuga Sjálfstfl.

Herra forseti. Það er einnig fleira sem veldur vonbrigðum í þessu frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og það er að í rauninni er hvergi tekið á hlutverki fjölmiðla sem slíkra. Hvergi er tekið á starfsháttum fjölmiðla eða hvort setja megi þeim einhver mörk. Í greinargerðinni eða skýrslu nefndarinnar sem hún skilaði telur hún upp ýmis atriði. Hún nefnir meira að segja að kostir vissrar samþjöppunar geti verið fyrir hendi. Við vitum að við búum í fámennu landi, stóru en fámennu landi. Til þess að reka öfluga fjölmiðla sem geta sinnt því hlutverki sem ég hef nefnt, að geta þjónað og tekið þátt í umræðunni á landsvísu þannig að allir landsmenn eigi sama aðgang að og einnig staðið fyrir bæði menningarlegri og gagnrýnni þjóðfélagsumræðu, þarf styrk og til þess þarf fjármagn. Þess vegna getum við ekki búist við að hér verði gríðarlegur eða ótiltekinn fjöldi fjölmiðla og fjölmiðlafyrirtækja sem geti starfað með eðlilegum hætti með þeim styrk sem hér er verið að tala um. Þess vegna verðum við að gera ráð fyrir að það séu möguleikar á ákveðinni samþjöppun hvað þetta varðar, því að ef við setjum reglur með þeim hætti að það geri öllum fjölmiðlum ófært að vinna, ef við setjum reglur með þeim hætti að þeir verði allir aumingjar munu þeir ekki geta þjónað því hlutverki og þeirri kröfu sem við gerum til þeirra. Ekki viljum við búa til eitthvert aumingjasamfélag í fjölmiðlaflóru Íslendinga, ekki trúi ég því. Kannski er það samt ætlunin.

Þess vegna verðum við að horfa til þess að við verðum að gefa ákveðið svigrúm, löggjafinn má ekki þrengja svo að að ekki sé hægt að búa til fjölmiðlafyrirtæki sem sé í sjálfu sér lífvænt, þó að jafnframt séu líka settar þær skorður að þjónustuhlutverk og rekstur fjölmiðlafyrirtækisins falli ekki í skuggann fyrir öðrum markmiðum sem geta staðið þar að baki. Við þurfum jafnframt að vera á móti því. Þess vegna eru einmitt raktir í skýrslunni kostir og þörf á vissri samþjöppun.

Menn velta því fyrir sér hvort samkeppnislög geti í sjálfu sér verið nægjanleg umgjörð utan um fjölmiðlamarkaðinn hér á landi. Vissulega geta þau verið það og að sjálfsögðu er mjög nauðsynlegt að hér ríki skýrar samkeppnisreglur og að Samkeppnisstofnun hafi tök á að fylgja þeim eftir. En ég er þannig gerður að ég hef ekki trú á að samkeppnislög og stór samkeppnisstofnun séu lausnin á öllum vanda í atvinnu- og þjónustulífi hér á landi. Í umræðunni um Samkeppnisstofnun fyrir nokkrum dögum síðan var einmitt verið að benda á að málum hefði fjölgað svo hjá Samkeppnisstofnun að fari svo fram sem horfir lendi hún í að vera nokkrum árum á eftir ef hún ætlar að afgreiða þau og að hún þurfi að fjölga fólki verulega, og ef það væri reiknað áfram nú að sá málafjöldi sem bærist til Samkeppnisstofnunar yxi með sama hætti á næstu 10–20 árum og hann hefur gert síðustu 10 ár væri stór hluti Íslendinga farinn að vinna hjá Samkeppnisstofnun í eftirliti. Ég hef ekki trú á að það sé lausnin.

Ég hef trú á því að við þurfum að setja almenn lög um fjölmiðla þar sem ekki aðeins séu afmörkuð starfsskilyrði þeirra heldur séu þeim líka settar þjónustuskyldur og þjónustukvaðir við alla landsmenn, að gerð sé til þeirra félagsleg og samfélagsleg krafa sem hvergi er minnst á í því lagafrv. sem hér er lagt fram, enda ekki við því að búast frá þeim flokkum sem eru að leggja til hliðar allt sem heitir samfélagsþjónusta og félagshyggja, það er eitur í beinum þeirra nema hjá kannski einum framsóknarmanni, einum þingmanni sem man eftir félagshyggju og samhjálp. Það er hvergi minnst á það.

Ég tel að þetta eigi að vera grunnstef til fjölmiðla eins og annarrar almannaþjónustu í landinu. Þetta ætti að koma skýrt inn og síðan ætti eignarhaldið að koma mjög skýrt fram, hverjir eigi þá fjölmiðla sem um er að ræða. Það ætti að vera þar alveg niður í hvern einstakan aðila, það ætti að vera fullkomlega og öllum ljóst og þess vegna birt reglulega hverjir séu persónulegir eigendur með beinum eða óbeinum hætti að viðkomandi fjölmiðli. Sú umræða sem varð hér fyrir nokkrum missirum um það þegar ekki fékkst uppgefið eignarhald á ákveðnum fjölmiðli var svo fáránleg og svo fáviskuleg af viðkomandi fjölmiðli því að enginn skaðaðist meira á því en viðkomandi fjölmiðill sjálfur. Það var hann sem beið mest tjón. En umræðan vísaði til þess hversu mikið gat var þarna á löggjöfinni, að hægt væri að komast upp með slíkt. Ég held að það sé númer eitt og sem við þurfum að hafa fullkomlega á hreinu því að þá vitum við þó nákvæmlega hverjir standa að baki viðkomandi fjölmiðils.

Einnig tel ég mjög mikilvægt að skýrt sé kveðið á um aðild eigenda eða að gerður sé eins traustur skilveggur og hægt er á milli eigenda og blaðstjórnar eða fjölmiðlastjórnar eða þeirra sem fara með dagleg mál og umræðu viðkomandi fjölmiðils þó að við vitum að sá veggur heldur aldrei. Við höfum heyrt talað um þessa veggi eða kínamúra eins og menn kalla það í höfuðið á Kínamúrnum. En það er líka hægt að labba uppi á múrnum og ég hef labbað uppi á Kínamúrnum, þannig að kínamúrar sem menn eru að monta sig af að setja innan fyrirtækjasviða, innan samsteypa, eru jú góðir og blessaðir og alveg sjálfsagt að setja þá. En það er líka hægt að labba uppi á þeim og horfa til beggja hliða og það er gert. Það gerði ég meira að segja á Kínamúrnum og geri mér þess vegna grein fyrir því og finnst þetta alveg fáránleg samlíking eða mjög sérstæð, kannski lýsandi samlíking þegar menn eru að tala um kínamúra í viðskiptum. (**Gripið fram í:** Svo hafa menn brotið niður Berlínarmúrinn.) Svo hafa menn brotið niður Berlínarmúrinn og það er líka hægt að gera, það geta verið sömu aðilar og byggðu hann upp. Það er líka hægt í fjölmiðlunum. En engu að síður er mjög mikilvægt að þetta sé skýrt.

Það er líka mjög mikilvægt að þau leyfi sem viðkomandi fær til að reka fjölmiðil séu bundin ákveðnum skilyrðum, þau séu þá bundin nafni viðkomandi, þau séu tengd nafni eða eigendum viðkomandi fyrirtækja þannig að verði breytingar á eignarhaldi geti viðkomandi leyfi þess vegna fallið niður og verði að endurnýjast. Það er mín skoðun að rétt væri að hafa það inni.

Í þessu máli eins og mörgum öðrum hjá okkar litlu þjóð, sem getur ekki trúað á að hin óhefta samkeppni leysi öll þau mál sem upp koma, þá er það grundvallaratriði að hér sé sterkt ríkisútvarp með skilgreindu hlutverki, skilgreindri stöðu, eins og reyndar er í núverandi lögum, og að um það verði staðinn vörður og sjálfstæði þess sé tryggt. Vegna þess að ef við erum með öflugan og sjálfstæðan ríkisfjölmiðil geta aðrir blómstrað eða starfað eftir atvikum þar við hliðina, en auðvitað er ekki um endalausan markað að ræða fyrir fjölmiðla á Íslandi.

Þetta er mjög hliðstæð umræða og við höfum tekið um önnur mál sem ég ætla aðeins að víkja að, frú forseti. Það er um hvað er að gerast á öðrum tengdum sviðum. Við skulum taka umræðuna um bankana.

Bankaþjónusta, peningaþjónusta er hluti af grunnalmannaþjónustu fyrir land og þjóð. Til skamms tíma var ríkið ábyrgt fyrir bankastarfsemi í landinu og átti tvo aðal-

viðskiptabankana, Búnaðarbankann og Landsbankann. Þegar fram kom sá áhugi og sá eindregni brotavilji af hálfu ríkisstjórnarinnar að einkavæða og selja bankana kom það fyrst fram hjá ríkisstjórninni með þeim hætti að það ætti að gerast í dreifðri eignaraðild þannig að þarna væri verið að færa ákveðna eign sem ríkisvaldið ætti. Alþingi kaus reyndar bankastjórnir og síðan ráðherrar, verið væri að færa það almannahlutverk sem bankarnir sinna til fólksins. Það voru almenningsútboð á hlutabréfum í þessum bönkum og allir landsmenn voru hvattir til þess að gerast eigendur í bönkunum. Reyndar uppgötvuðu nokkrir að hægt væri að safna kennitölum fólks og komast þannig yfir fleiri hluti en engu að síður var fór þetta í gang á þessum forsendum.

Að sjálfsögðu þurfa viðskiptabankarnir að eiga sitt frjálsa starfsumhverfi að því marki sem þjóðinni er þénugt. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs töldum að það væri mjög mikilvægt varðandi einkavæðingu bankanna að ekki væri farið of hratt, að stjórn peningamála í landinu væri ekki stefnt í óvissu með því að fara allt of hratt í þessi mál. Við féllumst á að prófa að fara með annan bankann í dreifða eignaraðild og þreifa sig þannig áfram með sölu á bönkunum. En svo þegar salan fór í gang var ekki lengur verið að hugsa um dreifða eignaraðild heldur kom allt í einu fram hugtak, sennilega ættað úr Framsfl. af því að þeir áttu enn þá eftir hauka í horni frá gamla SÍS sem þurfti að búa til grúppu úr, þá fóru menn að tala um kjölfestufjárfesta og þeir ættu að fá rétt til forkaupa á ákveðnum hluta úr bönkunum og fá að semja um kjörin við ríkið. Að vísu var haldið málamyndaútboð á ríkishlutunum en svo var ekkert farið eftir því og bara samið við vildarvinina og það endaði með því að bönkunum var skipt á milli annars vegar aðila Framsfl. og hins vegar aðila Sjálfstfl. Búnaðarbankinn sálugi, sem núna heitir KB banki, fór í hendur þeirra sem töldu sig vera eða voru taldir vera í framsóknararminum og Landsbankinn í hendur fjölskyldu sem hafði lengi tengst í Sjálfstfl.

Við vorum andvíg þessari stefnu og töldum að það væri mjög mikilvægt að halda þjóðbanka, að ríkið væri með þjóðbanka sem væri með afmarkaðar skyldur, afmarkaðar þjónustuskyldur og væri til þess að tryggja jafnræði í peningamálum á Íslandi. Því miður varð ekki af því og því miður voru báðir bankarnir seldir.

Næsti slagur sem við beittum okkur fyrir var að verja sparisjóðina. Þegar fara átti að láta sparisjóðina renna líka inn í annan hvorn einkavædda bankann tókst að spyrna þar við fæti í bili. Engu að síður hafa þessar nýju bankasamsteypur reynst mjög afdrifaríkar í íslensku atvinnulífi og íslensku viðskiptalífi, ekki síst fyrir fjölmiðlana.

Við upplifum það að bankarnir, sem áður voru fyrst og fremst bara þjónustustofnanir í peningaviðskiptum fólks og fyrirtækja og í viðskiptum með peningabréf í einu eða öðru formi, hlutverk þeirra var fyrst fremst sem viðskiptabanki, eru allt í einu orðnir umsvifamiklir í að breyta atvinnu- og eignastrúktúr í landinu. Og þeir verða allt í einu gerendur í endurskipulagningu í fjölmiðlaflóru á Íslandi. Að sjálfsögðu þurfa fjölmiðlar á fjármagni að halda. En ég held að þeir þurfi ekki á því að halda að bankastofnanir sem slíkar fari að ráða uppbyggingu þeirra og strúktúr.

Við upplifðum það sama í sjávarútveginum þegar, eins og við þekkjum úr umræðunni fyrr í vetur, Landsbankinn komst yfir Eimskip og Brim, eitt af stærri sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, bútaði þau niður og seldi þau aftur, stóð allt í kringum borðið, átti fyrirtækin, tók að sér að selja þau, stýrði kaupunum, stýrði lánskjörum kaupendanna o.s.frv. þannig að hann var með alla þættina í kring í hendi sér.

Og hver varð niðurstaðan? Jú, þeim tókst að ná nokkrum milljörðum króna út úr sjávarútveginum og var það þó síst sem hann hafði þörf á að gerð væru innbrot í sjávarútveginn með þeim hætti sem þar var gert. Svo þegar sami banki gumar nú af hagnaði fyrstu þrjá fjóra mánuði ársins þá nemur sá hagnaður eitthvað í kringum það sem sem tókst að hafa út úr þessum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það er nú það sem þar er á ferðinni.

Þannig að með aðkomu bankanna, hvort sem er að þessum auðlindum þjóðarinnar, hvort sem það er fjölmiðlastarfsemin, sjávarútvegurinn eða kjötmarkaðurinn, þar liggur kannski meginmeinsemdin og það frelsi sem ríkisstjórnarflokkarnir og hæstv. viðskrh. og einkavæðingarráðherra ríkisstjórnarinnar hefur gefið þessum markaði. Síðan er stokkið á fætur og reynt að kippa í liðinn einum og einum lið sem er að fara svo úr skorðum að þeim blöskrar en áfram er líkaminn meinsjúkur.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram frv. um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum á 127. löggjafarþingi, 2001–2002. Við töldum að þar værum við einmitt að sigla á vissan hátt í kjölfar og styðja sjónarmið sem höfðu komið fram í ræðu hjá hæstv. forsrh. sem hafði sjálfur sagt á Alþingi að hann legði áherslu á að bankarnir færu í dreifða eignaraðild. Við töldum því að við ættum í honum ríkan og sterkan bandamann þar en þegar á reyndi virtist allt annað búa að baki.

Við komum líka fram tillögu í vetur um að takmarka möguleika viðskiptabankanna til þess að vera með óskyldan atvinnurekstur þegar við lögðum fram frv. til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki á þessu þingi þar sem við lögðum áherslu á að fjármálafyrirtæki gætu einungis fengið eina tegund starfsleyfis og þar sem komið væri í veg fyrir að fjármálastofnanir gætu samtímis verið eigendur að fyrirtæki, ákveðið hver keypti það, ákveðið á hvaða lánskjörum viðkomandi fengi það o.s.frv., kerfi sem mun leiða til mikils ófarnaðar í íslensku atvinnulífi ef það fær að viðgangast. Það mun þrengja svo að umsvifum og samkeppnisstöðu í íslensku atvinnulífi ef aðeins tvær eða þrjár bankasamsteypur, og þar af ein sem er í eigu einnar fjölskyldu, eiga að hafa svona gríðarlega mikið vald.

Undir sams konar vald eru fjölmiðlarnir, ýmsir sem við erum að fjalla um, líka ofurseldir, verða bæði að sækja þar möguleika sína og líka að lúta, því miður. Þess vegna er fyllilega ástæða til að um það sé settur ákveðinn lagarammi sem bæði tryggi fjölmiðlum starfsgrundvöll en hamli því einnig og taki af allan vafa og alla tortryggni um að annarleg sjónarmið önnur en sönn og örugg og góð fjölmiðlun liggi að baki sem hvatir fyrir eign í slíkum fyrirtækjum. Það er mjög mikilvægt að þeirri tortryggni sé eytt og að styrkja þá umgjörð með lögum.

Lögin taka heldur ekki til ýmissa annarra fjarskipta- og fjölmiðlamöguleika. Þau taka ekki til möguleika Landssímans í gegnum símalínur inn á hvert heimili, í gegnum breiðbandið, í gegnum internetið. Ekki er minnst á það í frv. og gæti maður þó haldið að það væri mikilvægt því við erum að sigla þar inn í nýjan tíma og væri þá eins gott að búa sig undir það fyrir fram að setja því einhverja lagaumgjörð, starfsumgjörð sem væri ekki endilega hamlandi á að þessir möguleikar væru nýttir heldur hvernig mætti nýta þá með

sem öflugustum hætti á jafnræðisgrunni gagnvart þegnum þjóðarinnar.

Eru ekki andstæður í því að ríkisstjórnin sé að flytja frv. um skorður á eignarhaldi á fjölmiðlum annars vegar og sé hins vegar með á stefnuskrá sinni að selja Landssímann hverjum sem er, þess vegna til Búlgaríu, Landsbankans eða hvers annars sem gæti verið áhugaverður kaupandi? Landssíminn hefur í gegnum net sitt möguleika á að taka upp nú þegar mjög öfluga fjölmiðlun, dreifingu á fjölmiðlaefni inn á hvert heimili og í því liggja reyndar miklir möguleikar. Þetta fyrirtæki er á sölulista og stjórnarherrarnir vildu helst vera búnir að selja Landssímann, en það er ekkert í frv. sem setur skorður eða stýrir þeim farvegi sem fjölmiðlamöguleikarnir í gegnum net Landssímans yrðu að lúta eða aðlaga sig að. Eru þetta trúverðug vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar? Nei, þetta eru ekki trúverðug vinnubrögð, langt í frá.

Ég vona reyndar að sú ákvörðun verði tekin hið fyrsta að hætta við sölu Landssímans og beita styrk hans og möguleikum til að efla fjarskiptaþjónustu um allt land og líka til þess að nýta möguleika Landssímans og nets hans í fjölmiðlastarfsemi á ábyrgð þjóðarinnar. Ég tel að það væri mikilvægt að Landssímanum og styrk hans væri beitt til þess að byggja upp GSM-farsímaþjónustu um allt land og breiðbandsvæðinguna til þess að allir geti orðið virkir þátttakendur í þjóðfélagsumræðunni í gegnum þá fjölmiðla og fjölmiðlun sem fyrir hendi er. En með því kerfi sem við nú búum við hefur orðið fullkominn samdráttur í uppbyggingu á þjónustusviði Landssímans, t.d. í GSM-kerfinu út um landið, vegna þess að verið er að búa fyrirtækið undir sölu og því ekki ráðist í eitthvað sem menn telja óarðbært.

Væri ekki nær að við værum að taka á þessum málum í heild sinni, hættum við sölu Landssímans og könnuðum hvernig nýta megi styrk hans og möguleika til fjölmiðlunar og felldum það líka inn í umræðuna um breytingu á lögum um útvarpsmarkaðinn?

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þau atriði sem ég vildi helst draga fram í þessari umræðu til viðbótar því sem aðrir hafa sagt og bent á hversu afar takmarkað það frv. sem hér er lagt fram er um það mál sem menn héldu að fjalla ætti um. Þar er eingöngu tekið á einum afmörkuðum þætti og menn deila meira að segja um hvort þau tök eða það sem þar er lagt til sé ekki bara til að þrengja að sjálfstæði og vandaðri fjölmiðlun hér á landi, hvort afleiðingar þess sem hér er lagt til snúist ekki í öndverðu sína við það markmið sem sett er í þeirri vinnu. Menn velta því líka fyrir sér og er ágreiningur um hvort þarna séu á ferðinni hreinar lögleysur í margháttuðum skilningi.

Þess vegna verður að mínu mati að líta á þær tillögur sem lagðar eru fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem einungis innlegg í þá umræðu. Ríkisstjórnin hefur fengið tækifæri til að koma að valdshugmyndum sínum, löngununi til að deila og drottna í krafti sértæks valds, inn í umræðuna, en að það snerti stöðu, möguleika og almenna og góða umgerð fjölmiðlunar í landinu, það er af og frá.

Ég vil því vitna aftur í upphafsorð ræðu minnar. Það var rædd hér á þinginu í desember þáltill. og ég ætla að vitna beint í hana, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi."

Að þingið skipaði slíka nefnd og að sú nefnd starfaði í nánu samráði við þá aðila sem best þekkja til, Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, menningarsamtök og aðra sem eðlilegt væri að ættu hér hlut að máli. Það var sú umgjörð sem við vildum búa vinnu þessa máls og að menn gæfu sér tíma — reyndir menn vinna að vísu hratt og örugglega — þannig að á næsta þingi væri hægt að afgreiða lagasetningu sem eins góð sátt væri um og nokkur kostur væri á og tæki til allra þeirra þátta sem lúta að fjölmiðlun á Íslandi með það að markmiði að þeir geti starfað og þjónað því lýðræðishlutverki sem þeim er ætlað. Þeim er ætlað að vera einn af hornsteinum lýðræðisins hér á landi. Starfsumgjörð þeirra hlýtur að markast af því að samfélagið er lítið, fámennt en mjög dreifbýlt. Við getum ekki svo auðveldlega innleitt hér einhverjar alþjóðlegar eða evrópskar reglur eða starfsumgerð fjölmiðla fyrir þjóð sem býr í miklu stærra samfélagi, en við höfum sömu markmið um þá kröfu sem við gerum til fjölmiðlunar hér á landi og aðrar þjóðir gera.

Ég ítreka það í lok ræðu minnar, frú forseti, að í umræðunni um fjölmiðlun á Íslandi hef ég saknað þess að ekki skuli vera dregið inn í hana eða tekið inn samfélagslegt hlutverk, félagslegt hlutverk, samfélagsleg krafa til fjölmiðla um að þeir þjóni ekki aðeins markmiðunum um verkefni sitt, um hvað þar fer fram, heldur þjóni einnig öllum landsmönnum. Sú lagaumgjörð sem við gerum á að miða að því að ef fjölmiðlar eru komnir með það virka stöðu í samfélagsumræðunni að hún er farin að hafa mótandi áhrif eða orðin mjög virk, þá eigi landsmenn allir að eiga sem jafnastan aðgang að slíkum fjölmiðlum, bæði að geta tekið þá inn og líka að geta tekið þátt í þeirri umræðu sem þar fer fram. Það skortir mikið á að svo sé, það skortir enn mikið á með Ríkisútvarpið þó að það sé bundið í lögum að það skuli ná með starfsemi sína til landsmanna allra og til nærliggjandi miða í kringum landið, og hefði verið nær að það hefði verið fyrsta paragraf í lögum um fjölmiðla, um réttindi og skyldur fjölmiðla, að það væri sett sem númer eitt þar inn. Einnig finnst mér það alveg sjálfsögð krafa að kanna a.m.k. hvernig koma megi því að við aðra fjölmiðla sem starfa á einkamarkaði. Þeir hafa líka samfélagslegar skyldur og þær samfélagslegu skyldur á að tíunda og draga hér fram. Lagaumgjörð um framtíðarfjölmiðlun hér á landi á að taka mið af landsmönnum öllum en ekki ákveðnum hópi landsmanna eftir búsetu.

[16:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að hefja mál mitt á tilvitnun, með leyfi forseta:

„Ísland er lýðræðisþjóðfélag og fjölmiðlar á Íslandi starfa í lýðræðisumhverfi. Lýðræði nútímans einkennist af tvennu umfram annað: meirihlutareglu og réttindum þegnanna. Lýðræðisríki nútímans styðjast flest við frjálsan markað en á honum leitast ríkisvaldið að setja almennar leikreglur en vera ekki beinn þátttakandi í atvinnustarfsemi."

Hvaðan skyldu þessar fleygu setningar vera komnar? Jú, þetta eru upphafsorð 2. kafla í frægri greinargerð nefndar menntmrh. um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi sem út kom í byrjun apríl sl., hinni svokölluðu fjölmiðlaskýrslu sem svo mjög hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum vikum og hefur í raun og veru hrundið af stað atburðarás sem sett hefur allt í bál og brand, ekki bara á hinu háa Alþingi heldur líka í öllu þjóðfélaginu og er ekki enn séð fyrir endann á þeirri orrahríð.

Ég sem hér stend hef svo sem ekki farið dult með skoðanir mínar á frv. Ég tel að það sé meingallað og kolómögulegt á allan hátt, að því hafi verið staðið með mjög óbilgjörnum og ósanngjörnum hætti í þinginu og það sé í raun og veru þinginu og stjórnvöldum til vansa hvernig að allri málsmeðferð hefur verið staðið. Við vitum það jú, frú forseti, að það hefur ekki verið litið til margra skuldbindinga Íslands, t.d. samkvæmt EES-samningnum. Talað er um í nál. minni hluta allshn., sem ég tek heils hugar undir, að reglur um staðfesturétt, þjónustufrelsi, fjármagnsflutninga og reglur um lögfræðilega vissu og bann við afturvirkni, séu allt reglur sem hafi verið hunsaðar samkvæmt EES-samningnum. Ekki hefur verið tekið tillit til mannréttindasáttmála Evrópu eða samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Umsagnaraðilar hafa ekki fengið nægan tíma til að tjá sig um málið. Efh.- og viðskn. Alþingis og menntmn. hafa ekki fengið að starfa eðlilega, það hefur verið svínað illilega á þessum virðulegu nefndum Alþingis. Þær hafa ekki fengið að vinna sína vinnu, frú forseti, þó svo að málið komi þessum nefndum fyllilega við því að það er ekkert einkamál fyrir allshn. og það má setja stórt spurningarmerki við það hvers vegna í ósköpunum allshn. var falið að fjalla um frv. Eina ástæðan fyrir því er í raun og veru sú að frv. var lagt fram af hæstv. forsrh.

Þetta mál heyrir að sjálfsögðu líka undir efh.- og viðskn. og menntmn. Hér er verið að takast á um prinsippmál í atvinnulífi þjóðarinnar, takast á um mál sem varða mikla fjármuni bæði í bankakerfinu og hjá lífeyrissjóðunum m.a. Þetta er ekki bara einkamál þeirra sem verða fyrir barðinu á lagasetningunni ef hún verður að veruleika, sem ég vona reyndar ekki. Og menntmn., jú, að sjálfsögðu, málið varðar menningu þjóðarinnar. Hér er verið að tala um framtíð íslenskra fjölmiðla og hvaða umhverfi við ætlum að búa íslenskum fjölmiðlum í framtíðinni og fjölmiðlar eru svo sannarlega hluti af menningu þjóðarinnar, ég tala nú ekki um ef þessir fjölmiðlar rækja hlutverk sitt eða eitt af sínum mikilvægustu hlutverkum, sem er einmitt að vera eins konar prímus mótor í allri þjóðmálaumræðu og hlúa að íslenskri tungu og íslenskri menningu, sem ég tel að mjög margir íslenskir fjölmiðlar hafi sem betur fer gert á undanförnum áratugum þó að sjálfsögðu megi gera þar bragarbót á eins og gengur því að það er misjafn sauður í mörgu fé. En nóg um það í bili.

Ef við skoðum frv. þá er það eins og ég sagði áðan algjörlega ótækt og það er af nógu að taka. Það er í raun og veru spurning hversu langt maður á að fara ofan í það. Hér hafa margir ágætir ræðumenn á undan mér farið mjög ítarlega yfir galla frv. og fáir eða engir séð neina kosti við það nema þá ef vera skyldu þeir örfáu stjórnarliðar sem hafa tekið til máls en þá er ekki einu sinni hægt að telja á fingrum annarrar handar. Þeir hafa brillerað með fjarveru sinni frá því að málið kom fyrst til umræðu á hinu háa Alþingi.

Eins og ég sagði áðan veit maður varla hvar maður á að bera niður í gagnrýninni því það er af svo mörgu að taka. Ef maður les texta frv. þá eru þar hlutir sem maður hnýtur strax um sem hvergi eru skilgreindir, t.d. það hvernig í ósköpunum menn ætla sér að fara að að því að skilgreina hugtakið markaðsráðandi staða á einhverju sviði viðskipta. Það er hvergi skilgreint í frv. og maður veit í raun og veru ekki hvað skal teljast markaðsráðandi. Síðan er hin makalausa 5% regla og skilyrði um að fyrirtæki megi ekki velta meiru en 2 milljörðum, sem ég tel vera algjörlega ótækt.

Margt annað mætti tína til, frú forseti, til að klekkja á þessu frv. en eins og ég sagði áðan hefur margoft verið bent á það í fyrri ræðum og ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að ég fari að tyggja það allt upp. Menn hafa jafnvel staðið hér og lesið upp hinar fjölmörgu umsagnir sem þó hafa borist um málið og þetta hefur allt verið tíundað fram og til baka.

Í það heila er það mín skýra og skorinorða skoðun að taka eigi málið út af dagskrá hið fyrsta og nota sumarið til að vinna í því og vanda lagasetninguna miklu betur en gert hefur verið. Það er ekkert sem segir okkur að það liggi svona mikið á. Stjórnarliðar hafa hvergi getað komið með haldfastar röksemdir fyrir því að það liggi svo mikið á að keyra þetta umdeilda frv. í gegnum þingið á örfáum dögum með þeim handarbakavinnubrögðum, og mér liggur við að segja því svínarí sem viðgengist hefur gegn lýðræðislegum vinnubrögðum, sem við höfum orðið vitni að. Það er ekkert sem gerir það að verkum eða segir okkur það að slíkt óðagot þurfi í málinu. Við ættum að setjast niður og nota sumarið til að vinna í málunum, kanna þau betur, leita fleiri umsagna og að sjálfsögðu leita ráða hjá þeim sem málið varðar. Þá er ég að tala um bæði þá sem starfa á þessum fjölmiðlum og líka þá sem eru eigendur þessara fjölmiðla í dag. Þetta er fólk sem veit út á hvað fjölmiðlun gengur, skilur eðli fjölmiðla miklu betur en flestir þeir þingmenn og jafnvel embættismenn sem hafa komið að þessari makalausu lagasetningu og jafnvel miklu betur en höfundar skýrslunnar sem á að liggja til grundvallar því fáránlega lagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu.

Frjálslyndi flokkurinn hefur aldrei sett sig á móti því að þessi mál yrðu skoðuð. Ég vil fá að minna á það að í haust var lögð fram þáltill. á hinu háa Alþingi þar sem mælst var til þess að gerð yrði könnun á starfsumhverfi fjölmiðla hér á landi. Flutningsmenn tillögunnar voru Álfheiður Ingadóttir, Vinstri grænum, Drífa Hjartardóttir, Sjálfstfl., Guðjón Arnar Kristjánsson, Frjálsl., Hjálmar Árnason., Framsfl., og Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum. Fjórir af fimm flokkum á þingi stóðu að þáltill. og skömmu síðar kom Samf. líka með tillögu þar sem lagt var til að farið yrði í að skoða þessi mál.

Það er alveg sjálfsagt, frú forseti, að skoða málin varðandi eignarhald og samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlum á Íslandi og það er jafnvel þarft að fara yfir það og líta á hvernig eigi að gera það en ég tel að þær aðferðir sem dregnar hafa verið upp af hæstv. forsrh. og komu fram í því frv. sem hér liggur fyrir séu algjörlega ótækar og beri þess vitni að málið hafi hvergi verið hugsað í botn og að mjög illa hafi verið staðið að því.

Hvernig á að standa að því? Ég tel mig ekki þurfa að standa skil á því hér og nú vegna þess að ég tel, eins og ég sagði áðan, sú vinna eigi að vera í nánu samstarfi við þá sem málið varðar og það sé ekki tímabært fyrir okkur nú á Alþingi að vera að henda einhverjum tillögum út í loftið um *það hvernig við ætlum að fara að því að skoða þessa hluti.* Við eigum að gera það í samráði við þá sem málið varðar, það er hin lýðræðislega aðferð í þessu máli, frú forseti, og þá leið eigum við að fara. Síðan væri hægt að leggja fram frv. fyrir hið háa Alþingi í haust og nota næsta vetur til að vinna af kostgæfni og vandvirkni að því að setja einhvers konar lagaumgerð um starfsemi fjölmiðla á Íslandi, og þá ekki endilega bara um eignarhald heldur líka um ritstjórnarlegt sjálfstæði og annað þess háttar, hluti sem sem varða fjölmiðlun á Íslandi miklu. Líta þarf á alla fjölmiðla á Íslandi, skoða

alla heildarmyndina eins og hún leggur sig og reyna frekar að setjast niður og smíða þá lagaumgjörð fyrir fjölmiðla sem við gætum notast við í framtíðinni. Það væri langheillavænlegasta aðferðin, að reyna að gera það í sátt við sem flesta, því að þetta er mál, frú forseti, sem varðar alla landsmenn. Neytendur fjölmiðla á Íslandi eru allir landsmenn, fjölmiðlar eru svo stór hluti af daglegu lífi okkar að þetta er ekkert einkamál. Og það er gersamlega forkastanlegt, frú forseti, að farið sé að krukka í málið eingöngu fyrir heift eins manns eða lítils hóps manna í garð einhverra annarra manna í þjóðfélaginu, að hér sé farið út í hálfgerða borgarastyrjöld eingöngu til þess að þjóna dyntunum í einhverri lítilli klíku úti í bæ sem þarf að ná sér niðri á einhverri annarri klíku sem þeir af einhverjum ástæðum, sem enginn kann skil á nema kannski þeir sjálfir þó að ég efist reyndar um það líka, eru að reyna að ná sér niðri á. Það er gersamlega forkastanlegt.

Það er enginn vafi á því, eins og ég benti á, að fjölmiðlarnir eru ein af meginstoðum opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar hér á landi og undirstaða þeirra í þjóðfélaginu þarf ekki að vera neinum vafa undirorpin. Ég hef svo sem bent á það í fyrri ræðu minni hér.

Eitt af því sem ég hef hnotið um er að stjórnarliðar hafa mjög mikið talað um að það þurfi að setja þessi lög til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Á því hefur verið tönnlast nánast stanslaust, að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun, þess vegna þurfi að setja lög á eignarhaldið. Þetta er rakalaust kjaftæði sem nær ekki nokkurri einustu átt vegna þess að það er margoft búið að sýna fram á það í málflutningi í þessum sal að fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi hefur aldrei verið jafnmikil og núna. Bent er á það og það er líka nánast viðurkennt í fjölmiðlaskýrslunni svokölluðu. Hér hjá 300 þúsund manna þjóð — ég held að ég leyfi mér að fullyrða að á fáum eða engum stöðum í heiminum er jafnfjölbreytt fjölmiðlun og hér miðað við höfðatölu — höfum við þrjú dagblöð, 23 héraðsfréttablöð sem koma út á 17 stöðum allt í kringum landið og er dreift um öll héruð landsins og fara mjög víða, líka á höfuðborgarsvæðið þar sem búa mjög margir sem áður bjuggu á landsbyggðinni og vilja gjarnan fylgjast með fréttum úr sínu héraði, viðskiptablað sem kemur út að mig minnir tvisvar í viku og sjávarútvegsblað sem kemur út vikulega. Við höfum tímarit um nánast allt milli himins og jarðar, mat, híbýli, mannlegt líf, sjávarútveg, verslun og svona má áfram lengi telja.

Við höfum ótal útvarpsstöðvar að velja úr sem sinna nánast öllu, frá trúarefnum yfir í dægurmálaútvarp þar sem nánast eingöngu er talað mál, við höfum tónlistarstöðvar sem útvarpa ýmiss konar tónlist og rabbþáttum. Við höfum meira að segja útvarpsstöð sem er eingöngu fyrir börn. Ríkisútvarpið er með sex rásir, fjórar rásir með svæðisútvarp sem senda út reglulega. Við erum með tíu sjónvarpsstöðvar, ef ég man rétt, og fjórar þeirra senda út um allt land. Til viðbótar þessu eru mjög margir sem geta tekið við gervihnattasjónvarpi, sjónvarpi utan að frá, sjónvarpi í gegnum breiðband og annað þess háttar. Við höfum að sjálfsögðu internetið þar sem er mikil gróska í fjölmiðlun, bæði í fréttaveitum, skoðanaskiptum og ýmiss konar miðlun á upplýsingum sem að sjálfsögðu er fjölmiðlun. Þarna hefur komið fram nýr og öflugur miðill á undanförnum árum. Það er reyndar miðill sem hvergi er nefndur í fjölmiðlafrv., þessu makalausa fjölmiðlafrv. forsrh., kannski vegna þess að hann notar ekki internetið, hann er ekki búinn að uppgötva það enn þá að þarna er miðill sem gæti verið mjög hættulegur fyrir íslensku ráðstjórnina, hver veit? Það er eflaust miðill til framtíðar. Við sjáum að það er farið að senda sjónvarpsefni í gegnum internetið og útvarpsefni. Við t.d. hjá þingflokki Frjálsl. hlustum iðulega á útvarpið í gegnum tölvurnar okkar. Það er oft og tíðum þannig að þegar maður hefur verið á löngum þingfundi og misst af sjónvarpsfréttum fer maður upp á skrifstofu og horfir á fréttirnar á netinu í gegnum tölvuna. Blöðin getur maður lesið á netinu, til að mynda Fréttablaðið, þetta skelfilega Fréttablað sem rænir hæstv. forsrh. svefni og jafnvel viti, segja sumir, það er hægt að nálgast það á netinu nóttina sem það kemur út, nánast um leið og það kemur út úr prentvélunum er það komið út á netið.

Það er raunar mín skoðun, framtíðarsýn varðandi fjölmiðla, að ég trúi því að þegar netið verður enn þá betra í framtíðinni verði búinn til einhvers konar fréttamiðill sem mun sýna bæði lifandi myndefni, fréttir og síðan hljóðskrár, þ.e. hljóðritað efni, og síðan texta, lesefni og ljósmyndir. Við sáum núna í kosningabaráttunni athyglisverðan vísi að þessu á Íslandi þar sem einhverjir ungir hugsjónamenn reyndu að koma á fót fjölmiðli sem þeir kölluðu tunga.is og þeir voru með fréttaflutning úr kosningabaráttunni. Það var mjög gaman að sjá þar hvernig þeir tvinnuðu saman bæði hljóð og lifandi myndir og síðan texta. Þarna var vísir að hlut sem ég held að eigi eftir að skipta meira máli í framtíðinni. Því miður lagðist þessi miðill af eftir nokkrar vikur, honum er ekki lengur haldið úti, en ég er sannfærður um það, frú forseti, að slíkur miðill á eftir að koma upp aftur og hann mun eflast, ef rétt verður að staðið, ná mjög mikilli útbreiðslu og ná að eflast og dafna nema náttúrlega að forsrh. sjái við því líka og setji lög og reyni að koma honum fyrir kattarnef. Það skal engan undra þó að það verði gert, hvort sem það verður núv. forsrh. eða næsti forsrh. eða einhverjir aðrir valdhafar í landinu sem tilheyra þeim öflum sem vilja nú gera þessa heiftúðugu árás á Norðurljós. Því það er enginn vafi á því, frú forseti, að frv. sem hér liggur fyrir er beint gegn einum aðila og engum öðrum og það eru fjölmiðlar Norðurljósa. Það er svo augljóst, það hefur komið fram í málflutningi bæði stjórnarliða, þeirra fáu sem hafa talað hér, það hefur komið fram í ýmsum heiftúðlegum greinaskrifum þar sem menn hafa farið mikinn í því að hatast út í þessa fjölmiðla, m.a. hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason, sem hefur einmitt opinberað heift sína gegn þessum miðlum.

Mér þykir einmitt aðkoma hæstv. dómsmrh. að málinu, hann er jú ráðherra í ríkisstjórn Íslands, þeirri ríkisstjórn sem er að reyna að berja frv. í gegn, athyglisverð og eftirtektarverð því að þar fer hluthafi í Árvakri sem er útgáfufélag Morgunblaðsins. Hann er að vísu ekki stór hluthafi en mér er tjáð að hann og ættingjar hans og vinir eigi mjög stóra hluti í því blaði. Árvakur er í eigu lítillar klíku í Sjálfstfl. og bönd þeirrar klíku liggja víða og ég hygg að það sé augljóst að Morgunblaðið muni hafa mikinn hag af því að lögin fari í gegn. Það mun losna við skeinuhætta keppinauta á sviði dagblaða, þá er ég að tala um Fréttablaðið og DV, og mig grunar það, frú forseti, að frv. sé að verulegum hluta samið einmitt með hagsmuni þessara aðila í huga.

Til að mynda er hvergi minnst á það í frv. að Árvakur á bæði næststærsta dagblað landsins og líka stærsta netfréttamiðil landsins, mbl.is. Af hverju eru ekki sett nein lög um eignaraðild á netfréttamiðlum? Hvernig skyldi standa á því? Mér finnst það alveg stórfurðulegt. Framsýnir og víðsýnir stjórnmálamenn sem vilja þjóð sinni vel ættu að sjálfsögðu að hugsa til þess að reyna að setja einhverjar hömlur á netið

fyrst þeir eru að hugsa um fjölmiðla á annað borð. En það er að sjálfsögðu ekki gert.

Mér finnst hafa skort svolítið á það að fólk beini sjónum sínum einmitt að því hver gæti verið hlutur þeirra sem sitja í innsta hring Sjálfstfl. og eru jafnframt stórir aðilar í Morgunblaðinu, *hver hlutur þeirra gæti verið í þessu máli sem mig grunar að sé ekkert annað en eitt stórt samsæri.*

Ég get t.d., máli mínu til stuðnings, bent á það að einn af höfundum fjölmiðlaskýrslunnar, Pétur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Framsfl., var á sínum tíma til mjög margra ára blaðamaður hjá Morgunblaðinu, það er ekkert mjög langt síðan hann hætti á Mogganum. Hann á eflaust marga vini þar, kannski meðal ritstjóra og eigenda, hver veit? Mig undrar að hann skuli ekki hafa verið spurður um þann þátt fram að þessu.

Annar maður sem hefur gengið mjög harkalega fram og talað mjög ítarlega fyrir frv. er Jakob Ásgeirsson sem skrifaði sögu fyrsta ritstjóra og aðaleiganda Morgunblaðsins, bók sem kom út rétt fyrir jól. Hann skrifar til að mynda grein í Viðskiptablaðið 28. apríl þar sem hann segir m.a.:

„Það er ekkert nema sjálfsagt að setja lög sem koma í veg fyrir að einn aðili geti verið mikilsráðandi hvort tveggja á dagblaða- og sjónvarpsmarkaði."

Hann vitnar m.a. í vin sinn og sálufélaga, Björn Bjarnason hæstv. dómsmrh., í þessari grein sem heitir „Til verndar almenningi", og þá á hann við það frv. sem nú er fram komið og það er að sjálfsögðu til verndar almenningi, það er alltaf verið að hugsa um velferð almennings í Stjórnarráðinu eins og við vitum öll. Hann segir hér, með leyfi forseta, um það sem Björn Bjarnason er að skrifa fyrir þessu frv.:

„Björn segir fróðlegt að sjá hvaða stjórnmálamenn „skortir þrek til að standast þetta áhlaup í krafti fjármagns og fjölmiðla"."

Það er sem sagt átt við það að fjármagnið og fjölmiðlar séu sennilega að gera einhvers konar áhlaup að lýðræðinu og frelsinu í þessu landi. Hér er talað um svæsin hatursskrif Gunnars Smára Egilssonar, ritstjóra Fréttablaðsins, um Davíð Oddsson o.s.frv. Svo segir hér áfram, með leyfi forseta, á eftir millifyrirsögninni „Sjálfsögð lög":

„En um þetta snýst í rauninni frumvarp til laga um eignarhald á ljósvakamiðlum: Að koma í veg fyrir að auðjöfrar allsráðandi á sumum sviðum viðskiptalífsins komist í þá aðstöðu að geta stjórnað lýðræðislegri umræðu í landinu og hafa í krafti auðs síns afgerandi skoðanamyndandi áhrif.

Í öllum löndum eru sérstök lög um fjölmiðla sem á einn eða annan hátt hafa áhrif á eignaraðild þeirra og markaðsráðandi stöðu. Frumvarp forsætisráðherra er einfalt og skýrt — og við eðlilegar aðstæður hefðu flestir verið því samþykkir.

Frumvarpið getur verið skrumskælt í miðlum Baugsveldisins og er með nokkrum *ólíkindum hvernig sumir blaðamenn* sem þykist annt um starfsheiður sinn hafa leyft sér að skrifa um frumvarp sem þeir hafa ekki séð.

Það er ekkert nema sjálfsagt að setja lög sem koma í veg fyrir að einn aðili geti verið mikilsráðandi hvort tveggja á dagblaða- og sjónvarpsmarkaði. Slík löggjöf er í flestum siðmenntuðum löndum. Og það er ekkert nema sjálfsagt til að tryggja samkeppni og eðlilega viðskiptahætti að setja lög til að koma m.a. í veg fyrir að stærsti auglýsandi á markaði eigi sjálfur meiri hluta í ljósvakamiðlum sama lands.

Það er engum til gagns að tala um þessi efni í fortíð, það er nútíðin sem gildir — og framtíðin. Umhverfið er breytt og þess vegna þurfa leikreglurnar að vera aðrar en við áður þekktum."

Það má að mörgu leyti taka undir þetta hjá Jakobi Ásgeirssyni. Það má alveg taka undir markmiðin en ég get ekki skrifað upp á aðferðirnar, það er alveg á hreinu. Þess vegna tel ég að ríkisstjórnin ætti að staldra við og hugsa sinn gang og taka málið út af dagskrá og nota síðan sumarið til að vinna almennilega úr því og hið háa Alþingi fengi það síðan til efnislegrar umfjöllunar næsta vetur og við gætum þá séð hilla undir einhver lög hvað þetta varðar eftir ár. Níu til tólf mánuðir til eða frá geta ómögulega skipt svo miklu máli hvað varðar lagasetningu sem miðar að þessum markmiðum. Það getur ómögulega skipt neinu höfuðmáli, frú forseti, að fara sér svona ofboðslega hratt.

Ég tel að einn af stærstu göllunum við það frv. sem nú liggur fyrir sé einmitt sá að með því er verið að útiloka fjársterka aðila frá því að geta fjárfest í fjölmiðlum. Sá sem hér stendur hefur nokkra reynslu af því að vinna við fjölmiðla, bæði við blöð, útvarp og sjónvarp, og mér er fullkunnugt um að það er gríðarlega dýrt að reka fjölmiðla. Það kostar mjög mikla peninga, það krefst mikils fjármagns. Til að geta rekið fjölmiðil almennilega, til að geta komið honum á fót og rekið hann almennilega verður maður að hafa aðgang að *einhverjum bakhjörlum sem eru reiðubúnir til að hætta fé í* slíkan rekstur. Þetta er áhættusamur rekstur og hann er mjög dýr.

Útgáfa dagblaða er flókin og kallar á sérfræðikunnáttu á ýmsum sviðum, á sviði ljósmyndunar, á sviði umbrots, á sviði þjóðmála og fólk verður náttúrlega að vera bæði skrifandi og talandi á þá tungu sem fjölmiðillinn kemur út á hverju sinni. Rekstur útvarps er sömuleiðis dýr og krefst bæði sérfræðikunnáttu tæknimanna og góðra dagskrárgerðarmanna með *yfirgripsmikla þekkingu á ýmsum málum* og síðan að sjálfsögðu fréttamanna með yfirgripsmikla þekkingu. Sjónvarpsrekstur krefst sömuleiðis tæknimanna, dýrs tækjabúnaðar og hæfs starfsfólks á alla vegu.

Allt þetta kostar mjög mikla peninga og það kostar mjög mikla peninga að koma nýjum fjölmiðlum á fót og byggja þá upp og jafnvel að reka þá með tapi fyrstu árin á meðan verið er að vinna land, ef svo má segja, verið er að treysta fjölmiðlana í sessi, fá áskrifendur, eignast viðskiptavini meðal auglýsenda, koma upp dreifingarkerfi og kaupa búnað og tæki og annað sem til þarf.

Að ætla sér að setja eins strangar reglur hvað varðar eignaraðild og eru í þessu frv. er ekkert annað en dauðdómur fyrir fjölmiðlun á Íslandi í framtíðinni. Ef lögin ná að ganga í gegn verður það til þess að fjárfestar munu ekki setja peninga sína í fjölmiðla hér á landi, þeir munu forðast það, ég tel að það sé alveg ljóst. Og hér á landi verða bara örfáir stórir fjölmiðlar sem kannski munu drottna að verulegu leyti yfir markaðnum en öll gróska og *öll nýliðun* í greininni mun verða fyrir bí nema e.t.v. að til komi einhverjir nýir fjölmiðlar sem nota nýja tækni eins og ég sagði áðan, og þá var ég að tala um internetið. Þar væri hugsanlega hægt að finna einhverjar leiðir til að komast hjá þessu. Síðan væri að sjálfsögðu hægt að finna aðrar leiðir til að komast hjá þessu, sem frv. tekur að sjálfsögðu engan veginn á, og það er að menn fari hreinlega út í það að gefa fjölmiðla fyrir íslenskan markað út erlendis og dreifa þeim hingað til lands, t.d. í gegnum gervihnetti. Það væri hægt að útvarpa til Íslands og það væri hægt að koma því efni til skila hér á landi einmitt í gegnum internetið. Hvernig ætla menn að taka á því? Menn

hafa ekkert hugsað út í það. Þetta er enn eitt dæmið, frú forseti, um handarbakavinnubrögðin og það hversu illa allt málið er undirbúið og allt einhvern veginn með endemum og einn allsherjarfáránleiki frá upphafi til enda.

Af einhverjum ástæðum er frv. lagt fram til höfuðs samsteypu sem er í eigu Baugsveldisins a.m.k. að hluta til, Norðurljósum, til að reyna að klekkja á því. Valdhafar í landinu hafa af einhverjum ástæðum, sem ég skil reyndar ekki alveg, ákveðið að ganga milli bols og höfuðs á til að mynda Fréttablaðinu og DV. Ég á erfitt með að skilja af hverju. Þau blöð hafa að sjálfsögðu verið gagnrýnin á valdhafa hér á landi á undanförnum missirum en mér finnst það bara allt í lagi, þau veita visst aðhald og það er gott og þarft í lýðræðisþjóðfélagi að fyrir hendi séu fjölmiðlar á hverjum tíma sem eru grimmir út í stjórnvöld.

Ég bjó sjálfur lengi erlendis, bjó í Noregi í 13 ár, og þar voru dagblöð sem voru mjög gagnrýnin og grimm og stærstu dagblöð landsins, til að mynda norska blaðið Verdens Gang, voru alltaf mjög á varðbergi og mjög gagnrýnin og krítísk á ríkjandi stjórnvöld á hverjum tíma. Þar var og er ekkert elsku mamma, þar eru stjórnmálamenn virkilega teknir fyrir og þeir fá virkt aðhald frá fjölmiðlunum, en þar í landi dettur engum í hug, frú forseti, ekki einu sinni að impra á því að fara að setja lög viðlíka þeim sem liggja á borði okkur. Engum dettur það í hug og það hefði aldrei hvarflað að mér að við ættum eftir að sjá slík lög á Íslandi. Maður er oft ósammála þessum fjölmiðlum, mikil ósköp. Stundum er það svo að manni finnast þeir vera ósanngjarnir. En það er ekki þar með sagt að manni detti í hug að ætla að fara að reyna að setja einhver lög til að koma þeim fyrir kattarnef, alls ekki.

Við í Frjálsl. höfum ekki verið tekin neinum vettlingatökum af þessum fjölmiðlum í gegnum tíðina, alls ekki. En það er ekki þar með sagt að við teljum okkur eiga harma að hefna. Nei, við teljum okkur ekki eiga harma að hefna, langt í frá. Það hefur aldrei hvarflað að okkur og aldrei verið rætt innan okkar flokks að ætla að fara að reyna að koma einhverjum ákveðnum fjölmiðlum fyrir kattarnef eða ljá því máls að taka þátt í einhverju slíku samsæri eins og nú liggur fyrir Alþingi. Það hefur aldrei hvarflað að okkur.

Ég vil líka fá að nota tækifærið, fyrst ég er kominn inn á þessa braut, forseti, til að lýsa því yfir að Frjálsl. á ekkert inni hjá þessum fjölmiðlum, þessir fjölmiðlar eiga ekkert inni hjá Frjálsl., Frjálsl. á ekkert inni hjá Baugi og Baugur á ekkert inni hjá Frjálsl. Baugur hefur aldrei styrkt Frjálsl. flokkinn með einni einustu krónu, t.d. í kringum kosningar og annað þess háttar, bara svo að það sé sagt. Það er hægt að leggja fram bókhaldsgögn því til stuðnings.

En hvers vegna eru stjórnvöld þá svona hrædd við þessa fjölmiðla? Hvað er það sem gerir það að verkum að stjórnvöld á Íslandi eru svo hrædd við blað eins og Fréttablaðið? Gæti það verið vegna þess að Fréttablaðið er ekki undir þeirra stjórn að neinu leyti og hefur margoft sýnt það og sannað að það lætur ekki þessa ráðamenn vaða yfir sig? Getur verið að hið sama gildi um DV og getur verið að hið sama gildi um Stöð 2 og þá er ég sérstaklega að tala um fréttastofuna og Bylgjuna? Gæti það hugsast? Gæti hugsast að það teljist vera mjög hættulegt að nú sé komið fram dagblað sem alþýðan í landinu getur lesið, ókeypis dagblað sem borið er inn á flest heimili? Ég veit það ekki en mig grunar að svo sé.

Á þessum síðustu og verstu tímum er það oft þannig að þegar manni blöskrar hvernig stjórnvöld fara fram með offorsi þá sest maður niður og leitar sér hugarhægðar til að mynda í heimsbókmenntunum, og ég hef, frú forseti, gert það nú á undanförnum dögum þegar ég hef verið að fylgjast með umræðunni og velta málinu fyrir mér og svo þegar manni hefur verið ofboðið. Maður reynir þá að grípa í eitthvað og velta hlutunum fyrir sér og jafnvel að sjá spaugilegu hliðina á þeim fáránleika sem við búum við og upplifum núna.

Ein af þeim bókum sem ég blaðaði í er eitt af mínum uppáhaldsritum, Góði dátinn Svejk. Mig langar til að lesa smákafla upp úr þeirri ágætu bók, með leyfi forseta, og hann hljóðar svona:

„— Þarna sjáið þið, sagði Svejk. — Allir verða að fórna einhverju fyrir keisarann. Jafnvel stólpípu og magadælu. Þegar ég var í herþjónustu fyrir mörgum árum, var það miklu verra en þetta. Þá bundu menn skrópagemlingana saman á höndum og fótum og fleygðu þeim í myrkrastofu svo að þeir gætu jafnað sig. Þá voru hvergi rúm eða hrákadallar, eins og nú er. Það voru bara hörð flet sem sjúklingarnir lágu á. Einn hafði ósvikna taugaveiki og annar bólusótt. Báðir voru bundnir á höndum og fótum og herdeildarlæknirinn sparkaði í magann á þeim og sagði að þeir væru skrópagemlingar. Þegar svo báðir dátarnir dóu kom málið fyrir þingið og stóð í blöðunum. Okkur var strax bannað að lesa blöðin og rannsókn var látin fara fram til þess að vita hverjir okkar hefðu blöð. Og þar eð ég hefi alltaf verið mesti hrakfallabálkur var ég sá eini í allri herdeildinni sem blað fannst hjá. Svo var ég leiddur til yfirheyrslu, og ofurstinn okkar, sem var mesti gapuxi, guð sé honum syndugum líknsamur, fór að öskra upp í eyrun á mér, sagði mér að standa beinum og spurði hver hefði skrifað blöðunum þessa frétt og ef ég segði sér það ekki myndi hann rífa út úr kjaftvikunum á mér og láta loka mig inni. Því næst kom herdeildarlæknirinn, steytti framan í mig hnefana og jós yfir mig ókvæðisorðum. Loks kom ofurstinn aftur og öskraði inn í eyrað á mér: — Ertu fífl eða ertu ekki fífl?

— Herra ofursti, ég er fífl.

— Tuttugu daga varðhald, enginn matur, bundinn í fjörutíu og átta klukkutíma svo að hann geti fullvissað sig um að herinn hefur enga þörf á fíflum. Við munum áreiðanlega geta lamið allar grillur út úr hausnum á þér, lúsablesinn þinn, sagði ofurstinn og æddi fram og aftur. Meðan ég sat inni fór allt í hund og kött í herbúðunum. Ofurstinn okkar harðbannaði hermönnunum að lesa, hvað sem það væri. Og þó að þeir færu á matsölustaði máttu þeir ekki vefja blöðum um pylsur eða ostbita. Upp frá því byrjuðu hermennirnir að lesa og herdeildin okkar varð sú langvíðlesnasta í öllum hernum. Allir lásum við blöðin og sérhver sveit orti háðvísu um ofurstann okkar. Og ef eitthvað kom fyrir herdeildina okkar, kom einhver dátinn því í blöðin undir fyrirsögninni „Hermannapyntingar“.“

Þetta var úr bókinni Góði dátinn Svejk eftir Jaroslav Hasek í þýðingu Karls Ísfelds, 8. kafla, „Svejk hjá skrópagemlingunum“. Og það var sjálfur góði dátinn Svejk sem einhvern tíma sagði þau fleygu orð að agi verði að ríkja í hernum. Þetta var einmitt góði dátinn Svejk sem var að segja félögum sínum sögu af því þegar ritskoðun upphófst í hernum og hermennirnir máttu ekki lengur lesa blöðin vegna þess að einhver fór að leka eða skrifa eitthvað í blöðin sem ekki þóknaðist hershöfðingjunum og keisaranum.

En það fór nú svo, frú forseti, að sú ritskoðun varaði skammt og hinir óbreyttu hermenn í her keisarans náðu sér í sína fjölmiðla hvað sem það kostaði og lásu þá og notfærðu sér þá. Það er nefnilega þannig, frú forseti, og sagan sýnir

það að þegar hið opinbera eða stjórnvöld reyna að beita einhvers konar ritskoðun finnur frelsið alltaf leiðir fram hjá því, það er alveg ljóst. Og ég reikna með því að þó að valdhöfunum takist í þetta sinn að klekkja á fjölmiðlum hér landi með því makalausa frv. sem nú liggur fyrir Alþingi muni frelsisunnandi Íslendingum takast að komast fram hjá þeirri löggjöf og valdhöfunum muni ekki líðast og þeir muni ekki komast upp með það að reyna að berja undir sig fjölmiðla hér á landi. Það er sannfæring mín, þó að það sé svo, frú forseti, að valdhafarnir sýni einmitt tilburði til þess að gera það, sýni tilburði til ritskoðunar.

Eitt skýrasta dæmið um það kom einmitt fram í kjölfar ræðu sem ég flutti á hinu háa Alþingi fyrir ekki mjög mörgum dögum síðan. Það var mjög undarleg uppákoma svo vægt sé til orða tekið, frú forseti, mjög undarleg ritskoðun sem þar fór í gang og það voru framsóknarmenn sem fóru að ritskoða. Eins og við vitum öll er Framsfl. í ríkisstjórnarsamstarfi og þingmenn hans hafa nánast eindregið lýst því yfir að þeir ætli sér að styðja þetta makalausa frv. Framsfl. er dreginn, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, inn í þetta mál á skottinu og hann ætlar að láta sig hafa það, a.m.k. megnið af honum, að styðja þá ósvinnu sem hér er verið að bera á borð fyrir þjóðina.

En það var þannig, frú forseti, að ég vitnaði í ákveðna grein á vefriti ungra framsóknarmanna og það olli miklu írafári að ég skyldi vitna í þá grein og skömmu eftir að ég steig niður úr ræðustól hins háa Alþingis var þetta að sjá á forsíðu Maddömunnar, sem hefur breytt nafni sínu úr Málgagni ungra framsóknarmanna í Málgagn ungra miðjumanna, rétt áður en vefsíðunni var lokað stóð á forsíðunni: „Maddaman er því miður óaðgengileg vegna bilunar í hugbúnaði. Maddaman biðst velvirðingar á uppákomunni.“ Fyrir neðan er teikning af einhverri fígúru með kökukefli sem reyndar líkist grunsamlega mikið ákveðnum manni sem ég ætla ekki að nefna. En nóg um það.

Þessari vefsíðu lokuðu framsóknarmenn snarlega. Og hvers vegna skyldu þeir hafa gert það? Jú, ég tel að þar hafi grímulaus ritskoðun verið á ferðinni og hér sé á ferðinni dæmi um það sem koma skal ef núverandi ríkisstjórnarflokkar verða áfram við völd. Þetta er sú ritskoðun sem þeir flokkar eru að leita eftir. En þó að Framsfl. stundi ritskoðun á vefsíðu sinni skal Framsfl. ekki láta sér detta í hug að hann verði látinn komast upp með þá ritskoðun því að Maddaman hefur lengi verið opin á vefnum og því efni sem þar var var hægt bjarga og varðveita um langan aldur og það hefur verið gert.

Ég vil fá að lesa og ætla mér að lesa hér, vegna þess að ég tel að það eigi hreinlega erindi inn í þingtíðindi, hluta úr þeirri grein sem ég las upp á sínum tíma. Ég tel að það eigi erindi inn í söguna vegna þess að ef það frv. sem við erum að ræða núna verður að veruleika verður það sögulegur atburður og ég tel að það sé mikilvægt fyrir sagnfræðinga framtíðar að þeir hafi aðgang að þeim gögnum og þeirri atburðarás sem varð til þess að þetta ógæfufrumvarp fór í gegnum þingið á vordögum árið 2004.

Sú grein sem ég las upp úr á sínum tíma og olli svo miklu írafári og olli kannski írafári að verulegu leyti vegna þess að þar var á ómaklegan hátt vegið að einum hv. þm. á Alþingi og ég ætla því ekki að lesa þann kafla, enda er ég alveg sammála því að þar var mjög ómaklega vegið að ágætum dreng og hann átti alls ekki skilið að það væri gert með þessum hætti. Ég sleppi því þeim hluta en grípniður í umrædda grein eftir Jón Einarsson, sem er í stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Skagafirði og varamaður í stjórn Sambands ungra framsóknarmanna og var prímus mótor á vefsíðunni maddaman.is áður en henni var lokað. Jón Einarsson skrifar í þessari grein, með leyfi forseta:

„Nú er það svo að reynt hefur verið að koma í veg fyrir lýðræðislega umræðu um málið með því að fela frumvarpið fyrir almenningi. Þannig hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins reynt að kasta ryki í augu almennings með því að segja að hann geti ekki fjallað um frumvarpið því það hefur ekki birst á vef Alþingis. Frumvarpið hefur hins vegar birst á heimasíðu Helga Hjörvars alþingismanns sem á heiður skilinn fyrir. Og þar las undirritaður það [þ.e. Jón Einarsson].

Undirritaður benti á það í pistli á maddaman.is þann 23. desember 2003, sem bar yfirskriftina Ein er nefndin ofsafín, ofan úr ráðuneyti, að allar tilraunir til að takmarka fjölmiðlun með fyrir fram boðum og bönnum væru brot gegn tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Jafnframt var þar bent á að úthlutun leyfa fyrir útvarps- og sjónvarpsútsendingum yrði að fara fram á grundvelli málefnalegra reglna og með málefnalegum hætti. Undirritaður hafði því aldrei trú á að nefnd um eignarhald á fjölmiðlum mundi skila af sér miklu eða góðu starfi. Og nú er það komið á daginn. Undirritaður hefur lesið skýrslu nefndarinnar, vegið hana og metið og fundið harla léttvæga. Nefndin hefur skautað fram hjá lögfræðilegum álitamálum svo sem um stjórnarskrárvarða vernd eignarréttinda, bann við afturvirkni laga og sá kafli skýrslunnar sem fjallar um tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar er snubbóttur og ber þess glögg merki að sá/þeir sem hann samdi hefur litla þekkingu á réttarsögu Íslands.“ — Ég tek það fram að Jón Einarsson mun vera menntaður lögfræðingur og er einn helsti vonarpeningur í ungliðahjörð Framsfl. Ég held áfram, með leyfi forseta: „Það er nefnilega þannig að ákvæðið var eitt sinn þannig að ritskoðun og aðrar hamlanir á tjáningarfrelsinu mátti aldrei aftur í lög leiða. Því allt fram yfir miðja 19. öld var virk ritskoðun í Danaveldi. Hugsunin á bak við hana að sjálfsögðu að koma í veg fyrir að almenningur gæti fengið upplýsingar til að hugsa sjálfstætt. Öll gagnrýnin hugsun var þá, rétt eins og nú, eitur í beinum einvaldsherra. Og það var reynslan af ritskoðuninni sem leiddi til þess að menn settu svo afdráttarlaust ákvæði í stjórnarskrána. Hömlurnar á prentfrelsi „... má aldrei aftur í lög leiða“. Það lýsir eindregnum vilja og einlægri ósk. Þess má til upplýsingar geta að Benedikt Sveinsson, faðir Einars skálds og frumkvöðuls, leið á sínum tíma fjárhagslegt tjón af því að hafa ekki fengið leyfi til að starfrækja prentverk, en þá þurfti opinbert leyfi til þess. Var hann sannfærður um að tregðan skýrðist af því hve eindregna afstöðu hann hefði tekið í sjálfstæðisbaráttunni.

Það verður að segjast alveg eins og er að málið allt heldur ekki vatni og þau rök sem reynt hefur verið að setja á flot sökkva jafnharðan. Tökum nokkur dæmi:

Dæmi 1. Því hefur verið haldið fram að þetta sé gert til að tryggja frelsi á fjölmiðlamarkaði. Reyndin er sú að frelsið er einmitt tryggt með því að það sé ekki háð hindrunum og duttlungum hvort maður megi eiga fjölmiðla. Samkeppnislög taka á þeim hluta sem að samkeppninni snýr og verður ekki betur séð en þau tól sem þau lög innihalda eigi að duga til að koma í veg fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Dæmi 2. Því hefur verið haldið fram að þetta sé til að vernda fréttamenn frá óeðlilegum þrýstingi frá eigendum. Reyndin er sú að fréttamenn eru undir meiri þrýstingi frá

stjórnmálamönnum en frá eigendum. Sést það til dæmis vel á því hvernig sumir fjölmiðlamenn skríða fyrir Davíð Oddssyni forsætisráðherra af ótta við að reita hann til reiði. Jafnframt ber að benda á að fréttastofur ríkisfjölmiðlanna eru miklu mun óháðari í raun er fréttastofur frjálsu fjölmiðlanna, því þar ná stjórnmálamenn að koma fram áhrifum sínum í gengum pólitískt skipað útvarpsráð.

Dæmi 3. Því hefur verið haldið fram að þetta sé gert til að koma böndum á hið svo kallað fjórða vald. Reyndin er hins vegar sú að fjölmiðlar eru ekkert fjórða vald. Það er almenningur sem hefur sitt vald til að taka upplýsta ákvörðun. Og það er þvert á móti mikilvægt fyrir almenning að fá sem bestar upplýsingar um einstök mál sem hann hefur áhuga á að kynna sér. Og aðgengi að slíkum upplýsingum er best tryggt með því að viðhalda frelsi í fjölmiðlum.

Dæmi 4. Því hefur verið haldið fram að frumvarpið komi í veg fyrir tengsl milli auglýsenda og fjölmiðils sem skekkja samkeppnina á auglýsingamarkaði. Reyndin er hins vegar sú að stærsta skekkjan á auglýsingamarkaði eru ríkisfjölmiðlarnir. Jafnframt því sem það verður ekki séð að þjóðfélaginu stafi ógn af því ef fyrirtæki í ólíkum rekstri kjósa að setja fé í fjölmiðla til að fá breiðari vettvang fyrir auglýsingar sínar.

Dæmi 5. Því hefur verið haldið fram að hvergi á byggðu bóli sé fjölmiðlun engum takmörkunum háð. Skýrslan sýnir hins vegar að bæði í Danmörku og Finnlandi eru takmarkanirnar litlar sem engar utan þær sem byggja á samkeppnislögum.

Dæmi 6. Því hefur verið haldið fram að þessu máli sé ekki beint gegn útgáfufélaginu Norðurljósum og aðaleigendum þess. Reyndin er hins vegar sú að verði frumvarpið að lögum mun það fyrst og fremst hafa áhrif á Norðurljós. Og því hefur verið haldið fram að óheft eignaraðild feli óhjákvæmilega í sér samþjöppun á markaði, þar til einn hefur ráðandi stöðu. Ekki verður annað séð en að reynsla okkar Íslendinga sjálfra sýni að það er alls ekkert lögmál. Tilvísanir til Berlusconi hins ítalska og fjölmiðlarisa hans hafa ekkert gildi í þessu máli, nema til að sýna að samkeppnisyfirvöld þurfa að vera vakandi.

Það er nefnilega staðreynd að eignarhald, hvort heldur er dreift eða þjappað, er engin trygging fyrir góðri fréttamennsku. Þar er það fyrst og fremst siðferðiskennd fréttamannsins sjálfs sem mestu skiptir. Sem og hæfileiki hans til að greina góðar fréttir frá vondum, til að greina rétt frá röngu og til að lesa í heimildirnar og átta sig á sannleiksgildi og fréttagildi þeirra. Enda er það svo að á endanum ber fréttamaðurinn ábyrgð á sinni vinnu, ábyrgð á því sem hann lætur frá sér fara. Bæði ber hann lagalega ábyrgð með bótaskyldu og mögulegri refsingu fyrir meiðyrði og jafnframt ber hann faglega ábyrgð með því að rangar fréttir kalla hneisu yfir hann sjálfan og þá fréttastofu sem hann vinnur fyrir og getur haft áhrif á trúverðugleika beggja.

Jafnframt er alveg ljóst að útfærsla laganna, ef frumvarpið verður þá að lögum, verður kostuleg svo ekki sé meira sagt. Hvernig ætla menn að taka á því að tæknin er alltaf að breytast. Nú gera svokölluð pdf-skjöl mönnum kleift að lesa „blöðin" heima í stofu í tölvunni. Verður þá litið á Fréttablaðið sem dagblað í skilningi lokamálsliðs a-liðar 1. gr. frumvarpsins? Eða verður litið á það sem rafrænan miðil og þar af leiðandi ekki takmarkandi gagnvart eign í hljóðvarpi/sjónvarpi? Hvað ætla menn að gera varðandi vefsíður? Þar eru margvíslegar fréttir og upplýsingar og ekki allt saman satt eða fallegt. Er næst á dagskrá að þeim verði lokað? Eða verður ef til vill lokað fyrir aðgang á internetið að hætti kommúnistastjórnarinnar í Kína? Verður ef til vill bara aðgangur að heimasíðum sem eru sjálfstæðismönnum þóknanlegar? Hvernig ætla menn að taka á muninum á dagblöðum annars vegar og til dæmis auglýsingapésum hins vegar? Má Bónus ef til vill ekki senda okkur bækling um tilboð vikunnar? Eða tilboð dagsins ef þeir kjósa að senda það út daglega? Teldist það dagblað í skilningi laganna? Og hvað með svokallað rafrænt sjónvarp og útvarp? Þörfin fyrir að takmarka aðgang að burðarbylgjum verður eftir nokkur ár alls ekki eins brýn og verið hefur. Allt bendir til að tæknin sé nú þegar búin að kollvarpa meintum röksemdum fyrir því að hneppa kerfið í fjötra. Fullt af spurningum er því enn ósvarað og undirrituðum sýnist að hvorki höfundar ofangreindrar skýrslu, Davíð Oddsson forsætisráðherra, sem í hatursbug sínum gagnvart fyrirtækjasamsteypunni Baugi og eigendum hennar er sérstaklega umhugað um að keyra málið í gegnum Alþingi, né aðrir þeir sem málinu mæla bót hafi hugsað nokkuð út í þessi atriði. Reyndar fara höfundar skýrslunnar aðeins ofan í stafrænt útvarp og sjónvarp í kafla 6.4.5 í skýrslunni. Þar er hins vegar ekkert að finna sem rökstyður eða kallar á að slíkar útsendingar verði leyfisskyldar.

Samkvæmt fréttum hefur þingflokkur Framsóknarflokksins samþykkt frumvarpið fyrir sitt leyti. Það verða að teljast ill tíðindi. Frumvarpið er eins og að ofan segir ófrelsisfrumvarp. Undirritaður vill jafnvel taka svo djúpt í árinni að segja að frumvarpið hafi á sér einkenni fasisma. Segir ekki máltækið að vegurinn til vítis sé þakinn góðum áformum. Og þó svo menn segist vera að vernda þjóðina með því að takmarka frelsið þá er það sannast að þjóðin þarf ekki slíka vernd að hún sé hneppt í ófrelsishlekki. Hvernig var það ekki þegar Adolf Hitler og félagar hans í nasistaflokknum komust til valda í Þýskalandi, voru þá ekki sett sérstök lög í kjölfar þinghúsbrunans til að vernda Þjóðverja frá innanlandsófriði? Ég man ekki betur. Allt undir því yfirskini að verið væri að vernda þjóðina frá meintri ógn. En ógnin reyndist hins vegar nasistar sjálfir. Og Þjóðverjar komust að því, en því miður fyrir þá var það of seint.

Þingmenn Framsóknarflokksins skulda skýringar á því hvers vegna þeir kjósa að leggja þessum fasisma lið. Þeir skulda flokksfélögum sínum skýringar. Þeir skulda kjósendum sínum skýringar. Og þeir skulda þjóðinni allri skýringar. Framsóknarflokkurinn hefur hingað til ekki verið fasistaflokkur. Hann hefur þvert á móti barist gegn öfgastefnum til hægri og vinstri og tilvist hans nú og langlífi sannar að sú stefna var og er rétt. En nú ber nýrra við. Eftir áratugalanga baráttu fram á við, fyrir betra þjóðfélagi og bættum hag þjóðarinnar, ætla núverandi þingmenn flokksins skyndilega að breyta um stefnu, venda seglum og snúa stýri, svo Framsóknarskútan stefni allt í einu í átt að fasisma. Eru menn svo taugaveiklaðir yfir stjórnarsamstarfinu og spenntir yfir að taka við forsætisráðuneytinu þann 15. september næstkomandi að menn eru tilbúnir að samþykkja hvað sem er? Eru menn reiðubúnir að fylgja Davíð Oddssyni og blindu hatri hans á tilteknu fyrirtæki út á hvaða fúafen sem er? Hér þarf að spyrna við og taka í tauma áður en verra hlýst af. Undirritaður vill því leggja til að þegar í stað verði boðað til sérstaks aukaflokksþings Framsóknarflokksins þar sem þessi stefnubreyting verði rædd. Það að vera framsóknarmaður felur í sér trúnað við grundvallarhugsjónir og grundvallarstefnu flokksins. Og ég kannast ekki við að þingmenn flokksins hafi neitt páfabréf fyrir því að snúa af réttri leið yfir á ranga.

Enda hefur enginn vald til útgáfu slíkra aflátsbréfa, hvorki páfinn né aðrir."

Þessi grein var skrifuð af Jóni Einarssyni. Höfundur er í stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Skagafirði og varamaður í stjórn Sambands ungra framsóknarmanna, lögfræðimenntaður maður, mjög vel ritfær eins og við sjáum hér og greinilega maður með heilbrigðan hugsunarhátt. Það verður að segja þeim ágæta manni sem ég þekki ekki neitt, hef aldrei séð eða hitt, til hróss. En þetta var of harður kostur. Þessi grein var lögð út á netið 27. apríl og vefsíðunni var lokað að mig minnir eitthvað í kringum 6. maí. Og hvers vegna var henni lokað? Ja, spyr sá sem ekki veit.

Þarna var á ferðinni rödd innan úr Framsfl., flokksmaður hv. þm. Framsfl. sem nú virðast ætla að taka þátt í því að hið umdeilda fjölmiðlafrumvarp verði að lögum með lítils háttar breytingum sem skipta raunverulega engu máli. Frumvarpið er jafnslæmt og það var þegar það var fyrst lagt fram og gersamlega svo ónýtt að ef sá sem hér stendur fengi að ráða yrði því hent hið fyrsta.

En einmitt þessi skrif hins unga framsóknarmanns, eins vonarneista Framsfl. af yngri kynslóðinni, hljóta í raun og veru að vekja þá spurningu hvað sé að gerast í Framsfl. Hvað er á seyði í Framsfl.? Við vitum jú nú þegar að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er andvígur frv., annað hefur ekki komið í ljós. Hann á reyndar að tala hér síðar í kvöld og það verður mjög fróðlegt að heyra ræðu hans og ég hygg að margir hlakki til að heyra hvað hann muni segja. En það virðist vera á ferðinni alvarlegur klofningur í Framsfl. því ef ég man rétt hafa ungir framsóknarmenn líka ályktað gegn frv. Þarna virðist því vera kominn upp alvarlegur klofningur og flokksforustan brást þannig við á sínum tíma að manni sýnist, a.m.k. á yfirborðinu, með því að reyna að kæfa þessa umræðu og reyna að ritskoða menn og hreinlega banna þá og loka fyrir fjölmiðla ungu kynslóðarinnar til að rödd hennar heyrðist ekki út á við. Það er að sjálfsögðu mjög alvarlegt umhugsunarefni. Ungliðahreyfing minni flokksins í ríkisstjórn er kæfð, ungliðahreyfing stærri flokksins virðist fá að tala svo langt sem það nær þó að hún virðist reyndar sýna mjög mikla fylgispekt við foringjann. Það er í raun og veru ekki annað að sjá af þeim greinum sem maður hefur verið að lesa eftir unga sjálfstæðismenn en að þeir séu meira og minna gersamlega heilaþvegnir og ætli að fylgja foringja sínum út á það hrikalega fúafen sem ríkisstjórnin er að fara út á með frv. En verði þeim að góðu, ég ætla ekki að vorkenna þeim, síður en svo. Það fólk grefur sína eigin gröf og það er fullfært um að gera það sjálft án þess að sá sem hér stendur fari að hjálpa þeim við það.

Undanfarna daga hefur geisað nánast styrjöld í þingsölum á milli stjórnarandstöðu og stjórnarliða út af þessu frv. Það er í raun og veru ekkert skrýtið vegna þess að manni hefur gersamlega ofboðið hvernig stjórnarliðar hafa með óbilgirni ætlað að reyna að koma frv. í gegnum þingið fyrir þinglok nánast hvað sem það kostar.

Stjórnvöld lágu á fjölmiðlaskýrslunni svokölluðu í margar vikur eins og ormur á gulli. Skýrslan kom út að ég hygg 4. apríl og ef ég man rétt lágu stjórnarliðar á henni í þrjár vikur. Þá birtist hún allt í einu á vefsíðu hv. þm. Samf. Helga Hjörvars. Hann hafði komist yfir hana með einhverjum hætti, henni hafði verið lekið í hann. Daginn eftir birtist síðan sjálft frv. einmitt líka á vefsíðu sama hv. þm. Helga Hjörvars. Einhverjir stjórnarliðar höfðu sem sagt lekið bæði skýrslunni og frv. til Helga Hjörvars.

Í því samhengi rifjast upp fyrir manni frægur leki í haust þegar þing var að byrja þegar stefnuræðu forsrh. var lekið í fjölmiðla. Þá voru höfð uppi stór orð og stjórnarandstaðan sökuð um að hafa stundað þann leka en mér er nær að halda að sá leki hafi komið frá stjórnarliðum sjálfum. Ef stjórnarliðar sjálfir eru þannig innréttaðir að ekki er hægt að treysta þeim fyrir skýrslu eins og fjölmiðlaskýrslunni eða einhverju umdeildu lagafrv. hvernig í ósköpunum á þá að vera hægt að treysta þeim fyrir stefnuræðu forsrh.? Mér er spurn. Ég held að öryggisvandamál ríkisstjórnarinnar sé miklu þarfara málefni fyrir stjórnina sjálfa til að skoða en eignarhald á fjölmiðlum í dag. Þeim væri nær að líta á sitt eigið þingmannalið og fara nánar ofan í saumana á hvernig því þingmannaliði tekst að halda utan um það sem á að vera leyndarmál á hverjum tíma. Ég vildi a.m.k. ekki vera í stjórnarsamstarfi með því fólki, ég verð að segja það alveg eins og er. Ef ekki er hægt að treysta fólki fyrir einföldustu leyndarmálum í smátíma er illa komið fyrir samstarfi.

En það má kannski víkja aðeins að undirferli í stjórnmálum. Og af því að ég var að vitna áðan í Góða dátann Svejk langar mig líka til að vitna í aðra bók úr heimsbókmenntunum og það er Furstinn eftir Nicolo Machiavelli, sígilt rit sem kom fyrst út undir heitinu Il Principe árið 1532, og kom út í íslenskri þýðingu Ásgríms Albertssonar árið 1987. Þetta er afskaplega merkileg og gagnleg bók og mig langar til að lesa hér aðeins upp úr 18. kaflanum. Það er margt í þessari bók sem á afskaplega vel við Ísland í dag og íslenska stjórnarhætti og ég tel alveg tilhlýðilegt að fara aðeins ofan í textann í 18. kafla sem ber heitið „Ber fursta alltaf að virða trúnað og halda heit sín?", með leyfi forseta:

„Allir hljóta að vera sammála um að það sé lofsvert að fursti haldi vel heit sín og sé hreinskiptinn en ekki undirförull í framkomu sinni. Samt er það svo að reynslan sýnir okkur að þeir furstar sem hafa komið miklu til leiðar nú á tímum hafa einmitt verið þeir sömu og einskis mátu gefin loforð, kunnu að vefja öðrum um fingur sér og reyndust síðar ofjarlar þeim sem virtu heiðarlegar leikreglur.

Það er augljóst að í baráttu er um tvennt að ræða, að láta lögin ráða eða valdið bert. Hið fyrra er mönnum sæmandi, hið síðara er aðferð dýrsins. En þar sem hið fyrrnefnda dugir í mörgum tilfellum ekki, þá þarf að grípa til þess síðara. Furstinn verður því bæði að kunna það sem er mannsins og dýrsins. Sagnaritarar fornaldar hafa gefið þetta til kynna með líkingamáli. Þeir lýstu því hvernig Akkilles og margir kappar aðrir voru settir í fóstur hjá kentárnum Kíróni til þess að hann agaði þá eftir sínu eðli. Þessi líking að hafa fóstrann að hálfu mann og hálfu dýr þýddi það að furstinn þyrfti að kunna að haga sér eftir eðli beggja, því að annað án hins væri ófullnægjandi.

Þar sem fursta var nauðsynlegt að tileinka sér hegðun dýrs, þá þurfti hann að læra af refnum og ljóninu. Ljónið hefur ekki vit á að forðast gildru og refurinn er varnarlaus gagnvart úlfinum. Þess vegna þarf hann bæði eðli refs til þess að varast gildrur og eðli ljóns til þess að fæla burt úlfinn. Þeir sem hafa ljónið eitt að fyrirmynd skortir hyggindi. Af þessu leiðir að virtur fursti mun ekki og má ekki halda orð sín ef það er honum í óhag og ef brott eru fallnar ástæður þess að hann gaf heit sín. Ef allir menn væru góðir, þá væri þetta slæm ráðlegging, en af því að mennirnir eru ills eðlis og halda ekki sín orð, þá er óþarft að halda orð sín við þá. Fursti getur líka alltaf fundið lögmætar aðferðir til þess að fegra brigð sín.

Nefna mætti ótal dæmi nú á tímum sem sýna að margir samningar og mörg heit hafa verið þverbrotin af hálfu fursta og að þeim sem fara að dæmi refsins mun best farnast.

En menn þurfa að kunna að breiða fagra blæju yfir refsskap sinn, og að ná leikni í hræsni og falsi. Það er alltaf nóg af þeim sem eru svo einfaldir og háðir áhrifum líðandi stundar, að sá sem vill blekkja finnur alltaf einhvern sem lætur blekkjast.

Ég vil ekki láta ógetið dæmis sem mönnum er í fersku minni. Alexander VI. páfi lék alltaf þá list sem átti hug hans allan, að blekkja fólk, og það var aldrei skortur á mönnum sem ginu við agni hans. Það hefur aldrei verið til maður leiknari í fortölum né reiðubúnari að sverja eiða að því sem hann var staðráðinn í að svíkja. Blekkingar hans báru samt alltaf tilætlaðan árangur, því hann gjörþekkti þessa hlið mannslífsins.

Fursti þarf ekki endilega að hafa alla þá kosti til að bera sem áður voru nefndir. En hann á vissulega að láta líta svo út sem hann væri þeim prýddur. Ég vil jafnvel ganga svo langt að segja að hefði hann þá alla og sýndi þá í verki, yrði það honum til falls. En það er gagnlegt fursta að láta líta svo út að hann sé miskunnsamur, orðheldinn, mannúðlegur, trúaður og hreinskilinn — og að vera það, en hafa þó hug sinn opinn fyrir því að bregða hinu gagnstæða ef þörf krefur. Menn verða að gera sér ljóst að fursti, og sér í lagi sá sem er nýr í sessi, getur ekki hagað sér í öllu eftir því hvað færir mönnum vinsældir. Ástæðan er sú að til þess að halda ríki sínu neyðist hann oft til aðgerða sem eru andstæðar samvisku hans, stríða gegn trú, góðgirni og hjartagæsku. Hann þarf að eiga sveigjanleika, geta ekið siglum eftir vindi, hagað sér eftir því hvernig gæfuhjólið snýst og allar aðstæður krefjast. Eins og ég hef áður sagt á hann ekki að víkja af vegi þess góða ef það er mögulegt en hann þarf að kunna að þræða refilstigu hins illa ef nauðsyn býður."

Mér finnst þetta smellpassa við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar núna. Ríkisstjórn Íslands lætur valdið bert ráða og hún notar núna aðferð dýrsins til að ná fram vilja sínum og hún ætlar að nota aðferð dýrsins með því að setja lög sem eru ómöguleg.

Ég hygg að margir stjórnarliðar, því að ég ætla ekki öllum stjórnarliðum svo illt að þeir styðji málið innst í hjarta sínu, ég hygg að einhverjir þeirra hafi fallist á að til þess að dýrið megi halda ríki sínu þá neyðist menn nú til aðgerða sem eru andstæðar samvisku þeirra, trú þeirra, góðgirni og hjartagæsku. Þeir hafa sennilega fallist á að þeir þurfi að eiga sveigjanleika og geta ekið seglum eftir vindi, hagað sér eftir því hvernig gæfuhjólið snýst og allar aðstæður krefjast. Við höfum jú heyrt hv. þm. lýsa því yfir að ef þeir spili ekki með í liðinu sé frami þeirra og framtíð í veði. Það á kannski við einmitt núna, hver veit?

Ég ráðlegg stjórnarliðum að blaða aðeins í gegnum Furstann eftir Niccolo Machiavelli og ígrunda svolítið á hvaða vegferð þeir eru í dag og vona þá að lestur þeirra úr því ágæta klassíska riti frá Ítalíu verði til þess að þeir sjái kannski ljósið og snúi af villu síns vegar, hugsi ráð sitt og láti gott af sér leiða og komi í veg fyrir það þetta ömurlega og makalausa frv. verði að veruleika og þeir komist þá kannski hjá því að verða fyrir bæði hatri og fyrirlitningu í framtíðinni. En um það snýst einmitt 19. kafli í bók Machiavellis, Furstanum, sem heitir einmitt „Um nauðsyn þess að komast hjá hatri og fyrirlitningu." Þar er smákafli sem mig langar líka til að lesa, með leyfi forseta:

„Eftir að ég hef hér á undan rætt um mikilvæga mannlega eiginleika ætla ég á grundvelli þessa almenna yfirlits að ræða stuttlega um það mikilverðasta, en það er að fursta ber að varast allt sem getur bakað honum hatur og fyrirlitningu. Hef ég að vísu rætt nokkuð þar um, en á meðan honum tekst þetta, hefur hann gert sitt til þess að ásakanir um aðra lesti sem ég hef nefnt verði honum ekki að fótakefli.

Eins og ég hef sagt áður mun hann baka sér hatur fyrst og fremst með því að gerast rángjarn og ágengur við eignir og eiginkonur þegna sinna. Á meðan hann lætur í friði eignir manna og misbýður ekki heiðri þeirra verða þeir ánægðir. Hann hefur þá aðeins við að kljást metnaðargirnd fárra manna. En það mun reynast honum auðvelt því að til þess hefur hann mörg ráð.

Hann verður fyrirlitinn ef hann fær á sig orð fyrir að vera ístöðulaus, léttúðugur, teprulegur, kjarklaus og óákveðinn. Þetta skyldi fursti umfram allt varast, en leggja sig fram um að sýna í athöfnum sínum göfuglyndi, hugrekki, alvöru og styrk. Þegar hann sker úr málum verður hann að tryggja að úrskurðum hans geti enginn hnekkt, halda svo á virðingu sinni og myndugleik að engum detti í huga að blekkja hann né beita hann brögðum.

Sá fursti sem megnar að afla sér slíkrar viðurkenningar verður mikils metinn og það verður erfitt að koma af stað samsæri gegn honum. Það verður líka erfitt að ráðast á hann sé hann viðurkenndur sem mikilmenni og njóti virðingar þegna sinna."

Þetta er merkilegur texti sem ég tel að stjórnarliðar ættu aðeins að ígrunda, 19. kafli í bók Machiavellis, Furstanum. Furstinn verður fyrirlitinn ef hann fær á sig orð fyrir að vera ístöðulaus, léttúðugur, teprulegur, kjarklaus og óákveðinn. Það skyldi furstinn varast.

Hvað eru stjórnarliðar að gera núna með því að láta teyma sig út á það mikla fúafen sem hér hefur verið brallað saman af einhverjum stjórnarliðum og þröngri klíku í kringum þá? Hvað skyldi koma út úr því og hvaða dóm skyldu stjórnarliðar fá á sig þegar þeir, sennilega, verða búnir að samþykkja frv. og það verður farið að virka í þjóðfélaginu? Væri mönnum ekki nær, stjórnarliðum, að reyna frekar núna, þegar þeir hafa tækifæri til þess, að sýna göfuglyndi, hugrekki, alvöru og styrk í þessu máli og láta ekki blekkjast af frv.? Taka heldur undir orð stjórnarandstöðunnar og staldra við, hlusta á aðvörunarorð okkar og fallast á það að málinu verði vikið af dagskrá þannig að það fái almennilegan undirbúning á Alþingi. Það tel ég vera.

Ég heiti á stjórnarliða að sýna göfuglyndi, hugrekki, alvöru og styrk í þessu máli og láta ekki yfirboðara sína teyma sig, jafnvel þvert á sína sannfæringu, út í þetta vonda mál. Það er nefnilega svo að ríkisstjórnin gengur þvert á þau prinsipp sem hún hefur oft og tíðum boðað í málflutningi sínum. Stjórnarliðar eru að ganga þvert á þau prinsipp sem þeir hafa í orði sagst berjast fyrir í gegnum tíðina. Það er þannig, frú forseti, því miður.

Þess vegna vil ég í lokatilvitnun minni úr þessari stórkostlegu bók sem er að verða 500 ára gömul vona að sem flestir stjórnarliðar séu að hlusta því að þetta á svo vel við þá núna, það er hollt fyrir þá að heyra þetta. Með leyfi forseta:

„Fursti þarf að sýna að hann kunni að meta góðar gáfur, vera ötull við að hvetja hæfileikamenn til dáða og verðlauna þá sem skara fram úr í einhverri iðn eða list. Hann á að uppörva þegna sína svo að þeir gangi friðsamlega að störfum sínum, hvort sem það eru viðskipti, búskapur eða önnur iðja.

Menn eiga ekki að þurfa að hika við að endurbæta eignir sínar af ótta við að þær verði frá þeim teknar, né heldur að stofna til nýrra viðskipta vegna hárra skatta. Furstinn á að vera ör á ívilnanir til þeirra sem hafa áhuga á þessum efnum og til þeirra sem leitast við á einhvern hátt að auka velsæld borgar sinnar eða ríkisins. Sömuleiðis á hann á heppilegum tímum árs að efna til hátíðahalda og leiksýninga. Og þar sem hver borg skiptist í gildi og hópa með ættartengsl á hann að sýna þeim virðingu, koma út á meðal þessa fólks og láta það sjá merki um hæversku hans og örlæti. En samt verður hann að halda svo virðingu sinni sem sæmir stöðu hans. Þar má ekkert á skorta."

Ég hygg, frú forseti, að ef frv. fer í gegn muni mikið á skorta að þegnar landsins geti horft virðingaraugum til þeirrar ríkisstjórnar sem nú fer með völd. Og ég vil nú í lok máls míns lýsa því yfir að komist ég í gegnum minn flokk, Frjálsl., einhvern tíma í þá aðstöðu að vera í meiri hluta á þinginu mun ég vinna að því af heilum hug að þau lög verði afnumin og sú vinna fari í gang að þessi mál verði vandlega endurskoðuð með þeim hætti sem þjóðin á skilið en ekki með þeim ömurlegu handarbakavinnubrögðum, valdníðslu og offorsi sem við verðum vitni að í dag. En ég mun vænt-anlega geta komið meira inn á þetta merka mál í seinni ræðu minni. Þetta eru ekki mín síðustu orð í málinu.

[17:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. „Fjölmiðlar eru ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar. Þeir hafa einnig undirstöðuhlutverki að gegna við að tryggja málfrelsi. Á fjölmiðlamarkaði þarf að ríkja fjölbreytni svo að almenningur fái upplýsingar úr ólíkum áttum. Mjög varhugavert er að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins. Slíkt skapar hættu á að ólíkum sjónarmiðum sé gert mishátt undir höfði og fjölmiðlarnir ræki ekki sem skyldi aðhalds- og gagnrýnishlutverk sitt. Fjölmiðlar verða að njóta frelsis og sjálfstæðis, vera fjölbreyttir að gerð og eiginleikum og óháðir hver öðrum til að öll framangreind markmið náist. Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því afar varasöm. Einnig er nauðsynlegt að ætíð liggi ljóst fyrir hvernig eignarhaldi fjölmiðla er háttað."

Hæstv. forseti. Þetta var tilvitnun, með yðar leyfi, í greinargerð með þáltill. sem rædd var hér í desember sl. sem ég ásamt fleiri hv. þingmönnum var flutningsmaður að. Meginefni þeirrar tillögu er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi."

Í niðurlagi greinargerðar með tillögunni segir svo um verkefnið:

„Verkefni nefndarinnar sem hér er gerð tillaga um er að kanna starfsumgjörð fjölmiðla á Íslandi, hvert stefni í þeim efnum og hvort styrkja megi sjálfstæði þeirra, frelsi og fjölbreytni með lagaákvæðum eða öðrum hætti. Mikilvægt er að nefndin starfi í nánu samráði við hagsmunaaðila og hraði störfum sínum."

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir að við vildum vissulega að nefndin hraðaði störfum sínum voru henni ekki sett tímamörk, enda töldu flutningsmenn að hér væri um mjög viðamikið verkefni að ræða og í ræðum flestra flutningsmanna og m.a. þess sem hér stendur kom glöggt fram að huga þyrfti mjög gaumgæfilega að þessum málum og taka þau til skoðunar og ég tók það sérstaklega fram í mínu máli að það væri eigi sjálfgefið að sú skoðun sem við lögðum til að færi fram og allir stjórnmálaflokkar á Alþingi kæmu að leiddi til sérstakrar lagasetningar á fjölmiðla eins og hér er verið að ræða um þar sem verið er að tala um takmörkun á eignarhaldi annars vegar og takmörkun á útvarpsleyfum hins vegar.

Það er einfaldlega svo, hæstv. forseti, að þrátt fyrir að þingmenn á hv. Alþingi hafi áhuga á að skoða stöðuna á fjölmiðlamarkaðnum er ekki þar með sagt að það þýði jáyrði við hverju sem er og a.m.k. ekki við þeim málatilbúnaði sem við erum að ræða hér.

Við ræddum þessi mál í sambandi við þá þáltill. sem ég vitnaði í, í byrjun desember, mig minnir að það hafi verið 2. desember. Það var síðan menntmrh. sem tók sér það verk á hendur að skipa sérstaka nefnd sem sett var á laggirnar með bréfi dags. 19. desember. Sú nefnd átti að skoða fjölmiðla og eignarhald á fjölmiðlum. Hún skilaði skýrslu sem ber heitið „Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi".

Hæstv. forseti. Mig langar að vitna hér í bls. 3 og 4 í þeirri skýrslu sem er inngangurinn að skýrslunni, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Grunnforsendan að baki verkefni nefndarinnar er hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi, þar sem skoðana- og tjáningarfrelsi ríkir. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi, eins og nánar er rakið hér á eftir. Fjölmiðlar eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og öflugum fjölmiðlum.

Við störf sín hefur nefndin því byggt á þeirri grundvallarforsendu að íslensk löggjöf eigi að vera til þess fallin að vernda þessa hagsmuni. Nefndin telur að um þetta markmið geti tæpast verið ágreiningur þótt ólík viðhorf kunni að vera uppi um það hvaða leiðir séu best til þess fallnar að markmiðinu verði náð.

Samkvæmt orðalagi skipunarbréfsins er umboð nefndarinnar takmarkað við það að meta hvort tilefni sé til að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum." — Hæstv. forseti. Ég ætla að lesa þetta aftur: „er umboð nefndarinnar takmarkað við það að meta hvort tilefni sé til að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum". Það var sem sagt verkefnið. — „Setning beinna reglna um eignarhald í þröngum skilningi er þó aðeins ein þeirra leiða sem farnar hafa verið í öðrum löndum, til að vernda þá hagsmuni sem að framan eru raktir. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að hægt er að fara ýmsar aðrar leiðir til að ná sömu eða svipuðum markmiðum. Nefndin hefur því tekið þá afstöðu að eðlilegt sé að fjalla einnig um aðrar leiðir sem til greina koma en lagasetningu um eignarhaldið sem slíkt, enda kunni slíkar leiðir að einhverju eða öllu leyti að vera til þess fallnar að standa vörð um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði."

Í niðurlagsorðum þessa inngangs segir svo, með leyfi forseta:

„Í skipunarbréfi nefndarinnar voru sett fram þau tilmæli ráðherra að nefndin lyki störfum fyrir 1. mars 2004. Þótt orðalagið fæli aðeins í sér tilmæli að þessu leyti, sem ekki

reyndist unnt að verða við, hefur nefndin engu að síður túlkað tilmælin svo að hraða bæri starfi nefndarinnar sem kostur væri.

Þegar vinna við greinargerðina hófst kom í ljós að viðfangsefni hennar er umfangsmikið og þær leiðir sem til greina koma varða mörg og ólík réttarsvið. Þá er viðfangsefnið um sum atriði flókið og krefst að nokkru sérþekkingar á einstökum sviðum lögfræði og viðskipta, auk þekkingar á ýmsum tæknilegum hliðum fjölmiðlunar sem sækja verður úr ólíkum áttum. Er óhjákvæmilegt að greinargerðin beri þess nokkur merki að nefndinni hefur verið markaður fremur þröngur tímarammi." — Fremur þröngur tímarammi, herra forseti.

Hafði nefndin þó samkvæmt skipunarbréfi rúma tvo mánuði og tók sér þrjá til þess að klára greinargerðina og segir samt á einhverjum stöðum í henni að nefndinni hafi ekki unnist tími til að skoða ákveðna hluta málsins eins og varðandi EES o.fl. Síðan er okkur, hv. þingmönnum, ætlað að keyra málið í gegnum þingið á fáum vikum, hæstv. forseti.

Þrátt fyrir að það komi greinilega fram í inngangínum að tímaramminn sé þröngur og að nefndin telji að þetta sé of skammur tími til að kortleggja málið, afla upplýsinga og setja þær skilmerkilega fram, hvað þá heldur að koma með beinan lagatexta og skoða hvaða afleiðingar hann gæti haft í þjóðfélaginu, sem er það mál sem við stöndum frammi fyrir núna, þ.e. frv. til laga, ætlar ríkisstjórnin að keyra málið í gegn. Þrátt fyrir að margir hafi verið kallaðir á fund allshn. til þess að fara yfir málið voru þeim aðilum sem til nefndarinnar komu ekki sýndar þær tillögur sem meiri hluti nefndarinnar kom fram með sem hér hefur verið talað um sem brtt. við frv.

Það sést greinilega, hæstv. forseti, þegar gögn málsins eru skoðuð, m.a. þær umsagnir sem nefndinni hafa borist, þ.e. hv. allshn., að menn kvarta undan því í hverri umsögninni á fætur annarri að tíminn sé naumur, þeim gefist ekki tími til þess að fara yfir þætti málsins. Þeir lýsa því yfir að þeir séu tilbúnir að koma með ábendingar og taka þátt í vinnu sem snýr að lagasetningu um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi, en telja að til þess þurfi jafnvel nokkra mánuði og lýsa sig reiðubúna til þess. Ýmsir málsmetandi menn sem reyndu að bregðast við ósk allshn. um að koma með tillögur og ábendingar til nefndarinnar tóku fram að tíminn væri ekki nægur og að óeðlilegt væri að vinna málið með þeim flýti sem verið er að gera.

Í lok umsagnar Þorbjörns Broddasonar, sem ég á síðar eftir að vitna í í ræðu minni, tekur hann saman þau atriði sem hann vill sérstaklega að menn hugleiði og hvað beri að gera og lokaorðin eru þessi:

„Flýtum okkur hægt. Göngum úr skugga um að leiðirnar séu í samræmi við markmiðin. Víkkum sjónarhornið; lítum á stöðu blaðanna, Ríkisútvarpsins og nýrra miðla. Tryggjum með löggjöf algert gegnsæi eignarhalds á öllum fjölmiðlum. Tryggjum með löggjöf að útvarpsleyfi falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti, hvað sem öðru líður. Eflum þekkingu á fjölmiðlum."

Í raun og veru má segja að þau atriði sem ég vitnaði hér í sem eru lokaorð í umsögn Þorbjörns Broddasonar endurspegli nánast allan pakkann af þeim fjölmörgu umsögnum sem allshn. barst. Mörg samtök eins og BHM, ASÍ og BSRB hafa lýst því yfir að þau telji að þessi framsetning á málinu sem við erum að ræða, sú keyrsla sem hér á sér stað, væri algjörlega óeðlileg og að fara bæri miklu hægar í málið og taka til þess tíma í sumar og þessi samtök hafa lýst sig reiðubúin að leggja þeirri málsmeðferð lið og að málið kæmi þá aftur fram á haustdögum.

Það hefði verið skynsemi í því, hæstv. forseti, að standa þannig að málum og mig undrar það að jafn vel gefnir menn og í ríkisstjórninni eru, ef litið er til prófgráða þeirra og einkunna, skuli geta farið í málið með þeim hætti sem verið er að leggja upp með. Það er eins og menn hafi ekki gengið á einn staur heldur tvo.

Hæstv. forseti. Það er fjöldamargt í skýrslunni sem ástæða væri til að ræða og ég kem vafalaust að því af og til í ræðu minni. En ef reyna á að kortleggja fyrir fram þau atriði sem snerta málið er t.d. hægt að segja að við þurfum að ræða lög og reglur, hvort þau séu um eðlilega starfsemi fjölmiðla. Við þurfum að ræða hvort sú flýtimeðferð sem hér er á málinu er ekki algjörlega ófær og óeðlileg. Við þurfum að taka umræðu varðandi tímann eins komið hefur fram í máli mínu, hvað væri eðlilegur tími til að vinna verkið. Við þurfum að virða lýðræðislega málsmeðferð, við þurfum að virða og skoða meðalhófsregluna, að við séum ekki að setja stífari lög en eðlilegt getur talist til þess að ná einhverjum settum markmiðum. Við þurfum að skoða gegnsæi í eignarhaldi, við þurfum að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði eins og kostur er. Við þurfum að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlum, hún er hins vegar bara nokkuð góð að mínu viti nú um stundir hér á landi. Við þurfum að tryggja hvernig eignarhaldið á að vera og setja um það e.t.v. einhvern ramma, þó að ég sé alls ekki hlynntur þeirri útfærslu sem við ræðum hér. Skoða þarf nýja tækni og möguleika á dreifingu efnis, sem er jú kannski rétt handan við hornið og þó ekki því að vissulega er byrjað að dreifa sjónvarpsefni og útvarpsefni með öðrum hætti en ákveðnum tíðnum í loftinu.

Við þurfum að skoða hvort frv. beinist ekki að einu fyrirtæki sérstaklega og sé þar af leiðandi ótækt til afgreiðslu á hv. Alþingi. Það þarf að skoða hvaða áhrif frv., ef að lögum verður, hefur á réttindi þess fólks sem vinnur á fjölmiðlamarkaði, einkum hjá einu fyrirtæki, Norðurljósum, sem frv. virðist nánast eingöngu beinast að. Skoða þarf skuldir fyrirtækisins og hvað um þær verður ef frv. verður að lögum, m.a. lífeyrisskuldbindingar sem skipta auðvitað lífeyrissjóðina verulega miklu máli og eru lítt tryggðar eins og hér hefur komið fram. Það þarf að skoða hvort við séum að virða stjórnarskrána og hvort við séum að verja lýðréttindin.

Skoða þarf rekstur Ríkisútvarpsins, rekstrarform og tekjur, en hv. þingmenn úr öðrum stjórnarflokknum hafa flutt sérstaka tillögu um að einkavæða Ríkisútvarpið og við þyrftum að skoða hvaða afleiðingar það hefði. Það hefur komið fram í blaðagreinum og í umsögnum sumra manna til allshn. að stofna ætti hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins. Þetta er auðvitað allt hluti af fjölmiðlamarkaðnum.

Við þurfum að skoða hvort við séum með takmörkun á eignarhaldi að setja höft á ritfrelsið umfram það sem heimilt er að leiða í lög. Og, hæstv. forseti, mér finnst einnig þurfa að skoða hvort fjölmiðlun eigi að geta þróast þannig að hún nái eingöngu til þéttbýlustu staða landsins. Það er auðvitað ekki einfalt mál en þarf að skoða og það þarf að velta því upp þegar einn fjölmiðill er búinn að ná ákveðinni dreifingu, þ.e. hefur ákveðið áhorf, hvort þá eigi að vera einhver regla um að innan ákveðins tíma skuli slíkur fjölmiðill ná til dreifingar um allt land með möguleikum á ákveðnu áhorfi eða ákveðinni hlustun. Því það getur ekki verið svo, hæstv. forseti, að það sé bara ákveðinn hluti þjóðarinnar sem hafi

aðgang að ákveðnum fjölmiðlum og aðrir ekki til langs tíma. Það er ekki einfalt að setja slíkar reglur og einhvers staðar verða fyrirtæki í fjölmiðlarekstri að geta byrjað og þau byrja eðlilega iðulega þar sem markaðurinn er stærstur. En eftir að þau hafa náð fótfestu og ákveðnu áhorfi og dreifingu er eðlilegt að gera til þeirra víðtækari kröfur um að aðrir landsmenn sitji við sama borð hvað það varðar að nálgast efni þeirra.

Sem betur fer er tæknin að leysa það að kannski þurfi ekki allir að koma sér upp dreifikerfi og að hægt sé að miðla efni með ýmsu öðru móti en tíðnum og útvarpsrásum sem aðallega er byggt á í þessu frv., hæstv. forseti.

Við þessa upptalningu ætti mönnum að vera orðið ljóst að efnið er nokkuð víðfeðmt og ég veit að hæstv. forseti gerir sér mætavel grein fyrir því. En það er eins og ríkisstjórnin átti sig ekki á að málið er miklu víðtækara en sú aðför sem boðuð er gegn einu fyrirtæki með þeirri lagasetningu sem hér er verið að ræða. Það er í raun og veru sorglegt að menn skuli sitja uppi með það, nánast í kjölfar duttlunga, að reyna að koma í gegn lagasetningu sem tekur að stórum hluta á einu fyrirtæki. Það er frekar slæmt, hæstv. forseti, og á ekki að vera hlutverk okkar á Alþingi að setja slíka löggjöf sem eingöngu tekur til eins fyrirtækis og breytir þar eignarhaldi og rekstrarformi. En það er ekki annað að sjá, hæstv. forseti, þegar búið er að skoða þau gögn málsins sem okkur hafa þegar borist. Og eins og ég rakti áðan þegar ég fór yfir ein 18, 19 atriði sem málið varða þá er málið ekki einfalt. Það er ekkert sérstakt einkamál að setja lög um atvinnustarfsemi sem á að taka til fjölmiðla og á ekki að hafa nein áhrif annars staðar, því þegar verið er að setja lög um atvinnustarfsemi, hæstv. forseti, þarf auðvitað að taka mið af ýmsu öðru en bara viðkomandi rekstri og það kemur auðvitað glöggt fram í þeim samansaumi sem verið er að setja í 1. gr. frv. með takmörkunum á eignaraðild að auðvitað tengist þetta fyrirtæki vítt og breitt hinum ýmsu greinum þjóðfélagsins og er fjölmargt um það að segja, hæstv. forseti.

Í nál. minni hlutans í allshn. kemur fram að minni hlutinn telur að málið eigi alls ekki að fá framgang og það er markað mjög skýrt með því að minni hlutinn leggur til að málinu verði vísað frá og segir í niðurstöðu sinni, með leyfi forseta:

„Í ljósi alls framangreinds“ — sem kemur fram í nál. minni hlutans — „leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir nál. skrifa hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Sigurjón Þórðarson. Samþykk álitinu er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni.

Öll stjórnarandstaðan hefur því tekið sameiginlega afstöðu til málsins og leggur til að málinu verði vísað frá og það unnið betur.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, hæstv. forseti, lögðu nokkrir þingmenn fram þáltill. í byrjun desember um skoðun málsins. Síðan lagði Samf. einnig lagt fram sérstakt mál um fjölmiðla, þáltill. um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Og það er auðvitað einnig vikið að því í skýrslunni sem menntmrh. óskaði eftir að yrði unnin. Það eru því fjöldamörg atriði, hæstv. forseti, önnur en bara lagasetning á eignarhald og útbýtingu útvarpsleyfa sem gætu verið til þess fallin að hafa jákvæð áhrif í þá veru að fjölmiðlum hér á landi væru settar skynsamlegar reglur til þess að vinna eftir. Mér vitanlega hefur enginn á hv. Alþingi mótmælt því að þessi mál yrðu skoðuð vandlega jafnvel með tilliti til lagasetningar í þá veru að setja ramma eða reglur utan um starfsemi fjölmiðla.

Minni hlutinn telur upp á 1. bls. í inngangi að nál. sínu nokkur atriði og ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta, upphafið að áliti minni hlutans:

„Við meðferð nefndarinnar komu fram athugasemdir sem fela í sér alvarleg álitamál um hvort frumvarpið standist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og var þar einkum vísað til mannréttindaákvæða, atvinnufrelsis, tjáningarfrelsis, eignarréttar og jafnræðisreglu.

Frumvarpið felur í sér alvarlega íhlutun í fjölmiðlamarkaðinn, gengur mun lengra en nauðsynlegt er í lýðræðissamfélagi og brýtur í bága við meðalhófsreglu íslenskra laga.

Frumvarpið gæti reynst samkeppnishamlandi í stað þess að tryggja samkeppni, dregið úr aðgengi fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni og nýrra aðila að markaðnum.

Frumvarpinu virðist beint gegn einni tiltekinni sjónvarpsstöð þrátt fyrir að orðalag þess sé klætt í almennan búning.“

Hæstv. forseti. Með þessum orðum rammar minni hlutinn inn afstöðu sína og viðvörunarorð um það sem sérstaklega þurfi að huga að í málinu. Mun ég e.t.v. síðar í ræðu minni vitna í eitt og annað sem er í nál. minni hlutans og einkanlega ýmsar umsagnir sem allshn. bárust.

Hæstv. forseti. Áður en lengra er haldið langar mig að vitna í nokkrar umsagnir með minnihlutaálitinu til þess að draga fram með skýrum hætti það sem snýr að því hversu knappan tíma við höfum, og vil áður en ég hef þær tilvitnanir minna á að hæstv. forsrh. sagði í þessum sal við 1. umr. málsins að að sjálfsögðu fengi Alþingi allan þann tíma sem á þyrfti að halda til að vinna málið vel og gaumgæfilega og að tekinn yrði til þess sá tími sem bæði þingmenn og nefndir þingsins teldu sig þurfa að hafa.

Það hefur gengið á ýmsu í því, hæstv. forseti, og er nærtækast að minna á að meiri hluti hv. allshn. þingsins tók málið út úr nefndinni örskömmu eftir að síðustu viðmælendur höfðu komið fyrir nefndina og jafnvel hafa komið fram mjög sterkar vísbendingar og ábendingar um það hjá minni hlutanum að meiri hlutinn hafi verið búinn að semja brtt. og að stórum hluta það álit sem hv. þingmenn meiri hlutans lögðu fram sem sína tillögu áður en lokið hafði verið yfirferð málsins með viðtölum við þá sem komu fyrir allshn.

Málsmeðferðin öll er á þann veg, hæstv. forseti, að sá rúmi tími sem tekið var fram í upphafi umræðunnar af hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni að fengist til málsins hefur svo alls ekki reynst vera og í raun og sést einnig ágætlega sú málsmeðferð sem er í þinginu á því að stjórnarandstæðingar telja sig þurfa að gera góða grein fyrir máli sínu, sem ég tel mjög eðlilegt, en stjórnarliðar taka lítið til máls. Það virðist vera að fyrir liggi ákvörðun um það í stjórnarflokkunum að stjórnarliðar eigi ekki að tjá sig mikið um skoðanir sínar, það geti tafið framgang málsins.

Hæstv. forseti. Örfá orð í nokkrar tilvitnanir. Í fskj. II sem er umsögn Sigurðar Líndals segir, með leyfi forseta, í inngangínum:

„Mér hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 4. maí 2004, þar sem þess er farið á leit að ég gefi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993. Þess var óskað að svar bærist eigi síðar en 7. maí 2004. Tekið skal fram að bréfið barst mér ásamt frumvarpinu um klukkan 11.30 þann 5. maí,

þannig að ég hef einungis haft um það bil einn og hálfan dag til að vinna verkið auk þess sem ég hef verið í öðrum verkefnum undanfarna daga. En þrátt fyrir þetta tel ég rétt og skylt að reyna að veita umsögn þótt mér sé ljóst að hún hljóti að vera ófullkomin af framangreindum ástæðum." — Af framangreindum ástæðum, tímaskorti.

Þannig hljóðar sá partur úr umsögn Sigurðar Líndals hvað varðar tímann sem þarf til verksins. Og slíkar setningar má auðvitað finna vítt og breitt í umsögnunum sem víkja að því að ekki hafi verið nægur tími til þess að vinna umsagnir um málið.

Í umsögn stjórnar Árvakurs segir:

„Hvað meðferð þessa mikilvæga máls í heild sinni varðar, átelur stjórn Árvakurs hf. hversu skammur tími virðist ætlaður til umræðu um það, sem leiðir til alvarlegrar óvissu um farsælar lyktir þess og hugsanleg áhrif til lengri tíma litið."

Varla verður stjórn Árvakurs sökuð um að hafa legið á liði sínu í stuðningi við ríkisstjórnarflokkinn þann stærri á undanförnum árum og varla þarf að væna þá menn um að þeir hafi nokkuð slíkt í huga að vega að ríkisstjórnarflokknum stærri, Sjálfstfl., en þeir taka samt skýrt fram að þetta sé engan veginn nægur tími til að vinna málið.

Þeir segja einnig, hæstv. forseti, með yðar leyfi:

„Stjórnin telur hins vegar framkomið lagafrumvarp ganga of langt og fela í sér óþarflega röskun á starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja í ljósvakamiðlun." — Svo því sé nú komið til skila hér úr því að ég er að vitna í umsögn Árvakurs, hvaða afstöðu þeir höfðu til málsins.

Næsta tilvitnun varðandi tímann, hæstv. forseti, sem ég er að fara yfir núna er frá Útgáfufélaginu Heimi sem segir, með leyfi forseta:

„Fresturinn til umsagnar er afar skammur og því hvorki hægt að reifa málið til hlítar né setja fram fullmótaðar tillögur til úrbóta."

Verslunarráðið segir, hæstv. forseti, með yðar leyfi:

„Verslunarráð telur að með frumvarpinu sé gengið miklu lengra en nauðsynlegt er telji menn brýnt að kveða á um eignarhald í fjölmiðlum í löggjöf."

Verslunarráðið segir í niðurlagi umsagnar sinnar að það leggist gegn því að frv. nái fram að ganga.

Alþýðusamband Íslands segir svo, með leyfi forseta, m.a. í sinni umsögn:

„Í upphafi er rétt að vekja athygli á því að Alþýðusambandinu barst frumvarpið, með ósk um umsögn, þann 6. maí. Þar var þess óskað að umsögn berist eigi síðar en 7. maí, eða rétt rúmum einum sólarhring síðar. Það er því ljóst að mjög takmarkaður tími hefur gefist til að skoða einstök efnisatriði frumvarpsins ..."

Síðar segir í sömu umsögn, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands telur að mikilvægt sé að hefja víðtæka og vandaða umræðu um endurskoðun á löggjöf um stöðu og starfsemi fjölmiðla hér á landi."

Síðan segir enn fremur:

„Í ljósi þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið sett fram, leggur Alþýðusamband Íslands til að afgreiðslu þess frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi verði frestað."

Í umsögn BHM segir, með leyfi forseta, í lið III:

„Aðalfundur BHM telur meðferð málsins í ríkisstjórn, fyrir Alþingi og með þessum skamma fresti til umsagnar um málið ekki boðlega og ekki standast leikreglur lýðræðisins. BHM telur rétt að stofnanir bandalagsins og aðrar þjóðfélagsstofnanir fái lengri frest til þess að fjalla um svo veigamikið mál, bæði frumvarpið sjálft og þá ítarlegu skýrslu sem fylgir sem fylgiskjal með frumvarpinu. Gerir bandalagið ráð fyrir að geta veitt frekari efnislega umsögn um málið í haust" — í haust, hæstv. forseti — „þegar hafa nokkrar vikur eða mánuðir til rökstuddrar umfjöllunar í stofnunum BHM."

Í niðurlaginu segir:

„Aðalfundur BHM 7. maí 2004 mælir eindregið gegn samþykkt frv."

Síðan segir, hæstv. forseti, með yðar leyfi, í umsögn BSRB að því er varðar tímann til að vinna málið:

„Á þessum skamma tíma sem gefinn er næst ekki að setja málið í skoðun og umræðu innan samtakanna eins og nauðsynlegt er þegar um jafnviðamikið mál er að ræða.

BSRB telur að þetta mál þurfi ítarlega skoðun og umræðu og eru samtökin reiðubúin að leggja sitt af mörkum verði tekin ákvörðun um að skjóta því á frest." — Verði tekin ákvörðun um að skjóta því á frest, hæstv. forseti.

Þetta hlýtur að nægja, hæstv. forseti, auk þeirrar umræðu sem farið hefur fram á hv. Alþingi og í blaðaskrifum til að draga það skýrt fram að nánast allir aðilar sem að málinu hafa komið aðrir en þeir þingmenn í ríkisstjórnarflokkunum sem vilja málið í gegn með hraði, hafa talið að það væri engan veginn nægur tími til að vinna málið með þeim hætti sem hér er lagt upp með og hafa beinlínis farið fram á að málinu væri frestað og það unnið betur og miklu fleiri atriði skoðuð varðandi það en verið er að gera með þessu lagafrv. og það kæmi síðan hingað betur unnið á haustdögum, og nálgast viðfangsefnið þannig til að finna því stað hvað rétt sé að gera í málinu. Eins og komið hefur fram og er skoðun þess sem hér stendur þó að hann hafi verið einn af flutningsmönnum tillögu sem lögð var fram í byrjun desember um að skoða eignarhald og samsetningu frjálsra fjölmiðla og tryggja frjálsa fjölmiðlun í landinu þá var skýrt tekið fram að það væri ekki sjálfkrafa ávísun á lagasetningu og það gerðu margir fleiri sem tóku til máls 2. desember, hæstv. forseti, um þá stefnumótun að samþykkja tillögu um að allir stjórnmálaflokkar ættu aðild að nefnd sem skoða skyldi fjölmiðlastarfsemi hér á landi, eignarhald hennar og öll atriði sem að fjölmiðlum lúta, sem eins og ég gat um áður í máli mínu, hæstv. forseti, tengjast atvinnulífinu. Það er auðvitað svo, hæstv. forseti, að önnur fyrirtæki eiga hlut í fjölmiðlum og lög sem sett eru um fjölmiðla, sem er atvinnustarfsemi, eru ekki einangruð og algjör sérfyrirbæri sem hafa engin áhrif á aðra atvinnustarfsemi í landinu. Það er óeðlilegt að setja slíka löggjöf sem tekur ekki mið af atvinnustarfsemi og eignarformi að því er varðar atvinnufyrirtæki hér á landi.

Sá sem hér stendur mótmælir því málsmeðferðinni sem hér er höfð í frammi, telur hana í reynd óeðlilega og að sú keyrsla sem hér er lagt upp með á málinu þjóni ekki hagsmunum heildarinnar, verið sé að þjóna hagsmunum fárra sem líta málið öðrum augum en sá sem hér stendur hefur verið að gera grein fyrir.

Það er svo, hæstv. forseti, að meira að segja nefndin sem sett var á laggirnar, eins og ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns þegar ég ræddi tímaskortinn og hraðann á málinu, fjölmiðlanefnd hæstv. menntmrh. tekur það skýrt fram í upphafi skýrslu sinnar að ekki sé nægur tími ætlaður til verksins og þó voru henni ætlaðir í upphafi tveir mánuðir og hún tók sér þrjá. Ef ég veit rétt var skýrsla nefndarinnar til í byrjun apríl en lá síðan hjá menntmrh. og ríkisstjórn nokkuð lengi

og birtist okkur svo í endaðan apríl ásamt því frv. sem við ræddum í 1. umr. og er efni þeirrar umræðu sem nú stendur yfir þessa dagana.

Það eru góðra manna ráð að við flýtum okkur hægt, að við göngum úr skugga um að leiðirnar séu í samræmi við markmiðin, að við víkkum sjónarhornið og lítum á stöðu blaðanna, Ríkisútvarpsins og nýrra miðla, að við tryggjum með löggjöf algjört gagnsæi eignarhalds á öllum fjölmiðlum, að við tryggjum með löggjöf að útvarpsleyfi falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti hvað sem öðru líður og eflum þekkingu okkar á fjölmiðlum, sem voru niðurlagsorð í umsögn Þorbjörns Broddasonar.

Ég tel, hæstv. forseti, að verði fjölmiðlafrumvarpið að lögum og verði samþykkt muni stjórnarandstöðuflokkarnir, ef þeir ná völdum í næstu kosningum eða koma að stjórn landsins, beita sér fyrir því að lögunum verði breytt ef koma á þeim í gegn hér í því formi sem þau eru nú.

Það hefur vakið athygli mína, hæstv. forseti, sem er auðvitað ekkert óeðlilegt, að fjölmiðlar og fjölmiðlafólk veita málinu mikla athygli sem eðlilegt er, málið stendur nærri fjölmiðlafólkinu og það skynjar það á eigin skinni, það kemur við hagsmuni þess og atvinnu.

Það er líkt með þessu máli, hæstv. forseti, og kannski með kvótakerfinu að menn notuðu ákveðnar forsendur og yfirvarp til þess að koma kvótakerfinu á. Þá var notað orðið fiskvernd, að menn þyrftu að skoða fiskverndina alveg sérstaklega og þess vegna þyrfti að setja þær reglur sem fylgdu kvótakerfinu. Það var að vísu yfirvarp, herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það en vil bara benda á þá köldu staðreynd að aflinn í þorski á árinu 1983 — en það var þorskurinn sem sérstaklega átti að vernda — var 283 þús. tonn og nánast sá sami árið eftir þegar kvótinn var kominn á þannig að hræðslan sem búin var til til þess að koma kvótakerfinu á átti ekki við rök að styðjast. Þess vegna var það yfirvarp að fiskverndin væri það sem horfa bæri til þegar atvinnuréttindi sjávarþorpanna voru skert, en það er það sem gert var með kvótakerfinu.

Hér er verið að vega að atvinnuréttindum á fjölmiðlamarkaði og atvinnurétti fjölmiðlafólks og það tekur auðvitað mjög eftir þeirri umræðu og fjallar mikið um hana, alveg á sama hátt og mjög var fjallað í sjávarþorpunum vítt og breitt í kringum landið og er enn þá fjallað og verður fjallað, hæstv. forseti, um atvinnuréttindi fólksins í sjávarbyggðunum, atvinnumöguleika þess og möguleika sjávarbyggðanna til að reka þar öflug fyrirtæki af ýmsum gerðum með fjölbreytileika eins og verið er að tala um hér, fjölbreytilega flóru atvinnustarfsemi einstaklinga og fyrirtækja sem haldi uppi atvinnu í þorpunum á sama hátt og fjölbreytt og eðlileg starfsemi fjölmiðla heldur uppi mikilli atvinnu fyrir fólkið sem þar vinnur.

Ég vek athygli á þessu, hæstv. forseti, vegna þess að það hefur stundum verið sagt í þjóðfélaginu að menn væru alltaf að tala um takmörkun fiskveiðanna, kvótann, frjálsa framsalið og allt sem því fylgdi. Það var ástæða til og það er ástæða til að tala um það. Sá sem hér stendur mun örugglega ekki hætta að tala um það þó að komi nýjar alþingiskosningar, ekki á meðan lögin eru í þeim búningi sem þau nú eru.

Kvótalögin geta hafa mikil áhrif á atvinnuréttindi fólks vítt og breitt um landið með alveg sama hætti og þessi lög gætu haft mikil áhrif á atvinnustöðu fólks sem vinnur á fjölmiðlum og stöðu fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði en frv. snýr þó einkum að einu fyrirtæki vegna þess hvernig það er upp sett.

Það má því kannski segja sem svo, hæstv. forseti, að menn séu að nota málfrelsið hér á landi, ritfrelsið og eignaraðildina að fjölmiðlum sem yfirvarp til að setja þau lög sem nú er verið að ræða. Stjórnarflokkarnir vilja auðvitað koma þeim í gegn á sem stystum tíma og vinnulagið á Alþingi ber auðvitað keim af því að keyra á málið í gegn fyrir helgina. Umræðan er orðin frekar óþægileg fyrir ríkisstjórnarflokkana, þ.e. þá þingmenn þeirra sem styðja málið, og menn vilja auðvitað koma því sem allra fyrst af sér og klára málið í trausti þess að það gleymist.

Ég er hins vegar ekki viss um það, hæstv. forseti, að málið gleymist svo glatt ef það verður keyrt í gegn eins og það lítur út nú. Það er jú vegna þess að það snýr að fjölmiðlafólki og umræðan öll og sú valdbeiting sem á að fara að eiga sér stað snýr ekki að fólkinu í sjávarbyggðunum, hún snýr að fjölmiðlunum. Ég hygg að fjölmiðlafólkið muni betur það sem brennur á eigin skinni heldur en það sem brennur á sjávarbyggðunum. Ég er því ekki viss um að þessi umræða gleymist svo glatt, hæstv. forseti, og fjölmiðlafólkið mun geyma hana í minni sér. Þau fjölmörgu bréf sem við í stjórnarandstöðunni höfum fengið til að minna okkur á stöðu málsins, réttindi starfsfólksins sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum og hvaða stöðu það er í, bera auðvitað vitni um að fólk skynjar það að lögin, ef þau ganga fram svo sem hér er boðað, munu geta haft mjög neikvæð áhrif á atvinnuöryggi þess á sama hátt og lög um sjávarútveginn geta haft mjög neikvæð áhrif á atvinnurétt fólks í sjávarbyggðunum.

Ég ætla rétt að vona, hæstv. forseti, að sú umfjöllun sem verið hefur um fjölmiðlafrumvarpið verði til þess að fjölmiðlafólk taki í meira mæli til sín þau málefni þjóðfélagsins þar sem verið er að fjalla um undirstöðurétt fólks sem er sá réttur að fólk hafi atvinnu og geti byggt afkomu sína á henni á þeim stöðum og í þeirri byggð sem það vill búa og að umræðan skerpi skilning fjölmiðlafólks á því að það á að vera réttur fólks að geta valið sér búsetu og það á að vera réttur fólks að geta haft atvinnu af því sem best hentar á hverjum stað, og það er auðvitað svo að í sjávarbyggðunum henta fiskveiðarnar og hafa alltaf gert og munu vonandi alltaf gera.

Hæstv. forseti. Ég held að ég standist ekki þá freistingu, af því að í upphafi máls míns þegar ég var að vitna í umsagnir vitnaði ég í umsögn frá Sigurði Líndal lagaprófessor, að minna á það að umræddur lagaprófessor, Sigurður Líndal, gaf stjórnvöldum oft á árum áður ýmsar umsagnir og ábendingar varðandi fiskveiðistjórnarlögin. Ef ég man rétt, hæstv. forseti, tóku stjórnvöld mikið mark á þeim ábendingum sem komu frá Sigurði Líndal, enda kannski full ástæða til. Hvers vegna er það svo núna, hæstv. forseti, þegar verið er að fjalla um þessa lagasetningu að þá gera stjórnvöld ekki mikið með það sem umræddur maður, Sigurður Líndal, bendir á í greinargerð sinni? Jú, það er auðvitað vegna þess að núna hentar það ekki málatilbúnaði stjórnvalda að hlusta á rök hans og reyndar fjöldamargra annarra manna, bæði löglærðra og ekki löglærðra, um að frv. og sú lagasetning sem við ræðum hér standist ekki ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar og það gangi of langt í mörgum efnum og það sé óeðlilegt að setja lög með þeim hætti sem verið er að leggja upp með hér.

Hæstv. forseti. Einhvern tímann hefðu ráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. tekið mark á Sigurði Líndal. Það var a.m.k. gert þegar verið var að verja eignarréttarhefð útgerðarmanna á

sínum tíma til kvótans. (**KHG:** Sigurður er orðinn frjálslyndur.) Ég vona það, hv. þm. Kristinn Gunnarsson, að Sigurður Líndal sé orðinn frjálslyndur maður, ég vona það sannarlega, eins og ég veit að hv. þm. er að verða og ég býð hann velkominn. (**JBjarn:** Það er bara svona.) Í frjálslyndra manna hóp? (**JBjarn:** Já, í frjálslyndra manna hóp.) Já, það geri ég. (**KHG:** ... er sæmd að því að vera frjálslyndur í skoðunum.) Ég tek undir það, hv. þm. (**JBjarn:** Við tökum undir það og hæstv. forseti brosir.)

Ég held, hæstv. forseti, að það sé kannski rétt að nefna af því að svo kann að fara að málið sem við ræðum, ef að lögum verður, lendi fyrir dómstólum, fari jafnvel fyrir Hæstarétt og að þar þurfi að kveða upp dóm í málinu, að þá óttast ég dálítið, hæstv. forseti, að Hæstiréttur fái svona ákveðið aðhald frá stjórnvöldum til þess að fjalla um málið, ef hægt er að orða það svo.

Hvers vegna segi ég það, hæstv. forseti? Jú, það er vegna þess að menn muna ábyggilega, margir, ýmis orð sem fallið hafa í tilefni hugsanlegra dóma í Hæstarétti eða túlkun þeirra. Má ég minna á, hæstv. forseti, þegar hæstv. forsrh. sagði eitthvað á þá leið að það væri bara eins gott fyrir Íslendinga að flytja til Kanarí ef fylgja ætti eftir ákveðinni niðurstöðu og túlkun varðandi dóm Hæstaréttar í kvótamálum fyrir nokkrum árum. Og ef ég man rétt sagði utanrrh. af sama tilefni að það væri sennilega bara rétt að fara að skoða það að breyta stjórnarskránni ef á þyrfti að halda út af því máli. Ég ætla rétt að vona að ef þetta mál þarf að ganga til dómstóla láti núverandi forsrh. og tilvonandi það vera að láta slík viðhorf í ljós til þess að hafa áhrif á niðurstöður dóma hér á landi.

En það er auðvitað ljóst, hæstv. forseti, af orðfæri ýmissa ráðherra varðandi fjölmiðla, einkum þeirra sem eru undir eignarbandi Norðurljósa, að hæstv. ráðherrar telja að að þeim sé vegið og þeim er í nöp við þá gagnrýni sem birtist í fjölmiðlunum, ýmsa umfjöllun fréttamiðla um störf þeirra. Fjölmiðlar eiga að vera gagnrýnir, þeir eiga að hafa ritstjórnarlegt sjálfstæði til þess að setja fram sína gagnrýni. Það breytir engu um það, hæstv. forseti, þó að sumir ráðherrar gefi fjölmiðlum ákveðin nöfn eins og til að mynda Baugstíðindi o.s.frv. þá vonast ég vissulega til þess að fjölmiðlar hér á landi haldi áfram að vera gagnrýnir og veiti stjórnvöldum sem og okkur þingmönnum aðhald í framsetningu mála.

Það er eitt sem undrar mig, hæstv. forseti, og tengist kannski því sem ég gat um í upphafi máls míns, þ.e. að hefðu þingmenn lagt fram mál á hv. Alþingi um að skoða eignarhald á fjölmiðlum og frjálsa fjölmiðlun í landinu, ritstjórnarlegt sjálfstæði og gagnsæi, hefðu í raun og veru allir þingmenn í stjórnarandstöðu með einhverjum hætti tekið undir það og minni ég þá á annars vegar þáltill. sem rædd var í byrjun desember og hins vegar tillögu Samf. um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlamarkaði. Það sem undrar mig, hæstv. forseti, er að ég tel að það hefði verið mjög líklegt að hægt hefði verið að ná víðtækri sátt um að vinna þessi mál ef til þess hefði verið gefinn eðlilegur tími og menn hefðu fengist til að skoða málið vel og vandlega og í samstarfi milli stjórnarflokka. Ég byggi þá skoðun mína á því m.a. sem ég var að vitna til áðan að stjórnarandstaðan hefur öll lýst þeim viðhorfum að það væri eðlilegt að skoða fjölmiðlastarfsemi í landinu, jafnvel með tilliti til lagasetningar eða reglusetningar varðandi starfsemi þeirra. Þar af leiðandi hefði verið hægt að ná fram friði um málið, að vísu ekki í einhverju flaustri og hasti núna á vordögum heldur með því að vinna málið skipulega, setja sér það markmið að vinna það í sumar og koma e.t.v. með það inn á næsta þing og þó væri það eiginlega ekkert skilyrði að málið kæmi inn á fyrstu dögum haustsins. Alla vega hefur sá sem hér stendur ekki séð að uppi væru svo erfið mál varðandi fjölmiðla í landinu að grípa þyrfti að til einhverra bráðaaðgerða eins og nú er verið að gera. Ég hef ekki orðið var við það, hæstv. forseti, að það væri ekki fjölbreytt fjölmiðlun hér á landi að undanförnu og ef eitthvað er hefur hún bara verið mjög fjölbreytt, þannig að ekki hefðu menn þurft að óttast að slíkt væri ekki til staðar. En í stað þess að velja friðinn og vinna málið í samkomulagi allra stjórnmálaflokka var ófriðurinn valinn, hæstv. forseti.

Flýtimeðferðin var sett í forgang og öllum viðhorfum annarra um málsmeðferð var hafnað fyrir fram, hæstv. forseti. Þó að fyrir lægi áhugi í öllum stjórnmálaflokkum um að skoða starfsemi fjölmiðlanna og vinna það mál vel og gaumgæfilega stöndum við uppi með það í stjórnarandstöðunni að þeirri málsmeðferð sem hægt var að koma á, að vinna vel og skipulega í samstarfi við að ná góðri lendingu um málið, var hafnað. Menn völdu átökin, menn vildu slaginn. Það er þannig.

Hæstv. forseti. Ef einhvers staðar er í boði góður ófriður þá velja menn hann í ríkisstjórninni, sækjast alveg sérstaklega eftir efnilegum ófriði, að djöflast hér og berjast fram með mál í illindum og átökum þó að e.t.v. hafi friður verið í boði ef rétt hefði verið staðið að málum. Það er vegna þess að hæstv. forsrh. sést ekki fyrir og krefst þess að málið sé klárað, ófriðurinn valinn eftir hans höfði. Utanrrh. velur það auðvitað að þjóna vilja forsrh., hann er erfingi stólsins. Hann ætlar ekki að fara að hætta neinu í þeim efnum að komast ekki úr stól utanrrh. í stól forsrh.

Það liggur við, hæstv. forseti, að maður hallist að þeirri kenningu að menn væru tilbúnir að éta úldinn hund til að komast í forsrn. Það er sem sagt hægt að teyma þá hvert sem er, hæstv. forseti, því að engu skal fórnað, engin sanngirni skal tekin inn í málið ef það gæti hugsanlega orðið til þess að forsætisráðherrastóllinn væri í veði.

Ég verð að orða þetta svona, hæstv. forseti, og vona að mér sé fyrirgefið að taka svona til orða. Þetta er nú þekkt máltæki, að menn éti úldinn hund til þess að ná einhverjum markmiðum og láti allt yfir sig ganga, jafnvel þó með klígju sé og þeir kúgist undir því valdi óttans sem verið er að keyra yfir þingmenn. Og mér liggur við að segja að þetta eigi einnig við um óbreytta þingmenn í stjórnarflokkunum, það sé verið að keyra yfir þá með svipuðum viðhorfum og að menn séu með hálfgerða klígju og séu að kúgast undir þeirri pressu sem á þá er lögð, undir valdi óttans, eigum við að orða það svo, hæstv. forseti? Ráðherrarnir í Framsfl. vita jú ekki hvort ráðherrastóllinn er í veði, það er ekki vitað hvaða ráðherra á að fara. Í Sjálfstfl. er heldur ekki vitað hver á að fá hvern ráðherrastól nákvæmlega. Það er nefnilega allt undir í vegtyllunum, hæstv. forseti.

Fólkið í landinu undrast óðagotið sem hér er uppi, sérstaklega í ljósi þess að það er ekkert sérstakt að fara algjörlega á hliðina varðandi fjölmiðlarekstur hér á landi. Fjölmiðlaflóran er fjölbreytt og þó að vissulega sé hægt að fallast á þau rök að setja beri umgjörð um starfsemi fjölmiðla hér á landi þá er ekkert að fara á hliðina, það þarf ekki slíkt óðagot í málinu.

En þetta er Ísland í dag, svona er mönnum stjórnað til verka af ríkisstjórnarflokkunum og greinilegt að dagskipunin

hjá hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni og arftaka hans tilvonandi, hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni, er að keyra málið í gegn með eins miklu hraði og mögulegt er í gegnum þingið með það að markmiði að reyna eins og frekast er kostur að forðast málefnalega umræðu og láta sem mest af umræðunni fara fram seint á daginn og fram á kvöld og fram á nótt. Já, hæstv. forseti, það er margt skrýtið í þessu máli.

Sumir hafa sagt að málið í heild sinni eigi rætur sínar að rekja og sé beint framhald af svokölluðu bolludagsmáli í fyrra, þar sé upphafið að málinu og þeim hasar sem fylgir því í dag. En það mál var nú allt hið furðulegasta og ég ætla ekki að gera það að sérstöku umræðuefni hér, mér finnst það eiginlega ekki viðeigandi, það er mjög alvarlegt mál sem við erum ræða.

Framsfl. er auðvitað rekinn áfram í málinu, í þessu furðulega löggjafarstappi. Ég held að ég verði að orða það svo, hæstv. forseti, að Framsfl. sé í gíslingu vegna þeirra vonaraugna sem hæstv. utanrrh. rennir til 15. september næstkomandi þegar hann á að fara að máta stólinn eftir Davíð. Ég held að það sé svo, hæstv. forseti.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að miðað við orð hæstv. forsrh. við upphaf málsins þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir því í þinginu við 1. umr. — og við skulum ekki gleyma því að hæstv. forsrh. margendurtók það í kosningabaráttunni að orð hans væru eitthvað sem algjörlega stæði og menn gætu treyst á þau loforð — þá undrar það mig mjög að menn skyldu vinna málið eins og það hefur verið unnið.

Ég hygg, hæstv. forseti, að þó að við teljum að vinna hefði þurft málið miklu betur í sumar og koma e.t.v. með það aftur í haust þá sýnist mér á málsmeðferðinni í nefndum þingsins að sennilega hefði verið hægt að ná viðunandi lendingu gagnvart þingnefndunum kannski, a.m.k. allshn., með því að gefa henni eins og fimm, sex daga í viðbót til að fjalla um málið og menn hefðu farið gaumgæfilega yfir það sem kom fram í umsögnum og eytt góðum tíma í það. Ef þannig hefði verið unnið, að gefa góðan tíma til umfjöllunar eftir að allar athugasemdir voru komnar inn, hefði e.t.v. verið um betri málatilbúnað á málinu að ræða en mér finnst vera á því í þeim búningi sem það er.

Þess vegna endurtek ég það, hæstv. forseti, að mig undrar það að menn skuli velja ófriðinn þegar friður er í boði, sérstaklega í ljósi þeirra viðhorfa að það voru jú þingmenn úr öllum flokkum búnir að lýsa yfir áhuga á því að skoða eignarhald á fjölmiðlum og jafnvel flytja um það tillögur og mál. Mér finnst því að meirihlutamenn í hv. allshn. megi alveg sýna viðleitni í að gefa okkur hinum skýringar á því hvers vegna þeir völdu ófriðinn ef friður var hugsanlega í boði, sérstaklega í ljósi orða hæstv. forsrh. við upphaf málsins að menn skyldu taka sér þann tíma sem menn þyrftu til þess að reyna að lenda málinu.

Ég veit ekki annað en að í umræðum í haust, í vetur og í vor hafi þingmenn lýst því í þessum ræðustóli, hæstv. forseti, að ekkert væri því til fyrirstöðu ef mönnum sýndist svo að vinna lengur fram eftir á vorin og byrja jafnvel fyrr á haustin og það væri jafnvel betra verklag að koma þeirri tilhögun á. Ég get því ekki litið svo á að menn séu að bera sig neitt undan því að vinna þessi verk á hv. Alþingi, en hitt er alveg ljóst að menn vilja auðvitað skoða vinnuna hér og taka kannski upp annað skipulag. En ég tel ekki að menn hafi verið að bera sig neitt undan því að vinna við málið og þess vegna átta ég mig hreinlega ekki á því hvað það er sem varð til þess að meiri hlutinn í allshn. velur að fara með málið í þennan farveg, koma með brtt. nánast beint í kjölfarið á því þegar búið var að tala við þá sem komu til nefndarinnar, og mér finnst þeir hv. þingmenn ekki hafa gefið skýringar á því hvers vegna þeir völdu það.

Var ekki hægt að taka tvo daga, þrjá daga til þess að skoða málin eftir að allir þessir aðilar höfðu veitt umsagnir eða mætt á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir hvaða viðhorf gætu verið uppi í málinu? — Komdu blessaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, velkominn í salinn. (**HjÁ:** Þakka þér fyrir.) — Ég held að það hefði verið hægt og ég er ekkert að segja að það hefði þýtt samkomulag í málinu, en það kann vel að vera að hægt hefði verið að nálgast málið meira til samkomulags en hér er uppi með því vinnulagi sem boðið er upp á.

Því segi ég það að mér er þessi flýtir óskiljanlegur vegna þess að hann flýtir ekkert málinu. Hann þýðir bara að við þurfum að rekja málið lið fyrir lið og velta því fyrir okkur hvers vegna í ósköpunum verið er að vinna það svona. Hvers vegna er verið að hraða því með þeim hætti sem hér er lagt upp með? Hvað lá á? Búið er að spyrja þeirrar spurningar oft úr þessum ræðustól, hvað lá á? Og fólkið úti í þjóðfélaginu spyr líka: Af hverju liggur svona mikið á? Hvað er gerast í rekstrarumhverfi fjölmiðlanna sem knýr á um það að málið sé unnið með þeim hætti sem hér er lýst?

Nú hefur því verið lýst sem vilja þeirra sem eiga Norðurljós að þeir vildu gjarnan fara með það félag á opinn markað og það hefði jú vonandi þýtt það að smátt og smátt hefði jafnvel fjölgað hluthöfum í því ágæta félagi og að eignarhald þar hefði þá kannski smátt og smátt breyst og orðið öðruvísi en það er í dag. Það kann vel að vera að menn geti deilt um það hvort markaðsráðandi fyrirtæki eins og Baugur eigi að eiga jafnmikinn hlut í fjölmiðlamarkaðnum og er í dag og að það þurfi að skoða. En samt er það svo, hæstv. forseti, að fjölmiðlamarkaðurinn, fjölmiðladreifingin, þ.e. möguleikarnir til að dreifa efni til fólks hér á landi eru fjölmargir og við erum bara að ræða hluta af þeim hér. Við erum að ræða útvarpsleyfin. Við erum að ræða það sem hefur verið í gangi á undanförnum árum. Við erum ekki að ræða netmiðlana, við erum ekki að ræða jarðstrengina, við erum ekki að ræða dreifingu gegnum gervitungl, svo dæmi sé tekið, hæstv. forseti. Við erum sem sagt ekkert endilega að ræða það sem er e.t.v. bara á næsta leiti að því er varðar fjölmiðlamarkaðinn og dreifingu efnis í gegnum fjölmiðla.

Hæstv. forseti. Ég held að ég verði að fá að leyfa mér að vitna í bréf, dags. 27. apríl 2004, frá Póst- og fjarskiptastofnun. Þar er verið að ræða um hina ýmsu möguleika varðandi dreifikerfi á efni og ég held að það sé rétt málsins vegna að ég vitni í bréfið á nokkrum stöðum, Það ber yfirskriftina „Almennar upplýsingar um stafrænt útvarp". Ég ætla ekki að lesa það allt heldur mun ég grípa niður í það sem mér finnst upplýsandi og þurfi að komast til almennings, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hvernig er útvarpsdagskrá dreift til almennings? Um langt skeið hafa verið í gangi þrenns konar hliðræn útvarpsdreifikerfi; sendingar í loftinu, kapalkerfi og gervitunglasendingar. Sendingar í loftinu kallast sendingar frá sendistöðvum á jörðunni sem dreifa dagskrá yfir ákveðið svæði sem oftast er afmarkað af fjöllum og hæðum í landslaginu. Notendur taka oftast við þessum sendingum með útiloftneti en þeir sem búa nálægt sendistöðvunum geta stundum látið sér inniloftnet nægja. Í kapalkerfum eru jarðstrengir lagðir frá miðstöð kerfisins inn í hús til notenda og dagskráin send

um strengina. Til að taka á móti gervitunglasendingum verða notendur hins vegar að setja upp sérstök loftnet, venjulega í formi diska sem eru stærri um sig en loftnetin sem taka á móti merkjum frá sendistöðvum á jörðinni."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Sendingar í loftinu þurfa tíðniúthlutun en óvíst er hvort hægt sé á hverjum stað og tíma að uppfylla alla eftirspurn vegna þess að tíðnisvið fyrir útvarp eru takmörkuð. Þegar sent er frá sendistöð á jörðinni eru móttökuskilyrði misjöfn eftir fjarlægð notanda frá sendistöðinni og landslaginu á milli. Búnaður notenda er aftur á móti einfaldur og ódýr og í flestum tilfellum þarf auk hljóð- eða sjónvarpstækisins ekki annað en ódýrt loftnet." — Síðan segir um kapalkerfin: — „Kapalkerfi þurfa ekki sérúthlutun á tíðnum því að jarðstrengir geisla lítið sem ekkert út í loftið og öll kapalkerfi geta notað sömu tíðnir. Deyfing í jarðstrengjunum eykst með tíðni og deyfingin setur fjölda rása í kerfinu takmörk. Það er hægt að tryggja öllum notendum kerfisins jöfn gæði. Kapalkerfum fylgir hins vegar mikill stofnkostnaður vegna þess að dýrt er að grafa niður strengi í þéttbýli og í dreifbýli þarf langa strengi. Gervitunglasendingar ná yfir stór svæði og styrkur móttekins merkis er jafn en að vísu lítill vegna fjarlægðar gervitunglanna frá jörðu. Það þýðir að notendur verða að hafa tiltölulega stór loftnet í formi diska ásamt formögnurum. Kostnaður sem notendur verða að leggja í vegna móttökubúnaðarins er verulega hærri en kostnaður við að taka á móti sendingum frá sendistöðvum á jörðinni. Annar ókostur er hár kostnaður við gervitunglin og uppskot þeirra á braut umhverfis jörðu sem hefur í för með sér að greiða verður háa leigu fyrir notkun gervitungla fyrir dreifingu útvarps."

Þetta eru, hæstv. forseti, í stuttu máli skýringarnar á þeim dreifingarmöguleikum sem fyrir eru. Síðan er spurt: „Hverjir eru kostir þess að breyta yfir í stafræna tækni?" Þar segir, með leyfi forseta, ég ætla bara að vitna í eina málsgrein í þeim kafla:

„Fleiri kostir stafrænnar útfærslu sem eru sameiginlegar fyrir allar þrjár gerðir sjónvarpsdreifikerfa er t.d. möguleiki þess að þjappa upplýsingum saman og nota minni bandbreidd fyrir hverja dagskrá."

Síðan er aftur spurt: „Hvaða breytingar verða á dreifikerfum sjónvarps?" Og þá segir, með leyfi forseta:

„Gera verður ráð fyrir aðlögunartíma ... Hliðrænu dreifikerfin verða þannig að vera áfram í gangi eftir að stafrænar sendingar eru byrjaðar sem hefur í för með sér að tvöföld dreifikerfi verða rekin í ákveðinn tíma. Suma liði má samt nýta sameiginlega, t.d. jarðstöðvar sem senda sjónvarpsdagskrár upp í gervitunglin, jarðstrengina í kapalkerfunum og hús, möstur og ef til vill loftnet í sendistöðvakerfinu á jörðinni. Eftir stendur að það þarf meiri flutningsgetu í gervitunglunum, nýjan miðstöðvarbúnað og meiri flutningsgetu í kapalkerfunum og nýja senda fyrir dreifingu í loftinu en þessar hlutir krefjast talsverðrar fjárfestingar."

Síðan segir, og er það hér til upplýsingar, með leyfi forseta:

„Hvað líður stafrænu sjónvarpi í öðrum löndum? Stafrænar sjónvarpssendingar hófust fyrst um gervitungl upp úr 1995 og nú er svo komið að nær allar sjónvarpssendingar um gervitungl eru stafrænar. ...

Stafrænt sjónvarp hefur náð mestri útbreiðslu í Bretlandi en Spánverjar, Svíar og Ítalir eru taldir koma næst á eftir. Flest ríki ætla sér 6–10 ár eftir innleiðingu stafrænna sendinga í loftinu áður en lokað verður fyrir hliðrænar sendingar."

Þannig er því lýst, hæstv. forseti. Svo er fjallað um stafrænt hljóðvarp:

„Staðlar eru til fyrir stafrænt hljóðvarp og sérstökum tíðnisviðum hefur verið úthlutað fyrir stafrænar hljóðvarpssendingar. Engu að síður hefur stafrænt hljóðvarp ekki náð miklum vinsældum enn sem komið er og er helst kennt um háu verði móttökubúnaðar í samanburði við venjulegt hljóðvarpstæki á FM-, lang- og miðbylgjum."

Loks er spurt: „Hver er staða stafræns sjónvarps á Íslandi í dag?" Því er svarað svona:

„Á breiðbandi Símans eru nú sendar út 40 sjónvarpsdagskrár með stafrænum hætti á ljósleiðara. Enn fremur hefur Orkuveita Reykjavíkur (áður Lína.Net) prófað dreifingu sjónvarps á ljósleiðara.

Fjöldi heimila hefur komið sér upp móttakara fyrir stafrænt sjónvarp um gervihnött. Slíkur búnaður gerir kleift að taka á móti hundruðum dagskráa.

Nokkrir aðilar hafa fengið heimild til útsendingar á stafrænu sjónvarpi á háu tíðnisviði. Þeir eru Íslandsmiðill, sem sendir á um 11 GHz og Norðurljós sem senda út á 2,5 GHz (Fjölvarp). Þessi tíðnisvið eru almennt ekki notuð erlendis til að dreifa sjónvarpsmerki á jörðu niðri.

Samkvæmt upplýsingum á vef Norðurljósa stefnir fyrirtækið að því að hefja stafræna sjónvarpsþjónustu á Fjölvarpinu þann 9. október 2004.

Enn fremur hafa nokkrir aðilar fengið úthlutað heimildum til að prófa stafrænar sjónvarpssendingar á UHF tíðnisviði. Þessir aðilar eru Norðurljós, RÚV, Stöð 1 og Háskóli Íslands."

Hæstv. forseti. Eftir þessar tilvitnanir af minnisblaði Póst- og fjarskiptastofnunar ætti enn frekar að vera ástæða til að flýta sér hægt við það mál sem við erum að skoða. Í farvatninu er nefnilega ný tækni til dreifingar hljóðvarps og sjónvarps og það væri vissulega eðlilegt að skoða öll málin í samhengi. Þessi mál eru á fullri ferð og það er í raun og veru undarlegt í meira lagi að taka sér ekki góðan tíma við þá vinnu sem við erum að velta fyrir okkur varðandi lagasetningu heldur beina henni að einu atriði eða tveimur. Það er alveg sjálfsagt að fara í það að skoða og vinna umgjörð um fjölmiðla hér á landi og velta því máli upp hvernig sú framtíð lítur út. Hv. þm. Einar Karl Haraldsson fór mjög gaumgæfilega í það ræðu sinni í gærkvöldi og ég held að ég bæti ekki um betur varðandi það. En mér finnst vera fjöldamörg rök, ég er búinn að tína hér til nokkur, sem mæla með því að eðlilegra hefði verið að vinna málið miklu hægar og leita um það víðtækari sáttar og samstarfs en að vinna það eins og verið er að gera.

Eftir því sem við leiðum fram fleiri rök í málinu, hæstv. forseti, kemur sífellt fleira fram sem er vísbending um að verið sé að setja lög sem taki fyrst og fremst til eins fyrirtækis, Norðurljósa. Það virðist vera markmiðið. Ég tel að það séu afar ólýðræðisleg vinnubrögð, óðagotið og flýtirinn, og það sé ámælisvert og í raun er verið að þjóna sjónarmiðum sem ég átta mig ekki á og hæstv. forsrh. virðist standa fyrir, að málið skuli keyrt í gegn að kröfu hans og eftir duttlungum hans.

Hæstv. forseti. Ekki fór fram nein skoðun á heildarumhverfi fjölmiðlunar og dreifingu efnis eða áhrifum frv. á rekstrarumhverfi starfandi fjölmiðla áður en það var samið. Frumvarpið lítur aðeins til hefðbundins útvarps og sjónvarps en ekki til þeirra tækniframfara sem eru mögulegar eða verða

mögulegar í náinni framtíð og þá á ég við dreifingu sjónvarpsefnis um breiðband, símaleiðslur og gervihnött. Það eru þess vegna mörg rök fyrir því að vinna málið betur, m.a. ný tækni, eins og ég hef vikið að, og auðvitað fjöldamörg önnur atriði. En það er svo, hæstv. forseti, að ef slagur er í boði skal hann tekinn frekar en sáttaleiðin, það er bara hinn kaldi veruleiki sem við stöndum frammi fyrir í þinginu. Ég veit að ég þarf ekki að minna á það aftur að þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa allir haft áhuga á að skoða þessi mál og lagt fram tillögur í því efni en niðurstaðan í því varð einfaldlega sú að menn völdu slaginn, menn völdu ófriðinn og sitja uppi með hann. Og það sem verst er, enginn úti í þjóðfélaginu skilur hvers vegna við erum að fara með málið í þennan farveg, í þennan átakafarveg, ef hugsanlega var friður í boði og hægt að vinna málið með eðlilegri hætti en við erum að gera nú. Þeim kostum var hafnað.

Einhvern tíma var sagt að ef menn lægju vel við höggi þá skyldi höggva. Ég held að menn liggi ekkert vel við höggi í þessu máli, það er fyrst og fremst ríkisstjórnin sem er að koma sér í þá stöðu að að henni verði vegið í framhaldi málsins því að þjóðin er á móti henni í málinu, þjóðin er á móti ríkisstjórninni, enda er málið hið versta og bara ómögulegt að vinna það með því lagi sem verið er að gera enda ber enga nauðsyn til þess.

Búið er að minna á atriði er varða stjórnarskrána, einkum atvinnufrelsið, tjáningarfrelsið, eignarréttinn, jafnræðisregluna og meðalhófsregluna. Það er búið að minna á EES-samninginn og Evrópureglur um staðfesturéttinn, þjónustufrelsið, fjármagnsflutninga, reglur um lögfræðilega vissu, bann við afturvirkni, mannréttindaákvæði og sáttmála um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, svo eitthvað sé nefnt. Er þá eigi lítið lagt undir þegar allt þetta er upp talið, hæstv. forseti, og afar furðulegt að menn skuli vera að leika sér með lýðræðið á þann hátt sem verið er að gera hér. Ég verð að orða það svo, hæstv. forseti. Ég skil ekki hvers vegna menn fara með málið í þennan farveg, hvers vegna menn velja slag þegar friður gat verið í boði þó að hann hefði e.t.v. tekið einhverja mánuði.

Hver er það sem þykist sjá það fyrir að á næstu fjórum til átta mánuðum hefði þjóðfélagið farið á hliðina þó að lögin um fjölmiðla hefðu verið óbreytt eða reyndar bara sama umhverfi og er í dag? Hver gengur með þær grillur í höfðinu? Það hlýtur að vera hæstv. forsrh. Ég get ómögulega tekið undir það, hæstv. forseti, eins og ég hef áður sagt, að þjóðfélagið sé að fara á hliðina vegna þeirrar starfsemi sem núna á sér stað í fjölmiðlun hér á landi.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort mikið sé eftir af ræðu hans.)

Já, upp undir klukkutími, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GÁS): Er hv. þm. orðinn svangur?)

Já, ég mótmæli því ekki.

(**Forseti** (GÁS): Þá verður gert hlé á þessum fundi og á ræðu hv. þm. og honum fram haldið klukkan 20.00.

[Fundarhlé. — 19:04]

[20:00]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Hæstv. forseti. Það er komið að því, hæstv. forseti, að velta fyrir sér atriðum eins og eignarhaldi og takmörkunum á því. Þar kemur tvennt upp í hugann til að byrja með.

Í fyrsta lagi má fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu eiga undir 5% eignarhlut en hins vegar á það ekki við ef það er undir 2 milljörðum kr. í tekjum. Þetta vekur ákveðnar spurningar, hæstv. forseti, þ.e. þessar brtt. Annars vegar er þetta atriði með 5% eignarhlut og hins vegar mörkin við 2 milljarða kr. tekjur. Auðvitað þarf að spyrja vissra spurninga í sambandi við þau ákvæði.

Þriðja atriðið sem vekur spurningar eru árin tvö, eftir því sem mér hefur skilist af fréttum, eftir að brtt. komu fram. Vissulega ber að taka það fram að í allri umfjöllun allshn. lá það ekki fyrir, a.m.k. held ég að það hafi ekki legið fyrir fyrr en búið var að ræða við alla aðila, að til stæði að hafa ákvæðið þannig að gildistöku laganna yrði algerlega frestað til júní 2006, um rúmlega tvö ár. Þess vegna hefur komið upp spurningin: Geta lögin talist afturvirk í einhverjum tilvikum þótt búið sé að fresta gildistöku laganna í tvö ár?

Eftir því sem maður hefur kynnt sér í fjölmiðlum og umsögnum einstakra manna eftir að þessar tillögur komu fram — þær voru ekki ræddar við gestina í nefndarstarfinu, ég veit ekki til þess — virðist sem þrátt fyrir ákvæðið um árin tvö geti frv. talist afturvirkt, þ.e. að með því væru aðilar skikkaðir til að taka á sig þær kvaðir sem fylgja sem gæti í einhverjum tilvikum verkað líkt og um afturvirkni væri að ræða.

Nú er ég ekki lögfróður maður, hæstv. forseti. Ég skal ekki dæma um það en maður heyrir að menn telja enn að þessi ákvæði geti, þrátt fyrir breytingarnar, talist afturvirk.

Í þessu sambandi, hæstv. forseti, er rétt að minna á að í kosningabaráttunni síðasta vor, þegar rætt var um hugmyndir stjórnarandstöðuflokkanna um að breyta fiskveiðilöggjöfinni þar sem menn töluðu yfirleitt um fimm ára aðlögun, þá var það talinn allt of stuttur tími. Hæstv. forsrh. sem er 1. flutningsmaður þessa máls sagði m.a. á fundum að kvótamálið væri þannig vaxið að allt mundi fara upp í loft ef menn ætluðu að setja ákvæði um að ná fram ákveðinni breytingu á fiskveiðistjórnarlögunum á fimm árum. Hann taldi að allt færi upp í loft. Hann taldi slíkt tal gjörsamlega ábyrgðarlaust og annað eftir því, hæstv. forseti. Ég gæti fundið þessi ummæli og lesið þau upp en ég held að ég muni þau nokkurn veginn. Þau orð féllu á fundi austur á Egilsstöðum þar sem hæstv. forsrh. sagði m.a. að stjórnarandstaðan mundi setja allt í uppnám, gengi á eignarréttindi manna o.s.frv. með slíkum breytingum og það væri óeðlileg framsetning.

Hér er hins vegar verið að tala um tveggja ára aðlögun og maður spyr: Hvað hefur breyst frá því á síðasta vetri til dagsins í dag að því er þetta varðar hjá hæstv. forsrh.?

Í öðru lagi, hæstv. forseti, varðandi 2 milljarða kr. í tekjur. Hvers vegna 2 milljarða kr.? Ég hef ekki áttað mig á eða fengið skýringar á því að setja mörkin við 2 milljarða kr. Ég skil heldur ekki hvers vegna menn setja mörk við 5%. Hvers vegna ekki 8%, hvers vegna ekki 10% eða 12%, eins og heimild er í fiskveiðistjórnarlögunum fyrir að eitt fyrirtæki megi eiga af aflaheimildum á Íslandsmiðum? Ég átta mig því ekki á rökunum fyrir þessum tölum. Ég hef þó séð í umfjöllun um brtt. að menn hafa talið að 2 milljarða kr. ákvæðið samrýmist ákaflega vel því að ákveðið fyrirtæki eigi í Skjá 1 og hins vegar að 5% ákvæðið passaði ákaflega vel til að hreyfa ekki við eign Íslandsbanka í Skjá 1. Maður spyr sig: Getur það virkilega verið að tölurnar séu fengnar með þessari aðferð? Getur það virkilega verið svo, hæstv. forseti?

Þegar sett eru takmörk á eignaraðild fyrirtækja, þó að þau

séu ráðandi í öðrum greinum, vakna spurningar um hvort ákvæðið sé eðlilegt með þessum hætti. Ég segi fyrir mig að maður hefði getað hugsað sér að ákvæðið hljóðaði þannig að markaðsráðandi fyrirtæki mættu ekki eiga meira en 30% eða 35% í sjónvarpsstöð og eitt slíkt ekki eiga meira en 15%, svo einhver tala sé nefnd. Ég hef ekki fengið neina sérstaka skýringu á þessari tölu varðandi 5% og hvers vegna hún er notuð en ekki einhver önnur.

Ýmsar spurningar vakna við skoðun á brtt. meiri hluta allshn. Þó stendur fyrst og fremst upp úr að þrátt fyrir brtt. telja sumir að lögin standist ekki enn þá ákvæði stjórnarskrár. Það hefur m.a. verið haft eftir Sigurði Líndal að hann telji að lögin séu enn því marki brennd að þau standist ekki stjórnarskrá.

Hæstv. forseti. Málið í þeim búningi sem það hefur verið fært í er engan veginn nægilega gott. Þess vegna hefur stjórnarandstaðan tekið þessa afstöðu, bæði á grundvelli þess hvernig vinnan við málið í heild sinni hefur verið og einkanlega vegna efnisatriða málsins. Því er hafnað af stjórnarandstöðunni að þetta mál gangi fram. Það er í raun sama krafa, hæstv. forseti, og meiri hluti þjóðarinnar hefur gefið til kynna í skoðanakönnunum. Meiri hluti þjóðarinnar hefur samkvæmt skoðanakönnunum hafnað þessu máli og telur vafasamt að svona sé staðið að málum, hæstv. forseti.

Eignarhaldið á fyrirtækinu Norðurljósum er sett í mikið uppnám. Þetta er skuldsett fyrirtæki. Það hefur komið fram að það skuldar 5,7 milljarða kr. ef ég man rétt, hæstv. forseti. Hluti af þeim skuldum eru sagðar skuldir við lífeyrissjóði. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um hvernig þær skuldir eru til komnar en það væri náttúrlega afar fróðlegt, og vonandi fást upplýsingar um það í hv. efh.- og viðskn. á fundi í fyrramálið, hvernig þessar skuldir eru til komnar. Eru þetta lán, hæstv. forseti, eða jafnvel uppsöfnuð vanskil á lífeyrisskuldbindingum sem fyrirtækið hefur í gegnum erfiðleika á undanförnum árum safnað upp og verið breytt í lán án þess að fyrir því séu trygg veð? Hvað ef svo er? Ef svo er, hver er þá réttarstaða þeirra sem eiga greiðslur í lífeyrissjóðnum?

Ég vona satt að segja, hæstv. forseti, að ef þetta frv. verður að lögum sé um að ræða lán frá lífeyrissjóðunum. Þarna er um geysilegar upphæðir að ræða, 2 milljarða kr., ef réttar upplýsingar hafa komið fram í umræðunni. Ég vona að það sé lán frekar en uppsöfnuð vanskil sem breytt hafi verið í lán og þar af leiðandi að hluta vangreiðsla inn í lífeyrissjóðina af launum viðkomandi starfsmanna. Sé um vanskil að ræða erum við að tala um réttindi fólks, að lífeyrisréttindi þeirra í framtíðinni séu í beinni hættu vegna þessara aðgerða. Við höfum svo sem ekki upplýsingar um það en vonandi fást skýr svör við þessu í efh.- og viðskn. í fyrramálið og er ekki seinna vænna að fá þær upplýsingar ásamt upplýsingum um hvað verður um fyrirtækið og áform þess um skráningu á opnum markaði. Ætlunin var að komast í Kauphöllina og það skiptir máli miðað við viðskiptaáætlanir fyrirtækisins.

Því hefur verið haldið fram, hæstv. forseti, að frv. feli í sér alvarlega íhlutun í fjölmiðlamarkaðinn og gangi mun lengra en nauðsynlegt er í lýðræðissamfélagi. Það feli í sér brot á meðalhófsreglu, þ.e. að aldrei skuli ganga lengra en nauðsyn ber til. Við skulum minnast þess að í hinni frægu skýrslu nefndar menntmrh. er bent á fjöldamörg önnur atriði til að lagfæra stöðuna á fjölmiðlamarkaði til að fá fram fjölbreytni og dreifða eignaraðild og bæta skipan mála varðandi gagnsæi í eignaraðild að fyrirtækjum, ritfrelsi og sjálfstæði ritstjórna. Þess vegna er, hæstv. forseti, mikils vert að við göngum ekki á meðalhófsreglu íslenskra laga. Ég veit að hæstv. forseti er sammála mér um að það væri afar alvarlegt ef gengjum lengra en nauðsynlegt er til að ná fram lýðræðislegum og eðlilegum markmiðum.

Hæstv. forseti. Ég held að það hefði mátt tryggja jafnvægi og lýðræðisleg markmið með ýmsu öðru en frv. sem hér er til umræðu eins og það var kynnt í 1. umr. og eins og það er enn, því miður, eftir brtt. meiri hlutans.

Talið er að frv. sé samkeppnishamlandi, að það gangi gegn samkeppnislögum, muni draga úr aðgengi nýrra aðila að markaðnum og í raun fela í sér óhæfilegar samkeppnishindranir. Það kemur berlega fram í umsögn Samkeppnisstofnunar. Stofnunin gefur frv. falleinkunn að þessu leyti og leiðir líkur að því að það muni snúast upp í andhverfu sína og leiða til einsleitni í eignarhaldi á fjölmiðlum.

Þegar umsögn Samkeppnisstofnunar til allshn. og efh.- og viðskn. er skoðuð er þar auðvitað fjöldamargt áhugavert en því miður fjalla þær umsagnir um frv. eins og það var, í þeim búningi sem það var fyrir brtt. Þar segir að ákvæðin gangi gegn markmiði samkeppnislaga. Það er ein niðurstaðan. Þar er einnig fjallað um bann við að fyrirtæki í óskyldum rekstri sé veitt útvarpsleyfi, bann við að eiga meira en 25% hlut. Samkeppnisstofnun leggur til að það ákvæði verði fellt brott úr frv., þ.e. í tengslum við óskyldan rekstur.

Það er ljóst, hæstv. forseti, að Samkeppnisstofnun gerir miklar athugasemdir við þetta mál. Þeir velta fyrir sér hugtakinu „sameiginleg markaðsráðandi staða" og fara nokkrum orðum það. Þeir minna á ýmis mál í því sambandi. Við þingmenn munum eftir Landsbanka og Búnaðarbanka, þegar stóð til að sameina þau fyrirtæki o.s.frv. En Samkeppnisstofnun telur málið ekki í góðum búningi og hið sama gildir um fjöldamörg önnur álit sem vitnað hefur verið til. Í raun má segja það sama um nær allar aðrar umsagnir sem bárust allshn. Flestir telja mikla annmarka á að frv. gangi fram í þeirri mynd sem það var lagt fram.

Mér finnst, hæstv. forseti, mikil lítilsvirðing hafa verið sýnd fólki sem kallað var til allshn. að vinna málið eins og þar var gert. Ég mundi kalla það lítilsvirðingu ef ég væri kallaður á fund allshn. til að gera grein fyrir og hafa skoðun á máli sem þar væri til umfjöllunar og málið væri kynnt eins og frumvarp hæstv. forsrh. var við 1. umr. Þannig var farið að í allshn., farið yfir málið eins og það var. Síðan voru afgreiddar brtt. sem breyttu frv. nokkuð en jafnvel síðustu gestir allshn. fengu ekki aðgang að fyrirhuguðum breytingartillögum. Við höfum a.m.k. ekki verið upplýst um annað á Alþingi. Þeim gafst ekki kostur á að gefa umsögn um þær. Fólk mætti fyrir allshn. til að fjalla um frv. sem þar lá fyrir þótt meiri hlutinn hefði þegar gert sér grein fyrir því, eftir hinar fjölmörgu aðfinnslur, að þeir mundu þurfa að breyta frv.

Þess vegna er eðlilegt, hæstv. forseti, að fengist hefði meiri tími til að skoða frv. í allshn. og fá aðila sem þar voru kallaðir til til að fjalla um frv. eftir að því hafði verið breytt. Eins og ég hef áður getið um í ræðu minni, hæstv. forseti, hafa aðilar sem komið hafa á fund allshn., t.d. Sigurður Líndal, látið hafa eftir sér í fjölmiðlum eftir að hafa séð frv. svo breytt að frv. stæðist enn ekki ákvæði stjórnarskrár og ýmislegt í því orkaði tvímælis.

Hæstv. forseti. Nú fer að styttast í máli mínu. Ég mun geyma eitthvað af þeim 19 atriðum sem ég taldi upp í upphafi máls míns og taldi að þyrftu sérstakrar skoðunar við og sérstaka umræðu. Ég geymi eitthvað af þeim til síðari

ræðu minnar. Vonandi verður þá líka komið fram álit og meiri upplýsingar frá efh.- og viðskn. um málið. Mér finnst mikilvægt að 2. umr. ljúki ekki fyrr en allar upplýsingar sem nefndin getur fengið um þetta mál eru komnar á skjöl og inn í umræðuna. Ég vona sannarlega að við reynum að fjalla um öll þau álitamál áður en þessari umræðu lýkur.

Fjallað hefur verið um Ríkisútvarpið og stöðu þess. Ég hyggst verja síðustu mínútum ræðu minnar, hæstv. forseti, í að ræða stöðu Ríkisútvarpsins í tengslum við þessa umræðu. Ég áskil mér hins vegar rétt til að koma seinna í umræðu um málið og taka aftur til máls.

Það er ljóst að Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki í þágu lýðræðisins í þjóðfélagi okkar enda ber Ríkisútvarpinu samkvæmt lögum að gæta óhlutdrægni, vernda skoðanafrelsi og útvarpa fjölbreyttum skoðunum. Ríkisútvarpið er eina útvarpsstöðin sem hefur þetta lögbundna hlutverk og því er brýnt að standa vörð um það. Fjölmiðlar í einkaeigu hafa engum slíkum skyldum að gegna og geta því ef þeir kjósa, sem ég sé ekki ástæðu til að fárast yfir, hunsað lýðræðislega umræðu. Þeir geta gengið fram hjá umræðu ef því er að skipta. Ríkisútvarpið hefur hins vegar ákveðnar skyldur, sérstaklega að því er snýr að hlutleysinu og að öll sjónarmið komi fram.

Hagsmunir eigenda einkastöðvanna geta ráðið því hverjir fá að tjá sig o.s.frv. Einkastöðvar geta að sjálfsögðu birt efni eftir eigin geðþótta. Ég verð hins vegar að segja, og endurtaka það til að það valdi ekki neinum misskilningi, hæstv. forseti, að ég hef ekki orðið var við það á undanförnum mánuðum og missirum að neitt hafi hallað á lýðræðislega umræðu, að menn gætu ekki komið fram skoðunum sínum o.s.frv. Ég tel að slík vinnubrögð séu ekki fyrir hendi í raun og veru í þjóðfélagi okkar nú um stundir þótt eignarhald á fjölmiðlum sé eins og það hefur verið. Það er mitt mat, hæstv. forseti.

Hins vegar tel ég óhætt að fullyrða að enginn ljósvakamiðill stendur Ríkisútvarpinu framar hvað varðar fjölþætta og vandaða dagskrárgerð. Hugmyndir um einkavæðingu þess hefðu líklega í för með sér að það vandaða efni hyrfi að mestu vegna þess að það er ekki nógu markaðsvænt í augum eigenda á frjálsum markaði. Markmið einkareksturs er og verður ávallt að skila eigendum sínum hagnaði þó að vissulega hafi einkareknir fjölmiðlar á undanförnum árum átt undir högg að sækja eins og dæmin sanna. Menn hafa þar lent í rekstrarerfiðleikum. En markmið einkarekstrarins er og verður að ná hagnaði.

Það er hætt við því að lýðræðisleg umræða og dýrt menningarefni mundi víkja á hinum harða einkamarkaði. Ég tel að Ríkisútvarpið, eins og það hefur verið, hafi tryggt ákveðinn farveg fyrir menningarefni og tryggi ákveðið hlutleysi í umræðu og að fjallað sé um mismunandi sjónarmið.

Mér finnst að hvergi hafi verið færð fyrir því gild rök, hæstv. forseti, að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Ég heyrði hins vegar að útvarpsstjóri sagði eitthvað á þá leið að það yrði til að liðka fyrir rekstrinum ef RÚV yrði hlutafélag í eigu ríkisins. Ég kem ekki auga á rökin fyrir því máli hans og átta mig ekki á því. Hann sagði eitthvað á þá leið að stofnunin gæti með því brugðist skjótt við samkeppni og verið skjót til ákvarðana. Ég sé ekki hvað er því til fyrirstöðu að stofnuninni verði breytt þannig að hún geti brugðist skjótt við samkeppni án þess að hún verði gerð að hlutafélagi. Ég átta mig ekki á því, virðulegi forseti.

Í hlutafélagsforminu felst sú hætta að til greina kæmi að selja hlutafélagið, þ.e. Ríkisútvarpið. Það er óhætt að segja að fordæmin séu slæm. Talsvert hefur verið um að ríkið hafi selt hlutafélög sín. Í því sambandi hefur margt verið nefnt til sögunnar. Í tengslum við umræðuna hefur verið nefnd salan á bönkunum. Það hefur verið nefnt að Landsbankinn hafi í raun, þegar upp var staðið, ekki verið seldur á 11,3 milljarða kr. heldur 9,5 milljarða kr. eða eitthvað slíkt. Eignaraðild þeirra sem keyptu meginhlutann í bankanum er nú talin 25 milljarðar kr., ef ég man rétt það sem komið hefur fram í dagblöðum í dag.

Hæstv. forseti. Sú einkavæðing sem verið hefur í gangi í þjóðfélaginu hefur að mörgu leyti falist í að þjappa saman völdum og eignum á fáar hendur. Á sínum tíma var m.a. talað um að bankana skyldi selja og koma í dreifða eignaraðild. Það hefði auðvitað verið miklu betra fyrirkomulag og hefði verið hægt að setja takmörk við endursölu hlutanna o.s.frv. Málin mundu því horfa verulega öðruvísi við en nú í þjóðfélagi okkar þar sem tiltölulega fáir menn eiga miklar eignir og ráða miklu um framtíð og stjórn peningamála á markaði. Þeir hafa þar af leiðandi ítök í atvinnulífinu og hafa mikið að segja um umskipti og uppskipti þar eins og dæmin sanna.

Sama má segja um sjávarútveginn. Þar hafa orðið mikil eignauppskipti og framsal í kvótakerfinu. Sala kvóta hefur orðið til þess að risið hafa upp nokkur stór og öflug fyrirtæki. Nú eru tíu stærstu fyrirtækin komin með yfir 50% af öllum aflaheimildum landsmanna í sína eigu. Það er ljóst, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin hefur vitandi vits stuðlað að því á undanförnum árum að í þjóðfélaginu safnaðist auður á fárra hendur. Völd hafa einnig færst á fárra manna hendur og margt sem ber að athuga í því sambandi.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta það verða niðurlagsorð mín í þessari ræðu að ég hef ekki séð að málum sé þannig háttað á fjölmiðlamarkaðnum að þar sé allt upp í loft vegna eignarhalds á fjölmiðlum. Ég verð hins vegar var við það að hæstv. forsrh. líkar afar illa að hann skuli ekki hafa meiri tök á fjölmiðlunum en verið hefur. Menn muna kannski eftir því að menn hafa verið kallaðir á teppið hjá ráðherra, eins og sagt er, til að ræða skoðanir þeirra. Það hefur verið fundið að því þegar menn hafa sett fram skoðanir sem hæstv. forsrh. hefur ekki líkað. Ég minni á grein eða smásögu sem sem séra Örn Bárður Jónsson skrifaði fyrir nokkrum árum um sölu Esjunnar. Hún vakti afar litla kátínu á stjórnarheimilinu vægast sagt. Einnig má minna á grein Hallgríms Helgasonar um bláu höndina svo eitthvað sé nefnt.

Það er því ljóst að blessuðum ráðherrunum, svo að ég fari með einhver blessunarorð í þessari ræðu, er ekki alls kostar sama hvað um þá er skrifað. Þeir virðast ekki geta unað því að í þjóðfélaginu hafi fjölmiðlar rétt á að fjalla um hæstv. ráðherra eins og þeim þykir hæfa og telja sig hafa frelsi til.

Ég vara við því, hæstv. forseti, að lagafrv. sem hér er til umræðu mun takmarka eignarhald á fjölmiðlum verulega án þess að fyrir því séu málefnaleg rök. Það mætti jafnvel gera því skóna að það takmarkaða eignarhald setji ritfrelsi og prentfrelsi takmörk. Það má færa fyrir því rök að þannig sé málið í pottinn búið og takmörk á prentfrelsi megum við aldrei í lög leiða.

[20:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það gerðist í fréttum klukkan 18.30 á Stöð 2 að því var haldið fram að við stjórnarandstæðingar beittum stjórnarþingmenn ofríki og kæmum með skipulögðum hætti

í veg fyrir að þeir fengju að láta til sín heyra í ræðustól Alþingis um þetta veigamikla mál.

Það var ekki minni maður, herra forseti, en hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, sem hélt þessu fram og sagði í tilgreindu viðtali, með leyfi forseta:

„Eins og sakir standa núna er búið að halda, bara við 2. umr., 99 ræður um fundarstjórn forseta og 26 eru á mælendaskrá. Það eru kannski allir eða a.m.k flestir stjórnarandstæðingar þannig að þeir eru ráðnir í því að hleypa ekki öðrum að."

(**Forseti** (BÁ): Hyggst hv. þm. ræða fundarstjórn forseta eða ummæli forseta í fjölmiðlum?)

Það er nákvæmlega það sem ég er að gera. Það lýtur að þeirri umræðu. Þarna er því haldið fram af hálfu forseta Alþingis að við stjórnarandstæðingar sjáum til þess með skipulegum hætti að gefa ekki stjórnarliðinu kost á að taka þátt í þessari umræðu.

Ég hygg að tveir stjórnarliðar hafi tekið þátt í þessari umræðu en hins vegar hafa verið haldnar 15 eða 20 ræður. Það eru þrír stjórnarliðar á mælendaskrá en hana skipar núna 21 þingmaður. Næsti ræðumaður er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Einnig er á mælendaskrá númer sjö í röðinni hv. þm. Jónína Bjartmarz. Númer 13 í röðinni er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Ég minnist þess að þeir hv. þingmenn sem ég nefndi hafi skráð sig á mælendaskrá í málinu strax á fyrsta degi umræðunnar. Nú erum við á þriðja degi hennar. Við allar eðlilegar aðstæður ættu þeir að hafa haldið ræður sínar fyrir löngu. Mér er því næst að halda að umræddir þingmenn hafi sjálfir óskað eftir því að vera færðir aftar á mælendaskrá.

Ef það er svo að stjórnarliðar vilji taka þátt í þessari umræðu, sem stjórnarandstæðingar hafa kallað mjög ákveðið eftir, þá vil ég a.m.k. fyrir mína parta lýsa því yfir, og veit ég tala fyrir mun flestra annarra stjórnarandstæðinga, að stjórnarliðum er velkomið að fara fram fyrir marga þá sem á mælendaskrá eru. Þeir þurfa ekki annað en að biðja um það og lyfta litla fingri í þeim efnum.

Ég hafna því algerlega yfirlýsingu hæstv. forseta um að stjórnarliðar fái ekki sín tækifæri við umræðuna. Það eru þeir sem eru á myljandi flótta frá þessari umræðu og hafa ekki, þrátt fyrir ítrekaðar óskir okkar, viljað koma í ræðustól og standa fyrir máli sínu.

Ég mótmæli einnig því sem fram kemur í umræddri frétt af hálfu hæstv. forseta Halldórs Blöndals, sem ég veit að er hér í húsinu og hlýðir á mál mitt og ég vænti þess að hann komi og svari fyrir sig, að hér sé málþóf í gangi sem aldrei hafi sést eða þekkst á hinu háa Alþingi áður. Það er fjarri lagi. Við erum á þriðja degi í mikilvægri umræðu. Hér fer fram mikilvægasta umræða síðari tíma, að minni hyggju, um lýðræðið í landinu. Enn er nóg eftir að ræða um. Ég hef hlýtt á hverja einustu ræðu, herra forseti, og fylgst með því að menn halda sig ákveðið og skýrt við efnið.

[20:38]

Þuríður Backman *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil gera þá athugasemd við stjórn forseta að eftir því sem fram kom í fréttum klukkan hálfsjö segir hæstv. forseti að stjórnarandstæðingar séu ráðnir í að hleypa ekki stjórnarliðum í ræðustól. Mér finnst alvarlegt af forseta að segja þetta. Það er forseta að setja menn á mælendaskrá eftir því sem þeir biðja um orðið. Öllum er frjálst að gera viðvart og biðja um orðið, bæði stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum.

Það er ekki við okkur að sakast yfir því að svo fáir stjórnarliðar hafi beðið um orðið. Það er margbúið að kalla eftir viðhorfum stjórnarliða til málsins. Núna eru tveir þeirra á mælendaskrá sem hefðu átt að vera búnir að halda ræður, ef þeir hefðu ekki þráfaldlega fært sig aftar á mælendaskrána. Það er ekki við okkur að sakast þótt stjórnarliðar hörfi undan af einhverjum ástæðum.

Ég hefði viljað að fleiri stjórnarliðar hefðu frá upphafi verið virkir þátttakendur í þessari umræðu. Við hefðum þá getað skipst á skoðunum og farið yfir þetta. Okkur stjórnarandstæðingum er hreint ómögulegt að skilja hug stjórnarliða og hvernig þeir geta stutt þetta frv. Það hefði hugsanlega komið í ljós ef þeir hefðu tekið til máls.

[20:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Strax eftir að ég heyrði hin makalausu ummæli meginforseta þingsins, hv. þm. Halldórs Blöndals, færði ég mig neðar á mælendaskrá, alveg neðst til að skapa svigrúm fyrir stjórnarliða þannig að við gætum haft eðlileg skoðanaskipti við þá um þessi mál.

Ég hygg að allir stjórnarandstæðingar á mælendaskrá séu tilbúnir að gera hið sama og ég, að færa sig aftar á mælendaskrá til þess að skapa svigrúm fyrir stjórnarliða í umræðunni.

Ég óska eftir því, herra forseti, að þeim athugasemdum verði komið á framfæri við forseta þingsins Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., vegna ummæla hans. Stjórnarandstæðingar eru reiðubúnir til samráðs við hann um að færa sig aftar til að skapa svigrúm fyrir alla þá stjórnarliða sem óska eftir að taka til máls. Það er makalaust að fylgjast með því hvernig tveir þeirra stjórnarliða sem hér hafa verið nefndir, Jónína Bjartmarz og Guðlaugur Þór Þórðarson, hafa sífellt fært sig neðar á dagskrána. Guðlaugur Þ. Þórðarson átti að vera á undan mér í fyrrinótt í þessari umræðu en hann færði sig neðar á mælendaskrá og er greinilega að færa sig enn neðar núna, eftir því sem mér sýnist.

Það er alveg óþolandi, herra forseti, að þurfa að hlusta á formann þingflokks framsóknarmanna fara með rangfærslur í sjónvarpi um að hér tali hver stjórnarandstæðingurinn á fætur öðrum í þrjá til fjóra tíma án þess að fjalla um frv. málefnalega.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill undirstrika að hér er verið að ræða um fundarstjórn forseta en ekki fréttatíma sjónvarpsstöðvanna.)

Þetta er vissulega um fundarstjórn forseta þar sem forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, heldur því fram að við teppum ræðustólinn til að stjórnarliðar komist ekki að. Við viljum auðvitað leiðrétta þessar rangfærslur. Það er eðlilegt að við gerum það undir liðnum um fundarstjórn forseta. Við viljum koma því áleiðis til forseta að við séum reiðubúin að víkja, færa okkur neðar á listann til að allir þeir stjórnarliðar sem vilja tala í þessu máli komist að á þessu kvöldi og þessari nóttu.

(**Forseti** (BÁ): Þetta hefur komist að þrisvar í þessari umræðu um fundarstjórn forseta.)

Við óskum eftir því að þetta komist áleiðis til forseta og allra þeirra stjórnarliða sem tala vilja við þessa umræðu.

[20:43]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vek athygli hæstv. forseta á 8. gr. laga um þingsköp Alþingis þar sem stendur í 1. málsgrein:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu."

Ég hygg að hæstv. forseti hafi gert sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á honum hvað þetta varðar. Mér finnst að hæstv. forseti ætti að skoða þá hug sinn varðandi þá kröfu sem gerð er til hæstv. forseta áður en hann ber vandamál á torg eða í fjölmiðla.

Samkvæmt fréttum á Stöð 2 í kvöld klukkan 18.30 var tekið viðtal, ekki við 2. þm. Norðaust. heldur forseta Alþingis. Þar talaði forseti Alþingis, forseti minn og forseti okkar þingmanna allra, við fjölmiðla um vandamál og málþóf á Alþingi.

Ég hefði skilið það ef viðtalið hefði verið við formann þingflokks Sjálfstfl. eða formann þingflokks Framsfl. Þeir gátu eðlilega komið með slíkar athugasemdir á sínum forsendum. En forseti þingsins, sem er forseti okkar allra, hefur að mínu viti ekki rétt til að bera störf sín í þágu allra þingmanna á torg og í fjölmiðla eins og þarna er gert þar sem vitnað er til þess að forseti Alþingis kallaði umræðuna sem hér fer fram málþóf. Stjórnarandstaðan kemur hins vegar af fjöllum og kannast ekki við það. Ég veit ekki annað en stjórnarandstaðan hafi verið hér og rætt málin. Stjórnarþingmenn geta hins vegar verið uppi á fjöllum, Hvannadalshnjúk eða hvar sem er. Þetta eru því mjög ómakleg ummæli hjá hæstv. forseta sem á að vera í þingsal. Hafi hann eitthvað við þingmenn að segja getur hann komið því á framfæri í þingsal. Hafi hann einhverjar athugasemdir varðandi störf eða mál þingmanna þá geri hann það í þingsal.

Ég vil taka það skýrt fram að ég skil 8. gr. þingskapa þannig að forseti stjórni umræðum og sjái um að allt fari fram með góðri reglu í þingsal en ekki úti á torgi.

Forseti Halldór Blöndal, sem hefur verið viðloðandi Alþingi frá 1961, segist aldrei hafa séð málþóf í líkingu við það sem hann nú telur standa yfir. Málþóf hverra? Ef hann hefur eitthvað út á störf þingmanna að setja þá getur hann gert það í þingsal en ekki í fjölmiðlum eða úti á torgi. Ef honum finnst að stjórnarsinnar hafi verið slappir í umræðunni þá getur hann svo sem hvatt þá til að taka meiri þátt. Hann gæti komið athugasemdum til formanna þingflokka stjórnarflokkanna um að honum finnist þeir slappir í umræðunni, sem þeir hafa og verið, og málin komist ekki nægilega vel til skila. En að bera á torg vangaveltur um störf í þingsal finnst mér ekki vera í verkahring forseta.

[20:46]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég sat á skrifstofu minni, fylgdist með umræðum og var að blaða í skjölum þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kvaddi sér hljóðs og mig rak í rogastans. Ég hafði ekki séð fréttir Stöðvar 2 í kvöld og varð undrandi að heyra af ummælum hæstv. forseta Alþingis. Þau eru alls ekki rétt. Ég hef beðið spenntur í nokkra daga eftir að fá að heyra í stjórnarliðum, að þeir kæmu í stólinn og héldu glæstar ræður og maður fengi tækifæri til að fara í andsvör við þá og eiga við þá heiðarleg orðaskipti, orðaskylmingar og fá að heyra sjónarmið þeirra og rökstuðning fyrir þessu makalausa frv. sem hér er til umræðu. Því miður hefur það ekki verið svo.

Stjórnarliðar hafa verið fámennir í þingsalnum undanfarna daga. Þeir hafa brillerað með fjarvistum. Þeir hafa kannski setið á skrifstofum sínum og fylgst með í gegnum sjónvarp, ég veit það ekki. Sennilega hafa þeir gert það og ég vona reyndar að þeir hafi gert það. En þeir hafa lítið verið í salnum og enn minna verið í ræðustólnum. Það er alveg á hreinu.

Við höfum orðið vitni að því að stjórnarliðar hafa fært sig niður eftir mælendaskránni. Ég hef áður sagt að ég tel að þetta sé með ráðum gert. Þeir reyna að láta líta út fyrir að þeir taki þátt í umræðunum í augum þeirra sem fylgjast með umræðum á Alþingi í sjónvarpinu. Þeir tryggja að skammstafanir sínar séu á skjánum þannig að fólk fái á tilfinninguna að þeir taki þátt í umræðum. En svo er því miður ekki, virðulegi forseti.

Ég þurfti sjálfur að færa mig til á mælendaskránni í fyrrakvöld eða gærkvöldi. — Þetta eru orðnar svo langar umræður að maður ruglast auðveldlega á dögum. — Ég þurfti að taka þátt í veislu með formönnum þingflokka með forseta ungverska þingsins. Ég varð því að fara úr salnum í nokkra klukkutíma og lét færa mig niður eftir listanum. Þegar ég kom til baka bað ég um að láta færa mig upp aftur en það var alveg ómögulegt. Á sama tíma sá maður stjórnarþingmenn rúlla niður eins og steina í fjallshlíð, niður eftir listanum allt kvöldið og langt fram á nótt. Enginn þeirra fór í ræðustól.

Mér finnst því bera í bakkafullan lækinn að hæstv. forseti Alþingis skuli notfæra sér einn af hinum hötuðu fjölmiðlum Baugsmiðlana svokölluðu til að koma skoðunum sínum á störfum þingsins á framfæri og vega að stjórnarandstöðunni úr launsátri. Auðvitað ætti hann að vera í salnum, taka þátt í umræðum og leyfa okkur heyra álit sitt úr ræðustól í staðinn fyrir að stunda þessi vinnubrögð. Þetta kom mér mjög á óvart. Mig rak í rogastans og hljóp því strax hingað út og kann því að vera svolítið andstuttur. Ég tel rétt að það komi fram að það er ekki verið að stunda málþóf. Ræðurnar hafa verið mjög málefnalegar, þær hafa fjallað um efnisatriði þessa mikilvæga máls og ég tel fullvíst að hér verði áfram málefnalegar ræður.

[20:49]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna hins dæmalausa viðtals við forseta þingsins, Halldór Blöndal, þá vil ég spyrja forseta hvort hv. þm. Halldór Blöndal sé ekki örugglega í húsinu.

(**Forseti** (BÁ): Ég hygg að svo sé.)

Væri hægt að kalla hann til fundar vegna þess að umræðan snýst að mestu um störf hans?

(**Forseti** (BÁ): Þessi umræða er farin að snúast um fréttir fjölmiðla fremur en fundarstjórn forseta.)

Nei. Ég kem reyndar að því á eftir.

(**Forseti** (BÁ): Það væri gott að hv. þm. kæmi að því. En ég hygg að Halldór Blöndal viti af þessari umræðu.)

Ég held að það sé rétt hjá hæstv. forseta sem hann hyggur, að Halldór Blöndal viti af þessari umræðu. Það er svo samkvæmt töflu hér frammi að Halldór Blöndal er í húsinu. Ef ég þekki hæstv. forseta Halldór Blöndal þá horfir hann á og fylgist með. Þar er hið vökula auga að fylgjast með ræðustól Alþingis. (**GÁS:** Það er enginn stjórnarliði hérna.) Ég vil geta þess að enginn fylgismanna þessa máls er í salnum. Hér eru bara stjórnarandstæðingar og andstæðingar málsins. Hér eru engir framsóknarmenn sem styðja málið og engir sjálfstæðismenn. En Halldór Blöndal er í húsinu. Ég vænti þess að hæstv. forseti komi og taki þátt í umræðunni. En þegar hann fór í fréttirnar og talaði um störf þingsins datt mér í hug að árinni kennir illur ræðari. Ég hygg nefnilega að það sé svo að margt í fundarstjórn hæstv. forseta, virðulegi forseti, hafi orðið til að búa til sennilega 60–70 af þeim ræðum um fundarstjórn forseta sem hann fjallaði um í fjölmiðlum. Ég

hygg að ef betur hefði verið haldið á málum af hæstv. forseta þingsins hefði umræðan jafnvel verið langt komin. Þá hefði gefist tími til annars en að ræða um störf forseta.

Forseti hefur verið alveg einstaklega klaufalegur, hálfgerður klaufabárður, við að stjórna þinginu. Hann hefur gert allt hálfvitlaust með reglulegu millibili. Ég vil því, virðulegi forseti, gera athugasemdir við ummæli hans í fjölmiðlum. Jafnframt vil ég spyrja þann forseta sem nú er í forsetastól hvort við stjórnarandstæðingar höfum ruðst fram fyrir stjórnarsinna sem beðið hafa um orðið. Raunin er að aðeins einn sjálfstæðismaður hefur talað og sennilega af illri nauðsyn. Hann varð að fylgja eftir nefndarálitinu. Einn framsóknarmaður talaði í 30 mínútur í gær og flutti ræðu sem hann flutti einnig við 1. umr. Sagt er að það sé eina ræðan sem komin er inn á vef Alþingis, ræða hv. þm. Hjálmars Árnasonar, af því að ræðuritarinn gat farið í tölvuna og gert „copy og paste". Það er eina ræðan sem er yfirlesin og tilbúin frá síðustu tveimur dögum.

Virðulegi forseti. Ég trúi því ekki öðru en að hinn vaski forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, fari að ganga í salinn til að liðka fyrir störfum þingsins.

[20:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil árétta spurningu hv. þm. Kristjáns L. Möllers. Er það upplifun hæstv. forseta að stjórnarandstæðingar hafi með skipulegum hætti troðið stjórnarliðum um tær og troðið sér fram fyrir þá á mælendaskránni?

(Forseti (BÁ)**:** Forseti segir ekki að þeir hafi troðið sér fram fyrir neinn á mælendaskrá, enda eru menn almennt ekki teknir fram fyrir á mælendaskrá gegn vilja þeirra sem þar sitja fyrir.)

Ég þakka fyrir. Það var nákvæmlega þetta sem ég vildi fá fram. Á sama hátt hefur sitjandi forseti staðfest að ummæli Halldórs Blöndals, hæstv. forseta Alþingis, eru röng (Forseti hringir.) og að engu hafandi.

(Forseti (BÁ)**:** Forseti hafnar því að lagt sé út af orðum hans með þessum hætti.)

Ég þakka hins vegar forseta fyrir að hafa staðfest í einlægni að hér er ekki um neitt ofbeldi að ræða heldur þvert á móti viljaleysi stjórnarþingmanna til að taka þátt í umræðunni. Það er ákaflega erfitt að taka þátt í umræðunni í þingsal án þess að vera á staðnum. Ég vek athygli á því að þeir hv. stjórnarliðar, að Kristni H. Gunnarssyni undanskildum, sem eru hér á mælendaskrá og eiga væntanlega að tala fyrr en síðar eru ekki á staðnum. Það er því erfitt að koma því við.

Ég vek athygli á ákvæði þingskapa sem lúta að rétti forseta til að skáka til mönnum á mælendaskrá og tryggja með því að ólík sjónarmið geti vegist á og geti víxlast. Það hittist þannig á að sá sem hér stendur stýrði og stjórnaði fundi við upphaf umræðunnar á þriðjudag og gætti þess eins og hann gat að jafnræði væri milli flokka, á milli stjórnar og stjórnarandstæðinga, til að sjónarmið gætu vegist á. Þess vegna er enn undarlegra að þetta skuli koma upp á þriðja degi umræðunnar, þegar aðeins tveir stjórnarliðar hafa nýtt sér rétt sinn til að taka til máls. Umræðunni um málþóf skal því enn hafnað. Ég vil þakka sitjandi forseta fyrir að hafa staðfest skilgreiningu mína.

Ég vil árétta tilboð mitt. Ég vænti þess að það tilboð standi einnig af hálfu annarra fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Þeir eru vissulega sáttir við að forseti beiti því valdi sínu sem hann hefur samkvæmt þingsköpum til að tryggja að ólík sjónarmið vegist á og færi til í einu vetfangi þá tvo liðsmenn stjórnarinnar sem eru á mælendaskrá, þannig að þeir megi tala á næstu mínútum, verði þriðji eða fjórði ræðumaður í röðinni. Ég hvet forseta til að taka þessu góða tilboði.

[20:56]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að þessi umræða fari fram undir þessum lið og er í raun virðingarvottur við forseta þingsins. Hún ber þess vott að menn vilja taka forseta Alþingis alvarlega.

Hann lýsti því yfir í fjölmiðlum í kvöld að hann hefði áhyggjur af því að hér væri gengið á rétt stjórnarsinna í umræðunni. Reyndar kvað hann nokkuð fast að orði í því efni. Hann sagði að stjórnarandstæðingar væru ráðnir í að hleypa ekki öðrum að umræðunni. Hér hefur komið fram og verið staðfest af fjölmörgum þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þetta er misskilningur í besta falli, mistúlkun og útúrsnúningur í versta falli.

Ég vil leggja áherslu á að í dag hefur margoft verið óskað eftir því að stjórnarþingmenn taki þátt í umræðunum. Ég minnist þess að í morgun var þeim orðum sérstaklega beint til hæstv. viðskrh. Valgerðar Sverrisdóttur að hún kæmi inn í umræðuna og fjallaði um þá þætti sem að henni og ríkisstjórninni snúa. Hér hefur mikið verið fjallað um þær miklu breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi í kjölfar einkavæðingar undangenginna ára og samþjöppunar á fjármagni. Ég tel að það mál sem hér hefur verið til umræðu, fjölmiðlamálið, sé aðeins yfirborðið á þeirri umræðu. Ríkisstjórnin hefur alltaf hafnað því að taka á rótum vandans en við höfum kallað eftir viðhorfum og afstöðu hæstv. viðskrh. og annarra ráðherra til þessarar umræðu.

Ég óska eftir að því verði komið á framfæri við stjórnarþingmenn, ekki síst ráðherra í ríkisstjórn, að þeir komi til þessarar umræðu.

[20:58]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Ég hygg að þeir hv. þingmenn og ráðherrar sem ekki eru í salnum hljóti að fylgjast með umræðum á skrifstofum sínum og muni því fá þessi skilaboð.

[20:59]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Umræðan sem nú fer fram um fundarstjórn forseta er lík hinni fyrri að því leyti að hæstv. forseti tekur ekki mark á henni. Hann greiðir ekki fyrir þingstörfum með því að koma til umræðunnar og svara fyrir það sem hann sagði í fjölmiðlum áðan. Það var merkilegt að hæstv. forseti skyldi leita á náðir fjölmiðla sem hann hefur sjálfur valið ýmis nöfn að undanförnu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sjónarmiðum sem eiga fyrst og fremst erindi til okkar á hv. Alþingi.

Það er merkilegt að hann skuli kvarta yfir því að hér sé málþóf og menn þurfi að sitja yfir því langar nætur. Það leggst lítið fyrir gamlan flensara úr hvalnum, sem hefur örugglega oft staðið langa vaktina þar, að hann væli undan umræðum um mikilvæg mál þótt þær taki daga og nætur. Enn þá minna finnst mér leggjast fyrir hann að geta ekki mætt til umræðunnar til að svara fyrir það sem hann lét frá sér fara í fjölmiðlum áðan.

Auðvitað er það ekki bjóðandi að fara út á Austurvöll til að láta taka við sig viðtal, með þeim hætti sem hæstv. forseti gerði, og vera með tómar rangfærslur. Auðvitað veit forseti

allra manna best að það hefur ekki verið nokkur vandi fyrir stjórnarliða að komast að í umræðunni.

Mér þykir ánægjulegt að sjá hæstv. forseta þingsins, yfirflensarann gamla, mættan í þingsal. Tilbúinn til að taka þátt í umræðunni.

[21:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég er feginn því að hæstv. forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, skuli mættur í salinn. Ég vona að hann hafi heyrt þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég ætla ekki að endurtaka þær í löngu máli en bendi á, hæstv. forseti, að fundarstjórnin hefur stundum verið með þeim hætti að hægt hefði verið að flýta fundarhaldi verulega, þ.e. þegar við höfum spurt um dagskrá þingsins, hversu lengi fundir ættu að standa o.s.frv. Við því hafa stundum ekki fengist svör, jafnvel ekki klukkutímunum saman. Ég held að lengsta umræðan um það efni hafi verið 70 mínútur, hæstv. forseti.

Ég ætla að stytta mál mitt og koma mér beint að efni líðandi stundar og spyrja hæstv. forseta, að viðstöddum hv. þm. Halldóri Blöndal: Hversu lengi hyggjast menn halda áfram á þessu kvöldi? Er hægt að fá einhver skynsamleg og skýr svör við því eða ætla menn áfram að haga stjórn þingsins þannig að aldrei fáist áætlun um hvernig skuli vinna? Þarf það alltaf að gerast eftir geðþótta frá einni stundu til annarrar?

Þess vegna ítreka ég spurninguna, hæstv. forseti: Hversu lengi fram eftir kvöldi eða fram á nótt á að starfa?

[21:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Hv. þm. spyr hversu lengi eigi að halda áfram. Ég tel að það sé ekki ljóst. Hins vegar hafa hv. þm. verið varaðir við því að umræður gætu dregist. Hér eru margir á mælendaskrá. Þessi umræða um fundarstjórn forseta hefur staðið í hálfa klukkustund og tíu hv. þingmenn tekið til máls. Ræður um fundarstjórn forseta í umræðum um útvarpslög og samkeppnislög teljast nú orðnar um hundrað. (**GÁS:** Hefðu komið svör, hefði hún styst.)

Ég bendi á að því lengur sem umræður um fundarstjórn forseta standa því meiri hætta er á að umræður dragist fram á nóttina.

[21:03]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég nýti nú seinna tækifæri mitt til að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta og vil byrja á að spyrjast fyrir um það. Það má vera að ég spyrji fávíslega en ég hef mér til afsökunar að ég er tiltölulega nýr á þingi. Mig langar að spyrja hæstv. forseta hvort það gildi einhverjar reglur um það hvernig þingmenn megi láta færa sig niður eftir mælendaskrá. Ég hef tekið þessa mælendaskrá mjög hátíðlega, þ.e. þegar ég skrái mig á mælendaskrá tel ég að það eigi að standa, að menn eigi að standa sína plikt og halda ræðu þegar að þeim kemur. Menn ættu hreinlega ekki að geta fært sig niður eins og þeir hafa verið að gera.

Það kom mér mjög á óvart þegar ég uppgötvaði það fyrir nokkrum dögum að þetta væri hægt þegar að ég varð vitni að því. Ég horfði agndofa upp á það hvernig þeir örfáu stjórnarþingmenn sem þó hafa skráð sig til máls rúlluðu niður listann eins og steinar í fjallshlíð, eins og ég sagði áðan.

Mér þætti vænt um að heyra frá hæstv. forseta hvort um það gildi einhverjar reglur, hvort þingmenn þurfi að tiltaka haldbærar ástæður fyrir því að láta færa sig niður eftir mælendalista. Ég hef gert þetta einu sinni, aðeins einu sinni á mínum ferli, og hafði mjög góða afsökun fyrir því. Ég þurfti að sinna skyldustörfum sem formaður þingflokks Frjálsl. En þetta þætti mér vænt um að fá upplýst.

Hitt er svo annað, að ég var að fá í hendur handrit af fréttinni á Stöð 2 í kvöld, eins og ég sagði áðan. Ég sá ekki þessa frétt en nú hef ég handritið fyrir framan mig og sé hvernig hún er upp byggð. Í sjálfu sér er ekkert út á hana að setja en ég sé að ég var jafnframt í viðtali og sagði að í ræðu minni — sem ég er reyndar búinn að halda núna — ætlaði ég að vitna í tvær góðar bækur.

(**Forseti** (BÁ)**:** Ætlar hv. þm. að tala um fundarstjórn forseta eða ætlar hann að vitna í sjálfan sig í sjónvarpsfréttum?)

Nei, hann ætlar að tala um fundarstjórn forseta. Hann ætlar að tala um ummæli forseta varðandi ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Ummæli forseta í sjónvarpsfréttum eru ekki fundarstjórn forseta, hv. þm.)

Nei, er það ekki? Allt í lagi. Þá látum við þar við sitja og komum að því í seinni ræðu minni um þetta mál sem verður sennilega eftir fjóra daga ef svo fer fram sem horfir.

Ég vil hins vegar kalla eftir því, hæstv. forseti, hvort hér gildi einhverjar reglur. Mér finnst með ólíkindum að þingmenn geti fært sig niður eftir listum því að við hinir, aðrir þingmenn á hinu háa Alþingi, miðum störf okkar við að ákveðnar persónur ætli að tala í ákveðinni röð á þingfundum. Við reiknum t.d. með því að komast í andsvör við ákveðna þingmenn sem við viljum eiga skoðanaskipti við. (Gripið fram í.) Út á það gengur lýðræðið, hv. þm. Drífa Hjartardóttir. (Gripið fram í.) að þingmenn á hinu háa Alþingi eigi skoðanaskipti.

(**Forseti** (BÁ)**:** Ekki tveggja manna tal hérna.)

Ef menn ætla að stunda slíkan leikaraskap finnst mér það alveg forkastanlegt, hæstv. forseti.

[21:06]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Sú regla hefur gilt þegar sá er hér stendur hefur verið í forsetastóli að það er auðvelt að færa sig niður lista en erfitt að færa sig upp.

[21:07]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég hef aldrei verið forseti Alþingis en ég hef verið fundarstjóri á fundum og stjórnað ýmsu verki sem mér hefur verið falið. Við slíka stjórn hef ég talið að hlutverk mitt væri að sjá til að menn færu að réttum formsreglum. Ég hef hagað þeim störfum í samræmi við það meginmarkmið fundarstjóra að vera þjónn þeirrar samkomu sem valið hefur hann til þjónustu við sig. Slíkur maður hefur rétt til eigin skoðana og á að tjá þær þegar það á við en hann á ekki að láta þær hafa bein áhrif á gang mála á fundinum.

Þetta virðist vera óðruvísi á Alþingi undir stjórn hv. þm. Halldórs Blöndals, sem kosinn hefur verið forseti í nokkur ár, með mismörgum atkvæðum að vísu. Hann virðist telja að það fylgi hlutverki sínu að vera eins konar fréttaskýrandi og jafnframt dómari svipað og gerist í listdansi á skautum þar sem menn rétta upp spjald með númeri eða á hrútasýningum þeim sem hæstv. forseti mun hafa vanist í gamla daga þegar hann var að hefja stjórnmálaferil sinn. Þá var afurðum bænda í héraði og háttvirtra kjósenda lýst með tilteknum hætti og voru hafðir til þess sérstakir matsmenn sem þó báru ekki titilinn „forseti“, ef ég man rétt af kynnum mínum af slíkum mönnum. — Þakka þér fyrir.

Hv. 2. þm. Norðaust. rétti mér miða og á honum stendur, þingmönnum til upplýsingar: „Passaðu þig á vatninu.“ Ég veit ekki alveg hvort forseti er farinn að lauma einhverjum töflum í vatnið til þess ýmist að halda mönnum betur vakandi eða kannski til þess að draga úr þróttinum.

Hæstv. forseti Alþingis á hins vegar ekkert með að gefa umræðum á þingi eitthvert nafn. Hann á allra síst að gera það í sjónvarpinu. Það verður forseti þó að hafa eftir skaplyndi sínu en það er hins vegar langt fyrir utan hlutverk hans og ámælisvert að forseti ætli þingmönnum það, þegar þeir ræða um landsins gagn og nauðsynjar frammi fyrir slíku frv. sem hér er á borðum okkar að þeir séu í einhverjum fundarbragðatrixum, svo að ég vitni í ungan þingmann, til að koma andstæðingum úr ræðustól eða meina þeim að komast í hann. (**ÖS:** Hver er hinn ungi þingmaður?) Hinn ungi þingmaður er einn af fyrrverandi frjálshyggjuþingmönnum Sjálfstfl. Ég vil ekki fara nánar út í það.

Þessu hlýt ég að mótmæla, eins og aðrir þeir sem hér hafa komið upp, og krefjast skýringa á háttalagi forseta Alþingis.

[21:10]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. forseti Alþingis hefur orðið við ósk minni um að koma í fundarsal og hlusta á þá umræðu sem hér hefur farið fram um viðtal sem tekið var við hv. þm. Halldór Blöndal, forseta Alþingis, á Stöð 2, sem sumir kalla annað en Stöð 2 en sleppum því.

Hv. þm. hefur verið í salnum og hlustað á athugasemdir okkar. Eins og ég gat um áðan og geri ráð fyrir að hann hafi heyrt hefur hann lagt sitt af mörkum og verið mjög duglegur við að gera framkvæmd þingsins erfiðari með alls konar vitleysislegum ákvörðunum sem hafa tafið mjög þingstörf. Ég lít svo á að hv. þm. sé okkur sammála. Þögnin er sama og samþykki í þessu tilfelli. Hv. þm. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, mun því hafa áttað sig á glappaskotum sínum sem orðið hafa til að tefja þingstörf.

Jafnframt hefur komið fram, virðulegi forseti, og ég þakka fyrir þau svör, að stjórnarandstæðingar hafa ekki ruðst fram fyrir stjórnarsinna. Það er mjög athyglisvert að það hafi komið fram og þar með er ljóst að það sem hv. þm. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, sagði í umræddu viðtali er rangt og er vitleysa. Það er þá í takt við ýmislegt annað sem snýr að fundarstjórn forseta.

Ég tók eftir því áðan að allt í einu komu tveir sjálfstæðismenn inn í salinn. Ég býð þá að sjálfsögðu velkomna vegna þess að þingmanna frá Sjálfstfl. hefur verið sárt saknað. Ég tók eftir því að hv. þm. Drífa Hjartardóttir gerði töluvert af því að kalla fram í og leit svo á að henni væri mál að komast í ræðustól. Þess vegna vil ég segja, virðulegi forseti, að ég held að hv. þm. Drífa Hjartardóttir ætti að drífa sig í ræðustól.

[21:12]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hefði talið að það væri fremur til framdráttar fyrir störf þingsins að sýna meiri lipurð við stjórn fundanna. Hér liggja mörg mál fyrir, miklu fleiri en dagskrármálið sem nú er til umræðu, umrætt fjölmiðlafrumvarp. Ég hefði talið eðlilegt og fyrir bestu fyrir störf þingsins að taka málið af dagskrá, gera smáhlé á umræðu um það og ræða önnur mál sem liggja fyrir. Ég er sannfærður um að það mundi greiða fyrir þingstörfum.

Það var náttúrlega mjög ósvífið af hv. þm. Halldóri Blöndal, forseta Alþingis, að bera það á torg að stjórnarandstaðan héldi langar ræður til að hleypa ekki stjórnarsinnum að. Ég lýsi því yfir, svo að hv. þm. heyri, að ég er tilbúinn að hleypa öllum stjórnarliðum fram fyrir mig ef þeir kæra sig um.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. forseta, af því að mér finnst það eðlileg krafa, hvort við fáum að vita hvenær menn hyggjast ljúka þessum fundi. Mér finnst óvissan skapa óeðlilegt ástand. Hér starfar fólk sem á fjölskyldur og vill gera sínar áætlanir og komast heim til barna sinna. Ég hefði talið það miklu eðlilegri vinnubrögð en að standa í þrefi fram eftir nóttu og halda öllu í óvissu.

Mér finnst það í raun vera lítilsvirðing við þingið og þingstörfin að geta ekki sett fram einhverja áætlun. Menn gætu sagt til um hvort þingfundi ljúki á miðnætti, klukkan eitt eða tvö, þrjú, fjögur, fimm eða sex. Mér finnst það eðlileg krafa. Ég ætlast til þess að hæstv. forseti svari henni.

[21:14]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti getur svarað því að það getur verið erfitt að gera slíkar áætlanir. Nú hafa t.d. umræður um fundarstjórn forseta staðið í 40 mínútur. Það var ekki gert ráð fyrir þeim í áætlun kvöldsins. (**KLM:** Þú hefðir nú getað svarað þessu.)

[21:15]

Útbýting þingskjals:

Íbúar við Eyjafjörð, 933. mál, svar hagstrh., þskj. 1653.

[21:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hafa verið drjúgar umræður í þessu máli. Því fer þó fjarri að þær séu einsdæmi. Ég man eftir að umræðurnar um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið voru býsna umfangsmiklar og stóðu lengi, dögum saman. Ég hygg að ekki hafi nokkrum manni dottið í hug að kalla þær umræður málþóf þó að þingmenn töluðu margir, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, og töluðu drjúga stund vegna þess að efni málsins var svo umfangsmikið. Það er eitt allra umfangsmesta þingmál sem hér hefur verið lagt fram í sögu þingsins. Þingskjölin var hægt að telja í hillumetrum en ekki í sentímetrum á kili. Svo er hitt að málið sneri að grundvallaratriðum í þjóðskipulagi okkar, sjálfstæðinu og fullveldinu, og margir höfðu eðlilega miklar áhyggjur af ákvæðum samningsins og hvort þau samrýmdust t.d. ákvæðum stjórnarskrárinnar, sérstaklega þeim ákvæðum sem lutu að dómstólum.

Ég man líka eftir því að í þingsölum urðu miklar umræður dögum saman og reyndar vikum saman þegar hér lá fyrir stjórnarfrv. um stofnun umhvrn. Þáverandi stjórnarandstaða taldi þetta mál þess eðlis að nauðsynlegt væri að ræða það í löngu máli og ítarlegu. Ég minnist þess t.d. að þáverandi þingmaður Ingi Björn Albertsson flutti eina allra lengstu ræðu þingsins þar til hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sló honum við, held ég. Ég held að ræða Inga Björns hafi verið átta og hálfur tími, flutt í nokkrum áföngum því fresta þurfi ræðunni nokkrum sinnum vegna annarra fundarhalda eins og gengur. Ég man líka eftir því að í þeirri miklu umræðu var lesið upp úr ágætri bók sem heitir Raddir vorsins þagna. Einn þingmaður Sjálfstfl. sem þá var í stjórnarandstöðu las upp til þess að ... (**Gripið fram í:** Alla.) — alla bókina hér, ég mundi nú ekki einu sinni eftir því að öll bókin hefði verið lesin, en ... (**JóhS:** Hver var þingmaðurinn?) ... það var ágætisþingmaður sem seinna varð kosinn til æðstu embætta

í þinginu. Auðvitað er þetta til marks um það að þingmenn hafa oft miklar meiningar um mál og vilja koma á framfæri ýmsum sjónarmiðum um þau, vitna til ýmissa gagna til að draga inn ný sjónarhorn eða upplýsingar í málinu. Það er ekkert við það að athuga, herra forseti, þó að menn ræði málin ítarlega, sérstaklega þegar þau eru þannig vaxin að tilefni er til. Það hefur verið gert í gegnum árin af öllum flokkum sem sitja á Alþingi. Mér finnst sú umræða sem verið hefur um þetta mál ekki neitt einsdæmi miðað við eðli málsins.

Málið er þess eðlis að það snertir alla grundvallarþætti í stjórnmálum okkar. Það lýtur að mörgum veigamiklum ákvæðum stjórnarskrárinnar sem menn bera mikla virðingu fyrir. Margir hverjir hafa miklar tilfinningar til og vilja verja þau réttindi sem þar er kveðið á um og taka það óstinnt upp ef þeir telja á þau réttindi gengið. Það eru grundvallarréttindi og menn ganga ekki á þau. Enginn þingmaður sem er þeirrar skoðunar að gengið sé á grundvallarréttindi eins og tjáningarfrelsi getur tekið því með léttúð eða fáum orðum hér í umræðu um það mál. Hann hlýtur að minna sterklega á sjónarmið sín og draga fram þau rök sem hann hefur máli sínu til stuðnings. Grundvallaratriði eru grundvallaratriði. Um þau verður ekkert samið. Það er ekki hægt að fallast á að menn geti vikið þeim til hliðar að hluta til, í einhverjum mæli o.s.frv. Annaðhvort er tjáningarfrelsi eða það er ekki. Ef menn fallast á að gengið sé á það tjáningarfrelsi, a.m.k. sumra Íslendinga, erum við búin að brjóta niður þær varnir sem við höfum byggt upp. Hver veit hvert menn halda næst? Hverjir verða skertir með tjáningarfrelsi sitt í næstu lotu? Þess vegna geta menn aldrei fallist á að draga úr eða skerða tjáningarfrelsi eins eða neins. Þeir sem eru á þeirri skoðun hljóta að taka hraustlega til máls í slíkum málum. Þess vegna finnst mér að umræður um þetta mál hafi verið eðlilegar að sama skapi og það er líka eðlilegt að menn hafi skiptar skoðanir um það. Sumir eru þeirrar skoðunar að frv. sem við erum að ræða og brtt. sem gerðar hafa verið á því brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Það eru sjónarmið sem menn hafa fullan rétt á að hafa og tala fyrir.

Ég tek ekki undir þær raddir sem heyrst hafa, bæði innan þings og utan, að hér sé um að ræða eitthvert marklaust málþóf. Hér hafa verið fluttar margar, ítarlegar ræður og góðar. Ég hef hlustað á mjög margar og mér hefur fundist einkenna umræðuna hvað hún hefur verið efnisleg. Menn hafa rætt um efnisatriði máls fyrst og fremst, bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar.

Ég held að við eigum að vera alveg ófeimin, bera höfuðið hátt í þessari umræðu og láta ekkert á okkur fá þótt hún taki langan tíma enn. Við höfum nógan tíma. Það kemur alltaf nýr tími þegar annar hefur liðið þannig að við þurfum ekki að óttast að hann þorni upp eins og vatnslitlar ár. Við getum alveg ósmeyk haldið áfram þessari umræðu og hver talað fyrir sitt sjónarmið eins og honum sýnist og hann telur þörf á á meðan menn hafa eitthvað nýtt fram að færa í umræðunni.

Á þessu máli eru mörg sjónarhorn. Það kom mjög skyndilega upp í íslenskri pólitík. Það kom mér algerlega að óvörum, ég verð að viðurkenna það. Ég hafði ekkert velt fyrir mér að neinu marki því sjónarmiði sem frv. er grundvallað á, að nauðsynlegt sé að takmarka möguleika einstakra fjársterkra aðila til að hafa áhrif á skoðanamyndun í landinu. Þegar málið kom fram var það ekki þannig að sjónarmiðin væru kynnt og síðan upplýsingar til að undirbyggja grunsemdir um að bæta þyrfti úr og tillögur eða möguleikar sem menn hefðu til að grípa til til að bæta úr, heldur kom fram fullbúið frv. um mótaðar tillögur á sama tíma og skýrslan var kynnt sem var upphafið að málinu. Umræðan hefur borið keim af því að menn voru óviðbúnir og þess vegna hefur hún tekið miklum breytingum frá því að hún byrjaði. Sjónarmið margra hafa eflaust breyst frá því að þeir fóru að velta þessu fyrir sér fyrst. Sumt hefur skýrst og annað er enn þá óskýrt. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er ekki kominn að neinni endanlegri niðurstöðu um alla þætti málsins, hvaða afstöðu ég teldi réttast að hafa til þess í einu og öllu. Viðhorf mitt til sumra þátta hefur tekið breytingum eftir því sem upplýsingar hafa komið fram sem varpa ljósi á þá þætti og annað hefur skýrst eftir því sem menn hafa haft ráðrúm til að hugsa um það. Því fer fjarri að nógur tími hafi gefist til að menn séu búnir að hugsa þessa hluti út í gegn.

Geta menn ímyndað sér — ég sé hér hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem einstaka sinnum tekur sér í munn eitthvað um stjórn fiskveiða — hvernig umræðan hefði verið ef ekki hefði verið nein umræða um stjórn fiskveiða, við hefðum búið við kerfi þar sem var engin stjórn? Allir hefðu getað róið á öllum skipum alla tíð, svo hefði bara skyndilega verið skutlað fram á borð þingmanna frv. um stjórn fiskveiða, segjum t.d. að það liti út eins og lögin eru í dag — halda menn að menn hefðu verið tilbúnir að fara í þá umræðu? Haldið þið að menn hafi verið búnir að velta fyrir sér öllu því sem kynni að gerast, og við vitum núna að gerðist, og hvaða sjónarmið menn tókust á um í þessari nærri 20 ára löngu umræðu sem hefur átt sér stað? (**Gripið fram í:** Það hefði aldrei verið samþykkt.)

Ég nefni þetta sem dæmi vegna þess að það er mjög gott til að sýna að það er erfitt að fara inn í algerlega nýja umræðu með þeim hætti að menn þurfi í raun og veru að koma til hennar á lokastigi, að menn þurfi að hefja þátttöku sína í umræðu af þessu tagi á lokastigi málsins. Mér finnst ákaflega óþægilegt að vera settur í þessa aðstöðu. Ég verð að viðurkenna það.

Þetta mál er í raun og veru svoleiðis vaxið. Menn eru að glíma við það á þessum forsendum. Mér finnst það ekki gott. Ég finn að því. Mér finnst aðfinnsluvert að málið skuli ekki vera unnið eins og ég tel að eigi að vinna að pólitískum viðfangsefnum, sérstaklega þeim sem menn telja mikilvæg. Ég geri ekkert lítið úr því að það kunni að vera réttmætt að taka þetta viðfangsefni út og segja: Þetta er eitthvað sem við þurfum að ræða, eigum við að setja reglur um þessa starfsemi til að tryggja tjáningarfrelsi? Ef menn svara því játandi, hvers konar reglur eigum við að setja? Mér finnst þetta alveg gilt viðfangsefni og gildar spurningar en við þurfum tíma til að vinna úr því. Menn þurfa tíma til að vinna úr viðfangsefninu. Það er það sem mér finnst að menn hafi ekki gert. Menn hafa ekki gefið málinu eðlilegan tíma.

Svona mál á að taka þeim tökum að setja niður starfshóp, vinna skýrslu og leggja hana fram til umræðu. Síðan fer sú umræða fram í þjóðfélaginu, á Alþingi, hjá fjölmiðlastéttinni og hjá stjórnmálaflokkunum. Það er grundvallarþáttur lýðræðisins. Menn mega ekki gleyma að hornsteinn lýðræðisins er stjórnmálaflokkarnir sjálfir. Þar á hin pólitíska umræða og skoðanamyndun fyrst og fremst að fara fram. Þegar menn taka svona mikilsvert mál fyrir finnst mér að menn eigi að bera það inn í flokkana. Við sem erum í þessari stjórnmálabaráttu eigum að bera málið inn í flokkana, kynna það, reifa sjónarmið okkar, heyra viðbrögð annarra og komast að einhverri niðurstöðu um það hvaða stefnu flokkurinn ætlar

að hafa í þessu máli. Að því loknu eru menn í góðum færum til þess að ná niðurstöðu um málið á Alþingi og setja löggjöf. Þannig á að vinna að þessu máli að mínu viti. Mér finnst ekki eðlilegur framgangsmáti að félagarnir í stjórnmálaflokkunum sem standa að ríkisstjórninni fái ekki að koma að því fyrr en allt er um garð gengið. Mér finnst það óeðlilegt. Ég segi það bara alveg eins og er, herra forseti, mér finnst það óeðlilegt. Við erum ekki að sýna félögum okkar í flokkunum þá virðingu sem þeir verðskulda með því að vera í flokknum og vilja starfa með okkur að því að móta pólitískar áherslur.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, þannig að mönnum væri ljóst að mér finnst að svona eigi að standa að málum. Það er ekki staðið að þessum málum með þeim hætti sem ég tel að menn eigi að gera. Ég vildi draga þetta mjög skýrt fram. Ef menn fara að temja sér það að stytta sér leið í hinni pólitísku umræðu þannig að foringjarnir á hverjum tíma taki sér það vald að ákveða niðurstöðuna án þess að hleypa flokksfélögunum að umræðunni eru menn að ganga út úr lýðræðislegri hefð. Þá eru menn að ganga veginn út úr hinni eðlilegu, lýðræðislegu hefð sem við höfum mótað hér í áratugi, á síðustu öld og fram á þessa. Það er ekki þróun mér að skapi.

Ég tel og vil vinna að því að menn styrki stjórnmálaflokkana með því að virða hlutverk þeirra og sjónarmið og rétt fólks sem er í flokkunum til þátttöku í mótun á pólitískri umræðu. Það sem menn gera með þessu máli er að stytta sér leið. Menn taka á ákaflega þröngum vettvangi pólitíska ákvörðun um niðurstöðu málsins. Mér finnst það ekki eðlilegt, herra forseti, og tel að menn eigi ekki að halda áfram á þeirri braut, heldur að hverfa frá þessu fari og yfir í það sem ég hef vanist í gegnum tíðina, að menn vinni málið með þeim hætti sem ég hef lýst.

Að málinu sjálfu. Fyrsta spurningin er: Á yfir höfuð að vera að setja nokkur lög umfram þau lög sem gilda í dag?

Þá er í fyrstu hægt að benda á og eðlilegt að hugsa um að í gildi eru lög, samkeppnislög, sem gilda um atvinnurekstur á fjölmiðlasviði eins og á öðrum sviðum. Þau lög eiga að stuðla að, eða tryggja eftir atvikum, að þau fyrirtæki sem starfa á þessum markaði lúti þeim reglum sem settar eru til að tryggja samkeppni. Þeir sem skipta við þessi fyrirtæki eiga að geta vænst þess að fá góða þjónustu á góðu verði. Þjónustan sem menn kaupa af fjölmiðlafyrirtækjum eru auglýsingar, og síðan fréttir og annað sem þessir fjölmiðlar hafa fram að færa.

Er eitthvað í starfsemi þessara fyrirtækja í dag sem er þess eðlis, er verðmyndun á auglýsingum með óeðlilegum hætti þannig að samkeppnislög nái ekki yfir það? Eða eru undirboð í gangi á þessum markaði sem gera t.d. nýjum fyrirtækjum ókleift að hasla sér völl í samkeppni við hin sem eru fyrir? Ég hef ekki séð orð um það í þessum skjölum. Ég hef ekki séð vikið að því með neinum sannfærandi hætti að viðskiptaumhverfið á fjölmiðlamarkaði sé með óeðlilegum hætti. Ég dreg af því þá ályktun að það sé engin þörf á sérstökum inngripum löggjafarvaldsins með lagasetningu til að tryggja starfsemi fyrirtækja sem eru á fjölmiðlamarkaði eða til að tryggja að ný fyrirtæki geti haslað sér völl. Það hafa ekki komið fram upplýsingar sem benda til að svo sé. Hins vegar liggur fyrir að það er samkeppni um auglýsingar og þeir sem kaupa þá vöru hljóta að búa við það umhverfi sem þeir geta vænst að sé í markaðsþjóðfélagi.

Ég fæ ekki séð að út frá þessu, sjónarhorni atvinnurekstrarins, sé nein þörf á sérstakri löggjöf, umfram samkeppnislöggjöfina. Þá geta menn velt fyrir sér: Er nauðsynlegt af einhverjum öðrum ástæðum að setja sérstaka löggjöf um atvinnustarfsemi á fjölmiðlamarkaði? Það kann að vera. Menn hafa dæmi um það. Menn hafa sett löggjöf um sjávarútveginn, um takmarkanir á eignarhald í sjávarútvegi til að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun þar þannig að fáir aðilar geti orðið mjög efnahagslega sterkir. Menn hafa svarað þeirri spurningu játandi, að það geti verið rétt að vera með sérlöggjöf á tilteknum sviðum atvinnulífsins. Hins vegar er ólíku saman að jafna, sjávarútvegi annars vegar og fjölmiðlamarkaði hins vegar. Veltan í sjávarútvegi er um 130 eða 150 milljarðar kr. Fyrirtæki í sjávarútvegi geta orðið stór, eins og raun ber vitni, og eru mörg hver efnahagslega afar sterk. Þau geta þar af leiðandi haft sterka stöðu og beitt henni ef þeim sýnist svo. Fjölmiðlamarkaðurinn er ekki nema brot af stærð sjávarútvegsins. Efnahagslegur styrkur fyrirtækja, annarra en ríkisfyrirtækjanna, í fjölmiðlarekstri er ekki mikill. Sagan sýnir okkur það. Hér sat í þingsalnum áðan fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans. Það voru engar hömlur á útgáfu þess blaðs en blaðið er löngu hætt að koma út vegna þess að það vantaði rekstrargrundvöll. (**Gripið fram í:** Þarna er annar.) Þarna er annar, já. Ég sé að þeim vegnar vel í stjórnmálum sem hafa starfað á Þjóðviljanum. Það leynir sér ekki. Þótt blaðið sé komið fyrir ætternisstapa þá hefur starfsmönnunum þess mörgum hverjum vegnað vel í stjórnmálum.

Það er ekki nóg velta hlutunum fyrir sér á þeim forsendum að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir að einstaka fyrirtæki verði of sterkt. Reynslan af fjölmiðlamarkaðnum, sem ekki veltir miklu fjármagni á hverju ári, sýnir okkur að staða fyrirtækjanna hefur í gegnum árin verið ákaflega veik, nánast undantekningarlaust. Ég sé ekki hvaða forsendur menn eiga að hafa til að setja reglur sem takmarka möguleika einstakra fyrirtækja til þess að verða sæmilega öflug á þessum markaði. Setji menn þær reglur þá eru þeir líka að reisa skorður við því að hægt sé að búa til fyrirtæki sem líkleg væru til að geta staðið af sér samkeppnina í þessari atvinnugrein. Ég hef ekki fengið nein skýr rök fyrir því að menn eigi að ganga þessa götu.

Menn geta velt þessu fyrir sér og sagt sem svo: Ja, það þarf að huga að skoðanamyndun og áhrifum einstakra manna á hana. Þá spyr ég: Að hvaða leyti tengist það eignarhaldi? Ef tiltekinn maður vill hafa áhrif á skoðanamyndun almennings í tilteknu máli eða mörgum málum, er þá eina leið hans til þess að kaupa sér blað? Því fer víðs fjarri. Menn geta komið skoðunum áleiðis þótt þeir eigi ekki blöð. Ef menn eiga blöð eða ljósvakamiðla, þýðir það að menn séu líklegir til þess að beita því eignarhaldi til að tryggja framgang tiltekinna sjónarmiða? Ég segi og spyr á móti: Gott og vel, ef menn hafa þessi sjónarmið, hvar eru þá sönnunargögnin fyrir því að þetta hafi verið gert, að þetta sé meginregla á íslenskum fjölmiðlamarkaði? Það er ekki reynt að draga þau fram og verður ekki séð að menn hafi gert það.

Einstaka menn hafa borið blaðamönnum á tilteknum fjölmiðlum á brýn að þeir gangi erinda eigenda sinna. Það eru mjög alvarlegar ásakanir sem hér hafa verið bornar fram ítrekað, innan þings og utan, án þess að bera því við að leggja fram sönnunargögn. Það er málflutningur sem færir þetta mál niður á plan sem ekki er við hæfi. Menn eiga að ræða þetta mál á efnislegum forsendum en ekki í þessum stíl. Það er ekki hægt að ræða svona mál með því fororði að fólkið sem vinnur í greininni, ef það vinnur hjá tilteknum

manni, sé ekki traustsins vert, en ef það vinni hjá einhverjum öðrum þá sé það allt í lagi.

Morgunblaðið upplýsti að það styður þetta mál. Morgunblaðið upplýsti líka að það hafi verið svo heppið með eigendur. Verður það alltaf heppið með eigendur? Eru þá aðrir fjölmiðlar, hvort sem það eru blöð eða útvarp, ekki heppnir með eigendur? Verða menn heppnir með eigendur ef við setjum einhverjar reglur um eignarhald? Er það trygging fyrir því að verða heppinn með eiganda? Mér finnst þetta eins og að draga tombólumiða, að menn setji reglur um að eignarhaldið megi vera svona og svona og þá verði menn heppnir í tombólunni. Þetta er nokkuð sem vantar ansi mikið upp á að gangi upp að mínu mati.

Ég held að áður en menn huga að lagasetningu þurfi menn einmitt að skýra þetta. Er virkilega eitthvert samhengi á milli eignarhalds og fréttaflutnings? Ef svo er, í hvaða mæli er það og við hvaða skilyrði? Þetta þurfa menn að leggja á borðið áður en þeir geta lagt fram tillögu um löggjöf á þeim grundvelli.

Ég útiloka ekki að það kunni að vera rétt að setja einhverja löggjöf til að ná fram því markmiði að fréttaflutningur sé — sé hvað? — sé eðlilegur í einhverjum skilningi. Þá þarf maður auðvitað fyrst að skilgreina hvað er eðlilegt. Það verður kannski þrautin þyngri, að menn verði sammála um hvað er eðlilegur fréttaflutningur. Það er nefnilega hluti af tjáningarfrelsinu að menn hafa frelsi til að setja fram upplýsingar og mat sitt á þeim. Aðalatriði er að menn dragi fram staðreyndir og sjónarmið en síðan getur hver og einn lagt mat sitt á það. Það er ekki hægt að banna mönnum að gera slíkt. Hvernig á að vera hægt, herra forseti, að vinna á þeim forsendum?

Ég vil víkja að öðrum þætti í þessu máli, herra forseti, sem lýtur að stjórnarskránni. Það er stór angi af þessu. Í þessu máli kemur þrennt helst til álita: skorður við atvinnufrelsi, skorður við tjáningarfrelsi og skerðing á eignarrétti. Er nauðsynlegt að reisa skorður við tjáningarfrelsinu? Þetta er algerlega nýtt, að menn leggi til að gera það, eins og hér er lagt til. Almenna reglan hefur verið sú að tjáningarfrelsi hefur verið algjört. Nærtækast er að benda á prentfrelsið. Það hefur verið algjört. Menn hafa aldrei leyft sér að reisa skorður við prentfrelsinu í mjög langan tíma, eftir að menn náðu þeim áfanga að það frelsi var virt. Það frelsi varð algjört. Það náði til allra sem vildu koma málum sínum fram með þessum hætti, hvort sem þeir voru ungir eða gamlir, ríkir eða fátækir. Menn setja ekki skorður við því að menn geti komið sínu sjónarmiði áleiðis í prentmiðli. Það var einfaldlega miðill þess tíma.

Tæknin hefur síðan leitt af sér m.a. útvarp og sjónvarp og eftir að menn náðu tökum á þeirri tækni og komust yfir kostnaðinn, sem er alltaf mikill í upphafi, þá hefur þróunin verið sú að tryggja að menn hafi fullkomið tjáningarfrelsi við að nota þær leiðir. Það sjáum við t.d. á EES-samningnum, á ákvæðum sem fóru inn í útvarpslögin fyrir nokkrum árum. Sjónarmið mitt er að tjáningarfrelsið í stjórnarskránni nái með sama hætti yfir útvarp og sjónvarp og það gerir við dagblað. Þar er enginn munur á í mínum huga.

Takmarkanir sem menn hafa sett, leyfisbindingar á þessu, voru ekki til að takmarka frelsið. Þær voru til að tryggja möguleika fleiri til að nýta sér það á meðan það var mjög takmarkað og mjög dýrt að geta hagnýtt sér þessa tækni. Nú hefur þróunin orðið sú að það er alltaf að verða ódýrara og ódýrara að senda út efni, hvort sem það er í gegnum útvarp eða sjónvarp. Það er alltaf að verða til betri tækni til að dreifa útvarpsefni um allar jarðir. Þá auðvitað gildir það sama. (**Gripið fram í:** Það vantar bara peninga til að gera almennilega dagskrá.) Já, það vantar bara peninga til að gera dagskrá. Það er út af fyrir sig allt annað mál.

Leyfisveitingar, eins og við höfum haft, eru ekki til komnar til að setja hömlur við því að menn geti útvarpað. Þær eru til að tryggja að einn aðili taki ekki öll leyfin til sín og komi í veg fyrir að aðrir geti nýtt sér þann rétt. Þegar tæknin er að breytast þannig að þessar takmarkanir eru að falla niður þá eigum við að meðhöndla þetta form tjáningarfrelsis með sama hætti og prentfrelsið.

Ég er þess vegna algjörlega ósammála því sem er gert í frumvarpinu, að gera greinarmun á prentmiðlum annars vegar og útvarps- og sjónvarpsmiðlum hins vegar. Þar er sama tjáningarfrelsi að baki að mínu viti. Því er ekki hægt að setja takmarkanir við tjáningarfrelsi þegar útvarp og sjónvarp á í hlut að mínu viti. Það er mitt sjónarmið í þessu. Ég get stutt það mörgum rökum, m.a. þeim hvernig menn hafa í raun meðhöndlað þessi leyfi í gegnum útvarpsréttarnefnd, sem er rakið ágætlega í umsögnum sem liggja fyrir í málinu, t.d. frá Þorbirni Broddasyni og ég hygg að fleiri hafi hér vikið að þessu eins og hv. þm. Einar Karl Haraldsson sem þekkir gjörla til þessara mála. Menn hafa auðvitað túlkað þetta mál eins og ég er að gera, út frá frelsinu en ekki út frá takmörkun á frelsinu.

Mér finnst það satt að segja mjög undarleg staða og óvænt, fyrir mig sem var einu sinni langt til vinstri í pólitík, að ræða um það á þessum nótum. Ég tala fyrir því að frelsi sé ekki skert og frelsi sé fyrir hendi en þeir sem helst tala fyrir hinu sjónarmiðinu, að það sé takmarkað og eðlilegt að setja skorður á tjáningarfrelsi einstakra manna, eru fulltrúar hægri sjónarmiðanna. Hlutverk í pólitíkinni hafa snúist mjög á fáum árum þegar staðan er svona. Mér finnst það svolítið kátbroslegt, svo ekki sé meira sagt. En svona er þetta orðið og auðvitað dálítið merkilegt að Sjálfstfl. er í þeirri stöðu núna, að hafa áhyggjur af því að tilteknir einstaklingar geti haft of mikið frelsi. Það er auðvitað tímanna tákn. Kannski á þetta eftir að breytast seinna en svona er staðan núna, að það eru aðrir en þeir sem hafa það hlutverk að tala fyrir sjónarmiðum frelsisins, í þeim skilningi sem ég hef a.m.k. dregið fram af minni hálfu.

Enn fremur vil ég benda á að takmörkunin á frelsi er afar tímabundin, getum við sagt. Hún er afmörkuð. Hún nær yfir afmarkað svið ljósvakamiðlanna. Það liggur fyrir að umtalsverður hluti fjölmiðlunar fer fram með öðrum hætti, þ.e. eftir breiðbandinu, í gegnum gervihnattadiska, internetið og annað sem ekki þarf leyfi til. Allt þetta mun fara vaxandi, öll sú fjölmiðlun, og verður engum leyfum háð. Sá hluti sem frv. á að ná til mun minnka á komandi árum og það sem fellur undan frv. mun vaxa, sú fjölmiðlun mun fara vaxandi og engar takmarkanir á henni á einn eða annan hátt. Til hvers eru menn þá að setja löggjöf þar sem áhrifamáttur löggjafarinnar er bara mjög skamman tíma, í fáein ár í mesta lagi? Við því hafa ekki fengist nein viðhlítandi svör.

Það er hins vegar algerlega augljóst mál að frv. hefur áhrif á eitt fyrirtæki sem er í rekstri í dag og getur farið mjög illa með stöðu þess fyrirtækis á stuttum tíma. Það er ekki boðlegur grundvöllur fyrir löggjöf, hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á því fyrirtæki eða eigendum þess. Það er ekki boðlegur grundvöllur fyrir löggjöf að setja lög sem fyrst og fremst hafa áhrif til hins verra á einn aðila en ekki aðra. Það

er ein af þeim ástæðum sem valda því að ég get ekki stutt þetta mál. Ég tel ekki að stjórnmálamenn eigi að leyfa sér að beita valdi sínu þannig að taka einstaka persónur fyrst og fremst og miða á þær. Það er mitt mat að það sé verið að gera. Svo verður það bara að hafa sinn gang hvort það er hið rétta eða ekki. Ég fæ ekki aðra skynsamlega skýringu út. Ég hef heldur ekki heyrt í allri þessari umræðu neina aðra skynsamlega skýringu en þá að það sé verið að setja löggjöf sem fyrst og fremst eigi að breyta starfsgrundvelli eins fyrirtækis.

Það er alveg augljóst að menn geta ekki sett lög þó að þau séu að yfirbragði almenn ef þau eru svona sértæk í eðli sínu. Ég hef allar efasemdir um að Hæstiréttur eða dómstólarnir muni fallast á að þar hafi menn beitt lagasetningarvaldinu með þeim hætti sem heimill er. Ákaflega fróðlegar upplýsingar komu frá bandarískum lögfræðingi um málaferli í Bandaríkjunum vegna löggjafar sem var eins vaxin og mér sýnist þessi vera. Bandarískir dómstólar dæmdu hana ólögmæta.

Ég veit ekki hvað íslenskir dómstólar munu gera í slíku máli hér. Ég held að þeir muni dæma þetta ólögmætt en veit það ekki. Mér finnst a.m.k. að þeir ættu að gera það, það ætti að vera ólögmætt að setja löggjöf af þessum toga. Mér finnast þetta ekki lögmætar ástæður fyrir löggjöf.

Þegar fram hafa komið rökstuddar upplýsingar, skulum við segja, um það að mál af þessu tagi snerti stjórnarskrána og geti jafnvel farið í bága við hana eiga þeir sem setja slík lög og sitja á Alþingi auðvitað að gæta sín. Þeir eiga að afla sér álitsgerða frá þeim sem eru helst fróðir á þessu sviði og spyrja þá: Er líklegt að þetta eða hitt frv. rekist á við stjórnarskrána í þessu eða hinu atriðinu? Það á að gefa mönnum sem eru færastir á hverju sviði tækifæri til þess að vinna álitsgerðir í málinu og svara því hvert álit þeirra er. Síðan tekur Alþingi sínar ákvarðanir á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga. Þannig eiga menn að starfa, vinna úr frv. sem eru þess eðlis að ástæða er til að hafa áhyggjur af þessum þætti.

Þegar maður skoðar gögnin sem lúta að þessum þætti kemur í ljós að nokkrir aðilar hafa verið beðnir um álit sem lúta að þessum þætti sérstaklega og það má heita gegnumgangandi að þeir treysta sér ekki til að gefa svar, treysta sér ekki til að svara því hvort frv. uppfylli það skilyrði að brjóta ekki í bága við stjórnarskrána.

Forseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands segir í umsögn sinni að tíminn sem er til umræðna sé það knappur að það sé bara ekki hægt og bendir á, sem rétt er, að frv. feli í sér takmarkanir á þremur þáttum sem eru grundvallaðir inn í stjórnarskrána: tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarrétti. Hann segir líka að það sé ljóst að sú leið sem farin er í frv. gangi mjög langt. Þessir aðilar hafa ekki tök á að vinna greinargerð í málinu sem greinilega er þó full þörf á.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands bendir á að taka þurfi til ítarlegrar skoðunar nokkur ákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði alþjóðlegra samninga og sáttmála sem Ísland er bundið af og ákvæði eru um í íslenskum lögum. Þeir benda líka á að sum þessara ákvæða varði grundvallarmannréttindi, svo sem tjáningarfrelsi og eignarrétt, og minna á að brýnt sé að vanda til undirbúnings lagasetningar. Í umsögn þeirra segir, með leyfi forseta:

„Laganefndin fær ekki séð að það sé yfir höfuð mögulegt með vísan til framanritaðs að skila vandaðri umsögn um málið á þeim tveimur sólarhringum sem nefndinni eru ætlaðir til verksins."

Svipað er upp á teningnum í svari frá lögfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst, að fresturinn sem veittur er sé allt of skammur til þess að unnt sé að vinna álitsgerð. Sama frá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála Háskóla Íslands.

Síðan eru hér álitsgerðir frá lögmönnunum Ragnari Aðalsteinssyni og Sigríði Rut Júlíusdóttur sem lúta að þessum þáttum. Niðurstaða þeirra er að líkur séu á því að dómstólar muni víkja lögunum til hliðar vegna þess að þau samrýmist ekki stjórnarskránni. Þau vitna til nokkurra atriða sem þau telja sanna það.

Í annarri álitsgerð frá fimm lögmönnum sem Norðurljós fengu til að vinna greinargerð er líka mjög afdráttarlaus niðurstaða á þá lund að í fyrsta lagi sé frv. andstætt meðalhófsreglu, í öðru lagi brjóti það gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, í þriðja lagi feli það í sér afturvirka skerðingu á eignarréttindum, sem brýtur við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í fjórða lagi brjóti efni frv. gegn ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Í fimmta lagi sé efni frv. ósamþýðanlegt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Það er engin álitsgerð frá aðila á þessu sviði sem segir að þetta sé allt í lagi. Engin. Ríkisstjórnin sem flytur málið leggur ekki fram neitt skjal eða neina álitsgerð af sinni hálfu til stuðnings því að frv. brjóti ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Þetta mál er þá þannig að enginn aðili af þeim sem leitað hefur verið til og er að finna hér umsögn frá heldur því fram að þetta sé í lagi. Það eru hins vegar aðilar sem halda því fram að þetta sé ekki í lagi. Margir aðilar benda á að vafi geti leikið á en hafa ekki haft tíma til að vinna almennilega umsögn.

Þetta er ekki boðlegt, herra forseti. Þegar ákvæði stjórnarskrárinnar eiga í hlut getur þingið ekki gengið svo til verka að ljúka málinu án þess að ganga úr skugga um, með eins tryggilegum hætti og unnt er, að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Það er skylda okkar og við höfum unnið eið að stjórnarskránni.

Ég er ekki júristi þannig að ég get ekki stuðst við eigið lögfræðilegt mat í þessum efnum. Ég verð að treysta á mat annarra í þessu. (**Gripið fram í:** Og eigin skynsemi.) Og eigin skynsemi, já, já. Það eru sumir sem eru lögfræðingar hér á þingi en mér finnst að jafnvel þótt svo sé og þeir séu ágætir á sínu sviði sé það mikil ábyrgð sem þeir taka ef þeir ætla að treysta einvörðungu á eigin þekkingu á þessu sviði gegn öllum þeim álitum sem fyrir liggja. Það er alveg augljós niðurstaða fyrir þingið að það er ekki hægt að afgreiða þetta mál með jákvæðum hætti miðað við fyrirliggjandi gögn varðandi stjórnarskrárþátt málsins. Það er engin leið. Það er engin leið önnur en sú að hafna málinu.

Ef menn eru á þeirri skoðun að eitthvert þingmál brjóti í bága við stjórnarskrána eiga menn auðvitað að greiða atkvæði gegn því. Það er ekki annað hægt. Það er það sem ég mun gera á meðan frv. tekur ekki þeim breytingum að ekki sé lengur talin hætta á að svo sé.

Það sem mér finnst t.d. alveg augljóst að brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, og er reyndar bent á í þessum greinargerðum, er að menn eru að breyta forsendum fyrir leyfum sem eru grundvöllur reksturs. Ég fæ bara ekki séð að menn geti fært rök fyrir því að hægt sé að gera slíkar breytingar á gildistíma þeirra leyfa sem menn eru með undir höndum. Það hefur svo margoft komið fram, t.d. í umræðum

um önnur svið eins og sjávarútveg. Það er almennt viðhorf að menn geti ekki raskað forsendum atvinnureksturs án þess þá að skapa sér bótaskyldu ef menn ganga þá ekki svo langt að það gangi gegn stjórnarskránni líka að öðru leyti. Það er alveg nýtt fyrir mér að menn geri ekki meira úr þessum þætti en gert er í þessu frv. og brtt.

Herra forseti. Ég held að ég fari að draga saman mál mitt. Það er í fyrsta lagi stjórnarskrármálið sem gerir það að verkum að ég tel þetta algerlega óásættanlegt. Menn geta ekki staðið að því að setja lög sem ganga gegn stjórnarskránni. Ég tel að svo sé í þessu tilviki og svo sé á fleiri en einn veg.

Í öðru lagi, burt séð frá því hvort menn ganga gegn stjórnarskránni eða ekki, er ég andvígur því að takmarka atvinnurétt manna eins og gert er í frv. Við búum ekki lengur í þjóðfélagi þar sem það þótti sjálfsagt að setja svona miklar skorður við atvinnuréttindum manna. Við teljum okkur búa í markaðsþjóðfélagi þar sem bestur árangur næst með því að einstaklingarnir hafi sem mest svigrúm til að vinna að sínum atvinnurekstri og ég er einfaldlega andvígur því að reisa skorður við möguleikum manna til atvinnureksturs svo sem gert er í þessu frv. Ég tel það einfaldlega óskynsamlegt og að ekki eigi að gera slíkt.

Ég tel jafnframt að menn eigi ekki að takmarka tjáningarfrelsið, burt séð frá því hvort menn geti fundið einhverja leið sem dómstólar mundu ekki dæma ógilda. Menn eiga einfaldlega ekki að hafa þau viðhorf sem grundvöll að löggjöf að þörf sé á því að takmarka tjáningarfrelsi. Menn eiga þvert á móti, að mínu viti, að hafa löggjöfina þannig að tjáningarfrelsið sé gert mönnum eins auðvelt og hægt er og það sé virt að öllu leyti. Að þessu leyti er ég algjörlega andvígur því að setja á reglur sem þrengja að tjáningarfrelsinu, jafnvel þótt það þrengi að tjáningarfrelsi manna sem kunna að vera auðugir. Það er allt annar hlutur. Menn hafa sömu mannréttindi á Íslandi, hvort sem þeir eru auðugir eða fátækir. Ég hélt að það væri liðin tíð að menn skiptu mönnum eftir efnahag eða öðrum ástæðum þegar málin snúa að grundvallarmannréttindum.

Ég er af mörgum ástæðum ekki tilbúinn til að styðja frumvarpið eða þau sjónarmið sem að baki liggja. Það þýðir ekki að ég útiloki fyrir fram eða á þessu stigi að ég kunni síðar að komast á þá skoðun að rétt kunni að vera að setja löggjöf til að tryggja einhver lögmæt sjónarmið gagnvart fjölmiðlum, t.d. að fréttaflutningur sé byggður á grundvallaratriðum og fréttamiðlar hafi skyldur til að draga fram staðreyndir í máli og gefa sjónarmiðum kost á að koma fram í hverju máli. Það eru út af fyrir sig hlutir sem ég held að allir séu sammála um að vinna eftir. Það er svo annað mál hvort hægt sé að setja slíkt í löggjöf eða hvort setja eigi slíkt í löggjöf. Ég skal ekki útiloka það að menn geti sannfært mig um að rétt sé að setja einhver ákvæði í lög sem miða eiga að þessum þætti. En ég sé ekki samhengið á milli þess og eignarhalds á fyrirtækjum eða annarra atriða. Ég sé t.d. ekkert samhengi á milli þess að aðili eigi 50% í útvarpsrás sem útvarpar íslenskri tónlist allan sólarhringinn og þess að hann misnoti það eignarhald einhverjum til tjóns. Það þarf ekki einu sinni að vera flutt eitt einasta aukatekið orð um frétt á þeirri rás, heldur bara tónlist allan sólarhringinn.

Ég held að menn geri allt of lítið úr einu atriði í þessu sambandi sem kann þó að vera grundvallaratriði. Það er að almenningur á alltaf síðasta orðið. Hlustandinn eða lesandinn á alltaf síðasta orðið. Menn mega ekki ganga út frá því í þessari umræðu að það sé hægt að telja fólki trú um hvað sem er. Bara það að menn geti útvarpað sjónarmiðum sínum í útvarpi eða sjónvarpi, eða fengið að prenta sjónarmið sín í blaði án þess að neinn annar komist að, er engin trygging fyrir því að sá sem les blaðið eða hlustar á útvarpið trúi öllu því sem þar kemur fram. Menn reyndu þetta lengi í Austur-Evrópu, að fá fólk til að trúa hinum eina stóra sannleik. Menn gáfu lengi út Prövdu og hvað kom út úr því? Ekki neitt. Fólkið sá auðvitað við þessu. Menn sjá í gegnum það þegar staðreyndir eru afbakaðar og sjónarmið afflutt. Á endanum vinsar fólkið frá þær fréttir eða þá miðla sem eru ótrúverðugir. Auðvitað gerist það hér á landi eins og annars staðar. Ég held að við ættum að treysta heilbrigðri dómgreind fólks. Hún er sterkasta lýðræðislegasta aflið. Þess vegna held ég að svo mikil almenn andstaða sé við þetta lagafrv. Almenningur einfaldlega treystir sjálfum sér til að vega og meta það sem menn bera á borð fyrir fólk. Það er grundvöllur málsins og þarf enga sérstaka löggjöf til að hjálpa fólki í þeim efnum.

DV var, áður en það fór á hausinn, ákaflega sérstakur fréttamiðill að mínu mati. Mér fannst það orðið alveg ótrúlega hægri sinnað og leiðinlegt blað. Hins vegar finnst mér náttúrlega fráleitt að ætla að banna það. En það þurfti ekkert. Það fór bara á hausinn. Það dó úr leiðindum. Þannig fer auðvitað fyrir slíkum fjölmiðlum. Ef Baugsmenn, Jón Ásgeir, Jón Ólafsson eða aðrir Jónar ætla að reyna að heilaþvo almenning á Íslandi og læða inn ákveðnum sjónarmiðum þá fer eins fyrir þeim. Fólkið sér við þeim. Ég held að menn megi ekki gleyma því að fólkið er besti dómarinn í þessu. Það sér við öllum svona tilraunum, hér á landi og víðar. Ég vísaði áðan til reynslunnar í Austur-Evrópu og víðar þar sem menn reyndu að heilaþvo fólk. Það gekk auðvitað ekki. Ég hef ekki svo miklar áhyggjur af því að það sé nauðsynlegt yfir höfuð að setja löggjöf til að vernda fólk fyrir því. Það verndar sig að miklu leyti sjálft. Ég ætla hins vegar ekki að útiloka að ég kunni að fallast á að rétt sé að setja tilteknar reglur eða löggjöf en það verður þá að afmarka það, færa rök fyrir því og athuga hvort það nái þeim tilgangi sem ætlast er til.

Herra forseti. Ég held ég hafi farið í gegnum aðalatriði málsins af minni hálfu, afstöðu mína til málsins. Ég vona að hún liggi alveg skýr fyrir í þessari umræðu og býsna margir eru á sömu skoðun þótt auðvitað kunni fleiri að vera á annarri skoðun í stjórnarliðinu. Ég hef síðustu dagana tekið eftir því að býsna margir í mínum stjórnmálaflokki eru sömu skoðunar og ég og telja ekki rétt að flana að lagasetningu í þessu efni. Eins og menn hafa heyrt hafa borist ályktanir frá ýmsum félögum framsóknarmanna þar sem farið er fram á að þingflokkurinn beiti sér fyrir því að fresta afgreiðslu þessa máls og gefa fólki tækifæri til að kynna sér það og ræða áður en afstaða er tekin og málinu lokið með lagasetningu.

Það er til marks um að flokksmenn vilja fara skynsamlega í málin, eins og ég gat um í upphafi. Ég tel rétt að standa þannig að málum og það er greinilegt að margir í Framsfl. eru á sömu skoðun, að það mætti standa öðruvísi að þessu máli en til stendur að gera á þessu þingi.

[22:08]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð og vönduð ræða hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Ekki var hægt að heyra annað á honum en hann væri þeirrar skoðunar að hér væru á ferðinni sértæk lög sem lytu fyrst og fremst að því að knésetja eitt ákveðið fyrirtæki í landinu, Norðurljós hf., og koma því

þannig fyrir að fyrirtækinu verði ekki lífi á markaði. Hann virtist telja að takmarkanir frv. næðu skammt í ljósi þeirra byltinga sem í vændum eru í miðlun upplýsinga, sjónvarpi og útvarpi.

Ég vildi spyrja hv. þm. að því hreint og beint hvort hann teldi að hér væri um að ræða sértæka löggjöf sem lyti að því að knésetja Norðurljós hf. og koma miðlum fyrirtækisins út úr rekstri. Er það hinn eini sanni tilgangur laganna? Ég vildi fá þingmanninn til að skýra það sérstaklega fyrir okkur.

[22:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst mál að það eru einu áhrif laganna. Hvort það er beinlínis tilgangurinn er ég ekki alveg viss um að ég geti fullyrt, en mér finnst það. Ég hef ekki fengið neina aðra skýringu sem getur útskýrt bæði málið sjálft og málsmeðferðina. Mér finnst málið of mikið brennt persónulegri afstöðu til einstaklinga sem standa að þessum rekstri.

[22:10]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Ég þakka þingmanninum fyrir skorinort svar. Hann tók nokkuð afdráttarlaust af skarið með að hér væri varla á ferðinni annað en löggjöf sem lyti að því að vega að einu ákveðnu fyrirtæki. Hér væri um að ræða, með öðrum orðum, áhlaup stjórnvalda á Norðurljós.

Þingmaðurinn kom inn á marga athyglisverða fleti í sinni góðu ræðu. Einn þeirra snerti stjórnarskrána, mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, um tjáningarfrelsi, athafnafrelsi o.s.frv. Hann benti á að fram væri kominn rökstuddur grunur um að frv. snerti beint mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og því virtist um ólögmætan gjörning að ræða. Ég vildi óska eftir því að þm. hv. skýrði frá því hvort hans mat, hans persónulega mat, án þess að hann búi yfir júríska menntun, segi honum að hér sé um að ræða lög sem snerti beint þessi ákvæði stjórnarskrárinnar og vegi þar með að tjáningarfrelsinu í landinu.

[22:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þeim tíma sem ég hef setið á þingi hafa auðvitað mörg mál farið í gegn sem menn hafa velt fyrir sér hvort hafi snert stjórnarskrána á einhvern veg. Þess vegna hef ég öðlast ákveðna reynslu í að meta þau atriði. Ég er alveg sannfærður um að þetta frv. brýtur gegn ákvæðum um eignarrétt. Ég er líka sannfærður um að þetta frv. brýtur gegn ákvæðum um tjáningarfrelsi. Ég er nokkuð viss um að þetta ákvæði brýtur líka gegn ákvæðum um atvinnufrelsi. Ég er ekki eins öruggur í minni sök í því síðastnefnda en mér finnst nokkuð líklegt að svo sé.

[22:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hélt ræðu sem ég get verið sammála um í öllum atriðum. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort farið hafi verið yfir málið í Framsfl. og verið rætt í hörgul um einstakar greinar. Ég spyr hv. þm. hvort hann telji að það standist jafnræðisreglu að setja slík lög, sem snúa eingöngu að fyrirtækjum, samkvæmt texta, bæði frumtexta í frv. og með brtt., sem snúa eingöngu að fyrirtækjum. Útvarpsréttarnefnd getur veitt bæði lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Það þýðir að þessar reglur snúa ekki að einstaklingum. Einstaklingur getur t.d. átt 100% í fjölmiðli samkvæmt þessu. Telur hv. þm. að það standist jafnræðisreglur að svo hátti til?

[22:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þeir einstaklingar sem standa að baki þeim fyrirtækjum og eiga þau, að þessi ákvæði beinist eiginlega gegn þeim. Þeir eru sviptir tjáningarfrelsi sínu með því að þeim er meinað að nýta sér stöðu sína til að koma sjónarmiðum sínum eða einhverju því að sem þeir vilja taka upp með því að eiga fyrirtæki sem stunda þennan rekstur. Ég held að ekki verði hægt að greina á milli fyrirtækisins og einstaklingsins sem síðan á þessi bréf.

[22:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég átti við með spurningunni var þetta: Það eru settar kvaðir á fyrirtæki sem reka fjölmiðla. Þar verða að koma að a.m.k. fjögur fyrirtæki þar sem 25% reglan gerir það alveg ljóst. Samt er áfram inni í útvarpslögum gert ráð fyrir því að einstaklingar geti fengið úthlutað útvarpsleyfi. Þetta þýðir að einstaklingur sem á fjölmiðil býr við allt aðrar reglur hvað þetta varðar en þeir sem reka fyrirtæki og reka fjölmiðla. Það er þess vegna sem ég spurði hvort hv. þm. hefði skoðað þetta atriði. Ég tel að þetta fái ekki staðist og bar þess vegna fram þessa spurningu.

[22:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hlustaði á mál mitt fyrr í kvöld. Þar lagði ég út af því að mér fyndist málsmeðferð ríkisstjórnarinnar í þessu máli einkennileg og teldi að ríkisstjórnin veldi ófriðinn fremur en sáttina. Ég færði rök fyrir því með þeim hætti að m.a. sá sem hér stendur, fulltrúi Vinstri grænna og fleiri þingmenn hefðu flutt tillögu í byrjun desember um að skoða fjölmiðlamarkaðinn, eignaraðild, samsetningu starfsskilyrði o.s.frv. með það að markmiði að skoða m.a. hvort yfirleitt ætti að grípa til aðgerða eða setja einhverjar reglur. Síðan minnti ég á mál Samf. um gegnsæi og ritstjórnarfrelsi og taldi að miðað við mál manna hefði verið hægt að ná góðri sátt.

Þess vegna (Forseti hringir.) vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé sama sinnis og ég, að það hefði mátt ná sátt um málið ef það hefði verið unnið á annan hátt, horft lengra fram í tímann og tími gefinn til þeirrar vinnu.

[22:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir miklu máli hvernig menn standa að því að undirbyggja mál. Ef menn hefðu farið í þetta mál eins og ég rakti áðan, með því að draga fyrst saman efni, kynna tiltekin sjónarmið og efna til pólitískrar umræðu, bæði innan þings og utan í einhvern tíma, þá hefðu menn væntanlega fljótlega náð saman um tiltekin markmið, vinsað út það sem menn væru ósammála um og byggt á því sem menn hefðu náð samstöðu um.

Ég tel því líklegt að deilur um málið hefðu verið miklu minni og pólitísk umræða markvissari, fremur en undir þessum formerkjum þar sem menn þurfa eiginlega að kynna sér málin á upphafsreit og hafa ekki tileinkað sér alla þá þekkingu og fengið upplýsingar sem þarf til að gera málið upp endanlega.

[22:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessi svör. Ég heyri á máli hans að hann hefur nokkuð svipaðar skoðanir á því og ég. Ef málið hefði verið lýðræðislegar unnið þá hefði verið hægt að ná miklu betri lendingu heldur en við þurfum að fást við hér, með málið í algjöru ósætti og uppnámi.

Ég hef svo sem ekki öðru við það að bæta. Ég þakka þingmanninum fyrir ákaflega góða og skilmerkilega ræðu. Ég tel að hann hafi að mörgu leyti skýrt sjónarmið sem deilt hefur verið um á undanförnum dögum. Betur væri ef hann hefði jákvæðari áhrif á flokkssystkini sín og hefði komið málinu í þann farveg sem hann lýsti í ræðu sinni í kvöld.

[22:19]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu ræðu sem hér var flutt. Þótt ég viti að flokkar kunni því almennt ekki vel að einstaklingar dragi sig út úr hópnum, út úr liðsheildinni, og móti sér sína sjálfstæðu skoðun þá held ég engu að síður að sú ræða sem hér var flutt sýni okkur hve mikilvægt það getur verið fyrir málstað og málflutning að þingmenn geri svo þegar um grundvallaratriði er að ræða, að menn standi með samvisku sinni gagnvart grundvallaratriðum.

Hér er um grundvallaratriði að ræða. Við erum að tala um tjáningarfrelsið, atvinnufrelsið og eignarréttinn. Af því tel ég tjáningarfrelsið mikilvægast.

Það sem leiða á í lög í fyrsta sinn í sögu Íslands, að ég hygg, er að tilteknir aðilar megi ekki gefa út prentmiðla, að tilteknir aðilar megi ekki gefa út dagblað. Við mundum m.a. leiða það í lög ef þetta nær fram að ganga. Það er auðvitað atlaga að tjáningarfrelsinu. Það er þess vegna sem við stöndum hér og tölum.

Það er auðvitað ekki málþóf. Margir þingmenn og fjölmargir í samfélaginu eru skelfingu lostnir yfir því sem hér er að gerast. Vegna þess að umræðan fór ekki fram úti í samfélaginu og er ekki þroskuð úti í samfélaginu, hvorki í fjölmiðlunum, í flokkunum né í í samfélaginu, þá fer hún fram hér, virðulegur forseti. (Forseti hringir.)

Ég vildi koma þessu á framfæri og fá að þakka fyrir þessa ágætu ræðu.

[22:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stjórnmálum eiga menn alltaf val um hvaða afstöðu þeir taka og leiðirnar eru kannski jafnmargar og einstaklingarnir sem í stjórnmálunum eru. Mér finnst hins vegar að menn eigi að velja eftir málefnum en ekki persónum. Menn eiga að velja sér málflutning eftir því máli sem lagt er til grundvallar.

Hvernig halda menn að umræðan hefði orðið í þingsölum ef frv. hefði ekki lotið að tjáningarfrelsi heldur t.d. atkvæðisrétti í alþingiskosningum? Hvað ef menn hefðu verið með frv. sem segði: Undir tilteknum kringumstæðum hafa ákveðnir einstaklingar ekki atkvæðisrétt? Menn hefðu sagt: Þetta er grundvallarumræða og við gefum engan afslátt á réttindunum.

Það er nákvæmlega þannig sem ég lít á umræðuna hvað varðar tjáningarfrelsið. Ég er sammála hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um að það er grundvallaratriði í þessu máli.

[22:22]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti því fyrir okkur hvernig formenn stjórnarflokkanna hefðu vanvirt flokksmenn sína með því að stytta sér leið og ákveða niðurstöðuna fyrir fram í því mikilvæga frelsismáli sem hér er til umræðu.

Í þessu sambandi vildi ég spyrja hvort vandamálið er ekki víðtækara en svo. Ég kynntist því þegar Fréttablaðið hóf göngu sína undir minni ritstjórnarforustu að þá neitaði forsrh. að tala við blaðið. Síðan kom tölvupóstur úr Valhöll þar sem við vorum skammaðir fyrir að tala bara við aðra flokksformenn en hann. Eins hafa nokkrir þingmenn Framsfl. og forustumenn í flokknum lýst því yfir að þeir tali ekki við DV. Síðan er DV skammað fyrir að ráðast á ríkisstjórnina og hunsa Framsfl. eða ráðast á Framsfl.

Spurning mín er þessi: Er ekki vandinn m.a. sá hvernig forustumenn stjórnarflokkanna eru farnir að koma fram í lýðræðislegri umræðu í landinu?

[22:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við verðum alltaf að reyna að tala fyrir því að í lýðræðislegu þjóðfélagi höfum við ákveðnar aðferðir til að leiða mál til lykta. Ég er á þeirri skoðun að við megum ekki víkja frá því eða gefa því undir fótinn að samþykkja með einum eða öðrum hætti að ásættanlegt sé að menn fari aðrar leiðir, eða stytti sér leið eins og ég kalla það. Við verðum að hafa þrek til að halda þessum sjónarmiðum fram þannig að þeir sem eru í forustu á hverjum tíma í stjórnmálaflokkunum viti að það er ekki það sem almennir flokksmenn eða almenningur vill, að víkja frá viðurkenndum aðferðum sem við höfum tamið okkur við að ræða mál og komast að niðurstöðu. Ég held að það sé full þörf á því um þessar mundir að minna á það.

Lýðræðið er ekki fengið í eitt skipti fyrir öll. Það getur tekið breytingum bæði til hins betra og til hins verra. Það er stöðug vinna að halda við lýðræðislegum sjónarmiðum.

[22:25]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir svarið. Ég held að hann hafi komið að ákaflega mikilsverðum þætti, því nauðsynjamáli að tóm gefist til þess að ræða málin. Það gildir ekki bara fyrir stjórnarflokkana, að þeir ræði við flokksmenn sína heldur líka fyrir okkur í stjórnarandstöðuflokkunum sem þurfum tækifæri til að fara út um landið og ræða þessi alvarlegu mál við almenning áður en gengið verður til lagasetningar. Af þeim sökum höfum við að sjálfsögðu mælst til þess að málinu verði frestað til haustsins þannig að okkur gefist tækifæri til að eiga lýðræðislegt samráð við fólkið sem við erum umbjóðendur fyrir.

[22:26]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Umræðan um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum er búin að standa góða hríð. Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem í ræðustól til að ræða það mál og ég held að enginn hv. þm. hafi komið hingað oftar en einu sinni enn sem komið er til að fjalla um það mikla mál sem fyrir okkur liggur.

Það er þó kannski með hálfum huga og ákveðnum ugg í brjósti að ég kem upp og ætla að hefja það sem ég hafði

hugsað mér að væri nokkuð yfirgripsmikil ræða um málefnið vegna þess að það hefur verið svolítið furðuleg umræða í gangi í þjóðfélaginu og í fjölmiðlunum um að við þingmenn sem erum á Alþingi séum með málþóf við það að nýta okkur þann sjálfsagða rétt okkar að taka til máls undir jafnmikilvægu máli og hér um ræðir. Frekar hefði mér þótt, frú forseti, að ástæða hefði verið til fyrir fjölmiðla og umræðuna í þjóðfélaginu að velta fyrir sér hvernig á því stendur að hér standi nánast klukkutímum saman á hverjum degi einungis stjórnarandstaðan og tali við sjálfa sig. Það er ekki nokkur leið að draga hv. stjórnarþingmenn út úr þeim myrka helli þar sem þeir hafa komið sér fyrir núna í þeirri varnarstöðu sem þeir eru komnir í í málinu, til þess að skiptast á skoðunum við þá um hvað þeim finnst um einstök efnisatriði frv., hvað þeim finnst með þau meginmarkmið sem frv. setur fram og hvað þeim finnst í raun um þann anda sem í frv. er. Ég verð þó að segja að það birti aðeins yfir mér áðan þar sem ég sat og hlustaði á ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Mér fannst eins og þarna kæmi í fyrsta skipti í langan tíma einhver skynsemisrödd úr þessum myrka helli stjórnarsinna. Hér stóð þingmaður sem gerir sér fulla grein fyrir því að með því að taka þá afstöðu mun hann a.m.k. þegar til skemmri tíma er litið og jafnvel til lengri tíma litið eiga mjög erfitt uppdráttar í sínum flokki og mjög erfitt uppdráttar í því stjórnarsamstarfi sem nú er, því einu er ég þó búinn að gera mér grein fyrir á þeim stutta tíma sem ég hef setið á Alþingi, þ.e. frá því í október í fyrra, að hér ríkir flokksagi. Hér er ekki um það að ræða eða maður getur alla vega ekki séð það í því máli sem við erum að ræða að þingmenn ætli sér hver og einn að hafa einhverja skoðun á málinu, skoðun sem menn mynda sér sjálfir út frá því að lesa í gegnum mjög viðamikil og flókin gögn málsins, með því að hlusta á þá fjölmörgu sem komið hafa og hitt nefndir þingsins og lagt á borð mjög viðamiklar umsagnir sem gefa það til kynna að hér sé vert að fara rólega, hér sé vert að skoða hlutina og hér verði menn að passa sig á því að rasa ekki um ráð fram.

Ég hef aldrei látið það eftir mér þó að mig hafi oft langað til þess að koma upp í pontu á hinu háa Alþingi og ræða um fundarstjórn forseta. Áðan var rætt um fundarstjórn forseta vegna þess að 1. forseti þingsins, Halldór Blöndal, hafði sagt það í fjölmiðlum að stjórnarliðar kæmust ekki að til að ræða málið og að 99 sinnum hefðu stjórnarandstæðingar komið upp í pontu til að ræða um fundarstjórn forseta. Ég hefði í sporum hæstv. forseta sleppt því í raun og veru að segja frá þessu því að mínu viti er þetta ekkert annað en áfellisdómur yfir því hvernig störfum þingsins hefur verið stjórnað undanfarna daga og ég verð að segja alveg eins og er, kannski af reynsluleysi sem nýr þingmaður, að skipulag á störfum Alþingis eins og ég hef upplifað það frá því að ég byrjaði störf í október í fyrra er í raun alveg með eindæmum. Það er nánast aldrei hægt að gera sér grein fyrir því hvaða störf bíða manns að morgni þegar maður kemur til starfa. Starfsáætlun til skemmri tíma litið, til morgundagsins eða til loka vikunnar liggur ekki frammi af því að verið er að halda stjórnarandstæðingum í einhverri spennitreyju með það hvernig störf þingsins verða. Í gær vorum við þingmenn hér, þ.e. þeir sem sátu í salnum og hlýddu á ræður eða fluttu ræður og við vissum ekki betur en þingstörf ættu að standa til klukkan fjögur að nóttu eða morgni eftir því hvernig menn líta á það. Að sjálfsögðu gerðum við okkur grein fyrir því að við yrðum að manna þingsali til klukkan fjögur og sinna þeirri þingskyldu því að vert er að minna á að sú skylda hvílir á öllum hv. þm. að sækja þingfundi nema lögleg forföll hamli. Við gerðum ráð fyrir að vera hér til klukkan fjögur. Um miðnætti sá maður að komin var ókyrrð á stjórnarliðið, þau tvö eða þrjú sem hér sátu létu sig hverfa. Hér var ræðumaður í ræðustól, hann klaraði sitt mál, þá stóð hæstv. forseti á fætur, sló í bjölluna, var svona hálfundirfurðulegur á svipinn og sagði: Málið er tekið af dagskrá og fundi slitið. Það var eins og það væri eitthvað sniðugt að snasa stjórnarandstöðuna, láta hana halda að hún yrði að vera hér til klukkan fjögur að morgni en slíta svo fundi um rúmlega miðnætti, alveg rosalega fyndið. Við erum ekki að tala um fundi eða skipulag á einhverju málfundafélagi, við erum að tala um hið háa Alþingi og hvernig störfum er þar stjórnað.

Það mál sem við ræðum hér, þ.e. frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, kom fram með nokkuð undarlegum hætti. Við vorum búin að vera önnum kafin hér í því skipulagsleysi sem ég hef lýst við að reyna að þoka málum áfram í nefndum og í þingsal og það liggur fyrir geysilega langur listi þingmála sem stjórnarliðið leggur áherslu á að klárist á þessu þingi. Byrjað var að tala um að fara yrði að setja á kvöldfundi, setja fundi á á föstudögum og setja fundi á um helgar því það lægi mikið á að klára mörg af þeim mikilvægu málum sem bíða afgreiðslu. Sum þeirra mála þurfa á afgreiðslu að halda vegna þess að við erum að uppfylla einhverja samninga við önnur þjóðríki og við getum ekki látið bíða að koma þeim málum í gegn en allt í einu, viti menn, eru öll mál tekin út af dagskrá á hinu háa Alþingi og það kemur eitt mál inn á dagskrána. Því máli fylgja þau skilaboð að það mál þurfi að klára áður en nokkurt annað mál verði tekið fyrir. Er furða þó að maður hafi velt fyrir sér, þegar svona var komið, að nú hlyti að vera mikil vá fyrir dyrum. Váin væri það mikil að þjóðþingið, Alþingi Íslendinga, yrði að leggja til hliðar öll önnur störf sem búið væri að vinna að frá 1. október á síðasta ári til dagsins í dag, leggja til hliðar öll þau störf vegna þess að nú væri komið eitt krefjandi og knýjandi mál sem yrði að fá framgang áður en við gætum haldið áfram í öllum hinum málunum.

Ég held að það sé alveg óþarfi að eyða miklum tíma í að rifja upp hvernig málið er fram komið. Ég held að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi hitt naglann á höfuðið, eins og hann gerir stundum, þegar hann sagði: „Þetta byrjaði allt á bolludaginn." Við vissum að það lá fyrir að nefnd á vegum menntmrh. átti að skila skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Sú vinna var í gangi og við, held ég, öll sem hér erum vorum ánægð með að nú skyldu menn fara að skoða þennan markað því uppi höfðu verið raddir um að hann þyrfti að skoða. Það var reyndar mjög undarlegt og maður velti fyrir sér hvað væri um að vera þegar heyrðist af því að skýrslan, eftir að hún hafði legið lengi á borðum ráðherra, var kynnt í ríkisstjórn, að þá um leið hefði verið kynnt frv. til breytingar á lögum um útvarpslög. Þá fór maður að velta fyrir sér hvað væri nú um að vera. Það hvarflaði reyndar aldrei að manni að frelsisins menn, sem svo vilja kalla sig a.m.k. á hátíðarstundum, væru að leggja fram frv. sem meira og minna væri sértækt og bannaði einu fyrirtæki að stunda þá starfsemi sem það væri að stunda nú þegar í dag.

Frumvarpið, borið fram af þessum frelsishetjum, var því marki brennt eftir því sem okkur er sagt, við höfum ekki séð það, að það hefði ekki verið hægt að kynna það fyrir þingi og þjóð þannig að framsóknarmenn, hinir hugumstóru, lögðu í það mikla verkefni að bjarga málinu eins og framsóknar-

manna er siður og það stóð í nokkra daga í þrefi og þjarki milli Sjálfstfl. og Framsfl. Að endingu náðu þeir niðurstöðu og formenn þessara flokka, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, komu fram og sögðu: Við erum búnir að ná samkomulagi um frv. Nú er hægt að leggja það fram og þetta er ekki stærra mál en svo að það á að vera hægt að afgreiða það á örfáum dögum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti frá því ég hóf störf á Alþingi sem ég átta mig á því að þegar formenn stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, komast að samkomulagi um eitthvert mál að þá er það mál ákveðið. Formsatriði eins og að setja það í gegnum þingflokka sína, formsatriði eins og þeir líta á að setja það í gegnum Alþingi, eru einhver leiðindaformsatriði sem verður að sinna og þeim skal sinnt á eins skömmum tíma, með eins litlu veseni og eins litlum umræðum og mögulegt er.

Öll frv., eins og ég sagði áðan, sem lágu fyrir bíða og þau bíða enn. Þau bíða meðan við sláumst við drekann ógurlega því það steðjar hætta að prinsinum eða á ég kannski að segja: Það steðjar hætta að kónginum. Honum verður að bjarga og við leggjum öll önnur verk til hliðar eins og gerðist í ævintýrunum í gamla daga þegar hætta steðjaði að kónginum. Allir menn kóngsins eru kallaðir til, bæði þeir sem hafa fast sæti í hirð kóngsa og eins má segja að kallaðir séu til allir leiguliðar og landsetar kóngsins.

Ef málið væri ekki eins grafalvarlegt og það er gæti maður haldið áfram og velt því upp á þennan veg eins og einhverju Grimmsævintýri sem maður las sem barn og skemmti sér við, Grimmsævintýri sem maður vissi að hefði aldrei gerst og gæti aldei hafa gerst. En því er ekki að heilsa í þessu máli. Hér er ekkert ævintýri á ferðinni. Hér erum við með málið fyrir framan okkur og erum við stjórnarandstæðingar meira og minna einir að ræða það hver við annan.

Fótgönguliðarnir sem hér eru á ferðinni við að bera fram frv. og ég leyfi mér að segja fótgönguliðarnir sem bera það fram vegna þess að frá því að frv. kom fram og var lagt fyrir þingið hef ég ekki séð hæstv. forsrh., sem þó kemur með frv. inn í ríkisstjórn, í fundarsölum Alþingis til að reyna að ræða það við okkur sem hér erum heldur eru hér eingöngu örfáir hv. þingmenn Sjálfstfl. sem hafa fengið það verkefni að berjast við stjórnarandstöðuna í málinu og maður veltir því fyrir sér hvort einhver þeirra eigi kannski að erfa konungsríkið síðar meir. Ekki veit ég hvort prinsessan mun fylgja, en eftir því sem maður best getur gert sér grein fyrir leggja menn það mikið á sig við að verja þennan órétt að maður gæti haldið að bæði auðæfin og valdið muni örugglega fylgja.

Sá sem hér stendur er á sínu fyrsta þingári og hefur aldrei vanist því að taka löng sumarleyfi. Ég tel að okkur liggi í raun ekkert á í þessu máli og ég er tilbúinn, og ég veit að svo er um fleiri hv. þm., að standa hér í allt sumar og fara yfir málið ef þörf krefur. Ég er ekki vanur að fara í sumarfrí fyrr en í ágúst á hverju ári þannig að ég lýsi mig reiðubúinn til þess, og veit að svo er um fleiri, að standa hér meðan á þarf að halda til þess að fara vel yfir málið og reyna eins og hægt er að koma þó einhverju viti í það ef hægt er en ég held þó að betra væri að setja málið til hliðar í bili og endurskoða það alveg frá grunni og gera það með allt öðrum hætti en hér er lagt til.

Sá atgangur sem verið hefur í þessu máli vekur mann óneitanlega til umhugsunar um það ægivald sem formenn stjórnarflokkanna hafa yfir liðsmönnum sínum. Í raun virðist ekki vera sjálfstæður vilji í einum einasta hv. þm. Sjálfstfl. og það sem maður hefur séð á undanförnum dögum er blind flokkshollusta. Menn taka við skipunum og það skín af mönnum í þessu máli, þegar þeir reyna að verja það, þrælsóttinn sem menn sjá þegar menn eru að reyna að veifa röngu tré, hafa enga trú á því sem þeir sjálfir eru þó að reyna að verja en verða að gera það vegna þess að þeim hefur verið skipað til verka. Í Framsfl. er það raunar ekkert skárra. Það er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, eins og kom fram í ræðu hans áðan, sem stendur á sannfæringu sinni í málinu, lætur ekki kúga sig í nafni flokkshollustu heldur lýsir því yfir að hann hafi skoðað málið, hann hafi verulegar efasemdir um það og hann muni greiða atkvæði gegn því eins og það er lagt fram hér.

Lítum aðeins á málið sem við erum að fara yfir. Það er sagt reist á greinargerð nefndar menntmrh. um eignarhald á fjölmiðlum. Sú greinargerð er nokkuð viðamikil. Nefndinni var skipað til verka með bréfi sem dagsett var 19. september árið 2003 og ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa innganginn að skýrslu nefndarinnar því að inngangurinn segir okkur svolítið til hvaða verka nefndinni var skipað og hvernig þeir tóku á því verkefni sem þeir áttu að inna af hendi. Hefst þá lesturinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi dagsettu 19. desember 2003 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að skoða reglur um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Samkvæmt skipunarbréfinu er verkefni nefndarinnar að skila greinargerð til menntamálaráðherra um það hvort tilefni sé til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndinni er einnig falið að semja frumvarp að slíkri löggjöf, verði það niðurstaða ráðherra að hennar sé þörf."

Þarna kemur skýrt fram að nefndin átti að skoða hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Eftir að sú skoðun hefði farið fram átti, ef það væri skoðun ráðherra að að breyta þyrfti löggjöf, sama nefnd að hafa það hlutverk. Nefndin hefur lagt alla þessa vinnu í að skoða málið og mundi því fá það hlutverk að reyna að færa niðurstöður sínar í frumvarpsform og frv. yrði síðan lagt fyrir Alþingi. En eins og alþjóð veit gerðist það ekki heldur var frv. lagt fram um leið og skýrslan var formlega lögð fyrir ríkisstjórn og kynnt fyrir öðrum ráðherrum en Davíð Oddssyni og hæstv. menntmrh. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Hæstv. forsrh. var tilbúinn með frv. og lagði það fram um leið. Ég ætla að lesa meira úr innganginum að skýrslu nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Grunnforsendan að baki verkefni nefndarinnar er hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi, þar sem skoðana- og tjáningarfrelsi ríkir. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi, eins og nánar er rakið hér á eftir. Fjölmiðlar eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi, að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og öflugum fjölmiðlum.

Við störf sín hefur nefndin því byggt á þeirri grundvallarforsendu að íslensk löggjöf eigi að vera til þess fallin að vernda þessa hagsmuni. Nefndin telur að um þetta markmið geti tæpast verið ágreiningur, þótt ólík viðhorf kunni að vera uppi um það hvaða leiðir séu best til þess fallnar að markmiðinu verði náð.

Samkvæmt orðalagi skipunarbréfsins er umboð nefndarinnar takmarkað við það að meta hvort tilefni sé til að setja

reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Setning beinna reglna um eignarhald í þröngum skilningi er þó aðeins ein þeirra leiða sem farnar hafa verið í öðrum löndum, til að vernda þá hagsmuni sem að framan eru raktir. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að hægt er að fara ýmsar aðrar leiðir til að ná sömu eða svipuðum markmiðum. Nefndin hefur því tekið þá afstöðu að eðlilegt sé að fjalla einnig um aðrar leiðir sem til greina koma en lagasetningu um eignarhaldið sem slíkt, enda kunni slíkar leiðir að einhverju eða öllu leyti að vera til þess fallnar að standa vörð um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði."

Svo mörg voru þau orð. Strax í inngangi að skýrslu nefndarinnar kemur fram að hún telji að í lýðræðisþjóðfélagi sé krafa um að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og öflugum fjölmiðlum. Ég vona að hv. þm. Drífa Hjartardóttir, sem situr í salnum ein stjórnarþingmanna að hæstv. forseta undanskildum, hlusti á það sem ég er að segja þannig að hún geti tileinkað sér þennan boðskap. Hún mætti svo fara í þann myrka helli, sem ég var að tala um áðan, og reyna að breiða út (Gripið fram í.) fagnaðarboðskapinn.

Nefndinni var sett það hlutverk eitt að athuga hvort tilefni væri til að setja reglur á eignarhald. Það lá alveg ljóst fyrir í upphafi að nefndin átti að skoða hvort setja ætti reglur um eignarhald. Hún átti ekki að skoða aðrar leiðir. Hún átti ekki að skoða hvort hægt væri að fara mildari leiðir. Hún átti bara að skoða eignarhaldið. En um leið og nefndin hefur störf, sér það verkefni sem henni er falið og fer að velta fyrir sér hvernig farið skuli í gegnum það, eins og góðra nefnda er siður, þá útvíkka nefndarmenn sjálfir verksviðið. Þeir segja að það sé ekki hægt að skoða sviðið eingöngu með tilliti til þess hvort setja þurfi reglur um eignarhald. Þeir segja, eins og ég sagði áðan, að það þurfi að skoða hvort ekki sé hægt að ná sömu markmiðum og menn ætla að ná með skorðum á eignarhaldi með því að setja vægari reglur um eitthvað annað og telja að með því sé hægt að standa vörð um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, að hér séu öflugir, frjálsir fjölmiðlar í einkaeign.

Ég er ekki gamall maður eins og sést þar sem ég stend í ræðustól en man þó eftir svart-hvítu sjónvarpi. Reyndar man ég eftir sjónvarpslausu Íslandi. Ég man eftir því að hafa sem barn á Suðurnesjum horft á það sem við kölluðum kanasjónvarpið. Það var stór stund þegar íslenska sjónvarpið byrjaði. Ég hef aldrei upplifað aðra eins fjölbreytni í fjölmiðlum og ég upplifi í dag. Það er sama hvort um er að ræða dagblöð, útvarp, sjónvarp, margmiðlun í gegnum internetið eða tímarit. Nefnum það. Fjölbreytnin er slík á fjölmiðlamarkaðnum að hún hefur aldrei verið önnur eins. Hér er talað um að setja verði reglur til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði.

Gott og vel, fjölbreytnin er fyrir hendi. Það er veruleg fjölbreytni á markaðnum og því hljótum við að velta fyrir okkur hvernig við tryggjum að hún haldi áfram sem slík. En nei, þeir sem samið hafa frv. sem hér liggur fyrir ætla að taka á þeirri miklu fjölbreytni með því að setja lög til að rífa niður þá öflugu fjölmiðla sem byggðir hafa verið upp vegna þess að þeim er ekki sama um hvernig fjölmiðlarnir starfa. Ég held að það sé mergurinn málsins, hæstv. forseti. Kannski hafa allt of fáir talað það hér í ræðustól. Á Alþingi að reynum við að halda okkur við þau efnisatriði sem hér liggja fyrir án þess að fara út og suður. Við reynum að vera kurteis hvert við annað en tilgangur frv. virðist þegar grannt er skoðað sá að hafa áhrif á það hverjir hafi afl til að segja fréttir vegna þess að hinir fjölbreytilegu fjölmiðlar sem nú eru á markaðnum hafa sagt fréttir sem ekki öllum líkar.

Þarna erum við komin að allt öðrum hlutum en eignarhaldi á fjölmiðlum. Þarna erum við í fullri alvöru — ég segi það af fullri alvöru úr ræðustól Alþingis — að tala um að menn vilji setja lög á Íslandi sem séu til þess fallin að koma í veg fyrir að þeim sem hafa verið að segja fréttir á ákveðinn hátt á undanförnum vikum og mánuðum verði gert það kleift áfram. Þetta kallast skerðing á tjáningarfrelsi. Þetta kallast ritskoðun. Þetta eru orð sem ég hélt að maður þyrfti aldrei að taka sér í munn á Íslandi á árinu 2004. Maður veltir því fyrir sér hvort til séu þeir menn sem hafa þau völd og áhrif að þeir láti sér detta í hug að hafa áhrif á það með lagasetningu hver fái að segja hvað, hvenær og um hvern.

Váin sem er fyrir dyrum og ég talaði um áðan er þrátt fyrir allt nokkuð mikil. En hún er ekki sú sem þeir sem sömdu þetta frv. halda að hún sé. Hún er sú að þeir sem sömdu þetta frv. komist upp með að breyta lögum á Íslandi þannig að það verði ekki lengur sjálfsagt að hver sem vill geti sagt það sem honum býr í brjósti og borið ábyrgð á því sjálfur.

Ef farið er með rangt mál í fjölmiðlum, prentmiðli eða ljósvakamiðli, um ákveðna persónu eða lögaðila þannig að réttu máli sé hallað þá eiga allir sama rétt á að leita réttar síns, burt séð frá því hvort viðkomandi heitir Jón Gunnarsson eða hæstv. forsrh. Davíð Oddsson. Ef ekki er fjallað með eðlilegum hætti um tiltekinn aðila í fjölmiðlum gildir sami rétturinn fyrir alla. Það er hægt að hafa samband við viðkomandi fjölmiðil. Menn gera athugasemd við það sem fram kemur og óska eftir því að koma á framfæri leiðréttingu með jafnáberandi hætti og hin ranga frétt var fram sett. Gangi það ekki og nái það ekki þeim markmiðum sem að er stefnt er hægt að leita til siðanefndar blaðamanna og biðja þá um að leggja á það mat og úrskurða um hvort þar hafi verið of langt gengið.

Ef menn enn telja sig ekki ná fram rétti sínum hefur hver og einn rétt á að fara með slíkt mál fyrir dómstóla, höfða meiðyrðamál og fá ummælum hnekkt fyrir dómi. Þetta er sá réttur sem hingað til hefur verið tryggður í lögum. Það fyrirkomulag hefur verið talið nægja til að hver sá sem telur á sér brotið geti leitað réttar síns, burt séð frá því hvaða stöðu hann hefur og hvað hann hefur áður gert. Nefndin heldur áfram, með leyfi forseta:

„Þegar vinna við greinargerðina hófst kom í ljós að viðfangsefni hennar er umfangsmikið og þær leiðir, sem til greina koma, varða mörg og ólík réttarsvið. Þá er viðfangsefnið um sum atriði flókið og krefst að nokkru sérþekkingar á einstökum sviðum lögfræði og viðskipta, auk þekkingar á ýmsum tæknilegum hliðum fjölmiðlunar, sem sækja verður úr ólíkum áttum. Er óhjákvæmilegt að greinargerðin beri þess nokkur merki að nefndinni hefur verið markaður fremur þröngur tímarammi. Nefndarmenn telja þó að í henni sé haldið til haga flestum þeim þáttum sem nauðsynlegt er að komi til skoðunar þegar pólitískar ákvarðanir eru teknar um framhaldið. Nefndin bendir jafnframt á að við frekari lagalega og tæknilega útfærslu einstakra hugmynda og tillagna, sem settar eru fram í lokakafla greinargerðarinnar, gæti þurft að skoða einstök atriði frekar en hér er gert og ekki er hægt að útiloka að við þá vinnu komi upp álitamál sem nefndin hefur ekki séð fyrir og ekki tekið sérstakt tillit til."

Frú forseti. Í lok inngangs skýrslunnar kemur í ljós að nefndin taldi sig ekki einu sinni fá þann tíma sem hún þurfti til að fara í gegnum þetta viðamikla mál. Hún skilar skýrslunni og segir að vegna þess hversu tíminn hafi verið knappur þurfi að skoða suma hluti betur. Hún er í raun að vara okkur

við því, þegar hún leggur fram þessa skýrslu, að vegna þess hve tíminn var knappur hafi ekki ekki gefist tóm til að fara mjög djúpt í hlutina. Hún er auðsjáanlega að tala um að áður en pólitískar ákvarðanir séu teknar þurfi að skoða hlutina betur.

Í skýrslu sinni, frú forseti, fer nefndin vítt og breitt yfir markaðinn og gerir það að mestu leyti vel þrátt fyrir knappan tíma. Hún dregur í raun fram stöðuna á markaðnum í lokakafla greinargerðar sinnar. Nefndin talar um að í hljóðvarpi séu rásir Ríkisútvarpsins með 52% af hlustun, Rás 1 og Rás 2 gnæfa yfir aðrar stöðvar með 48% hlustun. Af einkareknu stöðvunum hafa stöðvar í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf. 44% af markaðnum í heild.

Við höfum öll heyrt það á undanförnum dögum að ástæðan fyrir því að setja þurfi lög sem takmarki eignarhald á fjölmiðlum sé að það sé ekki nægileg fjölbreytni í fjölmiðlunum og að tryggja þurfi eðlilega og sanngjarna samkeppni. Ef við skoðum útvarpið og sjónvarpið kemur í ljós að ríkið hefur, bæði í útvarpi og sjónvarpi, stærsta hluta kökunnar. Síðan koma einkastöðvar sem eru að mestu leyti í eigu Íslenska útvarpsfélagsins, með 44% í útvarpi og 37% í sjónvarpi. Þar hefur ríkissjónvarpið 43% áhorf og Skjár 1 21%.

Það kemur í ljós, þegar farið er yfir markaðinn, að það er ekki yfirgnæfandi staða hjá þessu fyrirtæki, Norðurljósum, sem lögin virðast að mestu sniðin að, þ.e. að koma í veg fyrir að samsteypan Norðurljós geti haldið áfram að starfa með þeim hætti sem hún gerir í dag.

Á ljósvakamarkaðnum gnæfir ríkið yfir aðra. Hver er samkeppnisstaða þeirra sem taka þá ákvörðun að reka útvarp eða sjónvarp? Þeir sjá fram á að keppa við risa á markaðnum sem hefur skylduáskrift allra þeirra sem kaupa útvarpstæki eða sjónvarpstæki. Því fylgir að hver einasti verður áskrifandi að viðkomandi miðlum. Þessi risi á markaðnum fær fjármuni frá ríkinu á fjárlögum, fasta fjármuni. Takist risanum ekki að reka sig á föstum áskriftartekjum og auglýsingatekjum sem hann fær á hinum frjálsa markaði, þá eru í fjáraukalögum, ár eftir ár, settar fleiri hundruð milljónir til að rétta stofnunina við, þann halla sem á henni er. Þetta er samkeppnin sem hinar frjálsu útvarps- og sjónvarpsstöðvar mega búa við. Hvað hafa þær? Þær þurfa að sýna sig og sanna með dagskrárefni og því sem þær bjóða upp á til að fá fólk, sem þegar borgar áskrift að ríkismiðlunum, til að borga einnig fyrir áskrift af sínum miðlum. Þær keppa svo við Ríkisútvarpið og ríkissjónvarpið á auglýsingamarkaðnum.

Ég hefði í raun haldið, miðað við stöðuna, að það teldist nægileg hindrun fyrir aðila sem ætla sér í slíkan rekstur að horfa upp á þessa gerð markaðar, þar sem ríkisvaldið er stærsti einstaki rekstraraðilinn á markaðnum. Ríkisútvarpið getur nánast hagað rekstri sínum eins og það vill vegna þess að eigandinn, við skattgreiðendur bætum hallann þegar upp er staðið eftir árið, hvort sem hann er 200 millj. kr., 300 millj. kr. eða 400 millj. kr.

Ríkið gefur ekki út blað. Það er ekkert ríkisdagblað, sem betur fer. En það er fjölbreytni á dagblaðamarkaðnum. Morgunblaðið hefur þar mjög sterka stöðu og hefur lengi haft. Þrjú dagblöð koma út fimm sinnum í viku eða oftar. Morgunblaðið lesa, samkvæmt því sem stendur í skýrslu nefndarinnar, 56% landsmanna. Fréttablaðið lesa 69% landsmanna og Dagblaðið 17%. Á markaðnum eru þrjú dagblöð, tvö tiltölulega stór og eitt minna.

Ég hefði haldið að á dagblaðamarkaði væri fjölbreytni og samkeppni tryggð. Þar er ekki samþjöppun með einu dagblaði sem ræður nánast öllum markaðnum í krafti stærðar og afls og ber fréttir inn á gólf landsmanna á hverjum morgni, sem einhverjum líkar ekki. Svo er ekki. Á Íslandi eru gefin út þrjú dagblöð sem eru öll nokkuð öflug.

Hvað rekur okkur til að standa hér kvöld eftir kvöld og nótt eftir nótt og hamast við að leiða í lög — við sem stöndum hér og tölum hömumst reyndar við að reyna að koma í veg fyrir að slíkt verði leitt í lög — inn í nóttina og fram á næsta morgun, eitthvað til að verja fjölbreytni í fjölmiðlun? Hvað er það við eignarhald á fjölmiðlum sem telst válegt? Hvaða vá er fyrir dyrum þegar stærsti einstaki rekstraraðilinn á ljósvakamarkaði er ríkið og tvö tiltölulega jafnstór dagblöð og eitt minna eru á markaði? Lái mér hver sem vill fyrir að skilja þetta ekki.

Ástæðan fyrir því, frú forseti, að ég ver svo löngum tíma í að ræða það sem nefndin gerir er einfaldlega sú að í nál. meiri hlutans kemur fram að frv. sé sett fram vegna þess að skýrsla nefndar menntmrh. gefi tilefni til þess og setja þurfi lög eftir því sem hún leggur til. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa örlítinn kafla úr nál. meiri hlutans. Ég ætla ekki að lesa mikið úr því enda er það engin skemmtilesning. Ég hef ekki mikinn áhuga á að lesa lengi úr nál. meiri hlutans eins og það liggur fyrir. En hér er örlítill kafli sem langar til að lesa, með leyfi forseta:

„Markmið frumvarpsins er að sporna við því að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hamli gegn æskilegri fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun og skapa þeim nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði til að geta haft jákvæð áhrif og veitt stjórnvöldum og atvinnulífi heilbrigt aðhald í nútímalýðræðisríki."

Ég hef lesið þessa setningu nokkrum sinnum. En ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, fyrr en ég las hana upphátt, hve mögnuð hún er. Ég held að ég lesi hana aftur, með leyfi forseta:

„Markmið frumvarpsins er að sporna við því að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hamli gegn æskilegri fjölbreytni og fjölræði ..." — Fjölræði. Ég verð væntanlega að fara í Orðabók Háskólans þegar ég lýk máli mínu og athuga hvers konar fjölræði við þurfum í fjölmiðlun. En áfram með setninguna, með leyfi forseta: „... æskilegri fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun og skapa þeim nauðsynlegt frelsi" — markmiðið með þessum lögum er að skapa fjölmiðlum nauðsynlegt frelsi — „og sjálfstæði" — sjálfstæðir þurfa þeir að vera — „til að geta haft jákvæð áhrif ..." — Hafa fjölmiðlar á Íslandi haft svo mikil neikvæð áhrif að nú þurfi að setja lög um að þeir hafi jákvæð áhrif? Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hvað textinn í nefndarálitinu er gegnsær og skýr um tilgang og markmið frv. — „... og veitt stjórnvöldum og atvinnulífi heilbrigt aðhald ..." — Væntanlega hafa þá fjölmiðlar hingað til veitt stjórnvöldum og atvinnulífi óheilbrigt aðhald, það liggur í orðanna hljóðan. Þannig að nú á að veita „heilbrigt aðhald í nútímalýðræðisríki."

Þannig skal það vera í nútímalýðræðisríkinu Íslandi þar sem þingið ræður öllu eins og því ber og framkvæmdarvaldið leggur fyrir þingið mál og við förum yfir þau, gefum okkur þann tíma sem við þurfum og tökum síðan ákvörðun um það hvort þau verði leidd í lög. Þannig er nútímalýðræðisríkið Ísland ekki.

Áfram ætla ég að vitna í nefndarálitið. Þetta var stuttur kafli sem ég ætlaði að lesa. Ég hef ekki komist enn í gegnum hann vegna þess að ég fór eiginlega á flug þegar ég sá hvað

stóð í þessari mögnuðu fyrstu setningu. En í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í þágu stjórnarskrárvarins skoðana- og tjáningarfrelsis í landinu.“

Þetta er alveg hárrétt og þarna hittir nefndin naglann á höfuðið. Fjölmiðlarnir gegna einmitt þessu lykilhlutverki og hafa gegnt því hlutverki æ betur með aukinni fjölbreytni. En nú á að setja lög sem stöðva það eða koma að einhverju leyti í veg fyrir það.

Áfram, með leyfi forseta:

„Af því sprettur krafan um fjölbreytni í fjölmiðlun, þar á meðal eignarhaldi þeirra.“ — Það þarf að vera fjölbreytni, bæði í fjölmiðluninni sjálfri, því efni sem boðið er upp á sem og í eignarhaldinu.

„Í niðurstöðu skýrslu sem liggur frumvarpi þessu til grundvallar ...“ — og þar kemur að því sem ég var að segja, af hverju ég er að vitna í þessa skýrslu aftur og aftur. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í niðurstöðu skýrslu sem liggur frumvarpi þessu til grundvallar kemur fram að veruleg samþjöppun hafi orðið á eignarhaldi fjölmiðla hér á landi og reyndar svo mikil að hún eigi sér fáar hliðstæður. Í frumvarpinu er á grundvelli þessarar niðurstöðu og með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins um eflingu fjölmiðlafjölbreytni lagt til að leitast verði við að hafa æskileg áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins með því að auka nokkuð við skilyrði fyrir því að geta fengið og haldið leyfi til að reka útvarp.“

Hæstv. forseti. Ég vildi að ég hefði haft lengri tíma í dag þegar las yfir nefndarálitið til að velta fyrir mér í fullri alvöru hvað þetta þýddi allt saman sem hér stendur. Hér er leitast við „að hafa æskileg áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins ...“ — Æskileg áhrif fyrir hvern? Æskileg áhrif fyrir okkur sem njótum fjölmiðlanna? Æskileg áhrif fyrir þá sem eiga fjölmiðlana eða æskileg áhrif fyrir þá sem ekki þola hluta fjölmiðlanna?

Þetta skal gert „með því að auka nokkuð við skilyrði fyrir því að fá leyfi“. Það á að rústa heilu fyrirtæki með yfir 700 starfsmönnum og það segir í nefndaráliti meiri hluta allshn. að það sé gert „með því að auka nokkuð við skilyrði fyrir því að geta fengið og haldið leyfi til að reka útvarp“.

Ja, sveiattan, frú forseti. Þetta er undarlegri lesning en mig óraði fyrir þegar ég las álitið hratt yfir í dag. Ég held að þetta sé einmitt það sem hvetja þarf fólk til að kynna sér og lesa, þ.e. það sem meiri hluti allshn. segir um tilgang frv. Þeir sem lesa nefndarálit meiri hlutans og skilja það sem þar stendur — ja, það fer hrollur um bakið á manni þegar maður skynjar hvað liggur á bak við textann.

Nefndin sem bjó til skýrslu þá sem frv. byggir á sagði ekkert um að leggja þyrfti fram frv. eins og hér er. Hún sagði ekki að það þyrfti að einbeita sér að því að breyta eignarhaldinu á fjölmiðlunum. Hún sagði allt aðra hluti. Eigum við aðeins að velta fyrir okkur hvað sú nefnd sagði um markaðinn á Íslandi, þ.e. fjölmiðlamarkaðinn? Það er kafli í skýrslu nefndarinnar á bls. 83 sem heitir Kostir samþjöppunar. Við höfum öll orðið vitni að því í atvinnulífi landsmanna að það hefur orðið samþjöppun á eignarhaldi. Fyrirtæki hafa sameinast og stækkað til að verða öflugri svo þau geti mætt þeim kröfum sem gerðar eru í nútímarekstri. Það hefur einnig nýst til að mæta erlendri samkeppni í innflutningi og útflutningi. Hið sama er í raun að gerast á fjölmiðlamarkaðnum. Um þá hlið málsins segir nefnd hæstv. menntmrh. í skýrslu sinni, undir kaflaheitinu Kostir samþjöppunar, með leyfi forseta:

„Við mat á þeim úrræðum, sem til greina kemur að mæla fyrir um til að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði, er óhjákvæmilegt annað en að líta til smæðar íslenska markaðarins. Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra.“

Nefndin telur að vegna þess hve smár íslenski markaðurinn er þurfi að líta á það sérstaklega og eigi að setja reglur þá verði menn að forðast að setja reglur með þeim hætti að það setji fyrirtækjunum ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra sem nú starfa. Hv. þingmenn ættu að setja þetta á bak við eyrað og velta fyrir sér hvort lagafrv. sem hér liggur fyrir gæti þessara sjónarmiða, að setja ekki ótilhlýðilegar skorður eða raska rekstrargrundvelli fyrirtækja í fjölmiðlun.

Í sama kafla segir, með leyfi forseta:

„Gæta verði þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrifist. Slíkar reglur eru til þess fallnar að vinna gegn því markmiði að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum sem vettvangi fyrir ólík viðhorf til pólitískra og menningarlegra málefna.

Tryggja verður íslenskum fyrirtækjum aðstæður þar sem þau fá þrifist og eflst. Frá viðskiptalegu sjónarmiði verður því heldur ekki neitað að því stærri og öflugri sem innlend fyrirtæki eru, því minni hætta er t.d. á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila. Þá er það einnig forsenda þess að þau hafi burði til þess að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þetta sjónarmið skiptir máli varðandi eflingu innlendrar menningar sem mótvægis gegn erlendri fjöldamenningu, sem nú þegar er mjög áberandi í íslenskum fjölmiðlum, einkum sjónvarpi.“

Þarna segir nefndin okkur að gæta þurfi þess að ganga ekki svo hart að þeim fyrirtækjum sem á markaðnum eru að þau veikist og verði smærri en nú er og þau þurfi að hafa afl og getu til að stunda innlenda dagskrárgerð í samkeppni við erlent sjónvarpsefni sem flæðir yfir.

Ekki get ég séð, frú forseti, að þess sjónarmiðs sem þarna kemur fram gæti nokkurs staðar í frv. sem hér liggur fyrir. Miðað við frv. ætla menn sér þvert á móti að gera þessi fyrirtæki smærri og veikari þannig að ekki þurfi að hafa af þeim áhyggjur, þ.e. ef einhver telur sig þurfa að hafa af þeim áhyggjur. Með þessu móti verða þau ekki það öflug að þau geti staðið fyrir innlendri dagskrárgerð sem keppt getur við erlent sjónvarpsefni.

Ýmislegt í skýrslu nefndar hæstv. menntmrh. er eins og talað úr mínu hjarta en er algjörlega á skjön við það sem fram kemur í frv. Þó er frv. lagt fram vegna sömu skýrslu og erfitt að gera sér í hugarlund, frú forseti, hvernig menn geta leyft sér að segja að umrædd skýrsla kalli á það frv. sem fyrir liggur. Ef maður les í gegnum skýrsluna er engan veginn hægt að skilja hana svo að hún kalli eftir lagasetningu á borð við þá sem lögð hefur verið fyrir okkur.

Eins og fram kom í upphafi máls míns vitum við öll að hæstv. forsrh. lagði frv. fram um leið og skýrslan var lögð fyrir ríkisstjórnina. Það frv. hefur enginn fengið að sjá vegna þess að það var þannig að formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., lýsti því á þann hátt að það yrði að laga það til. Nú hefur frv. verið lagað til og samt höfum við þann óskapnað sem hér liggur fyrir. Það liggur við að mann langi að sjá hið

upprunalega frv. og hvernig í ósköpunum það leit út. Getur verið að það hafi verið í anda Baggalúts, eins og einhverjum hefur dottið í hug? Maður getur vart ímyndað sér hvernig textinn í frv. sem fyrst var lagt fram hefur verið.

Frv. sem við fengum að sjá, eftir að búið var að draga úr upprunalegum kröfum um að setja hömlur á eignarhald, er á þskj. 1525. Allshn. hefur sett fram tillögur um breytingar á því frv. eftir að það var rætt í nefndinni. En eftir sem áður eru flestir þeir sem komu fyrir allshn. — reyndar ekki þeir sem eru að keppa við fyrirtæki Norðurljósa — sammála um að málið þurfi að skoða mun betur. Menn voru almennt sammála um að velta þyrfti fyrir sér hvort frv., eins og það lá fyrir, stæðist stjórnarskrá lýðveldisins og ýmsa alþjóðlega samninga.

Eins og ég fór yfir áðan hefur rekstrarumhverfi fjölmiðla á Íslandi mótast af sterkri stöðu Ríkisútvarpsins. Meðan Ríkisútvarpið hefur svo sterka stöðu á ljósvakamarkaðnum sé ég ekki að við þurfum að hafa miklar áhyggjur af því að hér verði lítil fjölbreytni. Fjölbreytnina mun þessi ríkisrekna stöð tryggja okkur.

Fyrir framan okkur höfum við frv. og brtt. sem allir stjórnarliðar sem ég veit um, utan einn, hafa tjáð sig um að þeir muni styðja. Því liggur fyrir, nánast kristaltært, að ef flokksagi ræður og þingmenn fylgja ekki sannfæringu sinni verði frv. að lögum með þeim breytingum sem búið er að leggja fram. Ég verð að segja, frú forseti, að ég vona í lengstu lög að einhverjir hv. þingmenn stjórnarliðsins sjái að sér, meðan umræðurnar fara fram. Það er ekki eins og stjórnarandstaðan standi ein í málþófi, eins og stjórnarliðar segja. Menn eru ekki að reyna að koma í veg fyrir að þingstörf geti haldið áfram með eðlilegum hætti. Ég held að allir lögfræðingar sem hafa tjáð sig um þetta frv., utan einn, séu á þeirri skoðun að gefa þurfi málinu lengri tíma. Flestir þeirra — þrátt fyrir að þeir hafi ekki haft mjög mikinn tíma til að fara yfir það — treysta sér þó til að gefa til kynna þá skoðun sína að miklar líkur séu á að frv. standist ekki stjórnarskrá og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Hvað sagði í nál. meiri hluta allshn. sem ég las áðan? Jú, að frv. væri fram komið vegna þess að í skýrslu menntmrh. kæmi fram að setja þyrfti slík lög og fram hefðu komið tilmæli um það frá Evrópuráðinu. Allt í einu er ríkisstjórnin farin að segja okkur að tilmæli frá Evrópuráðinu, sem hafa ekkert stjórnsýslulegt gildi í sjálfu sér og ekkert lagalegt gildi á Íslandi, hafi uppgötvast og þar af leiðandi þurfi að bregðast skjótt við.

Í skýrslu nefndar menntmrh. kemur fram að Evrópuráðið hafi samþykkt tilmæli til aðildarríkjanna um að þau hlutist til um að setja lög til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Á íslenska ríkinu hvíla skyldur, eins og ég sagði áðan, samkvæmt þjóðarrétti, til að setja slíkar reglur þó að þessi tilmæli séu á engan hátt bindandi fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Þetta er svolítið undarlegt í ljósi þess, frú forseti, að það er ekki langt síðan við ræddum í sölum Alþingis um önnur slík tilmæli sem Evrópuráðið hafði sett fram varðandi fjármál stjórnmálaflokka. Við spurðum ríkisstjórnina að því hvernig stæði á því að hún ætlaði sér ekki að skoða tilmæli frá Evrópuráðinu um fjármál stjórnamálaflokka. Þá var okkur sagt að þær tilskipanir hefðu ekkert gildi hér og við þyrftum ekki að hafa af þeim neinar áhyggjur. En örfáum dögum síðar var farið að tala um sams konar tilmæli frá Evrópuráðinu varðandi fjölmiðla. Samkvæmt því sem fram kemur í áliti meiri hluta allshn. er það önnur meginstoðin undir frv. að við verðum að horfa til tilmæla Evrópuráðsins.

Nú er það svo að tilmæli Evrópuráðsins eru sett fram á ensku. Þegar ég fór í dag yfir málið þá sá ég að ef ég mundi reyna að snara þeim texta á íslensku mundi hann að einhverju leyti missa þá meiningu sem er í enska textanum. Ég ætla því að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp stuttan texta á ensku. Ég get síðan reynt að snara honum á íslensku ef þörf er talin á.

Við erum hér með tilmæli 1516/2001 frá Evrópuráðinu. Þau fjalla um fjármál stjórnmálaflokkanna.

Í þeim segir, með leyfi forseta:

„A number of scandals linked to the financing of political parties in several Council of Europe member states in all parts of Europe over recent years has demonstrated that this issue must be addressed as a matter of urgency in order to prevent the loss of citizens´ interest in the political life of their respective countries.

In order to maintain and increase the confidence of citizens in their political systems, Council of Europe member states must adopt rules governing the financing of political parties and electoral campaigns."

Hér eru sett fram tilmæli sem segja að þjóðirnar verði að setja reglur um þetta atriði til að koma í veg fyrir hneyksli sem orðið hafa í ýmsum löndum og koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Til þess að svo megi verða er hvatt til að íbúar megi sjá með gagnsæjum hætti yfirlit um fjármál stjórnmálaflokka. Þeir tala um þetta sem „matter of urgency". Evrópuráðið telur áríðandi að þjóðirnar setji þessar reglur og þeir segja í textanum að þjóðir verði að setja slíkar reglur.

Hinir háu stjórnarherrar á Íslandi segja okkur að á þessu þurfi ekki taka mark, þetta hafi ekkert gildi og við þurfum ekkert að hlusta á þetta. Þá fer maður og skoðar hvað fram hefur komið hjá Evrópuráðinu varðandi fjölmiðlana. Nú er okkur sagt að það sé önnur meginstoðin sem þetta frv. hvílir á, þ.e. tilmæli frá Evrópuráðinu.

Þar segir einnig á ensku, með leyfi forseta, í tilmælum Evrópuráðsins:

„examine the measures contained in the appendix to this recommendation and consider the inclusion of these in their domestic law or practice where appropriate, with a view to promoting media pluralism ...

evaluate on a regular basis the effectiveness of their existing measures to promote pluralism and/or anti-concentration mechanisms and examine the possible need to revise them in the light of economic and technological developments in the media field."

Þetta eru tilmælin sem ríkisstjórnin byggir frv. á. Takið eftir því að orðalagið er allt annað en í þeim tilmælum sem ég las á undan. Hér er talað um að aðildarríki skuli íhuga — „consider" og „examine the possibility" — og skoða möguleikann á hvort þau eigi að skoða sérstaklega einhver atriði — „pay particular attention to" og „may consider". Þannig er orðalagið, að þau mættu hafa þessi atriði í huga. En í þeim tilmælum sem ég las upp um fjármál flokkanna var sagt „þau verða" — „they must". Menn sjá því að það er ekkert í tilmælum Evrópuráðsins sem kallar á framlagningu þessa frv.

Í greinargerð með frv. sem hér um ræðir er fjallað almennt um fjölmiðla. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson mælti fyrir því en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum."

Maður velti fyrir sér þegar frv. kom fram hver hefði samið það. Í raun hefur ekki komið fram hver samdi frv. Ég sé hins vegar nú, þegar ég les úr athugasemdum með frv., textabrot úr skýrslu nefndar hæstv. menntmrh. Það hefur verið sett í greinargerð með frv. án þess að þess að getið sé um að það sé tilvitnun og um það settar gæsalappir.

Ég tek einnig eftir að textabrotinu úr skýrslunni hefur lítillega verið breytt. Textinn er nánast eins og hann er í skýrslu nefndarinnar en hefur verið breytt að litlu leyti. Í skýrslu nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi, eins og nánar er rakið hér á eftir."

Í greinargerðinni endar setningin hins vegar á „í víðum skilningi" en ekki „eins og nánar er rakið hér á eftir".

Svo kemur: „Fjölmiðlar eru því mikilvæg forsenda ..." en í greinargerðinni stendur: „Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis." — Þetta er eins í báðum textum. — „Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að ..." — í skýrslutextanum er talað um almenningur hafi aðgang að: „fjölbreyttum og öflugum fjölmiðlum" en í athugasemdum með frv. stendur: „fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum".

Getur verið að hin landsfræga kímnigáfa hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar komi fram í að bæta þessu orði „sjálfstæður" inn í athugasemdir með frv.? Eða læðist að mönnum sá grunur að hér sé beitt sömu aðferð og fræg varð í jólabókaflóðinu, þar sem höfundur einnar bókar hafði tekið mikinn texta og sett inn í bókina án þess að setja um hann gæsalappir og breytti honum lítillega? Vinnubrögðin virðast a.m.k. nákvæmlega hin sömu miðað við notkunina á þessum textabrotum úr skýrslu nefndarinnar. Þau eru sett inn í athugasemdir með frv. og þar með gæti farið að skýrast hverjir hafi að einhverju leyti komið að samningu þessa frv.

Ég ætla að geyma mér til seinni ræðu minnar að fara yfir ummæli hæstvirtra ráðherra varðandi framlagningu þessa frv. og tilganginn með því. Satt best að segja veit ég ekki hve mikinn tíma hv. þingmenn hafa getað gefið sér í að fara yfir ummæli þeirra frá því að frv. var lagt fram. Það er aldeilis kostulegt að hlusta á eða lesa það sem hæstv. ráðherrar hafa látið frá sér fara frá því að frv. leit dagsins ljós um ástæðurnar fyrir framlagningu þess. Það væri hægt að gefa út bók undir nafninu „Íslenskt stjórnmálaskop" um það sem ráðherrar hafa sagt í því sambandi. Þar talar hver í sína áttina og oft á tíðum hver gegn öðrum. Líkt og gerðist þegar ég las áðan upp texta sem ég hafði ekki áður lesið upphátt þá fer léttur hrollur um bakið á manni þegar maður sér hvað þeir láta frá sér fara á prenti og almennt í fjölmiðlum.

Eftir stendur að hér hefur verið lagt fram frv. sem á í meginatriðum að breyta fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Það á að gera með því að öll fyrirtæki sem á markaðnum starfa geti gert það áfram utan eitt. Það er sama hvað menn segja um göfugan tilgang frv. Ef maður gefur sér góðan tíma og fer nákvæmlega í gegnum hvernig frv. er stillt upp og hvaða áhrif það mundi hafa á fjölmiðlamarkaðinn þá stendur eftir ein æpandi niðurstaða. Hún er sú að þessu frv. er beint að einu fyrirtæki. Þetta er sértækt frv. nema höfundarnir hafi verið svona einstaklega óheppnir að það sem þeim datt í hug að setja í frv. raðist svo ólíklega saman að eftir standi að aðeins eitt fyrirtæki finni fyrir breytingunum. Vonandi, frú forseti, gerðist það þannig, ólíklegri hlutir hafa gerst af hreinni tilviljun. En ef svo er væri rétt að biðja höfunda frv. og þá sem lögðu það fram að lesa það yfir, lesa það upphátt eins og ég gerði áðan og velta fyrir sér hvort þeir ætli sér að láta það virka eins og útlit er fyrir að það geri.

Það er búið að fara yfir frv. í allshn. Það var rifið úr nefndinni án þess að umræðu um það væri lokið. Eins og ég sagði áðan lágu fyrir umsagnir frá fjölmörgum aðilum sem flestar hnigu í eina átt. Þær hnigu í þá átt að — lögmenn fullyrða sjaldnast um hlutina og sérstaklega ekki þegar þeir hafa skamman tíma — ætla mætti að frv. stæðist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrár, ekki ákvæði um vernd eignarréttar, tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og stæðist ekki atvinnufrelsi sem kveðið er á um í stjórnarskránni.

Flestir voru sammála um að frv. stæðist trúfrelsið, það væri nánast skothelt að það stæðist trúfrelsið. Frv. var hins vegar talið snerta allt annað frelsi sem okkur er tryggt í stjórnarskrá lýðveldisins. Það eru miklar líkur á því að frv. brjóti gegn öllum þeim ákvæðum sem tryggja okkur frelsi. Lái mér hver sem vill þó að ég spyrji bæði sjálfan mig og aðra úr ræðustól á Alþingi: Getur það verið að sá flokkur á Íslandi sem helst hefur kennt sig við frelsi, frelsi einstaklingsins, styðji frv., tiltölulega stutt og hnitmiðað, sem flestallir löglærðir menn, sem yfir fara og ekki hafa sérsniðin flokksgleraugu, segja okkur að brjóti að öllum líkindum gegn flestöllum ákvæðum stjórnarskrárinnar sem varða frelsið.

Til viðbótar þessu má ætla að frv. hitti fyrir fyrirtæki með fleiri hundruð starfsmenn, fleiri þúsund einstaklinga, ef við teljum saman maka og börn, sem reiða sig á að viðkomandi fyrirtæki geti starfað áfram. Maður verður í raun hálfgalinn af því að velta fyrir sér hvernig það gat gerst að setja á lög sem flestir telja að geti orðið til að þetta fyrirtæki geti ekki starfað áfram. Hvers vegna leggja menn á sig að starfa fram á sumar við að keyra slíkt mál í gegn? Ég spyr sérstaklega hv. stjórnarliða þótt þeir séu nú kannski ekki mikið í salnum. Menn á mínum aldri hafa aftur og aftur orðið vitni að því að íslenska ríkið hafi farið í sértækar aðgerðir um allt land til þess að búa til störf og bjarga störfum. Ég minni á flokkinn sem dregur alltaf á eftir sér störf, Framsfl. — þeir roguðust einu sinni með 12 þús. störf. En þeir menn leggja hins vegar lykkju á leið sína til þess að setja lög sem hugsanlega gætu orðið til þess að um 700 starfsmenn eða einhver hluti þeirra missti vinnuna.

Þetta gerist á sama tíma er talað um mikilvægi þess að byggja virkjun og álver á Austfjörðum þar sem til framtíðar verða kannski 600 störf. Við leggjum í verulega áhættu í virkjunarframkvæmdum og leggjum mikla fjármuni fram til að þar rísi stóriðja, sem ég vil taka fram að ég er algjörlega sammála. Við sjáum ástæðu til að leggja milljarða í vegi, borum göt í fjöll og förum í hafnarframkvæmdir til að búa til störfin fyrir austan. Ég sé ekki eftir þeim peningum. Við leggjum það sérstaklega á okkur að búa til störf og öllum stjórnmálaflokkum og öllum þeim sem ég hef heyrt í hér á Alþingi finnst sjálfsagt að við leggjum svolítið á okkur til að búa til störf en svo standa menn hér og ætla að rífa niður fyrirtæki og setja 700 störf í hættu, fyrirtæki sem mengar

ekki nokkurn skapaðan hlut. (**Gripið fram í:** Nema hugi fólksins.) Er það kannski það sem er að gerast að þetta fyrirtæki mengi of mikið út frá sér hugi fólksins eða verði til þess að upp spretti svart óveðurssky yfir höfðum einhverra sem ekki líður vel við að lesa það sem í blöðunum stendur eða horfa á það sem kemur frá sjónvarpsstöðvum?

Ég hef talað lengi, frú forseti, í þessari umræðu. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er þetta í fyrsta skipti sem ég tek þátt í umræðunni um þetta mál. Það verður bara að hafa það ef einhver vill kalla það málþóf að ég hafi staðið hér og talað um efnisatriði frv. í klukkutíma. Ef það er málþóf þá verður bara svo að vera. Ég bið bara hæstv. forseta Halldór Blöndal að tilkynna það í næsta fjölmiðlaviðtali að hér hafi staðið maður í klukkutíma og fjórtán mínútur og talað um málið og býsnast yfir því.

Eitt af því sem við, sem höfum verið að skoða málið á Alþingi, höfum fengið í hendur er greinargerð sem samin var fyrir hið ógurlega fyrirtæki Norðurljós. Auðvitað les maður allt sem fram kemur í svona máli, þar sem hagsmunir eru miklir, út frá því að menn séu að verja hagsmuni sína. En hér er lögð fram álitsgerð sem fimm lögmenn standa að. Ég held, frú forseti, að ég eyði kannski örlitlum tíma í að segja frá hverjir það eru: Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Gísli Guðni Hall héraðsdómslögmaður, Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, Margrét Einarsdóttir héraðsdómslögmaður og Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmaður. Þetta er álitsgerð sem þessir lögmenn setja frá sér og hún ber titilinn „Nokkur álitaefni varðandi frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993“

Til að halda því til haga skulum við á engan hátt horfa fram hjá því að þetta er tekið saman að beiðni Norðurljósa og fyrir Norðurljós, en af öllum þessum lögmönnum sem ég vona nú að flestir trúi að séu óvilhallir. Undir lok álitsgerðarinnar eru settar fram niðurstöður og lokaorð, eftir að þeir eru búnir að fara gegnum málið nánast frá A til Ö. Ég ætla ekki að lesa þessa greinargerð, hún er allt of viðamikil til þess en þeir benda okkur, sem hér munum taka ákvörðun, á það hvernig málið brýtur í bága við mörg ákvæði stjórnarskrár o.s.frv. Þeir segja að í lok álitsins, með leyfi forseta:

„Hér að framan hefur verið komist að eftirtöldum niðurstöðum:

1. Verulega skortir á að undirbúningur fyrirhugaðrar lagasetningar geti talist fullnægjandi og nauðsynlegar athuganir hafa ekki verið gerðar á fjölmörgum þáttum til þess að skynsamleg og upplýst umræða gæti átt sér stað um hana. Greinargerð nefndar menntamálaráðherra er innlegg í þá umræðu, en því fer fjarri að hún taki til allra nauðsynlegra þátta slíkrar umræðu.“

Lögmennirnir telja sem sagt skorta verulega á að málið sé þroskað þannig að hægt sé að taka það til eðlilegrar umfjöllunar. Síðan segir:

„2. Efni frumvarpsins er sértækt, þ.e. lagasetningin lýtur aðeins að starfsemi eins fyrirtækis þótt orðalag frumvarpsins sé almennt.

3. Reglur frumvarpsins ganga miklu lengra en annars staðar þekkist og fela í sér mun harðari tök opinberra aðila á viðkomandi markaði en nauðsynlegt getur talist til að ná þeim markmiðum með lagasetningunni sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu.

4. Efni frumvarpsins er andstætt meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar um að ekki skuli með almennri lagasetningu gengið lengra í skerðingu stjórnarskrárvarinna réttinda en hægt sé að komast af með til að ná lögmætu markmiði.

5. Efni frumvarpsins brýtur gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

6. Efni frumvarpsins felur í sér afturvirka skerðingu á eignarréttindum sem brýtur gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

7. Efni frumvarpsins brýtur gegn ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og vernd þess, sbr. einnig 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

8. Efni frumvarpsins er ósamþýðanlegt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.“

Í fjölmiðlum hafa stjórnarliðar haldið því fram að lítils háttar athugasemdir hafi verið settar fram við efni frv. Ég ætla, frú forseti, ekki að hafa þessa ræðu mína lengri í þetta skiptið þótt af nógu sé að taka. Ég lýk máli mínu kannski sérstaklega til að hleypa öðrum þingmönnum að þannig að hægt sé að skiptast á skoðunum um þetta viðamikla frv. Í forheimsku minni, sem nýr þingmaður, hélt ég að það væri gert í sölum Alþingis, að við skiptumst á skoðunum um frumvörp sem lögð væru fram og reyndum að rökræða af einhverju viti hvort þau gangi nægjanlega langt, eða of skammt eða mátulega í átt að markmiðum þeirra. Ég taldi að ef hægt væri að sýna fram á það með tiltölulega skynsamlegum rökum að einhver atriði í bæri að skoða þá mundi gefast tóm til að a.m.k. ræða það við flutningsmenn málanna. (**GAK:** Það er allt á misskilningi byggt.) Í þessu tilfelli væri best að ræða málið við þá sem bjuggu til frv., til að reyna að komast að því hvaða hugsun er á bak við hverja grein.

Okkur stendur hins vegar ekkert slíkt til boða, frú forseti. Það sem okkur stendur til boða er að standa í ræðustól Alþingis klukkan að verða tólf á fimmtudagskvöldi, með tvær hv. þingkonur sitjandi í salnum og einn hv. þm. standandi við dyr í hliðarsal. Ég vil ekki vera vanþakklátur í garð þeirra þingmanna sem gefa sér tíma til að hlýða á ræðu mína en vek hins vegar athygli á nánast tilgangsleysi þess að standa hér.

[23:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég kem nú í síðara sinnið í ræðustól í 2. umr. um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum. Það er auðvitað orðið heyrinkunnugt og þjóð og landslýð ljóst að þingmönnum liggur afar mikið á hjarta í því máli sem eðlilegt er. Hefur verið tekist á um atriði er lúta að meðferð málsins í eina þrjá daga í þingsalnum og enn eru ekki útkljáð öll álitamál varðandi málsmeðferðina þar sem málið er formlega enn þá hjá efh.- og viðskn. og áliti menntmn. hefur ekki enn verið dreift í þingsölum, hvorki meirihlutaáliti né minnihlutaáliti, enda eðlilegt að málið verði kallað aftur inn í allshn. til þess að nefndin geti gefið framhaldsálit sem tryggði það að álit menntmn. kæmi á formlegum þingskjölum inn í þingsali.

Sú sem hér stendur tók þátt í umfjölluninni um málið bæði í allshn. og í menntmn. Hv. þm. Mörður Árnason gerði á ákaflega greinargóðan hátt grein fyrir því í ræðu sinni hvernig málin gengu fyrir sig í menntmn. og óþarfi fyrir mig að endurtaka það hér. Vil ég einungis ítreka að nefndin hafði efnivið í miklu meiri umfjöllun en tími eða ráðrúm gafst til. Nefndin kaus að fjalla um beiðni allshn. á þeim nótum að tala fyrst og fremst um hinn menningarlega þátt fjölmiðlunar á Íslandi og fjölbreytni út frá þeim sjónarmiðum og þeim málum sem heyra málefnalega undir menntmn. þannig að af

nógu var að taka í þeim efnum, en eins og ég sagði gafst ekki tími til þess að ræða það mál til hlítar. Þar er því efniviður eftir í frekari umfjöllun sem ég geri ekki ráð fyrir að eigi eftir að fara fram miðað við hvernig málinu vindur fram.

Virðulegi forseti. Það eru þrjú atriði sem mér eru ofarlega í huga eftir alla þá löngu umræðu sem ég hef reynt að fylgjast með eftir megni. Mér finnst vera deginum ljósara að með frv. séu ekki bara áhöld um að markmiðin náist, verði það að lögum, heldur finnst mér það beinlínis liggja í augum uppi hvað varðar markmið frv., sem sögð eru vera fjölbreytni í fjölmiðlun, að það er ekkert sem bendir til þess að frv. nái því markmiði. Fjöldi þingmanna er búinn að rekja málið og rökstyðja það að sennilega snúist afleiðingar frv., verði það að lögum, upp í andhverfu sína og það ali fremur á einhæfni en fjölbreytni.

Annað sem mér er ofarlega í huga er að það er jafnframt deginum ljósara að ekki er farið eftir meðalhófsreglu í þessu máli. Hér eru ekki farnar þær leiðir sem meðalhófsreglan krefst að farnar séu þegar lög eru sett því að gengið er mun lengra til að ná ákveðnum markmiðum en þörf er á og það hafa menn líka rökstutt hér og leitað í rökstuðning skýrslu fjölmiðlanefndar menntmrh. máli sínu til stuðnings.

Í þriðja lagi er mér ofarlega í huga skortur á svigrúmi til að umræðan fái að þroskast og dafna. Mér finnst það, ég segi kannski ekki það alvarlegasta en það er a.m.k. afskaplega alvarlegt þegar stjórnvöld, ríkisstjórn Íslands fer þannig fram í slíku máli að ekki er gefið svigrúm fyrir umræðuna til þess að hún geti orðið skapandi.

Ég hef ævinlega sagt að ég sé hlynnt því og ég vilji taka fjölmiðlun á Íslandi til skoðunar og það eigi að taka fjölmiðlun á Íslandi til skoðunar á Alþingi. Ég hef líka haldið því fram frá 1986, þegar frelsið hélt innreið sína á ljósvakann eins og menn hafa gjarnan kallað það, að skoða þyrfti möguleikann á því hvort við ættum ekki að setja reglur um þann fjölmiðlamarkað. Og ég hef saknað þess að löggjafarsamkundan hafi ekki tekið á slíkum málum af einhverri alvöru og festu.

Satt að segja verður maður fyrir miklum vonbrigðum þegar fara á að skoða fjölmiðlamarkaðinn og velta upp möguleikum á reglusetningu og því hvernig best væri, svo ég sletti nú, að „regúlera" markaðinn að þá skuli það gert með því offorsi og óðagoti sem við höfum upplifað síðustu daga.

Hverjar eru aðstæður okkar í fjölmiðlaheiminum í dag? Þar er varhugaverð staða uppi. Það er samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Það er viðurkennt hjá Evrópuráðinu og í skýrslu fjölmiðlanefndar menntmrh. og í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og í fjölmiðlum síðustu daga að staðan er varhugaverð. Ákveðnar vísbendingar eru um að það þurfi að taka virkilega í taumana og skapa hér einhvern jarðveg sem mótar markaðinn.

Mér verður hugsað til finnsku framtíðarnefndarinnar. Framtíðarnefnd finnska þingsins hefur það að sínum aðalstarfa að skapa framtíðina sem stjórnvöld vilja sjá. Það gerir hún með því að rýna í stöðu mála og efla skapandi umræðu um framtíðarmál, þ.e. hún býr til jarðveg fyrir umræðu. Við höfum því miður ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi í þessu máli að ríkisstjórnin tæki finnsku framtíðarnefndina sér til fyrirmyndar því að í þeim fjölmiðlaheimi sem við höfum nú fyrir augunum, og ég segi að þar ríki varhugaverð staða, hefði ég auðvitað viljað sjá að menn opnuðu augu sín fyrir því að það er fullt af fólki úti á akrinum sem er tilbúið til að takast á við málið, innan fjölmiðlanna, meðal fræðimanna, innan háskólanna, á Alþingi og meðal stjórnmálamanna almennt. En mikilvægi þess að fást við ástandið og láta gott af sér leiða þar hefur orðið að lúta í lægra haldi fyrir óbilgirni, óðagoti og ósanngirni fyrst og fremst eins manns, hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Satt að segja verður að viðurkenna að hæstv. forsrh. hefur verið afskaplega seinheppinn við alla framlagningu málsins. Honum hefur farist það einkar óhönduglega, alveg sama hvernig á það er litið. Ímyndum okkur bara hverju hefði mátt koma til leiðar ef öðrum aðferðum hefði verið beitt, ef við hefðum átt hér samtal í stað valdboðs, en það er það sem hér hefur gerst. Sérstaklega verður maður þess áskynja hvað varðar stjórnarliða í þingsalnum að þeir þurfi að beygja sig undir valdboð forsrh. Þeir þora ekki einu sinni að eiga samtal við okkur stjórnarandstæðingana í þingsalnum.

Ég held að ég sé ekki að fara með fleipur þegar ég segi að fyrir utan stjórnarliðann hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann allshn., hafi einungis tveir þingmenn úr stjórnarflokkunum haldið ræður í þeirri umræðu sem nú hefur staðið í þrjá daga. Mér finnst það miður og mér finnst það alvarlegt þegar offors, óðagot og óbilgirni og ósanngirni verður þess valdandi að stjórnmálamenn og kjörnir fulltrúar þjóðarinnar sem hér sitja skuli ekki fá ráðrúm eða tækifæri til að eiga samtal sín í milli. Satt að segja hafa hæstv. ráðherrar svarið sig í ætt þessarar hegðunar og þessa háttalags hæstv. forsrh.

Ég hef saknað viðveru hæstv. samgrh. í umræðunni. Hvern hefði ekki langað til að eiga samtal við hann um stöðuna á, hvað eigum við að segja, á tíðnimarkaðnum, rásamarkaðnum? Stór hluti þessara mála heyrir undir hæstv. samgrh. Og hvers vegna hefur hæstv. viðskrh. ekki látið svo lítið sem sjást hér í salnum þegar ljóst er að eitt af stærstu fyrirtækjum þjóðarinnar verður að öllum líkindum, sem afleiðing af þessari lagasetningu, limað í sundur og mun þar með koma til með að falla á skuldara sem standa að því fyrirtæki lán sem nema á sjötta milljarð króna? Hefur hæstv. viðskrh. engar áhyggjur af málinu? Hefur hún enga löngun til þess að fylgjast með því í þingsölum hvernig umræðunni vindur fram? Það er satt að segja þyngra en tárum taki að hæstv. ráðherrar skuli ekki leyfa sér að fara sínar eigin leiðir í þessum efnum, að þeir skuli apa eftir hegðun hæstv. forsrh. og sýna það tómlæti sem þeir hafa sýnt með fjarveru sinni. Sama má auðvitað segja um hæstv. menntmrh. sem hefði undir öllum eðlilegum kringumstæðum átt að leggja frv. fram. En hér fer ekki fram samtal, hér hefur átt sér stað valdboð og við, hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem erum að reyna að efna til málefnalegrar umræðu í salnum tölum fyrir daufum eyrum stjórnarliða.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur farið um það nokkrum orðum við hvað eigi helst að líkja þessu. Hann líkti frv. helst við hrossalækningu og hafði Orðabók Menningarsjóðs sér til fulltingis í ræðustól, og háttalag ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. flokkar hann undir valdníðslu. Ég held að áður en yfir lýkur verði það þau tvö orð sem verða höfð um þetta. Þegar sagan verður skráð verða það orðin sem höfð verða yfir þennan gjörning, að frv. sé í hæsta lagi hrossalækning og framganga hæstv. forsrh. í málinu hafi einkennst af valdníðslu.

Ég talaði um það áðan að ekki voru settar neinar reglur þegar ljósvakinn var gefinn frjáls á sínum tíma. Ég hef líka skoðað aðeins hvernig útvarpsréttarnefnd hefur sinnt störfum sínum og hvernig hún hefur farið eftir þeim lögum sem

um hana hafa gilt, þ.e. útvarpslögin, þau lög sem við erum að breyta. Ég verð að viðurkenna að mér hefur þótt skorta á að þeim lögum hafi verið beitt sem skyldi af útvarpsréttarnefndinni. Mér hefur fundist nefndin nokkuð frjálsleg í sambandi við leyfin, fólk sem sótt hefur um leyfi hefur bara fengið þau leyfi sem beðið hefur verið um. Ég hef haft á tilfinningunni að sáralítið ef nokkurt eftirlit hafi verið haft af hálfu nefndarinnar með markaðnum og ég er sannfærð um að skilyrðin sem nefndin hefur sett fyrir leyfisveitingum sínum hafa ekki farið eftir neinu öðru en því sem lagaramminn sjálfur setur. Það hefur a.m.k. ekki sýnt sig í framkvæmdinni að útvarpsréttarnefnd hafi sett sér nokkrar aðrar reglur.

Mér finnst sú hegðun útvarpsréttarnefndar að miklu leyti vera ástæða þess ástands sem við í sjálfu sér búum við í dag, í öllu falli liður eða þáttur í því. Mér finnst skipta verulegu máli að við skoðum það mál núna í samhengi við það sem lagt er hér fram af meiri hluta allshn., sem leggur nú til að greininni um útvarpsréttarnefndina í útvarpslögunum verði breytt þannig að ekki verði lengur skipuð sjö manna nefnd, eins og verið hefur hingað til, sem kjörin hefur verið með hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára, heldur er gert ráð fyrir í brtt. meiri hluta allshn. að menntmrh. skipi nú þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Gert ráð fyrir að tveir skuli skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og gert er ráð fyrir að hann verði jafnframt formaður nefndarinnar. Varamenn skulu svo skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skuli uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara og nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

Á þennan hátt hljóðar brtt. meiri hluta allshn. við 1. gr. frv. að því er lýtur að útvarpsréttarnefnd.

Ég álít að ákveðin málefnaleg rök séu fyrir því að setja útvarpsréttarnefnd saman á einhvern þann hátt sem hér er bryddað upp á en finnst þó vera ákveðnar hættur til staðar. Ég fer að hugsa til þeirrar valdstjórnar sem við búum við. Valdstjórnin sem hér ræður ríkjum hefur upp á síðkastið þurft að sæta gagnrýni fyrir hegðun sína gagnvart Hæstarétti og núna þessa dagana og undanfarnar vikur hafa staðið yfir miklar deilur út af ráðningu hæstaréttardómara.

Þegar maður skoðar það að útvarpsréttarnefnd skuli samkvæmt brtt. meiri hluta allshn. einungis eiga að vera skipuð þremur einstaklingum og þar af eigi ráðherra að skipa einn og tveir eigi að vera samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þá hringja einhverjar bjöllur. Valdstjórnin, sem búin er að reyna að hafa áhrif á Hæstarétt með gjörðum sínum og hefur þurft að sæta gagnrýni fyrir slíkt, ætlar sér að setja þessa sömu hæstaréttardómara, skyldi maður ætla, í útvarpsréttarnefndina. Þá spyr maður sig: Er ekki hættumerki hér á ferðinni með þá valdstjórn sem við búum við hvað hana varðar? Hún hefur sætt gagnrýni fyrir að vera að seilast til of mikilla áhrifa innan Ríkisútvarpsins, hún hafi tilhneigingu til þess að gera Ríkisútvarpið að ríkisstjórnarútvarpi. Hún hefur verið sökuð um að beita áhrifum sínum í Hæstarétti og nú á útvarpsréttarnefnd að vera skipuð tveimur hæstaréttardómurum ásamt einum fulltrúa sem ráðherrann skipar. Er ekki hættumerki hér til staðar sem vert væri að hafa í huga og skoða nánar? Mitt svar við því er auðvitað jú. En slíkt gerist þegar hlutirnir eru gerðir of hratt og menn hafa ekki ráðrúm til þess að skiptast á skoðunum um hlutina.

Þetta atriði hefur ekki fengið nægilega mikla umfjöllun í þingsölum, leyfi ég mér að fullyrða, til þess að það sé orðið tímabært að skutla því í lög sisona.

Það er afar mikilvægt þegar svo róttækar breytingar eru gerðar á lögum sem varða fjölmiðlamarkaðinn, markaðinn sem fjórða valdið starfar á, að við fáum tækifæri, svigrúm og ráðrúm til þess að skiptast á skoðunum um hlutina og velta upp öllum mögulegum flötum málsins.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að tala um valdstjórn í þessu sambandi alveg á sama hátt og Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs og fyrrum samstarfsmaður hæstv. forsrh., hefur leyft sér að tala um ógnarstjórn í þessu sambandi, þ.e. hvernig ríkisstjórnin fer fram á sinn valdagíruga hátt, og ég held að ég geti verið nokkuð samdóma stjórnarformanninum í mínum dómum hvað það varðar. Hér er unnið gegn lýðræðinu og unnið í anda ógnarstjórnar eða valdstjórnar sem Íslendingar eiga ekki skilið að hafa yfir sér.

Eitt af því sem komið hefur upp í umræðunni, og hefði sannarlega með réttu þurft meiri skoðun, eru tilmæli Evrópuráðsins um hvernig tryggja megi fjölbreytni í fjölmiðlun. Evrópuráðið tekur fram í tilmælum sínum nr. 1/1999 að það séu margar leiðir að því marki. Ein þeirra leiða er að skoða eignarhald á fjölmiðlum, en einungis ein af mörgum leiðum. Aðrir hlutir sem koma til greina og skoða þarf eru aðstæður á markaði, stærð á markaði, gagnsæi eignarhalds og fleiri þættir. Ein leiðin sem Evrópuráðið leggur til að stjórnvöld athugi til þess að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði er sú að tryggja öflugt ríkisútvarp. Það kemur afar vel og skýrt fram í skýrslu fjölmiðlanefndar hæstv. menntmrh., það er kannski orðið hættulegt að vitna í blaðsíðutöl eins og komið hefur fram áður í máli þingmanna, en í kafla 6.4.1. sem fjallar um traust almenningsútvarp kemur skýrt fram að nefndarmenn deili því almenna viðhorfi að takmarka beri afskipti ríkisins af fyrirtækjarekstri og atvinnustarfsemi almennt sem einkaaðilar geti sinnt. Engu að síður leggur nefndin áherslu á og telur eðlilegt að leggja það til að að því verði hugað að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps.

Auðvitað hefði ríkisstjórnin átt að sjá sóma sinn í því í umræðunni að fjalla um Ríkisútvarpið og málefni þess í tengslum við umræðu um stöðuna á fjölmiðlamarkaði. Og þegar við höfum orðið þess áskynja og vitum af því að hæstv. menntmrh. er með málefni Ríkisútvarpsins í sérstakri skoðun í menntmrn. þá spyr maður: Hvers vegna í ósköpunum er það ekki látið fylgjast að, umræðan um einkareknu fjölmiðlana og umræðan um Ríkisútvarpið? Enn eitt dæmi um hversu óskynsamlega er hér á málum haldið.

Í skýrslu nefndar hæstv. menntmrh. kemur fram að færa megi fram ýmis rök til stuðnings því sjónarmiði að Ríkisútvarpið og trygg staða þess sem almenningsútvarps geti verið tæki í þá átt að tryggja fjölbreytni á markaði. Þau hafa verið í fyrsta lagi að það sé æskileg leið til að tryggja þá hagsmuni sem sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi og þar með til að mæta skyldum ríkisins í þeim efnum. Bent er á það í skýrslunni að því sé gjarnan haldið fram að einkareknir fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að verða mun einsleitari í dagskrá en almenningsútvarpið til að mæta kröfum þorra neytenda um skemmtun og létta afþreyingu. Slíkt efni verði þá jafnvel uppistaðan í dagskrá einkarekins miðils, gjarnan á kostnað upplýstrar og málefnalegrar umræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni, einkum þeirra miðla sem byggja rekstur sinn á auglýsingum og kostun.

Sömuleiðis bendir nefndin á að sú leið að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins feli í sér reglusetningu sem þó beinist ekki gegn einkareknu fjölmiðlunum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglunum um frelsi markaðarins að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni.

Svo segir nefndin í niðurlagi kafla 6.4.1., með leyfi forseta:

„Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum."

Þetta er afar athyglisverður kafli í skýrslu nefndarinnar sem segir okkur ekki bara það að hægt hefði verið að fara vægari leiðir til að tryggja fjölbreytni á markaði í fjölmiðlun, heldur til að tryggja traust ríkisútvarp og við hefðum getað farið nánast bara þá leið, það hefði nægt, ekki hefði þurft þessa lagasetningu.

En það er afar merkilegt að skoða við hvaða aðstæður þessir ólíku miðlar búa á Íslandi því við skulum ekki gleyma því að Ríkisútvarpið hefur mun ríkari skyldur en einkareknu fjölmiðlarnir. Það hefur skyldur sem eru tíundaðar í lagarammanum, lögunum um Ríkisútvarpið, sem síðast var breytt á árinu 2000, en þar eru aðallega í 3. gr. tíundaðar skyldur Ríkisútvarpsins sem fela það m.a. í sér að það eigi að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð, það eigi að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana, það eigi að gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð og svo mætti áfram telja.

Þessar skyldur eru miklu ríkari en þær skyldur sem einkareknu miðlarnir hafa á sínum herðum. Reyndar er sagt í almennu útvarpslögunum að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Talað er um að sjónvarpsstöðvar skuli kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Þar er líka talað um að útvarpsstöðvar skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þeim beri að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Nú vil ég fullyrða það, herra forseti, að hvorki er verið að fara eftir þessum lögum til hlítar né heldur er nokkurt eftirlit með því hvernig þeim er framfylgt. Ég tel því að hér sé um að ræða ástand á markaði sem er að mörgu leyti því að kenna að lögum sem við búum við hefur ekki verið framfylgt og eftirliti með þeim hefur ekki verið sinnt. Því spyr ég: Hvaða lækning er þá fólgin í því að rjúka upp til handa og fóta og setja lög sem eru önnur eins hrákasmíð og þetta frv. gefur til kynna, með því offorsi og óðagoti og óbilgirni sem ég hef talað um í ræðu minni? Hvers vegna er ekki heimiluð umræða um málið? Samtal og rökræða sem, eins og Norðmenn gerðu á fjórum árum, gæti fætt af sér skynsamlega lagasetningu.

Enn hefur ekki eitt einasta svar komið frá ríkisstjórninni eða hæstv. forsrh. við þessum spurningum sem þingmenn, hver á fætur öðrum, hafa varpað fram og beðið um rökstuðning fyrir. Hvað er það sem hastar, hver er háskinn? Er húsið að brenna, eru himinn og jörð að farast? Engin svör frá hæstv. forsrh., ekkert samtal, bara valdboð.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Meginsjónarmið mín eru þau að mér finnst ekki óeðlilegt að sett séu lög sem tryggja að það sé fjölbreytni á markaði í fjölmiðlun en alls ekki með þeim hætti sem hér er gert. Slíkar aðferðir eru til háborinnar skammar fyrir stjórnvöld og sannarlega ekki til eftirbreytni. Og það er ekki nokkur leið, miðað við þá framkomu sem t.d. stjórnarandstaðan hefur þurft að þola í þessu máli, að koma hér nærri, ekki einu sinni með töngum.

Ég veit ekki hvað við eigum að gera í sambandi við allar þær vísbendingar sem eru uppi um að hér sé verið að brjóta stjórnarskrána, tjáningarfrelsisákvæði hennar, eignarréttarákvæðin og atvinnufrelsisákvæðin, en ég tel þær ásakanir vera það vel rökstuddar hjá þeim sem þær hafa fært fram að mér finnst óhjákvæmilegt að skoða þá hluti hér nánar og yfirvegað. En það er eins og menn hafi bara sett bananana í eyrun, þeir eru hættir að hlusta, ekki er tekið mark á einu né neinu, heldur anað áfram í blindni.

Virðulegi forseti. Ef þessi hrákasmíð, þetta frv. verður að lögum er ég sannfærð um að afleiðingarnar verða aðrar en hin háleitu markmið þykjast vera,. Ég er hrædd um að lagasetningin eigi eftir að leiða af sér fábreytni en ekki fjölbreytni. Ég held að sú lækning sem hæstv. forsrh. þykist vera að færa hér fram sé ekkert annað en það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallaði hana, hrossalækning.

Satt að segja finnst mér ekkert réttlæti í því, herra forseti, að hæstv. forsrh. skuli vera að takast að knýja í gegn lagasetningu á þessum nótum. Og af því verið var að frumsýna í Borgarleikhúsinu í kvöld söguna um Don Kíkóta sem lagði af stað út í heim til að endurheimta það sem heiminum var að eilífu glatað, þ.e. réttlætið, þá verð ég að segja eins og er að það væri betur að hér væri eitthvert réttlæti til staðar við þessa umfjöllun, við þessa málsmeðferð, við framlagningu þessa frv. en því hefur ekki verið fyrir að fara og það er mikil synd, mikil skömm.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um fjölmiðlafrumvarp.

[00:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég spurði að því um níuleytið í kvöld hvort hægt væri að fá uppgefna áætlun um fyrirhuguð störf þingsins í kvöld eða nótt. Nú er klukkan 20 mínútur yfir tólf og ég held að ég leyfi mér þá að skilja síðustu orð hæstv. forseta svo að þessum fundi sé lokið.

[00:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það fer eftir því hversu margir kveðja sér hljóðs um fundarstjórn forseta.

Fundi slitið kl. 00:19.

115. FUNDUR

föstudaginn 14. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:
Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 7. þm. Suðvest., Þórunni Sveinbjarnardóttur, dags. 12. maí:

„Þar sem ég fer nú í hluta fæðingarorlofs, með vísan til 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Ásgeir Friðgeirsson ritstjóri, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Ásgeir Friðgeirsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fréttir af samskiptum forsætisráðherra og umboðsmanns Alþingis, viðvera ráðherra á þingfundum o.fl.

[10:02]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fá að þakka hæstv. forseta fyrir þá almennu kurteisi sem hann sýndi mér við upphaf fundarins. Það er þakkarvert að forseti Alþingis komi með þessum hætti fram við þingmenn og leiðbeini okkur.

Ég hef hins vegar óskað eftir því að hér kæmi til fundarins hæstv. forsrh. til að ræða frétt sem var í blaði í morgun og varðar umboðsmann Alþingis og sjálfstæði þingsins. Ég hef rætt það við aðstoðarmann hæstv. forsrh. sem taldi að trúlega yrði hæstv. forsrh. á ríkisstjórnarfundi í upphafi þingfundar. Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort það væri rétt og hvort þingmönnum væri ekki lögskipað að sækja þingfundi og hvort ríkisstjórnarfundir og þingfundir eigi að fara fram á sama tíma. Ég bið hann um leiðsögn í því eins og öðru.

[10:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um störf þingsins. ... Hv. 9. þm. Reykv. n., Helgi Hjörvar, tekur aftur til máls um störf þingsins.

[10:03]

Helgi Hjörvar:

Hæstv. forseti. Þær fréttir hafa verið fluttar í dag að hæstv. forsrh. hafi veitt tiltal umboðsmanni Alþingis sem er eftirlitsaðili þingsins með framkvæmdarvaldinu. Nú varðar þetta mál hæstv. forsrh. og ég hef ekki í hyggju að ræða það efnislega að hæstv. forsrh. fjarstöddum. Mér finnst ekki við hæfi, virðulegur forseti, og ekki við sóma Alþingis að ræða efnislega jafnalvarlegt mál er varðar hæstv. forsrh. að honum fjarstöddum. Ég óska þess vegna eftir því við hæstv. forseta, vegna þess að málið varðar þingið og sjálfstæði þess, að hann sjái til þess að svo fljótt sem verða má megi ég beina fyrirspurnum um þetta meinta samtal hæstv. forsrh. við umboðsmann Alþingis til hæstv. forsrh. og hann geti upplýst þingið um hvað hæft er í þessum fregnum og hvað þeim hafi farið á milli. Ég tel mjög mikilvægt að það verði upplýst og mun þá eiga um það efnislegar umræður.

Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. forsrh. sjái sér fært að koma í þingið, upplýsa okkur um þetta atriði og svara fyrirspurnum mínum þar um.

[10:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem vekur athygli mína sérstaklega er að hæstv. forsrh. er ekki við og ef rétt er að ríkisstjórnarfundur standi er það náttúrlega engan veginn við hæfi í ljósi þess að hæstv. forsrh. er fyrsti flm. frv. sem hér er á dagskrá, eina málsins á dagskrá. Það hefur ítrekað verið óskað eftir því að hæstv. ráðherra sé við umræðuna.

Ég óskaði t.d. eftir viðveru hans í minni fyrri ræðu. Það var ítrekað haft samband við hæstv. forsrh. og hann látinn vita af því að hans væri óskað í þingsalnum en það bar engan árangur. Ég lauk máli mínu og gerði ekki meira veður út af því en ég er ekki viss um að ég láti bjóða mér það aftur að hæstv. forsrh. verði fjarstaddur þegar ég flyt mína seinni ræðu. Ef ég veit rétt er ég næstur eða a.m.k. fljótlega á mælendaskrá. Mér finnst að virðulegur forseti eigi að gera gangskör að því að athuga hvort hæstv. forsrh. sé að koma til fundar.

Varðandi seinna atriðið vakti sú frétt líka athygli mína í dagblaði í dag að sagt er að forsrh. hafi hringt í umboðsmann Alþingis og veitt honum eitthvert tiltal í framhaldi af því að hann fékk í sínar hendur úrskurð eða álit umboðsmanns um skipan hæstaréttardómara. Forsætisnefnd þingsins er jafnframt eins konar stjórn Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns, umboðsmaður og embætti Ríkisendurskoðunar heyra undir þingið og forsætisnefnd fer með samskipti við þessar stofnanir, undirstofnanir þingsins, þannig að það er að sjálfsögðu forseta og forsætisnefndar að sjá um að embætti umboðsmanns sé látið í friði. Mér finnst full ástæða til þess að forsætisnefnd fái umboðsmann Alþingis á sinn fund af þessu tilefni og fái hjá honum upplýsingar um það hvort rétt sé að framkvæmdarvaldið hafi með þessum hætti, með óviðeigandi hætti, verið að blanda sér í störf umboðsmanns Alþingis.

[10:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég sá þá frétt í dagblaði í morgun sem hér er um rætt og vil taka það skýrt fram að ég neita með öllu að trúa því að hæstv. forsrh. hafi tekið símtal á borð við þetta. Hins vegar er ásökunin svo alvarleg að ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt fyrir þing og framkvæmdarvald að tekin séu af öll tvímæli í þessum efnum, að okkur og þjóðinni allri verði gert það ljóst að svona eiga samskipti framkvæmdarvalds og þessa mikilvæga embættis sem umboðsmaður gegnir ekki að ganga fyrir sig.

Ég undirstrika enn og aftur, herra forseti, að ég neita að trúa því að þetta hafi gerst. Á hinn bóginn er erfiðara um vik

þegar hæstv. forsrh. er ekki hér á fundinum til þess að bera til baka þessa frétt sem ég gef mér að hann muni gera. Þess vegna er það álitaefni sem vakið var upp með réttu hvort forsætisnefnd þingsins þurfi ekki með einhverjum hætti þá, síðar í dag eða á allra næstu dögum, að ganga úr skugga um að samskipti framkvæmdarvalds og umboðsmanns gangi ekki svona fyrir sig.

Það er ekki gefið að við í þessum sal né heldur ráðherrar ríkisstjórnarinnar þurfi endilega að vera sammála öllum niðurstöðum umboðsmanns Alþingis. Úrskurðir hans eru ekki hinn endanlegi stóridómur en þá á að ræða með málefnalegum og efnislegum hætti. Það að einstakir ráðherrar, og allra helst forsrh., kunni að hafa sett á símtal þar sem sett var ofan í við umboðsmann er ekki sá gangur mála sem lög segja til um og þannig eiga hefðbundin samskipti ekki að ganga fram. Ég lýsi áhyggjum mínum um málið, að við skulum ekki á þessum góða morgni geta tekið af öll tvímæli um að þessi frétt hafi verið röng og að umboðsmaður Alþingis njóti þeirra starfsskilyrða sem lög segja til um og þess sjálfstæðis sem honum ber að hafa.

[10:09]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þessi frétt í DV í morgun kom nokkuð á óvart. Maður á bágt með að trúa því að hún sé rétt. Ég held að hún hljóti að kalla eftir því að bæði hæstv. forsrh. skýri þetta út og beri þá til baka og jafnframt að umboðsmaður Alþingis upplýsi Alþingi um hvað sé hæft í þessu.

Ég hlýt í annað sinn á skömmum tíma að vitna í lög nr. 85 frá 27. maí 1997, um umboðsmann Alþingis, en þar segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.“ — Þá væntanlega líka hæstv. forsrh., hlýtur að vera. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, við hljótum hreinlega að leita eftir því að hæstv. forsrh. og líka umboðsmaður Alþingis útskýri fyrir hinu háa Alþingi hvað er á ferðinni.

[10:10]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í þeim löngu umræðum sem hér hafa staðið yfir um útvarpslögin er auðvitað ekki mjög margt sem veldur sérstakri tilbreytni en það er eitt sem hefur þó aðeins valdið því að við komum stundum spennt til fundarins, við sem höfum setið yfir þessari umræðu daga langa, þ.e. að velta fyrir okkur hvar stjórnarandstaðan muni bera niður í hugkvæmni sinni við að finna mál til að brjóta upp umræðuna undir dagskrárliðnum fundarstjórn forseta eða eitthvað álíka. (**SJS:** Á þá ekki að ...?) Það er ástæða til að hrósa hv. þingmönnum fyrir ótrúlega fundvísi á undarlegt mál, að þetta skyldi vera tilefnið þennan morguninn. (**Gripið fram í:** Okkur ...) (Gripið fram í.)

Núna virðist þetta vera orðin keppni milli manna um að láta reyna á hugkvæmni sína (**Gripið fram í:** Þið eruð orðnir svo ...) en ég verð að játa að þetta er samt sem áður það undarlegasta og vitlausasta sem ég held að stjórnarandstaðan hafi komið fram með, að éta upp úr Dagblaðinu hviksögur og gera þær að umræðuefni í sölum Alþingis er fyrir neðan allar hellur og þeim hv. þingmanni til skammar sem hóf þetta mál. (**Gripið fram í:** ... nægilegt ...)

Það sem hér er verið að reyna að gera er gamalkunnugt úr stjórnmálum og það heitir á ensku „Let them deny it“, látum þá neita því. Það eru bornar fram ásakanir og gripið til hviksagna úr Dagblaðinu (Gripið fram í.) og síðan á einfaldlega að reyna að stilla mönnum upp og láta þá neita því. Það er þetta sem hér er verið að gera með þessari umfjöllun í þinginu og undarlegt enn og aftur að þetta skyldi verða fóðrið sem menn kusu að tyggja á í upphafi fundarins í dag.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 9. þm. Reykv. n. óskar að bera af sér sakir.

[10:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vísa því algerlega á bug sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hélt fram. Ég tók það sérstaklega fram að ég færi ekki í efnislega umræðu að fjarstöddum hæstv. forsrh. og að ég vildi gefa honum tækifæri til að koma hingað og svara þeim spurningum sem hér hafa risið. Ég tel hins vegar ekki rétt að kalla þessar fréttir hviksögur, og tel að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson verði að hafa það í huga að sá blaðamaður sem þessar fréttir færir hefur áður reynst hafa giska góðar heimildir um mál sem snertu þennan sal og hluti í þessum sal á vegum þingmanna, hluti sem voru ekki eins og þeir áttu að vera. Það er full ástæða til að leggja við eyrun þegar sá ágæti blaðamaður telur að hér hafi eitthvað misjafnt farið fram og ganga úr skugga um hvort það er rétt. Hingað til hafa heimildir hans reynst nokkuð traustar um misfellur í störfum þingsins, eða einstakra þingmanna öllu heldur.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619.

[10:14]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Síðustu dagana hefur farið hér fram ítarleg efnisumræða um það mál sem fyrir þinginu liggur, frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum. Það sem hefur kannski borið hvað hæst í umræðunni að margra mati er það sem fram kom mjög skýrt í gærkvöldi í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þar fjallaði hann með nokkuð skýrum og glöggum hætti um að fram væru komnar mjög vel rökstuddar upplýsingar um að hér væri á ferðinni ólögmæt löggjöf sem snerti mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og að um það lægju fyrir nokkuð margar álitsgerðir sem rökstyddu þær fullyrðingar að hér væri um að ræða mál sem snerti hreint og klárt og bryti í bága við stjórnarskrána. Hins vegar liggur ekkert álit fyrir hjá hv. allshn. um að málið geri það ekki heldur lúti allt að því og bendi til þess að frv. sem liggur fyrir þinginu brjóti í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar.

Hér er því um grafalvarlegt mál að ræða og verður að fara ítarlega yfir það hvort hér sé um að ræða gerning sem vegi að tjáningarfrelsi Íslendinga og skerði rétt okkar til tjáningar, atvinnufrelsi og eignarfrelsi, eignarrétt okkar. Fjalla verður mjög ítarlega um málið í því ljósi. Mér og þingheimi til upplýsingar og glöggvunar á mikilvægi borgaralegs frelsis

og á því að hve miklu leyti hið lýðræðislega samfélag hvílir á þeim grunni hef ég lesið mér til í því fræga grundvallarriti Frelsið eftir John Stuart Mill. Ég hef vitnað til þess áður við umræðuna að þessi bók liggi til grundvallar því borgaralega lýðræðissamfélagi sem við byggjum upp og trúum á, því frjálslynda, lýðræðislega borgaralega samfélagi sem við viljum vernda og teljum hið eina rétta.

Það kemur nöturlega fyrir sjónir, þegar maður grípur niður í þessu riti að núna, tæpum 150 árum eftir að það kom fyrst út, er hér á Íslandi vegið að tilverugrundvelli þess réttarríkis sem við byggjum. Það kemur mann spánskt fyrir sjónir hve hressilega höfundur ritsins John Stuart Mill kemur við kaunin á íslenskum ráðamönnum. Þess má geta að ritið kom fyrst út á Íslandi árið 1900, gefið út af Jóni nokkrum Ólafssyni. Það kom út aftur árið 1970 í þýðingu Þorsteins Gylfasonar og Jóns Hnefils Aðalsteinssonar. Það er sú útgáfa sem ég styðst við, úr flokknum Lærdómsrit Bókmenntafélagsins sem kom út árið 1970. Þetta er mjög vönduð útgáfa sem hefur fært okkur Íslendingum mikið að hugsa um í umræðunni um frelsi og borgaraleg réttindi. Þetta rit liggur miklum lærdómsritum til grundvallar og allri umræðu um þessi mál.

Til að bæði þjóð og þingi verði ljóst hve illan gjörning ég tel á ferðinni í frv. sem hér er til umræðu ætla ég næstu mínúturnar að styðjast við ritið, lesa upp valda kafla úr Frelsinu og fjalla um þá um leið. Ég ítreka að hér er um efnislega og vandaða umræðu um málið að ræða og ekki neitt málþóf. Þótt ég hafi ótakmarkaðan ræðutíma í annarri ræðu minni í 2. umr. um frv. ætla ég ekki að misnota hann með neinum hætti og standa hér tímunum saman og lesa upp úr ritinu og fjalla um það. Ég flyt ræður við 2. og 3. umr. Ég á kost á að tala tvisvar við 3. umr. og mun þá halda áfram umfjöllun um frelsið, lesa upp úr því og fjalla um kaflana. Hið sama gildir um hv. þm. Einar Má Sigurðarson. Hann mun einnig grípa til þess rits enda ritið honum hjartfólgið og kært. Hann mun einnig byggja ræður sínar að einhverju leyti á Frelsinu eftir John Stuart Mill.

Hér er ekki á ferðinni neitt sem hægt væri að kalla málþóf. Það er ekki hægt að gera því skóna að við viljum þvælast fyrir öðrum þingmönnum og alls ekki þingmönnum stjórnarliðsins sem hafa nánast ekkert sagt um skoðanir sínar á málinu. Við bíðum í ofvæni eftir að heyra frá þeim og buðust til þess í gær að færa okkur til á mælendaskrá þannig að þeir mættu komast fram fyrir okkur og viðra skoðanir sínar á málinu. Við vonum að sjálfsögðu að það muni verða og mun ég takmarka lestur minn og umfjöllun í þessari umræðu við valda kafla þannig að lífleg og fjörug skoðanaskipti geti átt sér stað í dag. Við munum gera þetta allt með málefnalegum og lýðræðislegum hætti þannig að sem flestir geti komið að og rökrætt við mig í dag um það hvort frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum vegi að borgaralegu og félagslegu frelsi Íslendinga eða ekki.

Sérstaklega hlakka ég til að heyra viðhorf yngri sjálfstæðismanna til þess hvort þeir telji að með frv. þessu sé frelsi Íslendinga að einhverju leyti fyrir borð borið og hvort það vegi að grundvallarmannréttindum okkar. Þeir menn hafa mikið stúderað frelsið og ég taldi a.m.k. að þeir vildu berjast fyrir auknu frelsi í íslensku samfélagi. Ég hef oft litið til málflutnings þeirra og verið sammála að sumu leyti enda tel ég mig til frjálslyndra manna. Það kemur því undarlega fyrir sjónir að heyra málflutning þeirra síðustu daga, þótt hann hafi að litlu leyti farið fram í þinginu enda hafa þeir ekki fjallað efnislega um málið, nema hv. formaður allsh. Bjarni Benediktsson. Hinir hafa einungis komið upp í andsvör og því brýni ég þá til að koma upp í efnislegar umræður síðar í dag um það hvort frv. vegi með einhverjum hætti að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og skerði með einhverjum hætti tjáningarfrelsið í landinu.

Ég skora á hv. þingmenn Sjálfstfl. sem tóku sæti á Alþingi um leið og ég í fyrravor, fyrir rúmu ári, en það var kosið 10. maí, að koma í hressilega rökræðu við mig um hvort færa megi fyrir því rök að vegið sé að frelsi manna. Ég sé það á svipnum á hv. þm. Birgi Ármannssyni að hann hefur örugglega marglesið Frelsið eftir John Stuart Mill. Hann er örugglega í stakk búinn til að koma í efnislega umræðu um það hvort frv. sem hér um ræðir reisir skorður að borgaralegu og félagslegu frelsi okkar Íslendinga.

Ég byrja lestur minn á fyrsta kafla bókarinnar Frelsið eftir John Stuart Mill. Þetta er fyrsti kaflinn á eftir forspjalli þýðandans, Þorsteins Gylfasonar, sem einnig er afar gott. Þar er að finna ákaflega athyglisverða setningu, með leyfi forseta:

„Þessi ritgerð fjallar um svonefnt frelsi viljans, sem hefur því miður verið talið brjóta í bág við þá kenningu, sem ranglega er nefnd nauðhyggja. Hún fjallar um borgaralegt eða félagslegt frelsi, um eðli og takmörk hins réttmæta valds þjóðfélagsins yfir einstaklingnum. Þetta vandamál er sjaldan nefnt og næstum aldrei rætt frá almennu sjónarmiði. Engu að síður býr það undir flestum ágreiningi og átökum þessarar aldar. Og það mun að líkindum verða talið eitt af mikilvægustu úrlausnarefnum framtíðarinnar. Fjarri fer, að hér sé um nýtt vandamál að ræða, því að í vissum skilningi hefur menn greint á um það frá fyrstu tíð. En á því framfarastigi, sem hinn menntaði hluti mannkyns hefur nú náð," — ég ítreka það, virðulegi forseti — „sem hinn menntaði hluti mannkyns hefur nú náð, birtist þessi vandi við nýjar aðstæður og krefst því nýrrar rannsóknar og viðameiri en áður."

Hér er höfundur bókarinnar að fjalla um það sem við erum að fást við í dag. Umræðan snýst um hvort frv. reisi með einhverjum hætti skorður við félagslegu borgaralegu frelsi og vegi að tjáningarfrelsi Íslendinga. Ég tel að margoft hafi verið sýnt fram á það við þessa umræðu og álitsgerðin styðji það ítarlega. Því grip ég til þess, virðulegi forseti, að styðja mál mitt með þeim efnislegu rökum að grípa niður í rit sem nokkuð víðtæk sátt hefur verið um að sé ein af meginstoðum þess að við búum í borgaralegu samfélagi og teljum að tjáningarfrelsið sé háheilagur réttur sem ekki megi skerða.

Áfram segir höfundur, með leyfi forseta:

„Barátta frelsis og valds er augljósasti þáttur þess hluta veraldarsögunnar, sem við kynnumst fyrst, einkum sögu Grikklands, Rómarveldis og Englands. En fyrr á tímum stóð þessi barátta milli þegnanna eða einhvers hluta þeirra annars vegar og stjórnarinnar hins vegar. Frelsi merkti þá vernd gegn harðstjórn valdhafa." — Þar er athyglisverð setning, virðulegi forseti. „Frelsi merkti þá vernd gegn harðstjórn valdhafa." Hér er grundvallaratriði í þessu riti.

Neðar á sömu síðu segir:

„Og þessi takmörkun valdsins var frelsi að þeirra skilningi. Slíkt frelsi mátti öðlast með tvennu móti. Önnur aðferðin var að fá ýmis ákvæði sett, sem kölluð voru stjórnfrelsisákvæði eða réttarskrár. Þessi ákvæði töldu menn saknæmt af stjórnanda að brjóta: ef hann gerði það, var mótspyrna eða almenn uppreisn talin réttlætanleg. Hin aðferðin, sem

oftast kom síðar til sögunnar, var að setja stjórnarskrá sem gerði samþykki þegnanna eða einhverrar samkomu, sem gætti hagsmuna þeirra," — takið nú eftir, virðulegi forseti — „að ófrávíkjanlegu skilyrði ýmissa mikilvægra aðgerða stjórnvalda."

Þetta er kjarni málsins. Strax í upphafi bókarinnar fjallar John Stuart Mill um mikilvægi stjórnarskrár sem valdhafi megi aldrei brjóta. Þetta er kjarni málsins og efnislega megininntak þess máls sem hér er til umræðu, að það brýtur að öllum líkindum í bága við mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Ég bendi á það hér og byggi á þeim rökum sem hér koma fram og held áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Í flestum ríkjum Evrópu neyddust valdhafar til að láta undan stjórnfrelsiskröfum að meira eða minna leyti. En þeir reyndust tregari til að setja stjórnarskrár. Stjórnarskrármálið varð því helsta baráttumál frelsisvina, og þar sem vísir var að stjórnarskrá, börðust þeir fyrir endurbótum á henni. Og meðan mannkynið lét sér lynda að etja einum fjandmanni gegn öðrum og lúta einum herra að misjafnri tryggingu gegn harðstjórn hans, var viðleitni þess markaður sá bás sem nú er lýst.

Sá tími kom þó í framfarasögu mannkynsins, er menn hættu að telja það náttúrulögmál, að ríkisvaldið væri óháð og andsnúið hagsmunum þegnanna. Þeim virtist þó betur fara á, að hin ýmsu yfirvöld væru þjónar eða fulltrúar almennings," — virðulegi forseti, ekki andsnúnir þegnunum heldur þjónar þegnanna.

Stjórnarherrarnir eiga að vinna í þágu þegnanna. Ég tel að það sé ekki gert með þessu frv. Það vegur að almannahagsmunum í landinu og vinnur gegn þegnum landsins. Með því eru stjórnvöld farin að vinna gegn þegnum landsins en ekki sem þjónar þeirra í þágu almannahagsmuna. Um þetta snýst málið. Að mínu mati, herra forseti, mun það koma í ljós, ef málið nær fram að ganga og fer fyrir dómstóla, að frv. vegur að mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar og reisir tjáningarfrelsi okkar skorður. Þetta er algert grundvallarmál. Því er mikilvægt að hér fari fram mjög ítarleg efnisumræða um málið og menn styðji skoðanir sína, hvort heldur það er ég, sem tel að málið reisi tjáningarfrelsinu skorður, eða hv. þm. Sjálfstfl., sem telja að þær frelsisskorður sem til stendur að setja Íslendingum eigi rétt á sér. Þeir verða að rökstyðja það hér og hlaða mál sitt þeim rökstuðningi að trúverðugur þyki. Af hverju telja þeir réttlætanlegt að reisa Íslendingum þær frelsisskorður sem þetta frv. gerir? Ég tel það óréttlætanlegt að valdhafar gangi fram með þeim hætti og vegi svo gróflega að grundvallarmannréttindum okkar Íslendinga, tjáningarfrelsinu.

Á bls. 35 segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Eftir því sem baráttunni miðar áfram í þá átt, að almenningur kysi sér yfirvöld til ákveðins tíma, hvarflaði sú hugsun að sumum mönnum, að áður hefði of mikil áhersla verið á það lögð að takmarka valdið sjálft. Takmörkun valdsins virtist mönnum aðeins vera baráttumál, þar sem yfirvöld ættu andstæðra hagsmuna að gæta hagsmunum þegnanna. Nú þótti brýnast, að yfirvöld samræmdust almenningi og þjóðarhagur og þjóðarvilji yrðu jafnframt hagsmunir og vilji þeirra. Gegn eigin vilja þurfti þjóðin engrar verndar við. Engin hætta var á, að hún beitti sjálfa sig ofríki. Ef yfirvöld bæru einungis fulla ábyrgð gagnvart þjóðinni, sem gæti vikið þeim frá án tafar, þá mætti veita þeim víðtækt vald þar sem þjóðin sjálf réði beitingu þess. Ríkisvaldið var einungis vald þjóðarinnar sjálfrar, samandregið og í þeirri mynd, sem auðveldaði beitingu þess. Þessi tilhugsun eða öllu heldur tilfinning var almenn meðal síðustu kynslóðar evrópskra frjálshyggjumanna." — Takið eftir, virðulegur forseti.

„Á meginlandi Evrópu virðist hún ríkja enn."— Segir John Stuart Mill fyrir 150 árum síðan um þessa frelsishugsun. — „Allir vilja takmarka vald þeirra ríkisstjórna, sem þeir telja alls óhæfar til stjórnarstarfa. En hinir, sem takmarka vilja allt ríkisvald að einhverju marki, eru glæsilegar undantekningar í hópi stjórnvitringa meginlandsins. Nú kynnu áþekk viðhorf að vera almenn á Englandi, ef þær aðstæður, sem stuðluðu að þeim um skeið, hefðu haldist óbreyttar.

En kenningar um stjórnmál og heimspekileg efni eiga það sammerkt við manneskjur, að góður árangur þeirra birtir okkur ýmsa ágalla og breyskleika, sem slæmur árangur hefði aldrei leitt í ljós. Sú hugmynd, að þjóð þurfi ekki að takmarka vald sitt yfir sjálfri sér, gat virst liggja í augum uppi, þegar lýðræði var einungis draumsýn eða minning um löngu liðna tíð." — Takið eftir, virðulegi forseti. Þegar lýðræðið var einungis draumsýn eða minning um löngu liðna tíð.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði eitthvað á þá leið í minnisstæðri ræðu í gær að lýðræðið væri síbreytilegt og stöðug vinna. Lýðræði getur bæði batnað og versnað. Þarna fléttast saman málflutningur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og heimspekingsins mikla, Johns Stuarts Mills, 150 árum áður. Báðir færa þeir rök fyrir því að málið sem hér er á ferðinni vegi að lýðræðinu og geri lýðræði í landi okkar verra og minna en það var áður. Það er kjarni viðhorfs míns til málsins. Ég tel að frv. um eignarhald á fjölmiðlum vegi að lýðræði okkar, takmarki lýðræði okkar og reisi tjáningarfrelsi okkar skorður. Það er kjarni málsins, virðulegi forseti. Hér er um svo grafalvarlegt mál að ræða að það getur ekki farið í gegnum þingið án þess að menn ræði það út í hörgul og dragi inn í þá umræðu öll þau rök sem hugsast geta. Menn þurfa að styðja mál sitt traustum rökum þannig að þingheimur og þjóðin geti myndað sér heildstæða skoðun á því hvort frv. sem hér um ræðir taki með þeim hætti til mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Ég tel það svo sannarlega vera. En áfram ætla ég að lesa valdar málsgreinar úr fyrsta kafla bókarinnar Frelsið eftir John Stuart Mill, með leyfi forseta:

„Í stjórnmálaumræðum er „ofríki meiri hlutans" nú á allra vörum og talið ein af þeim hættum, sem samfélaginu ber að varast."

Í þessari setningu hittir hann naglann á höfuðið. Ofríki meiri hlutans er talið ein af þeim hættum sem samfélaginu ber að varast. Ég held að það geti margir tekið undir að það sé að gerast núna, að samfélaginu stafi hætta af ofríki meiri hlutans á þingi.

Ég les áfram, með leyfi forseta:

„Í upphafi stóð mönnum einkum ógn af ofríki meiri hlutans sem annarri harðstjórn, er það birtist í aðgerðum opinberra yfirvalda. Og öllum almenningi stendur ógn af því ofríki enn. En hugsandi mönnum varð ljóst að ofríki samfélagsins í heild yfir einstökum þegnum sínum er ekki einskorðað við eiginlegar stjórnarathafnir. Almenningur getur sjálfur framfylgt eigin fyrirmælum og gerir það. En ef þessi fyrirmæli eru röng, en ekki rétt, eða varða efni sem almenningur ætti ekki að skipta sér af, þá er um að ræða félagslega harðstjórn, sem er ægilegri en margar myndir einræðis." — Félagslega harðstjórn, virðulegi forseti, er ægilegri en margar myndir einræðis, segir John Stuart Mill. —

„Að vísu styðst vald almennings yfirleitt ekki við jafnströng viðurlög og einræðisvald, en undan því er minna undanfæri, og það gagnsýrir einkalíf manna og hneppir jafnvel sálir þeirra í fjötra. Þess vegna er ekki nóg að verjast harðstjórn valdhafanna, heldur hljóta menn líka að verjast ofríki ríkjandi skoðana og tilfinninga. Þjóðfélagið reynir án viðlagðrar refsingar að þröngva hugmyndum sínum og háttum að þeim, sem eru ekki sama sinnis."

Síðan spyr Mill, til að draga þetta saman:

„Hvar á að setja mörkin? Hver eru réttu hlutföllin milli einstaklingsfrelsis og félagslegs aðhalds?"

Það er ljóst að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi, Sjálfstfl. og Framsfl., telur í þessum umræðum rétt hlutföll á milli einstaklingsfrelsis og félagslegs aðhalds. Það er réttlætanlegt að takmarka tjáningarfrelsið í landinu. Sjálfstfl. er stjórnmálaafl sem margir telja með röngu einn dyggasta vörð um einstaklingsfrelsið. Það hefur lengi legið til grundvallar viðhorfum fólks til Sjálfstfl., að það sé flokkurinn sem umfram allt stæði vörð um einstaklingsfrelsi gegn ofríki ríkisvaldsins. Menn töldu þann flokk á þeirri skoðun að réttu hlutföllin milli einstaklingsfrelsis og félagslegs aðhalds væru einstaklingnum í hag og frelsi einstaklingsins væri alltaf í fyrirrúmi, að það væri sem mest. Lengi var talið að Sjálfstfl. ynni kerfisbundið að því að takmarka og minnka ríkisvaldið, reisa ríkisvaldinu skorður en ekki einstaklingsfrelsi, mannréttindum og tjáningarfrelsi. Það er hins vegar að gerast núna, virðulegi forseti, með frv. hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum. Það reisir einstaklingsfrelsinu skorður, reisir tjáningarfrelsinu skorður og skerðir mannréttindi Íslandi.

Að mínu mati, virðulegi forseti, reisir frv. þetta tjáningarfrelsinu og mannréttindum okkar Íslendinga skorður. Það gerir málið grafalvarlegt og gjörninginn svo hrikalegan. Við verðum að grípa til alls þess rökstuðnings sem við finnum til að varpa ljósi á málið og skýra fyrir þingheimi og þjóð hve ægilegur gjörningur er á ferðinni. Þess vegna vitna ég í öndvegisritið Frelsið eftir John Stuart Mill. Þar er að finna besta rökstuðninginn sem ég hef rekist á fyrir því hve mikilvægt er að vernda einstaklingsfrelsið og takmarka afskipti ríkisvaldsins af athöfnum þegnanna. Af þeim lestri má ljóst vera hve mikilvægt er að vernda mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og tryggja að valdhafar á hverjum tíma skerði ekki mannréttindi, skerði ekki ákvæði um tjáningarfrelsið, um athafnafrelsið og um eignafrelsið. Frv. vegur að öllum þessum þáttum að mínu mati. Það skilur að vísu trúfrelsið eftir. En hver veit hvað kemur næst?

Ekki er annað en hægt en að óttast hvað í vændum er, þegar svona frv. liggur fyrir Alþingi vorið 2004, 150 árum eftir að John Stuart Mill skrifaði hina miklu bók um frelsið þar sem hann færði, að margra mati, hinn endanlega rökstuðning fyrir því að tjáningarfrelsi væri heilagt og frelsi borgaranna þyrfti að vernda með öllum tiltækum ráðum gegn ofríki valdhafanna hverju sinni, hverjir sem þeir væru. Þeir koma og fara. Mannanna verk eru misjöfn og ráðamenn misstíga sig eins og allir aðrir. Þess vegna þurfa að vera til óbreytanleg mannréttindi sem liggja öllu lífi okkar til grundvallar. Það er kjarni málsins, virðulegur forseti.

Til að draga þetta allt saman hef ég flett upp á bls. 45 í Frelsinu þar sem Mill útskýrir tilgang ritsins. Umfjöllun mín um Frelsið er til þess eins að gera Íslendingum og þingheimi glögga grein fyrir því hvaða ólög eru hér á ferðinni. Með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa rits er að setja fram eina ofureinfalda reglu sem skorið getur úr því afdráttarlaust, hvenær samfélaginu leyfist að hlutast til um málefni einstaklingsins ..." — Ég ætla að lesa þetta aftur, virðulegi forseti. Þetta er merkileg setning:

„Tilgangur þessa rits er að setja fram eina ofureinfalda reglu sem skorið getur úr því afdráttarlaust, hvenær samfélaginu leyfist að hlutast til um málefni einstaklingsins, hvort sem viðurlögin eru líkamlegt ofbeldi í mynd lagarefsinga eða siðferðileg þvingun almenningsálitsins. Reglan er þessi: því aðeins er öllu mannkyni, einum manni eða fleirum, heimilt að skerða athafnafrelsi einstaklingsins að um sjálfsvörn sé að ræða. Í menningarsamfélagi getur nauðung við einstakling helgast af þeim tilgangi einum að varna þess, að öðrum sé unnið mein. Heill og hamingja einstaklingsins sjálfs til líkama eða sálar er ekki næg ástæða til frelsisskerðingar. Það er óréttlætanlegt að neyða mann til að gera nokkuð eða láta ógert af þeim sökum, að hann verði sælli fyrir bragðið, eða hinum, að aðrir telji skynsamlegt eða rétt að breyta svo. Ástæður sem þessar eru góðar eða gildar í fortölum eða rökræðum. Til þeirra má höfða, vilji maður telja öðrum hughvarf eða biðja hann einhvers. Þær réttlæta ekki að aðrir neyði mann eða meiði ef hann skyldi breyta öðruvísi en til er ætlast. Nauðung réttlætist af því einu að verknaður sá sem komið er í veg fyrir sé öðrum til tjóns."

Hér tel ég, virðulegur forseti, að sú nauðung sem ríkisvaldið er að þröngva upp á íslenska þegna, með þessu lagafrv., sé alls ekki til að koma í veg fyrir nokkurn skapaðan hlut sem hægt væri að færa rök fyrir að sé öðrum til tjóns. Ég held þvert á móti að komið sé í veg fyrir að fjárvana og fjársveltir fjölmiðlar geti risið úr öskustó fjárhagsörðugleika, enda hafa þeir flestir rambað á barmi gjaldþrots á undanförnum árum. Megintilgangur eigendanna er margyfirlýstur, okkar er að veita því aðhald og fylgja eftir, þ.e. að koma umræddu fyrirtæki, Norðurljósum, á markað. Lög þessi eru að mínu mati sértæk aðgerð til að knésetja Norðurljós og koma þeim út úr rekstri. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum virðist það, virðulegi forseti, meginmarkmið þessa frv. Í leiðinni vega þau sértæku lög skefjalaust að mannréttindum Íslendinga. Um þetta vildi ég ræða í þessari síðari ræðu minni við 2. umr., að við megum aldrei láta það yfir okkur ganga að tjáningarfrelsi okkar og mannréttindi séu skert af valdhafanum, hver sem tilgangurinn með gjörningum er. Við megum aldrei láta það yfir okkur ganga. Íslendingar verða að rísa upp gegn þessum ólögum, rísa upp gegn þessum gjörningi, verði hann að lögum. Hér er vegið að mannréttindum og ekkert annað, virðulegi forseti. Svo grafalvarlegt er málið.

John Stuart Mill setur segir hinn eina tilgang rits síns að setja fram eina ofureinfalda reglu sem skorið geti úr þessu afdráttarlaust. Við þurfum að skoða það við þessa umræðu, virðulegi forseti, hvenær samfélaginu leyfist að hlutast til um málefni einstaklingsins hver sem viðurlögin eru. Við verðum að ræða um þetta á næstunni, þ.e. hvort samfélaginu leyfist að reisa einstaklingnum þær skorður sem umrætt frv. gerir. Ég met það svo að því leyfist það alls ekki og ekki undir neinum kringumstæðum, sama hvert markmiðið er. Ríkisvaldinu leyfist ekki að hrifsa hluta mannréttinda sem bundin eru í stjórnarskrá af einstaklingnum. Það er útilokað. Það má aldrei gerast, virðulegi forseti. Það má aldrei nokkurn tíma gerast að stjórnvöld og valdhafar komist upp með að skerða mannréttindi okkar Íslendinga.

Frumvarp hæstv. forsrh. um eignarhald á fjölmiðlum gerir skerðir mannréttindi að margra mati, líkt og hv. þm. Kristinn

H. Gunnarsson færði svo ágæt rök fyrir í gærkvöldi eins og margir tóku eftir. Ég held að margir hafi hlustað á þá ræðu, enda margir á pöllum og margir að fylgjast með þingmanninum þegar hann flutti sitt ágæta mál í gær. Hann færði þar rök fyrir því að allt benti til þess að umrætt frv. reisti tjáningarfrelsinu skorður og tæki til mannréttinda Íslendinga. Mér fannst athyglisvert að hlýða á þingmanninn flytja þessa rökföstu ræðu. Ég spurði hann í andsvörum í gær, virðulegi forseti, hvort það væri rétt skilið hjá mér að hann teldi frv. brjóta í bága við stjórnarskrá og skerða mannréttindi. Ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en svo að hann teldi svo vera, þótt hann benti í leiðinni á að hann byggi ekki yfir júrískri menntun, enda er hann stærðfræðingur. En það skiptir engu máli. Hver metur málin með sínum hætti. Við búum í lýðræðissamfélagi sem kýs sér valdhafana og því verður hver og einn að vega og meta hvenær valdhafar vega að mannréttindum. Til þess þarf ekki júríska menntun heldur verður hver og einn að finna það á eigin skrokki hverju sinni hvort slíkt sé um að ræða. Ég tel svo vera, virðulegi forseti, og leita mér rökstuðnings fyrir því í því besta riti sem ég hef nokkurn tíma fundið um félagslegt og borgaralegt frelsi manna.

Í Frelsinu segir, með leyfi forseta:

„Reglan er að kalla mann til ábyrgðar fyrir tjón, sem hann veldur öðrum. Hitt er undantekning, að kalla megi mann til ábyrgðar fyrir að hafa ekki reist skorður við tjóni. Þó eru ýmis atvik nógu ótvíræð og alvarleg til að réttlæta þessa undantekningu. Í öllum skiptum einstaklings við aðra menn ber hann ábyrgð á lögum gagnvart þeim, sem eiga hagsmuni í húfi, og gagnvart samfélaginu sem verndara þeirra, ef nauðsyn ber til."

Síðar í þessum kafla segir, með leyfi forseta:

„Ekkert þjóðfélag er frjálst, nema það virði þessi réttindi, hver svo sem stjórnskipan þess er. Og ekkert þjóðfélag er fyllilega frjálst nema þessi réttindi séu ótvíræð og afdráttarlaus."

Þetta er alger lykilsetning, virðulegi forseti. Ekkert þjóðfélag er fyllilega frjálst nema þessi réttindi séu þar ótvíræð og afdráttarlaus. Það er lykilatriði. Eftir stendur að ef þetta frv. nær fram að ganga verður Ísland að okkar mati ekki jafnfrjálst land og það var áður af því að réttindi borgaranna til tjáningarfrelsis eru ekki lengur ótvíræð og afdráttarlaus. Það er svo einfalt.

Mill segir síðan:

„Hið eina frelsi, sem á nafnið skilið, er frelsið til að freista gæfunnar að eigin vild, svo lengi sem menn reyna ekki að svipta aðra gæfunni eða varna þeim vegar í leit sinni að lífshamingju. Hver maður er sjálfur best til þess fallinn að vaka yfir velferð sinni til líkama eða sálar, þessa heims eða annars. Mannkyninu er meiri akkur í að leyfa mönnum að lifa eins og þeim best þykir en að þröngva þeim til að lifa eins og allir aðrir telja fyrir bestu."

Hér er um það að ræða að Sjálfstfl. reynir að þvinga fólk til að lifa eftir hans forskrift. Framsfl. fylgir í kjölfarið, fylgir í frelsarans slóð. Mannkyninu er meiri akkur í, eins og ég las áðan, að leyfa mönnum að lifa eins og þeim þykir best en þröngva ekki upp á menn frelsisskorðum sem vega að réttindum þeirra. Í lok fyrsta kafla dregur Mill mál sitt saman, í inngangi sínum að þessu mikla riti. Því næst tekur við kaflinn um hugsanafrelsi og málfrelsi sem ég fjallaði um í fyrri ræðu minni. Fyrsta málsgrein þess kafla rammaði svo inn samfélagsástandið á Íslandi árið 2004. En í lok inngangskaflans segir, með leyfi forseta:

„Í stað þess að víkja að þeirri almennu frumreglu, sem nú er lýst, er hentara að hyggja fyrst að sérstöku dæmi hennar. Á þessu tiltekna sviði er frumreglan að vissu marki viðurkennd af almenningsálitinu, en ekki til fulls. Hér á ég við hugsunarfrelsið, en málfrelsið og ritfrelsið eru því svo nátengd, að engri aðgreiningu verður við komið."

Virðulegi forseti. Hér er komið að kjarni málsins. Hugsunarfrelsið, málfrelsið og ritfrelsið eru svo nátengd fyrirbrigði að engri aðgreiningu verður þar við komið. Þar með er John Stuart Mill að segja okkur, og ég er sannfærður um að það er rétt greining hjá honum, að skerði menn málfrelsi, ritfrelsi, tjáningarfrelsi og prentfrelsi sé í leiðinni verið að skerða hugsunarfrelsi. Með þessu frv. er vegið að tjáningarfrelsi okkar og þar með hugsunarfrelsinu af því að um leið og mönnum eru reistar skorður við því hvað þeir megi segja og hvernig þeir megi miðla skoðunum sínum eru að sjálfsögðu reistar alvarlegar skorður við öðru frelsi, öllu frelsi Íslendinga.

Svo slæmt er þetta mál, virðulegi forseti, að það tekur engu tali. Því meira sem fjallað er um málið, eins og komið hefur fram í umræðum á þinginu, virðist ekki mikill vafi leika á því að frv. skerði mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann benti á að margar álitsgerðir styddu að frv. tæki til mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar og reisti tjáningarfrelsinu skorður en engin álitsgerð segði þetta í lagi. Það er stórmerkileg staðreynd sem þingmaðurinn bendir á, að engin álitsgerð styður að þetta sé í lagi. Margar benda hins vegar til þess að hér sé um að ræða stjórnarskrárbrot. Því hljóta menn að fara í djúpa umræðu um málið á hinu háa Alþingi, ekki gafst mönnum kostur á því í aðdraganda málsins enda bar það svo brátt að. Frv. var lagt fram um leið og skýrslan fræga um fjölmiðlamarkaðinn var loksins kynnt almenningi, eftir að hafa rykfallið uppi í menntmrn. í 2–3 vikur. Það er ótrúleg aðferðafræði, að koma þannig inn í þingið með grundvallarmál. Þetta er eitthvert mikilvægasta og ótrúlegasta mál sem lagt hefur verið fyrir Alþingi í óratíma. Áfram segir Mill:

„Þessi mannréttindi eru allríkur þáttur í stjórnmálasiðferði allra þjóða, sem viðurkenna trúfrelsi og frjálsar stofnanir."

Maður hlýtur að spyrja hvort við Íslendingar, ef þetta frv. nær fram að ganga, viðurkennum að fullu frjálsar stofnanir og frelsi einstaklinganna til orðs, æðis, athafna, tjáningar og hvers konar frjálsrar hugsunar. Mill segir, með leyfi forseta:

„Samt má segja, að rökin, sem að þeim hníga, jafnt heimspekileg sem hagnýt, séu hvorki svo kunn almenningi né jafnvel svo í heiðri höfð af leiðtogum almenningsálitsins sem við hefði mátt búast. Séu þessi rök rétt skilin, má heimfæra þau að mörgum öðrum sviðum efnisins, og nákvæm rannsókn þeirra mun reynast besti inngangur að því sem á eftir fer. Þeir, sem ekkert finna nýtt í máli mínu, munu því vonandi afsaka, að ég skuli dirfast að gera enn eina tilraun til að ræða efni, sem svo oft hefur verið um rætt og ritað um þriggja alda skeið."

Nú má bæta við tæpum tveimur öldum og segja að mikið hafi verið ritað og rætt um frelsi einstaklingsins um nánast fimm alda skeið. Það er liðinn langur tími frá því að þetta rit kom út. Þetta mál færir okkur hins vegar heim sanninn um það að því fer fjarri að þetta rit eigi að rykfalla í skúffum heldur á það, rétt eins og önnur meginverk mannkynsins

og stjórnmála- og hugmyndasögunnar, að liggja umræðum okkar til grundvallar. Sígild meistaraverk um mannréttindi hljóta að eiga að liggja þeirri umræðu sem hér fram fram til grundvallar. Við verðum að leita okkur rökstuðnings í slíka ritsmíð til að setja fram sígildan rökstuðning fyrir frelsi einstaklinganna og mikilvægi þess að tryggja frelsi einstaklinganna gegn hömlum eða skerðingum á mannréttindum eða borgaralegu og félagslegu frelsi. Það er algert grundvallaratriði, virðulegi forseti.

Næst vil ég lesa úr upphafi annars kafla. Ég vil fyrir alla muni liðka fyrir þingstörfum og gefa sem flestum kost á að rökræða við mig um þetta mál. Nú sé ég blik í augum hv. þm. Ásgeirs Friðgeirssonar, sem tók sæti á Alþingi á ný fyrir klukkustund. Ég hlakka til að heyra viðhorf hans, sem annarra þingmanna, því að það er mikið varið í að sem flestir komist að þessari umræðu með viðhorf sín. Það er engin önnur leið til að komast til botns í þessu máli og rökræða það til fulls og til hins ýtrasta, þ.e. að þingheimur tjái sig með greinargóðum hætti um málið. Eins og fram kom í umræðunni í gær þá söknum við þess sérstaklega að stjórnarliðar séu ekki fleiri á mælendaskrá. Stjórnarandstæðingar buðust til þess í gær að víkja af mælendaskrá fyrir þeim og hleypa þeim upp fyrir okkur svo þeir gætu tekið til máls. Hver veit nema þeir þiggi það? Það er ekki langt liðið á daginn. Dagurinn er nýr og við skulum vona að við fáum að heyra viðhorf stjórnarliða til þessa frv., þeir tali hver á eftir öðrum í kjarnyrtu og skorinorðu máli, líkt og við stjórnarandstæðingar höfum gert. Hér hafa verið haldnar margar ágætar ræður og eingöngu um efnisinnihald málsins fyrir utan að sjálfsögðu átök við forustumenn þingsins um hvernig haldið skuli á málum. Það fylgir jafnheitri og yfirgripsmikilli umræðu.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég að vitna í upphaf annars kafla sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson mun annars fjalla um á eftir. Líkt og fyrsti kaflinn tekur annar kaflinn til grundvallaratriða í umræðunni. Út frá honum má færa fyrir því sígild og glæsileg rök fyrir að frv. sem hér um ræðir, um eignarhald á fjölmiðlum, vegi að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og reisi tjáningarfrelsi okkar skorður. Það er kjarni málsins, virðulegi forseti. Við verðum að leita allra leiða til að draga það fram í umræðunni að þetta frv. skerði tjáningarfrelsið.

Hér segir, virðulegi forseti, um hugsanafrelsi og málfrelsi, með leyfi forseta:

„Sú tíð er nú vonandi liðin, er verja þurfti prentfrelsið með ráðum og dáð sem eina helstu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landsstjórn. Nú verður að ætla, að óþarft sé að ráðast með rökum gegn þingi eða stjórn, sem á aðra hagsmuni í húfi en þegnarnir, skipar þeim fyrir um skoðanir og ákveður, hvaða kenningar og rökræður þeir megi heyra. Að auki hafa fyrri höfundar rætt þessa hlið málsins svo oft og með svo ágætum árangri, að ástæðulaust er að fjölyrða um hana á þessum stað."

Nokkru síðar segir, með leyfi forseta:

„Hvort sem ríkisstjórnir þingræðislanda bera fulla ábyrgð gagnvart þjóðunum eða ekki, mun að öllum jafnaði ástæðulaust að óttast, að þær reyni að hafa hemil á frjálsum umræðum, nema ef vera skyldi í umboði almenns ofstækis hverrar þjóðar. Gerum því ráð fyrir, að ríkisstjórn sé sammála þjóð sinni í einu og öllu. Þá hvarflar valdbeiting ekki að henni, nema þá í fullu samræmi við rödd þjóðarinnar, sem hún kallar. En ég neita því, að þjóðin hafi rétt til slíkrar nauðungar, hvort heldur hún beitir henni sjálf eða lætur stjórnina eina um það. Þetta vald er óréttlátt í sjálfu sér."

Það er óréttlátt í sjálfu sér, virðulegi forseti, það vald sem beita á með frv. þessu, að mínu mati. Það kemur skýrt fram í þessari frábæru bók sem ég er að lesa upp úr og legg út af í ræðu minni.

„Hin besta stjórn hefur engu meiri rétt til þess en hin versta. Það er jafnskaðlegt eða enn skaðlegra, þegar almenningur leggur blessun sína yfir beitingu þess en þegar því er beitt í andstöðu við almenningsálitið. Þótt gervallt mannkyn, að einum frátöldum, væri sömu skoðunar og aðeins þessi eini á öndverðum meiði, þá hefur mannkynið engu meiri rétt til að þagga niður í honum en hann til að þagga niður í því."

Virðulegi forseti. Þetta er einstök setning og rammar inn þá umræðu sem hér er á ferðinni. Mannkynið hefur engu meiri rétt til að þagga niður í þessum eina en hann til að þagga niður í mannkyninu. Þetta er algert grundvallaratriði og dregur, að *mínu mati, saman alla þá umræðu sem hér er* á ferðinni.

„Ef skoðun manns væri einkaeign og öðrum mönnum einskis virði og eigandanum einum til meins að vera varnað skoðunar sinnar, þá skipti máli, hvort einungis fáir væru beittir slíkum órétti eða fjöldi manna. En skoðanir eru ekki einkaeign. Ef skoðun er meinað að njóta sín, þá er gervallt mannkyn rænt eign sinni." — Svo alvarlegt er málið. — „Komandi kynslóðir bíða tjón ekki síður en þær, sem nú lifa, og þeir, sem öndverðir eru skoðuninni, bíða meira tjón en *hinir sem aðhyllast hana.*" — Það er málið. Við *bíðum meira* tjón heldur en þeir sem aðhyllast hana.

„Sé skoðunin rétt," — segir hér, með leyfi forseta — „glata menn færi á að hverfa frá villu síns vegar. Sé hún röng, missa menn næstum jafnmikils, þeirrar skýrari skynjunar og fjörmeiri myndar af sannleikanum, sem birtist, þegar sönnu og lognu lýstur saman.

Rétt er að hugleiða hvora þessa staðhæfinga um sig, því að hvor þeirra svarar til sérstakrar greinar rökfærslunnar. Við getum aldrei verið viss um, að skoðun, sem við viljum kveða niður, sé röng."

Virðulegi forseti. Við getum aldrei verið viss um það. Því verða allar skoðanir að fá að koma fram án þess að ríkisvaldið, valdhafar, reisi því skorður.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég vildi greiða fyrir þingstörfum og tryggja að sem allra flestir þingmenn geti vegist á með rökum og tekið þátt í umræðunni í dag. Dagurinn er að byrja og margir á mælendaskrá. Það verður fróðlegt, gaman og spennandi að fylgjast með málflutningi manna í dag, hvaða nýju hliðar við fáum að sjá á málinu. Hér á eftir mér mun hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fara yfir málið. Það verður athyglisvert að heyra skoðun hans á málinu, enda þingreyndur maður. Ég vona að hann komi einnig inn á það hvernig hann líti þessi mál, sem lúta að tjáningarfrelsinu, skoðanafrelsinu og prentfrelsinu. Það verður fróðlegt að heyra hann fjalla um það.

Við munum halda áfram að grundvalla málflutning okkar á Frelsinu eftir John Stuart Mill. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson, fyrrv. guðfræðinemi, kennari og nú þingmaður, er fróður um ritið og las það sér til menntunar á yngri árum. Hann þekkir það í hvívetna og mun fjalla um það á eftir, viðhorf sín og hvernig hann dregur röksemd ritsins til eigin viðhorfa. Hann mun nota það til að berjast fyrir því að löggjafinn komist ekki upp með að hefta tjáningarfrelsið.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tók eftir því áðan að hæstv. forsrh. var hér á gangi. Ég geri ráð fyrir að hann sé í húsinu og ég fagna því. Ég minni hæstv. forseta á að ég óskaði eftir viðveru hans í fyrri ræðu minni og reyndar einnig ráðherra Framsfl. og vildi gjarnan að forseti gerði gangskör að því að hæstv. forsrh. og t.d. hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh. yrði gert viðvart um að ég hefði áhuga á að eiga við þá orðastað.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun koma þeim skilaboðum til viðkomandi ráðherra að hv. þm. hafi óskað eftir nærveru þeirra.)

Ég ætla ekki að flytja mjög langt mál, herra forseti. Ég vil aðeins bæta nokkrum atriðum við þá umfjöllun sem ég hafði um málið fyrir nokkru síðan. Ég hygg að það hafi verið á miðvikudagskvöldið sem ég flutti mína fyrri ræðu um málið og reyndar hefur ýmislegt áhugavert borið til síðan sem gaman væri að fara yfir. Það atriði m.a. sem ég ætla lítillega að nefna er sú umfjöllun sem af og til hefur blandast inn í umræðuna um samþjöppun á markaði almennt. Hv. þm. Hjálmar Árnason er einn örfárra stjórnarliða sem hefur tekið þátt í umræðunni hingað til því þeir hafa eins og kunnugt er fallið dálítið út af listanum. Það hefur verið mikið mannfall meðal stjórnarliða á mælendaskránni og þeir hafa færst niður eftir listanum og reyndar ekki margir verið á mælendaská, sem er athyglisvert. Engu að síður sá hæstv. forseti vor ástæðu til að kvarta undan því í fjölmiðlum að málflutningur og sjónarmið meiri hlutans hefðu lítt komist að í þessari umræðu. Þar er ekki við okkur að sakast, virðulegur forseti. Ástæðan er einfaldlega sú að meiri hlutinn á sér ákaflega fáa talsmenn hér og málflutningur af hans hálfu fyrir málinu hefur verið fátæklegur svo ekki sé meira sagt.

Ég verð að segja t.d. að ég sakna þess alveg sérstaklega að einhverjir af ráðherrum Framsfl. komi og geri grein fyrir stöðu flokksins gagnvart þessu máli. Það er auðvitað ekki við hæfi, virðulegi forseti, að við sitjum hér dögum saman og tölum yfir galtómum bekkjunum að þessu leyti. Ég tel t.d. að hæstv. viðskrh. eigi svo mikla aðild að málinu með bæði beinum og óbeinum hætti sem ráðherra í ríkisstjórninni sem það flytur, sem ráðherra viðskiptamála, að það sé algerlega ólíðandi annað en hæstv. ráðherra komi og geri grein fyrir viðhorfum sínum í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra skuldar þinginu t.d. svör við umsögn Samkeppnisstofnunar við því sem hefur verið til skoðunar í efh.- og viðskn. og ég fer fram á að hæstv. viðskrh. verði gert viðvart og beðin að koma til umræðunnar þannig að hægt sé að leggja beinar spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Ég hyggst sömuleiðis leggja beinar spurningar fyrir hæstv. forsrh.

Formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., ætti auðvitað líka að koma hér og gera grein fyrir viðhorfum þess flokks. Það fara af því nokkrar sögur að framsóknarmenn séu ákaflega blendnir í trúnni svo ekki sé fastar að orði kveðið í viðhorfum sínum til málsins og þess þá heldur að formaður flokksins komi og geri grein fyrir því hvernig hann réttlætir það að leggja að sínum mönnum að standa að málinu.

Hv. þm. Hjálmar Árnason hélt, eins og ég nefndi áður, gagnmerka ræðu og fór mikinn og útmálaði í sterkum litum þá miklu samþjöppun sem orðið hefði á ýmsum sviðum íslenskra viðskipta á undanförnum árum. Hv. þm. fann þessu flest til foráttu og taldi að það væri mál til komið að menn tækju á honum stóra sínum og gerðu gangskör að því að byrja að brjóta þessa miklu samþjöppun eitthvað á bak aftur. En hv. þm. láðist að geta um eitt í umræðunni um þessa samþjöppun í flutningum, í matvöruverslun, í fjármálaþjónustu, í lyfjaverslun og á mörgum fleiri sviðum þar sem við höfum séð fyrirtæki sem áður voru fjölmörg og kepptu á þessum markaði, renna saman í tvær, þrjár samsteypur. Hv. þm. Hjálmari Árnasyni láðist að geta þess að það hefur gerst í skjóli Framsfl., undir nefinu á hæstv. viðskrh. Valgerði Sverrisdóttur, þar áður Finni Ingólfssyni, án þess að þeir hæstv. ráðherrar hafi lyft litla fingri til þess að grípa þarna í taumana, án þess að þeir hafi lyft litla fingri og það er meira að segja öfugt. Hæstv. ráðherra hugðist einu sinni sameina banka sem Samkeppnisstofnun stöðvaði ráðherrann í. Ráðherrann ætlaði að beita sér fyrir samþjöppun í fjármálaþjónustu sem samkeppnisyfirvöld gripu inn í og stoppuðu þegar sameina átti tvo af stærstu viðskiptabönkum þjóðarinnar í almennum bankaviðskiptum, Búnaðarbankann og Landsbankann. Muna menn þetta? (**Gripið fram í:** Já, já.) Svo kemur hv. þm. Hjálmar Árnason hér og talar eins og að einhver ill öfl úti í þjóðfélaginu hafi staðið fyrir þeirri samþjöppun, Framsfl. sé blásaklaus í málinu og það er jafnvel látið að því liggja að við stjórnarandstæðingar séum sökudólgarnir og það gert að miklu máli að við skulum ekki styðja fjölmiðlafrv. eins og það er nú úr garði gert. Þetta er auðvitað, virðulegur forseti, alveg kostulegur málflutningur.

Það sem menn eiga að ræða og spurningin sem menn eiga að svara er hvort sú aðferð sem hér á að bjóða upp sé tæk, brúkleg. Ef við erum sammála um að menn hafi áhyggjur af samþjöppun og vilji taka á henni verður að fara að ræða leiðirnar. Og hefur mönnum í alvöru nokkurn tímann áður dottið í hug að ganga til verka með þessum hætti? Ég segi nei.

Ég minni á umræðurnar um kvótakerfið. Það á sér marga andstæðinga eins og kunnugt er og það eru bæði stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar og víða úti í samfélaginu er mikil andstaða við það. En fáum hefur dottið í hug að menn kæmu með frv. einn góðan veðurdag og gæfu tveggja ára aðlögunartíma að því að gjörbreyta eða rústa starfsgrundvelli fyrirtækja í sjávarútvegi. Fyrir hvað voru tillögur margra stjórnmálaflokka í aðdraganda síðustu alþingiskosninga á sviði sjávarútvegs gagnrýndar? Jú, fyrir það að allt of harkalega væri farið að fyrirtækjunum, þau hefðu ekki nógan aðlögunartíma að þeim breytingum, og voru menn þó, t.d. við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að tala um mjög langt tímabil, 20 ár sem menn tækju sér í að vinda ofan af því kerfi og innleiða nýja skipa mála. Af hverju 20 ár? Jú, af því að menn viðurkenna þrátt fyrir áhuga sinn á að breyta kerfinu, að fyrirtækin í dag hafa starfað í samræmi við lög eins og þau hafa verið undanfarin ár og það er ekki hægt að koma einn góðan veðurdag, þó að menn séu á móti fyrirkomulaginu við stjórn fiskveiða, að kippa því burtu sisona. Það dettur engum í hug. Það yrði hlegið að því ef einhver kæmi og segði: Tveggja ára aðlögun og svo bara burt með fyrirkomulagið. Af því að það gengur ekki, það er ekki hófsamleg nálgun að gerbreyta starfsumhverfi fyrirtækja með lögum þannig að það raski grundvelli þeirra fjárfestinga sem þau hafa ráðist í og jafnvel ónýti þær án þess að menn fái sanngjarna aðlögun að því, ekki nema þá að einhver slíkur þjóðarvoði sé fyrir dyrum að í þágu almannaheilla verði að gera slíka hluti, enda sé það þá vel rökstutt og komi bætur fyrir ef eignir manna eða réttindi eru skert þannig að það fær ekki staðist.

Auðvitað, herra forseti, ætti það ekki að þurfa að vera hlutskipti mitt sérstaklega að flytja þessa ræðu, formanns vinstri sinnaðasta flokksins í landinu sem einhver skyldi kannski halda að ætti ekki að þurfa að standa sérstaklega í því að benda á þessi grundvallaratriði. En úr því að aðrir gera það ekki, úr því að t.d. þingmenn Sjálfstfl. sitja hér eins og hlussur og enginn þeirra kemur upp og ræðir þessi grundvallarmál, þá verða einhverjir aðrir að gera það og ég hef aldrei litið svo til að þó að maður sé róttækur í skoðunum og vilji öflugt velferðarkerfi og samhjálp og samábyrgð í landinu, þurfi að þýða að maður sé andstæðingur atvinnulífsins. Það er ég ekki. Ég er af þeim skóla sem stundum hefur verið kallaður Norðfjarðarsósíalisminn, að menn eigi að þætta saman kjarabaráttuna, baráttu fyrir betri lífskjörum og öfluga uppbyggingu atvinnulífsins en gjarnan á félagslegum forsendum þannig að reynt sé að tryggja í gegnum uppbyggingu atvinnulífsins öryggi fyrir starfsfólkið, byggðarlögin sem auðvitað er ekki til að dreifa í því hráa kapítalíska kerfi, t.d. með frjálsu framsali veiðiheimilda, sem við búum við í sjávarútveginum í dag. Það er bara veruleikinn.

En hafandi sagt þetta, virðulegi forseti, dettur mér líka í hug að hv. þm. Hjálmar Árnason var að tala um samþjöppun og hafði miklar áhyggjur af henni. Við skulum segja sem svo að hæstv. ríkisstjórn, og ég held reyndar að það sé rétt að hæstv. forsrh. hafi ítrekað gefið um það merkin á undanförnum missirum að það sé ýmis þróun í gangi í viðskiptaheiminum sem honum hugnist ekki og hann vilji jafnvel reisa skorður við, og það má segja að angi af því sé þetta fjölmiðlafrv. burt séð frá útfærslu þess og innihaldi, hæstv. forsrh. hefur stundum talað harkalega til fjármálastofnana og stórfyrirtækja í landinu og beðið þau að gæta að sér og undirliggjandi eru væntanlega áhyggjur manna yfir því að menn kunni illa með nýfengið frelsi að fara og að það sé ískyggileg samþjöppun í gangi í viðskiptalífinu og fjármálaheiminum sem beri að gjalda varhuga við. En hvað er svo hæstv. ríkisstjórn að undirbúa? Hún er að undirbúa einkavæðingu Landssímans. Og ég hefði gjarnan viljað, virðulegur forseti, í fyrsta lagi að ég færi að fá fréttir af hæstv. ráðherrum sem ég hef óskað eftir að kæmu hér og í öðru lagi ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Til að svara þeirri spurningu hv. þm. get ég upplýst að forsrh. var gert viðvart um ósk þingmannsins og mér var tjáð að hann hygðist koma hingað þegar hann hefði lokið öðru verkefni í húsinu. Boð hafa einnig verið borin hæstv. viðskrh.)

Það er skínandi, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda mjög langa ræðu en í lok hennar mun ég eindregið óska eftir því að þessir hæstv. ráðherrar verði komnir hér og ég geti lagt fyrir þá spurningar. En ég hefði líka viljað fá upplýsingar um hvort áform ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu Landssímans eða Símans standi óbreytt. Það skiptir máli líka í sambandi við þetta frv. því hvað hefur Landssíminn? Landssíminn á grunnnet fjarskiptanna í landinu, hann á breiðbandið, hann á ljósleiðarann, hann á koparlagnirnar og hann á örbylgjusamböndin. Landssíminn getur, ef svo ber undir, orðið einn stærsti miðill myndefnis í landinu og er það sumpart nú þegar. Þess vegna er hann í raun og veru angi af fjölmiðlaheiminum í þeim skilningi og getur orðið það í enn ríkari mæli á komandi árum með stafrænni tækni við miðlun myndefnis og með ýmsum möguleikum sem sífellt eru að þróast í þeim efnum.

Sjá menn það fyrir sér að einkavæddur Landssíminn t.d. renni saman við fjölmiðlafyrirtæki? Væri ekki ástæða til að spyrja ríkisstjórnina: Bíddu, hvað ætla menn sér í þessum efnum? Kannski ættum við ekki síður og jafnvel miklu frekar að vera að ræða um það hvernig við göngum frá aðgangi manna að þessum mikilvægu boðleiðum, ef menn verða svo vitlausir og ólánssamir að einkavæða Símann. Og hvernig tryggjum við þá að hann geti ekki skollið inn í þennan fákeppnisheim og jafnvel runnið saman við öfluga miðla sem þar eru fyrir? Nú er frv. hæstv. forsrh. þannig úr garði gert, og það er að mínu mati einn af stóru ágöllunum á því, að það gerir í raun og veru ráð fyrir þeim möguleika að samþjöppunin sé ótakmörkuð annars vegar á sviði ljósvakamiðlunar og hins vegar í dagblaðaútgáfu. Það er ekkert sem hindrar það að það verði bara tvö einkafyrirtæki. Annað gefi út öll dagblöðin og hitt sjái um allar útvarpssendingar. Og ef Landssíminn með dreifikerfi sínu væri kominn þar inn í myndina líka þá færi að kárna gamanið. Ríkisstjórnin er ekki að taka á þessu. Nei, hún kemur með þetta merkilega frv., meingallað eins og það er, sem miklar efasemdir eru auðvitað um að nái tilgangi sínum.

Svo er auðvitað svo miklu meira undir og meira í húfi jafnframt hvað varðar einkavæðingu Landssímans, herra forseti, og það ætti auðvitað að vera eitt af stóru málunum hér að ræða það og koma í veg fyrir að ríkisstjórnin haldi áfram með þau áform. Það liggur fyrir frv. um að stöðva áformin um einkavæðingu Landssímans. Það fæst ekki tekið fyrir. Virðulegur forseti hefur ekki séð sér fært að hafa það á dagskrá þannig að hægt sé að koma því áfram.

Lítillega um fyrirtækið Norðurljós, sem þetta frv. hittir auðvitað fyrst og fremst fyrir, þó að ég sé út af fyrir sig ekki í þeim hópi sem geri mikið veður út af því að þar með sé löggjöfin sértæk í þeim skilningi að hún sé sérstaklega sniðin að því að ná sér niðri á því eina fyrirtæki og hafi í sjálfu sé ekkert annað gildi. Hún hefði auðvitað almennt gildi, væntanlega svo lengi sem hún stæði, ef hún yrði sett. En það er engu að síður ljóst að hún hefði mikil áhrif á starfsumhverfi þess fyrirtækis og við skulum bara segja fjölmiðlaheiminn eins og hann er samansettur í dag. Þar hafa náttúrlega verið að koma fram, virðulegi forseti, hlutir, upplýsingar sem eru þess eðlis að maður á erfitt með að trúa því að menn ætli að láta sig hafa það að sulla málinu í gegn og gera það að lögum jafnvel í næstu viku, áður en betur hefur verið farið ofan í saumana á því t.d. hvernig rekstrarhorfur og tilvist þess fyrirtækis verður, jafnvel bara strax dagana eftir að frv. verður gert að lögum. Ég er að vísa til þess sem fram hefur komið og er ekki, held ég, um deilt að það verður engin leið að skrá það fyrirtæki í Kauphöll Íslands ef um það gilda þessi lög frekar en út af fyrir sig önnur fjölmiðlafyrirtæki sem væru í eitthvað sambærilegum aðstæðum og þyrftu að taka á sig slíkar kvaðir sem gera það að verkum að þau eru ekki skráningarhæf. Og maður spyr svona að því í framhjáhlaupi hvers á aumingja ræfils Kauphöllin að gjalda? Það hríðfækkar hjá henni fyrirtækjunum og sjávarútvegsfyrirtækin hafa tekið þaðan til fótanna hvert á fætur öðru. Menn forða sér út af markaðnum vegna þess að reynslan af því að vera á honum er svo slæm. Menn eru gleyptir upp jafnvel með óvinveittum yfirtökum og hvaðeina þannig að hvert fyrirtækið á fætur öðru hefur verið að forða sér þaðan út og nú á að búa svo um hnútana að það sé alveg útilokað að fjölmiðlafyrirtæki geti skráð sig þar. Þetta fyrirtæki hefur áform og áætlanir þess ganga út á það að fara inn á Verðbréfaþingið, fara inn í Kauphöllina á næstu missirum. Það liggur fyrir. Það er hluti

af þeirri viðskiptaáætlun fyrirtækisins sem lá til grundvallar endurfjármögnun þess. Það er því algjörlega ljóst að löggjöfin kemur í veg fyrir þessi áform. Það er mjög sérkennilegt, satt best að segja, ef standa þarf þannig að málum, jafnvel þó að menn vilji setja reglur um dreifingu eignarhalds í fjölmiðlum, að það þýði sjálfkrafa að fyrirtæki sem var á leið inn í Kauphöllina komist þangað ekki. Og ef svo við bætast þau ósköp að lánasamningar fyrirtækisins upp á hátt í 6 milljarða kr. gjaldfalla, jafnvel stór lán sem ekki eru með veðum eða a.m.k. ekki veðum sem talið er að muni duga, þá er illt í efni, enda er þessi rekstur eðli málsins samkvæmt slíkur að veðin eru ekki mjög áþreifanleg. Veðin eru fyrst og fremst í viðskiptavildinni og í rekstrinum, í stöðu fyrirtækisins á markaði, í áhorfendahópnum og það er dálítið óáþreifanlegt, a.m.k. í landi þar sem mönnum er tamt að líta ekki á neitt sem almennileg veð nema steinsteypu. Þannig er nú staðan.

Ég ætla síðan, virðulegur forseti, að gera örlítið að umtalsefni leiðara Morgunblaðsins í dag. Það væri út af fyrir sig gaman að halda alveg sérstaka ræðu um Morgunblaðið af því að það er auðvitað hluti af fjölmiðlaheiminum líka og ræða hvernig fjölmiðlarnir hafa m.a. fjallað um fjölmiðlafrv. Ég hugsa að einhverja fræðimenn á þessu sviði hljóti að klæja dálítið í lófana að gera á því úttekt og velta því fyrir sér. Það hefur svo sem ekki farið fram hjá neinum að fjölmiðlar innan samsteypunnar Norðurljósa hafa auðvitað farið um frv. ómjúkum höndum og aðstandendur þess. Þeim er vissulega nokkur vorkunn og þeim starfsmönnum sem þar vinna eins og málum er háttað. Morgunblaðið hefur verið í hinu liðinu svo maður noti þær uppstillingar sem ýmsir gera, og það hefur heldur ekki leynt sér. Ég er ekkert að kvarta undan því að Morgunblaðið hafi ekki flutt fréttir nokkurn veginn eðlilega af þessu öllu saman o.s.frv. en þó hefur mér á köflum þótt umfjöllun Morgunblaðsins sérstök og þá alveg sérstaklega leiðaraskrif þar og leiðarinn í morgun er eiginlega kostuleg lesning. Það er hálfpartinn kvartað undan því, þó ekki mjög harkalega, að það hafi eiginlega ekki hafist efnisleg umræða um frv. sjálft. Það er spurt hér í leiðaranum, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar fullt tilefni til að spyrja hvenær raunverulegar efnislegar umræður hefjast um fjölmiðlafrumvarpið sjálft."

Á hvað hefur Morgunblaðið verið að hlusta? Ekki á þá umræðu sem hér hefur farið fram. Svo kemur rúsínan í pylsuendanum því að Morgunblaðið, eins og stundum áður og væntanlega síðar í tilveru sinni, hefur ríka tilhneigingu til þess að trúa því að í raun og veru gefi það tóninn og síðan fylgi allir smátt og smátt á eftir. Morgunblaðið hefur ótrúlega tilhneigingu til að vitna í sjálft sig. Morgunblaðið sagði þetta, Morgunblaðið sagði hitt fyrir 10 eða 20 árum. Og hér er Morgunblaðið, virðulegi forseti, ég veit að forseti er líka áhugamaður um Morgunblaðið, gott ef hann er ekki að fletta því þarna í stólnum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég er að reyna að finna það sem hv. þm. ...)

Þetta er leiðarinn, í miðopnunni, hann er venjulega þar. Svo kemur hér hjá Mogganum:

„Að svo miklu leyti, sem hægt hefur verið að greina málefnalega afstöðu til þess [þ.e. frv.] á þeim tíma, sem liðinn er frá því að það var lagt fram er nokkuð ljóst, að allir þingflokkar á Alþingi eru orðnir sammála um að rétt sé að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum." — Nú? Svo kemur: „Blaðamannafélagið er sammála því. Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, en það fyrirtæki er aðaleigandi Norðurljósa, er sammála því. Hann telur eðlilegt að settar séu reglur en vill miða þær við að hlutur markaðsráðandi fyrirtækis á öðru sviði í ljósvakamiðli megi vera 25%. Stjórnarflokkarnir telja að hámarkið eigi að vera 5%. Stjórnarflokkarnir og talsmaður Baugs eru sammála um það grundvallaratriði að setja eigi reglur en 20 prósentustig skilja á milli varðandi leyfilegan eignarhlut."

Þetta er alveg kostulegt hjá Mogganum. Sem sagt, það eru allir orðnir sammála Mogganum, allir stjórnmálaflokkar, Blaðamannafélagið, Baugur, þetta snýst bara um prósentuágreining. Það eru þarna 20 prósentustig á milli. Þetta eru fínar æfingar. Ég óska Mogganum innilega til hamingju með þetta. Þeir hefðu fengið háa einkunn í loftfimleikum ef það væri til sem keppnisgrein og ég væri dómarinn. Ég vil hins vegar gjarnan spyrja Morgunblaðið af því að það er ágætt að talast á við það, og svo kem ég með spurningarnar til hæstv. forsrh. sem ég sé að er hér á vappi. Er Morgunblaðið ekki bara sammála frv. efnislega? Er það líka sammála vinnubrögðunum? Styður Morgunblaðið að þetta mál verði keyrt í gegn á næstu sólarhringum og gert að lögum? Ef umræðan sem Morgunblaðið saknar er mikilvæg, eigum við þá ekki að leyfa henni að fara fram, bæði innan þings og utan? Eigum við ekki að leyfa víðtæka umfjöllun um málið í vor, í sumar og í haust og á Alþingi aftur fram að áramótum t.d.? Þá væri orðinn sómi að og hægt að segja að menn hefðu kallast á um þessa hluti, við á þinginu, fjölmiðlarnir, almenningur úti í þjóðfélaginu og allir sem áhuga, vilja og skoðanir hafa á þessum hlutum. Ég held að Morgunblaðið ætti þá líka að svara því. Er það ekki bara að skrifa efnislega upp á frv. eins og það er óbreytt, eða því sem næst jafnvel þó að breytingartillögur meiri hlutans komi fram, heldur líka aðferðirnar sem notaðar eru við lagasetninguna? Það verður fróðlegt að fá svar Morgunblaðsins, sjálfsagt í næsta leiðara eða Reykjavíkurbréfi, við þeirri spurningu.

Svo vil ég í lokin vegna orðaskipta minna við Morgunblaðið af því að það er að tala hér um að flokkarnir þurfi að lýsa afstöðu sinni og það hafi helst verið hægt að ráða að einhverju leyti í afstöðu Samf., en það er helst á Mogganum að skilja að þeir séu litlu nær um viðhorf annarra. Ég mótmæli því a.m.k. fyrir mína hönd og minna að við höfum ekki gert skýra grein fyrir meginafstöðu okkar í þessum efnum. Morgunblaðið veit það vel og hefur reyndar áður nefnt hana í leiðara og skrifum, gott ef ekki hrósað okkur, sem við tökum auðvitað alltaf á móti með svona blendnum huga, vinstri menn, þegar Mogginn fer að hrósa okkur. Einu sinni var það haft sem mælikvarði á að þá þyrftu menn að fara að gá að sér ef þeir fengu hrós í Morgunblaðinu og öfugt. Ég býst við að hörðum hægri mönnum hafi ekki þótt það neitt sérstaklega eftirsóknarvert að fá hrós í Þjóðviljanum sáluga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst því yfir að við erum ekki andvíg því að sett verði lög sem eigi að ná fram þeim markmiðum að tryggja fjölbreytta, óháða, sjálfstæða og öfluga fjölmiðlun. En við höfum sagt að það verði að skoða þá lagasetningu mjög vandlega í ljósi aðstæðna á okkar litla markaði og þegar menn setja þær reglur verður sú gjörð að standast allar kröfur til góðrar stjórnsýslu og lagasetningar. Auðvitað. Nema hvað? Það verður að gæta hófs í því hvernig þær reglur koma við starfandi aðila. Það verður að uppfylla svonefnda meðalhófsreglu. Það er ekki gert með þessu, það er út í hafsauga að halda því fram að skella slíkum hlutum á og gefa mönnum í raun og veru ekki einu sinni tveggja ára

aðlögun, vegna þess að það má til sanns vegar færa að það sé engin aðlögun fólgin í því að skella þessum lögum fram og þau hafa áhrif strax daginn eftir. Þau eru reyndar þegar farin að hafa áhrif, bara hótunin um að lögin verði sett.

Í öðru lagi höfum við sagt og tökum þar undir með megintillögu skýrsluhöfundanna, skýrsluhöfunda í tillögum til menntmrh. um að efla Ríkisútvapið og auka sjálfstæði þess.

Við höfum í þriðja lagi sagt að við viljum hafa almenna löggjöf sem tryggir upplýsingalöggjöf um eignarhald fjölmiðla, ekki svona sem eingöngu tekur til ljósvakanna. Ég tel að þarna eigi að koma líka inn ákvæði um upplýsingaskyldu dagblaðaútgefenda og jafnvel stærstu tímaritaútgefenda um eignarhald sitt þannig að öll meginsvið fjölmiðlunar séu undir það sama sett. Þetta mætti gera með því að bæta einföldu ákvæði inn í samkeppnislögin sem hér eru opnuð upp, að Samkeppnisstofnun yrði gert að halda skrá sem væri opin og öllum aðgengileg þar sem vissulega væru lagðar viðbótarkvaðir á þessi fyrirtæki umfram önnur í landinu. Þetta gengi lengra að hlutafélagalögum, að upplýsa sérstaklega og reglulega um eignarhald og stjórnun fyrirtækjanna þannig að hvort tveggja lægi alltaf fyrir og breytingar væru tilkynningaskyldar. Þetta skiptir miklu máli. Þetta væri aðferð sem gagnaðist í þeirri viðleitni að hafa þennan heim gagnsæjan og auðvelda almenningi að átta sig á því hver ætti hvern og gagnvart hverju menn þyrftu að vera á verði í sambandi við að ekki væru einhver annarleg eða óeðlileg tengsl á milli umfjöllunar í fjölmiðlum og annarra hagsmuna sem auðvitað er full ástæða til að vera vakandi gagnvart, virðulegur forseti.

Þá er að því komið að ég ætli að fara að standa við loforðin og ljúka máli mínu og bið þá endilega um að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. komi í salinn. Ég ætla að leggja fyrir hæstv. ráðherra spurningar, virðulegi forseti, ef hægt væri að greiða úr því.

(**Forseti** (GÁS): Nú er það svo að hæstv. viðskrh. er ekki í húsinu en það er búið að færa henni boð. Hæstv. forsrh. er í húsinu og mun forseti freista þess að koma þessum skilaboðum til hans nú þegar.)

Jú, jú. Mér er ekkert að vanbúnaði að bíða hér smástund, doka við, virðulegur forseti, það hefur áður verið gert. Ég vona að ég þurfi ekki að standa hér þögull 29 mínútur eins og mig minnir að sé metið. Ég held að það hafi átt hv. fyrrv. þm. Hreggviður nokkur Jónsson. Hann hélt einhverja lengstu þögulu ræðu þingsögunnar, en þetta ætti ekki að taka nema andartak ef hæstv. forsrh. er á næstu grösum eins og stundum er sagt eða næstu teppum. Forseti má mín vegna fresta fundinum og ég get gert hlé á ræðu minni ef ástandið er þannig.

(**Forseti** (GÁS): Fer ekki ágætlega um okkur hér?)

Það gerir það, vissulega.

(**Forseti** (GÁS): Það eru nokkrar mínútur í þetta.)

Svo eru menn út af fyrir sig sjálfsagt tilbúnir að fá sér smákaffihlé. (**Gripið fram í:** Má færa þingmanninum kaffi?) Nei, nei, hér er öndvegisdrykkur í pontu, blávatnið.

(**Forseti** (GÁS): Nú fór í verra. Hæstv. forsrh. er í húsinu en er lokaður inni á mikilvægum fundi og kemst ekki til umræðna akkúrat í þessum töluðu orðum.)

Ég mundi þá helst vilja gera hlé á ræðu minni. Ég hef engan áhuga á því að vera að kreista upp úr mér eitthvað sem ekki á erindi inn í umræðuna. Ég hef nokkurn veginn lokið máli mínu og átti ekkert eftir nema þær spurningar sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. forsrh. Ég er auðvitað í og með að þessu til að sýna að þessi umræða á að fara fram með eðlilegum hætti, herra forseti. Það á ekkert að líða ráðherrum sem bera fram mál, þótt stórir séu og miklir, að vera ekki hér að sinna skyldum sínum, hlusta á umræðuna, taka niður spurningar og svara þeim. Það er ósköp einfaldlega þingvenjan hér og hefðin og helguð af áratuga samskiptum okkar þingmanna og ráðherra sem fara með framkvæmdarvaldið. Hér stendur a.m.k. einn þingmaður sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er.

[11:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hlustar á hv. þm. og gerir 10 mínútna hlé á þessum fundi. Fundinum er frestað og verður fram haldið kl. 11.40.

[Fundarhlé. — 11:32]

[11:40]

Útbýting þingskjala:

Einkamálalög og þjóðlendulög, 872. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1661.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 997. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1665.

Hrefnuveiðar, 424. mál, svar sjútvrh., þskj. 1659.

Stjórn fiskveiða, 996. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1664.

[11:41]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Við vorum komin þar sögu að hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, var í miðri ræðu sinni og þess var freistað í fundarhléi að fá hæstv. forsrh. til fundarins samkvæmt beiðni hv. þm. Nú liggur það fyrir að hæstv. ráðherra er innilokaður á fundi og verður um óákveðinn tíma.

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ætli það sé þá ekki viðeigandi að við eigum orðastað undir þessum lið, ég kveðji mér hljóðs um fundarstjórn forseta til þess að upplýsa virðulegan forseta og geri það ekki með frammíkalli utan úr sal að ég hef í sjálfu sér ekkert í ræðustólinn að gera fyrr en hæstv. forsrh. er kominn í salinn. Ég hafði lokið máli mínu að öðru leyti en því að ég ætlaði að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Ég mun ekki ljúka máli mínu og falla frá þeim rétti mínum að hafa forsrh. í salnum og leggja fyrir hann spurningar. Ég set það í hendur forseta hvernig hann vill hafa fundarhaldið. Ef aðrir þingmenn eru tilbúnir til að tala í staðinn er það í góðu lagi af minni hálfu. Ég get alveg frestað ræðu minni og haldið síðari hluta hennar eitthvað síðar í dag. Ég minnist þess t.d. að einu sinni liðu fjórir mánuðir á milli þess að maður hóf mál sitt og lauk því. Það var hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem tók til máls í nóvember um byggðamál og lauk svo ræðunni í mars.

[11:42]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú liggur það fyrir að hæstv. forsrh. kemst ekki til fundarins. Forseti minnist þess ekki að þingmenn hafi í miðri ræðu sinni gert hlé á henni og komið til umræðunnar aftur síðar. Það væri þá algjörlega nýtt í þingsögunni eftir því sem sá forseti sem hér stendur veit best þannig að það er úr vöndu að ráða. Forseti mun freista þess að halda áfram þessari umræðu og hlýtur að líta þannig til, hvað sem öðru líður, að haldi hv. 5. þm. Norðaust. ekki áfram ræðu sinni hafi hann lokið henni.

[11:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég mótmæli þessu. Ég læt ekki brjóta hér á mér rétt, ég mótmæli því. Ég óska eftir því að fresta ræðu minni og forseti verður þá að fresta fundinum ef hæstv. ráðherra kemst ekki í salinn. Auk þess á þessi umræða ekkert að halda áfram nema hæstv. forsrh. eða a.m.k. annaðhvort hann eða formaður allshn. séu hér til staðar.

Formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, hefur ekki sést í morgun. (**BÁ:** Hann er á skrifstofu sinni að fylgjast með umræðunni.) Það er ekki það sama. Menn eiga að gjöra svo vel og vera í salnum undir umræðum af þessu tagi þannig að það sé hægt að horfa í augun á þeim ef þeir þora að líta upp og leggja fyrir þá spurningar. Ég mótmæli þessu, herra forseti, og krefst þess að forseti fresti fundi þangað til forsrh. er kominn í salinn og ég get lagt fyrir hann spurningar.

[11:43]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hlýðir á mótmæli hv. þingmanns en það er eins og fyrr að forseti ræður tæpast för hv. þingmanna eða einstakra ráðherra. Hann hefur freistað þess eftir því sem hann hefur getað að fá þá til fundar samkvæmt beiðni þingmanna. Meira getur forseti ekki gert í því máli.

[11:44]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Alþingi Íslendinga er sýnt fullkomið virðingarleysi af ríkisstjórninni. Ráðherrar hunsa þessa umræðu. Þegar spurningum er beint til þeirra neita þeir að koma í þingsalinn. Hæstv. forsrh. er í húsinu (**Gripið fram í:** ... líka.) en hann þorir ekki að koma til umræðunnar. Margsinnis hefur verið óskað eftir því að hæstv. viðskrh. komi hingað til umræðunnar og svari spurningum sem til hennar er beint. Hún hunsar þessi tilmæli. Við gerum kröfu um að þessari umræðu verði skotið á frest og hún ekki hafin að nýju fyrr en Alþingi, þeim sem taka þátt í umræðunni og því mikilvæga málefni sem hér er til umfjöllunar er sýndur fullur sómi og virðing.

Ég trúi ekki öðru en að hér sé talað fyrir munn meiri hluta alþingismanna. Ég á eftir að trúa því að stjórnarmeirihlutinn, þótt hann sé orðinn vanur því að ganga svipugöngin, láti bjóða sér valdníðslu af því tagi sem við erum að verða vitni að.

[11:45]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er vissulega ástæða til að gefa gaum að kröfum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hvað það varðar að forsrh. komi til umræðunnar. En ég kom upp af öðru tilefni líka og það er sú nýjung sem hæstv. forseti hefur tekið upp, þ.e. að leyfa umræður um fundarstjórn forseta í miðri ræðu. Mér þykir það skemmtileg nýjung og sérstaklega í tilefni þeirra daga sem við nú höfum upplifað að við skulum geta átt kost á því allt í einu núna að hefja slíkar umræður í miðjum ræðum ræðumanna. Ég spyr hæstv. forseta: Er þetta nýjung sem forsn. hefur farið yfir og rætt eða er þetta nýjung sem hæstv. forseti hefur bara tekið upp hjá sjálfum sér núna?

[11:46]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Það er vandlifað á forsetastóli þegar annars vegar er kvartað yfir því að forseti sýni ræðumönnum ekki umþóttun og svigrúm og svo þegar hann gerir það er kvartað yfir því á sama hátt.

Fundi var frestað að beiðni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og þess freistað að ná fundi forsrh. á þessum 10 mínútum. Forseti hefur gert það sem hann hefur getað í þeim efnum. Hann hefur hins vegar ekki boðvald yfir einstökum ráðherrum eða einstökum þingmönnum. Lengra kemst forseti ekki í tilraunum sínum þannig að þingmönnum sé það ljóst.

[11:47]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem stendur í þingsköpum að forseta þingsins ber að sjá til þess að umræður í salnum fari fram eins og nauðsynlegt er gagnvart málinu.

Ég vil minna á að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bar fram sömu ósk við fyrri ræðu sína í þessari umræðu. Hver þingmaður hefur einungis heimild til að halda tvær ræður í þessari umferð. Þá var ekki orðið við þeirri beiðni hv. þm. um að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. yrðu hér við þannig að forseti er búinn að hafa þetta mál til úrlausnar í tvo sólarhringa. Hv. þm. hefur ítrekað óskað eftir því að hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. séu viðstaddir og gerði það í upphafi ræðu sinnar. Ég tel að ef forseti ræður ekki betur við stjórnun þingsins, því að þingmenn eiga jú að taka tillit til forseta hvort sem þeir eru ráðherrar eða óbreyttir þingmenn, því inni í þinginu ræður forseti ferð og mér finnst að ef forseti ræður ekki þeirri ferð þurfi bæði forsn. og forseti með formönnum þingflokka að hittast og eiga fund um það með hvaða hætti hægt sé að styðja forseta þingsins í því að geta látið þinghald fara fram með eðlilegum hætti og þingmenn, hvort sem þeir eru ráðherrar eða óbreyttir þingmenn, geti gegnt þingskyldum sínum.

[11:49]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram og leggja áherslu á það að hér er ekki verið að agnúast út í þann forseta sem nú stýrir fundi, ég legg áherslu á það. Hann sýndi sanngirni og talsvert vit þegar hann tók ákvörðun um að fresta fundi og freista þess að hægt væri að verða við óskum ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem hafði óskað eftir því að hæstv. forsrh., sem er 1. flm. þessa umdeilda frv., sýndi þinginu þá virðingu að vera til staðar þegar umræðan færi fram. Hæstv. forsrh. hefur hunsað slíkar óskir.

Ég segi fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og ég tel mig tala fyrir hönd margra þingmanna þegar ég segi það, að við látum ekki bjóða okkur slík vinnubrögð.

Ég tek undir þau tilmæli sem fram komu hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hlé verði gert á fundinum þótt ekki sé nema í fáeinar mínútur þannig að þingflokksformönnum gefist tóm til að koma saman til fundar með forseta þingsins til að ræða þá alvarlegu stöðu sem nú er upp komin.

[11:50]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér er nokkur vandi á höndum að skilja stöðuna. Ég bað um andsvar við ræðu hv. þm. Nú veit ég ekki hvort ræðan er enn í gangi. Ég hefði talið eðlilegt að hún hefði hafist um leið og fundur var hafinn aftur, það er venjan að ræða haldi áfram, ég þekki ekki annað en nú er sem sagt allt í einu komin umræða um stjórn fundarins.

Ég verð að segja eins og er að málið sem við ræðum hér er á forræði þingsins. Fyrsta umræða hefur farið fram, það er búið að vísa málinu til þingnefndar og nefndin hefur

skilað áliti og breytingartillögum. Ég sé ekki hvað flutningsmaðurinn hafi lengur með málið að gera. Mér finnst það vera lítilsvirðing við almenna þingmenn að vera að kalla til ráðherra í þessu máli sem er á forræði þingsins.

Ég skil hins vegar fullkomlega að formaður nefndarinnar verði viðstaddur umræðuna og að hann upplýsi um þær breytingar og það álit sem hv. nefnd gerði við málið og hann eigi að svara spurningum nefndarmanna um frv. eins og það stendur núna því það er búið að gera tillögur um breytingu á því.

[11:51]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Við höfum oft rætt hér um störf þingsins, um hvernig því reiðir öllu fram og ýmsar ákvarðanir hæstv. forseta Alþingis, Halldórs Blöndals, sem ég hef áður komið inn á, hafa ekki verið til að liðka fyrir. Ég vil því nota tækifærið og þakka hæstv. forseta fyrir það fundarhlé sem gert var áðan meðan reynt var að fá hæstv. forsrh. í salinn.

Ég tek undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan og spyr því og vil kannski leggja það til, vegna þess að við stjórnarandstæðingar höfum sennilega, þegar farið er yfir sviðið, lagt til skynsamlegustu og bestu tillögurnar um hvernig það skyldi fara fram þó að forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hafi aldrei farið eftir því, að það verði tilaga okkar hér nú til þess að liðka fyrir og ef það gæti orðið til þess að hæstv. forsrh. gæti komið í salinn á eftir, að matarhlé yrði fært fram og nú tekið hálftíma matarhlé þannig að hæstv. forsrh. geti klárað að sinna erindum sínum sem hann á hér í húsinu, vegna þess að hann er ekki úti í bæ, hann er í húsinu. Eftir hálftíma matarhlé yrði þá forsrh. kominn í salinn og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gæti haldið áfram, vegna þess að við skulum hafa það alveg á hreinu að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er í annarri ræðu sinni og getur því ekki komið upp síðar í dag til að bera fram þær fyrirspurnir sem hann hyggst leggja fyrir forsrh.

Jafnframt hafði ég hugsað mér að spyrja forseta Alþingis, Halldór Blöndal, vegna þess að ég sá hann rétt áðan en hann virðist vera farinn núna, álits á því hvort honum finnist það eðlileg ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að hann stýrir fundinum en ekki aðrir hv. þm. þannig að ég bið hv. þm. að beina orðum sínum til þess forseta sem nú stýrir fundi.)

Já, þá mundi ég vilja stoppa hér við en held mig við þá tillögu sem ég hef lagt fram vegna þess að ég held, eins og ég hef áður sagt, að það væri kannski besta innleggið í að ná áframhaldi á eðlilegum þingstörfum þannig að hægt sé að ræða málið áfram en fara ekki í karp um hvernig því skuli fram vinda.

[11:54]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að hefja mál mitt á því að beina spurningu til hæstv. forseta til að það sé engum vafa undirorpið: Skildi ég það rétt að hann áliti svo að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði lokið annarri ræðu sinni áðan?

(**Forseti** (GÁS): Nei, nei. Hann gerði hlé á ræðu sinni og á eftir síðari hluta ræðu sinnar.)

Þá er það alveg á hreinu. Gott og vel. Ég vil bara taka undir þær óskir, hæstv. forseti, um að hlé verði gert á fundinum þannig að formönnum þingflokka gefist færi á að funda með forseta um þá alvarlegu stöðu sem komin er upp á hinu háa Alþingi, hvernig svo sem menn vilja fara að því, hvort nú verði tekið matarhlé eða hvort það verði gert með öðrum hætti.

Mér finnst það hafa verið stórundarlegt, hæstv. forseti, að ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli nánast hafa verið fjarverandi allan þann langa tíma sem umræðan hefur farið fram. Og nú loksins þegar fram kemur mjög eindregin ósk um það að einhver úr ríkisstjórninni, og í þessu tilfelli hæstv. forsrh., sé til staðar til að svara spurningum, að ekki sé minnst á hæstv. viðskrh., hlýtur það að vera eðlileg fundarstjórn að gert verði hlé á þingfundi þannig að ráðherrum verði gert kleift að koma hingað og sinna skyldum sínum.

Ég hef í sjálfu sér fullan skilning á því, jafnalvarlegt og ástandið er núna í þjóðfélaginu í kringum þessi mál, að hæstv. forsrh. sé kannski fastur einhvers staðar á mikilvægum fundi, menn hafa fundað af minna tilefni en því sem nú er uppi. En enn og aftur, hæstv. forseti, ég óska þess eindregið að nú verði gert hlé á fundinum.

[11:56]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlýtt af mikilli athygli á beiðnir hv. þingmanna. Þær eru svo sem ekki nýjar af nálinni í þeirri umræðu sem nú er á fjórða degi og allir þeir forsetar sem hér hafa stýrt fundi hafa reynt eftir fremsta megni að koma til móts við óskir þingmanna um viðveru hæstv. ráðherra eða einstakra þingmanna eftir efnum. Stundum tekst það og stundum tekst það ekki.

Nú háttar þannig til að ekki er hægt að verða við þeirri bón hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að fá tilgreinda ráðherra til fundarins og lengra getur forseti ekki gengið í þeim efnum. Forseti hefur ekki í augnablikinu tölur um fjölda þeirra ræðumanna sem tekið hafa þátt í umræðunni fram að þessu en einir 20 eru enn á mælendaskrá. Forseti telur því brýnt að umræðunni vindi fram eins og hún hefur gert fram að þessu þannig að það liggi ljóst fyrir, og mun ekki fresta fundi.

[11:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð annað en að hér séu fáheyrð tíðindi á ferðinni. Ég vil rifja upp hvernig málin hafa gengið fyrir sig þegar við fjöllum um viðveru hæstv. ráðherra í salnum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon óskaði eftir því í fyrstu ræðu sinni við umræðuna að ráðherrar yrðu kallaðir í salinn. Gerðar voru ráðstafanir á þeim tíma til þess að draga þá hingað, hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh., hæstv. samgrh. og hæstv. menntmrh. Það gekk ekki og hv. þm. tók þá fram við lok ræðu sinnar að hann gerði kröfu um að þessir ráðherrar yrðu viðstaddir síðari ræðu hans.

Nú hefur hann hafið síðari ræðu sína. Hann hóf hana á því að segja að hann hefði óskað eftir því að leggja fyrirspurnir fyrir hæstv. ráðherra, sérstaklega hæstv. forsrh., reyndar nefndi hann líka hæstv. samgrh. og hæstv. viðskrh. Gerðar voru tilraunir til þess að fá þá ráðherra í salinn. Hv. þm. var kominn að lokum ræðu sinnar á innan við hálftíma og hæstv. forsrh. var í húsinu. Gerðar voru tilraunir til að fá hann hingað í stól sinn og það gekk ekki.

Þá biður hv. þm. hæstv. forseta um það að fá að fresta ræðu sinni. Hæstv. forseti neitar þingmanninum um það, þannig að nú erum við í þeirri klemmu að hv. þm. á eftir að leggja sjálfsagðar spurningar fyrir hæstv. ráðherra, nýta þann rétt sem hann á, og hæstv. forseti hefur neitað honum um að fá að fresta ræðunni.

Ég sé því ekki annað en að við séum hér í gífurlegri klemmu og tek undir sjálfsagðar óskir þingmanna um að þeirri óvissu verði að ljúka og henni verður ekki létt nema hv. þingflokksformenn fái að setjast niður með forseta núna og ræða þá stöðu sem upp er komin.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon á rétt á því að vera hér í ræðustóli eins lengi og honum sýnist, en hann var búinn að ljúka ræðu sinni en átti eftir þann sjálfsagða rétt sinn að leggja spurningar fyrir hæstv. forsrh. Ég sé því ekki annað en að hæstv. forseti sé í vanda og það þurfi að leysa úr honum. Það verður best gert með samtali formanna þingflokkanna þannig að það hlýtur að vera eðlilegt að gera hlé á fundinum núna og leysa þennan hnút.

[11:59]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill að lyktum þessarar umræðu um fundarstjórn forseta, sem að sönnu er óvenjuleg í miðri ræðu þingmanns en helguðust af kringumstæðum og að forseti vildi gefa svigrúm til þess að menn gætu farið yfir það álitaefni, en sér út af fyrir sig ekki tilgang í því að teygja það á langinn.

Fleiri en einn og fleiri en tveir hv. þm. hafa beint spurningum til hæstv. ráðherra og óskað eftir viðveru þeirra. Stundum hefur gengið að fá þá til fundarins á tilteknum tíma, stundum ekki. Það eru engin slík tímamót núna sem gera það að verkum að kalla þurfi til sérstaks fundar formanna þingflokka, enda sér forseti ekki í augnablikinu — með fullri virðingu fyrir þeim — að þeir leysi úr því úrlausnarefni sem hér er til staðar.

[12:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. forseti sagði hér áðan þegar hann gaf yfirlit yfir hversu lengi þessi umræða hefði staðið, það er í rúman þrjá og hálfan dag, að það hefur ekki verið auðvelt að ná ráðherrum hér í salinn. Mig minnir, hæstv. forseti, og held ég að ég hafi nú verið viðstaddur megnið af umræðunni, að það hafi ekki enn tekist að fá neinn ráðherra til þess að koma hér í salinn til þess að svara spurningum í þennan þrjá og hálfa dag.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem menn hafa óskað eftir því að hæstv. forsætisráðherra væri hér til staðar til þess að svara spurningum. Ég vil þess vegna láta þá skoðun mína í ljós að ég tel það ákaflega furðulegt, hæstv., forseti, að hér getum við þingmenn rætt dögum saman um mjög mikilsvert mál og lendum í þeirri stöðu að jafnvel þó að umræðan hafi staðið hér á fjórða sólarhring sé ekki hægt að fá ráðherra til að svara spurningum og það takist ekki enn, hæstv. forseti.

Ég skil erfiða stöðu forseta í þessu máli. En það er auðvitað mjög snúið gagnvart hv. þingmönnum að setja okkur í þá stöðu að geta með engum hætti fengið ráðherra til að svara neinum spurningum. Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. forseti hefur ekki vald á því að reka ráðherra hér inn í salinn. En það er hins vegar mjög undarlegt að verða vitni að því að umræðan þurfi að fara fram með þeim hætti að á mörgum dögum náist aldrei ráðherra inn í salinn til þess að svara einni einustu spurningu.

Ég hlýt að lýsa því yfir, hæstv. forseti, að ég tel þetta mjög óeðlilegt og skil ekki þann feluleik sem ráðherrarnir eru í í þessu máli.

[12:03]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Ég neyðist til að mótmæla því hvernig umræðunni er hér fram haldið við aðstæður sem ég fullyrði að eru brot á hefðum. Enn ein hefðin er að fara hér í vaskinn sem hefur ríkt um samskipti þingmanna og ráðherra eða formanna nefnda á Alþingi. Ég minnist þess aldrei að neitað hafi verið réttmætum óskum um að þeir sem bera ábyrgð á máli og eru til að svara fyrir það, það er flutningsmaður málsins og það er formaður þeirrar nefndar sem hefur haft það til umfjöllunar, séu til staðar við umræðuna og svari spurningum.

Ég bið t.d. hæstv. forseta að hugleiða hvort það kæmi einhvern tíma til greina að láta 2. umr. fjárlaga fara fram við þær aðstæður að hvorki fjármálaráðherra né formaður fjárlaganefndar væru í salnum til þess að hlýða á umræðuna og svara spurningum. Það kæmi ekki til greina, og hæstv. forseti veit þetta vel. Mér er alveg ljóst að hæstv. forseti er í þeirri erfiðu stöðu að vera stjórnarandstæðingur á forsetastóli núna og hann vill sjálfsagt ekki fá á sig ásakanir um að sýna neina linkind. Ég er ekki að segja að hæstv. forseti geti ekki staðið á sínu máli. En mér finnst að hæstv. forseti hefði átt að fresta fundi.

Hvers vegna finnst mér það, herra forseti? Líka vegna þess að það er ríkisstjórnin sem er að knýja þetta mál í gegn. Það er hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson sem semur þetta frumvarp eða lætur gera, flytur það hingað inn og er að pína það í gegnum þingið. Ef hæstv. ráðherra er svona mikið í mun að fá þetta að lögum þá ber honum að greiða fyrir meðferð málsins hér á þingi. Þannig hefur þetta alltaf verið. Það eru ráðherrarnir sem eru sekir ef þeir ekki koma hér og eru til svara fyrir sín mál þannig að umfjöllun um þau geti farið fram með eðlilegum hætti. Þannig lærði ég þetta. Þannig var þetta meðan ég var ráðherra og ég geri ráð fyrir því að þannig hafi þetta líka verið meðan hæstv. forseti var ráðherra, að það var sjálfsagður hlutur að koma hér til þings ef mál sem heyrðu undir manns málasvið voru þar til umfjöllunar og óskað var eftir því að ráðherra væri til svara. Maður gerði það strax vegna þess að annars tafðist málið og maður leit á það sem skyldu sína að greiða fyrir því að það færi í gegn, vera til svara og svo framvegis.

Fyrir nú utan það auðvitað, herra forseti, að þetta er ekkert annað en lítilsvirðing. (Gripið fram í.) Þetta er lítilsvirðing við Alþingi. Ráðherrar bera ábyrgð gagnvart þinginu. Það er ekki öfugt. Það er þingbundin ríkisstjórn á Íslandi (**PHB:** ... og framkvæmd laga.) og framkvæmdarvaldið ber skyldur gagnvart þinginu. Þess vegna m.a. sitja ráðherrar á Alþingi óháð því hvort þeir eru kosnir þingmenn eða ekki. Þeir hafa hér málfrelsi og tillögurétt en auðvitað ekki atkvæðisrétt nema þeir séu jafnframt alþingismenn. Það er til þess að þeir geti uppfyllt þessar skyldur sínar og það er til þess að Alþingi hafi aðgang að þeim.

Ég læt ekki bjóða mér þetta, herra forseti. Ég ætla ekki á meðan ég stend hér á Alþingi að verða til þess að gefa þetta eftir — það verða þá aðrir að gera það — að vera þær lyddur að láta líka þennan rétt þingmanna fara í vaskinn, að ráðherrar komi hér, taki niður spurningar og svari þeim eða reyni það að minnsta kosti. Þau eru auðvitað ekki alltaf burðug svörin en það verður þá að taka viljann fyrir verkið. En að þeir sýni Alþingi svona algera lítilsvirðingu, það læt ég að minnsta kosti ekki yfir mig ganga þegjandi og hljóðalaust.

Auðvitað hefur hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson iðulega áður gert sig sekan um þetta sama. Hann var eins og naut í flagi þegar hann kom úr Ráðhúsinu yfir í Alþingishúsið og ætlaði hér að valta yfir með þeim hinum sömu vinnubrögðum og hann hafði ástundað þar. (**Gripið fram í:**

Gaggó Vest.) Það reyndist ekki eins auðvelt og hann hafði ætlað og hann kallaði þessa stofnun gagnfræðaskóla vel á minnst. Það fór svo í taugarnar á hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddssyni þegar Alþingi var ekki jafnauðsveipt og liðið sem hann hafði haft undir sér í borginni að hann rauk hér í ræðustólinn og rak þingið heim vorið 1992, ef ég man rétt. Forseti sat hér nötrandi á forsetastóli tilbúinn með lokaræðu sína og þakkir og þær voru aldrei fluttar af því að Davíð Oddsson þoldi það ekki að geta ekki farið með Alþingi bara eins og gólftusku. (**Gripið fram í:** Eins og ...) Hann gerir það að minnsta kosti kosti ekki með mínu samþykki og á meðan ég er hér. Ég lýsi mikilli skömm á því að Davíð Oddsson skuli sýna mér og Alþingi þetta virðingarleysi. Hann er hér í þinghúsinu, maðurinn. Hvað er mikilvægara en að hann sinni sínum lögbundnu þingskyldum og skyldum sem ráðherra? Ekkert, nema að landið sé að farast. Um hvað er verið að funda þarna yfir kaffibollum sem er svo mikilvægt að forsætisráðherra telji það réttlætanlegt að verða hér ekki við réttmætum kröfum um að koma og svara fyrir þetta hjartans mál sitt, þetta barn sitt, steinbarn sitt sem það vonandi verður honum ef hann treður því hér í gegn?

Herra forseti. Ég mótmæli þessu mjög harkalega, mjög harkalega og ég lýsi skömm á hæstv. forsætisráðherra ef hann ætlar að láta þetta ganga svona til. Ég ætlaði ekki að standa hér í ræðustól og fara með einhverjar langlokur. Ég er hér ekki í málþófi. Mér gengur það ekki til að tefja sérstaklega fyrir þessu máli. Ég ætlaði að ljúka mínu máli á þremur einföldum spurningum til forsætisráðherra og það er auðvitað algjört hneyksli að hann skuli ekki koma hér og taka þær niður og svara þeim jafnvel þó bara í andsvari væri. Ég mundi sætta mig við það. En ég læt ekki bjóða mér þetta þegjandi og hljóðalaust, herra forseti.

Spurningarnar sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. forsætisráðherra voru þessar því það er svo sem allt í lagi að koma þeim inn í þingtíðindin til að byrja með:

Í fyrsta lagi. Úr því að gildistaka þessa frumvarps er ekki fyrr en 2006, hvað liggur þá á að keyra það hér í gegnum þingið með þessum vinnubrögðum á þessum vordögum? Hvernig í ósköpunum rökstyður hæstv. forsætisráðherra það að það sé lífsnauðsynlegt að þetta verði að lögum nú í maímánuði 2004 þegar það á ekki að taka gildi fyrr en 1. júní 2006? (**Gripið fram í:** Afsögn á þingi.) Hver eru rökin fyrir því að vinna þetta þá ekki betur? Málið er komið fram. Lagasetningin er þá fyrirhuguð. Menn vita af því og geta byrjað að undirbúa sig undir hana ef hún verður í þessum anda. En menn hefðu þó tíma til að vinna þetta sómasamlega og það er auðvitað ekki búið að því.

Það er til mikillar skammar að ungir menn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem þykist vera sérstakur velunnari laga og reglu og vera annt um viðskiptalífið og frelsi og frjálsræði, skuli láta standa svona að verki, t.d. með umsögn Samkeppnisstofnunar um að þetta sé brot á góðum leikreglum í viðskiptalífinu.

Ég ætlaði í öðru lagi að spyrja hæstv. forsætisráðherra um stjórnarskráróvissuna í þessu máli. Ég ætlaði að spyrja þann hæstv. forsætisráðherra sem er með á bakinu eitthvert vafasamasta Íslandsmet stjórnmálasögunnar, að hafa brotið stjórnarskrána tvisvar í einu og sama málinu, öryrkjamálinu, ég ætlaði að spyrja hann: Er honum alveg sama þó að hann bjóði upp á að gera það einu sinni enn? Er hann að safna metum? (**Gripið fram í:** Síbrot.) Er hann að safna brotum á stjórnarskránni? Langar hann í eitt enn á ferlinum? Nei, er ekki ástæða til að staldra hér við?

Ég ætlaði að spyrja hæstv. forsætisráðherra í þriðja lagi, sérstaklega vegna þess að ég hef ekki náð hér í hæstv. viðskiptaráðherra eða utanríkisráðherra: Kemur til greina ef ríkisstjórnin situr og meiri hluti hennar — ef svo illa fer — kemur til greina, jafnvel þó svo að þetta verði gert að lögum nú að þessi lög verði endurskoðuð í millitíðinni áður en þau fara að verka 2006, því að auðvitað væri það hægt? Segjum nú sem svo að menn verði að lokum sammála um að þessi löggjöf hreinlega gangi ekki svona, eru menn þá nógu stórir til þess að viðurkenna mistök sín og bjóða upp á endurskoðun málsins t.d. næsta vetur? Auðvitað er það arfavitlaust verklag að setja lögin. En það mætti þó reyna að einhverju leyti að bæta fyrir skaðann með því að breyta þeim.

Virðulegur forseti. Þetta voru þessar þrjár einföldu spurningar sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. forsætisráðherra. Eru þær ekki gildar? Eru þær ekki gildar, hv. þm. Birgir Ármannsson? Er ekki réttmætt að spyrja svona? Og finnst hv. þm. formaður sinn verða sér til sæmdar með því að vera ekki hérna til þess að svara þeim eða getur hann það ekki? Vill hann það ekki? Þorir hann það ekki? Er þetta kannski orðið þannig að hjartað sé orðið svona lítið í mönnum?

Hvers vegna í ósköpunum þora menn ekki að vera hér og standa fyrir máli sínu? Hvers vegna ekki? Af hverju er til dæmis ekki Framsóknarflokkurinn til staðar hér í þessari umræðu? Það er búið að flytja eina aularæðu af hálfu Framsóknarflokksins hér í umræðunni. Hv. þm. Hjálmar Árnason kom hér og flutti aularæðu þar sem hann hafði allt á hornum sér vegna afleiðinga stjórnarstefnunnar undanfarin ár og kenndi okkur stjórnarandstæðingum um. Við vorum orðnir sökudólgarnir og ábyrg fyrir samþjöppun í viðskiptalífinu sem hefur skeð undir nefinu á viðskiptaráðherrum Framsóknarflokksins.

Svona er þetta nú. Þetta er frammistaða Framsóknar og við sjáum hvernig Sjálfstæðisflokkurinn stendur sig hér.

Þetta eru mikil endemi og auðvitað er það alveg ljóst að málið er orðið að svo baneitruðum kaleik í höndum stjórnarflokkanna og stjórnarsamstarfsins að þeir sitja bara og drekka kaffi, þora ekki í þingsalinn. Ég hlýt að líta svo á, herra forseti, af því að hæstv. forsætisráðherra getur hér ekki haft nein lögmæt forföll — bráðfriskur maðurinn var á vappi hérna í kringum salinn áðan. (Gripið fram í.) Hann getur ekki haft nein lögmæt forföll. — Ég hlýt að líta svo á að hann þori ekki að koma hér og eiga orðastað við mig. Ég hlýt að líta svo á. Og það skal þá standa að Davíð Oddsson sé slík gunga og drusla að hann þori ekki að koma hér og eiga orðastað við mig.

[12:13]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill biðja hv. þm. að gæta orða sinna.

[12:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur flutt hér málefnalega og góða ræðu sem ég þakka honum fyrir. Hann krafðist þess að ráðherra kæmi á fundinn. Ég gat þess í umræðu um stjórn fundarins sem var í miðri ræðu þingmannsins að ég teldi að það væri formaður nefndar sem ætti að vera hérna til andsvara því að við erum að ræða breytingar nefndarinnar. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?)

Síðan sagði hann að ráðherrar bæru ábyrgð. Þeir bera vissulega ábyrgð. En þeir bera ábyrgð á framkvæmd samþykktra laga frá Alþingi. Þeir bera ekki ábyrgð á frumvörpum sem eru til umfjöllunar á Alþingi. Ég ætla að biðja hv. þingmenn að blanda því ekki saman. Ég vil nefnilega hafa eitthvað um lögin að segja sjálfur sem þingmaður.

En það var annað. Hv. þm. hélt fram í ræðu sinni að frumvarpið kæmi í veg fyrir skráningu félaga í Kauphöll. Í eljusamri vinnu hv. efnahags- og viðskiptanefndar sem hefur rætt málið á hverjum einasta degi síðan á föstudag, það er sex sinnum, kom fram hjá framkvæmdastjóra Kauphallar að ekkert í frumvarpinu eða breytingartillögum komi í veg fyrir skráningu í Kauphöll eitt sér. Auðvitað þarf að uppfylla önnur skilyrði um fjölda hluthafa og annað slíkt og hlutafé. En ekkert í þessu frumvarpi eða í breytingartillögunum kemur í veg fyrir skráningu.

[12:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að málið er til meðferðar á Alþingi. Það er líka hárrétt að formaður fastanefndar, sá sem mælti fyrir meirihlutaáliti, á að sjálfsögðu að sjá sóma sinn í að vera við umræðuna. En hann er hér ekki heldur. Ég get því ekki heldur beint spurningum mínum til hans.

Hitt er líka alveg ljóst, og það verður hv. þm. Pétur H. Blöndal að viðurkenna, að viðveru ráðherra er iðulega krafist. Það er hefð fyrir því að ráðherrarnir séu líka til staðar. Ég nefndi dæmi um 2. umr. fjárlaga. Það er á hreinu að það kæmi aldrei til greina að 2. umr. fjárlaga færi fram að fjmrh. fjarstöddum og hann væri ekki hér til að taka niður spurningar og svara þeim í lokin. Það er hefðin. Yfirleitt er þetta svona með hvaða mál sem er, eða var a.m.k. Það er að vísu rétt að á þetta hefur komið meira los allra síðustu ár af því að núverandi ríkisstjórn og síðustu ríkisstjórnir hafa í stórauknum mæli hunsað Alþingi í þessum efnum. Ef við færum 10–15 ár til baka hefði þótt algerlega óhugsandi að umræður um stórmál af þessu tagi færu fram án þess að viðkomandi ráðherra væri hér til svara.

Alþingi meira en lagasetningastaður. Alþingi er líka einn helsti vettvangur pólitískra skoðanaskipta í landinu. Hér tölumst við við, forustumenn í stjórnmálum landsins. Mér er sýnd lítilsvirðing sem formanni í stjórnmálaflokki þegar annar formaður í stjórnmálaflokki virðir mig ekki viðlits og kemur ekki til svara. Ég mótmæli því. Ég tel að mér beri sú virðing að á mig sé hlustað eins og aðra. Ég tek því mjög þunglega þegar komið er fram við mig eins og hér var gert. Ég held að ég hafi öll efni til þess að gera það.

Varðandi Kauphöllina þá byggi ég á því sem nefndarmenn í efh.- og viðskn. hafa sagt undanfarna daga, svo ég svari því. Í öllu falli er alveg ljóst að áform þessa fyrirtækis, í óbreyttu formi, um skráningu í Kauphöllinni renna út í sandinn. Það er a.m.k. alveg morgunljóst.

[12:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef löngum bent á að það séu ekki skýr mörk á milli löggjafar og framkvæmdarvalds. Flestöll frumvörp Alþingis eru samin hjá framkvæmdarvaldinu, því miður, og löggjafarvaldið er að vasast í framkvæmdum eins og fjárlagafrv. ber vitni um þegar það kemur úr hv. fjárln. Það er mjög miður að Alþingi ákveði framkvæmdir því að þá getur enginn borið ábyrgð á því gagnvart Alþingi. Framkvæmd sem Alþingi ákveður sjálft getur það að sjálfsögðu ekki gagnrýnt.

Eitt af hlutverkum Alþingis er að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Til þess höfum við, herra forseti, fyrirspurnatíma. Þar tel ég að ráðherrar eigi að sitja til að hægt sé að spyrja þá um framkvæmd laga. Þeir eru nefnilega framkvæmdarvaldið. En sú hefð að kalla til ráðherra í 2. og 3. umr., til að fjalla um stjórnarfrumvörp, finnst mér vera lítilsvirðing. Þá er Alþingi að afsala sér völdum því að það er að ræða niðurstöðu úr nefnd, í þessu tilfelli hv. allshn., sem lagt hefur fram nokkur nefndarálit og brtt. eins og hér er um að ræða. Ætlum við að spyrja ráðherrann út í brtt. nefndarinnar? Á hann að svara fyrir þær? Það er náttúrlega alveg fráleitt.

Ég get hins vegar fallist á það og ég er til í að biðja um að fundi verði frestað þar til formaður nefndarinnar mætir á fundinn. Ég tel nefnilega að hann eigi að sitja hér.

[12:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að hluta sammála og sammála um að hin formlegu verkaskipti séu eins og raun ber vitni. Formlega séð er það sérstaklega og kannski í fyrsta lagi formaður viðkomandi fastanefndar og oddviti meiri hlutans sem ber fram brtt. sem á að vera til staðar og til svara. Síðan kemur til þessi hefð sem ég hef rækilega farið yfir. Ég vona að hv. þm. hafi heyrt hvað ég sagði um þær hefðir sem hafa ríkt um að ráðherra sé sömuleiðis til staðar.

Í þriðja lagi er vert að minnast á það sem hv. þm. Pétur Blöndal kom ekkert inn á í máli sínu. Það er að hæstv. forsrh. er meira en forsrh. Hann er ekki bara sá ráðherra sem flytur þetta frv. inn í þingið. Hann er formaður Sjálfstfl. Hann er oddviti ríkisstjórnarinnar. Hann stýrir meiri hlutanum á Alþingi. Hann er foringi hans. Vill ekki hv. þm. gangast við því? Það er við þann oddvita meiri hlutans, sem ber einnig ábyrgð á þessu máli, sem ég vil eiga orðastað og leggja spurningar fyrir. Það er alvenjulegt að menn kalli t.d. til formenn stjórnarflokka þegar ríkisstjórn á í einhverjum málum og vilji leggja spurningarnar fyrir þá sem slíka. Ég er búinn að óska eftir hæstv. utanrrh., sem formanni Framsfl., ekki sem utanrrh., ekki að ég ætli að fara að spyrja Halldór Ásgrímsson, af því að hann fer á NATO-fundi, út í þetta mál. Nei, vegna þess að hann er formaður Framsfl. og ber ábyrgð á því að bera þetta mál fyrir þingið.

Það var við þessa höfðingja sem slíka sem ég vildi eiga orðastað. Mér þykir mjög miður að brotinn skuli á mér sá réttur sem ég hef og hef hugsað mér að standa á meðan ég verð á Alþingi að ég geti krafið ráðherra og forustumenn svara um mikilverð málefni og eigi heimtingu á að fá þau svör eða a.m.k. viðleitni af þeirra hálfu til að veita þau.

Hvert fara orðaskipti okkar og rökræður á þinginu ef þetta þróast áfram í sömu átt? Þeir hætta algerlega að mæta hérna. Þetta er allt á hraðri niðurleið því miður, herra forseti.

[12:21]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins beina orðum og spurningum til hæstv. forseta vegna þess að hér hafa margir þingmenn stjórnarandstöðu beðið í þingsal eftir ræðu næsta ræðumanns sem var klukkan 11.04 á mælendaskrá, hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Nú hef ég tekið eftir því að hv. þm. Jónína Bjartmarz er ekki næst á mælendaskrá. Því vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hún hafi óskað eftir því að láta færa sig neðar á skrána,

bara til að spara mér aðra ferð upp, eða hvort hún er hreinlega komin alveg út af mælendaskrá í þessu máli. Þetta er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, vegna þess að margir þingmenn hafa beðið spenntir eftir að hv. þm. Jónína Bjartmarz taki til máls, bæði til að hlusta á röksemdir hennar fyrir þessu máli og eins til að geta spurt hana út úr í andsvörum.

Sú sögulega stund átti einmitt að renna upp á þessu augnabliki að annar þingmaður Framsfl. tæki til máls. Hún átti að verða annar þingmaðurinn fyrir hönd Framsfl. til að ræða um þetta mál. Reyndin er sú að aðeins einn þingmaður Framsfl. hefur hingað til, Hjálmar Árnason, flutt ræðu við 2. umr. Það var hálftímaræða sem var ekkert annað en endurtekning á ræðu sem hann flutti við 1. umr. og var mest gagnrýni á hæstv. ríkisstjórn fyrir að sitja aðgerðalaus meðan samþjöppun á vinnumarkaði og annað slíkt ætti sér stað. Hann var með skammir til annarra en ráðherra viðskiptamála og því er spurning mín ... (Forseti hringir.)

[12:23]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti getur svarað þessu í einum hvelli. Hv. þm. hefði getað sparað sér þessa ferð með því að líta á tölvuna. Umræddur hv. þm. er ekki á mælendaskrá.

[12:23]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar flutt mál sitt í sölum Alþingis og fjallað um svokallað fjölmiðlafrumvarp frá hinum ýmsu sjónarhornum, enda er um grundvallarspurningar að ræða fyrir íslenskt samfélag nútímans. Á meðan hafa stjórnarliðar lítið sést í sölum eða blandað sér í umræðuna. Það eina sem maður heyrir frá stjórnarliðum er kvart og kvein í fjölmiðlum og stuttum andsvörum yfir því að hér vanti efnislega umræðu um málið, stjórnarandstaðan sé eingöngu í málþófi og bulli bara, eins og hæstv. menntmrh. orðaði það svo smekklega í andsvari við umræður í fyrrakvöld.

Nú hefur leiðari Morgunblaðsins einnig tekið undir það að hér vanti alla efnislega umræðu. Virðulegi forseti. Ég er algerlega ósammála því að hér sé ekki fjallað efnislega um málið þegar hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur komið upp og fjallað ítarlega um grundvallaratriði málsins eins og frelsi og eignarrétt. Við erum að tala um fjölbreytileikann, tjáningarfrelsið, atvinnufrelsið og önnur almenn mannréttindi. Þetta mál snýst um slík grundvallaratriði. Ef stjórnarliðar, og leiðarahöfundur Morgunblaðsins, telja eignarréttinn, fjölbreytileika, tjáningarfrelsi og atvinnufrelsi ásamt öðru ekki til efnislegar umræðu, að ræða slík grundvallaratriði, þá tel ég að þeim hefði ekki veitt af því að sitja og hlýða á hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson lesa myndarlega úr Frelsinu eftir John Stuart Mill. Andi frelsisins svífur aldeilis ekki yfir vötnum stjórnarliðsins.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hefur verið kallað eftir efnislegri umræðu um málið af hálfu stjórnarliðsins. Það hafa þeir reyndar ekki gert í ræðum í þinginu. Eins og allir vita hafa þeir ekki lagt í þá umræðu heldur kallað eftir því í fjölmiðlum og stuttum andsvörum. Ég vil í upphafi máls míns vitna til ummæla nokkurra ráðherra sem fallið hafa undanfarna daga og vikur sem hafa vakið furðu mína. Þau ummæli mynda athyglisverða samantekt, sér í lagi þar sem þeir hafa ekki fyrir því að mæta í þingsalinn þegar þetta stóra og umdeilda mál er rætt.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. forsrh., bæði úr ræðustól Alþingis og í fjölmiðlum undanfarið, látið þau orð falla að fréttamenn fréttamiðla Norðurljósa hefðu ekkert frelsi og þeir gengju algerlega og eingöngu erinda eigendanna. Þá sagði forsrh. einnig að þessu frv. væri beitt gegn samþjöppun í fjölmiðlun og hafnaði því ekki að þessu frv. væri beint gegn Norðurljósum heldur sagði fréttamanni Ríkisútvarpsins sem um það spurði, með leyfi forseta:

„Ég tel að þetta sýni hins vegar mjög vel að það er ekkert frelsi blaðamanna á þessum fjölmiðlum. Það er algjörlega og eingöngu gengið erinda eigendanna. Skoðum nú bara þessa fjölmiðla í dag."

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti.

Í öðru lagi kom hæstv. félmrh. og veifaði DV í umræðu um fjölmiðlaskýrsluna og gekk svo langt að fullyrða að blaðamenn Fréttar hf. semdu ekki fyrirsagnir að fréttum sínum. Einnig mátti túlka orð hans þannig að umfjöllun DV um Davíð Oddsson væri sönnun þess að blaðamenn þar gengju erinda eigenda sinna.

Í þriðja lagi sagði hæstv. menntmrh. í Kastljósi fyrir skömmu, með leyfi forseta:

„... ef þú ætlar að reka fjölmiðil þá verðurðu að einbeita þér að þeim rekstri. Þú getur ekki verið að hafa fjölmiðil sem einhverja hliðargrein, þá er þetta bara orðið málpípa fyrir aðalgreinarnar."

Hæstv. dómsmrh. fjallar sjaldan ef nokkurn tíma um hina frjálsu fjölmiðla, aðra en Skjá 1, sem Baugstíðindi eins og þekkt er af vefriti hans. Þeir sem það hafa lesið þekkja hug hans að baki þessum nafngiftum. Hæstv. fjmrh. sagði þessa fjölmiðla stunda sjúklegar árásir á forsrh. og hæstv. menntmrh. tók í svipaðan streng. Hún notaði ekki hugtakið sjúklegt en árásir voru það svo sannarlega.

Ekki hafa einungis ráðherrar látið slík orð falla um blaðamannastéttina og í tengslum við þetta frv. heldur einnig forseti Alþingis. Hann sagði í umræðum á Alþingi í síðustu viku að blaða- og fréttamenn fjölmiðla Norðurljósa stunduðu óheiðarleg vinnubrögð. Bónus-fjölmiðlar og önnur slík nöfn voru notuð af hæstv. forseta í þeirri sömu ræðu.

Í ljósi þessa hlýt ég að spyrja t.d. hv. þm. Hjálmar Árnason og hæstv. menntmrh., sem eru meðal þeirra sem hafa kallað eftir efnislegri umræðu um þetta mál úr þessum ræðustól, hvort þessi ummæli hæstv. ráðherra og forseta Alþingis séu efnislegur þáttur þessa máls. Þetta eru ummæli fimm ráðherra í ríkisstjórninni og forseta Alþingis að auki. Þetta er að mínu mati vísir að vilja til ritskoðunar og ekkert annað. Ef fólk tekur ekki undir með forsrh. og ríkisstjórn í þessu máli þá er það kallað málpípur fyrirtækja hér í bæ. Það hefur verið algerlega óþolandi að þurfa að sitja undir því á hinu háa Alþingi að þingmenn sem hafa lýst sig andvíga þessu frv. séu úthrópaðir blaðafulltrúar fyrirtækja vegna þess eins að þeir eru ekki sammála forsætisráðherra í málinu. Svona málflutningur er ekki boðlegur, virðulegur forseti, sér í lagi þegar menn hafa ekki manndóm í sér til að koma upp í ræðustól, horfa í augun á okkur hinum og lýsa skoðun sinni.

Ég tel að áðurnefnd ummæli ráðherra Framsóknar og Sjálfstfl. lýsi vel hinum títtnefnda anda frv. eða hinum raunverulega ásetningi ríkisstjórnarinnar. Ég hef, virðulegur forseti, áhyggjur af þessu vegna þess að ég tel að fari málið fyrir dómstóla eins og nefnt hefur verið þá verði sá andi laganna, sem kristallast í opinberum ummælum þeirra sem að þessari lagasetningu standa, til þess að íslenskir skattgreiðendur þurfi að standa straum af milljarða skaðabótum.

Jón Steinar Gunnlaugsson, líklega eini lögfræðingurinn og prófessorinn, a.m.k. einn af fáum, sem hefur haldið því

fram að þetta frv. fari ekki gegn stjórnarskránni, hefur þó sagt að mjög líklega verði ríkið skaðabótaskylt vegna þessa lagagernings vegna þess að þessi lagagerningur hafi meiri áhrif á eitt fyrirtæki umfram önnur á þessum markaði. Hann nefndi Norðurljós í þessu samhengi. Ég hef ekki heyrt einn einasta lögspeking taka af allan vafa um að ríkið verði ekki skaðabótaskylt verði þetta frv. að lögum.

Ekki hafa komið fram neinar slíkar áhyggjur af hálfu ríkisstjórnarinnar eða þingmanna stjórnarliðsins. Hugsanlega verður þessi lagasetning til þess að skattgreiðendur þurfa að greiða umræddu fyrirtæki skaðabætur. Við skulum segja það eins og það er, að þetta frv. miðar sérstaklega að því að brjóta upp fjölmiðlafyrirtækið Norðurljós, fyrirtæki með 2000 starfsmenn. Frv. hefur því, virðulegi forseti, gríðarleg áhrif á afkomu og líf fólks.

Virðulegi forseti. Ég vil koma inn á nokkur atriði varðandi þetta frv., nokkur efnisatriði sem ég tel að snerti grundvallaratriði í þessari umræðu. Sá markaður sem hér um ræðir er sá biti fjölmiðlakökunnar sem tilheyrir hinum frjálsa markaði. Þetta finnst mér mikilvægt að koma inn á vegna þess að Ríkisútvarpið er mjög stór aðili á ljósvakamarkaði, auk þess að reka einn stærsta og mest sótta vefmiðil landsins, þar sem reyndar eru einnig stundum seldir svokallaðir T-bolir. Það er útúrdúr en hvers vegna ríkisfyrirtæki selur T-boli get ég ekki skilið.

Ríkisútvarpið er svo sannarlega risi á íslenskum fjölmiðlamarkaði með 43% hlutdeild í sjónvarpi og 52% hlutdeild í útvarpi auk þess að reka einn mest sótta vefmiðil í landinu. Ríkisútvarpið fær fjármuni frá ríkinu, auglýsingatekjur og afnotagjöld. Aðrir miðlar þurfa að berjast um hylli áhorfenda og treysta á áskriftagjöld og auglýsingatekjur en enga ríkisstyrki því til viðbótar né heldur skylduáskrift. Við skulum halda því til haga við þessa umræðu að um er að ræða restina af þeirri köku sem til skipta kemur á hinum frjálsa markaði þegar ríkið hefur tekið sinn bita. Mér finnst menn stundum gleyma því í þessari umræðu, þegar fullyrt er að hér séu allir fjölmiðlar að safnast á eina hönd. Ríkið á helming af þessum markaði og rúmlega það.

Ísland er örmarkaður fyrir fjölmiðla. Ég tel okkur heppin að hafa þó þetta marga fjölmiðla. Ég tel að hér ríki mikil fjölbreytni í framboði á efni á vegum fjölmiðlanna. Hæstv. menntmrh. hefur sjálf sagt að hér ríki ekki fábreytni í útgáfu á fjölmiðlum. Með leyfi forseta, sagði hæstv. menntmrh. í áðurnefndum Kastljóssþætti:

„... ég get ekki sagt að það ríki fábreytni í útgáfu á fjölmiðlum. Ég held að það séu allir sammála um að það er svona þokkaleg fjölbreytni varðandi fjölda rása og stöðva sem eru að senda út á ljósvakamiðlum og fjölda dagblaða.“

Virðulegi forseti. Þetta voru orð hæstv. menntmrh. um framboð á fjölmiðlum. Ég get ekki annað en tekið undir þau orð en á sama tíma klóra ég mér í hausnum yfir því hvers vegna hér er hlaupið upp til handa og fóta, lagt fram vont frv. sem hefur sett þjóðfélagið á annan endann og vakin upp allt of mörg álitamál til að hægt sé að keyra það í gegn með góðri samvisku.

Virðulegi forseti. Ég á sæti í menntmn. Alþingis sem fékk þetta frv. til umsagnar. Ég ætla ekki að fara í smáatriðum yfir þann skrípaleik sem þar átti sér stað og þá niðurlægingu sem nefndin varð fyrir, enda hefur verið farið vel yfir það undir hinum sívinsælu dagskrárliðum um störf þingsins og um fundarstjórn forseta. Hins vegar vorum við þó það heppin að fá fund þar sem stefnt var saman nokkrum valinkunnum einstaklingum úr fjölmiðlaheiminum sem og fræðimönnum sem eru sérfróðir um þessi mál. Eftir þann fund, virðulegi forseti, var ég enn sannfærðari um það hve vond lög þetta yrðu. Þarna hlýddum við á mál þeirra Gunnars Smára Egilssonar, ritstjóra Fréttablaðsins, Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, Sigurðar G. Guðjónssonar, forstjóra Íslenska útvarpsfélagsins, Magnúsar Ragnarssonar, framkvæmdastjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins, Sigurðar Líndals, fyrrum lagaprófessors, og Herdísar Þorgeirsdóttur, lögfræðings og sérfræðings í Viðskiptaháskólanum á Bifröst.

Þessi valinkunni hópur setti fram gagnrýni og sjónarmið um álitaefni í frv. Ég tel að þingheimur hefði allur haft gott af því að sitja þann fund og hlýða á þeirra mál. Fjölmargar hættur eru fyrir hendi, verði þetta frv. að lögum. Mun ég vitna til nokkurra athugasemda og gagnrýnisradda sem komið hafa fram í máli áðurgreindra aðila í umfjöllun um einstaka þætti málsins.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að gera má ráð fyrir að fjölmiðlarekstur verði mun þyngri á þessum örmarkaði og fjölmiðlar á hinum frjálsa markaði verði fjársveltir vegna þeirra miklu takmarkana á fjármögnunarleiðum sem settar eru fram í frv. Þetta veldur mér verulegum áhyggjum vegna þess að ég tel fjársvelta fjölmiðla verri en enga. Ritstjórnarlegt frelsi er betur tryggt með alvöru kínamúr á milli fjármagns og ritstjórna, sem ég tel að hætta verði á að verði býsna þokukenndur múr, hangi fjölmiðillinn á horriminni og eigi allt sitt undir auglýsendum eða öflum annars staðar frá.

Í þessu samhengi vil ég nefna að þessi markaður er mjög skakkur fyrir vegna stærðar ríkisins á honum. Það er ekki mikið til skiptanna fyrir hina fjölmiðlana, sem ekki eru á forræði ríkisins.

Í þessu sambandi vil ég nefna að ekki er snert við netmiðlum í þessu frv. Ekki er snert við sjónvarpsstöðvum þeim sem Landssíminn miðlar gegnum breiðbandið. Ekki er heldur gert ráð fyrir sjónvarpi sem sent er í gegnum gervihnött frá sendum úti í heimi. Ekki er heldur gert ráð fyrir stafrænum pökkum sem hægt er að senda í gegnum netið. Erlendir fjölmiðlar veita íslenskum ljósvakamiðlum nú þegar mikla samkeppni. Báðir forstjórar hinna frjálsu ljósvakamiðla, þ.e. Íslenska sjónvarpsfélagsins og Íslenska útvarpsfélagsins, virtust hafa miklar áhyggjur af þessari samkeppni. Á þeim stöðvum sem koma í gegnum breiðbandið og gervihnetti eru sýndir sömu þættir og á íslensku miðlunum. Eini munurinn er sá að á íslensku miðlunum er efnið textað en ekki það efni sem kemur í gegnum gervihnött. Á máli þeirra beggja var að heyra að þetta væri þeim mikið áhyggjuefni.

Virðulegi forseti. Slíkur er flýtirinn í öllu þessu máli við að brjóta upp fjölmiðlafyrirtækið Norðurljós, eins og það er nú, að það er ekki litið heildrænt á málin, nema að menn hafi ekki áttað sig á því að til eru fleiri leiðir til að senda út og dreifa lifandi efni en bylgjur útvarps og sjónvarps.

Hæstv. samgrh. kom reyndar inn á þetta í ágætri yfirferð um breytingar á markaðnum í ræðu í þessum stól í síðustu viku. Hann sagði einnig í þeirri umræðu að ekki væri tekið á öllum þáttum í frv. sem fjallað er um í skýrslunni.

Virðulegi forseti. Ég tel að frv. beri þess merki að ekki hafi verið hugað að tækniþróun á sviði fjölmiðlunar við samningu þess.

Annar efnisþáttur sem ég vil koma inn á er að ég tel mikla hættu á að þetta frv. valdi því að fjölmiðlaflóran verði einsleitari. Í umræðum um málið má ekki gleyma því

að Stöð 2 hefur verið ötull framleiðandi á íslensku efni í menningariðnaðinum, sem margar stéttir koma að. Verði starfsemi þessa félags stefnt í hættu er líklegt að fyrst verði dregið saman á þessu sviði, enda þekkt að fyrirtækin byrja samdrátt á því að segja upp starfsfólki. Það kostar minna að spila spólur og varpa þeim út en að hafa fólk í vinnu við að framleiða efni. Ég tel því að þetta frv. muni ekki ná markmiðum sínum um fjölbreytni heldur muni það þvert á móti draga úr fjölbreytileika í menningu og afþreyingu í gegnum fjölmiðlana.

Íslensk dagskrárgerð hefur verið afar fjölbreytt á undanförnum árum og ekki síður hjá hinum frjálsu sjónvarpsstöðvum en hjá Ríkisútvarpinu. Ég hef verulegar áhyggjur af því að íslensk dagskrárgerð muni koma afar illa út úr breytingunni og fjölbreytileika í framboði efnis verið stefnt í hættu. Hið sama á við um talsett efni og textað. Eins og við vitum flest hefur t.d. barnaefni á Stöð 2 verið vandlega talsett. Í raun má segja að Stöð 2 hafi verið brautryðjandi í þeim efnum. Þess vegna hljótum við að hafa áhyggjur af því að börnin okkar alast í meiri mæli upp við að horfa á efni frá stöðvum utan úr heimi sem ekki er textað eða talsett. Ég kem inn á þennan menningarlega þátt, hinn menningarlega fjölbreytileika, vegna þess að mælingar benda eindregið til aukinnar notkunar á fjölmiðlum og aukins lesturs á dagblöðum og þótt miðlar Norðurljósa fari af markaðnum verður eftirspurnin eftir því efni sem þar er sýnt áfram til staðar. Með nýrri tækni kemur betra aðgengi að gervihnattastöðvum, sem engin lög virðast beinlínis ná yfir, a.m.k. ekki læstar stöðvar sem fólk hefur keypt afruglara að, sem koma í gegnum gervihnetti eins og Sky og fleiri ágætar stöðvar.

Virðulegi forseti. Með aukinni uppbyggingu breiðbands Landssímans og fleiri gervihnattamóttökurum utan á húsum verður erlent efni æ algengara. Þetta verðum við að hafa til hliðsjónar við þessa umræðu því að þetta snertir klárlega íslenska menningu og íslenska tungu. Við hljótum að vilja bjóða neytendum upp á íslenskt efni áfram í bland við hina erlendu samkeppi sem fer sívaxandi.

Áðurnefndar mælingar sýna okkur einnig að það er ekki einsleitni á þessum markaði sem stendur. Öllu heldur er um fjölbreyttara framboð að ræða en fyrir örfáum árum síðan. Þessu á að fagna í okkar lýðræðislega samfélagi en ekki setja lög á þá þróun. Ég hef áður sagt að fullyrðingum um að hér ríki ekki fjölbreytni verði að fylgja mælingar en ekki persónulegt mat stjórnmálamanna. Það hafa ekki verið gerðar rannsóknir á því. Engar rannsóknir, athuganir og mælingar liggja á bak við framlagningu þessa frv. Hafi ríkisstjórnin eitthvað annað undir höndum en við hin þá tel ég brýnt að það komi fram.

Samhliða þessu, virðulegi forseti, er einnig hætta á að með frv. fækki eftirsóknarverðum störfum fyrir blaðamenn, tæknifólk, dagskrárgerðarmenn og aðra sem starfa við þennan iðnað. Þetta er stór iðnaður hér á landi og mörg störf í húfi.

Þriðja efnisatriðið sem ég ætla að koma inn á er að það má ekki gleyma því að á bak við þessi fyrirtæki er fjöldinn allur af fólki og fjölskyldum. Sú tala hleypur á hundruðum. Við erum að tala um fjölskyldur sem eiga allt sitt undir störfum hjá þessu fyrirtæki eða í menningariðnaði sem selur t.d. talsett barnaefni, framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni o.s.frv. Þetta starfsfólk hefur undanfarnar vikur sent okkur þingmönnum tölvuskeyti og lýst áhyggjum af störfum sínum og framtíð sinni. Bréfin voru, virðulegi forseti, mjög erfið lesning, erfið vegna þess að tilfinningin og hræðslan, sem á fullkomlega rétt á sér, var afar einlæg og snerti mann mjög. Hún skein sterkt úr þessum bréfum. Margt þessa starfsfólks hefur verið í mikilli óvissu um störf sín um langt skeið, enda hafa þeir fjölmiðlar sem nú hafa verið reistir við með stabílum eigendum hangið á horriminni um mjög langt skeið, laun hafa ekki verið greidd á réttum tíma o.s.frv. Þá hafa margir þessara starfsmanna lent í gjaldþrotum fjölmiðlafyrirtækja, bara á umliðnum 2–3 árum eða þá að umræða um yfirvofandi gjaldþrot hefur skekið líf þessa fólks. Ég hef mikla samúð með þeim enda sjálf staðið í þeim sporum að vera einstæð móðir og vita ekki hvort fyrirtækið sem ég vann hjá gæti greitt mér laun um næstu mánaðamót. Þetta er reyndin víða á hinum frjálsa markaði, virðulegi forseti, og mjög erfitt að standa í þeim sporum.

Enn á ný eru störf þessa fólks í uppnámi. Það er ekki vegna þess að það vanti fjármagn inn í fyrirtækin, eins og var áður, heldur vegna þess að fjármagnið sem reisti þá við var ekki þóknanlegt ríkisvaldinu. Er nema von að stærsti hluti þjóðarinnar sé furðu lostinn vegna þessa máls og lýsi sig andvígan þessu frv. Því laust hér niður eins og þrumu úr heiðskíru lofti um leið og skýrsla fjölmiðlanefndar menntmrh. kom fram, skýrsla sem átti að marka upphafið á umræðunni um fjölmiðlana í samfélaginu.

Þetta frv. snýst einnig um afkomu fólks og fjölskyldna þess. Því megum við ekki gleyma í öllum þessum flýti við að setja svo umdeild lög. Ég verð að spyrja hæstv. ríkisstjórn og hv. stjórnarþingmenn hvort þessi flýtir sé nauðsynlegur og lagasetningin svo aðkallandi að það sé þess virði að störf þúsunda séu í uppnámi og óöryggi svífi yfir vötnum hjá stóru fyrirtæki hér í landi og starfsmönnum þess. Eitthvað held ég, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra byggðamála, sem einnig er ráðherra viðskipta og iðnaðar, mundi segja ef um væri að ræða frystihús úti á landi í litlu samfélagi í sjávarplássi, sér í lagi ef um væri að ræða frystihús í hennar eigin kjördæmi. En nú heyrist ekkert frá henni.

Virðulegi forseti. Ekki er nóg með það að yfir þessu starfsfólki vofi uppsagnir heldur þarf starfsfólk Norðurljósa að sitja undir gríðarlegum ávirðingum af hálfu ráðamanna, ávirðingum sem það á á engan hátt skilið. Harkalega hefur verið vegið að starfsheiðri frétta- og blaðamanna bæði úr þessum stól og í fjölmiðlum.

Hæstv. forsrh. hefur farið fyrir þeim hópi ráðamanna sem úthrópað hefur starfsmenn hjá frjálsu miðlunum, nema hjá Skjá 1. Hann hefur úthrópað þá sem málpípur eigenda sinna og ótrúverðuga. Stór orð hafa verið látin falla um fjölda manns og mjög ómaklega vegið að þessu fólki og störfum þess. Menn hafa talað eins og það sé lögmál að starfsmenn gangi ávallt erinda eigenda sinna. Með því er verið að dæma heila stétt, virðulegi forseti, og ég lít svo á að Ríkisútvarpið sé þar ekki undanskilið. Það er talað eins og það sé lögmál, að menn gangi ávallt erinda eigenda sinna og séu ekki faglegir í störfum sínum, sama hvar þeir starfa. Þessu hlýt ég og hljótum við að vera ósammála og mótmæla. Við eigum að bera virðingu fyrir blaðamannastéttinni sem hefur verið stór partur af lýðræðinu undanfarna áratugi og aldir.

Fjórða efnisatriðið sem ég vil koma inn á varðar það hve undarlegt er að í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram af hálfu stjórnarliða um frv. er allt kapp lagt á að banna með lagasetningu og brjóta upp eignarhald stærstu fyrirtækja landsins í fjölmiðlun en ekki minnst einu einasta orði á gagnsæi eignarhaldsins. Gagnsæi, virðulegi forseti, er miklu

mikilvægara en lagasetning á borð við þá sem ríkisstjórnin hefur sett fram í þessu frv.

Stjórnarþingmenn, þeir fáu sem hafa tjáð sig um málið, hafa reynt að slá ryki í augu fólks með því að japla sífellt á þeirri tuggu að kalla eftir stefnu Samf. Þetta virðist vera línan úr Valhöll þessa dagana, virðulegi forseti. Til að svara þessu hafa þingmenn Samf. lagt fram þáltill. á þessu þingi, sem lýtur að því að auka gagnsæi í eignarhaldi á fjölmiðlum til að skapa traust milli neytenda og fjölmiðlanna. Sú þáltill. fjallar einnig um hið mikilvæga mál sjálfstæði ritstjórna. Í þeirri þáltill., eins og í frv. þingmanna Samf. um vernd heimildarmanna sem lagt var fram fyrir jól, kemur stefna okkar í þessum efnum skýrt fram. Stefna okkar er ekki í samræmi við frv. sem ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstfl. hefur lagt fram.

Virðulegi forseti. Ólíkt ríkisstjórninni teljum við neytandann nokkuð skynsaman, að hann láti ekki bjóða sér fréttir sem bornar eru fram af eigendum fjölmiðlanna. Ég tel að neytendur sjái með einföldum hætti í gegnum slíkt og eftirspurnin tryggi þannig hið ritstjórnarlega frelsi blaðamanna frá eigendum sínum. Neytandinn er gagnrýninn og nokkuð vel með á nótunum. Það þarf ekki að hafa vit fyrir neytendum með ritskoðun, eins og skein í gegn í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar í gær þegar hann kallaði þennan gjörning neytendavernd. Aðhald frá neytendum með kaupum þeirra á miðlunum ásamt gagnsæi í eignarhaldi og lög eða reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði mundu að mínu mati skila tilætluðum árangri. Ríkisvaldið þarf ekki að ritskoða ofan í neytendur efni með því að dæma ákveðna fjölmiðla og starfsmenn þeirra góða eða vonda, eins og gert hefur verið í þessari umræðu. Það er ekki hlutverk ríkisins að gera slíkt.

Með þessu frv. er gagnsæi alls ekki tryggt. Öllu heldur og þvert á móti tel ég auknar líkur og hættu á því að fjármagnið geti farið neðan jarðar og komið með krókaleiðum inn í fyrirtækin vegna þess að það er verið að setja óeðlilegar hömlur á markaðinn. Það er mikil hætta á að ekki verði nægilega ljóst fyrir neytandanum hverjir eigi miðlana. Varla viljum við sjá hér einhvers konar neðanjarðareignarhald eða krókaleiðir fram hjá lögum þessum. Þetta eru, virðulegi forseti, vond lög sem ganga allt of langt og eru allt of harkalegt inngrip inn í markaðinn. Þess vegna er hætta á að við munum sjá ýmsar leiðir sem notaðar verða til að komast fram hjá þessum lögum. Það eru margar leiðir til að komast fram hjá þeim af því að frv. er illa unnið og skilur eftir allt of marga lausa enda í öllum þessum asa.

Sjálfstæð ritstjórn verður ekki tryggð með þessu frv. Ég vil í því sambandi vísa í mál Herdísar Þorgeirsdóttur sem kom á fundi hjá menntmn. Hjá henni kom fram að fjölmiðlum megi stýra af öflum annars staðar frá, sé þak sett á eignarhaldið og því þurfi að setja lög um sjálfstæði ritstjórna. Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði hún jafnframt að hætta verði á því að lögin verði marklaus vegna þess að þau gangi of langt og líklegt sé að farið verði í kringum þau. Lagafrv. er mjög takmarkað, harkalegt og nær ekki utan um allar hliðar málsins. Þetta fannst mér sannfærandi ábending hjá Herdísi, enda er hún einn af okkar helstu sérfræðingum í fjölmiðlum og lagasetningu þeim tengdum.

Virðulegi forseti. Hugtakið fjölbreytileiki hefur mikið borið á góma í þessari umræðu. Ég tel ljóst að hann verði ekki tryggður með þessu frv. eins og ég hef rakið áður. Ég kalla eftir því að stjórnarliðar segi mér hvernig á að tryggja áframhald þess fjölbreytileika í framboði sem sjálfur menntmrh. hefur viðurkennt að er til staðar. Hvernig á að tryggja hann? Hvernig tryggir þetta frv. fjölbreytileika í íslenskri dagskrárgerð? Þessu hefur ekki verið svarað en yfir þeim miðlum sem fyrir eru vofir bullandi samkeppni frá erlendum stöðvum sem lítið eða ekkert eftirlit er með.

Vegna samkeppninnar utan frá verða mörg fyrirtæki hér á landi stór. Hér er örmarkaður og þetta einkenni er þekkt og viðurkennt. Ég tel að hér sé byrjað á kolvitlausum enda, ætli menn að auka eða verja fjölbreytni. Virðulegi forseti. Ef einhver fjölbreytileiki kemur út úr þessu tel ég að það verði frekast fjölbreytileiki í leiðum fram hjá lögunum eða fjölbreytileiki í stefnum á hendur ríkinu vegna þess að þessi lög ganga allt of langt. Þetta yrðu hálfsúrrealísk lög, verð ég eiginlega að segja og ekki í takti við nokkuð það sem gerst hefur í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Mér þykir þetta frv. ganga allt of nærri tjáningarfrelsinu og lykta af ritskoðun þegar ummæli ráðamanna um þá fjölmiðla sem frv. snertir eru skoðuð. Lögspekingar, nánast allir nema einn, hafa sagt frv. brjóta í bága við stjórnarskrá, brjóta gegn eignarrétti því að gildistökuákvæðið muni leiða til þess að leyfi verði afturkölluð eða tekin af einu fyrirtæki. Sum leyfin renna ekki út fyrr en 2009 en lögin eiga að taka gildi 2006. Það er því klingjandi klárt að frv. er afturvirkt að því leyti.

Svo ég vitni aftur til máls Herdísar Þorgeirsdóttur á fundi menntmn. þá kom fram að leyfi er eign, samkvæmt mannréttindasáttmála sem við erum aðilar að. Það kom einnig fram í máli Sigurðar Líndals á sama fundi að þetta ákvæði væri klárt brot á atvinnufrelsi. Virðulegi forseti. Mér finnst mikilvægt að hlusta á þessa fróðu einstaklinga þegar svo mikið er í húfi. Það hefur ekki verið gert heldur á að halda áfram að keyra þetta mál í gegn á leifturhraða.

Virðulegi forseti. Það er einnig ljóst að þetta mun hafa mikil áhrif á hagsmuni hluthafanna í þessu fyrirtæki sem eru nota bene fleiri en bara Baugur. Það hafa komið upp álitamál um að verði frv. að lögum við núverandi aðstæður verði þetta fyrirtæki ekki tækt til að fara á markað í Kauphöllinni eins og stefnt var að. Það er því klárlega, virðulegi forseti, verið að rýra eignir þessa fólks og málið snýst því að einhverju leyti um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Fleiri stór álitamál eru uppi vegna þessa frv. Vil ég þar nefna að ekki var tekið tillit til EES-samningsins og ákvæða hans við samningu þessa frv. Það finnst mér vera mikið gáleysi. Með leyfi forseta vil ég vitna til umsagnar Stefáns G. Þórissonar hæstaréttarlögmanns þar sem hann fjallar um frv. og EES-samninginn, sem mér finnst „súmmera" það ágætlega upp:

„Frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum felur í sér mjög víðtækar takmarkanir á því viðskiptafrelsi sem EES-samningurinn kveður á um samkvæmt ofangreindu. Með vísan til þeirra röksemda sem fram koma hér að ofan, fela þær í sér takmarkanir sem telja verður að brjóti gegn ákvæðum ESS-samningsins um stofnsetningarrétt, jafnvel þótt þær feli ekki í sér mismunun á grundvelli þjóðernis. Ýmis sjónarmið almannahagsmuna geta síðan mögulega réttlætt takmarkanir af þessu tagi, svo sem samkeppnissjónarmið, menningarsjónarmið og þörfina á að viðhalda fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Þegar slík sjónarmið eru metin verður þó að hafa í huga meðalhófsregluna, þ.e. takmarkanirnar mega ekki ganga lengra en nauðsyn ber til. Vart fæst séð að þær takmarkanir sem frumvarpið kveður á um þurfi að ganga jafnlangt og raun ber vitni, til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með lögunum."

Virðulegi forseti. Allt of margt hefur komið fram sem kallar á ítarlegri skoðun málsins. Það er ljóst að ríkisstjórnin er að keyra þetta mál í gegn án þess að freista þess að ná samstöðu eða eiga samræðu við þjóðina og umsagnaraðila um málið. Meira að segja heil flokksfélög stjórnarflokkanna, Framsóknar og Sjálfstfl., hafa ályktað gegn þessari málsmeðferð og má þar nefna stjórn Framsóknarfélags Garðabæjar og Bessastaðahrepps. Ungir framsóknarmenn hafa mótmælt þessu, ungir sjálfstæðismenn, Sjálfstæðisfélag Hlíða- og Holtahverfis og Heimdallur svo einhverjir séu nefndir. Stjórnarherrarnir tala ekki einu sinni við sína eigin flokka um þetta mál. Það logar allt, virðulegi forseti, í ágreiningi og mótmælum. Umsagnir og ályktanir gegn þessu máli hafa borist víða að, enda ekki að undra að fólki ofbjóði bæði vinnulagið, aðdragandinn og ekki síður hversu langt er gengið. Hér er harkalega vegið að grundvallarþáttum í tilveru okkar, t.d. tjáningarfrelsinu.

Ég vil hvetja ríkisstjórnina til að láta af þessu stríði sem hún hefur hafið í okkar litla samfélagi og draga málið til baka. Ef menn hefðu viljað gera þetta vel þá lægju til grundvallar rannsóknir í blaðamennsku og lægju heildrænar úttektir, t.d. með tilliti til tækniþróunar og fleiri þátta. Það væri búið að ganga úr skugga um að þetta frv. bryti ekki í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Fleiri atriði mætti telja til. Þetta hefðu menn gert ef gera hefði átt vel. Það hefði verið tekið tillit til EES-samningsins og gerð úttekt á frv. með tilliti til hans. Ekkert af þessu höfum við fengið frá hæstv. ríkisstjórn, ekkert. Við höfum hins vegar umsagnir málsmetandi aðila í þjóðfélaginu, t.d. Alþýðusambands Íslands, Samkeppnisstofnunar, Verslunarráðsins og annarra þar sem þessu frv. er mótmælt í þeirri mynd sem það er.

Virðulegi forseti. Ég tel að ríkar ástæður þurfi til að grípa inn í markaðinn með svo afgerandi hætti. Ég sé ekki neina hættu til staðar sem krefjist þess að málið sé keyrt áfram með þeim látum sem gert er. Þetta hefur líka verið gert á svo grófan hátt. Nefndastörf þingsins hafa verið vanvirt, ekkert samráð haft við fagaðila, gróflega hefur verið vegið að starfsheiðri manna, ekkert tillit tekið til umsagna og mótmæla og meðalhófsreglunni hent fyrir róða. Þetta er aldeilis árangur. Málið hefur alls ekki fengið eðlilega meðferð og umfjöllun og alls verið ekki unnið í sátt og friði. Ég tel að fórnarkostaður þessa frv. sé allt of hár og hann geti haft áhrif á störf fjölda manna og gert fjölmiðlamarkaðinn einsleitan. Ég tel að gengið sé of nálægt tjáningarfrelsinu, atvinnufrelsinu, eignarréttinum og öðrum almennum mannréttindum, virðulegi forseti.

Hér gengur ríkisvaldið allt of langt í inngripum í markað sem er þegar skekktur vegna starfsemi Ríkisútvarpsins, markað sem hefur ekki möguleika til útrásar út fyrir landsteinana og hefur litla möguleika á að svara samkeppni utan frá og takmarkaða möguleika til að stækka. Markaðurinn er til þess allt of lítill, íslenskur markaður er örmarkaður.

Í lokin vil ég enn og aftur minna á að fjöldi starfa er settur í uppnám. Þetta frv. getur riðið frjálsum fjölmiðlum að fullu og við skulum ekki gleyma því að fjölmiðlar eru það fólk sem á þeim starfar. Hjá fyrirtækinu sem á að brjóta upp með þessu frv. starfar fólk sem hefur sérhæft sig á fjölbreyttum sviðum, fjölbreyttum sviðum í iðnaði, menningariðnaði.

Að lokum, virðulegur forseti. Ég tel að það verði myrkur dagur í Íslandssögunni verði þessi lög að veruleika því að þetta mál lyktar allt af ritskoðun og einbeittum vilja ríkisvaldsins til að hafa áhrif á það hvaða fjölmiðlar lifa eða deyja. Það getur ekki boðað gott.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:32]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja seinni ræðu mína í 2. umr. eins og ég hóf fyrri ræðu mína, á því að lýsa því yfir í upphafi máls míns að við í Frjálsl. erum algjörlega andsnúnir fjölmiðlafrumvarpinu. Verði það samþykkt þá munum við vinna að því að afnema það ef við komumst til valda.

Varðandi spurninguna um hvort rétt sé að setja skorður við samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla þá getum við í Frjálsl. stutt það, þ.e. ef reglurnar eru settar með sanngjörnum hætti. Nú vill svo til að einn þingmaður Frjálsfl. lagði til að farið yrði yfir það hvernig setja ætti reglur. Hér var flutt þáltill. þess efnis. Það var sá sanngjarni heiðursmaður, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sem flutti þá tillögu ásamt hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og hv. þm. Drífu Hjartardóttur frá Sjálfstfl. Hún er á frelsislistanum fræga. Ég ætlaði nú að benda ... (**GAK:** Hvað er það?) Á frelsislistanum fá þingmenn Sjálfstfl. stig miðað við það hversu þingmál þeirra þykja stefna í frelsisátt. Ég ætlaði einmitt að vekja athygli þeirra sem halda utan um þennan lista. Ég hefði talið að það ætti að telja hv. þingmanni Drífu Hjartardóttur það til tekna að hafa flutt þessa þáltill. ásamt hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, Hjálmari Árnasyni, Steingrími J. Sigfússyni o.fl.

Þess má geta að Hjálmar Árnason er einn af fáum stjórnarliðum sem tekið hefur til máls í þessu máli. Sú ræða var tímamótaræða og fjallaði m.a. um Berlusconi. Ég tel að ef hv. þm. Hjálmar Árnason hefði hlýtt á ræður stjórnarandstæðinga þá hefði sú ræða e.t.v. verið á annan veg. Það hefur komið fram í umræðunni, m.a. í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að frv. sem hér um ræðir leyfir að einstaklingar geti átt stóran eignarhlut í fjölmiðlum. Enginn stjórnarliða hefur borið á móti því. Ég ætla því að svo geti verið. Hvað sem því líður má ætla að hv. þm. Drífa Hjartardóttir ætti nú að færast upp listann og ýmsir sem eru ofarlega á listanum ættu að færast neðar, eftir umræðuna um þetta frumvarp.

Ég ætlaði að byrja á að lesa þessa ágætu þáltill. en áður en ég geri það vil ég gæta sanngirni og geta þess að Samf. flutti einnig tillögu um fjölmiðla. Það er því með ólíkindum að menn hafi ekki tekið saman höndum, allir flokkar þingsins, um einhverja tillögu. Það er ríkur vilji fyrir því að taka á þessum málum og setja sanngjarna og eðlilega umgjörð um starfsemi fjölmiðla. Þá ætti einnig að horfa til ríkisfjölmiðlanna og undanskilja þá ekki. Ég veit ekki betur en að þrátt fyrir ástandið á Ítalíu sé umræddur Berlusconi í miklum vinskap við hæstv. forsrh. og hann hefur einmitt líka tögl og hagldir á ríkisfjölmiðlunum. Ég tel að við verðum að skoða heildarmyndina.

Þáltill. sem umræddir þingmenn fluttu er að finna á þskj. 485. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstur hér á landi. Nefndin kanni m.a. eftirfarandi atriði sérstaklega:

a. hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo

sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila,

b. hvort setja beri sérstök ákvæði í lög sem tryggi fullt gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,

c. hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, t.d. á sviði fjármálaþjónustu,

d. löggjöf og starfsskilyrði fjölmiðla í nálægum löndum með hliðsjón af markmiði nefndarstarfsins.

Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, menntamálaráðuneytið og aðra aðila er málið varðar. Nefndin skal hraða vinnu sinni sem kostur er og ljúka störfum með skýrslu og eftir atvikum tillögum til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Samkvæmt þessari tillögu, sem kom fram í haust, var hugmyndin að hafa samráð og koma á sanngjörnum leikreglum. Það er þveröfugt við þau vinnubrögð sem höfð voru uppi við samningu umræddrar fjölmiðlaskýrslu sem þetta frv. hvílir að mestu á.

Varðandi það hvort sé rétt að setja skorður við samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla þá getum við í Frjálsl. stutt það, eins og ég sagði áður. Við teljum rétt að skoða það. Við höfum hins vegar velt fyrir okkur þeirri spurningu hvort eignarhald hafi áhrif á efnistök fjölmiðla. Ég ætla alls ekki að útiloka að svo sé, a.m.k. hefur það komið fram í fjölmiðlum að reynt hafi verið, af eigendum sjónvarpsstöðvarinnar Skjás 1, að hafa áhrif á efnistök þáttarins Silfur Egils.

Ég vil fá að lesa upp grein sem skrifuð var af fjölmiðlamanninum Agli Helgasyni. Ég ætla að grípa niður í greinina þar sem fram kemur að reynt hafi verið að hafa áhrif á efnistök, með leyfi forseta:

„Svo komu nýir herrar og tóku við Skjá 1. Þeir sem sveima nú eins og hrægammar yfir Stöð 2. Virðast vera stjórnarherrunum svo þóknanlegir að enginn mun amast við því þó þeir taki yfir alla ljósvakaflóruna. Ég hugsa mér af þessu tilefni að birta minnisblað téðum eigendum Skjásins um hvernig þeir sáu fyrir sér Silfur Egils fyrir alþingiskosningarnar í fyrra. Tel að þetta eigi erindi inn í umræðuna.

Þetta eru menn sem þoldu ekki gagnrýnið tal um Landsvirkjun, áttu ekki til nógu háðuleg orð yfir náttúruverndarsinna sem komu í þætti hjá mér. Þeir voru flestir „geðveikir". Mér var seinna tjáð að þeir eigi hagsmuna að gæta í stóriðjuframkvæmdum. Þeim fannst óþolandi ef maður talaði um ríkisstjórnina, forustu Sjálfstæðisflokksins eða Framsóknarflokksins í öðru en lotningartóni — en urðu súrir ef maður kallaði Ingibjörgu Sólrúnu annað en „kerlinguna".

Misstu sig svo alveg rétt fyrir kosningarnar í fyrra. Þá voru reyndar margir að fara á taugum. Héldu kannski að þátturinn minn myndi skipta sköpum um úrslitin.

Að lokum var svo illa komið að þeir ætluðu að setja blaðamann frá DV til höfuðs mér — einhver náungi þaðan átti að sitja við hlið mér í hverjum einasta þætti, passa upp á að allt færi vel fram. Á þeim tíma voru þessir menn í þann mund að drepa DV með því að leggja ónýta flokkskrumluna á blaðið.

En sem sé — hafi menn einhvern tíma velt fyrir sér ástæðunum fyrir því að menn kaupa sig inn í fjölmiðla, hvort það er spurning um peninga eða völd, þá er þetta skólabókardæmi. Þetta er fjárfesting sem skilar litlum hagnaði en góð til að raupa af á sjöunda glasi á Rauða ljóninu. Eða kannski á pöbbum í London?

Rétt er að taka fram að þáverandi framkvæmdastjóri varð fokvondur þegar ég vildi ekki taka þessum fyrirmælum. Hótaði þá uppsögn — sem síðar gekk eftir. Hef ég aldrei átt í öðrum eins samskiptum við yfirmann á fjölmiðli. Læt þess þá getið að ég hef unnið nokkuð lengi og mikið hjá Stöð 2/Bylgjunni og aldrei átt nema stutt kurteisissamtöl við Jón Ólafsson eða Jón Ásgeir Jóhannesson.

Silfur Egils síðastliðið vor átti að vera í formi kynningar á stjórnmálaflokkunum, svona var minnisblaðið:

„Síðustu þættirnir fyrir kosningar:

10 mínútur: Saga flokksins, hvaðan þeir komu — gamlir leiðtogar, viðtöl o.s.frv.

10 mínútur: Hvar stendur flokkurinn í tíu stærstu málunum, t.d. ESB? Mismunandi þingmenn svara hverju máli.

30 mínútur: Egill og blaðamaður ræða við formanninn.

2–5 mínútur: Spurningar sendar inn á netinu.

5 mínútur: Af hverju eiga Íslendingar að kjósa flokkinn? Formaðurinn talar í vélina til þjóðarinnar ... Til að gæta fullar sanngirni getum við síðan notað þetta í brot — þannig fá allir jafnan séns?"

Nú velti ég því fyrir mér hvort ég verði kallaður fyrir allsherjarnefnd Alþingis seinna í dag til að segja þessa litlu sögu af samskiptum fjölmiðlamanns og eigenda? Á 23 ára blaðamennskuferli hef ég ekki kynnst öðru eins."

Þess bera að geta að þessi tilraun eigenda Skjás 1 mistókst. Þeir náðu ekki að hafa tilætluð áhrif á umræddan þátt, Silfur Egils. Það segir okkur að menn geta ekki gengið að því sem vísu, þótt þeir séu eigendur að fjölmiðli, að hafa áhrif á ábyrga blaðamenn. Vera kann að meint áhrif eigenda séu ofáætluð. A.m.k. láta ekki allir bjóða sér slík vinnubrögð og hafa sagt upp störfum. Ég veit ekki betur en umræddur þáttur hafi flutt sig um set, yfir á aðra sjónvarpsstöð.

Það er hins vegar sérstakt að fram hafa komið ásakanir, m.a. frá stjórnendum Norðurljósa sem fjölmiðlafrumvarpið beinist gegn, um að reglurnar séu sérsniðnar fyrir eigendur Skjás 1. Ég ætla að lesa upp frétt þess efnis sem flutt var í Ríkisútvarpinu. Stjórnendur Norðurljósa segja þar að breytingartillögurnar séu enn í þá átt að vera sérsniðnar að eigendum Skjás 1 þannig að þeir geti mögulega tekið yfir rekstur Norðurljósa. Í fréttum Ríkisútvarpsins 11. maí þá kom fram, og ég ætla að lesa upp fréttina, með leyfi forseta:

„Stjórnarformaður Norðurljósa segir að breytingar þær sem allsherjarnefnd gerði á fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar séu klæðskerasniðnar fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið. Hann segir að fyrirtæki Norðurljósa séu alveg jafnilla sett og þau voru áður en frumvarpinu var breytt. Í engu hafi verið komið til móts við ábendingar félagsins.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður Norðurljósa, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvernig verði brugðist við verði fjölmiðlafrumvarpið samþykkt í þeirri mynd sem það er nú.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður Norðurljósa: En ef þetta verður að lögum, þá þurfum við að setjast yfir það og ákveða nákvæmlega hvað það er sem tekur við.

Skarphéðinn Berg segir að breytingar þær sem allsherjarnefnd gerði séu sérsniðnar fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið sem rekur Skjá 1."

Síðar í fréttinni segir Skarphéðinn Berg Steinarsson:

„Þau eru hins vegar sérsniðin að rekstri eða eignarhaldi hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu, bæði 5% reglan og 2 milljarða

arða reglan, hentar ágætlega fyrir þeirra hluthafahóp og augljóst að það á henta honum."

Jóhanna Margrét Einarsdóttir spyr: „Geturðu útskýrt það nánar?" og Skarphéðinn Berg svarar: „Ja, 5% er þannig að einn hluthafi í Íslenska sjónvarpsfélaginu er með rétt innan við 5% hlut og er jafnframt í markaðsráðandi stöðu, það er Íslandsbanki. Nú, IKEA, sem er í eigu sömu aðila og á rétt innan við 25% er með veltu sem er aðeins innan við 2 milljarða."

Jóhanna spyr: „Áttu von á því að þeir eignist þá Norðurljós í framhaldinu?"

Skarphéðinn Berg Steinarsson svarar: „Ja, eins og fram hefur komið þá hafa hluthafar eða eigendur Íslenska sjónvarpsfélagsins og þeir sem standa að því félagi í mörg, mörg ár, haft áhuga á því að komast yfir Íslenska útvarpsfélagið. Kannski eru þessi lög sérsniðin til þess að það gangi eftir."

Ég tel að því verði að svara betur hvort svo er. Það eru náttúrlega gerræðisleg vinnubrögð ef þetta reynist rétt. Ég tel að formaður allshn. ætti að koma og skýra frá því hvort þetta sé í raunin. Ég hefði talið eðlilegt, þegar svo miklar ásakanir eru settar fram, að menn greini frá því og segi okkur hvaða málefnalegar ástæður voru fyrir þessari 5% reglu. Ég hef ekki heyrt hana. Aldrei. Hvers vegna ekki 6%? Hvers vegna ekki 7%? Hvers vegna voru mörkin dregin við 5%?

Mér finnst að þeir sem lögðu fram breytingartillögurnar ættu að koma í þingsalinn og skýra það nánar. Ég hef ekki orðið var við það. Menn eru að kvarta yfir að efnislega umræðu skorti. Ég óska eftir því að formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, greini okkur frá þessu: Hvers vegna 5% og hvers vegna voru mörkin dregin við 2 milljarða?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill af þessu tilefni geta þess að þeim skilaboðum verður komið til formanns allshn., hv. þm. Bjarna Benediktssonar, að þingmaðurinn hafi í hyggju að beina orðum sérstaklega til hans.)

Það væri gott að hann kæmi og greindi frá þessu. Þetta er mikilsvert í umræðunni og ég fagna því ef stjórnarliðar koma og ræða efnisatriði málsins. Það hefur skort á það. Ég verð að þakka það að þeir komi loksins hingað í ræðustól og ræði þetta.

Það hefur nú samt sem áður komið fram að eigendur Skjás 1 eru í náðinni hjá hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni. Það vekur upp spurningar um raunverulegan tilgang þessa frumvarps. Yfirlýstur tilgangur þess er að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og tryggja að auglýsendur beri ekki skarðan hlut frá borði. Ég hefði talið að menn ættu að reyna að ná því markmiði með eins vægum aðgerðum og mögulegar eru. Menn ættu að gæta meðalhófs. Ég sat í allshn. og hefði viljað fá frekari umræðu um það hvort ekki væri hægt að ná yfirlýstum markmiðum um fjölbreytni með vægara móti.

Ég tel að það skorti á að meiri hluti allshn. greini okkur frá því hvaða úrræði komu til greina. Það kemur fram í umræddri fjölmiðlaskýrslu að fyrsta tillagan var að efla Ríkisútvarpið. Hvers vegna var það ekki þá fyrsta tillagan í frumvarpinu? Hvers vegna var þá ekki þáttur Ríkisútvarpsins skoðaður? (**HBl:** Þetta fjallar ekki um Ríkisútvarpið.) Þetta fjallar um fjölmiðla og hvernig eigi að auka fjölbreytni fjölmiðla. Ég taldi svo. Kannski staðfesta þessi orð hv. forseta þingsins að þetta fjalli um eitthvað allt annað. (**HBl:** Ég vona að þingmaðurinn sé læs.) Þessi orð forseta þingsins eru svolítið sérstök. Þetta er náttúrlega ekki í fyrsta skipti sem maður sem á að stjórna fundum og sjá til að allt fari vel fram, er á mörkum þess að vera beinlínis dónalegur. Ég tel það að það verði ekki til framdráttar fyrir stjórn þingsins. Hann fór í fréttum í gær með hrein ósannindi um hvernig störf gengju fyrir sig á þingi. Mér finnst það ámælisvert að maðurinn sem á að gæta að því að allt fari eftir settum reglum, á að vera fyrirmynd okkar, komi og hreyti einhverjum ónotum í menn í ræðustól. Mér finnst þetta með ólíkindum.

Þótt hv. þm. sé með ósannindi og ónot vil ég upplýsa hv. þm. Halldór Blöndal um að ef hann biðst afsökunar þá er ég tilbúinn að taka það til greina. Ég tel að hann yrði meiri maður ef hann gerir það. Ég á hins vegar ekki von á því, eftir samskiptin undanfarna daga, að hv. þm. brjóti odd af oflæti sínu. En það væri ánægjulegt ef svo færi. Lengi skal manninn reyna.

Það var athyglisvert að starfa í allshn. og taka þátt í þeirri vinnu eða leikaraskap sem fram fór í tengslum við þetta mál. Þar voru kallaðir inn fjölmargir sérfræðingar á sviði fjölmiðla og nánast allir sögðu að þetta væri ótækt frumvarp. Eftir því sem ég best veit komu 45 einstaklingar fyrir nefndina fyrir hönd ýmissa hagsmunaaðila, sérfræðingar í stjórnskipunarrétti og hæstaréttarlögmenn. Það var allt á eina bókina lært. Þetta var talið ómögulegt frumvarp og allt of skammur frestur gefinn. Frv. var sent út til 80 aðila og ég er sannfærður um að við hefðum fengið mun fleiri og vandaðri umsagnir ef umsagnaraðilum hefði verið gefinn rýmri tími. Það var undantekningarlaust kvartað yfir því að ótækt væri að fá tvo eða þrjá daga til að skrifa umsögn um svo viðamikið efni. Það má geta þess að það tók fjögur ár í Noregi að vinna slíka löggjöf. Hér tók hún nokkrar vikur. Þetta er náttúrlega með ólíkindum.

Ekki voru þó allar umsagnir neikvæðar, á því voru undantekningar. Það á t.d. við um samkeppnisaðilana. Það má segja að þeir einir hafi verið jákvæðir í garð frumvarpsins. Það segir náttúrlega sína sögu. Allir aðrir sögðu að þetta væri á mörkum þess að vera stjórnarskrárbrot og brot á Evrópureglum, m.a. sendi Evrópuréttarstofnunin við Háskólann í Reykjavík inn erindi. Ég ætla að lesa brot úr því. Það var mjög athyglisverð umsögn. Ég hefði talið að ef þessi leikaraskapur væri ekki í gangi og menn væru ekki eingöngu að þjóna hæstv. forsrh. með því að keyra þetta frv. í gegn þá hefðu menn staldrað við eftir að hafa fengið slíka umsögn. Það er með ólíkindum að í nefndinni skuli starfa löglærðir menn, hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Jónína Bjartmarz, sem keyrðu þetta mál í gegn. Eftir að hafa fengið svo neikvæðar umsagnir varðandi málið er með ólíkindum að menn skyldu ekki staldra við og skoða þau atriði nánar. En í umsögn Evrópuréttarstofnunar segir, með leyfi forseta:

„Framangreind beiðni allsherjarnefndar Alþingis er dagsett 4. maí 2004 og barst Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík 5. maí. Óskað var svars eigi síðar en 7. maí. Ljóst er að þessi tímarammi hefur sniðið Evrópuréttarstofnun HR mjög þröngan stakk og að á umræddum tíma var ekki hægt að gera viðeigandi efnisréttarlegum álitaefnum Evrópu- og EES-réttarins forsvaranleg skil. Þannig hefur Evrópuréttarstofnunin nálgast málið með þeim hætti að skoða á hvaða reglur Evrópu- og EES-réttarins gæti helst reynt í samhengi framkomins frumvarps. Þær reglur sem helst koma til álita eru eftirfarandi:

1. Reglur ESB- og EES-réttar um staðfesturétt.
2. Reglur ESB- og EES-réttar um þjónustufrelsi.
3. Meginreglur ESB- og EES-réttarins" — o.s.frv.

Síðan segir:

„Niðurstaða könnunar Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík á þeim réttarreglum sem tilgreinar eru hér að ofan er sú að ekki sé hægt að slá því föstu að frumvarp það sem fyrir liggur samræmist að öllu leyti ofangreindum reglum. Áreiðanleikastig niðurstöðunnar er vissulega í samræmi við þann stutta fyrirvara sem stofnunin hefur haft til að skoða málið. Það er engu að síður mat hennar að tvímælis geti orkað, frá sjónarhjóli EES skuldbindinga Íslands, að lögtaka frumvarpið án frekari skoðunar á þessum atriðum."

Ég hefði talið að eftir að hafa fengið slíka umsögn ættu menn að staldra við og huga að því hvort ekki ætti að fara í enn frekari könnun. Nei, því var algjörlega hafnað, að vísu eftir umhugsunarfrest. Það þurfti að heyra í þeim sem formaður allshn. starfaði í umboði fyrir, eins og hann kallaði það. Mér þótti það afar sérstætt. Ég gat ekki skilið það öðruvísi en hann þyrfti þó að heyra í hæstv. forsrh. og ef svo hefur ekki verið þá vildi ég að hann skýrði frá því í andsvari á eftir.

Það komu fleiri heldur en sérfræðingar á sviði Evrópuréttar til fundar við nefndina. Þangað komu fjölmargir sérfræðingar á sviði lögfræði og töldu að ýmis ákvæði í frumvarpinu stæðust ekki stjórnarskrá. Einkum var dregið í efa að nokkrar greinar frumvarpsins stæðust 72. gr. stjórnarskrár, varðandi eignarréttarákvæðin. Eignarrétturinn er friðhelgur.

Talið er álitaefni hvort lögin mundu brjóta í bága við 72. gr. Einnig 73. gr., um skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi. Ég hefði talið eðlilegt að skoða það nánar eftir ábendingar um að frv. gæti brotið í bága við tvær og jafnvel þrjár greinar stjórnarskrárinnar, einnig var talað um 75. gr., um atvinnufrelsi, sem er eitthvað á þá leið að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Ef ég man rétt kom það fram í ræðu hv. þm. Bjarna Benediktssonar að hann talaði um einhverja vá. Ég tel það algjörlega fullvíst að í huga almennings er ekki vá fyrir dyrum. Það sér enginn hvaða almannahagsmunir krefjast þess að fara út í þessar breytingar. Það væri óskandi að hv. þm. Bjarni Benediktsson skýrði okkur frá því. Hann hefur verið krafinn svara um það hvað eftir annað. Mér hafa fundist svörin mjög óskýr hvað það varðar. Ég átta mig ekki á því hvaða almannahagsmunir krefjast þessa, hvaða vá er hér uppi.

Að vísu hefur komið fram, svo maður gæti sanngirni, að menn hafa veifað hér DV. Hæstv. félmrh. gerði það og talaði um að það þyrfti að stöðva þennan fréttaflutning. Ég sé ekki að það sé mikil vá þó DV komi út á hverjum degi. Hins vegar er greinilegt að stjórnarmeirihlutinn er hræddur við DV. Það er eitthvað sem þarf að stöðva með lagasetningu, og ekki lagasetningu sem komið er á eftir yfirvegaða umræðu. Nei, hún er sett í einum spreng. Hún hefði samkvæmt því sem meiri hlutinn vildi átt að vera búin. Er ekki eðlilegt að fara vel yfir lagasetningu um fjölmiðla? Menn tala um þá sem fjórða valdið. Við sjáum að nágrannaþjóðirnar taka mörg ár í slíka lagasetningu og þar eiga allir aðild að slíkri umræðu. Þessi mál eru ekki lokuð af í þröngum hópi stjórnarflokkanna og tveggja lögfræðinga, eins og nefndin var skipuð.

En fyrst við erum að ræða um stjórnarskrána þá vil ég nefna að þegar ég tók sæti á Alþingi sór ég eið að stjórnarskránni. Ég tók það alvarlega en svo virðist sem sumir aðrir þingmenn hafi talið það léttvægan atburð að sverja eið að stjórnarskránni. Þegar farið er fram á það, eftir að svo stórar athugasemdir eru setta fram um hvort þetta frv. standist stjórnarskrána, þá fara menn ekki í yfirlegu og skoða það eða biðja um lögfræðiálit. Nei, því er algjörlega hafnað.

Ég velti því fyrir mér hver ástæðan er fyrir því að skoða ekki rækilega og fara vel yfir það hvort hætta er á að menn séu að brjóta stjórnarskrána, sérstaklega þegar menn hafa svarið eið að henni. Ég átta mig ekki á því. Það hlýtur að vera einhver vá yfirvofandi, og því hefur verið haldið fram. En eina váin sem bent hefur verið á er DV. Það er náttúrlega með ólíkindum ef það er váin. Er það DV sem verður að stöðva? Eða getur hv. þm. Bjarni Benediktsson svarað því?

Við höfum ekkert komist nær því við hvað nákvæmlega er átt. Hvers vegna er þessi hraði? Það botnar enginn í því. Að vísu kom það fram hjá Arnbjörgu Sveinsdóttur að það væri ekki eingöngu þessi vá sem kallaði á að hafa hraðar hendur heldur einskær tillitssemi, ef ég skildi hana rétt. Það kom fram í útvarpsviðtali á Bylgjunni, við starfsfólk Norðurljósa, að fólkið sem ynni hjá Norðurljósum þyrfti að fá að vita fljótt og örugglega hvar það stendur og það væri einnig gott fyrir viðskiptalífið. Mér finnst þetta aum rök, algjörir útúrsnúningar og ekki þingmönnum til sóma að halda slíku fram. Mér finnst lítið gert úr umræðunni með þeim málflutningi og tilraunum til að snúa út úr. Ég get ekki séð að þetta frv. sem við erum að ræða hér verði starfsfólkinu til bóta. Mér finnst í raun að hv. þm. ætti, rétt eins og ég fór fram á að hv. þm. Halldór Blöndal gerði, að koma hér í þennan ræðustól og biðjast afsökunar á orðum sínum.

Menn hafa verið að velta þessu máli fyrir sér í sambandi við það hve mikil ábyrgð hvílir á verkstjóra nefndarinnar, hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni allshn., varðandi vinnulagið í kringum þetta mál. Þegar hann hefur verið spurður hvort hann ætli að axla einhverja pólitíska ábyrgð á málinu þá finnst mér ekki vera mikið um svör. Þá er slegið úr og í og talað út og suður. Svarið verður illskiljanlegt. Mér finnst það ekki vera mikill manndómsbragur að geta ekki staðið við verk sín og sagt: Ég ætla að taka ábyrgð. Nei, það er slegið úr og í og svarið verður óskiljanlegt.

Aftur að stjórnarskránni. Ég ætla að lesa 26. gr. stjórnarskrárinnar sem er athyglisverð. Hún fjallar um málskotsréttinn sem svo hefur verið nefndur og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Ég hef velt þessu máli mikið fyrir mér, hvort forseti okkar, herra Ólafur Ragnar Grímsson, eigi að beita þessari heimild. Ég er eiginlega kominn á þá skoðun. Mér finnst hann eigi að beita þessari heimild. Ég held að þetta sé gott mál til að láta reyna á þessi ákvæði. Ég geri þó þann fyrirvara að þetta frv. taki breytingum í skynsamlega átt, sem ég vonast enn til, að mennirnir sjái að sér. Það gæti orðið til þess að hann þurfi ekki að beita þessu ákvæði. Mér finnst hins vegar skynsamlegt að beita þessu ákvæði og skjóta þessu máli til þjóðarinnar vegna þess að vinnan í kringum frv. hefur verið með ólíkindum og hefur verið alger handarbakavinna.

Maður hefur fylgst með fréttaflutningi undanfarið og ég verð að segja að ýmis ummæli sem hæstv. utanrrh. hefur

haft um það hvort beina eigi málinu til þjóðarinnar og leggja undir atkvæði hennar hafa í raun verið móðgandi. Þau hafa verið hæstv. utanrrh. til vansa. Það eru ekki einungis stjórnarandstæðingar sem vilja falla frá þessu frv. Það hefur ítrekað komið fram. Mörg flokksfélög beggja stjórnmálaflokka hafa lýst yfir mikilli andstöðu við frumvarpið. Ég hef áður minnst á eina helstu vonarstjörnu Framsóknarflokksins, lögfræðinginn Jón Einarsson á Sauðárkróki. Hann hefur skrifað merka grein um þetta mál í vefritið Maddömuna, sem er vefrit ungra miðjumanna. Það er skemmst frá því að segja að því vefriti hefur verið lokað. Mér tókst samt að komast yfir ritgerð Jóns og á henni er að skilja að þetta sé mjög slæmt frumvarp og mikil ósátt meðal framsóknarmanna um umrætt frumvarp. Jón Einarsson segir þar, með leyfi herra forseta:

„Samkvæmt fréttum hefur þingflokkur Framsóknarflokksins samþykkt frumvarpið fyrir sitt leyti. Það verða að teljast ill tíðindi. Frumvarpið er eins og að ofan segir ófrelsisfrumvarp. Undirritaður vill jafnvel taka svo djúpt í árinni að segja að frumvarpið hafi á sér einkenni fasisma. Segir ekki máltækið að vegurinn til vítis sé þakinn góðum áformum. Og þó svo menn segist vera að vernda þjóðina með því að takmarka frelsið þá er það sannast að þjóðin þarf ekki slíka vernd ...“

Þannig kemst vonarstjarna ungra framsóknarmanna á Sauðárkróki að orði. Hann gefur þessu frv. ekki háa einkunn. Það eru fleiri ungliðar sem mæla á móti frumvarpinu. Það er m.a. hægt að sjá af skrifum manna í frelsisdeildinni. Hún gefur þessu ekki háa einkunn. Ég ætla nú að grípa niður í vefsíðuna frelsi.is. Þar segir:

„Davíð Oddsson sem jafnan hefur reynst fólkinu í landinu vel lagði fram hið vafasama fjölmiðlafrumvarp. Með því er vegið að frelsi manna og fær hann mínus fyrir vikið. Miður er að ekkert gott mál hafi komið ofan úr forsætisráðuneyti á þessu þingi. Eru að verða síðust forvöð á því þar sem brátt tekur nýr maður við embætti forsætisráðherra sem aldrei hefur verið orðaður við frjálslyndi. Líkur eru á því að formaður flokksins muni enda í neðsta sæti verði fjölmiðlafrumvarpið að lögum á þessu þingi.“

Í raun er þetta sérstakt í skrifum ungra sjálfstæðismanna. Ég held að þeir hafi verið með einhverja glýju í augunum og ekki séð hæstv. forsrh. í réttu ljósi hingað til. Ég tel að ýmislegt í stjórnarfarinu síðustu 13 árin sé ekki mikið í frelsisátt. Umsvif hins opinbera hafa t.d. aukist. Við höfum um það tölulegar staðreyndir og í raun þá einkennist stjórnarfar hæstv. forsrh. stöðugt meira af svona ráðstjórnartilburðum og æ minna af frelsi.

Menn hafa stundum mælt hægri stjórnir og vinstri stjórnir út frá hlut hins opinbera og talið það sanngjarna aðferð. Ef hlutur hins opinbera vex eða er mikill þá er það kennt við vinstri menn en ef hlutur hins opinbera dregst saman þá er það stefna hægri manna, að auka hlut einkageirans í þjóðarframleiðslunni. Þess vegna beindi ég fyrirspurn til fjmrh., ekki fyrir löngu, um hvert hlutfallið væri. Ég fékk svör frá hæstv. fjmrh. þar sem fram kom að árið 1991 voru tekjur ríkissjóðs 101 milljarður kr., en í árslok 2003, eða á fjárlögum 2003, voru tekjur ríkissjóðs 271 milljarður kr. Það má því segja það að hlutur ríkisins hafi aukist um 170 milljarða kr. Það er gríðarleg há upphæð.

Verðlagsþróun spilar þar inn í og þjóðarframleiðsla hefur náttúrlega aukist. Ef maður ætlar að vera sanngjarn, sem ég leitast eftir, er rétt að bera saman hver hlutur hins opinbera hefur vaxið, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. 1991 var hlutur hins opinbera 39,9%, en árið 2002 þá hafði hann vaxið upp í heil 42,1%. Þetta er gríðarlegur vöxtur. Því má segja að út frá þessari skilgreiningu hafi verið við völdin vinstri stjórn. Hún hefur aukið hlut hins opinbera gríðarlega, um heil 5%. Enda sér maður æ meiri ráðstjórnarbrag á stjórnarháttum hæstv. forsrh. Hann eykur hlut ríkisins og svo virðist sem aukningin sé óstöðvandi.

Fleira í stjórnarfarinu virðist svolítið sérstakt og þetta er eitt af því. Það að ná tökum á fjölmiðlum er greinilega mikið atriði núna. Helst að koma þeim út úr fjölmiðlum sem eru hæstv. forsrh. ekki þóknanlegir.

Fleira má nefna. Við höfum séð að hæstv. forsrh. hefur stöðugt orðið gerræðislegri og hefur í raun brotið lög, þ.e. þegar hann tók ákvörðun ásamt hæstv. utanrrh. um að vera á lista yfir hin viljugu og staðföstu ríki. Þá studdist hann ekki við 24. gr. þingskapa sem segir, með leyfi herra forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.“ — Það er athyglisvert að þetta var ekki gert.

Ýmis eftirlitsstarfsemi er alltaf að aukast. Settar eru á stofn nýjar eftirlitsnefndir og stofnanir, nú er verið að setja nýja nefnd á laggirnar sem á að hafa eftirlit með sölu fasteigna. Það á að vera sérbatterí um eftirlit með sölu fasteigna og skipa. Því er ekki hægt að koma fyrir í annarri stofnun, svo sem eins og Fjármálaeftirlitinu. Nei, það þarf að búa til nýja stofnun eða nýja stjórnskipaða nefnd. Maður veltir þessu fyrir sér og finnst skjóta skökku við að á sama tíma er verið að birta leikrit í sjónvarpinu, í ríkisfjölmiðlinum, Opinberun Hannesar, þar sem slíkar nefndir eru gagnrýndar. Þetta eftirlitsþjóðfélag. Þetta er ákveðin blekking sem ég tel að ungir sjálfstæðismenn lifi í. Þeir telja að hæstv. forsrh. sé frjálshyggjumaður meðan hann er að auka eftirlit. Við höfum dæmi um það á þessu þingi. Hann tekur ákvarðanir um utanríkisstefnu þjóðarinnar án þess að fara eftir lögum sem segja til um hvernig taka eigi slíkar ákvarðanir.

Fleiri gerræðislegar athafnir eiga sér stað undir hans forsæti, sem eru nú reyndar teknar af öðrum ráðherra, hæstv. dómsmrh. Menn hafa lengi leitað eftir skýringum á þessu. Það er ömurlegt að þegar sjálfur Hæstiréttur landsins er dreginn inn í pólitíska umræðu með þeim hætti sem hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. hafa gert. Það er með ólíkindum. Menn hafa leitað með logandi ljósi eftir málefnalegum skýringum á því hvers vegna ákveðinn aðili var skipaður sem dómari við réttinn. Menn hafa ekki fundið neinar málefnalegar skýringar á því, nema þá helst einhver ættartengsl sem ég ætla ekki að fara nánar út í. Síðan hafa menn fengið ákúrur frá umboðsmanni Alþingis og brugðist illa við þeim í staðinn fyrir að þakka fyrir ábendinguna og segja: Nei, ég ætla ekki að gera þetta aftur. Auðvitað eiga menn að þakka fyrir ef þeir fá ábendingar. Þeir eiga að reyna að leiðrétta mistökin og gera betur næst.

Annað tel ég athyglisvert varðandi umrædda stjórnarsetu síðustu ár en það er að ekki virðist eiga að rannsaka sum mál sem varða verslun og viðskipti. Það er furðulegt að vita til þess að Samkeppnisstofnun hafi verið í fjársvelti. Menn hafa t.d. ekki komið sér saman um hvernig eigi að rannsaka ákveðin mál sem tengjast forustu Sjálfstfl., þá á ég við meint ólöglegt samráð í olíuviðskiptum. Það er með ólíkindum að hæstv. dómsmrh. skuli standa að því. Hann sem vill kenna

sig við lög og reglu og hafa mikla sveit í kringum sig, vel þjálfaða sérsveit og kemur henni upp með miklum hraði rétt eins og þessu frumvarpi er komið í gegn með hraði. Slíkt má ekki fara í gegnum fjárlaganefnd. Nei, það verður að fara einn, tveir og þrír í gegnum þingið. Það er með ólíkindum að hins vegar skuli ekki nægir fjármunir til að halda uppi eðlilegum reglum varðandi verslun og viðskipti. Þær stofnanir eru í fjársvelti. Þessi forgangsröðun er með ólíkindum.

Fyrst við erum að ræða um verslun og viðskipti og dreifða eignaraðild er vert að minnast á að það hefur komið til tals að í upphafi var ákveðið að fara út í einkavæðingu bankanna. Þá var talað um dreifða eignaraðild. Síðan gleymdist það. Menn fóru að tala um kjölfestufjárfesta. Það er athyglisvert, þegar menn fara að sjá afleiðingar þess að svo fáir eigna bankana og menn fara að sjá afleiðingar gerða sinna, að þá fara menn eins og hæstv. félmrh. að tala um græðgisvæðingu í þjóðfélaginu, þegar hann sér verk sín koma fram.

Menn hafa talað um að dreifð eignaraðild að bönkunum sé nauðsynleg vegna þess að ákveðin hætta stafi af þröngu eignarhaldi, menn geti notað sér það í viðskiptum og takmarkað aðgang annarra athafnamanna að fjármagni. Þeir noti jafnvel aðstöðuna til að komast yfir fyrirtæki. Menn hafa gagnrýnt þetta, að þetta hafi einmitt gerst. Ég ætla ekki að fara nánar út í það en í þeirri umræðu gekk einn vaskur þingmaður fram og sagði að það væri engin hætta fólgin í slíkum kjölfestufjárfestum. Pétur H. Blöndal sagði í ræðu hér á þingi, með leyfi herra forseta:

„Ef einhver banki er misnotaður á þennan hátt þá tapar eigandinn og viðskiptamennirnir flýja þann banka. Það sem við verðum því að treysta á er að það ríki samkeppni og við verðum að treysta á að Samkeppnisstofnun og þau tæki sem við höfum sett í gang til að styrkja samkeppni séu virk, þau gæti að því að menn misnoti ekki yfirgnæfandi stöðu sína á markaði. Á það verðum við að treysta að þessir bankar verði þjónustustofnanir og hætti að vera valdastofnanir."

Í ljósi þessara orða kemur á óvart að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli ekki berjast af meira kappi fyrir Samkeppnisstofnun. Það er líka undarlegt að sjá það að hann leggur áherslu á að skipta upp fjölmiðlafyrirtækjum en telur í lagi að samþjöppun sé í eignaraðild að bönkunum. Það væri athyglisvert að fá skýringar á því.

Að lokum ætla ég að nefna það að ég tel að okkur liggi ekkert á með þetta frumvarp. Það er sjálfsagt að fara yfir þessi mál og taka góðan tíma í það og ræða þau. Í Noregi tók þessi umræða fjögur ár. Ég legg til að þessu máli verði frestað. Það eru engin rök og engin sýnileg vá fyrir því að halda þessu máli áfram að sinni.

[14:26]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Þarna hefurðu það, Sjálfstfl. er orðinn grjótharður og eldrauður kommúnistaflokkur.

Undanfarna daga hefur efh.- og viðskn. fundað um frv. hæstv. forsrh. sem hér er til umræðu. Á morgunfundi nefndarinnar í gær lagði ég fram beiðni til formanns og nefndarmanna um að fulltrúar frá Kauphöllinni og fulltrúar frá sex lífeyrissjóðum kæmu á fund nefndarinnar og svöruðu spurningum fundarmanna. Ég taldi það rétt og grundvallaratriði að fulltrúi frá Kauphöll Íslands kæmi á fund nefndarinnar en yfirlýst markmið frumvarpsins er að tryggja dreifða eignaraðild í fjölmiðlafyrirtækjum, með öðrum orðum: stuðla að fjölbreytni á eignarhaldi í fjölmiðlarekstri. Enn fremur lagði ég til grundvallar beiðni minnar varðandi fundarþátttöku fulltrúa frá sex lífeyrissjóðum að sömu lífeyrissjóðir gætu átt alvarlega undir högg að sækja með að innheimta lögveðslausar lánakröfur sínar á hendur fyrirtækinu Norðurljós ef frv. hæstv. forsrh. næði fram að ganga.

Þessari beiðni minni var svarað játandi af hálfu fundarmanna og morgunfundur settur á en þeim fundi lauk nú um klukkan 10 í morgun. Á fundinum í morgun dró til enn frekari tíðinda sem enn og aftur undirstrikar mikilvægi þess að nefndin starfi áfram að málinu. Á næsta fundi nefndarinnar munu lagaprófessorar mæta og ræða sérstaklega við nefndarmenn um þau ákvæði stjórnarskrárinnar er snúa að atvinnufrelsi og eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands. Að mínu mati hefur bæði festa og ákveðni stjórnarandstæðinga í efh.- og viðskn. tryggt betri og ítarlegri efnisumfjöllun um frv. hæstv. forsrh.

Á fundi nefndarinnar í morgun upplýsti fulltrúi Kauphallarinnar nefndarmenn um að líklega væru ekki lagalegar skorður fyrir skráningu fjölmiðlafyrirtækja í Kauphöll Íslands ef fjölmiðlafrumvarpið næði fram að ganga. Fulltrúi Kauphallarinnar sagði engu að síður praktískar skorður fyrir því að fjölmiðlafyrirtæki næði inn skráningu í Kauphöllina ef frv. næði fram að ganga. Í því ljósi voru nefnd þrjú atriði, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi mun mögulegum kaupendum á hlutum í fjölmiðlafyrirtækjum fækka allverulega.

Í öðru lagi munu fjölmiðlafyrirtæki eiga takmarkaðri möguleika á að stækka þar sem samlegðar- og hagræðingaráhrifum fyrirtækja í fjölmiðlarekstri eru settar miklar skorður.

Í þriðja lagi munu þær pólitísku breytingar sem nú eru í sjónmáli draga úr áhuga fjárfesta á fjölmiðlagreininni.

Þessar upplýsingar frá Kauphöllinni eru að mínu mati mjög athyglisverðar. Meginmarkmið forsrh., samkvæmt frv. hans, er að tryggja fjölbreytileika í eignarhaldi á fjölmiðlum, með öðrum orðum dreifða eignaraðild. Ef fyrirtæki í fjölmiðlarekstri komast á skrá í Kauphöll Íslands er jafnframt verið að tryggja sama fyrirtæki mjög dreifða eignaraðild. Því er með ólíkindum að frumvarpið endurspegli andstæðu sína með jafnafgerandi hætti án þess að stjórnarliðar hreyfi við skoðun sinni á frumvarpinu.

Einnig komu fram upplýsingar á fundinum er varða veðlausar kröfur frá lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum hjá Norðurljósum. Upplýsingarnar eru trúnaðarmál en þó leyfi ég mér að segja að þær auka enn frekar á áhyggjur mínar af afleiðingum frv. ef það nær fram að ganga.

Herra forseti. Allir landsmenn vita hvaða ófögnuður er hér á ferðinni. Fyrrverandi aðstoðarmaður forsrh. tilkynnti nýlega úrsögn sína úr Sjálfstfl. Skömmu síðar upplýsti sami maður íslensku þjóðina um samskiptaferli hæstv. forsrh. og forsvarsmanna fyrirtækisins Baugs. Þær upplýsingar sem þjóðinni bárust frá fyrrum aðstoðarmanni ráðherra undirstrika þau illindi sem hlaupin eru í samskipti milli æðsta ráðamanns íslensku þjóðarinnar og forsvarsmanna fyrirtækisins Baugs. Ekki er þjóðinni né þeim sem hér stendur kunnugt af hverju hæstv. forsrh. hefur horn í síðu forsvarsmanna tiltekins fyrirtækis. Þó er íslensku þjóðinni enn í fersku minni þegar hæstv. forsrh. hljóp á milli sjónvarpsstöðva og lýsti yfir andúð sinni á þeirri ætlun forsvarsmanna fyrirtækisins Baugs sem hann brigslaði um að hafa ætlað að múta sér. Hæstv. ráðherra gekk svo langt í lýsingum sínum að segja að honum hafi ekki verið svefnsamt á eftir. Samkvæmt minni vitneskju hefur hæstv. forsrh. aldrei lagt fram

kæru á hendur umræddum aðilum, sem óneitanlega dregur úr trúverðugleika hæstv. ráðherra í því máli.

Í raun má fullyrða að um sorglegan atburð sé að ræða í sögu þjóðarinnar. Hæstv. ráðherra hefur vegið að stolti og reisn íslensku þjóðarinnar. Eitt er fyrir þjóðkjörna fulltrúa þjóðarinnar að takast á í pólitík líðandi stundar, en hitt er vanvirðing við íslenska þjóð að nota Alþingi Íslendinga til að ná sér niðri á einstaka þjóðfélagsþegnum í íslensku atvinnulífi.

Því miður hefur íslensk þjóð á einu ári upplifað alvarleg mistök eða slæman ásetning hjá helstu ráðamönnum þjóðarinnar. Hvert þjóðarhneykslið á fætur öðru hefur litið dagsins ljós á undanförnum missirum. Mér sýnist hæstv. forsrh. íslensku þjóðarinnar ekki kunna með vald að fara. Hann býr ekki yfir því siðferðisþreki sem einkenna verður sterka einstaklinga til að fara fyrir þjóðríkjum. Forsrh. okkar skortir umburðarlyndi, auðmýkt og yfirvegun.

Tími hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar sem æðsta embættismanns íslensku þjóðarinnar er að renna sitt skeið. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur oft og iðulega verið lofaður fyrir ákveðni sína og foringjahæfni. En góða hæfileika verður að fara vel með, herra forseti. Í minningunni má ætla að hæstv. ráðherra verði maðurinn sem lofaði sig í hástert fyrir afrek annarra manna, til að mynda afrek Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem á heiðurinn af tilkomu EES-samningsins og þeirri framfaraþróun sem einkennt hefur verslun og viðskipti undanfarinn áratug í íslensku viðskiptalífi.

Verður hans minnst sem mannsins sem alla sína valdatíð hélt sjávarútveginum, stærsta atvinnuvegi íslensku þjóðarinnar, í heljargreipum, í greipum örfárra auðmanna? Mannsins sem hafði ekki pólitískt vit á íslenskum landbúnaði og nauðsynlegum breytingum sem beðið hafa um áratug handan við hornið? Verður hans minnst sem mannsins sem á þann vafasama heiður að hin friðsama íslenska þjóð tók í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins beinan þátt í misheppnuðu hernaðarbrölti á hendur annarri þjóð?

Verður hans minnst sem mannsins sem tryggði sjálfum sér og öðrum aðalsbornum lúkur fjár með breytingum á afar umdeildu lífeyrisfrumvarpi? Verður hans minnst sem mannsins sem niðurlægði forseta íslenska lýðveldisins og notaði Alþingi Íslendinga sem risavaxinn sandkassa í einkaerjum sínum við einstaklinga úr íslensku atvinnulífi?

Herra forseti. Sambankaláni til Norðurljósa, upp á 5,7 milljarða kr., er stefnt í alvarlega hættu ef frv. sem hér er til umræðu verður að lögum. Gjaldfelling skýrist af samningsákvæði í umræddum lánasamningi og fjallar um gjaldfellingu skulda ef rekstrarumhverfi fjölmiða breytist með afgerandi hætti. Lánardrottnar Norðurljósa, þar með taldir lífeyrissjóðirnir, sáu til sólar með innkomu nýrra sterkra fjárfesta inn í fyrirtækið á síðasta ári, þ.e. útlit var fyrir greiðslu á skuldum fyrirtækisins til lánardrottna sinna. Ef frumvarp Davíðs Oddssonar nær fram að ganga má að líkindum búast við afskriftum hjá lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum upp á nokkra milljarða króna. Hér er um fjármuni almennings að ræða. En hæstv. forsrh. getur andað léttar í þessu ljósi en eins og frægt varð tryggði hann sjálfum sér betri lífeyriskjör í desember á síðasta ári.

Í samkeppnislögum er til fyrirbrigði sem heitir „sameiginleg markaðsráðandi staða“. Með öðrum orðum: nokkur fyrirtæki sem sameiginlega eru markaðsráðandi á landsvísu, t.d. olíufélögin, viðskiptabankarnir, tryggingafyrirtækin o.s.frv. Það segir okkur að banki sem á veðskuldir í ljósvakamiðli sem verður gjaldþrota getur ekki tekið yfir reksturinn. Hann hefur þá 120 daga til að selja slotið sem eftir stendur. Það er óyggjandi staðreynd að bankar munu hugsa sig tvisvar, stundum þrisvar, um áður en þeir lána fyrirtækjum sem stunda rekstur ljósvakamiðla. Áhættan verður hreinlega of mikil.

Markmið frumvarpsins er m.a. að stuðla að fjölbreytni í eignarhaldi á fjölmiðlum. Ljóst er að erfitt verður að stofna til reksturs ljósvakamiðils sem er fjárfrekur fyrirtækjarekstur því bankarnir verða fráhverfir lánveitingum til slíkra fyrirtækja í breyttu umhverfi. Þetta leiðir áfram til fábreytni í eignarhaldi á fjölmiðlum og snýst upp í andstæðu þess meginmarkmiðs sem frumvarpið stendur fyrir.

Stjórnarliðar eru vægast sagt fátækir af gildum rökum til að réttlæta þetta undarlega frumvarp. Í þessu máli er fjölmörgum stjórnarskrárákvæðum ýtt til hliðar. Samkvæmt framgöngu stjórnarliða í þessu máli má ætla að þeim finnist ekki aðfinnsluvert að í þessu tiltekna máli megi hefta atvinnu- og tjáningarfrelsi manna. Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar ber að vernda. Það er með engu móti skynsamlegt né boðlegt að hefja slíka þróun sem stjórnarliðar tala nú fyrir. Það er skylda þingmanna, jafnt stjórnarliða sem stjórnarandstæðinga, að standa vörð um stjórnarskrá Íslands og þar með lýðræðið. Erjur forsætisráðherra við einstakar persónur í íslensku atvinnulífi eiga ekki að ná til Alþingis með þessum hætti.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur farið stórum og sagt breytingartillögur húsbónda síns stórmerkilegar, að allir geti stundað ljósvakarekstur samkvæmt frumvarpinu, að húsbóndinn hafi af auðmýkt sinni slegið á frest gildistíma útvarpsleyfis Bylgjunnar. Hvað er að gerast í kolli hv. þingmanns? Ætlar hann þjóðinni að trúa þessu yfirvarpi sínu? Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir þeim vanda sem steðjar að einum stærsta vinnustað landsins? Býr hv. þm. yfir einhverri ofurbjartsýni?

Lífeyrissjóðirnir sem farnir voru að sjá fram á að fá skuld sína greidda frá Norðurljósum þegar reyndir og fjársterkir kaupsýslumenn komu að fyrirtækinu á síðasta ári eru nú í stórhættu með að gríðarlegar fjárhæðir fari í afskriftir. Hér er um fjármuni almennings að ræða, lífeyrissjóðina.

Telur hv. þm. að nokkur maður í þessu landi geti talið hann eða fyrrum frjálshyggjupostula og félaga hans úr Sjálfstfl. trúverðuga eftir framgöngu þeirra í þessu máli?

Ég minni hv. þm. á þá staðreynd, og alla aðra þingmenn stjórnarliða, að fyrirtækið Norðurljós sem frv. húsbónda hans beinist gegn hefur aldrei misnotað stöðu sína sem markaðsráðandi fyrirtæki. Ekki nokkur einasta kæra, að því er mér er kunnugt, liggur á borði Samkeppnisstofnunar þar að lútandi. Þegar litið er til eins af eigendum Norðurljósa, fyrirtækisins Baugs, er þar að finna mann sem frá fyrstu tíð vann sig upp með eina milljón króna í vasanum. Sá maður heitir Jóhannes Jónsson. Enginn kaupsýslumaður í þessu landi gefur jafnríkulega til velferðarmála og einmitt Jóhannes Jónsson. Hann er ekki og hefur aldrei, svo mér sé kunnugt, verið á ríkisspenanum, heldur maður sem af einskærum dugnaði, framfaraþrótti og skynsemi, náði að byggja fyrirtæki sitt upp. Hann kom með nýjungar inn í íslenskri smásölu sem hafa tryggt og eflt margar fjölskyldur í þessu landi. Verslunarkeðjan Bónus er þar í fararbroddi.

Hv. þingmenn Sjálfstfl., sem frá öndverðu hafa boðað frelsishyggjuna til að tryggja að frumkvöðlakraftur, framsýni og metnaður einstaklinga á borð við Jóhannes Jónsson

fái sín að fullu notið öllum Íslendingum til framdráttar, hafa ákveðið að hlýða reiðikalli húsbónda síns. Varla er liðið ár af ferli þeirra á hinu háa Alþingi þegar stefna, hugsjónir og framtíðarsýn þessara ungu hv. þingmanna riðar til falls. Þetta er merki um óstyrka stjórnmálamenn sem þó hafa strax náð nokkurri hæfni í þeirri list að slá ryki í augu almennings.

Herra forseti. Fyrirtækið Baugur Group er metið á 127 milljarða kr. Þar af eru skuldir fyrirtækisins 100 milljarðar kr. Það segir okkur að fyrirtækið er með eigið fé að upphæð 27 milljarða kr. miðað við núverandi vaxta- og gengisstig. Mér skilst að fjölskyldur Jóhannesar Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar eigi að samanlögðu um þriðjung í Baugi Group, eða sem svarar að hreinni eign um 9 milljarða kr. Þetta er nú allur auðhringurinn sem ríkisstjórn Íslands segir þá feðga ráða yfir. Níu milljarðar er ekki nema tæpt prósent af heildareignum lífeyrissjóðanna í landinu. Þess ber að minnast, herra forseti, að einn af viðskiptabönkum okkar, sem nýlega var seldur af hæstv. ríkisstjórn til einkavina hennar, skilaði á fyrsta ársfjórðungi þessa árs hálfri þeirri upphæð sem ég nefndi, allt að 4 milljörðum kr.

Herra forseti. Það má líkja því við barnslega einfeldni ef hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar sjá ekki þá miklu hættu sem stafar af þessu frumvarpi. (**Gripið fram í:** Ó, jú.) Störfum 700 ungra manna og kvenna er stefnt í voða. (**KHG:** Þeir sjá hana.)

Herra forseti. Ég vil þó taka fram að einn stjórnarliði, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fylgir stjórnarandstöðunni í þessu máli. Ég bíð í þeirri von að fleiri komi til og sjái að sér.

Ef til gjaldfellingar kemur á sambankaláni til Norðurljósa er ljóst að við blasa fjöldauppsagnir. Í þessu ljósi vil ég minnast á atvinnustefnu núverandi stjórnarflokka frá síðustu alþingiskosningum. Þar var kveðið á um stórkostlega uppbyggingu á Reyðarfirði sem tryggja mundi 500 manns ný störf og bjarga heilu héraði. Heilu héraði. Í þessum samanburði sést skýrlega hversu stórt og grafalvarlegt mál er hér á ferðinni. Við getum einfaldlega ekki leyft okkur að stofna lifibrauði þúsunda manna í hættu. Ætla má að hver starfsmaður sé jafnframt fyrirvinna barna sinna. Allt þetta skal fært á altari eins manns, einstaklings svo fátækum af mannsins gildum og almennu siðferði, hæstv. forsrh. íslensku þjóðarinnar, Davíðs Oddssonar.

Í samkeppnislögum er skýrt kveðið á um að starfrækja megi fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu en aftur á móti mega slík fyrirtæki ekki misnota aðstöðu sína. Herra forseti. Hefur fyrirtækið Norðurljós misnotað aðstöðu sína? Ef svo er þá hlýtur að liggja fyrir kæra til Samkeppnisstofnunar um málið. Ef engin kæra liggur fyrir þá er ljóst að fyrirtækið er ekki að misnota stöðu sína sem markaðsráðandi fyrirtæki.

Því er það með eindæmum hversu hratt á að klára jafnviðamikið mál hér á síðustu dögum þings. Engin rök er að finna hjá stjórnarliðum fyrir óeðlilegum hraða við meðferð málsins. Er nóg að hæstv. ráðherrar mæti í ræðustól kjökrandi yfir skopfrásögnum í DV? Er það nóg að hugmyndafræðingur og aðalséní Sjálfstæðisflokksins til margra ára, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, mæti í sjónvarpssal og gagnrýni réttmæta gagnrýni íslenskra fjölmiðla á ríkisstjórnina?

Herra forseti. Gagnrýni er holl í pólitík, en því miður fellur heilbrigð gagnrýni ekki í kramið hjá ráðstjórnarherrum þessa lands.

Herra forseti. Sú útvarpsstöð sem ég sjálfur hlusta mest á, Útvarp Saga, á einnig undir högg að sækja. Fjórir reyndir einstaklingar úr útvarpsgeiranum tóku sig saman um að stofna til fyrirtækis utan um rekstur Útvarps Sögu. Sömu einstaklingar lögðu mikið undir, fjármuni sína og ótakmarkaða vinnu. Áður en farið var af stað settu hinir nýju eigendur sér markmið. Öll gerðu þau sér grein fyrir því að róðurinn yrði erfiður fyrstu árin, eins og gengur og gerist í rekstri nýrra fyrirtækja. Markmið fjórmenninganna var að bjóða landsmönnum upp á vandaða útvarpsdagskrá sem tryggja mundi mikla hlustun hjá almenningi. Þau gerðu sér grein fyrir því að með auknum vinsældum stöðvarinnar mundu ný tækifæri skapast fyrir fyrirtækjarekstur Útvarps Sögu. Tækifærin gætu heillað öfluga fjárfesta að fyrirtækinu en aðkoma þeirra gæti reynst fyrirtækinu happadrjúg og tryggt rekstur útvarpsstöðvarinnar í sessi um ókomin ár.

Með frv. hæstv. forsrh. hefur skyndilega dregið fyrir sólu hjá þessu ágæta fyrirtæki. Atvinnufrelsi, viðskiptafrelsi og í raun hvatinn til reksturs stöðvarinnar hefur verið fótumtroðinn af hæstv. forsrh. Hver gæti framtíð Útvarps Sögu orðið ef frv. forsrh. nær ekki fram að ganga? Er mögulegt að fyrirtækið geti söðlað um og einnig hafið sjónvarpsrekstur á fréttasviði, kannski í stíl við fræga og virta kollega þeirra í Bandaríkjunum sem standa að fréttaskýringarþættinum 60 mínútur?

Erfitt er að segja til um hvernig útvarpsstöðvar þróast en þó má fullyrða að ef frv. hæstv. forsrh. nær fram að ganga verður framfaraþróttur einstaklinga og fyrirtækja á fjölmiðlasviði laminn niður. Það ótrúlega er að sjálfskipaðar frelsishetjur þjóðarinnar, sjálfstæðismenn, eru hér að verki. Þessi U-beygja og sögufrægi viðsnúningur mun verða Sjálfstfl. dýrkeyptur. Fyrr átti ég von á þáltill. frá Vinstri grænum um einkavæðingu ríkissjónvarpsins.

Herra forseti. Ég vil færa mál mitt að öðru fyrirtæki og öllu stærra í fjölmiðlarekstri. Fyrirtækið Norðurljós náði að styrkja rekstrargrunn sinn með aðkomu fjársterkra aðila á síðasta ári. Fyrirtækið náði m.a. að semja við sex lífeyrissjóði í landinu um greiðslu skulda sinna. Greiðslusamningar Norðurljósa við lífeyrissjóðina ná allt til ársins 2017. Gjaldföllnum vöxtum á skuldum Norðurljósa við lífeyrissjóðina var að mestu breytt í hlutabréf og eru því að andvirði á annað eða þriðja hundrað millj. kr. Allar áætlanir Norðurljósa hafa gengið upp eftir almenna uppstokkun á rekstri fyrirtækisins og innkomu nýrra fjárfesta á síðasta ári.

Í frv. forsrh. er lagt til að markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri með heildarveltu yfir 2 milljarða á ári megi ekki eiga nema 5% í ljósvakamiðli. Herra forseti. Skoðum áhuga slíkra aðila á aðkomu í greinina undir slíkum kvöðum.

Í fyrsta lagi er 5% eignarhlutur ávísun á valdaleysi í efnahagslegum eða daglegum rekstri hjá fyrirtækjum almennt. Í öðru lagi er fyrirtæki með 5% eignarhlut með afar takmarkaða möguleika á að ná inn stjórnarmanni undir slíkum kringumstæðum. Í þriðja lagi er einsýnt að fyrirtæki með 5% eignarhlut í óskráðu fyrirtæki sé með öllu að leggja fram fé sem teljast verður fé án hirðis.

Til upplýsinga fyrir herra forseta bendi ég á að ljósvakafyrirtæki eitt og sér hefur ekki burði til að ná skráningu í Kauphöll Íslands. Hér endurspeglast ein af fjölmörgum þversögnum í frv. hæstv. forsrh. Það liggur í augum uppi að öflugt fjölmiðlafyrirtæki sem kemst á almennan markað, með löglega skráningu í Kauphöll Íslands, býður sjálfkrafa upp á að fjölbreytileiki verði á eignarhaldi fyrirtækisins. Með öðrum orðum: dreifð eignaraðild í réttum skilningi þess orðs. Núverandi hluthafar, stjórn og forstjóri Norðurljósa

hafa ítrekað greint frá þeim markmiðum sínum að fyrirtækið fari á markað seint á næsta ári.

Herra forseti. Fyrirtæki sem skráð er í Kauphöll Íslands þurfa að gangast undir mjög ströng skilyrði. Eitt þeirra skilyrða er að fyrirtæki megi ekki lúta afgerandi hömlum. Frv. hæstv. forsrh. hlekkjar rekstrarumhverfi fjölmiðlafyrirtækja svo mikið að ekki eru dæmi um aðrar eins viðskiptahömlur á eina atvinnugrein í nútímalýðræðisríkjum. Frumvarpið er æpandi illa ígrundað og ber merki haturs og hefndar á hendur einstökum aðilum í íslensku viðskiptalífi.

Herra forseti. Ef þessi bastarður forsrh. nær fram að ganga er ljóst að við tekur tímabil streitu og erfiðis hjá þúsundum manna sem að fjölmiðlarekstri koma. Jafnframt munu lánardrottnar fjölmiðlafyrirtækja eiga erfitt um vik. Því er þarft að spyrja íslensku þjóðina hvort sé gáfulegra:

1. Að óbreytt frv. forsrh. nái fram að ganga með þeim afleiðingum sem hér hafa verið reifaðar í nokkra tugi klukkustunda.

2. Að staldra við, bíða með lagasetningu, ræða málið betur og fara aðrar leiðir sem tryggja munu að tillögur nefndar á vegum hæstv. menntmrh. nái fram að ganga.

Skýrsla hæstv. menntmrh. og frv. hæstv. forsrh. eru tveir ólíkir hlutir. Mér þykir sorglegt að hæstv. menntmrh. skuli láta leiða sig í aðrar eins ógöngur. Ég geri ráð fyrir að að öskufalli loknu muni ráðherra viðurkenna afglöp sín, annaðhvort fyrir þjóðinni, í það minnsta fyrir sjálfum sér, en hagur þúsunda Íslendinga mun ekki batna við þau krókódílatár.

Það er fróðlegt að skoða sögu Norðurljósa. Fyrirtækið hefur átt í samstarfi við fjölmörg sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa fjárfest í sendum og tryggt umbjóðendum sínum það val að kaupa sér áskrift að dagskrá sjónvarpsstöðva Norðurljósa. Í dag hefur fyrirtækið Baugur einungis einn stjórnarmann í stjórn Norðurljósa. Í raun ætti hæstv. forsrh. að taka það sér til fyrirmyndar. Hvaða fnykur er af mannaráðningum í æðstu stöðu Ríkissjónvarpsins?

Fjölmiðlarekstur Norðurljósa er undir trúverðugleika fyrirtækisins kominn. Reksturinn verður að bera sig svo endar nái saman. Ef fyrirtækið misbeitir valdi sínu kemur það strax niður á rekstri félagsins, að ógleymdu eftirlitshlutverki Samkeppnisstofnunar. Mér er ekki kunnugt um að nokkur kæra sé á borði stofnunarinnar um misbeitingu Norðurljósa á stöðu sinni á hinum íslenska fjölmiðlamarkaði.

Virðulegi forseti. Ég mótmæli harðlega þessu frumvarpi og bíð í voninni um að hv. stjórnarliðar endurskoði hug sinn í þessu máli.

[14:51]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Málið sem við fjöllum um hér fjallar um grundvallarréttindi, sjálft tjáningarfrelsið, tjáningarfrelsi sem við höfum býsna lengi litið á sem heilagan rétt hvers íbúa þessa lands. Þó hafa sumir viljað eigna sér a.m.k. seinni hluta orðsins, þ.e. frelsið, m.a. sumir þeirra sem nú fara fremstir í flokki og styðja þetta frv. Þeir hafa verið hvað drýgstir í að reyna að eigna sér þetta merka orð. Þetta hugtak hefur verið viðfangsefni mjög margra mjög lengi.

Áður í umræðunni hefur hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni verið nokkuð tíðrætt um bókina Frelsið eftir John Stuart Mill. Hann hefur lesið drjúga kafla úr þeirri ágætu bók enda full ástæða til að það ágæta rit sé vel kynnt fyrir þingheimi. (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur Blöndal telur sig þurfa á allri bókinni að halda. (**PHB:** Hann var búinn að lofa að lesa hana alla.) Ég býst við að verða megi við því áður en allri umræðunni lýkur. En vegna þess að ég hef fengið upplýsingar um að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., telur þörf á að málið fari aftur inn til allshn. á milli 2. og 3. umr. þá verð ég að hryggja hv. þm. Pétur H. Blöndal með því að hann fær ekki að njóta þess ágæta rits í heild við 2. umr.

Hins vegar finnst mér ástæða til þess, vegna þess að hv. þm. biður um skammt, að ég lesi örlítinn kafla úr hinu ágæta riti þar sem m.a. er fjallað um skoðanir. Eins og við vitum þá tengist tjáningarfrelsið mjög því að fólk fái að hafa skoðanir og tjá þær. Ég veit að hv. þm. hefur lengst af verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að verja það frelsi að allir fái að tjá skoðanir sínar.

John Stuart Mill segir m.a., með leyfi forseta, í bókinni Frelsið:

„En skoðanir eru ekki einkaeign. Ef skoðun er meinað að njóta sín, þá er gervallt mannkyn rænt eign sinni. Komandi kynslóðir bíða tjón ekki síður en þær, sem nú lifa, og þeir, sem öndverðir eru skoðuninni, bíða meira tjón en hinir sem aðhyllast hana. Sé skoðunin rétt, glata menn færi á að hverfa frá villu síns vegar. Sé hún röng, missa menn næstum jafnmikils, þeirrar skýrari skynjunar og fjörmeiri myndar af sannleikanum, sem birtist, þegar sönnu og lognu lýstur saman.

Rétt er að hugleiða hvora þessa staðhæfinga um sig, því að hvor þeirra svarar til sérstakrar greinar rökfærslunnar. Við getum aldrei verið viss um, að skoðun, sem við viljum kveða niður, sé röng. Og jafnvel þótt við værum viss, væri bannsetning mesta böl.

Fyrst er að hyggja að því, að skoðun, sem reynt er að bæla niður með valdi, getur verið rétt. Vitaskuld neita bannsetningamennirnir þessu, en þeir eru ekki óskeikulir. Þeir hafa ekki umboð til að skera úr ágreiningsmálum fyrir allt mannkyn og meina öllum meðbræðrum sínum sjálfdæmi. Þeir, sem bannfæra skoðun, af því að þeir þykjast vita, að hún sé röng, ganga að því vísu, að eigin vissa sé algild vissa. Öll bannfæring rökræðna gerir ráð fyrir óskeikulleika. Svo gamalkunn eru rökin, sem hníga að fordæmingu slíks framferðis. En þau eru ekki verri fyrir það.

Þótt flestir viðurkenni skeikulleika mannsins í orði, þá taka fæstir tillit til hans á borði — því er nú verr fyrir heilbrigða skynsemi mannkyns. Hver einasti maður veit, að honum getur skjátlast, en fáir telja nauðsynlegt að viðhafa nokkra varúð gegn skeikulleika sínum. Menn viðurkenna ekki heldur, að bjargföst skoðun þeirra kunni að vera ein af þeim villum, sem þeir játa sjálfir, að þeim geti orðið á. Einvaldar og aðrir, sem vanist hafa blindri hlýðni, hafa að jafnaði takmarkalausa trú á eigin sannfæringu í næstum hverju máli. Öðru fólki og lánsamara er stundum andæft, og það er ekki alls óvant því að hlíta leiðsögn, er það hefur á röngu að standa. Og þetta fólk hefur ekki sömu tröllatrú á öðrum skoðunum en þeim, sem ríkjandi eru í umhverfi þess eða meðal þeirra, sem það er vant að treysta. Því að sama skapi, sem maður vantreystir eigin dómgreind, setur hann oftast allt sitt traust á óskeikulleika „heimsins". Og heimurinn er hverjum manni sá hluti heimsins, sem hann á við að sælda: flokkur hans, söfnuður, kirkja eða stétt. Ef heimur manns er svo viðáttumikill, að hann taki til alls föðurlandsins eða samtímans, þá liggur við, að þann mann megi telja frjálslynda og víðsýnan."

Frú forseti. Ég hef lokið lestri mínum úr öðrum kafla Frelsisins eftir John Stuart Mill. Það var sérstaklega gert fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Ég vona að hv. þm. hafi tekið

eftir því að það getur verið býsna hættulegt að festa sig svo við flokk sinn að maður heyri ekki út fyrir hann. (Gripið fram í.) Því miður, hv. þm., ef það er rétt sem framm'ikallið hljóðaði upp á, að einn maður stýri ákveðnum flokki, er hættan að sjálfsögðu enn meiri og enn alvarlegri. Þá erum við komnir enn fjær hinni sjálfstæðu hugsun hvers og eins.

Frú forseti. Eins og ég sagði áðan fjallar þetta mál um grundvallarréttindi. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að velta því fyrir sér hvernig þeir sem stýra málinu og leggja það fram hafa háttað málsmeðferðinni. Það er afskaplega athyglisvert að frv. sem hér er til umræðu var í raun ekki undirbúið á nokkurn hátt. Það var að vísu unnið í lokuðum hópi, þ.e. unnin skýrsla í lokuðum hópi sem skipaður var af menntmrh. samkvæmt vali. Að því vali fengu ekki allir aðkomu heldur valdi menntmrh. og hans helstu ráðgjafar. Þess vegna varð hópurinn ekki eins breiður og menn hefðu talið æskilegt sem stefndu að því að ná sem bestum frið um þetta mál og vildu reyna að lesa það með sem mestri sátt.

Hins vegar er ljóst, eins og hér hefur komið fram, að þetta er mál sem eðlilegt er að ræða. Við hefðum kannski átt að ræða það oftar en gert hefur verið, ýmsir hlutir hafa breyst og við viljum fjalla um málið af mikilli skynsemi.

Það var athyglisvert sem fram kom í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í gærkvöldi. Sá hv. þm. er einn af örfáum stjórnarþingmönnum sem hér hefur tjáð sig. Þess vegna var athyglisvert að hlýða á þingmann úr stjórnarflokkunum fjalla sérstaklega um þá meðhöndlun sem þetta frv. fékk í stjórnarflokkunum. Orðaval hv. þm. vakti sérstaka athygli mína, þ.e. að honum sýndist að hér væru foringjar að stytta sér leið — foringjar að stytta sér leið. Ég held að þessi setning segi okkur ýmislegt um það sem hér er á ferðinni. Hér eru foringjar að stytta sér leið.

Á undanförnum dögum höfum við hins vegar tekið eftir því að ýmsar flokksdeildir í stjórnarflokkunum hafa gert samþykktir. Hv. þm. fullyrti að þessi umræða hefði ekki átt sér stað í flokkunum. Ég get hins vegar upplýst það eða rifjað upp fyrir þingheimi að í mínum flokki, Samf., höfum við verið að ræða þetta býsna mikið og komist að ákveðinni niðurstöðu. Sú niðurstaða birtist hér í frumvarpsformi og var ætlunin með því m.a. sú að við færum í umræðu um málið og reyndum að komast að sameiginlegri niðurstöðu. En hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði að hér væru foringjarnir að stytta sér leið. Það skýrir ýmislegt í þeirri málsmeðferð sem við höfum þurft að fylgjast með í þinginu.

Hér ber allt að sama brunni. Foringjarnir hafa ekki tíma til þess að leyfa þá umræðu sem nauðsynleg er um þetta stóra og mikla mál.

Ég hef á undanförnum vikum notið þeirrar ánægju að sitja í efh.- og viðskn. sem fékk frv. til umsagnar. Sú umræða hefur verið býsna merkileg og mjög fræðandi. Sú umræða sem þar hefur farið fram hefur upplýst málið á margan hátt. Ég hugsa að það sé helst að þakka því að í þeirri ágætu nefnd myndaðist óvæntur meiri hluti, ef við getum orðað það svo. Þar myndaðist öðruvísi meiri hluti en er í öðrum nefndum þingsins. Þess vegna hefur sú nefnd ákveðið að hætta ekki vinnu við málið hálfkarað. Þess vegna er þetta frv. þar enn til umfjöllunar, þrátt fyrir að bæði meiri hluti, sem er myndaður af stjórnarandstöðunni og af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, og minni hluti ... (**PHB:** Er hann stjórnarsinni?) Hv. þm. spyr mig einhvers sem ég get ómögulega svarað. Það er alveg augljóst mál að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tilheyrir Framsfl., sem stendur að þessari ríkisstjórn. Ég heyrði á ræðu hv. þm. í gærkvöldi, Kristins H. Gunnarssonar, að hann fjallaði um hvernig þessi mál kæmu að sér sem þingmanni stjórnarliðsins.

Ég átta mig ekki alveg á þeim aðdróttunum sem hv. þm. kallar fram í gagnvart fjarstöddum þingmanni. Ég vænti þess að hv. þm. eigi orðastað við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson ef hann heldur hér aftur ræðu og spyrji hann að þessu. Ég á ómögulegt með að svara slíkum spurningum um afstöðuna hjá einstökum þingmönnum í stjórnarliðinu. Það væri frekar að hv. þm. gæti uppfrætt okkur um það á eftir hvort einhver slík veila væri komin innan hans flokks. Ég trúi því að við höfum yfirleitt gleggstar upplýsingar um okkar eigin flokka.

Umsögn efh.- og viðskn. hefur auðvitað á margan hátt verið sérkennileg. Ég held að skipulag og vinnubrögð sé eitthvað sem menn þurfa að velta fyrir sér í þessu samhengi. Þrjár nefndir í þinginu hafa fjallað um þetta mál. Því var vísað til allshn. og allshn. bað síðan um umsögn frá menntmn. og efh.- og viðskn. Svo sérkennilega vildi til að það virtist ekkert samráð á milli nefndanna um hvernig þetta ferli ætti að eiga sér stað. Þess vegna þurftu ýmsir gestir að koma til allra nefndanna og einnig höfðum við í efh.- og viðskn., sem fengum afar seint þetta erindi frá allshn., afar takmarkaðan tíma til að ljúka störfum. Það varð síðan niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að sá tími væri alls ekki nægur. Eins og ég sagði áðan er málið því enn þá í vinnslu nefndarinnar. Nefndin mun væntanlega halda eitthvað áfram. A.m.k. hefur formaður nefndarinnar, hv. þm. Pétur H. Blöndal, boðað fund í fyrramálið þar sem gestir koma og áfram verður haldið með að ræða innihald þessa frv.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú að auðvitað er ekki vel að þessu verki staðið. Það er auðvitað eðlilegt að t.d. formenn nefndanna hittist þegar svona á sér stað og skipuleggi starfið. Frú forseti. Það eru dæmi um að formenn hafi gert þetta. Ef ég man rétt var á síðasta eða næstsíðasta þingi fjallað í einum þremur þingnefndum um afar stórt og mikið mál um Vísindasjóð. Þar komu að þrjár nefndir. Þar voru málin skipulögð í samhengi og engir hnökrar þar á. Það hefði auðvitað verið hægt núna, ef þessi vinnubrögð væru eðlileg, ef það lægi ekki svona mikið á. Ef foringjarnir þyrftu ekki að stytta sér leið þá hefði verið hægt að hafa þetta með allt öðrum hætti. Þá hefði ekki þurft jafnlangar umræður og hér hafa orðið vegna þess að þá hefðu nefndirnar auðvitað getað flýtt mjög fyrir þingstörfum og farið yfir ýmis nauðsynleg álitamál.

Eins og ég sagði áðan virðist sem betur fer nokkuð ljóst að þetta mál fer aftur inn til allshn. milli 2. og 3. umr. Við treystum því að þar verði vönduð vinnubrögð. Við verðum að trúa því að þannig verði að verki staðið þar til við stöndum menn að öðru.

Í umfjöllun efh.- og viðskn. hefur ýmislegt komið fram. Ég ætla ekki að tína þar allt til. Ég verð þó að nefna nokkur atriði. Það hefur m.a. komið fram í ræðu eins hv. þm. stjórnarliðsins, að eitt af markmiðum þessa frv. væri m.a. að tryggja það að fjölmiðlafyrirtæki yrðu skráð á markaði, skráð í Kauphöllinni. Þetta er sérkennilegur misskilningur. Við höfum fengið inn í efh.- og viðskn. bæði frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja ... (**MÁ:** Hver sagði þetta?) Ef ég man það rétt þá var það hv. þm. Hjálmar Árnason (Gripið fram í.) sem hélt þessu fram og að því er mér skilst færði hann mikil rök fyrir því. Ég trúi því að hv. þm. telji það eina meginröksemdina fyrir frumvarpinu. Því er eðlilegt að hv. þm. hljóti að velta fyrir sér hvort það sé ekki rétt að skoða

þetta betur. Eins og ég sagði þá fengum við frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja þá umsögn að allt benti til þess að frumvarpið mundi hindra það að t.d. fyrirtækið Norðurljós gæti skráð sig í Kauphöllina eða a.m.k. að það hefði nokkra ástæðu til þess vegna ýmissa hindrana sem fram koma. Jafnframt væri markmiðið með því brostið, engin ástæða til þess að gera slíkt og bara kostnaður og fyrirhöfn. Með þessu frv., ef af lögum verður, er raunverulega búið að taka út úr því fyrirtæki allt sem gerir það söluvænt. Ég held að hv. þm. hljóti að velta þessu mikið fyrir sér og hafa áhuga á því að þetta mál verði skoðað sérstaklega.

Okkur í efh.- og viðskn. þótti ástæða til að skoða þetta sérstaklega. Þess vegna fengum við á fund nefndarinnar í morgun forstöðumann Kauphallarinnar og hann fór yfir þetta mál. Hann hafði að vísu ekki haft tíma til að glöggva sig á öllum þáttum málsins, enda hafði verið haft samband við þá ágætu gesti okkar í gærkvöldi. Þeir höfðu því ekki mikinn tíma til að fara yfir þessa hluti en ætluðu að skoða þetta mun nánar eftir að þeir hefðu fengið að hlýða á viðhorf Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Hjá forstjóra Kauphallarinnar kom hins vegar fram að það væri alveg rétt, þótt hann sæi ekki í fljótu bragði að það væru endilega lögformlega miklar hindranir í vegi þess að skrá t.d. Norðurljós í Kauphöllina, þá hefði þetta mál þær afleiðingar að það mundi minnka hugsanlegan kaupendahóp verulega frá því sem áður hafði verið. Í því sambandi má benda á að viðræður voru hafnar á milli Norðurljósa og Kauphallarinnar um að skrá Norðurljós í Kauphöllina.

Af hverju skyldu Norðurljós hafa verið að velta því fyrir sér? Jú, vegna þess að þau vildu fara á markað og ákveðnir aðilar, stórir aðilar innan samsteypunnar, vildu minnka sinn hlut. Það var ætlunin að reyna að skapa svokallað almenningshlutafélag, reyna að hafa sem dreifðasta eignaraðild. Þegar við leggjum þetta saman er augljóst mál að það virðist ekki vera markmiðið með þessu frv. að dreifa eignaraðildinni, a.m.k. ekki með þessari leið.

Fleira var nefnt sem yrði hindrun í þessu sambandi, m.a. að frv. gerir ráð fyrir því að takmarka mjög vöxt slíkra fyrirtækja. Samskipti við önnur fyrirtæki eru mjög takmörkuð og allri hagræðingu og samlegðaráhrifum raunverulega ýtt til hliðar. Þannig að þetta hvort tveggja dregur mjög úr ástæðum þess að skrá svona fyrirtæki í Kauphöll.

Í þriðja lagi hefur það eitt að breyta lagaumhverfi þau áhrif að áhugi á greininni minnkar. Það segir sig sjálft að það gerir fyrirtækið að miklu minni söluvöru og gerir ekki praktískt lengur að setja slíkt fyrirtæki á markað. Það er augljóst mál að þeir sem styðja þetta frv. eru á móti því að svona fyrirtæki séu skráð í Kauphöll eða almennt á markaði. Maður er afar hissa á því hvert þeir ágætu herrar eru að fara.

Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á því að einn hv. nefndarmaður í efh.- og viðskn. situr einnig í allshn. og fullyrti að öll þau vafaatriði sem upp hefðu komið í efh.- og viðskn. hefðu verið rædd í allshn. Þar af leiðandi er það frv. sem hér liggur fyrir og afleiðingar þess augljóslega meðvituð niðurstaða meiri hluta allshn. Ég ætla ekki að tíunda allar þær afleiðingar sem hér hafa verið nefndar og farið hefur verið býsna vel yfir í þessari umræðu.

Eitt atriði vil ég þó nefna til viðbótar, þ.e. afleiðingar þessa frv., ef að lögum verður, gagnvart fjölmiðlun á landsbyggðinni. Það kom m.a. fram hjá forstjóra Norðurljósa, þegar hann kom sem gestur til efh.- og viðskn., að eitt af því sem þyrfti að gera, ef Norðurljós ættu að starfa áfram við þær aðstæður sem frv. skapar, er m.a. að draga verður verulega úr þjónustu við landsbyggðina, t.d. að loka öllum útsendingum til þéttbýlis með minna en 1.000 íbúa. Jafnvel, sagði forstjórinn, gæti það þýtt að stöðin yrði eingöngu að vera á höfuðborgarsvæðinu, hugsanlega væri það hið eina sem menn gætu ráðið við í breyttri mynd. Þetta er athyglisvert í samhengi við það þegar menn eru að tala um að eitt af markmiðum frumvarpsins sé að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Ég held að öllum sé ljóst að ef einhvers staðar er fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði á Íslandi þá er það á höfuðborgarsvæðinu.

Ágætur fræðimaður, Birgir Guðmundsson, blaðamaður en um leið kennari við Háskólann á Akureyri, hefur velt þessum hlutum töluvert fyrir sér. Hann hefur notað skemmtileg hugtök um hágróður og lággróður í þessu samhengi og telur hvort tveggja nauðsynlegt samhliða. Hann hefur bent á að víða um Evrópu hafa menn einnig verið að velta þessum hlutum fyrir sér, einmitt í samhengi við fjölbreytni í fjölmiðlum. Ljóst er að mesta hættan sem steðjar að í fjölmiðlun á Íslandi í dag, miðað við óbreytt ástand, beinist líklega að hinum staðbundnu fjölmiðlum, fjölmiðlum landsbyggðarinnar, héraðsfréttablöðum, staðarútvörpum ýmiss konar og staðarsjónvörpum sem hafa átt erfitt uppdráttar.

Ef við höldum okkur við héraðsfréttablöðin, sem ég þekki hvað mest til, þá hefur stöðugt hallað á þar af þeirri einföldu ástæðu að þar hafa kostnaðarliðir þyngst, m.a. hefur dreifingarkostnaður aukist verulega á síðustu árum. Evrópuþjóðir hafa hins vegar talið slíka útgáfu svo mikilvæga að þær hafa sumar hverjar gengið svo langt að veita styrki til þessara útgáfna. Ég vil ekki ganga svo langt en ég hefði talið eðlilegt, ef menn meina eitthvað með því að máli skipti að það sé fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, að menn hefðu a.m.k. velt fyrir sér hvort ekki væri hægt að koma til móts við þessa fjölmiðla til að tryggja þá fjölbreytni sem nauðsynleg er.

Við gætum farið nánar yfir málefni héraðsfréttablaða og ég mun væntanlega gera það síðar hér í umræðunni. En þeim málum tengist athyglisverður þáttur sem fram kom á fundi í efh.- og viðskn., þ.e. varðandi það sem segir í frumvarpinu um undanþágu til svæðisbundins hljóðvarps. Það er sérkennilegt að árið 2004 skuli menn ganga svo langt að binda sig eingöngu við hljóðvarp í þessu samhengi, en ekki útvarp, þ.e. bæði sjónvarp og hljóðvarp. Við getum tekið dæmi af stöð sem rekin hefur verið um nokkurt skeið á Akureyri og heitir Aksjón. Mér er kunnugt um að menn hafa verið að ræða ýmislegt um framtíð þeirrar stöðvar og rætt margs konar tengingar milli fjölmiðla í Norðaust. og hvernig menn gætu styrkt þá, sem því miður hafa verið að veikjast á undanförnum árum. Það er ekki hægt að sjá annað en að þetta frv., ef að lögum verður, muni koma í veg fyrir ýmsar þær hugmyndir sem þar hafa verið ræddar. Það er augljóst að þetta frv. mun a.m.k., þá er ég líklega mjög hógvær í orðalagi, skapa minni fjölbreytni í fjölmiðlun á landsbyggðinni. Ég tel hins vegar mikla hættu á því að það muni einnig draga úr fjölbreytni fjölmiðla á höfuðborgarsvæðinu. Áhrif þess munu þá ná yfir allt landið þótt augljóslega sé hættan enn meiri í smærri byggðum.

Frú forseti. Hér er bersýnilega um mjög stórt mál að ræða. Það er ekkert óeðlilegt við að hér fari fram mikil umræða og að ýmsir hafi talið sig hafa fulla ástæðu til að halda langar ræður. Ég sagði hins vegar fyrr í ræðu minni að ég hefði heyrt þau gleðitíðindi að formaður allshn. teldi ástæðu til að taka þetta mál aftur inn í nefndina til frekari umfjöllunar. Við

treystum því og trúum að með því megi bæta frv. eða, sem mér þætti allra best, að meiri hluti nefndarinnar áttaði sig á því að þetta frv. er ekki tækt til samþykktar og því eðlilegt að gefa okkur frí, a.m.k. fram á haustið, taka málið þá upp aftur og reyna að átta okkur á því hvernig við getum höndlað það og skapað sem mesta samstöðu um málið.

Það er þó nauðsynlegt, frú forseti, áður en ég lýk máli mínu að fara örlítið yfir tvær umsagnir sem bárust efh.- og viðskn. og líklega allshn. líka. Annars vegar er það umsögn frá Samkeppnisstofnun og hins vegar frá Verslunarráði ríkisins ... Verslunarráði Íslands, fyrirgefið. Það heitir ekki Verslunarráð ríkisins en svona geta mismælin verið skemmtileg. Maður hefur náttúrlega á stundum velt því fyrir sér hvort Verslunarráðið tilheyrði a.m.k. ákveðnum þætti ríkisvaldsins. En það er ekki að sjá í þeirri umsögn sem við fengum frá Verslunarráði að þessu sinni.

Frú forseti. Ég hef margsagt að ég muni reyna að stytta mál mitt eins og kostur er og mun því aðeins víkja að örfáum atriðum í umsögn Verslunarráðs.

Frú forseti. Þótt ég ætli ekki að gera neinar athugasemdir við það og sé býsna ánægður með þann forseta sem nú stjórnar fundi þá hefur að vísu orðið breyting á frá því ég ákvað að lesa þennan kafla. Mér þætti vænt um það ef frú forseti gæti kannað það hvort hv. þm. Birgir Ármannsson er í húsinu.

(**Forseti** (SP): Hv. þm. Birgir Ármannsson er staddur í húsinu og ég geri ráð fyrir að hann fylgist með ræðu hv. þm.)

Frú forseti. Ég þakka fyrir og vona að svo sé. Ég tel fulla ástæðu til að hv. þm. sem hefur setið fundi með mér að undanförnu í efh.- og viðskn. fylgist sérstaklega með lestri mínum úr umsögninni frá Verslunarráði Íslands.

Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur að fjölmiðlafyrirtæki lúti samkeppnisreglum eins og önnur fyrirtæki. Verslunarráð furðar sig á því að eftir síauknar heimildir samkeppnisyfirvalda og ítarlegri samkeppnisreglur þá telji menn nú að þær almennu samkeppnisreglur nái ekki til fyrirtækja í fjölmiðlun.

Verslunarráð telur að með frumvarpinu sé gengið miklu mun lengra en nauðsynlegt er telji menn brýnt að kveða á um eignarhald í fjölmiðlum í löggjöf."

Hér er býsna skýrt talað, frú forseti. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur ekki að fjölbreytni útvarps og sjónvarps stafi ógn af eignarhaldi fyrirtækja í annars konar rekstri. Þvert á móti mætti ætla að aðkoma fyrirtækja á ýmsum sviðum að fjölmiðlun gæti leitt til meiri fjölbreytni."

Áfram heldur Verslunarráðið, með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur ekki rétt að meina fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu þátttöku í útvarpsrekstri."

Þá segir, með leyfi forseta, um 25% eignarhlut:

„Verslunarráð telur þessa reglu afar íþyngjandi og takmarka mjög möguleika á einkarekstri í fjölmiðlun. Þá dregur Verslunarráð í efa að raunhæft sé að einblína svo mjög á eignarhaldið sem slíkt. ... Verslunarráð telur engin rök til þess að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með þessum hætti."

Um útvarpsleyfi og útgáfu dagblaða segir Verslunarráð, með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur að þær takmarkanir sem settar eru á möguleika fyrirtækja til að eiga bæði ljósvakamiðla og dagblöð séu óskynsamlegar og komi í veg fyrir að fyrirtæki á þessum markaði fái að þróast í samræmi við breytta tíma.

Verslunarráð telur að 1. gr. frumvarpsins sé ekki til þess fallin að auka fjölbreytni á fjölmiðalmarkaði en geti hins vegar dregið úr gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum."

Nokkru síðar í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Verslunarráð telur að upplýsingar um afleiðingar frumvarpsins séu ófullnægjandi, bæði hvað varðar fyrirkomulag á fjölmiðlamarkaðnum og einnig hvað snertir hugsanlega skaðabótakröfu núverandi fjölmiðlafyrirtækja á hendur ríkinu."

Frú forseti. Lokasetningin í umsögn Verslunarráðs er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga."

Hér er býsna skýrt talað og ég hefði haldið að ýmsir hv. þingmenn stjórnarliðsins tækju örlítið meira mark á Verslunarráði Íslands en virðist vera, miðað við þær skoðanir sem fram hafa komið hjá þeim í umræðunum. Að vísu verður að hafa þann fyrirvara á að afar fáar skoðanir stjórnarliða hafa komið fram í umræðunum. Þessi stytting á leið foringjanna virðist vera allsráðandi. Það er auðvitað mjög alvarlegt fyrir Alþingi að svo skuli vera komið fyrir því að foringjarnir skuli einnig stýra og stjórna störfum þingsins og foringjarnir geti þannig stytt sér leið.

Frú forseti. Ég ætla síðan að fara mjög stuttlega yfir álit Samkeppnisstofnunar. En þá vill svo til að mér kemur í hug viðtal sem ég las fyrir stuttu, sem ég rakst á í býsna skemmtilegu tímariti sem Lagakrókar heitir. Ég verð að spyrja frú forseta hvort hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sé staddur í húsinu.

(**Forseti** (SP): Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson mun ekki staddur í húsinu.)

Frú forseti. Ég verð að taka því. Ég get ekki gert þá kröfu að hv. þm. sé hér viðstaddur en hv. þm. situr í allshn. og ég mun reyna að bæta úr fjarveru hans með því að lesa stuttlega úr þessu ágæta viðtali við hv. þm. Það er að vísu ekki alveg nýtt en það er heldur ekki mjög fornt. Mér sýnist það tæplega þriggja ára gamalt. En það kemur mér í hug þegar ég lít yfir álit Samkeppnisstofnunar. Í viðtalinu er hv. þm., sem þá er reyndar ekki orðinn þingmaður en varð það skömmu síðar, spurður hvort samkeppnislög eigi rétt á sér.

Sigurður Kári Kristjánsson, núverandi hv. þm., svarar:

„Nei. Ef aðili á markaði níðist á neytendum eða öðrum aðilum á markaði þá eiga markaðslögmálin að fá að leiðrétta slíkt en ekki eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera."

Áfram er spurt:

„Hver eiga viðurlög við brotum á samkeppnislögum að vera?"

Þá svarar Sigurður Kári Kristjánsson af krafti:

„Þar sem ég er mótfallinn samkeppnislögum þá tel ég að viðurlög eigi engin að vera. Viðurlög markaðarins eru nægilega hörð. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að samkeppnisyfirvöld hafi farið langt fram úr sjálfum sér í nýlegum málum þar sem lagðar hafa verið allt of þungar sektir á aðila á markaði sem sakaðir eru um brot á samkeppnislögum."

Frú forseti. Hér er býsna skýrt talað og ekkert dregið af sér í svörunum. Ég verð hins vegar að segja, frú forseti, að hér finnst mér eins og ungur öfgamaður sé að tala. Við erum flest þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa eitthvert eftirlit á markaði. En það er oft þannig með öfgamenn að þeir virðast sveiflast öfganna á milli. Ég held að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi sveiflast öfganna á milli í þessu máli. Nú er hv. þm. orðinn bannmaður, bannmaður númer eitt, tvö og

þrjú. Fyrir nokkrum árum síðan átti markaðurinn að sjá um allt en nú þarf að hafa vit fyrir markaðnum á ansi harkalegan hátt, þannig að afleiðingarnar eru ekki einu sinni fyrirséðar.

Frú forseti. Ég ætlaði að lesa úr umsögn Samkeppnisstofnunar. Ég held að ég stytti það enn frekar. Ég hafði lofað því að reyna að vera stuttorður og hef lagt mig fram um það. Ég ætla því að ljúka ræðu minni með tilvitnun í Samkeppnisstofnun og láta eingöngu eina tilvitnun duga. Þá skulum við bera niður þar sem Samkeppnisstofnun fjallar um bann við að fyrirtæki tengt útgefanda dagblaðs sé veitt útvarpsleyfi. En um það segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun fær ekki séð að svo afdráttarlaus aðgreining eignarhalds á útgáfu dagblaðs annars vegar og fyrirtækis með útvarpsleyfi hins vegar sé nauðsynleg til að tryggja markmið frv. Ná megi markmiðinu með vægari hömlum, svo sem því að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem lýtur virkum yfirráðum aðila sem hefur/hafa jafnframt virk yfirráð í útgefanda dagblaðs. Með óbreyttu orðalagi felast í ákvæði frv. aðgangshindranir að markaði sem að mati Samkeppnisstofnunar fara gegn markmiði samkeppnislaga."

Frú forseti. Það má segja að þetta sé gegnumgangandi í umsögn Samkeppnisstofnunar, að frv. sem hér liggur fyrir gangi gegn markmiðum samkeppnislaga. Þannig er að ýmsu að hyggja í þessu máli en í trausti þess að allshn. muni sinna frv. af vandvirkni milli 2. og 3. umr. þá læt ég máli mínu lokið.

[15:24]

Útbýting þingskjala:

Hjónabönd öryrkja, 965. mál, svar félmrh., þskj. 1660.

Kynning á málstað Íslands í hvalveiðimálum, 57. mál, svar sjútvrh., þskj. 1658.

Meðferð opinberra mála, 871. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1662; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1663.

Rannsóknir í Brennisteinsfjöllum, 888. mál, svar iðnrh., þskj. 1646.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 876. mál, brtt. SAÞ, þskj. 1669.

[15:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa mér að komast í andsvar, sem sumir þingmenn virðast vera á móti.

Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa lesið úr Frelsinu. Það er alltaf góð lesning. Ég vil spyrja hv. þm. hvað hann telji að John Stuart Mill hefði sagt um það að einn aðili ætti alla fjölmiðla. Ef einn aðili ætti alla fjölmiðla, sem eru þó mikilvægasti þátturinn í að koma skoðunum sínum á framfæri, mundi það samrýmast frelsinu, ef einn aðili ætti alla fjölmiðlana?

Síðan er önnur spurning. Hv. þm. vitnaði í hv. þm. Kristin H. Gunnarsson sem fyllir nýjan meiri hluta í efh.- og viðskn. Hann vitnaði í ræðu hans. Kristinn H. Gunnarsson sagði í gær að ríkir menn hefðu líka tjáningarfrelsi. Spurning mín til hv. þm. er eftirfarandi: Telur hann að ríkir menn, sem eru mjög ríkir, megi kaupa sér tjáningarfrelsi með því að kaupa upp alla fjölmiðlana? Væri tjáningarfrelsi þeirra ekki þar með farið að ganga á frelsi annarra?

Síðan vildi ég spyrja hv. þm. um það sem hann segir varðandi ritstjórnarfrelsi, þar sem ritstjórinn á að vera óháður eigandanum: Hvernig fer það saman við það að ríkir menn hafi líka tjáningarfrelsi, ef sú skyldi vera niðurstaðan? Gætu menn þá ekki keypt fjölmiðil, átt hann og komið skoðunum sínum á framfæri þar og eingöngu þeim?

Þá vildi ég spyrja hv. þm. í fjórða lagi: Ein lausn fjölmiðlanefndarinnar var að styrkja RÚV, að vegna þess að ríkir menn dæla inn peningum til að kaupa sér áhrif og skoðanamyndun þá eigi að styrkja RÚV sem málpípu ríkisins á móti. Er það í samræmi við frelsið, að tveir aðilar keppist um að kaupa sér skoðanir?

Svo vildi ég spyrja hv. þm. í lokin: Í SPRON-málinu þá greiddi Samfylkingin atkvæði með miklum hraða og sértækum lögum og snerist 180° miðað við núverandi stefnu. Er hv. þm. sáttur við það?

[15:28]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. hefur fylgst með ræðu minni og meðtekið ýmislegt. Hins vegar er ljóst að hv. þm. hefur, eins og við þekkjum, verið gjarn á að misskilja hluti. Það er ljóst, miðað við fyrstu spurningu hans, að hann er víðs fjarri því sem ég var að fjalla um, þ.e. ef einn aðili, ef ég hef heyrt rétt, ætti alla fjölmiðla, og hvort ég teldi að John Stuart Mill hefði verið sáttur við það. Ég held að hann hefði ósköp einfaldlega svarað því neitandi, sem ég geri líka. Það getur nú ekki verið ætlunarverk nokkurs manns að fjölmiðlar verði allir í eigu einhvers eins. En við sjáum líka að það er brugðist við því ef hætta er á slíku. Við þekkjum nokkur dæmi um það frá Ítalíu. Þótt forsætisráðherra þess lands hafi ekki átt alla fjölmiðla þar þá var nú býsna langt gengið í þeim efnum. Menn hafa auðvitað brugðist við því og samkeppnislög okkar mundu væntanlega bregðast við því. Ef þau geta það ekki þá þyrftum við væntanlega að gera á þeim einhverjar breytingar.

Ég vona að hv. þm. sé sammála mér um að það væri afar óæskilegt ef einhver einn aðili ætti alla fjölmiðla. Það væri alveg skelfilegur hlutur. Í því væri mikil hætta fólgin og hugsanlega hægt að gera alls konar hluti.

Ég heyrði að hv. þm. var með fremur undarlegan málflutning um Ríkisútvarpið. Hann hefur nálgast þá stofnun á annan hátt en flestir aðrir þótt hann hafi eignast einhverja bandamenn í því efni á þessum vetri, sem væntanlega eru nú búnir að skipta um skoðun miðað við hvernig þeir tala um önnur mál. Ríkisútvarpinu er ætlað, hv. þm., að tryggja ákveðinn fjölbreytileika. Ég held að staða Ríkisútvarpsins sé mikilvæg í því tilliti. Eitt mikilvægasta hlutverk Ríkisútvarpsins er að tryggja ákveðinn fjölbreytileika á fjölmiðlamarkaðnum. Þess vegna hefur verið svolítið ánægjulegt að sjá að einkastöðvar hafa náð að vaxa við hliðina á Ríkisútvarpinu.

Hins vegar má velta því fyrir sér hver sú samsuða er og ég er tilbúinn til þess að fara í þá umræðu með hv. þm. á öðrum nótum en hv. þm. hefur yfirleitt fjallað um þau mál.

[15:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það getur vel verið að ég sé heimskur og skilji ekki hv. þm. eða misskilji hann. Það getur vel verið að umræða mín um RÚV sé undarleg en ég ætla að biðja hv. þm. að hlífa mér við því að tala svona til mín. Hann getur verið kurteis og sagt að ég hafi aðra skoðun á þessu. En að segja að ég misskilji hlutina og umræða mín um RÚV sé undarleg, ég vil helst ekki heyra talað þannig niður til mín.

Það hefur gerst á fjölmiðlamarkaði á Íslandi að einn aðili keypti mjög stóra samsteypu í nóvember. Hann átti fyrir fyrirtæki á sviðinu og þróunin er óskaplega hröð. (**JÁ:** Hann keypti ekki 40% heldur innan við 30%.) Hann keypti mjög stóran hlut í þeim fjölmiðlum og mikil áhrif, mikil

skoðanamyndandi áhrif. (Gripið fram í.) Í viðtali við framkvæmdastjóra Skjás 1 kom fram að hann heldur að hann haldi út í eitt eða tvö ár í baráttu við þetta endalausa fé sem dælt er inn í Stöð 2, sem hefur lækkað auglýsingaverð á markaðnum og m.a. valdið hinu fræga RÚV miklum búsifjum. (**MÁ:** Það er alveg öfugt.) Þannig mun það væntanlega gerast að Skjár 1 leggi upp laupana innan eins eða tveggja ára og þróunin er mjög hröð. Mjög hröð. (Gripið fram í.)

Nú er spurningin, frú forseti, til hv. þm.: Telur hann að þetta sé allt í lagi? Telur hann að upp gæti komið staða eins og á Ítalíu með Berlusconi, að aðili geti keypt svo mikil og skoðanamyndandi áhrif í fjölmiðlum? Segjum að honum takist enn betur upp og kæmi Morgunblaðinu á kné o.s.frv. Telur hann að ef sá aðili kæmist til valda í ríkisstjórn með einhverjum hætti, í gegnum ákveðinn flokk sem hann styrkti, réði RÚV líka? Hver væri staðan þá?

[15:32]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nota kannski orðið „undarlegt" eitthvað öðruvísi en hv. þm. En það hvarflaði ekki að mér að þótt ég segði að umræða hv. þm. um einhver ákveðin mál væri undarleg þá væri ég að fjalla um persónu hans. Ég er að fjalla um skoðun hans. (**PHB:** Þú sagðist hafa misskilið mig.) Já, misskilið. En það gat alveg eins verið að ég hefði verið eitthvað óskýr. Ég vildi reyna að leiðrétta það og það tengdist ekki persónu hv. þm., þannig að allur vafi sé tekinn af um það. Ég hélt ég hefði nú með tilvitnun í Frelsið farið þannig með málið að það væri augljóst hvaða skoðun ég hefði á skoðunum annarra þótt þeir séu ekki sammála mér. Ég held að við þurfum ekki að eyða meiri tíma í það.

Hins vegar var þetta merkilegt andsvar hjá hv. þm. Ég heyrði að hv. þm. hafði annan skilning á viðtali við forsvarsmann Skjás 1 en þann sem ég hafði. Ég skildi það þannig, eftir því sem sá ágæti maður sagði í morgunfréttum í gær, að það væri í raun og veru Baugur sem búinn væri að pína niður auglýsingaverð í gegnum Ríkisútvarpið, vegna stærðar sinnar væntanlega, að hann væri á 50% afslætti hjá Ríkisútvarpinu og þess vegna stæði Skjár 1 svona illa.

Ég tók eftir því að hv. þm. sagði að framkvæmdastjóri Skjás 1 hefði talað um það að hann gæti lifað við óbreytt ástand í eitt til tvö ár. Bíddu nú við. Er hér komin skýring á stuðningi hv. þm. við hið undarlega frumvarp, svo ég noti nú það orð aftur, að það sé sérstök væntumþykja í garð eins fyrirtækis og þá megi fórna öðru? (Gripið fram í.) Ég held að það sé lykilatriðið, hv. þm., að við reynum að skoða þetta í heild sinni og séum ekki að fórna einhverjum til að rétta annan við. Vonandi erum við sammála um að við viljum hafa fjölmiðlun sem alfjölbreyttasta. Þá verðum við að finna leið til þess.

Hv. þm., við eigum ekki að leyfa foringjunum að stytta sér stöðugt leið.

[15:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Síðustu orðaskiptin um Skjá 1 vöktu athygli mína. Ég hlustaði á viðtal við forsvarsmann þess fyrirtækis. Hann bar sig mjög illa undan samkeppninni á þessum markaði. Hann minnti mig dálítið mikið á kaupmennina á horninu sem kvörtuðu fyrir nokkrum árum yfir því að samkeppnin við stóru fyrirtækin á markaðnum hefði farið illa með þá. En straumur tímans verður ekki stöðvaður í þessu. Samkeppnisþjóðfélagið er óvægið. Skjár 1 hefur sjálfur tekið þátt í þessari samkeppni. Skemmst er að minnast þess að þar voru þeir ekki blankari en svo að þeir spenntu upp verðið á því að fá að senda út knattspyrnukeppni. Aðrar stöðvar halda því fram að það sé ekki nokkur grundvöllur fyrir því verði. Það er því umhugsunarefni hvort taka eigi allt of mikið mark á því í þessari umræðu þegar kvartað er undan samkeppni á markaðnum.

Ég hélt aðra ræðu hér fyrr og ætla ekki að hafa ræðu mína núna mjög langa. Mig langar í upphafi að segja það að siglingin á hæstv. forsrh. í þessu máli hefur minnt mig dálítið á sögu sem ég las einu sinni um hvíta hvalinn, Moby Dick. Mér finnst sem þessi sigling hafi hafist einn bolludaginn og hef sagt það áður. Það var þannig með skipstjórann í sögunni af Moby Dick að hann var hvalveiðimaður og ætlaði að drepa hval. Hann lenti í návígi við hvalinn og svo illa vildi til að hvalurinn slapp en hafði áður bitið fótinn af skipstjóranum. Þetta var mikill missir fyrir skipstjórann og einhvern veginn þá gat hann aldrei gleymt þessu. Hann fylltist miklum hefndarhug og sigldi með áhöfn sinni um heimsins höf og elti hvalinn. Áhöfnin var pískuð áfram í þessum eltingarleik við hvalinn og hefndarhug skipstjórans, allt þar til þeir komust í færi við hvalinn. En viðureignin endaði þannig að skip og skipstjóri týndust í hafið. Ekki ætla ég að spá þessari siglingu því sama. En mér finnst einhvern veginn að leiðangurinn sem hér er farinn og náð hefur alla leið inn á Alþingi beri meiri svip af hefndarhug en hollt getur verið.

Mig langar að fara yfir nokkur atriði í þessu frv. og útvarpslögin, þ.e. 6. gr. útvarpslaga, eins og hún virkar að mínu viti eftir að búið er að breyta henni með þeim hætti sem hér er til stofnað. Í 1. málsgr. 6. gr. laganna segir:

„Til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, þarf leyfi útvarpsréttarnefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið."

Þetta þýðir að reglurnar sem við erum að tala um gilda einungis um dagskrá eða útvarp sem á uppruna sinn hér á landi. Það hefur svo komið fram í þessum umræðum og verið dregið vel fram að hér er á boðstólum gífurlega mikið af efni, margar sjónvarpsstöðvar sendar út, sem þessi ákvæði heyra ekki undir. Þannig að við erum einungis að fást við þann lista hluta af því sjónvarpsefni sem fólk getur haft aðgang að á Íslandi núna og mun verða ennþá meira í framtíðinni, með þeim lögum sem hér er talað um að setja.

Í greininni, eins og meiri hluti allshn. vill hafa hana eftir að hafa fjallað um málið, stendur:

„Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri."

Það kom fram í skilgreiningu í skýringunum með sjálfu frumvarpinu, að mig minnir, að þar væri um að ræða fyrirtæki sem hefði sem svaraði til meira en 50% umfangs síns í öðru en fjölmiðlarekstri, að þá ætti það ekki kost á að fá útvarpsleyfi.

Ég skil það svo að fyrirtæki sem hafa útvarpsleyfi verði þá að gæta þess að vera ekki í starfsemi sem verður meiri en 50% að heildarumfanginu hjá viðkomandi fyrirtæki.

Allshn. breytti þessari 1. gr. lagafrumvarpsins, eða gerir tillögu um það, með þeim hætti að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu sem séu undir tveimur milljörðum í veltu skuli geta fengið útvarpsleyfi. Skilgreiningin á því hvernig veltan er reiknuð er, með leyfi forseta:

„Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem

markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð yfir."

Hér er sem sagt allt talið, eða hvað? Ég lít svo á. Líka eign í sjálfum fjölmiðlinum. Ég get ekki lesið annað úr þessu orðalagi en að um það sé að ræða. Hafi menn lesið þetta þannig að 2 milljarða kr. velta liggi til grundvallar þá skreppur saman sá fyrirtækjahópur sem getur átt í fjölmiðlum, t.d. ef við segjum að um sé að ræða fjögur fyrirtæki, sem fæst geta verið eigendur að fjölmiðli. Það er augljóst að með því að leggja veltu fjölmiðlafyrirtækisins við aðra veltu fyrirtækisins verður ekki um að ræða 2 milljarða kr., eftir að fyrirtækið hefur tekið þátt í rekstri fjölmiðilsins, nema taka þá veltu með í reikninginn. Ef við t.d. hugsum okkur umfang Norðurljósa, sem eru 6 milljarðar kr. eða svo, þá mundu fyrirtækin fjögur sem eignuðust Norðurljós ekki mega hafa hærri veltu en 600 millj. kr. eða eitthvað svoleiðis. Við erum þá að útiloka frá eignarhaldi á fjölmiðlum öll fyrirtæki sem hafa eignarhlut fram yfir einhverjar svona tölur, eftir því hvaða virði er í viðkomandi fjölmiðli.

Ég er ekki viss um að menn hafi áttað sig á þessu. Ég tel að með því að þessi ákvæði hafi þá afleiðingu að fyrirtæki sem velta 500–600 millj. kr. á ári og þar fyrir neðan geti ekki tekið þátt í fjármögnun svona fyrirtækis að neinu marki þá séum við að þrengja þennan hóp og fækka mjög þeim aðilum sem lagt geta fé í fjölmiðlafyrirtæki. Þeir verða smærri og ólíklegri til að vilja taka þátt í þessum rekstri. Einnig vegna þess skerðingarákvæðis sem þarna er, þ.e. að þau fyrirtæki mega ekki hafa annað að aðalmarkmiði en að reka fjölmiðilinn. Þau geta ekki sett áhættufé í fjölmiðlarekstur með sama hætti og fyrirtæki eru að gera heldur verða þau að hafa fjölmiðlarekstur að aðalmarkmiði. Annað umfang má ekki fara yfir 50% markið.

Að mínu viti er þrenging af þessu tagi mjög alvarleg. Ég hef áður fjallað um prentfrelsið í tengslum við þetta mál. Hér stendur:

„Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu er útgefandi dagblaðs, á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu."

Þetta hef ég kallað brot á prentfrelsinu og nota gömlu skilgreininguna sem menn notuðu hér áður. Í stjórnarskrá lýðveldisins, áður en hún var endurskoðuð árið 1995, var í 72. gr. stjórnarskrárinnar talað um prentfrelsi. Sú grein var svona, með leyfi forseta:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þegar stjórnarskráin var endurskoðuð var þessu ákvæði breytt. Nú er ekki talað um prentfrelsi þar en því var ekki breytt með það í huga að rýra rétt manna til þess að gefa út á prenti heldur til að það væri ljóst að um væri að ræða réttindi manna til að setja hugsanir sínar fram, ekki bara á prenti, heldur með öllum hætti. Nú lítur ákvæðið sem er í stjórnarskránni þannig út, hæstv. forseti:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða."

Svona er ákvæðið orðað núna í stjórnarskránni. Ég tel að þetta orðalag sé ekki síður skýrt og ákveðið en það var í hinni eldri útgáfu stjórnarskrárinnar.

Það er ljóst í mínum huga að með því að setja í lög það sem hér stendur til munu einhverjir, í þessu tilfelli fyrirtæki sem reka fjölmiðla, ekki hafa rétt til að gefa út blöð. Með því eru þau réttindi tekin frá þeim sem getið er um í stjórnarskránni. Það er gert með því að hegna fyrirtækjunum með því að taka af þeim útvarpsleyfið ef þau fara að gefa út blöð. Við getum séð fyrir okkur hvaða ferill kemur upp. Fyrirtæki sem eiga fjölmiðil gefa út blað, því að ekki þarf til þess neitt leyfi, útvarpsréttarnefnd tekur af þeim leyfið til að útvarpa á grundvelli þessa ákvæðis sem hér er sett fram og á að verða að lögum. Í kjölfarið fara fram málaferli sem að mínu viti geta ekki leitt til annars, á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar, en að það verði gert ómerkt sem menn ætla að gera.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tala meira um þetta. Það er annað sem mig langar að fjalla um í þessari ræðu minni. Núna stendur í útvarpslögunum:

„Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps."

Það er sem sagt ljóst að tvenns konar aðilar geta fengið leyfi, annars vegar einstaklingar og hins vegar fyrirtæki. Lagatextinn sem hér liggur fyrir fjallar eingöngu um fyrirtæki. Allar skorðurnar sem settar eru í frv. sem hér liggur fyrir snúast þess vegna um fyrirtæki. Vegna þess að það stendur í útvarpslögum að hægt sé að veita lögaðilum og einstaklingum leyfi til útvarps þá er að mínu viti augljóst, samkvæmt þessum lagabókstaf, að ákvæðin í frumvarpinu beinast ekki að einstaklingum. Þar er hvergi talað um einstaklingana. Í útvarpslögum er hins vegar ákvæði um að einstaklingar geti fengið útvarpsleyfi.

Að mínu viti er þetta mikið umhugsunarefni af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að reglurnar sem hér stendur til að setja þrengja mjög að því að fyrirtæki geti fengið útvarpsleyfi, eins og ég lýsti áðan. Á hinn bóginn er yfirlýstur tilgangur þeirra sem tala fyrir því máli sem hér er á dagskrá sá að koma í veg fyrir samþjöppun, eignasamþjöppun og einsleitni á þessum markaði. Þeir hafa talað um að setja skorður við eign fyrirtækja í fjölmiðlum. Það er sem sagt þannig að ef einstaklingur ákveður að nota nafn sitt til að eiga fjölmiðil, hefur til þess afl og hefur allar eigur sínar á eigin nafni og rekstur sem hann hefur með höndum, þá má hann eiga 100% í fjölmiðli. Þá gilda ekki heldur um hann þau ákvæði sem ég fór yfir áðan, sem ég tel brjóta gegn prentfrelsinu. Það er ekki heldur talað um að einstaklingum sé bannað að eiga dagblöðin.

Velkomin á markaðinn Murdoch Íslands. Þeir sem eiga fjármuni á eigin nafni og kaupa fjölmiðla á Íslandi mega, ef þeir reka allt sitt í eigin nafni og ekki undir fyrirtækisheiti, eignast alla fjölmiðla sem tiltækir eru á markaðnum og gefa út öll blöð sem þeim sýnist. Ég held því ekki fram að þetta sé nú heppilegt en ég held því fram að það geti ekki verið að þeir sem bera fram þetta frv. hafi viljað slíkt ástand. Þess vegna er ástæða til að spyrja um með hvaða hætti menn fjölluðu um þetta og hvernig þeir komust að þeirri niðurstöðu að þetta gæti allt saman staðist.

Með því að lesa frv. hef ég komist að þessari niðurstöðu. Það kann vel að vera að menn hafi við þessu svör, þá verð ég sjálfsagt leiðréttur. Hæstv. forsrh. leiðrétti mig við 1. umr. málsins vegna þess að ég hafði við lestur frv. komist að þeirri niðurstöðu að þessar reglur hlytu að þurfa að gilda fyrir alla, líka einstaklingana, og einstaklingar gætu þess vegna ekki fengið útvarpsleyfi vegna þess að þeir væru þar með komnir

undir aðrar reglur en þarna er talað um. Ég hélt þessu fram í ræðu minni en var leiðréttur af hæstv. forsrh. og hef því ekki ástæðu til að ætla að sú niðurstaða sem ég hef nú komist að sé röng.

Hæstv. forseti. Til viðbótar ætlaði ég að tala um það að mér finnst að við þurfum mjög langa og ítarlega umræðu um fjölmiðlun á Íslandi og aðgang að henni, í samhengi við nútímann. Við höfum á markaðnum fjölmargar íslenskar sjónvarps- og útvarpsstöðvar en enn þá fleiri erlendar sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Engri af þeim reglum sem hér er um fjallað er ætlað að taka neitt á því. Ég er ekki að leggja til að það verði gert en legg hins vegar til að menn fari yfir þessi mál með það í huga að reyna að átta sig á því hvort hér sé ekki um að ræða fortíðarhugsun sem verði bókstaflega spaugileg innan skamms tíma. Nútíminn er óumflýjanlegur. Aðgangur manna á Íslandi, án hamla, að mörgum rásum og sjónvarpsrásum sem fer fjölgandi er svo mikill að boðvaldsreglur á útsendingar íslenskra fyrirtækja verða undarlegar í því ljósi.

Eins og ég sagði, hæstv. forseti, þá er ég búinn að fara yfir málin í fyrri ræðu minni og vísa til þess sem ég hef sagt þar. Ég ætla ekki að endurtaka það hér.

Í lokin langar mig að segja að viðbrögð almennings við þessu frv. hafa verið mikil. Að mínu viti eru þau til komin af einni meginástæðu. Það er vegna þess að fólkið í landinu lítur þannig á að starfsemi bæði sjónvarps og útvarps Norðurljósa sé þjónusta sem það vill hafa. Fólk hafði áhyggjur af þessari þjónustu fyrir stuttu, að þetta fyrirtæki mundi velta um koll og að á markaðnum yrði ekki stöð í sambærilegum gæðaflokki og stærð og Norðurljós hafa verið. Þegar í ljós kom að fjárhagslega sterkur aðili vildi hjálpa til við að rétta þetta fyrirtæki við og setja síðan á markað, eins og síðar kom fram, urðu menn því fegnir. Þegar menn sáu að það virtist ætla að takast var mönnum létt. En þegar ríkisstjórnin mætti til leiks með þetta frv., sem við höfum hér til umræðu, þá fengu menn áfall. Það hefur ekki verið hægt að skýra með neinum skynsamlegum hætti í sölum Alþingis að við geti tekið fyrirtæki sem hefur fjárhagslega burði, undir þeim leikreglum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að setja á með frv.

[15:58]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ósammála ýmsu í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar en læt mér nægja að gera sérstakar athugasemdir við eitt atriði. Ég held að í því hafi falist ákveðinn misskilningur á frv. Hann lagði út af, ef ég skildi hv. þm. rétt, því að engar hömlur væru á því hvað einstaklingur gæti átt í ljósvakamiðlum miðað við frumvarpstextann. Hann vísað til orða í a-lið 1. gr. þar sem segir:

„Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri“ o.s.frv., en alltaf er talað um fyrirtæki í greininni.

Það sem kann að valda þessum misskilningi er að notað er orðið „fyrirtæki“, enda vísar það ekki til manna í venjulegu tali. Hins vegar segir um þetta í athugasemdum við einstakar greinar frv.:

„Hugtakið fyrirtæki er hér notað í sömu merkingu og í samkeppnislögum þar sem það tekur til einstaklinga, félaga, opinberra aðila og annarra, sem stunda atvinnurekstur, sbr. 4. gr. laga nr. 8/1993.“

Þetta þýðir að ef einstaklingur, t.d. eins og Murdoch af því hv. þm. nefndi hann sérstaklega, sem er auðmaður vill eiga fjölmiðla þá telst hann fyrirtæki í skilningi þessa frv. Ég held að það vandamál sem hv. þm. vísaði til sé ekki fyrir hendi miðað við frumvarpstextann.

[16:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt þetta líka og hélt þessu fram við 1. umr. en hæstv. forsrh. leiðrétti mig þá. Ég nefndi að það væri ekki hægt að úthluta einstaklingi útvarpsleyfi ef skilja ætti textann svona. Hæstv. forsrh. leiðrétti mig og ég tók það gilt.

Ég verð að segja að það hefði þurft að laga textann meira. Í útvarpslögunum, 2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, stendur áfram að einstaklingum og fyrirtækjum sé hægt að úthluta útvarpsleyfi. Þá liggur það fyrir, ef þessi skilningur er uppi, að forsrh. hefur misskilið þetta. Þar með er ljóst að enginn einstaklingur getur fengið úthlutað útvarpsleyfi vegna þess að það geta ekki minna en fjórir fengið úthlutað útvarpsleyfi. Ég tel þess vegna að hv. þm. þurfi að setjast niður með hæstv. forsrh. og lesa þetta fyrir hann.

[16:02]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé ekki vandamál. Í þessu sambandi erum við auðvitað að tala um einstakling í atvinnurekstri, sem telst fyrirtæki í skilningi orða samkeppnislaga. Þannig er þetta í raun ekkert vandamál. Það sem hv. þm. var að vísa til í ræðu sinni voru auðmenn sem reka í eigin nafni ljósvakamiðla í atvinnuskyni. Ég held því að það dæmi sem hv. þm. Jóhann Ársælsson vísaði til í ræðu sinni eigi á engan hátt við í því sambandi sem hann ræddi það.

[16:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki útilokað að viðkomandi einstaklingar reki fyrirtæki. Það hafa menn gert á Íslandi í sínu nafni. Í útvarpslögunum, eftir að þessar breytingar hafa komið fram, stendur skýrt og greinilega að einstaklingar geti fengið úthlutað útvarpsleyfi.

Verði sá skilningur sem hv. þm. talar hér fyrir ofan á þá skil ég ekki hvers vegna menn breyta ekki orðalaginu í útvarpslögunum. Þetta hlýtur a.m.k. að verða umhugsunarefni. Þegar sjálfur hæstv. forsrh. hefur haldið því fram að skilja beri ákvæðið þannig að einstaklingar geti fengið úthlutað útvarpsleyfi þá tel ég að menn ættu að setjast niður í allshn. og fara yfir þetta atriði málsins, hvort þetta gengur. Ákvæðið er þannig í lagatextanum að einstaklingur getur ella ekki fengið útvarpsleyfi, vegna þess að það eru að lágmarki fjórir sem geta staðið að fyrirtæki í fjölmiðlarekstri.

[16:04]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Í fyrri ræðu minni fór ég yfir frumvarpið og nefndarálit minni hluta allshn. Eins minntist ég á till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, varamaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, var fyrsti flutningsmaður að. Sú tillaga var lögð fram fyrir síðustu áramót og hún sýnir glöggt að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum haft ákveðið frumkvæði við að koma að þeirri hugmynd að skoða þurfi starfsumgjörð fjölmiðla.

Við höfum haft áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur á mjög skömmum tíma, m.a. því hvernig eignarhaldið hefur þjappast saman. Í því felst engin áfellisdómur á þá sem reka þá fjölmiðla í dag en það er betra að byrgja brunninn áður

en barnið fellur ofan í hann. Við getum litið til þess sem hefur gerst í öðrum löndum — Ítalía er frægt dæmi — þegar lagaumhverfið hefur boðið upp á að eignarhald á fjölmiðlum færist á fáar hendur eða til aðila sem hafa verið markaðsráðandi á öðrum sviðum. Miðað við þróunina hjá okkur, bæði á fjölmiðlamarkaðnum, í smávöruverslun, í heildsölu og víðar þar sem rekstraraðilar verða stærri og sterkari og öflugri, stundum til góðs og stundum ekki, þá verðum við að vera vakandi og skoða þetta umhverfi vandlega. Er þetta það sem við viljum? Viljum við að hugsanlega verði hér innan skamms tíma Ríkisútvarpið, vonandi kemur ekki til þess að það verði einkavætt, og einn stór og sterkur aðili meirihlutaeigandi í einkarekstrinum sem er þar fyrir utan?

Í dag eru nokkur fyrirtæki á ljósvakamarkaði en þar er mikil samkeppni og mikill áhugi á að verða þar ráðandi. Ísland er fámennt, við erum lítill markaður og auðvitað er erfitt að berjast innan þess markaðar um tekjur. Tekjurnar koma annaðhvort af áskrift eða auglýsingum, sem gefa mestu tekjurnar. Það segir sig sjálft að þetta er ekki stór biti og ekki miklir fjármunir til að margir aðilar geti verið ráðandi. Samkeppnin á þessum markaði er hörð. Þá er spurningin: Hvernig viljum við hafa leikreglurnar til að tryggja að þetta fari ekki á versta veg? Ég vil enn og aftur taka fram að við erum tilbúin í þessa vinnu.

Mér fannst ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hann flutti í gær mjög athyglisverð. Hann stóð með okkur stjórnarandstöðuþingmönnum í að mótmæla því að hér hefði farið fram málþóf þótt þessi umræða hafi staðið í nokkra daga. Ef menn hafa hlustað á ræðurnar sem hér hafa verið fluttar þá vita þeir að þær hafa verið málefnalegar og hann tók undir það.

Málið er þetta: Þegar þingmál er lagt fram með þeim hætti sem hér hefur verið gert, að samstarfsflokkur hæstv. forsrh. kom ekki að undirbúningi málsins, hvað þá aðrir, þá er ekki von á góðu. Einhvers staðar verður umræðan að fara fram. Hún hefur núna farið fram í þingsölunum, í fjölmiðlum og úti í þjóðfélaginu þessa fáu daga. Við tökum okkur allt of stuttan tíma til að gera svo veigamiklar breytingar.

Ég tek undir það að frumkvæðið að því að koma á þeirri vinnu sem hæstv. menntmrh. beitti sér fyrir, að setja saman skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, úttekt á stöðunni í dag og tillögur um hugsanlegar leiðir, hafi verið ágætt. Þessi skýrsla er til margs nýtanleg. En hún er ekki nægilegur grunnur til að fara út í löggjöf með svo stuttum fyrirvara, hvað þá þegar frv. tekur aðeins tillit til fárra atriða úr skýrslunni en ekki til heildarmyndarinnar. Skýrslan er fín og við skulum hafa hana til skoðunar áfram. Við skulum bara vinna málið betur og kalla fleiri að verkinu. Byggjum á þeirri umræðu sem farið hefur fram.

Ég finn að allir þingmenn eru tilbúnir til að leggja sig fram við að koma að málinu og vinna að þjóðarsátt um eignarhald á fjölmiðlum. En eigi svo að verða þá getum við ekki afgreitt þetta núna. Það er ekki mögulegt að leggja fram breytingatillögur við frumvarpið eða breytingartillögurnar. Í raun er málið ekki þingtækt eins og staðið hefur verið að því. Það þarf að fara í miklu fleiri þætti og ræða þá betur. Það er ekki til neins að koma með breytingartillögur.

Hvers vegna, frú forseti, eru menn að keppa um útvarps- og sjónvarpsrásir ef rekstur þessara fjölmiðla er jafnerfiður og lýst hefur verið? Hvers vegna eru menn þá að fjárfesta í fjölmiðlum? Það er vegna þess að eignarhald í fjölmiðlum gefur mönnum ákveðið vald. Það vald er vandmeðfarið. Ég er ekki að halda því fram að núverandi eigendur fjölmiðlanna sitji yfir ritstjórunum og ritstýri fjölmiðlunum, hvort sem er í sjónvarpi, útvarpi eða blaðaútgáfu. Ég tel ekki að þeir stjórni daglegum rekstri frá orði til orðs. En þeir hafa áhrif og í þeim felast völd og eftir því keppa menn.

Áhrifin geta komið fram með ýmsum hætti. Það þarf ekki eingöngu að vera vegna tekna af auglýsingum. Þeir aðilar sem eiga fjölmiðla í dag berjast um auglýsingatekjurnar. Það að hafa mjög sterkan fjárfesti sem einnig er sterkastur á matvælamarkaðnum gefur ákveðið svigrúm til að hafa auknar auglýsingatekjur. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að samkeppnisstaða fjölmiðla á markaðnum er mjög mismunandi eingöngu vegna þessa. Ég tel að það sé vísbending um að við þurfum að setja leikreglur.

Völd og áhrif geta líka birst með fréttavali. Hverjar eru áherslurnar? Hvað er dregið fram? Hverju er ýtt til hliðar? Það eru líka völd. Í þeirri umræðu sem hér fer fram sýnist mér hún koma í ljós, valdabaráttan sem birtist í umræðunni um frv. Í dag birtast mismunandi áherslur í fjölmiðlunum eftir því hverjir eigendurnir eru. Við getum ekki horft fram hjá því.

Eins og frumvarpið er, þrátt fyrir breytingartillögurnar, hafa komið fram í fjölmörgum skriflegum umsögnum, þótt þær umsagnir hafi verið unnar með miklu hraði, hjá gestum sem komið hafa fyrir þingnefndir og í fjölmiðlum, alvarlegar ábendingar um að frumvarpið standist ekki stjórnarskrána eða aðra íslenska löggjöf, tilskipanir frá Evrópusambandinu og alþjóðlegar skuldbindingar.

Það að einhver vafi skuli leika á því að frv., þrátt fyrir breytingartillögurnar, geti stangast á við svo mikilvæga þætti á að segja okkur að geyma þetta. Við þurfum að skoða þetta. Við ættum ekki að þjösna í gegn frv. sem við höfum ekki meiri vissu um en þetta.

Það hefðu verið eðlileg og góð vinnubrögð að skoða alla þætti málsins áður en frumvarpið var lagt fram. Það var ekki gert eða virðist a.m.k. ekki hafa verið hlustað á það. Því ber okkur að gera það nú á milli 2. og 3. umr. eða leggja þetta frv. til hliðar.

Ég tel, eins og ég sagði áður, að undirbúningur að nýrri löggjöf um fjölmiðlarekstur á Íslandi verði að vera hafinn yfir flokkadrætti og hafinn yfir núverandi eigendur einkarekinna fjölmiðla. Við verðum að horfa til framtíðar og til nýrrar tækni. Við megum ekki vera rígbundin við stöðuna í dag við lagasetninguna, með frv. sem miðar eingöngu að því og láta pólitískan pirring stjórna ferð okkar. Það gengur ekki. Við eigum að vera yfir þetta hafin. Þegar við setjum lög þá eiga þau að gilda fyrir alla. Löggjöfin verður að lúta meðalhófsreglunni og vera réttlát. Það gengur ekki að hlaupa til vegna þess að mönnum finnist sér pólitískt, efnahagslega eða valdapólitískt misboðið eða ógnað. Hins vegar eigum við að fara í þessa vinnu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum tilbúin til þess.

Að lokum, virðulegi forseti, legg ég til að þegar við höfum lokið 2. umr. þá taki allshn. málið aftur til sín og farið verði yfir umsagnir þeirra tveggja þingnefnda sem fengu málið til umsagnar, menntmn. og efh.- og viðskn. Taka þarf málið upp á ný með hliðsjón af þeim álitum og ábendingum sem komið hafa fram í umræðum á þingi. Síðan verði málinu frestað til haustsins. Við höfum þá sumarið og hugsanlega eitthvað fram á næsta vetur til að vinna það betur.

Hér hefur margoft komið fram að Norðmenn tóku sér fjögur ár til þess að láta umræðuna gerjast, fara yfir þetta,

afleiðingarnar o.s.frv. Ég ætla ekki að fara yfir allt það ferli en málið þarf tíma. Vinna þarf að nýju frumvarpi út frá meðalhófsreglunni svo að það brjóti ekki stjórnarskrána og taka tíma til að vinna frv. Tíminn sem liðinn er frá framlagningu hefur sýnt okkur að margt kemur í ljós þegar menn fara að skoða málið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft frumkvæði í málinu. Við viljum fara í þessa vinnu. Við höfum áhyggjur af þeirri samþjöppun sem orðið hefur á fjölmiðlamarkaði, líkt og á öðrum sviðum þjóðlífsins. Djúp gjá hefur myndast milli efnafólks og hins almenna launþega. Sú gjá er alltaf að breikka. Ef við ætlum að tala um fjölbreytni þá er ekki aðeins krafa um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaðnum. Við þurfum líka að ræða um fjölbreytnina í þjóðlífinu, í atvinnu, í menntun o.s.frv. Með þessum sterku aðilum erum við að kalla á fábreytni en ekki fjölbreytni.

Við viljum leggja okkar af mörkum. Við bjóðum fram krafta okkar. Við viljum vinna að nýrri löggjöf með það að markmiði að ná þjóðarsátt um rekstrarumhverfið, um fjölbreytnina, um að auka framboð á íslensku efni, sérstaklega á ljósvakanum. Við viljum tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði allra fjölmiðla og Ríkisútvarpsins einnig. Við viljum ekki undanskilja það. Í því samhengi viljum við vinna að því að finna leiðir til að styrkja Ríkisútvarpið til að standa undir þeim skyldum sem það hefur í dag og þeirri menningarlegu stöðu sem það á að hafa.

[16:21]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir málefnalega ræðu, eina af fáum málefnalegum ræðum sem ég hef heyrt síðustu daga. Það verður að segja eins og er, að þær hafa ekki allar verið málefnalegar og hafa ekki kallað á skoðanaskipti um þetta mál. Ég þakka hv. þm. sérstaklega fyrir hve málefnalega hún ræddi þessi mál.

Hún sagði í ræðu sinni að eignarhald á fjölmiðlum gæfi vald. Það er vandmeðfarið og hægt er að misbeita því. Það þurfa að vera skýrar leikreglur. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. í því efni og vil enn einu sinni minna á till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla sem ég er flutningsmaður að ásamt öðrum. Þar er 1. flutningsmaður Álfheiður Ingadóttir, sem er varaþingmaður Vinstri grænna. Sú tillaga var lögð fram í kjölfar þess að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hóf á haustþinginu umræðu um vald fjölmiðla og samþjöppun þeirra. Ég tel að það mál, skýrslan sem unnin var fyrir tilstilli hæstv. menntmrh. og þetta mál tengist öll saman. Með þessu frv. er einmitt brugðist við því sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir varaði við í ræðum sínum og vildi að væri skoðað. Það er varhugavert að of fáir aðilar séu ráðandi á fjölmiðlamarkaðnum. Þótt í boði séu margir fjölmiðlar þá er verra að þeir séu allir í eigu sama eiganda. Það skiptir máli.

[16:23]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góð orð í minn garð en ég tel að flestar ræður sem fluttar hafa verið í málinu hafi verið góðar og margar mjög góðar og efnismiklar.

Til að eiga möguleika á því sem hv. þm. kallar eftir, skoðanaskiptum, hefur vantað í umræðuna möguleika okkar í stjórnarandstöðunni, að hafa skoðanaskipti við stjórnarþingmenn til að fara yfir frumvarpið. Þeir hafa hreinlega ekki verið í salnum til að þá óska eftir því að komast á mælendaskrá og hafa ekki tekið þátt í umræðunni. Við höfum ekki múlbundið stjórnarliða frammi á gangi þannig að þeir hafi ekki komist inn í salinn til að rétta upp hönd og biðja um orðið. Þeir hafa ekki verið hér í umræðunni með okkur til að fá fram skoðanaskipti, sem eru afar nauðsynleg.

Mér finnst það sárara en tárum tekur að fara með þetta frv. í gegn þegar ljóst er, eins og hv. þm. sem einnig stóð að þeirri þáltill. sem vísað hefur til, að allir eru tilbúnir fara í þessa vinnu. Þetta er ekki eins manns verk. Þetta er verk okkar allra. Við eigum ekki að þurfa að bjarga því sem bjargað verður. Við eigum að standa saman að frv. sem við getum verið nokkuð sátt við. Við eigum að standa þannig að því að það titri ekki allt í samfélaginu og rekstrarumhverfi og atvinna margra sé í húfi þegar engin ástæða er til.

Ég vil benda á, hæstv. forseti, að það er mikill munur á því hvernig skýrslan var unnin, sem að hluta er lögð til grundvallar frv., og þeirri tillögu sem hv. þm. stóð að.

[16:26]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Þuríður Backman kallaði eftir því að þingmenn tækju þátt í umræðunni. Það liggur við að manni ói við að fara á mælendaskrá þar sem 21 er þar fyrir. Hver og einn er með tveggja til þriggja tíma ræðu. Hér hefur verið farið út í mjög einkennilegar umræður, lesið upp úr bókum og annað þess háttar sem ekki hefur snert málið beinlínis. Maður er því oft búinn að gleyma því sem hv. þm. hóf ræðu sína á og því er erfitt að hafa skoðanaskipti við viðkomandi.

Með því að halda svona maraþonræður og stunda málþóf eins og verið hefur hér í dag hefur ekki verið kallað eftir skoðanaskiptum. Hið sama segja blaðamenn úti í bæ. Meira að segja formaður Blaðamannafélagsins hefur kallað þetta málþóf stjórnarandstöðunnar. Hvar sem maður kemur þá undrast fólk þetta. Það er ekki hægt að halda uppi málefnalegum skoðanaskiptum þegar fólk stendur í málþófi dag eftir dag og hleypir ekki öðrum að. Við erum alveg tilbúin að ræða þetta mál og setjum okkur á mælendaskrá. (**JGunn:** Af hverju ertu þá ekki á mælendaskrá?) Ég geri það þegar mér sýnist, hv. þm. Jón Gunnarsson, ég geri það sjálf og þarf ekki að fá þína hjálp við það. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Þuríður Backman hefur talað um að það væri mikill titringur í þjóðfélaginu. Það er mjög umhugsunarvert þegar bæði blaðamenn og eigendur fjölmiðla hóta fólki um allan bæ. Það er mjög alvarlegur gjörningur. (**Gripið fram í:** Hvaða hótanir eru það?) Svo alvarlegur ... (**Gripið fram í:** En forsætisráðherrann?) Það er alvarlegur gjörningur, hæstv. forseti.

[16:28]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti beinir því til hv. þm. að beina orðum sínum til forseta.

[16:28]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum komin á byrjunarreit aftur. Ég tel að við séum langt komin í 2. umr. um þetta frv. Á þeim dögum sem við höfum tekið okkur í að ræða frv. hefur margsinnis verið kallað eftir þátttöku stjórnarliða. Hvernig kemst maður á mælendaskrá? Jú, í upphafi fundar gefur maður merki og svo eftir því sem maður vill komast að. Maður gefur um það merki. Ég veit ekki til þess, hæstv. forseti, að stjórn forseta sé með þeim hætti að hann taki stjórnarliða af stakri tillitssemi við stjórnarandstöðuna og setji þá neðst á

listann. Það er ekki þannig. Allir komast inn á mælendaskrá þegar þeir biðja um orðið. Stjórnarliðum væri í lófa lagið að vera með okkur í umræðunni og komast inn á þessa löngu mælendaskrá.

Ég vil minna á að við umræðurnar í gær, þegar ljóst var að ekki hefðu nema tveir eða þrír af stjórnarliðum talað, að meðtöldum formanni allshn., þá buðum við upp á að þeir stjórnarliðar sem gæfu sig fram og vildu koma inn í umræðuna hefðu forgang, við mundum hleypa þeim framar á mælendaskrána. (**DrH:** Ætlið þið að stjórna því?) Við vorum tilbúin ... (**DrH:** Ætlið þið að stjórna því?) Við buðum forseta upp á að taka tillit til þess að það væri löngu komið að stjórnarliðum og þeir kæmust fyrr á mælendaskrá ef þeir óskuðu. Hins vegar kemur til greina, þó maður sjái 23 á mælendaskrá, að setja sig neðstan. Einhvern tímann kemur að manni.

[16:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Mér skilst að alveg sérstaklega hafi verið kallað eftir því af þingmanni Samf. í umræðum hér síðla í gærkvöldi að ég mundi tala. (**Gripið fram í:** Og þótt fyrr hefði verið.) Ég verð að viðurkenna að ég fagna því. Ég hef haft ýmis samskipti við Samf., bæði þingmenn hennar og borgarfulltrúa, og það er alveg ný upplifun fyrir mig að menn biðji sérstaklega um að ég ræði málin úr þessu horni. Fram til þessa hafa þeir kvartað nokkurn veginn í hvert einasta skipti sem ég hef komið hingað upp. Ég býst við og met það svo að hér sé um enn eina stefnubreytinguna hjá Samf. að ræða, þó að það sé kannski í mikilvægu máli, og býst fastlega við því að þau taki því vel þegar ég tek til máls hér á þingi og annars staðar.

Ég held að hér sé um afskaplega mikilvægt mál að ræða. Það væri æskilegt og gott ef menn kæmust inn á það að fara að ræða um efnisatriði málsins. Það verður fróðlegt fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar að skoða það, fara yfir það þegar þar að kemur. Ég held að þetta verði pottþétt eitthvað sem menn munu staldra við. Menn munu skoða fréttaflutninginn og hvort sem verður í blöðum, ljósvakanum eða umræðum á Alþingi held ég að 90%, jafnvel 95%, umræðunnar séu um eitthvað allt annað en efni málsins. Það er ótrúlegt að í þau fáu skipti sem maður hefur haft tækifæri til að ræða þetta á einhverjum vettvangi — það kemur mjög á óvart miðað við það umfang sem málið hefur fengið hvað umræðan um efnisatriðin hefur komist lítið áleiðis. Ég var í ágætum útvarpsþætti áðan með nokkrum öðrum viðmælendum. Það var greinilegt að þar var fullt af misskilningi í gangi um einhverja hluti sem maður áttaði sig engan veginn á að gæti verið einhver misskilningur um eða að menn áttuðu sig ekki á.

Það er eðlilegt að spyrja í máli eins og þessu: Af hverju eru menn að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum? Það er mjög eðlileg spurning, grundvallarspurning. Niðurstaða flestra sem skoða þau mál er sú að menn vilja sjá dreifða eignaraðild, að því leytinu til þó sérstaklega að við séum ekki með sömu eigendagrúppuna. Þá skiptir engu máli hvaða aðilar það eru, þeir mega ekki vera með allt of stóran hlut af kökunni. Það er ekkert í hróplegu ósamræmi við það sem gerist og gengur annars staðar í atvinnulífinu. Það eru margs konar skorður sem við setjum til að ná því markmiði í atvinnulífinu almennt en það er kannski sýnu mikilvægara að gera það í fjölmiðlum.

Ef maður talar bara um hlutina eins og þeir eru vitum við að þegar við skoðum fréttir dagsdaglega, lesum fréttir, hefur maður eðli málsins samkvæmt engan sérstakan tíma til að fara yfir og skoða nákvæmlega hvað býr að baki. Maður verður að geta treyst því sem stendur í fjölmiðlum. Það er engin trygging fyrir því að svo sé, alveg sama hvort það er ríkisfjölmiðill eða frjáls fjölmiðill, hver ritstýrði eða hver á hann o.s.frv. Við höfum enga tryggingu fyrir slíku. Það er þó betra og öruggara fyrir mann, almennan þegn, að vita til þess að þeir eru þó nokkrir. Það eru nokkrar eigendagrúppur sem vonandi gagnrýna þá hver aðra ef svo ber undir og veita hver annarri aðhald. Ef það er bara einn aðili sem segir okkur fréttir höfum við ekki mikið val. Ef þið bara skoðið blöðin, farið í gegnum þau á hverjum degi og gegnum fréttirnar vitið þið að það er ótrúlegt magn af upplýsingum sem við fáum. Það er enginn sem hefur þann tíma, sem betur fer — menn hafa nóg annað að gera — að fara í gegnum það allt saman og kanna hvernig þau mál standa.

Svo sannarlega er það þannig að alveg eins og fólk er misjafnt eru fjölmiðlamenn misjafnir, sem betur fer, og alveg eins og stjórnmálamenn, hv. þm. Jóhann Ársælsson og allir aðrir einstaklingar. Það eru engir tveir eins sem betur fer. (**KLM:** Hverjir eru stærstir?)

Það er líka einn þáttur í þessu sem snýr kannski sérstaklega að íslensku þjóðfélagi, og það hefur verið nefnt, að við horfum fram á það og það er eðlilegt ástand að mínu áliti — við höfum ekkert val í því, það er ekki markmið en það er eðlilegt ástand — að vegna smæðar okkar, vegna smæðar markaðarins, verðum við með miklu fleiri markaðsráðandi aðila en gengur og gerist annars staðar. (Gripið fram í.) Það er eitthvað sem liggur fyrir. Bara þegar menn eru komnir í ákveðna stærð, fyrirtæki, geta veitt ákveðna vöru og þjónustu á einhverju verði sem við æskjum eru þau oft og tíðum orðin markaðsráðandi. Þess vegna er mjög mikilvægt að þessir aðilar stjórni ekki umræðunni um sjálfa sig. Þeim þarf að veita aðhald eins og öllum öðrum, eins og okkur stjórnmálamönnunum og flestu í þjóðfélaginu. Það er enginn hafinn yfir gagnrýni. Ekki nokkur einasti aðili.

Þetta er ástæðan fyrir því að menn eru í rauninni að fara út í þetta. Að gamni mínu vil ég aðeins lesa hvaða rök Samf. færði fyrir nauðsyn þessa áður en hún tók U-beygju í sínum málum. (**Gripið fram í:** Hver eru þín eigin?) (Gripið fram í.) Ég heyri að það fer um þessa ágætu hv. samfylkingarmenn sem hér sitja en ég vona bara að þeir haldi ró sinni. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér upp úr nokkrum ummælum hv. þingmanna Samf. Hér les ég upp úr ummælum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur frá 19. nóvember 2003. Þar segir:

„Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá frétta..." (**MÁ:** ... umræðu, Guðlaugur Þór.) Virðulegi forseti. Er einhver leið að hemja hv. þingmann meðan ég les þetta þannig að fólk geti þá heyrt hvað ég er að segja? (**MÁ:** ... af þessari umræðu.) Það er augljóst að hv. þingmanni finnst mjög leiðinlegt að ég lesi upp úr því sem frá þeim kemur. (**MÁ:** ... umræðan um það Björn Bjarnason sagði.)

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn um að halda aftur af sér svo að þeir trufli ekki ræðumann.) (**Gripið fram í:** ... skulum gera.)

Það gæti kannski verið hugmynd fyrir einhvern þingmann að fá hv. þm. Mörð Árnason til að vera ræðuskrifara sinn en

ég er ekki í þeim hópi sem hefur áhuga á því þannig að ég ætla bara að semja ræður mínar sjálfur. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Er einhver leið að ... (**MÁ:** ... stjórnina ...) Viðkvæmni Samf. fyrir því að maður lesi upp úr þeirra eigin orðum er alveg ótrúleg. (Gripið fram í.) Þó að virðulegur forseti hafi reynt að að róa hv. þm. Mörð Árnason og Einar Má Sigurðarson er það hið erfiðasta mál. Ég ætla að hinkra og gá hvort þið róist ekki. (**MÁ:** Ég er rólegur.) (**Gripið fram í:** ... fá meiri uppfærslu.) (**Gripið fram í:** Sigurður Kári ...)(**Gripið fram í:** ... fá hann?)

Virðulegi forseti. Ég hef þá lesturinn aftur og það eru aftur orð Margrétar Frímannsdóttur, eitt sinn talsmanns Samf. Sá ágæti þingmaður sagði, með leyfi forseta:

„Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að taka sérstaklega á eignarhaldinu og að fjölmiðlarnir verði í mismunandi eða fjölbreyttri eignaraðild. Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum." — Ég vil lesa þetta aftur, sérstaklega fyrir hv. þm. Einar Má Sigurðarson:

„Þá skiptir ekki eins miklu máli hvað kemur frá fréttastofunum ef tryggð er dreifð eignaraðild og mismunandi eignaraðild á fjölmiðlunum."

Svo vil ég vísa í orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem segir, með leyfi forseta:

„Fákeppni og samþjöppun valds er líka að verða meira áberandi í fjölmiðlastarfsemi sem er vissulega mjög varhugavert fyrir lýðræðið og eðlilega skoðanamyndun í landinu."

Annar hv. þm. Samf., Guðmundur Árni Stefánsson, segir, með leyfi forseta:

„Það gefur augaleið að ritstjórnarstefna þessara fjölmiðla tekur beint og óbeint mið af eigendum sínum, ekki með beinum hætti endilega, heldur einfaldlega með markaðslegum sjónarmiðum."

Bara aftur fyrir hv. þm. Mörð Árnason:

„Það gefur augaleið að ritstjórnarstefna þessara fjölmiðla tekur beint og óbeint mið af eigendum sínum ..." (**MÁ:** Hvað er þetta, úr Mogganum?) (Gripið fram í.)

Síðan er hér einnig frá ágætum þingmanni, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, sem segir:

„Það ber einnig að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki því það er augljóst að slík tenging hefur bein áhrif á tjáningarfrelsið."

Þetta er alveg sérstaklega fyrir hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem því miður er ekki núna í salnum. Ég vil lesa það samt aftur af því að ég er ekki viss um að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafi náð þessu alveg:

„Það ber einnig að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki því það er augljóst að slík tenging hefur bein áhrif á tjáningarfrelsið."

Þetta eru röksemdir Samf. fyrir nauðsyn þess að setja lög um eignaraðild á fjölmiðlafyrirtækjum. Við þekkjum það að oftsinnis hafa menn hér komið upp frá Samf. og krafist þess að fyrirtæki verði skipt upp, þó að sé ekki endilega fjölmiðlafyrirtæki. Við erum að tala t.d. um Baug. Það er nú fræg orðræða hér þegar formaður Samf. fór þess á leit við forsrh. að hann gerði það.

Við getum skoðað hvort þetta sé algjört einsdæmi í íslenskri löggjöf. Er frv. sem hér liggur fyrir alveg nýtt, eitthvað sem við höfum aldrei séð áður, að við séum með slíkar leikreglur í atvinnulífinu? Er það kannski svo? (Gripið fram í.)

Nefna dæmi, sagði hv. þm. Hér er ég t.d. með lagabálk sem þessi ríkisstjórn beitti sér fyrir og var samþykktur 20. desember 2002, lög um fjármálafyrirtæki. Það eru 115 greinar. (Gripið fram í.) Hér er svo sannarlega, virðulegi forseti, um að ræða ýmsar kvaðir. Það er ekki eins og að þeir aðilar, þau fjármálafyrirtæki, hafi ekki fundið fyrir þessu með einum eða öðrum hætti. Ástæðan fyrir því að menn fóru út í þessa löggjöf, sem er sambærileg við það sem gengur og gerist annars staðar, er að menn töldu að með þessu væri verið að vernda frelsið, meðal annars, menn væru að vernda fólkið í landinu. Menn komu því sem þeir kalla dagsdaglega kínamúra innan stofnana — t.d. er fjármálafyrirtækjunum óheimilt að reka önnur fyrirtæki eins og þekkt er. 115 greinar, virðulegi forseti.

Önnur löggjöf sem þessi ríkisstjórn beitti sér fyrir er samkeppnislöggjöfin. Þar er þetta svo sannarlega (**EMS:** ... fyrir þig?) — svo sannarlega eru ýmsar reglur fyrir atvinnulífið, íþyngjandi reglur, og mörgum hefur þótt nóg um. Svo sannarlega er þetta ekki hafið yfir gagnrýni, þessi lagabálkur. Þarna var það sama, menn töldu sig vera að setja ákveðnar leikreglur til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Bara í morgun, virðulegi forseti, stýrði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson iðnn. þar sem við vorum að klára mál sem fól í sér að við vorum að skipta upp fyrirtæki, nánar tiltekið Landsvirkjun. Við gengum frá í okkar nefnd tillögu um það, frv. að því, að kljúfa það fyrirtæki upp, og önnur, og búa til almennar leikreglur á orkumarkaðnum, sambærilegar þeim sem menn hafa gert í öðrum löndum. Við þekkjum það í sjávarútvegsmálunum að þar erum við með ýmsar kvaðir, m.a. með hámarkseign á kvóta og öðru slíku. Nú skyldu menn alltaf fara varlega í þessum málum.

Ég vek athygli á því að þegar þau lög voru sett var engin slík „affera" í fjölmiðlum. Það var alls ekki svo að þingflokkur Samf. færi hér hamförum út af því, hvað þá þingflokkur Vinstri grænna. Virðulegi forseti. Ég varð ekki var við það og þykist nú fylgjast þokkalega með stjórnmálum. (**Gripið fram í:** Hvað með Frjálsl.?) Hv. þm. spurði um Frjálsl. Ég verð að viðurkenna að enda þótt Frjálsl. sé alltaf að verða meira og meira áhugamál mitt man ég ekki nákvæmlega hver afstaða þeirra var í þeim málum, en ég efast um að þar hafi verið höfð stór orð uppi, a.m.k. liggur það alveg hreint klárt fyrir að það var ekkert í líkingu við það sem við sjáum nú. Það er algjörlega hreint og klárt.

En gæti verið að þessi fjölmiðlalöggjöf sé miklu strangari og með meiri kvaðir en gengur og gerist í hinum stóra heimi, (**Gripið fram í:** Já.) í þeim vestrænu löndum sem við berum okkur saman við? Ef svo er, virðulegi forseti, þá eru menn bara að segja einhverja tóma þvælu í skýrslunni. Ég vil biðja menn, bæði fjölmiðlamenn og aðra áhugamenn um málið, að skoða sérstaklega bls. 73–79 og fara aðeins yfir hvernig reglur eru í öðrum löndum. Ég fullyrði að þetta módel, sú staða sem við erum með uppi hér, gengi hvergi þar.

Hv. þm. Jóni Gunnarssyni er farið að líða illa undir þessari ræðu og ég skil það vel og kallar „en Ríkisútvarpið, en Ríkisútvarpið". Það virðist vera að í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við sé ríkisútvarp að undanskildum Bandaríkjunum. Ég ætla aðeins, með leyfi virðulegs forseta, að fara yfir hvernig þetta lítur út í þessum löndum.

Fyrst aðeins varðandi stöðuna hér. Við erum með Ríkisútvarp þar sem hljóðvarpið er með 52% hlustun og sjónvarpið með 73% áhorf. Síðan erum við með Norðurljós þar sem hljóðvarp er með 44% hlustun og sjónvarp með 37% áhorf.

Fréttablaðið með 70% lestur, DV í kringum 20%, það stendur 17% í skýrslunni — ég var leiðréttur af forsvarsmönnum DV í þætti áðan, það er víst komið upp í 21%, Morgunblaðið með 56% og Skjár 1 21%. (**MÁ:** Þetta er ekki sami markaðurinn, það á að bera saman sambærilegar tölur ...) Hv. þm. Mörður Árnason er að væna mig um að gera eitthvað annað en að lesa upp úr þessari skýrslu. Ég vil bara biðja hv. þm., virðulegi forseti, að kynna sér efni skýrslunnar. Ef ég hef farið rangt með eitthvað skal ég fúslega leiðrétta það því ég hef engan áhuga á því, og mér þætti mjög gott ef hér væri komin efnisleg umræða um málið.

Förum þá aðeins yfir hin löndin. Hvernig lítur þetta út í Bandaríkjunum? Þar er hámarkshorf á sjónvarp á landsvísu 35%. Við erum að tala um Bandaríkjamenn sem eru 300 milljónir hvorki meira né minna. Þeir eru með stranga löggjöf hvað þetta varðar. Þar eru menn með kapalsjónvarp og hámarkshorf 30%. Viðkomandi aðilar mega ekki eiga fleiri hljóðvarpsstöðvar en 20 AM- og 20 FM-stöðvar, sem er náttúrlega ekki nokkur skapaður hlutur í því stóra landi. Viðkomandi mega ekki eiga meira en 40% af rásunum sem kerfið ber. Og ef við förum í eitthvað sem er kannski nær okkur þó að það sé samt sem áður stærra, þ.e. héruðin. Hér er um héraðshljóðvarpsstöðvar að ræða, mjög nákvæmar reglur gilda um eignarhald á fleiri en einni héraðshljóðvarpsstöð innan sama héraðs. Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka þetta. Mjög nákvæmar reglur gilda um eignarhald á fleiri en einni héraðshljóðvarpsstöð innan sama svæðis.

Um sjónvarp á ákveðnu svæði. Meginreglan er ein stöð en, virðulegi forseti, tvær ef til staðar eru átta. Ef til staðar eru átta sjálfstæð fyrirtæki eru tvær í lagi. Bannað er að eiga hljóðvarp og sjónvarp á sama svæði. Aðila sem á kapalsjónvarp er ekki heimilt að eiga sjónvarp á sama svæði. Það sér hver maður að þær reglur eru mun strangari en það sem við erum að leggja til. Það liggur alveg fyrir.

Þýskaland, virðulegi forseti, hámarkshorf á sjónvarp 30%. Þar er eignarhaldið undir lögsögu einstakra sambandslýðvelda.

Síðan er Frakkland. Þar eru dagblöðin, upplag á landsvísu 30%. Útvarp, hámark fjórar rásir á landsvísu. Svo eru reglur þar sem viðkomandi má ekki eiga meira en tvennt af eftirfarandi: Sjónvarpsstöðvar sem til samans ná til meira en 4 millj. íbúa, þarna eru 60–70 millj. íbúar. Útvarpsstöðvar sem ná til meira en 30 millj. íbúa. Kapalsjónvarpsleyfi sem til samans ná til meira en 6 millj. íbúa. Dagblað sem er meira en 20% af heildarupplagi dagblaða. Þetta eru fjórar katigoríur og menn mega ekki eiga meira en í tveimur af þeim. Það eru sambærilegar reglur um svæðisbundna fjölmiðla.

Þá kemur Bretland. Sá sem ræður yfir 20% af upplagi dagblaða getur átt allt að 20% í félagi sem hefur sjónvarpsleyfi. Það þætti nú ansi strangt hér. Sama reglan um svæðisbundin dagblöð og sjónvarp. Svo eru fleiri svæðisbundnar takmarkanir og áhersla er lögð á fjölbreytni í eignaraðild.

Menn hafa bent á Finnland sem land með lítið af reglum. Það liggur hins vegar alveg fyrir að það hefur verið mikil tregða, virðulegi forseti, til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar þar að veita útvarpsleyfi til dagblaðaútgáfu og til fyrirtækja á fjarskiptamarkaði.

Í Danmörku, virðulegi forseti, þeir sem hafa leyfi þar til að reka sjónvarp eða hljóðvarp verða að hafa þann rekstur sem sitt eina markmið. Fyrirtæki sem eru í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri mega ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp og sjónvarp. Svo er verið að tala um að hér sé þetta það strangasta í heimi, allt það strangasta úr öðrum löggjöfum sé tekið hér inn. Þetta stendur allt í skýrslunni, virðulegi forseti.

Hér er ég búinn að fara yfir löndin, reglurnar um áhorf fyrir löndin sem og svæðin, virðulegi forseti. Ég hvet hv. þm. Jón Gunnarsson, sem ég veit að vel læs, til að fara sérstaklega yfir þetta.

Þær reglur sem lagðar eru fyrir þingið núna, virðulegi forseti, gera ráð fyrir því að ekki sé heimilt að eiga dagblað og ljósvakafjölmiðil. Hámarkseign er 25% ef undan eru skilin markaðsráðandi fyrirtæki með meira en 2 milljarða í veltu, þá 5%. Það sem maður lærir þegar maður skoðar þetta á milli landa er að það eru engar reglur eins. Það er augljóst að menn hafa verið að taka mið af mismunandi aðstæðum á hverjum stað fyrir sig og þrátt fyrir að ýmislegt sé samræmt í Evrópusambandinu hafa menn ekki farið í það á þessum vettvangi.

Nú er það þannig að ef maður stæði í því að setjast niður sjálfur að skrifa þetta, þá er þetta ekki einfalt, virðulegi forseti. Það má deila um þetta allt saman og hvað sé skynsamlegasta leiðin.

Það kemur mér á óvart eftir að vera búinn að hlusta á umræðuna, því ég var að vitna í þingmenn Samf. sem færðu rök fyrir eignaraðildinni, og allir þekkja viðhorf vinstri grænna, en ég held að flestir sem að þessu máli koma vilji sjá dreifðari eignaraðild, að það er engin efnisleg umræða um málið. Þetta er bara allt meira og minna eitthvert hjal þrátt fyrir að þessir aðilar hafi á öðrum stundum talað sérstaklega fyrir þessu. Það kemur mér á óvart og hvað breyttist, virðulegi forseti? (**JÁ:** Hvað breyttist hjá þér?) Hvað breyttist, virðulegi forseti. Og hv. þm. Jóhann Ársælsson sem er nú fylgjandi höftum, held ég, á flestum sviðum, (**JÁ:** Síðan hvenær?) ég hef nú hlustað á hv. þm. bæði í nefndum og einu sinni var ég í framboði þar sem hann var líka í framboði og hafði af því mikla ánægju og gleði að hlusta á málflutning þess manns. Ég spyr: Hvað breyttist? Vinstri grænir sem allt í einu tóku upp á því að geta ekki rætt neitt nema málsmeðferð og formsatriði, þeir aðilar hafa nú lítið annað rætt og við erum ekki að tala um neina smáóratora, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem getur rætt hér lengi og oft um vandann og hættuna af samþjöppun á hinum og þessum sviðum, í hinum og þessum geirum, er allt í einu ófær um að taka efnislega umræðu um það hvernig hann vildi sjá þessa löggjöf. Þetta er hið furðulegasta mál.

Ef við förum aðeins yfir það sem umræðan hefur snúist mest um, varðandi málsmeðferðina, hraðann o.s.frv. Virðulegi forseti. Ég hef ekki verið neina áratugi á þingi en á þeim stutta tíma sem ég hef verið hér hef ég séð að ef vilji er fyrir því þá vinna menn hratt. (Gripið fram í.) Gott dæmi um slíkt er að ég var þeirrar ánægju aðnjótandi, í forföllum hins ágæta hv. þm. Hjálmars Árnasonar, að gegna störfum formanns félmn. Á einni viku, virðulegi forseti, gengum við frá breytingum á lögum um fæðingarorlof, við gengum frá frv. um að breyta húsbréfakerfinu í peningalán og ýmsu fleira í mjög góðri sátt og samvinnu með stjórnarandstöðunni. Þar voru engir amlóðar af hálfu stjórnarandstöðu, virðulegi forseti. Þar voru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrv. félmrh., hv. þm. Ögmundur Jónasson, hv. þm. Helgi Hjörvar og fleira gott fólk sem hafði miklar meiningar, skoðanir og þekkingu á þessu máli. Við unnum þetta hratt og vel, að ég tel, á viku.

Ég sá þessa aðila fara hér hamförum, var það ekki rétt fyrir jólin, virðulegi forseti, til að setja lög á SPRON. Halda

menn því fram, virðulegi forseti, að allt hafi verið óumdeilt í því máli? Halda menn því fram, virðulegi forseti, að allir lögfræðingar landsins hafi verið sammála þar? (**Gripið fram í:** Studdir þú lögin?) Virðulegi forseti. Ég get upplýst að ég studdi ekki það mál. (**MÁ:** Varstu á móti því?) Ég treysti mér ekki, virðulegi forseti, til að greiða atkvæði í því máli. (**MÁ:** Af hverju ekki?) Ég hef nú tjáð mig um það á hinum ýmsu stöðum og get svo sem farið í gegnum það aftur, en ég ætla nú samt að halda mig við ræðu mína.

Ég vek athygli á því að á þeim tíma kom enginn hv. þm. af hálfu stjórnarandstöðunnar og las upp úr bókum. Það var enginn, virðulegi forseti, sem las Frelsið hér í ræðustól. (**EMS:** Hefði nú verið ástæða til.) Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson greiddi hins vegar atkvæði með því og fannst það allt hið besta mál. Það þvældist ekkert fyrir hv. þm., ekki neitt, hraðinn á því máli. Tveir sólarhringar. Ég man ekki eftir því að þessir aðilar hafi kallað eftir því að það væri betur unnið að því máli í nefndinni.

Virðulegi forseti. Misminnir mig, var eitthvað um það að hv. þm. Samf. hafi komið hér og heimtað betri umræðu í nefndinni, fleiri sérfræðiálit, að salta málið? Ég man ekki eftir því. (**MÁ:** Hafðirðu eitthvað á móti því?)

Hv. þm. Mörður Árnason er aftur farinn að ókyrrast. Ég veit ekki hvort ég á að stoppa í smástund til þess hann geti aðeins róað sig niður, virðulegi forseti. En ég vonast til þess að hann fái að fara í andsvar hér á eftir eins og aðrir. Þá getur hann fengið að komast að. En lái mér hver sem vill að þetta kemur mér nokkuð á óvart. Þetta kemur mér nokkuð á óvart því ég hef setið t.d. í umræðuþáttum, bara svo við tökum eitt dæmi, eins og áðan, þar sem þingmenn Samfylkingarinnar forðast eins og heitan eldinn að ræða efnisatriði málsins þrátt fyrir að hv. þingmenn sem ég las meðal annars hér upp færu beint fram á að sett yrðu lög um eignarhald fjölmiðla og færðu fyrir því gild rök. Hér eru miklu fleiri ummæli. Virðulegi forseti. Það er ekki eins og menn hafi ekki rætt þetta í þeim herbúðum. Það er ekki eins og menn hafi ekki skoðað þetta í þeim herbúðum. Það er ekki eins og menn hafi ekki haft skoðun á því í þeim herbúðum. En nú þegar er tækifæri til að gera það sem menn hafa rætt um, vinstri græna hefur dreymt um, hvað gerist þá, virðulegi forseti? Hvað gerist þá, virðulegi forseti, allt í einu? (**Gripið fram í:** Fáum ekki kast.) Það er ótrúlegt þó ... Nú kemur mér ekkert á óvart þegar Samfylkingin er annars vegar. Það kemur ekkert á óvart að þeir taki nokkra snúninga og nokkrar beygjur. Ég hef bara verið nógu lengi að fylgjast með þeim ágæta flokki til þess að ég áttaði mig á því. En að sjá hv. þm. Ögmund Jónasson og vinstri græna, að þessir aðilar, að þeir hugsjónamennirnir, þeir hlaupi allt í einu frá.

Nú skal ég upplýsa það án þess að það hafi neitt með efnisatriðin að gera að ég kann bara mjög vel við þá þingmenn vinstri grænna sem ég þekki og ég met þá sem persónur. En þegar kemur að pólitík þá er það bara þannig að ef Samfylkingin blæs á þá þá hristast þeir slíkt að það mælist á Richter, virðulegi forseti. Það er eins og Ragnar skjálfti sé bara upptök skjálftans. Þeir þora aldrei, virðulegi forseti, að standa á sinni sannfæringu ef svo færi, virðulegi forseti, að Samfylkingin mundi nú hugsanlega blása eitthvað á þá. (**ÖJ:** Þetta er geysilega málefnaleg ræða.) Ég vitna þá bara hreinlega í öll þau ummæli, allt það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sagt í umræðu um atvinnulífið, um efnahagslífið, um fjölmiðlana í gegnum tíðina og ég get ekki komist að neinni annarri niðurstöðu, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Við þekkjum það báðir, (Gripið fram í.) virðulegi forseti, (Gripið fram í.) það er að segja bæði ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að þetta er ekki eina málið sem svona er fyrir komið. (**ÖJ:** Heldur?) Það liggur alveg fyrir og við þekkjum það á vettvangi sveitarstjórnarmála, svo dæmi séu tekin. (Gripið fram í.)

Hvað sem því líður þá held ég og ég (Gripið fram í.) vona að umræðan sé búin að fara það marga hringi um málsmeðferð og aðra slíka þætti að við séum komin niður á þá niðurstöðu að við þurfum að ræða þetta efnislega. Nú liggur það hreint og klárt fyrir, virðulegi forseti, að hægt er að fara margar leiðir í þessu. En það (Gripið fram í.) liggur alveg hreint og klárt fyrir að hér erum við að horfa upp á að staðan á íslenska fjölmiðlamarkaðnum er ekki sambærileg við neitt það sem gerist annars staðar þannig að flestir sem það mál skoða held ég að komist að þeirri niðurstöðu að einhverjar reglur þurfi að setja. Það held ég að sé niðurstaðan. Mér þykir í umræðunni, eins og ég sagði áður, nokkuð hafa skort á, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að menn vilji ræða þetta efnislega og einn sérkennilegasti vinkillinn sem er kominn í þetta mál er málefni sem tengjast forseta Íslands, virðulegi forseti. Það er nú einn sérkennilegasti vinkillinn.

Ég vil lesa útskrift úr Morgunblaðinu, af mbl.is. Þar segir að forsetinn segist ekki geta yfirgefið landið vegna óvissu um lok Alþingis. Það sem kom frá forsetaskrifstofunni er þetta, með leyfi forseta:

„Í tilkynningu frá skrifstofu forseta Íslands, sem send var fjölmiðlum í gærmorgun segir: „Vegna óvissu um hvenær Alþingi lyki afgreiðslu mikilvægra mála gat forseti Íslands ekki yfirgefið landið í morgun og verður hann því ekki viðstaddur atburðina í Kaupmannahöfn síðar í dag.".

Virðulegi forseti. Spyr sá sem ekki veit: Hvað er nákvæmlega að gerast? (**Gripið fram í:** Til hamingju með giftinguna!) Virðulegi forseti, misstir þú af einhverju? (**MÁ:** Ætlar ekki forseti að svara þessu?) (**Gripið fram í:** Brúðkaupinu.) (**Gripið fram í:** Já af hverju svarar ekki ...) Virðulegi forseti. (**MÁ:** ... svar við þessu. Þetta er spurning.) Þetta er alveg hið sérkennilegasta mál. Það er bara orðið það neyðarástand að forseti lýðveldisins getur ekki farið í brúðkaup hjá okkar helstu vinaþjóð vegna einhverrar óvissu sem kom upp á Alþingi. (**SJS:** Það er nú gott að vita af honum heima.) (**MÁ:** Það er gott að hafa hann.)

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn kalla hér að þeir vilji hafa hann heima. Ég hef nú ekki verið að gagnrýna forseta lýðveldisins fyrir að vera allt of mikið í burtu. En það má kannski til sanns vegar færa. Ég er þó ekkert viss um að það sé hins vegar gott ef menn eru mikið að melda sig á slíkum stöðum, eins og forsetinn gerir, ef hann síðan sér sér ekki fært að mæta. En aðalatriðið er að ég er bara ein spurning yfir því hvaða mál það er sem kallar á það að forseti lýðveldisins sitji heima.

Ég vona bara að ágætir erlendir blaðamenn fari nú ekkert að grúska í þessu og þýða þetta yfir á sín tungumál og birta þetta í sínum fjölmiðlum (Gripið fram í.) því ég held að það muni rigna hér spurningum yfir stjórnvöld hvað í ósköpunum hafi komið fyrir á þessu ágæta landi úr því forseti lýðveldisins verður að sitja heima (Gripið fram í.) út af einhverri óvissu. Já, virðulegur forseti. Hér er kallað að þetta hafi komið í dönsku pressunni og það er ekki vel.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa ágæta grein sem var í Morgunblaðinu í morgun eftir stuðningsmann forsetans. (**Gripið fram í:** Er ekki upplestur eitthvað ...?) (**ÖJ:** Já, já, bókmennt-

ir. Nútímabókmenntir.) Virðulegi forseti. Ég hef fundið fyrir ákveðinni tilhneigingu hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Það er einstaklega viðkvæmt að ég lesi upp sérstaklega ummæli þeirra sjálfra og einnig ef ég les upp eitthvað sem snýr að forseta lýðveldisins. Það hefur verið kvartað yfir því og það liggur fyrir — það hefur komið fram — það er kvartað yfir því af Samfylkingunni að ég taki ekki þátt í umræðum. Þó hef ég nú verið svona þokkalega duglegur í andsvörum og tekið þátt í 1. umr. Ég vona nú að þeir geti alla vega haldið sig við það að vera sjálfum sér samkvæmir og að leyfa mér þó að lesa og halda ræðuna úr því eftirvænting var slík að ég kæmi hingað upp.

Virðulegi forseti. Fyrirsögn greinarinnar er: Forseti í boði. Hún er eftir Hrafnkel A. Jónsson sem er héraðsbókavörður á Egilsstöðum. Þetta hljómar svo, með leyfi forseta:

„Veturinn 1996 tók ég þá ákvörðun að styðja Ólaf Ragnar Grímsson til framboðs í embætti forseta Íslands. Ég ásamt fleiru góðu fólki skipulagði baráttuna á Austurlandi og rak síðan kosningaskrifstofu fyrir framboðið á Eskifirði. Yfirstjórn kosningabaráttunnar var í Reykjavík undir stjórn Sigurðar G. Guðjónssonar, núverandi forstjóra Norðurljósa hf. Margt undarlegt hefur verið að reka á fjörur varðandi framboð Ólafs frá þessum tíma, nú á síðustu mánuðum. Það ótrúlegasta er þó líklega uppljóstrun Einars Karls Haraldssonar í greinaflokki Árna Þórarinssonar í Sunnudagsblaði Morgunblaðsins að framboð Ólafs hafi verið hugsað sem æfing fyrir stofnun stórs vinstri flokks.

Á úthallandi vetri var mér boðið að rita nafn mitt á meðmælendalista Ólafs Ragnars vegna komandi forsetakosninga, eftir að hafa skrifað nafn mitt spurði ég út í undirbúning framboðsins og var þá sagt að því stjórnaði sem fyrr núverandi forstjóri Norðurljósa hf., Sigurður G. Guðjónsson. Þegar ég lýsti óánægju minni með þessi nánu tengsl forsetans við Baugsveldið uppskar ég dómadagslestur um illsku forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og fleiri meintra óvina Baugsauðhringsins. Eftir að hafa setið undir þessari framboðsræðu strikaði ég nafn mitt út af listanum.

Þetta atvik hafði vikið úr huga mínum fyrir mikilvægari hlutum þegar ég heyrði í fréttamiðlum sagt frá frétt í DV um að forseti Íslands íhugaði að neita að staðfesta lagasetningu vegna margumræddsfjölmiðlafrumvarps", skyndileg breyting forsetans á ferðaáætlun sinni og heimkoma staðfestir að DV hefur haft „traustar" heimildir fyrir frétt sinni. Þessar athafnir forsetans eru augljóslega til þess ætlaðar að hafa áhrif á þá umræðu sem fram fer á Alþingi og í fjölmiðlum þessa dagana. Tæpast hefur hann verið að koma heim til að reka úr túninu á Bessastöðum. Mér er brugðið, ég hefði látið segja mér það þrem sinnum að forseti Íslands léti nota embætti sitt með þessum hætti. Ég tel að forseti Íslands hafi enga heimild til slíkra athafna og hafi aldrei verið kosinn í þetta virðulega embætti á þeim forsendum. Alþingi á að hafa frið fyrir forseta Íslands við setningu laga. Líki okkur ekki lögin skiptum við um þingmenn í næstu kosningum. Þannig virkar lýðræðið, það er sama hvað minni hluti á Alþingi talar lengi og hversu mikil stóryrði hann hefur uppi. Valdahlutföllin eru dómur kjósenda, honum verður ekki áfrýjað til annarra en kjósenda í næstu alþingiskosningum.

Í lokin langar mig til að þeir virtu lögskýrendur sem farið hafa með himinskautum síðustu dagana í túlkun laga svari mér um það álitamál hvort forseti Íslands geti verið vanhæfur til að neita að staðfesta fjölmiðlafrumvarpið. Ég hef séð haft eftir Sigurði Líndal og Ragnari Aðalsteinssyni og vafalaust fleiri vitrum mönnum að þessi lagasetning sé sértæk og beinist að einu tilteknu fyrirtæki, Norðurljósum hf. Þar sem svo háttar til að forstjóri Norðurljósa hf., Sigurður G. Guðjónsson, er fyrrverandi og núverandi stjórnandi og fjármálastjóri kosningabaráttu Ólafs Ragnars Grímssonar þá vaknar sú spurning hvort hagsmunatengsl Ólafs Ragnars Grímssonar og Sigurðar G. Guðjónssonar geri forseta Íslands ekki vanhæfan til að skipta sér af umræddu fjölmiðlafrumvarpi." (**SJS:** Hver á að leysa hann af?) (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Svo mörg voru þau orð. (**ÖJ:** Ertu með fleiri ...) Ég verð að segja eins og er að ég er ekki búinn að átta mig á þessu upphlaupi eða nýju stöðu sem er komin til út af þessari fréttatilkynningu frá forseta Íslands. Ég vona nú að það komi einhver skýring á næstunni. Ég held að það hljóti að vera. Ég vona að vangaveltur þess ágæta manns Hrafnkels A. Jónssonar, héraðsbókavarðar á Egilsstöðum, sem fram koma í skrifum hans eigi ekki við nein rök að styðjast og að við sjáum á næstunni að allur vafi verði tekinn af um slíkt. Það segir sig sjálft að hugmyndin er sú eðli málsins samkvæmt að fólkið kýs sér hér þingmenn til að fara með stjórn landsins. Við gerum upp um þessi mál í það minnsta á fjögurra ára fresti. Þannig er það. Þegar til kosninga er komið þá verða menn að standa fyrir máli sínu og við tökum lýðræðislega umræðu á þingi. Það liggur alveg fyrir að það er sá háttur sem hér hefur verið á landi og hér á að vera á landi. Ég vona að það séu engir slíkir hlutir uppi að það komi til að menn fari með einhverjar breytingar á slíku. Ég bíð því spenntur eftir skýringu og ég efast ekki um að það hljóti að koma einhver skynsamleg skýring á þessum málum öllum þannig að menn þurfi ekki að velta þessum hlutum neitt meira fyrir sér.

Virðulegi forseti. Ég hef farið hér yfir málið held ég svona þokkalega vel að ég met. Það eru fleiri á mælendaskrá eftir því sem ég best veit og við munum ræða þetta mál eitthvað áfram, bæði í þingsölum og í fjölmiðlum og úti á meðal fólks. Því held ég að mjög æskilegt væri að menn færu að ræða efnisatriði málsins. Það liggur alveg fyrir að í máli eins og þessu (**Gripið fram í:** Efnisatriði ...) er engin ástæða til frekar en í öðrum málum að menn séu sammála. Það er engin ástæða til þess.

Af því hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon situr hér í salnum þá býð ég spenntur eftir því að heyra hvað í raun vinstri grænir vilja gera í þessu máli því það er algjörlega útilokað, virðulegi forseti, eftir að ég er búinn að sjá menn vinna hér í SPRON-málinu, m.a. hv. þm. Ögmund Jónasson og Steingrím J. Sigfússon og má telja fleiri mál til, að einhver raunveruleg ástæða sé fyrir því að þeir hagi málflutningi sínum með þeim hætti að þeir séu ósáttir við málsmeðferðina. Það er algjörlega útilokað eftir að vera búinn að horfa á vinnubrögð í öðrum málum að sá sem hér stendur kaupi það, algjörlega útilokað.

Ég kom hér með kenningu og með réttu sagði hv. þm. Ögmundur Jónasson að það var kannski ekkert mjög málefnalegt. Það er hins vegar tilfinning mín. Ég held að hv. þingmenn vinstri grænna þori ekki í þessu máli, svo það liggi alveg fyrir. Ég ætla ekki að kalla þá þeim nöfnum sem forsætisráðherra var kallaður hér í dag, enda er það ekki mín skoðun. Það ætla ég ekki að gera. En það liggur alveg fyrir, virðulegi forseti, að það er mín skoðun að Vinstri hreyfingin – grænt framboð þori ekki í þessu máli (**ÖJ:** Hverju?) að

taka á málinu og koma hér inn í umræðuna (**Gripið fram í:** Hver þorir ekki í þessu máli að hafa sjálfstæða skoðun ...?) með einhverjar tillögur ef þeir hafa þá einhverjar um það hvernig beri að haga þessu máli.

Við þekkjum allir og ég vek athygli á því, (**Gripið fram í:** Öll.) allir þingmenn sem bæði eru konur og karlar, virðulegi forseti, að ég var að lesa hér upp úr ræðum og málflutningi Samfylkingarinnar þar sem þeir voru að færa rök fyrir því að (Gripið fram í.) það væri nauðsynlegt, virðulegi forseti, að koma á reglum um eignarhald fjölmiðla. (**ÖS:** Já, við erum með tillögur um það.) Það er því fróðlegt að sjá þennan viðsnúning hjá þeim flokki. En kannski þarf hann ekki að koma neitt á óvart.

[17:19]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur í tæp 20 ár farið um og boðið sig fram til trúnaðarstarfa á þeirri forsendu ekki að hann sé frjálshyggjumaður, en að hann sé eindreginn andstæðingur óhóflegra ríkisafskipta af atvinnulífi. En hér mælir hann með því að samþykkt verði ströngustu fjölmiðlalög á Vesturlöndum. Hann reynir að breiða yfir þessa staðreynd, eðlilega, enda er trúverðugleiki hans sem stjórnmálamanns enginn orðinn eftir þessa kúvendingu, með því að benda á að staða einstakra fjölmiðlafyrirtækja á Íslandi kynni að stangast á við lög í Bandaríkjunum eða Þýskalandi. En, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, ef þessi lög giltu í Bandaríkjunum þá yrði að loka ABC, CBS, NBC og FOX, öllum stóru sjónvarpsstöðvunum í Bandaríkjunum. Í Þýskalandi yrði að leysa upp Berthelsmanshringinn vegna þess að þau lög sem þú mælir hér með eru ströngustu fjölmiðlalög á Vesturlöndum. Hvernig getur það samræmst málflutningi þínum í tæp 20 ár um að óhófleg ríkisafskipti af atvinnulífi séu til baga og séu andstæð hugsjónum þínum? Því verður þú, hv. þm. að gera grein fyrir hér í stólnum.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti minnir hv. þm. Helga Hjörvar á að beina orðum sínum til forseta en ekki til einstakra þingmanna.)

[17:20]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór hér yfir löggjöfina í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Ég hvet bara hv. þingmann til að kynna sér það. (**HHj:** Hún er langtum vægari.) Það er alveg sama þó maður fari yfir það, samt sem áður kemur hv. þm. og segir bara að þetta sé strangara en gerist nokkurs staðar annars staðar. Ég veit ekki hvað mikið meira er hægt að gera til þess að fara yfir það mál með hv. þm.

Varðandi hugmyndir mínar og hugsjónir þá fer þetta vel saman með því. Virðulegi forseti. Menn sem kalla sig mestu frjálshyggjumenn geta sagt að þeir hafi gagnrýnt mig fyrir að vera á móti lögleiðingu fíkniefna. Þeir hafa gagnrýnt mig fyrir að vera fylgjandi fæðingarorlofi og vilja ekki leggja niður Samkeppnisstofnun og hafa lög um fjármálafyrirtæki. Þannig er það bara. Ég er bara ekki þeirrar skoðunar að það eigi að leggja allt þetta niður og ég er ekki fylgjandi því að lögleiða fíkniefni. Ég er fylgjandi almennum leikreglum og því að við eigum hér að setja þær til þess að hámarka frelsi fólksins og efnahagslegan bata.

[17:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Sama hversu lengi hv. þm. talar þá getur hann ekki breitt yfir þá staðreynd að frumvarp það sem hann mælir hér með er strangasta fjölmiðlalöggjöf á Vesturlöndum og mundi leiða til þess að öll helstu fjölmiðlafyrirtæki Þýskalands og Bandaríkjanna þyrfti að leysa upp. Það er nú einfaldlega staðreynd málsins.

Vegna þess að hv. þm. talaði í ræðu sinni um gagnsæi og nauðsyn þess að menn viti hverjir eigi m.a. fjölmiðlana og dylgjaði hér um fjárhagsleg tengsl forseta Íslands og Norðurljósa þá vil ég spyrja hvort sömu siðferðissjónarmið gildi ekki um fjármál stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka eins og Sjálfstæðisflokksins og hvort það hljóti ekki að vera fyrr á dagskránni að setja lög um að stjórnmálaflokkar séu skyldugir til að upplýsa um hverjir fjármagna þá og hafa þannig áhrif á athafnir þeirra á Alþingi og á vettvangi ríkisstjórnar.

[17:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svolítið erfitt að svara hv. þm. ef hann hefur ekkert hlustað á ræðu mína. Ég hefði kannski, virðulegi forseti, átt að fara í gegnum gegnsæið. Það er gott. En ég hins vegar gerði það ekki. Það er nú bara þannig. Ég kannast ekki við að hafa dylgjað neitt um fjárhagsleg tengsl forsetans við einhver fyrirtæki. Ég las hins vegar upp hér ágæta grein. Þannig er það mál.

Varðandi bandarísku löggjöfina þá las ég hér upp um sjónvarp á ákveðnu svæði að meginreglan er að það sé ein sjónvarpsstöð, en tvær ef til staðar eru átta sjálfstæð fyrirtæki. Hér er bannað að eiga hljóðvarp og sjónvarp á sama svæði. Þetta kemur fram í skýrslunni og ýmislegt fleira.

Varðandi fjármál flokkana þá veit ég ekki betur en það sé bara hið eðlilegasta mál að ræða þau og ég held að menn hafi iðulega gert það. Hins vegar er það þannig að þrátt fyrir að menn hafi hér eftir því sem ég best veit á þingi komið sér saman um þau mál þá hafa sumir hag af því að blása ... (Forseti hringir.) alltaf upp og það er bara hið besta mál. Menn skyldu ræða það líka.

[17:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er óvenjulegt og skemmtilegt að horfa á menn í málþófi við mál sem þeir styðja sjálfir, vera án efnisumfjöllunar annarrar en þeirrar að flytja varnarræður við gagnrýni Verslunarráðs, Heimdallar og frjálshyggjufélagsins, en eyða tíma sínum að öðru leyti í að sletta út og suður og fara auðvitað með mikilli ræðumennsku með himinskautum eins og stóð í greininni. (**Gripið fram í:** Er ekki málfrelsi hérna?) Hér er fullt málfrelsi. Það er rétt. (**Gripið fram í:** Já.) Það málfrelsi hefur forseti þingsins sjálfur, að ég tali nú ekki um formann þingflokks Framsóknarflokksins og hinn hérna húsvörðinn í húsinu, formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins, kallað málþóf.

Ég stóð hér upp vegna þess að hv. þm. minntist á málefni SPRON. Við urðum að rifja það upp fyrir honum hér í salnum að hann treysti sér ekki til að ganga í berhögg við það mál þegar það var hér flutt heldur sat hjá. Hann lýsti þar með andstöðu við þingmeirihlutann í málinu, þar á meðal stóran meiri hluta í eigin flokki. Ég vil bara spyrja: Hvers vegna var það? Rifji hann það upp fyrir okkur af hverju gerði hann það.

[17:25]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nokkuð vandratað. Annars vegar er kvartað undan því að stjórnarmeirihlutinn taki ekki þátt í umræðunni. Síðan kemur hv. þm. Mörður Árnason og segir að þegar við tökum þátt í umræðum þá stundum við málþóf.

Þetta er nú að verða nokkuð sérkennileg umræða svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Varðandi SPRON-málið þá held ég að sú löggjöf sem þar hafi verið sett hafi ekki verið skynsamleg. Ég er alveg viss um (**Gripið fram í:** Nú af hverju?) að það muni þurfa að taka þá löggjöf fljótlega upp aftur einfaldlega vegna þess að ég held að hún taki ekki mið af breyttum aðstæðum á fjármálamarkaðnum. Ég er sannfærður að menn muni þurfa að skoða þau mál fljótt hvað varðar þessa ágætu sparisjóði. Ég sagði það þá og ég segi það nú og get alveg rætt það við viðkomandi þingmann eða einhverja aðra hvenær sem er.

[17:26]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þannig ég vitni í hv. þm. þá sagði hann þetta hér um ræður annarra: „Engin efnisumræða um málið." Hann endurtók það. „Engin efnisumræða um málið. Þetta er meira og minna eitthvert hjal." Þetta var nú svona einkennandi fyrir ræðu hans áðan.

Við höfum óskað eftir raunverulegri efnisumræðu, t.d. því að rétt sé farið með tölur, að það hefðu verið samanburðarhæfar tölur sem hann las hér úr skýrslunni vegna þess að maður þarf auðvitað að hafa kynnt sér það til þess að vita um hvað maður er að ræða, að hann hafi þegar hann var að þylja hér um ástandið annars staðar gert grein fyrir þeim fyrirvörum og þeirri niðurstöðu sem skýrsluhöfundarnir komust að og sem við höfum rakið hér fram og aftur, þ.e. að ástandið á Íslandi er einstakt. Það er vissulega einstakt. En það er einmitt einstakt í hina áttina frá því sem hv. þm. talaði um.

Í SPRON-málinu fer hv. þm. undan í flæmingi vegna þess að ein helsta ástæðan fyrir því að þeir þó þorðu að sitja hjá, þeir félagar sem það gerðu í Sjálfstæðisflokknum og ganga á móti Davíð í málinu, var sú að þeim þóttu lögin of sértæk. (Forseti hringir.) En hafi þeir farið frá þeim lögum af því þau voru sértæk þá eru þeir núna að ráðast á eitt fyrirtæki með skurðaðgerð.

[17:27]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi nú farið ágætlega yfir það. Ef ég hef ekki gert það nógu vel þá get ég gert það seinna varðandi þá einstöku stöðu sem Ísland er í. Ég gerði það alla vega í 1. umr. Ég fór nú ágætlega yfir þann þáttinn.

Þegar menn skoða þau lög sem eru annars staðar þá komast þeir að þeirri niðurstöðu að þau er hvergi eins. Það er engin ein lína. Það er nú kannski vandinn við þetta. Oft er gott að geta stutt sig við eitthvað sem gerist annars staðar ef menn þurfi að finna einhverjar leiðir hér sem henta þokkalega íslenskum aðstæðum.

Það sem liggur hins vegar alveg hreint og klárt fyrir er að það er hvergi þannig miðað við þau lönd — kannski á Ítalíu, en annars er það ekki þannig að einn aðili geti verið með allt fyrir utan ríkisútvarpið, ríkisfjölmiðilinn á sinni hendi. (**Gripið fram í:** Og Moggann.) Ja, alveg þess vegna. Á morgun gæti þetta allt saman sameinast undir Norðurljós, hver einasti frjálsi fjölmiðill. Ég hélt að flestir væru sammála um að það væri ekki æskilegt. Þess vegna eru menn að fara í þessa vegferð.

[17:29]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áður en hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson steig upp í þennan ræðustól til þess að flytja ræðu sína þá hafði ég á orði við félaga mína í þinginu að ég þættist nú vita hvernig ræðan yrði, hún yrði álíka og ræða hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem hefur nú ekki fengið glæsilega dóma af öðrum ræðumönnum hér í dag, en hún yrði einhvern veginn á þá leið að hann mundi byrja á því að rifja upp gamlar ræður samfylkingarmanna, svo mundi hann taka upp fallega skýrslu menntmrh. og boða heilagan boðskap úr henni. Það er nú einu sinni svo, virðulegi forseti, að skýrsla hæstv. menntmrh. og svo frumvarp hæstv. forsrh. eru tveir gjörólíkir hlutir.

Hann endaði reyndar ræðu sína á því að fara svona yfir í brandara og eins og skólastúlkur á enskri grund flissuðu félagar hans hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson og Bjarni Benediktsson. En málið er alvarlegra en svo. Ég vil þó fara í kjarnann og spyrja hv. þm. út í 5% regluna og 2 milljarðana, hvað honum finnist um þau skref.

[17:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hafi einhver verið að velkjast í vafa um hvað ég var að tala um þegar þegar ég sagði að það væri erfitt að ræða efnisatriði málsins að þá sé þetta andsvar ágætisdæmi: „Skólastúlkur á enskri grund." Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað hv. þm. taldi að þetta mundi hjálpa til við umræðuna en hann verður að eiga það við sjálfan sig. Ég vil þakka honum fyrir að líkja mér við hv. þm. Hjálmar Árnason sem er prýðismaður og heldur góðar ræður.

Varðandi 5% og 2 milljarðana, þær breytingar sem voru gerðar á frv. í meðförum nefndarinnar, þá er það náttúrlega gríðarleg opnun frá því sem var í upphaflegu frv. og mér líst vel á þær breytingar og ég styð þær alveg heils hugar.

[17:31]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er allt með þeim hætti að maður getur lesið í spilin og séð hver framvindan er í orðum og ræðum hv. stjórnarliða. Það er nú þannig að eldri og reyndari refir í þinginu úr liði stjórnarliða hafa greinilega upplýst sína ungu þjóna um með hvaða hætti skuli svara í þessu máli. 5% reglan er slík að áhyggjur fjölmargra fjármálasérfræðinga í landinu eru afgerandi. Við erum að tala um fé án hirðis. Við erum að tala um stórfyrirtæki sem eiga ekki möguleika á því að ná manni í stjórn. Þannig er nú það. Með 2 milljarða ákvæðinu er líka búið að útiloka 100 stærstu fyrirtækin í landinu í fjárfestingum í greininni. (**SKK:** Það er rangt.) Nei, þetta er rétt hjá mér, hv. þm. Sigurður Kári. Þeir hafa ekki áhuga á 5% reglunni. Takið eftir einu: Hverjir hafa yfir áhættufé að ráða? Það eru hinir 100 stærstu. En lystin er orðinn mikil í að slá ryki í augu almennings á hinu hv. Alþingi.

[17:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur alveg fyrir og kom fram í framsíkalli að þessi 100 fyrirtæki eru ekki öll í markaðsráðandi stöðu. Ef við ræðum hins vegar um þá stöðu, hverjir eigi að fjárfesta í fjölmiðlafyrirtækjum, þá er sem betur fer, og þökk sé þeim aðgerðum sem þessi ríkisstjórn og fyrirrennarar hennar hafa gengið í, efnahagsástandið mun betra en áður var. Sem betur fer er fjármagnið á höndum fleiri aðila. Til dæmis er hv. þm. Ögmundur Jónasson, hann situr hér frammi, stjórnarmaður í að ég held stærsta lífeyrissjóði landsins. Það er aðili sem eftir því sem ég best veit, það kom alla vega fram hjá einum stjórnarmanni í efh.- og viðskn.,

hefur rætt um að það kæmi vel til greina að fjárfesta í fyrirtækjum eins og þessum. Ég bara hvet menn til að skoða reglurnar í öðrum löndum. Þær eru allar hamlandi. Það má alveg deila um það fram og til baka hvað sé rétt, en menn hafa ekki verið að gera það hér, því miður. (Forseti hringir.) Menn hafa verið að gera eitthvað annað.

[17:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Heimsmynd hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar er mjög einföld. Ég sagði einföld, ég sagði ekki einfeldnisleg en kannski hugsaði ég það. Samkvæmt þeirri heimsmynd samanstendur heimurinn annars vegar af þeim sem vilja reglur og hins vegar hinum sem eru á móti reglum. Vinstri grænir hafi verið fylgjandi reglum, nú séu þeir skyndilega á móti reglum. Hvers konar viðsnúningur er hér á ferðinni? spyr þingmaðurinn. Nú skulum við yfirfæra þetta á tungumál hagfræðinnar. Þá er væntanlega annars vegar um að ræða þá sem vilja óheftan markað og hins vegar hina sem vilja reisa markaðnum einhverjar skorður. Við erum í þeim hópi, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, en til þess að ná tilætluðum markmiðum. Ef við fáum frv. eins og hér er á ferðinni sem nær ekki tilætluðum markmiðum, í þessu tilviki að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, og ef frv. í ofanálag (Forseti hringir.) gengur í bág við stjórnarskrá landsins og teflir atvinnuöryggi mörg hundruð manns í tvísýnu, segjum við stopp.

[17:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það tekur örugglega langan tíma að svara öllum þeim spurningum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi til mín. Ég man nú ekki eftir neinni en það var svona verið að reyna að útskýra það af hverju Vinstri hreyfingin – grænt framboð er búin að taka U-beygju í málinu. Segjum bara að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi rétt fyrir sér að þessi leið hafi verið einhvern veginn þannig að ekki sé hægt að taka umræðuna og koma með tillögur til úrbóta. Virðulegi forseti. Ég vitna aftur hér í SPRON-lögin. Halda menn ekki að það hafi verið hægt að þvæla því fram og til baka hvaða leiðir menn færu þar? Þar var einbeittur vilji hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og vinstri grænum og þeir fóru sínu fram. En á þeim langa tíma sem er svo sannarlega búið að taka í þessa umræðu hafa vinstri grænir verið að reyna að finna flótttaleið í málinu þannig að þeir þurfi ekki að axla neina ábyrgð í því mikilvæga máli. Það liggur fyrir.

[17:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég hugsaði um heimsmyndina reyndist vera rétt, ekki það sem ég sagði. Annaðhvort eru menn með því að samþykkja mál með hraði eða menn eru á móti því að samþykkja mál með hraði. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vildi samþykkja SPRON-málið með hraði en þetta mál vilja þeir ekki samþykkja með hraði. Óskaplega er þetta undarleg mótsögn, segir hv. þm. Við vorum sátt við SPRON-málið. Þar voru menn að nýta sér glufur í löggjöfinni til þess að hagnast á óeðlilegan hátt. Við vildum setja löggjöf sem kæmi í veg fyrir það og vorum því fylgjandi. Það mál töldum við útrætt og mjög vel unnið. Það á hins vegar ekki við um þetta flaustурslega unna mál. Við skulum ekki reyna að heimfæra yfir í þingsalinn vinnulagið í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Þar þarf bara eina skipun og síðan hlýða menn.

[17:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu var SPRON-málið afskaplega vel unnið, mjög vel unnið. Að sjálfsögðu, virðulegi forseti. (**ÖJ:** Það var einfalt mál.) Virðulegi forseti. Trúir einhver þessu? Trúir einhver þessum málflutningi? (**ÖJ:** Allir í þingsalnum.) Það liggur alveg fyrir, og ég ætla nú ekkert að fara í það sem ég hugsa eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson en ég held líka að það sé ekki mjög skynsamlegt hjá honum að segja það sem hann hugsar, en hvað sem því líður þá liggur það alveg fyrir að hv. þm. Ögmundur Jónasson, eins og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er á miklum hraða undan eigin samvisku í málinu. Það kom svo bersýnilega í ljós í þessum ræðustól. Ef málið væri þannig að þeir væru að fylgja eftir sannfæringu sinni væri málflutningur þeirra með allt öðrum hætti hér. Það vita það allir sem hafa fylgst með þeim þingmönnum að störfum.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 17:40.

---

116. FUNDUR

laugardaginn 15. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Siglingavernd, stjfrv., 569. mál, þskj. 1563, brtt. 1572. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197, nál. 1489 og 1502. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619. — Frh. 2. umr.

4. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476. — 2. umr.

5. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.

6. Tollalög, stjfrv., 986. mál, þskj. 1602. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

7. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.

8. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.

9. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.

10. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.

11. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 1. umr.

12. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1313, nál. 1614, brtt. 1615. — 2. umr.

13. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 2. umr.

14. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575. — 2. umr.

15. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338, nál. 1650 og 1652, brtt. 1651. — 2. umr.

16. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 1. umr.

17. Sóttvarnalög, stjfrv., 790. mál, þskj. 1205, nál. 1605, brtt. 1606. — 2. umr.

18. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.

19. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607. — 2. umr.

20. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.

21. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611. — 2. umr.

22. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 746, nál. 1612, brtt. 1613. — 2. umr.

23. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328, nál. 1539. — 2. umr.

24. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.

25. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330, nál. 1654 og 1661. — 2. umr.

26. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656. — 2. umr.

27. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662, brtt. 1663. — 2. umr.

28. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165, nál. 1593. — 2. umr.

29. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

30. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

31. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

32. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

33. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Síðari umr.

34. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377, nál. 1543 og 1571, brtt. 1544. — 2. umr.

35. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982, nál. 1359 og 1580. — 2. umr.

36. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452, nál. 1546. — Síðari umr.

37. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453, nál. 1547. — Síðari umr.

38. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 961. mál, þskj. 1479, nál. 1594. — Síðari umr.

39. Aðild að Gvadalajara-samningi, stjtill., 883. mál, þskj. 1341, nál. 1639. — Síðari umr.

40. Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, stjtill., 884. mál, þskj. 1342, nál. 1640. — Síðari umr.

41. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.

42. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.

43. Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.

44. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.

45. Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, stjfrv., 946. mál, þskj. 1440, nál. 1616. — 2. umr.

46. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.

47. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 359, nál. 1637, brtt. 1638. — 2. umr.

48. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 613, nál. 1577. — 2. umr.

49. Einkaleyfi, stjfrv., 751. mál, þskj. 1122, nál. 1641, brtt. 1642. — 2. umr.

50. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.

51. Dýravernd, frv., 634. mál, þskj. 948. — 1. umr.

52. Hlutafélög, frv., 686. mál, þskj. 1015. — 1. umr.

53. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 836. mál, þskj. 1277. — 1. umr.

54. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 648. mál, þskj. 965. — Fyrri umr.

55. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 650. mál, þskj. 967. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Geir H. Haarde fjmrh.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

[10:36]

Útbýting þingskjals:

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1672.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli forsætisráðherra í fjölmiðlum.

[10:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hæstv. forsrh. í fjölmiðlum í gærkvöldi, í sjónvarpinu vil ég segja að ég hef staðið í þeirri meiningu, hæstv. forseti, að við værum að ræða almenn lög. Því hefur verið haldið fram af stjórnarliðum sérstaklega. Ég átta mig ekki á því hvernig hæstv. forsrh. lætur sér detta í hug að fullyrða að forseti Íslands sé vanhæfur varðandi það að hugsanlega sé hægt að skjóta málinu til þjóðarinnar. Það er málskotsréttur til þjóðarinnar ef sú ákvörðun væri tekin af hæstv. forseta lýðveldisins að synja um staðfestingu þeirra lagafrumvarpa sem hafa verið rædd undanfarna daga. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hæstv. forsrh. talar um málið á þessum nótum og furða mig á því.

Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta, hæstv. forseti, en tel að þetta hafi verið óviðurkvæmilegt af hæstv. forsrh. Ég ætla einnig að segja það, hæstv. forseti, að ég gleðst yfir því að sjá alla þessa ráðherra mætta til umræðunnar og býð þá alla hjartanlega velkomna. Þeir hafa lítið sést hérna í síðustu viku. Þetta er auðvitað að mörgu leyti

ánægjulegur dagur, fyrsta deildin er að hefjast og það er Eurovision í kvöld og ég vona að okkur farnist vel. En ég vil bara beina þeim orðum til forustumanna ríkisstjórnarinnar að menn gæti hófsemi í því sem þeir láta sér um munn fara.

[10:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er það svo að það ríkir mikil spenna í þeirri umræðu sem hér hefur staðið dögum saman. Menn verða samt að gæta sín á því að láta ekki taugakerfið, sem hugsanlega kunni að vera að bila, bresta með þeim hætti sem við sáum í fjölmiðlum í gær. Það var með ólíkindum að hlýða á orðbragð hæstv. forsrh. Ég tel að hann hafi talað með þeim hætti að það sé til vansa fyrir þingið. Ég tel að það sé ekki hægt af nokkrum alþingismanni að ráðast með þeim hætti á forseta lýðveldisins eins og hæstv. forsrh. gerði í gær. Og ég tel að til þess að stilla þessi mál og lægja þessar öldur væri hæstv. forsrh. sæmst að biðja þjóðhöfðingjann afsökunar.

Við lendum oft í pólitísku skaki, alþingismenn, en eitt er það sem við höfum aldrei gert og aldrei farið yfir þau mörk, fjölskyldur okkar eru friðhelgar, börn okkar eru friðhelg. Menn tala ekki um börn alþingismanna og stjórnmálamanna og draga þau inn í umræðu eins og hæstv. forsrh. gerði í gær.

Það verður líka að vekja eftirtekt á því að það var eins og forsrh. skildi ekki grundvallarreglur í stjórnskipan okkar. Má ég rifja upp það sem Ólafur Jóhannesson sagði: „Forseti er aldrei vanhæfur. Hann er hluti af lagasetningarvaldinu."

Það er líka eftirtektarvert að við höfum verið að ræða málið á þeim grundvelli að það væri almenn löggjöf. Hæstv. forsrh. tekur málið upp með þeim hætti að forseti lýðveldisins sé vanhæfur vegna þess að hann hafi ákveðin tengsl við tiltekið fyrirtæki. Ég spyr þá: Er þetta þá eftir allt saman sértæk löggjöf sem beinist að einu tilteknu fyrirtæki?

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619.

[10:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Upp er runninn enn einn dagurinn þar sem við tölum um hin svokölluðu fjölmiðlalög og reynist grunur minn á rökum reistur mun sá dagur eflaust fara í það að ræða um þá mjög svo umdeildu löggjöf.

Ég kem upp í annað sinn til að flytja seinni ræðu mína við 2. umr. málsins og ætla svo sem ekki að hafa mál mitt mjög langt, enda hefur flest verið sagt sem segja þarf í umræðunni að ég tel.

Ég tók eftir því í gær þegar hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson flutti ræðu sína að hann lýsti mjög eftir því að stjórnarandstaðan hefði eitthvað efnislegt fram að færa. Hann talaði um að stjórnarandstaðan væri mjög dugleg við það að gagnrýna frv., hafi ég tekið rétt eftir — ég var reyndar upptekinn og heyrði ekki alla ræðu hans — en hann lýsti eftir því að stjórnarandstaðan kæmi með einhverjar lausnir.

Það er á vissan hátt röksemd ef svo má segja en samt ekki. Málið er nefnilega að frv. sem nú liggur fyrir þinginu er vanreifað á allan hátt, ekki hefur verið haft samráð við þá sem máli skiptir og þetta er allt saman mjög illa undirbúið.

Ég ætla ekki að standa hér og lýsa yfir einhverjum patentlausnum á því hvernig við eigum að fara í þetta vandamál eða þetta mál sem er eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi í dag, enda er sá tími ekki kominn enn þá. Ég minni á að fyrir áramót var lögð fram þáltill. sem við í Frjálsl. stóðum m.a. að þar sem lagt var til að Alþingi kysi nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka, hæstv. forseti, allra þignflokka, ekki einhverjum gæðingum úti í bæ, einhverju leynifélagi úti í bæ sem skipað var af ríkisstjórninni til þess að semja einhverja leyniskýrslu sem síðan hefur verið lögð fyrir þingið og á grundvelli þeirrar leyniskýrslu, þessa leynifélags, hefur verið soðið saman frv. sem er hin mesta hrákasmíð.

Ég tel að hæglega hefði verið hægt að ná lendingu í málinu ef haft hefði verið samráð við alla þingflokka, ef haft hefði verið samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla hér á landi, samtök þeirra, og aðra sem málið varðar. En það var ekki gert og það er mergurinn málsins og það er kannski meginástæða þess að við, hið háa Alþingi, erum nú komin í þær ófærur sem við erum í í dag. Það er allt í háalofti í þjóðfélaginu einmitt vegna þess hvernig farið var inn í málið, þ.e. þversum. Það var farið þversum inn í málið og það er allt saman að enda með ósköpum. Ég tel að það sé meginástæða þess að við höfum ratað í þessar ógöngur.

Ég tel að það sé fullur vilji til þess hjá öllum þingflokkum að athuga einmitt þetta með eignarhald á fjölmiðlum og hvernig því er skipað, skoða það vandlega og setja síðan einhverja heildstæða löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi og starfsumhverfi þeirra, meðal annars frelsi ritstjórna gagnvart eigendum sínum.

Virðulegur forseti. Eigendur fjölmiðla á Íslandi í dag hafa oft eða virðast alla vega sumir hverjir reyna að hafa áhrif á það hvernig starfsmenn þeirra haga vinnu sinni. Þá er ég að tala um fréttamenn og dagskrárgerðarmenn. Mjög gott dæmi um það er pistill sem sá ágæti fréttamaður til margra ára og blaðamaður, Egill Helgason, skrifaði þann 10. maí síðastliðinn þar sem hann lýsti því einmitt hvernig eigendur sjónvarpsstöðvarinnar Skjás 1 hefðu fyrir síðustu kosningar markvisst reynt að hafa áhrif á það hvernig hann stjórnaði sínum vinsæla spjallþætti Silfri Egils.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson fór yfir þetta í gær og las pistil sem Egill Helgason skrifaði, eins og ég sagði áðan, hinn 10. maí síðastliðinn og birti á vefsíðu sinni. Ég ætla svo sem ekkert að lesa þann texta aftur. En þar er til dæmis mjög gott dæmi um það hvernig eigendur fjölmiðils sem eru í einhverri pólitískri krossferð reyna grímulaust að hafa áhrif á það hvernig þáttastjórnandi skipuleggur þátt sinn og hvernig hann á að haga sinni vinnu. Sem betur fer, hæstv. forseti, lét Egill Helgason þetta ekki á sig fá. Hann lét ekki bugast. En það endaði líka með því að hann var hrakinn á brott frá þessari sjónvarpsstöð, Skjá 1. Hann var hrakinn á brott. Þarna var fjölmiðlamaður sem sýndi sjálfstæði og hafði nægt hugrekki og bein í nefinu til að standa á móti þessum þrýstingi. Það kostaði hann vinnuna, gott og vel. En hann stóð eftir með sitt. Þetta finnst mér, hæstv. forseti, segja meira en mörg orð einmitt um það að alvöru fjölmiðlamenn láta ekki eigendur hafa áhrif á sig. Þeir láta ekki eigendur fjölmiðla stjórna sínum fréttaflutningi.

Ég er sjálfur fyrrverandi fjölmiðlamaður, var blaðamaður til margra ára, hef unnið við sjónvarp og útvarp. Ég hef unnið á fjölmiðlum, meðal annars erlendis þar sem voldug-

ir eigendur stóðu að baki, einir helstu jöfrar í viðskiptalífi Noregs. Ég var blaðamaður á norsku sjávarútvegsblaði sem heitir Fiskaren. Þetta blað var lengi vel í eigu norsku síldarsölusamtakanna, það er að segja hagsmunasamtökum í norskum sjávarútvegi. Þessi hagsmunasamtök skynjuðu sinn vitjunartíma fyrir nokkrum árum og sáu að þau ættu ekki að eiga fjölmiðil. Vegna hvers? Jú, vegna þess að þau voru hagsmunasamtök. Þessi samtök ákváðu að selja blaðið. Það fór að kvisast út að blaðið væri til sölu. Við, blaðamennirnir á blaðinu, hvað gerðum við? Jú, við hófum að eigin frumkvæði viðræður við ritstjóra stærsta viðskiptablaðs Noregs sem heitir Dagens Næringsliv. Það er dagblað sem kemur út sex sinnum í viku. Það er mjög voldugt og stórt blað og er meðal annars í eigu helstu viðskiptajöfra Noregs. Við settum okkur í samband við þáverandi ritstjóra Dagens Næringsliv, mann að nafni Kåre Valebrokk sem er einn virtasti ritstjóri og fjölmiðlamaður Noregs. Hann er núna forstjóri norsku sjónvarpsstöðvarinnar TV 2, sem sagt stöðvar 2 í Noregi. Hann var þá ritstjóri Dagens Næringsliv. Við blaðamennirnir höfðum að eigin frumkvæði samband við hann og spurðum hann hvort útgáfufélag Dagens Næringsliv hefði áhuga á að eignast Fiskaren. Hann vissi ekkert um það. Hann hafði ekki hugmynd um það. En hann hafði mikinn áhuga á því að innlima Fiskaren inn í Dagens Næringsliv-útgáfuna. Vegna þess að honum þótti þetta verkefni áhugavert sem fjölmiðlamanni fór hann sjálfur í að sannfæra ritstjórn og eigendur Dagens Næringsliv um að rétt væri að kaupa þetta blað. Hann hafði sitt fram. Þeir sem eiga þetta blað, Dagens Næringsliv, eru einir helstu viðskiptajöfrar Noregs, meðal annars voldugir útgerðarmenn á borð við Fred Olsen. Þeir keyptu Fiskaren. Þeir komu inn með fjármagn í þetta blað á sínum tíma. Ég er að tala um 1997–1998. Þeir komu inn, fjársterkir aðilar með mikið fjármagn, í þetta blað og gáfu okkur blaðamönnunum gersamlega lausar hendur með það að búa til nýtt blað. Við fengum mikið af peningum. Við fengum endurnýjaðan tækjabúnað. Við fengum aðstoð mjög færra fjölmiðlamanna í Noregi til þess að endurskapa blaðið og endurbyggja blaðið. Það gerðum við. Við fórum í þessa vinnu og tókst þokkalega til. En aldrei á einum einasta tímapunkti urðum við nokkurn tímann varir við að eigendurnir, það er að segja þeir sem létu okkur hafa þetta fjármagn, reyndu að hafa áhrif á ritstjórnarstefnu blaðsins, aldrei nokkurn tímann. Enda hefði það aldrei verið liðið. Hefðu þeir reynt það hefðum við gengið út allir sem einn. En það heyrðist aldrei neitt frá þeim. Það eina sem þeir sögðu við okkur var: „Við látum ykkur hafa þessa peninga og eftir þrjú ár skuluð þið skila hagnaði. Ef þið gerið það ekki losum við okkur við blaðið.“ Við stóðum okkar plikt, bjuggum til gott blað. Það gekk vel og eftir þrjú ár þá skiluðum við hagnaði. Blaðið er enn í eigu þessara sömu eigenda og þeir hafa aldrei nokkurn tímann látið sér detta í hug að reyna að hafa áhrif á ritstjórnarstefnu blaðsins, aldrei.

Þannig er þetta í Noregi. Eigendur fjölmiðla reyna ekki, þeir láta ekki að sér hvarfla að reyna að hafa áhrif á það hvernig blaðamenn vinna. Það er mjög sterkt prinsipp að svoleiðis gengur ekki. Ég veit að íslenskir blaðamenn að gera þetta ekki heldur. Þeir láta ekki eigendur hafa áhrif á sig, hvernig þeir vinna. Alla vega neita ég að trúa því. Ég hef aldrei orðið var við það á mínum ferli sem fjölmiðlamaður á Íslandi að fréttamenn nokkurs staðar þar sem ég hef unnið hafi látið hafa áhrif á sig og sinn fréttaflutning. Bara svo þetta sé sagt, virðulegur forseti.

Hér hefur mikið verið talað um að þau lög sem nú er verið að setja séu sértæk, þau séu ekki almenn. Ég tel að ummæli hæstv. forsætisráðherra í fréttatíma sjónvarpsins í gær sýni það mjög ljóslega. Þessi lög eru sértæk. Það skín alls staðar í gegn í umræðunni. Í hvert einasta skipti sem stjórnarliðar tjá sig um frumvarpið þá koma þeir upp um sig. Það skín grímulaust í gegn að frumvarpið er fyrst og fremst sett til höfuðs Norðurljósum, Stöð 2, Fréttablaðinu og DV. Það á að ganga milli bols og höfuðs á þessum þremur fréttamiðlum. Eins og ég sagði þá taka ummæli forsætisráðherra í gærkvöldi þar sem hann talaði um hæstv. forseta Íslands öll tvímæli af um þetta, því miður.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um ummæli hæstv. forsætisráðherra frá því í gær. Þau dæma sig sjálf. Ég vil bara segja, virðulegur forseti, að mér þykir leitt að umræðan sé komin í þennan farveg. Það er algerlega ósæmandi fyrir forsætisráðherra að hann skuli ráðast að forseta Íslands með þessum hætti, forseta þjóðarinnar. Ég vil líka fá að nota tækifærið til að lýsa því yfir að ég stend fyllilega með mínum forseta. Hans embættisfærsla í þessu máli hefur verið rétt frá upphafi. Það er engum vafa undirorpið að honum ber skylda til að vera heima á Íslandi meðan ástandið er eins og það er. Hans fremstu skyldur eru skyldur hans við íslenska þjóð. Hann á ekki að eyða tíma sínum í það að sitja í konunglegum brúðkaupum erlendis á meðan hið pólitíska ástand hér heima á Íslandi er jafneldfimt og raun ber vitni. Nóg um það að sinni.

Hæstv. forseti. Það gladdi mig að sjá í morgun hve margir ráðherrar voru mættir til umræðunnar, reyndar flestir ráðherrar nema hæstv. forsætisráðherra sem ekki hefur látið sjá sig hér í morgun að ég best veit. (**Gripið fram í:** Hann kom aðeins.) Hann kom aðeins, já. Jæja, gott og vel. Það gladdi mig að sjá hversu margir ráðherrar voru hér og líka margir stjórnarliðar því undanfarna daga hef ég saknað þess mjög hve fáir stjórnarliðar hafa verið í sal Alþingis á meðan við höfum rætt þetta umdeilda fjölmiðlafrumvarp. Ég hef saknað sjálfstæðismanna og ég hef saknað framsóknarmanna. Í gær kom hér fram að þingmenn Sjálfstæðisflokksins sögðu að þeir hefðu ekki talað í þessu máli fram að þessu vegna þess að þeir hefðu ekki komist að í umræðunni fyrir stjórnarandstæðingum sem hefðu raðað sér á mælendaskrá. Þetta er bara ekkert rétt. Stjórnarliðar hafa haft fullt af tækifærum til þess einmitt að skrá sig á mælendaskrá eins og hverjir aðrir þingmenn og þeir hafa haft fullt af tækifærum til að taka þátt hér í umræðum, meðal annars með því að nota rétt sinn til að mæta ræðumönnum í andsvörum. En þeir hafa ekki nýtt sér það. Hér hafa verið fluttar ótal ræður á undanförnum dögum. En það er alger undantekning ef stjórnarliðar hafa notfært sér rétt sinn til að koma í andsvör til að eiga orðastað við stjórnarandstöðuþingmenn sem hafa verið að gagnrýna þetta fjölmiðlafrumvarp. Þeir hafa ekki notfært sér þessi tækifæri. Það er varla að þeir hafi verið hér í salnum. Þetta er staðreynd málsins.

Stjórnarliðar geta ekki komið núna eftir að þessi umræða hefur staðið yfir í svo marga daga og haldið því fram að þeir hafi ekki fengið tækifæri til að tala. Þeir hafa haft ótal, mörg hundruð tækifæri til að taka til máls í þinginu. En þeir hafa ekki gert það. Hvers vegna hafa þeir ekki gert það, hæstv. forseti? Ég veit það ekki. Ég hef mikið velt því fyrir mér hvers vegna í ósköpunum stjórnarliðar taki ekki til máls í einu eldfimasta og umdeildasta máli sem rekið hefur á fjörur hins háa Alþingis í langan tíma. Hver er ástæðan? Getur ver-

ið að ástæðan sé sú að þetta mál sé einmitt svo illa undirbúið og vanreifað og meingallað á allan hátt að stjórnarliðar geri sér grein fyrir því að það borgi sig að þegja, að hér hafi fæst orð minnsta ábyrgð? Mig er farið að gruna það, hæstv. forseti, að þetta sé ástæðan. Þeir kjósa að þegja. Þeir gera sér grein fyrir því hve málið er gallað. En þeir eru teymdir áfram af ótta við hæstv. forsætisráðherra og líka hæstv. utanríkisráðherra sem bráðum verður forsætisráðherra ef guð og Sjálfstæðisflokkurinn lofa. Af ótta við þessa tvo menn og af hræðslu við að þeim verði refsað ef þeir fylgja ekki línunum láta þeir teyma sig út á þetta sem ég hef kallað fúafen og þeir ætla sér að styðja þetta með þögninni.

Í gær fór ég aðeins yfir málið og skoðaði það. Í fjölmiðlum hafa nefnilega verið mjög áberandi fréttir af því að ýmislegt væri nú farið að bila í samstöðunni. Maður er farinn að sjá það í hinu pólitíska landslagi. Þetta er einkum áberandi hjá Framsóknarflokknum. Núna á undanförnum dögum hafa komið fram ótal yfirlýsingar frá félögum framsóknarmanna vítt og breitt um landið þar sem þeir mótmæla þessu fjölmiðlafrumvarpi og hvetja ríkisstjórnina eða sinn flokk, þingmenn í sínum flokki, að styðja ekki frumvarpið. Ungir framsóknarmenn í Reykjavík mótmæla fjölmiðlafrumvarpinu. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn FUF RS telur að ákvæði um að markaðsráðandi aðilum skuli með öllu bannað að eiga hlut í ljósvakamiðlum gangi of langt. Nær væri að tiltaka ákveðið hámark sem slíkum fyrirtækjum væri gert að takmarka eignarhlut sinn við. Algjört bann við eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja setur fjármögnun á frjálsum ljósvakamiðlum í verulegt uppnám sem gæti leitt til þess að þeim muni fækka og að ríkisreknir miðlar haldi um ókomna tíð yfirburðarstöðu sinni. Nær væri að nýta Samkeppnisstofnun til aðhalds á fjölmiðlamarkaði, samhliða því að auka fjárveitingar til stofnunarinnar og auka veg þessarar mikilvægu stofnunar.

Stjórn FUF RS lítur svo á að mjög óeðlilegt sé að stytta starfsleyfi starfandi fjölmiðla með bráðabirgðaákvæði um niðurfellingu leyfa að tveimur árum liðnum. Það eina sem af slíku hlýst er skaðabótaskylda ríkissjóðs vegna ólöglegrar eignaupptöku. Skattborgarar eiga heimtingu á að sameiginlegum fjármunum okkar allra sé ekki sóað með slíkum vísvitandi hætti.

Stjórn FUF RS skorar á Alþingi að samþykkja ekki þetta frumvarp óbreytt, og skorar jafnframt á alþingsmenn að ræða málefni ljósvakamiðla á málefnalegan hátt í stað upphlaupa og þess ómálefnalega málflutnings sem gætt hefur hjá stjórnarandstöðunni.“

Ég get tekið undir það sem stendur í þessari yfirlýsingu frá ungum framsóknarmönnum í Reykjavík, það er að segja allt nema það síðasta, þar sem þeir tala um ómálefnalegan málflutning hjá stjórnarandstöðunni. Málið er það, hæstv. forseti, að málflutningurinn hér hefur ekkert verið ómálefnalegur. Hann hefur verið mjög málefnalegur. Hér hafa komið fram ótal þingmenn og flutt ótal röksemdir og varað mjög sterklega við þessu frumvarpi. Ég hef ekki heyrt annað en að hér hafi verið fluttar margar mjög góðar og málefnalegar ræður sem hafa snúist um efni og eðli þessa frumvarps. Ég hef ekki heyrt annað. Það er gersamlega rangt að halda því fram að málflutningurinn í sal hins háa Alþingis um þetta umdeilda mál hafi fram að þessu verið ómálefnalegur. Ef eitthvað hefur verið ómálefnalegt í þessari umræðu þá er það einmitt fjarvera stjórnarliða við umræðuna. Þeir hafa ekki tekið þátt í hinni málefnalegu umræðu. Þeir hafa ekki verið viljugir til að skiptast á skoðunum um þetta frumvarp við stjórnarandstöðuna. Það er fyrst og fremst það sem hefur verið ómálefnalegt. En áfram skulum við halda.

Hér er enn ein yfirlýsing frá framsóknarmönnum og það er Samband ungra framsóknarmanna sem hafnar áformum um takmörkun á eignarhaldi fjölmiðla. Þetta er samkvæmt fréttum frá 12. maí síðastliðnum.

Framsóknarfélag Mýrasýslu hvetur til þess að afgreiðslu fjölmiðlafrumvarpsins verði frestað til haustsins og tryggð niðurstaða sem sátt verði um í samfélaginu.

Framsóknarfélag Garðabæjar og Bessastaðahrepps hefur skorað á þingflokk Framsóknarflokksins að beita sé fyrir því að afgreiðslu þessa frumvarps verði frestað.

Formaður framsóknarmanna í Bolungarvík kom í viðtal í gær í útvarpinu og lýsti svipuðum hugsunum, það er að segja að fresta beri þessu frumvarpi því mönnum beri að staldra við og hugsa sinn gang. Hann lýsti jafnframt yfir fullum stuðningi við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson í þessu máli sem hefur lýst sig einn þingmanna Framsóknarflokksins, alla vega fram til þessa, andvígan þessu frumvarpi. Hann sagði jafnframt að hann teldi að þetta mál ætti eftir að stórskaða Framsóknarflokkinn.

Ég hef í fyrri ræðum mínum um þetta mál mælt mjög fyrir því einmitt að málinu verði frestað, að það verði tekið af dagskrá og að við notum sumarið til þess að hugsa okkar gang, vinna málið vandlega, tala við alla þá sem málið varðar og að síðan verði lagt fram frumvarp fyrir hið háa Alþingi næsta haust. Svo verði tekinn sá tími sem til þarf næsta vetur til að vinna gott og vandað frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum og um starfsumhverfi fjölmiðla á Íslandi, hvernig því skuli háttað í framtíðinni, meðal annars hvernig tryggja eigi ritstjórnarlegt sjálfstæði íslenskra fjölmiðla gagnvart eigendum sínum.

Þetta er sú leið sem við eigum að fara í þessu máli, hæstv. forseti. Það er í raun engin önnur leið fær. Ég vil nota tækifærið núna í þessari seinni ræðu minni til að ráða stjórnarliðum heilt og biðja þá að hætta þessari vitleysu, taka þetta mál af dagskrá, vinna að því að ná lendingu með því að taka málið af dagskrá þannig að þingið geti farið að einbeita sér að því að afgreiða einhver þeirra rúmlega 50 mála sem liggja fyrir þinginu og að þetta mál fái að hvíla um stund.

Ég lýsi enn og aftur eftir því, hæstv. forseti, að stjórnarliðar fari nú að taka þátt í þessum umræðum. Nú eru hér staddir tveir ráðherrar Framsóknarflokksins, hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon og hæstv. viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir. Þau eru bæði hér í salnum. Hvorugt þeirra hefur talað í þessari umræðu. Þau töluðu ekki um hina umdeildu skýrslu (**Gripið fram í:** Jú.) sem fyrst var lögð fyrir þingið. Ekki samkvæmt þeim lista sem ég hef hér, hæstv. félagsmálaráðherra. Gott og vel, þá er það rangt hjá mér. En samkvæmt þeim lista sem ég hef hér fyrir framan mig sem ég tók (**Gripið fram í:** ... bara vitlaus.) út af vef Alþingis í gær — ég get sýnt ykkur hann á eftir, hæstv. ráðherrar — þá hefur hvorugt ykkar talað í þessari umræðu. Hv. þm. Birkir Jónsson hefur ekkert talað í þessari umræðu. Hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson hefur ekkert talað. Hæstv. utanríkisráðherra og verðandi forsætisráðherra ef guð og Sjálfstæðisflokkurinn lofar, Halldór Ásgrímsson, hefur ekkert talað í þessari umræðu, ekki sagt eitt einasta orð. Hæstv. umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttir hefur ekkert talað í þessari umræðu. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur flutt eina ræðu og komið fimm, sex sinnum í andsvör. Það

er allt og sumt. Hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson hefur aðeins talað í þessu máli, sömuleiðis Jónína Bjartmarz og svo að sjálfsögðu hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem hefur lýst sig andvígan frumvarpinu.

Þegar maður skoðar ræðulistann yfir framsóknarmenn í þessu máli þá slær það mann mjög illilega að þeir hafa nánast algerlega verið fjarverandi í allri umræðunni. Þeir hafa heldur ekki verið í þingsalnum.

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé fyllilega kominn tími til þess að Framsóknarflokkurinn komi nú út úr skápnum í þessu máli og að þingmenn Framsóknarflokksins komi í ræðustól og segi þjóðinni hver raunverulegur hugur þeirra til þessa frumvarps er. Það er fyllilega fyrir löngu síðan kominn tími til þess. Það hafa þeir ekki gert. Þessir hv. þm. virðast ætla að styðja frumvarpið. En ef þeir ætla að gera það þá skulda þeir þjóðinni skýringar á því hvers vegna þeir ætla að gera það, hvers vegna þeir ætla að styðja frumvarpið í trássi við vilja meiri hluta þjóðarinnar, í trássi við vilja stórs hluta Alþingis, í trássi við vilja mjög margra framsóknarmanna. Þeirra eigin grasrót — miðað við það sem maður hefur séð í fjölmiðlum — hún segir nei. Hún segir nei með mjög skýrum hætti. „Nei, nei, nei. Stöðvið þetta. Hættið þessu. Ekki gera þetta. Ekki gera þetta.“ En það er eins og þingflokkur Framsóknarflokksins ætli ekki að hlusta á það fólk sem kaus þá til setu á hinu háa Alþingi. Hvers vegna skyldi það vera?

Nú ætti maður kannski ekki að ráða pólitískum andstæðingum heilt. En ég ætla að gera það núna. Ég vil beina orðum mínum til þingflokks Framsóknarflokksins og biðja þingmenn Framsóknarflokksins um það núna að hugsa sinn gang mjög alvarlega því ef þetta frumvarp, hæstv. forseti, fer í gegn verður stórslys. Í því sambandi er ég ekki að tala um Framsóknarflokkinn. Ég er að tala um framtíð fjölmiðla á Íslandi og ég er að mæla fyrir hagsmunum þjóðarinnar. Við getum ekki leyft okkur það, hæstv. forseti, að láta það slys henda okkur að svona illa ígrundað og illa undirbúið frumvarp fái afgreiðslu á Alþingi. Við þurfum að taka okkur miklu lengri tíma í að skoða þessa hluti. Þetta er mergurinn málsins, hæstv. forseti. Ég vil núna að lokum þegar ég lýk máli mínu lýsa því yfir að fari svo að þetta slys nái í gegn að ganga, þetta frumvarp verði að lögum, þá mun ég ef ég einhvern tímann kemst í stjórnarsamstarf, stjórnarmeirihluta, beita mér fyrir því að lögunum verði breytt, þau verði endurskoðuð og þeim verði breytt því eins og frumvarpið lítur út í dag þá er það gersamlega handónýtt og til vansa fyrir þjóðina.

[11:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég er komin í ræðustól Alþingis til þess að tala um fjölmiðlamálið svokallaða öðru sinni. Í sjálfu sér gæti ég haft þessa ræðu tiltölulega stutta. Ég ætla ekki að fara yfir öll þau efnisatriði sem ég fór yfir í fyrri ræðu minni. Þar færði ég rök fyrir því, virðulegur forseti, að þetta frumvarp, verði það að lögum, stangaðist á við allar þær grundvallarhugmyndir sem við höfum um lýðræði, málfrelsi, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarréttindi og að frumvarpið stangaðist á við grundvallarreglur íslenska ríkisins, íslenska lýðveldisins, hvað þetta varðar. Ég færði rök fyrir því hvernig þetta frumvarp stangaðist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi. Ég færði rök fyrir því hvernig frumvarpið stangaðist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, þó eflaust mætti nú bæta hann. Það er kannski það af þessu sem er auðbætanlegast. Og ég færði rök fyrir því hvernig þetta frumvarp, ef það yrði að lögum, gengi gegn tjáningarfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er kannski alvarlegasti þáttur þessa máls, það er að segja hvernig frumvarpið brýtur gegn tjáningarfrelsinu.

Að auki er frumvarpið með þeim annmörkum að ekki er ratað það meðalhóf sem löggjafinn, Alþingi Íslendinga, verður að rata í lagasetningu sem er íþyngjandi fyrir einstaklinga eða hópa í okkar samfélagi. Ekki er ratað það meðalhóf sem okkur ber samkvæmt íslenskum stjórnsýslulögum og samkvæmt íslenskum stjórnskipunarrétti að rata ef þess er nokkur kostur. Það þarf auðvitað veigamikil rök til þess að grípa til aðgerða sem eru meira í þyngjandi en nauðsyn er til þess að ná fram því markmiði sem menn stefna að. Markmiðið með þessum lögum er að tryggja fjölbreytni og lýðræði í fjölmiðlum á Íslandi og það hefur verið sýnt fram á að hægt er að fara ótal margar leiðir í því efni sem eru mun minna íþyngjandi en hér er gert ráð fyrir.

Nú þarf í sjálfu sér ekki mig til að segja þetta hér í ræðustól Alþingis. Menn þurfa ekki annað en fylgjast með umræðunni í samfélaginu. Menn þurfa ekki annað en lesa það sem haft er eftir lögfræðingum landsins, ég vil segja nánast öllum lögfræðingum landsins ef undan er skilinn einn, Jón Steinar Gunnlaugsson. Öllum lögfræðingum landsins ber saman um að það orki mjög tvímælis að þetta frumvarp, verði það að lögum, standist íslenskan stjórnskipunarrétt. Þetta vita stjórnarþingmenn. Þetta vita þeir. Þeir hafa allir unnið eið að stjórnarskránni og þeir vita að ef það leikur vafi á því, eins og það gerir sannarlega núna, þá á stjórnarskráin að njóta vafans. Hún á að njóta vafans. Það er ekki einn og ekki bara tveir og ekki bara þrír lögfræðingar sem segja þetta heldur nánast hver einasti lögfræðingur sem við er talað í fjölmiðlum.

Hér hafa menn komið í ræðustól og ég hlýt að furða mig á því að hv. þm. Hjálmar Árnason formaður þingflokks Framsóknarflokksins kom hér upp og talaði um þetta mál. Hann talaði um samkeppnisþátt þessa máls. Hægt var að taka undir margt í málflutningi hans. Það er alveg hægt að taka undir það að of mikil samþjöppun sé almennt í íslensku viðskiptalífi. Við verðum að gæta okkar á henni. Við verðum að reyna að beita þeim leiðum sem færar eru til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki misnoti markaðsráðandi stöðu sína. Það er alveg hægt að taka undir það. En að þingmaðurinn skyldi ekki víkja einu orði í ræðu sinni að íslensku stjórnarskránni og þeim vafa sem leikur á því að frumvarpið standist íslenskan stjórnskipunarrétt, hlýtur að vekja furðu, og að hann skyldi ekki leiða fram einn einasta lögfræðing, ekki eitt einasta nafn, til marks um það og einhvern sem vildi leggja nafn sitt við það að þetta frumvarp stæðist íslensk stjórnarskipunarlög. Ekki eitt nafn hefur verið nefnt, ekki eitt. Jú, fyrirgefið þið. Ég gleymdi Jóni Steinari Gunnlaugssyni. Það er það nafn sem nefnt hefur verið. Þó hefur hann nú ekki tekið af öll tvímæli í þessu sambandi heldur svona frekar látið að því liggja að það mætti líta svo á að þetta stæðist stjórnarskrána. En hann hefur ekki tekið af öll tvímæli. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Ég held því að við hljótum öll að geta sammælst um að það orki mjög tvímælist að þetta standist stjórnarskrána. Þeir stjórnarþingmenn sem ekki vilja hlusta á þau rök eru einfaldlega slegnir einhverri undarlegri blindu og þeir eru að láta hafa sig út í einhverjar ófærur sem þeir eiga trauðla afturkvæmt úr.

Mikið hefur verið slegist um þetta mál hér á þingi og margt hefur verið sagt. Það er kannski ekkert sérkennilegt að málið hafi fengið svona mikla umræðu hér á þingi. Ástæðan er einfaldlega sú að málið er ekki þroskað. Málið er ekki tækt til lagasetningar. Ef fram hefði farið mikil og vönduð undirbúningsvinna af hálfu stjórnmálaflokkanna allra og af hálfu þeirra hagsmunaaðila sem þetta mál varðar, ef það hefði farið fram mikil og vönduð umræða í samfélaginu um þetta mál, í fjölmiðlunum, þá þyrftum við auðvitað ekki að standa hér dag eftir dag og ræða málið.

Ástæðan fyrir því að við stöndum hér dag eftir dag og ræðum þetta mál er sú að málið er í slíku skötulíki og það er svo illa undirbúið og það er svo lítið rætt að það er ekki hægt að hleypa því í gegnum Alþingi Íslendinga með einhverju hraði. Það er ekki hægt. Það er ekki forsvaranlegt og við hljótum þess vegna að taka þann tíma sem við höfum tekið í að ræða þetta mál vel á hinu háa Alþingi.

Margir furða sig á því hvers vegna í ósköpunum þingmenn allir geti nú ekki náð saman um þetta mál, vegna þess að allir hafi þeir jú sama markmiðið, allir hafi þeir það markmið að þeir vilji tryggja lýðræðið, þeir vilji tryggja fjölbreytni. Allir gjalda þeir varhuga við of mikilli samþjöppun. Af hverju geta menn þá ekki náð saman í þessu máli? Af hverju geta menn þá ekki unnið að þessu eins og menn og klárað málið sameiginlega?

Ég held að ástæðan fyrir því hvernig fyrir þessu máli er komið sé einfaldlega sú að þeir sem ráða för í ríkisstjórninni nú um stundir vilja ná tökum á fjölmiðlum. Þeir vilja ná tökum á fjölmiðlum. Þeirra markmið er ekki í sjálfu sér að tryggja fjölbreytni og lýðræði. Þeirra markmið er að ná tökum á fjölmiðlunum. Þeirra markmið og það sem þeir hafa unnið að ötullega, sé ég er, á undanförnum árum er að ná tökum á Alþingi. Þeir hafa Alþingi algjörlega í hendi sinni. Þeir stjórna hér lögum og lofum á Alþingi, þeir sem eru í forsvari fyrir ríkisstjórninni, eru í forsvari fyrir framkvæmdarvaldinu. Framkvæmdarvaldið hefur tögl og hagldir hér á Alþingi Íslendinga. Það ræður því hvernig mál ganga fyrir sig hérna. Það ræður dagskránni. Það ræður umræðunni.

Menn hafa líka sýnt mjög mikla viðleitni til þess að ná tökum á dómsvaldinu. Við þurfum ekkert annað en fylgjast með nýlegri skipan hæstaréttardómara til þess að gera okkur grein fyrir því. Hugmyndir sem hafa komið innan úr dómsmálaráðuneyti meðal annars um það að dómsmálaráðherra eigi að skipa forseta Hæstaréttar eru líka til marks um þessa viðleitni til þess að ná tökum á dómsvaldinu sem ekki alltaf hefur dæmt eins og ráðamönnum er þóknanlegt.

Umræðan á Alþingi er til marks um það hvernig menn vilja ná tökum á fjölmiðlunum sem hafa stundum verið mjög harðir í gagnrýni sinni á framkvæmdarvaldið, á stjórnvöld. En það er nú einu sinni eðli fjölmiðlanna að gagnrýna helst þá sem með völdin fara og þar hlýtur auðvitað ríkisstjórnin að koma mjög til álita. Hún hlýtur auðvitað að verða skotspónn fjölmiðla að einhverju leyti. Þar eru jú völdin. Þar eru jú menn að ráðgast um þjóðfélagsmálin, taka ákvarðanir sem varða okkur öll þannig að spjótin hljóta auðvitað að beinast að ráðamönnum þessa lands, að ríkisstjórn, að forsætisráðherra, í fjölmiðlunum. Það leiðir af sjálfu sér. Við sjáum þetta í hvaða landi sem er. Hverjir haldið þið að séu fyrst og fremst skotspónn gagnrýninna fjölmiðla? Það eru stjórnvöld. Það eru ráðherrar að sjálfsögðu. Hér eiga menn erfitt með að sætta sig við það og vilja ná tökum á fjölmiðlunum. Og núna síðast — það opinberaðist fyrir okkur í gær — vilja menn líka ná tökum á forsetaembættinu. Menn vilja ráðskast með það, vilja ákveða hvernig forseti Íslands hagar sínum embættisgjörðum.

Framkvæmdarvaldið fer einfaldlega offari í okkar samfélagi og það er það sem ég held að fólk hér úti sé að bregðast við. Viðbrögð fólks við þessu fjölmiðlamáli endurspegla það að núna er fólki nóg boðið hvernig framkvæmdarvaldið í landinu hagar sér, hvernig menn fara með það vald sem þeim hefur verið fengið. Ég held ekki að fólk sé í sjálfu sér að bregðast við efnisatriðum þessa frumvarps. Ég held að það sem fólk sé að bregðast við sé með hvaða hætti menn fara með vald sitt, hvernig framkvæmdarvaldið er með tilraunir á nánast öllum sviðum samfélagsins til að beygja fólk og stofnanir undir vilja sinn. Ég held að viðbrögð fólks og andspyrna fólks hér í samfélaginu byggist á þessu. Fólk vill setja framkvæmdarvaldinu skorður.

Margt hefur verið sagt um þetta mál á Alþingi. Eins og ég sagði þá ætla ég ekki að bæta miklu efnislega við það. Ég þarf ekki að gera það. Ég held að það skipti meginmáli að frumvarpið eins og það liggur fyrir stangast á við íslenska stjórnarskrá. Það eitt dugir til þess að menn taki þetta mál út úr þinginu.

Í gær, virðulegi forseti, þá gekk hinn pólitíski ófriður sem hér hefur geisað of langt. Hann gekk of langt. Einhvern tímann sagði fyrrverandi aðstoðarmaður forsætisráðherra að menn hefðu ekki enn séð inn í vopnabúr forsætisráðherrans, það væri stórt. Ég held að við höfum öll gert okkur grein fyrir því fyrir löngu. Það er mjög stórt. Í gær dró hann fram stóru sleggjuna. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hún er dregin fram. Hún var dregin fram fyrir ári síðan líka. Þá var stóra sleggjan dregin fram og forsætisráðherra freistaði þess — ég verð að orða það bara eins og það er — hann freistaði þess að rota okkur öll hin, að rota okkur öll hin með stóru sleggjunni sem hann dró fram úr vopnabúri sínu. Hann gerði þetta líka í fyrra og það má eiginlega segja að þá hafi hann gert okkur öll svo vönkuð, hann gerði okkur öll svo vönkuð fyrir ári síðan þegar hann dró hana fram að eiginlega komum við engum vörnum við. Það kom eiginlega enginn neinum vörnum við. Núna átti að leika sama leikinn aftur. En ég held að forsætisráðherra hefði ekki átt að gera þetta. Hann átti ekki að leika þennan sama leik aftur.

Ég hef aðeins orðið þess vör í umræðunni — ég varð vör við það fyrir ári síðan og hef orðið vör við það núna frá því í gærkvöldi — að ýmsir telja að þetta séu orð í reiði sögð, þetta séu viðbrögð í fjölmiðlaviðtali við einhverju sem hafi gerst, að þetta sé svona vanhugsað, innblástur augnabliksins sem þarna sé á ferðinni og það hafi verið þannig líka í fyrra í svokölluðu bolludagsmáli. En það er alls ekkert þannig. Þetta er ekkert reiðikast. Þetta er ekki eitthvað sem gerist bara í anda augnabliksins. Þetta er ekkert sem verður til á því augnabliki sem fjölmiðlamaðurinn réttir forsætisráðherranum míkrófóninn. Þetta er pólitísk aðferðafræði. Þetta er pólitísk aðferðafræði og vel þekkt sem slík. Hún hefur verið notuð með ágætum árangri víða og lengi.

Ég get tekið dæmi bara af því það liggur beint við. Ég get tekið dæmin úr stríðsrekstri. Þekkja menn ekki það þegar stríðsherrann segist ætla að sprengja — eins og var nú sagt um Víetnam á sínum tíma — sprengja Víetnam aftur úr steinöld ef menn brygðust ekki þar rétt við. Hvað var sagt áður en ráðist var inn í Írak? Var ekki sagt að það mundi verða slíkt sprengjuregn þar að menn hefðu ekki séð annað eins ef þeir ekki létu undan síga? Það er auðvitað alþekkt

þetta að draga fram stóru sleggjuna, sýna inn í vopnabúrið hversu öflugt það er, til þess að fá menn til undirgefni, til hlýðni.

Hún er líka alþekkt sú aðferð að segja: Sá sem ekki er með mér er á móti mér. Bush sagði það áður en hann fór inn í Írak. Sá sem styður ekki innrásina hefur tekið sér stöðu við hlið Saddams Husseins. Hann er bara með Saddam Hussein sá sem ekki styður innrás Bandaríkjamanna í Írak. Nú er það sama upp á teningnum. Sá sem ekki styður fjölmiðlafrumvarpið er í Baugsliðinu. Það skiptir engu máli hver það er, hvort það er sú sem hér stendur, hvort það er forsetinn, hvort það er eitthvert fólk sem er að skrifa greinar í blöðin eða einhverjir lögfræðingar og ungir sjálfstæðismenn á deiglan.com. Það er alveg sama hver það er. Ef menn eru ekki í liðinu með fjölmiðlafrumvarpinu þá eru þeir í Baugsliðinu af því þeir eru á móti frumvarpinu.

Þetta er aðferðafræði. Þetta er þverpólitísk aðferðafræði. Það er eins gott að menn geri sér grein fyrir því. Þetta er engin tilviljun. Þetta er ekkert sem verður til á augnablikinu, á þeirri stundu sem það gerist. Þetta er hugsað. Þetta er ákveðið. Þetta er skipulag. Þetta er skipulögð pólitísk aðferðafræði.

Við höfum fengið að vita að engu verður eirt og það verða engin vopn spöruð til að hafa fullan sigur í þessu máli. Okkur hefur verið sagt að vopnabúrið sé stórt. Okkur hefur verið sýnt inn í það og sagt að það sé eins gott fyrir okkur að átta okkur á þessu og gefast upp í þessu máli, hætta þessu. Forsetinn hefur fengið mjög skýr skilaboð um það að hann skuli nú hafa hægt um sig í þessu máli.

Þegar svona umræða fer fram er hætt við því að margir meiðist af því þeir dragast inn í átökin nauðugir viljugir. Það vill auðvitað enginn meiðast og verða á milli í slíkum átökum. Það vill enginn verða undir þessum valtara sem fer af stað. En stundum verður ekkert undan því vikist.

Virðulegur forseti. Ég held, eins og ég sagði, að hinn pólitíski ófriður hafi tekið á sig nýja mynd í gær og hann hafi gengið of langt og að tími sé kominn til að semja um vopnahlé svo ég haldi mig nú áfram við þessa samlíkingu við stríðsátök, það sé kominn tími til að semja um vopnahlé og þessum átökum verði að linna.

Sá veldur miklu sem upphafinu veldur og það var ríkisstjórnin sem ákvað að efna til átaka hér í þinginu. Hún ákvað það. Ég geri ráð fyrir því, ég geng ekkert að því gruflandi að þeim sem það ákváðu hafi þótt tilefnið æríð, þeim hafi þótt tilefnið réttmætt, þeir hafi talið sig hafa eitthvert erindi að reka hér á þingi sem þeir þyrftu að fara með í gegn. En ég held að þeir hafi vanmetið andspyrnuna sem þetta mál mundi mæta.

Ég held að þeir verði að gera sér ljóst að svo lengi sem þessum hernaði verður haldið áfram þá verður andspyrna. Það verður andspyrna hér í þinginu og það verður andspyrna í samfélaginu öllu. Og þó þeim hafi þótt tilefnið brýnt, þó þeim hafi þótt að þeir hefðu eitthvert erindi að rækja á Alþingi með þessu frumvarpi þá er tilefnið ekki svo aðkallandi eða svo stórfenglegt að það réttlæti þennan hernað allan sem hér er í gangi.

Ég vil því leyfa mér að segja við ríkisstjórnina hæstvirta sem auðvitað stjórnar þessu máli — það er hún sem stjórnar þessu. Það er hún sem hefur tök á málinu og það eru formenn stjórnarflokkanna sem hafa tök á þessu máli — ég vil segja við þá: Hættið þið þessu. Hættum þessu. Við getum sagt það við okkur öll. Hættum þessu. Tökum málið út úr þinginu. Ræðum það í sumar og reynum að ná lágmarkssátt í málinu. Hættum þessu. Þetta mál á auðvitað ekkert að vera hér til umræðu undir þeim formerkjum sem það er. Þetta mál er ekki þess eðlis og það varðar okkur í samfélaginu ekki það miklu og það eru ekki það miklir hagsmunir í húfi að það réttlæti það að halda uppi þessum hernaði hér. Tökum þetta út. Ræðum málið í sumar og reynum að ná lágmarkssátt í því. Þegar til þeirrar sáttagerðar kemur verða auðvitað allir að gefa eitthvað eftir og menn verða að reyna að mætast einhvers staðar á miðri leið. Ég held að við eigum öll talsvert mikið undir því að það takist vegna þess að við, að minnsta kosti eftir því sem menn hafa sagt í ræðustóli Alþingis, eigum það sameiginlegt að vilja tryggja fjölbreytni og lýðræði í fjölmiðlum. Við hljótum því að geta fundið leiðir til þess að ná sáttum um það markmið sem allir geta lifað við.

Virðulegur forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég held að málið eins og það blasir við núna sé á því stigi að það sé ekkert að gera við það annað en að taka það út úr þinginu svo ekki logi það ófriðarbál sem nú logar því miður í samfélaginu og sem, virðulegur forseti, tók á sig nýjar myndir í gær þar sem farið var yfir eitthvert strik í þessu máli þaðan sem menn eiga trauðla afturkvæmt nema með því að leggja málið til hliðar í bili.

[11:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hélt um tíma að við værum að sjá svona nýtt til hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur því að fram eftir ræðunni var tiltölulega lítið minnst á hæstv. forsrh. Davíð Oddsson. En það hins vegar breyttist eftir því sem leið á og við sitjum eftir hérna með enn eina ræðuna sem gengur út á þann góða stjórnmálamann frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Það er líka nokkuð athyglisvert að hv. þm. upplýsti þingheim um að hún hefði verið vönkuð fyrir ári síðan og það er í sjálfu sér nokkuð sem hv. þm. hefur ákveðið að upplýsa þingheim og þjóðina um.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór hér yfir það að þetta frumvarp stangaðist hvorki meira né minna en á við lýðræðið, málfrelsið, tjáningarfrelsið, eignarréttarákvæðin og atvinnufrelsi og kannski missti ég af einhverju öðru. Það er athyglisvert í ljósi þess að hér var gefin út skýrsla um þessi mál. Þar er tilgreint hvernig þessi löggjöf er í öðrum löndum. Allir sem lesa skýrsluna og úttektina á öðrum löndum sjá að ástandið hér á landi mundi aldrei geta gengið upp í þeirri löggjöf sem er annars staðar, hvort sem það er austan hafs eða vestan.

Þess vegna vil ég spyrja, af því að hér eru mörg lönd tekin fyrir, það eru Norðurlöndin, Bandaríkin, Þýskaland, Frakkland, Bretland og fleiri lönd: Er það svo að löggjöfin í þessum löndum sé öll alls staðar andstæð lýðræðinu, málfrelsinu, tjáningarfrelsinu, eignarréttinum og atvinnufrelsinu og öðru sem hv. þm. taldi hér upp?

[11:32]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst aðeins varðandi tjáningarfrelsið. Ég benti á það hér áðan í ræðustólnum að allir lögfræðingar sem leiddir hafa verið fram til þess að fjalla um þetta mál hafa bent á að það orki mjög tvímælis að þetta frumvarp standist íslensk stjórnarskipunarlög og þeir hafa allir bent á tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar í því sambandi.

Ég hef beðið um það að menn leiddu fram hér einhvern lögfræðing, einhvern sérfræðing í stjórnskipunarrétti sem

gæti sagt það við þingið að hann teldi engan vafa leika á því að þetta stæðist íslensku stjórnarskrána. Það hefur enginn slíkur verið leiddur fram, enginn. Ég bíð bara og ég kalla enn eftir einhverju nafni á einhverjum lögfræðingi, einhverjum sérfræðingi í stjórnskipunarrétti sem getur sagt okkur það.

Og það er það sem skiptir máli, það er íslenska stjórnarskráin og hvort lög sem við erum að setja standast hana eða ekki.

Nú hafa menn svo sem sett lög í öðrum löndum um fjölmiðla og talið að sú löggjöf stæðist stjórnarskrá þeirra ríkja. En þá vil ég líka benda á það að hvergi hafa menn leitt í lög jafnströng ákvæði og verið er að gera hér með jafnmiklum takmörkunum eins og hér er verið að gera. Það er auðvitað það sem menn komast ekki fram hjá.

Aðeins varðandi forsrh. og gagnrýni mína á hann. Ég hef gagnrýnt forsrh. harkalega. Ég hef gagnrýnt hann mjög harkalega fyrir meðferð hans á valdi. Ég hef gert það með ákveðnum rökstuðningi og ég held, virðulegur forseti, að það blandist engum hugur um það núna eftir atburðarás undanfarinna daga að sú gagnrýni mín var réttmæt.

[11:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. svaraði ekki spurningunni sem til hennar var beint. Hún gerði það ekki, vék ekki einu orði að því og reyndi ekkert til að svara spurningunni, ekki neitt.

Það vekur nokkra athygli þar sem þetta mál var ekki að detta inn í umræðu núna í dag. Það er ekki eins og menn hafi ekki fjallað um þetta. Fyrir liggur skýrsla sem öll þjóðin hefur aðgang að og svo sannarlega þeir þingmenn sem eru á Alþingi Íslendinga og svo sannarlega sá hv. þm. sem hér talaði.

Spurningin var einföld. Hún var mjög einföld. Við erum hér að bera saman þetta frumvarp við löggjöf í öðrum löndum sem svo sannarlega er á mörgum stöðum mun strangari en frumvarpið gerir ráð fyrir og svo sannarlega liggur það fyrir að umhverfið sem við búum við í dag mundi aldrei rúmast í þessari löggjöf sem við berum okkur saman við.

Ég spyr þá: Er það svo, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, að þessi löggjöf í þessum löndum stangist á við lýðræði, málfrelsi, tjáningarfrelsi, eignarréttindi og atvinnufrelsi eins og hv. þm. var að halda fram að þetta frumvarp, ef það yrði að lögum, mundi stangast á við? Er það svo?

Staðreyndin er auðvitað sú, eins og allir vita, að nú — ekki fyrir nokkrum mánuðum, ekki fyrir einhverjum missirum heldur núna — er Samfylkingin allt í einu á flótta undan reglum hvað þetta varðar.

Ég las hér í gær upp ummæli, og get gert það aftur, forustumanna Samfylkingarinnar þar sem þeir fara fram á reglur hvað þetta varðar og færa rök fyrir því hvers vegna það skyldi vera. En allt í einu, virðulegi forseti, eru menn á flótta undan eigin ummælum og á flótta undan því að taka málefnalega afstöðu í þessu máli. Ég bíð eftir svari við þessari spurningu, virðulegi forseti.

[11:36]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég svaraði spurningunni áðan. Ég veit ekki hvort hinn ágæti þingmaður sem hér spurði er orðinn svona svefnlaus eða illa haldinn að hann sé hættur að heyra. Ég sagði áðan um löggjöf í öðrum löndum að ég þekkti ekki til þess hvernig hún stæðist þá stjórnarskrá sem þar væri, en hitt væri ljóst að löggjöf í öðrum þjóðríkjum væri hvergi jafnströng og hér væri verið að leggja til (**Gripið fram í:** Það er rangt.) að yrði í lög leidd á Íslandi, (Gripið fram í.) að hún væri hvergi jafnströng í öðrum þjóðríkjum eins og verið er að leiða í lög á Íslandi.

Ég spurði, virðulegur forseti, og ég ætla að halda áfram að spyrja þeirrar spurningar í dag og ég held að við ættum að gera það: Komið þið með einn sérfræðing í íslenskum stjórnskipunarrétti sem getur sagt það við okkur með sanni að hann telji fullvíst að þetta frumvarp, verði það að lögum, standist íslensk stjórnarskipunarlög. Það er aðalatriði þessa máls, það eru íslensk stjórnarskipunarlög sem þér ber, hv. þm., að standa vörð um. Um það hefur þú undirritað eið, hv. þm., og þar auðvitað liggur línan, virðulegur forseti.

Komið þið með einn sérfræðing. Ég ætla að nefna af því að við erum að tala um stranga löggjöf að Svíar voru að undirbúa löggjöf um þessi efni. Þeir ákváðu að taka hana út úr þinginu vegna þess að þeir voru sannfærðir um það að þeir þyrftu að gera breytingu á sænsku stjórnarskránni ef þeir ættu að geta leitt þær takmarkanir í lög sem þeir voru að hugsa um.

[11:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessar umræður hafa snúist um marga hluti, nú síðast um það hvort engir lögfræðingar í landinu treysti sér til að fjalla um þetta mál og segja álit sitt á því og það sé enginn lögfræðingur í landinu sem treysti sér að fullyrða að sú löggjöf sem við erum að fjalla um standist stjórnarskrána.

Ég vil benda hv. þm. sem síðast talaði um þetta mál á að frv. sem við erum að fjalla um er samið á grundvelli skýrslu sem m.a. var samin af lögfræðingum og prófessor í lögfræði, sem nú er orðinn dómari í Mannréttindadómstól Evrópu. Hann hefur lýst yfir að þetta frv. falli að efni þeirrar skýrslu og sé innan þess ramma sem settur var í skýrslunni.

Ég vil líka benda hv. ræðumanni á að í nefndinni sem fjallaði um þetta í þinginu sitja a.m.k. þrír lögfræðingar sem hafa rætt þetta mál og farið yfir það og við erum fleiri lögfræðingar sem höfum komið að þessu máli og erum sannfærðir um að við séum ekki, með þessu lagafrv., að brjóta í bága við stjórnarskrána. (Gripið fram í.)

Þetta mál er allt frekar einkennilegt þegar hlustað er á þessa ræðu, sérstaklega í ljósi þess að hv. þm. sem talaði hér síðast og fjallaði um málið á þessum forsendum tók þátt í umræðum um svipað efni og svipuðum deilum þegar við gerðumst aðilar að EES-samningnum. Þá stóðu menn tímunum saman, dögum saman, og fullyrtu að við værum að samþykkja lög sem brytu í bága við stjórnarskrána, að aðild okkar að EES-samningnum bryti í bága við stjórnarskrána. Það var rætt, eins og þetta mál hefur verið rætt, dögum saman. Menn hafa farið yfir alla þætti þessa máls í þinginu og skoðað það. Fyrstu umræður um málið fóru fram í þinginu hinn 28. apríl sl. Nú er kominn 15. maí og má segja að stöðugt hafi verið umræður um málið á þinginu þá daga sem liðnir eru síðan.

Í þeim umræðum sem fram fóru um EES-samninginn var hv. þm. á móti samningnum, þegar hann var lagður fyrir þingið. En þegar umræðurnar höfðu staðið yfir um skeið skipti hv. þm. um skoðun og sat hjá þegar EES-samningurinn var samþykktur, þótt deilt væri um það og fjöldi lögfræðinga héldi því fram á þeim tíma að samningurinn kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána.

Það sama er uppi núna og kemur upp hvað eftir annað þegar við fjöllum um frumvörp á þessum vettvangi, að menn eru þeirrar skoðunar að það kunni að vera skynsamlegt í umræðunni að vera með þann hræðsluáróður við þingmenn að ef þeir samþykki eitthvert frv. séu þeir að brjóta eigið heit við stjórnarskrána og stuðla að því að stjórnarskráin sé brotin.

Forseti Íslands, núverandi, tók á þessu máli þegar hann var hvattur til þess á sínum tíma, í janúar árið 2001, að skrifa ekki undir lög varðandi öryrkja. Hann benti réttilega á það, og við þingmenn erum undir það settir eins og allir aðrir hér í þessu landi, það stjórnarskrárákvæði, að það er dómstólanna að lokum að eiga síðasta orðið um þetta. Deilur um svona mál eru því oftast settar á svið sem hræðsluáróður, í blekkingarskyni til að hræða fólk frá því að standa við sannfæringu sína þegar kemur að málum sem þessum. Það er lítið hald í því þegar upp er staðið og gleymist fljótt. Síðan kemur nýtt mál og þá er því haldið fram að menn séu enn og aftur að brjóta stjórnarskrána, en skýrasta dæmið um þetta og lengstu deilurnar voru þegar við gerðumst aðilar að EES-samningnum. Þá voru þessi mál rædd til hlítar, fengin lögfræðiálit sem stönguðust á og menn veifuðu lögfræðiálitum fram og til baka, eins og menn muna sem tóku þátt í þeim umræðum. Menn geta gert það enn og vissulega eru til lögfræðingar sem halda því fram að þetta frv. stangist ekki á við stjórnarskrána. Það liggur fyrir og lögfræðingar hafa komið að og sérfræðingar í lögum, þótt aðrir séu annarrar skoðunar eins og jafnan þegar menn deila um lagaákvæði. *Enginn getur sagt þetta með vissu að lokum fyrr en á það* reynir fyrir dómstólum ef til þess kæmi.

Í allri umræðunni sem farið hefur fram er mjög athyglisvert að skoða hve lágt menn hafa lagst í því að beita hræðsluáróðrinum og hvaða úrræði menn hafa notað í því skyni. Skýrasta dæmið um það er í raun að finna í Morgunblaðinu í morgun. Þar er birt er tölvubréf frá Róbert Marshall, sem er formaður Blaðamannafélags Íslands og fréttamaður á Stöð 2. Ég ætla að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Félagar. Stundum er nóg komið. Nú er sú stund.

Aðför stjórnvalda að starfsöryggi og starfsheiðri okkar sem vinnum hjá Norðurljósum náði hámarki í lagafrumvarpi forsætisráðherra á dögunum. Umræðan síðustu vikur hefur verið á mörkum hins vitræna." — Það eru líklega þær umræður sem farið hafa fram í þinginu þar sem stjórnarandstæðingar hafa mest látið að sér kveða. — „Við höfum horft upp á þingmenn fara hamförum með blöð og greinar; grenjandi í ræðustól um að hitt og þetta verði að stöðva. Svo ofsafengin framganga, svo einstrengingsleg afstaða, svo blind heift hefur lamandi áhrif á þann sem fyrir verður." — Síðasti ræðumaður lét þess getið að hún hefði vankast síðastliðinn vetur en þessi maður lamast af blindri heift sem hann verður fyrir. — „Slík eru áhrif sálfræðihernaðar; hann heggur að vilja andstæðingsins til að svara fyrir sig. Gerir óvininn óvirkan áður en til orrustu kemur." — Þessi lýsing er í góðu samræmi við það sem hv. síðasti ræðumaður talaði um í sambandi við ummæli hæstv. forsrh. í sjónvarpi í gær.

Síðan segir í þessu bréfi:

„Nú reynir á okkur að rísa til varnar. Að óbreyttu verður fantafrumvarpið að lögum eftir helgi. Afleiðingarnar fyrir störf okkar og afkomu eru óljósar. Við höfum eitt hálmstrá. Ólafur Ragnar Grímsson sagði í kosningabaráttunni 1996 að hefði hann verið forseti þegar rúmlega 30.000 manns skoruðu á Vigdísi Finnbogadóttur að undirrita ekki EES-samninginn, þá hefði hann orðið við því og neitað að staðfesta lögin. Tökum nú á öll sem eitt og söfnum 35.000 undirskriftum yfir helgina á askrift.is. Við höfum tíma á meðan stjórnarandstaðan heldur uppi málþófi. Sendið tölvupóst á alla sem þið þekkið, hringið í fjarskylda ættingja úti á landi sem þið hafið ekki heyrt í í sjö ár. Nú er tíminn til endurnýja kynnin. Fáið fólk til að skrifa nafn og kennitölu á askorun.is. Sé fólk fylgjandi frumvarpinu, fáið það samt til að skrifa undir sem persónulegan greiða við ykkur. Mætið í vinnuna á morgun og á sunnudag eða sitjið við tölvuna heima við, hringið, djöflist, látið öllum illum látum, söfnum þessum undirskriftum, fáum þessum ólögum hrundið, kaupum tíma til að fá þau í það minnsta milduð í haust. Nú reynir á. Gjör rétt — þol ei órétt."

Þetta er nákvæmlega hið sama og hv. síðasti ræðumaður var að segja. Inntakið í þessu tölvubréfi er nákvæmlega sama og fram kom í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur áðan. Hún sagði, líklega til að loka pandóruboxinu sem hún opnaði á síðasta ári: Nú skulum við taka málið út og geyma það í sumar til þess að ræða það aftur næsta haust, nákvæmlega eins.

Maður spyr sig: Hver er tengingin við þetta bréf, þar sem fólk er hvatt til þess að skrifa undir eitthvað og senda áskorun þótt það sé annarrar skoðunar? Hvaða starfshættir eru þetta sem við erum að kynnast hér hjá formanni Blaðamannafélags Íslands? Hvernig á að vera hægt að treysta mönnum fyrir að segja okkur fréttir og starfa á óhlutdrægan hátt, fréttamönnum sem þannig starfa? (**ÖS:** Setja hann í bann.)

Síðan þegar við skoðum efni málsins kemur í ljós að *það er í raun ekki ágreiningur milli þingmanna, án tillits til* flokka hér á þinginu, um að það eigi að koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Spurningin er, eins og hér hefur margoft komið fram: Hvernig á að ná þessu markmiði? Hvernig á að tryggja dreifða eignaraðild? Við sem stöndum að þessu frv. höfum valið þá leið sem í frv. er lýst.

Um þá leið er það að segja að hún tekur mið af þróuninni sem verið hefur hér á markaði á undanförnum árum og öllu starfsumhverfi á íslenskum markaði. Ég skil ekki það sem menn segja um það umhverfi og þá eignaraðild sem hér er um að ræða, þegar menn lesa þetta bréf frá formanni Blaðamannafélags Íslands, sem er starfsmaður Norðurljósa. Þegar menn huga að hlutdeild Baugs í öllu þessu dæmi þá finnst mér forvitnilegt að rifja það upp sem Jóhannes Jónsson, stofnandi fyrirtækisins og aðaleigandi, nefndi til sögunnar 10. janúar árið 1991.

Þá sagði hann í viðtali við Pressuna, með leyfi forseta:

„Við ætlum ekki að safna auði af steypu. Í dag er Hagkaup stórhættulegt bákn. Í raun er engu fyrirtæki hollt að hafa meira en um 10% markaðshlutdeild. Þeir stóru geta stærðar sinnar vegna snúið á framleiðendur og innflytjendur sem á móti verða að hækka vöruverð sitt til að fullnægja kröfum risanna."

Þetta er sagt í janúar árið 1991.

Ég hélt því fram á vefsíðu minni fyrir nokkru að hlutur Baugs í matvörumarkaðnum væri um og yfir 60%. Um og yfir 60%, sagði ég þegar ég skrifaði um þetta. Þá fékk ég bréf frá einum starfsmanni fyrirtækisins þar sem sagði, með leyfi forseta:

„Sú fullyrðing að Hagar séu með 60% markaðshlutdeild í matvöru hefur margoft verið hrakin. Samkvæmt mælingum ACNielsen — en ekki taka allar verslanir þátt í þeirri mælingu — er hún um 47%. Sem sagt hlutdeildin er minni en 47%."

Þetta fæ ég frá starfsmanni fyrirtækisins, fyrirtækis þar sem eigandinn og aðalstjórnandinn hélt því fram árið 1991 að 10% hlutdeild Hagkaupa á þessum markaði væri stórhættuleg og Hagkaup væri orðið stórhættulegt bákn. Þetta fyrirtæki viðurkennir sjálft að það sé með 47% hlutdeild á þeim markaði sem hér er um að ræða. Því er ástæða er til að spyrja: Hvert er markmiðið? Hvernig er hægt að treysta því þegar þessir menn koma síðan fram og segja að þeir hafi þau sjónarmið í fjölmiðlarekstri að þar sé bara eðlilegt að samþjöppun sé fyrir hendi, eins og hún er núna? Þeir ætla auðvitað að gína yfir meiru, eins og við sjáum á þróuninni og það er ekkert að marka orð þeirra um það.

Ég vek athygli á því, með leyfi virðulegs forseta, sem segir í hinni prentuðu skýrslu sem er forsenda fyrir þessu lagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hafa ber í huga að hér hefur verið lýst stöðunni á íslenskum markaði eins og hún er þegar greinargerð þessi er rituð, og komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun. Er þá gengið út frá því, eins og rakið hefur verið, að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi sem vettvangur fyrir ólík viðhorf til stjórnmála og menningar í víðum skilningi, og sem vettvangur fyrir öflun upplýsinga og miðlun þeirra."

Síðan segir:

„Af mannréttindasáttmála Evrópu, eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstól Evrópu, leiðir að tryggja ber fjölbreytni í fjölmiðlun."

Á öðrum stað í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni. Einkum á þetta við samþjöppun á markaði fyrir einkarekna fjölmiðla, enda hvíla á Ríkisútvarpinu víðtækar skyldur um fjölbreytni í framboði dagskrárefnis og framsetningu þess sem ekki eiga við um einkarekna fjölmiðla."

Ég tel að þessi orð skýrsluhöfunda og þau markmið sem þeir setja sér með starfi sínu endurspeglist í frv. sem hér er til umræðu og það þurfi ekki að draga forsendur þess í efa eða það umhverfi sem ég hef hér lýst og er staðfest lýsing mín á hættunum sem af þessu umhverfi stafa þegar lesið er og hlustað á Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóra Skjás 1, en hann sagði í Ríkisútvarpinu í viðtali fimmtudaginn 13. maí, með leyfi forseta:

„Og þessi staða sem komin er upp, sérstaklega í kringum Norðurljósasamsteypuna síðan að hún lenti í eign Baugs. Hún er bara, það er ekki hægt að keppa við hana. Ef það er hægt að stjórna öllum fjölmiðlum og líka vera með hreðjatak á innflytjendum og heildsölum og stjórna þeirra markaðsaðgerðum og markaðssetningu í gegnum sko hillupláss í búðum þá er það bara staða sem er ekki hægt að keppa við. Og hvatinn í því kerfi er svo augljós til að misnota að það verður fullkomlega örugglega gert."

Þetta segir hann um fyrirtæki sem er með 47% að eigin sögn á matvörumarkaði í landinu undir stjórn eiganda, sem sagði árið 1991, að 10% hlutdeild á sama markaði boðaði stórhættu, yrði hættulegt bákn sem enginn gæti keppt við.

Telja þingmenn að þetta ástand sé best fyrir þróun íslenskrar fjölmiðlunar og tryggi best þá dreifingu og það frelsi í landinu sem við öll viljum standa vörð um?

Hér hefur verið rætt um marga hluti. Á vissu stigi málsins tók umræðan m.a. þá stefnu að menn fóru ræða um fjármál stjórnmálaflokkanna. Sú umræða fjaraði náttúrlega út þegar í ljós kom hvernig Samf. hefur hagað sínum fjármálum. Það stóðst ekki gagnrýni og þá hættu menn allt í einu að ræða þann þátt málsins, þegar í ljós kom að vegna 500 þús. kr. reglunnar þá bað Samf. ekki um nema 499 þús. kr. í styrki, til þess að þurfa ekki að gefa þetta upp samkvæmt eigin reglu sem hún setti sér. (Gripið fram í.)

Það kemur mér á óvart, þegar ég les um þetta og heyri um þetta í miðlum sem eru að fjalla um þetta, í Fréttablaðinu og annars staðar, að blaðamaður sem þar starfar var einnig um tíma kosningastjóri Samf. í þingkosningunum árið 2003. Hann sendi mér afrit af tölvupósti árið 2002 sem lýsir því að hann hafi rætt við þáverandi framkvæmdastjóra Samf. vegna fjárkröfu sem hann taldi sig eiga á Jón Ólafsson, sem þá rak Norðurljós. Þessi blaðamaður, sem núna starfar á Fréttablaðinu, hefur ekki sagt frá þessu í blaðinu. Hann hefur ekki sagt frá þeim samskiptum sínum og þeim svörum sem hann fékk frá framkvæmdastjóra Samf. á þeim tíma um hvernig þeim fjárstuðningi væri háttað (Gripið fram í.) og hvernig það allt væri.

Ég get svo sem birt þetta bréf og upplýst það. Hann sendi það til formanns framkvæmdastjórnar Samf. og ég hef staðfestingu frá þeim manni, Stefáni Jóni Hafstein, um að hann fékk bréfið. Það er því engin launung yfir þessu ef menn vilja ræða það.

Ég er alveg undrandi á því að þessi frásögn, blaðamannsins á Fréttablaðinu núna, skuli ekki hafa birst í blaðinu þegar fjallað er um fjármál stjórnmálaflokkanna og hvaða samskipti eru á milli einstaklinga í því efni þegar um þessi mál er rætt. Hér er mál sem fróðlegt væri að þessi blöð fjölluðu um. En það náttúrlega hentar ekki málstaðnum. Ég spurði hér í ræðu 28. apríl: Hverra hagsmuna er Samf. að gæta í þessu? Það eru náttúrlega ekki hagsmunir þessara blaða og blaðamanna sem þar starfa að segja frá því hvernig þessum samskiptum er háttað og hvernig fjárstreymið var frá Jóni Ólafssyni til flokksins í kosningabaráttunni í borgarstjórnarkosningunum vorið 2002. Þetta bréf er dagsett 13. maí, það er tveggja ára gamalt núna. (**Gripið fram í:** Framlög til hvaða flokks?) R-listans og núverandi varaformanns Samf.

Ef menn vilja að ég lesi þetta bréf þá get ég gert það. Ég ætla ekki að gera það nema ég sé hvattur til þess. En það er sjálfsagt að ég lesi það hér í þinginu ef menn óska eftir því að ég fari yfir það nánar og skýri frá því sem fram kemur í þessu bréfi.

En ég hefði talið að þessi blaðamaður, sem hefur lagt sig fram um það sérstaklega að ræða um fjármál stjórnmálaflokkanna í þessum blöðum og að beina umræðunni inn á það svið, hefði hagað því svo að segja frá allri sinni vitneskju um þessi mál og upplýsa lesendur blaðsins um hana. En það hentar ekki vegna þess, eins og hér hefur margoft komið fram, að menn eru alltaf að átta sig betur og betur á því hverra hagsmuna Samf. gætir í þessu máli. Það er ekki málfrelsið og ekki frjáls upplýsingamiðlun heldur varðstaða um þögnina sem m.a. ríkir um þetta mál, þegar Fréttablaðið er að fjalla um stjórnmál og fjárstreymi til þeirra. (Gripið fram í.)

Síðan kem ég að því sem verið hefur til umræðu undanfarna daga, vegna hinnar furðulegu ákvörðunar forseta Íslands að taka ekki þátt í brúðkaupi í Danmörku, sem er náttúrlega hneisa fyrir þjóð okkar, að þjóðhöfðingi okkar skuli ekki sjá sér fært að fara þangað á einhverjum tilbúnum forsendum sem eiga ekki við nein rök að styðjast. Við vitum það best hér á hinu háa Alþingi að þessi rök þjóðhöfðingjans eiga ekki við neitt að styðjast og byggjast á forsendum sem eru tilbúnar.

Það er rætt um það hvernig túlka beri 26. gr. stjórnarskrárinnar. Forseti Íslands, sem fræðimaður við Háskóla Íslands, gaf út rit sem heitir „Íslenska þjóðfélagið". Það kom út árið 1977.

Þar segir með leyfi forseta:

„Í 26. grein er forseta veitt heimild til að synja lagafrumvarpi staðfestingar, þar eð enginn forseti hefur beitt þessu ákvæði er það í reynd dauður bókstafur."

Þetta er sagt árið 1977. Nú eru liðin næstum því 30 ár síðan og þessu hefur ekki verið beitt. Þannig eru enn þá sterkari rök fyrir því að þessu ákvæði eigi ekki að beita. Ef alþingismenn eiga að taka mark á því sem fræðimenn segja, eins og hér er gjarnan vitnað til þegar um þessi mál er rætt og lagt til grundvallar í umræðum um þetta mál, að það beri að taka ríkt tillit til fræðimanna, þá höfum við hér skoðun fræðimanns sem segir að það eigi ekki að beita þessu ákvæði, það sé í raun og veru orðið marklaust vegna notkunarleysis.

Síðan vaknar spurningin um það sem hér hefur komið fram: Er það vegna efnisatriða í málinu og á að krefjast þess af forseta Íslands, ef svo einkennilega vildi til að hann tæki ákvörðun um að beita þessu synjunarvaldi, á þá ekki að krefjast þess af forseta Íslands að hann upplýsi þingheim um það meðan mál eru til umræðu, að hann ætli að taka þessa afstöðu? Þessu hefur verið haldið fram í ritgerðum, að það sé nauðsynlegt þegar menn fjalla um þetta, að ef menn líta þannig á að forsetinn hafi þetta vald þá verði hann að taka efnislega afstöðu.

Hv. þingmenn hafa vafalaust heyrt það eins og ég, að þeir fræðimenn sem nú gefa til kynna að þetta ákvæði sé gilt og sjálfsagt fyrir forseta að íhuga það, hafa allir tekið fram að ekki eigi að krefjast þess af forsetanum að hann láti í ljós neina efnislega afstöðu. Það hafa allir látið það sjónarmið í ljós að forsetinn eigi ekki að sýna þinginu þá virðingu að láta uppi fyrir fram hvaða afstöðu hann hefur í málinu svo að þingmenn geti áttað sig á því þegar fjallað er um málið hvort forseti Íslands ætli að gera þetta eða ekki.

Allir þessir menn sem eru að reyna að ýta undir að forsetinn taki þessa ákvörðun hafa látið í veðri vaka að hann þurfi ekki að skýra frá neinum efnislegum sjónarmiðum varðandi málið. Þetta stangast á við skoðanir manna sem hafa fjallað um þetta frá fræðilegum forsendum. Ég vitna þar sérstaklega til ritgerðar Þórðar Bogasonar sem var hér starfsmaður í þinginu og margir þingmenn þekkja — hann var hér einn af aðallögfræðingum Alþingis á sínum tíma — í það sem hann segir um þetta mál þegar hann fjallar um þetta út frá þingræðinu og leggur áherslu á það að forseti geti ekki beitt þessu ákvæði vegna þingræðisreglunnar. (**Gripið fram í:** Hvað segir Gunnar Schram?)

Þegar Þórður fjallar um þetta og menn lesa ritgerð hans þá vakna spurningar eins og þessar: Verður ekki forseti Íslands sem handhafi löggjafarvalds að vera á öndverðum meiði við aðalhandhafann, Alþingi? Þetta er spurning sem vaknar þegar þetta mál er rætt. Er ekki eðlilegast að forseti sem er andvígur ákveðinni lagasetningu láti afstöðu sína í ljós sem fyrst þannig að þeim aðila sem deilir lagasetningarvaldinu með honum gefist ráðrúm til að íhuga rök hans? Er forseta heimilt að beita synjunarvaldi samkvæmt 26. gr. án nokkurs fyrirvara af hans hálfu, það er án þess að hann láti Alþingi vita fyrir fram um afstöðu sína? Þetta eru sjónarmið sem menn verða að hafa í huga þegar þetta mál er rætt. Ég tel að það séu lágmarksskilyrði til þess að forseti geti beitt þessu að þingheimur viti um þetta fyrir fram þegar verið er að fjalla um mál.

Hér er sagt að við eigum að vita að lögfræðingar kunni að hafa einhverja aðra skoðun á þessu frumvarpi heldur en við sem flytjum það, að það séu einhverjir menn úti í bæ, lögfræðingar, sem hafi þá skoðun að við megum ekki setja þessi lög vegna þess að þau brjóti í bága við stjórnarskrána. Síðan þegar kemur að því að menn fjalla um það hvort forseti geti komið í veg fyrir að lögin nái fram að ganga eða beitt sér gegn lögunum þá segja þeir: „Við eigum ekkert að vita um hans skoðun. Hún á bara að vera leyndarmál."

Skýringin á því að menn tala svona um þetta núna er auðvitað sú að þingheimur veit hver skoðun forseta á þessu máli er. Hún kom hér fram árið 1995 þegar hann beitti sér fyrir því hér og í umræðum hér í þinginu að svona löggjöf yrði sett. Hann lýsti því hér yfir, varpaði fram fyrirspurnum í þingumræðum í febrúar 1995 sem gengu út á það að setja bæri svona lög. Hann hvatti ríkisstjórnina til þess að svona lög yrðu sett. (Gripið fram í.) Það hefur verið notað sem árásarefni á mig að ég væri ekki sömu skoðunar og hann um þetta. Það hefur verið notað sem árásarefni á mig að ég væri ekki sömu skoðunar. (Gripið fram í.) Ég hef hins vegar rakið hér hlutdeild Hagkaups og Baugs á markaðnum. (Gripið fram í.) Ég hef skipt um skoðun vegna þess að ég hef þessa skýrslu (Gripið fram í.) og ég hef þessi rök. (**Gripið fram í:** Af hverju gerðirðu það?) Af því ég hef þessi rök sem koma fram í skýrslunni eins og ég ræddi hér 28. apríl. (**BH:** Hvaða vanstilling ...?) Það hefur ekkert komið í ljós sem segir mér að forseti Íslands hafi skipt um skoðun. (Gripið fram í.) Ég hef engar forsendur þegar ég fjalla um þetta mál hér á þingi til þess að draga aðra ályktun en þá að forseti Íslands sé þeirrar skoðunar að setja beri svona lög. Það er fráleitt að túlka það mál þannig að forseti Íslands geti nú allt í einu komið — maður sem hefur lýst 26. gr. stjórnarskrárinnar dauðan bókstaf og maður sem hefur lýst því hér í þinginu að það beri að setja lög af þessum toga — að hann geti svo komið og stöðvað framgang slíks máls (Gripið fram í.) eftir að Alþingi hefur komist að slíkri niðurstöðu. (Gripið fram í.)

Þetta eru sjónarmið sem verður að hafa í huga (Gripið fram í.) þegar þetta mál er rætt og verður ekki fram hjá því komist, fyrir utan síðan þær persónulegu vanhæfisreglur sem koma til álita eins og forsætisráðherra gat um í fréttum í gær. (Gripið fram í.) Það eru málefnalegar forsendur og það eru persónulegar forsendur sem gera forseta Íslands ókleift að beita þessu ákvæði í þessu máli eins og fram hefur komið. (Gripið fram í.) Þetta held ég að menn verði að hafa í huga. Ég verð að brýna röddina, herra forseti, vegna hrópa samfylkingarfólksins sem er að verja hagsmuni Baugs í þessu máli. Og síðan þegar minnst er á forseta Íslands þá byrjar flissið og þá byrja hrópin úr öllum áttum. Hvaða hagsmuni er verið að verja? (**Gripið fram í:** Er frumvarpið ...?) Hvers er verið að gæta? Er verið að gæta þess að vilji Alþingis nái ekki fram að ganga? Er verið að gæta hagsmuna eins fyrirtækis sem hefur slíka markaðsyfirburði hér að sjálfur

eigandinn taldi það stórhættulegt fyrir meira en tíu árum. (**BH:** Eru lögin um eitt fyrirtæki?) Hverra hagsmuna er verið að gæta? (**BH:** Eru lögin um eitt fyrirtæki?) Ég hef aldrei fengið svör við því (**MÁ:** Eru lögin ...) og ég krefst þeirra enn.

Ég rifja það aftur upp að síðan ef byrjað er að ræða um fjármál stjórnmálaflokkanna þá draga þeir strax í land þegar farið er að opna það pandórubox. Ég held að menn ættu að reyna að líka að loka því af hálfu Samfylkingarinnar eins og hv. síðasti ræðumaður reyndi að loka pandóruboxinu sem hún opnaði hér síðastliðinn vetur.

[12:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engu líkara en hæstv. dómsmálaráðherra væri að ganga af göflunum hér í ræðustól. Hver er það sem er að ýta þessu að forseta lýðveldisins að staðfesta ekki lögin? Ég hef ekki orðið var við nokkurn mann sem hefur sagt það hér í þessum sal. Hins vegar las hæstv. ráðherra upp tölvubréf sem maður að nafni Róbert Marshall sendi félögum sínum. Er það tilefni til þess að hæstv. dómsmálaráðherra komi hérna og missi næstum stjórn á sér í ræðustól? Það er ekki nokkur maður í þessum sal, herra forseti, sem hefur verið að láta í ljósi skoðanir á því hvort forsetinn eigi að hafna lögunum eða staðfesta þau. Hér erum við einfaldlega í miðri umræðu og hún á eftir að breytast. Ég er sannfærður um að hæstv. forsætisráðherra á eftir að sjá að sér. Ég tel að þetta mál hljóti að gjörbreytast áður en það kemur til endanlegrar afgreiðslu, ef það kemur þá nokkurn tíma til endanlegrar afgreiðslu, herra forseti.

Mér finnst hins vegar að hæstv. dómsmálaráðherra ætti að bera betra skyn á lögunum heldur en hann virðist hafa. Það er engin þörf á því að reifa það hér hvort forseti lýðveldisins þurfi að láta þingið fyrir fram vita af því hvort hann ætli að synja eða staðfesta lög. Á þá að ganga fyrir forsetann í hvert einasta skipti sem hér koma lög til afgreiðslu í þinginu og spyrja forsetann hvaða skoðun hann hafi á því? Að sjálfsögðu ekki.

Hér er ekki um synjunarrétt að ræða. Hér er um málskotsrétt að ræða og forsetinn þarf ekki og eftir atvikum á ekki að hafa neina sérstaka skoðun á því. Það er réttur hans, ef það verður gjá milli þings og þjóðar, að vísa málum til atkvæðagreiðslu þjóðarinnar. Það væri þá eftir atvikum þjóðin sem synjaði málsins. Það virðist að hæstv. ráðherrar séu svo farnir á taugum yfir þessu máli að þeir gefi sér það að þjóðin mundi synja staðfestingar málsins í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[12:07]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem þekkja trúarbragðasöguna vita að litið er á páfann sem hinn mikla brúarsmið á milli himinsins og jarðarinnar. (**ÖS:** Er ég ...?) Þetta tal um að forseti Íslands sé einhver brúarsmiður á milli þings og þjóðar er bara á misskilningi byggt. Það er hvergi rætt um það að einhver gjá á milli þings og þjóðar kunni að myndast og þá sé forsetinn hinn stóri brúarsmiður sem eigi að koma til sögunnar og brúa þetta bil. Það er hvergi fjallað um það neins staðar. Ég veit ekki hvaða kenningar þetta eru. Ég veit ekki hvers vegna menn allt í einu finna það upp að það sé líka í þessu máli einhver gjá milli þings og þjóðar. Hverjir eru að segja það? (Gripið fram í.) Þið eruð að halda því fram sem haldið því líka fram að þetta séu lögbrot og ég veit ekki hvað og hvað og stjórnarskrárbrot. Það er náttúrlega algjörlega rangt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ekki sé ástæða til að lesa hér bréf frá formanni Blaðamannafélagsins (Gripið fram í.) og lýsa þeirri skoðun sem þar kemur fram og gera hana að umtalsefni hér því kjarninn í hans bréfi er hinn sami og kjarninn í ræðu varaformanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ég sat hér og hlustaði á þá ræðu. Þetta bréf er stutt tölvubréf. En kjarninn í bréfinu er nákvæmlega sá sami. (**BH:** Og hvað með ...?) „Við skulum taka þetta mál hér út. Við skulum safna liði gegn þessu." Svo á hinn mikli stóri brúarsmiður að brúa bilið á milli þings og þjóðar og koma eins og frelsandi engill. Er það þess vegna sem hann treysti sér (Gripið fram í.) ekki til að fara í brúðkaupið, af því að hann er að smíða þessa brú? Ég hef ekki orðið var við það. Ég skil ekki þetta tal að hann sé brúarsmiður á milli þings og þjóðar. Ég hef aldrei heyrt þetta. Hvar stendur að hann sé það? Kaþólska kirkjan tók þá ákvörðun að páfinn væri svona brúarsmiður. Það hefur hvergi verið tekin ákvörðun um það hér að forseti sé þessi brúarsmiður.

[12:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er páfanum að þakka eða mér að hæstv. ráðherra hefur náð ró sinni og stillingu aftur. Ég alla vega þakka fyrir það. Hann talar um að einhver vilji sé að tala um að forsetinn sé brúarsmiður. Það hefur enginn talað um þetta. Það er ekki nokkur maður sem hefur fært þetta inn í umræðuna nema hæstv. forsætisráðherra. Hann gerði það í gær. Enginn þingmaður annar hefur verið að tala um þann möguleika að forseti kunni að synja.

Fyrst verið er að tala um brúarsmið þá fannst mér nú sem hæstv. dómsmálaráðherra væri hér kominn í hlutverk Karons, ferjumannsins frá ríki okkar sem lifandi eru, og er hann greinilega að flytja þetta mál yfir í helheima því frv. er einfaldlega þannig sett fram af hæstv. ráðherra og hæstv. ráðherrum að það er ekki heil brú í því. Ég ráðlegg hæstv. dómsmálaráðherra að hafa nú vit fyrir vini sínum hæstv. forsætisráðherra og fara að tillögum okkar og flytja þetta yfir elfina miklu og geyma þetta mál. Ég held að þá væri hægt að ná aftur þeirri ró í samfélaginu sem ummæli hæstv. forsætisráðherra kipptu úr jafnvægi í gær.

[12:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er greinilegt að mönnum er eitthvað órótt á stjórnarheimilinu núna. Vanstilling hæstv. dómsmálaráðherra var slík að maður hlýtur auðvitað að spyrja sig þeirrar spurningar hvað gangi á innan ríkisstjórnarinnar þessa dagana. Ég spurði áðan og bað um að nefndir væru lögfræðingar sem gætu sagt við Alþingi að frumvarp sem við ræðum stæðist sannanlega stjórnarskrána, stæðist íslensk grundvallarlög. Ég hef ekkert nafn fengið og það dugir ekki, hæstv. dómsmálaráðherra, að nefna til sögunnar tvo skýrsluhöfunda sem eru ekki þeir sem sömdu þetta frumvarp. Þeir sömdu ekki þetta frumvarp og þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir. Það þýðir ekki að nefna til þá tvo sem unnu að skýrslunni. Það dugir ekki og er eiginlega hálfaumkunarvert, hæstv. dómsmrh., að nefna til sögunnar að þrír lögfræðingar sitji í allsherjarnefnd. Þeir eru nú ekki bara þrír. Þeir eru held ég gott ef ekki sex sem sitja í allsherjarnefnd frá stjórn og stjórnarandstöðu og greinir mjög á, hæstv. forseti. Ég veit ekki til þess að Sigurður Kári Kristjánsson eða Bjarni Benediktsson séu sérfræðingar í íslenskum stjórnskipunarrétti. Ég spurði um sérfræðinga á því sviði. Þeir eru það ekki,

hæstv. forseti. Að nefna þá hér til sögunnar, til vitnis um að þetta standist íslenska stjórnskipun er auðvitað hlálegt, hæstv. forseti, og ekki hægt að taka alvarlega.

Svo vil ég að lokum nefna bréfið sem kom frá Róbert Marshall formanni Blaðamannafélagsins og var sent út. Nú er sem sagt búið að spyrða okkur saman. Nú erum við saman í Baugsliðinu af því við höfum bæði þá skoðun að það eigi að taka málið út úr þinginu. Bíðið við, 70% þjóðarinnar hafa þá skoðun. 70% þjóðarinnar. Er verið að segja hér með öðrum orðum að 70% þjóðarinnar séu bara að ganga erinda einhvers auðhrings, Baugs, séu bara nytsamir sakleysingjar sem ekkert viti hvað þeim sé fyrir bestu? Hæstv. dómsmálaráðherra á ekki að tala svona hér í þinginu.

[12:13]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf nú engar siðareglur frá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um hvernig ég tala í þinginu þar sem hún talar hér um sleggjur sem sé verið að nota til þess að útrýma fólki. Hún skipar sér í flokk með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni þegar hún fer að tala um það hvernig menn eiga að koma fram til þess að eyða óvinum sínum og fjallar um mál á þeim forsendum. Ég þarf engar siðareglur frá slíku fólki um það hvernig ég á að tala hér í þinginu. Ég biðst undan því að verið sé að setja mér reglur af þeim toga að ég þurfi að tala eins og hv. þingmanni líkar um þetta mál eða Magnúsi Þór Hafsteinssyni, fólki sem talar þannig um málefni að það er ógjörningur í raun og veru að halda uppi málefnalegum umræðum.

Að sjálfsögðu liggur það fyrir að þeir (Gripið fram í.) lögfræðingar sem stóðu að skýrslugerðinni hafa lýst því yfir að þetta frumvarp sé innan þess ramma sem kemur fram í skýrslunni. (**BH:** Ekki að það standist ...) Að sjálfsögðu er þetta mál þannig eins og öll mál sem má deila (**Gripið fram í:** Það er nú ekki rétt hjá þér.) um að lögfræðingar hafa á þeim ólík sjónarmið. Það er ekkert nýtt í því. Ég rifjaði hér upp deilurnar um aðildina að EES-samningnum. Því hefur verið haldið fram um fjölda mála hér að þau kunni að brjóta í bága við stjórnarskrána.

En núverandi forseti hefur lýst yfir og gaf að gefnu tilefni yfirlýsingu um það að um þetta mál er lokaorðið hjá dómstólunum, jafnt fyrir okkur þingmenn sem forseta og alla aðra.

[12:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að setja hæstv. dómsmrh. neinar reglur um það hvernig hann megi tala hér í ræðustól.

En ég bendi bara á hvernig menn eru farnir að tala, hvaða málflutningur hér er uppi. 70% þjóðarinnar telja að þetta frumvarp sé ekki tækt til afgreiðslu hér og eigi að skoðast mun betur. 70% þjóðarinnar er bara orðið Baugslið sem ekkert veit hvað það er að segja og getur ekki haft neina skynsamlega skoðun á málunum.

Svona er málflutningurinn orðinn: „Þið sem eruð ekki með okkur, þið sem styðjið ekki fjölmiðlafrumvarpið og eruð á móti okkur, þið eruð bara Baugslið. Þið eruð bara keypt þý." Þannig er málflutningurinn hér í þinginu. Þetta er mönnum auðvitað ekki samboðið. Ég hef þá skoðun og ég mun tjá hana hér.

Hvað varðar síðan stjórnarskrárþáttinn og EES-samninginn þá gætum við rætt um það langt mál hér, hæstv. dómsmrh. Ég er sannfærð um það að sá málflutningur sem ég hafði þá uppi var réttur.

[12:16]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta tal um 70% þjóðarinnar og Baugsliðið minnir mig nú bara á þá prósentutölu sem ég nefndi þegar forstjóri Baugs eða aðaleigandi — ég veit ekki hvað á að kalla hann — taldi að 10% hlutdeild í matvörumarkaði væri stórhættulegt fyrirbrigði, og nú ræður hann yfir að eigin sögn 47%.

Svona prósentutal í þessu tilliti að 70% þjóðarinnar standi með þessu eða hinu, er algjörlega marklaust í umræðum af þessum toga.,

Kjarni málsins er hins vegar sá að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var með hér sama málflutning og kemur fram í bréfi formanns Blaðamannafélags Íslands (Gripið fram í.) þegar hann skorar á fólk að senda áskorun þótt það sé ekki sammála endilega. „Bara valdið þið ófriði í þjóðfélaginu. Setjið allt á annan endann í þjóðfélaginu. Skapið þið þann ófrið í þjóðfélaginu sem nauðsynlegur er til þess að storka stjórnvöldum." Þetta var boðskapurinn í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. (**ISG:** Er bannað að mótmæla ykkur.)

[12:17]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg makalaust að hlusta á hæstv. dómsmrh. tala. Hvað er hann að fara með samanburði sínum á ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og orðsendingu formanns Blaðamannafélagsins sem hann las skilmerkilega upp í ræðu sinni? Er hann að segja að formaður Blaðamannafélagsins hafi ekki tjáningarfrelsi eins og aðrir í þessu landi? Er virkilega þannig komið fyrir hæstv. dómsmrh. og ríkisstjórninni að hún telji ekki lengur að það megi, sem eru ein af grundvallarréttindum borgaranna í þessi ríki enn þá, virðulegi forseti, að mega mótmæla stjórnvöldum, gera það hátt og skorinort, mega safna liði ef mönnum sýnist svo og mega standa með hverjum þeim sem mönnum sýnist til þess að ná fram sínum málstað? Er þetta orðið bannað í ríki Davíðs Oddssonar og Björns Bjarnasonar, hæstvirtra ráðherra?

Ég held að hæstv. ráðherra verði að svara þessu, hvað hann á við með þessum málflutningi. Fyrir utan allar þær samsæriskenningar sem birtust í máli hæstv. ráðherra þá er þetta mjög undarlegt. Þetta er mjög undarlegur málflutningur. Hann verður að útskýra hvað hann er að fara með því að líkja þessu saman og hvað sé rangt við að formaður Blaðamannafélagsins, Róbert Marshall, geri það sem hann gerir í þessu bréfi sínu ef hann telur að stjórnvöld séu á villigötum.

Er það ekki svo, virðulegi forseti, að þetta sé ein af grundvallarréttindum borgaranna, að mótmæla stjórnvöldum? Eða er svo komið fyrir stjórnvöldum í þessu landi að þau þola ekki lengur slík mótmæli?

Hæstv. ráðherra talar mikið um samsæri undir handarjaðri Baugs. Ég veit ekki hvort ég á að hlæja eða gráta yfir þeirri samsæriskenningu, virðulegi forseti. Eða trúir hæstv. ráðherra því virkilega að í því samsæri sé stjórnarandstaðan á Alþingi eins og hún leggur sig, Sigurður Líndal, Verslunarráð Íslands, Samkeppnisstofnun, Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, útgefendur Morgunblaðsins og nánast öll lögfræðingastéttin í landinu, sem ekki er tilbúin til þess að fullyrða að þessi lög standist stjórnarskrá? Trúir hæstv. ráðherra virkilega svona málflutningi sjálfur?

[12:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að tala um nein samsæri en það er von að hv. samfylkingarfólk líti á það þannig að það sé hluti af einhverju samsæri þegar farið er yfir stöðu málsins og því lýst, að það sjái í hvaða stöðu það er komið með þessum málflutningi sem hér hefur staðið undanfarna sólarhringa. Það sér hvernig stöðunni er komið og hvernig stöðunni er háttað þegar málið er skoðað, að þau eru náttúrlega búin að spyrða sig við þennan auðhring sem á fjölmiðlana og hér er verið að ræða um og hefur þessa markaðshlutdeild. Það er ósköp einfalt, það liggur alveg ljóst fyrir og Samf. situr uppi með það.

Síðan er málflutningur hennar á þann veg að það sé eðlilegt að formaður Blaðamannafélags Íslands noti stöðu sína sem formaður blaðamannafélags (Gripið fram í.) til að vinna að málinu eins og hann sagði, með leyfi forseta:

„Við höfum eitt hálmstrá. Ólafur Ragnar Grímsson sagði í kosningabaráttunni 1996 að hefði hann verið forseti þegar rúmlega 30.000 manns skoruðu á Vigdísi Finnbogadóttur að undirrita ekki EES-samninginn, þá hefði hann orðið við því og neitað að staðfesta lögin. Tökum nú á öll sem eitt og söfnum 35.000 undirskriftum yfir helgina á askrift.is. Við höfum tíma á meðan stjórnarandstaðan heldur uppi málþófi. Sendið tölvupóst á alla sem þið þekkið, hringið í fjarskylda ættingja úti á landi sem þið hafið ekki heyrt í í sjö ár.“ — Hvers vegna sjö ár, ég skil það ekki?

„Nú er tíminn til endurnýja kynnin. Fáið fólk til að skrifa nafn og kennitölu á askorun.is. Sé fólk fylgjandi frumvarpinu, fáið það samt til að skrifa undir sem persónulegan greiða við ykkur.“

Er þetta framlag til málefnalegra umræðna? Er þetta eitthvað til að hrósa sér af í málefnalegum umræðum? Er þetta eitthvað sem Samf. telur til fyrirmyndar þegar fjallað er um mál hér í þjóðfélaginu? Er þetta eitthvað sem Blaðamannafélag Íslands telur sérstakt áhugaefni sitt, að formaður sinn standi fyrir svona starfsemi og hóti stjórnvöldum, að menn bara gangi þvert á eigin skoðanir til þess að skaprauna stjórnvöldum? Er það þetta sem þetta fólk telur að séu lýðræðisleg vinnubrögð?

[12:21]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru margir sem skaprauna vesalings ríkisstjórninni þessa dagana.

Varðandi ummæli hv. þm. um formann Blaðamannafélagsins þá er hann ekki aðeins að nýta rétt sinn sem borgari, virðulegur forseti, með ummælum sínum um þetta mál, heldur er hann líka að framfylgja skyldu sinni sem formaður Blaðamannafélagsins. Blaðamannafélag Íslands hefur mótmælt þessu frv. og lýst yfir andstöðu við það. Það væri undarlegur formaður í slíkum félagsskap sem ekki mundi fylgja eftir þeirri baráttu félagsins sem hafin hefur verið innan þess.

Virðulegur forseti. Samf. er í liði með Baugi, segir hæstv. ráðherra. Ég nefndi fleiri sem Samf. er í liði með í þessu tiltekna máli. Ég nefndi hér til sögunnar útgefendur Morgunblaðsins, virðulegur forseti. Við erum stolt af því að vera í liði með þeim fjölmörgu sem hafa mótmælt þessu frv. Það er bara orðið þannig, virðulegi forseti, að þeir eru hins vegar afar fáir sem hafa tekið undir það og treysta sér til að lýsa yfir samstöðu með ríkisstjórninni í þessu máli.

Ég þarf ekki að telja upp aftur þá fjölmörgu sem hafa mótmælt þessu frv. Það eru sko fleiri heldur en Samf. og fleiri en Baugur.

[12:23]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég átti við, þegar ég talaði um að skaprauna stjórnvöldum, var að þetta er fyrst og fremst til þess fallið að skaprauna forseta Íslands. Þetta er fyrst og fremst til þess fallið að skapa honum vanda. Það er hermt upp á hann í þessu bréfi að hann sé skuldbundinn vegna einhverra yfirlýsinga sem hann gaf í kosningabaráttunni, að ef einhver viss fjöldi fólks skrifi undir þessa áskorun þá sé honum skylt að synja lögum.

Er það þessi mikla brúarbygging sem á að brúa gjána milli þings og þjóðar? Er um það að ræða, að það verði að fylla þá tölu sem hér er nefnd í þessu bréfi? Ég held að þetta sé fyrst og fremst gert, þegar upp er staðið, til að skaprauna herra forseta Íslands, að hann sitji uppi með vandamálið ef þetta nær fram að ganga sem formaður Blaðamannafélags Íslands er að segja. Það hefur ekki áhrif á okkur sem erum hér á þingi.

[12:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil fyrst biðjast afsökunar á því fyrir fram að vera kann að þessi ræða verði til þess að skaprauna stjórnvöldum í landinu, hæstv. dómsmrh., sem einmitt er fyrrverandi menntmrh., og það er eðlilegt að forseti rifji það upp því að hann sat einmitt með honum í stjórn og var stjórnvald á þeim tíma sem hæstv. dómsmrh. var menntmrh.

Það er að verða erfitt að lifa og starfa í landinu og komast hjá því á hverjum degi að skaprauna stjórnvöldum því að auðvitað má segja að lýðveldi okkar hafi þann tilgang að stjórnvöld geti verið í góðu skapi og lifað við sína skaphöfn sem að vísu er misjöfn.

Það er líka skemmtilegt, forseti, að vita til þess og sérkennilegt að nú hafa tveir síðustu talsmenn Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, hæstv. dómsmrh. sem nú gengur úr salnum og vill ekki hlusta frekar á þann málflutning sem hér fer fram — væntanlega til þess að verða ekki skapraunað — og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, í raun haldið uppi því sem hér er í fjölmiðlum kallað málþóf gegn eigin frumvarpi. Þeir gera það með því að tala hér ýmist af þekkingarleysi eða með útúrsnúningi um efni frumvarpsins og verja ræðum sínum að meginhluta — en ræðutími er ótakmarkaður — til þess að ræða um allt önnur efni en hér er um að ræða. Þannig hafa þeir báðir rætt nokkuð um forseta Íslands, embættisskyldur hans og valdsvið þó að ekki verði nú séð að það komi efnisumræðu um þetta frumvarp við.

Ég verð að segja það fyrir sjálfan mig sem alþingismann, vissulega ungan alþingismann, alþingismann þó, að mér þykir það ekki smekklegt að umræður hér í salnum um efnisatriði máls og þau frumvörp sem hér eru til umræðu snúist um það hvaða álit forseti Íslands kunni að hafa á því eða hvað hann kynni að gera í framhaldinu. Þingið fer með þann hluta löggjafarvalds sem það fer með samkvæmt stjórnarskrá og forsetinn með sinn. Ég tel að þingið eigi að taka sínar ákvarðanir óháð því hvað forsetinn kann að gera.

Hins vegar tel ég — þannig að ekki komi upp neinn misskilningur — að þingið eigi mjög ákveðið að horfa á það hvernig þau málefni sem það er að ræða kynnu að snerta þá stjórnarskrá sem í landinu er. Það segi ég m.a. sem tiltölulega

nýr þingmaður vegna þess að við upphaf þingsetu er okkur gert að undirrita eiðstaf að þessari stjórnarskrá.

Ég álít að sá eiðstafur hafi gildi, og hvaða gildi? Hefur hann t.d. það gildi, hugleiðir maður þegar maður skrifar nafnið sitt undir stjórnarskrána, að maður eigi að vera með öllu sem stendur þar? Nei, það er ekki þannig heldur er það þannig að í störfum manns á þingi á maður að virða ákvæði stjórnarskrárinnar og gera aldrei neitt það sem kann að ganga í berhögg við hana.

Nú er það svo í öðrum löndum ýmsum að þar starfa sérstakar stofnanir til þess að bera saman lög og stjórnarskrá, stjórnlagadómstólar. Ég þekki slíkan dómstól frá stuttri dvöl minni í Frakklandi. Þar getur tiltekinn minni hluti þingmanna vísað máli til stjórnlagadómstólsins og fengið úrskurð um það hvort málið er tækt eða ekki. Þetta tel ég að við þurfum að athuga. Þetta hefur bæði sína kosti og galla. En ég held að úr þessu þurfi að bæta hér á landi eftir þingvetur nokkra þar sem upp hafa komið mikil álitamál um samræmi laga og stjórnarskrár og kveðnir hafa verið upp dómar í Hæstarétti, sem er okkar æðsti innlendi dómstóll, um það að lög sem samþykkt voru á Alþingi, m.a. undir stjórn þess forseta sem hér situr, hafi ekki staðist stjórnarskrána. Ég tel það alvarlegt. Ég sé að mönnum þykir það ekki hér öðrum. En ég skil ekki til hvers þá þessi undirritun er sem er ákaflega hátíðlegur þáttur í því að stíga hér inn í það hlutverk að verða alþingismaður, fulltrúi kjósenda og liðsmaður þjóðarinnar.

Ég ætla ekki að ræða meira um þetta. Ég hlýt þó að gera örlitla athugasemd í framhaldi af ræðu síðasta ræðumanns sem mér datt í hug í miðjum klíðum að er einnig hæstv. dómsmrh., Björns Bjarnasonar, vegna þess að hann ræddi meðal annars um hugsanlegt vanhæfi forseta Íslands. Ég er nú ekki vel að mér í stjórnskipunarrétti eða stjórnsýslulögum en við rekum upp stór augu þegar um slíkt vanhæfi er rætt og spyrjum ýmissa spurninga.

Svo vill til að á borðinu við hliðina á mér lá bók eftir Pál Hreinsson sem heitir Stjórnsýslulögin. Skýringarit. Forsætisráðuneytið gefur hana út.

Það er merkilegt að ekkert er þar um forseta Íslands. Þar er hins vegar fjallað um ráðherrana sem geta orðið vanhæfir og það sem gert er í þeirra vanhæfi er það að málin eru undirbúin í hendur seturáðherra — þetta hefur nokkrum sinnum komið fyrir hér á síðari árum hjá okkur — sem síðan sker úr um það málefni sem hinn fyrri ráðherra var vanhæfur í. Nú eru ekki til neinir setuforsetar þannig að erfitt er að bera saman þessar vanhæfisreglur um ráðherra og forseta. Þess vegna hlýtur maður að spyrja í þessu vanhæfismáli í fyrsta lagi hvort það sé þá þannig að ef forseti telst vera vanhæfur þá eigi handhafar forsetavalds að skera úr hvort vanhæfisreglur þær sem Davíð Oddsson hæstv. forsætisráðherra telur eiga við um forseta Íslands gildi þá jafnframt um handhafa forsetavalds. Ef það er svo þá er kannski komið að því að rannsaka hvort handhafar forsetavalds hafi verið vanhæfir við stjórnarathafnir sínar því hin spurningin sem leikmaður spyr hina miklu lögfræðinga, og þar á meðal hæstv. dómsmálaráðherra sem hvort tveggja er í senn yfirmaður dómsmála í landinu og maður sem hefur tekið lagapróf frá Háskóla Íslands, er sú hvort vanhæfi gildi einungis við málskot eða hvort það gildi líka við staðfestingu laga, hvort vanhæfi forseta eða handhafa forsetavalds sé þess eðlis að það taki einungis til þess verknaðar sem forseti kýs að ástunda ekki, það er að segja þegar hann ákveður að staðfesta ekki lög, eða hvort það eigi enn fremur við um það þegar forsetinn ákveður að staðfesta lögin, að þá þurfi sumsé í sérhvert skipti að athuga hvort forseti eða handhafar forsetavalds séu vanhæfir.

Ég sé ekki betur af mínu takmarkaða lagaviti en að þetta hljóti að vera raunin ef vanhæfisreglurnar gilda um forseta á annað borð sem hæstv. forsætisráðherra hefur haldið fram. Þetta vil ég gjarna að hæstv. forsætisráðherra eða viðhlæjendur hans hér í salnum skýri fyrir mér áður en þessi umræða er öll úr því að bæði hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason fóru að ræða í miðri þessari umræðu um valdsvið forseta Íslands og hæstv. dómsmálaráðherra hafði það eftir vini sínum hæstv. forsætisráðherra að forseti Íslands kynni að vera vanhæfur í því máli sem hér um ræðir.

Þetta vil ég gjarnan vita vegna þess að meðal annars handhafar forsetavalds, forseti Alþingis, Hæstaréttar og forsætisráðherra hafa undirritað hér lög eftir lög í fjarveru forseta Íslands og virðast ekki hafa haft neitt samráð, það virðist alveg vera hætt að hafa samráð við forseta Íslands um það mál. Meðal þeirra laga og stjórnvaldsathafna sem fram hafa farið síðustu mánuðina er að einn af handhöfum forsetavalds, hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson, undirritaði skipunarbréf frænda síns sem hæstaréttardómara við Hæstarétt og hæstv. dómsmálaráðherra sem hér talaði um vanhæfið áðan skipaði einmitt þennan títtnefnda mann í Hæstarétt — ég vil nota tækifærið og óska frændanum alls velfarnaðar af heilum hug — sem kunnugt er og hefur vakið nokkra umræðu í samfélaginu. Spurningin er því auðvitað þessi: Eigi vanhæfisreglur stjórnsýslulaga við um forseta Íslands í þessu tilviki eiga þær þá ekki við um handhafa forsetavalds? Það getur ekki verið. Þá spyr maður: Bíddu, var hæstv. forsætisráðherra þá vanhæfur þegar hann undirritaði skipunarbréf frænda síns í Hæstarétt?

Á þessu var vakin athygli í blaði fyrir nokkrum vikum eða mánuðum, vikum hygg ég. Ég verð að segja að þó þetta væri auðvitað kyndug tilviljun eins og oft verður í íslensku samfélagi þá taldi ég það nú ekki vera vanhæfismál að hæstv. forsætisráðherra gerði þetta sem handhafi forsetavalds. En nú er komin upp önnur staða og ég sé ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra hafi borið sjálfan sig þessum þungu sökum með ummælum sínum í sjónvarpinu í gær og að hæstv. dómsmálaráðherra hafi endurtekið þær þungu sakir á hendur hæstv. forsætisráðherra með ræðu sinni hér áðan.

Meira ætla ég ekki að skaprauna stjórnvöldum að sinni með því að fjalla hér um ræðu Björns Bjarnasonar hæstv. dómsmálaráðherra eða Stjórnsýslulögin eftir Pál Hreinsson heldur ætla ég í þessari síðari ræðu minni við þessa umræðu að halda að vissu leyti áfram á þeim nótum sem ég var á í fyrri ræðu. Þar ræddi ég um málið sem nú liggur fyrir út frá þeim sjónarhóli að fjölmiðlar séu hluti af lýðræðissamfélaginu á Íslandi. Ég ræddi það út frá sjónarmiði fjölmiðlunar sem atvinnugreinar og ég ræddi það frá þeim sjónarhóli að fjölmiðlun sé nauðsynlegur hluti af menningarlífi Íslendinga og sé þar í raun ómissandi hlekkur í keðju sem tengir fjölmiðlastofnanir og fyrirtæki og fjölmiðlafólk við ótrúlega marga sem vinna hér í menningu og reyndar auðvitað í menningartengdum viðskiptum einnig, fyrir utan annað það hlutverk sem fjölmiðlarnir hafa. Ég gerði þetta sérstaklega vegna þess að þegar við ræðum mikilsverða hluti í grundvallarmálum samfélags okkar þá megum við ekki gleyma því hvað við erum lítið samfélag. Við erum samfélag sem þarf að vera í ákveðnum stellingum sóknar og varðstöðu á víxl sem ekki síst beinast að því að hlúa að því sem gerir okkur sérstök í

heiminum, að því sem gerir okkur að Íslendingum í öðrum skilningi en þeim að við búum hér á tilteknu landi á tiltekinni breiddargráðu.

Ég þykist hafa gert nokkuð góða grein fyrir þessu í fyrri ræðu minni. Þó kom í ljós að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hafði í málþófi sínu hér í gær ekki hlustað á þessa ræðu. Það kom reyndar líka í ljós að hann hafði ekki kynnt sér til neinnar hlítar nema nokkrar síður í þeirri skýrslu sem sögð er hér síendurtekið að liggi til einhvers konar grundvallar eða sé einhvers konar forsenda þess frumvarps sem hér er um að ræða. Hann hafði aðeins tekið úr henni nokkrar síður sem hann hefur sennilega hirt upp á hlaupum.

Það sem ég á hér við er þó sá efnisþáttur í ræðu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem beindist að því hvernig ástandið væri í öðrum löndum. Til þess að gera grein fyrir því almennt þá hefði hv. þm. nú ekki þurft að fara lengra en í þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna, hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og fleiri, þar sem einmitt er gerð grein fyrir, að vísu ekki ástandinu í hverju landi heldur er nú vísað til slíkrar greinargerðar, en fjallað um það hvað við getum grætt á því að vita hvernig ástandið er í öðrum löndum. Það sem í ljós kemur hjá hverjum þeim sem þetta gerir, kannar það, er að ástandið er ákaflega misjafnt í öðrum löndum. Þegar menn eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson standa í þessum ræðustól eða í hvaða öðrum fjölmiðli sem vera skal og veifa — það hygg ég nú reyndar að hafi ekki verið hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson heldur hv. þm. Birgir Ármannsson. Ég biðst afsökunar forseti á að muna þetta ekki glöggt. En mig minnir að það hafi verið hv. þm. Birgir Ármannsson sem gerði þetta, veifaði hér annars vegar — kannski bara báðir. Við skulum bara hafa það þannig að þeir hafi gert það báðir. Að minnsta kosti minntust þeir á það, annar hvor eða báðir, að miklar takmarkanir á starfsemi og þar á meðal eignarhaldi væru bæði í samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki.

Sá er munurinn á þessum lögum annars vegar tvennum og svo hins vegar löggjöf um fjölmiðla og ramma um starfsemi þeirra, ef maður lítur á heiminn, að lögin um fjármálafyrirtæki og samkeppnislögin eru keimlík í öllum okkar heimshluta. Hjá öllum þeim löndum sem búa við markaðsbúskap eru þau lög keimlík. Það vitum við ákaflega vel Íslendingar vegna þess að við höfum verið að taka upp þessi lög og þessa löggjöf á síðustu árum. Við vorum sein til þess. Í raun hljóp Alþingi nokkuð á eftir þróuninni í þessu með þeim afleiðingum að hér voru miklir skruðningar framan af þegar við gengum inn í nýja tíma, afnámum höft ýmis, meðal annars á fjármagnsflutningum milli landa, á gjaldeyri og á því að geta átt verðmæti í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og það er fleira sem menn muna og hafa upplifað hér jafnvel á stuttri ævi miklar sviptingar við.

Þegar við settum þessi lög leituðum við til annarra landa. Við leituðum til ýmissa grannlanda okkar. Við leituðum til löggjafar í Bandaríkjunum sem er mjög merkileg enda er það forusturíki kapítalismans nokkuð skrýtin skepna. Í samræmi við grundvallarforsendur þess ríkis um frelsi en einnig jafnan rétt manna til hamingjusóknar hafa farið þar fram mikil átök sem eru merkileg fyrir okkur sem lifum við hina evrópsku hefð. Við höfum lært af þessu og sett hér löggjöf um fjármálafyrirtæki og samkeppnisreglur sem eru keimlíkar þeim sem ríkja í öðrum löndum. Þetta miðar að því að allur heimurinn eða öll þau lönd sem búa við markaðsbúskap, að minnsta kosti almennilegan, og hafa aðstæður til þess, koma saman og hafa þá stefnu á að þessi löggjöf sé sem sambærilegust á milli landa. Og okkur er það skylt meðal annars eftir að við urðum þátttakendur í hinu Evrópska efnahagssvæði að hafa þessar reglur nokkuð eins.

Með fjölmiðlana gegnir nokkuð öðru máli. Í ljós kemur þegar farið er yfir ástandið í löggjöf og reglum um fjölmiðla í hverju landi fyrir sig að það er ólíkt. Menn hafa með illu eða góðu, réttilega eða ekki réttilega á ég við, ákveðið það í Evrópu og einnig í Bandaríkjunum að í hverju landi eða fylki gildi sérstök lög um fjölmiðla. Þetta er kannski ekki heppilegt. En svona er þetta. Þetta segir okkur á Íslandi það að þó við eigum að sjálfsögðu að kynna okkur ástandið í öðrum löndum hvað fjölmiðla varðar þá verðum við að haga okkur hér varðandi löggjöf og reglur um fjölmiðla eftir því sem heppilegast er á Íslandi. Við getum ekki kóperað erlendar reglur og lög um okkar eigin fjölmiðla.

Þetta segir raunar í skýrslunni. Ef hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og félagar hans ýmsir, fyrrverandi frjálshyggjumenn, hér á þinginu hefðu lesið almennilega þá skýrslu sem um er að ræða og á að vera forsenda eða grundvöllur þessa máls — hún er það nú reyndar að ákaflega takmörkuðu leyti sem viðurkennt er af höfundum skýrslunnar hverjum á fætur öðrum — þá hefðu þeir komist að því sem í henni stendur, nokkrum línum áður en byrjað er að fjalla um ástandið í fölmiðlum í öðrum löndum sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson rakti hér allvel miðað við aðstæður allar, menntun, aldur og fyrri störf, beinlínis í inngangi að kafla 5.2. sem heitir Reglur í einstökum löndum þetta hér:

„Nefndin er sammála um að ekki hafi sérstaka þýðingu að gera ítarlega grein fyrir reglum og framkvæmd þeirra“ — þ.e. réttar, laga og reglna — „í einstökum löndum. Reglur í einstökum löndum eru mjög ólíkar og spretta af ólíkum aðstæðum. Lýsingin þjónar því fyrst og fremst því markmiði að vekja athygli á þeim ólíku leiðum sem til greina koma, fremur en að unnt sé að nota regluverk einstakra landa sem fyrirmynd hér á landi.“

Þá er rétt að gera sér grein fyrir því næst hvað einkennir einna helst fjölmiðlun á Íslandi. Það hafa skýrsluhöfundar reynt að gera og augljóst er, bæði af skýrslunni sjálfri og síðan því sem þeir hafa sagt á eftir, bæði formaðurinn og aðrir, einkum Guðmundur Heiðar Frímannsson, að þeir vildu gera áfram og halda áfram að hugleiða og velta fyrir sér. Þegar búið er að komast að þessu þá er ekki hægt, eins og hefur verið plagsiður hjá okkur með góðu eða illu, að fara til Danmerkur eða annarra vinalanda okkar og ná þar í lög sem við breytum svona eftir aðstæðum, þýðum og staðfærum hér á Íslandi. Það er ekki hægt með fjölmiðlun. Því verðum við að skoða stöðuna í okkar eigin landi. Grundvallareinkenni hennar eru annars vegar þau að markaðurinn er ákaflega smár. Það er fyrsta grundvallareinkennið.

Annað grundvallareinkenni er það að við búum við þróttugt og öflugt þjóðarútvarp sem nýtur mikils stuðnings meðal þjóðarinnar. Mikið er á það hlustað og hefur það ákaflega mikilsverðu hlutverki að gegna og ekki síst í menningarlegum efnum.

Þriðja einkennið, sem ég tel að sé kannski nýtt og varði inngangi ræðu minnar hinnar fyrri til þess að kynna, er að við búum nú í sífellt vægðarlausari samkeppni við erlenda fjölmiðla. Ég er ekki að kvarta yfir því. Ég tel að það sé okkur ákaflega hollt og ég tel að ýmsar breytingar til bóta sem við höfum horft hér upp á í fjölmiðlun á síðustu árum stafi af því að menn hafa brugðist við þeirri samkeppni. En

við gerum það nú í fyrsta sinni, í raun og veru í síðustu fimm til tíu ár, á dagblaðamarkaði og sjónvarpsmarkaði og í netmiðlum. Ég ætla ekki að endurtaka þau dæmi sem ég færði til í fyrri umræðu. Það má kannski bara bæta því við, af því ég gleymdi því síðast og það er þáttur af þessu máli, að við gerum það auðvitað líka í tímaritum, í tímaritaútgáfu af ýmsu tagi. En það er kannski eina sviðið þar sem þessi samkeppni er gömul. Í raun var það þannig að sú samkeppni á sínum tíma hefti það að íslensk tímaritaútgáfa, vikublaðaútgáfa einkum og útgáfa mánaðarrita, kæmist á legg fyrr en raunin varð. Það geta menn rifjað upp í æskuminningum sínum þegar dönsku blöðin voru komin eins og Þórarinn Eldjárn orti ágætlega um (**Gripið fram í:** Hvernig?) í ljóði sínu um lítinn veitingastað sem þá hét Fjarkinn en hefur síðan og fyrr gengið undir nokkrum nöfnum. Hann er í Austurstræti og þar má nú kaupa sér indverskan mat. Ég hygg að hann heiti núna Samaria. Þetta er gott kvæði ... (**Gripið fram í:** Hvernig er kvæðið?) Ég kann ekki kvæðið, því miður. En það endaði þannig að tiltekin skrifstofustúlka á skrifstofu hér í miðborginni settist niður á Fjarkann. Síðan var lýst lífi hennar sem var svona upp og niður eins og gengur og gerist um persónur í sögum og ljóðum Þórarins Eldjárns. Þó var einn glampi einu sinni í viku þar sem lífið kviknaði á ný. Glampinn sem gerði það vert í raun og veru að lifa þessu lífi var sá að dönsku blöðin voru komin.

Þetta var nú útúrdúr, sá fyrsti í þessari ræðu. En ég taldi rétt að fylla upp í samkeppnismyndina með þessari litlu sögu.

Við þurfum sum sé að gera ráð fyrir því að fjölmiðlareglur og lög og aðbúnaður sá sem við stjórnmálamenn og almannavaldið á að veita fjölmiðlum byggist á íslenskum veruleika og ekki neinum öðrum veruleika heldur en þeim sem við höfum hér fyrir framan okkur. Mig langar til þess að vitna í þrenn plögg til þess að lýsa þessum íslenska veruleika betur, auk þess sem ég gerði hér í fyrri ræðu minni.

Það fyrsta sem ég ætla að vitna í — ég lofa að vera eins stuttorður og fljótur að því og hægt er því nú er þessi ágæti laugardagur og menn vilja komast snemma heim. Ég efa það ekki að menn vilja eiga góðar stundir í kvöld yfir laginu Himnaríki sem flutt verður að vísu ekki á íslenska tungu sem mér þykir leitt og gæti haft hér nokkurt mál um. Það ætla ég þó ekki að gera þó ég sjái að hv. þm. Kristján Möller æskir þess mjög og horfir hér með vonarbragði, glaður, framan í mig. Það fyrsta sem ég ætla að gera er hreinlega að lesa ákveðinn kafla úr hinni frægu skýrslu fjölmiðlanefndar Tómasar Inga Olrichs, fyrrverandi menntamálaráðherra, um það sem ber að varast einmitt á okkar fjölmiðlamarkaði. Það er kaflinn á síðu 81 sem ég hef aðeins vitnað hér í áður. Nú ætla ég að lesa hann allan. Hann er stuttur. Kafli 6.3. er svona, með leyfi forseta:

„Við mat á þeim úrræðum, sem til greina kemur að mæla fyrir um til að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði, er óhjákvæmilegt annað en að líta til smæðar íslenska markaðarins. Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra. Gæta verði þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrifist. Slíkar reglur eru til þess fallnar að vinna gegn því markmiði að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum sem vettvangi fyrir ólík viðhorf til pólitískra og menningarlegra málefna.

Tryggja verður íslenskum fyrirtækjum aðstæður þar sem þau fá þrifist og eflst. Frá viðskiptalegu sjónarmiði verður því heldur ekki neitað að því stærri og öflugri sem innlend fyrirtæki eru, því minni hætta er t.d. á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila. Þá er það einnig forsenda þess að þau hafi burði til þess að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þetta sjónarmið skiptir máli varðandi eflingu innlendrar menningar sem mótvægis gegn erlendri fjöldamenningu, sem nú þegar er mjög áberandi í íslenskum fjölmiðlum, einkum sjónvarpi."

Sá kjarni máls sem ég var að benda á áðan felst meðal annars í þingsályktunartillögu okkar hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og fleiri í Samfylkingunni um gagnsæi í fjölmiðlum og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Ég tek eftir að flytjandi málsins og stjórnarþingmenn hafa ekki vitnað í þennan kafla í skýrslunni. Ég spyr: Hvers vegna er það? Hafa þeir engar áhyggjur af því, af þeirri stöðu sem þarna er lýst að sé hættan við of strangar reglur, of íþyngjandi reglur, þó að í öllum álitunum sem komið hafa, mjög mörgum þeirra, sé mjög svipað sagt? Nei, þeir virðast ekki hafa það því hér gengur annað fyrir en fjölbreytni í fjölmiðlun og íslensk menning, innlend dagskrárgerð og sú tunga sem við höfum talað hér í þúsund ár.

Í öðru lagi ætla ég að taka upp nokkur orð úr umsögn Samkeppnisstofnunar sem varðar líka þetta. Ég hef þann lestur svo, með leyfi forseta, að að lokum þeirrar skýrslu segir meðal annars þetta:

„Afdráttarlaust orðalag ákvæðisins í frv. sem útilokar úthlutun útvarpsleyfis til fyrirtækis sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta takmarkar þátttöku fjölda fyrirtækja hér á landi í útvarpsrekstri. Tekur þessi hindrun jafnt til stórra fyrirtækja og lítilla og meðalstórra sem teljast markaðsráðandi á viðkomandi markaði."

Þetta hefur að vísu breyst örlítið. En mér skilst að fulltrúi Samkeppnisstofnunar hafi lýst þeim breytingum sem ákaflega smávægilegum og lítilsverðum í vitnisburði sínum fyrir efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er ljóst að það getur haft jákvæð áhrif á samkeppni á fjölmiðlamarkaði ef markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri t.d. tekur þátt í stofnun nýs keppninautar í útvarpsrekstri. Jafnframt getur fjárfesting markaðsráðandi fyrirtækja í útvarpsfyrirtækjum styrkt þau í samkeppni við önnur fyrirtæki á þeim markaði, ekki síst gagnvart Ríkisútvarpinu sem í krafti m.a. lögbundinna tekjustofna hefur óhjákvæmilega mjög styrka stöðu. Verði ákvæði þetta að lögum mun það vinna gegn innkomu nýrra keppinauta inn á markaðinn og takmarka samkeppni."

Þetta þarf að horfa á þegar málið er skoðað út frá menningarlegum forsendum og út frá forsendum fjölmiðlunar sem atvinnugreinar. Þeir bæta síðan því við sem er alvarlegt:

„Fer það því gegn markmiði samkeppnislaga."

Ég ætla að halda aðeins áfram því næsta grein í umsögn Samkeppnisstofnunar er líka mjög merkileg í þessu tilliti sem við erum hér að ræða, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun fær ekki séð að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til þess til að tryggja markmið frumvarpsins um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlun. Jafnvel má leiða því líkur að ákvæðið stuðli frekar að einsleitni í eignarhaldi þar eð þeim fyrirtækjum kann að fækka að óþörfu, miðað við

tilgang frv., sem þátt geta tekið í eignarhaldi og þar með rekstri fjölmiðla."

Þetta var úr umsögn Samkeppnisstofnunar.

Þá ætla ég í þriðja lagi að færa hér fram vitnisburð sem að vísu er núna orðinn átta ára gamall, en er mjög merkur, og ég hef reyndar áður minnst á en aldrei gefist tækifæri til þess að lesa í heild. Það er ekki langt, forseti. Það er ein síða samtals sem er að vísu á opnunni sem heitir blaðsíður 68 og 69 í skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum sem menntamálaráðuneytið gaf út 1996. Þennan starfshóp skipaði núverandi hæstv. dómsmálaráðherra sem hér talaði áðan. Ég vona að það sé honum ekki til skapraunar að lesa þennan part um endurskoðun á útvarpslögum, sem sé á þessu ári. Í þessum hópi voru, þannig að það sé alveg ljóst hverjir hér tala, hverjir voru í starfshópnum: Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson sem er núverandi formaður útvarpsráðs, sjálfstæðismaður, Tómas Ingi Olrich sem þá var þingmaður en er núna að verða sendiherra eftir eitt ár í stóli menntamálaráðherra — hann er líka sjálfstæðismaður — Ásdís Halla Bragadóttir sem þá var, að ég hygg, aðstoðarmaður hæstv. núverandi dómsmálaráðherra en þáverandi menntamálaráðherra — hún er nú bæjarstjóri í Garðabæ og er einnig sjálfstæðismaður — og síðan Páll Magnússon sem ég veit ekki hvar á að setja í flokk. Hann vill örugglega ekki vera í neinum flokki en hefur verið lengi í fjölmiðlun. Hann er núna fréttastjóri á Stöð 2 og skrifaði um daginn í Morgunblaðið mjög fína grein gegn því frumvarpi sem hér er til umræðu. Starfsmaður þessarar nefndar var Jónmundur Guðmarsson sem þá, hygg ég, var einhvers konar starfsmaður í menntamálaráðuneytinu. En hvort hann var verkefnaráðinn til þessa starfs veit ég ekki. Ég held að hann hafi þá verið frammámaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna. En núna er hann bæjarstjóri á Seltjarnarnesi og er einnig sjálfstæðismaður.

Í kafla 11 í þessari skýrslu, eftir að búið er að fara yfir ástandið í grannlöndunum, þá segir þetta um samþjöppun eignarhalds í einkareknum ljósvakamiðlum, með leyfi forseta:

„Í útvarpslögum frá árinu 1985 eru ekki nein ákvæði sem miða að takmörkun eignarhalds í ljósvakamiðlum eða fyrirskipa slíkar takmarkanir beint, ef frá er talin önnur málsgrein þriðju greinar laganna, sem einskorðar hámarkseign erlendra aðila í útvarpsrekstri hérlendis við tíu prósent. Þegar litið er til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á íslenska ljósvakamarkaðinum undanfarin ár — og þeirrar staðreyndar að nú þegar er um að ræða nokkra samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlasviðinu í heild —" — segja skýrsluhöfundar árið 1996 — „vaknar sú spurning hvort löggjafinn hér eigi að fara að dæmi margra annarra Evrópuríkja og takmarka eignaraðild að ljósvakamiðlum (fjölmiðlum) með lögum.

Ekki skal kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds í ljósvakamiðlum í útvarpslögum." — Þetta er niðurstaða nefndar núverandi hæstv. dómsmálaráðherra frá 1996 — „Þrátt fyrir aukið frelsi og grósku í ljósvakaiðnaðinum, ber ekki brýna nauðsyn til þess að fylgja þeirri þróun eftir með hertum reglum um eignarhald. Þvert á móti skal leitast við að varðveita það frelsi sem lögin frá 1985 fólu í sér. Þau lög kveða á um lýðræðislegar leikreglur, tjáningarfrelsi og óhlutdrægni í starfi útvarpsstöðva. Séu þessi atriði tryggð verður hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli."

Þetta langar mig að lesa aftur og geri það ef forseti leyfir:

„Þau lög"— útvarpslögin frá 1985 — „kveða á um lýðræðislegar leikreglur, tjáningarfrelsi og óhlutdrægni í starfi útvarpsstöðva. Séu þessi atriði tryggð verður hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli."

Hér kveður enn einu sinni við sama tóninn í tveimur gjörsamlega ólíkum textum, annars vegar þessum hér frá þessum fjórum sjálfstæðismönnum í starfshópi menntamálaráðherra sem þá var og síðan í þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna vegna þess að það sem við segjum er að við þurfum að tryggja hinar lýðræðislegu leikreglur. Við þurfum að tryggja tjáningarfrelsið og óhlutdrægni í starfi útvarpsstöðva. Við eigum að gera það með tilteknum hætti sem Evrópuráðið hefur bent okkur á með því að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi og rekstri og með því að setja reglur sem stuðla að sjálfstæði ritstjórna. Við segjum í einum kór með þeim Ásdísi Höllu Bragadóttur, Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, Jónmundi Guðmarssyni og Tómasi Inga Olrich að séu þessi atriði tryggð verði hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli. Sé hlutfall eignarhalds nú alvarlegt vandamál þá er það beinlínis vegna þess að þessi atriði eru ekki tryggð. Það er eðlilegt. Það segir okkur Páll Þórhallsson og það segir okkur Evrópuráðið og það segir okkur allur Evrópurétturinn og allir fjölmiðlafræðingarnir og það segja allir lögfræðingarnir með meðalhófsregluna að leiðarljósi. Það er eðlilegt að reyna fyrst að tryggja þessi atriði áður en við setjum takmarkanir á eignarhald.

Ég held áfram með orð skýrsluhöfunda. Þau segja þetta í framhaldinu sem einnig er mjög merkilegt:

„Þessi skoðun er og sett fram í ljósi þeirrar staðreyndar að lög af þessu tagi hafa í nágrannalöndunum oftar en ekki orsakað nokkurn glundroða. Það hefur reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög, eftirlit kostnaðarsamt og þó að þeim sé ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi, virðast þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum."

Hér er eins og ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Þessari ræðu var ætlað að vera stutt. En í raun og veru raskaði síðasti ræðumaður nokkuð þeirri áætlun því hér þurfti aðeins að fara í að tala út frá honum. En ég hygg að það séu meira en fimm, tíu mínútur, já.

(**Forseti** (BÁ)**:** Þá óska ég eftir því að hv. ræðumaður geri hlé á ræðu sinni og við höldum áfram að loknu matarhléi sem mun standa til klukkan hálftvö.)

Já, ég lýt forsetanum í þessu efni.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:30]

Mörður Árnason (frh.)**:**

Forseti. Ég var þar staddur að lokum ræðu minnar að ég var að vitna í skýrslu nefndar um endurskoðun á útvarpslögum frá 1996. Það var þriðja gagnið sem ég vitnaði hér í því til staðfestingar hvaða viðbrögð menn ættu að hafa við stöðunni á fjölmiðlamarkaði á Íslandi en ekki annars staðar og hvernig við ættum að fara að því að byggja lagaramma um fjölmiðla á Íslandi á íslenskum veruleika en ekki á erlendum veruleika og ekki á ímyndunum eða þeim byggingum sem menn smíðuðu í hug sér af því hvernig ástandið væri af ímynduðum ógnum eða af einhverjum persónulegum skapsmunum eða einhverri þeirri skapraun sem þeir hefðu orðið fyrir. Ég hafði lesið úr síðari hluta kafla 11 í þessari skýrslu útvarpslaganefndarinnar frá 1996 sem Björn Bjarnason sem nú er hæstv. dómsmálaráðherra en var þá menntamálaráðherra skipaði og ég hef rakið nokkuð hverjir komu þar að.

Það er rétt að byrja þar sem ræðunni sleppti og ég held áfram að vitna í þessa skýrslu. Það er ákaflega stutt og hefst þegar búið var að ræða um að reglur um takmarkanir á eignarhaldi hefðu skert athafnafrelsi á ósanngjarnan hátt þar sem þær hefðu verið settar, að sú hætta væri fyrir hendi að auðvelt væri að fara í kringum þær, eftirlitið kostnaðarsamt. Svo kemur þetta, með leyfi forseta:

„Auk þess hefur útbreiðsla útvarpstækni og lækkun bæði stofn- og rekstrarkostnaðar dregið mjög úr sérstöðu ljósvakaiðnaðarins, sem áður var aðeins á færi stórfyrirtækja og hins opinbera. Í ljósi þessa dregur úr réttmæti þeirrar skoðunar, að taka þurfi þennan rekstur öðrum og fastari tökum en annan atvinnurekstur."

Þetta er auðvitað skynsamlega sagt og ég held að í framtíðinni þurfum við að skoða það hverju sinni hvaða munur er á ljósvakaiðnaðinum eins og hér er komist að orði og síðan öðrum atvinnurekstri í fjölmiðlun. Ég tel hins vegar að sá tími sé nú ekki kominn enn þá. En tæknibreytingar standa yfir og von er á meiru af slíku á næstu árum þannig að við þurfum að vera mjög vakandi, almannavaldið og íslenskir fjölmiðlamenn, í þessum efnum.

Niðurstaða kafla 11 í þessari skýrslu er svo eftirfarandi, með leyfi forseta. Þar taka saman niðurstöðu sína af umræðu í þessu efni þau Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson formaður útvarpsráðs, Ásdís Halla Bragadóttir sem nú er bæjarstjóri Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ, Tómas Ingi Olrich sem nú er að verða sendiherra en var áður menntamálaráðherra úr Sjálfstæðisflokknum og almennur þingmaður þess flokks og Páll Magnússon núverandi dagskrárstjóri á Stöð 2 með starfsmanninum Jónmundi Guðmarssyni sem nú er bæjarstjóri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi:

„Ákjósanlegra er að samkeppni á ljósvakamarkaði og starfsemi ljósvakamiðla í heild lúti sömu almennu leikreglum og aðrar atvinnugreinar í landinu. Í þessu sambandi skal eignarhald og starfsemi útvarpsstöðva falla undir almenn ákvæði samkeppnislaga um einokun og fákeppni þótt ef til vill sé nauðsynlegt að aðlaga þau lög betur aðstæðum ljósvakans. Til að mynda væri mögulegt að styrkja með einhverjum hætti lagalega framkvæmd við úthlutun útvarpsleyfa þannig að stuðlað verði að fjölbreytni og samkeppni."

Ég tek eindregið undir þessar niðurstöður þeirra sem sömdu þessa skýrslu. Það sem við höfum verið að gera í Samfylkingunni er einmitt það að við komumst að svipuðum niðurstöðum þrátt fyrir ólíkan hugmyndalegan bakgrunn og við höfum flutt hér á þinginu þingsályktunartillögur um að fram fari vinna einmitt í þessa átt. Við teljum að það kunni að verða nauðsynlegt að laga samkeppnislögin betur að aðstæðum ljósvakans og við höfum lagt til að styrkja með nokkrum hætti lagalega framkvæmd við úthlutun útvarpsleyfa þannig að stuðlað verði að fjölbreytni og samkeppni.

Ég ætla ekki að lesa frekari vitnisburð um ástandið á Íslandi og þau ráð sem þeir sem teljast nú hafa vit á þessu telja best. Þar á meðal eru þessir sjálfstæðismenn sem ég nefndi hér áður. En ég ætla segja það almennt um þetta frumvarp að líkur hafa verið leiddar að því að það meiði stjórnarskrána hvað varðar tjáningarfrelsi, eignarrétt og atvinnufrelsi. Sýnt hefur verið fram á hér í þinginu og utan þess að fram hjá meðalhófsreglunni hefur verið gengið við samningu þessa frumvarps. Það sem ég hef hér bætt við í mínum ræðum tveimur er að þetta frumvarp skerði fjölmiðlun í landinu sem hluta af lýðræðissamfélagi okkar, það komi niður á fjölmiðlun sem atvinnugrein og að hætt sé við að það kyrki þá vaxtarmöguleika sem fjölmiðlun hefur sem miðlæg kjarnlæg grein í íslenskri nútímamenningu. Við höfum í Samfylkingunni lagt fram tillögur til að bæta úr þeim vanda sem vissulega er til staðar í íslensku samfélagi hvað fjölmiðlun varðar. Við höfum lagt áherslu á reglur sem tryggja gagnsæi í eignarhaldi og rekstri, reglur sem stuðla að ritstjórnarlegu sjálfstæði á fjölmiðlum. Við höfum talað um að gefa Samkeppnisstofnun meiri heimildir til afskipta á fjölmiðlamarkaði sem er einmitt það sem Magnús Ragnarsson framkvæmdastjóri eða forstjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins, það er að segja Skjás 1, hefur eindregið óskað eftir og er í raun það sem hann er að kalla á með orðum sínum í fjölmiðlum ýmsum sem í orði kveðnu er ætlað að styðja frumvarpið. Við höfum líka talað um að þess þyrfti að gæta að breytingar á útvarpsréttarnefnd yrðu í rétta átt þannig að henni yrði gert kleift að sinna því hlutverki sem hún hefur lögum samkvæmt en hefur ekki sinnt.

Því miður er það þannig að eins og það er nú jákvætt að losna við framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins úr þessari stjórn, umsvifamikinn viðskiptajöfur og fyrrverandi formann bankaráðs — ég hygg að hann sé enn í því bankaráði. Það er ákaflega óheppilegt að slíkur maður sitji þar og um það er mér meira að segja sammála hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem hér leit inn í, að ég hygg, hálfa sekúndu — þá eru breytingarnar í frumvarpinu ekki til bóta því það er ólíklegt, eins og hv. þm. Einar Karl Haraldsson hefur nefnt hér, að hæfisreglurnar sem nú eru settar og þau skilyrði sem útvarpsréttarnefnd eru nú búin verði til þess að útvarpsréttarnefnd beiti sér fyrir því sem hún á að beita sér fyrir og fari að hlutverki því sem hún hefur í raun og veru í lögunum.

Við höfum ekki lagt til takmarkanir á eignarhaldi. Það er ekki vegna þess að við séum alfarið eða algjörlega á móti slíkum takmörkunum enda eru þær við lýði í íslenskri löggjöf með ýmsum hætti og eru auðvitað eitt þeirra tækja sem almannavaldið á að hafa til þess að setja markaðnum ramma. En við verðum að vara okkur ef við setjum slíkar takmarkanir að það sé alveg klárt að meðalhófsreglu sé gætt, að jafnræðisregla sé virt og að við séum, á mannamáli, ekki að eyðileggja það sem okkur er trúað fyrir. Okkur alþingismönnum er trúað fyrir ákveðnum hlutum og stjórnvöldum þeim sem ekki má skaprauna eins og hæstv. dómsmálaráðherra sagði. Okkur er trúað fyrir íslensku samfélagi og okkur er trúað fyrir því að bera fram menningararfinn og breyta honum í þá mynt sem gjaldgeng er á hverjum tíma og á okkar tímum er það fjölmiðlun í margvíslegu formi sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa nú tekið að sér að berjast gegn með sértækum lögum sem eru fáheyrð í íslenskri sögu og eiga sér enga hliðstæðu erlendis.

Að lokum þetta, forseti. Mörgum ógnaði þegar stjórnarformaður Baugs, fyrrverandi formaður einkavæðingarnefndar, fyrrverandi vinur og vopnabróðir hæstv. forsætisráðherra, saupvinur hans á veitingastöðum og hótelherbergjum í Lundúnaborg, sagði um stjórn hæstv. forsætisráðherra hér í landinu að hún væri ógnarstjórn. Mönnum þótti þetta vera nánast eins og blótsyrði og örugglega sett fram í reiði og skömmum. Þeim þótti hann hafa farið yfir strikið með þessu, sá ágæti maður, þannig að notað sé kunnuglegt orðalag. Ég held að það hafi ekki verið svo. Ég held að þessi gamli sjálfstæðismaður sem sagði sig úr flokknum einmitt fyrir nokkrum vikum hafi ekki verið að nota orðið ógnarstjórn svona til þess að ná fram blæbrigðum í ræðustíl eða í ljóðrænum

tilgangi heldur hafi hann hreinlega verið að nota ákveðið stjórnmálafræðilegt hugtak sem við eigum þetta orð yfir en á öðrum tungum er kallað annað. Á frönsku er þetta til dæmis kennt við „terreur" og notað um ákveðna kafla í stjórnmálum Frakka, meðal annars ákveðna kafla í stjórnarbyltingunni þar, án þess ég ætli að gera stjórnarformanninum og hinum gamla vini það að hann sé að bera það saman. Í þessu felst ósköp einfaldlega að stjórnað er með ógnum. Það er stjórnað með hótunum. Það er látið liggja að refsingum, hefnd. Það er búið til það andrúmsloft í samfélaginu að menn eigi að hlýða án þess að taka þurfi fram vopnin heldur aðeins að láta glitta á þau. Það er búið til það samskiptamunstur í hirðinni að þar eru allir viðhlæjendur og þeir sem ekki hlæja við, þeir eiga að ganga út. Allir eru hafðir í bandi. Allir eiga að hlýða. Það á enginn að skaprauna stjórnvöldum. Fjölmiðlarnir eiga að vera veikir, eiga að vera blankir og eiga að vera hræddir. Og það á að vera þannig, forseti, að hjá ríkinu og í ríkinu séu allir flokksráðnir, líka faðir þinn.

[13:43]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni við þessa umræðu að hæstv. ríkisstjórn hefði valið verstu leiðina að því markmiði að tryggja fjölbreytni, óhlutdrægni og sjálfstæði í fjölmiðlun hér á landi. Í þeirri forvinnu sem hafði verið unnin á vegum nefndar menntamálaráðherra. um eignarhald á fjölmiðlum þá hafði í rauninni verið farið yfir löggjöf og skipan mála í ýmsum löndum og reitt fram hlaðborð af úrræðum sem hægt væri að gæða sér á ef ætlunin væri að setja löggjöf sem tryggði þessi markmið. En af þessu hlaðborði velur ríkisstjórnin eingöngu atriði sem snúa að eignarhaldi í fjölmiðlun.

Það var rökstutt hér í þeirri ræðu minni að Evrópuráðið hefði komist að þeirri niðurstöðu að menn væru að hverfa frá þessari aðferð æ meir í einum 40 löndum Evrópuráðsins af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi væri hætta á því, og hafði það komið fram, að farið væri í kringum þessi lög og að þau kæmu ekki að neinu haldi. Í öðru lagi væri hætta á því að lög af þessu tagi gætu valdið miklum erfiðleikum og íþyngjandi atriðum í rekstri fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði og þannig unnið gegn markmiðum sínum, í stað þess að stuðla að fjölbreytni leiddu þau til fábreytni þegar upp væri staðið.

Það hefur heldur ekki verið rökstutt í þessum umræðum að ekki hafi verið hægt að ná markmiði laganna, því sem sett er fram í frumvarpinu, með vægari aðferðum en þar er lagt til. Mótmælt hefur verið, meðal annars af hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, fullyrðingum stjórnarandstæðinga um að hér sé um að ræða ströngustu löggjöf sem um ræðir í okkar heimshluta. Ég held að mælikvarðinn á það og sönnunin fyrir því að svo sé sé einmitt sá sem ég nefndi áður, að ef þessi löggjöf gilti til dæmis í Bandaríkjunum eða til að mynda í hinum ýmsu Evrópulöndum þá yrði að leysa upp flest stærstu ljósvakafyrirtækin í þeim löndum. Þau stæðust ekki þessa ströngu löggjöf. Síðan var það afar athyglisvert að í afmælisávarpi forsætisráðherra til forseta Íslands sem hann hélt í ríkissjónvarpinu í gær kom fram sú sýn að hér væri um sértæk lög að ræða sem miðuðust fyrst og fremst við það að ná tökum á og leysa upp fjölmiðlasamsteypu Norðurljósa sem fyrirtækið Baugur á ítök í. Þetta sama viðhorf kom fram hjá hæstv. dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni í ræðuhöldum áðan, að þetta frumvarp miðaði fyrst og fremst að því að ná tökum á Baugi. En hv. stjórnarliðar í allsherjarnefnd hafa, að því marki sem stjórnarliðar hafa tekið þátt í þessari umræðu, hamrað á því að hér væri um almenn lög að ræða en ekki sértæk. Síðan þegar hinir raunverulegu ráðamenn koma til skjalanna, mennirnir sem hafa krafist þess að þessi löggjöf yrði sett og sett mönnum hér fyrirmæli á Alþingi, þá eru þeir ekkert að skafa utan af hlutunum. Þeirra sýn er sú að þetta séu sértæk lög. En fjórða atriðið sem ég ætlaði að nefna í upptalningu minni áðan er hvers vegna svona lög eru óheppileg. Ég hafði nú gleymt því í augnablikinu. Það er einmitt hætta á að lög af þessu tagi um eignarhald verði dæmd af dómstólum sem sértæk lög.

Ég vil nefna það hér einmitt í þessu sambandi að það er öruggt að ef af þessari lagasetningu verður þá mun hún verða til umræðu á alþjóðavettvangi. Henni hefur þegar verið vísað til erlends dómstóls og það á örugglega eftir að rísa málarekstur út af þessari löggjöf sem rekin verður á Evrópuvettvangi og þetta mál verður notað sem sýnidæmi í umræðum manna um löggjöf á þessu sviði.

Ég er alveg viss um það að löggjöf af þessu tagi verður mönnum umhugsunarefni í viðskiptalífinu. Við vitum að til stendur að einkavæða Landssíma Íslands. Slík fjarskiptafyrirtæki eru leyfisskyld á ýmsum sviðum. Við erum á opnum og alþjóðlegum markaði. Hvernig halda menn að alþjóðlegt viðskiptalíf muni meta þessa löggjöf? Munu þeir ekki draga þá ályktun að það sé mjög varhugavert að fjárfesta til dæmis í fjarskiptafyrirtækjum hér á landi vegna þess að hér er við lýði ríkisstjórn sem getur hugsað sér að grípa inn í þennan markað með því að rífa af mönum leyfi til fjarskiptareksturs eða sjónvarps- og útvarpsreksturs með löggjöf og með afturvirkum hætti þannig að rifin séu af mönnum þau leyfi sem þeir hafa? Hvaða ályktanir munu menn draga í alþjóðlegu viðskiptalífi af þessu? Ég er hræddur um að menn muni líta svo á að hér á landi sé mjög óstöðug ríkisstjórn sem styðjist við hentistefnu og að hún geti ekki tryggt alþjóðlegum fyrirtækjum sem kjósa að fjárfesta hér á landi stöðugt og öruggt umhverfi til þess að starfa í. Áhrif þessarar löggjafar gætu því orðið þau að gengisfella Landssímann í yfirstandandi einkavæðingu.

Í þessari umræðu hefur hvað eftir annað verið kallað eftir stefnu Samfylkingarinnar í þessu máli. Enda þótt við höfum staðið hér og rætt í löngu máli um stefnu Samfylkingarinnar þá virðist það ekki hafa náð eyrum stjórnarliða. Samfylkingin hefur kynnt þá stefnu sína að það eigi að fara aðrar leiðir, aðrar vægari og skynsamlegri leiðir sem eru líklegri til að ná fram markmiðum laganna sem við erum í sjálfu sér alls ekki ósammála. Þær leiðir felast í því að treysta stöðu Ríkisútvarpsins, setja innri reglur um sjálfstæði ritstjórna, að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi og að styrkja samkeppnislögin. Það kemur fram í áliti nefndarinnar sem ég vitnaði til áðan um eignarhald í fjölmiðlun að einmitt beri að styrkja Ríkisútvarpið. Það hefur samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi. Við þekkjum það vel að forráðamenn einkastöðvanna hafa kvartað mjög yfir ofríki Ríkisútvarpsins og fyrirferð þess á markaðnum. Af hverju eru þeir að kvarta yfir því? Það er vegna þess að þeir eiga í mjög harðri samkeppni við Ríkisútvarpið og finnst að Ríkisútvarpið hafi forréttindastöðu á markaði. Þess vegna er það hárrétt hjá nefndinni að einmitt það að styrkja Ríkisútvarpið hefur samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi.

En hver er vandinn í því efni? Vandinn er sá að ríkisstjórnarflokkarnir hafa í þrettán ár ekki getað komið sér saman um eitt eða neitt í sambandi við Ríkisútvarpið. Þar með hefur aðgerðaleysi ríkisstjórnarflokkanna og ósamlyndi

í þessu efni um framtíðarstöðu Ríkisútvarpsins gert það að verkum að menn hafa ekki sinnt þeirri sjálfsögðu skyldu að efla Ríkisútvarpið og styrkja þannig stöðuna til að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að einkaaðilar komist upp með ráðandi stöðu á þessum markaði.

Varðandi innri reglur um sjálfstæði ritstjórna þá hefur komið fram í umræðunni, án þess ég vilji fara að ræða það hér neitt í löngu máli, að veilur eru á íslenskum fjölmiðlum varðandi þetta atriði. Það er ekki skýrt og það er ekki tryggt að sjálfstæði ritstjórnarinnar sé algjörlega óumdeilt. Það hefur líka komið fram að það eru ekki kínamúrar milli útgefenda og rekstraraðila annars vegar og ritstjórnanna hins vegar. Þarna er sums staðar hjá íslenskum fjölmiðlum pottur brotinn. Þarna gæti löggjafinn haft áhrif með því að koma inn með skýrar reglur og knýja á um að þær verði settar auðvitað í samstarfi við fagaðila, Blaðamannafélagið og fleiri aðila á þessu sviði.

Hugmynd er um að eignarhaldið verði gagnsætt. Samfylkingin vill að leiddar verði í lög reglur um eignarhald, gagnsæi í eignarhaldi. Það er kannski óskýrt fyrir fólki hvað þetta þýðir. Við erum ekki bara að tala um að gerð verði grein fyrir því á hverjum tíma hverjir eigi fjölmiðlana. Það er líka nauðsynlegt að vita hverjir eru ritstjórar og hverjir eru eigendur og hverjir eru áhrifamenn á ritstjórnum, hverjir hafa rétt til þess að hafa með einhverjum hætti áhrif á og stjórna ritstjórnarstefnu og ákvörðunum á ritstjórn. Það er þetta sem menn eru að tala um í tilmælum Evrópuráðsins og síðan að sérhver breyting sem verður innanhúss á fjölmiðlunum verði tilkynningarskyld þannig að hún sé aðgengileg almenningi. Þetta er mjög mikilvægt varðandi alla afstöðu til fjölmiðla og rétt fólks til þess að vita hvernig málum er háttað á fjölmiðlunum.

Síðan kemur þá að samkeppnislögunum. Samfylkingin er því fylgjandi að þetta verkfæri okkar sé notað í þessu skyni. Það ætti að vera hægt að búa samkeppnislögin þannig út að þau tryggi að eigendur í stórfyrirtækjum misnoti ekki stöðu sína í fjölmiðlum. Við vitum að auðvitað getur verið ákveðin hætta á þessu sviði. Samfylkingin viðurkennir það. Við hlustum á það þegar Skjár 1 segir að markaðsráðandi staða Baugs hafi áhrif á samkeppnisstöðu Skjás 1. Auðvitað ber að skoða og huga að þessu atriði. Til þess höfum við einmitt Samkeppnisstofnun.

Það er mjög athyglisvert að skoða álit Samkeppnisstofnunar vegna þessa frumvarps. Samkeppnisstofnun minnir á til hvers samkeppnislögin eru. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er einmitt sú að sú löggjöf sem hér er verið að fara af stað með fari gegn markmiðum samkeppnislaga sem eru þau að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri með því til dæmis að auðvelda aðgang nýrra keppinauta á markaðnum.

Samkeppnisstofnun bendir á að afleiðingar þessa frumvarps sem hér liggur fyrir gætu hamlað samkeppni og unnið gegn fjölbreytni. Það er athyglisvert að Verslunarráðið sem vinnur einnig á vettvangi viðskiptalífsins tekur undir það að með frumvarpinu sé gengið mun lengra en nauðsynlegt er telji menn brýnt að kveða á um eignarhald á fjölmiðlum í löggjöf.

Verslunarráðið og Samkeppnisstofnun eru því samstiga í þessu áliti sínu. Þess vegna er mjög merkilegt að það skuli ekki vera tekið neitt tillit til sjónarmiða af þessu tagi í störfum hv. allsherjarnefndar og þingsins að þessu máli.

Í greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum er einmitt vikið að þessum málum án þess að hæstv. ríkisstjórn hafi séð ástæðu til að taka nokkurt einasta tillit til þess í tillögugerð sinni. Þar er rætt um upplýsingar um eignarhald og breytingar á því, rétt manna til að banna breytingar á eignarhaldi sem taldar eru hamla markmiðum um fjölbreytni og hugmynd um að setja lægri þröskuld en almennt gerist um fyrirtæki í samkeppnislög. Þarna er nefndin að tala um þá möguleika að setja ákvæði af þessu tagi inn í samkeppnislögin. En á því eru ákveðin tormerki af því að samkeppnislögin eru almenn lög. Það er til dæmis athyglisvert að í frumvarpi um breytingar á búvörulögum sem koma í kjölfar nýrra mjólkursamninga er farin sú leið að gera undantekningar í búvörulögunum. Kannski er það ekki besta leiðin að setja einhverjar sérreglur um fjölmiðla í samkeppnislög. Þess vegna reifar nefndin einmitt það mál hvort setja beri heildarlög um fjölmiðla í landinu þar sem allir fjölmiðlar væru undir og þar sem rætt væri meðal annars um eignarhald, um sjálfstæði ritstjórna, um gegnsæi og þar fram eftir götunum eins og ég hef reifað í þessu máli.

En nefndin bendir líka á að ef svo færi að sett væru almenn fjölmiðlalög þar sem gripið væri á ýmsum þessum þáttum sem eiga trygga fjölbreytni og sjálfstæði fjölmiðla þá væri nauðsynlegt að setja á laggirnar einhvers konar fjölmiðlastofnun til þess að fylgja þeim eftir. Alþingi og stjórnarmeirihlutinn hér hefur kannski lýst efasemdum um það að byggja eigi miklar stofnanir í kringum þetta. Við vitum að hér hefur starfað útvarpsréttarnefnd. Hún var afar óburðug stofnun og er það kannski að hluta til ástæða þess að núverandi útvarpslögum þar sem ákvæði eru um fjölbreytni, lýðræðislega umræðu og sjálfstæði fjölmiðla, hefur ekki verið fylgt eftir.

En af hverju er það algjörlega útilokað að byggja upp slíka stofnun eins og gert hefur verið víða í Evrópuríkjunum þegar við höfum stofnanir eins og Samkeppnisstofnun? Við höfum Fjármálaeftirlitið og við höfum fleiri slíkar stofnanir sem fylgja eftir sérlögum um viðkvæm svið í þjóðfélagi okkar. Ég held að stjórnsýslan kringum það að fylgja eftir markmiðum sem við höfum verið að ræða hérna þurfi að vera vandaðri, betri og meiri en verið hefur ef menn ætla að ná fram þeim árangri sem þeir hyggjast ætla að gera með þessu frumvarpi.

Niðurstaðan er sem sagt sú að aðrar leiðir eru færar. Vægari leiðir eru færar. Skynsamlegri leiðir eru færar. Það eru leiðir færar sem líklegri eru til þess að ná markmiðum frumvarpsins sem hér er lagt til. Þess vegna er náttúrlega þyngra en tárum taki að ekki skuli hægt að fá um þetta umræðu við hagsmunaaðila og þá sem vinna í fjölmiðlunum, að ekki skuli hægt að vinna þetta þannig að sæmileg sátt náist um þetta, að ekki skuli hægt að setja hér heildarlöggjöf um fjölmiðla sem menn geti verið sáttir við þegar allir eru sammála markmiðunum en eru ósammála um leiðirnar og að þetta skuli vera svo hart rekið áfram að við sjálft líður að ríkisstjórnin liðist í sundur vegna þessa máls þar sem annar stjórnarðilinn, annar flokkurinn sem á aðild að þessu máli, er greinilega píndur til þess að fara fram með málið og hefur ekki rætt það efnislega á Alþingi, hefur engan áhuga á því að þetta mál nái fram að ganga í þeim búningi sem það er og virðist ganga afskaplega tregur til þessa verks. Nú er svo að sjá að ríkisstjórnin sé að missa tök á málum á Alþingi. Hún teflir hér öllu í óvissu og óróa í landinu og ekki er nema eðlilegt að forseti lýðveldisins telji ástæðu til að vera heima við slíkar aðstæður.

[14:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla í nokkrum orðum, ekki mjög mörgum, að reifa þrjú meginatriði sem ég tel vera. Í fyrsta lagi ætla ég að fjalla um stjórnarskrárþátt málsins, hann hefur talsvert verið ræddur. Síðan ætla ég að víkja að stöðu þess fyrirtækis sem málið snýst nokkuð um, Norðurljósa, sem vinnustaðar. Í þriðja lagi ætla ég að fjalla um meginmarkmiðið með frv.

Varðandi stjórnarskrárþáttinn höfum við stjórnarandstæðingar í þingsal talið mjög mikilvægt að efnt yrði til vandaðrar umræðu um þann þátt vegna þess að að sjálfsögðu eiga menn ekki að samþykkja lög sem stríða gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Í morgun kom efh.- og viðskn. saman til fundar til þess að fara í saumana á þessum þætti sérstaklega. Mér finnst hafa sannast þar hve mikilvægt er að gefa sér góðan tíma, gott svigrúm til umræðu um málið. Ég ber mjög mikla virðingu fyrir sannfæringu þeirra sem telja þetta ekki standast stjórnarskrá og eðlilegt að þeir vilji þar af leiðandi ekki samþykkja frv. Ég er hins vegar ekki í þeim hópi sjálfur. Ég hef ekki verið sannfærður um að málið stríði gegn stjórnarskrá Íslands og reyndar er ég þeirrar skoðunar að menn séu að ganga of langt í því, ekki aðeins núna heldur ef litið er til lengri tíma, að reisa lýðræðislegu valdi skorður, löggjafanum skorður. Menn eru farnir að líta á eignarrétt sem grundvallarmannréttindi og gera þar engan greinarmun á stærðarhlutföllum ef við getum komist svo að orði.

Ég spurði að því á nefndarfundi í morgun hvort eignarréttur væri absalútt stærð, svo ég sletti, eða relatíf stærð, svo ég sletti aftur. Er sama að skerða rétt minn til eigna, heimilis og minna persónulegu eigna, og að skerða rétt stórfyrirtækis sem hefur öðlast eignarhald á nánast heilu samfélagi? Gildir hið sama um það? Ég tel svo ekki vera. Á fundinum og í umræðunni hafa menn tekið á ýmsum þáttum stjórnarskrárinnar, eignarréttinum, athafnafrelsinu, tjáningarfrelsinu og það sem vekur athygli mína er að lögspekingar sem telja þetta ekki standast stjórnarskrá setja samasemmerki á milli eignarréttar og tjáningarfrelsis. Ég tel þetta vera mjög vafasama túlkun vegna þess að eignarrétti er hægt að snúa upp í andhverfu sína að þessu leyti og nýta til þess að takmarka tjáningarfrelsið, ekki aðeins auðvelda þeim sem á viðkomandi fjölmiðil að nýta tjáningarfrelsið.

Í mínum huga snýst þetta að hluta til um togstreitu sem er á milli löggjafarvalds, lýðræðis, og bisnesshagsmuna. Mín skoðun er sú að túlka stjórnarskrána almannavaldinu, lýðræðinu, í hag. Þess vegna hef ég ekki sannfærst um að frv. stríði gegn stjórnarskrá landsins en ítreka að ég ber mikla virðingu fyrir sjónarmiði þeirra sem telja svo vera. Að sjálfsögðu eiga þeir ekki að samþykkja lög sem að þeirra mati standast ekki stjórnarskrá, svo það komi skýrt fram. Þetta er mín persónulega skoðun sem hægt væri að hafa mörg orð um hér en ég ætla ekki að fara fleiri orðum um a.m.k. að sinni

Þá er það staða fyrirtækisins sem frv. snýst um og menn hafa svolítið rætt um það og einnig í samhenginu við umræðuna um stjórnarskrá, hvort þetta sé sértæk löggjöf sem snúi að einu fyrirtæki á sama hátt og menn ræddu um SPRON á sínum tíma. Þá komu einnig aldeilis furðulegar túlkanir, að mínum dómi, á stjórnarskrá. Menn töldu meira að segja að vegna þess að tiltekið fyrirtæki, þ.e. SPRON, eða stofnfjárfestar þar höfðu fengið tilboð í eign sína á markaði hefði stofnast eignarréttur á grundvelli tilboðsins. Þess vegna mætti ekki hrófla við því fyrirtæki eða setja lög sem snertu það fyrirtæki sérstaklega. Og eins eru menn að velta því fyrir sér hvort þessari löggjöf sé beint að tilteknu fyrirtæki. Ég held að við eigum að vara okkur í röksemdafærslu af þessu tagi vegna þess að í veruleikanum eru menn að sjálfsögðu að fást við tiltekin fyrirtæki. Þess vegna er verið að setja löggjöf. Þess vegna var sett löggjöf um Microsoft í Bandaríkjunum, þ.e. um einokun á sviði hugbúnaðar, í ljósi þeirrar yfirburðastöðu sem það fyrirtæki hafði öðlast. Almenn löggjöf getur því snúið að tilteknu fyrirtæki og mér finnst það ekki vera neitt heilagt, aldeilis ekki. Þess vegna er verið að setja löggjöf, vegna þess að það er að verða til hringamyndun.

En aftur að öðru atriðinu sem ég ætlaði að reifa, þ.e. stöðu þessa tiltekna fyrirtækis sem hefur verið að búa um sig í þjóðfélaginu, við fengum þær upplýsingar í efh.- og viðskn. og gerðum grein fyrir því í ræðustól og í viðtölum í fjölmiðlum að skuldsetning fyrirtækisins væri háskalega mikil. Samkvæmt fyrstu fréttum væru eignir lífeyrissjóðanna í skuldum og hlutafé, að verulega litlu leyti reyndar í hlutafé, 2 milljarðar, 2.000 milljónir, og þetta væru óveðtryggðar eignir. Síðan kom fram leiðrétting um að þessi þáttur væri minni, hann væri sennilega helmingi minni, þ.e. eignir lífeyrissjóðanna þarna inni, en eftir sem áður væru skuldir sem ekki hefðu veð í fyrirtækinu um 3 milljarðar. Þó að þessi þáttur lífeyrissjóðanna væri heldur minni en okkur var sagt upphaflega og við lýstum yfir, er heildarskuldbindingin sem ekki hefur veð á bak við sig hærri en við héldum eða um 3 milljarðar.

Þá er komið að því að fjalla um þátt sem ég tel skipta mjög miklu máli og það er vinnustaðurinn. Á þessum fréttamiðlum eru um 700 manns starfandi og um 1.200 einstaklingar sem bera út blöð. Þetta er stór hópur af fólki og við höfum ábyrgð gagnvart því fólki. Við höfum verið að reyna að grafast fyrir um hvaða afleiðingar samþykkt laganna mundi hafa fyrir þennan vinnustað eða þessa vinnustaði. Í ljósi þess að hér var sagt í ræðu í gær að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefðu breytt málflutningi sínum í tímans rás þá langar mig til að leiðrétta þann misskilning. Svo er nefnilega ekki. Ég gróf upp viðtal og skrif sem ég setti niður um mánaðamótin janúar/febrúar og í ljósi þess að við vorum sökuð um þetta langar mig til að vísa í þessi skrif í örstuttu máli. Í viðtali við Ríkisútvarpið, í hádegisfréttum 31. janúar, er ég spurður út í þennan samruna á fjölmiðlamarkaði og er haft eftir mér að fæðing nýs fjölmiðlarisa séu mikil tíðindi, ég segi að það sé dýrt að reka fjölmiðil og að því leyti sem samruninn styrki rekstur fyrirtækisins sé breytingin til góðs. Síðan er vísað í hverjir eigi þetta og svo segi ég orðrétt, með leyfi forseta:

„Og við skulum ekki gleyma því að það er ekkert séð fyrir endann á samþjöppunarferlinu þar." — Vísað í Baug og Feng. — „Við getum ekki gefið okkur að Morgunblaðið sé eilíft og ef nú svo færi að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi og markaðsvætt þá er sá möguleiki raunverulegur að eignarhald yfir öllum fjölmiðlum í landinu yrði í sömu höndum. Og í ljósi þessa þá hefur verið lagt til að fjölmiðlar og eignarhald verði skoðað af hendi löggjafans. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að besta leiðin og hugsanlega sú skynsamlegasta sé að tryggja öflugt og kraftmikið ríkisútvarp í eigu þjóðarinnar sem kjölfestu á þessu sviði og fagna því síðan þegar öðrum fjölmiðlum auðnast að treysta fjárhagsgrundvöll sinn."

Þetta var tilvitnun í viðtal í útvarpi og daginn eftir, 1. febrúar, birti ég opinberlega örstutta grein sem ég ætla ekki að lesa nema að litlu leyti en þar er fjallað um þennan samruna á fjölmiðlamarkaðnum undir regnhlíf Norðurljósa, þ.e. Fréttar, útgáfufélags Fréttablaðsins og DV og Íslenska útvarpsfélagsins sem rekur Stöð 2, Bylgjuna, Sýn o.fl. Þetta er fyrirtæki sem veltir um 10 milljörðum kr. og hefur fjölda starfsmanna í sinni þjónustu. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þarna eru mikilvægir fjölmiðlar að sameinast og að því leyti sem þetta kemur til með að styrkja rekstur þeirra er þessi breyting jákvæð og til góðs. Það er óhemju dýrt að reka góða vandaða fjölmiðla og það er mikilvægt að fjölmiðlar hafi mjög styrkar fjárhagslegar stoðir svo þeir geti framleitt gæðaefni. Nú er okkur sagt að rekstri þessara fyrirtækja verði haldið aðgreindum þannig að óljóst er að hvaða marki samruninn kemur til með að styrkja fjölmiðlana, að öðru leyti en því að „eigandinn" og þar með bakhjarlinn kann að styrkja sína stöðu. Vafalítið styrkir þetta þó fjölmiðlana óbeint.

Varðandi eignarhaldið þá eru um 60% í hinu nýja eignarhaldsfélagi tengd Baugi og Feng, aðilum sem eru orðnir firnasterkir og áhrifamiklir í íslensku atvinnulífi. Og það er ekkert séð fyrir endann á samþjöppunarferlinu þar. Það er ekki hægt að gefa sér að Morgunblaðið sé eilíft og ef nú svo færi að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi og markaðsvætt þá er sá möguleiki raunverulegur að eignarhald yfir öllum fjölmiðlum í landinu yrði á sömu höndum. Það væri mjög varhugaverð þróun og lýðræðinu beinlínis hættuleg. Í ljósi þessa hefur verið lagt til á Alþingi, að frumkvæði VG, að fjölmiðlar og eignarhald verði skoðað af hálfu löggjafans. Mikilvægt er að sú athugun fari fram.

Ég hef trú á því að afstaða margra komi til með að ráðast af örlögum Ríkisútvarpsins. Ég er þeirrar skoðunar að besta leiðin til að tryggja eðlilega þróun fjölmiðlunar í landinu sé að treysta í sessi öflugt og kraftmikið Ríkisútvarp í eigu þjóðarinnar, sem kjölfestu á þessu sviði og fagna síðan þegar öðrum fjölmiðlum auðnast að bæta fjárhagsgrundvöll sinn.

Með því að vísa algerlega á bug öllum hugmyndum um markaðsvæðingu Ríkisútvarpsins og með því styrkja og efla þá stofnun muni okkur takast að móta farveg fyrir framtíðarþróun sem sátt gæti skapast um."

Ég rifja þetta aðeins upp í tilefni af orðum sem féllu í umræðunni í gær. Það var hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sem taldi okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa uppi aðrar áherslur en við höfðum fyrr. Þetta er sem sagt frá því í lok janúar, um mánaðamótin janúar og febrúar. Síðan kemur þessi fjölmiðlaskýrsla og þar er á bls. 81, ef ég man rétt, reifuð þessi leið. Þar segir, ég ætla ekki að lesa hana upp, ég gerði það fyrr við umræðuna, en þar segir sem rökstuðningur fyrir þessari leið, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu, fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins, en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni. Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum."

Þetta var sú nálgun sem ég skýrði frá að hugnaðist mér best í lok janúar, um mánaðamótin janúar/febrúar, og er enn skoðun mín. Hins vegar, og ég legg áherslu á það, ef fallið yrði frá því að reka sterkt ríkisútvarp finnst mér ekki koma annað til greina en setja löggjöf um eignarhald eins og við erum að ræða hér, ekki endilega nákvæmlega á þessum nótum, en þá fyndist mér skapast þörf á slíkri lagasetningu. Ég hef hins vegar verið fullur efasemda eins og heyra má á þeim rökstuðningi sem þarna var settur fram. Síðan hef ég líka velt því fyrir mér, í ljósi meginmarkmiða sem skilgreind eru með frv., hvort við erum að fara réttu leiðina með þessu. Mig langar til lesa aðeins upp þessar fáu línur um meginmarkmiðin, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Frumvarpið er reist á almennt viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútímalýðræðisþjóðfélagi. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Í frumvarpinu er byggt á því að íslensk löggjöf eigi að vera til þess fallin að vernda þessa hagsmuni."

Undir þessi meginmarkmið skrifa ég algerlega. Spurningin er hins vegar hvernig því verði best náð. Ég hef velt því fyrir mér og gerði það t.d. í morgun á fundi efh.- og viðskn. þar sem stjórnarskrárþátturinn var ræddur, og þá fannst mér koma fram ýmis ágæt rök sem mér fannst sannfærandi á pragmatískum forsendum þó að ég sannfærðist ekki um að stjórnarskránni væri ógnað og þau eru þessi: Hvort er líklegra til að tryggja frelsi fjölmiðla, annars vegar að þeir séu reistir á ótraustum grunni og stöðugt í hættu að verða gjaldþrota eða hins vegar að þeir hvíli á styrkum, fjárhagslegum forsendum? Ég held að slíkur fjölmiðill standist betur áhlaupin. Slíkur fjölmiðill er líklegur til að búa við innra sjálfstraust, ráða góða starfsmenn, öflug starfsmannasamtök sem síðan verja hið frjálsa orð. Ég held hins vegar að fjölmiðill sem er stöðugt í hættu að verða gjaldþrota takist verr upp að þessu leyti þannig að stærð fjölmiðilsins getur skipt verulegu máli.

Þá kemur að þessu: Hvernig vildu menn helst að eignarhaldinu væri háttað? Ég held að allir mundu svara því þannig til, ég held að það sé enginn ágreiningur um það: Að það yrði sem dreifðast. Ég held að allir hljóti að telja það heppilegasta fyrirkomulagið. En hvernig stendur þá á því að menn vilja ekki drífa í því að setja lög um slíkt? Það er vegna þess að á Íslandi hefur það gerst á síðustu árum að aðeins örfáir einstaklingar hafa safnað nánast öllum auðnum í landinu á sínar hendur. Hvernig hefur það gerst? Það hefur gerst í gegnum kvótakerfið, þar hefur orðið geysileg samþjöppun á völdum og auð. Það hefur gerst með einkavæðingu. Við munum eftir því þegar Fjárfestingarbankinn var tekinn og einkavæddur, áður keyptu hann út eigendur Hagkaupa fyrir eina 3 milljarða til þess að koma þessari fjárfestingarhringekju í gang. Síðan munum við hvað gerðist með einkavæðingu bankanna, sem ég tel að hafi verið eitt versta spillingardæmi síðari tíma, þegar Framsfl. fékk því ágengt, eða ég held að hann eigi sök á því, að í stað þess að selja bankana á opnum markaði voru þeir fengnir í hendur svokölluðum kjölfestufjárfestum. Þeir keyptu 45,6% í báðum bönkum. Af hverju 45,6 í báðum? Af því að þetta voru helmingaskipti. Það átti að selja þá báða á 11,3 milljarða. Af hverju? Af því að þetta

voru helmingaskipti. Og þegar öðrum tókst að þrúkka niður verðið gilti hið sama um hinn bankann líka, og reyndar varð verðið endanlega miklu lægra. Eins og við munum voru þeir seldir í dollurum og gengisþróun varð á þann veg að verðið í íslenskri mynt lækkaði um tæpan milljarð. Síðan gátu þessir nýju herrar í bönkunum farið að bjóða gjafir á kostnað ríkissjóðs því að eitt ákvæðið í samningunum var á þá lund að ef skuldsetningin væri meiri en menn hefðu ætlað og ekki innstæða fyrir þeim skuldum, þá var ákvæði um að verðið yrði fært niður og ef það yrði gert hjá öðrum yrði það gert líka hjá hinum. Sú eign sem þessir aðilar fengu fyrir um 10 milljarða er núna metin á 25 milljarða.

Það er þessi þróun sem hefur verið að eiga sér stað í íslensku þjóðfélagi og það er þess vegna sem eignarhaldið á fjölmiðlum er líka að þjappast saman. Það er þess vegna sem við náum því ekki fram að dreifa eignarhaldinu eins og allir vildu gera. Þetta er samhengið, þetta er birtingarformið á því sem hefur verið að eiga sér stað í íslensku efnahags- og fjármálalífi. Við erum aðeins að taka á yfirborðinu og ef við gerum það á þann hátt að það grafi undan eða veiki fjölmiðlana — ég hef litlar áhyggjur af Baugi, það er farið að tala um Baug sem einhvern vesaling í þjóðfélaginu, sem á hálft efnahagskerfið, það er engin ástæða til að vorkenna Baugi, ekki nokkur — en við eigum að bera hag fjölmiðlanna og starfsfólksins fyrir brjósti og það er þess vegna sem við segjum: Það er ábyrgðarhluti að hrapa að lagasetningu sem stefnir lífi þeirra, fjölmiðlanna, og starfsöryggi starfsfólksins í tvísýnu. Það er þess vegna sem við segjum: Förum varlega. Og jafnvel þeir sem eru á því að setja eigi löggjöf af þessu tagi, þeir hugsi líka sinn gang, og þess vegna vildi ég fá að heyra það úr munni hæstv. forsrh. að vegna þess að lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en eftir tiltekinn tíma, tvö ár, hvers vegna getum við þá ekki orðið ásátt um það núna í ljósi alls þessa að skjóta afgreiðslu málsins á frest, gefa okkur sumarið til að fara betur í saumana á málinu svo þeir sem hafa áhyggjur af því að það stríði gegn stjórnarskrá geti skoðað það betur? Ég tel svo ekki vera. Ég hef skýrt frá því hvers vegna ég telji svo ekki vera, ég hef sannfærst um það eftir að hafa hlustað á lögspekinga fjalla um málið að svo sé ekki og vil ekki taka þátt í því að reisa löggjafarvaldinu og lýðræðinu of strangar skorður og fara að líta á réttindi bisnessfyrirtækja sem nánast heilaga ritningu, mér finnst það ekki. Ég vil túlka stjórnarskrána lýðræðinu í hag, en í ljósi þeirra álitamála sem vaknað hafa ber ég mikla virðingu fyrir sannfæringu þeirra sem eru á öndverðum meiði við mig hvað þetta varðar. Stjórnarskrána á að sjálfsögðu að taka alvarlega og við eigum að gefa okkur tíma til að skoða þessi mál.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Ég vildi í þessum fáu orðum gera grein fyrir meginsjónarmiðum sem hafa mótað afstöðu mína í málinu.

[14:31]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans hér og þær röksemdir sem hann var með í máli sínu. Ég stend þó upp til að vekja sérstaka athygli á því að hv. þm. nefndi að við meðferð málsins í þeim nefndum sem hann situr í og í umræðum um það, m.a. við lögspekinga, hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að frv. bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég tel mikilvægt að þetta komi hér fram og að menn átti sig á að þetta sjónarmið er komið fram frá einum talsmanni stjórnarandstöðunnar, og þetta viðhorf, því það stangast á við það sem sagt var í morgun af talsmönnum Samf., og þær orðræður sem ég átti við þau hér í morgun.

Ég tel mikilvægt að þetta sjónarmið er komið hér fram, að hv. þm. Ögmundur Jónasson segir að eftir að hann hlýddi á lögspekinga, m.a. í efh.- og viðskn., hafi hann komist að þeirri niðurstöðu að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrá.

[14:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þeir lögspekingar sem komu fyrir nefndina kynnu mér litlar þakkir ef þessi túlkun yrði ofan á. Þeir voru, a.m.k. tveir af þremur, á öndverðum meiði og vildu sannfæra okkur um að frv. bryti í bága við stjórnarskrá landsins. Ég er einvörðungu að lýsa minni skoðun. Þetta er sjónarmið mitt, mín skoðun en ekki annarra. Ég er einvörðungu að tala fyrir sjálfan mig hvað þetta snertir.

[14:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg augljóst að það er skoðun þingmanna sem ræður í þingsal en ekki einhverra manna utan þingsalarins. Það hefur komið fram að hv. þm. er þeirrar skoðunar að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Þótt hann hafi hlustað á tvo lögspekinga í efh.- og viðskn. segja eitthvað annað hefur hann komist að annarri niðurstöðu. Þetta er nákvæmlega sama niðurstaða og ég hef komist að í þessu máli og þeir sem hafa um þetta fjallað í meiri hluta allshn. Alþingis.

Ég ítreka bara þakkir mínar til þingmannsins fyrir að lýsa þessari skoðun hér. Ég tel hana mikilvægt framlag til þessarar málefnalegu umræðu sem við eigum í um málið.

[14:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þrír lögspekingar komu fyrir nefndina. Einn þeirra var ekki með neinar efasemdir uppi varðandi stjórnarskrána. Hinir tveir voru með uppi mjög eindregin varnaðarorð. Ég hef hins vegar grun um að þótt þeir hefðu allir haft uppi varnaðarorð hefðu þeir ekki sannfært mig í þessu máli vegna þess að ég hef verið að skoða þá þróun sem á sér stað í túlkun á eignarrétti sem grundvallarmannréttindi sem í engum tilvikum megi hrófla við. Ég er ekki á þeirri skoðun.

[14:34]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Það hefur verið um margt fróðlegt fyrir ungan þingmann eins og mig að fylgjast með þeim umræðum sem átt hafa sér stað á Alþingi um þetta mál, hið svokallaða fjölmiðlafrumvarp sem einstakir þingmenn hafa talið eitt hið stærsta og merkilegasta sem komið hefur fram á Alþingi, og mikilsverðasta, í langan tíma.

Það hefur verið þannig í umræðunni að við, stjórnarliðar og nefndarmenn í allshn., höfum verið sökuð um að keyra málið í gegn með miklu hraði og sökuð um að vilja ekki gefa okkur tíma til að ræða efnislega um það. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt, við höfum setið á þingi í marga daga og fjallað um málið og reynt að gera það efnislega, a.m.k. við sem erum í stjórnarliðinu. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa hins vegar kosið að fara aðra leið og hafa sett hér á langt málþóf sem þau eru reyndar nú á göngum þingsins farin að neita en hver maður sem hefur fylgst með umræðunni sér að þegar stjórnarandstöðuþingmennirnir eru farnir að halda

ræður sem telja langt upp í 200, einungis um fundarstjórn forseta og fjalla í samhengi við fjölmiðla um búvörusamninginn frá 1985, fiskveiðistjórnarkerfið og aðra þætti sem koma málinu ekkert við, er um málþóf að ræða.

Menn hafa einnig gengið svo langt að lesa þær umsagnir sem bárust vegna málsins aftur og aftur og trekk í trekk úr ræðustól Alþingis og vitna í löngu máli í greinar og jafnvel hóta því að lesa upp heilu bækurnar úr ræðustól Alþingis. Menn hafa forðast að ræða málið efnislega og fyrst og fremst rætt um formsatriði og málsmeðferð. (**EKH:** Þetta er ekki satt.) Jú, þetta er laukrétt, hv. þm. Einar Karl Haraldsson, sú er staðreyndin og það sjáum við á þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar.

Það er reyndar rétt að sumir þingmenn hafa fjallað efnislega um málið en hins vegar er sorglegt að sjá stjórnmálamenn sem telja sig vera þungavigtarmenn í stjórnmálum taka pólitíska u-beygju vegna mála eins og þess sem hér er til umfjöllunar. Það er sorglegt að sjá heilu stjórnmálaflokkana taka algjörlega öfugan kúrs við það sem þeir hafa áður sagt um eignarhald í fyrirtækjum og á ýmsum sviðum atvinnurekstrarins.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samf., er einn af þessum þingmönnum. Hann sagði þann 30. október 2001, með leyfi forseta:

„... eins og málin eru að þróast á fjölmiðlamarkaði í dag gæti það með vissum hætti styrkt aðra kima fjölmiðlamarkaðarins og það er nauðsynlegt til þess að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Hún er ekki nógu sterk í dag, m.a. út af því hvernig þróunin er á fjölmiðlamarkaðnum þar sem við sjáum að allt hnígur í átt að vaxandi samþjöppun."

Sami virðulegi formaður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagði þann 19. maí 2001, með leyfi forseta:

„... þá er ekki bara blokkamyndun til staðar í atvinnulífinu heldur eru nýjar blokkir að hreiðra um sig m.a. í afþreyingariðnaði. Ég spurði hæstv. ráðherra áðan hvernig stæði á því að ekki er tekið á þeim iðnaði. Af hverju er t.d. ekki blokkarinnar í kringum Norðurljós að nokkru getið?"

Það þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um það að í þeirri umræðu sem hér hefur staðið yfir síðustu daga hefur kveðið nokkuð við annan tón í málflutningi formanns Samf. en gerði árið 2001. Það sama má segja um aðra þingmenn annarra stjórnarandstöðuflokka. Það er ótrúlegt að sjá þingmenn Vinstri grænna og Frjálsl. sem hafa mælt fyrir dreifðri eignaraðild, hvort sem er á fjölmiðlum eða annars staðar, hrökkva undan og vera ekki tilbúna til að taka undir efnisatriði frv. sem mælir sérstaklega fyrir um það sem þeir hafa áður predikað.

Menn hafa talað um að í þessari umræðu hafi verið farið út fyrir velsæmismörk og menn hafi verið hvattir til að gæta hófs í umræðunni, nú síðast í morgun. Menn beindu spjótum sínum að hæstv. forsrh. Ég verð að segja að hafi einhver gengið langt í persónulegum óhróðri gagnvart einstökum þingmönnum og hæstv. ráðherrum er það formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem fór hér mikinn í ræðustól í gær og sýndi ekki bara forsrh., heldur okkur þingmönnum og Alþingi mikla vanvirðu. Það er ótrúlegt að þingmenn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og aðrir þeir sem komu í ræðustól í morgun skuli ekki víkja að þessu atriði þegar þeir gera tilraun til að tukta einstaka menn til og geta þess í engum orðum hvernig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór með málfrelsi sitt hér í ræðustól Alþingis til að veitast að forsrh. (Gripið fram í.)

Það er svo margt hægt að segja um frv. og þær umræður sem hér hafa farið fram efnislega. Ég ætla líka að gera það enda hafa hv. þm. í stjórnarandstöðunni hvatt okkur stjórnarliða til að koma hingað upp. Þeir hafa raunar kvartað yfir því að við höfum ekki tekið nægan þátt í umræðunni. Ég ætla að verða við því í þetta skiptið að ræða við þá efnislega og jafnframt um málsmeðferðir og ætla að koma að nokkrum atriðum, a.m.k. í þessari ræðu. Það getur vel verið að ég geri frekari grein fyrir sjónarmiðum mínum ef ég tel ástæðu til í seinni ræðu minni, telji ég eitthvað vera ósagt.

Menn hafa talað mikið um málsmeðferðina í þessu máli. Það hefur verið talað um að frv. sem hér er til umræðu sé ekki almenns eðlis, hér sé verið að lögfesta sértæk lög, lög sem beinast gegn einu fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði. Ég er ekki sammála því að svo sé. Ég hef bent á það í andsvari áður að frv. varðar ekki bara það fyrirtæki sem hér er oftast nefnt, Norðurljós hf., heldur fleiri fyrirtæki, eins og Árvakur sem gefur út Morgunblaðið, Framtíðarsýn sem gefur út Viðskiptablaðið og Íslenska sjónvarpsfélagið sem rekur sjónvarpsstöðina Skjá 1. Ég er efnislega ósammála því að hér sé um sértæk lög að ræða.

Gefum okkur samt, rökræðunnar vegna, að svo sé. Gefum okkur að þetta frv. feli í sér sértækar reglur. Stjórnarandstæðingar hafa lýst því yfir, þar á meðal hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem kom svo óvænt inn á þing um leið og frv. kom hér til umræðu, að það sé stefna Samf. að vera á móti slíkum lögum, móti sértækum lögum sem koma einungis við eitt fyrirtæki. Þá hlýt ég að spyrja á grundvelli þeirra forsendna sem ég lagði fram áðan: Hvað hefur breyst varðandi stefnu Samf., Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl. gagnvart slíkum lögum? (**ÖS:** Hvað með stefnu Sjálfstfl.?) Nú er það svo, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það er ekki lengra síðan en í febrúarmánuði sl. að við ræddum hér frv. til laga sem vörðuðu eitt fyrirtæki, Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, og það varðaði ekki bara eitt fyrirtæki, það varðaði í rauninni einn löggerning. Hvar stóðu Samf. og aðrir stjórnarandstöðuflokkar í því máli? (Gripið fram í.) Það mál var keyrt hér í gegn á tveimur sólarhringum. Samf. öll, að undanskildum einum þingmanni, greiddi atkvæði með því frv. Það gerði Vinstri hreyfingin – grænt framboð einnig og Frjálsl. Þá var ekki verið að setja út á málsmeðferðina, að málið væri keyrt í gegn á miklum hraða. Þá var ekki verið að kalla eftir lögfræðilegum álitsgerðum frá Evrópuráðinu, Evrópustofnun Háskólans í Reykjavík, vestan úr Háskóla Íslands eða verið að setja út á málsmeðferðina. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvað hefur breyst? Hvað hefur breyst í stefnu þessara flokka? Getur verið að þessir flokkar hafi breytt um kúrs og haldi því nú fram að það sé bannað að setja lög sem hafi sértæk áhrif? (**Gripið fram í:** ... Pétur ...) Getur verið að það skipti máli um hvaða fyrirtæki er að ræða? Getur verið að það skipti máli? Getur verið að það skipti máli fyrir hv. þingmenn þessara stjórnmálaflokka að í þetta skiptið er verið að fjalla um Norðurljós hf. en ekki SPRON? Skipti það engu máli á þeim tíma, í febrúar, að verið var að keyra í gegnum Alþingi frv. til laga sem vísaði á SPRON en þegar málin fóru að snúast um annað fyrirtæki kom annað hljóð í strokkinn?

Það væri gaman að fá hv. þm., formann Samf. Össur Skarphéðinsson sem hér er í salnum, til að upplýsa mig um þetta. Ég varpaði þessari spurningu fram við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrr í umræðunni, fyrir nokkrum dögum, og einu svörin sem ég fékk frá þeim hv. þm. voru

þau að hún gæti ekki svarað þessum spurningum vegna þess að hún hefði ekki verið á þingi á þeim tíma, þingmaður sem er varaformaður Samf. og hefur ekki legið á liði sínu hingað til við að skýra afstöðu Samf. til einstakra mála eða sín persónulegu sjónarmið varðandi einstök atriði sem ríkisstjórnin og aðrir stjórnmálaflokkar standa fyrir. Það væri ágætt að fá svar við sömu spurningum frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, formanni Frjálsl.: Hvað hefur breyst hjá honum og flokki hans? Og hvað segir hv. þm. Jón Bjarnason um þetta mál og aðkomu Vinstri grænna að því? Hvað hefur breyst hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði? Ég varpa þessari spurningu til hans úr því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur, að því er virðist, horfið af yfirborði jarðarinnar eftir að hann lét svo ómakleg orð falla hér í gær um hæstv. forsrh. (**ÖJ:** Hvað sagði hann?) Hvernig stendur á því að fjölmiðlar hafa ekki vakið athygli á þessu máli? Hvernig stendur á því að fjölmiðlar hafa engan áhuga á því að þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi, stjórnarandstöðuflokkarnir, hafa tekið algjöra pólitíska u-beygju, í því máli sem hér er til umfjöllunar annars vegar og í SPRON-málinu hins vegar? Af hverju hafa fjölmiðlarnir engan áhuga á því að spyrja fyrirsvarsmenn þessara flokka út í þá stefnubreytingu sem augljóslega hefur orðið á þeirri stefnu?

Maður hlýtur að spyrja sig þessarar spurningar sem er mjög eðlileg. Af því að ég vék að fjölmiðlum og því hvernig meðferð þeirra á þessu máli hefur verið má í sjálfu sér segja margt um þá fjölmiðlaumfjöllun sem dunið hefur á þjóðinni og okkur þingmönnum og hæstv. ráðherrum á síðustu dögum. Maður hlýtur að spyrja sig og velta fyrir sér í hvaða stöðu blaðamenn séu þessa dagana, sérstaklega blaðamenn tiltekins fyrirtækis, Norðurljósa. Hvernig geta þeir, blaðamenn sem þar eru, í ljósi yfirlýsinga eigenda félagsins fjallað hlutlaust um það mál sem hér er til umfjöllunar? Í hvaða stöðu eru þessir blaðamenn settir þegar frv. er lagt fram og eigendur fyrirtækisins lýsa því yfir að frv. sé ótækt, þeim verði öllum sagt upp, eigendurnir tapi 3–4 milljörðum á frv., bankar muni gjaldfella öll lán o.s.frv.? Í hvaða stöðu eru blaðamenn þessara miðla eftir slíkar yfirlýsingar? Þeim er að sjálfsögðu vonlaust að fjalla hlutlaust um það mál sem hér er til umfjöllunar. Við sáum bara skýrt dæmi um það í gær, í fréttum Bylgjunnar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stóð hér í ræðustól Alþingis og úthúðaði hæstv. forsrh., kallaði hann gungu og druslu. (**ÖS:** Hvernig tók Mogginn á því?) Kallaði hann gungu og druslu. Í næsta fréttatíma Bylgjunnar var greint frá því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði farið mikinn hér í ræðustól og skammað forsrh. Hluti ræðu þingmannsins var spilaður í fréttatímanum og fréttamaðurinn sem var með fréttina bætti því síðan við eftir að spiluninni var lokið að hv. þingmaður hefði, auk þess sem kom fram í upptökunni, kallað forsrh. gungu. Það var ekkert getið um það að hv. þingmaður hefði notað hitt orðið um hæstv. forsrh. Hvernig stendur á þessu? Jú, ástæðan hlýtur að vera sú að starfsmenn og blaðamenn þessa fyrirtækis eru settir í þá stöðu að þeir geta ekki tekið hlutlausa afstöðu til þessa máls.

Það skyldi þó ekki vera að formaður Blaðamannafélagsins hafi beitt sér í málinu og náð eyrum þessa tiltekna fréttamanns? Hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir því sem fram kemur í tölvupósti hans sem hefur farið eins og eldur í sinu um allan fjölmiðlaheiminn. Auðvitað er þessi staða ótrúleg og raunar ópolandi.

Það er gömul saga og ný að þegar menn eru að reyna að ná fram einhverjum markmiðum í viðskiptum beita þeir starfsmönnum sínum fyrir sig. Ég vil segja að ég tel að stjórnendur Norðurljósa hafi gert það í þessu tilviki. Þeir hafa stillt starfsfólki sínu upp við vegg eins og reyndar forustumenn í starfsmannafélagi þeirra lýstu fyrir allshn. þegar þeir komu til fundar við nefndina. Ég rakti það áðan að því hefði verið haldið fram að bankar mundu gjaldfella lán Norðurljósa. Þessu hafa stjórnendur Norðurljósa haldið fram en ég kannast ekki við að neinn maður hafi komið frá bönkunum, frá þeim sem veittu lánin, og upplýst að þessi lán yrðu gjaldfelld. (Gripið fram í.) Ég spurði líka hvort einhverjum starfsmönnum hefði verið sagt upp. Það kom fram í fréttum útvarpsins að 700 starfsmönnum Norðurljósa yrði sagt upp. Það kom fram í máli stjórnenda Norðurljósa að engum hefði verið sagt upp. Það hefur líka komið fram að félmrn. hefur ekki verið tilkynnt um neinar slíkar uppsagnir.

Það hefur jafnframt komið fram að eigendur Norðurljósa muni tapa 3–4 milljörðum verði frv. að lögum. Við í allshn. spurðum stjórnendur Norðurljósa á fundi allshn. í hverju tapið væri fólgið, hvaða þættir í starfsemi þeirra mundu leggjast niður. Þá kom í ljós að blöðin gætu líklega starfað áfram, óbreytt, sjónvarpsstöðvarnar skiluðu hagnaði og mundu gera það áfram en það væri álitamál varðandi útvarpsmiðlana. Þegar spurt var hvaða samlegðaráhrif fælust í því að renna öllum þessum miðlum saman undir einn hatt Norðurljósa varð fátt um svör. Þó var tiltekið að fram næðist tiltekin rekstrarhagræðing og sérstaklega tilgreint að þessi fyrirtæki sem áður voru ekki undir sama hatti en eru það nú gætu verið með sama endurskoðanda í rekstri sínum, og þeir væru eins og kunnugt væri mjög dýrir, eða þjónusta þeirra.

Það varð því fátt um svör þar.

Menn hafa í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram skautað fram hjá meginefni frv. Það hefur algjörlega farist fyrir að ræða um meginefni frv. Hvert er meginefni þess? Það er að dreifa eignarhaldi í ljósvakamiðlun. Meginreglan er sú að aðilar sem hafa áhuga á því að standa í slíkum rekstri mega eiga 25% hlut í slíkum fyrirtækjum. Á þeirri meginreglu er gerð undantekning. Hún er sú að fyrirtæki sem eru í markaðsráðandi stöðu og velta tveimur milljörðum mega einungis eiga 5%. Menn hafa skautað fram hjá þessum meginatriðum frv. en hins vegar hefur þó komið fram í umræðunni að allir eru sammála um að tryggja beri fjölbreytni í eignarhaldi. Menn hafa líka kappkostað að líta fram hjá þeim brtt. sem allshn. hefur gert við frv. og forðast að taka afstöðu til þeirra. Það væri gaman að heyra hvort hv. þm. stjórnarandstöðunnar séu hlynntir brtt. sem gerðar voru. Eru þau hlynnt því að rýmka þau skilyrði sem koma fram í brtt.? Eru þau hlynnt því að framlengja útvarpsleyfi Bylgjunnar um 1 $^1/_2$ ár? Úr þessu hefur afar lítið verið gert. Þetta eru samt meginbreytingar á frv., grundvallarbreytingar. Það eru líka prinsippbreytingar sem felast í því að afmarka hinn takmarkaða eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja við fyrirtæki sem eru með yfir 2 milljarða í ársveltu. Þetta þýðir að takmörkunin nær ekki til 100 stærstu fyrirtækja landsins eins og hv. þm. Gunnar Örlygsson hélt fram í ræðu í gær, heldur miklu færri fyrirtækja. Af þessum 100 fyrirtækjum eru ekki nærri öll í markaðsráðandi stöðu. Þetta þýðir að flest fyrirtæki sem starfa á markaði geta fjárfest í þessum fyrirtækjum.

Það væri ágætt að fá afstöðu hv. þingmanna til þessara brtt., efnislega afstöðu til þeirra. Það hefur algjörlega skolast til í umræðunni að taka brtt. til efnislegrar umfjöllunar.

Því hefur verið haldið hér fram, og það verður meginefnið í ræðu minni, að ríkisstjórnin, stjórnarflokkarnir og þingmenn stjórnarflokkanna brjóti með þessu frv. gegn stjórnarskrá og vegi að mikilvægum mannréttindum. Því hefur meira að segja verið haldið hér fram að verið sé að gera það vísvitandi og að við sem sitjum í hv. allshn. höfum ekki gefið gaum að þeim álitamálum sem beint hefur verið að okkur varðandi þau atriði. Því hefur verið haldið fram að frv. feli í sér skerðingu á tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég mótmæli því að svo sé, ég mótmæli því að við höfum ekki gefið gaum þeim ábendingum sem fram hafa komið varðandi álitaefni í þessum atriðum. Ég benti á að meiri hluti allshn. hefur gert mjög efnislega grein fyrir því hvers vegna meiri hlutinn telur að frv. standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Þetta kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans.

Ég vil líka benda á að skýrsla fjölmiðlanefndarinnar fjallar um þessi mál, nokkuð ítarleg, og komið hefur fram að frv. sé innan marka þess sem fram kemur í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar. Ég mótmæli því að ég, sem þingmaður, hafi brotið gegn þeim eið sem ég skrifaði undir þegar ég settist inn á þing. Algjörlega, ég mótmæli því og vísa slíkum áburði til föðurhúsanna og leyfi mér að vísa til þeirrar miklu umfjöllunar sem fram kemur um þessi efni í nefndaráliti okkar úr allshn.

Ég vil hins vegar nefna að þegar menn tala um stjórnarskrá og mannréttindi — hér hafa verið haldnar miklar ræður um þessi atriði — hefur mér fundist sumir hv. þm. fara út af sporinu í því sambandi. Menn verða nefnilega að átta sig á því að umræðan um mannréttindi og þær greinar stjórnarskrárinnar sem ég nefndi áðan og hafa verið til umræðu haldast í hendur. Fræðimenn hafa fjallað um það að þegar menn ræða mannréttindi og vernd þeirra eigi slík vernd að vera almenn og ná til almennings fyrst og fremst en slík vernd á ekki að vera sértæk. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt hér langa fyrri ræðu í 2. umr. og vék að hugtaki sem ég hef ekki heyrt áður en hún kallaði frekjufrelsi. Hún gerði grein fyrir því hvað fælist í því hugtaki, frekjufrelsi.

Mig langar til að víkja aðeins að slíku frekjufrelsi. Menn hafa, kannski helst þingmenn stjórnarandstöðunnar, þar á meðal hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, haldið því fram að Sigurður Líndal, minn gamli kennari og ágæti, hafi haldið því fram að frv. sem við erum að ræða hér brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindin. Sigurður Líndal skrifaði nefnilega grein í tímaritið Skírni eftir að breytingar voru gerðar á stjórnarskránni árið 1995. Þar fjallar hann um stjórnarskrá og mannréttindi. Ég tel rétt að víkja aðeins að því sem stendur í þessari grein vegna þess að það er hollt fyrir þá sem hafa haft sig mest í frammi í þessari mannréttinda- og stjórnarskrárumræðu að hlýða á þá lesningu. Mér þykir reyndar slæmt að því leyti að hvorki hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir né hv. þm. Össur Skarphéðinsson eru í salnum vegna þess að þessir tveir þingmenn hafa talað svo fjálglega um þessi mál. Þeim væri hollt að hlýða á hvað Sigurður Líndal segir um mannréttindi og það að mannréttindi eins rekist á mannréttindi annars. (**Gripið fram í:** 1995?)

Í greininni segir Sigurður, með leyfi forseta:

„Nú ganga mannréttindi ekki til einnar áttar, heldur margra; réttindi eins rekast iðulega á réttindi annars. Málamiðlun er því nauðsynleg, svo sem marka má af mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Með þeim er ríkisvaldi heimilað að skerða tiltekin réttindi til þess að tryggja önnur. Við ítrekaða áherslu á óumdeild réttindi er hætt við að þessu sé ekki gaumur gefinn; áherslan flyst á einn þátt réttinda, en ekki skeytt um aðra og sá hefur sitt mál sem freklegast framfylgir þeim réttindum sem hagsmunum hans henta. Afleiðingin verður að þröngir hagsmunir einstakra manna og hópa stýra að miklu leyti allri mannréttindaumræðu og mannréttindabaráttu."

Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er kominn í salinn. Sigurður heldur áfram um mannréttindi. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þegar fjallað er um mannréttindi ber að gefa hagsmunasamtökum gaum og þá sérstaklega stéttarfélögum. Þau njóta verndar umfram annan félagsskap í mannréttindasáttmálum og stjórnarskrárgreinum þótt nú um stundir höggvi fá eða engin samtök nær mannréttindum, a.m.k. hér á landi. Réttur manna til að stofna og starfrækja stéttarfélög gengur þannig framar rétti manna til að standa utan þeirra. Rétti stéttarfélaga til að framfylgja kjarakröfum með verkföllum er framfylgt þannig að því er enginn gaumur gefinn hvers konar hagsmuni er verið að verja. Í skjóli verkfallsréttarins leyfist einum hópi launþega — jafnvel þeim sem best er launaður — að stofna atvinnuöryggi annarra launþega í hættu og svipta þá rétti til vinnu. Og verkföllum er ekki beint gegn hagsmunum sem bundnir eru við fjármuni. Með þeim er ráðist á rétt skólanemenda til menntunar, á rétt sjúklinga, öryrkja og gamalmenna til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu. Með verkföllum er jafnvel ógnað grundvelli stjórnskipunar landsins. Kennarar sem áttu í verkfalli 17. febrúar til 28. mars 1995 hótuðu að hindra afnot af skólastofum með þeim rökum að gengið væri inn á verksvið þeirra með því að búa skólastofur til kosninga. Rafiðnaðarmenn höfðu við orð að stöðva útsendingar útvarps og sjónvarps fyrir kosningar 8. apríl 1995 ef til verkfalls kæmi. Samkvæmt því víkja meginreglur stjórnskipunarinnar fyrir verkfallsréttinum.

Rithöfundar og blaðamenn krefjast tjáningarfrelsis eins og vænta má og eðlilegt er og fylgja þeim rétti svo fast eftir að honum er skipað hærra en rétti manna til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, auk þess sem dregið hefur verið úr æruvernd þeirra sem sinna störfum í almannaþágu.

Vernd eignarréttar og atvinnufrelsis ræðst mjög af því hvaða hagsmunasamtök eru til varnar. Því öflugri og áhrifameiri sem samtök eru þeim mun betur eru þessi mannréttindi tryggð. Þannig sýnir reynslan að mannréttindi hins sterka eru betur tryggð en hins sem minna á undir sér; réttur hins almenna þjóðfélagsþegns, t.d. neytandans, er þá oftast fyrir borð borinn. Hinn ófyrirleitni þrýstihópur er skilgetið afsprengi réttindagreinanna."

Sigurður heldur áfram:

„Í stuttu máli: Í skjóli réttindagreinanna ganga skýrt afmarkaðir tímabundnir sérhagsmunir fyrir almannahagsmunum, hagsmunir hins sterka framar hagsmunum hins veika, hinn háværi og aðgangsharði fær áheyrn meðan ekki er hlustað á hinn hógværa sem lítið á undir sér.

Einn þáttur þessarar réttindabaráttu er að sífellt fleiri atvinnustéttir binda störf sín svo mjög við einkahagsmuni sína að helst er að sjá sem stéttirnar vinni einvörðungu í eigin þágu, en ekki í þágu hinna sem verka eiga að njóta. Þolendur verkfalla eru þá þeir sem háðir eru framkvæmd starfa, þar á meðal aðrir launþegar, og nú á síðari árum sjúklingar, gamalmenni og skólanemendur. „Atvinnurekandinn" er fjarverandi."

Svo heldur Sigurður Líndal, sem menn hafa vísað til sem þess fræðimanns sem styður hvað helst málstað stjórnarandstöðunnar í þessu máli (Gripið fram í.) — ég vísa sérstaklega til þess að ég óska eftir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlýði á þennan kafla í grein Sigurðar. (**ÖS:** Á ég að koma og vera í púltinu hjá þér?) Nei, nei, þú þarft ekkert að koma hér og vera í púltinu hjá mér en ég legg til að þú leggir við hlustir, hv. þingmaður.

„Afleiðing þessa misvægis hagsmuna verður þá sú að þeir sem láta sig mannréttindi almennt varða missa heildarsýn og ganga sérhagsmunahópunum á hönd, vitandi og óafvitandi, en tækifærissinnaðir stjórnmálamenn elta hópana á víxl í von um stundarfylgi. Þannig þoka almannahagsmunir smám saman fyrir sérhagsmunum og ríkisvald sem á að gæta almannaheilla missir mátt til að verjast þessum ágangi og miðla málum milli hinna ólíku hagsmuna, ekki síst að rétta hlut þeirra sem minnst eiga undir sér. Almenn mannréttindi verða sérréttindi þeirra sem hafa völd og áhrif; mannréttindin snúast upp í andhverfu sína.“ (**BH:** Þetta er Sjálfstfl. bara. Er það ekki ...?) (**Gripið fram í:** Baugur?) (**Gripið fram í:** Sjálfstfl.) (**BH:** Sjálfstfl. ...)

Svo mörg voru þau orð. (**ÖS:** Ertu að skrifa um Sjálfstfl.?) (**BH:** Já.) Sigurður Líndal fjallar áfram í þessari grein sinni um mannréttindi og mikilvægi þess að þau nái til almennings en séu ekki sértæk. Hann segir hér áfram og nú fer lesningunni að ljúka, fyrir þá sem hlýða á. (**BH:** Ertu í málþófi?) Hann fjallar um mannréttindahugtakið og það að réttindagreinar megi ekki vera almenns eðlis og almennar, þ.e. hættuna sem af því stafar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Annars vegar svipta slík ákvæði mannréttindahugtakið merkingu og greinarnar verða máttlausar. Hins vegar ýta þær undir almennt tómlæti um ábyrgð og skyldur. Réttur til að njóta frelsis verður réttur til yfirgangs. Réttur til menntunar verður að rétti til námslána, rétti til að komast gegnum skóla og rétti til prófgráðu. Réttur til félagslegrar aðstoðar verður að rétti til hóglífis. Réttur til heilbrigði verður að rétti til að vera „veikur“.

Varla getur leikið vafi á því að ítrekuð áhersla á óumdeilanleg réttindi sé til þess fallin að ýta undir einhliða kröfugerð og sinnuleysi um skyldur og þá er skammt að bíða uns sérréttindi nái yfirhöndinni. Á þessari braut verður nú sennilega ekki komist öllu lengra að sinni, enda bendir margt til að réttindakröfuþjóðfélög Vesturlanda séu að þrotum komin og velferðarkerfi þeirra að bresta. Hér er vert að gefa því gaum að hvers konar misrétti fer vaxandi á Vesturlöndum, meðal annars í launum og öðrum lífskjörum, þrátt fyrir hvern mannréttindasáttmálann á fætur öðrum.“ — (**GÁS:** Málþóf?) — „Þetta styrkir þá ályktun að sú ofuráhersla sem lögð hefur verið á „réttindi“ýti eins og nú er komið undir misskiptingu auðs og hvers konar aðstöðumun í þjóðfélaginu. Þetta er önnur ástæða fyrir því að fjölgun réttindagreina — hvort heldur þær lúta að frelsisréttindum eða félagslegum réttindum — og vaxandi áhersla á þær er ekki einungis óæskileg, heldur háskaleg. Réttindagreinarnar eru farnar að vinna gegn mannréttindum.“

Maður veltir því fyrir sér þegar maður les þessa grein Sigurðar Líndals um stjórnskipun og mannréttindi hvort það sé ekki einmitt þessi barátta sem ég hef fjallað um sem hið svokallaða frekjufrelsishugtak hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fjallar um. Ég tel að við eigum að varast slíkt frelsi, við eigum að varast hið svokallaða frekjufrelsi. Ég tel að almenn mannréttindi megi ekki verða að sérréttindum einstakra aðila.

Þá komum við að frv. sem hér er til umræðu. Það er lagt fram með það að markmiði að tryggja mannréttindi fjöldans, tryggja mannréttindi almennings, tryggja það að allir geti tekið þátt í rekstri ljósvakamiðla en ekki einungis fáir. Frv. byggir á þeim sjónarmiðum sem fram koma í grein Sigurðar Líndals og ég tel að þeir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem mest hafa farið hér í þessari umræðu ættu að taka þau til sín og endurhugsa þann málflutning sem hér hefur farið fram á grundvelli stjórnarskrár og mannréttinda.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en það má vel vera að ég geri frekari grein fyrir sjónarmiðum mínum ef ég sé ástæðu til þess að halda hér aðra ræðu um málið.

[15:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fróðlegt að vita að einungis tveir þingmenn sem eru í stjórnarliðinu til viðbótar geta fellt þetta frumvarp. Að öllu óbreyttu hefði maður haldið að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gæti hugsanlega verið annar þeirra. Það er rétt að minna aðeins á hvað hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði í tímaritinu Lagakrókum fyrir einungis þremur árum. Hann er spurður: „Eiga samkeppnislög rétt á sér?“ Svar hv. þm. er: „Nei. Ef aðili á markaði níðist á neytendum eða öðrum aðilum á markaði þá eiga markaðslögmál að fá að leiðrétta slíkt en ekki eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera.“ Hann er spurður hver viðurlögin við brotum á samkeppnislögum eigi að vera? Svar hv. þm. er: „Þar sem ég er mótfallinn samkeppnislögum þá tel ég viðurlög eigi engin að vera.“ Núna er þessi sami þingmaður að stuðla að einni ströngustu löggjöf á sviði fjölmiðlamarkaðar sem þekkist á Vesturlöndum. Mig langar gjarnan að fá svar fyrir þessari algjöru kúvendingu á afstöðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar á ekki skemmri tíma en þetta.

[15:12]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að fá þessa spurningu. Það hefur ekki orðið nein kúvending á mínum sjónarmiðum varðandi samkeppnislög þrátt fyrir að þetta frumvarp hafi verið lagt fram. Það er nefnilega þannig að við sem tengjum okkur við frjálshyggju erum almennt mótfallnir (Gripið fram í.) samkeppnislögum á þeim markaði sem er frjáls og þar sem engar aðgangshamlanir eða skortur á til dæmis náttúruauðlindum er til staðar sem hamlar því að menn geti komist inn á markaðinn. Á markaði sem er frjáls og fullkominn tel ég því að engar samkeppnisreglur þurfi. (Gripið fram í.) Hins vegar er það svo að við sem erum hvað frjálslyndastir í pólitík erum samt sem áður þeirrar skoðunar að það kunni að vera reglur á einstökum mörkuðum sem gera það að verkum og eiga að gera það að verkum að eignarhald eigi að vera dreift. Tökum sem dæmi sjávarútveg. Hafa frjálshyggjumenn verið mikið að setja út á svokölluð þök í kvótakerfinu til að tryggja að enginn (Forseti hringir.) einn eigi þá auðlind? Ég kannast ekki við það. Samkeppnislögin og þau sjónarmið sem ég hef sett fram eru því enn þá jafngild eftir sem áður. (**Gripið fram í:** Ágætt að heyra að ...)

[15:14]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar var afskaplega klént. Hérna er hv. þm. að lýsa þeirri skoðun að hann sé mótfallin samkeppnislögum. Hann er á móti lögum sem banna samráð. Hann

er á móti lögum sem banna misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Engu að síður ætlar hann að stuðla að einni strängustu löggjöf sem þekkist á sviði fjölmiðlamarkaðar á Vesturlöndum. Þetta hefur verið staðfest í meðförum allsherjarnefndar á málinu. Lögfræðingur eftir lögfræðing hefur bent á að þessi löggjöf, ef þetta frumvarp verður að lögum, verður sú strangasta sem þeir hafa nokkurn tímann kynnst.

Engu að síður heldur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson enn þá þeirri afstöðu sinni fram að samkeppnislög eigi alls ekki rétt á sér, lög sem í eðli sínu ganga miklu skemur en það frumvarp sem þessi hv. þm. mun stuðla að að verði að lögum. Það er alveg með ólíkindum að eftir að hv. þm. var kosinn — hann á núna eins árs afmæli sem þingmaður — hafi hann algjörlega kúvent sinni afstöðu til þessa máls. Hann hefur algjörlega yfirgefið hugsjónir sínar, algjörlega. Ég mundi kalla þetta hræsni.

[15:15]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held nú að þingmenn Samfylkingarinnar ættu nú ekki að vera að saka okkur sjálfstæðismenn um hræsni. Ef það eru einhverjir sem hafa gerst sekir um hræsni og fyrir að hafa tekið pólitískar u-beygjur í þessu máli þá er það Samfylkingin. Ég rakti það hér í upphafi ræðu minnar að Samfylkingin hefur verið hlynnt því að setja almennar leikreglur á markaði (**Gripið fram í:** Þetta eru ekki almennar leikreglur.) og þingmenn flokksins hafa lýst því bæði í ræðu og riti að þeir séu fylgjandi slíkum reglum. Síðan þegar þær koma þá eru þeir á móti hinum almennu leikreglum eins og hér er verið að fjalla um og ætlast svo til þess að það sé tekið eitthvert mark á þeim þegar þeir reyna að skreyta sig með stolnum fjöðrum og þykjast vera allt í einu í þessu tiltekna máli eitthvað sérstaklega frjálslyndir.

Ég stend við það sem ég sagði hér áðan að það hefur ekkert breyst varðandi mína afstöðu til samkeppnisréttar (Forseti hringir.) eða samkeppnislaga með þessu frumvarpi.

[15:16]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrr átti ég von á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð legði fram þingsályktunartillögu um einkavæðingu ríkissjónvarpsins eða að félagi minn í þingflokki Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, mundi koma hér í ræðustól og lofa sjávarútvegsstefnu hæstv. sjávarútvegsráðherra en að Sigurður Kári Kristjánsson, hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, skyldi taka þá afstöðu í þessu máli að styðja þetta frumvarp þar sem alvarlegar praktískar skorður eru settar á atvinnulíf Íslendinga. Bæði smærri fyrirtæki sem stærri í fjölmiðlarekstri munu eiga undir högg að sækja. Ég kom inn á það í ræðu minni þegar ég nefndi rekstur útvarps Sögu, þegar ég kom inn á þá erfiðleika sem bíða hins stóra fyrirtækis Norðurljósa. Hér er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson lentur í kviksyndi og hann nær ekki til bakkans. Það hljóta að teljast orð að sönnu að varla geti sá maður talist trúverðugur hér eftir í íslenskum stjórnmálum.

[15:18]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá þingmaður sem hér talaði síðast getur haft sínar skoðanir á því hvort ég eða aðrir þingmenn teljist trúverðugir. Ég tel að það hafi engin breyting orðið þar á.

Því var hér haldið fram að fyrirtæki sem eru í þessum rekstri, fjölmiðlarekstrinum, muni eiga undir högg að sækja þegar þetta frumvarp hefur orðið að lögum. Ég fór nú yfir það í ræðu minni sem ég hélt hér og stóð í allt að klukkutíma að ekki hafa komið fram haldbær rök fyrir því að svo sé. Allsherjarnefnd fundaði til dæmis með stjórnendum Norðurljósa og spurði í hverju þessi vandi væri falinn. Hver voru svörin? Þau voru nánast engin. Það er ýmsu haldið hér fram án þess að það sé rökstutt.

Ég mótmæli því og hafna því sem fram kom hjá hv. þm. þar sem hann fullyrti án þess að rökstyðja að þessir tilteknu aðilar mundu eiga í einhverjum tilteknum rekstrarerfiðleikum.

[15:19]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Virtustu fjármálasérfræðingar þjóðarinnar, þar á meðal Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, hafa á fundi efnahags- og viðskiptanefndar upplýst að mjög alvarlegar praktískar skorður muni verða á rekstri fjölmiðla ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Í fyrsta lagi verður kaupendahópurinn minni. Í öðru lagi eiga fyrirtæki erfiðara með að stækka sökum alvarlegra skorða sem settar eru í frumvarpið, þar sem um samlegðar- og hagræðingaráhrif væri ekki lengur að ræða. Í þriðja lagi munu fjármálastofnanir í landinu verða fráhverfar lánveitingum til fyrirtækja í fjölmiðlarekstri ef frumvarpið nær fram að ganga. Þetta eru þær praktísku skorður sem hafa komið fram. Þá hafa eigendur fjölmiðlafyrirtækja í þessu landi, ekki bara Norðurljósa heldur líka fyrirtækisins sem heldur utan um rekstur útvarps Sögu, komið alvarlegum athugasemdum fram um málið. Ég vil ítreka það til að mynda að útvarp Saga fékk ekki einu sinni að veita umsögn um málið. (Forseti hringir.) Svo ákveðið var að þetta frumvarp ætti bara (Forseti hringir.) að beinast að einu fyrirtæki.

[15:20]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi nú gert nokkuð skýra grein fyrir því í fyrri ræðu minni að þetta frumvarp snýr ekki bara að einu fyrirtæki. Það hefur komið fram í þessari umræðu að fleiri fyrirtæki munu verða fyrir áhrifum af þessu frumvarpi. Ég nefndi sem dæmi Árvakur hf., Framtíðarsýn hf. og Íslenska sjónvarpsfélagið. Ég hefði viljað að hv. þm. Gunnar Örlygsson hefði gert grein fyrir því sem Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði á fundi efnahags- og viðskiptanefndar af því hér var vísað í það sem þar kom fram. Þar kom fram að vissulega væru skilyrði þrengd fyrir því að öll fyrirtæki gætu fjárfest í ljósvakamiðlum. En það kom einnig fram er hann svaraði spurningu til dæmis um skráningu þessara fyrirtækja á almennan hlutabréfamarkað, að í sjálfu sér kæmi ekkert tæknilegt í veg fyrir að slík skráning gæti farið fram. Öðru hafa þó þingmenn stjórnarandstöðunnar haldið fram í þessu máli.

[15:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var að mörgu leyti mjög góð ræða sem hér var flutt þó ég sé ósammála flestu sem þar var sagt. Hv. þm. spyr um afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég reyndi í máli mínu áðan að sýna fram á samfelluna sem er og hefur verið í okkar málflutningi. Hv. þm. spurði hvað hefði breyst í okkar afstöðu frá því sparisjóðalögin voru samþykkt fyrr á árinu. Ekkert, það hefur ekkert breyst. Þó að tilefni þeirrar lagasetningar hafi verið atburðir sem voru að gerast hjá SPRON þá var með lögunum verið að

taka á miklu stærra máli, fyrirsjáanlegri röð samninga sem mundu tefla sparisjóðakerfinu í landinu í tvísýnu. Þetta vita menn.

Hinu vil ég mótmæla, það er því viðhorfi sem fram kom hjá hv. þm. til starfsmanna Norðurljósa. Hann gerir því skóna að þeir lúti í einu og öllu vilja forstjóra þess fyrirtækis. (Forseti hringir.) Þetta er kannski ekki undarlegt úr reynsluheimi Sjálfstæðisflokksins. Margur heldur mig sig, segir máltækið.

[15:23]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að biðja hv. þm. um að vera ekki að leggja mér orð í munn. Hann fór hér rangt með það sem ég sagði í ræðu minni. Ég sagði að yfirmenn þessa fyrirtækis hefðu gefið það út að verði þetta frumvarp að lögum þá muni eigendur fyrirtækisins tapa 3–4 milljörðum og að gripið verði til fjöldauppsagna. Ég spurði: Í hvaða stöðu eru starfsmenn þessara manna til þess að taka efnislega og hlutlaust á þessu máli og fjalla um það á hlutlausan hátt þegar vinnuveitendur þeirra setja fram yfirlýsingar með þessum hætti? Hvernig er staða þeirra þegar eigendur fyrirtækisins, vinnuveitendur þeirra, lýsa því yfir að þeim verði öllum sagt upp og þeir verði fyrir verulegu fjártjóni verði frumvarpið að lögum? Getur þetta fólk í ljósi þessara yfirlýsinga fjallað hlutlaust um þetta frumvarp? Það efast ég um. Það (Forseti hringir.) er nú bara einu sinni þannig að þegar slíkar yfirlýsingar eru komnar fram þá eru starfsmenn þessara manna settir í mjög erfiða stöðu.

[15:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú langar mig til að beina spurningu til hv. þm. Ef þingmaðurinn óttaðist að falla út af þingi í kosningum mundi hann láta sína persónulegu hagsmuni ráða orðum sínum og gerðum eða mundi hann fylgja sannfæringu sinni og því sem hann teldi sannast og réttast? Gæti nú verið að starfsmenn Norðurljósa geri einmitt það?

[15:25]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að svara þessari spurningu þá get ég sagt að þingmaðurinn mundi fylgja sannfæringu sinni.

[15:25]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir ágætan upplestur úr ritverkum Sigurðar Líndals. Hann fann hins vegar að því að aðrir þingmenn hefðu vitnað í bækur og sagði eitthvað á þá leið að heilu bækurnar hefðu verið lesnar upp. Ég mótmæli þessu. Þetta eru ósannindi. Það voru lesnir upp kaflar hér í ræðum — ég er búinn að hlusta á flestar ræður hérna — alveg á sama hátt og hv. þm. var að lesa upp úr ritverkum Sigurðar Líndal sem eru fróðleg.

Varðandi spurningu hv. þm. til mín um frumvarpið um sparisjóðina þá lá það fyrir, hv. þm., að margir stofnfjáreigendur í fjöldamörgum sparisjóðum biðu eftir því að Sparisjóður Reykjavíkur og stofnfjáreigendur þar mundu selja bönkunum eign sína. Þar með hefði þeim fækkað verulega og allt viðskiptamunstur breyst til viðbótar við þann gróða sem núna er í bönkunum. Því vorum við á móti þessu.

[15:26]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það sama við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og við hv. þm. Ögmund Jónasson. Ég verð að biðja þingmanninn um að leggja mér ekki orð í munn. Ég sagði að stjórnarandstaðan hefði jú vitnað í tiltekin rit og hótað því að lesa hér upp heilu bækurnar en hins vegar hefðu þeir guggnað á því þegar kom að því að hefja upplesturinn.

En þingmaðurinn svaraði ekki spurningu minni. Ég spurði: Hvað hefur breyst? Hver er munurinn á þeirri löggjöf sem hér var vikið að, SPRON-löggjöfinni, og því frumvarpi. sem hér er til umræðu, að því gefnu — sem ég er nú ekki sammála — að um sértæk lög sé að ræða? Hver er munurinn á afstöðu Frjálslynda flokksins til þessa máls og SPRON málsins? Byggir hann á því að þeir hafi kúvent varðandi afstöðu sína til sértækra laga eða skiptir máli hvaða fyrirtæki á í hlut?

[15:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mín skoðun að lögin um sparisjóðina hafi ekki verið sértæk lög þó að á ákveðnum tímapunkti hafi þau tekið til aðstæðna sem ríktu í Sparisjóði Reykjavíkur. Þau voru almennt um sparisjóðastarfsemi í landinu og breytingu á henni. Þegar talað er hér um sértæk lög og að þau séu ekki sértæk, mætti ég þá spyrja hv. þm. hvaða skoðun hann hafi á orðum hæstv. forsætisráðherra í gær þegar hann lýsti áhyggjum sínum af forseta Íslands og talaði eingöngu um að forsetinn væri vanhæfur vegna þess að hann hafi hugsanlega einhvern tímann tengst einhverjum mönnum sem vinna hjá Norðurljósum. Snýst þetta frumvarp eingöngu um Norðurljós? Erum við að tala um sértæk lög eða ekki sértæk lög, hæstv. forseti?

Svo vil ég spyrja. Farið er fram á efnislega umræðu. Hvar hafa verið færð rök fyrir 5%? Af hverju 5%? Af hverju ekki 10%? Hvar hafa verið færð rök fyrir tveim milljörðunum? Af hverju tveir milljarðar? Af hverju ekki þrír, fjórir eða fimm?

[15:29]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að gera þá kröfu til hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að hann kynni sér nefndarálitið og kynni sér ræðu formanns allsherjarnefndar hér við upphaf 2. umr. Þar voru færð rök fyrir því af hverju miðað væri við tvo milljarða og af hverju miðað væri við 5%. Þetta hefur allt saman komið fram í umræðunni þrátt fyrir að hv. þm. kannist ekki við það.

Ég leyfi mér að mótmæla því að frumvarpið sem við ræddum hér í febrúar, SPRON-lögin, hafi ekki verið sértækt. Það snerist bara um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Það snerist um einn löggerning sem var í pípunum. Það er ótrúlegt að hv. þm. sem er formaður stjórnmálaflokks haldi því fram að þau lög hafi verið almenn. Ég held því hins vegar fram að þessi lög yrðu almenn. Ég færði rök fyrir því hér í ræðu minni og hef gert það áður í andsvörum að þessi lög verði frv. samþykkt varða miklu fleiri fyrirtæki en þetta eina tiltekna sem gjarnan er til umræðu.

[15:30]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hún er búin að vera afskaplega löng. Menn eru búnir að ræða mikið um stjórn fundarins. Það vill oft verða þannig í svona löngum umræðum að góðir punktar, gullkornin, týnast í

öllum orðaflaumnum. Það er miður. Mér finnst það mjög miður því það hafa komið nokkur góð gullkorn. Hér höfum við heyrt lesið upp úr bókum, Frelsinu, Furstanum og Góða dátanum Svejk og fleiri. Þetta er allt ágætt en þetta hefði mátt vera styttra og hnitmiðaðra.

Herra forseti. Ég er á móti takmörkunum í atvinnulífinu en þróunin sem við horfum upp á er afskaplega hröð og ég ætla að fara í gegnum hana. Af hverju erum við að koma með þetta frumvarp og af hverju eru menn með svona deildar meiningar hér á Alþingi? Það er eins og menn horfi mismunandi augum á forsendurnar. Forsendurnar eru eftirfarandi:

Í júní 2002 kaupir einhver aðili Fréttablaðið. Nærri ári seinna, í maí 2003, er upplýst hver það var. Sá sami aðili kaupir í nóvember 2003 dagblaðið DV. Í fyrstu tölublaði þess birtist frétt um að þessi sami aðili sé búinn að kaupa Norðurljós og þar með Stöð 2 og fjöldann allan af útvarpsstöðvum. Þetta er ekkert hægfara þróun. Þetta er ekkert hægfara. Þetta er mjög hröð þróun og að mínu mati er þetta uggvænleg þróun. Síðan kemur í ljós núna að forstjóri Skjás 1 segir að þeir muni ekki lifa lengi við það að einhver aðili sé að dæla milljörðum inn í Stöð 2 og Norðurljós og hækka verð á aðföngum og lækka verð á framleiðsluvörunum, það er að segja auglýsingum.

Morgunblaðið á í mjög erfiðri samkeppni við ókeypis blað sem dreift er með þessum sömu peningum. Þetta er að mínu mati dálítið óhugguleg þróun. Menn hafa bent á RÚV sem andpól í þessu. En gefum okkur að þessi sami aðili næði nú öllum fjölmiðlum nema RÚV og svo kæmist hann með hjálp góðra vina sinna til valda í stjórnmálunum. Þá mundi hann ráða RÚV líka. Þá erum við komin í sömu stöðu og sumir hafa haft áhyggjur af á Ítalíu, það er að segja það er Berlusconi sem ræður bæði ríkismiðlum og öðrum miðlum. Þá er spurningin: Hvar fer fram hin vitræna og gagnrýna umræða sem er grundvöllur lýðræðis? Það er þess vegna sem ég hef áhyggjur, það er þess vegna sem ég styð þetta frumvarp og það er þess vegna sem við þurfum að fara hratt fram með þetta. Við höfum ekki mörg ár til að taka á þessu vandamáli. Þetta er það sem menn þurfa að taka afstöðu til. Ætla þeir að sætta sig við þetta ástand? Er þetta gott ástand? Er þetta góð þróun? Vilja menn hafa þetta svona áfram eða telja þeir að taka þurfi á þessu?

Allur ágreiningur, öll umræðan snýst í raun um þetta og ekkert annað. Síðan er spurningin hvaða ráðstafanir og hversu sterkar ráðstafanir eigi að vera. Hér hafa verið færð rök fyrir því að ritstjórnarlegt frelsi sé ekki nægileg vörn, auk þess sem það mundi líka skerða réttindi eigenda til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og minnka áhuga manna til að fjárfesta í fjölmiðlum. Ef eigandinn upplifir það að fjölmiðillinn sem hann á berst jafnvel gegn honum sjálfum og hann getur ekki gert neitt í því þá vilja menn ekkert fjárfesta í fjölmiðlum. Það gefur auga leið.

Hér hefur ítarlega verið rætt um SPRON þannig að ég þarf ekkert að ræða um þá 180 gráðu beygju allrar stjórnarandstöðunnar, bæði Samfylkingar, Frjálslyndra og Vinstri grænna.

Ég þarf heldur ekki að ræða um afstöðu Vinstri grænna til eignarréttarákvæða og hvernig þau eru notuð aftur og aftur. Ég ætla heldur ekki að koma inn á það — það hefur verið ítarlega rætt — að það þarf ekkert að skerða verðmæti fyrirtækja umtalsvert þó settar séu á þau ákveðnar takmarkanir um að vissir aðilar megi ekki eiga í þeim. Það hefur heldur engin áhrif á rekstur fyrirtækis þó skipt sé um eigendur.

Herra forseti. Ég vildi bara koma þeim sjónarmiðum á framfæri að það eru forsendur þessa frumvarps sem menn eru að deila um. Er þessi þróun á fjölmiðlamarkaði uggvænleg eða ekki? Eru menn ánægðir með að einn aðili geti eignast allt, alla fjölmiðla með tímanum, mjög hratt? Höfum við mörg ár til þess að ræða þetta fram og til baka eða er sá tími mældur í missirum eða jafnvel mánuðum? Ég tel að þróunin sé svo hröð að við þurfum að mæla þetta í mánuðum.

Mér finnst að þeir hjá þessu stóra fyrirtæki, þessu mikla fyrirtæki sem kemur nú við flest svið þjóðlífsins, setji sjálfa sig, starfsmenn sína og alþingismenn í mjög erfiða stöðu með því að kaupa upp fjölmiðla. Þeir setja starfsmennina í mjög tortryggilega stöðu, þeir setja sjálfa sig í tortryggilega stöðu og þeir setja okkur þingmenn í mjög vandasama stöðu. Þetta hefðu þeir átt að láta ógert.

Í flestum fyrirtækjum er bókarinn ekki látinn vera gjaldkeri. Það er ekki vegna þess að menn telja að bókarinn sé einhver glæpamaður, alls ekki. Menn vilja komast hjá því að tortryggileg staða myndist. Það nákvæmlega sama gildir um fréttamenn. Þegar fréttamenn þessa stóra fyrirtækis fjalla um mál þá er ekki þar með sagt að þeir séu ekki heiðarlegir og allt það og óháðir og ég veit ekki hvað og hvað. En þeir eru í þeirri stöðu að þeir verða endalaust að fjalla um eiganda sinn eða fyrirtækið sem þeir vinna hjá og þar af leiðandi eru þeir settir í tortryggilega stöðu. Það vil ég koma í veg fyrir.

[15:36]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal vitnaði í mann nokkurn á Ítalíu sem heitir Berlusconi, en hann býr við þann einstæða kost að ráða yfir öllum einkafjölmiðlum í því landi og líka ríkisfjölmiðlum. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. En hvað er hér verið að gera? Er markmiðið það að koma upp sömu stöðu á Íslandi, að til að mynda hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason, einn af eigendum Morgunblaðsins, eigi einu einkareknu fjölmiðlana í landinu og hafi líka ægivald yfir þeim ríkisreknu? Mig rennir í grun að í einkaheimsókn hæstv. forsætisráðherra til Berlusconis á eyju í Miðjarðarhafi, ef ég man rétt, hafi kannski þessi hugmynd komið fram.

Í upphafi ræðu sinnar talaði hv. þm. Pétur H. Blöndal um eitt fyrirtæki, Norðurljós. Svo tala menn um að þessi lög verði almenn en ekki sértæk. Hann kom ekki að neinu öðru fyrirtæki en Norðurljósum í ræðu sinni. Þetta leikrit sem hér er til umræðu byrjaði á bolludaginn í fyrra, herra forseti. (**Gripið fram í:** Nei, uppi í Borgarnesi.) Það byrjaði á bolludaginn í fyrra. Ég dáist að þeim leikrænu tilburðum sem hér eru í gangi. Ég vil að hv. þm. Pétur H. Blöndal svari spurningu minni um hvort það sé hið raunverulega markmið að sama staða komi upp á Íslandi og er á Ítalíu.

[15:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. dómsmálaráðherra yrði mjög ánægður ef hann ætti einhvern umtalsverðan hlut í Morgunblaðinu. En ég hygg að það sé nú ekkert, að hann ráði nú ekki miklu þar, án þess ég viti það.

Auðvitað viljum við ekki sömu stöðu og á Ítalíu. Til þess erum við að setja þessar reglur. Við erum að reyna að setja reglur til þess að koma í veg fyrir að einn markaðsráðandi aðili — hann er markaðsráðandi á mjög mörgum sviðum

og það er allt í lagi á meðan hann misnotar það ekki — ráði fjölmiðlun og þar með umfjöllun um sjálfan sig. (Gripið fram í.) Við erum sem sagt að reyna að koma í veg fyrir það með þessum reglum og ég tel að það sé nauðsynlegt og brýnt að gera það.

Varðandi stöðuna á Ítalíu þá erum við einmitt að koma í veg fyrir að einn aðili sem er markaðsráðandi og hefur töluvert mikil fjárráð geti brotið undir sig alla fjölmiðla í landinu og hugsanlega komist (Gripið fram í.) seinna meir í valdastöðu í ríkinu. Þar með ræður hann ríkisfjölmiðlunum líka. Þetta tel ég vera dálítið dökka mynd sem blasir við vegna mjög hraðrar þróunar á þessu sviði. Það er ekki eins og þetta hafi verið að gerast á tíu árum. Eins og ég nefndi þá hefur þetta verið að gerast síðan í nóvember og þetta er uggvænlegt. Mér finnst að þessir aðilar eigi ekki að setja okkur í þessa stöðu. Þeir eiga ekki að setja okkur í þessa stöðu. Þessi markaðsráðandi aðili á að láta sér nægja að vera á því sviði og leyfa fjölmiðlunum að vera gagnrýnir á hann.

[15:40]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur jafnan verið talinn sá kjarkaðasti í liði Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur verið talinn sá þingmaður í þeirra röðum sem hefur jafnan farið eigin leiðir. Það hryggir mig að ægivald Sjálfstæðisflokksins sé orðið það mikið að hann sjálfur sé nú knébeygður. Frumvarpið sem hér er til umræðu er gjörsamlega í andstöðu við hugsjónir og helstu gildi Sjálfstæðisflokksins.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal er ekki einn úr klappliði hæstv. forsætisráðherra Davíðs Oddssonar sem jafnan stendur foringjanum að baki og flissar eins og skólastelpa í hvert skipti sem hann geiflar einu orði út úr sér. Því þykir mér hryggilegt að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli taka þessa afstöðu í þessu máli. Ég hef beðið hér í voninni eftir að fleiri menn en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sýni kjark í þessu máli og beygi af leið. Það eina sem stjórnarandstaðan hefur beðið um að sinni er að beðið sé með þetta mál, það verði rætt betur. Engin haldbær rök hafa komið fyrir 5% reglunni sem halda vatni. Engin haldbær rök hafa komið fyrir tveggja milljarða reglunni. Atvinnulífinu eru settar alvarlegar skorður. Framfaraþróttur, dugnaður og vilji einstaklinga er drepinn niður. Þetta eru æðstu og göfugustu gildi Sjálfstæðisflokksins. (**Gripið fram í:** Voru.)

Ég hef upplifað ýmislegt á minni ævi, herra forseti. En sá stutti tími sem ég hef setið á Alþingi slær öllu við. Hér lifa menn í fílabeinsturni og eru ekki í nokkurri snertingu við þjóð sína. Ég vona innilega að þetta fari að breytast. (**Gripið fram í:** Stórt fílabein.) (**Gripið fram í:** Ef öll þjóðin er þar.)

[15:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig hafa fært rök fyrir því að þróunin væri hér mjög hröð á fjölmiðlamarkaði. Hér er mjög hröð þróun og mér sýnst að einn aðili sé að eignast alla fjölmiðla í landinu. Það þykir mér (Gripið fram í.) uggvænlegt. Mér finnst það skerða tjáningarfrelsið, tjáningarfrelsið, herra forseti, sem er eitt af æðstu mannréttindum. Ef menn geta hvergi fengið birt eftir sig grein með gagnrýni á þennan ákveðna eiganda ... (**Gripið fram í:** Ert þú ekki á hverjum fimmtudagsmorgni Pétur?) Jú, jú, sem stendur. (Gripið fram í.) Sem stendur gengur það þannig (Gripið fram í.) en ég nefni það að það er ekki nema hálft ár síðan þessi aðili keypti Stöð 2. (**BH:** Árum saman, Pétur.) Það er ekki nema hálft ár síðan hann keypti Stöð 2.

Það hryggir hv. þm. að Sjálfstæðisflokkurinn hafi beygt mig. Það skyldi nú ekki vera að ég hafi beygt þingflokkinn? Kannski var ég í þeim hópi sem vildi fá þetta fram vegna þess að ég er búinn að færa rök fyrir því að þetta er uggvænleg þróun. Ég held nefnilega að í Sjálfstæðisflokknum höfum við það þannig að við ræðum hlutina og sannfærum hvert annað og komumst að niðurstöðu. (**GAK:** Nú skiljum við ...) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (HBl)**:** Það er gerður góður rómur að máli þingmannsins heyri ég.)

[15:43]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Umræðan um frv. ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum hefur tekið alla vikuna. Það fer ekki hjá því að mörg sjónarmið hafi komið fram sem ástæða væri til að geta við þessa umræðu. Ætla ég að koma inn á nokkur en reikna þó með að ég geymi eitthvað til 3. umr. sem enn á eftir að fara fram. (Gripið fram í.) Ég held, hv. þm., að það megi treysta því að 3. umr. fari fram innan skamms.

Það eru nokkur atriði sem hefur verið haldið fram hvað eftir annað sem orka mjög tvímælis. Í fyrsta lagi hefur verið dregið mjög sterklega í efa, og var sérstaklega við upphaf umræðunnar, að yfir höfuð væri nokkur þörf á lagasetningu á þessu sviði. Því var haldið fram þegar frv. kom fyrst fram að engin ástæða væri til að hafa nokkrar áhyggjur, það var málflutningur sem maður heyrði mikið úr munni samfylkingarmanna. Þeir sögðu að engin ástæða væri til að hafa nokkrar áhyggjur, það væri í sjálfu ekkert það ástand sem þyrfti að bregðast við með einum eða neinum hætti. Síðan þegar hvað eftir annað var að sjálfsögðu bent á það að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hér á landi hefur verið mun meiri, miklu meiri, en dæmi eru um annars staðar og dæmi eru um áður hér á landi, meiri samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum en nokkru sinni áður hér á landi, meiri samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum en við þekkjum dæmi um í nágrannaríkjunum.

Þegar bent hafði verið á þetta hvað eftir annað snerist málflutningurinn og fór að snúast í þá veru að hugsanlega væri tilefni. 2. umr. um málið hefur aðallega snúist um það að menn þyrftu að fresta málinu, menn þyrftu að hugsa málið betur, geyma það fram á haustið, geyma það lengur, nota fyrirmynd Norðmanna og tala um það í fjögur ár. Ég velti hins vegar fyrir mér hvort þetta sé ekki bara fyrirsláttur. Er það ekki bara fyrirsláttur þegar menn fara í þennan farveg í staðinn fyrir að reyna að fjalla málefnalega um málin, færa sig í þann farveg að réttast sé bara að fresta öllu? Núna sé ekki rétti tíminn, menn þurfi aðeins að setjast niður, skoða hlutina betur og tala meira saman.

Ég verð að segja að mér hefur ekki þótt sá málflutningur trúverðugur. Við höfum nú haft þetta mál til meðferðar í þinginu í allnokkrar vikur og höfum tekið það fyrir í lengri umræðu en dæmi eru um áður, að ég hygg. Ég hef ekki athugað það en ég hygg að að lokinni 2. umr. muni hafa farið fram lengsta umræða, a.m.k. síðustu 7–8 árin, um nokkurt mál. Við höfum haldið langa og stranga fundi í nefndum þingsins og farið vel yfir það. Ég hygg því að málið hafi fengið alla þá umfjöllun sem þörf hefur verið á.

Þess vegna tel ég að talið um málsmeðferðina, flýti og annað, sé heldur innantómt þegar grannt er skoðað og þegar það verður skoðað í sögulegu samhengi held ég að menn muni ekki gefa mikið fyrir þann málflutning.

Ef við lítum á þau efnisatriði sem mesta athygli hafa fengið í umræðunni snúa þau fyrst og fremst að stjórnarskránni eins og hv. þm. þekkja. Höfð hafa verið upp geysilega stór orð um stjórnarskrárþáttinn og því haldið fram að hér væri, með samþykkt þessa lagafrumvarps, verið að brjóta, ekki eina, ekki tvær, heldur a.m.k. þrjár greinar stjórnarskrárinnar. Eðlilega hefur sá þáttur fengið mesta umfjöllun, t.d. var þessi þáttur skoðaður á mörgum fundum í allshn.. Þegar menn gengu frá brtt. og nefndaráliti var að sjálfsögðu horft á þennan þátt fyrst og fremst vegna þess að þetta eru alvarlegar ásakanir af hálfu þeirra sem halda því fram og þær eru alvarlegar gegn þeim sem halda þessum sjónarmiðum á lofti. Þessi atriði hafa því fengið mjög gaumgæfilega skoðun, eignarréttarákvæðið, atvinnufrelsisákvæðið og tjáningarfrelsisákvæðið. Menn hafa ekki komist að einni niðurstöðu. Við sem skipum stjórnarmeirihlutann í hv. allshn. höfum komist að okkar niðurstöðu, aðrir eru greinilega annarrar skoðunar. Það er hins vegar ánægjulegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur færst yfir á væng okkar stjórnarsinna hvað þetta atriði varðar. Eftir fund í efh.- og viðskn. þingsins í morgun lýsti hann því yfir að hann hefði ekki áhyggjur af stjórnarskrárþætti málsins ... (**Gripið fram í:** Eignarréttarákvæðinu.) stjórnarskrárþætti málsins eins og kom fram við þessa umræðu.

Ef við horfum á stjórnarskrárþættina er ljóst að eignarrétturinn, atvinnufrelsið og tjáningarfrelsið njóta verndar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessi vernd er hins vegar ekki 100%, ef við getum orðað það svo. Löggjafanum er áskilin heimild til að setja þessum réttindum ákveðin takmörk, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í nefndarálitinu förum við yfir þetta en ég ætla að endurtaka nokkur atriði úr því.

Það er ljóst að takmarka má eignarréttindi, atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Það er ljóst. Það er líka ljóst, og um það eru þeir stjórnlagafræðingar og lögfræðingar aðrir sem um þetta fjalla sammála, að hér á landi og í þeim löndum sem hafa réttarkerfi líkast okkar er viðurkennt að löggjafinn hafi töluvert mikið svigrúm til að meta hvenær hann telur almenningshagsmuni vera fyrir hendi og réttlæta takmörkun á þessum réttindum. Það er alveg ljóst og um það eru allir sammála að löggjafinn hefur að mati dómstóla rúmar heimildir til að meta þá almenningshagsmuni sem eiga við hverju sinni og meta þær takmarkanir sem rétt er að setja þeim hverju sinni. Þetta er alveg klárt.

Auðvitað hefur löggjafinn ekki ótakmarkað svigrúm til að setja þessum réttindum sem varin eru af stjórnarskránni takmörk. Það viðurkenna líka allir. Um það er enginn ágreiningur, það eru takmörk. Þá kemur til skoðunar meðalhófsreglan sem rædd hefur verið hér mikið síðustu 4–5 daga og hefur trúlega aldrei fengið jafnmikla athygli í íslensku þjóðlífi og nú. Ég hef sjálfur nokkur kynni haft af þessari reglu, reyndar á sviði stjórnsýsluréttar en ekki stjórnskipunarréttar. Þegar ég settist niður og skoðaði frv. og fór að vinna í málinu á vettvangi allshn. var það auðvitað það sem var fyrst og fremst í mínum huga þegar maður sá hvernig þetta var að mótast, hvort frv. stæðist meginsjónarmið meðalhófsreglunnar. Niðurstaða mín er að svo sé. Ég tel að með þeim breytingum sem gerðar voru á frv. við meðferð þess í allshn. sé alveg tryggt að þetta standist það meðalhóf sem við viðurkennum að gildi varðandi takmarkanir á frelsisréttindum stjórnarskrárinnar. Alveg klárt, að mínu mati. Aðrir geta vissulega verið annarrar skoðunar en ég er alveg sannfærður um að þetta mun standast þá skoðun.

Við skulum aðeins fara nánar í það. Við spyrjum í anda meðalhófsreglunnar hvort lagasetningin sé til þess fallin að ná markmiði sínu, markmiði um að tryggja dreift eignarhald á fjölmiðlum með það í huga að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlasviðinu. Í mínum huga er skýrt að svo sé. Reglurnar sem kveðið er á um í frv. fela það í sér að komið er í veg fyrir þá samþjöppun sem við höfum séð, þar með er stuðlað að því að eignarhaldið verði dreift. Þannig hefur þessi regla að mínu mati ... (**Gripið fram í:** Með vægara móti.) Ég kem að því. Þannig uppfyllir frv. þetta skilyrði um að vera til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt.

Spurt er: Eru til önnur og vægari úrræði til að ná sama marki? Í því sambandi hljótum við að skoða m.a. þær tillögur sem komu fram í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar sem lúta að ýmsum öðrum þáttum. Það er alveg ljóst að ýmsar leiðir eru til þess fallnar að stuðla að fjölbreytni á fjölmiðlasviðinu. Ef við horfum á eignarhaldsþáttinn, sem að mínu mati og okkar í stjórnarmeirihlutanum er afskaplega mikilvægur í þessu sambandi, er sú leið að binda skilyrði leyfisveitingar við eignarhald afar mikilvæg og sennilega eina leiðin af þeim valkostum sem voru til skoðunar sem tekur á samþjöppun á eignarhaldi. Þess vegna tel ég að aðrar leiðir sem nefndar voru til sögunnar, eins og að styrkja RÚV eða fjalla um ritstjórnarlegt sjálfstæði eða annað slíkt, taki ekki á þessum kjarnapunkti. Þess vegna eru þær ekki samanburðarhæfar í því sambandi. (**Gripið fram í:** Markmiðið var fjölbreytni.) Markmiðið er að stuðla að fjölbreytni í eignarhaldi til þess að stuðla að fjölbreytni á fjölmiðlasviðinu.

Önnur úrræði miða ekki að sama marki og eru þess vegna ekki samanburðarhæf í þessu sambandi. Þá hljótum við að spyrja: Er farið strangar í sakirnar en þörf krefur? Það er auðvitað mesta álitamálið. Það er það sem við höfum mikið til verið að takast á um. Það gerir það að verkum að meðalhófsreglan er ekki afdráttarlaus regla heldur viðmiðunarregla sem menn verða að vega og meta hverju sinni. Mitt mat er að það sé alveg ljóst að með því að setja þetta 5% hámark á markaðsráðandi aðila, með því að rýmka skilyrðin að því leyti og með því að búa til ákveðin fjárhæðarmörk varðandi veltu, hafi verið tryggt að þessari reglu sé ekki beitt strangar en þörf er á. Af hverju segi ég það?

Við erum að horfa á tvo þætti í þessu sambandi. Annars vegar þann að markaðsráðandi fyrirtæki sem við álítum að geti haft óæskileg áhrif á fjölmiðla í sinni eigu má ekki eiga meira en 5% og tilgangurinn með því er að koma í veg fyrir áhrif þess markaðsráðandi fyrirtækis innan fjölmiðlafyrirtækisins. Spurt er: Af hverju voru það ekki 7% eða 10% eða 3%? 5% er niðurstaðan sem við fengum í því. Hún er ekki byggð á einhverjum algildum vísindum eða stærðfræðilegri formúlu heldur mati. Það er mat okkar að það sé heppilegast að miða við 5% og við vitum að í hlutafélögum sem eru með mjög dreifða eignaraðild geta 5% haft verulegt vægi. Tveir til þrír aðilar sem hver um sig eiga 5% geta stjórnað fyrirtæki sem er í dreifðri eignaraðild. Ef tveir til þrír slíkir aðilar taka sig saman geta þeir beinlínis stjórnað stóru almenningshlutafélagi. Þess vegna þótti okkur óvarlegt, miðað við þann tilgang laganna sem áður hefur verið lýst, að færa markið hærra. Við vildum hins vegar ekki færa það neðar til að lenda ekki í þeirri stöðu að verið væri að banna eignarhald sem hefði engin áhrif í þessu sambandi.

Tveggja milljarða markið er líka auðvelt að rökstyðja.

Þó að upphæðin hefði getað verið 100 millj. kr. hærri, 200 millj. lægri, eitthvað slíkt, fyrirtæki sem er með veltu upp á 2 milljarða er orðið efnahagslega mjög öflugt. Það er verið að tryggja að bannreglan, þ.e. takmörkunin sem felst í frv., nái ekki til fyrirtækja sem eru hvort sem er veik. Við höfum ekki áhyggjur af þeim. Við höfum áhyggjur af þeim fyrirtækjum sem eru komin með verulega sterka efnahagslega stöðu. Við erum komin með þær áhyggjur og út á það gengur allt þetta mál. Þess vegna var eðlilegt að setja inn ákveðin fjárhæðarmörk. Við höfum ekki áhyggjur af fyrirtækjum, jafnvel þótt þau séu markaðsráðandi, sem hafa óverulegan efnahagslegan styrk. Þetta er allt saman í samræmi við gott meðalhóf og í samræmi við tilgang og markmið lagasetningarinnar.

Nokkuð hefur verið rætt um það að þessi löggjöf væri sú strangasta sem þekktist í þeim löndum sem við berum okkur saman við, jafnvel hefur verið fullyrt að hún væri sú strangasta í heimi. Mér hefur þótt erfitt að finna þessum staðhæfingum stað en þær virðast einkum byggðar á áliti eins bandarísks lögmanns sem kom inn í þessa umræðu á vegum Norðurljósa fyrir tveim vikum. Það er mikilvægt og nauðsynlegt í þessu sambandi að hafa í huga að þær reglur sem við höfum um þessi atriði í löndunum í kringum okkur eru ekki sambærilegar. Í sumum löndum er megináherslan á það að takmarka útbreiðslu, að enginn aðili megi eiga svo og svo mikið af markaðnum, megi ekki fara yfir ákveðin mörk varðandi áhorf eða útbreiðslu seldra, eða eftir atvikum gefinna, blaða. Þar er áherslan á þann punkt og þær reglur geta virkilega verið strangar, geta virkilega verið þrengjandi fyrir fyrirtæki þar sem sagt er, eins og í Bretlandi, að enginn aðili megi samanlagt, með öllum sínum eignarhlutum, fara yfir 20% af áhorfi í sjónvarpi eða 20% af útbreiðslu dagblaða. Það eru virkilega strangar reglur. Að þessu leyti eru íslensku reglurnar miklu rýmri. Þegar menn fullyrða að þetta séu ströngustu lög eða ströngustu reglur í heimi verða menn að horfa á það að löndin í kringum okkur nálgast þetta með mjög mismunandi hætti. Í Noregi nálgast menn hlutina með ákveðnu samspili milli áhorfs og eignarhalds, í Frakklandi gera menn slíkt hið sama, í Þýskalandi fara menn enn eina leiðina og í Bandaríkjunum aðrar leiðir. Við erum að tala um mjög ólíka nálgun. Samanburður af þessu tagi er því einfaldlega mjög erfiður og ég fullyrði að hann hjálpar okkur ekki til þess að komast að niðurstöðu í málinu. Ég er að því leyti sammála hv. 7. þm. Reykv. s., Merði Árnasyni, þar sem hann áréttaði að það yrði að móta reglur eftir aðstæðum á hverjum stað, sem og hefur verið gert.

Ég held, herra forseti, að ég láti hér við sitja. Við höfum rætt málið nú í fimm daga á hinu háa Alþingi og eigum eftir að taka 3. umr. sem mun sjálfsagt taka langan tíma líka enda mörg sjónarmið uppi. Hún mun þó kannski ganga öllu hraðar fyrir sig af því að það eru minni líkur á að stjórnarandstaðan haldi uppi sambærilegu málþófi og átt hefur sér stað á síðustu dögum þar sem menn komu hver á fætur öðrum og lásu aftur og aftur upp sömu umsagnirnar, lásu bókarkafla, langa og stutta, og endurtóku sig hvað eftir annað, greinilega í þeim tilgangi einum að tefja fyrir meðferð málsins. Nú allt í einu virðist sá hvati ekki vera lengur fyrir hendi. (**Gripið fram í:** Viljiði vera lengur í þessu?) Það má því búast við að jafnvel þótt 3. umr. verði kannski að einhverju leyti styttri gæti hún orðið efnislegri.

Að lokum, herra forseti, það hefur í rauninni verið alveg ótrúlegt að fylgjast með atburðarásinni hérna síðustu daga. Það er eiginlega alveg með ólíkindum að fylgjast með því samspili sem hefur verið milli málþófs stjórnarandstöðunnar og óvæntrar heimkomu forseta Íslands og fjarveru hans við opinber skyldustörf í Kaupmannahöfn. Það hlýtur að vekja miklar spurningar hvort með einhverjum hætti eigi sér stað eitthvert samspil milli stjórnarandstöðunnar á hinu háa Alþingi og forseta Íslands. Það væri mjög alvarlegt ef svo væri. (Gripið fram í.) Í rauninni er mjög alvarlegt ef forseti Íslands sendir einhver skilaboð með þessum hætti inn á Alþingi þegar við ræðum þingmál. Það væri mjög sérkennilegt, herra forseti.

[16:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanninum fyrir ákaflega málefnalega og ágæta ræðu. Það er bara ein spurning sem mig langar að leggja fyrir hann. Það lá fyrir áhugi í mörgum þingflokkum að taka á þessum fjölmiðlamálum með einhverjum hætti og vinna að þeim, m.a. vísa ég til tillögu sem rædd var í byrjun desember og síðan tillögu sem Samf. lagði inn. Spurningin er þá þessi:

Finnst hv. þingmanni ekki eftirsóknarvert að ná sátt í þessu máli milli þingflokka á Alþingi?

[16:04]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði vissulega kosið að það væri meiri sátt um það frv. sem hér er fram komið, ég hefði vissulega kosið það. Ég tek hins vegar eftir því að hv. þm. virðist hafa svolítið aðra sýn á þessi mál en hann hafði þegar hann lagði sína ágætu þáltill. fram fyrir áramótin. Ég velti fyrir mér hvort afstaða hans byggist á málefnalegum sjónarmiðum eða því að hann einfaldlega getur ekki hugsað sér að styðja stjfrv. sem fram er komið.

[16:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þingmann vil ég segja þetta: Meðan stjórnarandstæðingar stóðu í ræðustóli í fjóra daga og vonuðust eftir og báðu um umræðu við hv. stjórnarliða bólaði ekki á þeim. Svo er komið fyrir mér að ég er búin með báðar mínar ræður í 2. umr. en hefði gjarnan viljað eiga orðastað, góðan orðastað og málefnalegu umræðu, við hv. þingmann og fleiri þingmenn stjórnarflokkanna sem núna raða sér á mælendaskrána. Ég mótmæli því að við höfum stundað hér málþóf. Við bara fengum ekki möguleika á skoðanaskiptum við hv. þingmenn stjórnarliða fyrr en núna sem er of seint þegar, eins og ég segi, ég er sjálf búin með báðar ræður mínar.

Ég vil mótmæla því sem hv. þm. segir um að málið sé vel reifað, hafi fengið gaumgæfilega skoðun og verið skoðað vel í allshn. þar sem langir og strangir fundir hafi verið um málið. Ég get nefnt marga fundi, mörg mál, á síðustu fimm árum sem hafa fengið miklu lengri tíma í nefndum en þetta mál.

[16:05]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þingmaður lítum það greinilega ólíkum augum hvernig unnið var með þetta mál í allshn. Ég held að þegar upp verður staðið stöndum við uppi með afar gott nefndarálit frá meiri hlutanum og nokkuð langt eða a.m.k. efnismikið álit frá minni hlutanum. Árangurinn af störfum okkar í allshn. var allgóður.

Varðandi málþófið kalla ég það bara málþóf þegar menn koma hér og flytja sömu ræðurnar aftur og aftur, lesa upp

sömu textana úr umsögnum aftur og aftur og lesa bókarkafla hvað eftir annað.

[16:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum deilt um keisarans skegg en sú sem hér stendur hélt tvær ræður, báðar málefnalegar, las ekki upp neinar bækur, vildi eiga skoðanaskipti við hv. stjórnarliða og fékk það ekki af því að þeir komu sér ekki í ræðustól á þeim tíma sem við vorum að reyna að fá þá til að ræða málin málefnalega við okkur.

Við hv. þingmann vil ég segja að ég held að honum væri hollt að lesa umsögn síns gamla vinnustaðar um þetta mál. Í umsögn Verslunarráðs Íslands sem hv. þm. vann hjá áður en hann tók sæti á Alþingi er málinu hreinlega hafnað og það er sagt í niðurstöðuorðum Verslunarráðs að það leggist gegn því að frv. nái fram að ganga. Það er í mörgum greinum tíundað hvers vegna Verslunarráð leggst gegn frv. Ég vil segja við hv. þingmann að honum væri hollara að lesa þessa umsögn og skoða málið málefnalega með þeim gleraugum sem fyrrv. vinnufélagar hans hafa skoðað sem eru svipuð gleraugu og stjórnarandstæðingar á þingi hafa verið að nota. Það er auðvitað undarlegt til þess að vita að hér skuli hlutum steypt á stél sem raun ber vitni.

[16:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ánægjulegt að heyra þingmann stjórnarliðanna koma hér upp, tala um þetta mál og viðurkenna að það kæmi við stjórnarskrána, þ.e. hann útlistaði hér að meðalhófs væri gætt en jafnframt viðurkennir hann auðvitað að það eigi við núna, þetta ákvæði, um 73. gr. stjórnarskrárinnar og komi þess vegna við stjórnarskrána. Aðrir þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki viðurkennt það í ræðustól. Það hlýtur þá að vekja ýmsar spurningar en ég ætla ekki að spyrja um það meira núna. Ég ætla hins vegar að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að tveggja milljarða markið eigi að finna út með því að bæta við eignarhlut viðkomandi fyrirtækis í fjölmiðlun.

[16:09]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á spurningu hv. þingmanns. Það er í mínum huga spurning um heildarveltu þess fyrirtækis sem í hlut á. Þegar verið er að tala um fjölmiðlafyrirtæki er það að sjálfsögðu utan við. Ég hef a.m.k. alla tíð nálgast þetta með þeim hætti og held að þessi athugasemd hv. þingmanns byggist á misskilningi á ákvæðinu.

[16:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ótvírætt orðalag í lagafrv. þar sem talið er upp hvernig eigi að telja saman eignir fyrirtækisins og þar er ekkert undanskilið. Þar er ekki undanskilin eign viðkomandi fyrirtækis í fjölmiðlinum og virðist eiga að telja hana með. Ef svo er mun það þýða að við erum að tala um miklu smærri fyrirtæki en þau sem velta að öðru leyti tveimur milljörðum á markaði. Síðan er til viðbótar ákvæði sem gerir það að verkum að viðkomandi fyrirtæki mega ekki hafa annað umfang nema tæp 50%. Ramminn fyrir þau fyrirtæki sem mundu vilja eyða 25% í fjölmiðlafyrirtæki er fyrir vikið mjög þröngur.

Ég held að menn hafi ekki skoðað þessi mál með boðlegum hætti til þess að fá yfirsýn yfir það hvaða fyrirtæki gætu tekið að sér fjölmiðlarekstur á Íslandi miðað við það sem liggur fyrir.

[16:11]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel alveg afdráttarlaust að það geti ekki átt við að fjölmiðlafyrirtækið sé þarna undir. Þetta snýst um heimild markaðsráðandi fyrirtækis eða annars fyrirtækis til að eignast hlut í fjölmiðlafyrirtæki þannig að það væri að mínu mati fráleit túlkun að telja fjölmiðlafyrirtækið með í þeirri heildarveltu sem hámarkið vísar til.

[16:11]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Sagt hefur verið að við stjórnarsinnar og talsmenn þessa frv. höfum lítið látið til okkar heyra þar til núna. Ég minnist þess að í vikunni, þegar þessar umræður höfðu staðið í nokkra sólarhringa, birtist leiðari í Morgunblaðinu sem sagði: Hvernig væri að taka til við að ræða efni málsins? (Gripið fram í.)

Þannig er málið vaxið núna að það er ekki fyrr en í dag kannski sem við förum að ræða efni málsins. Hvað kemur þá í ljós? Þá kemur það m.a. í ljós að hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur við þær athuganir sem fram hafa farið komist að þeirri niðurstöðu að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána (**Gripið fram í:** Eignarréttarákvæðið.) og hann hefur lýst þeirri skoðun hér eins og fram hefur komið að umræðurnar hafi þróast á þann veg að hann telji frv. ekki brjóta í bága við stjórnarskrána. Það tel ég mjög mikilvægt og það er gott að þessi tími gafst til þess en það er ekki fyrr en núna, á þessum degi, sem þetta sjónarmið kemur fram. Það er mikilvægt sjónarmið þegar litið er til þeirra málefna sem hér hafa verið til umræðu og sérstaklega hefur verið talið gagnrýnisvert af stjórnarandstöðunni.

Síðan hefur líka verið vikið að því að ómaklegt sé af okkur talsmönnum frv. að ræða um það hvernig forseti Íslands komi að þessu máli. Ég vil minna á það að strax fyrsta kvöldið þegar hér var haldinn útbýtingarfundur og menn áttu ekki von á sérstökum umræðum í tilefni af því að nefndarálit meiri hluta allshn. yrði lagt fram tók hv. þm. Kristján L. Möller, starfandi þingflokksformaður Samf., til máls og sagði, með leyfi forseta:

„Ég held að verið sé að setja af stað leikrit. Við munum núna taka þátt í og sjá, og landsmenn allir, framhaldsleikrit sem hófst á heimastjórnarafmælinu. Það skyldi þó ekki vera að stjórnarmeirihlutinn þegi þunnu hljóði það sem eftir er í umræðu um málið og enginn taka þátt í umræðunni. Stjórnarandstöðuþingmenn munu að sjálfsögðu taka þátt í henni. Hver er svo tilgangurinn, herra forseti? Er það kannski tilgangurinn að forseti Alþingis geti setið í forsæti og undirritað þessi skrýtnu lög sem eru ekkert annað en ólög? Er það svo að vegna þess að forseti Íslands er að fara í brúðkaupsveislu til Danmerkur að forseti Alþingis og þeir sem fara með handhafavald forseta í fjarveru hans eigi að klára málið um helgina?“

Þetta sagði hv. starfandi þingflokksformaður Samf. að kvöldi 10. maí. Þá hófust umræður um það hvað forseti Íslands mundi gera og við vitum öll hvað síðan gerðist, hann dvaldist hér á landi þegar þetta brúðkaup fór fram í gær. Mér finnst hins vegar undarlegt að enginn hafi minnst á annað í þessum umræðum sem hefur líka gerst í þessari viku, hvað sem líður þessum umræðum sem ekki er lokið enn og ástæðulaust fyrir forseta að fara ekki úr landi vegna þess, að til sögunnar kom nýr frambjóðandi sem sækist eftir að

verða forseti Íslands, Baldur Ágústsson. Það skyldi þó ekki vera að forseti Íslands hafi talið nauðsynlegt vegna þess að snúa til landsins til að styrkja stöðu sína og bæta aðstöðu sína hér meðal kjósenda? Ég verð að segja að þau fyrstu skref sem hann hefur stigið í þeirri kosningabaráttu hafa verið heldur óhöndugleg og sú staða sem hér er uppi er sérkennileg. Ef forseti Íslands hefur snúið til landsins og getur ekki farið úr landinu og ekki tekið þátt í brúðkaupsveislu erlendis vegna þess að það er kominn fram nýr frambjóðandi, Baldur Ágústsson sem býður sig fram til forseta, finnst mér að forseta Íslands hafi mistekist algerlega fyrstu skrefin í kosningabaráttunni.

Ég vil einnig nefna að það hefur komið fram í umræðunni að ómaklegt sé að nefna sérstaklega til sögunnar eitt fyrirtæki. Þegar við lesum nál. minni hluta allshn. sem er upp á 94 prentaðar síður þá er allt frá bls. 48 frá Norðurljósum, allt frá því fyrirtæki og umsögn þess hefst með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Ljóst er að efni fyrirliggjandi frumvarps beinist að rekstri Norðurljósa og dótturfélaga þess þó svo að það sé klætt í búning hins almenna. Félagið hefur ítrekað leitað eftir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnvöld vegna umfjöllunar um lagasetningu á fjölmiðla."

Það er alveg ljóst að fyrirtækið sjálft og það er birt í nál. minni hluta allshn. lítur þannig á að frv. snerti bara hag þess og ekkert annað. Þess vegna eru þær spurningar og þau viðhorf sem fram hafa komið þegar rætt er um stöðu forseta Íslands og spurninguna um synjunarvaldið mjög rökréttar hjá hæstv. forsrh. þegar hann spyr: „Hvað með hæfi forseta til að koma að slíku frumvarpi?"

Það er m.a. grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær, 14. maí, eftir Hrafnkel A. Jónsson sem segir að hann hafi verið stuðningsmaður Ólafs Ragnars Grímssonar til framboðs í embætti forseta Íslands veturinn 1996 og hann segir einnig, með leyfi forseta:

„Á úthallandi vetri"— þ.e. fyrir fáeinum dögum eða vikum — „var mér boðið að rita nafn mitt á meðmælendalista Ólafs Ragnars vegna komandi forsetakosninga, eftir að hafa skrifað nafn mitt spurði ég út í undirbúning framboðsins og var þá sagt að því stjórnaði sem fyrr núverandi forstjóri Norðurljósa hf., Sigurður G. Guðjónsson. Þegar ég lýsti óánægju minni með þessi nánu tengsl forsetans við Baugsveldið uppskar ég dómadagslestur um illsku forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og fleiri meintra óvina Baugsauðhringsins. Eftir að hafa setið undir þessari framboðsræðu strikaði ég nafn mitt út af listanum." — segir þessi greinarhöfundur í Morgunblaðinu, Hrafnkell A. Jónsson.

Síðan er frétt í Morgunblaðinu í morgun, undir fyrirsögninni „Lögmaður Norðurljósa umboðsmaður Ólafs Ragnars." Þar snýr blaðið sér til forstjóra Norðurljósa, Sigurðar G. Guðjónssonar, sem er sagður skráður forsvarsmaður félags sem unnið hefur að kosningu Ólafs Ragnars Grímssonar í embætti forseta Íslands. Hann segir hér að félagið sé skráð undir nafninu „Stuðningsmenn Ólafs R. Grímss." Síðan segir, með leyfi forseta:

„„Ég vann að kosningum hans 1996 mjög ötullega. Ég vann að kosningunum hans árið 2000. Síðan hef ég bara haldið mig til hlés," segir Sigurður. Samtökin séu þó enn skráð en engir fundir verið haldnir.

Ásamt því að halda utan um fjáröflun fyrir forsetaframboð Ólafs Ragnars var Sigurður einnig umboðsmaður gagnvart kjörstjórnum og dómsmálaráðuneytinu.

Núverandi umboðsmaður Ólafs Ragnars fyrir forsetakosningarnar í júní er Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður. Hann er jafnframt lögmaður Norðurljósa." — Þetta segir í fréttinni og þess er einnig að geta að hann hefur setið í stjórn félagsins.

En hvað er nú með rannsóknarblaðamennskuna á Baugsmiðlunum? Skyldu þeir rannsaka hvernig þetta fer saman sem Hrafnkell A. Jónsson segir annars vegar, um að honum hafi á úthallandi vetri verið boðið að rita nafn sitt og þá hafi honum verið sagt að Sigurður G. Guðjónsson stýrði kosningabaráttunni, en síðan stendur í Morgunblaðinu að hann hafi í raun hætt afskiptum af þeim málum árið 2000. Ég held að þetta sé þáttur sem þurfi að skoða líka þegar málin eru rædd og hvernig þarna er í pottinn búið.

Ég las hér og sagði frá því og það kemur að lokapunktinum í ræðu minni, herra forseti, og lýtur að þessari fréttamennsku því ég sagði frá því að það hefði verið fjallað um fjármál flokkanna. En mig undraði að það hefði ekki verið sagt frá því eins og vitneskja mín væri um að fréttamenn á Fréttablaðinu eða blaðamenn hefðu vitneskju um. Ég spurði hvort menn vildu að ég læsi þetta bréf sem ég fékk í tölvupósti dags. 13. maí 2002 en vegna láta í salnum heyrði ég ekki að það var einn þingmaður sem bað mig um að lesa bréfið, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ég ætla að segja frá því að það gerðist þannig að blaðamaðurinn Þröstur Emilsson, í kosningabaráttunni fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2002, hafði tal af mér og sagði mér frá samskiptum sínum við Jón Ólafsson sem kenndur er við Skífuna, og síðan sendi hann mér þetta bréf og ég ætla að lesa það, með leyfi forseta, fyrst ég hef verið beðinn um það. Bréfið er sent Stefáni Jóni Hafstein, en það er svohljóðandi:

„Heill og sæll. Ég rita þér þessar línur í þeirri von að svör fáist frá þér. Ég hef reynt að senda tölvupóst til ISG [þ.e. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur] vegna málsins en annað tveggja skilar pósturinn sér ekki eða ISG kýs að svara ekki erindinu. Þetta snýst um fullyrðingar framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar sem lúta að fjárstuðningi Jón Ólafssonar við ISG, R-listann.

Forsagan í stuttu máli er sú að í aðdraganda formannskjörs Samfylkingarinnar fyrir nokkru lét ég tilleiðast og gekk í Samfylkinguna og fékk þar með atkvæðisrétt. Allt af greiðasemi við ÖS [og það mun vera Össur Skarphéðinsson] og ekkert til að skammast sín fyrir og algengt hjá þeim sem í slíku standa, þ.e. að smala.

Þegar formannskjör var yfirstaðið dróst hjá mér að segja mig úr flokknum því ekki stóð til að vera þar áfram af vissum ástæðum. Þegar svo í aðdraganda kosninga nú fóru að berast bréf og gíróseðlar og fleira ákvað ég að senda framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar formlega úrsögn. Þar setti ég fram ákveðnar skýringar sem tengjast Jóni Ólafssyni og meintum fjárstuðningi hans við stjórnmálaaflið, skýringar sem líka tengjast störfum mínum fyrir fyrirtæki Jóns Ólafssonar og svikum hans.

Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar hafði samband við mig í síma um leið og honum barst úrsögnin og kvaðst vildu leiðrétta þetta bull í mér, eins og það var orðað. Samfylkingin hefði ekki fengið krónu frá Jóni Ólafssyni og oftar en einu sinni afþakkað allan stuðning úr þeirri áttinni. Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar fullyrti hins vegar, þegar ég maldaði í móinn, að ISG hefði vissulega þegið umtalsverða

fjármuni úr vasa Jóns Ólafssonar en hún kæmi Samfylkingunni og þar með R-listanum ekkert við og mætti alls ekki setja það undir sama hattinn í þessu máli, þ.e. umfjöllun um borgarstjórnarkosningar og fjármál.

Gott og vel, en ljótt ef satt er. Hafi ISG þegið verulega fjármuni úr vasa Jóns Ólafssonar þá þykir mér það undarlegt. Þessi sami Jón Ólafsson er nefnilega að svína á fyrrverandi starfsfólki sínu, hefur ekki staðið skil á launum eða öðru slíku svo mánuðum skiptir eða frá því í september 2001. Vitaskuld eru allir gengnir út, allt klabbið komið í lögfræðiinnheimtu og þar tefur sá sami Jón Ólafsson málið með öllum tækum ráðum.

Síðasta útspil hans og jafnframt það subbulegasta sem ég hef heyrt um dagana er tilboð til lúkningar kröfum. Þeir settust nefnilega niður félagarnir, Jón Ólafsson, Kristján Jónsson og Sigurður G. Guðjónsson, og reiknuðu út hve mikið Ábyrgðasjóður launa greiddi ef þeir létu fyrirtækið sem ég og fleiri unnum hjá fara í gjaldþrot. Þá sömu tölu og þeir fengu út buðust þeir til að greiða mér og ekki krónu meir eins og það var orðað.

Þetta er siðferðið sem þar er stundað. Svo þú sjáir hver munurinn er á „tilboði" Jóns Ólafssonar og raunverulegri kröfu minni þá stóð hún í 3,3 millj. kr. um miðjan mars en „tilboðið" hljóðaði upp á að greidd yrði rösklega 1,1 millj. Skýrt liggur fyrir að engum lið kröfunnar hefur verið mótmælt og því ekki hægt að lækka hana af þeim sökum.

Nú kanntu að velta fyrir þér hvers vegna þú fáir þessar upplýsingar. Já, þetta snýst um siðferði og heiðarleika. ISG hefur, eftir því sem framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar fullyrti, þegið umtalsverðar fjárhæðir beint frá Jóni Ólafssyni á sama tíma og hann stundar slíkt athæfi eins og ég lýsti. Ekki einasta að hann svíni á starfsfólki sínu heldur gerir maðurinn út á Ábyrgðasjóð launa. Er þetta það siðferði sem þið hjá R-listanum samþykkið og teljið til eftirbreytni? Að halda eftir launum starfsmanna eins fyrirtækis Jóns Ólafssonar og setja a.m.k. þá upphæð í kosningasjóð hjá R-listanum er að mínu mati afar undarlegt framferði svo ekki sé meira sagt.

Svo er auðvitað allt annað mál og alvarlegra þegar kemur að þiggjendum fjárins. Vill eitthvert stjórnmálaafl binda trúss sitt við slíkan hæl svo ekki sé fastara að orði kveðið? Vænt þætti mér um að fá einhver svör frá þér hið allra fyrsta. Ég tel rétt að önnur framboð og sömuleiðis almenningur viti af þessu máli og öðrum sem tengjast Jóni Ólafssyni þar sem fyrir liggur að hann er verulega stór styrktaraðili R-listans, ISG, og vísast þar enn og aftur til fullyrðinga framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar.

Virðingarfyllst,

Þröstur Emilsson."

Þessi maður var síðan ráðinn kosningastjóri Samf. í Suðurk. Ég hef grennslast fyrir um það hjá Stefáni Jóni Hafstein sem fékk þetta bréf og hann segist minnast þess að hafa séð það eða svipað bréf vorið 2002, en hann hafi ekki tekið það alvarlega. Hvers vegna taka menn slík bréf ekki alvarlega? Hvers vegna er það svo að menn tala um siðferði og fjármál flokka og segja að allt sé uppi á borðinu og allt liggi ljóst fyrir og taka slíkt mál ekki alvarlega þegar á það er bent? Hvers vegna er ekki sagt frá þessu þegar fjallað er um fjármál flokkanna í þeim blöðum sem eru núna að berjast, eins og þau segja, fyrir lífi sínu og telja nauðsynlegt að koma ríkisstjórninni fyrir kattarnef til þess að halda því lífi? Er það svo að sama siðferði ráði gagnvart því starfsfólki sem nú er beitt fyrir áróðursvagninn og réð þegar þeir voru að gera upp við þetta fólk? Er sama hugarástandið hjá þessum mönnum? Hér er nefndur til sögunnar Sigurður G. Guðjónsson sem er núna forstjóri Norðurljósa og lýst á þann veg að hann geri út á Ábyrgðasjóð launa og neiti að standa í skilum við fólk sem á réttmætar kröfur á hendur honum.

Herra forseti. Ég tel að öll rök mæli með því að frv. verði samþykkt og skora á þingmenn að styðja það.

[16:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. vitnaði í orð mín um stjórnarskrárþátt fjölmiðlafrv. frá því fyrr í dag. Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar sjálfur að frv. stæðist ekki stjórnarskrá. Hins vegar vek ég athygli á því að innan þings sem utan eru mjög margir á því að frv. standist ekki stjórnarskrá landsins. Allflestir lögspekingar sem komið hafa til þingnefnda til að fjalla um frv. vara okkur við því að samþykkja það á þeirri forsendu. Ég vil taka slík varnaðarorð alvarlega og ég vil bera virðingu fyrir sannfæringu manna sem telja að þeir séu að brjóta stjórnarskrá með samþykkt frv. Þetta er ein ástæða fyrir því að stjórnarandstaðan telur að málið sé vanreifað og eigi að skjóta frekari umfjöllun um það á frest og láta það bíða haustsins.

[16:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það byrja alltaf sömu lætin þegar ég kem í ræðustólinn og alltaf sama fólkið sem öskrar á mig þegar ég kem í ræðustólinn. Ég held að herra forseti verði að fara að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir svo ég fái málfrelsi.

Varðandi það sem hv. þm. sagði þá held ég að það breyti engu um sannfæringu hans eða mína þó að málinu sé gefinn lengri frestur. Það kom fram áður í umræðunni að við erum sammála um að málið brýtur ekki í bága við stjórnarskrána og það má kannski hallast að því með hv. þm. að fleiri muni komast á þá skoðun okkar ef lengri tími gæfist því hv. þm. hefur komist á þá skoðun núna í meðferð málsins en mér heyrist nú að þau ómálefnalegu sjónarmið sem hafa komið fram frá andstæðingum frv. verði ekki til þess að hagga þeirri skoðun þeirra.

[16:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög mikilvægt að við berum tilhlýðilega virðingu fyrir skoðunum og sannfæringu manna þegar stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er annars vegar. Við eigum að taka varnaðarorð sem fram eru sett þar að lútandi alvarlega. Það vil ég gera, hvaða skoðun sem ég hef sjálfur myndað mér á málinu.

[16:30]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var skjalavörðurinn Björn Bjarnason, hæstv. dómsmrh., að verki sem heldur vel utan um gögn sín og m.a. utan um það bréf sem hann las upp í ræðustól áðan. Ég hef vitað lengi af því að hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason hefði þetta bréf undir höndum. Hann lét okkur vita af því í kosningabaráttunni í fyrra að hann hefði eitthvað slíkt í höndunum sem væri aldeilis hægt að nota gegn okkur ef honum hentaði svo. Hann veifaði þessu bréfi þá yfir hausamótunum á okkur þannig að við vissum vel að bréfið væri í höndum hans.

Við vissum líka vel í hvaða ástandi sá sem skrifaði það var þegar hann sendi bréfið til Björns og hvernig málum hans var háttað. Björn Bjarnason sem veit betur en hann gefur í skyn í ræðustólnum, hann veit hvernig þetta mál er

tilkomið, kýs að koma í ræðustól Alþingis þegar við erum að ræða tiltekið mál, lesa upp bréf einstaklings með algerlega órökstuddar ávirðingar og bera þær á borð, ekki bara fyrir þing heldur fyrir þjóð. Þvílík smekkvísi.

[16:31]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki veifað þessu bréfi neitt. Ég talaði við einn hv. þm. síðasta vor um þetta mál og hef ekki verið að veifa þessu máli neitt. Ég hef verið með þetta mál og þetta bréf í höndunum og inni í tölvu minni í tvö ár. Ég hef ekki verið að veifa því neitt. Ég taldi hins vegar, í tilefni af þeim umræðum sem hér fóru fram og hvernig menn hafa nálgast þetta mál og hvaða dylgjur hafa verið um fjármál flokka og annað slíkt, tímabært að draga það fram. Ég heyrði náttúrlega og vissi alltaf að það væri vandmeðfarið því nú er farið að tala um það að bréfritarinn hafi verið í einhverju ástandi. Ég skil ekki í þessu. Á að kenna boðbera hinna válegu tíðinda um þetta? Málið snýst ekkert um það. Málið snýst um að þetta er það sem hann fékk og þess vegna kýs ég að ræða þetta hér líka. Bæði er í salnum hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og einnig hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sem var framkvæmdastjóri Samf. á þessum tíma þannig að bæði hafa þau tækifæri til þess að skýra mál sitt. Mér finnst lágt lagst ef það er skýrt á þann veg að sá einstaklingur sem á í hlut, bréfritari, eigi eitthvað bágt. Hann var þó ráðinn kosningastjóri Samf.

[16:33]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki rætt þetta mál neitt ítarlega á þeirri mínútu sem ég hef í ræðustól. En það eitt að dómsmrh. landsins skuli koma í þennan stól, draga upp þetta bréf og lesa það hér er stórundarlegt. Hann hefur ekkert fyrir sér, hann hefur engan rökstuðning, hann hefur ekkert í höndunum um það mál sem hann er að tala um og veit sjálfur að þetta eru órökstuddar ávirðingar sem ég á að reyna að svara hér á einni mínútu. Það segir mér hvílík örvænting er í þessu máli, hæstv. dómsmrh.

Ég segi ekki annað en það að ég vona bara að guð hjálpi ykkur til að þið getið lent þessu máli með einhverjum hætti.

[16:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er svo vanur að taka þátt í orðræðu við hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að ég veit að jafnan þegar hún kemst í þrot fer hún að tala um örvæntingu. Það er engin örvænting hjá okkur í þessu máli. Ég er með þessar upplýsingar frá manni sem síðar var ráðinn kosningastjóri Samf. og starfar núna sem blaðamaður á Fréttablaðinu. Hann fjallar hér um málefni sem hefur verið á döfinni á undanförnum vikum og það sem hefur verið dregið inn í þetta mál líka, spurninguna um tengsl stjórnmálamanna við auðuga menn og fjármál flokkanna. Ég sé ekki hvað er brotlegt við það af minni hálfu að upplýsa þingheim um þetta. Ég tel að það sé bara til þess að menn átti sig á því hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi. (Gripið fram í.)

[16:34]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki hægt annað en að finna til með hæstv. dómsmrh. yfir því hvernig hann opinberar líðan sína í þessum ræðustóli, líðan sína yfir samsærinu stóra, ráðabrugginu mikla og illsökunum sem eru greinilega í hverju horni og greinilega á við hann og hæstv. ríkisstjórn.

Hér dregur hæstv. dómsmrh. upp bréf sem á nákvæmlega ekkert erindi inn í þá umræðu sem hér er, nákvæmlega ekkert erindi en hún sýnir hins vegar, virðulegur forseti, hversu rökþrota hæstv. dómsmrh. er í samsæriskenningum sínum. Hann kýs að nota þann tíma sem hann hefur í ræðustóli Alþingis í slíkt í stað þess að færa fram rök fyrir því frv. sem er til umræðu og sem hæstv. dómsmrh. ætti frekar að sýna sóma sinn í að verja heldur en að draga fram einkabréf sem honum hafa verið send og eiga nákvæmlega ekkert erindi inn í þá umræðu sem hér á sér stað.

[16:35]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki einkabréf, það er alveg ljóst, og það var sent til að það kæmi fyrir almenningssjónir, eins og bréfritari segir. Það sem er hér um að ræða er að annars vegar er farið að tala um líðan bréfritara og hins vegar um líðan mína. Það kemur þessu máli ekkert við. Mér líður ekkert illa yfir þessu. En af hverju er ekki talað um efni málsins? (**Gripið fram í:** Nú?) Við upplýstum það — hvort þetta er satt eða ekki. Það er ekkert sagt um það. Það er bara reynt að gera tortryggilegt að frá þessu skuli sagt og það lesið upp. Ég tel að þetta séu ekki ómerkari upplýsingar en margt af því sem kemur fram í nefndaráliti hv. minni hluta allshn., allur sá lestur, að upplýsa líka um þennan þátt og hvernig þessum samskiptum er háttað. Mér finnst að menn verði aðeins að halda sig við efnið og ræða efni málsins.

Í þessu bréfi komu fram ákveðnar fullyrðingar og hér eru þeir sem eiga hlut að máli og þeir hafa fullan rétt til að skýra frá því hvernig þetta mál er vaxið en eiga ekki að fara að tala um vanlíðan mína eða bréfritarans.

[16:36]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en haft áhyggjur af líðan hæstv. dómsmrh. því að hann kýs að draga inn í umræðuna mál sem kemur nákvæmlega ekkert við efni þess frv. sem hér er verið að ræða. Hann hlýtur, virðulegi forseti, að hafa þann tilgang einan að draga athyglina frá efni málsins og frá þeirri pínlegu stöðu sem ríkisstjórnin er í vegna þessa máls, drepa umræðunni þannig á dreif. Það er ekkert annað sem hæstv. dómsmrh. er að gera. Ég verð að segja að ég hef áhyggjur af því að svo illa skuli vera komið fyrir honum að hann hafi ekki betri rök fram að færa í ræðum sínum á hinu háa Alþingi.

[16:37]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég flutti langa ræðu fyrr í dag og fór yfir öll efnisatriði málsins. Þá drap ég á það, í fyrri ræðu minni, að ég hefði ákveðnar upplýsingar undir höndum sem ég teldi undarlegt að væru ekki komnar fram í þessum umræðum. Ég spurði hv. þingheim: Vilja menn að ég lesi þetta bréf? Hrópin og köllin voru slík að ég heyrði varla til sjálfs mín fyrir látum í hv. þingmönnum Samf. (Gripið fram í.) en mér var bent á það eftir að ég sté úr ræðustól að ósk hefði komið fram um það og kallað hefði verið fram í: Lestu bréfið, lestu bréfið. Það er alveg furðulegt að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir segi að það sé verið að drepa málum á dreif þegar búið er að hvetja mig til þess í þessum umræðum að lesa þetta bréf. Þetta er öfugsnúið allt saman, herra forseti, og erfitt að eiga orðastað við þetta blessaða fólk.

[16:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann er alveg með ólíkindum, sá málflutningur sem hæstv. dómsmrh. fylgir hér. Hann tekur þátt í að nefna leikritið sem var skrifað og átti að ganga upp með undirritun handhafa forsetavalds í dag eða á morgun. Því miður ruglaðist leikritið, því miður fyrir hæstv. ríkisstjórn. Við höfum orðið vitni að aumkunarverðum lestri hæstv. dómsmrh. þar sem hann fjallar um viðskipti þar sem aðili býðst til að selja ákveðið lén. Hans góða vinkona, Inga Jóna Þórðardóttir, og flokkssystir sem hann ýtti út úr borgarstjórn með svo eftirminnilegum hætti situr einmitt í stjórn Aflvaka og tók þátt í því að hafna þessu erindi. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason verður sjálfur að velja sér sinn drullupoll til að busla í. Vonandi gleymir hann ekki sundskýlunni. Mér finnst einhvern veginn að gusugangurinn muni fyrst og fremst slettast upp á hæstv. dómsmrh. að þessu sinni.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þingmenn um að sýna háttvísi í orðum.)

[16:39]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fer málið að flækjast svolítið þegar farið er að draga stjórn Aflvaka inn í það. Ég hef setið í stjórn þess fyrirtækis og séð það. Ég veit ekki til þess að þetta mál hafi nokkuð verið á dagskrá þess og veit ekki hvaðan hv. þm. hefur upplýsingar sínar þegar hann ræðir um að þetta sé vandamál Aflvaka eða fyrirtækja á vegum borgarinnar.

Hvernig má það vera? Var Aflvaki í samvinnu við Jón Ólafsson og Sigurð G. Guðjónsson um þetta mál sem maðurinn er að tala um í bréfinu? Ég held að málið verði flóknara eftir því sem samfylkingarmenn ræða þetta meira. Ég hef ekki orðið var við að þessi krafa hafi verið á hendur Aflvaka hf. sem er ekki fyrirtæki sem sinnir þessum málum sérstaklega. Hv. þm. setti á ræðu hér 10. maí og sá fyrir sér eitthvert leikrit sem varð væntanlega til þess að forseti Íslands kom til landsins. Síðan er sagt við okkur að við megum ekki tala um það mál. (Gripið fram í.) Hann verður að skýra þetta líka betur, þessa rullu. Hver samdi þennan texta fyrir hv. þingmann? Ekki veit hann neitt um borgarmál í Reykjavík.

[16:41]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit þá ánægjulegu staðreynd að Björn Bjarnason, borgarstjórakandídat Sjálfstfl. í síðustu kosningum, náði ekki kjöri. Það var mjög ánægjulegt.

Ég sagði áðan að þetta snerist um viðskipti. Það er aðili sem býðst til að selja ákveðnum aðila ákveðið lén. Sá sem fær boðið hafnar því, Inga Jóna Þórðardóttir hafnaði því meðal annars. Þessi drullupollalýsing á við. Upp í huga minn kom ein vísa í lokin sem ég ætla að fá að fara með, með leyfi forseta:

> Ef ætlarðu að svívirða saklausan mann,
> þá segðu aldrei ákveðnar skammir um hann
> en láttu það svona í veðrinu vaka,
> þú vitir, að hann hafi unnið til saka.

[16:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sakaður um að drepa málum á dreif með því að vekja máls á þessum þætti sem ég var sérstaklega beðinn að koma með inn í umræðurnar og hvattur til. Þá var farið að tala um sölu á einhverju léni. Ég veit ekkert um hvaða lén hv. þm. er að tala. Ég held að hann verði að fá betri höfund að leikritum sínum og líka jafnvel að vísum sínum.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 7. þm. Suðurk. óskar að bera af sér sakir.

[16:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að bera af mér sakir en eins og fram kom í því tölvubréfi sem hæstv. dómsmrh. las upp fyrir skömmu var vitnað til $2\,^1/_2$–3 ára gamals samtals sem ég átti í síma við þriðja aðila, bréfritara sem hæstv. dómsmrh. vitnaði til. Þar er það haft eftir mér og mér lagt það til að ég hafi einhverja vitneskju um fjármál forustumanna Reykjavíkurlistans og hafi gefið til kynna að ég vissi eitthvað um þau. Það er einfaldlega rangt sem þar kemur fram, ég hef aldrei haft neina vitneskju um fjármál Reykjavíkurlistans eða forustumanna hans, ekki nokkra innsýn í fjármál hans, aldrei nokkra einustu, hvorki vitneskju, innsýn eða aðkomu að rekstri Reykjavíkurlistans. Þar hef ég aldrei komið að borðum. Framganga hæstv. ráðherra er því eingöngu honum til skammar og meira að segja fyrir neðan virðingu hans.

[16:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta hefur verið fróðleg umræða og yfirleitt á málefnalegum nótum, þó með nokkrum undantekningum eins og þeim tveimur ræðum sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt í dag. Ég vil segja að ég tel að hv. þm. Bjarni Benediktsson og félagar hans úr allshn. hafi fyrir sitt leyti og fyrir hönd Sjálfstfl. gert prýðilega grein fyrir þeim rökum sem þeir telja réttlæta setningu þessara laga. Ég er þó í öllum megingreinum á móti niðurstöðu þeirra og tel að rök þeirra haldi ekki. Ég ætla hins vegar ekki í þessari ræðu að fara lið fyrir lið yfir þá röksemdafærslu. Aðrir þingmenn hafa gert það í þeirri viðamiklu umræðu sem hér hefur farið fram. Auðvitað hefði verið ágætt ef sumir þessara ágætu þingmanna hefðu flutt ræður sínar fyrr eins og þá prýðilegu ræðu sem hv. þm. Birgir Ármannsson flutti í dag. Mér fannst margt til um ýmis þau rök sem hv. þm. bar fram en sú rannsókn sem ég hef gert á því máli leiðir til þess að ég er ekki sammála honum um ýmislegt sem þar kom fram, t.d. varðandi markaðsráðandi fyrirtæki. Ég ætla þó ekki að gera það að umræðuefni hér.

Ég vil líka segja það að hv. þm. Birgir Ármannsson sannferðuglega gat þess að auðvitað hefðu risið álitamál um stjórnarskrá. Það hefur komið fram í umfjöllun þeirra nefnda sem um málið hafa fjallað að menn eru ekki á eitt sáttir, eins og hv. þm. sagði. Ég dreg ekki í efa að hv. þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa talað í dag séu ekki vísvitandi að leggja til frv. sem stangist á við og brjóti stjórnarskrána.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að svo sterk rök hafi komið fram hjá ýmsum þeim sem fremstir eru á sviði lögfræði í landinu að undan því verði ekki komist að rannsaka það mál miklu betur. Ég tel sjálfur að það sé ekkert efamál að ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrétt séu brotin. Ég tel líka að svo nærri sé hoggið ýmsum öðrum ákvæðum, a.m.k. tveimur, að það sé viðurhlutamikið mál að samþykkja þetta frv. þótt ekki kæmi annað til. Ég átti þess kost í efh.- og viðskn. að fara yfir þetta mál með bæði þeim sem hafa talað gegn þessum viðhorfum og eins þeim sem hafa talað fyrir þeim, eins og prófessor Sigurður Líndal. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður útskýrði sjónarmið sín ákaflega vel

í þeirri yfirferð en ég var ekki sammála niðurstöðu hans um það mál.

Hví er ég að draga þetta fram, herra forseti? Sökum þess að það er ekki ágreiningur um að þetta mál heggur hættulega nærri stjórnarskránni. Fyrr í dag drógu menn inn í þessa umræðu — mig minnir að það hafi verið hæstv. dómsmrh. — að svipuð staða kom upp árið 1993 þegar við vorum að fjalla um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Á þeim tíma voru uppi álitamál sem vörðuðu stjórnarskrána. Hér í þessum sal var tekist mjög harkalega á og miklu lengur en um þetta mál. Ákaflega margir töldu að stjórnarskráin þyldi ekki þann samning.

Ég rifja það upp hvað hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og þáv. formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson, lögðu til á þeim tíma. Sökum þeirra álitamála sem þá risu, sökum þess að menn treystu sér ekki til þess að kveða með óyggjandi vissu upp úr þannig að allir sannfærðust um að stjórnarskráin þyldi það frv. sem við ræddum þá, var kvaddur til hópur sérfræðinga sem fór yfir málið. Það var ekki fyrr en sú niðurstaða lá fyrir sem ríkisstjórnin og þingmeirihluti ríkisstjórnarinnar treystu sér til þess að ganga frá málinu hér á þingi.

Þannig, herra forseti, ættu auðvitað hv. þm. Sjálfstfl. að hugsa líka í dag. Þarna er klárlega um ákveðið fordæmi að ræða. Menn eru ekki, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson sagði, á eitt sáttir um það hvort hér sé hoggið of nærri stjórnarskránni. Við höfum fordæmi fyrir því með hvaða hætti við reynum að leysa úr slíku. Það hefur komið skýrt fram, m.a. í þeirri greinargerð sem fylgir með frv., að það eru engar nauðir sem reka á eftir því að þetta mál verði samþykkt núna. Við höfum tíma til þess að ganga úr skugga um álitamál af þessu tagi og þess vegna tel ég, miðað við söguna og reynsluna sem við höfum af ágreiningsmálum af þessu tagi í tíð hæstv. forsrh. hér á þingi, að við ættum að nota þessa aðferð hér líka.

Við höfum í Samf. andæft þessu frv. af töluverðri hörku. Við höfum gert það málefnalega, af ábyrgð og með rökum. Þær ræður sem við höfum flutt hafa sýnt að þingmenn Samf. eru kappsfull í þessu máli. Menn tala hér um málþóf. Það er ekkert að því, herra forseti, tel ég þegar um er að ræða mál sem varða grundvallarreglur í samfélagi okkar að menn tali um þá sannfæringu sem þeir hafa í því máli. Hér hefur enginn verið að halda maraþonræður.

Það kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar í fjölmiðlum á sínum tíma að hér héldu menn 3–4 tíma ræður. Ég held að lengsta ræðan sem hér hefur verið haldin hafi losað 2 stundir. Þegar ég fór í kjölfar þess viðtals við hv. þingmann yfir stöðuna og reiknaði út hvað menn hefðu talað þá var meðallengd ræðna stjórnarandstöðunnar rétt í kringum eina klukkustund. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst ekki mikið, þegar menn eru að tala um jafngrafalvarlegt mál og hér er, þó að menn ræði ítarlega um þau rök sem þeir hafa í málinu og um þau rök sem meiri hlutinn hefur lagt fram á þinginu. Það er alveg ljóst að í ákaflega mörgum greinum hafa verið álitamál.

Ég ætla ekki að ræða frekar um stjórnarskrána, herra forseti, en ég tel að frv. höggvi nærri tjáningarfrelsi og athafnafrelsi. Ég hef lýst því að í mínum huga er enginn efi á því að þetta fer gegn eignarréttarverndarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég vil svo líka taka það fram áður en ég lýk umfjöllun minni um stjórnarskrána að prófessor Jónatan Þórmundsson hefur sagt að ef þetta frv. beinist fyrst og fremst að einu fyrirtæki felist í því það sem hann kallar „dulinn tilgang" sem hann hefur sagt að varði líka við stjórnarskrána.

Ég vil svo rifja það upp fyrir hv. þm. Birgi Ármannssyni að hann hlustaði í morgun ásamt mér á gamlan lærimeistara sinn, sem ég dreg ekki í efa að hann ber mikla virðingu fyrir, fara yfir það lið fyrir lið hvernig fjögur ákvæði í frv. kunna hugsanlega, að dómi þessa lærimeistara hans, Sigurðar Líndals, að varða við stjórnarskrána. Svo viðurhlutamikil er nú staða þessa máls þannig að engan þarf að undra að við þingmenn sem höfum svarið eið að því að fylgja í senn sannfæringu og stjórnarskrá skulum vilja grafast rækilega fyrir um það hvernig staða málsins gagnvart stjórnarskránni sé.

Það er líka alveg nauðsynlegt að það komi fram að eftir að breytingar þingmeirihlutans komu fyrir augu okkar þingmanna var farið yfir þær í efh.- og viðskn., sem að ósk allshn. fjallaði um málið. Það var mat Samkeppnisstofnunar á þeim fundi að brtt. væru léttvægar tilslakanir og að þrátt fyrir þær stríddi frv., að teknu tilliti til brtt., enn þá gegn markmiðum samkeppnislaga. Þegar það svo liggur fyrir, herra forseti, að það yfirvald sem við höfum falið að vera eins konar umferðarlögregla á sviði samkeppnismála telur einfaldlega frv. skerða með þeim hætti athafnafrelsi og svigrúm fyrirtækja, að það sé andstætt markmiðum samkeppnislaga, hljóta menn að staldra við. Ekki síst í því ljósi ætti það að vera keppikefli okkar sem viljum vinna þjóðinni vel, standa við eið okkar gagnvart stjórnarskránni, ekki setja lög sem hugsanlega vinna gegn jafnmikilvægum rétti og samkeppnisrétti, að skoða þetta mál miklu betur en við höfum gert.

Þegar maður fer í gegnum fjölmiðlaskýrsluna sem hæstv. forsrh. hefur sagt að sé forsenda frv. sem við ræðum er auðvitað rétt að í fjölmiðlaskýrslunni er að finna aðvörunarorð um samþjöppun á eignarhaldi. Þrátt fyrir það verður að draga það fram að hvergi í þessari skýrslu kemur neitt fram sem segir að nákvæmlega eins og staðan er á markaðnum í dag sé fjölbreytni í fjölmiðlun í hættu vegna þessarar samþjöppunar. Ég segi þetta, herra forseti, til að undirstrika að jafnvel höfundar skýrslunnar segja hvergi að svo nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að laga stöðuna á markaðnum að það verði að gerast núna.

Að því er varðar fjölbreytni má færa fram margar staðreyndir úr skýrslunni sem benda til þess að fjölbreytni í fjölmiðlun sé bara giska góð. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að fjölbreytni hafi aldrei verið jafnmikil í íslenskri fjölmiðlun og í dag og það hafi aldrei verið jafnmikil samkeppni um fréttir og um að koma viðhorfum á framfæri og í dag. Það er einmitt það sem gerir það að verkum að gróandinn í íslenskri fjölmiðlun er svona kvikur eins og hann er í dag.

Herra forseti. Fleiri en ég eru þessarar skoðunar. Einn af þeim sem bókstaflega tekur þetta fram er Davíð Þór Björgvinsson sem er aðalhöfundur skýrslunnar og sem hefur rætt þetta opinberlega. Davíð Þór prófessor sagði í þættinum Ísland í dag þann 27. apríl að fjölbreytni hefði aukist eftir að Fréttablaðið byrjaði að koma út og fjölbreytnin hafi svo eflst enn frekar þegar, og ég leyfi mér að vitna orðrétt til fræðimannsins, með leyfi forseta, „... þegar DV kemur út með þeim krafti sem það er að gera þessa dagana, og þegar Íslenska útvarpsfélagið er að reka allar þessar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar."

Með öðrum orðum er það skoðun formanns fjölmiðlanefndar hæstv. menntmrh. að þessir fjölmiðlar sem Norðurljós reka hafi ekki átt sístan þátt í því að fjölbreytnin er

jafnrík á markaðnum og hún er í dag. Í ljósi þessara ummæla þarf ekki að vera undrunarefni fyrir hæstv. forsrh., mig eða aðra þegar ég upplýsi það að hvergi í þessari skýrslu, alveg sama hvar við berum niður, er gefið til kynna að nauðsynlegt sé að grípa til tafarlausra aðgerða. Það kemur þvert á móti víða fram að höfundar skýrslunnar virðast vera á allt annarri skoðun. Þeir ætla lögum, ef lög yrðu sett, að hafa áhrif inn í framtíðina þegar útvarpsleyfin rynnu smám saman út.

Átrúnaðargoð ríkisstjórnarinnar í þessum málum, Davíð Þór Björgvinsson, hnykkti á þessu í þeim þætti sem ég vísa hér til þegar hann sagði, og enn vitna ég, með leyfi forseta:

„Þegar gildandi útvarpsleyfi renna út taki hinar nýju reglur við, sko, þegar tekin er ákvörðun um endurúthlutun þeirra."

Þvert á þetta felur frv. hins vegar í sér að útvarpsleyfin verða afturkölluð frá þeim fyrirtækjum sem hafa ekki uppfyllt skilyrði laganna að tveimur árum liðnum. Það er alveg ljóst af þessu að lögin eru afturvirk og þau eru virk með öðrum hætti en formaður fjölmiðlanefndarinnar ætlaðist til. Sú tilvitnun sem ég las í hann hérna áðan segir það alveg klárt að viðhorf hans var að þetta yrði gert eftir því sem *leyfin rynnu út. Það er hins vegar ætlun ríkisstjórnarinnar að* gera það áður, og það er ekki síst af þeim sökum sem ég segi að ákvæði stjórnarskrár um eignarrétt er frá, það er gengið á svig við það.

Ég vil segja það, herra forseti, að miðað við þessi orð formanns fjölmiðlanefndarinnar og aðalhöfundar skýrslunnar hefði ríkisstjórnin getað gefið sér ákaflega góðan tíma til þess að fjalla um þau álitamál sem tengjast frv. og reyna að mynda breiða samstöðu um málið eins og hefð er fyrir. Jafnan hefur verið reynt að gera það þegar uppi er viðleitni til þess að breyta um grundvallarstefnu í samfélaginu. Ég tel að þetta frv. feli það í sér.

Ég vísaði hér áðan, herra forseti, til þeirra orða Jónatans Þórmundssonar prófessors að ef frv. beindist að einu fyrirtæki kynni það að varða sérstaklega við stjórnarskrána. Það er enginn efi í mínum huga um að þessu frv. er fyrst og fremst beint að Norðurljósum. Hafi ég einhvern tíma velkst í vafa um þá fyrirætlan hæstv. ríkisstjórnar gufaði sá vafi upp sem dögg fyrir sólu í gær þegar hæstv. forsrh. flutti afmælisávarp sitt til forseta lýðveldisins. Þar kom það auðvitað fram, þegar hæstv. forsrh. sagði að forseti lýðveldisins væri vanhæfur vegna tengsla við þetta fyrirtæki, að þessum lögum er ekkert ætlað að hafa almenn áhrif, heldur hafa þau sértækan tilgang. Það styrkir mig svo enn frekar í því að það þurfi að skoða nábýli þessa frv. og stjórnarskrárinnar.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns ætla ég ekki að fara út í rökræður við hv. þingmenn Sjálfstfl. í allshn. um einstakar greinar frv. og brtt. en mig langar að lýsa undir lok þessarar umræðu í nokkrum orðum viðhorfum Samf. til þessa máls almennt.

Við erum almennt þeirrar skoðunar að í atvinnulífinu eigi að ríkja eins mikið frelsi og hægt er. Við erum að því leytinu til á þeirri skoðun sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri ungir þingmenn Sjálfstfl. voru þangað til fyrir nokkrum vikum. Miðað við það viðhorf ættum við miklu frekar að berjast fyrir því að aflétta hömlum af atvinnulífinu. Það þýðir hins vegar ekki að ég telji ekki hægt að setja lög á fjölmiðla með einhverjum hætti. Ég vísa til þess að við höfum lagt fram hugmyndir um það í Samf.

Ég tel, og við í Samf., að fjölmiðlar njóti ákveðinnar sérstöðu innan atvinnulífsins. Hlutverk þeirra er töluvert öðruvísi en annarra almennra fyrirtækja. Við hljótum að vera sammála um það að aðhald fjölmiðla gagnvart stjórnmálamönnum, stjórnmálaflokkum, stjórnvöldum og atvinnulífi er eitt beittasta vopn sem samfélagið hefur yfir að ráða til þess að viðhalda gagnsæjum stjórnarháttum og til þess að berjast gegn spillingu. Við teljum því í Samf. að það gildi önnur lögmál um fjölmiðla en atvinnulífið almennt og að það sé sjálfsagt að ræða hvort setja þurfi lög eða reglur til að tryggja að fjölmiðlarnir spegli í senn menningarlega og pólitíska fjölbreytni. Það var sú afstaða okkar sem réði því að við lögðum fyrr í vetur fram tillögur sem er beinlínis ætlað að tryggja að samþjöppun á eignarhaldi hafi ekki óæskileg áhrif á fjölbreytni og efnistöku fjölmiðlanna.

Ég er þeirrar skoðunar eins og ég hef lýst í tveimur ræðum í þinginu að samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla geti falið í sér ákveðna hættu. Ég lýsti því í ræðu sem ég hélt eftir að hæstv. forsrh. mælti fyrir frv. að ég saknaði þess að hæstv. forsrh. hefði ekki sjálfur gert tilraun í máli sínu til að skilgreina og tíunda þær hættur. Það er hægt að nefna nokkrar en það eru tvær helstar að dómi okkar í Samf.

Það er í fyrsta lagi ekki hægt að útiloka að eigandi *margra miðla freisti* þess að óbreyttu að samræma ritstjórnarstefnu þeirra í krafti eignarhaldsins og misnota hana síðan gegn einstökum stjórnmálamönnum, stjórnmálaflokkum, fyrirtækjum sem hann á í samkeppni við eða þá til þess að setja sitt eigið fyrirtæki í hagstætt ljós. Í öðru lagi tel ég vel hugsanlegt að stór eigandi að fjölmiðlum sem er jafnframt umsvifamikill í óskyldum rekstri reyndi með einhverjum hætti að hygla fyrirtækjum sínum með því að láta þau njóta betri kjara varðandi auglýsingar. Af því að fyrirtækið Baugur hefur svo margsinnis verið nefnt til þessarar umræðu af hæstv. forsrh. og þingmönnum stjórnarliðsins, og reyndar öðrum líka, *er auðvitað alveg rétt að geta þess að þessi* hlutur, þessi þáttur, gæti sannarlega skipt máli ef um væri að ræða eiganda stórra matvörukeðja eins og Baugs sem er einmitt einn stærsti eigandi Norðurljósa.

Þessar tvær hættur eru þess eðlis að við hljótum að gefa því náinn þanka með hvaða hætti hægt sé að sporna gegn þeim. Til þess eru ýmsar leiðir. Ýtrasta leiðin er að setja strangar reglur sem takmarka eignarhald og harkalegasta útfærsla á þeirri leið er að brjóta fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði upp með lögum. Það er leiðin sem hæstv. forsrh. velur. Hann velur þá aðferð sem íþyngir mest en það er hins vegar hægt að vinna gegn hættunum sem stafa af samþjöppuninni með öðrum og vægari leiðum. Samf. hefur bent á sumar þeirra í þeim þingmálum sem ég drap á áðan og flokkurinn hefur boðað aðrar í umræðum bæði núna og eins fyrr í vetur þegar við ræddum fjölmiðla af miklu kappi. Við teljum að þessar leiðir samanlagðar séu mun áhrifaríkari til að útrýma óæskilegum áhrifum samþjöppunar og eigendavalds í fjölmiðlum heldur en þær sem felast í frv. forsrh.

Leiðirnar sem Samf. hefur reifað eru ferns konar. Í fyrsta lagi höfum við sagt að það sé einbeittur vilji okkar að treysta stöðu Ríkisútvarpsins. Öflugt ríkisútvarp sem hefur jafnmikla útbreiðslu og RÚV gæti verið besta tryggingin gegn fábreytni í fjölmiðlun, bæði í menningarlegu og pólitísku tilliti. Við erum ekki ein um þetta viðhorf, herra forseti. Undir þessa skoðun er tekið í fjölmiðlaskýrslunni. Þar er sagt að efling RÚV sé að nokkru leyti til þess fallin og ég vitna beint til skýrslunnar, með leyfi forseta, „að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi". Höfundarnir segja beinlínis, með leyfi forseta:

„... yrði þessi leið ein fyrir valinu fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum."

Það er alveg ljóst af þessu að hérna er um áhrifaríkt úrræði að ræða en sem er miklu vægara en það sem hæstv. forsrh. hefur lagt til. Efling RÚV tryggir samt ekki fjölbreytni nema Ríkisútvarpið sé líka tekið úr þeirri pólitísku spennitreyju sem það er í í dag.

Hvernig er staðan í dag? Hún er svona: RÚV lýtur beinni stjórn útvarpsráðs sem er undir forustu sjálfstæðismanns og þetta útvarpsráð þar sem pólitískur meiri hluti ræður fjallar um ráðningar fréttamanna. Þetta er algjörlega í andstöðu við tilmæli Evrópuráðsins sem hæstv. forsrh. hefur þó orðið svo mikið skjól í þessari umræðu.

Útvarpsstjóri er sjálfstæðismaður. Framkvæmdastjóri RÚV er sjálfstæðismaður. Sjálfstfl. einokar alla valdastóla innan stofnunarinnar og hann er líklega einráðari innan RÚV en Baugur er innan Norðurljósanna. Efling Ríkisútvarpsins og frelsun þess undan pólitísku oki er þess vegna ein af megintillögum Samf. Og eins og hæstv. forsrh. og aðrir þingmenn sem hlýða á mál mitt muna boðaði ég það á Alþingi fyrr í þessari umræðu að útfærsla þessarar stefnu sem varðar RÚV yrði eitt af fyrstu þingmálunum sem Samf. flytur í haust.

Í öðru lagi lagði Samf. til á Alþingi í vetur að sett yrðu í lög ákvæði sem skylda fjölmiðla til að setja sér innri reglur til að tryggja sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum. Evrópuráðið, sem ég og hæstv. forsrh. höfum svo oft vitnað til, mælir alveg sérstaklega með því að þessi leið verði farin. Hún er líklega að mínu mati einhver áhrifaríkasta leiðin til að tryggja að eigandi geti ekki misnotað fjölmiðla í sína eigin þágu. Ég hef áður, herra forseti, rifjað upp dæmi þegar einn eigandi sjónvarpsstöðvar reyndi að stöðva frétt um að ráðherra hefði þegið boð í laxveiði af stórbanka. Það var til marks um faglegan metnað þeirra sem á þeirri stöð unnu að það lá við uppreisn þegar reynt var að stöðva þessa frétt. Hún var auðvitað birt. Þetta dæmi á að sýna okkur að það er nauðsynlegt þegar svona mál koma upp að til séu lög sem verndi fréttamennina sem hugsanlega lenda í slíku. Það kunna alltaf að verða einhver eftirmál, síðar hugsanlega, af slíkum málum þegar eigandi hugsanlega reyndi að grípa til einhverra ráða til þess að beita fælingu gagnvart öðrum fréttamönnum á þessum miðli eða jafnvel öðrum miðlum sem hann vinnur á. Þess vegna er þetta ákaflega mikilvægt úrræði, herra forseti.

Þegar við ræddum fjölmiðlaskýrsluna sérstaklega á Alþingi var það hæstv. menntmrh. sem sagði að þessi hugmynd, sem hæstv. dómsmrh. fannst einhver vitlausasta hugmynd sem fram hefði komið í þessari umræðu og er þó að finna í fjölmiðlaskýrslunni líka, kallaði á flókna og dýra eftirlitsstofnun. Ég hafna því algjörlega. Ég tel að það sé sé fullkomlnn misskilningur. Ég held að eftirlit með svona lögum mundi alltaf vera tryggt með aðhaldi starfsmanna sjálfra. Það væri stöðugt, sívirkt eftirlit og aðhald að því að lögin héldu innan úr fjölmiðlunum sjálfum vegna þess að enginn á jafnmikið undir því að slíkar reglur yrðu haldnar og einmitt starfsmennirnir. Það þarf enga sérstaka stofnun til þess að fylgjast með þessu. Af því að við erum að tala um samþjöppun og eigendavald er kjörið að benda á að tillaga af þessu tagi felur í sér beina takmörkun á eigendavaldinu.

Í þriðja lagi hefur svo Samf. lagt til að sett verði lög um að eignarhald á fjölmiðlum verði gagnsætt. Ég er þeirrar skoðunar að það sé alveg sama hvaða lög hæstv. forsrh. setur og Alþingi, alveg sama hvaða hugmyndir við í Samf. komum með, það er aldrei algjörlega hægt að útiloka að eigandinn hafi einhver áhrif á efnistök fjölmiðla. Þá verðum við að gera neytendum fjölmiðlunarinnar kleift að meta það sjálf út frá upplýsingum um það hver á fjölmiðlana hversu trúverðugar þær eru. Þetta er algjört lykilatriði. Það getur vel verið að einhverjum finnist þetta heimskuleg hugmynd. En við höfum bara skelfileg dæmi fyrir okkur í þessum efnum héðan frá Íslandi.

Þessi hugmynd er líka reifuð í fjölmiðlaskýrslunni, og hvaðan ætli fjölmiðlanefndin hafi haft þessa hugmynd? Frá uppsprettu og lind, þeirra helstu hugmyndum sem hæstv. forsrh. segir að liggi að baki sínu frv., þ.e. tilmælum Evrópuráðsins. Það er nefnilega þannig að Evrópuráðið hefur fjallað ákaflega ítarlega um margar leiðir og það hefur einmitt tekið það skýrt fram að menn þurfi að hafa í huga stöðuna á markaðnum í hverju landi fyrir sig. Hæstv. forsrh. hefur hins vegar kosið að ganga að þessu eins og hverju öðru veisluborði og velja úr þær kræsingar sem hann vill. Skjólið sem hann finnur í tilmælum Evrópuráðsins er því miður ekki meira en svo að þegar maður skoðar þær hugmyndir sem er að finna í tilmælunum er ég a.m.k. þeirrar skoðunar, og það virðist sem dragi langt í að fjölmiðlanefnd hæstv. menntmrh. sé ekki fjarri því viðhorfi, að þar sé hægt að finna margvíslegar leiðir sem hefðu meiri áhrif á fjölmiðlamarkaðinn til þess að draga úr hugsanlegum áhrifum samþykktarinnar en þessi ýtrasta leið sem hæstv. forsrh. hefur rætt um.

Í fjórða lagi er það svo að við í Samf. teljum að samkeppnislög og styrking eftirlitsstofnunar á borð við Samkeppnisstofnun séu í senn öflug og næg tæki til að koma í veg fyrir að eigendur stórfyrirtækja í óskyldum rekstri geti misnotað fjölmiðla til að hygla sjálfum sér varðandi bæði beinar og óbeinar auglýsingar. Þetta var skoðun sem hæstv. dómsmrh., að því er ég taldi til skamms tíma, deildi með mér. Mér sýnist á öllu að einhverra hluta vegna hafi þó skilið leiðir með okkur um þetta. Ef eigandi sem á bæði fjölmiðil og síðan fyrirtæki í óskyldum rekstri reyndi að hygla fyrirtækjum sínum með því að nota fjölmiðilinn fælist í því misnotkun sem samkvæmt skilgreiningu samkeppnislaga er ekkert annað en samkeppnishömlur. Ef fyrirtæki verður uppvíst að því að standa að slíkum samkeppnishömlum ber lögum samkvæmt samkeppnisyfirvöldum að uppræta þær.

Ég vek eftirtekt á þessu vegna þess að í hinni margumræddu fjölmiðlaskýrslu, sem ég vona að hæstv. forsrh. taki eftir að ég hef lesið, er ítrekað dregið fram að samkeppnisráð túlki sjálft lög með þeim hætti að ráðið hafi ákaflega frjálsar hendur um mat á því hvenær sé þörf á að grípa til aðgerða gegn háttsemi fyrirtækja af þessu tagi og líka um það hvers konar aðgerðum sé beitt í hverju tilviki. Við í Samf. teljum þess vegna að þegar þessar leiðir allar eru farnar; í fyrsta lagi að styrkja Ríkisútvarpið og frelsa það undan pólitísku oki Sjálfstfl., í öðru lagi að setja lög sem tryggja ritstjórnarfrelsi og sjálfstæði ritstjórna, í þriðja lagi að setja lög um gagnsætt eignarhald og í fjórða lagi að beita samkeppnislögum og efla Samkeppnisstofnun, séum við komin með vopnabúr í hendur sem sé áhrifaríkara tæki en þau úrræði sem er að finna í frv. hæstv. forsrh.

Hv. þm. Birgir Ármannsson gerði meðalhófsregluna að töluverðu umræðuefni í sinni ræðu og ég fylgdist með henni af athygli. Mér fannst sem hv. þm. Birgir Ármannsson væri þeirrar skoðunar að hér væri verið að beita meðalhófsreglunni. Mér fannst sá partur ræðu hans sem að öðru leyti var

alveg prýðileg vera langveikasti kaflinn. Ég tel að frv. hæstv. forsrh. byggist alls ekki á þeirri reglu. Ég hef hins vegar í þessari ræðu reynt að færa rök fyrir því að þær hugmyndir sem Samf. hefur lagt fram eru allar í anda hennar. Meðalhófsreglan felur í sér að stjórnvaldi ber alltaf skylda til að leita vægustu úrræða til að ná lögmætu markmiði. Það er alveg ljóst af þeim leiðum sem eru taldar upp í fjölmiðlaskýrslunni og af þeim leiðum sem ég hef nefnt hérna að það eru ákaflega sterk rök sem hníga að því að það sé hægt að fara lengra að því markmiði sem er að finna í frv. hæstv. forsrh. með úrræðum sem eru miklu veikari, miklu vægari.

Nýlega hefur einn af fremstu sérfræðingum Evrópuráðsins um fjölmiðlun, Páll Þórhallsson, ritað um það grein í Morgunblaðinu þar sem hann einmitt gerir meðalhófsregluna og túlkun Evrópuráðsins á henni að umræðuefni. Hann, sem hefur töluvert meira vit en ég á tilmælum Evrópuráðsins og hugsanlega meira en hæstv. forsrh., segir að þær reglur beri að túlka þannig að ef stjórnvald ákveði að fara ýtrustu leiðir í þessum efnum verði það að rökstyðja af hverju það hafi ekki farið vægari leiðir.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. forsrh.: Af hverju hefur hann ekki rökstutt það fyrir okkur?

[17:16]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði til að víkja að einu atriði í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann hélt því fram að frv. það sem við erum að ræða bryti gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og mig langar til að biðja hann um að rökstyðja það fyrir mér hvers vegna hann telur að svo sé.

72. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um að eignarréttur inn skuli vera tryggur, að vernda beri hann. Hins vegar mælir greinin sérstaklega fyrir um það að löggjafanum sé heimilt, að uppfylltum þremur skilyrðum, að ganga á þann rétt. Fyrsta skilyrðið er að slíkt sé gert með lögum. Annað skilyrðið er að almannahagsmunir krefjist þess að svo sé gert. Þriðja skilyrðið er að fullar bætur komi fyrir.

Þegar við víkjum að þessum skilyrðum í málinu er ljóst að fyrsta skilyrðið er klárlega uppfyllt, þ.e. við erum að tala um frv. og eignarrétturinn, ef um skerðingu er að ræða, verður þá skertur með lögum. Í annan stað liggur fyrir skýrsla fjölmiðlanefndar sem mælir fyrir um það að almannahagsmunir beinlínis krefjist þess að gripið verði til aðgerða á þessum markaði. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka eru sammála um að við núverandi ástand verði ekki búið. Aðaleigendur Norðurljósa eru sammála því mati, Starfsmannafélag Norðurljósa er sammála því mati og í rauninni allir sem hafa tjáð sig um málið. Í þriðja lagi mælir nefndarálitið fyrir um það að verði niðurstaðan sú að eitthvert fyrirtæki verði fyrir tjóni verði greiddar bætur sem því tjóni nemur, hvert sem það verður.

Þess vegna langar mig til þess að spyrja (Forseti hringir.) hv. formann Samf.: Hvaða skilyrði er brotið að hans mati?

[17:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að fara almennt aftur yfir þau mál sem ég tel að kunni hugsanlega að varða stjórnarskrána þá tel ég að það séu þættir eins og tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi, eignarréttarákvæði sem ég kem að rétt á eftir, og síðan nefndi ég einnig til sögunnar það viðhorf sem Jónatan Þórmundsson hefur túlkað. Hann hefur tjáð þá skoðun að ef lögin beinist fyrst og fremst að einu fyrirtæki kunni það eitt og sér að varða við stjórnarskrána.

Ég rifja upp að í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur skýrt fram að löggjafinn eigi ekki að fara þá leið að setja lög sem kunni að leiða til þess að fyrirtæki þurfi að stokka upp starfsemi sína til þess að hlíta fyrirmælum laganna þannig að það feli í sér kostnaðarsamar og þungbærar aðgerðir. Það er alveg ljóst að í þessu tilviki þarf a.m.k. eitt stórfyrirtæki á sviði fjölmiðlunar að grípa til slíkra aðgerða. Lögin eru því afturvirk samkvæmt skilgreiningu fjölmiðlanefndarinnar. Það er enginn vafi á því.

Hv. þm. spyr mig síðan af hverju ég telji að málið varði eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Nú liggur það fyrir samkvæmt mati margra manna og ég túlka skoðun Davíðs Þórs Björgvinssonar, sem ég var að lesa áðan, að hann sé á því líka, að lögin muni leiða til þess að útvarpsleyfi verði afturkölluð. Í útvarpsleyfum felast klárlega eignarréttindi og verið er að skerða þau.

[17:21]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég lít reyndar svo á af því að talað var um útvarpsleyfin að með því að tryggja það að verði einhverjir aðilar fyrir tjóni, verði þeir sviptir útvarpsleyfi, verði slíkt tjón bætt, að með því sé a.m.k. það skilyrði stjórnarskrárinnar uppfyllt. Sú heimild hefur verið í stjórnarskránni allt frá því að hún var sett og á rætur sínar að rekja langt aftur, í miðaldir held ég, að samkvæmt germönskum rétti sé löggjafarvaldinu heimilt að grípa til slíkra skerðinga gegn því að þau skilyrði séu uppfyllt.

En ég spurði hv. þm. að því hvert þessara þriggja skilyrða hann teldi að verið væri að brjóta með þeirri lagasetningu sem við erum að ræða. Eru það almannahagsmunirnir, er það lagasetningin sem slík, eða telur hv. þm. að sú bótaskylda sem ég vék að áðan uppfylli ekki það skilyrði sem eignarréttarákvæðið mælir fyrir um?

[17:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af þeim þremur forsendum sem hv. þm. telur upp tel ég að sú fyrsta og þriðja séu í uppnámi.

Ég rifja upp fyrir hv. þm. að þetta var rætt sérstaklega í efh.- og viðskn. í morgun við Sigurð Líndal prófessor. Hann taldi að ákvæði frv., að teknu tilliti til breytingartillagna, væru það flókin og leiddu til þess að það yrði svo erfitt að meta hvers konar skerðingu yrði um að ræða að það væri nánast ókleift. Af þeim sökum skildi ég skoðun hans svo varðandi eignarréttindaákvæði að hann teldi það einhlítt að lög af þessu tagi yrðu send beint aftur í fang ríkisstjórnarinnar, eins og reyndar fleiri umdeild lög frá henni á síðustu árum.

Ég verð hins vegar að lokum, herra forseti, að segja það við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að mér er nokkur raun að sjá að honum er nánast alveg sama um það að vítt og breitt um samfélagið eru menn, sem hafa hugsanlega jafnvel meiri reynslu og þekkingu á lögum en hv. þm., sem eru þeirrar skoðunar að hér sé hugsanlega verið að brjóta stjórnarskrána. Við eigum að hafa þá virðingu fyrir stjórnarskránni, þingmenn sem höfum svarið eið að henni og ekki síður lögfræðingar í okkar röðum sem hafa kynnt sér hið æðra gangvirki laganna, að við ráðumst ekki með svona miklum hraða í lagasetningu nema búið sé að ganga úr skugga um að það séu engir möguleikar á að hún brjóti í bága við stjórnarskrána. Farinn er að læðast að mér sá

grunur að það skorti á þá virðingu hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni.

[17:24]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla fyrst og fremst að beina orðum mínum að umræðunni um samkeppnislögin og þau orð hv. þm. þar sem hann fjallar um mikilvægi þess að styrkja Samkeppnisstofnun í þessu tilliti.

Samkeppnisstofnun eða öllu heldur samkeppnisráð getur hindrað samruna eins og segir í 18. gr. samkeppnislaganna: „Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni, með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur ráðið ógilt samruna ...“

Nú liggur fyrir dæmi þar sem eitt fyrirtæki er að öðlast 63% markaðarins í frjálsu ljósvakamiðlunum. Maður hlýtur þess vegna að velta því fyrir sér í ljósi þess að hv. þm. lýsti því yfir að fylgjast þyrfti með samþjöppun í eignarhaldi og samþjöppun í fjölmiðlun almennt, hvort hann telji að við höfum nú þegar dæmi sem Samkeppnisstofnun ætti að láta til sín taka og taka til sérstakrar skoðunar.

[17:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal ekkert um það segja hvort slíkt dæmi er. En ég rifja það bara upp fyrir hv. þm. að um þetta er ítarlega fjallað í fjölmiðlaskýrslunni og þar kemst fjölmiðlanefndin að þeirri niðurstöðu að samkeppnisráð hafi ákaflega fjölbreytt úrræði til þess að grípa til hvers konar ráða nánast til að stemma stigu við samkeppnishamlandi aðgerðum.

Hv. þm. man það alveg áreiðanlega að í þeirri umfjöllun er m.a. túlkaður dómur eða úrskurður sem gekk hjá samkeppnisráði varðandi breiðband Landssímans með þeim hætti að hugsanlega hefði ráðið líka vald til að beita sér fyrir uppskiptum fyrirtækja. Fjölmiðlanefndin kemst að vísu að þeirri niðurstöðu sjálf að hún telji að það sé ekki svo óyggjandi að hennar mati að hægt sé að segja að á grundvelli núgildandi laga sé það hægt. Ég nefni þetta til að sýna hversu víðtæk úrræði samkeppnisráð sjálft virðist telja að það hafi.

Það vantar ekkert upp á það að fjölmiðlanefndin hafi haft skýran skilning á þessu vegna þess að hún fjallar ákaflega vel um það og gerir einmitt dóminn um breiðband Landssímans að töluverðu umræðuefni í niðurstöðu sinni.

[17:27]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi þetta og varpaði þessari spurningu fram fyrst og fremst vegna þess að þetta er ekki leiðin sem verið er að fara í frv., þar er farin önnur leið, sjónum er beint sérstaklega að eignarhaldinu.

En hv. þm. vill fyrst og fremst treysta á Samkeppnisstofnun og samkeppnislög og því hlýtur maður að kalla eftir því hvort honum þyki 63% eignarhlutdeild í kjölfar samruna á frjálsum markaði fyrir ljósvaka og dagblöð áhyggjuefni. Ef 63% er ekki áhyggjuefni hvað þarf þá mikið að koma til að hans mati til að samkeppnisyfirvöld eigi að fara að grípa inn í? Vill hv. þm., ef samkeppnislög eiga ekki við um það tilvik sem við höfum núna ljóslifandi fyrir framan okkur, að samkeppnislögunum verði breytt á þann veg að þau tækju til tilvika af þessu tagi?

[17:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég rifja það upp af þessari síðustu spurningu hv. þm. að sú var tíðin að ég gerði það að umræðuefni í hinum virðulegu sölum Alþingis hvort ekki ætti að útvega Samkeppnisstofnun slík úrræði. Þá var því svarað til af hæstv. viðskrh. að næg úrræði væru nú þegar fyrir hendi.

Það er hins vegar rangt skilið hjá hv. þm. að ég hafi sagt að samkeppnislögin og Samkeppnisstofnun ein sér eigi að duga í þessum efnum. Ég taldi upp fern úrræði en ég sagði hins vegar alveg sérstaklega að samkeppnislögin og Samkeppnisstofnun ættu að duga til þess að uppræta samkeppnishamlandi aðgerðir eins og gætu birst í því að fyrirtækjarisi sem væri bæði með fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtæki í óskyldum rekstri beitti fjölmiðlunum til þess að ívilna fyrirtækjum í óskyldum rektri, t.d. í gegnum beinar eða óbeinar auglýsingar. Það felur í sér samkeppnishamlandi aðgerðir sem Samkeppnisstofnun ætti þá að reyna að uppræta og hefur til þess margvísleg úrræði.

Spurningin sem hv. þm. varpaði til mín um það hversu mikla útbreiðslu eða stóra markaðshlutdeild fyrirtæki ættu að hafa til þess að ráðist væri gegn þeim, ég ætla ekkert að segja um það, það er annarra yfirvalda í samfélaginu að gera. Ég vil hins vegar að það komi alveg skýrt fram að ég tel að samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlun getur hugsanlega, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, til lengri tíma haft óæskileg áhrif og það er nákvæmlega af þeim sökum sem við höfum lagt fram ákveðnar hugmyndir til að koma í veg fyrir það. Ég tel að staðan sé ekki sú á markaðnum í dag, hún getur komið upp og það er þess vegna sem við höfum tíma til að ræða málið frekar, en ég tel (Gripið fram í.) að aðferðir Samf. sem við höfum skýrt í umræðunni séu áhrifaríkari en (Forseti hringir.) þær leiðir sem farnar eru í frv. forsrh. enda eru menn hvarvetna að hverfa frá þeim.

[17:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Hér hafa þegar orðið langar umræður um mál þetta. Ég er sjálfur þeirrar gerðar að ég á erfitt með að halda ræður, ég tala nú ekki um langar ræður, um mál sem ég hef ekki kynnt mér til hlítar. Hér er því haldið fram að þetta mál sé vanreifað og menn hafi ekki getað kynnt sér það til hlítar. Samt er staðfest í síðustu ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að menn hafa verið að tala um það af hálfu stjórnarandstöðunnar allt upp í tvo tíma. Ég trúi því ekki að menn komi upp í ræðustól og misbjóði þingmönnum og þjóðinni með því að tala um mál í $1\,^1/_2$–2 tíma án þess að hafa kynnt sér þau til hlítar. Ég hlýt að telja að það sé algjörlega víst og öruggt að menn hafi kynnt sér þau til hlítar áður en þeir tala um mál svo lengi. Fullyrðingar um að þetta mál sé vanreifað eða vankynnt eða liggi ekki ljóst fyrir hljóta að falla um sjálfar sig.

Það er auðvitað margt sem hefur skýrst á undanförnum dögum og reyndar líka jafnvel dularfyllstu mál sem maður á erfitt með að skilja. Einhvern veginn er það svo að á þeim finnast fyrr eða síðar skýringar. Ég hef eins og mjög margir aðrir lengi átt bágt með að skilja hvert var tilefni hinna frægu Borgarnesræðna. Ég tel að það mál hafi aðeins skýrst við þessa umræðu. Ég hef líka átt mjög erfitt með að skilja hvers vegna og hvernig á því stendur að Samf. hefur algerlega farið í för og föt Norðurljósa í allri þessari umræðu. Þar skilur hvergi á milli, ekki bókstaf á milli, og öll rök sem þaðan koma eru ekki bara tekin gild heldur étin upp hver á

fætur öðrum af talsmönnum Samf. Kannski mun það gerast einn góðan veðurdag að menn fái einhverjar skýringar á því, rétt eins og menn eru aðeins farnir að fá skýringar á því hvers vegna Samf. ákvað fyrir síðustu kosningar að gera þrjú fyrirtæki, Jón Ólafsson, Baug og Kaupþing, sérstaklega að sínum fyrirtækjum. Hann er aðeins byrjaður að skýrast fyrir mönnum, sá mikli leyndardómur sem enginn maður skildi, hvar sem hann var í flokki, hygg ég vera. Kannski á þetta eftir að skiljast þegar fram í sækir, þessi furðulega andstaða sem við erum að horfa á hér, að heill stjórnmálaflokkur skuli með þessum hætti kokgleypa og gera að sínum rök eins fyrirtækis eða eins auðhrings í landinu. Þetta hefur maður aldrei séð.

Ég nefni dæmi. Þegar fyrirtækið Norðurljós hélt því fram eftir að skýrslan kom fram og síðan frv. að starfsfólkið yrði rekið kom hver talsmaður Samf. á fætur öðrum — ég man sérstaklega eftir formanni Samf., fyrir utan hann — og sagði að allt starfsfólkið yrði rekið, mundi missa vinnuna. (**ÖS:** Hvaða vitleysa.) Það reyndist vitleysa. Það reyndist nefnilega vitleysa. Það hefur enginn verið rekinn. Meira að segja kemur fram núna að formaður Samf. veit að það reyndist vitleysa. Það hefur enginn starfsmaður verið rekinn. Það er reyndar þannig, og það ættu allir menn að geta séð, að það fer ekki eftir því hver eigandinn er hvort fólk starfar við fyrirtæki, eins og látið var í veðri vaka.

Þegar fulltrúar Norðurljósa héldu því fram í byrjun að skaðinn af þessu máli gæti orðið 300 millj. — 300 millj., mér fannst það kunnugleg tala af einhverjum ástæðum — var sú fullyrðing étin upp strax. Ég get nefnt dæmi um hver gerði það. Síðan þegar þessi tala hækkaði í 700 og í 1.500 millj. voru þær tölur étnar upp strax og talsmenn Samf. gerðu þær að sínum. Á þessu hafa ekki fengist neinar skýringar.

Nú nýverið og nú síðast héldu fulltrúar Norðurljósa því fram að brtt. sem gerðar voru væru eins og sniðnar handa Skjá 1 en það hafa forráðamenn þess fyrirtækis reyndar hrakið. Um leið og þetta var sagt komu talsmenn Samf. fram, hér inn í þingið og opinberlega, og sögðu: Brtt. eru eins og sniðnar handa Skjá 1. Hvernig vissu þeir það? Hvað vita þeir svona mikið um Skjá 1? Ekki veit ég neitt um Skjá 1 en þeir fullyrtu þetta alveg eins og skot. Þegar fyrirtækið fullyrti að öll lán Norðurljósa væru í uppnámi, sem enginn banki hefur fullyrt, fullyrtu talsmenn Samf. um leið að öll lán þessa fyrirtækis væru í uppnámi. Aðallánveitandinn, Landsbankinn, hefur enga yfirlýsingu gefið. Kannski gæti talsmaður Landsbankans sem hér er nú staddur sem þingmaður Samf. eitthvað upplýst okkur um það atriði. Það er hugsanlegt, ég skal ekki um það segja. (Gripið fram í.) Ég skal ekki um það segja en það er hugsanlegt.

Umræðan hefur öll verið á þessa lund. Einhvern tíma, einn góðan veðurdag kannski, fáum við e.t.v. upplýst hvernig á þessu stendur. En það eru engin skil, ekki hin minnstu skil, á milli málflutnings Norðurljósa og Baugs og Samf.

Ég tók eftir því að þegar þetta frv. var lagt fram kom formaður Samf. og sagði að Ísland væri að verða bananalýðveldi. Þetta var ekki sagt með skynsamlegum hætti um Ísland af hálfu talsmanns þessa flokks. Þá spurðu menn: Bíðum nú við, hvenær er talið að þjóð verði að bananalýðveldi? Það er þegar auðhringar, einn, tveir eða þrír, hafa náð öllum völdum, náð undir sig fjölmiðlunum og stjórnmálaflokkum. Þá verða lönd, lýðveldi, að bananalýðveldum, ég tala nú ekki um þegar síðan eru skaffaðir bananarnir til að skreyta Alþingishúsið með af hálfu sömu fyrirtækja. Þetta er mikið umhugsunarefni, allt saman. Einn góðan veðurdag kannski mun þetta vonandi allt upplýsast.

Í 37 ræðum sem fulltrúar Samf. og stjórnarandstæðingar hafa flutt hefur verið fullyrt að þetta mál beindist að einu fyrirtæki. Síðan er komið með miklum undrunarsvip og sagt: Bíddu, eru menn að halda því fram í tilefni af hugsanlegum afskiptum forseta Íslands að þetta mál beinist að einu tilteknu fyrirtæki? Það segja sömu aðilar og hafa haldið þessu fram í 37 ræðum í salnum.

Beinist að einu fyrirtæki. Gætir ekki meðalhófs. Þetta eru fullyrðingar sem hér eru settar fram. Það er enginn leyndardómur í þessum málum, það er engin launung í þeim. Í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar segir að á Íslandi sé komið upp ástand sem ekki sé boðlegt og engin ríkisstjórn og ekkert löggjafarvald nokkurs staðar um heiminn mundi láta líðast. Ef menn bregðast við því ástandi geta menn auðvitað kallað að því sé beint gegn einu fyrirtæki. Meginspursmálið er samt þetta: Er það gert með almennum reglum sem allir aðrir verða að lúta jafnframt? Það er auðvitað mergurinn málsins.

Hér hafa menn haldið því fram að stjórnarskráin spilaði stóra rullu. Ótrúlegustu ákvæði stjórnarskrárinnar hafa verið tínd til, líka af mönnum sem bersýnilega þekkja ekkert til hennar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi að þegar EES-samningurinn var til umræðu sællar minningar og við sátum saman í ríkisstjórn með ágætum árangri hafi verið brugðist við með tilteknum hætti. Þá var um það að ræða að í íslenskum lögum er framsal valds til erlends valds ekki heimilt, eins og það er hins vegar í lögum margra annarra ríkja. Þess vegna urðu menn við þann samning að gaumgæfa það mál sérstaklega. Við fengum góða lögfræðinga til að annast þá úttekt. Það dugði ekkert til. Ásakanirnar héldu áfram, meira að segja af þeim sem voru fyrst á móti og svo með og hafa síðan nýverið hrósað sér af í blaðagreinum fyrir að hafa stutt þennan sama mikla samning. Það er að vísu misminni. Þá lá málið allt öðruvísi fyrir heldur en hér og nú.

Hvers vegna verður manni ekki um og ó þegar talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að mál þetta brjóti í bága við stjórnarskrána? (**Gripið fram í:** Þú ert svo vanur.) Hvers vegna verður manni ekki um og ó? (**Gripið fram í:** Þið eruð margdæmdir.) Af því að við erum svo vön því að heyra það. Ég bað um að það yrði tekið saman fyrir mig í fljótheitum. (Gripið fram í.) Ég ætla að nefna það að gamni mínu, af því að mér finnst það svo viðeigandi, að stjórnarandstæðingar hafa talað í 3–4 sólarhringa og það er óþekkt að menn hafi reynt að stöðva mál þeirra með gjammi og frammíköllum, óþekkt. (**Gripið fram í:** Nú?) Það er óþekkt. Um leið og stjórnarsinnar tala, hver sem er, byrjar þetta gjamm fram í. Reyndar er einn aðalgjammarinn því miður fjarstaddur. En þá byrjar þetta gjamm og meira að segja á þessum væng herbergisins hefur varla verið líft fyrir gjamminu. En látum það nú vera, það gerir manni sjálfsagt ekkert til. (Gripið fram í.) Ég skal hinkra meðan þeir sem eru búnir að tala í fjóra sólarhringa fá extramál ef þeir vilja.

Ég var að tala um það hvers vegna manni yrði ekki um og ó. Það er vegna þess að við erum svo vön þessu. Ég lét taka það saman hvenær menn veifa stjórnarskránni. Það er auðvitað bara í allra stærstu málum, ekki satt? Það sé ekki hægt að afgreiða mál til þess að brjóta í bága við stjórnarskrána.

Mál um starfsréttindi tannsmiða. Þá var því haldið fram að það mál væri í vandræðum með stjórnarskrána. (Gripið fram í.) Mál um fjáröflun til vegagerðar, afsláttur af þungaskatti. Þá var því haldið fram að það mál væri í vandræðum með

stjórnarskrána. Það var svolítið skemmtileg sjón að sjá þennan. Jarðalög, lögræðisaldur. Þá var því haldið fram að það mál bryti í bága við stjórnarskrána. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, sauðfjárafurðir. Þá var því auðvitað haldið fram að þessi mál brytu í bága við stjórnarskrána. Almannatryggingar, tekjutrygging örorkulífeyrisþega, auðvitað brot á stjórnarskrá allt saman. Kjaramál fiskimanna og fleira, breytingar á ýmsum lögum, stangast algjörlega á við stjórnarskrá. Stjórn fiskveiða, krókaaflamarksbátar, brot á stjórnarskrá. Veiðigjald, brot á stjórnarskrá. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, norsk-íslenski síldarstofninn. Það var nú heldur betur brot á stjórnarskrá, norsk-íslenski síldarstofninn, það vantar ekkert upp á það. Allt í voðanum með stjórnarskrána út af norsk-íslenska síldarstofninum. Man ekki einhver eftir því? (Gripið fram í.) Ábyrgð skuldabréfa vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, allt brot á stjórnarskrá í bak og fyrir að mati þessara manna. Fjármálafyrirtæki, heildarlög, allt saman brot á stjórnarskrá af hálfu þessara talsmanna. Vernd og friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, þar voru ekki bara stjórnarandstæðingarnir. Allt meira og minna brot á stjórnarskrá. (**Gripið fram í:** Jæja.) Meira að segja rjúpan var brot á stjórnarskrá. Álverksmiðjan í Reyðarfirði auðvitað, logandi brot á stjórnarskrá fram og til baka. Ábyrgðarsjóður launa, heildarlög, EES-reglur, aldeilis brot á stjórnarskrá, mikil brot á stjórnarskrá. Tekjuskattur og eignarskattur, viðmiðunarfjárhæðir, brot á stjórnarskrá auðvitað, stórfellt brot á stjórnarskrá.

Við gætum bara ekki afgreitt nokkurt einasta mál ef við hlypum eftir allri þessari vitleysu.

Nú vill þannig til varðandi þetta mál hins vegar að í nefndaráliti meiri hlutans er farið greinilega og vel yfir þessi atriði og hrakið fullkomlega að ástæða sé til að halda því fram að stjórnarskrá verði brotin með nokkrum hætti. Upp úr stendur eftir þessar umræður að mál þetta er vel reifað en þeir sem hafa fjallað um það efnislega og málefnalega og tekið mið af almennum efnislegum rökum en ekki fengið aðsendar athugasemdir utan úr bæ — ég vek athygli á því að af 94 síðum í nefndaráliti Samf. eða stjórnarandstöðunnar eru 47 frá Norðurljósum, réttur helmingur — þeir sem hafa hins vegar fjallað um þetta efnislega með málefnalegum rökum hafa sýnt fram á að þetta mál er vel undirbyggt, er í samræmi við almannaþarfir, er til langs tíma í almannaþágu, styrkir lýðræði, frelsi og frjálsa umræðu í landinu.

[17:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Leyfist mér fyrst að óska hæstv. forsrh. innilega til hamingju með það hve vel honum tókst upp í hinu málefnalega svari áðan. Hann fór ítarlega yfir ákvæði frv. og hrakti auðvitað allar þær röksemdir sem menn hafa komið með fram gegn því. Satt að segja held ég að hæstv. forsrh. hafi toppað sjálfan sig í þeirri ræðu.

Það var bara eitt sem vantaði í ræðu hæstv. forsrh. um stjórnarskrána. Hversu oft hefur ríkisstjórn undir hans forustu brotið stjórnarskrá? Hversu oft hefur hæstv. forsrh. verið rassskelltur með dómum Hæstaréttar vegna þess að hann hefur þröngvað í gegn lögum sem hafa brotið stjórnarskrá? Staðan er einfaldlega þannig að hæstv. forsrh. þorir ekki að setja málið í umsögn sérfræðinga við Háskóla Íslands eða annarra sérfræðinga. Staðan er meira að segja þannig að annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., er miður sín yfir því hvernig málið er statt gagnvart stjórnarskránni. Og svo kemur hæstv. forsrh. og hvert er inntakið í ræðu hans? (Forseti hringir.) Dylgjur gagnvart Samf. Af hverju þorir ekki hæstv. forsrh. að segja (Forseti hringir.) það sem hann var að dylgja um? Getur það verið að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi haft rétt fyrir sér?

[17:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi hv. þm. flutti andsvar og sagði að ég væri með dylgjur. Hér hefur því verið haldið fram af hálfu Samf. að fréttamaður á Fréttablaðinu sé eitthvað veikur. Því er haldið fram að hæstv. dómsmrh. líði illa, eins og það er orðað. Svo er því haldið fram í sama andsvari að ég hafi tapað mér og gífuryrði hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar eigi vel við. Síðan er sagt að Framsfl. sé miður sín. Bíddu, var þetta efnisleg umræða af hálfu formanns Samf? Þetta var niðurlægjandi svar og ekki reis hann hátt, formaðurinn blessaður, við þetta svar sitt.

[17:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. spyr eftir mínum málefnalega málflutningi. Það vill svo til að ég hélt nánast klukkutíma ræðu áðan þar sem ég fór lið fyrir lið yfir stefnu Samf. Hæstv. forsrh. leyfði sér hins vegar að koma hér í ræðu áðan sem var full af dylgjum. Hæstv. forsrh. sagði: Ja, það mun nú koma í ljós hvernig stendur á afstöðu Samf. Um hvað var hæstv. forsrh. að dylgja? Hefur Davíð Oddsson forsrh. virkilega ekki kjark baráttumannsins sem hann hafði áður? Þorir hann ekki að koma hingað og segja það sem hann er að dylgja um? Hvar er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon? Eftir allt saman kemur í ljós að hann hafði rétt fyrir sér. Kjarkur forsrh. er brostinn í þessu máli. Dylgjur eru það eina sem hann hefur fram að færa til andsvara við Samf. Ekkert annað. Hvers konar reisn er nú þetta?

(**Forseti** (SP): Forseti vill áminna hv. þm. að gæta þess að ávarpa forsrh. með tilhlýðilegum hætti.)

[17:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. flutti langa ræðu. Ég heyrði ekki betur en svona helmingur ræðunnar hafi verið upplestur úr grein hans í Morgunblaðinu í dag, sem ég las. Auðvitað er gott að vitna í sjálfan sig en þetta er tiltölulega ný grein og það var óþarfi ... (**Gripið fram í:** Það hefur fyrr verið gert við önnur tækifæri.) Já, já, en þetta er tiltölulega nýleg grein og maður hafði nýlesið hana og kannski hélt hún þá ekki uppi miklum áhuga. En á móti kom að að öðru leyti en að lesa grein eftir sjálfan sig úr Morgunblaðinu í dag fjallaði hv. þm. um stjórnarskrána. Ég fór yfir það hvers vegna slík og þvílík ummæli úr munni þessa ágæta þingmanna skuli vera svona léttvæg eins og þau eru, því að þau eru léttvæg. Ég mundi segja, ef ég væri að leika mér, eins og fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans sem notaði sífellt það orðalag, að þau væru giska léttvæg, það þykir honum afskaplega fínt að segja. En þau voru mjög léttvæg og ég fór yfir það af þeim ástæðum sem menn þekkja.

[17:49]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði í ræðu minni í dag að hinn pólitíski ófriður hefði gengið of langt. Hinn pólitíski ófriður á Alþingi og í þjóðfélaginu hefur gengið of langt í þessu máli og það gerðist í gær. Það gerðist í gær að það urðu skil í málinu og það gerðist í viðtali hæstv. forsrh. í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi. Ég held að allir hér inni skilji það og ég held að

allir úti í samfélaginu skilji það. Það var innsiglað í umræðunni í dag hversu langt þetta er gengið. Það var innsiglað í þeim dylgjum og þeim óhróðri sem yfir okkur hefur verið velt hér af hæstv. ráðherrum, dómsmrh. og forsrh.

Ég verð að endurtaka það sem ég sagði í dag við þessa ágætu herramenn: Ekki meir, ekki meir. Takið þetta mál út (Forseti hringir.) og reynum að ræða það á skynsamlegum nótum en ekki með óhróðri og dylgjum og illmælgi.

[17:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki að hv. þm. hefði neitt nýtt til málanna að leggja eða væri með neitt innlegg.

Varðandi hins vegar þær spurningar sem ég svaraði í sjónvarpi í gær og hafði ég nú ekki haft mig lengi í frammi um það atriði. Það höfðu margir aðrir forustumenn stjórnarandstöðunnar og stjórnarflokka fjallað um heimkomu forsetans með tilteknum hætti og fullyrt að forsetinn væri með einhverjum dularfullum hætti sendandi skilaboð inn í Alþingi, einhver merki. Halda menn að forseti lýðveldisins sé með einhverjar merkjasendingar inn í Alþingi? Hverjum dettur það í hug?

Allt það sem ég sagði um það efni er mikilvægt innlegg í það spursmál sem fréttamaðurinn spurði mig um og ég stend við hvert orð í því sambandi, hvort forsetinn hefði hæfi til þess að synja lögum staðfestingar. Ég fór yfir það. Það eru tvö atriði sem komu til greina og hvort sem gildir þá er forsetinn í því tilviki ekki hæfur til þess að synja lögum.

[17:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að rifja upp fyrir fólki í þingsal hvað hæstv. forsrh. sagði í þessu viðtali og hvernig hann fjallaði þar um forsetann, hvernig hann fjallaði um það fólk sem næst honum stendur í því viðtali. Það vita auðvitað allir sem sáu það og voru í rauninni svo slegnir þegar þeir heyrðu það að það minnti helst á viðtalið á bolludaginn fyrir ári síðan þegar þjóðin var líka mjög slegin yfir því hvernig hæstv. forsrh. leyfir sér að tala til þjóðarinnar og leyfir sér að tala um þá menn, og ég endurtek þar aftur varðandi forseta Íslands, sem eru þjóðkjörnir til þeirra starfa sem þeir sinna. Þeir eru þjóðkjörnir til þeirra starfa sem þeir sinna og hæstv. forsrh. verður að sýna ákveðið jafnaðargeð þegar hann fjallar um þá og þau embætti sem þeir gegna.

[17:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar ekki fyrir hönd þjóðarinnar. Hún reyndi að komast í þá stöðu en komst ekki, forsætisráðherraefnið mikla komst ekki í þá stöðu. En hún getur þess vegna ekki talað fyrir hönd þjóðarinnar með þeim hætti eins og hún þykist geta gert.

Eina sem ég fjallaði um voru efnislegir þættir sem snúa að lögfræðilegum atriðum, álitaefnum, lögfræðilegum álitaefnum um hæfi. (**ISG:** Nei.) Ég fjallaði um enga aðra hluti. Og það getur ekki hv. þm. með rökum og því síður með einhverju flissi haldið fram að ég hafi gert. Fliss er ekki rök

[17:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrri hluta ræðu sinnar lagði hæstv. forsrh. út af því í máli sínu að margt væri falið í fjárhagstengslum og fjárstuðningi við stjórnmálaflokka og taldi að margt þar mætti vera ljósara. Hann sagði að einhvern góðan veðurdag mundi það vonandi skýrast fyrir þjóðinni.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. í ljósi þeirra ummæla sem hann hefur viðhaft varðandi fjármál og fjármálatengsl og annað sem snýr að frambjóðendum stjórnmálaflokka og stjórnmálaflokkum hvort hæstv. forsrh. hyggist eða hafi jafnvel tekið þá ákvörðun með sjálfum sér að leggja til að fjármál Sjálfstfl. verði gerð opinber og þar megi allir sjá hvað um er að vera.

[17:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Eins og ég hef áður sagt, frú forseti, er ég tilbúinn til þess að haga fjármálum flokka þannig, ef um það er samstaða, að fyrirtæki geti ekki styrkt flokkana og þeir verði eingöngu reknir fyrir félagsgjöld félagsmanna sinna. Ég er tilbúinn til þess að fara þá leið og hef margoft lýst því yfir.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að skilja svarið svo að á næstu missirum eða mánuðum verði fjármál Sjálfstfl. opnuð.

[17:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ítreka það að þegar þau mál voru rædd á almennum grundvelli hér síðast var það gert á grundvelli skýrslu nefndar sem allir þáverandi stjórnmálaflokkar áttu sæti í og komust allir að sameiginlegri niðurstöðu. Það er þess vegna vonlaust að reyna að færa mál af þessu tagi í fang Sjálfstfl. sérstaklega. Þetta eiga menn að viðurkenna og þekkja.

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að mér finnst ekki sérlega hátt ris á umræðunni og sannast sagna lagðist lítið fyrir hæstv. forsrh. þegar hann gerði lítið úr þeirri umræðu sem farið hefur fram í þingsalnum um þetta mikilvæga frv. Ég hef hlýtt á flestar þær ræður sem hér hafa verið haldnar, þær hafa verið efnismiklar og menn hafa lagt sig fram um að varpa ljósi á þetta mikilvæga mál.

Hæstv. forsrh. er 1. flutningsmaður málsins. Hann hefur hins vegar ítrekað hunsað óskir um að hann komi til umræðunnar og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum og svari spurningum sem fram eru settar. Ein slík spurning var sett fram í gær og hún er á þá leið:

Frumvarpið á ekki að taka gildi fyrr en að liðnum tveimur árum. Hvað stendur í vegi fyrir því að við skjótum málinu á frest og tökum það upp að nýju í haust?

[17:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst þetta: Það er ekki rétt hjá hv. þm. að ég hafi gert lítið úr þeirri umræðu sem fram hefur farið. Þvert á móti gaf ég mér að fyrst að menn töluðu svo lengi hefðu þeir verið búnir að setja sig vel inn í málið og þess vegna hefði málið verið vel reifað.

Varðandi hið síðara atriði sem hv. þm. nefnir þá er það svo að með því að hafa frestinn svo langan þar til lögin taka gildi er verið að sjá fyrir því að aðlögunartími þeirra sem í hlut eiga geti verið sem allra lengstur. Ég er þeirrar skoðunar að þann aðlögunartíma eigi ekki að skerða.

[17:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn geta talað lengi um mál sem er vanreifað til þess að sýna fram á hvers vegna svo er. Og það hefur komið fram, þótt ég sé ekki í þeim hópi, að mjög margir, bæði innan þings og lögspekingar utan þingsins, hafa varað við því að frv. verði samþykkt vegna þess að það brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins. Ég tel að við eigum að taka slík varnaðarorð alvarlega og gefa okkur tíma og ráðrúm til að ganga úr skugga um hvað er hið rétta í því efni.

[17:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar rétt eins og hv. þm. að það sé svo að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég er sammála honum um það og það á að ráða afstöðu okkar en ekki álit manna utan úr bæ.

Á hinn bóginn tel ég að þeir lögfræðingar sem hafa farið skýrast yfir málið og best og mest þekkja til þess hafi fært fyrir því mjög glögg lögfræðileg rök að augljóst sé að málið stangist ekki á neina lund á við stjórnarskrá landsins.

[18:00]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Því miður hefur umræðan farið niður á afskaplega lágkúrulegar brautir og það hefur gerst í tveimur atrennum. Í gær var viðtal við hæstv. forsrh. þar sem fram kom að hann lítur á okkar ágæta forseta, herra Ólaf Ragnar Grímsson, sem pólitískan andstæðing sinn og í seinni atrennu þegar hæstv. dómsmrh. vitnar í bréf og vegur að Samf. með mjög slæmum hætti og lágkúrulegum og í framhaldi af því barst talið að bókhaldi stjórnmálaflokkanna. Ef sá sem hér stendur fengi tækifæri til þess skoða hirslur Valhallar og gæfi sér tíma til að fletta í gegnum gögn þar mundi ekki árið endast til þess að tala um þá svívirðu og þá spillingu sem þar kæmi fram.

Frjálsl., minnsti flokkurinn á þinginu, hefur jafnan verið kenndur við fiskveiðistjórnarkerfið. Eitt af meginmarkmiðum okkar auk þess að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu er einmitt að biðla til fólks í landinu um að hér náist fram lýðræðisleg stjórn þar sem gagnsæi stjórnmálaflokka og útrýming spillingar í landinu eigi sér stað. Fyrir þær sakir höfum við opnað bókhald okkar og lagt það fram á netinu.

Eitt af því sem ég hef tekið eftir og mér þykir afskaplega einkennilegt í meðförum málsins í þinginu eru starfshættir hv. þm. Sjálfstfl. sem eru löglærðir. Flestir þeirra sitja í allshn. Störf þeirra líkjast frekar lögfræðistörfum ungra lögfræðinga í bandarískum kvikmyndum en að þeir séu að starfa sem hv. þm. fyrir íslensku þjóðina. Störf þeirra líkjast því frekar, hæstv. forseti, að þeir séu að ganga erinda ákveðins aðila í einkamáli í bandarískri kvikmynd.

Hv. þm. Birgir Ármannsson gerði að miklu umfjöllunarefni svokallaða meðalhófsreglu í stjórnarskrá Íslands. Ég er ekki löglærður maður en tel mig þó skilja tilgang þessa ákvæðis í stjórnarskrá Íslands. Ég hafði það á orði á fundi efh.- og viðskn. í morgun að líta mætti á meðalhófsregluna sem svo að hún væri diplómatískt verkfæri þegar kæmi að erfiðum málum. Með öðrum orðum að með meðalhófsreglunni ættum við að ná fram með eins mildum hætti og mögulegt er þeim markmiðum sem koma að stjórnarskránni.

Eins og allir vita er svokölluð 5% regla í frv. og 2 milljarða regla líka. Ef Birgir Ármannsson hefði svarað því játandi að 10% regla hefði ekki ógnað meðalhófsreglunni væri hann um leið að fella þá fullyrðingu sína að meðalhófs hafi verið gætt í meðförum málsins.

Því miður er málið sem senn er á enda í 2. umr. að ógna atvinnuöryggi fjölda manna og það er sorglegt, herra forseti, að umræðan hafi farið niður á þær lágkúrulegu brautir eins og ég kom inn á áðan, á meðan fólk í borginni bíður þess á milli vonar og ótta að eitthvert öryggi komist á um framtíð þeirra. Ég segi enn og aftur, eins og ég hef ítrekað í ræðustól í dag, að ég tel ekki alla von úti um að hv. þm. stjórnarliðar og þá jafnvel kannski sérstaklega Framsfl. endurskoði hug sinn í málinu og fylgi sannfæringu rétt eins og félagi þeirra, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hefur ákveðið að gera.

[18:04]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að segja að mér finnst umræðan í þinginu um málið fara hratt batnandi. Mér finnst þingmenn almennt hafa verið að færa sig nær efni þess frv. sem liggur fyrir þinginu. Þannig hefur í dag farið fram ágætisumræða um ýmis efnisatriði málsins sem betur hefði átt heima fyrr í umræðunni.

Ég ætla að víkja aðeins að nokkrum atriðum sem hafa verið ofarlega á baugi, sérstaklega atriði eins og það hvort hér sé um sértæka lagasetningu að ræða og hvernig þær reglur sem lagt er til að settar verði hér á landi standa gagnvart þeim dæmum sem við höfum annars staðar frá.

Það er ein meginniðurstaða greinargerðar nefndar menntmrh. um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi að þegar horft er til fjölda miðla og litið fram hjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin missiri verið á margan hátt jákvæð. Þingmenn hafa verið ólatir við að tína þetta upp eftir nefndinni og lýst skoðunum sínum á því að fjölbreytni sé ágæt þegar horft er til fjölda miðlanna. Það er alveg hægt að taka undir þetta. Í greinargerðinni er rakið hvernig haldið er úti hér á landi þremur dagblöðum á landsvísu með markverða útbreiðslu og jafnframt að skipting markaðar fyrir sjónvarp sé ásættanleg með hliðsjón af smæð markaðarins. Varðandi markað fyrir hljóðvarp kemur fram að markaðurinn skiptist í meginatriðum milli tveggja aðila, þ.e. Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins. Eins og ég sagði verður ekki annað ráðið af umræðunni í þingsal en að þingmenn séu almennt sammála höfundum fjölmiðlaskýrslunnar um þetta efni.

Þegar tekið er mið af smæð markaðarins tel ég að halda megi fram að það væri enda óraunhæft að gera ráð fyrir fleiri aðilum með markverða hlutdeild á landvísu. Það á ekki að koma nokkrum á óvart því við þekkjum það frá fjölmörgum öðrum sviðum viðskipta að það eru tiltölulega fáir aðilar sem skipta markaðnum á milli sín. Þegar litið er til eignarhalds hins vegar, segir í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar, er ljóst að heildarmarkaðurinn hefur ýmis þau einkenni sem talin eru óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem stuðst er við í skýrslunni og talin eru eiga við í öðrum löndum, og skýrsluhöfundar ganga lengra og segja að það sé afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þeirri þróun með lagasetningu.

Ég vék að því í upphafi máls míns að það hafi margoft komið fram í umræðunni að hér væri um sértæk lög að ræða og það hafi verið eitt aðalumræðuefnið í umræðunni í dag að lagasetningin beinist einkum að einum aðila. Ég vil segja um það að nær vonlaust er að setja nýjar reglur um einkarekna fjölmiðlamarkaðinn án þess að slíkar reglur snerti Norðurljós

með einum eða öðrum hætti. Það er vonlaust. Hvers vegna er það? Jú, vegna þess að Norðurljós eru langstærsta fyrirtækið á einkarekna fjölmiðlamarkaðnum. Það er bara tilfellið.

Við skulum skoða aðeins hversu stórt félagið er og við erum að líta til markaðar fyrir dagblöð og ljósvaka. Samkvæmt fjölmiðlaskýrslunni hafa Norðurljós 37% hlutdeild í heildaráhorfi sjónvarps. Félagið hefur 44% hlutdeild í heildarhlustun hljóðvarps og 66% hlutdeild í útbreiðslu dagblaða. Hvernig væri mögulegt að setja lög sem vörðuðu einkareknu fjölmiðlana án þess að það kæmi með einum eða öðrum hætti við félag sem hefur slíka útbreiðslu á miðlum sínum?

Sé einungis miðað við veltu hefur útgáfufélagið Heimur áætlað í umsögn sinni um frv. að Norðurljós hafi 47% af heildarmarkaði dagblaða og ljósvaka og þar hefur verið tekið tillit til Ríkisútvarpsins. Ef einungis er miðað við frjálsu miðlana áætlar sami aðili að Norðurljós hafi 63% af markaðnum miðað við veltu, og nú má spyrja: Er eðlilegt að einstök félög öðlist jafnstóran hlut af markaðnum og raun ber vitni? Ýmsir aðilar hafa bent á að svo sé ekki. Ég fékk engin svör frá formanni Samf. þegar ég beindi þeirri spurningu til hans fyrr í dag en ýmsir aðilar hafa bent á að þetta sé ekki eðlilegt og áðurnefndur umsagnaraðili benti sérstaklega á í umsögn sinni að sterkar líkur séu að hans mati til þess að nú þegar hafi skapast sú staða á markaðnum að Norðurljós séu markaðsráðandi aðili og Samkeppnisstofnun ætti því að grípa inn í. Líklegt er, segir í umsögninni, að stofnunin ætti að skilja að ljósvaka- og dagblaðarekstur. Líklegt er að Samkeppnisstofnun ætti að skilja að ljósvaka- og dagblaðarekstur segir umsagnaraðili allshn., á grundvelli samkeppnislaga. Nú er von að maður spyrji: Er það þetta sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, einkum Samf., eru að kalla á þegar þeir gagnrýna Samkeppnisstofnun fyrir aðgerðaleysi undanfarin ár? Er það þetta sem þeir eiga við þegar þeir tala um að styrkja þurfi Samkeppnisstofnun í störfum sínum og er það þetta sem þeir eiga við að sé óæskilegt þegar þeir gagnrýna útvarpsréttarnefnd fyrir aðgerðaleysi undanfarin ár eins og gert hefur verið í dag?

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að við verðum á þessum markaði eins og öðrum að una fyrirtækjum því að ná til sín umtalsverðum hlut markaðarins til að tryggja hagkvæmni í rekstri. Það gilda sömu rekstrarlegu sjónarmið því til grundvallar og á öðrum sviðum viðskipta. Þess vegna eru ekki lagðar hömlur á það í frv. hver hlutdeild einstakra aðila í heildaráhorfi skuli vera. Sama gildir fyrir hlutdeild í heildarhlustun eða hlutdeild í útbreiðslu dagblaða. Ekkert er fjallað um þau atriði í frv. Þetta eru hins vegar leiðir sem önnur lönd hafa valið að fara. Það er engar reglur að finna í þessu frv. um hversu stór hver og einn aðili getur verið á því sviði sem hann starfar.

Hins vegar er lagt til í frv. að á markaði eins og á Íslandi þar sem við getum gert ráð fyrir u.þ.b. tveimur aðilum með markverða hlutdeild á ljósvakamarkaði fyrir utan Ríkisútvarpið og á markaði þar sem ólíklegt er að fleiri en 2–3 aðilar nái markverðri útbreiðslu í dagblöðum. Á slíkum markaði leggjum við til að einn og sami aðilinn sé þá ekki að starfa á báðum þessum sviðum, þ.e. í ljósvakamiðlum og dagblöðum. Um þetta er í sjálfu sér alveg hægt að deila og það hefði kannski farið betur að efnisleg umræða í vikunni hefði m.a. snúist um þetta því vissulega má deila um þetta atriði. En markmiðið er skýrt með þessu og ég hygg að það séu til staðar mjög gild rök fyrir þeirri leið sem hér hefur verið valin, þ.e. að tryggja dreifða eignaraðild á fjölmiðlum. Í Danmörku sem margir horfa til þessa dagana, reyndar af öðru tilefni, gildir sú regla að þeir sem hafa leyfi til að reka sjónvarp eða hljóðvarp verða að hafa þann rekstur sem sitt eina markmið.

Herra forseti. Við erum því ekki að finna upp hjólið með þessu, það er langt í frá. Þessi regla, um að skilja á milli dagblaða og ljósvakamiðla, á sér fyrirmyndir eins og þeir sem kynna sér fjölmiðlaskýrsluna sjá, hana er að finna í fjölmörgum öðrum löndum og við sjáum það m.a. á reglum þeirra viðkomandi landa um lárétt eignatengsl. Lagðar eru hömlur á það mjög víða hversu stór hlutur sama aðila getur verið á þessum tveimur sviðum fjölmiðlunar.

Herra forseti. Ég hef með tilvísun til hinnar mjög svo sterku stöðu Norðurljósa á markaði fyrir einkarekna ljósvakamiðla og dagblöð fært rök fyrir því að það er nánast útilokað að setja lög um fjölmiðla án þess að það komi við Norðurljós. Það þýðir ekki þegar þannig háttar til að sérhver löggjöf sem varðar þennan markað sé sértæk, beinist sérstaklega að viðkomandi fyrirtæki en það hefur engum öðrum rökum verið teflt fram hér þegar þessu er haldið fram en því að lögin snúi að Norðurljósum. Þessi regla um aðskilnað ljósvakamiðla og dagblaða verður ávallt sögð vera sértæk og beinast einungis að Norðurljósum við þær aðstæður sem uppi eru á markaðnum í dag. En þeir sem hafa haldið þeim áróðri á lofti horfa auðvitað ekki til þess að Árvakur hefur áður sýnt áhuga á því að taka þátt í ljósvakamiðlun, hefur átt eignarhlut í fyrirtækjum sem hafa starfað á þeim vettvangi og hefur í tilefni af þessu frv. sent allshn. umsögn þar sem þeirri leið sem farin er er beinlínis mótmælt og er teflt fram fyrir því ákveðnum rökum.

Ég tel að ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en að hér sé um almenna reglu að ræða og að hún snerti miklu fleiri aðila en Norðurljós ein. Þetta er almenn regla.

Herra forseti. Okkur sem styðjum þetta frv. er ekki einungis legið á hálsi fyrir það að leggja hér fram of sértækt frv. — það er reyndar fullyrðing sem ég hef hrakið — nei, því er líka haldið fram að þetta séu ströngustu reglur sem í þessu efni fyrirfinnist. Það er margbúið að ítreka það. Fjölmargir aðilar hafa komið hér upp og sagt: Flest stóru fjölmiðlafyrirtækin í Evrópu fengju ekki staðist þessa ströngu löggjöf, þetta væru strangari reglur en þar gilda. Síðast kom þetta fram, svo ég heyrði, hjá hv. þm. Einari Karli Haraldssyni hér í dag.

Af þessu tilefni þykir mér ekki óeðlilegt að við horfum aðeins til þeirra ríkja þar sem hin stóru, öflugu fyrirtæki starfa og skoðum aðeins reglurnar sem þar gilda. Maður leyfir sér að geta sér til um það að þeir sem svona tala mundu heldur vilja þær reglur en þær sem er að finna í frv. Við skulum skoða hvernig þessar reglur kæmu út hér. Ég tek þó fram að auðvitað þarf að skoða einstaka reglur innbyrðis og það er heildarsamhengið sem skiptir máli.

Ég ætla aðeins að rifja það upp fyrir þeim sem eru að fylgjast hér með hver staða Norðurljósa er, 37% í sjónvarpi, 44% í hljóðvarpi, 66% í útbreiðslu dagblaða og ef miðað er við veltu, 47%.

Í Noregi gildir sú regla að þar er sérstök stofnun sem hefur afskipti hafi fyrirtæki meira en 20% af upplagi dagblaða. Stofnunin grípur inn í ef eitthvert fyrirtæki hefur eða mun öðlast verulega eignarhlutdeild. Hvað er átt við með verulegri eignarhlutdeild í Noregi? Jú, 30% eignarhlutdeild á landsvísu. Er það þessi regla sem menn vilja heldur fá? Væri okkur ekki legið á hálsi fyrir það að setja sértæk lög um

Norðurljós ef við færum leiðina sem Norðmenn hafa gert? Ég er hræddur um það.

Í Danmörku — ég ætla að ítreka það sem hefur áður komið fram — má fyrirtæki í óskyldum rekstri ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp, og þeir sem hafa leyfi til að reka sjónvarp eða hljóðvarp verða að hafa þann rekstur sem sitt eina markmið. Eru menn að biðja um þessa reglu? Vilja menn fara dönsku leiðina í lagasetningu hér á landi? Ég er hræddur um að ef við gerðum það yrði okkur legið á hálsi fyrir að ráðast gegn Norðurljósum. Þessi regla gerir þann áskilnað að fyrirtæki sem fær úthlutað útvarpsleyfi sé ekki jafnframt í dagblaðarekstri.

Við getum litið til Bretlands. Þar gilda töluvert flóknar og ítarlegar reglur um fjölmiðlamarkaðinn. Þar er heimilað að sá sem ræður yfir meiru en 20% af upplagi dagblaða — Norðurljós hafa hér 66% hlutdeild í útbreiðslu dagblaða — getur átt allt að 20% í félagi sem hefur sjónvarpsleyfi. Kæmi þessi regla til skoðunar sem lagasetning á Íslandi? Þá yrði okkur legið á hálsi fyrir að vera að ráðast gegn Norðurljósum.

Í Frakklandi gildir t.d. sú regla að enginn einn getur átt meira en tvennt af eftirfarandi: útvarpsstöðvum sem ná til meira en 30 millj. íbúa, kapalsjónvarp sem til samans ná til meira en 6 millj. íbúa — horfið á þetta í samhengi við mannfjöldann sem býr í þessu landi — eða dagblað sem hefur meira en 20% af heildarupplagi dagblaða, ekki nema eitthvað tvennt af þessu þrennu. Ef við gerðum tillögu um þessa reglu hér yrði okkur legið á hálsi fyrir að vera að ráðast gegn Norðurljósum og stokka það fyrirtæki upp.

Í Þýskalandi má enginn hafa meira en 30% af áhorfi. Ég er nú aldeilis hræddur um að okkur yrði legið á hálsi fyrir að ráðast gegn Norðurljósum, ætla að stokka það fyrirtæki upp og brjóta það niður með ofbeldi værum við að tefla hér fram frv. sem hefði þann áskilnað að enginn mætti hafa meira en 30% af áhorfi. Það er alveg klárt.

Mér sýnist fljótt á litið að það væri sama hvaða ríki við tækjum okkur til fyrirmyndar, okkur væri legið á hálsi fyrir að vera að setja sértæk lög, ganga of langt og setja rekstrargrundvöll Norðurljósa í uppnám.

Það er auðvitað mjög athyglisvert í því samhengi að rifja aðeins upp hvað fram hefur komið um rekstur þess fyrirtækis, sérstaklega í fortíðinni. Ég hygg að forstjóri þess hafi einmitt hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að fyrirtækið hefði í gegnum tíðina verið afskaplega óheppið með eigendur. Það er kannski mergurinn málsins, hin bága fjárhagslega staða þess fyrirtækis, sem vissulega er alvarlegur hlutur, en með engum hætti er hægt að halda því fram að hér sé verið að ráðast á fyrirtækið með þessari almennu löggjöf sem hér er teflt fram.

Það hefur komið fram hjá forstjóra Baugs að Fréttablaðið eitt og sér geti skilað ágætisafkomu, sá rekstur hafi verið styrktur enn frekar þegar DV var sameinað Fréttablaðinu í Frétt ehf. Því hefur margoft verið haldið fram að slíkt fyrirtæki sem væri með þá markaðshlutdeild sem Fréttablaðið og DV eru með samanlagt gæti starfað eitt og sér.

Hvers vegna er það ekki þannig núna? Hvers vegna erum við sögð gera aðför að því fyrirtæki? Af hverju halda menn því fram að öllum starfsmönnum þess félags verði sagt upp þegar forstjórinn hefur áður sagt að félagið eigi góða og bjarta framtíð fyrir sér? Það er með engu móti í þessu máli verið að hafa nein afskipti af því hverjir fara með eignarhlut í slíkum rekstri, í dagblaðarekstri, hvergi í frv. er verið að reyna að hafa á það áhrif.

Það er nóg pláss fyrir blað eins og DV á Íslandi. Það kom fram þegar eigendaskipti urðu að því blaði síðast.

Þegar menn gefa sér tíma til þess að hugleiða aðeins á hversu smáum markaði við störfum og þá kosti sem við höfum til að hafa áhrif á þessa hluti, hvernig eignarhaldið þróast og hvernig samþjöppun á fjölmiðlamarkaði getur orðið og gengur fyrir sig, trúi ég að menn sjái að sú leið sem í þessu frv. er valin er skynsamleg leið. Þetta er eina leiðin sem kemur til álita til þess að hafa þau áhrif sem við erum að sækjast eftir, tryggja hér fjölbreytni í umfjöllun, fjölbreytni í framboði, fjölbreytni í eignarhaldi og styrkja með því lýðræðislegar umræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 816. mál (hækkun bóta). — Þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476.

[18:24]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

Málið er í sjálfu sér einfalt og þarf kannski ekki mikillar útskýringar við en í stuttu máli einskorðast efni frv. við hækkun hámarksbóta atvinnuleysistrygginga sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997. Lagt er til að fjárhæð hámarksbóta í lagaákvæðinu verði hækkuð úr 2.752 kr. í 4.096 kr. á dag. Hámarksbótum atvinnuleysistrygginga hefur nokkrum sinnum verið breytt frá því sem segir í núgildandi ákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna með auglýsingu félagsmálaráðherra og hafa frá 1. janúar 2004 verið 3.681 kr. Hækkun hámarksbóta er því 11,3%.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við kjarasamning Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins við Samtök atvinnulífsins, sem undirritaður var 7. mars sl., en þá lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi beita sér fyrir þeirri hækkun atvinnuleysisbóta sem frumvarpið kveður á um.

Í stuttu máli munu bæturnar taka gildi frá 1. mars 2004 og nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Undir þetta skrifa Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Helgi Hjörvar, með fyrirvara, og Gunnar Örlygsson með fyrirvara.

[18:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það ber auðvitað að fagna því að hæstv. félmrh. skuli hér leggja til aukningu á atvinnuleysisbótum. Það verður hins vegar að rifja upp að þetta er ekki að frumkvæði hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnarinnar, heldur er þetta afrakstur kjarasamninga. Það er fyrst og fremst afl verkalýðshreyfingarinnar sem veldur því að þetta frv. er lagt fram.

Ég fagna því hins vegar að Framsfl. skuli með þessum hætti stíga svolítið skref í áttina að því að efna það loforð sem hann gaf í samþykkt á landsfundi sínum — **(Gripið fram í:** Flokksþingi.) flokksþingi sínu á síðasta ári. Þá var samþykkt, svo ég rifji það upp, sérstaklega fyrir hv. þm. Birki

Jóni Jónssyni og Hjálmari Árnasyni, formanni þingflokks Framsfl., að það væri stefna Framsfl. að atvinnuleysisbætur mundu nema lægstu launatöxtum.

Nú eru lægstu launataxtar, herra forseti, komnir upp í 100 þús. kr. Þá mætti auðvitað spyrja: Hvernig stendur á því að hæstv. félmrh. stendur ekki við þetta loforð og leggur fram frv. sem efnir það? Auðvitað ber að fagna því að hérna skuli vera um svolitla hækkun að ræða en það vantar töluvert mikið upp á að hæstv. ráðherra efni loforð sitt.

Af hverju er þá nauðsynlegt að ráðast í frekari hækkun en þá sem hér er lögð til?

Það má rifja upp að Framsfl. hefur feril í þessu máli. Eitt fyrsta verk sem flokkurinn réðst í þegar hann settist í ríkisstjórn 1995 var að taka fram niðurskurðarskærin og klippa á tengsl atvinnuleysisbóta og launavísitölu. Þetta hefur leitt til þess að atvinnuleysisbætur eru í dag miklu lægri en þær hefðu verið hefði sama kerfi ríkt og var við lýði m.a. á sælum dögum hæstv. þáverandi félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ef sama kerfi væri ríkjandi í dag og var þá væru atvinnuleysisbætur 15 þús. kr. hærri í hverjum mánuði. Á hverju ári væru atvinnuleysisbætur 180 þús. kr. hærri en þær eru í dag. Þetta þýðir í reynd að fyrir tilstilli Framsóknar er búið að rýra bæturnar frá því sem þær hefðu verið um sem svarar tveimur mánaðarlegum bótum á ári.

Þessu til viðbótar hefur síðan Sjálfstfl. og sérstaklega hæstv. fjmrh. komið til aðstoðar til að halda niðri þessum Íslendingum sem búa við hvað lökust kjör því að frá 1995 hefur skattkerfið breyst með þeim hætti að atvinnulaust fólk greiðir á hverju ári í tekjuskatt sem nemur mánaðarlegum bótum þannig að ekki er vanþörf á því að aðeins verði gefið í.

Það má líka rifja upp að kaupmáttur almennra launa jókst frá 1999–2002 minnir mig um 10%. Á sama tíma jókst kaupmáttur lífeyrisþega almannatryggingakerfisins um 2% en kaupmáttur atvinnuleysisbóta bara um 1%.

Það þarf að gera betur, herra forseti, og ég kem þess vegna aðallega hér upp til þess að mæla fyrir brtt. við þetta frv. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram brtt. ásamt hv. þm. Helga Hjörvar, Valdimar Leó Friðrikssyni, sem hér sat sem varamaður, Gunnari Örlygssyni og Ögmundi Jónassyni.

Tillagan gerir ráð fyrir því að ný frumvarpsgrein bætist við frv. sem, ef samþykkt yrði, leiddi til þess að þeir sem atvinnulausir eru fengju í desember sérstaka uppbót sem nemur 30% á bætur þess mánaðar. Ég vil sérstaklega rifja það upp að í dag fá lífeyrisþegar svona uppbót þannig að hér er um jafnræðismál að ræða. Ég held þess vegna, herra forseti, að í lok þessa róstusama dags ættu hv. þm. að reyna að finna friðinn í hjarta sínu og sameinast um góð verk og samþykkja þessa tillögu sem þeir hv. þm. hafa lagt til.

Ég vil svo segja það, herra forseti, að það er nauðsynlegt að þetta frv. verði samþykkt hið fyrsta til að hægt sé að greiða út atvinnuleysisbætur eftir helgi. Þess vegna mun Samf. ekki frekar ræða þetta mál í dag og styðja það af alefli að frv. verði lokið og það gert að lögum hið fyrsta á þessum degi.

[18:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við höfum áður rætt efni þessa frv. í þingsal og ég hef gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til málsins. Við fögnum því að verkalýðshreyfingunni tókst að knýja fram árangur og kjarabætur fyrir atvinnulausa. Við vildum að sjálfsögðu að betur væri gert og þess vegna eru framkomnar tillögur þess efnis en að öðru leyti vísa ég til fyrri málflutnings okkar um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:31]

Útbýting þingskjala:

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál, nál. félmn., þskj. 1670; brtt. félmn., þskj. 1671.

Fjárfestingar viðskiptabanka, 798. mál, svar viðskrh., þskj. 1668.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1000. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1677.

Könnun á aðdraganda og ávinningi af sameiningu sjúkrahúsa í Reykjavík, 999. mál, þáltill. LMR o.fl., þskj. 1676.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, 984. mál, svar utanrrh., þskj. 1673.

Uppbygging bráðadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, 998. mál, frv. LMR o.fl., þskj. 1675.

Siglingavernd, frh. 3. umr.

Stjfrv., 569. mál. — Þskj. 1563, brtt. 1572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]

Brtt. 1572,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

1 þm. (ÞES) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BjörgvS, EKG, EMS, GHj, HBl, HjÁ, JóhS, MS, PHB, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1572,2 samþ. með 54 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

8 þm. (EKG, EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1678).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197, nál. 1489 og 1502.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:35]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Verið er að greiða atkvæði um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins en frv. felur í sér að fella niður þau gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins og að þau falli niður frá og með 1. september nk. Breyting á lögum um stjórn fiskveiða sem samþykkt voru á Alþingi árið 2002 fólu í sér að lagt skyldi sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutuðum veiðiheimildum eða lönduðum afla og þær breytingar sem hér er verið að leggja til fela í sér að ekki sé verið að innheimta þarna tvöfalt gjald.

Nú fólu þær breytingar sem gerðar voru á lögum um stjórn fiskveiða árið 2002 það reyndar í sér að festa kvótakerfið enn þá fastar í sessi og upptöku veiðileyfigjalds. Vinstri hreyfingin – grænt framboð var andvíg þeim breytingum sem voru lögfestar á árinu 2002 og vildi annað form á fiskveiðistjórninni. Við vildum breyta fiskveiðistjórnarkerfinu sem m.a. fól í sér að festa ákveðinn hluta af aflaheimildum við byggðarlög og tryggja þannig atvinnu og búsetu úti um hinar dreifðu byggðir landsins.

Frv. felur í sér að ákveðin lið í þeirri fiskveiðistjórnarstefnu sem meiri hluti Alþingis hefur markað og er í sjálfu sér eðlileg leiðrétting innan þeirra marka. En þar sem þetta er einungis liður í fiskveiðistjórnarkerfi sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum ekki munum við sitja hjá við afgreiðslu þessa sértæka frv. sem hér er verið að fjalla um.

[18:37]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er í raun og veru hluti af þeirri niðurstöðu ríkisstjórnarinnar að setja á veiðigjald. Þannig hagar til að ef frv. verður ekki samþykkt þá bætast þau gjöld sem koma vegna veiðigjaldsins ofan á þau gjöld sem fyrir eru á sjávarútveginum.

Við reyndum ítrekað í nefndinni að fá upplýsingar um hvaða áhrif þetta hefði á fjármuni sem rynnu til ríkissjóðs frá sjávarútveginum á þessu ári en það tókst aldrei og okkur fannst því að taka ætti málið inn í nefndina á milli 2. og 3. umr. og fá fram þær upplýsingar. Það er ekki enn komið fram sem við báðum um og því treystum við samfylkingarmenn okkur ekki til annars en að sitja hjá við afgreiðslu málsins því við sjáum ekki hver niðurstaðan er í raun og veru í fjármunum. Við höfðum fyrir því yfirlýsingar stjórnvalda að veiðigjaldið ætti að koma sem gjald frá sjávarútveginum fyrir afnot af auðlindinni en við erum engu nær um það hvort sjávarútvegurinn greiðir meira eða minna en hann greiddi áður á þessu ári með því frv. sem hér liggur fyrir. Okkur finnst ótækt að upplýsingar af þessu tagi liggi ekki fyrir þegar verið er að fást við slíka niðurstöðu eins og við erum að gera hér.

[18:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Þær upplýsingar sem vonast var eftir liggja ekki fyrir hvað varðar tekjustreymi af auðlindagjaldinu og hvernig afkoma ríkissjóðs tengist því við niðurfellingu á þróunarsjóðsgjaldinu og í ljósi þess munu þingmenn Frjálsl. sitja hjá við afgreiðslu málsins.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞES.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BÁ, BjörgvS, BH, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, JóhS, MS, PHB, SAÞ, SKK, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, SAÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞES.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BjörgvS, EMS, GHj, GunnB, JóhS, MS, PHB, SKK, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖB, ÖS.

5 þm. (ÁF, GÁS, ISG, MÁ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS, VS) fjarstaddir.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1525, nál. 1618 og 1629, brtt. 1619.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:41]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér á að greiða atkvæði um er flutt af hv. þm. stjórnarandstöðunnar í allshn. Við leggjum til að málinu verði vísað frá Alþingi og næsta mál á dagskrá tekið fyrir.

Umræða síðustu viku um málið staðfestir allt sem stjórnarandstaðan bendir á í nefndaráliti sínu. Málið er illa undirbúið. Það brýtur að öllum líkindum í bága við fjölmörg ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins og mannréttindasáttmála Evrópu, það brýtur auk þess líklega í bága við EES-reglur. Það felur í sér afturvirkni og brot á meðalhófsreglu. Það mun leiða til aukinnar fábreytni á fjölmiðlamarkaði og fara þannig þvert gegn markmiðum sínum. Það er sértækt og beinist gegn einu tilteknu fjölmiðlafyrirtæki og fréttaflutningi þess.

Málflutningur sjálfstæðismanna og framsóknarmanna á Alþingi staðfestir þetta en þeir hafa kvartað sáran yfir umfjöllun umræddsfjölmiðlafyrirtækis sem skaprauni stjórnvöldum svo notað sé þeirra eigin orðalag. Þetta er ekkert annað en krafa um opinbera ritskoðun sem felur í sér gróft brot á helgustu mannréttindum. Við stöndum vörð um tjáningarfrelsið, ríkisstjórnin verður að búa við gagnrýni og lýðræðislega umfjöllun í samfélaginu, ella ræður hún ekki við að stjórna þjóðarskútunni. Hingað og ekki lengra, virðulegi forseti. Við segjum já við því að vísa málinu frá þinginu og ég óska eftir nafnakalli um þá tillögu, virðulegi forseti.

[18:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í málinu er skýr. Við teljum fjölmiðlana gegna veigamiklu hlutverki í lýðræðislegri umræðu sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála og þjóðmála almennt. Við teljum fjölmiðlana líka hafa mikilvægu menningarhlutverki að gegna. Við höfum talað fyrir því að tryggja þurfi frjóan jarðveg fyrir fjölbreytta umræðu og fjölbreytt dagskrárframboð í íslenskum fjölmiðlum og kraftmikla íslenska dagskrárgerð.

Við höfum þó ævinlega undirstrikað mikilvægi þess að öflugt ríkisútvarp verði til staðar sem hafi lagalegum skyldum að gegna umfram aðra fjölmiðla í menningarlegu tilliti jafnt sem lýðræðislegu. Við höfum verið reiðubúin til að skoða lagasetningu til að tryggja ákveðna þætti í þessum efnum en við höfum hafnað þeim aðferðum sem beitt hefur verið við framlagningu þess frv. sem við nú greiðum atkvæði um. Við höfum mótmælt því hvernig hæstv. forsrh. hefur beitt óbilgjörnum aðferðum og beinlínis haft uppi tilburði til að ritstýra umræðunni t.d. með því að heimila ekki óhefta umræðu um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar sem birt var í síðasta mánuði. Við höfum mótmælt óðagotinu og offorsinu sem einkennt hefur framgöngu hans í málinu og hefur verið fylgt eftir af samherjum hans í þjóðþinginu.

Minni hluti allshn. rökstyður í löngu máli í nefndaráliti sínu hversu mörg álitaefni eru uppi varðandi efnisatriði frv. auk þess sem málsmeðferðin er harðlega gagnrýnd. Álitamálin snúast um það hvort frv. standist ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins, Evrópurétt, mannréttindasáttmála Evrópu, almenna meðalhófsreglu og það hvort markmið lagasetningarinnar náist með þeim meðulum sem frv. býður upp á.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja óvissuna um þessi álitamál það mikla og ávirðingar málsmetandi umsagnaraðila svo alvarlegar að málið sé ekki talið tækt til þinglegrar meðferðar í þeim búningi sem það er lagt fram í. Breytingartillögur meiri hluta allshn. breyta þar engu um. Þess vegna stöndum við að framkominni tillögu minni hluta allshn. um að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá. Þegar það væri frá gætum við reynt að spóla til baka og byrjað upp á nýtt, látið sem frv. hæstv. forsrh. hafi aldrei komið fram og hafið umræðuna sem enn hefur ekki farið fram um skýrslu fjölmiðlanefndar menntmrh. og þær skýrslur aðrar sem liggja fyrir um fjölmiðlana okkar. Ég efast ekki um að þannig kæmu fram skynsamlegar tillögur um eftirsóknarvert fjölmiðlaumhverfi á Íslandi. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum tilbúin til að taka þann tíma sem þarf til þess en höfnum því að stíga um borð í þann rússíbana sem hæstv. forsrh. hefur boðið upp á.

[18:46]

Sigurjón Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við í Frjálsl. styðjum þessa tillögu þar sem öllum ætti að vera ljóst að fjölmiðlafrv. er vanreifað og unnið í þvílíkum flýti í allshn. að undrun sætir og án þess að nokkur rök liggi bak við þessa hraðferð í gegnum nefndina. Þau rök hafa enn ekki komið fram.

Meiri hluti allshn. hefur orðið sér til mikillar minnkunar með þessum handarbakavinnubrögðum og þá sérstaklega formaður nefndarinnar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, en hann ber ábyrgð á þessu verklagi og hann ætti að gera sér grein fyrir því.

[18:47]

Bjarni Benediktsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur frammi spornar við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hindri eðlilega þróun þessa markaðar.

Þessu frv. til grundvallar liggur ítarleg skýrsla unnin af sérfræðingum, margra mánaða verk nefndarmanna. Meiri hluti allshn. hefur lagt fram rökstutt álit með brtt. sem taka mið af þeim ábendingum sem nefndinni hafa borist. Þetta mál er ítarlega og vel unnið, það er líklegt til þess að ná því markmiði sem að er stefnt og þess vegna er engin ástæða til þess að vísa málinu frá.

Till. til rökst. dagskrár í nál. 1629 felld með 30:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJúl, KolH, KHG, KLM, BrM, MÞH, ÖB, MÁ, RG, SigurjÞ, ÁF, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, EKH, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, ISG, GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn.

nei: JBjart, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, SÞorg, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÞES, HBl.

6 þm. (MS, PHB, SJS, EMS, GHj, JóhS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:48]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta frv. er hættulegt fyrir fjölmiðlun í landinu, fyrir heilbrigða stjórnmálastarfsemi og fyrir viðgang íslenskrar menningar. Málatilbúnaður og ástæður þessa máls sýna vel vanmátt forustu Sjálfstfl. og viðhlæjenda hennar við þátttöku í þroskaðri lýðræðisskipan. Það á að henda þessu frv. sem fyrst út úr þinginu. Ég segi já.

[18:50]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til meðferðar mun gera íslenska fjölmiðlalöggjöf að einsdæmi í heiminum. Það er sértækt og stjórnarþingmenn sjálfir hafa staðfest í ræðum sínum að það beinist gegn einu fyrirtæki. Ef samþykkt verður mun það stuðla að fábreytni á fjölmiðlamarkaði. Það er skoðun sérfræðinga sem hafa veitt álit sitt að frv., einnig að teknu tilliti til brtt., muni að öllum líkindum brjóta í bága við margar greinar stjórnarskrár lýðveldisins.

Samf. leggur til að þessu frv., sem á rætur í hörundssárum stjórnmálamönnum sem þola ekki gagnrýni og vilja ritskoðun og finna að þeir hafa ekki lengur öll tögl og hagldir í fjölmiðlaheiminum, verði vísað frá. Ég segi já.

[18:53]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þingheimur er hér að greiða atkvæði um frv. og það mat Samkeppnisstofnunar liggur fyrir að þrátt fyrir brtt. sem fram hafa komið stríði frv. gegn markmiðum samkeppnislaga. Fremstu sérfræðingar þjóðarinnar á sviði laga hafa sömuleiðis bent á að það sé hugsanlegt að þetta frv. stríði gegn mörgum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það heggur t.d. ákaflega nærri tjáningarfrelsinu, það eru áhöld um að það standist ákvæði um atvinnufrelsi og það er varla vafi á að það stangast á við ákvæði um vernd eignarréttar.

Við sem erum hér í þessum sal, alþingismenn, höfum svarið eið að því að brjóta ekki gegn stjórnarskránni. Svo mörg álitamál eru uppi í þessu frv. varðandi stjórnarskrána að mér finnst ekki koma til mála að greiða því atkvæði. Það hefur líka komið fram að ríkisstjórnin hefur ekki kjark til að leggja þetta frv. til umsagnar hjá t.d. Háskóla Íslands.

Herra forseti. Samf. getur með engu móti greitt atkvæði með þessu frv. Samf. mun þess vegna greiða atkvæði gegn öllum efnisgreinum þess og öllum brtt. sem fyrir liggja.

[18:55]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er illa undirbúið og þarf miklu ítarlegri skoðunar við og umræðu innan þings og utan. Sú umræða þarf að taka bæði til einkarekinna fjölmiðla og þeirrar framtíðar sem menn ætla Ríkisútvarpinu.

Mörg mjög alvarleg álitamál eru uppi varðandi frv. og líklegar afleiðingar þess verði það lögfest. Þannig er hætta á því að það stefni atvinnu fjölda fólks í hættu og einnig er raunveruleg hætta á því að það veiki þá fjölmiðla sem nú eru starfræktir í landinu og dragi þannig úr fjölbreytni í fjölmiðlaflórunni.

Þá eru ýmsir, og margir innan þings sem utan, sem telja að frv. standist ekki stjórnarskrá lýðveldisins og vilja að það mál fái betri og ítarlegri skoðun.

Allt ber hér að sama brunni. Við getum ekki samþykkt þetta frv. og munum greiða atkvæði gegn öllum greinum þess.

[18:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að fjalla um mjög mikið álitamál sem mjög skiptar skoðanir eru um að standist stjórnarskrá okkar. Við í Frjálsl. munum ekki greiða þessu máli atkvæði eins og það er hér fram borið.

Ég tel, hæstv. forseti, að það hefði mátt ná sátt í þessu máli ef menn hefðu viljað vinna það á lengri tíma og með öðru lagi en hér hefur verið lagt upp með.

Brtt. 1619,1 (ný 1. gr.) samþ. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

6 þm. (EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:57]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég stend að nefndaráliti og brtt. meiri hluta allshn. og styð frv. með þeim breytingum sem lagðar eru til en ég geng út frá því, herra forseti, að málið verði skoðað í kjölfarið og fyrir 3. umr.

Brtt. 1619,2 samþ. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

6 þm. (EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

6 þm. (EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1619,3 (ný 3. gr.) samþ. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

6 þm. (EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1619,4 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.

6 þm. (EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH,

KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
6 þm. (EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta frv. er svo vont að það liggur nú þegar fyrir yfirlýsing frá einum hv. þm. stjórnarliðsins um að hún muni skilyrða stuðning sinn við það í endanlegri afgreiðslu með því að því verði breytt fyrir 3. umr. (Gripið fram í.)

Ég er sannfærður um að það er að bresta flótti á lið stjórnarinnar í þessu máli, það er svo vont, og þess vegna kemur ekki til mála af okkar hálfu að þetta mál fari áfram. Við þurfum engan tíma til þess að skilja að það er ekki tækt til afgreiðslu og við erum á móti því.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 816. mál (hækkun bóta). — Þskj. 1244, nál. 1475, brtt. 1476.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:01]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1476,1 felld með 30:25 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BÁ*, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
8 þm. (BjörgvS, BH, EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 1476,2 felld með 31:24 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BrM, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
8 þm. (BjörgvS, BH, EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.
Út af dagskrá voru tekin 5.–55. mál.

Fundi slitið kl. 19:03.

117. FUNDUR

laugardaginn 15. maí,
að loknum 116. fundi.

Dagskrá:

1. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 816. mál, þskj. 1244. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1664. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

2.–4. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 51 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
3 þm. (AKG, KolH, MÁ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 816. mál (hækkun bóta). — Þskj. 1244.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:05]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS.
8 þm. (BjörgvS, BH, EMS, GHj, JóhS, MS, PHB, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1680).

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

118. FUNDUR

mánudaginn 17. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1664. — 1. umr.
2. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665. — 1. umr.
3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677. — 1. umr.
4. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1679. — 3. umr.
5. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.
6. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197. — 3. umr.
7. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 854. mál, þskj. 1311. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.

[10:04]

Útbýting þingskjala:

Bólgueyðandi lyf, 796. mál, svar heilbrrh., þskj. 1648.
Útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, þskj. 1679.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 997. mál (verðsamráð í mjólkuriðnaði). — Þskj. 1665.

[10:05]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég kem til að mótmæla því að hér sé 2. dagskrármál tekið á undan 1. máli. Hér hafa þingmenn fengið dagskrá þar sem stjórn fiskveiða er 1. mál á dagskrá og út frá því höfum við, a.m.k. þingmenn Samf., unnið og undirbúið okkur undir það, í morgun m.a. og í gær. Tölvupóstur barst í gær frá skrifstofu Alþingis um að ekki væri gert ráð fyrir hefðbundnum fundi þingforseta með formönnum þingflokka eins og gert er ráð fyrir venjulega á mánudögum, að ræða um störf þingsins og skipuleggja vinnuvikuna. Það er með öllu ólíðandi, virðulegi forseti, að þingflokkar þurfi að átta sig á því um leið og gengið er í húsið, við það að sjá að öll forusta landbrn. gengur í salinn, og að fyrir hálfgerða tilviljun sé sá forseti sem sestur var í forsetastól, varaforseti Birgir Ármannsson, sem einhverra hluta vegna hefur verið skipt út núna, um það spurður hvort ekki væri ætlunin að fara eftir hinni prentuðu dagskrá þannig að stjórn fiskveiða komi fyrst á dagskrá. Þá fyrst, hálfri mínútu áður en fundur er settur, eigum við þingflokksformenn og þingflokkar að fá að vita að 2. málið verður tekið fyrst á dagskrá.

Virðulegi forseti. Við höfum orðið vör við margt í síðustu viku um hvernig haldið er á þingstörfum og keyrt áfram eftir happa-glappaaðferð, því miður. Oft og tíðum hefur ekki verið hlustað á tillögur okkar stjórnarandstæðinga sem komu á daginn seinna meir að voru bestu tillögurnar og hefði verið best að fara eftir þeim til að þingið þróaðist vel og til að liðka fyrir umræðu. Hér á sem sagt að halda áfram á sömu braut og þess vegna vil ég spyrja, virðulegi forseti: Hver er ástæðan fyrir því að það þarf að breyta þessu núna? Í öðru lagi spyr ég hvort ekki hefði verið ástæða fyrr í morgun til að hafa samband, úr því að ekki er hægt að halda formlega fundi, við formenn þingflokka og leita að lágmarki eftir samþykki við þessu ráðslagi. Ég krefst þess, virðulegi forseti, að það verði farið eftir dagskrá og 1. mál samkvæmt prentaðri dagskrá, um stjórn fiskveiða, verði tekið á dagskrá þingsins enda höfðu menn ekki hugmynd um annað, nema e.t.v. sá hæstv. forseti sem nú er kominn í forsetastól og er tekinn við stjórn fundarins.

[10:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil segja af þessu tilefni að auðvitað verða haldnir fundir í dag með formönnum þingflokka eins og venja er (**Gripið fram í:** Nú?) og er ástæðulaust að vera að gefa annað í skyn. (Gripið fram í.) Ég vil biðja hv. þm., þótt hann sé órólegur, að grípa ekki fram í.

Ég vil í annan stað segja að það er fullkomlega eðlilegt að forseti hafi svigrúm til þess að ákveða í hvaða röð hann tekur mál á dagskrá. Eins og við sjáum á þessum fundi er þorri þingmanna mættur og þingmenn verða að vera viðbúnir því að á dagskrá séu tekin þau mál sem þar eru í þeirri röð sem forseti ákveður eins og venja hefur verið á þinginu svo lengi sem ég hef fylgst með störfum Alþingis eða setið á Alþingi. Athugasemdir hv. þingmanns eru ástæðulausar, enda við því að búast að þingmenn séu við því búnir að ræða 2. dagskrármálið eins og hið fyrsta.

[10:09]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Kristjáns Möllers er ekkert við það að athuga að breyta uppröðun á dagskrá þingsins að því tilskildu að það sé gert í samráði og samvinnu við formenn þingflokka þannig að menn viti að hverju þeir ganga. Það var ekki gert í þessu tilviki. Þvert á móti fengum við skilaboð um það í gær frá skrifstofu Alþingis að dagskrá þessa fundar lægi fyrir. Við fengum einnig skilaboð um það að ekki yrði af hefðbundnum fundi með formönnum þingflokka eins og venja er á mánudögum kl. eitt. Við fengum skýr skilaboð um að slíkur fundur yrði ekki haldinn nema hann yrði boðaður sérstaklega. Þetta voru skilaboðin.

Síðan uppgötvast það í þann mund sem verið er að setja þingfund að menn ætla að raska dagskrá sem var boðuð í gær og liggur fyrir á borði hvers þingmanns. Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki bjóðandi, að menn eigi síðan að vera í viðbragðsstöðu að rjúka til og hefja umræður um alls óskylt mál sem ætti samkvæmt dagskrá að koma til umræðu síðar í dag. Ég mælist til þess að ákvörðun hæstv. forseta verði endurskoðuð og ég tel mjög brýnt að boðað verði til fundar með formönnum þingflokka til að ræða vinnulagið, bæði í dag og á komandi dögum.

[10:11]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að það hefur komið fyrir að hann hafi beðið mig um að taka mál á dagskrá

án þess að til fundar með þingflokksformönnum yrði boðað.

[10:11]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir mjög mikilli undrun með það að 1. mál á dagskrá, þ.e. 1. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skuli ekki vera fyrsta mál til umræðu.

Þetta er mjög undarlegt verklag, hæstv. forseti, að mér þykir. Við í þingflokki Frjálsl. höfum undirbúið okkur fyrir þetta mál, gaumgæfilega, og gerðum ekki ráð fyrir öðru en að þetta yrði 1. mál á dagskrá í dag. Þó að frv. sé lítið og líti sakleysislega út er um að ræða stórmál, hæstv. forseti, mál sem getur orðið mjög erfitt fyrir ríkisstjórnina. Við krefjumst þess að fá fullgildar skýringar á því hvernig á því stendur að þetta mál er ekki tekið á dagskrá sem 1. dagskrármál. Hvers vegna? Það voru þau skilaboð sem við fengum síðast í gær, hæstv. forseti, og mér finnst það alveg stórkostlegt undrunarefni að þingflokkarnir skuli ekki hafa verið látnir vita.

Hæstv. forseti. Það er til nokkuð sem heitir talsími, kom í gagnið hér á landi fyrir um 100 árum. Svo er til annað samskiptatæki sem heitir tölvupóstur sem við fengum fyrir um 10 árum. Það hefði verið hægur vandi, hæstv. forseti, að láta þingflokkana vita, efalaust strax í gærkvöldi, jafnvel þó að það hefði verið seint í gærkvöldi, láta okkur vita af því að þetta mál yrði ekki 1. dagskrárliður í dag.

Nú er það svo að við mætum til leiks, vel undirbúnir í 1. dagskrárliðinn en ekki jafn vel undirbúnir í 2. dagskrárliðinn eins og við hefðum kosið sem er líka stórmál, hæstv. forseti. Mér finnast þetta alveg forkastanleg vinnubrögð. Þetta er kannski skýrt dæmi um það hvernig samskiptum er nú háttað milli forseta Alþingis og þingflokksformanna. Sennilega hafa þingflokksformenn stjórnarliða fengið að vita strax í gær að þetta yrði ekki 1. mál á dagskrá en stjórnarandstæðingar fá ekki að vita um þetta fyrr en núna, þegar klukkan er tvær mínútur yfir 10 og fundur hafinn á hinu háa Alþingi. Þá fyrst fá menn að vita þetta. Svona vinnubrögð ganga ekki.

Þetta er dónaskapur, hæstv. forseti. Þetta er hrein lítilsvirðing og ég segi enn og aftur: Við hljótum að krefjast þess að fá fullgildar skýringar á því, annaðhvort afsökunarbeiðni frá hæstv. forseta eða fullgildar skýringar á því hvers vegna frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er ekki tekið fyrir núna. Og hvar er hæstv. sjútvrh.? Hann átti að mæla fyrir þessu frv.

[10:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. þm. kvaddi sér ekki hljóðs til þess að ræða við sjútvrh. Ég vil vekja athygli á því að það var kunnugt öllum formönnum þingflokka að bæði þessi mál yrðu tekin fyrir í dag, bæði 1. dagskrármálið og svo 2. og 3. dagskrármálin sem verða rædd saman. Það kemur engum hv. þingmanni á óvart að þau skuli vera hér á dagskrá. (**Gripið fram í:** Við viljum skýringar.) Sá maður sem grípur fram í fyrir forseta, sem er formaður þingflokks Frjálsl., kvartar yfir því að vera illa undir það búinn að ræða 2.–3. dagskrármálin. Ég get ekki við því gert.

[10:15]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ítrekaða ástæðu til þess að vekja athygli hæstv. forseta á því að hann er forseti þingsins, forseti allra þingmanna en ekki bara stjórnarflokkanna.

Ég vil líka vekja athygli forseta á því sem stendur í 8. gr. um þingsköp Alþingis. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu.“

Ég vil líka vekja athygli forseta á því að í þessari bók sem heitir Háttvirtur þingmaður – störf í þingsal, þingmál og fleira stendur á bls. 15, með leyfi forseta:

„Forseta ber samkvæmt þingsköpum að hafa samráð við formenn þingflokka um skipulag þingstarfa og fyrirkomulag umræðna.“ — Það er skýrt á kveðið um þetta í öllum þeim starfsreglum sem Alþingi hefur sett forseta um hvernig hann skuli starfa. Það er því miður ef forseti, nú eftir þetta langan feril samt í forsetastól, er ekki enn búinn að meðtaka þessi grundvallaratriði í forsetastjórn. Ég harma það.

Ég vil líka benda hæstv. forseta á að samkvæmt starfsáætlun þingsins sem var dreift í upphafi þings var kveðið svo á að þingfrestun skyldi verða 7. maí. Í dag er 17. maí. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að menn fara hrottalega dagavillt. Það er 17. maí í dag.

Mér er ekki kunnugt um að nein önnur formleg starfsáætlun þingsins liggi fyrir, engin. Samkvæmt útprenti lauk henni 7. maí.

Nú geri ég mér grein fyrir því að það getur þurft að framlengja þingið um einhverja daga til að ljúka brýnum málum sem ríkisstjórninni hefur ekki tekist að koma fram með eðlilegum hætti. En þá er það alveg klárt samkvæmt þingsköpum að forseti á að gera það í samráði við þingflokksformenn en ekki upp á sitt eindæmi eða lúta bara þar meirihlutavaldinu. Ég vil ítreka það fyrir hæstv. forseta að hann verður að fara að læra grundvallaratriði þingskapa sem honum er ætlað að hafa hér í heiðri og honum er ætlað að stýra hér fundum og störfum Alþingis í samráði við þingflokksformenn en ekki bara meiri hlutann.

[10:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér þykir vænt um að vilji hv. þingmanns skuli standa til þess að kenna mér þingsköp og þingvenjur (**JBjarn:** Já.) en áður en hann gerir aðra tilraun til þess vil ég biðja hann að lesa 2. mgr. 63. gr. (Gripið fram í.)

[10:18]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í 2. mgr. 63. gr. þingskapalaga segir að forseti geti breytt dagskrá en vinnulagið hefur verið á þá lund, eðlilega, að það sé gert í samráði við formenn þingflokka. Þannig hefur verið starfað í þinginu.

Hitt er alveg rétt hjá hæstv. forseta að það er engin nýlunda að stjórnarandstaðan og stjórnarandstöðuþingmenn óski eftir því að umdeild þingmál séu tekin af dagskrá og geta verið ýmsar ástæður fyrir því.

Hér er um það að ræða að fyrir liggur dagskrá. Það hefur enginn ágreiningur verið gerður um að þessi mál verði rædd í dag, stjórn fiskveiða og framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum. Eina ágreiningsefnið er hvernig sú ákvörðun var tekin og að ekki skyldi vera haft samráð við formenn þingflokka.

Hins vegar er alveg ljóst að hæstv. sjútvrh. vissi hvað til stóð. Hæstv. landbrh. vissi hvað til stóð og Bændablaðið vissi hvað til stóð eins og sjá má á þingpöllum. (Gripið fram í.) Ýmsum hafði verið gerð grein fyrir því að til stæði að breyta dagskrá þingsins án þess að þeim sem fyrst skyldi rætt við, formönnum þingflokkanna, væri gerð grein fyrir þessu.

Það er þetta sem við erum fyrst og fremst að finna að, herra forseti.

[10:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þingmanni á að það eru til útvegsbændur svo að þeir hafa kannski búist við því að bátafrv. kæmi fyrr á dagskrá. Annars hefur það komið fram hjá einum formanni eins þingflokksins að alþingismenn eru illa undir það búnir að ræða 2. og 3. dagskrármálið þar sem þeir hafa ekki kynnt sér það nægilega svo að ég vil gefa hv. þingmönnum rúm til að kynna sér þessi mál til kl. 11 og verður þá fundi fram haldið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 10:20]

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 997. mál (verðsamráð í mjólkuriðnaði). — Þskj. 1665.

og

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 1000. mál (samningur um mjólkurframleiðslu 2005–2012). — Þskj. 1677.

[11:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Frumvörpin er að finna á þskj. 1665 sem er 997. mál og þskj. 1677 sem er 1000. mál þessa þings.

Frumvörp þau sem ég mæli fyrir eru bæði um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, en lúta að tveimur aðskildum efnum. Í fyrsta lagi er með þeirri breytingu á búvörulögum sem lögð er til á þskj. 1665 verið að lögfesta ákvæði sem ætlað er að eyða réttaróvissu sem skapast hefur um að gildandi búvörulög tryggi með nægjanlegri vissu að samráð, samruni og verðtilfærslur í mjólkuriðnaði séu undanskildar gildissviði samkeppnislaga í samræmi við ætlan löggjafans.

Hæstv. forseti. Tilgangur búvörulaga er markaður í 1. gr. þeirra. Birtast þar glögglega markmið um að tryggja jöfnuð á milli framleiðenda og viðunandi kjör bænda. Jafnframt kemur þar fram sú stefna löggjafans að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

Í 36. gr. búvörulaga er lýst markmiðum IX. kafla laganna sem fjallar um framleiðslu og greiðslumark sauðfjárafurða á árunum 2001–2007. Þau felast m.a. í að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda og halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða og ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt.

Í 51. gr. búvörulaga er síðan sérstaklega vikið að markmiðum X. kafla laganna sem fjallar um framleiðslu og greiðslumark mjólkur á árunum 1998–2005. Á meðal markmiðanna er að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni, bæti afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu og jafnframt að viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar. Þá er stefnt að því að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir.

Að lokum koma svo markmið XI. kafla laganna sem fjallar um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða á árunum 2002–2011 fram í 57. gr. laganna. Þau eru m.a. að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda og auka hagkvæmni, enn fremur að styðja framleiðslu og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu og auka samkeppnishæfni hennar.

Hæstv. forseti. Í lok marsmánaðar 2004 fól ég prófessor Eiríki Tómassyni og Árna Vilhjálmssyni hæstaréttarlögmanni að kanna tengsl búvörulaga, nr. 99/1993, og samkeppnislaga, nr. 8/1993, og skila mér álitsgerð þar um. Ein af ástæðum þess að óskað var eftir nefndri álitsgerð var sú skoðun sem upp hafði komið á þá leið að í búvörulögum, nr. 99/1993, væri ekki nægjanlega skýrt kveðið á um að ákvæði búvörulaga er lúta að samkeppni giltu framar almennum ákvæðum samkeppnislaga. Þann 30. apríl 2004 barst mér í hendur vönduð og ítarleg álitsgerð Árna og Eiríks þar sem fjallað var um fjölmörg atriði er lúta að samkeppnisumhverfi í landbúnaði, takmörkum þess á lagalegum forsendum. Í álitsgerðinni var m.a. tekið á því hvernig mætti með sem gleggstum hætti að eyða réttaróvissu.

Hæstv. forseti. Ef ég gríp niður í skýrslu þeirra, samantekt og helstu niðurstöður sem þeir skiluðu í sinni viðamiklu skýrslu, þá komast þeir að þessari niðurstöðu, með leyfi forseta:

„Samkvæmt búvörulögum njóta þeir bændur, sem stunda sauðfjárrækt, framleiða mjólk og garð- og gróðurhúsaafurðir, styrkja úr ríkissjóði eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögunum og um samið í samningum ríkisins við Bændasamtök Íslands og einstök aðildarfélög þeirra. Gengið er út frá í þessari álitsgerð að þessir styrkir haldist í óbreyttu horfi.

Eins og áður er lýst, eru samkeppnislög almenn lög sem gilda um hvers konar atvinnustarfsemi. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að löggjafinn ákveði að undanþiggja framleiðslu og viðskipti með þær landbúnaðarafurðir, sem framleiddar eru hér á landi, ákvæðum samkeppnislaga, svo framarlega sem það er gert með skýrum og ótvíræðum hætti.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að í flestum nágrannalöndum okkar Íslendinga, sem við berum okkur helst saman við, er að finna sérreglur um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þetta stafar af sérstöðu landbúnaðar sem þykir víðast hvar vera slík að almennar reglur markaðshagkerfis eigi ekki að öllu leyti við um landbúnaðarvörur með sama hætti og aðrar framleiðsluvörur.

Samkvæmt þessu gilda almennar samkeppnisreglur einungis um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir innan Evrópusambandsins að því marki sem ráðherraráðið ákveður. Í 2. gr. reglugerðar nr. 26/1962, um beitingu tilteknina samkeppnisreglna um framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða, kemur fram að ákvæði 1. mgr. 81. gr. stofnsáttmála ESB, sem er sambærileg 10. gr. íslenskra samkeppnislaga, gildir ekki um samninga, ákvarðanir og aðgerðir ef um er að

ræða óaðskiljanlegan hluta af starfsemi innlends markaðar eða ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðum landbúnaðarstefnu sambandsins. Enn fremur er ákvæði um að aðgerðir bænda, sem tilheyra sama aðildarríki og varðar framleiðslu og sölu búvara eða not af sameiginlegri starfsaðstöðu til geymslu, aðvinnslu eða úrvinnslu landbúnaðarafurða og fela ekki í sér skuldbindingu um sameiginlegt verðlag, falli ekki undir samkeppnisreglurnar nema framkvæmdastjórn sambandsins telji að með þeim sé samkeppni útilokuð eða markmiðum landbúnaðarstefnunnar stefnt í hættu.

Þá má geta þess að í Noregi hefur bændum og samvinnufélögum framleiðenda verið heimilað að hafa samráð sín á milli um verð og aðra skilmála við sölu á landbúnaðarafurðum. Samkvæmt nýjum samkeppnislögum þar í landi er ríkisstjórninni veitt heimild til að undanskilja ákveðnar atvinnugreinar gildissviði samkeppnislaga og er gert ráð fyrir að landbúnaður verði ein þeirra atvinnugreina.

Þótt staðan í yfirstandandi samningaviðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sé óljós, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla III hér að framan" — segir í þessari skýrslu — „bendir margt til þess að niðurstaða þeirra viðræðna leiði til aukins innflutnings á þeim landbúnaðarvörum, sem framleiddar eru hér innan lands á samkeppnisfæru verði, vegna þess að dregið verði úr ríkisstyrkjum til landbúnaðar, einkum framleiðslutengdum styrkjum, samfara minni tollavernd. Vegna þessa er líklegt að samkeppni mun harðna í viðskiptum með þessar vörur hér á landi.

Í samræmi við það, sem að framan greinir, getur verið óhjákvæmilegt að víkja frá 10. gr. samkeppnislaga, sem leggur bann við samráði og samstilltum aðgerðum af hálfu fyrirtækja, m.a. til að hafa áhrif á verð og viðskiptakjör og stýra framleiðslu, til þess að á þeim markmiðum, sem stefnt er að með búvörulögum, sbr. einkum a-, b- og d-liði 1. gr. þeirra. Fleira getur að sjálfsögðu réttlætt það að undanþiggja framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir umræddum ákvæðum samkeppnislaga svo sem byggða-, hollustu- og heilbrigðissjónarmið.

Þegar skoðað er, með tilliti til samkeppni, hvernig staðið er að framleiðslu og viðskiptum með þær landbúnaðarafurðir, sem framleiddar eru hér á landi, má segja að myndin sé alls ekki einsleit. Í fyrsta lagi blasir það við að svo til óheft samkeppni ríkir að því er varðar verð og viðskiptakjör á kjöti, grænmeti og öðrum landbúnaðarvörum, að mjólk og mjólkurafurðum undanskildum, en heildsöluverð á síðastgreindu vörunum er enn ákveðið af hálfu hins opinbera. Í annan stað hefur tekist, m.a. vegna samstöðu afurðastöðva í mjólkuriðnaði að stýra og skipuleggja framleiðsluna á því sviði með tilliti til neyslu innan lands, meðan það hefur ekki tekist nema að takmörkuðu leyti á öðrum sviðum.

Af þessum sökum er ástæða til þess að greina á eftir á milli mjólkur og mjólkurafurða annars vegar og annarra landbúnaðarafurða hins vegar."

Þeir fjalla síðan um mjólk og mjólkurafurðir. Um það segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. búvörulaga ákveður verðlagsnefnd við upphaf hvers verðlagsárs lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda og er hverri afurðastöð heimilt að greiða framleiðendum hærra verð en lágmarksverð. Þetta lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda, sem ákvarðað er af nefnd skipaðri fulltrúum framleiðenda og neytenda, virðist fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi að vera haft til hliðsjónar við ákvörðun heildsöluverðs samkvæmt 1. mgr. 13. gr. búvörulaga. Vegna þess að mikilvægt er að umrætt lágmarksverð endurspegli raunverulegan kostnað við framleiðslu mjólkur, sem lögð er inn hjá mjólkurbúum eins og reyndar virðist gert ráð fyrir í 8. gr., sbr. 11. gr. búvörulaga, er óeðlilegt að slík nefnd ákvarði lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda, heldur væri rökréttara að fá Hagþjónustu landbúnaðarins það hlutverk, sbr. lög nr. 73/1989, ef til vill í samstarfi við Hagstofu Íslands, sbr. áðurnefnda 11. gr. búvörulaga. Að sjálfsögðu kæmi einnig til álita að hætta að ákveða lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda af opinberri hálfu og láta bændum og afurðastöðvum eftir að semja um það sín á milli, án afskipta hins opinbera.

Á grundvelli almennrar heimildar í 1. mgr. 13. gr. búvörulaga ákveður verðlagsnefnd heildsöluverð á mjólk og nokkrum öðrum tegundum mjólkurafurða. Skipta má mjólk og mjólkurafurðum í tvennt, eftir því hvort um er að ræða afurðir sem seldar eru ferskar og þola illa geymslu, eða hvort um er að ræða annars konar afurðir. Hætt er við því að heildsölu- og smásöluverð á ferskum mjólkurafurðum, þ.e. mjólk, rjóma, undanrennu og jafnvel skyri mundi hækka ef heildsöluverð yrði gefið frjálst. Ástæðan er sú að samkeppni á markaði innan lands er ekki eins virk þegar þessar vörur eiga í hlut, öfugt við aðrar mjólkurafurðir, svo sem smjör, osta, jógúrt og mjólkur- og undanrennuduft. Þótt mjólk keppi vissulega við aðrar drykkjarvörur á markaði veita framleiðslustyrkir og skattlagning henni forskot, auk þess sem hollustusjónarmið valda því að neytendur kaupa síður aðra drykki í stað mjólkur. Innlent smjör og ostur eiga ekki aðeins í samkeppni við aðrar náskyldar vörur, svo sem smjörlíki, ostlíki sem og annað viðbit og álegg, heldur má sem fyrr segir búast við að innflutningur á ostum og jafnvel smjöri á samkeppnisfæru verði muni aukast í náinni framtíð vegna skuldbindinga íslenska ríkisins gagnvart öðrum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þá ríkir nú þegar hörð samkeppni um sölu á mjólkur- og undanrennudufti til iðnfyrirtækja hér á landi milli innlends mjólkuriðnaðar og erlendra framleiðenda.

Með vísan til þess sem segir hér að framan mæla rök með því að haldið verði áfram að ákveða heildsöluverð á mjólk og öðrum ferskum mjólkurafurðum af hálfu hins opinbera, ekki síst í því skyni að halda verði á þessum vörum niðri í smásölu, neytendum til hagsbóta. Með því móti yrði einnig tryggt að þeir aðilar sem stunda smásöluverslun ættu kost á að kaupa þessar mikilvægu neysluvörur á sambærilegu verði og þar með yrði komið í veg fyrir að stórar verslanakeðjur gætu keypt umræddar vörur á mun hagstæðara verði en keppinautarnir í krafti stærðar sinnar."

Þetta er mjög ítarleg og mikil skýrsla sem þeir Eiríkur Tómasson prófessor og Árni Vilhjálmsson lögmaður hafa skilað mér í hendur og ég hef rætt í ríkisstjórninni og þingmenn hafa hér undir höndum. Niðurstaðan er því sú að mjólkuriðnaðurinn megi af hálfu ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna starfa áfram undir því skipulagi sem hann hefur starfað og það sé neytendum mikilvægt og ekki síður bændum til þess að skipta með sér verkum. Verðmiðlun hefur ekki verið stór þáttur. Þó munu það vera um 10% af 10 milljarða veltu sem eru notuð til verðmiðlunar til að hinar dýru vörur séu framleiddar og menn séu sammála um það innan iðnaðarins og geti haft um það samstarf.

Hæstv. forseti. Frv. það sem finna má á þskj. 1665 er samið á grundvelli þessarar álitsgerðar Eiríks Tómassonar

og Árna Vilhjálmssonar. Það varð niðurstaða álitsgjafanna að nauðsynlegt væri að lögfesta vilja löggjafans til þess að undanskilja ákveðna þætti landbúnaðarins undan gildissviði samkeppnislaga með skýrum lagatexta sem hér er lagt til í þessu frv. Hvað varðar ofangreint frv. vil ég að öðru leyti vísa til ítarlegrar greinargerðar er fylgir frv.

Hæstv. forseti. Með breytingu á búvörulögum sem lögð er til á þskj. 1677 er gert ráð fyrir að lögfestar verði nauðsynlegar breytingar á búvörulögum til að uppfylla skuldbindingu ríkisstjórnar Íslands vegna ákvæða í samningi frá 10. maí 2004 um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu milli landbrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands.

Forsaga þess að ritað var undir nýjan mjólkursamning þann 10. maí til ársins 2012 sem kallaði á þá lagabreytingu sem hér er mælt fyrir er í stuttu máli þessi. Samningur um stafsskilyrði mjólkurframleiðslunnar var saminn með hliðsjón af ítarlegri og vandaðri skýrslu nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu þann 23. febrúar 2004, hinnar svokölluðu mjólkurnefndar. Nefndin sem skipuð var fulltrúum aðila vinnumarkaðarins auk fulltrúa ríkisvaldsins, Bændasamtaka Íslands og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði kannaði framkvæmd eldri samnings og stöðu mjólkurframleiðslunnar. Nefndin lagði til að við gerð nýs samnings yrðu eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi:

1. Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

2. Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.

3. Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

4. Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

5. Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluaðstöðu með eðlilegum hætti.

6. Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

Hæstv. forseti. Í framhaldi af starfi mjólkurnefndar var hafist handa við gerð nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu í samræmi við 30. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993. Samningaviðræður ríkisins og Bændasamtaka Íslands hófust þann 1. apríl sl. og lauk eins og áður sagði með undirritun nýs mjólkursamnings þann 10. maí.

Í stuttu máli sagt gerir samningurinn ráð fyrir óbreyttri framleiðslustýringu við mjólkurframleiðslu en ákvörðun heildargreiðslumarks mjólkur byggir á neyslu innlendra mjólkurvara undanfarna tólf mánuði. Þá er í samningnum óbreytt ákvæði um skiptingu heildargreiðslumarks mjólkur niður á lögbýli. Í samningnum er þó gert ráð fyrir nokkrum breytingum á stuðningsfyrirkomulagi ríkisins.

Helstu breytingarnar eru þær að stuðningur ríkisins verður ekki lengur ákveðið hlutfall af verði mjólkur eins og verið hefur, heldur hefur verið samið um fastar heildarfjárhæðir beingreiðslna. Þá hefur einnig verið samið um að 20% af heildarstuðningi eða nærri 800 millj. kr. á lokaári samningsins verði nú beint í annan farveg stuðnings eða í svokallaðar „grænar greiðslur" annars vegar og „bláar greiðslur" hins vegar. Grænar greiðslur eru ekki framleiðslutengdar en bláar greiðslur eru skilgreindar sem framleiðslutakmarkandi greiðslur. Þetta er m.a. gert í þeim tilgangi að mæta hugsanlegum breytingum á skuldbindingum Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þau verkefni sem um er að ræða eru greiðslur vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi, gripagreiðslur sem er ákveðinn stuðningur til þeirra sem eiga kýr og greiðslur sem eftir er að ganga frá samkomulagi um en gert er ráð fyrir að fari m.a. til eflingar jarðræktar.

Í 8. gr. samningsins er m.a. að finna fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kann að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna á vettvangi WTO. Þegar yfirstandandi samningaviðræðum innan WTO lýkur skal samningurinn endurskoðaður þannig að stuðningsfyrirkomulag ríkisvaldsins við íslenskan landbúnað rúmist hverju sinni innan þeirra heimilda sem skuldbindingar Íslands á vettvangi stofnunarinnar kveða á um.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið í stuttu máli helstu ákvæði í nýjum samningi ríkisins við Bændasamtök Íslands þar sem þær lagabreytingar sem frv. á þskj. 1677 gerir ráð fyrir er einungis ætlað að gera nauðsynlegar breytingar á núverandi búvörulögum til að hægt sé að uppfylla samningsskuldbindingar samkvæmt honum. Á fylgiskjölum með frumvörpunum er að finna kostnaðarumsagnir fjmrn. og læt ég nægja að vísa til þeirra. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerða er fylgja frumvörpunum.

Hæstv. forseti. Ég hef í stuttu máli rakið efni þessara lagafrumvarpa um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og gert grein fyrir því að annars vegar er um að ræða nauðsynlegar breytingar til að taka af ríkjandi réttaróvissu og hins vegar er um að ræða nauðsynlegar breytingar til að uppfylla samningsskuldbindingar ríkisins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að *frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.*

[11:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. landbrh. til hamingju með að vera kominn með þessi mál inn í þing þó að seint sé. Samkvæmt eðlilegri dagskrá þingsins átti þingi að ljúka 7. maí. Núna er 17. maí þannig að þetta er alveg með síðustu skipunum. Ég fagna því samt að þessi mál séu komin á þennan rekspöl. Ég tek undir margt í þessum frumvörpum báðum og kem að því ræðu minni.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í fyrsta lagi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðlagningu á sölu og búvörum, fyrra málið. Nú tekur það einungis til þess að festa áfram í sessi það kerfi sem ríkt hefur á markaði fyrir mjólk. Landbúnaðarráðherra sjálfur og við í þinginu höfum gagnrýnt það mjög að ekki væri sett inn eitthvert kerfi sem takmarkaði niðurboð á kjöti á markaðnum. Það er nánast hömlulaust niðurboð á kjöti. Samkvæmt þeim skýrslum sem hæstv. landbúnaðarráðherra leggur fyrir okkur er heimilt að setja lög sem geta gripið þar inn í tímabundið og leiðrétt kjötmarkaðinn. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur haft mjög stór orð um það ófremdarástand sem hefur verið á kjötmarkaðnum. Bændasamtökin hafa ályktað um það og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum fyrir a.m.k. tveimur árum síðan eindregið krafist þess að landbúnaðarráðherra og viðskiptaráðherra beittu sér fyrir því að kanna samkeppnisstöðu á íslenskum kjötmarkaði og leiðir til þess að bæta þar úr og koma í veg fyrir að við fáum bankaframleitt

kjöt í stórum stíl sem hefur skekkt allan kjötmarkað hér á landi. Hvers vegna tekur ráðherra ekki á því máli eða er að vænta einhverra viðbragða á næstunni varðandi það?

[11:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hlý orð hv. þingmanns í minn garð. Jú, málið kemur seint fram en núgildandi mjólkursamningur gildir til 1. september 2005. Hér erum við að marka nýja framtíð eftir þann tíma. Mér fannst mikilvægt fyrst þingið er að störfum að klára þetta mál á vorþingi og hef fundið samstöðu og áhuga bæði þingmanna í stjórn og stjórnarandstöðu fyrir því að svo yrði gert til þess að skapa mjólkurbændum ljósari framtíð og eyða réttaróvissu.

Hvað varðar það sem hv. þm. minntist á þá hef ég vissulega gagnrýnt það mikla verðstríð sem geisað hefur á kjötmarkaði og leikið þann markað grátt, bæði búgreinarnar að hluta til og auðvitað verð til bænda. Það eru undirboð og sala á vörum undir kostnaði. En ég vil taka fram, hæstv. forseti, að í þeirri skýrslu sem ég vitnaði í — Eiríkur Tómasson prófessor og Árni Vilhjálmsson lögmaður skiluðu mér henni — þá fjölluðu þeir á lokablaðsíðu um leiðir sem þeir gætu séð fyrir sér, um svokallað inngripsverð af hálfu landbrh. Ef um einhvern tiltekinn tíma hefur verið óeðlilegt ástand á markaðnum þá gæti hann gripið þar inn í. Hugmyndir eru því auðvitað hér á borðinu. Þær eru í samræmi við margt sem gerist í nálægum löndum. Ég hef rætt það mál í ríkisstjórn og það hefur verið rætt í þingflokkum. En á þessu þingi verða ekki gerðar tillögur um það mál eða flutt frumvörp. Það verður gert síðar. Ég vil ekkert um það segja nú hvort það verður niðurstaðan. En það er ekki til umræðu hér að þessu sinni.

[11:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Um það frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem hæstv. ráðherra hefur líka mælt fyrir og varðar mjólkurframleiðsluna vil ég fyrst spyrja ráðherra hvort hann sé ekki vonsvikinn yfir því að hafa ekki náð að halda samningnum óbreyttum að fjármagni til. Hér er gert ráð fyrir 1% niðurskurði á ári út samningstímann. Ef við lítum til Evrópuumræðu Framsóknarflokksins, að minnsta kosti sumra þar þá telja menn að hægt sé að fá meiri styrki inn í landbúnaðinn með því að ganga í Evrópusambandið. En þarna er hæstv. ráðherra að bakka út og framlag ríkisins inn í þennan heildarpakka til mjólkurframleiðslunnar er að lækka um 1% á ári.

Í öðru lagi vil ég nefna að staða nautakjötsframleiðslunnar er í miklum vanda og miklu uppnámi. Að óbreyttu getur farið svo að nautakjötframleiðsla leggist af hér á landi og við verðum algerlega háðir innfluttu nautakjöti. Nú er reyndar kveðið á um að færa hluta af þessum greiðslum yfir á grip, á þá framtalda kú væntanlega, eftir því sem ég hef skilið það, bæði í kjötframleiðslu og í mjólkurframleiðslu. Hefði ekki verið hægt að láta það ákvæði varðandi nautakjötsframleiðendur koma strax til framkvæmda þannig að þeir sem eru með holdakýr og framleiða nautakjöt fengju nú þegar aðgang að þeim stuðningi sem gert er ráð fyrir að komi síðar meir inn í samningnum?

Ég vildi síðan benda á að ráðherra hefur fellt niður eða úr þessum lögum hefur fallið niður öll heimild til þess að beita tollvernd eða inngripi í innflutning landbúnaðarvara með tollum. Það hefur algerlega fallið niður og ekki er minnst á það í þessum lögum og hlýtur það að veikja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar þegar fram í sækir.

[11:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvort ég hafi orðið fyrir vonbrigðum með það að halli er á samningnum um 1% á tímabilinu eða að dregið er úr beingreiðslum sem nemur 234 milljónum líklega, ef ég man rétt, þá verð ég að segja fyrir mig að mér finnst samningurinn góður og mikilvægur. Hann inniheldur svipaðar peningaupphæðir og var, um 4 milljarða í beingreiðslur á ári sem skilar sér á borð neytenda í ódýrari vöru og tryggir stöðu bænda.

Nei, ég hef ekki orðið fyrir vonbrigðum með það. Ég held að bændurnir hafi gert sér grein fyrir því að þeir hafa sjálfir verið að ganga í gegnum mikla hagræðingu í gegnum síðasta samning. Búin hafa stækkað verulega og eru sterkari og betri rekstrareiningar fyrir bragðið. Ég held því að þeir hafi auðvitað reiknað með því að einhver halli yrði á stuðningi ríkisins. Þetta er lágmarkshalli. Þeir áttu auðvitað von á því að einhver halli yrði og við gerum okkur grein fyrir því að á þessu tímabili hefur hagræðing leitt það af sér að kúabúum, við skulum segja á 13 árum frá því að farið var að semja um mjólkurframleiðsluna, hefur fækkað um 600–700. Þau eru eftir um 900. Hér er ríkisvaldið að leggja til mjög langan samning til þróunar, til 2012. En samningurinn er góður bæði hvað fjármagn varðar og mörg önnur ákvæði hans.

Ég trúi ekki að nautakjötsframleiðslan leggist af. Það er fleira búskapur í sveitum en að mjólka kýr. Það er líka að rækta jörð. Það er líka að þjóna markaðnum og framleiða þær vörur sem neytendur biðja um. Sem betur fer er meiri ró yfir nautakjötsmarkaðnum en var og hækkandi verð þar til bænda á ný þannig að ég trúi því að sú atvinnugrein muni styrkjast og enn frekar þegar þessi samningur tekur gildi.

[11:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitt þeirra mála sem mér þykir hvað athyglisverðast almennt í pólitíski umræðu eru landbúnaðarmálin. Í fáum málaflokkum eru málin sennilega á jafnörri hreyfingu og einmitt þar. Það stafar ekki síst af þróuninni og þrýstingnum sem kemur á breytingar utan frá.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra af því að ég hef verið að lesa skýrslur sem hafa komið meðal annars frá Bændasamtökunum og hans eigin ráðuneyti. Þar er því haldið stíft fram með góðum rökum að landbúnaður muni þurfa að búa sig undir miklu harðari samkeppni á næstu árum meðal annars í formi vaxandi innflutnings þar á meðal á unnum mjólkurafurðum í krafti samninga sem verið er að gera innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ljóst er að við munum þurfa að hlíta þeim. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Er þessi langi samningur sem er til átta ára búinn þeim kostum að geta tekið tillit til þeirra samninga sem við vitum að eru á döfinni á næstu missirum sem munu krefjast aukins innflutnings á þessu sviði?

Í annan stað spyr ég hæstv. ráðherra: Af hverju er það ekki fyrr en alveg undir blálok samningsins sem verið er að færa umtalsverðar fjárhæðir yfir í óframleiðslutengda styrki?

Hæstv. ráðherra sagði að opinber verðstýring væri neytendum til hagsbóta. En hann sagði jafnframt að slíka verðstýringu þyrfti til að koma í veg fyrir að stórir aðilar á

matvælamarkaði mundu geta gert hagstæða innkaupasamninga og þar með lækkað verðið til neytenda. Er ekki þversögn þarna á milli? Er það ekki svo á þessu sviði eins og öðrum sviðum landbúnaðar að aukin samkeppni og meira markaðsfrelsi mun leiða að lokum til hagsbóta fyrir alla, bæði framleiðendur sem geta framleitt með hagfelldum hætti og neytendur?

[11:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þessi orð. Hann hefur greint það eins og fleiri að mikil þróun og mikil nýsköpun er í sveitunum. Mikill kraftur hefur síðustu ár einkennt íslenska bændur bæði við að breyta og er þeir búa sig undir harðari framtíð, þjóna neytendunum betur og reka bú sín betur. Ég finn að hv. þm. greinir þessa þróun. Vissulega er það rétt sem hann segir að þrýstingur erlendis frá getur stuðlað að því, þessir alþjóðlegu samningar.

Ég tel að þessi samningur sé búinn öllum kostum til þess að mæta þeirri þróun. Bændurnir hafa langan tíma og afurðastöðvarnar fá tíma og ákvæði eru þar slík að ef samningar eiga sér stað og sú þróun sem alþjóðasamningarnir boða tekur gildi á alþjóðavettvangi þá eru bændurnir búnir undir það í samstarfi við ríkisvaldið að breyta þessum samningi í þá átt.

Hvað varðar síðan breytingarnar þá er það samningsatriði að þær komist smátt og smátt til framkvæmda. Þær eru mikilvægar að mínu viti, bæði þessi gripastuðningur og ekki síður jarðræktin því að landbúnaðurinn er náttúrlega mikið verkefni. Eins og ég sagði áðan þá er fleira búskapur en að mjólka kýr. Fleira þarf að hafa í huga í ræktunarbúskapnum, gróandi jörð með öllu því besta, endurræktun og svo framvegis, sem gerir búið hagkvæmara.

Hvað varðar síðan verðlagninguna þá held ég að hér sé mikilvægt fyrst og fremst það sem ég rakti áðan, að mjólkuriðnaðurinn fái að skipuleggja sitt starf áfram til að halda vinnslunni í landinu þannig að hún tapist ekki, fái að starfa saman og svo er hitt auðvitað mjög uppi nú að hinir smærri aðilar í smásölu telja sig eiga líf sitt að hluta til undir því að eiga sama aðgang að dagvörunum og stóru keðjurnar, í smásöluversluninni, eiga sama rétt til að bjóða neytendum sínum þessa vöru á sama verði í litlu keðjunni eða hjá kaupmanninum á horninu. Og það er tryggt hér, hæstv. forseti.

[11:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst vera mjög sterkar andstæður á sviði mjólkurframleiðslu. Þær eru þessar: Nú hafa bændur hagrætt mjög vel. Þeir eru að framleiða mjólk ódýrar en áður. Þessi hagræðing hefur hins vegar ekki komið fram hjá afurðastöðvunum. Það kerfi sem við erum að ríghalda í þjónar fyrst og fremst þessum stóru og kostnaðarfreku afurðastöðvum og það eru þær sem munu sannarlega lenda í erfiðleikum ef innflutningurinn eykst. Ef við til dæmis gengjum í Evrópusambandið þá mundu þær lenda í langmestum erfiðleikum.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að mikil hagræðing hefur verið í iðnaðinum. Þegar maður horfir til þessara talna sem hæstv. ráðherra talaði um, að 900 bú væru eftir og að 600–700 hefðu horfið á umliðnum árum, þá er það alveg gríðarleg uppstokkun. Hún felur í sér mikið svigrúm til hagræðis. Ég tel að það hagræði sem verður til við þetta eigi að skiptast í þrennt. Í fyrsta lagi á ríkið að njóta þess að hafa komið þar að máli með því að leggja minna til og það ætti í rauninni að fá að leggja minna til en það gerir samkvæmt þessum samningi.

Í annan stað eiga neytendur að njóta þess hagræðis í lægra verði. En síðan megum við ekki gleyma því að þetta hagræði hefur orðið vegna þess að mjög margir hafa verið að kaupa til sín kvóta og auka framleiðni sína og skuldsett sig og við verðum líka að gera ráð fyrir því að framleiðendurnir með þessum hætti njóti hagræðisins til þess að geta borgað niður þessa fjárfestingu. Við þurfum því að skoða helst í meðferð þessa máls hvernig hagræðingin skiptist á þessa þrjá liði og hvernig hún eigi að gera það, hvað við teljum æskilegt.

Mér finnst að neytendur eigi að njóta meira af hagræðinu en hefur komið fram. Ég vil líka segja að ég tel að aukið frelsi í þessum viðskiptum muni færa öllum aukna hagræðingu.

[11:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að bændurnir hafa mjög hagrætt á síðustu árum og þeir eru með sterkari bú til að mæta framtíðinni. Síðan er það spurningin hvort afurðastöðvarnar hafi hagrætt. Ég tel að þær hafi mjög hagrætt. Þeim hefur fækkað gríðarlega. Ég hygg að á sama tíma hafi þeim fækkað — ja, sjö, átta afurðastöðvar hafa horfið af vettvangi. Síðan er ljóst að afurðastöðvarnar hafa ekki eða tóku ekki hækkun til sín til dæmis um síðustu áramót. Neytendur hafa því notið þess. Á sama tíma og bændurnir hafa fækkað þeim um þessa tölu og hagræðing hefur átt sér stað — ég er með opinbert yfirlit frá Hagstofu Íslands yfir þessa *þróun sem ég var að nefna frá 1992 — þá kemur í* ljós að verð á landbúnaðarvörum hefur hækkað minna en annað, miklu minna, og verð á sumum landbúnaðarvörum hefur lækkað í verði á þessum tímabili, til dæmis á smjöri um 15%, á rjóma um 2%. Mjólk hefur hækkað um 20% meðan ýmsar aðrar afurðir, ekki síst innfluttar, hvort sem það er strásykurinn eða rúgbrauðið, hafa hækkað um þetta frá 100% upp í 140%. Stórlúðan hefur hækkað um 128% á þessu tímabili svo ég nefni dæmi. Bæði bændurnir og afurðastöðvarnar hafa því vissulega verið að lækka verð á mjólkurvörum. Það hefur komið fram á báðum stöðum. Afurðastöðvarnar standa enn sterkar. Það er mikilvægt fyrir neytendur vegna vöruþróunar. Það er öryggi fyrir bændur að eiga sínar sterku afurðastöðvar til þess að tryggja þeim að þær geti greitt afurðirnar. Auðvitað standa líka afurðastöðvar í mjólkuriðnaði vegna lagaskjólsins með allt öðrum hætti heldur en á kjötmarkaðinum eins og hér var rakið áðan.

[11:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur mælt fyrir tveimur frumvörpum sem lúta að umgjörð landbúnaðarframleiðslunnar og verðlagningu og sölu og jafnframt lúta þau að kjörum framleiðenda og vinnslustöðva. Ég vil ítreka það að ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með að þetta skuli komið fram. Við höfum verið að kalla eftir því á undanförnum vikum og mánuðum að ráðherra kæmi fram með frumvörp. Það var orðið afar brýnt. Það er aðeins um það bil ár þangað til mjólkursamningurinn rennur út og landbúnaðarframleiðslan er með þeim hætti að þar þarf að gera áætlanir langt fram í tímann. Gripur sem fæðist í vor, til dæmis kýr, er ekki farin að skila mjólk fyrr en eftir kannski tvö, þrjú ár og þess vegna þurfum við svona langtímaskipulagningu.

Þess vegna er ráðherra alveg með síðustu skipunum að koma þessu fyrir þingið. Kannski hefur hann haft áhrif á það að umræður lengdust svona mikið hér síðustu dagana um allt annað mál til að fá svigrúm til að koma þessu að. Svona geta hlutirnir snúist á haus. Kannski hefur landbúnaðarráðherra með afstöðu sinni innan Framsóknarflokksins til útvarpslaganna verið að skapa svigrúm til að koma þessu frumvarpi fram. En látum það gott heita.

Fyrst vil ég ræða aðeins fyrra frumvarpið um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem kveður í stórum dráttum á um að halda megi óbreyttu fyrirkomulagi við verðlagningu, verðmiðlun og sölu á mjólkurvörum og að hægt sé að ákveða ákveðið heildsöluverð á mjólk þannig að mjólk geti verið í boði á nokkuð hliðstæðu verði eða sama verði um allt land og að það verðlagningarkerfi skapi í sjálfu sér ekki grunn til verðstríðs á innanlandsmarkaði eða á milli verslana eins og við höfum mátt upplifa með aðrar landbúnaðarvörur þar sem stórir aðilar í krafti markaðshlutdeildar sinnar sem þeir hafa lagt á borð með sér hafa krafist verulegs afsláttar á innkaupsverði og síðan getað selt það aftur út á lágu verði og þar með líka keyrt út af markaðnum minni aðila sem ekki hafa sama svigrúm til þess að færa á milli vöruflokka eða standast óeðlilega samkeppni. Ég fagna því að þetta ákvæði skuli vera framlengt og einnig fagna ég því að það skuli vera stutt rökum sem hæstv. ráðherra hefur greint frá í þeirri álitsgerð um samkeppnisumhverfi í landbúnaði og stöðu búvöruframleiðslu sem hann kynnti hér.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum á undanförnum árum og undanförnum missirum lagt á það þunga áherslu og verið með tillöguflutning og hvatningar til ríkisstjórnarinnar, til hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra, um að láta gera úttekt á réttarstöðu þessara vara á markaðnum til að kanna hvort það sé í rauninni svo að í krafti samkeppnislaga hafi verið hægt að stunda botnlaus niðurboð á innlendum landbúnaðarvörum á innlendum mörkuðum eins og við höfum upplifað á kjötmarkaðnum og hvort menn teldu að þeir gætu sótt það í skjól laga að það væri hægt. Við þekkjum það að á undanförnum árum hafa bankasamsteypur myndað nokkurs konar hring um framleiðslu ákveðinna kjötgreina, svínakjöts og fuglakjöts, þar sem sami aðilinn, kannski banki, fjármálastofnun eða angar hans, hefur átt búin, fóðurinnflutningsfyrirtækið, jafnvel flutningsfyrirtækið sem flutti fóðrið til landsins, sláturhúsið og síðan sölukeðjuna sem seldi. Þannig hefur myndast eignabundinn hringur um alla þættina og þess vegna hefur verið hægt að færa til verð og verðmyndun innan hvers hrings eftir því hvað hentaði hverju sinni til þess að ná tökum á einhverjum markaði. Afleiðingin hefur verið sú að hér hefur ríkt nánast lögmál frumskógarins á undanförnum missirum á kjötmarkaði til mikils tjóns bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Ég held að okkur mundi þykja skarð fyrir skildi ef við ættum að fara að vera í stórauknum mæli háðir innflutningi á kjöti og þeim landbúnaðarvörum sem við getum framleitt hér.

Nú beita löndin sem flutt er inn frá beita líka niðurgreiðslum með beinum eða óbeinum hætti þannig að ekki hafa menn verið að keppa þar á hreinum samkeppnismarkaði. Inngrip fjármálastofnana í kjötframleiðsluna eins og þau sem við höfum upplifað á síðustu missirum hafa haft nú þegar gríðarlega slæmar afleiðingar fyrir byggð og búsetu og atvinnulíf í sveitum og fyrir öryggi þjóðarinnar í matvælaframleiðslu. Þess vegna höfum við krafist þess í ár, í fyrra, í hittiðfyrra að ráðherrar og ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að gera úttekt á þessum málum og kanna hvort ekki væri hægt að grípa inn, hvort hægt sé í skjóli lagasetningar að rústa íslenskum kjötmarkaði eins og stefndi í. Reyndar hefur orðið mikið tjón á þeim markaði. Það var þó ekki fyrr en núna fyrst á þessu ári að hæstv. landbúnaðarráðherra dreif sig loks í það eftir að hafa verið hvattur til þess mjög eindregið af samtökum bænda um allt land að grípa til aðgerða, kanna réttarstöðu sína og hvort hægt væri að grípa til aðgerða. Þá dreif hann í því í lok marsmánaðar árið 2004 að skipa nefnd til að kanna tengsl laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum við samkeppnislögin. Það er fagnaðarefni að sú nefnd skuli hafa unnið það hratt að nú þegar liggur fyrir álit frá henni.

Fyrir okkur sem unnum íslenskum landbúnaði, íslensku atvinnulífi til sveita, íslensku mataröryggi, er það fagnaðarefni að þessi nefnd skuli komast að þeirri niðurstöðu að sanngjörn sérlög gætu gilt um innlenda landbúnaðarframleiðslu og staðið ofar almennum lögum, samkeppnislögum. Á þeim forsendum er einmitt verið að flytja frumvarp til laga um að við getum haldið þessum jöfnuði sem við höfum verið með á verðlagningu og sölu á mjólkurvörum um landið. Á þessum forsendum getum við einmitt haldið henni uppi því að með því erum við að tryggja bæði rétt neytenda og framleiðenda óháð búsetu.

Því miður leggur landbúnaðarráðherra ekki í að taka á málinu varðandi kjötframleiðsluna. En í skýrslu þessarar nefndar sem ég hef vitnað til er ekki talið að það brjóti lög að beita tímabundnum aðgerðum, hófsömum aðgerðum til að koma í veg fyrir langvarandi niðurboð á kjötmarkaði og rústun innlends kjötmarkaðar og innlendrar kjötframleiðslu eins og annars gæti stefnt í ef menn hefðu túlkað samkeppnislögin sér í hag hvað það varðar. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé á döfinni. Hann svaraði í stuttu andsvari áðan að það væri ekki ætlunin af sinni hálfu núna við framlagningu þessara frumvarpa að taka á stöðu kjötframleiðslunnar og öryggi hennar. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki með í bígerð nú þegar hann er kominn á svona góðan skrið að taka líka á umgjörð kjötframleiðslunnar og tryggja sér lagalegan grunn til að geta stýrt henni í heillavænlegri farveg ef hún væri að fara út af sporinu. Vera má að hluti af þessum málum heyri undir hæstv. iðnaðarráðherra og þá treysti ég á að landbúnaðarráðherra beiti afli sínu til þess annaðhvort að taka þau mál úr höndum iðnaðarráðherra ellegar að stýra því svo að á þeim málum verði tekið.

Ég vil benda á umræðu sem varð á síðasta búnaðarþingi um þetta mál. Á síðasta búnaðarþingi var einmitt mál sem hét: Framleiðsluöryggi, samkeppni og sjálfbær þróun í íslenskum landbúnaði, með leyfi forseta:

„1. Erindi Svínaræktarfélags Íslands.

Búnaðarþing 2004 samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnvalda að skipuð verði nefnd til að kanna umgjörð og starfsskilyrði kjötframleiðslunnar í landinu. Markmiðið verði að leita leiða til að tryggja, eftir því sem unnt er, að íslensk kjötframleiðsla verði rekin á forsendum sjálfbærrar þróunar og að framleiðendur og neytendur búi við ákveðið framleiðsluöryggi og lágmarkssamkeppnisskilyrði. Reynt verði að finna leiðir til að hindra fákeppni í kjötframleiðslu hér á landi.

Sérstaklega verði hugað að eftirfarandi:

1. Að sett verði þak á hámarkshlutdeild hverrar framleiðslueiningar innan sömu framleiðslugreinar, í því skyni að ná fram markmiðum um framleiðsluöryggi og til að hindra fákeppni.

2. Að komið verði á fót sérstöku innra eftirliti með því að vara sé ekki seld langtímum saman undir sannanlegu kostnaðarverði. Jafnframt verði hugað að breytingum á samkeppnislögum í sama tilgangi.

3. Að öll kjötframleiðsla í landinu lúti sömu grundvallarskilyrðum varðandi starfsleyfi.

4. Að skilyrði verði sett í starfsleyfi bús, að það hafi yfir að ráða nægilega stóru landi til að dreifa á búfjáráburði, í samræmi við íslenskar aðstæður."

Þetta erindi frá Svínaræktarfélagi Íslands til búnaðarþings er síðan styrkt ítarlegum greinargerðum. Ég tel þetta erindi á vissan hátt marka tímamót í umræðunni um kjötframleiðslu hér á landi.

Þarna er dregið fram að öryggi framleiðenda og neytenda er ekki endilega bundið því að menn fái óheft leyfi til þess að láta stærðarmörkin ein ráða. Væri eitthvert öryggi fólgið í því fyrir neytendur ef fjöldi svínakjötsframleiðenda væri kominn niður í einhverja lágmarkstölu? Hann er núna kominn niður í átta til tíu sem ráða í rauninni framleiðslunni. Þá hverfur öryggi greinarinnar og líka öryggi neytenda. Þá er komin fákeppni þarna upp. Þetta getur líka gerst í nautakjötsframleiðslunni og í mjólkurframleiðslunni. Ég hefði því viljað að hæstv. ráðherra hefði gaumgæft þau atriði sem þarna eru lögð til enn þá frekar við sína lagasetningu um að setja kjötmarkaðinum eðlileg íslensk starfsskilyrði til að tryggja bæði stöðu framleiðenda og neytenda. Þetta tel ég eitt brýnasta málið til að takast á við nú þegar við höfum lokið umfjöllun um þau mál sem hér liggja fyrir.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt þingsályktunartillögu fyrst á þessu þingi og ég vona að hv. landbúnaðarnefnd afgreiði hana út til lokaafgreiðslu í þinginu. Þetta er tillaga til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Þar leggjum við eftirfarandi eindregið til, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis."

Þessi tillaga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er síðan studd ítarlegri greinargerð og er nú til meðferðar í hv. landbúnaðarnefnd. Þarna leggjum við einmitt fram kröfu um að stuðningur hins opinbera við landbúnað færist í stórauknum mæli frá framleiðslutengdum þáttum til almennra varanlegra þátta umhverfismála og annarra sérgreindra atriða sem ekki geta beint flokkast undir magntengda framleiðslu.

Þetta er reyndar hinn sami tónn og er verið að slá í nýjum samningi um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum hvað lýtur að mjólkinni. Þar er einmitt verið að stíga fyrstu skrefin í að færa stuðnings ríkisins frá því að vera beint framleiðslutengdur á mjólkurlítra til annarra þátta eins og hæstv. ráðherra nefndi. Það er að vísu ansi lítið skref sem stigið er því einungis er ætlað að taka það um 20% af samningnum á þessu samningstímabili af framleiðslutengdum stuðningi og yfir á annan stuðning óframleiðslutengdan. Það er mjög lítið skref. Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þessum GATT-viðræðum og hvert eru þær að stefna eins og þær nú eru? Eftir því sem ég hef lauslega fregnað liggja fyrir óformleg drög af hendi hæstráðanda þeirra sem vinna að því að koma á nýjum GATT-samningi. Það liggja fyrir óformleg drög að nýjum samningi og ég vildi heyra hjá hæstv. ráðherra hvað stefnir í að þau drög kveði á um hlutfallið á milli framleiðslutengds stuðnings og annars stuðnings, það er að segja heimildir ríkisvaldsins til þess að styðja landbúnaðinn. Hvernig standa þau mál nú varðandi þessi ákvæði? Það hlýtur að skipta okkur gríðarlega miklu máli annars vegar að hafa áhrif á þann samning út frá hagsmunum okkar að sjálfsögðu og náttúrlega út frá hagsmunum heimsbyggðarinnar í heild. Einnig er mikilvægt að við séum ekki í þessum samningi að gera eitthvað sem getur torveldað okkur aðlögun eða það að grípa þau tækifæri sem ný ákvæði GATT-samkomulags geta gefið okkur. Þar á ég til dæmis við hlutfallið á milli greiðslna sem eru beint tengdar framleiðslu á mjólkurlítra og hins vegar tengdar öðrum þáttum.

Annað atriði sem ég vil líka koma að í þessari ræðu minni er að mér eru það vonbrigði að ráðherra skuli ekki hafa náð að halda óbreyttu fjármagni inni í samningnum. Það er alltaf erfiðara að vinna nýtt fjármagn inn. Mér eru það vonbrigði að heildarframlagið eigi að minnka um 1% á ári í þessi ár eftir því sem mér hefur skilist. Við heyrum það hins vegar svo líka frá röddum þeim sem hlynntar eru inngöngu Íslands í Evrópusambandið, frá hæstv. viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins til dæmis, að ef við göngum í Evrópusambandið muni íslenskur landbúnaður fá svo og svo mikið af auknum opinberum styrkjum. Að vísu verður það fyrst og fremst til sauðfjárræktarinnar en þó einnig til ýmissa grænna hluta tengdra mjólkurframleiðslunni. Þess vegna mér finnst það skjóta skökku við að lækka þá upphæð sem gengur inn í þennan samning ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem við stöndum frammi fyrir hvað varðar þessa alþjóðlegu samninga og þá umgjörð sem búgreinin getur orðið að lúta í kjölfar þeirra.

Svo er það staða nautakjötsframleiðslunnar. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki svo auðvelt að ætla að færa fjármagn frá mjólkurframleiðslu til nautakjötsframleiðslu. Engu að síður er þetta nátengt. Nú er í þessu frumvarpi lagt til að hluti af hinum grænu greiðslum fari yfir á grip, á kú, óháð því hvort kýrin er mjólkurkýr eða hvort kýrin er að ala kálf til kjötframleiðslu. En sá styrkur á ekki að koma til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir eitt ár og þá síðan í þrepum út frá því. Ég hefði telið eðlilegt að að minnsta kosti þeir sem nú stunda kjötframleiðslu og eiga í virkilegum erfiðleikum í samkeppni við bankareknar kjötframleiðslugreinar hefðu átt að fá þennan stuðning strax til þess að mæta þeim (Forseti hringir.) vanda sem þar er og til að tryggja innlenda kjötframleiðslu.

Frú forseti. Ég kem svo að þeim þáttum sem ég á eftir í síðari ræðu minni.

[12:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla einmitt að koma að mikilvægu atriði. Hv. þm. talar mjög gegn samkeppni finnst mér og virðist al-

veg horfa fram hjá því að samkeppni verður til þess að lækka verð til neytendanna og ef framleiðendurnir sem við erum með núverandi lögum að vernda ekki síst í þessu frumvarpi þola það, því við erum í raun að svipta samkeppnislögum frá, þá á það að vera gott. Hv. þm. sagði að menn yrðu að halda áfram opinberri verðstýringu þannig að mjólk yrði á sama verði eða svipuðu verði um allt land til þess að forðast það sem hann kallaði verðstríð á markaði. En verðstríð þýðir í reynd samkeppni. Hverjir gætu staðið í slíkri harðvítugri samkeppni? Þeir sem hagræða mest. Þetta gæti þess vegna leitt til lækkunar til neytenda án þess að ofbjóða þeim sem eru bestir í framleiðslunni. Á meðan framleiðslan er í því jafnvægi sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur tekist að koma henni í ásamt okkur öllum hinum þá tel ég að þetta gæti varla haft neikvæð áhrif á framleiðsluna í heild. Það mundi hins vegar grisja frá þá langlökustu. Er það ekki það sem við viljum gera með þessum hóflegu inngripum í markaðinn sem má mjög deila um? Verður ekki takmarkið einmitt að vera það að við grisjum frá þá sem eru langlakastir? Þess vegna vil ég leyfa mér að mótmæla þessu viðhorfi hv. þm. Ég tel að samkeppni, líka á þessu sviði, geti verið öllum til hagsbóta vegna þess að hún þrýstir framleiðendunum til þess að hagræða enn frekar hjá sér og þeir hafa ákveðið svigrúm til þess innan þessa frumvarps þótt benda megi á ýmislegt líka sem vinnur í þveröfuga átt, sérstaklega þegar komið er að stórum búum.

[12:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil alveg og styð það að samkeppni fái að njóta sín og vera sá eðlilegi drifkraftur í hagræðingu sem sanngjarnt rými er fyrir og það hefur nú heldur betur verið samkeppni í íslenskri mjólkurframleiðslu. Hvað sagði hæstv. ráðherra áðan að kúabúum hefði fækkað mikið á nokkrum árum? (**ÖS:** 600.) Já, 600. Ég held að það sé varla til grimmari samkeppni í nokkurri grein hér á landi en í mjólkurframleiðslu einmitt þar sem keppnin er innbyrðis og hefur þau áhrif að margir hætta og jafnvel fleiri en við teljum æskilegt út frá hugsunum um sjálfbæra atvinnustefnu og sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar og líka öryggi framleiðslunnar.

Ég vil mótmæla því að þarna sé ekki um verulega harða samkeppni að ræða. Hins vegar hef ég áhyggjur af því ef innbyrðis samkeppni er svo hörð. Innbyrðis samkeppni fylgir yfirleitt það að menn sæki fjármagn, kaupi aðra út með einum eða öðrum hætti. Mjólkurframleiðslan er að verða óhuggulega skuldsett þannig að ef hagræðingarkrafan er sett óraunhæf á atvinnugrein þá grípur hún til þess að ná í fjármagn og keppa aðra út en getur lent í því hagræða sjálfa sig í hel. Það er það ástand sem er hættulegast öllum, bæði viðkomandi atvinnuvegi og líka neytendum.

[12:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Skuldsetningin sem hv. þm. gerir að umræðuefni er forsenda þessarar hagræðingar. Ég geri mér grein fyrir því og þess vegna sagði ég í ræðu minni fyrr í dag að við þyrftum að taka tillit til þess þegar við skiptum þeim ávinningi sem af hagræðingunni hlýst að einmitt þeir sem hafa verið að skuldsetja sig, ungt fólk sem er að taka við búum, sem er að stækka bú, fái nægan part af þessari hagræðingu til þess að geta staðið undir slíkum skuldum.

Nú er ég þeirrar skoðunar að það séu einmitt þessi skuldsettu bú sem séu að brjótast til þess að verða hvað framleiðnust. Ég held að þetta sé partur af þróuninni og ég er þess vegna ekki hræddur við hana. Ég tek það hins vegar fram eins og ég hef gert í dag að það eigi að haga kerfinu þannig að þessi skuldsettu bú geti risið undir því að greiða niður sínar skuldir. En ég tek hv. þm. vara við því að fara svona einhliða fram í sínum málflutningi, að það séu fyrst og fremst framleiðendurnir sem þurfi að hugsa um. Um þrjá aðila þarf að hugsa. Það eru framleiðendurnir. Það er ríkissjóður. Og það erum við neytendur. Engum blöðum er um það að fletta, eins og maður jafnvel sér á samkeppninni í þessu lokaða kerfi, að þegar frelsið eykst innan þess þá eykst hagræðing og verðið lækkað. Það höfum við séð á síðasta áratug. Það kostar auðvitað það að búum hefur fækkað töluvert. Ég er þeirrar skoðunar að kerfið eigi að vera þannig að þeir sem eru hvað síst framleiðnir eigi að grisjast út. Við eigum að hjálpa hinum til þess að brjótast fram og borga niður sínar skuldir og halda áfram að fjárfesta í meiri framleiðni.

[12:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. að mjög mikilvægt er að bera hagsmuni allra þessara aðila, framleiðenda, ríkissjóðs og neytenda, fyrir brjósti, en ekki bara skammtímahagsmuni, ekki bara jólainnkaupin eða páskainnkaupin heldur allt árið um kring og til næstu ára og áratuga. Það held ég að sé gert með því að búa þessari búgrein og matvælaframleiðslu og dreifingu á henni sanngjarnan ramma.

Ég tek hins vegar undir þau sjónarmið sem hv. þm. ýjaði að og það er að hætta þessarar greinar núna liggur í gríðarlegri skuldsetningu og hagræðingarkröfu sem er kannski ekki á réttu róli en hefur þau áhrif að það er mjög erfitt fyrir ungt fólk, fyrir nýtt fólk, að koma inn í þessa grein. Um leið og grein fer að búa sér þá umgjörð að hún verði mjög hættulega skuldsett þannig að bankakerfið ráði nánast afkomu hennar með vaxtastigi og öðru þá er hún á hættulegri braut og ef staða hennar er líka sú að það er nánast ógerningur eða mjög erfitt fyrir nýja aðila að koma þar inn þá erum við líka á hættulegri braut. Þessa tvo þætti tel ég vera þá mestu hættu sem steðjar nú að íslenskum mjólkurframleiðendum. Og ég tel að hæstv. landbrh. sé ekki með hátt kvótaverð nógu rækilega í huga þegar hann er að búa þessari atvinnugrein umgjörð.

[12:14]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason fór yfir þau frumvörp sem liggja fyrir þessum fundi. Honum tókst einkar vel að tala tiltölulega lítið um frumvörpin sjálf. Hann fór að mestu leyti inn á önnur atriði eins og kjötmarkaðinn. Hann fór nokkrum orðum um hann og minna kannski um frumvörpin sjálf.

En ég vildi spyrja hv. þm. Hann ræddi um fækkun framleiðenda, hagræðingu bænda og mikil niðurboð á kjötmarkaði og þau vandamál sem þar eru og ég geri alls ekki lítið úr. Ég geri alls ekki lítið úr því. En hv. þm. nefndi ekki einu orði þá gríðarlegu samþjöppun sem orðið hefur á smásölumarkaði og hvaða áhrif hún hefur haft á landbúnaðinn. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. þar sem ég þykist vita að hann þekki þessi mál og viti hvernig þeim er háttað: Hvaða áhrif telur hann að hin gríðarlega samþjöppun á smásölumarkaði hafi haft á íslenskan landbúnað undangengin ár?

[12:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fékk aðeins 20 mínútur í ræðu minni til að fjalla um þessi tvö stóru frumvörp og komst því bara að með

hluta af því sem ég ætlaði að gera grein fyrir. Ég kem nánar að því í seinni ræðu minni.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni að smásölumarkaðurinn er einmitt hinn endinn á keðjunni. Ábyrgð hans og þær aðgerðir sem þar fara fram verða bara hluti af þessari heild. Sú gríðarlega fákeppni sem hefur orðið á íslenskum smásölumarkaði væri sjálfsagt búin að rústa eða það væri að minnsta kosti óvíst hvernig staðan á mjólkurmarkaðnum væri ef þar hefðu gilt sömu lög, sömu reglur og sami frumskógabardagi og við höfum upplifað á kjötmarkaðinum vegna þeirrar samþjöppunar sem hv. þm. minntist á. Neytendur fagna að sjálfsögðu einhverju niðurboði í eina viku en ef við horfum til lengri tíma þá getur það ekki nema skaðað alla. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að þessum grunnþáttum bæði í framleiðslu og atvinnulífi þjóðarinnar og einnig í neyslu og neysluvörum þjóðarinnar sé búin sanngjörn og eðlileg umgjörð frá haga til maga eins og hæstv. ráðherra hefur sagt stundum, sem sagt frá upphafi og til neytenda. Smásölumarkaðurinn hefur leikið þar allt of lausum hala og ef það gengi áfram og yfirtæki mjólkurframleiðsluna þá held ég að ekki þyrfti að spyrja að leikslokum fyrir íslenska mjólkurframleiðendur innan tiltölulega skamms tíma.

[12:17]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með að þessi tvö frumvörp eru komin fram, jafnframt að minna á að þau koma fram bæði rúmri viku eftir áætluð þinglok. Sérstaklega ber að minna á að fyrra frumvarpið sem lýtur að réttaróvissu gagnvart samkeppnislögum er væntanlega til komið vegna þess að við erum á undanþágu sem rennur út núna í júlí þannig að það er sérstaklega mikilvægt að það frumvarp komi fram. Hins vegar rennur búvörusamningurinn núgildandi ekki út fyrr en eftir ár. Ég tel engu að síður ástæðu til að fagna því að þetta frumvarp er komið fram því þar með höfum við rúmlega ár til umfjöllunar um það og það er einstaklega mikilvægt og gott að hafa svo rúman tíma til að fjalla um jafnviðamikið mál. Við erum að fjalla um samning sem á að gilda til mjög langs tíma og sem felur í sér mjög mikið fjármagn, það er að segja um 4 milljarða á ári allan samningstímann.

Það er reyndar umhugsunarefni hve langur tími er tekinn í næsta samningstímabil því eins og komið hefur verið að hér í ræðum áður eru miklar hreyfingar í umhverfi landbúnaðarframleiðslu í heiminum og við vitum að við búum í umhverfi sem mun þurfa að breytast á næstu árum. Í frumvarpinu eru að vísu endurskoðunarákvæði þannig að hægt er að taka hann upp hvenær sem er á samningstímabilinu.

Um fyrra frumvarpið um aðlögun búvörulaganna að samkeppnislögum eða að skýra þau lög með tilliti til samkeppnislaga er það að segja að tillögunar byggja að nokkru leyti á skýrslu Árna Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns og Eiríks Tómassonar, prófessors í lögum, sem er viðamikil bók og gagnleg. Tekinn er inn hluti af þeim tillögum sem þeir leggja til. Ekki er þó tekin inn fyrri tillaga þeirra, það er að segja sá þátturinn sem lýtur að ferskum afurðum. Í riti þeirra segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ríkisstyrki í formi beingreiðslna til bænda er líklegt að mjólkurframleiðslan muni fyrirsjáanlega dragast saman hér á landi vegna harðnandi samkeppni, ekki síst erlendis frá, nema afurðastöðvum í mjólkuriðnaði verði heimilað að hafa með sér samráð um verð á þeim afurðum, þar sem ekki er fyrir hendi opinbert heildsöluverð. Að sama skapi er nauðsynlegt, til að halda uppi heildarframleiðslu mjólkur, að veita afurðastöðvum heimild til að semja sín á milli um verkaskiptingu og annars konar samstarf milli einstakra stöðva í því skyni að tryggja rekstrarhagkvæmni og halda þar með niðri kostnaði við framleiðsluna þegar á heildina er litið.

Að því tilskildu að næg samkeppni ríkti hér innan lands í viðskiptum með mjólkurafurðir, aðrar en ferskar afurðir, m.a. fyrir tilstilli innflutnings, kæmi samkvæmt framansögðu til greina að breyta 1. mgr. 13. gr. búvörulaga þannig að hún hljóðaði svo: „Verðlagsnefnd ákveður heildsöluverð eftirgreindra búvara," — eftirgreindra er feitletrað því þar er breyting — „að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda og rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara, nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna:" — Síðan kemur upptalning á þeim fersku afurðum sem þeir leggja til að verði tilteknar, það er að segja: — „Mjólk, rjóma, undanrennu og skyri. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hliðstæðum hætti og segir í 11. gr.""

Þetta er ekki tekið inn í breytingu á 13. gr. Hins vegar segir í frumvarpinu, með leyfi forseta, og það er síðari tillaga þeirra sem lýtur að breytingum og þar er það tekið inn:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar."

Þarna er ekki skilgreint hvaða tilteknu afurðir eiga í hlut eins og lagt er til í skýrslu þeirra Árna og Eiríks.

Mér finnst líka ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra að því hver eigi að hafa eftirlit með því að vel og rétt sé staðið að þessum málum þar sem búið er í rauninni að taka eftirlitshlutverk Samkeppnisstofnunar úr sambandi. Hver hefur til dæmis eftirlit með afurðastöðvunum? Ég var í umræðum við hæstv. ráðherra fyrir ekki alls löngu þar sem við ræddum meðal annars um afurðastöðvarnar. Þar minnti ég á að dæmi fyndust um að afurðastöðvarnar hefðu tekið fjármagn út úr rekstri sínum og sett í annan óskyldan atvinnurekstur eða óskylda hluti. Ráðherra upplýsti jafnvel hvaða fyrirtæki þar áttu í hlut. Þar var um að ræða heilan milljarð sem var tekinn úr rekstri afurðastöðva. Þetta kemur niður á verði til neytenda. Á þessu er hins vegar ekki tekið í lagafrumvarpinu sem við erum hér með til umræðu. En það gefst væntanlega tími til þess í sumar eða á næsta vetri, næsta þingi, að lagfæra það.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram í máli ýmissa þingmanna að það er afskaplega mikilvægt að samkeppni fái að eiga sér stað í þessu umhverfi neytendum og landsmönnum öllum til hagsbóta. Það hefur verið mikil samkeppni og hagræðing hjá bændum. Ef maður skoðar skýrslu um stöðumat og starfshætti í mjólkuriðnaði sem er gagnmerkt plagg og kom fram ekki alls fyrir löngu þá er auðséð að bændur hafa gengið mjög hart að sjálfum sér og eiginfjárhlutfall þeirra hefur hrapað á síðustu árum jafnframt því sem skuldirnar hafa gosið upp. Hins vegar eru mjólkurstöðvarnar ákaflega vel staddar. Ef ég man rétt þá segir í skýrslunni að slíkt eiginfjárhlutfall sem þar sést sjáist varla í öðrum greinum á Íslandi. Því hlýtur að þurfa að gera mikla kröfu til afurðastöðvanna á komandi árum um að þær taki á

sig aukna hagræðingu og skili henni til neytenda. Það held ég að hljóti að verða krafa allra.

Í máli hv. 1. þm. Reykjavíkur norður, Össurar Skarphéðinssonar, kom fram að aðilar að þessu máli væru þrír, það er að segja framleiðendurnir eða bændur, neytendur og ríkissjóður. Ég er sammála honum í því að aðilarnir séu þrír. En ég vildi kannski skilgreina þá aðeins öðruvísi. Ég vil nefnilega skilgreina þá sem bændur, sem mjólkurstöðvarnar og sem almenning. Ég tel almenning eiga tvöfalda aðkomu að þessu máli, það er að segja bæði sem neytendur og sem skattgreiðendur, því það skiptir okkur máli sem skattgreiðendur að með þetta mikla fjármagn sem er verið að setja í þessa grein sé vel farið og að þeir skili sér aftur til okkar allra í formi lægra vöruverðs.

Ég legg á það áherslu að það er fagnaðarefni hversu góður tími muni gefast til umfjöllunar um þetta mál. Það er búið að leggja vissar línur sem bændur jafnt sem við hin sjáum og getum hagað okkar að einhverju leyti eftir. Í svona viðamiklu máli er gott og nauðsynlegt að fá rúman tíma eins og við höfum að þessu sinni. Það hefur annars verið vandi landbúnaðarráðuneytisins að koma afar seint fram með mál þannig að við lendum með þau í hálfgerðri kreppu undir lok þingsins. Mér þykir ágætt að fá eina undantekningu frá því.

[12:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu hv. þm. komu fram efasemdir um að Samkeppnisstofnun hefði þann aðgang sem hún þyrfti að hafa. Nákvæmlega í þessu frumvarpi, það er í 2. gr. í frumvarps um verðlagningu og sölu á búvörum, ríkti réttaróvissan um hvort mjólkuriðnaðurinn væri undir samkeppnislögum eða búvörulögum. Hér eru því tilgreindar þær afurðir sem eru undir búvörulögum en ekki samkeppnislögum til að tryggja að mjólkuriðnaðurinn geti starfað áfram. Aðrir þættir eru eðlilega áfram undir samkeppnislögum. Á hitt ber að líta að aðhaldið kemur auðvitað úr mörgum áttum. Í fyrsta lagi er það verðlagsnefndin. Hún veitir sitt aðhald og það kemur fram í 1. gr. að leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar. Í verðlagsnefndinni koma að máli fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, BSRB og ASÍ. Síðan eiga bændurnir auðvitað afurðastöðvarnar og koma með sitt aðhald þar. Smásalan veitir einnig aðhald með sínum hætti og viðskiptum með þessi fyrirtæki. Í fjórða lagi má segja að aðhald komi líka frá öðrum vörum og erlendis frá. Ég held því að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því. Aðhaldið er tryggt. Með því að gera þetta að lögum er réttaróvissunni eytt og hinn sterki mjólkuriðnaður fær að starfa áfram og undirbúa sig enn frekar en hann hefur gert undir þá framtíð sem kemur með alþjóðasamningunum og (Forseti hringir.) auðvitað er meginkrafa líka að geta lækkað verð til neytenda á því tímabili sem fram undan er.

[12:32]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér var auðvitað kunnugt um í hverju réttaróvissan lá og sé hvernig er verið að bregðast við henni. Ég skil það að verðlagsnefnd á að hafa eftirlit og fær þarna ákveðið hlutverk. Ég hef hins vegar alltaf bent á að langur vegur er á milli bænda og afurðastöðva. Ég spurði í ræðu minni hver ætti að hafa eftirlit með því til dæmis eða hvort ekkert sé fyrirhugað að koma með neinar tillögur um að afurðastöðvarnar fari rétt með það fjármagn sem þær fá til meðferðar fyrir tilstilli þessa samnings. Ég benti á að það hefur verið farið á mjög gagnrýnisverðan hátt með fé og það er ekki verið að bregðast við því í frumvarpinu.

[12:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alrangt sem kemur fram í máli hv. þm. og sá misskilningur má ekki vera hér uppi að sá samningur sem gerður hefur verið við bændur nú er ekki samningur um peninga til afurðarstöðva. Það eru beingreiðslur til bænda. Það eru engir peningar að fara í gegnum þetta til afurðastöðvanna. Þær reka sig á samkeppnismarkaði (**AKG:** Óbeint.) undir ákveðnum lögum og með ákveðnar skyldur þannig að það er misskilningur hv. þm. og ég vil leiðrétta hann hér að beingreiðslurnar eru til bænda og eru í raun niðurgreiðslurnar sem tryggja þessar góðu afurðir á lægra verði inn á borð neytenda. Þetta verður að vera alveg skýrt í hugum hv. þingmanna og þeir mega ekki misskilja það.

Hvað það varðar að langur vegur sé á milli afurðastöðva og bænda þá hygg ég að í mjólkuriðnaðinum sé ekki langur vegur á milli afurðastöðva og bænda. Mjólkuriðnaðurinn hefur verið rekinn undir mjög farsælu skipulagi. Bændur sitja í stjórnum þessara fyrirtækja. Fulltrúaráðsfundir fara með málefnin. Ég hef setið marga þessa fundi og það er alveg skýrt að bændurnir eru mjög nærri stjórnum þessara fyrirtækja, gagnrýna og marka stefnuna, enda eiga bændur samtíðarinnar þessi afurðafyrirtæki.

[12:35]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lít á afurðastöðvarnar sem aðila að þessu máli á sama hátt og við sem neytendur erum aðilar að þessu máli þó við séum ekki nefnd hér á nafn. Það er alveg ljóst að bændur og afurðastöðvar gera samninga sín á milli um sín viðskipti og það er mjög mikilvægt að haft sé eftirlit með því hvernig farið er með fé hjá afurðastöðvunum þannig að það þarf ekki að nefna það sérstaklega á nafn til þess að þær séu aðilar að þessum samningi. Ég veit alveg að þær fá ekki beingreiðslur.

[12:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins varðandi mjólkuriðnaðinn. Þar hefur náðst fram mjög mikil hagræðing því að árið 1998 voru starfandi 12 mjólkurbú en árið 2003 voru þau níu og á því tímabili sem núgildandi samningur hefur staðið hefur framleiðni vinnuafls aukist um 7%. Á tímabilinu 1998–2002 hefur samanlagður árlegur hagnaður afurðastöðva verið á bilinu 100–500 milljónir króna fyrir greiðslu yfirverðs á föstu verðlagi árið 2002 og hefur þessi hluti hagnaðarins að mestu verið greiddur út sem arður til mjólkurframleiðenda eða sem yfirverð á mjólkina.

Vegna þess að hv. þm. ræddi um skuldsetningu í landbúnaði langaði mig aðeins að taka undir það að hún hefur verið töluverð. Því er mjög mikilvægt að mjólkurframleiðendur fái þennan langtímasamning þannig að þeir viti í hvaða umhverfi þeir vinna. En skuldsetningin er aðallega komin vegna fjárfestinga í byggingum, í vélum og greiðslumarki. Þar er verið að bæta vinnuaðstöðu og standast kröfur um heilbrigði. Í þetta hefur fjármagnið farið.

Fram til ársins 2000 var mikil aukning en dregið hefur úr fjárfestingum frá þeim tíma. Helmingur fjárfestinga á tímabilinu 1998–2002 er í vélum og tækjum og um þriðjungur er í kaupum á greiðslumarki.

[12:37]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef auðvitað lesið skýrsluna sem ég vitnaði til áðan og ég fór ásamt hv. þm. Drífu Hjartardóttur í heimsókn til mjólkurstöðvanna í Reykjavík og fékk ágætis útlistun á verktilhögun þar þannig að mér er alveg kunnugt um hvernig það er.

En staðreyndin er sú að hagræðing mjólkurstöðvanna hefur aðeins að litlu leyti skilað sér til neytenda. Þær hafa greinilega allt sitt mjög vel á þurru sem er að vísu fagnaðarefni. Ég tel engu að síður að það sé skylda okkar hér að tryggja að með þeim og starfsemi þeirra sé öflugt eftirlit. Ég benti ítrekað í ræðum mínum á dæmi um það hvers vegna ég tel að svo sé. Það er vegna þess að við höfum dæmi um að ekki er farið með fé þannig að hafið sé yfir gagnrýni. Á meðan svo er er ekki tryggt að neytendur fái sem allra hagstæðast vöruverð.

[12:39]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því að neytendur hafi ekki notið þess hvernig mjólkurbúin eru rekin. Það verður að líta til þess að á meðan vörur hafa hækkað mjög mikið í verði í landinu — að undanförnu kannski ekki mjög mikið en töluvert — þá hækkaði mjólkurverð ekki neitt. Frá afurðastöðvunum hækkaði ekki um krónu um síðustu áramót þannig að þar er núll, hv. þm. Neytendur hljóta því að hafa hagnast af því.

[12:40]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. talaði núna næstum því af sér þegar hún sagði að vöruverð hefði hækkað mjög mikið. Það hefur auðvitað hækkað talsvert hér og minna í mjólkuriðnaði. En ef maður lítur á heildardæmið eins og það er varðandi skuldsetningu bænda og afkomu þeirra, hvernig þeir hafa tekið á sig hagræðinguna og svo aftur á móti stöðuna hjá mjólkurbúunum, þá verður niðurstaðan sú að neytendur hafa kannski ekki notið eins mikið og hugsanlegt hefði verið þess stuðnings sem ríkið er að leggja þessum iðnaði til með miklu fjármagni, 4 milljörðum á ári. Því ítreka ég að við verðum að setja í þetta frumvarp ákvæði um hvernig hagað skuli eftirliti með meðferð mjólkurstöðvanna á fjármagni.

[12:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Að mínu viti eru bændur harðduglegt fólk. En mér sýnist þetta frumvarp hæstv. landbúnaðarráðherra ekki bera það með sér að hann deili þeirri skoðun minni. Ég held að frumvarpið lýsi gríðarlegri vantrú á bændum, setji hömlur á stéttina, komi í veg fyrir nýliðun og í raun komi í veg fyrir að íslenskir bændur geti nýtt sér þá hlutfallslegu yfirburði sem þeir vissulega hafa.

Ég er sannfærður um að staða bænda gæti verið miklu betri við annað kerfi. Bændur eru bundnir á klafa opinberrar verðstýringar og opinberrar framleiðslustýringar. Það er með ólíkindum að lesa fullyrðingar í greinargerðum þessara frumvarpa sem koma frá hæstv. landbúnaðarráðherra. Þar er fullyrt að hagfræðileg lögmál gildi ekki um landbúnað og að opinber verðstýring sé neytendum til góðs. Ýjað er að því að samkeppni sé ekki æskileg á þessum markaði og gott ef hæstv. landbúnaðarráðherra lét ekki hafa eftir sér að það væri alveg agalegt ef þessi samkeppnislög mundu gilda um landbúnaðinn og það yrði beinlínis komið í veg fyrir að menn gætu rætt saman. Það var hrikalegt ástand að mati hæstv. landbúnaðarráðherra. En núna á að binda kerfið sem við búum við í átta ár í viðbót.

Ég held að þessi frumvörp hæstv. landbúnaðarráðherra lýsi skorti á langtímasýn, skorti á trausti og trú á íslenskum bændum og skorti á vilja til að efla íslenskan landbúnað til lengri tíma. Það eru engar smáupphæðir sem við erum að ræða um í þessu máli, rúmir 27 milljarðar. Samkvæmt frumvarpi hæstv. landbúnaðarráðherra er stuðningur Íslendinga við mjólkurframleiðslu einhver sá mesti í heiminum. Við erum á toppnum þarna með Sviss og Noregi. Við erum að tala um 4 milljarða króna á ári. Það mætti reka Háskóla Íslands fyrir þá upphæð, 4 milljarða króna á ári. Þetta eru 11 milljónir á dag, ein milljón á klukkustund. (**Gripið fram í:** Eru ekki 24 klukkustundir í sólarhring?) Það er ef þú vinnur 11 tíma á dag, vinnutími. Við getum litið á það þannig. (**Gripið fram í:** Já.) Ég á eftir að furða mig á því hvernig hægt sé að réttlæta þessi gríðarlega miklu útgjöld og ég tel mikilvægt að líta á þetta í heild sinni. Stjórnmál snúast um forgangsröðun að mínu viti. Hvernig ætlar Framsóknarflokkurinn að réttlæta þessi gríðarlegu útgjöld á sama tíma og við erum að skera niður í heilbrigðiskerfinu? Á sama tíma og við erum nýbúin að ganga í gegnum mjög sársaukafulla niðurskurðarlotu á Landspítalanum stefnir í að önnur slík lota verði í haust og sú lota verður miklu sársaukafyllri.

Um er að ræða sömu peningana. Þetta kemur úr sama pottinum. Landspítalann vantar um það bil 500 milljónir. Talað er um að Háskóla Íslands vanti um það bil 300 milljónir. Öryrkjar voru sviknir af Framsóknarflokknum um 500 milljónir. (**Landbrh.:** Bull.) Setjið þetta í samhengi við það sem þetta frumvarp lýtur að, 4 milljarða á ári. (Gripið fram í.) Þetta kemur allt úr sama pottinum. Ríkissjóður hefur 275 milljarða króna til að útdeila á hverju einasta ári og þessi ríkisstjórn hefur ákveðið að meira skuli fara í landbúnaðarkerfið beint og óbeint heldur en það sem fer í alla framhaldsskóla landsins.

Hvar eru hinir ungu þingmenn Sjálfstæðisflokksins? Af hverju eru þeir ekki í salnum? Af hverju eru þeir ekki við þessa umræðu, hinir ungu hv. þingmenn sem kosnir voru á grundvelli hugsjóna um frjálslyndi og frjálsan markað? Það er kannski ekkert skrýtið eftir umræðu síðustu viku að þeir hafi kokgleypt allar sínar hugsjónir og gleymt þeim um leið og þeir urðu þingmenn. Við sjáum þá ekki setja nein spurningarmerki við þetta frumvarp. Þeir virðast ætla að kyngja þessum 27 milljarða króna pakka. Ég held að það hefði verið miklu hyggilegra af hæstv. landbúnaðarráðherra og þingmönnum að byrja að tappa okkur úr þessu kerfi. Kerfið er slæmt en ég er ekki að segja að bændur séu ofsælir af sínum kjörum. Það er langt frá því. Það eru bændur sem verða fyrir skaða af þessu kerfi. Það eru neytendur sem verða fyrir skaða af þessu kerfi. Um það snýst þetta. Við höfum allt of lengi búið við kerfi í landbúnaði sem er óhagkvæmt bæði fyrir bændur og neytendur. Ég held einfaldlega að nú sé komið nóg. Við eigum ekki að festa þetta kerfi í átta ár í viðbót. Það er hvorki bændum né íslenskum landbúnaði til hagsbóta. Við þurfum að byrja á að trappa okkur frá þessu kerfi. Við þurfum að gefa bændum aðlögunartíma að sjálfsögðu. Þeir hafa búið við vonlaust kerfi í allt of langan tíma. Við þurfum að byrja að fikra okkur í átt að meira frjálsfræði og frelsi á þessum markaði.

Við þurfum að innleiða markaðslögmálin í íslenskan landbúnað. Það væri bændum til hagsbóta. Það væri neytendum svo sannarlega til hagsbóta. Við eigum að leyfa sömu

lögmálum að leika um þennan markað eins og alla aðra markaði. Markaðshagkerfið hefur margsannað sig, aftur og aftur, í raunar öllum hagkerfum. Þau eru algild. Það kann að koma sumum á óvart en markaðslögmálin gilda hér á landi. En í ljósi þess að við þurfum að trappa okkur frá þessu kerfi er einfaldlega rangt að binda það og festa í sessi í átta ár. Við þurfum að hugsa upp nýjar leiðir til að hægt sé að búa við sterkt landbúnaðarkerfi, frjálsræði og frelsi og öfluga nýliðun meðal íslenskra bænda. Hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, hefur nýverið boðað heildarstefnumótun um starfsumhverfi landbúnaðarins til næstu 15–20 ára en á sama tíma kemur þessi samningur upp á átta ár. Hæstv. landbúnaðarráðherra boðaði framsóknargræna bók um heildarstefnumótun um starfsumhverfi landbúnaðarins. En á sama tíma kemur hann með samning til átta ára, til 2012.

Í þessu frumvarpi er engin viðleitni til að fikra sig í átt að hagstæðara kerfi, sanngjarnara kerfi og skynsamlegra kerfi. Það á að halda sér við status quo. Það á að halda áfram að moka milljörðunum á hverju einata ári í íslenskan landbúnað.

Að lokum vil ég segja við 1. umr. þessa máls að það er mín skoðun að með verkum sínum sé hæstv. landbúnaðarráðherra óvinur neytenda og dragbítur á bændur.

[12:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gjafir eru mér gefnar af hv. þm. „Óvinur neytenda og óvinur bænda.“ Ég hygg nú samt sem áður, þrátt fyrir þessi miklu gífuryrði, þrátt fyrir þennan hroka og yfirlæti þessa unga hv. þm., að þá séu neytendur á Íslandi tiltölulega sáttir við sinn landbúnað og vilji standa vörð um hann.

Af því að hv. þm. er Evrópusinni og hefur kynnt sig sem slíkan þá fór ég yfir það áðan og spyr hann að því hvers vegna í flestum nágrannalöndum okkar Íslendinga sem við berum okkur saman við sé að finna sérreglur um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þetta á sér stað í Evrópu og þar eru landbúnaðarreglur og það er ráðherraráðið sem ákveður hvað heyrir undir samkeppnisreglur. Landbúnaður í Evrópu býr við mikla sérstöðu eins og á Íslandi og sem betur fer skilja það orðið margir hv. þingmenn Samfylkingarinnar.

Hv. þm. gerir mikið úr þessum peningum. Í fjárlögum fara hátt í 7 milljarðar til landbúnaðar á Íslandi. Það er svona 2,5% af fjárlögum íslenska ríkisins. Þetta eru framlög sem koma í hollri og góðri vöru niðurgreiddri til neytenda. Ég hef á minni tíð heyrt neytendur vilja standa vörð um þessar frábæru vörur og líta á þær sem demantinn frá landbúnaði heimsins eða miða við að Ísland sé í fremstu röð. Neytendur vilja enga áhættu taka í þeim efnum. Það er því mikil samstaða um íslenskan landbúnað. Tvö og hálft prósent af framlögum í fjárlögum íslenska ríkisins fer þetta og skilar sér til neytenda. Um þetta kerfi er því tiltöluleg sátt. (Forseti hringir.) Landbúnaðurinn hefur undir þeim samningum sem gerðir hafa verið við hann, hæstv. forseti, verið að þróast mjög ört. Þar er mikil nýsköpun og mikil gróska.

[12:53]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hæstv. landbúnaðarráðherra komist í vandræði ef hann bendir á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins máli sínu til rökstuðnings. Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins er arfavitlaus en íslenska landbúnaðarstefnan er vitlausari. Við þurfum að fikra okkur í átt að betra og hagkvæmara kerfi og ekki síst íslenskum bændum til hagsbóta.

Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði að neytendur vildu hafa þetta kerfi. Ég veit ekki alveg hvaða neytendur hæstv. landbúnaðarráðherra hefur hitt en ég get fullvissað hann um að neytendur eru ekki sáttir við að greiða hærra matvælaverð en þörf er á og markaðurinn býður upp á. Íslenskir neytendur eiga ekkert að búa við eitt hæsta matvælaverð í heimi vegna vitlauss kerfis. Íslenskir neytendur eiga að geta notið kosta markaðslögmálanna og samkeppni. Ég held að það sé niðurlægjandi staðreynd fyrir hið íslenska landbúnaðarkerfi sem hæstv. landbúnaðarráðherra ver að tekjurnar af íslenskum landbúnaði sem hlutfall af landsframleiðslu eru svipaðar og styrkirnir. Það finnst mér vera niðurlægjandi staðreynd fyrir þetta kerfi sem hæstv. landbúnaðarráðherra ver með oddi og egg.

Ég held einnig að stefna hæstv. landbúnaðarráðherra lýsi afskaplega miklu vantrausti á íslensku bændur. Þeim er ekki treyst til að spjara sig á frjálsum markaði. En ég get fullvissað þingheim um að ég ber fullt traust til íslenskra bænda um að þeir spjari sig mjög vel og fái að njóta sín og sinna hlutfallslegu yfirburða sem þeir sannarlega búa yfir.

[12:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar af lítilsvirðingu til íslenskra bænda. Hann þykist styðja þá. Hann talar niður til þeirra af ótrúlegum hroka. Íslenskir bændur eiga fullt traust og þeir standa sig vel. Þeir hafa verið að þróa atvinnuveg sinn örar en aðrir í þessu þjóðfélagi undir þeim samningum sem þeir hafa gert við ríkisvaldið. Hér er upp risinn mikill vitringur meðal vor sem segir að stefna Evrópusambandsins sé nú arfavitlaus í landbúnaðarmálum en íslenska stefnan sé þó vitlausari. Hér er vitringur upp risinn sem ég átta mig ekki á hvaða tillögur hefur fram að færa aðrar en gera lítið úr öllu því sem gert er hér og gera lítið úr íslenskum landbúnaði við þessa umræðu sem kemur mér töluvert á óvart. Landbúnaðarafurðir á Íslandi til neytenda eru ekki hlutfallslega dýrari en annað. Þær hafa hækkað minna í verði á síðustu árum en margt annað eins og ég rakti í ræðu minni (Forseti hringir.) þannig að íslenskur landbúnaður er í örri þróun til hagsældar fyrir íslenska neytendur og bændurnir (Forseti hringir.) hafa mjög verið að styrkja sín bú, ekki síst í mjólkinni.

[12:56]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra ruglar saman landbúnaðarkerfinu og bændum. Hæstv. landbúnaðarráðherra er að skýla sér á bak við bændur á meðan hann ver vonlaust landbúnaðarkerfi.

Ég hef sagt áður og segi það hér að ég hef meiri trú á íslenskum bændum en þetta. Ég hef þá trú að við þurfum ekki að búa til sérstakt og afar kostnaðarsamt verndarkerfi í kringum íslenska bændur. Þeir geta spjarað sig að öllu leyti við venjulegar markaðsaðstæður (Gripið fram í.) og um það snýst það. Þetta snýst um traust á stéttinni. Þetta snýst um langtímasýn og hvernig við viljum sjá íslenskan landbúnað og þetta snýst líka um matvælaverð. En að auki (Gripið fram í.) snýst þetta líka um forgangsröðun, hvernig við viljum eyða okkar sameiginlegu fjármunum. Ég held að þeim sé illa varið í þessu kerfi og séu alls ekki íslenskum bændum til hagsbóta, alls ekki.

[12:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson segir að markaðslögmálin séu algild, þau hafi sannað sig og þau eigi að gilda óheft í íslenskum landbúnaði sem annars staðar. Hv. þm. er ekki fyrstur til að halda fram sjónarmiðum af þessu tagi. Það gerði Adam Smith. Það gerði Hayek. Það gerði Friedman. Það gerði Hólmsteinn. En sem betur fer hafa félagshyggjumenn víðs vegar í heiminum og einnig á Íslandi risið upp gegn þessari óheftu markaðshyggjuhugsun. Ég held að víðtæk samstaða sé um það í íslensku samfélagi að hleypa óheftum markaðslögmálum ekki inn í matvælaframleiðslu okkar, að þar eigi að reisa skorður til að tryggja framleiðslu á góðum vörum en einnig til að horfa til byggðarinnar í landinu vegna þess að við látum ekkert greina okkur annars vegar í bændur og hins vegar neytendur. Við erum öll saman hluti af íslenskri þjóð og viljum sýna fulla ábyrgð sem slík.

Nú spyr ég hv. þm.: Þegar hann stillir upp tveimur valkostum um hvar eigi að skera niður gagnvart íslenskum bændum og íslenskum landbúnaði eða Landspítala – háskólasjúkrahúsi, eigum við þá virkilega ekki að horfa í aðrar áttir þegar kemur að því að sýna ráðdeild með fjármuni almennings? Þá horfi ég til utanríkisþjónustunnar, til stuðningsins við hernaðinn, 500 milljónanna sem fara í NATO-hítina. (Forseti hringir.) Er það ekki fyrir neðan virðingu okkar sem viljum kenna okkur við félagshyggju að stilla málunum upp á þennan hátt?

[12:59]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er jákvætt að hv. þm. Ögmundur Jónasson átti sig á því að hér er um að ræða sama pottinn. Það er rétt að bera saman ein ríkisútgjöld við önnur. Við þurfum að velja á milli. Það er ekki hægt að gera öllum til hæfis. Stjórnmál eru spurning um forgangsröð. Mér finnst afskaplega erfitt að réttlæta útgjöld upp á 4 milljarða króna í vonlaust kerfi sem ekki er neinum til hagsbóta á sama tíma og við getum ekki sinnt grunnþjónustunni almennilega (**Landbrh.**: Feðraorlofinu.), grunnþjónustunni, Landspítalanum (**Landbrh.**: En feðraorlofið?) sem núna stendur í afskaplega erfiðri niðurskurðarlotu. Þetta er spurning um forgangsröð. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sína forgangsröð. Ég hef mína. En það er mikilvægt að bera þessi útgjöld saman því einhvers staðar koma peningarnir frá.

Svo ég víki að fyrri hluta andsvars hv. þm. Ögmundar Jónassonar þá tel ég að markaðslögmálin hafi sannað sig aftur og aftur. Þeir sem hafa talað gegn þeim hafa farið á hausinn, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki eða lönd. En markaðslögmálin eiga ekki að búa við óheft umhverfi. Við jafnaðarmenn höfum aldrei talað fyrir því. Við viljum öfluga samkeppnislöggjöf. Hæstiréttur Bandaríkjanna kallaði samkeppnislöggjöf stjórnarskrá atvinnulífsins. En ef við færum okkur aftur að þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu þá á einmitt að klippa á gildissvið samkeppnislaga því hæstv. landbúnaðarráðherra vill ekki að samkeppnislög gildi um landbúnaðinn. Hann vill eiga samráð og finnst það alveg agalegt ef (Gripið fram í.) samkeppnislögin ættu að gilda um landbúnaðarkerfið þannig að menn mættu ekki tala saman. Það væri alveg agalegt að mati hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég segi það enn og aftur að ég tel að við eigum að fikra okkur af skynsemi úr þessu kerfi og (Forseti hringir.) gefa bændum aðlögunartíma en alls ekki binda kerfið til átta ára sem er allt of langur tími með allt of háum upphæðum að mínu viti.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmenn um að virða ræðutíma sem er svo stuttur.)

[13:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ágæt áminning til okkar allra um það hvers vegna stjórnmálaflokkurinn Vinstri hreyfingin – grænt framboð var stofnaður vinstra megin við Samfylkinguna því hér er verið að boða óhefta markaðshyggju. Markaðslögmálin eru algild. „Þau hafa sannað sig og þeim á að beita óheft á öllum sviðum þjóðlífsins.“ Þetta var hv. þm. að segja.

Ég vil spyrja um eitt þegar talað er um að hafa trú á íslenskum bændum. Er það ekki að hafa trú á íslenskum bændum að ganga til samninga við samtök þeirra og er það ekki að hafa trú á íslensku samfélagi almennt að ganga til samninga við helstu samtök launafólks í landinu og hafa þau með í ráðum um gerð þessara samninga? Vísa ég þar til BSRB og ASÍ sem hafa (Forseti hringir.) komið að umræðu og mótun umgjarðarinnar í þessu efni.

[13:03]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við hv. þm. Ögmundur Jónasson verðum seint sammála um gildi markaðslögmála. Það er ástæðulaust fyrir mig að munnhöggvast eitthvað við hann um þau. Að mínu viti hafa þessi lögmál sannað sig. En það er rangt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ég sé að tala fyrir óheftum markaðslögmálum sem fái að leika óheft um öll svið mannlífsins eða samfélagsins, eins og hann orðaði það. Ég talaði ekki um það. Ég talaði um að markaðslögmálin og samkeppnin ættu að fá að njóta sín í landbúnaðarkerfinu. (Gripið fram í.) Lögmálin eru algild alveg eins og náttúrulögmálin. Þau eru algild. Síðan er það pólitísk ákvörðun hvort við viljum láta hinn óhefta markað til dæmis leika um heilbrigðiskerfið. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Það er bara mín pólitíska afstaða að markaðslögmálin eigi að vera að einhverju leyti heft á ákveðnum sviðum samfélags okkar og þar á meðal í hluta af (Forseti hringir.) heilbrigðiskerfinu. En þau eiga að fá að njóta sín í landbúnaðarkerfinu, í þeirri atvinnugrein.

[13:04]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér talaði hjarta Samfylkingarinnar svo sannarlega. Að mínu mati kom þarna fram skoðun Samfylkingarinnar í landbúnaðarmálum þegar hv. þm. talaði um að hann vildi fara aðrar leiðir og vildi hafa frjálst kerfi og annað þess háttar. Sem betur fer sagði hann að Evrópusambandskerfið væri arfavitlaust. Það þótti mér mjög gott því að ég er algerlega sammála honum þar. Ég tel að okkar íslenska landbúnaðarkerfi sé mun betra en það. Þessi samningur er mjög góður. Hann er gegnsær. Beingreiðslur eru ekki bara fyrir bændur. Beingreiðslur eru ekki síður fyrir neytendur. Beingreiðslur eru til að halda vöruverðinu til neytenda niðri.

Veit hv. þm. hvað margir hafa atvinnu af úrvinnslu í landbúnaði? Líklegast vinna um 5 þúsund manns bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi beint og óbeint við úrvinnslu landbúnaðarafurða. Þetta er ekkert lítill hópur miðað við allar þær ræður sem voru haldnar fyrir helgina um ákveðið fyrirtæki sem menn töldu að verið væri að hluta í sundur.

Aðeins til að halda því til haga þá talaði hv. þm. um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu. Það er alrangt. Það er verið

að bæta í þann málaflokk á hverju ári milljónum, tugum milljóna í það kerfi. En það virðist ekki duga til. Það þýðir afskaplega lítið að bera saman eins og hv. þm. gerði áðan. Við erum að halda uppi heilu þjóðfélagi, heilu samfélagi.

[13:06]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ánægjulegt að vera kallaður hjarta Samfylkingarinnar. Látum það nú vera hvort ég sé það, sem ég reyndar efa. (Gripið fram í.) Mér finnst ákveðin hræsni berast frá munni hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Hún tilheyrir flokki sem kennir sig við frelsi einstaklingsins og frjálslyndi og frjálsræði í atvinnulífinu. Hún er í flokki sem í stefnuskránni sinni bendir iðulega á að einstaklingurinn eigi að vera frjáls til athafna, orðs og æðis og svo framvegis. Við þurfum ekki annað en að líta til umræðna á þingi í síðustu viku til að sjá að það er ekkert á bak við þetta og við sjáum það aftur hér þegar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, væntanlega þá hjarta Sjálfstæðisflokksins, talar fyrir kerfi sem hefur sýnt sig að er ekki bændum til hagsbóta og er afskaplega dýrkeypt íslenskum neytendum og íslenskum skattgreiðendum.

Samningurinn er ekki góður. Hann er kostnaðarsamur. Hann er dýr. Hann viðheldur kerfi sem hefur margsinnis sýnt sig að virkar ekki og hann stuðlar ekki að bættu kerfi sem við ættum að vera að tala um hér.

Að sjálfsögðu eigum við að bera þetta saman við önnur ríkisútgjöld. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir talar um engan niðurskurð á Landspítalanum. Hún getur þá sagt það því fólki sem er búið að segja upp á Landspítalanum frá áramótum. Hv. þm. getur komið með þennan málflutning næsta haust þegar hinn raunverulegi niðuskurður hefst, (Gripið fram í.) þegar sársaukinn hefst. Þá getur hún haldið langar ræður um nauðsyn þess að verja tæplega 30 milljörðum í landbúnaðarkerfið. Þá getur hún haldið langar ræður um það.

[13:08]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér eru mjög rangar fullyrðingar á ferð. Hvaða skoðun er hv. þm. að fara fram með hér, að búið sé að sanna að þetta kerfi sé alrangt, mjólkursamningurinn við bændur? Hann hefur verið afskaplega gegnsær. Hann hefur verið skilvirkur. Hann hefur orðið til þess að hagræðing hefur orðið í greininni. Það hefur orðið fækkun. Það hefur orðið stækkun. Fækkun bænda og stækkun búa hefur gerst á frjálsum markaði. Menn hafa verið að kaupa og selja mjólkurkvóta á frjálsum markaði. Sjálfstæðisflokkurinn vill að íslenskur landbúnaður fái að dafna. Sjálfstæðisflokkurinn vill að íslenskir bændur búi við sömu starfsskilyrði og bændur í öðrum löndum í kringum okkur. Það er engin þjóð á meðal þjóða sem ekki getur brauðfætt sig sjálf, hv. þm.

[13:09]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kerfi er ekki gott sem býður upp á eitt hæsta matvörðuverð fyrir neytendur í heimi. (**DrH:** Það er rangt.) Það er ekki gott kerfi sem veldur því að landbúnaðurinn krefjist einna hæstu styrkja sem þekkjast meðal OECD-þjóða. Sú staðreynd er samkvæmt frumvarpi hæstv. landbúnaðarráðherra sjálfs. Það er ekki gott kerfi sem veldur því að bændur, sérstaklega sauðfjárbændur, eru ein fátækasta stétt landsins. Þessir punktar benda til að kerfið sé gallað. Það er eitthvað að. Bændur eru ekki ofsælir af kerfinu. Neytendur eru ekki ofsælir af kerfinu. En til er ákveðin klíka sem vill viðhalda þessu vonlausa kerfi og lokar á alla umræðu um að feta okkur í aðrar áttir. Hún vill halda í status quo. Hún vill festa þetta vonlausa kerfi í átta ár í staðinn fyrir að trappa hægt og rólega niður og frá þessu kerfi. Bændur munu ekki hagnast á þessu kerfi til lengri tíma. Það á að treysta íslenskum bændum til að standa á eigin fótum, líka hæstv. landbúnaðarráðherra. (Forseti hringir.) Hann virðist sýna afskaplega lítið af því með (**Landbrh.:** ... það traust.) málflutningi sínum.

[Fundarhlé. — 13:11]

[15:03]

Þórarinn E. Sveinsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að ræða um þau tvö mjólkurframvörp sem fyrir liggja og vil byrja á því að lýsa ánægju minni með að þessi frumvörp skulu vera fram komin. Með þeim höfum við þingmenn fengið mikið úrval gagna og mikla skýrslu sem veitir okkur allítarlegar upplýsingar um mjólkurframleiðsluna, bæði frumframleiðsluna og mjólkuriðnaðinn.

Gögn þau sem hér eru fram lögð held ég að sanni fyrir okkur að þótt sumum virðist þessi iðnaður kannski flókinn þá er hann þrátt fyrir allt töluvert gegnsær og þar eru málin skýr og uppi á borði. Sá farvegur hefur mótast þar í gegnum síðustu ár að menn hafa unnið að framgangi iðnaðarins í góðu samstarfi aðila vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingar, samtaka bænda og stjórnvalda. Þessi frumvörp eru áframhaldandi staðfesting á því og það tel ég vera mjög af hinu góða. Mjólkuriðnaðurinn er mjög sérstakur iðnaður. Hann er einstaklega fjármagnsfrekur í tækjabúnaði. Hann er mjög viðkvæmur. Það vita allir. Það er langeinfaldast að ímynda sér hvað mjólkin er fljót að súrna þegar maður gleymir henni á borðinu. Nákvæmlega þannig er iðnaðurinn. Ég held að enginn vilji drekka sjálfsýrða mjólk og það vill enginn hafa súran iðnað. Því er mikilvægt að halda stöðugleika í iðnaðinum. Mönnum er tíðrætt um að í honum eigi að vera miklu meiri samkeppni en er með þessu frumvarpi. Að mínu viti er ekki svo. Þessi iðnaður er, eins og ég segi, viðkvæmur. Í öllum okkar næstu nágrannalöndum gilda um hann mjög sérstök lög. Bændur í flestum nágrannalöndunum semja um sín kjör við ríkisvaldið með einhvers konar aðkomu annarra aðila samfélagsins, vinnumarkaðarins eða annarra og staðfestir það að jafnvel í miklu stærri samfélögum gilda mjög stífar umferðarreglur um þennan iðnað. Það er alveg ljóst að í hinu fámenna samfélagi okkar er engin von til þess að koma upp samkeppni innan mjólkuriðnaðarins sjálfs. Það mun aldrei finnast einn flötur á því að sú samkeppni muni geta verið á nokkurn hátt virk.

Samkeppnin við mjólkuriðnaðinn kemur frá öðrum matvælaiðnaði, öðru því sem fólk lætur í sig og, eins og hér hefur margoft komið fram, frá stöðugt opnara alþjóðaumhverfi. Það höfum við séð á síðustu árum að þaðan fær mjólkuriðnaðurinn aðhald. Því er mikilvægt að um hann gildi þær stífu umferðarreglur sem verið hafa, að þar sé mikið gegnsæi og allar upplýsingar séu þar öllum aðgengilegar. Ég veit að ef þingmenn lesa þau gögn sem hér fylgja með, skýrsluna sem hér hefur verið unnin og er fylgiskjal með samningnum, þá er ekki mörgum spurningum ósvarað þar á eftir.

Ég segi að samkeppnin komi utan frá og held einmitt að þessi samningur taki mjög mið af framtíðinni. Samningurinn

tekur mið af því að yfir standa GATT-umræður. Það eru kannski aðallega þeir samningar sem snerta okkur í þessari grein. GATT-samningarnir voru raunar lagðir á ís núna á síðasta ári og þar verða næst teknar upp umræður í alvöru um áramót eða undir áramót, í desember. Það er mál manna að ekkert muni gerast í þessum alþjóðasamningum fyrr en í fyrsta lagi góðan tíma eftir að forsetakosningum í Bandaríkjunum er lokið. En þessi samningur er framsýnn að því leyti til að hann opnar á það að taka tillit til þess sem ef til vill hugsanlega mun gerast í næstu GATT-samningum. Þar er heldur ekkert verið að missa fótanna yfir einhverju sem við óttumst að muni gerast. Það sem gerist í næstu GATT-samningum og næstu alþjóðasamningum er ekkert sem er að koma yfir okkur á næstu missirum, ekkert alveg á næstunni. Það eru mörg ár í það. Auk þess er venjan í þannig samningum að góð og ítarleg aðlögun mun verða gefin að málinu. Samningurinn tekur einmitt til þess vegna þess að ef svo ólíklega vildi til að eitthvað gerðist sem þarf að taka tillit til þá eru í honum endurskoðunarákvæði. Auk þess er verið að færa hluta greiðslnanna yfir í aðrar greiðslur. Þetta eru beint framleiðslutengdar greiðslur sem virðast vera það sem stefnt er að.

Eins og ég er búinn að segja nokkrum sinnum þá eru í skýrslunni og gögnunum sem fylgja með samningnum ítarleg gögn um mjólkuriðnaðinn. Með því til dæmis að fletta upp á blaðsíðu 20 og skoða mynd 3-1 þá sjá menn stærð mjólkuriðnaðarins miðað við landbúnaðinn. Nautgripaafurðir eru helmingur búvöruframleiðslunnar og hefur svo verið alllengi þannig að við sjáum raunar að við erum að tala um lífæð landbúnaðarins og um leið og það er sagt þá vitum við öll að lífæðar byggða landsins fá ansi mikla næringu út úr þessari grein.

Þegar rætt er um hagræðingu kemur það einnig fram í þessari skýrslu að mikil hagræðing hefur orðið í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu síðustu árin. Á sömu síðu, 20, sést ágætis súlurit yfir fækkun kúabúa í frumframleiðslunni og stærð þeirra. Einnig hefur orðið mikil fækkun í mjólkuriðnaði. Þar hefur eignarhaldið einmitt einnig breyst á síðustu árum þannig að segja má að iðnaðurinn sé allur undir beinni stjórn bænda og fellur undir beina ákvörðunartöku þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta framleiðslumegin.

Það er svolítið gaman að nefna það sem ég held að komi einnig fram í þessu þó ég geti ekki vísað í kökurit — ég er ekki búinn að finna það — að raunar allan seinni hluta síðustu aldar eða alla vega frá því milli 1960 og 1970 hefur verið framleitt sama magn af mjólk í landinu. Mjólkurmagnið hefur legið í þetta 100 milljónum lítra. Það fór hæst í 120 milljónir rúmlega í kringum 1968–1970. Annars hafa bændur landsins framleitt nánast jafnmikla mjólk allan tímann. Það gefur því augaleið að þar hefur verið mikil hagræðing. Tekjumunstrið er allt annað bæði í frumframleiðslunni og iðnaðinum núna en var fyrir 30–40 árum síðan sem segir okkur að það hefur orðið hagræðing og vörubreyting. Það er löngu þekkt, og staðfest í mjólkuriðnaði að öll bestu lögmál vöruþróunar eiga þar við, að ef iðnaðurinn þróast ekki áfram deyr hann smátt og smátt af sjálfu sér. Við getum nefnt mörg dæmi úr iðnaði um það. En ef við tölum um mjólkuriðnaðinn þá sjáum við að þar er mjög öflug vöruþróun. Til er þumalfingursregla — þó merkilegt sé er hún ekkert fjarri því sem við sjáum í hugbúnaðargeiranum — um að vörumunstur fyrirtækis breytist á tíu ára fresti og raunar enn fyrr. Þær tekjur sem við lifum á í dag, þær vörutegundir sem útvega okkur mestar tekjur í dag eru allt öðruvísi en þær sem það gerðu fyrir fimm og tíu árum. Þarna samræmast einmitt hagsmunir mjólkurframleiðslunnar neytendamunstrinu enn einu sinni. Ég veit vegna starfa minna í mjólkuriðnaði að mikil áhersla er lögð á hollustu og heilbrigt fæði. Mikill kraftur er settur í samstarf við heilbrigðisstéttir og fyrirbyggjandi aðgerðir og mikil áhersla er lögð á börn og skólamjólk og þar held ég að okkar iðnaður standi raunar enn framar en hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar. Við ítarlegan lestur þessarar skýrslu sér maður að ekki vantar hagræðinguna. Orðið hefur mikil hagræðing. Auðvitað má alltaf deila um hvort nóg sé og hagræðingin eigi að vera meiri en hér kemur fram. Það er umdeilanlegt. En skýrslan staðfestir alla vega að hér hefur orðið ánægjuleg framþróun. Það er sérstaklega nauðsynlegt í þessum iðnaði að halda hægfara en öruggri þróun eins og ég sagði í upphafi máls míns. Þessi iðnaður þolir engar stórbyltingar. Hann á að fá að þróast hægt og rólega.

Í sjálfum úrvinnsluiðnaðinum voru árið 1992 15 mjólkurbú. Nú eru þau eftir níu. Því er ljóst að þessi iðnaður hefur tekið á sig mikla hagræðingu. Í töflu á blaðsíðu 45 sér maður til dæmis bornar saman útreiknaðar kostnaðarhækkanir í mjólkuriðnaði og það sem fengist hefur bætt upp í verðlaginu. Þar sést að menn hafa tekið á sig allverulega hagræðingu síðustu árin miðað við aðrar kostnaðarhækkanir í landinu.

Í umræðunum minntist einhver á gífurlega mikið upp safnað eigið fé í mjólkuriðnaðinum. Það er vissulega rétt og ég held að menn eigi að líta á það sem mjög ánægjulega staðreynd. Menn geta velt því fyrir sér hvað eigið fé eigi að vera mikið. Það er mjög mikið í mjólkuriðnaði. En það er algjör forsenda þess að geta tekist á við samkeppni erlendis frá. Það an kemur hún hægt og bítandi á næstu árum. Ég held einmitt að með þessari stöðu í mjólkuriðnaði þurfi menn ekki að óttast hana.

Hæstv. forseti. Vegna þessa fagna ég þessum frumvörpum. Ég lýsi mig mjög sammála því að um mjólkuriðnaðinn, eins og raunar marga aðra starfsemi í landinu, þurfi að gilda sérlög. Samkeppnislög eiga að mínu viti ekki við á þessum pínulitla markaði. Þessi samningur styrkir það starf sem hefur verið mótað á síðustu árum og undirbýr bændur landsins betur undir vaxandi opnari heimsviðskipti, vaxandi samkeppni og stuðlar að stöðugleika í framleiðslunni og í því sem við örugglega öll viljum fá. Við viljum hafa hér öflugan innlendan matvælaiðnað.

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum nú að ræða frumvarp um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það kemur nokkuð seint hér inn. Það er svo sem ekki vitað á þessari stundu, hæstv. ráðherra, hversu langan tíma við höfum. Alla vega er nokkur óvissa um hvernig þinghaldinu reiðir fram. Það hefur að minnsta kosti ekki verið upplýst enn þá, viti hæstv. forseti þingsins hver áætlunin er. Þar af leiðandi gefst okkur ef til vill nægur tími til að vinna það mál sem hér er til umræðu. Ég tel mjög gott að þetta mál skuli koma inn í þingið hvort sem okkur tekst að klára það eða ekki. Það væri að mörgu leyti æskilegt að klára það. Ég held þó að málið sé kannski ekki í uppnámi þó við mundum ekki klára það fyrr en snemma á næsta hausti. Enn er nokkur tími til stefnu. Ég tek hins vegar undir að það er eðlilegt að menn reyni að klára svona mál enda skiptir þá starfsstétt sem hér

um ræðir, mjólkurframleiðendur, kúabændur verulega miklu máli hvernig til tekst með framtíðina.

Hæstv. forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfum lýst því yfir að við vildum gjarnan sjá ákveðnar hægfara breytingar í landbúnaðinum. Við höfum ekki verið talsmenn þess að leggja af styrki til landbúnaðarframleiðslunnar. En við höfum hins vegar velt því upp við framsetningu okkar á málinu að hugleiða vandlega það fyrirkomulag sem verið hefur á styrkjagreiðslum í landbúnaði, framleiðslustyrkjunum, og höfum bent á að eðlilegt væri að horfa til þess í framtíðinni, eins og reyndar er gert í þessum samningi að hluta til, að breyta því sem við köllum greiðslur á framleiddan lítra mjólkur yfir í það sem við höfum sett fram í samræmi við okkar hugmyndir, að svokallaðir byggðastyrkir, það er að segja búsetustyrkir, styrkir á hvert bú og landnýtingarstyrkir tækju við í meira mæli miðað við framleiðslustyrkina.

Að nokkru leyti er farið inn á það í þessu frumvarpi og talað um greiðslur sem færast yfir á gripi. Reyndar má til gamans geta þess að eins og ég les þetta alla vega, og er ég kannski enginn sérfræðingur í þessu, þá sýnist mér að kýrnar verði að minnsta kosti að hafa fætt einu sinni til þess að fá þennan fæðingarstyrk, hæstv. landbúnaðarráðherra, og að það skuli vera gaumgæfilega vottað að svo hafi verið. (**Gripið fram í:** Borið.) Já, þegar við tölum um kýr þá bera þær eins og kindur. En ég segi þetta vegna þess að við menn-irnir höfum komið okkur upp sérstöku fæðingarorlofi. En hér erum við að fara með hluta af greiðslunum yfir í greiðslur á gripi miðað við ákveðna tölu og horfum þar til kynbóta og annars slíks. Síðan er talað um að fara skuli með hluta af framleiðslunni yfir í það sem kallað er grænar greiðslur. Um það skal liggja fyrir samkomulag samkvæmt frumvarpinu og þeim samningi sem það byggir á. Í samningnum segir, með leyfi forseta:

„Fyrir 1. september 2006 skal liggja fyrir samkomulag milli aðila um ráðstöfun greiðslna samkvæmt þessum lið til óframleiðslutengdra og/eða minna markaðstruflandi stuðnings, m.a. til eflingar jarðræktar."

Þetta er auðvitað í samræmi við þann samning sem menn hafa verið að líta til, það er að segja WTO-samningagerðarinnar. Í þeim samningi er grænn stuðningur skilgreindur svo að hann geti náð til aðgerða eins og almennrar þjónustu við landbúnaðinn, rannsókna, tekjutengingaráætlana, ótengds tekjustuðnings, byggðastuðnings, stuðnings áætlana í þágu umhverfis og svo framvegis. Ég held að það sé rétt af okkur að horfa til þess kannski í meira mæli en við gerum í þessum samningi þó það sé hér að vissu leyti óútfært þannig lagað þá var tekið fram að 1. september skuli þetta koma fram.

Ég vil spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra til að fá upplýsingar í 1. umr. — ég ætla ekki að hafa mjög langt mál að þessu sinni — hvað sé nýjast að frétta af viðræðum um WTO-samninginn og frá þeim viðræðum öllum og hvert þeir stefni. Það væri gaman að fá nokkur orð frá hæstv. ráðherra um það í ræðustól á eftir.

Síðan er gert ráð fyrir því í 9. gr. þessa samnings sem er undirstaða frumvarpsins sem hér er rætt um að skipaður verði þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Mig langar að spyrja, hæstv. forseti, hvort slíkt fyrirkomulag hafi verið í fyrri samningum, hvort þar hafi verið einhvers konar gerðardómur sem hafi skorið úr um ágreiningsefni. Það segir einmitt hér að úrskurður gerðardóms sé bindandi fyrir samningsaðila. Á að líta svo á að það þýði að ágreiningi úr gerðardómi verði ekki skotið til dómstóla? Þýðir það það í raun og veru? Þessari spurningu vildi ég gjarnan fá svarað við 1. umr. málsins.

Hér hefur réttilega verið vikið að ýmsum málum, til dæmis kjötframleiðslunni og því þegar bankastofnanir tóku það sér fyrir hendur að standa fyrir mikilli svína- og kjúklingaframleiðslu. Það er auðvitað gagnrýni sem mér finnst eiga fullan rétt á sér. Reyndar hafa bankarnir í vaxandi mæli á fleiri sviðum verið að taka beinan þátt í atvinnulífinu með eignaraðild. Það er auðvitað spurning hvernig menn ætla að láta það þróast á komandi árum og missirum. Nú er það þekkt að þrátt fyrir að bankarnir hafi vafalaust tapað einhverju fé á þessari kjúklinga- og svínakjötsframleiðslu eru þeir að græða sem aldrei fyrr og spurning hvort það sé framtíðin að fjármálastofnanir hagnist verulega í þessu landi en aðrar atvinnugreinar eigi undir högg að sækja. Það er áhyggjuefni að horfa á hvernig skuldir landbúnaðarins hafa verið að þróast. Ef maður lítur á blaðsíðu 40 þar sem er meðaltal langtíma- og skammtímaheildarskulda í sérhæfðum kúabúum samkvæmt uppgjöri búreikninga þá verður að segjast alveg eins og er að skuldasöfnunin stefnir ansi mikið upp á við. Þessi mikla skuldasöfnun tengist að sjálfsögðu örugglega uppkaupum á mjólkurkvótum og þar með fækkun búa. Því fylgir sjálfsagt hagræðing í geiranum. Þetta er samt geigvænleg skuldasöfnun. Ef litið er á blaðsíðu 45 í þessari skýrslu og maður skoðar neðstu töfluna þar sem er um skuldsetningu búanna þá sést að skuldsetningin hefur aukist mjög mikið. Hækkun skulda er 53% samkvæmt fyrra gagnasafni, ef ég les rétt úr þessu, og 20% samkvæmt öðru gagnasafni sem ég er ekki alveg nákvæmlega með á hreinu hvað þýðir. Það er talað um gagnasafn 1 og gagnasafn 2. Mér finnst, hæstv. ráðherra, ákveðin varúðarmerki vera í þessari miklu skuldaaukningu. Ég spyr í framhaldi af því hvort líta megi svo á að sú stefna sem mótuð er í frumvarpinu varðandi gripagreiðslurnar — í raun hverfa þær út, ef ég skil þetta rétt, þegar gripir eru orðnir fleiri en 200 í fjósi, mjólkandi kýr. Hlutfall gripagreiðslnanna skerðist eftir fjölda gripa, fjölda kúa — ég vildi gjarnan að hæstv. landbúnaðarráðherra svaraði því hvort sú stefnumótun sem hér er lagt upp með, það er að segja að draga í raun úr stuðningi við bú sem eru komin með yfir 200, hvort það sé álit hæstv. landbúnaðarráðherra að það þjóni ekki hagsmunum landbúnaðarins og þá sérstaklega byggðar í þessu landi að stuðla frekar að því að búin stækki mikið umfram þetta. Þegar við fjöllum um þennan umrædda samning erum við vissulega að ræða hvernig byggð þróast í þessu landi. Sá sem hér stendur hefur verið mikill talsmaður þess að viðhalda byggð í landinu og talið að það væri þjóðinni verðmætt til framtíðar. Ég er ekki sérlega hlynntur því að stefna hér í einhvern algeran stórrekstur kúabúa. Auðvitað væri hægt að hugsa sér að mjólk yrði nánast eingöngu framleidd á Suðurlandinu, í Eyjafirði og Skagafirði. Slíkt gæti gerst ef menn ætla að láta samþjöppunina ganga til enda. Ég ekki hlynntur því að stuðla að þeirri þróun að bændur safnist saman við stórbúarekstur á tiltölulega fáum svæðum á landinu. Ég tel að það eigi að vera markmið, og vona að það séu þau viðhorf sem hér er verið að lýsa, að reyna að halda landinu í byggð og tryggja búsetu í landinu meðal annars með því hvernig þessi samningur er útfærður. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra fjalli um það.

Ég held að ég sé efnislega búinn að víkja að flestu í upphafi máls sem ég hefði viljað fá svör við frá hæstv. ráðherra. Þó er eitt sem mig langar að spyrja um. Á blaðsíðu

13 í þessari skýrslu kemur fram að fyrir framleiðslu mjólkur innan núgildandi samnings, það er greiðslumark, fá framleiðendur greitt 47,1% af afurðaverði frá ríkinu en 53 tæp frá afurðastöðvunum. Nú kom það fram að heldur er dregið úr stuðningi í þessum samningi og síðan er verið að breyta hluta af greiðslunum yfir í bláar og grænar greiðslur, það er að segja gripagreiðslur og landnýtingarstyrki eða búsetustyrki. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað hann telji að þetta hlutfall breytist mikið á samningstímanum. Má áætla að hlutur afurðastöðvanna í verðinu nálgist ef til vill 60% í lok samningstímans og að greiðslur frá ríkinu í afurðaverðinu verði þá lægri sem því nemur eða um 40%? Hvernig telur hæstv. ráðherra að þessar tölur þróist á gildistíma samningsins með tilliti til þess sem í samningnum er um hinar bláu og grænu greiðslur sem ég vék að áðan?

Það er algerlega ljóst að við erum að tala um mjög mikilsvert mál þegar við ræðum um bændur í þessu landi, mjólkurframleiðendur í þessu tilviki og viðhald byggðar í landinu. Mér finnst það skipta verulega miklu máli og okkur í Frjálslynda flokknum finnst að það skipti verulega miklu máli hvernig til tekst við að halda landinu í byggð. Ég ítreka enn og aftur að við höfum ekki lagt til að ganga þannig um í sambandi við breytingar í landbúnaði að við værum að hætta byggðinni eða vega að byggðum í landinu. Við viljum að þessar breytingar gerist hægt. Spurningin er: Er hér ekki heldur of hægt farið í breytingum á þessum greiðslum? Hér er um að ræða annars vegar bændur og síðan auðvitað ríkið og hagsmuni okkar af þeim fjármunum sem við látum í þennan samning, það er rekstur mjólkurstöðvanna eða afurðastöðvanna. Sá sem hér stendur vill alla vega mjög gjarnan að afurðastöðvarnar úti á landi haldi velli. Ég tel að það skipti verulega miklu máli fyrir byggð og atvinnustefnu í landinu. Ljóst er að niðurgreiðslan sem felst í þessum samningi tryggir auðvitað neytendum lægra verð og vonandi heilnæma vöru og það er auðvitað meginmarkmiðið, það er að tryggja heilnæma vöru. Sem betur fer njótum við þess frá íslenskum landbúnaði að hafa gæðavöru bæði í mjólk og kjötframleiðslu. Ég tel að við eigum að hlúa að því og hlúa að okkar sérstöðu í því.

Það er líka mikilsvert að smásölumarkaðurinn sé með þeim hætti að menn geti nálgast mjólkurafurðir sem víðast og að sala þeirra safnist ekki á tiltölulega fáar hendur stærri verslana.

Ég tek undir að nauðsynlegt er að hafa ákveðna festu í þessum samningi, ekki síst með tilliti til þeirrar skuldasöfnunar sem hefur verið á undanförnum árum í þessari framleiðslugrein, mjólkurframleiðslunni. Bændur hafa verið að auka skuldir sínar. Þess vegna get ég alveg tekið undir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur áðan um að mikilvægt sé að samningurinn gildi um einhvern tíma, lengri tíma, þannig að menn sjái nokkuð fram á veginn og að samningurinn verði festur í sessi með nokkrum fyrirvara áður en núverandi samningur fellur úr gildi. Ég hef hins vegar gert grein fyrir þeim áherslum sem ég hefði viljað sjá í ríkari mæli við útfærslu þessa samnings. Þar er blaðið ekki fullskrifað eins og fram kemur í samningnum. Ég vil aðeins segja að með sömu rökum og hv. þm. Drífa Hjartardóttir tók undir að hér hlyti framtíðin að verða að vera nokkuð viss þá hefði ég talið að framtíð smábátamanna þyrfti líka að vera nokkuð viss en henni er stefnt verulega í uppnám með því sem ríkisstjórnin er að setja frá sér núna. Ég undrast að einn flokkur og þeir þingmenn sem hafa áhuga á byggðum landsins skuli taka undir það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra býður hér upp á.

[15:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom víða við í máli sínu. Hann spurði út í WTO-viðræðurnar. Eins og öllum er kunnugt strönduðu þær í Cancún í september síðastliðnum. Þar ætluðu menn að ná niðurstöðu en ekki sýndist líklegt að árangur yrði bráð. Þó er hægt að segja um það nú á þessu stigi að þær umræður eru á ný á fullri ferð og er búist við því að útlínur verði lagðar ef saman um einhverjar útlínur næst í sumar. Það er svo sem lítið hægt að segja um þetta mál á þessu stigi. Það er í þessu ferli.

Hvað gerðardóminn varðar sem hv. þm. minntist á þá var hann einnig í hinum fyrri samningi. Gerðardómur er bindandi. Þessi gerðardómur fer samkvæmt lögum um gerðardóma þannig að hann er bindandi og hann er samkvæmt þeim lögum sem Alþingi hefur sett um gerðardóma.

Ég get tekið undir með hv. þm. um varúðarmerki hvað skuldaukningu varðar. Menn eru að fjárfesta og horfa langt fram í tímann og byggja upp sín bú með nýrri tækni og öflugri. Þar er þróunin í atvinnugrein sem er lifandi og er að horfa fram í tímann að hún eykur auðvitað skuldir sínar. Ég gæti tekið undir með hv. þm. að í einhverjum tilfellum sjáum við þar einhver hættumerki. Það góða við mjólkurframleiðsluna er kannski það að þar eru heilmiklar framkvæmdir og hafa verið. Menn eru að undirbúa sig undir framtíðina.

Hvar línan breytist svo, við 47% eða 53%? Ríkið hefur samið þarna um ákveðið þak, aldrei hærra en 47% og síðan gerist þessi breyting auðvitað á samningstímanum.

[15:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég vona að í síðara svari hæstv. ráðherra geti hann komið inn á það sem ég spurði um varðandi það hvort líta eigi á það sem ákveðna stefnumótun af hálfu hæstv. landbúnaðarráðherra að setja takmörkun á gripagreiðslurnar með þeim hætti sem hann gerir, það er að segja að þær fari stigminnkandi upp í 200 kýr og síðan ekkert eftir það, hvort líta eigi svo á, eins og ég leyfi mér, að hæstv. ráðherra sé í raun með þessu að segja að ekki sé æskilegt að hér stækki bú upp úr öllu valdi og að fækkun búa verði mikil og samþjöppun þá mikil í stórrekstrarbúum.

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt að landbúnaðarráðherra sá sem hér stendur varð frægur á síðasta vetri fyrir rómantíska umræðu um landbúnað, fallega draumsýn um fjölskyldubú þar sem hann gaf það sterklega til kynna sem hann meinar að við eigum ekki að stefna til stóriðju eða stórbúa eins og þau gerast hjá búum sem eru á heimsmarkaði. Við erum með ákveðna byggðastefnu í framkvæmd og við vitum að fjölskyldubúin eru betur rekin og mjög vel reknar einingar í okkar búskap. Ég var því að leggja áherslu á að halda vel utan um þá rómantík og þá hugsun. Sú stefnumótun sem hér sést er því auðvitað um að þannig viljum við sjá framtíðina að þeir sem hverfa til þeirra og hagræða mjög og stækka búin verða auðvitað að taka hana á sig að stærri hluta í framtíðinni. Ríkisstyrkirnir til þeirra munu dragast saman. Það sést kannski best í töflu númer 2 á baðsíðu 8 þar sem þetta er útskýrt, það er að upp í 40 kýr er gripastuðningurinn

100% eða 15 þúsund krónur á grip og síðan frá 41–60 75%, 12 þúsund, 61–80 50% eða 10 þúsund og 81–100 niður í 25% eða 7.500 og svo núll yfir hundrað. Eins og hv. þm. rakti koma svo aftur skerðingar og stuðningurinn við þau bú sem stærst verða fellur alveg út. Stefnumótandi? Þetta er svona sú framtíðarsýn um að við höldum í skynsamlega þróun, skynsamlegan búskap og gerum okkur grein fyrir því að við trúum því að við getum rekið kúabú um allt land og eigum að gera það með þeim hætti að styrki byggðina.

[15:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vonast til þess að fjölskyldubúin á Íslandi verði ekki bara draumur heldur verði sem sagt niðurstaðan. Við búum í landi þar sem tíðarfar getur vissulega verið mjög breytilegt og landið getur verið harðbýlt. Þó að nú hafi árað nokkuð vel í nokkur ár þá er það ekki sjálfgefin framtíð. Það þekkjum við það auðvitað úr Íslandssögunni.

Ég er þeirrar skoðunar eins og hæstv. ráðherra að fjölskyldubúin séu eðlileg eining hér á landi. Ég er ekki hlynntur þeim stórrekstrarhugmyndum sem víða hefur borið á að menn teldu að landbúnaðurinn ætti að þróast í. Ég tel að eðlileg fjölskyldubú vel rekin séu það sem við eigum að byggja á. Vissulega hafa verið miklir tilflutningar á mjólkurkvóta á undanförnum árum. Hagræðing fylgir því að ákveðnu marki. En því fylgir líka mikil skuldsetning. Afurðastöðvarnar og jafnvel sveitarfélög hafa lagt mönnum lið við kaup á mjólkurkvóta. Spurning er hversu lengi það getur gengið í framtíðinni. Ég hef ákveðnar efasemdir um það og tel í raun að verð á mjólkurkvótanum sé verulega of hátt miðað við innkominn nýliða í þessa grein. Í öllum atvinnugreinum þarf að verða nýliðun. Það er alveg sama í hvaða atvinnugrein það er. Ég vonast til þess að við hæstv. ráðherra deilum þeirri skoðun að tryggja þurfi ákveðna nýliðun í þessari grein og að skuldsetningin megi ekki verða of mikil og að menn séu almennt að horfa hér til vel rekinna fjölskyldubúa í framtíðinni og það sé ekki draumur heldur vonandi veruleiki.

[15:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil fá að koma að nokkrum atriðum til viðbótar í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi langar mig aðeins að ræða við hæstv. landbúnaðarráðherra um þau atriði sem hann kom inn á og hafði að meginmáli við setningu búnaðarþings nýverið. Þar gat hann þess að hann hefði í hyggju að hefja gerð heildarstefnumótunar um starfsumhverfi landbúnaðarins til næstu 15–20 ára og vinna svokallaða grænbók landbúnaðarins, en markmiðið, og nú vitna ég beint ræðu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Meginmarkmiðið hlýtur að þurfa að vera að auka sveigjanleika í íslenskum landbúnaði og landnýtingu almennt, með áherslu á aukna aðlögunar- og samkeppnishæfni landbúnaðarins, bæði í samfélagslegu og alþjóðlegu samhengi."

Ég tek undir þennan áhuga og vilja hæstv. ráðherra í þessum efnum. En mig langar til að forvitnast um hvernig ráðherra ætli að skipa þennan hóp sem á að vinna að gerð heildarstefnumótunar fyrir starfsumhverfi landbúnaðarins.

Í þeirri tillögu sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum í þingbyrjun lögðum við eindregið til að Alþingi kysi nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Svo eru önnur atriði sem við leggjum þarna áherslu á. Þetta er á sömu nótum og ráðherra hefur síðan tekið upp í sinni ræðu við setningu búnaðarþings og er nokkur breyting fá þeirri stefnu sem hann hefur áður framfylgt í landbúnaðarmálum. Ég lýsi stuðningi við þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra.

Það er afar mikilvægt að málefni landbúnaðarins og málefni þessa atvinnuvegar sem skiptir svo miklu máli við landnotkun, landnýtingu, búsetu og atvinnulíf í hinum dreifðu byggðum landsins séu unnin í eins mikilli sátt og nokkur kostur er við helstu hagsmunaaðila í þjóðfélaginu en ekki hvað síst af hálfu Alþingis. Það skiptir afar miklu máli að á Alþingi ríki sem ríkust sátt um þær aðgerir og þá umgjörð sem þessum atvinnuvegi er búin. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann vilji bera gæfu til þess að skipa þennan starfshóp sem á að hefja gerð heildarstefnumótunar um starfsumhverfi landbúnaðarins, þannig til dæmis að allir þingflokkar á Alþingi komist þar að þannig að alveg frá fyrstu byrjun í þeirri vinnu sé af hálfu ráðherra lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og líka samstöðu og aðkomu Alþingis og þingmanna, þingflokka að þeirri vinnu. Ég tel það mjög mikilvægt og hvet ráðherra eindregið til þess að vinna mál með þeim hætti.

Að öðru leyti um þau atriði sem ég átti eftir að koma að varðandi þennan samning þá vil ég ítrekað benda á að hér er verið að semja um lækkun á framlagi af hálfu ríkisins inn í mjólkursamninginn. Það er verið að semja um að hann lækki í heild sinni um 1% á ári á næstu átta árum. Ég tel það mjög miður. Ég tel að menn hefðu átt að sýna þann styrk til að halda að minnsta kosti óbreyttum fjárframlögum inn í þennan samning ekki síst til þess að skapa grundvöll fyrir þann sveigjanleika sem er alveg ljóst að verður að koma inn í þessa grein, inn í mjólkurframleiðsluna, þegar við fáum inn nýjar kvaðir vegna alþjóðlegra samninga um að hverfa í auknum mæli frá beingreiðslum til annarra greiðslna.

Hér eru meira að segja greiðslur á grip, sem eiga að vera ein leið til að draga áhersluna frá framleiðslutengdum greiðslum og yfir á óframleiðslutengdar greiðslur, lækkaðar. Á árinu 2006–2007 eiga þær að vera 396 milljónir en eiga að vera komnar í samningslok niður í 376 milljónir. Ekki einu sinni á þessum póstum sem verið er þó að færa yfir á óframleiðslutengda þætti geta menn haldið sjó. Það tel ég mjög miður. Ég tel að ráðherra hefði átt að beita sér fyrir því að við höldum að minnsta kosti sjó í þeim greiðslum sem eru óframleiðslutengdar. Ég legg áherslu á að við ræðum það ítarlegar í hv. landbúnaðarnefnd hvernig það megi gerast.

Einnig vil ég benda á stöðu nautgripakjötsframleiðslunnar. Í þessum samningi er gert ráð fyrir að greiðslur komi á grip. (**Gripið fram í:** Á kýr.) Á kýr já, eða griptengdar greiðslur, ekki gripdeildir heldur griptengdar greiðslur sem eru þá miðaðar við kýr sem hafa átt kálf að mér skilst. (**Landbrh.:** Kýrskýr.) „Kýrskýr," segir hæstv. ráðherrann sem er ávallt kýrskýr í sínum orðum. Ekki þegar verið er að hæla hæstv. ráðherra. Ég tel mjög mikilvægt að þetta hefði átt að koma inn í nú þegar varðandi þær kýr sem nýttar eru eingöngu í kjötframleiðslu. Þetta hefði átt að koma nú þegar inn til styðja kjötframleiðsluna. Það er 1% skerðing núna. Samningurinn veldur því að þetta skerðist um 1% á ári. Í stað þess að láta þetta skerðast um 1% á ári hefði átt að vera hægt

að taka þá peninga til þess að styrkja nautakjötsframleiðsluna með þeim óbeina hætti sem hér er lagður til, ekki beint tengt á hvert framleitt kíló kjöts heldur á grip. Það finnst mér að hefði átt að skoða. Auk þess er allt afar loðið hér um það hvernig eigi að ráðstafa þessum óframtengdu greiðslum. Áætlað er að þær séu tæpar 50 milljónir árið 2007–2008. Þær eiga að vera komnar upp í 282 milljónir 2011–2012. En í samningnum er ákaflega lítil grein gerð fyrir því hvernig ætlunin er að verja þessum greiðslum önnur en að þær eiga ekki að vera beint framleiðslutengdar. Engu að síður skiptir samt máli að menn sjái fyrir í hvaða átt verið er stefna, líka í þessum efnum. Ég tel reyndar að menn megi búa sig undir í auknum mæli að færa stuðninginn yfir í óframleiðslutengda þætti.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Í núgildandi samningi eru ákvæði um ákveðna tollvernd eða viljayfirlýsing um að tollar verði ekki lækkaðir á þeim landbúnaðarvörum sem fluttar hafa verið inn samkvæmt kvótum þar um. Þessi viljayfirlýsing um að tollar verði ekki lækkaðir er felld úr þessum samningi. Það gætu verið pólitísk skilaboð um að ekki sé vilji til að beita þessum ákvæðum við að verja íslenska framleiðslu. Ég hefði viljað fá rökstuðning hæstv. ráðherra fyrir því af hverju þetta er fellt núna út úr þessum samningi. Auk þess er svo hér líka óljóst ákvæði um einhvers konar kvótamarkað í viljayfirlýsingu sem ég vil að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir. Þetta er viljayfirlýsing landbúnaðarráðherra sem fylgir með samningnum, með leyfi forseta:

„Til að bæta samkeppnisstöðu mjólkurvara og auka hagkvæmni í mjólkuriðnaði lýsir landbúnaðarráðherra yfir vilja sínum til að skoðað verði sérstaklega hvort hægt sé að draga úr opinberum eftirlitsgjöldum ... Jafnframt lýsir landbúnaðarráðherra yfir vilja sínum til að láta kanna möguleika á samnýtingu greiðslumarks tveggja eða fleiri lögbýla."

Einnig er viljayfirlýsing frá Bændasamtökunum um hvernig koma megi á einhvers konar kvótamarkaði eða þar sem kaupendur og seljendur greiðslumarks muni hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum er varða viðskipti með greiðslumark. Þetta er sem sagt ákveðin viljayfirlýsing um kanna það að taka upp kvótamarkað eða einhvers konar markað fyrir mjólkurkvóta. Það getur svo sem haft bæði kosti og galla. Þetta er engu að síður mál sem hefur verið mjög umrætt og skiptar skoðanir um. Þess vegna finnst mér ástæða til að landbúnaðarráðherra geri alveg sérstaklega grein fyrir þessu hér.

Að öðru leyti vil ég árétta það sem ég sagði áðan (Forseti hringir.) að ég fagna því að þessi mál eru fram komin og vona að þau fái góða meðferð í þinginu og að aðeins verði bætt um betur.

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er rétt hvað grænbók varðar og stefnumótun framtíðarinnar að ég ræddi það við setningu búnaðarþings og hef síðan unnið að því máli. En það er ekki formlega farið af stað og mun ég skoða allar hugmyndir í þeim efnum.

Hv. þm. ræðir um nautakjötið. Í fyrri ræðu sinni í morgun talaði hann eins og hér væri ekkert nautakjöt framleitt lengur og að sú framleiðsla væri að fara úr landinu. En hún hefur verið mjög stöðug eins og þessi tafla sýnir hér. Hún er í 3.600 tonnum og hefur verið mjög stöðug.

En af því að hér talaði frjálshyggjumaður úr Samfylkingunni eða Alþýðuflokknum gamla, þessi ungi þingmaður, þá er hér mjög athyglisverð tafla sem sýnir hvernig þróunin hefur verið á verði á nautgripakjöti hvers árs til bænda annars vegar og til neytenda hins vegar ásamt vísitölu neysluverðs. Við sjáum að vísitala neysluverðs stígur í þessa áttina. Smásöluverðið til neytenda er þar fyrir ofan og hefur hækkað en verðið til bændanna hefur fallið niður þannig að svo virðist sem markaðslögmálin hafi virkað bara á þann hátt að stórlækka verðið til bændanna og hækka það meira en sem nemur neysluvísitölu til neytenda. Þetta er því kannski það markaðumhverfi sem þessi grein hefur búið við og er verðugt að rifja það hér upp.

Mikill pólitískur vilji kemur fram í þessu til þess að standa við landbúnaðinn af hálfu þeirra flokka sem nú mynda ríkisstjórn. Tollalögum verður aldrei breytt nema frá Alþingi og ástæðulaust að taka það fram. Ef WTO-samningar eiga sér stað og niðurstaða þeirra kemur fram þá er það auðvitað sérmál sem kemur til þingsins og þess vegna er boðað í samningnum að hann geti tekið einhverjum breytingum.

Ég kem að kvótamarkaði í mínu síðara andsvari.

[15:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra um skipan starfshóps til að kanna stöðu landbúnaðarins og marka honum framtíðarstefnu í nýju og breyttu umhverfi til næstu áratuga. Ég tel afar mikilvægt að það sé gert þannig að Alþingi eigi sem bestan aðgang að þeirri vinnu. Það gerist best með því að fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem eiga sæti þar hafi aðgang að því og komi formlega að starfshópnum. Það skiptir svo miklu máli að eins mikil sátt og skilningur náist um þetta mál og nokkur kostur er, ekki síst hjá hinu háa Alþingi.

Hæstv. ráðherra nefndi nautakjötið. Hann sagði alveg nákvæmlega það sem ég var að segja, að verð á nautakjöti til framleiðenda hefur verið að snarlækka þannig að afkoma í þeirri grein er mjög erfið. Þeir hafa staðið í samkeppni við annað kjöt sem hefur annaðhvort verið niðurgreitt erlendis frá eða bankaframleitt kjöt eins og kjúklinga- og svínakjöt eða annað því um líkt. Samkeppnisstaða þeirra sem stunda framleiðslu á íslensku nautakjöti hefur því verið mjög erfið. Ég tel skipta máli að hér skapist eðlilegur samkeppnisgrunnur fyrir nautakjötsframleiðsluna í samkeppni við aðra kjötframleiðslu í landinu, ákveðinn grunnur þannig að tryggð verði holl og góð, örugg framleiðsla á íslensku nautakjöti og þess vegna eigi að taka sjónarmið þeirra inn í þennan samning eða inn í aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til að tryggja að svo sé. Það tel ég að væri jafnvel hægt í þessum samningi án þess að það skaðaði mjólkurframleiðendur nokkuð.

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum margrætt inngrip bankanna í kjötmarkaðinn sem var mjög óheppilegt og raskaði honum. Það er stórmál út af fyrir sig hvernig það hefur þróast og hvernig menn fóru offari í ákveðnum greinum eins og svínaræktinni sem olli miklu tjóni fyrir einstaklinga og, ég vil segja, fyrir neytendur með gjaldþrotum og svo framvegis. Glæsilegur búskapur er í miklum þrengingum eftir þær hamfarir allar sem geisuðu og óeðlilegt inngrip bankanna fannst mér vera mjög óheppilegt. En kjötmálin eru ekki hér

til umræðu í dag og eru ekki tekin inn í þetta mál. Það snýst um mjólkina.

Hv. þm. minntist á kvótamarkað. Bændurnir hafa látið fylgja þessum samningi viljayfirlýsingu af sinni hálfu til að auka gagnsæi í viðskiptum, segja þeir, með greiðslumark og til að auðvelda aðgang að upplýsingum, lýsa Bændasamtök Íslands því yfir að þau munu taka upp og starfrækja miðlun með greiðslumark til mjólkurframleiðslu, þar sem kaupendur og seljendur greiðslumarks hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum er varða viðskipti með greiðslumark. Einnig skulu þeir sem vilja eiga viðskipti með greiðslumark geta skráð þar inn upplýsingar um það magn sem þeir óska eftir að kaupa eða selja. Ég hygg að bændurnir séu þarna að hugleiða það fyrst og fremst að þessi viðskipti fari óáreitt fyrst og fremst fram á milli bænda, að bóndi selji bónda, að það sé ekki banki sem ákvarði verðið eða afurðastöð eða mjólkurbú. Þetta er sú hugsun sem þeir setja fram og ég vona auðvitað að þeir útfæri þessa hugsun. Þarna er kannski ein leið til að sjá hlutlausan aðila halda utan um sölu á greiðslumarki í mjólk. Ég álit þetta mjög mikilvæga yfirlýsingu og ég trúi að þeir muni vinna úr henni og að hún muni verða til farsældar.

[16:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýringar sínar á þessari yfirlýsingu. Ég held að það sé alveg hárrétt að einn vandinn í mjólkurframleiðslunni sé einmitt gríðarlega hátt kvótaverð og það að fjármálastofnanir, hvort sem eru bankar eða afurðastöðvar, hafa með einum eða öðrum hætti orðið eins konar millikaupendur eða milliaðilar fyrir kaup og sölu á mjólkurkvóta. Ég tek alveg undir með hæstv. ráðherra að það geti verið afar hæpið. Ég tel að mjög mikilvægt sé að finna leið sem gæti virkað til þess að halda kvótaverði niðri og að verslun með kvóta yrði á eðlilegum forsendum, ef svo má segja, án þess þó að verið sé að byggja upp eitthvert nýtt bákn sem fer að krefjast fjármagns til eigin rekstrar eða eigin starfsemi eins og til dæmis opinber kvótamarkaður gæti orðið. Það þarf að finna góða millileið sem nær þeim markmiðum sem þarna er að stefnt.

Í lokin ítreka ég það að ég tel afar mikilvægt að landbúnaðarframleiðslan, bæði mjólkurframleiðsla og kjötframleiðslan, búi við sanngjörn og framsýn skilyrði, að henni sé útbúinn rammi sem er bæði framleiðendum og neytendum til góða til að skaffa öruggar og góðar vörur á markaði hér til þess að standa undir öflugum og góðum landbúnaði vítt og breitt um landið. Til þess þurfum við að marka öllum þessum þáttum eðlilegan starfsramma.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns segja að ég er almennt þeirrar skoðunar að þess eigi freista að aflétta eins mikið og hægt er hömlum á verslun með landbúnaðarafurðir í heiminum. Ég tel að það skipti miklu máli í viðleitni okkar Vesturlandabúa til þess að hjálpa fátækari þjóðum heims til að brjótast til bjargálna að gera þeim kleift með þeim hætti sem hæfir aðlögunarhæfni markaða okkar að flytja frá sér alls konar varning, líka landbúnaðarvarning eftir því sem verkast vill, inn á markaðssvæði okkar. Það mun þegar fram í sækir í senn leiða til aukins jafnræðis í veröldinni allri. Það mun leiða til þess að þeir sem framleiða landbúnaðarafurðir og aðrar afurðir á þeim svæðum sem heyra til fátækari svæða heimsins munu fá meira til þess að skipta sín á milli. Jafnframt mun þetta hafa hagræði í för með sér fyrir okkur vegna þess að við eigum kost á því þá að fá vörur við lægra verði en ella.

Ég er því þeirrar skoðunar að frelsi í viðskiptum sé líklega haldbesta ráðið þegar upp er staðið til þess að jafna kjör manna í heiminum. Við Vesturlandaþjóðir höfum oft eytt töluverðum fjármunum í að hjálpa öðrum fátækari þjóðum til að byggja sig upp. Það hefur oftar en ekki lent í vösum þeirra sem síst skyldi. Það er að verða tiltölulega útbreidd skoðun, ekki síst meðal jafnaðarmanna, að viðskiptafrelsi sé best fallið til þess að auka jöfnuð í heiminum.

Málinu sem við erum að ræða hér vil ég skipta í tvennt. Við höfum tvö frumvörp undir. Annað varðar sérstaklega breytingar á samkeppnislögum. Hitt er um markaðsumhverfi mjólkurframleiðslu hér á landi. Ég vil segja um bæði þessi mál að ég tel af Samfylkingarinnar hálfu sjálfsagt að skoða þau með jákvæðum huga og kanna hvernig þau er vaxin. Ég vil segja um breytinguna sem á að gera, vegna þess að það hefur verið ákveðin togstreita milli búvörulaga hins vegar og samkeppnislaga hins vegar, að hæstv. ráðherra hefur sagt að hún sé gerð til þess að aflétta ákveðinni réttaróvissu, herra forseti.

Réttaróvissan hefur falist í því að ákvæði eru í búvörulögum um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara sem hæstv. landbúnaðarráðherra og ráðuneyti hans hefur talist ganga framar almennum lögum um samkeppnismarkmið. Samkeppnisráð hefur óskað eftir því við landbúnaðarráðuneytið með sérstökum úrskurði að tiltekin ákvæði einna þriggja greina búvörulaganna frá 1993 verði úr gildi felld eða þeim breytt þannig að þau samrýmist markmiðum samkeppnislaga. Þegar maður skoðar hvaða ákvæði þetta eru þá verð ég að segja að á mig renna tvær grímur vegna þess að ákvæðin sem hér um ræðir eru heimildir sem búvörulög gefa afurðastöðvum til þess að gera samninga sín á milli, bæði um verðtilfærslur milli tiltekinna afurða og jafnframt um verkaskiptingu sín á milli.

Nú mætti kannski segja í fljótu bragði að þetta væri málefnaleg ósk með tilliti til þess að afurðastöðvarnar eru fáar og segja mætti að það væri fallið til þess að fá sem mest út úr framleiðsluþáttunum að haga verkaskiptingunni með þessum hætti. Ég hlýt hins vegar samt sem áður að gjalda varhuga við því að þessi leið verði farin og samþykkt á þinginu nema þá við skoðum þetta ákaflega vel. Það kann að vera að fyrir þessu séu sterkari rök en ég sé í fljótu bragði við 1. umr. En ég fæ ekki betur séð en að með því að hliðra til lögum um samkeppni á Íslandi til þess að leyfa afurðastöðvunum að gera þetta séum við í reynd að skapa þeim lagalegt rými til þess að koma á fót eins konar einokun á tiltekinni framleiðslu.

Nú þegar er ég þeirrar skoðunar, og tel að það hafi komið fram í umræðunni í dag, að þó að bændur séu ekki ofsælir af sínum hlut þá verður að segjast að afurðastöðvarnar eru fullsælar af sínum hlut. Það hefur komið fram að eigið fé afurðastöðvanna er um það bil 7,5 milljarðar og væri nánast 8,5 milljarðar ef mjólkursamlag KEA hefði ekki tekið út fyrir stofnun Norðurmjólkur einar 700–800 milljónir í arð. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi ekki alltaf verið ákaflega ánægður með þann gerning.

Herra forseti. Ég segi þetta hér vegna þess að þegar ég skoða þau plögg sem liggja undir í umræðunni þá blasir við að staða afurðastöðvanna er mjög sterk. Þær hafa safnað miklu fé. Þær hafa meira eigið fé en nokkur önnur fyrirtæki

eða skyldur fyrirtækjahópur hefur í atvinnulífinu á Íslandi. Síðan finnst mér líka blasa við að afurðastöðvarnar hafa heldur betur getað haldið sínum hlut í þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslunni sem hæstv. ráðherra hefur flutt okkur með frumvarpinu. Þar kemur til dæmis fram, þegar maður skoðar verðbreytingar frá árinu 1999–2002, að smásöluverð hefur hækkað aðeins minna en breytingar á verðlagi almennt. En mér finnst auðvitað dálítið merkilegt þegar ég ber saman hækkun á smásöluverði og heildsöluverði að ef við tökum til dæmis nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, osta og síðan það sem flokkast undir aðrar mjólkurvörur þá er hækkun í smásölu hlutfallslega töluvert minni en heildsöluhækkun.

Ég tek það svo, herra forseti, að þetta spegli sterka stöðu afurðastöðvanna og að þær hafi náð að hækka tekjur sínar, hækka afurðir sínar sem þær selja í heildsölu töluvert um fram það sem smásalan hefur hins vegar leyft sér. Þó að verðið hafi — og guði sé lof og þökk fyrir það — hækkað í smásölu minna en verðlag að öðru leyti þá er það ekki að þakka afurðastöðvunum því ef maður skoðar hækkanir í heildsölunni kemur bara í ljós að þær eru fyllilega eða fast að því að halda sínum hlut í takt við verðlagsþróun. En það er hins vegar smásalan og þá væntanlega samkeppnin í smásölunni sem veldur því að þokkalegar hlutfallslegar lækkanir hafa orðið miðað við verðlagsþróun. Það ber auðvitað að þakka.

Þegar maður skoðar síðan þróun á verði mjólkurafurða til framleiðenda kemur í ljós að þær hafa á þessu tímabili hækkað um 3,1% umfram vísitölu verðlags. Það þýðir auðvitað, herra forseti, sé ég að lesa þetta rétt, að það er ekki hagræðingin í greininni og það er ekki hagræðingin í afurðastöðvunum sem hefur leitt til þess að við erum að njóta ákveðins ávinnings varðandi mjólkurafurðir. Það virðist fyrst og fremst sem það sé aukin samkeppni og slagsmál á smásölumarkaðnum sem skapa þessar hagsbætur fyrir neytendur. Þetta skiptir töluvert miklu máli, ekki síst í ljósi þess að hæstv. landbúnaðarráðherra sagði hér — og ég var sammála honum um það — að orðið hefði töluverð hagræðing í mjólkurframleiðslunni sem hefði skilað sér til neytenda. En af þessum tölum sem ég er að fara með þá finnst mér sem í skýrslunni — ég hef þessar tölur allar úr skýrslunni sem ég skimaði yfir — þá finnst mér sem upplýsingar í henni renni ekki stoðum undir þessar fullyrðingar hæstv. ráðherra. Sá ávinningur sem við neytendur erum að fá stafar fyrst og fremst af því að svo virðist sem álagning í smásölu sé minni en áður var. Heildsölurnar, afurðastöðvarnar eru ekkert að lækka álagningu sína. Bændur fá svolítið meira en áður og þeir eru ekkert of sælir af því. Ég er ekkert að sjá eftir því. En þetta bendir til þess að við þurfum alla vega að skoða það ákaflega vel hvort hagræðingin sem við höfum talið að væri að gerast í mjólkurframleiðslunni skili sér með réttum hætti til okkar neytenda. Það blasir við samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslunni að frá árinu sem ég settist á þing og til ársins 2002 hefur mjólkurbúum fækkað úr 1.501 í um það bil 875. Þetta er alveg gríðarleg fækkun. Ég er ekki jafnkunnugur högum sauðfjárbændanna og hæstv. landbúnaðarráðherra en mér er til efs að nokkur atvinnugrein í landinu hafi með þessum hætti gengið í gegnum stórkostlegar breytingar eins og endurspeglast í þessum tölum. Það er alveg gríðarlega mikið sem í þessu felst.

Herra forseti. Þetta leiðir mig að samkeppnislögunum sem ég hóf mál mitt á. Mér finnst af þessum tölum sem ég hef nú rakið úr skýrslu sem nefnd hæstv. ráðherra hefur lagt fram að ég hafi fulla heimild til þess að telja að staða afurðastöðvanna í dag sé mjög sterk og hún sé svo sterk að það sé vafamál að réttlætanlegt sé að skjóta þeim undan ákvæðum samkeppnislaganna með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpi hæstv. ráðherra.

Það frumvarp leggur til að tekinn sé af vafi um að afurðastöðvarnar geti fært ákveðinn hluta af verði á milli tegunda. Það þýðir í reynd að þær geta notað hagnað af einni tegund til þess að greiða niður aðra. Ég er ekki viss um að þetta sé í samræmi við það viðhorf í rekstri og gagnsæi sem menn almennt eru sammála um að eigi að ríkja í dag. Ég er nú ekki einn um þessa skoðun, herra forseti. Ég rakst á það í skýrslunni sem hér er lögð til grundvallar frumvarpinu að skýrsluhöfundar eru sammála mér um þetta. Þeir telja að það sé í takt við breytinguna sem hefur orðið almennt á viðhorfi neytenda og réttindum neytenda að það sé ekki farið að með þessum hætti. Ég á að minnsta kosti eftir að sjá rök sem sannfæra mig um að rétt sé að svipta með þessum hætti mikilvægum greinum samkeppnislaga frá mjólkuriðnaðinum og gefa afurðastöðvum sem búa í besta falli við fákeppni og í versta falli við einokun heimild til þess að haga verkaskiptingu sín á milli með þessum hætti og síðan að flytja kostnað af einni tegund yfir á aðra og láta það koma fram gagnvart neytendum. Ég er bara ekki viss um að það sé rétt, herra forseti. Ég er ekki viss um að það sé gott fyrir neytendur og ég er ekki viss um að afurðastöðvarnar eigi það skilið.

Ef þetta er svona eins og ég hef rakið, að ávinningurinn sem við neytendur höfum talið að væri vegna hagræðingar í mjólkurframleiðslunni, ef hann er fyrst og fremst vegna þess að það er greinilega lægri álagning í smásölunni vegna þess að smásöluverðið hefur verið að hækka töluvert minna heldur en heildsöluverðið hlutfallslega þá sýnist mér sem alger óþarfi sé að láta afurðastöðvarnar fá þetta mikla vopn sem verið er að rétta þeim þarna til þess að treysta enn tök sín á markaðnum. Ég segi það hins vegar af því að við erum að ræða málið við 1. umr. að ég er algerlega reiðubúinn til að skoða rökin í málinu. En almennt er ég og minn flokkur þeirrar skoðunar að ekki sé heppilegt að skáskjóta nokkurri atvinnugrein undan því stranga agavaldi sem samkeppnislögin eru.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það komi skýrt fram, eins og hefur reyndar komið fram í máli mínu fyrr í dag, að mér finnst nauðsynlegt að auka möguleika bænda til þess að hagræða og þeir hafa svo sannarlega verið að gera það. Ég rakti tölur áðan eins og hæstv. ráðherra fyrr í dag um mikla fækkun búa. Búin eru skuldsett í dag og það stafar af þrennu. Það stafar af því að þau hafa verið að kaupa til sín framleiðslukvóta. En þau hafa góðu heilli líka verið að fjárfesta í tækninýjungum og þau hafa líka, eins og kemur fram í þessari skýrslu, verið að fjárfesta í nýjum húsum. Menn hafa verið að byggja fjós upp á nýtt í takt við tímann. Þetta hefur leitt til þess samfara því að orðið hafa kynslóðabreytingar og nýtt fólk að koma inn að greinin er skuldsettari en áður og hún er töluvert skuldsett. Hins vegar tel ég vart að treysta þeim tölum sem maður hefur heyrt um ákaflega slaka eiginfjárstöðu bænda almennt í þessari grein því ef ég skil þetta rétt þá er það svo að menn slá lán sem hafa verið skuldfærð vegna þess að þeir eru að kaupa kvóta sem eru ekki eignfærðir á móti þannig að ég held að staðan sé ekki alveg eins slæm og mönnum þykir.

Ég hef reyndar sjálfur af mínum takmörkuðu kynnum af mjólkurframleiðslu í dag þó að ég sé, herra forseti —

og það er gott fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra að vita það — gamall kúarektor af Mýrunum, þá hefur mér samt sem áður virst að mjólkurbændur hafi sem betur fer náð því að komast í þokkalegar álnir að meðaltali. Mér finnst sem staða mjólkurbænda sé miklu betri en hún áður var. En þessi hagræðing sem hefur og er að verða í greininni þarf, eins og ég hef áður sagt, að skiptast á milli allra aðila málsins og aðilarnir eru þrír. Það er ríkissjóður sem stendur straum fyrir hönd skattbogaranna og neytenda af beingreiðslunum. Það eru neytendur sem verða að fá í sinn hlut part af þessari hagræðingu. Síðan er auðvitað nauðsynlegt að skapa svigrúm fyrir mjólkurbændur til þess að greiða niður þær skuldir sem þeir hafa tekið á sig til þess að auka framleiðnina.

Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram þrátt fyrir þær ádrepur sem ég hef veitt afurðastöðvunum að ég geri mér grein fyrir því að þeim hefur fækkað. Ég veit ekki hvað mikið, úr 14–15 niður í níu. Það kemur fram í skýrslunni að framleiðni þeirra hefur aukist um 7%. En það kemur ekki fram í þróun heildsöluverðs á afurðum frá þeim.

Herra forseti. Ég held að þegar við erum að gera samning sem er til svona langs tíma verðum við að hafa hugfast að það eru að verða verulegar breytingar á alþjóðasamningum um tollvernd og viðskiptahömlur á þessu sviði. Ég var algerlega ósammála hv. þm. Þórarni Sveinssyni áðan þegar hann sagði að við hefðum tímann fyrir okkur. Hann taldi að næstu niðurstöður í samningalotum um þetta mál væru mörg ár fram í tímann. Ég vek eftirtekt á því að það kemur fram í þessari skýrslu hæstv. landbúnaðarráðherra að það er ætlað að næstu lotu innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem kennd er við Dohar ljúki síðla árs 2005. Ég veit síðan að það tekur tíma að koma slíkum breytingum, ef samkomulag næst um, inn í lög. Eigi að síður finnst mér að við þurfum að horfa fram í tímann, greina þróunina og laga okkur eins og við getum fyrir fram að henni. Þetta er ekki skoðun Samfylkingarinnar einnar og sér. Þetta er skoðun sem við lesum aftur og aftur úr þeim skýrslum og greinargerðum sem koma frá bændaforustunni. Hún leggur mikla áherslu á að umhverfinu á Íslandi sé flýtt til þess horfs sem má vænta að verði umhverfi morgundagsins.

Þegar ég skoða síðan greinar þess samnings sem undir liggur finnst mér að allt of lítið af þeim miklu fjármunum sem í hann fer sé lagt í rannsóknir. Ég er þeirrar skoðunar, og byggi það á þeim upplýsingum sem komið hafa fram í nýliðinni umræðu um hvort leyfa eigi að flytja inn norskt kúakyn, að kynbætur á þessu sviði séu miklu árangursríkari en margir töldu áður. Ég taldi sjálfur að það tæki verulega langan tíma að ná miklum árangri á því sviði. En samkvæmt þeim upplýsingum sem maður las í þeirri umræðu virðist til dæmis að hér á landi höfum við verið að ná ansi miklum árangri í því að auka nyt kúa. Því spyr ég auðvitað að minnsta kosti sjálfan mig ef ekki hæstv. landbúnaðarráðherra: Er þetta ekki allt of lítið sem við erum að láta af hendi rakna til kynbóta á sviði nautgriparæktunar? Mundi til dæmis hv. 1. þm. Norðausturkjördæmis ekki vera sammála mér um að 100 milljónir á ári sé allt of lítil upphæð til þess og gæti þá kannski nýst til þess að lyfta líka örlítið undir eitt hornið á einhverjum landbúnaðarskólanum norðan lands ef gert væri. (**HBl:**... ef 1. þm. Norðausturkjördæmis hafi selt kýrnar.)

Herra forseti. Við hv. þm. Halldór Blöndal gætum vafalaust deilt reynslu okkar af því að elta kúarassa á okkar yngri árum. Almennt vil ég segja að þessi frumvörp vil ég auðvitað skoða. En eins og hæstv. landbúnaðarráðherra hefur heyrt þá hef ég vissar efasemdir um ákveðna lykilþætti í þeim eins og nauðsynina á því að breyta samkeppnislögunum með þessum hætti.

[16:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, fyrir um margt mjög málefnalega ræðu og ítarlega. Það er alltaf fagnaðarefni þegar menn fara þannig inn í þessa umræðu. Ég get tekið undir með hv. þm. að kynbætur og ræktunarbúskapur eru undirstaða framtíðarinnar og kannski er aldrei nóg hugað að því. Ég get tekið undir það að rannsóknir og kynbætur skipta mjög miklu máli.

Hv. þm. segist tilbúinn að taka rökum. Hann er auðvitað félagshyggjumaður eins og sá sem hér stendur. Það sem er að gerast í þessu er að við teljum að á Íslandi alveg eins og í Evrópusambandinu og Noregi sé mjólkuriðnaður dálítið sérstakur. Ég fór yfir það í morgun. Það kemur fram í skýrslu sérfræðinganna eða lögmannanna að í flestum nágrannalöndum okkar Íslendinga sem við berum okkur saman við er að finna sérreglur um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þetta stafar af sérstöðu landbúnaðar sem þykir víðast hvar vera slík að almennar reglur markaðskerfis eigi ekki að öllu leyti við um allar landbúnaðarafurðir. Undir það er verið að taka hér. Ráðherraráðið í Evrópusambandinu ræður mjög miklu um landbúnaðarafurðir. Ég gæti tekið undir með hv. þm. að frelsi í viðskiptum sé best fallið til að auka jöfnuð milli manna og þróa atvinnulíf. Þá er þessi mikla sérstaða. Hér er mjög mikilvægt að mjólkuriðnaðurinn fái að starfa. Ef hann hefði farið undir samkeppnislögin þá hefðu menn ekki mátt skipuleggja hann, ekki eiga samráð, jafnvel ekki reka Osta- og smjörsöluna. Miklar breytingar hafa orðið og það hefur verið mjög erfitt fyrir mjólkuriðnaðinn. Þarna ríkti mikil réttaróvissa hvað bændurnir mátu í þessu og hvað ríkisvaldið mat í þessum samningum. Menn vildu koma þessu á hreint og hafa þetta núna þannig að hann gæti starfað áfram næstu árin undir (Forseti hringir.) þeim merkjum sem hann hefur gert svo vel í þróun afurðanna á síðustu árum og áratugum.

[16:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég greini annars vegar á milli þeirra frávika frá markaðslögmálum og frelsi í viðskiptum sem birtast í því að við erum að hafa áhrif á markaðinn með niðurgreiðslunum, með beingreiðslunum. Við erum að gera það fyrir tveggja hluta sakir. Það er aðstoð við greinina en það er líka verið að greiða niður nauðsynjavörur handa neytendum.

Síðan er hinn hluturinn sem er staða afurðastöðvanna. Ég velti því fyrir mér hvort réttlætanlegt sé að veita þeim þessa sérstöðu og undanþágu frá samkeppnislögunum. Þegar ég horfi á tölurnar sem liggja fyrir í þessari skýrslu þá blasir í fyrsta lagi við að eigið fé þeirra er alveg gríðarlegt. Í öðru lagi hefur þeim verið veitt þessi heimild þrátt fyrir andspyrnu frá Samkeppnisstofnun og þeir hafa getað beitt þeim verðtilfærslum og þeir hafa í reynd getað skipt markaðnum upp á milli sín frá sjónarhóli framleiðslutegunda. Samt sem áður blasir við að frá tímabilinu 1. september 1998 til ársloka 2003 hækkuðu þeir afurðir sínar nánast í takt við breytingar á vísitölu verðlags. En við sjáum allt aðra mynd birtast í smásölunni. Þar kemur fram lækkunin og þar kemur fram samkeppnin. Ég velti því fyrir mér í fullri alvöru hvort ekki þurfi svipaða samkeppni milli afurðastöðvanna. Ef þær eru

of fáar innan lands þá hlýtur þessi spurning að vakna: Mundi ekki samkeppni við innfluttar afurðir leiða til þess að þær mundu hagræða enn meira en þær hafa gert sem mundi leiða til meira en þessarar 7% framleiðniaukningar sem við sjáum hjá þeim?

[16:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill svo til að íslenskir neytendur eru mjög ánægðir með sínar mjólkurvörur. (**ÖS:** Það veit ég vel.) Það kemur fram í þessari skýrslu að neysla innfluttra vara innan lands er 1,2%. Mjólkuriðnaðurinn nýtur þess í hversu góðu formi hann er og hversu framleiðslan er góð og hversu miklum árangri hún hefur náð á heimsvísu hvað okkar góða iðnað varðar. Það ber ekki að harma kannski sterka stöðu fyrirtækja heldur að þakka fyrir hana. Ég tel að opinber verðlagning með aðilum ASÍ og BSRB í verðlagsnefndinni áfram sé mikil trygging fyrir neytendur. Vel kann að vera að bændur verði að breyta því þegar WTO-samningar verða gerðir því að opinber verðlagning er metin hátt sem innanlandsstuðningur í WTO-samningunum þannig að þeir gætu orðið að breyta einhverju eins og kemur fram í skýrslunni. En ég held að það sé mjög mikilvægt núna næstu árin að mjólkuriðnaðurinn fái að starfa undir þessu félagshyggjukerfi eins og hann hefur gert. Ekki væri heppilegra að hann færi í eitt fyrirtæki. Ég held að neytendur sé mjög sáttir við að verkaskipting sé eins og hún er, framleiðsla í Búðardal, á Akureyri, í Flóabúinu, á Sauðárkróki og svo framvegis. Það hefur allt saman gefist heldur vel og er til heilla.

[16:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir öllu máli að það takist að ná fram breytingum á næstu árum þannig að verðið til neytenda lækki. Það er mergur alls þess máls sem ég hef haft í frammi í dag. Hæstv. ráðherra segir að trygging sé fyrir því í þessu kerfi og að það séu fulltrúar ASÍ og BSRB og það kann vel að vera. Hugsanlega dugar það til þess að ná fram þessum lækkunum. En það sem auðvitað skortir á bæði í frumvarpinu og líka varðandi þær tillögur sem er að finna í skýrslunni er hvernig eigi að ná fram þessari lækkun. Hvernig á að tryggja að neytendur fái þessa lækkun í formi lægra verðs á þeim mjólkurafurðum sem þeir fá? Ég sé það ekki alveg.

Nú er það svo að í fjórum markmiðum sem koma fram í 3. gr. frumvarpsins lúta tvær beinlínis að því að lækka verðið. En ég spyr: Hvernig á að tryggja það? Út á það gengur þetta allt, að ná fram lægra verði.

[16:32]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, farið nokkrum orðum um frumvarpið sem hér liggur frammi. Hann fór að mörgu leyti jákvæðum orðum um þetta frv. Hann hefur kynnt sér málið, fór yfir það vel að mínu mati.

Mig langar að leggja spurningu fyrir formann Samfylkingarinnar sérstaklega eftir að hafa hlýtt á hans mál, mál annarra þingmanna Samfylkingarinnar og sérstaklega hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar sem talaði mikið um markaðskerfi og vill ná mikilli hagræðingu eins og við öll í þessari atvinnugrein. En hann talaði tæpitungulaust um að hann vildi taka fjármuni út úr kerfinu frá landbúnaðinum. Hann nefndi sérstaklega þær fjárhæðir sem í þessum samningi eru. Þrátt fyrir það vildi hann að bændurnir ættu að spjara sig og verð ætti að lækka til neytenda.

Spurning mín eftir að hafa hlýtt á nokkra þingmenn Samfylkingarinnar er þessi: Hver er stefna Samfylkingarinnar hvað þennan samning varðar og þessi frumvörp? Ég hef ekki áttað mig á því í dag þrátt fyrir að ég hafi hlustað á nokkrar ræður þingmanna Samfylkingarinnar hvort þeir séu með málinu eða á móti því. Ég held að það væri mjög athygli vert að fá það hér fram, ekki síst fyrir það að ég kem úr Suðurkjördæmi þar sem um það bil helmingur eða tæplega helmingur af þessari framleiðslu fer fram. Það er mikil úrvinnsla á því svæði. Ég hygg að þeir sem þar hafi hagsmuni vilji gjarnan heyra skoðun formanns Samfylkingarinnar ekki síst fyrir það að hér er enginn þingmaður úti í kjördæmi frá Samfylkingunni við þessa umræðu.

[16:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki alveg sanngjarnt þetta síðasta sem hv. þm. sagði. Hann ætti að vita betur. Við hæstv. landbúnaðarráðherra erum báðir ættaðir frá Eyrarbakka. Ég skal hins vegar koma alveg fullkomlega ærlega með þá játningu varðandi þau frumvörp sem hér liggja fyrir að mér og okkur í Samfylkingunni hefur ekki gefist tóm til þess síðustu daga, vegna þess að önnur mál hafa verið mjög aðkallandi, að fara mjög djúpt í þetta. Eins og hv. þm. sagði hefur formaður Samfylkingarinnar kynnt sér málið. Ég hef til dæmis lesið þessa skýrslu og finnst hún merkileg að mörgu leyti. En í mjög fljótu bragði mundi ég segja eftirfarandi: Ég hef miklar efasemdir eins og ég rökstuddi áðan um að það eigi að leyfa afurðastöðvunum að vera frjálsar frá samkeppnislögunum með þeim hætti sem lagt er til í öðru frumvarpa hæstv. ráðherra. Ég dreg enga dul á að ég hefði viljað sjá töluvert meiri peninga, reyndar margfalt meira af þessum háu fjárhæðum í að efla rannsóknir og kynbætur vegna þess að ég held að það séu fjárfestingar sem skili beinhörðum arði. Ég hefði líka viljað sjá hærri grænar greiðslur og ég hefði viljað sjá þær miklu fyrr en á síðasta eða næstsíðasta ári samningstímans. Svo mætti lengi telja.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að hagræða í þessari grein og það eigi að gera með aukinni samkeppni, meiri samkeppni en nú er til staðar. Ég vil hins vegar fara að þeim breytingum með þeim hætti að það slái engan til jarðar, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það verði að gerast á þann hátt að fótum sé ekki kippt undan neinum, það er að segja heilli atvinnugrein og að ekki sé heldur vegið að hagsmunum neytenda. Eins og ég reyndi að segja áðan í ræðu minni þá er ég dálítið hissa á því að þessi hagræðing sem hefur orðið, þessi mikla fækkun búa, skuli ekki hafa leitt til meiri lækkunar á verði til neytenda en raun ber vitni. Ég hef grun um að einhvers staðar á leiðinni sé svampur sem sjúgi þetta í sig, afurðastöðvar.

[16:36]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir svarið. Ég skil það svo að málflutningur hans sé stefna og skoðun Samfylkingarinnar hvað þessi frumvörp varðar en ekki sá málflutningur sem hér var uppi hafður af hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni sem var á allt annan veg. Ég fagna því vegna þess að ég held að við séum að stíga þarna rétt skref.

Þess má geta, hæstv. forseti, að við í iðnaðarnefnd erum að fjalla um lagafrumvarp er varðar Landsnet og raforkumálin.

Þar er svipað módel uppi þar sem ákveðin hagræðingarkrafa er innbyggð. Mér heyrist nánast að það sé það sem þingmaðurinn er að tala hér um.

[16:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sem hér talaði áðan veit að annar félagi hans í þingflokknum, hv. þm. Pétur H. Blöndal, vill selja Ríkisútvarpið. Mér kemur ekki til hugar að halda því fram að það sé stefna Sjálfstæðisflokksins. Það er einfaldlega þannig að í svona málaflokkum er oft blæbrigðamunur á skoðunum manna. Ég hef talað hér sem formaður Samfylkingarinnar og í nákvæmlega sama dúr og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir talaði fyrr í dag. Okkar mál hefur legið í nákvæmlega sama farvegi.

Hv. þm. spurði hvort mergurinn málsins væri ekki sá að inn í kerfið væri byggð hagræðingarkrafa sem neytendur, framleiðendur og ríkið nytu öll góðs af. Svarið er jú. Helsti gallinn við málið sem hér liggur fyrir er að ekkert tryggir að neytendur njóti ávinnings og það finnst mér vera langverst við málið.

[16:39]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér talaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar. Hann flutti alveg prýðisgóða ræðu á margan átt. Ég vil bara ítreka að markmið búvörulaganna er til dæmis að vernda byggðastefnu og tryggja að landbúnaðarvörur, sérstaklega ferskar mjólkurafurðir sem eru á dagvara, verði á viðráðanlegu verði fyrir alla landsmenn. Verðlag ferskra mjólkurafurða hefur bein áhrif á útgjöld allra heimila í landinu. Því hefur verið talið nauðsynlegt og þess vegna er þetta frumvarp fram komið að tryggja ákveðið hámarksheildsöluverð á þeim til allra smásala óháð hvar þeir eru staðsettir á landinu. En óheilbrigð samkeppni hefur verið í verslun með landbúnaðarafurðir, allar nema mjólkurafurðir. Við höfum séð það í viðskiptum með egg, kjúklinga, svínakjöt, nautakjöt og grænmeti. Þetta hefur allt verið frjálst undanfarin 10–15 ár. En þetta hefur verið með ákveðna innflutningsvernd.

Aðeins vegna þess að hv. þm. var að ræða skuldastöðu bænda þá var það alveg hárrétt sem fram kom hjá honum að menn eru að byggja ný fjós. Þetta hefur orðið úrelding í greininni og þetta hefur greinin tekið á sig sjálf. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að gríðarlegar breytingar hafa orðið hjá bændum. Trúlegast hefur engin stétt í landinu orðið fyrir eins miklum breytingum og íslenskir bændur.

[16:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum sammála um markmiðin, kannski ekki alveg um leiðirnar. Ég tel að ef til dæmis væri frjáls markaður með mjólk þá kynni það að leiða til verðstríðs eins og einhver sagði í morgun eða harðrar samkeppni. Hún mundi hins vegar ekki hafa áhrif á greinina í heild eins og hún er stödd núna, tel ég, þar sem jafnvægi er milli eftirspurnar og framleiðslu. Hún mundi hins vegar leiða til þess að þeir sem eru langlakastir hvað framleiðni varðar yrðu grisjaðir út. Við eigum aldrei að setja upp kerfi sem er þannig að það haldi yfir hlífiskildi yfir þeim sem ekki standa sig nógu vel. Það má aldrei verða, að minnsta kosti ekki til langs tíma þannig að ég held að samkeppni gæti leitt til þess að bæði greinin og neytendur hefðu betri stöðu eftir á en áður.

Að því er varðar svo afurðastöðvarnar þá er í reynd verið að leggja til lögfestingu á stöðu sem er best lýst með orðunum fákeppni og hugsanlega einokun. Það þarf nú að skoða ákaflega vel áður en menn fallast á það. En ljóst er að afurðastöðvarnar eru sennilega svo fáar eða þær hafa skipt svo rækilega á milli sín verkum að engin samkeppni er á milli þeirra. Ég vil hins vegar sem neytandi verða að njótandi þeirra gæða sem samkeppnin hefur í för með sér. Þegar við jafnaðarmenn vorum í ríkisstjórn vorum við að reyna það með því að breyta lögum og leyfa ákveðinn innflutning á landbúnaðarvörum og það var leyft. En það er einfaldlega svo lítið eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði, 1–2% af neyslunni innan lands, að það hefur engin áhrif þannig að ég velti því fyrir mér hvort það væri ekki bara gott fyrir neytendur og fyrir greinina, hugsanlega ekki fyrir afurðastöðvarnar fyrsta kastið, að leyfa aukinn innflutning á unnum mjólkurafurðum og efla þannig samkeppnina.

[16:43]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. kallar eftir samkeppni í mjólkuriðnaði. Ég held að það væri mjög erfitt í mjólkurframleiðslu. Ég tel að kerfið sem er við lýði núna sé afar gott. Eins og kom fram fyrr í dag hefur orðið mikil samþjöppun. Það hefur orðið fækkun vegna þess að það hefur fengið að gerast af sjálfu sér. Markaðurinn hefur í rauninni fengið að ráða hvernig mjólkurframleiðslan hefur orðið. Þar hefur orðið frjáls sala. Einmitt það sem verið er að kalla eftir hér. Það hefur orðið frjáls sala og kaup á kvóta manna á milli. Þannig hefur þróunin komið af sjálfu sér en ekki ofan frá. En miklar kröfur eru gerðar til bænda sem framleiða mjólk. Það eru miklar hreinlætiskröfur. Það eru miklar gæðakröfur og bændur fá í rauninni greitt eftir því hvernig vöru þeir framleiða.

[16:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Svo vill til að ég er ekki alls ókunnur harðri samkeppni á sviði landbúnaðarframleiðslu. Ég bjó um 15 ára skeið hjá föður mínum og móður sem ráku stórt eggjabú utan við borgina. Ég sá auðvitað hvernig samkeppnin svarf að framleiðendum þegar hún harðnaði. En drottinn minn, hún leiddi til alveg gríðarlegra hagsbóta fyrir neytendur, að minnsta kosti um langt skeið.

Við þurfum að ná þarna ákveðnu jafnvægi. Ég tel að samkeppni sé af hinu góða og að hún sé ákaflega mikill hvati á það að framleiðendur auki og hagræði hjá sér eins og hægt er í framleiðslunni. Það leiðir til þess að hagnaður þeirra ætti að vera meiri. Jafnframt leiðir það til þess að þeir ættu að geta lækkað verð á vörum sínum. Ég sé bara að samkeppnin í smásölugeiranum í verslun með mjólkurafurðir hefur leitt til þess að þar hækkar verðið hægar en hjá afurðastöðvunum. (**DrH:** Þess vegna verðum við að leyfa litla kaupmanninum að lifa.)

[16:45]

Útbýting þingskjala:

Íslensk farskip, 484. mál, nál. samgn., þskj. 1683.

Landsvirkjun, 952. mál, svar iðnrh., þskj. 1667.

Meðferð opinberra mála, 871. mál, nál. minni hluta allsh., þskj. 1682.

[16:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Landbúnaðurinn er mikilvæg grein. Ég held að allir á Alþingi séu sammála um það. Stuðningur við

landbúnað hefur verið mikill á Íslandi. Ég held að það séu ekki margir í sölum Alþingis sem vilja að honum verði kippt í burtu og þannig fótunum undan þessari grein. En ekki er þar með sagt að menn séu almennt sammála um það hvernig að þessum málum hefur verið staðið.

Í gegnum tíðina hefur stuðningur ríkisins og Alþingis við landbúnað verið slíkur að alþingismenn og ríkisstjórnir hafa í gegnum tíðina nánast rekið landbúnaðinn á Íslandi með ótrúlegustu uppátækjum eins og því að styrkja hinar ýmsu framkvæmdir og tiltekna framleiðslu eða verkefni bænda. Því er auðvitað haldið áfram. Ég minnist þess að þegar ég var á Alþingi einhvern tíma á kjörtímabilinu frá 1990–1995 voru enn styrkir til bænda til þess að byggja haughús. Á hvaða braut eru menn í landi þar sem almennt ríkir frelsi í atvinnuvegunum og ábyrgðin er almennt hjá þeim sem reka fyrirtækin í landinu þegar Alþingi er farið að taka ákvarðanir um slíka hluti sem þá?

Við erum hér með átta ára áætlun íslenska ríkisins sem gengur út á það að reka landbúnaðinn með tilteknum hætti. Ríkisbúskapur af þessu tagi var lagður af fyrir löngu víðast hvar. En það er merkilegt að hér skuli menn halda áfram að vinna í svipuðu kerfi og hefur verið því það er ekki hægt að flýja morgundaginn. Það er öllum ljóst að til frambúðar mun þetta ekki getað staðið með þeim hætti sem það er. Ég hefði þess vegna vonast eftir því að í þessum samningi, úr því að menn ákváðu að gera hann til svona langs tíma, yrðu umtalsverð skref í þá átt að breyta styrkjunum í landbúnaði. Þá er ég ekki að tala um að draga úr þeim. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég er ekki að tala um að draga úr styrkjum til þeirrar landbúnaðarframleiðslu sem er eða atvinnustarfseminnar í byggðum landsins. En fyrir langa löngu varð mikil nauðsyn á því að á komist eðlilegt ástand í landbúnaði á Íslandi, þar sem verður atvinnufrelsi, þar sem nýliðar eiga möguleika á að koma inn í atvinnugreinarnar á svipaðan hátt og gerist í öðrum atvinnugreinum. Það getur ekki gerst í landbúnaði. Mér finnst það vera stórkostlegur galli á þessum samningi að þarna skuli menn ekki reyna að fóta sig á einhverri framtíðarhugsun hvað þetta varðar.

Hér er um að ræða verulegan stuðning við landbúnaðarframleiðsluna og allt gott um það. Þetta eru 12 þúsund krónur á hvert einasta mannsbarn í landinu á hverju ári. Það er ekki lítið. Hæstv. landbúnaðarráðherra er ákaflega ánægður og sæll með sig með þennan samning vegna þess að samningurinn tryggir honum eða ég tel að minnsta kosti ólíklegt að hann sitji svo lengi í embætti landbúnaðarráðherra að hann þurfi að hafa áhyggjur af því að gera annan samning sem þennan nema að til verði (Gripi fram í.) nýjar reglur hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem setja Íslendinga í þann vanda að þurfa að hugsa um morgundaginn. En það er ekki gert í þessum samningi. Hér hafa menn talað að sumu leyti eðlilega út frá aðstæðum okkar og þeim samningum við bændur sem hafa verið. Auðvitað eru í þessu jákvæðir hlutir ef maður hugsar það bara út frá þeim samningi sem hefur verið og ekki neinu öðru, ekki neinni annarri framtíðarhugsun. Þetta er vandamálið í þessu og mér finnst mikill skaði að menn skuli ekki hafa horfst í augu við það.

Það er mjög merkilegt finnst mér að Sjálfstæðisflokkurinn skuli sætta sig við að hér skuli ekki hafa verið tekið á málum með neinum afgerandi hætti hvað þessa hluti varðar. Ég tók til dæmis eftir tillögu Sambands ungra sjálfstæðismanna um að nota ætti skuldabréf til að leysa ríkið út úr vandamálum sauðfjárbænda á sínum tíma. Ýmsar tillögur hafa verið uppi af hálfu sjálfstæðismanna og gagnrýni á núverandi kerfi. Þær gagnrýnisraddir virðast vera gjörsamlega þagnaðar. Ég veit ekki betur en hv. þm. Pétur Blöndal sé til dæmis bara harðánægður með þennan samning, finnist hann bara góður. Hann mun auðvitað bera það til baka hér í ræðustól ef ég er að hafa rangt eftir skoðanir hans á samningnum.

Hér er til dæmis gert ráð fyrir því að sérstakt ákvæði verði um landbúnað þar sem menn mega hafa sama hátt á og var hafður í Öskjuhlíðinni á sínum tíma og þótti ekki par gott. Það skal gilda í landbúnaði. Áfram skal það gilda í landbúnaði að menn geti verslað með stuðningi ríkisins sín á milli en nýliðarnir sem hugsanlega vildu fara inn í þessa atvinnugrein fá enga möguleika til þess öðruvísi en að kaupa réttindin af þeim sem fyrir eru. Enn skal það standa áfram að allur aðalstuðningur við landbúnað á Íslandi skuli fara til sauðfjárframleiðslunnar og mjólkurframleiðslunnar og að öðrum sé haldið utan við stuðningskerfið. Ég get ekki sagt að ég sé ánægður með slíkan samning til átta ára þar sem ekki er horfst í augu við morgundaginn. Það er mín skoðun að frelsa þurfi bændur undan forustu Bændasamtakanna og pólitískra foringja sem hafa viljað tryggja þessa stefnu til framtíðar.

Það sem segir kannski mikla sögu um hvað þetta sé góður samningur er til dæmis fullkominn stuðningur Vinstri grænna við samninginn og kröfur þeirra um að meira verði gert af þessu tagi, stærri áætlunarbúskapur á vegum ríkisins. Ég hefði talið að það væri ekkert sérstaklega eftirsóknarvert nema síður væri að lækka stuðning við atvinnulíf í sveitum eins og hér er í raun verið að gera þó ekki sé það mikið og nota ekki tækifærið til þess að breyta stefnunni þannig að stuðningur ríkisins yrði í framtíðinni meira og meira í átt til þess að styðja atvinnulífið í dreifbýli landsins, styðja atvinnulífi í sveitum. Það er gefið til kynna varðandi breytingarnar eða tilflutninginn á styrknum til þeirra sem þessi samningur gildir um — og hann gildir um alla mjólkurframleiðsluna — að þarna sé á ferðinni einhver stefnubreyting. En í raun og veru er þessi tilfærsla bara innan greinarinnar. Engar aðrar greinar fá neitt út úr því sem þarna er lagt til sem að neinu marki nemur. Þessar gripagreiðslur sem verið er að breyta stuðningnum að hluta til í munu fara að langmestu leyti til greinarinnar sjálfrar. Einhver pínulítill hluti mun fara til þeirra sem framleiða kjöt. Það væri kannski góð spurning til hæstv. ráðherra hve mikill stuðningur af þessum gripagreiðslum gæti hugsanlega komið í hlut þeirra framleiða nautakjöt sérstaklega. Ég hef á tilfinningunni að það verði ekki mjög mikið.

Þetta eru gallarnir á þessum samningi. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það þurfti að gera samning við bændur, mjólkurframleiðslubændur. Ég er ekki að setja út á það. Ég held því fram að nota hefði átt tækifærið til að breyta landbúnaðarstefunni þannig að hún yrði stefna morgundagsins en ekki gærdagsins. En það er hún svo sannarlega áfram.

[16:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í rauninni sorglegt — ég segi sorglegt — að hlusta á svona ræðu. Hún er slíkt afturhald, hún er slík niðurlæging á þróun sveitanna sem hefur verið síðustu árin. Orðræða hv. þm. staðfestir það að hann hefur ekkert kynnt sér í landbúnaðarmálum. Hann er hér með gamla frasa og sýnir að Samfylkingin — hér talaði formaður hennar áðan og var mjög málefnalegur. Hann talaði af töluverðri

þekkingu landbúnaðinn. Svona koma hér hv. þingmenn, einn úr þessari áttinni og annar úr hinni. Ég held að þessi hv. þm. sjái hvorki morgundaginn né sólina og hefur ekkert kynnt sér það sem hefur gerst í íslenskum sveitum á síðustu árum.

Hv. þm. fordæmir allt sem hefur verið gert. Hann fordæmir þennan samning. Hann er að rugla, hæstv. forseti, um hluti sem ekki eiga sér stað. Hv. þm. styður Evrópusambandið, ef ég veit rétt. Yfir 50% af fjárframlögum Evrópusambandsins renna til landbúnaðar eftir mjög flóknum og erfiðum leiðum. Við höfum þó verið hér með sjáandi kerfi og gert þetta eftir tiltölulega skýrum leiðum. Sagt er að danskir bændur sem kunna á tölvu og séu mikið í flugvélum hafi mest út úr styrkjum Evrópusambandsins. Svo flóknir eru þeir að þá samninga skilja víst fáir. Ég verð því að harma svona málflutning.

Hér talar hv. þm. um Öskjuhlíðarsamninga. Ég spyr: Þegar ASÍ og BSRB komu inn í verðlagsnefnd með fulltrúa sína til að taka þátt í verðlagningu mjólkurafurða — þeir hafa gert það um áratugi — er það svívirðing við launþega þessa lands? Hv. þm. skal gera sér grein fyrir því að þá Öskjuhlíðarsamninga sem hann talar um gerðu menn sem voru ekki undir opinberri verðlagningu heldur töldu sig menn frelsisins. Þeir höfðu samráð en höfðu ekki heimild til þess. (Forseti hringir.) Hér er verið að biðja um að hafa þetta kerfi skýrt og samstaða er um það. Hér eru miklir útúrsnúningar á ferð, hæstv. forseti, og dæmalausir.

[16:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að hæstv. landbúnaðarráðherra svíði þegar á það er minnt að hér er engin stefnubreyting á ferðinni og að halda á áfram í sama farinu eins og verið hefur í gegnum tíðina. Það að ég hafi ekki kynnt mér þetta mál er auðvitað rangt. Ég hef kynnt mér þetta mál og ég gerði mér grein fyrir því fyrir löngu sem hæstv. ráðherra virðist ekki hafa gert sér grein fyrir, að það þarf að breyta þessu fyrirkomulagi. Hæstv. ráðherra talar hér eins og gærdagurinn geti orðið morgundagurinn. En það getur hann ekki og það veit hæstv. ráðherra. Það þurfti að setja í samninginn að ef gerður yrði samningur við Alþjóðaviðskiptastofnunina um landbúnaðinn þá yrði að taka þennan samning upp. En skrefin í átt til þess að gera mögulegt að hafa landbúnaðinn á Íslandi í góðri stöðu þegar kemur að þeim samningi eru svo örstutt að þau mælast ekki. Það er ég að setja út á hér. Ég hélt því ekki fram og ég tók það skýrt fram — hæstv. ráðherra hefur ágæta heyrn og hefur örugglega heyrt það — að ég væri ekki að fara fram á að stuðningur við landbúnað í landinu yrði minnkaður. Ég fer fram á að menn skoði þetta umhverfi með þeim gleraugum að það verði að breyta styrkjafyrirkomulaginu í landbúnaðinum. Ef maður kemur að samkeppninni líka þá hlýtur hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir því að skapa þarf samkeppnisumhverfi bæði milli bænda og afurðastöðva við bændur. Til frambúðar mun það aldrei geta staðist að Ísland reki eitt allsherjar mjólkurbú á vegum ríkisins.

[17:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega mikill útúrsnúningur að telja að ríkið reki landbúnaðinn. Hvers vegna má ríkisvaldið ekki gera samninga við frjálsa bændur alveg eins og það gerir samninga við frjálsa verkalýðshreyfingu, við atvinnulífið um starfsumhverfi? Þetta er fyrst og fremst samningur um starfsumhverfi landbúnaðarins. Hv. þm. segir að hér hafi ekkert gerst í íslenskum landbúnaði og engin þróun verið. Ég fór yfir það í ræðu minni að til dæmis kúabændum — og það kallast hagræðing — hefur fækkað frá 1991 úr 1.509 niður í töluna 870 í dag. Ég hef farið yfir það að búin hafa stækkað úr 70 þúsund lítrum að meðaltali í 122 þúsund. Ég hef farið yfir það að á sama tíma hefur nytin úr íslensku kúnni og kynbæturnar og bætt fóðurgerð gert það að verkum að meðalframleiðsla eftir hverja kú er í dag 5.100–5.200 lítrar en var 1991 um 4 þúsund lítrar þannig að framfarirnar undir þessari samningsgerð sem ríkisvaldið hefur gert við kúabændur hafa skilað sér mjög bæði í hagræðingu og bættum búskap. Ég er sannfærður um að sá samningur sem nú er gerður mun skila þróun þar sem landbúnaðurinn íslenski með sínar frábæru afurðir úr okkar hreinu náttúru stendur miklu sterkari og viðbúnari til að taka á móti aukinni samkeppni. Hann er talinn af mörgum í dag sem hingað koma og við eigum viðskipti við einn fremsti landbúnaður í veröldinni. Þetta er fjölskyldurekstur og búin eru ekki stór en skila af sér frábærum afurðum. Þetta á við um mjólkurafurðirnar. Þetta á við um lambakjötið (Forseti hringir.) og margar afurðir sem bændur framleiða. Ég held því að hv. þm. Jóhann Ársælsson ætti ekki að gera lítið úr íslenskum landbúnaði og starfi íslenskra bænda.

[17:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra bregður á vana sinn að gera mönnum upp orð. Ég hef ekki (**Landbrh.**: Ég hlustaði á þig.) verið að tala þannig um landbúnaðinn eða íslenska bændur eins og hæstv. ráðherra er að gefa til kynna. Ég tel að íslenskur landbúnaður sé að mörgu leyti vel rekinn þrátt fyrir þann ríkisbúskap sem hér er í gangi. Mér finnst að menn verði að líða mönnum að hafa aðra skoðun á því hvernig eigi að horfa til framtíðar hvað varðar ríkisstuðning við landbúnað. Mér finnst að tími sé kominn til þess að menn fari að horfa til framtíðar. Það eru engar deilur um að þessi ríkisstuðningur eins og honum er háttað og hefur verið á undanförnum árum getur ekki staðið til framtíðar. Hvað gera menn þá? Þá skoða menn það hvernig eigi að standa að stuðningnum til framtíðar. Ég hef margtekið það fram að ég er ekki talsmaður þess að dregið verði úr stuðningi til atvinnuvega í sveitum. Ég hef margtekið það fram. Ég er sannfærður um að íslenskir bændur muni geta staðið sig í samkeppni sín á milli og að afurðastöðvar geti staðið sig líka í samkeppni um framleiðsluvörur til bænda í framtíðinni ef menn koma á eðlilegu samkeppnisumhverfi, ef menn eru ekki of uppteknir af því að reka sjálfir mjólkurbú sitt, en það er hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Það er þetta sem vantar. Hæstv. ráðherra er búinn að sitja of lengi á stóli landbúnaðarráðherra til þess að árangurinn sé ekki meiri en þessi til framtíðar litið.

[17:05]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Mjólk er góð, sömuleiðis jógúrt og ostur er veislukostur að sjálfsögðu. Það breytir því ekki að réttmætt er og ástæða til að gagnrýna það kerfi sem við notumst við við framleiðslu á þessum afurðum.

Ég vil nota þetta tækifæri í 1. umr. til að gera örlítinn fyrirvara fyrst og fremst vegna þess að ég tel að í þessu frumvarpi sé ekki nægjanlega horft til framtíðar. Ég get ekki séð í frumvarpinu hver sé í rauninni framtíðarsýnin fyrir íslenska landbúnað, hvað þá þegar horft er til lengri tíma en þeirra átta ára sem samningurinn nær til.

Ekki er horft til þess hvernig þessi grein eigi að komast úr ríkisrekstri til sjálfsbjargar. Ekki er tekið á því hvernig þessi grein muni í framtíð geta nýtt sér krafta markaðarins. Ég er þeirrar skoðunar að samkeppni og lögmál markaðarins séu þeirrar gerðar að þau efli og styrki sérhverja starfsgrein. Ég held að landbúnaðurinn sé engin undantekning þar á. Ég held að samkeppni sé ekki síður neytendum holl og heppileg.

Ég sakna þessa að í þessu frumvarpi sé ekki með einhverjum hætti tekið á þeirri spurningu hvernig þessi undirstöðuatvinnugrein á landsbyggðinni eigi að lifa okkur af, okkar kynslóð. Ég er ekki talsmaður byltinga eða gagngerra breytinga á skömmum tíma. Ég held að það sé afar mikilvægt að það sé stöðugleiki í svona mikilvægri atvinnugrein. Stöðugleikinn er nauðsynlegur þar sem við vitum að fjöldi bænda hefur fjárfest verulega í þessari grein, hefur skuldbundið sig til marga ára. Því er nauðsynlegt að stöðugleiki ríki í þessari grein. Einmitt þess vegna þurfa menn að hafa sýn til framtíðar. Því miður finnst mér nálgun stjórnvalda eða ríkisstjórnar í þessu máli minna mig gjarnan á fyrirtæki sem neita að horfast í augu við veruleikann, neita að draga upp mynd af framtíð sinni í nýjum heimi en eru stöðugt að hörfa frá einni varðstöðinni í aðra. Því miður finnast mér vinnubrögð og viðhorfin sem að baki þessu frumvarpi liggja líkjast um of þessu. Það er verið að hörfa. Það er ekki verið að takast á við þá stóru spurningu hvernig við getum leitt þessa grein til þess að standa á eigin fótum, að nýta krafta markaðarins, að sjálfsögðu bændum og neytendum til blessunar. Þennan fyrirvara vil ég hafa og vonast til þess að geta betur gert grein fyrir máli mínu í störfum landbúnaðarnefndar þar sem við munum fyrr en seinna taka á þessu.

Virðulegi forseti. Ég held að tími sé kominn til þess að helmingaskiptaflokkarnir sem hafa ráðið þessum málaflokki í áratugi og stundum á þann hátt (**Gripið fram í:** Og stundum með Alþýðuflokknum.) að broslegt hefur verið. Ég þarf ekki að rifja upp fyrir sumum hér inni þegar lögin voru slík að ekki mátti selja mjólk í Reykjavík sem var framleidd á Akureyri. Við erum enn þá að mínum dómi að vinna okkur út úr þeirri arfleifð. Ég vonast því til þess að í meðförum nefndar náist að horfa lengra en til átta ára.

[17:11]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við fjöllum enn einu sinni um þessa furðulegu samninga sem gerðir eru við fulltrúa bænda af hendi ríkisins. Íslenskur landbúnaður hefur í áratugi, í hálfa öld og lengur verið bundinn í mjög þröngar viðjar sem hafa gert hann að algerum ómaga. Það er furðulegt að upplifa það í núverandi umhverfi frjáls flæðis fjármagns, fólks og fyrirtækja að við séum að gera svona samning. Þetta er svipað og að sjá óræktarblett í iðjagrænu túni. Þarna eru sem sagt tveir hæstv. ráðherrar að semja við fimm fulltrúa bænda um greiðslur ríkisins til bænda í sjö ár. Greiðslurnar eru um 4.000 milljónir árlega til að byrja með. Það er um 4,5 milljónir á hvert bú og ef maður tekur tillit til þess að þetta er að mestu leyti skattfrjálst þá mundi þetta svara til um það bil 500 þúsund króna á mánuði sem um er að ræða til bændanna.

Þeir hafa ekki þessi laun, því miður. Það segir mér að framleiðni kúabúa er minni en ekki neitt. Það sem þeir afla, launin sem þeir hafa, eru undir styrknum sem ríkið er að veita. En þarna erum við að glíma við áratuga langa bindingu landbúnaðar í viðjar hafta og banna.

Að þessu sögðu, frú forseti, er ég afskaplega ánægður með þennan samning, það er að segja ef við þurfum að gera svona samninga, ef það er meiningin að hafa svona stefnu þá er ég ánægður með samninginn vegna þess að hann gefur nefnilega ákveðið ljós. Hann gefur ákveðið tákn til bænda sem ég hef nefnt í fyrri umræðum um fyrri búvörusamninga að skorti á. Hann segir nefnilega að búvörusamningurinn skuli lækka um 1% á ári. Þetta er sem sagt ekki endalaus samningur til bænda heldur er hér sagt að hann muni lækka um 1% á ári. Það er jákvætt. Það gerir það reyndar að verkum að hann lækkar um helming á 68 árum, en samt, frú forseti.

Því miður er kjörum bænda mjög misskipt. Sauðfjárbændur hafa búið lengi vel við að mega ekki framselja sinn kvóta. Þeim er haldið í litlum búum af einhverri rómantík og þeir skulu vera fátækir og fátækari og fátækari.

Önnur er staða mjólkurbænda. Þeim var heimilt mjög snemma að framselja sinn kvóta og þeir hafa gert það í stórum stíl. Búunum hefur fækkað um 40% eins og hér hefur komið fram frá 1991. Þau eru orðin það stór að afkoma þeirra er orðin þokkaleg. Menn hafa talað um að verðið hafi ekki lækkað til neytenda. Það getur vel verið að samkeppni vanti þar. En alla vega er afkoma þessara búa betri og miklu betri en afkoma sauðfjárbænda. Sauðfjárbændur, sem eiga í mjög harðri samkeppni á kjötmarkaði og spurning er yfirleitt hvort þeir geti lifað af, þyrftu því alveg sérstaklega að hafa meira frelsi til þess að framselja og fara út úr atvinnugreininni og fara í eitthvað annað. En þeir eru með framleiðslukvöð. Þeir verða að framleiða ákveðinn hluta til að fá styrkina og þeir hafa ekki mátt framselja nema alveg undir það síðasta. Kannski mun staða þeirra því batna þannig að þeir geti stækkað búin.

Inni í þessu eru bláar greiðslur og grænar greiðslur. Grænar greiðslur eru umhverfisvænar og bláar greiðslur eru til að takmarka búin. Þarna er inni nokkuð sem heitir gripagreiðslur sem er hugsað sem styrkur við litlu búin. Enn er sú hugsun í gangi í landbúnaðarráðuneytinu að lítið sé fallegt og að rómantík eigi að vera þarna og ef menn vilja endilega hafa stórbú þá ætla þeir að reyna að þvinga þá niður í lítil bú þó það sé kannski ekki hagkvæmt á nokkurn máta. Það er gert með því að bú sem eru með 40 kýr eða færri fá fullan styrk. Þau sem eru með 41–60 fá 75% styrk og svo framvegis. Ef þeir eru með fleiri en 100 gripi fá þeir ekki neitt og svo ef þeir skyldu nú slysast til að eiga meira en 171 grip þá byrja greiðslurnar sem þeir fá að skerðast þannig að bú þar sem eru 200 gripir fær ekki neinar gripagreiðslur. Þarna er sem sagt verið að hvetja og styrkja bændur sem eru með lítil bú í staðinn fyrir að láta bara hagkvæmni stærðarinnar gilda þarna ef hún er til staðar. Nú er ekkert endilega víst að betra sé að hafa stór bú heldur en lítil. En það virðist samt sýna sig.

Mikið skortir á samkeppni enn þá og enn er mjög mikið af kvöðum á bændum. Ég er viss um að hagur bænda mundi vænkast ef menn gengju örlítið hraðar í þessari hægfara breytingu á því að minnka kvaðir á bændum. Það er reyndar verið að vinna að því en mjög hægt. Vel má vera að unnið sé nægilega hratt til að bændur séu undir þá samkeppni búnir sem þeir munu óhjákvæmilega lenda í eftir nokkur ár eða svo. Ég tel að það ætti að slaka meira á klónni í landbúnaðarráðuneytinu og alveg sérstaklega gagnvart sauðfjárbændum.

Frú forseti. Ég vildi sem sagt segja að það er gleðilegt merki í þessum samningi að hann eigi að lækka um 1% á ári.

[17:18]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu nýr mjólkursamningur og í stórum dráttum er ástæða til að fagna honum. Það er ástæða til að fara yfir það að fyrir liggja skýlausar niðurstöður hagrannsókna um að með síðasta mjólkursamningi tókst að ná verulegum árangri í landbúnaði. Á síðustu tíu árum hefur sú gleðilega þróun verið á Íslandi að meðalhækkun eða vöxtur almenns kaupmáttar hefur verið um 25%. Bændur í mjólkuriðnaði hafa ekki náð þessum kaupmáttarauka. Þó liggja fyrir skýrslur um að líklega hafi kaupmáttur þeirra vaxið á bilinu 13–15%. Á sama tíma og kaupmáttur almennings hefur aukist um 25% liggur alveg skýrt fyrir að kaupmáttur almennings í mjólkurafurðum hefur aukist mun meira eða um 35% þannig. Því er mjög rangt þegar menn segja að neytendur hafi ekki fengið að njóta árangurs í mjólkuriðnaðinum. Það er langt í frá. Það er líka ástæða til að fagna því sem þessar tölur sýna svo glögglega að sannarlega hefur verið um að ræða verulega framleiðniaukningu í greininni.

Afurðaverð á Íslandi í mjólkurvörum hefur farið mjög lækkandi og er að verða mjög sambærilegt við það sem er á öðrum Norðurlöndum. Þessu ber öllu að fagna. Ég er ekki í neinum vafa um það, virðulegi forseti, að það ber fyrst og fremst það að þakka að við höfum verið með mjög ákveðna pólitík í gangi varðandi stuðninginn við mjólkina. Stuðningurinn hefur verið alveg hreinn og skýr. Peningarnir hafa farið til beingreiðsluhafanna og framsal hefur verið frjálst. Menn hafa getað hagrætt. Menn hafa stækkað búin mjög mikið og tölurnar sýna á óyggjandi hátt að stór bú eru nauðsynleg til þess að ná árangri. Því er það, virðulegi forseti, að um leið og ég fagna því í sjálfu sér að tekist hefur að ná nýjum mjólkursamningi þá harma ég líka að menn skyldu ekki halda sér alveg við það strik sem við höfðum áður, að vera með þessar greiðslur alveg beint, eins og það var, til framleiðsluhafa. Í athugasemdum við þetta frumvarp má lesa eftirfarandi:

„Þá hefur einnig verið samið um að 20% af heildarstuðningi eða nærri 800 millj. kr. á lokaári samningsins verði nú beint í annan farveg stuðnings eða í svokallaðar „grænar greiðslur“ annars vegar og „bláar greiðslur“ hins vegar. Grænar greiðslur eru ekki framleiðslutengdar en bláar greiðslur eru skilgreindar sem framleiðslutakmarkandi greiðslur. Þetta er m.a. gert í þeim tilgangi að mæta hugsanlegum breytingum á skuldbindingum Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).“

Svo mörg eru þau orð. Ég harma það að menn skuli alltaf vera fullir af ótta. Það er alveg ástæðulaust að öllu leyti. Okkur stafar ekki nein hætta af WTO. Það er langt í frá. Menn eiga ekki alltaf að vera svona lafhræddir við erlenda samninga. (**Gripið fram í:** Lafhræddir? Hvaða bull er þetta?) Þetta er ekkert bull, virðulegur forseti. Ég er að segja þetta alveg rétt. Við skulum minnast þess að Ísland liggur á 66. breiddargráðu norður. Við hvað hafa allir samningar sem við vitum um í Evrópu verið miðaðir, í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi? Allir miða við 62. gráðu og auðvitað eigum við Íslendingar fullan rétt á því að verja stöðu okkar hér svo langt í norðrinu. Ef menn telja hættu stafa af samningum við útlönd þá eiga menn að kosta hugann að herða en ekki að vera með svona undansláttarákvæði fyrir fram til að mæta hugsanlegum breytingum. Við eigum að þora og hafa fullan kjark til þess að styðja íslenska mjólkurframleiðslu vegna þess að við vitum að við höfum verið á réttri braut. Við höfum verið á réttri braut og við höfum verið að ná verulegum árangri. Það á ekki, virðulegi forseti, að vera neitt að breyta því sem vel hefur reynst. Þetta hefur gengið mjög vel á undanförnum árum og þess vegna eigum við að halda því áfram og vera ekki með þennan undanslátt eða hræðslu, sérstaklega með tilliti til þess að gert er ráð fyrir að hægt sé að endurskoða þetta. Ef einhver vá ógnar okkur þá höfum við þetta hvort sem er í hendi okkar og það eigum við að hafa í huga. Þetta er alveg óþarft. Ég tel að það liggi alveg skýrt fyrir að við höfum náð miklu betri árangri í stuðningi okkar við mjólkurframleiðsluna á undanförnum árum en í stuðningi við sauðfjárræktina. En í sauðfjárræktinni er það þannig að ekki nema 60% af stuðningnum fer til beingreiðsluhafanna, 40% fer í það sem ég kalla út um grænar grundir. Mjólkurframleiðslan og bændur í mjólkurframleiðslunni hafa náð miklu betri og meiri árangri á undanförnum árum en, því miður, í sauðfjárræktinni þar sem tekjur bænda hafa verið að minnka, því miður, verulega. Ég ætla að fullyrða það, virðulegi forseti, að þetta tal um grænar greiðslur og bláar greiðslur er svona Brussel-bull því að þar á bæ eru grænar og bláar greiðslur aðferðir til að drepa landbúnað, ekkert öðruvísi. Við eigum að standa á því að styrkja landbúnaðinn og styrkja framleiðsluna, þora að styrkja framleiðsluna og mæta gagnrýni erlendis frá með þeim eðlilegu rökum að við erum sú þjóð sem lifum lengst í norðri og eigum fullan rétt á því að styðja okkar landbúnað. Allar þjóðir sem hafa náð árangri og eru að búa til farsæl samfélög styðja að sjálfsögðu sinn landbúnað. Og við sem erum ein ríkasta þjóð heimsins, og erum að verða kannski sú ríkasta eins og það gengur vel hjá okkur í efnahagslífinu, eigum að styðja landbúnaðinn og vera stolt af því vegna þess að við erum að ná árangri með því og við eigum ekki að hlusta á menn sem koma og segja: „Heyrðu, þetta eru gærdagssamningar. Þið eigið að sjá morgundaginn.“ Við erum einmitt að sjá morgundaginn af því að við erum í stórum dráttum að framkvæma það sem hefur reynst vel, hefur komið Íslandi vel. Íslenskur mjólkuriðnaður hefur á undanförnum árum sýnt að hann er mjög framsækinn iðnaður. Hann mun að sjálfsögðu fá aukna erlenda samkeppni erlendis frá. Við vitum það. Og hann verður að vera í stakk búinn til þess. Auðvitað eru hættur og auðvitað er það alltaf þannig að þegar einhver mónópólsstaða kemur upp, eins og mun að sjálfsögðu verða í mjólkuriðnaðinum, þá stafar hættan kannski minna úti í frá. Hættan er meiri innan frá vegna þess að það er alltaf þannig í einokuninni að mönnum hættir til að fjárfesta of mikið. Offjárfestingin er alltaf hættan þegar menn hafa ekki næga samkeppni. En ég reikna með því, virðulegi forseti, að samkeppni verði heilmikil og verði vaxandi og að það verði mjög mikið aðhald að þessari grein. Ég treysti mjólkuriðnaðinum til að standast það. Svo frábærlega sem þeir hafa staðið að sínum málum á undanförnum árum þá hef ég fulla ástæðu til að ætla að svo verði áfram. Ég er því ánægður með þetta að því leyti að hér er verið að halda áfram í megindráttum þeirri stefnu sem svo vel hefur reynst. Því miður eru menn í lok samningsins að fara út í að dreifa þessu og gera þetta ruglingslegt og þvælulegt eins og þeir vilja endilega hafa þetta í Brussel þar sem enginn maður getur skilið upp né niður í því hvernig styrkirnir eru. Þetta er byrjunin á því og þess vegna tel ég fulla ástæðu til þess að vara við þessu.

[17:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér talaði sá hv. þm. sem var í liðinu sem leiddi okkur inn í GATT-samninga og inn í Brussel, opnaði landamærin í samstarfi við Alþýðuflokkinn og talar nú eins og hann hafi hvergi komið að áður. (**Gripið fram í:** Svei honum.) Ég verð að segja fyrir mig að hvort sem okkur líkar betur eða verr þá hygg ég að enginn hefði hafnað þeirri leið reyndar. Ég held að óhjákvæmilega verðum við að mæta nýjum WTO-samningum. Þeir verða gerðir og það verða breytingar. Við höfum frelsi til að gera okkar samninga. Við settum nefnd til að fara yfir stöðu síðasta samnings, kosti og galla, og þetta er svona framhaldið af því.

Ég vil biðja hv. þm. að tala ekki af neinni minnimáttarkennd og átta sig á því að Ísland er landbúnaðarland. Ísland er nefnilega miklu betra landbúnaðarland en menn hafa gert sér grein fyrir. Menn sjá það á þeim afurðum sem við framleiðum, hinu frábæra grasi sem vex á okkar jörð. Hér er nóttlaus voraldar veröld þar sem víðsýnin skín. Hér er bjartur dagur allan sólarhringinn fram undan, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og þá sprettur dag og nótt þannig að við erum ekki langt á eftir Evrópu. Ég geri ykkur grein fyrir því að hér er kornuppskera að verða eins og hún er í Evrópu á mörgum stöðum, meira að segja í Skagafirði og fyrir sunnan. Ég verð að segja líka að tré vaxa hér eins og í Evrópu. Við erum því hér með mjög gott landbúnaðarland og eigum ekki að þurfa að tala af mikilli minnimáttarkennd eins og mér fannst koma fram í máli hv. þm. áðan. Ég hygg að þær breytingar sem gerðar eru frá síðasta samningi (Gripið fram í.) séu allar til heilla, að taka aðeins upp græna kassa og bláa og breyta stuðningnum til farsældar bæði fyrir bændur og neytendur. Og byggðin verður sterkari á eftir en áður.

[17:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt mig hafa haldið ræðu um að síðustu samningar hefðu gengið vel. Ég hélt mig hafa haldið ræðu um að menn ættu ekki að breyta því sem vel hefur reynst. Ég taldi mig hafa haldið ræðu um að það sem væri helst að þessum samningi væri að menn væru að hverfa frá því sem áður var, menn væru að taka upp, því miður, fyrsta áfangann í Brussel-bullinu, að dreifa þessum greiðslum í stað þess að hafa þær til framleiðendanna sem svo vel hefur reynst. Ég er ekki að tala um minnimáttarkennd. Ráðherra snýr þessu öllu á haus. Ég er einmitt að segja að Ísland á af fullri reisn að krefjast þess, rétt eins og aðrar þjóðir gera, að tillit sé tekið til þeirra landfræðilegu legu. Við vitum að aðrar þjóðir í norðanverðri Evrópu hafa fengið samþykkt að miða þar við 62. breiddargráðu. Við sem erum á 66. breiddargráðu eigum fullan rétt á því að við styðjum okkar landbúnað. Við eigum að þora að tala um það af fullri reisn. Það er engin minnimáttarkennd í því fólgin að hafa kjark til þess að benda á rétt Íslands til þeirra hluta. Hæstv. landbúnaðarráðherra snýr hér öllu á hvolf.

Menn skulu átta sig á því að það er reginmunur á greiðslum okkar til mjólkurafurðanna og mjólkurbændanna en til sauðfjárbændanna og við megum einmitt ekki hverfa frá þessum mun. Við eigum að halda áfram að láta greiðslurnar ganga til framleiðendanna. En því miður hafa menn tilhneigingu til að fara út í hin flóknu mál. Ég var í ræðu minni einmitt að segja að þessi samningur hefði gengið mjög vel þrátt fyrir að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi farið nokkrum óvarlegum og ekki mjög vitlegum orðum um þetta. Hann talaði um að við ættum ekki að stækka búin heldur vera með lítil bú. Við þurfum nefnilega svo mjög brýnt að stækka búin.

[17:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gefur nú hv. þm. enn á ný og heldur áfram útúrsnúningi við saklausan mann (Gripið fram í.) því að ég hef fyrst og fremst talað fyrir fjölskyldubúum, sagt að þau séu hagkvæm. Ég hef ekki verið að tala fyrir nein smábú. Ég hef talað fyrir skynsamlegum búskap. Ég verð að segja fyrir mig að hafi einhver látið hlutina snúa á haus í ræðuflutningi í dag — ég ætla ekki að tilgreina þá hina — þá henti það þennan hv. þm.

Ég vil segja að þeir peningar sem fara í beingreiðslu til mjólkurinnar fara beint til bænda og ekki í neina flækju. Það er útúrsnúningur af hálfu hv. þm. Ég ætla að bjóða honum í sérstaka heimsókn upp í landbúnaðarráðuneyti þar sem ég sný ofan af þeim útúrsnúningi sem hann hefur viðhaft í dag. Hann segir að 60% af peningum sem fara í sauðfjársamninginn fari til bænda og 40% út um grundir og mýrar. Þetta er alrangt. Megnið af þeim peningum fer til bænda. Ég fullyrði að af 2,6 milljörðum fara um 2,4 beint til þeirra. Kann ég þá ekki að reikna ef þetta er niðurstaða úr útreikningi hv. þm.

Ég vil í lokin minna á að Ísland er tiltölulega gott landbúnaðarland. Veðráttan hefur batnað. Það hefur verið mjög góð veðrátta í minni landbúnaðarráðherratíð (Gripið fram í.) og vona ég að svo verði áfram. Hitastig fer hér vaxandi og því er spáð áfram. Stjórnvöld verða að halda utan um (**EOK:** Hitann.) málefni landbúnaðarins og semja við bændur. Samningurinn sem við höfum verið að gera við bændur um mjólkurframleiðsluna er góður og bændurnir svara því með öflugri búskap eins og þeir hafa gert á síðustu árum. Ísland er gott landbúnaðarland. Hér er hrein náttúra. Íslenskir bændur hafa ekki gert í vögguna sína. Þeir hafa sérstöðu í veröldinni hvar sem við förum vegna náttúrunnar hér, vegna búskaparfyrirkomulagsins, vegna þess hvernig afurðir þeirra mæta skilningi og áhuga um víða veröld, bæði hvað mjólkurafurðir og fyrir sauðfé. Ég vil því áminna hv. þm. um að tala ekki svona frjálslega eins og hann gerði og hafa staðreyndirnar í huga.

[17:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að verða boðinn í landbúnaðarráðuneyti. Það verður fagnaðarfundur þegar ég kem þangað. Ég ætla þá að nýta tækifærið þegar ég kem ef hæstv. landbúnaðarráðherra getur ekki séð að nákvæmlega 60% af styrknum, beingreiðslunum í sauðfjárræktinni, fer til sauðfjárræktarinnar. Ef hann vill ekki fallast á það þá býðst ég til þess að hjálpa honum með litlu margföldunartöfluna þegar ég kem í heimsókn þangað. Þá getum við farið yfir það aftur og gáð hvort við verðum ekki sáttir um að þetta séu 60% sem ég vona innilega að takist.

Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti heldur að beina kröftum sínum í einhverjar aðrar áttir en að mótmæla þeim manni sem hefur þó verið að gagnrýna þennan samning fyrir það eitt að hann muni gagnast bændum betur ef menn væru ekki að fara eftir þessu Brussel-rugli. Hann ætti að fagna því að slíkur talsmaður væri á Alþingi. Honum er styrkur í því frekar en hitt vegna þess að það þarf mjög á því að halda að þora að tala um þetta, þora að segja að þetta sé engin niðurlæging eins og oft er verið að segja bændum heldur

sé rétt og mjög þjóðhagslega nauðsynlegt að styrkja okkar landbúnað. Það er sérstaklega ánægjulegt þegar við getum bent á það með óyggjandi rökum að sá styrkur hefur gengið til þess að efla hann, auka framleiðnina í greininni og auka kaupmáttinn í afurðunum fyrir Íslendinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 996. mál (sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.). — Þskj. 1664.

[17:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Meginatriði þessa frumvarps er það að lagt er til að sú breyting verði gerð á 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, að leyfilegum sóknardögum fækki um 10% á næsta fiskveiðiári og verði 18 miðað við að viðmiðunarfjöldi sóknardaga á yfirstandandi fiskveiðiári er 19 sóknardagar. Sóknardögum fækki hins vegar ekki frekar enda aukist viðmiðunarafli þeirra báta sem verða í sóknardagakerfinu ekki frá því sem hann var á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þá verði útgerðum báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum gefinn kostur á að stunda veiðar samkvæmt veiðileyfi með krókaaflamarki. Til móts við þessa breytingu verði hins vegar settar takmarkanir á leyfilegan fjölda handfærarúlla um borð í hverjum báti og jafnframt ákveðið að aukning á vélarstærð hafi áhrif á fjölda sóknardaga. Loks er lagt til að lagfært verði lítillega orðalag ákvæðis er snertir úthlutun aflaheimilda til stuðnings sjávarbyggðum.

Frú forseti. Ástæða þessa frumvarps er sú að þeir útgerðarmenn sem gert hafa út báta á sóknardögum hafa talið það ástand þar sem dögunum mundi fækka um nánast einn á ári í fyrirsjáanlegri framtíð óþolandi og skapa of mikla óvissu um framtíð þeirra útgerða. Þeir hafa því farið fram á að gólf verði sett í dagana, eins og kallað er, þannig að dögunum muni ekki fækka umfram ákveðið mark. Upphaflega var þessum hópi ætluð 2.100 tonn af óslægðum afla og gert ráð fyrir því að dögunum mundi fækka úr 23 þar til kæmi að því að 2.100 tonnum yrði náð, en 2.100 tonn voru þrisvar til fjórum sinum meiri afli en þessir bátar voru að veiða á þeim tíma. Frá þeim tíma hefur aflinn aukist og fer nærri að hann hafi tvöfaldast.

Það hefur verið sótt fast af hálfu hagsmunasamtaka þessara aðila að gólf verði sett í dagana. Hagsmunaaðilar hafa hins vegar líka verið tilbúnir til þess að setja takmarkanir á sóknina til þess að ná jafnvægi í sókninni þannig að hún haldi ekki áfram að aukast. Undir það sjónarmið hef ég jafnframt tekið. Ég hef átt í viðræðum við ýmsa hagsmunaaðila sóknardagabáta um að ná lendingu sem allir gætu við unað í þessu sambandi. Þess vegna er lagt til að 18 dagar verði gólf hvað sóknardagabáta varðar og að rúllutakmarkanir og vélastærðatakmarkanir ásamt öryggisákvæðum miðað við árið 2002/2003 taki gildi.

Á meðan á þessum viðræðum hefur staðið hefur komið fram hópur útgerðarmanna sóknardagabáta sem hefur sýnt áhuga á því að breyta úr sóknardagakerfinu og yfir í kvótakerfi. Þar sem út frá fiskveiðistjórnarsjónarmiði skiptir ekki höfuðmáli hvort fiskurinn er veiddur í sóknardagakerfi eða í kvótakerfi þá hef ég ekki séð ástæðu til annars en að leggja til í þessu frumvarpi að þeim verði gefinn kostur á því að velja um það hvort þeir veiði áfram í sóknardagakerfi eða fari í kvótakerfi á næsta fiskveiðiári og þá er um að ræða krókaaflamarkskerfi.

Ég á erfitt með að sjá að aðilar geti verið andstæðir því að gefa mönnum slíka möguleika á því að velja um kerfi og skipta yfir í krókaaflamarkið. Það á ekki að koma niður á neinum. Sú veiðireynsla sem þar mundi fylgja er í samræmi við það sem þessir aðilar hafa verið að veiða í sóknardagakerfinu og ætti þar af leiðandi ekki að koma niður á neinum miðað við að þær takmarkanir sem settar eru í sóknardagakerfið leiði til þess að aflinn þar aukist ekki heldur náist þar jafnvægi.

Ég hef orðið var við talsverða andstöðu frá þeim sem eru í aflamarkinu. Þeir hafa talið að hér væri verið að taka frá einum hópi og færa öðrum. Ég tel í þessu sambandi að engu slíku sé til að dreifa því að hér er um löglegar veiðar að ræða. Sá afli sem hér er verið að tala um hefur verið veiddur á undanförnum árum og fyrirsjáanlegt er að hann verði veiddur í einhverju svipuðu magni á næstu árum. Þegar við lítum til stofnstærðarinnar og þess aflamarks sem reiknað er út frá stofnstærðinni kemur það til lengri tíma litið í sama stað niður hvort þessir aðilar eru í sóknardagakerfi eða í krókaaflamarkskerfi, hvað aflamarksbátarnir fá í kvóta. Það er einfaldlega um það að ræða að menn eru þá með lægri prósentu eða lægri hlutdeild í stærri potti en áður var reiknað.

Herra forseti. Ég held þess vegna að hér sé um að ræða frumvarp sem ekki ætti að skapa miklar deilur. Það er verið að koma til móts við kröfur um gólf í dagana í samræmi við það sem fulltrúar sóknardagabátamanna hafa verið tilbúnir til að setja takmarkanir á sóknina. Það er verið að gefa þeim sem það vilja kost á því að færa sig yfir í krókaaflamarkskerfið og það á ekki að leiða til þess að afli annarra til lengri tíma litið muni skerðast. Vonast ég til þess að um þetta megi verða málefnalegar umræður og legg til, frú forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

[17:44]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fiskveiðistjórn á að snúast um fiskvernd. Það er nokkuð ljóst að þeir 300 bátar sem um er að ræða hér ógna ekki fiskstofnum landsins. Þess vegna er óskiljanlegt að verið sé að þvinga þá inn í kvótakerfi. Ég vil ekki segja að þetta sé neitt val. Ég tel að hér sé verið að nauðga þessum bátum inn í kvótakerfið vegna þess að þeim eru settir ákveðnir afarkostir.

En mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra um 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“

Ef þetta frumvarp verður að lögum þá mun það koma mjög illa við Norðvesturkjördæmið. Það hefur komið ítrekað fram að mestum hluta aflans eða fjórum fimmtu hluta aflans er landað í Norðvesturkjördæminu. Nú hafa verið umræður á þingi um slæma stöðu Norðvesturkjördæmisins. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi

verið skoðað hvernig þetta komi við Norðvesturkjördæmið. Það var í fréttum að Guðmundur Halldórsson á Bolungarvík taldi að þetta frumvarp væri bein aðför að Vestfjörðum. Ég hlýt að ætla að hæstv. ráðherra hafi farið eftir markmiðum laganna og skoðað byggðaáhrif þessa frumvarps. Því væri fróðlegt að fá að heyra svör hans um það hvernig hann telji að þetta snúi að Norðvesturkjördæminu.

[17:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. þessi bátaflokkur ógnar ekki fiskveiðistjórnarkerfinu eða lífríkinu frekar en einstakir aðrir hópar báta í hinum íslenska flota ógna lífríkinu eða fiskstofnunum. Þegar saman er lagt hins vegar allt magnið, ef það er umfram það sem stofnarnir þola, þá ógnum við stofnunum. Við þurfum því að hafa styrka stjórn til að ná utan um þann afla þannig að hann standist þær kröfur sem við gerðum um sjálfbærar veiðar.

Með þessu frumvarpi er hvorki verið að þvinga né nauðga eða halda afarkostum að einum eða neinum. Þeir sem eiga að veiða samkvæmt því sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir geta valið um það hvort þeir eru í krókaaflamarki eða í sóknardagakerfi.

Ég þekki ágætlega 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ég hef líka nokkra hugmynd um hvaða áhrif þetta mundi hafa á Norðvesturkjördæmi. Ég held að þetta mundi hafa sáralítil áhrif á það hversu lítill afli er unninn í Norðvesturkjördæminu. Það gæti hugsanlega haft einhver áhrif á það hversu miklu er nákvæmlega landað í kjördæminu. Þetta mun hins vegar hafa jákvæð áhrif á eiginfjárstöðu þeirra útgerða sem kjósa að fara inn í aflamarkskerfið og þar með jákvæð áhrif á það hvernig þeim byggðum sem hýsa þær útgerðir muni vegna. Hins vegar verðum við líka að gera okkur grein fyrir því að þeir bátar sem um er að ræða eru líka gerðir út frá öðrum kjördæmum og jafnvel þótt þeir um einhvern tíma hafi landað afla sínum á Vestfjörðum þá þýðir það ekki að þær hafnir séu áskrifendur að sóknardagaafla um ókomna tíð. Ef það veldur einhverjum vandræðum að það minnki um einhvern tíma þá munu þau jákvæðu áhrif sem af þessu hljótast ef menn velja til dæmis að fara í krókaaflamarkið vega þar upp á móti.

[17:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra gefa í skyn að hann hefði ekki kannað það en þó væri hugsanlegt að þetta hefði talsverð áhrif á landaðan afla í Norðvesturkjördæminu. Ef svo er að menn komast að þeirri niðurstöðu í nefnd væri hann væri þá tilbúinn að endurskoða þetta, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. utanríkisráðherra hefur haldið því fram að sérstaklega beri að huga að atvinnuástandi í Norðvesturkjördæminu vegna þess að þar er staðan slæm? Menn geta varla komið með frumvarp alveg þvert á byggðastefnu. Mér finnst alveg með ólíkindum að láta sér detta það í hug.

Síðan er annað atriði. Hefur hæstv. ráðherra hugað að því að þetta mun ef til vill hvetja til brottkasts á fiski, það er að landaður afli mun ekki endurspegla veiddan afla? Telur hann ekki að það muni virka sem aukinn hvati til brottkasts í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu að koma rúmlega 300 bátum í kvótasetningu?

[17:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einkennilegur málflutningur þetta. Lagt hefur verið upp með að landaður afli mun minnka í Norðvesturkjördæminu. Segjum nú að það sé rétt. Miðað við það að heildaraflinn sé sá sami þá mun landaður afli aukast í öðrum kjördæmum, ekki í Suðvesturkjördæminu eða Reykjavík suður eða Reykjavík norður heldur í öðrum landsbyggðarkjördæmum. Er það slæmt? Á að þvinga menn með því að festa þá inn í kerfi til þess að landa á einhverjum sérstökum stöðum? Eins og ég sagði áðan (Gripið fram í.) ræður náttúrufarið því hvar aflinn gefur sig best á þeim tíma sem sóknardagabátarnir eru að veiða. Þeir eru takmarkaðir vegna aðstæðna og Vestfirðir eru ekki áskrifendur að þeim afla.

Varðandi síðan það hvort ég telji að þessi breyting muni leiða til aukins brottkasts þá tel ég að svo muni ekki verða. Orðið hafa gríðarlega miklar breytingar á brottkasti á Íslandsmiðum á undanförnum árum og ég tel enga ástæðu til að ætla að brottkast muni aukast við það að bátar þessir fari úr sóknardagakerfi yfir í krókaaflamarkið, sem ég veit ekki hvað verða margir.

[17:51]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. 17. maí árið 2004 er svartur dagur í fiskveiðisögu íslensku þjóðarinnar. Þetta frumvarp sem liggur hér fyrir er svo vont að mig verkjar í augun þegar ég les það. Þetta er svívirðileg aðför að sjávarbyggðum Íslands. Það er svívirðileg aðför þetta frumvarp. Það er gersamlega óskiljanlegt að menn skuli láta sér detta það í hug að leggja þetta fyrir hið háa Alþingi og ég vona að þetta verði kolfellt. Ég mun alla vega sjá til þess að reyna að vinna að því af öllum mætti að það verði kolfellt.

Hæstv. forseti. Þegar ég les frumvarpið hnýt ég um nokkur atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra um. Í fyrsta lagi: Hvernig hafa höfundar frumvarpsins fundið það út að aldrei megi vera fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í báti? Hvaða vísindalegar rannsóknir liggja því til grundvallar að þessi tala er ákveðin, fjórar rúllur á bát? Þetta er mín fyrri spurning, hæstv. forseti.

Mín síðari spurning er: Hvaða vísindalegu rannsóknir liggja að baki því að settar eru reglur um sóknardagafjölda út frá vélarstærð báta? Mér þætti vænt um að hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti vitnað í hvaða vísindalegu rannsóknir liggja þarna að baki því eins og við öll vitum er hann mjög hrifinn af öllu sem viðkemur vísindum þegar fiskveiðar og fiskveiðistjórn er annars vegar.

[17:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær hálfan þingflokk í andsvar við sig við sömu ræðuna. (Gripið fram í.) Varðandi spurningar hv. þm. hvaða vísindi liggja að baki tillögum um rúllufjölda og breytingar á vélastærð þá liggja þar að baki, má segja, reynsluvísindi. Þau reynsluvísindi hafa komið fram í viðræðum okkar við Landssamband smábátaeigenda þar sem (Gripið fram í.) lagt hefur verið til af þeirra hálfu að hægt væri að takmarka sóknina með því að takmarka fjölda rúlla og takmarka vélastærð og þeir hafa sýnt okkur fram á það með tölum að það muni virka. Þetta eru hin svokölluðu reynsluvísindi sem eru viðurkennd vísindi þó þau séu kannski ekki á sama stigi og vísindi háskólanna. Hv. þm. ætti að kannast við þetta hugtak. Það eru reynsluvísindi sóknardagabátamanna sjálfra sem þarna liggja að baki.

[17:54]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er svo gæfusamur að vera vísindamenntaður einmitt í fiskveiðistjórnarfræðum og fiskifræði. Ég kannast ekki við hugtakið reynsluvísindi þegar fiskveiðistjórn er annars vegar. Hins vegar má segja að kannski sé kominn tími til að beita slíkum vísindum í meira mæli við fiskveiðistjórn. Eru það þá ekki góð reynsluvísindi að skoða til dæmis hver reynslan sé af þessum flota, hver reynslan sé af þessu sóknarkerfi, af þessum bátum? Er þá ekki rétt að reyna að skoða hversu jákvæð áhrif þessir bátar hafa haft á atvinnulífið vítt og breitt í kringum landið? Ég mun koma inn á þetta á eftir, hæstv. forseti, í ræðu minni. En það er hafið yfir allan vafa að þessir bátar stunda vistvænar veiðar. Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur sjálfur viðurkennt að þeir ógni ekki neinum fiskstofnum. Þeir hafa mjög jákvæð áhrif á mannlíf allt í kringum landið. Ég held að það væri viskubrunnur sem mætti sækja í fyrir þessa nýjustu vísindagrein hæstv. sjávarútvegsráðherra, reynsluvísindi.

[17:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi glaður eiga höfundarréttinn að reynsluvísindum. Á ensku heitir þetta „trial and error" og ég trúi ekki öðru en að háskólamenntaður maðurinn hafi heyrt talað um slíkar niðurstöður í rannsóknum og slík vísindi.

Hv. þm. sagði hins vegar að ég hefði sagt að þessi hópur báta ógnaði ekki lífríkinu og það er rétt að sem slíkur einn og sér ógnar hann ekki lífríkinu. Enginn annar hópur ógnar heldur einn og sér lífríkinu. En þegar veiðar eru taldar saman og ef þær fara fram yfir það sem er raunhæft vegna sjálfbærrar nýtingar þá ógna þeir lífríkinu. Þess vegna þarf að hafa stjórn og þarf að vera hægt að takmarka afla allra þessara hópa, sóknardagabátanna sem annarra. Reynsluvísindin sýna að þó sóknardagabátarnir, eins og þeir hafa verið fram til þessa, hafi haft jákvæð áhrif á byggðirnar þá hafa þeir veitt um fram það sem þeim var upphaflega ætlað að veiða. Það er meðal annars tilgangur þessa frumvarps ásamt öðru að reyna að ná tökum á því.

[17:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í stuttu andsvari gefst ekki tilefni nema til að spyrja hæstv. ráðherra örstuttra spurninga til að fá betri útskýringar svo ég ætla ekki að fara mikið inn í umræðu frumvarpið sem hér hefur verið lagt fram. Ég geri það kannski á eftir.

Mig langaði að spyrja út í c-liðinn þar sem fjallað er um breytingar á skráðri hestaflatölu véla miðað við 10. maí 2004. Af hverju er dagsetningin 10. maí valin (**Gripið fram í:** Reynsluvísindi.) og hvað verður gert miðað við það? Nú þykist ég vita eða hafa einhvers staðar séð að hæstv. sjávarútvegsráðherra, virðulegi forseti, hafi tilkynnt Landssambandi smábátaeigenda niðurstöðu sína, ríkisstjórnar, um þetta frumvarp 7. maí. Frumvarpinu var hins vegar dreift á Alþingi 14. maí. Hvaða vísindi — ég man ekki hvaða orð þeir notuðu áðan (**SigurjÞ:** Reynsluvísindi.) — gera dagsetningunna 10. maí að dagsetningu þessa frumvarps? Í framhaldi af því, virðulegi forseti, langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað með þá sem sannarlega eru að smíða báta í dag með ákveðinni vélarstærð? Þeir eru svona við það að klárast og fara jafnvel á sjó og annað slíkt. Hvernig verður brugðist við því? Mig langar að heyra útlistanir hæstv. sjávarútvegsráðherra á því hvernig þetta hefur verið hugsað vegna þess að ég sit í hv. sjávarútvegsnefnd sem fær þetta frumvarp. Mig langar til að heyra útskýringar á þessu sem sagt og sérstaklega: Hvað með þá smíðasamninga eða verksamninga, eða hvað við eigum að kalla þá, sem eru að tifa inn, jafnvel komnir til Siglingastofnunar og svo framvegis? Fá þeir þennan hramm í hausinn? Verður þeim refsað á þennan hátt?

[17:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt var frumvarpið kynnt hagsmunaaðilum 10. maí. Þar af leiðandi þótti rétt að miða við þá dagsetningu þegar upplýsingar um hvað til stæði að gera kæmu fram og er þetta í samræmi við það sem gert var þegar frumvarp var lagt fram á Alþingi sem varðaði svipaðar breytingar, þegar felld var úr lögunum heimild til þess að fjölga sóknardögum við það að stærð bátanna var minnkuð. Þá var það miðað við dagsetningu sem fundin var á svipaðan hátt og staðið að þessu á sama hátt og hér er um að ræða. Ef það er gert á einhvern annan hátt er hætta á því að menn rjúki til og geri ráðstafanir til þess að bregðast við því sem þarna er ætlast fyrir um sem mundu ganga gegn markmiðum frumvarpsins. Eins ef miðað væri við dagsetningar aftur í tímann vegna samninga eða slíkra hluta þá væri hætt við að menn færu að gera ráðstafanir gagnvart þeim samningum, hvernig þeir líta út, sem gengi gegn markmiðum frumvarpsins. Það eru því þau vísindi, fyrst það er orðið vinsælt orð í þessari umræðu, sem þarna liggja að baki og byggja á reynslu hv. sjávarútvegsnefndar þegar hún vann að því máli sem ég minntist á áðan varðandi stærð bátanna og fjölgun daganna.

[18:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsáðherra fyrir þetta svar. Ég er hins vegar ekki alveg tilbúinn að kaupa þessa skýringu þó að ég skilji vel að einhverja dagsetningu verði að setja þannig að menn rjúki ekki upp til handa og fóta eftir að frumvarpið er komið fram.

Mér finnst að ég hafi heyrt að tilkynning til Landssambands smábátaútgerðarmanna um þetta frumvarp hafi komið fram 7. maí. Frumvarpið var hins vegar lagt fram 14. maí. Það er spurningin. Ég er alls ekki talsmaður fyrir því að menn geti farið eitthvað á svig við þetta með því henda að afla milli báta úr einu kerfi yfir í annað til að fá sér meiri heimild. Mér finnst ekki heldur að menn geti rokið upp til handa og fóta og gert þetta núna. En mér finnst hrammurinn koma fullharkalega í höfuðið á þeim sem sannarlega geta lagt fram kannski reikninga, smíðalýsingar eða annað fyrir bát sem verið er að smíða núna og þeim verður svo refsað.

Virðulegi forseti. Ég tel mig vera að tala skýrt og ég er ekki að tala um að menn geti farið að spila á kerfið. Það á aldrei að eiga sér stað. En til eru sannarlega þeir sem munu heldur betur fá ríkishramminn í hausinn miðað við þetta.

[18:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil hvað hv. þm. á við hvað þetta varðar. Það er hins vegar afskaplega erfitt, eins og kom fram í hans ræðu, að velja einhverjar aðrar dagsetningar. Reynslan hefur verið sú að það er ágætt að gera þetta á þennan hátt. Ég kynnti þetta mál fyrir Landssambandi smábátaeigenda á mánudaginn fyrir viku síðan. Það fór í ríkisstjórn daginn eftir og í þingflokka á miðvikudeginum. Ég trúi að það hafi komið inn í þingið annaðhvort á miðvikudeginum eða

fimmtudeginum. Síðan var því dreift næsta dag þannig að ég held að atburðarásin og röð atburða í þessu samhengi sé alveg í samræmi við það sem ætti að vera og engin sérstök ástæða til þess að gagnrýna það á þeim grundvelli.

[18:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er hluti af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið í sjávarútvegsmálum. Þar eru menn ekki í rónni á meðan nokkur branda sem syndir í kringum Ísland er munaðarlaus, meðan hún er ekki í eigu einhvers. Það hefur verið þannig alveg frá því að ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins tók við að þarna hefur verið reynt að finna allar leiðir til þess að taka tegundir inn í kvóta og koma þeim út úr smábátakerfunum sem hafa þar verið.

Við stöndum frammi fyrir því núna að sjávarútvegurinn er orðinn harðlokuð atvinnugrein og að þau pínulitlu skráargöt sem voru í þessari atvinnugrein, hafa verið í smábátakerfinu, verði í framtíðinni líka lokuð. Í nánustu framtíð er ekki sjáanleg nokkur einasta nýliðun og varla hefur verið hægt að gefa henni það nafn á undanförnum árum. Stjórnvöld sýna enga viðleitni í þá átt að opna þessa atvinnugrein með nokkrum hætti fyrir nýjum aðilum. Afleiðingin er sem sagt þessi: Atvinnugreinin er lokuð. Það er álíka kerfi í gangi og í landbúnaðinum hvað atvinnuréttindi manna varðar. Afleiðingarnar fyrir byggðarlögin eru auðsæjar fyrir langalöngu, það er að unga fólkið í byggðarlögunum sér ekki framtíð í sjávarútvegi, missir trúna á byggðarlögin og flytur í burtu.

Núna hefur hæstv. ráðherra lagt fram frumvarp sem ber með sér alveg klárlega, ef það verður að lögum á Alþingi, endalok dagakerfisins þar sem lítils háttar aukning á veiði hefur orðið á undanförnum árum vegna þess að menn hafa þar verið að stækka báta og gera þá hæfari til veiða. Þetta hefur farið svo fyrir brjóstið á þeim sem telja sig eiga Íslandsmið að þeir hafa ekki verið í rónni. Þarna eru munaðarlausar bröndur og það verður endilega að finna eigendur þeirra. Núna er frumvarp komið fram þar sem notaðar eru tvær aðferðir. Önnur er þvingandi aðferð sem setur menn í þá stöðu að fjárfestingar sem þeir hafa farið í eru ónýtar og að útgerðin sem þeir keyptu getur ekki gengið til framtíðar. Eina leið þeirra margra er þá sú að flytja sig yfir í krókaaflamarkið og selja veiðiheimildirnar vegna þess að svo mikið minnkar réttur þeirra til veiða að þeir munu ekki geta framfleytt sér á því að gera út bátana sína í framhaldinu. Ég held því fram alveg hiklaust að um sé að ræða verulegan hóp manna sem eru í þessum útgerðum.

Hæstv. ráðherra sagði áðan í ræðu sinni að komið hefði fram hópur sem hefði þrýst á að fá kvótann á. Ætli honum hafi ekki verið tekið fagnandi þessum hópi akkúrat vegna þess að stjórnvöld hér hafa gjarnan viljað og hafa haft viðleitni til þess alla tíð að losna við þetta kerfi. Byggðaáhrif þessara aðgerða munu auðvitað verða þau að á þeim stöðum þar sem dagabátar hafa verið björgin á sumrin, aukning í atvinnulífinu, mun þetta hverfa og við munum sjá fram á að það sem það gerði fyrir þessi byggðarlög er úr sögunni. Þetta mun koma að langmestu leyti niður á Norðvesturkjördæmi og alveg sérstaklega niður á Vestfjörðum. Mér finnst full ástæða til þess að þingmenn Norðvesturkjördæmis ræði þessi mál nú við þessa umræðu. Sérstaklega vil ég minna á stóran fund sem var haldinn á Ísafirði fyrir ekki löngu síðan þar sem ég hygg að langflestir þingmenn Norðvesturkjördæmis tóku sér fyrir brjóst og sögðu að þeir mundu sjá til þess að dagakerfið fengi að vera áfram við lýði. Ekki sýnist mér að efndir séu að verða á þeim svardögum með því frumvarpi sem hæstv. ráðherra er að leggja fram.

Hæstv. utanríkisráðherra, væntanlegur forsætisráðherra 15. september í haust, lét hafa eftir sér að nú væri komið að byggðaaðgerðum fyrir norðvestursvæði landsins. Það er komin ástæða til þess að hann svari því hvort þetta sé sú byggðaaðgerð sem hann átti þá við. Ég er hræddur um að hún muni ekki færa mörg störfin í það kjördæmi sem hér um ræðir og mun verða mest fyrir barðinu á því sem hér er að gerast því það er alveg ljóst að þetta mun gerast. Það er svo einfalt að þetta frumvarp mun hafa í för með sér að þeir sem flytja sig yfir í krókaaflamarkskerfið munu langflestir hætta að sigla á þessa staði til að veiða á sumrin. Bæði er það vegna þess að réttur þeirra til veiða mun í tonnum talið minnka ákaflega mikið. Þeir munu þess vegna ef þeir koma annars staðar frá reyna að veiða á einhverjum öðrum tímum og reyna að fá hærra verð en þeir hafa fengið.

Ráðherrann talaði í ræðu sinni eins og hann væri að efna eitthvert loforð um að setja gólf í þetta svokallaða dagakerfi. Það er ekki aldeilis þannig. Það er ekkert vafamál hverjir verða eftir í dagakerfin. Það verða þeir sem verða með svo litlar veiðiheimildir að þeir treysta sér ekki til að flytja sig yfir. Þar með verður potturinn sem er á bak við þá svo lítill að það er alveg klárt mál miðað við ákvæði frumvarpsins að dagafjöldi þeirra mun minnka mjög mikið og hratt. Það er þess vegna ekki verið að setja gólf í dagakerfið.

Svo er annað. Takmarkanir á vélarstærð voru nefndar áðan. Það er alveg ljóst að það ákvæði er afturvirkt og stenst ekki og örugglega verða gerðar skaðabótakröfur á stjórnvöld vegna þessa ákvæðis. Menn sem hafa tekið ákvarðanir um fjárfestingar í þessu kerfi munu lenda í virkilega erfiðum málum.

Ég tel að hér hafi menn stofnað til máls sem ekki geti farið í gegnum Alþingi í því formi sem það er lagt fram og ég tel að full ástæða sé til þess að skoða það vandlega í sjávarútvegsnefnd þingsins með það fyrir augum að breyta því þannig að staðið verði við yfirlýsingarnar um að standa við bakið á byggðarlögunum í landinu, sjávarbyggðunum, en að það verði ekki gert með þeim hætti sem hér er til stofnað að draga verulega úr möguleikum þar í framtíðinni til þess að hafa atvinnu af sjávarútvegi.

Merkileg niðurstaða hefur orðið þarna. Hún gengur út á að búa til kvóta með tilteknum reiknireglum sem eru þannig fram settar að ég giska á að bátar sem flytja sig yfir í krókaaflamarkið fái liðlega 50% eða á milli 50% og 60% af þeirri veiðireynslu sem til staðar er á hverjum bát. Þrenns konar skerðingar eru á ferðinni eða þrenns konar reiknireglur til skerðingar eru notaðar. Í fyrsta lagi velja menn betra árið af tveimur síðustu árum. Svo þegar búið er að reikna út hve mikið hópurinn fær út úr því þá er skert niður í tiltekna tölu sem er á milli 11 og 12 þúsund tonn sem mun samkvæmt útreikningum þeirra hjá Landssambandi smábátaeigenda þýða 22% lækkun frá þeirri tölu. Þar eftir skulu menn fá 80% af 50 tonnum sem þeir hafa hugsanlega fengið í aflareynslu og síðan 60% af afganginum. Til viðbótar kemur svo skerðing sem verður þannig til að allir sem hafa minna en 15 tonn í veiðireynslu skuli fá þá veiðireynslu ef þeir flytja sig yfir í krókaaflamarkskerfið. Þeirri viðbót sem verður þar til í aflaheimildum, það er að segja það sem upp á vantar til að þeir hafi 15 tonna veiðireynslu, er síðan jafnað út á all-

an hópinn þannig að töluverð skerðing mun verða á öllum hópnum vegna 15 tonna lágmarksins sem þarna kemur til. Það mun þýða að við erum farin að halla nær 50% af því sem menn hafa haft í aflareynslu en 60 að mínu viti. Þetta er nú aðferðin. En aðferðin mun örugglega virka. Það er alveg ljóst að þeir sem hafa veitt lítið á undanförnum árum og eru að gera út einhvern part úr sumri sér til gamans eða af einhverjum öðrum ástæðum, nota lítinn tíma og litla sókn í þessu kerfi, munu auðvitað flytja sig yfir í krókaaflamarkið vegna þess að 15 tonna kvótinn er kannski 12 milljón króna virði. Þeir geta þá selt það sem út af stendur fram yfir það sem þeir hafa verið að veiða á undanförnum árum og haldið svo sínu striki við að veiða það sem þeir hafa veitt; 4, 5, 6 tonn. Þetta er hið besta mál fyrir slíka aðila. En fram undan er ekkert annað fyrir þá sem lenda inni í dagakerfinu en stöðug skerðing áfram niður. Þetta eru áhrifin af þessari tillögu hæstv. ráðherra. Ég vil segja eins og er að mér finnst ekki mjög líklegt að mikil hrifning sé í sjávarbyggðum yfir þessum tillögum hæstv. ráðherra þar sem þessir bátar hafa verið uppistaðan í atvinnulífi þann tíma sem þeir mega veiða.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra við 1. umr. málsins. Ég fæ tækifæri í sjávarútvegsnefnd til að ræða þetta betur. Ég segi bara: Það er ekki skynsamlegt út frá sjónarmiðum atvinnu og byggða að velja þessa leið. Mér finnst það líka svolítið köld gusa framan í þá sem hafa stundað þessa atvinnugrein að verðlauna þá sem hafa verið að svindla í þessu kerfi. Það veit hæstv. ráðherra manna best að lítill hópur manna hefur fiskað þvílík býsn á handfæri að til þess eru engar líkur að það hafi komið á krókana hjá þeim allt saman. Þessir menn fara út úr kerfinu með gullið hringlandi í vösunum. Mér finnst að hæstv. ráðherra hefði átt að velja aðra til að verðlauna en þá og það hefði verið hægt að gera. Það hefði verið hægt að komast hjá hlutum eins og þessum. En það hefur svo sem gerst áður í þessu kerfi að menn hafa verðlaunað á sem síst skyldi. Það finnst mönnum líklega allt í lagi.

[18:17]

Útbýting þingskjala:

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál, nál. iðnn., þskj. 1693.

Landsnet hf., 737. mál, nál. iðnn., þskj. 1692.

Raforkulög, 740. mál, nál. iðnn., þskj. 1690; brtt. iðnn., þskj. 1691.

[18:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Enn eina ferðina er komið hingað inn á þing frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Enn eina ferðina eru stjórnvöld að hakka niður fiskveiðar og fiskveiðistjórnarkerfi sem gat nýst strandbyggðunum, sem gat nýst hinum minni atvinnurekendum í útgerð. Nú er ráðist endanlega á sóknardagakerfið.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram þingmál um að fiskveiðistjórnarkerfið í heild eigi taka til endurskoðunar á allt öðrum forsendum þar sem tekið yrði annars vegar á stöðu strandveiðiflotans og veiðum á grunnslóð og hins vegar veiðum á djúpmiðum og á alþjóðlegum miðum. Veiðar meðfram ströndum landsins á grunnslóð eru hluti af þeirri auðlind sem tilheyrir viðkomandi byggðum og þar á að miða við að aflinn geti borist sem næst daglega að landi þannig að nýting hans verði sem best. Við höfum lagt áherslu á að hluti af heildarfiskveiðiheimildunum verði bundinn byggðunum, bundinn því fólki sem býr í byggðunum vítt og breitt um landið og hefur átt jafnan hlut og ekki síðri hlut en útgerðarmenn í að gera fiskveiðiauðlindina að þeirri auðlind sem við nú búum við í dag og hefur reyndar verið stoð okkar í uppbyggingu atvinnulífs og velsældar hér á landi. Það er því alveg frumskilyrði af okkar hálfu, og við teljum það skynsamlegast, að menn færu í — við ættum reyndar að vera búin að því fyrir löngu — heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu með þetta að markmiði, með það markmið sem sett er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem lýtur að því að fiskveiðiauðlindin sé nýtt á sem vistvænstan hátt og jafnframt til að styrkja byggð og atvinnulíf vítt og breitt um landið. Það hefur ekki verið að gerast með þeirri fiskveiðistjórnarstefnu sem nú hefur verið tekin upp.

Þetta frumvarp um stjórn fiskveiða lýtur að dagabátunum. Með því er verið að vega svo harkalega að því kerfi að óvíst er hvort það standi, verði til, ef frumvarpið nær fram að ganga. Það er svo alveg furðulegt hversu mikill fleinn það er í holdi stjórnvalda er kemur að stjórn fiskveiða að menn geti sótt sjóinn á jafnræðisgrunni án þess að búið sé að marka fyrir fram eignarhald á fisknum í sjónum óveiddum. Sóknardagabátarnir hafa haft gríðarlega þýðingu sem einn liðurinn í að byggja upp og viðhalda strandveiðunum og nýta á sem vistvænstan og hagkvæmastan hátt fiskinn á grunnslóð. Jafnframt hefur þessi floti átt ríkan þátt í því nú að viðhalda þeirri strandmenningu sem hefur tengst fiskveiðunum á grunnslóð um áratugi og aldir. Hluti af þeirri menningu er samofin þjóðlífi okkar í heild bæði í smáu og stóru. Nú á að vega að þessu. Hér er boðið upp á að þeir bátar sem enn eru í sóknardagakerfinu eigi kost á því að færa sig yfir í aflamarkskerfið og er beitt hálfgerðum mútum til að fá menn til að færa sig þar á milli.

Í frumvarpinu þykjast menn vera að setja eitthvert lokagólf niður í 18 daga. En ef greinargerðin er lesin vandlega stendur að það eru alls ekki nein lok. Á blaðsíðu 3 í frumvarpinu stendur, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er gengið út frá því að viðmiðunarfjöldi sóknardaga verði 18 sóknardagar. Gripið verði þó til frekari takmarkana á fjölda sóknardaga í upphafi fiskveiðiárs eftir fiskveiðiárið 2004/2005 ef viðmiðunarafli þeirra báta sem verða í sóknardagakerfinu fer á einhverju fiskveiðiári yfir það magn sem hann var á fiskveiðiárinu 2002/2003."

Menn áskilja sér sem sagt enn rétt til þess að skera sóknardagana niður þannig að grundvöllurinn bresti endanlega.

Ég vil rifja upp að í hv. sjávarútvegsnefnd er til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Flutningsmenn þess eru hv. þm. Grétar Mar Jónsson, varaþingmaður Frjálslynda flokksins og sá sem hér talar fyrir hönd Vinstri grænna. Við lögðum fram þetta frumvarp til laga skömmu eftir áramótin sem fól í sér að setja mun skynsamlegri botn á sóknardagakerfið þannig að þetta gæti orðið lífvænlegur atvinnuvegur áfram. Með leyfi forseta ætla ég að vitna til tillagna okkar:

„Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs skulu aldrei vera færri en 23 og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla umfram 230 þúsund tonn á hverju fiskveiðiári."

Við höfum þar haft til hliðsjónar ályktanir Landssambands smábátaeigenda og ályktanir fjölda samtaka bátasjómanna um þetta mál. Ég leyfi mér að vitna í ályktun 19. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda frá 16. og 17. október árið 2003. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Barist verði fyrir 23 daga gólfi.

Aðalfundur LS leggur til að barist verði af fullum krafti fyrir því að gólf verði sett í daga sóknardagabáta þannig að dagar verði aldrei færri en 23 á ári.

2. Heimilað verði að nýta sóknardaga allt árið.

Aðalfundur LS leggur til að veiðar dagabáta verði leyfðar allt árið, náist það ekki í gegn verði miðað við 1. mars í stað 1. apríl.

3. Flutningur sóknardaga milli ára.

Aðalfundur LS leggur til að heimilt verði að flytja 20% sóknardaga milli ára."

Vilji Landssambandsins er alveg augljós, virðulegi forseti.

Rétt er og að rifja upp að í umræðunum í haust eða fyrr í vetur þegar verið var að koma á þeirri málamyndalínuívilnun sem eins og við munum var knúin hér í gegn — línuívilnun sem tók mið af afar sértækum aðstæðum, það er að segja að línuna átti að beita í landi, hana átti að handbeita og svo framvegis. Afar sértækar aðgerðir varðandi línuívilnun voru knúnar hér í gegn jafnframt því sem byggðakvótar sem höfðu áður verið til ráðstöfunar til að mæta skakkaföllum einstakra byggðarlaga voru verulega skertir. Þá var þessi línuívilnun knúin í gegn. En þá var einmitt rætt að taka ætti á stöðu dagabátanna. Þeirri umræðu var reyndar frestað þá en lofað að á því yrði tekið strax eftir áramótin. Ég leyfi mér að minna á að í hv. sjávarútvegsnefnd kom hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson með drög að tillögu um að leyfilegir sóknardagar fyrir dagabáta yrðu 23 en að heimilt yrði að takmarka sóknarmáttinn með tilliti til vélarafls eftir nánar settum reglum. Í nefndinni hefur því þessi tillaga um að lágmarkið yrði 23 verið rædd áður og er þar inni. Þess vegna kemur það mjög flatt upp á okkur í sjávarútvegsnefnd, okkur sem tókum þátt í umræðum um hina svokölluðu línuívilnun fyrr í vetur, að nú skuli sjávarútvegsráðherra koma fram með frumvarp sem lýtur að því að stórskerða möguleika dagabátanna og nánast pína þá eða að minnsta kosti leggja þannig snörur fyrir þá að menn velji að fara úr dagabátakerfinu yfir í aflamarkskerfið. Gólfið í dagabátakerfinu er sett svo neðarlega að rekstrargrundvöllur fyrir dagbáta er afar hæpinn svo vægt sé til orða tekið þvert ofan í alla þá umræðu sem mér fannst einkenna þennan þátt bæði á Alþingi fyrr í vetur og eins í hv. sjávarútvegsnefnd. Ég skil ekki á hvaða miðum hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur verið. Alla vega hefur hann ekki verið á þeim fiskimiðum sem við höfum talið okkur skylt að róa á.

Útgerð dagabáta hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf á ákveðnum stöðum á landinu. Þetta snertir ekki einungis einstaka útgerðarmenn, einstaka bátasjómenn. Þetta snertir líka byggðarlögin sem þessir bátar hafa gert út frá. Stórum hluta afla þessara báta hefur verið landað á norðan- og norðvestanverðu landinu. Þetta hefur verið liður í því að skapa umsvif í höfnunum og í landi og hefur líka gefið þann möguleika að vinna þennan fisk þar á staðnum. Í því sambandi vil ég ítreka stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að í fiskveiðistjórnarkerfinu ætti það að vera bundið að landa og nýta ákveðinn hluta fiskveiðiheimildanna í strandbyggðum en þar sem svo er ekki skipa dagabátarnir mikilvægan sess í veiðum, vinnslu og atvinnumöguleikum á þessum landsvæðum.

Það er gríðarlegur styrkur fyrir til dæmis Skagaströnd að fá stóran bátaflota þangað ákveðinn tíma ársins sem skapar tekjur fyrir höfnina og skapar umsvif í landi vegna vista og annars því um líks sem því tengist. Margs konar þjónusta byggist þá upp og nýtur góðs af umsvifum vegna báta sem þangað koma auk þess sem það getur styrkt fiskvinnsluna þar. Ætli ekki láti nærri að að minnsta kosti þrír fimmtu til fjórir fimmtu alls afla dagabáta sé einmitt landað á Norður- og Norðvesturlandi. Þetta er einmitt það svæði sem stendur höllustum fæti hvað aðra atvinnu varðar, hvað varðar atvinnu í sjávarútvegi þar sem stórútgerðirnar hafa með einum eða öðrum hætti náð til sín aflaheimildum Vestfirðinga. Þær standa líka höllum fæti vegna þess að stóriðjuframkvæmdir sem hafa verið settar í gang og taka til sín gríðarlegt afl, fjármagn og áherslur, eru í öðrum landshlutum. Þær eru á Austurlandi og svo á suðvesturhorninu. Þessi landshluti á því í sjálfu sér undir högg að sækja í mörgum tilvikum þannig að þær aðgerðir sem hér er verið að gera munu koma mjög hart niður á þessum landshluta. Ég tel að fyllilega sé ástæða til þess að þingmenn Norðvesturkjördæmisins komi saman til fundar og ræði sérstaklega þessar aðgerðir, hvernig þær koma út fyrir þennan landshluta. Það er ekki einleikið hvernig hann er að því er virðist ofsóttur af stjórnvöldum. Kannski er það vegna þess að hann er mjög háður fiskveiðum. Hann er mjög háður strandveiðunum og verður þess vegna einna harðast úti í því stjórnkerfi fiskveiða sem við búum við. Þarna er um að ræða landsvæði þar sem stutt er á miðin. Það hefur byggst upp vegna þess að menn voru í nánd við auðlindina. Það býr við nokkuð einhæft atvinnulíf sem einmitt tengist fiskvinnslu og fiskveiðum og verður þess vegna miklu viðkvæmara fyrir þeim breytingum sem leiða til þess að afli og fiskur hvorki berist þar á land né að möguleiki sé að vinna hann á svæðinu. Þessar aðgerðir hæstv. sjávarútvegsráðherra koma því mjög hart niður á þessum landshluta sem hefur einmitt nýtt sérstöðu sína til að styrkja atvinnulíf sitt.

Hæstv. forseti. Ég vona að við í sjávarútvegsnefnd fáum tækifæri til þess að fara mjög nákvæmlega ofan í frumvarpið og breyta því í þá veruna að dagabátum verði gert kleift að stunda sjóinn á viðunandi grunni, að við höldum okkur áfram við að sett verði lágmark upp á 23 daga í sókn þessara báta. Setja má hugsanleg takmörk og alveg sjálfsagt er að skoða það að setja takmörk sem tengjast vélarafli skipanna eða stemma sókn þeirra með öðrum hætti, við fimm rúllur til dæmis, ef menn vilja fara út í svoleiðis tæknileg atriði. Ég tel þó að fara eigi mjög varlega í það. Þessi fiskveiðimáti er talinn með þeim vistvænstu sem við eigum völ á. Afli sem berst á land á að hafa alla möguleika á því að verða sá besti sem völ er á. Hann kemur ferskur að landi, á alla möguleika á því að koma mjög ferskur að landi þannig að hráefnið verði eins gott og nokkur kostur er. Þess vegna ætti sérstaða þessa bátaflota að vera nokkur og talsvert mikil út frá vistvænum sjónarmiðum á umgengni við auðlindina. Þessir bátar koma með allan afla að landi. Ekki er ekki hætta á að þeir verði vændir um brottkast af annarlegum hvötum. Þessir bátar eiga öll tök á því að koma með ferskastan fiskinn að landi. Vinnslurnar eru í æ ríkari mæli farnar að byggja á útflutningi á ferskum fiski þar sem ferskleikinn skiptir máli. Þar ætti þessi floti að hafa alla burði til þess að vera samkeppnisfær. Auk þess er ekki heldur er rétt að gera lítið úr þætti þessa flota í fiskveiði- og strandmenningu þjóðarinnar.

Þó að nú sé lögð áhersla á kvótasetningu eða aflaheimildir þessara skipa, að ekki megi selja hana upp fyrir sig eða upp í aflaheimildir hinna stærri skipa, þá vitum við að lítið þarf til að þrýst verði á að það verði gert. Þegar stórútgerðin kallar

er viðstaðan engin eins og við þekkjum frá undanförnum árum þannig að engu er að treysta þar.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þetta er stórmál. Þetta er prinsippmál. Þetta er grundvallarmál. Ég vonast til þess að við í hv. sjávarútvegsnefnd fáum svigrúm til þess að breyta frumvarpinu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur hér lagt fram í þá veru að hægt sé að tryggja varanlegan rekstrargrundvöll og starfsdaga sóknardagabátanna um alla framtíð.

[18:38]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi ummæla hæstv. sjávarútvegsráðherra. áðan um að hlutar þessa frumvarps styddust við svokölluð reynsluvísindi datt mér í hug grein eftir mikilvirkan og góðan rithöfund sem því miður er nú genginn á vit feðranna. Þessi ágæti maður hét Ásgeir Jakobsson og skrifaði margar bækur um sögu sjávarútvegs á Íslandi en einnig margar greinar um sjávarútvegsmál og þá einkum og sér í lagi fiskveiðistjórn. Þessar greinar birtust í blöðum hér á landi um margra ára skeið og eru margar hverjar ansi góðar og vel skrifaðar. Það er gaman að lesa bók sem kom út fyrir nokkrum árum síðan, tveimur, þremur árum síðan að ég held, eftir Ásgeir Jakobsson. Sú bók heitir Fiskleysisguðinn. Í þessari bók er ritgerðasafn Ásgeirs heitins Jakobssonar, greinar hans um fiskveiðistjórn. Mig langar því til að hefja mál mitt núna á því að lesa úr grein sem heitir: Rabbað við fuglinn með kýrhausinn. Hún hefst svona, með leyfi forseta:

„Fuglinn með kýrhausinn er sá hluti þjóðarinnar sem heldur sig kunna flest ráðin í þjóðmálunum. Hann flýgur hátt um loftið blátt og horfir niður yfir landið og sér það skógi vaxið og epli á hverri grein og hann heldur, fuglinn, að hann sé að nema land og þar hafi ekki þjóð verið fyrr og því gefur hann flestu sín heiti. Í kýrhaus fuglsins er vit hans og þar stjórnað fluginu. Kýrhaus er vissulega ekki alheimskur haus ef hann er á réttri skepnu sem stendur fjórum fótum á jörð og bítur gras. En þó hann sé góður þeirri skepnu þá er hann það síður fugli í þunnu háloftinu. Þar ruglast margt í kýrhaus auk þess sem hann reynist fuglinum framþungur, leitar til jarðar, og flug fuglsins verður reikult.

Í hausnum eru sérfræðingar þjóðarinnar, einkum þeir sem búa við ótraust fræði sín til að nota á jörðu niðri. Úr háloftunum rignir svo ráðum þeirra eins og skæðadrífu yfir jarðgöngufólk og það má finna fólk sem heldur að allar sendingar úr háloftunum séu frá æðri máttarvöldum og horfir gapandi til lofts og gleypir þau ráðin sem ofan yfir rigna. Fluggangur fuglsins hefur sem sé náð að festast í jarðlífi þjóðarinnar og má þess glöggt kenna í fjármálum, landbúnaðarmálum, heilbrigðismálum, skólamálum, tryggingamálum, húsnæðismálum, löggjöf og stjórnsýslu. Allt snýst þetta fyrir vindi háloftanna. Nú er röðin komin að sjávarútveginum."

Þetta skrifaði Ásgeir Jakobsson árið 1991. Nú er komið að sjávarútveginum. Þá var komið að sjávarútveginum, hæstv. forseti. Þá var komið að því að sjávarútvegurinn yrði fyrir barði fuglsins með kýrhausinn, að hann yrði fyrir barðinu á þeim takmörkuðu vísindum sem fiskifræðin er, illu heilli, hæstv. forseti. Og nú, rúmum tólf árum síðar, er kominn tími til að þessi litli floti, svokallaður sóknardagafloti sem veiðir með handfærum, verði líka lagður undir vísindi fuglsins með kýrhausinn. Nú á að setja hann inn í kvótakerfi fuglsins með kýrhausinn, kvótakerfi sem við vitum öll, allir sem vilja vita, að byggir á afskaplega takmarkaðri vísindalegri þekkingu, kvótakerfi sem því miður hefur ekki skilað því sem vænst var til. Það vita allir sem vilja það vita.

Hv. þm. Jón Bjarnason minntist áðan á að Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri grænir hefðu staðið saman að frumvarpi til laga sem mælt var fyrir í þessum stól í mars og hefur síðan verið að velkjast í sjávarútvegsnefnd. Frumvarpið hefur að vísu fengið þar eðlilega meðferð ef svo má segja. Komnar eru ótal umsagnir við frumvarpið. Þetta frumvarp þessara tveggja flokka, Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna, gengur út á það, hæstv. forseti, að leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs skuli aldrei vera færri en 23. Það er líka tekið fram að þeim skuli fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn af leyfðum heildarþorskafla umfram 230 þúsund tonn á hverju fiskveiðiári. Þetta eru 23 dagar á ári þar sem þessum flota skal vera leyft miðað við núverandi reglur að veiða á tímabilinu 1. apríl til loka október ár hvert. Þetta er nú allt og sumt, hæstv. forseti, 23 dagar. Maður skyldi ætla að ekki sé verið að biðja um mikið. En svo er því miður ekki. Hér er eins og verið sé að biðja fólk um að láta lífið fyrir einhvern málstað, að manni skilst, á málflutningi sumra sem hafa verið að andskotast af öllum mætti út í þennan litla flota á undanförnum árum, þennan litla flota sem veiðir með vistvænum veiðarfærum, hefur verið að veiða þetta á bilinu 5.500 til 11–12 þús. tonn af þorski á ári. Það er nú allt og sumt, herra forseti. Það er allt og sumt sem þessi litli floti er að veiða á hverju ári. Samt skal honum komið fyrir kattarnef með öllum tiltækum ráðum. Það hlýtur að skjóta mjög skökku við að menn skuli vera svo uppteknir af þessum litla flota að þeir séu reiðubúnir að ganga svona langt til að koma honum fyrir kattarnef þegar við vitum að breyturnar í samspili náttúrunnar, í því sem hefur áhrif á stærð fiskstofna, vöxt þeirra og viðgang, eru svo ótal margar. Ótal margir aðrir hlutir hafa eflaust miklu meiri áhrif á vöxt og viðgang nytjastofna í kringum Ísland en þessar trillur.

Í fyrradag var birt frétt frá Hafrannsóknastofnun sem sagði skarfur er talinn éta um 10 þús. tonn af fiski á ári, skarfur, þessi eina fuglategund. Hvað skyldu þá allir hinir éta? (Gripið fram í.) Nei, það nær ekki nokkurri átt að ætla sér að drepa þennan flota með því frumvarpi sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur nú lagt fyrir hið háa Alþingi.

Eins og ég minntist á áðan, hæstv. forseti, höfum við lagt fram tillögu um 23 daga. Við höfum líka lagt til þetta með aukninguna, að þeim skuli fjölgað um einn fyrir hver 20 þús. tonn leyfðs heildarþorskafla umfram 230 þús. tonna heildarkvóta á hverju fiskveiðiári.

Ég get lýst því yfir hér og nú að við erum reiðubúnir til að falla frá þessu aukningarákvæði en halda eftir 23 dögunum, að héðan verði afgreitt frá hinu háa Alþingi nú í vor frumvarp sem segir einfaldlega að leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs handa þessum flota skuli aldrei vera færri en 23 og við það skuli sitja. Við skulum síðan láta þennan flota í friði, láta þetta duglega fólk sem gerir þessa báta út af mikilli elju í friði hér eftir, leyfa því að stunda sína atvinnu í friði fyrir peningafíklum sem reyna að gera sér mat úr kvótakerfi og nota til þess öll tiltæk ráð og róa af öllum mætti í stjórnarliðum eins og við höfum séð á undanförnum árum. Ég hygg að þetta yrði mjög skynsamleg ráðstöfun.

Það má síðan fallast á að veiðigetu þessara báta verði stýrt með einhvern veginn. Ég sé að sjávarútvegsráðherra hefur sett ákvæði í frumvarpið um að ekki skuli heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í báti. Ég get fallist á svona reglur. Þetta eru nefnilega mjög skynsamlegar reglur.

Út á þetta gengur sóknarstýring. Sóknarstýringin gengur út á það að veiðigetu flotans á hverjum tíma er stjórnað og það gerir maður einmitt svona, með því að stjórna þeirri veiðarfæranotkun sem hver bátur getur leyft sér að hafa, það er að segja í þessu tilfelli fjölda handfærarúlla, ef um væri að ræða línubáta, lengd línu, netabáta, fjölda neta, trollbáta og dragnótabáta, stærð þeirra veiðarfæra. Þetta er mikilvæg breyta í því sem kallað er sóknarstýring. Þessari breytu hefur ekki verið beitt fram að þessu á þennan flota. Henni hefur alls ekki verið beitt og þar hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra brugðist hlutverki sínu. Hann hefur brugðist hlutverki sínu sem æðsti yfirmaður fiskveiðistjórnar við Ísland einmitt með því að leggja ekki inn svona breytur í reglugerðirnar, til dæmis fjölda rúlla. Ég er ekki sammála því að vélarstærð hafi nokkuð hér að segja og tel að það sé algert bull að innlima það í þessa lagasetningu. En hægt er að fallast á fjölda handfærarúlla.

Minnst hefur verið á það, og náttúrlega er auðvelt að færa rök fyrir því, að þessi floti skiptir miklu máli fyrir byggðir landsins. Hann skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið í sjávarbyggðum þessa lands. Þessi floti hefur orðið fyrir stanslausum skerðingum á undanförnum árum. Á síðasta ári höfðu þessir bátar 21 dag. Í ár stefnir í að þeir verði aðeins 19. Dögunum hefur hríðfækkað á undanförnum árum. Fiskveiðiárið 1996 höfðu þessir bátar alls 84 daga á árlega. Síðan var þeim fækkað í 40. Núna eru þeir sem sagt komnir niður í 19. Þess ber þó að geta til að gæta sanngirni að kerfinu hjá þessum bátum var breytt úr heilum dögum yfir í klukkutíma fyrir nokkrum missirum. Það var mikil bót og gerði þetta miklu manneskjulegri veiðiskap.

Þegar við erum farnir að tala um það held ég að alveg væri rétt líka að afnema — og ég býst við því að við förum að krukka í lögin í kringum þessa báta — þá reglu að þessir bátar megi bara veiða hluta ársins, það er að segja frá 1. apríl til loka október. Það ákvæði á að fella á brott þannig að þeir sem eiga þessa báta muni hafa 23 daga, að sett verði þak á það hversu margar rúllur þeir mega vera með um borð og síðan að þeim verði í sjálfsvald sett hvenær þeir vilja róa til fiskjar á hvaða tíma ársins sem er. Það er í raun alveg fáránlegt að mönnum skuli meinað að sækja sjó við Ísland yfir vetrartímann því eins og við vitum geta oft komið langir kaflar með mjög góðu sjóveðri um hávetur.

Þessi floti hefur ótvírætt haft mjög jákvæð áhrif á byggðir landsins, atvinnulífið allt í kringum landið eins og ég hef nefnt í ræðu minni. Þessir bátar fara allt í kringum landið, ef svo má segja. Þetta er mjög hreyfanlegur floti. Hann hefur mikla aðlögunarhæfni að veiðum á hverjum tíma og að gæftum á hverjum tíma. Við getum skoðað tölur yfir veiðar þessara báta. Ég er með svar við fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra í vetur um þróun aflamarks og veiðar smábáta. Þar vildi ég meðal annars fá að vita hver afli þessara báta hefði verið fiskveiðiárið 1998/1999 og til fiskveiðiársins 2002/2003 veiddur á handfæri. Ég hvet þá sem vilja kynna sér þessa fyrirspurn nánar að nálgast hana. Það er hægt að nálgast hana á vef Alþingis.

Við sjáum að þessir bátar skipta töluverðu máli fyrir ýmsar hafnir allt í kringum landið og það er nokkuð stöðugt hvað landað er á hverjum stað. Ég get farið í tölurnar og nefnt til dæmis Sandgerði, Arnarstapa, Rif, Ólafsvík, Stykkishólm, Brjánslæk, Patreksfjörð, Tálknafjörð, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Norðurfjörð, Skagaströnd, Siglufjörð, Grímsey, Þórshöfn, Stöðvarfjörð og Djúpavog. Þetta eru allt staðir þar sem afli af svokölluðum krókabátum er samtals árlega yfir 100 tonn. Það mjög algengt að þessi skelfilegi floti, sem miðað við málflutning sumra er alveg stórhættulegur og á að vera að stela fiski frá mönnum sem telja sig eiga fiskinn í kringum landið, er kannski að landa á þessum plássum eitthvað á bilinu 100–350, 400 tonn árlega, á hverju fiskveiðiári. Það er nú allt og sumt í raun og veru, hæstv. forseti.

Eins og ég nefndi áðan er þessi floti mjög hreyfanlegur. En samt, hæstv. forseti, sýnir þessi floti heimahöfnum sínum tiltölulega mikla tryggð. Það sýna tölurnar líka. Bátarnir frá Grindavík eru nokkuð hreyfanlegir og landa 40–80% af sínum afla í heimahöfn. Hið sama gildir um Keflavíkurbátana. Bátarnir á Akranesi landa hins vegar nánast öllum afla sínum í heimahöfn og hafa gert í gegnum árin. Þeir í Ólafsvík eru hreyfanlegir, bregða sér eflaust oft vestur. Grundfirðingarnir eru mjög tryggir sínum heimahögum. Svo eru það þeir í Hólminum, Stykkishólmi og Brjánslæk. Í Hólminum virðast þeir leita á önnur mið en heimamið og líka þeir á Brjánslæk. Drangsnesbátarnir eru mjög tryggir sínum heimamiðum, landa nánast öllu sínu þar. Hið sama gildir um bátana á Sauðárkróki og Grímseyingar eru að sjálfsögðu líka tryggir sínum heimaslóðum. Hið sama má segja um Hríseyinga, Akureyringa, 100%, Grenivík, 100% nánast öll árin, Húsavík, Kópasker, Þórshöfn, Borgarfjörð eystra, Seyðisfjörð, Neskaupstað, Fáskrúðsfjörð, Djúpavog og Hornafjörð. Þarna eru bátarnir mjög tryggir sínum heimahögum, landa nánast öllu í heimabyggð. Það er engum vafa undirorpið, hæstv. forseti, að þessi floti hefur mikið að segja fyrir atvinnulíf á þessum stöðum þennan tíma á hverju ári sem hann má veiða. Hann hefur mikið að segja. Það er mikil þjónusta í kringum þessa báta, töluvert mikil umsvif við landanir, frágang á fiski og öðru þess háttar, líka hvað varðar viðhald á tækjum og búnaði.

Ég er því ekki í nokkrum vafa um að þessir bátar skilja tiltölulega mikið eftir á þeim stöðum sem þeir róa frá. Þá er ég að tala um peninga og atvinnu. En nú vilja menn sem sagt ganga milli bols og höfuðs á þessu. Það er alveg ljóst að ef á setja á hluta af þessum flota í kvótakerfi þá munu þó nokkuð margir velja kvóta. Síðan munu þeir bátar hverfa einn af öðrum. Þeir munu gufa upp og hverfa. Allt í einu sjást þeir ekki lengur. Þeim mun fækka. Eftir sitja hinir enn færri en áður, sóknardagabátar, og samstaða þeirra mun líka veikjast og eftir nokkur ár verður sama uppi á teningnum ef sú stjórn lafir áfram sem nú er við völd, sem ég vona náttúrlega að verði ekki. Þá mun áfram haldið að ganga í skrokk á þessum litla flota. Það tel ég mjög slæma þróun, hæstv. forseti, því þessi floti hefur svo mikið gildi.

Ég er ekki enn farinn að tala um menningarlegt gildi þessa flota. Ég er ekki farinn að tala um gildi þessa flota fyrir félagslegar aðstæður á þessum stöðum. Ég er ekki farinn að tala um gildi þessa flota til dæmis fyrir ferðaiðnaðinn. Það er nefnilega svo að þegar þessir bátar koma inn til að landa á þessum litlu stöðum úti á landi þá hafa þeir mjög mikið aðdráttarafl til að mynda fyrir ferðamenn. Ég hef margoft séð erlenda ferðamenn standa á bryggjum og taka myndir af þeim, fylgjast með löndun úr þessu bátum þegar menn koma inn eftir daginn. Þó þetta sé hversdagslegt fyrir okkur þá er þetta sýn sem erlendir ferðamenn gleyma seint því þeir eru ekki vanir að sjá fiski landað nánast lifandi, úrvalshráefni úr Norður-Íshafinu landað úr bátum sem stunda vistvænar og manneskjulegar veiðar. Betri auglýsingu fær

íslenskur sjávarútvegur ekki. Það er ég alveg sannfærður um. Betri auglýsingu fær hann ekki. Þessir bátar setja mikinn svip á hafnirnar allt í kringum landið. Þess vegna eru þeir mikilvægir.

Annað getum við nefnt líka og það er nýliðun. Þessi litli floti hefur núna á undanförnum árum verið nánast eini möguleikinn fyrir unga, duglega menn til að komast inn í fiskveiðistjórnarkerfið, hefja eigin útgerð, verða eigin herrar, standa á eigin fótum, afla sér og sínum farborða með fiskveiðum. Þetta hefur verið nánast eini möguleikinn. En þessu ætlum við algerlega að loka núna. Þetta er alger fásinna. Það á að eyðileggja þetta fyrir einhver 11 þús. tonn af þorski. Þetta tekur engu tali. Menn verða að átta sig á því hvað þeir eru að gera, hvers konar óhæfuverk stefnt er í með því að ganga svona í skrokkinn á þessum flota. Nei, herra forseti. Við skulum miklu frekar setjast niður og smíða löggjöf, eins og ég sagði áðan, þar sem sett er 23 daga gólf fyrir þennan flota. Við getum takmarkað fjölda rúlla. Við skulum leyfa þeim að róa allan ársins hring þannig að menn geti hagað sínum veiðum með hagkvæmustum hætti, til dæmis róið um veturinn þegar fiskur er oftast hærra og láta síðan þessa menn og þetta fólk í friði, leyfa því að lifa sínu lífi, afla sér og sínum farborða heiðarlega með því að lifa á sinni mikilvægustu auðlind sem er fiskurinn í sjónum. Mér finnst ekki til of mikils mælst, hæstv. forseti, að hlusta á þessar raddir og verða við þessum óskum. Ég tel alveg sjálfsagt að skella á nefið á þeim sem nú eru að koma og ætla sér að reyna að væla út kvóta á trillurnar til þess að geta braskað með hann, til þess að geta selt sig út úr kerfinu og braskað með hann. Það tel ég gersamlega ótækt. Það verður að stöðva og koma í veg fyrir.

[Fundarhlé. — 18:58]

[20:31]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Handfærakerfi var komið á með lögum að tillögu meiri hluta sjútvn. Alþingis í janúarmánuði 1999, eins og ég fór yfir og rakti í umræðu fyrr í vetur um annað frv. Síðan þá hefur töluvert verið rætt um löggjöfina um það kerfi og mikill áhugi á að koma á stöðugleika í því, að fá því lagaákvæði breytt sem kveður á um að dögum skuli fækka um 10% á ári og sett fast gólf í dagafjöldann, menn geti þannig náð jafnvægi í kerfið hvað varðar sóknarmöguleika. Það var líklega í marsmánuði á síðasta ári, fyrir síðustu kosningar áður en þing lauk störfum, að kynntar voru fyrir sjútvn. Alþingis hugmyndir sem Landssamband smábátaeigenda hafði lagt fyrir hæstv. sjútvrh. og höfðu verið í umræðunni á þeim tíma án þess að samkomulag næðist. Þær hugmyndir fólu í sér að setja lágmark á dagafjöldann og að á móti yrðu settar takmarkanir á sóknargetu bátaflotans, bæði hvað varðar fjölda á rúllum um borð í hverjum bát og vélarafl hvers báts þannig að menn gætu einnig náð stöðugleika í aflanum og komið í veg fyrir að þar yrði áframaukning frá því sem verið hefur.

Þetta mál var mikið til umræðu í síðustu alþingiskosningum, sérstaklega á þeim stöðum landsins þar sem handfæraveiðar hafa verið mikið stundaðar. Þær eru, eins og menn geta séð þegar þeir kynna sér gögn málsins, mikið stundaðar á norðvestanverðu landinu og þá sérstaklega á Vestfjörðum af þeirri einföldu ástæðu að þegar menn hafa takmarkaðan tíma til veiða þá leitast þeir við að vera þar sem fiskurinn gefur sig, líklegast til að veiða sem mest magn á þeim tíma sem til umráða er, sem er eðli sóknardagakerfis. Eftir því er farið á miðunum fyrir Vestfjörðum sem hefur leitt til þess að veiddur afli og landaður er að langmestu leyti á því svæði. Ef litið er til norðvesturkjördæmisins í heild þá er langsamlega stærstum hluta afla dagabáta landað þar. Hann er mikið unninn í sjávarplássum þar sem aflanum er landað eða á nærliggjandi stöðum. Má þar t.d. nefna Suðureyri, þar sem á annað þúsund tonn á ári kemur í land og er mestur hluti þess afla unninn á staðnum. Atvinnuleg áhrif þessa kerfis dreifast því öðruvísi en dreifingin á bátunum og það er ljóst að breytingar sem leiða til þess að menn veiði eftir öðru kerfi hafa mest atvinnuáhrif á þessu svæði landsins.

Ég hef unnið að þessu máli eftir þeim línum sem menn lögðu á síðasta ári, að viðhalda dagakerfinu, viðhalda því handfærakerfi sem verið hefur en ná samkomulagi um gólf í dagafjöldann á móti takmörkunum á sóknargetu. Ég minni á að þetta mál var mikið til umræðu í sjútvn. á haustþingi þegar við ræddum um línuívilnun. Niðurstaðan í desember, þegar því máli var lokið, var að skilja eftir dagamálin. Meiri hluti sjútvn. setti í nefndarálit sitt ákvæði þar sem greint var frá því að málefni þeirra hefðu verið rædd í nefndinni en ekki hefði reynst unnt að leggja til tillögur um framtíðarskipan á málefnum þeirra. Hins vegar var lögð áhersla á að þeirri vinnu bæri að hraða. Með því var hæstv. sjútvrh. í raun falið að taka upp viðræður við Landssamband smábátaeigenda og ná samkomulagi við þá um framtíðarskipulag kerfisins, út frá því að kerfið yrði áfram, að sóknardagakerfið yrði áfram. Það eru þær forsendur sem ég tel að menn hafi unnið eftir, a.m.k. þær forsendur sem ég hef unnið eftir í málinu. Það urðu því veruleg vonbrigð að sjá að frv. sem hér kemur í þingsalinn felur ekki í sé samkomulag, eins og sjá má í Morgunblaðinu sl. föstudag, 14. maí. Þar er haft eftir framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeiganda að hann sé afar ósáttur við frv. og fyrirsögn greinarinnar er „Gerir út af við dagakerfið".

Ég tel afar slæmt að ekki hafi tekist að ljúka þessu í samkomulagi hagsmunaaðila og hæstv. sjútvrh. sem hægt væri að leggja fyrir þingið til samþykktar. Ég hefði talið eðlilegt að fylgja því ef það hefði endað svo. Ég skal ekki leggja dóm á það hvers vegna ekki náðist samkomulag í málinu. Það gerir stöðuna miklu flóknari og erfiðari auk efnisatriðis frv. um að taka upp val, þannig að þeim sem eru í sóknarkerfinu er boðið upp á að velja að vera áfram í sóknardagakerfinu annars vegar eða hins vegar fara í krókaaflamarkið. Að mínu viti er það ekki það sem að var stefnt. Ég tel að það sé ekki í samræmi við það sem menn ætluðu sér, að leggja til breytingar sem gerðu út af við dagakerfið, sem er mat framkvæmdarstjóra Landssambands smábátaeigenda.

Ég bendi á að þeir útgerðarmenn í dagakerfinu sem vilja fara yfir í krókaaflamarkið geta það. Þeir geta valið sér það að óbreyttum lögum. Það þarf ekki að setja sérstök lög til að leyfa þeim að velja það. Þeir geta einfaldlega selt báta sína og daga og notað andvirði þess til að kaupa sér bát og veiðiheimildir í krókaaflamarki. Þeim er þetta fullkomlega frjálst og hafa alla möguleika til þess. Það þarf ekki að útbúa sérákvæði í lögum til að gera þeim kleift að fara á milli kerfa.

Pólitíska spurningin er: Vilja menn hafa dagakerfið áfram? Mitt svar er já. Ég vil hafa það áfram. Ég tel verulegan ávinning af því af ýmsum ástæðum. Ég vil gjarnan ná niðurstöðu í þessu máli þannig að sú verði reyndin. Afstaða mín í þessu máli er því ákaflega skýr. Ég tel það einnig galla á tillögu hæstv. ráðherra að hún kemur af stað illindum að

óþörfu. Tillagan gerir ráð fyrir því, ef ég hef dregið réttar ályktanir af frumvarpstextanum, að dagabátarnir, færu þeir allir yfir í krókaaflamarkið, séu að veiða ekkert mjög langt frá því sem þeir hafa í reynd verið að veiða, þar sem þeim gefst kostur á að fá það ríflegan kvóta að kvótastaðan þeirra verður ekki miklu minni en heildarstaðan hefur verið. Á móti kemur að draga þarf frá aflamarkskerfinu þann kvóta sem þessir bátar fá að frádregnu því sem gert er ráð fyrir í lögunum, sem er um 1% af úthlutuðu þorskaflamarki. Þetta gætu verið 5–6 þús. tonn sem þarf að færa af aflamarksskipunum yfir á þessa nýju krókaaflamarksbáta, ef við gefum okkur að allir dagabátarnir færu þangað.

Það hlýtur að vekja upp mjög hörð viðbrögð af hálfu aflamarksmanna. Ég bendi á að þetta er um tvöfalt meiri tilfærsla en fólst í línuívilnuninni sem samþykkt var í desember. Við þekkjum hvernig fulltrúar aflamarksbátanna eða LÍÚ a.m.k. tóku í þá tillögu. Ég tel þetta afleita lausn. Það væri miklu betri lausn að hafa þetta eins og er, að dagabátarnir veiði svipað og þeir hafa verið að veiða, aflamarksbátarnir hafi áfram þann kvóta sem þeir hafa í dag. Það vekur þá ekki upp deilur vegna þess að þar væri ekki um að ræða neina millifærslu. Gallinn við það að setja sóknardagabátana í kvóta er að það færir afla þeirra undir aflamarkið og leiðir til þess að lækka verður aflamark flotans sem því nemur sem þeir fá umfram það sem gert er ráð fyrir í lögunum. Því fylgja gríðarleg illindi ef þetta gengur eftir óbreytt. Ég held að menn eigi að forðast það ef kostur er að stofna til slíkra átaka.

Ég bendi líka á annað sem ég held að hljóti að fylgja því að velja þá leið sem frv. gerir ráð fyrir. Ef valkostirnir verða eins og þar er teiknað upp er augljóst að langflestir hljóta að velja sér kvóta. Þá opnast sá möguleiki fyrir þessa handfærabáta að veiða sinn afla á línu. Þetta er fyrst og fremst þorskur og þar af leiðandi eiga þeir rétt á línuívilnun. Þá munu fleiri sækja línuívilnunina og ef menn ætla ekki að skapa meiri þrýsting á það eða enn meiri illindi í kringum hana þá verður að stækka línuívilnunarpottinn til að taka á móti hinni auknu sókn sem fylgir fleiri bátum sem nýta þann möguleika.

Ég tók eftir því, herra forseti, í máli hæstv. ráðherra að hann taldi að hjá þeim útgerðum sem veldu sér aflamarkið, eða krókaaflamarkið, yrðu áhrifin á eiginfjárstöðuna jákvæð. Ég hygg að það sé rétt mat hjá hæstv. ráðherra. En hvað felst í þeim orðum að þetta hafi jákvæð áhrif á eiginfjárstöðu þessara útgerða? Það felst í því að það er verið að færa þeim veiðiheimildir sem eru verðmætari en þær veiðiheimildir sem þeir hafa í dag. Í því felst að til þeirra eru færð verðmæti umfram það sem þeir hafa í dag. Þau verðmæti eru auðvitað tekin af hinum, þ.e. aflamarksflotanum. Þess vegna verða átök um tilfærsluna sem ég tel að menn geti komist hjá.

Ég tel hins vegar, herra forseti, að vilji menn búa til val, sem ég tel algeran óþarfa, verði valið að vera jafngilt. Valið má ekki fela í sé þá skoðun að menn ætlist til að menn velji bara annan kostinn. Það er ekkert val að stilla hlutunum þannig upp að búa til tvo kosti þar sem annar kosturinn er vondur og hinn er góður. Það er nánast fyrir fram gefin niðurstaða.

Ég veit ekki, herra forseti, hvernig menn ætla sér að telja það sanngjarnt val á milli tveggja kosta þegar þeir hafa ekki einu sinni náð því marki sem þeir hafa stefnt að lengi, að setja gólf í sóknardagana. Það er ekkert gólf í þessu frv. Þeir bátar sem verða áfram í sóknardagakerfinu búa ekki við gólf því veiði þeirra verður meiri en veiði þeirra á fiskveiðiárinu 2002–2003. Þá fækkar dögunum frá þeim 18 sem hér eru settir fram. Það er auðvitað ekki sanngjarnt val að hafa annars vegar vel útilátna kvótabeitu og hins vegar kerfi sem á að vera með gólfi en ekkert gólf er í. Menn verða þá að endurhanna valkostina þannig að þeir séu sanngjarnir. Ef menn telja sanngjarnt að færa mönnum aukin verðmæti þannig að það hafi ákvæð áhrif á eiginfjárstöðu bátanna þá verður það að gerast í báðum kostunum.

Það er ekki eðlilegt, að mínu mati, að stilla upp kostum þar sem annar færir mönnum verðmæti, sem menn að sjálfsögðu geta tekið út með því að selja veiðiheimildirnar, og hinn sem rýrir verðmæti þeirra sem róa í dag í sóknardagakerfinu. Það verður að vera jafngilt, herra forseti, til þess að það sé raunverulegt val. Að öðrum kosti eru menn að leggja fram frv. um einn kost, að kaupa menn yfir í kvótakerfið. Menn geta auðvitað haft þær skoðanir að það eigi að koma öllum yfir í kvótakerfi og síðan þessum tveimur kvótakerfum yfir í eitt kerfi, sem ég spái reyndar að sé fram undan, að það sé næsta skref í umræðunni um stjórn fiskveiða. Þeir sem eru í krókaaflamarkskerfinu munu fara að þrýsta á að sameina kerfin í eitt. Ég spái því að það sé fram undan á næstunni í þeim efnum.

Herra forseti. Ég held að þetta frv. endurspegli á engan hátt þær væntingar sem menn hafa gert á undanförnu einu og hálfa ári um niðurstöðu í dagakerfinu. Það er ekki í samræmi við það sem við höfum talað um og lagt til og sagst ætla að stefna að. Ég vil halda mig við það sem ég hef sett fram í þessum málum og leitast við að fara yfir þetta mál með því hugarfari að það sé í samræmi við þau fyrirheit sem við höfum gefið. Við verðum svo að sjá til hvernig mönnum tekst í þeim efnum.

Ég er jafnvel ekki frá því að það kunni að vera betra að þetta frv. liggi í sumar fremur en samþykkja það óbreytt. Ég held að það væri mikil afturför fólgin í því ef menn ætla sér að samþykkja þetta frv. óbreytt. Mér líkar satt að segja ekki að menn fari þá leið að bera kvóta á menn umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við þær forsendur sem menn hafa gefið sér. Þess vegna er þetta frv. ekki mér að skapi.

Ég skal engu spá um framhaldið, herra forseti. Það verður að koma í ljós við vinnu málsins í sjútvn. hvaða breytingu menn kunna að ná saman um og hver niðurstaðan verður. Það verður að koma í ljós í fyllingu tímans en afstaða mín til málsins liggur skýrt fyrir, herra forseti.

[20:48]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir mjög góða, skýra og málefnalega ræðu. Hann varpaði ljósi á ýmsa hluti sem ég hygg að margir hafi kannski ekki alveg fyllilega velt nógu vel fyrir sér áður en þeir settust niður og fóru að semja frv.

Mig langar bara til að fá að heyra það alveg skýrt frá hv. þm. hvort hann geti hugsað sér að styðja eitthvað í frv. eða styður hann enn þá hugmyndina um 23 daga gólf eins og mig minnir að hann hafi reyndar lýst yfir á fjölmennum fundi sem haldinn var á Ísafirði þann 15. september í haust?

[20:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða mín í þeim efnum er alveg óbreytt. Ég tel að menn eigi að vinna að því að ná samkomulagi um gólf í sóknardagakerfið eins og er. Ég vil að það gólf verði

23 dagar. Ég er tilbúinn til að vinna að samkomulagi um það. Ekki er hægt að fullyrða um það hvar menn næðu saman í þeim efnum, ég get verið tilbúin að fylgja samkomulagi t.d. milli hagsmunasamtaka og ráðherra sem fæli í sér eitthvað lægra gólf ef um það væri samkomulag. Það er skýr afstaða mín í málinu. Hins vegar finnst mér frv. vera svo langt frá því sem við höfum stefnt að að það þurfi að taka verulegum breytingum, að mínu viti, til þess að hægt sé að ætlast til að menn búi við það.

[20:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson velti því fyrir sér hvort tilboðin, eins og hann orðar það, séu jafngild. Að mínu mati eru valkostirnir jafngildir. Þeir eru jafngildir hvað varðar fiskveiðiheimildirnar eða möguleikana til þess að veiða þorsk og það er það sem skiptir máli út frá sjónarmiði fiskveiðistjórnarinnar. Það gildir einu hvort fiskurinn er veiddur í kvótakerfi eða dagakerfi þegar kemur að því að meta stofnstærðina og aflamarkið. Þess vegna er ekki frá neinum tekið því verið er að veiða ekki 209 þús. tonn eins og aflamarkið segir til um heldur 220 þús. tonn plús vegna þess afla sem hér um ræðir og hann hefur alveg sömu áhrif á stofnstærðina innan og utan kvótakerfisins. Því eru þessi tilboð jafngild hvað aflamarkið áhrærir.

Hvað varðar gólfið þá snerist umræðuefnið milli mín og Landssambands smábátaeigenda um það annars vegar að setja gólf í dagana og hins vegar að takmarka sóknina. Hvernig á að takmarka sóknina? Það er ekki eitthvað sem menn geta verið öruggir með. Þess vegna er öryggisákvæðið sett inn í frv. Öryggisákvæðið er miðað við afla fiskveiðiársins 2002/2003. Þá voru menn að veiða á 21 degi. Nú er gert ráð fyrir að gólfið verði 18 dagar á næsta fiskveiðiári og það eru bara þeir sem ekki vilja raunverulega takmarka veiðina með því að setja gólf í dagana sem ekki eru tilbúnir til að fallast á öryggisákvæði sem er þetta miklu hærra en heimildirnar verða með 18 daga gólfinu.

Loks það að ég telji að eiginfjárstaðan batni við að menn velji að fara inn í kvótakerfið. Hv. þm. á ekki að vera neitt hissa á því að ég telji bæði eiginfjárstöðuna og rekstrarstöðuna verða betri í kvótakerfi en í sóknardagakerfi.

[20:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi dagana. Ef að líkum lætur miðað við þetta tilboð munu þeir einir verða eftir í dagakerfinu sem hafa lélega viðmiðun. Þeir hafa ekki veitt mikið á þessu tiltekna fiskveiðiári og þeir mega lítið bæta við sig til þess að verða fyrir viðbótarskerðingu. Þetta ákvæði virkar því í raun og veru mjög fljótt til þess að skerða dagana niður fyrir 18.

Það er auðvitað ekki að undra þótt hæstv. ráðherra segi að eiginfjárstaða manna batni þegar þeir fá svona ríflegan kvóta miðað við það magn sem flotanum er ætlað í lögunum. Kvótatilboðið er svo vel útilátið að það bætir eiginfjárstöðuna. Þegar menn reikna út hvað þeir eru með í verðmætum sem þeir geta selt eru það hærri fjárhæðir en það sem menn reikna út í dag þegar menn reikna verðmæti daganna og sérstaklega þegar verðmæti daganna rýrnar frekar en hitt vegna þeirrar óvissu sem er um framtíð kerfisins að óbreyttu. Það er því alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að menn fá meiri verðmæti í hendurnar með kvótatilboðinu og það er gert vísvitandi til þess að lokka menn yfir í það kerfi.

[20:54]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við þurfum ekki að vera neitt ósammála hvað varðar eiginfjárstöðuna. Það er einfaldlega svo að veiðiheimildir í kvótakerfi eru verðmætari en veiðiheimildir í dagakerfi. Það er bara þannig. Það hefur hins vegar ekkert með magn heimildanna að gera, magnið sem er veitt. Það er alveg það sama. Þess vegna skiptir mig engu máli hvað varðar fiskveiðistjórnina hvort magnið er í dagakerfi eða aflamarkskerfi og að það séu meiri verðmæti hjá fiskimönnunum og útgerðarmönnunum í aflamarkskerfinu. Það skiptir engu máli upp á fiskveiðistjórnina.

Síðan varðandi það sem hv. þm. sagði um þá báta sem hann ímyndar sér að verði eftir. Ég veit ekkert hverjir verða eftir eða hvort einhverjir yfir höfuð fara úr kerfinu, að þeir hafi svo litla viðmiðun og þeir geti ekki bætt við sig. En það sem Landssamband smábátaeigenda hefur verið að fallast á í umræðum við okkur og hefur verið með tillögur um sem hann vitnaði í frá því í fyrra, um vélastærðina og rúllutakmarkanirnar, er einmitt gert til þess að þeir sem hafa veitt lítið að undanförnu bæti ekki við sig því eitt af markmiðunum með málinu, og á það hafa bæði smábátaeigendur og ráðuneytið fallist á, er að ná jafnvægi í veiðarnar þannig að þessi hópur báta sé ekki alltaf að bæta við sig veiðiheimildum ár frá ári. Því er tómt mál að tala um það að þeir sem hafa litla viðmiðun hafi ekki möguleika samkvæmt frv. til að bæta við sig vegna þess að markmiðið er að þeir hafi þá ekki og það er markmið sem Landssamband smábátaeigenda deilir með mér og öðrum sem að þessu hafa komið.

[20:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er býsna mikil leikfimi í röksemdafærslunni hjá hæstv. ráðherra. Málið er mjög skýrt. Menn ætluðu að setja gólf og það er ekkert gólf. Það þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Menn ná ekki markmiðinu eða er það ekki markmið ráðherrans að setja gólf? Frv. ber ekki annað með sér en að það hafi aldrei verið markmið ráðherrans að setja gólf og hann náði ekki samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda eins og að var stefnt og verkefni hans var. Hvers vegna skyldi það vera? Vegna þess að það er ekkert gólf. Og þegar menn ná ekki meginmarkmiðinu sem að er stefnt er ekki von að menn nái saman. Hæstv. ráðherra þarf einfaldlega að gera betur. Ég tel að hann hefði átt að reyna betur í þessum efnum.

Ég vil svo segja af því að ég hafði ekki tíma áðan til að svara fyrsta atriðinu sem hæstv. ráðherra var með í fyrra andsvari að það er auðvitað mikill munur á því hvort sú veiði sem dagabátarnir í dag eru með á síðustu árum er eins og það er gert eða hvort menn færa það inn í kvótakerfið og færa veiðiheimildir á milli útgerðarflokka eins og stendur til með þessu frv. Það er frá öðrum tekið, hitt er það ekki. Alveg eins og línuívilnun var sett þannig inn að hún er dregin frá aflamarki aflamarksskipa en hins vegar er hafróaflinn og annað slíkt ekki dregið frá neinu því það er afli sem er utan við það sem ákvarðað er til aflamarks. Hæstv. ráðherra veit að það skiptir auðvitað sköpum varðandi það hvort friður er um niðurstöðuna eða ekki hvort menn rýra veiðiheimildir annarra báta á móti veiðiheimildum þeirra sem verið er að laga málin fyrir.

[20:58]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Frumvarp hæstv. sjútvrh. um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, byggir á því að leyfilegum sóknardögum sóknardagabáta fækkar um 10% á næsta fiskveiðiári og miðað við viðmiðunarfjölda sóknardaga á yfirstandandi fiskveiðiári fækkaði þeim úr 19 í 18 daga.

Meginbreytingin er sú og ber sérstaklega að fagna henni að nú er útgerðum báta með dagatakmörkun sem hafa leyfi til handfæraveiða gefinn kostur á að stunda veiðar og fá veiðileyfi með krókaaflamarki. Í frv. er gerð grein fyrir hvernig reiknigrunnur er fundinn út með tilliti til aflareynslu hvers báts í þorski og ufsa á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003. Reiknigrunnur hvers báts í krókaaflahlutdeild byggir á viðmiðunarreynslu hans og teljast 80% af upp að 50 lesta reynslunni og 60% af því sem umfram er og er miðað við óslægðan fisk.

Virðulegi forseti. Þá er einnig tekið tillit til þeirra sem hafa lítið veitt. Lágmark er sett og skal reiknigrunnur í þorski aldrei vera lægri en 15 lestir miðað við óslægðan fisk. Andstæðingar þess að gefa útgerðum handfærabáta sem eru með dagatakmarkanir möguleika á að fara í aflamarkskerfið segja að nú sé verið að færa mönnum einhvern gjafakvóta. Það er mjög ósanngjarnt og gerir ekkert annað en skapa tortryggni í garð þessara manna. Sóknardagakerfið býður upp á að hægt er að kaupa og selja sóknardaga, þ.e. þeir eru framseljanlegir, og er það ekki ólíkt þeirri þróun um viðskipti sem er í stóra kerfinu. Verið er að gefa þessum aðilum tækifæri að velja um hvort þeir vilji sóknardaga eða fara í krókaaflahlutdeild í þorski og ufsa á næsta fiskveiðiári.

Í áranna rás hefur verið mikill ágreiningur um sóknardagabáta og hefur mest borið á því fyrir alþingiskosningar hverju sinni. Vonandi linnir þessum ágreiningi ef þetta frumvarp nær fram að ganga. Fiskistofa hefur út frá forsendum frumvarpsins reiknað út hver valkostur hvers báts er miðað við aflamark og ef við skoðum hvernig sú skipting er í óslægðum þorski, virðulegi forseti, þá fá 55 bátar 15 tonn, 66 bátar fá úthlutað á bilinu 15–25 tonn, 75 bátar fá úthlutað á bilinu 25–35 tonn, 52 bátar fá úthlutað á bilinu 35–45 tonn, 29 bátar fá úthlutað á bilinu 45–55 tonn, 11 bátar fá úthlutað á bilinu frá 55–65 tonn og 4 bátar eru með meira en 65 tonn. Þetta eru 292 bátar með 8.800 tonn sem er tæplega 31 tonn á bát að meðaltali.

Virðulegi forseti. Í áranna rás hefur verið mikill ágreiningur um sóknardagabáta og hefur mest borið á því fyrir kosningarnar eins og ég sagði. Ég tel þetta frumvarp skapa tækifæri til að ná meiri sátt í þessum hluta fiskveiðistjórnarkerfisins. Ég fagna því jafnframt að ekki er gefinn kostur á því að selja sig út úr þessu kerfi, það er að þeir stóru gætu keypt aflamark þeirra minni. Það er mjög mikilvægt.

Ég skal viðurkenna að ég hefði viljað hafa þennan valkost skýrari. Þar á ég við það að miðað við þann fjölda eigenda skipa sem hafa valkosti gilti sú regla að ef 60–65% þeirra sem velja annan valkostinn frekar en hinn þá væri það niðurstaða fyrir alla. Þá kæmi í ljós hvort við ætlum að vera áfram í sóknardagakerfinu eða færa alla þessa aðila yfir í krókaafla að hluta til. Með því lokuðum við þessum ágreiningi og sköpuðum töluvert meiri vinnufrið hjá þessum aðilum, svo og stjórnmálamönnum.

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að þegar maður kemur úr sjávarplássi þar sem útgerðarfyrirtæki hafa lagt mikið undir og verið í aflamarkskerfinu hafa veiðar smábáta alltaf verið að taka meira til sín og skerða hjá þeim sem eru í stærra kerfinu. Í sóknardagakerfinu árið 1998/1999 voru 5.575 tonn veidd af þorski, 1999/2000 6.914, 2000/2001 8.437, 2001/2002 12.424 tonn og 2002/2003 11.009 tonn.

Það hafa margir dagakarlar, eins og þeir nefna sig þegar þeir kynna sig, hringt í mig eða sent mér tölvupóst ásamt því að ég hef fengið senda undirskriftarlista um 100 eigenda dagabáta þar sem þeir hafa hvatt til þess að fá umræðu um málefni sóknardagabáta á þeim forsendum að fara í svokallað kvótakerfi í stað sóknarstýringar. Eftir að hafa kynnt mér þessi mál og þær forsendur sem þeir leggja fram tel ég það vera sanngjarna kröfu og frumvarp sem hæstv. ráðherra leggur fram býður fram þann valkost. Þetta snýst um atvinnuöryggi 400–500 fjölskyldna og tryggir að hægt sé að byggja á þessu til framtíðar og gera áætlanir í samræmi við það. Þó svo að kvóti þessara aðila verði minni en þeir hafa verið að veiða þá eru margir kostir sem hjálpa til að vega upp þann mismun. Má þar nefna að hjá mörgum er lausafjárstaðan mjög erfið, enda er mikil óvissa um úthlutun sóknardaga á hverju ári. Í sóknardagakerfinu mega dagabátar einungis róa frá 1. apríl til 31. október ár hvert. Með því að fara í kvótakerfið geta þeir aðilar sjálfir ákveðið hvenær og hvert þeir sækja fisk í sjó.

Með því að stjórna sinni sjósókn sjálfir geta þeir valið stærri og betri fisk með því að veiða á öðrum árstíma og fengið þannig hærra verð sem vegur töluvert þungt þegar borinn er saman mismunur annars vegar á veiði síðastliðinna ára og úthlutunar á krókaaflamarki. Það er líka staðreynd að það tekur oft meiri tíma að sækja betri fisk en stunda veiðar á smáfiski yfir sumartímann. Gæði smáfisksins eru ekki sambærileg og töluvert meira er af ormi í smáfiski.

Réttilega hefur verið bent á að minna komi af fiski yfir sumartímann með þessum breytingum og það er líklega rétt að mínu mati. Aftur á móti er verið að skapa mikil aflaverðmæti og meira gæðahráefni en er í dag ef þessar breytingar ná fram að ganga. Þróun á veiðum sóknardagabáta hefur verið með þeim hætti að veidd hafa verið upp í 12 þúsund tonn af þorski á einu ári eins og áður hefur komið fram.

Virðulegi forseti. Í frumvarpi hæstv. sjávarútvegsráðherra eru settar reglur um leyfilegan fjölda handfærarúlla um borð í hverjum bát og breytingar á vélum báta sem leiða til aukningar á vélarafli í hestöflum og hafa áhrif á fjölda sóknardaga. Það er staðreynd að fjöldi handfærarúlla um borð í báti og ganghraði hans skiptir veigamiklu máli fyrir aflagetu hans. Ef engar takmarkanir verða settar er ljóst að það þarf að fækka dögum enn frekar ef við ætlum að vera áfram í sóknardagakerfinu því þessir bátar eru margir orðnir það öflugir að þeir munu einungis skerða veiðar þeirra minni og aflvana þar sem töluverður hluti af tíma þeirra fer í siglingu til og frá þeim fiskimiðum sem þeir róa á.

Virðulegi forseti. Í sjávarútvegsnefnd hefur þingmannafrumvarp um gólf á sóknardögum ekki verið tekið til afgreiðslu þar sem von var á frumvarpi frá hæstv. sjávarútvegsráðherra. Það er ljóst miðað við þær umræður sem ég hef orðið var við á þingi að ágreiningur er um þetta mál. Einhverjir hefðu viljað á gólf og eingöngu sóknartakmarkanir. Aðrir viljað breytingar og setja alla þessara dagabáta í kvóta. En hæstv. sjávarútvegsráðherra fer bil beggja í þessum málum.

Ég er einn af þeim, eins og áður hefur fram komið í ræðu minni, sem vildu sjá alla dagabáta í aflamarki og trúi ekki

öðru að ef stærri hluti þeirra aðila sem gera út dagabáta vilja fara þá leið þá fái þeir sterkt bakland Landssambands smábátasjómanna til þess að svo geti orðið því þeir eiga að vinna að hagsmunum sinna manna í félaginu.

Virðulegi forseti. Ég hef einnig orðið var við að töluverður ágreiningur er af hálfu LÍÚ um frumvarpið og það er ekkert óeðlilegt þegar við skoðum sögu og þróun veiða smábáta. Vonandi verður hægt að vinna þetta mál faglega og við erum skyldug að taka mest tillit til þeirra aðila sem eru í þessari atvinnugrein en þó með þeim takmörkunum sem setja þarf um veiðar úr þorskstofninum.

Við ræðum mikið um kostnað við hafrannsóknir og eftirlit. Er hægt að hagræða og spara á einhverju sviði og jafnvel auka fjárframlög sem því nemur í enn meiri hafrannsóknir? Það er mitt mat að ef við færum með alla sóknardagabáta í aflamarkskerfi þá væri hægt að spara töluvert. Það er dýrt að vera með tvö kerfi. Við það gæti því skapast nokkur sparnaður. Með tvískiptu kerfi hefur skapast mjög mikill ágreiningur milli útgerðarhópa og við stjórnmálamenn höfum einnig komið töluvert inn í þær deilur og oft skapað meiri vandræði en minni. Allt of oft hefur orðið að bregðast við með sértækum aðgerðum.

Af framansögðu er ljóst að breytingar hæstv. sjávarútvegsráðherra eru byggðar á framtíðarsýn og styrkingu núverandi fiskveiðistjórnarkerfis, það er aflamarkskerfis.

Virðulegi forseti. Í fyrramálið er fundur í sjávarútvegsnefnd. Þar munu fulltrúar Fiskistofu og sjávarútvegsráðuneytisins mæta og fara yfir frumvarpið. Þar munu jafnvel liggja fyrir upplýsingar um fjölda skipa miðað við heimahöfn, löndun í hverri höfn og vinnslu í hverri höfn þannig að það eru mjög gagnlegar upplýsingar sem þar liggja fyrir og mjög athyglisverðar.

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra sem við erum að fjalla um verði afgreitt nú á þessu þingi sem senn fer að ljúka. (**Gripið fram í:** Heldurðu það?) Ég vona það.

[21:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál snýst ekki eingöngu um þá sem eru fyrir í kerfinu. Mig langaði að beina þeirri spurningu að formanni sjávarútvegsnefndar þingsins hvort það muni auðvelda nýliðun að breyta þessu í kvótakerfi.

[21:07]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu kerfi í dag eru 292 bátar. Það er þannig með nýliðun að aðilar eru að kaupa sóknardaga. Það er engin breyting þar á. Það verður verðmyndun líka á aflaheimildum eins og er í öðru kerfi þannig að ég sé ekki að nein breyting verði á því. Menn þurfa náttúrlega að hafa hluta af eigin fé þegar þeir fara í fjárfestingar og bakland síns banka þegar menn fjárfesta og það er grunnur að nýliðun.

[21:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta svar stangast á við það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði. Hann sagði að þetta muni hækka eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og það verður mun erfiðara að komast inn í greinina. Telur fulltrúi Sjálfstæðisflokksins það ekki vera alvörumál? Ég hélt að þetta kerfi væri nógu lokað. Ég hefði talið að menn ættu að reyna að tryggja nýliðun í sjávarútvegi. Hefur formaður sjávarútvegsnefndar engar áhyggjur af því?

[21:08]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kerfið er lokað í dag með 292 bátum. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Það er dýrara að komast inn.) Það getur verið dýrara að komast inn og (Gripið fram í.) það getur líka verið jafnspennandi að komast inn. Þetta styrkir þennan rekstur. (Gripið fram í.) Ég sagði frá því, og ég veit að það er rétt, að lausafjárstaða þessara aðila er mjög slæm og þeir eiga margir erfitt í þessari grein. Það er hægt að búa til meiri verðmæti en eru í dag. (**Gripið fram í:** Við erum að tala um nýliðun.) Menn eru að landa og veiða á sumrin þegar verðið er töluvert lægra. Það er hægt að taka til í rekstrarkostnaði líka með því að stýra þessu sjálfir og veiða á öðrum tíma ársins. Möguleikarnir eru miklir. Það þarf að vega upp ákveðinn mun. Ég tel að þetta sé langtum meiri styrkur til lengri tíma litið. Menn geta gert langtímaáætlanir. Það er alveg ljóst. Aðilar eru líka með þessu að lækka vaxtakostnað. Þetta er staðreynd sem liggur fyrir.

[21:09]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var alveg með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formann sjávarútvegsnefndar flytja ræðu sína. Ég trúði varla mínum eigin eyrum. Hann sagði að þessi breyting mundi leiða til aukinnar sáttar. Sáttar um hvað? Hefur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjávarútvegsnefndar, ekki lesið þær umsagnir sem hafa borist nefndinni um frumvarp Frjálslyndra flokksins og Vinstri grænna um að setja 23 daga gólf, um að staðið yrði við loforðin, dýru loforðin úr kosningabaráttunni frá þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, ekki síst í Norðvesturkjördæmi? Hefur formaðurinn ekki lesið þessar umsagnir? Þær eru nánast einróma frá félögum trillukarla allt í kringum landið og hagsmunasamtökum þeirra og snúast um það að þeir styðja þetta frumvarp. Þeir styðja 23 daga gólf og vilja ekkert annað. Svo er verið að tala um að það verði einhver sátt. Heyr á endemi! Ég held líka að hv. þm. ætti að kynna sér ályktanir Landssambands smábátaeigenda síðustu mörg undanfarin árin.

Einróma, hæstv. forseti, allt í kringum landið eru trillukarlar sammála um að verja beri gólf fyrir dagabátana og að þetta gólf eigi helst að vera 23 dagar. Síðan eru aðrar óskir, til dæmis þær að menn fái að haga sókn sinni eftir eigin höfði og þeir fái að róa allan ársins hring ef þeir kæra sig um. Ég tel að ef farið yrði eftir þessum óskum frá því fólki sem hefur atvinnu sína og lífsviðurværi af þessum bátum mundi nást sátt. Ástæðan fyrir því að aldrei hefur náðst nein sátt um þetta er sú að það hefur verið mjög mikil óvissa í kringum rekstur þessara báta. Hverjum skyldi það nú vera að kenna, hæstv. forseti? Jú, það er hæstv. sjávarútvegsráðherra sem ber fyrst og fremst ábyrgð á því og síðan er það ríkisstjórnin. Flóknara er það ekki.

[21:11]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson spyr hvað ég væri að meina með sátt við fiskveiðistjórnarkerfið. Ég segi: Ég vil fá að sjá alla í aflamarkskerfinu. Það er ekki flókið.

Þú sagðir að komið hefðu góðar umsagnir um frumvarp ykkar. Það var mjög einfalt. Þar var bara valkostur um 23 daga. Núna eru tveir valkostir í þessu frumvarpi. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson segir að allir vilji þetta. Þá segi

ég: Eigum við þá ekki bara að una niðurstöðu þeirra aðila sem eru í kerfinu? Þeir kjósa um það. Það getur vel verið að það komi aðrar umsagnir þegar reynir á mennina sjálfa. Landssambandið er kannski á móti þessu og hefur tilkynnt okkur það. En það er 292 aðilar í þessu kerfi. Erum við bara ekki sammála um það, ég og þú, að ef meiri hlutinn kýs (Forseti hringir.) þá unum við þeirri niðurstöðu?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann og þingmenn um að ávarpa forseta en ekki hverjir aðra í þingsal.)

Já.

[21:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ekki hefur náðst sátt er einfaldlega sú að þessum litla flota, þessum svokallaða dagaflota sem er aðeins að veiða í kringum 10 þúsund tonn á ári, hafa ekki verið tryggð rétt rammaskilyrði, stöðug rammaskilyrði og óvissu um framtíð hans eytt. Um það snýst málið.

Svo er annað. Umsagnir þær sem hafa borist eru mjög samhljóma frá trillukörlum allt í kringum landið. Ályktanir Landssambands smábátaeigenda eru líka mjög samhljóma. Er hv. þm. Guðjón Hjörleifsson að fullyrða að félög smábátaeigenda allt í kringum landið, forsvarsmenn þeirra og síðan forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda, séu ekki að vinna í umboði félagsmanna sinna, vinna þau störf og gæta þeirra hagsmuna sem þeir voru kosnir til? Hvers konar málflutningur er þetta?

[21:13]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég sagði að gefin hefði verið umsögn um eitt frumvarp með 23 daga. En það er ekkert verið að ræða það í dag. Nú er verið að ræða frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra og þar eru tveir valkostir. (**Gripið fram í:** Umsagnirnar fóru í ...) Eitt er það að stjórnir félaga gefa umsagnir. Svo eru það þeir sem eru í þessu kerfi og vilja þessar breytingar. Kannski verður niðurstaðan sú að fleiri vilja sóknardaga. Þá er það niðurstaða, ef fleiri vilja fara í aflamarkskerfið. Af hverju ekki að gefa þeim tækifæri til að velja? Af hverju ætlum við að stýra þessu héðan með einhverju afli? Við förum yfir frumvarpið. Þar liggja fyrir tveir valkostir og 292 aðilar kjósa. Hvert verður hlutfallið? Við unum þeirri niðurstöðu þegar hún liggur fyrir. (**MÞH:** Varst þú ekki kjörinn á þing til að semja lög?) Ég er sáttur við þetta frv.

[21:14]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Fyrst vil ég segja að hið umrædda val í frumvarpi hæstv. sjávarútvegsráðherra er ansi bágborið því að í fyrsta lagi er ekki sett gólf í því vali þegar dagabátasjómenn velja sér áfram sóknarmark heldur er talan 18 sett inn. Hún er í dag 19 og ekkert gólf er sett á þar að lútandi. Í öðru lagi eru takmarkanir á handfærarúllum og svo framvegis.

Ég vil spyrja hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hvort hann hafi skoðað — ég heyrði hann minnast á það í ræðu sinni áðan að viðbætur í heildarafla til handa smábátamönnum dragast náttúrlega af kvóta þeirra sem eru í stóra kerfinu og þá mikið til af kvóta útgerðarmanna í Vestmannaeyjum sem jafnan eru með stór skip og stóra báta. Telur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson það heilaga reglu að fiskur sem veiðist í reit númer eitt þurfi endilega að dragast af fiski sem er veiddur í reit númer tvö?

Til að skýra þessa spurningu betur þá er það svo að í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á kerfi smábátasjómanna þá reiðir LÍÚ sverðið til höggs og reynir að vega að þeim breytingum sem um er að ræða. Ástæðan er einföld og í raun skiljanleg því að í hvert skipti sem aukning verður hjá annars mjög arðbærri útgerð smábátasjómanna þá minnkar heildarþorskvóti Íslendinga og þeir tapa á því. Þess vegna finnst mér það grundvallarmisskilningur í ráðuneytinu að halda að fiskur sem er veiddur í reit númer eitt þurfi endilega að dragast af fiskum sem eru veiddir í reit númer tvö. Hefur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson velt þessu fyrir sér?

[21:16]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef við skoðum söguna og þróun þessara veiða þá sagði ég að frá 1999 hefði þessi afli farið úr 5.500 tonnum í 12.400, sem er besta árið, en var 11.009 á síðasta ári. Hæstv. ráðherra sagði að ef þetta færi í aflamark þá færi aflamarkið úr 209 þúsund tonnum í 220 þúsund tonn þannig að við erum að setja þetta í einn heildarpott. Það sem gerist með breytingunni er að prósentuhlutfall hjá smábátamönnun hækkar, það lækkar hjá þeim stóru, en miðað við að þetta sé sami afli upp úr sjó í tonnum. Það er engin breyting. Þetta reiknast sem ein heild. Það er bara þróunin, 5.500 tonn í 12.400 tonn á þremur árum sem kallar á viðbrögð.

[21:17]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson svaraði ekki spurningu minni. Ég held að hann hafi ekki skilið hana. Það er einu sinni svo í störfum Hafrannsóknastofnunar Íslands sem leggur til gögn og tekur í raun ákvörðun með sjútvrh., þó kannski eingöngu sjútvrh., um heildarafla á þorski á Íslandsmiðum, að þá eru 5 eða 10 þúsund tonn til eða frá í þessu kerfi orðnar ansi litlar tölur í samanburði ef við tökum dæmi. Ég var frystitogarasjómaður í fjögur ár. Á frystitogurum er til að mynda verið að vinna þorsk á Bretlandsmarkað, roðlausan með beini. Ákveðinn nýtingarstuðull er tekinn fyrir en nýtingin er í raun 5–6% minni eins og allir sem til þekkja vita. Gefum okkur það að frystitogarar hér við land séu að veiða 100 þúsund tonn af þorski og það sé 5–6% munur á nýtingarstuðli Fiskistofu og raunnýtingu á þeim afla sem kemur upp úr skipinu. Þá eru það 5.000–6.000 tonn. Þetta skiptir ekki máli þegar verið er að finna út úr því hvað við eigum að veiða mikið af þorski á hverju fiskveiðiári. Það er ekki horft á þessar breytur. Til að mynda er ekki einu sinni horft til áætlaðs brottkasts sem menn vita ekki einu sinni hvað er mikið. Þess vegna finnst mér ótrúlegt að í hvert skipti sem þessi litli floti sem dagabátasjómenn eru berst fyrir rétti sínum og lífsviðurværi, hvort sem það eru 2, 3, 4 eða 5 þúsund tonn til eða frá, að það sé grundvallarregla að fiskur í reit einum skuli dragast af fisk í reit tvö. Því verð ég að beina þeirri spurningu aftur til hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar: Telur hann það rétt í ljósi þeirra óljósu veiða (Forseti hringir.) sem í raun eru hjá frystitogaraflota landsins og víða annars staðar?

[21:19]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við erum komin mjög djúpt í umræðuna í andsvörum að fara að ræða um málefni frystitogara en ég ætla að segja að miðað við þær breytingar sem eru að gerast þá fara þessar aflaheimildir í 4,8% af heild. Það er alveg ljóst. Og talandi um brottkast, að það verði langtum

meira, þá er alveg ljóst að miðað við þá niðurstöðu sem liggur fyrir — við verðum líka að treysta sjómönnunum, þeir eru líka ákveðnir eftirlitsmenn fyrir okkur (Gripið fram í.) — hefur brottkast á síðustu þremur árum minnkað töluvert. (Gripið fram í.) Við getum alveg tekið fyrir veiðar annarra báta, frystitogara og netabáta og rætt um nýtingu. Við vitum líka nákvæmlega hvernig nýtingin er og hvað er hagstæðast að gera. Það er staðreynd. Við getum tekið hvern einasta bát (Gripið fram í.) fyrir í því. Við vitum líka að aflaverðmæti á þessum tíma er lágt. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Við skulum leyfa hv. þm. að ljúka ræðu sinni.)

Netabátar og trollbátar eru með töluvert meira aflaverðmæti en smábátar á þessum tíma. Þess vegna vilja þeir ná betri nýtingu á hærra verði til að geta rekið þá eins og menn í betra rekstrarumhverfi.

[21:20]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins og oft áður þegar við ræðum frumvörp eða þáltill. sem tengdar eru sjávarútvegi þá tala menn af mikilli tilfinningu og oft og tíðum vilja málefnin skolast að einhverju leyti til en þó er eitt alveg ljóst af þeim umræðum sem farið hafa fram í dag og þarf enga meðalgreind til að gera sér grein fyrir því að um það frv. sem hér hefur verið lagt fram eru ákaflega skiptar skoðanir, bæði í þingsal og milli þeirra aðila sem stunda þær veiðar sem hér er um að ræða og annarra sem hafa tjáð sig um frv. eins og það liggur frammi.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum þegar hann sá þetta frv. hæstv. sjútvrh. og er hann kannski ekki sá eini sem orðið hefur fyrir vonbrigðum með það því ég verð að lýsa því líka fyrir mína hönd að þegar ég sá frv. varð ég einnig fyrir vonbrigðum. Það kom fram í máli hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar, formanns sjútvn., að legið hefði fyrir ansi lengi eða frá því á haustdögum þingmannafrv. um bátana í sóknarkerfinu og að það frv. snerist um að setja gólf í svokallað dagakerfi. Hann hefði ekki treyst sér til að taka það frv. fyrir í sjútvn. vegna þess að von væri á frv. frá hæstv. sjútvrh. og höfum við í raun beðið eftir því alveg frá því snemma á haustdögum á síðasta ári. Okkur var tjáð að hæstv. sjútvrh. væri að semja við Landssamband smábátaeigenda og væri að reyna að ná einhverri sátt í málinu og hann mundi síðan koma með niðurstöðu sína í þingið og eins til hv. sjútvn. þegar hann hefði náð samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um það frv. sem hér er lagt fram er ekki sátt við Landssamband smábátaeigenda. Þeir hafa sagt sjálfir að um það sé ekki samkomulag og þessar tillögur geri út af við það sem við þekkjum sem dagakerfi.

Það eru einnig skiptar skoðanir milli varaformanns og formanns sjútvn. og það er kannski ekki oft þegar mál eru lögð fram af hæstv. ráðherra að við upplifum það að formaður í nefnd eins og sjútvn. og varaformaður í sömu nefnd séu algerlega á öndverðum meiði um efni frv. sem lagt er fram. (**Gripið fram í:** Það gerist nú algengara.) Það er því alveg ljóst að það er talsverð vinna fram undan í sjútvn. við að reyna að samræma sjónarmið stjórnarflokkanna til að byrja með og svo ekki síður að samræma sjónarmið þeirra, þegar búið er að samræma þá tvo, við sjónarmið okkar. Ég held því að við horfum fram á það að þetta komi til með að taka talsvert langan tíma og það getur vel verið að það komi engin niðurstaða í frv. úr sjútvn. áður en við förum í sumarfríið sem dregst reyndar frá degi til dags og frá viku til viku.

Hvað er það sem við erum að velta fyrir okkur þegar við sjáum þetta frv.? Ég verð að segja eins og er að ég hef haft helgina til að kynna mér frv. Ég varð fyrir vonbrigðum með efni þess og ég varð líka fyrir vonbrigðum þegar ég heyrði að sjútvrh. var að kynna frv. um sóknarkerfið og dagabátana á fréttamannafundi úti í bæ áður en það var lagt fram á þingi þannig að við þingmenn og sjávarútvegsnefndarmenn gætum kynnt okkur efni þess áður en það færi í fjölmiðla. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir miður að við skulum upplifa það varðandi mál sem hefur tekið jafnlangan tíma í umræðu og við höfum verið að bíða jafnlengi eftir og raun ber vitni, þingmenn og sjávarútvegsnefndarmenn, að heyra það fyrst á fréttamannafundi í fjölmiðlum um hvað frv. snýst áður en það er lagt fram í þingsölum. Kemur þetta kannski aðeins inn á virðingu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi eins og við höfum upplifað það undanfarnar vikur og sérstaklega undanfarna daga.

En að því slepptu, hvað sjáum við í frv. þegar það kemur loks fram? Þetta er ekki, eins og komið hefur fram, frv. um gólf í dagabátakerfi. Hér er verið að bjóða mönnum tvo kosti, tvo jafngilda kosti, segir hæstv. sjútvrh. Það þarf ekki að lesa lengi til að gera sér grein fyrir því hvað hér er verið að bjóða. Annars vegar er verið að bjóða aðila sem er að velta fyrir sér að byggja hús eða kaupa hús að hann geti fengið einbýlishús á sjávarlóð í föstu skipulagi og húsið getur alltaf gengið kaupum og sölum og mikið af seljendum og kaupendum og hins vegar er verið að bjóða honum kofa með moldargólfi eða engu gólfi í óskipulögðu hverfi sem hann getur hugsanlega átt von á að verði minnkaður frá ári til árs ef hann er svo vitlaus að velja kofann.

Auðvitað er alveg stórundarlegt að hlusta á hæstv. sjútvrh. þegar hann stendur í pontunni og segir: Að sjálfsögðu erum við að bjóða tvo jafngóða kosti. Hæstv. ráðherra kemur upp í andsvar og spilar sig nánast heimskan þegar hann er spurður út í sín eigin ummæli um eiginfjárstöðu fyrirtækja fyrir og eftir ef þau velja kvóta. Að sjálfsögðu skilur hæstv. ráðherra nákvæmlega um hvað málið snýst. Annars vegar er verið að bjóða mönnum það sem hægt er að líta á sem „varanlega eign" sem getur gengið kaupum og sölum, nánast eins og peningaseðlar eða verðbréf, og hins vegar er verið að bjóða mönnum heimild til að fara út á sjó og ná í fisk þó með því fororði að dögunum geti fækkað verulega milli ára og ekkert lágmark þannig að dögunum gæti fækkað og enginn veit fyrir fram hvar þeir mundu enda.

Það er því alveg ljóst þegar hæstv. sjútvrh. leggur fram þetta frv. að honum er eitt í hug. Honum er það í hug að bjóða mönnum einn kost til að reyna að koma til móts við þá sem hafa verið að tala um gólf í dagabátakerfið, sumir þeirra í hans eigin flokki. Við skulum ekki gleyma því að hv. þingmenn Norðvest. hafa flestallir talað um það í sölum Alþingis að setja þurfi gólf í dagabátakerfið, ekki verið að tala um kvóta þar, þannig að þau sjónarmið eru uppi innan flokks hæstv. sjútvrh. Við heyrðum varaformann sjútvn. úr Framsfl. lýsa sjónarmiði sínu hér og við höfum heyrt sjónarmið fleiri framsóknarmanna sem ganga í sömu átt þannig að hæstv. ráðherra er í raun að reyna að gera það sama og hann gerði með línuívilnunina. Hann er að snasa þá sem hafa verið að kalla eftir þessu með því að leggja fram tillögur sem ganga alls ekki í þá átt sem menn eru að biðja um, en þeir standa frammi fyrir einhverju frv. sem kallað er dagabátafrumvarp

og þar er boðið upp á að menn haldi áfram í sóknarkerfi. Við getum ekki þrætt fyrir það, það er boðið upp á það þó að sá kostur sé, eins og ég sagði, kofinn á móti einbýlishúsinu þegar verið er að bjóða. Það er því ekkert val.

Ef frv. fer í gegn eins og það er sett fram þýðir það endalok sóknarkerfisins. Það þýðir endalok dagabátanna. Það þýðir að allir bátar fara í kvótakerfi og þeir bátar sem hér um ræðir, þeir 292 bátar, fara allir í krókaaflakerfið.

Við getum spurt: Er það svo slæmt? Ég hef ekki myndað mér endanlega skoðun á því hversu slæmt eða gott það er. En það er alveg ljóst að gerist það horfum við fram á verulegar breytingar á sóknarmunstri þeirra báta og við horfum fram á talsvert miklar breytingar á því hvernig þeir ná í sinn afla, hve mikill sá afli verður og hvar honum verður landað og hvar hann verður unninn. Það getur vel verið að það sé ekkert sniðugt að vera með slíkt kerfi að þeir sem eiga smábáta flykkist vestur yfir sumarið, reyni þar eins og þeir mögulega geta að ná í sem flest tonn á sem skemmstum tíma, þurfa að fara burt frá fjölskyldum sínum og lifa í verbúð í þorpi vestur á fjörðum til þess að reyna að hámarka afkomu sína. Það getur vel verið að þetta sé ekki sniðugt kerfi. En þessir sóknardagar eru kerfið sem við höfum núna og við eigum þá bara að segja eins og er, ef við erum að bjóða mönnum upp á það eða setja mönnum stólinn fyrir dyrnar um að halda áfram í því kerfi, og segja við þá: Þið þurfið að fara í kvóta. Við eigum þá bara að segja það. Við eigum ekki að sigla undir fölsku flaggi og setja fram tvo valkosti þar sem auðsjáanlega gengur ekki að velja annan kostinn. Það er þá miklu hreinna að segja bara: Allir þessir bátar fara í kvóta.

Annað sem mig langar að tala aðeins um í frv. er 10. maí. Áður hefur verið talað um 10. maí í umræðunni og það er sú dagsetning sem miða skal við þegar verið er að velta fyrir sér vélarstærð báta. Ég held að við hljótum að velta því fyrir okkur, eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að við gætum verið eða erum örugglega að setja afturvirk lög með þessum hætti vegna þess að þeim mönnum sem gerðu smíðasamning eða samning um að breyta vél í bát sínum fyrir nokkuð mörgum mánuðum síðan gat alls ekki verið ljóst á þeim tíma að það þyddi að dagarnir þeirra mundu skerðast ef þeir ætluðu í það kerfi. Við hljótum að velta því fyrir okkur í fullri alvöru í sjútvn. með hvaða hætti við getum komið til móts við þá aðila sem svo er ástatt um því að það er ekki mönnum bjóðandi að setja lög þar sem menn hafa verið að vinna við fyrirtæki sitt í góðri trú og gera það eins vel og þeir mögulega geta og fá svo, eins og hv. þm. Kristján Möller sagði í umræðunni, ríkishramminn í höfuðið algerlega án þess að geta nokkuð borið hönd fyrir höfuð sér eða vitað að hrammurinn sé á leiðinni. Ég vil ekki segja reglustrika heldur ríkishrammur.

Hvað þýðir það ef frv. verður að lögum og bátarnir fara allir að velja kvótann? Hvað þýðir það? Það kom fram áðan að þetta væru 292 bátar. Það eru eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, sem mér þætti vænt um að sjá framan í, 55 bátar sem fengju lágmarkið sem verið er að bjóða í kvótanum, 15 tonn. Hvaða bátar eru það? Að einhverju leyti geta það verið bátar sem einhverra hluta vegna náðu ekki stærri viðmiðun á þeim árum sem miðað er við en að mestu leyti má reikna með að þetta séu það sem sumir hafa viljað kalla hobbíkarlar. Það má reikna með að þetta séu tiltölulega vanbúnir bátar sem hafa verið að sækja meira í sportveiði yfir sumarið en í alvöruveiði og séu með aflareynslu upp á kannski 4 til 8 tonn en tilboð hæstv. sjútvrh. til þeirra er að þeir fái 15 tonna kvóta. Það þýðir fyrir þessa aðila, marga hverja, þó að þetta séu bara 15 tonn að þetta er gott tilboð vegna þess að það sem þeir gera og hljóta að gera er einfaldlega að halda áfram sínu hobbíi að fara út á sjó yfir sumarið og ná í 4, 5, 6 tonn en þá selja þeir líka frá sér 8, 9, 10 tonna rétt eftir að þeir eru komnir inn í þetta kerfi og með því að selja frá sér 10 tonna rétt eru þeir að hafa í kringum 7 millj. fyrir það í varanlegu krókaaflamarki, en halda samt sem áður áfram að gera nákvæmlega það sama og þeir hafa verið að gera. Með því að ríkið ákveður að setja þessi lög færir það þessum aðilum 6, 7, 8 millj. í vasann og þeir halda áfram að gera nákvæmlega það sama og þeir hafa gert hingað til.

Hvað gerir þetta fyrir þá sem hafa veitt mest? Það eru ekki margir bátar. Það eru sex bátar sýnist mér sem fengju yfir 65 tonna viðmiðun. Sá sem fengi mest fengi 93 tonn. Það er alltaf gott að velta fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur í praxís. Það er enginn vandi að fara yfir lagatexta og lesa hann fram og til baka og halda að maður viti hvað hann þýðir, en best er að setja hann í praxís. Hvað þýðir það fyrir þá sem starfa undir þeim lögum sem við erum að setja?

Sá bátur sem hefur mestu reynsluna og fengi hæsta krókaaflamarkið, 93 tonn, er kominn þarna með varanleg verðmæti, ígildi peningaseðla, ígildi skuldabréfa sem tryggur greiðandi er að upp á 72–73 millj. kr. Í dag eru menn í sóknarkerfi og dagarnir eru ekki verðlausir, ég geri mér fulla grein fyrir því, 18 dagar á því verði sem þeir hafa verið að ganga í kaupum manna í millum á 900 þús. til ein milljón. Ef við reiknum 950 þús. á daginn eru 18 dagar í kringum 17 millj. kr. Það er svo einfalt. En hvers virði eru dagar í því kerfi sem hæstv. sjútvrh. er að bjóða upp á? Hvers virði eru dagar þegar þeir eru búnir að velja sig út úr kerfinu sem það vilja gera og einhverjir aðrir bátar einhverra hluta vegna, vegna vandræða sem þeir hafa lent í eða vegna þess að þeir geta ekki valið sér kvóta út úr kerfinu og séu einfaldlega komnir á hausinn strax og reyna að hanga inni í kerfinu með þá von eins og hingað til hefur oft gerst að með því að vera í slíku kerfi geti menn kannski samið seinna um að fá aðeins meira og aðeins meira og svo endað með því að fá varanlegan kvóta. Ég held að þeir aðilar sem eru með daga í dag, 18 daga að verðmæti 17 millj. kr. ef þeir selja þá frá sér, séu með verðlausa vöru ef lögin ganga eftir, algerlega verðlausa vöru.

Ef við tölum hins vegar um að setja 23 daga gólf eins og margir hafa talað um, ég hef heyrt marga þingmenn tala um 23 daga í gólf bæði hér inni, í sjútvn. og ég tala nú ekki um fyrir kosningar þegar menn fara um á fundum. Ef við gefum okkur að verðmætið sé það sem það hefur verið, í kringum 950 þús., þýðir 23 daga gólf verðmæti upp á tæpar 22 millj. kr. fyrir alla sem eru í kerfinu. Ef menn geta treyst því að þetta sé gólfið þá munu þessir dagar taka verð og það mun vera varanlegt þannig að allir þeir aðilar sem eru þó í þessu kerfi vita að hverju þeir ganga. Það er fast verð á dag en það fer ekki eftir einhverri reynslu sem ómögulegt var að gera sér í hugarlund að mundi skila þessu verðmæti sem nú er verið að bjóða í frv. hæstv. ráðherra.

Ég sagði í upphafi máls míns, frú forseti, að það væru skiptar skoðanir um frv. og það er ekki ofsagt. Það eru mjög skiptar skoðanir um það. Ég sem sjávarútvegsnefndarmaður hef fengið mörg tölvubréf frá þeim sem starfa í þessu kerfi og sitt sýnist hverjum. Fer það svolítið eftir því í hvaða stöðu menn eru. Sumir eru í þeirri stöðu að þeir vilja endilega fá

kvóta og ég skil það ósköp vel. Auðvitað skil ég menn sem eru í þeirri stöðu að með því að setja lög veita þau þeim varanlega í hendur peningaseðil eða verðbréf að verðmæti tugi milljóna króna. Auðvitað skil ég slíka menn. En við sem setjum lögin verðum að horfa á heildarhagsmuni og velta fyrir okkur hvernig munstur við viljum sjá. Viljum við sjá sóknardagakerfið hverfa? Það er í raun verkefnið hjá okkur í sjútvn. þegar við förum yfir lagafrv. Það er spurningin. Viljum við sjá sóknardagakerfið hverfa? Ef við viljum sjá það hverfa breytum við frv. þannig að við tökum út valkostinn um kofann sem enginn getur valið og veltum þá fyrir okkur hvernig hinn kosturinn getur litið út fyrir alla. Er það eðlileg skipting sem verið er að bjóða upp á að þeir sem fá 15 tonn geti selt frá sér fyrir 6–7 millj. og haldið áfram að gera það sem þeir voru að gera eftir sem áður? Er það eðlileg skipting að einhver fái 70–80 millj. kr.? Við þurfum að velta því fyrir okkur ef við viljum fara þá leið að leggja af sóknardagakerfið. Ég held reyndar að það sé engin sátt um að gera það en við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur, þegar við hlustum á hæstv. sjútvrh. mæla fyrir frv. sínu, hlustum svo á hv. formann sjútvn., sem ég er alltaf að leita að í salnum, og varaformann sjútvn. með allt annað sjónarmið en formaðurinn, við hljótum að gera okkur grein fyrir að við þurfum að setjast niður og við þurfum að velja.

Mér sýnist að ef við reiknum aflaheimildirnar eins og þær eru miðað við tillögur sjútvrh. sé heildarverðmætið upp á rúma 7 milljarða kr. á markaði, þ.e. bara rétturinn til að sækja, ef menn selja kvótann varanlega frá sér sé hann rúmir 7 milljarðar kr. í verðmæti. Aftur á móti ef við kíkjum bara á dagana og 18 daga eins verið hefur þá hafa þeir gengið á markaði fyrir um það bil 4,9 eða tæpa 5 milljarða kr. Þarna munar u.þ.b. 2 milljörðum kr. í tilboði ráðherrans til þeirra sem eru í kerfinu og við hljótum að velta því fyrir okkur hvort verið sé að yfirbjóða til þess að losa sig við sóknardagakerfið sem hæstv. ráðherra hefur ekki hingað til viljað hafa og hefur verið eitur í hans beinum.

[21:40]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson kom aðeins inn á dagakerfið, að það væri ekki fullkomið kerfi. Eflaust má tína til röksemdir sem segja að það sé ekki fullkomið kerfi. Það má tína til slíkar röksemdir varðandi allar tegundir fiskveiðistjórnar. Það má finna á þeim bæði kosti og galla. Ég er sannfærður um að þetta kerfi hafi það marga kosti að það sé fyllilega á vetur setjandi. Það er svo ótal margt sem mælir með því að ég tel að það ætti frekar að leyfa því að lifa, endurbæta það og byggja það frekar út. Til að mynda eins og ég nefndi í ræðu minni fyrr í dag með því að setja gólf í kerfið, við getum sett veiðitakmarkanir á bátana, þ.e. ákveðið hámarksrúllufjölda, og síðan finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að þessum bátum sé leyft að róa allan ársins hring. Það mundi sennilega gera það að verkum að menn leituðust meira við að róa frá sinni heimahöfn. Ég tala nú ekki um ef við mundum síðan rýmka aðeins meira til og láta þá hafa fleiri daga en 23 þannig að menn hefðu þá tíma til að sinna veiðunum ef svo má segja og þá haga veiðum sínum frá sinni heimahöfn þar sem þeir eru með hús sín og fjölskyldur í staðinn fyrir að lifa eins og hálfgerðir kúrekar hafsins í dag á þeytingi allt í kringum landið með tilheyrandi kostnaði. Ég tel að þetta væru hlutir sem við ættum miklu frekar að íhuga og við eigum ekki einu sinni að hugsa þá hugsun sem hv. þm. Jón Gunnarsson gaf í skyn að maður ætti hreinlega bara að vera heiðarlegur og ganga hreint til verks og setja þessa báta inn í kvóta.

Mig langar síðan að nota síðustu sekúndurnar sem ég hef til umráða til að spyrja hv. þm. Jón Gunnarsson Samf. hvort hann sé eindregið þeirrar skoðunar að sóknardagakerfið eigi að vera áfram og hvort hann styðji það að sett verði gólf eins og lofað hefur verið, 23 daga gólf.

[21:43]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef stutt það í atkvæðagreiðslu í þinginu þannig að óþarfi er að spyrja um það.

Það er rétt hjá hv. þm. að dagakerfið eins og við þekkjum það er ekki fullkomið kerfi. Auðvitað er ákveðin rómantík í því fólgin að geta farið út á sjó og veitt meðan plass er í bát og gott fiskirí er, en það er ekki fullkomið kerfi þegar við vegum saman magn, gæði, atvinnu, hvenær fiskur er tekinn o.s.frv. En ég er alls ekki á því að við eigum að leggja það kerfi af eða slá það af því ég held að það að vera með möguleikann á að sækja með þeim hætti sem smábátarnir hafa verið að gera, séum við þó með tæki sem segir okkur hvert fiskiríið er, þ.e. við vitum ef vel fiskast að það er mikill fiskur á slóðinni. Í því kvótakerfi sem við erum með í dag höfum við yfirleitt aldrei hugmynd um það því ef það er fiskur og mikið fiskirí forða menn sér og reyna ekki einu sinni að ná þeim fiski sem hægt er vegna þess að þeir eiga ekki kvóta eða aflaheimildir fyrir honum.

Hv. þm. sagði að ég hefði sagt að kerfið væri varla á vetur setjandi en nú þekkir hann náttúrlega eins og ég að þetta er sumarkerfi að mestu leyti en ekki vetrarkerfi þannig að ég held því fram að það sé ekki á vetur setjandi enn þá a.m.k. að vera með sóknarkerfi á smábátum yfir veturinn. En ég þarf ekki að svara því skýrar en ég hef gert, ég hef greitt því atkvæði í atkvæðagreiðslu að sett verði 23 daga gólf þegar menn voru að velta því fyrir sér. Og ef við ætlum að halda í sóknardagakerfið verðum við að gera það eins og menn, við verðum að gera það þannig að hægt sé að lifa á því annars er betra að leggja það af.

[21:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gera það eins og menn og gera það þannig að menn lifi af því. Ég er alveg hjartanlega sammála þessu. Ég fagna því þó að heyra þá yfirlýsingu frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni að hann styðji þetta 23 daga gólf sem við erum að reyna að berjast fyrir. Það þýðir þá að öll stjórnarandstaðan ætti að geta verið sammála um þetta í þeirri pólitísku baráttu sem nú fer í hönd, einmitt til að verja þetta kerfi, baráttu sem ég tel að sé gríðarlega mikilvæg og verði hreinlega að vinnast. Það verður að hrinda aðförinni að þessum flota. Hann er svo mikilvægur í mörgu tilliti.

Ég minntist ekki á einn hlut í ræðu minni áðan, þann að þessi floti er, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson sagði, mjög mikilvægt tæki fyrir okkur til að fylgjast einmitt með fiskigengd og aflabrögðum á grunnslóð. Þetta er floti þar sem brottkast er til að mynda ekki vandamál, þar sem menn velja ekki fisk eins og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjútvn., komst svo skemmtilega að orði áðan í ræðu sinni, að menn gætu valið fisk ef þeir væru komnir í kvótakerfi en það gætu þeir ekki í dag.

Það er alveg rétt. Í dag velja menn ekki fisk. Menn hirða þann fisk sem þeir fá, draga inn fyrir borðstokkinn og koma með hann í land vegna þess að allur fiskur er peningar og í sóknardagakerfinu er tíminn peningar.

Ég tel að margt af því sem menn hafa sagt miður um þetta sóknardagakerfi, eins og það að menn stundi veiðar í kapp við tímann, mundi á margan hátt lagast af sjálfu sér ef þeir hreinlega slökuðu aðeins á þessu kerfi, létu menn ekki vera að veiða undir þessari pressu, leyfðu þeim að veiða allan ársins hring ef þeir kjósa svo og gæfu þeim rúman tíma. Það er ekki það mikill afli sem þessir bátar eru að fiska. Þetta eru 8–12 þús. tonn af þorski á ári. Það er allt og sumt. Af hverju getum við ekki unnt þeim þess?

[21:47]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að handfæraveiðar í sóknarkerfi eru mikilvægur hluti til að mæla fiskigengd á grunnslóð. Gleymum því ekki að við erum að nota sóknarmælingar í kerfinu okkar. Togararallið er ekkert annað en sókn. Það er farið og sótt og mælt hver afli er á sóknareiningu. Sama er með netarallið eins og það var. Það var ekkert annað en sókn, við notuðum sókn til að mæla hvaða fiskur væri á slóðinni með því að fara á sömu staði á sama tíma og framkvæma þær veiðar með sama hætti og gert hafði verið áður. Mælingar með sókn eru fyrir hendi í kerfinu og þær munu alltaf þurfa að vera fyrir hendi í kerfinu. Ef aftur á móti allir smábátar færu í kvóta yrðum við að setja upp það sem við kölluðum smábátarall. Við yrðum að búa til einhvers konar sóknarrall á smábátum til að mæla fisk á grunnslóð. Við þurfum ekki að gera það í dag vegna þess að allir þessir bátar eru í raun mælingartæki og mæla hver aflinn er á grunnslóð.

Ég hlakka, frú forseti, til að heyra í fleiri stjórnarliðum hér. Tveir eru búnir að tala. Annar talaði í suður og hinn talaði í norður og ég bíð spenntur eftir því hvort við heyrum ekki í fleirum þannig að hér tali kannski einhver í austur og svo kannski kemur einhver þingmaður frá Framsfl. og talar í vestur. Þá höfum við allar höfuðáttirnar og vitum hvert verkefni okkar er í sjútvn.

[21:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég segja að ég panta að fá að tala í norðvestur. Það veiðistjórnarkerfi sem gilt hefur um hluta smábátanna og við höfum kallað dagabátakerfið er mjög mikilvægt. Það fer ekkert á milli mála og það birtist m.a. í því að 300 útgerðarmenn hafa kosið sér þetta fyrirkomulag til að stunda útgerðir sínar á og þessi veiðiskapur hefur verið mjög þýðingarmikill fyrir einstakar byggðir landsins, sérstaklega veiðihluti þessa kerfis vegna þess að það hefur skilað býsna miklum afla á land í tilteknum höfnum og þannig auðvitað skapað heilmikla vinnu.

Hins vegar er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að þetta er sumarkerfi eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu. Þetta er kerfi sem fyrst og fremst býr til verðmæti hluta úr árinu, yfir hásumarið í meginatriðum, og er þess vegna ekki grundvöllur til atvinnusköpunar á heilsársgrunni. Þetta er hins vegar gríðarlega mikilvæg viðbót og búbót í mörgum byggðarlögum og hjá mjög mörgum sjómönnum og útvegsmönnum og ég held að enginn ætti að gera neitt lítið úr því. Það er a.m.k. alls ekki það sem ég geri. Ég hef þvert á móti verið mjög mikill talsmaður þessa kerfis og unnið að því eins og ég hef getað, bæði að verja það og styrkja á undanförnum árum.

Ef við skoðum þetta í dálitlu samhengi sjáum við að á undanförnum árum hefur dagakerfið, seinna klukkutímakerfið, styrkst á margan veg. Það er alveg ljóst mál að veiði þessara báta hefur aukist og sýnir það með öðru að þetta kerfi hefur verið að styrkjast. Grundvöllur útgerða þessara báta hefur verið að styrkjast og það hefur m.a. komið fram í því að útgerðarmenn bátanna hafa verið að endurnýja þá. Við höfum verið að sjá öflugri báta koma inn í þetta kerfi.

Við höfum líka brugðist við með ýmsum hætti, t.d. þegar fyrirkomulag svokallaðra þakbáta, báta sem máttu veiða tiltekið magn í tiltekinn tíma, var tekið upp og það afnumið. Við tókum um það ákvörðun á sínum tíma og mig minnir að um það hafi verið sæmileg sátt í þinginu. Það er þá eitt af því fáa í þessu fiskveiðistjórnarkerfi sem sæmileg sátt var um. Svo var það lagt niður og þá var málunum stillt þannig upp að það var búið til tiltekið val sem var auðvitað mjög á annan veginn. Það var augljóslega miklu betra fyrir þakbátana að velja sig inn í dagabátafyrirkomulagið. Þannig var það og þannig fjölgaði þessum bátum og þessi útgerðarflokkur varð miklu fjölmennari en áður.

Þetta með öðru hefur líka orðið til þess að efla kerfið, gera það miklu sterkara en það var. Síðan höfum við verið að bregðast við eindregnum óskum smábátasjómanna víða af landinu með því t.d. að koma á þessu klukkutímafyrirkomulagi sem ég býst við að allir fagni. Þetta var hins vegar mikið baráttumál, það var hvorki auðsótt né augljóst vegna þess að mjög margir voru á móti því, mjög margir töldu að þetta yrði til þess að auka afla þessa útgerðarflokks. Mjög margir eru á móti því. Það er ekki eins og menn hafa stundum látið í veðri vaka og mér hefur fundist aðeins votta fyrir í þessari umræðu að annars vegar séu hinir stóru vondu útgerðarmenn innan LÍÚ sem séu á móti kerfinu og hins vegar allir hinir. Það er ekkert þannig. Það eru mjög skiptar skoðanir um þetta fyrirkomulag eins og við þekkjum og þess vegna hefur verið eilíf varnarbarátta að verja það og tryggja í sessi. Þetta er engu að síður gríðarlega mikilvægt fyrirkomulag og þess vegna höfum við reynt að treysta það til lengri tíma.

Menn hafa dálítið verið að tala um nýliðunina, aðganginn inn í kerfið, bera saman við kvótakerfið o.s.frv. Ég vil hins vegar líka vekja athygli á því að það er mjög mikilvægt að átta sig á því að þetta veiðifyrirkomulag er að því leytinu eins og kvótakerfið að hér er um að ræða einstaklingsbundinn veiðirétt, framseljanlegan einstaklingsbundinn veiðirétt. Mönnum er að vísu ekki úthlutað kílóum eða grömmum, en mönnum er hins vegar úthlutað dögum. Dagarnir hafa svo verð, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson fór svo ágætlega yfir áðan. Af hverju skyldu þeir hafa verð? Vegna þess að þeir gefa mönnum rétt, rétt sem aðrir hafa ekki sem ekki eiga þessa daga. Síðan velta menn fyrir sér af hverju verðmæti daganna sé eins og það er. Það felur í sér væntingar, þegar menn telja að aflinn geti orðið mikill og menn geti haft miklar tekjur hækkar verðmæti daganna að því gefnu að verðið á fiskinum sé hið sama.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta fyrirkomulag sé prýðilegt og grundvöllur þessa fyrirkomulags sé fyrst og fremst sá að þetta sé einstaklingsbundið kerfi, kerfi sem er úthlutað til tiltekinna útgerða og útgerðirnar geta síðan framselt það. Þetta er algjört grundvallaratriði. Eitt af því sem mundi styrkja verðmæti þessa kerfis í sessi er gólf. Þegar menn hafa það í huga og vita að það mun aldrei lækka umfram eitthvað tiltekið verður það mjög líklega til þess að hækka verðmæti daganna. Mér finnst mikilvægt að menn átti sig á þessu vegna þess að mér finnst að menn slái þessu saman eða geri ekki greinarmun á því. Auðvitað verður það þannig að ef

við festum í sessi dagakerfið, búum til gólf, verður til verð og það verður auðvitað að öllum líkindum til enn þá hærri aðgangstakmörkun inn í þetta kerfi. Þannig er þetta bara. Ef menn fara virkilega að trúa því að þetta kerfi festi sig í sessi og menn geti treyst því að þetta séu 18 dagar sem menn síðan geta höndlað með sín á milli til að skapa sér betri lífsafkomu, menn fari að hafa af því hagsmuni að einn veiði meira, einn hafi fleiri daga og annar noti færri, mun þetta einfaldlega valda því að verðmæti þessa fyrirkomulags mun aukast. Við höfum líka séð það á undanförnum árum, dagarnir hafa verið að fá verð, ekki síst eftir að framsalið kom og líka vegna þess að menn hafa séð möguleikana á því að auka afla sinn með því að stækka bátana, gera þá öflugri. Ég er ekki sammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni um það t.d. að stækkun véla og þess háttar hafi ekki áhrif á veiðigetuna. Við sjáum það á þeim tölum sem Landssamband smábátaeigenda hefur kynnt fyrir okkur nokkrum sinnum á sjávarútvegsnefndarfundum að það er greinileg línuleg samsvörun þarna á milli, þegar bátarnir verða öflugri með stærri vélar o.s.frv. eykst veiðigeta þeirra. Það er bara þannig. Fyrir því eru mjög margar ástæður. Þegar afli dregst saman á veiðislóðinni geta menn kippt og fært sig til. Ef þeir eru á öflugri bátum geta þeir gert út með miklu öflugri hætti. Það liggur alveg fyrir að þannig er þetta.

Sá sem hér stendur hefur verið, og er, talsmaður þessa kerfis. Ég er alveg sannfærður um að dagafyrirkomulag, sóknartengt fyrirkomulag, getur verið ef vel er á málum haldið fullkomlega jafngott kerfi efnahagslega og aflahlutdeildarkerfi eða kvótakerfi. Þá þurfa að vera til staðar ákveðnir hlutir, t.d. þurfa menn líka að hafa tæki til þess að stjórna sókninni, ekki bara með dögunum heldur líka með afli skipanna. Þannig er það framkvæmt alls staðar í heiminum þar sem ég þekki til þar sem þetta er gert af einhverju viti og menn eru í raun og veru að reyna að stjórna sókninni.

Það hefur komið fyrir í þessari umræðu að menn hafa verið að víkja að sjónarmiðum okkar þingmanna í Norðvest., m.a. sjálfstæðismanna. Ég vil a.m.k. tala fyrir mína hönd í þeim efnum, ég hef alltaf talað mjög skýrt í þessum efnum. Á fundi á Ísafirði sem haldinn var einhvern tíma í fyrra, 13. september hygg ég það hafi verið, sem menn hafa vitnað til var ég spurður að því af góðum félaga mínum hver afstaða mín til dagakerfisins væri. Ég svaraði því þar og nú verð ég að byggja á frásögn eða endursögn eða uppritun skulum við segja, endurritun, Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og geng út frá því að þetta sé hið kórrétta svar. Ég man það a.m.k. ekki öðruvísi og leyfi mér að lesa það, með leyfi virðulegs forseta, þannig að það liggi alveg fyrir hver afstaða mín í þessu máli hefur verið, og er. Þar segir svo, virðulegi forseti:

„Fyrst og fremst vil ég bara árétta það sem ég var að segja hér áðan. Ég held að það þurfi að gera tvennt varðandi dagakerfið, þ.e. annars vegar að setja í það gólf og hins vegar að tryggja það að sóknarmátturinn aukist ekki í heild sinni. Það er mjög mikilvægt til þess að verja þetta dagakerfi í heild sinni að það sé líka gert jafnframt því að gólfið sé sett í kerfi því við vitum að ef það er ekki gert, þá mun sóknarmátturinn halda áfram að aukast og þá verður ekkert sem ver þetta kerfi. Þannig að ég er eindregið þeirrar skoðunar og menn eiga að tala hreint út um það“ — og líka Jón Bjarnason og vík ég nú að mínum ágæta kollega — „að það þurfi að koma tvennt til til þess að verja kerfið, bæði gólfið og líka hitt að koma í veg fyrir það að sóknarmarkið vaði upp úr öllu valdi því þá getum við, enginn okkar, varið þetta kerfi. Menn eiga að tala heiðarlega um það.“

Þannig er þetta. Þetta er það sjónarmið sem ég hef haft uppi í þessu. Það yrðu að koma til mjög strangar sóknartakmarkanir ef við ættum að verja þetta kerfi. Það er algjörlega útilokað eins og frv. hv. þingmanna Frjálsl. og Vinstri grænna leggur til, að setja bara gólf við 23 daga og síðan ekki söguna meir. Þannig er það frv., algjörlega ábyrgðarlaust frv. og alveg handónýtt fyrirkomulag við stjórn á veiðum, hvort sem er á 300 smábátum eða einhverju öðru. Það er einfaldlega alveg útilokað að menn geti stundað slíka fiskveiðistjórn því að það er engin fiskveiðistjórn. Ef menn ætla að stjórna með sóknarmættinum verða menn að hafa líka kjark til þess að segja hvaða áhrif það hefur. Ef það á að ná tilskildum árangri mun það auðvitað eiga að tryggja tiltekinn sóknarmátt. Hins vegar er sóknarkerfið þess eðlis að við vitum að aflinn eykst við tilteknar aðstæður og hann dregst síðan saman. Það er ekki hægt að mæla það upp á kíló og gramm. Það er bara þannig. Eitt árið getur aflinn farið eitthvað upp og annað árið fer hann niður og við sjáum það t.d. núna að það er engin tilviljun að afli smábátanna er svona mikill núna. Það er bæði vegna aukinnar veiðitækni og þekkingar manna á þessum veiðiskap með nýrri tækni en líka hitt, sem skiptir gríðarlega miklu máli, að ástandið á grunnslóðinni er eins og allir þekkja. Það hefur bara einfaldlega verið gjöfult á grunnslóðinni. Þetta er hins vegar kerfi sem er að því leytinu mjög viðkvæmt að þetta er handfærakerfi og það er sóknartengt. Sérstaklega meðan við höfðum sólarhringsfyrirkomulagið olli þetta kerfi því að menn voru stundum í vandræðum með að ná dögunum sínum. Einhver hv. þingmaður talaði um það áðan að það væri svo óskapleg pressa eða kapp í þessu kerfi og þá vil ég vekja athygli á því að eins og málin hafa verið að þróast hafa mjög margir klukkutímar brunnið inni vegna þess að þetta kerfi hefur verið sveigjanlegra en áður og margir dagar brunnið inni vegna þess að menn voru að bíða eftir gæftunum.

Í morgun hringdi í mig ágætur félagi minn sem er dagakall, klukkutímakall eins og ég kalla nú orðið, og sagðist hafa sett á flot núna 1. maí og hann er búinn að fara einn róður. Við sjáum að náttúran takmarkar þetta og handfæraveiðarnar eru þess eðlis að þær hafa þessi áhrif.

Það er alveg rétt að afli þeirra báta sem hér um ræðir hefur verið gríðarlega mikilvægur fyrir einstakar hafnir. Ég ætla ekki að gera lítið úr því, nema síður sé. Þetta er gífurlega mikilvæg búbót í atvinnuskyni á tilteknum árstímum í tilteknum höfnum. Þarna kemur á land gríðarlega mikill afli og auðvitað veldur hann umsvifum. Hann hækkar tekjur hafnanna o.s.frv. Ef menn ætla að vera alveg vissir í sinni sök er út af fyrir sig hægt að segja sem svo að þá ættum við ekki að breyta neinu í þessu kerfi.

Ég tók hins vegar eftir því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson boðaði hér ansi mikla breytingu. Hann lagði það til að við hyrfum frá þessu sumarkerfi á handfærum sem er frá 1. maí til 1. september. Hann sagði sem svo, og lagði mjög mikla áherslu á það í hverju andsvarinu á fætur öðru, að það væri gríðarlega mikilvægt og mikið framfaraspor fyrir fiskveiðistjórnarkerfið, afkomumöguleika útgerðarmannanna o.s.frv. að þeir gætu veitt allan ársins hring. Hann sagði að það væri hálfgert kúrekalíf, að hans mati, að menn færu frá heimabyggðum sínum siglandi vestur eða norður fyrir landið til þess að stunda veiðar fjarri heimilum sínum. Hann sá fyrir sér að með því að hægt væri að opna á það að menn væru á þessum veiðum allan ársins hring,

alltaf þegar veðurfar leyfði mönnum að stunda þessar veiðar, mundi það hverfa, þá gæti Akurnesingurinn stundað sínar veiðar frá Akranesi og Þorlákshafnarbúinn frá Þorlákshöfn, Eyjamaðurinn frá Vestmannaeyjum og þar fram eftir götunum. Hvaða áhrif ætli þetta mundi hafa? Hvaða áhrif ætli þetta mundi hafa á hafnir eins og Bolungarvík, Suðureyri eða Skagaströnd? Menn ræða þetta ákaft og ég sjálfur er mjög að velta því fyrir mér. Það er augljóst mál. Ef þessi framtíðarsýn hv. þingmanns gengi eftir væri augljóst mál að það hefði þau áhrif að veiðin mundi færast suður fyrir landið þar sem blíðara er yfir háveturinn. Við vitum það að menn stunda ekki (Gripið fram í.) slíkar handfæraveiðar fyrir norðan land. Það þekkjum við, enda var það ekki sú framtíðarsýn sem hv. þm. hafði heldur fremur sú að þessir menn sem hafa stundað veiðar að sumarlagi fyrir norðan og vestan land af því að fiskurinn hefur gengið þar meira á grunnslóðina mundu að sjálfsögðu ekki við þessar aðstæður koma norður eða vestur fyrir landið. Þeir mundu einfaldlega ljúka sínum veiðum nærri heimabyggð sinni eins og hv. þm. vakti réttilega athygli á.

Vandinn sem við höfum hins vegar staðið frammi fyrir er af mörgum toga. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að þróunin í þessu kerfi hefur verið slík að við höfum séð að það hefur verið mikil veiði og mikil löndun í þeim höfnum sem hafa verið næstar þessum miðum. Það hefur auðvitað verið kostur við þetta kerfi. Það er það sem ég hef alltaf séð sem meginkostinn við þetta sóknartengda kerfi, það að skaka afla inn á hafnir sem næstar eru miðunum. Það er ótvíræður kostur frá mínum bæjardyrum séð.

Það sem er hins vegar athyglisvert í þessu sambandi, samkvæmt tölum sem ég fékk í hendur eftir að ég óskaði eftir þeim frá Fiskistofu, er að skoða annars vegar samhengi veiðinnar í höfnunum og hins vegar vinnslunnar á þessum sama afla. Þá koma fram alveg tvær myndir. Ef við skoðum veiðina eða löndunina í einstökum höfnum er hún mest í Bolungarvík, um 1.600 tonn, Grímsey 1.200, Suðureyri 1.100 og Skagaströnd rúm 1.000 tonn. Ef við skoðum hins vegar hvar mest var unnið af þessum afla kemur alveg gjörólík mynd. Langmest er unnið í Reykjavík, 1.726 tonn, en aflinn sem þar er hins vegar lagður á land af þessum bátum er sáralítill. Ég ætla að reyna að finna það hér, já, 52 tonnum var landað en 1.700 tonn unnin. Flateyri, 928. Þar var landað held ég 300 tonnum, Suðureyri 674 en landað 1.100. Árskógsströnd, 628. Við sjáum að aflinn kemur á land í tilteknum höfnum þar sem best er auðvitað að sækja sjóinn en hins vegar er það að mínu mati áhyggjuefni hversu illa okkur hefur gengið víða að tryggja að þessi afli nýttist líka til vinnslu á svæðinu. Þetta höfum við oft og tíðum rætt og við höfum svo sem engar patentlausnir.

Það sem hér er á ferðinni er að nú liggur fyrir frv. hæstv. sjútvrh. þar sem verið er að bregðast við tvenns konar kröfum, annars vegar kröfum manna sem hafa viljað viðhalda sóknardagakerfinu, og sá sem hér stendur er óneitanlega í þeirra hópi, en líka að bregðast við sjónarmiðum sem hafa komið fram um kvótasetningu.

Menn hafa sagt: Er sátt um málið? Nei, það er ekki fullkomin sátt um þetta mál, það vitum við. Hæstv. sjútvrh. átti þrjá kosti. Hann gat sagt sem svo: Höldum bara núverandi kerfi áfram, gerum ekkert. Það var einn kosturinn. Annar kosturinn var sá að ganga algjörlega að kröfu hópsins sem krafðist þess að hafa sóknartengt kerfi, eins og ég og fleiri lögðum til. Þriðji möguleiki hæstv. ráðherra var svo sá að bregðast við ósk þeirra sem vildu setja þetta allt inn í kvóta, loka kerfinu eins og menn hafa kallað — sem ég held að sé mikill misskilningur, við erum með lokað kerfi líka, sóknartengda kerfið — og ljúka þessu máli með því að allir færu í kvóta.

Hæstv. ráðherra tekur hins vegar fjórðu ákvörðunina. Hún er sú að segja: Látum þá sem eru starfandi í kerfinu velja sér hvora leiðina þeir telja hentugri. Það er það sem þetta frv. gengur út á. Það sem við þurfum hins vegar að skoða í hv. sjútvn. er hvort þetta séu jafngildir kostir. Erum við að bjóða mönnum upp á að velja sér aðra hvora leiðina á grundvelli jafnræðis í hugsuninni? Við gerðum það ekki þegar við tókum þakbátana út úr fiskveiðistjórnarkerfinu. Við gerðum það þá þannig að það var alveg augljóst, fyrir nánast hvern einasta útgerðarmann, að það var betra fyrir hann að fara inn í dagakerfið. Það sem ég tel algjört grundvallaratriði í þessu máli er að við veljum hér út frá tveimur jafngildum kostum. Út á það gekk þessi umræða þegar menn voru að lokum að komast niður á þetta, að valið yrði þá að vera til staðar, úr því að það væru ósættanleg öfl sem tækjust á, m.a. innan smábátakerfisins, um þetta mál. Það er samt alveg hárrétt sem Landssamband smábátaeigenda hefur bent á, samtök þeirra hafa öll ályktað fyrir dagakerfinu. Þess vegna skyldi maður ætla að við værum með tvo nokkuð sambærilega kosti. Auðvitað getur maður alltaf deilt um hvað er sambærilegt því að það er gríðarlega teygjanlegt og óljóst hugtak í sjálfu sér. Ef það er skoðun yfirgnæfandi hóps innan Landssambands smábátaeigenda að þeir vilji fremur dagakerfið, að því gefnu að það séu tveir sambærilegir kostir eða sem næst sambærilegir kostir, mun það væntanlega koma fram í þessu vali.

Virðulegi forseti. Þetta er 1. umr. málsins og ég kaus að reyna að fara yfir þessi mál dálítið almennt vegna þess að mér fannst nauðsynlegt að við ræddum þau í þessum anda. Við þekkjum býsna vel ýmsar útfærslur sem við erum að fjalla um en við þurfum líka að setja þetta í hið nauðsynlega samhengi og gera okkur grein fyrir hvers konar kerfi við erum að ræða um sem við köllum dagakerfi eða klukkutímakerfi.

[22:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi á Auðlindina í dag og heyrði þar viðtal við Guðmund Halldórsson. Ef ég heyrði rétt taldi hann að 1.600 tonn af þorski kæmu á land í Bolungarvík og mestmegnis af aðkomubátum. Var á Guðmundi Halldórssyni að heyra að ef þetta frv. yrði samþykkt væri það aðför að Bolungarvík. Ég vil því í framhaldinu spyrja hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson hvort hann ætli að styðja frv.

[22:10]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála frænda mínum Guðmundi Halldórssyni um að þetta frv. sé aðför að Bolungarvík, enda mundi ég ekki styðja slíkt frv. Það þarf ekki að orðlengja um það, það er svo augljóst mál. Það er hins vegar alveg rétt að 1.600 tonn af þorski komu að landi í Bolungarvík á síðasta fiskveiðiári, bæði af heimabátum og aðkomubátum. Ég hef fyrir framan mig lista yfir dagabáta í landinu og sé, mér til ánægju, að Bolungarvík er einna sterkasta höfnin að því leytinu að þaðan eru gerðir út 13 bátar. Það er því ekki eins og menn séu algjörlega vopnlausir. Þessi afli hefur væntanlega komið bæði af dagabátum

og öðrum. Við vitum hins vegar ekki hvernig menn munu velja sig inn í kerfið. Mjög margir þessara útgerðarmanna eru menn sem ætla sér að vinna áfram í þessu kerfi, og ég hygg allir sem ég þekki til þarna á svæðinu. Aðalatriðið er samt það að við séum að fjalla um sambærilega hluti þegar menn eru að velja á milli og það var það sem mál mitt gekk út á allan tímann í þeim viðræðum sem ég kom að í þessu máli.

[22:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um að stjórnarsinnar töluðu norður, austur og vestur en mér fannst hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson tala út og suður. Hann hafði fyrr í ræðu sinni minnst á að hann ætlaði að svara skýrt, að hann gerði það venjulega og ætlaði að tala skýrt. Ég skildi þetta ekki. Hann fann því allt til foráttu að samþykkja þetta frv. fyrir Bolungarvík og fyrir Vestfirði vegna þess að þarna færi mikill afli á land og ef þetta yrði sett í kvóta mundi aflinn minnka. Ég bið um skýr svör við spurningunni um hvort hv. þingmaður ætli að styðja þetta frv. eða ekki.

[22:12]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem mér tekst ekki að gera mig skiljanlegan gagnvart hv. þingmanni. Ég hef tekið eftir því að þegar hann vitnar í það sem ég hef sagt og skrifað er það yfirleitt í formi einhvers konar útúrsnúnings þannig að það út af fyrir sig kemur mér ekkert á óvart. En ég taldi mig hafa talað býsna skýrt í þessum efnum.

Ég fór yfir þetta mál, ég gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum, gerði grein fyrir því ... (Gripið fram í.) — ég er að tala hérna, ég fór yfir þetta mál og útskýrði nákvæmlega hvernig þessu viki við. Ég sagði líka áðan að aðalatriðið, eins og niðurstaðan var í þessum efnum, væri það að hér væri um að ræða jafngilda eða sambærilega kosti og þá mundu auðvitað útgerðarmennirnir velja á þeim grundvelli. Ég er alveg sannfærður um að við slíkar aðstæður sé hægt að búa til útfærslu á þessu frv. sem tryggir nákvæmlega þá hagsmuni sem ég vil tryggja, þ.e. hagsmuni byggðanna í kringum landið.

[22:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann geti séð að jafngildir kostir geti komið út úr því þegar um er að ræða að menn hafa verið að veiða úr sameiginlegum potti þar sem menn hafa í raun og veru verið að keppa um aflaheimildir sín í milli úr pottinum og því að láta suma fara út. Þá munu þeir líkast til fara út úr pottinum sem eru með hæstu viðmiðunina og hinir sitja eftir sem eru með þá lægstu. Möguleikar til að keppa við hina um aflaheimildirnar eins og eru fyrir hendi í þessum sameiginlega potti eru ekki sambærilegir þegar um er að ræða sóknardagakerfi eins og við erum að tala um. Er hv. þm. að tala um að búa til nýjan kost þar sem raunverulegur samanburður yrði á milli kerfa? Það getur ekki verið slíkur kostur sem hér er settur upp í þessu frv.

[22:16]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sló einn varnagla í ræðu minni áðan þegar ég var að tala um þessa jafngildu kosti og sagði, sem er auðvitað tilfellið, að það er ekki alveg einfalt að bera þetta saman. Það er t.d. alveg ljóst mál að sá sem fer í króka-aflamarkið og fær að veiða á línu er út af fyrir sig búinn að fá ákveðið forskot í þeim efnum. Hann getur veitt fleiri tegundir, hann getur veitt yfir lengri tíma á árinu, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði áðan, og þar fram eftir götunum. Það er ekki einfalt að bera þetta saman.

Ég held að þegar maður skoðar þetta svona eigi samt sem áður að vera hægt að búa til einhverja grófa nálgun sem geri það að verkum að ekki eigi að vera lakari kostur að veiða í kerfi með dögum og gólfi en í kvótakerfi enda höfum við séð að menn hafa verið að velja sig inn í þetta kerfi, menn hafa kosið á fyrri stigum að veiða eftir þessu kerfi jafnvel þótt þeir hafi vitað að lögin gerðu ráð fyrir því að dögunum mundi fækka. Alþingi hefur að vísu stöðugt verið að grípa inn í. Við höfum verið að bæta í degi aftur, stoppa fækkunina, búa til klukkutímakerfi o.s.frv. Engu að síður tóku menn áhættuna á sínum tíma, 300 manns, og kusu að berjast í þessu kerfi.

[22:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þá spyrja hv. þingmann hvort hann sé tilbúinn að fara yfir það í nefndinni að búa til sambærilegan kost í heildina sem byggist á því að þessir bátar verði áfram á dögum þannig að þá sé hægt að velja milli þessarar hugmyndar hæstv. sjútvrh. og þess að bátarnir verði áfram á dögum.

[22:17]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Grundvallarmálið í þessu frv. er að verið er að leggja til val handa smábátaútgerðarmönnunum. Þeir eiga að geta valið hvort þeir fara fremur í dagakerfi eða krókaaflamarkskerfi. Ég tel ekki skynsamlegt, eins og komið er málum, að við göngum til baka að því leytinu og segjum að annar hópurinn eigi að velja fyrir hinn, að kvótamennirnir geti hugsanlega í krafti meiri hluta valið kvóta fyrir alla hina. Ég held að það sé mjög óskynsamlegt og því er hæstv. sjútvrh. í rauninni að hafna með þessu.

Ég held þvert á móti að það eigi að teikna valkostina sem skýrasta og sem jafnasta eins og við getum gert þannig að menn velji út frá jafngildum forsendum hvora leiðina þeir vilji fara. Ég hefði kosið að niðurstaðan hefði einfaldlega orðið sú að (Gripið fram í.) við værum með dagakerfi með gólfi og ströngum sóknartakmörkunum. Sú varð hins vegar ekki niðurstaðan. Það er er ekki hin pólitíska niðurstaða í ríkisstjórnarmeirihlutanum og þess vegna stöndum við frammi fyrir þessu vali eins og það er núna.

[22:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gerði mikið úr vilja Landssambands smábátaeigenda. Sá vilji hefur legið fyrir í ályktunum þeirra samtaka missirum og árum saman. Þess vegna ætti ekki að vera ástæða til að bjóða upp á valkosti. Skoðun þeirra hefur verið afdráttarlaus, þeir vilja sóknardaga. Þetta fer að minna mann á Evrópusambandsaðildarumsóknina hjá Norðmönnum. Það er kosið um aðildina, hún er felld og daginn eftir byrja aðildarsinnar aftur að kvaka um það að nú þurfi að hafa aftur kosningu vegna þess að niðurstaðan var ekki ásættanleg fyrir þá sem töpuðu.

Eins er það hér, stjórnvöld sætta sig ekki við þá eindregnu skoðun sem hefur endurspeglast í ályktunum Landssambands

smábátaeigenda um að þeir vilji sóknardaga og vilji rekstrargrundvöll á grundvelli sóknardaga. Hvers vegna verðum við ekki bara við því?

[22:20]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Víst er mér kunnugt um vilja Landssambands smábátaeigenda og hef stutt hann. Ég hef talið langskynsamlegast að við værum með sóknardagakerfið, dagakerfið og klukkutímakerfið með gólfi og ströngum sóknartakmörkunum. Það hefur auðvitað verið vilji þess sem hér stendur og mjög margra annarra. Hins vegar hafa mjög margir aðrir allt aðrar skoðanir, ekki bara hagsmunaaðilar, ekki bara Landssamband íslenskra útvegsmanna. Það eru líka til sjónarmið innan Landssambands smábátaeigenda sem hafa verið að koma fram. Við höfum örugglega orðið varir við þau núna upp á síðkastið. Svo skulum við ekki gleyma því, virðulegi forseti, að á hinum pólitíska vettvangi eru líka mjög sterkar skoðanir uppi um að þessum veiðum skuli alls ekki stjórna með dagafyrirkomulagi heldur með kvótafyrirkomulagi. Þessi varð niðurstaðan. Til þess að skera úr um þetta, til þess að höggva á þennan hnút var það niðurstaða hæstv. sjútvrh. að bjóða upp á þessa valkosti fyrir þá sem eiga að vinna í kerfinu.

Nú vitum við ekki nákvæmlega hvernig þetta mál endar en aðalatriðið er að ef sú leið verður farin að vera með valkosti verða þeir auðvitað að vera sambærilegir.

[22:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lét að því liggja að það lægi klárt fyrir um endanlegt gólf, 18 daga. Svo er alls ekki. Það gæti verið endanlegt gólf fyrir næsta ár, og punktur og basta. Svo er ekkert tryggt fyrir framtíðina þannig að það gæti haldið áfram að lækka. Þau mörk sem hér eru sett eru álíka fljótandi og þau hafa verið.

LÍÚ hefur fengið sitt og mér finnst að hvað varðar þessar veiðar eigi Landssamband smábátaeigenda með sömu rökum að fá rekstrargrundvöll fyrir sinn flota. Þeir telja að gólfið þurfi að vera 23 dagar með einhverjum sóknartakmörkunum sem geta fallið að því kerfi. Hér eru hins vegar settir fljótandi 18 dagar. Svo er boðið upp á val og það er ekkert frjálst val. Það liggur við að þar sé hálfgert mútuval á ferðinni.

[22:22]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að LÍÚ hafi fengið sitt. Þeir hafa staðið á öskrunum undanfarna daga út af þessu máli og ég held að öllum sé ljóst að þeir eru síður en svo ánægðir með þetta. Það fer ekkert á milli mála. (**JBjarn:** ... sjálfir öskrað.) Menn hafa verið að tala um að þetta sé leikaraskapur og eitthvað slíkt en við vitum auðvitað betur.

Hv. þm. talaði um að gólfið sem lagt væri til í þessu frv. væri ekki endanlegt gólf, þetta væri fljótandi gólf. Ég vil orða þetta sterkar. Þetta er ansi fúið gólf. (**JBjarn:** Já, ég ...) Virðulegi forseti. Af því að við erum smiðirnir sem eigum að búa til þessi lög verðum við auðvitað að skoða hvort við getum ekki styrkt undirstöður þessa gólfs.

[22:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar kom fram áðan að hann sagðist ekki geta stutt framkomið frv. til laga frá Frjálsl. og Vinstri grænum vegna þess að þar væri bara talað um 23 daga og svo búið spil. Ég held að þarna sé smámisskilningur á ferðinni hjá hv. þingmanni. Við sem smíðuðum það frv. á sínum tíma litum svo á að allt sem varðaði sóknartakmarkanir á bátunum — við getum í sjálfu sér alveg fyllilega tekið undir að það er mikilvægur hluti af sóknarstýringu, við gerum okkur grein fyrir því — væri í raun og veru ekkert annað en reglugerðarútfærsla frá sjútvrn., þ.e. við myndum þennan ramma, ákveðum hversu margir dagarnir eiga að vera en síðan er það ekkert annað en reglugerðarútfærsla hvernig sóknardagabátur í þessu kerfi á að líta út og hversu mikið af veiðarfærum hann á að bera á þessum tíma. Það er mjög einfalt mál þannig að ég held að þarna sé misskilningur á ferðinni.

[22:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það er svona sem hv. þm. hefur hugsað þetta líst mér enn þá verr á. (**MÞH:** Nú?) Sannleikurinn er sá að það sem við höfum einmitt verið að reyna að vinna í á undanförnum árum er það að færa valdið út úr sjútvrn. Mjög margir hafa fundið að því að vald sjútvrn. væri allt of mikið. Við höfum bent á að eðlilegra væri að skipa þessum málum með lögum en með reglugerð. Ég tel að það væri óþolandi valdaafsal af hálfu Alþingis ef einmitt þeir þættir sem hv. þm. var að tala um væru ekki á forræði Alþingis. Ég held að þeir sem við þetta búa mundu alls ekki að kjósa sér slíkt fyrirkomulag. Hvað sem hver segir um fiskveiðistjórnina — menn geta haft mismunandi skoðun á henni — er a.m.k. eitt sem menn hafa almennt verið sammála um og það er að í svona kerfi verði menn að sjá aðeins fram fyrir tærnar á sér til þess að skapa öryggi í rekstrargrundvellinum, til þess að skapa verðmæti í greininni. Þess vegna held ég að það væri miklu verra að hafa þetta í formi reglugerðar. Ég er ósammála hv. þingmanni um það. Ég tel að það ætti einmitt að skipa þessum málum með lögum.

[22:25]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kaupi ekki þessar skýringar hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og bendi á að nú þegar fyrirfinnast miklir reglugerðarbálkar sem samdir hafa verið í sjútvrn., einmitt um gerð og búnað veiðarfæra og útbúnað skipa. Það er mjög löng hefð fyrir því að ráðuneytið sjái um þessa tegund reglugerða. Ef hv. þm. vill hins vegar fá einhverja lagasetningu og lagasmíð í kringum þetta skal ég meira en gjarnan taka þátt í þeirri vinnu með honum. Það er ekkert mál. Ég væri alveg til í það þannig að það sé á hreinu.

Annað sem mig langar til að spila inn og spyrja hv. þingmann um er að við höfum sagt að við værum reiðubúnir til að fella út ákvæðið í frv. okkar um fjölgun um einn dag fyrir hver 20 þús. tonn umfram 230 þús. tonna heildarkvóta af þorski á ári. Þá standa eftir þessir 23 dagar og síðan þá möguleikinn á að við förum út í að skoða sóknargetuútfærslu á bátunum. Mér sýnist að þá sé ekkert mjög langt í að við náum saman, ég og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, um nýja lagasetningu.

[22:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði áðan, það eru ansi miklir reglugerðarbálkar í lögum um stjórn fiskveiða. Við höfum mjög mörg frekar haft áhyggjur af að þetta sé fullmikið en að bæta ætti í. Ég get ekki tekið undir með hv. þingmanni að svo skuli böl bæta að bíði annað

verra, það skuli bara bæta í reglugerðafrumskóginn, að úr því að hvort sem er sé til ansi myndarlegur skógur handan við hornið eigum við bara að planta fleiri trjám í þennan frumskóg þannig að hann verði enn þá flóknari og torveldari umferðar. (Gripið fram í.) Ég held að þvert á móti þurfum við að grisja þennan skóg.

Hv. þm. bauð mér upp á að við færum að semja ný lög úr ræðustólnum. Ég ætla ekki að gera það. Ég er í ríkisstjórnarsamstarfi og mun á þeim vettvangi fyrst og fremst reyna að beita mér fyrir því að við breytum þeim lögum sem við viljum breyta en ég held að við gerum ekki pólitískt samkomulag úr ræðustólnum um þessi mál, hv. þingmaður.

[22:28]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það mál sem við erum að ræða er mjög mikilvægt. Það er ekki bara mikilvægt fyrir 300 útgerðarmenn, eða hvað þeir eru margir. Það er mikilvægt fyrir sjávarbyggðirnar í landinu og það er ekki einkamál útgerðarmanna hvernig það verður útfært, heldur snýr þetta að sjávarbyggðunum. Ef menn eru að hugsa um sjávarbyggðirnar fyrir vestan, eins og ég tel að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson ætti að gera, ættu þeir að vera menn til að hafna þessu frv. en ekki fara út og suður og svara engu þegar hann er spurður út í afstöðu sína til frv. sem mun án efa verða Bolungarvík og mörgum byggðum fyrir vestan mjög dýrkeypt. Þess vegna á hann auðvitað að standa með sínu fólki og hafna frv.

Hver er að biðja um frv.? Ekki er það LÍÚ. Þeir sendu frá sér yfirlýsingu 14. maí undir yfirskriftinni: LÍÚ leggst gegn frumvarpi um sóknardagabáta. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Landssamband íslenskra útvegsmanna leggst eindregið gegn því að frumvarp sjávarútvegsráðherra um sóknardagabáta verði samþykkt ...“ — Þetta er sem sagt ekki fyrir þá. Ekki er það fyrir Landssamband smábátaeigenda. Og ekki er þetta fyrir fiskvernd, það er alveg á tæru. Það skiptir ekki öllu máli fyrir fiskstofna í landinu hvort veidd séu 8 eða 12 þús. tonn af þorski. Þetta eru ekki nema um 5% af þorskaflanum. Hvað liggur að baki? Ég spyr sjálfan mig eftir að hafa hlýtt á menn tala um að hér séu tveir jafngildir kostir. Það hefur hins vegar komið fram í umræðunni að svo er alls ekki og það er hrein fjarstæða að halda slíku fram. Það er talað um eitthvert gólf en svo hefur komið í ljós í umræðunni að það er ekkert annað en fallhleri. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson sagði sjálfur að þetta væri mjög fúið gólf. Síðan er það hinn hlutinn, að menn fái kvóta sem er söluvara.

Hvort vilja menn þá fá milljónir í formi kvóta eða fúið gólf, fallhlera? Ég held að það sé engin spurning. Það er verið að kasta á glæ sjálfu sóknardagakerfinu og það er það sem við eigum að ræða. Hvers vegna erum við að því? Ég spyr: Hvers vegna eru menn að gera það? Ættum við ekki frekar að fara í aukna stýringu á fiskveiðum með sóknarstýringu? Í Færeyjum stjórna menn veiðum með sókn en hér með kvótum og ef við berum saman árangur þjóðanna, Færeyinga annars vegar og Íslendinga hins vegar, er engin spurning að Færeyingum hefur tekist mun betur upp en okkur Íslendingum. Hvers vegna förum við þá ekki yfir og skoðum með hvað þeim tekst vel upp?

Í annan stað eru þessar smábátaveiðar vistvænar. Það má sjá af gögnum frá Hagstofunni. Þar kemur fram að olíukostnaður er 3,3% af tekjum á bátum undir 10 brúttólestum. Að vísu eru kannski bátar sem eru að einhverju leyti á aflamarki inni í því en ef við skoðum ísfisktogara er kostnaðurinn rétt um 11%. Við erum að tala um vistvænar veiðar smábátanna, góða umgengni um vistkerfi sjávar og hvað eru menn þá að einbeita sér að því að eyða þessum flokki og agnúast út í hann? Ættum við ekki frekar að reyna að stuðla að því að menn færu út í þetta kerfi? Ég hefði talið að svo væri ef menn notuðu skynsemina.

Hver er ástæðan fyrir því að kerfið fær ekki að vera í friði? Það er greinilegt að það ógnar ekki fiskstofnunum hringinn í kringum landið. Þessi fræði sem er boðið upp á, vísindi eða hvað það kallast, reynsluvísindi eins og hæstv. sjútvrh. kallaði speki sína, finnast mér vafasöm. Úr því að vísindi ber á góma vil ég nefna að ég spurði hann um daginn út í ákveðin vísindi sem ég hef ávallt efast um og fyrst hann er í salnum vil ég ítreka þá spurningu. Hún varðar sveiflujöfnunina. Hann sagði að ... (**Sjútvrh.:** ... á þennan hátt.) Nei, það tókst ekki en ég er sjálfur líffræðingur og hef rætt þetta í framhaldinu við fleiri líffræðinga og allir eru mjög hissa á þessari sveiflujöfnun. Ég veit ekki betur en að hæstv. sjútvrh. hafi bent á að hann ætlaði að ljósrita eintak af henni og senda mér til þess að ég gæti rifjað upp tölfræðina. Það hefur eitthvað staðið fast í ljósritunarvélinni í ráðuneytinu því að ég er ekki enn þá búinn að fá þessa skýrslu þrátt fyrir að hafa beðið um hana nokkrum sinnum. Ég óska þá eftir að fá hana sem allra fyrst. Ég á ekki von á öðru en að hæstv. ráðherra verði við þeirri ósk.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði, það skiptir ekki öllu máli hvort fiskur er veiddur í sóknarkerfi eða kvótakerfi. En hvers vegna leggjum við í Frjálsl. til að hann verði veiddur í sóknarkerfi? Jú, ef hann er veiddur í sóknarkerfi er enginn hvati til að henda honum. Það eru allar líkur á því að smærri fiskur komi frekar í land í sóknarkerfi en í kvótakerfi. Þetta játa allir. Meira að segja kom það fram í skýrslu sem Tony Blair lét semja í Bretlandi fyrir skömmu. Þar er lagt til að menn íhugi það að fara gaumgæfilega í sóknarstýringu í blönduðum botnfiskveiðum vegna þess að það tryggir að allur afli komi á land. Hvers vegna er það svo mikilvægt? Jú, eins og áður sagði — við vorum að ræða um vísindin — til að tryggja að landaður afli endurspegli veiðina. Hann fer inn í reiknilíkönin og aldursaflagreiningin segir til um hvað fiskstofnarnir eru stórir út frá því. Ef menn henda smáfiskinum gefur það augaleið að menn vanmeta nýliðun í fiskstofnum og sú er hættan sem fylgir þessu frv., að við hvetjum til brottkasts með því að setja litlu bátana í kvóta. Þá er ekki sami hvati til þess að koma með lítinn fisk að landi og ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra er mér sammála í þessu máli. Ef hann er það ekki óska ég eftir að hann geri grein fyrir því hvers vegna. (**Sjútvrh.:** Ég er búinn að því.) Það væri þá ágætt að fá að heyra það á ný.

Breskir vísindamenn sem bjuggu til þá skýrslu sem Morgunblaðið hefur vitnað í segja að það eigi að fara yfir og skoða kosti og galla sóknarstýringar. Bretar eru ekki einir um það heldur hefur ágætur þingmaður, hv. þm. Hjálmar Árnason, talað ítrekað um það. Hann stærði sig af því í viðtali við horn.is að búið væri að samþykkja slíkt frv. og að verið væri að vinna einhverja úttekt á færeyska kerfinu. Ég hef ekkert frétt af þeirri vinnu. Þó höfum við ítrekað spurt um hana.

Við megum ekki gleyma því að þetta snýr ekki bara að þessum 300 útgerðarmönnum heldur snýst þetta líka um sjávarbyggðirnar og þess vegna verðum við að horfa á heildarmyndina. Eins og ég minntist á í andsvari við hv. þm. Guðjón Hjörleifsson tel ég að verði frv. að lögum muni það

koma í veg fyrir nýliðun, loka fyrir hana. Það er íhugunarefni fyrir Sjálfstfl. árið 2004 að hann er dag eftir dag að tala um kvóta og höft. Nú er verið að tala um kvóta og höft í sjávarútvegi. Í fyrradag voru það höft varðandi fjölmiðla og skerðing á atvinnufrelsi. Ef þetta frv. verður að lögum er verið að loka þessum klúbb enn frekar. Ég hefði talið jákvætt að fá nýliða inn og þess vegna ætti sjútvrh. að leggja fram frv. um hvernig eigi að fá inn nýliða. Nýliðar eru mjög mikilvægir. Þeir koma með nýjar hugmyndir inn í atvinnugreinina en hér virðist það vera rosalegt vandamál hjá kvótaflokkunum, Sjálfstfl. og Framsfl., sem reyna að girða af útveginn.

Í öðru lagi setja nýliðarnir ákveðna pressu á þá sem fyrir eru í atvinnuveginum. Mér fannst röksemdafærslan í svari hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar fjarstæðukennd þegar hann talaði um að menn væru jafnsettir og áður með að komast inn í útgerð eftir þessa lagasetningu. Hann talaði um vexti og ég veit ekki hvað. Það væri fróðlegt að fara yfir það svar frá hv. þingmanni því að mér fannst það vera tóm della, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. sjútvrh. hafði talað um að það mundi hækka eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja. Hvernig má það vera þegar tekjurnar munu að öllum líkindum lækka, færri fiskar munu koma á land? Það er eitt af markmiðunum með þessu frv.

Það verður líka fróðlegt að fylgjast með hvernig stjórnarþingmenn í Norðvest. munu bregðast við og hvort þeir muni samþykkja þetta frv. Ég tel að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi lýst því yfir á fundi um línuívilnun að hann styddi 23 daga gólf í dagakerfi. Ég skildi hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson á sama veg en nú ber hann það til baka. Hann talar út og suður um þetta. Ég hefði viljað sjá hann í fylkingarbrjósti þeirra manna sem vildu hrinda þessu frv. og vernda dagabátana í stað þess að tala hér með óljósum hætti um að sé valið jafnt muni hann styðja frv. en hann sjái mögulega, eins og hvert mannsbarn ætti að sjá, að að líkindum muni allir fara í kvótann. Ég furða mig á afstöðu hans í þessu máli.

Það verður einnig fróðlegt að fylgjast með framsóknarmönnum. Ef maður les atvinnumálastefnu flokksins frá 27. flokksþingi Framsfl. sem haldið var 2003 segir þar að unnið verði að því að koma í veg fyrir brottkast afla. Þetta frv. hvetur til brottkasts. Það verður mjög undarlegt að horfa upp á framsóknarmenn kyngja þessu frv. en þeir eru mjög duglegir að kyngja þessa dagana. Mér skilst að fjölmiðlafrv. sé komið hálfa leið niður kokið, svo er það að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og staðfestur í fiskveiðilögum. Erum við að gera það hér? Ég spyr, ágætu framsóknarmenn: Erum við að gera það hér eða er þetta bara til skrauts í atvinnumálastefnu flokksins? Er engin meining á bak við þetta? Síðan er það aftur þetta gamla góða: Gerð verði úttekt á sóknardagakerfi Færeyinga, hvernig staðan er þar og hvernig það yrði í framkvæmd á Íslandi með tilliti til dagafjölda og úthlutunar daga. Ég á von á því að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi staðið að þessu. Mér skilst líka að hann sé á mælendaskrá og komi jafnvel á eftir mér í ræðustól. Þá verður fróðlegt að fylgjast með því hvort hann greini okkur frá hvernig þessari úttekt miði. Hann verður spurður um hana. Hann hefur lýst því yfir í vefriti að hann styðji gólf í dagakerfið. Ég spyr hvort hann styðji þá þetta frv. Það kæmi mér algerlega á óvart því það hefur komið fram að frv. felur ekki í sér gólf, eða þá í mesta lagi fúið gólf eins og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson nefndi. Hann ætti ekki að geta stutt frv. enda væri það í algerri andstöðu við sjávarútvegsstefnu Framsfl. Hvað sem því líður hafa fleiri lofað, m.a. lofaði hæstv. utanrrh. Norðvesturkjördæminu að nú kæmi að því. Þar er atvinnuástand bágt eins og hann viðurkenndi og hann viðurkenndi að Framsfl. hefði staðið sig mjög illa þar og hefði staðið sig heldur skár annars staðar á landinu. Ég spyr: Er þetta þessi atvinnuuppbygging sem á að fara fram í Norðvest., þetta frv. sem við erum að ræða hér? Það mun fara í þveröfuga átt og nær allir hafa viðurkennt það.

Síðan hafa fleiri stórsnillingar tjáð sig um málefni landsbyggðarinnar. Það ber að minnast á hæstv. forseta þingsins, sjálfan Halldór Blöndal, en hann ritaði mjög merka grein 15. apríl sem heitir Fólk vill hafa fast land undir fótum á landsbyggðinni. Ég get verið honum sammála um það en ég er ekki sammála því að þetta frv. muni tryggja fast land undir fætur fólks á landsbyggðinni. Þvert á móti er verið að kippa grunninum undan atvinnu í Norðvest. Ef það er að marka það sem hv. þm. segir ætti hann að standa með okkur í stjórnarandstöðunni og koma þessu frv. frá. Hann segir m.a. í ágætri grein, með leyfi forseta:

„Lausnin fyrir sjávarplássin er ekki að einblína á þorskinn og efna til stríðs milli útgerðarflokka og byggðarlaga.“ — Ég get tekið undir það. Auðvitað eigum við ekki að kippa stoðunum undan stöðum eins og Bolungarvík, Suðureyri, Skagaströnd og þessum stöðum. Við eigum að fara eftir 1. gr. laga um stjórn fiskveiða en þar segir að við eigum að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Erum við að gera það með þessu frv.? Það tel ég alls ekki vera.

Ef við berum sóknarkerfið saman við kvótakerfið er það rétt að enginn á rétt á að fá kvóta í þessu kerfi út frá þeirri sóknarstýringu sem við höfum haft. Menn hafa haft jafna möguleika og nú er verið að færa þessa jöfnu möguleika þeim sem hafa nýtt sér þá í meira mæli en aðrir og gera þá að einhverri séreign. Það er furðulegt að menn skuli hafa fyrir augunum vont kerfi, kvótakerfi, og bera það ekki saman við það sem við höfum gert vel, þ.e. þar sem fiskveiðum hefur verið stjórnað með árangri. Árangur okkar í kvótakerfi er mjög slæmur, bæði hvað varðar byggðaröskun og síðan hvað varðar landaðan afla. Árangurinn af þessu kerfi er að þorskaflinn upp úr hafinu við Ísland er helmingi minni nú en fyrir daga kerfisins. Ættu menn ekki að nota skynsemina og spyrja sig: Hvað getum við gert betur? Er ekki rétt að staldra við og skoða aðstæður þar sem menn hafa náð árangri og stýrt fiskveiðum eins og t.d. í Færeyjum? Þar ná menn upp úr hafinu svipuðum afla, ef ekki meiri, með sóknarstýringu. Að vísu verður að segja eins og er að þeir reyndu kvótakerfi. Leiðin lá beint niður og þar lá við að aflinn minnkaði árlega. Þeir sáu að við það varð ekki búið þannig að þeir breyttu um stefnu og fóru yfir í sóknarstýringu. Hvers vegna fara menn ekki að t.d. ályktunum framsóknarþingsins og skoða í alvöru stjórn fiskveiða í Færeyjum? Ég hefði talið að menn ættu að gera það og reyna að ná árangri.

Að lokum vil ég koma því að skýrt og greinilega að þetta mál snýr ekki eingöngu að útgerðarmönnunum heldur snýr það að sjávarbyggðunum og hvernig við ætlum að ná árangri við að stjórna fiskveiðum á Íslandsmiðum.

[22:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða frv. sjútvrh. um breytingu á veiðikerfi svokallaðra sóknardagabáta sem oft eru nefndir handfærabátar. Margt hefur verið dregið inn í umræðuna varðandi þá, m.a. vakti hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson athygli á því að talsverður hluti þess afla sem

kæmi á land á sumartíma væri ekki endilega unninn úti á landsbyggðinni þar sem hann bærist að landi heldur væri hann fluttur til um langan veg og ef ég man töluna rétt voru m.a. um 1.700 tonn unnin í Reykjavík.

Það er alveg hárrétt að þessi afli flakkar um landið því að mikið af honum er boðið upp. Eins og lög gera ráð fyrir stunda menn annars vegar þessar veiðar miðað við það að liggja við bestu fiskimiðin og miðað við fiskigengd eins og menn þekkja hana og hins vegar veðurfar. Það er líka ljóst að menn landa þessum afla í höfnum þar sem er sáralítil fiskvinnsla eða var a.m.k. til skamms tíma. Við getum nefnt Stykkishólm þar sem var sáralítil fiskvinnsla, mikil skelfisksvinnsla hins vegar, en vegna hruns skelfisksstofna hafa menn núna verið að efla þar fiskvinnslu. Þar hefur jafnan verið landað á undanförnum árum 250–350 tonnum af fiski af handfærabátum samkvæmt svari sem sjútvrh. gaf við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um þróun aflamarks og veiðar smábáta. Brjánslækur, þar hefur verið landað um 200 tonnum, þar hefur ekki verið fiskvinnsla. Á Haukabergsvaðal hefur verið landað 70–80 tonnum, þar hefur ekki verið fiskvinnsla. Á Arnarstapa hefur verið landað 300–400 tonnum en ég held að ekki hafi verið mikil fiskvinnsla þar. Það má nefna fleiri staði. Við Norðurfjörð á Ströndum hefur verið landað hátt í 700 tonnum, þar er ekki fiskvinnsla. Skagaströnd, landað þar á síðustu tveimur árum yfir þúsund tonnum. Þar var ekki fiskvinnsla, búið að stofna þar saltfisksvinnslu núna og loka rækjuverksmiðjunni sem var. Þar var lítil fiskvinnsla. Siglufjörður, ég hygg að þar hafi verið frekar lítil fiskvinnsla. Þó er sennilega búið að opna þar fiskvinnslustöð seinni árin.

Það var gert út frá ýmsum stöðum þar sem ekki var endilega mikil fiskvinnsla. Því var eðlilegt að afli sem þar kom á land væri ekki endilega unninn á stöðunum en hann skapaði hins vegar mikla vinnu bæði í höfnunum og við þjónustu við þessa báta. Hún skipti verulega miklu máli. Mér er fullkunnugt um stöðu manna á Skagaströnd t.d. þar sem smábátaútgerðin hefur farið vaxandi á undanförnum árum vegna þess að það hefur verið mikill fiskur á Húnaflóasvæði, Hornbankasvæði og Skagagrunni. Hefur verið reynt að sækja hann frá Skagaströnd, sérstaklega þegar líður á sumar. Menn hafa miklar áhyggjur á þeim stað af því hvað verði ef svo fer að mikill fjöldi þeirra báta sem núna eru gerðir út á handfæraveiðar og hafa sóst í að vera á þeim svæðum þar sem mestur afli hefur fengist vegna dagakerfisins fer að færast til. Ekki síður hafa menn áhyggjur af því hvað gerist þegar þessi kvóti er orðinn að söluvöru eins og annar kvóti í kvótakerfinu. Við höfum séð hvernig þróunin hefur orðið á undanförnum árum þegar smábátarnir hafa verið kvótasettir, og það hefur gerst nokkrum sinnum, að mikil samþjöppun hefur orðið og uppkaup á aflaheimildum þessara smærri báta. Menn hafa ekki getað kortlagt það en greinilega hefur komið í ljós hvernig það hefur átt sér stað. Það er eitthvað sem menn þurfa að hafa miklar áhyggjur af, þegar búin er til þessi leið sem sjútvrh. er með hér, að setja upp kerfi þar sem mönnum er ætlað að velja, og sérstaklega þegar valkostirnir eru ekkert jafnir. Það er það sem menn þurfa að leggja sérstaka áherslu á, að valið eins og það kemur mér fyrir sjónir er bundið. Í dagakerfinu er boðið upp á 18 daga og síðan fækkun. Ætla má að þeir sem eru með mestu veiðireynsluna velji sig út úr sóknardagakerfinu og það er ekki víst að dagakerfið sem eftir verður verði mjög aðlaðandi.

Þetta vildi ég almennt segja um tillögu hæstv. ráðherra. Ég held þó að líka sé nauðsynlegt að hæla ráðherranum fyrir eitt, og segja það alveg hreinskilnislega, að það er mikil framför af hálfu hæstv. sjútvrh. að hann skuli nú hafa viðurkennt að hin gamla og handónýta viðmiðun upp á 2 þús. tonn af þorski sem ævinlega voru ætluð þessum flota er nú farin fjandans til. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það og vona að ég sjái þá viðmiðun aldrei aftur. Það er sem sagt búið að taka inn í þessa viðmiðun rúm 11 þús. tonn, fiskveiðiaflann á árinu 2002/2003, og fyrir það ber að þakka. Loksins er búið að viðurkenna raunveruleikann í þessum veiðum. Það er leitt til þess að vita að sjútvrh. hafi þurft svona rosalega mörg ár til að átta sig á þessu en samt ber að gleðjast yfir því þegar sellurnar virka. (**Sjútvrh.:** ... á ári.) Menn eiga að eiga það sem gott er og núna liggur fyrir að það er búið að viðurkenna þessa viðmiðun upp á 11 þús. tonn. (**EKG:** Er þá ekki ráðherrann orðinn óábyrgur?) Ja, ég hugsa að LÍÚ finnist hann frekar óábyrgur, enda snerust þeir allt í einu 180 gráður, menn sem eru búnir að mæla með því að þessi floti verði kvótasettur út á einhverja viðmiðun, 2 þús. tonn. (**JBjarn:** Er hann ekki vanhæfur? Það er svo í tísku núna.) Þeir eru algjörlega á móti því að sú leið verði farin þegar á að fara að miða við raunverulega veiðireynslu. Þeir hafa hins vegar sjálfir í gegnum alla sína tíð krafist þess að fá viðmiðun af allri sinni veiðireynslu, hvort sem hún hefur verið í úthafskarfa, kolmunna, norsk-íslenskri síld, rækju, hverri viðbót sem þeir hafa fengið. Þegar þeir voru með allan íslenska flotann sem leiguliða og við vorum uppi í Smugu að mynda nýjan veiðirétt skyldi alltaf LÍÚ fá fyrir skipin sín úthlutun miðað við veiðireynsluna þótt aðrir hefðu haldið saman útgerðinni á Íslandsmiðum með því að borga þeim sérstakan arð fyrir að nota þær heimildir sem þeir notuðu ekki sjálfir. Það var auðvitað líkt þeim að þeir skyldu núna snúa blaðinu algjörlega við þegar sjútvrh. loksins viðurkenndi að það yrði að taka raunviðmiðun við afla þessara báta.

Ég fór mjög gaumgæfilega yfir þetta í grein sem ég skrifaði í Fiskifréttir fyrir nokkru síðan. Ég dró þar fram skilmerkilega hvernig ávallt hefur verið miðað við raunafla þegar menn hafa verið að leita að viðmiðun í flotaeiningum og notuð einhver tala sem gaf heildaraflann miðað við það. Það ber auðvitað að þakka það sem vel er gert og við erum þá a.m.k. komin á þann stað að við erum að tala um sóknarkerfi út frá þessari raunveruleikaviðmiðun upp á 11.700 tonn sem var á síðasta ári, hæstv. ráðherra.

Frammi fyrir þessu stöndum við en mér finnst hins vegar að uppsetningin á sóknardagavalinu sé ekki aðlaðandi eins og hún er sett upp. Það verður auðvitað að skoða alveg sérstaklega í sjútvn. þessa daga eins og þeir eru settir upp sem val á móti kvótaúthlutuninni. Þeir eru algjörlega óásættanlegir að mínu viti, ekki síst þegar ráðherrann er líka búinn að setja inn í takmörkun á rúllufjöldanum á hvern bát sem þýðir auðvitað sóknarminnkun. Það var svar manna við sóknardagahækkuninni að bæta við rúllum og ná meiri afla.

Ef það er beint samhengi milli vaxandi hestaflafjölda og afla svo sem ráðherrann sagði áðan má ég þá spyrja til baka: Ef menn mundu minnka vélina, ætti þá ekki að láta þá hafa fleiri daga? (**Gripið fram í:** Árar.) Segjum bara að einhver færi úr 300 hestöflum niður í 100, verða menn ekki að vera samkvæmir sjálfum sér og fara í báðar áttir? Það getur ekki verið að menn reikni bara í aðra áttina. Það verður þá að vera svo ef það á að miða við hestaflatöluna. Ég vildi vekja athygli á þessu.

Ég legg mikla áherslu á að ég tel útfærsluna varðandi

sóknardagana mjög ósanngjarna og órökstutt að útfæra hana eins og hún er. Þar fyrir utan — ég mun koma að því í máli mínu að ég er almennt ekki hlynntur því að breyta þessu kerfi yfir í aflamarkskerfi. Fyrir því eru margar ástæður, m.a. sú sem hv. þm. Jón Gunnarsson vék að áðan. Það fer ekkert á milli mála að afli handfærabátanna í sóknarkerfi er mæling á aflabrögðum, mæling á fiskmagni í hafinu. Ekki ómerkari stofnanir en Hafrannsóknastofnun hafa viðurkennt að það yrði að viðhalda stofnmælingu með sóknarmælingu í botnfisksveiðum, trolli, til að fá viðmiðun við dreifingu afla og aflamarks á Íslandsmiðum. Það er líka gert í netarallinu. Menn hafa stuðst við það og í sóknardagakerfi handfærabátanna höfum við haft sjálfvirka aflamælingu miðað við sóknardaga. Það sem meira er, við höfum séð aflasamsetninguna, við höfum séð árgangaskipanina í veiðinni. Hún er ekki falin eins og stundum kemur fyrir í aflamarkskerfinu. Bæði smáfiskurinn, undirmálsfiskurinn og stærri og millifiskurinn kemur að landi. Þó að menn sækist vissulega eftir að vera í góðum fiski hafa menn engan hag af því að losa sig við smæsta fiskinn.

Við höfum verið með rauntölur í afla handfærabátanna en ég held því fram að við séum ekki alltaf með rauntölur í afla aflamarksskipa. Þar af leiðandi hefur mér stundum fundist að LÍÚ sæi ofsjónum yfir því þegar verið er að bera saman ólík kerfi sem gæfu ólíka aflasamsetningu. Það var talað um að það væri vont í sóknarkerfi að menn ykju vélarafl og afkastagetu. Má ég benda hæstv. sjútvrh. á hans eigin skýrslu? Þú hlýtur að kannast við þessa, hæstv. ráðherra. (**Sjútvrh.:** Hún var fyrir mína tíð.) Ja, hún er úr ráðuneytinu. (**Sjútvrh.:** Já.) Hér er sýnt vélarafl skipa yfir 10 brúttólestum, og hvernig hefur það þróast frá dögum kvótakerfisins? Miðað við 340 hér og upp í tæplega 400 árið 1997. Þróunin er þessi í útgerðinni, að menn hafa verið að auka aflið, og í þessu línuriti erum við eingöngu að tala um aflamarksskip, hæstv. ráðherra. Það er bara eins og það er. Ég hygg að menn snúi því ekki aftur á bak að vélarnar eru eins stórar og menn telja sig þurfa að hafa og hafa not fyrir á hverjum tíma. Það er staðreynd máls.

Ég veit ekki hvort menn muna eftir þessu korti þar sem er sýndur landaður afli krókaaflamarksbáta, reyndar fyrir daga kvótasetningarinnar í ýsu, ufsa og steinbít. Hér kemur í ljós að það eru dreifðar byggðir úti um allt land sem höfðu geysilega hagsmuni í þessu kerfi eins og það var meðan það hét þorskaflahámark og það hafði áhrif á hinar dreifðu byggðir þegar kvótasett var í aukategundunum sem var algjörlega ónauðsynlegt eins og dæmin sanna varðandi ýsustofninn og síðan veiðarnar á steinbítnum. Það þurfti ekki, það var vont fyrir okkur og vont fyrir hinar dreifðu byggðir landsins að við skyldum fara í kvótasetningu á þessum aukategundum.

Þá vil ég spyrja, hæstv. ráðherra: Hvað með þann aukaafla sem kemur á handfæri og er ekki þorskur eða ufsi? Í svari hæstv. ráðherra sem ég vitnaði til áðan er nokkur aukaafli, ekki mikill en það er þó aðeins af keilu, karfa og ýsu. Hvað á að verða um þann aukaafla, hæstv. ráðherra?

Fyrr í umræðunni var sagt, ég held að það hafi verið hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, að það væri nauðsynlegt að vita fyrir fram um þá kosti sem okkur stæðu til boða í veiðum. Ég tek algjörlega undir það með hv. þingmanni. Það er auðvitað búið að vera mjög snúið fyrir þá menn sem gera út á sóknardagakerfi í handfærakerfinu á undanförnum árum að hafa þurft að una við það að sitja upp með einhverja viðmiðun aftan úr grárri forneskju upp á 2 þús. tonn vitandi það að textinn í lögunum var þannig að það var sjálfvirk niðurtalning á dögum. Nú er hæstv. ráðherra búinn að viðurkenna í þessu frv. að þessi eldgamla reynsla, sem ég reyndar benti á í skrifum fyrir nokkru síðan, væri ósanngjörn. Henni hefur verið hent og ný viðmiðun tekin inn miðað við fiskveiðiárið 2002/2003 sem mig minnir að sé um 11 þús. tonn. Við stöndum þá uppi með það að þessi smábátafloti, handfæraflotinn, er búinn að öðlast nýja viðmiðun. Þá er ákaflega fróðlegt fyrir smábátamenn að velta fyrir sér hvort þeir séu ekki í ágætri stöðu með því að velja daga, allir sem einn. (**JBjarn:** Það held ég nú. Jæja.) Hvaða tala kemur út úr því? Ætli það sé ekki sama tala og viðmiðunartalan?

Það verður, hæstv. ráðherra, að breyta þessu frv. yðar. Það er algjörlega óásættanlegt að reyna að segja mönnum að þeir hafi tvo jafna valkosti og það er bara annar sem gefur helling af peningum. Það er verið að hengja upp gulrót. Ég hef bara orðað þetta svo að það er verið að bera fé á menn til að láta þá velja. Það er ekki jafnt val.

Ég hef líka komið að því að það skipti verulegu máli fyrir byggðir landsins að viðhalda þessu sóknarkerfi, þetta skipti verulegu máli til þess að ungir og kraftmiklir menn eigi möguleika á að komast inn í kerfið. Það þarf talsverða líkamsburði og dugnað til að standa í þessum veiðum og ungir og kraftmiklir menn treysta sér til að kaupa sig inn í þetta kerfi í þeirri vissu að þeir hafi burði og kraft til að gera betur en sá sem er að selja. Það er samt ekki eins og menn þurfi að fara út úr því sem fátæklingar. Hafi þeir staðið sig sæmilega í veiðunum á sínum ferli ættu þeir eftir nokkur ár í dagakerfinu að vera með skuldlitla eða skuldlausa báta. Eins og hér kom fram í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar áðan eru menn að tala þar um einhverja tugi milljóna fyrir sölu báts með dögum. Það er ekki eins og menn lepji dauðann úr skel við það og ég tel að ekki eigi að hengja upp þessa gulrót með kvótaúthlutuninni og láta menn velja það því þá er aðeins verið að hygla þeim sem hafa haft ákveðna viðmiðun á undanförnum árum. Það er ekki verið að hugsa um hvaða afleiðingar það hefur á byggðir landsins, hvað gerist í hinu dreifðu byggðum þegar útgerðarmynstrið breytist. Það er ekkert verið að hugsa um fólkið sem býr í þessum byggðum, sem hefur haft atvinnu af því að þjónusta þessa báta, taka við þessum afla eða vinna hann. Það er enn á ný fyrst og fremst verið að hugsa um það að þeir sem hafa verið að gera út, hafa búið til viðmiðun, geti valið sér hana og fái fyrir það talsvert mikið fé. Þess vegna orða ég það svo að verið sé að bera fé á menn. Þetta verður að mínu viti eitt höggið enn þá fyrir landsbyggðina og ekki er á bætandi.

Ég vil enda ræðu mína á því að vitna í orð Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsfl., hv. þm. Hjálmar Árnason, (**HjÁ:** Ég er að hlusta.) sem sagði fyrir stuttu að nú væri komið að norðvesturhluta landsins. Þar yrði að taka á til að bæta hag fólksins.

[23:08]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Hér hafa verið haldnar margar langar og (**GAK:** Skemmtilegar ræður.) skemmtilegar ræður, sumar hverjar. Ég tel að málið sé afskaplega vel reifað, enda styttist óðum í það, ekki nema fáeinir klukkutímar í að sjútvn. muni taka það til frekari skoðunar og fara að hlýða á þá sem málið tengist.

Ég lít, virðulegur forseti, svo á að það frv. sem hér er verið að fjalla um byggi, eins og fram hefur komið, á viðræðum hæstv. sjútvrh. við Landssamband smábátaeigenda

og einstaka hópa í þeim geira, getum við sagt, meðal smábátaeigenda. Aðalmálið sem við öll hv. þingmenn hljótum að horfa á, hvort heldur við erum að ræða um smábáta eða aðra, er að finna lausn sem leiðir til aukinnar sáttar innan greinarinnar. Þegar við segjum „aukinnar sáttar innan greinarinnar" er það ekki síst innbyrðis, meðal krókakarla, en ekki síður á milli litla kerfisins og stóra kerfisins sem oft eru kölluð. Það hlýtur að teljast einn veikleiki greinarinnar, sjávarútvegs, það stríð í rauninni sem lengi hefur staðið illu heilli milli þessara tveggja kerfa og þeirra sem það stunda. Ef það frv. sem hér er til umræðu og afgreiðslu er skref í þá átt að auka á sátt innan greinarinnar er það mikilvægt skref.

Hér í umræðunni hafa verið nefndar samþykktir frá Landssambandinu og einstökum félögum innan þess um smíði gólfs í dagakerfið. Það byggir auðvitað á því að þeir sem hafa verið í dagakerfinu hafa búið við gífurlega mikla óvissu, vitandi það að með hverju árinu sem líður fækkar dögum. Menn hafa bent á ýmsar skynsamlegar lausnir í því. Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér tvær leiðir og er væntanlega niðurstaða af þeim viðræðum sem fram hafa farið milli hæstv. sjútvrh. annars vegar og hins vegar aðila í smábátakerfinu þar sem gert er ráð fyrir því að smábátasjómenn, þ.e. þeir sem eru á núverandi dagakerfi, geti valið, þeir eigi þetta val sem hér hefur verið nú um hríð til umræðu, megnið af þessum degi, og hins vegar gólfið sem sumir kalla að sé reyndar nokkuð veikburða vegna þess að í því eru innbyggðar ákveðnar takmarkanir.

Hvor þessara leiða er sú réttari (**Gripið fram í:** Hvorug.) er spurning og ég heyri ekki betur en að ýmsir hv. þm. telji sig hafa það svar á reiðum höndum, patentlausnina á því. Auðvitað er ekki um neitt einfalt svar að ræða frekar en með önnur þau fjölmörgu skref sem stigin hafa verið til að breyta því fyrirkomulagi sem við búum við í sjávarútveginum. Það sem mér finnst skipta mestu máli hvað þetta frv. varðar er að dagakarlar eigi val, þeir geti valið. Mér finnst þar skipta miklu máli eins og hv. þm. vita að fyrir liggur yfirlýstur vilji margra þeirra sem nú eru í dagakerfinu að þeir vilja fá að velja, og fá þá að velja sig inn í kvóta. Mér finnst að auðvitað beri okkur þá skylda til að leggja við hlustir og taka tillit til þeirra sjónarmiða.

Það er líka rétt, virðulegur forseti, að draga það fram hér að við erum í sjálfu sér ekki að taka neina nýja prinsippákvörðun, einfaldlega vegna þess að prinsippskrefið um það að krókakarlar geti valið sig inn í kvóta hefur verið tekið. Fjölmargir völdu sig inn í það. Þess vegna er rökrétt að velta upp spurningunni: Hvers vegna skyldu þeir sem enn eru eftir í dagakerfi ekki einnig fá að velja sömu leið? Af því að prinsippskrefið hefur þegar verið stigið. Hér er ekki verið að fara neinar nýjar leiðir í þessu, heldur að bjóða fleirum að fara það sem aðrir hafa áður farið.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna enda eins og ég sagði áðan er afskaplega stutt í að sjútvn. byrji að hnoðast á þessu máli og vinna í því. Ég vil þó draga fram það sjónarmið sem ég sjálfur hef heyrt frá fjölmörgum körlum sem eru í dagakerfinu núna, nefnilega það sjónarmið að í því að vera á dögum felist ákveðið stress. Ég heyrði fyrir örfáum dögum af einum sem var búinn að vera úti í eina 5–6 tíma og fékk lítið. Hann stressaðist auðvitað mjög yfir því sem ég skil vel því að dagurinn nýttist afskaplega illa og hann greip til þess ráðs að stíma í land.

Annað sem fylgir dagakerfinu er það sjónarmið að það er afskaplega lítið fjölskylduvænt. Eins og við vitum eru dagakarlar á þeysistími landshornanna á milli. Þeir elta fiskinn og þegar verið er að ræða um atvinnuöryggi einstakra byggðarlaga í tengslum við þetta eru það ekki rök sem halda því að smábátaflotinn, ekki síst dagabátaflotinn, heldur sig þar sem helst gefur fisk. Það var um hríð við Suðurlandið. Menn voru mikið í Þorlákshöfn, á Suðurnesjum og Hornafirði. Menn hafa verið fyrir vestan, menn hafa verið við Langanesið og þar búa dagakarlar kannski ekki við þær bestu aðstæður sem til eru. Þeir eru fjarri fjölskyldum og það sem er meira er að þeir hafa enga möguleika á því að skipuleggja fjölskyldulíf, sumarleyfi með fjölskyldu sinni eins og flestir aðrir geta gert. Þetta eru sjónarmið sem ég heyri frá körlum sem eru í dagakerfinu núna. Þeir hafa einfaldlega áhuga á því að geta tekið upp annað mynstur til þess að eiga samvistir við fjölskyldu sína, til þess að geta losað sig við þetta stress. Ef þeir hafa ákveðinn kvóta geta þeir frekar sjálfir ráðið því hvenær þeir róa, þeir geta skipulagt jafnvel sumarleyfi, ég tala ekki um veiðiferðir í fallegar íslenskar ár með veiðifélögum sínum eða fjölskyldum. Það sem er kannski mest um vert er að þeir geta miðað róður sinn við þann tíma sem verð á mörkuðum er hæst.

Þetta eru sjónarmið sem við heyrum frá körlum í dagakerfinu og ber auðvitað að hlusta eftir og taka tillit til. Ég skil þess vegna þau sjónarmið þeirra sem vilja velja sig inn í kvóta og að sjálfsögðu skil ég líka og virði sjónarmið þeirra sem kjósa að vera í dagakerfinu með þessu gólfi með sínum takmörkunum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegur forseti, og tel að sjútvn. þurfi að fara gaumgæfilega yfir málið, hlýða á þau sjónarmið sem uppi eru, en ekki síst vil ég nefna það að ef þetta kann að leiða til aukinnar sáttar eru stigin mikilvæg og góð skref fyrir sjávarútveginn.

[23:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að heyra frá hv. þingmanni sem oft hefur bæði talað og skrifað um það að koma á sóknarkerfi og nefnt til færeyska kerfið, flutt um það tillögu o.s.frv., hvort honum finnist ekki undarlegt að koma inn á Alþingi og tala fyrir því að leggja af þetta pínulitla sóknarkerfi sem er við lýði á Íslandsmiðum. Finnst honum ekki full ástæða til að viðhalda slíku kerfi, a.m.k. til samanburðar við hitt þannig að menn geti aðeins haft augað á öðrum leiðum til að stjórna fiskveiðum en að gera það með kvótakerfinu? Hvenær umpólaðist hv. þm. svona í þessu máli? Eða hvað er það, finnst honum þetta gólf sem boðið er upp á vera eitthvert val? Er þetta ekki bara kjallari?

[23:18]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú veit ég að hv. þm. Jóhann Ársælsson er skipasmiður en ekki húsasmiður en það veit ég þó að gólf eru niðri. Hér er verið að tala um gólf, en gólf er ekki uppi, það er kallað loft og við erum að fjalla um gólf. Hvort 18 dagar samkvæmt þessu frv. er rismikið gólf eða ekki, um það má örugglega deila.

Hvað varðar færeyska kerfið er það rétt hjá hv. þingmanni að ég hef viljað að farið yrði í þá vinnu, sem því miður hefur ekki verið gert, að skoða kosti og galla færeyska kerfisins. Þegar það verður búið eigum við að taka afstöðu til þess. Sjálfur þekki ég, eins og hv. þm. veit, nokkuð til í Færeyjum og að mörgu leyti hefur færeyska kerfið virkað vel þar, en þar hafa líka verið að koma upp önnur sjónarmið vegna þess

að núna þegar fer að reyna á kerfið hafa komið fram skiptar skoðanir um það.

[23:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kannski er ástæðan komin fram nú þegar, kannski er hv. þm. þegar búinn að fá þær upplýsingar frá Færeyjum að hann telji það kerfi ekki henta hér. Þá eru það út af fyrir sig fréttir. Mér finnst samt full ástæða til að halda áfram með þetta gólf sem hv. þm. kallar svo því að ég get ekki betur séð en að því gólfi sé ætlað að hrynja niður í kjallarann eins og svona er til stofnað. Ég spyr hv. þingmann hvort honum finnist það allt í lagi líka og að það sé sambærilegt val að lenda þeim megin í því kerfi sem verið er að bjóða upp á.

[23:20]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Niðurstaðan er sem sagt sú að gólfið sé falskt loft. Ég þarf ekkert að fara frekar út í það enda hafa menn velt því fyrir sér ítrekað í dag hvort 18 dagar með þeim takmörkunum sem þar eru séu eðlilegir og þar fram eftir götunum. Engu er við það að bæta.

Ég vil leiðrétta eitt hafi hv. þingmaður ekki heyrt. Ég var ekki að blása færeyska kerfið af, síður en svo. (Gripið fram í.) Hv. þm. á að vita að til þess að taka jafnmikilvægar ákvarðanir og að breyta heilu fiskveiðistjórnarkerfi eiga menn að velta fyrir sér kostum og göllum. Það er það sem ég vil að verði gert, menn skoði kosti og galla, því það eru sannarlega kostir í færeyska kerfinu en þar hafa líka komið upp gallar. Þetta þurfa menn alltaf að vega, kosti og galla, og taka síðan ákvarðanir.

[23:21]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason flutti frekar einkennilega ræðu og fór um víðan völl. Hann nefndi m.a. framkomið frv. hæstv. sjútvrh. en í því kemur greinilega fram að þar er ekki sett neitt gólf á dagafjölda fyrir þá sem hugsanlega mundu velja sér daga. Nú man ég það að í kosningabaráttunni fór Hjálmar Árnason mikinn, m.a. á fundum og í greinaskrifum þar sem hann lýsti því yfir að Framsfl. mundi vilja beita sér fyrir því að sett yrði gólf í dagakerfið. Þetta er til í greinum.

Svo er annað. Hvenær ætlar hv. þm. Hjálmar Árnason að standa við stóru orðin og sjá til þess að þeirri þáltill. sem hann fékk samþykkta, um að gera ætti úttekt á færeyska kerfinu og skila skýrslu til Alþingis í mars sl., verði fylgt eftir með úttektinni? Hann hlýtur að bera ábyrgð á því. Hann lofaði þessu fyrir kosningarnar.

[23:23]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi varðandi þál. um að skoða kosti og galla færeyska kerfisins urðu lyktir þær að hún gat þó komist út úr nefnd og var vísað til ríkisstjórnar. Sannarlega vona ég að hæstv. sjútvrh. muni fylgja henni eftir ef hann er ekki þegar byrjaður á því. Ég veit að ég og hv. þingmaður munum örugglega spyrja hæstv. sjútvrh. að því.

Hvað varðar gólfið er það alveg rétt, menn hafa talað um gólf og hér er a.m.k. vísir að gólfi þó að búið sé að kalla það falskt loft sem sé á leið niður í kjallara. Það skiptir miklu máli, finnst mér, í þessu samhengi að kominn er fram eindreginn vilji hjá þeim sem eru í dagakerfinu núna til að velja sér kvóta. Það er einfaldlega sjónarmið sem ber að hlusta á. Hér er mönnum gefinn kostur á að velja.

[23:24]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég held að hv. stjórnarþingmaðurinn Hjálmar Árnason eigi einmitt að beita sér fyrir því að hans eigin ríkisstjórn standi við það sem lofað var og að farið verði í þessa vinnu. Það er alveg ótrúlegt sleifarlag og alveg með ólíkindum að menn skuli fara í kosningabaráttu, lofa svona löguðu út og suður, margendurtekið, og síðan er ekki staðið við neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut, þáltill. sem fara í gegnum nefndir og þingið eyðir tíma í að ræða, leitað eftir umsögnum o.s.frv., mikil vinna er lögð í þetta. Tillögur eru þess vegna samþykktar með samhljóða atkvæðum allra sem voru í þingsalnum á þeim tíma, ég hef athugað þetta, og síðan ekki söguna meir. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð, hæstv. forseti.

Svo er hitt, að komið hafi fram eindreginn vilji hjá þeim sem eiga dagabáta í dag að komast í kvóta. Ég hef ekki orðið var við þennan eindregna vilja í þeim umsögnum sem liggja nú fyrir hv. sjútvn. Ég hvet hv. þm. Hjálmar Árnason til að kynna sér þær umsagnir um framkomið frv. Frjálsl. og Vinstri grænna. Þær umsagnir eru allar á einn veg. Menn vilja daga.

[23:25]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú háttar svo til að ég get kannski frætt hv. þingmann með alveg glænýjum upplýsingum sem hæstv. sjútvrh. veitti mér áðan. Þegar er byrjuð vinna við úttekt á kostum og göllum færeyska kerfisins og vona ég að hv. þingmanni verði nokkuð rórra við þær upplýsingar. Ég vonast til þess að við sjáum þær upplýsingar fyrr eða síðar svo að við getum rætt þær. (**SigurjÞ:** ... fljótræði ... taka þetta af?)

Hvað svo varðar hitt atriðið — nú datt úr mér hvert hitt atriðið var sem hv. þm. nefndi í lokin. Það verður svo að vera, það datt úr mér. (**MÞH:** Það eru óskir dagamanna.) Já, það eru óskir dagamanna. Það er einfaldlega svo að fjölmargir af þessum dagakörlum hafa haft samband og það er einmitt eitt af því sem við þurfum að gera í hv. sjútvn., að kanna hver vilji þeirra er. Sé vilji þeirra virkilega sá, eins og sögusagnir herma skulum við segja, að þeir vilji fara þessa leið, eigum við þá að leggjast gegn því? Eigum við að hunsa þann vilja?

[23:26]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir hjartnæma ræðu þar sem fólk átti að geta valið fram og aftur. Ég spyr þá hv. þingmann hvort krókaaflamarksbátar geti ekki bara valið til baka ef úttektin sýnir að færeyska kerfið sé eitthvað sem má búa við. Ég held að við þurfum í raun og veru ekki að spyrja okkur þeirra spurninga hvort færeyska kerfið, sóknarkerfið, sé betra. Ég held að það gefi augaleið að kerfi sem hvetur ekki til brottkasts eins og aflamarkskerfið gerir, kvótakerfið, sé betra fyrir þjóðina. Það er líka einmitt það sem stefna Framsfl. segir á síðasta flokksþingi sem haldið var 2003, framsóknarmenn segjast vilja koma í veg fyrir brottkast. Ég tel að þá eigum við að stefna óhikað að sóknarkerfi, ekki vera að breyta þessum leiðum okkar að sóknarkerfi heldur bíða eftir úttektinni.

[23:27]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Heldur fannst mér hv. þm. fara út og suður. Þetta frv. snýst einmitt um val á milli tveggja leiða, þ.e. að þeir sem eru í dagakerfi geti valið sér, annars vegar það að fá 18 daga með takmörkunum eða valið sig inn í kvóta. Lengra nær það ekki, eins og hv. þm. var að gefa í skyn, og menn eiga ekki að velja fram eða aftur. Það eru þessir tveir kostir sem á að velja um.

Hvað varðar brottkast hefur komið fram að m.a. með aðgerðum sem hér hafa verið teknar, með breytingum á lögum, hefur stórlega dregið úr brottkasti. Ég hygg að hv. þingmaður hafi kannski ekki nein vísindaleg rök fyrir því að brottkast sé miklu meira í því kerfi sem við erum með núna eða sóknardagakerfi. Eins og hv. þm. veit var brottkast alþekkt á árum áður þegar hugtakið kvóti var varla einu sinni komið inn í íslenska tungu. Meira að segja eru til margar ljósmyndir af því, frægar af Halamiðum og víðar.

[23:28]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við megum ekki gleyma því og ég ætla að minna hv. þm. Hjálmar Árnason á það að það mál sem við erum að ræða hér snýr ekki eingöngu að þessum útgerðarmönnum. Hann verður að gera sér grein fyrir því. Ef hann hefur gleymt lögunum um stjórn fiskveiða verður hann að lesa þau aftur yfir. Þar segir í lok 1. gr. að markmiðið sé að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Menn geta ekki neitað að horfast í augu við þá staðreynd að $^4/_5$ þess afla sem kemur úr sóknarkerfinu er landað í Norðvest. Sjálfur formaður Framsfl. hefur sagt að það sé komið að Norðvest. í atvinnuuppbyggingu. Ég spyr: Er þetta byrjunin á því, að kippa fótunum undan þeim byggðarlögum sem byggja hvað mest á dagakerfinu? Eigum við ekki að doka við?

[23:30]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú hygg ég að hv. þingmaður geti ekki frekar en aðrir fullyrt að verði þetta frv. að lögum kippi það stoðum undan byggðarlögum, t.d. í Norðvest. af því að hann nefnir það sérstaklega, ekkert frekar en að lagasetning muni breyta því að fiskigengd breytist og aðkomubátar í Norðvest. elti fiskinn. Oft eru þeir við Langanes. Þeir hafa verið við Suðurland. Þeir eru þar sem fiskurinn er. Þar að auki ber okkur að hafa í huga að af þeim afla sem á land kemur af þessum bátum, m.a. á Vestfjörðum, er ekki nema hluti sem verður eftir þar. Hinn fer meira að segja hingað suður til sjálfrar höfuðborgarinnar og hann skapar þá ekki atvinnu á Vestfjörðum, fiskur sem kemur til vinnslu hér.

[23:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það rifjaðist upp fyrir mér þegar ég hlýddi á hv. þm. Hjálmar Árnason að þegar hann fór í framboð til Alþingis í fyrsta sinn fór hann mikinn og boðaði í raun og veru sérstaka sjávarútvegsstefnu, einhvers konar Suðurnesjastefnu framsóknarmanna þar sem hann hugðist taka veiðiheimildir af togurum og stærri bátum og stærri skipum og flytja á bátaflotann og efla mjög þá útgerð, strandveiðiflotann ef við köllum hann svo. (Gripið fram í.) Ég vil spyrja hv. þingmann út frá þessu: Óttast hann ekki að þessi gjörningur geti orðið upphafið að endalokunum á þessum valkosti sem sóknardagafyrirkomulag hluta smábátaflotans hefur verið? Gæti það þá ekki einmitt orðið upphafið að þróun í kolöfuga átt ef þessi hópur fer að mestu leyti í kvóta og leggst síðan á árar ásamt með fleirum að fá að selja veiðiheimildir sínar, jafnvel upp til stærri skipa? Hversu lengi heldur sú takmörkun og hefur hv. þm. engar áhyggjur af því að hér séum við að reka í raun og veru enn einn naglann í líkkistulok smábátaútgerðar og strandveiðiflotans?

[23:32]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni gott minni. Það er einmitt rétt að muna hvernig ástand var meðal smábáta 1995. Ef ég man rétt var dagakerfið yfir línuna komið niður í eina 7–8 daga. Ég held að hv. þingmaður muni það því að ef ég man rétt var hv. þm. þá í sjútvn. Síðan hefur auðvitað mjög mikið gerst, sérstaklega meðal smábáta, minna gerst meðal hinna svokölluðu punga vertíðarflotans en það hefur orðið veruleg aukning í því sem smábátar veiða. Ég minni hv. þingmann á að 400–500 smábátar munu nú þegar vera í kvóta og eru afskaplega farsælir fyrir þau byggðarlög sem þeir leggja upp í. Ekki hafa orðið nein endalok hjá útgerðum þeirra aðila heldur eru þeir afskaplega sáttir.

[23:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að taka þurfi málefni smábátaútgerðarinnar og bátaútgerðarinnar til endurskoðunar í heild sinni. Okkur vantar samræmt kerfi fyrir þann útgerðarflokk sem nýtir grunnmiðin næst landinu sem fellur eðlilega að eðli þeirra veiða. Í því sambandi er veruleg eftirsjá að því ef sóknartakmarkandi fyrirkomulag hverfur með öllu út úr fiskveiðistjórn við Ísland og þeirri sögu lýkur þannig. Margir telja og ekki síst þegar veiðar smærri skipanna eiga í hlut að það gæti verið góður kostur að skoða slíka möguleika eins og hv. þm. kom reyndar inn á og nefndi áhuga manna á því að skoða færeyska kerfið. Það er ekki nýtt af nálinni því að ég man ekki betur en að ég og hv. þingmaður höfum farið sem nefndarmenn í sjútvn. í ágæta kynnisferð til Færeyja á árum áður.

Ég hef alltaf átt mér þann draum að einhvern tíma kæmi að því að menn tækju þetta heildstætt til endurskoðunar. Það er auðvitað með blendnum hug sem maður horfir til einstakra aðgerða af þessu tagi ef maður jafnvel telur að þær þrói kerfið í öfuga átt.

[23:34]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi er náttúrlega ekki vitað hvert valið verður. Það á eftir að koma í ljós verði þetta frv. að lögum.

Í annan stað má spyrja hvað gerist þegar búið verður að endurskoða kerfið í heild sinni. Hvað kemur út úr þeirri endurskoðun? Það er eins með öll mannanna verk er lúta að breytingum á fiskveiðistjórninni, þar eru alltaf átök. Og þótt við tækjum allt smábátakerfið til heildarendurskoðunar hygg ég að um það yrðu sömu umræðurnar, jafnvel sömu deilurnar. Ég ítreka að 400–500 smábátar eru á kvóta. Það hefur skapað þeim ákveðið atvinnuöryggi, fjölskylduöryggi og þar fram eftir götunum, þeim sem það völdu. Þess vegna skil ég að einhverjir af dagakörlum skuli vilja fara þá leið því þeir hafa séð reynsluna og þann stöðugleika sem þessu fylgir.

Ég tek samt undir með hv. þingmanni, för okkar til Færeyja var ánægjuleg en þar komu líka fram ákveðnar

efasemdir, ekki síst hjá fiskifræðingum í árdaga færeyska kerfisins.

[23:36]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það frv. sem við ræðum er um breytingu á fiskveiðistjórnarlögum, þ.e. breytingar á svokölluðum dagabátum, enn ein breytingin sem greinilega mun valda miklum deilum eins og hér hefur komið fram, ekki eingöngu milli stjórnar og stjórnarandstæðinga, heldur því miður líka meðal smábátasjómanna sem eru í þessu kerfi. Það er auðvitað miður.

Ég sagði í stuttu andsvari við sjútvrh. í dag að upplýsingar mínar hefðu verið um það að hann hafi kynnt frv. 7. maí. Nú hefur komið í ljós að það var 10. maí og vil ég leiðrétta það hér með. Ég vil líka segja að ég hef hlustað með athygli á marga hv. þm. ræða um kosti og galla þessa frv., kosti og galla sjávarútvegskerfisins. Því miður má segja að miklar deilur séu og verði kannski eitthvað áfram um sjávarútvegsstefnuna. Er það mjög miður, virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram. Ég hef sagt það áður og vil segja enn einu sinni að ég tel eitt af brýnustu verkefnum Alþingis og alþingismanna að reyna að skapa miklu meiri sátt um sjávarútvegskerfið. Við getum ekki búið við það að þessi aðalatvinnuvegur okkar lifi sífellt í óvissu og í þessum deilum þegar við svo bætast líka ýmsar breytingar úti í heimi sem við höfum engin áhrif á, þ.e. gagnvart þeim sem ætla að kaupa þessar afurðir okkar. Það er mjög alvarlegt mál vegna þess að við Íslendingar erum sennilega manna fremstir í sjósókn, vinnslu afla, öllum nýjungum og öllu því en það dugar ekki til, virðulegi forseti, ef enginn verður til að kaupa afurðirnar á því verði sem við viljum fá fyrir þær.

Á þeim 20 mínútum sem ég hef til að ræða þetta mál get ég ekki farið yfir mikið en vildi nefna þetta í byrjun. Svo ætla ég að snúa mér að þessu frv. vegna þess að það er auðvitað það sem hér er fyrst og fremst á dagskrá. Kannski gefst tækifæri til annars við 2. umr. ef hún verður yfirleitt um þetta frv. áður en þing fer heim. Það er ekkert víst.

Mér er ákaflega minnisstætt, virðulegi forseti, að þegar ég var vestur í Bolungarvík, í þeim ágæta bæ — ég gerði mér það oft til dundurs að labba niður á brjót og fylgjast með körlum koma að landi — spurði ég einn gamlan nemanda minn í hvaða kerfi hann væri. Hann svaraði mér því til að hann væri í taugakerfinu. Þá var það dagakerfið, þá var ekki klukkustundakerfið, og hann kallaði það taugakerfi. Ég vil helst ekki hafa eftir, virðulegi forseti, það sem hann sagði að ættingjar sínir kölluðu kerfið vegna þess að það var orð sem ég vil helst ekki segja upphátt.

Ályktanir frá Landssambandi smábátaeigenda hafa verið gefnar út um þetta dagakerfi og talað hefur verið um gólf. Það er rétt að á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda var ályktað og fjallað um þetta. Þar lýsti m.a. hæstv. sjútvrh. því yfir, ef ég man rétt, líkt og hann gerði á fundi Landssambands íslenskra útvegsmanna að þetta sóknardagakerfi væri eitt af þeim málum sem þyrfti að leysa. Í bréfi sem Landssamband smábátaeigenda hefur ritað sjútvn. sem umsögn um það mál sem hér hefur lítillega borið á góma, sóknardagakerfið, sem var flutt fyrir áramót er því lýst hvernig þetta hefur gengið fyrir sig. Samkvæmt því hefur kannski ekki gengið allt of vel en þar er verið að fjalla um þessi atriði, þ.e. að setja gólf, setja dagana fasta, rætt um að fækka handfærarúllum sem má nota og að takmarka vegna vélastærðar. Mér finnst t.d. mjög athyglisvert sem kemur fram í einhverri skýrslu og skoðun sem gerð var, sem ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að lesa hér, að lögleiðing vélatakmarkanaþáttar hefði þýtt 511 tonnum minni afla á síðustu tveimur fiskveiðiárum hjá þeim 41 bát sem athugunin náði til. Er ekkert meira í raun og veru um það að segja.

Það er ljóst að sóknardaganefnd Landssambands smábátaeigenda hefur verið í viðræðum eins og segir í þessu bréfi til hæstv. sjútvrh., dagsettu 2. apríl 2004. Með leyfi forseta vil ég grípa aðeins niður í það:

„Að lokum harmar sóknardaganefnd LS að samtímis viðræðum skulið þér ræða við þrjá einstaklinga sem gera út sóknardagabáta um breytingar á veiðikerfi því sem hér um ræðir. Samkvæmt þeirra frásögn hafið þér lýst áhuga á annars konar útfærslu en viðræður yðar við sóknardaganefnd Landssambands smábátaeigenda hafa byggst á. Þetta hefur aldrei komið fram í viðræðum sóknardaganefndar við yður.

Sóknardaganefndin hefur starfað af fullum heilindum í viðræðum við yður..." o.s.frv. Það sem verið er að ýta á er að það þurfi að fara að draga til tíðinda. Svo segir í þessu bréfi:

„Til þeirra tíðinda hefur svo dregið með því frumvarpi sem við erum hér að ræða um með þeim kostum og göllum sem þar eru."

Nú geri ég ráð fyrir því, virðulegi forseti, að mjög margir þingmenn, sérstaklega þeir sem hafa setið yfir þessari umræðu, m.a. þeir sem sitja í sjútvn., hafi fengið fram sjónarmið margra þeirra smábátasjómanna sem vinna í þessu kerfi. Það virðist sem margir vilji fara þessa leið, þeir hafa fært fyrir því rök, og aðrir harðneita þeim og hafa fært fyrir því líka gild rök. Þetta er eiginlega járn í járn.

Virðulegi forseti. Eins og oft áður vil ég nálgast þetta mál og horfa á það einnig út frá byggðasjónarmiði. Hvaða áhrif hefur þessi breyting á landsbyggðarstefnu? Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég er orðinn ákaflega þreyttur á aðgerðaleysi Alþingis gagnvart hinum dreifðu byggðum og svo er ég líka ákaflega þreyttur á þeim aðgerðum sem eru beinlínis til að draga frekar þróttinn úr viðkomandi byggðum. Ég óttast að þetta frv. geri m.a. það, ég óttast það. Kem ég að því síðar. Þegar sú gulrót er sett upp um að skipta og fá kvóta í staðinn og verðgildið sem í því liggur óttast ég að þessum bátum fækki mjög, um 100–150 báta á 1–2 árum, með þeim alvarlegu afleiðingum sem það hefur fyrir mjög marga staði á landsbyggðinni.

Ég vitnaði líka vestur á firði í hina miklu og góðu skuttogara sem þar voru á gullaldarárunum og bar saman við stöðuna í dag. Hún hefur breyst svo mikið að ýmsir smástaðir úti á landi eiga engan séns annan en að gera út smábáta. Það er meira að segja svo komið að sums staðar eru jafnvel ekki til sjómenn nema á nokkra smábáta þar sem áður voru til sjómenn í heilar skipshafnir á stórum togurum. Þessir smábátar sem slíkir hafa eflt margar byggðir og dregið úr frekari hrörnun þeirra ef svo má að orði komast. Þessi breyting sem hefur e.t.v. kallað á ekkert sérstaklega fallega orðnotkun, þar sem talað er um að hálfpartinn sé verið að bera fé á menn, er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Við það að setja þetta yfir í kvóta gerist líka annað. Sú hætta er fyrir hendi að brottkast aukist. Sú hætta er ekki bara fyrir hendi, það er nánast fyrirsjáanlegt. Það er nokkuð ljóst að manni sem má draga aðeins 20 tonn að landi er ósköp hætt við brottkasti. Í bók sem mig minnir að Landssambandið hafi gefið út og gefið öllum alþingismönnum er mér ákaflega minnisstætt þegar einn lýsti kvótakerfinu á þann hátt að það væri alveg ótrúlegt hve margir fiskar dyttu af önglunum hjá

honum eftir að kvótakerfið komst á. Það getur vel verið að það hafi verið þannig áður, en sumir kalla þetta brottkast.

Það sem gerist er að menn taka þessar töflur, t.d. þorskafla sóknardagabáta síðustu fimm fiskveiðiár eins og sýnt er í Morgunblaðsgrein, 11 þús. tonn fiskveiðiárið 2002/2003, og skoða. Þá kom allur afli að landi. Engu var hent. Hvað gerist þegar þetta verður komið í kvóta? Ég óttast, virðulegi forseti, að þá verði farið að sortera. Af því að mér verður tíðrætt um vini mína vestur í Bolungarvík er mér líka mjög í fersku minni þegar ég fór niður á brjót og sá tvo báta liggja þar hlið við hlið, gamla kunningja sem voru að landa, og annar báturinn var kjaftfullur með fjöldamörg kör en hinn aðeins með tvö. Þegar ég gerði grín að aðilanum sem fiskaði svona lítið fékk ég fljótlega skýringu á því þó að ég ætli ekki að hafa eftir þau orð sem hann viðhafði. Hann skildi ekki hvers konar blábjáni ég væri að fatta þetta ekki. Athygli mín var vakin á því að annars vegar var sóknardagabátur og hins vegar krókaaflamarksbátur með kvóta. Mér skilst að þeir hafi farið út á sama tíma að morgni, komið inn á sama tíma að kvöldi og verið á svipuðum miðum. Hvað gerðist? Ætli það hafi ekki dottið svo margir fiskar af önglinum hjá öðrum þeirra? Þetta er sú hætta og þetta er einn af þeim ókostum sem þarna kemur upp.

Ég hef í dag tekið nokkrar töflur sem mér hafa borist, skellt þeim inn í excel-skjöl ef þær hafa ekki komið þannig og leikið mér svolítið með þær. Ég vil taka það skýrt fram, virðulegi forseti, að þessar tölur sem ég er að nefna eru nefndar með þeim fyrirvara að það hefur kannski ekki gefist nægur tími til að afla allra upplýsinga frá meiri kunnáttumönnum um ýmsar forsendur málsins. Engu að síður liggja nokkrar tölulegar staðreyndir fyrir sem munu á næstu dögum dúkka upp í hv. sjútvn. sem ég á sæti í, þ.e. þegar við förum að fara yfir málið og kalla eftir tölum. Menn hafa verið að tala um að þetta sé mjög skipt eftir kjördæmum. Þingmenn Norðvest., vinir mínir þar, hafa verið að tala um að þetta hafi áhrif þar og aðrir tala um að þetta hafi engin áhrif í öðrum kjördæmum o.s.frv. Ég verð að segja alveg eins og er að ég nálgast þetta ekki út frá kjördæmum. Ég nálgast þetta út frá landsbyggð, frá byggðalegu tilliti og í mínum huga er landsbyggð alls staðar á landinu, sama hvort hún er í mínu kjördæmi eða öðrum kjördæmum. Mér er annt um byggðir vestur á fjörðum eða Snæfellsnesi eða í mínu kjördæmi fyrir norðan land. Skiptingin er einhvern veginn þannig að í Norðvest. eru þessir bátar 164 með 4.800 tonn. Í Norðaust. 73 bátar með 2.500, í Suðurk. 34 bátar með rétt rúm þúsund tonn, í Suðvest. 10 bátar með 218 tonn og í Reykjavíkurkjördæmunum báðum 11 bátar með 295 tonn. Samtals 8.869 tonn sem mér sýnist vera sama tala og maður skoðar í excel-töflu sem ég er með undir höndum og held að sé frá Fiskistofu. Hún sýnir þessa sömu tölu. Þar taka menn betra árið og gera þessa útreikninga sem hér er fjallað um. Þá kemur þessi niðurstaða út.

Það kemur líka út, virðulegi forseti, að alls 24 bátar verða með 50 tonn og meira og alls 158 bátar með minna en 30 tonn. Svo skiptist það aftur á annan hátt á hin tonnin þar á milli eins og t.d. 48 bátar með milli 40 og 50 tonn, 62 bátar með milli 30 og 40 tonn, 69 bátar með milli 20 og 30 tonn, 34 bátar með milli 15 og 20 tonn og 55 bátar með 15 tonn, lágmarkið.

Ef maður skoðar þetta svo, virðulegur forseti, og setur sig í spor þeirra aðila sem munu fá þessa breytingu sér maður að til eru bátar sem, að því er mér virðist og ég vil enn ítreka fyrirvara minn á að allar þessar tölur séu réttar, fiska um 150–160 tonn á betra árinu. Útreiknaður kvóti viðkomandi báta getur farið upp undir 90 tonn. Að mér skilst selja menn svona í dag fyrir einar 800 kr. kílóið og það þýðir með öðrum orðum, virðulegi forseti, að hægt er að selja þennan kvóta fyrir 70 millj. kr. Ég verð að segja alveg eins og er, lái mér hver sem vill, að ég get vel ímyndað mér að þeir aðilar sem hafa verið að basla í þessu taugakerfi séu kannski búnir að fá nóg. Þegar menn fá svona úthlutanir munu þeir kannski frekar taka sig til og selja kvótann, hætta, fara út úr greininni eins og hefur verið að gerast í stóra kerfinu. Það er auðvitað einn af ókostunum í viðbót að menn geta gert þetta að miklum fjármunum, selt sig út úr þessu. Þeir kaupa sem vilja og vantar meira og vilja leggja þetta á sig, skuldsetja sig sem því nemur. Það er engin trygging fyrir því að peningar þeirra sem fara út úr greininni haldist inni í sjávarútveginum, engin. Fræg er sagan þegar loðnuskipið var selt um árið og í staðinn voru keypt þrjú eða fjögur verslunarpláss í Kringlunni og reiknaðar herrafataverslanir. Frægar eru þær tölur. Þetta er einn af ókostunum.

Tökum dæmi um bát með 100 tonn sem fiskar fyrir 10–11 millj. Hann getur selt fyrir 70–80, getur fiskað fyrir 10–11. Ég kann ekki að reikna það út í dag hvað hann hefur út þegar búið er að borga allan kostnað en ég hygg að ekkert voðalega mikið sé eftir. Hvað væri hægt að gera við þessar 80 millj.? Segjum sem svo að þetta hafi verið ráðdeildarsemi í gamalli útgerð sem skuldi ekkert voðalega mikið — það er til í dag sem betur fer — það væri ekki dónalegt að leggja þessar 80 millj. inn á bók með 10% vöxtum, 8 millj., geta kannski komið því þannig fyrir að borga bara 10% fjármagnstekjuskatt, 800 þús. Hvað er eftir? 7,2 millj. Hvers vegna í ósköpunum ætti viðkomandi aðili að standa í útgerðarbasli og fá kannski í heildartekjur 11 millj. þegar hægt er að gera þetta svona? Stundum hafa menn kallað þetta skjalatöskuútgerð.

Svo getum við líka rabbað um þá blessuðu menn sem fá aðeins 15 tonnin, fara út á viðkomandi fjörð og dorga sér í soðið, gamlir sjómenn jafnvel að dunda sér við það á sumrin. Auðvitað er mjög freistandi að selja kannski bara 10 tonnin, eða 13 tonnin og eitthvað, og eiga eitthvert smotterí eftir til að dunda sér við.

Svo koma aðrir og segja: Við það að ég fái kvóta er ég ekki skyldugur til að vera í þessu klukkutímaharki, þessu taugakerfi og standa í því. Ég get farið að gera þetta eins og ég vil o.s.frv. Þetta eru þau sjónarmið sem togast á en ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég er dauðhræddur við þessa breytingu eins og margar breytingar sem eiga sér stað í sjávarútvegskerfinu vegna þess að þær koma svo misjafnlega við menn og byggðarlög og það verður að segja alveg eins og er að margar af þessum litlu byggðum sem berjast í bökkum hafa e.t.v. haldið lífi vegna smábátaútgerðar. Ég trúi ekki öðru en að einhvern tíma renni upp sá dagur á Íslandi, virðulegi forseti, að okkur fari að takast að skapa meiri sátt um þetta þannig að hér verði ekki standandi deilur, menn blóðugir upp fyrir axlir að rífast um sjávarútvegskerfi o.s.frv., þennan undirstöðuatvinnuveg eins og ég var að tala um í byrjun.

Ég óttast að þetta frv. sé innlegg í þennan ófrið. Ég óttast að þetta frv. sé innlegg inn í það að draga enn frekar úr ýmsum smábyggðum landsins. Þá finnst mér betra að láta þetta eiga sig eins og það er, taka meiri tíma og bíða. Ég heyrði áðan að e.t.v. tekst okkur ekki að klára þetta mál. Það fer eftir því hvað stjórnarmeirihlutinn er traustur í því

og hvað þeir þingmenn stjórnarflokkanna sem enn hugsa um hinar dreifðu byggðir, taka tillit til þeirra og horfa m.a. á hagsmuni þeirra, hugsa í þessum efnum. Þó að ég hafi hlustað á sjónarmið þessara andstæðu afla eru líka vankantar á þessu sem ég gerði grein fyrir í stuttu andsvari við hæstv. sjútvrh. í morgun. Ég mun taka það frekar upp í sjútvn. þegar það mál kemur þangað. Það sem snýr að vélarstækkun og bátum sem kannski er bara verið að sjósetja einhvern næstu daga er auðvitað dálítið alvarlegt mál þegar aðilar fara út í að kaupa — sumir segja að menn séu glannar að fjárfesta í þessu kerfi og kaupa sér nýja báta vegna þess að það hafi verið fyrirsjáanlegt að einhverjar breytingar yrðu gerðar. Það getur vel verið að það séu skilaboð til ungra manna vítt og breitt um landið sem vilja halda áfram að berjast fyrir byggð sinni, hafa lífsviðurværi sitt heima hjá sér og fá að búa þar áfram, ekki gefast upp og flytja hingað suður og kannski bara fá sér vinnu hjá ríkinu, gerast ríkisstarfsmaður eins og mest er í tísku. Með fullri virðingu fyrir ríkisstarfsmönnum er samt ýmislegt sem gerir það að verkum að ég óttast að það sem ég hef verið að lýsa sem varnaðarorðum mínum og hræðslu muni ganga eftir við þessa breytingu sem hér er boðuð. Þá er ég stórlega efins um að þessi breyting sé til góðs.

[23:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið nokkuð áhugavert að hlusta á þingmenn, sérstaklega stjórnarþingmenn, flytja ræður um þetta mál sem er mjög svo mikilvægt fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Það var til að mynda einkar áhugavert að hlusta á hv. 6. þm. Suðurk., Hjálmar Árnason, flytja ræðu sína áðan. Það var ekki að heyra á honum að kosningaloforð hans frá því í vor stæðu lengur en svo að Framsfl. mundi vilja setja gólf fyrir dagabáta í krókakerfinu.

Ég átti satt best að segja, hæstv. forseti, von á því að ræða hv. þm. Hjálmars Árnasonar yrði eitthvað á þessa lund og að það kæmi fram í þeirri ræðu að þetta loforð frá því í vor væri í raun og veru ansi léttvægt og raunar búið að kasta því fyrir róða. Ég gat ekki heyrt betur en að stefna Framsfl. væri eitthvað í þá veru núna að þetta gólf skipti ekki lengur svo miklu máli. Nú skiptir aðallega máli að menn geti valið milli þess að fara í kvóta eða einhvers konar dagakerfis sem hefur í raun og veru ekkert gólf eins og skýrt kemur fram í frv. hæstv. sjútvrh.

Til gamans langar mig að draga upp einmitt grein frá því í vor eftir hv. þm. Hjálmar Árnason þar sem fleiri loforð eru tíunduð, loforð Framsfl. í sjávarútvegsmálum, og maður fer virkilega að spyrja sig: Hvaða stefnu hefur þessi flokkur í sjávarútvegsmálum yfir höfuð? Hér talar hv. þm. Hjálmar Árnason um að hann vilji hækka veiðiskyldu upp í 85%. Hann vill taka upp línuívilnun með landbeitingu. Það hefur reyndar verið efnt að nokkru leyti eftir mikið japl, jaml og fuður. Hann vill setja gólf fyrir dagabáta í krókakerfinu, skoða kosti og galla færeyska kerfisins og hann segir hér: Tillaga mín um það var samþykkt á Alþingi í vor. Eftir úttektina getum við svo tekið afstöðu til þess hvort skynsamlegt sé að taka upp kerfið.

Hv. þm. Hjálmar Árnason vildi banna flottroll á loðnuveiðum og hann vildi endurskoða fiskveiðiráðgjöfina með aðild fleiri en Hafró. Þetta var brot af loforðaflaumnum en ekkert af þessu hefur verið efnt nema þá kannski þessi línuívilnun þó að hún hefði verið öll í skötulíki þegar loksins tókst að draga hana út úr híbýlum ríkisstjórnarflokkanna, nánast með glóandi töngum. En það er önnur saga, hæstv. forseti.

Það er líka athyglisvert og rétt að nota þá tækifærið núna til að rifja upp hvað aðrir stjórnarliðar hafa sagt, til að mynda um þetta gólf. Fjölmennur fundur var haldinn vestur á Ísafirði í fyrrahaust, einmitt um línuívilnun þar sem reynt var að fá ríkisstjórnarliða til að standa við þetta loforð sitt. Þessi fundur var haldinn 13. september, mjög fjölmennur fundur í íþróttahúsinu á Ísafirði og hann var haldinn af sveitarfélögum á Vestfjörðum og Eldingu, félagi smábátamanna á norðanverðum Vestfjörðum. Þar voru mættir þingmenn, m.a. allir þingmenn Norðvest., og þar voru fluttar snjallar framsöguræður. Síðan var fyrirspurnum úr sal svarað. Þar kom greinilega fram að Kristinn H. Gunnarsson styður 23 daga gólfið í þetta kerfi og hann ætlar að standa við það loforð. Það kom skýrt fram í ræðu hans fyrr í kvöld, en hvað skyldu hinir stjórnarliðarnir sem voru þarna hafa sagt? Það er einkum og sér í lagi athyglisvert að lesa hvað hv. 9. þm. Norðvest. Einar Oddur Kristjánsson sagði. Guðrún Pálsdóttir, útgerðarmaður á Flateyri, spurði þingmennina, með leyfi forseta:

„Ég er með spurningu til alþingismanna. Væru þeir tilbúnir að styðja frumvarp um að sóknardagar handfærabáta yrðu aldrei færri en 23 en nú eru þeir aðeins 19?"

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson svaraði: „Ég hef margsinnis lýst því yfir að það sé lífsnauðsynlegt fyrir dagabátana að hafa þetta gólf, margsinnis lýst því yfir að ég er tilbúinn að styðja þessa 23 daga og svarið er já áfram, já."

Hæstv. forseti. Það er varla hægt að orða þetta með skýrari hætti en hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, enda er hann þekktur að allt öðru en því að tala þannig að menn skilji ekki mál hans.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson svaraði sömu spurningu, að vísu með nokkuð loðnari hætti en þó skýrt svo langt sem það náði. Hann sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í vor var langt komið samkomulag á milli stjórnvalda og Landssambands smábátaeigenda varðandi gólf í dagakerfið. Ég hef orðað það þannig að menn voru ekki komnir í höfn með málið en menn voru svona komnir í hafnarkjaftinn. Þetta samkomulag fól það í sér að setja gólf í dagakerfið og jafnframt að stemma stigu við aukningu sóknarmáttar í kerfinu. Ég tel að það eigi að ljúka málinu á þeim grundvelli sem menn voru að ræða þarna saman og ég trúi því að menn geti gert það nú í haust og mundi styðja það."

Nú í haust og mundi styðja það, sagði hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson. Nú er komið vor, hæstv. forseti. Það er liðinn heill vetur og nú loksins fáum við að sjá frv. frá hæstv. sjútvrh. en ekki fyrr en það liggur fyrir að frv. Frjálsl. og Vinstri grænna liggur inni í sjútvn. og er tilbúið til afgreiðslu út úr nefndinni. Það er einmitt frv. sem kveður á um það að dagafjöldinn hjá þessum bátum eigi aldrei að fara niður fyrir 23. Ég sagði það í fyrri ræðu minni og segi það enn og aftur, bara svo að það sé alveg skýrt, að við erum reiðubúnir að falla frá ákvæðinu um aukningu í dögum og við erum líka reiðubúnir til að fallast á einhver ákvæði sem takmarka sóknargetu bátanna, bara svo að það sé alveg morgunljóst. Við erum reiðubúnir til að vinna með ríkisstjórnarflokkunum að einhvers konar lausn í þessu máli sem færi í þá átt en við erum ekki reiðubúnir til að taka þátt í kvótasetningu þessara báta. Það skal vera alveg ljóst. Það munum við aldrei samþykkja.

Rætt hefur verið töluvert um að komið hafi fram óskir, einhvers konar óskilgreindar óskir frá smábátamönnum um að þeir vildu fara í kvóta. Ég hef bent á það í andsvörum að ég geti ekki séð þessar óskir í umsögnum frá samtökum smábátamanna allt í kringum landið og heldur ekki í ályktunum sem hafa komið undanfarin ár frá aðalfundum Landssambands smábátaeigenda. Ég tel að þetta sé svo mikilvægt mál að jafnvel þó að fram komi óskir frá einhverjum eigendum dagabáta um að vera settir í kvóta eigi alls ekki að verða við þeim tilmælum. Þetta er ekkert einkamál þess fólks sem gerir út og á þessa báta í dag. Þetta er miklu stærra og meira og mikilvægara mál en svo að við getum leyft okkur að hygla einhverjum örfáum eigendum þessara báta á kostnað hinna dreifðu sjávarbyggða á Íslandi. Þetta er miklu stærra mál. Þó að þessir bátar hafi ekki veitt mikið á ársgrundvelli undanfarin tvö ár, 12 þús. tonn og síðan 11 þús. tonn í fyrra, ef ég man rétt, eitthvað þar um bil, þetta eru ekki háar tölur, skipta þeir víða máli, m.a. í Suðurk., kjördæmi formanns sjútvn. Ég er með svar, sem ég hef veifað fyrr í dag, við fyrirspurnum sem ég sendi til hæstv. sjútvrh. í haust, einmitt vegna þess að mig grunaði að frv. um þessa dagabáta væri á leiðinni og ég vildi fá upplýsingar til að nota í umræðunni. Þessar upplýsingar liggja nú fyrir og ég tók saman áðan að gamni mínu hversu mikill afli hefði borist af þessum svokölluðu dagabátum á hafnir í Suðurk. Þetta eru ekki margar hafnir en við höfum þó hérna Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Keflavík og síðan Hornafjörð. Á árunum 1998–2003 lönduðu þessar litlu trillur í þetta kjördæmi tæplega 3 þús. tonnum af bolfiski. Það munar um minna. Og staður sem heitir Sandgerði, staður sem hefur farið mjög illa út úr kvótakerfinu, er hæstur af þessum höfnum. Þar hafa menn verið að landa á bilinu 200–240 tonnum á þessu tímabili. Það munar um minna á þessum stöðum. Og ætlum við að slá þetta bara af? Ég segi nei. Ég segi að það komi ekki til greina. Þetta kerfi hefur sannað sig og sýnt að það er fyllilega þess virði að við leyfum því að lifa áfram. Við þurfum að hlúa betur að því, við þurfum að bæta það, ég skal viðurkenna það og ég er reiðubúinn að taka þátt í þeirri vinnu af heilindum en að ætla að fara að slá þetta af, kvótasetja það, kemur ekki til greina.

Ég vil svo að lokum ráðleggja þeim sem fylgjast með umræðunni að lesa ágæta bók sem mér áskotnaðist á dögunum. Hún heitir Þeir fiska sem róa, smábátaútgerð á Íslandi, og kom út í fyrra. Þetta er afskaplega stórt, mikið og vandað rit og þegar maður flettir því og les það sér maður einmitt hvað þessir smábátar skipta gríðarlega miklu máli fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

[00:06]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Í ræðu minni nú mun ég athuga hver markmið hæstv. sjútvrh. eru með því frv. sem hér er til umræðu. Ég velti fyrir mér þeim spurningum hvort hæstv. ráðherra hafi að leiðarljósi göfug markmið en að sjálfsögðu, frú forseti, er okkur þjóðkjörnum fulltrúum á Alþingi skylt að leita í hvívetna að bestu leiðum í hverjum og einum málaflokki fyrir sig öllum Íslendingum til heilla.

Frú forseti. Ég hef takmarkaðan áhuga á að ræða út í hörgul lög nr. 38/1990 í núverandi mynd, enda er sú breyting sem hér er í aðsigi með frv. hæstv. sjútvrh. enn einn plásturinn á annars illa farin lög sem meiri hluti þjóðarinnar hefur ítrekað gefið í skyn að hann vilji koma frá. Því vil ég nota tækifærið í ræðu minni og víkja nokkrum orðum að skýrslu sem ég lagði fyrir málefnaþing Frjálsl. fyrr á þessu ári. Ég ætla að lesa nokkra kafla úr umræddri skýrslu sem að sjálfsögðu fjallar um sjávarútvegsmál, með leyfi forseta:

„Göfug markmið. Það eru ótal mál sem þurfa úrlausnar við en þó tel ég brýnast að í upphafi breytinga verði komið til móts við eftirfarandi markmið:

1. Treysta rétt og öryggi byggðanna fyrir veiðiréttindum.
2. Opna fyrir eðlilega nýliðun í greinina.
3. Að fiskvinnslu án útgerðar verði gerð heilbrigðari samkeppnisskilyrði.
4. Útiloka brottkast á afla.
5. Heimfæra tekjur til ríkis og sveitarfélaga í stað áframhaldandi útrennslistekna vegna viðgangs leigu- og sölubrasks aflaheimilda."

Frú forseti. Ég óska eftir viðveru sjútvrh. meðan ég held ræðuna.

„6. Fjölga störfum innan greinarinnar.

7. Efla ber hlutdeild vistvænna veiða í veiðum Íslendinga.

8. Með áherslu á aukið vægi sóknar- eða veiðihlutdeildar strandveiðiflotans skapast einnig miklir möguleikar fyrir íslenskan skipaiðnað."

Þetta eru göfug markmið en þeim verður aldrei komið til leiðar nema annar og betri valkostur sé í stöðunni. Það er engum til framdráttar að gagnrýna í sífellu og enga hafa lausnina. Markmiðin að ofan koma öllum landsmönnum við, bæði til sjávar og sveita. Markmiðin fela í sér aukið atvinnuöryggi fyrir fjölmarga Íslendinga. Þau fela í sér aukna hagsæld fyrir alla Íslendinga. Þau taka á óhóflegum samkeppnismun fyrir útgerðina sem og fiskvinnsluna. Þau opna fyrir tækifæri. Í þessum markmiðum felst virðing fyrir náttúrunni og að sjálfsögðu virðing fyrir hinum vinnandi manni. Síðast en ekki síst er það hagur smærri þjóða að halda eins miklu og unnt er af fjárstreymi síns hagkerfis í vinnulaunum frekar en í ofurhagnaði örfárra risafyrirtækja sem leita á önnur mið með fjármagn sitt sökum smæðar hins íslenska markaðar. Með því að hygla smáum og meðalstórum fyrirtækjum að ráði frá OECD mun hjarta hagkerfisins slá með eðlilegum og heilbrigðum hætti.

Breytingar ná eingöngu til strandveiðiflotans. Frysti- og nótaveiðiskip verða áfram í sínu aflamarkskerfi en munu ekki geta keypt aflaheimildir niður fyrir sig. Með innköllun aflaheimilda og færslu frá aflamarkskerfi yfir í svæðis- og veiðarfærastýrt sóknarkerfi strandveiðiflotans myndast möguleikar til að treysta veiðirétt byggðanna, opna fyrir nýliðun, jafna samkeppnisskilyrði fiskvinnslunnar og útiloka brottkast. Með því að setja sóknarheimildir á markað jafnast réttur allra til að nálgast veiðiheimildir. Þar með opnast fyrir nýliðun. Með því að svæðistengja uppboð veiðiheimilda er réttur byggðanna tryggður. Með því að skylda afla strandveiðiflotans á fiskmarkað jafnast samkeppnisskilyrði fiskvinnslunnar. Aðskilnaður veiða og vinnslu er því mikilvægur. Uppboðið heimfærir miklar tekjur til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Allar útgerðir innan strandveiðiflotans verða skyldaðar til að afhenda sínum sveitarfélögum þær aflaheimildir sem eru hjá viðkomandi fyrirtæki. Sveitarfélagið tekur við veðskuldum frá fyrirtækjum þar sem það á við. Hér er átt við að þau fyrirtæki sem hafa keypt sig inn í greinina komast undan greiðslukvöðum og lánaskuldbindingum vegna yfirtöku sveitarfélaga á þeirra aflaheimildum. Sveitarfélögin munu bjóða veiðiréttinn út og nota til þess rafrænt uppboðskerfi íslenskra fiskmarkaða. Með yfirtöku sveitarfélaganna verður

veiðirétturinn boðinn upp með svæðisbundnum hætti. Uppboðsgjald sóknardaga verður að dragast af útgerðinni eftir að afla er landað og hann verið seldur á ferskfiskmarkaði. Frádráttarliður kæmi því á afreikning frá fiskmarkaði til útgerðar með uppboðsverði hvers sóknardags fyrir sig. Afkoma uppboðanna rynni óskert til sveitarfélaga að undanskildum umboðslaunum til verktaka. Miðað við ríkjandi ástand á leigumarkaði tæki það sveitarfélag um átta ár að greiða niður yfirteknar veðskuldir og um leið létta stórlega á veðskuldum íslensks sjávarútvegs. Eftirleiðis mundu tekjur af uppboði sóknarheimilda renna óskertar til sveitarfélaga og vitanlega auka þeirra tekjustofn gríðarlega.

Hlutverk uppboðs- og fiskmarkaða. Uppboð á sóknardögum færi fram tvisvar í mánuði. Mikilvægi þess að stutt sé milli uppboða og sóknardaga er ótvírætt. Fréttir af heimsmarkaðsverði eru daglegar. Breytingar á heimsmarkaði geta verið stórar milli vikna, hvað þá mánaða.

Breytingar á fiskverði á erlendum mörkuðum geta verið af margvíslegum toga, m.a. vegna árstíða, vegna aukins afla tímabundið hjá samkeppnissjóðum, vegna verðlækkunar eða verðhækkunar á afurðum annarra framleiðslugreina, svo sem kjötafurðum. Með þessum hætti nýtur hið heilbrigða lögmál um framboð og eftirspurn sín til fulls. Með þessum hætti lágmarkar tíðnin áhættu útgerðarinnar fyrir stórum breytingum á heimsmarkaði. Fréttir berast frá erlendum mörkuðum til íslenskra útflytjenda, frá útflytjendum til fiskverkandans sem svo á endanum ræður hversu hátt er boðið í bæði afla sem og útgerðir í sóknardaga. Þessar fréttir fara í praxís daglega þessa ofangreindu leið. Ef leigt er mörg ár fram í tímann er áhættan gríðarleg fyrir útgerðina og jafnframt hamlar eðlilegri nýliðun.

Sóknardagafjöldi. Sjávarútvegsráðuneyti mundi ákveða í nánu samráði við Hafró hversu marga daga hver útgerðarflokkur fengi fyrir sig fyrir hvert uppboðstímabil. Innan þessara þriggja útgerðarflokka yrði um að ræða þrjú veiðarfærakerfi, dragnót, línu og net. Sértækar útgerðir, til að mynda humar og rækja, yrðu að keppa innbyrðis en þó auðvitað innan sinna svæðisbundnu uppboða um sóknarheimildir.

Veiðarfærastýring. Ítarlegar reglur yrðu útfærðar er varða veiðarfæranotkun fyrir hvern útgerðarflokk fyrir sig. Eftirlitsdeild Fiskistofu fengi það hlutverk að fylgjast með veiðarfæranotkun strandveiðiflotans. Háar sektir og veiðileyfasvipting mundi fylgja brotum á veiðarfærareglum. Engum er vorkunn sem brýtur af sér í réttlátu kerfi þar sem allir standa frammi fyrir réttlæti og jöfnum tækifærum. Landhelgisgæslan mundi fylgjast með lokuðum svæðum sem fyrr. Tilkynningarskyldan mundi fylgjast með brottför og komu báta. Ef útgerð notar ekki vestlæga sóknardaga ber einfaldlega að skila slíku sóknardagaleyfi inn til fiskmarkaða. Menn munu ekki geta leigt áfram eða selt uppboðsdaga sem verslaðir hafa verið á uppboði sóknardaganna. Ítrekuð innskil á sóknarheimildum leiða til sekta. Ítrekuð brot á veiðarfærareglum, veiðum á lokuðum svæðum eða beinni sölu hráefnis til fiskvinnslu gætu leitt til brottrekstrar viðkomandi úr greininni um ákveðinn tíma.

Tekjustofn sveitarfélaga hækkar. Tekjur sveitarfélaga af uppboðssölu sóknarheimilda færu fyrst um sinn til að greiða niður veðskuldir sem fylgdu yfirtökunni. Með þessu er réttlæti tryggt gagnvart þeim er hafa keypt sig inn í greinina. Einnig eru bankastofnunum tryggðar greiðslur fyrir útlánuðu fé þar sem veð á aflaheimildum var áður til staðar. Nýjar tekjur sveitarfélaga komu ekki sem álögur á greinina því þetta sama fé er víða að finna í íslenskum sjávarútvegi. Munurinn er sá að eftir breytingar er fjárstreyminu beint í hollari og eðlilegri áttir. Í dag er þetta fé m.a. að finna í eftirfarandi:

í leigu aflaheimilda frá kvótasettri útgerð til leiguliða í útgerð,

í sölu og varanlegum aflaheimildum þar sem einstaklingar hverfa á braut úr greininni með tilheyrandi álögum á útgerðina,

í offjárfestingum kvótasterkra útgerða,

í útrás stóru fyrirtækjanna þar sem ofurhagnaðar gætir,

vegna afskipta hins íslenska bankakerfis vegna færslu aflaheimilda milli fyrirtækja.

Mikill vaxtakostnaður er samfara kaupum á aflaheimildum. Í raun má segja að fjárstreymiskerfi íslensks sjávarútvegs gangist undir kransæðaaðgerð ef þessar breytingar ná nokkurn tíma fram að ganga.

Jöfn tækifæri. Í uppboðskerfi sóknarheimilda innan strandveiðiflotans er ljóst að stórútgerðin er ekki betur sett, frekar en einyrkinn eða smærri fyrirtæki, þar sem gjald dregst af lönduðum afla og ekki þarf að greiða neinar fjárhæðir fyrir fram til fiskmarkaðar vegna verslaðra sóknarheimilda. Áhugi, áræðni, reynsla, kunnátta og dugnaður þeirra sem vilja starfa innan greinarinnar mun skera úr um árangur hvers og eins, ekki gjafakvóti. Fiskverkunarmenn eru varkárir í kaupum sínum á hráefni til vinnslu. Það sama verður upp á teningnum með útgerðarmenn á uppboði sóknarheimilda.

Nýliðun. Til að stíga sín fyrstu skref í útgerð þarf viðkomandi að eiga bát, vera með vélstjóra og skipstjórnarlærðan mann um borð ásamt því að þeir hinir sömu þurfa að hafa lokið námi hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Enn fremur þarf bátur að vera með gilt haffæri. Ákveðið öryggi skapast með þessum hætti, bæði það að banka- og lánastofnanir þurfa ekki lengur að reiða fram ógurlegt lánsfé vegna kvótakaupa með tilheyrandi álögum á greinina sem og íslenskan almenning og líka það öryggi að aldir verða upp góðir atvinnurekendur sem stig af stigi fá aukin tækifæri í rekstri sínum.

Frumburðarrétturinn virtur. Menn og konur með sömu réttindi sem hafa stundað sjómennsku í 10 ár eða lengur fá rétt til að róa með eina handfærarúllu. Skila þarf inn sjóferðabók og öðrum hefðbundnum réttindum til að slíkt leyfi fáist úthlutað. Ekki verður hægt að selja leyfið eða leigja það áfram heldur er það bundið kennitölu viðkomandi og fylgir viðkomandi í gröfina. Hér er eingöngu átt við sumartímann. Hér er um mikilvægan félagslegan þátt að ræða. Eigandi báts má taka farþega með sér á miðin. Önnur góð hugmynd væri að binda þessa róðrardaga einnig við helgar yfir vetrartímann. Í þéttari byggðakjörnum væri hugsanlegt að afli frá þessum bátaflokki færi á sölumarkað eða útimarkað þar sem jafnvel íslenskir blóma-, grænmetis- og kjötbændur mundu fylkja liði og bjóða afurðir sínar beint til neytenda. Þetta er siður, mjög svo algengur, víða um alla Evrópu.

Fiskvinnslan efld. Allan afla verður að slægja og þrífa um borð í öllum bátaflokkum. Útflutningur á óunnu fersku hráefni yrði mjög takmarkaður en á móti kemur að íslensk fiskvinnsla fær að bjóða í hráefnið áður en nokkur verslar það eingöngu til útflutnings. Í þessu ljósi má upplýsa að um það bil 30 þúsund tonn voru flutt út af óunnum bolfiski á Evrópumarkað árið 2002. Íslenskar fiskvinnslur fengu aldrei möguleika á að bjóða í þetta hráefni.

Svæðalokanir. Sjávarútvegsráðuneytið gæti gripið til svæðalokana þegar það á við. Það á við eftirfarandi aðstæður:

þegar koma þarf að skiptingu heildarafla,

til verndunar fyrir ofveiði á ákveðnum svæðum,

til verndunar á smáfiski á ákveðnum svæðum,

til nákvæmnistýringar einstakra bátaflokka, til að mynda fyrir humarbátaflokk.

Jöfnun sóknarþunga milli byggða. Að sjálfsögðu yrði að koma til jöfnunarnefnd frá ríki og sveitarfélögum sem mundi tryggja jöfnuð á grundvelli veiðiréttar og sóknarþunga milli landsvæða.

Yfirtaka á veðskuldum einstakra útgerða innan strandveiðiflotans yrði að gerast með eftirfarandi hætti:

Nefnd skipuð af hinu opinbera yrði að koma til. Verkefni nefndarinnar yrði einfalt í eðli sínu, þ.e. að kryfja hvert útgerðarfyrirtæki fyrir sig með tilliti til hversu miklar aflaheimildir tilheyra útgerðinni og skoða hvenær og hvort aflaheimildir hafa verið verslaðar. Slík nefnd yrði að starfa náið með sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum kæmi í ljós hver yfirtaka sveitarfélaganna yrði á veðskuldum sjávarútvegsins. Skuldbreyta þyrfti lánum frá útgerð yfir á sveitarfélög sem seinna mundu greiðast upp með þeirri afkomu sem leiga á sóknardögum mundi gefa af sér. Það er ekkert sem gefur betur og meiri arð af sér í sjávarútvegi en leiga á veiðiréttinum. Því þyrfti ekki að óttast um afkomu sveitarfélaganna í þeim efnum.

Að sjálfsögðu er það vitað að veðskuldir fylgja ekki ákveðinni hlutdeild aflaheimilda. Í slíkum tilfellum er um gjafakvóta að ræða og því fullkomlega eðlilegt að sveitarfélögin greiði ekki tilheyrandi útgerðum fyrir aflaheimildir.

Í stuttu máli má segja að verið sé að beisla hagnaðarvonina í almannaþágu. Það er góð pólitík að mínu mati. Hér er í megindráttum tiplað á stefnu Frjálslynda flokksins. Ég hef þó töluverðu bætt við, þá sérstaklega aðkomu sveitarfélaganna, fiskmarkaðanna og hvernig skal í raun komast á milli tveggja gerólíkra fiskveiðistjórnarkerfa."

Frú forseti. Frv. hæstv. ráðherra nær ekki neinu af þeim markmiðum sem hér eru rökstudd með skotheldri aðferðafræði. Er frv. að treysta rétt og öryggi byggðanna fyrir veiðiréttindum? Svarið er nei. Það má búast við mikilli skerðingu í atvinnulegu tilliti í Norðvest. ef frv. nær fram að ganga.

Er frv. að opna fyrir eðlilega nýliðun í greinina? Svarið er nei. Nýliðun í greinina verður þungbærari ef þessar breytingar ná fram að ganga.

Er frv. að gera fiskvinnslu án útgerðar heilbrigðari samkeppnisskilyrði? Svarið er nei. Í því tilliti ber að nefna að fiskvinnsla í Norðvest. mun eiga undir högg að sækja. Það má fastlega búast við aflasamdrætti er varðar landaðan afla upp á 3.500–4.000 tonn í Norðvest. ef frv. nær fram að ganga.

Er frv. að draga úr brottkasti á afla? Svarið er nei, frú forseti. Breytingarnar hvetja til brottkasts.

Heimfærir frv. tekjur til ríkis og sveitarfélaga í stað áframhaldandi útrennslistekna vegna viðgangs, leigu og sölubrasks aflaheimilda? Svarið er nei, frú forseti. Það hvetur til frekari leigu- og sölubrasks með tilheyrandi óöryggi fyrir hinar dreifðu byggðir þessa lands. Sóknardagakerfi strandveiðiflotans verður yfirgefið og í staðinn verður tekið upp úrelt kvótabraskskerfi sem í tvo áratugi hefur sannað gildi sitt sem landeyðingarstefna.

Fjölgar frv. störfum innan greinarinnar? Svarið er nei, frú forseti.

Frú forseti. Frv. hæstv. ráðherra er enn ein veikburða tilraun til að bæta lög nr. 38/1990. Fiskveiðistjórn núverandi stjórnarflokka hefur aldrei tekið mið af vilja þjóðarinnar og mun aldrei gera meðan sömu flokkar verða við völd. Okkar stærsta og öflugasta atvinnugrein mun ekki taka breytingum fyrr en önnur öfl í íslenskri pólitík ná stjórnartaumunum á Íslandi.

Það er stuttur tími til andsvara á eftir, frú forseti. Því vil ég gjarnan nota tækifærið og skora á hæstv. sjútvrh. í yfirvegaðar kappræður um íslenska sjávarútvegsstjórn. Ég tel sjómannadaginn sem nú er í nánd vera aldeilis tilvalda dagsetningu fyrir slíkar kappræður. Í raun væri við hæfi ef okkar ágæta ríkissjónvarp tæki að sér umsjón kappræðunnar. Ég tel slíkar kappræður bjóða upp á skemmtilega stemningu og jafnframt vera þjóðinni holl í alla staði.

[00:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið fróðleg umræða um margt. Ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar var það. Hann fullyrti að það hefði verið niðurstaða í stjórnarflokkunum að ná ætti samkomulagi við smábátaeigendur. En hvað höfum við hér? Við höfum frv. þar sem sett hefur verið upp aðferð sem forsvarsmenn smábátaeigenda eru gjörsamlega andvígir. Þeir börðust fyrir því að gólf kæmi í dagabátakerfið og að dagabátakerfið yrði fest í sessi til framtíðar. Hæstv. sjútvrh. segir að menn úr greininni hafi komið að máli við sig og bent sér á að þeir vildu hafa það öðruvísi. Hverja hlustaði hann á meira en hina? Nákvæmlega þessa menn. Þeir eru ekki forsvarsmenn smábátaeigenda þó að sjónarmið þeirra eigi fullkomlega rétt á sér, það má koma fram. Hæstv. ráðherra vó og mat það sem var sagt við hann, en hvort vó þyngra? Hvað mat hann meira, það sem kom fram í umræðunni við forsvarsmenn smábátaeigenda eða hinna? Hann mat greinilega meira það sem sá hópur sem þrýsti á um að setja kvóta á í kerfinu sagði heldur en forsvarsmenn smábátaeigenda. Það er gengið mörgum sinnum lengra til móts við sjónarmið þeirra en sjónarmið forsvarsmanna smábátaeigenda.

Hæstv. ráðherra hefur tekið þann kostinn að reyna að kljúfa í sundur samstöðu meðal smábátasjómanna í landinu með því frv. sem hann hefur lagt fram.

Hv. þm. Kristinn Gunnarsson benti á það sem ég hafði ekki áttað mig á, að línuívilnunin sem komið var á í vetur mundi auðvitað koma til viðbótar til þeirra sem færu inn í krókaaflamarkið. Það er eitthvað sem menn þurfa að skoða, hvaða áhrif það hefur á línuívilnunina í heild. Áhrif þessara breytinga geta líka orðið að einhverju leyti önnur en menn höfðu reiknað með.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson hélt því fram að ábyrgðarlaus tillaga hefði verið flutt í vetur, um 23 daga fyrir þá sem eru í smábátakerfinu. Ég veit ekki betur en að á fundinum á Ísafirði hafi menn risið upp hver um annan þveran og lofað því að sjá til þess að gólf yrði sett í dagakerfið sem tryggði það til framtíðar. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson var einn þeirra sem stóðu þar upp. Hann talaði eins og hann vildi setja gólf í dagakerfið sem tryggði það til framtíðar. Hann hafði að vísu fyrirvara um að setja þyrfti einhvers konar sóknartakmarkanir til viðbótar. Hv. þingmanni

er örugglega fullkomlega ljóst að þessi lausn á málinu getur aldrei tryggt þetta kerfi til frambúðar nema síður sé.

Svardagarnir á fundinum á Ísafirði hafa verið endurteknir. Þingmenn Norðvest. hafa hvað eftir annað látið það koma fram að þeir ætli að standa við loforðið sem þar var gefið og það er ekki langt síðan þeir endurnýjuðu það loforð í samtölum sem við vorum nánast allir heyrendur að, þingmenn úr þessu kjördæmi.

Fundurinn 13. september á Ísafirði hlýtur að verða rifjaður upp fyrir mönnum þegar kemur að því að afgreiða þetta mál að lokum. Mér finnst full ástæða til að menn séu minntir á hann og orðin sem féllu, ekki síst vegna þess að hér er um að ræða byggðamál sem skiptir gífurlega miklu máli fyrir svæðið. Undan þeirri umræðu um áhrif á byggðirnar munu menn heldur ekki komast og það þarf að fá til fundar við sjútvn. fulltrúa frá byggðarlögum sem koma mikið við þau málalok sem hér verða.

Hæstv. sjútvrh. hefur oft talað um að greiða þurfi úr þessum málum og oft talað um að smábátakerfið væri mikið vandamál. En hvað eru menn að tala um hér? Hver er þessi pottur sem hæstv. sjútvrh. talar um handa þessum tæplega 300 bátum? Hann er nokkurn veginn nákvæmlega jafnstór og sá pottur sem hæstv. sjútvrh. ræður einn yfir skv. 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem er notaður til að lagfæra og greiða úr vandamálum sem koma upp o.s.frv. Við erum ekki aldeilis að tala um neinn stórkostlegan hluta af þeim fiski sem veiddur er við Ísland. Það er rétt að hafa þetta í huga þegar menn ræða þessa hluti.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson er hér og hlýðir á mál mitt og því langar mig að nefna að fyrir ferðaþjónustuna skiptir verulegu máli til framtíðar litið og hefur gert fram að þessu að það sé líf í höfnum landsins. Það er kannski meira virði en marga grunar því að ég hef séð það í þeim byggðarlögum þar sem smábátaútgerð er að niður á bryggju fer ótrúlegur fjöldi ferðamanna sem virðist hafa mikinn áhuga á því lífi sem er í höfnum þessara bæja og þorpa. Ég er sannfærður um að ef smábátarnir sem stunda útgerð frá þessum stöðum hverfa mun aðdráttarafl þessara staða gufa upp fyrir ferðamenn. Það mætti líka velta fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur því að ferðaþjónustan er aldeilis farin að skipta máli fyrir Íslendinga.

Mér finnst það líka skipta afar miklu máli að við höfum einhvern breytileika í því munstri sem við höfum hér til að stjórna fiskveiðum, þótt ekki sé til annars en að menn geti haft samanburð á því hvernig áhrif hinna mismunandi fiskveiðistjórnarkerfa eru. Mér finnst satt að segja ankannalegt að þingmenn eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sem hefur sjálfur barist fyrir því að það væri skoðað að koma hér á stjórnkerfi af því tagi sem er í smábátaflotanum skuli ganga fram fyrir skjöldu til að koma út úr heiminum þeim vísi að sóknarkerfi sem er í flotanum og vilja gera það áður en niðurstaða liggur fyrir af þeirri athugun sem stendur yfir núna á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu. Sú athugun var sett í gang til að fá nothæfar upplýsingar um kerfið. Nú á að hoppa fram og slátra dagabátakerfinu áður en hægt verður að bera þessa hluti saman. Mér finnst skipta mjög miklu máli að menn styrki kerfið með þeim hætti að hver bátur geti verið atvinnutæki til framtíðar og að þá séu menn ekki að horfa í fáein tonn í heildarafla þjóðarinnar eins og það skipti máli til eða frá.

Mér finnst hæstv. sjútvrh. ekki hafa svarað því nógu skýrt sem hér hefur verið spurt eftir, um það hvort hann ætlast virkilega til þess að ákvæðið um vélarstærðirnar verði afturvirkt með þeim hætti sem liggur fyrir. Ég tel að ekki sé hægt að halda því fram að slíkt ákvæði hafi reynst vel þó að menn hafi sett það á í neyð þegar farið var að smíða nuddpottana sem átti að setja á flot sem hefði getað drepið hvern þann mann sem fór út í þá.

Nú er ég búinn að ljúka tíma mínum, hæstv. forseti, og verð því að stoppa hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197.

[00:32]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum í 3. umr. frv. til breytingar á lögum um Þróunarsjóð. Við höfum tekið þetta mál fyrir í sjútvn. og rætt það þar fram og til baka og eins höfum við átt um það talsvert miklar umræður í þingsal, bæði við 1. og síðan við 2. umr. Ég vildi koma upp í 3. umr. til að lýsa því yfir að nú, þegar kominn er 17. maí, höfum við enn ekki séð neinar upplýsingar um hvaða tekjur koma í ríkissjóð í staðinn fyrir þetta gjald sem nú er verið að fella niður. Ef mig misminnir ekki stóð í þessari pontu hv. formaður sjútvn. um það leyti sem við þýfguðum hann um að við vildum sjá slíkar upplýsingar og sagði okkur að við gætum búist við því að þær tölur lægju fyrir þann 15. maí.

Við höfum mótmælt því að við tökum málið til 3. umr. án þess að fá að sjá hvaða tekjur koma í ríkissjóð í stað þeirra tekna sem hér falla niður. Ég vildi við þessa 3. umr. setja niður mótmæli okkar, við undrumst að ljúka þurfi 3. umr. hér og nú þegar þessar tölur liggja ekki fyrir því það eru örfáir dagar í að tölurnar komi og við sjáum hvaða tekjur koma í staðinn fyrir þetta gjald sem nú fellur niður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 854. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 1311.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5. mál.

Fundi slitið kl. 00:35.

119. FUNDUR

þriðjudaginn 18. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1664. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1197. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 854. mál, þskj. 1311. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1679. — 3. umr.

7. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.

8. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 2. umr.

9. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 1. umr.

10. Sóttvarnalög, stjfrv., 790. mál, þskj. 1205, nál. 1605, brtt. 1606. — 2. umr.

11. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.

12. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377, nál. 1543 og 1571, brtt. 1544. — 2. umr.

13. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982, nál. 1359 og 1580. — 2. umr.

14. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452, nál. 1546. — Síðari umr.

15. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453, nál. 1547. — Síðari umr.

16. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 961. mál, þskj. 1479, nál. 1594. — Síðari umr.

17. Aðild að Gvadalajara-samningi, stjtill., 883. mál, þskj. 1341, nál. 1639. — Síðari umr.

18. Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, stjtill., 884. mál, þskj. 1342, nál. 1640. — Síðari umr.

19. Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, stjfrv., 946. mál, þskj. 1440, nál. 1616. — 2. umr.

20. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 359, nál. 1637, brtt. 1638. — 2. umr.

21. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 613, nál. 1577. — 2. umr.

22. Einkaleyfi, stjfrv., 751. mál, þskj. 1122, nál. 1641, brtt. 1642. — 2. umr.

23. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328, nál. 1539. — 2. umr.

24. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 746, nál. 1612, brtt. 1613. — 2. umr.

25. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 1. umr.

26. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1313, nál. 1614, brtt. 1615. — 2. umr.

27. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.

28. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.

29. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.

30. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.

31. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575. — 2. umr.

32. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338, nál. 1650 og 1652, brtt. 1651. — 2. umr.

33. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.

34. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607. — 2. umr.

35. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611. — 2. umr.

36. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.

37. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330, nál. 1654 og 1661. — 2. umr.

38. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656. — 2. umr.

39. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663. — 2. umr.

40. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165, nál. 1593. — 2. umr.

41. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

42. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

43. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

44. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

45. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Síðari umr.

46. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.

47. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.

48. Stofnun sædýrasafns, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.

49. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.

50. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.

51. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Síðari umr.

52. Íslensk farskip, þáltill., 484. mál, þskj. 756, nál. 1683. — Síðari umr.

53. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691. — 2. umr.

54. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097, nál. 1692. — 2. umr.

55. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117, nál. 1693. — 2. umr.

56. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.
57. Dýravernd, frv., 634. mál, þskj. 948. — 1. umr.
58. Hlutafélög, frv., 686. mál, þskj. 1015. — 1. umr.
59. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 836. mál, þskj. 1277. — 1. umr.
60. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 648. mál, þskj. 965. — Fyrri umr.
61. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 650. mál, þskj. 967. — Fyrri umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framhald umræðu um fjölmiðlafrumvarp.

[10:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég kem upp að gefnu tilefni til að ræða um störf þingsins. Mikil dagskrá liggur fyrir í dag og hefur verið prentuð. Þar eru um 61 mál þar sem fyrstu fimm málin munu send til nefndar. Eitt málið klárast reyndar. Sjötta mál á dagskrá er um útvarpslög og samkeppnislög.

Í gær í kvöldmatarhléi var boðaður fundur í allshn. Reyndar fékk allshn. hálftíma aukreitis af þingtíma til að vinna mál. Í gær fréttum við líka af því og sáum í fjölmiðlum að hæstv. forsrh. hafði tekið sér ferð til Bessastaða, í fyrsta sinn síðan á heimastjórnarafmælinu. Þar var fundur þeirra haldinn og við fengum lýsingu á því hvernig hæstv. forseti og hæstv. forsrh. byrjuðu að spila badminton og þekktust frá 18 ára aldri. Þetta var allt mjög efnismikið og gott að vita og fróðlegt.

Þar voru einnig boðaðar brtt. við hið mikla fjölmiðlafrumvarp, þ.e. skýrt var frá því að formenn stjórnarflokkanna hefðu í fjórða skipti náð sátt um þetta mál. Sú sátt leiddi þó ekki til þess að þessar boðuðu brtt. kæmu til umræðu í allshn. í gær.

Því vil ég, virðulegi forseti, í framhaldi af þessu formannalýðræði sem okkur er að birtast og kemur í formi tilkynninga eða tilskipana til þingflokka stjórnarsinna, spyrjast fyrir um hvenær vænta megi þess að þessar brtt. komi fyrir allshn. og hvenær þingheimur má vænta þess að þetta umdeilda mál, útvarps- og samkeppnislög, sem hér er 6. mál á dagskrá, fyrsti dagskrárliður eftir atkvæðagreiðslu, komist á dagskrá.

Ég spyr, virðulegi forseti: Hvenær hyggst hæstv. forseti taka þetta mál á dagskrá þingsins? Hvenær mega þingmenn vænta þess að samkomulag formanna stjórnarflokkanna verði birt? Eða þurfum við að bíða lengur eftir því að enn eitt samkomulagið, það fimmta, líti dagsins ljós?

[10:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel mikilvægt að hæstv. forseti svari þeim spurningum sem til hans er beint um hvenær megi vænta þess að fjölmiðlamálið verði tekið fyrir á dagskrá fundarins. Það var á dagskrá í gær og í dag.

Í fréttum í gær var tilkynnt mikið samkomulag á milli stjórnarflokkanna, sem forustumenn stjórnarflokkanna sjá mikla ástæðu til að brosa yfir, þá kannski einkum formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson sem lýsir yfir að það sé endanlegt, reyndar í þriðja sinn. Þau orð hans hafa reyndar ekki jafnmikið vægi og áður, virðulegur forseti, að nú sé loksins komin mikil sátt um þetta í Framsfl. Reyndar undanskildi hann einn þingmann, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, en að öðru leyti væri mikil sátt og samlyndi og færi þetta allt að ganga í gegn. Það kom hins vegar í ljós í morgun í fréttum útvarps að a.m.k. einn þingmaður framsóknarmanna, hv. þm. Jónína Bjartmarz, er enn að skoða tillögurnar. Hún er ekki tilbúin að lýsa því yfir að hún sé sátt við þessar tillögur.

Á fundi allshn. í gær stóð til að kynna þessar tillögur. Það var ekki gert. Hv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, sagði reyndar að hann teldi æskilegt að þessar tillögur yrðu ræddar í allshn. áður en málið kæmi til 3. umr. og áður en málið yrði tekið fyrir aftur en að hann gæti ekkert fullyrt um að svo yrði.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mikilvægt að við fáum úr þessu skorið. Hv. formaður allshn. hafði áður fallist á að málið yrði tekið upp á milli 2. og 3. umr. Við lesum síðan í Morgunblaðinu að engu hafi verið lofað um það. Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að það er útilokað í rauninni að átta sig á því hvað er að gerast í höfðinu á hæstv. ríkisstjórn. Ég held að það sé kominn tími til að menn sýni þessar tillögur og málið komi til 3. umr. og verði klárað ef raunin er sú sem menn hafa lýst yfir.

[10:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að alþingismenn viti hvaða vinna bíður þeirra á næstu klukkustundum og næstu dögum. Maður veltir fyrir sér hvort þetta er liður í einhverri hertækni, í sálrænum hernaði gagnvart þinginu, að halda því í stöðugri óvissu um hvað bíður næstu klukkustundirnar.

Við fréttum í gær að samkomulag hefði náðst milli stjórnarflokkanna um fjölmiðlamálið svokallaða. Síðan kom í ljós að þetta samkomulag er fyrst og fremst á milli formanna flokkanna. Það hefur aldrei verið betra, lýsti hæstv. forsrh. yfir. Síðan fá landsmenn að heyra, þar með að sjálfsögðu alþingismenn einnig, í fréttum í morgun að bullandi ágreiningur sé enn um málið. Málið er enn í bullandi óvissu. Varaformaður allshn., sem er framsóknarmaður, segir að frá sinni hálfu sé málið í fullkominni óvissu.

Málið hefur ekki verið kynnt eða rætt í allshn. þingsins. Þess vegna er eðlilegt að þingið fái að vita af hálfu stjórnar þingsins hvað bíður þess á næstu klukkustundum.

[10:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Óvissan um störfin á hv. Alþingi er mjög óþægileg, vægast sagt. Ég sat í gær fund í allshn. þingsins. Þar var spurt um þetta mál og þá sátt sem menn lýstu yfir, forustumenn flokkanna, og hvort málið kæmi ekki örugglega í allshn. áður en það kæmi til umræðu. Ég held að ég muni það rétt að formaður nefndarinnar hafi sagt eitthvað á þá leið að það væri mjög æskilegt og hann tæki undir þau sjónarmið að æskilegt væri að málið kæmi aftur inn í allshn. áður en það yrði tekið á dagskrá.

Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta hvort það eigi að fara að ræða málið án þess að brtt. hafi litið dagsins ljós og án þess að þær hafi verið ræddar í allshn. Mér finnst þetta vinnulag vægast sagt orðið undarlegt, hæstv. forseti.

Þó að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna gleðjist í þriðja eða fjórða sinn yfir hinum merku áföngum um sáttargjörð sína þá nær það ekki til okkar þingmanna.

[10:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að við hljótum að kalla eftir því að þær tillögur sem nú hafa verið smíðaðar uppi í forsrn. komi til umfjöllunar hjá allshn. og verði kynntar. Ég held að það sé rétt að hæstv. forsrh. komi á fund nefndarinnar og kynni tillögurnar þar. Ég vil minna á það í þessu sambandi að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir óskaði eftir því á fundi allshn. að forsrh. yrði kallaður fyrir nefndina og upplýsti um þær brtt. sem þá lágu fyrir hjá nefndinni vegna þess að þær væru greinilega undan hans rótum runnar. Þá var sagt við okkur í nefndinni að þannig ætti alls ekki að vera vegna þess að málið væri hjá allshn.

Málið er ekki hjá allshn. og hefur ekki verið hjá allshn. Málið hefur verið uppi í forsrn. og þar hafa allar tillögur verið unnar. Nú eru að koma nýjar efnislegar tillögur úr forsrn. og sagt við fjölmiðla að fulltrúar í allshn. séu að vinna að þessum tillögum. Fulltrúarnir í allshn. koma svo af fjöllum þegar þeir eru spurðir um tillögurnar, kannast ekkert við þær og segjast ætla að skoða tillögurnar áður en þeir gefi upp afstöðu sína. Hvernig getur fólk sem á að vera að vinna að tillögum sagt að það þurfi að skoða tillögurnar áður en það gefur upp afstöðu sína. Það er vegna þess að það er ekkert að vinna að tillögunum. Það eru aðrir sem hafa unnið þessar tillögur og það á eina ferðina enn að troða þeim í gegnum Alþingi með góðu eða illu, virðulegur forseti.

Þessar tillögur eru samdar í forsrn. eins og annað í þessu máli og þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvenær ætlar hæstv. forsrh. að sýna allshn. tillögur sínar?

[10:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hefur gætt nokkurrar ónákvæmni í umræðum eins og gengur. Til að mynda var það ekki rétt að för mín til Bessastaða væri sú fyrsta frá heimastjórnarafmæli (**ÖS:** Og ekki sú síðasta.) og ekki sú síðasta. Ég hef setið þar veislur með sumum hv. þingmönnum frá þeim tíma, mér til mikillar ánægju enda mikill höfðingsskapur þar á bæ eins og kunnugt er og allt gott um það að segja.

Það er einnig rangt sem haldið var fram, að þær brtt. sem hafa verið ákveðnar af flokkunum hafi verið samdar í forsrn. Án þess að mér finnist það skipta máli þá er það ekki heldur rétt. Þær voru samdar hér í þinghúsinu en það breytir svo sem ekki neinu.

Efni þeirra tillagna hefur verið kynnt þannig að það hefur ekki farið fram hjá neinum. Síðan var sagt að það efni yrði fært í form. Ég veit ekki annað en sú vinna liggi fyrir, málið verði kynnt og komi til umræðu með venjulegum hætti. Það er ekkert undarlegt við þetta. Menn tala um að við höfum náð sátt, í fjórða sinn var sagt áðan, ég og formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Við höfum náð sátt í hundraðasta sinn þess vegna. Það eru bara okkar vinnubrögð, að við tölum um mál og leysum þau. Mér finnst ekkert lakara að gera það fimm sinnum, tíu sinnum, 100 sinnum eða 1000 sinnum. Því oftar því betra. Ef menn muna umræðuna þá sögðum við báðir, bæði ég og hæstv. utanrrh., að eftir 2. umr. þessa máls, sem hefur verið hitamál, mundum við taka á því púlsinn, fara yfir umræðurnar og ákveða síðan næstu skref. Það er nákvæmlega það sem við höfum gert í samræmi við það sem við höfum sagt. Þannig er þetta nú.

[10:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er kannski ekki margt sem hefur glatt hæstv. forsrh. síðustu daga og því er ánægjulegt að heyra að hann hefur stundað veisluhöld á Bessastöðum sér til nokkurrar ánægju.

Að því er varðar þær tillögur sem nú eru fram komnar þá finnst mér að sjálfsagt mál sé að þær séu lagðar til umræðu í efh.- og viðskn. þingsins. Það hlýtur að verða rætt þar. (Gripið fram í.) Það er kallað fram í að það sé alveg nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt fyrir umræðuna til að við getum farið í hana með þeim rétti sem við þingmenn stjórnarandstöðunnar höfum. Við hljótum að geta fengið að sjá tillögurnar og ræða þær eftir atvikum við þá menn sem leggja þær fram.

Mér finnst sjálfsagt að hæstv. forsrh. og utanrrh., sem höfundar þessara tillagna, komi í efh.- og viðskn. og skýri frá tilurð þeirra, skýri frá því hvernig þeir sjá þær standast stjórnarskrána. Ég vek eftirtekt á því að hæstv. utanrrh. er ekki öruggari en svo að hann treystir sér ekki í fjölmiðlum til að fullyrða að þetta standist stjórnarskrá. Hann segir hins vegar að hann sé mun öruggari um það nú en áður, sem felur tvennt í sér. Hann hefur í fyrsta lagi fallist á þau rök stjórnarandstöðunnar að í fyrri búning sínum stóðst frv. ekki stjórnarskrána. Í öðru lagi er hann ekki fullviss um að svo sé enn þá. Það hlýtur því að vera sanngjörn krafa að við fáum þetta til umfjöllunar í efh.- og viðskn. Eða er það virkilega svo að kjarkur hæstv. forsrh., eins og bent hefur verið á, sé svo tekinn að þverra að hann þori ekki að leggja þessa afurð sína fyrir okkur þingmenn í efh.- og viðskn. þar sem hægt er að kveðja til sérfræðinga? Af hverju þora þessir tveir menn, hæstv. ráðherrar, ekki að leggja tillögurnar fyrir sérfræðinga? Ástæðan er einföld. Það finnst varla nokkur sérfræðingur á Íslandi sem treystir sér til að fullyrða að þær tillögur standist stjórnarskrá.

[10:15]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það eru boðaðir tveir fundir í allshn. í dag, annar í hádeginu og hinn í kvöld. Við hljótum að gera ráð fyrir því að hæstv. forsrh. kynni okkur tillögur sínar á fundinum í hádeginu í dag. Það hlýtur auðvitað að standa að tillögurnar eru ekki unnar af allshn., jafnvel þó að hæstv. forsrh. hafi komið að því að semja þessar tillögur í þinghúsinu. Ég skal ekkert um það segja hvar menn hafa valið sér stað til að funda og fara yfir þessi mál. Það liggur fyrir að tillögurnar eru ekki unnar af fulltrúum í allshn. vegna þess að það hefur komið skýrt fram í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz, sem situr í allshn., að hún hafi ekki farið nógu vel yfir þessar tillögur og muni taka afstöðu til þeirra þegar það liggur fyrir.

Þingmaðurinn hefur að sjálfsögðu ekki samið tillögur sem hún talar með þeim hætti um heldur einhver allt annar aðili. Eins og ég segi er ástæða til að þeir sem tillögurnar sömdu kynni þær fyrir allshn. Ég geri ráð fyrir því að það gerist í dag.

Ég vil hins vegar minna á að það hefur margsinnis verið sagt að engin ástæða sé til að gera breytingar á því frv. sem kom inn í upphafi, þeirri hrákasmíð. Nú er verið að gera þriðju breytinguna, þriðju atlöguna að því að breyta og lappa upp á þessa hrákasmíð sem hæstv. forsrh. sagði í Viðskiptablaðinu þann 4. maí, ef ég man rétt, að engin ástæða væri til að breyta. Það væru engin efnisleg rök til að breyta þessu frv. og hann ætti ekki von á því að gerðar yrðu á því neinar breytingar. Þetta er það sem sagt var. Nú er búið að gera

breytingar í þrígang. Ég segi bara: Fullreynt í fjórða sinn.

[10:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er alveg óskaplega undrandi á því hvað sumir þingmenn geta verið pirraðir yfir því að frv. sé breytt til batnaðar. Af hverju standa þeir ekki upp og fagna því? Hvað er að þessum hv. þingmönnum? Ég verð ekki var við annað en að í þjóðfélaginu sé sagt að allar þær breytingatillögur sem gerðar hafa verið séu breytingar til batnaðar. En þá hellist eitthvert fúllyndi yfir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Síðan vill hv. þm. Össur Skarphéðinsson að ég komi sjálfur á fund í efh.- og viðskn. Ég hef aldrei komið á nefndarfund á ævi minni. (Gripið fram í.) Það er nefnilega það. Mér er sagt að um þessar mundir séu fundir í efh.- og viðskn. alveg afskaplega sérkennilegir. Kannski væri það hin mesta lífsreynsla fyrir mig að fara að kíkja á lífið í þeirri nefnd. Það mun vera með slíkum eindæmum þegar þeir snillingarnir leggja saman, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og einn ónefndur maður til viðbótar. Svona er þetta nú, einn maður talinn frá eins og sagt er.

Þetta er allt í hinu besta formi og þið þurfið ekki að vera svona fúllynd, ágætu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar.

[10:18]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það gleður mig alltaf ef ég get gert eitthvað til þess að létta lund og kæta geð hæstv. forsrh. Satt að segja hefur mér ekki þótt skorta á þörfina á því á allra síðustu vikum.

En ég get líka glatt hæstv. forsrh. með því að hann er velkominn til að sitja fund efh.- og viðskn. Það vill svo heppilega til að sú nefnd tók ákvörðun um að hafa þetta mál í vörslu sinni til umfjöllunar þangað til sá meiri hluti sem þar myndaðist teldi að hægt væri að ljúka þeirri umfjöllun.

Nú er uppi algerlega breytt staða. Hæstv. forsrh. hefur lýst sérstakri ósk um að fá að kynnast störfum efh.- og viðskn. að því er varðar þetta mál. Ég mun því gera reka að því að við höldum fund eigi síðar en í hádeginu og boðum hæstv. forsrh. á þann fund. Mér sýnist líka, eins og statt er með feril hæstv. forsrh., þá kunni að vera síðustu forvöð á því að hæstv. forsrh. safni í sarp lífsreynslu sinnar og komi og sjái hvernig það er að vinna í nefnd í þinginu. Satt að segja skýrir þessi skortur á lífsreynslu hjá hæstv. ráðherra nokkuð hvernig hann hefur reynt að fjarstýra störfum nefndanna. Hann hefur komið í veg fyrir það með beinum fyrirmælum að við þingmenn fáum að fjalla um þetta með þeim hætti sem þingsköp raunverulega bjóða.

Við erum með mál sem reisir mörg álitaefni varðandi stjórnarskrána og hæstv. forsrh. er ekki meiri kjarkmaður en svo að hann kemur í veg fyrir að það mál sé sent til skriflegrar umsagnar hjá helstu sérfræðingum þjóðarinnar. Eða, herra forseti, er þetta eftir allt saman vankunnátta og vanþekking hjá hæstv. forsrh., að hann viti ekki hvernig menn vinna á þingi? Hann vissi það hins vegar árið 1993. Þá var svipað mál tekið til ítarlegrar umfjöllunar og þá skorti ekki kjarkinn hjá karlinum í brúnni til að taka umdeild mál og láta skoða þau. En nú er kjarkurinn eitthvað farinn að þverra.

[10:20]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Það vekur óneitanlega athygli að hæstv. forsrh. skuli hafa orð fyrir ríkisstjórninni í þessu máli. Ég kalla eftir, virðulegur forseti, afstöðu hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. sem lýsti því yfir í fréttum í gær að það væri fullkomin samstaða um þetta mál innan Framsfl., að allir væru sáttir við þetta innan Framsfl., reyndar að undanskildum hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem hann virtist ekki hafa borið málið undir.

Annað hefur komið í ljós, virðulegur forseti. Ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh., úr því að hann situr hér og hlýðir á þessar umræður: Var það ekki satt sem hann sagði í fréttum í gær? Er hann tilbúinn að staðfesta í þessum ræðustól að um þessar brtt. sé fullkomin sátt innan Framsfl.?

Mér finnst mjög mikilvægt, virðulegur forseti, að þetta komi í ljós úr því að hæstv. utanrrh. situr undir þessum umræðum og hefur ekki séð ástæðu til að tjá sig.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 996. mál (sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.). — Þskj. 1664.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 997. mál (verðsamráð í mjólkuriðnaði). — Þskj. 1665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1000. mál (samningur um mjólkurframleiðslu 2005–2012). — Þskj. 1677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám gjalda). — Þskj. 1197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:23]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Mál þetta er hluti af veiðigjaldshugmynd ríkisstjórnarinnar sem fest var í lög en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur sjútvn. ekki tekist að fá fram upplýsingar um hvernig breytingin kemur út fyrir ríkissjóð á þessu ári. Við teljum ótækt að málið hljóti afgreiðslu með þeim hætti sem hér liggur fyrir, eftir allan þennan tíma. Við treystum okkur ekki til að styðja þetta mál og munum sitja hjá.

[10:24]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þ.e. að hætt verði að greiða framlag í Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þetta frv. er liður í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar, sem hún hefur beitt sér fyrir á síðustu árum í fiskveiðistjórn, að negla niður þetta margumræddа kvótakerfi í sjávarútvegi, kerfi fyrir stjórn fiskveiða sem reynist byggðum landsins afar þungt í skauti.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram aðrar tillögur í fiskveiðistjórnarmálum sem miða að því að bæta umgengni og nýtingu auðlindarinnar en kæmu líka til með að styrkja byggð og búsetu um land allt. Hluti fiskveiðiheimildanna er samkvæmt þeim tengdur byggðunum.

Þessi aðgerð er liður í að framfylgja ranglátri stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskveiðistjórnarmálum. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getum ekki stutt það. Framkvæmdin er fullkomlega á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans.

[10:26]

Guðjón Hjörleifsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Varðandi málefni þróunarsjóðsins var það þannig að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði samband við fulltrúa sjútvrn. og fékk skýringar á málum um bókanir frá fjmrn. í frv. um þróunarsjóðinn. Ég ætlaði honum minnisblað fyrir nefndina en hann tjáði Arndísi Steinþórsdóttur sem hann ræddi við að þetta væru nægar skýringar.

Síðan óskaði Jón Gunnarsson eftir minnisblaði og það kom seinni partinn í gær. Ég átti ekki von á því að málið yrði tekið til afgreiðslu upp úr miðnætti þannig að það er komið áleiðis, þetta minnisblað með skýringum á málinu. Skýringin á þessu er sú að hv. þm. Jóhann Ársælsson taldi ekki þurfa minnisblað eftir að hafa rætt við Arndísi Stefánsdóttur. Þess vegna tafðist málið.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞES.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖB, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BrM, EOK, GHH, GÁS, GunnB, JóhS, SP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:27]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar rétt áðan vil ég taka fram að ég hef ekki fengið minnisblaðið sem hann var að vitna til. Ég veit hins vegar að í gærkvöldi sagði hann mér að hann væri búinn að afla þessara upplýsinga en hefði ekki náð að koma þeim til okkar og því sent þær til mín í tölvupósti.

Nú háttar þannig til að við vorum hér að störfum í Alþingi til til hálftvö í gærkvöldi. Ég var kominn heim til mín kl. hálftvö í gærkvöldi og mættur á fund hjá sjútvn. kl. 8.15. Ég hef því ekki getað kynnt mé tölvupóst frá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni. Það er með ólíkindum að ætla að halda því fram að við séum búnir að fá þessar upplýsingar. Ég kallaði eftir þeim við 3. umr. í gær og fékk þær ekki.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1704).

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 854. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 1311.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:28]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 2. umr.

Frv. landbn., 840. mál (Vestmannaeyjabær). — Þskj. 1290.

[10:29]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum.

Þetta er mjög einfalt mál. Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 66/1998. Þau mistök urðu við setningu laganna að Vestmannaeyjabær er hvorki tilgreindur í ákvæði 11. gr. um skipan héraðslæknaumdæma sem ætlað er að ná yfir allt landið né í ákvæði 12. gr. um vaktsvæði dýralækna. Með frumvarpinu er lagt til að Vestmannaeyjabær heyri undir umdæmi héraðsdýralæknis í Suðurlandsumdæmi, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, en það er eðlileg ráðstöfun miðað við legu Vestmannaeyja. Þá er einnig lagt til að vaktsvæði dýralæknis Árnessýslu nái yfir Vestmannaeyjabæ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 966. mál (meðlög, EES-reglur). — Þskj. 1485.

[10:31]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. Þetta er frv. sem hv. heilbr.- og trn. flytur. Aðdragandi þessa máls er töluvert flókinn og mér finnst rétt að gera grein fyrir honum.

Eins og fram kemur í greinargerðinni voru samþykkt ný barnalög á Alþingi 2003 sem tóku gildi 1. nóvember sama ár. Með lögunum voru gerðar breytingar á ákvæðum er varða milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins um meðlagsgreiðslur og breytingarnar hafa haft áhrif á framkvæmd stofnunarinnar. Nýju barnalögin mæla m.a. fyrir um að skilyrði fyrirframgreiðslu meðlags frá Tryggingastofnun ríkisins sé að rétthafi greiðslna sé búsettur hér á landi. Því hefur Tryggingastofnun ríkisins frá gildistökunni hætt að greiða meðlag til þeirra meðlagsþega sem búsettir eru erlendis. Eldri barnalög gerðu ráð fyrir að meðlag væri greitt rétthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla barnalaga „sem ætti framfærslurétt hér á landi". Það hafði um langt árabil verið túlkað svo að rétt til greiðslu ættu þeir sem væru búsettir hér á landi og auk þess íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis ef meðlagsgreiðandi var búsettur hér.

Ákvæði nýju barnalaganna um að rétthafi meðlagsgreiðslna frá Tryggingastofnun skuli vera búsettur hér á landi hefur að geyma sömu meginreglu og almannatryggingalöggjöfin, þ.e. að almenna reglan er sú að réttur til greiðslna byggist á búsetu og bætur séu eingöngu greiddar þegar móttakandi er búsettur á Íslandi. Frá þeirri meginreglu er svo vikið þegar bætur eiga í hlut ef um það hefur verið samið í samningum Íslands við önnur ríki um almannatryggingar. Í því tilviki er aðallega átt við EES-samninginn, en samkvæmt almannatryggingaákvæðum hans heyra launþegar fyrst og fremst undir löggjöf landsins þar sem þeir vinna, þ.e. óháð búsetu. Áunnin uppsöfnuð réttindi, t.d. lífeyrisréttindi, skal einnig greiða út, óháð því í hvaða EES-landi móttakandinn er búsettur.

Þegar Tryggingastofnun ríkisins hefur milligöngu um meðlag (fyrirframgreiðsla meðlags) sem síðan er sent til innheimtu hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga, hefur það aldrei verið talið til bóta almannatrygginga. Gilda sérákvæði um greiðslurnar í barnalögum og almannatryggingalögum og þá gilda almenn ákvæði almannatryggingalaga um sömu atriði ekki. Fyrirframgreiðsla meðlags er ekki heldur í upptalningu laganna á því hvað teljist bætur almannatrygginga.

Í tveimur málum fyrir Evrópudómstólnum var deilt um meðlagsgreiðslur. Í dómunum var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að milliganga tryggingastofnana um greiðslu meðlags (fyrirframgreiðsla meðlags) í þeim löndum þar sem hún væri fyrir hendi væri bætur almannatrygginga og félli slík greiðsla undir efnislegt gildissvið ESB-reglugerðar nr. 1408/71 um almannatryggingar. Niðurstaða dómstólsins felur í sér túlkun á efnislegu gildissviði ESB-reglugerðar nr. 1408/71 þannig að reglugerðin samkvæmt þessari túlkun tekur nú til fleiri greiðslna en áður. Þar sem þessi reglugerð er hluti af EES-samningnum, hefur þetta áhrif hér á landi.

Tryggingastofnun ríkisins hefur fylgt almannatryggingaákvæðum EES-samningsins þegar um flutning tryggðra einstaklinga sem heyra undir EES-reglurnar til og frá Íslandi er að ræða en þó aðeins við bótagreiðslur sem samningurinn tekur til. Þar sem fyrirframgreiðsla meðlags hefur ekki verið talin til bóta almannatrygginga hefur EES-reglunum ekki verið beitt í þeim tilvikum.

Önnur EES-ríki sem eru aðilar að samningnum hafa nú þegar breytt framkvæmd hjá sér í samræmi við dómana og hefur það haft áhrif á störf Tryggingastofnunar og réttindi einstaklinga. Þau ríki eru byrjuð að senda umsóknir um fyrirframgreiðslu meðlags til Tryggingastofnunar í þeim tilvikum þegar EES-reglurnar kveða á um að milliganga sé hjá Tryggingastofnun þar sem meðlagsskyldur er í vinnu á Íslandi. Málin eru óafgreidd sem veldur viðkomandi einstaklingum vandræðum. Tryggingastofnun telur að þar sem meðlag sem stofnunin hefur milligöngu um sé ekki bætur samkvæmt almannatryggingalögunum okkar sé ekki heimilt að greiða meðlag úr landi eða fylgja EES-reglunum að öðru leyti nema lögunum verði breytt.

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um að skilgreina meðlagsgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur milligöngu um sem bætur almannatrygginga eins og Evrópudómstóllinn hefur gert. Slíkt gæti haft ófyrirséð áhrif í för með sér. Þess vegna er með þessu frumvarpi lögð til breyting á 64. gr. laga nr. 117/1993, þar sem kveðið er á um heimild ríkisstjórnar til að semja við erlend ríki um gagnkvæman rétt til almannatrygginga, samlagningu tryggingartímabila og greiðslur bóta úr landi við búsetu í öðru samningsríki. Lagt er til að heimilað verði að semja enn fremur um fyrirframgreiðslu meðlags milli samningsríkja eins og um bætur almannatrygginga væri að ræða.

Með frumvarpinu er heimilað að láta ákvæði milliríkjasamninga, t.d. EES-samningsins, taka til fyrirframgreiðslu meðlags ef svo ber undir og heimila á þann hátt Tryggingastofnun ríkisins að hefja afgreiðslu EES-umsókna um meðlagsgreiðslur. Einnig er tekið mið af væntanlegum breytingum en talið er að fljótlega — það er kannski þetta sem skiptir verulegu máli varðandi þetta mál— eða á næstu árum verði reynt að snúa við þessari nýju reglu sem Evrópudómstóllinn setti með því að undanskilja fyrirframgreiðslur meðlags ákvæðum ESB-reglugerðar nr. 1408/71. Talið er að frumvarpið auðveldi Tryggingastofnun ríkisins, ef þessu verður snúið við, að bregðast við því þegar þar að kemur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að það sé meginregla að sá sem á rétt á meðlagsgreiðslu frá Tryggingastofnun verði að vera búsettur hér á landi. Þó verði fylgt reglum EES-samningsins þegar þær eiga við og enn fremur verði heimilt að setja sérstakar undantekningarreglur í reglugerð þegar milliríkjasamningar eiga ekki við, m.a. til hagsbóta fyrir íslenska ríkisborgara sem búsettir eru utan EES-svæðisins. Í því tilviki hafa gjarnan verið nefndir íslenskir námsmenn sem stunda nám erlendis og fyrir utan EES-svæði.

Fyrir gildistöku nýju barnalaganna greiddi Tryggingastofnun ríkisins meðlög úr landi til Íslendinga sem búsettir voru erlendis án skilyrða. Þær greiðslur voru stöðvaðar 1. nóvember 2003. Stór hluti þeirra sem áður fengu meðlagsgreiðslur fyrir milligöngu stofnunarinnar mun nú þegar hafa fengið meðlagsgreiðslur í búsetulandi sínu fyrir milligöngu tryggingastofnana í viðkomandi landi. Flestir þeirra búa á Norðurlöndunum. Milliganga getur eftir atvikum skapað endurgreiðslukröfu á hendur meðlagsgreiðanda.

Frumvarpið gerir Tryggingastofnun kleift að taka til afgreiðslu mál þeirra einstaklinga sem hafa ekki fengið greiðslu í búsetulandi sínu. Það eru þá aðallega þau tilvik þar sem talið

er að Tryggingastofnun beri að hafa milligöngu um greiðslu meðlags, t.d. vegna þess að meðlagsskyldur er búsettur og vinnur hér á landi. Gert er ráð fyrir að meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar verði innheimtar hjá viðkomandi meðlagsgreiðanda.

Eins og áður mun Tryggingastofnun fyrirframgreiða meðlag í ákveðnum tilvikum, á grundvelli erlends meðlagsúrskurðar, til rétthafa greiðslna og barna sem búsett eru hér á landi þar sem meðlagsskyldur er búsettur erlendis. Í þeim tilvikum verður meðlagsgreiðsla Tryggingastofnunar einnig innheimt hjá hinum meðlagsskylda.

Að gefnu tilefni er vert að taka það fram að ekki er hægt að leysa framangreind vandamál með því að breyta barnalögum til fyrra horfs eins og þau voru fyrir gildistöku nýju laganna í nóvember 2003. Eftir sem áður þarf að bregðast við áðurnefndum dómum Evrópudómstólsins því að samningsríki, sérstaklega á Norðurlöndunum, eru þegar farin að fylgja EES-reglunum við afgreiðslu umsókna um fyrirframgreiðslu meðlags.

Hv. heilbr.- og trn. óskaði eftir upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um hvort samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en málið er flutt að höfðu samráði við ráðuneytið. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu, sem hafði samráð við fjármálaráðuneytið, mun samþykkt frumvarpsins ekki fela í sér kostnaðarauka. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun verði eingöngu milligönguaðili um fyrirframgreiðslu meðlags eins og verið hefur og þar til bær yfirvöld innheimti síðan meðlagið hjá viðkomandi foreldri.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir því frv. sem ég mæli hér fyrir af hálfu hv. heilbr.- og trn. Þar sem nefndin flytur málið sjálf er að sjálfsögðu ekki mælst til þess að frv. verði vísað til nefndarinnar að lokinni þessari umræðu.

[10:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Hér er m.a. verið að bregðast við ákveðnu ástandi sem skapaðist með samþykkt nýrra barnalaga vorið 2003, en samkvæmt eldri barnalögum var gert ráð fyrir að meðlag væri greitt rétthafa sem ætti framfærslurétt hér á landi. Það hafði um langt árabil verið túlkað þannig að viðkomandi ætti rétt til greiðslu ef hann væri búsettur hér á landi, en að auki íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis ef meðlagsgreiðandinn væri búsettur hér á landi. Fyrir gildistöku nýju barnalaganna 1. nóvember 2003 greiddi Tryggingastofnun ríkisins meðlög úr landi til Íslendinga sem búsettir voru erlendis án skilyrða, þar á meðal út fyrir EES-svæðið.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að það sé meginregla að sá sem á rétt á meðlagsgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins verði að vera búsettur hér á landi, en þó hins vegar að reglur EES-samningsins eigi hér við og verður þar af leiðandi tryggt að milliganga Tryggingastofnunar eigi við gagnvart þeim Íslendingum og börnum þeirra sem eru búsettir á EES-svæðinu. Eftir standa hins vegar börn Íslendinga sem búa í löndum utan EES-svæðisins, þar á meðal Bandaríkjunum. Í þessu frv. er brugðist við því með að setja heimild til reglugerðar í 6. mgr. Þar stendur með leyfi forseta:

„Heimilt er að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar þar sem m.a. er kveðið á um fyrirframgreiðslu meðlags þegar foreldri eða börn eru búsett erlendis og um hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi."

Mikilvægt er að bregðast við því ástandi sem skapaðist með nýju barnalögunum vorið 2003 eins og þetta frv. gerir ráð fyrir og ég hvet hæstv. heilbrrh. til að nýta þá reglugerðarheimild sem hann fær samkvæmt þessu frv. til að koma til móts við börn þeirra Íslendinga sem búa fyrir utan EES-svæðið. Þar á meðal má nefna námsmenn í Bandaríkjunum sem eiga börn þar.

Athugasemd mín lýtur að því að þessi reglugerðarheimild sé nýtt og heilbrrh. komi til móts við Íslendinga sem eru búsettir fyrir utan EES-svæðið.

[10:44]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hv. heilbr.- og trn. flytur þetta frv. og standa nefndarmenn einhuga að því. Það er nokkuð flókið að því leytinu til að verið er að bregðast við breytingum á barnalögum og gera Tryggingastofnun kleift að hafa milligöngu um meðlagsgreiðslur. Verið er að bregðast við dómi Evrópudómstólsins og í raun verið að aðlaga lögin væntanlegum breytingum á EES-reglunum hvað varðar meðlagsgreiðslur. Það sem skiptir máli er að Tryggingastofnun hefur haft milligöngu um meðlag og meðlag hefur ekki verið túlkað sem bætur almannatrygginga, heldur sem þjónusta almannatrygginga og hlutverk stofnunarinnar að millifæra meðlagsgreiðslur, þannig að rétthafi meðlagsgreiðslna fái þær tryggilega greiddar.

Vegna breytinganna á barnalögunum sem hér hefur verið gerð grein fyrir féll niður þjónusta Tryggingastofnunar á þessum millifærslum 1. nóvember 2003. Það varðaði heimild Tryggingastofnunar til að millifæra til Íslendinga búsettra innan EES-svæðisins eins og verið hafði því samkvæmt nýjum EES-reglum eiga greiðslurnar og þjónustan að koma frá búsetulandi.

Eftir að hafa farið í gegnum þetta flókna umhverfi tel ég að okkur sé öllum efst í huga að sú þjónusta sem Tryggingastofnun hefur innt af hendi við Íslendinga búsetta innan EES og með sérstökum samningum við Íslendinga búsetta utan svæðisins falli ekki niður og að hægt sé að taka hana sem fyrst upp og því sé mikilvægt að afgreiða frv. á þessu þingi.

[10:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að vekja athygli á því að það er hv. heilbr.- og trn. sem flytur frv., þannig að þetta er dæmi um frv. sem samið er af Alþingi. Þó að forminu til sé það samið í ráðuneytinu að einhverju leyti, þá er það nefndin sem flytur það og það er skemmtileg nýbreytni sem ég styð heils hugar.

Það sem við ræðum hér, herra forseti, er mjög flókið mál. Hvað eru meðlög, hvers lags fyrirbæri er það? Það er greiðsla annars foreldris sem ekki hefur forsjá barns til hins sem sér um uppeldi þess. Yfirleitt er karlmaðurinn meðlagsgreiðandinn, ekki alltaf. Þetta gerist oft án milligöngu ríkisins, menn greiða með börnum sínum og það kemur engum við. Í mörgum löndum hefur hins vegar verið tekin upp ákveðin ríkisábyrgð á meðlögum, þ.e. ríkið greiðir meðlagið fyrir meðlagsgreiðandann og innheimtir það síðan hjá honum. Þetta er svipað og þegar ríkið ábyrgist greiðslur af láni, þ.e. ríkisábyrgð af láni. Þá fær kröfuhafinn greiðsluna örugglega og síðan innheimtir ríkið hjá þeim sem skuldar. Ríkisábyrgð af láni er alltaf talin vera veitt lántakandanum en ekki kröfuhafanum. Þess vegna er milliganga Tryggingastofnunar við greiðslu meðlags ábyrgð ríkisins til meðlagsgreiðanda, sem

sagt styrkur til meðlagsgreiðanda, yfirleitt feðra. Það er það sem gerir málið svona erfitt að þetta eru ekki bætur vegna þess að ríkið borgar þetta ekki eða á ekki að gera það undir öllum venjulegum kringumstæðum. Það greiðir meðlagið eingöngu þegar greiðslufall verður hjá meðlagsgreiðanda, sem vill stundum brenna við. Menn hafa verið uppteknir af því að flokka meðlagið ekki undir bætur, vegna þess að bætur hafa allt annan eiginleika í alþjóðlegu samstarfi og við samspil margra velferðarkerfa.

Herra forseti. Ég ætla einmitt að koma inn á hvernig þetta spilar allt saman. Við erum í samstarfi við Norðurlönd, síðan erum við með samstarf innan EES og svo erum við ýmist með samninga eða ekki samninga við öll lönd utan EES. Allir þessir samningar og mismunandi reglur í hverju einasta landi gera málið óskaplega flókið. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég átta mig engan veginn út í hörgul á hvernig þetta mál muni koma út. Það eru þrír aðilar sem koma að meðlagi. Það er í fyrsta lagi barnið, í öðru lagi foreldrið sem sér um uppeldi barnsins og svo hitt foreldrið sem á að greiða meðlag, þ.e. á að taka þátt í uppeldinu. Þessir þrír aðilar geta búið hver í sínu landi. Það er hugsanlegt að barnið búi hjá afa og ömmu í Svíþjóð, faðirinn sé að vinna við Kárahnjúkavirkjun og að móðirin sé á Spáni eða í Bandaríkjunum, til að flækja málið enn frekar. Á þessu þarf að taka og menn þurfa að átta sig á hvað getur gerst. Mér finnst það ekki vera alveg kristaltært.

Bent hefur verið á vandræði sem hafa komið upp og hv. þm. benti áðan á að námsmenn í Bandaríkjunum fengju ekki meðlagsgreiðslur eða ríkisábyrgð á meðlagsgreiðslum hér á landi. Þá fór hann væntanlega eftir þjóðerni, hv. þm. sagði Íslendingar. Nú er það þannig að við megum ekki mismuna fólki eftir því hvort það eru Íslendingar eða útlendingar. Með sömu hugsun ættum við að aðstoða alla námsmenn í Bandaríkjunum. En þá erum við komin langt út fyrir sviðið. Ég held að menn þurfi hreinlega að horfast í augu við það að þegar menn velja sér land til að búa í og lifa í og starfa í eða stunda nám í, þá velja þeir sér um leið velferðarkerfið í viðkomandi landi. Það er mjög hættulegt ef við förum að opna íslenskt velferðarkerfi þannig að það gildi fyrir önnur lönd. Ég vara við því vegna þess að getur boðið heim misnotkun. Það getur líka boðið heim hættu á því að bætur sem þykja ekkert voðalega háar hér séu kannski mjög háar í öðru landi. Ég hef t.d. áður bent á stöðu Pólverja sem vinna hér gagnvart örorkulífeyri almannatrygginga sem greiddur er af íslenskum skattpeningum. Þeir gætu hugsanlega tekið hann í Póllandi og væru þá með miklu betri lífskjör en sambærilegir örorkulífeyrisþegar á Íslandi.

Menn þurfa að vera mjög varkárir í þessu öllu og þess vegna þykir mér ekki gott að skilja ekki út í hörgul hvernig frv. virkar með hliðsjón af öllum þeim samningum sem við höfum tekið þátt í, Norðurlandasamningum, EES-samningum og svo lönd þar fyrir utan varðandi þessi mál.

Engu að síður sé ég nauðsyn á því að reyna að koma fram einhverri lausn, þannig að ég stend að þessu frv. engu að síður, en það væri æskilegra að menn reyndu að kortleggja betur hvernig svona velferðarkerfi virkar.

[10:53]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, er ljóst að nefndin stendur öll að frv. og þetta eru mjög flóknar reglur. Mig langar í því tilliti að árétta að ekki er gert ráð fyrir að frv. feli í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð og nefndin leitaði sérstaklega eftir þeim upplýsingum. En varnaðarorð hv. þm. eru góð og gild inn í þessa umræðu og þessar milligöngureglur eru nokkuð flóknar. Mergurinn málsins er kannski sá að upphafið er rakið til barnalaganna og breytinganna sem urðu. Áður var meðlag greitt þeim sem áttu framfærslurétt hér á landi, en nú er það búsetan sem ræður. Eins og ég gat um í framsögu minni er ekki hægt að breyta barnalögunum aftur af því það gengu dómar hjá Evrópudómstólnum þar sem meðlagsgreiðslur voru skilgreindar í dómunum sem hluti af almannatryggingagreiðslu. Við erum ekki tilbúin að fara þá leið vegna ófyrirséðra afleiðinga sem það getur haft. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir að það sé ákveðin heimild til að fara eftir EES-samningnum um þetta og rétt einstaklinganna innan EES-svæðisins án þess að við séum að skuldbinda okkur til að skilgreina milligöngu meðlags á sama hátt og dómstóllinn hefur gert.

Þetta er varfærið og að mati heilbr.- og trn. rétt leið sem farin er. Eins og ég gat um í upphafi höfðu menn áhyggjur af Íslendingum, aðallega námsmönnum, sem eru búsettir erlendis. Ákveðið var að taka þannig á því að með breytingunum væri ráðherra veitt heimild til að setja í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Þar er m.a. kveðið á um fyrirframgreiðslu meðlags þegar börn eru búsett erlendis og um hámarksgreiðslu sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir. Þetta ákvæði á vissulega við þá sem eru utan EES-svæðisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 2. umr.

Stjfrv., 790. mál (skrá um sýklalyfjanotkun). — Þskj. 1205, nál. 1605, brtt. 1606.

[10:56]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingar á sóttvarnalögum.

Með frv. er lagt til að sóttvarnalækni verði heimilt að halda sérstaka skrá um sýklalyfjanotkun hér á landi. Markmiðið með þessari skrá er að koma á vöktun á nýgengi og algengi ónæmra sýkla. Síðan að nýta þá skrá til að kanna hvort tengsl séu á milli notkunar á sýklalyfjum og myndunar ónæmis. Jafnframt er lagt til að tilhögun skráningar verði útfærð nánar í reglugerð.

Við umfjöllun málsins kom fram að gert er ráð fyrir að upplýsingar í skrá sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun eigi að byggjast á upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis. Skýrt er kveðið á um það í 27. gr. lyfjalaga hverjir geti fengið upplýsingar úr þeim gagnagrunni og sóttvarnalæknir er ekki meðal þeirra sem taldir eru upp í greininni. Nefndin lítur svo á að kveða verði á um slíka heimild í lögum. Hún leggur til breytingar á frv. þar sem sóttvarnalækni verði veitt sérstök heimild til að fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunninum. Það er vert að ítreka að skrá sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun mun ekki byggjast á persónugreinanlegum upplýsingum. Ég árétta þetta, herra forseti.

Upplýsingarnar sem sóttvarnalæknir fær afhentar mega ekki vera persónugreinanlegar segir í nál. og öll skráin gengur út frá því að þær séu það ekki. Eftir sem áður gerir nefndin

þá tillögu að kveða á um rétt sóttvarnalæknis til upplýsinga úr lyfjagagnagrunni í þessu ákvæði lyfjalaganna.

Við meðferð nefndarinnar á frv. kom fram að gert er ráð fyrir að sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sendi sóttvarnalækni upplýsingar, eingöngu um magn sýklalyfja sem notað er í rekstri þeirra. Sóttvarnalæknir upplýsti hv. heilbr.- og trn. um að þær upplýsingar sem hann þyrfti væru um það magn sem afgreitt væri úr apóteki og síðan bara skipting milli deilda ef um væri að ræða deildaskipta heilbrigðisstofnun. Nefndin leggur til að kveðið verði á um þessa skyldu heilbrigðisstofnana í lögunum og leggur til breytingu á 3. og 9. gr. laganna þar að lútandi.

Í nál. hv. heilbr.- og trn. er greint frá því hverjir komu og fjölluðu um málið á fundum nefndarinnar. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í þskj. 1606.

Undir nál. rita auk þeirrar sem hér stendur, hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Pétur Blöndal, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman, Sigríður Anna Þórðardóttir, Dagný Jónsdóttir, Jón Gunnarsson og Brynja Magnúsdóttir.

[10:59]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Náðst hefur góð sátt um það mál að auðvelda sóttvarnalækni að vinna að sínu hlutverki, þ.e. að hafa upplýsingar um sýkingar og ónæma sýkla svo mögulegt sé að bregðast við hið fyrsta. Hluti af því er að fylgjast með notkun sýklalyfja.

Auðvelt er að koma því við varðandi skráningu landlæknisembættisins. Skráning hjá Tryggingastofnun ríkisins verður einföld frá 1. janúar 2005. Þá á allt utanumhald hjá Tryggingastofnun um lyfjanotkun að vera komið í fullt gagn og lyfjaskráning að vera komin í eins gott horf og tæknibúnaðurinn leyfir. Þar með er haldið utan um notkun allra lyfseðilsskyldra lyfja sem fara í gegnum Lyfjastofnun. Eftir standa þá heilbrigðisstofnanir og sýklalyfjanotkun á þeim.

Eins og fram kom við upphaf vinnslu þessa máls er ekki haldið utan um skráningu og lyfjanotkun einstakra sjúklinga inni á stofnununum. Með þeirri breytingu sem hér er gerð, og sóttvarnalæknir fellst á, er gert ráð fyrir að nægilegt sé að fylgjast með því magni sem fer í gegnum heilbrigðisstofnanir á viðkomandi lyfjum til þess að hann geti uppfyllt sitt hlutverk. Upplýsingarnar eru ekki um einstaklinga enda á sóttvarnalæknir eingöngu að fá upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar því það er notkun lyfjanna og magn sem skiptir máli. Með þessu getur sóttvarnalæknir einnig fylgst með notkun og ávísun ákveðinna lyfjaflokka á mismunandi svæðum og komið með ábendingar um breytingar á sýklalyfjanotkun ef hann ásamt landlækni telur ástæðu til.

Með því að hafa allar upplýsingar ópersónugreinanlegar og fá upplýsingar frá landlækni, Tryggingastofnun og um magn lyfja frá heilbrigðisstofnunum tel ég að sóttvarnalæknir eigi að geta nýtt þessar upplýsingar vel. Til að geta uppfyllt frv. þurfa heilbrigðisstofnanir hugsanlega að breyta verklagi sínu þannig að heildarsýklalyfjanotkun sé skráð með reglubundnum hætti. Það ætti að vera auðvelt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, síðari umr.

Stjtill., 949. mál. — Þskj. 1452, nál. 1546.

[11:04]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar. Vegna þessa máls fékk nefndin á fund sinn aðila sem taldir eru upp í nefndarálitinu,

Leitað er heimildar Alþingis til að staðfesta Norðurlandasamning um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003. Þessi samningur kemur í stað Norðurlandasamningsins frá 1992. Það er stefnt að því að lögfesta samninginn hér á landi og hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar lagt fram frv. þess efnis sem er þskj. 1442, 948. mál. Hv. utanrmn. leggur til að þessi tillaga verði samþykkt.

Undir álitið rita auk framsögumanns sem hér stendur hv. þingmenn Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, síðari umr.

Stjtill., 950. mál. — Þskj. 1453, nál. 1547.

[11:05]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu samningsins milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004. Nefndin fékk vegna þessa máls á fund sinn fulltrúa frá utanrrn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2004/2005 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2004 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2004 auk ákvæðis um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila. Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2004. Samningurinn kveður því á um allar veiðar á uppsjávarfiski í lögsögu hvors aðila fyrir komandi veiðitímabil.

Nefndin vekur athygli á því að áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af

botnfiski við Ísland á árinu 2004, en þar er um óbreyttar veiðiheimildir að ræða frá fyrra ári. Nefndin telur rétt að benda á að endurskoða þarf samsetningu botnfiskafla með tilliti til aflahlutdeildar og áréttar nefndin ábendingar sínar frá 16. mars síðastliðnum (þskj. 1147, 482. mál) um slæmt ástand lúðustofnsins. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta rita auk framsögumanns hv. þingmenn Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 961. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 1479, nál. 1594.

[11:08]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004 um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn. Eins og segir í nál. hv. utanrmn. fékk hún á fund sinn fulltrúa, bæði frá iðn.- og viðskrn. og utanrmn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 15/2004 frá 6. febrúar 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE).

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 um rekstrarform Evrópufélaga er í samræmi við meginreglur um hlutafélög og tekur því að litlu leyti tillit til sérkenna samvinnufélaga. Með innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög, gefst kostur á að stofna evrópskt samvinnufélag samkvæmt ákveðnum meginreglum sem fram koma í reglugerðinni og tilskipun um aðild starfsmanna að félaginu. Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði lagt fram á haustþingi 2004. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta rita auk framsögumanns hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Einar K. Guðfinnsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild að Gvadalajara-samningi, síðari umr.

Stjtill., 883. mál. — Þskj. 1341, nál. 1639.

[11:11]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. utanrmn. um till. til þál. um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal-bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samningsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961 (Gvadalajara-samningurinn) og Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975 (Montreal-bókun nr. 4), og til fullgildingar á samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999 (Montreal-samningurinn).

Í Varsjársamningnum frá 1929 er m.a. kveðið á um ábyrgð og skuldbindingar flytjanda og um réttindi farþega og sendanda auk þess sem þar eru reglur um bætur fyrir lífseða líkamstjón farþega en Gvadalajara-samningnum er m.a. ætlað að einfalda kerfið samkvæmt Varsjársamningnum og gera réttarstöðu neytenda skýrari. Með Montreal-bókuninni er ýmsum formskilyrðum breytt, þær einfaldaðar og kveðið skýrar á um afleiðingar skorts á gögnum eða upplýsingum og um bótarétt. Montreal-samningurinn frá 1999 miðar fyrst og fremst að því að færa Varsjársamninginn til nútímahorfs og koma á einsleitara bótakerfi í flugsamgöngum og fjallar hann um réttindi og skyldur aðila, bótarétt, formreglur, upplýsingagjöf o.fl. Í samningnum felst einnig að staða farþega er bætt, m.a. með betri bótarétti en tíðkast samkvæmt Varsjársamningnum.

Aðild Íslands að samningunum og bókuninni kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur samgönguráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum (þskj. 1440, 946. mál), og lögum um loftferðir, nr. 60/1998 (þskj. 1439, 945. mál), sem hefur verið meðferðar í samgöngunefnd. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita auk framsögumanns hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Einar K. Guðfinnsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

[11:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs þar sem ég gerði þessa till. til þál. að umtalsefni við fyrri umr. og bar fram allmargar spurningar til hæstv. utanrrh. Mér fannst m.a. dálítið erfitt að átta mig á hvers vegna við hefðum gert þennan góða samning, Varsjársamninginn, 1929. Síðan hafa komið ýmsar bókanir við hann sem við höfum ekki staðfest eða innleitt og einnig nýir samningar síðar. Það var svolítið erfitt að átta sig á þessu máli en það virtist mjög áhugavert og það hefur verið tekið fyrir í utanrmn. Við fengum mjög góða umfjöllun um málið og að mörgu leyti mun ítarlegri en oft um alþjóðasamninga sem við erum að undirgangast. Það er líka athyglisvert að að menn skyldu gefa sér tíma til að fara yfir málið með þessum hætti í utanrmn. vegna þess að það upplýstist í nefndinni að mikill lagabálkur er í samgn. núna og það er einmitt frv. byggt á þessari tillögu. Frv. hefur því komið ögn fyrr en tillagan til þingsins.

Þetta er mikill lagabálkur í samgöngunefndinni og tekur inn allt sem á við þennan samning auk annarra atriða. Mér er ekki kunnugt um hvort afgreiða eigi málið á vorþinginu,

fer nú kannski að styttast eitthvað um það, en alla vega er þetta mál komið í fulla vinnslu í Alþingi. Þannig að í þessu tilfelli hefur alþjóðasamningurinn og frv. til nefndar nokkurn veginn fylgst að.

Það verður að segjast eins og er að þegar maður kynnist þessu máli þá kemur í ljós að viðhaldið hefur verið tveimur kerfum sem hafa tekið við af gamla samningnum, þessum Gvadalajara-samningi, og Montreal-samningi sem er með fjórum bókunum sem hafa átt að viðhalda gamla samningnum og vonir standa til að nú verði hægt að losa sig út úr þessum gamla samningi innan áratugar og það verði þá bara einn og einfaldari samningur sem gildir um flugið. Það er mjög mikill ávinningur af því. Það er t.d. verið að taka á því að samningurinn eigi við bæði um samningsbundinn flytjanda og flytjanda í raun á meðan áður voru réttindi bara bundin við þann sem seldi miðann.

Ég vildi bara benda á það af því ég bar upp margar spurningar við fyrri umr. að þeim var öllum svarað í utanrmn. og að þarna er á ferðinni mikill framfarasamningur sem er mikilvægt fyrir Ísland að gerast aðili að og sem full ástæða er til að við lögfestum eins og frv. gerir ráð fyrir sem er inni í samgn. núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, síðari umr.

Stjtill., 884. mál. — Þskj. 1342, nál. 1640.

[11:17]

Frsm. utanrmn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. utanrmn. um till. til þál. um aðild að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa, gerð um endurskoðun samningsins og um samninginn um beitingu 65. gr. samningsins.

Vegna þessa máls fékk nefndin á fund sinn fulltrúa bæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis sem greindir eru í nál. á þskj. 1640.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í München 5. október 1973, gerð um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerð var í München 29. nóvember 2000 og samningi um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000.

Með evrópska einkaleyfasamningnum frá 1973 var Evrópsku einkaleyfastofnuninni komið á fót og rekur hún undirstofnun, Evrópsku einkaleyfastofuna. Samningurinn gerir það mögulegt að sækja um evrópskt einkaleyfi á grundvelli einnar umsóknar í öllum aðildarríkjum samningsins samtímis. Samningurinn var endurskoðaður 29. nóvember 2000 og með Lundúnasamningnum 17. október 2000 var kveðið sérstaklega á um beitingu 65. gr. einkaleyfasamningsins, einkum með það fyrir augum að draga úr kostnaði við þýðingar á evrópskum einkaleyfum. Áhrif aðildar Íslands að samningunum verða m.a. þau að allt umsóknarferli um einkaleyfi verður einfaldara og ódýrara en áður hefur tíðkast.

Aðild Íslands að samningunum kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum (þskj. 1122, 751. mál), en iðnaðarnefnd hefur haft málið til meðferðar. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta nál. rita auk framsögumanns hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Einar K. Guðfinnsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

[11:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er annað málið sem hefur nú verið afgreitt úr utanrmn. sem er talsvert stórt og þýðingarmikið fyrir Ísland. Mér finnst því ástæða til að gefa því nánari gaum. Komið hefur fram að aðild Íslands að þessum samningi kallar á lagabreytingar hér á landi. Iðn.- og viðskrh. hefur lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, með síðari breytingum, og iðnn. er með málið til meðferðar.

Virðulegi forseti. Þegar við höfum fengið einkaleyfabreytingar til umfjöllunar á Alþingi hefur kastljósið beinst mjög að því hver staða lyfjaiðnaðarins sé. Það hefur skipt miklu máli fyrir lyfjaiðnaðinn og ekki síst fyrir samheitalyfjaiðnaðinn hvernig þessir samningar voru sem við höfum undirgengist hverju sinni. Það sem er merkilegt varðandi þetta mál og kemur fram núna er að samkvæmt samningnum verður veitt einkaleyfi á öllu evrópska svæðinu á einum stað og það verður eitt tungumál fyrir 30 lönd. Þetta er gífurlega merkilegt og mikilvægt fyrir okkur. Aðildin að samningnum er mikið framfaramál. Það hefur tekið langan tíma að vinna málið og það er öðruvísi vaxið en önnur mál um lyfjaiðnaðinn.

Samningurinn hefur í för með sér að það dregur úr kostnaði. Hann er þess eðlis að engin breyting verður gagnvart stórum lyfjaframleiðendum en hann gæti haft áhrif á minni framleiðendur erlendis um allt svæðið. Áhrifin geta að einhverju leyti verið neikvæð en Evrópusambandið er að rýmka reglur vegna samheitalyfjanna og séu einhver neikvæð áhrif má segja að það vegi þau upp að fá 30 ríkja skráningu á þessu stóra svæði.

Ég vil líka taka fram að mjög mikilvægt er að vera samstiga Evrópusambandinu í einkaleyfamálum. Það var með strangar reglur áður en er nú að slaka á þeim. Fyrir samheitalyfjaiðnaðinn er þetta mál jákvætt áfram, þetta er ekki eitthvað sem hittir hann fyrir. Á sama tíma og það hefur verið mjög mikilvægt á Íslandi fyrir iðnaðinn að samheitalyfjaiðnaður hefur byggst upp þá er mjög gleðilegt að frumlyfjaiðnaður er að byggjast upp líka. Þessi samningur mun skipta máli fyrir hann.

Það er líka mikilvægt að taka fram að umræður um frumlyf á móti samheitalyfjaiðnaði hefur breyst, ekki síst vegna þriðja heimsins. Áður var gífurlega mikið lagt upp úr því að þeim sem hefðu eytt mörgum árum, miklum kröftum og fjármagni í rannsóknir sem leiddu af sér ný lyf væru tryggð einkaleyfi til margra ára til að vernda þessa miklu fjárfestingu. Sú umræða er að breytast vegna þarfa þriðja heimsins þar sem við berum svo mikla ábyrgð. Afstaðan hjá Evrópusambandinu er breytt. Það hefur rýmkað reglur sínar og þrátt fyrir að tími einkaleyfanna sé óbreyttur þá eru reglurnar sem varða rannsókn og þróun frumlyfja rýmkaðar. Samningurinn virðist því mikilvægur fyrir okkur og sömuleiðis er hann mjög mikilvægur fyrir þriðja heims ríki vegna möguleikanna sem í honum felast. Ég vil vekja sérstaklega athygli á því, því það er kannski nýtt, að á Íslandi sé farið að vinna við frumheitalyfjaframleiðslu. Ég vil líka taka fram að

það virtist sem þeir sem væru stórir á lyfjamarkaðnum teldu að samningurinn gæti haft neikvæð áhrif en EES-rýmkunin er það jákvæð að hún vegur þau fyllilega upp. Það er talið mjög mikilvægt að afgreiðsla á frv. og samningi geti farið saman.

Ég vel, virðulegi forseti, í tveimur örstuttum ræðum mínum að nefna að þessir tveir samningar sem utanrmn. var að fjalla um og gaf sér góðan tíma í að taka fyrir eru mikil framfaramál. Þegar maður hefur vakið máls á málum af þessum toga við fyrri umr. er ástæða til að koma upp og skýra að örstuttu leyti hvað hefur falist í þeim og hvaða svör komu fram í hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:25]

Útbýting þingskjala:

Lokafjárlög 2000, 326. mál, nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 1688.

Lokafjárlög 2001, 653. mál, nál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 1705.

Lokafjárlög 2000, 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 377, nál. 1543, 1571 og 1688, brtt. 1544.

[11:26]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér lokafjárlög fyrir árið 2000. Áður en ég geri grein fyrir nál. meiri hlutans vil ég hafa örfá aðfaraorð að málinu.

Ríkisreikningar allra ára til og með ársins 2002 hafa verið lagðir fyrir Alþingi en frv. til lokafjárlaga hafa ekki fylgt ríkisreikningum áranna 2000, 2001 og 2002 eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um að skuli gera.

Í umræðum um frv. til lokafjárlaga 2000, 2001 og 2002, sem hafa verið til umfjöllunar hér á Alþingi og í hv. fjárln. undanfarið, hafa komið fram skýringar á þessu og hefur verið gerð grein fyrir því hvernig standi á því að svona sé komið. Málið hefur verið yfirfarið og skýringar á því hafa komið fram.

Ég vil, hæstv. forseti, gera grein fyrir því að fyrr í vetur var lagt fyrir Alþingi frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2002, en í umfjöllun um frv. í fjárln. eftir samráð við Ríkisendurskoðun og aðra aðila, var tekin sú ákvörðun að láta það ekki ganga lengra., Frv. verður því ekki afgreitt frá fjárln. á þessu þingi, heldur er gert ráð fyrir að nýtt frv. verði lagt fram á haustdögum og tekið til umfjöllunar og afgreiðslu þá.

Eins og venja er til er gert ráð fyrir að ríkisreikningur fyrir árið 2003 verði lagður fram á næsta hausti. Fram hefur komið að gert er ráð fyrir að leggja samhliða fram frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2003. Þar með verður búið að koma þessum málum í rétt horf samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Ég vænti þess að það gangi eftir eins og um hefur verið rætt. Ég vildi gera grein fyrir þessu í upphafi umræðunnar.

Hér liggur fyrir nál. frá meiri hluta fjárln. um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000. Í umfjöllun nefndarinnar var leitað álits frá fjmrn. og Ríkisendurskoðun. Meiri hluti nefndarinnar gerir eina brtt. við frv. um brottfall liðarins 1.22, þ.e. Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Hersegóvínu og liggur sú brtt. fyrir í sérstöku þingskjali.

Að þessu nál. standa hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir og Magnús Stefánsson.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta álit. Málið hefur fengið ítarlega umfjöllun á Alþingi og í fjárln. og læt ég því staðar numið að sinni.

[11:30]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000 þrátt fyrir að nú sé árið 2004. Eins og fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar er þetta vinnulag ekki eins og við viljum hafa það. Málum er þannig háttað að í fjárln. höfum við verið að fjalla um lokafjárlög fyrir árin 2000, 2001 og 2002. Það er rétt sem fram kom hjá formanni fjárln., hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, að tekin hefur verið ákvörðun um að lokafjárlög fyrir árið 2002 verði látin bíða haustsins þar sem í ljós hefur komið að það er verulegt ósamræmi á milli ríkisreiknings og lokafjárlaganna fyrir árið 2002 og þess vegna ekki með nokkru móti hægt að taka það hér í gegn. Þetta er gert með það fyrir augum að á haustdögum muni lokafjárlög fyrir 2003 fylgja ríkisreikningi fyrir árið 2003 og þá verði vonandi hægt að ná utan um málið og koma því í lag.

Ég vil í upphafi, herra forseti, taka fram að ég tel að þau orð sem hv. þm. Magnús Stefánsson hafði um lokafjárlög fyrir 2002 eigi í raun og veru jafn vel við um lokafjárlög fyrir árin 2000 og 2001, því þar er ekki heldur samræmi á milli. Ég tel að það þurfi að fara a.m.k. mjög vandlega yfir það hvernig Alþingi getur tekið til lokaafgreiðslu lokafjárlög fyrir árið 2000 þegar þau eru ekki í samræmi við ríkisreikning ársins 2000 en þau eiga samt sem áður að staðfesta ríkisreikninginn.

Herra forseti. Þetta kemur allt nánar fram í nál. sem ég geri hér grein fyrir sem er nál. 1. minni hluta fjárln., þ.e. fulltrúa Samf. í fjárln.

Frumvarp til lokafjárlaga ársins 2000 er hið þriðja í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2000. Í þessu nefndaráliti hefur lítinn tilgang að fjalla um stöðu einstakra stofnana eða fjárlagaliða því að frá lokum ársins 2000 hafa verið samþykkt mörg fjárlög og fjáraukalög sem breytt hafa þeirri stöðu.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum né heldur um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Frumvarpið er þrjár greinar. Sú fyrsta fjallar um breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Hvergi er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins ákvæði sem heimilar að fjárheimildum stofnana sé breytt með þessum hætti. Líta verður svo á að í fjárlögum sé veitt tiltekin útgjaldaheimild og síðan sýnd áætluð fjármögnun þessara útgjalda. Stofnunin hefur því ekki heimild til að fara út fyrir þann útgjaldaramma sem settur er í fjárlögum þótt ríkistekjur aukist. Það væri aðeins réttlætanlegt ef kostnaðarauki stofnunar stæði í réttu hlutfalli við tekjuaukann. Að mati 1. minni hluta þarf að lögfesta þessa framkvæmd og setja um hana skýrar reglur.

Önnur grein frumvarpsins sýnir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 sem falla niður. Samkvæmt þessari grein eru veittar „viðbótarfjárheimildir" að fjárhæð 26,6 milljarðar kr. Stærstu liðirnir eru lífeyrisskuldbindingar að upphæð 17,5 milljarðar kr. og afskriftir skattkrafna að upphæð 7,4 milljarðar kr. Engar skýringar eru gefnar á þessum frávikum eins og fjárreiðulögin gera þó ráð fyrir.

Þriðja grein frumvarpsins kveður á um að lögin taki þegar gildi og yrði ríkisreikningur fyrir árið 2000 þar með staðfestur. Í minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu frá 18. febrúar sl. er fjallað um fjárheimildir í árslok 2000. Þar kemur fram að samkvæmt BÁR (Bókhalds- og áætlunarkerfi ríkisins) nam staða fjárheimilda í árslok 4,1 milljarði kr. Í BÁR hefur svokölluðum beinum breytingum, alls að fjárhæð 26,8 milljörðum kr., verið bætt við fjárheimildir ársins. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Þessar fjárheimildir eiga sér ekki stoð í lögum og eins og fram kom hér á undan er það mat fjármálaráðuneytisins að bakfæra eigi allar slíkar heimildir." Fram kemur að vegna þessa er samsvarandi heimildastaða í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2000 755,3 millj. kr. lægri en staðan í BÁR. Víðar er ósamræmi á milli stöðu heimilda samkvæmt ríkisreikningi ársins 2000 og frumvarps til lokafjárlaga ársins 2000. Það þýðir að staða fjárheimilda einstakra stofnana og fjárlagaliða er röng í ríkisreikningi og gefur því ekki rétta mynd af stöðu þeirra. Spyrja má hvort eðlilegt sé að samþykkja ríkisreikning óbreyttan að fengnum þessum upplýsingum.

Fjármálaráðuneytið tekur þannig undir þá gagnrýni sem birtist í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 þar sem stofnunin gerir fyrirvara um réttmæti fjárheimilda sem birtast í reikningnum. Að mati stofnunarinnar endurspegla þær fjárheimildir sem tilgreindar eru þar ekki þær heimildir til útgjalda sem Alþingi hefur samþykkt eða sem heimilar eru skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Með frumvarpinu fylgir yfirlit yfir flutning á fjárheimildum á milli ára, þ.e. bæði skuldum og inneignum. Skuldir sem fluttar eru milli ára nema 4,4 milljörðum kr. en inneignir 7,5 milljörðum kr. 1. minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um þann vanda sem þessi flutningur á milli ára hefur skapað. Þetta hefur m.a. leitt til þess að ekki er tekið á fjárhagsvanda fjölmargra stofnana heldur er hann látinn óleystur ár eftir ár. Þetta er ekki í samræmi við anda fjárreiðulaganna þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að þessir flutningar tengist flutningi einstakra verkefna á milli ára en ekki hallarekstri, sem byggist oft og tíðum á röngum grunni. Á slíkum vandamálum á að taka í fjárlögum og upplýsa þingið um ástæður hallarekstrarins.

Á sama hátt má gagnrýna uppsöfnun fjárheimilda. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar er þetta gagnrýnt og bent á að það geti ekki talist eðlilegt að rekstur skili afgangi ár eftir ár. Í slíkum tilfellum þurfi að fara fram mat á því hvort rekstrargrunnur hlutaðeigandi stofnunar hafi verið ofáætlaður. Að mati 1. minni hluta á þetta einnig við um stofnanir sem búa við sífelldan hallarekstur, í þeim tilfellum þarf að meta hvort rekstrargrunnurinn sé vanáætlaður.

Meðan frumvarp til lokafjárlaga fylgir ekki ríkisreikningi hefur efnisleg umfjöllun lítinn tilgang. Það er ámælisvert að ákvæði fjárreiðulaga um frumvarp til lokafjárlaga skuli ekki enn um sex árum frá gildistöku laganna hafa náðst. Samþykkt frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2000 hefur lítinn tilgang þar sem það er ekki í samræmi við ríkisreikning. Ljóst virðist að minnsta kosti að 3. gr. frumvarpsins getur Alþingi ekki samþykkt þar sem ekki er hægt að staðfesta ríkisreikning fyrir árið 2000 þegar fyrir liggur að hann er talnalega rangur.

Frú forseti. Ég hef þá lokið að fara yfir nál. 1. minni hluta fjárln. Undir það álit rita auk mín hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson og Helgi Hjörvar.

Ég vil árétta í lokin það sem kemur fram í lok nál., að 3. gr. frv. er vart tæk, a.m.k. varla til samþykktar, hér í þingsal. Þar sem ég geri ekki ráð fyrir að fjárln. muni á nokkurn hátt fjalla frekar um frv. sem hér er til umfjöllunar vil ég hvetja frú forseta til þess að það verði kannað sérstaklega af forsn. hvort frv. sé raunverulega tækt til 3. umr. þegar fyrir liggur að ríkisreikningur er ekki í samræmi við lokafjárlög og 3. gr. frv. gerir ráð fyrir því að ríkisreikningur, sem fyrir liggur að er rangur, skuli staðfestur. Ég óska eftir því, frú forseti, að þetta verði skoðað vandlega áður en 3. umr. um þetta frv. fer fram.

[11:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir margt sem fram kom í máli hv. þingmanns, þ.e. varðandi gang mála á afgreiðslu lokafjárlaga. Þetta hefur allt komið fram í umræðunni og í sjálfu sér ætla ég ekki að bæta neinu við það. Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið og hún hefur komið fram áður.

Það kom fram í máli hv. þingmanns að hann telur að ekki sé hægt að lögfesta frv. vegna þess að það stemmi ekki við ríkisreikning. Út af fyrir sig er það rétt. Hins vegar leggur meiri hluti fjárln. til, í samráði við þann sérfræðing sem við styðjumst gjarnan við í þessari vinnu, þ.e. Ríkisendurskoðun, að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir þannig að ríkisreikningur er staðfestur. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að staðfesta reikninginn með þeim talnalegu ákvæðum sem koma fram í lokafjárlögum, það hljóta að vera þau sem gilda og væntanlega þarf að leiðrétta ríkisreikninginn út frá þeim. Síðan bendi ég á, eins og hv. þm. veit, að það hefur átt sér stað og á sér stað mikil vinna í fjmrn. og væntanlega að einhverju leyti líka í Ríkisendurskoðun við að samræma þessa hluti. Við horfum til þess að það muni ganga eftir í haust, svo að okkur takist að vinna þessi mál. Þannig á að koma þeim í þann farveg sem þau eiga að vera í.

Ég vildi árétta þetta og ég vildi gjarnan heyra álit hv. þingmanns á því hvort hann getur verið sammála mér um að það sé ekkert því til fyrirstöðu í sjálfu sér að afgreiða frv. og staðfesta ríkisreikning en það eru lokafjárlögin sem gilda um talnalegu þætti málsins.

[11:41]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka undir meginhluta gagnrýninnar sem kom fram í ræðu minni varðandi vinnulag og það hvernig þessi mál standa. Ég get líka staðfest að það er rétt að mikil vinna er í gangi til að ná utan um þessi mál. Ég endurtek hins vegar að til vansa er að það skuli ekki hafa náðst fyrr, um sex árum frá því þessi nýju lög tóku gildi.

Varðandi staðfestingu á ríkisreikningi er ég sammála hv. þingmanni um að auðvitað eru það tölurnar í lokafjárlögunum sem standa. Hins vegar fór ég fram á og stend við það að skoðað verði sérstaklega hvort 3. gr. standist, þ.e. þar sem segir að ríkisreikningur sé staðfestur, vegna þess að hann er þá rangur. Af því að hv. þm. vitnaði til Ríkisendurskoðunar og við fengum menn frá þeim á fund nefndarinnar þá er ég ekki alveg viss um að það sé hægt að túlka orð þeirra þannig að það þurfi ekki að gera einhverja breytingu á 3. gr. þar sem hugsanlegt væri að skjóta inn í setningu sem benti á þennan mismun og reynt væri að ná utan um þetta. Það sem kom frá þeim var að núna væri brýnast að reyna að ná þessu saman svo að við gætum haft lokafjárlögin samhliða þegar ríkisreikningur fyrir árið 2003 kemur eins og fjárreiðulögin gera ráð fyrir.

Ég held að við getum ekki leyft okkur að samþykkja eða staðfesta ríkisreikning vitandi að hann sé rangur. Það hlýtur að vera hægt að skjóta a.m.k. einhverjum varnagla inn í 3. gr. þannig að hægt sé að standa að þessu með sóma. Ég endurtek að auðvitað eru það tölurnar í lokafjárlögum sem gilda. Ég er fyrst og fremst að beina gagnrýni minni að 3. gr. vegna þess að þar kemur fram að verið sé að staðfesta ríkisreikning. Það liggur sem sagt fyrir að hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárln., hefur raunverulega staðfest að það er misræmi þarna á milli. Fjmrn. hefur líka staðfest það sem og Ríkisendurskoðun. Mér finnst ekki boðlegt fyrir Alþingi að samþykkja 3. gr. við þær aðstæður.

[11:44]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé alls ekkert því til fyrirstöðu að þetta mál verði skoðað eins og hv. þm. óskaði hér eftir og benti á. Ég man hins vegar ekki til þess að athugasemdin hafi komið fram í fjárln., það er misminni ef það hefur verið. Biðst ég þá afsökunar á því. Ég held að það hafi ekki verið. Það hefði verið ágætt að við hefðum fjallað um þetta atriði sérstaklega í fjárln. áður en umfjöllun um málið væri lokið. Ég ítreka að ég hef alls ekkert við það að athuga að við skoðum málið og ef við getum lagfært 3. gr. þannig að menn geti verið sammála, þá er það að sjálfsögðu til bóta.

[11:44]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fullyrða um það hvernig við fjölluðum nákvæmlega um þetta í fjárln. Við ræddum þetta auðvitað fram og til baka. Ég held að það hafi samt sem áður legið fyrir að þarna var ákveðinn vandi. Ég viðurkenni að þegar við fórum að skoða þetta nánar fannst mér þetta vera mun alvarlegra heldur en maður upplifði til að byrja með í nefndinni. Það er vegna þess að maður hélt að það næðist að hreinsa þetta upp og í lokafjárlögum 2002 næðist hugsanlega utan um þetta. Við værum þá að samþykkja öll þessi lokafjárlög í einum pakka. Nú liggur fyrir að svo verður ekki. Við munum samþykkja, miðað við það sem hér er uppálagt, lokafjárlög fyrir árið 2000 og lokafjárlög fyrir árið 2001, en lokafjárlög fyrir árið 2002 munu bíða haustsins. Ég fagna því að hv. þm. telur eðlilegt að við skoðum þetta á milli 2. og 3. umr. og við reynum að gefa okkur tíma til að athuga hvort ekki sé hægt að lagfæra orðalagið í 3. gr. þannig að þingheimur standi ekki frammi fyrir því að staðfesta rangan reikning. Ég held að ekki sé boðlegt þinginu að gera slíkt. Það verður að reyna að lagfæra orðalag 3. gr. svo að það sé raunverulega þingtækt að samþykkja þá grein um leið og 1. og 2. gr. verða samþykktar.

[11:46]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Hér er til 2. umr. frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000. Ég skipa 2. minni hluta hv. fjárln. fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í þessu nál. mínu stendur, með leyfi forseta:

Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi árið 1997. Samkvæmt gildistökuákvæði laganna skyldu þau koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings það ár. Frumvarp til lokafjárlaga sem hér liggur fyrir er því það þriðja í röðinni frá gildistöku laganna.

Í 45. gr. laganna segir: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingum næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Það frumvarp sem hér liggur fyrir uppfyllir ekki að öllu leyti framangreind ákvæði. Þannig er kveðið á um að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga. Hér er því hins vegar þannig háttað að lokafjárlögin eru lögð fram nokkrum árum á eftir. Enn fremur er kveðið á um að leggja skuli fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum. Slíkar skýringar er ekki að finna í frumvarpinu.

Fyrsta grein frumvarpsins fjallar um breytingar á fjárheimildum árið 2000 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og önnur grein fjallar um afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 sem falla niður.

Þegar frv. til lokafjárlaga er loks lagt fram hafa nokkur fjárlög og fjáraukalög verið samþykkt frá Alþingi. Það skiptir því litlu máli að staðfesta orðinn hlut. Mikilvægt er að koma þessum málum í lag þannig að frumvarp til lokafjárlaga verði lagt fram með ríkisreikningi. Lög kveða á um að svo skuli gert og er það ámælisvert að slíkt skuli ekki enn vera gert um sex árum eftir að fjárreiðulögin voru samþykkt.

Frú forseti. Eins og hv. alþingismönnum er kunnugt er fjárlagaferlið þannig að fyrst leggur ríkisstjórnin fram frv. til fjárlaga fyrir næsta ár í upphafi þings að hausti. Það fer svo til meðferðar í fjárln. og er afgreitt sem lög frá Alþingi skömmu fyrir jól við venjulegar kringumstæður. Jafnframt eru þá tekin fyrir fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár og fjáraukalög eiga þá að taka á nauðsynlegum óhjákvæmilegum breytingum sem verður að gera á gildandi fjárlögum. Skýrt er kveðið á um það í lögum um fjárreiður ríkisins að ekki

megi stofna til útgjalda af hálfu stofnana eða ráðuneyta án þess að fyrir því liggi samþykki Alþingis. Þó með þeirri undantekningu að séu afar brýn og ófyrirsjáanleg atvik sem koma upp þá sé heimilt að víkja frá þeirri algildu reglu, enda sé þá fjárln. þegar í stað gert viðvart. Allar slíkar breytingar á síðan að bera upp á Alþingi eins fljótt og nokkur kostur er.

Því miður er reyndin sú að ríkisstjórnin og einstök ráðuneyti hafa tekið sér býsna frjálst vald til að ákveða fjárveitingar á milli fjárlaga, á eigin spýtur, án þess að bera það undir þingið eða hafa samráð við fjárln. Svo er einnig í því sem við erum hér að fjalla um. Hérna eru lokafjárlög fyrir árið 2000 að koma til samþykktar, en á þeim hefur orðið breyting upp á 26–27 milljarða kr. Þá erum við bæði búin að fara í gegnum fjárlögin og samþykkja fjáraukalög og nú við lokafjárlög sem koma þremur eða fjórum árum eftir að stofnað hefur verið til þessara útgjalda, er verið að afgreiða hér á Alþingi milli 26 og 30 milljarða kr. Það gefur augaleið að þessi fjársýsla er afar óeðlileg, fyrir utan að hún stenst ekki heldur lög. Það er svigrúm til að taka á nauðsynlegum breytingum fjárlaga innan fjárlagaársins og með fjáraukalögum eins og lög gera ráð fyrir.

Þær breytingar sem hér er verið að leggja fram á fjárlögum á fjárheimildum einstakra stofnana og ráðuneyta hafa langflestar verið fyrirséðar eða legið fyrir þegar gengið var frá fjáraukalögum fyrir það ár. Þannig að þetta vinnulag sem hér er að koma með svona afgreiðslu mörgum árum seinna á sér enga lagalega eða verklega afsökun. Hins vegar má ætla að ráðuneytinu og stjórnarmeirihlutanum þyki það þægilegra að geta verið með hlaupandi tölur á einstaka tekna- og gjaldaliðum við afgreiðslu fjárlaga til þess að geta stemmt af tölur og látið þær líta betur út þegar fjárlög eða fjáraukalög eru afgreidd. Það hygg ég að megi láta renna í grun hér við afgreiðslu þessara lokafjárlaga hér.

Ef við lítum á hvar stærstu frávikin eru þá eru þau í lífeyrissjóðsgjöldum sem fjmrn. er ábyrgt fyrir reikningshaldi á. Hérna eru lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna ríkisins upp á tæpa 17 milljarða kr. Þessi upphæð er ekkert uppáfallandi. Hún er ekkert að koma allt í einu. Það er engin sérstök ástæða til þess að vera að færa hana inn á lokafjárlög mörgum árum eftir að í raunverulegur gjörningur hefur átt sér stað. Hann átti sér stað árið 2000. Það var því ekkert til fyrirstöðu að láta þessi gjöld koma fram í fjárlögum fyrir árið 2000. Það hefði að vísu breytt niðurstöðutölu fjárlaga ríkisstjórnarinnar, þannig að þau hefði ekki verið með sama tekjuafgangi eða jafnlitlum halla og menn vildu vera láta. Þarna er hreinlega verið að beita bókhaldsbrellum í afgreiðslu á fjárlögum bæði yfirstandandi árs og hér í meðferð lokafjárlaga eins og þau eru unnin svona mörgum árum seinna.

Sama gildir líka um annan stóran lið sem hefur veruleg áhrif á niðurstöðutölu fjárlaga; það eru skatttekjur. Hér eru afskrifaðar skatttekjur upp á meira en 7 milljarða kr. Af áætluðum skatttekjum sem hafa verið reiknaðar til tekna í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000, eru meira en 7 milljarðar kr. sem hafa verið ofáætlaðar tekjur. Frv. til fjárlaga lítur náttúrlega miklu betur út þegar hæstv. fjmrh. er að guma af fallegu fjárlagafrv. með miklum rekstrarafgangi. Þá lítur það miklu fallegar út að beita slíkum bókhaldsbrellum að áætla skatttekjur ríkissjóðs meira en 7 milljörðum kr. hærri en þau síðan reynast. Það kemur síðan ekki fram fyrr en þremur eða fjórum árum seinna að hérna var bara um áætlun að ræða, óskhyggju eða brellur til þess að láta niðurstöðutölur fjárlaga líta betur út. Frú forseti. Við erum hér með tölur bara á þessum lið einum, Lífeyrissjóðsgreiðslur til starfsmanna, sem eru góðar og gildar og lágu fyrir árið 2000 sem er upp á eina 16–17 milljarða og síðan afskrifaðar skattkröfur upp á rúma sjö milljarða. Þarna erum við bara með 24–25 milljarða kr. sem lá fyrir að voru notaðir með einum eða öðrum hætti til að láta fjárlagafrumvarpið og afgreidd fjárlög líta betur út. (**Gripið fram í:** Eins konar fegrunaraðgerðir?) Já. En það er nú svona með þessar fegrunaraðgerðir, þó smurt sé yfir lýtin þá koma þau fram. Núna, þremur eða fjórum árum seinna, koma allar hrukkurnar og brotna nefið á fjármálaráðherra í fjárlagagerðinni. Þetta er því miður staðreynd.

Einnig gagnrýni ég að hér er verið að gera millifærslur bæði innan stofnana og milli stofnana innan ráðuneytis, millifærslur í formi afskrifta á umframgjöldum, án þess að það hafi í sjálfu sér verið borið undir fjárln. fyrr en fjórum árum seinna. Þannig að framkvæmdarvaldið er hér að grípa inn í fjárlagavinnuna með óeðlilegum hætti í mörgum tilvikum. Þessi vinna, frú forseti, er alls ekki á þeim vegi sem ætti að vera. Upplýsingarnar sem hér er verið að leggja fram í lokafjárlögum lágu langflestar fyrir við afgreiðslu fjárlaga og ég tala nú ekki um fjáraukalaga fyrir það ár og hefðu átt að koma fram þar með eðlilegum hætti en ekki að vera að forðast þá umræðu og fresta henni um fjögur ár.

Ríkisendurskoðun hefur líka gert allnokkrar athugasemdir einmitt við þessi vinnubrögð og hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði grein fyrir athugasemdum sem Ríkisendurskoðun hefur gert við þetta vinnulag í ræðu sinni. Ég vil, með leyfi forseta, vitna aðeins í þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar um samanburð útgjalda fyrir fjárheimildir fyrir árið 2000, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar útgjöld stofnana ríkisins á árinu 2000 eru borin saman við fjárheimildir þeirra, kemur í mörgum tilvikum í ljós allmikill munur. Eins og undanfarin ár virtu margar stofnanir ekki fjárheimildir sínar á árinu. Í þessu sambandi vekur athygli að svo virðist sem ekki hafi tekist að leysa vanda fjölmargra stofnana sem hafa ítrekað komist upp með að stofna til útgjalda umfram fjárheimildir, jafnvel ár eftir ár. Í öðrum tilvikum er aftur á móti jafnan fluttur umtalsverður afgangur á fjárheimildum á milli ára. Á það t.d. við um ýmsa safnliði ráðuneytanna.“

Í ítarlegri umsögn Ríkisendurskoðunar er farið yfir allmörg atriði, bent á að ráðuneytin láti stofnanir standa uppi með vanda sinn ár eftir ár vitandi það að slík staða fer bæði á svig við lög og heftir eðlilega starfsemi stofnananna. Því er, frú forseti, mjög mikilvægt að fjárlagagerðin, bæði fjárlagafrv. og fjáraukalögin við 1. umferð á Alþingi, séu unnin með þeim hætti að farið sé að lögum um fjárreiður ríkisins og tekið á hlutunum á raunhæfan og eðlilegan hátt, en stofnanir ekki látnar sitja eftir með halla og erfðan rekstur ár eftir ár án þess að fundin sé á því lausn, eða bætt úr og stofnunum gefinn eðlilegur rekstrargrundvöllur. Og í stað þess að láta meira eða minna geðþóttaákvaðanir ráða því af hvaða stofnunum er skorinn hali eða veitt millifærsla eða skorin af umframgjöld. Það á ekki að vera geðþóttaákvörðun sem framkvæmd er í lokafjárlögum. Það á ekki heldur að geyma stóra liði eins og lífeyrissjóðsgreiðslur, eða vera með væntingar um skatta, geyma að koma með það inn í þingið þangað til 3–4 árum eftir að sá gerningur hefur raunverulega átt sér stað. Það sýnir ekki góða stjórnsýslu fyrir utan að það býður heim freistingunni að leggja fram frv. til fjárlaga og afgreiða fjárlög fyrir hvert ár sem sýnir alls ekki hinar raunverulegu tölur sem um er að ræða. Hægt er að breyta

slíkum aðgerðum til fegrunar á fjárlögunum og fjárlagafrv. svo það líti betur út í augum almennings á þeim tíma þegar það er lagt fram. Það tjáir ekki heldur þingmönnum sem um það eiga að fjalla hinn raunverulega sannleika.

Frú forseti. Ég tel ástæðu til að við skoðum frv. betur milli 2. og 3. umr. hvort megi leiðrétta þann mun sem liggur á milli lokafjárlaga og ríkisreiknings eins og hér hefur komið fram. Það er ekki löglegur gerningur að samþykkja frv. til lokafjárlaga sem ekki stemmir við ríkisreikning fyrir það ár. Þar munar allnokkru og er mjög mikilvægt að mismunurinn sé leiðréttur og fundin lausn þar á þannig að við séum að gera allt á löglegan hátt.

Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hv. formaður fjárln. Magnús Stefánsson gefur, að lofa bót og betrun í vinnubrögðum. Svo áður en mörg ár líða verði menn búnir að ná í skottið á sjálfum sér með að það fylgist að lokafjárlög og ríkisreikningur við lok hvers árs og vinnubrögð verði öll mun vandaðri en við hingað til höfum mátt sjá, a.m.k. við afgreiðslu fjárlaga og lokafjárlaga fyrir árið 2001 sem kemur næst á dagskrá.

[12:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla um lokafjárlög fyrir árið 2000. Eins og ég hef kynnst störfum fjárln. þá er það búinn að vera ánægjulegur skóli fyrir mig og að mörgu leyti fróðlegt. Ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið fram hjá stjórnarandstöðunni að það þarf að lagfæra að við séum að fjalla um lokafjárlög löngu eftir að allir hlutir eru þar gerðir og mörgum árum eftir á. Því fagna ég yfirlýsingu formanns fjárln. um að hér sé verið að gera bragarbót á. Það stefnir í að á komandi hausti náum við að fjalla um fjáraukalög og lokafjárlög fyrir árið 2003. Því ber auðvitað að fagna og þá eru menn komnir á þann stað í ferlinu sem kveðið er á um í lögum. Ég tek heils hugar undir þau orð ræðumanna að þeim áfanga þurfum við að ná þ.e. að við séum að fjalla um þetta nokkuð í samtímanum en ekki í löngu liðinni fortíð eins og nú hefur átt sér stað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2001, 2. umr.

Stjfrv., 653. mál. — Þskj. 982, nál. 1359, 1580 og 1705.

[12:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001. Ég vil árétta það sem kom fram hjá mér fyrr á þessum fundi og hefur komið fram í umræðunni varðandi lokafjárlög 2000 að á þessu þingi höfum við fengið lokafjárlög fyrir árin 2001 og 2002. Í lögum um fjárreiður ríkisins er kveðið á um að frv. til lokafjárlaga skuli fylgja ríkisreikningi hvers árs þegar hann er lagður fram en svo hefur ekki verið undanfarin ár. Ég vísa í umræðuna sem farið hefur fram um það. Þetta hefur verið gagnrýnt og okkur hefur að sjálfsögðu ekki fundist þetta í lagi því þarna er ekki unnið í samræmi við lög. Ég vil líka að það komi skýrt fram áréttað að í umræðunni hafa komið fram ítarlegar skýringar á því hverju þetta sætir og gerð hefur verið grein fyrir því. Við væntum þess að í haust á haustþingi munum við fá inn ríkisreikning fyrir árið 2003 ásamt lokafjárlagafrv.

Ég vil líka minna á það sem kom fram hjá mér fyrr í þessari umræðu varðandi frv. til lokafjárlaga ársins 2002 að eftir umfjöllun í fjárln. var tekin sú ákvörðun að það mál yrði ekki afgreitt út úr nefndinni vegna ákveðinna hluta sem ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir hér og nú. Það frv. mun koma fram á haustdögum og við munum fjalla um það þegar þar að kemur. Eins og hv. þm. Jón Bjarnason nefndi hafa menn heitið bót og betrun og vænti ég þess að við það verði staðið.

Hér liggur fyrir nefndarálit frá meiri hluta fjárln. um frv. til lokafjárlaga ársins 2001. Um þetta mál hefur verið fjallað í fjárln. Til okkar hafa komið gestir frá fjmrn. og Ríkisendurskoðun, og við fengið álit frá Ríkisendurskoðun um málið. Breyting samkvæmt 1. gr. frv. er 1 milljarður 450 millj. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og leiðir til hækkunar útgjalda ársins 2001. Afgangsheimildir og umframgjöld sem falla niður samkvæmt 2. gr. eru 6 milljarðar 755,2 millj. kr. Af þessu leiðir að heimildir ársins 2001 eru alls 236 milljarðar 705,4 millj.

Meiri hluti fjárln. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir. Það eru ekki gerðar tillögur til breytinga. Undir þetta álit skrifa hv. þm. Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birgir Ármannsson, Birkir Jón Jónsson og Drífa Hjartardóttir.

Ég vil, hæstv. forseti, í framhaldi af þeirri umræðu sem fram hefur farið um frv. til lokafjárlaga ársins 2000 nefna að hér er um að ræða með sama hætti að það stemmir ekki nákvæmlega saman ríkisreikningur og lokafjárlagafrv. Töluverð umræða fór fram um þetta mál áðan og hv. þm. Einar Már Sigurðarson lagði það til að skoðað yrði hvort ekki væri rétt að gera orðalagsbreytingar á 3. gr. frv., þ.e. sem fjallar um það að frv. verði samþykkt til að staðfesta ríkisreikning. Það er rétt sem fram hefur komið að það stemmir ekki nákvæmlega saman talnalega, niðurstöðutala lokafjárlagafrv. og ríkisreiknings. Ég hef lýst því í þessari umræðu að mér þykir sjálfsagt að það verði gert og ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að leita álits hjá Ríkisendurskoðun um þetta mál. Ég vildi nefna þetta í framsögu minni ef það mætti verða til að stytta umræðuna þannig að þetta mál komi skýrt fram svo ég þyrfti ekki þess vegna að koma upp í andsvörum. Ég veit að frsm. minni hlutans munu taka þetta mál upp. Ég vildi að þetta kæmi fram strax í upphafi umræðunnar.

[12:11]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Það er ágætt hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að hefja andsvör áður en ræður eru haldnar, það flýtir verulega fyrir þingstörfum, það er rétt hjá hv. þm. Ég vil fagna þeim orðum sem komu fram hjá formanni fjárln. um að það gildi það sama um lokafjárlög fyrir árið 2001 og kom fram varðandi lokafjárlög fyrir árið 2000 að það verði kannað milli 2. og 3. umr. orðalag sérstaklega á 3. gr. vegna þess að eins og fram hefur komið er verið að staðfesta ríkisreikning sem ekki er í fullu samræmi við lokafjárlögin sem slík. Ég held að það væri til bóta og ég vona að við finnum einhverja lausn á því.

Frú forseti. Ég geri grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. sem er samansettur af fulltrúum Samfylkingarinnar í nefndinni.

Frumvarp til lokafjárlaga ársins 2001 er hið fjórða í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2001. Í þessu nefndaráliti hefur lítinn

tilgang að fjalla um stöðu einstakra stofnana eða fjárlagaliða því að frá lokum ársins 2001 hafa verið samþykkt mörg fjárlög og fjáraukalög sem breytt hafa þeirri stöðu.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt, með leyfi forseta: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum né heldur um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Frumvarpið er þrjár greinar. Sú fyrsta fjallar um breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Hvergi er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins ákvæði sem heimilar að fjárheimildum stofnana sé breytt með þessum hætti. Líta verður svo á að í fjárlögum sé veitt tiltekin útgjaldaheimild og síðan sýnd áætluð fjármögnun þessara útgjalda. Stofnunin hefur því ekki heimild til að fara út fyrir þann útgjaldaramma sem settur er í fjárlögum þótt ríkistekjur aukist. Það væri aðeins réttlætanlegt ef kostnaðarauki stofnunar stæði í réttu hlutfalli við tekjuaukann. Að mati 1. minni hluta þarf að lögfesta þessa framkvæmd og setja um hana skýrar reglur.

Önnur grein frumvarpsins sýnir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2001 sem falla niður. Samkvæmt þessari grein eru veittar svokallaðar „viðbótarfjárheimildir" að fjárhæð 6,8 milljarðar kr. Stærsti liðurinn eins og undanfarin ár er afskriftir skattkrafna að upphæð 1,6 milljarðar kr. Engar skýringar eru gefnar á þessum frávikum eins og fjárreiðulögin gera þó ráð fyrir.

Frú forseti. Það er afar athyglisvert að hæsta talan, eða með þeim hæstu skuli ætíð vera afskriftir skattkrafna ár eftir ár. Skýringar hafa ekki fengist staðfestar en það blasir þó við að það virðist vera afskaplega gallað áætlunarkerfi sem skattstjórar virðast nýta og fjmrh. tekur síðan óbreytt upp inn í fjárlögin. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða og við höfum rætt töluvert í fjárln. Það virðist vera vilji til þess í fjmrn. að farið verði yfir þetta mál en það er ljóst að þarna þarf að tryggja takt á milli skattstjóra og áætlunargerðar þeirra og síðan fjmrn. Það er algerlega óviðunandi ár eftir ár skuli þetta vera einn af stærstu liðum í lokafjárlögum, þ.e. afskriftir skattkrafna.

Frú forseti. Þriðja grein frumvarpsins kveður á um að lögin taki þegar gildi og yrði ríkisreikningur fyrir árið 2001 þar með staðfestur. Eins og fram kemur í nefndaráliti 1. minni hluta um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2000 er víða ósamræmi milli frumvarpsins og ríkisreiknings. Þetta ósamræmi heldur áfram milli ára meðan ekki hefur verið tryggt samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga. Það þýðir að staða fjárheimilda einstakra stofnana og fjárlagaliða er röng í ríkisreikningi og gefur því ekki rétta mynd af stöðu þeirra.

Með frumvarpinu fylgir yfirlit yfir flutning á fjárheimildum á milli ára, þ.e. bæði skuldum og inneignum. Skuldir sem fluttar eru milli ára nema 5,7 milljörðum kr. en inneignir 9,1 milljarði kr. 1. minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um þann vanda sem þessi flutningur á milli ára hefur skapað. Þetta hefur m.a. leitt til þess að ekki er tekið á fjárhagsvanda fjölmargra stofnana heldur er hann látinn óleystur ár eftir ár. Þetta er ekki í samræmi við anda fjárreiðulaganna þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að þessir flutningar tengist flutningi einstakra verkefna á milli ára en ekki hallarekstri, sem byggist oft og tíðum á röngum grunni. Á slíkum vandamálum á að taka í fjárlögum og upplýsa þingið um ástæður hallarekstrarins. Meta þarf m.a. hvort rekstrargrunnurinn sé vanáætlaður. Á sama hátt má gagnrýna uppsöfnun fjárheimilda, t.d. þegar rekstur skilar afgangi ár eftir ár. Í slíkum tilfellum þarf að fara fram mat á því hvort rekstrargrunnur hlutaðeigandi stofnunar hafi verið ofáætlaður.

Frú forseti. Þetta er hluti af þeirri umræðu sem við tökum reglulega fyrir þegar við fjöllum um fjárlög og það er með ólíkindum að þetta skuli vera með þessum hætti. Það er ársvisst að ákveðnar stofnanir láti í sér heyra með mismunandi hætti til að vekja athygli á stöðu sinni. Þrátt fyrir það er ár eftir ár keyrt á þessum sama grunni og eingöngu gert ráð fyrir breytingum vegna aukins rekstrar eða breytinga á rekstri en grunnurinn sem slíkur ekki kannaður. Meðan þetta er með þessum hætti þá eru fjárlög ekki eins og þau ættu að vera, þ.e. þau fjalla oft og tíðum ekki um þann raunveruleika sem við stofnununum blasir, heldur einhvern allt allt annan veruleika sem hvergi á sér stoð í raunveruleikanum.

Frú forseti. Meðan frumvarp til lokafjárlaga fylgir ekki ríkisreikningi hefur efnisleg umfjöllun lítinn tilgang. Það er ámælisvert að ákveði fjárreiðulaga um frumvarp til lokafjárlaga skuli ekki enn um sex árum frá gildistöku laganna hafa náðst. Samþykkt frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2001 hefur lítinn tilgang þar sem það er ekki í samræmi við ríkisreikning. Ljóst virðist að minnsta kosti að 3. gr. frumvarpsins getur Alþingi ekki samþykkt þar sem ekki er hægt að staðfesta ríkisreikning fyrir árið 2001 þegar fyrir liggur að hann er talnalega rangur vegna ósamræmis frá árinu 2000.

Frú forseti. Ég vil að lokum ítreka að það er afar mikilsvert að hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárln., hefur tjáð þingheimi að það verði skoðað á milli 2. og 3. umr. að gera hugsanlega einhverjar breytingar á 3. gr. þannig að það verði hægt að bera þá grein upp hér til atkvæða við lok 3. umr. Ég vona að það náist.

Undir þetta nál. 1. minni hluta fjárln. um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001 rita auk mín hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson og Helgi Hjörvar.

[12:19]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta sem ég skipa sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln.

Það sama á við hér um lokafjárlög fyrir árið 2001 og 2000. Við ræddum áðan að þetta er mjög óeðlilegt að við skulum hér vera að afgreiða lokafjárlög þremur árum eftir að búið er að framkvæma alla þessa gjörninga sem verið er að taka á. Framkvæmdarvaldið hefur tekið sér það vald. Þetta er í rauninni frágengið mál og þingið hefur sáralítið um það að segja nú nema bara finna að og segja að hér sé farið á svig við fjárreiðulög. Tækni og vilji til að allar upplýsingar

um fjárþörf og fjármeðferð stofnana og ráðuneyta liggi fyrir í lok viðkomandi árs eiga að vera til þannig að hægt sé þá að grípa til ráðstafana við gerð fjáraukalaga og það á að gera. Það má ekki beita hér bókhaldsbrellum við að loka fjárlögum og fá út hentuga útkomu með því að geyma stóra liði eins og lífeyrissjóðsskuldbindingar eða ofáætla skatttekjur til að stemma af og búa til fallega tölu í fjárlögum hverju sinni. Það eru ólíðandi vinnubrögð þegar læðist að manni sá grunur að það sé hluti af ástæðunum.

Frú forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. formanns fjárln. um að í gangi séu gagngerar ráðstafanir til að koma þessu á réttan kjöl og saman fari lokafjárlög og ríkisreikningur og þau stemmi þá saman. Ég vona að það takist nú við afgreiðslu næstu lokafjárlaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, 2. umr.

Stjfrv., 946. mál. — Þskj. 1440, nál. 1616.

[12:23]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fjölda aðila til skrafs og ráðagerða og farið ítarlega yfir málið.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði samningur um reglur til viðbótar við Varsjársamninginn frá 1929, gerður í Gvadalajara 18. september 1961, og einnig viðbótarbókun við Varsjársamninginn frá 1929 og Haag-bókunina frá 1955, svonefnd Montreal-bókun nr. 4 frá 1975. Í frumvarpinu er lagt til að Montreal-bókunin og Gvadalajara-viðbótarsamningurinn verði birt í fylgiskjölum með lögunum.

Frú forseti. Það er ekki mjög þjált í munni þetta orð, Gvadalajara, en það mun vera borg í Mexíkó þar sem þessi viðbótarsamningur var undirritaður.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða þingmáli 945, sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, og finna má í þingskjali 1439. Í því frumvarpi er lagt til að lögfestur verði Montreal-samningurinn frá 1999 um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa. Jafnframt hefur utanríkisráðherra lagt fram á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal- bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samnings, 883. mál, þskj. 1341. Vegna þess hvernig þessi mál tengjast telur samgöngunefnd rétt að málin fylgist sem mest að í meðförum þingsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þannig afgreitt í samgn. 10. maí 2004. Undir nál. rita: Guðmundur Hallvarðsson, formaður, frsm., Birkir J. Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson og Einar Karl Haraldsson.

[12:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Hér er í stuttu máli lýst af hv. frsm. nefndarinnar, Guðmundi Hallvarðssyni langri sögu samninga um loftferðir og við erum að staðfesta hluta af þeim og breytingar á samningum sem gerðir hafa verið annars vegar við hinn upprunalega Varsjársamning frá 1929 og hins vegar Haag-bókunina frá 1955. Allt stefnir þetta mál að því að við séum að nálgast það að komast út úr hinni gömlu fortíð, þ.e. þeim grunni sem lagt var upp með í sambandi við öryggi í flugi varðandi farþega og réttarstöðu þeirra og póstflutninga og fleira. Við stefnum þá til þess að Montreal-samningurinn taki yfir og verði ráðandi samningur um loftferðirnar. Því hagar svo til að ferlið í þessu samningaferli öllu sem lýst var í stuttu máli í þessari framsögu er þannig að það eru í gildi mismunandi ákvæði vítt og breitt um heiminn eftir því hvar í ferlinu ríki hafa verið í að staðfesta breytingar á þessu samningsferli. Þar af leiðandi er það svo að við eru að staðfesta hluta af samningum sem löngu hafa verið gerðir sem munu e.t.v. gilda að einhverju leyti einhvers staðar í veröldinni nk. ár. Vonast er til þess að innan fárra ára muni Montreal-samningurinn algjörlega taka yfir að því er þetta varðar og eldri samningsákvæði sem byggt er á eins og Varsjársamningurinn falli þá endanlega úr gildi og það komi einn samningur sem taki yfir allt þetta samningsferli.

Um þetta segir í greinargerð með þessu frv. á bls. 14, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 55. gr. Montreal-samningsins er gert ráð fyrir að Montreal-samningurinn gangi framar öllum öðrum alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið um sama efni milli þeirra aðildarríkja sem hann hafa fullgilt. Hinn 4. nóvember 2003 tók Montreal-samningurinn gildi fyrir þau þrjátíu aðildarríki sem þá höfðu fullgilt hann. Montreal-samningurinn mun því gilda varðandi millilandaflug til og frá yfirráðasvæði þeirra til ríkja sem hann hafa fullgilt."

Hér er verið að lýsa löngu samningsferli og flókið mál að fara inn í og sá sem hér stendur er ekki neinn sérfræðingur í þessu en fékk þó eins og aðrir nefndarmenn í samgn. fyrirlestur um það hvað við værum að gera og staðfesta. Það má reyna að lýsa því ferli með þeim orðum að innan tiltölulega fárra ára munu eldri samningar falla út þó það sé nauðsynlegt að þeir verði í gildi samhliða Montreal-bókuninni um nokkurra ára skeið. Stefnt er að því að einfalda þetta í framtíðinni og út á það gengur frv.

[12:31]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og Guðjóns A. Kristjánssonar hefur samgn. fjallað nokkuð ítarlega um þetta mál og fékk m.a. mjög magnaðan fyrirlestur um sögu allra þessara samninga, sögu sem hófst í Varsjá árið 1929 og hefur síðan komið víða við í heiminum. Montreal-bókunin sem við erum að staðfesta núna er lokahnykkurinn í þessu. Þetta hefur tekið langan tíma og það er umhugsunarefni af hverju við erum að þessu með seinni skipunum eins og oft vill verða. Maður skildi það þegar þessi fyrirlestur hófst að þetta er ekki einfalt mál og okkar stjórnkerfi er þannig að það er kannski ekki nógu vel búið til þess að geta brugðist við þessum hlutum jafnóðum og þeir koma upp. Það er augljóst mál að hér er verið að stíga skref sem er algerlega nauðsynlegt varðandi

þær reglur sem gilda milli landa um þessi mál og eins og fram hefur komið á sér afar langa og mikla sögu.

Eins og segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta: „Hinn 4. nóvember 2003 tók Montreal-samningurinn gildi fyrir þau þrjátíu aðildarríki sem þá höfðu fullgilt hann. Montreal-samningurinn mun því gilda varðandi millilandaflug til og frá yfirráðasvæði þeirra til ríkja sem hann hafa fullgilt."

Það er þetta sem ég átti við að við erum núna komin langt inn á árið 2004 að staðfesta þetta sem er auðvitað jákvætt og eðlilegt en það voru hins vegar 30 ríki sem gengu frá þessu þann 4. nóvember árið 2003. Ég man ekki til þess að við höfum fengið fullnægjandi skýringar á því af hverju við vorum ekki samstiga í þessu en það hlýtur að vera mjög mikilvægt að við reynum að fylgjast sem best með vegna þess að það er okkur afar mikilvægt að við fylgjum alþjóðlegri þróun í þessum efnum. Það er ljóst að okkar millilandaflug hlýtur að standa og falla með því að við uppfyllum a.m.k. öll þessi skilyrði. Það kom m.a. fram í þessu sögulega yfirliti sem við fengum í nefndinni að þarna er margs konar vandi og fyrst og fremst er það kannski Ameríka sem er viðkvæmust í þessu. Menn hafa verið með nokkuð misjafnar reglur en það er greinilegt að menn eru að ná saman um það að gera þetta á þennan hátt og það er auðvitað, svo ég endurtaki það, afar mikilvægt fyrir okkur að við fylgjum hinni alþjóðlegu þróun.

Það er rétt að vekja athygli á því að á dagskrá þingsins í dag er annað frv. sem er um loftferðir. Þar er verið að fjalla um mál sem við þurfum kannski meiri tíma til að fara yfir því þar eru miklu meiri flækjur á ferðinni heldur en hér. Það er rétt að lokum að vekja athygli á því að fjmrn. hefur komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir þessa staðfestingu og að þessi lög verði samþykkt þá munu þau ekki hafa neinn kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Það er mikilvægt og jákvætt að við skulum geta staðfest samninga sem þessa án þess að það muni kosta ríkissjóð eina einustu krónu. Við vonum að rétt verði og jafnframt að þessi staðfesting verði til þess að við reynum að fylgjast sem allra best með og verðum samhliða öðrum þjóðum varðandi þá alþjóðlegu þróun sem á sér stað í þessum efnum.

[12:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það komu þrjú mál í einu í hendur samgn. fyrir tiltölulega fáum dögum og skilaboð um að nú yrðu menn að bretta upp ermar og klára þau á mjög stuttum tíma því að stutt væri eftir af þingi. Þá vissu menn ekki hvaða mál kæmu upp á hv. Alþingi þannig að þingið mundi lengjast með þeim hætti sem nú er fyrirsjáanlegt. Ef menn hefðu vitað að tími væri fram undan hefði a.m.k. samgn. haft tíma til að fara meira ofan í þessi mál. Þá á ég kannski ekki sérstaklega við þetta mál heldur hin tvö málin sem við fjölluðum um og við munum ræða um síðar í dag en þessi mál komu sem sagt á sama tíma inn til nefndarinnar.

Í sjálfu sér er dálítið sérstakt að þessi gildistökusamningur skuli ekki vera á forræði utanrmn. Mér skilst þó að hluti af samningunum sem nefndir eru í nefndarálitinu og við fjölluðum um séu á forræði utanrmn. og ég taldi það vera allt saman og við hefðum fengið málið þaðan frá.

Það er í sjálfu sér dálítið merkilegt að hlusta á hvernig svona mál ganga fyrir sig í alþjóðasamfélaginu. Mér fannst alveg ótrúlegt að hlusta á lýsingu Ástríðar S. Thorsteinsson sem kom á fund til okkar þar sem hún var að lýsa vandamálum sem hefðu verið og væru við að koma þessum samningum í höfn og þýðingarvandamál og annað sem fylgir þessu. Það er eiginlega mjög ótrúlegt að um samninga um loftflutninga hafa gilt reglur sem voru settar í árdaga flugsins í heiminum. Þeir hafa verið óbreyttir meira og minna síðan þannig að það er ekki einfalt að ná samkomulagi milli landa um hvaða reglur eiga að gilda í flugi.

Furðu merkilegt má líka teljast hversu framsýnir menn hafa verið að setja þó reglur sem hafa að mörgu leyti haldið prýðilega miðað við það sem var að gerast þegar menn sátu yfir því að búa þær til á sínum tíma. Þá var flugfloti heimsins einungis örlítið prósentubrot eða prómill af þeim flugflota sem nú er í heiminum og flugvélar miklu veigaminni og möguleikar til flugs og flutninga með flugi voru með allt öðum hætti heldur en er í dag. Svona er það í nefndarstarfi þingsins, þá fáum við innsýn í ýmsa hluti sem við hefðum kannski aldrei fengið tækifæri til að kynnast ef við sætum ekki í þessum nefndum.

Auðvitað má velta því fyrir sér hvað hefur dvalið okkur í að staðfesta gildistöku þessa alþjóðasamnings. Það ætti kannski að vera með í umræðunni að menn velti því fyrir sér hvort við höfum staðið okkur nógu vel í að vinna að þessum málum. Sannarlega tel ég að það sé hægt að hafa þau orð um hin tvö málin sem urðu samferða í vinnu samgn. á þessum tíma að þau hefðu gjarnan mátt koma fyrr til umfjöllunar í nefndinni. Þar hefði sannarlega verið ástæða til að taka til hendi og skoða vandlega hvort ekki væri skynsamlegra að standa öðruvísi að málum. Það munum við kannski fara betur yfir þegar kemur að umræðunni um þau mál síðar í dag.

Ég ætla ekki að tefja tíma Alþingis vegna þessa máls því fullkomin sátt er um að staðfesta þennan alþjóðasamning og eins og ég sagði þá ætla ég að ræða betur um hin málin þegar að þeim kemur á dagskránni.

[12:41]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nefndarmönnum samgn. fyrir gott samstarf varðandi þetta mál. Það var rétt sem kom fram hjá hv. nefndarmönnum sem töluðu áðan að þetta er geysilega flókið og umfangsmikið mál og ég tek undir það sem þeir sögðu áðan að þeir fyrirlestrar sem við fengum um þennan alþjóðasamning voru mjög þarfir og merkilegir og mjög upplýsandi fyrir samgn. Í hinu flókna ferli samninga hvað áhrærir flutninga á fólki og vörum og með tilliti til þess að farþegar og farmflytjendur væru vissir um að þeirra öryggi væri í hvívetna gætt hefur það náðst með þessum merkilegu samningum sem hafa verið nokkuð lengi í gildi. Ég tek líka undir það sem kom fram að þetta hefur verið allmerkilegt spor sem stigið var í undirritun þessara loftferðasamninga í Varsjá 1929. Menn hafa verið mjög forsjálir þar. En allt um það.

Allt gengur þetta út á að tryggja rétt farþega gagnvart því það eru svo margir söluaðilar sem koma við sögu, það eru leiguflugfélög, ferðaskrifstofur og fleiri aðila. Málið er geysilega umfangsmikið og með ólíkindum hvað þetta er víðfeðmt og þarf til margra átta að líta.

Virðulegi forseti. Ég legg að sjálfsögðu til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppfinningar starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 359, nál. 1637, brtt. 1638.
[12:44]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Þingmál þetta sem hv. iðnn. fékk til umfjöllunar er að finna á þskj. 359 og er frv. til laga um uppfinningar starfsmanna. Frumvarpið fjallar um uppfinningar starfsmanna almennt og m.a. uppfinningar starfsmanna er sinna vísindastörfum við háskóla eða aðra skóla á háskólastigi, svo sem opinberar rannsóknarstofnanir. Frumvarpið er byggt á danskri löggjöf og er stefnt að því að setja réttarreglur á þessu sviði sem tækju til hagsmuna atvinnurekenda og starfsmanna þannig að þeir þurfi ekki að semja sín á milli um öll atriði, t.d. rétt starfsmanns til uppfinningar sem hann kemur fram með og framsalsrétt atvinnurekandans til þeirrar uppfinningar. Ekki er talin fullnægjandi ástæða til þess hér á landi að setja sérstök lög um uppfinningar starfsmanna á opinberum rannsóknarstofnunum eins og t.d. varðandi háskóla í Danmörku og er rakið nánar í greinargerð með frv. Í Noregi eru ein lög sem fjalla um uppfinningar allra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir að verði hér á landi í frv. sem ég gat um.

Iðnn. hafði þetta mál til umfjöllunar í vetur og náði sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu málsins þann 3. maí sl. og hefur skilað af sér svofelldu nefndaráliti, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Árna Vilhjálmsson hrl., Árna B. Björnsson, Geir Guðmundsson og Hrafnkel Eiríksson frá Stéttarfélagi verkfræðinga, Jóhann Hjartarson og Þóri Haraldsson frá Íslenskri erfðagreiningu hf. og Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs, Háskólanum á Akureyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Hafrannsóknastofnuninni, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Háskóla Íslands, Rannsóknamiðstöð Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga, Samtökum iðnaðarins og Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja almennar reglur um uppfinningar starfsmanna sem taka bæði tillit til hagsmuna atvinnurekenda og starfsmanna þannig að þeir þurfi ekki að semja sín á milli um öll atriði.

Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpinu væri einnig ætlað að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að marka sér stefnu í þessum málum. Samkvæmt gildandi lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, á uppfinningamaður allan rétt til uppfinningar. Því er tæknileg óvissa um réttarstöðu þegar uppfinning er gerð í starfi þar eð í athugasemdum við frumvarp til laga um einkaleyfi var tekið fram að þau mundu ekki taka til uppfinninga starfsmanna.

Nefndin ræddi málið á nokkrum fundum og voru ófrávíkjanleg ákvæði frumvarpsins sérstaklega rædd. Skoðað var hvort leggja ætti til að sett yrði almenn regla til leiðbeiningar um það hvernig sanngjarnt endurgjald yrði metið. Varð niðurstaðan sú að þar sem reglurnar ættu að vera almennar væri ekki rétt að fastsetja sérstaka reglu enda geta verið mjög mismunandi sjónarmið uppi um það hvað teljist sanngjarnt og ekki víst að sama reglan henti í öllum tilvikum. Það getur farið eftir því hver starfsemin er og hvort um er að ræða fyrirtæki, rannsóknastofnun, opinbera stofnun eða háskóla.

Með tilliti til þess að orðið er mun algengara að fyrirtæki, sérstaklega í hátæknigeiranum, ráði til sín starfsmenn beinlínis til rannsókna- og þróunarstarfa og til að vinna að, koma fram með uppfinningar og fullgera þær telur nefndin rétt að leggja til breytingar á 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins sem hafa að geyma ófrávíkjanleg ákvæði.

Fyrra ákvæðið varðar rétt starfsmanns til þess að sækja um einkaleyfi á uppfinningu. Nefndin leggur áherslu á að starfsmaðurinn geti ekki fyrir fram afsalað sér réttinum til að sækja um einkaleyfi fram að þeim tíma þegar atvinnurekandi metur hvort hann vill neyta framsalsréttar síns. Þessi réttur starfsmannsins á hins vegar ekki við þegar atvinnurekandi og starfsmaður hafa samið um að víkja frá ákvæðum 3. gr. um rétt starfsmanns til uppfinningar og 4. gr. um framsal réttar til atvinnurekanda.

Hvað snertir 7. gr. er talið eðlilegt að í þeim tilvikum þegar starfsmaður er ráðinn sérstaklega til að vinna að uppfinningum, eins og gert er í hátæknigreinum, megi semja svo um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmanns eingöngu en verði ekki háð mati á óvissuþáttum síðar, t.d. verðmæti uppfinningar.

Þá leggur nefndin til orðalagsbreytingar á 8. gr. frumvarpsins sem einungis eru málfarslegar.

Að auki telur nefndin rétt að gera gildistökuákvæðið skýrara í samræmi við athugasemdir sem koma fram í greinargerð. Nefndin vill taka fram að ákvæði laganna gilda gagnvart uppfinningum sem koma fram eftir gildistökuna og að ófrávíkjanleg ákvæði laganna geti hrundið samningum sem gerðir hafa verið fyrir gildistökuna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku. Sérákvæði gilda þó um starfsmenn sem ráðnir eru til að vinna að uppfinningum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu máls þessa.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu. Undir það skrifa auk mín Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurjón Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson og Björgvin G. Sigurðsson.

Þetta er nefndarálitið á þskj. 1637 og á þskj. 1638 eru brtt. prentaðar í fjórum tölusettum liðum og eins og fram hefur komið í nefndarálitinu lúta þær að 6. gr. frv. 3. mgr. þar sem seinni málslið þeirrar greinar er breytt og hann orðist svo, með leyfi forseta:

„Starfsmaður getur ekki fyrir fram afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi nema vikið hafi verið frá ákvæðum 3. og 4. gr. með samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns sem ráðinn er til að vinna að uppfinningum.“ Þetta komi í staðinn fyrir setninguna að starfsmaður getur ekki afsalað sér þessum rétti fyrir fram þannig að þarna er aðeins dregið úr þessu ófrávíkjanlega ákvæði í frv.

Í 7. gr. frv. er gerð breyting á 2. mgr. hennar. Það er bætt við nýjum málslið sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef starfsmaðurinn er ráðinn til að vinna að uppfinningum má semja um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmannsins einvörðungu.“ Þannig að það er tekið fram með brtt. að þegar starfsmaður og fyrirtæki gera samkomulag eða samning sín í milli um

launakjör starfsmannsins þá má semja um það að innifalið í launakjörunum sé hið svonefnda sanngjarna endurgjald sem uppfinningamaður kann að eiga rétt á leiði starf hans til uppfinningar sem felur síðar í sér verðmæti.

Við 8. gr. frv. er gerð breyting við fyrri mgr. þeirrar greinar. Þessi grein sem fjallar um starfslok er breytt og verður svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Uppfinning sem 4. gr. tekur til telst hafa orðið til á starfstíma ef sótt er um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til fyrr."

Þetta er nauðsynlegt að gera til að gera ákvæðið skýrara.

Síðan er við gildistökugreinina bætt við nýjum málslið en þar er lagt til og við gerum ekki tillögu um breytingar á því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 en auk þess bætist við eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Lögin taka einungis til uppfinninga sem koma fram eftir gildistöku laganna. Ófrávíkjanleg ákvæði laganna skulu gilda gagnvart samningum sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku þeirra, samanber þó sérákvæði um ráðningu starfsmanna til að vinna að uppfinningum."

Þetta er nauðsynlegt til að það sé skýrt hvenær ákvæði laganna eða frv. eiga við eftir að það er orðið að lögum.

[12:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir prýðilega framsögu í þessu máli. Nefndin átti ánægjulegt og ágætt samstarf á síðustu vikum og mánuðum. Fróðlegt var að fara í gegnum málið með nefndinni og öllum þeim fjölda manna sem á fund hennar kom til að skýra málið og vinna að því með nefndarmönnum að lenda málinu í sátt bæði við hátæknifyrirtækin og réttindafélög starfsmanna. Skiptar skoðanir voru til að byrja með um það frv. sem fyrst lá fyrir milli fulltrúa BHM annars vegar og Íslenskrar erfðagreiningar hins vegar og mættust þar stálin stinn. Óralangt virtist í land til að byrja með og voru miklar rökræður á fundum nefndarinnar þar sem þessir fulltrúar mættu til að gera okkur grein fyrir viðhorfum sínum og sjónarmiðum.

Nefndin lagði allt kapp á, virðulegi forseti, að ná sátt í málinu, lenda þessu nauðsynlega máli þannig að ekki léki neinn einasti grunur á að það yrði til að þess að reisa einhverjar skorður við rekstri hátæknifyrirtækja á borð við Íslenska erfðagreiningu eða með nokkrum hætti að skerða réttindi starfsmanna, enda fjarri því að vera markmið og tilgangur frv. að annað af þessu tvennu hljótist af. Markmið og tilgangur málsins eru prýðileg og göfug og allir nefndarmenn og áheyrnarfulltrúar unnu hörðum höndum að því lenda þessu máli þannig að friður og full sátt næðust og ekki væri verið að ásaka menn um að með þessu móti væri vegið að sjálfum rekstrargrundvelli fyrirtækis á borð við Íslenska erfðagreiningu. Ekki átti heldur að skapast óvissa um endurgjald til starfsmanns vegna uppfinningar eða ganga gegn rétti starfsmanna sem vinna að uppfinningum og minnka réttindi þeirra á einhvern hátt eða bera þau fyrir borð. Þetta voru meginmarkmið nefndarinnar og að því unnum við mjög markvisst og vandvirknislega undir forustu formanns nefndarinnar að leiða málið þannig til lykta.

Svo rann upp sá dagur að við endaborð í nefndarherberginu sátu fulltrúar frá BHM og Íslenskri erfðagreiningu sættir heilum sáttum. Báðir alsælir með að niðurstaða skyldi nást í málið enda vildu þeir ekki síður en við lenda málinu í friði og fá að einhverju leyti fram þær breytingar sem þeir gætu fallist á svo þeir gætu talist sáttir við málið og stutt það svo fram komið, eins og kemur fram í áliti nefndarinnar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rakti áðan. Þannig að við erum lent með þessu máli í sátt og eru fulltrúar í iðnn. mjög sáttir við það. Enda er með frv., eins og hér kemur fram og kom fram í máli nefndarformanns, fyrst og fremst stefnt að því að setja almennar reglur um uppfinningar starfsmanna sem taka bæði tillit til atvinnurekenda, eins og ég gat um áðan, í þessu tilfelli í líki Íslenskrar erfðagreiningar svo og starfsmanna. Fulltrúar þeirra á fundum nefndarinnar voru forustumenn BHM, m.a. Gísli Tryggvason, sá mæti maður. Reglurnar eiga að taka bæði tillit til hagsmuna atvinnurekenda og starfsmanna þannig að þeir þurfa ekki að semja sín á milli um öll atriði. Þessi atriði liggi sem sagt fyrir.

Á fundi nefndarinnar kom fram að eitt af markmiðum með frv. væri að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að marka sér stefnu í þessum málum og eyða allri tæknilegri óvissu um réttarstöðu þegar uppfinning er gerð í starfi. Í athugasemdum um frv. til laga um einkaleyfi er tekið fram að þau mundu ekki taka til uppfinninga starfsmanna. Þess vegna ræddi nefndin málið á mörgum fundum og voru ófrávíkjanleg ákvæði frv. sérstaklega rædd þar og niðurstaðan sú, eins og fram kom áðan, að reglurnar ættu að vera almennar og ekki væri rétt að fastsetja sérstaka reglu, enda gætu verið ólík sjónarmið uppi um það hvað teljist sanngjarnt. Mjög eftirminnilegar samræður spunnust um það á milli lögfræðinganna sem komu á fund nefndarinnar hvað orðið „sanngjarn" þýddi og hafði sá sem hér stendur ekki haft hugmyndaflug til að ímynda sér að svo ólíka og undarlega merkingu mætti leggja í orðið sanngjarn í lagatúlkunum um það. Það var eitt af því sem var mjög upplýsandi og athyglisvert í þessu nefndarstarfi, þ.e. að fá innsýn í þennan mjög svo sérkennilega hugarheim sem ýmsir lögfræðingar og ýmsir aðrir hrærast í.

Talinu vék svo, eins og fram kom, sérstaklega að hátæknigeiranum, þar eru tímanna tákn uppi sem sýna mikilvægi þess að þetta frv. verði að lögum. Atvinnuumhverfi hefur gerbreyst á síðustu árum og hátæknifyrirtæki rutt sér svo hressilega til rúms að þau eru farin að marka verulega atvinnustarfsemi víðast á Vesturlöndum. Þar höfum við séð Finnland langfremst í broddi fylkingar, enda hafa Finnar sérstaklega lagt sig fram um að setja fé til þeirra mennta sem eru undirstaða hátæknifyrirtækjanna. Segja má að allt okkar atvinnuumhverfi hafi gerbreyst á undanförnum árum. Nefna má mörg hátæknifyrirtæki sem eiga sér mjög glæsilega sögu á síðustu árum og hafa byggt upp sína starfsemi með afburðagóðum árangri. Að sjálfsögðu er aldrei hægt að ræða um hátæknigeirann eða þau fyrirtæki án þess að taka sérstaklega til Íslenskrar erfðagreiningar og því kom það fyrirtæki sérstaklega að þessu máli.

Í frv. segir, án þess að ég hafi það orðrétt eftir, að algengara sé orðið og sérstaklega í hátæknigeiranum að fyrirtæki ráði til sín starfsmenn beinlínis til rannsókna og þróunarstarfa, til að vinna að uppfinningum, koma þeim á framfæri eða fullgera þær. Aðkoma starfsmanna að uppfinningastarfsemi er sem sagt margvísleg. Það getur verið um það ræða að vísir að hinni endanlegu uppfinningu sé að einhverju leyti fæddur og starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi unnið að henni í langan tíma og svo sé ráðinn sérstaklega nýr starfsmaður eða teymi starfsmanna eða tríó til að halda áfram að þróa uppfinninguna. Þess vegna má enginn vafi leika á

um réttindi hvers manns, réttindi fyrirtækisins, réttindi þess starfsmanns sem vann að henni upphaflega o.s.frv. Og því er svo mikilvægt að fyrirtæki geti á grundvelli laga um uppfinningar starfsmanna ráðið starfsmenn beinlínis til rannsókna- og þróunarstarfa til að vinna að uppfinningum.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni þar sem til stendur að gera hlé á þingfundi.)

Ég gæti verið hér í langan tíma en ég gæti líka dregið mál mitt saman þannig að það gefist kostur á hádegishléi en er forseti annars að bjóða mér upp á að halda áfram eftir hádegishléið?

(**Forseti** (SP)**:** Að sjálfsögðu. Hv. þm. getur valið hvort hann vill ljúka ræðu sinni hér á stuttum tíma eða halda áfram eftir hlé.)

Ég held áfram eftir hlé. Ég treysti mér ekki til að draga ræðuna svo hratt saman.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:31]

Björgvin G. Sigurðsson (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Ég var kominn þar sem ég var búinn að stikla á stóru yfir það meginstarf sem fram fór í nefndinni um þetta mál um uppfinningar starfsmanna. Töluverðan tíma og þrautseigju tók að ná lendingu í málinu gagnvart þeim sem það snerti mest, þ.e. annars vegar starfsmönnum og hins vegar atvinnurekendum. Hagsmunir þessara tveggja hópa virtust óbrúanlegir til að byrja með, mjög mikið bar á milli og var tekist harkalega á. En fyrir tilstuðlan þess nefndarstarfs sem fram fór á nokkuð löngum tíma tókst að ná málum þannig að báðir aðilar eru sáttir. Bæði fulltrúar atvinnurekenda, í þessu tilfelli Íslenskrar erfðagreiningar, og hins vegar BHM styðja fram komið frv. með þeim breytingum sem iðnn. leggur til og hv. formaður nefndarinnar rakti svo ágætlega áðan. Menn náðu lendingu annars vegar um það sem snertir sanngjarnt endurgjald til starfsmanna og hins vegar var þeirri óvissu eytt sem laut að fyrirtækjunum. Bakkröfur, sem gerðu starfsumhverfi ómögulegt fyrir hátæknifyrirtæki á borð við Íslenska erfðagreiningu, eiga ekki að geta komið á þau. Ekki eiga heldur að felast í því þannig hættur að ugg setji að eigendum fyrirtækjanna og menn færu að hugsa um það í nokkurri einustu alvöru að fara með fyrirtækið í burtu eins og látið var í veðri vaka í upphafi starfsins, þ.e. ef sú útgáfa af frv. næði fram að ganga væru blikur á lofti. Það kom hreint og klárt fram í máli fulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar að það væru þá blikur á lofti og fyrirtækið þyrfti jafnvel að hugsa sinn gang með það hvort það héldi áfram starfsemi á Íslandi eða tæki upp tjaldhælana og flytti sig úr landi.

Hvort sem svo harkalega þurfti að nálgast málið eða ekki þá var augljóst mál að mikið bar í milli og sama var upp á teningnum hjá fulltrúum BHM að þeim þótti þetta mál algerlega óþolandi. Þess vegna lögðum við nefndarmenn allt kapp á það að málið færi ekki frá okkur fyrr en sátt væri náð og þessir tveir hlutaðeigendur væru sáttir, styddu málið báðir. Þetta mál færi ekki frá okkur í óþökk annars hvors því það væri ekki markmið frv. Þvert á móti var markmið með frv. að tryggja réttarstöðu annars vegar starfsmanna þannig að þeir þyrftu ekki að vera að semja um öll sín atriði við atvinnurekanda og hins vegar að setja almennar reglur sem tækju á stöðu og umhverfi hátæknifyrirtækja sem engum blandast hugur um að er einn meginsprotinn í okkar atvinnulífi. Það eru hátæknifyrirtækin sem hér hafa sprottið upp hvert af öðru á síðustu árum og þekktasti merkisberinn er að sjálfsögðu Íslensk erfðagreining, enda eitt fyrirferðamesta fyrirtæki á íslenskum atvinnumarkaði um óralangt skeið. Miklar deilur urðu þegar fyrirtækið var sett á laggirnar. Deilur um gagnagrunnin og fleira og fleira sem laut að sértækum hvort sem menn vilja kalla það ívilnunum eða sértækum aðstæðum sem fyrirtækinu voru búnar til að það mætti verða að veruleika og til að ná þeim árangri sem margir stuðningsmenn fyrirtækisins höfðu að leiðarljósi, það var að fyrirtækið hefði aðgang að þessum gagnagrunni til að sigur mætti vinnast í baráttunni við erfiða illvíga sjúkdóma sem eru ættgengir. Þess vegna hefur sá sem hér stendur alltaf stutt Íslenska erfðagreiningu eindregið og þann ramma sem því fyrirtæki var sniðinn en það er annað mál.

Hv. formaður iðnn. gat um það að við byggðum þessa löggjöf á danskri löggjöf sem samþykkt var til að bæta úr réttaróvissu um uppfinningar starfsmanna m.a. vísindamanna þar í landi og auk þess er í frv. gerð ágæt grein fyrir ýmsum öðrum lögum. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það heldur vil ég hleypa fleirum að en ætla aðeins í lokin að nefna bresku lögin af því að það er komin töluverð reynsla á þá lagasetningu þar sem hún er frá árinu 1977. Þar er kveðið á um að atvinnurekandi eigi framsalsrétt til uppfinningarinnar þegar um svonefndar starfsuppfinningar er að ræða. Sama regla gildir þegar verkefni sem starfsmaður vinnur að leiðir til uppfinningar og atvinnurekandinn mátti vænta þess að svo yrði. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Á stjórnendum fyrirtækja hvílir ríkari trúnaðarskylda gagnvart atvinnurekandanum en þegar um almenna starfsmenn er að ræða. Rétturinn til uppfinningar fellur þannig atvinnurekanda í skaut þegar í hlut á stjórnandi sem vegna starfsskyldna sinna hefur sérstaka trúnaðarskyldu gagnvart atvinnurekandanum, óháð því hvort um starfsuppfinningu er að ræða eða ekki. Þegar þessum tilvikum sleppir er starfsmaðurinn ávallt talinn vera eigandi uppfinningarinnar, þ.e. um einkauppfinningu er að ræða, og eru allar tilraunir atvinnurekandans til þess að svipta starfsmanninn þeim rétti ógildar."

Bresku reglurnar mæla svo fyrir um endurgjald að það komi aðeins til álita ef sótt er um einkaleyfi sem leiðir til verulegs ávinnings eða eins og segir í frv., outstanding benefit, þ.e. þegar um verulegan ávinning af uppfinningu hefur verið að ræða. Þetta mál er því mikilvægt og það er gott að það kom fram. Í upphafi sáum við ekki fyrir að það næðist að lenda þessu máli þannig að sátt ríkti milli starfsmanna, þeirra sem vinna að uppfinningum í hátæknigeiranum og annars staðar, svo og þeirra fyrirtækja sem eiga allt sitt undir því að starfsmenn þeirra finni eða skapi uppfinningu og nái að þróa og móta svo fyrirtækið verði fyrir verulegum ábata, uppfinningu sem skiptir sköpum fyrir rekstur fyrirtækisins, rekstrarumhverfi og rekstrargrunn hvers konar.

Það þarf að ríkja sátt milli starfsmanna og atvinnurekenda sérstaklega með tilliti til þess að starfsmenn þurfi ekki að vera að semja um öll sín kjör og réttindi hverju sinni. Heldur eins og segir í nefndarálitinu, það sé um að ræða almennar reglur um uppfinningu starfsmanna sem taka bæði tillit til hagsmuna atvinnurekenda og starfsmanna þannig að þeir þurfi ekki að semja sín á milli um öll atriði. Það var eiginlega kjarni málsins að við næðum að búa til og skapa almennar reglur sem tækju til réttinda, skyldna og hagsmuna beggja þessara aðila af því að hvorugur getur án hins verið.

Hátæknifyrirtækin byggja allt sitt á hugviti og uppfinningum starfsmanna sinna. Þar eru verðmætin maðurinn og hugvit mannsins það eru meginverðmæti fyrirtækisins. Búi slík fyrirtæki ekki yfir miklu ríkidæmi af starfsfólki sem vinnur ötullega að skapandi starfi, sem leiðir til uppfinninga og þróunar uppfinninga, eru þau einskis verð. Hér er ekki um að ræða eitthvað sem hönd á festir eins og þau fyrirtæki og þær atvinnugreinar sem reiða sig á frumframleiðslu náttúruauðlinda og annarra slíkra hefðbundinna iðngreina og framleiðslugreina heldur reiða þessi fyrirtæki sig eingöngu og algerlega á hugvit sinna starfsmanna. Þess vegna varð það svo nauðsynlegt að ná sátt milli þessara tveggja aðila þannig að hér logaði ekki allt í illdeilum sem jafnvel leiddu til þess að einhver hátæknifyrirtæki sem skipta meginmáli á þessum markaði tækju sig upp og færu í burtu, kannski ekki með alla starfsemi sína en hugsanlega hluta hennar. Það kom fram í máli lögfræðings Íslenskrar erfðagreiningar, Jóhanns Hjartarsonar á fundi nefndarinnar að gengi upphaflega lagafrv. eftir þá sæi fyrirtækið sér þann kost vænstan að flytja með hluta starfseminnar til Bandaríkjanna, Kaliforníu. Hann sagði hreint og beint út að þá væri hluti og meginrekstur fyrirtækisins einfaldlega miklu betur kominn í Bandaríkjunum þar sem lagaumhverfi er varðaði uppfinningar væri miklu frjálslegra og opnara og auðveldara fyrir fyrirtækin að tryggja sína hagsmuni. Það ætti ekki á hættu að þurfa að greiða ófyrirséðar og í mörgum tilfellum örugglega stjarnfræðilegar upphæðir til starfsmanna fyrir uppfinningar sem ekki hefur verið samið um að fullu og fast fyrir. Þetta að sjálfsögðu hleypti öllu í bál og brand að því er varðaði fulltrúa starfsmanna. Þess vegna var það mikil vandvirknisvinna að semja lagafrv. sem leiddi þessa aðila saman svo við höfum í höndunum, verði frv. að lögum frá Alþingi í vor, almennar reglur sem tryggja hagsmuni beggja þessara aðila, starfsmannanna að sjálfsögðu alls ekki síður en fyrirtækisins. En lögin eiga líka að vera þess eðlis og þess efnis að þau virki frekar til þess að lokka hátæknifyrirtæki til Íslands og hvetji frumkvöðla og hugmyndaríka einstaklinga til að setja á stofn hátæknifyrirtæki sem reiða sig fyrst og síðast á uppfinningar starfsmanna heldur en að fæla slík fyrirtæki frá. Reglurnar mega ekki leiða til þess að mönnum þyki það augljós og miklu betri kostur að slá niður tjöldum sínum í öðrum löndum af því að þar sé lagaumhverfi miklu rýmra og frjálslegra og miklu minni hætta á því að til skakkafalla komi í rekstri fyrirtækisins vegna einhverra ófyrirséðra bóta eða greiðslna til starfsmanna vegna uppfinninga. Þess vegna tekur þetta mál um uppfinningar starfsmanna til þeirra grundvallarsjónarmiða sem margir hafa í frammi um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Íslandi.

Vilji menn að við reiðum okkur fyrst og síðast á hugvitið, mannvitið, þá verður umhverfi fyrirtækjanna sem byggja á því að vera þannig að menn sjái sér fært og þyki freistandi að starfa hérna. Þess vegna var þetta ekki léttvægt mál um einhver formsatriði eða Evrópureglur. Þó að við séum að vissu leyti að samræma löggjöf okkar að Evrópureglum, þá er þetta mál sem tekur til grundvallaratriða í íslensku atvinnulífi. Málið tekur til umhverfis starfsmanna, uppfinningamanna, ungs og framsýns starfsfólks sem er að vinna af fullum krafti við að skapa verðmæti í krafti hugarflugsins og uppfinninga og aftur þess að öflug og voldug hátæknifyrirtæki með framtíð fyrir sér sjái sér kost að setjast að á Íslandi eða byggja upp starfsemi sína á Íslandi. Eins og allir vita í dag þá er sama hvort það er Íslendingur eða útlendingur sem fær hugmynd að fyrirtæki t.d. á borð við Íslenska erfðagreiningu þá er ekkert sem segir að hann stofnsetji fyrirtækið á Íslandi finnist honum eitthvað í lagaumhverfinu orsaka að ómögulegt sé við ákveðin skilyrði að halda áfram uppbyggingu fyrirtækisins eða að með einhverjum hætti verði stoðunum kippt undan rekstri fyrirtækis hans.

Engum blandast hugur um hvílík vítamínsprauta Íslensk erfðagreining var inn í íslenskt atvinnulíf, hvað sem mönnum finnst um tilurð þess að fyrirtækið fékk einkaleyfið og gagnagrunnsmálið og það allt saman. Þá blandast engum hugur um það, þrátt fyrir þær þrengingar sem fyrirtækið hefur að einhverju leyti gengið í gegnum og því miður þurfti að segja upp töluverðum fjölda starfsmanna sem olli miklum sársauka og uppþotum í ákveðnum greinum vinnumarkaðar okkar, þá varð þetta til þess að hundruð ungra Íslendinga sem voru við nám og störf erlendis sáu sér fært að flytja aftur heim. Langflestir Íslendingar sem hafa menntað sig erlendis eða starfað erlendis um tíma vilja koma aftur heim. Hérna vill fólk búa, ala upp börnin sín og lifa sínu lífi. Hins vegar er það svo að það vantar verulega störf á Íslandi fyrir þá sem hafa ýmiss konar menntun sem lýtur að tækni, raungreinum, verkfræði, stærðfræði, þessari undirstöðumenntun undir alla uppbyggingu hvers kyns atvinnulífs sem reiðir sig á hátækni, verktækni, iðnað o.s.frv. Það verður seint séð fyrir endann á þeim afleiðingum og þá meina ég afleiðingum í jákvæðum skilningi fyrir íslenskt samfélag að hafa fengið allt þetta fólk aftur heim og gefið þessu fólki kost á að lifa og starfa á Íslandi, ala upp börnin sín og veita sínu afli inn í íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag með öllum þeim kostum sem því fylgja. Við eigum með ráðum og dáð eftir öllum mögulegum leiðum að standa við bakið á hátæknifyrirtækjum sem vilja koma hingað. Bara þannig gerbreytum við íslensku atvinnulífi í þá veru sem við margir viljum sjá það þróast í. Atvinnulíf og samfélag byggt á hugviti, menntun og þekkingu sem leysir af hólmi atvinnuhætti fortíðar sem eru að verða veigaminni í okkar samfélagi. Það gengur á náttúruauðlindirnar. Frumframleiðslan einfaldlega er ekki eins ábatasöm og hún var áður og fer fram víða um heim. Það verður æ mikilvægara, þó svo lítið hafi verið gert í því á síðustu árum, að vinna markvisst að því að byggja upp öflugt og einstakt atvinnuumhverfi þar sem við reiðum okkur fyrst og fremst á hátækniiðnað hvers konar, iðnaðarframleiðslu, ýmiss konar smáiðnað o.s.frv., atvinnu sem byggist á hugviti einstaklingsins og gefur einstaklingunum kost og færi á að þróa kosti sína í slíku umhverfi en þeir þurfi ekki að leita út fyrir landsteinana vilji þeir vinna við eitthvað annað en hinar hefðbundnu gömlu iðngreinar og starfsgreinar. Jafnágætar og prýðilegar og þær eru þá skila þær okkur ekki á þeim hraða og með þeim hætti inn í framtíðina sem við öll viljum hafa. Þess vegna tók þetta frv. til laga um uppfinningar starfsmanna til þessara grundvallaratriða í íslensku atvinnulífi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það í bili en ítreka þakkir mínar til félaga minna í nefndinni og formanns nefndarinnar fyrir afspyrnu gott og árangursríkt samstarf sem leiddi til þess að starfsmenn og fyrirtækin gengu hönd í hönd frá því sáttarborði sem iðnn. var í þessu tilfelli.

[13:48]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við erum að ræða uppfinningar starfsmanna. Ég ætla ekki að verða allt of langorður um þetta mál. Ákaflega góð samstaða var um málið í nefndinni og ég

þakka formanni nefndarinnar fyrir gott starf og fyrir að halda vel utan um fundina.

Frv. fjallar um að það sé verið að búa til ramma utan um hvernig eigi að fara með uppfinningar starfsmanna og tryggja annars vegar hagsmuni fyrirtækjanna og hins vegar hagsmuni starfsmannanna. Í stuttu máli má segja að menn fóru af stað með ófrávíkjanleg ákvæði í þessu frv. en niðurstaðan var að þau eru orðin víkjanleg. Það var gert til að tryggja hag þeirra fyrirtækja sem sérhæfa sig í þekkingarleit, hátæknifyrirtækjanna.

Ég tel að frv. sé að mörgu leyti ágætt og vil enn og aftur ítreka þakkir til þeirra sem stóðu að þessu starfi í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 442. mál (ELS-tíðindi). — Þskj. 613, nál. 1577. [13:50]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 613 er að finna frv. til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útáfu svonefndra ELS-tíðinda. Í stuttu máli er í frv. lagt til að gerð verði sú breyting á þremur lagabálkum sem heimilar að gefa þessi tíðindi út, ELS-tíðindi, einvörðungu á rafrænu formi í stað þess að gefa þau út í prentuðu formi eins og er í dag. Þeir sem óska eftir því að fá þessi tíðindi prentuð geta að sjálfsögðu áfram fengið þau send og greiða þá fyrir það kostnaðarverð. En í dag er málum þannig háttað að þessi tíðindi eru gefin út rafrænt en líka á prentuðu formi.

Þetta er nánar skýrt í athugasemdum með þessu frv. og vísa ég til þess. Gert er ráð fyrir því samkvæmt fskj. með frv. sem er frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. að þessi breyting lækki útgáfukostnað einkaleyfastofu um u.þ.b. 1 – 1 1/2 millj. kr. á ári.

Iðnn. hefur lokið athugun á þessu máli og skilað frá sér nefndaráliti á þskj. 1577, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Borghildi Erlingsdóttur og Lilju Aðalsteinsdóttur frá Einkaleyfastofu.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi hugvitsmanna, Kennaraháskóla Íslands, áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Einkaleyfastofunni, Iðntæknistofnun, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Vísinda- og tækniráði, Háskólanum á Akureyri og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta heimildir til að gefa ELS-tíðindi út á rafrænan hátt og þar á meðal á netinu. Einkaleyfastofa sér um að birta almenningi allar tilkynningar varðandi umsóknir og skráningar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar í ELS-tíðindum og hefur birt þau á netinu samhliða hinni prentuðu útgáfu frá árinu 2001. Hægt er að nálgast öll tölublöð ELS-tíðinda frítt á netinu frá október 1990.

Samkvæmt frumvarpinu verða ELS-tíðindin þó einungis gefin út á netinu og miðast réttaráhrif birtingar við tilgreindan útgáfudag þegar þeim er dreift á netinu.

Á fundum nefndarinnar kom fram að nú kostar hvert eintak ELS-tíðinda í lausasölu 300 kr. hjá Einkaleyfastofunni en prentun þeirra verður hætt. Hins vegar verður þó áfram hægt að nálgast útprentað eintak eða einstaka hluta þess gegn greiðslu og verða ákvæði um kostnað sett í reglugerð. Nefndin leggur áherslu á að gjaldið fyrir útprentun og sendingu verði hóflegt og endurspegli þann kostnað sem Einkaleyfastofan hefur af þjónustunni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að í stað þess sem stendur í frv. að lög þessi öðlist gildi 1. mars 2004 komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls. Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita Kristinn H. Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurjón Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson og Björgvin G. Sigurðsson.´´

Þannig hljóðar nefndarálit iðnn. og er ekki miklu við það að bæta. Ég vil aðeins árétta það sem fram kemur í áliti nefndarinnar að við leggjum mikla áherslu á að kostnaður þeirra sem kaupa sér prentuð tíðindi hvort sem þau eru í heilu lagi eða hluta af þeim verði hóflegur og hækki ekki frá því sem nú er. Það var dálítið hugleitt hvort rétt væri að setja í þessa þrjá lagabálka ákvæði til þess að afmarka gjaldskrártökuna en það þótti ekki rétt að athuguðu máli. Engu að síður er sterklega áréttuð sú skoðun iðnn. að þessi breyting eigi ekki að leiða til þess að kostnaður aukist fyrir þá sem kaupa sér þessi tíðindi prentuð hvort sem það er í heilu lagi eða einstaka hluta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 751. mál (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). — Þskj. 1122, nál. 1641, brtt. 1642. [13:56]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Iðnn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari *breytingum og er að finna á þskj. 1122. Í því frv. er gerð* rækilega grein fyrir tilgangi frv. og aðdraganda þess en í stuttu máli er efni þess það að lagðar eru til breytingar annars vegar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að Evrópska einkaleyfasamningnum og hins vegar vegna ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi og samræmingar við þróun framkvæmdar á alþjóðavettvangi.

Í frv. er bætt við nýjum kafla í gildandi lögum um einkaleyfi sem fjallar þá um hin evrópsku einkaleyfi og skapaður lagagrundvöllur fyrir því að unnt sé að framfylgja ákvæðum einkaleyfasamningsins hér á landi. Breytingin felur í sér að umsóknir um evrópsk einkaleyfi eru veittar á Evrópsku einkaleyfastofunni EPO og skulu lagðar inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni sem viðtökuaðila umsóknar hér á landi. Einkaleyfastofan íslenska framsendir umsóknir til EPO. Árgjöld vegna umsókna eru greidd til EPO en eftir veitingu fær einkaleyfastofan 50% árgjalda og útgáfugjalda.

Iðnn. hefur lokið athugun á þessu máli og skilað af sér nefndaráliti sem er að finna á þskj. 1641 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn. fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Ástu Valdimarsdóttur og Lilju Aðalsteinsdóttur frá Einkaleyfastofunni.

Þá hafa borist umsagnir um málið frá Einkaleyfastofunni, Samtökum iðnaðarins, Pharmaco hf., A & P Árnasyni ehf., Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Verslunarráði Íslands, Byggðastofnun, Háskóla Íslands, Orkustofnun, Sigurjónssyni og Thor ehf. og Faktor einkaleyfaskrifstofu ehf.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um einkaleyfi, annars vegar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum og hins vegar vegna ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi og samræmingar við þróun framkvæmdar á alþjóðavettvangi. Umsóknir um evrópskt einkaleyfi verða því mótteknar af Evrópsku einkaleyfastofunni og skulu lagðar inn þar eða hjá Einkaleyfastofunni sem tekur við umsóknum hér á landi.

Á fundum nefndarinnar voru áhrif þessara breytinga á íslenskt atvinnulíf rædd en telja verður að þau séu mjög jákvæð og bæti almennt viðskiptaumhverfi og samkeppnisstöðu fyrirtækja hér. Markmiðið með evrópska einkaleyfasamningnum er að styrkja samvinnu um vernd uppfinninga og er unnið að því með því að veita einkaleyfi á grundvelli sameiginlegrar málsmeðferðar. Ljóst er að það er ótvíræður kostur að geta með einni umsókn í evrópska einkaleyfakerfinu sótt um einkaleyfi í hverju þeirra 28 ríkja sem eru aðilar að samningnum. Þá er upplýst að kostnaðurinn við það að fá einkaleyfi er talinn samsvara því að fá einkaleyfi í þremur ríkjum.

Nokkuð var rætt um áhrif aðildar samningsins á iðnaðinn og þá sérstaklega samheitalyfjaiðnaðinn en samkvæmt íslenskum einkaleyfalögum hafa íslensk lyfjafyrirtæki hingað til notið rúmra heimilda til framleiðslu samheitalyfja. Aðildin getur haft einhver neikvæð áhrif þar sem að fjölgun getur orðið á einkaleyfum lítilla erlendra lyfjaframleiðenda hér á landi. Á móti kemur að Evrópusambandið er um þessar mundir að reka formlega smiðshöggið á frjálslegri reglur um þróun og skráningu samheitalyfja, svonefnd Bolar-ákvæði, sem munu hafa jákvæð áhrif. Í þeim felst sambærilegt svigrúm og íslenskur samheitalyfjaiðnaður hefur hingað til haft. Gert er ráð fyrir að þær reglur verði teknar upp á Evrópska efnahagssvæðinu fljótlega og er stefnt að því að jákvæðra áhrifa þeirra muni gæta hér á landi um svipað leyti og ef af aðild að evrópska einkaleyfasamningnum verður. Upplýst var fyrir nefndinni að ekki hefði verið tekin formleg ákvörðun um málið hjá Evrópusambandinu og telur nefndin því eðlilegt að bíða með að breyta reglum.

Þá var rætt um það nýmæli frumvarpsins að afnema þá takmörkun gildandi laga varðandi einkaleyfishæfi þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir að um fyrstu læknisfræðilega notkun þurfi að vera að ræða. Kom fram að uppfylla þyrfti öll sömu skilyrði og ef um fyrstu notkun væri að ræða, þ.e. að uppfinningin væri ný og hefði nýja virkni og því unnt að fá einkaleyfi fyrir henni. Samkvæmt því væri hægt að fá einkaleyfi á þekktu efni sem hægt væri að nota í læknisfræðilegum tilgangi ef fundin yrði einhver ný notkun á því. Má nefna sem dæmi lyf sem var notað sem flogaveikilyf en seinna uppgötvað að það var mjög gott verkjalyf og var því veitt einkaleyfi sérstaklega fyrir þeirri notkun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og varða þær málsfarsleg atriði og lagfæringar á þýðingu evrópska einkaleyfasamningsins. Þá er lagt til að gildistökuákvæði laganna sem varða samninginn og þær breytingar sem gerðar voru á honum árið 2000 miðist við birtingu auglýsingar ráðherra um að samningurinn og breytingarnar hafi öðlast gildi að því er Ísland varðar. Loks telur nefndin rétt að taka fylgiskjölin upp í lögin með sérstakri grein þar sem þau eiga að vera hluti laganna.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. skrifa Kristinn H. Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurjón Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson og Björgvin G. Sigurðsson.

Breytingarnar er að finna á þskj. 1642 og eru í sjö tölusettum liðum.

1. brtt. lýtur í raun og veru einvörðungu að málfarslegum atriðum. Í frv. er notað orðalagið „Einkaleyfastofan skal gefa umsókn umsóknardag“ og því er breytt í: Einkaleyfastofan ákvarðar umsóknardag o.s.frv. og aðrar hliðstæðar breytingar á 2. gr. frv.

Í öðru lagi er sú breyting á 2. gr. frv. að í stað þess að talað er um „veitingu umsóknardags“ kemur: ákvörðun umsóknardags.

2. brtt. gerir breytingar á 5. gr. frv. og eru þær einvörðungu málfarslegar.

3. brtt. lýtur að 8. gr. frv. og breytir ákvæðinu í d-lið 8. gr. og er í raun málfarslegt atriði. Í frv. stendur „alþjóðlegum nýnæmisrannsóknaryfirvöldum“ og það þótti dálítið óþjált í lagatexta að tala um nýnæmisrannsóknaryfirvöld í einu orði og því er breytt í: yfirvöldum sem framkvæma alþjóðlega nýnæmisrannsókn.

Síðar í sömu málsgrein 8. gr. stendur „alþjóðaskrifstofunni“ og því er breytt í: Alþjóðahugverkastofnuninni, sem er skammstafað á ensku WIPO þannig að það fari ekki á milli mála við hvaða stofnun er átt.

4. brtt. gerir breytingar á 9. gr. frv. en sú grein er í raun heill nýr kafli í lögin um einkaleyfi og sá kafli heitir Evrópsk einkaleyfi og er eiginlega þungamiðjan í frv. Gerðar eru nokkrar breytingar á greinum í þessum nýja kafla í 4. brtt. á þskj. 1642. Það má segja að þær séu flestar málfarslegs eðlis sem óþarft er að rekja nánar og nægir að vísa til þingskjalanna til útskýringar því það eru ekki efnislegar breytingar í þeim nema að í 77. gr. sem verður í nýju lögunum eftir samþykkt frv. er sett inn ákvæði til að skýra hvenær tilkynning um einkaleyfi telst hafa verið birt og sett er inn ákvæði sem felur ráðherra að setja reglugerð um frekari ákvörðun að þessu leyti þannig að það fari ekki á milli mála því það þótti ekki alveg ljóst í frumvarpstextanum hvernig því yrði háttað. En eftir breytinguna mun ráðherra gefa út reglugerð þar sem þetta verður skýrt.

Þá er breyting á h-lið 9. gr. frv. sem verður 82. gr. laganna og í stað þess að orða lagatextann þannig: „Frá því að umsókn fær umsóknardag hjá Evrópsku einkaleyfastofunni“ orðast hann svo: Frá því að Evrópska einkaleyfastofan ákvarðar umsóknardag. Í þessu felst ekki efnisleg breyting.

Þá vík ég að p-lið 9. gr. sem verður 89. gr. laganna eftir samþykkt frv. Þar er gerð breyting á ákvæðum þessarar greinar og gert skýrar að vísað er í ákvæði evrópska einkaleyfasamningsins og bókunar með samningnum.

5. brtt. nefndarinnar lýtur að því að bæta nýrri grein inn í frv. sem verður þá 10. gr. frv. Þar eru tekin upp fylgiskjöl sem fylgja með frv., fskj. I og fskj. II. Fylgiskjal I hefur að geyma þrjár greinar úr evrópska einkaleyfasamningnum sem

þurfa að hafa lagagildi hér á landi óbreyttar en fskj. II hefur að geyma bókun um lögsögu og viðurkenningu dómsúrskurðar varðandi rétt til að fá veitt evrópsk einkaleyfi. Þessi tvö fylgiskjöl sem samkvæmt frv. fylgir eftir lagatextanum en á að hafa lagagildi þykir nefndinni rétt að setja inn í lagatextann með sérstakri grein sem verður þá 10. gr. frv. en er að öðru leyti óbreytt.

Herra forseti. Að lokum eru breytingar á 10. gr. frv. Þar er fjallað um gildistöku frv. og þótti rétt að gera breytingar þar á til þess að skýrar væri hvenær lögin öðluðust gildi eða einstakar greinar frv. öðlast gildi. Í frv. segir að ákvæði tilgreindra laga öðlist gildi þegar birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili að Evrópska einkaleyfasamningnum. Það er ekki alveg ljóst hvenær það verður og það vill oft dragast að birta þessar auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda þannig að til þess að ekki verði vafi á því eða að gildistakan dragist ekki fram yfir það sem eðlilegt er leggur nefndin til að breyta þessu ákvæði gildistökugreinarinnar á þann veg að ráðherra, þ.e. iðnrh., birti auglýsingu um að samningurinn hafi öðlast gildi. Það mun leiða af sér að birtingin verður fyrr og væntanlega mun iðnrn. fylgjast vel með framgangi málsins og birta um hæl auglýsingu um gildistöku samningsins þegar hún hefur átt sér stað og það mun þá ekki dragast að ákvæði laganna öðlist gildi.

Þá hef ég lokið við að fara yfir breytingartillögur nefndarinnar, herra forseti, og ítreka það að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum. Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum fyrir ágætt samstarf um þetta mál og fleiri sem á undan hafa verið rædd á þessum þingfundi. Það er ánægjulegt þegar tekst að ljúka afgreiðslu mála með samstöðu í nefndum og ég legg mikið upp úr því að jafnaði að það takist og er ánægður með að svo góður árangur hafi orðið með það að þessu sinni.

[14:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi máls míns að leyfa mér að taka undir síðustu orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þegar hann lýsir ánægju með það þegar tekst að ljúka miklum lagabálki og hann hefur verið unninn þannig að samstaða hefur náðst í mikilvægum málum. Sem betur fer er það oft þannig að þingið afgreiðir í sátt þýðingarmikil mál en það er líka mjög misjafnt þegar menn stýra slíkri vinnu í þinginu hvað þeir leggja sig mikið eftir því að þýðingarmikil mál sem helst eiga að hafa góðan sess og ekki taka breytingum strax aftur séu unnin þannig að um þau sé alhliða sátt í þinginu. Þetta er grundvallaratriði með mörg stærri mál. Mér er kunnugt um að í mörgum þjóðþingum er það þannig að mönnum dytti ekki í hug að breyta ákveðnum tegundum laga öðruvísi en að það gerðist í svo mikilli sátt að a.m.k. 80% þjóðþingsins stæðu þar að baki. Danir hafa t.d. sagt að um löggjöf eins og grunnskólalöggjöf eða framhaldsskólalöggjöf eða háskólalöggjöf, löggjöf sem mikilvægt er að ekki sé hrært í strax aftur ef stjórnarskipti verða, sé grundvallaratriði að ná sátt um löggjöfina þannig að að baki henni sé a.m.k. þetta hlutfall þingsins. Þessu er öðruvísi farið hjá okkur og við eigum ábyggilega oft eftir að koma inn á það það sem eftir lifir þings hve mikill skortur er á þeirri hugsun af hálfu stjórnvalda hjá okkur og það smitar að sjálfsögu yfir á þá sem leiða vinnu í nefndum. Því fagna ég þeirri yfirlýsingu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þar sem hann talar um að það sé mikilvægt að leiða mál til lykta á þennan hátt í nefnd. Sjálf hafði ég það gjarnan að leiðarljósi sem formaður í nefndum á þeim tíma sem ég var stjórnarliði og er fremur stolt af því að hafa yfirleitt náð fram mjög þýðingarmiklum málum í þokkalegri sátt og a.m.k. þannig að þegar ekki varð sameiginleg niðurstaða féllust menn á að komið væri að því að málið færi inn í þingið þar sem orðið hafði verið við öllum óskum um að fá umsagnir, um að fá fólk á fund nefnda o.s.frv. Það skiptir því máli hvernig unnið er í nefndum.

Ég kem hingað upp og kveð mér hljóðs vegna þess að ég tók til máls um 18. málið á dagskránni. Það er alþjóðasamningurinn sem það frv. sem við erum að fara að afgreiða samkvæmt þessu nefndaráliti byggir á. Mér er ekki kunnugt um hvort eitthvað fleira hafi verið tekið inn í löggjöfina en það gerðist að bæði samningurinn um einkaleyfi og stjórnarfrv. um einkaleyfi komu inn í þingið og eru til meðferðar í nefndum á sama tíma, annars vegar í utanrmn. og hins vegar í iðnn. Mér finnst það mikilvægt og ég er alveg viss um að það væri meira að segja hægt að hafa það þannig að það væri meiri samvinna á milli nefndanna, þeirra nefnda sem afgreiða alþjóðasamninga og í sumum tilfellum ESB-tilskipanir og þeirrar fagnefndar sem er með málið, þ.e. frv. sem byggist á samningnum eða gerðinni, og ég er alveg viss um að það væru góð vinnubrögð og væri líka upplýsandi og skapaði meiri þekkingu á því hvernig endanleg niðurstaða verður á málinu.

Hvað varðar einkaleyfin, ekki síst varðandi lyf, hefur Alþingi á liðnum árum verið mest upptekið af því hversu ströng vernd einkaleyfisins er vegna þess að hér á landi höfum við fyrst og fremst verið með framleiðslu á samheitalyfjum. Þeirri framleiðslu og starfsemi hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á liðnum áratug og það hefur skipt mjög miklu máli fyrir þann iðnað hversu langur tími er heimilaður á einkaleyfinu hjá þeim sem eru með frumlyfin á einkaleyfi og sem verða auðvitað að fá að hafa þau á einkaleyfum í einhvern tiltekinn tíma af því að í slíka framleiðslu er lagður mjög mikill kostnaður vegna rannsókna og endurtekinna rannsókna þar til lyfin verða til.

Nú ber svo við að lyfjaiðnaðurinn hjá okkur hefur tekið breytingum þannig að þegar við skoðum einkaleyfi og samninga um einkaleyfi eins og utanrmn. gerði, og iðnn. hefur haft til meðferðar stjórnarfrv. þar að lútandi, kemur í ljós að á Íslandi er lyfjaiðnaðurinn ekki lengur eingöngu samheitalyf. Auðvitað er sá iðnaður fyrirferðarmestur en það er ánægjulegt til þess að vita að hér á landi eru menn farnir að fást við rannsóknir í ríkari mæli og vera með frumlyfjagerð. Það er þá sem slíkur samningur sem utanrmn. hefur haft til meðferðar og þetta frv. byggir á er nýttur og það er ótvírætt að það er mikill kostur í þeirri stöðu að geta með einni umsókn í evrópska einkaleyfakerfinu sótt um einkaleyfi í hverju þeirra 28 ríkja og kannski bráðum 30 sem á svæðinu eru. Það er full ástæða til fyrir okkur á Alþingi að staldra við þetta og hvaða möguleikar felast í því hvað lyfjaiðnaðurinn er orðinn þýðingarmikill hjá okkur. Þess vegna ákvað ég af því að ég kom með fyrirspurnir varðandi samninginn, sem var 18. mál á dagskránni, við fyrstu umfjöllun málsins og af því að við höfum í framhaldi af því kallað til okkar fjölmarga í utanrmn. og kynnst því hvað felst í þeim samningi, að tala um það fyrir hádegi þegar samningurinn kom á dagskrá og mér finnst líka mikilvægt að þeir sem hafa verið að vinna með málið í sitt hvorri nefndinni geti komið og bent á hvað skiptir máli í þessu.

Það kom fram í utanrmn. að menn voru ekki endilega vissir um að það væri allt gott við nýja einkaleyfasamninginn

þar til menn fóru að skoða þá gerð sem er í uppsiglingu hjá Evrópusambandinu en þar er verið að vinna af fullum krafti að gerð sem á að reka formlega smiðshöggið á frjálslegri reglur um þróun og skráningu samheitalyfja. Þetta er svokallað Bolar-ákvæði sem mun hafa gífurlega jákvæð áhrif fyrir lyfjaiðnaðinn. Það má segja að þetta Evrópusambandsákvæði geri það að verkum að það vinni upp þau hugsanlega neikvæðu áhrif sem er að finna í þessum samningi og sem t.d. Samtök iðnaðarins höfðu áhyggjur af þegar þau voru fyrst spurð út í samninginn. Það kom líka fram í utanrmn. að það væri mjög mikilvægt að Ísland gætti þess að um leið og þessar reglur eða gerðir yrðu til hjá Evrópusambandinu að innleiða þær hér í lög eins fljótt og unnt væri vegna þess að það mætti segja að þessar evrópsku gerðir eða reglur væru hin hliðin á peningnum sem mundi gera þetta ástand miklu betra en verið hefur hingað til. Mér finnst ástæða til að minnast á þetta hér af því að það var kannski ekki meginatriðið í framsögu formanns iðnn. þegar hann mælti fyrir nál. og gerði grein fyrir breytingartillögum við frv. og hvaða löggjöf verið er að setja.

Eitt enn sem mér finnst líka skipta mjög miklu máli og við ræddum nokkuð í utanrmn. eru tækifærin sem verða fyrir aðra hér og mér finnst menn hafa fjallað um það sem eitthvað sem ætti að hafa áhyggjur af en það er ekki víst að það sé eitthvað til að hafa áhyggjur af að erlendir aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins geti komið til Íslands með framleiðslu sína eða tiltekinn hluta hennar og með því fengið innkomu í gegnum þessi lög og þennan samning inn á Evrópska efnahagssvæðið. Það sem er neikvætt við það er náttúrlega óttinn við samkeppni á sama sviði af hálfu þeirra sem eru búnir að basla í mjög langan tíma við að koma á góðum innlendum markaði og kraftmikilli framleiðslu en hin hliðin á því dæmi hlýtur líka að vera sú að þarna sé kannski mögulegt að við fáum fyrirtæki inn í landið sem eru með slíka framleiðslu af því að Ísland fái stöðu við það að vera aðili að einni einkaleyfaskrifstofu og í gegnum Ísland fáist innkoma inn á þetta stóra og mikla svæði. Mér fannst þetta mjög áhugavert þegar við ræddum það í utanrmn. og það eru slíkir hlutir sem mér finnst að oft væri ástæða til að kryfja betur til mergjar. Ekkert okkar vissi hver þýðingin af þessu væri í raun, menn hafa svolitlar áhyggjur af því, það er líka ábyggilega frekar spennandi hvað felst í þessari breytingu en það veit ekkert okkar. En það eru tækifæri í þessu og það eru nýjar hliðar á þessu sem mér finnst mikilvægt að við stöldrum við og horfum á með opnum huga. Málið hefur því á sér fleiri hliðar en eingöngu það sem hér kom fram þegar farið var yfir frv. og nál. og ég verð að segja að það var mjög áhugavert að taka málið fyrir með þeim hætti sem við gerðum í utanrmn. og fá svo góða yfirsýn á það hvað væri að breytast varðandi lyfjaiðnaðinn. Ég átti sæti í iðnn. fyrir nokkrum árum og ég minnist þess að þá fengum við einkaleyfalöggjöfina og þá snerist öll umræðan um það hvaða erfiðleikar gætu fylgt því fyrir innlendan lyfjaiðnað sem allur byggðist á samheitalyfjum og var allur þess eðlis að hann snerist um að geta komist sem fyrst inn á markaðinn og að aðrir væru ekki með of löng einkaleyfi.

Við það að fara yfir mál af þessu tagi er líka gaman að átta sig á hve miklar breytingar hafa orðið hér á landi, hvaða nýsköpun hefur orðið og hvernig menn hafa nýtt sér tækifærin og hversu kraftmikill lyfjamarkaðurinn er í raun orðinn þannig að mér fannst full ástæða til, virðulegi forseti, að þó að málið væri afgreitt úr fagnefnd að koma hér og ræða með hvaða hætti við höfum farið í málin í sitt hvorri nefndinni, hv. utanrmn. og iðnn. Ég vil því hafa það mín lokaorð að ég held að hér sé á ferðinni mjög merkilegur samningur og góð löggjöf en líka það að það á eftir að koma viðbót við hana sem eru hinar nýju reglur Evrópusambandsins sem að allra mati gerir málið eins jákvætt og unnt verður þannig að það vegur á móti þeim hugsanlega neikvæðu hliðum sem hér er að finna.

[14:25]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu tengd mál, um uppfinningar starfsmanna, hugverkaréttindi á sviði iðnaðar og einkaleyfi sem er afskaplega áhugavert svið eins og hv. þingmenn sem hér hafa talað á undan hafa bent. á. Það er ljóst eins og fram hefur komið að auðvitað er mikill kostur að geta núna sótt um einkaleyfi í einni umsókn í þeim 28 ríkjum sem aðild eiga að einkaleyfasamningnum og að það skuli ekki vera meiri kostnaður við það en að sækja um einkaleyfi í þremur ríkjum. Í þessu felast að sjálfsögðu margir möguleikar en eins og komið var að áðan geta verið á því neikvæðar hliðar.

Íslendingar eru orðnir stórframleiðendur á samheitalyfjum og þar hafa menn verið að róa í smugu sem opnaðist hér á landi að mér skilst vegna þess að stórir lyfjaframleiðendur hirtu ekki um að sækja um einkaleyfi á frumlyfjum sínum hér á landi. Það hefur aftur á móti í för með sér að þar sem þannig háttar þurfa menn ekki hér á landi að bíða eftir því að einkaleyfin renni út en geta byrjað að þróa samheitalyf hér áður en einkaleyfin renna út á stórum markaðssvæðum, geta verið tilbúnir með samheitalyf um leið og einkaleyfin renna út t.d. í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi eða annars staðar á stórum mörkuðum og við höfum séð dæmi um það.

Þetta hefur verulega þýðingu því mér skilst að ætla megi að útflutningur samheitalyfja frá Íslandi muni líklega á þessu ári sem nú er hafið svara til u.þ.b. verðmætis alls lyfjainnflutnings til landsins. Þetta eru náttúrlega gífurleg umskipti og gífurleg tíðindi sem orðið hafa í framleiðsluháttum okkar og bera vitni þeirri þekkingu og færni sem hér er í heilbrigðisgeiranum, í því mennta- og þekkingarsamfélagi sem þar hefur þróast að íslenskir lyfjafræðingar hafa myndað fyrirtæki um þetta og sameinast um að nýta þetta tækifæri og þessa smugu. En hún mun smám saman lokast á næstu árum. Mig minnir að ég hafi einhvern tíma lesið að smugan muni smátt og smátt lokast og þessir framleiðsluhættir muni verða nánast útilokaðir eftir 2015. Þá er spurning hvaða áhrif aðildin að einkaleyfasamningnum muni hafa á þennan iðnað hér á landi. Eins og rakið var gætu þau áhrif að einhverju leyti orðið neikvæð, t.d. er nefnt í nefndarálitinu að fjölgun geti orðið á einkaleyfum lítilla erlendra lyfjaframleiðenda hér á landi en á móti komi að Evrópusambandið sé að reka smiðshöggið á frjálslegri reglur um þróun og skráningu samheitalyfja. Þá vaknar sú spurning að sjálfsögðu hvernig reglurnar verði frá Evrópusambandinu og mér finnst kannski ekki nægilega skýrt tekið fram í nefndarálitinu hvort fyrirtæki eins og Pharmaco, nú Actavis, getur þá samkvæmt Bolar-ákvæðinu hafið þróun á samheitalyfjum áður en stór einkaleyfaréttindi renna út eins og verið hefur. Það skiptir að sjálfsögðu máli um framvinduna hvernig því vindur fram og mér þætti fróðlegt ef hv. formaður iðnn., Kristinn H. Gunnarsson, gæti upplýst okkur sem ekki áttum þess kost að hlýða á umfjöllun í nefndinni hvort það hefði verið skýrt nánar hvernig Bolar-ákvæðin mundu virka, hvort staða t.d.

fyrirtækisins Actavis verður nákvæmlega eins og verið hefur eða hvort hún breytist og þá með hvaða hætti. Það getur skipt verulegu máli fyrir framhaldið.

Ég er hins vegar alveg sammála því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að auðvitað er ekki hægt að líta á þessa einkaleyfasamninga úr einni átt. Nauðsynlegt er að skoða málið frá ýmsum hliðum og út frá hagsmunum fjölmargra aðila og sem betur fer er atvinnulífið orðið svo fjölbreytt að það eru margir aðrir sem eru að hugsa sér til hreyfings.

Samfylkingin hélt ráðstefnu fyrir hálfum mánuði þar sem rætt var um sóknarfæri og möguleika í heilbrigðisgeiranum sem útflutnings- og atvinnugrein og þar kom fram að fyrirtæki hér á landi eru farin að ástunda þróun frumlyfja og eru kannski einmitt að huga að þeim þætti sem frv. fjallar lítillega um, þ.e. því nýmæli að afnema takmörkun gildandi laga varðandi einkaleyfishæfi þekktra efna og efnasambanda. Þetta skiptir verulegu máli því að samkvæmt því er hægt að fá einkaleyfi á þekktu efni sem hægt er að nota í læknisfræðilegum tilgangi ef fundin er einhver ný notkun á því („second medical use"). Það styttir leiðina að þróun nýrra lyfja ef þetta er hægt og það er sá möguleiki sem íslensk fyrirtæki horfa mjög á vegna þess að það er gífurlega langt þróunarferli og óhemju dýrt að þróa ný frumlyf, getur tekið 10–15 ár, og ef hægt er að stytta þann feril með því að finna nýtt notkunarsvið fyrir virk efni sem eru þekkt og eru fyrir hendi þá er það gífurlega mikilvægt. Þess vegna tel ég að þessi breyting á lögunum sé mjög mikilvæg og skipti miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf. Ég held að menn geri sér kannski ekki alltaf nógu vel í hugarlund hvað þetta svið, einkaleyfin, hugverkaréttindin og uppfinningar starfsmanna geta skipt gríðarlega miklu máli. Ein góð hugmynd sem komið er á framfæri getur orðið milljarðaiðnaður. Þess vegna er í rauninni um stórt og mikið mál að tefla sem getur skipt okkur máli. Þess vegna er líka nauðsynlegt, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi, að koma að þessum málum frá mörgum hliðum, frá sjónarmiði utanríkisviðskipta, frá sjónarmiði ýmissa tegunda af framleiðendum en líka að heilbrigðisyfirvöld hafi skilning á þessum þætti málanna.

Það kom t.d. fram að hér var hugmynd um að koma á viðmiðunarverðskrá samanburðarlyfja sem kom upp í deilum um lyfjaverð. Sú viðmiðunarverðskrá átti að taka gildi 1. maí sl. Sem betur fer var henni frestað í þrjá mánuði, ef ég man rétt, og vonandi verður hún aldrei að veruleika vegna þess, eins og glöggur maður sagði í umræðum um þessi mál, að ef þessi viðmiðunarverðskrá þætti lukkast vel og spara einhverjar krónur í ríkisreksturinn á Íslandi og ef hún væri síðan tekin upp í öllum Evrópulöndum þá mundi fyrst og fremst íslenskur frumlyfjaiðnaður og allur evrópskur frumlyfjaiðnaður leggjast niður á nokkrum missirum. Þá mundi væntanlega bandarískur lyfjaiðnaður ríkja einn og varla er það markmiðið með slíkum stjórnvaldsaðgerðum. Þó að við þurfum ekki endilega að samþykkja allt sem lyfjaiðnaðurinn segir og gerir og þar séu náttúrlega uppi sölu aðferðir og markaðssetning sem ástæða er til að fylgjast með og hafa varann á sér gagnvart þá er um leið um rannsóknir og þróun að ræða á lyfjum sem bæta líðan og geta sparað mikið í heilbrigðiskerfinu með því að bæta heilsu og lækna mein og þess vegna engin ástæða til að steypa undan eggjunum úr hreiðri þessara fyrirtækja áður en þau fá að klekjast út. Því er einmitt mikilvægt að horfa á þessi mál út frá mörgum sjónarhólum og manni sýnist að það hafi einmitt verið gert á hv. Alþingi og að málin séu hér í tiltölulega góðum farvegi.

[14:37]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við málið sem og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrr í umræðunni. Varðandi Bolar-ákvæðið sem þingmaðurinn spurði um og áhrifin af aðild okkar að Evrópsku einkaleyfastofunni þá er það þannig að með aðild okkar að þeirri stofnun verður auðveldara fyrir erlend fyrirtæki að fá einkaleyfaskráningu hér á landi og ódýrara. Þetta er tiltölulega þungur prósess eins og er og fyrir erlend fyrirtæki er kannski ekki eftirsóknarvert að sækjast eftir einkaleyfaskráningu á svo litlum markaði sem Ísland er.

Aðildin að þeirri stofnun getur leitt til þess eins og bent er á að erlend fyrirtæki, sérstaklega kannski minni fyrirtæki, sæki frekar um einkaleyfaskráningu hér á landi og það einkaleyfi getur leitt til þess að íslensk lyfjafyrirtæki sem framleiða samheitalyf hafi ekki eins mikið svigrúm til starfsemi sinnar og áður. En á móti kemur í fyrsta lagi að það er auðveldara fyrir íslensku fyrirtækin að fá skráningu erlendis og það er hugsanlegt að þau eigi sóknarfæri sérstaklega í framleiðslu sem þau geta fengið einkaleyfi á í Evrópusambandinu og það getur styrkt þau fyrirtæki. Í öðru lagi er með Bolar-ákvæðinu verið að stuðla að aukinni samkeppni í lyfjaiðnaðinum þannig að fyrirtæki sem framleiða samheitalyf hafi meira svigrúm til framleiðslu og samkeppni en er í dag. Hvernig það verður nákvæmlega útfært er kannski of snemmt að segja um og ég hef svo sem ekki alveg nákvæma texta eins og þeir standa á þessari stundu en það er sjálfsagt að athuga hvað við höfum í þessu skyni en þetta ákvæði mun í meginatriðum styrkja íslenskan iðnað að mínu viti vegna þess að það er verið að hvetja til aukinnar samkeppni innan þessara framleiðslugreina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, 2. umr.

Stjfrv., 870. mál (tæknirannsóknir o.fl.). — Þskj. 1328, nál. 1539.

[14:40]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögreglulögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Guðmund Guðjónsson og Bjarna J. Bogason frá embætti ríkislögreglustjóra og Hörð Jóhannesson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þeir þrír síðasttöldu höfðu starfað í vinnuhóp sem ríkislögreglustjóri skipaði á árinu 1999 til að móta framtíðarstefnu tæknirannsókna hjá lögreglu. Reyndar voru fleiri í þeim vinnuhópi en þessa fulltrúa vinnuhópsins fengum við á fund nefndarinnar til þess að ræða efni frv.

Í frumvarpinu er lagt til að tæknideild lögreglunnar í Reykjavík verði styrkt og að hún taki við samanburðarrannsóknum sem hingað til hafa verið gerðar við tæknideild ríkislögreglustjóra. Jafnframt varðveiti tæknideild lögreglunnar

í Reykjavík fingrafarasafn og ljósmyndasafn lögreglu og haldi því við. Hlutverk tæknideildar ríkislögreglustjóra verði hins vegar að hafa eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, annast erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, halda skrá yfir horfið fólk og hafa umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

Við breytinguna sem ráðgerð er í frumvarpinu munu 1,5 stöðugildi færast frá ríkislögreglustjóra yfir til tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík. Tæknideildin í Reykjavík hefur hingað til þótt afar öflug og vakið athygli bæði hér á landi og erlendis fyrir starfsaðferðir sínar. Nefndin telur því ljóst að með breytingunni muni deildin eflast enn frekar og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Eins og fram kemur í fylgiskjali með frv., umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., er reiknað með því að samruni á verkefnum embættanna á þessu sviði verði til hagræðingar og geti stuðlað að því að þau útgjöld sem þar er fjallað um lækki nokkuð.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt mikið lengra um þetta mál. Það var mikill einhugur í nefndinni um málið og eins og áður greinir leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[14:43]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég held að hér sé um gott mál að ræða, að sameina sambærilega starfsemi stofnananna, og ég tel að menn eigi að huga að fleiri þáttum í starfi ríkislögreglustjóra og lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Ég veit ekki betur en það sé efnahagsbrotadeild á báðum stöðum og það er spurning hvort menn gætu ekki náð meiri árangri ef þessar deildir væru sameinaðar. Og ég veit ekki betur en það sé forvarnadeild hjá báðum embættum og rannsóknadeild. Ef menn ætla að ná árangri í ríkisrekstri eiga menn náttúrlega að reyna að koma í veg fyrir tvíverknað og ég tel að þetta mál sé tilefni til að skoða fleiri þætti þessara embætta og reyna að ná fram sparnaði í lögreglustarfseminni og meiri árangri því það er náttúrlega það sem við stefnum að. En eins og ég segi er hér um ágætismál að ræða sem við í Frjálsl. styðjum heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 2. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, fjárfestingar o.fl.). — Þskj. 746, nál. 1612, brtt. 1613.

[14:45]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær breytingar sem felast í frumvarpinu varða annars vegar innleiðingu á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja EB, sbr. 3. gr. frumvarpsins, en hins vegar eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna er leggja skyldur á herðar erlendum aðilum sem óska eftir að starfa á íslenskum markaði og 36. gr. laganna er varðar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga.

Við meðferð málsins spannst nokkur umræða um rök með og á móti því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu skráð í kauphöll og um túlkun á 36. gr. laganna varðandi þetta efni. Eftir að hafa hlýtt á mál gesta ákvað nefndin að leggja ekki til efnislegar breytingar á frumvarpinu er tækju sérstaklega á þessu eða breyttu gildandi framkvæmd. Nefndin mælist þó til þess að fjármálaráðherra taki málið til ítarlegrar skoðunar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands.

Að lokinni umfjöllun um málið og fundi með gestum ákvað nefndin að leggja til nokkrar breytingar á 4. gr. frumvarpsins sem flestar eru lagðar til vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum um málið auk þess að leggja til að við frumvarpið bætist ný grein er kveði sérstaklega á um innleiðingu framangreindrar EB-tilskipunar. Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins.

Í nál. eru síðan taldar upp þær breytingar sem nefndin leggur til og lýsing á þeim.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. meiri hl. félmn., 967. mál (einsetning grunnskólans). — Þskj. 1486.

[14:47]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd meiri hluta félmn. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Þetta er í sjálfu sér ekki stórvægileg breyting en hún er í þrennu lagi. Í fyrsta lagi að í stað ártalanna „2002–2005" komi: 2002–2006. Í öðru lagi að í stað orðanna „fyrstu þrjú árin" komi: fyrstu fjögur árin. Og í þriðja lagi að í stað ártalsins „2005" komi: 2006.

2. gr. frv. kveður á um að lögin öðlist þegar gildi. Greinargerðin er örstutt og ég ætla að lesa hana, með leyfi forseta:

Með lögum nr. 60/2002, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, var ákveðið að veita samtals 735 millj. kr. á árunum 2002–2005 úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans í sveitarfélögum með fleiri en 2.000 íbúa. Komið hefur í ljós að enn vantar tæpar 200 millj. kr. upp á að sveitarfélög geti lokið framkvæmdum sem þau eiga rétt á að fá styrktar samkvæmt reglum sjóðsins. Er því lagt til að gildistími ákvæðis til bráðabirgða IV verði framlengdur um eitt ár, sem felur í sér að lögbundið framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga verði veitt til verkefnisins líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Komi 200 millj. kr. til greiðslu á árinu 2005, í stað 135 millj. kr. samkvæmt gildandi lögum, og 135 millj. kr. á árinu 2006.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð.

Í sjálfu sér er þarna ekki um stórt mál að ræða heldur er verið að lengja ákvæðið um eitt ár ef þannig má að orði komast, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 856. mál (sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl.). — Þskj. 1313, nál. 1614, brtt. 1615.

[14:50]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil kynna breytingartillögur við frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

1. Við 3. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

b. 3. mgr. falli brott.

2. Við 6. gr. Í stað hlutfallstölunnar „$^3/_5$“ komi tvívegis: $^2/_3$.

3. Við 7. gr.

a. 1. mgr. a-liðar orðist svo:

Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „tillaga varðar“ í 1. mgr. b-liðar komi: tillögur varða.

c. Í stað hlutfallstölunnar „$^3/_5$“ í 4. mgr. c-liðar komi tvívegis: $^2/_3$.

d. Í stað orðanna „þessari grein“ í 5. mgr. c-liðar komi: þessu ákvæði.

4. Við 8. gr.

a. Á eftir orðunum „Ákvæði 7. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. bætist við: laga þessara.

b. Í stað orðanna „ákvæðum til bráðabirgða II–IV“ í síðari málslið 2. mgr. komi: b–d- lið 7. gr. (ákvæðum til bráðabirgða II–IV).

Eins og augljóst er við lestur þessara breytingartillagna er hér fyrst og fremst um tæknilega útfærslu að ræða sem farið var yfir í nefndinni og þær skýra sig að flestu leyti sjálfar. Fyrsta breytingin gengur fyrst og fremst út á það hvernig haga eigi málum ef skipta þarf um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum í sveitarstjórn og var um það nokkur umræða í nefndinni og voru fengnir á fund nefndarinnar fulltrúar bæði frá ráðuneytinu og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Aðrar greinar eru eins og ég sagði fyrst og fremst tæknilegs eðlis ef undan er skilið að verið er að breyta hlutfallstölu úr $^3/_5$ í $^2/_3$ eins og ég rakti áðan.

[14:54]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á því frv. sem er til umræðu. Hv. þm. gerði þokkalega grein fyrir þeim en ég tók þó eftir því að það skorti algerlega rökstuðning fyrir þeim breytingum sem gerðar eru varðandi kosningarnar, þ.e. þar sem verið er að breyta $^3/_5$ í $^2/_3$. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju verið er að hækka það hlutfall. Ég hélt að umræðan hefði frekar verið spurning um að lækka það frekar en hækka en ég vænti þess að einhver rökstuðningur liggi þarna á bak við og vona að hv. þm. veiti okkur sem í þingsalnum erum þá ánægju að fá að hlusta á rökstuðninginn fyrir því að verið er að hækka hlutfallið.

[14:55]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði hvers vegna væri verið að ræða um að hækka hlutfallið í stað þess að hafa það eins eða lækka það. Ef ég man rétt held ég að komið hafi athugasemd frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frekar en ráðuneytinu. Mig minnir að það hafi komið þaðan. Það voru ekki miklar umræður um það í nefndinni en öll sú vinna sem tengdist þessum breytingum miðaðist að því að ná sem víðtækastri sátt um málið þannig að menn tókust ekkert sérstaklega á um það. Ef menn reikna þetta út er þetta ekki mikil breyting en þó einhver og sá sem hér stendur minnist þess a.m.k. ekki að miklar mótbárur hafi verið við það í nefndinni en það er sjálfsagt og eðlilegt að ræða þetta eins og allt annað. Ég er þó nokkuð viss um að þetta voru athugasemdir sem komu frá sveitarfélögunum hvort sem það var í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga eða hvort það var niðurstaða fulltrúa sem sitja í nefnd sem hv. þm. þekkir vel og tengist sameiningu sveitarfélaga sem hefur fengið ábendingu um það á ferðum sínum um landið. Um slíka ábendingu var að ræða, þetta er ekki pólitísk stefnumótun eða að menn hafi tekið hana út frá þeim forsendum heldur er þetta fyrst og fremst sett inn til þess að reyna að ná sátt við sem flesta aðila og eins og ég segi þá voru ekki mótbárur í nefndinni við þessari breytingu, ef ég man rétt.

[14:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svo sem ekki mikið á svari hv. þm. að græða varðandi þetta en ekki er ólíklegt að ábending hafi komið einhvers staðar frá sveitarfélögum. Því var hvíslað mér úti í sal að hugsanlega væri þetta líka einnig til einföldunar, þ.e. að það væri oft auðveldara að finna hlutfallið $^2/_3$ af fjölda sveitarfélaga heldur en $^3/_5$, t.d. ef um þrjú sveitarfélög væri að ræða þá væri kannski svolítið flókið að finna $^3/_5$ af þeim þannig að það eru auðvitað rök sem er eðlilegt að hlusta á. En það er greinilegt að nefndin hefur ekki rætt hina leiðina vegna þess væntanlega að athugasemdir hafa ekki komið í þá átt til nefndarinnar að hugsanlegt væri að lækka hlutfallið. Það hefði auðvitað verið hægt að gera það líka en þetta er auðvitað fyrst og fremst tæknilegt atriði eins og kom fara hjá hv. þm. og við þurfum út af fyrir sig ekki að eyða miklum tíma í það. Ég kom aðallega í andsvar vegna

þess að ég hélt að hv. þm. hefði hugsanlega gleymt að færa rökstuðning fyrir þeim talnalegu breytingum sem hérna voru en ég geri ráð fyrir því að þar sem þetta er bara 2. umr. um málið að við fáum þá tíma jafnvel á milli umræðna og jafnvel í ræðuhöldum á eftir til að fara betur yfir tölurnar en ég er samt ekki með andsvörum mínum að gera endilega athugasemdir við þær. Ég var bara að leita eftir því hver rökstuðningurinn væri á bak við tölurnar.

[14:58]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór ágætlega yfir þetta og það er alveg rétt sem fram kom hjá honum að þetta er fyrst og fremst tæknilegt en í mínum huga er sjálfsagt að fara yfir þetta. Svo því sé til haga haldið þá er í rauninni bara um að ræða breytingartillögu um að ekkert breytist. Eins og staðan er í dag eða eins og þetta hljómar í lögunum núna er hlutfallið $^{2}/_{3}$ og það er vilji aðila að það haldist þannig og eðli málsins samkvæmt og í mínum huga er sjálfsagt að fara yfir þetta og ræða það. Þetta er ekki slíkt mál að menn geti ekki velt því vel fyrir sér og örugglega haft alls konar skoðanir á því og alveg sjálfsagt að reifa það.

[14:59]

Útbýting þingskjala:

Niðurstaða Samkeppnisstofnunar í máli tryggingafélaganna, 980. mál, svar viðskrh., þskj. 1681.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1708; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1709.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 462. mál, nál. allshn., þskj. 1706.

Tónlistarsjóður, 910. mál, brtt. BjörgvS o.fl., þskj. 1710.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 875. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1711.

[15:01]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um málið spunnust heilmiklar og uppbyggilegar umræður um stöðu sveitarfélaganna og hljómaði þar sú framtíðarmúsík sem menn heyrðu fyrir sér hvað varðaði stöðu, stærð, styrk og verkefni sveitarfélaga á komandi árum auk að sjálfsögðu umræðna um þá tvo meginþætti sem koma fram í nefndarálitinu, annars vegar að bæta gildandi ákvæði laganna hvað varðan skipan manna í nefndir og ráð og rýmka heimildir sveitarstjórna til að ábyrgjast lán til stofnana og fyrirtækja í þeirra eigu og hins vegar um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga sem fram munu fara vorið 2005 á grundvelli tillagna sameiningarnefndar sem félmrh. skipaði. Út frá hinu síðara spunnust hinar mjög svo ágætu umræður strax við 1. umr. þar sem félmrh. var við alla umræðuna og tók þátt í því að ræða með okkur hv. þingmönnum ýmsum úr flestum flokkum ef ekki öllum, held ég, ekki bara um stöðu einstakra sveitarfélaga og hvert stefni heldur einnig hvernig menn sæju verkefnaflutningnum til hagað á næstu árum og tekjustofnunum fyrir komið.

Í athugasemdum við lagafrv. er ágætlega gerð grein fyrir því átaki til eflingar sveitarfélaga sem stendur yfir, skulum við vona. Að minnsta kosti var því formlega hleypt af stokkunum í ágúst árið 2003 og felur samkvæmt því einkum í sér þrennt: Að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga og laga tekjustofna sveitarfélaganna að breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan. Þetta segir sérstaklega í erindisbréfi nefndarinnar þannig að það er óhætt, burt séð frá því hvaða skoðanir menn hafa á skipan í þá nefnd, að binda vonir við að átakið færi málið það hressilega úr stað að í maí árið 2005, þegar stefnt er að því að fram fari kosningar um ýmsar tillögur nefndarinnar um sameiningu sveitarfélaga, sjáum við verulegar breytingar á stöðu sveitarfélaganna fyrir okkur hvað varðar stærð þeirra, styrk, verkefni og tekjustofna.

Það gefur augaleið að ýmis sveitarfélög telja sig hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum af hálfu ríkisvaldsins við tilflutning verkefna og telja að sporin hræði og vilja stíga varlega til jarðar en upp úr flestum sveitarstjórnarmönnum stendur að menn vilja að sjálfsögðu sjá þá breytingu ganga yfir á einhverju árabili sem gengið hefur yfir alla Skandinavíu þar sem u.þ.b. 70% af verkefnum samfélagsins eru á forræði sveitarfélaganna og 30% á forræði ríkisins en hérna er það hins vegar algerlega öfugt þar sem 70% af verkefnum samfélagsins eru á forræði ríkisins en einungis 30% á forræði sveitarfélaganna. Samanborið við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum þar sem þykir hafa gefist ákaflega vel að laga samfélagið að þessu fyrirkomulagi með ýmiss konar háttalagi, þá tel ég að við eigum að hraða þeirri þróun hér og stefna að því að innan einhverra ára verði því svo fyrir komið að hlutfallið á milli verkefna ríkis og sveitarfélaga sé það sama á Íslandi og hinum norrænu löndunum, það sé hið eðlilega fyrirkomulag. Þess vegna er leiðinlegt hve lengi þessi mál hafa staðið í stað hér á landi og lítil þróun verið í gangi síðan sveitarfélögin tóku við grunnskólunum sem var náttúrlega risastórt skref og heppnaðist að mörgu leyti ákaflega vel.

Það sem ég tel mjög spennandi kost og sé fyrir mér á næstu árum og kemur vonandi út úr störfum þessarar nefndar er að sveitarfélögin taki yfir rekstur á framhaldsskólunum. Ég held að það yrði framhaldsskólunum til mikilla bóta, mundi fleyta þeim mjög fram um veg ef sveitarfélögin tækju þá yfir, enda eru sveitarfélögin flest hver miklu metnaðarfyllri og kraftmeiri í allri samfélagsuppbyggingu sinni en hið opinbera, þjónustan stendur miklu nær íbúunum og slík valddreifing frá ríki til sveitarfélaga er því mjög mikilvæg. Þar eru íbúarnir miklu nær stjórnsýslustiginu og hafa meira með sína hagi að gera og meiri aðgang að fulltrúum sínum, sveitarstjórnarmönnunum. Þess vegna held ég að tilfærsla reksturs framhaldsskólanna yfir til sveitarfélaganna væri mjög mikilvæg í þróuninni á tilflutningi tekjustofna og verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þar gætu menn séð það fyrir sér að sveitarfélögin mundu enn frekar laga framhaldsskólana að sérkennum hvers samfélags og sérkennum hvers sveitarfélags og væru þá framhaldsskólarnir enn þá fjölbreytilegri og litríkari en þeir eru í dag þó að þeir séu það svo sannarlega, enda er það einn besti kosturinn á íslenska menntakerfinu hve framhaldsskólarnir eru fjölbreytilegir. Slíkur tilflutningur á rekstri þeirra til sveitarfélaganna gæti því svo sannarlega stuðlað að því að þeir mundu enn frekar laga sig að sérkennum þeirra sveitarfélaga og landsvæða sem þeir eru staðettir í og verða íslensku samfélagi og menntakerfi til mikils framdráttar. Þetta er mjög spennandi og það verður mjög gaman að fylgjast með tillögunum sem koma frá umræddri nefnd sem sett var á laggirnar til að vinna að því að skipuleggja og skilgreina átak til eflingar á sveitarstjórnarstiginu. Það verður mjög gaman að fylgjast með því og menn bíða spenntir eftir því.

Hitt sem við ræddum nokkuð ítarlega og um spannst

skemmtileg umræða við 1. umr. málsins var hvað menn sjá fyrir sér í sameiningu sveitarfélaganna og er náttúrlega jákvætt ef menn geta náð fram verulegri sameiningu sveitarfélaga strax í maí árið 2005 án þess að til komi nokkurs konar lögþvinganir, enda ganga lögþvinganir um sameiningu sveitarfélaga oft þvert gegn tilfinningu og vilja íbúanna. Við höfum séð að það er ágætisuppskrift að brotlendingu í sameiningu sveitarfélaga og erfitt að halda utan um það. Langbest er að það gerist innan frá. Til marks um það að umræðan um sameiningu sveitarfélaga er að lifna við og taka sitt eigið flug úti í samfélaginu er að þar sem ég fylgist vel með, á Suðurlandi, hafa verið að birtast undanfarið greinar eftir sveitarstjórnarmenn og áhugamenn um sveitarstjórnarmál. Ég man sérstaklega eftir þremur greinum eftir Orra Hlöðversson, bæjarstjóra í Hveragerði, og bæjarfulltrúana í Hveragerði, Þorstein Hjartarson og Magnús Ágústsson, sem báðir eru bæjarfulltrúar Samf. í meirihlutasamstarfi við Framfl. í því sveitarfélagi, farsælu og kraftmiklu samstarfi sem hefur orðið því sveitarfélagi mjög til góðs enda mikil uppbygging í gangi í Hveragerði og íbúafjölgun veruleg. Þeir hafa sett fram hugmyndir um að skoða kosti þess að sameina allt Árborgarsvæðið eins og það er kallað. Magnús Ágústsson *nefndi sérstaklega tillögu um að sameina alla* Árnessýslu strax í einu skrefi því þar sem Árborgarsvæðið tæki til langflestra íbúa væri trúlega best að stíga skrefið til fulls og sameina alla Árnessýslu strax í eitt sveitarfélag. Þykir mér það mjög spennandi hugmynd og hvet eindregið þá nefnd sem er að störfum um sameiningu sveitarfélaga svo og heimamenn á því svæði til að taka þessa hugmynd upp á arma sína og skoða hana mjög gaumgæfilega.

Oft er best að ganga mjög hratt til verks og ljúka umræðu, leiða hana til lykta á næstu tólf mánuðum og kjósa um þessa tillögu í maí árið 2005, hvort þetta sé vilji íbúanna á þessu svæði, þó að ég viti að víða mætir hún að sjálfsögðu andstöðu og sums staðar vilja menn ekki sjá sameiningar og alls ekki svona stórar heldur sjá fyrir sér að fámennari og dreifbýlli hrepparnir sameinist í minni einingar og líta þá kannski frekar til þess að stóru sveitarfélögin á undirlendinu sameinist. Að sjálfsögðu er mikið til í þessu öllu og þarf að ræða það og skoða frá öllum hliðum og það er það sem ég er að hvetja menn til að gera, að skoða alla kosti sameiningar, líka sameiningarhugmyndirnar um stóru sveitarfélögin sem eru raunverulegt afl og atgervi til mótvægis eða til hliðar við stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og bjóða upp *á raunverulega valkosti fyrir þá sem vilja búa í stórum og* öflugum sveitarfélögum sem geta boðið íbúum sínum upp á margvíslega og öfluga þjónustu.

Við ræddum líka við 1. umr. mikilvægi þess að nefndin um átak til eflingar á sveitarstjórnarstiginu leggi ríka áherslu á það við ríkisvaldið þegar hún skilar tillögum sínum að menn fari gaumgæfilega ofan í mikilvægi þess að efla íbúalýðræði, efla beint lýðræði og sérstaklega á sveitarstjórnarstiginu þar sem auðvelt er að færa rök fyrir því að millilíðalausa lýðræðið eigi sérstaklega heima. Þar er nærþjónustan og þar er auðvelt að boða til atkvæðagreiðslu um hin ýmsu meginmál hvers sveitarfélags fyrir sig, hvort sem um er að ræða skólamál eða aðra grundvallarþjónustu fyrir íbúana og vil ég nota tækifærið í ræðustól Alþingis til að skora sérstaklega á nefndina, þessa verkefnisstjórn sem er ágætt að nefna hér og í eiga sæti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og þingmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir og Hjálmar Árnason, sem er formaður verkefnisstjórnar, og *Róbert Ragnarsson stjórnmálafræðingur* sem hefur verið ráðinn verkefnisstjóri í þessum undirnefndum.

Ég ætla að nota tækifærið til að skora á þá sem hafa þetta verkefni með höndum og hafa verið til þess valdir að beita sér mjög fyrir því að fram komi spennandi og róttækar hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga sem taka virkilega til ýmissa kosta ekki bara hinna smærri, svo og að menn gangi djarft fram í því að skilgreina hvaða verkefni menn vilja sjá á allra næstu árum að verði færð til sveitarfélaganna frá ríkinu í krafti þeirrar sameiningar sem fyrir dyrum stendur og tekjustofnatilfærslu og tekjustofnaleiðréttingu. Þetta eru allt grundvallarmál í íslenskum samfélagsverkefnum og eitt af meginviðfangsefnum Alþingis þessi missirin er verkefna- og tekjutilfærsla milli ríkis og sveitarfélaga. Ég tel mjög áríðandi að við það tækifæri sem blasir við okkur vorið 2005 og fyrir næstu almennu sveitarstjórnarkosningar árið 2006 gangi menn til leiks með fullburða og róttækar hugmyndir í þessa veru þannig að engum blandist hugur um að árangurinn af starfinu verði með þeim hætti að sveitarfélögin verði færri, þau verði stærri og þar af leiðandi til muna öflugri en þau mörg hver eru í dag þó svo að misjafnar ástæður liggi að sjálfsögðu að baki fjárhagslegri stöðu einstakra sveitarfélaga *og engin leið að ræða það undir einum hatti, enda eru* þau á annað hundrað talsins. Það er engin leið að ræða það með einhverjum alhæfingum, þar býr margt að baki. Sums staðar var ranglega gefið við verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnar ónógir, annars staðar búa aðrar ástæður að baki.

Það frv. sem hér liggur fyrir er að sjálfsögðu hið ágætasta mál og til þess gert að liðka fyrir málum en beinir sjónum okkar eðlilega og að sjálfsögðu að stöðu sveitarstjórnarstigsins almennt og þeirri framtíðarsýn sem við hljótum að nota tækifærið til að viðra hér og beina orðum og áskorunum til átaksnefndarinnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins þannig að hún megi koma fram með sem bestar og stærstar hugmyndir í þeim málum. Að mínu mati hefur allt of lítil umræða farið fram um þau á seinni árum í samfélaginu, hún er að sjálfsögðu sílifandi meðal stjórnmálamanna og innan einstakra sveitarstjórna, engum blandast hugur um það en það er gaman að sjá, eins og ég nefndi áðan, þegar sameiningarumræðan og umræðan um stöðu sveitarstjórnanna tekur flugið í samfélaginu, lifnar þar við sjálfsprottin hjá heimamönnum, hjá sveitarstjórnarmönnum, hjá forustumönnum heima í héraði, hjá héraðsfréttablöðunum þar sem *grasrótarumræðan út um allt land liggur.* Þaðan þarf þessi umræða að spretta, þaðan þurfa hugmyndirnar að koma og þaðan þurfa kröfurnar að koma. Þar þarf rökræðan um kosti og galla einstakra tillagna að fara fram á nægjanlegum tíma þannig að þegar fólk gengur að kjörborðinu og kýs um einstaka sameiningarkosti séu menn búnir að rökræða þá út frá öllum hliðum á málefnalegan og uppbyggilegan hátt þannig að kosningarnar verði til þess að menn kjósi það umhverfi og þann stærðarramma sem verður og heldur á næstu árum en endi ekki með þeim hætti að menn þurfi fljótlega aftur að taka upp sameininguna og leita nýrra leiða, skoða aðra kosti, menn hafi orðið af tækifærum, vegna þess að við sameiningu sveitarfélaga felast veruleg tækifæri, bæði fyrir einstök sveitarfélög, svo og fyrir byggðirnar, fyrir hinar dreifðu byggðir sem standa margar mjög höllum fæti vegna ólíkra og ýmissa þátta. Þá felast í sameiningu sveitarfélaganna að mínu mati ofboðslega stór tækifæri fyrir sveitarfélögin og því er svo mikilvægt að umræðan eigi sér bæði vandaðan aðdraganda

og fari í vandaðan feril þar sem menn vegast á með rökum, leiða málin til lykta og útkoman verði þannig að sveitarfélögin um allt land og ekki síst hinar dreifðu byggðir standi miklu sterkari eftir, miklu tilbúnari til að axla ábyrgð, til að axla verkefni og til að efla og bæta þjónustuna við íbúa sína þannig að það verði aðlaðandi kostur fyrir unga fólkið að setjast að ekki síður í hinum dreifðu byggðum eins og í byggðunum á suðvesturhorninu sem hafa íbúafjölgunina, kraftinn og þjónustugetuna.

Ef við viljum að fólk hafi eðlilegt val á milli landsbyggðar og höfuðborgar þá tel ég að því vali liggi algerlega til grundvallar um langa hríð að við sameinum sveitarfélögin og eflum þau til dáða þannig að þau geti boðið upp á raunverulega valkosti við sveitarfélögin sunnan lands, sveitarfélögin vestan lands, sveitarfélögin á suðvesturhorninu þar sem er íbúafjölgun, þar sem er kraftur og uppbygging og ekki sá hrunadans margra hinna dreifðu byggða að fólki fækki á listanum yfir íbúa sveitarfélaganna milli ára, ömurleg þróun, verðgildi eigna lítið, ótti í brjósti íbúanna um framtíð sinna byggða, allt sem rekur á eftir fólki að fara meðan eitthvað er að hafa af eigum sínum. Þeirri þróun þurfum við að snúa við, herra forseti, og ég held að þeim viðsnúningi liggi algerlega til grundvallar að við komum þannig út úr sameiningarkosningunum í maí 2005 að við séum með mun færri sveitarfélög, miklu stærri og sterkari, sem gefa íbúum sínum kost á því að verða mótvægi við þær byggðir sem standa vel í dag og sem við öll eða langflest viljum sjá gerast á næstu árum.

[15:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er nú komið til 2. umr. og það varð nokkur umræða um það við 1. umr. þess. Þar ræddi ég m.a. um að ég væri ekki fullkomlega ánægður með frv. Mér fannst vanta ákveðinn botn í málið sem ég hef lengi talið að þyrfti að vera í því. Ég ætla ekki að endurtaka ræðu mína frá því þá sem fyrst og fremst gekk út á það að hæla þeim fyrirætlunum sem komu fram í frv. um að stuðla að sameiningu sveitarfélaga. Ég held að í raun og veru hafi verið staðið prýðilega að þeim undirbúningi sem gerður var í málinu og ég veit að það er fullur hugur og vilji hjá stjórnvöldum og sveitarfélögum að hér verði um verulega breytingu að ræða og eflingu sveitarfélaganna og grunnmarkmiðið er að öll sveitarfélög í landinu geti staðið undir svipaðri þjónustu. Þau geti tekið að sér svipuð verkefni frá hinu opinbera og verkefni verði flutt til sveitarfélaganna frá hinu opinbera. Í þessu felast að mínu viti afar miklir möguleikar fyrir sveitarfélög úti á landi til að fá til sín opinbera starfsemi og eflast og auðvitað líka að eflast með því að verða sterkari og eiga þá jafnvel möguleika á því að taka á í atvinnumálum eða í aukinni þjónustu við fólkið sem býr í þeim sveitarfélögum.

En það sem ég taldi á skorta og taldi mig færa nokkuð góð rök fyrir við 1. umr. virðist ekki hafa dugað til að félmn. kæmist að þeirri niðurstöðu að ganga ætti til móts við þau sjónarmið. Þau voru að jafnframt þyrfti að setja hærri lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögin. Ég færði fram þau rök fyrir því að 50 íbúa markið væri svo lágt að það væri gersamlega fráleitt að halda áfram að hafa það. Það veldur því að örsmá sveitarfélög geta haldið áfram að standa utan við þau sveitarfélög sem hér er verið að tala um að skapa og það er vilji til þess í fáeinum sveitarfélögum í landinu að gera það. Hann hefur ítrekað komið fram í umræðum um sameiningu sveitarfélaga og í kosningum um sameiningu sveitarfélaga. Í flestum tilfellum, en þó ekki nærri öllum, er um að ræða sveitarfélög sem af einhverjum ástæðum hafa meiri tekjur en önnur og þær einhverju ástæður eru í öllum tilfellum vegna þess að hið opinbera hefur tekið ákvörðun um að setja niður einhvers konar starfsemi innan þeirra sveitarfélaga. Það er gersamlega óþolandi að í slíkum sveitarfélögum verði það niðurstaða að vera ekki með í sameiningu sveitarfélaga.

Ég hef frekar fengið svör við því á göngum Alþingis og annars staðar hvers vegna menn hafi ekki viljað hækka lágmarkið. Svörin eru þau að þetta verði síðasta frjálsa sameiningin. Ef ekki verði allir með verði framhaldið að setja lög og ég segi bara hvers lags vinnubrögð eru það? Hvers vegna segja menn ekki það sem þeim býr í brjósti í þeirri lagasetningu sem hér fer fram? Mér finnst að menn eigi að gera það og ég kalla líka eftir því af því að ég hef líka heyrt þau svör og haldnar hafa verið ræður í hv. Alþingi, að vísu færri núna en oft áður, um að ekki megi beita lagaþvingun til sameiningar sveitarfélaga, menn vilja ekki standa að því. Þá þurfa viðkomandi, finnst mér líka, að koma upp og rökstyðja hvers vegna þeir styðja 50 íbúa lágmarkið því það er nákvæmlega sams konar lögþvingun fólgin í því, og henni hefur reyndar oft verið beitt, og yrði í einhverju öðru íbúalágmarki. Þess vegna hefur mér fundist skorta nokkuð á hjá þeim sem ekki vilja að þetta íbúalágmark verði hækkað að koma og rökstyðja hvers vegna þeir vilja hafa 50 íbúa lágmarkið áfram en ekki einhverja aðra tölu.

Ég vil meina að það sé ákveðin hætta á ferðum gagnvart þessu máli einfaldlega vegna þess að það getur komið í veg fyrir það á einstökum svæðum að til verði þau sveitarfélög sem ættu að verða til ef allir stæðu frammi fyrir því að þeir þyrftu að taka á í sameiningarmálum og þeir mundu t.d. samkvæmt því lagafrv. sem ég hef flutt undanfarin ár hafa fullt svigrúm til þess að taka þátt í frjálsri sameiningu vegna þess að í því frv. var alltaf gert ráð fyrir að menn hefðu þennan frest til þess að ná samkomulagi um sameiningu, reyndar þriggja ára frest. Það er hálfundarlegt af hálfu Alþingis að hér séu sett lög sem er ætlað það hlutverk að stækka sveitarfélögin í landinu og það kæmi síðan í ljós að eftir þann feril yrði sett löggjöf um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum. Að mínu viti gæti það ekki orðið nema með einhverjum aðlögunartíma sem ég tel að væri hæfilegur þrjú ár. Ég er enn þá á þeirri skoðun. Það mundi þýða að sá ferill sem verið er að setja í gang til stækkunar sveitarfélaga lengdist um þrjú ár vegna þeirra sveitarfélaga sem ekki vildu verða með. Það er þess vegna sem ég hef haldið því fram að skynsamlegt hefði verið hjá hv. félmn. að bæta inn í frv. ákvæðum af sama tagi og ég hef flutt í frv. á undanförnum árum um hærri lágmarksíbúatölu sveitarfélaga. Þar er ég ekkert endilega að tala um 1.000 íbúa lágmark frekar en eitthvað annað. En fyrst og fremst að íbúalágmarkið verði hækkað með þeim hætti að sveitarfélögin sem hafa fram að þessu talið að þau ættu ekki að sameinast öðrum sveitarfélögum vegna tekna sinna eða af einhverjum öðrum sérástæðum vissu það og gengju algerlega að því vísu að svo lítil sveitarfélög yrðu ekki til í landinu til frambúðar og það er að mínu viti skylda löggjafans að tala skýrt í þessu máli. Það er alveg greinilegt miðað við almennan pólitískan vilja í landinu til þess að færa verkefni og þjónustu til sveitarfélaganna að það er ekki raunverulegur pólitískur vilji fyrir því að svo örsmá sveitarfélög verði til til framtíðar sem nú er gert ráð fyrir í löggjöfinni. Mér finnst þess vegna að félmn. hafi ekki velt þessu máli nógu gaumgæfilega fyrir sér og því hvaða afleiðingar það getur haft á

einstökum svæðum og jafnvel á flutning verkefna almennt til sveitarfélaganna vegna þess að auðvitað þurfa sveitarfélögin að geta veitt sambærilega þjónustu. Íbúar sveitarfélaga hljóta að þurfa að geta gert kröfu um það að þeir fái sambærilega þjónustu í sveitarfélögunum. Það munu hin litlu sveitarfélög aldrei geta uppfyllt.

Hugsanlegt hefði verið að menn hefðu velt fyrir sér einhverjum öðrum möguleikum og ég ætla ekki að halda langar ræður um þá hluti en það eru auðvitað tilteknir möguleikar til þess að koma á sameiginlegri þjónustu sveitarfélaga en það er auðvitað bara hálfkák og engin ástæða til að fara slíkar leiðir vegna þess að þetta er sú einfaldasta og þetta er sú leið sem verður ofan á að lokum. En það er veruleg hætta á því að þessi mál muni tefjast að einhverju leyti vegna þess að menn hafa ekki treyst sér til að slá almennilega botninn í tunnuna.

Ég verð því að að þessu leyti að lýsa yfir vonbrigðum mínu með niðurstöðu nefndarinnar og ég kalla eftir rökstuðningi og viðbrögðum við því sem ég er að segja vegna þess að ég sé ástæðu til að það komi fram við umræðuna hvort það sé virkilega svo að ég sé í fullkomnum minni hluta með það sjónarmið sem ég hef verið að halda fram. Ég hef nefnilega grun um að það sé ekkert endilega svo. En ég hafði ekki hugsað mér að standa í því að flytja frv. mitt sem ég hef gengist fyrir að verði borið fram á Alþingi, sem reyndar fleiri flytja, sem breytingartillögu við þetta mál nema að einhver tilgangur væri í því. Ég hef engan áhuga á því að láta það gerast sem iðulega gerist í sölum Alþingis að menn fella jafnvel þingmál sem þeir í hjarta sínu eru sammála vegna þess að það er einhver pólitísk niðurstaða að það skuli ekki ganga fram. Þess vegna taldi ég best að senda skilaboð við 1. umr. og óska eftir því að nefndin fjallaði vandlega um málið og ég veit að hún hefur fjallað um það. En niðurstaðan hefur sem sagt orðið sú að láta það eiga sig sem alveg klárlega mun verða til þess að á einhverjum svæðum á Íslandi verða vanburðug sveitarfélög sem ekki munu geta tekið að sér þau verkefni sem almenn pólitísk samstaða er um að flutt verði til sveitarfélaganna. Ég blæs á þær röksemdir að það eigi að virða sjálfstæði sveitarfélaganna vegna þess að sjálfstæði sveitarfélaganna er sjálfstæði þeirra sveitarfélaga sem pólitísk niðurstaða í landinu verður um að verði í framtíðinni. Það þýðir ekkert að koma upp í ræðustól á Alþingi og tala um að gefa verði mönnum tækifæri til að ákveða þetta sjálfir þegar menn segja svo á göngum Alþingis: Svo setjum við bara lög á þá ef þeir verða ekki með núna. Mér finnst það ekki skemmtileg pólitík sem þannig er rekin. Það er miklu nær að menn fái að vita hvernig framtíðin verður hjá þeim þannig að þeir geti hugsað málin út frá því og að við þurfum ekki að standa frammi fyrir því að slá botninn í málið og gera það kannski þremur árum seinna en annars væri hægt að gera.

Ég ætla að öðru leyti ekki að fara yfir málið en ég vildi ræða þennan hluta þess vegna þess að mér fannst full ástæða til úr því að menn treystu sér ekki til að taka á því, og læt máli mínu lokið, hæstv. forseti.

[15:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki tekið undir þau ummæli að rétt sé að blása á sjálfstæði eða vilja sveitarfélaga. (Gripið fram í.) Það var reyndar ekki það sem hv. þm. meinti, ég veit það, hann var að setja þetta í það samhengi að menn kæmu hreint til dyranna og það hefur verið stefna undangenginna ára að efla sveitarstjórnarstigið. Menn hafa reynt að flytja verkefni sem áður voru á hendi ríkisins yfir til sveitarfélaganna. Grunnskólinn var þannig færður til og önnur verkefni. Ráðist hefur verið í tilraunaverkefni og ljóst að áfram verður haldið á þeirri braut eða það er mjög líkleg þróun.

Samhliða hefur verið reynt að efla sveitarstjórnarstigið með sameiningu sveitarfélaga og síðsumars ákvað ríkisstjórnin að hefja í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga átak til að efla sveitarstjórnarstigið. Skipuð var verkefnisstjórn og tvær undirnefndir, annars vegar um fjármálin, um aðlögun tekjustofna sveitarfélaganna, og hins vegar um sameiningu sveitarfélaga. Sú nefnd hefur mjög viðamikið umboð. Kveðið er á um það umboð í 7. gr. þess frv. sem hér er til umfjöllunar. Þar segir eftirfarandi um verkefni sameiningarnefndarinnar, með leyfi forseta:

„Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

Nefndin skal kynna sveitarstjórnum og samtökum þeirra tillögur sínar og veita þeim hæfilegan frest til að gera athugasemdir við tillögurnar. Einnig skal gefa almenningi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Þegar frestur til að skila athugasemdum við sameiningartillögur er liðinn skal sameiningarnefnd fara yfir athugasemdir. Að því loknu skal nefndin ákveða hvort hún gerir breytingar á tillögu, dregur hana til baka eða leggur hana fram óbreytta. Endanlegar tillögur nefndarinnar skal auglýsa í dagblöðum og á annan þann hátt sem nefndin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða samtök þeirra."

Þetta segir a-lið 7. gr. og í d-liðnum segir, með leyfi forseta:

„Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og skal gera nýja kjörskrá" o.s.frv.

Með öðrum orðum hér er kveðið á um allmikið vald sem þessi sameiningarnefnd mun hafa. Þetta minnir pínulítið á starfshætti í Evrópusambandinu þar sem ríkjum er gefið tækifæri til að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að bandalaginu eða ákvarðanir sem teknar eru á vegum þess og svo vita menn að sami háttur er hafður á og gert er á klósettinu, það er sturtað niður þangað til vatnið er orðið hreint. Menn hætta ekki fyrr en niðurstaðan er orðin sú rétta og þjóðin er komin inn í Evrópusambandið eða búin að samþykkja þann samning sem lagður var fyrir hana. Þetta er sama fyrirkomulagið sem menn ætla að hafa á við sveitarfélögin. Menn ætla sér að sameina sveitarfélögin og þessi sameiningarnefnd hefur fengið það verkefni. Hún kynnir tillögur sínar og síðan ákveður hún hvenær hún setur tillöguna fyrir aftur jafnvel þótt hún hafi verið felld í atkvæðagreiðslu eða hún breytir tillögunni lítillega. Hún ætlar að ná sínu fram.

Ástæðan fyrir því að ég gat ekki samþykkt frv. nema með fyrirvara voru vinnubrögðin sem viðhöfð eru í tengslum við þessa sameiningu og staðnæmist ég þá við skipan í sameiningarnefndina. Það hefði verið eðlilegt að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi hefðu fengið fulltrúa í nefndina. Það stóð í stappi frá því í sumar eða í haust á milli félmrn. annars vegar og þeirra stjórnmálaflokka sem átti að útiloka frá aðild að nefndinni hins vegar. Bæði Frjálsl. og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerðu kröfu um að fá aðild að nefndinni en

án árangurs. Ég fór til fundar við fulltrúa félmrn. í haust þar sem mér var kynnt að til stæði að setja nefndina á fót og spurt hvort við vildum fá einhvers konar áheyrn að nefndinni. Ég sagði að okkar vilji kæmi án efa til með að standa til þess að fá fulla aðild að nefndinni og hófust nú bréfaskriftir milli þessara flokka, Frjálsl. og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og niðurstaðan varð sú, því miður, að félmrn. neitaði okkur um aðild að nefndinni. Ég ætla ekki að fara að rekja þær bréfaskriftir þó að þær séu mjög fróðlegar en við sáum okkur knúin til að skrifa Sambandi íslenskra sveitarfélaga og gera grein fyrir málinu og í bréfi sem sent var 13. febrúar árið 2004 segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þykir rétt og nauðsynlegt að skýra fyrir sveitarfélögum landsins hvers vegna þingflokkur VG á engan fulltrúa í nefnd félagsmálaráðuneytisins um breytta sveitarfélagaskipan sem þegar hefur hafið störf og er ætlað að skila niðurstöðum á þessu ári. Þingflokki VG barst í nóvember sl. bréf frá félagsmálaráðuneytinu þess efnis að þingflokknum gæfist kostur á að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefnd sem félagsmálaráðherra hafði ákveðið að skipa til að undirbúa og leggja fram tillögu um breytta sveitarfélagaskipan."

Í svari þingflokksins við bréfi ráðuneytisins sagði m.a.:

„Það hlýtur að teljast bæði lýðræðislegt og vænlegt til árangurs að viðhafa þverpólitískt samstarf og leita sem víðtækastrar samstöðu um undirbúning að breyttri sveitarfélagaskipan. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vill gjarnan taka þátt í slíku starfi en því aðeins að fulltrúi þingflokksins og þau sjónarmið sem hann hefur fram að færa fyrir hönd flokksins njóti þar sama réttar og önnur. Þingflokkurinn lýsir furðu sinni á því að ráðherra skuli ætla að útiloka tvo af fimm þingflokkum á Alþingi frá því að taka óskertan þátt í starfi fyrrgreindrar nefndar og lýsir um leið undrun á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við undirbúning málsins.

Þingflokknum barst annað bréf frá félagsmálaráðuneytinu í janúar sl. þar sem það ítrekar ósk um tilnefningu áheyrnarfulltrúa án þess að nokkur breyting hafi verið gerð á fyrirkomulagi nefndarstarfsins. Þingflokkur VG ítrekaði fyrir sitt leyti röksemdir sem fram komu í fyrra bréfi og hvatti ráðuneytið til að endurskoða afstöðu sína.

Þingflokkurinn leggur áherslu á að sveitarfélögunum og samtökum þeirra sé ljóst hvers vegna enginn fulltrúi VG starfar í nefndinni um breytta sveitarfélagaskipan. Þar er ekki um að kenna áhugaleysi Vinstri grænna, þvert á móti, heldur óviðunandi vinnubrögðum félagsmálaráðherra. Þingflokkurinn hvorki vill né getur undirgengist þá skilmála sem félagsmálaráðherra reynir að knýja fram í þessu máli þó ekki væri nema fordæmisins vegna. Um leið og þingflokkurinn kemur þessum upplýsingum á framfæri er leitað eftir stuðningi sveitarfélagana við að allir þingflokkar verði látnir sitja við sama borð í þessu efni.

Meðfylgjandi eru afrit af bréfaskiptum þingflokks VG og félagsmálaráðuneytisins."

Undir bréfið skrifar Kristín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri VG, en afrit var sent landshlutasamtökum sveitarfélaga og félmrh.

Mér þótti rétt að þetta kæmi fram við umræðuna en almennt vil ég segja að það er að mörgu leyti ánægjuleg þróun hvernig sveitarstjórnarstigið hefur smám saman verið að styrkjast á undanförnum árum. Ég tel það vera mjög gott og mjög æskilegt og sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það sé æskilegt að stækka sveitarfélögin þannig að þau séu í stakk búin til að taka við auknum verkefnum. Auðvitað skiptir öllu máli í því samhengi að þeim séu fengnir tekjustofnar sem duga til að rísa undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem fylgja starfrækslu fleiri verkefna. Við vitum hvernig fór með yfirfærslu grunnskólans að þar er það útbreitt sjónarmið í röðum kennara að ekki hafi fylgt nægir peningar með yfirfærslunni þó að það sé umdeilt atriði, ég þekki það. Deilt er um það hvort og þá að hvaða marki eigi að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaganna og sýnist sitt hverjum í því efni en öllu máli skiptir að sjálfsögðu, það er kannski erfitt að alhæfa um það, að nægir peningar fylgi með og þá að sjálfsögðu að sveitarfélögin séu orðin það burðug og fjölmenn að þau geti axlað þær skuldbindingar sem fylgja slíkum viðamiklum verkefnum.

Ég hef fyrir mitt leyti og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði haft efasemdir um flutning á þeim verkefnum og viljað fá það alveg geirneglt áður að nægir peningar fylgi með slíkri yfirfærslu. Þegar á heildina er litið er ég sammála og fylgjandi þessari þróun en vildi vekja rækilega athygli á því að tveir þingflokkar eru útilokaðir frá sameiningarnefndinni sem hefur mjög veigamiklu hlutverki að gegna.

[15:46]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég skal ekki segja um þessa nefnd sem ráðherra skipar en mér finnst ekki sniðugt að ráðherrar skipi menn í nefndir með tilnefningum eða einhvers konar ráðslagi úr flokkunum. Ég held að það sé betra að kjósa slíkar nefndir á Alþingi. Hins vegar hef ég átt orðastað við hv. þm. Ögmund Jónasson síðasta áratuginn um sameiningarmál af ýmsu tagi og við höfum ekki verið sammála í því. Ég hef talið að a.m.k. í pólitíkinni sé betra að vera í stórum flokkum, vera í miklu samstarfi jafnvel þó að menn kunni að hafa ágreining sín á milli og ná því þess vegna fram með stærðarhagkvæmni eins og mundi verða sagt í bisness sem ekki fæst í litlu flokkunum. Hann hefur hins vegar lagt áherslu á það, hv. þm., að mikilvægt sé að ýmis sjónarmið eigi sér sína fulltrúa og það sé í raun mikilvægara fyrir lýðræðið að slík sjónarmið komi fram og séu sjálfstæð og ekki í neinni undirokun af öðrum en að menn leggi áherslu á það sem sameinar og stjórni t.d. landinu í krafti þess.

Ég ber fulla virðingu fyrir þessu sjónarmiði þó að ég telji það rangt í því tilviki sem hér um ræðir en ég vil benda hv. þm. á að það er ekki hægt að gera tvennt í senn, bæði að sleppa og halda. Það er ekki hægt að vera í litlum flokki og vita að hann verður aldrei mjög stór og leggja áherslu á sjálfstæði sitt og skoðanir sínar og krefjast síðan þess réttar sem stór flokkur fær í krafti þingmanna sinna og atkvæða sinna. Ég skil ekki alveg hvernig hægt er að sameina það að vilja vera í litlum flokki og telja það síðan sérstakan lýðræðislegan skort að sá litli flokkur sé ekki jafngildur og hinir stóru.

[15:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð taldi mikilvægt að allir þingflokkar kæmu að þessari nefnd var sú að í sumum tilvikum, og það teljum við eiga sér stað í þessu, er mikilvægt að fá öll sjónarmið, fá sem flest sjónarmið að borði. Sú er ástæðan fyrir því að við töldum mikilvægt að allir þingflokkar á Alþingi fengju aðild að nefndinni, ekki til þess að eitthvert eitt sjónarmið yrði

ríkjandi heldur að sem flest sjónarmið kæmu að því starfi. Við töldum það þjóna málefninu.

Annað sem fram kom í máli hv. þm. ætla ég að láta liggja á milli hluta. Mér fannst hann lýsa afstöðu minni heiðarlega og skilmerkilega framan af en komst síðan að niðurstöðu sem ég ætla að leyfa honum að vera einum um.

[15:50]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek fram að þetta er í fullri vinsemd, enda erum við hv. þm. bæði persónulega og pólitískt afar skyldir að ég tel. En það er auðvitað þannig að það er svolítið erfitt að sameina þetta tvennt í þessu máli. Ég benti t.d. á það í umræðunni um Þingvallanefnd þar sem menn hafa kannski tekið aðra afstöðu að til þess að koma fulltrúum allra þingflokka fyrir í einni nefnd dugar ekki að það séu 11 menn í nefndinni, samanber fjárln., þar sem þingstyrkur Vinstri grænna og Frjálsl., hvors flokks í sínu lagi, dugar ekki nema til þess að ná inn einum manni. Þannig að þá erum við með 15 manna nefndir nema að það sé eitthvert það fyrirkomulag að menn fari með mörg atkvæði í nefndinni. Þarna er um að ræða nefnd sem virðist vera þannig að afl atkvæða á að ráða. Mér sýnist að lokatillögur nefndarinnar verði að vera þannig ef í odda skerst að það sé afl atkvæða sem eigi að ráða. Það væri því ólýðræðislegt ef flokkur sem er með fjóra, fimm eða sex, tvo eða einn þingmann gæti komið inn í slíka nefnd og vigtað þar jafnmikið og segjum Sjálfstfl. sem enn er stærstur, þó það verði ekki mikið lengur í Íslandssögunni, með 22. Það er auðvitað ekki lýðræði í því þó að ég fallist á að öll sjónarmið eigi að koma fram og þess vegna var kannski ekkert óeðlilegt hjá ráðherranum, sem ég er ekki að verja hér, að gera ráð fyrir því að áheyrnarfulltrúar kæmu frá þeim flokkum sem ekki fengju beina aðild.

[15:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að menn verða að taka niðurstöðum í lýðræðislegum kosningum. Sumir flokkar eru stærri en aðrir, það er alveg rétt, og þá kjósendum til umhugsunar í komandi kosningum hvaða sjónarmið þeir vilja styrkja. En ég er einvörðungu að benda á að í sumum tilvikum getur það verið málefni til góðs að hleypa öllum sjónarmiðum að. Ég nefni t.d. að við áttum sæti í EFTA-nefnd þingsins á síðasta kjörtímabili og ég held að flestum beri saman um að það hafi verið starfinu í EFTA-nefndinni til góðs að hafa sjónarmið VG þar við borðið. Nú er það ekki lengur og þau sjónarmið sem eru allrík í samfélaginu úr þeim kjósendahópi sem stendur að baki okkur, og við erum að tala þar um tíunda hluta kjósenda, komast ekki að þeirri umræðu sem þar fer fram og ég held að það sé samdóma álit flestra að það sé ekki til góðs. Þótt ég fallist alveg á þau sjónarmið að við tökum að sjálfsögðu niðurstöðum lýðræðislegra kosninga þá er það iðulega svo að það er hlutfallið sem ræður, það er alveg rétt, en í sumum tilvikum og á það er ég að leggja áherslu, er rétt að hleypa sjónarmiðum allra að borði vegna þess að í starfi nefndar á borð við þessa á að byggja á samstöðuhugsuninni fremur en að það myndist meiri hluti eða minni hluti. Menn vinna sig sameiginlega að niðurstöðu og eins og ég skil það er ekki um að ræða að pólitískar línur skipti mönnum en þarna er um að ræða tengingar inn í pólitíska flokka í landinu og þannig hefði ég talið að betur hefði verið staðið að málum í lýðræðislegu tilliti, a.m.k. erum við mjög ósátt við þessa afgreiðslu félmrn.

[15:54]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem er fyrsta skref í átt að því markmiði hæstv. félmrh. Árna Magnússonar að efla og styrkja sveitarstjórnarstigið í landinu. Í því fyrsta skrefi felst að skipuð hefur verið sérstök verkefnisstjórn og undir hana heyra tvær undirnefndir sem eiga að hafa það að markmiði annars vegar að vinna tillögur um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga og hins vegar að undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga í landinu. Stefnt er að því að tillögur umræddrar sameiningarnefndar verði tilbúnar fyrir lok maí 2004 þannig að hér er unnið hratt, enda er um mikilvægt mál að ræða. Það er mjög mikilvægt að við á hinu háa Alþingi beitum okkur fyrir því að sveitarstjórnarstigið eflist og við flytjum verkefni til sveitarfélaganna í landinu.

Mikil umræða hefur verið á umliðnum árum um verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga og sjálfur hallast ég að þeirri skoðun varðandi þá nærþjónustu sem sveitarfélögin veita í dag, svo sem félagsþjónustu, að sveitarfélögin geti innt meiri þjónustu af hendi. Ég vil nefna þar í fyrsta lagi málefni fatlaðra en eins og margir vita sem hér eru átti mikil umræða sér stað á síðasta kjörtímabili um flutning málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga en á síðustu stundu varð því miður ekki af þeim flutningi málaflokksins. Tel ég að málaflokkurinn hafi liðið fyrir það að af þeim flutningi varð ekki þó að stórkostlegar úrbætur hafi átt sér stað í þeim málaflokki á síðustu árum. En ég vil minna á það út af umræðu sem var hér áðan, að lítil sveitarfélög væru oft að hindra framþróun í málefnum sveitarfélaganna hér á landi, að það voru ekki litlu sveitarfélögin sem stoppuðu þann flutning, síður en svo. Ef við tökum fyrir málefni fatlaðra standa lítil sveitarfélög víða um land mjög myndarlega að þeim málaflokki. Ég get tekið sem dæmi Húnavatnssýslur og Norðurland vestra. Siglufjörður, Skagafjörður og báðar Húnavatnssýslurnar hafa byggðasamlög um málaflokk fatlaðra og sú þjónusta sem þar er innt af hendi er til mikillar fyrirmyndar.

Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson flutti okkur að hann sé reiðubúinn til viðræðna um að heilsugæslan og heimahjúkrunin flytjist frá ríki til sveitarfélaga. Að sjálfsögðu þurfa tekjustofnar að fylgja með slíkum flutningi. Við sjáum það í hendi okkar að í mörgum sveitarfélögum, og þar höfum við til að mynda horft til sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem heimahjúkrun er samtvinnuð félagsþjónustu og málaflokki fatlaðra, skiptir þetta mjög miklu máli og ég hef trú á því að ef við komum þessum málaflokkum yfir til sveitarfélaganna væri hægt að inna af hendi mun betri þjónustu en veitt er í dag þó að hún sé að mörgu leyti ágæt, en það leiðir af sjálfu sér að með því að hafa slíka nærþjónustu á einni hendi verður yfirsýnin mun betri og hagræðing í þjónustu og gæði þjónustunnar mun tvímælalaust aukast. Ég held að við getum ekki deilt um það.

Menn ræða um framhaldsskóla og margt fleira, jafnvel löggæslu, og ég get tekið undir margt af því og ég held að við séum að hefja umræðu sem er af hinu góða. Við verðum að hafa það í huga að flutningur málaflokka frá ríki til sveitarfélaga er gríðarlega stórt byggðamál því með því að efla sveitarstjórnarstigið í landinu eflum við þau sveitarfélög sem eru til að mynda á landsbyggðinni sem geta þar af leiðandi sinnt þörfum íbúa sinna mun betur en þau hefðu annars gert og það frv. sem við ræðum hér er fyrsta skrefið í

þá átt því við getum einfaldlega ekki flutt viðamikla og stóra málaflokka frá ríki til sveitarfélaga nema með því að stækka sveitarfélögin. En ég nefni samt eins og ég gerði áðan að lítil sveitarfélög hafa þó sinnt til að mynda eins og málaflokki fatlaðra mjög vel. Svo getum við tekið önnur dæmi þar sem um það er ekki að ræða en það er mjög mikilvægt að sveitarfélög sinni lögboðnum skyldum sínum.

Hvað varðar umræðuna um lágmarksfjölda í viðkomandi sveitarfélögum, að við hv. alþingismenn ættum að breyta lögum og hækka þá tölu úr 50 upp í eitthvað óskilgreint, þá eru margar hliðar á því máli. Ég fagna því að í 2. mgr. 7. gr. laganna segir, en þar er verið að ræða um sameiningarnefndina, með leyfi forseta:

„Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði."

Ég vil gera að mínum orðum það sem stendur í þessari málsgrein að hafa skuli hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum því þær skipta tvímælalaust mjög miklu máli og við getum ekki farið að sameina sveitarfélög í blindni vítt og breitt um landið án þess að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna. Við vitum að það eru sameiningar í gangi víða um landið. Við sjáum að hreppar í Húnavatnssýslu eru að huga að sameiningu og sveitarfélög á Austurlandi, bæði niðri á Fjörðum og uppi á Héraði eru að huga að því og það er vel því ég held að það muni styrkja þessi landsvæði. Og við sjáum önnur sveitarfélög hér á landi, við getum tekið sem dæmi sveitarfélagið Grímsey sem rétt losar 100 íbúa markið, ég lýsi því yfir að ég er ekki sannfærður um að það bætti þjónustu við íbúa Grímseyjar að sameina Grímsey öðru sveitarfélagi. Ég hef ekki tekið neina endanlega efnislega afstöðu til þess en ég held að menn þurfi að huga mjög vel að því að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna og annarra slíkra þátta.

Hvað varðar þróunina og hvað átt hefur sér stað á umliðnum árum þá beitti þáv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, sér fyrir því árið 1994 eða 1995 að fara bæri í átak til þess að efla og styrkja sveitarfélögin og fækka þeim þar með. Því miður tókst það átak ekki sem skyldi og í ljósi þeirrar sögu er mjög mikilvægt og okkur er það ljóst, hv. þingmönnum, að vanda ber vel það verk sem við stefnum að. Ég fagna því ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar þar sem hann bar lof á það starf sem félmrh. hefur innt af hendi því það er mjög mikilvægt. En ef við lítum á það þá minnir mig að árið 1995 hafi sveitarfélögin hér á landi verið um 170, í dag eru þau eitthvað í kringum 100 þannig að á tæpum tíu árum hefur sveitarfélögum fækkað um u.þ.b. 70 og það er auðvitað mikil og ör þróun. Við getum náttúrlega spurt okkur að því hvort reynslan af slíkri þróun þurfi ekki að sanna sig í þeim tilvikum og íbúar þeirra sveitarfélaga þurfi að venja sig við þær aðstæður sem þar eru.

Í umsögnum um frv. er kveðið á um að kostnaður sveitarfélaga við það átak gæti verið um 20–50 millj. kr. en þess ber þó að geta að hið opinbera styrkir sveitarfélögin í þeirri viðleitni því að viðkomandi sveitarfélög geta sótt um stuðning til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að mæta þeim kostnaði að mestu eða öllu leyti.

Ég vil annars segja um frv. að það er unnið í mikilli og góðri samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar þess komu á fund hv. félmn. og það var ekki annað að heyra en að málið væri unnið í góðri samvinnu við þau samtök.

Ég vil að öðru leyti fagna frv. og lýsa yfir stuðningi mínum við það. Ég held að það frv. sem hér um ræðir marki nokkur tímamót í sögu sveitarstjórnarstigsins því við erum að fara inn í tíma mikilla sameininga og vonandi þá tíma að verkefni verði flutt í meira mæli frá ríki til sveitarfélaga því að það er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir íbúa, ekki síst íbúa landsbyggðarinnar, að af því verði því ef þau fyrirheit sem í frv. felast verða að veruleika munu viðkomandi sveitarfélög styrkjast og eflast. Ég fagna því að tekjustofnarnir verði endurskoðaðir um leið og vonandi mun það og ég hef trú á því leiða til þess að sveitarstjórnarstigið í heild sinni eflist í landinu öllu, ekki síst á landsbyggðinni.

[16:05]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er fróðlegt að hlýða á þessar umræður fyrir okkur sem ekki sitjum í viðkomandi þingnefnd. „Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði" stendur í frv., með leyfi forseta, og undir það tók síðasti hv. ræðumaður. Ég vil spyrja hann tveggja spurninga af því tilefni af því að þetta er merkileg hugmynd eins og hún stendur hér, þ.e. að hvert sveitarfélag sé heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði. Í fyrsta lagi: Finnst honum þetta líka vera öfugt, þ.e. að hvert atvinnu- og þjónustusvæði eigi þá að vera eitt sveitarfélag og hver yrði þá framtíðin á höfuðborgarsvæðinu ef honum finnst það? Í öðru lagi: Telur hann að Grímsey, með fullri virðingu fyrir Grímsey að sjálfsögðu, sé heildstætt þjónustusvæði þegar kemur að skólagöngu ungmenna og aðbúnaði fatlaðra t.d.?

[16:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Ég vil ekki útiloka það að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu geti ekki sameinast líkt og sveitarfélög vítt og breitt um landið. En þá minni ég á málflutning hv. samfylkingarmanna sem mér finnst áhugaverður og hef tekið að nokkru leyti undir varðandi íbúalýðræðið að það er mjög vandasamt mál og ber að fara varlega í því samhengi því við viljum verja og standa vörð um íbúalýðræðið. Sjálfur er ég búsettur hluta úr ári í Grafarvoginum og ég heyri það stundum á nágrönnum mínum að mönnum finnst vanta eitthvað upp á íbúalýðræðið. Ég held því að menn þurfi að huga vel að þeim þætti áður en menn fara að stækka sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu kannski í 150 eða 170 þúsund manna sveitarfélag. Menn þurfa að huga vel að því áður en þeir gera það og ég er síður en svo að lýsa yfir beinum stuðningi við það.

[16:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að minnast á það áhugaefni okkar samfylkingarmanna að það sé íbúalýðræði í sveitarfélögunum. Ég held samt að bæði á höfuðborgarsvæðinu og varðandi Grímsey hljótum við að horfa á það að annars vegar þarf að vera til eining sem sér mönnum fyrir ákveðinni þjónustu og verður að geta borið hana uppi. Hins vegar getur komið til greina að í lögum eða a.m.k. í reglum sveitarfélaganna sjálfra séu ákvæði um að til sé ákveðin hverfisstjórn, ef maður talar sem borgarbúi, eða sveitarstjórn eða sveitarráð sem er undir því og það er það sem maður á auðvitað við t.d. með því að hagur Grímseyinga kunni að verða betri með því að vera hluti af öðru sveitarfélagi,

hvað þá hreppar sem eru í raun og veru til upp á punt eða vegna sérstakra aðstæðna eins og Skilmannahreppur og Skorradalur.

[16:08]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson fór fallegum orðum um flutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Oft hefur maður heyrt slíkar ræður en lítið kannski fylgt þeim nema fögur orð en ekki hvernig fara eigi að því í raun og veru.

Hann talaði um að hann hefði séð eftir því á sínum tíma að málefni fatlaðra hefðu ekki verið flutt til sveitarfélaganna. Ég held að obbinn af sveitarstjórnarmönnum í landinu taki ekki undir þau orð vegna þess að menn vildu einfaldlega ekki taka við málefnum fatlaðra vegna þess að menn treystu ekki ríkinu eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna fyrir því að tekjur fylgdu til að standa almennilega undir því að reka þann mikilvæga málaflokk.

Nú eru sveitarfélög í landinu að gera upp síðasta ár hvert á fætur öðru og þeir reikningar eru ekki fallegir. Það er verulegur halli á rekstri sveitarfélaga vegna þess að kröfurnar um hvaða þjónustu þau eiga að sinna eru alltaf að aukast og þau hafa einfaldlega ekki tekjur til að standa undir því. Er hv. þm. tilbúinn til að beita sér fyrir því í þeirri vinnu sem nú er að tekjuskiptingin verði endurskoðuð almennilega?

[16:09]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara í beinar söguskýringar á því hvað olli því á sínum tíma að málaflokkur fatlaðra var ekki fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Hins vegar er það svo í dag að ríkisvaldið hefur verið að reyna að byggja upp traust á milli þessara tveggja aðila. Mikilvægum áfanga var náð á sínum tíma með samkomulagi milli félmrh. og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að þau frv. sem varða sveitarfélögin í landinu og snerta málasvið félmrn. og umhvrn. fari til kostnaðarumsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélögum. Ég tel reyndar að svo ætti að vera um öll frv. er varða beint fjárhag sveitarfélaganna í landinu. Ég held því að við höfum verið að stíga rétt skref í þá átt en ég segi það enn og aftur að ég fagna því og vona að hv. þm. taki undir það með mér að með þessu frv. á líka að taka tekjustofna sveitarfélaga til endurskoðunar.

[16:10]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þm. að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. væri að reyna að byggja upp traust milli þessara tveggja stjórnsýslustiga og ég held að ég geti upplýst þingmanninn um að það hefur algerlega mistekist. Ein ástæðan fyrir því er sú að sveitarfélögin hafa til lengri tíma verið að reyna að fá viðræður við ríkisvaldið um tekjuskiptinguna. Einu svörin hafa verið að sveitarfélögin hafi nógar tekjur, þau eigi bara að sýna meiri ráðdeild.

Það kom fram í ræðu hv. þm. að hægt væri að flytja heilsugæsluna og heimahjúkrun til sveitarfélaga. Mig langar að spyrja hv. þm. að því hvernig það getur aukið traust á milli þessara tveggja aðila að tala um að flytja heilsugæslu til sveitarfélaganna á sama tíma og hæstv. heilbrrh. kemur með tillögur um að sameina allar heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi og jafnvel að taka þar heilsugæslu sem sveitarfélag hefur óskað eftir að taka yfir og steypa henni inn í þá stóru sameiningu. Hvernig í ósköpunum á það að geta skapað traust á milli aðila?

[16:12]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að sá málflutningur sem hv. 10. þm. Suðurk., Jón Gunnarsson, viðhafði hér endurspegli ekki að öllu leyti viðhorf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem þar talaði náttúrlega sveitarstjórnarmaður því að í starfi mínu sem aðstoðarmaður félmrh. varð ég ekki var við annað í tíð Páls Pétursonar en að samskipti ríkis og sveitarfélaga væru að mörgu leyti mjög góð og ég hafna því að trúnaðarbrestur hafi orðið þar á milli.

Ég vil minna hv. þm. á að á árunum 1991–1995 þegar annar ráðherra eða aðrir ráðherrar voru þar við völd var ekki sama lognið og ég held að við gætum rifjað upp samskipti ríkis og sveitarfélaga í þá daga. Aðalatriðið er að við erum að reyna að efla sveitarstjórnarstigið í landinu og bæta hag sveitarstjórna með þessu frv. og ég vona að hv. þingheimur samþykki það.

[16:13]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birkir J. Jónsson flutti ágæta ræðu velviljaða sveitarstjórnarstiginu og þeim hugmyndum sem hafa verið til umræðu í dag um að efla það. Hann kom víða við og vil ég staldra við þrjá þætti og draga þá saman í þessu stutta andsvari í þremur spurningum til hv. þm. Í fyrsta lagi af því að hann tók Grímsey sem dæmi vil ég spyrja: Er einhver skilgreining á lágmarksstærð sveitarfélaga sem hann vill styðjast við? Í öðru lagi: Hvert þykir honum vera óskahlutfall á milli verkefna ríkis og sveitarfélaga en eins og við ræddum fyrr í dag er það 70 á móti 30 hér og öfugt í Skandinavíu sveitarfélögunum í vil? Og í þriðja lagi vegna þess að hann nefndi mikilvægi þess að auka og efla íbúalýðræði í landinu. Hefði hann t.d. viljað sjá færslu Hringbrautarinnar fara í atkvæðagreiðslu borgarbúa fyrst hann tók dæmi um viðhorf Grafarvogsbúa?

[16:14]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég nái ekki að svara þremur spurningum á einni mínútu og bið hv. þm. afsökunar á því. En ég vildi kannski ræða það mál er hann innti mig eftir er varðaði landfræðilegar aðstæður að þá er ég ekkert endilega sannfærður um það að tölur eins og 1.000 eða 500 séu réttar. Ég er einfaldlega ekki búinn að sjá það. Ég úttalaði mig ekkert um það mál. Ég held að við eigum eftir að ræða málið á næstu mánuðum. En ég vil segja að ég bind miklar vonir við vinnu nefndanna sem skipaðar hafa verið, þverpólitísku nefndir að miklu leyti þó umdeilt sé, og tel að þær muni ná fram sátt í þessu máli og enn og aftur efla sveitarstjórnarstigið í landinu.

[16:15]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég túlka svarið sem svo að þingmaðurinn vilji ekki skilgreina einhverja lágmarksstærð heldur að leyfa því að fljóta eftir því hvernig málum er háttað í einstökum sveitarfélögum. En til að gefa honum kost á að svara síðustu spurningunum þá ákvað ég að koma upp aftur og þá fær hann aðra mínútu til að koma í síðara sinn í andsvar. Þær spurningar lutu að hlutfalli verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga og hins vegar að títtnefndu íbúalýðræði sem er mjög fyrir borð borið á Íslandi í allt of mörgum tilfellum þó svo að það hafi verulega aukist í seinni tíð með tilkomu

íbúaþinganna o.s.frv. og margt hefur færst til betri vegar. Og hvað varðar stórpólitískt mál sem uppi hefur verið í umræðum upp á síðkastið, þ.e. hvort færsla Hringbrautarinnar hefði átt að fara fyrir kjósendur í Reykjavík, þá vil ég sérstaklega kalla fram viðhorf hans í því þar sem hún mun koma honum við í ferðum hans frá Grafarvogi og niður á hið háa Alþingi á næstu árum.

[16:16]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örlítið um lágmarksíbúatöluna. Mér finnst sjálfsagt að skoða það að hækka jafnvel eitthvað þau mörk. Ég er ekki tilbúinn til að úttala mig um það á þessu stigi hvar þau mörk eigi að liggja en vil segja að hæstv. félmrh. hefur gefið það út að í lok vinnu nefndanna muni hann skoða hver árangur þess starfs hefur verið og hann hefur sjálfur nefnt að það komi vel til greina að setja einhverja lágmarksviðmiðun.

Ég býð ekki í það ef hv. alþm. færu að skipta sér af því hvar einstakir vegir ættu að liggja á Siglufirði eða á Egilsstöðum og ég vil ekki skipta mér af málefnum borgarstjórnar Reykjavíkur úr púlti á hinu háa Alþingi.

[16:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Röksemdin sem hv. þm. hafði fyrir því að vilja ekki hækka íbúalágmarkið í sveitarfélögunum var sótt til Grímseyjar. Sveitarstjórnarlögin eru mjög skynsamleg. Í þeim er gert ráð fyrir að það geti verið til sveitarfélög sem eru minni en lágmarkið gerir ráð fyrir og það hafa alla tíð á meðan þessi lög hafa gilt verið til sveitarfélög í landinu sem hafa verið með lægri íbúatölu en 50. Ég nefni Mjóafjörð sem dæmi. (**Gripið fram í:** Hið mikla vígi.) Það er auðvitað vegna samgönguleysis við það svæði. Rökin fyrir því að vera á móti hækkuninni geta því ekki verið sótt í landfræðileg vandamál eins og þessi. Mér finnst þess vegna að hv. þm. skuldi hv. Alþingi önnur rök hvað það varðar. Lögin geta staðið áfram óbreytt en landfræðileg rök fyrir því að sveitarfélag geti ekki verið með öðrum standa áfram í lögunum og munu auðvitað gilda.

[16:18]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti vænt um að hv. þm. Jóhann Ársælsson skyldi nefna Mjóafjörð sem dæmi hvað varðar undantekningu í sveitarstjórnarlögum. Þar býr margt mjög gott fólk og vel meinandi og þangað kem ég reglulega. Ég held að ég hv. þm. séum að mörgu leyti sammála. Ég er á því, ef það hefur ekki komið skýrt fram, að það megi alveg hækka mörkin. Það sem ég hef einfaldlega sagt í þessari umræðu er að ég hef ekki enn þá myndað mér skoðun um hvar þau mörk eiga að liggja en eins og ég benti á áðan hefur hæstv. ráðherra sagt að honum finnist koma til greina að hækka mörkin að einhverju leyti.

[16:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nákvæmlega það sem ég var að setja út á í ræðu minni að í allri þeirri vinnu sem búin er að fara fram og umræðum um sameiningu sveitarfélaga og stækkun og eflingu þeirra skuli menn enn þá sitja með þá niðurstöðu að hafa ekki getað klárað sig af því hvort þeir vilji hafa íbúalágmarkið 50 og rökstyðja þá að það skuli vera þannig áfram eða hvaða annað íbúalágmark eigi þá að vera. Það er auðvitað varla boðlegt á hv. Alþingi eftir alla þá umræðu og öll þau ár sem sú umræða hefur staðið að menn skuli ekki enn hafa klárað sig af því hvaða afstöðu þeir hafa til þessa hluta málsins.

[16:20]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég og hæstv. félmrh. erum nýsestir inn á Alþingi og höfum svo sem haft skoðanir á þessum málum utan þings að einhverju leyti en ég vil benda hv. þm. á að skoðanir Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið að breytast í þá átt að það beri að hækka markið. En það er ekki fyrr en nú á allra síðustu árum sem einhvers konar samstaða hefur átt sér stað um það.

Ég held, og er sammála hæstv. félmrh. í því efni, að við eigum að skoða árangurinn af sameiningu. Ég nefndi það hér að fjórir eða fimm hreppar í Húnavatnssýslu eru að sameinast, frekar fámennir hreppar, en ég held að við ættum að skoða hver árangurinn af þessu átaki verður. Síðan hefur hæstv. ráðherra sagt að það komi til greina að hækka lágmarkið og ég styð hann í því.

[16:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það kennir ýmissa grasa í því frv. sem hér er til umræðu og af ólíkum toga þannig að það er kannski ástæða til að kaflaskipta ræðu um efni þess. Það sem hæst ber eru auðvitað þau ákvæði frv. sem eiga að stuðla að atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu eins og það heitir í greinargerð með frv.

Ég vil segja það strax, herra forseti, að ég er ekkert afskaplega uppnuminn yfir átökum af þessu tagi. Ég gekk í gegnum umræðu um það á sínum tíma árið 1992–1993 þar sem lausnarorðið fyrir landsbyggðina var sameining sveitarfélaga. Það átti að gefa mönnum vítamínsprautu til að takast á við verkefni þau sem sveitarfélögin glímdu við og ná árangri með þeim hætti þannig að það tækist að snúa við ýmsum neikvæðum þáttum í byggðaþróun. Við þekkjum reynsluna af því. Hún hefur verið alla vega, sums staðar ágæt og önnur miður. Segja má að undanfarin ár hafi sveitarstjórnarmenn tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra aðstæðna sem þeir búa við og þeirrar löggjafar sem er um hlutverk sveitarfélaga og tekjustofna þeirra. Ég hygg að segja megi að það hafi verið allmikið um það að sveitarfélögin hafi séð sér hag í því að sameinast og snúa bökum saman til þess að glíma við þau verkefni sem menn hafa undir höndum í þeirri von að geta veitt íbúum sínum betri þjónustu en áður var. Sérstaklega er það áberandi á svæðum þar sem eru dreifbýl landbúnaðarhéruð og kannski einn eða tveir byggðakjarnar innan um og góðar samgöngur á því svæði. Þar er nokkuð rakið að það er ávinningur af því fyrir sveitarstjórnir eða sveitarfélög að sameinast og það er það sem hefur verið að gerast á síðustu árum og mér sýnist að sú þróun sé enn í gangi.

Þá kemur spurningin: Er ástæða til að fara í sérstakt átak að nýju og hvað á að koma út úr því? Svar mitt við því, herra forseti, er að ég sé enga þörf fyrir sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga að óbreyttu hlutverki sveitarfélaga eða óbreyttum möguleikum þeirra varðandi tekjustofna. Ég tel að sú þróun sem er í gangi á grundvelli þeirra laga sem menn starfa eftir sé nægjanleg til þess að sameiningar verði þar sem það skilar árangri og bætir þjónustu, sérstaklega í sveitahreppunum eins og ég gat um fyrr. Ég spyr því í raun og veru ekki um það hvort nauðsynlegt sé að efna til atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga heldur hvort ekki sé nauðsynlegt að efna til ákvörðunar um hlutverk

sveitarfélaga og tekjustofna áður en menn ákveða eitthvað annað. Mér finnst að menn séu að fara fram úr sjálfum sér með því að telja það eitthvað sérstaklega brýnt verkefni um þessar mundir að steypa sveitarfélögum út í kosningar um sameiningu, deilur um tillögurnar sem verða settar fram, og taka málið úr höndum sveitarstjórnarmanna sem eru með verkefnin dags daglega og hafa verið með þau síðustu ár. Ég hef því ekki verið í hópi þeirra sem hafa talið þetta með brýnustu verkefnum og er algerlega ósammála stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í þeim efnum. Ég spyr miklu frekar: Hvaða hugmyndir eru menn með í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hvaða hugmyndir eru menn með varðandi tekjustofna sveitarfélaga? Og þegar eitthvað handfast liggur fyrir í þeim efnum er hægt að meta hvort breytingarnar séu líklegar til að styrkja sveitarfélögin frá því sem nú er, gefa sveitarstjórnarmönnum meiri möguleika á að sinna betur þeim verkefnum sem þeir hafa eða gefa þeim ný verkefni sem þeir hafa ekki í dag en aðrir og sérstaklega ríkið eru með undir höndum.

Það getur verið að bættur fjárhagur eða fleiri verkefni á höndum sveitarstjórnarmanna geti verið tæki til að bæta þjónustu við íbúana og getur verið ávinningur af því að stuðla að því að það nái fram að ganga. Það kann að vera skynsamlegt að mínu mati við slíkar aðstæður ef einhverjar bitastæðar tillögur eru í þeim efnum að leggjast á árina með mönnum sem telja rétt að samhliða því að taka upp þessar breytingar á tekjum og verkefnum verði gerðar breytingar á sveitarfélagamörkum.

Í mínum huga eru breytingar á sveitarfélagamörkum í raun og veru aukaatriði málsins. Það færir mönnum ekkert nýtt og á landsbyggðinni er veikleikinn fyrst og fremst fólginn í atvinnumálum. Hann er ekki fyrst og fremst fólginn í því að sveitarfélögin geti ekki veitt nægilega góða þjónustu. Þar sem sá veikleiki er fyrir hendi eru sameiningar í gangi og þá fyrst og fremst í fámennum sveitarfélögum og dreifbýlum. Íbúar þeirra sjá sér hag í því að sameinast öðrum sveitarfélögum þar sem er þéttbýli og öflugur byggðakjarni og sækja til þeirra betri þjónustu en þeir geta veitt sér sjálfir þannig að ég held að menn séu dálítið á vitlausu spori. Það er ekki við því að búast á landsvæðum þar sem atvinnumál hafa þróast með þeim hætti, eins og bæði er í landbúnaði og sjávarútvegi, að störfum fækkar og það leiðir til þess að framboð á atvinnu í þeim byggðarlögum er minna og íbúum fækkar, að því verði breytt með sameiningu sveitarfélaga. Því verður aðeins breytt með því að menn taki á í atvinnumálum, leggi annaðhvort til fé til að byggja upp ný fyrirtæki eða skapa ný fyrirtæki og ný störf í stað þeirra sem hverfa eða menn dreifi þjónustu ríkisins með öðrum hætti en er í dag þannig að störf sem eru t.d. fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu dreifist á fleiri staði landsins en nú er. Þannig tækist að skapa mönnum ný atvinnutækifæri og það getur gerst með tilflutningi verkefna.

Í þessu máli er út af fyrir sig ekkert að finna um verkefnatilfærslu eða tekjustofnaákvarðanir. Það eru aðrar nefndir sem eru með það og ekkert sem liggur fyrir eftir því sem ég best veit á þessu stigi hvar menn muni bera niður í þeim efnum og hvað verður lagt til. Ég held að menn eigi fyrst og fremst að einblína á það áður en farið er að lögfesta einhver ákvæði sem skylda íbúa þessara sveitarfélaga til að fara í kosningar um sameiningu sveitarfélaga sem þeir fá ekki einu sinni sjálfir að ákveða hverjar verða því það er tekið úr höndum sveitarstjórnarmanna að ákvarða hvaða tillögur á að kjósa um. Mér finnst það eiginlega óþarfi að sýna sveitarstjórnarmönnum slíkt vantraust. Þeir hafa verið kosnir til þessara verka og geta auðvitað sjálfir best metið hvort rétt er að fara í slíkar kosningar og þá um hvað á að kjósa. Ég held að það sé ekki til bóta að draga það ákvörðunarvald úr höndunum á þeim sem eru kjörnir til þess að vega og meta þau mál.

Ef við veltum því fyrir okkur hvað væri helst sem gæti gefið mönnum nýtt líf eða nýja innspýtingu í atvinnulífið þá eru það viðfangsefni sem eru í raun og veru utan verkefna sveitarfélaga. Það hefur þróast þannig að sveitarfélög eru þjónustustofnanir eða aðilar sem veita þjónustu á ýmsum sviðum en hafa dregið sig út úr atvinnumálum. Ég hygg að það sé dálítið erfitt að snúa viðhorfum manna við í þeim efnum núna og fá menn til að samþykkja að það sé rétt að sveitarfélögin hafi afskipti af atvinnumálum, t.d. því að vera mikið í atvinnuuppbyggingu. Sveitarfélögin hafa því ekki færi til þess að beita sér í þeim efnum. Það sem liggur beinast við er að skoða breytta verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þannig að menn velti því fyrir sér hvort sveitarfélög eða samtök þeirra, samstarf þeirra með einhverjum hætti, geti tekið að sér verkefni sem ríkið er með í dag. Ég er út af fyrir sig alveg opinn fyrir því að menn ræði breytingar í þeim efnum og mér finnst að menn eigi að skoða það fyrst farið var inn á þá braut að sveitarfélögin yfirtóku grunnskólastigið og eru með leikskólastigið, hvort rétt sé að halda áfram og skoða það að sveitarfélögin yfirtaki framhaldsskólastigið og jafnvel háskólastigið að einhverju leyti. Mér finnst það vera hlutir sem eru vel þess virði að skoða og eru auðvitað dálítið flóknir því þá þyrfti svæðisbundið samstarf sveitarfélaga eða stóra sameiningu sveitarfélaga til að taka við því verkefni. Það má auðvitað líka hugsa sér rekstur sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og þá eru sveitarfélögin komin inn á þá braut að sjá að einhverju leyti og jafnvel verulegu leyti um heilbrigðismálin. Það út af fyrir sig styðst við fordæmi. Sveitarfélögin ráku heilsugæslustöðvarnar fram undir 1990 en þá var ákveðið að snúa við blaðinu á grundvelli þeirrar stefnu að hrein skil ættu að vera á milli ríkis og sveitarfélaga og bæði stigin ættu ekki að vera í heilbrigðismálum, skólamálum o.s.frv. Það er út af fyrir sig lína sem menn geta haldið sig við en menn hafa vikið frá henni með því að færa grunnskólann yfir á sveitarfélögin og þess vegna held ég að það sé ekki lengur ofan á að halda sig við hina hreinu verkaskiptingu og því komi til álita að skoða þetta allt saman.

Ég hef hins vegar meiri áhuga á því að menn skoði ákveðin verkefni ríkisins sem snúa að eftirliti með starfi fyrirtækja eða eftirliti með náttúrunni hvort sem það er á landi eða sjó þannig að sveitarfélögin færi sig meira inn á það svið ríkisins sem hefur verið í mestum vexti, enda fylgdi því þá líka tilfærsla á störfum sem gagnaðist kannski þeim sveitarfélögum sem störfin eru flutt til til uppbyggingar og styrkti viðkomandi byggðarlög eða landsvæði.

Það er afar óeðlilegt fyrirkomulag sem við búum við í dag að uppbyggingin í þjónustunni sé á stórum sviðum hjá hinu opinbera og nær einvörðungu á einu landsvæði. Það er óeðlilegt fyrirkomulag og leiðir einfaldlega til þess að menn þjappa þjóðinni saman á einn stað og valda hinum hluta þjóðarinnar meiri erfiðleikum við að veita íbúum sínum þjónustu og fjölbreytni í atvinnu sem nauðsynleg er til þess að geta staðið í raun og veru í samkeppni við stóra svæðið eða höfuðborgarsvæðið. Ég held að menn eigi að

vera frjóir í hugsun varðandi verkaskiptingu og ófeimnir við að setja fram hugmyndir í þeim efnum. Menn eiga líka að vera ófeimnir við að opna nýjar leiðir í tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Menn mega ekki gleyma því að sveitarstjórnarmenn eru kjörnir rétt eins og alþingismenn þannig að það er ekkert óeðlilegt við það að þeir geti lagt á skatta alveg eins og alþingismenn geta gert með lögum. Ég held því að menn eigi að skoða hvort ekki sé rétt að veita sveitarstjórnarmönnum rýmri heimildir til að leggja á gjöld og skatta. Menn hafa farið hina leiðina síðustu ár og þrengt þessar heimildir sem ég tel miður. Ég tel að sveitarstjórnarmenn eigi að hafa heimildir til þess að ákvarða breytilega skatta og þurfi svo að svara fyrir ákvarðanir sínar frammi fyrir íbúum sínum. Það fyrirkomulag sem hefur þróast síðustu ár, að færa þetta meira inn í lögin, gerir það líka að verkum að sveitarstjórnarmenn geta vísað ábyrgðinni yfir á alþingismenn og komið sér undan því að svara kjósendum fyrir frammistöðu í störfum sínum. Ég held því að það væri eðlilegt að færa ábyrgðina meira til sveitarstjórnarmanna um nýtingu tekjustofna og gefa þeim rýmri möguleika til að leggja á þau gjöld.

Ég held t.d. að sveitarstjórnir eigi að hafa hlutdeild í óbeinum sköttum. Óbeinir skattar endurspegla veltuna í þjóðfélaginu sem getur verið misjöfn eftir landsvæðum og mundu þá jafna í raun og veru út til landsins alls tekjunum af þessum sveiflubundnu sköttum þannig að ég hef verið talsmaður þess að sveitarfélögin hefðu hlutdeild í óbeinum sköttum.

Ég held líka að menn þurfi að hugsa um það að sveitarfélögin hafi tekjur af atvinnurekstri. Eins og tekjustofnar hafa þróast á síðustu 20 árum hefur dregið úr sambandinu á milli atvinnureksturs og sveitarfélags. Atvinnufyrirtækin í dag greiða í raun og veru enga skatta til sveitarfélagsins nema fasteignaskatt. Tekjuskattur og annað rennur til ríkissjóðs, tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur, og það er búið að leggja niður aðstöðugjaldið þannig að í raun og veru er sambandið á milli atvinnurekstursins og sveitarfélagsins nánast ekki neitt. Ég held að sveitarfélögin eigi að hafa tekjur af rekstri atvinnufyrirtækja þannig að þau hafi hag af því að halda atvinnurekstrinum í sínu byggðarlagi og njóti þess sem hann gefur af sér. Ég tel því ástæðu til að skoða mjög ítarlega róttækar breytingar á tekjustofnum og tekjuákvörðunum sveitarfélaga og á verkefnum sveitarfélaga. Það er það sem að mínu mati á að einblína á. Menn eiga að leggja höfuðáherslu á að koma fram með hugmyndir í þeim þáttum sem menn telja að geti skipt sköpum varðandi uppbygginu og íbúaþróun á landsbyggðinni. Það að kjósa um sameiningu sveitarfélaga er algert aukaatriði og hefur eitt og sér ekkert að segja um framtíðarþróun á þeim landsvæðum sem kosið verður á.

Ég hef ekkert blandað mér inn í þetta mál og ég hef ekki fylgst svo mikið með því en það sem ég hef heyrt á sveitarstjórnarmönnum um málið er fremur á þann veg að þeir hafi lítinn sem engan áhuga á þessu og spyrja frekar eftir aðgerðum í atvinnumálum og tekjum sveitarfélaga. Þeir vilja fá svör við því og úrbætur á þeim sviðum en kalla ekki eftir atkvæðagreiðslum um sameiningu sveitarfélaga.

Ég vildi, herra forseti, láta það koma fram sem mína almennu afstöðu til málsins að átak til sameiningar sveitarfélaga er eitthvað sem ég tel ekki brýnt um þessar mundir en getur verið liður í víðtækari áætlun sem lýtur að verkaskiptingu og tekjustofnum. Ég tel t.d. að menn eigi alveg leyfa sér það að tengja saman land og sjó þannig að sveitarfélög hafi aðgang að eða eitthvað um það að segja hvernig auðlindir eru nýttar, hvort sem þær auðlindir eru á landi eða í sjónum. Ég er ekki það mikill ríkissinni að ég telji að allt eigi að vera miðstýrt frá hendi ríkisvaldsins, allar ákvarðanir í þessum efnum, heldur held ég að það gæti gefið mörgum byggðarlögum á landsbyggðinni nýtt líf ef þau gætu tekið ákvarðanir í þessum efnum í ríkari mæli en nú er. Eða dettur nokkrum í hug ef sveitarstjórn Breiðdalshrepps og Stöðvarfjarðarhrepps á sunnanverðum Austfjörðum hefði heimild til þess að ráðstafa veiðiheimildum í einhverjum mæli að það væri ósanngjarnt? Mér fyndist það ekki ósanngjarnt. Það þýddi ekki að sveitarstjórnin stæði í atvinnurekstri heldur að hún hefði möguleika á að tryggja atvinnurekstur í byggðarlögum sínum og jafnvel að hún gæti haft tekjur af því því það er orðið þannig í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að veiðiheimildir hafa fengið verð og þeir sem þurfa að komast yfir veiðiheimildir verða að borga fyrir þær og það væri út af fyrir sig ekkert ósanngjarnt að sveitarfélög fengju einhvern hluta af þeirri greiðslu sem útgerðarmenn inna af hendi fyrir veiðiheimildir. Ég legg þetta inn í umræðuna um sameiningu sveitarfélaga.

Ég vil svo ekki hafa miklar skoðanir á þeim framkvæmdaratriðum sem eru í frv. nema mér finnst nokkuð langt gengið að lögfesta það í lagatexta sem er að finna í 7. gr. frv. að ef íbúar í einhverju sveitarfélagi vilja ekki samþykkja þá tillögu sem fyrir þá er lögð um sameiningu sveitarfélaga eigi að skylda þá til að kjósa aftur. Það er ekki nóg að menn segi nei heldur verða þeir að segja nei aftur. Segi menn hins vegar já fá þeir aldrei að segja neitt framar, hvorki já eða nei. Mér finnst það dálítið einhliða val. Þetta er eins og í söknardagakerfinu sem við vorum að ræða í gær þar sem menn mega bara velja á annan veginn. Mér finnst þetta eiginlega ganga fulllangt í að stýra ákvörðun íbúanna í einhvern annan farveg en þeir í raun og veru sýna sjálfir að þeir vilji.

Það mætti þá alveg eins bæta því við úr því að menn telja nauðsynlegt að íbúar sem vilja ekki sameinast eða samþykkja tiltekna tillögu um sameiningu og ítreka nei sitt, að gera ætti hinum sveitarfélögunum skylt að efna til annarrar atkvæðagreiðslu þar sem sameiningin var upphaflega samþykkt til að ganga úr skugga um að íbúarnir vilji þá sameiningu sem stendur til boða því það er önnur tillaga en lögð var fyrir þá í upphafi. Það má því færa fyrir því ágæt rök að úr því að menn telja nauðsynlegt að tvítaka kosningu í þeim tilvikum sem íbúar hafna sameiningu að þá sé rétt að tvítaka kosningu í þeim tilvikum þar sem íbúar samþykkja sameiningu með sömu rökum. Það eru efnisleg rök að það sé í raun ekki sama tillagan eða sama sameiningin sem stendur fyrir dyrum og kosið var um þannig að afstaða íbúanna til breyttrar sameiningar liggur ekki fyrir.

Ég ætla að láta þetta duga um þetta átak og með þeim orðum að ég kalla eftir því að menn sýni dálitla dirfsku og hugrekki í hugmyndum um breytingar á verkefnum og tekjustofnum. Það er það sem mestu máli skiptir að menn nái góðum tillögum fram.

Ég vil svo víkja aðeins að öðrum ákvæðum frv. sem eru af allt öðrum toga en er ástæða til að leggja fram og ég dreg ekkert úr því. Þar á ég fyrst og fremst við 3. gr. frv. sem gerir ráð fyrir því að breyta gildandi ákvæðum sveitarstjórnarlaga sem kveða á um kosningu í ráð og nefndir. 4. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga eins og hún er í dag veitir meiri hluta í sveitarstjórn heimild til þess að víkja einstökum fulltrúum

úr nefndum. Nú höfum við rekist á mjög sérkennilegt dæmi um hvernig þetta hefur verið framkvæmt í Dalasýslu. Þar ákvað meiri hluti í sveitarstjórn að víkja einum sveitarstjórnarmanni úr ráðum og nefndum og gerðu það með einfaldri samþykkt. Þetta er mjög athyglisverð útfærsla á lýðræðislegu fyrirkomulagi. Það þýðir, ef sú ákvörðun verður látin standa sem byggð er á gildandi lögum og út af fyrir sig liggur ekki fyrir hvort ráðuneytið heimilar þá framkvæmd en menn hafa talið sér þetta heimilt, t.d. í bæjarstjórn Vestmannaeyja af því að ég horfi hér á bæjarfulltrúa í Vestmannaeyjabæ að núverandi meiri hluti gæti ákveðið að víkja Guðjóni Hjörleifssyni úr öllum ráðum og nefndum Vestmannaeyjabæjar bara með atkvæðagreiðslu í bæjarstjórninni sem væntanlega mundi fara fjögur atkvæði með og þrjú atkvæði á móti, við bara víkjum hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni úr bæjarráði og öllum nefndum, við viljum ekki sjá þennan mann. Það væri heimilt miðað við þá túlkun sem framkvæmd var í Dalasýslu. Nú kunna menn að segja: Bíddu við, það er eitthvað skrýtið við þetta. Ef kosið er í nefndina hefur Guðjón væntanlega þrjú atkvæði með sér og hann ætti því að vera öruggur um að ná sæti í fimm manna nefnd, þriggja manna nefnd og jafnvel sjö manna nefnd, hann ætti að vera öruggur um sæti í allar nefndir og það er rétt. Hann sækir styrk sinn í bæjarstjórnarkosningarnar. Þær ákvarða hversu marga bæjarfulltrúa hvert framboð fær og sá styrkur ákvarðar hvaða hlut menn fá í hverri nefnd. En þetta ákvæði laganna hefur greinilega opnað fyrir það að menn telja sig geta tínt út úr nefndum einstaklinga sem mönnum líkar ekki við.

Ég verð að segja að mig rak í rogastans þegar ég las lögin sem sett voru 1998 að menn hefðu gengið svo frá þessum lagatextum sem raun ber vitni og ég verð að segja að menn hefðu kannski betur flýtt sér minna við að afgreiða þann lagabálk og skoða betur orðalagið í þessari lagagrein því þetta gengur gegn niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga og gengur gegn hlutfallskosningunum sem eru auðvitað grundvöllurinn í því fulltrúalýðræði sem við styðjumst við. Þess vegna er ég algerlega sammála því sem hér kemur fram að leggja til breytingar á þessum ákvæðum laganna í frv. og hefði reyndar viljað hafa það ákvæði öðruvísi en gert er ráð fyrir í frv. og mér til mikillar gleði sé ég að félmn. leggur til breytingu á 3. gr. frv. í þá veru sem ég tel að ætti að vera. Ég vil því lýsa yfir ánægju með þá niðurstöðu félmn. að hafa fyrirkomulagið með þeim hætti sem þar er lagt til því það er eiginlega sú framkvæmd sem ég tel að eigi að vera í þessum efnum þannig að það sé tryggt að menn njóti styrks síns í sveitarstjórn þegar kosið er til ráða og nefnda í sveitarfélagi. Þannig á það að auðvitað að vera. Það á ekki að vera svo að hægt sé að víkja mönnum úr pólitísku starfi í sveitarstjórn eða annars staðar vegna einhverra ómálefnalegra atriða. Ég lýsi því yfir stuðningi við það en spyr jafnframt framsögumann hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að lokasetning 2. mgr. breyttrar 3. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar“ þýði það að þegar menn vilja breytingar þá fari þær fram ef ekki er ágreiningur um þær en ef einhver óskar eftir því þá fari fram hlutfallskosning um öll nefndarsætin. Er það ekki alveg ljóst að menn geta ekki verið að pikka út kosningu um eitt, tvö eða þrjú sæti í ágreiningi? Þannig að ef samkomulag er um breytinguna fari hún fram en ef ágreiningur er þá fari fram hlutfallskosning þar sem kosið er um alla fulltrúana að nýju eins og segir hér? Er þetta ekki rétt skilið hjá mér?

Ég vil jafnframt benda á annan hortitt í gildandi lögum sem ég rakst á þegar ég skoðaði þau nýlega. Ég veit að það er ekki getið um það í frv. og ég efast um að hv. félmn. hafi skoðað það ákvæði en ég vil vekja athygli félmn. á því og tekst vonandi að afla stuðnings fyrir því að breyta því, annaðhvort nú eða síðar, en það er ákvæði 34. gr. sveitarstjórnarlaga, 3. mgr., sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði og skal sveitarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.“

Þetta þýðir að kjörinn sveitarstjórnarmaður missir rétt sinn til að sitja í sveitarstjórn ef hann missir fjárforræði, ef hann verður gjaldþrota persónulega eða eitthvað í þeim dúr. Þetta er atriði sem kom raunverulega upp í umræðum fyrir ekki svo löngu síðan og einmitt í Vestmannaeyjum. Ég ætla ekki halda því fram að menn hafi stefnt að því að koma málum svo fyrir að einn bæjarfulltrúinn þar yrði gerður gjaldþrota með það í huga að hann missti þar af leiðandi sjálfkrafa sæti sitt í bæjarstjórn og það mundi síðan leiða til þess að þar yrðu meirihlutaskipti. Þetta sá ég og las um í blöðum, öðru hvoru blaðinu í Vestmannaeyjum, a.m.k. var það raunverulega uppi á borðinu sem möguleiki þó að ég ætli ekki að halda því fram að menn hafi stefnt að því en kannski voru einhverjir aðrir sem héldu því fram.

Ég spyr: Er þetta virkilega þannig? Eigum við að hafa það í lögum að svipta menn þeim réttindum sem fylgja því sem þeir eru kosnir til? Það fyrsta sem mér kom í hug eftir að ég rak augun í þetta var hvort það væri svo með alþingismenn. Ef þeir verða gjaldþrota persónulega missa þeir þá sæti sitt á Alþingi? Það er ekki svo. Menn halda auðvitað þeim réttindum sem þeir eru kosnir til. Mér finnst þetta minna dálítið á eldgamalt ákvæði sem var eitthvað í þá veru að menn misstu kosningarrétt ef þeir urðu gjaldþrota. Það fór bara hrollur um mig þegar ég gerði mér grein fyrir því að þetta er svona í lögunum. Það hríslaðist eftir bakinu á mér kuldahrollur og ég spurði sjálfan mig: Á hvaða braut erum við?

Það sem er kannski dálítið skemmtilegt í þessu er að yfirmaður sveitarstjórnarmála, félmrh., missir ekki kjörgengi sitt sem ráðherra eða sem alþingismaður ef hann er það líka þó að hann yrði gerður gjaldþrota persónulega. Það er því uppi sú staða í gildandi lögum að sveitarstjórnarmanninum er hent út úr sveitarstjórninni en ráðherrann situr áfram á ráðherrabekknum og þingmaðurinn situr áfram á þingmannsbekknum. Er þetta ekki bara alveg galið, virðulegur forseti? Er þetta ekki eitthvað sem við eigum að taka út úr lögunum sem allra fyrst? Ég vildi biðja hv. félmn. að skoða þetta og vita hvernig þeim líst á þetta. Það kann að vera rétt að kynna sér þetta betur. Ég er búinn að gera það. Ég las frv. frá 1998 og umræðurnar og út af fyrir sig stóð ekki neitt um þetta, það voru mjög fátæklegar skýringar á þessu ákvæði og af hverju menn voru að setja það inn í lögin. En mér finnst það vera alveg út í hött. Ég hef ekki fengið rökin fyrir því að hafa þetta í lögunum. Einu rökin sem ég hef heyrt færð fram og tek ekki gild eru þau að menn hafa sagt sem svo að maður sem ekki getur passað sín persónulegu fjármál eigi ekki að hafa neitt um það að segja að ráðstafa peningum annarra eins og sveitarstjórnarmenn auðvitað gera með ákvörðunum sínum. Ég tek þau rök ekki gild vegna þess að ef maðurinn er ekki sveitarstjórnarmaður heldur alþingismaður heldur hann þeim

réttindum og getur haldið áfram að taka þátt í að afgreiða fjárlög svo dæmi sé tekið. Enda eru það að mínu viti réttindi og jafnvel, liggur mér við að segja, mannréttindi að maður sem kjörinn er í almennum kosningum og treyst af fólki til ákveðinna verka, haldi umboði sínu til þeirra þó svo að hann missi fjárforræði sitt um einhvern tíma. Ég held að menn hafi verið á einhverjum villigötum þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin og að menn eigi að kippa því út hið allra fyrsta alveg eins og menn gera núna með ágætri tillögu í frv. félmrh. og enn betri tillögu frá félmn. varðandi kjör eða endurkjör í ráð og nefndir.

Fleira ætla ég ekki að segja um málið, herra forseti, og læt nú staðar numið að þessu sinni.

[16:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði bara að staðfesta það sem kom fram hjá hv. þm. þannig að enginn velkist í vafa um það atriði að það má ekki henda hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni úr bæjarstjórn Vestmannaeyja eða neinum öðrum, enda kemur það nokkuð skýrt fram í þeirri brtt. sem hv. þm. fór í gegnum en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu" o.s.frv.

Hins vegar í málum sem þessum, a.m.k. er það mín skoðun, eiga hlutirnir sérstaklega hvað þetta varðar alltaf að vera eins skýrir og mögulegt er. Farið var nokkuð vel yfir þetta ákvæði því það skiptir öllu máli að það sé skýrt og enginn velkist í vafa um út á hvað það gengur. Ef menn eru með hugmyndir um betra orðalag eða eitthvað slíkt finnst mér sjálfsagt að menn skoði það á milli umræðna. En bara svo því sé haldið til haga þá var hugmyndin ekki að koma slíku ákvæði á að menn gætu af einhverjum ómálefnalegum ástæðum tekið sig til og hent einhverjum fulltrúa úr sveitarstjórn eða ráðum og nefndum viðkomandi sveitarfélags.

[16:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. framsögumanni félmn. fyrir þessa lögskýringu sem staðfestir það sem ég hélt að lesa mætti út úr hinum breytta texta og lýsi yfir stuðningi við hann eins og kom fram hjá mér áðan. Ég tel þetta miklu betri útgáfu en þá sem er að finna í frv. og hvort tveggja miklu betra en er í gildandi lögum þannig að þetta er þá algerlega útrætt að þessu sinni. En ég vildi beina því til hv. framsögumanns nefndarinnar að skoða ákvæði 34. gr. laganna um fjárforræðið, ég veit ekki hvort hann telur sig hafa svigrúm til að líta á það á milli 2. og 3. umr. en ég hygg að það komi fljótlega að því að menn setji fram breytingar á þessum lögum aftur og menn hafi það þá í huga hvort ekki sé rétt að kippa því ákvæði út.

[17:00]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé sjálfgert og sjálfsagt að skoða alla þætti sem skipta máli. Ég held að það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór yfir áðan og væntanlega, án þess að hafa kynnt mér það neitt sérstaklega, býst ég við að hugmyndin hafi eitthvað að gera með fjárhagslegt sjálfstæði viðkomandi sveitarstjórnarmanna en ég held að það sé eðlilegt að skoða það í samhengi og því samhengi sem hv. þm. nefndi, í tengslum við önnur trúnaðarstörf sem við kjósum í o.s.frv. Hins vegar held ég að að sé alveg rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það er kannski ekki heppilegast að skoða slíkt ákvæði milli 2. og 3. umr. heldur sé betra að nefndin fari yfir það í betra tómi og ég sé nákvæmlega ekkert því til fyrirstöðu.

[17:01]

Útbýting þingskjals:

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 462. mál, brtt. allshn., þskj. 1707.

[17:01]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Sú umræða sem átt hefur sér stað hefur um margt verið merkileg og upplýsandi og það er ekkert sérkennilegt að hér bresti á töluverð umræða þegar rætt er um málefni sveitarfélaganna í landinu sem gegna veigamiklu hlutverki í stjórnsýslunni.

Það er rétt í upphafi að taka undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni varðandi það sem hann benti á í 34. gr. sveitarstjórnarlaganna. Það segir okkur auðvitað og er dæmi um það að nauðsynlegt er að endurskoða sveitarstjórnarlögin með reglulegu millibili og það er ábyggilega mjög þarft að fara yfir þau í heild sinni og skoða hvað þar má bæta. En meginhluti þessa frv. stendur raunverulega sjálfstætt, þ.e. það markmið að efla sveitarstjórnarstigið sem er meginmarkmið frv., og ég held að það sé rétt í upphafi að fara jákvæðum orðum um það markmið hæstv. félmrh. að efla sveitarstjórnarstigið og ég vil bæta því við að mér þykir nálgun hæstv. ráðherra í raun og veru vera sú eina rétta í málinu á þessu stigi.

Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. félmrh. kemur hingað eiginlega beint úr forustusveit Sambands íslenskra sveitarfélaga og er þar af leiðandi með býsna gott veganesti inn í svona mál. Hæstv. ráðherra verður auðvitað að taka mið af þeirri ríkisstjórn sem hann situr í og ég held að það sé nokkuð ljóst að lengra hefur hann ekki komist í þessu skrefi og ég held að hægt sé að segja að það skref sé býsna mikilvægt og þess vegna enn mikilvægara að það takist sem allra best.

Sú nálgun sem ég var að nefna og ég tel vera býsna skynsamlega er auðvitað sú að skoða allt í samhengi, verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga og síðan stærð sveitarfélaga. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að skoða þetta allt í samhengi. Ef ég hef skilið átakið rétt er litið þannig á að fyrst þurfi niðurstaðan að vera komin nokkuð gróflega, a.m.k. varðandi verkefnin, og þar af leiðandi tengist það auðvitað tekjustofnunum beint því ef það fylgir ekki þá er auðvitað tómt mál um að tala og síðan þurfi að taka mið af þeirri niðurstöðu með stærð og sameiningu sveitarfélaga, þ.e. að sveitarfélagið sem eining sé fært um að taka við þeim verkefnum sem menn komast að niðurstöðu um að eigi frekar heima hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu og ég held að það sé afskaplega margt sem þarf að hugleiða og skoða í því samhengi sem eigi frekar heima hjá sveitarfélögunum en ríkinu.

Áður en ég fer út í þá sálma vil ég nefna svo það fari ekki á milli mála að ég lít raunverulega á verkefnið sem byggðamál, að það sé eitt af hinum stærri byggðamálum, þ.e. að efla sveitarstjórnarstigið og fá þangað verkefni flutt, störf flutt og fjármagn flutt. Við höfum nefnilega horft upp á það

ansi lengi að oft hafa verið uppi fögur fyrirheit um að flytja ýmislegt af störfum ríkisins og verkefnum ríkisins og dreifa þeim um landið en því miður hefur árangurinn á því sviði verið býsna lítill. Hins vegar höfum við séð miklar breytingar verða á ákveðnum verkefnum þegar þau hafa verið flutt til sveitarfélaganna. Þrátt fyrir að sveitarfélögin séu eins og þau hafa verið lengst af og eru mörg hver enn býsna veikar einingar hefur samt tekist með því að færa verkefni yfir til sveitarfélaganna að efla mjög starf á ákveðnum sviðum. Ég vil að gefnu tilefni nefna eitt dæmi þar um.

Því hefur verið haldið fram lengi af mjög mörgum að flutningur grunnskólans hafi á margan hátt verið fjárhagslegt slys fyrir sveitarfélögin. Það vill svo til að þegar sá flutningur átti sér stað var ég starfandi á því sviði og tel mig því þekkja málið nokkuð vel. Ég held að þetta sé einn versti misskilningur sem átt hefur sér stað meðal sveitarstjórnarmanna sem halda þessu fram. Það kom hins vegar fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni áðan þegar hann vitnaði til kennara í þessu sambandi og þá væntanlega grunnskólakennara og það getur vel verið að einhver hópur þeirra haldi þessu fram en ég hef aldrei séð nein rök sem hafa staðfest þær skoðanir manna. Ég kynnti mér hins vegar eins og ég sagði áðan á árum áður málið nokkuð vel og niðurstaða mín þá var sú að þetta væri líklega einn besti samningur sem sveitarfélög hafa nokkurn tíma gert við ríkisvaldið, þ.e. þegar grunnskólinn var fluttur yfir. Hann hafi skilað sveitarfélögunum því fjármagni sem menn gerðu ráð fyrir. Hins vegar held ég að sveitarfélögin mörg hver, og það verður að tala um hlutina eins og þeir eru, hafi gert ákveðin mistök þegar þau tóku grunnskólana yfir, fyrst og fremst vegna þess að þau treystu sér ekki nógu vel til þess faglega, þ.e. þegar fræðsluskrifstofur voru lagðar af og víða voru stofnaðar svokallaðar skólaskrifstofur þá voru þær mjög víða sprengdar upp, eins og ég vil orða það, vegna þess að sveitarfélögin ætluðu að taka allt upp í litlu einingarnar án þess að hafa þann faglega bakstuðning og styrk sem þau þurftu mjög á að halda. Það hefur í mörgum tilfellum haft þau áhrif að sveitarfélögin hafa ekki haft eðlileg tök á þróun þessara mála og þess vegna hefur ýmislegt í þeim þáttum vaxið fjárhagslega meira en hefði kannski orðið ella.

En við megum ekki gleyma því að þetta hefur líka þýtt það, og ég held að allir séu sammála um það, að grunnskólinn í dag er miklu betri en hann var áður en hann var fluttur yfir. Það hefur auðvitað kostað sitt. Ég get hins vegar haft mínar skoðanir á því hvort það hafi allt verið nákvæmlega rétt sem fjármagnið fór í og menn geta haft mismunandi skoðanir á því en meginniðurstaðan er sú að sveitarfélögin hafa tryggt betri grunnskóla en áður og það er auðvitað stærsta málið. Hins vegar hafa samskipti sveitarfélaga og ríkisins á þessum árum verið með sama hætti og áður, þ.e. að látlaust hafa verið sett á lög sem hafa íþyngt sveitarfélögunum og tekjur sveitarfélaganna hafa ekki haldið í tekjuþróun ríkisins. En mér finnst ekki rétt að setja það yfir á flutning grunnskólans, það er miklu víðfeðmara mál. En það er kannski um leið grunnurinn að því sem við erum að tala um vegna þess að í raun og veru er allt það verkefni sem hér liggur undir tómt mál um að tala ef ekki er hægt að ná trausti milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins, fjárhagslegu trausti, þ.e. sveitarfélögin geti treyst því að þau standi jafnvíg fyrir og eftir lagasetningar eða verkefnaflutning. Það er auðvitað algert grundvallaratriði.

Ég tók eftir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom nokkuð inn á tekjustofna sveitarfélaga og benti á hlut sem ég held að sé hárréttur, þ.e. að sveitarfélögin þurfa að fá fleiri stoðir undir tekjustofna sína og þau þurfa að fá hlutdeild í óbeinum sköttum. Þau þurfa í raun og veru að vera betur tengd tekjuþróun ríkisvaldsins þannig að það sé meira jafnvægi á milli þeirrar þróunar. Við höfum horft upp á tímaskeið þar sem tekjur ríkissjóðs hafa vaxið gífurlega á meðan tekjur sveitarfélaganna hafa ekki hækkað neitt í líkingu við það. Það er auðvitað ekki þróun sem er æskileg, ég tala ekki um þegar forkólfar ríkisvaldsins notfæra sér síðan slíkt ástand til að setja ofan í við sveitarstjórnir og tala um að fjármálastjórn þeirra sé ekki í lagi sem sé nú allt annað hjá ríkisvaldinu. Það eru auðvitað hlutir sem ekki ganga og verður að segjast eins og er að oft og tíðum hefur mönnum þótt umburðarlyndi forustumanna Samtaka íslenskra sveitarfélaga vera eiginlega með ólíkindum þegar sá málflutningur hefur glumið hvað hæst. En traust er auðvitað grundvöllurinn að því að menn geti staðið að þessum flutningi og ég ætla að endurtaka það, að fullt traust sé milli aðila. Ég leyfi mér því miður að efast um að það traust náist meðan núverandi ríkisstjórn situr. Hún hefur ekki sýnt sveitarfélögunum það traust að hún geti vænst þess að fullt traust geti myndast. Þess vegna er auðvitað afskaplega mikilvægt að um það skref sem stigið verður núna við eflingu sveitarstjórnarstigsins náist mikil samstaða og reynt verði að byggja upp þetta traust en eins og ég sagði hef ég ekki trú á því að núverandi ríkisstjórn geti það. Ég styð hins vegar að þetta átak sé gert vegna þess að ég trúi því og treysti að allt önnur ríkisstjórn muni taka við fyrr en seinna í landinu og þá er mikilvægt að búið sé að taka þetta skref þannig að hægt sé að meta niðurstöðu þess hvernig það hefur tekist fyrir næsta skref.

Af hverju segi ég að það sé mikilvægt að efla sveitarstjórnarstigið? Jú, ég færði rök fyrir því áðan að það væri í mínum huga eitt stærsta byggðamálið en það er síðan auðvitað ekki eins einfalt að segja hvernig eigi að efla það. Ég hef í gegnum tíðina tekið þátt í margs konar umræðu um það. Minnisstæðust er mér umræða um hið svokallaða þriðja stjórnsýslustig þar sem hugmyndir gengu út á það að myndað yrði stjórnsýslustig á milli ríkisins og sveitarfélaganna þar sem ýmis verkefni sem eru hjá ríkinu nú færu yfir á hið þriðja stjórnsýslustig og önnur verkefni frá sveitarfélögunum líka. Í raun og veru stoppaði sú umræða meira og minna vegna þess að ekki náðist samstaða hjá sveitarfélögunum um að láta frá sér einhver verkefni til þriðja stjórnsýslustigsins en eins og við vitum er það sú aðferð og sú staða sem er í nágrannalöndum okkar og við þekkjum auðvitað fylkin á Norðurlöndunum þar sem menn hafa náð að þróa þetta áfram.

Menn notuðu líka mjög oft þau rök að við værum ekki svo fjölmenn í stóru og erfiðu landi að við gætum byggt upp þriðja stjórnsýslustigið, það væri nægjanlegt fyrir okkur að hafa tvö. Ég held að það viðhorf í bland hafi í raun og veru gengið frá þeirri umræðu. Mér sýnist hins vegar umræðan vera að þróast mikið í þá átt að menn telji nauðsynlegt að gera sveitarfélögin miklu stærri þannig að þau geti í raun og veru tekið við mun stærri verkefnum en menn hafa áður rætt um. Það komu einmitt fram fróðlegar hlutfallstölur sem liggja fyrir varðandi mismuninn hjá okkur og í nágrannalöndum okkar hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni sem benti á þá staðreynd að hér eru 70% af verkefnunum hjá ríkinu á móti 30% hjá sveitarfélögunum. Þessu er yfirleitt öfugt farið í nágrannalöndum okkar en til þess að við getum náð svipaðri stöðu og nágrannalöndin þurfum við auðvitað að stækka sveitarfélögin mjög mikið þannig að þau geti

sannarlega tekið við þeim verkefnum sem nefnd hafa verið, eins og heimahjúkrun og heilsugæslu, málefni fatlaðra og framhaldsskólann og hluta af samgöngum. Til þess að það geti gengið þurfa sveitarfélögin auðvitað að vera eining sem ræður fyllilega við þau verkefni vegna þess að menn eru væntanlega að tala um að hægt sé að sinna þessum verkefnum meira og minna án þess að vera með mjög flókna samvinnu sveitarfélaga með byggðasamlögum eða einhverjum öðrum slíkum útfærslum.

Þá lendum við auðvitað í þeim vanda sem hefur líka verið nefndur í umræðunni, og ef ég man rétt var það hv. þm. Birkir J. Jónsson sem nefndi það að hann sé nú búsettur í Grafarvogi, sem er hverfi í okkar ágætu höfuðborg, og þar kvarti nágrannar hans yfir því að þeir séu orðnir býsna langt frá stjórnsýslunni. Ég held að það sama muni gerast úti um land, þ.e. ef verulega stórar sameiningar verði í sveitarfélögunum muni ýmis minni þorp telja sig vera býsna langt frá stjórnsýslunni og þá á auðvitað að framkvæma hana þannig að við útbúum það sem menn kalla væntanlega í borginni hverfastjórnir en ég kann betur við að kallaðar séu hreppstjórnir úti um land. Þar gætum við ná því nafni aftur inn sem er fornt og gott og þar sé hægt að setja ákveðin verkefni. Við gætum séð t.d. í ákveðnum einingum í dreifbýlu sveitarfélagi að fjallskil gætu tilheyrt þeirri hreppstjórn, jafnvel gæti skólanefnd verið þar undir, þ.e. ein eining sem er skóli, og svo mætti áfram telja. Útfærslurnar eru auðvitað ótal margar en ég geri mér grein fyrir því að í því átaki eða því skrefi sem hér er verið að tala um verður ekki farið svona langt. En ég held að það sé samt sem áður nauðsynlegt að við nýtum okkur það tækifæri sem hæstv. félmrh. hefur greinilega metið að væri mögulegt í því stjórnarsamstarfi sem nú er við lýði að ná fram.

Við skulum hins vegar ekki gera lítið úr því að þetta er kannski ekki síst komið til vegna þrýstings frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ég nefndi áðan að hæstv. ráðherra kom auðvitað úr forustusveit þess sambands þegar hann settist í ráðherrastólinn og hefur væntanlega tekið svolítið nesti með sér úr þeim samtökum. Hvaða þrýstingur er það þá sem ég er að tala um? Ég held að það sé þrýstingurinn frá hinum stærri sveitarfélögum um að þau vilji fá fleiri verkefni og þau vilji eflast.

Það er líka togstreita um fjármuni sem renna til sveitarstjórnarstigsins og það er líka togstreita um reglur jöfnunarsjóðs. Þarna eru auðvitað átök á milli stærri og minni sveitarfélaga og ég held að þau átök muni magnast þegar fram líða stundir vegna þess að stærri sveitarfélögin munu auðvitað ekki láta bjóða sér að minnstu sveitarfélögin takmarki það á móti hvaða verkefnum þau geti tekið.

Það er auðvitað til önnur leið en sú sem ég var að nefna áðan og hæstv. félmrh. nefndi dæmi um í ræðu sinni við 1. umr. þegar hæstv. ráðherra velti fyrir sér stærð sveitarfélaga og nefndi þá að einhver hópur úr ráðuneytinu væri nýkominn úr ferð frá Tékklandi þar sem í ljós hefði komið að sveitarfélögin væru mjög misjafnlega stór og þar hefðu menn engar áhyggjur af því af því að þar leystu menn þessi mál með allt öðrum hætti og það væri bara með því að hafa mismunandi verkefni hjá sveitarfélögunum. Það væru ekki sömu verkefni hjá öllum sveitarfélögum. Þá leið hafa menn viljað varast í lengstu lög, að taka upp mismunandi sveitarfélög, því þá er svo stutt í það að menn fari að tala um fyrsta flokks sveitarfélög og annars flokks sveitarfélög og menn sjá ekki fyrir endann á slíku. Ég held því, svo ég komi enn á ný að því, að sú leið sem hér er boðuð sé vænleg en hún er ekki endanleg. Það verður auðvitað að meta það þegar þessu átaki er lokið hver niðurstaðan verður, hve langt hefur náðst og hver eiga að vera næstu skref. Það sem ég var að tala um áðan, að við stefndum að því að verða með mjög stór sveitarfélög og síðan hreppsstjórnir sem tækju að sér ákveðin verkefni innan þeirra, held ég að hljóti að vera það sem við stefnum að og við eigum að reyna að gera það sem einfaldast og gera það þannig að það verði sem augljósast fyrir fólkið hvaða kostir fylgja þeirri útfærslu. Það er nefnilega brýnt eins og ég hef áður sagt að koma verkefnum frá ríkisvaldinu og nær fólkinu. Síðan á að halda áfram ekki að taka stjórnsýsluna sem þarf að vera sem næst fólkinu frá því, heldur halda henni hjá fólkinu í minni einingum innan hinna stóru sveitarfélaga. Sú útfærsla á ekki að vera mjög flókin en ég held að hún sé í raun og veru tímabær þegar því átaki sem nú stendur yfir er lokið.

Ég nefndi áðan að hæstv. félmrh. hefði fjallað um stærð sveitarfélaga í ræðu sinni og velt upp ýmsu merkilegu í því sambandi, m.a. frá Tékklandi. Það hefur auðvitað líka verið rætt meðal manna í dag og ýmsir lagt svolitla áherslu á að það væri mikilvægt að fjarlægja úr lögunum hið sérkennilega ákvæði um 50 íbúa markið. Ég get alveg tekið undir það að 50 íbúa markið er náttúrlega út í hött. Það er engin veginn í samhengi við nútímann sem slíkt því að í lögunum er auðvitað annað ákvæði sem vegna landfræðilegra aðstæðna o.s.frv. getur tryggt minni sveitarfélög þannig að þetta ákvæði á auðvitað ekki heima þarna. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að sú nefnd sem á að gera tillögur fyrir sameiningarkosningarnar á út af fyrir sig að taka mið af allt öðru en hausatölu einhverra einstakra svæða. Ég held að það sé rétt að nálgast það mál út frá allt öðru en endilega hausatölunni þó að hún geti auðvitað skipt máli þegar við erum að velta því fyrir okkur að menn geti sinnt ákveðinni þjónustu. En í frv. segir nefnilega að nefndin eigi að gera tillögur og þær skuli vera eftirfarandi:

„Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði."

Þetta er að mínu mati hárrétt nálgun, heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði. Það getur hins vegar orðið nokkuð strembið að meta það en þetta er auðvitað sú eining sem menn eiga að horfa á. Þegar tillögurnar hafa verið gerðar er síðan kosið um þær eftir ákveðnum reglum sem bent er á. Gert er ráð fyrir að greitt verði atkvæði um þær þann 23. apríl 2005 sem útilokar hins vegar ekki að ýmsar aðrar kosningar geti farið fram ef sveitarstjórnir hafa ákveðið það og það eru nú þegar nokkur dæmi um það að kosið verði um sameiningu sveitarfélaga áður og það er engin hindrun í slíku. Hins vegar er nefndinni sett það verkefni að gera tillögur út frá þessum grunni sem ég tel afskaplega mikilvægan og það verður síðan kosið um þær tillögur og talning og annað fer síðan eftir þeim reglum sem hér eru settar.

Það er augljóst mál að þarna er margs konar vandi á ferðinni. Það vill svo til að ég hef fengið að sitja nokkra fundi hjá sameiningarnefndinni vítt og breitt um landið þar sem ég er varamaður í nefndinni og það er auðvitað augljóst að viðhorf fólks vítt og breitt um landið eru mjög misjöfn eftir því í hvaða sveitarfélagi það er. Menn hafa talað um tilfinningalegar hindranir og ég efast ekkert um að þær eru til staðar og sú framtíðarmynd sem ég var að draga upp áðan held ég að sé lausn á því vegna þess að þá fá menn að halda í þau málefni sem þeim eru kærust og það kemur yfirleitt fram

þegar þessi mál eru rædd að eining eins og skóli er sú eining sem fólk horfir mjög mikið á í hinum dreifðu byggðum, það er eitthvað sem menn vilji ekki missa frá sér og ég held að það sé eðlilegt. Ég held að fólk eigi að halda utan um slíkar einingar. Það eigi ekki að stýra þeim á of stóru svæði þannig að ég sé ekkert því til hindrunar að útfæra það á þann hátt sem ég lýsti áðan.

Varðandi það hversu stór sveitarfélögin eigi að vera þá er mér mjög minnisstæð umræða á fundi sem nefndin átti með sveitarfélögum úr Norður-Þingeyjarsýslu á Þórshöfn fyrir nokkru. Þar var það viðhorf talsvert uppi að það að fara að sameina nokkur sveitarfélög á því svæði mundi í raun og veru engu skila. Það þyrfti þá að verða miklu stærri sameining til þess að hún skilaði einhverju og ég held að það sé hárrétt viðhorf. Ég held að við þurfum að taka það í skrefum að við náum verulegum árangri í sameiningu sveitarfélaga þannig að einingarnar verði það burðugar að þær geti t.d. tekið við rekstri framhaldsskóla þannig að það er stofnun sem er mjög auðvelt að færa rök fyrir að eigi heima hjá sveitarfélögum. Það er nærþjónusta, áherslan á það að sinna slíku er miklu nær sveitarstjórnunum heldur en að því sé meira og minna stýrt úr ráðuneyti í höfuðborginni. Þannig má áfram telja dæmi eins og ég hef nokkur nefnt.

Hvað varðar nefndirnar sem hér hafa nokkuð verið nefndar, en ég sagði áðan að ég teldi nálgun hæstv. ráðherra vera rétta að skipa málum á þennan hátt, þá er auðvitað hægt að velta því fyrir sér hvort skipan nefndanna sé nákvæmlega eins og eðlilegast getur talist. Það er t.d. ljóst að verkefnisstjórnin sem á að velta fyrir sér verkaskiptingunni er afar fáliðuð miðað við t.d. sameiningarnefndina. Ef athugasemdir hv. þm. Ögmundar Jónassonar varðandi sameiningarnefndina hafa átt við um sameiningarnefndina þá væri hægt að hafa enn stærri orð um verkefnisstjórnina vegna þess að þar hefur þess verið vandlega gætt að í henni sitji eingöngu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og það er auðvitað býsna óheppilegt að svo sé vegna þess að þetta er auðvitað þess háttar verkefni að það á að ná langt yfir flokkslínur og þannig er það líka um þá nefnd sem á að sjá um tekjustofna sveitarfélaga að þar er ekki alveg gætt pólitísks jafnræðis. Ef hv. þm. Ögmundur Jónasson hefði tekið allar þessar nefndir þá trúi ég því að hann hefði fengið enn sterkari niðurstöðu varðandi þær tvær nefndir sem þarna eru á ferðinni vegna þess að það er augljóst mál að það eru tvö stærstu sveitarfélögin í landinu sem eiga fulltrúa í tekjustofnanefndinni og síðan eru fulltrúar úr fjmrn. og félmrn. þannig að ef það hefði verið virkilegur áhugi þá hefðu menn væntanlega skoðað allar þessar stjórnir og nefndir í samhengi og reynt að komast að einhverri niðurstöðu um hvernig eðlilegast væri að skipa þessum málum. Síðan gæti auðvitað verið ákveðinn samnefnari á milli þessara nefnda sem er reyndar til staðar þótt það komi ekki fram í þessari nefndaskipan að það er auðvitað eðlilegt upplýsingastreymi þar á milli.

Ég ætla ekki að fara út í þá sálma meira en vek aðeins athygli á að þarna hefði auðvitað mátt standa betur að málum. Ég tel hins vegar að þar sem ég þekki til úr setu minni sem varamaður í sameiningarnefndinni þá hafi það starf gengið býsna vel og menn séu nokkuð á veg komnir í að móta tillögurnar. Ég ítreka að þetta starf er það mikilvægt að þrátt fyrir þessa annmarka tel ég að því þurfi að sinna af fullri einurð og við verðum að reyna að ná sem allra mestum árangri í þessu skrefi og ítreka enn og aftur að það er að sjálfsögðu ekkert lokaskref í þessum efnum.

Það mætti líka fara yfir fleiri þætti sem tengjast eflingu sveitarstjórnarstigsins og sveitarstjórnarmálum sem slíkum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi atvinnumálin og það er auðvitað augljóst mál að það er ekki hjá því komist að þau spili ákveðna rullu varðandi það hversu öflug sveitarfélög eru vegna þess að það er nátengt, íbúafjöldinn og atvinnuástandið. Það er auðvitað hægt að nefna dæmi um það hvernig efling sveitarfélaga getur skilað sér í atvinnumálum og þó að það sé ekki beint hlutverk sveitarstjórna sem slíkra að vera með puttana í þeim þá vill svo til að mitt heimasveitarfélag, Fjarðabyggð, varð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga og efldist við það og ég held að það velkist ekki nokkur maður í vafa um að sú sameining skipti auðvitað sköpum í því að fá það mikla átak sem nú er komið í gang varðandi byggingu álvers við Reyðarfjörð. Ég er sannfærður um það og er ekkert einn um þá skoðun mína að það verkefni hefði ekki náð fram að ganga ef sú sameining hefði ekki átt sér stað þannig að þar höfum við konkret dæmi um hvernig efling sveitarfélaga eða sveitarfélags getur skilað sér á ýmsum sviðum.

Að lokum, frú forseti, er nauðsynlegt að koma örlítið inn á samgöngumál vegna þess að það hefur líka verið áberandi á þeim fundum sem ég hef náð að sitja varðandi þessi mál að samgöngumálin koma eðlilega alltaf við sögu því þegar færð eru rök fyrir því að eitthvert svæði sé heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði þá skipta samgöngur auðvitað gríðarlegu máli. Þá komum við aftur að því grundvallarstefi sem málið snýst að mínu mati meira og minna allt saman um og það er að það náist fullt traust milli aðila, milli ríkisvaldsins og sveitarstjórnarstigsins. Það verður auðvitað að segjast eins og er að það traust er ekki til staðar og það eru allt of mörg dæmi um að því miður hafi ríkisvaldið ekki verið traustsins vert. Það liggur við að hægt sé að segja að það sé regla að ef upp koma deilur á milli ríkis og sveitarfélaga þá halli á sveitarfélögin. Eðlilega eru sveitarfélögin veikari aðilinn í því samstarfi, t.d. þar sem eru sameiginleg verkefni og við þekkjum mýmörg dæmi um það. Nýlegt dæmi sem kemur upp í huga minn er t.d. varðandi viðbyggingu við Menntaskólann á Egilsstöðum þar sem eru klár hlutföll um í hvaða hlutfalli á að byggja slíkt húsnæði en ríkisvaldið setur síðan til hliðar reglur um normkostnað við byggingar og þegar dæmið er síðan gert upp og skoðað hefur ríkisvaldið með þessu einfalda trikki náð því að snúa hlutföllunum við þannig að 60% fara yfir á sveitarfélagið en ekki 40% eins og gert var ráð fyrir í upphafi og sveitarfélagið hefur enga stöðu í málinu. Í þessu tilfelli þurfti sveitarfélagið hreinlega að stoppa framkvæmdina þegar búið var að bjóða verkið út vegna þess að það var mat sveitarstjórnarinnar, sem vildi sýna fjárhagslega ábyrgð, að sveitarfélagið gæti hreinlega ekki staðið að framkvæmdinni á þennan hátt og fór síðan þá einföldu leið að bjóða ríkisvaldinu að sjá um framkvæmdina en sveitarfélagið var þó tilbúið að standa við sinn hlut af framkvæmdinni en það gekk auðvitað ekki upp. Menn sitja því bara í pattstöðu og þar með er það farið að bitna á starfsemi þeirrar stofnunar. Svona eru því miður þessi samskiptamál og það er þess vegna alveg lykilatriði að menn nái í þessari atrennu að koma með skýr mörk í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og helst þarf auðvitað að ná því sem lágmarkskröfu að þar sé búið að útrýma öllum blönduðum verkefnum milli aðila.

Frú forseti. Vegna þess að ég nefndi samgöngur áðan og ég nefndi að ríkisvaldið nyti ekki trausts meðal sveitar-

stjórna og ég nefndi líka Fjarðabyggð og sameininguna þar þá erum við með eitt mjög glöggt dæmi þar vegna þess að þegar sú sameining átti sér stað þá voru vilyrði fyrir því hjá yfirvöldum samgöngumála að það yrði mjög fljótlega á dagskrá að tengja byggðakjarnana í Fjarðabyggð með nýjum jarðgöngum milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Þetta reyndust því miður staðlausir stafir. Önnur göng hafa verið sett í gang á undan, þessi göng eru að vísu inni í hinum svokallaða athugunarpakka sem þýðir að þau eiga að koma inn í næstu umferð ef að líkum lætur en eitthvað hafa áherslur breyst miðað við þær heimildir sem ég heyri vestan af fjörðum því þar er mér sagt að hæstv. samgrh. hafi boðað það á fundum, að vísu þegar var töluverð taugaveiklun fyrir kosningar, að næstu jarðgöng yrðu vestur á fjörðum. Nú er sú yfirlýsing hæstv. ráðherra að vísu ekki í samræmi við samþykktir Alþingis og hið sama má segja um yfirlýsingar þáverandi yfirvalda samgöngumála varðandi það hvernig ætti að bæta samgöngur við sameiningu í Fjarðabyggð, að ekki hafi legið fyrir neinar samþykktir í Alþingi um það, og það segir okkur auðvitað að hlutirnir þurfa að vera klárir og samþykktir til að hægt sé að taka mark á þeim. Það þarf því þegar þessu átaki lýkur að fara yfir allan lagabálkinn sem tengist sveitarfélögum og reyna að negla sem allra mest niður og hafa skilin á milli algerlega skýr. Síðan hljóta auðvitað að vakna ótal spurningar þegar því verkefni er lokið og við höfum fengið, væntanlega um svipað leyti, eða það styttist þá a.m.k. mjög í að það komi ný ríkisstjórn og ég sé fyrir mér að þegar mynduð verður ný ríkisstjórn þá verði í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar býsna öflugur pakki um það hvernig efla eigi sveitarstjórnarstigið á raunhæfan hátt og þar verði markað og tímasett hvernig að því verði staðið þannig að tryggja megi sveitarstjórnarstiginu aukin verkefni og aukinn styrk og þannig mundum við að sjálfsögðu um leið stórefla landsbyggðina.

[17:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að nægjanlegir fjármunir hefðu fylgt yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Það eru ný tíðindi fyrir mig og mig langaði að spyrja hvað hann hefði fyrir sér í því. Er það tilfinning eða hefur einhver skýrsla komið út varðandi það málefni? (**EMS:** Já, það er það.) Ég spyr vegna þess að það kom fram á borgarafundi í Skagafirði ekki fyrir löngu að það væri ekki búið að gera úttekt á þessu ákveðna málefni. Þess vegna væri ágætt að fá það fram.

Síðan er það annað. Mér finnst eins og þeir sem vilja sameina sveitarfélög úti á landi horfi til þess að það muni leysa að miklu leyti vanda landsbyggðarinnar og skapa mikla hagræðingu. Ég er ekki alveg á því að það mundi endilega leysa allan vanda. Ég held að vandinn snúist oftar en ekki um atvinnuvegina á landsbyggðinni, að þeir standi illa, og menn séu kannski að fara í sameiningarumræður til að forðast það að ræða raunverulega þann vanda sem snýr að atvinnuvegunum. Er ekki ákveðin hætta í því að fara út í þá miklu sameiningarumræðu í stað þess að einbeita sér að rót vandans sem eru atvinnuvegirnir og reyna að leysa þau mál og fjölga atvinnutækifærum og minnka höft íbúa til þess m.a. að fá að stunda sjóinn?

[17:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er spurning hvar maður á að byrja. Þetta var býsna víðtækt andsvar hjá hv. þm. en ég skal reyna að gera mitt besta.

Það kemur mér reyndar mjög á óvart ef það eru ný tíðindi fyrir hv. þm. sem ég sagði því að það hafa ýmsir haldið því fram. Ástæðan fyrir því er eins og ég sagði áðan að ég hafði atvinnu af þeim málum þegar þau voru að færast yfir. Ég starfaði við þessi mál frá 1996–1999 og það voru gerðar úttektir á þeim tíma. Ég man eftir að hafa séð ýmsa útreikninga varðandi málið og skýrslur sem sýndu þetta svart á hvítu. Hins vegar getur það verið rétt ef þessi borgarafundur hefur verið haldinn nýlega í Skagafirði að ekki sé búið að gera úttekt alveg frá upphafi til enda varðandi alla þætti málsins en það er auðvitað miklu flóknara en svo að það sé hægt að gera það óöruvísi en að fara yfir það líka hver tók ákvörðun um hvað og hvaða þróun hefur orðið á ýmsum sviðum. Það sem ég er að tala um er fyrst og fremst það sem kom í ljós þegar menn höfðu samanburðartölurnar á milli og skýrslan var, ef ég man rétt, gerð af virtu endurskoðunarfyrirtæki, KPMG, sem fór yfir málið og sýndi fram á þetta.

Það eru auðvitað ýmsir aðrir þættir sem koma inn í þetta mál. En varðandi það sem hv. þm. spurði um, hvort sameining leysti allan vanda, þá held ég að ég hafi tekið það fram í ræðu minni að það væri víðs fjarri að hún leysti allan vanda. Það er allt annar handleggur. Sameining er hins vegar nauðsynlegur hluti af því að leysa vandann og mun tryggja það að við stöndum betur að vígi til að leysa margvíslegan vanda sem við þurfum að takast á við. Með henni mundum við auðvitað efla stjórnsýsluna og bæta þjónustuna sem er bara hluti af nútímanum. Við verðum að geta tryggt það að um allt land sé sú lágmarksþjónusta sem fólk krefst í nútímasamfélagi.

[17:39]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. um að við eigum að hafa góða þjónustu úti á landi og að hún eigi að vera sem sambærilegust við það sem best gerist. En ég ætlaði að vekja athygli á því að menn horfa alltaf út á land þegar verið er að tala um að sameina sveitarfélög. Ég tel að ef menn skoði það hvar árangur næst í hagræðingu ættu menn fyrst og fremst að skoða sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að ég tel að þar séu tækifærin til þess að sameina og ná fram raunverulegri hagræðingu og að þeir fjármunir sem sparist þar mætti jafnvel hugsa sér að koma til sveitarfélaga sem standa höllum fæti. Ég tel að menn eigi einmitt að einblína á höfuðborgarsvæðið, þar eru sveitarfélög eins og Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður og þar mætti skoða ýmsar sameiningar sem gætu sparað stórfé.

Í allri þeirri vinnu verðum við líka að skoða hvernig sameiningin hefur komið við þau sveitarfélög sem hafa gengið inn í sameiningu svo sem eins og Þingeyri, Bíldudal, Hofsós og fleiri staði sem hafa sameinast nýlega. Hver árangurinn er á þeim stöðum og t.d. hvort fólk þar sé betur sett nú en fyrir sameiningu. Ég held að við ættum að skoða það með gagnrýnum hætti og þora að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort sameiningin hafi í raun skilað þeim árangri sem til er ætlast.

[17:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að menn horfa kannski of mikið út á land þegar menn velta fyrir sér sameiningu sveitarfélaga. Auðvitað þarf að ræða um höfuðborgarsvæðið líka. Við þurfum líka að nálgast höfuðborgarsvæðið

út frá því raunverulega hvort sveitarfélög þar séu hugsanlega orðin of stór. Það er ekkert útilokað að horfa á það líka. Þess vegna held ég að sú hugmynd sem ég var að reifa áðan og útfæra svolítið gæti kannski nálgast það, að við mundum horfa til mjög stórra sveitarfélaga og mynda síðan það sem ég vildi kalla hreppstjórnir eða hverfastjórnir sem mönnum er kannski tamara á höfuðborgarsvæðinu. Við eigum að leita að hagræðingu alls staðar í kerfinu. Það er auðvitað hlutverk okkar eins og sveitarstjórnanna að fara sem allra best með fjármuni almennings og þess vegna eigum við að horfa til þess.

Það er líka hárrétt hjá hv. þm. að við eigum að skoða hver árangurinn hefur orðið við þær sameiningar sem átt hafa sér stað. Við þurfum að taka það allt saman inn í reynslubankann en við þurfum líka að velta því fyrir okkur hvernig mál hefðu þróast ef sameiningin hefði ekki átt sér stað. Það er hins vegar alltaf erfitt því við getum ekki lokað þetta inni í tíma og rúmi og borið það nákvæmlega saman. Sá samanburður verður auðvitað alltaf með einhverjum getgátum.

Við getum tekið dæmi t.d. af höfuðborgarsvæðinu um umræðu sem er árlega hjá okkur, deilur milli ríkisvaldsins og t.d. Reykjavíkurborgar um samgöngur í Reykjavík. Það segir okkur náttúrlega númer eitt, tvö og þrjú að sú verkaskipting er algerlega út í hött. Af hverju þarf að að flækja málið svona? Af hverju þarf það að fara bæði í gegnum ríkisvaldið og borgina? Ég hefði talið miklu eðlilegra að borgin sæi um slík mál, að þau mál væru bara þar og borgin tæki svo ákvarðanir um þau í sínum skipulagsmálum og mundi svo raða þeim miðað við hvernig verkin gengju hjá þeim. Það væri ekki verið að blanda ríkisvaldinu í þau. Mér finnst það alveg út úr öllu korti og það sama má raunverulega segja um þjóðvegi í þéttbýli. Þeir eiga að vera hjá sveitarfélögunum.

[17:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór um víðan völl í þeim málum sem lúta að rekstri sveitarfélaganna og verkaskiptingu þar á milli, enda gjörþekkir hann málaflokkinn eftir áralangt starf í sveitarstjórnum austur á fjörðum og við grunnskólann o.fl. Hann kom inn á marga mjög athyglisverða þætti sem er freistandi að inna hann frekar eftir og dró upp mynd af nokkuð fögru framtíðarlandi sem orðið gæti. En það sem hann kom inn á í sambandi við fyrirhugaða stækkun sveitarfélaganna, sameiningu þeirra og aukinn verkefnatilflutning og þar af leiðandi útþenslu þeirra í leiðinni er ákveðin fjarlægð frá ýmsum kjörnum innan byggðarlaganna. Ef maður hugsar sér t.d. og tekur eitthvert dæmi af handahófi eins og Árnessýslu, ef hún væri eitt sveitarfélag, þá væri þar fjöldinn allur af byggðakjörnum frá því að vera 100–200 manna byggðakjarnar upp í að vera eins og sá stærsti tæplega 6.000 manna, 5.700, og þá væri augljóst að menn þyrftu að huga að stjórnsýslunni. Hann talaði um hverfa- og hreppstjórnir, að þær yrðu stofnsettar og fengin ákveðin verkefni, og mig langaði þá að spyrja hann sérstaklega að því hvort hann teldi forsendur fyrir verulegri stækkun sveitarfélaganna, að við færum að feta okkur í áttina að því að stofna sérstakt stjórnsýslustig, þriðja stjórnsýslustigið, hvort það stjórnsýslustig sé í raun og veru þegar allt kemur til alls forsenda þess að veruleg sameining sveitarfélaga geti orðið að veruleika og verði til góðs og þess vegna sé það nauðsynlegt.

[17:45]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefnir þriðja stjórnsýslustigið. Það er ekkert launungarmál að ég var mjög eindregið fylgjandi því að þriðja stjórnsýslustigið yrði tekið upp en maður verður auðvitað að sætta sig við það í þau örfáu skipti sem maður lendir í minni hluta að meiri hlutinn ræður og þannig var það í þessu máli að það náði ekki hljómgrunni.

Ég sé hins vegar alveg fyrir mér eins og ég var að lýsa í ræðu minni að við gætum í raun og veru náð sömu markmiðum með því að stækka sveitarfélögin það mikið að undir þeim yrðu það sem ég vildi kalla hreppstjórnir. Það væri síðan á valdi sveitarstjórnanna eða hugsanlega ákvæði í sveitarstjórnarlögunum, sem væri trúlega tryggara til að tryggja jafnræði þó að veita yrði eitthvert sjálfræði og frjálsræði í því líka eða sveigjanleika, að negla niður hvaða völd væru t.d. hjá hreppstjórnunum. Ég nefndi sem dæmi að grunnskóli gæti verið ákveðin eining, og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir fólk vegna þess að það eru einmitt miklar tilfinningar bundnar því málefni og fólk upplifir það svo að það sé að missa mjög mikið ef það hefur ekki yfir sínum grunnskóla að segja, að hann væri t.d. undir sveitarstjórn sem væri þá hluti af þessari hreppstjórn. Hins vegar yrði auðvitað sveitarstjórnin sem slík að vera með fjárveitingavaldið í heild sinni en mundi síðan skipa þessari einingu ákveðið fjárhagslegt sjálfstæði. Það gætu verið rammar sem væru settir niður við fjárhagsáætlanir. Og hvað varðar dæmið sem hv. þm. tók af Árnessýslunni þá held ég að hægt sé að skoða það og teikna upp í raun og veru hvernig hægt væri að útfæra þetta þar. Þá væri það meginkjarninn sem væri stærsta sveitarfélagið og hvernig hægt væri að þjóna þaðan, það væru nokkrar hreppstjórnir innan sveitarfélagsins sem sæju um ákveðna málaflokka og tryggðu að fólk upplifði það ekki eins sterkt að það væri orðið fjarlægt stjórnsýslunni.

[17:47]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek mjög eindregið undir þær hugmyndir sem fram koma hjá hv. þm. að það sé mikilvægt að þriðja stjórnsýslustigið verði að veruleika samhliða sameiningu sveitarfélaganna og verulegri stækkun á þeim sem ég styð eindregið að verði á næstu árum og að sveitarfélögunum fækki verulega, þau sameinist og stækki umtalsvert. Þess vegna er mjög mikilvægt að við tökum í leiðinni upp þriðja stjórnsýslustigið. Ég vona að sú nefnd sem er að störfum og við höfum rætt um fyrr í umræðunni um átak til eflingar á sveitarstjórnarstiginu, taki þessar hugmyndir mjög til skoðunar og sérstaklega út frá orðræðu og rökum hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar sem hann dvaldi mjög svo við í ræðu sinni og rammaði inn hve mikilvægt sé að byggja þetta upp samhliða til að menn geti mótað og formað trúverðuga tillögu til stækkunar og sameiningar sveitarfélaga og þá verði að fylgja einhverjar slíkar tillögur með í farteskinu. Það sé algert grundvallaratriði að um leið og við leggjum til kosningar um stækkun og fækkun sveitarfélaga, sjái íbúar sveitarfélaganna hilla undir þriðja stjórnsýslustigið til að tryggja aðkomu íbúanna að nærþjónustu sinni og þeim verkefnum sem standa þeim allra næst og nefndi þingmaðurinn sérstaklega skólanefndir og fleira slíkt.

Að lokum vildi ég beina til hans einni spurningu í viðbót. Hann dvaldi töluvert við það að afmörkun sveitarfélags ætti að sjálfsögðu að vera heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði

og ég vildi spyrja hann í því samhengi hvort það sé mat hans að við þyrftum í rauninni alls ekki að skilgreina þar sérstakan lágmarksíbúafjölda heldur gerðist það einhvern veginn sjálfkrafa í þessu ferli. Ég vildi bara fá það skýrt fram hjá þingmanninum.

[17:49]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, ég er eiginlega þeirrar skoðunar að það sé raunverulega úrelt tal að tala um einhvern ákveðinn lágmarksíbúafjölda. Mér finnst það hreinlega ekki passa inn í umræðuna. Ég get eins og ég sagði í ræðu minni tekið undir það að 50 íbúa markið er alveg út úr öllu korti. Við eigum að nálgast þetta út frá atvinnu- og þjónustusvæðum. Það er það sem við eigum að horfa til og síðan verður auðvitað að tengja þetta því sem kemur út úr verkefnanefndinni, hvaða verkefni viljum við flytja og hversu stór einingin þarf að vera til þess að geta tekið við þeim verkefnum. Ég held að enginn vilji hafa tvenns konar, þrenns konar eða enn fleiri tegundir af sveitarfélögum þannig að menn fari að flokka þau niður eftir því hvað væri fyrsta flokks, annars flokks, þriðja flokks o.s.frv. Við eigum að reyna að forðast það og það var m.a. þess vegna sem ég velti upp þessum útfærslum, að til framtíðar litið mundum við trúlega ekki ná þessu öðruvísi en að fara í verulega stóra sveitarfélagasameiningu og leysa síðan nálægðina við stjórnsýsluna á annan hátt með því sem ég kallaði hreppstjórnir en má auðvitað alveg eins kalla hverfastjórnir.

Fleiri þættir koma auðvitað við sögu í þessu máli. Við sjáum hvað slíkir hlutir geta breyst gífurlega með einstöku samgöngumannvirkjum. Ég tel t.d. alveg fullvíst að ekki mundi nokkur maður í dag láta sér detta í hug að Vestmanneyjar sameinuðust öðru sveitarfélagi uppi á landi við þær aðstæður sem nú eru. Ef hins vegar væru komin jarðgöng til Vestmannaeyja færu auðvitað allir að velta því fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt að Vestmannaeyjar sameinuðust einhverju sveitarfélagi á meginlandinu þannig að þá gætum við verið að tala um enn stærri sameiningar. Svona gætum við farið hringinn í kringum landið og séð hve samgöngur skipta miklu máli og breyta auðvitað allri þeirri mynd sem við erum að horfa til.

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að leggja í púkkið í þeirri umræðu sem staðið hefur um hríð í dag, um breytingar á sveitarstjórnarlögum, sem varða einkum og sér í lagi tvennt. Það eru annars vegar breytingar sem gera á til að skýra þau ákvæði sem gilda um mannabreytingar í sveitarstjórnum og nefndum á vegum sveitarstjórna. Ég sé ekki ástæðu til að staldra mikið við það mál eða bæta við þá umræðu sem þar hefur orðið. Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að reyna að hafa sem skýrastar og eðlilegastar leikreglur fyrirliggjandi í þeim efnum, enda eru dæmi um ýmsa árekstra og hnökra þegar óvissa hefur skapast um hvernig með skuli fara þegar sveitarstjórnarmenn eða nefndarfulltrúar sem bornir eru fram af mismunandi flokkum kannski í mismunandi formi framboða eiga í hlut.

Hitt atriðið sem hér er sérstaklega undir varðar átak sem núverandi hæstv. ríkisstjórn eða núverandi hæstv. félmrh. hefur boðað að til standi að gera í sameiningu sveitarfélaga. Reyndar er það athyglisvert, frú forseti, að hæstv. félmrh. hefur auðvitað ekki sést við umræðuna í dag frekar en aðrir ráðherrar venjulega þegar frumvörp þeirra eru á dagskrá og það má segja um hæstv. félmrh., ungan manninn, að þeir eru fljótir að læra þessir nýju hæstv. ráðherrar, fljótir að læra að það sé ekki ástæða til að ómaka sig mikið við umræður um mál á þeirra sviði. (**PHB:** Það er á forræði Alþingis.) Og kemur nú hv. frammíkallandi, Pétur Blöndal, með sína sömu ræðu um það að málið sé á forræði Alþingis og það er alveg rétt. En frv. er flutt af hæstv. félmrh. Hæstv. félmrh. ríður um héruð og boðar þetta fagnaðarerindi, að sameina sveitarfélögin. Hæstv. félmrh. skipar þær nefndir sem eiga að annast um framkvæmdina. Öll framkvæmd málsins er á hendi hæstv. félmrh. Hvað sem frv. líður sem slíku þá skiptir framkvæmdin líka miklu máli og við kynnum að hafa áhuga á því að leggja einhverjar spurningar fyrir hæstv. félmrh. um málið. Ég tek fram, frú forseti, að gefnu tilefni, að ég ætla ekki að gera kröfu um að hæstv. félmrh. mæti hér en ég vek athygli á þessu og kem því inn í þingtíðindin að hér er þetta stóra og mikla forgangsmál hæstv. félmrh. til umræðu á Alþingi í marga klukkutíma, nokkra klukkutíma nú við 2. umr., og hæstv. félmrh. hefur ekki séð ástæðu til að láta sjá sig. Ég tel það ámælisverða framgöngu af hans hálfu og kem gagnrýni minni hér með á framfæri og læt því lokið.

Reyndar er það annað mál sem ég hefði líka haft áhuga á að eiga orðastað við hæstv. félmrh. um. Það er verkstjórn hans eða verklag varðandi undirbúning að þessu átaki. Það er sú ákaflega ámælisverða framkvæmd sem hæstv. félmrh. greip til, að meina fulltrúum tveggja af fimm þingflokkum á Alþingi að taka þátt í því undirbúningsstarfi, nefndarstarfi sem þarna var sett á laggirnar, fullkomlega að ástæðulausu. Það voru engin vandkvæði á því, svo séð verði eða tekin verði gild, að hafa nefndina það fjölskipaða að hún gæti rúmað fulltrúa allra þingflokka og þar með væri tryggt að sjónarmið allra þingflokka og þeirra sem að baki þeim standa í stjórnmálaflokkum sem fengið hafa menn kjörna á Alþingi væru til staðar í því undirbúningsstarfi og tengsl í gegnum þá við fulltrúa þeirra í sveitarstjórnum sem og annars staðar í pólitísku starfi.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom rækilega inn á það mál í ræðu sinni fyrr við umræðuna og ég þarf auðvitað ekki að endurtaka það en ég ítreka mótmæli okkar við þessum vinnubrögðum. Þetta er óskynsamlegt hjá hæstv. félmrh. svo vægt sé til orða tekið. Þetta er leiðinlegur plagsiður sem fer vaxandi að skeyta ekki um það að reyna að undirbúa mál af þessu tagi sem kostur er þannig að það sé eins víðtæk þverpólitísk samstaða um hlutina og kostur er. Það sé tryggt strax á undirbúningsstigi að öll helstu sjónarmið sem uppi eru eigi aðild að málinu og komi fram, að sjálfsögðu með því að kalla til málsaðila, hagsmunaaðila eins og sveitarfélögin í þessu tilviki en líka stjórnmálaflokkana og ég satt best að segja, herra forseti, hef ekki áttað mig á því hvað menn telja sig vera að vinna með því að víkja í æ ríkari mæli til hliðar vinnubrögðum sem voru alsiða og var hefð hér í þinginu að við undirbúning ýmissa mikilvægra mála af þessu tagi var yfirleitt leitað eftir því og keppt að því að fá fulltrúa allra með í vinnuna og menn trúðu því, miðað við þau viðhorf sem voru uppi fyrir 10–20 árum eða hvað það var, að það væri eftirsóknarvert og mikilvægt að standa þannig að málum. Ég nefni t.d. hvernig meiri háttar framkvæmdaáætlanir eins og vegáætlun, langtímaáætlanir á því sviði o.s.frv., voru yfirleitt undirbúnar á því árabili sem ég vitnaði til. Það var ófrávíkjanleg regla að leita eftir fulltrúum frá öllum þingflokkum til að leggja grunn að slíkri vinnu og hafa þá með í undirbúningsstarfinu og menn trúðu því að það væri líklegra

til að skapa samstöðu um málaflokkinn. Þær tillögur sem litu dagsins ljós ættu sér stuðning og þær ættu sér málsvara í öllum flokkum. Menn fylgdust með vinnunni, menn væru upplýstir á hverjum tíma í gegnum fulltrúa sína og það væri minni hætta á pólitískum skotgrafahernaði og annarri slíkri óáran sem gæti skotið upp kollinum ef öðruvísi væri að málum staðið. Ég held að menn hafi mengast svo, frú forseti, af þeirri tilhugsun sinni eða trú að þeir væru komnir til valda í eitt skipti fyrir öll og þeirra biði aldrei framar það hlutskipti að þurfa að taka tillit til annarra sjónarmiða en sinna eigin. Það er auðvitað ekki góður hugsunarháttur. Fyrir það fyrsta mun stjórnmálasagan, vonandi og örugglega hér eftir sem hingað til, sanna að þetta er rangt. Það koma breytingar í pólitík og þeir sem fara með völdin og telja sig kannski fasta í sessi geta vaknað upp einn góðan veðurdag allt í einu í minni hluta og kunna þá að naga sig í handarbökin og sjá eftir því að hafa meðhöndlað vald sitt með þeim hætti að gera ekkert með sjónarmið þeirra sem á öðrum tíma voru í minni hluta og ekki við völd.

Það er kannski ekki aðalatriði málsins heldur hitt að mér finnst þetta beinlínis ólýðræðisleg og óskynsamleg hugsun. Þetta er einhvers konar valdhroka- eða stærðarhrokahugsun sem því miður ber víða á og örlar víða á, meira að segja víðar en í stjórnarherbúðum, að menn verða svo uppteknir af stærðarhlutföllum eða einhverju slíku að þeir missa alveg sjónar á því eðli lýðræðislegra skoðanaskipta og skoðanafrelsis sem byggir á því að mönnum sé tryggt jafnræði til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tala fyrir sínum málstað og þá er auðvitað mikilvægasta grundvallarreglan að allir standi í þeim efnum jafnfætis, að öll vel rökstudd og ígrunduð sjónarmið eigi jafnan rétt á því að fá að koma fram. Á því nærist lýðræðið, á því byggir lýðræðið. Og þegar við fjöllum um grundvallarleikreglur af þessu tagi eins og sveitarstjórnarstigið er, það mikilvæga sjálfstæða stjórnsýslustig sem sveitarstjórnarstigið er, sem má auðvitað segja að sé mikilvægara á Íslandi en víðast hvar annars staðar þar sem hér eru einungis tvö stjórnsýslustig í staðinn fyrir þrjú eða jafnvel fjögur eða fleiri sums staðar annars staðar, þess þá heldur ber að reyna að vanda slík vinnubrögð og laða fram sem mesta samstöðu um þau.

Það sem ég tel sérstaklega ábótavant og áfátt í undirbúningi málsins hvað varðar áformin um sameiningu sveitarfélaga í sérstökum tengslum við verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga, sem er yfirlýstur tilgangur þessarar sameiningar að verulegu leyti, þ.e. að fækka þurfi sveitarfélögum og stækka þau sem þar með verða til og þá eru menn auðvitað sérstaklega að tala um landsbyggðina til þess að geta flutt fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga, það sem er auðvitað að við þá aðferðafræði og þá hugsun í ljósi aðstæðna eins og þær eru nú um stundir er að sveitarfélögin eru ekki í neinu ástandi til þess að taka við meiri verkefnum. Ég botna satt best að segja ekkert í því hvernig í ósköpunum mönnum dettur í hug að fara í hlutina í þessari röð, að ætla fyrst að ákveða sameiningu sveitarfélaga í þessum tilgangi, færa þeim síðan verkefni og reyna svo að sjá til með tekjurnar til þess ekki bara að standa undir nýju verkefnunum, heldur koma sveitarfélögunum á réttan kjöl vegna þeirra verkefna sem þau eru með í höndunum nú þegar í dag.

Það er athyglisvert og það er virðingarvert að hér situr formaður félmn., hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Hann er borgarfulltrúi í Reykjavík og fer þar oft mikinn og talar um skuldasöfnun Reykjavíkurborgar. (Gripið fram í.) Ég veit að nú gleð ég hv. þm. alveg óendanlega með því að nefna þetta hér. Hvernig stendur þá á því að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, trúnaðarmaður meiri hlutans í sveitarstjórnarmálum eða félmn., skuli ekki beita sér fyrir því að tekið sé til í fjármálum sveitarfélaganna fyrst og þetta látið bíða á meðan? Því hvað svo sem sjálfstæðismenn þenja sig í Reykjavík um slæma fjármálastjórn þar þá þýðir auðvitað ekkert fyrir þá að neita því að hér er við almennan vanda að glíma sem er mjög víða til staðar og má heita almenn regla í fjármálum og rekstri sveitarfélaganna. Það er þannig. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er þannig og þó finna megi dæmi um nokkur vel stödd sveitarfélög, sérstaklega þau sem búa við mjög hagstæðar aðstæður í nágrenni höfuðborgarinnar, njóta góðs af ýmissi opinberri þjónustu sem þar er, njóta góðs af sambúðinni við hið stóra sveitarfélag Reykjavík og komast upp með og stæra sig jafnvel af því að þurfa ekki að leggja á útsvör. Ég er að tala um ýmsa nágrannabæi við Reykjavík þar sem er bláleitur litur á sumum hverjum og menn hafa hrósað sér mikið af því að þurfa jafnvel ekki að leggja á eins mikil útsvör og aðrir. Á því eru auðvitað ýmsar skýringar og ekki bara sú ein að þar séu menn svona miklu betri við að stjórna fjármálum en annars staðar. Það er auðvitað ekki svo, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það er barnalegur málflutningur að halda slíku fram.

Ef við færum yfir það hvernig afkoma sveitarfélaga vítt og breitt í landinu er og hefur þróast í gegnum tíðina með tengingu við einhverja meiri hluta og minni hluta þar, þá spái ég hv. þingmanni því að það sé algerlega ómögulegt að finna neina fylgni milli þess hverjir hafa setið þar í meiri hlutum og minni hlutum á hverjum tíma. Ég þekki a.m.k. allt of mörg dapurleg dæmi, því miður, um fjárhag sveitarfélaga sem sjálfstæðismenn voru búnir að stjórna einir eða með öðrum um árabil eða jafnvel áratuga skeið þar sem fjárhagurinn er í rjúkandi rúst. En það hefur aldrei hvarflað að mér að reyna að reiða það fram sem skýringu að það væru einhver náttúrulögmál í því að það hvernig mönnum tækist til við að stjórna fjármálum sveitarfélaga sinna færi eitthvað eftir flokkspólitískum skoðunum. Það er bara eins og hvert annað kjaftæði og er auðvitað ekki svo og sagan mun auðvitað sýna okkur það og allur samanburður mun sýna okkur það. Auk þess er það auðvitað svo og við verðum að hafa það í huga að sveitarfélögunum eru afar takmarkaðir möguleikar búnir til þess að ráða sér sjálf. Tekjustofnar þeirra eru ákveðnir á Alþingi. Aðstæður þeirra markast af ýmsu sem er alveg utan þeirra áhrifasviðs. Sumt kemur frá löggjafanum, sumt kemur í formi tilskipana frá Evrópusambandinu og enn annað ræðst af ýmsum aðstæðum í atvinnulífi og byggðamálum sem sveitarstjórnarmenn ráða lítið við. Hverju ráða sveitarstjórnarmenn í litlum sjávarbyggðum um sviptingarnar sem frjálst framsal veiðiheimilda í kvótakerfinu býður upp á? Auðvitað engu. Sveitarfélögin hafa þar í mörgum tilvikum engan aðgang að málinu og ekkert bolmagn til þess að ráða niðurstöðu mála þar þegar stóru risarnir í sjávarútvegsmálunum svipta hlutunum á milli sín. Allar þessar aðstæður marka því auðvitað mjög möguleika á stöðu sveitarfélaganna.

Niðurstaðan er sú, frú forseti, að afkoma sveitarfélaganna hefur verið algerlega óviðunandi um langt árabil. Þau hafa safnað skuldum sem slík í heild, ef menn taka bara meðalafkomu þeirra, svo nemur tölum af stærðargráðunni 2–4 milljörðum um árabil. Afkoma fjölmargra sveitarfélaga í landinu er slík að það er ekkert eftir þegar búið er að greiða rekstur málaflokka og borga afborganir af skuldum þannig

að allar framkvæmdir, allar fjárfestingar verður að taka að láni. Þetta er mjög algengur veruleiki sveitarstjórnarmanna vítt og breitt í sveitarfélögum landsins. Þó að kannski hafi heldur rofað til á þessu ári og hinu síðasta hvað fjármálin snertir veit ég ekki betur en að skuldasöfnunin hafi haldið áfram þótt að vísu hafi dregið úr henni. Það eru þá nýjar fréttir ef afkoman að meðaltali er orðin jákvæð, hún var það ekki síðast þegar ég skoðaði tölur um það efni.

Það er auðvitað svo að sveitarfélögin, í þeirri stöðu sem þau eru, draga yfirleitt styttra stráið í samskiptunum við ríkið. Við erum með langa lista frá sveitarstjórnarmönnum, frá samtökum sveitarstjórnarmanna, yfir klögumál á ríkið vegna samskipta við það undanfarin ár þar sem sveitarfélögin verða af tekjum eða fá á sig aukin verkefni vegna einhliða ákvarðana ríkisvaldsins. Hvað má þar nefna til? Jú, það má t.d. nefna að skattkerfisbreytingar, sem hafa gert það mjög fýsilegt og hvetjandi fyrir einkaaðila að stofna um sjálfa sig og sinn rekstur einkahlutafélög, hafa fjölgað slíkum fyrirbærum gríðarlega og valdið því að sveitarfélögin hafa orðið af gríðarlegum útsvarstekjum. Þau hafa enga leiðréttingu fengið á því. Sannarlega er hér um háar fjárhæðir að ræða. Það má t.d. benda á að sveitarfélögin hafa mátt sæta því í samskiptum við ríkið á fjölmörgum sviðum þar sem þessir aðilar eiga að deila með sér kostnaði, eins og í greiðslu húsaleigubóta, eins og við eyðingu refa og minka og annað í þeim dúr, að ríkið segir við sveitarfélögin: Jú, við ætlum að vísu að greiða 60% eða 50% af kostnaðinum en það eru ekki meiri peningar en svo á fjárlögum að það dugar bara fyrir 30%. Sveitarfélögin mega þá sitja uppi með skellinn og taka viðbótina á sig. Þegar kemur að framkvæmdum í framhaldsskólum notar ríkið norm sem eru svo óraunhæf (Gripið fram í.) að þó að lögin geri ráð fyrir 60% kostnaðarþátttöku ríkisins í verkefninu, ef ég man rétt, duga normin ekki nema fyrir eins og 40% af kostnaðinum. Þá segir ríkið: Því miður, það verður bara að vera ykkar hausverkur. Þannig má nefna dæmin hvert á fætur öðru.

Allt þýðir þetta að sveitarfélögin búa við enn þrengri fjárhag en ella. Fyrir nú utan að ég held að það sé alveg morgunljóst að afkoma sveitarfélaganna er slík að það verður einfaldlega að bæta stöðu þeirra til að sinna sínum lögbundnu verkefnum eins og þau eru. Þau eru að missa allt of hátt hlutfall af tekjum sínum beint í rekstur málaflokka lögbundinna verkefna sem þau eru skyldug til að sinna og eiga að uppfylla ákveðnar kröfur þannig að sveitarstjórnarmenn hafa í sjálfu sér ekkert val þar. Þeir eiga samkvæmt lögum að tryggja tiltekna hluti. Hlutfall sem var algengt fyrir u.þ.b. 10–15 árum, og hér inni eru vanir sveitarstjórnarmenn sem ég geri ráð fyrir að geti staðfest það að þá var alls ekki óalgengt að sjá tölur á bilinu 70–75% af tekjum í rekstur málaflokka, afganginn höfðu menn í afborganir af lánum og fjárfestingar og framkvæmdir, það hlutfall er núna iðulega á milli 80 og 90%. Ég man ekki hvert meðaltalið er núna nákvæmlega en ekki fyrir löngu var það talið vera 83–84%, (**Gripið fram í:** Yfir 90.) Komið yfir 90% nú, segir gamalreyndur bæjarstjóri hér í hliðardyrum. Ef menn eru komnir með 90% af tekjunum beint í reksturinn verður ekki mikið gert þegar afgangurinn, 10%, á að dekka allt hitt.

Það sem ég vil leggja áherslu á hér, frú forseti, og mér finnst vera algjörlega öfugt í málinu og illa að unnið, er að fara ekki í þann málaflokk fyrst. Auðvitað áttu félmrh. og fjmrh. að byrja á því að klára viðræður við sveitarfélögin um núverandi tekjuleg samskipti og koma þeim hlutum á hreint. Þá var hægt að leggja af stað í næsta leiðangur sem var þá áform um yfirfærslu frekari verkefna til sveitarfélaganna og tekjur í viðbót til að standa undir því. Svo kemur á daginn að nefndarstarfið er ekki betur skipulagt en það — svo voru menn að hælast hér um og hrósa þessu öllu saman fyrr í umræðunni, eins og hv. 9. þm. Norðaust., Birkir Jón Jónsson, sem var alveg að rifna úr monti yfir því hvað þetta væri allt saman gott hjá sér og hæstv. félmrh., flokksbræðrunum, talaði þar í öðru orðinu sem fyrrv. aðstoðarmaður félmrh. og í hinu sem þingmaður og það var ekki lítil ánægjan með þetta allt saman — það var ekki betur að því staðið en svo, frú forseti, að það er bullandi ágreiningur milli málsaðilanna um hvert sé verksvið tekjustofnanefndarinnar sem er í gangi. Sveitarstjórnarmennirnir trúðu því og hafa vísað í pappíra um það að verkefni nefndarinnar væri alveg sérstaklega það að athuga núverandi tekjustofna sveitarfélaga og kanna hvort þeir séu í samræmi við lögskyld og venjubundin verkefni sveitarfélaganna, þ.e. þeir hafa lagt áherslu á að fyrsta verkefni þessa starfshóps eigi að vera að kanna núverandi verkefnastöðu sveitarfélaganna og tekjustofnanna sem eiga að standa undir þeim. Nei, félmrh. hefur sent út pappíra, erindisbréf, og kynnt verkefnið á fundum með glærum, sem ég er hér með ljósrit af, þar sem ekkert er á þetta minnst, þar sem reynt er að þrengja verksvið starfshópsins niður í það að hann eigi eingöngu að tala um framtíðina, hann eigi eingöngu að tala um tekjustofna vegna fyrirhugaðs verkefnaflutnings yfir til sveitarfélaganna og ekki koma nálægt núverandi vanda, núverandi fjárhagsþrengingum sveitarfélaganna.

Hvað á þetta að þýða, frú forseti? Þarna er augljóslega verið að byrja á algerlega öfugum enda málsins. Ef kviknar í húsi hlaupa menn ekki inn í hús neðar í götunni og fara að kanna hvernig ástandið á reykskynjurunum er þar. Menn byrja á því að reyna að slökkva eldinn þar sem hann er uppi hverju sinni. Mönnum finnst þetta kannski óviðeigandi líking en hún skilst vonandi. Það má alveg segja að það sé slíkt ástand uppi hjá mörgum sveitarfélögum í landinu sem eru í hengjandi vandræðum og hafa mátt sæta því að búa við slíkar þrengingar undanfarin ár að þau hafa verið neydd til að selja eignir sínar til að fleyta sér milli ára. Það er staðreyndin.

Sveitarfélög á Vestfjörðum voru meira og minna að komast í þrot og hetjurnar þaðan, þ.e. þingmennirnir úr stjórnarliðinu, voru ekki hugumstærri en svo að þeir létu hafa sig í það að koma með frumvörp til þess að sveitarfélögunum á Vestfjörðum væri bjargað með því að selja frá sér kannski einhverja verðmætustu og álitlegustu framtíðareign sína sem var sjálfstætt orkufyrirtæki í fjórðungnum. Þar með fóru þaðan allir þeir möguleikar sem í því gátu verið fólgnir að eiga slíkt öflugt fyrirtæki með góða afkomu sem hefði getað veitt fjármuni í skyld verkefni og verið bakhjarl ýmiss konar atvinnuuppbyggingar á komandi árum og áratugum í þeim landshluta eins og sterku orkufyrirtækin eru annars staðar. Dæmi: Hitaveita Suðurnesja sem hefur staðið á bak við margs konar stórátök í atvinnuuppbyggingu þar, Bláa lónið og hvað það nú er. Þó að menn hafi misjafnar skoðanir á því hversu álitleg sum verkefnin eru sem Orkuveita Reykjavíkur er að ráðast í er þó verið að reyna eitthvað þar. Það er þó verið að leggja fjármuni í áhættuverkefni, nýsköpunarverkefni, þróunarverkefni í atvinnulífi sem liggja ekki á lausu annars staðar eins og þeim hlutum er fyrir komið hjá hæstv. ríkisstjórn. Í iðnn. höfum við verið með það í höndunum að það er alger þurrð á nýju nýsköpunarfjármagni,

áhættufjármagni til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Nýsköpunarsjóður er tómur, hann er fullfjárfestur, getur í mesta lagi reynt að verja núverandi eignir sínar í félögum, hefur enga nýja peninga. Og sama sagan er meira og minna yfir línuna þannig að þar eru smámunir á ferð. Auðvitað munar sveitarfélögin um það ef þau eiga öfluga mótora í baklandi sínu sem geta stutt við bakið á einhverju nýju. Frá Vestfjörðum fór einhver álitlegasti kostur þeirra í þeim efnum þegar orkubúið var tekið þaðan.

Mörg önnur sveitarfélög í landinu hafa neyðst til þess að selja kannski einhverjar ábatasömustu og mikilvægustu eignir sínar á umliðnum árum og áratugum, gjarnan veitufyrirtæki eða veiðiheimildirnar í sjávarútveginum til að halda sér á floti. Þannig er það. Sveitarfélögin hafa rúið sig inn að skyrtunni, sérstaklega minni og meðalstór sveitarfélög á landsbyggðinni, til að halda sér á floti, selt veiðiheimildirnar til að byggja íþróttahús eða byggja við skólann til að þau gætu sinnt lögbundnum þjónustuskyldum við íbúa sína. Við þekkjum öll dæmin um þetta, hv. þingmenn, og svo láta menn eins og það sé allt í himnalagi, hægt sé að fara í næsta leiðangur, færa meiri og kostnaðarsöm verkefni til sveitarfélaganna án þess að klára fyrst það sem út af stendur í tekjulegum samskiptum þessara aðila. (Gripið fram í.) Ég skil ekkert í því, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að menn skuli láta bjóða sér þetta, hvorki þingmenn sem ættu að hafa einhverjar tilfinningar fyrir málefnum sveitarfélaganna í umdæmum sínum né heldur forustumenn sveitarfélaganna. (Gripið fram í.)

Ég er aldeilis undrandi á því, herra forseti, hversu viljugir forustumenn sveitarfélaganna, Sambands sveitarfélaga, eru í enn einn leiðangurinn í ljósi reynslunnar af þeim sem á undan eru gegnir. Eru þeir ekkert hræddir við að reynslan endurtaki sig einu sinni enn, þeir kaupi köttinn í sekknum? Menn deila um það hvort grunnskólanum hafi fylgt nægilegt fé eða ekki. Mér finnst það í raun og veru blasa við hverjum manni í ljósi afkomunnar hjá sveitarfélögunum eins og hún hefur þróast á þeim tíma frá 10. áratugnum þegar þau tóku endanlega við grunnskólanum. Þau hafa safnað skuldum og safnað skuldum og það er algert jafnvægisleysi ríkjandi í tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga þegar við horfum til þess, sem út af fyrir sig er gott, að ríkissjóður hefur á þeim tíma greitt niður skuldir, að vísu aðallega með því að selja eignir og það verður ekki gert nema einu sinni í hverju tilviki.

Hafandi sagt þetta, frú forseti, vil ég segja til þess að það misskiljist ekki og hér er verið að gauka að mér gagnlegum upplýsingum um frekari eignir sem sveitarfélög hér og þar í landinu eru núna að velta fyrir sér að þau neyðist til að selja, ráði ekki við að hafa, ekki vegna þess að menn vilji ekki gjarnan eiga sínar veitustofnanir sem eru afar mikilvæg þjónustufyrirtæki við íbúana, heldur einfaldlega vegna þess að menn eiga fátt eftir til að láta. Fjölskyldusilfrið er allt saman að verða búið í sveitarfélögum landsins og auðvitað veit íhaldið hvað það er að gera. Það er að neyða sveitarfélögin, þröngva sveitarfélögunum til að selja eignirnar þannig að þær fari á einkamarkað og reka sveitarfélögin út í að ráðast í nýjar framkvæmdir á grundvelli einkafjármögnunar. Og Framsfl. kyngir því auðvitað eins og venjulega, mokar flórinn, veður flórinn alveg upp að hnjám fyrir íhaldið og er í raun og veru að hjálpa til við þá einkavæðingu sem menn eru að koma bakdyramegin inn í gegnum það að halda sveitarfélögunum í fjárhagslegri spennitreyju þannig að þau geti ekkert gert, ekkert hreyft sig, ekkert fjárfest nema fara einkafjármögnunarleiðina sem verður svo dýrari þegar upp er staðið. Það viðurkenna allir. Þegar reikningurinn er greiddur eftir 25 ár eða hvað það nú er í hverju tilviki þegar byggður er leikskóli eða hús eða eitthvað annað í einkaframkvæmd, þá er auðvitað búið að borga allan reksturinn plús arðinn til eigandans og jafnvel á hann svo húsnæðið eftir og hefur kverkatök á sveitarfélaginu í framhaldinu sem verður auðvitað að semja við hann um áframhaldandi leigu eða þjónustu. Rafveita Sauðárkróks, Hitaveita Blönduóss, Hitaveita Dalamanna og Hitaveita Ólafsfjarðar eru nokkur dæmi sem kannski eru næst á listanum yfir fyrirtæki sem sveitarfélög neyðast til að láta frá sér (Gripið fram í.) eða búið er að selja í sumum tilvikum.

Ég vil, frú forseti, ekki að það misskiljist vegna þessa pistils sem ég hef flutt um fjárhag sveitarfélaganna að ég er að sjálfsögðu talsmaður þess og stuðningsmaður og það erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að sveitarstjórnarstigið sé eflt, að það sé öflugt. Það er ákaflega mikilvæg nærþjónusta sem þar fer fram við íbúana og ég hef alltaf viljað nálgast það pólitískt. Ég vil að það sé pólitískt inntak á bak við það ef menn eru í aðgerðum af því tagi eins og að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Ef stækkun sveitarfélaganna er í yfirlýstum, jákvæðum pólitískum tilgangi, sem sagt þeim að efla velferðarþjónustuna í sveitarfélögunum, þá er ég jákvæður gagnvart slíku en ekki ef það er meðhöndlað eins og tæknilegt verkefni og fyrst og fremst aðferð til að skera niður, slátra grunnskólunum, litlu einingunum úti á landi, þrengja að mönnum. Þá er þessi leiðangur ekki til góðs. Það sem ég hef alltaf talið að vantað hafi inn í umræðuna hér öfugt við t.d. Sviþjóð þegar menn fóru í hin miklu átök í Svíþjóð að stækka sveitarfélögin á 7. og 8. áratugnum, ef ég man rétt, þá var það í yfirlýstum pólitískum tilgangi. Það var liður í uppbyggingu velferðarkerfisins í Svíþjóð. Verið var að efla þjónustuna við íbúana í gegnum sterkari sveitarfélög og lagðir voru fjármunir í það. En það er ekki það, því miður, sem mönnum gengur aðallega til hér eða eingöngu. Á bak við er sú hugsun að nota sameininguna sem aðferð til þess að skera niður, færa ákvarðanatökuna fjær íbúunum í stærri einingum og láta menn glíma við það í stærri sveitarfélögum að slátra einingum og leggja niður hluti sem menn vörðu alveg fram í rauðan dauðann í sínu litla sveitarfélagi, einingar eins og grunnskóla byggðarlagsins o.s.frv. Menn nálgast þetta iskalt og kaldrifjað sem tæknilegt verkefni, sem aðferð til að ná pólitískum markmiðum fram sem eru a.m.k. félagslega og byggðarlega ekki mjög kræsileg.

Lausnarorðið er sameining sveitarfélaga sem ég hef farið jákvæðum orðum um vegna þess að þegar rétt er að þeim hlutum staðið getur það verið mjög gagnleg og góð aðgerð, enda sé forritið rétt, pólitíkin á bak við sé rétt, það sé myndarlega að því staðið og landfræðilegar og lýðfræðilegar aðstæður mæli með því að það sé gert. Ég held að það hættulegasta í sambandi við það að trúa á sameiningu sveitarfélaga sem eitthvert einfalt lausnarorð, bara sem slíkt, að það leysi vandann að sameina sveitarfélög, sé að menn horfi fram hjá þeim landfræðilegu og lýðfræðilegu aðstæðum sem breytast ekki neitt í strjálum byggðum landsins með því að sameina víðlend og fámenn sveitarfélög. Einhver nefndi fyrr í umræðunni Grímsey. Það er ágætt dæmi. Hverju breytir það fyrir hið dagsdaglega líf í Grímsey í sjálfu sér þó að Grímsey sé sameinuð einhverju fjarlægu sveitarfélagi? Er

hún ekki og verður hún ekki áfram sama samskiptaeiningin sem þarf í raun og veru að geta séð um sig og tekið sínar ákvarðanir sjálf ef eitthvert vit á að vera í hlutunum? Jú, það held ég. Ég sé því ekki að það vinnist mikið við að færa forræðið yfir þeim málum sem eru þó þar til að taka ákvarðanir um og þá litlu þjónustu sem þar er þó veitt af samfélaginu, ríki og sveitarfélagi, og færa þær ákvarðanir eitthvað annað. Eða tökum t.d. strjálbyggð svæði eins og suðurhluta Vestfjarða eða norðausturhorn landsins. Breytast aðstæðurnar sem menn eru að glíma við þar eitthvað við það þó að 4–5 fámennir hreppar séu sameinaðir í einn og í staðinn fyrir kannski dagsdagleg samskiptasvæði búi menn til stór landsvæði með mörg hundruð kílómetra vegalengdum sem eru á engan hátt samskiptaleg eining?

Þá komum við líka að því sem reyndar hefur einnig verið nefnt fyrr við umræðuna og það eru samgöngur og aftur samgöngur. Auðvitað á að hafa þessa hluti í takti við þær samgöngur sem menn hafa til að eiga samskipti. Í Norður-Þingeyjarsýslu segja menn ósköp einfaldlega þegar þessa hluti ber á góma: Komið með samgöngurnar fyrst. Komið með samgöngur sem gera þetta svæði þannig að það geti unnið saman, verði ein samskiptaleg heild, og þá er okkur ekkert að vanbúnaði að skoða sameiningu eins og öðrum svæðum í landinu eftir því sem það mundi henta og við teldum okkur hagstætt. En að trúa á sameiningu sem slíka, sem eitthvert lausnarorð ef ekkert er gert að öðru leyti til að auðvelda mönnum að glíma við slíkar aðstæður, auðvelda mönnum að veita nauðsynlega þjónustu við þær aðstæður og þar býr fátt fólk á stóru svæði, það er ekkert lausnarorð. Má þá ekki alveg eins hugsa sér að nálgast hlutina með öðrum hætti og segja: við komum til móts við einingarnar sem eru að glíma við þessar erfiðu aðstæður með pósitífum hætti, horfumst í augu við þær, eins og að halda að þetta leysist bara allt saman með því að slengja hlutunum saman? Ég hef mjög miklar efasemdir um það. Það getur jafnvel orðið til þess að menn haldi, einblínandi á meðaltölin, að með því einu sé málið leyst og þá er jafnvel verr af stað farið en heima setið.

Frú forseti. Það er því að mjög mörgu að hyggja í þessum efnum. Staðreyndin er auðvitað sú að umræðan er öll dálítið sérkennileg í ljósi þess að 80–90% íbúa landsins búa nú þegar í því sem menn kalla stór sveitarfélög og málið snýst um mjög lítinn hluta íbúa landsins sem býr í hinum fámennari og fyrst og fremst strjálbýlu sveitarfélögum, kannski í raun og veru fyrst og fremst um 3–5% íbúa landsins. Og eru þá ekki ýmsar aðrar leiðir sem kæmu til greina til að takast á við þá hluti ef vilji er fyrir hendi að styðja við íbúana sem þar búa og tryggja að þeir njóti sambærilegrar undirstöðuþjónustu í landinu og aðrir? Jú, auðvitað eru margar aðrar leiðir færar í þeim efnum. Ég hef oft spurt hvers vegna ekki séu einhverjir sérstakir liðir í fjárlögum eða gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga umfram þá sem þar eru núna, og er ég þá ekkert að gera lítið úr jöfnunarhlutverki hans, sem koma með beinum pósitífum hætti til stuðnings þeim sveitarfélögum sem halda uppi lögbundinni þjónustu við þær aðstæður að þar býr fátt fólk á víðlendum landsvæðum sem eru auðvitað algerlega ósambærilegar á allan hátt við þau lögmál sem ríkja í stórum þéttbýlissveitarfélögum. Það væri kannski á sinn hátt miklu einfaldari aðferð en sú sem menn eru alltaf að berjast við hér, að meðhöndla sveitarfélögin öll eins og þau væru einsleit, láta að öllu leyti gilda sömu reglur um Reykjavík og Raufarhöfn, og berjast svo um á hæl og hnakka með bólginn jöfnunarsjóð og alls konar æfingar af þessu tagi í staðinn fyrir að ríkið eins og auðvitað gerðist í gegnum þá málaflokka og gerir enn í gegnum þá málaflokka sem ríkið er með að verulegu leyti, sjóðurinn okkar allra, taki á sig þá jöfnun sem í því er fólgin að tryggja þjónustuna við ólíkar aðstæður þar sem hún verður augljóslega dýrari í ýmsum tilvikum þegar verið er að veita fáu fólki hana við svona aðstæður.

Fyrst á að koma afkomu sveitarfélaganna í dag í lag. Þá er fyrst tímabært að setjast niður yfir framhaldið og ræða tekjustofna og verkefni sem skynsamlegt geti verið að færa til sveitarfélaganna og öfugt því auðvitað á liður í þessu líka að vera sá í sumum tilvikum að svara spurningum af því tagi: Eru kannski vissir hlutir sem að hluta til eða öllu leyti eru hjá sveitarfélögum í dag þegar allt kemur til alls jafnvel betur komnir hjá ríkinu eða einfaldlega sem samstarfsverkefni þessara aðila? Ég hef aldrei verið í þeim hópi sem hefur tekið undir þann voðalega róg um að samstarfsverkefni séu svo ægilega skaðleg og hættuleg og að verkaskiptingin eigi að vera ákaflega hrein. Það eru ein trúarbrögðin eða trúarbragðakennda nálgunin í umræðunni að það sé svo óskaplega mikilvægt að hafa það sem menn kalla hreina verkaskiptingu.

Erum við ekki öllsömul ein þjóð í einu landi? Er það ekki svo að þessir aðilar eru sífellt í samstarfi um hlutina og háðir hvor öðrum, ríkisvaldið og löggjafinn sem setja lögin og ákveða fjárlögin, setja kröfurnar, setja hin faglegu viðmið, ákveða stefnuna, t.d. kröfurnar sem gerðar eru í skólakerfinu og í velferðarþjónustunni og svo sveitarfélögin sem annast um framkvæmd tiltekinna hluta af þessu? Jú, auðvitað. Og hin endalausu ræðuhöld um nauðsyn hinna hreinu verkaskipta eru auðvitað út í loftið þegar betur er að gáð. Það geta beinlínis verið mjög margir neikvæðir þættir því samfara að klippa alveg á milli ábyrgðar á málaflokknum, rekstrarins og kostnaðarins, og ákvarðanatöku og stefnumótunar hins vegar, eins og ég tel að við sjáum nú þegar vísi að t.d. í skólamálunum. Það er voðalega auðvelt að vera metnaðarfullur menntmrh. og gera miklar kröfur í málaflokki sem sveitarfélögin eiga að borga. Þá er fínt að gefa út fína námskrá og slá um sig og segja: Við ætlum að gera þetta rosalega vel og af miklum metnaði, og senda svo öðrum reikninginn. Ég hélt að það þætti ekki góð latína í slíkum samskiptum, að þeir sem taka ákvarðanirnar um útgjöldin þyrftu helst að hafa einhverja tengingu við reikninginn líka. Ég veit ekki hvað hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir um það. (**EOK:** Það kemur að því.) Skyldi það ekki vera að það gæti líka haft sína ókosti að hafa þennan algera aðskilnað sem menn eru oft að tala um?

Ég vil svo að síðustu aðeins nefna þá málaflokka sem nefndir hafa verið í tengslum við það mál allt saman, að færa til ríkisins. Þar hafa menn aftur vakið upp þá hugmynd að flytja málefni fatlaðra. Nú vill svo til að ég tók mikinn þátt í umræðum um það mál á sínum tíma, var þá nefndarmaður í félmn., og þekki vel á hverju það allt saman strandaði. Ég segi bara að menn eru býsna kjarkaðir að ætla að leggja strax af stað aftur í þann leiðangur því það kom í ljós og kom á daginn að það var ekki alveg eins og að drekka vatn að sippa þeim málaflokki yfir á þeim forsendum og með þeim hætti sem menn ætluðu að gera þar vegna þess hversu aðstaða sveitarfélaganna er þar gífurlega ólík, vegna þess að það var óútkljáð hvernig menn ætluðu að fara með sérhæfðu stofnanirnar og sérhæfðu úrræðin og margt fleira í þeim dúr.

Nú eru menn að tala þar um í viðbót jafnvel málaflokka

eins og heilbrigðisþjónustuna, þ.e. heilsugæsluna, og jafnvel rekstur minni sjúkrahúsa. Ég held að ég muni það rétt að á mikilli ráðstefnu í Bláa lóninu var talað um að fara með þetta allt saman, nema stóru sjúkrahúsin, og umönnun aldraðra og ýmislegt sem tengist þeim málaflokki. Ég verð að segja alveg eins og er að þá finnst mér aftur komið að því að sveitarstjórnarmenn eru ekki kjarklitlir ef þeir henda sér út í laugina og taka við því sisona því hvaða málaflokkar eru þetta? Jú, það eru þeir málaflokkar sem við öll vitum að munu vaxa hvað mest að umfangi og útgjöldum á komandi árum. Það er óumflýjanlegt þó ekkert annað kæmi til en lýðfræðilegar breytingar þar sem hlutfall aldraðra mun á kannski 30–50 árum nær tvöfaldast, ef við notum viðmiðunina 67 ára og eldri, og fara úr einhverjum 12–15% í 30, eða hvað það nú er. Ég er ekki með þær prósentur alveg við höndina en af þeirri stærðargráðu er þetta, virðulegur forseti. Þessir málaflokkar eru því ávísun á aukið umfang, á aukin útgjöld ár frá ári langt inn í framtíðina. Hvernig ætla menn þá að stilla af þær formúlur sem tryggja sveitarfélögunum jafnt og þétt auknar tekjur til að ráða við þau útgjöld og færslu tekjustofna væntanlega þá frá ríki til sveitarfélaga eða upptöku nýrra jafnt og þétt? Hvernig hefur það gengið hingað til? Ég held að það sé mikið viðfangsefni að sjá fyrir sér hvernig á að leysa úr því og vildi sjá meira á blaði áður en menn fara kannski mikið lengra hvernig þeir hafa hugsað sér að ná utan um það, virðulegur forseti.

Þrátt fyrir að frv. sé á ýmsan hátt jákvætt hvað það snertir að það er viðleitni til að nálgast málið á uppbyggilegum forsendum eins og þeim að markmiðið sé að efla sveitarstjórnarstigið í þágu betri þjónustu við íbúana sem þar búa og undir það tökum við að sjálfsögðu, eru þarna líka ýmis óútkljáð vandamál og mjög margt sem menn ættu að huga betur að. Undirbúningi málsins er áfátt og það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að ágreiningur skuli vera uppi um það hvað sé verið að skoða og hvað ekki í mikilvægustu nefndinni af þeim öllum, þ.e. þeirri sem á að fara yfir tekjustofnamálin.

Að síðustu um kosningar í því sambandi þegar íbúar sveitarfélaganna standa frammi fyrir tillögum nefndarinnar sem fengin eru mikil völd til að ákveða hvaða tillögur um sameiningu sveitarfélaga skuli lagðar í dóm íbúanna, þá verð ég að segja alveg eins og er að þó að kannski grófustu hugmyndunum sem fyrst voru viðraðar um að telja ætti öll atkvæðin upp úr einum potti í viðkomandi sveitarfélögum og það væri nóg að einfaldur meiri hluti íbúa í mörgum sveitarfélögum samþykkti óháð því hvernig atkvæði féllu í hverju og einu, hafi verið ýtt til hliðar sem á mannamáli auðvitað þýddi að stærstu sveitarfélögin í hverju tilviki gætu ákveðið þetta ein, þá stendur eftir að það orkar mjög tvímælis frá lýðræðislegum grundvallarsjónarmiðum séð að hér sé gengið frá málunum með verjandi hætti. Þá á ég auðvitað við að andi frv. er allur sá að þvinga fram tiltekna niðurstöðu, að þvinga það fram að menn samþykki þá sameiningu sem sameiningarnefndin gerir tillögur um. Hvernig er þetta útfært, frú forseti? Jú, það er Evrópusambandsleiðin, að ef menn ekki skila réttri niðurstöðu í fyrstu umferð er kosið aftur og enn aftur því gert er ráð fyrir að íbúar sumra sveitarfélaga geti þurft að sæta því að kjósa ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar heldur þrisvar sinnum á örfáum mánuðum um að sameinast öðrum sveitarfélögum jafnvel þó að þeir kolfelli það að gefa eftir sjálfstæði síns sveitarfélags í fyrstu umferð. Því það er þannig að ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur ekki samþykki íbúa í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum en meiri hluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu lýsir sig þó fylgjandi sameiningu, þ.e. meiri hlutinn í öllum sveitarfélögum talið saman, skal greiða atkvæði að nýju innan sex vikna í sveitarfélögunum þar sem tillagan var felld. Það þarf ekki að kjósa aftur í hinum sem samþykktu, heldur aðeins ef niðurstaðan verður á annan veginn og það þurfa að vísu tvö af þeim hópi sveitarfélaga sem í hlut eiga að samþykkja.

Við skulum segja að það komi tillaga frá sameiningarnefndinni um að sameina öll sveitarfélög við Eyjafjörð og við skulum segja að Akureyri og Hrísey samþykki en öll hin felli, þá skal samt kjósa aftur hvað sem tautar og raular um tillöguna í öllum hinum sveitarfélögunum innan sex vikna. Þó svo að fyrir liggi að einhver hópur sveitarfélaga á þessu svæði eða annars staðar hafi allt aðrar hugmyndir um samstarfsmálin, vilji kannski búa til sameinað sveitarfélag en minna og landfræðilega afmarkað þá hafa þau ekkert val um það. Þau hafa enga möguleika á að koma þeim sjónarmiðum að, hafa áhrif á um hvers konar tillögu yrði kosið í annarri umferð. Nei, þau yrðu neydd samkvæmt lagatextanum til að kjósa aftur um sömu tillöguna, og ég segi alveg eins og er, frú forseti, að mér finnst þetta furðulegt. Mér finnst þetta ekki lýðræðislegur frágangur málsins. Þetta er aðferðin sem Evrópusambandið notaði í Írlandi. Þegar Írar felldu Nice-samninginn afdráttarlaust í fyrri umferð var settur í gang atgangur mikill og það var legið í Írum, þeim var hótað, þeir voru dregnir upp og gerðir ábyrgir fyrir því að þeir væru hvorki meira né minna en að stoppa sjálfa sameiningu eða stækkun Evrópusambandsins og lamið og barið á þeim í eitt og hálft ár þangað til að talið var að þeir væru orðnir það meyrir að nú væri óhætt að kjósa aftur og þá marðist niðurstaðan í gegn eins og kunnugt er. En höfundar þessa frv. ætla að ganga enn lengra því þeir ætla að hafa þann möguleika tiltækan að kjósa í þriðja skiptið skv. d-lið 7. gr. frv. En þar stendur, frú forseti:

„Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu."

Ég spurði sérstaklega í nefndinni hvort skýra bæri þetta svo að það gilti um þau sveitarfélög sem hefðu fellt í fyrstu umferð, hefðu kosið eftir sex vikur og fellt aftur og svarið var já. Þau geta lent í því að sameiningarnefndin komi með nýja tillögu og þau verði látin kjósa í þriðja sinn til þess að reyna að þvinga fram þá niðurstöðu að þau sameinist. Og segjum að hér eigi í hlut t.d. í einhverjum tilvikum meðalstórt, nokkuð vel statt og öflugt sveitarfélag sem í raun og veru gengur ekkert annað til en að vilja halda sjálfstæði sínu á grundvelli gildandi sveitarstjórnarlaga. Ef það er langt yfir lágmarksmörkum þess íbúafjölda sem þar stendur og ef afkoma þess er í lagi og íbúarnir ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá, er þetta þá eðlileg framkoma við íbúa í sjálfstæðu sveitarfélagi á sjálfstæðu stjórnsýslustigi? Samrýmist þetta í raun og veru t.d. grundvallarhugsuninni í sveitarstjórnarsáttmála Evrópu þar sem segir að löggjafanum og framkvæmdarvaldinu beri að virða sjálfstæði sveitarfélaga? Ég er ekki viss um það, frú forseti. Ég held að þarna séu menn á ansi tæpu vaði gagnvart þeim lýðræðislegu grundvallarprinsippum. (Gripið fram í.)

Nú heyri ég að menn eru orðnir svo órólegir í salnum að ég er að hugsa um að fara að ljúka máli mínu. Ef ég veld mönnum hugaræsingi er rétt að hafa það í hófi, enda hef ég farið yfir það sem ég ætlaði, frú forseti, að gera sérstaklega að umtalsefni. Við höfum sem sagt ýmsa fyrirvara á varðandi samþykki málsins eins og ég vona að ég hafi náð að

gera ágætlega grein fyrir. Það er alls ekki vegna þess að við séum ekki jákvæð og hlynnt því að sveitarstjórnarstigið sé eflt þar sem það hentar og vilji íbúanna stendur til að gera það í og með í gegnum stækkun og sameiningu sveitarfélaga, heldur vegna þess hvernig að málinu er staðið, vegna þeirrar óútkljáðu og óleystu deilumála sem fyrst á að leiða til lykta, eins og ég hef farið yfir, og nokkurra fleiri þátta sem varða ýmis efnisatriði frv. og framkvæmdina eins og að henni hefur verið staðið af hálfu hæstv. fjarstadds félmrh. og framkvæmdarvaldsins.

[18:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og títt er og kemur oft fyrir notaði hv. þm. tækifærið til að fara með himinskautum um fjármál sveitarfélaganna og er ástæða til að gera aðeins athugasemd við það.

Við vitum að sjálfsögðu öll að mörg sveitarfélög hafa orðið fyrir tekjuskerðingu. Það eru aðallega sveitarfélög þar sem landbúnaður er stundaður, sérstaklega sauðfjárrækt, og ýmis sveitarfélög við sjávarsíðuna þar sem orðið hefur mikill samdráttur í tekjum, mikil fækkun fólks og vandamál þeirra sveitarfélaga eru alveg gríðarleg. (**Gripið fram í:** Hvað búa ...?) Við höfum reynt að bregðast við því á síðustu árum með því að setja 2.500 millj. í jöfnunarsjóðinn en það hefur sannarlega ekki dugað til. Það er því ástæða til og mikil þörf að grípa til sértækra aðgerða gagnvart þeim sveitarfélögum þar sem fólksfækkun er mikil. (**Gripið fram í:** Eins og á ...)

Hins vegar er það svo að það á alls ekki við um öll sveitarfélög. Sveitarfélögin í heild hafa haft meiri tekjur á síðustu tíu árum en ríkið og ef menn eru áhugasamir um fjármál sveitarfélaga er rétt að fara í gegnum stóru tölurnar í því. Þær eru að aðalútgjöld sveitarfélaga eru laun, og launagreiðslur á undanförnum árum hjá sveitarfélögum hafa hækkað um u.þ.b. 10% meira en sambærileg laun hjá ríkinu. Þetta er agaleysi sveitarstjórnanna sjálfra. Það er alveg rétt að taka undir þau vandamál sem um er að ræða en það er ekki hægt að gera það gagnrýnislaust. Sveitarfélögin verða að aga sín útgjöld alveg eins og ríkið verður að gera það. Þetta er spurningin um að standa að þeim málum af ábyrgð, það hefur mjög vantað upp á það varðandi þróun launa hjá sveitarfélögunum.

[18:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir að vekja athygli á því og það er rétt að ég var að flytja eina af mínum ræðum um fjárhagsvanda sveitarfélaganna og ég mun halda áfram að gera það á meðan stjórnarliðar, ríkisstjórnin og meiri hlutinn, eru svo miklar lyddur að taka ekki til í þeim málum. Það fer í taugarnar á mér og ég held að ekki þýði að kenna þar um einhverri óráðsíu sveitarfélaganna að þau hafi keyrt út af í launamálum. Ég hef engar tölur séð um það t.d. að launakostnaður sveitarfélaga sérstaklega stingi í augu eða skeri sig úr þróuninni hjá ríkinu. Ætli hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde sé ekki alveg eins ábyrgur fyrir þeirri þróun og ætli veitt hafi af í sumum tilvikum að bæta kjör þess fólks sem vinnur við þessa mikilvægu þjónustu eða hvernig gekk á árum áður að manna ýmis störf í skólunum, í heilbrigðisþjónustunni o.s.frv.? Ætli við verðum ekki að horfast í augu við þann veruleika, hv. þm., að við viljum halda þessu fólki í landinu og ekki missa það allt til útlanda út af bágum kjörum. Menn stóðu frammi fyrir því með hjúkrunarfræðinga, kennara og ýmsar fleiri stéttir.

Ég er að gagnrýna það og ég mótmæli því að myndarlega hafi verið gert við að reyna að koma til móts við þau sveitarfélög sem hv. þm. réttilega nefndi og lentu í sérstökum erfiðleikum vegna tekjusamdráttar, breytinga í atvinnulífi, byggðamálum og öðru slíku. Eða hvað gerði ríkisstjórnin fyrir þremur árum síðan? Hún tók af viðbótartekjujöfnunarframlögin og fólksfækkunarframlögin upp á 700 millj. sem voru sérstakur stuðningur við þau sveitarfélög sem voru í mestum vanda vegna skyndilegs tekjufalls og vegna fólksfækkunar. Það var höggvið af og mér er það mjög minnisstætt vegna þess að það gerðist akkúrat árið sem Raufarhöfn lenti í mestu hremmingunum og það munaði það sveitarfélag um verulegar fjárhæðir sem það hefði fengið áfram ef þau framlög hefðu ekki verið tekin út þannig að sagan er ekki öll mjög glæsileg, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og landsbyggðarþingmenn stjórnarliðsins verða að horfast í augu við það.

[18:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu eru til öll gögn um þróun launa hjá kjararannsóknarnefnd og þar liggur þetta allt fyrir. Laun hjá sveitarfélögunum hafa hækkað 10% meira en laun hjá ríkinu og ef menn leggja það saman, launakostnaðinn og 10% ofan á, þá er komin stóra summan sem við vorum að tala um og ef hv. þm. hefur áhuga, eins og ég veit að hann hefur, á vandamálum sveitarfélaga þá er rétt að tala um stóru tölurnar. Þetta er stóra talan.

Ég vil líka benda á að það eru sveitarfélögin sem semja reglur sín á milli um það hvernig þau skipta framlögum í jöfnunarsjóðnum, það eru samningar þeirra á milli. Ríkið gefur þeim engin fyrirmæli um hvernig það skuli gert. Og það er rangt að við höfum minnkað framlögin til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, við höfum aukið þau. Síðustu þrjú árin hafa verið lagðar í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 2.500 millj. umfram það sem samið var um.

Hins vegar tók ég mjög skýrt fram í andsvari mínu að það er rétt að sum sveitarfélög sem hafa orðið fyrir tekjuskerðingu hafa orðið fyrir fólksfækkun, sérstaklega sveitarfélögin þar sem landbúnaður og sauðfjárrækt eru stór þáttur og sveitarfélögin sem eiga mjög undir sjávarútvegi þar sem hefur orðið gríðarlegur samdráttur. Þær aðgerðir sem við höfum notað hingað til hafa ekki dugað. Það er alveg rétt. Ég sagði það áðan og ég get endurtekið það aftur að við þurfum að grípa til sértækra aðgerða en það á ekki við sveitarfélögin í heild og það má ekki fjalla um vandamál sveitarfélaganna eins og þau séu ein samfelld heild. Það er himinn og haf milli stöðu þeirra.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað alveg rétt að afkoma sveitarfélaganna er misjöfn og það kom fram t.d. í orðaskiptum mínum og framíköllum við hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson. En þó að við tökum bara meðaltalið og þó að við tökum heildarútkomuna á sveitarfélögunum tala skuldajöfnunartölurnar sínu máli. (Gripið fram í.)

Varðandi jöfnunarsjóðinn er það auðvitað ekki rétt að sveitarfélögin hafi það mál allt í sínum höndum eða fulltrúar þeirra. Það er félmrh. sem gefur út reglugerð sem er afgerandi um það hvernig framlögin fara út úr jöfnunarsjóði og jöfnunarsjóður hefur verið notaður til þess að velta yfir jöfnunarverkefnum sem áður fóru fram í gegnum ríkissjóð, t.d. meðan grunnskólinn var að hluta til verkefni ríkisins.

(**EOK:** Samkvæmt tillögum þeirra.) Og peningarnir sem verið er að tala um að hafi verið settir yfir í jöfnunarsjóð eru tengdir við slíkan verkefnatilflutning þegar við skoðum það betur. (**EOK:** Nei.) Minnst af þeim, hv. þm., hefur verið til þess að bæta afkomu sveitarfélaganna. Það hefur verið vegna verkefna sem valið var að setja þangað inn sem tengist yfirfærslu á hlutum frá ríki til sveitarfélaga.

Varðandi launaþróunina þá skulum við fara yfir hana. Hvernig skyldi standa á því að launakostnaður sveitarfélaganna hefur hækkað talsvert undanfarin ár? Það tengist líka yfirfærslu grunnskólans. Stærsti launaútgjaldaliðurinn hjá sveitarfélögunum núna er grunnskólinn og hjá mörgum þeirra nánast öll launin sem greidd eru. (**EOK:** Hækkun taxta.) Af hverju hafa laun grunnskólakennaranna hækkað? Jú, það var vegna þess að hluti af kettinum eða einn af köttunum í sekknum voru væntingarnar sem allir vissu að voru í pípunum um verulega bætt kjör kennara þegar sveitarfélögin tóku við og þeim var enginn annar kostur en að koma til móts við það starfsfólk sitt og bæta kjör þess. Sveitarfélögin hafa metnað til þess að reka grunnskólann vel, manna hann með réttindafólki o.s.frv. og það hefur kostað launaútgjöld, það er alveg rétt, en að láta eins og það sé eitthvert algert sjálfskaparvíti sveitarfélaganna, eitthvert ábyrgðarleysi í fjármálum, því mótmæli ég.

[18:51]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í umræðunni. Það hefur margt verið sagt um hana og ég ætla ég ekki að fara mikið inn í frv. vegna þess að margt hefur verið sagt sem ég hefði viljað segja um sameiningu sveitarfélaga o.s.frv.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram eins og hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að sameining sveitarfélaga er ekki það sem er mest áríðandi hjá sveitarfélögunum í dag. Það er ekki mest áríðandi að mati sveitarstjórnarmanna heldur að fara yfir tekjumál þeirra og vænti ég þess að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fari ekki strax úr salnum vegna þess að ég ætla að taka undir margt sem hann sagði um tekjustofna sveitarfélaga en vildi helst ræða við hann um þann yfirgang sem ríkissjóður hefur beitt sveitarfélögin þar sem dregið hefur verið úr tekjum þeirra.

Virðulegi forseti. Aðaláhyggjuefni sveitarstjórnarmanna í dag snýst fyrst og fremst um tekjustofna sveitarfélaganna, snýst fyrst og fremst um það að sífellt er verið að draga úr tekjum þeirra og þau eru að missa allan mátt til að standa undir eðlilegri þjónustu. Ég get tekið undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það eru sveitarfélög sem búa að mestu við landbúnað og hafa misst þar og þá nefni ég sérstaklega sauðfjárrækt en það eru engu að síður sveitarfélög sem hafa verið að missa frá sér kvóta og hafa sett niður vegna sjávarútvegsstefnunnar. Þau eru líka að missa miklar tekjur. Mér var þá hugsað til þess, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárln., og stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar sem gengur svo harkalega fram gegn sveitarfélögunum, hvað á eftir að telja upp af sveitarfélögum landsins ef við tökum landbúnaðar- og sjávarútvegsveitarfélögin og förum hringinn í kringum landið og sneiðum fram hjá höfuðborgarsvæðinu og kannski nokkrum öflugustu byggðakjörnum landsbyggðarinnar sem þó eru í miklum tekjusamdrætti líka?

Svínaríið sem ríkisstjórnin hefur beitt sveitarfélögin með stuðningi hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar er algjört og það er að komið þannig, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um áðan, að við sjáum sveitarsjóði sem fara með 70–80, jafnvel 85% af tekjum sínum beint í grunnskólann. Hvernig eiga þau sveitarfélög að standa að einhverri þjónustu við íbúana? Hvernig í ósköpunum á það að vera hægt? Eigum við að fara yfir það, virðulegi forseti, sem er breytingin úr einkahlutafélögunum yfir í eháeffið? Að mati Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, formanns Sambands sveitarfélaga, borgarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykjavík og flokksbróður hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, er verið að svína á sveitarfélögunum í landinu vegna þessara breytinga um 1 milljarð kr. (Gripið fram í.) Hvenær á að skila þessum peningum, virðulegi forseti? Mig langar að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson um þær sértæku aðgerðir sem hann talaði um að þyrfti að beita fyrir flestöll sveitarfélögin, ekki öll, ég er sammála því. (**Gripið fram í:** Húsaleigubæturnar?) Húsaleigubætur, eigum við að fara aðeins aftur í tímann? (**Gripið fram í:** Nei, ...) Ríkisstjórn Íslands beitti sér fyrir því á árum áður að ná peningum inn í hlutafélög landsins, almenningshlutafélög, með því að gefa skattafslátt og það voru biðraðir á gamlársdag áður fyrr hjá bönkum, sparisjóðum og öðrum við að kaupa hlutabréf. Hvernig var það fjármagnað? Með skattafslætti? Hver gaf eftir stóran hluta af skattafslættinum? Sveitarfélögin í landinu. Þannig má halda endalaust áfram að telja upp allar þær aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar sem hafa orðið til þess að sveitarfélögin í landinu eru komin á heljarþröm peningalega séð og safna skuldum. Ég kaupi það ekki, virðulegi forseti, að það sé eingöngu, eins og hv. þm. talar um, agaleysi vegna launa. Það er ekki svo. Ég þekki mjög vel til í mínu sveitarfélagi. Þar er vel haldið á hlutum og haldið aftur af hlutum og menn hafa verið að fækka störfum og draga úr þjónustu. Menn hafa hins vegar ekki komist upp með annað en halda áfram og taka þátt í því launamambói sem var gagnvart kennurum vegna þess að kennarar voru náttúrlega í þvílíku svelti meðan þeir voru ríkisstarfsmenn að þeir hafa fengið verulegar bætur launalega eftir að hafa farið frá ríkinu. Þetta vildi ég aðeins segja í þessu efni, virðulegi forseti, um tekjur sveitarfélaga sem eru aðaláhyggjuefni sveitarstjórnarmanna í dag.

Hitt atriðið er auðvitað atvinnumál og það að atvinna er sífellt að dragast saman. Tökum bara sjávarútveginn í dag. Tökum bara það mál sem við vorum að ræða í gær, dagabátana. Hvaða áhrif mun það hafa á fjölmörg sveitarfélög í landinu? Við í sjútvn. vorum að sjá fjölda báta skipt eftir sveitarfélögum í morgun og fáum vonandi gögn um það á morgun. Ég er voðalega hræddur um það, virðulegi forseti, að sú breyting muni fara mjög illa með mjög mörg sveitarfélög landsins. Ég óttast það. Það mun fara í gang ný söluherferð á kvóta hjá þeim sem fá krókaaflamark og þeir munu sjá sér hag í því frekar að selja sig út úr greininni og fá kannski 70–80 millj. fyrir sinn kvóta. Það verður þægilegra en að gera út og fá 11 millj. í tekjur á ári og kannski 1 milljón eftir þegar búið er að borga allan kostnað. Ætli það verði ekki til þess að samþjöppunin verði alger.

Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að klukkan er að verða sjö. En af því að bálið var kveikt, af því að neistinn varð að báli við að ræða meira um tekjustofna sveitarfélaga, atvinnumál og annað þá vildi ég taka þátt í því.

Tökum t.d. eitt atriði sem er að gerast í dag, bara hækkun á olíuverði, gengisskráning. Hvernig kemur það við fjölmörg byggðarlög landsins þar sem sjávarútvegur er aðalatvinnuvegurinn? Við þurfum ekkert að ræða um það. Sjávarútvegs-

fyrirtæki eiga mjög í erfiðleikum með rekstur sinn í dag út af þessum bátum. En það er ábyggilega mjög glæsilegt að vera innflytjandi og reka innflutningsverslun í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu, flytja inn gallabuxur eða eitthvað slíkt á fínu gengi. Ég þekki það frá því að ég var kaupmaður sjálfur. Þá voru oft dýrðartímar í þessu sem komu illa við landsbyggðarreksturinn vegna þess að við fengum minna fyrir afurðir okkar.

Ímyndum okkur hvernig það er að gera út, virðulegi forseti, rækjutogara í dag. Hrikalegt verðfall erlendis, hátt olíuverð, lítil veiði oft og tíðum. Þetta er í bullandi mínus. Hvað gerist ef fleiri fyrirtæki hætta að sinna rækjuveiðum og vinna rækju? Fjölmargir aðilar vítt og breitt í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins munu missa vinnuna. Þannig getum við haldið áfram endalaust, virðulegi forseti, en ég vil ljúka máli mínu með því að segja að aðalatriðið er að hæstv. ríkisstjórn hefur verið fremst í flokki við að svína á sveitarfélögum, svína á tekjustofnum sveitarfélaga. Það er sama hvað maður fer langt aftur, annar eins bægslagangur og svínarí og hefur verið að gerast undanfarin ár af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í garð sveitarfélaga þekkist ekki. Það er þannig. Og við skulum ekki loka augunum fyrir því að á tyllidögum koma ráðherrar, stjórnarþingmenn og aðrir og tala um að bæta þurfi tekjustofna sveitarfélaga en ekkert er gert.

Rétt í lokin, virðulegi forseti, ef hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson getur svarað því og þá varðar mig ekkert um talið um 2.500 millj. kr. í jöfnunarsjóðinn, þá blóðpeninga sem þar koma inn og eru settir sem fólksfækkunarframlög o.s.frv. Tekjustofnar sveitarfélaga eiga ekki að þurfa að vera bundnir af einhverjum duttlungum í hæstv. fjmrh. eða félmrh., hvort þeir láta af hendi 400 millj. eða 500 millj. á síðustu dögum þingsins fyrir jól sem einhverja jólagjöf vegna fólksfækkunarframlaga eða þess háttar hluta. Tekjustofnar fyrir sveitarfélögin eiga að vera þannig að þau geti rekið sig, að öll sveitarfélög og sérstaklega litlu sveitarfélögin úti á landi geti veitt íbúum sínum fullkomna og góða þjónustu sama hvort það er í leikskóla eða grunnskóla. Það er nútímakrafa fólks í dag og það sættir sig ekki við mismunun, t.d. í skólahaldi hvort sem það er leikskóli eða grunnskóli. Það sættir sig einfaldlega ekki við það. Fólk úti á landi í litlum sveitarfélögum veit hvernig skólar eru reknir á höfuðborgarsvæðinu og það vill fá nákvæmlega sömu þjónustu en sveitarfélögin geta ekki veitt hana, virðulegi forseti.

[19:01]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sveitarfélögin og staða þeirra er mjög mismunandi á Íslandi. Þróun teknanna hefur verið þannig að í heild hafa tekjur sveitarfélaganna síst verið minni en hjá ríkinu en það er mjög mikil misskipting í þessum tekjum. Mörg sveitarfélög, eins og ég hef farið yfir áður í dag, eru að missa tekjur, þar er fólki að fækka, þau eiga við gríðarlega erfiðleika að etja og það er rétt og skylt að ríkið komi og aðstoði þau með sértækum aðgerðum. Það hefur verið reynt og ég tek það fram aftur að það hefur verið reynt. Sannarlega hefur það ekki dugað til og það þarf að gera betur.

Hins vegar á langmestur hlutinn, þar sem íbúafjöldinn er mestur á Íslandi, ekki við þessi vandamál að stríða. Mjög mörg sveitarfélög hafa haft gríðarlega tekjuaukningu að undanförnu. Ég hef bent á það og ég ætla að fara yfir það aftur að öll gögn um þróun launa liggja fyrir. Enginn vefengir þau gögn. Enginn. Það liggur á borðinu að sveitarfélög hafa hækkað laun verulega umfram ríkið og það liggur líka á borðinu að ríkið hefur hækkað laun verulega umfram hinn almenna markað. Það er alveg sama hversu gott fólkið er sem vinnur hjá ríki og sveitarfélögum, það er alveg sama hversu samviskusamt það er, hversu duglegt það er eða vel menntað, starfsmenn hins opinbera geta aldrei vænst þess og mega ekki gera þá kröfu að launaþróun þeirra geti verið önnur en launaþróun fólksins sem vinnur í framleiðslunni. Það er framleiðslan sem stendur undir öllum lífskjörum og það er geta framleiðslunnar til að borga verkafólki laun sem á að ráða þróuninni. Þeir sem vinna önnur störf geta ekki krafist þess að fá meiri hækkanir en verkafólkið. Það er grunnsannleikurinn sem menn verða að tileinka sér. Sveitarfélög, eins og það hefur gengið fyrir sig á undanförnum árum, hafa sannarlega verið að hækka laun sinna ágætu starfsmanna. Ég er ekki að segja að þeir hafi haft of mikið, langt í frá, en þau hafa hækkað launin umfram launaþróun verkamanna. Það getur ekki gengið. Það er útilokað og þeirri þróun verður að ljúka. Sveitarfélögin og ríkið verða að hafa sameiginlega launastefnu og tryggja að þau komi saman til vinnumarkaðarins.

Þó að sveitarfélögin séu margs góðs makleg og gríðarlegur fjöldi fólks um land allt leggi sig fram um mjög góða vinnu þar og margt sé þar vel gert, þá er það svo að við verðum að krefja hið opinbera, við verðum að krefja ríkið um aðhald með skattpeningana. Við eigum að gera það og eigum að gera það meira og meira því að sannarlega eru vanhöld á því. Það er nákvæmlega eins með sveitarfélögin og ríkið. Við verðum að krefja sveitarfélögin um aga í meðferð peninga. Og þó að vandamálin séu mörg og margt hafi orðið til þess að hækka útgjöld sveitarfélaga þá fullyrði ég að hækkun launa hjá sveitarfélögunum umfram hækkun hjá ríkinu, ég tala nú ekki um ef við berum hana saman við hækkunina á almennum markaði, er langmesta hækkunin sem um er að ræða. Það er því við þau sjálf að tala. Það er sjálfsagt að sveitarfélögin geri kröfu til ríkisins, það getur vel verið að eitthvað vanti þar upp á og sjálfsagt að fara ofan í þá hluti en sveitarfélögin verða líka að gera kröfu til sjálfra sín. Það hefur stórlega vantað á það. Þau verða að átta sig á því. Þau geta gert kröfu til ríkisins en þau eiga líka gera kröfu til sjálfra sín. Það er stóra málið og við megum ekki rugla með þær staðreyndir.

Úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er úthlutað samkvæmt reglugerð félmrn. og sú reglugerð félmrn. er nákvæmlega að tillögu sveitarfélaganna, nákvæmlega farið eftir henni. Hún er þeirra eigið handaverk. Það er því langt frá því að félmrn. segi sveitarfélögunum fyrir verkum, þetta eru þeirra eigin tillögur.

Það er sjálfsagt að endurskoða tekjuskiptinguna og vera alltaf með hana í endurskoðun en þar hefur mjög oft verið farið með rangt mál. Fullyrðingar t.d. um að fjmrn. sé að svíkja sveitarfélögin í hinu og þessu eru ekki réttar. Húsaleigubæturnar sem menn tala oft um eru samkvæmt samningi sveitarfélaganna við fjmrn. (**Gripið fram í:** Ríkið er nú alltaf ...) Það þýðir ekkert að koma og segja að það séu svik, þegar menn semja um eitthvað fara menn eftir samningnum og ef farið er eftir samningnum er ekki nokkur leið að kalla slíkt svik. Það er allt í lagi að taka samninginn upp og reyna að endurskoða hann, það er sjálfsagður hlutur, en að kalla það svik er rangt. Ég segi því, virðulegi forseti, að það er mjög slæmt þegar menn ala sí og æ á því, eins og síðasti hv. ræðumaður, að ríkið sé vitandi vits að sparka í sveitarfélögin, farandi rangt með og svíkja þau og pretta. Það er alls ekki

rétt. Það eru ósannindi og hann getur ekki fundið orðum sínum stað.

[19:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan kveikti það í mér að koma upp andsvarið sem hv. þm. kom með um fjárhagsvanda sveitarfélaganna, sértækar aðgerðir og annað, og hann bætti nú um betur í ræðu sinni. Því vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm.: Í hvaða sértæku aðgerðir eigum við að fara gagnvart sveitarfélögum í landinu sem berjast í bökkum og eiga, sem við erum vafalaust sammála um, í erfiðleikum fjárhagslega vegna ýmissa breytinga í atvinnuháttum, fólksfækkunar, fækkunar starfa o.s.frv.? Í hvernig aðgerðir eigum við að fara sem koma til góða þessum sveitarfélögum sem sannarlega eiga erfitt fjárhagslega og sem sannarlega eru líka með mjög mikinn aga á sínum fjárhag, eru jafnvel að segja upp fólki, loka stofnunum, draga úr þjónustu og annað slíkt? Það er agi þegar menn eru að láta enda ná saman, tekjur og gjöld. Hvernig er það hægt? Og þá bið ég hv. þm. að nefna annað en jöfnunarsjóðinn í þessu tilfelli vegna þess að við erum búin að ræða um hann. En sem dæmi um breytingar sem gerðar voru á jöfnunarsjóðnum þá var t.d. breytt um kerfi hvað varðar snjómokstur og það kemur þannig út í dag að jöfnunarsjóður, að mér skilst, greiðir jafnmikið til sveitarfélaga sama hvort það er Siglufjörður, þar sem getur stundum snjóað mikið, eða Selfoss eða Vestmannaeyjar, sá ágæti bær, þar sem snjóar ekki oft. En framlagið til snjómoksturs er reiknað út á sama hátt í þessum sveitarfélögum.

Virðulegi forseti. Hvernig eigum við að fara í þessar sértæku aðgerðir? Og síðast en ekki síst sem er kannski aðalatriðið: Hvenær má vænta þess að hæstv. ríkisstjórn fari að gera eitthvað til þess að hjálpa þessum sveitarfélögum áður en þau lenda algerlega á hausnum?

[19:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur legið fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er það tæki sem sjálfsagt á að nota í þessu sambandi. Hins vegar eru úthlutunarreglurnar samdar af stóru sveitarfélögunum þannig að það er þeirra vilji sem hefur ráðið mestu. Ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir móta sér sínar eigin skoðanir á því að það eru litlu sveitarfélögin sem verða fyrir tekjuskerðingu sem við þurfum að hjálpa. Það er raunverulega eina efnahagsvandamálið sem við eigum við að stríða á Íslandi. Hér er allt í miklum blóma en þetta er eina efnahagsvandamálið og við eigum að þora að taka forustuna í málinu. Sveitarfélögin sem hafa orðið fyrir tekjuskerðingu, sérstaklega landbúnaðarsveitarfélögin þar sem sauðfjárræktin er, eru í miklum vanda og við eigum að líta á það sérstaklega og við eigum auðvitað að hjálpa þeim, með peningum, með fólksfækkunarframlögum. Við getum myndað okkar eigin pólitík og þurfum ekki að vera háð vilja Sambands íslenskra sveitarfélaga að því leyti, alls ekki.

[19:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar líka að heyra og spurning mín er örstutt: Hvenær má vænta þess að ríkissjóður, ríkisstjórnin, fjárln. og aðrir sem koma að fjármálum ríkisins taki sig til og breyti kerfinu og skili þeim tekjum sem sveitarfélögin urðu af við það að breytt var úr einkarekstri yfir í einkahlutafélög, en að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er það um 1 milljarður kr. sem sveitarfélögin missa á ári hverju af þeim sökum? Hvenær má vænta þess, virðulegi forseti, að þessu verði breytt og sveitarfélögin fái út úr því þá peninga sem þau sannarlega áttu?

[19:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fullyrði að mat Sambands íslenskra sveitarfélaga á þessu er rangt. (**KLM:** Að þetta sé minna?) Það má alltaf segja um fjöldamarga slíka hluti að þeir séu álitamál, enda eru alltaf samningar í gangi milli ríkisins og sveitarfélaganna. Það má alltaf halda því fram að sumt orki tvímælis en í heild hefur tekjuþróun sveitarfélaganna verið mjög rífleg og ekki síðri en ríkisins. Ég er því alls ekki þeirrar skoðunar að hækka eigi almennt framlög til sveitarfélaganna í formi skatta, alls ekki. Það er einmitt hitt sem ég var að segja áðan (**KLM:** Að skera niður.) að byggðavandamálin eru einu efnahagsvandamál Íslands og það á að grípa til sértækra aðgerða gagnvart litlu sveitarfélögunum sem eru að missa tekjur. Það á að gera en alls ekki að hækka almennt tekjustofna sveitarfélaga. Það eru engin efni til þess á nokkurn hátt.

[19:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að Alþingi á að hafa burði til þess að tryggja sveitarfélögunum nægilega tekjustofna til að standa undir verkefnum sínum og láta þau ekki fá önnur verkefni en þau ráða við. Einnig á Alþingi að hafa burði til að grípa inn í og rétta hag einstakra sveitarfélaga eða hóps sveitarfélaga við erfiðar aðstæður. Það á ekki að þurfa að fara í gegnum Samband sveitarfélaga með slíkt. Ég hef í sjálfu sér ímugust á stöðugri útþenslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga án þess að því fylgi þá nánar tilgreind markmið.

Það sem ég vildi spyrja hv. þm. um er hvort honum finnist hið einhliða boðvald og ákvörðunarvald ríkisins eðlilegt í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, að geta einhliða ákvarðað með lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsaðgerðum, gengið frá og samþykkt verkefni á sveitarfélögin án þess að því fylgi neinir tekjustofnar eða neinir beinir samningar við sveitarfélögin um það. Við upplifum þetta bæði í lagasetningum og reglugerðarsetningum, að ég tali nú ekki um í yfirfærslu á svokölluðum Evróputilskipunum sem Alþingi hefur eins og afgreiðslustofnun milligöngu um að varpa áfram á sveitarfélögin. Er það eðlilegt í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að annar aðilinn sé eins gersamlega undirorpinn geðþótta eða einhliða ákvörðunum ríkisvaldsins og Alþingis og raun ber vitni?

[19:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gagnrýnt hefur verið með réttu að ekki hafi farið fram sams konar athugun varðandi kostnað sveitarfélaga við gerð lagafrumvarpa eins og skylt er að gera gagnvart útgjöldum ríkisins. Því hefur nú verið ákveðið að taka nokkur ráðuneyti, sérstaklega félmrn. og nokkur önnur, og gera slíkar kostnaðarathuganir til þess að rekja þá hluti, fylgjast með þeim eins og sannarlega á að gera. Ég vona því, virðulegi forseti, að það stefni í betri veg.

Hins vegar getur það aldrei að mínum dómi breyst að skattheimtan á Íslandi er bara á valdi ríkisins. Löggjafinn einn getur lagt á skatta. Hann einn leggur á skatta og hann mun aldrei deila því valdi með nokkrum. Ég spái því, virðulegi forseti, að það kæmi aldrei til slíkra samninga. Alveg sama hvernig löggjafinn væri skipaður, alveg sama hverjir

sætu á Alþingi, hvaða menn það væru eða í hvaða flokkum, þeir væru aldrei tilbúnir að skipta því valdi með öðrum. Skattheimtan ákvarðast því af löggjafanum og það er síðan framkvæmdarvaldsins og sveitarfélaganna að leitast við að koma sér saman um skiptingu teknanna og skiptingu verkefnanna. Auðvitað verða árekstrar þar. Auðvitað hafa menn þar mismunandi skoðanir. Auðvitað orkar flest tvímælis þá gert er. En það er viðfangsefni þeirra aðila að reyna og halda áfram og það er sífelld vinna að koma sér saman um það. Það verður ekki gert eitt skipti fyrir öll heldur verða menn stanslaust að standa frammi fyrir því verkefni.

[19:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. minntist á að þegar væri komið eða a.m.k. væri ætlað að koma í gang þeim þætti í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga að frumvörp eða stjórnvaldsákvarðanir af hálfu félmrn. og að mig minnir líka umhvrn. yrðu kostnaðarmetin áður en þau kæmu til framkvæmda. Það átti að koma til framkvæmda á yfirstandandi ári eða a.m.k. á árinu 2004. Það er mér vitanlega ekki enn komið í gang. Það samkomulag er ekki enn orðið virkt hvað þá að taka frumvörp og stjórnvaldsaðgerðir annarra ráðuneyta og kostnaðarmeta þau áður en þau verða virk. Að að koma betri skikk bara á þetta eina tilvik í samskiptum ríkis og sveitarfélaga er því afar brýnt.

Ég tek undir með hv. þm. að skattheimtuvaldið á bara að vera hjá einum aðila, a.m.k. í þeirri stjórnskipan sem við búum við. Það yrði þá að taka upp einhvers konar fylkjaskipulag eða eitthvað slíkt sem réttlætti það að fara að deila skattheimtunni. Hins vegar vil ég spyrja hv. þm. að því hvort hann telji í ljósi tekjustöðu margra sveitarfélaga og einmitt þessara samskiptaþátta milli ríkis og sveitarfélaga, rétt og eðlilegt að keyra nú áfram sameiningu sveitarfélaga og yfirfærslu verkefna til þeirra áður en tekið hefur verið á samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjuskiptingu og verkefnaskiptingu við núverandi aðstæður. Deilir hann þar áhyggjum og skoðunum flokksbróður síns og formanns Sambands sveitarfélaga sem sagði í blaðaviðtali nýlega að hann teldi það algera forsendu fyrir áframhaldandi viðræðum um yfirfærslu á frekari verkefnum frá ríki til sveitarfélaga að samkomulag næðist um verka- og tekjuskiptingu við núverandi aðstæður áður en áfram væri haldið?

[19:19]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið ansi löng umræða og kemur nokkuð á óvart en ég verð þó að segja eins og er að mér fannst hún a.m.k. framan af vera afskaplega góð, mér fannst hún vera málefnaleg og ég fagna því að menn ræði málefni sveitarfélaganna.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi að annars staðar á Norðurlöndunum — virðulegi forseti. Það eru nokkrir fundir í gangi í þingsalnum. Það er spurning hvort rétt væri að fækka þeim eitthvað. — Hv. þm. Kristján Möller fór hér mikinn og ég ætla ekkert að fara yfir það strax, ég var bara að vekja athygli þingmannsins, en umræðan fór afskaplega vel af stað og menn fóru yfir ýmislegt og það er mikilvægt. Eins og ég sagði áðan nefndi hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að hlutföllin hér væru nokkurn veginn öfug borið saman við Norðurlöndin varðandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hér væri ríkið með u.þ.b. 70% á móti 30% hjá sveitarfélögunum en því væri öfugt farið þar.

Það er hins vegar eitt sem mér finnst vera afskaplega sérkennilegt í allri umræðunni og það er þegar menn í fullri alvöru, virðulegi forseti, tala um sveitarfélögin eins og þau séu eitt og hið sama. Hér fóru menn mikinn, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Kristján Möller, og töluðu um að allt væri að fara niður á við. Ég skrifaði beint upp eftir hv. þm. Kristjáni Möller, hann talaði um bægslagang og svínarí hjá hæstv. ríkisstjórn. Hér tala menn eins og það sé í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar að menn takist á milli sveitarfélaga og ríkisstjórnar.

Þeir þingmenn sem töluðu svo eru flestir eldri að árum en sá sem hér stendur, en ég vil þá rifja upp fyrir mönnum að það eru ekkert svo mörg ár síðan að hér var fjmrh. sem hét Ólafur Ragnar Grímsson sem átti orðastað við þáverandi borgarstjóra, Davíð Oddsson, út af skuld sem var búin að safnast upp hjá ríkinu. Það var enginn að deila um upphæðina en borgin vildi bara fá hana greidda og þáverandi borgarstjóri kom með þá hugmynd, af því að það gekk illa að rukka skuldina, að fá Áburðarverksmiðjuna upp í, Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, sem frægt varð. Hér koma menn upp og tala eins og það sé í fyrsta skipti sem einhverjar deilur séu á milli ríkis og sveitarfélaga og núna sé í gangi bægslagangur og svínarí en hér áður var allt stórkostlegt að sjálfsögðu. Það stenst enga skoðun. Og bara svo menn setji hlutina í eitthvert samhengi, virðulegi forseti, skal það upplýst því það hefur ekki svifið yfir umræðunni að 33 sveitarfélög á Íslandi eru með yfir 1.000 íbúa. Í þeim 33 sveitarfélögum búa 92% þjóðarinnar. 36 sveitarfélög eru með færri en 200 íbúa, 18 með 200–499 og 17 með 500–1.999. Í 54 fámennustu sveitarfélögunum búa innan við 4% þjóðarinnar. Við erum að tala um sveitarfélög upp á 50 íbúa og 116 þúsund íbúa og hér leyfa menn sér að tala eins og þetta sé allt saman sami pakkinn. Því fer auðvitað víðs fjarri að svo sé.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór ágætlega yfir þetta og reyndi að leiðrétta helstu rangfærslurnar sem komu fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Kristjáni Möller og bara til þess að setja þá hv. þm., virðulegi forseti, og aðra inn í einhver dæmi um hve misjöfn þróunin er hjá sveitarfélögunum lét ég taka saman þróunina í aukningu tekna frá 1993–2002 á milli sveitarfélaga. Ég tók nokkur stærstu sveitarfélögin. Þar er allt frá 74% aukning í tekjum á hvern íbúa upp í 117%. Það sér hver maður sem eitthvað hefur komið nálægt fjármálum að eðli máls samkvæmt er mjög mismunandi hvernig gengur að ná inn þeim tekjum.

Nú vitna menn í það, og mér þykir vænt um það, að ég sé ekki bara þingmaður Reykvíkinga heldur borgarfulltrúi og sveitarstjórnarmaður í borginni, en ég hef líka reynslu af öðru. Ég var í sveitarstjórn í litlu sveitarfélagi úti á landi og ég þekki vel til víðs vegar um landið eins og hv. þm. Kristján Möller þekkir. En það að menn komi hér og beri í fullri alvöru saman hin smærri sveitarfélög og þá varnarbaráttu sem þau mörg eru í við hin stóru öflugu sveitarfélög svo ég taki bara það sveitarfélag þar sem ég þekki best til sem er með arðgreiðslur frá fyrirtækjum upp á 1,6 milljarða á ári, að bera það saman við þau sveitarfélög sem eru að berjast um hvern einasta íbúa því það munar svo miklu fyrir tekjur sveitarfélagsins, finnst mér fyrir neðan allar hellur. Ef menn ætla að fá einhverja skynsemi í umræðuna, ná einhverri niðurstöðu í umræðunni eiga menn að tala um hlutina eins og þeir eru og það er gríðarlegur munur á sveitarfélögum í landinu og aðstöðu þeirra. Það er ekki nokkur einasta leið, virðulegi forseti, að bera saman þessi litlu sveitarfélög, og

ég vek athygli á því að þau sveitarfélög sem eru með 900 eða færri íbúa eru með í kringum 30% af tekjum sínum úr jöfnunarsjóði, við eins og t.d. Reykjavíkurborg, og að segja að allt sé svo skelfilegt og hér séu svo skelfilegar aðstæður er eitthvað sem stenst enga skoðun og gerir það bara að verkum að menn skýla sér á bak við einhverja umræðu sem er ekki í neinum takti við raunveruleikann. En bara til upplýsingar vil ég setja menn aðeins inn í það því ég held að það skipti máli að þingheimur viti hver hinn heimatilbúni vandi er, hver hinn pólitíski vandi Reykjavíkurborgar er, hvernig menn eru búnir að fara með fjármálin í því langöflugasta sveitarfélagi landsins. Ég er með skýrslu frá endurskoðanda Reykjavíkurborgar og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa beint upp úr henni. Hér er verið að vitna í rekstur Reykjavíkurborgar og hér segir:

„Að óbreyttu skilar reksturinn því litlu til að mæta frekari fjárfestingum og/eða til niðurgreiðslu skulda og skuldbindinga." (Gripið fram í.) — Hér kallar hv. þm. Einar Már Sigurðarson fram í og spyr hvort Orkuveitan breyti þessu ekki. Þrátt fyrir að Orkuveitan borgi 1,4 milljarða á ári í arð burt séð frá hagnaði því að hagnaður næst sjaldnast upp í þennan arð þannig að menn safna bara skuldum sem þeim nemur, og 200 millj. kr. komi frá öðrum fyrirtækjum þá er niðurstaðan þessi. Og ég held áfram, með leyfi forseta: „Veltufjárhlutfall borgarsjóðs lækkar á árinu 2003 úr 1,09 í 0,88." — Ef við skoðum skuldaþróunina þá er hún ískyggileg og heldur áfram þrátt fyrir að tekjurnar hafi aukist og hafi aldrei verið hærri, þrátt fyrir að þetta séu bestu ár í sögu Reykjavíkurborgar hvað varðar almennt efnahagsástand og þrátt fyrir að við berum þetta saman við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu þá sjáum við að niðurstöður þeirra þó að þau séu ekki jafngóðri í stöðu hvað varðar arðgreiðslur frá fyrirtækjum og öðru slíku, eru mun betri.

Við horfum á það að á þessum tíma fara sum sveitarfélög út í miklar framkvæmdir, þau ryðja lönd og gera skilyrði hagstæð fyrir fólk til að koma til viðkomandi sveitarfélags og fara út í ákveðna skuldsetningu. Því er ekki fyrir að fara hjá Reykjavíkurborg. Það er nokkurn veginn sama fólksfjölgun í Reykjavíkurborg frá árunum 1994–2003 í prósentum og er á landinu öllu og það er á sama tíma og mesta fólksfjölgun í sögu þjóðarinnar er á höfuðborgarsvæðinu. Meðan íbúum Reykjavíkur fjölgaði á árunum 1994–2003 um 11% fjölgaði íbúum í Kópavogi um 47%. Þannig að það skiptir máli. Enda segir sig sjálft með allan þennan fjölda af sveitarfélögum að auðvitað er þeim ekki öllum eins stjórnað. Það eru misjafnir einstaklingar þar eins og hér í þinginu og alls staðar annars staðar en menn skulu ekki tala um þau öll sem einn pakka því það er ekki rétt og það stenst enga skoðun.

Hins vegar vildi ég fara yfir það sem við vorum að ræða áður en menn töluðu sig hér upp í mikinn hita en þá voru menn að ræða um frv. og fóru kannski svolítið vítt sem eðlilegt er og ræddu sveitarstjórnarmálin á breiðari grundvelli. Mér þótti ræða hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar mjög góð, ég verð að segja það alveg eins og er, því mér fannst hv. þm. nálgast málefnið á mjög faglegan hátt. Reynsla hans sem sveitarstjórnarmanns kom berlega fram og þrátt fyrir að ég sé ekki sammála hv. þm. í einu og öllu, (**Gripið fram í:** Ekki alveg?) ekki alveg, tel ég að slík ræða eigi afskaplega vel við í umræðu eins og hér er því væntanlega viljum við þrátt fyrir að við séum úr ólíkum flokkum og ólíkir einstaklingar ná einhverri niðurstöðu því að ég tel að við eigum það öll sameiginlegt að vilja sjá öflug sveitarfélög sem gengur vel og geta veitt íbúum sínum góða þjónustu. Hann hefur líka kjark, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, af því að kjarkur er orðið stórt orð í þingsölum, til að tala um hlutina eins og þeir eru og tekur ekki undir einhverjar bábiljur sem eru í gangi og því miður er það ekki svo um alla þingmenn. Ég vitna beint í orð hv. þm., með leyfi forseta, þegar hann talar um flutning fjármagns með grunnskólanum. Hann sagði: „Einn besti samningur sem sveitarfélögin hafa gert við ríkið." Og hann vitnaði í, sem er alveg ótrúlegt að menn geri ekki, þær úttektir sem hafa verið gerðar. Þær sýna að sá samningur var afskaplega góður fyrir sveitarfélögin. Það segir sig líka sjálft að þau eru sá aðili sem hefur hagnast hvað mest í þeim hagvexti verið hefur og þeirri kaupmáttaraukningu sem verið hefur. Þau fá sínar skatttekjur burt séð frá flestum hlutum og ef við tökum saman innheimtuna á útsvarinu og tekjuskattinum þá er sú skipting afskaplega hagstæð fyrir sveitarfélögin eins og menn þekkja og mjög lítil afföll af því. Þau ganga fyrir þegar slíkir reikningar eru gerðir upp.

Hv. þm. ræddi líka aðra hluti og ef ég skildi hv. þm. rétt var hann að ræða þann vanda sem við þekkjum, að við erum fámenn í mjög stóru landi og ef við ætlum að fara út í sameiningar er alls konar vandi því samfara. Sums staðar í landinu eru gríðarlega stór svæði þar sem er mjög fátt fólk. Hann talaði um að skynsamlegt væri — og kom aðeins inn á höfuðborgarsvæðið sem er gott að ræða líka, að þar vildu menn fá nánari tengsl við stjórnkerfið — að endurvekja gömlu hreppana, og mér þótti nú vænt um það, að því leytinu til að binda þá í kringum skólana, ef ég skildi hann rétt. Ég held að þetta sé athyglisverð hugmynd sem eigi að velta upp. Það er sambærileg hugmynd og við sjálfstæðismenn vorum með fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. En oft er það svo þegar farið er út í svokallað hverfalýðræði að þá vantar öll verkefni og hlutverk fyrir slíkar stjórnir og ráð og það sem við vildum gera var að skipta borginni upp í skólahverfi því að skólarnir eru það sem stendur íbúunum næst. Það þekkja allir foreldrar sem eiga börn að skólarnir eru, fullyrði ég, eitt af því sem skiptir mestu máli. Við vildum hafa skólastjórnir sem hefðu það hlutverk að fylgjast með og sjá um grunnskólana og leikskólana svipað og fræðsluráð og leikskólaráð gera núna. Það væri í rauninni skynsamleg valddreifing og gerði það að verkum að þar væru einhverjar stofnanir með hlutverk sem væri æskilegt að hafa nálægt íbúunum. Ég lít svo á að það sé eins konar landsbyggðarútfærsla af þessu sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson var með.

Mér fannst hann líka tala um og fara yfir það að það væri skynsamleg nálgun sem hæstv. ráðherra Árni Magnússon væri með í þessu máli. Hér geta menn farið mikinn og sagt að það þurfi að gera þetta miklu hraðar og gera þetta svona og hinsegin. Það segir sig hins vegar sjálft, virðulegi forseti, og það þekkja allir sem hafa komið nálægt slíkum málum að það skiptir gríðarlega miklu máli að það sé gert í eins mikilli sátt og mögulegt er. Við þekkjum það þegar farið var af stað með miklar yfirlýsingar og miklar væntingar um sameiningu sveitarfélaga en það skilaði sér ekki. En sú nálgun, sú vinnuaðferð að vinna að málinu í sem mestri samvinnu við sveitarstjórnir á svæðinu, gefa sér góðan tíma, koma með hugmyndir frá verkefnisstjórn og fá til baka viðbrögð og halda þannig áfram, er held ég mjög skynsamleg. Ég tel hana vera mjög skynsamlega því það er mjög erfitt að vinna að slíkum málum ef tortryggni ríkir hjá þeim aðilum sem eiga að sameinast og eiga að vinna saman. Og þrátt fyrir að menn komist kannski ekki hjá því á einhverjum tímapunkti

að fara aðrar leiðir tel ég að við eigum að gera allt, og ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra Árna Magnússyni í því, til þess að vinna að málinu í eins mikilli sátt og hægt er og þó svo það taki lengri tíma og sé meiri vinna er það vel til vinnandi og er ekki nokkur vafi í mínum huga að það mun skila betri árangri.

Síðan voru menn sem sáu málinu allt til foráttu eins og hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson og Kristján Möller. Hv. þm. Jóhann Ársælsson var hins vegar sammála markmiðinu en var mjög harður á því og færði rök fyrir því að setja ætti með lagasetningu hærri lágmarksíbúafjölda. Það eru allt saman viðhorf sem sjálfsagt er og eðlilegt að bera virðingu fyrir en ég tel hins vegar að sú leið sem hér er farin sé skynsamleg og þess eðlis að hún ætti að geta náð góðri niðurstöðu.

Mér þótti mjög athyglisvert að hlusta á orðaskipti hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Marðar Árnasonar um aðkomu Vinstri grænna að þessari ágætu nefnd og einhvern veginn datt sú umræða um tíma í einhvers konar spjall um sameiningartilraunir vinstri manna og það var í sjálfu sér hið athyglisverðasta mál. Það er svolítið síðan maður hefur heyrt slíkar ræður þannig að það var ágætisupprifjun, en ég átta mig ekki alveg á því hvort það er gott innlegg í þá umræðu sem hér fer fram.

Ég tel að það skipti gríðarlega miklu máli að við reynum að ná sátt, og þá helst við sem flesta aðila sem að málinu koma, um sameiningu sveitarfélaga. Ég held hins vegar að ef við ætlum að ná niðurstöðu í mál sem varðar sveitarfélögin eigum við að hætta að tala um þau sem eitt, að þau séu öll eins, vegna þess að því fer víðs fjarri að svo sé og það sér hver maður bara ef litið er á íbúafjöldann, hver hann er, að það stenst enga skoðun, sömuleiðis varðandi eignir þeirra og aðstöðu alla.

Ég tel líka að það skipti máli að gegnsæi varðandi fjármál sveitarfélaga verði meira. Það er tískuorð núna, gegnsæi, og ég held að það væri æskilegra að íbúar í sveitarfélögum væru meðvitaðri um það hver þróunin er í fjármálum viðkomandi sveitarfélaga. Það er eina leiðin til að takast á við vandann að menn horfist í augu við hann. Ég átta mig hins vegar alveg á því að það hlýtur að vera mjög erfitt að reka ýmis sveitarfélög og sérstaklega þau smærri sem eru í dreifðustu byggðunum sem ég, fljótt á litið, ætla að séu í erfiðustu stöðunni. Auðvitað er það svo að fólksflutningar eiga sér alltaf stað og munu alltaf eiga sér stað og það er oftast ekkert við slíku að gera, enda er það í rauninni hin eðlilega þróun sögunnar, en það segir sig sjálft að litlar einingar eiga mjög erfitt með að takast á við mikil skakkaföll hvað það varðar.

Ég held að það sé markmið í sjálfu sér að skoða það að færa verkefni til sveitarfélaganna. Ég held að það hafi verið hv. þm. Jóhann Ársælsson sem fór yfir það að margt sem snýr að ýmiss konar eftirliti, sem er núna hjá ríkisvaldinu, er eitthvað sem kannski hefur lítið verið rætt um en væri mjög skynsamlegt að skoða að færa yfir til sveitarfélaganna. Ég hef t.d. aldrei skilið almennilega skilin á milli heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og Hollustuverndar svo dæmi sé tekið og ég held að það væri æskilegt fyrir alla aðila ef slíkt væri á einni hendi. Ég held að það sé líka algert lykilatriði að blandaður rekstur verði tekinn út. Menn nefndu dæmi um það þegar sveitarfélög og ríki hafa tekist á um byggingu framhaldsskóla og ýmis slík verkefni og það eru allt dæmi sem við þekkjum. Sem betur fer hefur þeim dæmum fækkað vegna þess að menn hafa haft það sem markmið að fækka þeim, þ.e. að ríki og sveitarfélög vinni saman að einhverju verkefni. Það er mun skilvirkara og eðlilegra að sveitarfélögunum sé markaður tekjustofn og vinni út frá honum en þurfi ekki að eyða orku í það að diskútera hlutföllin á milli aðila.

Þegar allt er tekið saman held ég að þetta hafi verið mjög góð umræða um ýmsa þætti sem snerta sveitarfélögin og svo sannarlega höfum við farið langt út fyrir það sem tengist frv. en ég tel það vera hið besta mál. Eins og komið hefur fram eru í sumum þjóðríkjum sem við berum okkur saman við umræður um sveitarfélögin einu sinni á ári, ég held að við höfum heyrt slíkt dæmi frá Danmörku, og ég held að það væri kannski ekkert vitlaust að gera það og fara þá betur yfir málin. Þetta er auðvitað þáttur sem skiptir miklu máli og mun skipta meira máli eftir því sem fram líða stundir, sérstaklega ef við færum aukin verkefni til sveitarfélaganna og þá er mikilvægt að fara mjög gaumgæfilega yfir þau mál. Þetta er málaflokkur þar sem t.d. samskipti ríkis og sveitarfélaga verða alltaf til umræðu. Sem betur fer erum við að stíga mörg góð skref, ég tel t.d. það að fara yfir frumvörp og meta þau með tilliti til þess hvað þau kosta sveitarfélögin vera skref sem er mjög mikilvægt og við hefðum í rauninni átt að vera búin að taka fyrir löngu. Ég held sömuleiðis hvað varðar einkahlutafélög að það sé mál sem við ættum að skoða, fara yfir og ná niðurstöðu í. Á sama hátt tel ég mikilvægt að menn nái einhverri skynsemi í umræðuna um fjármál sveitarfélaganna og menn beri saman hin ýmsu sveitarfélög því það sér hver maður og þarf ekki að skoða mikið að þar eru gríðarlega mismunandi aðstæður og gríðarlega mismunandi fjárhagsstaða. Því ættu menn aldrei tala um þau sem eitt því að það er einfaldlega ekki rétt, virðulegi forseti.

[19:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að mörgu leyti sammála því sem fram kom í máli hv. þm. og tek undir að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er mjög mismunandi. Ég tek undir það sjónarmið að mikilvægt er að taka á tekjuþætti sveitarfélaganna jafnhliða því sem hugað er að verkefnum sem sett eru á þeirra herðar. Við höfum farið ágætlega yfir það mál, þingmenn stjórnarandstöðunnar, í umræðunni í dag og vísa ég þar sérstaklega í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég hjó eftir því að hv. þm. sagði að það væri mikilvægt að vinna að þessum málum í sátt og samlyndi. Ég saknaði þess að hann tæki málefnalega á þeim sjónarmiðum sem ég setti fram, að einmitt í því augnamiði að ná sátt hefði verið heppilegra að sameiningarnefndin, sem kveðið er á um í því frv. sem liggur fyrir, hefði verið skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka á þingi eins og við lögðum til, þingflokkur Frjálsl. og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við mótmæltum því mjög harðlega þegar hæstv. félmrh. tók ákvörðun um að útiloka okkur frá því starfi á jafnræðisgrundvelli á við fulltrúa annarra þingflokka en í ljósi þeirrar áherslu sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði á samvinnu og samstarf þætti mér vænt um að heyra viðhorf hans til þessa. Um er að ræða nefnd sem hefur mjög mikil völd og mikil áhrif og þótt ég sé ekki að hugsa um aðkomu okkar í því samhengi heldur fyrst og fremst sem vettvang fyrir mismunandi sjónarmið vildi ég gjarnan heyra afstöðu hans til þess.

[19:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir málefnalegt og gott andsvar. Hann spyr mig um atriði sem ég, alveg rétt, fór svona á hlaupum yfir sem tengist þeirri kröfu Vinstri grænna að fá sinn fulltrúa í viðkomandi nefnd. Ég hlustaði bæði á hv. þm. Ögmund Jónasson og hv. þm. Mörð Árnason takast á um þetta fyrr í dag og svona út frá spurningunni um lýðræði o.fl. væri gaman að velta þessu upp. Ég verð að segja alveg eins og er að það kom mér nokkuð á óvart að Vinstri grænir skyldu ekki fallast á að vera með áheyrnarfulltrúa í nefndinni og ég met það eiginlega bara af þeirri reynslu að nú sit ég í nefnd, félmn., þar sem, ég held að ég fari rétt með það, hv. þm. Ögmundur Jónasson er áheyrnarfulltrúi. Það er hins vegar eitthvað sem maður finnur aldrei fyrir því í rauninni er það svo að í slíku starfi eru menn ekki með merkimiða á enninu, það fer bara eftir því hver framganga manna er í viðkomandi málum. Og þó að ég sé kannski ekkert sérstaklega oft sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni í skoðunum þá er alveg á hreinu að hann fylgir sínum málum eftir, alveg sama hvort um er að ræða eitthvað sem heitir að vera fullgildur meðlimur eða áheyrnarfulltrúi. Það er oft sagt á vettvangi sveitarstjórnarmála að í slíkum málum séu engin flokkatengsl þegar sveitarstjórnarmenn eru annars vegar, þeir séu allir eins og séu að gæta hagsmuna sveitarfélaga sinna. Að sjálfsögðu er það ekki alls kostar rétt en í nefnd eins og þessari skiptir auðvitað fyrst og fremst máli að starfið sé skilvirkt að því leytinu að við verðum að fá niðurstöðu. Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af mjög stórum nefndum, ég gengst við því, virðulegur forseti. Þess vegna, þrátt fyrir að ég sé oft sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um ýmislegt sem tengist ekki pólitík, finnst mér kannski skynsamlegt að hafa skilvirka stjórn og það kom mér nokkuð á óvart að þeir skyldu ekki þiggja að hafa áheyrnarfulltrúa því ég efast ekki um að þeir gætu sett mark sitt á starfið með þeim hætti.

[19:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svör hans. Það sem vakir fyrir okkur þarna er fordæmisgildið. Við teljum mikilvægt að í nefndum af þessu tagi komi fulltrúar allra að og það sé jafnræði með mönnum innan nefndarinnar. Það er alveg rétt að stórar nefndir eru ekki alltaf til góðs. Það er ekki alltaf til góðs að fjölga í nefndum en skilvirkar nefndir geta verið þær sem tefla saman mörgum sjónarmiðum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég er búinn að gera grein fyrir sjónarmiðum mínum. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin. Hann hefur gert grein fyrir sínum sjónarmiðum. Meira er ekki um málið að segja að sinni.

[19:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekkert meira um það að segja. Þó verð ég eiginlega að nota tækifærið samt sem áður og segja frá því að það eru ýmsir fletir á því og í því frv. sem liggur fyrir er einmitt minnst á nefnd sem er ætlað að vinna að tillögum um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að breyttri verkaskiptingu og sveitarfélagaskipan. Þar sitja Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, og Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, og auk þess tveir ágætir menn úr ráðuneytum, þannig að Vinstri grænir komast líka að þó með krókaleiðum sé kannski.

[19:50]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir ummæli hans um ræðu mína í dag. Það kemur stundum skemmtilega á óvart hvað maður getur verið sammála pólitískum andstæðingum sínum í málum sem eru auðvitað rammpólitísk þrátt fyrir allt. Það vill svo til að ég heyri ekki betur en ég og hv. þm. séum býsna sammála í þessu máli.

Það breytir hins vegar ekki því sem er hliðarmál við þetta og er auðvitað ekki hluti af frv. og raunverulega ekki hluti af þeim grunni sem umræðan snýst um sem er efling sveitarstjórnarstigsins, en það vakti sérstaka athygli mína í síðustu ræðu hv. þm. að hann tók allt í einu óvænta stefnu og fór að fjalla um fjármál Reykjavíkurborgar. Ég hef trú á því að það beri einhvern keim af því að hv. þm. er einnig borgarfulltrúi, eins og kom fram í ræðu hans, og það virtist eins og hann hefði mikla þörf fyrir að flytja þá ræðu og það gæti verið vegna þess að hún hefði frekar átt heima í öðru húsi í nágrenninu en hér.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm., og það má draga þá ályktun líka út frá því sem hann sagði um fjármál Reykjavíkurborgar sem ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að fjalla um því ég hef ekkert kynnt mér þau sem slík, að það er alveg ljóst að það er of mikill munur á milli sveitarfélaga á Íslandi, bæði í fjárhagslegu tilliti og ýmsu öðru. Það virðist vera afar útbreidd skoðun meðal reyndra sveitarstjórnarmanna, hver sem skýringin er á því, að það hafi aldrei verið jafnerfitt og nú þegar verið var að gera fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár að ná endum saman og er þá litið nokkra tugi ára aftur í tímann. Ég held því að ég verði að hryggja hv. þm. með því að taka sérstaklega fram að ég er ekki algerlega sammála honum í umfjöllun hans um fjármál sveitarfélaga því þar held ég að hafi hallað töluvert á sveitarfélögin.

[19:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir andsvar hans. Það er alveg rétt að auðvitað eru fjármál Reykjavíkurborgar mál sem ég ræði líka í öðru húsi. Hins vegar, svo því sé til haga haldið, er ég þingmaður Reykvíkinga og mér finnst bara eðlilegt alveg eins og við ræðum hin ýmsu sveitarfélög um landið að málefni höfuðborgarinnar séu líka rædd í sölum þingsins. Ég átta mig á því að það fer kannski meiri tími í það heila í önnur svæði en samt sem áður áskil ég mér allan rétt til þess að taka upp málefni höfuðborgarinnar. Ég hef miklar áhyggjur af því og þó að ég væri ekki í borgarstjórn að við erum að sjá þetta langöflugasta sveitarfélag landsins á hraðri leið í að ná skuldum sem nema milljón á mann. Það er alveg ótrúleg staða í Reykjavíkurborg. Þetta hefur farið úr rétt rúmlega 100 þús. kr. síðan R-listinn tók við.

Hins vegar hvað varðar fjármál sveitarfélaganna almennt þá sagði ég og legg á það áherslu að ég þekki eðli máls samkvæmt ekki fjármál allra sveitarfélaga, en ég held að við náum ekki neinni niðurstöðu nema við förum að sundurgreina og tala um hlutina eins og þeir eru því, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði, aðstæður eru mjög mismunandi. Ég efast ekki um að það sé skemmtilegra verkefni, ef þannig má að orði að komast, að takast á við verkefni eins og t.d. í sveitarfélaginu á Egilsstöðum þar sem allt er í uppgangi núna en í sveitarfélögum sem berjast um hvern einasta íbúa, það segir sig sjálft. Eins og ég rakti áðan eru

þau mismunandi fjölmenn og tekjuþróunin er svo sannarlega mismunandi í þeim sveitarfélögum.

[19:54]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að það er afar eðlilegt að við ræðum málefni höfuðborgarinnar, að sjálfsögðu, því að höfuðborgin er auðvitað stór hluti af landi okkar og ég held að það sé svo sem enginn skortur á því að við ræðum málefni höfuðborgarinnar því hún tengist meira og minna öllum málum.

Það er einnig rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. að það er ekkert nýtt að deilur séu á milli ríkis og sveitarfélaga. Það hefur fylgt okkur kannski allt of lengi. Þess vegna lagði ég mikla áherslu á það að núna þegar verið væri að vinna þetta átak, væri reynt að ná því fram að ekki væri verið að blanda saman verkefnum. Verkefnin væru algerlega hrein og klár, annars vegar hjá sveitarfélögunum og hins vegar hjá ríkisvaldinu vegna þess að reynslan sýnir okkur að sveitarfélögin lenda yfirleitt undir þegar deila stendur.

Dæmið sem hv. þm. tók um deilur milli ríkisins og Reykjavíkurborgar varðandi einhverja skuld sem ég kann ekki að rekja, enda skiptir það kannski ekki meginmáli af hverju skuldin var en hún var til komin, og ef ég man rétt var hún búin að standa í deilu nokkuð lengi. Það vildi svo til að það voru þeir menn sem hv. þm. nefndi, þ.e. páv. fjmrh. Ólafur Ragnar Grímsson og páv. borgarstjóri Davíð Oddsson, sem leystu þá deilu og það er auðvitað það sem við eigum að hafa til fyrirmyndar. Þegar deilur koma upp á að leysa þær. En það er auðvitað miklu betra að haga málum þannig og hafa löggjöfina með þeim hætti að hægt sé að koma í veg fyrir deilurnar. Við eigum að fækka þeim tilefnum sem verða til þess að deilur koma upp á milli þessara aðila og ég held að við gerum best með því t.d. að tryggja verkaskiptinguna á milli þeirra. Eins það dæmi sem hv. þm. nefndi, um að meta öll frumvörp sem tengjast á einhvern hátt fjárhag sveitarfélaganna og hvað þau komi til með að kosta, að menn viti alltaf hvað það muni þýða fyrir sveitarfélögin þegar eitthvað fer hér í gegn og að reynt verði að jafna það á sem einfaldastan hátt.

[19:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að gangast við því einu sinni enn að ég er mjög sammála hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni og sérstaklega varðandi það að það verður að vera hreint hvar verkefnin liggja. Þau eiga annaðhvort að liggja hjá sveitarfélögunum eða ríkinu. Allt sambland býður upp á að menn takist á. Sömuleiðis varðandi kostnaðinn og mér finnst mjög gott að taka eigi öll frumvörp og meta kostnaðinn af þeim fyrir sveitarfélögin og þó fyrr hefði verið.

Hins vegar verða alltaf deilur. Ef ég tek t.d. minn góða vin og félaga í borgarstjórn og formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, þá er hlutverk hans að sjá til þess að gæta hagsmuna sveitarfélaga gagnvart ríkinu. Skárra væri það nú ef menn kæmu bara og segðu: Hér er allt í góðu lagi. Menn hljóta alltaf að gæta þeirra hagsmuna sem þeir eru kosnir til. Sama á við um sveitarfélögin. Ég efast ekkert um að menn séu almennt sáttir við það í Fjarðabyggð að bæjarstjórinn í Fjarðabyggð, Guðmundur Bjarnason, eigi að gæta hagsmuna þess sveitarfélags. Ég held að menn kjósi hann m.a. út af því og menn í bæjarstjórn þar af því að þeir vilja sjá til þess að menn komi sem best út á því svæði í samskiptum hvort sem það er við ríkið eða aðra aðila. Það er ekkert óeðlilegt við það en auðvitað þurfa menn að gæta hófs og sanngirni, það er lykilatriði. En svo sannarlega eru menn kosnir til þess alveg eins og við sem gætum hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi. Það er hlutverk okkar og það er eitthvað sem við eigum að gera og það sama á við um þá sem eru í sveitarstjórnum hjá Reykjavíkurborg eða bæjarfélögum um landið.

Virðulegi forseti. Ég held að ég og hv. þm. Einar Már Sigurðarson séum sammála um þetta eins og svo margt annað og með þeim orðum lýk ég ræðu minni.

[19:59]

Útbýting þingskjala:

Landsnet hf., 737. mál, brtt. SJS, þskj. 1716.

Lögmenn, 463. mál, nál. allshn., þskj. 1712; brtt. allshn., þskj. 1713.

Raforkulög, 740. mál, brtt. SJS, þskj. 1715.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1719; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1720.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7., 11. og 27.–61. mál.

Fundi slitið kl. 20:00.

---

120. FUNDUR

miðvikudaginn 19. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sóttvarnalög, stjfrv., 790. mál, þskj. 1205, nál. 1605, brtt. 1606. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 377, nál. 1543, 1571 og 1688, brtt. 1544. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982, nál. 1359, 1580 og 1705. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjtill., 949. mál, þskj. 1452, nál. 1546. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, stjtill., 950. mál, þskj. 1453, nál. 1547. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
8. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 961. mál, þskj. 1479, nál. 1594. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Aðild að Gvadalajara-samningi, stjtill., 883. mál, þskj. 1341, nál. 1639. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, stjtill., 884. mál, þskj. 1342, nál. 1640. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, stjfrv., 946. mál, þskj. 1440, nál. 1616. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 359, nál. 1637, brtt. 1638. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 613, nál. 1577. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Einkaleyfi, stjfrv., 751. mál, þskj. 1122, nál. 1641, brtt. 1642. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328, nál. 1539. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 746, nál. 1612, brtt. 1613. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

18. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1313, nál. 1614, brtt. 1615. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1679, brtt. 1723. — 3. umr.

20. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.

21. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.

22. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.

23. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.

24. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Síðari umr.

25. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.

26. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333, nál. 1711. — 2. umr.

27. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.

28. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611. — 2. umr.

29. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708, brtt. 1709. — 2. umr.

30. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.

31. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710. — 2. umr.

32. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

33. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

34. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

35. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

36. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Síðari umr.

37. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575. — 2. umr.

38. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338, nál. 1650 og 1652, brtt. 1651. — 2. umr.

39. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.

40. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.

41. Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.

42. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.

43. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.

44. Íslensk farskip, þáltill., 484. mál, þskj. 756, nál. 1683. — Síðari umr.

45. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.

46. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330, nál. 1654 og 1661. — 2. umr.

47. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656. — 2. umr.

48. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663. — 2. umr.

49. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165, nál. 1593. — 2. umr.

50. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707. — 2. umr.

51. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713. — 2. umr.

52. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715. — 2. umr.

53. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716. — 2. umr.

54. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117, nál. 1693. — 2. umr.

55. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336, nál. 1719, brtt. 1720. — 2. umr.

56. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, frv., 608. mál, þskj. 916. — 1. umr.

57. Dýravernd, frv., 634. mál, þskj. 948. — 1. umr.

58. Hlutafélög, frv., 686. mál, þskj. 1015. — 1. umr.

59. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 836. mál, þskj. 1277. — 1. umr.

60. Aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, þáltill., 648. mál, þskj. 965. — Fyrri umr.

61. Lega þjóðvegar nr. 1, þáltill., 650. mál, þskj. 967. — Fyrri umr.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarfræðsla, 879. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1721; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1722.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál, brtt. iðnn., þskj. 1718.

Upptaka gerða í EES-samninginn, 982. mál, svar utanrrh., þskj. 1685.

Útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1723.

Umræður utan dagskrár.

Staða mála í Írak.

[10:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um stöðu mála í Írak. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak á útmánuðum síðasta árs var ólögmætt árásarstríð samkvæmt þjóðarétti. Fullyrt var af árásaraðilanum að heiminum stafaði ógn af gereyðingarvopnum Íraka og að óhjákvæmilegt væri að grípa til aðgerða.

Þegar í ljós kom að ekki var stuðningur við árás á Írak í öryggisráði SÞ féllu Bandaríkjamenn og Bretar frá því að leita þar eftir samþykki og gripu til einhliða aðgerða. Þegar hér var komið sögu, rétt við upphaf þessa ólögmæta árásarstríðs í marsmánuði 2003, gerðist sá dapurlegi atburður að hæstv. forsrh. og utanrrh., Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, ákváðu upp á sitt einsdæmi, án lögboðins samráðs við utanrmn. Alþingis að setja Ísland á lista yfir þær þjóðir sem styddu aðgerðirnar. Allir þekkja hörmungarnar sem á eftir hafa fylgt.

Komið hefur í ljós og sannast að beitt var blekkingum og hreinum lygum til að réttlæta innrásina. Mannfall óbreyttra borgara í Írak er nú talið talsvert á annan tug þúsunda og mikill fjöldi er slasaður, heimilislaus, atvinnuleysi gríðarlegt og sár neyð. Fjöldi írakskra hermanna sem fallið hafa er óviss en skiptir fleiri þúsundum.

Yfir þúsund hermenn eru fallnir af herjum innrásarliðsins, þar af nálægt 600 Bandaríkjamenn, eftir að Bush lýsti því yfir að stríðinu væri lokið. Landið rambar á barmi borgarastyrjaldar og ástandið í þessum heimshluta er ótryggara en nokkru sinni fyrr.

Í ljós hefur komið að ákvæði Genfarsáttmálans, hverra löngu tímabærri þýðingu á íslensku hæstv. utanrrh. fagnaði á dögunum, eru gróflega brotin með skipulögðum pyndingum hersetuliðsins í Írak. Sams konar brot hafa verið framin í stórum stíl að hluta til á ábyrgð sömu aðila í Afganistan og allir þekkja hin hneykslanlegu mannréttindabrot í bandarísku herstöðinni við Gvantanamóflóa á Kúbu.

Sem aðili að bæði stofnsáttmála SÞ og Genfarsáttmálanum berum við Íslendingar mikla ábyrgð, ekki aðeins á því að virða sjálf ákvæðin heldur ber okkur einnig að gera okkar til þess að aðrir geri það. Þegar svo bætist við að Ísland á beina aðild að málinu vegna stuðningsyfirlýsingar forsrh. og utanrrh. eru spurningarnar sem vakna um lagalega, pólitíska og siðferðilega ábyrgð okkar áleitnar.

Erlendis fer nú fram mikil umræða. Víða eru rannsóknarnefndir sem kryfja til mergjar aðdraganda stríðsins og ábyrgð einstakra aðila að störfum. Í Danmörku hefur þegar einn ráðherra sagt af sér vegna málsins. Stjórnvöld í Sviss hafa kallað á sinn fund sendiherra Bandaríkjanna og Breta og borið fram formleg mótmæli vegna brota á Genfarsáttmálanum.

Ört fækkar nú í vinahópi Bush og Blairs. Aznar er fallinn á Spáni, Miller í Póllandi, danski varnarmálaráðherrann búinn að segja af sér, John Howard á í vök að verjast í Ástralíu og sjálfir standa þeir höllum fæti, Bush og Blair.

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að gera þessi mál upp á Íslandi og því hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanrrh. sem sjálfar segja heilmikið um eðli málsins:

1. Hafa íslensk stjórnvöld komið á framfæri með formlegum hætti mótmælum vegna illrar meðferðar og pyndinga hernámsliðsins í Írak á föngum svo sem í formi orðsendingar til bandarískra og breskra stjórnvalda eða með því að kalla sendiherra þessara ríkja fyrir?

2. Hefur ríkisstjórnin endurskoðað stuðning sinn við Íraksstríðið í ljósi þess að beitt var blekkingum til að afla hernaðinum stuðnings? Engin gereyðingarvopn hafa fundist, engin tengsl við al Kaída frá því fyrir innrásina hafa sannast, mannfall meðal óbreyttra borgara og hermanna er gríðarlegt, landið rambar á barmi borgarastyrjaldar og ástandið er ótryggara í þessum heimshluta en nokkru sinni fyrr. Gefur þetta ekki allt tilefni til þess að menn endurskoði afstöðu sína?

3. Telur utanrrh. ekki ástæðu til að fram fari óháð rannsókn af Íslands hálfu á lögbrotunum sem fólgin voru í innrásinni í Írak, fólgin eru í illri meðferð á stríðsföngum og fleiru sem þessum atburðum tengist til að greina lagalega, pólitíska og siðferðilega ábyrgð íslenskra stjórnvalda vegna stuðnings þeirra við stríðið?

4. Hafa hæstv. utanrrh. og forsrh. hugleitt þann möguleika að biðja íslensku og írösku þjóðirnar afsökunar á ákvörðun sinni um stuðning við Íraksstríðið?

[10:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Stuðningur við hernaðarlega íhlutun í Írak byggðist ekki á einni afgerandi ástæðu heldur mörgum samverkandi þáttum, eins og þingheimi er vel kunnugt um. Grunur um gereyðingarvopn írakskra stjórnvalda réð auðvitað miklu. Fleira kom þó til.

Ítrekaðar ályktanir öryggisráðs SÞ voru virtar að vettugi og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni og vopnaeftirlitsmönnum samtakanna torvelduð störf. Svívirðileg og kerfisbundin mannréttindabrot voru framin þar til ógnarstjórn Saddams Husseins féll og þá er verið að tala um tugi eða hundruð þúsunda myrtra. Haft var í hótunum við nágrannaríki og neitað að upplýsa um örlög fjölda fólks frá Kúveit og Íran sem týndist í innrásum Íraka.

Íslensk stjórnvöld studdu aðgerðir til að koma Saddam Hussein frá völdum. Það hefur nú tekist. Hann ríkti yfir þjóð sinni sem grimmur harðstjóri og miskunnarlaus böðull en það eru nöturlegar kveðjur til hinnar nýfrjálsu írösku þjóðar að ákvæði Genfarsáttmálans séu ekki virt af herjum vestrænna lýðræðisríkja. Það eru ekki þau skilaboð sem íraskra þjóðin á skilið og ekki þau skilaboð sem við Íslendingar viljum senda frá okkur.

Þau voðaverk sem lýst hefur verið á undanförnum vikum og hafa verið framin má á engan hátt verja né þá sem standa fyrir slíku. Ég hef afdráttarlaust lýst þeirri skoðun minni að það sé skylda yfirstjórnar herliðsins í Írak að láta þegar í stað fara fram opinbera rannsókn á þeim alvarlegu ásökunum sem fram hafa komið. Fyrir utan yfirlýsingar í fjölmiðlum, þar sem íslensk stjórnvöld hafa mótmælt illri meðferð bandarískra hermanna á írökskum föngum afdráttarlaust, vil ég geta þess að sendiherra Bandaríkjanna var boðaður til fundar í utanrrn. þar sem mótmælum íslenskra stjórnvalda var komið á framfæri með formlegum hætti. Hann kvaðst mundu koma þeim sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda á framfæri við stjórnvöld í Washington.

Það blasir við hverjum manni að ástandið í Írak nú er ekki eins og best verður á kosið, mannfall er mikið og róstur víða. Þessir erfiðleikar valda heimsbyggðinni allri þungum áhyggjum en viðleitni til uppbyggingar hefur þó borið umtalsverðan árangur. Skoðanakannanir í Írak benda til þess að ekki vilji margir hverfa til þess ástands sem ríkti fyrir íhlutunina.

Vissulega veldur miklum áhyggjum að svo virðist sem upplýsingar fremstu leyniþjónusta heims hafi ekki verið á rökum reistar. Vissulega er það umhugsunarefni að ógnin

sem SÞ voru sammála um á sínum tíma virðist hafa verið ofmetin. Það hlýtur að hafa umtalsverð áhrif til lengri tíma litið, t.d. í aðdraganda svo afdrifaríkra ákvarðana í framtíðinni. Þar er enginn undanskilinn.

Hins vegar hljóta flestir að geta tekið undir þá skoðun að nú í aðdraganda valdatöku bráðabirgðastjórnar og lýðræðislegra kosninga væri óábyrgt að eftirláta öfgaöflum stjórn í Írak eða í hluta landsins. Þar er allt of mikið í húfi. Íslensk stjórnvöld hafa lengi talað fyrir því að SÞ eigi með beinum hætti að koma að pólitísku og efnahagslegu endurreisnarstarfi og telja mikilvægt að öryggisráðið samþykki sem fyrst ályktun í þeim tilgangi.

Hvað varðar síðasta lið spurningarinnar var það ekki auðveld ákvörðun sem íslensk stjórnvöld stóðu frammi fyrir í mars 2003 þegar það var ákveðið að styðja hernaðaríhlutun bandalagsríkjanna í Írak. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var hvort tveggja pólitísk og jafnframt byggð á grunni alþjóðalaga. Sagan ein getur dæmt um það hvort hún var rétt en eitt er víst og það er að hún var í fullu samræmi við utanríkisstefnu okkar Íslendinga á umliðnum áratugum. Hún var pólitísk vegna þess að trúverðugleiki SÞ var í húfi og hún var lögleg vegna þess að stjórn Saddams Husseins hafði ítrekað brotið ályktanir samtakanna. Ég tel að ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi verið rétt vegna þess að ólíðandi var að stjórn Saddams Husseins færi ekki að ályktunum og vilja alþjóðasamfélagsins.

[10:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ríkisstjórnin á að biðja íslensku þjóðina afsökunar á því að hafa hnýtt hana, að henni fornspurðri, í tagl innrásarherjanna í Írak. Ríkisstjórnin á líka að biðja írösku þjóðina afsökunar á þeim miska sem innrásin hefur unnið henni.

Innrásin var röng, stuðningur okkar við hana var rangur og ég tel að hún hafi ekki verið lögleg af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar.

Það er sárt að vera Íslendingur og upplifa sig sem samábyrgan fyrir þeim hörmungum sem þessi innrás hefur leitt yfir írösku þjóðina. Án síðferðilegs stuðnings okkar og annarra í hópi hinna svokölluðu staðföstu ríkja hefðu engir hermenn verið sendir til Íraks, Genfarsáttmálinn um meðferð á stríðföngum hefði ekki verið brotinn og vestrænir hermenn hefðu ekki misþyrmt og nauðgað unglingsbörnum eins og þeir hafa orðið uppvísir að.

Það er sárt að upplifa það í hjarta sínu að vera samábyrgur fyrir verknaði af þessu tagi. Það er þess vegna sem hæstv. utanrrh. á að biðjast afsökunar á þessari ákvörðun. Við þurfum, Alþingi, að láta umheiminn vita hvað okkur finnst um þessa síðustu atburði, hvað okkur finnst um það þegar þeir sem við sendum til þess að verja gerast árásarmenn gagnvart varnarlausu fólki og unglingsbörnum. Þess vegna verður Alþingi, áður en það hverfur héðan í sumarfrí, að samþykkja ályktun þar sem þessi verknaður er harðlega fordæmdur.

Ég verð þó að segja að mér finnst það mannsbragð af hæstv. utanrrh. að hann hefur mótmælt þessu og kallað til sín sendiherra Bandaríkjanna til að koma þeim mótmælum á framfæri. Ég tel þó að Alþingi Íslendinga verði að segja hug sinn í þessu og þess vegna mun stjórnarandstaðan leita eftir samstöðu með stjórnarliðinu á næstu dögum um að samþykkja slíka fordæmingu.

[10:15]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ályktanir SÞ um afvopnun Íraks voru í fullu gildi fyrir innrásina og öllum mátti vera ljóst að aðgerðum var hótað ef ekki yrði orðið við þeim ályktunum. Engin stefnubreyting hefur orðið af hálfu íslenskra stjórnvalda í afstöðu til hættunnar sem stafaði af ógnarstjórninni í Írak og um málið var haft samráð við utanrmn. Alþingis. Uppbygging lýðræðis og breyting á stjórnarháttum í Írak er nauðsynleg til að tryggja framtíð írakskra borgara í samfélagi þjóðanna. Endurreisnarstarf í Írak byggir á ályktun öryggisráðsins. Því verður að halda áfram og er því langt í frá lokið. Hryðjuverkamenn og uppreisnarflokkar halda landinu í heljargreipum. Þeir hafa ekki látið af mótstöðu en gera bandamönnum og írösku þjóðinni mun erfiðara fyrir við lýðræðisumbætur. Ég efast stórlega um að aðgerðir þeirra njóti stuðnings íraksks almennings sem vill frið, stöðugleika og umbætur í stjórn landsins.

Í fyrradag bárust svo fréttir af því að bandarískri herinn teldi sig hafa fundið efnavopn í Írak sem innihéldi gasið sarín. Verið er að rannsaka málið nánar en ef satt reynist er ljóst að írösk stjórnvöld hafa svo sannarlega ekki haft hreinan skjöld í þeim málum.

Það er þó alveg ljóst að nýlegar fréttir af illri meðferð fangavarða bandamanna á írökskum föngum hafa vakið hrylling um allan heim. Þessi óhæfuverk komu okkur öllum í opna skjöldu og eru alls ekki þau skilaboð sem við viljum senda írösku þjóðinni um hvernig vestræn lýðræðissamfélög fara að. Ég tel að þessi atvik séu ekki samnefnari fyrir hernaðaraðgerðir bandamanna. Þarna hafa skapast stjórnlausar aðstæður sem yfirstjórn herliðsins í Írak verður að taka föstum tökum, láta fara fram rannsókn á ásökunum og tryggja að meðferð fanga sé í samræmi við Genfarsamninginn. Ég treysti því líka að yfirstjórn hermála bandamanna grípi til aðgerða og að hinum brotlegu verði refsað.

[10:17]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Á vordögum á síðasta ári gengu Íslendingar í bandalag hinna staðföstu þjóða með yfirlýstum stuðningi sínum við Bandaríkjamenn um innrás herliðs á hendur írösku þjóðinni. Hinn yfirlýsti stuðningur Íslendinga við innrásina var ákveðinn af einungis tveimur Íslendingum, tveimur persónum, þrátt fyrir yfirlýsta stefnu íslenskrar þjóðar um að fara aldrei með ófriði á hendur annarri þjóð.

Forsenda innrásarinnar var í upphafi byggð á ásökunum Bandaríkjamanna um að gereyðingarvopn væri að finna í Írak. Frá fyrsta degi innrásarinnar og til dagsins í dag hefur ekkert bólað á umræddum gereyðingarvopnum. Að þessum forsendum brostnum beindu ráðamenn hinna staðföstu þjóða spjótum sínum að einræðisstíl fyrrum leiðtoga Íraka og hans meintu mannréttindabrotum gagnvart írakskri þjóð á undanförnum árum.

Á undanförnum vikum hafa fréttir borist frá Írak sem lýsa ótrúlegum harmleik og viðbjóði. Upp hefur komist um hryllilega meðferð hjá herliði Bandaríkjamanna á írökskum föngum. Sjálfskipaðir siðapostular alheimssamfélagsins, hinar staðföstu þjóðir, hafa nú brotið eigin forsendur fyrir innrásinni í Írak með grófum mannréttindabrotum á hendur írökskum þegnum. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verða að bera ábyrgð á gjörðum sínum.

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir skömm og hneykslan minni á framferði umræddra ráðherra og krefst þess sem Íslendingur að þeir biðji íslensku þjóðina afsökunar.

[10:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þegar innrásin var gerð í Írak sagði hæstv. utanrrh. Íslands, Halldór Ásgrímsson, að hann þakkaði guði fyrir að Ísland væri ekki með her þannig að hann þyrfti ekki sjálfur að taka ákvörðun um að senda íslenska hermenn til Íraks. En hann bætti því við að hann dáðist að mönnum eins og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem gæti tekið slíka ákvörðun með yfirveguðum hætti.

Nú er á tvennt að líta, annars vegar að með svokölluðum staðföstum stuðningi Íslands við hernám Íraks erum við meðábyrg í ákvörðunum um að senda hermenn til Íraks og hins vegar hefur komið í ljós að ákvörðun um að ráðast á Írak var ekki tekin með yfirveguðum hætti. Gereyðingarvopnin reyndust ekki fyrir hendi og Bandaríkjastjórn lýsir því nú yfir að írakski herinn verði að lúta stjórn bandaríska hersins. Sagði nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna, John Negroponte, nýlega að írakski herinn væri svo lítt þjálfaður og illa vopnum búinn að hann væri einskis megnugur. Öðruvísi mér áður brá.

Hin ástæðan fyrir innrásinni, þ.e. þegar gereyðingarástæðan dugði ekki lengur, var ógnin sem talin var stafa af illmenninu Saddam Hussein og ógnarstjórn hans. Nú hefur komið á daginn að hernámsliðið er ekki hótinu betra og beitir aðferðum sem líkja má við aðferðir nasista um miðja síðustu öld. Væru þeirra menn drepnir var gripið til stórfelldra hefndaraðgerða sem voru látnar bitna tilviljanakennt á saklausu fólki til að skapa skelfingu. Fjórir bandarískir hermenn voru drepnir í Falluja, 700 borgarar lágu í valnum þegar hernámsliðið hafði lokið sér af. Enginn velkist í vafa um að fjöldamorð bandaríska hernámsliðsins og skipulegar pyndingar í fangelsum eru brot á Genfarsáttmála um mannréttindi og nú hljótum við að krefjast þess að Íslendingar segi sig afdráttarlaust frá hernáminu og krefjist (Forseti hringir.) alþjóðlegrar rannsóknar á öllu þessi ferli, að allir sem reynast sekir verði látnir sæta (Forseti hringir.) ábyrgð samkvæmt niðurstöðum slíkra rannsókna og réttarhalda hjá Alþjóðlega sakamáladómstólnum, (Forseti hringir.) ekki aðeins fyrir pyndingar og voðaverk í fangelsum (Forseti hringir.) heldur einnig fyrir dauða hálfrar milljónar barna (Forseti hringir.) sem létu lífið af völdum viðskiptabannsins ...

(**Forseti** (BÁ): Heyrir ...?)

í Írak á tíunda áratugnum — ég ætla að segja þetta undir bjölluhljóm.

Íslendingar verða að gangast við eigin ábyrgð. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (BÁ): Ég áminni þingmenn um að virða þann ræðutíma sem gefinn er í þessari umræðu.)

[10:22]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Þær fregnir sem borist hafa um meðferð innrásarliðsins á stríðsföngum í Írak eru ógnvekjandi og óafsakanlegar. Það er ömurleg staðreynd að herinn sem hafði ætlað sér að frelsa írösku þjóðina undan skelfilegum harðstjóra stundi niðurlægjandi pyndingar á Írökum í fangelsum Saddams Husseins. Þetta ásamt öðrum þeim atriðum sem fram hafa komið um ótraustar og villandi upplýsingar sem fram komu frá vestrænum leyniþjónustum og stjórnvöldum í bandalagsríkjum okkar og urðu tilefni til stríðsins eru áhyggjuefni.

Við höfum um áratuga skeið átt farsæl samskipti við Bandaríkjastjórn um öryggis- og varnarmál okkar. Ef það kemur á daginn, sem ýmislegt bendir til, að Bandaríkjastjórn hafi með villandi og ótraustum upplýsingum blekkt sína eigin þjóð til þátttöku í þessu stríði hlýtur það að vera okkur Íslendingum mikið áhyggjuefni og hafa áhrif á það hvernig við metum slíkar upplýsingar í framtíðinni.

Við höfum fram að þessu að miklu leyti reitt okkur á þessa bandamenn okkar í alþjóðamálum, enda eðli málsins samkvæmt ekki sjálf í aðstöðu til þess að afla upplýsinga eins og þær sem erlendar leyniþjónustur afla og hvernig stjórnvöld í bandalagsríkjum okkar túlka þær. Við höfum því treyst bandamönnum okkar að þessu leyti.

Þær fregnir sem nú hafa verið til umræðu hljóta því að vera okkur sérstakt áhyggju- og íhugunarefni. Við hljótum að fordæma það framferði sem átt hefur sér stað gagnvart föngum innrásarliðsins í Írak.

[10:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ættum e.t.v. ekki síður að vera að ræða málefni Palestínu miðað við þær hörmulegu fréttir sem þaðan berast. Þar berum við líka mikla ábyrgð. Þessi umræða fer fram í andrúmslofti vinnubragða sem þekkjast ekki í öðrum þjóðþingum. Það á vel við af því að ákvarðanirnar sem voru teknar um stuðning við innrás í Írak eru stórlega gagnrýnisverðar og ekki séð enn þá hvernig staðið var að þeim. Allt sem var sagt þá um ástæður innrásar hefur fallið um sjálft sig. Það átti að fara inn og sækja vopn. Það átti að hjálpa fólki sem vildi verða frjálst. Það mátti ekki leyfa Blix og eftirlitsnefnd hans að ljúka vopnaleit. Engin vopn hafa fundist. Það hafa verið miklir bardagar, saklausir borgarar hafa fallið og ömurlegar fréttir hafa borist um pyndingar af hálfu þess liðs sem við styðjum.

Þessi innrás hefur verið erfið þeim sem upphaflega tóku þessar vafasömu ákvarðanir. Bush forseti sætir mikilli gagnrýni heima fyrir og pólitísk framtíð Blairs í Bretlandi er greinilega í mikilli hættu. Rannsóknarnefndir hafa verið settar á laggir í þessum löndum til að kanna forsendur og sannleiksgildi upplýsinga í öndverðu. Í Danmörku var settur á laggir stór fundur utanríkismálanefndar um Írak þar sem sérfræðingar, háskólaprófessorar auk stjórnmálamanna voru leiddir til og birt skýrsla sem má finna á netinu og kynna sér. Utanríkisráðherra Danmerkur, hv. formaður utanrmn. á Íslandi, kynnti utanrmn. sinni það sem fram undan var á sínum tíma. Okkur hefur ekkert verið kynnt og hver eru tækin sem við höfum? Hvenær kemur að okkar rannsókn? Hvaða tæki höfum við til að birta þjóðinni (Forseti hringir.) forsendur ákvarðana sem þessi ríkisstjórn tók? (Forseti hringir.) Hvenær kemur það?

[10:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Því er haldið fram hér að aðgerðirnar gegn Írak til að koma Saddam Hussein frá hafi verið ólögmætar. Það er marghrakið vegna þess að ályktanir SÞ, ekki ein, ekki tvær heldur fjöldi þeirra, hafa verið brotnar af einræðisherranum. Forsendur fyrir aðgerðum á vegum frjálsra þjóða voru því réttmætar.

Því er einnig haldið fram hér að í Bandaríkjunum sé mikil gagnrýni á Bush vegna Íraksstríðsins. Það vill þannig til að báðir frambjóðendur til forsetaembættisins í Bandaríkjunum,

bæði Bush og Kerry, studdu stríðið og styðja það enn. Deilurnar um Bush eru allt annars eðlis og snúast aðallega um efnahagsmál þannig að þetta er vanþekking af hálfu þeirra sem hér hafa talað um þetta atriði.

Varðandi það að upplýsingar hafi borist um hræðilegar pyndingar í fangelsum bandamanna í Írak liggur það fyrir og hefur verið fordæmt af íslensku ríkisstjórninni, utanrrh. verið í fararbroddi þar, og öðrum þjóðum og forustumönnum bandalagsríkjanna. Sá er munurinn að þegar slíkt kemur fram, pyndingar af þessu tagi sem voru daglegt brauð fyrir þessar aðgerðir, þá eru þær rannsakaðar, þær fordæmdar og hinir seku dregnir fyrir rétt. Það var ekki gert fyrir þær aðgerðir sem framkvæmdar voru. (**ÖJ:** Verður Rumsfeld ...?) Ég tel reyndar að þeir aðilar sem hér í þessum sal tala fyrir því með beinum og óbeinum hætti að ástand í Írak skyldi vera óbreytt hefðu borið mikla ábyrgð ekki síður en þeir sem reyndu að bæta úr því ástandi. Það hlýtur að liggja fyrir.

[10:28]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er orðið æ erfiðara að reyna að réttlæta stríðið í Írak og það er hrein skömm fyrir orðspor Íslendinga að vera á lista yfir hinar staðföstu og viljugu þjóðir sem tóku þátt í árásinni á Írak. Það er óumdeilt að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson fóru á svig við lög þegar ákvörðun var tekin um að vera á listanum yfir hinar viljugu og staðföstu þjóðir. Í 24. gr. þingskapa segir:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Þá er spurningin: Hvað lá á? Hvers vegna var ekki farið eftir lögum í þessu máli? Ríkisstjórnin skuldar þjóðinni svör við spurningunni um hvers vegna það var ekki gert. Hæstv. utanrrh. er orðinn æ skömmustulegri þegar verið er að ræða stríðsreksturinn í Írak en þó átti hann skammvinna gleði og nánast sigurstund þegar íslenska landhelgisgæslan fann meint efnavopn sem reyndust vera gamalt brotajárn. Þær bombur hafa verið nefndar sinnepsbombur. Auðvitað ber þeim að biðja íslensku þjóðina afsökunar og ekki síður írösku þjóðina. Íraksmálið er ævarandi smánarblettur sem stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., hafa sett á þjóð sína og ef ég heyrði rétt fyrr í umræðunni kom fram í máli hæstv. utanrrh. að uppbyggingarstarfið væri árangursríkt. Mér varð hins vegar litið inn á fréttavef BBC og þar kemur fram og er haft eftir fulltrúum Alþjóðabankans að uppbyggingarstarf í Írak sé langt að baki öllum áætlunum. Ég hafna alfarið þeim orðum að þeir sem hafa verið andvígir stríðsrekstrinum, eins og gefið var í skyn af hæstv. forsrh., hafi stutt óbreytt ástand. Eitthvað má á milli vera.

[10:30]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Írakska þjóðin leið undir harðstjórn Husseins forseta en kvöl hennar er ekki minni eftir innrás bandaríska hernámsliðsins. Þjóðin riðar nú á barmi borgarastyrjaldar. Á hverjum degi berast fréttir af mannfalli óbreyttra borgara. Hve margir þeir eru veit enginn. Tölu þeirra er ekki haldið saman af hernámsliðinu. Genfarsáttmálinn er ekki virtur að þessu leyti frekar en í fangelsum landsins þar sem skipulegum pyndingum er beitt. Pyndingarnar virðast stundaðar með skipulögðum hætti og svipar mjög til ódæðisverka fyrrverandi harðstjóra.

Með því að setja Ísland á lista hinna staðföstu stuðningsþjóða Bandaríkjanna við innrás í Írak erum við samábyrg í innrás og hernaðaraðgerðum Bandaríkjanna, innrás sem byggðist á blekkingum, lygum og vinnubrögðum þeirra sem vildu tryggja réttum aðilum yfirráð yfir auðlindum Íraks.

Á því rúma ári sem liðið hefur frá innrásinni í Írak hefur lygavefurinn smám saman verið að koma í ljós og nú, þegar ekki er lengur hægt að skýla sér á bak við ógn af gereyðingarvopnum Íraka, verða íslenskir ráðamenn að viðurkenna að hafa verið blekktir til stuðnings við tilgangslaust stríð, biðjast afsökunar og fordæma hernaðaraðgerðirnar með formlegum hætti. Við áttum, og eigum enn, að stuðla að aðkomu SÞ við endurreisn samfélagsins í Írak. Það þurfti ekki mikið til að hefja stríðið í Írak en það verður erfiðara að koma hernámsliðinu út úr landinu aftur. Ógnarstjórn og ofríki ala af sér meiri ógn og hryðjuverk. Ofbeldi leiðir af sér ofbeldi. Út úr þessum vítahring verður ekki komist nema með friðsamlegum aðgerðum og auknum skilningi á milli hinna ólíku menningarheima og jöfnun lífsskilyrða jarðarbúa.

[10:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og svör þar sem fyrst og fremst var eitt til að gleðjast yfir, að menn hafi þó kallað í bandaríska sendiherrann og tautað eitthvað við hann.

Að öðru leyti vil ég segja að það er kostulegt þegar maður verður vitni að tilraunum til að endurrita samtímasöguna fyrir augunum á manni. Nú er sagt að ástæður innrásarinnar hafi verið margar og reynt að gera lítið úr gereyðingarvopnaþættinum í þeim. Nú segir formaður utanrmn. að það hafi verið haft samráð við utanrmn. (**RG:** ... réttum ...) Hvort tveggja er alrangt, hvort tveggja eru aumkunarverðir tilburðir til að laga vondan málstað eftir á.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að íslensk stjórnvöld styddu aðgerðir til að koma Saddam Hussein frá völdum. Það var bara alls ekki hinn yfirlýsti tilgangur aðgerðanna, enda óheimilt samkvæmt stofnsáttmála SÞ að ráðast á land bara til að skipta þar um stjórn. Sá samningur geymir engin ákvæði sem heimila slíkt.

Hæstv. utanrrh. vitnaði í skoðanakönnun sem sýndi að menn í Írak vildu ekki snúa aftur til tíma Saddams. Varla von. Skoðanakannanir sýna bara líka að yfirgnæfandi meiri hluti írösku þjóðarinnar vill að hernámsliðið hverfi úr landi. Írakar vilja reyna að leysa sín mál sjálfir. Um það eru allar fylkingar, þjóðarbrot og trúarhópar sammála enda hernámið ólöglegt og virðist ekki vera að gera neitt annað en ástandið verra, og þeim mun verra sem það stendur lengur.

Ég harma það, herra forseti, að fá ekki svör við spurningum mínum um afsökunarbeiðni frá forsrh. og utanrrh. Sú krafa mín stendur. Þessir hæstv. ráðherrar skulda íslensku og írösku þjóðinni afsökunarbeiðni. Sú er lágmarkskrafan. Ef eitthvað er væri ástæða til að fara fram á meira en minna af þeirra hálfu.

[10:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Íraksstríðið er umdeilt um allan heim. Það hefur verið umdeilt og það er það enn þann dag í dag. Það er líka umdeilt á Íslandi. Hvað sem því líður getum við ekki snúið til baka. Við hljótum að vinna út frá þeirri stöðu sem er í dag. Það er kominn tími uppbyggingar. Sá tími er kominn að hernámsliðið fari frá Írak og Írakar taki sjálfir

stjórn í sínar hendur. Svo koma hv. þm. hér og segja að tveir einstaklingar hafi tekið ábyrgð fyrir hönd íslensku þjóðarinnar á þeim stuðningi sem var veittur á sínum tíma. Er það ekki skylda forsrh. og utanrrh. að taka afstöðu til viðkvæmra mála? (Gripið fram í.) Var það ekki skylda okkar að gera það? (Gripið fram í.)

Og það vill nú svo til að þeir flokkar sem stóðu að þessu gengust undir kosningar nokkrum vikum síðar og fengu umboð íslensku þjóðarinnar (**Gripið fram í:** Og réttlæta ...) til þess að vera áfram við völd. (Gripið fram í.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þú fékkst ekki slíkt umboð. (**ÖS:** Heyrðu, en það ...) og við — Það er alveg klárt að við verðum að sæta ábyrgð á gjörðum okkar. Við sætum pólitískri ábyrgð í kosningum. (**RG:** Nákvæmlega.) (Gripið fram í.) (**ÖJ:** Aumkunarvert mál.) Ég heyri að hv. þm. þola illa lýðræðið. (Gripið fram í.) Þeir þola ekki einu sinni lýðræði hér á Alþingi og geta ekki unnt mönnum þess að hafa málfrelsi. (**ÖS:** Þú ert með vonda samvisku.) (**KolH:** Skrumskæling.)

Herra forseti. Ég legg til að stjórnarandstaðan fái málfrelsi hér á nýjan leik og fái að vera í ræðustól. Ég ætla ekki að koma í veg fyrir það og hef lokið máli mínu.

(**Forseti** (HBl): Ég hef ekki hugsað mér að gefa þeim orðið í þessu máli.)

[10:37]

Útbýting þingskjals:

Útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, frhnál. minni hluta allshn., þskj. 1724.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frh. 2. umr.

Frv. landbn., 840. mál (Vestmannaeyjabær). — Þskj. 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 966. mál (meðlög, EES-reglur). — Þskj. 1485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.

Sóttvarnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 790. mál (skrá um sýklalyfjanotkun). — Þskj. 1205, nál. 1605, brtt. 1606.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

Brtt. 1606,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 1606,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Lokafjárlög 2000, frh. 2. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 377, nál. 1543, 1571 og 1688, brtt. 1544.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:41]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samkvæmt fjárreiðulögum á að afgreiða lokafjárlög ásamt ríkisreikningi fyrir yfirstandandi ár. Við greiðum hér atkvæði um annars vegar 4. dagskrárlið, lokafjárlög fyrir árið 2000, og hins vegar 5. dagskrárlið, lokafjárlög fyrir árið 2001. Hér er því verið að afgreiða lokafjárlög sem giltu fyrir fjórum árum. Þær aðgerðir sem þar er verið að lögfesta hafa algerlega verið á ábyrgð ríkisvaldsins. Alþingi hefur ekki átt neinn hlut að máli við ákvörðun á þeim útgjöldum sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt. Því munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vísa allri ábyrgð á hendur meiri hlutans hvað staðfestingu þessara laga varðar. Þær ákvarðanir hafa verið teknar af ríkisstjórninni, einstökum ráðherrum með stuðningsmeirihluta þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn. Ég tel að það eigi að afgreiða lokafjárlög miklu fyrr og samtímis því að við afgreiðum ríkisreikning. Enn ber í milli niðurstaðna lokafjárlaga og ríkisreiknings þannig að í rauninni er þetta mál ekki tækt til að afgreiðast endanlega út úr þinginu og höfum við óskað eftir því að málið verði kannað milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Við sitjum hjá við efnislega afgreiðslu málsins.

[10:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við afgreiðslu lokafjárlaganna fyrir árin 2000 og 2001 sem eru 4. og 5. dagskrárliður er alveg ljóst að allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar í fjáraukalögum og ráðstöfunum í ríkisfjármálum eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna. Lokafjárlögin stemma ekki við ríkisreikning og Frjálsl. og þingmenn hans munu sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[10:44]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú verða greidd atkvæði um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000. Þetta frv. er að sjálfsögðu algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Það sem vekur þó sérstaka athygli er að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því að staðfesta ríkisreikning fyrir árið 2000 þrátt fyrir að í minnisblaði frá fjmrn. liggi fyrir ósamræmi á milli frv. til lokafjárlaga og ríkisreiknings. Við teljum ekki þinglegt að staðfesta ríkisreikning sem fyrir liggur að ekki er í samræmi við lokafjárlög. Þess

vegna, herra forseti, mun þingflokkur Samf. sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu sem hér fer fram.

Sundurliðun 1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GHH, GÁS, GÁ, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Brtt. 1544 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁF, GHH, GÁS, GÁ, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Sundurliðun 2, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GHH, GÁS, GÁ, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞES.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GHH, GÁS, KHG, MÁ, ÞKG, ÖB) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GHH, GÁS, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GHH, GÁS, GÁ, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.
12 þm. (ÁF, BH, EKH, GAK, JóhS, KJúl, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GHH, GÁS, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Lokafjárlög 2001, frh. 2. umr.

Stjfrv., 653. mál. — Þskj. 982, nál. 1359, 1580 og 1705.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:46]
Sundurliðun 1 og 2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
21 þm. (AKG, ÁF, BH, BrM, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EKG, EKH, GHH, GÁS, JóhS, KHG, MÁ, ÖJ, ÖB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GHH, GÁS, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.
23 þm. (AKG, ÁF, BH, BrM, EKH, EMS, GAK, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, BjörgvS, GHH, GÞÞ, GÁS, JóhS, JBjart, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ.
5 þm. (BH, GAK, RG, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁF, GHH, GÁS, KJúl, KHG, MÞH, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, frh. síðari umr.

Stjtill., 949. mál. — Þskj. 1452, nál. 1546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]
Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖS.
10 þm. (ÁMM, BjörgvS, GHH, GÁS, ISG, JóhS, KHG, MÁ, ÖJ, ÖB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1727).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2004, frh. síðari umr.

Stjtill., 950. mál. — Þskj. 1453, nál. 1547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]
Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (DO, GHH, GÁS, JóhS, KHG, MÁ, SigurjÞ, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1728).

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 961. mál (evrópsk samvinnufélög). — Þskj. 1479, nál. 1594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GHH, GÁS, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1729).

Aðild að Gvadalajara-samningi, frh. síðari umr.

Stjtill., 883. mál. — Þskj. 1341, nál. 1639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]
Tillgr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (BH, GHH, GÁS, JóhS, KHG, MÁ, SigurjÞ, ÖB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1731).

Samningur um veitingu evrópskra einkaleyfa, frh. síðari umr.

Stjtill., 884. mál. — Þskj. 1342, nál. 1640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, ÞES, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (GHH, GÁS, JóhS, MÁ, VS, ÞKG, ÖB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1730).

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 946. mál. — Þskj. 1440, nál. 1616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–3. gr samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Uppfinningar starfsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 359, nál. 1637, brtt. 1638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1638,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1638,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1638,3 samþ. með 58 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1638,4 samþ. með 56 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 442. mál (ELS-tíðindi). — Þskj. 613, nál. 1577.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]
1. gr. samþ. með 60 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1577 (ný 4. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 751. mál (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). — Þskj. 1122, nál. 1641, brtt. 1642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 1642,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 1642,2–7 (breyttar greinar og ný grein er verði 10. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.
5.–10. gr. (verða 5.–11. gr.), svo breyttar, samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Lögreglulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 870. mál (tæknirannsóknir o.fl.). — Þskj. 1328, nál. 1539.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, fjárfestingar o.fl.). — Þskj. 746, nál. 1612, brtt. 1613.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Brtt. 1613,1 (ný 4. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1613,2 (tvær nýjar greinar, verða 5.–6. gr.) samþ. með 60 shlj. atkv.
5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 60 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 60 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. félmn., 967. mál (einsetning grunnskólans). — Þskj. 1486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 856. mál (sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl.). — Þskj. 1313, nál. 1614, brtt. 1615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:58]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þegar á heildina er litið getum við stutt þetta frv., með undantekningum þó. Við höfum ákveðna fyrirvara á. Almennt erum við fylgjandi því að styrkja sveitarstjórnarstigið. Fyrirvari okkar lýtur í fyrsta lagi að því að við teljum mikilvægt að hyggja að fjárhagslegri hlið mála, tekjustofnum sveitarfélaganna, að þeim verði ekki falin verkefni án þess að fá samsvarandi tekjur til að rísa undir tilkostnaðinum við þau.

Varðandi þetta frv. lýtur fyrirvari okkar fyrst og fremst að lýðræðislegri aðkomu sveitarfélaganna. Það er kveðið á um það í 7. gr. frv. Þótt við styðjum aðrar greinar frv. getum við ekki stutt þá grein og munum sitja hjá við hana.

Látum liggja á milli hluta það sem við höfum gert að umræðuefni við umræðuna, að tveimur stjórnmálaflokkum, Frjálslynda flokknum og þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, var meinuð aðkoma að sameiningarnefnd sveitarfélaga þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir okkar um að fá aðgang og setu í nefndinni á jafnræðis- og jafnréttisgrundvelli á við aðra fulltrúa í nefndinni. Hæstv. félmrh. stóð í vegi fyrir því að við fengjum þessu framgengt. En látum það liggja á milli hluta.

Það sem við gerum fyrst og fremst athugasemd við hér, ástæðan fyrir því að við getum ekki stutt 7. gr. frv., er að hér er óhóflega þrengt að lýðræðislegu sjálfstæði sveitarfélaganna í landinu.

1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 1615,1 samþ. með 58 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 1615,2 samþ. með 56 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1615,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, ISG, JóhS, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖS.

9 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, GÁS, HHj, JÁ, JGunn, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, BrM, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, ISG, JóhS, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖS.

9 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GÁS, JÁ, JGunn, KHG, MÁ, ÖB) fjarstaddir.

Brtt. 1615,4 samþ. með 58 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Útvarpslög og samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723.

[11:04]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá meiri hluta allshn. við frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Þessar tillögur er að finna í þremur töluliðum á þskj. 1723 og vísa ég til skjalsins um efni þessara brtt. Ég ætla aðeins að fylgja úr hlaði greinargerð sem þessum tillögum fylgja.

Fyrsta brtt. felur í sér að hámarkseign sama aðila (fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu) í hverju útvarpsfyrirtæki verði hækkuð úr 25% í 35%. Með því er leitast við að koma betur til móts við það sjónarmið að rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja verði ekki raskað meira en eðlilegt getur talist í þágu markmiðsins um fjölbreytni í fjölmiðlun.

Önnur brtt. er á hinn bóginn fólgin í því að lögin öðlast gildi við birtingu. Til að gæta ýtrasta öryggis með tilliti til verndar þeirra eigna- og atvinnuréttinda sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar er ekki lengur gert ráð fyrir því að allir leyfishafar þurfi að tveimur árum liðnum að hafa lagað sig að hinum breyttu lögum, heldur renna núgildandi útvarpsleyfi út samkvæmt efni sínu og við veitingu nýrra leyfa gilda hin breyttu lög.

Loks er þessu til viðbótar gert ráð fyrir að þeir aðilar sem eru með útvarpsleyfi sem renna út á næstu tveimur árum geti fengið framlengingu þeirra leyfa til 1. júní 2006 þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 1. gr. frv. Er þessi breyting í samræmi við þann tveggja ára aðlögunartíma sem gert var ráð fyrir í brtt. sem samþykktar voru við 2. umr. málsins. Að mati meiri hluta nefndarinnar er með þessu komið til móts við ýtrustu sjónarmið um meðalhóf í þessu efni þótt almennt verði ekki talið að stjórnskipuleg sjónarmið komi í veg fyrir að löggjafinn geti breytt skilyrðum tímabundinna leyfa þannig að leyfishafar verði að uppfylla ný lagaskilyrði þegar þeir leita eftir framlengingu.

Að öðru leyti held ég að segja megi að þau atriði sem hér eru gerðar brtt. við hafi fengið talsvert ítarlega umfjöllun á fyrri stigum málsins. Að því leytinu til tel ég að þær skýri sig að mestu leyti sjálfar.

[11:07]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Hæstv. forseti. Ekki þurfti að hafa mörg orð um þessar brtt. hv. meiri hluta allshn. frekar en hinar sem hafa komið fram á fyrri stigum málsins. Verður það að segjast eins og er að málsmeðferðin og framganga hv. meiri hluta allshn. er farin að verða honum lítt til virðingar. Ég mun fara nánar út í það á eftir.

Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti minni hluta hv. allshn. en undir það skrifa auk mín hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Sigurjón Þórðarson. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

Það er rétt að geta þess hér í upphafi, virðulegi forseti, að sá vandræðagangur sem einkennt hefur þetta mál í hv. allshn. hélt áfram á milli 2. og 3. umr. Það var búið að hafna því að málið yrði þar formlega tekið fyrir. Því var lýst yfir að málið ætti ekki að kalla til nefndarinnar á milli 2. og 3. umr. Það er síðan tekið til umræðu undir liðnum önnur mál. Síðar er það komið á dagskrá og auðvitað endar það þannig að hv. meiri hlutinn sér sér ekki annað fært en að taka málið þá formlega fyrir og afgreiða brtt. sínar í gegnum nefndina. Það er svo sem ekki óðruvísi en einkennt hefur alla þessa málsmeðferð.

Virðulegur forseti. Það er skemmst frá því að segja að þær breytingar sem meiri hlutinn hefur ítrekað reynt að gera á frv. breyta ekki þeirri skoðun minni hluta allshn. og stjórnarandstöðunnar hér í þinginu að málið er ónýtt og því verður ekki bjargað. Þau rök sem komu fram í nefndaráliti minni hlutans við 2. umr. eiga enn við og ef eitthvað er hefur umræðan leitt það enn frekar í ljós að þetta frv. er sértækt, því er beint enn þá gegn einu fyrirtæki. Það mun að öllum líkindum fela í sér aukna fábreytni á fjölmiðlamarkaði og ganga þannig þvert gegn markmiðum sínum. Líkur eru á að það stangist enn á við stjórnarskrá lýðveldisins. Það tekur á engan hátt tillit til EES-réttar. Verð ég nú að segja, virðulegi forseti, að þar átti ég einna helst von á því að kæmu brtt. frá hv. meiri hluta nefndarinnar. Það er þó viðurkennt af hálfu þeirra sem sömdu frv. að það gleymdist hreinlega að taka tillit til EES-réttarins. Eigi að síður er að mati meiri hlutans engin ástæða til að taka það hér upp í brtt.

Frumvarpið felur enn í sér alvarlega íhlutun í fjölmiðlamarkaðinn. Það gengur enn þá mun lengra en nauðsynlegt er til að bregðast við þeim meinta vanda sem því er ætlað að leysa. Það gæti reynst samkeppnishamlandi og dregið úr aðgengi fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni. Svo hafa stjórnarliðar, þá einkum ráðherrar, innan þings og utan, sýnt okkur svart á hvítu að undirliggjandi markmið með frv. er að kveða niður óþægilega umræðu tiltekinna fjölmiðla, fjölmiðla sem „skaprauna stjórnvöldum með umfjöllun sinni" svo notuð séu orð hæstv. dómsmrh. úr umræðunum hér, Björns Bjarnasonar.

Þeir sem ekki kaupa þetta frv., sem eru ansi margir, virðulegur forseti, eru í „Baugsliðinu". Þeir ganga erinda auðhringsins sem Davíð Oddsson, riddari réttlætis og lýðræðis, er í hatrammri baráttu gegn. Það er ekki nema von að hæstvirtum forsrh. sé orðið um og ó yfir því hversu margir eru í raun í því sem hann kallar Baugsliðið. Þar er öll stjórnarandstaðan. Þar er lungi þjóðarinnar. Þar eru eigendur Morgunblaðsins. Þar er stór hluti lögfræðingastéttarinnar í landinu. Þar eru stéttarfélögin og sambönd þeirra. Þar er Samkeppnisstofnun. Verslunarráð. Sigurður Líndal, okkar ágæti stjórnlagaspekingur. Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík. Eiríkur Tómasson, prófessor. Svo mætti lengi áfram telja og síðast hefur bæst í lið okkar sem eigum að heita Baugsliðið sjálfur forseti lýðveldisins.

Í þessu andrúmslofti og með þeim aðdraganda sem málið hafði, þar sem sjónir stjórnvalda höfðu lengi beinst að því að koma böndum á tiltekna aðila í íslensku viðskiptalífi, er það ljóst að það er alveg sama hvað ríkisstjórnin reynir að kítta í sprungurnar á þessu máli, það verður aldrei úr því trúverðug lagasetning sem hefur lýðræði og fjölbreytni í fjölmiðlum að leiðarljósi. Það er einfaldlega búið að segja of margt, virðulegi forseti.

Við sjáum hér þriðju útfærsluna á fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar en í reynd er um þá fjórðu að ræða. Eins og öllum er ljóst ræddu forustumenn ríkisstjórnarflokkanna enn eina tillögu á fundum sínum sem lýðum hefur ekki enn verið gerð ljós að því er ég best veit. Við urðum þess áskynja í fréttum nýverið að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna komu enn eina ferðina í fyrradag, keikir og brosandi, reyndar kannski svolítið af þeim dregið eftir allt samningaþófið undanfarna daga, boðandi hina miklu sátt, hina einu sönnu útfærslu á því hvernig tryggja megi fjölbreytni á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Fyrir þá sem eru farnir að ryðga í skrykkjóttri sögu þessa máls er rétt að rifja upp að markmið frv. er sagt vera það að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Það hefur svo margsinnis komið í ljós í umræðum að fyrir þessu markmiði brenna stjórnvöld ekki eins heitt og þau vilja vera láta. Eitthvað annað hangir á spýtunni, virðulegi forseti. Auk þess hélt einn þáttur þessa máls þjóðfélaginu í heljargreipum um nokkurra daga skeið og er það sá þáttur sem lýtur að mögulegu málskoti forseta lýðveldisins til þjóðarinnar. Það ætlaði allt um koll að keyra hjá ríkisstjórninni þegar forsetinn tók upp á því að fara ekki af landi brott í brúðkaup Danaprins á dögunum og höfðu stjórnarliðar uppi stór orð um það að forsetinn væri með óeðlileg afskipti af þinginu. Forsætisráðherra sá sérstaka ástæðu til að benda á að forsetinn væri vanhæfur vegna tengsla sinna við forstjóra Norðurljósa og vegna þess að dóttir hans vinnur hjá Baugi. Hæstv. forsrh. sá ástæðu til að gefa út opinbera skýringu og skoðun framkvæmdarvaldsins á því máli öllu. Hann tjáði sig við fréttamann Ríkisútvarpsins, sjónvarpsins, Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur. Spurningunni hvers vegna hann teldi að forsetinn hefði ekki farið í brúðkaupið og hvað væri að gerast svaraði hæstv. forsrh. með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Það hefur engin fyrirspurn komið frá forsetaskrifstofunni um þessi lög, enginn áhugi þar hvaða lög hafi verið staðfest. Þannig að þetta er eitthvað allt óskiljanlegt, óskiljanleg vitleysa. Og ég trúi ekki að hann sé kallaður heim af einhverjum aðilum úti í bæ. Það er reyndar búið að segja það, ekki við okkur, ekki við mig, ekki við utanríkisráðherra, ekki við forseta þingsins, að forsetinn sé að hugleiða að staðfesta ekki lög frá þinginu, en það virðist vera búið að segja það við Dagblaðið og Stöð 2 og Fréttablaðið" — ég vek athygli á því hvaða miðlar það eru sem hæstv. forsrh. vísar hér til — „því þar kemur þetta allt saman fram, en ekki við réttkjörin stjórnvöld í landinu. Þetta er allt saman óskiljanlegt. Forsetinn getur ekki verið að ganga erinda eins auðhrings, hann er forseti allrar þjóðarinnar, það gefur augaleið."

Forsetinn getur ekki verið að ganga erinda eins auðhrings. Hér er hæstv. forsrh. að gefa það í skyn og fullyrða að forseti lýðveldisins gangi erinda eins auðhrings með því að fara ekki í brúðkaup Danaprins.

Virðulegur forseti. Ég held að þetta síðasta og sterkasta dæmi sem hér er nefnt um þá sem eiga að vera í Baugsliðinu segi kannski mest um þann málflutning sem hæstv. forsrh. hefur haft á lofti í þessu máli.

Hæstv. forsrh. fór mikinn í þessu viðtali. Hann hélt áfram, þegar hann var spurður hvort ástæðan fyrir því að forsetinn hefði ekki farið í brúðkaupið gæti verið sú að hann þyrfti

svigrúm til að skoða og íhuga hvort hann staðfesti lögin, og svaraði þessu til, með leyfi forseta:

„Hann hlýtur að geta íhugað slíka hluti hvar sem hann er. Ef Dagblaðið er búið að tilkynna það í heilli opnu án þess að forsetinn láti þingið vita, ríkisstjórnina vita, að hann sé í Mexíkó að hugsa um að staðfesta ekki lög þar sem hann hefur ekki einu sinni séð breytingartillögurnar þá er eitthvað að gerast sem enginn maður botnar í."

Reyndar er viðtalið allt með ólíkindum, virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. segir síðar í því, með leyfi forseta:

„Ekkert gerist hér næstu 10–12 daga. Þetta er eitthvað algjörlega óskiljanlegt. Hann talar ekki við neinn" — þ.e. forsetinn – „þá nema Dagblaðið og Baug og kosningastjóra sinn, forstjóra Norðurljósa."

Hér er hæstv. forsrh. að tala um forseta lýðveldisins.

Síðan er hæstv. forsrh. spurður hvort hann haldi að forsetinn muni staðfesta lögin. Forsrh. heldur því fram að forsetinn geti ekki annað, í fyrsta lagi sé þessi málskotsréttur ekki til staðar og í öðru lagi, væri hann talinn vera til staðar væri forseti Íslands talinn vanhæfur í málinu.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa skoðun á því hvort forsetinn hefði átt að fara í þetta tiltekna brúðkaup. Ég ætla ekki heldur að hafa skoðun á því hvort hann eigi að synja þessu frv. staðfestingar. Það verður hann að eiga við sig og samvisku sína. Ég ætla hins vegar að hafa þá skoðun að þessi málskotsréttur er til staðar í íslensku stjórnarskránni. Það er að mínu mati almenn og viðurkennd skoðun í stjórnskipunarrétti og ég veit ekki til þess að hún hafi verið vefengd af nokkrum prófessor í þeirri fræðigrein í gegnum tíðina.

Þór Vilhjálmsson setur fram kenningu sína í afmælisriti Gauks Jörundssonar fyrir nokkrum árum og einhverjir fleiri hafa síðan dregið þennan málskotsrétt í efa en á mismunandi forsendum þó. Ég tel þær kenningar vera fullveikburða til að ýta úr vegi ótvíræðum bókstaf stjórnarskrárinnar. Í Stjórnskipunarrétti Gunnars G. Schrams segir um þetta að þótt forsetinn sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum öllum gildi það ekki um synjun til staðfestingar hans á lögum enda væri þetta ákvæði með öllu óskiljanlegt ef það ætti að túlka það þannig að forseti léti ráðherra bera ábyrgð á þeirri ákvörðun eins og öðrum. Hér er um að ræða öryggisventil. Þjóðin hefur rétt á að leggja mat á mál í tilteknum tilvikum og það er forseta að meta það hvenær slíkt málskot á við. Hæstv. forsrh. verður bara að lúta því að stjórnarskrárgjafinn setti þennan öryggisventil inn í stjórnarskrána á sínum tíma. Ef hann hefur áhuga á að breyta því getur hann reynt að beita sér fyrir því hér í krafti meiri hluta síns en þessi málskotsréttur er til staðar og hæstv. forsrh. verður að lúta því þótt hann eigi vissulega mjög erfitt með að lúta því að það kunni að vera einhverjir til staðar í þessu þjóðfélagi sem geta sett völdum hans einhver takmörk.

Virðulegur forseti. Þessu ákvæði um málskotsréttinn hefur ekki verið beitt óhóflega eins og alþjóð veit þótt oft hafi vaknað spurningar um beitingu þess. Þótt oft hafi komið upp í umræðunni sú spurning í tengslum við lög og umræðu úr þessum ræðustól að málskotsrétturinn kunni að verða virkur man ég ekki eftir því fyrr að fjölmargir fræðimenn, bæði á sviði stjórnskipunarréttar og stjórnmálafræði, hafi lýst því yfir að það sé tvímælalaust um að ræða slíkt mál eins og nú er. Nú hefur það verið sagt. Því má segja að þeir séu fleiri en nokkru sinni áður sem hafa sagt að í þessu tiltekna tilviki gætu þessar aðstæður verið uppi. Ég veit ekki til þess að nokkur, fyrir utan hæstv. forsrh., hafi síðan leyft sér að kveða upp úr með það hvort forseti ætti að nota þennan rétt eða ekki. Það hafa a.m.k. flestir fræðimenn látið liggja milli hluta og sagt að það sé að sjálfsögðu í valdi forsetans að meta það. Við erum með mál þar sem uppi er vafi um stjórnarskrá, um EES-rétt, um grundvallarmannréttindi eins og tjáningarfrelsið sem er til skoðunar í þessu máli og fleiri mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það er mikil andstaða við málið á meðal fólksins í landinu. Enn ein röksemd fyrir því að hér gæti hugsanlega verið um að ræða mál sem málskotsrétturinn ætti við er sú staðreynd að framkvæmd þessara laga er ekki á dagskrá fyrr en eftir tvö ár. Hún mun ekki hefjast fyrr en eftir tvö ár sem segir það, virðulegur forseti, að það er ekkert stórtjón af því þótt forsetinn mundi nota þessa málskotsheimild og veita þjóðinni þann rétt sem hún hefur samkvæmt stjórnarskrá. Oft hafa verið færð rök fyrir því þegar umræða hefur hafist um þennan málskotsrétt að ef forseti skjóti málinu til þjóðarinnar kunni það að hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar, efnahagslegar afleiðingar eða einhverjar aðrar fyrir þjóðina, en það er ekki í þessu tilviki. Við erum að tala um lög sem liggur engin ósköp á að afgreiða hér frá þinginu. Framkvæmd þeirra á ekki að hefjast fyrr en eftir tvö ár.

Ég vil ítreka enn og aftur það sem ég sagði áðan, ég ætla ekki að meta það hvort forsetinn eigi að beita þessari heimild eða ekki, það verður hann að eiga við sjálfan sig og sína samvisku, en ég tel fráleitt að halda því fram að ákvæðið sé dautt.

Um þá miklu lögskýringu sem hæstv. forsrh. lagði fram um það að forsetinn væri vanhæfur, m.a. í mikilli grein í Morgunblaðinu og víðar, ætla ég ekki að hafa mörg orð. Ég held að hún hafi dæmt sig sjálf í þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á hana og verið í raun og veru jarðsett af fjölmörgum lögfræðingum. svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Víkjum aðeins að forsögu málsins, virðulegur forseti. Í tiltölulega knappri meðferð allshn. á málinu á milli 1. og 2. umr. komu fram fjölmargar athugasemdir um að málið færi að öllum líkindum gegn nokkrum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þar var minnst á atvinnufrelsið, tjáningarfrelsi, eignarréttarákvæði og jafnræðisreglu. Það var bent á að frv. fæli í sér alvarlega íhlutun á fjölmiðlamarkaðnum og bryti í bága við meðalhófsreglu íslenskra laga, gæti reynst samkeppnishamlandi í stað þess að tryggja samkeppni og mundi draga úr aðgengi fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni og nýrra aðila að markaðnum, því væri beint gegn einni tiltekinni sjónvarpsstöð og lögin væru þannig sértæk ef þau yrðu samþykkt. Það var bent á EES-skuldbindingar, einkum reglur um staðfesturétt, þjónustufrelsi, fjármagnsflutninga og reglur um lögfræðilega vissu og bann við afturvirkni. Líka hefur verið bent á það að ekki hafi gefist nægilegt svigrúm í meðferð málsins fyrir t.d. efh.- og viðskn. og menntmn. til að ljúka athugun sinni á málinu á milli 1. og 2. umr. Það var gagnrýnt hversu skamman tíma umsagnaraðilar fengu. Það var líka gagnrýnt, sem er mjög alvarlegt mál að mínu mati, að ekki skuli hafa farið fram nein skoðun á rekstrarumhverfi, á heildarumhverfi fjölmiðlunar og dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis eða áhrifum frv. á rekstrarumhverfi starfandi fjölmiðla.

Það er auðvitað vítavert, virðulegur forseti, af hæstv. ríkisstjórn að leggja hér fram illa ígrundað frv., koma fram með breytingar á því aftur og aftur, jafnilla ígrundaðar og frv. var upphaflega og nánast án nokkurs rökstuðnings eins og ræða hv. formanns allshn. benti til hér áðan. Þetta er al-

gjörlega óviðunandi undirbúningur lagasetningar, virðulegur forseti, og ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni yfir því hvernig þetta mál hefur allt verið unnið frá upphafi.

Breytingartillögurnar sem nú hafa litið dagsins ljós breyta litlu um þá gagnrýni sem minni hlutinn lagði fram við 2. umr. Það var ekki vilji til þess að leita umsagna um þessa tillögu frekar en um aðrar brtt. sem forustumenn stjórnarflokkanna hafa verið að kynna okkur í fjölmiðlum. Þeir hafa kynnt okkur hugmyndir sínar í fjölmiðlum — það segir heilmikið um vinnubrögð stjórnarinnar. Svo höfum við þurft að leita eftir að fá að sjá þær hjá fjölmiðlafólki frekar en að þær hafi birst hér á borðum þingmanna. Sömu vinnubrögð eru tíðkuð eins og áður. Tilskipanir berast frá forsrn. sem fá stimpil formanns Framsfl., eftir nokkurt þref að vísu, en það er ekki ætlast til mjög ítarlegrar skoðunar eða umræðu.

Framsóknarflokkurinn hefur reyndar látið ólíkindalega í þessu máli. Hann lætur það spyrjast út að óánægja sé í röðum sínum um málið og aðdraganda þess en þrátt fyrir það lítur út fyrir að í mesta lagi einn þingmaður flokksins muni greiða atkvæði á móti því. Hvar eru þá allir tilburðirnir til að streitast á móti málinu? Hvar er þá staðfesta þessa ágæta flokks, virðulegi forseti? Ná hugsanirnar ekki lengra en til þess að láta ólíkindalega, vera óþekk og geta sagst hafa reynt að stöðva málið, það hafi bara ekki tekist?

Virðulegur forseti. Ég lýsi fullkominni ábyrgð á hendur Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir að hafa í upphafi lagt þetta óvandaða og illa ígrundaða mál fram og fyrir málsmeðferðina. Stjórnarliðum verður tíðrætt um að við séum alltaf að tala um málsmeðferð og komum okkur ekki að efni málsins. Þetta er alrangt. Efnisumræða um málið fór hér fram þegar skýrsla fjölmiðlanefndarinnar var kynnt og hún hefur farið fram aftur og aftur síðan þá. Hins vegar verður meiri hlutinn að skilja að þegar við erum að tala um tjáningarfrelsið skiptir málsmeðferð og undirbúningur einfaldlega afar miklu máli. Þegar setja á lög sem fela í sér alvarlega íhlutun í málefni einnar tiltekinnar atvinnustarfsemi og þegar setja á lög sem eiga að brjóta upp eitt fjölmiðlafyrirtæki og stefna starfsöryggi fjölda fólks í voða skiptir málsmeðferð miklu máli. Það skiptir máli að undirbúa svoleiðis lög vel, vinna þau þannig að þau gangi ekki lengra en nauðsyn krefur, gera skoðun á því hver raunveruleg áhrif þeirra verða á fjölmiðlamarkaðinn, gefa þeim sem lögin bitna á tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á undirbúningsstigi og á síðari stigum o.s.frv. Þetta skiptir engu máli í hugum hæstv. ríkisstjórnarinnar, málinu skal þröngvað í gegnum Alþingi á nokkrum vikum þrátt fyrir að ekkert, nákvæmlega ekkert, kalli á að þau verði samþykkt strax.

Líklega standa forustumenn ríkisstjórnarflokkanna í þeirri trú að þjóðin verði fljót að gleyma, virðulegur forseti, að þjóðin verði fljót að gleyma þessari málsmeðferð, öllum þessum hraðsoðna undirbúningi og lagasetningunni sjálfri. En mér segir svo hugur um, virðulegur forseti, að svo verði ekki í þetta sinn. Að sjálfsögðu mun tíminn leiða það í ljós.

Ég lýsi líka ábyrgð á hendur báðum þessum flokkum fyrir þær afleiðingar sem þetta mál kann að hafa í för með sér, fyrir rekstur fjölmiðlafyrirtækja í landinu og þar með fyrir tjáningarfrelsið. Ég er þess jafnfullviss og ég var í upphafi að þetta mál er ekki nægilega undirbúið til þess að verða grundvöllur góðrar lagasetningar og það er aldrei ljósara en nú að málinu verður ekki bjargað, alveg sama hvaða breytingar verða gerðar á því. Kappið var meira en forsjáin og ummæli forustumanna stjórnarflokkanna í tengslum við þetta mál hafa sannað það sem stjórnarandstaðan hefur bent á, að tilgangurinn með þessari lagasetningu var ekki að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, hann var fyrst og síðast sá að koma böndum á tiltekið fjölmiðlafyrirtæki og koma böndum á fjölmiðla sem stunda það „að skaprauna stjórnvöldum" svo að notuð séu þeirra eigin orð.

Meiri hlutinn treystir sér ekki til þess að fá lögfræðiálit óháðra aðila á borð við Lagastofnun Háskóla Íslands og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík til að leita leiða til að eyða allri óvissu um það hvort frv. stæðist stjórnarskrá og EES-reglur. Nei takk, við erum með svo góða lögfræðinga í meiri hluta allshn., við gerum þetta bara sjálf.

Það má segja að meiri hlutanum hafi verið vorkunn hvað þetta varðar því enn hefur ekki fyrirfundist sá sérfræðingur í stjórnskipunarrétti sem vill gefa þessu frv. heilbrigðisvottorð gagnvart stjórnarskrá. Meiri hlutinn klárar sig á þessum hlutum þrátt fyrir að umsagnir séu nánast ein samfelld útreið hvað varðar fjölmörg ákvæði stjórnarskrár og EES-réttar. Sértæk lög, afturvirkni, stríða gegn markmiðum sínum. Alltaf hefur meiri hlutinn komið keikur í ræðustól, fyrst eftir útgáfu eitt, svo aðra útgáfu og svo núna við útgáfu þrjú og sagt: Nú er þetta alveg klárt. Eytt hefur verið allri óvissu. Komið hefur verið til móts við gagnrýnina og engar frekari breytingar verða gerðar.

Virðulegi forseti. Heldur meiri hluti allshn. og heldur ríkisstjórnin að einhver lifandi maður trúi þeim núna þegar þeir koma úr enn einni sendiferðinni úr Stjórnarráðinu og segja: Nú er þetta orðið ansi gott? Sama fólk og varði hér í upphafi þá meðferð að gefa Bylgjunni sex mánaða aðlögunarfrest til þess að aðlaga sig að nýju umhverfi sem hefði þýtt að eigur fyrirtækisins hefðu verið settar á brunaútsölu. Jú, jú, þetta átti allt að standast og vera nauðsynleg aðgerð til þess að bregðast við þeirri miklu vá sem kvaddi dyra hjá íslensku þjóðinni. Sama fólk kemur nokkru síðar og segir að það sé rétt að líklega hafi þetta verið fullbratt, Bylgjan fái tvö ár í aðlögunartíma, það fái allir, en eigi að síður sé nauðsynlegt að afturkalla leyfi þeirra sem eiga þau lengur en til tveggja ára. Það er gagnrýni sem beinist að því að ekki sé heimilt að setja afturvirk lög og að hugsanlega kunni þetta að fela í sér brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og henni er kirfilega svarað með því að gengið hafi verið úr skugga um að þetta standist allt saman. Allt í góðu lagi. Engin ástæða til þess að hlusta á hræðsluáróður um að þetta standist ekki.

Nú skyndilega, í þriðju útgáfu, kemur þetta sama fólk og segir: Allt í lagi, líklega er þetta nú rétt hjá ykkur. Við vorum í fyrstu útgáfu og í þeirri annarri að ganga of nærri stjórnarskránni. Ætli það sé ekki best að við leyfum leyfunum að renna út hægt og bítandi?

Þetta fallast þau á eftir að vakin hefur verið athygli á því í hvaða umhverfi atvinnulífið íslenska býr ef það er háð geðþótta stjórnvalda hverju sinni um hvenær leyfisskyld starfsemi missir leyfin sín. Ríkisstjórnin þarf ekki, virðulegur forseti, annað en það að vakna í vondu skapi og leyfin eru afturkölluð, áður útgefin leyfi kölluð til baka. Það sér hver heilvita maður að svona aðgerðir eru ekki aðeins algerlega óþarfar, heldur eru þær fullkomlega ólíðandi í lýðræðissamfélagi. Sem betur fer hefur hæstv. ríkisstjórn meira að segja séð að sér hvað þetta varðar.

Við getum haldið svona áfram, virðulegur forseti. Í upphafi átti að banna markaðsráðandi fyrirtækjum með öllu að eiga nokkurn skapaðan hlut í ljósvakamiðli. Algerlega nauðsynleg ráðstöfun til þess að bregðast við þeim vanda og

þeirri vá sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir. Reyndar fengust aldrei nein svör þegar ríkisstjórnarliðið var spurt hvar annars staðar í veröldinni slíkt ákvæði væri að finna. Því var heldur ekki mótmælt þegar erlendur sérfræðingur í fjölmiðlarétti fullyrti að slíkt ákvæði þekktist hvergi nokkurs staðar í heiminum. Ekki var gerð úttekt á því hvaða afleiðingar þetta ákvæði eða önnur ákvæði þessa frv. mundu hafa á rekstrarumhverfi fjölmiðlanna á þeim örsmáa markaði sem hér er. Og enn hefur hún ekki verið gerð, virðulegur forseti. Tilgangurinn helgar meðalið, lögin skyldu í gegn og þau skyldu í gegn á þessu þingi. Sama fólk og varði með kjafti og klóm nauðsyn þess að banna með öllu fjárfestingar markaðsráðandi fyrirtækja í ljósvakamiðli kom skömmu síðar með nýja hugmynd sem virtist líka hafa fallið af himnum ofan: Við ætlum að leyfa markaðsráðandi fyrirtækjum að eiga pínulítið í ljósvakamiðlum, 5%. Þegar bent var á hversu mjög þetta ákvæði mundi þrengja að möguleikum fjölmiðlafyrirtækjanna til aðgangs að fjármagni þrátt fyrir breytingarnar var hafist handa við að setja nýjar reglur. Sett var inn ákvæði um að þessi regla ætti bara við um fyrirtæki með tveggja milljarða veltu eða meira. Af hverju tveggja milljarða króna veltan er sett inn er enn óljóst en það var a.m.k. ljóst að menn sáu að sér eftir að bent var á að annað hvert fyrirtæki í landinu, ef ekki meira, gæti verið skilgreint markaðsráðandi. Það mundi fela í sér að Kántríbær á Skagaströnd mætti ekki reka útvarp áfram, Nói – Síríus mætti ekki eiga í ljósvakamiðli vegna þess að fyrirtækið er skilgreint markaðsráðandi undir vissum kringumstæðum og svo mætti lengi telja.

Sama fólk og taldi enga nauðsyn á því í upphafi að taka á skipan útvarpsréttarnefndar þrátt fyrir að henni væri falið mikið vald taldi nú að líklega væri það rétt. Kannski var það ákveðið eftir að formaður útvarpsréttarnefndar og framkvæmdastjóri Sjálfstfl. kom fyrir allshn. og lýsti því yfir að hann mundi biðjast undan því að starfa í nefndinni með þetta nýja hlutverk. Eitthvað réði a.m.k. þessum snöggu sinnaskiptum hinna knáu talsmanna meiri hluta allshn. sem hér hafði varið málið af fullri hörku í sinni fyrstu mynd.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við allar þær kúvendingar sem hafa orðið í þessu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar frá því það kom fyrst fram. Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd eru nægileg til þess að draga fram hversu illa ígrundað þetta mál er í upphafi og það er það í raun og veru enn. Hæstv. ríkisstjórn hefur í raun ekki hugmynd um hvað þessar tillögur munu þýða. Hún veit það eitt að ef þær verða að lögum mun Norðurljósum verða skipt upp. Kannski það sé tilgangurinn sem helgi meðalið, enn og aftur. Áhrifin á viðkvæman fjölmiðlamarkaðinn til lengdar hafa ekki verið skoðuð.

Í hv. efh.- og viðskn. komu fram ýmsar áhyggjur varðandi þennan þátt málsins. Vísa ég þar til álits meiri hluta efh.- og viðskn. sem fylgir með minnihlutaáliti hv. allshn. í fylgiskjali. Þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Atvinna fjölmargra starfsmanna í greininni er því sett í uppnám að ástæðulausu, þar sem hægt er að vinna gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar með öðrum og mildari hætti en lagt er til í frumvarpinu. Enn fremur upplýstu Norðurljós að lífeyrissjóðir ættu veðlaus lán hjá fyrirtækinu að upphæð 1 milljarði kr. sem við gjaldþrot gætu alfarið tapast.

Samtök banka og sparisjóða töldu að lögfesting frumvarpsins mundi leiða til þess að fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði gætu að öllum líkindum ekki skráð sig hjá Kauphöllinni. Samtökin lýstu jafnframt þeirri skoðun að slík lög mundu leiða til þess að bankar og fjármálastofnanir gætu ekki lagt til tímabundna aukningu á eigin fé fjölmiðla sem augljóslega takmarkar verulega möguleika fjölmiðlafyrirtækja til að endurskipuleggja rekstur sinn á tímum erfiðleika. Í ljósi þess að rekstrarerfiðleikar hafa verið tíðir hjá fjölmiðlafyrirtækjum á síðustu árum má ætla að þetta feli í sér verulega skerðingu á starfsgrundvelli þeirra."

Virðulegur forseti. Hér eru áhyggjur sem hafa vissulega komið fram, bæði fyrir hv. allshn. og ekki síður fyrir hv. efh.- og viðskn. Þetta hefur ríkisstjórnin ekkert viljað gera með, virðulegur forseti. Ég lýsi ábyrgð af áhrifum þessarar löggjafar enn og aftur á hendur ríkisstjórninni.

Í fylgiskjali með nefndaráliti minni hluta hv. allshn. er líka að finna álit hv. menntmn. og þar koma líka fram áhyggjur. Ég legg á það áherslu að við sáum ástæðu til að láta fylgja með í þessu fylgiskjali álit bæði meiri og minni hluta því að ella hefðu þau ekki komist í þingskjöl. Meiri hluti allshn. hafði ekki af því miklar áhyggjur en í umsögn minni hluta menntmn. koma fram verulegar áhyggjur af því að verði þetta frv. að lögum geti það haft mjög miklar afleiðingar á fjölmiðlamarkaðinn og þá ekki síst á menningarlega fjölbreytni á fjölmiðlamarkaðnum. Auðvitað bitnar það fyrst á innlendri dagskrárgerð og menningartengdu efni ef þrengir verulega að rekstrargrundvelli fjölmiðla. Þetta er rökstutt mjög vel í áliti minni hluta menntmn. Alþingis sem fylgir með sem fylgiskjal með framhaldsnefndaráliti minni hluta allshn.

Það er líka rétt að rifja það upp hér, virðulegur forseti, að hv. efh.- og viðskn. og menntmn. fengu ekki tíma til þess fyrir 2. umr. að ljúka umsögnum sínum um málið, svo mikið lá á að koma málinu frá allshn. Af hverju lá svona mikið á? Af hverju fengu umsagnaraðilar svo knappan tíma til að skila umsögnum? Af hverju mátti ekki skoða fram á haust þær alvarlegu athugasemdir sem fram komu um málið? Þessari spurningu hefur ekki enn verið svarað. Kannski getur hæstv. utanrrh. sem hér situr og hlýðir á mál mitt svarað því hvað olli því að ekki mátti bíða með lagasetningu þessa fram á haust og skoða hana þá betur þannig að öllum vafa í málinu væri eytt.

Flýtirinn er óskiljanlegur, virðulegur forseti, einkum í ljósi þess mikla vandræðagangs sem hefur einkennt málið og greinilegs ósættis innan a.m.k. Framsfl. Hvers vegna mátti ekki klára að hnýta þá hnúta sem út af stóðu í rólegheitunum og leggja málið fram að nýju að hausti? Það skyldi þó aldrei tengjast því að hæstv. forsrh. verður þá ekki lengur í forsæti ríkisstjórnarinnar, heldur formaður Framsfl.? Getur það verið, virðulegur forseti, að honum sé ekki treyst til að fylgja málinu eftir þegar þar að kemur? Það lítur einna helst út fyrir að þar sé komin skýringin og að hæstv. forsrh. unni sér ekki hvíldar fyrr en búið verður að koma böndum yfir Norðurljósin.

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér áhyggjuefni ef þannig er í pottinn búið en ég verð að segja að ég sé ekki neina aðra líklega skýringu á þeim flýti sem þetta mál hefur þurft að hafa hér í þinginu.

Ég hef áhyggjur af því, virðulegur forseti, ef þessu er þannig farið. Ég hef þó meiri áhyggjur af því, virðulegur forseti, að ekki skuli vera meira lýðræðislegt aðhald innan ríkisstjórnarinnar, innan Sjálfstfl. eða af hálfu samstarfsflokksins en raun ber vitni. Að undanskildum, a.m.k. hefur það verið þannig hingað til, skeleggum málflutningi eins

hv. þm. framsóknarmanna hefur ekkert heyrst frá Framsfl. nema veikburða uml og kvartanir — síðan er vilji forsrh. uppfylltur. Þannig lítur þetta út, virðulegur forseti. Ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð.

Ég ætla að víkja hér aðeins að þeim breytingum sem nú eru komnar fram hjá meiri hlutanum. Önnur þeirra sem gengur út á að leyfa áður útgefnum útvarpsleyfum að renna út er augljós í ljósi framkominnar gagnrýni á frv. Heimildin til að afturkalla áður útgefin leyfi fól svo augljóslega í sér afturvirkni og brot gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrár að meira að segja ríkisstjórnin sá það að lokum þótt það hafi tekið nokkurn tíma. Ég geri ráð fyrir að ríkisstjórnin fallist nú á það sem stjórnarandstaðan benti á strax í upphafi, að fyrirkomulagið eins og það var stæðist ekki stjórnarskrá. Breytingin sem snýr að því að breyta 25% í 35% er lítt rökstudd og kalla ég hér eftir frekari rökum fyrir þeirri breytingu. Telur ríkisstjórnin nú að 25% hafi falið í sér of miklar takmarkanir? Telur ríkisstjórnin nú að hún hafi verið hættuleg stjórnarskránni eða hver er ástæðan fyrir því að þessar breytingar eru gerðar? Því er svarað til, virðulegur forseti, að í greinargerð með þessari brtt. sé verið að koma til móts við þá gagnrýni sem felist í því að hugsanlega kunni þessar reglur að leiða til of mikilla þrenginga og skorts á aðgangi að fjármagni fyrir fjölmiðlana. Virðulegur forseti. Ég vil þá vekja athygli hæstv. ríkisstjórnar á því að gagnrýnin hefur gegnumgangandi gengið út á það að málið verði kallað til baka og skoðað betur. Ef það er vilji fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma til móts við þá gagnrýni sem hefur komið fram á málið ætti hún að gera það eitt og vanda sig betur við undirbúning lagasetningarinnar.

Ég vil líka inna eftir því, virðulegur forseti, hvort ekki hafi komið til umræðu á milli stjórnarflokkanna að fella niður bann við krossmiðluninni. Það var a.m.k. fullyrt af fjölmörgum fjölmiðlum að það væri eitt þeirra ákvæða sem Framsfl. vildi fella niður. Svo virðist sem þetta hafi verið einhver misskilningur. Í staðinn birtist hér ný regla um 35% í stað 25%. Ég spyr: Hvað er verið að fara með þessari breytingu? Hver eru rökin fyrir henni?

Virðulegur forseti. Það sem ríkisstjórnin féll á í þessu máli var í raun heimatilbúið tímahrak, tímahrak sem snýst um þá einföldu staðreynd að fram undan eru stólaskipti í forsrn. og þau hafa í för með sér hræringar í ríkisstjórninni. Ef traustið hefði verið nægt og eindrægni hefði ríkt í stjórnarliðinu hefði ekki komið til þess að nauðsynlegt hefði talist að afgreiða málið áður en skipt verður um forsrh. Það hefði einfaldlega nægt að ákveða að lögin skyldu unnin áfram þar til ljóst væri hverjar afleiðingar þeirra yrðu og þar til skýrara yrði hvort þau stæðust stjórnarskrá og EES-reglur. Að sjálfsögðu hefði verið eðlilegt eftir alla þá gagnrýni sem kom fram á frv. í umsögnum að setjast aftur yfir málið og leggja það fram í nýjum og vandaðri búningi, að taka með inn í þann pakka ýmislegt er lýtur að Ríkisútvarpinu eins og fjölmiðlanefndin lagði til, að sjá til þess að gagnsæi á eignarhaldi væri tryggt, að leita leiða til þess að koma á raunverulegu ritstjórnarlegu sjálfstæði og að vernda starfsumhverfi blaðamanna þannig að þeim verði gert kleift að vinna sjálfstætt og án íhlutunar eigenda sinna. Þetta eru brýnustu verkefnin í íslensku fjölmiðlaumhverfi, virðulegur forseti.

Það hefði líka verið rétt að hyggja að því hvort samkeppnislögin mætti ekki skoða til að ná betur fram því markmiði að koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum. Það hefði líka verið gott ef ríkisstjórnin hefði verið tilbúin að skoða tilmæli Evrópuráðsins um útvarp í almannaþágu og tryggja Ríkisútvarpinu sjálfstæði frá ríkisstjórninni í takt við þær hugmyndir sem lagðar hafa verið til hjá Evrópuráðinu. Þar á bæ er formaður útvarpsráðs sjálfstæðismaður. Útvarpsstjóri er sjálfstæðismaður. Formaður útvarpsréttarnefndar er framkvæmdastjóri Sjálfstfl. Hefur Sjálfstfl. eða hefur Framsfl. engar áhyggjur af því að hugsanlega kunni að eiga sér stað einhver óeðlileg afskipti stjórnenda á þessum ágæta miðli? Þarf ekki að tryggja fjölbreytni á þeim miðli, virðulegur forseti?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Í stuttu máli vil ég segja að þetta frv. ætti að senda aftur til föðurhúsanna. Því verður ekki bjargað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að klastra í sprungur þess. Ég lýsi yfir ábyrgð á hendur ríkisstjórnarflokkunum báðum, Framsfl. og Sjálfstfl., fyrir að bjóða þingi og þjóð upp á þetta frv. og gildir þá einu hvort sjónum er beint að efni þess eða málsmeðferðinni sjálfri.

[11:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sú umræða sem hefur átt sér stað um þetta mál hefur verið löng og ítarleg og margt hefur komið fram í henni. Eitt er þó ljóst að henni lokinni, það er almenn samstaða um það hér á hv. Alþingi og ég hygg í þjóðfélaginu að nauðsynlegt sé að setja löggjöf sem hamlar gegn samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggir fjölbreytni í fjölmiðlun. Út af fyrir sig er mikilvægt að fram skuli hafa komið að slíkt er nauðsynlegt.

Þá vildi ég víkja að þeim spurningum sem einkum hafa komið upp í sambandi við þetta mál og þau gagnrýnisatriði sem þar hafa komið fram. Fyrsta atriðið lýtur að afturvirkni, þ.e. hvort hér sé verið að setja afturvirka löggjöf sem taki með einhverjum hætti þau réttindi af aðilum sem þeir búa við í dag. Svarið er nei. Það er ekkert í frv. eins og það liggur nú fyrir sem tekur slíkan rétt af aðilum, tekur leyfi af þeim, og það er ljóst að aðlögunartími til þess að aðlagast þessu breytta umhverfi er tvö ár.

Í umræðunni hefur líka verið rætt mikið um takmörkun á eignarhaldi. Í mínum huga hefur það ekki verið neinum vafa undirorpið að það er talið eðlilegt og nauðsynlegt að takmarka eignarhald í fjölmiðlum þannig að enginn einn aðili ráði yfir þeim og það sé betra og nauðsynlegt að eignaraðild að slíkum fjölmiðlum dreifist sem mest.

Eins og frv. er nú úr garði gert er gert ráð fyrir því að enginn einn aðili megi eiga meira en 35%. Þó er gerð sú undantekning að markaðsráðandi aðili að áliti Samkeppnisstofnunar megi aðeins eiga 5%. Þá kemur að sjálfsögðu upp spurning sem hv. þm. þurfa að spyrja sjálfa sig og svara: Er eðlilegt og nauðsynlegt að markaðsráðandi aðilar hafi minni möguleika á eignarhaldi og ráðstöfun fjölmiðla en aðrir? Ég svara þeirri spurningu játandi. Ég tel fulla ástæðu til þess að markaðsráðandi aðilar hafi minni möguleika á því að vera ráðandi afl í fjölmiðlum en önnur fyrirtæki.

Sú spurning hefur líka komið upp í þessari umræðu hvort eðlilegt sé að dagblað og ljósvakamiðill séu rekin í einu og sama fyrirtækinu. Mér finnst eðlilegt að slíkir miðlar séu reknir hvor í sínu fyrirtækinu, það hljóti að tryggja meiri fjölbreytni og meiri umfjöllun á fjölmiðlamarkaði eins og það hefur verið svo lengi sem ég man þar til nú.

Í þessu sambandi er líka spurning hver sé markaðsráðandi. Það liggur fyrir að Samkeppnisstofnun skal úrskurða um það. Það er ekkert hægt að fullyrða um það nákvæmlega hverjir eru markaðsráðandi nema að fyrir liggi úrskurðir um

einstaka fyrirtæki á Íslandi. Enginn getur sagt til um það hvaða fyrirtæki verða markaðsráðandi á Íslandi að tveimur árum liðnum þannig að að því leytinu til er mjög erfitt að fullyrða um það hvaða fyrirtæki koma til með að eiga í hlut þegar þar að kemur.

Þá kemur upp í þessari umræðu, og hefur verið mjög ríkt í henni, spurningin um stjórnarskrána. Hún er mjög eðlileg vegna þess að öll höfum við alþingismenn unnið heit að því að virða stjórnarskrána. Ég er alveg viss um að hver og einn einasti alþingismaður vill gera það. Nokkur álitamál hafa verið í umræðunni, í fyrsta lagi hvort um afturvirkni sé að ræða sem er viðkvæmt gagnvart stjórnarskrá. Svarið er nei. Samrýmist það stjórnarskrá að takmarka eignarhald í fjölmiðlum? Ég heyri ekki betur en að flestir svari þeirri spurningu játandi. Samrýmist það stjórnarskrá að takmarka sérstaklega eignarhald markaðsráðandi fyrirtækja? Því hefur verið haldið fram að það geti ekki samrýmst stjórnarskránni að banna það algjörlega. Það er ekki verið að gera það en það er verið að takmarka það. Og uppi er umræða um það af eðlilegum ástæðum hvað sú takmörkun geti verið mikil. Getur hún miðast við 5%? Getur hún miðast við 7%? Getur hún miðast við 10%? Getur hún kannski miðast við eitthvað annað?

Það liggur alveg ljóst fyrir að enginn er tilbúinn til að svara nákvæmlega þeirri spurningu hvert það hlutfall getur verið. Það er álit okkar sem stöndum að þessu frv. ríkisstjórnarinnar að það geti verið 5%. Og þó að við höfum unnið það heit á Alþingi að virða stjórnarskrá okkar höfum við aldrei unnið það heit að það geti aldrei reynt á túlkun hennar. (**ÖS:** ... gerir í málinu.) (**Gripið fram í:** Taka til ...)

Ég vil minna hv. þingmenn á að hér var einu sinni mikil umræða um svokallað öryrkjamál. Hæstaréttardómur féll um það að tekjutengingar í sambandi við útreikning maka á örorkulífeyri hefðu gengið of langt. Það má rekja til þess tíma að Alþýðuflokkurinn sálugi var í ríkisstjórn (**ÖS:** ... varaðir við.) en ég ætla ekki að halda því fram að Alþýðuflokkurinn sálugi hafi gert það vegna þess að hann hafi viljað taka sénsinn heldur væntanlega vegna þess að hann hefur verið þessarar skoðunar. Þetta byggir á því að við höfum einhverja skoðun á Alþingi.

Hvað gerðist svo? Fengum við svar frá Hæstarétti um það hver þessi takmörkun ætti að vera, og mætti vera nákvæmlega? (**RG:** Við hefðum ...) Nei, að sjálfsögðu ekki. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að veita mér málfrelsi þó að það væri ekki nema einu sinni í viku.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti tekur undir það.)

Það virðist vera í hvert skipti sem ég stíg í ræðustól, frú forseti, sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar vilji ekki virða mér þann lýðræðislega rétt að tala á Alþingi. (**ÖS:** Þú fékkst hann í morgun.) Ég get beðið, frú forseti.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að sýna hæstv. utanrrh. þá kurteisi að leyfa honum að ljúka hér máli sínu án mikilla frammíkalla.)

Ég þakka virðulegum forseta fyrir það.

Það sem gerðist var það að stjórnarandstaðan á Alþingi hélt því fram að stjórnarskráin bannaði okkur að tekjutengja örorkulífeyri við lífeyri maka. Ekkert annað en það. Það væri algerlega bannað samkvæmt stjórnarskránni. Ég man eftir að ég viðhafði þau orð þá að ef það væri bannað samkvæmt stjórnarskránni að nota tekjutengingar hefði ég ekkert lengur í stjórnmálum að gera. Ef ekki má eiga sér stað tekjujöfnun í þessu samfélagi, ef stjórnarskráin okkar bannar það, hvað ætla alþingismenn þá almennt að gera í stjórnmálum?

Hvað gerðist svo? Menn komu sér saman um nýja skilgreiningu sem var hærri. Löggjafinn setti ný lög sem fóru líka til Hæstaréttar og voru dæmd þannig að þau stæðust ákvæði stjórnarskrárinnar. Þarna var um samspil löggjafarvalds og dómsvalds að ræða sem endaði í ákveðinni niðurstöðu, því erfiða samspili sem varðar túlkun stjórnarskrárinnar. Ég ítreka að ég tel mig að sjálfsögðu hafa fulla heimild til þess sem alþingismaður að hafa skoðun á því sem ég vil gera en ég geri mér grein fyrir því að einhver álitamál kunna að koma upp í túlkun þess sem Alþingi kann að ákveða. Þannig hefur það alltaf verið og þannig mun það alltaf verða. Ef það væri ekki þannig gætum við ansi lítið af lögum sett oft og tíðum vegna þess að þá væri alltaf sagt: Þú hefur þessa skoðun en þú getur ekki haft hana, góði minn, því það er svo augljóst að það brýtur stjórnarskrána. Ég mótmæli því að við höfum þær skyldur að það geti aldrei komið til túlkunar á stjórnarskránni. Hún er ekki nákvæmt plagg sem segir nákvæmlega til um það hvernig hlutirnir eiga að vera og mega vera. Hún er eins og annað í lífinu, hefur mikilvægar leiðbeiningar en hún er ekki nákvæmt skjal sem segir okkur nákvæmlega til um það hvað við megum og hvað ekki.

Síðan er því haldið fram að það standist e.t.v. ekki ákvæði stjórnarskrárinnar að dagblað og ljósvakamiðill þurfi að vera hvort í sinni eigu. Mér finnst ekkert benda til þess að svo sé. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að það sé hvort í eigu síns fyrirtækisins. (Gripið fram í.) Mér finnst það fullkomlega eðlilegt. Ég vildi ekki sjá að allir fjölmiðlarnir væru meira og minna í eigu eins og sama fyrirtækisins. Morgunblaðið væri þá þar með væntanlega. Ég held að allir geti verið sammála um það.

Ég vildi svo aðeins koma að því að hér hefur verið rætt um að þetta beinist að einu fyrirtæki. Svo er alls ekki. Ég var afskaplega glaður þegar ég heyrði í morgun stjórnarformann tiltekins fyrirtækis segja blákalt að það fyrirtæki mundi standast þessi lög og starfa áfram. Látið hefur verið í veðri vaka að til stæði að segja þar öllu fólki upp og umræðan gengið út á að hræða þetta fólk. Það er að mínu mati ósæmilegt. Ég virði stjórnarformann þessa tiltekna fyrirtækis vegna þess að hann hefur komið fram í þessari umræðu af mikilli hógværð og með málefnalegum hætti. Mér finnst það mjög virðingarvert af þessum ágæta stjórnarformanni.

Síðan hefur viðkomandi fyrirtæki sagt að það ætli sér að leita réttar síns. Auðvitað á það rétt á því. Það hefur góðan tíma til þess. Það liggur fyrir að þessi lög taka ekki gildi fyrr en eftir tvö ár. Fyrirtækið hefur sagt t.d. að það mundi leita til Eftirlitsstofnunar Evrópska efnahagssvæðisins, ESA, og hugsanlega til EFTA-dómstólsins í framhaldi af því. Mér finnst eðlilegt að um slíkt mál sé fjallað eins hratt og mögulegt er, eins og öll önnur mál. Ég mun fyrir mitt leyti óska eftir því við þá eftirlitsstofnun að hún sinni því máli hratt og vel þó að henni beri engin sérstök skylda til að taka tillit til þess. Mér finnst nauðsynlegt að það sé gert. Síðan hafa aðilar möguleika á því að leita til innlendra dómstóla þó að mér sé ekki alveg ljóst hvernig þeir hyggjast gera það. Það er réttur sérhvers manns og sérhvers fyrirtækis og ef viðkomandi aðilar finna flöt á því að flytja slíkt mál er ég alveg viss um að íslenskir dómstólar taka það fyrir hratt og örugglega.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, benda á að auðvitað er þessu máli samkvæmt þessu frv. ekki endanlega lokið. Það

kom fram í samþykkt ríkisstjórnarinnar að fjölmiðlanefndin ynni áfram og þar var m.a. tekið fram að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Stundum hefur verið kallað eftir því á hv. Alþingi að ríkisstjórnin segði eitthvað um það hvað hún vildi með Ríkisútvarpið og hvort ríkisstjórnin vildi almennt að sú ágæta stofnun starfaði. Því hefur stundum verið haldið fram að það væri markmið ríkisstjórnarinnar að eyðileggja þá stofnun. Nú ætti væntanlega ekki að vera neinn vafi um það.

Í þessari samþykkt sem hæstv. menntmrh. lagði fram kemur líka fram að lög verði sett um prentrétt, ákvæði sem skyldi fyrirtæki í dagblaðaútgáfu til að setja sér innri reglur er miði að því að tryggja sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum og enn fremur reglur um stöðu blaðamanna gagnvart ritstjórn og að sambærileg ákvæði verði sett í útvarpslög. Líka kemur fram að kannaðir verði möguleikar á að gera tilteknar kröfur til dagskrár útvarps. Málinu er ekki lokið.

Síðan vil ég vekja athygli á því að nú starfar sérstök nefnd samkvæmt skipunarbréfi hæstv. iðn.- og viðskrh. um hringamyndun í íslensku viðskiptalífi. Í skipunarbréfi kemur m.a. fram að það sé engum vafa undirorpið að þær breytingar sem hafa orðið á íslensku viðskiptalífi á undanförnum árum hafi leitt til betri lífskjara þjóðarinnar. Jafnframt kemur fram að aukin hagræðing og hraðar breytingar á eignarhaldi fyrirtækja hafa leitt til meiri samþjöppunar og minni samkeppni í einstökum atvinnugreinum. Þá hafa ýmis viðskipti á verðbréfamarkaði vakið upp spurningar um hvort stjórnunarhættir hlutafélaga séu með þeim hætti sem best gerist. Í þessari nefnd á m.a. að taka fyrir hvernig bregðast skuli við aukinni samþjöppun og með hvaða hætti skuli þróa reglur þannig að viðskiptalífið sé skilvirkt og njóti trausts. Nefndin skal hafa hliðsjón af reynslu síðustu ára í alþjóðlegum samanburði og ljúka störfum fyrir 1. september. Það er enginn vafi á því að þetta starf lýtur jafnframt að því sem við erum að tala um, þeirri hringamyndun og samþjöppun sem hefur orðið í íslensku viðskiptalífi. Það hlýtur að vera skoðun okkar allra að það sé æskilegt að sem minnst sé um markaðsráðandi fyrirtæki í íslensku viðskiptalífi. Hins vegar verður vart hjá því komist. Við hljótum að stuðla að því að sem mest samkeppni verði á mörkuðum og þá jafnframt á fjölmiðlamarkaði.

Hæstv. forseti. Ég vildi koma þessum sjónarmiðum að í þessari umræðu um leið og ég tel mikilvægt að umræða um þessi mál haldi áfram. Það er nauðsynlegt að hún sé rekin með málefnalegum og sanngjörnum hætti og ég tel að á það hafi verulega skort í hita leiksins undanfarna daga. Ég vænti þess að breyting geti orðið á því í framtíðinni.

[12:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það var ánægjulegt að sjá hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, formann Framsfl., hér í ræðustóli að verja fjórðu útgáfuna af frv. þeirra félaga, hans og hæstv. forsrh., og gaman að heyra að hann er nú algjörlega sannfærður, eins og hann reyndar var í öll hin fyrri skiptin, þau sem af fréttist, um ágæti þessa frv.

Við hæstv. utanrrh. eigum fátt sameiginlegt en eitt af því er að við sitjum hér báðir sem þingmenn Reykvíkinga í fyrsta sinn. Erindi mitt þessa mínútu sem ég hef til umráða í ræðustóli er að spyrja hann hvernig hann taki þeirri ósk meiri hlutans í Reykjavíkurborg fyrir hönd allra Reykvíkinga, undir leiðsögn Alfreðs Þorsteinssonar borgarfulltrúa, og í liðinu er Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi, að þetta frv. fái ekki framgang hér á þinginu og að hugað verði að atvinnumálum fjölmiðlamanna í Reykjavík í þessu sambandi.

[12:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel enga ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af atvinnumálum í þessu sambandi. Ég tel mikilvægt að borgarstjórn sinni vel þeim málum sem eru á borði hennar og að við sem erum hér á Alþingi og í ríkisstjórn sinnum vel okkar málum. Það er eðlilegt að skoðanir séu skiptar um það hvaða reglur eigi að gilda. Það kemur ekkert fram í þessari ályktun borgarstjórnar um hvað þau eigi nákvæmlega við. Það er eðlilegt að skoðanir á þessum málum séu skiptar. Ég virði það. Ég tel nauðsynlegt að ljúka þessu máli hér á Alþingi og ég og minn flokkur munum að sjálfsögðu standa að því.

[12:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Það sem hér kemur í ljós er auðvitað enn ein birtingarmynd hins djúpstæða klofnings sem ríkir í Framsfl. um málið. Það vill til að þetta bréf hefur verið sent. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson getur ekki neitað því. Hann á að hafa séð það því það kom í þingflokkana. Í bréfinu stendur m.a., með leyfi forseta:

„Alls óvíst virðist hins vegar hvort markmið um fjölbreytni í umfjöllun og öfluga dagskrárgerð náist. Það er lágmarkskrafa," segir borgarstjórn Reykjavíkur, „að nægilegur tími gefist til að fullkanna hin víðtæku áhrif sem samþykkt frumvarpsins gæti haft í för með sér."

Hæstv. utanrrh. vitnaði í stjórnarformann nokkurn hér í bæ, í því fyrirtæki sem þessi lög beinast auðvitað gegn. Stjórnarformaðurinn sagði nákvæmlega þetta: Fyrirtækið heldur áfram þessi tvö ár í þeirri sannfæringu og þeirri fullu vissu að hægt sé að stöðva þessi lög, annaðhvort í innlendum dómstólum, héraðsdómi eða Hæstarétti, eða með Evrópurétti. Þess vegna ætla þeir að reyna að halda áfram en ekki vegna þess að frv. beinist ekki gegn neinum.

[12:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það hljóti að vera aðalatriðið að stjórnarformaðurinn lýsti því yfir að ekki stæði til að segja starfsfólki fyrirtækisins upp. Mér skildist að það væri aðalmálið sem borgarstjórn Reykjavíkur hefði áhyggjur af.

Í öllum flokkum, hv. þingmaður — og það kemur mér á óvart ef það hefur aldrei gerst í Samf. — eru misjöfn sjónarmið og mál eru rædd. Þannig er það líka í Framsfl. (**MÁ:** Menn ræða málin í Samf. ...) Mér þykir vænt um að heyra það. Menn komast að niðurstöðu. Það er það sem við höfum gert í þessu máli í hæstv. ríkisstjórn. Við höfum komist að niðurstöðu. Það er náttúrlega alveg ljóst að það eru alltaf uppi mismunandi skoðanir í öllum flokkum. Ég er óskaplega hissa á Samf. að gera þetta að sérstöku umræðuefni á Alþingi. Ég hélt að í engum flokki á Íslandi væru meira mismunandi skoðanir en í Samf. Það hefur verið upplifun mín. Þess vegna er ég hissa á þeim að gera þetta að vandamáli.

[12:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. hefur ítrekað komist svo að orði í fjölmiðlum undanfarna 1–2 sólarhringa að með þeim breytingum sem hann og hæstv. forsrh. hafi orðið sammála

um að gera nú enn á frv. sé hann „öruggari með sig gagnvart stjórnarskránni". Ég held að ég fari alveg orðrétt með þetta, a.m.k. efnislega alveg örugglega. Hæstv. utanrrh. er nú með þessum fyrirhuguðu breytingum öruggari með sig gagnvart stjórnarskránni, honum er rórra. Þetta er afar athyglisverð yfirlýsing og ber með sér að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hafi verið óöruggur með sig gagnvart stjórnarskránni miðað við frv. í upphaflegri mynd. Ég vil biðja hæstv. utanrrh. að skýra betur út þessi ummæli sín. Hvað var hann óöruggur um og hverju sætir að hann féllst engu að síður á framlagningu frv. sem stjórnarfrumvarps þótt hann hafi verið, miðað við þessar yfirlýsingar, óöruggur um að það stæðist stjórnarskrána?

[12:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ber svo mikla virðingu fyrir stjórnarskránni að ég er aldrei alveg öruggur með hana. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... alltaf í vafa?) Alltaf í einhverjum vafa. Ég heyri hins vegar að þingflokksformaður Vinstri grænna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, er nokkurn veginn alveg viss. Það er eins og það er.

Ég hef hins vegar sagt að ég vilji aldrei útiloka það að það reyni á ákvæði stjórnarskrárinnar í sambandi við túlkun. Ég tel mig hafa fullan rétt á því að hafa þá skoðun á Alþingi sem ég hef, með mikilli virðingu fyrir stjórnarskránni, enda þótt ég sé ekki 100% viss um hvernig það á að vera sem aldrei hefur reynt á. Ég veit ekki um nokkurn lögfræðing sem hefur sagt að það sé alveg öruggt að allt standist. (**Gripið fram í:** Davíð.)

[12:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lasta það að menn séu efahyggjumenn og menn setji spurningarmerki við alla hluti en það verður að gera grundvallargreinarmun á því við lagasetningu og þegar menn bera ábyrgð á málum hvort þeir eru í góðri trú eða hvort uppi er vafi af því tagi sem auðvitað var þegar lögin um öryrkjamálin voru sett á sínum tíma. Það sem gerði málstað stjórnvalda þá m.a. sérstaklega vondan var að þau voru rækilega vöruð við því að málið kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána. Sú reyndist líka niðurstaða Hæstaréttar. Ef á daginn kemur að mönnum hafa orðið á mistök eiga þeir sér það þó til málsbóta ef þeir hafa verið í góðri trú. Það sem er sérstaklega athyglisvert við þessa yfirlýsingu utanrrh. er að hann játar á sig vafann um að stjórnarfrumvarpið í upphaflegri mynd hafi verið í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Hann viðurkennir það og segir hins vegar að með brtt. sé honum nú að verða rórra. Ég tel að hæstv. utanrrh. skuldi okkur skýringar á þessum sérkennilegu ummælum.

[12:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ávallt verið í góðri trú þegar ég hef staðið að lagasetningu á Alþingi. Ég er það enn. Þar á hefur ekki orðið nein breyting. Ég vænti þess að hv. þm. Steingrímur Sigfússon hafi verið það líka. Ég trúi engu öðru upp á hann. Mér finnst engin ástæða til að væna mig um það að ég sé ekki í góðri trú.

Eins og hann sagði er eðlilegt að yfir það sé farið og það rætt, menn taki tillit til röksemda sem fram koma, fari yfir þær og athugi hvort nauðsynlegt sé að gera einhverjar lagfæringar í því ljósi. Þannig er þessu máli farið og þannig hefur það verið unnið. Það er ekkert meira um það að segja.

[12:13]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra bað um málefnalega umræðu. Í sömu ræðu gerist hann svo ómerkilegur að hann snýr út úr frétt Fréttablaðsins þar sem vitnað er í Skarphéðin Berg Steinarsson. Er það málefnalegt? Mér finnst það mjög ómerkilegt og lýsa málefnafátækt hæstv. ráðherra þegar hann segir það til vitnis um að lögin séu ekki sértæk, og hér er haft orðrétt eftir umræddum stjórnarformanni: „Lögin eru alveg jafnsértæk og þau voru áður. Þeim er ætlað að brjóta upp Norðurljós." Þetta er það sem maðurinn sagði. Það er alls ekkert til í því að þessi grein sé til vitnis um að lögunum sé ekki beint gegn Norðurljósum.

[12:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef bara ekki lesið Fréttablaðið í dag, ekki séð það, ég hef ekki haft tíma til þess. (**SigurjÞ:** Þú vitnar samt í það.) Nei, ég vitnaði í viðtal sem ég held að ég hafi örugglega heyrt í sjónvarpinu í gærkvöldi við þennan ágæta mann. Það er það sem ég hef fyrir mér í því en ég hef ekki lesið Fréttablaðið í dag og hef alveg misst af því. Ég var ekki að vitna í það. Ég heyrði hins vegar þetta viðtal og það var það sem ég var að segja frá. Ég vona að þessi ágæti stjórnarformaður standi við það.

[12:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir hæstv. utanrrh. hafa misskilið umræddan stjórnarformann hrapallega. Hann hefur þá skipt rækilega um skoðun síðan í gærkvöldi ef það er rétt að hann hafi ekki lesið Fréttablaðið í morgun.

Það er yfirlýst markmið þessa frv. að auka fjölbreytileika á fjölmiðlamarkaði. Nú bendir hver umsögnin á fætur annarri til þess að það muni hafa þveröfug áhrif. Síðan hefur hæstv. ráðherra komið fram við hverja nýja breytingu og alltaf verður frv. betra og betra. Mig langar að spyrja hann: Telur hann ekki koma til greina að bíða aðeins lengur, sérstaklega í ljósi þess að mikil óánægja er innan Framsfl. með frv., og skýra út fyrir þjóðinni hvað liggur svona óskaplega á? Er það eins og m.a. hefur komið fram í vefritinu Maddömunni að það sé stóllinn, að hæstv. utanrrh. sé í bóndabeygju vegna þess að hann langi svo óskaplega í forsætisráðherrastólinn?

[12:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að svara dylgjum hv. þingmanns. Það er engin ástæða til að bíða með þetta mál. Það hefur hlotið mikla umfjöllun á Alþingi. (**SigurjÞ:** Það verður alltaf betra og betra.) Já, sem betur fer verður það alltaf betra og betra og ég (**SigurjÞ:** ... þá lengur?) reikna með því að nú geti allir verið rólegir því hv. þm. kallar hér fram í að það verði alltaf betra og betra. (Gripið fram í.) Það sem verður betra og betra er venjulega gott.

[12:17]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki hefur hæstv. utanrrh. tekist að útskýra af hverju svona gríðarlega mikið liggi á að leggja þetta frv. fram.

Nú er reglum þessa frv. þannig háttað að fjölmiðlafyrirtæki þurfa að hafa af því miklar áhyggjur að eigendur þeirra

njóti ekki of mikillar velgengni í viðskiptalífinu. Ef velta þeirra fer yfir tvo milljarða verður 5% reglan virk og þar af leiðandi þurfa menn að losa sig við 30% eignarhlut í fjölmiðlafyrirtækinu. Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, virðulegur forseti, að þarna sé velgengni eigendanna ein stærsta ógnin við fjölmiðlafyrirtækin, eins og ég skil þessa reglu. Ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh., af því að hann er líka endurskoðandi, hvort hann telji ekki mikið óöryggi fylgja þessari reglu og mikið óöryggi fyrir rekstrarumhverfi fjölmiðlafyrirtækjanna, að þurfa sífellt að hafa áhyggjur af því að þeim fyrirtækjum sem eiga í hlut gangi ekki of vel.

[12:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel enga sérstaka ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu. Það liggur ekki neitt fyrir um það að einhver þeirra fyrirtækja sem eru nú í fjölmiðlarekstri séu markaðsráðandi þótt ákveðnar grunsemdir séu um það. Enn síður liggur fyrir að eitthvert þeirra fyrirtækja sé markaðsráðandi 1. júní 2006. Það getur ýmislegt breyst á þeim tíma. Það er engin ástæða til að fullyrða hvaða fyrirtæki verði markaðsráðandi á þeim tíma.

Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel almennt óæskilegt að markaðsráðandi fyrirtæki séu í fjölmiðlarekstri. Það er mikil hætta á því að slík fyrirtæki misnoti aðstöðu sína. Ég er ekki að segja að þau geri það en það er veruleg hætta á því að slík fyrirtæki noti þá viðkomandi fjölmiðla fyrirtækjum sínum til framdráttar.

[12:19]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að hæstv. utanrrh. hafi miklar áhyggjur af markaðsráðandi fyrirtækjum. Hann rökstuddi það hér eða fór fyrst fram með það að fjölmiðlafyrirtækjunum ætti að banna með öllu, þau væru það hættuleg, að eiga hlut í fjölmiðlafyrirtæki, ljósvakafyrirtæki. Nú er komin 5% regla sem hefur ekki verið vel rökstudd en það sem ég er fyrst og síðast að beina sjónum mínum að er þetta óöryggi, virðulegi forseti. Hefur hæstv. utanrrh. virkilega engar áhyggjur af þessu óöryggi og þessum breytileika sem eignarhaldið mun sífellt hafa í för með sér? Ekki er bara óskýrt hvað markaðsráðandi staða þýðir og hvaða fyrirtæki eru skilgreind sem markaðsráðandi, eins og margoft hefur komið fram, heldur er líka um að ræða að það er sífelld hreyfing á eignarhaldinu. Menn þurfa að vera að losa sig við eignarhlut og geta síðan náð í hann aftur ef fyrirtækinu fer að ganga nógu illa. Það er þetta sem ég vil fyrst og síðast spyrja hæstv. utanrrh. um. Ég held að við náum ekki samkomulagi um það á hvern hátt eigi að takmarka aðgang markaðsráðandi fyrirtækja á ljósvakafyrirtækjum. Það erum við einfaldlega ósammála um.

[12:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að aðalatriðið fyrir fyrirtæki sem er þá skilgreint sem markaðsráðandi sé að það hafi svigrúm til að selja hlutabréf sín, hafi hæfilegan tíma til þess. Ef ég man rétt eru það 120 dagar. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt fyrir viðkomandi fyrirtæki að það geti haldið áfram að eiga einhvern hlut í fjölmiðlum.

Ég ítreka og vil spyrja hv. þingmann: Hefur (Gripið fram í.) hv. þm. engar áhyggjur af því að markaðsráðandi fyrirtæki séu mjög ráðandi í fjölmiðlarekstri á Íslandi? Telur hún enga hættu á að slík fyrirtæki misnoti aðstöðu sína? (**BH:** Hv. þm. veit að ég get ekki svarað þessu.)

[12:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Nú erum við komin í 3. umr. þessa frv. sem við höfum meira eða minna verið pínd til að fjalla um á þessum vettvangi. Við sem hér höfum tekið hvað virkastan þátt í umræðunni höfum haldið því fram að henni sé ritstýrt af formönnum ríkisstjórnarflokkanna og það sé sett á hana lok, henni sé ekki heimilað að þroskast á eðlilegan, lýðræðislegan hátt. Það er tímanna tákn og tákn um það sem ég hef sagt hér að nú skuli hundruð manna standa úti á Austurvelli og veifa rauðum spjöldum hingað, í átt til þeirrar ríkisstjórnar sem lagt hefur fram þetta frv., sem pínt hefur þessa umræðu áfram af óbilgirni, óðagoti og offorsi. Þetta fólk stendur hér úti og það er beygt undir valdboð að ofan, að því er sagt er frá lögregluyfirvöldum. Þeim er bannað að nota hljóðkerfi á mótmælafundi þeim sem boðað hefur verið til og stendur yfir hér fyrir utan gluggann þessa stundina.

Alþingishúsið var girt af eldsnemma í morgun til að íbúar landsins, fólk sem vill láta ríkisstjórnina heyra í sér, kæmist ekki of nálægt Alþingishúsinu. Síðan var hljóðkerfinu þeirra kippt úr sambandi eða þeim bannað að þau fengju að nýta tæknina til þess að koma máli sínu til skila til þess hóps sem stendur á Austurvelli. Þessi vinnubrögð eru til marks um það sem hér hefur verið gagnrýnt í umræðu um nákvæmlega þetta mál, skort á lýðræðislegum vinnubrögðum. Það er skortur á viljanum til að hlusta á málefnalega umræðu, málefnaleg rök. Ríkisstjórnin er ekki tilbúin til að hlusta á stjórnarandstæðinga hér í þessum sal og hún er heldur ekki tilbúin til að hlusta á fólkið í landinu sem reynir nú að ná eyrum hennar úti á Austurvelli. Það er ekki skrýtið þó að manni renni í skap við þessa umræðu alla sem hefur verið með þeim hætti að sannarlega er ekki sómi að fyrir ríkisstjórnina.

Nú höfum við, gagnrýnendur þessa frv., fengið að heyra það í umræðunni hvað eftir annað að við höfum verið ómálefnaleg í ræðum okkar, það hafi skort á málefnaleg rök í umfjöllun okkar um þetta efni. Ég vil, frú forseti, mótmæla því harðlega. Ég vil vísa slíkri gagnrýni á bug og held því fram með fullum rétti og fullri sannfæringu að þær ræður sem fluttar hafa verið af hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar í þessu máli við 1. og 2. umr. hafi allar meira eða minna byggst á málefnalegum rökum, á málefnum sem tengjast beinlínis inn á það frv. sem hér er um rætt. Ég vil lýsa því yfir að það var auðvitað til skammar við 2. umr. að stjórnarliðar hér í þingsal skyldu ekki koma til umræðunnar fyrr en á elleftu stundu, þegar hún var búin að standa í þrjá eða fjóra daga, og þá gagnrýna okkur fyrir að hafa haft uppi málþóf. Að þeir væru tilbúnir til að svara gagnrýni okkar og svara málefnalegum rökum okkar í umræðunni meðan við höfðum yfir einhverjum ræðutíma að ráða var af og frá.

Ég held að ég muni það alveg rétt að einungis einn þingmaður Framsfl. hafi tekið til máls í þeirri umræðu, 2. umr., en ég vona svo sannarlega að mælendaskráin nú, þó að ég hafi ekki athugað það, sé fjölbreytt og að við getum fengið að takast hér á um þessi sjónarmið við stjórnarliðana, við hv. þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl., svo að við þurfum ekki að standa á eintali við okkur sjálf, stjórnarandstæðingarnir. Ég treysti því að hér fari fram skoðanaskipti um málefnin í dag meðan þessi umræða, 3. umr., stendur yfir.

Frú forseti. Ég hef sagt það hér áður og ætla að leyfa mér að endurtaka það í örstuttu máli að í mínum huga skipta

fjölmiðlar verulegu máli í lýðræðislegu tilliti og þeir skipta verulegu máli í menningarlegu tilliti. Þess vegna skiptir það máli að við fjöllum um fjölmiðlana í lýðræðislegri umræðu, bæði meðal stjórnmálamanna, meðal fræðimanna, úti á akri fjölmiðlanna sjálfa og meðal almennings. Fjölmiðlar eru áhrifamikið afl í samfélagsumræðunni og þeim er hægt að beita sem valdatæki. Þess vegna skiptir vald yfir fjölmiðlum máli. Þess vegna skiptir eignarhald yfir fjölmiðlunum líka máli. Þess vegna höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ævinlega verið tilbúin til að ræða um umhverfi fjölmiðla, starfsumhverfi fjölmiðla og lagaumhverfi þeirra, jafnvel með það í huga að sett yrðu lög eða reglur um starfsemi þeirra. Til marks um það hefur verið dregin hér fram í þessari umræðu till. til þál. um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Álfheiður Ingadóttir, var 1. flm. að og flutti ásamt með öðrum þingmönnum úr öllum flokkum, nema að vísu Samf. Sú tillaga var lögð hér fram í nóvember, fékk ekki brautargengi, en til hennar hefur verið vitnað í þessari umræðu. Ég lýsi enn og einu sinni yfir að sú tillaga gekk út á það að lýðræðisleg umræða yrði sköpuð, henni yrði skapaður jarðvegur til að eiga sér stað, og hefði verið betur ef ríkisstjórnarmeirihlutinn hefði viljað líta til þeirrar umræðu þegar hann síðan fór af stað óundirbúið og að því er virtist í offorsi. Allar þær hugmyndir sem tillagan okkar gerir ráð fyrir, þessi þáltill. sem ég hér dreg inn í umræðuna, hafa meira eða minna verið sniðgengnar og alls ekki til þeirra horft af ríkisstjórninni þegar hún hefur farið fram með málið á sínum nótum.

Hér hefur verið farið fram með valdboði í stað samtals. Eins og ég segi er fólkið á Austurvelli til marks um það að brot gegn valdstjórninni sé ríkisstjórnarmeirihlutanum verulegur þyrnir í augum. Ríkisstjórnin hefur komið þannig fram í hverju málinu á fætur öðru að almenningi er nóg boðið og hefur nú ákveðið að safnast hér saman og mótmæla framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessu tilliti, ekki bara í því máli sem við hér fjöllum um heldur í fleiri málum sem nefnd hafa verið í fréttatilkynningu frá hópnum sem stendur að mótmælunum.

Við stjórnarandstæðingar sem höfum andmælt frv. höfum fyrst og síðast sagt við ríkisstjórnina: Hvers vegna hefur ekki verið veitt svigrúm fyrir umræðuna? Hvers vegna má ekki gefa málinu lengri tíma? Við því hafa engin svör komið. Hæstv. utanrrh. stóð hér í pontu á undan mér og lagði verulega áherslu á að málinu yrði lokið á Alþingi hratt og örugglega. Hann segist ekki hafa neinar áhyggjur af því þótt skoðanir um málið séu skiptar, jafnvel ekki hjá meiri hlutanum í borgarstjórn, Reykjavíkurlistanum, sem hefur nú ályktað um þetta mál og biður ríkisstjórnina að fara sér hægt og skoða t.d. atvinnuöryggi fólks á Reykjavíkursvæðinu. Hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., segist ekki hafa neinar áhyggjur af atvinnuástandinu í Reykjavík, um málið séu einfaldlega skiptar skoðanir og umfram allt þurfi að ljúka því á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ljúka því hvernig? Á forsendum ríkisstjórnarinnar. Eingöngu á forsendum ríkisstjórnarinnar. Hæstv. utanrrh. vill halda umræðunni áfram en bara á forsendum ríkisstjórnarinnar, ekkert annað má koma þar að til að trufla ekki, og alls ekki má gefa tíma eða aukið svigrúm fyrir frekari skoðun.

Þetta er auðvitað ekki til sóma, frú forseti. Þótt umræðan hafi verið löng og ítarleg og margt hafi komið fram í henni er samt sem áður hrópleg sú staðreynd að rökum okkar og spurningum til ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið svarað. Menn fara í herbúðir sínar eftir hverja umræðu hér og gera breytingar á frv. til þess, eftir því sem manni virðist, að þeir geti sagt að þeir taki tillit til umræðunnar. Þeir þykjast vera að betrumbæta frv. milli umræðna sem segir okkur hversu hrikaleg hrákasmíð það hefur verið þegar það kom fyrst fram í þeim búningi sem hæstv. forsrh. lagði það fram í þegar greinargerð fjölmiðlanefndarinnar var til umfjöllunar í ríkisstjórninni. Síðan er búið að gera í þrígang verulegar breytingar á hugmyndinni. Engar af þessum breytingarhugmyndum hafa fengið nægilegt svigrúm til umfjöllunar, hvorki í nefndum þingsins né inni í þessum sal eða meðal fræðimanna, almennings eða fjölmiðlamanna sjálfra.

Eftir allar þessar brtt. standa enn óbreyttar og óhaggaðar þær ávirðingar sem umsagnaraðilar þessa frv. hafa komið fram með í nefndavinnunni, spurningar sem lúta að því hvort markmið frv. náist í raun og veru, spurningar um hvort meðalhófsreglunni sé fylgt og hvort farið sé að Evrópurétti og þá ekki hvað síst mannréttindasáttmála Evrópu.

Varðandi meðalhófsregluna er rétt að hér sé enn einu sinni tíundað að hún er lögð til grundvallar íslenskum dómum. Ég hygg að hér hafi áður verið nefnt í umræðunni að við höfum a.m.k. tvo mjög fræga dóma, nýlega kvótadóma, sem ganga út frá meðalhófsreglunni þar sem henni eru gerð góð skil. Dómaframkvæmdin íslenska er að verða sú að meðalhófsreglan er við lýði og hennar verður auðvitað að gæta í þeim dómum sem eflaust eiga eftir að falla á grundvelli þess máls sem við hér fjöllum um, sem ríkisstjórnin er að reyna að koma í gegnum þingið.

Sú sem hér stendur á sæti í menntmn. þingsins og er að auki áheyrnarfulltrúi í allshn. Ég vil gera að sérstöku umfjöllunarefni þá umsögn sem minni hluti menntmn. skilaði til allshn. eftir nokkra skoðun í þeirri nefnd og birt er núna á þskj. 1724 með framhaldsnefndaráliti minni hluta allshn. Það segir auðvitað sína sögu að meiri hluti allshn. var ófáanlegur til að líta svo á í gærkvöldi á fundi nefndarinnar að málið hefði verið tekið aftur inn til umfjöllunar í nefndinni. Þó að málið væri formlega á dagskrá hennar, tíundað sem 2. liður í útgefinni dagskrá, og þó svo að verið væri að kynna brtt. meiri hluta nefndarinnar með greinargerð fyrir nefndarmönnum þverskölluðust hv. þm. stjórnarliðsins við að viðurkenna að málið væri formlega á dagskrá nefndarinnar, þ.e. hefði verið tekið inn í hana til frekari umfjöllunar. Hvers vegna var þessi tregða í hv. stjórnarliðum í allshn.? Það er ósköp einfalt, frú forseti. Auðvitað vegna þess að þeir vildu ekki láta greiða hér afbrigði um einhver þingskjöl og brtt. sem væru komin inn í þingsal. Eftir að umfjöllun nefndar lýkur þarf ákveðinn tími að líða áður en taka má mál á dagskrá til þess að þingmenn fái ráðrúm til að kynna sér þau þingskjöl sem nefndirnar skila. Þeir voru að reyna að forðast að einhver dráttur gæti orðið á málinu svoleiðis að það var formlega ekki tekið inn í nefndina aftur heldur kynntu hv. þm. eingöngu plagg sem hafði að geyma brtt. sem auðvitað hver og einn þingmaður getur lagt fram hvenær sem er í umræðunum og þarf svo sem ekki nein sérstök afbrigði til að koma slíkum gögnum í dreifingu. Hefði málið verið tekið formlega inn til nefndarinnar tel ég að ekki hefði verið hægt að taka nefndarálitið og brtt. á dagskrá fyrr en að afloknum ákveðnum fresti. Þetta er enn eitt dæmið um flýtimeðferðina sem er til staðar í málinu hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins.

Þessu er lýst í nokkrum orðum í því framhaldsnefndaráliti sem ég hef hér farið yfir og við í minni hlutanum lýsum vanþóknun á þessum viljaskorti meiri hlutans til að skoða í alvöru efnisþætti málsins. Við áteljum stjórnarliðana í allshn. fyrir það að hafa ekki tekið formlega á dagskrá þær umsagnir sem meiri hluti efh.- og viðskn. og minni hluti menntmn. komu með til nefndarinnar þar sem lýst er efasemdum um að frv. nái markmiðum sínum.

Það er ekki annað að sjá en að með brtt. meiri hlutans, þessum brtt. sem koma nú í fjórðu útfærslu málsins, sé staðfest hversu illa ígrundað og óvandað málið er eins og við í minni hlutanum, hv. þm. stjórnarandstöðunnar, höfum bent á allan tímann. Þar sem ég átti sæti í menntmn. þegar fjallað var um málið þar er rétt að ég reifi í örfáum orðum þau sjónarmið sem þar komu fram. Minni hlutinn leit svo á að allshn. hefði sent málið til skoðunar í menntmn. á þeirri forsendu að útvarpslögin sem hér er breytt, nr. 53/2000, heyrðu undir málasvið nefndarinnar og þess vegna hefði verið ætlast til þess að nefndin skoðaði sérstaklega þau mál sem heyrðu til þeim lögum.

Það er mat okkar í minni hluta menntmn. að þörf hafi verið á því að beina sjónum sérstaklega og vandlega að menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki fjölmiðla og skoða frá því sjónarhorni hvort yfirlýst markmið frv. um að tryggja æskilega fjölbreytni í íslenskum fjölmiðlum og hlúa að því lykilhlutverki sem fjölmiðlum er ætlað næðist. Við teljum að skoðun á þessum atriðum hefði átt heima í menntmn. og eðlilegt að hún færi ofan í saumana á þessum málum til að tryggja að hér væri á ferðinni mál sem gæti nálgast það að ná markmiðum sínum.

Að aflokinni umfjöllun í rúma tvo tíma hjá menntmn. var málið tekið út úr nefndinni og minni hlutanum heimilað að gefa sérumsögn því ekki fannst meiri hluta menntmn. neitt athugavert við málið og sendi inn afar jákvæða umsögn sem gengur bara út á það að málinu er fagnað, framkomnum brtt. er fagnað sem þá lágu fyrir frá allshn., og taldi meiri hlutinn að eftir samþykkt þeirra yrði ekki frekari breytinga þörf. Nú hefur aldeilis annað komið á daginn því nú liggja fyrir nýjar breytingar frá allshn. eins og kunnugt er.

Það var mat minni hluta menntmn. að brtt. allshn. breyttu í engu því mati minni hlutans að ekkert benti til þess að markmið frv. um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi mundi nást yrði þetta frv. að lögum. Minni hlutinn tekur einnig undir þá fullyrðingu sem fram kemur í athugasemdum við frv. að það sé mikilvægt að fjölmiðlar standi undir þeirri kröfu að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Við vekjum athygli á því að forsenda þessarar kröfu er sú að á Íslandi séu til slíkir fjölbreyttir, sjálfstæðir og öflugir fjölmiðlar. Við getum þess líka í umsögn okkar að í fjölda umsagnanna sem við fengum hafi verið bent á hættuna af því að aðgerðirnar sem frv. kynnir gætu orðið til þess að veikja þá fjölmiðla sem nú starfa, mögulega leggja suma þeirra að velli. Sömuleiðis gerum við athugasemdir við það að þessi fyrirhugaði lagarammi skerði rekstrargrundvöll fjölmiðlanna svo til frambúðar að hætt sé við því að mjög dragi úr framlagi þeirra til íslenskrar menningar, m.a. með innlendri dagskrárgerð, í ljósvakamiðlum. Við teljum einnig og getum um það í umsögn okkar að slík þróun veiki stöðu íslenskrar tungu á fjölmiðlavettvangi en við athugun málsins er í mikilvægum umsögnum bent á það að íslenskir fjölmiðlar séu nú í samkeppni við erlenda að því marki að aldrei hafi þekkst annað eins í þjóðarsögunni.

Frú forseti. Minni hluti menntmn. heldur því fram að flest bendi til þess að ekki skorti einungis á að frv. nái yfirlýstum markmiðum sínum ef að lögum verður heldur sé einnig sennilegt að ákvæði frv. vinni beinlínis gegn þessu markmiði, beinlínis gegn því að markmið þess náist og að með samþykkt þessa frv. muni beinlínis stuðlað að aukinni fábreytni í efnisframboði, dagskrárgerð og lýðræðislegri umfjöllun.

Verði niðurstaðan sú bitnar frv. ekki einungis á fjölmiðlunum, starfsfólki þeirra og aðstandendum starfsfólksins heldur bitnar það beinlínis á margvíslegu menningarstarfi sem tengist fjölmiðlum á Íslandi og verður hreinlega til þess að þrengja að vaxtarmöguleikum íslenskrar menningar og takmarka á alla lund. Þetta eru röksemdir minni hluta menntmn. varðandi það að það séu veruleg áhöld um að frv. nái markmiðum sínum. Enn hefur ekki heyrst neitt sem heitið getur í hv. þingmönnum stjórnarliða sem hrekur þessi sjónarmið og þær staðreyndir sem við höfum velt upp í áliti minni hlutans í menntamálanefndinni.

Við teljum í minni hluta menntmn. að til þess að ná þessum markmiðum sem við höfum í sjálfu sér ekki lýst neinni andstöðu við þurfi að fara aðrar leiðir, leiðir þar sem meðalhófsreglu er gætt, þar sem það er tryggt að fjölmiðlar veikist ekki og þar sem það er tryggt að lýðræðissamfélaginu og íslenskri menningu verði unnið gagn með lagasetningunni en ekki verulegt ógagn eins og bendir til að hér geti verið upp á teningnum verði þetta frv. að lögum. Leiðir þær sem nefndar eru í áliti minni hluta allshn., sem er mikið að vöxtum, eru að skapi minni hluta menntmn. og við teljum að þær þurfi að skoða sérstaklega. Við bendum sérstaklega á eitt atriði sem kemur helst til greina, einmitt það að efla þjóðarútvarpið okkar, Ríkisútvarpið. Það erum við búin að segja í þessari umræðu. Þegar verið er að ræða um fjölmiðlamarkaðinn í stóru samhengi þurfum við auðvitað að skoða gaumgæfilega hlutverk Ríkisútvarpsins og tryggja að því verði mótað glöggt forustuhlutverk og það verði viðurkennt sem einn af máttarstólpum íslenskrar menningar. Það verður að segjast eins og er að sú staðreynd að málefni Ríkisútvarpsins hefur ekkert borið á góma í umræðunni, þ.e. af hálfu stjórnarliðanna, þó að við höfum verið að reyna að nefna það til sögunnar, stjórnarandstæðingar, segir sína sögu, sérstaklega þegar yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna eru skoðaðar. Þegar fjölmiðlaskýrslan var nýútkomin og frv. forsrh. hafði litið dagsins ljós sáu þeir ástæðu til að vega að Ríkisútvarpinu, vil ég segja, á þeim nótum sem ósæmilegt er í mínum huga, með því að halda því fram að afnotagjöldin af Ríkisútvarpinu væru úrelt og það þyrfti að finna því eitthvert nýtt fyrirkomulag.

Það að slengja fram fullyrðingum af þessu tagi í viðkvæma umræðu þegar hún er á frumstigi er beinlínis ábyrgðarhluti og það hefur gert okkur nánast ókleift að fjalla af nokkru viti um málefni Ríkisútvarpsins tengt þessu frv., jafnvel þó að í greinargerð fjölmiðlanefndarinnar sé um það getið að hægt sé að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar á miklu mildari hátt en frv. gerir ráð fyrir, jafnvel eingöngu með því að efla stöðu Ríkisútvarpsins. Þegar við höfum spurt hvers vegna sú leið hafi ekki verið farin, hvers vegna ekki hafi verið skoðaður sá möguleiki, er fátt um svör.

Minni hluti menntmn. tekur undir allar ábendingar minni hluta allshn. sem koma fram í yfirgripsmiklu áliti þeirrar nefndar, t.d. varðandi það að enn hafi ekki verið skorið úr um alvarleg álitamál um það hvort frv. standist ýmis mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar okkar verði það að

lögum og þessar spurningar hvort það skerði tjáningarfrelsi Íslendinga. Það er einnig óljóst um stöðu þess gagnvart Evrópurétti og minni hluti menntmn. átelur það. Hann átelur líka málsmeðferðina sem viðhöfð hefur verið við umfjöllunina og afgreiðslu þessa máls á öllum stigum og hefur mótmælt vinnubrögðum meiri hluta menntmn. sem ákvað að ljúka umfjöllun um málið eftir þann rúmlega tveggja tíma fund með sex gestum sem lýst er í umsögn minni hluta nefndarinnar.

Að lokum segir í umsögn minni hlutans orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er mat minni hlutans að eðlilegt sé að þroska umræðuna um stöðu fjölmiðla á Íslandi á opinn og lýðræðislegan hátt, án núverandi tímapressu og pólitísks þrýstings frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar. Í tengslum við slíka umræðu þyrfti líka að athuga rækilega tiltæk fræðileg gögn um fjölmiðlun á Íslandi og gera sérstakar rannsóknir, en verulegur skortur er á fjölmiðlarannsóknum hér á landi. Af framansögðu má ljóst vera að minni hluti menntamálanefndar telur málið vanreifað og ótækt til afgreiðslu. Minni hlutinn tekur því undir þá tillögu minni hluta allsherjarnefndar að frumvarpinu verði vísað frá."

Eins og kunnugt er hefur sú tillaga verið felld í atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi, því miður, samkvæmt valdboði frá formönnum stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., auðvitað við talsvert mikla óánægju og sérstaklega áberandi óánægju þingmanna Framsfl.

Í kjölfar þeirra brtt. sem nú liggja fyrir á þskj. 1723 hafa komið upp ýmsar spurningar. Ég vil gera eina spurningu hér sérstaklega að umfjöllunarefni, frú forseti, en hún varðar spurningar og vangaveltur sem koma fram í máli Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns í fréttaviðtali á Stöð 2 þann 18. maí sl. Vangaveltur Hróbjarts og fyrirvarar lúta að brtt. sem gerð er grein fyrir í 1. tölul. brtt. meiri hluta allshn. þar sem talað er um hlutfallstölurnar 35% og 25%, þ.e. að nú verði fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu gert kleift að eiga allt að 35% í ljósvakamiðli sé ársvelta viðkomandi fyrirtækis undir tveimur milljörðum kr. Síðan er afleiðing af þessari brtt. sú að ef ársveltan fer yfir tvo milljarða mun fyrirtækið ekki geta átt nema 5% í ljósvakamiðli.

Þetta hefur vakið spurningar hjá téðum hæstaréttarlögmanni og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom lauslega að þessu máli í andsvari við hæstv. utanrrh. áðan. Þessi brtt. mun gera það að verkum að fyrirtæki sem má segja að sé blómlegt og vaxi og dafni gæti átt það á hættu að þurfa að losa sig við útvarps- eða sjónvarpsstöð sem það hefur átt hlut í, eða á, af því að rekstur þess hefur gengið of vel, það hefur stækkað umfram þessi mörk sem gert er ráð fyrir í brtt. Segir Hróbjartur að þetta ákvæði brtt. geti þess vegna dregið úr áhuga margra fyrirtækja á að fjárfesta í fjölmiðlum, auk þess sem það geti haft lögfræðilegar flækjur í för með sér. Hann segir orðrétt í fréttinni, með leyfi forseta:

„Nú er gert ráð fyrir því að fari veltan upp fyrir tvo milljarða þá missi fyrirtækið hæfið til þess að eiga í ljósvakamiðlinum og verður annaðhvort að laga sig að skilyrðunum eða selja. Og það er ekki líklegt að fyrirtækið lagi sig að skilyrðunum með því að minnka veltuna. Það gefur augaleið. Þannig að þá er eftir að selja og útvarpsréttarnefnd getur skikkað viðkomandi aðila að selja sinn hlut á einum mánuði. Takist það ekki þá er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra fái til sín söluumboð og feli verðbréfafyrirtæki að selja hlutinn. En það sem ég set spurningarmerki við er það að ekki er gert ráð fyrir því við hvaða verði hluturinn er seldur. Og þá er það spurningin, verður viðkomandi eigandi að sætta sig við þá verðlagningu sem viðskiptaráðherra og verðbréfafyrirtækið ákveður?"

Ég er ekki hissa þó að hæstaréttarlögmaðurinn segi að þetta ákvæði frv. komi sér ankannalega fyrir sjónir. Hann segir það beinlínis afbrigðilegt að þarna sé manni gert að láta frá sér eign án þess að geta raunverulega haft um það að segja, og það er auðvitað mjög óvenjulegt. Hverju svarar hv. formaður allshn. þessum spurningum hæstaréttarlögmannsins? Er það eðlilegur framgangsmáti að eignaupptaka fari fram með þeim hætti að viðskrh. geti selt eignir fyrirtækja og einstaklinga úti í bæ við því verði sem viðskrh. sjálfum þykir henta án þess að eigandinn hafi nokkuð um það að segja? Mér finnst hér uppi afar stórt álitamál sem ég trúi ekki öðru en að einhver svör komi við þó að sannfæring mín sé kannski ekki mjög mikil þegar ég horfi yfir salinn og sé að sem fyrr situr enginn ráðherra á ráðherrabekkjunum.

Nú spyr ég hæstv. forseta: Ætla hæstv. ráðherrar að láta sig vanta í húsið við þessa 3. umr. eins og þeir gerðu megnið af tímanum sem við ræddum málið við 2. umr.?

(**Forseti** (JóhS): Forseti getur að vísu ekki svarað því en það eru nokkrir ráðherrar hér í húsinu ef hv. ræðumaður óskar eftir að kallað verði í þá.)

Ég held að það væri rétt að hæstv. forseti segði hæstv. forsrh., hæstv. menntmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. samgrh. að þingmenn geri ráð fyrir því að þeir séu hérna við umræðuna. Þau voru hér ekki við 2. umr. og það er fjöldinn allur af spurningum sem þarf að beina til þessa fólks, m.a. sú sem ég hér hef orðað varðandi þátt viðskrh. í þessu máli, þannig að ég held að þessir fjórir ráðherrar ættu að fá að vita að hér sé óskað eftir viðveru þeirra. Ég nenni samt ekki að bíða eftir því að þeir drusli sér hingað inn.

(**Forseti** (JóhS): Því verður komið áleiðis til ráðherranna.)

Takk, og afsakið orðbragðið.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt mjög langt núna, frú forseti, en ég get þó ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um það sem mér verður alltaf hugleikið þegar ég fer að hugleiða þetta, þ.e. hverjir eru þeir sem hafa skapað jarðveginn fyrir fjölmiðlana í dag? Hverjir eru þeir sem hafa skapað þann jarðveg sem stjórnarliðar og stjórnarflokkarnir telja nú lífsnauðsyn að plægja upp? Það eru auðvitað fyrst og síðast sjálfstæðismenn. Hverjir hafa setið í menntmrn. nær óslitið frá 1983? Það er auðvitað Sjálfstfl. Hver ber þá ábyrgð á því umhverfi sem fjölmiðlum hefur verið búið eftir að frelsið á ljósvakamarkaðnum hélt innreið sína? Það eru, virðulegi forseti, sjálfstæðismenn fyrst og síðast.

Það er nokkuð írónískt að útvarpsstjóri, Markús Örn Antonsson, skuli skrifa grein í Morgunblaðið á mánudaginn, þann 17. maí, þar sem hann átelur og fellir nánast áfellisdóm yfir þessum stjórnvöldum sem hingað til hafa verið afar fálát varðandi ástandið og þróunina á fjölmiðlamarkaði. Þar átelur útvarpsstjóri stjórnvöld fyrir ástandið. Hann segir að ljósvakamiðlar „í einkaeigu á Íslandi [hafi] verið óháðari opinberum reglum og eftirlitslausari en nokkurs staðar í þeim löndum, sem Íslendingar bera sig helst saman við". Þetta, með eftiráleyfi forseta, var bein tilvitnun í grein Markúsar Arnar Antonssonar, sem sagt að ljósvakamiðlar „í einkaeigu á Íslandi [hafi] verið óháðari opinberum reglum og eftirlitslausari en nokkurs staðar í þeim löndum, sem Íslendingar bera sig helst saman við". Hann segir líka í þessari sömu grein, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ábendingar um að þessi gífurlega samþjöppun leiddi til afskræmingar á samkeppni í ljósvakamiðlun og sívaxandi fákeppni, ef ekki eindregið ráðandi markaðsstöðu, var ekkert um þetta skeytt af hálfu opinberra yfirvalda.“

Útvarpsstjóri ætelur stjórnvöld fyrir það að hafa setið sofandi, horft á samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og ekkert aðhafst hingað til. Ég get tekið undir þetta en það breytir því ekki að núna er vaðið af stað með stórvirkum vinnuvélum, riggað upp frv. sem er allsendis óásættanlegt, tekur til aðeins lítils hluta þessa stóra fjölmiðlamarkaðar okkar sem þó er ekki stór á alþjóðlegan mælikvarða en stór miðað við þann sem við bjuggum við hér bara fyrir rúmum 20 árum. Mér finnst eðlilegt að taka undir orð Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra þar sem hann ætelur stjórnvöld fyrir skeytingarleysi og fyrir það að hafa ekki verið opin fyrir því sem var að gerast. Ef við hefðum verið að fjalla um þessi mál hér í samfélaginu síðustu 2–4 árin værum við kannski komin á þann stað að vera tilbúin til að fara að setja löggjöf um fjölmiðla. Eins og málum er háttað núna erum við ekki tilbúin vegna þess að umræðan er ekki þroskuð.

Eitt af því sem við höfum ekkert fjallað um í umræðunni sem heitið getur er hlutir eins og ný tækni og nýir miðlar. Eða hverju svara stjórnvöld gagnrýni Markúsar Arnar Antonssonar á það að í júnímánuði í fyrra hafi Norðurljós fengið úthlutun fyrir afnotarétti á 64 stafrænum sjónvarpsrásum á Faxaflóasvæðinu án þess að stjórnvöld hefðu nokkra mótaða stefnu um uppbyggingu og innleiðingu stafræns dreifikerfis sjónvarps sem marka mun mikilsverð kaflaskil í þróun fjölmiðlunar á landinu? Hver er stefna íslenskra stjórnvalda í uppbyggingu stafræns dreifikerfis sjónvarps á landinu? Ég get alveg fullyrt að hún er ekki til staðar. Hún er engin. Ekki hafa stjórnarliðar hleypt umræðunni um uppbyggingu stafræna dreifikerfisins inn að þessu sinni. Þetta frv. hér fjallar ekki baun um það.

Það fjallar heldur ekki um þá staðreynd sem íslenskir fjölmiðlar standa frammi fyrir, og það í æ ríkara mæli, að samkeppni þeirra kemur kannski fyrst og síðast erlendis frá. *Það er þáttur í þessari umræðu sem við eigum enn eftir að* taka, hluti af því að þroska umræðuna hlýtur að vera sú samkeppni sem erlendir aðilar veita íslenskum ljósvakamiðlum og íslenskum miðlum almennt.

Við höfum ekkert fjallað um vefmiðlana. Þeir heyra ekki undir þetta frv., koma alls ekki við sögu. Ekki heldur um fjölmiðlarannsóknir. Það er kannski alvarlegast af öllu því það skiptir okkur verulegu máli að fjölmiðlarannsóknir fari *fram hér á landi. Ég vil enn grípa niður í grein* Markúsar Arnar Antonssonar frá því á mánudaginn var í Morgunblaðinu þar sem hann tekur undir þetta sjónarmið mitt og segir, með leyfi forseta:

„Innan Háskóla Íslands t.d. mætti efla rannsóknir á starfsemi íslenskra fjölmiðla og gera reglulega úttekt á eignarhaldi, svo og umfjöllun og túlkun þeirra á tilteknum fréttum og álitamálum í almennri umræðu og varða t.d. óhlutdrægni í aðdraganda almennra kosninga. Með slíku starfi yrði einnig hægt að afhjúpa óeðlileg hagsmunatengsl eða misbeitingu eigenda á fjölmiðlum sínum varðandi fréttaumfjöllun, dagskrárstriði eða auglýsingar. Slíkar rannsóknir og opinber birting á niðurstöðunum myndi móta almenningsálit og fæli í sér mjög sterkt aðhald fyrir fjölmiðlana og eigendurna.“

Undir þessi orð útvarpsstjóra tek ég heils hugar. Auðvitað ættum við að vera að fjalla hér um fjölmiðlarannsóknir í tengslum við þá umræðu sem hér er komið af stað. Eins og ég orðaði það í einhverri atkvæðaskýringu um daginn erum við sett um borð í rússíbana. Það eru allir hér eins og þeir séu með rakettu í rassinum við að fjalla um bara ákveðinn hluta af þessu. Ég sé nú að þingmenn eru farnir að koma í salinn með rauða spjaldið sem afhent var þingmönnum á Austurvelli á þeim fundi sem ég gerði að umræðuefni í upphafi máls míns. Það er sannarlega ekki vanþörf á því að veita stjórnarliðum rauða spjaldið í þessari umræðu.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hún treysti sér til að ljúka máli sínu á næstu einni til tveim mínútum eða hvort hún vilji fresta því.)

Já, frú forseti, ég ætla að ljúka máli mínu á 1–2 mínútum. Ég er rétt komin að niðurlagi.

Ég ítreka það sem ég hér hef sagt. Umræðan er ekki þroskuð. Það eru gífurlega veigamiklir þættir þessa máls sem alls ekki hafa komið inn í umræðuna og hljóta að skipta verulegu máli þegar á heildina er litið.

Við höfum ekki fjallað um opinberan stuðning almennt við fjölmiðla. Við höfum ekki tekið Ríkisútvarpið fyrir og skoðað í þessu sambandi. Við höfum ekki heldur fjallað á neinn yfirgripsmikinn hátt um aðferðir, reglur eða möguleika á að tryggja sjálfstæði ritstjórna og blaðamanna. Þó að stjórnarandstæðingar hafi hafið máls á slíkum hugmyndum hafa þær ekki fengið nein svör eða neinir mótleikir verið settir fram af hálfu stjórnarliða í þessum sal.

Sannleikurinn er auðvitað sá að þetta frv. er hápólitískt mál og hefur kannski þegar öllu er á botninn hvolft sáralítið með lagasetningu að gera. Kannski er það bara mergurinn málsins. Hér er verið að ryðjast fram á völlinn *með hápólitískt mál sem er ýtt í gegn með sama offorsi*, sömu óbilgirni og sama óðagoti og við þekkjum hér í öðrum málum sem hafa verið nefnd. Auðvitað verður í þessu sambandi að fjalla um sjálfstæði fjölmiðlanna. Það verður að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins, tryggja sjálfstæði útvarpsréttarnefndar, sjálfstæði Hæstaréttar og eftirlitsstofnana samfélagsins. Allt eru þetta mál sem ég gerði sérstaka grein fyrir við 2. umr. þannig að ég fer ekki nánar út í það hér.

*Frú forseti. Hér er mál á ferðinni sem allur þorri almenn*ings vill taka þátt í að ræða. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa sannarlega ekki legið á liði sínu. Við viljum ræða þessi mál en við viljum bara ekki gera það sitjandi í rússíbana hæstv. forsrh. eða með rakettu hæstv. utanrrh. í rassinum.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Atvinnumál fatlaðra, 920. mál, svar félmrh., þskj. 1687.

Íslandsskýrsla GRECO-hóps Evrópuráðsins gegn spillingu, 983. mál, svar utanrrh., þskj. 1689.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál, nál. iðnn., þskj. 1717.

Ráðherrayfirlýsing Evrópuráðsins um setningu reglna gegn spillingu, 985. mál, svar utanrrh., þskj. 1686.

[13:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum sennilega að hefja lokaumræðu þess máls sem hér hefur borið svo mikið á undanfarna daga og vikur, a.m.k. tvær, þrjár síðustu vikur. Ef að líkum lætur mun hæstv. ríkisstjórn ætla að klára málið með því lagi sem nú er lagt upp með. Þegar ég orða þetta svona, hæstv. forseti, er ég auðvitað að vitna til þess að málið er búið að vera

í ýmiss konar umfjöllun og ýmislegt hefur verið sagt um það, m.a. það sem rétt er að rekja í upphafi máls að þegar ríkisstjórnin kom fyrst með málið inn í þingið, sem var jú eftir að það hafði verið kynnt þjóðinni í fjölmiðlum, þá lít ég a.m.k. svo á að það hafi verið önnur útgáfa málsins vegna þess að það hafði komið fram áður að hæstv. forsrh. hafði lagt fram tillögur í ríkisstjórninni og að menn höfðu síðan rætt tillögur hans og niðurstaðan af því var svo fyrsta frv. sem birtist í Morgunblaðinu og var síðan lagt fram á hv. Alþingi. Þar af leiðandi lít ég svo á, hæstv. forseti, svo það sé alveg skýrt þegar ég fer að tala um málið á eftir, að sú útgáfa sem hingað barst í upphafi hafi verið önnur útgáfa málsins, þ.e. fyrsta útgáfan hafi verið þær tillögur sem hæstv. forsrh. kom með inn í ríkisstjórnina og frv. eins og að leit út í upphafi hafi í raun og veru verið önnur útgáfa málsins og tillögurnar sem komu hingað inn fyrst í frumvarpsformi hafi verið annar áfangi málsins eins og það birtist hér.

Menn lýstu því yfir þegar málið kom hér inn fyrst í annarri útgáfu að þá hefðu menn verið búnir að lenda öllum ágreiningi í ríkisstjórninni og vinna málið ákaflega vel og að um það væri geysilega mikil sátt í ríkisstjórninni að koma með það inn í þeim búningi sem það var og menn teldu málið algerlega tækt hér og þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af því að það stæðist ekki öll viðmið í stjórnarskrá eða um afturvirkni eða að það kæmi með neinum hætti þannig fram að það væri ótækt eða óþingtækt. Síðan hefur komið fram þriðja útgáfa málsins, þ.e. þegar búið var að ræða málið í langan tíma eins og það kom fram fyrst og menn voru búnir að fara yfir efni þess kom fram eftir 1. umr. brtt. frá meiri hluta allshn. sem síðan var rædd lengi við 2. umr. málsins og nú erum við í 3. umr. og þá er komin fram fjórða útgáfa, eða viðbætur við þriðju útgáfu með þeim breytingum sem kynntar voru í morgun af formanni nefndarinnar, hv. þm. Bjarna Benediktssyni, sem tjáði okkur að búið væri að breyta hlutfallstölunni 25 í 35% sem fyrirtæki sem ekki væri markaðsráðandi mætti eiga í sjónvarps- og útvarpsrekstri eða fjölmiðlum. Í öðru lagi væri búið að gera aðlögun þannig að útvarpsleyfin héldu gildi sínu og í þriðja lagi væri svo búið að heimila að framlengja þau útvarpsleyfi sem féllu úr gildi fyrir 1. júní 2006 til þess dags. Það eru þær breytingar sem verið er að ræða í málinu núna.

Málið er hér því í fjórðu útgáfu og því var að sjálfsögðu lýst yfir eftir að menn komu fram með fyrri brtt. að nú væri málið í þeim búningi að menn væru orðnir afar ánægðir með það, mjög sáttir, teldu málið afskaplega vel tækt til þess að fara gegnum Alþingi og þyrfti engrar lagfæringar við. Síðan settust forustumenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., yfir málið og boðuðu svo breytingar sem voru kynntar hér í morgun og lýstu því jafnframt yfir að nú væri slík gleði í ríkisstjórninni, kossaflens og faðmlög, að aldrei hefði verið önnur eins sátt um nokkurt mál sem þeim hefði tekist að vinna saman og þeir væru nú nánari, þeir bræður, en nokkurn tímann fyrr og sætu uppi með hina miklu sátt.

Líta verður svo á að sá bardagi sem þeir hafa verið í hafi þjappað þeim það mikið saman að hæstv. forsrh. hefur lýst yfir mikilli gleði með samstarfið og telur að nú sé ríkisstjórnin orðin einvalalið sem standi algjörlega saman og hafi þjappast saman í þessum átökum og nú í fjórðu atrennu sé sáttin slík að ekki verði bætt um betur. Svo taka menn upp á því í borgarstjórn Reykjavíkur að hafa áhyggjur af málinu, koma algerlega í bakið á hæstv. utanrrh. og hann bara móðgast yfir því að borgarstjórnin skuli hafa einhverjar áhyggjur af því að e.t.v. sé verið að stofna í hættu atvinnu fólks í borginni og rekstri fyrirtækja sem hér eru. Hann orðaði það eitthvað eitthvað á þá leið í morgun eftir minni mínu, hæstv. forseti, að borgarstjórnin ynni sitt verk og þingmenn á hv. Alþingi ynnu sitt verk og um það þyrfti ekkert meira að segja. Slíkur er friðurinn á því ástríka heimili, ríkisstjórnarheimilinu, og slíkur er friðurinn innan Framsfl. svo dæmi sé tekið.

Stjórnarliðar kvörtuðu dálítið undan því, hæstv. forseti, að ræðurnar sem við fluttum við 2. umr. málsins sem tóku jú kannski frá klukkutíma og upp í rúma tvo tíma, væru ekki málefnalegar, menn væru ekki að fara yfir efni málsins og þetta væru ekki málefnalegar ræður heldur málþjóf.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það eru ekki mjög margir sem hafa fylgst betur með umræðunni en sá sem hér stendur, a.m.k. í þingsalnum, auðvitað geta menn fylgst með umræðunni annars staðar en þar, en ég heyrði ekki þær ómálefnalegu ræður sem hér voru fluttar. Mér fannst flestar ef ekki allar ræðurnar vera mjög málefnalegar. Menn röktu sig í gegnum ýmis efnisatriði frv. og veltu upp ýmsum spurningum sem ekki er leitað svara við í frv. Sá sem hér stendur tók t.d. fyrir í ræðu sinni sérstakan kafla varðandi nýja tækni og nýjan dreifingarmöguleika á fjölmiðalefni, hvar við værum með slíkt í umræðunni í sambandi við málið o.s.frv.

Auðvitað komu upp fjöldamörg atriði í umræðunni, sem ég tel vera mjög efnislega, en það virtist fara eitthvað í taugarnar á hv. stjórnarliðum hvernig við fórum í gegnum málið. Reynt hefur verið að tala eitthvað sérstaklega um þá þingmenn sem ekki hafa verið samstiga hinum fjórum skrefum ríkisstjórnarinnar í málinu. Í fyrsta lagi upprunaskrefi Davíðs Oddssonar þegar hann lagði málið upp í ríkisstjórninni og fréttaflutningi af því og svör sem við þurftum að gefa um það án þess að vita nákvæmlega hvað væri á ferðinni nema það sem fréttamenn fengu. Í öðru lagi þegar frv. var lagt fram, í þriðja lagi þegar brtt. komu og loks í fjórða lagi þegar við ræðum hinar miklu sáttatillögur sem hafa þjappað þeim félögum saman, forustumönnum ríkisstjórnarinnar, í slík faðmlög að við eigum sennilega eftir að upplifa það sem eftir er vordaga að þeir sitji hér hönd í hönd í sætum sínum, vegna þess að málið hafi þjappað þeim saman í slíkt bræðralag að annað eins fyrirfinnst sennilega ekki, nema við förum að fletta upp í Íslendingasögunum og kann þá að vera að við finnum slíkt bræðralag.

Ég gat þess sérstaklega, hæstv. forseti, í fyrri ræðu minni um málið við 1. umr. að ég ásamt þingmönnum Vinstri grænna hefði verið meðflutningsmaður að tillögu um að skoða starfsemi fjölmiðla í landinu, en flutningsmenn á þeirri tillögu voru ef ég man rétt einnig hv. þm. úr Framsfl. og Sjálfstfl., þar sem lagt var til að skipuð yrði pólitísk nefnd til að fara í gegnum málið til þess að reyna að skapa sátt um málsmeðferðina. Okkur var það algerlega ljóst sem töluðum fyrir tillögunni 2. desember að við vorum að fjalla um viðkvæmt mál í þjóðfélaginu, um mál sem snertir lýðræðið í landinu og snertir skoðanamyndun í landinu, að það hlyti að verða mjög viðkvæmt í umræðu og væri eðlilegt að um það um það væri reynt að mynda einhverja pólitíska samstöðu. Sá sem hér stendur lýsti því yfir í fyrri ræðu sinni 2. desember að við teldum mjög eftirsóknarvert að velta því upp og skoða til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til að treysta sjálfstæði og fjölbreytileika fjölmiðlarekstur hér á landi. Ég

sagði einnig m.a., hæstv. forseti, ef ég vitna í ræðu mína frá 3. maí sl., með leyfi forseta:

„En það er alls ekki sjálfgefið af efni tillögunnar" — þá er ég að vitna í tillöguna frá 2. desember — „að hún sé beinlínis forskrift að lagasetningu. Hún er miklu frekar forskrift að því að skoða gaumgæfilega hvernig starfsemi fjölmiðla fer fram hér á landi og hvernig eignarhaldi á þeim er fyrir komið."

Síðan sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að sú till. til þál. sem við ræðum nú um að skoða eignarhald og starfsemi fjölmiðla, hvernig því er varið í framtíðinni, sé af hinu góða og það sé ágætt fyrir okkur að fara í gegnum það. Ég tek það hins vegar fram, virðulegi forseti, að það er ekki sjálfkrafa ávísun á það að við setjum fram stíf eða ströng lög um þetta efni en vel kann þó að vera að það verði niðurstaðan."

Þetta var efnislega það sem ég sagði um þessa umræðu og vék að við 1. umr. um málið. Ég sagði einnig að við vildum að vel yrði vandað til verksins og að það frv. sem þá var verið að ræða við 1. umr. væri ekki ásættanlegt og þyrfti nánari skoðunar við. Við töldum að það væri ekki skynsamlegt að leggja upp með frv. í þeim búningi sem það kom hér inn til 1. umr. og að skoða yrði alveg sérstaklega þegar verið væri að tala um aðila sem mættu eiga aðild að fyrirtækjum og við töldum að skoða þyrfti m.a. fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu, en töldum að það væri mjög óeðlilegt að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu mætti ekki eiga í fjölmiðlum.

Síðar í þeirri ræðu sagði ég eitthvað á þá leið, ætli það sé ekki best að *ég vitni orðrétt í það, með leyfi forseta:*

„Varðandi útfærslu á þessum atriðum væri spurning hvort trappa mætti þetta niður" — og þá er ég að ræða um eignarhald fyrirtækja á markaði með ráðandi stöðu í fjölmiðlum — „og á lengri tíma. Ég teldi miklu ásættanlegra að stór og öflug fyrirtæki mættu eiga allt að 30% í útvarpsfyrirtæki og að hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis væri 15% eða 10%."

Þetta var það sem ég sagði efnislega og var þá að víkja að því að í fyrstu útgáfu frv. var algjörlega bannað að markaðsráðandi fyrirtæki mætti eiga í slíku fyrirtæki. Afstaða mín í málinu hefur því legið algjörlega skýr fyrir frá upphafi, að ég teldi að það kæmi til greina eftir vandlega skoðun að setja jafnvel einhvers konar lög um slíka starfsemi en það þyrfti hins vegar að skoða það vandlega og huga þyrfti sérstaklega að því m.a. að við erum að tala um atvinnufyrirtæki og ef sett eru sérstök lög um fjölmiðlafyrirtæki geta þau auðvitað haft áhrif á aðra atvinnustarfsemi í landinu og taka þarf sérstaklega tillit til þess. Hvers vegna á það að vera mjög takmarkandi fyrir aðila í öðrum rekstri að eiga í fjölmiðlafyrirtæki? Ég spyr enn þá og hef ekki fengið nein svör við því. Ég held að enginn hv. þm. hafi fengið nokkur skynsamleg svör við því, hvers vegna 5%. Hvaðan í ósköpunum datt sá vísdómur hér inn í skjöl? Hvaða rök hafa verið færð fyrir því? Eina sem ég hef séð var í einhverri blaðagrein, að mig minnir, þar sem vitnað er til þess að Íslandsbanki ætti 4,9% í Skjá 1 eða því fyrirtæki sem rekur Skjá 1 og það væri rétt að setja takmarkið við það að Íslandsbanki þyrfti ekki að breyta aðild sinni. Það var a.m.k. sagt í einhverjum fjölmiðli. Ég held að það hafi ekki verið sagt í þingsalnum, ekki af þeim sem við höfum verið að reyna að spyrja, þ.e. stjórnarliðunum. Þeir hafa nefnilega ekki fært nein rök fyrir þessum 5%. Ég get spurt á móti: Hvers vegna ekki 12% eins og notuð eru í íslenskum sjávarútvegi þegar verið er að takmarka eignaraðild stórfyrirtækja að aflaheimildum í sjávarútvegi? Og þykir eðlilegt að þar séu sett ákveðin mörk, þ.e. hversu mikið eitt fyrirtæki má eiga af heildaraflaheimildum á íslensku hafsvæði.

Mér finnst því, virðulegi forseti, að ég hafi ekki fengið nein svör við þeim tillögum eða þeim hugmyndum sem ég reifaði — þetta voru nú frekar hugmyndir en að ég væri með beinar tillögur — við upphaf umræðu málsins 3. maí sl. þar sem ég spurði hvers vegna markaðsráðandi fyrirtæki mættu ekki eiga saman 30% í fjölmiðlafyrirtæki. Hvers vegna má ekki eitt af þeim fyrirtækjum eiga allt að 15% o.s.frv.? Og hvers vegna er ekki reynt að búa til þá aðlögun í lagaferlið að trappa niður að því markmiði sem menn eru að setja? Hvers vegna setja menn bara tvö ár og þá skuli menn komnir niður í 5%?

Þegar við ræddum í kosningabaráttunni um breytingar í sjávarútvegi sagði hæstv. forsrh. að landið væri sett á annan endann ef menn voguðu sér að leggja til að fyrna aflaheimildir í sjávarútvegi um örfá prósent á ári og tækju til þess 5 eða allt að 15 ár. Það átti að setja allt gjörsamlega á hvolf. Menn héldu bara ekki vatni yfir þessum óábyrgu tillögum stjórnarandstöðunnar, að það mætti breyta einhverju á löngum tíma í atvinnurekstri í sjávarútvegi. Svo koma menn hér og tala um eina atvinnugrein sem snýr að einu fyrirtæki og koma með tillögu um það í upphafi að slíkt fyrirtæki megi ekki eiga eina krónu í fjölmiðlafyrirtæki. Það var síðan hækkað upp í 5% og það er svona kanínuhattadráttur, eins og þegar menn taka einhverja tölu upp úr hatti. Eða 2 milljarðarnir. Hvar voru sérstaklega færð rök fyrir því að miða við 2 milljarða en ekki einhverja aðra tölu?

Ég held að málinu hafi eingöngu verið hent inn til að svara þeirri gagnrýni sem við vorum með í upphafi umræðunnar við 1. umr., m.a. um það hvort ekki væri eðlilegt að fara öðruvísi í málin en lagt var upp með. Staðan eins og hún er núna í frv., annars vegar um 5% og hins vegar 2 milljarðana, svarar ekki þeim aðfinnslum sem sá sem hér stendur var m.a. með við málið í upphafi umræðunnar. Ég undra mig satt að segja á því hvers vegna menn eru enn með þessa fljótaskrift — hæstv. dómsmrh., velkominn í salinn — ég skil það bara ekki. Það hefur enginn komið með skynsamlega röksemdafærslu fyrir því hvað sé að fara á hliðina í landinu út af fjölmiðlarekstri á næstu fimm, sex mánuðum. Og hvers vegna ekki megi gefa þá aðlögun að vinna málið áfram skynsamlega og reyna að ná um það sátt og koma með það aftur í víðtækari og betri búningi á haustdögum. Hvað gerist á næstu fimm, sex mánuðum eins og málið er núna sem ekki næðist fram með lagasetningu þó að hún yrði sett í haust og menn gæfu sér góðan tíma til þess að vinna málið? Ég kem ekki auga á neitt. Það er hrein rökleysa hjá stjórnarliðum að halda því fram að málið sé svo í pottinn búið að menn haldi ekki vatni yfir því. (**Dómsmrh.:** Hverju?) Yfir þessu máli, hæstv. dómsmrh.

En þannig virðist það vera. Menn sjást ekki fyrir og nú erum við að ræða fjórðu útgáfu málsins. Og enn er málið í þeim búningi að menn telja, eins og hjá Norðurljósum, að það sé ekki ásættanlegt og að á það muni verða látið reyna fyrir dómstólum og á öðrum þeim stöðum þar sem menn telja að þeir geti varið rétt sinn.

Ég verð því að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna menn eru í þeim förum sem þeir eru í með málið. Ef við veltum aðeins fyrir okkur takmörkunum varðandi markaðsráðandi fyrirtæki, hvað sé svona hættulegt við það að markaðsráðandi fyrirtæki geti átt í fjölmiðli og setjum það í eitthvert samhengi. Til dæm-

is Sementsverksmiðjan. Ætli hún sé ekki markaðsráðandi í sementi? Hvers vegna má hún ekki eiga í fjölmiðli? Hvað er svona hættulegt við það, hæstv. forseti? Eða Áburðarverksmiðjan? Þeir sem dreifa áburði fyrir bændur. Hvað er svona hættulegt við það?

Það eru engin rök í þessu máli. Menn setja bara fram einhverjar línur og af því að það var hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem ákvað að fara af stað með málið virðist enginn hafa bein í nefinu til að segja honum að málið sé slæmt eins og það er uppsett. Það er heila málið. Stjórnarliðar virðast ekki geta sagt forsrh. sínum satt um það að málið sé slæmt og það eigi að geyma það og vinna betur. Og það sem meira er, sennilega væri hægt að ná pólitískri samstöðu um málið ef það væri unnið skynsamlegra og gefinn til þess góður tími. Það virðist ekki vera að það sé neitt eftirsóknarvert, enda hafa hv. þingmenn stjórnarliða sagt í þinginu að það þurfi ekkert á þingmönnum stjórnarandstöðunnar að halda til þess að koma málinu í gegn, menn þurfi ekkert að hlusta á þau rök. Þannig er það, hæstv. forseti.

Þegar menn eru búnir að sitja lengi við völd gleyma þeir að það er lýðræði í landinu, eða á að vera það, og gefa sér ekki tíma til þess að leyfa lýðræðinu að virka. Jafnvel þó að sátt sé í boði velja menn slaginn. Ég tel, hæstv. forseti, og hef tekið það fram í öllum þeim ræðum sem ég hef flutt um málið að það hefði sennilega verið hægt að ná sátt um málið og málsmeðferðina ef menn hefðu lagt sig fram um að vilja sáttina, en þá þurfti málið náttúrlega að koma inn í öðrum búningi en þeim að það væri tilskipun forsrh. hvernig málið ætti að vera og því mætti ekki breyta í samráði við neinn nema hann og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Það væru þeir sem breyttu í málinu og aðrir stimpluðu það og kæmu með það út. Enda er það svo að jafnvel þingmenn í ríkisstjórnarflokkunum gátu ekki alveg tekið afstöðu til málsins við síðustu breytingu, m.a. hv. þm. Jónína Bjartmarz þar sem hún vissi ekki hvað í tillögunum stóð, enda var það tvíeykið, hæstv. forustumenn ríkisstjórnarinnar, sem sömdu tillögurnar eins og allar aðrar tillögur í málinu. Þannig hefur það verið. Fjölmörgum spurningum í þessu máli hefur ekki verið svarað og ekki hefur verið rætt um nýja möguleika við að dreifa sjónvarpsefni. Hvar koma þeir inn í málið ef menn hætta að nota þessi útvarps- og sjónvarpsleyfi og fara að dreifa með öðrum hætti, með stafrænni dreifingu, gervitunglum eða nota vefmiðla?

Fjöldamargt í þessu máli er órætt, hæstv. forseti, og þyrfti miklu betri og markvissari umræðu til þess að fara með málið í gegn í góðum búningi. Síðan er sagt: Ef þið eruð ekki sammála okkur í ríkisstjórninni þá eruð þið í Baugsliðinu. Ég veit ekki til þess að sá sem hér stendur hafi skráð sig í neitt einasta lið, hvorki Baugslið né annað. Það eru ár og dagar síðan ég var í knattspyrnuliði, svo var ég einhvern tímann í stúku í gamla daga. Ég kannast ekki við að ég hafi skráð mig í neitt Baugslið. Ég hef hins vegar þá skoðun að það sé óeðlilegt að fara þannig í málið að setja eitt fyrirtæki nánast upp að vegg í því og að ekki sé gefin nein aðlögun fyrir það fyrirtæki, í þessu tilviki Norðurljós, til að trappa sig niður í eignaraðild ef um það væri samkomulag. En ég hafna því algjörlega að fara þurfi með eignaraðild í markaðsráðandi fyrirtækjum niður í 5%. Ég átta mig alls ekki á því að hægt sé að draga þá línu hér í þjóðfélaginu að öll markaðsráðandi fyrirtæki megi alls ekki eiga í fjölmiðlum. Hvers vegna mega fyrirtæki sem eru í sjónvarps- og útvarpsrekstri ekki eiga í dagblöðum? Það hafa ekki heldur verið færð nein sannfærandi rök fyrir því að mínu viti.

Það er fjöldamargt í málinu, hæstv. forseti, sem er bara ekki í þeim búningi að stjórnarandstaðan geti sætt sig við það. Þess vegna lítum við auðvitað svo á að verið sé að framkvæma hálfgerða flýtimeðferð á málinu, enda mun það ætlunin að klára það fyrir helgi og koma því í gegnum þingið. Þá hlýtur að verða ofboðsleg gleði á stjórnarheimilinu, eiginlega gleði sem fer fram úr þeim faðmlögum, kossum og ánægju sem lýst var við síðustu útgáfu málsins. Það hlýtur að verða mikil gleði og mikil samþjöppun á stjórnarheimilinu þegar málið nær loksins í gegn. Það er verst að þjóðin fylgir ekki með, hæstv. forseti. Þjóðinni er eiginlega alveg ofboðið í þessu máli og skilur ekki frekar en sá sem hér stendur hvað liggi svona á. Hvað er að fara á hliðina í þjóðfélaginu á næstu vikum og mánuðum út af fjölmiðlarekstri? Ég hef ekki komið auga á það, hæstv. forseti. Síðan er náttúrlega ýmislegt skondið að gerast í málinu. Ég var að líta yfir framhaldsnefndarálit minni hluta allshn. sem birtir m.a. umsögn meiri hluta hv. menntmn. sem fjallaði um málið og var að fjalla um það áður en sú breyting kom fram sem verið er að ræða núna. Meiri hluti hv. menntmn. segir í niðurlagi umsagnar sinnar, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn fagnar fram komnum breytingartillögum meiri hluta allsherjarnefndar við málið og telur að með samþykkt þeirra verði frekari breytinga ekki þörf."

Meiri hlutinn knúði það fram að breytingartillögurnar voru samþykktar eftir 2. umr. og þá stöndum við uppi með það að meiri hluti menntamálanefndar hefur hafnað því að frekari breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Hvað á þá að halda um þær breytingartillögur, hæstv. forseti, sem kynntar voru nú í morgun? Á að skilja undirskriftir hv. þm. Gunnars Birgissonar, formanns menntamálanefndar, hv. þm. Birkis J. Jónssonar, hv. þm. Guðrúnar Ingu Ingólfsdóttur, hv. þm. Kjartans Ólafssonar og hv. þm. Þórarins E. Sveinssonar, svo að meiri hlutinn sé að hafna þeim breytingartillögum sem hér voru kynntar í morgun? Síðasta setningin í meirihlutaáliti menntamálanefndar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með fram komnum breytingartillögum meiri hluta allsherjarnefndar."

Það er skjalfest hér. (**ÖS:** Það er hægt að trúa öllu upp á þetta fólk.) Hér tók meiri hluti menntamálanefndar það skýrlega fram eins og ég las að engra frekari breytinga væri þörf á málinu. Hér telja því fimm þingmenn stjórnarflokkanna þær breytingar sem núna var verið að koma með, faðmlagabreytingarnar sem eiga að leysa þetta mál, algerlega óþarfar, þær eigi ekkert erindi hér inn og að klára megi málið í þeim búningi sem það var. Þannig er það nú, hæstv. forseti. Ég hugsa að Davíð hafi ekkert vitað af þessu að þetta var skrifað svona, textinn.

Í umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson myndaði ásamt stjórnarandstöðuþingmönnunum meiri hluta í þessari nefnd, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hlutinn gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið og telur að þær breytingar sem allsherjarnefnd hefur lagt til að gerðar verði á frumvarpinu eftir að beðið var um þessa umsögn séu til að bæta frumvarpið hvað varðar áhrif þess á markaðinn og mælir með samþykkt þeirra."

Fjórir hv. þingmenn skrifuðu undir þessa tillögu, hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir og Gunnar Birgisson. Þessir þingmenn eru sem

sagt allir búnir að taka þá afstöðu sem hæstv. forsætisráðherra óskaði eftir, að keyra á málið eins og það var þá. Velkominn í salinn, hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Nú spyr ég, úr því að hæstv. ráðherra er kominn, hvort líta eigi svo á að undirskrift þessara hv. þingmanna stjórnarflokkanna undir álit sín, annars vegar úr menntamálanefnd og hins vegar úr efnahags- og viðskiptanefnd, þýði að umræddir níu þingmenn séu andvígir þeim breytingum sem hæstv. ráðherra kynnti að orðið hefði samkomulag um milli hans og hæstv. utanríkisráðherra og hv. þm. Bjarni Benediktsson kynnti hér í morgun. Það væri fróðlegt að fá það upplýst miðað við þann texta sem skrifaður er í nefndarálitið. Ég held að ég verði að lesa setninguna fyrir hæstv. forsætisráðherra. Hún hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn fagnar fram komnum breytingartillögum" — þá er ekki verið að tala um þessar síðustu — „meiri hluta allsherjarnefndar við málið og telur að með samþykkt þeirra verði frekari breytinga ekki þörf."

Þetta var sagt, hæstv. forsætisráðherra, og skrifað. (Gripið fram í.) Einhvers staðar sögðu menn, ef ég man rétt, hæstv. forsætisráðherra, í kosningabaráttunni að menn stæðu alltaf við orð sín og að orð skyldu standa þannig að nú er úr vöndu að ráða fyrir hæstv. forsætisráðherra hvað hann ætlar að gera við þessi orð og þennan texta.

Ég held ég þurfi ekki að hafa lengra mál, hæstv. forseti, um þetta. Ég ætla ekki að endurtaka stóran hluta af ræðum mínum sem ég hef flutt um þetta mál. Ég held að ég hafi farið mjög skýrum orðum um að ég tel að hægt hefði verið að ná sátt um þetta mál í upphafi. Ég er enn þeirrar skoðunar að ef málið hefði fengist í þann farveg að það hefði verið rætt milli stjórnar og stjórnarandstöðu hvaða áherslur menn teldu að þyrftu að vera í þessu máli þá hefði mátt ná um það sátt með því að vinna það á lengri tíma.

Ég ætla að enda ræðu mína á því að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvað fer á hliðina í þessu máli á næstu fimm, sex mánuðum ef því yrði frestað og tekið fyrir á haustdögum?

[14:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. sagði að orð skuli standa. 2. desember 2003 flutti hv. þm. ræðu hér sem ég ætla að vitna í, með leyfi forseta:

„... það er skoðun mín og ég hugsa að það sé skoðun margra í þingflokki mínum að aðilar í atvinnugreinum hvort sem það eru sterkustu aðilarnir í sjávarútvegi, sterkustu aðilarnir í verslun eða þeir sem núna hafa eignast íslenska bankakerfið — að slíkir aðilar geti bundist jafnvel samtökum um að eiga fjölmiðla."

Svo hélt hv. þm. áfram, með leyfi forseta:

„Mér finnst það liggja þó nokkuð öðruvísi við hvernig eignarhaldi og ráðandi áhrifum manna á slíkum fjölmiðlum er ráðið til lykta vegna þess að það er auðvitað hægt að misnota vald sitt ef menn eru stórir eignaraðilar ..."

Getur hv. þm. hjálpað mér að rifja upp hver það var sem flutti þessa ræðu 2. desember 2003?

[14:06]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég held ég geti alveg bætt um betur í því, hæstv. forsætisráðherra, vegna þess að ég gerði grein fyrir því í ræðu minni 3. maí að ég teldi að eignaraðildin, eins og hún væri núna takmörkuð í því frumvarpi sem við höfum verið að ræða, væri of stíf og að ég teldi eðlilegt að velta fyrir sér allt öðrum tölum heldur en þeim 5% sem núna eru komnar inn í frumvarpið. Ég nefndi meðal annars 30% eignaraðild og að ef til vill ætti eitt fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu að eiga 15% af því. Þetta voru þær hugmyndir sem ég nefndi hér þegar við vorum efnislega að ræða þetta mál.

[14:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú hefur verið upplýst hver það var sem talaði svona hart og örugglega um að setja yrði ströng lög um það að slíkir aðilar, eins og stórir aðilar í verslun sem hér er sagt sérstaklega og í bankaviðskiptum, geti ekki átt fjölmiðlana. Svo var bætt við. Í framhaldi af þessum setningum stóð, með leyfi forseta:

„Mér finnst það liggja þó nokkuð öðruvísi við hvernig eignarhaldi og ráðandi áhrifum manna á slíkum fjölmiðlum er ráðið til lykta vegna þess að það er auðvitað hægt að misnota vald sitt ef menn eru stórir eignaraðilar og fá ráðið slíkum upplýsingaveitum sem dagblöðin og ljósvakafjölmiðlarnir eru á degi hverjum. Vissulega er freistandi í baráttunni fyrir hagsmunaaðila að nota sér slíka stöðu."

Hvernig í ósköpunum stendur á því að þegar loksins er brugðist við til þess að leysa þennan vanda og þessar áhyggjur hv. þm. þá skuli hann leggjast þver gegn málinu? Hvaða skýringu getur hann gefið sínum umbjóðendum á því að hafa snúist svona rosalega í málinu? Hvers vegna í ósköpunum getur hann veist að okkur sem erum að reyna að bregðast við þeim kröfum sem hv. þm. gerir og reyna að koma í veg fyrir að misnotkun af þessu tagi geti átt sér stað? Hvers vegna hefur þá hv. þm. ekki komið með neinar tillögur um það hvernig eigi að gera þetta?

Nú er það svo að hv. þm. talar um að hérna geti fundist sátt. Nú er búið að breyta frumvarpinu til móts við gagnrýnendur í átta atriðum í þessum lotum. Allar þessar breytingar eru til bóta. Það er viðurkennt. Ekkert af því hefur hreyft við hv. þingmanni að koma nú og standa með okkur. Hvernig stendur á því? Hverra hagsmuna er hv. þm. að gæta, þeirra sem hann var að vara við eða einhverra annarra?

[14:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra. Ég ætla að byrja á að taka það fram að ég er ekki í neinu Baugsliði (Gripið fram í.) eins og oft hefur verið talað hér um. Ég hef hins vegar sagt og vitna þá bara til ræðu minnar og bið hæstv. forsætisráðherra að skoða ræðu mína frá því 3. maí þegar ég fór yfir hvernig ég lít á þetta mál og hvaða möguleikar væru í stöðunni til að leysa þetta mál og ná sátt um það. Ég sagði áðan og benti á að eðlilegt væri að skoða hvernig ætti að trappa þetta niður, hvernig ætti að trappa niður eignaraðild fyrirtækis sem á stóran hlut í fjölmiðlafyrirtæki eins og Norðurljósum. Ég minni á að hæstv. forsætisráðherra sagði sjálfur í kosningabaráttunni þegar við ræddum sjávarútvegsmál að stórhættulegt væri að trappa niður eignaraðild í sjávarútvegi á fiskikvóta á fimm til fimmtán árum, það væri stórhættulegt. (**Forsrh.:** Þeir mega nú ...) En hér er verið að tala um, hæstv. ráðherra, tvö ár án tröppu, bara beint í 5% þrepið sem núna er inni í frumvarpinu. Ég held að ég hafi alveg skilmerkilega gert grein fyrir því, hæstv. forsætisráðherra, hvaða leið ég sé í því að ná sáttum í þessu máli ef menn hefðu viljað fara þá leið.

[14:10]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Þessi umræða um hið svokallaða fjölmiðlafrumvarp er orðin býsna löng og ítarleg. Þrátt fyrir það hefur hún nú ekki á öllum stundum verið mjög málefnaleg af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna sem hafa sett meira púður í það í þessari umræðu að ræða form málsins en skautað þeim mun meira fram hjá efni þess þrátt fyrir að það örli á því í sumum ræðum að efni frumvarpsins sé rætt.

Málefni forseta lýðveldisins og meintur málskotsréttur hans til þjóðarinnar hefur einnig komið til umræðu, nú síðast hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur sem ræddi um þann meinta málskotsrétt. Ég ætlað í sjálfu sér ekki að ræða um forsetann og stöðu hans í málinu í þessari ræðu og um meintan málskotsrétt. En ég held að ástæða sé til að víkja aðeins að því úr því að hv. þm. gerði það í sinni ræðu. Hún varpaði fram þeirri kenningu sem hefur reyndar verið sett á flot að forseti Íslands eigi sérstakan málskotsrétt sem hann geti notað til þess að vísa málinu til þjóðarinnar og væri það þá rökstutt með því að á ferð væri svo ofboðslegt mál að ekki væri hægt að treysta þjóðþinginu fyrir því heldur yrði þjóðin sjálf að koma að málinu.

Nú er það reyndar þannig ef maður les stjórnarskrána að ekkert er mælt um málskotsrétt forsetans heldur um synjunarvald. Við skulum kannski láta það liggja á milli hluta en mér finnst rétt að vekja athygli hv. þm. á þessu.

Þessi kenning sem ég vék að er einkennileg eins og best sést á því að í sögu lýðveldisins hafa deilumál eins og þau sem hér voru nefnd aldrei þótt réttlæta slíkt inngrip í þingræðisregluna. Það verður vissulega að skoða synjunarvald forsetans í samhengi við þau mál þar sem forseti hefur hafnað því að málavextir geti réttlætt það að hann gangi gegn þingræðinu. Þegar litið er til þeirra mála sem ekki þóttu réttlæta synjun forseta og þau svo borin saman við hugsanleg lög um starfsumhverfi fjölmiðla þá sést vel hve hugmyndin um synjun nú er fjarstæðukennd.

Ég leyfi mér að nefna það að varnarsamningurinn við Bandaríkin var ekki slíkt deilumál að hann réttlætti synjun forsetans. Aðildin að EFTA var ekki mál sem réttlætti synjun forseta. Álverssamningarnir við Alusuisse voru ekki mál sem réttlætti synjun forseta. Kvótakerfið í sjávarútvegi var ekki slíkt deilumál að það réttlætti synjun forseta. Aðildin að hinu Evrópska efnahagssvæði var ekki mál sem réttlætti synjun forseta. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði var ekki mál sem réttlætti synjun forseta. Heimildin til byggingar Kárahnjúkavirkjunar var ekki slíkt deilumál í samfélaginu að það réttlætti synjun forseta og lög vegna dóms Hæstaréttar í svokölluðu öryrkjamáli voru ekki slík deilumál að það réttlætti synjun forseta.

Ég leyfi mér að segja það, frú forseti, að það sama á við um fjölmiðlafrumvarpið ef það verður að lögum. Þeir sem vilja ekki una þeirri ákvörðun löggjafans verða þá annaðhvort að leita til dómstóla eða þess þings sem næst verður kjörið. Sameiningartákn þjóðarinnar svokallað getur ekki hlaupið þar undir bagga. Andstæðingar frumvarpsins geta ekki ætlast til þess að Ólafur Ragnar Grímsson sláist með þeim í baráttuna. Þessi barátta verður eins og aðrar að fara fram án hans liðveislu. Mér þótti rétt að þessi sjónarmið kæmu fram hér úr því að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vék að þeim í upphafi ræðu sinnar.

Ég ætla nú að víkja að efni frumvarpsins og meðferð þess á hinu háa Alþingi. Fyrir liggur að allir þeir sem að málinu hafa komið, hvort sem það eru fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sitja á þingi, eigendur fjölmiðlafyrirtækja eða starfsmenn þeirra, eru sammála um að það beri að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Þetta liggur fyrir og er mikilvægt í umræðunni. Það eru allir sammála því meginprinsippi að við núverandi kerfi verði ekki búið.

Í þeirri umræðu sem skapast hefur um þetta frv. hafa stjórnarandstaðan og þingmenn þeirra flokka gagnrýnt fyrst og fremst þá málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð. Málshraðinn hefur verið gagnrýndur. Því hefur verið haldið fram að verið sé að keyra málið í gegnum þingið með óhæfilegum hraða. Þrátt fyrir það liggur fyrir að við erum búin að ræða þetta mál í einar 3–4 vikur, held ég. Fjölmiðlanefnd sem var skipuð í desember á síðasta ári tók málið til umfjöllunar og það hefur raunar verið rætt miklu lengur en í þessa tilteknu mánuði.

Það hefur líka verið gagnrýnt að frv. sé sértækt, þetta séu ekki almenn lög heldur sértæk sem beinist gegn einu fyrirtæki. Ég hef mótmælt því að frv. sé sértækt, gerði það við 2. umr. um þetta mál. Ég hef spurt, og ekki fengið nein svör við því, að ef við gefum okkur að frv. sé sértækt og beinist gegn einu fyrirtæki hvað valdi því þá að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa tekið pólitíska U-beygju varðandi slíka löggjöf? Þá er ég að gefa mér að löggjöfin sé sértæk.

Ég hef vísað til þess að í febrúar var til umræðu svokallað SPRON-mál. Sú löggjöf var sértæk, hún var eins sértæk og hún gat orðið. Hún beindist gegn einu fyrirtæki, raunar gegn einum löggerningi. (**Gripið fram í:** Sem Einar Oddur beitti sér fyrir?) Sú löggjöf var sértæk.

Ég spyr í ljósi þess að allir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna að einum undanskildum, Helga Hjörvar, greiddu atkvæði með þeirri löggjöf. (**ÖS:** Ekki ég.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var reyndar fjarverandi en hann gerði ekki athugasemdir við málsmeðferðina á því máli. Hann kallaði ekki eftir lögfræðilegum umsögnum frá Evrópuráðinu eða vestan úr háskóla eða frá Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík við þá málsmeðferð. (**ÖS:** Ég var hagsmunaaðili.)

Hv. þm. gerðu enga athugasemd við það að sú löggjöf væri keyrð í gegnum Alþingi á tveimur sólarhringum. Maður hlýtur að spyrja sig í ljósi þess: Hefur orðið algjör stefnubreyting þessara stjórnmálaflokka varðandi sértæka löggjöf eða skiptir máli að hvaða fyrirtæki sú löggjöf beinist?

Ég óska eftir því að fá upplýsingar um það frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hvort það skipti máli að hvaða fyrirtæki slík löggjöf beinist, (**ÖS:** Það skiptir ...) eða er um algjöra pólitíska kúvendingu að ræða varðandi sértæka löggjöf? (**ÖS:** Það skiptir máli fyrir forsrh.)

Ég held því fram að þetta frv. beinist ekki að einu fyrirtæki heldur að það sé almennt. Við höfum líka bent á að allar þær reglur í öðrum löndum sem vikið er að í fjölmiðlaskýrslunni séu þess eðlis að það er alveg sama hvort einhver þeirra hefði verið tekin upp, menn hefðu alltaf getað haldið því fram að slík löggjöf væri sértæk. Það er alveg sama hvort við tækjum upp norsku regluna, dönsku, þýsku, frönsku eða hvaða reglu sem er. Þessar reglur hefðu allar bitnað einna helst á fyrirtæki sem heitir Norðurljós. Hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess að markaðshlutdeild þessa fyrirtækis er svo mikil. Það er alveg sama hvort menn miða við áhorf, veltu eða aðrar tölur. Markaðshlutdeild þessa fyrirtækis er svo mikil að það er alveg sama hvaða reglu við hefðum tekið upp, alveg sama hvaða land við hefðum miðað okkur við, menn hefðu alltaf haldið því fram að löggjöfin væri sértæk.

Það er sérkennilegt í ljósi þess að allir þeir aðilar sem að málinu hafa komið hafa lýst því yfir að setja þurfi reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Það að einhver löggjöf beinist gegn einhverju fyrirtæki eða fyrirtækjum þýðir ekki endilega það að löggjöfin sé sértæk. Löggjöf um hátekjuskatt hittir t.d. hátekjumenn fyrir en það þýðir ekki að slík löggjöf sé sértæk. Hún er almenn, hún er ekkert persónuleg gagnvart þeim sem hátekjuskatturinn beinist að en hún hittir þá fyrir sem falla undir þær skilgreiningar sem löggjöfin kveður á um.

Ef við víkjum þá að efni frv. (**Gripið fram í:** ... öryrkjalöggjöf ...) er það óumdeilt að efni frv. hefur verið breytt mjög verulega frá því frv. var lagt fram. Þessar breytingar eru afar góðar að mínu mati. (Gripið fram í.) Því hefur reyndar verið haldið fram að meiri hluti hv. allshn. og ríkisstjórnin hafi ekki hlustað á þá gagnrýni sem fram hefur komið á efnisatriði frv., þar á meðal frá fræðimönnum á sviði lögfræðinnar, starfsfólki Norðurljósa hf. og fleiri aðilum sem hafa tjáð sig um málið.

Fyrirliggjandi breytingar sem nú hafa verið lagðar fram fyrir 3. umr. og þær sem lagðar voru fram fyrir 2. umr. málsins sýna að sú gagnrýni er engan veginn á rökum reist. Því hefur reyndar meira að segja verið haldið fram, þar á meðal í fjölmiðlum, að þessar breytingar séu sáralitlar. Ég tel hins vegar að slíkur málflutningur sé í besta falli fráleitur. Mjög verulegar breytingar hafa verið gerðar á frv. eins og það var lagt fram hér í upphafi, miðað við það hvernig það liggur fyrir núna. (Gripið fram í.) Það er ekkert hægt að þræta fyrir það, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. (**SJS:** Það hefur þá ekki verið gott í byrjun.)

Ef við skoðum þá bara meginreglu frv. eins og hún er núna gengur hún út á það að fyrirtæki mega eiga allt að 35% í ljósvakamiðlum. Á þeirri reglu er gerð sú undantekning að þeim fyrirtækjum sem eru í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta og velta yfir tveimur milljörðum króna á ári er einungis veitt heimild til að eiga 5% í slíkum miðlum.

Þá er meginreglan sú að þau útvarpsleyfi sem veitt hafa verið munu halda gildi sínu og renna út miðað við þær forsendur sem leyfin voru veitt á. Það sem meira er, frv. er ívilnandi að því leyti að útvarpsleyfi, t.d. útvarpsstöðvarinnar Bylgjunnar sem að óbreyttu hefði runnið út nú um áramót rennur ekki út fyrr en 1. júní 2006. Frv. eins og það liggur fyrir núna felur beinlínis í sér ívilnun gagnvart þeirri útvarpsstöð og Norðurljósum. Svo leyfa menn sér að halda því fram að þessar breytingar séu sáralitlar. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram að þær séu sáralitlar. Þetta er grundvallarbreyting á þeim reglum sem kynntar voru í upphafi, þær eru verulegar og þær eru mjög ívilnandi.

Hvernig stendur á því að framkomnar brtt. hafa verið lagðar fram og hver er ástæða þess að gerðar hafa verið breytingar á frv.? Það liggur fyrir að ríkisstjórnin og allshn. hafa fengið fjölmargar ábendingar frá fræðimönnum, frá þingmönnum, þar á meðal þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna, um að rétt væri að gera tilteknar breytingar á frv. eins og það var í upphafi.

Gagnrýnin á efni frv. eins og það var í upphafi skiptist í rauninni í tvennt, a.m.k. vildu fræðimenn sem komu fyrir allshn., þar á meðal Björg Thorarensen, Ragnhildur Helgadóttir og Sigurður Líndal, meina það. Annars vegar voru gagnrýndar efnisgreinar frv. og hins vegar bráðabirgðaákvæðið. Það var nú þannig og það geta hv. þm. sem sitja í hv. allshn. staðfest að megingagnrýnin laut að bráðabirgðaákvæðinu eins og það var og því atriði sérstaklega að þau leyfi sem að óbreyttu hefðu runnið út á síðari árum, 2007, 2008 og 2009, jafnvel 2010 eins og dæmi eru um, yrðu afturkölluð 1. júní 2006. Því var haldið fram að þetta ákvæði og þessi regla bryti m.a. gegn atvinnufrelsisákvæðum og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Meiri hluti allshn. hefur orðið við athugasemdum eins og þessum í öllum meginatriðum. Við höfum lagt fram brtt. sem mæla fyrir um það að þau leyfi sem þegar hafa verið veitt renni út og verði ekki afturkölluð. Eins og ég sagði áðan höfum við meira að segja gengið svo langt að framlengja um eitt og hálft ár þau leyfi sem að óbreyttu hefðu runnið út nú um áramót. Í ljósi þessa skilur maður ekki hvers vegna þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna og aðrir þeir sem að málinu hafa komið fagna ekki þessum viðamiklu breytingum, af hverju þeir taka ekki undir þessar breytingar sem þeir sjálfir kölluðu eftir hér í þingsalnum við 1. umr., eins og ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Sjónarmið starfsmanna fjölmiðlafyrirtækjanna, þar á meðal Norðurljósa, hafa einnig náð eyrum okkar þingmanna stjórnarflokkanna. Ég leyfi mér að nefna þá breytingu að leyfa útgefnum útvarpsleyfum að renna út. Eins og ég sagði áðan gerði upphafleg regla ráð fyrir því að öll leyfi mundu renna út þann 1. júní 2006 ef eigendur fyrirtækjanna hefðu ekki lagað sig að þeim skilyrðum sem fram koma í frv. Með þeirri breytingu sem við erum að leggja til nú liggur fyrir að t.d. útvarpsleyfi Stöðvar 2 rennur ekki út fyrr en í ágúst árið 2007 í stað 1. júní 2006. Útvarpsleyfi Stöðvar 3 mun ekki renna út fyrr en í október 2010 og útvarpsleyfi Sýnar í júlí 2007. Ég hef áður vikið að þeirri breytingu sem snýr að Bylgjunni.

Þetta eru grundvallarbreytingar, frú forseti, og þær eru til þess fallnar að gera þann ótta starfsmanna Norðurljósa sem fram hefur komið um starfsöryggi sitt og lífsviðurværi til framtíðar að engu, að mínu mati.

Það er gömul saga og ný, eins og ég vék að í ræðu minni við 2. umr., að stjórnendur fyrirtækja beita starfsmönnum sínum fyrir sig í þeirri viðleitni sinni að ná fram eigin markmiðum. Þetta er gömul regla og gömul taktík sem menn hafa notað á vinnumarkaði um áratuga skeið. Við sáum að þegar þetta frv. var lagt fram lágu þeir ekki á liði sínu. Það komu yfirlýsingar frá stjórnendum Norðurljósa um að fyrirtækið mundi fara á hausinn, það yrði bútað í sundur og Norðurljós mundu fara á hausinn. Því var haldið fram að þau lán sem fyrirtækið hefði tekið yrðu gjaldfelld. Því var einnig haldið fram að öllum starfsmönnum Norðurljósa yrði sagt upp. Það sem meira er, fréttastofa Ríkisútvarpsins tók þessar yfirlýsingar hráar og trúði þeim eins og nýju neti og flutti fréttir um það að 700 starfsmönnum Norðurljósa yrði sagt upp. Eftir því sem ég best veit hefur þessi frétt reyndar ekki verið borin til baka af fréttastofu útvarpsins eða gerðar á henni nokkrar leiðréttingar.

Ef maður skoðar nú hvað er hæft í þessum yfirlýsingum stjórnenda Norðurljósa og veltum fyrir okkur hversu réttmætar þær eru leyfi ég mér að efast um að Norðurljós muni fara á kúpuna eins og haldið hefur verið fram, eða haldið var fram í upphafi þessarar umræðu. Forsvarsmenn þess fyrirtækis héldu því fram á fundum sínum fyrir hv. allshn. að blaðaútgáfan gæti staðið undir sér og undir þau orð tók Jón Ásgeir Jóhannesson í viðtali sínu við Viðskiptablaðið nú nýverið. Því var einnig haldið fram að sjónvarpsreksturinn

gæti staðið einn og sér en það kynni að koma til einhvers samdráttar í útvarpsrekstrinum.

Í ljósi þessara yfirlýsinga hlýtur maður að spyrja sig: Hvernig er hægt að halda því fram að Norðurljós fari beina leið á kúpuna ef þetta frv. verður að lögum, ég tala nú ekki um miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið?

Því var einnig haldið fram að lán Norðurljósa yrðu gjaldfelld, einn, tveir og þrír. Ég hef ekki séð neinar yfirlýsingar frá Landsbankanum sem er helsti lánardrottinn Norðurljósa um að til slíkra aðgerða verði gripið. Það er raunar þannig að þegar fyrirtæki komast í kröggur og geta ekki staðið undir lánaskuldbindingum sínum er það ekki þannig að lánardrottnarnir keyri fyrirtækin í kaf, gjaldfelli lán og keyri þau í gjaldþrot. Menn leita leiða til að halda rekstrinum áfram til að tryggja hagsmuni sína. Það er engin undantekningarregla frá því sem gildir um Norðurljós. Þar fyrir utan hefur ekkert komið fram í umræðunni sem styður fullyrðingar um að þessi lán yrðu gjaldfelld. Það væri ágætt ef einhverjir hv. þm. gætu upplýst mig um hvort svo væri.

Eins og ég sagði er það líka rangt að öllum starfsmönnum Norðurljósa verði sagt upp þrátt fyrir að fréttastofa Ríkisútvarpsins hafi haldið því fram. Ég leyfi mér að benda á að félmrn. hefur ekki verið tilkynnt um það enn þá að gripið verði til hópuppsagna eins og gefið var í skyn við upphaf þessa máls. Ekki hafa komið neinar tilkynningar til félmrn. um það eins og er þó lögbundið samkvæmt lögum um hópuppsagnir.

Það kom líka fram á fundum allshn. að engum starfsmanni Norðurljósa hefði verið sagt upp síðan frv. kom fram. Það var spurt sérstaklega út í það á fundum nefndarinnar. Síðast í gær kom fram hjá stjórnendum Norðurljósa að engum starfsmanni hefði verið sagt upp eða yrði sagt, heldur mundi fyrirtækið gefa í í rekstri sínum og auka hann. Maður veltir fyrir sér hvers vegna í ósköpunum allar þessar yfirlýsingar hafi verið gefnar í upphafi. Og hvar var formaður Blaðamannafélagsins þegar þessar yfirlýsingar stjórnenda Norðurljósa voru gefnar? Hann er með grein í Morgunblaðinu í dag, Róbert Marshall, formaður Blaðamannafélagsins, sem áður hefur látið að sér kveða í þessari umræðu, og segir, með leyfi forseta:

„Allra nýjustu breytingarnar á fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar duga ekki til að draga úr þeirri óvissu sem blasir við starfsmönnum Norðurljósa um afkomu þeirra og lífsviðurværi í framtíðinni."

Hvar var fréttamaður Stöðvar 2 þegar stjórnendur Norðurljósa gáfu yfirlýsingar sem ganga þvert á þessar yfirlýsingar formanns Blaðamannafélagsins og starfsmanns Norðurljósa sem fram koma í Morgunblaðinu í dag? Hvar var hann þegar þessar yfirlýsingar voru gefnar? Hvernig í ósköpunum á maður að taka menn eins og formann Blaðamannafélagsins alvarlega þegar hann heldur svona löguðu fram, þvert ofan í það sem hans eigin yfirmenn hafa lýst yfir? Nei, það er rétt sem komið hefur fram, að framganga hans í málinu á fyrri stigum hefur ekki gert það að verkum að hann sé sérstaklega trúverðugur. En þessar yfirlýsingar bæta ekki stöðuna hvað hann varðar.

Á fundi allshn. komu starfsmenn og starfsmannafélög Norðurljósa og hinn vörpulegi íþróttafréttamaður og Húsvíkingur, Arnar Björnsson, íþróttafréttamaður á Sýn og Stöð 2, sagði að starfsmenn Norðurljósa hefðu verið neyddir til að taka afstöðu til þessa frv. Ég held að þessi orð Arnars Björnssonar séu hárrétt og í þeim felist mikill sannleikur. Með yfirlýsingum stjórnenda fyrirtækisins voru starfsmenn að sjálfsögðu neyddir til að taka afstöðu til frv. Þeir voru neyddir til þess að taka afstöðu gegn frv. vegna þess að miðað við þær yfirlýsingar áttu allir starfsmenn Norðurljósa, þar á meðal starfsmenn fyrirtækisins BT-tölvur, sem selur tölvubúnað og sjónvörp, það á hættu að missa starf sitt.

Því var líka haldið fram að fyrirtækið færi á hausinn. Það er alveg rétt sem Arnar Björnsson segir, að starfsmennirnir voru neyddir til þess að taka afstöðu í málinu og afstöðu gegn frv. En það var ekki á neinum málefnalegum forsendum eins og ég hef rakið í ræðu minni. (**ÖS:** Heldur hverju?) Maður hlýtur einnig að vissu leyti að kenna í brjósti um þá starfsmenn og blaðamenn sem starfa á miðlum sem þetta fyrirtæki rekur. Hvernig geta starfsmenn þessara fjölmiðla fjallað af hlutleysi um málið sem hér er til umræðu í ljósi yfirlýsinga stjórnenda félagsins? Hvernig er það hægt? Þeim er algjörlega stillt upp við vegg með yfirlýsingum yfirmanna sinna.

Ég tel, frú forseti, að með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á frv. hafi verið komið til móts við sjónarmið þessa fólks, þar á meðal sjónarmið starfsmanna Norðurljósa sem hafa lýst yfir áhyggjum af framtíð sinni og framtíð starfa sinna. Þær breytingar sem við höfum gert á þessu frv. fela í sér að þau útvarpsleyfi og sú starfsemi sem þeirra störf byggja á breytast ekki heldur munu halda gildi sínu eins og ákveðið var þegar þessi leyfi voru veitt.

Ég vék áðan að dularfullri og óvæntri stefnubreytingu stjórnarandstöðuflokkanna til þess sem kallað hefur verið sértæk löggjöf, með vísan til SPRON-málsins. Spurningum mínum um þessa stefnubreytingu hefur í sjálfu sér ekki verið svarað, hvorki í þessari umræðu eða hinum fyrri. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom reyndar upp í andsvar og lýsti því yfir að hann teldi að SPRON-lögin og SPRON-málið hefði ekki falið í sér sértæka löggjöf. Ég tel reyndar að þegar menn skoða það mál og rifja upp umræðuna sem átti sér stað í tengslum við það mál sé morgunljóst að sé til einhver löggjöf sem hefur verið sértæk þá hafi svo verið í SPRON-málinu.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samf., kom einnig upp í andsvar við mig í 2. umr. og skýldi sér á bak við það að hún hefði ekki verið á þingi þegar það mál kom hér til umræðu, varaformaður næststærsta stjórnmálaflokksins á Alþingi, sem hefur nú ekki legið á liði sínu við það að stýra stefnu flokksins varðandi einstök þingmál eða mál sem lúta að pólitískri umræðu. Auðvitað saknar maður þess að fá ekki svör við því frá formönnum stjórnarandstöðuflokkanna hvað olli þessari stefnubreytingu, hvort hún snýr að sértækri löggjöf almennt eða hvort það skipti máli að hvaða fyrirtækjum hún beinist.

Ég hef leitt að því rök sem ekki hafa verið hrakin að það skipti máli, varðandi afstöðu Samf. til sértækrar lagasetningar, að hvaða fyrirtæki slík lagasetning beinist. Það gefur augaleið. Samf. er alveg sama um það þótt að hér séu sett lög um SPRON. En þeim er ekki sama þegar slík löggjöf snýr að öðrum fyrirtækjum.

Það er líka athyglisvert og í raun sorglegt að sjá þá kúvendingu sem átt hefur sér stað varðandi afstöðu einstakra þingmanna Samf. til efnisatriða þessa máls og þeirra fyrirtækja sem oft eru nefnd í þessari umræðu. Sú kúvending er algjörlega augljós. Ég get nefnt hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formann Samf. sem dæmi um það. Frægt er bréf hans til stjórnenda Baugs þar sem hann hellti úr skálum reiði sinnar yfir það fyrirtæki og þá sem því stjórna.

Einnig eru fræg ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar héðan af Alþingi, frá 22. janúar 2002, þar sem hv. þm. sagði, með leyfi forseta:

„Ég held reyndar, herra forseti, að það ættu að vera hæg heimatökin. Er ekki rétt munað hjá mér að helsti trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar, Hreinn Loftsson, formaður einkavæðingarnefndar, sé enn þá stjórnarformaður Baugs? Ef fortölur duga ekki til, herra forseti, þá er það skoðun okkar í Samfylkingunni að Samkeppnisstofnun eigi að fá í hendur þau tæki sem hún þarf til þess að skipa fyrir um breytingar, þar á meðal að skipta upp slíkum einokunarrisum ef hún telur þess þörf til þess að vernda hagsmuni neytenda."

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sparaði ekki stóru orðin í það skiptið. En núna, þegar það hentar hagsmunum hans, þá er ekkert að því að mesta samþjöppun sem um getur í heiminum eigi sér stað á fjölmiðlamarkaði. Það skiptir engu máli að það fyrirtæki sem hann lét þessi orð falla um gegni lykilhlutverki í þeirri samþjöppun.

Það er líka athyglisvert að sjá hvaða efnislega breyting hefur orðið á afstöðu þingmanna Samf. til þess máls sem hér er til umfjöllunar. Ég leyfi mér að rifja upp að fyrir nokkrum árum lögðu tveir þingmenn, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Lilja Guðmundsdóttir, þá þingmenn Þjóðvaka, fram þáltill. um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Lilja Guðmundsdóttir sat þá sem varamaður og er horfin af þingi, en Ásta Ragnheiður situr enn á þingi fyrir Samf.

Hvað ætli þær hafi nú sagt í greinargerð með tillögu sinni, með leyfi forseta:

„Því er oft haldið fram að vald fjölmiðla hafi aukist í þjóðfélaginu, ekki síst vegna þess að þeir eru mikilvægasti gluggi samfélagsins, bæði okkar eigin samfélags og annarra fjarlægari. Víst er að notendum fjölmiðla og tölvutækni fjölgar stöðugt, hvort heldur er til afþreyingar, fræðslu eða tjáskipta. Fjölmiðlaþróunin býður upp á gífurlega möguleika, en hún á sér einnig neikvæðar hliðar. Virk fjölmiðlastefna getur því skipt sköpum ef við viljum hafa áhrif á þróunina á fjölmiðlamarkaðnum.

Eignasamruni og samþætting fjölmiðlafyrirtækja og stýring fjölmiðla í hvaða formi sem er getur haft hættuleg áhrif á tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði í samfélaginu. Því hlýtur að vera verkefni hins opinbera að tryggja að fjölmiðlar bjóði upp á fjölbreytt efni. Huga þarf að eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja og koma í veg fyrir að einn eða fáir sterkir aðilar nái slíkum yfirburðum á markaðnum að tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði sé ógnað. Jafnframt ber að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki sem augljóslega gæti haft áhrif á tjáningarfrelsið."

Hvar eru þessir þingmenn nú? Þeir hlaupast undan fyrri orðum sínum. Það er ekkert að marka það sem þessir hv. þingmenn sögðu hér í eina tíð. Nú eru þeirra eigin orð dauður bókstafur og ómerk.

Ég leyfi mér að vísa til þess sem fram kom á Alþingi fyrr á þessu ári þegar ég og hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson fjölluðum hér um frumvarp sem miðar að því að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og einkavæða það. Hver voru þá helstu mótrök stjórnarandstöðuflokkanna, sérstaklega hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, gegn því frv.? Jú, þau voru að það mætti ekki einkavæða Ríkisútvarpið, eins og við höfum lagt til í þingmáli okkar, vegna þess að hætt væri við því að annar fjölmiðlarisi, Norðurljós, mundi gleypa Ríkisútvarpið og standa einn að rekstri ljósvakamiðla hér á landi. Nú liggja fyrir tillögur um að tryggja dreifða eignaraðild að fjölmiðlum og þá heyrist ekki múkk í þessum höfðingjum.

Hvernig er hægt að trúa því sem þessir stjórnmálamenn segja? Hvernig er hægt að taka það fólk alvarlega sem hagar málum sínum með þessum hætti? Ég get að það ekki a.m.k. ekki.

Ég sagði fyrr í ræðu minni að meiri hluti allshn. hefði tekið tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem fram hafa komið af hálfu fræðimanna og ekki síður þingmanna í umræðu um málið. Í 1. umr. um þetta mál sagði hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálsl., með leyfi forseta:

„Ég held að fjöldamargt þurfi að skoða í málinu. Það er ekki hægt að tala um það með þeim hætti sem hér er upp sett, um það verður ekki sátt. Þar með er ég ekki að segja, hæstv. forseti, að ekki megi ná einhverri lendingu um eignarhald á fjölmiðlum og einhverri takmörkun í kringum það."

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði jafnframt:

„Er skynsamlegt að leggja upp með frv. eins og það er í pottinn búið, að aðilar sem með einhverjum hætti eru með markaðsráðandi stöðu í einhverri starfsemi megi ekki eiga krónu í útvarpsfjölmiðlun ...?"

Hv. formaður Frjálslynda flokksins bætti síðan við, með leyfi forseta:

„Það hlýtur líka að verða að spyrja þeirrar spurningar hvort uppsetningin á 1. gr., einkanlega a-liðnum, teljist eðlileg eins og hún er sett fram. Að fyrirtæki, þó þau eigi markaðsráðandi stöðu í einhverri starfsemi hér á landi, megi ekki eiga nokkurn hlut í fjölmiðlum. Einnig er áleitin spurning hvort tvö ár séu eðlilegur aðlögunartími í því sambandi þegar ætlast er til þess að fyrirtæki sem nú eiga í frjálsri fjölmiðlun hér á landi fari algjörlega út úr þeirri starfsemi. Ég tel að slík umgjörð í lagasetningu sé ekki ásættanleg og ekki eðlileg framsetning á málinu.

Ef niðurstaða manna við yfirferð og skoðun á málinu verður sú að nauðsynlegt sé að breyta eignarhaldinu verulega frá því sem nú er tel ég að í fyrsta lagi þurfi lengri aðlögunartíma og í öðru lagi sé órökrétt að banna fyrirtækjum, þó stór séu og markaðsráðandi, að eiga aðild í útvarps- og sjónvarpsrekstri. Mér finnst að skoða þurfi vandlega hvaða reglur menn ætla að setja í því sambandi og ítreka að eins og frv. er fram sett tel ég það óásættanlegt og of harkalega að verki staðið og hef að mínu mati ekki fengið sannfærandi rök fyrir því að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki með neinum hætti eiga í útvarpsrekstri."

Þetta sagði Guðjón A. Kristjánsson, frú forseti. Maður skyldi nú ætla að Frjálslyndi flokkurinn og formaður hans mundi taka undir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu ef hægt er að taka eitthvað mark á umræðum og ummælum hv. þm. við 1. umr.

Hann nefnir tvö atriði. Hann nefnir það að hann telji óeðlilegt að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki eiga neitt í ljósvakafjölmiðlum og að það sé óaðgengilegt að veitt útvarpsleyfi verði afturkölluð með svo stuttum fyrirvara. Nú hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á þessum tveimur ákvæðum sem hv. þm. nefndi sérstaklega að hann teldi að væru frumvarpinu eins og það var lagt fram í upphafi til vansa. Maður hlýtur að spyrja: Er ekki hægt að taka mark á því sem hv. þm. sagði við 1. umræðu og eru þær breytingar sem nú hafa verið kynntar ekki í fullkomnu samræmi við þessar athugasemdir sem hv. þm. gerði við 1. umr.

Hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon er annar þingmaður, og formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs,

sem hefur látið sér kveða í þessari umræðu, þar á meðal í 1. umr. um málið. Sá hv. þm. hefur gefið sig sérstaklega út fyrir að vera málefnalegur stjórnmálamaður þó svo að það hafi kannski aðeins verið varpað skugga á þá ímynd nú á síðustu dögum og deila megi um það hversu málefnaleg hans framganga í þessu máli hafi verið á stundum. En sá hv. þm. hefur gefið sig út fyrir að vera málefnalegur og að treysta megi hans orðum eins og nýju neti. Við 1. umr. um þetta mál sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Hvernig viljum við hafa reglurnar til lengri tíma litið? Við þurfum að svara spurningunni um hvort það felist hættur í ástandinu eins og það er eða gæti orðið. Þá er mitt svar já.

Ég held því hiklaust fram að það felist hættur í að leyfa ótakmarkaða samþjöppun og hafa engar reglur sem komi í veg fyrir að stóraðilar á öðrum sviðum viðskipta geti þess vegna lagt alla einkareknu fjölmiðlana í landinu undir sig.

Áfram hélt hv. þm., með leyfi forseta:

„Það er mikill barnaskapur að sjá ekki að aðstæðurnar sem hér hafa verið að skapast bjóða upp á tortryggni. Þær bjóða tortryggni heim."

Síðar í ræðu sinni kemur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að kjarna gagnrýni sinnar á frumvarpið eins og það var þegar það var lagt hér fram 28. apríl síðastliðinn. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég tel að það gangi mjög langt að segja að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta megi ekki eiga eina einustu krónu í fjölmiðlafyrirtæki, í ljósvakamiðli. Það er stór spurning hvort menn eiga að fara þá leið að segja bara núll prósent."

Áfram heldur hv. þm., með leyfi forseta:

„Þarna er spurning um hvort setja mætti þak sem miðaðist við tiltölulega lága prósentu, hvort það væri ekki sanngjarnara og raunhæfara."

Á þessi sjónarmið höfum við í meiri hluta allsherjarnefndar fallist. Við höfum fallist á gagnrýni hv. þm. sem fram kom í 1. umr. um málið.

En það var annað atriði, frú forseti, sem hv. þm. gagnrýndi. Hann sagði við lok sinnar ræðu, með leyfi forseta:

„Að síðustu vil ég segja, herra forseti, um gildistökuákvæði frumvarpsins að þau tel ég alls ekki ganga eins og þau eru úr garði gerð. Mér finnst lágmark að þegar útgefin útvarpsleyfi haldi gildi sínu og lagaskilin séu með þeim hætti að menn hafi hið minnsta tveggja til þriggja ára aðlögunartíma óháð þeim leyfum sem þeir hafa í höndunum en til viðbótar gildi öll þegar útgefin útvarpsleyfi þar til þau renna úr gildi og þarf að endurnýja þau, þá á grundvelli hinna nýju reglna."

Út á hvað gengur sú breytingartillaga sem lögð hefur verið fram nú fyrir 3. umr. þessa frumvarps? Hún gengur út á nákvæmlega það sem hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon sagði í 1. umr. um málið, nákvæmlega það sem hann hélt fram. Og svo er því haldið fram í sölum Alþingis að það sé ekki tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram koma meðal annars frá stjórnarandstöðunni varðandi efnisatriði þessa máls. Maður hlýtur að spyrja sig í ljósi þessara ummæla sem ég hef hér rakið orðrétt með tilvitnun í hv. þm. hvort hann telji ekki rétt í ljósi þess sem hann hefur þegar sagt og í ljósi þess hversu mikið hann gerir úr því að hann sé málefnalegur stjórnmálamaður og að trúa megi hans orðum eins og nýju neti, hvort ekki megi gera ráð fyrir því að hv. þm. styðji þessar breytingartillögur sem fram hafa komið af hálfu meiri hluta allsherjarnefndar og eru í algeru samræmi við það sem hann hefur sagt í þessari umræðu. Ég tel að sé hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon samkvæmur sjálfum sér ætti hann og þingflokkur hans að styðja frumvarpið eins og það liggur fyrir nú því að eins og sjá má og ég hef rakið þá höfum við þingmennirnir í meiri hluta allsherjarnefndar tekið fullt tillit til þeirra athugasemda sem hann færði fram við 1. umr. Það verður athyglisvert að fá skýringar hv. þm. á því ef svo verður ekki. (**SJS:** Þær skaltu fá.)

Fleiri liðsmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa látið sig þetta mál varða þrátt fyrir að þeir séu kannski ekki allir þingmenn á hinu háa Alþingi. Katrín Jakobsdóttir sem hvorki er meira né minna en varaformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Sverrir Jakobsson sagnfræðingur sem er reyndar bróðir Katrínar og gegnir meðal annars trúnaðarstörfum fyrir R-listann í Reykjavík hafa nýlega fjallað opinberlega um fjölmiðlafrumvarpið og ástand á fjölmiðlamarkaði. Varaformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segist í grein sinni á vefsíðunni Múrnum hafa gaman af því sem hún kallar bræði Samfylkingarinnar og bætir svo við í sinni grein, með leyfi forseta:

„Væri tónninn ekki annar ef Berlusconi væri til umræðu en ekki Baugur? Vissulega er gaman að því að Baugur skuli velgja ráðamönnum undir uggum en færi gamanið ekki að kárna ef fjölmiðlarisi í sömu aðstöðu styddi ríkjandi stjórnvöld? Hvað yrði þá um gagnrýna umræðu í þjóðfélaginu?

Því er nauðsynlegt fyrir skynsamt fólk að missa ekki sjónar á málefnagrundvelli þessa frumvarps. Það er sjálfsagt og eðlilegt að ræða eignarhald fjölmiðla, réttindi og skyldur þeirra og fleira þvíumlíkt. Sú umræða má ekki hverfa ofan í skotgrafir þar sem fólk er annaðhvort með Davíð eða á móti, með Norðurljósum eða á móti.

Fjölmiðlar hafa mikilvægri skyldu að gegna sem fjórða valdið — aðrar en fyrirtæki, segjum í tískugeiranum eða á matvælamarkaði — fjölmiðlar hafa upplýsandi og gagnrýnið hlutverk gagnvart stjórnvöldum og almenningi."

Það er ekki oft sem ég er sammála varaformanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en ég get ekki betur séð en að í þessu greinarkorni sem ég vitnaði í að hluta sé hún að taka undir þau sjónarmið sem við í stjórnarliðinu höfum haldið hér fram um málflutning stjórnarandstöðunnar.

Grein Sverris Jakobssonar sagnfræðings gæti ekki síður orðið ýmsum þingmönnum til upplýsingar, ekki síst flokksfélögum hans sem af óútskýrðum ástæðum virðast ætla að hlaupa frá margítrekaðri afstöðu sinni til samþjöppunar og náinna eignatengsla og fyrri ummæla um það frumvarp sem hér er til umræðu eins og ég hef rakið. Sverrir Jakobsson skrifaði nefnilega grein um fjölmiðlalög og mannréttindayfirlýsingu Evrópu í þetta sama vefrit, Múrinn, þann 28. apríl 2004. Ég ætla að lesa það upp sem Sverrir segir þar vegna þess að hér í salnum eru tveir flokksfélagar hans, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, með leyfi forseta:

„Í umræðu um nýtt fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar hefur heyrst það sjónarmið að sérstök löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum sé óþörf enda dugi samkeppnislög til þess að koma í veg fyrir fákeppni. Þetta viðhorf er nokkuð á skjön við þá umræðu sem nú er efst á baugi í hinum vestræna heimi. Hér á eftir verður stuðst við samantekt Þorbjörns Broddasonar um „[r]eglur um eignarhald á fjölmiðlum í nokkrum löndum" en upplýsingar sem þar er að finna eru einkum fengnar úr ritinu World Press Trends 2003.

Þá er fyrst að benda á að í 10. grein mannréttindayfirlýsingar Evrópu er ákvæði sem leggur ríkjum á herðar skyldu til að vernda og efla „margradda fjölmiðlun". Þetta merkir að ríkisvaldið er gert ábyrgt fyrir því að fjölbreyttar skoðanir heyrist og upplýsingar nái til almennings. Jafnframt virðist ríkja einhugur um að samkeppnislög dugi ekki ein og sér þar sem þau taki ekki á kröfunni um menningarlega fjölbreytni.

Til að bregðast við 10. grein mannréttindayfirlýsingarinnar settu Norðmenn lög um eignarhald á fjölmiðlum þar sem kemur fram að einstaklingur eða lögaðili megi helst ekki ná yfirráðum yfir þriðjungsstöðu á markaði tiltekins fjölmiðils (dagblaða, útvarps eða sjónvarps) án opinberra afskipta með uppkaupum eða sameiningu miðla. Í Danmörku eru lög um að aðili sem rekur ljósvakamiðil megi ekki stunda nokkurn annan rekstur. Reglur í Svíþjóð gera það að verkum að ólíklegt er að blaðaútgefandi geti fengið leyfi til að reka sjónvarpsstöð. Í Finnlandi hafa stjórnvöld verið treg til að veita blaðaútgefendum leyfi til að reka ljósvakamiðla. Í þessum löndum eru hins vegar engar sérstakar reglur um eignarhald á blöðum.

Á hinn bóginn hafa reglur til að takmarka fákeppni verið rýmkaðar í Bretlandi, markaðshlutdeildarþröskuldur hefur verið afnuminn og bann við að sami aðili geti rekið tvær sjónvarpsstöðvar í London var afnumið. Rupert Murdoch hlýtur að una glaður við sitt.

Í Frakklandi má sami aðili reka tvennt af fjóru, jarðnetssjónvarp, kapalsjónvarp, útvarp og dagblöð. Sami aðili má ekki hafa yfir 30% hlutdeild á dagblaðamarkaði.

Í Bandaríkjunum gildir sú meginregla að sjónvarpseigandi megi ekki eiga fleiri en eina sjónvarpsstöð á sama svæði og enginn má ráða yfir meira en 35% af sjónvarpsmarkaðnum á landsvísu. Þá má enginn eiga blað og sjónvarp á sama svæði og útlendingum er bannað að eiga nema fjórðungshlut í ljósvakamiðli.

Á Ítalíu eru umfangsmiklar reglur um blaðaútgáfu en fákeppni ríkir á sjónvarpsmarkaði þar sem sjónvarpsstöðvar í eigu Silvio Berlusconis ráða yfir 60% af auglýsingamarkaði. Hann er jafnframt forsætisráðherra og nýtur þingmeirihluta, en þingið skipar stjórn ítalska ríkisútvarpsins. Þannig má ætla að forsætisráðherra ráði yfir 90% af því sjónvarpi sem Ítalir horfa á. Þess má geta að dagblaðalestur er lítill á Ítalíu en 82% landsmanna fá fréttir eingöngu úr sjónvarpi."

Að lokum segir Sverrir:

„Af framansögðu má ráða að löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi væri í samræmi við það sem tíðkast í flestum ríkjum hins vestræna heims."

Í samræmi við það, frú forseti, sem tíðkast í flestum ríkjum hins vestræna heims.

„Þar má hins vegar benda á nokkrar undantekningar, einkum Bretland og Ítalíu. Athyglisvert er að í þessum löndum eru áhrif „fjölmiðlakónga" á borð við Rupert Murdoch og Silvio Berlusconi einna mest og geta þeir beitt þeim óspart til að hafa áhrif á almenningsálitið og torvelda lagasetningu."

Ég ætla að lesa þessa lokasetningu aftur upp fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon (Gripið fram í.):

„Athyglisvert er að í þessum löndum eru áhrif „fjölmiðlakónga" á borð við Rupert Murdoch og Silvio Berlusconi einna mest og geta þeir beitt þeim óspart til að hafa áhrif á almenningsálitið og torvelda lagasetningu."

Ég held að þetta hafi verið holl lesning fyrir hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon (**SJS:** Það er búið að lesa þetta reyndar.) vegna þess að þarna lýsa þessir tveir frammámenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í raun yfir stuðningi við það frumvarp sem hér er til umræðu með þeim breytingum sem komnar eru fram á því. Ég sé að hv. þm. Þuríður Backman hefur bæst við í salinn líklega vegna þess að lestur minn og síteringar í þessa tvo liðsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa vakið sérstakan áhuga hennar. (**ÞBack:** Það má segja það.)

Ég held, virðulegi forseti, að með vísan til þess sem þessir frammámenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sögðu og með vísan til þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði við 1. umr. um þetta fjölmiðlafrumvarp hljóti Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingmenn þess stjórnmálaflokks að styðja þær breytingar sem fram hafa komið á frumvarpinu. Það verður mjög athyglisvert að heyra þær útskýringar sem fram koma hjá hv. þingmanni ef svo er ekki.

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa þessa ræðu miklu lengri en ég tel að í henni hafi ég fært veigamikil rök fyrir því að þær breytingar sem gerðar hafa verið í meðförum allsherjarnefndar á þessu frumvarpi eru mjög verulegar og þær koma til móts við þau sjónarmið og þær athugasemdir sem fram hafa komið frá fræðimönnum, frá þingmönnum hvort sem þeir eru úr stjórnarflokkunum eða stjórnarandstöðuflokkunum, frá þeim sem reka fjölmiðla á ljósvakamarkaði, úr þjóðfélaginu og frá starfsmönnum þessara fyrirtækja. Ég leyfi mér að hafna því alfarið að þessar breytingar séu sáralitlar og ekki raunverulegar. Þær eru þvert á móti verulegar og þær fela í sér mikla breytingu á því frumvarpi sem lagt var fram þann 28. apríl síðastliðinn.

Ég tel að með frumvarpinu eins og það liggur fyrir nú sé fjölbreytni í fjölmiðlun og eignarhaldi tryggt. Ég tel að með því frumvarpi sem hér liggur fyrir sé verið að taka undir þau sjónarmið sem ég reifaði í ræðu minni í 2. umr. og sem fram koma í grein Sigurðar Líndals um stjórnarskrá og mannréttindi þar sem Sigurður víkur að því að það sé mjög mikilvægt í umræðunni um mannréttindi, af því að hún hefur verið mjög mikil á hinu háa Alþingi í tengslum við fjölmiðlafrumvarpið, að það verði að líta á mannréttindin almennt en ekki sértækt. Með mannréttindaákvæðum og mannréttindayfirlýsingum verður að tryggja réttindi og mannréttindi almennings, tryggja lýðræðið í þjóðfélaginu. Menn mega ekki skáka í skjóli mannréttindanna fyrst og fremst í þágu sérhagsmuna einstakra aðila.

Ég leyfi mér í lok þessarar ræðu að gera orð míns gamla kennara, Sigurðar Líndals, að mínum lokaorðum. Ég leyfi mér að gera þessi orð að mínum sem fram koma í hans ágætu grein um stjórnarskrá og mannréttindi. Þau eiga svo ljómandi vel við í þeirri umræðu sem hér á sér stað um þetta fjölmiðlafrumvarp og ýmsir, sérstaklega þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna, ættu að velta þeim fyrir sér vegna þess að í þessari umræðu hefur óneitanlega borið nokkuð á þeim sjónarmiðum sem Sigurður víkur að í þessari grein sinni. Ég ætla nú að lesa þau upp og gera að mínum lokaorðum, með leyfi forseta:

„Afleiðing þessa misvægis hagsmuna verður þá sú að þeir sem láta sig mannréttindi almennt varða missa heildarsýn og ganga sérhagsmunahópum á hönd, vitandi og óafvitandi, en tækifærissinnaðir stjórnmálamenn elta hópana á víxl í von um stundarfylgi. Þannig þoka almannahagsmunir smám saman fyrir sérhagsmunum og ríkisvald sem á að gæta almannaheilla missir mátt til að verjast þessum ágangi og miðla málum milli hinna ólíku hagsmuna, ekki síst að rétta

hlut þeirra sem minnst eiga undir sér. Almenn mannréttindi verða sérréttindi þeirra sem hafa völd og áhrif; mannréttindin snúast upp í andhverfu sína."

Það er akkúrat þetta sem við erum að tryggja sem stöndum að þeim breytingartillögum sem gerðar hafa verið á þessu frumvarpi og sjónarmið þeirra sem leggja þetta frumvarp fram, það er að segja ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, eru að tryggja hagsmuni almennings, tryggja lýðræðislega umræðu, tryggja aðgang allra að ljósvakamiðlunum og rekstri fjölmiðla og tryggja það að sjónarmið allra fái að heyrast í þjóðfélagsumræðu.

[15:05]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu sinni nefndi hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu tekið pólitíska U-beygju í málinu. Frú forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson — hann hefur farið í marga hringi í þessu máli og í raun farið mjög illa með trúverðugleika sinn sem stjórnmálamaður á sínu fyrsta ári á hinu háa Alþingi — eftirfarandi spurninga:

Í fyrsta lagi studdi hv. þm. frv. í upprunalegri mynd. Engu að síður segir hann í ræðu sinni nú að frv. hafi tekið grundvallarbreytingum, verulegum breytingum hefur hann orðað líka. Þá spyr ég: Studdi hann ekki frv. í upphaflegri mynd eða styður hann það bara núna eða öfugt?

Í öðru lagi vil ég tala um lýðræðið innan stjórnarflokkanna og mun kannski gera það í seinna andsvari mínu, en það lýtur að því hvernig málið hefur verið unnið innan stjórnarflokkanna. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson staðfesti hér í ræðu að honum þætti það mjög aðfinnsluvert hvernig málið hefði verið unnið, ekki eru til neinar samþykktir í sögu Framsfl. um hvernig taka eigi á þessum málum. (Forseti hringir.) Ég mun koma betur að því á eftir.

[15:06]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Gunnar Örlygsson spurði tveggja spurninga og velti því fyrir sér hvort ég hefði stutt frv. í upprunalegri mynd. Það lá fyrir þegar frv. var afgreitt úr þingflokki mínum að ekki lágu fyrir efnislegar athugasemdir varðandi frv. Ég hygg því að það hafi legið fyrir strax í upphafi málsins hver hugur þingflokks Sjálfstfl. var til málsins. Það þýðir hins vegar ekki að ég eða aðrir þingmenn höfum ekki haft athugasemdir við efnisatriði frv. Það þýðir ekki að frv. eins og það var í upphafi hafi verið nákvæmlega eins og ég hefði viljað hafa það ef ég hefði samið það og hefði sjálfur ráðið hvernig það átti að vera. Ég tel að sú meðferð sem málið fékk í mínum höndum og annarra þingmanna sýni að við höfum haft vilja til að ganga lengra til þess að leyfa meira frelsi og gera minni takmarkanir í þessum atvinnurekstri. (Forseti hringir.) Ég tel því að afstaða mín sé alveg ljós að þessu leyti.

[15:08]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu sinni á dögunum sagði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að honum þætti það aðfinnsluvert og í raun mjög hættulegt gagnvart lýðræðislegri umfjöllun í landinu að foringjar stjórnarflokkanna tækju upp á sitt eindæmi ákvörðun um með hvaða hætti setja ætti lög sem hér eru til umræðu. Ekki eru til neinar samþykktir um þessi mál, hvorki hjá Sjálfstfl. né Framsfl. Ég vil í því ljósi upplýsa hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að í mínum flokki, Frjálsl., dytti okkar ágæta formanni aldrei í hug að koma fram með slíka hluti og skipa svo eftirleiðis öðrum hv. þm. fyrir hvaða leið þeir eigi að fara í málinu. Þetta segir okkur hvernig komið er fyrir lýðræðinu í landinu. Það staðfestir sá fjöldi sem mætti á Austurvöll í hádeginu. Það er traðkað á lýðræðinu af stjórnarflokkunum. Það er traðkað á lýðræðinu innan Alþingis. Og það er traðkað á lýðræðinu í landinu sem við búum í, Íslandi. (Forseti hringir.) Því spyr ég hv. þm.: Var því svona farið hjá þingflokki Sjálfstfl. í þessu máli?

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil biðja hv. þingmenn að virða tímann þegar hann er svo skammur.)

[15:09]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Spurt var um lýðræði innan stjórnarflokkanna. Ég vil fyrst segja um það að ég get ekki svarað neinu um hvaða vinnubrögð eru viðhöfð innan Framsfl. og mér er nokk sama hvaða viðbrögð eru viðhöfð innan Frjálsl. Ég get bara lýst því að vinnulagið sem á sér stað innan Sjálfstfl. og þingflokks Sjálfstfl. er mjög lýðræðislegt. Það er fráleitt að halda því fram að mönnum sé skipað út og suður til þess að gera einhverjar breytingar. Ég veit ekki betur en við höfum setið á mörgum fundum, óbreyttir þingmenn Sjálfstfl., hlustað á sjónarmið allra þeirra aðila sem komu fyrir nefndina og lagt fram brtt. við frv. Ætlar hv. þm. að halda því fram að við hv. þingmenn í allshn. höfum ekkert haft um það að segja hvers efnis þær brtt. eru sem við höfum (Forseti hringir.) sjálfir gert við frv.? Það er algjörlega fráleitt.

[15:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. hóf mál sitt á því að kvarta undan ómálefnalegum ræðum stjórnarandstæðinga í fyrri hluta umræðunnar. Ég mótmæli því eins og ég hef reyndar gert í ræðu minni fyrr í dag. Ræður okkar hafa verið málefnalegar. En ég þakka hv. þm. fyrir að vera nú það framarlega á mælendaskrá að við getum skipst á skoðunum við hann og ég sé að fleiri stjórnarliðar eru framarlega á mælendaskránni núna og er það vel.

Ég vil spyrja hv. þm. sem spyr hér með nokkurri vandlætingu hvernig hægt sé að taka mark á hinum og þessum þingmönnum? Það er lafhægt að snúa spurningunni við og spyrja: Hvernig er hægt að taka mark á þeim þingmanni sem nú talar með þeim hætti sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerir, þegar þingmaðurinn hefur haldið því fram jafnt í ræðu sem riti að viðskiptalífið eigi að fá frelsi til að þroskast og dafna án afskipta hins opinbera? Hv. þm. hefur jafnvel haldið því fram að afnema beri samkeppnislög því að markaðurinn muni sjálfkrafa leita jafnvægis. Nú spyr ég hv. þm.: Hvað hefur breyst? Hvernig rökstyður hv. þm. slík sinnaskipti?

[15:12]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að mótmæla því að ég hafi talað í einhverjum vandlætingartón til ákveðinna þingmanna. Ég held því samt statt og stöðugt fram að ýmsar ræður ýmissa hv. þm. hafi verið einkar ómálefnalegar. Ég skal hins vegar játa það að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur verið málefnaleg í umræðunum sem hér hafa farið fram.

Hún spurði hvort átt hafi sér stað pólitísk U-beygja af minni hálfu hugmyndafræðilega. Það er alls ekki. Þó svo að ég sé frjálshyggjumaður og frjálslyndur í skoðunum þýðir það ekki að ég sé anarkisti. Því er haldið fram, m.a. í fjölmiðlum, að ég sé bara anarkisti sem vilji engar reglur.

Það er ekki satt. Við sem erum frjálslyndir í pólitík viljum að reglur séu sem fæstar og takmarkanir á atvinnulífinu séu sem minnstar. En það er samt sem áður svo (Forseti hringir.) að við afneitum ekki reglum í atvinnulífinu, hvort sem það er í sjávarútvegi eða á mörkuðum þar sem markaðurinn er bjagaður, m.a. á þessum markaði.

[15:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Gott og vel. Hv. þm. segist ekki hafa tekið hugmyndafræðilega U-beygju, en þá vil ég spyrja: Hvernig rökstyður hv. þm. það að í reglunum sem gilda um sjávarútvegsfyrirtækin er gert ráð fyrir að fyrirtæki megi eiga allt að 12% hlutdeild í aflamarki? Ég kann ekki alveg að fara með þessi kvótahugtök en ég var að hlusta á hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson áðan og þar er prósentuviðmiðunin 12% en sambærileg viðmiðun í því frv. sem við fjöllum um er 5%. Ég sé ekki betur en hér þurfi að rökstyðja mál. Sömuleiðis þurfa hv. þm. að rökstyðja mál sitt þegar það er alveg ljóst að fyrirtæki sem vex og dafnar og á í fjölmiðlum má ekki fara yfir þessa 35% eignaraðild nema með refsingu. Og hver er refsingin? Hún er sú að viðskrh. verða fengnir ákveðnir hlutir í fyrirtækinu til að selja og fyrirtækin fá ekki neitt um það að segja t.d. á hvaða verði viðkomandi hlutir verða seldir. (Forseti hringir.) Er hv. þm. sáttur við það að viðskrh. skuli fá slíka heimild og að eigendur fyrirtækjanna, eigendur eignanna skuli ekki hafa neitt um verð eignarhlutanna að segja?

[15:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var varpað fram yfirgripsmiklum spurningum sem ég ætla að reyna að svara á þeim 50 sekúndum sem ég hef.

Vikið var að hlutfalli heildarafla í sjávarútvegi og því að enginn einn aðili mætti eiga meira en 12% af heildarafla. Hver eru rökin fyrir því? Þau eru að tryggja dreift eignarhald eða aðgang að nytjastofnum sjávar, tryggja að enginn einn aðili eigi allan kvótann, eigi allan þorskkvótann. Höfum við frjálshyggjumenn sett okkur eitthvað upp á móti því ákvæði? (**Gripið fram í:** Já.) Nei, það höfum við ekki gert. Ég hef hins vegar sagt að ég mundi vilja sjá það þak hærra. (Gripið fram í.) En það er ekki þar með sagt að ég sé á móti því að dreift eignarhald á aflaheimildum sé tryggt. (**KolH:** En af hverju nægja 5% í fjölmiðlum?) Það eru 35%.

[15:15]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér heyrðist ekki betur en hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson héldi því fram að ríkisstjórnin ætlaði að lengja í hengingarólinni og leyfa útvarpsleyfum að renna út af sérstakri umhyggju fyrir starfsmönnum Norðurljósa. Ég leyfi mér að andmæla þeirri skýringu. Ég held að það hafi þegar komið fram að ástæðan er fyrst og fremst sú að hæstv. utanrrh., formanni Framsfl., þótti nauðsynlegt að vera öruggari en ekki öruggur um málið gagnvart stjórnarskránni. Síðan er það náttúrlega ekki boðlegt fyrir ríkisstjórn að vera uppvís að því að þegar ráðherrar lesa blöðin og vakna upp við það að þar er eitthvað sem skapraunar þeim þá svipti þeir leyfisskyld fyrirtæki leyfum. Hvernig er það metið í atvinnulífinu? Hvernig er það metið í alþjóðlegu (Forseti hringir.) atvinnulífi? Það er af þeim ástæðum sem þeir treysta sér ekki til að halda fram með slík lög.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmenn að virða tímann, þetta er knappur ræðutími, og halda sig við eina mínútu.)

[15:17]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf að byrja á því sem sagt var síðast. Það er náttúrlega algjörlega fráleitur málatilbúnaður hjá hv. þm. að halda því fram að verið sé að setja lög til þess að koma í veg fyrir að stjórnvöld í landinu þurfi að vakna upp við það á morgnana að verið sé að flytja einhverjar fréttir í blöðum sem eru þeim ekki að skapi. Frumvarpið gengur ekki út á ritskoðun. Alls ekki. Frumvarpið kemur ekki í veg fyrir að hver og einn sem vill koma sjónarmiðum sínum á framfæri geti stofnað blað og presenterað skoðanir sínar þar. Það mun ekkert breytast hvað það varðar. Ég hafna því líka að verið sé að lengja í svokallaðri hengingaról þessa tiltekna fyrirtækis og það sé gert af umhyggju fyrir starfsmönnum Norðurljósa. Hv. þm. Einar Karl Haraldsson var ekki staddur á fundum allshn. þegar starfsmenn Norðurljósa komu þangað á fundi. (Forseti hringir.) En hver var krafa þeirra? Hún var sú að útvarpsleyfin fengju að renna út og við þeirri kröfu hefur verið orðið.

[15:18]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki undarlegt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skuli vera viðkvæmur fyrir þessu atriði. Ég tel að það sé mikilsvert að útvarpsleyfin fái að renna út, vegna þess að annað hefði verið fáheyrt og óheyrilegt í þjóðfélagi sem byggir á lögum og reglu. Það hefði verið þannig til afspurnar að menn hefðu talið að núverandi stjórnvöld væru ekki í jafnvægi til þess að stjórna landinu, vegna þess að það er mikilvægt að atvinnulífið hafi ákveðinn stöðugleika til að búa við. Og það að fara fram með þeim hætti að svipta menn útvarpsleyfi til þess að þurfa ekki að láta skaprauna sér af fjölmiðlum sem eru þeim andstæðir með einhverjum hætti er náttúrlega mjög sérkennilegt. Ég tel líka að með frv. sé brotið blað að því leyti að þar er í fyrsta skipti einhverjum aðila á Íslandi bannað að gefa út dagblað. Það er algjörlega nýtt í 149 ára sögu prentfrelsis í landinu.

[15:19]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var athyglisverð yfirlýsing sem kom frá hv. þm. Einari Karli Haraldssyni og ég vona að hann hafi talað fyrir hönd Samf. þegar hann sagði að það væri mikilsvert að útvarpsleyfi sem veitt hafa verið fengju að renna út. Það verður því gaman að sjá þegar málið kemur til atkvæðagreiðslu í þinginu hvort Samf. styðji þá breytingu. Ef hún gerir það ekki hljótum við að líta svo á að sá stjórnmálaflokkur sé mótfallinn því að leyfin fái að renna út eins og við í meiri hluta allshn. leggjum til.

[15:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vitnaði í ræðu mína áðan og endaði á þessari setningu: „... og hef að mínu mati ekki fengið sannfærandi rök fyrir því að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki með neinum hætti eiga í útvarpsrekstri." Sem er niðurlag málsgreinar í ræðu sem ég flutti. Ef hann hefði lesið aðeins lengra hefði hann komið að þessum orðum:

„Ég tel að tíminn verði í fyrsta lagi að vera lengri og í öðru lagi tel ég óeðlilegt að mönnum sé algjörlega ýtt út úr atvinnurekstrinum. Varðandi útfærslu á þessum atriðum væri spurning hvort trappa mætti þetta niður og á lengri tíma.

Ég teldi miklu ásættanlegra að stór og öflug fyrirtæki mættu eiga allt að 30% í útvarpsfyrirtæki og að hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis væri 15% eða 10%."

Ég vona að þetta svari hugleiðingum þingmannsins og undra mig reyndar á því að svo vel gefinn maður skuli vera með svona langan kveikjuþráð.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna þeirri framþróun sem orðið hefur í umræðunni í dag að stjórnarliðar, aðstandendur málsins, hafa þó látið svo lítið sem koma hér og tjá sig. Fyrst skal frægan telja hæstv. utanrrh. sem ræddi málin fyrir hádegi stuttlega og nú hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Það er að sjálfsögðu betra en var við 2. umr. þegar stjórnarliðar földu sig meira og minna í málinu. Framsfl. var bókstaflega gufaður upp og þingmenn Sjálfstfl., þeir fáu sem voru á mælendaskrá og stjórnarþingmenn yfirleitt, hröpuðu niður mælendalistann og létu færa sig aftar og aftar. (**Gripið fram í:** Eins og þú gerðir núna.) Eins og ég gerði ekki núna, hv. þm., ég er á sama stað á mælendaskránni. Hins vegar gekk næsti maður á undan mér úr skaftinu og þar af leiðandi kom röðin að mér fyrr en ég átti von á og ég var hérna á næstu grösum, en ég vona að hv. þm. þyki ekki verra að hafa fengið tækifæri til að flytja mál sitt á undan mér í staðinn fyrir á eftir. (**SKK:** Sannarlega ekki.)

Það er þó hægt að eiga orðastað við menn. Ég tel að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafi haft uppi þó nokkra tilburði til málsvarnar af hálfu stjórnarliða en sú málsvörn var ákaflega brothætt í höndum hv. þm. Segja má að megininntak ræðu hans hafi verið það í fyrsta lagi að gera mikið úr breytingunum sem búið sé að gera eða til standi að gera á frv. (**SKK:** Að sjálfsögðu.) Hv. þm. lagði í raun og veru allt sitt undir í þeim efnum að breytingarnar væru svo miklar, þær væru að gera málið svo miklu betur úr garði að það væri að verða í lagi. Jahá. En hvað er hv. þm. þá að segja í leiðinni? Hann er að segja að stjórnarfrv. sem fór í gegnum báða þingflokkana án fyrirvara hafi verið handónýtt. Hann tekur algerlega undir málflutning okkar frá 1. umr. Hv. þm. er því að skjóta sjálfan sig talsvert í fótinn í leiðinni.

Í öðru lagi sagði hv. þm. og lagði mikið upp úr því að reyna að sanna það að þingmenn stjórnarandstöðunnar yfirleitt væru að taka einhverjar U-beygjur í málinu. Þeir hefðu orðið allt aðrar skoðanir í þessum efnum en þeir hefðu haft á undangengnum mánuðum eða missirum, sem auðvitað er ekki rétt og ég mun koma betur að síðar. En það er sérkennilegt að hér talar sá maður, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem hefur orðið að almennu athlægi í þjóðfélaginu ásamt með félögum sínum, nýjum þingmönnum Sjálfstfl., frjálshyggjudrengjunum sem komu hér undir gunnfánum frjálshyggju, skattalækkana, frelsis og nýfrjálshyggju í atvinnulífinu, ríðandi inn á þing fyrir réttu ári síðan. Það eru þeir menn sem þurfa auðvitað að útskýra fyrir kjósendum sínum hvernig í ósköpunum standi á því að þeir styðji það að slíkt frv. komi fram eins og hv. þm. hefur núna útlistað að var algerlega ótækt í byrjun og hefur því miður allt of lítið skánað. Það væri líka fróðlegt að ræða við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, út frá þeim frelsistrúarbrögðum sem hann hafði í veganesti inn á þing, um afstöðu hans til lítils frv. sem er einnig á borðum þingmanna, um breytingu á búvörulögum. Ég bíð spenntur eftir því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og þeir fleiri í frjálshyggjufélaginu mæti þar á fundi og útlisti fyrir félagsmönnum nauðsyn þess að taka búvörulögin út undan samkeppnislögunum, að leyfa mjólkuriðnaðnum að þróast í fullkominni verðstýringu og einokun óháð samkeppnislögum. Öðruvísi mér áður brá. Þetta er stjórnarfrv. Ég heyrði ekki að neinir fyrirvarar væru af hálfu þingmanna Sjálfstfl. við flutning þess.

Nú skal það tekið fram til að eyða misskilningi að ég leggst ekki gegn því frv. nema síður sé. Ég tel mjög margt mæla með því að leyfa t.d. áfram verðlagningu á heildsölu í mjólkurvörum þannig að menn lendi ekki í sömu ógöngunum þar eins og menn hafa gert á kjötmarkaði. Það kemur líka á daginn að kannski er það einhver mesti stuðningurinn við sjálfstæða aðila sem eftir eru í smásöluverslun í landinu í vörn þeirra gegn risunum að fá að halda þeirri verðlagningu, þannig að stóru aðilarnir geti ekki í krafti stærðar sinnar pínt út afslætti sem hinir ekki fá. Það segja mér margir sjálfstæðir kaupmenn, þeir fáu sem eftir eru í dag, að þeir gætu svo gott sem pakkað niður ef sá stóri vöruflokkur færi sömu leið og flest annað, að þeir yrðu píndir til innkaupa á lakari kjörum en stóru markaðsráðandi risarnir. En það er önnur saga.

Það væri fróðlegt að heyra hv. þm. útskýra fyrir kjósendum sínum, umbjóðendum sínum, að þetta sé ekki nein U-beygja, þetta sé ekki stefnubreyting. Nei, vandinn er auðvitað sá að það er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og félagar hans hér og auðvitað Sjálfstfl. allur eins og hann leggur sig sem eru í þeim mikla vanda að útskýra málið í samhengi við grundvallarstefnumið flokksins.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem ég vona að sé viðstaddur og tilbúinn til að taka gagnrýni á sitt mál sem hann flutti áðan, vitnaði mjög í ræður manna og greinar. Hann vitnaði í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, vitnaði í ræðu mína, vitnaði í skrif á vefritinu Múrnum og las þar upp alveg prýðilega samansetta texta, en því miður ekki í heild sinni frekar en hann gerði mönnum rétt til að vitna þá í orð þeirra í samhengi, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sýndi fram á áðan með því að lesa örlitla viðbót af þeirri ræðu sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vitnaði í. Hv. þm. féll nefnilega í þá gryfju að tína út úr máli manna, bæði ræðum og greinum, eingöngu það sem hentaði honum í því að reyna að sanna sitt mál. Sleppti öllu samhengi hlutanna. Kemst svo að þeirri kostulegu niðurstöðu eftir þær hlutdrægu ívitnanir að menn hljóti að vera sammála honum og skyldugir til þess að styðja frv. Þetta er sama áráttan og Morgunblaðið er haldið af sem skrifar í leiðara eftir leiðara: „Það eru víst allir sammála Morgunblaðinu hvað sem þeir segja." Allir. Össur, Steingrímur J. Allir. Þeir hljóta að vera sammála Morgunblaðinu af því Morgunblaðið hefur ákveðið að þannig sé það. Sigurður Kári Kristjánsson kemur hér, liggur yfir ræðum manna og finnur það sem hentar honum, tínir það út, vitnar í það og segir svo: „Þarna sjáiði. Mennirnir hljóta að vera okkur sammála." Nei, þetta er auðvitað ekki rismikill málflutningur og þarf auðvitað ekki að eyða tíma í að slá svona lagað niður.

Sú röksemdafærsla, sem hæstv. forsrh. hefur auðvitað gefið tóninn fyrir, gengur út á það að ef menn hafa leitast við að ræða málið á málefnalegum nótum og komist að þeirri niðurstöðu að það geti vissulega verið rök fyrir því að fara yfir það og skoða hvort setja beri einhverjar takmarkandi reglur til að hindra samþjöppun í eignarhaldi, þá séu þeir sammála frv. Alltsvo, þá skrifi menn upp á þetta eins og það er. Auðvitað er þetta fullkomlega ómálefnalegt. Menn fá falleinkunn fyrir röksemdafærslu af þessu tagi. Þetta er eins konar Heimdallarhundalógík sem maður var að vona að

menn væru vaxnir upp úr þegar þeir væru komnir inn á þing, jafnvel þó tiltölulega ungir séu að árum.

Eða er það virkilega þannig að maður megi ekki hafa þá skoðun í friði að það geti verið ástæða til að fara yfir þetta og setja einhverjar reglur, þar með sé maður skyldugur til að skrifa upp á þetta allt, þetta frv., þessa hrákasmíð og þessi vinnubrögð? Nei, ég frábið mér það. Það er að sjálfsögðu ekki þannig. Þeir sem hafa reynt í gegnum allan þennan storm að ræða málið á málefnalegum nótum, hafa einmitt hafnað því að láta hrekja sig ofan í einhverjar skotgrafir öðru hvoru megin, neitað því að vera með einhverjum í liði, segja bara: Ég hef mína skoðun í þessu máli, mín sjónarmið og ég held þeim fram. Ég vil rökræða þau. Ég vil skoða þessa hluti.

Það er það sem þessir menn þola ekki. Þetta er í raun og veru aðferðafræði Bush Bandaríkjaforseta sem er sennilega ekki vel til þess fallin að standa í flóknum rökræðum. Þess vegna hentar að segja: Ef þú ert ekki með mér ertu á móti mér. Enginn millivegur. Það skal bara vera svart og hvítt í heiminum. Annaðhvort styður maður þessi ósköp og skrifar upp á þessi vinnubrögð eða maður er á mála hjá Baugi. Maður er handbendi þess fyrirtækis, gengur erinda auðhringsins. Þetta hafa þessir menn verið að segja. Þetta er auðvitað neðan við allar hellur. Ég er hvorki handbendi Baugs né á mála hjá þeim og þaðan af síður ræður Davíð Oddsson eða fótgönguliðar hans afstöðu minni til mála. Það skal vera alveg á hreinu. Ég frábið mér það að rökræða við menn á þessum nótum.

Auðvitað væri ástæða til að fara rækilega, frú forseti, yfir forsögu þessa máls. Það þarf í raun og veru að gera það mjög fljótt, áður en ryk fellur á þessa atburði, og greina allt þetta undarlega ferli, allt frá því að menntmrh. setti nefnd á laggirnar með ákveðnu erindisbréfi og henni var ætlað að fara yfir þetta svið. Því miður var að vísu nefndin ekki þannig saman sett að það væri nógu gæfulegt í byrjun. Það starf var þó að mörgu leyti ágætlega heppnað og skýrslan nokkuð góð. Svo var henni haldið leyndri í einhverjar vikur og starfshópurinn hafði fyrir fram það hlutverk að ef niðurstaðan yrði sú að þörf væri lagasetningar skyldi hann semja frv. Það var aldrei við hann talað meir um það, heldur skaut upp kollinum frv. ættað úr forsrn., samið þar af hæstv. forsrh., og flutt síðan af honum undir því yfirskini að um bandorm væri að ræða. Þar er augljóslega um yfirskin að ræða vegna þess að einni örlítilli setningu er skotið inn í samkeppnislögin. Að öðru leyti er þetta hreint menntamálaráðherramál sem varðar eingöngu breytingu á útvarpslögum. Það er tekið fram, sem auðvitað þurfti ekki að gera, að Samkeppnisstofnun skuli veita útvarpsréttarnefnd aðstoð við að finna út úr því hvað sé markaðsráðandi fyrirtæki. Hver annar átti annars að gera það? Prestafélagið? Ætli menn hefðu ekki hvort sem er leitað til Samkeppnisstofnunar? Og ætli opinber nefnd eins og útvarpsréttarnefnd hefði ekki sjálfkrafa fengið þjónustu frá opinberri stjórnsýslustofnun eins og Samkeppnisstofnun? Jú, auðvitað. Það þurfti ekkert að standa um það í lögum. Þetta er það sem Þórbergur hefði kallað „selvfölgeligheder". Það er augljóslega eingöngu sett þarna til þess að hæstv. forsrh. geti flutt málið, það sé ekki á forræði menntmrh.

Síðan þekkja menn allan þennan kostulega aðdraganda. Frumvarpi hæstv. forsrh., þ.e. fyrsta eintakinu — ég ætla rétt að vona að það hafi ekki farið í tætarann því það hlýtur að teljast með merkari skjölum á Þjóðskjalasafninu eftir svo sem 50 ár — sem hæstv. forsrh. kynnti í ríkisstjórn var síðan breytt talsvert áður en þau ósköp komu til þingflokkanna, var þar samþykkt og varð þá útgáfa númer tvö. Núna segja þeir hins vegar að hún hafi verið alveg ómöguleg vegna þess að aðalatriðið er orðið þær miklu breytingar sem á því eru orðnar eða eru að verða. Síðan þekkjum við þetta, virðulegur forseti, sálarangist Framsfl. og innantökur allar sem því miður enduðu, eins og venjulega, á því að Framsókn fékk töflu og lét sig hafa þetta allt saman og ætlar að standa að því að gera þetta að lögum eins og við stöndum núna frammi fyrir.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór líka hér í sérkennilega málsvörn þegar hann ræddi um fyrirtækið Norðurljós. Hann hafði um það hin hörðustu orð, sagði að þar hefðu menn beitt fyrir sig starfsmönnum með ósæmilegum hætti, vitnaði í formann Starfsmannafélags Norðurljósa, íþróttamanninn Arnar Björnsson, og hefur eftir honum upplýsingar úr þingnefnd sem er ekki til siðs, þ.e. að orðtaka menn um það sem þeir segja á lokuðum fundum með þingnefndum. En gott og vel, þar á Arnar Björnsson að hafa sagt að starfsmenn Norðurljósa hafi í raun og veru verið neyddir til að taka afstöðu til frv. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir. Nú á þessi ágæti maður auðvitað kost á því að gera grein fyrir þessu opinberlega. Ég hef ekki orðið þess var að starfsfólki Norðurljósa væri mikil nauðung að koma fram og tjá hug sinn, senda okkur póst eða tala á fundum eða annars staðar. Ekki hef ég orðið þess var, m.a. í samskiptum við þennan nefnda mann, að ekki fylgi hugur máli af hans hálfu. Mér finnst mjög alvarlegt að láta að því liggja að menn séu á einhvern hátt þvingaðir af vinnuveitendum sínum til slíkra hluta. Hitt skilja allir sanngjarnir menn að það fólk sem þarna hefur unnið undanfarna mánuði og missiri, búið við atvinnuöryggi og jafnvel staðið frammi fyrir því að vinnuveitandi þeirra væri að komast í þrot, er eðli málsins samkvæmt viðkvæmt fyrir því þegar starfsöryggi þess er aftur ógnað.

Ég veit ekki hvað hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur til vitnis um að ekki verði af þeim alvarlegu áhrifum sem menn hafa talið að þetta gæti haft á rekstur téðs fyrirtækis, svo sem að lánasamningar verði gjaldfelldir eða annað í þeim dúr. Menn verða líka að hafa í huga að viðbrögð fyrirtækisins og viðbrögð starfsmanna voru eðlilega við málinu eins og það leit út í byrjun. Hvernig var það? Jú, það var auðvitað svo fáheyrt að fyrstu útvarpsleyfin áttu að falla úr gildi og hefðu ekki getað endurnýjast strax um næstu áramót, eftir rúmlega hálft ár. Þar með hefði fyrirtækið auðvitað frá fyrsta degi með hina yfirvofandi lagasetningu eða strax á næstu mánuðum orðið fyrir verulegum búsifjum og ekki getað starfað áfram í óbreyttri mynd sinni. Þetta var það sem ég m.a. vísaði til í ræðu minni við 1. umr. og sagði strax: Hvernig í ósköpunum dettur nokkrum heilvita manni í hug að hafa gildistökuákvæði málsins eins og þau litu út í byrjun? Þeim hefur ríkisstjórnin síðan í tvígang reynt að breyta. Við 2. umr. var valin sú sérkennilega leið að láta lögin taka gildi 1. júní 2006, sem slík, en þá var enn óútkljáð hvað yrði um þau útvarpsleyfi sem féllu úr gildi á tímanum þangað til. Átti útvarpsréttarnefnd þá að gefa út bráðabirgðaframlengingu, eða hvað? Um það var ekkert sagt.

Nú er valinn sá kostur í brtt. að láta lögin taka strax gildi en heimila að framlengja útvarpsleyfi eða að menn eigi að fá framlengt útvarpsleyfi, þau sem úr gildi falla á tveggja ára tímabilinu fram til 1. júní 2006. Að sumu leyti má deila um það hvor gildistökuákvæðin eru betri fyrir fyrirtækið sem í hlut á og fyrst og fremst verður þarna fyrir áhrifum. Lögin eru þá gild frá byrjun og liggja fyrir með þessum skilmálum frá

fyrsta degi. Þá er alveg á hreinu að þetta verður framhaldið en mönnum er a.m.k. tryggður þessi tveggja ára aðlögunartími. Síðan er hitt að ekki er heimild til að taka innan tveggja ára af útvarpsleyfi sem hafa lengri gildistíma. Vandinn er samt sá að þó að þetta sé lagatæknilega til mikilla bóta kann vel að vera að í reynd efnislega og praktískt skipti þetta engu máli. Fyrirtækið sem hér á í hlut verður ekki til staðar í núverandi mynd sinni til að njóta þessara leyfa af því að önnur ákvæði laganna koma í veg fyrir það, þ.e. 5% þakið á eignaraðild markaðsráðandi fyrirtækis og hinn algeri aðskilnaður milli ljósvaka- og dagblaðaútgáfu. Það þýðir sjálfkrafa að fyrirtækinu þarf að skipta upp og núverandi eigendur þess verða að hverfa að mestu leyti úr eigendahópnum.

Þegar betur er að gáð eru þetta kannski dálítið klókindalega útfærðar eða upphugsaðar brtt., þessar síðustu, sálrænu brtt. sem ég hef leyft mér að kalla svo af því að ég held að þær þjóni aðallega þeim tilgangi að vera liður í sálrænni meðferð Framsfl. til að búa hann undir það að láta sig hafa þetta (**RG:** Rétt.) og leka niður eins og venjulega. (**RG:** Rétt.) Þetta lítur út sem ívilnandi breytingar en hafa kannski ekkert praktískt gildi þegar upp er staðið miðað við stöðuna eins og hún er. Það sérkennilega er að fyrirvaralaust skýtur upp kollinum tillaga um breytingu á einu af örfáum ákvæðum frv. sem í sjálfu sér var enginn ágreiningur um, þ.e. að það gæti verið ástæða til að hafa u.þ.b. 25% þak á hámarkseign eins einstaks aðila. Er þar væntanlega átt við hvort sem er einstakling eða lögaðila. Það var takmarkandi ákvæði sem menn í sjálfu sér, held ég, settu ekkert sérstaklega hornin í og er miklu nær því að vera í samræmi við þær takmarkanir sem við höfum séð víða annars staðar og í nálægum löndum. Það er augljóst að þar er bara eitthvað valið til að breyta til þess að breyta, til að hægt sé að láta líta svo út sem þarna sé einhver viðbótarívilnun á ferðinni, málamyndabreyting sem bara þjónar þessum heimatilbúna tilgangi að vera liður í meðferð Framsfl., kannski einstöku sjálfstæðisþingmanna, ég veit ekki hvort þeim líður sömuleiðis betur.

Til að það misskiljist ekki, frú forseti, það er væntanlega skýrt af orðum mínum og mátti vera fyrir, vil ég taka fram að að sjálfsögðu eru gildistökuákvæðin sem gera ráð fyrir því að þegar útgefin útvarpsleyfi haldi sér til enda miklu betri en hin ósköpin sem til stóðu. En það er eiginlega erfitt að fá sig til að fagna slíku sérstaklega þegar um svo gjörsamlega sjálfsagða hluti er að ræða. Hitt var svo fráleitt og vitfirrt að maður skildi ekkert í því. Svo er það líka að ég er ekki viss um að mönnum gangi hér einsömul góðmennskan til eða lagaástin eða ástin á stjórnarskránni. Ætli ríkisstjórnin hafi ekki bara ósköp einfaldlega staðið frammi fyrir því að í málaferlum sem fram undan væru væri svo augljóst að málsástæður ríkisstjórnarinnar eða löggjafans væru algjörlega hrundar að óbreyttu frv. sem að lögum hefði orðið. Ég held að hvaða lögfræðingur sem er hefði bara beinlínis hlakkað til að sækja málið fyrir hönd þeirra fyrirtækja sem átti að rífa útvarpsleyfin af innan nokkurra mánaða, þótt það væri eftir tvö ár, starfsleyfi sem þegar höfðu verið gefin út á sviði atvinnurekstrar með gildistíma kannski til 2007, 2008, 2009. Það bara segir sig sjálft að til viðbótar öllu hinu styrkti þessi málsástæða mjög skaðabótakröfur og vinningslíkur manna fyrir dómi.

Að síðustu, út frá þeim atriðum sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ræddi hér um og ég hafði einmitt hugsað mér að koma inn á, er þessi spurning um sértæka löggjöf versus ekki sértæka. Nú er það rangt hjá hv. þingmanni að allir í stjórnarandstöðunni hafi gert það að einhverju stóru máli í málflutningi sínum. Það gerði ég a.m.k. ekki, þvert á móti. Það var kannski eitt af því sem menn hefðu getað greint ef þeir hefðu lagt eyrun við, að við í stjórnarandstöðunni nálguðumst málið með ólíkum hætti. Ég sagði: Auðvitað er ekki hægt að útiloka það ef menn ætla að setja almenna löggjöf af þessu tagi sem gildir um ókomin ár á einhverju sviði að sú löggjöf hafi fyrst og fremst áhrif á einn aðila. Þær aðstæður geta verið til staðar í einu landi. Ég nefndi frægt dæmi, stöðu fyrirtækisins Microsoft í tölvuheiminum. Menn hafa ekki talið að fyrirtækið Microsoft væri ósnertanlegt, hvort heldur væri með lögum eða málaferlum af þeirri einu ástæðu að það væri eitt og að áhrifin af þeim aðgerðum beindust að einu fyrirtæki. Veruleikinn er sá að eitt fyrirtæki hefur heimsyfirráð á ákveðnum sviðum. Ef menn ætla að gera eitthvað til að tryggja að þetta fyrirtæki misnoti ekki stöðu sína ogýti öðrum í burtu á aðliggjandi sviðum viðskipta, t.d. í sölu á tengdum búnaði, verða menn að fara í það að setja reglur eða taka á málunum þannig að það beinist að fyrirtækinu Microsoft. Og það er gert, bæði austan hafs og vestan. Þeir hafa verið dæmdir í himinháar sektir í Evrópu. Í Bandaríkjunum hafa menn verið í umfangsmiklum málaferlum til að setja þessum risa skorður, sérstaklega til að koma í veg fyrir að hann noti markaðsráðandi og tröllastöðu sína á sviði hugbúnaðarins til að pína menn til að kaupa svo viðbótarþjónustu af sér einnig. Þar hafa menn sagt: Nei, fyrirtækið hefur rétt á sínum lausnum en það má ekki gera þær þannig úr garði eða hafa reglurnar þannig í kringum þær að menn séu til viðbótar neyddir til að taka alls konar aukaafurðir frá þeim og versla við þá. Þá eru þeir í raun og veru farnir að misnota markaðsráðandi stöðu sína eða hafa óeðlilegan arð af tengdum viðskiptum út á hana.

Þetta er sem sagt í mínum huga ekki aðalvandamálið og endalaus ræðuhöld um SPRON-málið sem auðvitað er ekki sambærilegt eru alveg út í loftið. Að ráðast á stjórnarandstæðinga fyrir að hafa staðið að því máli er sérkennilegt í ljósi þess að þar var um stjórnarfrumvarp að ræða. Það studdu allir þingmenn stjórnarinnar nema sennilega þessi eini sem hér hefur talað mest um það, þ.e. Sigurður Kári Kristjánsson. Við erum þá a.m.k. ekki sekari í því máli en ríkisstjórnin sem flutti frv. og allir hinir þingmennirnir úr stjórnarliðinu sem studdu það, enda var það mál á flestallan hátt ósambærilegt. Þar var Alþingi að bregðast við til þess að lög sem það hafði sett yrðu ekki misnotuð eða farið á svig við þau, að menn næðu ekki að hafa óeðlilegan arð af forræði sínu yfir stofnfé, í raun og veru sjálfseignarfé, sem alls ekki var ætlunin með löggjöfinni. Menn voru að skjóta sterkari stoðum undir þingviljann og tryggja að lögin héldu gagnvart þeim markmiðum sem þeim var ætlað að ná. Þar við bætist að þar var ekki verið að grípa inn í þegar orðinn hlut, heldur var verið að stöðva með lagaaðgerðunum fyrirhugaðan gerning. (**Gripið fram í:** Voru allir sammála um það?) Tveir eða þrír þingmenn sátu hjá við málið ef ég man rétt, þar á meðal væntanlega hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hugsanlega framm íkallandi einnig, ég man það ekki. (**Gripið fram í:** Jú.) Jú. Gott. En þetta var stjórnarfrumvarp, hv. þingmaður, og það studdu allir hinir stjórnarþingmennirnir.

Nei, ég tel að vandinn sé ekki þessi og ég hef aldrei skrifað upp á þær formúleringar hér að það sé til einhver hrein skipting í lagasetningu af þessu tagi sem heitir sértæk versus almenn lög. Hvenær eru lög sértæk og hvenær almenn í þessum skilningi? Er nóg að lögin hafi áhrif á tvo aðila?

Eru þau þá orðin almenn? Er það bara ef þau hafa áhrif á einn aðila sem þau eru sértæk? Ég held að þetta sé ekki góð nálgun. Það sem máli skiptir hér er hvernig lögin eru úr garði gerð. Hver eru þau áhrif sem þau hafa á viðkomandi, hvort sem hann er einn, tveir eða fleiri? Eru þau þannig sett að þau uppfylli skilyrði góðrar stjórnsýslu og góðrar lagasetningar? Eru þau ekki meira íþyngjandi en óumflýjanlegt er vegna þeirra almannahagsmuna sem menn ætla að tryggja og ná fram? Eru þau réttlætanleg íblöndun í réttindi manna á sviði atvinnurekstrarins? Uppfylla þau svokallað meðalhóf? Fá menn sanngjarna aðlögun að breytingunum? Það er það sem menn eiga að horfa hér á en ekki spurninguna endilega um það hvort þau séu í einhverjum tilbúnum skilningi almenn eða sértæk. Auðvitað má segja að öll lög sem hafa eitthvert tiltekið almennt gildi og eiga að standa um langa framtíð hafi almennt gildi hvað það varðar að þau stýra þá þróuninni og eru til staðar gagnvart nýjum aðilum sem kynnu að koma til sögunnar á síðari tímum. Þau mundu þá, eftir 10 eða 20 ár, ef aftur gerðust einhverjir atburðir á íslenskum fjölmiðlamarkaði sem leiddu til þess að það horfði í mikinn samruna fjölmiðla, hafa áhrif á þá stöðu, bremsa hana af. Mundu menn þá ekki viðurkenna að lögin hefðu almennt gildi? Jú, ég geri ráð fyrir því.

Mér finnst aðalatriðið vera að efnisreglur lagasetningarinnar sem slíkrar séu réttlætanlegar, séu nauðsynlegar eða skynsamlegar, vel rökstuddar og ígrundaðar og uppfylli allar þær kröfur sem menn verða og eiga að gera til lagasetningar. Það er meginástæðan fyrir því að við sem höfum ekki verið *í grunninn andvíg hugmyndum um að grípa til einhverra* aðgerða, að lögfesta hér takmarkandi reglur, getum ekki staðið að þessu máli. Það kemur aldrei til greina. Ég sagði strax við 1. umr. að frv. eins og það var úr garði gert væri ótækt. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að tilgangurinn helgar ekki meðalið hjá okkur. Það er ekki þannig að bara af því að menn telji að það geti verið ástæða til þess að hafa áhyggjur af samþjöppun í fjölmiðlun — eins og á svo mörgum öðrum sviðum viðskipta — geti menn bara gert hvað sem er, þá megi menn leyfa sér hvað sem er, ýta til hliðar og láta lönd og leið öll viðurkennd vinnubrögð og allar sanngirnisreglur um það hvaða skilyrði slíkar aðgerðir verði þá að uppfylla. Satt best að segja undrar mig mest að sá þáttur málsins skuli ekki hafa fengið meiri umræðu.

Ég hef áður nefnt hliðstæðuna við breytingar í sjávarútvegi. Margir vilja gera breytingar á kvótakerfinu. Margir vilja bara kasta því, sjá það feigt. Um þetta hafa menn mikið rætt. En eitt held ég að flestir séu sammála um, að þótt menn vilji losna við kerfið eða gjörbreyta því geti menn ekki leyft sér að gera það bara hvernig sem er. Menn geta ekki bara tilkynnt mönnum á morgun að það sé algerlega búið að skipta um kerfi og grundvöllurinn sé brostinn undan atvinnustarfsemi sem þeir hafa byggt á gildandi landslögum í 20 ár, frá 1983 að lög voru sett fyrst um aflamark. Menn viðurkenna að þannig er ekki hægt að koma fram við aðila sem hafa starfað í samræmi við lög, tekið þannig ákvarðanir um fjárfestingar og uppbyggingu og rekstur fyrirtækja sinna. Það verður að gera kröfur til þess að stjórnvaldsaðgerðir og lagasetning sé með eðlilegum og sanngjörnum hætti hvað þetta varðar og taki tillit til þeirra aðstæðna sem menn búa við í rekstri sínum. Það er algerlega viðurkennt að menn njóti þess að hófsemi sé sýnd í breytingum af þessu tagi. Menn hafa rifist um hvort það væri verjandi eða ekki verjandi, t.d. í tilviki sjávarútvegsins, að láta slíkar breytingar rúlla í gegn á 10 eða 20 árum, hvort fyrna mætti fimm eða tíu prósent af kvótanum árlega til þess að skipta kerfinu út á 10 eða 20 árum. Margir hafa sagt, m.a. núverandi stjórnarflokkar, að þetta væri tilræði við sjávarútveginn, dyggilega studdir auðvitað af sægreifunum fyrir síðustu kosningar sem réðust á stjórnarandstöðuna og hugmyndir hennar um að breyta fiskveiðikerfinu, sérstaklega með þeim rökum að það mundi kippa fótunum undan fyrirtækjunum af því að breytingarnar yrðu allt of hastarlegar, þær væru ósanngjarnar, gengju of langt og menn hefðu ekki eðlilegan tíma að þeim. Það stendur ekki í þessum herramönnum að ætla nú að koma með miklu harkalegri aðgerðir inn í eina grein atvinnulífsins sem eiga að ganga í gegn á tveimur árum og átti í upphafi að vera jafnvel örfáir mánuðir. Þetta eru sinnaskipti. Þetta er viðsnúningur. Þetta er U-beygja sem mér finnst að menn séu að sleppa ansi billega frá að svara hér fyrir.

Það er þetta atriði, frú forseti, sem ég held að sé langtæpast í þessu máli. Ég held að það sé afar líklegt að mikil skaðabótaskylda stofnist ef illa fer og lögin verða samþykkt, jafnvel með þeim breytingum sem nú standa til. Það er mjög harkalegt gagnvart fyrirtæki sem einmitt hefur nýlega orðið til á grunni gildandi laga, er með viðskiptaáætlanir sínar byggðar á þeim, er m.a. með plön um að fá að fara inn í Kauphöllina og skrá sig þar, er með samninga við lánardrottna sína bundna við útvarpsleyfi og þá markaðshlutdeild og þá viðskiptavild sem það hefur. Öllu þessu er auðvitað teflt í uppnám með þessu. Það gefur augaleið. Ekki bara eftir tvö ár, heldur strax daginn sem þetta verður að lögum að svo miklu leyti sem það er ekki nú þegar farið að hafa áhrif. Fyrirtækið er að vísu ekki á markaði, en það væri gaman að sjá hvaða dýfu hlutabréfin væru búin að taka undanfarna daga ef það hefði verið það. Halda menn ekki að þetta hefði haft áhrif ef fyrirtækið hefði verið skráð í Kauphöllinni? Jú, ætli það ekki. Það er kannski að einhverju leyti í því skjóli sem menn telja sig geta farið svona að fyrirtækinu. Það er alveg augljóst mál að ekki þarf neina markaðsspekinga til að sjá að það er hætt við að það hefði verið ansi órólegt í kringum bréfin í fyrirtæki sem hefði átt svona lagað yfir höfði sér ef það hefði verið skráð á markaði nú þegar. Það var reyndar ætlunin, eins og kunnugt er, að fara með fyrirtækið þangað.

Frú forseti. Ég ætlaði síðan aðeins að gera að umtalsefni eina merkustu yfirlýsingu allrar þessarar umræðu sem ég tel vera. Hana bar reyndar aðeins á góma hér fyrr í dag í orðaskiptum mínum og hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar. Það er hin dæmalausa yfirlýsing Halldórs Ásgrímssonar sem ég leyfi mér að fullyrða að hljóti að rata á spjöld sögunnar og þykja ein af þeim merkilegri sem stjórnmálamaður hefur gefið af fúsum og frjálsum vilja, að best er vitað, í viðtali við sjónvarpið 17. þessa mánaðar, þegar þeir formenn stjórnarflokkanna gerðu þjóðinni grein fyrir samkomulagi sínu — því ekki höfðu þeir talað við aðra — um breytingar á 4. útgáfu frv. Þá er það haft í inngangi fréttarinnar að formaður Framsfl. segist „mun öruggari með málið núna gagnvart stjórnarskrá og er sáttur við niðurstöðuna". Fréttamaður spyr síðan í viðtali, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, með leyfi forseta:

„En ert þú sannfærðari um ágæti þessa frumvarps eftir þessar breytingar?"

Hæstv. utanrrh. svarar.: „Ég er miklu öruggari en ég var áður að því er varðar stjórnarskrána og það er alveg ljóst að ég vil ekki taka mikla áhættu í sambandi við hana."

Þetta eru alveg stórkostleg ummæli, algerlega stórkost-

leg, óborganleg ummæli. Hæstv. utanrrh. var sem sagt áður verulega óöruggur um að frv. stæðist stjórnarskrá. Það er ekki hægt að skilja þessi ummæli öðruvísi úr því að þessar breytingar sem hann og forsrh. komust að niðurstöðu með gera hann miklu öruggari en hann var áður um það að málið standist stjórnarskrána. Verður þá ekki eitt stykki hæstvirtur ráðherra og formaður stjórnmálaflokks að útskýra fyrir Alþingi hvernig í ósköpunum hafi staðið á því að hann, Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., fór með málið inn í sinn þingflokk og fékk þar blessað að það yrði lagt fram sem stjórnarfrumvarp? Hann var verulega óöruggur um að það stæðist stjórnarskrána. Sé hægt að skjóta sig í fótinn, frú forseti, og þá báða í einu liggur mér við að segja er það gert svona. Hann lýsir því yfir berum orðum að hann hafi látið sig hafa það að standa að framlagningu stjórnarfrumvarps sem hann var verulega óöruggur um að stæðist stjórnarskrána. Hvers vegna í ósköpunum? Hvaða nauðir rak til? Var þjóðarvoði fyrir dyrum? Var landið að sporðreisast? Nei, en það á að vísu að koma 15. september. Þar skyldi þó ekki hundurinn liggja grafinn, að allt sé falt í Framsókn, menn láti sig hafa hvað sem er, vegna 15. september. Þeir eru oft dýrir, þessir septemberdagar. Það má nú segja, frú forseti.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti spyr hvort mikið sé eftir af ræðu hv. þingmanns.)

Hvað stendur nú til? Þingflokksfundur?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Já. Það verður gert hlé núna í klukkutíma.)

Ég á ekki mjög mikið eftir en samt nokkuð, kannski korter, tuttugu mínútur, þannig ég mundi þá frekar gera hlé á máli mínu ef forseti fellst á að við höfum það þannig.

(**Gripið fram í:** Það er ekki mikið.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Það er vel þegið. Það verður þá gert hlé núna á þingstörfum í klukkutíma. Fundur hefst aftur klukkan fimm.)

[Fundarhlé. — 15:59]

[17:00]

Útbýting þingskjala:

Átröskun, 732. mál, svar heilbrrh., þskj. 1684.

Lokafjárlög 2000, 326. mál, þskj. 1726.

Rekstur menningarhúsa ungs fólks, 930. mál, svar menntmrh., þskj. 1695.

Starfssamningar við lýðháskóla, 823. mál, svar menntmrh., þskj. 1694.

Uppfinningar starfsmanna, 313. mál, brtt. KHG, þskj. 1737.

[17:01]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.)**:**

Frú forseti. Ég hafði hugsað mér að ræða í viðbót nokkur atriði þessa máls hér við 3. umr. sem hófst fyrr í dag, á öndverðum þessum degi, og á sjálfsagt eftir að standa enn um hríð ef að líkum lætur. Það hefði verið gaman að hafa viðstadda einhverja hæstv. ráðherra og hv. formann allshn. Sérstaklega áhugavert væri auðvitað að til svara væru hér af hálfu Framsfl. einhverjir ráðamenn í þeim flokki. Framsfl. er heilmikill örlagavaldur í þessu máli með stuðningi sínum við framlagningu frv. í byrjun og væntanlega stuðningi sínum, a.m.k. að uppistöðu til, við lögfestingu eða lögtöku þess hér á Alþingi einhvern tímann á næstu sólarhringum ef að líkum lætur. Þannig axlar auðvitað Framsfl. alla ábyrgð á þessu máli.

Ég ræddi lítillega áður en ég gerði hlé á máli mínu fyrir þingflokksfundarhlé framgöngu formanns Framsfl., Halldórs Ásgrímssonar, sem á á prenti alveg dæmalaust makalausa yfirlýsingu um efa sinn um það að málið hafi staðist stjórnarskrá eins og það var upphaflega fram borið af honum sjálfum, þingflokki hans, ríkisstjórninni og meiri hluta hennar á Alþingi. Það er með miklum ólíkindum að menn skuli gefa sjálfum sér og framgöngu sinni einkunn af því tagi sem hæstv. utanrrh. hefur þar gert. Ég trúi því að mörgum stuðningsmönnum Framsfl. sem verið hafa hingað til — og kann nú að fara nokkuð fækkandi, spái ég — þyki þetta athyglisverð yfirlýsing. Nú er vitað að það er mikil ólga í Framsfl. út af þessu máli. Það er andstaða við það að flokkurinn láti hafa sig í það og taki þátt í vinnubrögðum af þessu tagi. Fjölmörg framsóknarfélög hafa ályktað gegn málinu og krafist þess að það verði látið bíða. Nú síðast hafa framsóknarmenn í Reykjavík undir forustu leiðtoga síns, Alfreðs nokkurs, ályktað um það.

Þá er sennilega ekki gott, og má kalla salt í sárin hjá þessu fólki, að formaður Framsfl. lýsi því opinberlega yfir að hann hafi haft miklar efasemdir um að málið stæðist stjórnarskrána eins og það var upphaflega fram borið en telji að vísu að það fari skánandi og segir að sér líði talsvert betur orðið vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á málinu eða eru fyrirhugaðar til að það dragi úr líkunum á að það brjóti í bága við stjórnarskrána. Hvað segir formaður allshn. um þessa yfirlýsingu formanns Framsfl.? Hafa þeir rætt þetta mál? Kom formaður Framsfl. til formanns allshn. og ræddi við hann um áhyggjur sínar af því að frv. í upphaflegri mynd sinni hefði sennilega brotið í bága við stjórnarskrána og útskýrt í hverju það fólst o.s.frv.? Ég verð að segja að ansi léttúðugt er umhverfið í þessu ef menn láta svona yfirlýsingu eins og vind um eyru þjóta.

Auðvitað er staðan sem Framsfl. er í í þessu máli öllu saman og öllu þessu samhengi með miklum endemum. Framsfl. er hér beygður í duftið aftur og aftur og þingmenn hans greinilega barðir til hlýðni, allir þeir sem láta sig hafa það. Þessir ofurkostir virðast allir sprottnir af því að formaður Framsfl. vill flest, ef ekki allt, til vinna að halda þessu ríkisstjórnarhripi saman fram yfir 15. september þannig að hann fái að setjast í stól forsrh. Dýr er sá stóll að verða metnaði Framsfl. Það er sem sagt allt gefið eftir, allt látið falt. Sjálfstæðismenn hafa auðvitað fundið inn á þetta, verið þefvísir á færin sem þetta skapar og menn hafa þóst greina það í framgöngu framsóknarmanna á mörgum öðrum sviðum að þeir séu ákaflega mjúkir í hnjáliðunum, svo það hugtak sé nú notað, þegar kemur að því að standa á sínu gagnvart Sjálfstfl. Hvernig stendur t.d. á því að hæstv. heilbrrh. Jón Kristjánsson er í jafnhörmulega veikri stöðu og raun ber vitni að verja heilbrigðiskerfið? Getur hugsast að það sé m.a. vegna þess að sami óttinn læsi sig um hjörtu framsóknarmanna um leið og Sjálfstfl. ber í borðið, að stjórnarsamstarfið geti verið í hættu ef þeir ybba sig, ef þeir heimta peninga í Landspítalann? Þá leka menn niður. Þá gefa menn eftir og standa þar fyrir blóðugum niðurskurði, uppsögnum og þrengingum sem landsfrægar hafa orðið.

Framsfl. hefur á undanförnum árum látið hafa sig í hluti, eða kannski hefur honum ekki verið það svo óljúft, sem einhvern tíma hefði þótt saga til næsta bæjar að Framsfl. á Íslandi stæði fyrir. Hér hefur verið í gangi mikil markaðs- og einkavæðing samfélagsins á fjölmörgum sviðum. Hún hefur gengið svo langt að jafnvel sjálfum höfundunum, Davíð

Oddssyni og félögum, hæstv. forsrh., er farið að blöskra. Þeir eru farnir að tala um það opinberlega að menn séu að misnota frelsið sem þeir hafi fengið. Á köflum virðist það vera þannig að Framsfl. hafi jafnvel minni efasemdir um nýfrjálshyggjusamfélagið sem hér hefur verið skapað í viðskiptalífinu en Sjálfstfl. Ég hygg t.d. að Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., hafi miklu oftar viðrað áhyggjur sínar af framferði manna í fjármálageiranum og hvernig stóru markaðsráðandi risarnir í viðskiptalífinu hegða sér en hæstv. viðskrh. Það má að sumu leyti kannski lesa það út úr athöfnum hæstv. viðskrh. sem hefur nánast í öllum tilvikum látið þessa hluti ganga afskiptalaust að Framsfl., hin nýja valdakynslóð, nýja forustan þar, hæstv. viðskrh., utanrrh., félmrh., sem talin eru mynda forustuþríeyki að sögn þeirra sem eru vel að sér í framsóknarfræðunum hafi bara í raun og veru engar áhyggjur af þessu. Þetta er sami hópurinn og leynt og ljóst vinnur að því að koma Íslandi inn í Evrópusambandið, eins og kunnugt er, og þegar við tökumst t.d. á hér um eitt af stórmálum þessa vetrar, þ.e. markaðsvæðingu íslenska raforkugeirans þar sem á að feta í fótspor nýfrjálshyggjunnar í öðrum löndum og hefja markaðs- og væntanlega síðar einkavæðingu á ýmiss konar veitustarfsemi sem býr þó við náttúrulega einokun, hefur bara hreinlega komið á daginn að Framsfl. er hægra megin, ekki bara við Sjálfstfl., heldur meira að segja hægra megin við repúblikana í Bandaríkjunum, í Kaliforníu, í því máli. Valgerður Sverrisdóttir, hæstv. iðnrh., er mesta frjálshyggjumanneskjan í landinu þegar kemur að því að markaðs- og einkavæða t.d. raforkukerfið. Þetta er staðreynd. Gagnrýni sem hefur verið reidd fram, t.d. vitnisburði þingmanna frá Kaliforníu sem hér voru á ferð þar sem þeir vöruðu mjög við því að Íslendingar lentu í sömu ógöngum í gegnum einkaeða markaðsvæðingu á raforkustarfsemi sinni, lætur hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir eins og vind um eyru þjóta.

Kannski er einfaldlega Framsókn orðin að hinni löngu húsmennsku á höfuðbóli íhaldsins og hefur einfaldlega samsamað sig hugmyndafræðinni algerlega. Hún er svoleiðis runnin þeim í merg og blóð að efasemdir leita síður á þá, framsóknarmennina, en íhaldið sjálft sem hefur þrátt fyrir *allt stundum efasemdir, eins og kunnugt er.*

Þetta fjölmiðlamál hefur tekið mikið af tíma og orku Alþingis síðustu dagana og vikurnar og má segja að það hafi skekið þjóðfélagið af eðlilegum ástæðum, verið tilefni til meiri umræðu um framgöngu stjórnvalda og það hvernig menn fara með völd sín en lengi áður hefur verið uppi. Síðast í dag á fjölmennum mótmælafundi á Austurvelli komu saman þúsund manns eða meir, einfaldlega til þess að gefa stjórnvöldum rauða spjaldið, gefa ríkisstjórninni og meiri hluta hennar hér rauða spjaldið, vegna framferðis síns og *vinnubragða ekki síður en efnis málsins, innihaldsins.* Það er held ég það sem stendur alveg sérstaklega eftir, frú forseti, að vinnubrögðin í þessu máli öllu saman eru með þvílíkum endemum að jafnvel þótt menn hefðu viljað freista þess að reyna að taka einhvern þátt í efnislegri afgreiðslu málsins og hafa áhrif á það til góðs, sem menn gjarnan vilja reyna, hefur það bara ekki verið nokkur lífsins leið. Fyrir það fyrsta hefur ekki verið boðið upp á það. Það hefur ekki verið leitað eftir því. Það hefur eiginlega ekki verið hægt að koma nálægt þessu máli eins og stjórnarflokkarnir hafa hegðað sér í því. Fyrst og fremst tveir menn, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., sömu höfðingjarnir, hæstvirtu ráðherrarnir, og einhliða ákváðu að Ísland styddi Íraksstríðið sem hér var einnig til umræðu í dag, hafa ákveðið hvernig með þetta mál skuli fara. Málið var allt í einu rifið út úr allshn. áður en fagnefndir þingsins sem höfðu fengið það formlega til umsagnar höfðu haft tök á því að skila áliti sínu. Það var ekki leitað eftir samstöðu, spurt hvort menn hefðu einhverjar hugmyndir um breytingar eða hvort möguleiki væri á að ná einhverri samstöðu um málið. Nei, aldeilis ekki. Utan úr bæ komu tilbúnar brtt. og nefndarálit og á þeim grunni var málið rifið út og dreift á borð þingmanna nokkrum mínútum síðar, t.d. 6–7 blaðsíðna nefndaráliti meiri hlutans. Upp á þessi vinnubrögð horfði þingheimur. Þetta er þannig aðferðafræði, það er þannig í pottinn búið að það er alls ekki boðið upp á það að vinna að þessu máli eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri með venjubundnum hætti, hvað þá að einhver aðstaða sé til að hafa áhrif á framvindu málsins.

Þetta er mjög dapurlegt eins og margsinnis hefur verið endurtekið hér vegna þess að í upphafi voru engin sérstök tilefni til að ætla að þetta mál væri öðruvísi vaxið en önnur, að ekki mætti skoða það að vinna að því með því hugarfari að ná einhverri lágmarkssamstöðu um aðgerðir á þessu sviði. Eins og margoft hefur verið vitnað til fluttu fulltrúar fjögurra þingflokka af fimm í desembermánuði tillögu um tilteknar aðgerðir í þessum efnum þar sem m.a. spurningum um lagasetningu eða reglusetningu var velt upp og á útmánuðum flutti fimmti þingflokkurinn, Samf., tillögur um annars konar nálgun í þessum efnum. Það liggur fyrir að allir þingflokkar hér hafa talið þetta mál sem slíkt mikilvægt og verðskulda skoðun og aðgerðir. Þess þá dapurlegra er auðvitað að stjórnvöld í landinu, ríkisstjórn, meiri hluti hér á Alþingi og Alþingi í heild, skuli vera fangar vinnubragða af því tagi sem formenn stjórnarflokkanna þvinga upp á menn. Sá er veruleikinn í málinu. Málið er í heljargreipum formanna stjórnarflokkanna sem keyra með offorsi áfram og bjóða ekki upp á umræðu, skoðanaskipti eða viðleitni til að ná saman um eitt eða neitt, ganga út frá því eða hafna fyrir fram. Þeir loka dyrunum á það að eitthvað slíkt geti gerst. Það er auðvitað algerlega verið að loka dyrunum á að einhver samstaða myndist í landinu innan þings og utan um eitt eða neitt í þessum efnum með þessum vinnubrögðum. *Það er verið að segja sundur friðinn.*

Þetta verða auðvitað þeir að skilja úti í þjóðfélaginu sem sumir hverjir undrast t.d. að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með okkar áherslur í þessu máli skulum ekki reyna að hafa einhver efnisleg afskipti af því hvernig þetta mál er hér meðhöndlað, jafnvel taka þátt í að reyna að breyta því og afgreiða það. Svarið er þetta: Þótt við værum öll af vilja gerð er það bara ósköp einfaldlega ekki í boði. Vinnubrögð formanna stjórnarflokkanna hafa gersamlega tekið þetta mál í gíslingu. Það er engin leið að komast að því á neinum þeim málefnalegu forsendum sem geri það kleift og fært að reyna að vinna að því eða lagfæra það. Það væri auðvitað æskilegt, hið eðlilega. Þegar því er síðan algerlega neitað að gefa málinu tíma, að gefa svigrúm til þess að skoða það vandlega og rækilega ofan í kjölinn, setja það í samhengi, taka á öðrum þáttum þess sem út af standa, er auðvitað ekki um neitt að tala um í þeim efnum. Það á að þvinga þennan afmarkaða gerning í gegn sem auðvitað nær á engan hátt utan um þetta fjölmiðlasvið í heild sinni. Það er algert gatasigti gagnvart því að ná markmiðunum í heild sinni fram í fjölmiðlum landsins, um fjölbreytta, óháða og öfluga fjölmiðlun þar sem allt er undir, opinbera fjölmiðlunin, eða Ríkisútvarpið, almenningsútvarpið, ljósvakinn, dagblöðin, tímaritin, netmiðlarnir, nýja tæknin og allt sem hér auðvitað

þyrfti að vera undir og til skoðunar ef menn í alvöru og af einhverjum raunverulegum áhuga vildu takast á við þetta viðfangsefni í heild sinni og á breiðum grundvelli.

Svona er því miður í pottinn búið. Það segir heilmikla sögu um stjórnarfarið á Íslandi, frú forseti, um stöðu þingræðisins á Íslandi og um það hvernig menn eru farnir að umgangast hér vald sitt, sérstaklega þeir sem hafa lengi setið að miklum völdum, fyrst hérna handan Vonarstrætisins, í Ráðhúsinu sem þeir byggðu reyndar, og síðan hér inni á Alþingi í meira en 13 ár.

Menn hafa stundum nefnt til sögunnar og til samanburðar vinnubrögðin á þessu sviði í Noregi þar sem menn hafa verið með í undirbúningi í nokkur ár, fjögur ár held ég að ég hafi heyrt, breytingar á þeim reglum sem þar eru fyrir og í gildi og eru nokkurra ára gamlar. Það er ekki bara í því sem grundvallarmunurinn á vinnubrögðum og viðhorfum liggur, að þar taka menn sér rækilegan tíma í ítarlegt samráð innan þings og utan um málið, kalla til alla helstu hagsmunaaðila og áhugaaðila, heldur líka í því að í norska þinginu tekur þingið sjálft við málunum og meira og minna stýrir þeim, eins og reyndar er alsiða á mörgum öðrum sviðum í Noregi. Þingið mótar stefnuna til langs tíma með stefnumótandi afgreiðslum og samþykktum en ekki ríkisstjórnin með því að keyra sína hluti í gegn. Yfirleitt er á norska þinginu gengið frá stefnumótun af því tagi sem stundum leiðir svo til aðgerða á sviði laga og stundum ekki, með því sem Norðmenn kalla Stortingsmelding, þ.e. Stórþingssamþykkt, á sviði orkumála, á sviði fjölmiðlamála o.s.frv. Það er stefnumótandi afgreiðsla eða samþykkt þingsins með ítarlegum rökstuðningi sem er oftast gefin síðan út í þykkri bók og gildir til nokkurra ára í senn.

Nú segja menn auðvitað að ólíku sé saman að jafna af því að í Noregi sitji minnihlutastjórnir og þær þurfi að ná sínum hlutum í gegnum þingið, semja þær í gegn. Það er heilmikið til í því. Það þarf ekki að vera sá himinn og haf á milli vinnubragðanna, hvort sem minnihlutastjórnir sitja í einu landi og hefð er fyrir slíku eða því sem hér er, yfirleitt meirihlutastjórnir. Menn þurfa ekki að láta algerlega lönd og leið allt sem heitir samráð við Alþingi og eðlilega hlutdeild þess í ákvarðanatöku og stefnumótun af þessu tagi. Auðvitað er verið að gera það með því að keyra umdeilda hluti af þessu tagi í logandi andstöðu við allt og alla í gegn á örfáum dögum. Auðvitað er hverjum manni ljóst að Alþingi sem slíkt hefur engan frið, enga stöðu, til þess að taka málin í sínar hendur og vinna þau eins og mönnum væri skapi næst, með eðlilegum hætti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur hér endalaust upp og kvartar undan því ef nefndir eru ráðherrar á nafn í þessum sal og segir að það sé óvirðing við þingið, styður þó sjálfur þá ríkisstjórn sem meira en nokkur önnur sem ég þekki hefur valtað yfir þingið trekk í trekk og gerir enn. Það eru auðvitað mikil öfugmæli. Ef einhver ætti að hætta að styðja þessa ríkisstjórn og það í hvelli, helst í gær, væri það hv. þm. Pétur H. Blöndal ef hann tekur mark á eigin endalausu ummælum um að það eigi að virða sjálfstæði þingsins og ríkisstjórn komi ekki við hvernig mál séu afgreidd eftir að þau eru komin til þings. Hvar fæddust síðustu brtt. við frv.? Voru það ekki Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson sem kokkuðu þær? Að vísu upplýsti forsrh. að þær hefðu verið samdar í þinghúsinu, þær hafa kannski verið skrifaðar á servíettu í ráðherraherberginu. Hver veit? Að minnsta kosti fæddust þær ekki í allshn. Svo mikið er víst.

Ég hef heilmikið velt því fyrir mér, frú forseti, auðvitað ekki bara af þessu tilefni, heldur mörgum öðrum, í raun og veru hvernig komið sé fyrir lýðræðinu og þingræðinu að mörgu leyti á Íslandi. Hvernig er komið fyrir þingræðinu á Íslandi? Ráðstefna var haldin um það uppi í háskóla í vetur í tengslum við 100 ára afmælið fræga og aldrei þessu vant fengu fleiri en útvaldir vinir að vera þar með. Við, fulltrúar þingflokka, vorum þar í pallborði, að vísu aftast á dagskránni sem var svo sem allt í lagi, búin að hlusta á alls konar spekinga segja okkur hvað Alþingi væri og væri ekki í 2–3 tíma þegar við loksins fengum að tjá okkur um það mál. Undir var á ráðstefnunni staða þingræðisins hér og ég held að ég sé ekki að leggja neinum þar orð í munn eða gera þeim upp skoðanir þótt ég dragi það saman þannig að það var nánast algerlega samdóma álit allra að þingræði á Íslandi væri mjög veikt. Það hefur þróast hraðbyri í óhagstæða átt. Ég held að það liggi í nokkrum þáttum samverkandi á löngum valdatíma mjög valdboðssinnaðra stjórnmálaforingja. Sú er kannski stærsta einstaka ástæðan. Í öðru lagi felst það í því að hér hafa setið að völdum um nokkurt árabil sterkar meirihlutastjórnir með það sterkan þingmeirihluta að þær hafa í raun og veru ekki þurft að hlusta á eitt eða neitt. Þó að einn og einn stuðningsmaður ríkisstjórna hafi verið með múður á umliðnum árum, og sé jafnvel enn, hefur oftast bara verið haldin sýnikennsla í því af hálfu forustumanna stjórnarflokkanna hvernig farið er með óþæga þingmenn. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, þá nýorðinn formaður Sjálfstfl., hélt sýnikennslu í því á sínu fyrsta kjörtímabili hvernig snúið var upp á handlegginn á, og jafnvel handleggirnir snúnir af, þingmönnum í Sjálfstfl. sem voru með einhverja óþekkt. Við munum hvernig það fór. Við munum hvaða örlög biðu þeirra hv. þm. sem voru með uppsteyt á köflum á árunum 1991–1995. (**Gripið fram í:** Þeir eru horfnir.) Þeir eru horfnir af vettvangi. Þeirra beið ekki mikill frami í Sjálfstfl., (**RG:** Friðrik Sophusson.) þingmanna eins og Inga Björns Albertssonar og fleiri góðra manna sem ég kannski sleppi að nefna hér. Hvernig fór með hæstv. fyrrverandi fjmrh., Friðrik Sophusson, sem ég heyri að einhverjir muna hér eftir? Hann var blár upp að olnbogum, það var búið að lemja svo oft á puttana á honum. Hann gaf ráðherrunum, samstarfsmönnum sínum í ríkisstjórninni, belgvettlinga þegar hann kvaddi þá til þess að þeir gætu varið sig fyrir reglustikunni sem alltaf væri verið að lemja á puttana á mönnum með (**RG:** ... og hafði belgvettlinginn í fimmtugs ...) og var þó nokkur húmor í því. Það verður að segjast. Það má sá ágæti maður, núverandi forstjóri Landsvirkjunar, eiga þótt við séum ekki alltaf á eitt sáttir, að hann á það til að vera hinn besti húmoristi. Þetta var viðeigandi. Þarna hafði verið haldin sýnikennsla í því hvernig færi fyrir þeim sem væru með uppsteyt. Þetta er önnur mikilvæg skýring. Þessir menn hafa haft mikil völd lengi og þeir hafa haft næði til að lemja þingmenn undir boðvald sitt þannig að það gerist mjög sjaldan nú orðið að vart verði við nokkurn uppsteyt í þeim efnum.

Þannig gerist það auðvitað að þetta frv. fer í gegnum þingflokka stjórnarliðsins eins hroðalega úr garði gert og það var í byrjun og þeir nú sjálfir útmála með því að leggja áherslu á mikilvægi þess að því hafi verið breytt aftur og aftur, án nokkurs fyrirvara. Ég veit ekki til þess að nokkur þingmaður stjórnarliðsins hafi opinberað fyrirvara á stuðningi sínum við málið. Það ber mönnum að gera ef þeir eru stuðningsmenn ríkisstjórnar og taka þátt í að afgreiða stjórnarfrumvarp í gegnum þingflokka. Ef þeir ekki lýsa fyrirvara við þá afgreiðslu í þingflokknum eru þeir að segja að þeir séu

tilbúnir til að styðja frv. þess vegna óbreytt. Að sjálfsögðu er ekki útilokað að það taki breytingum en menn eiga enga kröfu á að málið taki breytingum nema þeir lýsi fyrirvara við stuðning sinn á því óbreyttu strax og það er lagt fram sem stjórnarfrumvarp. Þannig er það. Þetta geri ég ráð fyrir að menn hafi á hreinu. Ekki er það sökum kunnáttuleysis sem menn láta þetta rúlla í gegn andmælalaust. Okkur hefur a.m.k. ekki verið tjáð það eða við verið upplýst um að neinn þingmaður sem var viðstaddur afgreiðsluna hafi gert fyrirvara á, en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eins og við vitum var hins vegar strax frá byrjun ekki stuðningsmaður frv. Það hefur legið fyrir.

Það er tilefni til þess, virðulegur forseti, að velta þessum hlutum fyrir sér, líka vegna þess að sem oftar við aðstæður kannski að einhverju leyti sambærilegar hefur komið upp umræðan um það hvort hér sé að myndast slík gjá milli þess sem í vændum er af hálfu meiri hluta á Alþingi, fremur knapps meiri hluta að vísu, og þjóðarinnar, að það stefni í hreint óefni og jafnvel beri forseta Íslands að taka það mál til íhugunar. Sú umræða hefur sem sagt komið upp að mögulega muni forsetinn nota og þá í fyrsta sinn heimild stjórnarskrárinnar til að skjóta málinu í dóm þjóðarinnar. (**KHG:** Er það hin pólitíska grjótagjá?) Það er heilmikil grjótagjá, já, pólitísk. Sú hin eina og sanna hefur verið mjög heit undanfarna nokkra áratugi en er nú að vísu eitthvað að kólna þannig að menn eru jafnvel farnir að baða sig í henni. Hvað verður samt með þessa gjá skal ég nú ekki segja.

Ég vil bara segja að þau stjórnvöld sem líta þeim augum til valdsins að þau geti hvað sem tautar og raular trekk í trekk beitt því í augljósri andstöðu við yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar sem þau þó sækja umboð til hljóta að vera á miklum villigötum. Menn geta svo sem sagt að þær aðstæður geti komið upp að þeir telji sig verða að taka óvinsælar og erfiðar ákvarðanir sem þjóðin sé andvíg og þeir ætli þá að bera á því pólitíska ábyrgð og axla hana í formi kosninga þegar þar að kemur. Ég ætla ekkert að segja að slíkar aðstæður geti ekki komið upp. Það getur aldrei talist æskilegt. Það getur það ekki. Almennt séð er það gegn lýðræðishugsuninni að gera eitthvað, yfir höfuð hvað sem það er, í andstöðu við vilja meiri hlutans. Það er bara þannig. Ef það gerist hins vegar aftur og aftur að sömu stjórnvöld verða ber að því að meðhöndla vald sitt eða umboð hljóta menn að fara að hafa efasemdir um það hvernig menn nálgast málin.

Þessi ríkisstjórn er sannanlega ber að því. Það liggur algerlega fyrir að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar var andvígur því að Íslendingar styddu stríðið í Írak. Hún var það, og er það. Það hlýtur að vera marktækt þegar vandaðar skoðanakannanir sýna endurtekið að milli 80 og 90% þjóðarinnar eru þeirrar skoðunar. Það er svo yfirgnæfandi meiri hluti að það er langt út fyrir öll skekkjumörk. Þetta vita auðvitað formenn stjórnarflokkanna. Hvorki sú vitneskja hefur dugað þeim né allar þær hörmungar sem í kjölfarið hafa siglt í því máli til þess að votti fyrir því að þeir telji að þeir eigi að endurskoða afstöðu sína. Þeir halda til streitu þeirri stefnu mánuðum og árum saman í andstöðu við vilja þjóðarinnar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Og þeir eru að gera það aftur hér. Ég held að það sé nokkuð ljóst. Það þarf ekkert að fara lengi um á meðal almennings í landinu í dag til að skynja það að þjóðinni ofbuðu algerlega þessi vinnubrögð. Það á sér afar fáa formælendur hvernig formenn stjórnarflokkanna hafa haldið á þessu máli öllu saman í heild sinni og frá byrjun.

Þó að ég nefni þá oft til sögunnar, hæstv. ráðherrana Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, er ekki þar með sagt að engir aðrir beri neina ábyrgð. Ég vona að mönnum sé það öllum ljóst að hver einn og einasti þingmaður sem styður þá með atkvæði sínu í þessu máli ber fulla og óskoraða ábyrgð á þessu öllu saman. Það skiptir engu máli í hvorum stjórnarflokknum hann er. Það fríar Framsókn ekki undan einu einasta milligrammi af ábyrgð í þessu máli þó að menn útmáli það fyrir þjóðinni að þeir eigi í erfiðleikum, hafi efasemdir. Þeir eru nákvæmlega jafnábyrgir fyrir gerningnum að lokum ef þeir greiða honum atkvæði sitt. Má ég þá frábiðja mér það að menn komi hér með þau nauðungarrök að þeir séu í liðinu, af því að þeir séu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar verði þeir að láta sig hafa það. Það er ekki þannig. Það er þvert á móti algerlega öfugt. Menn eru skyldugir til að fylgja sannfæringu sinni. Og hvað er fólgið í stuðningi við ríkisstjórn, að vera stuðningsmaður ríkisstjórnar? Að skrifa upp á hvert einasta mál sem hún flytur? Nei. Aldeilis ekki. Þá hafa menn eitthvað misskilið þetta. Þá verða nýju þingmennirnir að fara aftur á námskeið fyrir nýja þingmenn. Það er ekki það sem fólgið er í stuðningi við ríkisstjórn, að skrifa upp á hvaðeina sem hún gerir. Það eina sem menn lofa þegar þeir taka þátt í því að mynda ríkisstjórn og lýsa sig stuðningsmenn hennar er að verja hana vantrausti. Komi fram vantrauststillaga á Alþingi ber þeim sem eru í stjórnarliðinu samkvæmt reglunum að greiða atkvæði gegn henni eða segja sig frá stuðningi við ríkisstjórnina ella. Svo einfalt er það mál. Þeir hafa hins vegar fullt sjálfstæði til að leggjast gegn hvaða málum sem svo ber undir, einstökum málum sem ríkisstjórnin flytur. Það eina sem þeim ber þá að gera er að láta vita af því að þetta eða hitt málið eða efnisþáttinn geti þeir ekki stutt.

Ég man eftir því þegar forseti neðri deildar, sem þá var Ingvar Gíslason, fyrrverandi menntamálaráðherra, flutti ásamt mér frv. um rannsókn á embættisfærslu páverandi menntamálaráðherra í tilteknu máli. Mönnum þótti nokkrum tíðindum sæta að stjórnarþingmaðurinn og forseti neðri deildar í umboði meiri hlutans flytti frv. um rannsókn á embættisfærslu ráðherra í ríkisstjórn sem hann studdi. Hann var sakaður um það m.a. að vera að bregðast stuðningi við ríkisstjórnina. Hinn reyndi og vellesni ágæti fyrrverandi hv. þm. Ingvar Gíslason. Það stóð nú ekki í honum að svara fyrir það. Hann gerði það nákvæmlega eins og ég gerði hér áðan. Hann sagði ósköp einfaldlega: Það er ekki þannig að ég hafi lofað að styðja hvaðeina sem þessi ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar hennar gera eða allar þeirra embættisfærslur eða -afglöp. Það er nú aldeilis ekki, sagði hv. fyrrverandi þingmaður Ingvar Gíslason. Hann sagði: Ég hef engu lofað nema því að verja þessa ríkisstjórn vantrausti. Það er ekkert annað fólgið í stuðningsheiti mínu við hana.

Auðvitað er það svona. Stjórnarskráin gengur frá því að þetta er svona. Það er eins og þingmenn gleymi því almennt að þeir eru varðir af þessu ákvæði. Auðvitað vitum við að hinn veruleikinn er sá að menn óttast um áhrif sín og stöðu í flokkunum, alveg sérstaklega undir stjórn húsbænda eins og þeir hafa nú á stjórnarheimilinu, ef þeir standa á rétti sínum og sjálfstæði í málum af þessu tagi. Þá er það þægindaafstaða sem menn eru að taka, og ekkert annað. Það er bara þannig.

Ég ber ekki snefil af virðingu fyrir innantökum einhverra manna í grundvallarmáli af þessu tagi. Ef þeir láta hafa sig í að styðja gerninginn bera þeir á honum 100% ábyrgð, alveg

nákvæmlega eins og höfundarnir sjálfir, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þannig er það.

[17:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var farið vítt og breitt um veg og kannski ekkert mikið rætt um efni máls. Er það mjög skiljanlegt. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur farið mikinn í umræðunni og kallað menn ýmsum nöfnum, m.a. gungu og ýmislegt fleira eins og menn þekkja. Gott ef hann talaði ekki svolítið um kjark í þessari ræðu. Það er kannski æskilegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fari aðeins yfir það og skoði hjá sjálfum sér því að fáir menn hafa hlaupið jafnhratt frá þeim skoðunum og hugmyndum sem hann hafði fyrir nokkrum mánuðum. Ég er hér, virðulegi forseti, með till. til þál. frá þessum hv. þingmanni. (**BH:** Ætlarðu að lesa hana?) Þar er tekið sérstaklega fram að eigi að skoða, með leyfi forseta: „... hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila".

Í þessari umræðu sagði 1. flm. þessarar þáltill., með leyfi forseta:

„Ýmsir hafa lýst sérstökum áhyggjum af þessari þróun því að fákeppni er trúlega hvergi verri en einmitt í fjölmiðlun."

Ég tek líka beint upp úr útvarpinu þar sem útvarpsmaður sem fjallaði um þetta segir:

„Flokksformaður Vinstri grænna, Steingrímur J. Sigfússon, taldi varhugavert að umsvifamiklir viðskiptaaðilar í fákeppnisumhverfi yrðu fjölmiðlakóngar."

Svo er vitnað beint í hv. þingmann sem segir:

„Þá er stutt í hið rússneska ástand, íslenska „ólígarka", nýríka viðskiptajöfra sem eru jafnframt með fjölmiðla eða fjölmiðlakeðjur á sínum höndum til að reka áróður fyrir umsvifum og störfum sínum."

Hvenær skyldi þetta hafa verið? Þetta var 19. nóvember sl. Síðan hefur samþjöppun orðið massíf. Hvar eru hugmyndir hv. þingmanns?

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er alltaf sama ræðan hjá þingmönnum Sjálfstfl. Þetta er alltaf sama nauðvörnin hjá þeim. Ef menn hafa lýst sig reiðubúna til að skoða þetta mál, ef menn bara ekki í grundvallaratriðum segja sig frá því að það geti verið ástæða til að hafa einhverjar takmarkandi reglur eiga menn bara að vera skuldbundnir til þess að styðja þetta frv. ríkisstjórnarinnar og skrifa upp á öll þau vinnubrögð. Þetta er óskaplega ódýr og einföld röksemdafærsla og til marks um það í hvers konar rosalegri nauðvörn þessir ágætu hv. þm. Sjálfstfl. eru, sérstaklega hinir ungu þingmenn. Þeir koma hérna aftur og aftur og sarga á þessu sama atriði sem liggur svo ljóst fyrir að þarf ekki að rökræða um það. Ég er mjög stoltur af því og ánægður með það að menn vitni sem mest í ræður mínar og fjalli um þær tillögur sem við fluttum. Þær eru góðar. Ég hef nákvæmlega sömu grundvallarviðhorf til þessa máls í dag og ég hafði fyrir nokkrum mánuðum og fyrir tveim, þrem, fjórum, fimm árum. Þær eru í fullkomnu samræmi við grundvallarlífsskoðanir mínar og það sem ég hef talað fyrir og barist fyrir gagnvart viðskiptalífinu á Íslandi almennt. Ég ber ekki minnsta kinnroða fyrir því að svara fyrir það hvernig við höfum staðið að verki í þessum efnum.

Það dapurlega er auðvitað að þessi fautavinnubrögð forustumanna stjórnarflokkanna hafa gersamlega gert það ómögulegt að aðilum sem í byrjun hefði kannski mátt ætla að hefðu getað náð saman, jafnvel þinginu öllu, er enginn kostur á því. Það er ekki boðið upp á það, það er ekki fært. Þetta mál er í gíslingu formanna stjórnarflokkanna. Það er algerlega orðið ómögulegt að vinna það með neinum eðlilegum hætti eins og á því hefur verið haldið. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn Sjálfstfl. eða stjórnarliðsins að sarga hér með þessum hætti og reyna að segja mönnum einhverjar draugasögur í björtu. Þeir þekkja manna best hvernig formenn þeirra flokka hafa þjösnast áfram í þessu máli og hvers vegna það er í þeim ógöngum sem raun ber vitni.

[17:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst hver er í nauðvörn í þessu máli. Ræður hv. þingmanns liggja skjalfestar fyrir, (Gripið fram í.) þáltill. þar sem sérstaklega er tekið fram að það þurfi að taka á eignarhaldi á fjölmiðlum hjá markaðsráðandi aðilum, hvorki meira né minna. Það sem hefur síðan gerst er að samþjöppunin hefur orðið miklu meiri, meiri en nokkurs staðar annars staðar gerist. Ef menn hlusta á ræðu hv. þingmanns reynir hann í nauðvörn sinni að tala um það að vinnubrögðin hafi verið með þeim hætti að ekki sé hægt að ná samstöðu. Hv. þm. var ekki að byrja á þingi í gær. Það liggur fyrir að í þessu máli hefur þingflokkur vinstri grænna verið á harðahlaupum undan eigin yfirlýsingum og reynt að passa sig á því að geta staðið fyrir utan þessa ákvarðanatöku. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir. Það sem liggur til grundvallar eru þeirra eigin orð fyrir nokkrum mánuðum.

[17:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er alveg dapurlegur málflutningur, eins ómálefnalegur og hugsast getur. Þetta er sama aðferðafræðin og Bush notar: Ef þú ert ekki með mér ertu á móti mér. Bush hefur einmitt notað þá sömu aðferðafræði, ef menn eru á móti hryðjuverkum eiga þeir auðvitað að styðja stefnu Bandaríkjastjórnar. Þá á það bara að vera þannig að þar með séu menn skuldbundnir til þess að styðja þá aðferðafræði Bandaríkjastjórnar að fara um með báli og brandi og láta sprengjum rigna yfir vanþróaðar þjóðir. Það er enginn millivegur hjá Bush.

Þessi röksemdafærsla stjórnarliðsins er af sama toga, menn skulu ekki mega hafa sjálfstæða skoðun í þessu máli, vera tilbúnir til að skoða einhverjar reglur og takmarkanir. Nei, ef þeir eru það skulu þeir skrifa upp á tillögur ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð. Algerlega. (**Gripið fram í:** Þetta eru þín eigin orð.) Já, þær standa enn og þetta er enn skoðun mín, hv. þingmaður, og reyndu að bera virðingu fyrir því. Það eru til menn með sjálfstæðar skoðanir þótt þær séu ekki hátt skrifaðar í Sjálfstfl. (Gripið fram í.)

[17:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls síns notaði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nokkurn tíma til að fjalla um þau orð forvera síns á ræðustóli sem sneru að málflutningi Morgunblaðsins. Ef ég man rétt sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eitthvað sem svo að það væri eins og þingmanninum sem hann var þá að tala um þætti sem allir ættu að vera sammála Morgunblaðinu af því að nógu mikið væri hamrað á hlutunum. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta nokkuð

áhugavert og kem þess vegna upp. Fyrr á árum, um það leyti sem ég var að byrja í stjórnmálum, var Morgunblaðið bæði ráðandi málgagn á blaðamarkaði og mjög flokkspólitískt. Síðan gerðist það að þeir höfðingjar Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson bara börðust fyrir sjálfstæði ritstjórnar sinnar. Morgunblaðið fékk allt aðra ásýnd og e.t.v. þannig ásýnd að mjög mörgum fannst að það væri margt rétt sem stæði í Morgunblaðinu.

Þingmaðurinn notaði mikinn tíma til að fjalla um ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar — mér fannst það skemmtilegt — og ég velti fyrir mér hvort hann velti því fyrir sér hvort þessi viðhorf þingmannsins eigi rætur í trúverðugleikanum sem Morgunblaðið hefur öðlast á liðnum árum eða hinu, hinu breytta Morgunblaði, hinu flokkspólitíska málgagni sem hefur birst okkur u.þ.b. frá því að þetta mál fór af stað. Það hefur orðið grundvallarmunur á málflutningi Morgunblaðsins sem á þessum tíma sem ég var að vísa til reyndi að hafa breiðan umræðugrundvöll og fjalla um ólík sjónarhorn í málum. Svo hefur það gerst að undanförnu að það er bara ein lína og hún er flokkspólitísk. Hvernig má það vera miðað við það sem ég hef lagt hér upp með?

[17:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað ákaflega áhugavert að ræða Morgunblaðið í þessu samhengi. Það hefur eðlilega, eins og reyndar framganga fleiri fjölmiðla, dregist af og til inn í umræðurnar þar sem við erum að fjalla um fjölmiðlafrumvarp. Þegar maður lítur til baka og horfir jafnframt til nútímans held ég að kannski hafi verið gert of mikið úr þessari breytingu sem var fólgin í því, kannski fyrst og fremst, að ritstjórar Morgunblaðsins hættu að sitja þingflokksfundi hjá Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Þeir eru byrjaðir aftur.) Það var það sem alltaf var vitnað til að væri til marks um það hversu óháð Morgunblaðið væri þarna orðið. Auðvitað er mjög margt vel um Morgunblaðið og þar er að mörgu leyti mikil fagmennska ástunduð í blaðamennsku. Það er í það heila áreiðanlegur fréttamiðill. Morgunblaðið er hins vegar mjög pólitískt í leiðurum sínum og í fréttavali, eins og við höfum rækilega séð nú upp á síðkastið. Það er alveg augljóst mál. Leiðarar Morgunblaðsins hafa aukinheldur þetta sérkennilega einkenni, sem og Reykjavíkurbréf og önnur slík skrif, að Morgunblaðið er ekki bara að bera blak af sínum mönnum og þeim sem eru í aðalatriðum á svipuðum slóðum í skoðunum, það er líka alltaf að sanna sjálft sig og vitna í sjálft sig. Þessi árátta sem ég dró samasemmerki á milli hjá Morgunblaðinu annars vegar og málflutningi hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hins vegar er að víst skuli allir vera sammála Morgunblaðinu.

Það á víst að vera þannig að allir eigi að styðja frv. ríkisstjórnarinnar, segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Af hverju? Jú, af því að menn hafa ekki útilokað að það kæmi til greina að setja lög um fjölmiðla. Þar með skulu menn vera sammála þessu. Ha? Svona er þetta. Mogginn skrifaði svona vegna þess að þingflokkar fluttu hér tillögur og voru tilbúnir til að skoða málin. Þar með hlytu þeir að vera sammála því að setja þessi lög sisona og vinna að lagasetningunni með þessum hætti. Auðvitað eru þetta ótrúlegar alhæfingar í röksemdafærslu sem ná ekki nokkru máli ef við ætlum að tala af virðingu um viðhorf hvers annars og eiga uppbyggilegar rökræður.

[17:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt ég taki kannski ekki svo djúpt í árinni að halda því fram að Morgunblaðið hafi drepið af sér önnur flokksmálgögn hefur það virkilega haft gífurlega sterka stöðu alveg þangað til núna að Fréttablaðið er farið að ógna stöðu þess. Ég er hins vegar ein af þeim sem hafa verið fremur hrifin af því hvernig Morgunblaðið breyttist og hef tekið hattinn ofan fyrir þeim ritstjórum sem gerðu þessar miklu breytingar. Ég hef jafnmiklar áhyggjur af því hversu gífurleg breyting hefur núna orðið í gamla farið. Áður las ég mörg Reykjavíkurbréf sem settu fram aðrar skoðanir en Sjálfstfl. og allnokkra leiðara þar sem Morgunblaðið fór beinlínis í blóra við Sjálfstfl. Nú gerist það ekki. Ekki í þessu máli. Leiðarar, Reykjavíkurbréf, skrif, birtingar á bréfum, allt sem kemur Sjálfstfl. vel í þessari stöðu kemur núna fram í Morgunblaðinu. Það hryggir mig.

[17:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í raun og veru er fínt að hafa Morgunblaðið. Það má gjarnan skrifa á þeim nótum sem það gerir og velja fréttir eins og það gerir og hafa sína leiðara og sín Reykjavíkurbréf. Það er alveg meinalaust af minni hálfu. Það sem hins vegar vantar eru 2–3 önnur blöð með hliðstæða stöðu sem tryggja þá að önnur sjónarmið komi fram. Ég er t.d. alveg sérstakur andstæðingur þess hvernig Morgunblaðið fjallar oft og tíðum um utanríkismál, tel að Morgunblaðið hafi mjög bjagaða heimsmynd og sé mjög sértækt þegar það velur fréttir og leggur áherslur í umfjöllun sinni um þá hluti. Það sem vantar er annar jafnöflugur prentmiðill sem er gagnrýninn á utanríkisstefnu Íslendinga og stuðning okkar við Bandaríkin o.s.frv. svo dæmi sé tekið. (**RG:** En það gerist núna.) Svo fremi að menn komi hreint til dyranna og gangist við því hverjir þeir eru er það fínt. Það þarf auðvitað að vera mótvægi og fjölbreytni og um það erum við auðvitað að tala, ekki satt, í þessu ágæta fjölmiðlafrumvarpi.

[17:50]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir efnismikla og ágæta ræðu þar sem hann bæði færði rök að andstöðu sinni við það frv. sem hér er um að ræða og skýrði líka vel afstöðu sína og síns flokks í þessu máli. Þótt stjórnarandstaðan hafi staðið hér fullkomlega sameinuð í þessum punkti hefur hver hluti hennar sínar forsendur til að gera það. Það er ekkert óeðlilegt við það, þvert á móti. Það kann t.d. að stafa af mismunandi skilningi okkar á hlutverki stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka og mismunandi sýn okkar á samfélagið hvað ber þar í milli sem er, eins og ég segi, ekki merkilegt miðað við samstöðu okkar gegn þessu frv.

Ég lagði við eyrun þegar hv. ræðumaður talaði um hin sértæku lög og þá stöðu okkar hér á Íslandi í litlu samfélagi að mörg þau lög sem við gjarnan vildum telja almenn verða sértæk vegna þess að aðstæður okkar eru sérstakar, alveg eins og aðstæður okkar á fjölmiðlamarkaði ágætlega sýna.

Ég vil samt segja það að ég tel að lög sem hætt er við að teljist sértæk verði að uppfylla a.m.k. þrjú skilyrði til þess að þau séu í raun og veru tæk á þingi. Í fyrsta lagi verða þau að vera neyðarúrræði í stöðu sem strax þarf að leysa úr. Í öðru lagi eiga skilyrði þeirra eða ramminn í kringum þau að miðast við langan tíma og miðast við þá æskilegu framtíðarsýn

sem menn hafa samkvæmt markmiðum frv. Í þriðja lagi á að gæta meðalhófsreglu og ekki ganga lengra í lagasetningu en þarf. Þarna greini ég t.d. mjög skýrt á milli frv. um SPRON sem mikill meiri hluti var hér fyrir í þinginu og síðan þessa frv. sem mikill minni hluti er með í samfélaginu.

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg augljóst mál að lagasetning á Íslandi er í því sérstaka umhverfi sem okkar fámenna samfélag og litla viðskiptalíf ber í sér. Þetta t.d. ræddum við mikið og skoðuðum í raun og veru í heilt ár 1991–1992 þegar samkeppnislög voru í smíðum. Hversu raunhæft er að nota sömu viðmið á Íslandi hvað varðar t.d. markaðshlutdeild fyrirtækja vegna smæðar markaðarins og fámennis eins og gert er víða erlendis? Niðurstaðan varð auðvitað sú að við yrðum að einhverju leyti að hafa hér sérstakar viðmiðanir. Við gætum ekki yfirfært reglur úr milljónaþjóðfélögum á okkur. Þetta á auðvitað mjög vel við líka í þessum fjölmiðlaheimi.

Ég er ekki alveg sammála greiningu hv. þingmanns á þessu með sértæk versus almenn lög. Ég held reyndar að sjálf skilgreiningin sé ekki nógu góð. Það er sjálfsagt ekki hægt að tala um fátæk lög í þeim skilningi, ekki að þau séu peningalítil, heldur að þau taki til fárra. Kannski væri það samt betri viðmiðun. Taka lögin til eins aðila, til fáeinna aðila eða eru þau almenn í þeim skilningi að þau varði þúsundir manna, lögaðila eða einstaklinga, í þjóðfélaginu?

Ég held að ekki sé hægt að nota þá röksemdafærslu að aldrei megi setja lög sem hafa eðlis síns vegna áhrif fyrst og fremst á einn eða fáeina aðila nema eitthvert neyðarástand sé fyrir dyrum. Ég held að slík lög geti þjónað réttmætum fyrirbyggjandi tilgangi. Ef þau uppfylla hin markmiðin tvö sem hv. þm. talaði réttilega um og ég er sammála, þ.e. að slík löggjöf verði þá að horfa til mikilvægra framtíðarmarkmiða sem löggjöfin á að uppfylla eða ná fram og að sjálfsögðu verður að gera þær kröfur til allrar slíkrar lagasetningar að hún standist góða stjórnsýslu og lagasetningarvenjur, þ.e. að hún sé ekki meira íþyngjandi en óumflýjanlegt er, gætt sé meðalhófs, menn fái sanngjarna aðlögun o.s.frv.

Um það snýst þetta mál nú orðið að mjög miklu leyti.

[17:55]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingu á útvarpslögum er hér til 3. umr. Eins og öllum er kunnugt hefur margt og mikið verið sagt um frv. fram til þessa. Fyrst af öllu ætla ég aðeins að beina sjónum mínum að tilefni frv.

Margir hafa haft á orði að tilefnið sé sumpart persónulegt. Fram hefur komið að ástæður frv. hafi með samskipti stjórnvalda við tiltekin fyrirtæki að gera. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um það. Þó er ljóst að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hefur orðið, um það er ekki deilt. Á síðustu 12–18 mánuðum hefur orðið meiri samþjöppun á þeim markaði en oftast áður en samþjöppun er ekki í sjálfu sér saknæm. Hún er óheppileg en ekki háskaleg. Hún verður ekki háskaleg fyrr en hún hindrar virka samkeppni og kemur í veg fyrir nýliðun greinarinnar. Það er sama og með markaðsráðandi stöðu sem er hugtak sem ég mun koma að síðar. Markaðsráðandi staða er ekki ólögleg eða háskaleg fyrr en henni er misbeitt. Það sama á við hér. Samþjöppun verður ekki háskaleg fyrr en hún hindrar virka samkeppni og kemur í veg fyrir nýliðun greinar. Ég vil minna á hagfræðikenningar þess efnis að öll samkeppni leiði til fákeppni því að krafan um hagkvæmni leiði sífellt til þess að fáir, stórir keppa. Oft er litið á fákeppni sem þróaða samkeppni. Þess vegna hafa menn alltaf skoðað, a.m.k. í stærri hagkerfum, þröskuldinn fyrir nýliðunina. Möguleika nýrra aðila til að ryðja sér braut inn á markað.

Þegar við skoðum fjölmiðlamarkaðinn hér á landi og stöðu hans kemur í ljós að hin háskalegu einkenni samþjöppunar sjást hvergi. Sú skýrsla sem sögð er liggja til grundvallar frv. fjallar um það og hún segir að sjaldan hafi fjölbreytni verið meiri í íslenskri fjölmiðlun en nú um stundir, bendir sérstaklega á að þeir fjölmiðlar sem starfa í dag séu fjölbreyttari, veiti meiri og fjölbreyttari þjónustu en oftast áður. Í þeirri skýrslu segir líka að fjárhagslega standi þessi fyrirtæki traustari fótum en oftast áður. Af því má ljóst vera að hvað það varðar sjást ekki háskaleg einkenni samþjöppunar.

Ef við skoðum markaðinn frekar kemur í ljós að samkeppni á fjölmiðlamarkaði er mjög virk. Má ég benda t.d. á eitt atriði varðandi samkeppni blaða. Í áraraðir hefur samkeppni blaða á smáauglýsingamarkaði verið í mjög föstum skorðum. Ég vil ekki segja að það hafi verið samráð en það var a.m.k. þegjandi samkomulag milli blaðanna að síðdegisblaðið hefði smáauglýsingar, Morgunblaðið hefði fasteignaauglýsingar. Þetta var óbreytt í áraraðir. Með tilkomu Fréttablaðsins er þetta fyrirkomulag, sem þjónaði alls ekki neytendum, svo fjarri, brotið upp og í dag eru alls konar smáauglýsingar í Morgunblaðinu og fasteignaauglýsingar eru í öllum blöðum. Þetta er afleiðing virkrar samkeppni sem hefur brotist fram á síðustu missirum.

Skoðum nýliðun í greininni. Á síðustu 2–3 árum hefur orðið umbylting á blaðamarkaði. Það er farið að skyggja á turninn í íslenskri prentsögu, blaðasögu, Morgunblaðið. Upp úr engu hefur orðið til blað sem hefur meiri útbreiðslu og er að verða viðmiðunin í lestri fólks hér á landi. Það er ekki hægt að segja að þröskuldarnir séu háir fyrir nýja aðila á markaði sem svona er.

Tökum annað dæmi. Sjónvarpsstöð í einkaeigu nær að ryðja sér braut í samkeppni við einn risa sem er í einkaeigu og síðan Ríkisútvarpið. Það nær að ryðja sér braut og fer að ná markaðshlutdeild eða áhorfi á höfuðborgarsvæðinu upp í 15–20% og jafnvel enn meira í eftirsóttum markhópum. Það er ekki hægt að segja að þröskuldurinn sé hár þarna. Það má því segja að staðan á fjölmiðlamarkaði sé ápekk stöðunni á mörgum öðrum mörkuðum hér á landi þegar horft er til samþjöppunar og áhættunnar af henni.

Skoðum flugsamgöngur. Lengst af síðustu 60 ár hefur eitt flugfélag verið allsráðandi í flugsamgöngum okkar til annarra landa. Af og til hafa ný félög komið fram og nú síðast lággjaldaflugfélag, og ég óska því að sjálfsögðu velfarnaðar en minni á að þarna er einvörðungu um tvo aðila að ræða. Hvað með skipasamgöngur? Það eru tvö félög sem dómínera þann markað. Olíudreifing, þrjú félög, nýverið fjögur. Tryggingastarfsemi 3–4. Fjármálastarfsemi. Við sjáum að alls staðar í okkar litla hagkerfi verða til 2–3 stórir aðilar, síðan einhverjir minni. Byggingarvöruverslanir, tvær keðjur. Dagvöru- og smávöruverslanir, 2–4 keðjur.

Fjölmiðlamarkaðurinn er ekki að neinu leyti frábrugðinn. Það er því ljóst að tilefni frv. er ekki óvenjumikil samþjöppun í samanburði við aðrar atvinnugreinar og heldur ekki vegna þess að í ljós séu komin háskaleg einkenni fákeppni. Tilefnið er því ekki viðskiptalegt. Öðrum fyrirtækjum er ekki ógnað og tilefnið er heldur ekki brýnt. Tilefnið er miklu frekar að tiltekinn þáttur í starfi fjölmiðla, þ.e. flutningur frétta, hefur

veruleg áhrif á starf stjórnmálamanna. Margoft hefur komið í ljós eftir að frv. leit dagsins ljós að stjórnarherrar una illa hvernig fjölmiðlar skipta sér af störfum þeirra. Tilefnið er því ekki að starfsskilyrði fjölmiðlafyrirtækja séu þröng vegna fákeppni heldur að ráðherrar og stjórnarmeirihlutinn una ekki þeim starfsskilyrðum sem fjölmiðlar setja þeim.

Yfirlýst markmið frv. er að stuðla að fjölbreytni í dagskrá fjölmiðla og það er mjög mikilvægt að standa vörð um það markmið og ég held að um mikilvægi þess deili enginn. Ég vil þó vegna ítrekaðra tilvitnana í blöð í útlöndum hvað þetta varðar minna á að þar eru þessar reglur miklu oftar settar til að tryggja menningarlega fjölbreytni frekar en pólitíska fjölbreytni. Ástæðan er einföld. Í fjölmörgum þjóðríkjum í kringum okkur búa fjölmennar þjóðir, ólík menningarsamfélög, og verið er að tryggja að fjölmiðlar endurspegli sem flesta þætti í þeirri menningu sem þrífst meðal þeirra sem búa innan þess ríkis. Þar er ekki þessi mikla áhersla á hinn pólitíska þátt og hinar pólitísku forsendur sem liggja að baki hér á landi.

Hvað varðar grunnhugsunina á bak við frv. þá liggur hún í því að eignarvald fjölmiðla geri að engu ritstjórnarvald og þankagangur þeirra sem setja frv. fram er að það þurfi að veikja eignarvaldið og með einhverjum dularfullum hætti eigi það að auka fjölbreytni í dagskrá.

Andstaða mín við frv. á sér ýmsar rætur en fyrst og fremst byggir hún á því að ég er sannfærður um að frv. leiðir ekki til fjölbreytni heldur þvert á móti. Frv. takmarkar möguleika til fjármögnunar, útilokar líklegustu fjárfestana, minnkar kaupendahópinn. Það kemur að öllum líkindum í veg fyrir að ljósvakafyrirtæki geti skráð sig í Kauphöllinni sem er heppilegastur og æskilegastur farvegur fyrir fjármögnun fyrirtækja. Pípur fjármagns til fjárfestinga í atvinnugreininni eru þrengdar verulega sem er afar óheppilegt þar sem tækni- og afþreyingargreinar kalla á háar fjárfestingar. Auk þess hindrar frv. eðlilega framþróun atvinnugreinarinnar, viðheldur sögulegri aðgreiningu prent- og ljósvakamiðla þó svo að ný tækni hafi sameinað þá miðla fyrir hálfum öðrum áratug. Frv. veikir stoðir einkarekinna fjölmiðla og dregur úr mætti þeirra til að halda úti fjölbreyttri dagskrá. Þá mismunar frv. fyrirtækjum í sömu starfsgrein þegar strangari skilyrði eru sett um fjárfestingar í ljósvakamiðlum en í prentmiðlum. Ég sé engin vitsmunaleg rök fyrir þeirri mismunun. Þá hlýtur að vakna sú spurning hvort eignarvald yfir prentmiðlum og stafrænum miðlum sé eitthvað síður hættulegt en eignarvald yfir ljósvakamiðlum. Þetta er grundvöllur andstöðu minnar við þetta frv. og ég mun gera betur grein fyrir því. En ég vil á þessum stað í ræðu minni benda á að frá upphafi umræðunnar hefur Samf. bent á aðrar leiðir til að tryggja fjölbreytni fjölmiðla. Við getum farið yfir það í stuttu máli: Það er að styrkja og efla RÚV, tryggja gagnsæi í eignarhaldi og tryggja sjálfstæði ritstjórna en að því mun ég koma betur síðar.

Nú ætla ég að ræða aðeins frv. sjálft og fara í einstök efnisatriði þess. Í b-lið 1. gr. frv. kemur fram að útvarpsleyfi eru háð skilyrðum um tegund og gerð eigenda en engin skilyrði eru sett um eigendur prentmiðla eða stafrænna miðla. Öll rök fyrir því að tryggja fjölbreytni fjölmiðla með því að segja til um hverjir megi eiga hversu mikið í ljósvakamiðlum falla um sjálf sig þegar stjórnvöld reyna ekki með neinum hætti að stjórna því hverjir megi eiga prentmiðla eða þá stafræna miðla. Ef tilefni er til að ráðskast með ljósvakamiðlana, af hverju er þá ekki átt við aðra miðla? Þau rök duga ekki í svo veigamiklu máli, þau praktísku svör að slíkt sé flókið í lagasetningu, að af því að útvarpslög séu til sé auðveldara að takmarka eignarhald á ljósvakamiðlum. Slík rök duga engan veginn í svona veigamiklu máli.

Síðan kemur fram í öðru lagi að óheimilt sé að veita útvarpsleyfi nema fyrirtæki hafi fjölmiðlarekstur að meginmarkmiði. Um þetta hef ég engar athugasemdir.

Í þriðja lagi segir að óheimilt sé að veita útvarpsleyfi til fyrirtækis ef meira en 5% félags er í eigu aðila með markaðsráðandi stöðu og eru stærri en sem nemur 2 milljörðum kr. í ársveltu. Eitt atriði til umhugsunar er: Af hverju er verið að taka út markaðsráðandi? Af hverju eru markaðsráðandi fyrirtæki gerð svona mikilvæg? Af hverju eru ekki sett takmörk á hagsmunasamtök? Mega þau eiga ljósvakamiðla? Má LÍÚ eiga ljósvakamiðil? Ég spyr. Af hverju er fókusinn á markaðsráðandi aðila? Og hvaða lógík er á bak við það að ef markaðsráðandi aðili á fjölmiðil dragi það úr fjölbreytni í dagskrá? Ég get ekki með neinum hætti séð rökræn tengsl þarna í milli.

Síðan spyr maður sig aftur: Af hverju eru þessi tveggja milljarða mörk sett? Af hverju mega stór fyrirtæki ekki vera kjölfestufjárfestar í ljósvakamiðlum? Hvernig stendur á því? Ég hef ekki fengið svör við því. Ég veit ekki af hverju hægt er að draga þá ályktun að ef stórt fyrirtæki er kjölfestufjárfestir í fjölmiðli þá leiði það til þess að dagskráin verði fábreytt. Þetta sé ég ekki.

Þá kemur að því að skoða betur þessa 5% takmörkun, að séu aðilar markaðsráðandi þá megi þeir ekki eiga virkan eignarhlut. Þeir mega eiga eitthvert smáræði, láta aðra um ábyrgðina af ávöxtun þeirra fjármuna en mega ekki taka virkan þátt í því sjálfir. Það er það sem þetta ákvæði þýðir, 5% ákvæðið þýðir einfaldlega að öðrum er látin eftir ábyrgðin á þessu fé.

Heppilegt hefði verið að skoða í undirbúningi þessa frv. hvaða afleiðingar þetta ákvæði hefði fyrir fjárfestingar í atvinnugreininni. Hve mikið takmarkar þetta í raun fjárfestingar? Hversu mikið þrengir þetta pípur fjárstreymis inn í þessa atvinnugrein?

Ein leiðin til þess að skoða það er sú sem ég leyfi mér að styðjast við hér, með leyfi forseta. Frjáls verslun gefur út bók sem heitir „300 stærstu fyrirtæki landsins". Þar er á bls. 76 listi yfir þau fyrirtæki sem högnuðust mest á síðasta ári. Það er eðlilegt að skoða þau fyrirtæki, með leyfi forseta. Þetta eru fyrirtæki sem högnuðust, hafa peninga og fjármuni og gætu hugsanlega fjárfest í öðrum starfsgreinum, dreift áhættunni sem er eðlilegt og æskilegt fyrir framþróun atvinnulífs. Hér eru 90 fyrirtæki.

1. Efst á lista er Baugur. Það ástæðulaust að nefna hann, hann er örugglega markaðsráðandi.

2. Landsvirkjun, markaðsráðandi reikna ég með.

3. Eimskipafélag Íslands, markaðsráðandi.

4. Íslandsbanki, jú talið er að stóru bankarnir hér á landi séu allir í markaðsráðandi stöðu.

5. Pharmaco, sem núna heitir Actavis ef ég man rétt. Vafalaust á einhverju sviði með markaðsráðandi stöðu.

6. Kaupþing, sem heitir KB banki í dag. Jú, markaðsráðandi.

7. Flugleiðir, markaðsráðandi staða.

8. Alcan á Íslandi. Það má svona velta því fyrir sér með þessi álfyrirtæki sem verða senn þrjú en það má búast við því að niðurstaðan verði sú að það teljist markaðsráðandi.

9. Orkuveita Reykjavíkur. Ekki veit ég um mikla samkeppni á þeim markaði sem það fyrirtæki starfar á.

10. Búnaðarbankinn, hefur sameinast frá því í fyrra Kauphingi.

11. Síðan kemur fjárfestingarfélag sem heitir Ker. Jú, það kæmi til greina, en hins vegar mætti ætla að bakhjarlar þess félags væru aðilar að markaðsráðandi fyrirtækjum og því væri það a.m.k. skoðunar virði.

12. Landssími Íslands. Markaðsráðandi.

13. Landsbanki Íslands. Markaðsráðandi.

14. Samherji. Loksins í 14. sæti fann ég eitt fyrirtæki sem hefur ekki markaðsráðandi stöðu. Það er í sjávarútvegi þar sem reyndar er með lögum sett kvótaþak þannig að þau fyrirtæki eiga ekki kost á slíkri stöðu. Þarna fann ég eitt.

15. Fyrirtæki númer tvö sem má örugglega eiga fjölmiðil, það er Grandi, sjávarútvegsfyrirtæki.

16. Bakkavör Group. Það kemur til greina. Hins vegar gæti einhver sagt sem svo að þeir séu of áhrifaríkir í KB banka. Þeir eru einir helstu eigendur þar og fara fyrir og einhverjir mundu gera athugasemdir þar.

17. Olíuverslun Íslands. Markaðsráðandi.

18. Skeljungur. Markaðsráðandi.

Síðan koma nokkur sjávarútvegsfyrirtæki: Útgerðarfélag Akureyrar, Síldarvinnslan, Þormóður rammi, Eskja, Haraldur Böðvarsson. Þar er ég kominn í 24. sæti og svona get ég talið áfram og við þessa upptalningu kemur í ljós að af þeim 90 fyrirtækjum sem högnuðust hvað mest á síðasta ári er ljóst að um 60 þeirra hafa annaðhvort markaðsráðandi stöðu eða þá að mikið álitamál er hvort svo sé. Nær öll þessi fyrirtæki velta meira en tveimur milljörðum þannig að sá fyrirvari sem settur er breytir engu varðandi möguleika þessara fyrirtækja á virkri fjárfestingu.

En þegar við skoðum þessi fyrirtæki, þessi 30 eða svo sem mega eiga. Hvað kemur þá í ljós? Þetta eru nær allt sjávarútvegsfyrirtæki. Þá spyr ég: Er það markmið þessara laga, að kvótakóngar og fyrirmenn í sjávarútvegsfyrirtækjum séu þeir einu sem megi fjárfesta og eiga virkan hlut í íslenskum ljósvakafyrirtækjum?

Á þessum stað í ræðu minni vil ég undirstrika það að ljósvakamiðlar eru engin smáfyrirtæki. Varðandi þá samsteypu sem oft er nefnd í þessari umræðu, Norðurljós, þá er ekkert áhlaupaverk að gerast þar leiðandi fjárfestir. Fyrirtækið skuldar um 5 milljarða kr. Það þýðir vaxtagreiðslur á ári upp á nærri 300 millj. kr. þannig að afgangurinn af rekstri þarf að vera a.m.k. 300 millj. kr. svo að fjárfestirinn sé ekki beinlínis að tapa peningum. Við erum að tala um verulega fjármuni. Líklegustu fjárfestarnir í svo stóru fyrirtæki hljóta að vera stærstu fyrirtækin í atvinnulífi okkar.

Helsta niðurstaðan af þessari einföldu athugun er sem sagt sú að svo virðist sem nær einvörðungu sjávarútvegsfyrirtæki megi vera leiðandi í rekstri á ljósvakamiðlum, eiga allt að 35%. Hvort þetta voru hin duldu markmið þessa frv. veit ég ekki, en svona birtist þetta.

Þá er að skoða ákvæðið um að óheimilt sé að einn aðili eða samsteypa eigi yfir 25% í útvarpsrekstrarfélagi. Þarna er á ferðinni hugmynd sem óhætt er að segja að hafi verið mjög vinsæl á níunda áratugnum og fram á tíunda áratug síðustu aldar, þ.e. að fyrirtæki ættu að vera í sem dreifðastri eignaraðild, að eigendur ættu að vera margir og enginn ætti að hafa þar afgerandi forustu. Sá hugsunarháttur var mjög ríkjandi og hefur oft verið haldið á lofti hér á landi, einkum og sér í lagi í Morgunblaðinu.

Eitt mál sem kennt er við Enron í Bandaríkjunum varð svo eiginlega endahnúturinn á þeim draumi. Ef við skoðum nýjustu tilmæli Verslunarráðs varðandi stjórnarhætti í fyrirtækjum og það sem heitir á ensku „Corporate Governance" eða eitthvað álíka þá er þar lögð höfuðáhersla á að koma í veg fyrir að hinir ráðnu stjórnendur fyrirtækjanna fari sínu fram óháð vilja eigenda. Enron-dæmið var dæmið sem þar er gengið út frá. Þar náðu stjórnendur yfirtökum, ef svo má segja, en eigendur misstu tökin á fyrirtækinu. Það var engin skýr forusta í þeirra hópi og stjórnendur náðu yfirráðum. Þessi hugmyndafræði um að ekki megi vera leiðandi fjárfestar, ég a.m.k. set spurningarmerki við hana.

Aðalatriðið í þessu samhengi er hversu stór hluti íslenskra fyrirtækja fær ekki að komast í þá stöðu að vera virk og leiðandi í ljósvakamiðli, gefa allt sitt í að byggja upp slíkt fyrirtæki.

Þá er komið að ákvæði sem í raun tryggir að ljósvakafyrirtæki komist ekki í Kauphöllina, nái ekki því að vera skráð á hlutabréfamarkað. Þar segir:

„Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í a- og b-lið."

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Ef svona ákvæði gilti um fyrirtæki í Kauphöllinni þýddi það að stöðugt þyrfti að fylgjast með, í fyrsta lagi markaðsráðandi stöðu viðkomandi fyrirtækis og í öðru lagi veltu. En þetta eru breytilegar stærðir og þyrfti heila stofnun, margfalda Samkeppnisstofnun, í að fylgjast stöðugt með því í hvert skipti sem einhver hreyfing yrði á bréfum í slíku fyrirtæki og hvort aðilar séu þar að gera eitthvað sem ekki má. Markaðsráðandi staða getur breyst á einum degi. Keppinautur getur farið á hausinn. Fyrirtæki er með 25% eign í einhverju félagi og verður að selja einn, tveir og þrír, nauðungarsölu, á verði sem einhverjir opinberir aðilar ákveða hvað verður. Það eina sem gerðist var að viðkomandi stóð sig vel í samkeppni á öðrum vettvangi og keppinautur hans ákvað að verja tíma sínum og fjármunum í annað.

Hvað gerist ef vel gengur og veltan fer allt í einu upp fyrir þessa tvo milljarða?

Fyrirtæki sem búa við slík skilyrði eiga mjög erfitt með að vera skráð í Kauphöll. Þar gilda sérreglur og að mínum dómi er þetta ljósvakafyrirtæki útilokað frá hlutabréfaþingi, frá Kauphöll. Kauphöll er farsælasta og heppilegasta leið fyrir fyrirtæki til að fjármagna fjárfestingar sínar. Auk þess gerist það við skráningu að fyrirtækið þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði sem eru mjög heppileg hvað varðar skil á ársreikningum, upplýsingar um eignarhald o.s.frv.

Það er sem sagt verið að segja að í þessari grein sem ég leyfi mér stundum að kalla grein hugvits, tækni og framtíðar sé verið að segja nei. Nei, þið fáið ekki þennan verkfærakassa sem Kauphöllin er.

Þetta er ekki til þess fallið að styrkja þessa atvinnugrein.

Þá vil ég gera aftur að umtalsefni það atriði að útgefendur blaða megi ekki eiga í útvarpsrekstrarfélögum. Það hefur margoft komið fram að þetta ákvæði hindrar tækniþróun og kemur í veg fyrir mögulegar hagræðingar. Í ljósi nýrrar tækni er það líka arfavitlaust vegna þess að skilin á milli prentmiðla og ljósvakamiðla eru söguleg. Stafræna tæknin sem við höfum búið við í 15 ár hefur eytt þessum mun. Ég vil bara benda hér á nokkur dæmi.

Bónus getur á morgun opnað sjónvarpsfréttastofu og sent út fréttir á breiðbandi Landssímans. Það brýtur ekki þessi lög vegna þess að slík starfsemi er ekki háð útvarpsrásum, breiðbandsútsendingar eru ekki leyfisskyldar. Ég get opnað fréttastofu sjálfur, sett upp hljóð- og myndskrár á vefsíðu og allir þeir sem hafa háhraðatengingar geta keyrt útsendingar mínar upp á skjáinn sinn og fylgst með þessu. Ef eitthvað er gerir þetta starfandi fyrirtækjum í fjölmiðlun erfiðara fyrir að takast á við þetta. Hitt væri heppilegra. Auk þess, bara einfalt dæmi: Prentmiðillinn Morgunblaðið gæti fengið sér hugbúnað sem les blaðið og sent það út á netinu sem hljóðskrár, sem útvarp. Þetta er mögulegt í dag.

Það sem ég er að benda á er að þetta er mjög undarlegt ákvæði í dag. Það er sögulegt og víðast hvar erlendis þar sem takmarkanir af þessu tagi eru eru þær oftast líka jafnframt bundnar svæðum en útiloka ekki alveg möguleika fyrirtækja á að þróa sig beggja vegna.

Við þessa athugun mína sem, eins og ég sagði áðan, hefði frekar átt að vera unnin af fagmönnum og unnin áður en þetta frv. var smíðað varð niðurstaðan tær. Sá hópur kaupenda sem er líklegur til að fjárfesta í ljósvakamiðlum er skorinn niður. Eftirspurnin minnkar. Fjárfesting í ljósvakafyrirtækjum verður annars flokks. Verðmætin rýrna. Þetta er eins og húseign sem er í miðbænum og eigandinn flytur hana þangað sem einungis þriðjungseftirspurn er, og hvað gerist? Hún lækkar í verði.

Í dag fjárfesta menn til að selja síðar með hagnaði. Þetta er hinn nýi tími í íslensku atvinnulífi. Menn fjárfesta ekki í atvinnufyrirtækjum til þess að reka þau í þrjár kynslóðir. Þetta er hinn nýi tími. Menn fjárfesta til að selja síðar með hagnaði. Með þessum lögum situr fjárfestirinn hins vegar inni, hann á erfitt með að finna kaupanda. Þessi eru starfsskilyrði atvinnufyrirtækja í þessari starfsgrein hugvits, tækni og framtíðar sem hinn nýi Sjálfstfl. með ungliðana í allshn. berst nú fyrir með kjafti og klóm. Þetta eru þau starfsskilyrði sem hinn nýi Sjálfstfl. er að berjast fyrir, þ.e. að gera mönnum ekki kleift að komast út. Þetta eru þau skilaboð sem Sjálfstfl. vill senda hinu alþjóðlega viðskiptasamfélagi um það við hvernig skilyrði íslenskum fyrirtækjum er gert að starfa. Hafi Sjálfstfl. einhvern tíma verið flokkur atvinnulífsins er hann það ekki lengur, það er víst.

Þá vil ég segja að þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá í upphafi eru bita munur en ekki fjár. Góður maður sagði við mig: Forsrh. steig fram og heimtaði dauðadóm. Nú hefur honum verið breytt í ævilangt fangelsi. Stjórnarliðar eru afar kátir yfir þessum breytingum en hafa gleymt því að sakborningurinn er saklaus, allténd hefur hann ekkert brotið af sér en forsendan er sú að hann sé líklegur til þess vegna stærðar sinnar.

Kjarni þessa máls er sá að ljósvakafyrirtæki eru gerð að annars flokks fjárfestingu.

Virðulegi forseti. Samf. telur að þetta frv. veiki ljósvakafyrirtæki, stuðli ekki að fjölbreytni í dagskrá og vinni alls ekki gegn því að eignarvald ráðskist um of með ritstjórnarvald. Samf. hefur sett fram hugmyndir sínar um hvernig megi glíma við þann vanda sem af fákeppni á fjármálamarkaði kann að stafa.

Í fyrsta lagi hefur Samf. margítrekað nauðsyn þess að efla Ríkisútvarpið og þá einkum og sér í lagi innlenda dagskrárgerð sem nú sveltur sem aldrei fyrr eftir áratuga setu sjálfstæðismanna í menntmrn.

Samf. hefur lagt til frv. um gagnsæi. Hvað þýðir það? Það þýðir að við viljum að markaðurinn sé upplýstur. Við viljum virkja kraft samkeppninnar. Við viljum upplýsa lesendur, áhorfendur, birgja og auglýsendur um það hverjir eigi þau fyrirtæki og þá fjölmiðla sem þeir skipta við. Augljós kostur.

Að sjálfsögðu er í þessu frv. ekki kveðið á um neitt sem kalla má gagnsæi.

Þá hefur Samf. lagt áherslu á að efla sjálfstæði ritstjórna. Hæstv. dómsmrh. sagði héðan úr þessum stól að það væri fáránlegt að löggjafinn væri að skipta sér af starfsemi fyrirtækja með því að setja lög og reglur um hvernig vinnubrögðum ætti að vera háttað.

Ég veit ekki betur en að hæstv. ráðherra hafi staðið að því að samþykkja lög um fjármálafyrirtæki. Þar eru mjög ítarlegar skilgreiningar á því hvernig skipulagi eigi að vera háttað, kallað eftir innri reglum. Allt til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Í skipulagsreglum um fjölmiðla væri t.d. hægt að draga upp þá mynd að stjórnarmaður í Norðurljósum gæti ekki á sama tíma verið framkvæmdastjóri í dótturfélagi sem fer með rekstur tveggja blaða og verið síðan ritstjóri annars þeirra. Það er einfalt að kveða á um skipulag sem kemur í veg fyrir þetta. Að sjálfsögðu hlýtur að vera óþolandi fyrir ritstjóra á einu blaði að yfirmaður hans sé ritstjóri á öðru blaði í sömu eigu.

Ég held einnig að innri reglur varðandi ráðningar starfsmanna, hvaða kröfur eru gerðar, hvaða réttindi þeir hafa, eigi að sjálfsögðu að gilda. Tilefni þessa er það fíaskó sem við höfum heyrt af varðandi mannaráðningar hjá Ríkisútvarpinu. Þar virðast reglur vera vægast sagt mjög óljósar þegar verið er að ráða fréttamenn. Þarna tel ég að megi koma með leiðbeinandi vísbendingar.

Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að kveðið sé á um meðferð gagna. Þannig vill til að margir líta svo á að tölvupóstur sem er á netfangi fyrirtækis sé í eign þess. Mér er ekki kunnugt um að úr því hafi verið skorið hér á landi en erlendis hafa fallið dómar þessa efnis. Hvað varðar blaðamenn tel ég þetta vera mjög óeðlilegt. Það brýtur gegn því trausti sem þeir hafa gagnvart heimildarmönnum sínum. Að sjálfsögðu er létt að setja fram tilmæli hvað þetta varðar. Það er ekki að ástæðulausu því að í máli sem kom upp á Stöð 2 þegar einn eigandi reyndi að hafa afskipti af störfum fréttastofu var í framhaldinu farið í tölvupóst blaðamanna. Raunar var einn starfsmaður síðan látinn fara í framhaldi af því máli öllu. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir starfsmenn fjölmiðla að hafa leiðbeiningar, leiðbeiningar sem Alþingi getur gefið leiðsögn um. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir starfsmenn til þess að fóta sig í því ástandi sem kann að skapast þegar svona mál koma upp.

Þá held ég að eitt af því sem gæti eflt sjálfstæði ritstjórna og væri ástæða fyrir Alþingi að skoða væri hreinlega aukin vernd og réttindi blaða- og fréttamanna, t.d. lengri uppsagnarfrestur en gerist og gengur. Væri verið að segja mönnum upp af óeðlilegum ástæðum blæddu menn a.m.k. fyrir það einhvers staðar, eða menn hugsuðu sig þá kannski frekar tvisvar um.

Allar þessar hugmyndir Samf. falla innan tillagna þeirra sem fram komu í þeirri ágætu skýrslu sem unnin var og þetta frv. er sagt byggja á. Þær rúmast vel innan þeirrar skýrslu. Allar þessar aðgerðir mega teljast mildari en finna má í frv. forsrh. Ég minni á tilmæli Evrópuráðsins um að séu hin sterkari meðul tekin fram yfir þau mildari skuli það

vera rökstutt. Í málflutningi stjórnarliða hef ég aldrei heyrt rökstuðning fyrir því hvers vegna þessi skref eru ekki tekin fyrst. Þessar tillögur, tillögur Samf., eru líklegri til að ná settu marki, sem er fjölbreytni í dagskrá fjölmiðla, og um þær hefði auðveldlega verið hægt að ná góðri sátt.

Í þessari einu ræðu minni um málið hef ég haldið mig við efnisatriði þessa undarlega frv. Ég hef fært rök fyrir því að ákvæði frv. muni ekki leiða að settu marki um fjölbreytni fjölmiðla, heldur munu þau veikja íslenska ljósvakamiðla, draga mátt úr atvinnugrein hugvits, tækni og framtíðar og skaða alþjóðlegt orðspor íslensks atvinnulífs.

Þá hef ég gert grein fyrir úrræðum Samf. Þau eru í senn sanngjörn, áhrifarík og til þess fallin að efla íslenska fjölmiðla.

Hæstv. forseti. Það er miður fyrir íslenskt atvinnulíf að Samf. sitji ekki í landstjórninni svo að ólög eins og þessi þyrftu ekki að ganga yfir þjóð okkar.

[18:49]

Útbýting þingskjala:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál, brtt. PHB, þskj. 1739.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 734. mál, brtt. PHB, þskj. 1738.

[18:50]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Við erum komin í 3. umr. um þetta frumvarp sem hér var hent inn í þingið lítt undirbúið og illa samið, vil ég leyfa mér að segja, eins og ég held að enginn þurfi að velkjast í vafa um þegar þess er gætt að gerðar hafa verið á því breytingar í þrígang og í hvert eitt sinn hafa menn barið sér á brjóst og talað um að nú væru þeir með besta frumvarp allra frumvarpa og að á því þyrfti ekki að gera neinar breytingar og það gæti bara staðið eins og það stóð á þeim tíma. Mönnum hefur síðan orðið ljóst að þetta frumvarp hefur ekki staðist neina kröfur sem gera verður til þingmála um að þau standist stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar og séu bara lagatæknilega í lagi eins og þar stendur. En látum það nú vera. Ég ætla ekki að tala hér í ræðustóli í kvöld um lagatæknileg atriði eða einhver formsatriði sem lúta að texta frumvarps.

Umræðan á Alþingi um þetta mál hefur verið löng og mikil. En það leiðir eiginlega af sjálfu sér að þegar mál fær ekki þann undirbúning og umfjöllun sem það þarf áður en það kemur til þingsins þá er ekki von á öðru en að margt þurfi að segja í þingsalnum sjálfum og hefðu menn getað sparað sér allmarga ræðuna ef þeir hefðu átt kost á því að koma að þessu máli á undirbúningsstigi. Umræðan hefur verið hörð í þingsalnum eins og alþjóð hefur orðið vitni að en hún hefur mestan part verið málefnaleg. Það hefur verið tekist á í þingsalnum. Það hefur verið tekist á um skoðanir og viðhorf og það er ekkert að því. Það er heldur ekkert að því þó að menn takist jafnvel hart á í þingsalnum og beiti sér fyrir þann málstað sem þeir trúa á. Það verðum við auðvitað að þola sem hér erum. En það er samt alltaf einn og einn, virðulegur forseti, sem fer yfir strikið, kann sér ekki hóf og er sér og sínum til minnkunar. Það er auðvitað ekki vandamál þingmanna almennt. Það er bara vandamál viðkomandi og í þessu tilviki er ég auðvitað að vísa til hæstv. dómsmálaráðherra sem ekki kunni sér hóf í umræðunni á laugardaginn. Það verður auðvitað að vera hans, eins og ég segi, vandamál og það er ekkert hægt fyrir okkur að vera að erfa það við sjálfstæðismenn utan þings. Hann er auðvitað hér á ábyrgð þingmanna Sjálfstæðisflokksins í dómsmálaráðherrastöðunni. En við getum ekkert verið að erfa það við sjálfstæðismenn utan þings vegna þess að þessi ráðherra er auðvitað löngu orðinn viðskila við þá eins og aðra landsmenn. Þessi ráðherra varð viðskila við þá fyrir alllöngu síðan. Það þarf ekkert annað en að líta á útreið sjálfstæðismanna í síðustu borgarstjórnarkosningum til þess að sjá það, en fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur aldrei verið minna í Reykjavík síðan þeir fóru líklega að bjóða þar fram í eigin nafni eins og í síðustu kosningum þar sem þessi ráðherra fór fyrir fylkingunni. Við þurfum ekkert annað en horfa á síðustu þingkosningar til þess að átta okkur á því hversu viðskila hann og reyndar fleiri ráðherrar Sjálfstæðisflokksins og forustumenn eru orðnir við sinn flokk.

Við þurfum heldur ekkert annað en að líta á mælingar á vinsældum ráðherra til þess að átta okkur á þessari sömu stöðu. Ráðherrann er einfaldlega rúinn trausti vegna stjórnarathafna sinna og framgöngu og engum þarf að blandast hugur um af hverju það er sem hlustaði á þennan ágæta ráðherra í þingsalnum á laugardaginn. En það er ekki bara hann sem er rúinn trausti því að stjórnin er það líka og það endurspeglast í viðhorfi fólks til fjölmiðlamálsins.

Ég er þeirrar skoðunar, og ég held að ég hafi sagt það hér áður í ræðustól, að fólkið sem er að mótmæla í fjölmiðlamálinu, fólkið sem er andsnúið þessu frumvarpi, þessi 70% þjóðarinnar sem hafa mælst í þá veru, það fólk er í sjálfu sér ekki endilega að taka afstöðu til inntaks frv. nema að takmörkuðu leyti heldur er það að taka afstöðu til þess hvernig að málum hefur verið staðið í þinginu. Fólk treystir einfaldlega ekki stjórnvöldum. Það treystir því ekki að málefnaleg sjónarmið ráði för hjá stjórnvöldum.

Stjórnvöld berja sér á brjóst og segjast bera mikla umhyggju fyrir lýðræðinu og fjölbreytninni, þau séu að bera þetta mál fram vegna þess að þau vilji svo ákaft tryggja fjölbreytni og lýðræði í samfélaginu, þess vegna séu þau að berjast hatrammri baráttu fyrir því að koma þessu máli í gegnum þingið þó svo að lögin eigi ekki að taka gildi fyrir en eftir tvö ár. Þetta eru sem sagt riddarar frelsisins, lýðræðisins og fjölbreytninnar.

En af hverju í ósköpunum ætti fólk að trúa þessu þegar það eina sem þessir menn virðast hafa áhuga á og þola eru einsleitar skoðanir og þegar þessir aðilar hafa smækkað lýðræðið niður í foringjaræði. Það eru tveir foringjar sem ráða. Það birtist okkur æ ofan í æ þetta foringjaræði. Svo eru þeir að telja fólki trú um að það sé lýðræðið sem þeir beri svona mikið fyrir brjósti.

Þetta mál sem við erum að ræða í dag snýst um lýðræði og tjáningarfrelsi. Þess vegna tölum við og þess vegna höldum við ræður og þess vegna er það sem við segjum hér málefnalegt þó svo stjórnarliðarnir virðist telja að það eitt sé málefnalegt innlegg í þetta mál sem snúist um það hver prósentan eigi að vera í eignarhaldi í fjölmiðlum og hvernig það eigi að skiptast milli markaðsráðandi aðila og ekki markaðsráðandi aðila, milli veltu, hvort hún er yfir eða undir tveimur milljörðum. Það eitt, ef við horfum á þá hluti, eru málefnaleg sjónarmið en ekki þegar við tölum um lýðræði og tjáningarfrelsi og að verið sé að vega að tilteknum aðilum í því sambandi og ekki þegar við tölum um stjórnarskrána. Ekkert af því er málefnalegt, nei, nei. Þetta snýst um lýðræði og tjáningarfrelsi og þó að frumvarpið sé sértækt að því leytinu til að það beinist að einum aðila þá er ekki rétt, eins og hér hefur verið gert af hálfu stjórnarliða,

að smækka þetta mál líka. Það er allt smækkað. Lýðræðið er smækkað niður í foringjaræði og tjáningarfrelsið smækkað niður í Baugsmál og sagt að þetta mál snúist bara um Baug. Þeir sem eru þeirrar skoðunar að þetta mál sé ekki gott, þeir eru einfaldlega Baugsliðar, ganga erinda þeirra og það er hamrað á því æ ofan í æ hér í ræðustól.

Ég sagði að þetta mál snerist um lýðræði og tjáningarfrelsi. Við þurfum ekki annað en vitna í Morgunblaðið þann 27. apríl þegar Morgunblaðið var að fjalla um þetta og var að spyrja af hverju menn vilja setja reglur og löggjöf um fjölmiðla. Morgunblaðið segir, með leyfi forseta:

„Ástæðan er fyrst og fremst ein og hin sama: að tryggja lýðræðið, að tryggja að tjáningarfrelsið fái að njóta sín. Að tryggja að frjáls skoðanaskipti fái að blómstra."

Það er þetta sem við erum að tala um hérna. Við erum að tala um tjáningarfrelsið og lýðræðið og hin frjálsu skoðanaskipti og samt á, þegar svona mikið er í húfi, að þvinga það í gegnum þingið á örfáum dögum.

Þetta snýst um lýðræðið. Þetta snýst í rauninni um það og ástæðan fyrir því að fólk mótmælir, ekki bara í þinginu heldur líka fyrir utan þingið, er að það er orðinn alger skortur á lýðræðisvitund hjá stjórnarliðinu eða að *minnsta kosti* er lýðræðisvitundin mjög frumstæð því að lýðræðið snýst ekki bara um ákvörðun, hverjir megi ákveða eitthvað heldur snýst lýðræðið um ferli, um það að fólk eigi aðkomu að ákvörðunum, að það hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri, hafi tækifæri til að ræða málin við stjórnmálamennina, fái að sannfæra stjórnmálamennina um að þeir séu að fara villir vegar, sannfæra stjórnmálamennina um ágæti *sinna skoðana innan og utan flokka*, að *þessi samræða geti* átt sér stað á milli stjórnmálamanna og almennings, ekki bara samræða ráðherra sín á milli og þingmanna sín á milli. Lýðræðið er einfaldlega þessi aðkoma fólks að ákvörðuninni, að það geti einhvers staðar átt aðgang að umræðunni, aðgang að stjórnmálamönnunum og það geti einhvers staðar komið skoðunum sínum á framfæri.

Halldór Ásgrímsson sagði í umræðum um Írak í morgun: „Berum við forsætisráðherra ekki ábyrgð?" Þeir tveir tóku nefnilega ákvörðunina um að við ættum að vera á lista hinna viljugu þegar ráðist var inn í Írak og hann sagði: „Berum við forsætisráðherra ekki ábyrgð?" Svo sagði hann hér í ræðustóli í dag líka um fjölmiðlamálið þegar hann var að ræða það frumvarp að ákvörðun í málinu byggir á því að við höfum skoðun hér á Alþingi. Auðvitað verðum við að hafa skoðun á þessu máli og auðvitað þurfum við á einhverjum tímapunkti að taka ákvörðun í málinu. En við berum líka ábyrgð gagnvart umræðunni. Við berum ábyrgð. Hæstv. utanríkisráðherra — og nú tala ég til þessara ráðherra, bæði dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra og ég á eftir að tala til forsætisráðherra á eftir líka, þó þeir sitji ekki í stólunum, þó þeir vermi ekki stólana og séu ekki að eyða dýrmætum tíma sínum í að hlusta á sjónarmið. Þeir eru ekkert því vanir að vera að hlusta á annað fólk og því skyldu þeir sitja hér? Þeir geta bara lesið þingtíðindin. Það kemur þá í góðar þarfir að þetta er tekið upp og prentað. En það er bara eftir öðru. Það er ekkert verið að hlusta. Þeir eru löngu hættir að heyra og löngu hættir að hlusta. Ég ætla samt að tala til þeirra því ég held að við verðum að gera það.

Ábyrgð þeirra er gagnvart umræðunni. Hún er gagnvart flokksmönnum. Hún er gagnvart fólkinu í landinu. Hún er gagnvart Alþingi og hún er gagnvart hagsmunaaðilum. Þeir eiga að tala við þetta fólk og þeir bera ábyrgð á því að sniðganga ekki þetta fólk og þeir bera ábyrgð á því að loka sig ekki af inni í Stjórnarráðinu einir og sjálfir með einhverja pappíra og senda á milli sín einhver frumvörp sem þeim hugnast sjálfum svo vel þó engum öðrum hugnist þau. Þeir bera auðvitað ábyrgð á því að hunsa allt og alla eins og þeir gera núna í þessum málum nema sinn eigin vilja því það skiptir svo miklu máli að sýna og sanna hvað vilji þeirra er sterkur og óbilgjarn. En fólkið er búið að fá nóg af þessum sterka og óbilgjarna vilja. Hann birtist okkur æ ofan í æ, þessi sterki og óbilgjarni vilji. Hann birtist okkur í Íraksmálinu þar sem þessir menn tóku sína ákvörðun tveir einir og höfðu ekkert við neinn annan að tala, ekki einu sinni utanríkismálanefnd (Forseti hringir.) þingsins.

(**Forseti** (BÁ): Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Já, talsvert, hæstv. forseti.

(**Forseti** (BÁ): Þá óska ég eftir því að hv. þm. geri hlé á máli sínu meðan við tökum kvöldmatarhlé.)

[Fundarhlé. — 19:02]

[20:01]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var þar komin í ræðu minni áðan að ég var að fjalla aðeins um hinn sterka vilja stjórnarherranna, þeirra sem fara með tögl og hagldir í íslensku stjórnmálalífi, þ.e. forsrh. og utanrrh. Ég færði rök fyrir því, virðulegur forseti, að þessi vilji hefði m.a. birst í Íraksmálinu, þ.e. þegar Íslendingar studdu siðferðilega innrásina í Írak, í öryrkjamálinu, þegar ríkisstjórnin varð ber að því að brjóta íslenska stjórnarskrá á þessum hópi í samfélaginu og í útlendingafrumvarpinu þar sem gengið er á réttarstöðu og dregið úr almennri réttarvernd útlendinga. Hann birtist okkur í skipan hæstaréttardómara þar sem dómsmrh. fór á svig við dómstólalög, stjórnsýslulög og jafnréttislög vegna þess að hann vildi að geðþóttavilji hans næði fram að ganga. Þetta hefur birst okkur í samskiptum forsrh. við umboðsmann Alþingis. Þetta hefur birst okkur í frv. sem liggur fyrir þinginu um meðferð opinberra mála þar sem m.a. er fjallað um mál sem *lúta að mikilvægum mannréttindum eins og hlerun* og aðgangi verjanda að gögnum.

Öll þessi mál hafa verið ákveðin eða undirbúin einhliða í ráðuneytunum, án samráðs við þá sem best til þekkja. Hvarvetna er kvartað yfir skorti á samráði í samfélaginu og það birtist okkur m.a. á útifundinum á Austurvelli í dag þar sem fólkið lét til sín heyra og dreifði m.a. blaði þar sem yfirskriftin var Virkara lýðræði. Ég ætla með leyfi forseta að lesa þetta, þetta er örstutt.

„„Frá þeirri ákvörðun var aldrei hvikað," sagði forsætisráðherra fyrir rúmu ári síðan um sameiginlega ákvörðun sína og utanríkisráðherra í umdeildu máli. Í stjórnmálum er óhvikul staðfesta leiðtoganna frækorn ofbeldis og lýðræðinu fjandsamleg. Ef þeir kunna ekki að hlusta hnignar lýðræðinu.

Leiðtogar landsins líta á lýðræðið sem einfalt meirihlutavald. Þá víkur samviskan fyrir flokksaga, og sjálfstæð hugsun fyrir duttlungum einstaklinga. Stjórnkerfið breytist í formreglur sniðnar að fyrirætlunum valdhafa. Þegar þannig er ástatt er vilji almennings að engu hafður, mikilvægum staðreyndum er leynt, lagt er til atlögu við einstaklinga og fyrirtæki í stað þess að setja almennar leikreglur.

Í gömlu ættjarðarkvæði er talað um „þúsund radda brag". Í virku lýðræði þurfa þúsundir radda að heyrast og leiðtogarnir verða að hlusta. Við krefjumst þess að stjórnvöld vakni af dásvefni valdhrokans og fari að hlusta á raddir þegna sinna.

Við krefjumst þess að raunverulegar umræður fari fram áður en ákvarðanir eru teknar. Við krefjumst gagnsæis og höfnum leynimakki. Við krefjumst þess að lýðræðið virki!"

Á þessum sama fundi hélt Ólafur Hannibalsson ágæta ræðu sem var lýsandi um viðhorf fólks til stjórnvalda. Tæpast verður Ólafur Hannibalsson sakaður um það að vera leiguþý Baugsmanna en þá er hann kannski bara í staðinn nytsamur sakleysingi. Helst er nefnilega að skilja á ráðamönnum að þeir séu það sem ekki eru með forsrh. og hans mönnum í liði. Þeir eru ýmist Baugsmenn, Baugsliðar eða nytsamir sakleysingjar. Ólafur Hannibalsson byrjaði ræðuna á að segja: Gjör rétt, þol ei órétt, og sagði síðan, með leyfi forseta:

„Áburgreind orð gerði Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, að kjörorði sínu. Þau heyrast sjaldan núna í seinni tíð. Ég hygg að við sem hér erum saman komin getum öll gert þau orð að okkar, hvar í flokki sem við annars stöndum. Vissulega er mikilsvert að leitast við af fremsta megni að gjöra rétt. Hitt er ekki minna um vert að rísa gegn óréttinum í hverri mynd sem hann birtist, ekki aðeins þegar við verðum fyrir barðinu á honum sjálf, heldur ekki síður þegar hann virðist bitna á öðrum. Ef við ekki rísum upp gegn óréttinum mun hann að síðustu lykja um okkur löngum armi sínum og herða að. Því erum við hér saman komin til að snúast gegn þeim óréttindum sem nú er verið að fremja í húsinu hér andspænis okkur."

Svo segir:

„Það er athyglisverð frétt í Morgunblaðinu í morgun, framkvæmdastjóri danska Rauða krossins fordæmir stjórnvöld þar í landi fyrir það sem hann kallar meðvirkni þagnarinnar."

Svo segir Ólafur Hannibalsson:

„Við sem hér erum saman komin viljum ekki vera þátttakendur í meðvirkni þagnarinnar, heldur rísa upp gegn óréttinum og láta til okkar heyra."

Það var það sem þetta fólk var að gera á Austurvelli í dag.

Við getum rætt þetta mál tæknilega eins og ég sagði áðan. Við getum rætt um prósentur og við getum rifjað upp hver sagði hvað og hvenær. Það hefur í raun enga þýðingu fyrir málið. Það eina sem hefur þýðingu fyrir málið á þessu stigi er lýðræðið og tjáningarfrelsið. Við neitum einfaldlega að láta ríkisstjórnarflokkana eina um að undirbúa og stjórna vinnu sem lýtur að lögum um fjölmiðla sem hafa í för með sér takmarkanir á tjáningarfrelsinu. Þegar kemur að lýðræðinu og tjáningarfrelsinu höfum við öll skoðanir á því. Við höfum öll vit á því og við höfum öll mikið til málanna að leggja, hvar í flokki sem við stöndum og hvort sem við erum utan þings eða innan. Það er með öllu ólíðandi að stjórnarflokkarnir undirbúi og stjórni einir vinnu sem lýtur að lögum um fjölmiðla. Það á ekki að gerast og það má ekki gerast.

Það sem gerir þetta mál enn verra en ella væri er að það ber öll merki ritskoðunar. Það hefur komið fram hátt og í hljóði, bæði innan þings og utan, hjá ráðherrum og stjórnarþingmönnum að skrif og fréttaflutningur ákveðinna fjölmiðla skapraunar þeim. Það er svo margt sem skapraunar þessum ágætu ráðamönnum. Það þarf auðvitað að reyna að ná tökum á því. Það þarf að stoppa það. Það þarf að stoppa fjölmiðla. Það þarf að láta Hæstarétt vinna eins og honum ber. Það þarf að stoppa umboðsmann Alþingis og það þarf að stoppa forsetann, að sjálfsögðu.

Viðtöl sem hafa verið við ráðamenn bera þess mikinn vott hvernig þeir hugsa. Ég þarf ekki annað en að vitna í það sem hæstv. forsrh. sagði í viðtali við Stöð 2 26. apríl. Þá sagði hæstv. forsrh. um fréttamennskuna, með leyfi forseta:

„Hefurðu ekki séð stríðsfyrirsagnirnar? Hefurðu ekki séð árásirnar og hefurðu ekki séð gauraganginn?"

Fréttamaðurinn sagði: „Nei." Þá sagði hæstv. forsrh.: „Þá þarftu nú að fá þér gleraugu eða betri gleraugu."

Hann er spurður í sjónvarpinu þennan sama dag: „Hafnarðu þá þeirri gagnrýni að þessu frumvarpi sé beint gegn Norðurljósum?" Þá segir forsrh.: „Ég tel að þetta sýni hins vegar mjög vel að það er ekkert frelsi blaðamanna á þessum fjölmiðlum. Þar er algjörlega og eingöngu gengið erinda eigendanna."

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill minna á að það þarf leyfi forseta til að vitna í prentað mál.)

Virðulegur forseti. Ég hélt að ég hefði beðið um það í upphafi þegar ég byrjaði að vitna í það. Hafi ég ekki gert það geri ég það hér með.

Forsætisráðherra segir:

„Ég tel að þetta sýni hins vegar mjög vel að það er ekkert frelsi blaðamanna á þessum fjölmiðlum. Þar er algjörlega og eingöngu gengið erinda eigendanna."

Svo segir forsrh., með leyfi forseta:

„Skoðið nú bara þessa fjölmiðla hérna í dag." Fréttamaðurinn spyr: „Geturðu nefnt okkur dæmi?" Hæstv. forsrh. segir: „Öll blöðin í dag, öll. Kíkið á þau."

Þetta var orðastaður sem hæstv. forsrh. átti við tvo fréttamenn um það hvernig honum fannst vera komið fyrir fjölmiðlunum. Auðvitað finnst honum þurfa að stoppa þetta.

Ég held líka að það sem mönnum gangi til sé sannfæring þeirra fyrir því að stöðva þurfi vonda menn, koma þurfi í veg fyrir að skúrkar eigi eða eignist fjölmiðla. Það kom kannski hvað best fram í Morgunblaðinu í leiðara 27. apríl þar sem fjallað var um hugsanlega kaupendur blaðsins The Daily Telegraph. Þar er annars vegar fjallað um breskan klámkóng sem hafði áhuga á að eignast The Daily Telegraph og hins vegar þýskt útgáfufyrirtæki, Axel Springer, sem hafði líka áhuga á að eignast blaðið. Morgunblaðið byrjar á því að segja, með leyfi forseta:

„Oft er kjarninn í þessari löggjöf sá, að takmarka möguleika fjölmiðlafyrirtækja á að eiga margar tegundir fjölmiðla, þ.e. bæði ljósvakamiðla og dagblöð. Í öðrum tilfellum eru takmarkanir á, hverjir mega eiga fjölmiðla."

Síðan segir blaðið, með leyfi forseta:

„Stundum er opinber aðili fenginn til þess að leggja mat á, hvort tiltekinn einstaklingur eða fyrirtæki megi eignast dagblað, sem á sér djúpar rætur í viðkomandi þjóðfélagi."

Svo segir, með leyfi forseta:

„Þegar fréttir bárust af því, að þýskt útgáfufyrirtæki, Axel Springer, væri hugsanlegur kaupandi að The Daily Telegraph, gekk klámkóngurinn fyrrverandi á fund framkvæmdastjóra blaðsins, heilsaði með nasistakveðju og dembdi úr sér fúkyrðum og svívirðingum um þýsku þjóðina. Æskilegur eigandi að The Daily Telegraph, þótt hann eigi peninga til að kaupa blaðið?"

Nei, ég held að við getum alveg svarað því að hann sé ekki æskilegur eigandi blaðsins þótt hann eigi peninga til að kaupa það. En hvernig á að koma í veg fyrir það með lagasetningu, hvernig getum við leitt það í lög að vondir menn og skúrkar verði ekki eignamenn eða ráðamenn í íslensku samfélagi? Hvernig eigum við að leiða það í lög, virðulegur forseti? Í réttarríkinu er það ekki hægt. Það er hægt að gera það í lögregluríkinu en í réttarríkinu eru allir jafnir gagnvart

lögunum. Í réttarríkinu reynum við hins vegar að koma í veg fyrir að skúrkarnir misnoti þann rétt sem samfélagið tryggir þeim, misnoti vald sitt eða eignir og ógni almannahagsmunum. Við komum lögum yfir þá eftir þeim leiðum sem til þess eru færar og tiltækar hafi þeir gerst brotlegir en við gerum það ekki eftir einhverjum öðrum krókaleiðum. Það gerum við ekki í réttarríkinu.

Ég vil í því sambandi minna á það sem Hreinn Loftsson, stjórnarformaður held ég að hann sé í Baugi, sagði eftir bolludagsmálið, með leyfi forseta:

„Stjórnarfar í landinu ber sífellt meiri keim af geðþóttaákvörðunum þar sem grundvallarreglur réttarríkisins eru brotnar í hverju málinu á fætur öðru."

Þetta viljum við auðvitað ekki, virðulegur forseti. Í réttarríkinu eru allir jafnir. Í réttarríkinu getum við ekki komið í veg fyrir það að einhverjir sem okkur finnst vera vondir eða einhverjir sem við teljum að séu skúrkar eigi eignir eða hafi einhver ráð í hendi sér. Við getum hins vegar komið lögum yfir þá eftir þeim leiðum sem til þess eru tiltækar hafi þeir gerst brotlegir.

Ég hjó eftir því í umræðum í þinginu í dag að þingmaður einn spurði hvort menn vildu innleiða hér ástand eins og á Ítalíu, hvort menn vildu fá Berlusconi á Íslandi. Hann taldi mikilvægt að takmarka eignarhald á fjölmiðlum til að koma í veg fyrir að við fengjum íslenskan Berlusconi. Það er ekkert í þessu frv., virðulegur forseti, sem kemur í veg fyrir að fáum íslenskan Berlusconi. Þótt frv. verði að lögum getur það ekki komið í veg fyrir slíkt. Dómsmrh., menntmrh. og vinir þeirra gætu að sjálfsögðu eignast Stöð 2 ef hún væri föl og þeir hefðu tök á því. Þeir gætu eignast Stöð 2, fræðilega, og haft þannig bein og óbein tök á öllum ljósvakanum í landinu. Svo geta vinir þeirra á Mogganum, fræðilega séð, ekkert getur komið í veg fyrir það ef því væri að skipta, eignast Fréttablaðið og DV og haft tök á öllum prentmiðlum. Ekkert í frv. kemur í veg fyrir það.

Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að það gæti skapast ástand eins og hér var vitnað til með Berlusconi. Það er engin vörn í frv. sem hér liggur fyrir hvað það varðar. Eina vörnin til að koma í veg fyrir slíkt er fólgin í sjálfstæðu, öflugu ríkisútvarpi sem er laust úr pólitískum viðjum Sjálfstfl. og í skýrum reglum um sjálfstæði ritstjórna og fréttastjórna á einkareknum og ríkisreknum fjölmiðlum, reglum sem geta verið þeim til varnar ef á þarf að halda.

Eigendur að fjölmiðlum, jafnvel þótt þeir séu ekki markaðsráðandi, geta verið skúrkar og geta reynt að hafa áhrif á fréttamenn sína, blaðamenn og ritstjóra, jafnvel þótt þeir séu ekki markaðsráðandi. Þess vegna er eina vörnin fólgin í reglum sem geta varið fréttamenn, fréttastofur, ritstjóra og fréttastjóra. Dregið hefur verið í efa að þetta sé hægt. Það var m.a. dregið í efa í þeim leiðara Morgunblaðsins sem ég las úr. Þar segir, með leyfi forseta:

„... Rupert Murdoch ... fór einfaldlega í prentsmiðju blaða sinna og breytti fyrirsögnum, ef honum bauð svo við að horfa. Slíkur eigandi stendur aldrei við gefin loforð eða gerða samninga um sjálfstæði ritstjórna ... Murdoch braut alla samninga ..."

Auðvitað getur slíkt gerst. Það er aldrei neitt öryggi í þessum efnum. Við höfum reglur um umboðsmann Alþingis en það kemur ekki í veg fyrir að einhverjir reyni að segja honum fyrir verkum. Hann hefur samt vörn af þeim reglum sem um hann gilda. Hann hefur skjól af hinu almenna viðhorfi samfélagsins, að ráðamenn eigi ekki að segja honum fyrir verkum. Þetta gæti líka átt við um fjölmiðlana. Við gætum þróað slíkar reglur og slíkt siðferðisviðhorf í samfélaginu að fréttamenn, blaðamenn, ritstjórar og fréttastjórar hefðu vörn af slíkum reglum þótt aldrei verði hægt að koma í veg fyrir að einhverjir misnoti þær reglur eða reyni að teygja þær og toga. Það þekkjum við af öðrum sviðum samfélagsins.

Virðulegur forseti. Að lokum örfá orð um það sem er að gerast í nágrannaríki okkar, Danmörku. Mér hefur heyrst það af umræðunni hér, sérstaklega hjá hæstv. menntmrh., að hægt sé að sækja sitthvað í smiðju Dana varðandi fjölmiðlana og taka Danmörku sér til fyrirmyndar enda sé þar tiltölulega ströng löggjöf í gildi. Hins vegar sá ég það í dag, í Berlingske Tidende og í Politiken í Danmörku, að þar er verið að fjalla um TV2, eins og hún heitir í Danmörku, þ.e. sjónvarpsstöð sem hefur verið rekin af ríkinu en verið var að sekta um hvorki meira né minna en 600 millj. danskra króna. Stöðin var sektuð um 600 millj. danskra króna fyrir að hafa notað opinbert fé, sem stöðin fær greitt í gegnum afnotagjöld eða öðruvísi beint frá ríkinu, til að standa undir þeim þætti sjónvarpsrekstursins sem ekki telst vera almannaþjónusta, þ.e. almennri afþreyingu. Það er greinilega gert ráð fyrir því í Evrópusambandinu að þeir fjármunir sem koma beint frá skattgreiðendum eða beint frá notendum í krafti löggjafar eigi að standa undir því sem kallast almannaþjónustan hjá þessum miðlum en tekjur sem þeir fá af auglýsingum eigi að standa undir afþreyingunni. Þetta teljast þeir ekki hafa gert frá árinu 1995 heldur notað fjármuni frá ríkinu í afþreyingarþáttinn. Nú er verið að sekta TV2 um 600 millj. danskra króna. Danska ríkisstjórnin, sem mér hefur skilist að sú íslenska taki sér mjög til fyrirmyndar, hefur ákveðið að selja TV2. Það er umdeild ákvörðun og ég ætla í sjálfu sér ekki að fjalla um hana hér en ríkisstjórnin hefur tekið hana og hefur leitað að aðilum til að kaupa stöðina.

Nú er verið að fjalla um það í dönsku fjölmiðlunum í dag að aðallega bítist tveir hópar um TV2. Annars vegar sænski fjölmiðlarisinn Bonnier sem hefur, held ég megi segja, um 200 félög og fyrirtæki á sínum vegum og er mjög stórtækur í ljósvakamiðlum alls staðar á Norðurlöndunum. Ég held að hann sé með, af því að menn hafa talað um virðiskeðjuna hér á landi, alla virðiskeðjuna meira og minna undir. Hann er núna að bindast böndum við Berlingske, sem gefur m.a. út danska stórblaðið Berlingske Tidende. Þessir aðilar kváðu ætla að bjóða saman í TV2. Svo er annar norrænn fjölmiðlarisi, Egmont, sem ásamt Politiken og Jyllandsposten, sem er dagblað, er hinn aðilinn sem ætlar að bjóða í TV2, þ.e. þetta er virðiskeðjan öll á þessum markaði. Þarna undir eru sjónvarpið og stór dagblöð og þessir aðilar ætla að bjóða í TV2.

Ástæðan er auðvitað sú, sem hér kom fram í ágætri ræðu hjá hv. þm. Samf. Ásgeiri Friðgeirssyni, að komin er ný tækni sem sameinar þessa miðla og er í raun úrelt að vera að gera slíkan greinarmun á prentmiðlum og ljósvakamiðlum, gera svo skýra aðgreiningu þar á milli. Þess vegna er sú staða uppi á Norðurlöndunum, að upp eru komnir talsvert stórir fjölmiðlarisar sem eru með virðiskeðjuna alla meira og minna undir. Ástæðan er auðvitað líka sú að umtalsverða fjármuni þarf til að halda úti fréttastofum og metnaðarfullri dagskrárgerð. Það verður ekki gert nema fyrirtækin sem að því standa séu talsvert öflug.

Þótt ég taki þetta dæmi frá Danmörku ætla ég ekki að segja að þetta sé sérstaklega til fyrirmyndar. Ég tek þetta bara sem dæmi um hvað er að gerast á fjölmiðlamarkaðnum, hve

mikil gerjun er og hve mikið að gerast á markaðnum sem við þurfum að fylgjast með. Við þurfum að átta okkur miklu betur á þessum markaði en gert hefur verið í aðdraganda þessa máls. Að vísu starfaði einhver fjölmiðlanefnd en hún fór aðallega yfir Evrópuráðssamþykktir um málið. En nefndin mat ekki hvaða þróun er í gangi á fjölmiðlamarkaði almennt og hvernig tækniþróunin t.d. er. Hún mat ekki hvaða áhrif og afleiðingar einstakar aðgerðir gætu hugsanlega haft. Hún hafði bara ekki til þess tíma eða mannskap. Það hefði þurft að gera, vanda málið miklu betur og ná um það samstöðu sem engin er að þessu sinni.

Morgunblaðið sagðist í síðasta Reykjavíkurbréfi ekkert skilja í því hvers vegna stjórnarandstaðan eygði ekki tækifæri í þeim sinnaskiptum stjórnarflokkanna sem nú hafi orðið í fjölmiðlamálum, að vilja ólmir setja lög um fjölmiðla. Um þetta fjallaði m.a. Ólafur Hannibalsson í ræðu sinni úti á Austurvelli í dag og spurði: Bíddu, hvaða tækifæri? Að gleypa við þeirri hrákasmíði sem frumvarp forsætisráðherra er? Svo sagði Ólafur, með leyfi forseta:

„Nei, það eru stjórnarherrarnir sem við sinnaskipti sín hefðu átt að eygja það tækifæri að taka höndum saman við stjórnarandstöðuna og ná víðtækri sátt um starfsemi fjölmiðla sem fyrst og fremst tryggði starfsmönnum sjálfstæði í störfum án utanaðkomandi afskipta." — Má þá einu gilda hvort þau afskipti eru af hálfu þeirra sem eru í stjórnarmeirihluta á hverjum tíma og fara með stjórn ríkisfjölmiðlanna eða af hálfu eigenda þeirra miðla sem eru á einkamarkaði í dag.

[20:25]

Einar K. Guðfinnsson:

Frú forseti. Málið sem við ræðum hefur verið áberandi í umræðunni í þjóðfélaginu og ekki síður á Alþingi að undanförnu. Þetta mál á sér að sjálfsögðu alllangan aðdraganda. Á síðasta ári skipaði þáverandi hæstv. menntmrh. nefnd til að fara ofan í þau mál sem lúta að fjölmiðlum og umhverfi þeirra. Sú nefnd var skipuð einvala liði og skilaði af sér skýrslu nú á vormánuðum. Þegar nefndin var skipuð á sínum tíma voru uppi miklar hrakspár. Margir héldu því fram að þessi nefnd mundi skila pantaðri niðurstöðu sem lítið mark yrði takandi á. Niðurstaðan varð hins vegar sú að þegar skýrslan var komin út var það almennt mat manna að hún væri ákaflega gagnleg, fróðleg og endurspeglaði gott jafnvægi í lýsingu á stöðu fjölmiðlanna í umhverfi okkar. Þannig var það auðvitað og skýrslan lagði góðan grunn að umræðunni sem fram hefur farið á Alþingi að undanförnu.

Á sama hátt hefur allshn., sem hefur um allnokkra hríð haft til umfjöllunar frv. sem við ræðum núna, kallað á fund sinn fjölda fólks. Mér sýnist á nefndaráliti eftir 1. umr. að á hennar fund hafi komið um 45 gestir og að 30 álit hafi skilað sér. Síðan hefur enn bæst í þann sarp. Við sjáum á því að grunnurinn til að eiga þá umræðu sem farið hefur fram á undanförnum dögum er sannarlega til staðar og sú umræða hefur verið allmikil og ítarleg. Ég held að það sé alveg ljóst að forsendur hafi verið fyrir þeirri umræðu sem menn hafa kallað eftir og talið nauðsynlegt að færi fram. Menn hafa ekki verið í vandræðum með það að gera upp hug sinn í þessu máli, taka afstöðu og setja fram sjónarmið sín. Það hefur komið fram bæði innan Alþingis og einnig í almennri pólitískri umræðu sem fram hefur farið um þessi mál í þjóðfélaginu.

Umræðan snertir á margan hátt mikilvægan kjarna hinnar þjóðfélagslegu umræðu. Menn hafa velt upp spurningum eins og þeirri hvort hér væri ráðist með óeðlilegum hætti á frjálsa samkeppni í landinu, hvort verið væri að trufla aðganginn að markaðnum og hvort við værum með þessu að efna til óþarfra og óeðlilegra inngripa í atvinnulífið og einstök fyrirtæki. Það er gott og gilt að menn spyrji þessara spurninga. Þess vegna langar mig, virðulegi forseti, til að fara yfir þau mál.

Kjarni frjálsrar samkeppni í þjóðfélagi okkar er að sjálfsögðu óheftur aðgangur að markaðnum. Þegar við horfum til þessara hluta verðum við fyrst og fremst að velta þeim fyrir okkur í ljósi þess. Það er augljóst að ef ekki er um að ræða óheftan aðgang, þ.e. sem frjálsastan aðgang að markaðnum, verður ekki til frjáls samkeppni. Það er sama hvernig menn velta því máli fyrir sér, það er þetta sem málið snýst um. Erum við í þeirri stöðu að sá sem vill koma inn á þennan markað geti gert það tiltölulega óheftur? Ég hygg að ef við skoðum þetta mál í því ljósi, sem við hljótum að bregða yfir það ástand sem nú er í fjölmiðlaumhverfi okkar, sé augljóst að svo er ekki. Þessi óhefti aðgangur er ekki til staðar. Markaðstruflandi aðstæður gera það að verkum að við hljótum að verða að setja sérstök lög um fjölmiðlana í landinu. Mér sýnist líka að sú umræða sem fram hefur farið að undanförnu hafi meira og minna sýnt fram á það. Æ fleiri og nánast yfirgnæfandi meiri hluti segir að það verði að setja sérstök lög um þetta, að sérstakar aðstæður séu uppi t.d. varðandi fjölmiðlana. Ég tek eftir því að formaður Samf. hefur bæði talað og skrifað með þeim hætti. Umræðan hefur a.m.k. fært þetta fram, að við erum að nálgast það að verða sammála um að setja þurfi um þetta sérstakar reglur, sérstakar leikreglur, vegna þess að hinar almennu samkeppnisreglur í þjóðfélagi okkar dugi ekki til.

Auðvitað er þarna mikilsverð niðurstaða í umræðunni. Það blasir líka við þegar við skoðum aðstæðurnar að margt sýnir okkur að þær eru eins og ég er að lýsa. Ef við horfum sérstaklega á ljósvakamiðlana sjáum við að sjónvarpsrásirnar eru takmörkuð auðlind. Þar er takmarkaður aðgangur og við slíkar aðstæður getur það gerst, sem gerist oft og tíðum, að vald safnist til stórra fyrirtækja. Þegar við skoðum sérstaklega aðrar aðstæður á þessum fjölmiðlamarkaði sjáum við líka þá þróun að gífurleg samþjöppun hefur orðið á þessu sviði. Það kemur m.a. fram í þeim gögnum sem ég hef undir höndum og birtust m.a. í minnihlutaáliti allshn. að eitt fyrirtæki er með um $^2/_3$ dagblaða og ljósvaka hinna svokölluðu frjálsu fjölmiðla, þ.e. fyrir utan Ríkisútvarpið. Hlutdeild í ljósvakanum og dagblöðum alls, með Ríkisútvarpinu, er um 47% og hlutdeild í öllu 39%. Við sjáum með öðrum orðum að þarna er um að ræða gífurlega samþjöppun.

Nú geta menn sagt sem svo: Þetta er allt í lagi, eins og mér heyrðist t.d. hv. þm. Samf. Ásgeir Friðgeirsson segja áðan, þetta væri veruleikinn í kringum okkur, við sæjum samþjöppun í þjóðfélagi okkar, værum með lítið samfélag og þannig væri þetta bara. Það eru samt dálítið sérstakar aðstæður þegar við horfum til þess að hér er ekki bara um að ræða gríðarlega samþjöppun á þessum markaði að þessu leyti, heldur er eignarhaldið líka sérstakt þar sem sá aðili sem helst borgar auglýsingabrúsann, sem er forsendan fyrir því að frjálsir fjölmiðlar geti þrifist, og eigandi fjölmiðilsins er einn og hinn sami. Með öðrum orðum, sá sem heldur utan um pyngjuna, sá sem borgar auglýsingarnar sem framfleyta útvarpsstöðvunum og hinum fjölmiðlunum, er einn og hinn sami. Þetta er í eðli sínu aðgangstakmarkandi þáttur í fjölmiðlaumhverfi okkar.

Þetta er veruleikinn, virðulegi forseti. Ég held þess vegna að þetta dæmi sýni okkur að það er full þörf á að við búum til leikreglur sem tryggi að menn eigi frjálsan aðgang að þessum markaði. Ella verður til þessi samþjöppun. Alls staðar þar sem menn hafa rannsakað þessi mál, t.d. hagfræðingar áratugum saman, er það algjört grundvallaratriði og meginniðurstaðan í öllum rannsóknum þeirra, að einmitt við þessar aðstæður, þegar aðgangur er markaðstakmarkandi að einhverri atvinnugrein, verður óneitanlega til samþjöppun. Við horfum til þessa.

Horfum aðeins til baka til þess tíma er menn ræddu um frjálsar útvarpsstöðvar, frelsi í ljósvakafjölmiðlun. Þá fóru fram gríðarlega miklar umræður um þessi mál. Ég ætla að velta því upp og við sem hér erum inni ættum að veltum aðeins fyrir okkur hvernig mönnum hefði gengið að setja á laggirnar frjálsar útvarpsstöðvar í því samkeppnisumhverfi að annars vegar hefði verið ríkisfyrirtæki sem ræki hinn stóra fjölmiðil og síðan einn takmarkandi þáttur varðandi tekjuöflunina, að tekjuöflunin væri með þeim hætti, eins og við sjáum, að menn hafi ekki aðgang að auglýsingatekjum vegna eignarhaldsins að öðru leyti á markaðnum. Við sjáum auðvitað í hendi okkar að við slíkar aðstæður hefðu aldrei orðið til útvarpsstöðvar eins og Bylgjan. Hún hefði einfaldlega aldrei getað þrifist. Hún hefði aldrei átt séns, hún hefði ekki getað haft áskriftartekjur og ekki átt möguleika á auglýsingum. Þetta er í samræmi við það sem fram hefur komið, t.d. í viðtali við framkvæmdastjóra Skjás 1. Hann segir að við þessar aðstæður sé leikurinn svo ójafn að hann hlyti að tapa á einu til einu og hálfu ári. Leikreglurnar eru einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að sá sem tekur þátt í samkeppninni tapar vegna þess að aðstæðurnar eru svo slakar.

Við höfum líka, virðulegi forseti, sett lög til að bregðast við á fleiri sviðum þar sem svo háttar til að aðgangur að markaðnum er takmarkaður. Í þessu sambandi er augljósast að ræða um sjávarútveginn. Hvers vegna tókum við það til bragðs á sínum tíma að setja sérstök lög um hámarkskvótaeign í sjávarútvegi? Það var vegna þess að við tókum tillit til ástandsins sem þar var, takmarkaður aðgangur að auðlindinni sem leiddi til þess að gríðarleg samþjöppun varð í greininni. Samkeppnisstofnun kom inn í málið á sínum tíma, fyrir þá nefnd sem undirbjó þá löggjöf og ég veit það glöggt því að ég sat sjálfur í þeirri nefnd. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar varð sú að samkeppnislög tækju ekki á þessu, að 10% kvótaeign í sjávarútvegi væri ekki markaðstruflandi að mati Samkeppnisstofnunar, 20% kannski tæplega. Þess vegna var augljóst að setja yrði sérlög. Með leyfi virðulegs forseta vil ég vitna aðeins í þá skýrslu sem gerð var um þetta. Þar segir að: „Of sterk yfirráð fárra aðila yfir fiskveiðiauðlindinni þýði að viðkomandi fái mikil völd í þjóðfélaginu og staða þeirra sem ráða útgerðarfyrirtækjunum geti orðið of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki. Þeir sem væru fyrir í greininni gætu í raun ráðið hverjir kæmu nýir inn og gætu þannig komið í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það stafi m.a. af þeirri sérstöðu í þessari atvinnugrein að nauðsynlegt sé að takmarka aðgang að auðlindinni og því sé t.d. ekki hægt að veita nýjum skipum rétt til veiða án þess að annað sambærilegt skip hverfi úr rekstri í þess stað. Eina leiðin fyrir nýja aðila til að koma inn í atvinnugreinina sé því að kaupa út þá sem fyrir eru."

Þarna er verið að útlista í fáeinum orðum þær aðstæður sem uppi eru þegar aðgangur að markaði er annaðhvort erfiður eða takmarkaður með einhverjum hætti.

Menn spyrja hvort þetta séu brot á stjórnarskrá, hvort það að við setjum leikreglur sem hafa í för með sér kröfu um tiltekna dreifingu eignarhalds sé brot á stjórnarskrá. Mig rekur satt að segja ekki minni til þess, virðulegi forseti, að t.d. þegar við ræddum þau mál sem lúta að sjávarútveginum, og ég gerði að umræðuefni, hafi menn velt því fyrir sér. Menn höfðu ekki áhyggjur af því að svo væri.

Á það ber að líta að lagasetning um fjölmiðla mundi hafa áhrif á þann veruleika sem við búum við. Vissulega munu þau hafa áhrif á þann veruleika vegna þess að við erum að breyta leikreglunum, við erum að breyta þeim með almennum hætti og þær munu hafa áhrif á þá sem starfa á þeim vettvangi á þessari stundu vegna þess að þarna er stuðlað að aukinni valddreifingu og dreifingu á eignarhaldi. Út á það gengur þetta frv. fyrst og fremst og eingöngu.

Samf. hefur í málflutningi sínum reynt að leggja áherslu á aðra þætti. Í till. til þál. um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði er m.a. sagt, með leyfi forseta, um nefnd sem flokkurinn vill að verði sett á laggirnar til að fara ofan í þessi mál:

„Nefndin athugi hvernig hægt sé að stuðla að sem mestu sjálfstæði ritstjórnar gagnvart eigendum fjölmiðla ..."

Nú skulum við velta fyrir okkur því hvernig það yrði gert. Það verður ekki gert nema með því að hafa áhrif til inngrips í fjölmiðlaumhverfið í landinu. Er ekki t.d. augljóst mál að nefnd sem gerði tillögur í þessum efnum hlyti að kveða á um það í tillögum sínum með einhverjum hætti hvort eigendur og ritstjórar gætu verið einn og sami maðurinn, hvort maður í stjórn tiltekins fyrirtækis gæti líka verið ritstjóri blaðs? Getur eigandi fyrirtækis sem á í hlut og situr í stjórn líka verið sjónvarpsstjóri og þar fram eftir götunum? Ég reyndi að skoða þessa tillögu í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í hinni stórfróðlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar sem við höfum verið að fjalla um, sem er grundvöllur þeirrar löggjafar sem við erum hér að undirbúa að verði sett. (Gripið fram í.) Þegar ég skoða þetta sé ég t.d. að einn og sami maðurinn er meðstjórnandi í fyrirtækinu Frétt ehf., sem annast blaðaútgáfu, og er líka í stjórnum fyrirtækisins Norðurljósa en er jafnframt aðalritstjóri útbreiddasta blaðs Íslands, sem er í eigu hinna sömu manna. Er þá ekki augljóst mál, virðulegi forseti, að þetta mundi hafa áhrif, vera bein inngrip í stjórnunarhætti þess fyrirtækis? Vakna þá engar spurningar um það hvort hér væri á einhvern hátt um að ræða stjórnarskrárbrot, hvort hér væri um að ræða árás á athafnafrelsið o.s.frv. eins og menn hafa verið að tala um? (**Gripið fram í:** Við skulum skoða það.)

Ég er alveg sammála því, virðulegi forseti, og er sannfærður um að tillaga af þessu tagi stæðist prýðilega athugun á stjórnarskrárlegum þáttum. Ég er algjörlega sammála því. Þetta sýnir að sérlög af þessu tagi, sem er ætlað að reyna að tryggja aukna valddreifingu, skýrari skil, meiri eignadreifingu, eru fullkomlega í samræmi við stjórnarskrá landsins og mjög í samræmi við þá löggjöf sem við höfum verið að setja, sem er oft og tíðum einmitt til þess fallin að stuðla að tiltekinni eignadreifingu í þjóðfélaginu.

Í þessu sambandi hlýt ég að minnast á það að menn hafa mjög rætt um það hvort ásetningur frv. og frv. sjálft, sem felur í sér kröfu um tiltekna eignadreifingu, sé óeðlilegt inngrip og hafi áhrif á eignarréttinn í þjóðfélaginu. Nú vill svo til að tveir þeirra sem gagnrýnt hafa þetta frv. fluttu á Alþingi, veturinn 1999–2000, frv. til laga um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, hv. þm. Stein-

grímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson. Tillaga þeirra var mjög afdráttarlaus. Þeir vildu setja í lög hvernig eignarhaldi skyldi háttað í viðskiptabönkum landsins. Niðurstaða þeirra varð sú að setja í lög eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka." — (Gripið fram í.) — „Viðskiptabanki skal reglulega tilkynna Fjármálaeftirlitinu um samsetningu hluthafa og án tafar ef eignarhlutur einstaks aðila fer yfir fyrrgreind mörk. Hluthafi í viðskiptabanka skal tafarlaust gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi hann ástæðu til að ætla að eign hans í viðskiptabanka kunni að yfirstíga fyrrgreind mörk." — Þeir segja síðan að skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir skuli teljast, og vek ég m.a. athygli á þessu: „skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tengdir aðilar með sama hætti vegna ættleiðingar. Foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka eða sambýlisaðila".

Hér er þetta nákvæmlega saumað niður, mann fyrir mann, jafnvel einstakling fyrir einstakling, nákvæmlega hvernig þessu skuli háttað. Ég fór í gegnum þessa umræðu og skoðaði hana. Það var athyglisvert að menn höfðu ýmsar efasemdir um þessa löggjöf. En ég gat ekki séð að menn hefðu efasemdir um að þetta stæðist stjórnarskrá. Á þeim tíma var mikill áhugi á því í þjóðfélaginu að tryggja dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum. Menn vildu setja það í lög til að tryggja að dreifð eignaraðild ætti sér stað, enginn ætti, hvorki t.d. foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka, meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka.

Það sem ég hef verið að segja hér og vekja athygli á er að við höfum á undanförnum fært okkur í þá átt, með löggjöfinni, með sérlögum og hugmyndum að löggjöf, eins og kemur fram í því sem ég hef verið að tala um, að reyna að tryggja tiltekna valddreifingu og eignadreifingu í þjóðfélagi okkar. Við höfum ekki talið það brot á stjórnarskrá, öðru nær. Við höfum talið það lið í því að búa til einhvers konar valddreifingu í þjóðfélaginu, eins og við vildum sjá það.

Ég sakna þess að hér skuli ekki vera neinn frá Vinstri grænum. Mig langaði nefnilega að víkja aðeins að málflutningi þeirra, m.a. í ljósi þeirrar lagasetningar sem ég var að tala um. (Gripið fram í.) Ég sé hins vegar marga gamla flokksbræður vinstri grænna og þeim gæti kannski runnið blóðið til skyldunnar, að taka upp hanskann og útskýra málin ef tækifæri gefst til á eftir. Ég sé að ýmsir hafa þegar beðið um orðið í andsvörum þannig að ég geri ráð fyrir að þeir muni nýta hinn rýmilega tíma sem þeir fá á eftir, eina mínútu eða svo, til að útskýra betur stefnu Vinstri grænna í þessum efnum. (Gripið fram í.)

Það kom mér mikið á óvart þegar ég fór að velta málinu fyrir mér og skoða það í ljósi sögunnar, hinu sögulega ljósi — nú er ég farinn að tala eins og marxisti — að Vinstri grænir höfðu uppi mjög ákveðnar skoðanir í þessum efnum. Þeir fluttu með okkur, m.a. með flokkssystkinum mínum, tillögu varðandi fjölmiðlana. Þeir höfðu flutt frv. sem ég hef þegar farið aðeins yfir og fyrsti flutningsmaður þáltill. sem ég nefndi áðan, hv. varaþingmaður Álfheiður Ingadóttir, kom m.a. í ræðustól Alþingis og innti hæstv. forsrh. eftir skoðunum hans á stöðu mála í fjölmiðlun. Hún var út fyrir sig ekkert að skafa utan af því og taldi að m.a. í Ameríku væri leyfilegt að kveða á um þessa dreifingu. Hún benti í því sambandi á að ef svo færi að mikil samþjöppun valds yrði á fjölmiðlasviðinu þá mundi það óneitanlega hafa bein áhrif á viðbrögð og starfshætti eftirlitsstofnana þessa þjóðfélags. Hún spurði sem svo: Hvað verður um ístöðu og hvað verður um staðfestu? Hvað verður um staðfestu Samkeppnisstofnunar þegar hún liggur undir gusugangi frá þessum stóru og öflugu fjölmiðlum? Af því mátti skilja að hv. þm. hefði nokkrar áhyggjur af því hvernig færi í slíkum slag. Það er út af fyrir sig athyglisverð ábending frá hv. þm. sem tilefni gæti verið til að fjalla aðeins um.

Það hefur komið mér á óvart hversu mjög mér finnst vinstri grænir nánast hafa gengið í björg í þessari umræðu. Mér virðist sem þeir hafi í meginatriðum siglt upp að hliðinni eða í kjölfar samfylkingarmanna og tiltekinna fjölmiðlarisa, fjölmiðlasamsteypna. Það hefur verið mjög örðugt fyrir utanaðkomandi að átta sig á muninum þó að þeir hafi í öðru orðinu reynt að árétta sérstöðu sína. Nú gengur hv. þm. Ögmundur Jónasson í salinn og fagna ég því alveg sérstaklega. Mér hefur fundist erfitt — ég hef verið ákafur áhorfandi að þessari umræðu og mér hefur fundist fróðlegt að fylgjast með henni og hef setið hér dagana langa — að átta mig á því hver hin raunverulega sérstaða Vinstri grænna er. Ég veit að þeir tala með þeim hætti að á köflum mætti ætla að þeir hefðu heldur önnur sjónarmið en bæði Samf. og stóru fjölmiðlarisarnir, svo ég noti bara orðalag sem þeir kannast við, sjálft auðvaldið í fjölmiðlaheiminum. Mér hefur hins vegar gengið mjög illa að átta mig á því hvar mismunurinn liggur.

Virðulegi forseti. Kannast hlustendur við heimasíðuna ogmundur.is? (**Gripið fram í:** Heldur betur.) Ég er einn þeirra sem les hana líka reglulega, m.a. til þess að átta mig á því hver er munurinn á skoðunum ogmundur.is og Samf., stórauðvaldsins í fjölmiðlaheiminum. Og sjá, þar getur að líta að ég virðist ekki alveg vera einn í heiminum með þennan vandræðagang. Á þeirri merku heimasíðu birtist ákaflega fróðleg og athyglisverð grein, skarplega skrifuð, af gömlum samverkamanni þeirra hv. þm. Marðar Árnasonar og Össurar Skarphéðinssonar, Helga Guðmundssyni, fyrrv. ritstjóra Þjóðviljans. Hann skrifar grein á ogmundur.is. (**ÖS:** Hver?) Helgi Guðmundsson, fyrrv. starfsfélagi eða kollegi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann var ritstjóri Þjóðviljans. (**ÖS:** Settur mér til höfuðs af flokknum.) Hann skrifaði grein sem heitir „Til vinstri við vinstri", og hefst nú lesturinn, með leyfi virðulegs forseta:

„Röksemdafærsla stjórnarandstöðunnar gegn fjölmiðlafrumvarpinu er háalvarlegt mál. Hún heldur því fram að væntanleg lög muni skerða atvinnufrelsi manna og tilfærir einnig að lán bankanna til Norðurljósa verði í uppnámi, að hætta sé á að lífeyrissjóðir tapi tveimur milljörðum sem þeir eigi hjá Norðurljósum, ef frumvarp ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga. Auk þess bendir hún á að atvinna starfsmanna fyrirtækisins kunni að vera í hættu, sem vissulega er ekkert grín.

„Vinstri sinnuð" stjórnarandstaða hefur með öðrum orðum meiri áhyggjur af að bankar og stóreignamenn tapi á lánum og fjárfestingum heldur en vörnum almennings gegn því að einn eða örfáir aðilar ráði ljósvakafjölmiðlun í landinu (annarri en Ríkisútvarpsins). Sé það rétt að tveir milljarðar af peningum lífeyrissjóða séu í hættu hlýtur það að vera vegna þess að einhverjir sjóðir hafi lánað Norðurljósum þessa upphæð, því lífeyrissjóðsiðgjöld eru varin af ábyrgðarsjóði launa við gjaldþrot. Hvergi hefur orðið vart við að stjórnarandstaðan hafi spurt hvort þetta hafi verið skynsam-

leg ráðstöfun, hvort réttlætanlegt hafi verið að lána Jóni Ólafssyni og félögum slíka upphæð.

Stjórnarandstaðan hefur gert öll rök auðmanna gegn frumvarpinu að sínum en gerir lítið eða ekkert með rök þeirra sem segja: Það er nauðsynlegt að setja samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlum skorður með lögum. Steingrímur J. Sigfússon hefur auk þess undanfarna daga sagt að málsmeðferðin sé forkastanleg og þess vegna verði VG á móti. Með öðrum orðum: aðferðin skiptir meira máli en afleiðingarnar — geðvonskan í Davíð Oddssyni gerir málið ónýtt samkvæmt þessu."

Þetta eru mjög fróðlegar athugasemdir. Þó að við Helgi Guðmundsson séum örugglega ekki sammála í stjórnmálum þá verð ég að játa að á margan hátt endurspeglast í grein hans vandræði mín við að átta mig á hver væru skilin á milli manna, annars vegar milli þeirra sem hann kallar auðmenn, þ.e. þeirra sem halda utan um mesta fjölmiðlarisa á Íslandi sem ræður $^2/_3$ af fjölmiðlamarkaðnum á hinum frjálsa markaði, hv. þingmanna Samf. og hv. þingmanna Vinstri grænna. Úr því að svo er að pistlahöfundur á ogmundur.is er í þessum vandræðum þá er mér kannski vorkunn. Enn vil ég leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna í þessa ágætu grein, vegna þess að mér finnst hún vera dálítið lýsandi. Greinarhöfundur spyr:

„Ætlar þú að reka sjálfstæða ritstjórnarstefnu? Að sjálfsögðu hefur eigandi fjölmiðils fullan rétt til að spyrja svona og það er alls ekki hægt að lögþvinga hann til að hafa fólk í vinnu sem heldur úti öðruvísi fjölmiðli en hann vill — má reyndar mikið vera ef Sigurður G. Guðjónsson notaði ekki einmitt orðalagið að vera ekki í liðinu þegar hann vék fréttamanni Stöðvar 2 úr starfi fyrir nokkrum mánuðum.

Röksemdafærsla stjórnarandstöðunnar er alvarleg vegna þess að hún er yfirlýsing um að ef „vinstri" flokkar komast í stjórn muni þeir ekki setja nein lög sem takmarka samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Þegar af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að setja lög um það efni í þessari lotu. Sé fallist á röksemdir stjórnarandstöðuflokkanna leiðir það til þess að hinir sterku og ríku eiga sífellt auðveldara með að ráðskast með alla skapaða hluti í samfélaginu. Réttur almennings til varnar gegn valdi þeirra á fjölmiðlasviði virðist í því samhengi vera aukaatriði hjá „vinstri" mönnum en skipta máli hjá þeim sem eru til „hægri"."

Að lokum segir Helgi Guðmundsson, með leyfi forseta:

„Er nú tímabært að spyrja: Hvað er eiginlega um að vera í pólitíkinni? Hefur „vinstrið" ruglast gersamlega í ríminu?"

Þetta, virðulegi forseti, fannst mér á margan hátt athyglisverð nálgun og athyglisvert ljós sem þessi gamli ritstjóri Þjóðviljans varpar á þetta mál. Mér fannst því ástæða til að fara aðeins yfir þetta frekar.

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér talað lengur um þetta mál en ég ætlaði í upphafi. Ég ætlaði aðeins að reifa meginsjónarmið í málinu. Ég vil þó í þessu sambandi vekja athygli á því að við erum komin áleiðis í 3. umr. málsins. Þetta mál hefur fengið mikla umfjöllun í þinginu, t.d. í hv. allshn. eins og ég rakti áðan. Fjölmargir hafa haft tækifæri til að tjá hug sinn til málsins hjá nefndinni í heimsóknum, með skriflegum athugasemdum og auðvitað í hinni kröftugu umræðu í þjóðfélaginu. Þetta hefur líka haft þau áhrif að margt hefur breyst í þessu frv. frá því að það var fyrst lagt fram fyrir allmörgum vikum. Þær breytingar hafa fyrst og fremst miðast að því að koma til móts við það sem við í stjórnarflokkunum höfum talið málefnalegar aðfinnslur, málefnalegar ábendingar sem ættu að verða til þess að styrkja þá löggjöf sem hér á að setja.

Hvað sem menn segja í sínum stórorðu yfirlýsingum í þessari umræðu þá er þetta dæmi um að þingið er í sjálfu sér að taka á málum, það bregst við þeirri gagnrýni sem upp kemur. Nú geta menn deilt um efni þess og ég hafði gert mér vonir um að menn reyndu að ná betur saman, eftir því sem málinu hefur undið fram og frekari breytingar verið gerðar. Það hefur verið brugðist við ábendingum varðandi stjórnarskrána og ábendingum manna sem hafa viljað tryggja að markaðsráðandi aðilar gætu átt hlut í fjölmiðlafyrirtækjum. Það var gert með því að gera dálitla opnun án þess að markaðsráðandi aðilar gætu ráðið algerlega fjölmiðlaflórunni í landinu. Það var líka gert með þeim hætti að hækka hlutfallið sem einstakir eigendur gætu átt til þess að tryggja að hin fjárhagslega staða fjölmiðlanna væri sterkari.

Ég hafði, virðulegi forseti, vænst þess að þetta yrði til þess að menn kæmust nær hver öðrum í þessari umræðu. Það hefur því miður ekki gerst og eftir sem áður er augljóst að um þetta mál er bullandi ágreiningur í þinginu. Það verður hins vegar að koma í ljós við atkvæðagreiðslu hversu langt sá ágreiningur nær.

Ég hafði gert mér sérstakar vonir um að flokkur Vinstri grænna stæði ríkisstjórnarflokkunum við hlið í þessum efnum. Mér fannst mjög margt í þeirra fortíð og margt í þeirra tillöguflutningi benda til þess, m.a. varðandi viðskiptabankana sem ég vakti athygli á sem er út af fyrir sig sambærileg lagasetning á margan hátt, en það varð ekki. Þeir kusu að elta Samf. uppi, hlaupa hana uppi og komast helst upp að hlið hennar. Þetta hefur, eins og Helgi Guðmundsson rakti í sinni athyglisverðu grein, gert það að verkum að við sem utan við þennan flokk stöndum og reyndar Helgi Guðmundsson, sem er í flokknum eftir því sem ég best veit, eigum bágt með að skilja á hvaða vegferð sá flokkur er.

[20:57]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. fór um víðan völl í tilraun sinni til að sauma saman heildstæða málsvörn fyrir þá sem fylgja frv. forsætisráðherra um lög á fjölmiðla. Hann ræddi töluvert um stjórnarskrána og stjórnarskrárbrot og því vildi ég beina fyrirspurn til þingmannsins varðandi þau mörgu álit frá lögmönnum sem borist hafa og öll styðja að um stjórnarskrárbrot sé að ræða og höftin á prentfrelsinu sem frv. ber með sér vegi að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Hins vegar hefur ekki eitt einasta álit komið til nefnda þingsins sem styður að svo sé ekki. Allt bendir til þess að hér sé um gróf stjórnarskrárbrot að ræða þar sem vegið sé að tjáningarfrelsinu og prentfrelsinu. Því vildi ég fá aðeins ítarlegri og rökstuddari skýringar á því að hann telji að hér sé ekki um stjórnarskrárbrot að ræða. Mér virðist svo augljóst að um stjórnarskrárbrot sé að ræða þegar vegið er að tjáningarfrelsinu og prentfrelsinu og krossmiðlun með banni á krossmiðlun.

[20:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af yfirlestri mínum á þessum álitum og því sem ég hef heyrt til lögfræðinga í þessum efnum þá er niðurstaða langflestra sú að þeir treysta sér ekki til að fullyrða mjög afgerandi í þessu efnum. Þeir segja: Við treystum okkur ekki til að fullyrða að þetta standist algerlega stjórnarskrá, enda er það auðvitað þannig, eins og hæstv.

utanrrh. vakti athygli á, að þannig er með mörg lög og menn greinir einfaldlega á um þetta.

Það eru ekki mjög margir lögfræðingar sem kveðið hafa upp úr um það, allra síst eftir að búið er að gera þær breytingar sem gerðar hafa verið, að þessi lög muni brjóta stjórnarskrána. Ég vek athygli á því að sá lögmaður sem menn hafa einna oftast vitnað til, prófessor Sigurður Líndal, vakti t.d. athygli á því að breytt hefði verið með viðunandi hætti því efnislega atriði sem hann hefði gert langmest að umræðuefni. Það styrkir mann enn frekar í þeirri trú, sem ég hafði bjargfasta fyrir, að þetta frv. sé fullkomlega í samræmi við stjórnarskrána og þess vegna er að mínu mati ekkert að vanbúnaði að samþykkja það.

[21:00]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eftir stendur, virðulegur þingmaður, að það ákvæði frv. sem hvað skýrast virðist vega að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi o.s.frv. sé bann við krossmiðlun. Í fyrsta sinn á Íslandi er verið að banna ákveðnum aðilum, skilgreindum aðilum, að eiga í prentmiðli, eiga og reka prentmiðil. Að því leyti er verið að reisa tjáningarfrelsinu skorður og að mínu mati vegið að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, enda stutt álitum fjöldamargra lögspekinga. Á móti hefur enginn lögspekingur sem leitað hefur verið til þessara erinda gefið til kynna eða kveðið upp úr um að að hans áliti sé ekki um stjórnarskrárbrot að ræða þegar kemur að banni á krossmiðlun. Nýjustu tíðindin og nýjustu breytingarnar breyta þar engu um í frv. og áfram er lagt til bann á krossmiðlun. Þar er um alvarlega aðför að tjáningarfrelsinu að ræða að mati þessara lögspekinga.

[21:01]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn hlaupa nú úr einu skjólinu í annað. Þegar þetta mál kom fyrst fram var fyrst og fremst numið staðar við það ákvæði frv. sem kvað á um það að útvarpsleyfin skyldu renna út á tilteknum tíma. Nú hefur því ákvæði verið breytt þannig að núna fá útvarpsleyfin að ganga sinn gang ef þannig má að orði komast. Þar með var auðvitað brugðist við því sem var langalvarlegasta ábendingin, eins og ég hef líka sagt. Það hefur komið fram hjá þeim lögmanni sem menn hafa hvað tíðast vitnað til að það er auðvitað grundvallarbreyting á frv.

Í þessu sambandi vek ég líka athygli á því að þetta fyrirkomulag sem við erum hér að innleiða er ekkert einsdæmi. Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir flutti t.d. á sínum tíma þáltill. um þetta mál og vakti m.a. athygli á því í ræðu hér í þinginu að þannig væri þetta í Bandaríkjunum. Við erum hér auðvitað að feta svipaða slóð og aðrar þjóðir hafa gert í ýmsum efnum.

[21:02]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil spyrja hv. þingmann einnar spurningar: Hvaða fyrirtæki eða kjölfestufjárfesta telur hann líklega til að koma að fyrirtækinu Norðurljósum ef þessi lög ná fram að ganga? Það hefur komið fram að líklega eru um 100 fyrirtækjum settar skorður við að eignast meira en 5% í fyrirtækinu Norðurljósum ef þau ná fram að ganga. Þá kom líka fram í ágætri ræðu hv. þm. Samf., Ásgeirs Friðgeirssonar, að fyrirtækið Norðurljós hafi skuldabagga upp á eina fimm milljarða sem leiðir til vaxtabyrði að upphæð 300 millj. íslenskra kr. á ári. Því legg ég þá spurningu fyrir hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson: Hvaða kjölfestuaðilar, hvaða fjárfestar ættu að hafa áhuga á því að koma að fyrirtækinu Norðurljósum ef frv. nær fram að ganga?

[21:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð bara að játa það að ég er ekki það kunnugur á þessum markaði að ég geti alveg fullyrt nákvæmlega hvaða fyrirtæki munu sýna því áhuga að koma að rekstri þessa fjölmiðlafyrirtækis. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að forstjóri fyrirtækisins greindi frá því í fjölmiðlum áður en sameiningin mikla átti sér stað við Fréttablaðið og Dagblaðið að Stöð 2 og Norðurljós ættu sér prýðilega framtíðarmöguleika, þetta væri fyrirtæki með góða framlegð sem gæti haft mikla hagnaðarvon. Ég er ekki í nokkrum vafa um að menn sem eru að leita ávöxtunar og sjá hagnaðarvonina eins og forstjóri fyrirtækisins hefur bent á, sem gleggst má vita, muni koma með fjármagn inn í þetta fyrirtæki. Við sjáum einfaldlega að það er gríðarlegt fjármagn í umferð í landinu. Mjög margir vilja taka þátt í þessum fjárfestingum og það er enginn vafi á því að þetta fyrirtæki mun þess vegna fá fjárfesta til þess að styðja við reksturinn, ef rétt er að hann sé svona arðvænlegur.

[21:05]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom á daginn að hv. þm. gat ekki svarað þessari einföldu spurningu minni. Ég vil víkja enn frekar að ræðu hv. þm. Ásgeirs Friðgeirssonar sem mér fannst mjög áhugaverð og í raun tímamótaræða í þeirri umræðu sem hefur verið um málið á Alþingi. Hv. þm. sagði m.a. að í tímaritinu Frjálsri verslun hefði komið fram að 90 fyrirtæki hér á landi högnuðust hvað mest í fyrra og á þeim lista, af þessum 90 fyrirtækjum, teljast 60 til markaðsráðandi fyrirtækja. Hin fyrirtækin 30 eru flest hver sjávarútvegsfyrirtæki. Með öðrum orðum, ef frv. hæstv. forsrh. nær fram að ganga eru líklegustu kaupendurnir að fyrirtækinu Norðurljósum sjávarútvegsfyrirtæki. Þau eru þau einu sem virðast hafa burði til að fara inn og þau virðast vera þau einu sem hafa ekki hömlur gegn því að fara þarna inn.

Því spyr ég: Telur hv. þm. þetta vænlegan kost fyrir fjölmiðlun í landinu að sjávarútvegsfyrirtæki sem ráða yfir sameiginlegri auðlind þjóðarinnar yfirtaki íslenska fjölmiðla?

[21:06]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. (**Gripið fram í:** Svaraðu þessu.) Það sem greinilega vakir fyrir hv. þingmanni er að berjast fyrir því að það sé alveg tryggt að markaðsráðandi fyrirtæki hafi sem mest svigrúm til að fjárfesta í fjölmiðlafyrirtækjum. Það getur vel verið að hann hafi þá lífshugsjón að það sé mjög mikilvægt að markaðsráðandi fyrirtæki í landinu, hinir stóru aðilar, hafi líka tökin á fjölmiðlunum í landinu. (**Gripið fram í:** Svaraðu spurningunni.) Ég er hins vegar algjörlega ósammála því. Ég vil vekja athygli á ræðu sem formaður hans ágæta flokks flutti um þetta mál þar sem hann sagði sem svo að það væri mjög alvarlegt ef það væru einfaldlega hinir stóru verslunarhringir og sjávarútvegsfyrirtækin í landinu sem mundu síðan ríkja yfir þessum fjölmiðlafyrirtækjum.

Ég vek athygli á því að samkvæmt þessu frv. og þeim brtt. sem við höfum þegar á því gert er í fyrsta lagi nú möguleiki fyrir markaðsráðandi fyrirtæki að eiga allt að 5%. Það er líka búið að hækka það hlutfall sem einstakir aðilar mega

þarna eiga. Ég held að það lýsi vankunnáttu og vanþekkingu á íslenskum fjármagnsmarkaði ef menn ætla að ekki sé hægt að búa til hóp manna og fyrirtækja til að standa að öflugum fjölmiðlarekstri í landinu öðruvísi en að hann sé í klónum á markaðsráðandi fyrirtækjum, nema það sé orðin sérstök hugsjón tiltekinna þingmanna. (**Gripið fram í:** Þú svaraðir ekki.)

[21:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var vitnað í skrif Helga Guðmundssonar, fyrrverandi ritstjóra Þjóðviljans. Hann er glöggur maður og greindur, ég ber mikla virðingu fyrir skoðunum hans og mér þykir vænt um að hann skuli skrifa inn á heimasíðu mína. Í þessu máli er ég honum hins vegar algerlega ósammála. Því fer víðs fjarri að stjórnarandstaðan, Vinstri hreyfingin – grænt framboð eins og hann heldur fram, sé að ganga til liðs við auðhringinn Baug. Við erum að ganga til liðs við málstað sem gengur út á það að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Við viljum verja fjölmiðla sem eru fjölmennir vinnustaðir og mikilvægir í lýðræðislegri umræðu í landinu. Við teljum það frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu ekki gera það, það hafi meira að segja gagnstæð áhrif.

Þingmaðurinn segir og minnir á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi lagt fram frv. um dreifða eignaraðild í lánastofnunum. Kem ég að því í síðara andsvari.

[21:09]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum því þetta var í meginatriðum ekki andsvar til hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, heldur andsvar til Helga Guðmundssonar sem vakti einfaldlega athygli á því að svo væri komið fyrir vinstri grænum að þeir hefðu gert helstu rök auðmanna að sínum. Ég vakti athygli á þessum skrifum af því að mér þóttu þau athyglisverð.

Hv. þm. segist vilja berjast fyrir fjölbreytni í fjölmiðlun. Þá vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann telji virkilega það ekki vera á vissan hátt ógn við fjölbreytni í fjölmiðlun ef eignarhald safnast saman á fárra hendur í þessari mikilvægu og þessari sérstöku atvinnugrein. Hefur hv. þm. engar áhyggjur af því fyrirkomulagi ef eignarhaldið er á mjög fárra höndum? Telur hv. þm. virkilega að það geti verið líklegt til að tryggja fjölbreytnina í fjölmiðlun að eignarhaldið sé á svo fárra manna höndum? Ég er algjörlega ósammála honum. Ég tel að ein forsendan fyrir því að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu og tryggja hinar fjölbreytilegustu skoðanir sé einmitt að eignarhaldið sé sem dreifðast.

[21:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ein óskaplega einföld spurning: Ef þetta frv. hefur það í för með sér að fjölmiðlum á Íslandi fækkar og þeir verða veikari, er frv. þá til þess fallið að auka fjölbreytni í fjölmiðlun? Við skulum reyna að koma ofan úr hæðum teoríunnar og skoða veruleikann eins og hann blasir við. Það er þessi veruleiki sem stjórnarandstaðan er að reyna að benda á.

Ég vil aðeins ljúka þessu með því sem ég byrjaði á, að nefna dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum. Hvers vegna lagðist Sjálfstfl. gegn því og féll frá þeirri hugmynd sem upphaflega lá fyrir, að selja ríkisbankana hér á opnum markaði, en gekkst inn á tillögu Framsfl. um að fá þá í hendur kjölfestufjárfestum sem ég tel að sé eitt mesta spillingarmál síðari tíma?

[21:11]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. velti upp hinni teoretísku spurningu um hvernig við horfðum á það ef þetta frv. yrði til þess að fjölmiðlum fækkaði (Gripið fram í.) ... veiktust og þeim fækkaði. Í spurningunni felst það sjónarmið sem hefur ruglað bæði mig og Helga Guðmundsson í ríminu að sjónarmið hv. þingmanns virðist vera það að forsendan fyrir því að hægt sé að halda hér uppi öflugum fjölmiðlum sé að markaðsráðandi öfl í þjóðfélaginu, stóru fyrirtækin, þau sem geta haft stjórn á markaðnum, þ.e. markaðsráðandi fyrirtæki sem geta m.a. haft áhrif á verðmyndun í landinu, hafi líka tangarhald á fjölmiðlunum í landinu. (**ÖJ:** Hvers ...?) Þau eiga að ráða fjölmiðlunum. Það er ákaflega athyglisvert sjónarmið sem hv. þm. hefur greinilega tekið undir í þessu einnar mínútu andsvari sínu og (**ÖJ:** Við skulum ræða það.) hefur undirstrikað að það var nauðsynlegt af mér og Helga Guðmundssyni að spyrja hér áleitinna spurninga.

[21:12]

Ásgeir Friðgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að hann hafði ekki fullan skilning á þeim hugmyndum sem Samf. hefur sett fram varðandi leiðir að því marki sem hér er talað um, fjölbreytni í fjölmiðlun. Það er í fyrsta lagi gagnsæi þar sem við viljum tryggja að lesendur, áhorfendur, birgjar og auglýsendur séu upplýstir um hverjir eru eigendur. Þetta er aðferð til þess að nýta krafta og tæki markaðarins til að ná þessu marki.

Í öðru lagi tölum við um sjálfstæði ritstjórna. Þar förum við þær leiðir sem eru farnar í fjármálafyrirtækjum. Þar eru ítarleg lög um innri reglur og skipulag sem miða að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Þetta er þekkt. Þetta er eðlilegt. Ég spyr: Telur hv. þm. ekki að þessar leiðir séu áfangi að því marki sem sett er með frv., sum sé fjölbreyttir og sjálfstæðir fjölmiðlar?

[21:14]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margoft komið fram að þetta frv. getur í sjálfu sér verið áfangi á þeirri leið. Menn hafa líka talað um að það sé sjálfsagt að þessi mál verði unnin áfram, m.a. af þeirri fjölmiðlanefnd sem bjó til fjölmiðlaskýrsluna sem er grundvöllur frv. Ég spurði hins vegar einfaldrar spurningar: Munu ekki hugmyndir Samf. um þetta sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum sínum, gagnvart eigendum fjölmiðlanna, hafa áhrif, beint inngrip í rekstur tiltekinna fjölmiðla? Ég nefndi auðvitað þann fjölmiðlarisa sem oft hefur komið til tals í þessari umræðu. Ég vakti athygli á því að þar væri skipulag með þeim hætti að það væri augljóst mál að tillaga Samf. varðaði beint inngrip í þann rekstur.

Ég tel mjög mikilvægt, virðulegi forseti, fyrir þessa umræðu, að hv. þm. sem er einn flutningsmanna, hann er 2. flutningsmaður að þessari tillögu, svari því skýrt og skorinort hvort þetta væri ekki tilskipun um að það yrði að stokka upp fyrirkomulag í þessu tiltekna fyrirtæki og hvort hann teldi þá að þetta væri sértæk löggjöf sem beindist gegn einu og sama fyrirtækinu. Mér sýnist á þessari skýrslu fjölmiðlanefndar að það sé eina fyrirtækið sem þessi tilskipun mundi þá snerta.

[21:15]

Ásgeir Friðgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hefði hv. þm. hlustað á ræðu mína hér fyrr í dag (**EKG:** Ég gerði það.) kom þar fram að þær hugmyndir sem við höfum lagt fram fela í sér að þeir hlutir sem þingmaður bendir á mundu koma til endurskoðunar hvað varðar Norðurljós.

Úr því að hv. þm. samþykkir að gagnsæi og sjálfstæði ritstjórna sé áfangi á þessari leið, hví fer hann ekki að tilmælum Evrópuráðsins um að nýta fyrst hin veikari meðul áður en gripið er til þeirra sterkari?

[21:16]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talaði um að tilmæli Samf. mundu fela í sér að til endurskoðunar kæmi á tilteknu fyrirkomulagi á þessu fyrirtæki sem ég hef hér nefnt. Ég held, virðulegi forseti, að það verði að orða þetta miklu sterkar. Ef það á að taka tilmæli Samf. bókstaflega fela þau það í sér að það fyrirkomulag sem uppi er núna, að Gunnar Smári Egilsson, svo að ég nefni bara nöfnin, gæti ekki gert hvort tveggja, að sitja í stjórnum þessa fjölmiðlarisa og vera líka ritstjóri. Þá eiga auðvitað þingmenn Samf. að segja það (**Gripið fram í:** Þeir segja ...) (Gripið fram í.) en ekki eins og í þessu andsvari. Það var tækifæri til þess að árétta það hérna. Ekki bara segja sem svo að það feli í sér að koma til endurskoðunar. Þetta frammíkall tveggja eða þriggja þingmanna Samf. staðfestir að draga beri þá ályktun af tillögu þeirra að þeir telji að yrði hún samþykkt mundi hún banna stjórnarsetu eða ritstjórnarsetu þessa tiltekna einstaklings.

[21:17]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Það frv. sem hér er til umræðu í þriðja sinn hefur enn og aftur tekið breytingum. Enn og aftur hefur hæstv. utanrrh. lýst því yfir að hann sé sáttur við enn eina breytinguna. Ég vil, frú forseti, koma því að í ræðu minni hver verkþáttur Framsfl. hefur verið í málinu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson upplýsti þjóðina um áhyggjur sínar af því verklagi sem komið hefur verið á innan stjórnarflokkanna. Ég gat ekki betur skilið mál hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar en að Framsfl. hefði aldrei lagt fram samþykktir eða ályktanir, hvorki í miðstjórn né á landsfundum, um ákveðnar reglur er varða fjölbreytni í dagskrá fjölmiðlafyrirtækja né fjölbreytni á eignarhaldi í fjölmiðlum. Hann telur það aðfinnsluvert að málið hafi ekki verið tekið upp á þingflokksfundi Framsfl. heldur hafi formaður flokksins, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, upp á sitt einsdæmi lagt loforð sitt við frv. hæstv. forsrh. án þess að til þingflokksfundar hafi verið boðað. Því miður er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sá eini úr röðum hv. þm. Framsfl. sem hefur opinberlega komið fram og gagnrýnt vinnubrögð formanns síns.

Frú forseti. Það er aðfinnsluverð og í raun hættuleg þróun þegar ofríki formanna þingflokka er með slíkum hætti sem staðfestist í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Lýðræðisleg umfjöllun innan beggja stjórnarflokkanna er með öðrum orðum fótum troðin. Þessum fullyrðingum mínum er ekki hægt að vísa til föðurhúsanna en eins og alþjóð veit fóru þeir hinir sömu, hæstv. formenn Framsfl. og Sjálfstfl., sínu fram með nákvæmlega sama hætti þegar þeir samþykktu íslenska þjóð á lista hinna staðföstu þjóða sem stóðu að stríðsinnrásinni í Írak á síðasta ári.

Frú forseti. Í því frv. sem hér er til umræðu fara stjórnarliðar með offorsi að einni atvinnugrein í landinu. Fyrr í kvöld flutti hv. þm. Samf., Ásgeir Friðgeirsson, að mínu mati tímamótaræðu og kannski þá bestu sem flutt hefur verið um þetta mál frá því að frv. kom á dagskrá þingsins fyrir nokkrum dögum. (**RG:** Rétt.) Hv. þm. nálgaðist viðfangsefnið af yfirvegun og skynsemi fagmannsins. Hann varpaði fram nýjum upplýsingum er varða hinar miklu hættur ef frv. nær fram að ganga. Þingmaðurinn vitnaði í útlistun tímaritsins Frjálsrar verslunar á 90 íslenskum fyrirtækjum en listinn upplýsir um þau fyrirtæki sem högnuðust mest á síðasta ári hér á landi. 60 fyrirtæki af þeim 90 sem útlistuð voru eru á einn eða annan hátt markaðsráðandi eða tengjast markaðsráðandi fyrirtækjum. Í samkeppnislögum er minnst á sameiginlega markaðsráðandi stöðu en undir slíka greiningu falla fyrirtæki sem örfá ráða yfir markaðnum á landsvísu, með öðrum orðum fyrirtæki eins og viðskiptabankarnir, tryggingafyrirtækin, olíufyrirtækin o.s.frv. Hin fyrirtækin 30 sem ekki teljast til markaðsráðandi fyrirtækja eru flest hver sjávarútvegsfyrirtæki. Fyrirtæki eins og Grandi, Samherji, Haraldur Böðvarsson, Síldarvinnslan og fjölmörg fleiri fyrirtæki sem ráða yfir sameiginlegri auðlind þjóðarinnar eru þau líklegustu og kannski þau einu sem hugsanlega hafa fjárhagslegan styrk til að fjárfesta í fyrirtækinu Norðurljósum ef frv. nær fram að ganga.

Frú forseti. Sjávarútvegsstefna stjórnarflokkanna hefur lengi vel hvorki hugnast stjórnarandstöðunni né meiri hluta þjóðarinnar. Ég efast stórlega um að meiri hluti þjóðarinnar vilji að íslenskir sjávarútvegsrisar verði hér markaðsráðandi í íslenskum fjölmiðlum en þeir virðast vera þeir einu, einu fyrirtækin, frú forseti, sem hér eftir munu hafa fjárhagslega burði til að fjárfesta í fyrirtækinu Norðurljósum ef þessi lög ná fram að ganga.

Í fyrri ræðum mínum um sama mál, frú forseti, og jafnframt í störfum mínum sem áheyrnarfulltrúi í efh.- og viðskn. Alþingis hef ég ítrekað talað um mikilvægi Kauphallarinnar í þessu máli. Það liggur í augum uppi að fyrirtæki sem kemst á skrá í Kauphöll Íslands þarf að fylgja mjög ströngum upplýsingaskilyrðum til almennings. Gagnsæi er algert. Reikningar eru lagðir fram ársfjórðungslega. Eignarhald er kristaltært og öllum almenningi kunnugt. Jafnframt tryggir skráning í Kauphöll Íslands fyrirtækjum dreifða eignaraðild. Öll helstu markmið fjölmiðlanefndar hæstv. menntmrh. endurspegla þau áhrif sem skráning fjölmiðlafyrirtækis í Kauphöll Íslands mundi ná fram. Í þessu ljósi vil ég minnast á yfirlýst markmið forsvarsmanna fyrirtækisins Norðurljósa um skráningu félagsins í Kauphöll Íslands seint á næsta ári. Á fundi efh.- og viðskn. Alþingis staðfesti forstjóri Kauphallar Íslands, Þórður Friðjónsson, með leyfi forseta, að undirbúningsfundur væri að baki milli Norðurljósa og Kauphallarinnar um væntanlega skráningu fyrirtækisins á markað. Frv. hæstv. ráðherra Davíðs Oddssonar og fylgisveina hans tryggir að sá draumur verði ekki að veruleika. Frv. tryggir að góð markmið í skýrslu hæstv. menntmrh. muni ekki ná fram að ganga.

Frú forseti. Það er skylda hinna þjóðkjörnu fulltrúa sem hér starfa að undirbúa þingmál sín af yfirvegun og skynsemi. Þetta frv. er illa farið og illa unnið. Í frv. er hvorki tekið tillit til smæðar hins íslenska markaðar né atvinnuöryggis hundruða Íslendinga. Frv. tekur ekki tillit til nauðsynlegrar þróunar í fjölmiðlagreininni þar sem atvinnuumhverfinu eru settar slíkar skorður að takmarkaður áhugi áreiðanlegra fjár-

festa verður ekki lengur fyrir hendi. Það leiðir til dapurrar samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla við að framleiða innlent dagskrárefni sem jafnan hugar að mikilvægi menningar og arfleifð lands okkar.

Frumvarpið er ekki sett fram af yfirvegun eða skynsemi, frú forseti. Hæstv. ráðherra Davíð Oddsson hefur því miður látið heiftina ráða í þessu máli.

Frú forseti. Ég vil taka fram að ég efast ekki um mikilvægi þess að umræðan fái áfram að ganga. Hér á fundum hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar ítrekað reifað mikilvægi þess að þetta mál verði rætt frekar og sumarið tekið í það. Hér hafa komið ný sjónarmið sem varpa nýju ljósi á málið í heild sinni. Því meira sem málið er reifað þrátt fyrir brtt. stjórnarliða kemur ærlega og betur í ljós hversu mikill vandi stjórnarliða er orðinn í þessu máli. Það sýndi sig áðan þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson átti í stökustu vandræðum í andsvörum við stjórnarandstöðuþingmenn.

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að vitna í framhaldsnefndarálit frá minni hluta allshn., með leyfi forseta:

„Minni hlutinn lýsir yfir vanþóknun á fullkomnum viljaskorti meiri hlutans til að skoða efnisþætti málsins til hlítar og bendir á að fyrir liggja rökstudd álit fjölmargra sérfræðinga þess efnis að veruleg áhöld séu um að málið standist stjórnarskrána en enginn hefur enn treyst sér til að fullyrða hið öndverða.

Í umsögnum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og minni hluta menntamálanefndar koma fram efasemdir um að frumvarpið nái markmiðum sínum. Vandræðagangurinn við málið er fordæmalaus. Með breytingartillögum meiri hlutans að þessu sinni er fjórða útfærsla málsins í meðförum ríkisstjórnarinnar að líta dagsins ljós. Það endurspeglar hve málið var illa ígrundað og óvandað í upphafi eins og minni hlutinn hefur margsinnis bent á. Ríkisstjórnin er í verulegum erfiðleikum með málið og nú á að gera enn eina tilraunina til að bjarga því sem bjargað verður. Þrátt fyrir látlausar tilraunir til að betrumbæta þessa hrákasmíð mun það ekki bera árangur því enn er frumvarpið þannig úr garði gert að veruleg hætta er á að það gangi gegn yfirlýstum markmiðum sínum og dragi úr fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði í stað þess að auka hana. Þá hafa ummæli einstakra ráðherra og stjórnarliða þess efnis að umfjöllun og fréttaflutningur tiltekinna fjölmiðla sé þeim til sérstakrar skapraunar skotið stoðum undir þá ályktun að frumvarpið feli í sér atlögu að tilteknum fjölmiðlum. Lögin verði því í raun sértæk og feli í sér aðför að tjáningarfrelsinu.

Frumvarpið var meingallað og illa ígrundað í upphafi. Hvorki málsmeðferðin né breytingartillögur meiri hlutans nægja til að gera frumvarpið þannig úr garði að það geti orðið grundvöllur góðrar lagasetningar sem tryggi lýðræði, fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlun."

Frú forseti. Ég vil halda áfram að lesa upp úr framhaldsnefndaráliti minni hluta allshn. Þar er m.a. að finna umsögn frá meiri hluta efh.- og viðskn., en meiri hluti efh.- og viðskn. í þessu tilviki er stjórnarandstaðan á þingi. Í því ljósi má kannski kasta því fram að það hefur verið einstaklega ánægjulegt að fá að starfa í efh.- og viðskn. að þessu leytinu til því þar hefur lýðræðið fengið að ráða. Mörg slæm mál stjórnarliða hafa fengið þá meðferð innan nefndarinnar að ekki hefur hlotist skaði af. Umsögn meiri hluta efh.- og viðskn. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Niðurstaða af umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar er að mati meiri hluta nefndarinnar sú að frumvarp til breytinga á útvarpslögum og samkeppnislögum muni þrengja mjög að rekstrarskilyrðum starfandi fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Það er því líklegt til að ganga gegn yfirlýstum markmiðum þess um að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Málið er augljóslega vanbúið og ekki tækt til afgreiðslu á þeim skamma tíma sem þinginu er ætlaður til að fjalla um frumvarpið. Þá er það alvarlegt umhugsunarefni að á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn sem benda til að hugsanlega stríði frumvarpið gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Samtök banka og sparisjóða töldu að lögfesting frumvarpsins mundi leiða til þess að fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði gætu að öllum líkindum ekki skráð sig hjá Kauphöllinni. Samtökin lýstu jafnframt þeirri skoðun að slík lög mundu leiða til þess að bankar og fjármálastofnanir gætu ekki lagt til tímabundna aukningu á eigin fé fjölmiðla sem augljóslega takmarkar verulega möguleika fjölmiðlafyrirtækja til að endurskipuleggja rekstur sinn á tímum erfiðleika."

Frú forseti. Í umsögn minni hluta efh.- og viðskn. um sama mál til allshn. segir, með leyfi forseta:

„Í máli forstjóra Kauphallarinnar fyrir nefndinni kom fram að efnisatriði frumvarpsins kæmu ekki í veg fyrir að fjölmiðlafyrirtæki yrði skráð á markað hjá Kauphöllinni, en hann benti á að hömlur á eignarhaldi kynnu að gera slík fyrirtæki síður fýsileg sem fjárfestingarkost."

Hér erum við komin að kjarna málsins og þeirri hættu sem frv. hæstv. forsrh. býður upp á. Ég spurði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson í andsvörum áðan hvaða fyrirtæki hann teldi líkleg til þess að fjárfesta í fyrirtækinu Norðurljósum ef þessi lög næðu fram að ganga. Það er vitað að fyrirtækið skuldar fimm milljarða íslenskra króna og vaxtabyrðin ein og sér er 300 millj. kr. Það liggur því í augum uppi að mjög burðug fyrirtæki þurfa að koma að rekstri slíks fyrirtækis sem kjölfestufjárfestar ef eitthvað á að ná fram að ganga. Þá hefur komið í ljós að stærstu fyrirtækjum landsins eru skorður settar við að koma að fyrirtækinu sem kjölfestufjárfestar.

Látum aðeins hugann reika og hugsum fram í tímann — ef þetta frv. nær óbreytt fram að ganga, hvað blasir við fyrirtækinu Norðurljósum í þeim efnum þar sem 700 manns starfa, frú forseti? Það sem blasir við því er að selja þarf hluti í fyrirtækinu til annarra fyrirtækja á Íslandi. Enn hefur enginn stjórnarliði svarað þeirri spurningu minni hvaða fyrirtæki komi til greina. Ástæðan fyrir því að þeir geta ekki svarað spurningunni er að mjög líklega verður ekki eitt einasta fyrirtæki tilbúið að ganga í þennan rekstur vegna þeirra skorða sem settar eru inn í atvinnugreinina í frv. hæstv. forsrh. Það býður óneitanlega upp á þá hættu að fyrirtækið fari í gjaldþrot.

Ef fyrirtækið fer í gjaldþrot er um leið komin fábreytni á fjölmiðlamarkaði. Þá er komin fram staða sem ekkert okkar vill horfa upp á, þ.e. að 700 einstaklingar í Reykjavík missi atvinnu sína og fari á atvinnuleysisbætur.

Frú forseti. Enn og aftur ítreka ég andstöðu mína við frv. hæstv. forsrh. og óska þess að hv. þingmenn stjórnarliðsins sjái að sér á síðustu metrunum í meðförum þessa máls.

[21:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fá mál hafa komið fram á Alþingi sem eins mikill styr stendur um og þetta frv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Í fáum

málum hefur verið eins mikill einhugur í röðum stjórnarandstöðunnar og í þessu máli og ég held að það sé rétt sem fram kom hjá hv. þm. Framsfl., Kristni H. Gunnarssyni, í fréttum í kvöld að ef þingmenn greiddu atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni væri mjög ólíklegt að meiri hluti væri á Alþingi fyrir frv. Það sem sameinar stjórnarandstöðuna í þessu máli er að hún er samdóma um það að afleiðingar þessa frv. verða mjög ólíklega þær sem frumvarpshöfundar gefa sér, að auka fjölbreytni hér í fjölmiðlaflórunni. Stjórnarandstaðan er líka samstiga í því efni að þetta mál þurfi miklu meiri umræðu við en hér er boðið upp á. Ég verð að segja að á þeim fáu dögum sem gefist hafa til að ræða málin hafa komið upp margir nýir fletir sem hafa varpað ljósi á þetta mál.

Ég vel, nánast af handahófi, eitt dæmi sem ég varð svolítið hugsi yfir. Í skýrslunni, skýrslu fjölmiðlanefndar, er verið að ræða þær reglur sem eru við lýði í hinum ýmsu löndum, þar á meðal í Danmörku. Það er ekki langur kafli, 10–12 línur, og þar segir, með leyfi forseta:

„Engar takmarkanir gilda um eignarhald á dagblöðum, aðrar en þær sem leiðir af almennum samkeppnisreglum. Þannig taka samkeppnisreglur til samráðs fyrirtækja í fjölmiðlum, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og samruna fyrirtækja með sama eða svipuðum hætti og annarra fyrirtækja.

Fyrirtæki (félög) sem eru í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri mega ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp (sjónvarp og hljóðvarp).

Þeir sem hafa leyfi til að reka sjónvarp eða hljóðvarp verða að hafa þann rekstur sem sitt eina markmið.

Engar takmarkanir eru annars á láréttum eignatengslum eða eignarhaldi útlendinga."

Þetta er umfjöllun um fjölmiðlalöggjöf í Danmörku. Nú spyr ég: Hvaða skilyrði eru sett fyrir því í Danmörku að reka fjölmiðla á landsvísu? Ég veit það ekki en ég held að ákveðin og jafnvel nokkuð ströng skilyrði séu sett fyrir því. Þetta vantar inn í þessa mynd til að fá ljósa stöðu fjölmiðla í Danmörku, samspil þeirra krafna sem reistar eru af hendi löggjafans og svo eignarhaldsins, til þess að við áttum okkur á því hver löggjöfin er í reynd. Þarna er varpað ljósi á aðeins einn flöt, eignarhaldið.

Ég nefni þetta nánast af handahófi til að taka dæmi um hve bagalegt það er að fá ekki ráðrúm til að ræða þetta mál af meiri dýpt. Ég tók sem dæmi við fyrri umræðu um þetta mál að í sumar leið boðuðum við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til umræðu um skólagjöld í háskólum. Við vorum með almenna afstöðu til þess máls en við vildum heyra sjónarmið úr öllum þeim stofnunum sem hlut eiga að máli, háskólum í landinu, til þess að við fengjum gleggri mynd af málefninu. Það hefur verið rifjað hér upp við þessa umræðu að Norðmenn hafi tekið sér ein fjögur ár í umræðu áður en sett voru lög um fjölmiðla. Við hins vegar fengum frv. á bolludaginn og áttum að samþykkja það nánast á fáeinum klukkutímum. (**RG:** Hrikalegir þessir bolludagar.) Á fáeinum klukkutímum. Fáeinum sólarhringum. Það hefur teygst á umræðunni og þessir sólarhringar hafa orðið heldur fleiri en ætlað var. Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst mynd mín mun skýrari en hún var áður. Ég verð að segja að umræðan hefur orðið til þess að andstaða mín við frv. er meiri, hún er ákveðnari en hún var í upphafi og var hún þó talsvert eindregin þá.

Við höfum vakið athygli á því að skilningur ríkisstjórnarinnar, sérstaklega formanna stjórnarflokkanna, á því hvernig lýðræði eigi að starfa er afskaplega undarlegur. Það virðist snúast um það að þeir sem stýra þingliði í stjórnarmeirihluta komist að niðurstöðu og síðan nánast stimpli meiri hlutinn samkomulag þeirra. Lýðræði snýst ekki bara um það að kjósa menn á þing og smíða lög heldur snýst lýðræðið um það hvernig staðið er að smíðinni, hvers konar umræða fer fram í samfélaginu. Er hún opin? Er hún lokuð? Hafa allir aðgang að henni? Er hún grunn? Er hún djúp? Þetta er gagnrýni sem við höfum verið að setja fram um vinnulagið. Það skiptir nefnilega máli.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spurði hvort aðferðin við að setja lögin skipti meira máli en niðurstaðan. Við teljum að þarna sé samhengi á milli. Niðurstaðan ræðst af þeim aðferðum sem beitt er, af umræðunni sem fram fer um málið.

Ég hef áður sagt og ætla ekki að tíunda það hér að afstaða mín til þessa máls, eða andstaða öllu heldur, ræðst ekki af því að ég telji það brjóta í bága við stjórnarskrá. Ég tel svo ekki vera. Það eru aðrar ástæður sem ráða því að ég er á móti frv. Það eru aðrar ástæður en stjórnarskráin. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma en ég hef lagst talsvert yfir það efni, yfir þær greinar stjórnarskrárinnar sem um er að ræða, 72., 73. og 75., og niðurstaða mín er mjög afdráttarlaus í því efni. Ástæðan fyrir því að ég tel frv. varasamt er fyrst og fremst sú að það nær ekki markmiði sínu, það stuðlar ekki að því að það markmið sem sett er fram nái fram að ganga. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Frumvarpið er reist á almennt viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútímalýðræðisþjóðfélagi."

Síðan heldur áfram og ég ætla ekki að ræða það nánar.

Það sem mig langar til að staldra núna aðeins við er sú grundvallarspurning hvernig markaður og markaðsráðandi aðilar geti haft áhrif á fjölmiðla, þess vegna á ritstjórnarstefnu og fréttamennsku fjölmiðlanna, á hvern hátt þeir geti beitt áhrifum sínum. Ég hef áður sagt að ég telji eignarhald þar vissulega skipta máli og á endanum er það úrslitaatriði hver á fjölmiðilinn. Það er deginum ljósara. Ég hef sagt að ég hef ákveðnar efasemdir um að hægt sé að setja reglur um sjálfstæði ritstjórna. Ég hef ákveðnar efasemdir um það. Á endanum er það eignarhaldið sem þarna ræður. Hins vegar skiptir innri styrkur fjölmiðilsins miklu máli í því efni og ræður miklu meiru en þær reglur sem settar eru. Fjölmiðill sem býr yfir innra sjálfstrausti er líklegri til að fylgja sjálfstæðri stefnu en smár óóruggur fjölmiðill, ég tala nú ekki um ef hann rambar stöðugt á barmi gjaldþrots og starfsmennirnir eru uggandi um framtíð sína. Ég held að slíkum fjölmiðli sé miklu hættara hvað þetta snertir en hinum sterka fjölmiðli. Ég endurtek: Eignarhaldið skiptir máli. Það er hægt að tína til fjölmörg dæmi um þetta.

Talað hefur verið um stórblöðin í Bandaríkjunum í eigu gyðinga sem ráða miklu um ritstjórnarstefnu New York Times og stóru blaðanna. Menn hafa iðulega vakið athygli á þessu í sambandi við fréttaflutning af málefnum Ísraels, svo dæmi sé tekið. Við vitum hvernig Murdoch beitir áhrifum sínum. Menn þekkja hvernig Fox-fjölmiðillinn hagar sér. Eignarhaldið skiptir máli.

Nú spyr ég: Gæti verið að markaðsráðandi aðilar gætu beitt áhrifum sínum í fjölmiðlum á áhrifaríkari hátt en með eignarhaldi? Ég tel svo vera. Og hvernig? Með auglýsingum.

Gefum okkur að Baugur dragi sig algerlega út úr eignarhaldi á fjölmiðlum á Íslandi en ákveði að beita áhrifum sínum í krafti auglýsinga. Einn ágætur blaðamaður af viðlesnu blaði hér, vikublaði, rifjaði það upp fyrir mér að á sínum tíma, þegar hann var starfandi á þessu blaði, hefðu menn aldrei haft nokkrar áhyggjur af eiganda blaðsins, hann hafi spurt um það eitt hvernig blaðið seldist og þeim vegnaði. Af auglýsendum höfðu menn hins vegar stöðugar áhyggjur.

Hugleiðum núna það sem ég vil kalla niðurlægingu Ríkisútvarpsins. Í hverju er hún fólgin? Hún er fólgin í því að Ríkisútvarpið lýtur auglýsendavaldinu, er farið að taka upp kostun sem er farið að hafa áhrif á dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu. Við sjáum það á sumrin þegar byggingarvöruverslanirnar byrja. Ég þori ekki að nefna þær af því að ég man ekki hvaða fyrirtæki það voru en ég man að fyrirtækin voru með kostað dagskrárefni sem auglýsti vörur þeirra. Ég held að frjálsum fjölmiðlum og frjálsri óháðri ritstjórnarstefnu stafi mest hættan af þessu þegar upp er staðið. Vantar þetta ekki svolítið inn í þessa umræðu alla? Mér finnst það. Auðvitað hafa margir vakið athygli á þessu og þessir fletir hafa komið upp en mér finnst hafa skort á að þessu sé nægilegur gaumur gefinn. Ég ítreka að við ættum að hyggja að því hvort þessi auðfyrirtæki sem í hlut eiga gætu ekki beitt áhrifum sínum á áhrifaríkari og markvissari hátt með þessum hætti en í gegnum eignarhald. Ég held það. Ég held að við ættum að hyggja að þessu. Eins og ég vék að áðan er í athugasemdum með lagafrumvarpinu sagt að markmiðið sé að stuðla að fjölbreytni og við erum að reyna að skapa hér sjálfstæða, kröftuga fjölmiðla.

Ég tek undir það sem hér var sagt áðan og rímar mjög við sjónarmið okkar og afstöðu í þessu máli að það ástand sem hefur skapast hér í íslensku efnahags- og fjármálakerfi veldur því að það er á færi aðeins örfárra aðila að reka hér stóra fjölmiðla. Hvers vegna hefur það gerst? Það hefur gerst vegna þeirrar stefnu sem hér hefur verið fylgt í landinu í hálfan annan áratug með kvótakerfi sem þjappað hefur saman auð og völdum og fært á örfáar hendur. Hið sama er að gerast í fjármálalífinu.

Ég held að einhver versta spilling sem við höfum orðið vitni að, á síðari tímum liggur mér við að segja, sé helmingaskipti stjórnarflokkanna á ríkisbönkunum. Reyndar finnst mér í hjarta mínu það alltaf vera pínulítið ósanngjarnt gagnvart Sjálfstfl. vegna þess að ég held að það sé runnið undan rifjum Framsóknar sem gerði kröfu um að horfið yrði frá því að setja bankana á markað og selja þá eins og hluti í hverju öðru hlutafélagi, eins og ýmsir vildu. Við munum þegar fulltrúi, eða hvort það var formaður, í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar gekk frá borði og sagðist vera búinn að fá sig fullsaddan af vinnubrögðunum þar, Steingrímur Ari Arason. Ég man ekki betur en að það væri í tengslum við þetta mál. Margir góðir og gegnir hægri menn í Sjálfstfl. og frjálshyggjumenn urðu æfir þegar Sjálfstfl. lét undan þeirri kröfu Framsóknar að búa til það sem menn kölluðu kjölfestufjárfesti. (**KolH:** Helmingurinn ...) 45,6% í báðum ríkisbönkunum skyldu fengin í hendur kjölfestufjárfestum. Það var samið upp á 11,3 milljarða og hæstv. viðskrh. Valgerður Sverrisdóttir mætti uppábúin í Þjóðmenningarhúsinu á gamlárskvöld og afhenti bankana, eða bankann, ég held að þeir hafi ekki verið afhentir báðir í einu. Nákvæmlega eins samningar voru samt gerðir um þá báða. Þegar verðið var síðan lækkað í öðrum gilti hið sama um hinn. Áður en upp var staðið hafði verðið verið lækkað um tæpa tvo milljarða króna, var komið niður í milli níu og tíu milljarða en nú er hvor banki metinn á 25 milljarða.

Þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson rifjaði upp að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum sett fram frv. sem átti að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum kom mér í hug að undir það var í fyrstu tekið af hálfu hæstv. forsrh. og ýmissa úr stjórnarmeirihlutanum. Síðan gufaði sá stuðningur allur upp. Stefna okkar hefur verið sú, og það er fullkomin samfella í henni, að tryggja dreifða eignaraðild á grunnþjónustustofnunum samfélagsins, Ríkisútvarpinu, við vildum hafa ríkisbanka, einn eða tvo sem kjölfestu, við vildum hafa Landssíma með dreifðri eignaraðild. Hvernig gerist hún dreifðust? Hvað eru Íslendingar margir núna? (**Gripið fram í:** 290 þús. líklega.) Tæplega 290 þús. Stofnun í eigu 290 þús. einstaklinga er með eins dreifða eignaraðild og hugsast getur. Þannig vildum við tryggja fullkomlega dreifða eignaraðild. Sú er líka stefna okkar gagnvart Ríkisútvarpinu eða fjölmiðlarekstri. Við höfum viljað tryggja dreifða eignaraðild með eignarhaldi þjóðarinnar á Ríkisútvarpinu á sama hátt og við vildum gera hið sama í fjármálakerfinu þótt við færðum önnur rök fyrir eignarhaldinu á því sviði.

Þegar ákvörðun hafði hins vegar verið tekin um að taka þessa eign þjóðarinnar og færa hana út á markað sögðum við: Nú setjum við stranga eignarhaldslöggjöf sem tryggir dreifða eignaraðild. Hið sama vildum við gera á sviði fjölmiðlanna, hið sama og segir á bls. 80 og 81 í skýrslu fjölmiðlanefndar, tryggja fjölbreytni á markaði með öflugu Ríkisútvarpi. Bara nákvæmlega eins og segir í þessari skýrslu. Eins og segir í skýrslunni þarf að öllum líkindum ekki að setja ný lög eða reglur ef þessi forsenda er fyrir hendi. Við höfum hins vegar verið minnt á það að undanförnu að hér sé ekkert öruggt.

Fyrir liggur frv. frá nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. um að einkavæða Ríkisútvarpið. Þingmaður Framsóknar hefur ýjað að því að til greina komi að skerða tekjumöguleika Ríkisútvarpsins þannig að það þurfi að draga saman seglin. Hér er því allt á huldu. Þessa umræðu viljum við einfaldlega taka. Síðan segjum við: Ef niðurstaðan er sú að breyta þessu fyrirkomulagi kann það að leiða til þess að löggjöf þurfi að setja um eignarhald á fjölmiðlum til þess að tryggja dreifða eignaraðild. Sú er hugsun okkar. Þess vegna vildum við láta ráðast í þessa könnun, þessa kortlagningu á landinu þannig að við hefðum grunn til að byggja umræðuna á. Og að þessu leyti hefur verið fullkomin samfella í málflutningi okkar, allar götur frá því að þessi beiðni kom fram. Það væri gaman ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kæmi hingað og gerði örlítið betur grein fyrir hugmyndum sínum um dreifða eignaraðild á fjármálasviðinu. Hann hóf máls á því sérstaklega og því væri fróðlegt að hann gerði það.

Þetta er í hnotskurn afstaða okkar í þessu máli. Við auglýsum þess vegna eftir því að menn gefi sér betri tíma til að fara yfir það og skoði það frá öllum hliðum.

Staðreyndin er sú, og ég held að það eigi við um alla, ég held að það eigi við um alla í stjórn og stjórnarandstöðu, að við vildum öll hafa sem dreifðasta eignaraðild. Ég held að sú sé staðreyndin. Engu að síður er upp á teningnum í íslensku efnahags- og fjármálakerfi að peningarnir eru komnir á örfáar hendur. Þá er spurningin: Hvernig eigum við að vinda ofan af þeirri þróun? Gerum við það með því að hefja förina á fjölmiðlasviðinu? Ég óttast að ef við gerum þetta séum við að tefla fjölmiðlafyrirtækjum í tvísýnu. Ég gef minna fyrir Baug af því að ég held að hann klári sig og er nú enginn sérstakur lítilmagni, á allt of stóran hluta af íslensku

efnahagskerfi og ástæðulaust að gráta örlög hans, en ég geri það hins vegar varðandi fjölmiðlana sem slíka. Mér finnst mikill ábyrgðarhluti að renna í gegn lagasetningu sem veikir rekstrargrundvöll þeirra. Um það finnst mér þetta mál snúast. Mér finnst það ekki snúast um stjórnarskrá, mér finnst það snúast um praktík og veruleika, hvaða áhrif þetta er líklegt til að hafa.

Ég taldi eðlilegt við fyrri umræðu að leggja ríka áherslu á afstöðu mína varðandi stjórnarskrárþáttinn. Ég ætla ekki að sitja uppi með þá afstöðu að ekki megi setja auðhringum hér lög og reisa skorður við starfsemi þeirra. Auðvitað er það alveg rétt sem komið hefur fram við umræðuna að stjórnarskráin er afskaplega lítið afgerandi í þessu efni. Þetta er spurning um hvernig menn túlka tiltekin hugtök, t.d. um almannaheill. Þegar menn segja að stjórnarskráin eigi að njóta vafans spyr ég á móti: Hver sáir vafanum? Ég ætla mér að hafa alveg eins mikla skoðun á því að túlka hugtök á borð við almannaþörf eins og lögfræðingur úti í bæ. Ég vil túlka hana í þágu lýðræðisins og láta áhersluna liggja innan þingsins en ekki hjá dómstólunum. Þegar menn síðan vitna stöðugt í dómaniðurstöður finnst mér menn eiginlega vera að ganga á rétt og áhrif þingsins, löggjafans, sem á að hafa mun rýmri heimildir til að túlka þessi hugtök. Um það snýst lýðræðið, að færa ekki það vald til dómstólanna. Þeirrar tilhneigingar gætir hér á landi, í Evrópu og víðar og ég tel hana vera afskaplega varasama. Ég tel að löggjafinn þrengi að sér með þessum hætti. Þegar menn segja að stjórnarskráin eigi að njóta vafans segi ég: Hver sáir honum? Við eigum öll að setjast yfir spurninguna: Hvað finnst okkur? Hver er skoðun okkar? Til þess þurfum við tíma.

Þetta er eitt af því sem menn vilja skoða rækilega. Ég ber mikla virðingu fyrir sjónarmiðum þeirra sem vilja fara betur í þau mál. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er búinn að liggja svolítið yfir þessu undanfarna daga, safna að mér dómum og túlkunum og hef komist sjálfur að niðurstöðu. Þetta er nokkuð sem þingið er að óska eftir, að fá rýmri tíma og svigrúm til að skoða þau mál.

Meginniðurstaða mín í þessu máli er sú að ég tel að frv. tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þeirra fjölmiðla sem loksins eru að koma undir sig fótunum hér í landinu, tveggja dagblaða, sjónvarpsstöðvar og nokkurra útvarpsstöðva. Ég tel að við höfum ekki rétt á því að grípa inn í þeirra líf, liggur mér við að segja, með þeim hætti sem við erum að gera á talsvert vanhugsaðan hátt. Því miður.

[22:02]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við erum komin góðan spöl inn í 3. umr. um fjórða tilbrigðið við þessa miklu sinfóníu stjórnarflokkanna, þessa miklu fjölmiðlasinfóníu stjórnarflokkanna, fjölmiðlafrumvarpið umdeilda, sem skekið hefur þjóðfélagið undanfarnar vikur. Sér vart fyrir endann á henni og í raun og veru veit enginn hverjar afleiðingarnar verða. Ég tel þó nokkuð ljóst, hæstv. forseti, að frv. verði samþykkt hér innan örfárra daga í þeirri mynd sem það liggur nú fyrir þinginu. Ég verð að segja að mér þykir það miður. Ég hef svo sem komið hér upp áður og flutt ræður gegn þessu frv. og skoðun mín á því hefur ekkert breyst þótt það sé enn og aftur komið hér fyrir þingið, en í nokkuð breyttri mynd. Ég tel að það sé vanreifað og þurfi miklu meiri umræðu. Það tekur ekki á mörgum þáttum sem svo sannarlega hefði þurft að taka á, t.d. varðandi fjölmiðlun. Það er bara talað í þessu frv. um prentmiðla og ljósvakamiðla en t.d. ekkert minnst á aðra fjölmiðla og aðferðir við dreifingu á fjölmiðlaefni. Við höfum þessar spurningar sem margir hafa farið hér yfir varðandi það hvort frv. standist stjórnarskrá. Það eru miklar efasemdir um að það leiði til þess að fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun, sem reyndar hefur aldrei verið jafngríðarlega mikil og nú, muni aukast. Sennilega mun frv. leiða til þess að fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun minnki.

Ótal aðra þætti mætti draga inn, virðulegi forseti, gegn frv. en ég tel að það væri að bera í bakkafullan lækinn að ætla að tíunda það eitthvað frekar. Ég tel að flest sem segja þarf hvað það varðar hafi þegar verið sagt og ég sé í sjálfu sér ekki voðalega mikla ástæðu til að tíunda það neitt frekar.

Eitt af því sem ég hef tekið eftir í dag við 3. umr. er að óvenjumargir stjórnarliðar hafa kvatt sér hljóðs. Það er nýlunda í þessari löngu og miklu maraþonumræðu sem verið hefur hér í þinginu. Stjórnarliðar hafa fram að þessu flestir kosið að þegja og viðvera þeirra við umræðurnar í þingsal hefur verið frekar slöpp svo ekki meira sé sagt og ráðherrar hafa verið afskaplega sjaldséðir fram til þessa. Það er að sjálfsögðu mjög miður.

Ég hef tekið eftir því í dag að a.m.k. tveir hv. þm. Sjálfstfl. hafa, í einhvers konar nauðvörn að ég tel fyrir þessu frv., reynt að útmála stjórnarandstöðuflokkana sem óábyrga í málinu og sagt þá leika tveimur skjöldum. Svo dæmi sé tekið atyrðir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson málflutning þeirra í grein á vefritinu Bæjarins besta, sem birtist í gær eða fyrradag. Þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er því til marks um ótrúlega hræsni og yfirdrepsskap þegar menn tala annars vegar um lagasetningu um fjölmiðla en reisa sig og reigja sig yfir því að fjölmiðlafrumvarpið sem Alþingi ræðir nú valdi röskun á starfsumhverfi fjölmiðlanna."

Hér er hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson að býsnast yfir því að hann telji að við í stjórnarandstöðunni séum núna alfarið á móti því að einhvers konar lagarammi sé settur um eignaraðild að íslenskum fjölmiðlum. Þetta er bara alls ekki rétt. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson reyndi líka að leika þennan leik í ræðu sem hann hélt hér síðdegis. Þetta er bara alls ekki rétt, hæstv. forseti. Stjórnarandstöðuflokkarnir vöktu máls á þessu löngu fyrir jól. Strax í fyrrahaust kom till. til þál., sameiginleg tillaga Vinstri grænna, Sjálfstfl., Framsfl. og Frjálsl., þ.e. fjögurra þingflokka af fimm, þar sem lagt var til að Alþingi mundi þá álykta að skipuð yrði nefnd með fulltrúum allra þingflokka. Þessi nefnd átti einmitt að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á markaðnum, fjölmiðlamarkaðnum, hvert stefndi og hvort það væri einmitt þörf fyrir lagasetningu eða einhverjar aðgerðir til þess að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstrs hér á landi.

Það er alls ekki rétt, hæstv. forseti, að við höfum ekki viljað fara í þessa vinnu. Við höfum viljað fara í þessa vinnu. Við lýstum því yfir löngu fyrir áramót að við værum reiðubúin að fara í þessa vinnu með stjórnarflokkunum. Því miður var sú leið ekki farin. Það var ákveðið að fara í þessa vinnu án samráðs við stjórnarandstöðuna, án samráðs við þá aðila sem málið varðar mest, þ.e. fólkið sem vinnur t.d. á þessum fjölmiðlum í dag, svo sem samtök blaðamanna og eigendur þessara fjölmiðla. Svona má lengi telja. Við vildum fara í þessa vinnu en það var ekki haft neitt samráð. Í staðinn voru fjórir menn úti í bæ, flokksgæðingar, settir í þá vinnu að búa til fjölmiðlaskýrslu fyrir menntmrh. sem síðan var haldið leyndri fyrir þinginu vikum saman á meðan verið var að sjóða saman þetta frv. sem nú verður sennilega samþykkt,

frv. sem mjög sennilega er samið í Stjórnarráðinu og ber öll einkenni þess að hæstv. forsrh. hafi verið potturinn og pannan í því. Ég tel að þessi vinnubrögð hafi fyrst og fremst valdið því að málið hefur farið í þann farveg sem það hefur farið í og þingið þannig lent í þeim ófærum sem það hefur verið í í marga daga, fleiri vikur.

Ég hef margoft sagt það hér í ræðustól, og get endurtekið það enn, að ég tel að menn hefðu átt að fara sér hægar í þessu máli. Að sjálfsögðu hefði átt að skoða það. Það skortir heildstæða löggjöf um fjölmiðlarekstur á Íslandi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar. Það skortir líka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Þetta er svo stórt mál, varðar svo marga, varðar hagsmuni allrar þjóðarinnar, og þess vegna tel ég að það verði að hafa um það víðtækt samráð. Þetta er í raun og veru ekkert flokkspólitískt mál. Þetta varðar okkur öll. Það tel ég að sé kjarni málsins. Því miður hafa stjórnarflokkarnir valið þá leið að keyra þetta eftir eigin höfði og reyna síðan að troða því í gegnum þingið með miklu offorsi og að ég tel oft og tíðum mikilli óbilgirni í vinnubrögðum. Þetta hefur að sjálfsögðu hleypt öllu í bál og brand. Þetta hefur gert það að verkum að stór hluti þjóðarinnar hefur risið upp á afturfæturna, ef svo má segja, og andmælt vinnubrögðunum.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram því að ég reikna með að þetta sé síðasta ræðan mín í þessu máli, hæstv. forseti. Í raun og veru vona ég að svo sé því að ég tel, eins og ég kannski ýjaði að í upphafi máls míns, að búið sé að segja það mesta sem segja þarf í sambandi við þessar umræður. Það er þegar búið að segja það í sölum hins háa Alþingis og kominn tími til að fara að binda endi á þetta mál svo að hið háa Alþingi geti farið að snúa sér að öðrum málum. Ég tel nokkuð ljóst að þetta frv. verði á endanum samþykkt þótt það sé reyndar mjög umdeilt í báðum stjórnarflokkunum, bæði Sjálfstfl. og Framsfl. Skyldi engan undra.

Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að tala um hvernig málum varðandi þetta frv. er háttað í þingflokki Sjálfstfl. Í málsmeðferðinni virðist hafa tekist, a.m.k. á yfirborðinu, að halda honum saman, að berja menn saman ef svo má segja. Þingmenn Sjálfstfl., jafnvel þeir sem maður hefði kannski síst vænst að mundu láta hafa sig út í þetta verk, þ.e. yngstu þingmenn Sjálfstfl., hafa verið fremstir í stormsveit þeirra sem hafa unnið að því að koma frv. í gegn. Þeir hafa að sjálfsögðu uppskorið mikla gagnrýni fyrir það, ekki bara á hinu háa Alþingi, heldur líka úti í þjóðfélaginu. En þeir um það. Ég ætla ekki að fara að skipta mér svo mjög af því hvernig þeir hafa kosið að haga málum sínum hvað þetta varðar.

Hitt vekur þó meiri athygli mína, það að Framsfl. virðist gersamlega klofinn í herðar niður í þessu máli. Þar ríkir fullkomin upplausn, upplausn sem hefur komið fram með miklu skýrari hætti en sundrungin í Sjálfstfl. Þingmenn og ráðherrar Framsfl. í ríkisstjórn Íslands hafa varla látið sjá sig við umræðurnar. Þeir hafa í mjög litlum mæli tekið þátt í þeim. Það hefur verið eftirtektarvert að t.d. ráðherra á borð við hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson sem, ef guð og Sjálfstfl. lofa, tekur við embætti forsrh. í haust, sá ekki ástæðu til að tjá sig um málið í ræðustól hins háa Alþingis fyrr en í dag, í 3. umr. um þetta mál. Þá fyrst kemur hann fram og tjáir sig um málið úr ræðustól. Þetta er alveg með ólíkindum.

Annar ráðherra, hæstv. viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir, hefur ekki sagt bofs um þetta mál, ekki eitt einasta orð, sjálfur hæstv. viðskrh. þessa lands, í þessu mikilvæga máli sem svo sannarlega varðar mjög mikla viðskiptahagsmuni, marga milljarða, skuldir í bankakerfinu, lífeyrissjóðum o.s.frv. Þetta er líka mál sem varðar atvinnuöryggi hundruða fólks. Þetta finnst mér hafa verið alveg með eindæmum. Aðrir þingmenn Framsfl. hafa, eins og ég sagði áðan, varla talað í þessu máli. Jafnvel þótt þeir sitji í mikilvægum nefndum eins og t.d. allshn. eða efh.- og viðskn. hafa þeir ekki séð ástæðu til að koma upp í ræðustól og skýra sjónarmið sitt. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir er gott dæmi um það. Hún hefur ekkert talað í þessu máli, eða mjög lítið. Hún hefur, jú, reyndar sé ég hér, flutt eina ræðu og fimm eða sex andsvör. Það er allt og sumt.

Þetta finnst mér hafa verið mjög eftirtektarvert. Varaformaður Framsfl., hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson, ekki eitt einasta orð hefur heyrst frá honum í allri þessari umræðu. Hv. þm. Birkir Jónsson, ekki eitt einasta orð. Hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir, það hefur ekkert heyrst frá henni, ekki nokkur skapaður hlutur.

Mér finnst þetta bera vitni um ákveðinn heigulshátt, ég verð að fá að segja það, að þingmenn og ráðherrar stjórnarflokks sem er að koma mjög umdeildu frv. í gegnum þingið skuli ekki hafa burði í sér til að koma upp í ræðustól og tjá sig, að þingmenn og ráðherrar í flokki sem þó hefur ekki fleiri fulltrúa á þingi skuli ekki tjá sig um þetta mál finnst mér alveg með ólíkindum.

Það mega þó bæði ráðherrar, margir, og líka þingmenn Sjálfstfl. eiga að þeir hafa þó komið hér upp þótt ég hafi reyndar saknað þess að hæstv. fjmrh. Geir Haarde tæki þátt í umræðunum. Það finnst mér mjög skrýtið.

Ég var að tala um, og er að tala um, Framsfl. sérstaklega og sundrunguna innan hans. Við vitum það nú að einn þingmaður Framsfl. ætlar að greiða atkvæði gegn þessu frv., annar þingmaður virðist ætla að sitja hjá. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur lýst yfir mjög eindreginni andstöðu og nánast talað þvert gegn ríkisstjórninni í öllu þessu máli. Hann lýsti því yfir nú í morgun að hann teldi jafnvel að þetta mál hefði átt að verða til þess að stjórninni yrði slitið. Þetta eru mjög skýr orð, varnaðarorð. Ef einhver vilji er hjá stjórnarliðinu til að hlusta held ég að þeir ættu að hlusta á þessi orð því að ég held að þau endurspegli að verulegu leyti mikla og megna óánægju úti í þjóðfélaginu með allt þetta mál.

Við sáum það í gær að meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur ályktaði gegn frv. R-listinn í borgarstjórn Reykjavíkur hefur blandað sér inn í umræðurnar. Hann er á móti frv. Alfreð Þorsteinsson, oddviti framsóknarmanna á Reykjavíkurlistanum, er á móti því. Í gærkvöldi var ályktað, eins og ég sagði áðan, í borgarstjórn Reykjavíkur gegn þessu frv. að tillögu Frjálsl. Ég tel rétt, fyrst ég er kominn í ræðustól, að vitna aðeins í þessa ályktun. Hún er nokkuð merkileg að ég tel, og ég tel að hún eigi fullt erindi inn í þingtíðindi. Ég vil því leyfa mér að lesa hana hér, með leyfi forseta:

„Á fundi borgarstjórnar 18. þ.m. voru samþykktar svohljóðandi ályktunartillögur:

Borgarstjórn Reykjavíkur lýsir þungum áhyggjum sínum vegna þess frumvarps um fjölmiðla, sem liggur fyrir Alþingi. Fram hafa komið rökstuddar ábendingar um að samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd geti leitt til atvinnumissis hundruða borgarbúa og skertrar afkomu enn fleiri. Borgarstjórn skorar því á Alþingi og sérstaklega þingmenn Reykvíkinga að koma í veg fyrir samþykkt frumvarpsins.

Vegna umræðu um starfsumhverfi fjölmiðla vill borgarráð vekja athygli þingmanna á nauðsyn þess að fjölmiðlar

búi við stöðugleika og öruggt lagaumhverfi ekki síður en önnur atvinnustarfsemi. Fjölmiðlarekstur og útgáfa er mikilvæg atvinnugrein í Reykjavík. Nægir þar að nefna að tvö til þrjú þúsund einstaklingar starfa við fjölmiðla og þar með eiga jafnmargar fjölskyldur lífsafkomu sína að hluta eða heild undir blómlegum rekstri þeirra. Gera verður þá kröfu að aðgerðir ríkisstjórnarinnar stofni ekki rekstri fjölmiðlafyrirtækja og atvinnuöryggi starfsfólks í hættu nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að mildari úrræði nái ekki sömu markmiðum. Borgarráð varar eindregið við því að málið verði keyrt fram með hraði og hvetur til vandaðrar og ítarlegrar umræðu áður en lög verði samþykkt frá Alþingi. Borgarráð bendir á að þrátt fyrir þær breytingar sem boðaðar hafa verið í meðförum Alþingis er ljóst að rekstur öflugra fjölmiðla og atvinnuöryggi hundruða er í uppnámi verði frumvarpið að lögum. Alls óvíst virðist hins vegar hvort markmið frumvarpsins um fjölbreytni í umfjöllun og öfluga dagskrárgerð náist. Það er lágmarkskrafa að nægilegur tími gefist til að fullkanna hin víðtæku áhrif sem samþykkt frumvarpsins gæti haft í för með sér."

Þetta er sú ályktun sem var samþykkt í gær í borgarstjórn Reykjavíkur að tillögu fulltrúa Frjálsl., Ólafs F. Magnússonar. Ég er sammála hverju einasta orði. Þetta er í raun og veru kjarninn í þeirri skoðun sem ég hef á frv. og málatilbúnaði öllum. Það er ekkert skrýtið þó að borgarstjórn Reykjavíkur lýsi yfir þungum áhyggjum út af þessu. Fjölmiðlun er mjög mikilvæg atvinnugrein í Reykjavík, á Stór-Reykjavíkursvæðinu, gríðarlega mikilvægur atvinnuvegur.

Þetta hygg ég að stjórnarliðar ættu að taka til athugunar.

Að lokum er kannski ekki úr vegi að snýta framsóknarmönnum aðeins á því sem þeir segja sjálfir í samþykktum sínum og grundvallarstefnuskrá. Hvað sögðu þeir á flokksþingi árið 2001? Jú, þetta sögðu þeir, með leyfi forseta:

„Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og lausn sameiginlegra viðfangsefna þjóðfélagsins á grunni samvinnu og jafnaðar. Hann stendur vörð um stjórnarfarslegt, efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði Íslendinga, byggt á lýðræði, þingræði og réttaröryggi. Framsóknarstefnan setur manninn og velferð hans í öndvegi."

Síðar sögðu þeir á flokksþingi árið 2003, með leyfi forseta:

„Ríkisvaldið hefur þá skyldu að vinna í þágu þjóðarinnar. Það má ekki taka sér nokkurt það vald sem stríðir gegn grundvallarmannréttindum, persónufrelsi, trúfrelsi, atvinnufrelsi, jafnræði eða jafnrétti."

Hæstv. forseti. Mér sýnist Framsfl. vera gjörsamlega á skjön við sjálfan sig í þessu máli. Ef hann vill nokkurn tímann láta taka sig alvarlega í framtíðinni hygg ég að þingmenn Framsfl. ættu hreinlega að greiða atkvæði, allir sem einn, gegn þessu frv. þegar það kemur til lokaafgreiðslu þingsins. Það er ekkert miklu flóknara en það. En þeir um það.

Vilji stjórnarflokkarnir að þetta frv. verði að lögum geta þeir a.m.k. ekki klagað yfir því að þeir hafi ekki verið varaðir við trekk í trekk af stjórnarandstöðunni. Það er ekki vegna þess að við viljum stjórnarflokkunum illt, ef svo má segja, heldur höfum við verið að reyna að ráðleggja þeim af heilindum. Þetta frv. er vont og það á ekki að verða að lögum. Svo einfalt er það.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20.–61. mál.

Fundi slitið kl. 22:22.

---

121. FUNDUR

föstudaginn 21. maí,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frv., 840. mál, þskj. 1290. — 3. umr.
2. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 2. umr.
3. Sóttvarnalög, stjfrv., 790. mál, þskj. 1725. — 3. umr.
4. Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, stjfrv., 946. mál, þskj. 1440. — 3. umr.
5. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 1732, brtt. 1737. — 3. umr.
6. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, stjfrv., 442. mál, þskj. 1733. — 3. umr.
7. Einkaleyfi, stjfrv., 751. mál, þskj. 1122 (með áorðn. breyt. á þskj. 1642). — 3. umr.
8. Lögreglulög, stjfrv., 870. mál, þskj. 1328. — 3. umr.
9. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 746 (með áorðn. breyt. á þskj. 1613), brtt. 1739. — 3. umr.
10. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 2. umr.
11. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723. — Frh. 3. umr.
12. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.
13. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.
14. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611 og 1738. — 2. umr.
15. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708, brtt. 1709. — 2. umr.
16. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.
17. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.
18. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.
19. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710. — 2. umr.
20. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1313 (með áorðn. breyt. á þskj. 1615), brtt. 1741. — 3. umr.
21. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.
22. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.
23. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.

24. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

25. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

26. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

27. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason dómsmrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

[11:01]

Útbýting þingskjala:
Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 442. mál, þskj. 1733.
Sóttvarnalög, 790. mál, þskj. 1725.
Sveitarstjórnarlög, 856. mál, brtt. HjÁ, þskj. 1741.
Uppfinningar starfsmanna, 313. mál, þskj. 1732.

Athugasemdir um störf þingsins.

Úrskurður Hæstaréttar í málverkafölsunarmálinu.

[11:02]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem upp þar sem mér hefur sýnst að sú hefð hafi skapast í vetur að ræða mál sem ofarlega eru á baugi (**ÖS:** Hvaða baugi?) undir þessum lið. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er sú staðreynd að í fyrradag felldi Hæstiréttur úrskurð í málverkafölsunarmálinu. Forsendur dómsins eru tæknileg atriði og einkennilegt er að mínu mati að málinu skyldi ekki vera vísað aftur í hérað, heldur er niðurstaðan endanleg.

Nokkrir túlka niðurstöðu Hæstaréttar sem nokkurs konar syndakvittun og ljóst er að málverkin geta áfram verið í umferð. Ég skil ekki af hverju málverkin eru ekki tekin af markaði. Ef þetta hefði verið önnur vara væri hún tekin af markaði og viðeigandi ráðstöfunum beitt. Í húfi er einn mikilvægasti þáttur í íslenskri menningu, þ.e. myndlistin, og ljóst að hún er skilin eftir í algjörri óvissu.

Ég spyr hvort einhver óvissa sé í lögum sem geri það að verkum að Hæstiréttur dæmir með þessum hætti. Ég tel engan vafa leika á því að Alþingi, hæstv. menntmrh. og jafnvel hæstv. dómsmrh. þurfi að bregðast við þessari stöðu og skoða lögin með tilliti til þess. Eins verðum við að fá úr því skorið hvort um falsanir sé að ræða eða ekki.

[11:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Fyrir nokkru ákvað ég að fara vel yfir þau mál sem snerta málverkafalsanir og fara yfir þau myndverk sem eru á markaðnum og eru í umferð, hafa gengið kaupum og sölum hér á landi. Þá hef ég í huga að grennslast fyrir um hvernig slíkar falsanir geti haft áhrif, m.a. á menningarsöguna, og hvaða áhrif slíkar falsanir hafa á listaverk og myndverk, m.a. okkar gömlu meistara. Þeir hafa oftast verið dregnir inn í þessar falsanir og nöfn þeirra sett undir þær.

Ég ákvað að skipa starfshóp. Ég er að móta hann núna og hann mun m.a. hafa það hlutverk að fara yfir þennan markað, skrifa greinargerð um áhrif listaverkafalsana á íslenska myndlist og menningararfinn okkar og jafnframt mun hann skila mér tillögum til úrbóta um hvernig hægt verði að sporna gegn þessum afar óæskilegu áhrifum listaverkafalsana. Þær eru að mínu viti, og allir eru sammála um það, afar óæskilegar. Margt kemur inn í þetta mál og ég tel einsýnt að við förum mjög gaumgæfilega yfir það og fáum okkar bestu sérfræðinga í þennan starfshóp. Er það stefna mín að svo muni verða.

[11:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá yfirlýsingu að hún muni setja starfshóp í þessi mál. Það er auðvitað allsendis óviðunandi að eitt alvarlegasta mál sem hefur komið upp á listaverkamarkaði okkar til þessa liggi óbætt hjá garði. Það er nauðsynlegt að það verði rannsakað til hlítar og að réttarstaða bæði þeirra sem keypt hafa meint fölsuð myndverk og ekki síður réttarstaða höfunda og erfingja þeirra verði skoðuð og greitt úr þeim álitamálum sem upp hafa komið.

Nú vitum við að lögum samkvæmt er ekki möguleiki að gera umrædd verk upptæk þar sem eigendur þeirra hafa allir keypt þau í góðri trú. Svo vitum við hvernig höfundalögin eru í þessu tilliti. Þau eiga að verja höfundarrétt og sæmdarrétt og þarna kemur upp mál sem er mjög flókið úrlausnar. Hið opinbera og ríkisvaldið verður í sjálfu sér að beita sér í því, sérstaklega þegar dómurinn hefur fallið eins og nú er ljóst.

Ég fagna því sem sagt að menntmrh. skuli taka þetta mál þessum tökum og treysti því að vel verði unnið í því að koma þessu á hreint og tryggja að málverkamarkaðurinn okkar skaðist ekki meira en orðið er af þessum erfiðu og leiðinlegu málum.

[11:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eftir að hafa verið fjarverandi í dálítinn tíma er sérstakt að koma inn í þá samfélagsumræðu sem hér hefur átt sér stað þar sem nánast öll æðstu embætti þjóðarinnar sæta á einn eða annan hátt mikilli gagnrýni og menn nota orð sem sjaldan eða aldrei hafa heyrst í umræðunni.

Ég hef aldrei heyrt það áður, virðulegi forseti, að þingmenn kveðji sér hljóðs um störf þingsins og lýsi því yfir að Hæstiréttur hefði átt að komast að annarri niðurstöðu en hann gerði. Ég geri mér enga grein fyrir því á hvaða forsendum menn gefa slíkar yfirlýsingar eða hvaða þekking býr að baki til að leyfa sér að gera slíkt.

Í þessu tiltekna máli virðast kærendur hafa haft frumkvæði og átt mikinn þátt í rannsókn málsins. Það er afar sérstakt. Hæstiréttur sagði ekkert um þessi málverk, ekki nokkurn skapaðan hlut um hvort þau hefðu verið fölsuð eða ekki. Það eru engin svör um það í Hæstarétti. Þeir segja hins vegar að svona eigi rannsókn ekki að fara fram. Hæstiréttur getur aðeins byggt á þeim gögnum sem liggja fyrir og í þessu tilviki lágu ekki fullnægjandi gögn fyrir.

Vangaveltan er miklu frekar önnur, og hún er þessi: Eftir það sem á undan er gengið og eftir allan þennan tíma, eftir sjö ár í rannsókn, hefur þá hæstv. dómsmrh. enn óbilandi trú og traust á þeim ríkislögreglustjóra sem nú situr? Það held ég að sé umræða sem ætti miklu frekar að taka því

að ríkislögreglustjóraembættið er mjög mikilvægt og það er mikilvægt að þar gangi hlutirnir vel fyrir sig. Í þessu tilviki fær það mikinn rassskell og ég held að hæstv. dómsmrh. þurfi að gefa þá yfirlýsingu að hann standi enn keikur á bak við þann ríkislögreglustjóra sem nú situr.

[11:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég hlustaði á þær ræður sem hér voru fluttar á undan þeirri síðustu. Ég heyrði ekki nokkurn mann veitast að Hæstarétti, ekki nokkurn einasta. Menn hörmuðu það aðeins að efnisdómur hefði ekki fengist. Ég veit ekki hvers vegna þessi ræða var flutt. Það var enginn sem kom með þá fullyrðingu sem hv. þm. hélt hér fram.

Hann virðist ekki hafa átt annað erindi hingað en að reyna að koma höggi á ríkislögreglustjóraembættið. Hann átti ekki neitt annað erindi en að reyna að koma höggi á það. Ekki veit ég hvers vegna eða hvað fyrir hv. þingmanni vakir. Það hefur ekkert komið fram um að þessi rannsókn hafi ekki verið unnin af miklum heilindum og af miklu afli af hálfu ríkislögreglustjóraembættisins.

Á hinn bóginn er það ákvörðun Hæstaréttar að úrskurða hvaða þættir verða að vera til staðar svo að leggja megi efnisdóm á mál. Það er um þetta sem málið snýst. Enginn hér, og alls ekki sá ræðumaður sem hóf umræðuna, hefur veist að Hæstarétti með nokkrum hætti. Þetta var alveg furðulegt innlegg hjá hv. þingmanni, eingöngu sett upp til að geta komið höggi á ríkislögreglustjóraembættið. Það er mjög óviðfelldið.

[11:10]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Við erum svo heppin í þessum sölum að við höfum þingmenn sem stundum hafa óbeðnir tekið það hlutverk að sér að gefa Hæstarétti leiðbeiningar af kristilegu hjarta sínu. Það gerði hæstv. forsrh. um árið þegar hann komst að þeirri niðurstöðu í ákveðnu máli að ef Hæstiréttur dæmdi ekki rétt í málinu mundu Íslendingar flytjast allir til sólarstranda.

Í þessu máli, frú forseti, er það svo að þrátt fyrir orð hæstv. forsrh. heyrði ég ekki betur en að hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefði varpað því fram að eitthvað skorti upp á lög sem Alþingi hefði sett til þess að Hæstiréttur hefði getað komist að annarri niðurstöðu.

Eins og ég hef skilið þennan dóm komst Hæstiréttur að niðurstöðunni sem við lásum í fjölmiðlum á þeim grundvelli að einn kærenda, Listasafn Íslands, hefði jafnframt lagt til sérfræðinga sem hefðu búið til álitsgjörð sem hefði verið notuð sem gagn í málinu. Það gengur náttúrlega ekki að kærandi taki líka að sér rannsókn málsins. Það var það grundvallaratriði og það lagatæknilega atriði sem varð forsenda úrskurðar Hæstaréttar. Þess vegna get ég ekki annað en tekið undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni um að rannsókn málsins sé tæknilega áfátt og það leiðir óhjákvæmilega til slíkrar niðurstöðu. Ég tel að Hæstarétti hafi ekki verið kleift annað en að komast að þessari niðurstöðu miðað við þetta. Það er því hægt að segja að þetta hafi verið einhvers konar misfella hjá þeim sem rannsakaði, ríkislögreglustjóra. Ekkert annað veldur þeirri niðurstöðu. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kemst að hárréttri niðurstöðu en hæstv. forsrh. rangri, og ekki í fyrsta skipti.

[11:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Spurningin er kannski: Hvaða málverk í umferð eru fölsuð og hver ekki? Það er stærsta spurningin að mínu viti. Að þessum verkum eru eigendur og þau verða sjálfsagt ekki af þeim tekin. Hins vegar er staða þeirra ömurleg sem eigenda að verkum sem menn eru í miklum vafa með. Menn vita ekki hvort þeir eiga falsað verk eða ófalsað. Það er einkennilegt að á lokastigum máls fóru menn að draga í efa trúverðugleika fræðistarfa vísinda- og fræðimanna hjá hinu opinbera, þ.e. Listasafni Íslands, sem væntanlega á að gæta almannahagsmuna eins og aðrar opinberar stofnanir. Það er furðulegt að það er búið að leggja vitnisburð þeirra til grundvallar í öðrum dómum, þremur ef ég man rétt.

Hér er um að ræða eitt dýrasta rannsóknarmál í íslenskri sögu og það virðist vera byggt á sandi. Ferlið tók sjö ár og sjálfsagt á eftir að bætast við kostnaður af málaferlunum. Ég tel þess vegna fulla þörf á því að málið verði skoðað betur og tek undir og fagna yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um að það verði gert.

[11:14]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að óheppilegt sé að ekki skyldi koma endanleg niðurstaða í málinu. Málið hefði vel getað farið í gegnum dómskerfið aftur og það liggur fyrir núna að menn munu þurfa að reka einkamál til að óvissunni verði eytt.

Ég vil að lokum þakka hæstv. menntmrh. góð og skýr svör og fagna því mjög að starfshópur eigi að greina hvaða áhrif falsanir hafa haft á listaverkamarkaðinn, enda alveg ljóst að listamenn hafa miklar áhyggjur af stöðunni, eðlilega.

[11:15]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér komu talsvert á óvart þau viðbrögð sem hæstv. forsrh. sýndi áðan. Þótt vakin sé athygli á því að einhverjir hlutir séu ekki í lagi er óþarft að túlka það þannig að verið sé að vega að öllum sköpuðum hlutum. Það virðist vera orðin árátta í þessu samfélagi að það megi aldrei gagnrýna eða benda á nokkurn skapaðan hlut nema það hafi þann tilgang að vega að mönnum á einn eða annan hátt. Það virðist vera túlkað einfaldlega þannig og túlkað eins og mönnum sýnist.

Það sem ég gerði í ræðu minni áðan var að vekja athygli á því að það væri nýlunda á hinu háa Alþingi að þingmenn kæmu upp og gæfu Hæstarétti ráð um það hvernig hann ætti að komast að niðurstöðu. Hæstiréttur er æðsta dómstig í þessu landi. Það er endanleg niðurstaða og við verðum að kyngja henni. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég fæ ekki séð að Hæstiréttur hefði getað komist að annarri niðurstöðu, einfaldlega vegna þess að önnur gögn lágu ekki fyrir. Þegar það hefur tekið sjö ár og búið er að eyða 50–100 millj. kr., ef marka má blaðafregnir, í þessar rannsóknir hljótum við að gera talsverða kröfu til þess sem sá um rannsóknina. Þetta eru miklir fjármunir sem þarna er eytt og þetta eru lykilatriði sem menn klikka á ef svo má að orði komast.

Það er ekkert óeðlilegt að á það sé bent. Ég hafna því algjörlega að verið sé að koma höggi á ríkislögreglustjóra. Það er aðeins verið að benda á að þetta er mikið áfall fyrir embættið, og spurningin er þessi: Stendur hæstv. dómsmrh. áfram keikur að baki ríkislögreglustjóra og ríkislögreglu-

stjóraembættinu eins og það er eða er ástæða til að gera breytingar?

[11:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hvernig er hægt að halda því fram að menn séu að gefa Hæstarétti ráð þegar þeir fjalla um niðurstöðu hans eftir að hún liggur fyrir? Það er enginn að gefa Hæstarétti ráð um það hvernig hann eigi að dæma. Það er verið að fjalla um niðurstöðuna eftir að hún liggur fyrir. — Þá hristir þingmaðurinn höfuðið. Ég vona að það lagist eitthvað í heilabúinu við það. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að gefa Hæstarétti ráð þótt menn leyfi sér, eins og hv. þingmaður gerði hér, málshefjandi, að fjalla um niðurstöðuna. Það er ekkert verið að setja ofan í við Hæstarétt nema síður sé þó að hv. þm. segi að þingmenn hefðu kosið að efnisniðurstaða hefði fengist. Þingmaðurinn sagði að kannski þyrfti að breyta lagagrundvelli til að það væri hægt. Í þessu felst engin árás á Hæstarétt, ekki til. Mér finnst þetta afar ómaklegt gagnvart viðkomandi þingmanni og mér finnst reyndar líka mjög ómaklegt að reyna að nota þetta tækifæri til að reyna að koma höggi á ríkislögreglustjóraembættið því ég veit ekki annað en að hann hafi unnið að þessu máli af heiðarleika og festu.

[11:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mér sýnist hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vera enn við sama heygarðshornið og á sínum tíma, á síðasta kjörtímabili þegar ég sat með honum í allshn. Svo virðist sem hv. þm. sé bókstaflega með ríkislögreglustjóra og allt sem hann gerir á heilanum. Hv. þm. orðaði það svo að hann sæi ekki að Hæstarétti hefði verið stætt á að komast að annarri niðurstöðu. Hæstiréttur er búinn að komast að þessari niðurstöðu og að sjálfsögðu ber að virða hana. Það vill samt svo til að átta dómarar hafa fjallað um þetta mál og það vill einmitt svo til að fimm aðrir dómarar hafa komist að annarri niðurstöðu. Þrír dómarar í Hæstarétti, meiri hluti, komust að þessari niðurstöðu og að sjálfsögðu ber okkur öllum að virða hana. Ég vil bara vekja athygli hv. þingmanns á þessu atriði.

Varðandi málið sjálft skiptir langmestu máli hvernig við ætlum að eyða þeirri óvissu sem þessar listaverkafalsanir geta leitt af sér á listaverkamarkaðnum, og ekki síður í menningarsögu okkar sjálfra. Þess vegna hef ég ákveðið að reyna að eyða þeirri óvissu og hef ákveðið að skipa þennan starfshóp.

[11:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Aðeins örstutt. Það er afskaplega sérkennilegt sem hér kemur fram hjá hæstv. forsrh., að í aðra röndina sé sjálfsagt og eðlilegt að ræða efnislega og með gagnrýnum hætti niðurstöður Hæstaréttar — sem ég tek hjartanlega undir — en á hinn bóginn sé fráleitt og ósanngjarnt og óeðlilegt að víkja orði að ríkislögreglustjóra, starfsmönnum hans, gangi mála í stjórnsýslunni og hvernig rannsóknir mála hafa gengið fyrir sig. Auðvitað er það undur á sama hátt og niðurstöður Hæstaréttar, og enn frekar. Það er með öðrum orðum ekki óeðlilegt að við ræðum hér hvernig lögreglustjóraembættið og framkvæmdarvaldið hafa staðið að verki í þessu máli.

Það er hinn eðlilegasti þáttur málsins þannig að ég vil vekja athygli á því að menn telja í aðra röndina sjálfsagt að ræða efnislega niðurstöðu Hæstaréttar, sem ég tek undir, en finna því allt til foráttu á hinn bóginn að ræða hið háheilaga embætti ríkislögreglustjóra. Hér er ekki allt í samhengi.

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, 3. umr.

Frv. landbn., 840. mál (Vestmannaeyjabær). — Þskj. 1290.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 966. mál (meðlög, EES-reglur). — Þskj. 1485.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 3. umr.

Stjfrv., 790. mál (skrá um sýklalyfjanotkun). — Þskj. 1725.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, 3. umr.

Stjfrv., 946. mál. — Þskj. 1440.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 442. mál (ELS-tíðindi). — Þskj. 1733.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 751. mál (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). — Þskj. 1734.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, 3. umr.

Stjfrv., 870. mál (tæknirannsóknir o.fl.). — Þskj. 1328.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Frv. meiri hluta félmn., 967. mál (einsetning grunnskólans). — Þskj. 1486.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723.

[11:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn á ný hefjum við dagskrá fundar á Alþingi með umræðu um fjölmiðlafrv. Enn þá einu sinni er þingmál til meðferðar á hv. Alþingi sem kallar á hörð viðbrögð í samfélaginu. Þó er langt síðan Alþingi hefur haft til meðferðar mál sem svo lengi hefur lifað í fréttatímum, í fréttatengdum þáttum og manna á meðal. Engan þarf að undra sterkar tilfinningar í þessu máli enda snertir það almannarétt, eignarrétt, tjáningarfrelsi og réttlætiskennd fólks.

Á miðvikudaginn var útifundur haldinn á Austurvelli. Þar voru háværar kröfur um lýðræðisleg vinnubrögð og að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi sæi að sér. Undirskriftalistar eru í fullum gangi og svo virðist sem allir láti sig varða hvað verður með þetta frv.

Málið hefur jafnframt fengið mjög mikla umfjöllun fagfólks, blaðamanna, lögfræðinga, sérfræðinga í fjölmiðlun, sérfræðinga í stjórnskipunarrétti auk okkar þingmanna. Það hallar á ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann í þessari umræðu. Nú í morgun var birt skoðanakönnun sem birtir okkur að sjö af tíu af þeim sem spurðir eru vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta frv., og fleiri eru á móti frv. að því er sagt er.

Það var dálítið athyglisvert í tilefni af þessari skoðanakönnun hvernig formaður allshn. svaraði þegar hann var spurður hvernig hann læsi þessa skoðanakönnun. Hann svaraði því til að það væri áhyggjuefni en að ríkisstjórnin hefði ekki komið sjónarmiðum sínum að. Ég veit ekki hver hefur komið sjónarmiðum sínum að ef það eru ekki ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir. Oddvitar ríkisstjórnarinnar fá drottningarviðtöl við sig þar sem þeir leggja út um sín mál, þar á meðal þetta. Þessir aðilar, ráðherrarnir og forráðamenn málsins, fá alltaf fréttir og viðtöl um sjónarmið sín. Hitt er svo annað mál að það má segja að ríkisstjórnin, kannski fyrst og fremst oddviti ríkisstjórnarinnar, sé eins og businn í leikskólanum sem tekur dót af krökkunum og eyðileggur hópleikinn af því að hann kann ekki að vera með, kann ekki reglurnar í samskiptum barna. Börnin langar til að annað tveggja gerist, að businn hætti í leikskólanum eða hann breyti um framkomu. Sennilega mundu allir vilja að businn yrði góður og að reglur krakkanna yrðu virtar. Svona er ríkisstjórnin og það er náttúrlega ljóst að hún getur ekki hætt. Það er alveg ljóst að leikreglurnar í samfélaginu eru ekki virtar og það viturlegasta sem þessi ríkisstjórn gerði núna væri að geyma málið, hlusta á alla þá sem hafa tjáð sig, verða við óskunum sem koma fram hjá sjö af tíu hjá þjóðinni, skoða málið í sumar og setjast niður með öðrum.

Virðulegi forseti. Ef ég dreg ræðu mína saman í nokkra punkta eru þeir þessir: Ríkisstjórnin er á villigötum. Sjálfstæðismenn úti á akrinum eru furðu lostnir, undrandi og hrærðir yfir framgangi forsrh. Davíðs Oddssonar sem staðfestir í opinberri umræðu að lagasetning beinist að einu fyrirtæki. Forustumenn framsóknarmanna í borginni álykta jafnframt gegn foringja sínum. Stjórnarliðar hér á Alþingi virðast loksins hafa áttað sig á að lög á fjölmiðla geta dregið dilk á eftir sér fyrir þá. Þeir eru farnir að taka þátt í umræðunni sem ekki gerðist framan af. Oddvitar ríkisstjórnarinnar bera enga virðingu fyrir stjórnarskránni. Þeim finnst í góðu lagi áð láta dómstóla um að meta hvort lög standist stjórnarskrá landsins. Ekkert ferli á Alþingi tryggir skoðun á því hvort lög brjóti á bága við stjórnarskrána. Umræðan um þetta frv. hefur skýrt dregið fram muninn á samræðustjórnmálum og valdapólitík. Við skoðun hv. þm. Ásgeirs Friðgeirssonar kemur í ljós að um 95 stærstu fyrirtæki landsins velta meiru en tveimur milljörðum kr. og ekkert þeirra gæti átt meira en 5% í fjölmiðlafyrirtækjum. Aðeins sjávarútvegsfyrirtæki virðast geta átt fjölmiðla og tími sægreifanna blífur í íslensku samfélagi.

Ég ætla líka að fara yfir þær upplýsingar sem komu fram í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á miðvikudagskvöldið um söluna á TV2 í Danmörku, og er full ástæða til. Að lokum: Alþingi er fullkomlega vanbúið að verjast yfirgangi ríkisstjórnarinnar, hvað þá að halda starfsáætlun sína. Grundvallarmunur er á vinnubrögðum og skoðun Samf. á fjölmiðlum og flumbrulegum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar.

Virðulegi forseti. Áleitnar spurningar vakna. Hvað er að gerast? Er þetta flumbrugangur? Er þetta yfirgangur eða virðingarleysi við Alþingi og þjóðina eða er allt þetta í einum pakka? Í umfjöllun um langar og heitar umræður á Alþingi finnst mér gæta misskilnings. Menn detta í að tala um málþóf á Alþingi eins og stjórnarandstaðan sé eingöngu með tafir eða uppivöðslu í máli sem hvort eð er eigi að lögfesta, enda sé meiri hluti fyrir málinu á Alþingi.

Það gleymist að Alþingi er meira en löggjafarþing. Alþingi er vettvangur þjóðmálaumræðu. Alþingi er vettvangur til að brjóta mál til mergjar, ekki síst að skoða allar hliðar máls sem á að lögfesta í óeiningu á löggjafarþinginu, hvað þá

þegar málið er jafnumdeilt og þetta, þegar það er umdeilt úti í þjóðfélaginu og meðal þeirra sérfræðinga sem gerst þekkja til eins og fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar er.

Það er líka mjög eðlilegt hvað þetta mál varðar að það er fyrst nú þegar langt er komið inn í 3. umr. málsins sem stjórnarliðar fara að taka þátt í umræðunni og reyna að bera í bætifláka og bregðast við gagnrýninni sem stjórnarandstaðan hefur uppi í málinu. Framan af átti bara að láta stjórnarandstöðuna um að tuða, eins og algengt er að segja um málflutning okkar í stórum málum. Það var ekki laust við að það örlaði á nýjum tón í umræðunni á miðvikudaginn og miðvikudagskvöldið í ræðum stjórnarliða sem þá töluðu. Ég les það þannig að þeir séu orðnir mjög meðvitaðir um hversu vanhugsað það er að fara fram með þeim hætti sem hér er gert og auðvitað hljóta þeir líka að heyra þungann í viðbrögðum flokksmanna sinna og fylgismanna, ekki síður en við sem mætum undrun og vonbrigðum úr öllum áttum. Nú er ég óhress. Ég er ekki ánægð með minn mann núna. Ég skil ekkert í mínu fólki inni á þingi. Þessi og önnur tilsvarandi viðbrögð heyrast frá sjálfstæðisfólki þessa dagana. Ég get nefnt að um helgina þurfti ég að skreppa frá bakaríinu og inn í Nóatún í Kópavogi sem tekur ekki langan tíma en þegar ég kom heim furðaði fólkið mitt sig á hvað ég tók langan tíma í þetta stutta skrepp. Þrír sjálfstæðismenn gáfu sig fram við mig á þessari stuttu vegferð minni um Hamraborgina, allir með viðbrögð eins og þessi: Nú er ég óhress. Ég skil ekki, hvað eru þau að hugsa?

Auðvitað hljóta stjórnarliðar á Alþingi að heyra þungann í viðbrögðum flokksmanna sinna eins og við. Mér finnst merkilegt að viðbrögðin sem ég heyri eru miklu meira frá sjálfstæðismönnum en framsóknarmönnum. Þeir virðast þegja þunnu hljóði nema það fólk, jafnvel flokksfólk, sem fer fram í fjölmiðlum um málið og gegn ríkisstjórn sinni. Þetta er mín reynsla þessa dagana. Mér finnst hún athyglisverð og ég hefði gaman af að vita hvort fleiri könnuðust við þessi viðbrögð. En ríkisstjórnin er vön því að vera alltaf í liði. Þetta eru hagsmunaflokkar sem hafa verið þekktir að því að vera helmingaskiptaflokkar í gegnum tíðina. Sennilega skapar það þessa erfiðleika flokkanna núna. Þeir eru svo vanir því að vera í liði. Þeir þekkja ekki aðra sýn en „við og okkar".

Hæstv. forsrh. talar eins og maður eigi alltaf að vera í liði með þeim sem eiga hlut að máli. Getur verið að þetta sé ein skýringin á framferðinu þessa dagana? Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur talað mjög opinskátt um hug sinn til fyrirtækisins Baugs og menn skilja hann svo að hann þoli ekki þetta fyrirtæki. Hins vegar hefur hann t.d. spyrt mig saman við Baug og hann hefur gert okkur í Samf. að einhverjum Baugsliðum og reyndar flesta þá sem andmæla honum í þessu máli. Ég verð að segja að mér finnst þessi framkoma óviðfelldin og óheilbrigð. Ég hef ekkert á móti Baugi en er ekki tengdari því fyrirtæki en t.d. Nóatúni þar sem ég versla stundum á hraðferð. Verst þykir mér að þessir dagar hafa undirstrikað að stjórnarherrarnir eru ekki að vinna með almannrétt og almannahagsmuni. Það er það sem stendur eftir eftir þessa löngu umræðu og umfjöllun allra, fagfólks og sérfræðinga um málið.

Virðulegi forseti. Ólíkt höfumst við að. Reyndar er alltaf verið að bera okkur saman við önnur lönd og reynt hefur verið að finna fordæmi annars staðar í þessu máli sem er ekki auðvelt því að löndin og fjölmiðlarnir, ef við lítum bara í kringum okkur á Norðurlöndunum, að ég tali ekki um Evrópu, eru ólík. Ekki hentar það sama alls staðar eins og vel hefur komið fram, m.a. í ræðum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem hefur rakið þessi mál mjög vel.

En ólíkt höfumst við að í vinnubrögðum. Ríkisstjórnin setti nefnd niður í desember og gaf henni tvo mánuði. Nefndin dreif af skýrslu eftir liðlega þrjá mánuði. Einhverjir ráðherrar fengu að sjá hana en þremur vikum seinna var hún lögð fram í ríkisstjórn ásamt fyrsta fjölmiðlafrv., þessu fyrsta. Fram að þessu hafa breytingar verið gerðar þrisvar sinnum á frv. sem fyrst og fremst undirstrika flumbruganginn í málinu. Við hverja var haft samráð í þessu þýðingarmikla máli? Ekki Blaðamannafélag Íslands. Ekki samtök auglýsenda. Ekki fulltrúa Norðurljósa sem málið beinist að. Ekki fulltrúa annarra fjölmiðla og alls ekki stjórnarandstöðuna. Slíkt gerir maður ekki á Íslandi. Engin tilraun er gerð til að afla upplýsinga og viðhorfa hjá neinum þeim sem málið varðar, hvað þá að eiga við þá samvinnu um málið. Athyglisverðast finnst mér þó að þingflokkar stjórnarflokkanna fengu ekki skýrsluna. Þarna lá skýrslan á ís uppi í Stjórnarráði og beið frv. Davíðs Oddssonar. Það hefði verið vottur af virðingu að leyfa stjórnarliðinu að skoða skýrsluna á meðan verið var að vinna frv. Þau hefðu þá verið betur í stakk búin til að meta frv. þegar það kom inn í stjórnarþingflokkana og sá vandræðagangur sem við höfum orðið vitni að hefði e.t.v. orðið minni. Flumbrugangur, sagði ég, yfirgangur, virðingarleysi. Meti hver fyrir sig.

Skoðum Noreg í samanburði. Í skýrslunni sem mjög margt gott er í — enda var ekki tekið nema eitt eða kannski tvö atriði úr henni og sagt: Þetta frv. byggir á skýrslu — er sagt frá því að í Noregi séu menn með hugmyndir um að rýmka lögin sín og heimila eignarhlut upp að 49%. Í Noregi var nefnd að störfum í nokkur ár, fjögur ár hafa verið nefnd. Skýrslu eða hugmyndum að breytingum var skilað til ráðherra. Þessar hugmyndir hefur verið að finna á vef menningarmálaráðherrans síðan í janúar. Þar er líka að finna hugmyndir um lárétta skerðingu en þar er talað um hámark 30%, og hámark 20% ef fyrirtæki á í bæði ljósvaka- og prentmiðlum. Eingöngu ef fyrirtækið á bæði í ljósvaka- og prentmiðlum á að setja hámark, 30% á hlutdeild í öðrum miðlinum eða 20% í hinum. Ég kannaði á dögunum meðan ég enn hélt að umræðan stæði miklu skemur en raun ber vitni hvað þessum málum liði. Jú, það var boðað einhvern tíma að brtt. kæmu til þingsins ekki síðar en í maí. Þær voru reyndar ekki komnar inn í norska Stórþingið í byrjun vikunnar. Við spurningunni um hvort þær yrðu afgreiddar fyrir þinglok sem í Noregi er eftir miðjan júní var svarið að það væri mjög óvíst og færi eftir því hvort nefndunum sem um málið fjalla tækist að ljúka sinni vinnu.

Á útifundunum á miðvikudaginn var Ólafur Hannibalsson, sem lengi hefur verið varaþingmaður fyrir Sjálfstfl., ræðumaður og talaði einmitt um vinnubrögð Norðmanna í samanburði við það sem væri að gerast á Alþingi Íslendinga. Hann hafði upplýsingar um að í Noregi hefði mikil áhersla verið lögð á að fá fulltrúa fjölmiðla og allra hagsmunaaðila að borðinu, að eiga samráð við alla þá sem ættu hlut að máli, hlusta á sjónarmið og kanna hvort mögulegt væri að ná saman um tiltekin atriði þannig að lög yrðu sett í eins mikilli sátt og unnt væri. Ég hef áður nefnt þetta. Ég hef áður nefnt þetta með Norðurlöndin, hve mikil áhersla er þar lögð á það í stórum málum sem varða almannaheill að ná víðtækri sátt til að afstýra því að næsta ríkisstjórn þurfi að byrja á því að breyta þeim lögum sem þar eru sett af því að

það er óviðunandi fyrir þá sem eiga hlut að máli að lifa við þannig lög.

Það verður að segjast eins og er að það að setja lög á fjölmiðla er eitt af stærri málum þessarar ríkisstjórnar, og hefur hún komið með æðimargt hingað inn. Hér ætla menn að afgreiða málið á engum tíma og pressa það í gegnum þingið með valdi. Útifundurinn á miðvikudeginum kallaði eftir því að lýðræðið væri virt. Það er umhugsunarefni hver staðan er þegar ríkisstjórn með valdatilhneigingu setur fram umdeilt mál. Hverjir eru möguleikarnir þegar ósætti er um lagasetningu á Alþingi? Hvaða möguleikar eru hér til að bregðast við? Þetta er t.d. mjög umdeilt mál sem snertir tjáningarfrelsið og ritfrelsið og brýtur í bága við lýðræðið. Sterkir einstaklingar og sérfræðingar á sínu sviði, þar á meðal fólk sem ríkisstjórnin á stundum hefur ráðfært sig við, hafa látið í ljósi að þessi lagasetning geti átt við mál sem skotið er til úrskurðar þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem það brjóti í bága við atvinnufrelsi, eignarrétt og tjáningarfrelsi. Ég ætla ekki að láta í ljósi mína skoðun á því hvort setja eigi þetta mál í þjóðaratkvæði en það er óumdeilt að forseti Íslands hefur þessa heimild, og hvort hún verður nýtt er ákvörðun hans. Ýmsir hafa verið með lögskýringu á heimild forseta og sérfræðingar telja þetta mál geta orðið til þess að ákvörðunar verði krafist um það hvaða ferli eigi að fara í gang ef og þegar ákvæðinu yrði beitt. Það er mjög merkilegt að fylgjast með þessari umræðu og hvernig hún hefur þróast. Hún er eflaust sprottin af efasemdum og viðbrögðum stjórnvalda. Meira að segja hefur sjálfur forsrh. landsins skrifað grein um hæfi forseta Íslands varðandi þetta, greinina sem margir hafa sett spurningarmerki við en er nú að finna á vef Stjórnarráðsins. Halldór Ásgrímsson sagði í ræðu sinni á miðvikudaginn að það væri samspil löggjafans og dómstóla, svo sem Hæstaréttar, að finna út hvort lög stæðust stjórnarskrá, ekkert minna. Virðulegi forseti, ég tek það fram að ég er ekki að hafa beint eftir hæstv. utanrrh., heldur efnislega. Mig hnykkti við að heyra þetta. Annar oddviti ríkisstjórnarinnar telur eðlilegt að setja lög sem kannski brjóta í bága við stjórnarskrána af því að dómstólarnir útkljái þá málið eftir á, sem sé að ef og þegar lögin verði kærð verði málið útkljáð. Þá er það samspil löggjafans og dómstóla að skera úr um hvort lög standist stjórnarskrá. Hvert erum við eiginlega komin þegar mál hefur tekið breytingum þrisvar sinnum og í þriðja sinnið segir hæstv. utanrrh., annar oddviti ríkisstjórnarinnar, að hann sé öruggari núna um að málið brjóti ekki í bága við stjórnarskrána og fer svo fram í ræðu sinni með þessum hætti sem ég hef greint frá?

Ég má til með að tala um Finnland. Finnar taka stjórnarskrá sína mjög alvarlega og það er full ástæða til fyrir Ísland að læra af Finnum. Ég átti þess kost að sitja ráðstefnu í Finnlandi í desember sl. um það hvernig Norðurlöndin, hvert um sig, vinna með tilskipanir og gerðir Evrópusambandsins og í hvaða mæli þjóðþingin koma að þeim á vinnslustigi. Það var auðvitað grundvallarmunur á Íslandi og Noregi annars vegar og hins vegar hinum þremur Norðurlandanna sem eru í Evrópusambandinu en þarna eru Finnar til fyrirmyndar. Þeir settu á laggir nefnd sem heitir Grand committee þegar þeir urðu frjálsir og sú nefnd hefur það verkefni að kanna og úrskurða hvort þau þingmál sem inn í þingið koma standist stjórnarskrá. Þetta er alvörumál hjá þeim. Þessi nefnd er jafnframt í aðalhlutverki varðandi tilskipanir Evrópusambandsins. Það er aldeilis munur á vinnubrögðum og virðingunni fyrir stjórnarskránni þar eða hér hjá okkur.

Finnar fengu líka nýja stjórnarskrá, að mig minnir, árið 2000 og í hana var sett heimild fyrir forseta lýðveldisins í Finnlandi til að senda frv. til baka til þingsins. Það gerir forsetanum mögulegt að fresta undirskrift og fá álit stjórnlagadómstóls. Björg Thorarensen fjallaði um þetta í Kastljósi á dögunum og það var mjög áhugavert að hlusta á þegar hún greindi frá því hvernig haldið væri á þessum málum. Aðalmálið finnst mér vera hvað Finnar virða stjórnarskrána sína mikils og hversu sterkt það er að horfa á hvernig þeir vinna núna þegar Alþingi fer fram eins og við verðum vitni að viku eftir viku.

Við í Samf. höfum reyndar flutt nokkur þingmál sem eiga að stuðla að stjórnfestu, eða svokölluðu Good Governance, m.a. frv. um stjórnlagaþing og fleira. Það var í kjölfar þess að starfshópur úr þingflokknum vann með þessi mál undir stjórn hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur.

Við höfum verið mjög upptekin af því í Samf. að það þurfi ný vinnubrögð á nýjum tímum. Þessi vinna sem ég vísaði til opnaði t.d. augu okkar þingmanna Samf. fyrir því hversu margt væri vanbúið í stjórnsýslunni okkar, eins og svo skýrt kemur fram í hörkulegum vinnubrögðum ríkisstjórnar og stjórnarliða með þetta fjölmiðlafrv. Nýir tímar krefjast samræðustjórnmála. Þau viðgangast í ríkari mæli í nágrannalöndum okkar. Minnihlutastjórnahefðin skapar nauðsynlegt samráð við aðra flokka, góða kynningu á málum og skilning annarra á eðli mála. Það er mikill munur eða hér þar sem stjórnunar- og valdapólitík er höfð að leiðarljósi. Þessu vill Samf. breyta.

Eins og ég hef komið ítrekað inn á fara stjórnarflokkarnir ekki vel með meirihlutavaldið. Forsrh. er gjarn á að láta í veðri vaka vald meiri hlutans. Við ætlum, við viljum, við ráðum. Þau (lesist stjórnarandstaðan) verða að skilja það. Stundum passar reyndar að segja að mál sé hjá Alþingi eins og á dögunum þegar það hét að fulltrúar í allshn. væru með brtt. Þeir höfðu hins vegar ekki séð þær miðað við yfirlýsingar sumra. Forsrh. og utanrrh. komu sér saman um tillögurnar en gleymdu að tryggja baklandið, svona svipað og þegar við duttum inn á listann yfir 30 viljug ríki vegna innrásar í Írak. Þá heyrðu þingmenn, líka þeir sem eru í utanrmn., það í fréttunum. Þá heyrðist því fleygt að stjórnarþingflokkarnir hefðu heldur ekkert vitað. Ekki skal ég segja en þetta eru afskaplega gerræðisleg vinnubrögð og eitthvað svo valdasjúk.

Í byrjun vikunnar kom búvörusamningur inn í þingið. Hann á að taka gildi haustið 2005. Þetta gátu virst ágætis vinnubrögð, að koma frv. um búvörusamning til nefndar og skoða málin, fjalla um samninginn í sumar, kalla til ýmsa og fá umsagnir annarra sem eiga hlut að máli, skoða málið vel í sumar og afgreiða það í haust. Nei, það á að keyra hann líka í gegnum þingið á þessum óvanalegu og annasömu dögum. Og takið bara eftir hversu mörg mál eru enn þá óafgreidd. Hér hafa verið 40–60 mál á dagskrá fundanna að undanförnu.

Það eru haldnir fundir í landbn. á kvöldin og eldsnemma á morgnana. Það er ekki tími til að senda málið til umsagnar. Samningurinn var tilbúinn eftir að þinginu átti að hafa verið lokið samkvæmt starfsáætlun en bingó, inn á Alþingi með hann, í gegnum nefnd á fáum dögum og lögfesta. Svona gerum við sem höfum valdið og ráðum. Þetta er samningur sem á að gilda til 2012 og nemur 4 milljörðum kr. í útgjöldum á ári.

Ég hef gagnrýnt það, virðulegi forseti, að starfsáætlun þingsins er alltaf að styttast. Þinghaldi átti að ljúka þann 7. maí. Það er alveg fráleitt en enn þá fráleitara að henda inn stórmálum á síðustu dögum þegar þingið á að vera farið heim án þess að endurskoða starfsáætlun og ákveða formlega hversu lengi á að framlengja þingið og hvernig á að halda á málum.

Það var haft eftir hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni í fjölmiðlum um daginn að hann hefði sagt eitthvað á þá leið að kannski ætti bara að senda þingið heim, kæla fólk niður og koma svo aftur saman til að ljúka. Í öðrum löndum stjórnar þingið sér sjálft, ákveður starfsáætlun sína og tilkynnir framkvæmdarvaldinu hvernig hún á að vera, en ekki hér.

Það passar vel hér að minna á frv. mitt og hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að þingið starfi frá miðjum september fram að þjóðhátíðardegi og að endurskipulagt verði hvernig starfstíminn er nýttur. Það stendur ekki á okkur í Samf. að vera hér fram í júní — við höfum ítrekað það — en það breytir ekki því að svona frá-degi-til-dags-stjórnun þekkist ekki nokkurs staðar annars staðar.

Mér finnst mjög mikilvægt að koma aðeins inn á vinnu okkar í Samf. um fjölmiðla. Skoðun Samf. á fjölmiðlum og því umhverfi sem þeim er ætlað að starfa í hófst fyrir ári. Okkur óraði ekki fyrir því þá sem við erum að upplifa núna en við erum þess vegna ekki vanbúin í þessa umræðu. Við höfum sett fram frv. um vernd heimildarmanna og gerðum það strax í haust. Við settum fram þáltill. um sjálfstæði ritstjórna og gagnsæi í eignarhaldi, að það sé alltaf upplýsingaskylda, að allir eigi að vita hver eigi fjölmiðlana á hverjum tíma. Nú erum við með vinnu í gangi um Ríkisútvarpið, m.a. hvernig megi tryggja stöðu þess og sjálfstæði. Þetta eru góð vinnubrögð og ólíkt höfumst við að, Samf. eða stjórnarmeirihlutinn sem setur fram í flaustri frv. sem beinist að *einstökum fyrirtækjum og er illa unnið eins og ítrekaðar* breytingar og yfirklór bera vitni um núna.

Eins og hér kemur fram fer því fjarri að við viljum eitthvert alfrelsi í fjölmiðlum. Fjölmiðlar hafa einstaka samfélagslega stöðu umfram önnur atvinnufyrirtæki. Stjórnarliðar hafa hamast við að vísa til fjölmiðlaskýrslunnar. Við fengum skýrslu, segja þeir, settum fram frv. og ætlum að setja lög samkvæmt henni. Mig langar því, virðulegi forseti, að grípa niður á bls. 145 í fjölmiðlaskýrslunni þar sem segir:

„Sé litið til aðstæðna á markaði á Íslandi er ljóst að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald eða útbreiðslu yrði ekki náð að öllu leyti nema þær yrðu aftur virkar. Með afturvirkni er hér átt við að í þeim þyrfti að gera ráð fyrir að heimilt yrði samkvæmt reglunum að gefa fyrirmæli um að uppbygging á íslenskum fjölmiðlamarkaði yrði brotin upp og fyrirtækjum gert að laga sig að þeim takmörkunum sem beinar reglur um takmarkanir á eignarhaldi kynnu að fela í sér. Slíkt fæli augljóslega í sér inngrip hins opinbera í ríkjandi markaðsaðstæður, sem gæti orðið fyrirtækjum þungbært og kostnaðarsamt, auk þess sem álitamál gætu risið um þær skorður sem ákvæði stjórnarskrár um vernd eignarréttar og atvinnufrelsi kynnu að setja í þessu efni. Af þessum ástæðum yrði því fyrst og fremst að horfa til áhrifa þeirra til framtíðar." — Þetta er í fjölmiðlaskýrslu ríkisstjórnarinnar.

Síðar segir á bls. 147 þar sem fjallað er um fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtæki í öðrum rekstri:

„Í löggjöf einstakra landa virðist sjaldgæft að beinar takmarkanir séu á því að eignatengsl séu milli fjölmiðlafyrirtækja og fyrirtækja í öðrum rekstri. Á hinn bóginn verður ekki ráðið af þeim gögnum sem nefndin hefur aflað að það sé þekkt í öðrum löndum að aðili sem hefur hliðstæð umsvif í viðskiptalífi annarra landa og Baugur Group hf. hefur á Íslandi fari jafnframt með ráðandi hlut í jafnöflugu fjölmiðlafyrirtæki og Norðurljósum hf. Þó gildir sú regla í Danmörku að fyrirtæki í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri megi ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp." — Ég bið viðstadda þingmenn að taka eftir þessu sem er lesið upp úr fjölmiðlaskýrslunni vegna þess sem ég kem að síðar um söluna á TV2 í Danmörku. Skömmu síðar á sömu blaðsíðu í skýrslunni segir:

„*Þótt mögulegt sé að setja beinar reglur sem að þessu* lúta er þó ljóst, sé miðað við aðstæður á Íslandi eins og þær eru nú, að markmiðum slíkra reglna til skemmri tíma yrði ekki náð nema þær yrðu afturvirkar í þeim skilningi sem rakinn er að framan." — Þetta er eiturskýrt í skýrslunni sem ríkisstjórnin lét vinna.

Virðulegi forseti. Á miðvikudaginn hélt Ásgeir Friðgeirsson, þingmaður Samf., athyglisverða ræðu og kom með mikilvæg sjónarmið inn í umræðuna. Hann fór yfir það hvað áhrifin um markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði sem setti 5% mörk varðandi eignarhald á fjölmiðlum þýddi. Hann las fyrir þingheim upp úr Frjálsri verslun sem hefur birt lista yfir fyrirtæki á Íslandi og Ásgeir Friðgeirsson, þingmaður Samf., komst að þeirri niðurstöðu að af 90 stærstu fyrirtækjunum í landinu væru um 60 með markaðsráðandi stöðu eða að álitamál væri uppi um hvort svo væri, að 95 stærstu fyrirtækin veltu meira en tveimur milljörðum svo að ekkert þeirra mætti eiga eignarhlut yfir 5% í fjölmiðlafyrirtæki, að þau sem mættu eiga 35% í fjölmiðlafyrirtæki miðað við listann í Frjálsri verslun væru eiginlega eingöngu sjávarútvegsfyrirtæki.

Þar höfum við það.

Þetta var mjög athyglisvert og vakti líka mikla athygli. Slík úttekt segir okkur hins vegar að ríkisstjórnin veit ekkert hvaða afleiðingar lögin hafa af því að hún hefur ekki gefið sér tíma til að fjalla um hvað í þeim felst í raun nema að beina þeim gegn vondu fyrirtæki. Ásgeir Friðgeirsson benti líka á að samþjöppun er því aðeins háskaleg ef hún hindrar samkeppni, ef hún hindrar nýliðun, ef henni er misbeitt og að í skýrslu forsrh. segi að það sé meiri fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði en fyrr, það sé góð þjónusta og fyrirtækin standi traustari fótum en áður.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti einnig athyglisverða ræðu á miðvikudagskvöldið. Því nefni ég þau tvö að þau komu með alveg sérstakar upplýsingar inn í umræðuna. Ég vil taka það sérstaklega fram að þingmenn Samf. hafa verið afskaplega málefnalegir í umræðunni um fjölmiðlafrv. á Alþingi. Í engri ræðu hefur vottað fyrir því að menn hafi staðið í þessum ræðustól til þess að fjalla um málið út og suður. Í hverri einustu ræðu hefur verið að finna nýjan vinkil á umræðunni, í hverri einustu ræðu hefur verið bent á athyglisverð mál, stöðuna sem ríkisstjórn er í og hamrað á því sem skiptir máli. En það sem kom fram í ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur var að hún fór inn á vefinn 19. maí og sá að sagt var frá því í Danmörku, í næstum öllum fjölmiðlum, að verið væri að selja TV2 í Danmörku, að á árunum 1995–2002 hefði sjónvarpsstöðin notað 628 millj. danskra króna meira í bara almennan rekstur en hún mátti nota í almannaþágu samkvæmt greiðslum og framlögum sem stöðin fékk. Það þýðir að stöðin blandaði saman

því sem fellur undir almannaþjónustu, því sem hið opinbera ætlar henni að gera, og skemmtidagskrá. Þetta er á kostnað þess sem framlög eiga að renna til. Fallinn er úrskurður hjá Evrópusambandinu um að þessi fjárhæð skuli endurgreidd, 628 millj. danskra króna, um 6 milljarðar íslenskra króna. Í framhaldinu var ákveðið að selja TV2.

Það er athyglisvert að skoða það, og það er það sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir benti á, hverjir vilja kaupa. Það er alsterkasta fjölmiðlasamsteypa á Norðurlöndum, sænsk samsteypa sem heitir Bonnier AB, sem eftir öllum sólarmerkjum að dæma ætlar að vera í samstarfi við Det Berlingske Officin. Öll könnumst við við Berlingske. Saman ætla þessir aðilar að bjóða í. Það eru fleiri skandinavískar samsteypur sem sýna áhuga á kaupum, t.d. Svenska Modern Times Group sem á hluta markaðarins og er í samstarfi við Bonnier, og eins norska fjölmiðlasamsteypan Shipsted. Það sem er athyglisvert í þessu máli sem hefur verið í dönskum fjölmiðlum er að þessir fjölmiðlarisar og samsteypur sem eiga í samstarfi alveg þvers og kruss reka útvörp, sjónvörp og dagblöð og það dregur að sjálfsögðu athyglina að staðhæfingunum sem ég vísaði til áðan um stranga danska löggjöf þar sem fyrirtæki eða samsteypur mega ekki eiga bæði í blaða- og sjónvarpsmiðlum. Mér finnst þetta mjög athyglisvert, og mikilvægt að a.m.k. Samf. fari aðeins ofan í þessi mál vegna þeirra upplýsinga sem við höfum verið að vinna með hér. Ég geri ekki ráð fyrir því að meiri hlutinn hafi áhuga á því að skoða þetta. Þeir segja bara hvað er sagt og hvað er og láta það gott heita.

Virðulegi forseti. Það sem blasir við í þessari umræðu er ekki gott. Skýrsla er samin á methraða svo að ekki gefst tími til að kanna hvaða lagasetning mundi standast EES-samninginn. Skýrslan er lögð fram í ríkisstjórn og frv. um leið sem segir sína sögu, og ég hef farið yfir hér, frv. sem að mati sérfræðinga brýtur gegn eignarrétti, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og mannréttindasáttmála Evrópu, frv. sem vinnur gegn tilgangi sínum um fjölbreytni og stofnar atvinnu hundruða í voða. Þetta hefur allt komið mjög vel og rækilega fram. Meiri hlutinn er í tímaspreng að setja lög, og nefndir fá ekki tækifæri til að hlusta á alla málsaðila, hvað þá eiga samskipti sín í milli og ljúka umfjöllun sinni. Samt er engin leið að sjá af hverju þarf að setja þessi lög á þessu vori.

Frumvarpið beinist að einu fyrirtæki. Það er alveg ljóst að fyrir haustið kemur varla til greina að þessi fjölmiðlarisi fari að kaupa Morgunblaðið, ég held að ekki nokkrum manni detti það í hug. Ég hef ekki getað séð nokkrar líkur til þess að þetta fyrirtæki keypti Skjá 1. Hvað er það þá sem getur gerst frá því núna og þar til í haust? Það er spurningin sem menn spyrja úti á götunni. Það er spurningin sem fólk spyr þegar það segir við mann: Ég er ekki ánægð með minn mann núna, ég er ekki ánægð með mitt lið núna á Alþingi. Af hverju liggur svona á? Af hverju er þetta gert svona? Fyrir það getum við í stjórnarandstöðunni að sjálfsögðu ekki svarað. Ég velti fyrir mér núna þegar það er ljóst að svona gífurleg andstaða er með þjóðinni gegn því að þessi lög verði sett af hverju menn staldra ekki við. Mikið óskaplega mundi það breyta stöðunni í þessu samfélagi ef sá sem öllu ræður kæmi fram og segði: Ég hafði ekki áttað mig á því að það væri svona gífurleg andstaða við að setja lög með þeim hætti sem stjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið. Það hvarflar ekki að mér, úr því að þessi staða er uppi, að setja lög núna í svo miklu trássi við þjóðina. Þess vegna ætla ég núna að draga frv. til baka og eiga samráð út og suður þar til í haust og skoða um hvað væri hægt að ná samstöðu í þessu samfélagi. Hvað mundi gerast? Allt mundi lyppast niður. Allir yrðu allt í einu ánægðir með sinn mann. Þeir sem eru búnir að vera svo miður sín yfir því hvað stjórnarmeirihluti þeirra er að gera gætu allt í einu risið upp og sagt: Þetta er allt í lagi. Menn átta sig. Menn vaða ekkert fram. Þjóðin mundi hugsa: Já, það er hægt að hafa áhrif á Alþingi. Kannski yrði farið að vinna með málið eins og þarf og tala við þá sérfræðinga sem hafa verið í öllum þáttum að undanförnu að tjá sig um málið, greina frá þekkingu sinni og hvað hefði þurft að vera öðruvísi. Ég get ekki skilið af hverju þetta er ekki gert.

Virðulegi forseti. Ef ég bara skildi hvað fær ríkisstjórn og meiri hluta á Alþingi til að reka mál með þessum hætti liði mér bara ögn skár þessa rugluðu daga sem við erum að upplifa á Alþingi. Þar með lýk ég ræðu minni.

[12:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki að því að spyrja að þegar við stjórnarþingmenn ætlum að taka þátt í umræðunni ganga fram hjá mér þingmenn stjórnarandstöðunnar og kalla: málþóf, málþóf.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði mikið um að frv. hefði tekið breytingum eftir að það kom inn á Alþingi. Auðvitað er skylda þingsins að rannsaka og fara ofan í þau mál sem koma inn. Það er algilt og við teljum það yfirleitt góð vinnubrögð að rannsaka mál mjög vel og fara ofan í þau og athuga hvort eitthvað er í þeim sem betur megi fara. Þess vegna kemur mér mjög á óvart hvernig stjórnarandstaðan klifar á því aftur og aftur að frv. hafi tekið breytingum á Alþingi. Það eru bara eðlileg vinnubrögð á Alþingi að skoða og rannsaka mál.

Ég hef ekki þær áhyggjur að sú andstaða sem hún nefnir að sé með þjóðinni gagnvart þessu frv. muni ekki breytast þegar málið hefur verið skýrt, þegar við fáum hugsanlega að komast að í fjölmiðlum til að skýra málið. Hv. þm. talar jafnframt um að þessi lagasetning beinist að einu fyrirtæki. Hvað ef Baugur tæki sig til og seldi Eimskipum eða Flugleiðum hlut sinn í Norðurljósum? Mundi það líta eitthvað öðruvísi út fyrir hv. þingmönnum Samf.? Hvaða meining er þetta? Við erum auðvitað að vinna gegn samþjöppun á eignarhaldi og þá auðvitað beinist það gegn einhverjum.

[12:07]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég býst við því að hafi einhver þingmaður gengið fram hjá þingmanninum og nefnt málþóf hafi það verið meira í glettni vegna þess að það er það sem við fáum að heyra yfirleitt þegar við erum í umræðunni hér á Alþingi í stórum málum. Ég tek a.m.k. ekki undir það. Það fer ekki fram málþóf á Alþingi. Það fer fram mikil efnisleg umræða, nauðsynleg samfélagsumræða um gífurlega stórt mál.

Það er þetta með breytingarnar. Við höfum að sjálfsögðu öll tekið þátt í því að frv. kemur hérna inn og Alþingi vinnur með það, oftast nær þó þannig að frv. kemur fyrir þann tíma sem Alþingi hefur sett sér mörk, 1. apríl, og það er gefinn tími til þess í nefndunum bæði að fá umsagnir og kalla til fólk. Það er ekki rifið undan lúkunum á nefndarmönnum eða þeim nefndum sem málið er sent til. Það er beðið eftir að nefndirnar geti sent málið til baka til nefndanna sem eru með aðalumfjöllun. Allt með þetta mál hefur auðvitað verið öðruvísi en hefðbundið.

Þetta frv. er þess eðlis sem það er og það er öðruvísi af því að það er forsrh. sem setur það fram en ekki menntmrh. Þetta er náttúrlega ekki bandormur frekar en ég sem stend hér. Vinnubrögðin eru öll þannig að forsrh. ákveður að koma inn með frv. löngu eftir að tíminn er liðinn á þeim tíma sem þingið er að fara heim, skellir því inn og ætlar að keyra það í gegnum þingið. Menn hafa orðið rökþrota í öll þrjú skiptin. Fyrst gerði Framsfl. athugasemdir við frv. í ríkisstjórn og tvisvar sinnum hafa nefndirnar gert breytingar. Þær hafa hrakist undan. Þetta er ekki efnisleg umfjöllun, þetta eru ekki góð vinnubrögð, þetta er frv. sem á að keyra ofan í kok á Alþingi, bæði stjórnarmeirihlutanum og öðrum. Ef þetta hefði verið selt Eimskipum eða Flugleiðum fyrir einhverjum mánuðum værum við ekki að tala um þetta frv. Það er svo einfalt. Það er það sorglega í málinu.

[12:09]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nefnilega þessi síðasta fullyrðing sem er svo skemmtileg. Ef það er sú málefnalega niðurstaða sem fjölmiðlaskýrslan kemst að að samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlum sé hættuleg lýðræðinu og tjáningarfrelsinu er nákvæmlega sama hvaða fyrirtæki á í hlut. Við erum að tala um að eitt fyrirtæki á orðið stærsta hlutann af fjölmiðla- og afþreyingarmarkaði á Íslandi. (**KHG:** Gleymum því ekki ...) Ef við tölum um, eins og skýrslan kemst að, að þetta sé hættuleg þróun er auðvitað nákvæmlega sama hvaða fyrirtæki það er. Þetta er eitthvað sem við höfum skyldu til að bregðast við sem löggjafarvald hjá þjóðinni og það er það sem við erum að gera. Við erum að bregðast við þeim niðurstöðum sem koma fram í skýrslunni og ég verð að viðurkenna að það var ekki fyrr en ég las hana sem ég sá um hvað málið snerist.

Ég hafði í rauninni ekki hugmynd um hvers lags rosaleg samþjöppun á sér stað á fjölmiðlamarkaðnum. Sú samþjöppun er hættuleg lýðræðinu og hættuleg tjáningarfrelsinu. Það er það sem við erum að bregðast við, hv. þingmaður, og það er fullkomlega eðlilegt að gera það með þeim hætti sem við höfum gert. Það hefur verið unnið vel að þessu máli á Alþingi, a.m.k. af hálfu stjórnarliða, og mjög margir stjórnarandstæðingar, þar á meðal hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, hafa verið málefnalegir í umræðunni. Ég er fjarri því að vera sammála öllu því sem hún segir en mjög margt af því er mjög málefnalegt og gott innlegg í umræðuna. Það hefði líka mátt koma fyrr hjá stjórnarandstöðunni og hefði hún þá ekki verið að eyða tíma í málþóf um málsmeðferð og aðra slíka hluti.

[12:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek það fram að mér finnst engu skipta hvort fyrirtæki sem á fjölmiðlasamsteypu sem er komin með ráðandi hlut eins og þingmaðurinn hefur nefnt heitir Baugur, Eimskip eða Flugleiðir. Það á að grípa til þeirra aðgerða sem gripið er til óháð því hvert fyrirtækið er (Gripið fram í.) og það á að setja lög sem byggja á almannahagsmunum og almannarétti og það er um það sem við deilum. Af því að vísað var til skýrslunnar finnst mér að þingmaðurinn hafi augsýnilega ekki tekið nógu vel eftir hvað stendur á bls. 145 og 147 í skýrslunni sem ég las upp áðan. Sterkt Ríkisútvarp sem fær sterka lagasetningu til að byggja á er auðvitað það sterkasta í þessari stöðu. Menn í þessari ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkar hafa ekki hirt um að vinna að hagsmunum Ríkisútvarpsins.

Ég ætla að nefna nokkuð sem ég hlustaði á í bílnum á leiðinni í þingið einn daginn þegar verið var að ræða um þetta mál á einhverri stöð. Jafet Ólafsson lét í ljósi undrun sína á þessu frv. Hann rifjaði það upp að þegar Norðurljós voru keypt af þeim eigendum sem eiga það núna hefði eigandinn sagt: Það þarf að taka til í þessu fyrirtæki, það þarf að koma því fjárhagslega á laggirnar. Síðan sé ég fyrir mér að eftir tvö ár komist það á markað og þá hef ég hugsað mér og get hugsað mér að draga úr eignarhlut mínum í fyrirtækinu. Jafet spurði: Af hverju fá menn ekki svigrúm til að gera þetta? (Gripið fram í.) Hann og fleiri hafa einmitt sagt: Það er alveg með ólíkindum að verið sé að setja þetta frv. fram núna. Ég tók auðvitað eftir því að þingmaðurinn kom ekki með neitt um það af hverju verið væri að setja frv. fram núna og lögfesta það á þessu vori með þessum látum.

[12:14]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á þeirri töf sem varð á að ég kæmi í ræðustól eftir að mér var gefið orðið en ég tek eftir því að á mælendaskránni eins og hún lítur út núna er ákaflega merkilegt að gerast enn einu sinni, stjórnarþingmenn eru að taka sig út af mælendaskrá. Flóttinn er hafinn rétt einu sinni. (**RG:** Um leið og ...) Ég skil mjög vel, virðulegi forseti, að stjórnarþingmenn treysti sér ekki að koma í ræðustól og reyna að rökstyðja þetta mál. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sem hér situr og sem jafnframt á sæti í allshn. var fyrir 10 mínútum eða svo næsti hv. þm. á mælendaskrá Alþingis. Þess vegna leyfði ég mér að hlaupa yfir á skrifstofu mína til að ná í gögn og taka það sem ég vildi hafa með mér í ræðustól en svo kemur skyndilega hringing frá Alþingi þar sem tilkynnt er að ég sé næstur í ræðustól vegna þess að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir er búin að taka sig af mælendaskránni. (**ArnbS:** Greiða fyrir þingstörfum.) Það kemur svolítið spánskt fyrir sjónir að hv. þingmenn, sérstaklega þingmenn Sjálfstfl., láti hver á fætur öðrum taka sig út af mælendaskrá vegna þess að á fundi þingflokka með forseta á miðvikudaginn þar sem farið var yfir stöðu mála var töluvert löng mælendaskrá og þá kom það fram líka hjá forseta þingsins, hv. þm. Halldóri Blöndal, að þingmenn stjórnarflokkanna, sérstaklega Sjálfstfl., ætluðu líka að tala mikið við 3. umr. Við fögnuðum því að sjálfsögðu, þeir aðilar sem þarna voru á fundi, að fá þingmenn Sjálfstfl. í pontu. Ég kem að Framsfl., B-deildinni, á eftir ef ég man það þá, maður er farinn að gleyma þeim flokki. Þarna kom það skýrt fram úr munni hæstv. forseta þingsins að þingmenn Sjálfstfl. ætluðu að tala mikið við 3. umr. Þá skilur maður það auðvitað þannig að þeir séu ekki í málþófi heldur ætli að færa rök fyrir þessu vitleysisfrumvarpi sem hér verið að reyna að keyra í gegnum þingið.

Hvað skeður svo, virðulegi forseti? Flótti er brostinn í liðið. Stjórnarliðar hverfa. Það er ekki bara hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem átti að vera næst á mælendaskrá eins og ég gat um áðan sem hefði átt að standa í ræðupúlti Alþingis nú, heldur einnig hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og Birgir Ármannsson. Öll eru þau komin út af mælendaskrá.

Virðulegi forseti. Ég tek skýrt fram að ég skil þessa hv. þm. mjög vel. Þau treysta sér ekki lengur til að koma í ræðustól Alþingis og reyna að færa rök fyrir þessu vitleysisfrumvarpi sem ég vil kalla svo. Ég hef einhvers staðar sagt að í þau fimm ár sem ég hef setið á Alþingi held ég að ég hafi aldrei séð jafnilla unnið og vitlaust frv. koma fram á Alþingi eins og nú er.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill benda hv. þingmanni á það út af orðum hans að undanfarna daga á hinu háa Alþingi hafa verið allnokkur brögð að því að hv. þingmenn hafi farið inn og út af mælendaskrá, jafnt frá stjórnarflokkum sem stjórnarandstöðuflokkum.) (**Gripið fram í:** Nei, ekki jafnt.)

Ég hygg, virðulegi forseti, að þetta sé ekki alveg rétt. Ég hugsa að það sé ekki jafnt á með það vegna þess að undanfarna daga og við 2. umr. tókum við auðvitað eftir því að þau undur og stórmerki gerðust stundum að einn og einn stjórnarþingmaður var á mælendaskrá. Við tókum líka eftir því að þeir voru að hoppa niður eftir skránni og stundum út af henni, líkt og er að gerast núna. Ég hygg að það sé ekki rétt að jafnt sé á komið, a.m.k. ekki hvað fjöldann varðar.

Eins og ég segi er þetta athyglisvert, sérstaklega miðað við þau ummæli forseta Alþingis sem komu fram á fundi með formönnum þingflokka á miðvikudaginn var. Þetta var táknrænt fyrir þetta vandræðamál stjórnarflokkanna og af því að ég nefni stjórnarflokkana kemur upp í huga minn garmurinn hann Ketill, hinn flokkurinn í ríkisstjórninni, Framsfl. sem ég hef stundum leyft mér að kalla B-deild Sjálfstfl., a.m.k. eins og hann starfar í dag, vegna þess að framsóknarmenn eru hér á harðahlaupum frá þessu máli, láta ekki sjá sig í umræðu og forðast að taka þátt í ræðum vegna þess að þá geta aðrir þingmenn farið í andsvör við hv. þingmenn og spurt þá út úr og reynt að fá einhverja skýringu á því hvers vegna Framsfl. er svona undarlega eftirlátssamur og lætur hreinlega troða öllu ofan í kok sitt hvað þetta mál varðar.

Ég ætla þess vegna, virðulegi forseti, að fara örstutt yfir ræðu sem hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., þessarar B-deildar Sjálfstfl., flutti þegar hann kom loksins í ræðustól á miðvikudaginn var og tók þátt í umræðu þótt stutt væri. Hæstv. utanrrh. fór nokkrum orðum um stjórnarskrána okkar og taldi hana ekki mjög nákvæmt plagg, lýsti henni þannig, og fræg eru þau ummæli hæstv. utanrrh. að hann sé núna, eftir þessa fjórðu breytingu á frv., öruggari — ég vek athygli á því, hæstv. forseti, öruggari — gagnvart stjórnarskránni. Hann er ekki öruggur, hann er öruggari. Þetta minnti mig á smábörn fiktandi með eldspýtur. Hann var eins og smákrakki, hæstv. utanrrh. hér, að fikta með eldspýtur þar sem börn eiga ekki að vera með slíkt og getur valdið stórbruna.

Hæstv. utanrrh. var sem sagt í ræðustól Alþingis að ræða um frv. Meiri hluti allshn. hefur gert allt sem í hans valdi stendur til að kalla inn ýmsa sérfræðinga á lokastigum til að fara yfir stjórnarskrárþátt málsins og annað slíkt en því hefur beinlínis verið hafnað eða komið í veg fyrir það. Svo kemur hæstv. utanrrh., væntanlegur forsrh., sem maður fer auðvitað að setja spurningarmerki við þótt 15. september sé að nálgast, og lýsir því yfir að hann sé öruggari um stjórnarskrána gagnvart þessu máli en áður. Þvílíkt fikt. Þetta er enn eitt dæmið um vandræðaganginn, flaustursleg vinnubrögð og það hvernig þessu máli er troðið í gegnum Alþingi. Ég kem að því síðar þegar ég fer yfir það mál hvernig það lítur út fyrir þann sem hér stendur. Hæstv. utanrrh. talaði sem sagt svo um stjórnarskrána að þar væru mikilvægar leiðbeiningar.

Virðulegi forseti. Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur fengið á sig nokkra dóma frá Hæstarétti þar sem lög héðan frá Alþingi eru dæmd brotleg við stjórnarskrá. Frægast er sennilega öryrkjamálið þar sem ríkisstjórnin fékk það í hausinn sem hún ætlaði að gera þar. Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, aðeins fara yfir mál sem var á hinu háa Alþingi rétt fyrir jól, þegar við vorum að afgreiða fjárlög. Þá lagði ríkisstjórnin fram frv. sem átti að skerða vaxtabætur með afturvirkum íþyngjandi hætti. Það mál kom að sjálfsögðu til efh.- og viðskn. þar sem ég sat sem varamaður eins af fulltrúum okkar Samf. í efh.- og viðskn., akkúrat á þeim fundi, og ég minnist þess þegar við, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og sá sem hér stendur, tókum smáumræðu um frv. Mér er það ákaflega minnisstætt hvernig stjórnarliðið þumbaðist gegn því að ræða þetta, taldi enga þörf á að ræða frekar um hvort þetta bryti í bága við stjórnarskrá gagnvart afturvirkni og taldi yfir höfuð bara hálfasnalegt af þingmönnum Samf. í þessari nefnd að benda á þessi atriði. Þá var það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., kom mér eiginlega mest á óvart og ég verð að segja eins og er að hann óx mjög í áliti mínu akkúrat á þeim fundi. Við höfðum verið að takast á um ýmis önnur mál þar á undan og rætt þau sem ég ætla ekki að ræða um hér. Þá sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal: Ef einhver vafi er á því að frv. brjóti eitthvert ákvæði stjórnarskrárinnar skal stjórnarskrá lýðveldisins Íslands njóta vafans.

Það tók að vísu dálítið langan tíma fyrir okkur þingmenn að fá það samþykkt í nefndinni. Það þurfti m.a. að ræða milli funda og hringja upp í fjmrn. til að fá leyfi fyrir því hvort það mætti skoða þessi atriði um afturvirknina, um hugsanleg brot á stjórnarskránni, hvort það fengist leyfi fyrir því hjá þeim hæstv. ráðherra, fjmrh., varaformanni Sjálfstfl., sem kom inn með þetta frv. Í nefndinni gengu nokkrar dagskrártillögur fram og til baka og enduðu með því, merkilegt nokk, virðulegi forseti, að stjórnarmeirihlutinn féllst á þá kröfu okkar samfylkingarmanna í þessari nefnd undir forustu Össurar Skarphéðinssonar að leita lögfræðilegs álits á þessu atriði. Til þess voru fengnir aðilar eins og Skúli Magnússon og Eiríkur Tómasson.

Hvað gerðist? Jú, það kom í ljós að Skúli og Eiríkur töldu að það væri hárrétt hjá þingmönnum Samf. að þetta ákvæði eins og það var þar sett upp væri brot á stjórnarskránni. Hvað gerðist þá, virðulegi forseti? Jú, merkilegt nokk, fjmrn. féllst á að láta breyta ákvæðinu.

Þetta nefni ég, virðulegi forseti, vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að þetta fikt sé dregið inn, þessi ögrun við stjórnarskrána í mörgum illa unnum málum eins og því máli sem við erum að ræða og að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., skuli svo leyfa sér að koma í ræðustól og segja að hann telji sig núna vera öruggari. Hann er ekki öruggur með stjórnarskrána, hann er öruggari. Ég ætla, virðulegi forseti, vegna þess að það er ákaflega mikilvægt inn í þetta fikt að lesa aðeins upp úr nefndaráliti hv. þingmanna Samf. sem voru í efh.- og viðskn. þegar þetta mál var rætt. Þegar þessir miklu lögspekingar komu fram með sín gögn sáu allir hv. þm. í nefndinni á hvaða vegferð þeir voru. Lögspekingarnir komu vitinu fyrir fjmrn. sem ætlaði að neita því á fundum áður að fjalla um þetta mál. Með leyfi forseta vil ég lesa aðeins upp úr þessu nefndaráliti og upp úr því lögfræðiáliti sem hér hefur komið fram vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að það sé tekið inn í þessa umræðu ef það gæti orðið einhverjum hv. stjórnarþingmönnum, og þá sérstaklega úr B-deildinni, Framsfl., víti til varnaðar. Þeir gætu séð að sér áður en þeir koma í þingsal til 3. umr. og lokaatkvæðagreiðslu um þetta mál sem við erum að ræða og sagt hingað og ekki lengra, líkt og gerðist í efh.- og viðskn. sem ég geri hér að umtalsefni. Ég geri ekki ráð fyrir því, virðulegi forseti, að þeir hv. þm. Sjálfstfl. muni vilja hlusta á þetta, skoða það eða taka þessi aðvörunarorð til sín vegna þess að það er öðruvísi með Sjálfstfl. þegar hæstv. forsrh. talar,

formaður Sjálfstfl. Hann gefur tilskipun til fótgönguliðanna í þingflokki Sjálfstfl., þeirra hv. þm., og þannig skal fara, aldrei líta til baka, ekki líta til vinstri eða hægri heldur taka það sem fram er reitt, keyra það áfram hvað sem það kostar, jafnvel þó að menn hafi efasemdir í huga sínum gagnvart ýmsum atriðum eins og þarna kom fram. Ég hygg að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi jafnvel fengið skammir frá forustu Sjálfstfl. vegna þessa máls í efh.- og viðskn. rétt fyrir jól sem ég hef gert að umtalsefni. Með leyfi forseta ætla ég þá að hefja lesturinn úr þessu nefndaráliti. Ég vona að ég þurfi ekki að fara mjög langt í því til að rökstyðja það að láta það koma hérna fram svo að þingmenn, eins og ég segi, geti heyrt hvað þarna fer fram. Það er sem sagt verið að fjalla um þetta vaxtabótamál:

„Í umfjöllun nefndarinnar um málið bentu fulltrúar Samfylkingarinnar á að afar líklegt væri að skerðing vaxtabótanna, sem ..."

(**Forseti** (SP): Forseti vill minna hv. þingmann á að biðja um leyfi forseta áður hann les upp úr þessu áliti.)

Ég tel mig hafa verið búinn að því, hæstv. forseti. Ef flett væri til baka og hlustað á það sem ég var að fjalla um er það en ég skal gera það enn einu sinni að biðja um leyfi hæstv. forseta til að lesa úr þessu nefndaráliti vegna vaxtabótamálsins, með leyfi forseta:

„Í umfjöllun nefndarinnar um málið bentu fulltrúar Samfylkingarinnar á að afar líklegt væri að skerðing vaxtabótanna, sem væri íþyngjandi afturvirk skerðing, stæðist ekki stjórnarskrána. Það hefur nú komið á daginn. Fjármálaráðuneytið óskaði eftir áliti Skúla Magnússonar dósents við lagadeild Háskóla Íslands um þetta álitaefni. Hans niðurstaða var að hætta væri á því að dómstólar teldu skerðinguna andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Eiríkur Tómasson prófessor sem vann álit fyrir efnahags- og viðskiptanefnd um málið komst að þeirri niðurstöðu að það bryti væntanlega í bága við stjórnarskrána að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Enn eina ferðina er ríkisstjórnin uppvís að því að ætla að leiða í lög ákvæði — nú fyrir skulduga einstaklinga — sem líklegt er að brjóti stjórnarskrána. Ríkisstjórnin hefur því enn ekki lært sína lexíu þótt hún hafi á stuttum tíma ítrekað fengið úrskurð dómstóla um stjórnarskrárbrot — nú síðast í októbermánuði vegna brota á 77. gr. stjórnarskrárinnar gagnvart öryrkjum. Þar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hinni umdeildu skerðingarreglu gagnvart öryrkjum yrði ekki beitt afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma þegar réttur til bóta stofnaðist og að þau kröfuréttindi nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar."

Síðan segir í þessu nefndaráliti, ég hoppa yfir smákafla, með leyfi forseta:

„Eiríkur Tómasson prófessor gaf nefndinni álit sitt á þessari breyttu tillögu ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða hans var sú að líkur væru á því að íslenskir dómstólar mundu komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2003, með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, væri stjórnskipulega gild."

Þarna er sem sagt verið að fjalla um það eftir að stjórnarmeirihlutinn breytti því skerðingarákvæði sem þeir ætluðu að gera til að ná í þessar, að mig minnir, 600 millj. sem átti að skerða vaxtabætur um.

„Í lok álitsins kemur þó fram eftirfarandi: Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána. 1. minni hluti tekur undir þetta, enda ljóst að réttaröryggi fær sífellt aukið vægi í dómum Hæstaréttar. Þrátt fyrir að Skúli Magnússon dósent hafi ekki fjallað um nýju útfærsluna í sínu áliti kom þó fram hjá honum á fundi nefndarinnar að þótt líklegt væri að hún stæðist væri ekki hægt að útiloka að sú tillaga gengi gegn stjórnarskránni."

Síðar segir í nefndarálitinu:

„Aðspurður sagði Eiríkur að þingmenn ættu ekki að standa að lagasetningu ef vafi léki á að hún stæðist stjórnarskrána." — Ég tel rétt að lesa þetta aftur með tilliti til þess hver maðurinn er, Eiríkur Tómasson sem er framsóknarmaður og hefur oft ráðlagt Framsfl. og verið í þeim flokki lengi, ég veit ekki hvort hann er það lengur, en aðspurður „sagði Eiríkur að þingmenn ættu ekki að standa að lagasetningu ef vafi léki á að hún stæðist stjórnarskrána."

Þetta kemur upp í huga minn, virðulegur forseti, þegar ég fer aftur í að vitna í það sem hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., sagði á miðvikudaginn þegar hann lýsti því að hann væri öruggari gagnvart stjórnarskránni. Áfram ætla ég að fá að lesa úr þessu áliti, örstuttan kafla í viðbót um rétt þeirra sem hafa unnið til vaxtabóta. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegur forseti, að þegar skattar hafa verið lagðir á í þessu landi á næstunni, fólk fær seðlana sína og skerðingar á vaxtabætur get ég ekki ímyndað mér annað en að einhver af þeim sem fær þessar skertu bætur muni fara í mál við ríkið og krefjast réttar síns. Með leyfi forseta vil ég lesa aðeins lengra úr þessu nefndaráliti minni hlutans:

„Í áliti Skúla Magnússonar kemur fram að mat á því hvort ná megi markmiðum frumvarpsins með öðrum og minna íþyngjandi hætti sé að meginstefnu til á forræði löggjafans. Líta verði líka til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Þrátt fyrir þetta er athyglisvert að í áliti Skúla kemur fram að skerðingin á greiðslum fyrir árið 2003 sé til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafi íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Í áliti hans kemur einnig fram að í byrjun desember 2003 muni þau atvik vera að miklu leyti komin fram sem ráða fjárhæð vaxtabóta. Orðrétt segir síðan: „Er það álit mitt að rétthafar vaxtabóta megi almennt treysta því að þeir fái greiddar vaxtabætur fyrir þann tíma ársins sem liðinn er samkvæmt þeim reglum sem hafa verið í gildi á árinu.""

Síðan er fjallað um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og það að við álagningu núna sé þetta afturvirkt íþyngjandi ákvæði vegna þess að fólk hafi eignast þennan rétt.

Kem ég þá aftur að ræðu hæstv. utanrrh., hugsanlega væntanlegs forsrh., þar sem hann var að ræða um fjölmiðlafrumvarpið. Hann taldi það einnig fullkomlega eðlilegt að eitt fyrirtæki ætti ekki bæði blað og sjónvarp. Hann mælti þannig gegn þessum krossáhrifum sem mér finnst að mjög margir flokksmenn hans séu ósáttir við og þar gætu verið íþyngjandi eða skerðandi ákvæði gagnvart þeim.

Síðan þegar kom að því í ræðu hæstv. utanrrh. að þetta beindist ekki að einu fyrirtæki fannst mér fyrst hæstv. utanrrh. lenda í vandræðum með að útskýra mál sitt. Komið

hafa fram hjá m.a. krónprinsi Framsfl., hæstv. félmrh., sem veifaði Dagblaðinu eða öðrum blöðum vangaveltur um að einhverjir ákveðnir miðlar væru í herferð gegn tilteknum ráðherrum. Hann nefndi forsrh. og annað slíkt. Við vitum hvernig hæstv. fjmrh. talaði um þetta, það var talað um sjúklegar árásir að mig minnir. Kemur svo ekki hæstv. utanrrh. og reynir að telja okkur trú um að þetta beinist ekki gegn einu fyrirtæki. Virðulegur forseti. Auðvitað beinist frv. fyrst og fremst að einu fyrirtæki, þ.e. Norðurljósum. Það er svo augljóst atriði.

Hæstv. utanrrh. hélt áfram og sagði að fjölmiðlar, og átti þá við fjölmiðla Norðurljósa, gengju út á það að hræða fólk, hræða starfsmenn Norðurljósa. Ja, þvílíkt og annað eins álit sem þarna kemur fram. Vitanlega er fólk hrætt um vinnu sína, eins og hér hefur komið fram, bæði í tölvupóstum til þingmanna og annarra frá starfsmönnum þessa fyrirtækis. Ég skil það mjög vel. Ég hef oft komið upp í ræðustól Alþingis og haft áhyggjur af vinnu fjölmargra aðila vítt og breitt um landsbyggðina. Það hefur ekkert verið á það hlustað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hér er fólk mjög hrætt um vinnu sína á höfuðborgarsvæðinu. Ég kann ekki að segja hvað starfsmenn Norðurljósa eru margir en þessar áhyggjur fólks gagnvart því hvernig frv. beinist að þessu eina fyrirtæki komu fram og aðgerðirnar munu hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir það fyrirtæki mjög fljótt, jafnvel þó að þessu ákvæði hafi verið seinkað til 1. júní 2006. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ályktað um þetta mál eins og kom m.a. fram í samþykkt borgarstjórnar frá 18. þessa mánaðar. Þar voru samþykktir gerðar vegna þess að borgarstjórn Reykjavíkur hefur áhyggjur af þessum atvinnumálum, ef svo má segja, rekstrargrunni þessa fyrirtækis, starfsöryggi þessara starfsmanna sem flestir búa vafalaust í Reykjavík. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þessa ályktun:

„Borgarstjórn Reykjavíkur lýsir þungum áhyggjum sínum vegna þessa frumvarps um fjölmiðla sem liggur fyrir Alþingi. Fram hafa komið rökstuddar ábendingar um að samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd geti leitt til atvinnumissis hundruða borgarbúa og skertrar afkomu enn fleiri. Borgarstjórn skorar því á Alþingi og sérstaklega þingmenn Reykvíkinga að koma í veg fyrir samþykkt frumvarpsins."

Mér finnst þetta mjög eðlilegt af borgarstjórn Reykjavíkur og fagna því að hún skuli ályktа eins og hér er gert og hafa áhyggjur af atvinnumálum í Reykjavík alveg eins og fjölmargar sveitarstjórnir vítt og breitt um landið hafa verið að gera, þ.e. ályktanir þótt það sé ekki út af rekstri fjölmiðlafyrirtækis. Aðrar sveitarstjórnir hafa ályktað út af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og ýmissa fyrirtækja sem eiga mjög í vök að verjast, sem eru að draga saman, jafnvel að hætta, og fjölmargir landsbyggðarbúar eru að missa atvinnu sína. Nú kom að því að borgarstjórn Reykjavíkur þurfti að ályktа. Hverjir sitja svo í borgarstjórn Reykjavíkur, þeirri sem samþykkti þetta? Eru þar ekki tveir framsóknarmenn? Oddviti framsóknarmanna í Reykjavík, Alfreð Þorsteinsson, kom fram í fjölmiðla með ástæður fyrir því að þetta var samþykkt og rökstuddi það mjög vel. Mér fannst það mjög merkilegt. En er Framsfl. að láta teyma sig áfram í þessu máli af Sjálfstfl., beint út í þetta fen sem verið er að teyma þá út í og fara þetta algjörlega, að manni virðist, með opin augun. Það er alveg með ólíkindum hvernig það er.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að lesa meira úr þessari samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur en hún er hér og getur vel verið að hún hafi verið lesin upp öll. Ég vona það a.m.k. vegna þess að hún á erindi inn í þingtíðindi.

Áður en ég hverf frá þessari dæmalausu ræðu Halldórs Ásgrímssonar sem stóð í raun og veru allt of stutt — svo var hann ekki tilbúinn að rökstyðja mikið málin — vil ég geta þess að hann talaði um að Norðurljós gætu leitað réttar síns. Er þar ekki komin staðfesting á því að þetta beinist nær eingöngu að einu fyrirtæki? Hann fjallaði um að þeir hefðu góðan tíma til að gera það vegna þess að lögin sem verið er að keyra í gegn núna og liggur svo voðalega mikið á að klára eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. júní 2006. Hann sagði að líka gætu Norðurljós leitað réttar síns gagnvart EES-samningnum.

Hæstv. utanrrh. sagðist vera öruggari gagnvart stjórnarskránni. Hér talar hann um að Norðurljós geti leitað réttar síns, að þeir hafi góðan tíma og geti líka leitað réttar síns gagnvart EES. Það á sem sagt að kýla fyrst og klappa svo á eftir eða gefa mönnum tækifæri til að leita réttar síns. Væri ekki betra, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn gæfi sér betri tíma í þetta mál, léti skoða það, færi vel yfir það og gæti þá komið örugg til leiks með það frv. sem þá kæmi fram? Svo átti fjölmiðlanefndin að starfa áfram, mikil ósköp, m.a. um Ríkisútvarp, efla það, og hann sagði að þessu væri ekki endanlega lokið með þessu frv. Rétt til að rétta þeim eitthvað kom svo nefnd sem á að klára 1. september um hringamyndun í íslensku viðskiptalífi, fjalla um samþjöppun, minni samkeppni og allt það. Ég ætla ekki að eyða tíma í það nú, virðulegi forseti, en það er auðvitað hárrétt sem hér hefur verið sagt.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram sem er auðvitað mjög alvarlegt mál að frv., sem er skraddarasaumað sérstaklega utan um eitt fyrirtæki og mun beinast mest að því, muni trufla ýmislegt í endurfjármögnun þess sem átt hefur sér stað. Auðvitað vita allir Íslendingar að Norðurljós hafa átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum sem hafa staðið lengi. Það hefur verið erfitt að fá inn hlutafé, erfitt að breyta lánum o.s.frv. Við sáum það á dramatískan hátt þegar Jón Ólafsson, að sagt var, kvaddi Ísland og fór í einkaþotu sinni frá Íslandi, nýbúinn að selja Norðurljósin. Aðilar hafa komið að Norðurljósum sem eiga mikla peninga og hafa lagt fé í hina fjárhagslegu endurskipulagningu fyrirtækisins. Það eru aðilar sem fara ekki hátt á vinsældalista nokkurra aðila innan hæstv. ríkisstjórnar. Þar voru líka fleiri. Mér er t.d. ákaflega minnisstætt þegar Kári Stefánsson, sá ágæti maður, forstjóri þess mikla og góða fyrirtækis, Íslenskrar erfðagreiningar, var sagður hafa lagt fram mikla peninga til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Ég man ekki hverjir voru fleiri en margir peningamenn, eins og við segjum, voru tilbúnir að setja eitthvað af peningum sínum inn í þetta fyrirtæki í fjárhagslega endurskipulagningu. Það er auðvitað mjög gott þegar svo er, að peningar komi inn sem hlutafé. Jafnframt var því lýst hvernig farið yrði í fjárhagslega endurskipulagningu og það hefur komið fram í nefndaráliti efh.- og viðskn., meiri hluta hennar þar sem þingmenn stjórnarandstöðu plús hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mynda meiri hluta í efh.- og viðskn. í þessu máli, og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi er í minni hluta í efh.- og viðskn. Það mun auðvitað rugla og gera erfiðara það vinnuplan sem þetta fyrirtæki hefur verið í í fjárhagslegri endurskipulagningu við að tryggja rekstrargrundvöll sinn, tryggja starfsmönnum sínum áframhaldandi vinnu, eflast og halda áfram.

Frumvarpið er auðvitað inngrip í þetta mál. Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á strax við fyrsta flutning þess

komu menn fram með frv. sem var geggjað þá, og bent var á ótal atriði sem stjórnarmeirihlutinn hefur svo verið rekinn til að breyta. Það ruglar alla þá áætlun sem þetta fyrirtæki hefur verið að gera gagnvart lánastofnunum sínum. Ég ætla ekki að fjalla um hvernig fyrirtækið var rekið áður, hvað það skuldaði mikið og hvað það var búið að kaupa af fyrirtækjum úti í bæ o.s.frv. eða fyrir hvaða verð. Ég hef engin tækifæri til að leggja mat á það vegna þess að ég hef þær tölur ekki. En fyrirtækið var mjög skuldsett og auðvitað blasti það við á tímabili að það færi hreinlega beint á höfuðið. Það skyldi þó ekki vera svo, virðulegur forseti, að einhverjir hafi reiðst og orðið óánægðir við að það tókst að fá aðila inn í fyrirtækið og það fór ekki á hausinn. Spyr sá sem ekki veit, en auðvitað kemur það upp í huga manns.

Auðvitað mun frv. gera það að verkum að engum manni dettur í hug eða þorir að leggja peninga í þetta fyrirtæki þótt mönnum fyndist það fýsilegur fjárfestingarkostur á komandi dögum, vikum eða mánuðum með þetta frv. yfir sér sem getur breytt því öllu. Það hefur komið fram í efh.- og viðskn. að þetta mundi torvelda fyrirtækinu áform sín um að skrá fyrirtækið í Kauphöll. Ætli margir einstaklingar vilji leggja fé, hætta fjármunum sínum inn í þetta fyrirtæki með þetta yfir sér?

Virðulegi forseti. Ég man ekki nákvæmlega hvað þarf marga hluthafa til að fá skráningu í Kauphöll en það eru 100–300 ef ég man rétt. Þetta mun auðvitað breyta því dæmi og gera þessi áform erfiðari. Jafnframt koma upp í huga minn fjárhagslegir erfiðleikar Dagblaðsins sem leiddu til þess, ef ég man rétt, að það fyrirtæki fór á höfuðið. Landsbankinn sem stærsti eigandi kröfu í það fyrirtæki leysti það til sín og seldi það Fréttablaðinu eða Frétt ehf. eða hvað það heitir. Þá sá maður líka í fjölmiðlum, í blöðum, að annað fyrirtæki var að reyna að kaupa Dagblaðið, þ.e. Árvakur, Morgunblaðið. Nú veit ég ekkert hvað Morgunblaðið eða Árvakur hafa ætlað að gera með það að kaupa Dagblaðið, kannski að fara að gefa út blað í hádeginu, Mogginn kemur á morgnana og Dagblaðið í hádeginu, ég veit ekkert um það. Í raun og veru varðar mig heldur ekkert um það. Ef Árvakur hefði talið fýsilegan kost að kaupa þrotabú Dagblaðsins, endurreisa það og fara að gefa út hefði það verið hið besta mál. Gott ef þeir hefðu talið vera einhvern bisness í því og til góðs fyrir umræðuna í þjóðfélaginu um landsmál, opna og fjölbreytta fjölmiðlun. En það var ekki svo. Árvakur fékk ekki að kaupa Dagblaðið vegna þess að vafalaust hefur Landsbankinn fengið betra boð frá þeim sem keypti. Landsbankinn hefur væntanlega hugsað um það eitt að minnka og lágmarka sem mest sitt tap sem yrði þá fært á afskriftareikning við síðustu áramót. Við sáum svo hvernig það fór.

Þetta leiðir hugann að því, virðulegi forseti, að þau áform hæstv. ríkisstjórnar að selja Landssíma Íslands sem hefur verið lengi á dagskrá klúðraðist heldur betur á sínum tíma. Ríkisstjórnin varð að hætta við það, og ég segi sem betur fer vegna þess að tímapunkturinn sem átti að selja Landssímann var orðinn hálfgerður brunaútsölutími á hlutabréfamarkaði. Það var eftir að verðbréf féllu mjög og sérstaklega í símafyrirtækjum. Sú sala stoppaði því. Sá sem hér stendur er sammála því að selja eigi samkeppnishluta Landssímans en auðvitað á ekki að gera það fyrr en virkilega gott verð fæst fyrir.

Það hefur komið upp í huga minn, og það hefur hv. þm. Einar Karl Haraldsson gert að umræðuefni í ræðustól Alþingis, hvort þetta inngrip í ferlið, þessi sértæka aðgerð til að koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, geti leitt til þess að lækka verð eða jafnvel verðfella, ég vil kannski ekki segja að verðfella, lækka mjög söluverð Landssímans þegar menn geta selt hann. Getur verið að skilaboðin út í þjóðfélagið, út í heiminn, til þeirra sem eru að hugsa um og geta hugsað sér að kaupa Landssíma Íslands séu þau að ríkisstjórn Íslands sé ekki treystandi fyrir rekstrarumhverfi Símans, eitthvað geti gerst ef einhver tiltekinn aðili sem á kannski eitthvert símafyrirtæki fyrir eða eignarhald í öðru símafyrirtæki verði allt í einu kominn með allt of markaðsráðandi stöðu á markaðnum og eigi þá á hættu að fram komi skyndilega eitthvert frv. sem breyti þessum forsendum? Hver er þá hættan á því að við Íslendingar töpum mörgum milljörðum króna á væntanlegri sölu Landssímans, ef hún gengur eftir, við þetta frv. og þau skilaboð sem eru send út til viðskiptalífsins? Ég óttast að þeir séu töluvert margir, því miður. Ég óttast það.

Virðulegi forseti. Vandræðagangur hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli, málatilbúnaður, flaustursleg vinnubrögð, flýtirinn sem átti að vera að því er svo alveg sérkapítuli eða atriði sem vert er að gera að umtalsefni í lok ræðu minnar.

Þessi fjölmiðlanefnd sem átti að skila af sér á einhverjum tilteknum degi skilaði seint og um síðir þessari skýrslu. Mér skilst svo á formanni nefndarinnar að hún hafi ekki haft tíma til að skoða EES-rétt o.fl. vegna þess að það lá svo mikið á að leggja frv. fram þrátt fyrir að dagsetningar breyttust. Síðan gerðist það víst að ríkisstjórnin fékk skýrsluna og hélt henni leyndri, bara fyrir sig, í einhverja daga eða vikur. Loksins kom hún fram og var rædd á hinu háa Alþingi en ég get ekki fjallað um það vegna þess að ég var utan þings þegar þetta var, var með varamann inni fyrir mig. Þessi vinnubrögð voru flaustursleg. Eftir að hún varð til gerðist það einhvern veginn að einn þáttur var tekinn út úr og í kringum hann búið til frv. í einum grænum. Það er frv. með þeim breytingum sem síðan hafa komið eftir það sem við erum að ræða nú og hafa staðið svo miklar deilur um, þetta sértæka frv. með öllum þeim óvissuþáttum sem ég hef m.a. gert að umræðuefni og vitnað til orða hæstv. utanrrh., formanns Framsfl. Þetta kemur mér svo fyrir sjónir, virðulegi forseti, sem Sjálfstfl. hafi lagt á það ofuráherslu að þessi lög yrði að samþykkja og hreint og beint troða ofan í kokið á Framsfl. Við höfum auðvitað séð það, virðulegi forseti, að í þessu stjórnarsamstarfi er kok Framsfl. mjög stórt og mikið. (**Gripið fram í:** Og vítt.) Og vítt. Þeir hafa þurft að gleypa mikið í þessu stjórnarsamstarfi og ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að telja upp öll þau dæmi. Það væri sennilega fljótlegra til að stytta ræðu mína (**Gripið fram í:** Þetta er málþóf.) að ræða um að við gætum fengið einhver mál sem hefur ekki verið ýtt svo í gegnum Framsfl. Hver er sú staða mála til að keyra þetta í gegn núna, koma með þetta svona seint fram þegar starfsáætlun Alþingis var eiginlega að ljúka, miðað við 7. maí þegar þing átti að hætta? (**Gripið fram í:** Er ekki þingmaðurinn kominn í sumarfrí?) Nei, nei, nei, hv. þm. sem hér stendur er tilbúinn til að vera í allt sumar og hefur lýst því yfir við hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson að mér fyndist eðlilegt að þingið ræddi þetta mál fram til 15. september nk.

En ég var að ræða um það að þessi mikli flýtir, þessi hamagangur við að koma þessu fram, umræða um það hvað Framsókn er efins í þessu máli, kemur mér svona fyrir sjónir: Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. setjast niður. Hæstv. utanrrh., væntanlegum forsrh. landsins, er sýnt þetta frv. og það er lögð áhersla á að keyra það í gegn sem allra fyrst. Mér er

það ákaflega minnisstætt, virðulegi forseti, vegna þess að ég var þá kominn aftur til þings og lenti inni á fundi formanna þingflokka með forseta Alþingis þar sem allt var til, það var hægt að semja um alla þætti gagnvart þessu máli í byrjun, bara ef stjórnarandstaðan legði eitt fram, þ.e. hvenær gæti umræðan hætt. Ég sagði það á hinum fræga útbýtingarfundi þegar málið var tekið út úr allshn. og komið hingað til 2. umr. að það skyldi þó ekki hafa átt að vera þannig að keyra ætti málið í gegn, stjórnarliðar hefðu verið þau börn að átta sig ekki á því að ekki yrði tekið á þessu máli, haldið að það væri hægt að keyra það í gegn og handhafar forsetavaldsins áttu að skrifa undir lögin að nóttu til í skjóli myrkurs á meðan hæstv. forseti landsins var erlendis í brúðkaupi. Það skyldi þó ekki vera?

Hver er staða Framsfl. vegna tilskipana sjálfstæðismanna? Hún er þessi: Frv. er sýnt, brtt. eru sýndar, staða Framsfl. er aumkunarverð. Hæstv. utanrrh. sem á að taka við forsætisráðherrastólnum 15. september, ef það þá gengur eftir, er sýnt þetta, hann kemur inn í sinn 12 manna þingflokk og sýnir þar sex ráðherrum frv. Þessir sex ráðherrar vita að formaður Framsfl. þarf að slá einn ráðherra af á næstunni, fyrir 15. september, af því að flokkurinn missir eitt ráðuneytið. Þarna sitja sex þægir ráðherrar, taka við öllum tilskipunum og segja ekki múkk, segja ekki orð, vegna þess að það kann þá að styggja formanninn. Viðkomandi ráðherra gæti þá orðið einn af þeim sem dettur út þegar þarf að fækka í ráðherraliði Framsfl. Þetta er alveg helmingur þingflokks framsóknarmanna.

Svo koma þrír hv. þm. í viðbót sem minnast þess þegar Halldór Ásgrímsson sagði að það gæti komið til frekari uppstokkunar, ekki bara að einn detti út heldur gæti komið til frekari uppstokkunar. Að mínu mati eru þar þrír hv. þm. sem bíða eins og barn sem á afmæli á næstunni spennt að sjá hvað það fær í afmælisgjöf. Hvað verður pakkinn stór? Verður það harður pakki eða mjúkur pakki? Þessir hv. þrír þingmenn sem bíða eftir því að formaður Framsfl. fari algerlega uppstokkunarleiðina bíða, eru á biðilsbuxunum — ég segi nú ekki að þeir nagi neglurnar, heldur bíða spenntir eftir að sjá hvað skeður við uppstokkunina. Er ég kandídat í ráðherrastól við frekari uppstokkun eða ekki?

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann treysti sér til að ljúka máli sínu á 1–2 mínútum eða hvort hann vilji fresta ræðu sinni þar til eftir matarhlé.)

Nei. Ég er kominn að lokum ræðunnar og á 2–3 mínútur eftir.

Þessir hv. þrír þingmenn eru líka mjög þægir við allar þessar tilskipanir úr forsrn. Þá eru komnir níu. Síðan hefur það komið fram, virðulegi forseti, að það er einn — ég ætla ekki að segja svartur svanur í hópnum — þingmaður óþekkur, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem hefur sérstöðu í þessu máli og lætur ekki troða ofan í kokið á sér svona frv. eins og hér, heldur hefur styrk til að standa gegn þeim, segja meiningu sína og fara eftir skoðun sinni. Það er auðvitað virðingarvert. Hinir tveir ungu þingmenn Framsfl. bætast svo inn í þennan hóp og þá eru upp taldir þessir 12 þingmenn sem sitja í þingflokki Framsfl. sem bíða eftir deginum mikla, bíða eftir stólaskiptunum 15. september. Á ég möguleika á að fá stól? Er einhver hætta á því að ég detti úr einum stólnum o.s.frv.?

Svo blandast inn í þetta, og það verða lokaorð mín, á dramatískan hátt fyrirhugað frv. ríkisstjórnarinnar um skattalækkun í landinu sem lofað var fyrir kosningar og hefur verið svikið fram að þessu vegna þess að ekkert hafa komið annað en skattahækkanir. Við sáum ekki alls fyrir löngu viðtal við hæstv. fjmrh. Geir Haarde niðri í Kringlu þar sem hann var spurður út í skattalækkunarfrumvarpið. Hann taldi jafnvel líkur á því að það færi að koma fram, skattalækkunarfrumvarpið. Tveimur dögum seinna kemur fram í viðtali við formann Framsfl., væntanlegan forsrh. í ríkisstjórn Íslands, að hann telji minni líkur á, a.m.k. ekki miklar líkur, að skattalækkunarfrumvarpið komi fram á þessu þingi. Í millitíðinni er sest niður út af fjölmiðlafrumvarpinu. Það skyldi þó ekki vera, virðulegi forseti, að Framsfl. hafi þurft að sætta sig við að áfram verði þessu frv. troðið ofan í kokið á þeim og troðið í gegnum þingið með stuðningi Framsfl. gegn því að skattalækkunarfrumvarpið komi ekki fram fyrr en í ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar. Umræðan þagnaði a.m.k. mjög um skattalækkunarfrumvarpið eftir þetta. Svo dúkkaði hún samt aftur upp. Það var þegar Morgunblaðið setti á forsíðu frétt um för hæstv. forsrh. á Bessastaði og í lokin á henni kom umræða um skattalækkunarfrumvarpið. Og nú er það komið fram, virðulegi forseti, að sennilega verður skattalækkunarfrumvarpið kynnt á Alþingi en ekki samþykkt vegna þess að, eins og þar stendur, það er ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar að koma með það frv. og það verður samþykkt í þeirri tíð.

Þetta er smálýsing, virðulegi forseti, á því máli eins og það blasir við mér, þessi hrossakaup milli Sjálfstfl. og Framsfl. Lokaorð mín skulu vera þessi: Mikið óskaplega er það aumt fyrir þá hv. þm. Framsfl. sem sitja þar í þingflokknum og ráðherra á ráðherrabekk Framsóknar að sitja í þessari stöðu og láta troða þessu öllu ofan í sig, bara vegna þess að formaður þeirra er að bíða eftir forsætisráðherrastólnum sem hann á að fá 15. september ef ekkert kusk kemur á hvítflibba framsóknarmanna fram að þeim tíma.

Umræðu frestað.

[13:03]

Útbýting þingskjala:

Einkaleyfi, 751. mál, þskj. 1734.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 480. mál, þskj. 1735.

[Fundarhlé. — 13:03]

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta við dýr, frh. 3. umr.

Frv. landbn., 840. mál (Vestmannaeyjabær). — Þskj. 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, DO, EKH, EOK, GAK, GunnB, GÖrl, HÁs, KolH, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1743).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 966. mál (meðlög, EES-reglur). — Þskj. 1485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Sóttvarnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 790. mál (skrá um sýklalyfjanotkun). — Þskj. 1725.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.
18 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, DO, EKH, EOK, GAK, GunnB, GÖrl, HÁs, KolH, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1744).

Alþjóðasamningur um loftflutninga milli landa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 946. mál. — Þskj. 1440.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.
16 þm. (BBj, DO, EKH, EOK, GAK, GunnB, GÖrl, HÁs, KolH, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1745).

Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 442. mál (ELS-tíðindi). — Þskj. 1733.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.
16 þm. (BBj, DO, EKH, EOK, GAK, GunnB, GÖrl, HÁs, KolH, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1746).

Einkaleyfi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 751. mál (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.). — Þskj. 1734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.
16 þm. (BBj, DO, EKH, EOK, GAK, GunnB, GÖrl, HÁs, KolH, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1747).

Lögreglulög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 870. mál (tæknirannsóknir o.fl.). — Þskj. 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES, ÖJ.
16 þm. (BBj, DO, EKH, EOK, GAK, GunnB, GÖrl, HÁs, KolH, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1748).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Frv. meiri hluta félmn., 967. mál (einsetning grunnskólans). — Þskj. 1486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723.

[13:37]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Við 3. umr. hef ég fyrir mitt leyti þegar gert nokkuð ítarlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef til málsins við 1. og 2. umr. Það sama verður ekki sagt um þingmenn Framsfl., til að mynda hæstv. landbrh. sem gengur úr salnum undan umræðunni eins og jafnan áður ásamt félögum sínum flestum. Mér telst til að aðeins tveir af þingmönnum Framsfl. hafi talað við umræður um það frv. sem hér er til umfjöllunar en hinir 10 þagað. Hlýtur það að vera til sannindamerkis um það að frv. hafi í raun ekki meirahlutastuðning í þinginu, eða hvar eru hæstv. ráðherrar Siv Friðleifsdóttir og Guðni Ágústsson, hv. þm. Birkir Jón Jónsson og fleiri og fleiri framsóknarmenn í þessari umræðu? Við hljótum að lýsa eftir þeim.

Ég hafði hins vegar, virðulegur forseti, fyrst og fremst hugsað mér að draga fram nokkra þætti sem hafa komið nýir fram í 3. umr. við ræðu hv. þm. Ásgeirs Friðgeirssonar og leggja áherslu á þau efnislegu sjónarmið sem komu fram í máli hans. Þó að við höfum áður sýnt fram á að frv. það sem hér er til umfjöllunar lúti að því að svipta ákveðna aðila tjáningarfrelsi, draga úr og eyðileggja stöðu ákveðinna aðila á fjölmiðlamarkaði var það ekki fyrr en á miðvikudaginn ...

(**Forseti** (GÁS): Forseta finnst óþarflega mikill kliður í salnum og biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég þakka virðulegum forseta. Það var ekki fyrr en á miðvikudaginn að dregið var fram að í raun réttri er ekki aðeins verið að takmarka stöðu ákveðinna aðila á fjölmiðlamarkaði heldur styrkja mjög stöðu tiltekins hagsmunahóps í samfélaginu með frv. og í rauninni skapa honum einstæða stöðu á hinum frjálsa fjölmiðlamarkaði. Ýmsar aðrar efnislegar ábendingar tel ég rétt að draga fram.

Við höfum áður sýnt fram á það í þessari umræðu að frv. er ekki byggt á málefnalegum forsendum. Það er flutt til að kveða niður óþarflega sterkar gagnrýnisraddir hjá fjölmiðlum, að því er hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar þykir. Því hefur verið hafnað að frv. fengi málefnalega og eðlilega málsmeðferð í þinginu. Eðlilegum óskum um að leitað yrði til alþjóðlegra stofnana svo sem eins og Evrópuráðsins sem við eigum aðild að um sérfræðiráðgjöf og álit á frv. hefur verið hafnað. Því hefur sömuleiðis verið hafnað að kalla eftir áliti lagadeildar Háskóla Íslands — sem þar til fyrir nokkrum árum var eina háskólastofnunin í lögfræði á Íslandi og er auðvitað algerlega viðurkenndur aðili sem álitsgjafi um lagafrv. og stjórnarskrá — sem og fjölmargra málsmetandi aðila svo sem eins og Lögmannafélagsins, Evrópuréttarstofnunarinnar o.s.frv. Ekki var gefinn sá tími til að fjalla um þetta frv. sem þeir óskuðu eftir. Þessi málsmeðferð sannar það auðvitað, algerlega afgerandi, virðulegur forseti, að frv. er ekki flutt með málefnaleg markmið að leiðarljósi. Því er beinlínis varnað að hlutlaus sérfræðiálit á innihaldi frv. fái að koma fram áður en það verður staðfest sem lög frá Alþingi. Þeim vinnubrögðum og slíkri ósvinnu hlýtur, virðulegur forseti, nái hún fram að ganga á Alþingi, sem ég efast raunar stórlega um, að verða hnekkt því að þannig má löggjafinn ekki ganga fram. Líki stjórnvöldum ekki hvernig einhverjir fjalla um stjórnarathafnir þeirra geta þau ekki sett lög til að hefna sín á þeim, geta ekki keyrt frv. í gegnum löggjafarsamkomuna án þess að þau fái þar málefnalega meðferð.

Við höfum þegar farið í gegnum þessi svokölluðu fjölbreytileikarök og leitt fram að hér hefur aldrei verið meiri fjölbreytni í fjölmiðlun. Það er þess vegna ekki annað en yfirvarp fyrir þennan hefndarleiðangur að vísa til fjölbreytni í fjölmiðlun og nota sem afsökun fyrir frv. Við höfum líka farið yfir það að frv. sem hér liggur fyrir verður ekki til þess að auka fjölbreytni í eignarhaldi. Þvert á móti verður það til þess að draga úr fjárfestingum í fjölmiðlun og dregur þar af leiðandi þrótt úr frjálsri fjölmiðlun á Íslandi. Markaðsráðandi á fjölmiðlamarkaði á Íslandi er Ríkisútvarpið. Með því að veikja hina frjálsu fjölmiðla er verið að stuðla að aukinni fábreytni á markaðnum en ekki fjölbreytni eins og haldið hefur verið fram. Þetta er algerlega augljóst og hefur margverið staðfest.

Síðast á miðvikudaginn dró hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson það ágætlega fram í hverju þetta m.a. felst, það að draga þróttinn úr fjölmiðlunum. Það er sú staðreynd að í atvinnulífi okkar í dag leggja menn fé til kaupa á eignarhlutum í fyrirtækjum með það að markmiði síðar að selja hlutina aftur og þá með hagnaði.

Það frv. sem hér liggur fyrir gerir að öllum líkindum ráð fyrir því að $^2/_3$ hlutum af hundrað stærstu fyrirtækjum landsins verður ókleift að kaupa þessa eignarhluti. Þar af leiðandi hefur kaupendum á eignarhlutum í fjölmiðlum verið fækkað umtalsvert. Þegar mögulegum kaupendum fækkar dregur úr eftirspurninni og verðið lækkar. Þess vegna sýndi hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson ágætlega fram á það að með frv. er verið að gera fjárfestingu í fjölmiðlafyrirtækjum að annars flokks fjárfestingarkosti. Ekki má selja eignarhlut í fjölmiðlafyrirtækjum hverjum sem er og þess vegna er bæði minni eftirspurn eftir slíkum eignarhlutum og aukin hætta á því að fjárfestirinn í hverju tilfelli geti setið uppi með þann eignarhlut sem hann kaupir vegna þess að kaupendur skortir á markaðnum. Það mun mjög draga úr áhuga aðila á því að leggja fé í fjölmiðlun á Íslandi.

Það er sannarlega áhyggjuefni að svo mikilvæg atvinnugrein, einkum í Reykjavík og nágrenni, sé gerð skipulega og markvisst veikburða. Hjá Norðurljósum eiga hátt í 700 starfsmenn atvinnu sína undir þessari starfsemi. Hjá öðrum fyrirtækjum er auðvitað líka fólk og hjá fyrirtækjum sem byggja störf sín á að selja þessum fyrirtækjum þjónustu er enn fremur að finna umtalsvert af störfum, kannski einkanlega í Reykjavík. Þess vegna var ákaflega ánægjulegt að vera á þriðjudagskvöldið staddur á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur og fá þar tækifæri til að ræða um þetta mál. Það var líka gott að heyra hversu mikill einhugur var hjá okkur í borgarstjórninni um að leggjast gegn frv. Nærri því $^2/_3$ hlutar borgarstjórnarinnar, níu borgarfulltrúar, lögðust gegn frv. með vísan til atvinnuhagsmuna fólks í Reykjavík. Það voru fulltrúar fjögurra af fimm stjórnmálaflokkum sem sæti eiga í borgarstjórn Reykjavíkur sem með þeim hætti ályktuðu, m.a. forustumenn Framsfl. í Reykjavík. Það var satt að segja með hálfum huga að borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl. drattaðist til að greiða atkvæði gegn ályktunartillögunni, í margra tilfelli auðvitað gegn betri vitund. Varaborgarfulltrúi Sjálfstfl. hefur

dregið það fram í lögfræðiáliti að það frv. sem hér liggur fyrir standist ekki og oddviti Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur tók það sérstaklega fram að hann hefði fyrirvara við það ákvæði þessa frv. að sömu aðilum væri bannað að eiga blöð annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar. Einarðari var ekki stuðningurinn sem ríkisstjórnin gat vænst í borgarstjórn Reykjavíkur, enda engin ástæða til.

Borgarstjórn Reykjavíkur hlaut að láta svo mikilvægt atvinnuhagsmunamál í Reykjavík til sín taka því að henni ber að huga að hagsmunum borgarbúa, atvinnu þeirra og lífsskilyrðum. Við höfum áður í borgarstjórn látið slík mál til okkar taka. Ég minni á stóran vinnustað, Áburðarverksmiðju ríkisins, og sömuleiðis síðan þegar fyrirtæki sem starfaði í Reykjavík, Landmælingar Íslands, var með nauðung flutt hreppaflutningum út á land. Í bæði þau skipti man ég til þess að borgarstjórn Reykjavíkur hafi tekið upp hanskann fyrir Reykvíkinga og slegið skjaldborg um atvinnuhagsmuni þeirra. En það er eitthvað annað en sagt verður um hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson og er réttast að sá þingmaður haldi aftur heim til Hornafjarðar því að framganga hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar í þessu máli er auðvitað slík að hann verður ekki kallaður þingmaður Reykvíkinga. Hann á ekkert erindi að sitja á Alþingi sem þingmaður Reykvíkinga því að þetta frv. beinist sérstaklega gegn atvinnuhagsmunum íbúa í borginni, hér á höfuðborgarsvæðinu, hagsmunum þess fólks sem hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson á að verja. Hann hefur uppi enga tilburði til þess og segir í ræðustóli að hann hafi sérstakt umboð til þess frá kjósendum að brjóta stjórnarskrána. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson er orðinn svo vanur því að brjóta stjórnarskrána, enda heimsmetshafi í þeirri grein lagasetningar að brjóta gegn stjórnarskrá. Hann segir að vegna þess að hann hafi farið í kosningar megi hann setja lög sem tefli á tæpasta vað þegar stjórnarskráin er annars vegar. Hvar er þetta stórkostlega umboð hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar? Það er 10% fylgi í Reykv. n., lágmarksfylgi Framsfl. í Reykjavík. Verra gat það ekki orðið en 10% hjá Framsfl. í Reykjavík. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson hefur ekkert pólitískt umboð persónulega úr þeirri kosningu. Sú kosning er engin traustsyfirlýsing við Halldór Ásgrímsson og störf hans nema síður sé vegna þess að minna en 10% hefði Framsfl. aldrei getað fengið í Reykv. n. sama hver hefði skipað 1. sæti á þeim framboðslista. Í því felst ekkert umboð fyrir hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson til að brjóta gegn stjórnarskránni né heldur að tefla á tæpasta vað gagnvart henni.

Ef hér væri á ferðinni málefnaleg lagasetning mundi hæstv. utanrrh. og 1. þm. Hornafjarðar leita til Evrópuráðsins og lagadeildar Háskóla Íslands um álit þeirra á efninu og láta vafa þann sem fram kynni að koma í slíkum álitum alltaf falla stjórnarskránni í vil og standa þannig að lagasetningu að einhver sómi væri að ef hann teldi ástæðu til að hafa áhyggjur af því að frv. stæðist stjórnarskrá. Það stendur því miður ekki til.

Hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson sýndi okkur á miðvikudaginn að það er ekki bara það að þetta frv. beinist að því að koma í veg fyrir að eitt tiltekið fyrirtæki fái að eiga umtalsverðan hlut í fjölmiðlum á Íslandi. Hann sýndi að trúlega eru $^2/_3$ hlutar af þessum 100 stærstu fyrirtækjum landsins sem á Íslandi velta yfir tveimur milljörðum kr. og þetta frv. nær til markaðsráðandi fyrirtæki og þar af leiðandi útilokuð frá því að eiga meira en 5% í fjölmiðlum. En $^1/_3$ hluti þeirra fyrirtækja mun eftir sem áður, þrátt fyrir sína miklu stærð, mega eiga allt að 35% eignarhlut í fjölmiðlafyrirtæki. Hvaða fyrirtæki eru það, virðulegur forseti? Jú, það eru sjávarútvegsfyrirtækin. Frv. er sem sagt gagngert sniðið til þess að sægreifarnir geti náð ráðandi stöðu á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Sægreifarnir eru hinir þóknanlegu eigendur að íslenskum fjölmiðlum. Þess vegna er frv. hannað, sniðið og klæðskerasaumað að því markmiði að aðeins þau af stærstu fyrirtækjum landsins sem eru sjávarútvegsfyrirtæki fái að fjárfesta í fjölmiðlunum. Hvers vegna eru þau þóknanlegir eigendur ríkisstjórninni? Jú, vegna þess að hún hefur gengið gegn stjórnarskrá landsins og þeir flokkar sem fyrir henni fara í stærstu og mestu eignaupptöku lýðveldissögunnar þegar sameiginleg auðlind okkar allra að andvirði hundruða milljarða króna var af okkur tekin, var af hverjum og einum Íslendingi tekin og færð sægreifunum, þjóðareignin gefin útvöldum hópi manna.

Ekkert mál í nær 20 ár í stjórnmálum á Íslandi hefur verið jafnumdeilt, virðulegur forseti. Ekkert mál hefur eins sagt í sundur friðinn í samfélaginu. Fyrir ári, nærri 20 árum eftir lagasetninguna, sýndi það sig að enn eru yfir 80% þjóðarinnar andvíg þessari gjöf, þessari einkavinavæðingu auðlinda landsins. Það skyldi þó ekki vera þess vegna sem nú eru sérsniðin lög að því að sægreifarnir fái að verða drottnandi aðilar á fjölmiðlamarkaðnum. Það skyldi þó ekki vera einmitt þess vegna? Telur ríkisstjórnin að þeir séu sem eigendur að fjölmiðlunum ríkisstjórninni handgengnir og muni vinna að því leynt og ljóst að sjónarmið hennar nái fremur en annarra fram í fjölmiðlunum og reyni að nota fjármuni þá sem þeim voru gefnir til að snúa við þeirri löngu töpuðu áróðursstöðu í kvótamálinu, þeirri staðreynd að þjóðin er, var og verður ósátt við það að auðlindin sem við öll áttum saman skuli hafa verið af okkur tekin og fengin litlum útvöldum hóp?

Í ræðu hv. þm. Ásgeirs Friðgeirssonar voru ýmis önnur ágæt efnisatriði sem í engu hefur verið reynt að svara af hálfu stjórnarliðsins, enda stendur ekki til efnisleg og málefnaleg meðferð á þessu máli. Ég nefni þar atriði eins og þau að það sem skiptir máli fyrir samkeppni á markaði sé að þröskuldur fyrir nýliða sé sem lægstur, það sé sem auðveldast að koma inn á markaðinn. Það verður auðvitað að hafa í huga að á fjölmiðlamarkaðnum í dag er enginn að banka á dyrnar, það er enginn að biðja um sjónvarps- eða útvarpsleyfi sem ekki eru til. Sjónvarps- og útvarpsleyfin eru ekki takmörkuð auðlind. Ef einhver vill sjónvarpa eða útvarpa getur hann, virðulegur forseti, gert það. Það hafa allir aðgang að þessum markaði og það er engin ástæða til að hindra menn í að geta fjárfest þar.

Ég nefni önnur efnisleg rök sem hv. þm. dró fram, það að setja með lagaboði skorður við því hve stóran eignarhlut einstakir aðilar geta átt í fyrirtækjum. Það tíðkaðist nokkuð í lagasetningu á Vesturlöndum á 9. áratugnum og fram á þann 10. Eftir Enron-hneykslið og fjölmörg önnur slík spillingarmál í stórfyrirtækjum, almenningshlutafélögum um hinn vestræna heim, hurfu menn hins vegar almennt frá því vegna þess að niðurstaða manna varð sú að með því að takmarka eignarhlut manna við 5% eða viðlíka stærðir hefðu eigendur ekki nægileg áhrif í hlutaðeigandi fyrirtæki heldur gætu stjórnendurnir meira og minna deilt og drottnað því að enginn einn úr hópi eigendanna hefði nægilega sterka stöðu eða ætti nægilega mikla hagsmuni undir til þess að beita áhrifum sínum sem vert væri til aðhalds með stjórnendunum. Þess vegna er það almennt mat manna að lagasetning af þessu tagi sé fremur til þess fallin að auka á spillingu og óheppilega

þróun stærri fyrirtækja en hitt. Þess vegna hurfu menn frá henni.

Virðulegur forseti. Þessum og svo fjölmörgum öðrum efnislegum atriðum hafa stjórnarliðar látið ósvarað og munu eflaust láta ósvarað. Ég árétta bara í lok máls míns, virðulegur forseti, að það er til sannindamerkis um að á Alþingi Íslendinga er ekki meiri hluti fyrir þeirri lagasetningu sem hér á að fara fram. Ef svo ólíklega vill til að það takist að skrapa saman atkvæðum þannig að muni einu eða tveimur við afgreiðslu málsins er það ekki vegna þess að málið sem slíkt eigi þann stuðning á Alþingi, heldur vegna flokksagans. Eigum við e.t.v., virðulegi forseti, að segja að flokksharðræði hafi verið beitt á menn til að knýja þá til að styðja mál gegn betri vitund?

[13:58]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir prýðilegt mál og ágætt. Honum varð tíðrætt í upphafi ræðu sinnar um þá grafarþögn sem umlykur Framsfl. í þessu máli og þá sem umlykur varaformenn ríkisstjórnarflokkanna. Ég tek undir þá umræðu. Hvar er hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde? Hvar er hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson? Hvar eru næstráðendur í stjórnarflokkunum? Hvar eru þeir í þessu stóra máli, þessu grundvallarmáli? Það hefur hvorki heyrst hósti né stuna frá varaformönnum stjórnarflokkanna, hvorugum þeirra, og það hlýtur að vekja efasemdir um að full eining ríki um þetta mál innan stjórnarflokkanna, enda hefur það verið mörgum rökum stutt að hér sé um að ræða mál sem brjóti mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Engin heildstæð rök hafa komið fram sem styðja að svo sé ekki í álitum til þingnefndanna sem fjölluðu um málið. Svo einfalt er það mál, virðulegi forseti, og því vekur grafarþögn og fjarvera varaformanna stjórnarflokkanna beggja grunsemdir um að full eining sé ekki um þetta mál og menn ekki á eitt sáttir um að það skuli í gegn keyra enda málið þess eðlis að það brýtur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Því vil ég nota þetta tækifæri í andsvari við ræðu hv. þingmanns sem var að ljúka máli sínu til að taka undir þær áskoranir sem komu fram í máli hans og skora á forustumenn Framsfl. og Sjálfstfl., sérstaklega Framsfl., að gera hér rækilega grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli. Það er kominn tími til að grafarþögninni létti.

[14:00]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti reyndi að hlýða grannt eftir því í hverju andsvarið var fólgið. (Gripið fram í.) Já. (**RG:** Andsvar er sama og „replikka".)

[14:01]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að þakka hæstv. forseta fyrir frjálslynda túlkun undir þessum lið. Hv. 7. þm. Suðurk. lýsti eftir stjórnarliðum til umræðunnar. Ég get vel sagt hv. þingmanni hvar stjórnarliðarnir eru. Þeir eru á harðahlaupum út af mælendaskránni og út úr húsinu, enda eru þeir teljandi á fingrum annarrar handar sem þora að standa fyrir máli sínu við þessa umræðu. Auðvitað vitum við hv. 7. þm. Suðurk. ósköp vel af samskiptum okkar við stjórnarliðana hér að stærstum hluta þeirra líður langt í frá vel með þá ósvinnu sem hér er verið að vinna. Þeir vita langflestir sem er að svona er ekki boðlegt að standa að lagasetningu. Þeir hafa auðvitað af því áhyggjur að þessi ólög verði keyrð aftur í hausinn á þeim og að þeir þurfi að standa í þessum ræðustól og svara fyrir þá pólitísku ábyrgð sem ólögum sem þessum er samfara. Sannarlega verður kallað eftir ábyrgð manna, þeirra sem munu leggja hér hönd á, hvort sem það er hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson, hæstv. fjmrh. Geir Haarde sem hv. 7. þm. Suðurk. kallaði eftir eða Siv Friðleifsdóttir hæstv. umhvrh., eða er hún kannski hætt að vera það?

[14:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti árréttar að hér er um að ræða andsvaratíma milli þessara tveggja þingmanna.

[14:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. forseta ábendinguna. Hv. þm. vísaði til gagnmerkrar og prýðilegrar ræðu sem hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson flutti á miðvikudagseftirmiðdag þar sem fram kom sú túlkun þingmannsins að um væri að ræða slíkar takmarkanir á fjárfestingum í fjölmiðlafyrirtækjum að af þessum stóru og voldugu fyrirtækjum gætu einungis sjávarútvegsfyrirtæki fjárfest í fjölmiðlum. Því vildi ég beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort það sé skilningur hans einnig, þar sem hann kom inn á það í ræðu sinni, að slíkur gjörningur væri á ferðinni og slík takmörkun á möguleikum voldugra og öflugra fyrirtækja til að fjárfesta í fjölmiðlum að verulega væri vegið að rekstrargrundvelli fjölmiðlanna í því ljósi. Ég vildi gjarnan fá það fram þar sem hann vísaði í þá góðu ræðu og kom sérstaklega inn á það að um slíkt væri að ræða. Ég vil einnig taka undir óskir hans um að hér heyrist frá forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna, varaformönnum flokkanna, þeir aflétti grafarþögninni og komi fram í dagsljósið með viðhorf sín.

[14:04]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að árétta þetta ákall hv. 7. þm. Suðurk. Hvar er hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem á að bera ábyrgð á innlendri dagskrárgerð sem nú liggur niðri vegna fjárskorts að verulegu leyti? Hvar er hæstv. viðsk.- og iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir þegar vegið er að einni af mikilvægustu atvinnugreinum samtímans og framtíðarinnar, fjölmiðluninni sjálfri?

Auðvitað er það rétt hjá hv. 7. þm. Suðurk. að hér er verið að vega að sjálfum grundvelli þessara fyrirtækja, frjálsu fjölmiðlanna, með því að gera $^2/_3$ hlutum stærstu fyrirtækja landsins ómögulegt að fjárfesta í þeim. Auðvitað er það vegna þess að hæstv. ríkisstjórnin ætlar að afhenda valdið á fjölmiðlamarkaði í hinni frjálsu fjölmiðlun vildarvinum sínum, sægreifunum, þannig að hægt sé að hafa hæfileg áhrif á ritstjórnarstefnuna eins og þeim er svo tamt að tala um í ræðustólnum á Alþingi að menn hafi. Ítrekað talar hæstv. ríkisstjórn um að þessi lög þurfi að setja vegna þess að fjölmiðlarnir hafi svo vondar skoðanir. Þeir hljóta þá að ætla að laga þær. Ég hygg þó að þeim verði ekki kápan úr því klæðinu, kannski ekki síst vegna þess að sem betur fer eru íslenskir blaða- og fjölmiðlamenn sterkari og öflugri og faglegri en svo að þá sé hægt að kúska til að skrifa í págu einhverra sægreifa.

[14:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var afar fróðlegt að hlusta á það sem samherjarnir töluðu hér áðan. Nú má ég að vísu ekki gera athugasemdir við það því að samkvæmt þingsköpum er mér bannað að gera athugasemd við andsvar í andsvari enda er ætlast til þess að við kveðjum okkur hljóðs til að vera

með andsvar við ræðu þess alþingismanns sem síðast talaði en höldum ekki uppi spjalli samherja og lengjum þannig umræðuna sem er algjört brot á þingsköpum (**BH:** Hvaða grein?) en lýsir með öðrum hætti með hvaða hugarfari þessir hv. þm. stíga í ræðustól. Með því hugarfari að svínbeygja og snúa út úr þingsköpum og með því hugarfari að halda ekki þær reglur sem þeim ber að halda.

Ég vil hins vegar segja, herra forseti, að það var hálfklökkt að heyra með hvaða hætti hv. 9. þm. Reykv. n. Helgi Hjörvar flutti mál sitt undir þeim formerkjum að reyna að sannfæra sjálfan sig um — því aðra sannfærði hann ekki — um að það væri trygging fyrir fjölmiðlafrelsi, trygging fyrir fjölbreytni í fjölmiðlun, að láta þá sem eru markaðsráðandi á mörgum sviðum ráða líka yfir fjölmiðlunum. Það er sú framtíðarsýn sem maður sér að sósíalistarnir hafa í þinginu. Þeir hugsa sér að við eigum að sitja uppi með slíkar keðjur sem seilast til áhrifa á æ fleiri sviðum, markaðsráðandi áhrifa, og láta þær síðan ráða umræðunni í þjóðfélaginu. Það er þetta umhverfi og þessi þrá sem hv. þm. sér fyrir sér, enda vitum við alveg úr hvaða herbúðum hann er kominn inn í Samf. Hann er ekki gamall alþýðuflokksmaður og horfir ekki á þetta mál þvílíkum augum, heldur kemur úr Alþýðubandalaginu og frá þeim kumpánum sem þar voru.

[14:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að vekja athygli hv. þingmanns á að réttast væri fyrir hann að óska eftir orðinu undir liðnum um fundarstjórn forseta ef hann hyggst ræða um það með hvaða hætti þingsköpum er framfylgt í ræðustólnum. Hv. þm. Halldór Blöndal beraði hér viðhorf sín gagnvart fjölmiðlum. Hv. þm. telur sem sagt að hægt sé að kaupa sér fjölmiðla og láta þá svo segja fólkinu það sem manni sýnist. Þannig lýsti hann því að við værum sérstakir áhugamenn um að markaðsráðandi fyrirtæki mættu eiga fjölmiðlana og láta þá tala sínu máli.

Ég hef meiri trú, virðulegur forseti, á íslenskum fjölmiðlum en svo. Það er þá skiljanlegt í þessu ljósi að hv. þm. Halldór Blöndal sem unnið hefur kannski það stærsta afrek á stjórnmálaferli sínum að afhenda sameiginlega auðlind þjóðarinnar, íslensku fiskimiðin, nokkrum útvöldum mönnum vilji núna afgreiða á Alþingi lagafrv. sem tryggir að einmitt þeir, einmitt sægreifarnir, eigi þau fyrirtæki sem megi eiga fjölmiðlana. Það er þá vísast vegna þess að hv. þm. heldur að þá geti þeir hinir sömu látið blaða- og fréttamenn sína segja þjóðinni hvað sem þeim sýnist. Þannig er það ekki í henni veröld, hv. þm. Halldór Blöndal, sem betur fer. Við höfum aldrei talað fyrir því að markaðsráðandi fyrirtæki ættu að ráða á fjölmiðlamarkaði. Við höfum bara sagt að allir sem vilja prenta, útvarpa eða sjónvarpa skoðunum sínum eiga að fá að gera það. Það heitir einfaldlega, hv. þm. Halldór Blöndal, tjáningarfrelsi og er grundvöllur samfélagsgerðar okkar, stjórnskipunar og þess Alþingis sem hér starfar.

[14:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. Helga Hjörvar óar hann við því ef útgerðarmenn mundu eiga í fjölmiðlum og talar um að þá mundu þeir vilja fá að stjórna því sem skrifað er. Það er svolítið undarlegt að komast svo að orði. Af hverju skyldi þessi hv. þm. ekki vilja leyfa útgerðarmönnum að eiga í fjölmiðlum? Hvernig skyldi standa á því að honum finnst á hinn bóginn í lagi að markaðsráðandi fyrirtæki á öllum matvælamarkaðnum megi eiga í fjölmiðlum? (**BH:** LÍÚ.) Hvernig á að skilja þetta? Ætlar hann bara að pikka út og velja o.s.frv., hafa skoðanir sínar með þeim hætti að ekki gangi eitt yfir aðra?

Nú liggur það fyrir, eins og hv. þingmanni er kunnugt, að það eru fleiri blöð á markaði en Dagblaðið og Fréttablaðið, og fleiri frjálsar sjónvarpsstöðvar en t.d. Stöð 2. Við höfum líka Morgunblaðið og við höfum Skjá 1. Það sem við erum hér að gera er það að í okkar þjóðfélagi viljum við ekki að sami aðilinn eigi í frjálsri fjölmiðlun kannski 60–70% af því sem er í einkageiranum. Maður með mitt skapferli og minn uppruna í Sjálfstfl. vill heldur ekki að sami verslunareigandinn eigi 60–70% af allri smásöluverslun í landinu. Maður með mína skapgerð og minn uppruna og er sjálfstæðismaður vill heldur ekki að sami aðilinn sé með 60% af lyfjaverslun í sínum höndum og undir engum kringumstæðum getur maður með mína skapgerð og minn uppruna hugsað sér að sá sem er kannski með helminginn af matvörubransanum, meira en helminginn af lyfjabransanum og þar fram eftir götunum sé líka með 60–70% af hinni frjálsu fjölmiðlun í landinu. Þetta er sú sýn sem þessi hv. þm. hefur fyrir frjálsa fjölmiðlun í landinu, og það er ömurleg sýn vil ég segja, herra forseti.

[14:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmanni má þykja mín sýn vera ömurleg ef honum líkar það en það er misskilningur hjá honum að það sé ég sem tali úr þessum stóli fyrir því að við veljum hverjir megi eiga fjölmiðla og hverjir ekki. Það er ríkisstjórnin sem það ætlar að gera. Ekki vil ég banna sægreifum að eiga í fjölmiðlum. Ef þeir vilja koma með peningana sína í fjölmiðlana, þá endilega. Það verður aðeins til að styrkja og efla þá atvinnugrein. Við viljum einfaldlega að allir fái að fjárfesta í þessari grein sem það vilja því að þannig dafnar hún best. Vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal fór að tala um skapgerð sína og Sjálfstfl., aðstæður á markaði og hvað menn hefðu viljað í verslun heima í sínum bæ — þar drottnaði ekki einn aðili yfir 60–70% af markaðnum — er matvöruversluninni á þessum vettvangi, fjölmiðlunum, hagað með þeim hætti að stærstu búðina í bænum á ríkið. Það er skapgerð Sjálfstfl. Stærsta búðin á þessum markaði er Ríkisútvarpið, sjónvarp. Það er með langsterkasta stöðu og þess vegna er tómt mál að tala um að einhverjir hafi 60–70% hlutdeild af því sem eftir er. Það eru einfaldlega þrír öflugir aðilar á þessum markaði, RÚV, Mogginn og Norðurljós.

Ég sé, virðulegur forseti, til að mynda ekkert því til fyrirstöðu að Morgunblaðið og Skjár 1 sameinist, ekkert. Ég held t.d. að þar gæti orðið úr öflugra fyrirtæki og við gætum hugsanlega með slíkri sameiningu eignast þriðju fréttastofuna á öldum ljósvakans, þriðju sjónvarpsfréttastöðina, og skapað aðstæður til þess að unga kynslóðin sem einkum horfir á Skjá 1 fengi líka að fylgjast reglulega með fréttum. Ég sé engar efnislegar ástæður fyrir þessu vonda frv. sem hér er verið að reyna að knýja í gegn.

[14:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs út af athugasemd sem féll hjá hv. þm. Halldóri Blöndal í upphafi andsvars hans við ræðu hv. þm. Helga Hjörvars þar sem hann gerði athugasemd við hvað væru andsvör í þessum sal. Áður en ég kem nánar að því og af því að þingmaðurinn vakti sjálfur athygli á skapsmunum sínum hlýt ég að vekja athygli á því

og setja við það spurningarmerki þegar maður sem fer í andsvar gengur úr salnum þegar þingmaður sem hann fer í andsvar við gengur í ræðustólinn til að svara. Það held ég að mér finnist mesta misnotkun á andsvari.

Ég hef áður heyrt bæði forseta á forsetastóli og þingmenn í þessum sal gagnrýna það ef þingmaður biður um andsvar til að koma með athugasemd varðandi eitthvað í ræðu þingmanns ef hann er ekki á móti því sem ræðumaður sagði. Ég geri miklar athugasemdir við þessa túlkun vegna þess að andsvar er það sama og „replik" á skandinavísku. Í nágrannaþingum okkar leyfist þingmönnum að gera athugasemd, það heitir replik, athugasemd, þ.e. koma inn með viðbrögð við einhverju í ræðu þingmanns. Við innleiddum þetta hér. Ég held að það hafi verið síðast þegar við vorum að endurbæta þingsköpin sem við innleiddum þetta sem hefur viðgengist miklu lengur í nágrannalöndunum, þetta að koma með replik. Við sem höfum verið í Norðurlandaráði þekkjum það að koma með replik við ræðu þess sem hefur verið að tala.

Það er mjög undarlegt ef þingmanni sem hlýðir á ræðu ræðumanns sem er slík að hann kveikir viðbrögð hjá þeim sem situr í salnum skuli ekki leyfast að koma með þessa replikku, hvort heldur er að bæta einhverju við það sem þingmaður var að segja, gæti verið upplýsingagjöf, eða fara orðum um eitthvað sem þingmaðurinn sagði, nema í mótmælaskyni. Af því að orðið hér er andsvar, kannski tæknilegra í þingsköpunum, en ekki t.d. orðið athugasemd er eins og menn hafi túlkað þessa replikku þannig að hún verði að vera í andstöðu við eitthvað í ræðu þess þingmanns sem talaði. Ég er þessu fullkomlega ósammála og ef þetta á að vera túlkun manna á þingi og þeirra sem sitja á forsetastóli mundi ég óska eftir því, virðulegi forseti, að það yrði tekið fyrir og skoðað hvort einhugur væri um þá túlkun. Það er auðvitað mikið umhugsunarefni að sá hv. þm. sem hér fór í andsvar og byrjaði á að gera þetta að umtalsefni, vildi kalla það hugguleg tal þingmanna Samf. á milli, er aðalforseti þingsins. Þetta er óviðfelldið.

Að lokum, virðulegi forseti, gagnrýni ég þá notkun á andsvari harðlega þegar sá ágæti þingmaður gengur úr sal um leið og þingmaðurinn sem hann veitti andsvar fer í ræðustól.

[14:18]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti þarf svo sem ekki að bregðast mikið við þessum ábendingum hv. þingmanns. Það er rétt að í 56. gr. þingskapa segir orðrétt:

„Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar."

Síðar í sömu grein segir: „Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari."

Það velkist svo sem enginn í vafa um að það er ekki tilskilin regla að sá sem veitir andsvar þurfi að vera efnislega ósammála ræðumanni. Hins vegar er mjög mikilvægt að það sem í andsvari felst sé í efnislegu samhengi við þá ræðu sem flutt var. Það er kjarni málsins.

[14:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það fer kannski að líða á seinni hluta 3. umr. sem stendur yfir um þetta fjölmiðlamál okkar. Ég hef ákveðið að breyta aðeins röð á því sem ég ætlaði að tala um af því tilefni að hér situr ungur þingmaður í salnum, framsóknarmaður, og ég ætla að gera það að umtalsefni hvaða skyldur þingmenn hafa við ríkisstjórnir og ríkisstjórnarsamstarf. Ég fór nefnilega að velta því fyrir mér hvort það væri eitthvað sem hefði verið rætt fyrir fram og bundið í stjórnarsáttmála um þetta mikilvæga mál sem við erum að fjalla um. Ég tók mér það fyrir hendur að lesa í gegnum stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. frá 23. maí 2003.

Nú hefðu menn kannski getað látið sér detta í hug að ef menn ætluðu að leggja til atlögu við slíkt stórmál sem það er að taka prentfrelsið af mönnum á Íslandi, að eiga við mál sem getur átt við og valdið a.m.k. miklum vafa um jafnvel þrjár greinar stjórnarskrárinnar, væri eitthvað um slíkt mál í stjórnarsáttmála sem ekki væri eldri en þetta. En hvernig sem ég les þennan stjórnarsáttmála fram eða aftur finn ég ekkert um að það þurfi að taka á fjölmiðlaumhverfinu á Íslandi með þeim hætti sem raun ber vitni í þessu frv. Ég velti því þess vegna fyrir mér og vonast satt að segja enn þá til þess, þó að ekki hafi bólað á því í umræðunni enn þá, að a.m.k. hv. þm. Framsfl., sem virðast hafa meiri vafa gagnvart stuðningi sínum við þetta mál, komi í ræðustól og útskýri það fyrir okkur hinum og þjóðinni hvernig stendur á því að slíkar veðrabreytingar hafa orðið í íslensku samfélagi frá því að þessi stefnuyfirlýsing var undirrituð. Ég geri ráð fyrir því að menn líti á hana sem skuldbindingu, a.m.k. í þingflokkum stjórnarflokkanna, um það hver aðalatriðin séu í samstarfinu og það hljóti að vera býsna erfitt að bæta inn á verkefnalista ríkisstjórnarinnar verkefnum sem skipta slíku máli sem þetta sem hér er til umræðu. Þess vegna finnst mér að það væri dálítið fróðlegt, a.m.k. það, að hlusta á útleggingar framsóknarmanna á því hvernig á því standi að þeir eru tilbúnir til að leggja í göngu um þetta mikilvæga mál með slíkum hraða sem hér ber raun vitni.

Ég vil minna á annað mál sem við erum að fást við í sölum Alþingis, mjög mikilvægt mál, breytingar á sveitarstjórnarlögum. Nú hafa staðið yfir umræður og tilraunir til þess að hafa áhrif á það að sveitarfélögin í landinu stækki og eflist. Þær umræður og sú vinna sem hefur verið lögð í það af hálfu stjórnmálamanna, ríkisstjórnar og alþingismanna, í samvinnu við sveitarstjórnarmenn og með miklum umræðum meðal almennings og allra sem áhuga hafa á þessum málum hafa nú staðið a.m.k. í 12 eða 14 ár. Það frv. sem nú er lagt hér fram er með þeim hættinum fram sett að það er greinilegt að menn telja að umræðunni sé ekki lokið og geti ekki lokið endanlega með því frv. sem hér liggur fyrir. Þar taka menn ekki á gagnvart því sem þyrfti að gera til að tryggja að sveitarfélög verði það öflug að þau geti tekið við þeim verkefnum sem pólitísk samstaða virðist vera orðin rík um.

Nei. Allir hafa verið sammála um að þessi umræða þurfi að vera gríðarlega löng til þess að niðurstaða náist, þ.e. umræðan um sveitarstjórnarmál. Það stefnir nefnilega í að sú umræða taki ekki minna en hátt í 20 ár. Enginn hefur kvartað yfir því í raun og veru að menn tækju sér allan þann tíma sem þarf til að finna pólitíska niðurstöðu í þessum málum sem gæti orðið sem mestur friður um, jafnvel við okkar minnstu bræður eins og við getum kannski sagt á sveitarstjórnarsviðinu. Enn skal það standa áfram að ekki eigi að hrófla við ákvæðinu um að það þurfi ekki að vera fleiri en 50 í sveitarfélögum í þessu landi og að sveitarfélag sem hefur fleiri en 50 íbúa geti neitað að taka þátt í þeirri pólitísku samstöðu sem hefur þó orðið meðal stjórnmálamanna og sveitarstjórnarmanna annarra um að breyta sveitarfélögunum. Það er ekki sama hvaða mál er á ferðinni þegar umræður

fara fram á hv. Alþingi og þegar menn ákveða niðurstöður í hæstv. ríkisstjórn.

Ég vildi koma fyrst að þessu vegna þess að ég sá ástæðu til þess. Það er ekki svo oft sem við höfum áheyrendur í salnum frá Framsfl. sem hefur talið af einhverjum ástæðum að hann þyrfti að taka á sig það ok að draga með slíkum hraða í gegnum Alþingi svo mikilvægt mál sem þetta.

Ég hef minnst á það í ræðum mínum í þessu máli að það hafi allt saman byrjað á bolludaginn fyrir rúmu ári. Það var þá sem hin mikla reiði hæstv. forsrh. í garð Baugsmanna varð opinber og síðan höfum við fylgst með því hvernig þessi reiði hefur breyst í frv. að lokum sem við ætlum að fást við á hv. Alþingi og höfum verið að gera undanfarið. Ég er á þeirri skoðun að það sé aldrei björgulegt eða skynsamlegt að framkvæma í reiði nokkurn hlut og síst ætti það að gerast á hv. Alþingi Íslendinga, að fylgja eftir einhverjum reiðiköstum ráðamanna með frumvörpum sem verða til í andrúmslofti þar sem menn hafa ekki fulla skynsemi til að taka afstöðu til mála.

Af því að ég fór að tala um Framsfl. í upphafi ræðu minnar dettur mér næst í hug að rétt sé að ræða svolítið meira um hann, og þá í tengslum við þá hugmynd sem einn af hugmyndafræðingum Sjálfstfl. setti fram fyrir ekki löngu, að nú væri kominn tími til að sameina Sjálfstfl. og Framsfl. Sá þjóðþekkti maður, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, setti þetta fram fyrir ekki ýkja löngu en hefur síðan verið nokkuð hljóður um þá hugmynd og ekki um hana talað svo ég viti neitt að marki síðan. Framsfl. virðist hins vegar hafa tekið þessa hugmynd alvarlega og telur sér núna skylt að fylgja Sjálfstfl. eftir í málum eins og því sem hér er til umræðu og forustan gengur lengra en fólkið í flokknum virðist kæra sig um. Við höfum séð alls konar viðbrögð utan úr samfélaginu, frá framsóknarmönnum, meira að segja forustumönnum Framsfl. þar sem menn leggjast gegn þessum hugmyndum og a.m.k. krefjast þess að þær fái umræðu og menn andrúm til að fara yfir það hvort hér sé skynsamlega að verki staðið eða hvort hægt sé að gera hlutina með öðrum hætti og ná þeim markmiðum sem menn hafa sett sér. Markmiðin sem hafa verið sett fram fyrir þeim aðgerðum sem felast í frv. eru ágæt. Enginn hefur mótmælt þeim sem slíkum. Hins vegar virðist nokkuð ljóst að þau muni alls ekki nást með þeirri lagasetningu sem hér stendur fyrir dyrum. Það er þess vegna full ástæða til að halda hér áfram umræðum eins og hægt er til að reyna að koma inn í umræðuna hugmyndum um það hvernig megi standa að þessum hlutum.

Samfylkingarmenn hafa bent á þingmál sem hafa verið lögð fram á Alþingi og á ýmsa hluti sem þurfi að ræða í tengslum við fjölmiðlafrv. eða fjölmiðlamálið almennt ef menn vilja taka á því með skynsamlegum hætti.

Mér verður á að spyrja: Hvernig stendur á því að inn í þá umræðu sem stjórnarflokkarnir hafa verið í um þetta mál hefur t.d. ekki verið tekin sú hugmynd sem var rædd í mikilli alvöru þegar bankarnir voru til umræðu fyrir nokkru og hæstv. forsrh. setti fram hugmyndir sínar um dreifða eignaraðild að þeim? Þá var verið að ræða í mikilli alvöru hvort koma ætti á fyrirkomulagi sem er víða þekkt úr heiminum þar sem fyrirtæki, þótt þau eigi eignarhlut í fyrirtækjum, hafi ekki stjórnarmenn í samræmi við það. Þá er hámark hvað varðar eignarhald eða þegar tekið er tillit til þess hve marga stjórnarmenn viðkomandi fyrirtæki gætu fengið. Þar var verið að tala um það m.a. að í bönkunum ættu menn ekki að geta fengið fleiri menn í stjórn en sem svaraði til 10% eignaraðildar eða svo þó að þeir ættu meira í viðkomandi fyrirtæki. Ég væri fyrir mitt leyti alveg tilbúinn til að skoða vandlega hvort sú leið gæti ekki gengið varðandi fjölmiðlana að setja eitthvert hámark á stjórnunaraðild að fyrirtæki þó að eignaraðildin í sjálfu sér sé að einhverju leyti hærri. Það hefði ekki kollvarpað þeim fjárfestingum sem nú hafa verið gerðar í fjölmiðlun og menn fengið nóg andrúm til að breyta þá eignarhaldi sínu ef þeir kæra sig ekki um að eiga meira í fyrirtæki en sem svarar til þeirra stjórnarmanna sem viðkomandi fyrirtæki getur fengið.

Auðvitað er málið svo vaxið, svo illa unnið og svo fátt sem inn í það hefur verið sett annað en það sem virðist þjóna þeim tilgangi að koma eigendum þess fyrirtækis sem nú ræður í Norðurljósum út úr fjölmiðlarekstri að allt annað virðist hafa vikið fyrir þessari einu hugsun. Síðan hefur komið inn í umræðuna svo greinilega sem mest má verða að aðalatriði málsins er einmitt þetta, koma þessum aðilum út úr því að geta haft áhrif í fjölmiðlum og út úr eignarhaldi á fjölmiðlum. Mér hefur satt að segja fundist með miklum undarlegheitum að sjá hvernig forsvarsmenn þessarar herferðar tala því þeir hafa ekki getað setið á sér með að setja hinn raunverulega hug sinn fram. Mig langar, hæstv. forseti, til að fá að vitna í eina rammagrein úr Morgunblaðinu. Það koma stundum rammagreinar í Morgunblaðinu. Það vill svo einkennilega til að þær eru að vísu langflestar eftir örfáa menn sem af tilviljun eru fyrirsvarsmenn Sjálfstfl. Mér dettur t.d. í hug Hannes Hólmsteinn Gissurarson en ég ætla einmitt að vitna í rammagrein hans frá því fyrir þremur dögum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af sérstökum ástæðum er ég að grúska í gömlum blöðum á Þjóðarbókhlöðunni. Þar rakst ég nýlega á ræðu, sem Halldór Kiljan Laxness flutti á ungmennafélagsmóti í júlí 1937, skömmu eftir stofnun Máls og menningar. Þar kvartaði hann undan því, að hann og aðrir umbótamenn, sem ættu fullt erindi til almennings, fengju vart komið sjónarmiðum sínum á framfæri, á meðan sérhagsmunamenn, Bogesenarnir, riðu húsum. Orðrétt sagði Kiljan: „En hvernig hefur staðið á því, að einmitt rödd þessara manna skuli hafa endurómað um allt, að maður skuli heyra skoðanir þessara manna étnar eftir og tuggðar upp jafnvel af voluðustu og niðurtröðkuðustu einstaklingum á afskekktustu stöðum í landinu, meðan við rithöfundarnir, sem teljum okkur talsmenn upplýsingarinnar, náðum ekki tali af þeim, sem við áttum erindi við, og urðum að tala fyrir daufum eyrum? Það var vegna þess, að einmitt þessir menn, sérréttindamennirnir í þjóðfélaginu, höfðu þá peninga, sem til þurfti að senda málgögn sín ókeypis inn á hvert einasta heimili í landinu og stjórna þannig skoðunum almennings.“ Þetta átti að lagfæra með því að stofna Mál og menningu. Nú hafði Kiljan alls ekki alltaf rétt fyrir sér, eins og allir vita. En er ekki sannleikskjarni í þessum orðum hans?“ spyr Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Það er einmitt þetta. Það virðist vera upplifun sjálfstæðismanna núna að þeir séu komnir í þetta vesæla hlutverk að eiga ekki aðgang að fjölmiðlum. Ég held að það sé óskaplega mikill misskilningur að þeir þurfi að óttast að þeir séu að lenda í þessu hlutverki. Þeir þurfa kannski hins vegar að óttast það að þeir hafi ekki áfram þá stöðu sem Bogesenarnir höfðu, þeir hafi ekki meiri aðgang og öflugri að samfélaginu en þeir ríku höfðu á þessari tíð. Það er það sem þá hryllir við því að þannig hefur það verið alla þá tíð sem ég hef fylgst með stjórnmálum á Íslandi að Sjálfstfl. einn flokka hefur haft séraðstöðu í fjölmiðlum á Íslandi, í alla þá áratugi sem

ég man. Nú, þegar hann óttast, Sjálfstfl., að á því sé kannski að verða breyting umturnast menn og fara að vitna í Halldór Kiljan Laxness. Þá finnst þeim, sjálfstæðismönnunum, að þeir séu að lenda í hlutverki fátæklinganna sem gátu ekki gefið út blöð fyrir 100 árum.

Það er mikið umhugsunarefni að svona skuli komið fyrir mönnum, en þetta er verra. Þó að ég hafi ekki lesið mikið upp af ritverkum í ræðum mínum undanfarið langar mig að lesa aðra rammagrein eftir Hannes Hólmstein Gissurarson. Hún er líka stutt. Með leyfi hæstv. forseta stendur þar:

„Síðustu vikur hafa Íslendingar orðið vitni að ótrúlegum atvikum. Baugur, sem ræður yfir nær öllum matvælamarkaðnum íslenska og er umsvifamikill á mörgum öðrum sviðum, hefur lagt stórfé í þrjá fjölmiðla, sem hafa það eitt markmið að níða niður Davíð Oddsson forsætisráðherra og jafnvel að koma honum frá völdum. Einum þessara fjölmiðla, Fréttablaðinu, er dreift ókeypis á hvert heimili á Reykjavíkursvæðinu. Fréttamaður annars þessara fjölmiðla, Stöðvar 2, en sá maður er raunar um leið formaður Blaðamannafélags Íslands, sendir tölvupóst í allar áttir með svívirðingum um Davíð og áskorunum um að beita öllum ráðum gegn honum. Ritstjóri Fréttablaðsins talar um þá martröð, sem forusta Davíðs sé, og stjórnarformaður Baugs um ógnarstjórn. En við höfum séð þetta allt áður. Fyrir þingkosningarnar 1937 reyndi Hermann Jónasson að mynda andrúmsloft ótta og tortryggni gegn Ólafi Thors með fáránlegum áburði um að Ólafur hefði sem dómsmálaráðherra fimm árum áður viljað safna saman mörg hundruð manna liði að næturlagi í Sundhöllinni í Reykjavík í því skyni að handtaka helstu forustumenn Alþýðuflokksins eftir götuóeirðir í Reykjavík 9. nóvember 1932. Þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið 1949, gerðu kommúnistar og nytsamir sakleysingjar í slagtogi með þeim allt, sem þeir gátu, til að koma í veg fyrir löglega afgreiðslu málsins og ráku rógsherferð gegn Bjarna Benediktssyni, sem hafði forgöngu um málið. Baugsveldið beitir sér nú af sömu hörku gegn Davíð Oddssyni. Það vill breyta Íslandi í bananalýðveldi, þar sem því megi treysta, að allir stjórnmálaforingjar séu á mála hjá einum auðhring."

Hæstv. forseti. Sá sem þetta skrifar virðist vera haldinn meiri ótta en mig hafði órað fyrir. Þessi ágæti maður virðist óttast að yfirvofandi sé valdarán á Íslandi. Ég verð að viðurkenna að mér er ekki hlátur í hug þegar mér verður slíkt ljóst. Það hafði aldrei flögrað að mér að mönnum dytti það í hug í lýðræðisríkinu Íslandi að það væri með einhverjum hætti hugsun nokkurra manna að ræna völdum í landinu. Auðvitað er það ekki þannig. Einhver óskapleg skelfing ríkir samt í herbúðum Sjálfstfl. sem hefur fengið menn sem þar ráða mestu til að fara í herferð sem stríðir í raun og veru gegn flestu því sem fólkið í landinu hefur talið að Sjálfstfl. vildi helst verja, frelsi einstaklingsins og lýðræðislegt fyrirkomulag. Ég segi lýðræðislegt fyrirkomulag vegna þess að ég tel að þetta frv. ef að lögum verður stríði gegn prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Það var í 72. gr. stjórnarskrárinnar áður en hún var endurskoðuð en er núna í þeirri 73. Þó svo að þeir félagar, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, hafi komið sér saman um það að þessu frv. sem hér liggur fyrir yrði breytt með þeim hætti að útvarpsleyfin sem búið er að gefa út megi renna sitt skeið áður en leyfin verði tekin af fjölmiðlum sem hugsanlega væru líka í blaðaútgáfu tel ég að það breyti í raun og veru engu um eðli frv., einfaldlega vegna þess að aðili sem hefur fengið útvarpsleyfi úthlutað stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að ef hann ákveður að fara að gefa út blað, einhvers konar blað því að skilgreiningin á því hvað er blað kom fram í greinargerð sem fylgdi með frv., dagblað skal það heita ef það er borið í hús fjóra daga vikunnar, skal útvarpsréttarnefnd taka útvarpsleyfið af þeim viðkomandi aðila. Hann hefur sem sagt ekki prentfrelsi, hann hefur ekki leyfi til að gefa út fjölmiðla á prenti ef hann hefur fengið útvarpsleyfi og skal refsað með þeim hætti að leyfið skal af honum tekið ef hann tekur þá ákvörðun að fara að gefa út prentmiðil þótt ekki þurfi til þess neitt annað leyfi. Ákvæðið vaknar upp um leið og einhver aðili vill gefa út báða miðlana. Það getur svo sem verið hver sem er, einhver sem t.d. ræki tónlistarstöð sem útvarpaði eingöngu tónlist og ákvæði að það gæti farið ágætlega saman við rekstur sinn að gefa út dagblað sem kæmi út fjórum sinnum í viku, fjallaði þess vegna um tónlist og ætti að höfða til einhvers tiltekins hóps í þjóðfélaginu. Hann mundi umsvifalaust missa útvarpsleyfið. Útvarpsréttarnefnd gæti ekki brugðist hlutverki sínu samkvæmt lögunum og yrði að taka af honum leyfið.

Þeim mönnum sem hafa komið í ræðustól af hálfu stjórnarliðsins, og eingöngu náttúrlega sjálfstæðismönnum því framsóknarmenn tala ekki hér nema tveir hafa komið upp, annar með og hinn á móti frv., hefur orðið tíðrætt um stöðuna á fjölmiðlamarkaðnum með undarlegum hætti. Sjálfstæðismenn hafa kosið að skilgreina fjölmiðlamarkaðinn sem svo að Norðurljós væru með gífurlega stóran hluta af einkareknu fjölmiðlunum, kosið að líta fram hjá hlut Ríkisútvarpsins í þessu máli, og tala um háar prósentur. Nú er ekki langt síðan í raun og veru að Ríkisútvarpið var með næstum allan fjölmiðlamarkaðinn í þessu landi. Það að setja fram einhverjar prósentur af þessu tagi gæti orðið undarlegt í því ljósi að ef Ríkisútvarpið væri t.d. með 80% af markaðnum og einhver ætti 15% hluta af markaðnum á móti Ríkisútvarpinu væri hann sjálfkrafa kominn með yfirgnæfandi meiri hluta á einkareknu stöðvunum. Ekki þyrfti hann að vera stór til þess. Ekki er hægt að líta á fjölmiðlamarkaðinn öðruvísi en út frá öllum aðilunum sem eru á honum. Á meðan Ríkisútvarpið er svo öflugt sem það er í raun og veru á fjölmiðlamarkaði geta menn ekki litið fram hjá því. Það er hluti af fjölmiðlamarkaðnum og menn verða að sætta sig við það að viðmið hans hlýtur þá að verða að taka miðað við allan fjölmiðlamarkaðinn. Það er ekki svo að einhver einn aðili sé svo grúandi á þessum markaði að það sé engin viðbrögð hægt að veita á meðan Ríkisútvarpið stendur í fæturna með þeim hætti sem það gerir. Ég tel þess vegna ekki hægt að leggja málin upp eins og hv. stjórnarliðar hafa gert hvað þetta varðar.

Ég nefndi áðan stjórnarskrána. Menn hafa velt svolítið fyrir sér hvað gæti gerst ef þessi lög, sem á að setja, yrðu jafnmikið dregin í efa eins og hefur verið gert, og er gert enn þrátt fyrir þær breytingar sem stjórnarflokkarnir hafa nú þegar gert á frv. Sumir hafa litið til þess að forseti Íslands gæti þar komið að málum en aðrir telja að það væri hlutverk Hæstaréttar að fást við þau ef einhverjir færu í mál vegna lagasetningarinnar. Auðvitað er það þannig og hefur verið í samfélagi okkar að menn hafa lagt mál sín undir Hæstarétt þegar þeim hefur sýnst að á þeim væri brotið gagnvart stjórnarskrá. Það er eðlileg leið. Ákvæði um að forseti geti skotið máli til þjóðarinnar er til staðar og það er auðvitað bara í valdi hans, forseta Íslands, að ákveða hvort hann telji að það ákvæði eigi við. Eftir því munu menn auðvitað þurfa að bíða þar til málið kemur til kasta forseta Íslands. Sú bið virðist vera verulega taugatrekkjandi fyrir suma af stjórnarliðunum

í ríkisstjórninni. Ekki ætla ég að spá fyrir um það og ekki ætla ég að leggja forseta Íslands til neinar ráðleggingar hvað varðar meðferð þessa máls, hvernig hann eigi með það að fara, en eins og ég sagði áðan er það hlutverk hans að komast að niðurstöðu. Hún kemur í ljós þegar þar að kemur.

Það er eitt sem mig langar, hæstv. forseti, til að fjalla um til viðbótar og það er hvað muni gerast að líkindum ef frv. verður að lögum á þeim markaði sem hægt væri að kalla markað með eignarhlut í fjölmiðlun. Ég er á þeirri skoðun að það sé verulega mikil hætta á því að ef frv. verður að lögum geti komið upp sú staða hvað varðar eignarhald á fjölmiðlum að nýir aðilar sem vildu koma inn í fjölmiðlamarkaðinn fengju tækifæri á kostnað þeirra sem fyrir eru sem væri að mínu viti mjög vafasamt. Það er augljóst að Norðurljós munu þurfa að bera það undir lánardrottna sína hvernig fjármögnun getur orðið í framhaldi af þeirri lagasetningu sem hér er ætluð. Ef mat lánardrottnanna á möguleikum þessa fyrirtækis er að það geti ekki lifað til framtíðar í þessu fyrirkomulagi eins og í pottinn er núna búið með frv. gæti farið af stað ferli sem yrði e.t.v. með eftirfarandi hætti: Lánardrottnarnir mundu sameinast um að fara fram á að fyrirtækið yrði endurfjármagnað og það selt aðilum sem gætu átt það til framtíðar. Þeir sem vildu eignast það fengju þar með tækifæri til að koma inn í fyrirtækið með því að gera tilboð í það á grundvelli þeirra reglna sem þá væru komnar. Menn gætu sem sagt, sem hefðu til þess fjármuni og vildu hafa það að aðalatvinnugrein sinni að standa í þessum fjölmiðlarekstri, komið með fjármagn og gert tilboð í fyrirtæki á hluta þess verðs sem fyrirtækið er talið vera virði í dag. Lánardrottnar yrðu að hefja nauðungarsamninga við þessa aðila sem þannig gætu eignast fyrirtækið á miklu lægra verði en það hefur verið fjármagnið upp í í dag.

Vel kann að vera að menn hafi viljað búa til þetta fyrirkomulag, búa til þennan möguleika á markaðnum, búa hann til handa einhverjum. Því var lýst í ræðu áðan að það væri hugsanlegt. Ég kann ekki svarið við því en miðað við viðbrögð eigenda Norðurljósa og miðað við þá umfjöllun sem hefur farið fram hef ég gert mér þá mynd af framtíðarumhverfi í fjölmiðlun á Íslandi að yfirgnæfandi líkur séu á því að fyrirtæki sem ætlaði sér að reka fjölmiðlafyrirtæki eins og Norðurljós og þyrfti að klippa frá sér aðra starfsemi og að það yrði fjármagnað eingöngu með aðilum sem féllu undir þá skilgreiningu sem í þessu frv. er yrði ekki fjármagnað með jafnmyndarlegum hætti og Norðurljós eru núna. Þess vegna mun nýr ferill vegna endurfjármögnunar þessa fyrirtækis hefjast og hann mun hefjast á lægra boði. Hvernig slíku fyrirtæki mun síðan reiða af í framtíðinni er ég ekki fær að spá um en það er augljóst að öflugir bakhjarlar verða af miklu skornari skammti en áður. Það kom líka býsna vel fram í ræðu sem hv. þm. Helgi Hjörvar hélt á undan mér og ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu.

Hæstv. forseti. Að mínu viti hafa engar þær breytingar orðið á þessu frv. sem gera það þannig úr garði að það hætti að brjóta í bága við stjórnarskrárákvæðin sem hafa verið til umræðu. Enn þá síður hafa orðið breytingar á frv. sem hægt væri að halda fram að skiptu svo miklu máli hvað varðar framtíð fjölmiðlunar á Íslandi. Í þeim hafa heldur engar breytingar komið fram sem við stjórnarandstæðingar getum með nokkru móti séð að eigi að leiða til þess að menn fáist með almennum hætti við það verkefni sem hér er í raun og veru á ferðinni.

Ég tel svo líka að eins og með sveitarstjórnarmálin sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar sé þetta mál svo viðamikið að um það þurfi mjög langan umræðutíma í samfélaginu öllu, ég tala nú ekki um ef það á að verða niðurstaðan að hefta skoðanafrelsi með algjörlega nýjum hætti á Íslandi, taka prentfrelsið af einhverjum í samfélaginu. Þá kalla ég eftir umræðu um það og sú umræða á ekki að standa á einu vorþingi í nokkra daga. Sú umræða á að standa lengi vegna þess, eins og ég hef áður sagt, að prentfrelsið er barmmerki lýðræðisins hjá lýðræðisþjóðum og slíkum hlutum breyta menn ekki nema eftir langa umræðu þar sem menn fást við það mál til enda. Það er slíkt fordæmi að Alþingi Íslendinga má ekki forsóma umræðu um það efni og viðamikla meðferð sem tekur þá langan tíma. Það þarf a.m.k. æðimargar ræður og umfjöllun virtra aðila sem til þess eru bærir að meta þá niðurstöðu sem getur orðið og það fordæmi sem við værum að gefa með því að innleiða lög sem taka skoðanafrelsi og prentfrelsi af mönnum, þ.e. taka af þeim þann rétt að setja skoðanir sínar fram í prentuðu máli.

Hæstv. forseti. Að lokum þetta með nútímann. Hans vegna þarf þessi umræða auðvitað að standa miklu lengur. Nútíminn er þannig að alls konar fjölmiðlar eru að renna saman í tækninni. Morgunblaðið kemur út á prenti. Morgunblaðið hefur líka heimasíðu. Inn á hana er hægt að sækja alls konar upplýsingar. Heimasíða Morgunblaðsins er að breytast í sjónvarp. Þannig geta menn farið inn á heimasíður hinna ýmsu fjölmiðla og sótt þangað myndbönd og jafnvel heilu kvikmyndirnar. Í framtíðinni mun þetta allt meira og minna renna saman.

Eru menn virkilega svo skyni skroppnir í þessum sal að þeir sjái ekki hvað er að gerast? Ég held ekki. Ég held að það sé ekki ástæðan. Ég held að ástæðuna sé hægt að rekja til bolludagsins.

[14:56]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Winston heitinn Churchill, sem hafði langa reynslu á sínum tíma bæði af stríðsrekstri á vígvöllum og pólitískum átökum, sagði einu sinni að vandamálið við það að eiga sér bandamenn væri að þeir hefðu stundum eigin hugmyndir. Við höfum séð það í þeim umræðum sem hér hafa staðið, því frv. sem hér er til umræðu og breytingum á því að stjórnarflokkarnir og stjórnarherrarnir sem stjórna þingflokkum stjórnarflokkanna úr Stjórnarráðinu með tilskipunum hafa ekki átt sérstaklega mikið við þetta vandamál að stríða. Þingmenn þeirra hafa ekki svo margar eigin hugmyndir, a.m.k. hefur ekki orðið vart við þær innan Sjálfstfl. á þingi. Við höfum að vísu séð a.m.k. einn hv. þm. úr Framsfl., Kristin H. Gunnarsson, lýsa sínum eigin hugmyndum og sjálfstæðu skoðunum til málsins og að því er virðist hafa einhverjir framsóknarmenn viðrað þær í baksölum í ferli málsins enda er ljóst að innan Framsfl. er engin eining um málið og mikill órói meðal almennra kjósenda. Það sem við höfum verið að upplifa hér á síðustu dögum kemur heim og saman við það sem Churchill bætti við þegar hann lét þessi ummæli falla, að það eina sem er verra en að heyja stríð með bandamönnum er að heyja stríð án bandamanna. Það er akkúrat það sem við höfum séð, að bandamenn stjórnarflokkanna í þessu máli meðal hv. kjósenda í landinu eru orðnir fáir, og raðir þeirra þynnast með degi hverjum að því er kemur fram í skoðanakönnunum.

Allt þetta ætti að verða stjórnarflokkunum til umhugsunar og þeir hafa fengið það heilræði frá stjórnarandstöðunni að doka við með málið, setja það til umhugsunar og frekari

vinnslu í sumar, koma síðan til haustþings, fjalla um það betur þá og reyna að skapa breiða samstöðu í þjóðfélaginu með samráði við fagaðila, samtök starfsfólks á fjölmiðlum, fjölmiðlafyrirtæki og stjórnarandstöðuflokkana um að setja hér á landi fjölmiðlalög sem tryggja markmiðin í frv. sem hér liggur fyrir. Þau eru í sjálfu sér góð og nauðsynleg, þ.e. að tryggja vandaða, fjölbreytta fjölmiðlun í landinu, sjálfstæða fjölmiðla og rétt almennings til upplýsinga og stöðu blaðamanna til að vera varðhundar fyrir almenning gagnvart stjórnvöldum.

Ég hef áður lýst því í ræðustól í fyrri umræðu um þetta mál að eignarhaldsleiðin, þ.e. takmarkað eignarhald á alla enda og kanta, er versta leiðin sem stjórnvöld gátu valið í þessu máli vegna þess að aðrar leiðir standa til boða. Bent hefur verið á aðrar leiðir, vægari leiðir, leiðir sem eru líklegri til að ná fram markmiðum frv. Það tryggir ekki markmiðin um óháða, sjálfstæða, öfluga fjölmiðla með fjölbreyttri dagskrá. Í öðru lagi, og það hefur reynslan sýnt í öðrum löndum, er tiltölulega einfalt að fara í kringum takmarkanir á eignarhaldi. Í versta falli er löggjöf af þessu tagi sem við erum að ræða líkleg til að draga máttinn úr möguleikum fjölmiðla til að fjármagna sig en þeir hafa eins og margoft hefur komið fram í umræðu sérstaka þörf fyrir þolinmótt fjármagn vegna þess hve mikill upphafskostnaðurinn er við að byggja upp öfluga fjölmiðla.

Það hefur verið sagt af hálfu stjórnarliða að verið sé að bregðast við samþjöppun sem er meiri á þessum markaði og meiri en nokkurs staðar hefur orðið á skömmum tíma erlendis með þjóðum. Það er umhugsunarvert af hverju almenningur fellst ekki á þessi rök. Stjórnarliðar hafa sagt að sjónarmið þeirra til málsins hafi ekki komið nægilega fram í fjölmiðlum og annars staðar og að þeim muni, eftir að frv. hefur verið gert að lögum, takast að vinna almenning á sitt band aftur. Ég held að þetta sé algjör misskilningur vegna þess að sjónarmið stjórnarliða hafa komist afar vel til skila. Hvers vegna er það þá sem fólkið í landinu er ekki sammála þeirri nauðsyn að bregðast hart við þessari samþjöppun sem sögð er hafa verið á markaðnum? Ég held að það sé vegna þess að fólki er það í fersku minni að hér voru þeir fjölmiðlar allir í dauðateygjunum sem samanlagt er talin stafa mikil ógn af á þessum missirum. DV dó úr leiðindum eins og við vitum. Það var á tímabili orðið eins og tölvupóstur frá Valhöll og naut ekki hylli lesenda. Fréttablaðið var orðið gjaldþrota og hætt að koma út. Stöð 2 átti í miklum fjárhagserfiðleikum og þar blasti ekkert annað við en upplausn og gjaldþrot. Við blasti afturhvarf til alveldistíma Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins á auglýsingamarkaði og á markaði lesenda.

Ég held að engan hafi langað aftur til þessa tíma, hvorki auglýsendur né almenna lesendur og áhorfendur sjónvarps og útvarps. Fólki er sem sagt í fersku minni að þessir fjölmiðlar voru endurreistir af fjársterkum aðilum sem höfðu það markmið að stefna í Kauphöllina á markað með stórt afþreyingar- og fjölmiðlafyrirtæki.

Eins og bent var á í ræðum var samþjöppun ekki saknæm. Hún var óheppileg en ekki háskaleg. Fákeppni er heldur ekki sama og fáokun. Það var sem sagt engin sérstök hætta, engin yfirvofandi vá á ferðum. Manni hefði a.m.k. sýnst að ástæða væri til að doka við og sjá hvernig málin þróuðust. Það er líka hægt að minna á að Samkeppnisstofnun hefur málið og þessa samrunaþróun enn þá til skoðunar og ástæða hefði verið til að bíða úrskurðar Samkeppnisstofnunar um þennan samruna. Það er hún sem á að ákveða hvort það er fáokun á markaðnum en ekki virk fákeppni. Það hefði verið fróðlegt að hafa þann úrskurð fyrir höndum en það má ráða nokkuð um afstöðu Samkeppnisstofnunar sem kemur endurtekið fram í álitum hennar til allshn. Í síðara álitinu kemur skýrt fram að hún telur að enn stríði frv. gegn markmiðum samkeppnislaga. Væntanlega má draga þá ályktun af þessu áliti Samkeppnisstofnunar að hún telji að meðan Ríkisútvarpið sé á þessum markaði, bæði að framfylgja sínu lögboðna hlutverki og einnig að taka þátt í samkeppni á auglýsingamarkaði sé ekki rík hætta á því að hér sé um fáokun og misbeitingu á samkeppnisaðstöðu að ræða, enda má minna á það að Morgunblaðið er enn virkur aðili á samkeppnismarkaði og ekki búið að gefast upp í samkeppninni enn þá.

Það er nokkuð ljóst eins og hér hefur komið fram að fyrirætlunum Norðurljósa er stefnt í voða með þessu frv. Það er ljóst að áform þeirra um að skrá fyrirtækið í Kauphöllina, þetta afþreyingar- og fjölmiðlafyrirtæki, geta vart orðið að veruleika. Það var einkar fróðlegt að heyra hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson lýsa því í ljósu og skýru máli hvernig þetta gæti komið við rekstur þessa fjölmiðlafyrirtækis. Það er sem sagt hætta á því að veruleg skerðing yrði á starfsgrundvelli Norðurljósa og annarra ljósvakamiðla sem afleiðing af þessu frv. Við höfum satt að segja í gegnum tíðina fengið nóg af öllum þeim rekstrarerfiðleikum og áföllum sem fjölmiðlar hafa orðið fyrir.

Ég sagði að hægt hefði verið að fara aðrar leiðir og auðvitað getur fjármagn í fjölmiðlum haft sín áhrif. Til greina kemur að setja einhverjar skorður við yfirráðum fjármagnsins yfir fjölmiðlum. Eins og við vitum hafa Bretar þann sið að vefja fisk inn í dagblöð og af því tilefni sagði einn góður húmoristi í Bretlandi eitthvað á þá leið að enginn dauður þorskur með sjálfsvirðingu vildi láta vefja sig inn í Murdoch-blað, hvað þá að vinna fyrir það. Það hefur verið nefnt hér að Robert Murdoch hafi hótað Blair, forsætisráðherra Bretlands, að beita blöðum sínum gegn honum ef hann léti ekki koma til þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá Evrópusambandsins, þá nýju sem er á döfinni. Auðvitað er merkilegt að fjölmiðlakóngurinn skuli telja sig geta hótað fyrir hönd ritstjórna sinna um slíkt atriði.

Á hinn bóginn má segja að það sem hann er að gera sé ekki annað en að leggja áherslu á það hlutverk fjölmiðla að standa vörð um grundvallarmannréttindi og lýðræði í löndum sínum. Ef fjölmiðlar mega vera hlutdrægir á einhverjum punkti er það til að standa vörð um stjórnarskrána, standa vörð um mannréttindi og lýðræði. Ég sé ekki að það sé ýkja alvarleg hótun þó að Murdoch hótaði því að hafa áhrif á blöð sín til að þau gegndu skyldum sínum. Hitt er verra, eins og tíðkast víða í löndum, að útgefendur blaða taki t.d. um það ákvörðun að þeir styðji eða séu á móti viðkomandi ríkisstjórn. Ég tel að slík vinnubrögð ættu að heyra fortíðinni til en minni á að hér á landi er blað sem heitir Morgunblaðið sem fyrir hverjar kosningar tekur slíka afstöðu, fortakslaust með eða á móti ríkisstjórn. Hið eðlilega á nútímablaðamarkaði væri að ritstjórar blaða tækju afstöðu til einstakra mála út frá rökum og málefnum en beittu ekki blöðum sínum með eða á móti ríkisstjórnum í heild. Auðvitað er ekki hægt að banna slíkt og spurningin er hvernig eigi að verjast mönnum eins og Murdoch sem hafa slíka eignastöðu og eru með blaða- og fjölmiðlahring á bak við sig sem teygir sig um allan heim.

Þá minni ég á að blaðamenn og ritstjórar hafa sínar skyldur. Þeir geta neitað, þeir geta sett störf sín að veði fyrir sjálfstæði sínu og mannorði og neitað að láta vefja sig inn í Murdoch-blöðin eins og þorska. Það er alveg sama hvaða lög við setjum ef siðferðiskennd og heiður blaðamanna og ritstjóra eru ekki varin að þessu leyti.

Hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson sýndi fram á það í mjög ljósu máli að af þeim 90 fyrirtækjum sem græddu mest á síðasta ári samkvæmt Frjálsri verslun yrðu, samkvæmt þessum lögum, 60 þeirra vanhæf til að leggja fé að einhverju marki í fjölmiðla. Þau einu sem hefðu þannig sjálfstæða stöðu að geta lagt til fé væru kvótakóngarnir í landinu, sjávarútvegsfyrirtækin. Þetta er afskaplega lýsandi dæmi um það hve illa hugsuð þessi lög eru, hvort sem þetta var hinn duldi tilgangur þeirra eða tilviljun sem mig grunar helst. Málið er ekki fullbúið og ekki hugsað.

Þetta minnti mig á söguna um Rottweiler-hundinn sem sumir hv. þm. kannast kannski við. Sú saga var eitthvað á þá leið að sægreifi nokkur lagði leið sína til Ísafjarðar og hafði með sér almannatengslamann, eins og gerist stundum. Sem þeir ganga upp Aðalstrætið og eru komnir að einni helstu búðinni þar sjá þeir hvar óður Rottweiler-hundur gerir sig líklegan til að stökkva á barn sem þar var í barnakerru. Sægreifinn var karl í krapinu og skjótur í snúningum. Honum tekst að grípa hundinn og gerir sér lítið fyrir og kyrkir hann í greip sinni áður en hundurinn gæti bitið barnið. Í þessum svifum ber að ritstjóra Bæjarins besta og hann segir með andköfum: Þvílík frétt. Þvílík frétt. Hugsið ykkur fyrirsögnina. Heimamaður drýgir hetjudáð, bjargar barni frá óðum hundi. Þá kemur almannatengslamaðurinn og skýtur inn í: Ég ætla að benda þér á að þetta er aðkomumaður. Já, já, það er allt í lagi. Aðkomumaður bjargar barni. Það er allt í lagi með þá fyrirsögn, segir ritstjórinn. Þá segir almannatengslamaðurinn: Ja, veistu ekki að þetta er einn af helstu útgerðarmönnum landsins? Daginn eftir kemur frétt yfir þvera forsíðuna í Bæjarins besta og þar stendur: Sægreifi kyrkir heimilishund.

Þessi saga, hæstv. forseti, kennir okkur margt. Hún kennir okkur t.d. að það er hægt að segja satt með ýmsum hætti. Það var ekkert rangt í þessari fyrirsögn, en sjónarhornið skiptir máli. Það kennir okkur líka hvaða gagn má hafa af almannatengslamönnum og í þriðja lagi er líklegt að þessi frásögn í blaðinu hafi orðið sægreifanum til nokkurrar skapraunar. Hugsanlega gæti honum hafa dottið í hug að kaupa blaðið til að hafa áhrif á skrif þess. Eins og komið hefur fram telja fulltrúar stjórnarflokkanna, einkum og sér í lagi Sjálfstfl. og ráðherrar þess flokks, að blaðamenn séu viljalítið handbendi eigenda fjölmiðlanna og skrifi nánast hvað sem þeim er fyrirlagt að skrifa af eigendunum.

Það sem kemur þá til skoðunar er hvernig hægt sé að verjast Murdoch, og sægreifanum í þessu tilfelli. Ég held að það sem við höfum lagt fram á síðustu dögum í umræðuna hér hafi sýnt með ýmsum hætti að það eru til margvíslegar aðferðir og leiðir til þess. Í Lúxemborg er t.d. nýbúið að samþykkja fjölmiðlalög þar sem tjáningarfrelsi blaðamanna er tryggt með betri hætti en áður hefur verið. Mér er til efs að hæstv. ríkisstjórn hafi skoðað þessi lög frá litlu landi sem að mörgu leyti svipar til okkar hvað fjölda íbúa varðar. Þetta er land sem hefur verið okkur kært og við höfum átt mikil samskipti við. Samkvæmt þeim lögum geta t.d. blaðamenn neitað að birta greinar undir nafni ef þeim hefur verið breytt af ritstjórum eða eigendum. Eignarréttur þeirra yfir því sem þeir skrifa er sem sagt styrktur og þetta getur verið mikilvægt atriði ef það er svo, eins og stjórnarliðar halda fram, að eigendurnir setji mönnum fyrir hvað skrifa eigi. Þar er einnig ákvæði sem segir að ef Murdoch skyldi kaupa blaðið eða einhver annar eigandi, ef eigendaskipti yrðu á fjölmiðli, gætu blaðamenn sagt upp störfum fyrirvaralaust en notið engu að síður umsaminna uppsagnarkjara. Það er sem sé ekki hægt að þvinga blaðamenn til að starfa undir breyttum formerkjum.

Svipuð ákvæði hafa verið leidd í lög í Frakklandi og öðrum löndum. Þetta snýst allt saman um rétt almennings til óhlutdrægra og fjölbreyttra upplýsinga og rétt blaðamanna til að gegna hlutverki sínu sem varðhundar almennings gagnvart stjórnvöldum og viðskiptaaðilum án þess að hagsmunir eigenda torveldi þeim að gegna skyldu sinni í þessum efnum. Við höfum af hálfu Samf. hvað eftir annað lagt áherslu á það sem t.d. er fjallað um í tilmælum Evrópuráðsins nr. 13/1994, að það sé nauðsynlegt að löggjafinn stuðli að aðgerðum sem tryggi gagnsæi fjölmiðla. Það er sérstaklega tekið fram í Evrópuráðinu að þetta atriði sé mikilsvert til að tryggja og efla fjölbreytni. Það er æ erfiðara að gera sér grein fyrir því hverjir séu í aðstöðu til að hafa áhrif á efni blaða í krafti eignarhalds og viðskiptatengsla. Hvað er þá til ráða? Á að banna mönnum að eiga í fjölmiðlum og leggja fé í fjölmiðla, gera þá að einhvers konar annars flokks fjárfestingarkosti? Eigum við e.t.v. að fara þá leið að auka gagnsæið og gera þannig almenningi kleift að meta gildi upplýsinga út frá því hvaða hagsmunir búa að baki og auðvelda stjórnvöldum að framfylgja lögum á þessu sviði, t.d. að því er varðar hömlur við samþjöppun?

Þegar við tölum um þetta erum við að tala um að fyrir liggi upplýsingar um eigendur, að sjálfsögðu, um ritstjóra, um þá sem hafa áhrif á ritstjórnarstefnu. Við viljum að skrifuð ritstjórnarstefna liggi fyrir á hverjum fjölmiðli sem almenningur og blaðamenn geta haft til viðmiðunar þannig að þeir þurfi ekki að vera undir geðþóttavaldi ritstjóra á hverjum tíma, að ritstjórinn sé undir þá sömu sök seldur og aðrir að þurfa að fylgja boðaðri, tilkynntri og auglýstri ritstjórnarstefnu. Þeir mega ekki bara geta hagað seglum eftir vindi og eftir því sem passar í pólitíkinni. Á sama hátt verða prinsippin í fréttastefnu fjölmiðilsins að vera skráð og öllum kunn og sýnileg. Þá er ekki síður mikilvægt að auglýsinga- og kostunarreglur séu skráðar þannig að menn viti hvernig kaupin gerast á eyrinni og ekki síst að allar breytingar á þessum atriðum séu tilkynningarskyldar.

Við höfum líka talað um að auka þurfi sjálfstæði ritstjórna með því að settar verði innri reglur á hverjum fjölmiðli sem tryggi sjálfstæði hans og sjálfstæði ritstjóra, að samþykktar séu siðareglur blaðamanna og starfsmannafélaga og að uppi sé vinnuskipulag sem skapi kínamúra milli annars vegar auglýsinga og frétta og ritstjórnardeilda og hins vegar ritstjórnar og framkvæmdastjórnar. Á þessum atriðum er sums staðar misbrestur í íslenskum fjölmiðlum. Þarna er hægt að laga mikið.

Varðandi eignarhaldið eru þær leiðir sem fram koma í frv. hæstv. ríkisstjórnar afar hamlandi og torveldandi fyrir rekstur fjölmiðla og hægt að hugsa sér miklu skynsamlegri reglur ef menn ætla að fara þá leið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hægt væri að komast að samkomulagi ef menn skoðuðu það, fengju að meta hugsanleg áhrif af því og gæfu sér góðan tíma til þess.

Ef menn eru til að mynda að hugsa um að takmarka áhrif Murdochs og sægreifans í sögunni sem ég var að nefna þarf ekki að vera rétta leiðin að takmarka möguleika þeirra til að leggja fé í fjölmiðla, heldur hins vegar að takmarka auglýsingahlutdeild á markaði og takmarka leyfilegt hámark í áskrifendafjölda hvort sem það er á blaða- eða sjónvarpsmarkaði. Þetta er leið sem bent er á í skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum til menntmrh. og virðist vera miklu nær því að ná markmiðinu. Það er augljóst að ef einn aðili hefur algjöra yfirburðastöðu varðandi aðgang að áhorfendum hefur hann náttúrlega yfirburðastöðu á auglýsingamarkaðnum og það getur verið til lengri tíma litið varhugavert varðandi fjölbreytni og skoðanaskipti á fjölmiðlamarkaði. Það er hægt að hugsa sér að bæta úr því með ýmsum hætti. Sú leið hefur verið farin að styrkja fjölmiðla sem eru númer tvö á hverju svæði í samkeppni, þ.e. að menn hafi möguleika til að keppa við þann aðila sem er númer eitt á hverjum markaði með skarpari hætti, þeir séu ekki dæmdir til að tapa í samkeppni. Það er ein leið sem hægt er að fara. Það er líka hægt að fara þá leið að takmarka hámark auglýsingahlutdeildar og hámark áskrifendahlutar. Þessar leiðir eru algjörlega óskoðaðar og hafa ekki verið bornir saman kostir þeirra og gallar miðað við þá leið að takmarka eignarhaldið. Þess vegna sýnir þetta ásamt mörgu öðru sem aðrir þingmenn Samf. og stjórnarandstöðunnar hafa farið yfir svo glögglega hversu vanreifað, illa hugsað og ótækt frv. hér í þingsölum er.

Eitt af því sem er augljóst með fjölmiðlana í dag og sérstaklega sjónvarpið er að þar er ekki nógu öflug innlend dagskrárgerð. Þar vantar betri fréttaskýringaþætti, það vantar að við gerum efnivið úr sögum okkar og ljóðum, að við speglum veruleikann eins og hann er, samtíma okkar í sjónvarpsmyndum, leiknu sjónvarpsefni. Þetta kostar mikla fjármuni og því miður eru bæði einkafjölmiðlarnir og Ríkisútvarpið eins og því er búinn stakkur í dag vanbúnir til að gegna þessu menningarhlutverki. Þess vegna er niðurstaðan af fyrirliggjandi frv. sú að það er líklegt til að veikja fjölmiðlana, eignarhald þeirra, fjárhagsgrundvöll, fjármögnunarmöguleika og þar með veikja stöðu íslensks máls og íslenskrar dagskrárgerðar til frambúðar. Ekkert af þessu leiðir til þess að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fölmiðlum en ýmsir þingmenn hafa áður farið vel yfir þessi mál út frá þessum sjónarhóli.

Kannski er hinn duldi tilgangur einmitt sá að halda að okkur lélegu sjónvarpi á næstu missirum og árum. Það skyldi þó aldrei verða að þrautalendingin yrði að segja með Groucho Marx sem var greinilega ekki mikill aðdáandi sjónvarps og sagði einhvern tíma: Mér finnst sjónvarpið mjög menntandi. Um leið og einhver kveikir á því fer ég inn í bókastofu og les góða bók.

[15:28]

Útbýting þingskjals:

Námslán fyrir skólagjöldum, 896. mál, svar menntmrh., þskj. 1698.

[15:28]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Það er mikill efnislegur ágreiningur um hér umrætt mál, svokallað fjölmiðlafrv. Ég tel að hér sé á ferðinni alvarlegt inngrip í markaðinn sem gengur einfaldlega of langt. Ég tel hægt að ná markmiðum um fjölbreytni með vægari úrræðum. Ég held að samþykki þingheimur þetta frv. geri hann mikil mistök. Með því værum við að samþykkja eina ströngustu löggjöf sem til yrði á fjölmiðlamarkaðnum á Vesturlöndum. Þetta er fullyrðing sem hefur ekki verið hrakin heldur hafa erlendir sérfræðingar þvert á móti staðfest hana.

Þetta mál snýst um efnislegan ágreining. Við í Samf. erum ósammála þeim leiðum sem Sjálfstfl. og Framsfl. vilja fara varðandi fjölmiðlamarkaðinn. Morgunblaðið hefur kallað eftir efnislegri umræðu. Ég veit ekki betur en það sé efnisleg umræða að velta fyrir sér þeim mýmörgu álitaefnum sem hafa vaknað varðandi þetta mál. Það er efnislegur ágreiningur að efast um að málið standist stjórnarskrá. Það er efnislegur ágreiningur að menn efast um að þetta mál standist EES-samninginn og það er líka efnislegur ágreiningur að efast um að frv. standist mannréttindasáttmálann.

Ef við lítum stuttlega á þær breytingar sem hafa verið gerðar á þessu vonda frv. er alveg ljóst að þær breyta engu varðandi þau alvarlegu álitaefni sem hafa verið vakin. Eftir stendur þessi efi um hvort málið standist stjórnarskrá, hvort það standist EES-samninginn og mannréttindi. Förum aðeins yfir þau helstu álitaefni sem hefur verið bent á og hefur ekki verið mætt með neinni af þeim brtt. sem hér liggja fyrir.

Það fyrsta sem allir sjá er að tilgangur þessa frv. er annarlegur, hann er óeðlilegur og í raun er hann orðinn grímulausari eftir að brtt. meiri hlutans litu dagsins ljós. Hér er um að ræða sértæk lög, lög sem beinast að einum aðila í þjóðfélaginu og það sem staðfestir þetta best eru orð stjórnarherranna sjálfra. Þeir staðfesta að þetta frv. er ekkert annað en viðbragð við fréttaflutningi. Þá erum við komin á afskaplega hálan ís, ís ritskoðunar. Við erum að tala um að viðbrögð stjórnarherranna, bæði úr Framsfl. og Sjálfstfl., eru lituð af því að þeim er illa við hvað stendur í viðkomandi fjölmiðlum.

Varaformaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde, hefur lítið sem ekkert sést í þessari umræðu. Hann hafði sama háttinn á þegar hér var mikil umræða um jafnréttismál og skipun hæstv. dómsmrh. í Hæstarétt. Þá sást hæstv. fjmrh. lítið. Hins vegar liggja eftir hann, eftir því sem ég kemst næst, a.m.k. ein ummæli sem staðfesta að þessi lög eru sértæk, að þau séu viðbragð við fréttaflutningi. Hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde talaði í sjónvarpsviðtali um sjúklegan fréttaflutning. Hæstv. félmrh. kemur upp í þessa pontu, veifar blöðum og talar um að þetta þurfi að stöðva. Hæstv. forsrh. bendir máli sínu til stuðnings, þessu frv. til stuðnings, á að menn ættu einfaldlega að líta á blöðin. Hann notaði orð eins og stríðsfyrirsagnir, og það taldi hann vera rökstuðning við nauðsyn á þessu frv. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason talar um fjölmiðla sem skaprauna stjórnvöldum. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson tekur einnig í svipaðan streng í gestagrein á vefritinu tikin.is.

Viðbrögð þessara herramanna bera öll sama keim af því að frv. er viðbragð við fréttaflutningi, hefur annarlegan tilgang, til að klekkja á fjölmiðlum sem þeim er einfaldlega illa við. Það er þó helgur réttur fjölmiðla að fá að gagnrýna óvægið, jafnvel ósanngjarnt, eða gera grín að stjórnmálamönnum. Við megum ekki láta það yfir okkur ganga að hér séu stjórnvöld og stjórnmálamenn sem misbjóði og misnoti lagasetningarvaldið í slíkum tilgangi. Þetta ber ekki eingöngu keim af ritskoðun, heldur líka broti á tjáningarfrelsi. Það hefur lögfræðingurinn, fyrrverandi prófessorinn Sigurður Líndal, bent á í öllu þessu ferli, sömuleiðis eftir að síðustu brtt. litu dagsins ljós. Þetta er hugsanlega brot á tjáningarfrelsi vegna þess að það er verið að bregðast við fréttaflutningi sem stjórnvöldum er illa við.

Lítum á annað álitaefni sem ekki hefur verið mælt með í framkomnum brtt. Það er meðalhófið. Hvað er meðalhóf? Meðalhóf er að ganga eins skammt og kostur er til að ná settu markmiði. Ég held að að mati flestra hafi verið gengið mun lengra en þörf var á. Leiðir Samf. eru t.d. mun vægari. Samf. hefur m.a. bent á úrræði samkeppnislaga. Nú þegar er úrræði í samkeppnislögum, gott ef það er ekki í 18. gr., bæði til að koma í veg fyrir að markaðsráðandi staða myndist og einnig til að hún eflist hjá markaðsráðandi fyrirtæki. Svo að sjálfsögðu er úrræði í samkeppnislögum sem bannar misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Samf. hefur einnig bent á þörfina á að hafa gegnsæi á eignarhaldi í fjölmiðlum. Gegnsæi er lykilhugtak. Neytendur, þjóðin og stjórnmálamenn eiga rétt á því að vita hverjir eiga fjölmiðlana. Samf. hefur sömuleiðis bent á ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þetta er ekki einhver klisja út í loftið. Þetta er raunverulegt og efnislegt atriði sem ber að skoða. Við þurfum að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði. Það hefur Blaðamannafélagið margoft ályktað um að sé gríðarlega mikilvægt. Það má hugsa alls kyns útfærslur á þessu lykilatriði, t.d. kínamúrinn milli eigenda og ritstjórnar. Við höfum kínamúra í viðskiptalífinu. Þeir virka þar og eiga að gera það. Annars eru viðurlög við því og eftirlitsstofnanir eiga að sinna því. Til staðar eru vægari leiðir en sú sem Framsfl. og Sjálfstfl. vilja fara.

Meðalhófið gildir ekki eingöngu varðandi athafnir stjórnvalda. Meðalhófsreglan gildir einnig við alla lagasetningu. Okkur ber að gæta meðalhófs við lagasetninguna. Þetta er regla sem gildir jafnt í stjórnsýslurétti og stjórnskipunarrétti.

Enn annað álitaefni sem hefur ekki verið mætt með framkomnum brtt. er stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi. Hugsanlega er hér á ferðinni brot á stjórnarskrárákvæðinu um atvinnufrelsi. Hugsanlega er gengið of langt við að skerða og takmarka atvinnufrelsi. Eftir samþykki þessa frv. mun ekki hver sem er geta átt og rekið fjölmiðil. Aðilar sem áttu fjölmiðil fyrir lagasetningu gera það. Þetta tengist einnig því að hér er um að ræða sértæka takmörkun en ekki almenna en löggjafarvaldið hefur vald til að takmarka atvinnufrelsi að gefnum skilyrðum, þar á meðal ber þeirri takmörkun að vera almenn.

Fjórða álitaefnið, eignarrétturinn. Með samþykki þessa frv. eru eignir umrædds fjölmiðlafyrirtækis gerðar verðminni en þær voru. Til er lögskýringarregla um að eignarréttur sé túlkaður í víðum skilningi þeirra orða. Hér er hugsanlega brot á eignarrétti. Hugsanlega.

Sömuleiðis hafa lögfræðingar bent á annað atriði sem tengist eignarréttinum, lögmætar væntingar. Það var mikil umræða um þær í svokallaðri auðlindanefnd, en hvað eru lögmætar væntingar? Á það hefur verið bent að það er ekki hægt að gjörbreyta skilyrðum leyfisskyldrar starfsemi, einn, tveir og þrír, ekki gjörbreyta. Hugsanlega er gengið of langt, og að mínu mati er gengið of langt hvað þetta varðar þrátt fyrir brtt. sem hér hafa komið fram.

Enn eitt álitaefnið er tjáningarfrelsið. Ég kom að því varðandi viðbragð við fréttaflutningi en það er annar vinkill á því að ef þetta frv. verður samþykkt og gert að lögum mega ákveðin fyrirtæki í ákveðinni stöðu ekki eiga fjölmiðil. Hugsanlega brot á tjáningarfrelsi. Það er hægt að takmarka tjáningarfrelsi sé það nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi. Hér eins og í öllum þessum álitaefnum vofir yfir meðalhófsreglan. Er gengið of langt? Er gengið lengra en þörf er á miðað við sett markmið?

EES-rétturinn. Sem betur fer erum við aðilar að EES-samningnum sem hefur fært okkur gríðarlegar réttarbætur og gjörbreytt íslensku samfélagi til betri vegar. Með brtt. hefur þeim álitaefnum sem EES-rétturinn setur okkur ekkert verið mætt. Það er ekkert komið til móts við þær athugasemdir sem virtir lögfræðingar í Evrópurétti hafa bent á.

Staðfesturétturinn. Hugsanlega er hann brotinn. Ákvæði um frjálsa fjármagnsflutninga, hugsanlega, og ákvæði um frjálsa þjónustustarfsemi. Þetta voru punktar sem var strax bent á við fyrstu meðferð þessa máls í allshn. Þær brtt. sem hér liggja fyrir hafa ekki mætt þessu með neinum hætti, og það er rétt að ítreka að það er hægt að brjóta EES-samninginn þrátt fyrir að menn mismuni ekki eftir þjóðerni. Það hefur Evrópudómstóllinn margdæmt um. Þrátt fyrir að það séu sömu reglur fyrir Íslendinga og EES-íbúa geta menn brotið EES-samninginn.

Enn eitt álitaefnið er samkeppnislögin. Á það hefur verið bent og þar á meðal af Samkeppnisstofnun að frv. er andstætt samkeppnislögum og markmiðum þeirra. Á það hefur verið bent að frv. muni að öllum líkindum leiða til fábreytni. Ég tel að það hindri aðkomu nýrra aðila að þessum markaði. Þetta frv. hindrar augljóslega fjármagn að greininni, að grein sem oft vantar sárlega fjármagn en það er verið að útiloka stóran hluta af íslensku áhættufjármagni með þessu frv. Aftur bendi ég á að hægt er að beita vægari úrræðum en hér er gert.

Þetta frv. mun að öllum líkindum koma í veg fyrir að fjölmiðlafyrirtæki muni nokkurn tíma verða skráð í Kauphöll sem er að sjálfsögðu afskaplega æskilegt í ljósi þess regluverks sem gildir fyrir fyrirtæki í Kauphöll. Það er mjög æskilegt að fyrirtækið sé í Kauphöll í ljósi þess eftirlits og þeirra krafna sem gilda þar. En hér eru á ferðinni þannig takmarkanir á eignarhlutum í fjölmiðlafyrirtækjum að líklega er sá draumur úti.

Að mínu viti er frv. enn þá vont. Það var vont og er vont. Þingheimur er að gera mikil mistök ef hann samþykkir það, (**RG:** Heyr.) mikil mistök. Það gengur allt of langt og það er enn þá efnislegur ágreiningur um einstök atriði þessa frv. eins og leiðarahöfundur Morgunblaðsins hefur sárlega kallað eftir. Margvíslegur efnislegur ágreiningur eins og ég hér hef bent á.

Ég er t.d. ekki tilbúinn að banna með öllu dagblaði að eiga sjónvarpsstöð. Ég vil ekki takmarka aðkomu fjölmiðla að fjármagni eins og gert er með þeim hætti sem frv. býður upp á. Ég vil sjá einhver rök fyrir því af hverju á að banna fyrirtæki í óskyldum rekstri að fá útvarpsleyfi. Svona mætti lengi tala og það er enn þá vafamál að það standist stjórnarskrá og EES-samninginn. En það er gott að vita að hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson er nú litlu öruggari um málið, eins og það geri þingheim rórri. Þessar brtt., þessir aumu plástrar, eru í rauninni ekkert annað en viðurkenning á því að málið var illa unnið, fékk ekki góða umfjöllun, var unnið hroðvirknislega og hrátt með annarleg sjónarmið í huga.

Það er ágætt að rifja það upp að á öllum stigum þessa máls hafa stjórnarliðarnir fullyrt að frv. standist stjórnarskrá. Svo bætist einn og einn plástur við sem gerir ekkert efnislegt gagn. Enn þá er þetta sértækt frv. sem hugsanlega brýtur stjórnarskrá og EES-réttinn. Það eru vægari leiðir til og við í Samf. höfum verið að biðla til hv. þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl. um að fara vægari leiðir, gefa meiri tíma í þetta. Það er einfaldlega of mikið í húfi til að menn geti unnið málið með þessum hætti eins og við stöndum frammi fyrir.

Við höfum bent á samkeppnislögin. Við höfum bent á ritstjórnarlegt sjálfstæði, nauðsynina að efla gegnsæi í eignarhaldi. Ég get sagt það hér að þegar sjónvarpsstjóri Skjás 1 kom fyrir allshn. bað ég hann um lista yfir eigendur Skjás 1. Hann sagði frammi fyrir þingnefndinni: Ekkert mál. Ég hef ekki enn fengið þann lista þrátt fyrir ítrekaða beiðni frá starfsmönnum þingsins um hann. Í síðasta pósti sem ég fékk frá fulltrúum Skjás 1 stóð einfaldlega að hann hefði ekki upplýsingar um tiltekin eignarhaldsfélög. Þetta eru eignarhaldsfélög sem eiga hátt í 40% í Skjá 1. Ég veit ekki enn þá hverjir eiga Skjá 1. Jú, ég veit að eitthvað sem heitir Mega ehf. á 20% í Skjá 1. En hverjir eiga Mega? Fulltrúi Skjás 1 virðist ekki vita það. Hverjir eiga Fjölmiðlafélag ehf. sem á tæplega 12% í Skjá 1? Auðvitað á þetta að vera uppi á borðinu. En það er alveg ótækt að um það bil tveim vikum eftir að sjónvarpsstjóri Skjás 1 segir frammi fyrir þingnefnd að hann ætli að láta þingið fá þær upplýsingar hafi þær enn ekki borist þrátt fyrir eftirgrennslan mína.

Þetta sannar að við þurfum einhvers konar reglur um gegnsæi í eignarhaldi. Þetta á að vera allt uppi á borðinu. Nafn á eignarhaldsfélagi segir ekki hverjir eiga viðkomandi fjölmiðil.

Að lokum langar mig að benda á þá stöðu sem hv. stjórnarþingmenn eru í. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir í fjölmiðlum að hann sé sannfærður um að ef hv. þm. fylgdu sannfæringu sinni mundi þetta mál ekki nást í gegn. Við sjáum að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem er núna búinn að vera þingmaður í eitt ár alveg eins og ég, hélt því fram fyrir þremur árum að samkeppnislög ættu ekki rétt á sér. Með leyfi forseta segir hann:

„Ef aðili á markaði níðist á neytendum eða öðrum aðilum á markaði eiga markaðslögmál að fá að leiðrétta slíkt en ekki eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera.“ — Hann er einnig spurður í þessu sama viðtali í tímaritinu Lagakrókar sem kom út 2001: Hver eiga viðurlög við brotum og samkeppnislög að vera? Svar hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar er eftirfarandi, með leyfi forseta: „Þar sem ég er ekki mótfallinn samkeppnislögum tel ég að viðurlögin eigi engin að vera.“

Núna þegar hv. þm. er búinn að vera þingmaður í eitt ár er hann tilbúinn að styðja eina ströngustu fjölmiðlalöggjöf sem til verður á Vesturlöndum (**JBjarn:** Ha?) en hann er á móti samkeppnislögum sem eðli málsins samkvæmt ganga miklu skemur en þessi sértæka löggjöf sem við hér stöndum frammi fyrir, þetta alvarlega inngrip í hinn frjálsa markað.

Það breytist ýmislegt þegar menn setjast á þing eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur margoft sýnt í allri umræðu um menntamál. Fyrrverandi stúdentaleiðtogi svarar ákalli stúdenta eftir hjálp í baráttu sinni við stjórnvöld svo að hún sé einfaldlega í hinu liðinu, í stjórnarliðinu. Þetta segir hv. þm. Dagný Jónsdóttir framsóknarkona á sinni eigin heimasíðu.

Hvað á þjóðin að halda þegar hún kýs nýtt fólk á þing og hefur hugsanlega einhverjar vonir um að það geti breytt einhverju en um leið og það kemst að kjötkötlunum gleypir það allt ofan í sig? Það er alveg með ólíkindum hvað þingmenn geta farið illa með hugsjónir og sannfæringu.

Hvernig stendur svo á hinni æpandi þögn Framsfl. í þessu máli? Það var alveg eins og þegar við vorum að ræða skipun í Hæstarétt þegar hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason var fundinn sekur um að brjóta a.m.k. þrenn lög, dómstólalög, stjórnsýslulög og jafnréttislög. Þá tóku framsóknarmenn ekki þátt í þeirri umræðu á þingi, utandagskrárumræðu um málið. Þeir sendu ekki fulltrúa sem er afskaplega óvenjulegt. Þeir sem til þekkja á þinginu vita að í öllum utandagskrárumræðum sendir hver einasti flokkur tvo fulltrúa í slíka umræðu en þeir þögðu í því erfiða máli. Framsfl. þegir líka í þessu máli. Þegar kemur að erfiðum málum virðist Framsfl. gufa upp.

Ég sakna þess að heyra ekki meira í fulltrúa Framsfl. í allshn., hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Hún er eini fulltrúi Framsfl. í allshn., sem sagt oddamaður í þeirri nefnd, þannig að hún gæti gegnt lykilhlutverki í að ná breytingum á þessu máli eða jafnvel koma í veg fyrir að það kæmist úr nefndinni svo maður gæti unnið það almennilega. Af hverju er hún ekki hér og tekur þátt í umræðunni? Ég trúi reyndar ekki öðru en að hv. þm. Jónína Bjartmarz, sem ég hef mikið álit á, láti sér segjast í þessu máli. Andstaða hennar hlýtur að koma hér fram og þá er ég ekki að tala um andstöðu í hjásetu. Hjáseta hér er engin andstaða en að því gefnu að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson muni fella þetta mál, eins og hann hefur sagt, og að því gefnu að hv. þm. Jónína Bjartmarz segi nei við þessu máli eins og ég gæti trúað henni til — reyndar kom samt fram í fjölmiðlum að hún ætlaði að sitja hjá, en látum það vera — þarf bara einn þingmann í viðbót úr stjórnarliðinu til að segja nei í staðinn fyrir já, og þá er málið fellt. (**Gripið fram í:** Hvaða afstaða er hjáseta?) Hjáseta er engin afstaða. Það er leið Framsóknar, þögn og hjáseta.

Það er ágætt að velta fyrir sér að það þarf bara einn stjórnarþingmann úr Sjálfstfl. eða Framsfl. til að segja nei og þá er þetta mál fellt. Það er fróðlegt að vita hvaða þingmaður treystir sér til þess að fylgja sannfæringu sinni. Hugsanlega hefði maður haldið að það yrði einn af þessum ungu hv. þm. Sjálfstfl. sem kenndu sig við frelsi og frjálslyndi í kosningabaráttunni á síðasta ári og í prófkjörum þar á undan. Ég er svartsýnn á að þeir muni fylgja sannfæringu sinni í þessu máli.

Hefur hv. þm. Framsfl. Birkir Jón Jónsson það í sér að fylgja sannfæringu sinni, segja nei og koma í veg fyrir að þetta mál verði samþykkt? Hv. þm. Dagný Jónsdóttir? Ég efa það. Hún er í sínu liði. En það er fróðlegt að vita að hver einasti þingmaður Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir utan þá sem hafa gefið afstöðu sína upp nú þegar varðandi neiið eru ábyrgir ef þessi óskapnaður verður að lögum. Við erum að fara á mjög hálan ís þar sem fjölmörg álitamál hafa risið upp og ekki verið svarað eða mætt og það er á ábyrgð hvers og eins sem styður málið, og það þarf ekki nema einn í viðbót til að segja nei. Þetta stóra grundvallaratriði mun velta á einu atkvæði.

Að lokum vil ég hvetja hv. þm. í Framsfl. og Sjálfstfl. að sofa vel á málinu og hugsa aðeins hvað þeir eru að gera með því að greiða atkvæði með þessu frv. og gera það að lögum. Þetta er enginn leikur. Þetta á ekki að vera eitthvert leynimakk. Við erum að tala um grundvallaratriði sem snertir fjölmiðla í landinu. Við erum að tala um ákvæði eins og eignarrétt, tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi o.s.frv. Hv. þingmenn, lokaorð mín verða: Sofið á þessu og greiðið atkvæði eftir sannfæringu ykkar og þá er tryggt að þessi óskapnaður sem fjölmiðlafrv. er verður ekki að lögum.

[15:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara yfir afstöðu okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og byrja á því að vitna í leiðara Morgunblaðsins í morgun sem fjallar um markmið okkar og reyndar Frjálsl. einnig en í skrifum leiðarahöfundar gætir nokkurs misskilnings. Hann rifjar það upp að í nóvember á síðasta ári hafi þingflokkur Vinstri

grænna flutt þáltill. þar sem lagt var til að fjölmiðlalandslagið yrði kortlagt og í kjölfarið íhugað hvort þörf væri á að setja lög um fjölmiðla. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins vísar í flokkana og segir í niðurlagi leiðarans eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þeir kunna að vera andvígir því, hvernig staðið hefur verið að undirbúningi löggjafarinnar en það er erfitt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að formenn flokkanna tveggja séu sammála þeim markmiðum, sem fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ætlað að ná."

Ég held að þetta sé alveg rétt. Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum sammála þeim meginmarkmiðum sem eru útlistuð í greinargerð með frv. Við teljum hins vegar að frv. eins og það er úr garði gert nái ekki þessum markmiðum. Þvert á móti verði niðurstaðan þveröfug og ég mun færa rök fyrir máli mínu.

Í greinargerð sem fylgir fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar er ítarleg úttekt svokallaðrar fjölmiðlanefndar sem ríkisstjórnin skipaði í vetur á grundvelli þáltill. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafði forgöngu um. Í greinargerð þáltill. VG sagði m.a., með leyfi forseta:

„Fjölmiðlar eru ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar. Þeir hafa einnig undirstöðuhlutverki að gegna við að tryggja málfrelsi. Á fjölmiðlamarkaði þarf að ríkja fjölbreytni svo að almenningur fái upplýsingar úr ólíkum áttum. Mjög varhugavert er að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins. Slíkt skapar hættu á að ólíkum sjónarmiðum sé gert mishátt undir höfði og fjölmiðlarnir ræki ekki sem skyldi aðhalds- og gagnrýnishlutverk sitt. Fjölmiðlar verða að njóta frelsis og sjálfstæðis, vera fjölbreyttir að gerð og eiginleikum og óháðir hver öðrum til að öll framangreind markmið náist. Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því afar varasöm. Einnig er nauðsynlegt að ætíð liggi ljóst fyrir hvernig eignarhaldi fjölmiðla er háttað."

Í frv. ríkisstjórnarinnar eru sem kunnugt er settar ýmsar takmarkanir á eignarhald fjölmiðla. Markmiðið með þessu er skilgreint í upphafsorðum athugasemda sem fylgja frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Frumvarpið er reist á almennt viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútímalýðræðisþjóðfélagi. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Í frumvarpinu er byggt á því að íslensk löggjöf eigi að vera til þess fallin að vernda þessa hagsmuni."

Hér var vitnað í athugasemdir sem fylgja frv. ríkisstjórnarinnar og það er hárrétt hjá leiðarahöfundi Morgunblaðsins að Vinstri hreyfingin – grænt framboð, okkar þingflokkur, er sammála þeim meginmarkmiðum sem þarna er lýst þótt í öðru komi fram ákveðinn misskilningur hjá höfundi. Þessi kjarni máls er hins vegar alveg réttur. Í athugasemdum með þingmálinu segir síðan að frv. sé í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar. Þetta er ónákvæmt og villandi orðalag. Staðreyndin er sú að fjölmiðlanefndin reifaði ýmsa valkosti og er einn þeirra í fullu samræmi við áherslur okkar. Eftir að VG hafði lagt til að úttekt yrði gerð á fjölmiðlamarkaðnum dró heldur betur til tíðinda með stórfelldari samruna og samþjöppun en dæmi hafa verið um hér á landi í seinni tíð.

Á opinberum vettvangi tók ég á eftirfarandi hátt á þessum málum í pistli sem ég skrifaði 1. febrúar undir fyrirsögninni Fjölmiðlar verða að vera stöndugir. Sömu áherslur og hér koma fram höfðu áður birst í fjölmiðlum og vísa ég þar m.a. í fréttir Ríkisútvarpsins frá 31. janúar sl. Pistillinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Um helgina var tilkynnt um umtalsverðan samruna á fjölmiðlamarkaði. Undir regnhlíf Norðurljósa sameinast Frétt, útgáfufélag Fréttablaðsins og DV og Íslenska útvarpsfélagið, sem rekur Stöð 2, Bylgjuna, Sýn og fleiri sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Í þessu púkki er einnig Skífan. Fram hefur komið í fréttum að áætluð velta Norðurljósa mun nema 10 milljörðum, þannig að hér er um að ræða stórt fyrirtæki, með mikla veltu og mikinn fjölda starfsmanna.

Þarna eru mikilvægir fjölmiðlar að sameinast og að því leyti sem þetta kemur til með að styrkja rekstur þeirra er þessi breyting jákvæð og til góðs. Það er óhemju dýrt að reka góða vandaða fjölmiðla og það er mikilvægt að fjölmiðlar hafi mjög styrkar fjárhagslegar stoðir svo þeir geti framleitt gæðaefni. Nú er okkur sagt að rekstri þessara fyrirtækja verði haldið aðgreindum þannig að óljóst er að hvaða marki samruninn kemur til með að styrkja fjölmiðlana, að öðru leyti en því að „eigandinn" og þar með bakhjarlinn kann að styrkja sína stöðu. Vafalítið styrkir þetta þó fjölmiðlana óbeint.

Varðandi eignarhaldið þá eru um 60% í hinu nýja eignarhaldsfélagi tengd Baugi og Feng, aðilum sem eru orðnir firnasterkir og áhrifamiklir í íslensku atvinnulífi. Og það er ekkert séð fyrir endann á samþjöppunarferlinu þar. Það er ekki hægt að gefa sér að Morgunblaðið sé eilíft og ef nú svo færi að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi og markaðsvætt þá er sá möguleiki raunverulegur að eignarhald yfir öllum fjölmiðlum í landinu yrði á sömu höndum. Það væri mjög varhugaverð þróun og lýðræðinu beinlínis hættuleg. Í ljósi þessa hefur verið lagt til á Alþingi, að frumkvæði VG, að fjölmiðlar og eignarhald verði skoðað af hálfu löggjafans. Mikilvægt er að sú athugun fari fram.

Ég hef trú á því að afstaða margra komi til með að ráðast af örlögum Ríkisútvarpsins. Ég er þeirrar skoðunar að besta leiðin til að tryggja eðlilega þróun fjölmiðlunar í landinu sé að treysta í sessi öflugt og kraftmikið Ríkisútvarp í eigu þjóðarinnar, sem kjölfestu á þessu sviði og fagna síðan þegar öðrum fjölmiðlum auðnast að bæta fjárhagsgrundvöll sinn.

Með því að vísa algerlega á bug öllum hugmyndum um markaðsvæðingu Ríkisútvarpsins og með því styrkja og efla þá stofnun muni okkur takast að móta farveg fyrir framtíðarþróun sem sátt gæti skapast um."

Hér var vitnað í pistil sem birtist 1. febrúar sl. í þann mund sem greint var frá samruna margra fjölmiðlafyrirtækja undir regnhlíf Norðurljósa.

Þessi afstaða rímar ágætlega við það sem segir í álitsgerð fjölmiðlanefndar samanber eftirfarandi úr skýrslu hennar, með leyfi forseta:

„Við mat á þeim úrræðum, sem til greina kemur að mæla fyrir um til að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði, er óhjákvæmilegt annað en að líta til smæðar íslenska markaðarins. Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í

fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra. Gæta verði þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrifist. Slíkar reglur eru til þess fallnar að vinna gegn því markmiði að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum sem vettvangi fyrir ólík viðhorf til pólitískra og menningarlegra málefna.

Tryggja verður íslenskum fyrirtækjum aðstæður þar sem þau fá þrifist og eflst. Frá viðskiptalegu sjónarmiði verður því heldur ekki neitað að því stærri og öflugri sem innlend fyrirtæki eru, því minni hætta er t.d. á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila. Þá er það einnig forsenda þess að þau hafi burði til þess að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þetta sjónarmið skiptir máli varðandi eflingu innlendrar menningar sem mótvægis gegn erlendri fjöldamenningu, sem nú þegar er mjög áberandi í íslenskum fjölmiðlum, einkum sjónvarpi."

Sem áður segir eru þetta svipuð viðhorf og áður höfðu verið viðruð úr ranni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þótt ég hafi ákveðnar efasemdir um það sjónarmið að því stærri og kröftugri sem fjölmiðlar verði því minni líkur séu á erlendri yfirtöku. Þetta tel ég að hljóti að orka tvímælis. Er ekki líklegra að þá fyrst vilji erlendir aðilar fjárfesta í íslenskum fjölmiðlum að þeir telji þá vera burðuga og til einhverra afreka líklegir? En látum það liggja á milli hluta og víkjum að þeirri tillögu fjölmiðlanefndar sem ég gat um fyrr að væri í samræmi við hugmyndir VG. Þetta er sú tillaga sem nefndin leggur fyrst til og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði. Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað verði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun.

Nefndarmenn deila því almenna viðhorfi að takmarka beri afskipti ríkisins af fyrirtækjarekstri og atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta sinnt. Engu að síður telur nefndin eðlilegt að leggja til að hugað verði að því að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings. a) Í fyrsta lagi má vísa til framangreindra tilmæla Evrópuráðsins R (99) 1 þar sem mælt er með því að þessi leið sé farin. b) Í öðru lagi er bent á þetta sem æskilega leið til að tryggja þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi og þar með til að mæta skyldum ríkisins í þessum efnum. Er bent á að því er gjarnan haldið fram að einkareknir fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að vera mun einsleitari í dagskrá en almenningsútvarp til að mæta kröfum þorra neytenda um skemmtun og létta afþreyingu. Slíkt efni verði þá jafnvel uppistaðan í dagskrá miðils, gjarnan á kostnað upplýstrar og málefnalegrar umræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni, einkum þeirra miðla sem byggja rekstur sinn á auglýsingum og kostun. c) Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni. d) Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum."

Ekki skrifa ég upp á allt sem þarna er sagt og vísa þar til neikvæðrar afstöðu nefndarinnar til ríkisreksturs. Að flestu öðru leyti er þetta hins vegar sem talað út úr mínu höfði samanber fyrri yfirlýsingar og í fullu samræmi við málflutning þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við höfum verið með samfellu í okkar málflutningi. Við óskuðum eftir því að úttekt yrði gerð á fjölmiðlamarkaðnum á Íslandi. Við höfum kallað eftir umræðu á framtíðarskipan á því sviði. Þegar skýrsla fjölmiðlanefndar sem fékk þetta viðfangsefni í hendur lá fyrir setti hún fram tillögur. Hennar fyrsta tillaga, sú tillaga sem nefndin forgangsraðaði, var tillaga sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á fyrir sitt leyti og hefði getað skrifað upp á.

Að öðru leyti höfum við haft fyrirvara um afstöðu okkar. Við höfum viljað fá niðurstöðu í umræðuna um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins. Eins og nú má ljóst vera er forsenda þess að rætt verði um nauðsyn lagasetningar sú að áður taki menn ítarlega umræðu um framtíð Ríkisútvarpsins. Í því sambandi höfum við bent á að ýmsar blikur séu á lofti.

Í fyrsta lagi hefur landsfundur Sjálfstfl. ályktað um fyrstu skref að markaðsvæðingu Ríkisútvarpsins á eftirfarandi hátt og vísa ég þá í 35. þing Sjálfstfl. í mars 2003. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Skylduáskrift að fjölmiðlum verði afnumin nú þegar. Íslenskir neytendur eiga sjálfir að ráða hvort og hvaða fjölmiðla þeir kaupa. Endurskoða skal hlutverk ríkisins á þessum markaði."

Í tengslum við landsfund Sjálfstfl. var eftirfarandi haft eftir þáverandi menntmrh. flokksins í fréttum Ríkisútvarps 29. mars 2003, með leyfi forseta:

„Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra segir Sjálfstæðisflokkinn vilja afnema skylduáskrift að Ríkisútvarpinu náist samkomulag um að breyta rekstrarfyrirkomulagi stofnunarinnar. Flokkurinn vilji gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi en Framsóknarflokkurinn hafi hindrað það. Tómas Ingi telur ekki skynsamlegt að ráðast í breytingar á lögum um Ríkisútvarpið meðan ekki næst samkomulag um að breyta stjórn stofnunarinnar og rekstrarformi þannig að Ríkisútvarpið verði hlutafélag. Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hefur verið unnið í menntamálaráðuneytinu og í því er gert ráð fyrir að skylduáskriftinni verði breytt."

Á síðasta þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna, 37. þingi þeirra, var eftirfarandi að finna í ályktun, með leyfi forseta:

„SUS telur mikilvægt að hafist verði handa við að undirbúa einkavæðingu á Íslandspósti, Landsvirkjun, Rafmagnsveitu ríkisins, orkuveitum sveitarfélaga, Ríkisútvarpinu og að Rás 2 verði seld þegar í stað."

Þetta var um stefnumótun landsfundar Sjálfstfl. annars vegar og Sambands ungra sjálfstæðismanna hins vegar.

Þá er á það að líta að fyrir Alþingi liggur núna frv. þriggja þingmanna Sjálfstfl. þar sem segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Stofna skal hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004. Hlutverk félagsins er að annast þá starfsemi sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Við gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra þriggja manna nefnd sem annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags skv. 1. mgr. Nefndin undirbýr löggerninga er varða stofnun hlutafélagsins og fyrirhugaða starfsemi og aflar nauðsynlegra leyfa til útvarpsrekstrar í umboði menntamálaráðherra og í samráði við útvarpsráð. Löggerningar þessir skulu hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Stjórnendur og starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu veita nefndarmönnum nauðsynlega aðstoð.

Útvarpsráð skal skilgreina verkefni sem því ber að vinna samkvæmt lögum þessum og semja fjárhagsáætlun til að standa undir þeim verkefnum tímanlega fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005. Skal því heimilt að ráða sérfræðinga til þess verks að undangengnu útboði ef þörf er á.

Hinn 1. janúar 2005 tekur Ríkisútvarpið hf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og skal Ríkisútvarpið þá lagt niður."

Þetta segir í þingmáli, í frv. sem liggur fyrir þinginu og er flutt af þremur þingmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Birgi Ármannssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni og Pétri H. Blöndal. Þetta er ekki meiri hluti þingflokks Sjálfstfl. en ég er að sýna fram á málflutning flokksins, samþykktir landsfundar Sjálfstfl., samþykktir landsfundar ungra sjálfstæðismanna og síðan baráttu þingmanna flokksins innan veggja Alþingis.

Nú er ég að fjalla um hið pólitíska umhverfi, þær blikur sem eru á lofti. Þá vil ég nefna að formenn stjórnarflokkanna hafa lýst því yfir að þeir telji tímabært að afnema afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Ekki kveðjast þeir sjálfir vilja þrengja að Ríkisútvarpinu, en hvað með flokka þeirra? Stendur til að setja Ríkisútvarpið á fjárlög líkt og Landspítala – háskólasjúkrahús? Er það besta tryggingin fyrir viðgangi RÚV? Þetta er spurning sem þarf að fá svar við.

Við höfum rætt það áður á Alþingi hvort leggja beri afnotagjöldin af. Það kann að vera hyggilegt að færa þennan gjaldstofn yfir í annað form, yfir á fasteignir eða eitthvert annað form. Sjálfsagt er að íhuga slíkt en ég tel mjög mikilvægt að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Á sínum tíma veitti ég formennsku nefnd sem endurskoðaði útvarpslögin, það var fyrir 1990, 1989 held ég að það hafi verið. Þá var farið mjög rækilega í saumana á þessum málum og könnuð viðhorf á Norðurlöndum, Bretlandi og víðar og alls staðar varð niðurstaðan sú að mikilvægt væri að tryggja sjálfstæði ríkisútvarps. Ég minnist þess í umræðu um það málefni á Alþingi að þá kom það fram í máli margra að þótt tekjurnar yrðu skertar væri ekki þar með gefið að fjárstreymið úr ríkissjóði yrði aukið að sama skapi.

Þá vil ég nefna að þingmenn stjórnarmeirihlutans úr báðum flokkum hafa lýst þeirri skoðun sinni að tími sé kominn til að taka auglýsingatekjur af Ríkisútvarpinu. Þetta hefði í för með sér mikinn niðurskurð og yrði RÚV ekki svipur hjá sjón eftir að hafa verið svipt þessum tekjustofni. Hver er raunverulegur vilji stjórnarflokkanna í þessu efni? Við verðum að fá botn í þetta. Vildum við draga úr þessum tekjustofni eða minnka hann, gera Ríkisútvarpið minna háð auglýsingatekjum en nú er, jafnvel þurrka þær út? Ég er ekki á því máli að það eigi alveg að þurrka þær út en ég tel stefna í óefni hvað það snertir. Þá er einfaldlega á það að líta að þetta er umtalsverður þáttur í veltu Ríkisútvarpsins og ef þessi tekjustofn yrði skertur mundi það óhjákvæmilega leiða til samdráttar hjá stofnuninni.

Enginn vafi leikur á því í mínum huga að yrði niðurstaðan sú að einkavæða Ríkisútvarpið þyrfti að setja stranga eignarhaldslöggjöf. Það þyrfti hins vegar að gera að mjög yfirveguðu máli og er stórháskalegt að hrapa að niðurstöðu eins og nú stefnir í. Það er stórháskalegur hlutur. Lítum nánar á markmið þeirrar lagasetningar sem nú er til umræðu og skal þar vísað í upphaf þessarar umfjöllunar þar sem markmið frumvarpshöfunda eru tíunduð. Hér skal vikið að nokkrum efnisþáttum fyrir sig og ýmsum flötum velt upp.

1. Er það rétt staðhæfing að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi? Það segir í greinargerð frv. Ég tel það vera vafasama fullyrðingu að samþjöppun í eignarhaldi sé ávísun á minni fjölbreytni í dagskrárefni og umfjöllunarefni fjölmiðla almennt. Þannig eru litlir fjölmiðlar að mínum dómi líklegri til að bjóða upp á einsleitara efni en stórir og fjárhagslega öflugir fjölmiðlar. Íslenskur markaður er einfaldlega svo smár að eftirspurn minnihlutahópa er aldrei af þeirri stærðargráðu að afnotagjöld eða auglýsingatekjur standi straum af mjög sérhæfðri þjónustu. Þvert á móti er samþjöppun líklegri til að auðvelda fjölbreytni í efnisvali, í innihaldi, í dagskrárgerð.

2. Fjölmiðlar eru mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Svo segir í greinargerð frv. Undir þessi sjónarmið skal tekið en vísað í fyrri rökstuðning varðandi nauðsyn þess að fá niðurstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins. Einokun á höndum fárra einstaklinga eða fyrirtækjasamsteypu getur að mínu mati verið lýðræðinu háskaleg. Hér getur fjölbreytni í eignarhaldi því skipt máli.

Í málflutningi þingmanna VG hefur verið hamrað á nauðsyn þess að gefa málinu aukið svigrúm til vandaðrar umræðu. Það hefur sannast á þeim dögum sem liðnir eru frá því að frv. kom fram. Umræðan hefur þroskast mikið en margt er órætt. Ég tel t.d. að ræða þurfi miklu betur þá þætti sem hljóta að teljast kjarninn í umræðunni, í fyrsta lagi vald yfir fjölmiðli og stýring, í öðru lagi hvaða þættir ráði um fjölbreytni. Um þetta tvennt ætla ég að nefna nokkur atriði sem þurfa skoðunar við.

1. Hvernig á að stýra almannaútvarpi til að koma í veg fyrir pólitíska misnotkun? Enda þótt eignarhald skipti máli skiptir enn meira máli hvernig með það er farið. Í þeim skilningi að almannaútvarp skuli lúta lýðræðislegri stjórnun hef ég aldrei haft minnstu efasemdir. Þegar við tölum um lýðræðislega stjórnun er ég í og með að vísa í pólitíska stjórnun. Mér finnst að menn þurfi að fara varlega í að skilgreina pólitík sem eitthvað óhreint og óæskilegt. Það þarf hins vegar að hafa þar skynsamlegt fyrirkomulag og koma í veg fyrir pólitíska misnotkun. Hér gæti t.d. skipt höfuðmáli, og skiptir höfuðmáli, hvernig skipað er í útvarpsráð, og nú vísa ég til Ríkisútvarpsins, eða í samsvarandi stjórn og þá einnig hvaða verkefni slíkri stjórn er falið. Ég vitnaði áðan í starf nefndar frá árinu 1989 sem ég sat í. Þar var þetta einmitt mikið rætt og fundin leið sem ég tel hafa verið mjög góða sem byggði á því að til þess að komast að niðurstöðu um mikilvæg málefni þyrfti að myndast breið samstaða á milli þeirra sem skipaðir væru í útvarpsráð af pólitískum

flokkum og öðrum aðilum sem kæmu úr röðum starfsmanna og hugsanlega víðar að.

2. Hver er máttur eignarhaldsins? Ekki velkjumst við í vafa um að hann er mikill enda meginástæðan fyrir stuðningi mínum við almannaútvarp. Á endanum er það eigandinn sem hefur ráðin í hendi sér. Um þetta má nefna mörg dæmi. Ég nefndi fyrr við umræðuna dæmi af viðtali sem ég sá við ritstjóra breska blaðsins New Statesman sem hafði gagnrýnt breska forsætisráðherrann mjög harðlega, sagt að honum bæri að víkja, og hann var spurður hvort þetta mundi hafa áhrif á stöðu hans sem ritstjóra. New Statesman er mjög tengt Verkamannaflokknum. Ritstjórinn kvaðst ekki telja að sú yrði raunin en bætti því við að þegar upp yrði staðið væri það að sjálfsögðu eigandinn sem réði. Það væri hans að taka endanlega ákvörðun. Við höfum lagt áherslu á að eignarhald fjölmiðla yrði jafnan að vera gagnsætt þannig að lesendur eða hlustendur vissu um eignatengslin og gætu þannig lagt saman tvo og tvo og dregið sínar eigin ályktanir. Mín skoðun er sú að í þessu gagnsæi felist í rauninni besta vörnin.

3. Mig langar til að víkja að mætti auglýsinganna. Þessi þáttur málsins hefur of lítið verið ræddur en ég minnist þess úr fréttamennsku að fréttamönnum á blöðum, ekki síst þeim sem stóðu fjárhagslega illa, stóð minni stuggur af eigendum en auglýsendum. Þeir voru alltaf á nálum gagnvart þeim, síðari hópnum. Máttur auglýsinganna hefur þegar svipt Ríkisútvarpinu að mínu mati verulega af leið, kostun t.d. er augljóst inngrip auglýsenda í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins. Um þetta þekkjum við öll dæmi og ég ætla ekki að dvelja við það en þetta er mjög alvarlegur hlutur. Einnig má líklegt heita og hef ég reyndar nokkra vissu fyrir því að Ríkisútvarpið láti auglýsendur talsvert stýra áherslum sínum í dagskrárgerð.

Þá er vert að spyrja: Gæti markaðsráðandi fyrirtæki hugsanlega stýrt fjölmiðli á markvissari hátt í krafti auglýsinga en með eignarhaldi? Þetta er áleitin spurning sem þyrfti að ræða í þaula. Vegna þess að það er Baugur sem hefur verið efst á baugi má spyrja hvort hann gæti ekki haft sín áhrif ef hann á annað borð vildi í gegnum auglýsingar þótt hann dræegi sig út úr eignarhaldinu en hefði eftir sem áður mátt auglýsandans. (**Gripið fram í:** ... markaðsráðandi ...) Já.

4. Þá er áleitin spurning í tengslum við auglýsingar þessi: Er hætta á því að stýring á fjölmiðlum í krafti auglýsinga geri efni þeirra einsleitara en stýring í krafti eignarhalds? Hér vísa ég í tilvitnun mína úr fjölmiðlanefndinni áðan sem var með slíkar vangaveltur uppi.

5. Er hægt að setja reglur til að vernda fréttamenn? Menn hafa rætt það nokkuð í tengslum við þetta frv. Sú spurning hefur verið talsvert til umræðu sem ég segi og hallast ég að því að þetta gæti reynst mjög torvelt. Besta vörnin að mínum dómi fyrir frjálsa og faglega fréttamennsku er innri styrkur fjölmiðilsins. Fréttamenn á öflugum fjölmiðli sem stendur styrkum fótum með sterku starfsmannafélagi eru líklegri til að standast óeðlilegan utanaðkomandi þrýsting en fréttamenn á vanmáttugum miðli. Síðan þarf að hafa það í huga að fréttamenn eru ekki heilagir. Ef fréttamenn þjóna duttlungum sínum á ómálefnalegan og ófaglegan hátt þarf ekki að vera neitt við það að athuga að eigandi eða verkstjórnendur grípi í taumana.

Þetta var um sjálfstæði fréttamanna. Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um innri styrk fréttastofunnar, ég held að reynslan sýni það, og síðan gagnsæi, að menn viti hver er eigandinn og allt sé uppi á borði í þeim efnum.

Menn hafa rætt talsvert um stjórnarskrárþátt þessa máls. Þar hef ég ekki verið á sama róli og margir aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar. Ég hef verið með aðrar áherslur þar þó að ég beri mikla virðingu fyrir sjónarmiði þeirra sem vilja leita af sér allan vafa eða telja sig þurfa á dýpri og meiri umræðu að halda um það. Stjórnarskrá lýðveldisins á að vera okkur heilög, á að skipta okkur máli þannig að það er mjög mikilvægt að taka þá umræðu vel.

Varðandi stjórnarskrána er vitnað í þrjár greinar, 72., 73. og 75. gr. Skal nú vikið að hverri grein um sig örfáum orðum.

Í 72. gr. stjórnarskrár Íslands er eignarrétturinn skilgreindur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi."

Samkvæmt þessu getur Alþingi sett lög sem skerða eignarréttindi að uppfylltu því skilyrði að almenningsþörf krefji. Auðvitað er umdeilanlegt hvenær almenningsþörf krefur. Mín skoðun er sú að ef sú staða væri fyrirsjáanleg að eignarhald á öllum eða nær öllum fjölmiðlum í landinu kæmist í hendur eins fyrirtækis, einstaklings eða fámenns hóps einstaklinga væri það ógn við lýðræðið og augljóslega í almannaþágu að reisa við því skorður með lögum. Það er óumdeilanlegt að mikil samþjöppun á sér stað á fjölmiðlamarkaði og væri hún alger ef ekki nyti við Ríkisútvarpsins á ljósvakanum og Morgunblaðsins í prentmiðlum. Þessu síðastnefnda má að sjálfsögðu snúa við. Ef ekki nyti við Fréttablaðsins og DV væri einokun Morgunblaðsins alger. Um framtíð Morgunblaðsins er ekkert hægt að fullyrða, enda háð lögmálum markaðar. Sama gildir um Fréttablaðið og DV. Í ljósi þessa höfum við spurt um pólitísk áform varðandi framtíð Ríkisútvarpsins og þar eru sem áður segir blikur á lofti. Það er matsatriði að hvaða marki nauðsynlegt sé að reisa lagalegar skorður við eignarhaldi. Um það eru menn einfaldlega ósammála og stendur þá spurningin um það fyrst og fremst hvað beri að útkljá, hver hafi rétt fyrir sér. Hver og hvar á að meta almenningsþörfina? Eiga dómstólar að gera það eða lýðræðislega kjörinn löggjafinn?

Ég hallast mjög eindregið að síðari kostinum. Auðvitað eru dómstólarnir öryggisventill í þessu efni en ég tel að þeim beri að líta svo á að Alþingi hafi rúmar heimildir til að meta almannahagsmuni. En er þá sama hvernig staðið er að verki? Síður en svo. Það er einmitt grundvallaratriði að fram fari djúp og vönduð umræða um mál af þessum toga. Lýðræðið snýst ekki eingöngu um að kjósa menn á þing og að þeir setji síðan lög. Lýðræði er vönduð og opin umræða um sjálfa lagasmíðina sem allir hafi aðgang að. Þetta tel ég vera grundvallaratriði.

Að öðru leyti er vikið að rétti til bóta í þessari grein. Það hlýtur að ráðast af aðstæðum hverju sinni. Í þessu tilviki er bent á að í lögunum sé ákvæði um aðlögunartíma sem menn skuli hafa til að firra sig tjóni. Nú hefur þessum ákvæðum reyndar verið breytt í frv. Lögin verða stjórnskipulega gild en geta leitt til bótaskyldu ef sá sem verður fyrir skerðingu á eignarréttindum umfram aðra getur ekki með aðgerðum sem sanngjarnt er að krefjast af honum komist hjá tjóni. Þessi þáttur virðist mér vera afar óljós í þessu máli og rennir ríkisstjórnin blint í sjóinn hvað það varðar. Sú breyting sem undir það síðasta var gerð á frv. dregur að mínu mati úr líkum á bótaskyldu ríkisvaldsins.

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Hér snýst ágreiningurinn um það hvort heimilt sé að setja í lög ákvæði um skilyrði þess að veitt sé útvarpsleyfi að því gefnu að málefnaleg sjónarmið liggi að baki ákvæðunum. Þetta er nú þegar gert í 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, t.d. að leyfishafi þurfi að hafa staðfestu í EES-ríki og fleira. Ef frv. stenst ekki 73. gr. er rétt að spyrja hvort 6. gr. útvarpslaga standist stjórnarskrá. Þá er ljóst að ýmsir líta svo á að tálmanir á eignarhaldi fjölmiðla jafngildi tálmunum á tjáningarfrelsi. Hvað þetta varðar gilda að mínu mati svipuð sjónarmið og röksemdir og gagnvart 72. gr. Mitt mat er að varasamt sé að leggja að jöfnu réttinn til eignarhalds og réttinn til að tjá sig. Í þessu sambandi mætti spyrja hvort fyrirkomulag eins og var við lýði áður en einokun Ríkisútvarpsins var afnumin hafi gengið á svig við ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins.

75. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu."

Til þess að skerðing á atvinnufrelsi fáist staðist þarf sett lög og að þörf sé á lagasetningunni vegna almannahagsmuna. Hér vísa ég til hugleiðinga minna um 72. gr. Að mínu mati á Alþingi að njóta rúmrar heimildar til að meta almannahagsmuni og virðast dómstólar líta svo á að fara beri afar varlega í að hnekkja því mati.

Í umræðunni hefur iðulega verið skírskotað til svokallaðrar meðalhófsreglu. Skilgreiningu á hugsuninni að baki meðalhófsreglu er að finna í 12. gr. stjórnsýslulaga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til."

Þarna erum við aftur með matskennt orðalag. Ekki verður talið að meðalhófsreglan meini löggjafanum að setja lagareglur sem styðjast við málefnaleg sjónarmið, m.a. að hindra að markaðsráðandi fyrirtæki á öðrum mörkuðum eigi meira en lágmarkshlut í útvarpi. Fyrir því eru málefnaleg rök hvort sem menn eru pólitískt sammála þeim eða ekki. Mergurinn málsins er sá að ákvæði stjórnarskrár eru almenns eðlis og matskennd. Mín skoðun er sú að Alþingi skuli hafa rúmar heimildir til að leggja mat á aðstæður og telji varasama þróun að setja slíkt vald í hendur örfárra dómara. Alþingismenn er hægt að fella í kosningum lúti þeir ekki lýðræðislegum vilja. Ákvarðanir dómara eru hins vegar endanlegar eða geta verið endanlegar á efsta dómstigi. Þegar sagt er að stjórnarskrá skuli látin njóta vafans ber að spyrja hver hafi sáð vafanum. Eru það hugsanlega hægri sinnaðir lögspekingar sem ofar öllu vilja vernda eignarrétt stórfyrirtækja og atvinnurekenda? Viljum við leggja að jöfnu eignarrétt yfir heimili okkar og eignarrétt auðhrings á hálfu hagkerfinu? Þetta krefst sjálfstæðs mats sem á að fara fram í lýðræðislegu samhengi. Sá grunur læðist að manni þegar farið er að rýna í dóma sem iðulega hefur verið vitnað til í tengslum við ofangreint ákvæði stjórnarskrárinnar að hagsmunir stóreignafólks hafi iðulega vegið þyngra en hagsmunir almennings. Hér má vísa í „mannréttindabaráttu" kaupmanna á síðustu öld fyrir því að halda leyfi til að selja brennivín í verslunum þrátt fyrir tilkomu ÁTVR eða réttindi einstaklinga til að standa utan stéttarfélaga og láta samstarfsmenn sína eina um að standa straum af kostnaði við baráttu fyrir réttindum sem þeir síðan njóta sjálfir. Dómskerfið hefur oftar en ekki dregið taum þeirra sem fylgja því sem ég vil kalla andfélagsleg sjónarmið.

Hvers konar eignarhald viljum við á fjölmiðlum? Við viljum dreifða eignaraðild. Hvernig stendur þá á því að allt er talið standa og falla með eignaraðild stórfyrirtækja að Norðurljósum? Gæti það verið vegna þess að vegna stefnu sem hér hefur verið fylgt í efnahagsmála- og fjármálapólitík á undangengnum hálfum öðrum áratug hafi orðið slík samþjöppun í fjármagni að það sé á færi fárra eins og sakir standa að rísa undir svo stórum fjárfestingum sem hér um ræðir? Með einkavæðingu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og síðan stórfelldri einkavæðingu þar sem fáeinum stórum aðilum var stöðugt hyglað var sett í gang rúlletta sem hefur leitt til meiri samþjöppunar á auði og völdum en dæmi eru um í seinni tíð. Ríkisstjórnin hefur þverskallast við kröfum VG að snúa af þessari braut og allar tillögur um takmarkanir á eignarhaldi á sviði fjármála og í efnahagslífinu almennt hafa verið hunsaðar. Það er fyrst núna að ríkisstjórnin bregst við en á þann lítt grundaða hátt sem alþjóð þekkir. Ríkisstjórnin er reiðubúin að taka á yfirborði vandans, einu birtingarformi hans en hafnar því að ráðast að rótum hans.

Fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar er vanreifað. Það krefst miklu meiri og dýpri umræðu og framar öllu þarf að ræða framtíðarskipan fjölmiðla heildstætt, m.a. með tilliti til þeirrar framtíðar sem menn ætla Ríkisútvarpinu áður en ákvarðanir eru teknar um frekari skref. Andstaða mín við þetta frv. byggir á þessu. Hún byggir einnig á því að ég tel að hætta sé á því að frv. sé alls ekki til þess fallið að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Þvert á móti tel ég hættu á hinu gagnstæða, að frv. ef að lögum verður muni veikja þá fjölmiðla sem nú eru starfandi og draga þannig úr fjölbreytni.

Hæstv. forseti. Ég byrjaði á því í upphafi máls míns að vitna í leiðara Morgunblaðsins. Ég hef sýnt fram á að í málflutningi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er samfella. Við óskuðum eftir því að gerð yrði úttekt á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Það var gert. Það var skrifuð ítarleg skýrsla um það efni. Hún liggur nú fyrir. Skýrsluhöfundar reifa ýmsa valkosti fyrir löggjafann. Fyrsti valkostur sem nefndin leggur til er sá valkostur sem við hefðum kosið.

Það er mjög ósannfjarnt, jafnvel óskammfeilið af hálfu stjórnarmeirihlutans að halda því fram að mótsagnir séu í málflutningi okkar. Það er síður en svo. Þar er fullkomin samfella á ferð. En að lokum vil ég segja þetta: Það er margt í þessari fjölmiðlaskýrslu, eins ágæt og hún er að mörgu leyti, sem þarf miklu meiri skoðunar við. Ég nefndi það t.d. í fyrri ræðu minni við þessa 3. umr. að í skýrslunni er gerð grein fyrir fjölmiðlalöggjöf í Danmörku, þ.e. um einn þátt hennar, eignarhaldið. Hvaða kröfur eru síðan gerðar til danskra fjölmiðla? Þarna þarf að skoða samspil löggjafar um eignarhald og síðan þeirrar kröfu sem reist er á hendur fjölmiðlunum til að fá leyfi til að starfa á landsvísu. Reyndar kom eitt mér á óvart í ljósi þess sem sagt var um eignarhald á dönskum fjölmiðlum þar sem m.a. er vikið að eignarhaldi

á prentmiðlunum. Mér var bent á að verið væri að selja ráðandi hlut í Berlingske tidende og sá hlutur yrði hugsanlega keyptur af erlendum aðilum. Hvað sem því líður þótti mér það sem kom fram í þeirri frétt ganga í berhögg við það sem segir um fjölmiðlalöggjöfina í Danmörku. Ég þekki þetta ekki nægilega vel til að geta rætt það af nokkru viti en ég nefni þetta sem dæmi um nauðsyn þess að fara betur í saumana á þessum málum, ekki bara hugrenningar okkar og skiptast á skoðunum um almenn viðhorf heldur þarf líka að fara nánar í saumana á þeirri skýrslu sem frv. byggir á. Það er óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli neita Alþingi um þessa sjálfsögðu kröfu, og ekki bara Alþingi, ekki bara stjórnarandstöðunni á Alþingi heldur er þorri þjóðarinnar á þessu máli einnig.

Fyrr í vikunni var haldinn fjölmennur útifundur á Austurvelli þar sem fólkið veifaði rauðu spjaldi. Á máli knattspyrnunnar þýðir það að verið er að flauta slíka menn út af. Það var vegna vinnubragða ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birtist í dag er 81% andvígt þessu frv. Þó að ég hafi að sjálfsögðu ekki nokkrar forsendur til að meta það fremur en aðrir er ég ekki alveg viss um að það sé einvörðungu andstaða við frv. sem slíkt. Ég held að það sé einnig í bland andstaða við þessi vinnubrögð, að fólk vilji ekki láta bjóða sér þessi ólýðræðislegu og óvönduðu vinnubrögð. Þess vegna ætla ég að ljúka máli mínu á því að harma að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafi ekki orðið við þeirri kröfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi að vísa málinu frá, að skjóta afgreiðslu þess á frest og efna til vandaðrar, djúprar og málefnalegrar umræðu á næstu mánuðum og missirum.

[16:44]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég hef ekki verið á þinginu undanfarna tvo mánuði vegna fæðingarorlofs sem ég kem úr í dag hef ég ekki tekið þátt í þessari umræðu fyrr. Hins vegar hef ég fylgst með henni eins og hægt er, og hægt hefur verið, úr fjarlægð.

Það sem vekur athygli flestra í þessari umræðu er einmitt að maður, hæstv. forsrh., sem hefur setið nú í 13 ár og ætti að hafa stöðu til þess og hefur á stundum, á hátíðisdögum, verið kallaður landsfaðir skuli á þann hátt sem hér birtist með aðgerðum sínum og vinnubrögðum svo til kljúfa þjóðina í herðar niður, að efna til ófriðar með þjóðinni í jafnstóru og -mikilvægu máli og umræða er um fjölmiðla, ekki vegna fjölmiðlanna sjálfra heldur fyrst og fremst þess hlutverks sem fjölmiðlarnir hafa, að tryggja það að lýðræðið sem er það kerfi sem við viljum vinna eftir virki. Það virkar ekki nema upplýsingar komist til almennings.

Þess vegna vil ég hefja ræðu mína á því, virðulegi forseti, að segja sem svo að ég á mjög erfitt með að átta mig á því hvers vegna ríkisstjórnin og sá meiri hluti sem styður hana á hinu háa Alþingi telji að eignarhaldið muni tryggja þau grundvallarmarkmið sem eru fyrst og fremst réttur almennings til að fá hlutlæga og rétta frásögn af því sem gerist, og rétti blaðamanna — ég nota það þá yfir alla starfsmenn í fjölmiðlum — til þess að vinna samkvæmt samvisku sinni og tryggja að almenningur fái hlutlaus tíðindi. Af hverju telja menn að eignarhaldið eitt og sér og breyting á því muni tryggja að þessi markmið náist?

Ég held, virðulegi forseti, að það að ráðast að eignarhaldinu einu og sér dugi ekki til að þessum markmiðum verði náð. Ef hugmyndin er að bjarga hinni íslensku þjóð frá meintum vondum peningamönnum sem í þessu tilviki hafa fyrst og fremst verið tengdir því ágæta fyrirtæki Baugi má segja sem svo að þeir gætu auðveldlega komið sér undan því að vera markaðsráðandi fyrirtæki með því að selja Hagkaup og Skífuna en í morgun var tilkynnt um sölu á Lyfju. Það sýnir kannski í reynd hve máttlaust þetta frv. er að það væri ekki stórt fyrir fyrirtæki eins og Baug sem sennilega hefur 90–95% af starfsemi sinni á erlendum vettvangi að selja þessa hluta. Eftir stæðu þá menn með fyrirtæki sem ekki hefðu markaðsráðandi stöðu á íslenskum markaði. Eftir stæðu þá að stórum hluta, a.m.k. hvað varðar annaðhvort dagblað eða sjónvarp, sömu eigendur. Umræðan sem hér hefur þróast hefur verið afar sérstök og byggt mikið á því hvort menn séu með eða móti búðum, hvort menn séu með eða móti Bónusverslunum. Umræða um fjölmiðla, jafnmikilvæg og hún er, hefur umhverfst í umræðu af þessum toga. Það er afar sérstakt, svo að vægt sé til orða tekið, því að umræða um fjölmiðla er mjög mikilvæg. Fjölmiðlar eru mikilvægir, þess vegna hefur þessi umræða tekið jafnmikinn tíma og raun ber vitni. Þetta er lykilatriði ef við ætlum að reyna að vinna samkvæmt því kerfi sem við höfum og við viljum vinna eftir, lýðræði. Þess vegna þarf ekki að koma á óvart að umræða um þetta mál taki góðan tíma. Ég hef haft möguleika á því í dag að sitja og hlýða á þá umræðu sem fram hefur farið og þar hefur verið dregið fram með mjög skýrum hætti hversu óþroskuð umræðan er hjá okkur og hversu þröngt sjónarhorn þetta frv. hefur á það að tryggja almenningi réttar og hlutlægar upplýsingar og tryggja rétt fjölmiðlamanna. Það er kjarninn í málinu ef þetta á að nást.

Þetta mál snýst hins vegar ekkert um það. Þegar maður rýnir ofan í það enn frekar eins og maður getur kemur á daginn að mínu viti, og það er niðurstaða mín, að frv. snúist miklu frekar um hagsmuni stjórnmálaflokka en hagsmuni almennings. Þetta snýst miklu meira um það að sérstaklega Sjálfstfl. telji að tilteknir fjölmiðlar hafi skapað honum erfið starfsskilyrði og því þurfi að taka á þeim. Það eru því hagsmunir mjög þröngs hóps sem ráða för í þeirri hugmyndafræði sem býr að baki þessu frv. Það er mjög alvarlegt að mínu mati því að hér er um það stórt mál að ræða sem varðar almenning og það má aldrei kristalla svona stórt mál í hagsmunum lítils hóps eða í hagsmunum stjórnmálaflokka. Hugmyndin má ekki vera sú að koma á ógnarjafnvægi milli hugsanlega tveggja stóru flokkanna á þingi, þ.e. Sjálfstfl. og Samf. Það getur aldrei verið markmið svona frv. Þegar maður rýnir í þetta sér maður augljóslega að eins og frv. lítur út nú, hvort sem það kann að taka breytingum eða ekki, er ekki verið að tryggja hagsmuni almennings sem felast í því sem ég rakti áðan og það er heldur ekki verið að tryggja starfsskilyrði fyrirtækja. Þau þarf vitaskuld að tryggja líka af því að við störfum í markaðssamfélagi. Meðan við vinnum eftir því kerfi og höfum það kerfi, og ég hef ekki heyrt nokkurn vilja breyta því nema kannski helst vinstri græna en það er a.m.k. lítill hluti samfélagsins, þarf að tryggja rétt almennings til upplýsinga. Það þarf að tryggja rétt blaðamanna. Hinum megin þarf að tryggja starfsskilyrði fyrirtækjanna en allir þeir sérfræðingar sem hafa komið að þessu og tjáð sig um þessi mál segja að svo sé ekki, það geri það ekki. Hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson benti á það í ræðu fyrir nokkrum dögum að af 90 fyrirtækjum sem högnuðust mest á síðasta ári kunni 60 þeirra ekki að geta fjárfest í fjölmiðlafyrirtækjum. Það hlýtur að vega verulega að möguleikum þessara fyrirtækja til að koma upplýsingunum á framfæri. Ef þetta er gert, ef það

er verið að vega þannig að möguleikum þessara fyrirtækja, er spurningin hvort ríkisstjórnin eigi þá ekki að ganga alla leið, vera bara með ríkisdagblað og hafa þetta allt á höndum stjórnmálamanna. Það er spurning hvort sú sé þá sýnin sem menn hafa á þessi mál. Það er alveg klárt að þetta frv. nær ekki að tryggja hagsmuni almennings í landinu. Þetta er afar sérstakt.

Það er líka afar sérstakt þegar maður lítur yfir skýrslu hinnar svokölluðu fjölmiðlanefndar að skipunarbréf hennar í upphafi hljóðar fyrst og fremst upp á að fjalla um eignarhaldið. Ég ætla ekki að gera neitt lítið úr því að eigendur kunni að hafa áhrif á fjölmiðla og efni þeirra en það tryggir ekki þá hagsmuni sem mér finnst vega þyngst í þessari umræðu. Þetta mál má ekki hverfast um hagsmuni stjórnmálaflokka. Þá eru menn algerlega á villigötum að mínu áliti.

Ég nefndi það áðan að það er líklegt að þetta mál muni ekki bjarga hinni íslensku þjóð frá meintum vondum peningamönnum. Það er slæmt, það er mjög slæmt ef það þyrfti að kaupa upp lýðræðið eða kaupa upp umræðuna og skaða lýðræðið á þann hátt sem það kann að hafa í för með sér. Það er líka jafnslæmt ef stjórnmálamenn hafa þessa sömu stöðu. Það er alveg jafnslæmt og jafnvel verra án þess að ég vilji ræða sérstaklega um þessa tvo möguleika. Í þessu er í mínum huga lykilatriði að hvorug niðurstaðan má verða að veruleika, að peningamenn ráði þessu alfarið eða stjórnmálamenn ráði því alfarið. Þegar maður horfir á þetta út frá því sjónarhorni og út frá því að hæstv. forsrh. sem hefur setið í 13 ár skuli kljúfa þjóðina niður á þann hátt sem hér er gert, og þá kannski fyrst og fremst með vinnubrögðum sínum, hlýtur maður að hugsa til Bandaríkjamanna sem fyrir nokkru síðan settu það í reglur hjá sér að forsetinn megi aldrei sitja lengur en átta ár. Hugsunin á bak við þá reglu er fyrst og fremst að forsetinn lendi ekki í þeirri stöðu að hann fari að rugla saman einkahagsmunum sínum og hagsmunum þjóðarinnar og þá um leið að þjóðin sitji ekki uppi með þá hættu. Það gerðist einu sinni í Bandaríkjunum að forseti sat rúm þrjú kjörtímabil, þ.e. Franklin Delano Roosevelt frá 1932–1945. Það vilja Bandaríkjamenn ekki fá aftur. Slíkt vilja þeir ekki fá aftur. Kannski er ýmislegt sem hefur gerst í forsætisráðherratíð Davíðs Oddssonar, einkanlega á seinni árum, lifandi sönnun þess að við eigum að skoða það mjög vandlega að forsrh. sitji ekki lengur en átta ár, að menn rugli ekki saman prívathagsmunum sínum, hagsmunum stjórnmálaflokka sinna og hagsmunum almennings.

Ég get alveg sagt það hér að mér finnst margt af því sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar gerðu á fyrri hluta valdatímabils hans vera skynsamlegt og gott. (**Gripið fram í:** Nei. Nú er ... ræðumann.) Mér fannst margt af því sem þær ríkisstjórnir gerðu vera mjög gott. Þær opnuðu og breyttu samfélaginu og ég verð að segja alveg eins og er að á þeim tíma voru lögð drög að þeim breytingum sem skiptu hvað mestu í opna samfélaginu í dag. Á hinn bóginn (**KHG:** Tengist þetta eitthvað ...?) verður að segjast alveg eins og er að maður sá að menn höfðu þó hugmyndir og hugsjónir um að koma einhverju í verk en það er algerlega fyrir bí á síðari tímum. Þetta „ástand" á fjölmiðlamarkaði er ekki gamalt, það varð til eftir að þessir meintu vondu peningamenn komu ýmsum fjölmiðlum til aðstoðar sem áttu í erfiðleikum. Hvernig var staðan þá fyrir þann tíma? Ef núverandi fyrirkomulag hefur veitt Sjálfstfl. erfið starfsskilyrði má segja að fyrir þann tíma hafi aðrir stjórnmálaflokkar starfað undir erfiðum starfsskilyrðum þar sem Morgunblaðið réði miklu í umræðunni og svo ríkisfjölmiðlarnir.

Þá spyr maður: Ef þetta var allt saman til að bjarga almenningi frá því að fá ekki nægilega vönduð og fjölbreytileg viðhorf, af hverju kom þetta ekki fram þá? Þegar rýnt er í þetta eins og hægt er og ef maður reynir að skilja umræðuna, reynir að draga út kjarnann og það út úr því að þetta mál snúist ekki með og móti búðum, hvort það eru Bónusbúðir eða einhverjar aðrar — ef maður er ekki með er maður á móti — sýnist mér og virðist það snúast um það að bæta starfsskilyrði Sjálfstfl. í íslensku samfélagi. Það sé í raun og veru kjarni þessa máls.

Í dag hafa menn einmitt dregið fram efasemdir um að eitthvað af þessu kunni að standast stjórnarskrána. Ekkert vil ég um það fullyrða hér en hins vegar verður að segjast eins og er að þegar slíkar efasemdir eru settar fram af ýmsum vönduðum mönnum, eins og t.d. Sigurði Líndal og fleirum, spyr maður: Geta það verið almannahagsmunir að setja reglur sem fara í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar? Er það virkilega hugsanlegt að það séu bara almannahagsmunir sem þar er verið að berjast fyrir?

Virðulegi forseti. Það er óskaplega erfitt að skilja það þannig að það geti hugsanlega verið nema þá að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar séu ekki endilega í anda almannahagsmuna. Lái mér hver sem vill en það er óskaplega erfitt að átta sig almennilega á því hvað verið sé að fara nema ganga erinda einhvers mjög þröngs hóps vegna þess að honum hafa verið sköpuð erfið starfsskilyrði að þeirra eigin mati. Vandinn er líka sá að ef við reyndum að átta okkur á því hvað það er nákvæmlega sem er svona erfitt voru svörin þau: Lesið þið Baugstíðindi? Asnist menn til þess og finna ekki dæmin er það þeirra vandamál. Við, margir þessir óbreyttu þingmenn, áttum okkur ekki á því hvar vegið er að þessum starfsskilyrðum og það vantar því inn í umræðuna að draga það fram. Hvar er vegið að þeim? Af hverju gera menn okkur þá ekki grein fyrir því? Þá ættum við auðveldara með að fara yfir málið. Við greinum þetta ekki alveg sjálf. Það er ekki hægt að leyna okkur upplýsingum, eða býr eitthvað allt annað að baki þegar upp er staðið? Hafa menn einhverjar upplýsingar sem þeir liggja á og ætla að nota einhvern tíma seinna? Er það það sem þetta mál snýst um? Af hverju er ekki hægt að segja okkur frá því af því að við áttum okkur ekki almennilega á því hvað verið er að fara? Er eitthvað í þessu máli — það hlýtur eitthvað að vera — sem við ekki sjáum og menn liggja á? Af hverju fer ekki fram almennileg umræða um þetta? Af hverju eru stjórnarþingmenn á flótta úr salnum? Af hverju tala þeir ekki máli sínu? Af hverju leggja þeir ekki þessi rök fram og segja: Þið eruð bara á villigötum. Þetta er svona og svona. Þetta eru einhverjir vondir peningamenn sem eru að reyna að hirða lýðræðið. Þeir þurfa að leggja fram rökin, B-þátturinn þarf að fara fram. En svo er ekki. Þetta er einræða sálarinnar að einhverju leyti, stjórnarandstöðunnar.

Svo er alveg dásamlegt að einstakir fjölmiðlar segja að stjórnarandstaðan fjalli ekkert um málið, þetta sé allt um eitthvert form. Það eina sem við biðjum um er að við séum upplýst um á hvaða ferðalagi ríkisstjórnin er. Það er allt og sumt sem við biðjum um. Það hefur ekki verið hægt að útskýra það og það hefur ekki verið hægt að tína til dæmin um hvar verið sé að bjarga mönnum. Hvernig getur þá umræðan almennilega farið fram?

Ég hef setið hér í allan dag og hér hafa menn flutt margar ágætar ræður eins og t.d. hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson þar sem hann dró einmitt fram mjög marga hluti sem skipta

máli. Það gerði einnig hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hér talaði fyrir sínum sjónarmiðum og gerði það, eins og fleiri, ágætlega. Menn hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ríkisstjórnin þarf þess hins vegar ekki. Ef þeir eru ekki með okkur eru þeir á móti okkur, með vondum peningamönnum. Slík umræða er ekki boðleg í samfélagi sem telur sig vera þroskað. Það er lágmarkskrafa að menn komi fram og kveði okkur þá í kútinn, færi a.m.k. fram sjónarmið. Svo er ekki. Það er alveg sama hvort horft er til hagsmuna almennings eða hagsmuna þessara fyrirtækja, hvorugur hópurinn nýtur góðs af þessu frv. Hvar liggja þá hagsmunirnir? Er verið að tryggja ógnarjafnvægi stærstu stjórnmálaflokkanna?

Virðulegi forseti. Þetta er stórt mál og grafalvarlegt. (**GAK:** Sáttin.) Það sást undir hælana á einum hv. stjórnarþingmanni í gættinni. Allir helstu sérfræðingar sem fjallað hafa um málið segja að þetta sé ekki gott. Einhverjar upplýsingar hlýtur ríkisstjórnin að hafa á stjórnarheimilinu sem við höfum ekki. Það er búið að leita upplýsinga alls staðar. Allir komast að sömu niðurstöðu. En af hverju segja þeir okkur ekki, hv. þingmenn, á hvaða villigötum við séum, að þeir séu að bjarga þjóðinni frá vondum peningamönnum? Af hverju færa þeir ekki rök fyrir máli sínu? Er engin krafa um það lengur í stjórnmálaumræðu að menn færi rök fyrir máli sínu? Af hverju svara menn ekki spurningunni: Af hverju? Af því að þeir meta einhverja stöðu vonda fyrir sig? Það er ekki nóg.

Við stjórnmálamenn erum þjónar almennings og eigum að vinna sem slíkir. Líklega er þó svo að þegar ríkisstjórnin hefur setið jafnlengi og raun ber vitni og menn sjá drauga í hverju horni kunna svona hugmyndir að fæðast.

Það má líka nefna annað lítið dæmi um óvönduð vinnubrögð sem mér finnst kannski, eins og hér hefur komið fram áður, fara alveg óskaplega fyrir brjóstið á mönnum án þess að ég hafi einhverja sérstaka möguleika á að fullyrða slíkt. Þau vinnubrögð að troða ofan í kokið á fólki reglum sem lúta að kjarna lýðræðisins og hvernig það virkar mælast ekki vel fyrir. Sem dæmi má nefna að útvarpsleyfi eru veitt til einstaklinga jafnvel eða fyrirtækja en síðan mega einhverjir ekki eiga meira en eitthvert x-hlutfall í fyrirtækjum sem reka útvarp. Þetta er dæmi um það hvernig útvarpsréttarlög og þessar hugmyndir passa ekki saman. Það er samt alveg sama hvaða rök eru færð fram. Í stað þess að koma fram og ræða efnislega um málið er frekar æpt og gólað að vanda á stjórnarandstöðuna að hún sé með málþóf, og það þó að menn séu búnir að fara ítarlega og efnislega yfir málið frá a til ö. Alltaf heitir það að hún sé með málþóf. Hvernig má það vera að umræða og umræðuhefð þroskist með einhverju viti þegar menn komast upp með þetta? Ef menn fínkemba t.d. orðræður hæstv. forsrh. um þetta mál finna þeir engin, ég fullyrði það, vitiborin rök fyrir því að fara þessa leið. Hvort hann lumi á einhverjum upplýsingum sem hann spilar út síðar veit ég ekkert um. En það er ekki hægt að byggja á þeim upplýsingum nú, þegar þær liggja ekki fyrir.

Virðulegi forseti. Vissulega hefur verið rætt margt og mikið um þetta mál. Það hlýtur að vekja alveg sérstaka athygli í ljósi markmiða frv., þ.e. þeirra markmiða um eignarhaldið að það eigi að tryggja fjölræði í fjölmiðlum og skapa nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði, að þeir sem kannski mesta þekkingu hafa á þessum hlutum, þ.e. samkeppnisreglum, hvernig þær virka og hvað er líklegt að hafi áhrif, segja að þetta hafi akkúrat öfug áhrif. En það er bara ekki hlustað á nokkurn einasta mann.

Virðulegi forseti. Ég held að stjórnarandstaðan í þessu máli hafi kallað eftir eins miklum upplýsingum og hægt er og dregið þær fram. Allar þær upplýsingar benda í sömu átt. Setjið þetta á frost og skoðið það frekar. Áttið ykkur almennilega á því hvaða markmiði þið eruð að reyna að ná og hvaða afleiðingar svona lagasetning kann að hafa í för með sér. Það er það sem sagt er. Ég hef sagt það sjálfur. Ég tel fulla ástæðu til að skoða það að setja lagareglur, ég tel fulla ástæðu til þess, en forsendan fyrir setningu lagareglna á ekki að vera starfsskilyrði stjórnmálaflokka eða starfsskilyrði Sjálfstfl. í íslensku samfélagi. Það getur aldrei verið útgangspunktur í lagasetningu á Alþingi og má ekki vera.

[17:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn vitnaði í ræðu Ásgeirs Friðgeirssonar, þingmanns Samf., sem hann flutti á miðvikudagskvöld þar sem hann lýsti því, eftir að hafa farið yfir fyrirtæki á Íslandi úr Frjálsri verslun eins og þingmaðurinn benti á, að af 90 stærstu væru 60 þeirra markaðsráðandi eða álitamál að þau væru það.

Hann sagði fleira, hann sagði að 95 stærstu fyrirtækin í landinu veltu meiru en tveimur milljörðum. Ekkert þeirra má því eiga eignarhlut yfir 5% í fjölmiðlafyrirtæki og þau fyrirtæki sem mættu eiga 35% í fjölmiðlafyrirtæki eru eiginlega allt og eingöngu sjávarútvegsfyrirtæki. Það er auðvitað alveg ný sýn í þessu máli. Þetta segir mér að ríkisstjórnin og stjórnarliðarnir hafi aldrei nokkurn tíma skoðað hvaða afleiðingar þetta frv. hefði.

Ef ástæðan væri sú að það ætti að koma í veg fyrir enn frekari samruna — það er jú verið að berja þetta mál í gegn í vor en ekki verið að taka það t.d. í haust — hljóta menn að telja að eitthvað sé í farvatninu sem gerir það að verkum að það verði að setja lög í vor, það megi ekki bíða haustsins. Ég sé fyrir mér að það eina sem gæti verið þarna í farvatninu væri það að Ríkisútvarpið, Rás 2 eða Skjár 1 væri til sölu, eða Mogginn. Við vitum að Ríkisútvarpið verður ekki selt. Það þyrftu að koma lög frá Alþingi. Sér þingmaðurinn einhver teikn um hvað gæti skapað enn frekari samruna á þessum markaði sem gæti skýrt að verið sé að berja þessi lög í gegn með þessu ofboðslega offorsi? Hefur hann gert sér grein fyrir hve fáir geta raunverulega keypt svona fyrirtæki?

[17:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni dró ég það reyndar fram að eftir að hafa skoðað þetta mál af bestu getu og leitað eftir upplýsingum eins og hægt er held ég að enginn geri sér almennilega grein fyrir því hvert þetta mál kann að leiða. Svo virðist sem vinna og undirbúningur þessa máls hafi verið í algeru lágmarki. Ég held að ríkisstjórnin geri sér enga grein fyrir því til hvers þetta kann að leiða.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel ekki, miðað við þau vinnubrögð sem birtast í þessu frv., að ríkisstjórnin eða neinn á vegum hennar hafi farið jafnvandlega yfir þetta og hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson gerði, og gerði sér grein fyrir því að af 100 stærstu fyrirtækjunum væru það aðeins sjávarútvegsfyrirtækin sem hugsanlega kynnu að mega fjárfesta í fjölmiðlafyrirtækjunum.

Ég verð að segja eins og er að ég held að það væri ágætt ef sjávarútvegsfyrirtæki kæmu að slíku. Ég held samt að í þessu kristallist vandinn dálítið. Þarna er fyrst og fremst

verið að bregðast við erfiðum starfsskilyrðum Sjálfstfl. í íslensku samfélagi eftir miklar breytingar á fjölmiðlamarkaði að þeirra eigin mati. Ekki hafa verið dregin fram nein viðunandi dæmi sem sýna þetta þannig að svar mitt við þessari spurningu er að ég held að ríkisstjórnin hafi ekki minnstu hugmynd um hvað hún er að fara.

[17:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að lengja þessa umræðu né skoðanaskipti milli okkar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar en sjálf hef ég leitað mjög að því hver geti verið rökin fyrir því að svo ofboðslega mikil áhersla er lögð á að setja þessi lög í vor. Þingið sem átti að ljúka störfum 7. maí er enn að þann 21. maí og mörg mál óafgreidd, 40–60 mál fyrir utan þetta. Það er auðvitað grafalvarlegt mál ef þingmaðurinn hefur rétt fyrir sér í þeirri ályktun sinni að þetta mál snúist svo þegar upp er staðið allt um starfsskilyrði stjórnmálaflokks.

Eins og ég fór yfir er auðvitað engin leið að sjá hvaða fjölmiðlafyrirtæki það er á markaðnum sem gæti verið til sölu og gerði það að verkum að þetta mál hefði ekki getað beðið haustsins né það að ekki hefði mátt hafa samráð við bæði fjölmiðlafyrirtæki, stjórnmálaflokka, sérfræðinga í stjórnskipunarrétti og annað til þess að gera þetta mál vel úr garði. Þetta mál er óskiljanlegt með öllu en kenning þingmannsins er auðvitað grafalvarleg, svo ekki sé meira sagt.

[17:16]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins hnykkja á einu atriði sem vekur ugg í brjósti manna, að eftir 13 ára valdatíð og jafnvel á köflum þeirrar valdatíðar hefur hæstv. forsrh. náð því að vera kallaður landsfaðir, skuli hann með þeim hætti, með þessum vinnubrögðum kljúfa þjóðina í herðar niður í jafnalvarlegu máli og umræðu um lýðræðið, hvernig það er praktíserað og hvernig skipulagi fjölmiðla sem skipta miklu um lýðræðið er háttað. Slíkar spurningar standa eftir í mínum huga. En vandinn við þessa umræðu er sá að það vill enginn stjórnarliði koma í umræðuna til þess að upplýsa okkur stjórnarandstöðuþingmenn á hvaða ferðalagi ríkisstjórnin er. Þess vegna verður þetta alltaf einsleit umræða, því miður.

[17:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er trúlega farið að síga nokkuð á seinni hluta þessarar umræðu sem staðið hefur með litlum hléum í marga daga. Ég verð að segja að fyrir mitt leyti tel ég þetta hafa verið að uppistöðu til efnislega umræðu sem allir geti verið stoltir af. Reifuð hafa verið mjög vítt og breitt í almennu samhengi öll helstu grundvallaratriði þeirra mála sem hér eru undir. Ég veit auðvitað ekki hve margir hafa lagt það á sig að fylgjast með eða hlusta á umræðuna alla en ég hygg að þeim væri a.m.k. ekkert að vanbúnaði sem það hafa gert að átta sig á því hvernig sjónarmið manna liggja og væru margs vísari almennt um vangaveltur og skoðanaskipti um hvort og þá hvernig eigi að nálgast viðfangsefni af því tagi sem hér hefur verið til umræðu, þ.e. aðgerðir til að tryggja fjölbreytta, óháða og öfluga fjölmiðlun. En þar hafa skilið mjög leiðir með mönnum.

Satt best að segja verður maður að taka þetta stjfrv. að svo miklu leyti sem maður tekur það alvarlega sem slíkt vegna hins sérkennilega aðdraganda og hinnar óvenjulegu fæðingar þess, en maður hlýtur að taka það sem einhvers konar niðurstöðu eða stefnu þeirra sem ætla að standa að því að það sé aðferð þeirra til að ná þessum markmiðum. Ef menn meina það sem þeir segja hljóta menn að telja sig geta fært rök fyrir því að svona og einmitt svona en ekki einhvern veginn öðruvísi eigi menn að ná þeim markmiðum fram.

Ég sakna alveg geysilega rökstuðningsins af hálfu aðstandenda frv. fyrir því, grundvallarrökstuðningsins fyrir því að þetta, nákvæmlega þetta og ekki eitthvað annað sé aðferðin til að ná markmiðunum fram. Hvar hafa þær ræður verið fluttar? Stjórnarsinnar og hinir örfáu bandamenn þeirra setja sig á háan hest og eru að gefa málflutningi okkar stjórnarandstæðinga einkunn. En hvað má þá segja um málsvörn og rökstuðning aðstandenda málsins? Hann hefur verið ákaflega fátæklegur. Menn vísa þar í að menn hljóti almennt að vera á móti óæskilegri samþjöppun og eru allt í einu komnir í mikinn ham, ólíklegustu menn sem ekki hafa haft af því miklar áhyggjur á undanförnum missirum og árum þegar þeir hafa verið að hamast við að markaðsvæða og einkavæða í samfélaginu, eins og þar með sé sjálfgefið að allir séu sammála frv. og allir styðji það. Þetta er auðvitað algerlega óboðleg röksemdafærsla.

Gætt hefur alveg gríðarlegrar tilhneigingar til að alhæfa í umræðunni af hálfu stjórnarliða, þeirra fáu sem hafa talað og bandamanna þeirra, mér liggur við að segja bandamanns því hann er aðallega einn, leiðarahöfundur Morgunblaðsins. Ríkisstjórnin og formenn stjórnaflokkanna eru afskaplega vinafáir í þessu máli. Það er eiginlega ekki nema leiðarahöfundur Morgunblaðsins sem styður þá, hver sem það er, því eins og alkunna er setja menn ekki stafi sína undir þau skrif. En gætt hefur mikillar tilhneigingar til þess að alhæfa á þeim forsendum að ef menn eru þeirrar skoðunar að samþjöppun í fjölmiðlun geti verið varhugaverð þá hljóti þeir að vera sammála ríkisstjórninni, þá hljóti þeir að styðja frv. og skrifa upp á allt heila klabbið.

Og enn er hamrað á þessu sama, klappaður sami steinninn. Síðast í leiðara Morgunblaðsins í morgun er óvenjulöngum bút spanderað núna undir okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálsl. Ástæðan er sú að við áttum aðild að eða beittum okkur fyrir flutningi þáltill. í vetur um að öll þessi mál yrðu skoðuð. Í tillögunni er velt upp grundvallarspurningum sem menn hljóta að þurfa að svara hvort þetta og þetta sé vænlegt til árangurs ef við viljum ná slíkum markmiðum fram. Þar með er látið að því liggja að það sé skrýtið að við skulum þá ekki vilja styðja frv. Að vísu þegar leiðarinn er betur lesinn er ekki hægt að segja að hann sé ósanngjarn í sjálfu sér því niðurstaðan er sú að Morgunblaðið telur erfitt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að formenn flokkanna, þ.e. sá sem hér talar og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, en við vorum báðir meðal flutningsmanna tillögunnar, séu sammála þeim markmiðum sem fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar er ætlað að ná. Við getum vel verið það. En spurningin snýst um hvort þetta séu vænlegar leiðir til þess og hvort réttlætanlegt sé að fara í þetta svona.

Menn verða auðvitað að hafa sannfæringu fyrir fleiru í máli af þessu tagi en að markmiðssetningin sé rétt. Menn verða líka að vera vissir um að aðferðirnar, leiðirnar að markinu séu skynsamlegar og færar og að réttlætanlegt sé að standa að málum með þeim hætti sem ætlunin er. Þar skilja algerlega leiðir með okkur mörgum hverjum sem í sjálfu sér eigum ekki í neinum vandræðum með að skrifa upp á þau markmið sem allir geta gert til að tryggja fjölbreytta,

öfluga og óháða fjölmiðlun. Ég hef ekki heyrt nokkurn einasta mann lýsa sig andvígan því. Út af fyrir sig verka þessi skrif svolítið brosleg í því ljósi að það þurfi alveg sérstaka leiðara til að draga það fram í dagsljósið að menn geti verið sammála markmiðum frv. Vandamálið hefur aldrei verið það. Deilurnar hafa aldrei snúist um markmiðin. Það er alveg yfirgengilegt að menn skuli vera að velta slíkri hugsun yfirleitt upp. Nei, þetta snýst um leiðirnar að markmiðunum. Í þeim efnum segi ég bara það sem ég hef áður sagt og get endurtekið. Tilgangurinn helgar ekki meðalið, það er ekki þannig. Þó menn telji sig hafa sett sér göfug markmið, þá leyfir það mönnum ekki hvað sem er. Það er nauðhyggja í röksemdafærslu af versta tagi að nálgast hlutina með þeim efnum. Ömurleg eru dæmin og nógu mörg í kringum okkur í heiminum þar sem nákvæmlega þessi sama nauðhyggja er á ferðinni. Eða hver er yfirleitt röksemdafærsla Bandaríkjamanna þegar þeir eru að valta yfir allt og alla og ætlast til að allir lúti forustu þeirra í einu og öllu og allt of margir gera það því miður? Það eru þessi alhæfingarök sem frægust urðu í ummælum Bush Bandaríkjaforseta: Ef þið eruð ekki með mér, þá eruð þið á móti mér. Sem skilur ekki eftir neinar millileiðir, enga aðra möguleika og á að þvinga menn til að skrifa upp á í einu og öllu vilja þess sem í hlut á, ekki bara markmið hans heldur aðferðafræði, leiðir og forustu. Við frábiðjum okkur slíkt og höfum allan tímann gert. Það liggur alveg fyrir og er á hreinu og hefur rækilega komið fram í ræðum okkar á undanförnum dögum, nú síðast í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar á undan mér, að fullkomið samræmi er í áherslum okkar og málflutningi í gegnum þetta mál frá byrjun. Við vorum og erum sömu skoðunar og við höfum verið að það sé fullgilt og ástæða til að fara rækilega yfir þetta svið, ástæða sé til að hafa áhyggjur af samþjöppun í fjölmiðlun ef hún er látin alveg afskiptalaus og engar skorður settar við því, þ.e. ef slík þróun er í gangi sem menn telja ástæðu til að hafa áhyggjur af en þetta sé auðvitað viðfangsefni af því tagi sem menn verða að nálgast í samræmi við mikilvægi þess og alvöru, og að öll vinnubrögð þurfi að standast skoðun og menn verði að vanda sig.

Það er auðvitað það sem eftir stendur og er hið dapurlega, frú forseti, að vinnubrögðin í þessu máli eru orðin fræg að endemum. Ég hefði jafnvel aðrar áherslur en félagi Ögmundur Jónasson hv. þm. sem hér talaði á undan mér þegar hann leyfði sér að álykta af mikilli varfærni að yfirgnæfandi andstaða almennings eins og hún birtist í skoðanakönnun gegn þessu frv. sé a.m.k. að einhverju leyti líka við vinnubrögðin, sagði hv. þm. Ögmundur Jónasson. Ég gæti þess vegna alveg snúið þessu við. Ég held að þess vegna megi alveg gera því skóna að að uppistöðu til sé almenningur jafnreiður í þessu máli og harður á móti frv. vegna þess að menn þola ekki þau vinnubrögð sem birtast í framvindu málsins, hvernig menn umgangast vald sitt og hvernig önnur viðhorf eru fullkomlega forsmáð, hvernig þröngva á hlutunum í gegn í krafti meiri hlutans sem menn virðast stundum telja að gefi þeim rétt til að gera hvað sem er. Það er satt best að segja hrollur í manni þegar maður hefur orðið vitni að ummælum af því tagi sem gerst hafa í þessu máli og ýmsum fleirum reyndar. Hvert var hæstv. utanrrh. að fara með ummælum sínum í sambandi við Íraksstríðið? Þegar menn höfðu leyft sér að minna hæstv. ráðherra á að samkvæmt nokkurn veginn jafnáreiðanlegum og yfirgnæfandi vísbendingum um þjóðarviljann eins og skoðanakannanir hafa birt í sambandi við andstöðu almennings við ákvörðun utanrrh. og forsrh. að styðja Íraksstríðið, þá sagði hæstv. utanrrh. bara sem svo að þeir hefðu fengið umboð kjósenda í kosningum og hefðu það til fjögurra ára. Það var erfitt að álykta þá öðruvísi en svo að hæstv. utanrrh. fyndist að þeir gætu gert það sem þeim sýnist nema bara á fjögurra ára fresti þegar þeir þyrftu að leita til þjóðarinnar. Það skipti engu máli þó menn standi frammi fyrir því í hverju málinu á fætur öðru að þeir séu í algerri andstöðu við yfirgnæfandi þjóðarvilja og það sé ekki neitt sem menn þurfa að taka tillit til.

Jafnvel þó að fylkingarnar séu jafnar og menn hefðu í höndum áreiðanlegar mælingar sem sýndu kannski að þjóðin væri skipt í nokkurn veginn jafnar fylkingar, það eru ekkert síður skilaboð um það til ráðamanna að þeir eigi að gá að sér, þeir séu með gerðum sínum að rífa þjóðina algerlega í sundur. Ég held að almenningur í landinu sé að verða búinn að fá nóg af því að þetta hefur verið tilfellið aftur og aftur á undanförnum árum í stórmálum, í afdrifaríkum málum, í miklum framtíðarmálum, í málum þar sem verið er að taka óafturkræfar ákvarðanir, t.d. í virkjanamálum, þá virðast ráðamenn ekki láta það sig neinu varða þó að ákvarðanir þeirra eða stefna sé gríðarlega umdeild, rífi þjóðina í tvennt og breytir ekki öllu hvort fylkingarnar eru hnífjafnar eða 40 öðrum megin og 60 hinum megin. En auðvitað er málið þeim mun alvarlegra og verra sem andstaðan er meiri og yfirgnæfandi eins og við erum að tala um hér. Ég held að almenningur vilji ekki svona stjórnarfar. Ég held að mönnum þyki það aldrei gott að menn séu að knýja hlutina í gegn í krafti tímabundinnar valdaaðstöðu án þess að hlusta á einn eða neinn, án þess að leyfa hina lýðræðislegu umræðu, án þess að leita sátta, án þess að gefa því tíma og athygli og leggja sig í það að finna færar leiðir ef kostur er.

Tvennt kann að valda því að menn þróist inn á þetta spor. Annars vegar geta menn verið svona í eðli sínu, valdboðsmenn að upplagi sem hika ekkert við að beita valdi sínu og fá jafnvel eitthvað út úr því að sýna það. Hins vegar hafa menn getað þróast í þá átt, kannski af því að þeir hafa haft of mikil völd of lengi og fara að verða skeytingarlausir um viðhorf þjóðfélagsins til þess sem þeir gera.

Lýðræði snýst ekki síst um það að hlusta á mismunandi sjónarmið. Það nærist á að leyfa umræðu, leyfa skoðanaskipti og hlusta á mismunandi sjónarmið, hlusta á minni hlutann ekkert síður en meiri hlutann. Í einfaldleik sínum má kannski segja að lýðræðisleg framganga stjórnvalda snúist sérstaklega um að hlusta eftir öðrum sjónarmiðum en þeim sem menn sjálfir eru sannfærðir um eða hafa í kringum sig. Við vitum að stjórnarfar sem lokast með einhverjum hætti inni í herbúðum jámanna og nánustu samstarfsaðila sem fær aldrei næringu utan úr þjóðarlíkamanum endar á skelfilegum villigötum. Um það eru til fjölmörg dæmi í stjórnmálasögunni.

Ég tel mig skynja andrúmsloftið úti á meðal almennings þessa dagana. Þannig les ég í fjölmennan fund sem spratt upp úr grasrótinni og var á Austurvelli á miðvikudaginn í hádeginu. Þar komu að um þúsund manns, miðað við mína talningu, komu og sýndu stjórnvöldum rauða spjaldið. Menn voru ekki bara að mótmæla efni þessa máls, sem vissulega er hörð andstaða við. Menn vildu í leiðinni mótmæla því hvernig stjórnvöld hafa endurtekið farið með vald sitt, keyrt hlutina áfram og umræðuna í kaf. Ráðamenn hafa rifið þjóðina í sundur í umdeildum átakamálum eins og þeir þurfi ekki að hlusta á eða standa mönnum reikningsskap verka sinna.

Menn vísa til þess, eins og hæstv. utanrrh., að þeir hafi

umboð frá kjósendum. Hvaða umboð frá kjósendum? Krafsaði Framsfl. og keypti til sín það fylgi sem hann fékk í síðustu kosningum sérstaklega með því að gera fólki grein fyrir og fá umboð til verka af því tagi sem hann er núna staddur í? Var það? Ekki minnist ég þess. Nei, það var eitthvað annað. Framsfl. skipti um ham rétt fyrir kosningarnar, varð allt í einu að geðþekkum félagshyggjuflokki í stjórnarandstöðu sem hafði ekki komið nálægt neinu af því slæma sem stjórnvöld höfðu staðið fyrir. Hann ætlaði hins vegar að gera allt fyrir alla á næstu missirum. Leysa átti húsnæðismálin, sem voru að sögn flokksins í mikilli upplausn. Þeir létu að vísu vera að geta þess að þeir höfðu sjálfir farið með stjórn þeirra mála í átta ár. Nei, þeir ætluðu að lofa mönnum 90% lánum og ráku einhverja glysgjörnustu og yfirborðskenndustu auglýsingamennsku í kosningabaráttu sem við höfum nokkurn tíma séð í landinu, með vemmilegum auglýsingum sem keyptar voru fyrir miklar fjárhæðir. Það var aldeilis ekki þannig að kosningabarátta Framsfl. færði þeim flokki sérstakt umboð til að standa að málum eins og þeir virðast ætla að gera á næstu missirum.

Út frá vangaveltum um grundvallarlýðræði og virðingu fyrir umbjóðendum sínum er lítil stoð í því af málum af þessu tagi fyrir hv. stjórnarliða að vísa til umboðs frá kjósendum. Því miður er ekki hægt að kalla fram mælingu eða kosningar um einstök mál af þessu tagi. Það mundum við alveg örugglega gera ef við værum stödd í landinu Sviss. Þá mundu stjórnmálamenn að sjálfsögðu leggja málin fyrir, undirbúa þau, og tryggja að eðlilegar umræður og skoðanaskipti gætu farið fram. Síðan réði þjóðin í kosningum hver niðurstaðan yrði. Það er hlutur sem mér fyndist óumflýjanlegt að taka fyrir alvöru á dagskrá í þjóðfélagi okkar, þ.e. spurninguna um hvernig hægt sé, með skynsamlegum aðferðum, að virkja betur beint og milliliðalaust lýðræði þannig að farvegur sé fyrir málskot til þjóðarinnar, virkur farvegur en ekki eitthvað í stjórnarskrá sem almennt er ekki nýtt.

Nú kann á það að reyna. Sumir eru þeirrar skoðunar að það komi til álita að forseti Íslands staðfesti ekki þessi lög, þau séu þannig úr garði gerð að margt mæli með því, vegna þess hversu heiftarlega umdeild þau eru og hve mikil hætta er á að með þeim myndist gífurleg gjá í þingviljann, sem svo er kallaður. Úrslit ráðast með tiltölulega knöppum meiri hluta sem væntanlega mun í lokin afgreiða þetta mál, einungis stjórnarþingmanna, mínus einhverjir sem heltast úr lestinni. Með vísan til þess hvernig málið allt er vaxið og áleitinna álitamála um grundvallaratriði í stjórnskipun okkar o.s.frv. telja sumir að þarna sé komið slíkt mál.

Það má til sanns vegar færa að þeim mun oftar sem það gerist, að upp koma umræður um að forsetinn beiti þessum málskotsrétti og niðurstaðan verður sú að hann geri það ekki, þeim mun dauðari verður sá bókstafur. Ég er ekki endilega að segja að þótt svo færi í þetta sinn að forsetinn undirritaði lögin þá væri það endanlegur dauðadómur yfir þessum ákvæðum. En því er ekki að leyna að því oftar sem full alvara er á bak við kröfur um að forseti staðfesti ekki lög og fullur þungi er á bak við þá ósk utan úr þjóðfélaginu en það gerist engu að síður ekki þá verður sá möguleiki að það gerist fjarlægari í hugum manna.

Mér þykja fróðlegar vangaveltur lögmanna um ákvæðið sjálft. Sjálfur hef ég reyndar aldrei átt í erfiðleikum með það að skilja að ákvæðið hljóti að vera þarna af ástæðu. Mér finnst fráleitt að gera þeim mönnum upp, eða ætla þeim það sem stóðu að stjórnarskránni 1944, að þar hafi ekki verið hugsun á bak við. Það er fráleitt vegna þess að þeir hinir sömu aðilar gengu frá því að Íslendingar hefðu þjóðkjörinn þjóðarleiðtoga en ekki kosinn af þingi eða með öðrum slíkum hætti, sem hefði verið nær arfakonungsfyrirkomulaginu sem við bjuggum við áður.

Þegar allt er skoðað saman, ótvíræð ákvæði stjórnarskrárinnar og lögskýringargögn sem þar liggja til grundvallar, greinargerð með stjórnarskrárfrumvarpinu og ræður þingmanna, þá hef ég aldrei verið í minnsta vafa um að þetta ákvæði var af hálfu aðstandenda á þeim tíma hugsað sem raunverulegt og virkt. Hefðin, þrátt fyrir það að hún sé orðin rúmlega hálfrar aldar löng, breytir því ekki að til þess geti komið að ákvæðið verði notað. Sömuleiðis finnast mér fáránlegar vangaveltur um að nokkuð annað gerist en það sem samkvæmt orðanna hljóðan á að gerast, að tafarlaust verði boðað til kosninga um viðkomandi mál. En sú skoðun heyrist að stjórnvöld gætu haft það að engu þó forsetinn undirritaði ekki lögin. Þá mundi sú venja væntanlega leggjast af, að forsetinn eða handhafar forsetavalds undirrituðu lög. Það hefði þá enga merkingu ef menn færu ekki að bókstaf stjórnarskrárinnar og létu slík mál ganga til þjóðarinnar.

Rætt hefur verið um, og er skaði að ekki skuli hafa komist af stað, að sett yrði á laggirnar ný stjórnarskrárnefnd. Ég held að þetta mál og reyndar fleira sem borið hefur að á undanförnum mánuðum og árum færi okkur heim sanninn um að þörf er á að slík stjórnarskrárnefnd taki til starfa. Hún þyrfti einmitt að taka fyrir I. kafla stjórnarskrárinnar um skiptingu valdsins, hvernig því er fyrirkomið milli æðstu stofnana lýðveldisins, forsetaembættisins, Alþingis, ríkisstjórnar, dómstóla o.s.frv. Það er vandræðalegt að með 5–10 ára millibili skuli gjósa upp sama umræðan um þessi grundvallaratriði á nákvæmlega sama stað. Hún byrjar alltaf á nákvæmlega sama stað, á því hvort forsetinn hafi raunverulegt synjunarvald, raunverulegan málskotsrétt. Þá koma sömu ræðurnar í framhaldinu um að allar reglur vanti um hvernig eigi að kjósa o.s.frv. Auðvitað er það trassaskapur að hafa ekki botnað málið með því að fylla upp í gatið með löggjöf sem sé til staðar og klár ef á þetta reyndi. Eins mætti ganga frá því með hinu, eins og ég hef sagt, að fara í endurskoðunarvinnuna og ganga frá því þar, hvort það sé nákvæmlega svona eða öðruvísi sem menn vilja hafa stjórnskipunina.

Mér finnst, frú forseti, mjög dapurlegt að endir þessa máls verði sá sem nú blasir við okkur, að forustumenn stjórnarflokkanna, guðfeður þessa máls, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, hafi vilja sinn fram með liðsmönnum sínum á þinginu. Þeir loka þar með á frekari skoðun þessa máls, a.m.k. í þessari umferð og kæfa þá umræðu sem annars má ætla að hefði getað orðið lífleg á næstu mánuðum, skoðanaskipti, blaðagreinar, fundir og ráðstefnur. Ég er sannfærður um að það hefði verið mikill áhugi á því víða í samfélaginu að kryfja þessi mál til mergjar, ef menn sæju að það þjónaði tilgangi og fram undan væri afgerandi stefnumótun og mikilvægar ákvarðanir á þessu sviði. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvaða tilgangi slíkt muni þjóna ef valdhafarnir í landinu berja vilja sinn í gegn með þeim hætti sem raun ber vitni. Þeir verða væntanlega ekki mikið til viðtals um aðrar ráðstafanir í kjölfarið.

Hið dapurlega, sem við stöndum frammi fyrir, er að vinnubrögð hæstv. ráðherra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar hafi tekið þetta mál í gíslingu, hertekið það og aðrir komast þar engan veginn að.

Morgunblaðið, sem veltir vöngum yfir þessum hlutum dögum oftar nú um stundir, ætti náttúrlega að hafa í huga að a.m.k. tvennt þarf til ef menn ætla að styðja mál eða veita því brautargengi. Menn þurfa í fyrsta lagi að vera efnislega sammála því, eiga efnislega samleið með viðkomandi máli en þeir þurfa líka að komast einhvern veginn að því. Það þarf að vera í boði að menn komist að vinnu við málið og geti haft áhrif á. Auðvitað hlýtur stjórnarandstaðan á hverjum tíma að segja sig frá málum ríkisstjórnar sem þjösnast er með með þessum hætti. Skárra væri það.

Það er minna en engin viðleitni til að leita bandamanna og samstöðu um málið, bæði innan þings og utan. En af því að við erum nefndir í leiðara Morgunblaðsins, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, þá má spyrja: Hvernig áttum við að koma sjónarmiðum okkar og flokka okkar að fyrir hönd þingmanna okkar? Áttum við að brjótast inn á einkafundi Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar, þar sem þeir voru bak við luktar dyr að kokka upp hrossakaup í málinu til þess að halda ríkisstjórninni á löppunum? Nei, ég held að allir hljóti að sjá að málið var var ósköp einfaldlega í þeim farvegi og í gíslingu formanna stjórnarflokkanna og ástandsins í stjórnarherbúðunum þannig að það var gersamlega útilokað og óaðgengilegt fyrir nokkurn að hafa þar áhrif. Það er auðvitað opinbert leyndarmál að meira að segja þær þingnefndir sem höfðu málið til umfjöllunar störfuðu í hálfgerðu tómarúmi. Allir fundu og skynjuðu að hinum eiginlegu ráðum var ráðið annars staðar, bak við luktar dyr, í makki og hrossakaupum formanna stjórnarflokkanna. Það var jafnvel komið á það stig um tíma að þar hefur hrikt talsvert í, en ekki nóg því miður.

Þetta finnst mér sýna mikla valdþreytu. Það hvernig ríkisstjórnin og formenn stjórnarflokkanna hafa haldið á þessu máli endurspeglar í rauninni mikinn veikleika. Þess vegna var kostulegt og grátbroslegt að heyra hæstv. forsrh. lýsa því yfir hversu einstaklega gott samstarfið væri einmitt núna, hefði sennilega aldrei verið nánara og stjórnin aldrei staðið betur en einmitt í lokin á þessari miklu krísu. Ef samstarf er gott þá þolir mál af þessu tagi umræður fyrir opnum tjöldum, þá þola menn umræður. Þá þola menn að hlustað sé eftir fleiri sjónarmiðum, þá virða menn skoðanir samstarfsaðila sinna og leyfa hlutunum að vinnast með eðlilegum hætti, t.d. í þingnefndum, en ekki var því að heilsa í þessu máli. Það endurspeglar mikinn veikleika af jafnvel fleiri en einum toga, ekki bara veikleika í hinu pólitíska samstarfi heldur kannski aðra og ekki síður alvarlega veikleika sem lúra þar á bak við hjá viðkomandi aðilum.

Eins og margoft hefur verið sagt var engin sérstök ástæða til að ætla að mál af þessu tagi hefði þurft að enda í svo miklum pólitískum ágreiningi ef boðið hefði verið upp á annað, jafnvel að vönduð og heildstæð löggjöf um fjölmiðla hefði náð að líta dagsins ljós undir lok þessa árs studd af öllum þingflokkum ef slíkt hefði verið í boði í kjölfar á vönduðu þverpólitísku nefndarstarfi t.d. í sumar og vandaðri vinnu á þingi næsta haust og fram að áramótum. Auðvitað átti að gefa málinu tíma og leyfa því að þroskast og reyna hvort hægt væri að ná sæmilegri samstöðu í þjóðfélaginu um grundvallarlöggjöf, almenna löggjöf á þessu sviði sem ég hygg að margir séu sammála um og sáttir á að geti vel verið tilefni til að setja. Það væru þá að sjálfsögðu lög sem næðu utan um þetta mikla svið í heild sinni og tækju á öllum helstu þáttum þess, væru í samhengi við aðstæður og stöðu, tækju þar á meðal tillit til stöðu Ríkisútvarpsins og innihéldu jafnvel hluti sem tengdust því og stöðu þess inn í framtíðina ef marka má þau orð manna að flestir séu sammála um mikilvægi þess og þörfina fyrir öflugt almenningsútvarp, sjálfstætt og kraftmikið. Það hefði verið heldur betur fagnaðarefni ef þau straumhvörf væru að verða því við vitum að að Ríkisútvarpinu hefur verið sótt og treystum því auðvitað vart að það sé ekki til staðar áfram og á kreiki víða að sauma að Ríkisútvarpinu í framhaldinu eins og lengi hefur verið.

En það verður þá að bíða síns tíma, frú forseti, að takast á við þessa hluti. Auðvitað verður málinu engan veginn lokið þó þessari löggjöf verði þröngvað í gegn. Það gefur augaleið að mikil eftirköst eru í þessu öllu saman, bæði vegna beinna efnisáhrifa frv. ef samþykkt verður. Fyrir liggja yfirlýsingar um málaferli bæði innan lands og utan og kann það allt að draga dilk á eftir sér þar sem miklar skaðabótakröfur verða uppi og það er næsta víst að einnig í pólitíkinni og hvað varðar umræður um fjölmiðlamál almennt á komandi missirum þá erum við rétt að hefja þá umræðu frekar en að ljúka henni þó svo dapurlega fari að þessi mislukkaða lagasetning verði að veruleika hér a.m.k. af hálfu löggjafans hvað sem staðfestingunni líður á næstu sólarhringum.

[17:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn velti upp ýmsum álitamálum í þessari lagasetningu sem var áhugavert að hlýða á. Ég tek undir það sjónarmið þingmannsins að þessu máli er ekki lokið þó lög verði sett á næstu dögum. Mig langar að bera fram eina spurningu til hv. þm., sem ég hef reyndar borið fram fyrr í dag. Hún er þessi: Af því að við höfum verið að reyna að brjóta til mergjar af hverju svona mikið kapp er lagt á að knýja fram þessa lagasetningu, keyra frv. í gegn, sem kemur fram löngu eftir að þinginu átti að vera lokið, þ.e. ef menn óttast að sú fjölmiðlasamsteypa sem frv. er beint gegn og lögunum sem á að setja yrði enn þá sterkari áður en þeim gæfist tími til að setja lög í haust, hvaða fjölmiðlar gætu þá hugsanlega verið eða orðið í boði í sumar sem hefðu gert þetta að verkum? Hefur þingmaðurinn fundið einhverja ástæðu eða rök fyrir eða fundið skilning á því af hvaða ástæðu menn leggja allt þetta kapp á að setja þessi lög núna frekar en vinna þetta öðruvísi og koma með þetta mál í haust? Mér hefur ekki tekist að átta mig á þessu en mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að brjóta það til mergjar.

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú vildi ég mjög gjarnan vera í færum til að svara hv. þm. því skemmtilegt þætti mér sjálfum að vita þetta en það er bara því miður þannig að ég held að við sitjum uppi með þá stöðu að verða meira og minna að reyna að giska á hvað í ósköpunum mönnum gangi til. Eitthvað er það sem knýr menn áfram til vinnubragða af þessu tagi og erfitt er að greina það í umhverfinu úr því að sú samþjöppun eða þær sameiningar sem urðu á síðustu mánuðum eru um garð gengnar, að mestu leyti a.m.k., þá hafa menn ekki reiknað með því að fyrirsjáanlegt væri eitthvað annað hliðstætt á næstu mánuðum eða missirum enda tæpast efniviður í það í landinu. Það er þá fyrst og fremst Morgunblaðið sem er einhver umtalsverð stærð í þessum efnum og ég hef ekki heyrt að það sé til sölu og ekki er að heyra á tóninum í því sjálfu að það hafi hug á samruna við aðra starfandi einkafjölmiðla.

Auðvitað verður að viðurkennast að það er einn vandinn sem menn standa frammi fyrir í þessu samhengi öllu sam-

an. En ef menn vilja setja einhverjar takmarkandi reglur er miklu betra að um fyrirbyggjandi ráðstafanir sé að ræða, að menn greini óæskilega þróun á frumstigi og það snemma að þeir geti þá sett þær reglur sem þeir vilja áður en þær setja mönnum sem þegar eru starfandi umtalsverðar skorður svo maður tali ekki beinlínis um að kippi fótunum undan þeim, en því er þá kannski ekki að heilsa hér, þ.e. ef menn telja að það sé þegar orðin til svo stór og mikil eining að það verði að takmarka umsvif hennar eða möguleika. En það er auðvitað aðstandendanna að svara og þeim hefur ekki tekist að færa fram nein trúverðug eða sannfærandi rök fyrir því að það sé einhver sú bráða vá fyrir dyrum að það réttlæti óðagot og vinnubrögð af því tagi sem hér er og það er reyndar andstætt allri venjulegri hugsun í þessum efnum, þ.e. að menn bíði og sjái til hvert þróunin er að leiða hana.

[17:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er mjög á sömu línu og ég. Mér finnst mjög óþægilegt fyrir okkur þingmenn að hafa enga hugmynd um af hverju frv. sem er svo umdeilt er keyrt í gegn með þeim hætti sem hér á að gera. Ég tek undir að það væri líklega helst Morgunblaðið sem menn væru að hugsa um og jafnvel þótt selja ætti það í sumar, sem ég get varla ímyndað mér, en ekki er hægt að hugsa sér að það ætti erindi inn í þessa samsteypu, sérstaklega ekki ef maður lítur á það Morgunblað sem nú hefur orðið til vegna þess að þar hefur að undanförnu einhver tekið að sér að skrifa bæði Reykjavíkurbréf og leiðara sem færir blaðið allt inn í flokksblaðakerfið, eins og við töluðum um fyrir nokkrum dögum, ég og þingmaðurinn.

Yfirleitt erum við að vinna með einhverja lagasetningu og ég held að alltaf liggi nokkurn veginn fyrir af hverju er verið að setja lög. En það sem hér hefur komið fram er að það á bara að bregðast við *mikilli fjölmiðlasamsteypu eins* og hún er orðin og það er ekkert sem kallar á að þetta gerist frekar núna en í haust þannig að við hljótum að vera með mjög áleitnar spurningar. Af hverju er okkur haldið daga og kvöld til að keyra í gegn svo vafasamt mál sem þjóðin öll er farin að hafa skoðun á?

[17:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum orðin því vön að horfa upp á að hlutir gerist hratt í viðskiptalífinu og milljarða viðskipti þykja ekki tíðindum sæta. Menn vilja helst vera búnir að skrifa undir nokkra slíka samninga fyrir hádegi sumir hverjir til að þeim líði vel það sem eftir er dagsins. Auðvitað vitum við ekki hvaða sviptingar gætu hugsanlega hafa orðið eða verið fram undan að óbreyttum lögum í þessum efnum. Eins og ég segi er ekki mörgum stórum til að dreifa og fyrst og fremst eru það þá Skjár 1, sjónvarpsstöðin, og síðan Morgunblaðið sem væru umtalsveðar stærðir á þessum fjölmiðlamarkaði sem hefðu getað komið inn í einhverja frekari samþjöppun ef það er spurningin.

Þá kem ég að því sem væru hin venjulegu viðbrögð við ástandi af þessu tagi. Menn mundu setja umsvifalaust, ef þeir teldu það brýnt, skorður við frekari samþjöppun og segja: Við höfum áhyggjur af þróuninni, hingað er þetta komið. Við stoppum það að meira gerist á meðan við tökum okkur tíma í að skoða ástandið. Þetta væru í sjálfu sér mjög rökrétt viðbrögð ef menn hefðu áhyggjur og segja: Engir frekari ljósvakamiðlar og prentmiðlar, dagblöð og útvarpsstöðvar mega renna saman á meðan við skoðum ástandið. Þegar á sambærilegum aðstæðum hefur verið tekið í viðskiptalöggjöfinni, t.d. erlendis, er mjög algengt að settar séu skorður við frekari samruna og menn kannski skoðað síðan í nokkur ár hvort jafnvel eigi að ganga til baka og leysa upp einhverja risa sem hafa orðið til. Ég hef áður nefnt í þessari umræðu hin frægu Sherman-lög í Bandaríkjunum sem sett voru 1890 gagngert vegna þess að menn höfðu miklar áhyggjur af sérstaklega einum stórum auðhring sem fór þá mikinn í bandarísku viðskiptalífi og reyndar víðar. Það var ekki fyrr en 1911, 21 ári síðar, sem hann er svo leystur upp á grundvelli ákvæða í þessum sömu lögum. Menn fóru sem sagt ekki þá leið að höggva hann í spað með lögum sem tækju strax gildi heldur settu menn almenn lög til að hefta samruna í viðskiptalífinu og eftir gríðarlegan undirbúning var síðan gripið til aðgerða á grundvelli þeirra.

[17:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Við erum komin að 3. umr. um hið makalausa fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar. Á þessum degi hafa vissulega farið fram mjög gagnlegar umræður um málið og málefnalegar og sannast í hverri ræðunni á fætur annarri að ræðurnar eru málefnalegar. Verið er að ræða um viðfangsefnið, þetta makalausa fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar, en ekki um eitthvað allt annað eins og stjórnarliðar hafa verið að halda fram enda vilja þeir helst enga umræðu um frv. eins og við höfum orðið vitni að. Bara á þessum degi hafa þeir sem á annað borð þorðu að setja sig á mælendaskrá guggnað og hlaupið út af mælendaskránni þegar var að koma að þeim í umræðunni. Ég sé ekki að neinn hv. stjórnarliði hafi sett sig á mælendaskrá í dag nema mér til undrunar sá ég að hv. þm. Gunnar Birgisson var kominn á mælendaskrá. Sjálfsagt er það vegna þess að þingmaðurinn er orðinn vonlaus um að hafa fram það frv. sem hann hefur kallað eftir, sem eru *skattalækkanir ríkisstjórnarinnar*.

Ég held að það sé ekki ofsagt, virðulegi forseti, að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða hafa einkennst af ofbeldi og vanvirðingu við lýðræðið. Víst er að svona vinnubrögð væru hvergi liðin í öðru lýðræðisríki. Það er alltaf að sannast betur eftir því sem þessum umræðum vindur fram og stjórnarliðar breyta frv. meira að hér er á ferðinni atlaga að einu fyrirtæki. Hér er grímulaus tilraun til að knésetja fyrirtæki og stefna m.a. í hættu atvinnuöryggi fjölda fólks. Ástæðan virðist sú að fyrirtækið virðist ekki þóknast einum manni. Hann hefur sannarlega sýnt hvernig hægt er að misbeita valdi, virðulegi forseti, enda er hér ekkert annað á ferðinni en valdníðsla. Það er átakanlegt að sjá hvernig hæstv. forsrh. er með eitt tiltekið fyrirtæki á heilanum, beitir afli sínu og valdi til að knésetja það og leggur það bókstaflega í einelti.

Hæstv. forsrh. hefur, virðulegi forseti, orðið sér til rækilegrar skammar í þessu máli. Hann hefur lagst svo lágt að ráðast á forseta lýðveldisins, ekki aðeins embættinu sjálfu heldur forsetanum persónulega. Hann hefur brigslað honum um að ætla að ganga annarlegra erinda og ásakar hann um vanhæfi, sem rækilega hefur verið hrakið af lögspekingum *eins og Sigurði Líndal prófessor og Gunnari Helga Kristinssyni* prófessor. Hæstv. forsh. gekk svo fram af ýmsum framsóknarmönnum, sem hingað til hafa beygt sig í duftið fyrir ráðherra þegar hann gefur út tilskipanir sínar, að haft eftir einum þingmanni Framsfl. í dagblaði að ummæli forsrh. um forsetann væru ósmekkleg, ómálefnaleg og á lágu plani. Annar þingmaður Framsfl. sagði að forsrh. hefði í þessu

makalausa sjónvarpsviðtali í raun viðurkennt að lagasetning um eignarhald á fjölmiðlum snerti bara Norðurljós og taldi hæstv. forsrh. hafa farið yfir öll mörk í ummælum sínum um forsetann og fjölskyldu hans.

Virðulegi forseti. Það er mjög alvarlegt að forsætisráðherra þjóðarinnar skuli ber að slíku. Það er alvarlegt, virðulegi forseti, og umhugsunarvert að landinu virðist orðið stjórnað með tilskipunum tveggja stjórnmálaforingja. Þeir tveir hafa frá upphafi ráðslagað um frv. þetta og meðferð þess. Þeir hafa knúið breytingar í gegnum þingflokka sína, augljóslega á móti vilja margra stjórnarliða.

Virðulegi forseti. Stjórnarherrarnir hlusta ekki á aðra. Þessir tveir herramenn virðast ráða og valdhrokinn ræður. Valdníðslan er orðin svo mikil að þeir telja sig ekki þurfa að hlusta á gagnrýni eða athugasemdir annarra, hvorki í þinghúsinu eða utan þess. Á útifundi á Austurvelli í vikunni var einmitt samþykkt mjög athyglisverð ályktun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í gömlu ættjarðarkvæði er talað um „þúsund radda brag". Í virku lýðræði þurfa þúsundir radda að heyrast og leiðtogarnir verða að hlusta. Við krefjumst þess að stjórnvöld vakni af dásvefni valdhrokans og fari að hlusta á raddir þegna sinna. Við krefjumst þess að raunverulegar umræður fari fram áður en ákvarðanir eru teknar. Við krefjumst gagnsæis og höfnum leynimakki. Við krefjumst þess að lýðræðið virki!"

Á þessi skilaboð ættu valdhafarnir að hlusta en geta ekki. Það er eitt sem þeir ekki kunna, að hlusta.

Það hefur verið athyglisvert að upplifa síðustu daga, virðulegi forseti. Við fáum á hverjum degi að heyra ályktanir frá framsóknarmönnum um allt land, í ýmsum framsóknarfélögum, sem mótmæla þeirri atlögu að lýðræðinu sem þeirra stjórnmálaflokkur, Framsfl., stendur fyrir. Við höfum jafnframt fengið inn í þingsali ályktanir meiri hluta borgarstjórnar sem lýsir þungum áhyggjum sínum. Komið hefur fram í fjölmiðlum að oddviti framsóknarmanna í Reykjavíkurlistanum, Alfreð Þorsteinsson, segist hafa fundið fyrir mikilli óánægju meðal framsóknarmanna með fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Í Morgunblaðinu segir, með leyfi forseta:

„Sjálfur telur hann að frumvarpið geti stefnt atvinnuöryggi fjölda fólks sem vinnur að fjölmiðlun í Reykjavík í töluverða hættu og lýsti þeirri skoðun sinni á aukafundi borgarstjórnar í gærkvöld."

Síðar í sömu frétt Morgunblaðsins kemur fram, með leyfi forseta:

„Ég hef, bæði í samtölum við flokksmenn í Reykjavík og víðar, fundið fyrir mikilli óánægju með þetta frumvarp," sagði Alfreð í samtali við Morgunblaðið. „Ég bendi líka á að það hafa þónokkur framsóknarfélög, bæði í nágrenni Reykjavíkur og úti á landi, ályktað gegn því, ásamt Sambandi ungra framsóknarmanna og ungum framsóknarmönnum í Reykjavík."

Það er ljóst, herra forseti, að framsóknarmenn um allt land hafa lýst óánægju sinni. Sá eini sem stendur í lappirnar í þingflokknum virðist hins vegar vera hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Það er sorglegt til þess að vitað hvernig límið í ráðherrastólunum virkar. Hæstv. utanrrh. virðist hafa tögl og hagldir á öllu sínu liði nema hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem fylgir samvisku sinni. En þetta lætur hæstv. utanrrh. sig hafa vegna forsætisráðherrastóls sem hann á von á í haust.

Það er reyndar spurning með meiri hlutann. Eftir því sem dagarnir líða verða fleiri þingmenn í stjórnarliðinu órólegir. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur t.d. aftur og aftur verið á mælendaskrá en alltaf guggnað og hlaupið af mælendaskránni. Það er alveg ljóst að þetta frv. og ákvæði þess ganga gegn samvisku hennar. Hún þorir hins vegar ekki að koma í ræðustól, hæstv. forseti, og lýsa því. Ég er sannfærð um að það er rétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði í viðtali, enda þekkir hann vel til innan flokksins og innan búðar í þingflokknum, um að hann væri sannfærður um að þetta frv. mundi falla ef þingmenn í Framsfl. greiddu atkvæði í samræmi við samvisku sína.

Maður verður að vona, virðulegi forseti, að þetta frv. komist aldrei til framkvæmda. Vonandi verður komin til valda, þegar þetta lagafrv. ætti að koma til framkvæmda, ríkisstjórn sem virðir lýðræðið og leitar samráðs við alla aðila málsins þannig að sátt geti tekist um starfsumhverfið sem fjölmiðlum landsins er búið og tök verði á að breyta þessu frv. og fella niður ákvæði þess sem ganga gegn tjáningarfrelsinu, gegn lýðræði, atvinnufrelsi, jafnræðisreglum og stjórnarskránni.

Það er athyglisvert að meira að segja annar oddviti stjórnarflokkanna sem stendur að þessu máli er ekki öruggur um að frv. standist að ákvæði stjórnarskrárinnar. Það væri fróðlegt, herra forseti, að fara yfir feril frv. í því samhengi. Það kom ekki fram fyrr en við síðustu brtt. sem stjórnarflokkarnir gera á þessu frv., sem hafa a.m.k. verið gerðar í þremur lotum. Það er ekki fyrr en í síðustu lotu að það kemur fram hjá hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni að eftir þriðju breytinguna á frv. telji hann sig öruggari um að ákvæði frv. standist stjórnarskrána. Hæstv. ráðherra er hins vegar sannarlega ekki alveg sannfærður um það. Stjórnarskráin, virðulegi forseti, á að njóta vafans ef vafi leikur á. Það er sannarlega meira en vafi í hugum okkar stjórnarandstæðinga og í huga hæstv. utanrrh. er jafnframt vafi um að málið standist eins og fram hefur komið.

Það er athyglisvert að skoða hvernig frv. hefur breyst í meðförum stjórnarliða. Frv. kemur fyrst frá ríkisstjórninni 25. apríl. Þá mátti fyrirtæki í öðrum rekstri ekki fá útvarpsleyfi. Markaðsráðandi fyrirtæki mátti ekki eiga í ljósvakamiðli og enginn mátti eiga meira en 25% í ljósvakamiðli. Engin eignartengsl máttu vera milli ljósvakamiðla og prentmiðla og lögin áttu að öðlast gildi þá þegar. Útvarpsleyfi átti að afturkalla jafnóðum og þau rynnu út og í síðasta lagi innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Þetta sýnir, virðulegi forseti, hve langt þessir herramenn voru tilbúnir að ganga, allt til að þóknast þeim vilja forsrh. að knésetja tiltekið fyrirtæki.

Vissulega hefur frv. lagast aðeins í meðförum þingsins. Það er alveg ljóst að enn þá, þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar og að frv. hafi tvívegis verið breytt þá standast þær ekki stjórnarskrá. Frv. gengur enn þá gegn atvinnufrelsi, eignarréttarákvæðum, tjáningarfrelsi og alþjóðlegum skuldbindingum þrátt fyrir að þessar breytingar hafi verið gerðar. Þar vísa ég til ummæla eins hæstaréttarlögmanns og Sigurðar Líndals prófessors. Í fréttum á Stöð 2 18. maí síðastliðinn kom m.a. fram, að miklar efasemdir væru meðal lögfræðinga um að fjölmiðlafrumvarpið, í nýjustu útgáfu, stæðist tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Sigurður Líndal lagaprófessor var sagður efast um að lögin stæðust jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í ljósi yfirlýsinga sem hafa fallið um Baug. Orðrétt sagði Sigurður Líndal prófessor í þessari frétt, með leyfi forseta:

„Það er þetta með markaðsráðandi fyrirtæki, að það megi ekki eiga nema 5% í fyrirtæki, og eins með dagblöð, að eigandi dagblaðs megi ekki eiga ljósvakamiðil. Það sem ég finn að þessu er þetta: Ef fjölmiðlafyrirtæki eru settar mjög þröngar skorður um að afla fjár til rekstrar þá sýnist mér að það kynni að bitna á tjáningarfrelsi."

Jakob Möller hæstaréttarlögmaður talar um að sú breyting sem hafi verið gerð sé þýðingarlítil fegrunaraðgerð. Hann telur að það að segja að fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu megi ekki eiga nema 5%, fyrirtæki sem gefur út dagblað megi ekki eiga sjónvarp, fyrirtæki sem hefur að meginmarkmiði annan atvinnurekstur en útvarps- og sjónvarpsrekstur megi ekki eiga o.s.frv., sé brot á 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Hann telur jafnframt að með frv. sé tekin áhætta gagnvart fleiri ákvæðum.

Það er ljóst að virðulegir lögspekingar segja að þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar séu miklar efasemdir um að frv. standist ákvæði stjórnarskrárinnar, eins og það lítur út núna við 3. umr. Víst er, virðulegur forseti, að ákvæði frv. ganga enn þá gegn ákvæðum samkeppnislega. Það er alveg ljóst þegar maður les ákvæði Samkeppnisstofnunar að samkeppnislögin eru þverbrotin.

Í umsögn Samkeppnisstofnunar er kafli um bann við að fyrirtæki tengdu útgefanda dagblaðs sé veitt útvarpsleyfi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frv. er hins vegar algjörlega tekið fyrir það að fyrirtæki sem á eða eignast einhvern hlut í dagblaði geti átt hlut í fyrirtæki sem hefur útvarpsleyfi. Samkeppnisstofnun fær ekki séð að svo afdráttarlaus aðgreining eignarhalds á útgáfu dagblaðs annars vegar og fyrirtækis sem er með útvarpsleyfi hins vegar sé nauðsynleg til að tryggja markmið frv. Ná megi markmiðinu með vægari hömlum svo sem því að óheimilt sé að veita útvarpsfyrirtæki útvarpsleyfi sem lýtur virkum yfirráðum aðila sem hefur jafnframt virk yfirráð í útgefanda dagblaðs. Með óbreyttu orðalagi felast í ákvæði frv. aðgangshindranir að markaði sem að mati Samkeppnisstofnunar fara gegn markmiðum samkeppnislaga."

Vitna mætti í fleiri atriði í ágætri umsögn Samkeppnisstofnunar sem sýna að ákvæði frv. ganga gegn samkeppnislögum. Hér segir t.d., með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er ljóst að það getur haft jákvæð áhrif á samkeppni á fjölmiðlamarkaði ef markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri t.d. tekur þátt í stofnun nýs keppinautar í útvarpsrekstri. Jafnframt getur fjárfesting markaðsráðandi fyrirtækja í útvarpsrekstri styrkt þau í samkeppni við önnur fyrirtæki á þeim markaði, ekki síst gagnvart Ríkisútvarpi sem í krafti m.a. lögbundinna tekjustofna hefur óhjákvæmilega mjög styrka stöðu. Verði ákvæði þetta að lögum mun það vinna gegn innkomu nýrra keppinauta inn á markaðinn og takmarka samkeppni. Fer það því gegn markmiði samkeppnislaga."

Það er nauðsynlegt að halda þessu til haga, virðulegi forseti. Nú stendur yfir 3. umr. og við tökumst á um þriðju tilraun ríkisstjórnarinnar til að breyta þessu frv. En þau stangast enn verulega á við samkeppnislög. Í umsögn Samkeppnisstofnunar kemur líka fram hvernig ákvæði frv., þvert á það sem stjórnarliðar segja, ganga gegn því yfirlýsta markmiði ríkisstjórnarinnar að tryggja fjölbreytni. Þvert á móti hefur ítrekað verið farið yfir það við þessa umræðu að þetta frv. mun fyrst og fremst leiða til fábreytni á fjölmiðlamarkaði.

Nú er verið að gera breytingar á frv., þ.e. ákvæðið um að fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu megi ekki eiga meira en 5% í ljósvakamiðli ef það velti meira en 2 milljörðum kr. á ári. Virðulegi forseti, það er ekki einasta heimskulegt ákvæði heldur sér hver heilvita maður að svona ákvæði gengur gegn atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Hvað segir Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður um þetta ákvæði, virðulegi forseti? Hann telur að fyrirtæki sem gengur vel í rekstri og stendur í fjölmiðlarekstri verði refsað ef því gengur of vel samkvæmt fjölmiðlafrumvarpinu. Það þarf að selja hlut sinn í ljósvakamiðlunum fari ársveltan yfir 2 milljarða kr. án þess að ráða söluverðinu. Hæstaréttarlögmaðurinn segir þetta mjög óvanalegt. En sé ársvelta yfir 2 milljörðum kr. má fyrirtækið ekki eiga nema 5% í ljósvakamiðli.

Virðulegi forseti. Það er Sjálfstfl., sem kennir sig við frelsi í atvinnulífinu, sem stendur að slíku ákvæði. Fyrirtæki sem vex og dafnar gæti allt í einu þurft að losa sig við útvarps- eða sjónvarpsstöð af því að rekstur þess hafi gengið of vel, herra forseti. Það snýr allt á haus í frv., virðulegi forseti.

Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður telur að þetta ákvæði frv. gæti hæglega dregið úr áhuga margra fyrirtækja á að fjárfesta í fjölmiðlum auk þess sem það gæti haft lögfræðilegar flækjur í för með sér. Hann segir að fari veltan upp fyrir 2 milljarða kr. þá missi fyrirtækið hæfi til að eiga í ljósvakamiðlinum og verði annaðhvort að laga sig að skilyrðunum eða selja. Hann telur ekki líklegt að fyrirtækið lagi sig að skilyrðunum með því að minnka veltuna. Það gefur augaleið að þá þarf að selja og útvarpsréttarnefnd getur skikkað viðkomandi aðila að selja sinn hlut á einum mánuði. Takist það ekki er gert ráð fyrir því að viðskrh. fái til sín söluumboð og feli verðbréfafyrirtæki að selja hlutinn.

Virðulegi forseti. Þetta verður stöðugt meiri skrípaleikur eftir því sem menn kafa betur ofan í þetta makalausa frv. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Efh.- og viðskn. fór vel yfir málið eins og þingmenn þekkja. Hið sögulega gerðist í efh.- og viðskn., að það myndaðist meiri hluti í þessu máli sem skilaði meirihlutaáliti til allshn. Þann meiri hluta skipaði ásamt fulltrúum stjórnarandstöðunnar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Ég tel ekki ástæðu til að tefja tímann með því að fara ítarlega í þá umsögn. Kjarni hennar var að frv. mundi þrengja mjög að rekstrarskilyrðum starfandi fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði og atvinna fjölmargra starfsmanna í greininni væri sett í uppnám. Fram kom að skuldastaða Norðurljósa væri tæpir 6 milljarðar og þar af um 3 milljarðar af skuldinni án veða. Þar af eiga lífeyrissjóðirnir um 1 milljarð kr. Jafnframt er bent á að Samkeppnisstofnun hafi lýst þeirri skoðun við nefndina að þrátt fyrir brtt. stríddi frv. enn gegn markmiðum samkeppnislaga. Meiri hluti efh.- og viðskn. lagði því til að Alþingi frestaði afgreiðslu frv. og sumarið nýtt til að vinna málið betur í samráði við sérfræðinga og það lagt fyrir Alþingi að nýju í haust.

Maður skilur ekki, virðulegi forseti, hvers vegna ekki er hægt að ganga að því að láta þetta frv. bíða haustsins, menn setjist yfir það og reyni að ná einhverjum sáttum um hvernig menn vilja sjá starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja.

Ég tel ekki ástæðu til að lesa upp umsögn Samtaka banka- og verðbréfafyrirtækja en vek athygli á því sem þeir segja, þ.e. að þær hindranir sem yrðu settar með ákvæðum þessa frv. á fjölmiðlafyrirtæki mundu útiloka möguleika fjölmiðlafyrirtækis á að fá aðstoð lánastofnana þannig að erfitt yrði fyrir slík fyrirtæki að feta sig út úr erfiðleikatímabilum. Hindranirnar eru svo miklar að ýmsar tálmanir eru jafnframt fyrir því að fjölmiðlafyrirtæki geti skráð sig í Kauphöllinni.

Það kom fram hjá fulltrúa Verðbréfastofu, sem mætti á fund efh.- og viðskn., að ákvæði frv. muni útiloka stóran hóp fjárfesta frá fjárfestingu í fjölmiðlafyrirtækjum. Upp voru taldir stærstu aðilarnir á markaðnum sem ekki gætu fjárfest í fjölmiðlafyrirtækjum. Hvað mun það þýða, virðulegi forseti? Gæti það þýtt að með tímanum mundum við aðeins sitja uppi með sterka fjölmiðla á markaði, mögulega aðeins RÚV og Morgunblaðið? Ég spyr, virðulegi forseti, hvert við stefnum með slíku ákvæði.

Ég vil líka nefna, virðulegi forseti, sem er alvarlegt umhugsunarefni og hefur komið fram eftir að þessar síðustu brtt. voru kunngerðar, það sem fram kom í frétt 18. maí í sjónvarpinu. Í þeirri frétt sagði að Baugur stefndi að því að draga úr umsvifum hér á landi því fyrirtækið teldi viðskiptaumhverfið fjandsamlegt en stefndi að því að efla fjölmiðlasamsteypuna Norðurljós í trausti þess að fjölmiðlafrumvarpið standist ekki fyrir dómstólunum. Þá var vitnað í stjórnarformann Norðurljósa sem sagði að fyrirtækið mundi eftir sem áður höfða mál yrði frv. að lögum þar sem það teldi það ganga gegn stjórnarskránni og alþjóðlegum samningum. Síðan sagði að Baugur hefði mótað þá stefnu að draga úr umsvifum sínum hér á landi og daginn áður selt stóran hlut í Flugleiðum. Síðan var í fréttinni orðrétt haft eftir Skarphéðni Berg Steinarssyni, með leyfi forseta, að félagið hyggist auka áherslu sína erlendis „á kostnað innlendrar fjárfestingar." Skarphéðinn var spurður hvers vegna og hann sagði skoðun félagsins þá að vinveittara umhverfi væri í útlöndum fyrir þetta félag sem leiddi til þess að menn færðu umsvifin milli landa.

Það er sem sagt verið að stuðla að því, virðulegi forseti, að fyrirtækið leiti með fjárfestingar sínar til útlanda. Við getum velt fyrir okkur hvaða áhrif það hefur á efnahagsumhverfi okkar og starfsöryggi launafólks.

Það hefur vakið athygli, virðulegi forseti, í þessari umræðu að hæstv. fjmrh. hefur ekkert látið sjá sig. Ég spyr: Er hæstv. fjmrh. í húsinu?

(**Forseti** (JBjart)**:** Hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu.)

Nei, ekki fremur en venjulega. Stjórnarliðar láta helst ekki sjá sig í húsinu af ótta við að verða kallaðir upp af stjórnarandstæðingum sem vilja fá svör við ýmsum spurningum. Ég hefði t.d. viljað spyrja hæstv. fjmrh. út í skaðabótakröfur sem eru yfirvofandi. Norðurljós hafa gefið til kynna að skaðabótakröfur og tjón hluthafa, nái þessi ákvæði fram, geti orðið 2–3 milljarðar kr. Það kom fram hjá fulltrúa fjmrn. að jafnvel þótt nokkuð víst þyki að ríkið verði skaðabótaskylt vegna ákvæða frv. þá hafi ekkert verið skoðað í fjmrn. hvort reikningurinn af þessu glæfraspili ríkisstjórnarinnar verði sendur skattgreiðendum.

Virðulegi forseti. Ég mun fljótlega ljúka máli mínu en það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að atvinnulífið og fjármálamarkaðurinn einkennast af ört vaxandi fákeppni og samþjöppun valds og fjármagns sem leitt hefur til ýmiss konar bandalags og samráðs gegn neytendum. En hafa stjórnvöld haft áhyggjur af því og hvernig hefur verið brugðist við því gegnum árin? Hefur Samkeppnisstofnun verið efld? Nei, henni hefur verið haldið í spennitreyju fjársveltis með þeim afleiðingum að rannsóknir, t.d. á tryggingafélögunum, taka mörg ár. Samkeppnisyfirvöld treysta sér ekki til að sekta tryggingafélögin vegna þess langa tíma sem rannsóknin hefur tekið. Hæstv. viðskrh. svaraði mér því í vikunni að hún hefði enga skoðun á þessu máli og taldi sig hafa eflt Samkeppnisstofnun. Hvernig gerði hún það? Með því að fjárframlög til stofnunarinnar höfðu hækkað úr 118 millj. á árinu 2000 í 157 millj. á þessu ári, sem rétt dugar fyrir launa- og verðlagsbreytingum. Lítil breyting hefur orðið á starfsaðstöðu og starfsumhverfi Samkeppnisstofnunar þótt sífellt séu sett á stofnunina fleiri verkefni. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra kallaði á að Alþingi mundi enn frekar styrkja Samkeppnisstofnun en þessi sami ráðherra stóð að því við fjárlagaafgreiðsluna síðustu að fella tillögu um 30 millj. kr. aukið framlag til Samkeppnisstofnunar sem við, fulltrúar Samf. á Alþingi, fluttum. Það er allur vilji hæstv. viðskrh. og ég kannast ekki við að hún hafi séð ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu. Er það ekki rétt, virðulegi forseti?

Það er brýnt að stjórnvöld bregðist við óeðlilegri samþjöppun valds og fjármagns í þjóðfélaginu sem ógnar samkeppni og býr til fákeppni en það á að gera með því að efla eftirlitsstofnanir og auka gegnsæi á markaðnum, herða almennar leikreglur og efla af myndarskap eftirlitsstofnun eins og Samkeppnisstofnun. En það þarf að gera af yfirvegun og skynsemi og það verður best gert, virðulegi forseti, með lýðræðislegum vinnubrögðum en ekki valdstjórn.

Ég vil draga það fram í lokin, virðulegi forseti, að meðferð þessa frv. er lýsandi dæmi um hve brýnt er að koma á almennum rétti fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að þjóðin geti sjálf brugðist við þegar valdhafar ganga gegn vilja þjóðarinnar eins og gerst hefur í þessu máli.

Ég vitna til nýlegrar skoðanakönnunar sem birtist í morgun þar sem fram kemur, virðulegi forseti, að sjö af hverjum tíu vilja þjóðaratkvæðagreiðslu í þessu máli. Um 71% þjóðarinnar vill að forseti Íslands neiti að skrifa undir fjölmiðlalögin. Það er mikilvægt að sjö af hverjum tíu vilja þjóðaratkvæðagreiðslu og ef frv. okkar í Samf. sem hefur verið flutt á 7–8 þingum hefði fengið skoðun, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem heimilaði þjóðaratkvæðagreiðslu, þá gæti fólkið sjálft tekið málið í sínar hendur. Í frv. sem við höfðum flutt í 7–8 skipti á þinginu er gert ráð fyrir ákvæði sem yrði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög."

Hér vitna ég, virðulegi forseti, í lagafrv. sem við höfum ítrekað reynt að koma í gegnum þingið. Ef frv. hefði orðið að lögum og fengið efnislega umræðu í þinginu, sem það hefur aldrei fengið í þingsölum eða í þingnefnd, þá hefði fólkið sjálft réttinn, gæti tekið málið í sínar hendur, 40 þúsund Íslendingar 18 ára og eldri gætu samkvæmt þessu frv. farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um það umdeilda mál sem hér um ræðir. Fólkið hefði málin í sínum höndum. Slík ákvæði hefðu betur verið sett í stjórnarskrá eins og við höfum krafist. Það er merkilegt, virðulegi forseti, að sjö af hverjum

tíu vilja þjóðaratkvæðagreiðslu. Yfir 40% þeirra sem spurðir eru vilja þjóðaratkvæðagreiðslu. Það sýnir, virðulegi forseti, hvers konar valdníðsla þetta frv. er sem á að keyra í gegn.

Ég er sannfærð um það, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að málið hefði ekki meiri hluta í þinginu ef stjórnarliðar myndu fylgja sannfæringu sinni en vera ekki eins og druslur og hlíta bara vilja foringjanna og tilskipanna þeirra út og suður um þjóðfélagið. Þeir vilja láta alla innan þings og utan þings standa og sitja eins og þeir sjálfir kjósa. Ég fordæmi þessi vinnubrögð, virðulegi forseti.

Ég er sannfærð um að verði skipt um ríkisstjórn, sem vonandi verður sem fyrst, muni þetta frv., ef að lögum verður, aldrei komast til framkvæmda. Við viljum að við taki stjórn sem hefur uppi lýðræðisleg vinnubrögð og hefur samráð við þá aðila sem við eiga að búa og skoðun hafa á því hvernig rekstrarumhverfi fjölmiðlafyrirtækja eigi að vera. Það skulu vera mín lokaorð, virðulegi forseti. Ég fordæmi ríkisstjórnina harðlega í þessu máli og þá tvo oddvita ríkisstjórnar sem beita valdníðslu til að knýja frv. í gegn.

[18:33]

Útbýting þingskjala:

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál, brtt. SJS, þskj. 1757.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins, 549. mál, svar forsrh., þskj. 1674.

Starfsreglur Ríkisútvarpsins, 1001. mál, fsp. HHj, þskj. 1749.

Tekjur háskóla af skólagjöldum, 899. mál, svar menntmrh., þskj. 1697.

Tekjur sérskóla af skólagjöldum, 898. mál, svar menntmrh., þskj. 1700.

[18:34]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við 3. umr. þess máls sem við höfum kallað fjölmiðlafrv. hefur margt verið sagt. Ég tek undir þá skoðun sem fram hefur komið að málflutningurinn hefur verið málefnalegur, hann hefur verið ítarlegur en þó að umfjöllun um þetta mikla mál hafi tekið nokkra daga, þá tel ég að umræðan sé rétt að hefjast. Ef við erum að tala um lýðræðisleg vinnubrögð þarf mál eins og þetta að gerjast miklu lengur en svo að vera í umræðu í þinginu í nokkra daga. Það þurfa miklu fleiri að koma að því og vera virkir þátttakendur, ekki bara að koma til nefnda og segja álit sitt heldur að vera þátttakendur í mótun svo mikilvægs málefnis og þetta frv. fjallar um.

Hæstv. forseti. Ég tel að bregðast eigi við samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. En ástæða þess að orðið hefur þessi mikla eignatilfærsla og samþjöppun er í rauninni afrakstur stefnu núverandi ríkisstjórnar. Samþjöppun hefur orðið á þessum markaði eins og öðrum mörkuðum, t.d. á matvælamarkaðnum, í sjávarútvegi og á fleiri sviðum. Og þegar markaðslögmálin eiga að gilda og eiga að ráða verður útkoman oft sú að hugsanlega verða aðrir eigendur að auðlindunum, sama hverjar auðlindirnar þar eru, hvort það er fiskurinn í sjónum eða sjónvarpsrásirnar og útvarpsrásirnar, einhverjir þeir aðilar sem stjórnvöld höfðu hugsanlega ekki ætlað sér að yrðu þar alls ráðandi.

Á þessu sviði sem og mörgum öðrum er erfiðara að setja reglurnar þegar í óefnið er komið. Við hefðum fyrir nokkuð löngu átt að vera búin að átta okkur á því að sú staða gæti komið upp hér á landi að til að tryggja fjölbreytni og lýðræðislega umræðu þyrfti að setja ákveðnar leikreglur svo einstakir aðilar yrðu ekki ráðandi á markaðnum. Þetta hefðum við getað sagt okkur með því að líta í kringum okkur, sjá þróunina í öðrum löndum og hvernig brugðist hefur verið við. Við erum ekkert öðruvísi og það er ekkert annað að gerast hér en það sem er að gerast í nálægum löndum. Við erum oft og tíðum nokkrum árum á eftir og ættum þar af leiðandi að geta nýtt okkur það að fylgjast með hvernig aðrar þjóðir ganga í gegnum ákveðna þróun, hvernig þær bregðast við og vera þá tilbúin. En því miður viljum við alltaf fara okkar leiðir og þetta á að reddast allt saman þangað til eitthvað kemur upp á sem við sjáum að gengur ekki lengur. Því tek ég undir það að þessi samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum gengur ekki lengur. En ekki er eðlilegt að bregðast við með þeim hætti eins og hér er gert. Eins og komið hefur fram í fjölmörgum ræðum þarf að fara í þá vinnu með lýðræðislegum hætti og gefa umræðunni tíma.

Í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom fram að ein leið hefði verið að setja lög á þessu vorþingi sem bönnuðu frekari samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum en orðin er, setja ákveðna bremsu og við ættum að skoða þetta, taka þetta upp á næsta vetri eða fara í þá vinnu og frysta stöðuna eins og hún er í dag og ekki heimila frekari samþjöppun en orðin er. Ég tel að það hefði verið mjög góð leið til að gefa okkur ákveðið andrými til að fara í slíka vinnu því að eins og við erum öll búin að lýsa yfir, að þetta sé óeðlileg þróun sem hér hefur átt sér stað, þá erum við jafnandvíg þeirri aðferð sem hér á að beita.

Okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur m.a. verið legið á hálsi fyrir að við séum að taka U-beygju, við séum að hverfa frá þeim yfirlýsingum og málflutningi okkar sem við höfum haldið uppi um að setja þurfi ákveðin takmörk, en svo er ekki. Við erum á þeirri skoðun en við mótmælum því að tveir einstaklingar geti með valdboði sagt fyrir um það hvernig lög séu afgreidd á hinu háa Alþingi og vísa til þess að farið hafi verið eftir þeirri ágætu skýrslu og úttekt sem hér hefur margsinnis verið nefnd og var skilað 2. apríl 2004 í vor. Þetta er mjög góð greinargerð, ítarleg og mjög góð úttekt sem ég tel að hafi verið góður grunnur til að byggja á til að fara í frekari vinnu. En ekki er nóg að setja nokkra sérfræðinga í slíka vinnu og gera þá úttekt ef aðrir koma svo ekki að úrvinnslunni. Ekki er rétt að verið sé að fara eftir niðurstöðum þeirrar skýrslu. Skýrsluhöfundar benda á nokkrar leiðir sem megi fara til að hamla eignarhaldi á fjölmiðlum og sú leið er farin í frv., eins og það birtist fyrst og hefur þó aðeins skánað en ekki þannig að það skipti nokkru máli, sem þrengst er og möguleg hefur verið nefnd í skýrslunni. Allra harðasta og þrengsta leiðin hefur verið valin og litið algerlega fram hjá öðrum atriðum. Það er ekki hægt, hæstv. forseti, að leyfa sér að setja svo strangar reglur að vafi leiki á því að ákveðnar greinar standist stjórnarskrána og að hugsanlegt sé að ríkissjóður verði að greiða háar sektir í skaðabætur ef frv. verður afgreitt.

Mér finnst það svo alvarleg ábending að frv. geti stangast á við stjórnarskrána, standist ekki stjórnarskrá lýðveldisins að ganga verði úr skugga um það með öllum þeim ráðum sem við búum yfir að fá algera fullvissu fyrir því að svo sé ekki. Það er algerlega óþolandi að verið sé að láta í skipti eftir skipti reyna á það fyrir dómstólum. Bara það að fram komi sterkar ábendingar um að þetta geti verið staðreyndin á að fá okkur til að stoppa og fara ekki lengra fyrr en við erum búin að vinna úr þessu.

Með leyfi hæstv. forseta langar mig að vitna í brot úr stuttri grein sem birtist í Morgunblaðinu 9. desember 2003, skrifaða af Hjörleifi Guttormssyni. Hann skrifaði þá um lagasetningarvald. Með leyfi forseta hefst greinin þannig:

„Eðlilega vekur athygli hversu oft Hæstiréttur Íslands hefur á síðustu árum kveðið upp dóma sem fela í sér að nýlega sett lög gangi í berhögg við ákvæði stjórnarskrárinnar".

Niðurlag greinarinnar er svohljóðandi:

„Umræddir hæstaréttardómar" — því vitnað í nokkra — „ættu að vera sérstakt tilefni fyrir Alþingi að athuga sinn gang. Í starfsháttum þingsins og ósjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu er að mínu mati að finna helstu skýringar á því að ýmis lagaákvæði hafa ekki staðist skoðun dómstóla. Alþingi kemur illa út að þessu leyti í samanburði við þjóðþing annarra Norðurlanda. Menn þurfa ekki lengra en til Noregs til að sjá hvert himinn og haf er á milli undirbúnings að mótun löggjafar þar og hér á landi. Á það bæði við um undirbúning að löggjöf í ráðuneytum og málsmeðferð í Stórþinginu. NOU-greinargerðirnar norsku tala þar sínu máli. Stórþingið er heldur ekki undir hælnum á framkvæmdavarldinu með sama hætti og Alþingi, sem best sést af því að ráðherrar í Noregi hafa ekki atkvæðisrétt í þinginu.

Því er svo við að bæta að engir af nefndum hæstaréttardómum hefðu þurft að koma mönnum á óvart, síst af öllu lögfræðiprófessorum. Í mörgum tilvikum vöruðu talsmenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi eindregið við að viðkomandi lagasetning stangaðist á við stjórnarskrárvarin ákvæði. Þetta átti m.a. við um stjórnun fiskveiða, málefni öryrkja og gagnagrunn á heilbrigðissviði. Hæstiréttur hefur í reynd orðið sú réttarvörn í málefnum borgaranna gegn ofríki framkvæmdarvalds og hirðuleysi löggjafans sem honum ber. Án dóma hans að undanförnu væri lýðræðinu verr komið en ella. Árangursríkasta leiðin til að fækka slíkum dómum er að Alþingi taki lagasetningarvald sitt alvarlega".

Þótt þessi grein sé skrifuð 9. desember á síðasta ári á hún sannarlega við í dag varðandi afgreiðslu þessa frv. Mér finnast það forkastanleg vinnubrögð að halda áfram að vinna í máli sem vart getur talist þingtækt.

Hér hefur verið farið yfir framhaldsnefndarálit minni hluta allshn. Minni hlutinn lýsir yfir vanþóknun á fullkomnum viljaskorti meiri hlutans til að skoða efnisþætti málsins til hlítar og bendir á að fyrir liggja rökstudd álit fjölmargra sérfræðinga þess efnis að veruleg áhöld séu um að málið standist stjórnarskrána en enginn hefur enn treyst sér til að fullyrða hið öndverða.

Frumvarpið var meingallað og illa ígrundað í upphafi. Hvorki málsmeðferðin né breytingartillögur meiri hlutans nægja til að gera frumvarpið þannig úr garði að það geti orðið grundvöllur góðrar lagasetningar sem tryggi lýðræði, fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlun.

Ég beini athygli hæstv. forseta að umsögn meiri hluta efh.- og viðskn., því hún klofnaði í þessu máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sérstaka athygli vekur að Samkeppnisstofnun lýsti þeirri skoðun við nefndina að þrátt fyrir breytingartillögur stríddi frumvarpið enn gegn markmiðum samkeppnislaga." — Samt er Samkeppnisstofnun ætlað að eiga hlut að máli þótt ný skipan útvarpsréttarnefndar eigi að hafa vald til að meta umsóknir um leyfi til útvarpssendinga á hverjum tíma.

Víða að hafa komið ábendingar um að ramminn sem setja eigi fjölmiðlum til að ná þeim markmiðum sé allt of þröngur, hann muni ekki ná þeim markmiðum sem honum er ætlað. Talið er að hann mundi þrengja svo að fjölmiðlamarkaðnum að hætta sé á að lögin muni virka gagnstætt við það sem ætlað er, að meiri fákeppni verði en er í dag þannig. Mér finnast það alvarlegar ábendingar.

Það á að setja því skorður að fyrirtæki sem hafa markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði, sem er ekki á fjölmiðlamarkaðnum, geti átt meira en 5% í útvarps- eða sjónvarpsrekstri. En hvað er markaðsráðandi staða og hvernig er hægt að meta hana með óyggjandi hætti? Það hlýtur alltaf að vera mat á hverjum tíma. Slíkt mat getur heldur ekki verið óyggjandi niðurstaða heldur yrði hún matskennd og jafnvel mjög umdeild. Ég spyr bæði sjálfa mig og aðra, þótt ekki fái maður svör frá hv. stjórnarliðum: Hvers vegna liggur svo mikið á að setja þessi lög núna? Ekki er farið að ráðum höfunda skýrslunnar um hvernig eigi að vinna út frá niðurstöðum hennar. Skýrsluhöfundar voru tilbúnir að leggja sitt af mörkum eða koma að samningu frumvarps ef til þeirra yrði leitað. En hins vegar lá mönnum svo á að bregðast við þessari skýrslu að hæstv. forsrh. tók að sér að semja frv. Maður spyr þess vegna: Hvað er á fjölmiðlamarkaði í dag eða verður næsta vetur brenglaðra en verið hefur undanfarin ár? Auðvitað er þetta brenglaður markaður hvað varðar eignarhald á fjölmiðlunum. En hvað er að óttast? Ég spyr um það en sé ekki annað en þetta sé spurning um vald. Þetta er spurning um vald yfir fjölmiðlum og það að vera ráðandi í umræðunni, að hafa sterka stöðu á fjölmiðlamarkaði. Fjölmiðlamarkaðurinn hefur verið kallaður fjórða valdið og nú er greinilegt að ekki eru réttir aðilar í valdastólum fjórða valdsins. Einhverjir telja að rangir menn séu ráðandi á þessu sviði og því þurfti að bregðast svo hart við. Þetta er eina skýringin sem ég get fundið á þessu máli, þ.e. að valdabaráttan búi þarna að baki.

Erum við sátt við afgreiðslu þessa máls, að það verði afgreitt út úr þinginu núna? Það er augljóst að stjórnarandstaðan er andvíg þessu máli. Við fordæmum vinnubrögðin, málsmeðferðina og frv. í heild. En þá má spyrja: Væri stuðningur innan þingsins ef allir hv. stjórnarþingmenn mundu greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni og sannfæringu? Ég efast um það. Ég efast um að svo færi. Maður hefur heyrt það á mönnum, séð það í fjölmiðlum og af þeim óróa sem hér ríkir að efast megi um að frv. hefði stuðning ef lýðræðislega væri unnið en ekki eftir heraga. Frv. hefur augljóslega ekki stuðning úti í þjóðfélaginu. Haldinn var kröftugur útifundur í fyrradag og krafa þeirra sem þar komu saman, af sjálfsprottnum krafti og áhuga á lýðræði og siðferði, beindist ekki gegn þessu frv. frekar en öðru. Reiði fólks brýst hins vegar fram þegar það upplifir hve augljós valdníðslan er orðin og hvernig ruðst er fram með þetta mál. Þá er fólki ofboðið.

Hvað varðar forseta lýðveldisins þá tel ég að það embætti eigi að vera friðhelgt. Umboðsmaður Alþingis er skipaður af Alþingi en forseti Íslands hefur umboð sitt frá þjóðinni. Þessi embætti eiga að vera friðhelg og án afskipta þings og ríkisstjórnar. Manni verður því bilt við þegar upplýst er að hvorugt þessara embætta fái þann frið sem þeim ber fyrir æðstu ráðamönnum. Í mínum huga hefur verið gengið allt of langt í þeim efnum. Mér finnst að ráðamenn ríkisstjórnar hafi sett niður og virðingu Alþingis einnig í því orðakasti sem fram hefur farið, sérstaklega í fjölmiðlum.

Þjóðin vill að æðstu valdamenn þjóðarinnar sýni yfirvegun í orði og æði. Við viljum að þessi embætti séu virðingar- og ábyrgðarstöður, eins og þeim ber. Ég álít að eðlilegt sé

að gera meiri kröfur til þeirra einstaklinga sem sitja í æðstu embættum hverju sinni en til almennings.

Á þeim skamma tíma sem umræða hefur farið fram um þann ramma sem fjölmiðlar á Íslandi eiga að búa við — ég er þá ekki bara að tala um þetta frv. heldur almennt — hefur þjóðin orðið vitni að ótrúlegum valdhroka. Valdhrokinn hefur orðið sýnilegri í umfjölluninni um þetta frv. Menn hafa farið langt yfir þau mörk sem hægt er að sætta sig við. Þessum valdhroka mótmælir þjóðin. Skoðanir manna endurspeglast í andstöðu við frv. eins og komið hefur fram í *skoðanakönnunum*.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokum taka undir fordæmingu á vinnubrögðum og valdníðslu ríkisstjórnarinnar. Ég vona að næsta ríkisstjórn, sem tekur við innan skamms tíma ef sú sem hér situr lærir ekki af reynslunni, taki tillit til þess að það er ekki nóg að hreiðra um sig á valdastólum um margra ára skeið heldur verður að hlusta á þjóðina og ástunda lýðræðisleg vinnubrögð þótt stólarnir hafi verið tryggir. Að öðrum kosti tel ég að lýðræði í landinu og stöðu Alþingis sé ógnað.

[Fundarhlé. — 19:00]

[20:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil í upphafi máls míns segja að mér er sama þó að fámennt sé í salnum (**Gripið fram í:** Góðmennt.) en ákaflega góðmennt í þingheimi og einnig á forsetastóli. Ég kýs hins vegar að biðja forseta um að athuga í fyrsta lagi hvort formaður allshn. er í húsinu og í öðru lagi að hafa samband við hann ef svo er ekki og segja honum frá því að hér standi yfir 3. umr. um frv. sem farið hefur um nefnd hans og sem hann er þar með formlega ábyrgur fyrir.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mun gera formanni allshn. viðvart um þessa ósk hv. þm.)

Það er nefnilega svo, forseti, sem áður hefur borið á góma í þessu máli að það ákvæði þingskapa sem skyldar þingmenn til að sækja fundi er auðvitað sjálffallið úr gildi, eftir því fer enginn og það eina sem eftir er af því er ákveðin regla og hefð um að menn séu við atkvæðagreiðslur. Um það eru hins vegar engin sérstök ákvæði í þingsköpum og því þarf auðvitað að breyta en það er líka svo að þeir sem eru ábyrgir fyrir því máli sem rætt er verða að vera við umræðuna. Það er ekki annað en kurteisi gagnvart þeim sem taka þátt í þeirri athöfn að ræða málið sem hinir leggja fram og leggja áherslu á að afgreitt sé með einhverjum hætti og það er plagsiður að kalla til ráðherra seint og snemma og ágætur siður þegar það á við. En lágmarkskrafa er auðvitað að formaður þeirrar nefndar sem fjallað hefur um málið sé viðstaddur umræðuna í 2. og 3. umr.

Nú horfi ég yfir salinn í 3. umr. um málið sem hefur valdið meiri titringi og meiri mótmælum í samfélaginu en nokkurt annað í mörg missiri og hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn. er ekki hér. Varaformaður nefndarinnar sem ég man ekki hver er er ekki hér heldur. Ég get ekki annað en lýst óánægju minni með þessa starfshætti formanns allshn. Ég tel það ámælisvert að hann skuli ekki vera hér og að hann *skuli ekki hafa verið hér í dag það sem ég hef fylgst með*. Ég vænti þess að forseti komi þessum skilaboðum á framfæri við formann allshn.

(**Forseti** (BÁ)**:** Eins og forseti sagði áður er verið að gera formanni allshn. grein fyrir ósk hv. þm. um nærveru hans við umræðuna.)

Forseti. Formaður allshn. er nýliði á þinginu rétt eins og ég og ég tel ákaflega mikilvægt að við sem nýir erum lærum af hinum eldri, bæði það sem gott er, þá siði sem hér hafa skapast í áranna og aldanna rás, og við getum líka lært vítin því að þau eru til að varast. Mér finnst sorglegt að nýr þingmaður, frískur og hress ungur maður, hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., skuli hefja feril sinn með þessum hætti og taka upp eftir hinum eldri þingmönnum það versta sem þinghefðir hér hafa fram að bjóða sem er t.d. það að geta ekki verið viðstaddir þegar rætt er um mál sem þeir eiga að meðhöndla og ég tel raunar að ef formenn nefnda nenna ekki, því ekki eru lögmæt forföll, forseti, ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Formaður allshn. hefur gert grein fyrir því að hann eigi afar bágt með að vera viðstaddur akkúrat núna en hann veit af ósk hv. þm.)

Þá tel ég að formaður allshn. eigi að senda varamann sinn, varaformann allshn. á staðinn, eða hætta formennsku í nefndinni sem líka kemur til greina ef þingmaðurinn hefur of mikið að gera eða er of upptekinn af einhverjum ástæðum til að vera við umræðu um það mál sem farið hefur um nefnd hans.

Það er af mörgu að taka í þessari umræðu og margt hefur verið sagt. Auðvitað er það svo að þegar maður ræðir málið í 3. umr., ég tók þátt bæði í 1. umr. og 2. umr. og líka í forumræðu málsins þegar rætt var um fjölmiðlaskýrsluna, þetta er auðvitað ein samfelld ræða, þá kemst maður ekki hjá að endurtaka með einhverjum hætti það sem áður hefur verið sagt og verður að biðja þingheim afsökunar á því. — Ég fagna því að nú gengur í salinn hv. þm. Jónína Bjartmarz og er vonandi að biðja um að verða sett á mælendaskrá því við höfum saknað hennar, þingmenn aðrir. Hún var á mælendaskrá við umræðuna um skýrslu fjölmiðlanefndar og hefur síðan verið á mælendaskrá fram og aftur bæði í 1. og 2. umr. og *reyndar í þeirri 3. líka en ekki, hygg ég, tekist* að tala og það er reyndar beðið eftir því með nokkurri eftirvæntingu og óþreyju hvað hún hefur fram að færa þannig að ég fagna því sérstaklega að hún sé á skrafi við fundarborðið þar sem menn skrá nöfn sín á mælendaskrána. — Ég ákvað við 3. umr. málsins að taka saman nokkur helstu atriði sem bæði Samf. og samfylkingarþingmönnum öllum og þó mér sérstaklega hefur þótt mikilvægust í andstöðu okkar við það frv. sem hér er um að ræða. Ég var svo heppinn að í gær fékk ég tölvubréf, af því að þau eru títtnefnd bæði á þinginu og annars staðar í samfélaginu, frá námsmanni sem heitir Kristmundur Þór Ólafsson og hann hafði þetta við mig að segja, með leyfi forseta:

„Kristmundur heiti ég og hef ákveðið að senda þér bréf þar sem þú gætir kannski lýst fyrir mér hvernig Samfylkingin lítur á frumvarpið [þ.e. fjölmiðlafrumvarpið] í tengslum við ákveðin sjónarhorn. Þetta ákvað ég að gera því ég sendi þér póst í vetur og fékk frekar góð svör í sambandi við aukna fjárveitingu sem Samfylkingin vildi standa fyrir í málefnum Háskóla Íslands. Ásamt því að ég hef að verið með vaxandi efasemdir um umfjöllun fjölmiðla um efnið, því þeir eru nú hagsmunaaðilar í þessu máli."

Kristmundur Þór sendi mér nokkrar spurningar sem ég *settist niður til að svara og ætlaði að gera í knöppu máli*, svara þessu tölvubréfi, en úr því svari varð raunar lengri texti og ég sá mér þess vegna leik á borði að gera tvennt í senn, svara Kristmundi Þór hinum ágætu spurningum hans, og nota það svar síðan í þá ræðu sem ég hafði einmitt hugsað mér að flytja.

Fyrsta spurning Kristmundar Þórs er einföld. Hún er svona: „Af hverju er Samfylkingin á móti frumvarpinu?"

Svar mitt er þetta:

Samfylkingin er á móti frumvarpinu vegna þess að það vinnur gegn markmiðum sínum um fjölbreytni í fjölmiðlum. Frumvarpið er atlaga að einu fyrirtæki, Norðurljósum, og ef það verður samþykkt er hætt við að það fyrirtæki veikist og klofni upp. Það gæti dregið verulega úr afli Stöðvar 2 og það gæti leitt til þess að annaðhvort Fréttablaðið eða DV færi yfir um eða jafnvel bæði. Jafnvel þótt fjölmiðlum fækkaði ekki er ljóst eða a.m.k. afar sennilegt að frumvarpið drægi úr afli þeirra með því að takmarka verulega aðgang fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni. Sú takmörkun gerir fyrirtækin um leið að annars flokks fjárfestingarkosti. Frumvarpið setur skilyrði um 5% hámarkseign markaðsráðandi fyrirtækja yfir ákveðinni ársveltu. Félagi minn, hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson, sagði í þingræðu á föstudaginn frá því að af þeim 90 fyrirtækjum sem höfðu mestan hagnað í fyrra, 2003, og eiga þar með fé afgangs til fjárfestinga meira en önnur fyrirtæki, væru um 60 útilokuð frá fjárfestingum í fjölmiðlafyrirtækjum þar sem þau teldust vera markaðsráðandi á sínu sviði og veltu meira en þeim 2 milljörðum sem ákvæði er um í frv. eins og það er núna. Langflest hinna 30 sem eftir standa eru sjávarútvegsfyrirtæki. Nú er að vísu ekki líklegt að Samherji og Grandi leggi af sjálfu sér fé í fjölmiðla, stefna þeirra í fjárfestingarmálum og útrásarmálum hefur verið önnur, en það er svo sannarlega undarleg staða og óeðlileg að aðeins stórfyrirtæki úr einum geira atvinnulífsins hafi leyfi til slíkrar fjárfestingar.

Samfylkingin er á móti frumvarpinu vegna þess að okkur finnst heimskulegt að banna að fyrirtæki geti átt bæði dagblað og útvarpsstöð. Þróunin hefur verið sú, bæði á Íslandi og þó einkum erlendis, að fjölmiðlun er að verða að einni starfsgrein án tillits til þess hvert endanlegt birtingarform hennar er, dagblað, vikublað, vefsetur á netinu, útvarp, sjónvarp með venjulegum hætti, gegnum kapal, gervihnött, um símakopar í tölvuna og svo framvegis. Þessi þróun hefur vissulega verið skrykkjótt en um leið afar áberandi. Liður í henni er að til verða fyrirtæki sem sameina fjölmiðlun af mörgu tagi og ýmsan annan menningarrekstur, tónlistarútgáfu, vefhönnun, bókaútgáfu, kvikmyndagerð, umbrot og grafíska hönnun o.s.frv. og auðvitað líka auglýsinga- og markaðsstarf af ýmsum toga. Þarna eru ekki lengur múrar á milli, fyrirtæki á þessu sviði eru hvert öðru háð og það væri fullkomlega óeðlilegt að þrengja að vexti þeirra og þróun nema mönnum þyki upp komið einhvers konar neyðarástand sem almannahagsmunir liggi við að stöðva. Dæmi um slíkt fyrirtæki er auðvitað Norðurljós, en hérlendis eru ýmis önnur dæmi um slík fyrirtæki á landsbyggðinni þar sem útvarpsrekstur eða útgáfa fréttablaðs í héraði fer hönd í hönd við ýmiss konar menningar-, hönnunar- og markaðsstarf. Þetta er reyndar leyft í frumvarpinu, það sem er bannað á landinu öllu, þ.e. í Reykjavík eða í raun í Reykjavík, má leyfa þegar komið er út á land á einstaka staði. Engin skýring hefir fengist á þeirri reglu. Markaðsráðandi fyrirtæki má væntanlega eitt og sér í lagi eiga bæði útvarp og dagblöð á Akureyri eða Patreksfirði ef fjölmiðlarnir halda sig nokkurn veginn við héraðið, en ekki í Reykjavík. Alcoa gæti stofnað sjónvarpsstöð og gefið út dagblað á Reyðarfirði, það er allt í góðu ef dagskráin berst ekki suður.

Company town heitir það á ensku þegar eitt fyrirtæki ræður öllu í bænum og hefur allt á sinni hendi. Sé það staðbundið á Íslandi er allt í lagi að hafa Company town í fjölmiðlum. En það er ekki í lagi að markaðsráðandi fyrirtæki eigi meira en 5% í fjölmiðli sem berst um allt land. Hugsunin í þessu frumvarpi er engin, skýringarnar engar.

Frumvarpið er skraddarasaumað, það er ástæðan. Það sést meðal annars á því að í frumvarpinu er ekki bannað að sami maður eða fyrirtæki eigi mörg dagblöð, þess vegna meiri hlutann af öllum dagblöðum á landinu, eða margar útvarps- og sjónvarpsstöðvar. Samkvæmt frumvarpinu er allt í lagi að ein fjölskylda gefi út öll tímarit á Íslandi. Í frumvarpinu er ekkert um eignarhald á netmiðlum. Samkvæmt frumvarpinu væri þess vegna leyfilegt að mbl.is keypti upp alla aðra fréttaog afþreyingarmiðla á Íslandi. Í frumvarpinu er ekkert um aðra miðlunarmöguleika gegnum netið, útvarp og sjónvarp, þótt sú framtíð sé þegar hafin. Eignarhald er fullkomlega frjálst á því sviði. Þar er ekkert um breiðbandið eða aðrar símalínustöðvar sem ekki þurfa útvarpsleyfi og útvarpa þó fleiri sjónvarpsdagskrám en dæmi eru um nokkurs staðar annars staðar. Það er ekkert um kapalsjónvarp, ekkert um gervihnattasendingar. Af hverju er það? Jú, það er af því að flytjandi frumvarpsins, höfundur þess, virðist ekki hafa neinar almennar áhyggjur af eignarhaldi á fjölmiðlum heldur aðeins af eignarhaldi á einu fyrirtæki, fyrirtækinu Norðurljósum, sem á einmitt útvarp og útvörp, sjónvarp og tvö dagblöð, en ekki tímarit, ekki netmiðil sem vert sé að nefna, ekki kapalsjónvarp og ekki gervihnött. Þetta fyrirtæki þarf að stöðva með öllum ráðum en ekkert skeytt um eignarhald á öðrum sviðum en þeim sem snerta Norðurljós. Ef höfundi frumvarpsins tekst að koma höggi á þessa vondu menn í Norðurljósum er honum alveg sama um afleiðingar frumvarpsins fyrir aðra, fyrir neytendur og almenning á Íslandi, og fyrir þá sem í framtíðinni ætla að stofna fjölmiðla og reka þá hér á landi.

Samfylkingin er á móti frumvarpinu vegna þess að blankir og veikburða fjölmiðlar eru oftast hræddir fjölmiðlar. Þeir vilja ekki styggja valdið, hvort sem það sprettur úr viðskiptum eða stjórnmálum. Veikir og blankir fjölmiðlar þjóna ekki lýðræðinu. Þar slaknar á öllum kröfum um fagmennsku og sjálfstæði gagnvart peningaógn og stjórnmálahótunum. Þeir lúta öðru valdi í samfélaginu í staðinn fyrir að mynda sjálfir fjórða valdið. Það er dýrt að reka sjálfstæða fréttastofu og halda uppi samfélagsumræðu og menningarumræðu í myndum og texta. Það er einfalt að lesa tilkynningar og selja auglýsingar, beinar, óbeinar eða duldar.

Samfylkingin er líka á móti frumvarpinu vegna þess að þær takmarkanir sem það hefur í för með sér fyrir fjölmiðlana draga úr getu þeirra til að taka þátt í íslenskri dagskrárgerð, innlendri dagskrárgerð og íslenskri menningu. Það er alveg ljóst að til að standa undir þróttmikilli dagskrárgerð eða textaumfjöllun, þegar um blöð er að ræða, þarf sterkan miðil, góðan rekstur, öflugan bakhjarl í sjóði eða traustum eiganda. Það auðveldasta í sjónvarpi er auðvitað að verða áskrifandi að fjöldaframleiðslu sem heimurinn fær frá Bandaríkjunum, fjöldaframleiðslu sem um margt er alveg þokkaleg og við skulum ekki fitja upp á trýnið af því einu saman, en sú fjöldaframleiðsla stendur ekki ein og sjálf undir þeim kröfum sem við gerum á Íslandi og sem við eigum að gera á Íslandi til fjölmiðlanna okkar. Þegar búnar eru til aðstæður sem draga afl úr fjölmiðlum eins og gert er í þessu frumvarpi er um leið verið að veikja getu fjölmiðlanna til að miðla íslenskri menningu. Og því má heldur ekki gleyma að íslenskir fjölmiðlar eru nú margir komnir í mikla samkeppni

við erlenda fjölmiðla. Hver er sérstaða hinna íslensku miðla? Hún er sú að fjalla á íslensku um íslensk málefni og taka á íslensku þátt í íslenskri menningu. Ef fjölmiðlunum eru ekki búnar aðstæður til þess að taka þátt í íslensku samfélagi og vera spegill þess er auðvitað eðlilegt að neytendur velji að lokum miklu frekar erlenda fjölmiðla sem eru sterkari og fjölbreyttari og ódýrari. Ef Morgunblaðið og Fréttablaðið og DV væru bara með erlendar fréttir og erlendar greinar og erlenda pistlahöfunda mundum við þá ekki miklu heldur vera áskrifendur að Politiken, New York Times og Le Monde eða þá að Ekstrabladet og Sun og Gazetta della sport?

Í þessu samhengi vil ég vitna til umfjöllunar í umsögn minni hluta menntmn. sem sendi allshn. sem frægt er orðið umsögn eftir einhverja þá klénustu umfjöllun um stórmál sem ég hef tekið þátt í, en í umsögn minni hluta menntmn. segir þetta m.a., með leyfi forseta, og það þarf ekki að spyrja Kristmund Þór um það leyfi:

„Það er mat minni hlutans að sérstaklega hafi verið þörf á að beina sjónum að menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki fjölmiðla og skoða frá því sjónarhorni hvort náðst hafi yfirlýst markmið frumvarpsins um að tryggja æskilega fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun og hlúa að því lykilhlutverki þeirra að vera „vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi“ og „mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis“ eins og það er orðað í athugasemdum við frumvarpið.

Að afloknum fundi með þeim gestum sem að framan eru taldir“ — *hér er um minnihlutaálit úr menntmrn. að ræða* — „og eftir þá athugun á málinu sem möguleg var miðað við aðstæður sem menntamálanefnd voru búnar er það mat minni hlutans að ekkert bendi til þess að markmið frumvarpsins um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi náist verði það að lögum. Breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar“ — sem voru næstsíðustu breytingartillögur í sögu þessa frv. — „breyta engu þar um“ — segir í álitinu og ég get framlengt það að hinar nýju breytingartillögur breyta heldur engu þar um. — „Tekið skal undir þá fullyrðingu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að mikilvægt sé að fjölmiðlar standi undir þeirri kröfu að almenningur hafi „aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum“. Minni hlutinn vekur athygli á því að forsenda þessarar kröfu er að til séu á Íslandi slíkir fjölbreyttir, sjálfstæðir og öflugir fjölmiðlar. Í fjölda umsagna til allsherjarnefndar er talin hætta á að aðgerðir sem kynntar eru í frumvarpinu verði til þess að veikja fjölmiðla þá sem nú starfa og leggja suma þeirra að velli. Þá skerði hinn fyrirhugaði lagarammi svo rekstrargrundvöll fjölmiðlanna til frambúðar að hætt sé við að mjög dragi úr framlagi þeirra til íslenskrar menningar, m.a. með innlendri dagskrárgerð í ljósvakamiðlum. Líklegt er einnig að slík þróun veiki stöðu íslenskrar tungu á fjölmiðlavettvangi, en við athugum málsins er í mikilvægum umsögnum bent á að íslenskir fjölmiðlar eru nú í samkeppni við erlenda að því marki að aldrei hafi þekkst í þjóðarsögunni.

Flest bendir til“ — segir að lokum í áliti minni hluta menntmn. — „að ekki einungis skorti mjög á að frumvarpið nái yfirlýstum markmiðum, ef að lögum yrði, heldur sé sennilegt að ákvæði frumvarpsins vinni beinlínis gegn því að þessi markmið náist og stuðli að aukinni fábreytni í efnisframboði, dagskrárgerð og lýðræðislegri umfjöllun. Verði þetta niðurstaðan bitnar frumvarpið ekki einungis á fjölmiðlunum, starfsfólki þeirra og aðstandendum heldur einnig margvíslegu menningarstarfi sem þeim tengist, og verður til þess að þrengja að vaxtarmöguleikum íslenskrar menningar og takmarka óðal íslenskrar tungu.“

Þetta segir m.a. í áliti minni hluta menntmn. og það er m.a. af þeim ástæðum sem Samfylkingin er á móti frumvarpinu. Samfylkingin er líka á móti frumvarpinu vegna sterkra raka sem fram hafa komið um að það standist ekki stjórnarskrá og Evrópurétt og geti meðal annars skapað sjóðum almennings verulega skaðabótaskyldu. Þær breytingar sem höfundur frumvarpsins hefur gert á því nú í þrígang, en þetta er sem kunnugt er fjórða gerð frumvarpsins sem hér er nú til umfjöllunar, hafa allar miðast við að sigla fram hjá þessu skeri og það kann að hafa tekist í einhverjum atriðum. Enn telja þó ýmsir fremstu lögfræðingar þjóðarinnar að á skorti. Ég hef sjálfur unnið drengskaparheit að því að virða stjórnarskrána, það gerir hver einasti nýr þingmaður á fyrsta fundi sínum á Alþingi. Það heit þýðir auðvitað ekki að maður sé í öllum greinum sammála því sem stendur í stjórnarskránni, það er ekki svo að skilja. Drengskaparheitið merkir að þingmaðurinn lofar því að ganga í störfum sínum aldrei á svig við þennan mikla ramma sem þjóðin hefur markað störfum þeirra sem fara með löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald á Íslandi. Sjálfur lagði ég við þetta drengskap minn í fullri alvöru. Þar með er það auðvitað ekki mitt að gera upp á milli einstakra ákvæða stjórnarskrárinnar. Ég verð þó að segja að einhver mikilvægustu mannréttindi í lýðræðissamfélaginu nú og allar síðustu aldir felast í tjáningarfrelsinu og það er mín skoðun að stjórnmálamenn sem vilja teljast lýðræðissinnar — einu sinni var á Íslandi talað um lýðræðisflokkana — eigi að temja sér alveg sérstaka virðingu fyrir ákvæðum stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsið.

Samfylkingin er líka á móti frumvarpinu vegna þess að í því er ekki gætt meðalhófsreglunnar en meðalhófsreglan er ákvæði í stjórnsýslulögum sem skyldar stjórnvöld til að grípa ekki til frekari ráðstafana en nauðsynlegar eru til að ná því markmiði stjórnsýsluathafna sem stefnt er að og vitna ég nú í íslenska orðabók frá árinu 2003.

Herdís Þorgeirsdóttir og Páll Þórhallsson, lögfræðingar bæði, hafa sagt okkur í greinum og Herdís sagði það á fundi með minni hluta menntmn. að í Evrópuréttinum, þeim sem um fjölmiðla fjallar, sé alveg sérstaklega minnt á þessa meðalhófsreglu og gert ráð fyrir því að þegar ríki sem vilja fara að tilmælum Evrópuráðsins um að spyrna á móti samþjöppun í fjölmiðlum og tryggja þar fjölbreytni velja sér ráð til þess gæti þau þess að velja aldrei hinn ýtrasta kost nema aðrar mildari leiðir og skynsamari hafi verið reyndar fyrst eða íhugaðar. Það hefur höfundur frv. ekki gert vegna þess að honum komu þær leiðir ekki við. Markmið hans virðist ekki hafa verið það að búa í haginn fyrir fjölmiðlun sem hæfði lýðræðissamfélagi, þroskuðu lýðræðissamfélagi á Íslandi. Markmið hans virðist hafa verið það eitt að ná sér niðri á mönnum sem hann taldi hafa gert á hlut sinn og höggva í því skyni á rætur fyrirtækis sem nú starfar á fjölmiðlamarkaði með fullu leyfi samkvæmt öllum þeim lögum sem til þarf.

Samfylkingin er líka á móti frumvarpinu vegna þess að við teljum að með því ráðist ríkisstjórnin að starfsgrundvelli fjölda fólks sem hefur afkomu sína af störfum við fjölmiðlun. Nærtækast er auðvitað að nefna þá næstum 700 starfsmenn sem nú þiggja laun hjá Norðurljósum. Þegar menn ráðast gegn slíkum vinnustað með sérlögum þurfa verulegir almannahagsmunir að standa að baki. Höfundur frumvarpsins og félagar hans hafa ekki sýnt fram á í þinginu í greinar-

gerð með frumvarpinu eða í opinberri umræðu neina slíka almannahagsmuni. Þess vegna er í þessu tilliti ekki hægt að líta öðruvísi á en að þeir séu í sínum hefndarhug að níðast sérstaklega á þessu fólki.

Þetta voru svörin við fyrstu spurningu Kristmundar Þórs Ólafssonar. Önnur spurning hans er svona, með leyfi forseta: „Eruð þið á móti því [frumvarpinu] öllu eða eruð þið aðeins á móti sérstökum atriðum þess?"

Svarið er þetta:

Við teljum ekki hægt að bæta þetta frumvarp, því verður að fleygja í heild. Það er núna í fjórðu gerð í þinginu og breytingarnar hafa ekki bætt frumvarpið svo neinu nemi gagnvart þeim aðalatriðum og gagnvart þeirri mælistiku sem við hljótum að bera það við. Við höfum hins vegar lagt til aðrar leiðir til að bregðast við vanda sem nú er upp kominn í fjölmiðlun. Við teljum í fyrsta lagi að það eigi að tryggja gagnsæi í eignarhaldi fjölmiðlanna, rekstri þeirra og skipulagi, og við teljum í öðru lagi að almannavaldið eigi að stuðla sem kostur er að ritstjórnarlegu sjálfstæði á fjölmiðlunum. Ég ætla hér að vitna í þingmál sem við höfum flutt um þetta, og einnig í kafla um þetta í skýrslunni frægu sem ráðherrarnir þykjast hafa sem grundvöll að frumvarpinu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og fleiri samfylkingarmanna um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum segir meðal annars þetta, með leyfi forseta:

„Frelsi einstaklinga og fyrirtækja til að reka og eiga fjölmiðla er augljóslega meira hér á landi en víðast hvar annars staðar. Þar sem lagaumhverfi er á hinn bóginn mjög breytilegt frá einu landi til annars er erfitt að finna rök fyrir frekari lagaskipan hér á landi með því að benda til útlanda. Rökin fyrir frekari takmörkunum í lögum um íslenska fjölmiðla verða því að spretta af íslenskum aðstæðum. Slík rök gætu meðal annars verið að þróun síðustu ára hafi leitt til óeðlilegrar fábreytni í umfjöllun fjölmiðlanna, að hlutdrægni einkenni fréttaflutning og umfjöllun um samfélagsmál í íslenskum fjölmiðlum, að í umræðu um stjórnmál og skyld efni sé stjórnmálaviðhorfum eða lífsskoðunum mismunað, að vaxandi tilhneigingar gæti í fjölmiðlunum til félagslegrar og menningarlegrar mismununar. Væri um slíkt að ræða hefði fjölmiðla og stjórnvöld sannarlega borið af leið og eðlilegt væri að almannavaldið gripi til ráðstafana til að rétta kúrsinn, jafnvel þótt frjálslyndishefð okkar í þessum efnum yrði undan að láta.

Á íslenskum fjölmiðlamarkaði eru þrjú fyrirtæki nú sterkust: Árvakur, útgefandi Morgunblaðsins, Ríkisútvarpið með sjónvarpsstöð og tvær útvarpsrásir, og Norðurljós með tvö dagblöð, sjónvarpsstöð og nokkrar útvarpsrásir. Þar að auki má nefna þriðju sjónvarpsstöðina, Skjá 1, í örum vexti og tvö þokkalega öflug útgáfufyrirtæki tímarita. Hins vegar er staða Ríkisútvarpsins sterk, sterkari en þjóðarútvarpsins víðast í grannlöndunum. Ekki verður séð að þessi staða eignarhalds feli beinlínis í sér verulega hættu á einokun eða skaðlegri fákeppni. Dæmi Skjás 1 og Fréttablaðsins á síðustu árum bera því vitni að nýliðun á sér stað í greininni án verulegra erfiðleika. Þróun á fjölmiðlavettvangi síðustu ár hefur hins vegar kallað á skýrari reglur um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði í íslenskri fjölmiðlun. Staða almennings til að meta áhrif eignarhalds og rekstrarhagsmuna á fjölmiðlunina er síðri en áður og einnig er flóknara en að gera sér grein fyrir ritstjórnarsjálfstæði á fjölmiðlunum. Smæð samfélagsins og tiltölulega einfalt rekstrarform fjölmiðla hefur gert það að verkum að frá upphafi fjölmiðlunar á öndverðri 19. öld hefur íslenskur almenningur átt auðvelt með að gera sér grein fyrir áhrifum eigenda á efni í fjölmiðlunum og getað metið það með nokkurri vissu hvernig sjálfstæði ritstjórnar væri háttað á hverjum stað. Hér má m.a. nefna stöðu helstu fjölmiðlanna lengst af á 20. öld: Fjögur til fimm flokkspólitísk dagblöð og eitt ó- eða þverpólitískt Ríkisútvarp. Í þessari veröld má segja að það hafi verið einn af fáum kostum að neytendur höfðu nokkuð fullkomna yfirsýn um áhrif og tengsl milli fjölmiðla, flokka og fyrirtækja. Nú eru hins vegar aðrir tímar" — segir í greinargerð með tillögu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og annarra samfylkingarmanna — „með flókinni rekstraruppbyggingu þar sem óljóst getur verið hvaða áhrif eigendur hafa og stundum hverjir þeir eru, þar sem auglýsendur geta haft veruleg áhrif, og getur verið snúið fyrir neytandann að meta ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Því kemur löggjöf um þessi efni nú til álita."

Um ritstjórnarlegt sjálfstæði segir meðal annars þetta í greinargerðinni:

„Sjálfstæði á ritstjórnum er ekki hægt að fyrirskipa með lögum. Þar skipta mestu máli lýðræðishefð í samfélaginu annars vegar og hins vegar fagleg vinnubrögð og metnaður í blaðamannastétt. Þó geta skýrar reglur um gagnsæi í eignarhaldi og rekstri ásamt skýrum reglum um vernd heimildamanna stuðlað að ritstjórnarlegu sjálfstæði. Mikilvægt er einnig að á þjóðarútvarpinu sé gengið á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Ráðstöfun sem stuðlað getur að ritstjórnarlegu sjálfstæði er að eigandi og starfsmenn geri með sér samning þar sem kveðið er á um ritstjórnarsjálfstæði og samskiptareglur milli eiganda, rekstrarstjórnar og starfsmanna í fréttamennsku og dagskrárgerð. Slík samningsgerð tíðkast í nokkrum mæli til að mynda í Austurríki, Belgíu, Noregi og Þýskalandi ... Eitt af verkefnum nefndarinnar sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir ætti að vera að kynna sér gagn af slíkum samningum og íhuga hvort gera ætti samning um ritstjórnarlegt sjálfstæði að skilyrði við veitingu útvarpsleyfis þar sem við á."

Við höfum auk þessarar þingsályktunartillögu lagt fram tillögur um vernd heimildarmanna, sem styrkir fagmenn í blaðamennsku og stuðlar að sjálfstæði ritstjórna. Greinargerð þessi er samin nokkru áður en fjölmiðlanefnd Tómasar Inga Olrichs, fyrrverandi menntamálaráðherra, skilaði af sér skýrslu sinni. Þar er einnig fjallað um gagnsæi, út frá tilmælum Evrópuráðsins sem við vitnum einnig til, og þar segir um aðferðir til að stuðla að ritstjórnarlegu sjálfstæði, með leyfi forseta:

„Lagt er til að sett verði í lög um prentrétt ákvæði sem skyldi fyrirtæki í dagblaðaútgáfu til að setja sér innri reglur sem miði að því að tryggja sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum og enn fremur reglur um stöðu blaðamanna gagnvart ritstjórn. Sambærileg ákvæði verði enn fremur sett í útvarpslög sem tryggi sjálfstæði fréttaog dagskrárgerðarmanna gagnvart eigendum fyrirtækja í útvarpsrekstri. Enn fremur verði gert ráð fyrir að menntamálaráðherra semji leiðbeiningarreglur sem að þessu lúta og að hann staðfesti reglur sem fjölmiðlafyrirtæki vilja setja sér.

Þótt vissir örðugleikar hljóti jafnan að vera á því að framfylgja slíkum reglum er mögulegt að þær gætu verið blaðamönnum og ritstjórum nokkur vernd gagnvart afskiptum og aðgerðum eigenda vegna umfjöllunar þeirra fyrrnefndu um almenn málefni sem eigendur telja andstæða viðskiptalegum

hagsmunum sínum. Jafnframt er vakin athygli á að þetta er ein af þeim leiðum sem Evrópuráðið mælir með að séu skoðaðar til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun."

Skýrsluhöfundar fjölmiðlanefndarinnar taka ekki bara undir með tillögum okkar og hugleiðingum um ritstjórnarlegt sjálfstæði heldur ganga þeir lengra og marka ákveðna leið. Það er rétt að bæta því við að við höfum ekki tekið afstöðu til einstakra aðferða á borð við þau lög sem fjölmiðlanefndin talar um. Ég efast sjálfur alveg sérstaklega um þann hlut sem menntamálaráðherra er ætlaður í tillögum nefndarinnar en er ánægður með að nefndin skuli taka undir með okkur um þörfina á slíkum reglum.

Ég talaði í fyrsta lagi um gagnsæi í eignarhaldi, rekstri og skipulagi. Í öðru lagi um að stuðla með reglum að sem mestu sjálfstæði ritstjórna. Í þriðja lagi leggjum við áherslu á hlutverk Ríkisútvarpsins. Löggjöf og reglur um fjölmiðla í ríkjum heims, þeim sem hægt er að kenna við lýðræði og þokkalega virðingu við mannréttindi, miðast við aðstæður í hverju landi. Hinum sérstöku aðstæðum á fjölmiðlavettvangi á Íslandi má lýsa með tveimur setningum.

Annars vegar einkennir það íslenska fjölmiðla hvað markaður þeirra er lítill. Þeir eru gefnir út eða haldið í rekstri fyrir 290 þúsund manns á Íslandi, 0,29 milljónir eins og félagi minn, hv. þm. Helgi Hjörvar, sagði um daginn. Það þýðir að fjölmiðill sem víðast erlendis teldist smáfyrirtæki samkvæmt viðurkenndri flokkun er hér í hópi öflugustu stórfyrirtækja. Að þessu verðum við að gæta með því meðal annars að drepa ekki af okkur fjölmiðlafyrirtæki með reglusetningu og lagaskyldum.

Hins vegar einkennir það íslenskan fjölmiðlamarkað hvað staða þjóðarútvarpsins er sterk. Hin sterka staða þjóðarútvarpsins er hin hliðin á þessum séríslenska fjölmiðlapeningi. Sú staða á einmitt að geta forðað okkur frá þeim hættum sem felast í örmarkaðnum. Gott, sjálfstætt, burðugt, fræðandi, skemmtilegt, hlutlægt en gagnrýnið þjóðarútvarp á að vera öryggisventillinn í hræringum sem alltaf verða meðal markaðsmiðlanna. Þess vegna leggjum við samfylkingarmenn og reyndar *allir stjórnarandstöðuflokkarnir áherslu á* að styrkja Ríkisútvarpið einmitt núna, og aðstoða það við að verða alvöru-þjóðarútvarp sem getur haft forustu á ljósvakavettvangi án þess að spilla rekstrargrunni og viðgangi markaðsmiðlanna.

Þetta þýðir talsverðar breytingar á RÚV, meðal annars þær að losa um tök Sjálfstfl. á útvarpsmálum. Núna er útvarpsstjóri sjálfstæðismaður, fyrrverandi borgarfulltrúi og borgarstjóri. Formaður útvarpsráðs er líka sjálfstæðismaður, náinn samstarfsmaður formanns Sjálfstfl. í áratugi. Og formaður útvarpsréttarnefndar, hinnar valdamiklu eftirlitsnefndar með öllum útvarpsrekstri í landinu, er líka sjálfstæðismaður, framkvæmdastjóri Sjálfstfl. á uppgangs- og valdatíma núverandi formanns. Að auki er hann umsvifamikill viðskiptajöfur sem meðal annars hefur setið í bankaráði Landsbankans fyrir og eftir einkavæðinguna. Þess verður að geta að þótt stjórnarflokkarnir hafi ekki sýnt þessari leið áhuga er sérstaklega um hana rætt í fjölmiðlaskýrslunni og meðal annars talið eðlilegt að hún ein sé farin. Í skýrslunni segir meðal annars um að styrkja RÚV, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði að tryggja því traust stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði. Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað verði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun."

Nefndarmenn telja fram rök í fernu lagi fyrir þessu og það er fróðlegt að sjá hvað þeir segja, með leyfi forseta:

„Ýmis rök má færa fram því til stuðnings.

a. Í fyrsta lagi má vísa til framangreindra tilmæla Evrópuráðsins R (99) 1 þar sem mælt er með því að þessi leið sé farin.

b. Í öðru lagi er bent á þetta sem æskilega leið til að tryggja þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi og þar með til að mæta skyldum ríkisins í þessum efnum. Er bent á að því er gjarnan haldið fram að einkareknir fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að vera mun einsleitari í dagskrá en almenningsútvarp til að mæta kröfum þorra neytenda um skemmtun og létta afþreyingu. Slíkt efni verði þá jafnvel uppistaðan í dagskrá miðils, gjarnan á kostnað upplýstrar og málefnalegrar umræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni, einkum þeirra miðla sem byggja rekstur sinn á auglýsingum og kostun.

c. Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti *vel meginreglum um frelsi markaðarins*, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni.

d. Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum."

Í c-liðnum kemur það fram sem áður var nefnt, að nefndin telur að fara megi þessa leið eina til að ná fram markmið*unum um fjölbreytni í fjölmiðlum* eða a.m.k. hefja það starf með því að efla Ríkisútvarpið.

Ég vil taka fram að ég er ekki að öllu leyti sammála lýsingu skýrsluhöfunda á aðferðum við að styrkja Ríkisútvarpið. Ég tel ekki að Ríkisútvarpinu eigi að beita gegn markaðsmiðlunum, og vil meðal annars draga úr samkeppni RÚV við þá um auglýsingar, en þessi ágreiningur eða áherslumunur skiptir ekki máli hér. Samfylkingarmenn og fjölmiðlanefndin eru *sammála um að það hljóti að vera einn helsti kosturinn* í þeirri stöðu sem nú er uppi í þeirri viðleitni að sporna við samþjöppun eða koma í veg fyrir þær hættur sem stafað geta af samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, þ.e. að styrkja og efla Ríkisútvarpið með ýmsum hætti.

Ég hef nú rakið þær þrjár leiðir sem við samfylkingarmenn teljum að nú eigi að fara til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Takmarkanir á eignarhaldi með lögum eru ekki meðal þeirra, nema þær sem gilda um öll fyrirtæki samkvæmt samkeppnislögum. Slíkar takmarkanir eru vissulega ekki útilokaðar, en við teljum að þær séu neyðarúrræði sem mjög gild rök þurfi til að beita og við teljum að þau rök hafi ekki komið fram í þessari umræðu, ekki hinni fyrstu, ekki annarri, ekki hinni þriðju á þingi, ekki í forumræðunni um skýrslu fjölmiðlanefndar og ekki í yfirlýsingum, viðtölum og greinum þeirra örfáu sem hafa lagt þessu frv. lið í fjölmiðlunum og á almannavettvangi utan þings.

Þriðja spurning Kristmundar Þórs Ólafssonar til mín í tölvubréfinu var þessi, með leyfi forseta:

„Er ekki nauðsynlegt að frumvarpið sé róttækt til þess að hindra að sterkar fyrirtækjasamstæður verði ekki svo sterkar að ríkisstjórnin ræður ekki við þær?"

Svarið er þetta: Ég held að rétt sé að taka fyrst fram að það er ekki heppileg staða að eignarhaldi fyrirtækis eins og Norðurljósa sé varið eins og nú er, að eitt fyrirtæki eigi þar ráðandi hlut og eigendurnir skuli þess vegna hafa þar öll þau völd sem þeir vilja í krafti eignar sinnar. Rétt er að benda á að þessi staða er nýleg og þetta fyrirtæki, Norðurljós, á sér eins og önnur íslensk fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtæki svo sem hvar sem er á Íslandi og annars staðar sína sérstöku sögu sem okkur ber að taka tillit til og líta á. Við skulum minnast þess að Norðurljós, Stöð 2, Fréttablaðið og Dagblaðið voru ekki fyrir löngu í veikri fjárhagsstöðu og það er óvíst hvernig hefði farið ef nákvæmlega þessir peningamenn hefðu ekki komið og eignast mikilvægan hlut í móðurfyrirtæki því sem nú ræður þessum stöðvum og blöðum. Þau voru í kreppu og það vantaði menn með peninga og einhverja sýn á það hvað ætti að gera. Þessir komu og veittu þá peninga og veittu þá sýn. Vera má að einhverjir aðrir hafi þar komið til greina, einhverjir aðrir hafi komið inn ef ekki hefði verið um þessa að ræða með einhverja aðra sýn, með einhverja aðra peninga. Það gerðist ekki, það voru þessir menn.

Hvað var sérstakt við þá stöðu? Það var ekki sérstakt við þá stöðu að eignarhald á Norðurljósum sjálfum væri samþjappað. Það hafði áður verið það, hafði áður verið samþjappaðra en nú var um að ræða. Það sem var sérstakt við þessa stöðu var að Norðurljós urðu móðurfyrirtæki tveggja annarra, annars vegar þess fyrirtækis sem rekur Stöð 2 og ýmsar útvarpsstöðvar, aðallega Bylgjuna, Sýn o.s.frv. eins og við þekkjum, og hins vegar fyrirtækisins Fréttar sem gefur út Fréttablaðið og DV sem það fyrirtæki tók við þegar fyrri eigendur þess og ritstjórar höfðu siglt því í strand með ýmsum hætti. Það var orðað svo í þessum stól um daginn að það hefði verið að drepast úr leiðindum.

Ég hef kosið að taka mark á þeim yfirlýsingum fyrirtækisins að viðskiptahugmyndin sé í raun og veru sú að setja það á markað og að það eigi að gerast innan skamms. Ég held að það sé afar jákvætt að slík tilraun sé gerð og tel það að mörgu leyti heppilegt að fyrirtæki af þessu tagi sé á markaði, að hlutabréfin gangi óhindrað kaupum og sölum og að fyrirtæki af þessu tagi sem fæst við fjölmiðlun á markaðsforsendum þurfi að gangast undir strangar reglur um upplýsingaskyldu. Ég held að staða svona fyrirtækis í Kauphöllinni ætti að draga úr þeirri hættu sem hverjum fjölmiðli getur stafað af eigendum sínum.

Ég held að það sé líka rétt að ímynda sér hvað hefði gerst ef við værum með virkar eftirlitsstofnanir. Ef útvarpsréttarnefnd hefði ekki farið fram undir fána hins fullkomna stjórnleysis sem reistur var til að láta frjálsa fjölmiðlun blómgast og fyrir því stóðu ákaflega misvitrir menn í upphafi, ef hér hefði verið eftirlisstofnun sem m.a. hefði þótt það athugavert að eignarhald væri með þessum hætti á Norðurljósum. Hvað hefði hún gert? Ég tel að hún hefði einmitt kallað fyrir sig eigendur Norðurljósa, bent á þá stöðu sem upp væri komin sem hefði ákveðnar hættur í för með sér gagnvart fjölbreytni í fjölmiðlun og spurt hvað væri til ráða, hvort þetta ætti að standa áfram eða ekki. Ég tel að sú eftirlitsstofnun hefði tekið mark á þeim skýringum að hér væri verið að endurskipuleggja fyrirtækið og það ætti að lokum að setja það á markað og sú eftirlitsstofnun hefði gengið eftir því að það yrði gert innan tiltekins tímaramma. Ég held að ef gætt hefði verið að því í upphafi að marka réttan kúrs fyrir útvarpsréttarnefnd, fyrst og fremst það, en hugsanlega að því viðbættu að útvarpsréttarnefnd hefði fengið ákveðnar valdheimildir, meiri en hún nú hefur, hefði þessi staða aldrei komið upp, sú efnislega staða sem varð grunnur að atlögunni sem hæstv. forsrh. ákvað að fara í gegn Norðurljósum með þessu frv.

Það er líka fróðlegt að íhuga hvers vegna Baugur ákvað að fjárfesta í Norðurljósum, í Stöð 2, í DV og Fréttablaðinu. Auðvitað er ekki útilokað að auðmönnum þyki þægilegt og hagfellt að eiga fjölmiðla. Auðvitað getur vel verið að auðmenn fjárfesti í fjölmiðlum til að hafa áhrif í samfélaginu í pólitísku skyni eða tryggja jákvæða umfjöllun um fyrirtæki sín. Það má vel vera. Það er hins vegar tvennt í samfélagi okkar sem stuðlar gegn því. Í fyrsta lagi er það blaðamennskan sem fag. Það er hin alþjóðlega vitund blaðamanna um hlutverk sitt í heiminum, um skyldur sínar sem hluta af fjórða valdinu og það er menntun þeirra og samstaða sem beinist gegn nákvæmlega þessu.

Í öðru lagi er það svo að neytendur vilja það ekki. Neytendur eru ólíklegir til að taka slíkum blöðum tveimur höndum, a.m.k. að útvega þeim blöðum sterka raunverulega stöðu. Þroskaðir neytendur í lýðræðissamfélagi sem virkar ættu í raun sjálfir að vera hindrun í vegi þess að auðmönnum tækist að koma sér upp fjölmiðlum með þessum hætti.

Ég vek athygli á því að þær leiðir sem við höfum bent á, þær aðgerðir sem við höfum lagt til styrkja einmitt þetta tvennt, fagmennsku í blaðamennsku og vitund neytenda.

Í þriðja lagi er það svo í landi okkar, eins og áður hefur verið bent á, að hér er þjóðarútvarpið ákaflega sterkt og getur verið öryggisventill og mótvægi við tilraunum sem einstakir auðmenn eða hópar þeirra kynnu að láta sér detta í hug af þessu tagi. Það er heldur ekki útilokað að fyrirtæki sem þarf að auglýsa mikið, fyrirtæki sem á matvöruverslanir og þarf að auglýsa vöru sína mjög í blöðum telji að það geti auglýst ódýrt og ódýrara en keppinautarnir, nái sérstöku forskoti í fjölmiðli eða fjölmiðlum sem þeir eiga meiri hlutann í sjálfir eða ráðandi hlut. Það má vel vera. Ég er ekki að bera þetta á eigendur Norðurljósa en ég útiloka þetta ekki, a.m.k. samræðunnar vegna. Hins vegar er erfitt að hugsa sér að slíkt fyrirkomulag gangi til lengdar í samfélagi okkar. Það er ósennilegt að keppinautar Baugsfyrirtækjanna á matvörumarkaði, því þau eru auðvitað til og verða að vera til því samkeppnislög koma í veg fyrir að Baugsfyrirtækin nái þar einokunarstöðu, mundu láta Baugsverslanirnar komast upp með slíkt og Samkeppnisstofnun er beinlínis uppálagt að koma í veg fyrir slíka viðskiptahætti. Slíkar reglur þarf að sjálfsögðu að skerpa og auka þarf heimildir Samkeppnisstofnunar en aðallega gefa henni fjárhagslegt svigrúm til að sinna störfum sínum. Fram hefur komið í umfjöllun um þetta mál í vitnisburði manna fyrir nefndum þingsins og í frásögnum þeirra í samfélaginu að mjög skortir á að Samkeppnisstofnun geti sinnt þessu sviði. Það ríkir lítið traust til Samkeppnisstofnunar meðal fjölmiðlanna í landinu.

Ég ætla að minnast hér á annað og það er að völd í fjölmiðlum hafa menn, þeir sem ekki starfa þar, ekki einungis með eignarhaldi. Auglýsingar geta líka skapað mönnum völd í fjölmiðlum og menn kannast við það að mikilvirkur auglýsandi getur haft veruleg ítök eða reynir oft að hafa veruleg ítök ef hann vill svo við hafa og ef fjölmiðillinn

sem um er að ræða er veikur fjölmiðill, blankur fjölmiðill, getur slík tilraun tekist og hefur gert það oft og tíðum. Slík ítök, slík völd eru í raun og veru engu skárri en ítök og völd sem stafa af eignarhaldi og kannski heldur verri vegna þess að þau eru oft ekki eins augljós, neytandinn, lesandinn, almenningur, þátttakendurnir í lýðræðinu, vita ekki af því hvenær auglýsendur hóta og hvenær þeir standa við hótun sína.

Ég held, þótt ég útiloki ekkert og telji mig engan dómara um sálarfylgsni þeirra manna sem eiga fjölmiðla, að það sé kannski einkum tvennt sem kaupendum fjölmiðla gengur til, fyrir utan verkánægju og sköpunargleði sem ég geri ráð fyrir að slíkir fjárfestar hafi af störfum sínum og af því að eignast fjölmiðil og vera með í að reka hann. Annars vegar hreinlega það að þeir hafa lagt út í fjárfestingu sem að lokum á að skila sér peningalega á sama hátt og Baugur keypti verulegan hlut í Flugleiðum fyrir nokkrum mánuðum á lággengi og selur nú þann hlut á hágengi. Þetta er eðli kaupmennsku frá dögum Kaupa-Héðins í Dölum vestur og Sindbaðs sæfara í höfum suður, kaupa lágt, selja hátt og hafa hagnað. Svona er lögmálið. Hins vegar held ég að það geti verið tilgangur og markmið fjárfesta sem eru sterkir, t.d. á matvörumarkaði, að styrkja fjölmiðla einmitt til þess að tryggja samkeppni á auglýsingamarkaði. Það getur bæði átt við um Stöð 2 gegn Ríkisútvarpinu í hinni miklu samkeppni sem þar er á milli og í sjónvarpsauglýsingunum, samanber umkvartanir Magnúsar Ragnarssonar sem sérstaklega hefur reyndað kvartað undan Ríkisútvarpinu og virðast kvartanir hans, sem er framkvæmdastjóri á Skjá 1, einna helst beinast að Samkeppnisstofnun, og auðvitað ekki síður á dagblaðamarkaði þar sem útlitið var svo fyrir nokkrum árum að eitt dagblað, Morgunblaðið, mundi hafa innan tíðar öll völd og hefði þá — ég ætla ekki að gera eigendum þess eða stjórnendum upp neina ætlun — en Morgunblaðið hefði ef það væri eina blaðið á dagblaðamarkaði ráð auglýsenda í höndum sér og gæti sett verðskrá og haft samskipti sín við þá sem þurfa að auglýsa í dagblöðum eins og því sýndist. Þetta eru ekki endilega göfugar ástæður en heldur ekki grunsamlegar, hvað þá glæpsamlegar ástæður. Ég held að fyrirtækjasamstæðan sem Kristmundur spurði um, sú sem hér er um að ræða, sé í þessu tilviki ekkert að sækjast eftir því að ráða við ríkisstjórnina. Hún er hins vegar alveg örugglega að reyna að forðast það að ríkisstjórnin ráði við sig, segi sér að sitja og standa, því í nútímanum vilja fyrirtæki ekki slík samskipti og þurfa ekki að sætta sig við þau.

Ísland bjó áður við sterkar fyrirtækjasamstæður. Það þarf ekki að fara aftur í Hansatímann, til Hörmangaranna eða annarra danskra kaupmanna með mjöl og ýmsa vöru. Það nægir að fara aftur á síðustu áratugi þegar annars vegar var fyrirtækjahópur með ýmsum innri tengingum, yfirleitt afar ógagnsæjum, í eigu auðjöfra sem sameinuðust pólitískt í Sjálfstfl. — stundum kallaður Kolkrabbinn — og hins vegar SÍS-veldið, með gervallan Framsfl. á sínum vegum. Þessi staða, þetta tvíveldi, mótaði stjórnmál og samfélag hér nærfellt alla 20. öld.

Nú eru aðrir tímar, ekki síst vegna þess að einangrun landsins hefur verið rofin og Sambandið hrundi á svipuðum tíma og Sovétríkin kollsigldu sig. Þótti merkileg samferð þessara tveggja fyrirbæra gegnum 20. öldina. Í íslensku viðskiptalífi er talað um sjö sterka fyrirtækjahópa eða fjárfestingarbandalög, stundum 12 eða 14. Áður voru hóparnir tveir. Hér er önnur staða og um margt miklu betri en var áður.

Hvert er þá hlutverk ríkisstjórnarinnar? Er það að ráða við fyrirtækjasamsteypurnar? Já, með vissum hætti. Hlutverk almannavaldsins, stjórnmálamanna og ríkisstjórnarinnar er að búa til leikreglur fyrir viðskiptalífið og þessa hópa, að tryggja að slík bandalög bolist ekki hvert við annað, að ekkert þeirra einoki markað neytendum til tjóns, að markaðsráðandi staða, sem hér verður algengt hlutskipti fyrirtækjanna vegna smæðar innanlandsmarkaðarins, sé ekki misnotuð o.s.frv. Hlutverk ríkisstjórnar og Alþingis er ekki síður að samfélaginu öllu gagnist starf fyrirtækjanna og sókn þeirra í hagnað með heilbrigðu og fjölbreyttu úrvali af vöru og þjónustu, með öruggum vinnustöðum, með skattgreiðslum í almannasjóði, og með því að ýta undir framlög úr viðskiptalífinu, frá fyrirtækjunum eða peningamönnunum sjálfum, til líknarmála og til menningarlífs, til dæmis til lista, íþrótta og náttúruverndar.

Nú eru nýir tímar, óvænt staða. Ýmsir sem til máls taka í samfélaginu, einkum eldri menn sem tóku út þroska sinn á 20. öld miðri eða síðari hluta, segja að eitthvað róttækt þurfi að gera. Þetta segir til dæmis Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins. Hann hefur lýst þeirri skoðun sinni í blaðinu að fyrirtækin séu að verða of stór fyrir Ísland. Það er athyglisverð skoðun.

Já, sennilega er það rétt, ef við lítum aðeins til Íslands eins og sér eins og í gamla daga. Það er vont að nokkur fyrirtæki, örfáir menn, ráði of miklu á Ísalandi. Þetta er reyndar gömul saga, samanber Kolkrabbann og SÍS sem með nokkrum hætti tóku þátt í að mynda ríkisstjórnir og fella. Einnig má líta til Kveldúlfs á fyrri hluta aldarinnar sem með ýmsum hætti var of stórt fyrirtæki fyrir Ísland, því miður liggur manni við að segja. Það fyrirtæki kemur einmitt upp í hugann þegar nýi mjólkursamningurinn er lagður fram í þingskjali. Þar eru sérstök ákvæði til að sporna við stórrekstri í mjólkurframleiðslu, með fjölskyldubúum SÍS-veldisins gegn Korpúlfsstaðalandbúnaði Thors Jensens. Sem dæmi um önnur fyrirtæki sem kannski hafa verið of stór fyrir Ísland má nefna Íslenska aðalverktaka, fyrirtækjasamsteypu Sjálfstfl. og Framsfl., sem sat að öllum framkvæmdum Bandaríkjahers áratugum saman, mokaði inn fé til fyrirtækjanna, til eigenda þeirra og einnig í flokkssjóði Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta var kallað hermang.

Stundum of stór fyrir verkalýðshreyfinguna sem þurfti að berjast fyrir kjörum alþýðu gegn fyrirtækjunum annars vegar og hins vegar ríkisvaldi sem var rekið á þeirra vegum, einkum gegn samstjórnum Sjálfstfl. og Framsfl. sem einmitt voru kallaðar helmingaskiptastjórnir. Það voru þær ekki kallaðar vegna þess að þær hafi skipt milli sín herfanginu, kjötkötlum ríkisvaldsins, milli flokksgæðinga, heldur hins, að hinum raunverulega afrakstri vinnunnar í landinu var skipt milli fyrirtækjahópa á vegum hvors flokks fyrir sig.

Já, það var veikleiki í samfélagi okkar á 20. öld hvað fyrirtækin voru stór. — En hvað nú? Hvað er til ráða? Hvað vill Styrmir? Hvað vilja þeir sem stendur ógn af þessum nýju tímum og vita ekki hvað til bragðs skal taka? Hvað skal gera gagnvart þeim afleiðingum alþjóðavæðingar og einangrunarrofs sem við stöndum frammi fyrir á Íslandi? Eigum við að minnka fyrirtækin aftur og torvelda þeim starfsemina til að þau passi fyrir litla pólitíkusa og ritstjóra á íslenskum dagblöðum? Eigum við að taka aftur nýfengið frelsi á markaðnum til þess að bisnessmenn þurfi aftur að ganga í Sjálfstæðisflokkinn og frímúrararegluna, ganga þar í gegnum fimm stig og sækja svo um leyfi á Mogganum áður

en þeir teljast hæfir til að standa í viðskiptum á Íslandi? Mitt svar við þessu er nei.

Við eigum að bregðast við vexti fyrirtækjanna með því að fagna tækifærunum sem þau skapa Íslendingum og íslensku samfélagi. Við eigum hasla þeim völl, öllum jafnt, og ganga til liðs við nágranna okkar um þann ramma laga og siðareglna sem nær utan um markaðinn. Þetta erum við að gera með þátttökunni í evrópsku samstarfi og væntanlegri aðild okkar að Evrópusambandinu og með vinnu í alþjóðasamstarfi eins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO.

Okkur ber einnig öllum, einkum þó almannavaldinu og stjórnmálamönnunum, að skapa ákveðna samskiptahefð sem fyrirtækjum á Íslandi ber að virða. Þær reglur verða að gilda bæði gagnvart launafólki og verkalýðssamtökum þess, gagnvart skilum í sameiginlega sjóði, skyldubundnum skilum og valfrjálsum, gagnvart pólitískum afskiptum þeirra og stöðu þeirra í samfélagsumræðunni, gagnvart nærgætni og tillitsemi í öllu markaðsstarfi, meðal annars þegar um er að ræða börn og unglinga og sérstöðu íslensks samfélags. Ágætt dæmi í þessu sambandi eru áfengisauglýsingar sem dómsmrh. og öll ríkisstjórnin trassar að bregðast við. Hún neitar að skapa þann ramma sem landslög kveða á um, ramma sem fyrirtæki gætu treyst á þannig að ekki vinni eingöngu sá frekasti og djarfasti.

Á fjölmiðlavettvangi á hluti af þessum ramma og þessari samskiptahefð að felast í ákveðnum og ströngum reglum um gagnsæi, sjálfstæði ritstjórnar, ábyrgð gagnvart persónuhelgi og samfélagshefðum. Í þessari umræðu á þinginu og í samfélaginu er það einmitt þetta sem við ættum að ræða en ekki þessar klunnalegu og þunglamalegu takmarkanir sem sprottnar eru af persónulegri heift forsrh. í garð eins fyrirtækis. Þar ræður hugarsmíð hans um „hinn íslenska öxul hins illa" þar sem forseta Íslands hefur verið vísað til sætis ásamt fjölmiðlum Norðurljósa, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Jóni bæjó úr Keflavík, KB-banka, stjórnarandstöðunni á þingi og meiri hlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur.

Fjórða spurningin sem Kristmundur spurði mig í tölvubréfinu var þessi:

„Teljið þið að forseti eigi heima í umræðu um þetta efni, ef svo hvað gefur þessu frumvarpi sérstöðu yfir mörg önnur?"

Nei, er svarið. Við teljum í sjálfu sér ekki að forseti eigi heima í þessari umræðu. Forsetinn er ekki vanur að hafa bein afskipti af pólitískum deilumálum í samfélaginu. Forseti Íslands fer hins vegar með löggjafarvaldið ásamt Alþingi og staðfestir lög frá þinginu með undirritun sinni. Hann hefur ótvíræðan rétt til að synja lögum staðfestingar og skulu þau þá borin undir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vil ekki og ætla ekki, sem þingmaður, að ræða neitt um það hvað forseti á að gera þegar kemur að undirritun laga, hver sem lögin eru, enda hefur forseti Íslands sem nú er alla burði til að taka sjálfur þá ákvörðun hverju sinni. Ég tel að við eigum að gæta að formlegum skilum milli valdhafa í landinu. Ég tel að Alþingi verði að fara sínu fram og forseti að fara sínu fram þegar um löggjafarvaldið er að ræða. Þar eiga menn aðeins að styðjast við eigin sannfæringu.

Hins vegar get ég svarað til um sérstöðu frumvarpsins. Ég tel frumvarpið afar sérstætt. Það er sérstætt af því að það fjallar um mikilvægan hluta af lýðræðissamfélagi nútímans, fjölmiðla og þann lagaramma sem þeim er settur. Það fjallar með nokkrum hætti um grundvöll þeirrar samfélagsskipunar sem við höfum valið okkur, um samskipti ríkisvaldsins við það fyrirbæri sem Evrópuráðið hefur kallað „varðhund almennings". Frumvarpið skerðir rétt manna til að eiga og reka fjölmiðla, sem eiga að vera fjórða valdið og veita aðhald öðru valdi í samfélaginu, þar á meðal stjórnmálavaldinu og peningavaldinu.

Frumvarpið er sérstætt vegna þess að það er sérsmíðað gegn einu fyrirtæki og beinist að eigendum þess án þess að draga upp nokkra trúverðuga framtíðarsýn og án þess að nokkur rök hafi komið fram um afar mikilsverð ákvæði frumvarpsins. „Mér bara finnst það," sagði formaður Framsfl. til dæmis efnislega um bannið við svokallaðri krossmiðlun, við því að fyrirtæki geti á landsvísu átt bæði útvarpsstöð og dagblað.

Frumvarpið er sérstætt vegna þess hvernig það er fram komið, í blálok þingvetrar án þess að nein umræða sem kallast getur hafi farið fram í samfélaginu sjálfu og þeim fag- og hagsmunahópum sem það einkum varðar. Í raun og veru er byrjað á öfugum enda miðað við gang mála í þroskuðum lýðræðisríkjum þar sem mál af þessu tagi eru látin taka góðan tíma. Mál af þessu tagi tók til dæmis fjögur ár í Noregi fyrir skemmstu áður en mótað var lagafrumvarp í sem allra mestri sátt innan þings og utan. Hér í okkar fyrsta stigs lýðræði, svo ég vitni aftur í hv. þm. Helga Hjörvar, er það einn maður, Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., sem heimtar lög og skellir fram frumvarpi. Allt fer í bál og brand í samfélaginu og umræða um flókið og mikilsvert alvörumál lítur allt í einu út eins og pólitískt karnival með dylgjum, hótunum, atlögum, árásum. Lagafrumvarpið um fjölmiðlun á Íslandi byggist í raun á geðþótta eins manns sem er að ná sér niður á meintum óvinum sínum, manns sem er að láta af störfum og vill gera þetta spark að sínu síðasta verki. Já, það er svo sannarlega sérstætt þetta frumvarp.

Frumvarpið er sérstætt vegna þess að þótt það fái ef til vill að lokum tilskilinn meiri hluta atkvæða á þingi er alveg augljóst að ástæðan fyrir þeirri afstöðu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna er ekki sannfæring þeirra, eins og stjórnarskráin býður, heldur hollusta við foringjana og ótti við að missa spón úr aski sínum þegar fram í sækir. Þessi sannfæringarlausi meiri hluti á þingi er í augljósu og hrópandi ósamræmi við almenningsálitið eins og allir sjá sem sjá vilja og allir heyra sem eyru hafa.

Að lokum spyr Kristmundur, og segir fyrir utan sjálft höfuðefnið en þó því tengt, þessarar spurningar, með leyfi forseta:

„Eru stjórnmál á Íslandi ekki það svart-hvít að stjórnarandstaðan er í raun valdalaus á kjörtímabilinu og getur ekki beitt sér eða haft áhrif á stór málefni? Er hið raunverulega vald ekki í ráðuneytunum í stað þess að vera hjá Alþingi?"

Svarið við þessu gæti verið harla langt og efnismikið. Í raun höfum við í vetur, fyrsta þingvetur minn, öðru hvoru rætt þetta mál. Við höfum rætt hvernig lýðræðinu er háttað á Íslandi og hvort inntak þingræðisins sé í raun jákvætt fyrir íslenskt lýðræði og framkvæmdir og ákvarðanir í samfélaginu. Ég ætla að svara Kristmundi Þór Ólafssyni og ljúka um leið þessari ræðu með því að lesa ályktun sem var samþykkt á útifundi á Austurvelli í fyrradag, útifundi þar sem ráðherrum og okkur alþingismönnum voru sýnd rauð spjöld fyrir frammistöðuna í vetur og undanfarin ár, með leyfi forseta:

„„Frá þeirri ákvörðun var aldrei hvikað," sagði forsætisráðherra fyrir rúmu ári um sameiginlega ákvörðun sína og utanríkisráðherra í umdeildu máli. Í stjórnmálum er óhvikul

staðfesta leiðtoganna frækorn ofbeldis og lýðræðinu fjandsamleg. Ef þeir kunna ekki að hlusta hnignar lýðræðinu.

Leiðtogar landsins líta á lýðræðið sem einfalt meirihlutavald. Þá víkur samviskan fyrir flokksaga, og sjálfstæð hugsun fyrir duttlungum einstaklinga. Stjórnkerfið breytist í formreglur sniðnar að fyrirætlunum valdhafa. Þegar þannig er ástatt er vilji almennings að engu hafður, mikilvægum staðreyndum er leynt, lagt er til atlögu við einstaklinga og fyrirtæki í stað þess að setja almennar leikreglur."

Forseti. Ég veit að félagi minn, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, las sama hluta ályktunarinnar áðan en ég ætla að gera það aftur:

„Í gömlu ættjarðarkvæði er talað um „þúsund radda brag". Í virku lýðræði þurfa þúsundir radda að heyrast og leiðtogarnir verða að hlusta. Við krefjumst þess stjórnvöld vakni af dásvefni valdhrokans og fari að hlusta á raddir þegna sinna. Við krefjumst þess að raunverulegar umræður fari fram áður en ákvarðanir eru teknar. Við krefjumst gagnsæis og höfnum leynimakki. Við krefjumst þess að lýðræðið virki!"

Forseti. Ég tek undir þessa ályktun og vona að Kristmundur Þór Ólafsson geri það líka. Ég vona að brátt renni upp nýir tímar á Íslandi, að það komi sumardagur með maísól. Sá dagur má mín vegna heita 15. september. Ég held nefnilega að það frumvarp sem hér er til umræðu sé upphafið að endinum, ekki eingöngu hjá hæstv. forsrh. heldur einnig hjá ríkisstjórninni sem nú situr. Ríkisstjórn sem kann ekki að haga sér og kann ekki að skammast sín.

[21:20]

Útbýting þingskjala:

Jarðalög, 783. mál, brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1754.

Sveitarstjórnarlög, 856. mál, þskj. 1736.

[21:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég held að frv., sem nú stefnir óðfluga í að verði að lögum á hinu háa Alþingi, hafi verið lagt fyrir ríkisstjórnina mánudaginn 26. apríl. Það mætti halda að lengra væri liðið síðan það var gert en það eru ekki nema rétt rúmir 20 dagar síðan. Eins og allir vita hefur mikið gengið á í þjóðfélaginu á þessum dögum. Þetta hafa verið örlagaríkir, viðburðaríkir og erfiðir dagar, bæði fyrir þingmenn en líka, að ég hygg, hæstv. forseti, fyrir þjóðina. Þjóðin hefur ekki verið sátt við það sem gerst hefur frá því að þetta frv. kom fram. Hún hefur ekki verið sátt við störf þingsins og ekki verið sátt við frv. sjálft, eins og glögglega kom í ljós í skoðanakönnun sem birt var í dag þar sem fram kemur að um 80% þeirra sem svöruðu spurningu um afstöðu sína til fjölmiðlafrumvarpsins, um 80% svöruðu því til að þau væru andvíg þessu frv.

Í ljósi atburða undanfarinna vikna er athyglisvert að líta um öxl og skoða hvernig stjórnarliðar hafa reynt að matreiða þetta ofan í þjóðina. Ég greip með mér viðtal sem tekið var við hæstv. menntmrh. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur einmitt þennan örlagaríka dag, mánudaginn 26. apríl. Þá sagði hæstv. menntmrh., sem síðan hefur verið nánast algerlega fjarverandi í þessari umræðu, í viðtali við Morgunblaðið, með leyfi forseta:

„Ég tek undir það sem utanríkisráðherra hefur sagt, að það er ekki gott þegar mál eru í einhverri óvissu. Það á að *klára svona mál og ég held að við höfum náð mjög góðri* lendingu með þeirri afgreiðslu sem við náðum í morgun í ríkisstjórninni. Það var mikill einhugur og sátt um þetta frumvarp."

Þetta sagði hæstv. menntmrh. Mikill einhugur og sátt um þetta frv. Síðan sagði hæstv. menntmrh., með leyfi forseta:

„Meginmálið er að við megum ekki horfa á skammtímasjónarmið heldur þau sjónarmið sem eru okkur svo mikilvæg, sem eru að varðveita frjálsa og óháða fjölmiðlun þannig að hér fái þrifist fjölmiðlar sem gegna því hlutverki sem við ætlumst til af þeim, þ.e. að standa undir þeirri ábyrgð að vera fjórða valdið.

Það sem við erum að gera með þessu frumvarpi er í fullu samræmi við það sem gengur og gerist annars staðar."

Svo mörg voru þau orð. Það átti að klára málið, keyra það í gegnum þingið á vordögum og ganga frá því þannig að það yrði að lögum áður en þingið færi heim í sumarfrí. Það átti að afgreiða þetta vandasama og mikilvæga mál sem varðar alla þjóðina á mettíma. Það átti að afgreiða það án þess að ráðfæra sig við þá sem hagsmuna eiga að gæta, þ.e. fólkið í landinu, þá sem lifa og starfa við fjölmiðla. Það átti að ganga frá málinu í trássi við nefndir þingsins. Þetta hefur verið gert með *eftirminnilegum hætti*. Ég hygg að það muni líða langur tími þar til bæði þjóð og þingmenn, bæði stjórnarþingmenn og stjórnarandstæðingar, gleyma því sem gerst hefur á undanförnum dögum. Þetta frv. á eftir að hafa afleiðingar. Öll þessi málsmeðferð og það sem gerst hefur í sölum Alþingis og líka úti í þjóðfélaginu á eftir að hafa pólitískar afleiðingar.

Ég hygg að mest af því sem segja þarf um frv. hafi þegar verið sagt. Þá er ég að tala um gagnrýnina á frv. sem hefur verið mjög málefnaleg og studd mjög góðum rökum. Hér hafa verið fluttar ótal margar góðar ræður. Stjórnarliðar munu ekki geta sagt að þeir hafi ekki verið varaðir við. Þeir munu ekki getað afsakað sig með því að þeir hafi ekki fengið að heyra rökstudd varnaðarorð. Sú afsökun mun ekki duga þeim í framtíðinni. Þeir geta sjálfum sér um kennt nú þegar þeir æða út á þetta fúafen, með illa undirbúið frv. sem sennilega stenst ekki stjórnarskrá og stríðir gegn atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi.

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með sumum fjölmiðlum sem hafa, jafnótrúlegt og það hljómar, tekið undir efni frv. og hafa lýst því yfir að þeir styðji þetta frv. Ég verð að segja, sem fyrrverandi fjölmiðlamaður, að mér finnst með ólíkindum að nokkur fjölmiðlamaður skuli treysta sér til að skrifa upp á þann gjörning sem hér um ræðir. Það er engum vafa undirorpið að málið er illa ígrundað og að illa hefur verið staðið að því frá upphafi.

Einn af þeim fjölmiðlum sem hafa tekið undir það að fremja slíkt óhæfuverk sem hér er til umræðu er næststærsta dagblað landsins, Morgunblaðið. Það hefur farið mikinn í leiðurum og Reykjavíkurbréfum og varið frv. með kjafti og klóm. *Við höfum fengið að sjá marga kostulega leiðara í* því ágæta blaði á undanförnum vikum. Ég ætla ekki að elta mikið ólar við þá en þeir leiðarar munu standa sem lesefni fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar. Þeir verða eflaust aðhlátursefni og undrunarefni fyrir okkur og aðra í framtíðinni. Einn leiðara vil ég þó fá að nefna sérstaklega en hann birtist í Morgunblaðinu í morgun. Ástæða þess að ég vil sérstaklega nefna hann er sú að þar er vikið að Frjálsl. og afstöðu hans til þessara mála. Þessi leiðari ber heitið „Markmið Vinstri grænna og Frjálslyndra". Ég túlka þennan leiðara með þeim hætti að Morgunblaðið sé að reyna að spyrða saman Vinstri græna og Frjálsl. og tengja þeim gjörningi sem nú á að fara fram. Blaðið leitar logandi ljósi að einhverjum röksemdum sem það getur notað til að segja: Þarna sjáið þið. Þeir eru í

raun sammála okkur. Við höfum rétt fyrir okkur. Við erum að gera rétt. Í þessum leiðara segir m.a., eftir að vitnað hefur verið í þáltill. sem Vinstri grænir, Frjálslyndir, Framsfl. og Sjálfstfl. stóðu að og var lögð fram á þinginu í fyrrahaust, með leyfi forseta:

„Ljóst er af þessum tilvitnunum, að formenn tveggja stjórnarandstöðuflokka voru í nóvember þeirrar skoðunar, að vinna ætti að þeim markmiðum, sem tekið er á í fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þeir töldu m.a. nauðsynlegt að kanna, hvort banna ætti sömu aðilum að eiga bæði dagblöð og ljósvakamiðla og þeir töldu nauðsynlegt að kanna, hvort markaðsráðandi aðilar á öðru sviði mættu eiga fjölmiðla.

Þeir kunna að vera andvígir því, hvernig staðið hefur verið að undirbúningi löggjafarinnar en það er erfitt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að formenn flokkanna tveggja séu sammála þeim markmiðum, sem fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ætlað að ná."

Það er rétt hjá Morgunblaðinu að Frjálsl. stóð að áðurnefndri þáltill. Við fórum í þetta mál af heilindum. Við fórum í þetta mál undir þeim formerkjum að eignahald á íslenskum fjölmiðlum yrði kannað og heildstæð löggjöf smíðuð í kringum íslenska fjölmiðla, það yrði gert í samvinnu flokka á þingi og í samráði við hagsmunasamtök eins og Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla landsins og samtök fjölmiðlanna, þau ráðuneyti sem málið varðar, m.a. menntmrn., og aðra aðila. En þetta var ekki gert. Það var ekki haft samráð. Ríkisstjórnin ákvað að fara í þessa vinnu með því að útbúa leyniskýrslu sem skrifuð var af flokksgæðingum úti í bæ og síðan var samið frv. sem sent var inn í þingið og nú á að keyra það í gegn, nánast óbreytt með þvílíku offorsi að maður hefur aldrei séð annað eins.

Við höfum allan tímann verið sammála því að skoða þurfi þessi mál. Við hefðum líka getað fallist á að smíða heildstæða löggjöf. Við teljum hins vegar líka að þurft hefði að vanda til verksins og taka til meiri tíma. Ég vil segja það í þessari síðustu ræðu minni í þessu máli að það hefði átt að nota sumarið til að sinna þessu verki með samvinnu allra og sem mestri sátt við þá sem málið varðar. Síðan hefði mátt leggja frv. fyrir þingið á næsta hausti og vinna það almennilega næsta vetur. Við hefðum kannski náð að semja nokkuð góða löggjöf eftir um það bil ár frá þessum degi að telja. Það hefðu verið vinnubrögð að okkar skapi en ekki þau handarbakavinnubrögð sem við höfum orðið vitni að að undanförnu. Þau hafa gengisfellt Sjálfstfl. og hirt af honum mikið fylgi — ég ætla ekki að fara að gráta yfir því. Framsfl. er margklofinn og í miklum vandræðum með þetta mál enda hefur klárlega komið í ljós að stór hluti flokksmanna þar er á móti frv. Ég hygg, eins og fram kom í þeirri skoðanakönnun sem ég minntist á í upphafi máls míns og birt var í morgun, að 80% þjóðarinnar séu á móti þessu frv. Ég hygg að það segi það sem segja þarf um þetta mál.

Ég vil að lokum fá að nota tækifærið til að lýsa því yfir að komist Frjálslyndi flokkurinn einhvern tíma í þá aðstöðu að geta haft áhrif á þau lög sem til stendur að setja, þ.e. gefist okkur möguleiki á að breyta þeim, þá mun ekki standa á okkur að fara í þá vinnu. Við munum gera það í samráði við þá sem málið varðar. Við munum ekki láta heiftina ráða för eins og gert hefur verið í þessu máli. Það er enginn vafi á því að hér er um sértæk lög, óréttlát lög og vond og meingölluð lög að ræða. Slík lög viljum við ekki setja á Íslandi árið 2004.

[21:32]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Haldnar hafa verið margar ræður, misgóðar eins og gengur, í þessum sal. (**Gripið fram í:** Nú kemur ein góð.)

Það kannski rétt, virðulegi forseti, að fara aðeins yfir málið í upphafi, hvernig staðan í málinu er, hvernig það er, og að við erum að tala um að setja þessi lög til að draga úr samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Það hefur verið með hreinum ólíkindum að hlusta á suma stjórnarandstæðinga mæla því bót og vilja ekki hreyfa legg né lið í því sem nú er verið að gera. Og maður spyr sjálfan sig: Er samþjöppun á fjölmiðlamarkaði æskileg? Ég tel ekki svo vera og margir aðrir þingmenn, bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar.

Ef við kíkjum á fyrirbærið sem hér um ræðir, sem eru Norðurljós, er rétt að fara aðeins yfir það en mér finnst fjölmiðlar ekki hafa gert því nógu góð skil hvað Norðurljós er.

Norðurljós samanstendur af Íslenska útvarpsfélaginu, ef við tökum það fyrst. Það er með útvarpsrekstur og endurvarp, Stöð 2, Stöð 3, Sýn, Bíórásina, Popp Tíví, Fjölvarpið og sex hljóðvarpsstöðvar, auk heldur femin.is og visir.is.

Ef við lítum á markaðshlutdeildina þá er ríkissjónvarpið, RÚV, með mesta áhorfið á ákveðnum tímum dagsins en markaðshlutdeild Norðurljósa er mjög há ef hún er tekin í klukkutímum talið.

Það samanstendur af Frétt ehf., sem er DV og Fréttablaðið. Síðan er Pósthúsið með blaðapökkun og póstmerkingu, Póstdreifing, sem er blaðadreifing og blaðberaþjónusta og loks Ísafoldarprentsmiðja.

Hvað varðar dagblöðin þá er Fréttablaðið er með 70% lesningu enda dreift ókeypis á hvert heimili í landinu. Maður spyr sjálfan sig: Hvers vegna? Hver sem á Fréttablaðið og dreifir því og ætlar að gera þetta svona hlýtur að fjármagna það með auglýsingum, ekki gerist það með öðru. Morgunblaðið er með 58% og DV einhvers staðar nálægt 20%.

Í útvarpinu er Íslenska útvarpsfélagið með nær 50% og jafnvel meira.

Þá komum við að þriðja parti Norðurljósa sem er Skífan, það er Smárabíó, Regnboginn, Grjótnáman og Stúdíó Sýrland og 16 smásöluverslanir og svo bíómyndir ásamt öðru.

Þetta er fjölmiðlafyrirtæki sem hefur náttúrlega afgerandi áhrif á þeim markaði. Annað á markaðnum í blaðaútgáfunni er Morgunblaðið og Viðskiptablaðið og svo ef við tökum sjónvarp þá er það Skjár 1 og síðan RÚV í útvarpi.

Frjáls fjölmiðlun hefur átt undir högg að sækja hér á þeim markaði og ég er sammála því sem þar er sagt að það að berjast við RÚV er ekki heiglum hent og það hefur verið skoðun mín að það eigi að minnka það og draga verulega úr því og selja t.d. Rás 2 og að reka eigi Rás 1 sem menningarlegt útvarp og öryggistæki.

Þá erum við búin að fara yfir stöðuna á þessu fyrirtæki sem hefur gífurlega sterka stöðu á fjölmiðlamarkaðnum. Og hver á svo Norðurljós og ræður þeim? Þegar við kíkjum á það kemur margt skemmtilegt í ljós og við sem störfum í nefndum þingsins, í menntmn. þar sem ég er formaður, og í efh.- og viðskn., höfum fengið ágætis yfirferð yfir hvernig þetta er.

Norðurljós var stofnað til að halda lífinu í þessu með því að fá endurfjármögnun í Íslenska útvarpsfélagið og Frétt og Skífuna. Skuldir fyrirtækisins voru 7,3 milljarðar. Í dag eru þær 5,7 og þetta eru ekki nein leyndarmál sem hér er sagt. Og þá spyr maður sjálfan sig: Hvað voru lagðir miklir peningar inn í fyrirtækið? Það eru ýmsar kenningar á lofti í því máli, en ef við förum yfir hluthafalistann er stærsti eigandi í Norðurljósum Baugur Group með tæp 30%, þ.e. ráðandi hlut, Grjóti ehf. sem er í þeirra eigu líka með 11,4%. Síðan er Kári Stefánsson skráður fyrir 15%. Það væri gaman að vita hvort allir þessir aðilar séu búnir að borga hlutaféð inn í þetta ágæta félag. (**ÖS:** Þeir gerðu það í gær.) Þeir gerðu það í gær, segir einhver hér úr sal, virðulegi forseti. Sá ágæti þingmaður Össur Skarphéðinsson er greinilega mjög inni í þessum málum í Norðurljósum. Fons með 11,6%, Kaldbakur er með 8%, Hömlur 6,9% og aðrir 17% rúm. Það eru sem sagt Baugur Group og Bónus sem ráða þessu fyrirtæki að mestu leyti.

Hvað skyldi hafa vakað fyrir þeim í þessum málum? Þá komum við að samþjöppuninni. Það er sem sagt einn aðili sem á ráðandi hlut í fjölmiðlafyrirtæki sem er með meiri partinn af fjölmiðlum á Íslandi.

Eigandinn er stór viðskiptakeðja sem er í mörgu. Viðskiptakeðjan á 50–60% af smávöruversluninni, ekki bara í matvöru, heldur eru það Baugur og Debenhams og hvað þær heita nú allar þessar verslanir. Til skamms tíma áttu þeir tæplega helminginn af lyfjaversluninni en seldu í morgun ef það gengur eftir og verður samþykkt.

Þessi keðja rekur líka stærsta fasteignafélag landsins, Stoðir. Þeir eru hluthafar í Húsasmiðjunni, alla vega með helming ef ekki meiri hluta. Þeir selja blóm og rósir og hafa sótt mjög í sig veðrið á þeim markaði, með Blómaval og Blómabúð Binna o.fl., og það er mjög erfitt fyrir aðra að koma inn á þann markað. Þeir eru nýbúnir að selja hlut sinn í Flugleiðum.

Hver er svo hugsunin í þessu, hvar eru viðskiptatækifærin í þessu? Jú, hún er sú að láta allt það fjármagn sem fyrirtækin auglýsa fyrir inn í Norðurljós, þ.e. Bónus og Baug og viðkomandi fyrirtæki, að setja yfir 80% af fjármagni sínu til auglýsinga inn í Norðurljós. Í því felst verðmætið. Í Frétt, sem gerði út Fréttablaðið, Fréttablaðið varð gjaldþrota, eru væntanlega ekki miklar eignir þannig að eign fyrirtækisins er viðskiptavild við Baug. Það er þannig sem þetta er.

Þeir láta þessa peninga þarna inn og síðan eru alls konar sögur í gangi um hvernig þetta er gert varðandi aðra viðskiptaaðila keðjunnar þar sem það er svona látið fylgja með, hillupláss gegn því að auglýsa í þessum miðlum. Þetta er staðan eins og hún er. Og það er verið að tala um Skjá 1, að þetta sé allt sniðið að því en ég held að það sé nú bara algjör della.

Þarna eru margar stöðvar sem mér hugnast afar vel og vildi náttúrlega endilega að þetta fyrirtæki lifði áfram þó svo að þessi lög yrðu sett, ég get ekki séð að það breyti miklu. Þar er t.d. Sýn sem er besta íþróttastöð í heiminum. Sá sem hér stendur hefur búið á nokkrum stöðum erlendis og hvergi komist í annan eins lúxus og að horfa á þá stöð þar sem margt er í boði, og margar aðrar stöðvar.

En hvað gerist svo? Hvernig beita menn fjölmiðlunum? Hvernig koma menn skilaboðum í gegnum fjölmiðlana til fólksins í landinu? Jú, einum fjölmiðlinum er dreift frítt inn á hvert heimili. Þar er náttúrlega hægt að setja skilaboð og það hefur svo sannarlega verið gert. Það var gert fyrir síðustu kosningar fyrir ári síðan og menn nota þetta.

Allir vita hvernig DV er gert út. Það væri gaman að sjá útgerðina á því blaði þegar sérfræðingar eru búnir að fara í gegnum auglýsingamagn og annað í því blaði, hvernig það á að geta gengið. Spá mín er sú að DV muni ekki verða langlíft, menn muni gefast upp á að borga með því eins og greinilega þarf að gera í dag.

Síðan er það sem menn hér, stjórnarandstæðingar, hafa verið að tala um og gagnrýna og það er varðandi stjórnarskrána, látlaust stjórnarskráin. Það er alveg sama hvaða lög eru sett í þessu ágæta húsi, það er alltaf verið að tala um að verið sé að brjóta stjórnarskrána. Og það er verið að tala um eignarréttinn, að þetta sé svona og hinsegin. Það er eins og menn séu ekki búnir að fara yfir málið. Nú hafa verið gerðar tvær breytingar á frv. einmitt til að koma til móts við þetta atriði.

Ég er ekki að segja að frv., þegar það var lagt fram, hafi verið alveg fullkomið eða slíkt en með þessum breytingum held ég að það sé orðið (**Gripið fram í:** Fullkomið?) ekki segi ég að það sé fullkomið en alla vega ágætt.

Stjórnarandstæðingar segja flestir að það þurfi meiri tíma, það þarf meiri tíma í allt. Það er alveg einkennilegt og það er fólk sem ekki getur tekið ákvarðanir sem talar svoleiðis, það þarf meiri tíma í alla hluti. Og það þarf nefndir og það þarf þetta og það þarf hitt. Það eru svokallaðir umræðupólitíkusar sem tala þannig. Það gengur lítið undan slíku fólki.

Auðvitað er búið að undirbúa þetta mál. Það hefur verið nefnd að störfum til að taka út fjölmiðlamál á Íslandi og síðan var frv. samið í framhaldi af þeirri skýrslu. Auðvitað verður að taka á málinu og höggva á hnútinn. Það er hægt að velkjast með það eins og menn gera með sum mál og svo gerist ekkert. En hérna verða menn að taka ákvörðun og það var gert og síðan er verið að gagnrýna það.

Mér þykir mjög merkilegt að heyra hvernig Samf. talar í þessu máli, þessu er einhvern veginn öllu snúið við. Nú er það Sjálfstfl. sem er að reyna að setja hömlur á hluti og Samf. talar fyrir algjöru frelsi í öllum málum. Þessu er öllu orðið snúið við í dag í íslenskri pólitík.

Eru það kannski aðrir hagsmunir sem ráða, er eitthvað annað á bak við? (**Gripið fram í:** Hverjir gætu þeir verið?) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur átt viðskipti við þessa menn á netinu og við getum sagt að það hafi verið snörp orðaskipti. Síðan hafa menn fallist í faðma. Og ef það vefst fyrir nokkrum — ég var kannski einn af þessum efasemdarmönnum í byrjun en eftir að frv. kom fram og ég hef séð hvernig fjölmiðlunum hefur verið beitt látlaust segir maður við sjálfan sig: Það er fyllilega réttlætanlegt að setja þessi lög.

Þetta var líka gert fyrir ári. Í kosningunum var öllu beitt af fullu afli, allt saman skipulagt.

Hvernig var það svo í kosningunum 1999? Þá var þessi fjölmiðlarisi að vísu ekki til en þá beittu menn svona aðferðum gegn hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímssyni þegar menn níddu af honum skóinn. Það er kannski óskylt þessu máli.

Eigendur slíkra fjölmiðla geta beitt þessu af fullu afli ef þeirra er viljinn. Menn hafa komið hér og svarið af sér nokkur áhrif frá eigendum yfir í ritstjóra, frá ritstjóra yfir í blaðamenn, allt saman hvítþvegið og sárasaklaust.

Hver trúir þessum ósköpum? Þingmenn Samf. hafa verið að ræða þetta á þessum nótum. (Gripið fram í.) Það er alveg ótrúlegt.

Síðan komum við að Vinstri grænum sem allt í einu eru orðnir talsmenn þess eða allt að því, að vísu ekki allir, en þeir vilja engu breyta og þeir vilja nú skoða málin. Maður spyr sjálfan sig: Vilja þeir hafa þessa samþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum, vilja þeir það? Maður spyr sjálfan sig að þessu. Það var mjög merkilegt að hlusta á ræður hv. þingmanna, sumra hverra, eins og oddvita þeirra sem hér missti kveikinn af sprengjunni heldur langt sem sprakk hér í loft upp í þessum stól. Alveg ótrúlegt mál.

Ég tel að þessi lög verði til bóta. Maður veltir vöngum við sjálfan sig: Bíddu nú við, það er búið að breyta þessu þannig að nú geta ráðandi aðilar á markaði átt 5% í þessu fyrirtæki. Ég spurði einn af forsvarsmönnum þess ágæta fyrirtækis: Ef það væru 25%, eða 20%? Jú, hann hélt að það kannski mundi sleppa þá.

Hvar eru prinsippin í þessu máli?

Ég tel afar hættulegt ef einn aðili er farinn að ráða yfir 50% af fjölmiðlum á Íslandi. Hann getur komið áróðri sínum og áherslum til landsmanna tiltölulega auðveldlega. Því stærri sem hann er og öflugri þar sem hann lætur alla sína peninga til auglýsinga ganga í gegnum þetta því betur fúnkerar kerfið áfram. Það er það sem er hættulegt.

Ef maður kíkir á önnur lönd, virðulegi forseti, eins og hérna var farið yfir í ritinu með frv., t.d. Bretland, Frakkland, Bandaríkin, Norðurlöndin, er þetta misjafnt. Sums staðar er tekið á þessu í samkeppnislögum, annars staðar með markaðshlutdeild o.s.frv. Sums staðar eru þessi lög mjög stíf.

Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi ekki að vera of stífir. Með þessum lögum held ég líka að þetta sé tiltölulega opið. Enginn bannar Baugi að eiga 5% og hinum 5%. Menn geta verið þátttakendur í fjölmiðlarekstri ef menn hafa til þess áhuga og halda að það beri sig. Ég held að við verðum að tryggja það þannig að sem flestir geti komið að þessu þannig að fjölmiðlarekstur beri sig, allur rekstur á að bera sig.

Virðulegi forseti. Nú förum við að nálgast lokin á þessu máli og þá kemur næsta málið. Það er mjög merkilegt að fylgjast með fjölmiðlum og hvað forseti Íslands á að gera. Öll sú umræða hefur að mínu mati ekki verið neinum til sóma.

Það er mjög merkilegt að sjá hvernig þessir ágætu fjölmiðlar hafa unnið. Það var kynt undir varðandi forsetann og neitunarvaldið og allt þetta, ef hann neitaði að skrifa undir og málinu yrði skotið til dóms þjóðarinnar, í 3–4 daga og síðan var gerð skoðanakönnun. Þá var sagt að 80% væru með því að frv. færi í þjóðaratkvæði.

Svona geta menn haft skoðanamyndandi áhrif á fólk og það er nákvæmlega það sem er gert með þessum fjölmiðlum.

Þetta er svolítið skrýtið. Ég get talað um þessa menn sem að þessu ágæta fyrirtæki standa, eins og Jóhannes í Bónus, mikinn dugnaðarmann sem maður hefur borið virðingu fyrir lengi, frá því að maður þekkti hann fyrst þegar hann vann hjá Sláturfélaginu í Hafnarstrætinu, matardeildinni, og síðan í Háaleitinu. Síðan byrjaði hann með Bónus. Hann var að berjast við þá stóru, hann barðist við Sambandið. Hann var lítill og hann barðist við Hagkaup. Þeir feðgar voru duglegir og eignuðust síðan Hagkaup öllum að óvörum.

Núna allt í einu eru þeir komnir í stöðu eins og þeir börðust við í gamla daga, nú eru þeir svipaðir og Sambandið. Þeir ráða yfir öllu og það má varla nokkur maður hreyfa sig í viðskiptum nema þeir séu samþykkir þeim. Það er merkilegt hvernig endaskipti geta orðið í lífinu. Þetta eru samt harðduglegir menn og ég tek hattinn ofan fyrir þeim en mér hugnast ekki það sem er verið að gera hér með þetta fyrirtæki. Ég held að þessi lög geti komið í veg fyrir þá misnotkun sem hefur átt sér stað í þessum fjölmiðlum að undanförnu og styð það í því formi sem það er í núna með þessum tveimur breytingum sem hafa verið gerðar.

Núna er sem sagt umræðan komin út í fjölmiðlunina varðandi forsetann. Verið er að setja þrýsting á forsetann. Ég var að hlusta á útsendingu sjónvarps áðan þar sem var verið að ræða við menn og hann var látinn vita af því, forsetinn, að ef hann mundi ekki neita að skrifa undir fengi hann lélega kosningu í forsetakosningunum. Mjög óviðeigandi en þetta var að vísu einn af stuðningsmönnum hans.

Svona er umræðan orðin í þessu máli. Þegar það verður afgreitt héðan úr þinginu byrjar sem sagt pressan á forsetann. Mér dettur ekki annað í hug en að hann skrifi undir þessi lög.

Til að stytta umræðuna svo að við getum lokið þessu hérna í kvöld og nótt og tekið til við næsta mál — þetta er eitt mest rædda mál síðan ég kom í þingsalinn fyrir fimm árum, meira en var í öllum virkjunarmálum og öllu slíku. Það er ágætt að menn fari að vængja sig í ræðustól þingsins og tjái sig. Ég held að margar ræður hafi verið ágætar en sumar náttúrlega litaðar af einhverju öðru. Stjórnarandstaðan almennt er á móti þessu, bæði Frjálsl. og Vinstri grænir og ég tala nú ekki um Samf., það er eins og menn séu bara að verja þar heimavöll, alveg ótrúlegt. Að vísu taldi einn virðulegur hv. þm., Lúðvík Bergvinsson, rétt að það ætti að huga að því að setja lög um fjölmiðla á Íslandi, taldi varla hægt að komast hjá því en spurningin væri hvort það yrði gert með þessum hætti eða einhverjum öðrum. Það verð ég að segja. Menn eru að byrja að tala sig í það í ræðunum til að geta sagst hafa sagt það. Það stefnir allt í sömu áttina, smám saman tala menn sig inn á sömu línu og er í þessu frv.

Ég ætla að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, og ég vonast til að þetta mál verði afgreitt hið fyrsta og við getum farið að snúa okkur að öðrum verkefnum hér í þinginu.

[21:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi nokkuð bréfaskipti mín og Bónuss. Kannast hlustendur við orðtakið „mexíkanskur bófaflokkur“? Það var hugtak sem einn af þeim mönnum sem ólu mig upp í pólitík, Jón Baldvin Hannibalsson, notaði gjarnan í viðtölum um Sjálfstfl. Það var svipað sem ég notaði um þá Bónusfeðga. Ég kallaði þá suður-ameríska gangstera og hef aldrei séð tiltakanlega mikið eftir því. (**Gripið fram í:** En aðeins?)

Hv. þm. ræddi um ógnarveldi Baugs. Hann benti líka á að hann væri að selja hitt og þetta af stórum eignum sínum. Ég held að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af Baugi. Baugur er að hverfa úr landi og það er fyrst og fremst Sjálfstfl. sem er að hrekja þetta mikla fyrirtæki úr landi. Það er ein af afleiðingum þessa.

Gæti hv. þm. orðið mér sammála um það að langvitlegast hefði verið að fara í þetta með þeim hætti að setja almenn lög um öll fyrirtæki í landinu (Forseti hringir.) þannig að við værum ekki að taka upp eina grein, fjölmiðla, heldur mundum við efla samkeppnislög (Forseti hringir.) þannig að hægt væri að taka á öllum fyrirtækjagreinum í landinu?

[21:57]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi þingmaður. Ekki notaði ég nein orð eins og mexíkanskur bófaflokkur eða slíkt.

Ef mig minnir rétt held ég að hv. þm. hafi einhvern tíma látið þá skoðun í ljósi að hann vildi láta búta niður Baug, eins og hann orðaði það, þannig að hann hlýtur að vera mjög fylgjandi þessum lögum.

Ég er alveg sammála því að Baugur er fyrirtæki sem hefur gengið vel, verið vel rekið og hefur gengið mjög vel erlendis. Það er oft þannig með útrás að heimavöllurinn verður að vera sterkur, annars er útrásin vonlaus. Þeir hafa verið það og ég efast um að þeir fari að draga sig út úr öllu hér.

Það var forveri hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem spurði: Hver á Ísland? Ég held að við eigum að leitast líka við að svara þeirri spurningu í þessari umræðu.

[21:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að Samkeppnisstofnun og samkeppnislög eigi að búa yfir úrræðum til þess að hægt sé, ef menn telja þörf á því, að skipta upp fyrirtækjum sem hafa orðið ítrekað uppvís að því að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Ég tel að það eigi ekki að gilda einvörðungu um matvörukeðjur eða fjölmiðla, heldur öll fyrirtæki.

Nú túlka ég reyndar úrskurð samkeppnisráðs um Landssímann, sem fjallaði um breiðband árið 1999, með þeim hætti að samkeppnisráð telji sig búa yfir slíkum úrræðum. Ég held að það sé ákaflega þarft. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að taka eina einstaka atvinnugrein út, heldur eigi að gilda almennar reglur um allt atvinnulíf. Þetta höfum við margsinnis sagt.

Ég er líka sammála hv. þingmanni um að heimavöllurinn þurfi að vera traustur. En er það svo í þessu tilviki? Er ekki verið að hrekja fyrirtæki úr landi?

[21:59]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn sé að hrekja Baug úr landi. Væntanlega fjárfestir Baugur þar sem mest arðsemi er af fjárfestingunum, það gengur nú bara þannig. Heimurinn er orðinn lítill í dag, menn fara hratt yfir. (Gripið fram í.)

Ég get verið sammála hv. þingmanni, auðvitað eiga samkeppnislög að gilda um þetta líka, ekki bara sértæk lög um fjölmiðlun heldur líka samkeppnislög. Það er í öðrum löndum þannig þar sem þetta er tekið nákvæmar.

Ég er líka sammála því að þetta eigi ekki bara að gilda um verslunarkeðjur og ég er einnig sammála hv. þingmanni varðandi t.d. Símann sem mætti skoða í framhaldi. Það er mjög merkilegt að fá tilboð frá aðilum á fjarskiptamarkaðnum. Símanum gengur svona illa, held ég, að aðlaga sig að þessu.

En ég heyri að það er ekki mikill skoðanaágreiningur milli mín og hv. þingmanns. Málflutningur hans er allur annar en hann hefur verið hér undanfarið við þessa umræðu. Ég fagna því.

[22:01]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. var um margt athyglisverð. Það eru tvær spurningar sem mig langaði að bera upp við hv. þm.

Hann talaði um að nauðsynlegt væri að höggva á hnútinn. Hann talaði um að fjölmiðlum væri beitt látlaust. Hv. þm. vísaði til kosninga og talaði einnig um eða vísaði til dagblaða í eigu keðju sem hann gerði talsvert að umræðuefni. Ég skildi hv. þm. þannig að hann væri fyrst og fremst að tala um dagblöð í eigu þessarar keðju, að þeim væri beitt látlaust, væntanlega í stjórnmálum og þá væntanlega gegn Sjálftsfl. Ég held, virðulegi forseti, að þessi ræða verði ekki skilin á annan hátt. Það er aðallega verið að bregðast við því með þessum lögum.

En mig langaði að spyrja hv. þm., (Forseti hringir.), virðulegi forseti: Hvað gerir Sjálfstfl. ef þeir halda áfram að skrifa eins og þeir hafa gert hingað til?

[22:02]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að fara yfir þetta þá þurfum við bara að fara rúmt ár aftur í tímann, þegar kosningarnar voru á síðasta ári. Þá var þessum fjölmiðlum beitt af mikilli hörku og grimmd gegn hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni. Manni varð um og ó og er þó ýmsu vanur. Það gekk hér látlaust og var alveg greinilegt hverjum átti að koma frá.

En það er ekki bara um þetta sem gilda sérlög. Menn tala hér um 5% eign og annað. Við erum með sérlög um sjávarútveg þar sem er ákveðið hámark á kvótaeign og annað slíkt. Ég held að menn séu orðnir sammála að mestu leyti um þetta frv. nema varðandi spurninguna: Hver má þessi hlutur vera hjá markaðsráðandi fyrirtækjum? Á hann að vera 5% eða 25%? Það er farið að rífast um það núna. Nú held ég að menn séu orðnir slakir gagnvart eignarréttinum og stjórnarskránni.

[22:03]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi lög verða skilin þannig að vegna þess að í þessum dagblöðum hafi verið óþægileg og vond sjónarmið, sem hafi verið beint gegn hæstv. forsrh. og hann væntanlega lagður í einelti af þeim, og að af þeim sökum sé nauðsynlegt að setja lög af þessum toga.

Virðulegi forseti. Í mínum huga er þetta afar sérstakt. Þetta verður náttúrlega fyrst og fremst að túlka sem lög gegn tilteknum sjónarmiðum. Því verður það ekki túlkað öðruvísi en svo að þar sem þessi sjónarmið eru hæstv. forsrh. óþægileg sé nauðsynlegt að stöðva þessi dagblöð. Þetta er grafalvarlegt mál, virðulegi forseti.

[22:04]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn að tala um að stöðva þessi dagblöð. Ég er bara að lýsa því hvernig þetta var, virðulegi forseti, síðasta vor. (**LB:** Þú varst að lýsa því ...) og það er enginn að tala um að stöðva þessi dagblöð.

En það er mjög merkilegt að hlusta á hv. þm., sem er boðberi sósíaldemókratískrar stefnu, eða hvað? Eða er hann kominn hægra megin við Frjálsl. eða hvar er hann staddur, virðulegi forseti? (**LB:** Ég vil bara ritfrelsi og málfrelsi.) Vill hv. þm. ekki stuðla að aukinni valddreifingu í þessum geira? Þessi lög eru hugsuð til að auka valddreifingu í þessum geira. Þannig er hugsun þessara laga.

Það sem ég hef verið að segja hér varðandi hvernig þessir fjölmiðlar hafa oft hagað sér (Gripið fram í.) eru bara staðreyndir sem allir geta lesið og séð, þeir sem vilja og eru ekki blindir eða heyrnarlausir, virðulegi forseti.

[22:05]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Birgissyni sérstaklega fyrir að staðfesta að öll okkar umræða hefur ekki

verið til einskis. Hann kemur hér upp og staðfestir að tilgangurinn með þessu frv. sé að koma í veg fyrir það sem hann telur vera misnotkun á fjölmiðlum sem eru að hluta til í eigu Baugs í dag. Þeim hafi verið beitt gegn Davíð Oddssyni, segir hann, og þá sé komin ástæðan fyrir að setja lög til að brjóta upp þetta fjölmiðlafyrirtæki og stöðva gagnrýnina. Ritskoðunartilhneigingin sem hér hefur svifið yfir vötnunum kemur mjög greinilega fram í máli þingmannsins.

Síðan vil ég mótmæla þeirri staðhæfingu hv. þm. að við í stjórnarandstöðunni og í Samf. höfum ekki verið inni á því að setja almenn lög um fjölmiðla. Við höfum látlaust bent á aðrar vægari og skynsamlegri leiðir í þessu máli sem hægt væri að fara.

[22:07]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn að tala um að banna fjölmiðla. Það er ljóst. Það er talað um að hafa valddreifingu, að minnka hlutdeild ákveðinna fyrirtækja úr mjög stórum hluta í minni hluta til að fleiri geti komið að málinu.

Fjölmiðlun er afar viðkvæmt mál. Ég hef ekki séð neitt frumvarp, neinar tillögur eða drög frá Samf. í þessu máli. (Gripið fram í.) Það er alveg útilokað. Ég meina, þetta er hin ágæta umræðupólitík hjá Samf., að tala og tala og koma ekki með neina niðurstöðu. Það er nákvæmlega það.

Ég skora á Samf. hér: Hvers vegna er ekki lagt fram frv. með hugmyndum ykkar í málinu? (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er alveg óþolandi að hlusta á þessa hv. þingmenn trekk í trekk komandi hér eins og hvítvoðungar í þessu máli. Þeir hafa ekki neinar tillögur. Þeir eru bara að gagnrýna. (Gripið fram í.) Ekki tillögur frekar en ég veit ekki hvað, virðulegi forseti.

[22:08]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki verið á þingi í allan vetur. Ég kom hér inn sem varamaður. Samt tókst mér að verða þess áskynja að Samf. lagði hér fram tillögur um gegnsæi í fjölmiðlun, sjálfstæði ritstjórna og vernd heimildarmanna. Ég veit ekki hvort hv. þm. Gunnar Birgisson hefur verið ýkja mikið meira á þingi en ég í vetur en ég hef a.m.k. fylgst með þessari umræðu. Ég hef ekki séð hann fyrr í þessari umræðu hér.

Ég hef heyrt og lagt fram margar tillögur sem eru verðar umhugsunar og væru þess virði að við sætum yfir því í sumar og fram á næsta vetur að móta almenn, skynsamleg fjölmiðlalög sem yrðu til gagns fyrir allan almenning á Íslandi og fjölmiðlana sjálfa.

[22:09]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá fór hv. þm. loks að tala eitthvað af viti. Eftir þessa ræðu held ég að hann geti a.m.k. stutt frv. ríkisstjórnarinnar. Það er verið að tala um gegnsæi fjölmiðla.

Virðulegi forseti. Ég var að nefna eitt dæmi, af því að það var verið að tala um sjálfstæði ritstjóra og gegnsæi, að framkvæmdastjóri Fréttar, ritstjóri Fréttablaðsins, er stjórnarformaður DV og líka stjórnarmaður í Norðurljósum. Maður svona spyr sig síðan hvernig blaðamanninum gangi að vera sjálfstæður gagnvart honum og síðan eigendunum. (**Gripið fram í:** Tekur þetta frumvarp á því?) Nei, þetta frv. tekur ekki á því en ég nefni þetta af því að það var verið að tala um gegnsæi fjölmiðla.

En ég fagna því að Samf., eða Einar Karl Haraldsson sem ég tel glöggan mann, sjái að sér og styðji þetta hjá okkur.

[22:10]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki verið mikið framboð af stjórnarliðum í þessari umræðu. Ég verð þó að hæla hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir að koma hér og eiga við okkur orðastað um þetta frv.

Ég vil líka þakka hv. þm. fyrir hreinskilnina. Hann kemur hér í pontu og segir, nánast fyrstur stjórnarliða, að þetta sé sértækt frv. Hann eyðir mestöllum ræðutíma sínum til að tala um hve Norðurljós sé vont fyrirtæki, hvað Baugur sé vont fyrirtæki og svo, rétt þegar hann er að klára ræðu sína, fer hann að tala um smáatriði eins og stjórnarskrá og slíka hluti.

Ég vil bara vera alveg viss um að ég hafi skilið ræðu hv. þm. rétt. Í fyrsta skipti, eins og ég segi, er talað skýrt af hálfu stjórnarliðsins. Er það hans skoðun að þetta frv. sé fram komið eingöngu til þess að leysa upp Norðurljós?

[22:11]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara spurningu hv. þm. þá er það alls ekki svo að leysa eigi upp Norðurljós. Frv. er til að styrkja Norðurljós, til að auka eignaraðild að fyrirtækinu.

Ég ber það til baka, og það fer í taugarnar á mér að slíkt komi frá ráðvöndum krötum sunnan með sjó, að ég hafi sagt að Norðurljós væri vont fyrirtæki og að Baugur væri vont fyrirtæki. Það er alls ekki rétt. Ég held að hv. þm. hafi dottið á höfuðið. Ég þekki hann ekki að slíkum fullyrðingum.

Þessi lög eru almenn en það eru ekki mörg fyrirtæki á markaðnum. Þar eru Baugur og Skjár 1, þar er Mogginn. Mogginn hefur haldið sínu og þeir hafa ekki farið í svona æfingar. Þetta er samþjöppun dagblaða, ljósvakamiðla, sjónvarps og útvarps og allra hluta. Það er verið að setja almenn lög. Þótt þetta fyrirtæki sé til núna þá getur það verið í öðru formi eftir fimm eða tíu ár.

[22:12]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá þingmaður sem hérna stendur hefur hvorki dottið á höfuðið eða verið sleginn í það með reglustiku.

Það er alveg ótrúlegt að horfa upp á stjórnarliða koma hér, þá fáu sem þó hafa haft til þess kjark, vegna þess hve illa þeir bera sig yfir frv. og því hvernig það er fram komið. Það var sorglegt að horfa á hv. þm., jafnstóran og mikinn og hann er, nánast með grátstafinn í kverkunum þegar hann talaði um misnotkunina á þessum dagblöðum. Ég ætla að leyfa mér að vitna beint í hv. þm.

Hann stóð hér í ræðustól Alþingis og sagði:

„Ég held að þessi lög geti komið í veg fyrir þá misnotkun sem hefur átt sér stað í þessum fjölmiðlum ...“

Hann var ekki að tala um að Norðurljós væru vont fyrirtæki eða að Baugur væri vont fyrirtæki. En þessi fyrirtæki eru að misnota fjölmiðlana daglega, eftir því sem hv. þm. segir. Hann leyfir sér að segja úr ræðustól að lögin sem verið er að setja geti komið í veg fyrir misnotkunina á þessum fjölmiðlum. Þetta er það sem málið snýst um í hnotskurn.

[22:13]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum hver á þessi blöð og hvernig þau hafa verið notuð á undanförnum missirum.

Ég spyr hv. þm.: Finnst honum í lagi að eitt fyrirtæki sé með 63% markaðshlutdeild, ef allt er talið til, í fjölmiðlun? Er það í lagi (Gripið fram í.) í frjálsri fjölmiðlun? Er það í lagi? Ég segi nei. Ég held að þessi lög hefðu átt að vera löngu komin og kannski var frjálsræðið of mikið.

En ég segi: Þessi lög eru til bóta. Þau eru ekki sett til höfuðs einu eða neinu fyrirtæki. Ég held að menn ættu að fara í gegnum málið frá upphafi, hvernig þetta var fjármagnað og stofnað og hvernig þetta allt saman varð til.

[22:15]

Útbýting þingskjala:

Jarðalög, 783. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1753.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 690. mál, nál. iðnn., þskj. 1752.

[22:15]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Síðustu daga hefur farið fram athyglisverð og skemmtileg umræða þótt hún hafi oft og tíðum einkennst af undarlegustu hlutum og örvæntingarfullum rógburði af hálfu Sjálfstfl. En honum kippir í kynið og kannski var ekki við öðru að búast þegar flokkurinn er kominn út í horn í málflutningi sínum. Samkvæmt öllum skoðanakönnunum er fylgið hrunið og öll hin gamla frelsishugsjón hefur verið fyrir borð borin og er haugamatur.

Ekkert stendur eftir af málflutningi Sjálfstfl. Það hefur verið rammað inn í umræðunni síðustu tvær vikurnar, m.a. með prýðilegum hætti af hv. þm. Gunnari Birgissyni sem mælti síðast, fyrstur stjórnarliða í langan tíma. Hann dró það skýrt fram að frv. bæri fyrst og fremst með sér tvennt. Annars vegar væri það aðför að tjáningarfrelsinu, hins vegar væri frv. sértækt og gert til að koma fram hefndum og höggi á tiltekið fyrirtæki í landinu. Hefndarleiðangur forsrh., með það að markmiði að brjóta á bak aftur fyrirtækið Norðurljós, er á lokasprettinum. Afleiðingarnar eru vægast sagt drastískar. Sjálfstfl. er í rúst. Fylgið er hrunið af flokknum og hugmyndafræðin á haugunum eins og ég gat um áðan. Trúverðugleiki flokksins að engu orðinn. Já, hann er glæsilegur svanasöngur Sjálfstfl. fyrir okkur sem höfum séð í gegnum huliðshjálm frelsiskjaftæðisins. Það er óralangt síðan glitta fór í hið rétta andlit sem helgríma Davíðs Oddssonar hefur lagt sig yfir.

Nú eru runnir upp merkilegir tímar. Það hefur komið fram að hér er í gangi umræða sem tekið hefur lengri tíma en nokkur önnur frá því að EES-samningurinn var ítarlega ræddur og er ekki að undra miðað við hvernig málið ber að og hvert inntak málsins er. Það hefur ábyggilega aldrei áður komið fram þvílíkt frv. sem snýst svo augljóslega um sértæka löggjöf sem sniðin er að því að mölva fyrirtæki sem gæti kostað hundruð starfsmanna atvinnuna. Þótt skýrlega sé vegið að tjáningarfrelsinu í landinu og öllum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, öðrum en þeim er lúta að trúfrelsinu að mati allra þeirra lögspekinga sem skiluðu inn álitum til þeirra nefnda þingsins sem um málið fjölluðu, þá skiptir það engu. Hefndum skal fram koma af hálfu Sjálfstfl. og forsrh. og flokkurinn dreginn niður í svaðið í leiðinni. Framsfl. fylgir að sjálfsögðu með og þjóðin er klofin niður en hins vegar er sá hluti sem fylgir Sjálfstfl. að málum ákaflega lítill.

Komið hefur verið inn á marga þætti í umræðunni. Ég ætla að stikla á stóru varðandi það. Við fulltrúar Samf. í menntmn. fórum mikinn í 1. umr. og í aðdraganda 2. umr. og báðum þráfaldlega um að menntmn. fengi að fjalla um málið og koma að því með skynsamlegum hætti. Um er að ræða mál sem að sjálfsögðu ætti að vera borið fram af menntmrh. en ekki forsrh. Af einhverjum ástæðum hrifsaði forsrh. málið úr höndum hæstv. menntmrh., eftir að hún hafði kynnt skýrslu sem unnin var að beiðni ráðherra um ástandið á fjölmiðlamarkaðnum. Skýrslan var reyndar birt um leið og þetta dæmalausa frv., sem fer í bækurnar sem aðför stjórnvalda að mannréttindum í landinu. Það er aðför stjórnvalda að tilteknu fyrirtæki og leiðarljósið er hatrið eitt, hatur forustumanna Sjálfstfl. í garð þessa fyrirtækis og þeirra sem fyrir fyrirtækinu fara. Það er með ólíkindum að verða vitni að því í lýðræðissamfélagi þegar sú tilfinning fer að grípa fólk að það búi í einræðisríki, að þar fari einvaldur hamförum og allir fylgi með. Enginn þorir að segja neitt, enginn þorir að segja sannleikann um þá stöðu sem raunverulega er uppi.

Ég ætla að fara aðeins yfir umsögn minni hluta menntmn., sem okkur tókst að útbúa á þeim skamma tíma sem skammtaður var til að vinna að áliti til allshn. þingsins um þetta mál. Við fórum þráfaldlega fram á að fá fjölda gesta til fundar við okkur. Við lögðum fram ítarlegan gestalista og fórum fram á þeir sem vinna í hinum ýmsu geirum fjölmiðlunar fengju að koma til fundar við nefndina og skýra sjónarmið sín. Við því var að sjálfsögðu ekki orðið enda voru störf nefndarinnar skrípaleikur. Þau fóru fram í miðri 2. umr. og var ekki ætlað að skipta nokkru einasta máli. Nefndin vann það litla sem henni gafst kostur á. Við fengum til fundar við okkur valinkunna einstaklinga sem voru meðal margra annarra á listanum sem við lögðum fram. Formaður nefndarinnar boðaði að okkar ósk doktor Herdísi Þorgeirsdóttur lögfræðing, Sigurð Líndal lagaprófessor, Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, Gunnar Smára Egilsson, ritstjóra Fréttablaðsins, Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins, og Sigurð G. Guðjónsson, forstjóra Norðurljósa.

Fundur nefndarinnar með þessum gestum var haldinn 12. maí um morguninn og voru allir beðnir að vera viðstaddir samtímis, þrátt fyrir að við hefðum að sjálfsögðu farið fram á að hver og einn fengi að koma fyrir nefndina svo gæfist nægur tími og tóm til að fara yfir málið. En panillinn var litríkur og skemmtilegur og kemur fram í áliti nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur þau vinnubrögð afar sérkennileg og í andstöðu við þingvenjur. Eftir afgreiðslu allsherjarnefndar gafst þó kostur á að athuga auk frumvarpsins breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar á þskj. 1619.

Minni hluti menntamálanefndar lítur svo á að allsherjarnefnd hafi sent málið til skoðunar í menntamálanefnd á þeirri forsendu að útvarpslögin, nr. 53/2000, heyri undir málasvið nefndarinnar og þess vegna hafi verið til þess ætlast að nefndin skoðaði einkum þau mál er heyrðu útvarpslögunum til. Það er mat minni hlutans að sérstaklega hafi verið þörf á að beina sjónum að menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki fjölmiðla og skoða frá því sjónarhorni hvort náðst hafi yfirlýst markmið frumvarpsins um að tryggja æskilega fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun og hlúa að því lykilhlutverki þeirra að vera „vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi“ og

„mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis“ eins og það er orðað í athugasemdum við frumvarpið.“

Ég ætla að taka það fram að ítrekað hefur verið farið fram á að þingfundum yrði frestað þangað til menntmn. hefði komið að málinu, enda höfum við talið fáránlegt að umræða um þetta mál fari fram án þess að sú nefnd þingsins sem langmest hefur með málið að gera skili í alvöru áliti sínu inn til þingsins, þeirri vinnu sinni inn til þingsins. Það plagg lægi allri umræðu til grundvallar en væri ekki skrípaleikur á hliðarlínunni. Ég harma það mjög og lýsi vonbrigðum mínum með hin gerræðislegu vinnubrögð í nefndarstörfum þingsins, í þessu tilfelli menntmn. Nefndin var fótumtroðin og höfð að engu í umræðu og vinnu við þetta mál. En það er í stíl við annað í þessu máli. Það skiptir engu hvaða rök koma fram. Málinu skal þröngvað í gegn, pínt í gegnum Alþingi Íslendinga með góðu eða illu. Hefndum skal fram komið. Það stendur upp úr.

Hér er á ferðinni sértækt frv. sem vegur að mannréttindum á Íslandi og heftir tjáningarfrelsið. Í fyrsta sinn í Íslandssögunni, í sögu lýðveldisins, er vegið að prentfrelsinu. Í fyrsta sinn er ákveðnum aðilum bannað að gefa út blöð. Í fyrsta sinn skal takmarka prentfrelsið. Það er með ólíkindum að sú staða komi upp á Íslandi árið 2004 að prentfrelsi sé takmarkað. Það er ótrúlegt að upplifa það. Ég kem nánar að því síðar.

Til að undirbyggja umræðu mína og röksemdafærslu varðandi tjáningarfrelsið, mikilvægi þess og hve heilagt það er, hef ég leitað til sígildra öndvegisrita. Ég hef farið yfir, lesið upp og fléttað í málflutning minn valda kafla úr Frelsinu eftir John Stuart Mill. Að mínu mati rammar það rit einna best hvernig málum á að vera háttað og hvernig menn litu á það fyrir um 150 árum að búa ætti að mannréttindum og málfrelsi. En hvað gerist 149 árum síðar uppi á Íslandi? Málfrelsið er heft og prentfrelsið takmarkað. Ég vildi að Íslendingum gæfist kostur á að lesa meginkafla þessa grundvallarrits um frelsið og þeir væru öllum aðgengilegir í gegnum þingtíðindin. Ég kaus því að fara yfir valda kafla án þess að það flokkaðist undir málþóf eða tafir á störfum þingsins þannig að öðrum gæfist ekki kostur á að koma að umræðum. Ég fór þá leið að velja sérstaklega kaflana og mun koma betur að því síðar þegar ég er búinn að fara yfir aðra þætti. Nóttin er ung, eins og segir í vísunni.

Í áliti minni hluta menntmn. segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Að afloknum fundi með þeim gestum sem að framan eru taldir og eftir þá athugun á málinu sem möguleg var miðað við aðstæður sem menntamálanefnd voru búnar er það mat minni hlutans að ekkert bendi til þess að markmið frumvarpsins um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi náist verði það að lögum. Breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar breyta engu þar um. Tekið skal undir þá fullyrðingu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að mikilvægt sé að fjölmiðlar standi undir þeirri kröfu að almenningur hafi „aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum“. Minni hlutinn vekur athygli á því að forsenda þessarar kröfu er að til séu á Íslandi slíkir fjölbreyttir, sjálfstæðir og öflugir fjölmiðlar. Í fjölda umsagna til allsherjarnefndar er talin hætta á að aðgerðir sem kynntar eru í frumvarpinu verði til þess að veikja fjölmiðla þá sem nú starfa og leggja suma þeirra að velli.“

Frv. er lagt fram til að leggja ákveðna fjölmiðla að velli, fjölmiðla sem eru ekki ríkisstjórnarflokkunum þóknanlegir, sem þeir flokkar telja að séu misnotaðir daglega og gengdarlaust gegn stjórnvöldum. Menn eru sem sagt að hefta tjáningarfrelsi og ritskoða, það er kjarni þessa frv. Frv. er ætlað að leggja fyrirtæki að velli og ritskoða það, svo ómerkilegt sem það er. Áfram segir í áliti menntmn., með leyfi forseta:

„Þá skerði hinn fyrirhugaði lagarammi svo rekstrargrundvöll fjölmiðlanna til frambúðar að hætt sé við að mjög dragi úr framlagi þeirra til íslenskrar menningar, m.a. með innlendri dagskrárgerð í ljósvakamiðlum. Líklegt er einnig að slík þróun veiki stöðu íslenskrar tungu á fjölmiðlavettvangi, en við athugun málsins er í mikilvægum umsögnum bent á að íslenskir fjölmiðlar eru nú í samkeppni við erlenda að því marki að aldrei hafi þekkst í þjóðarsögunni.“

Hér kemur að atriði sem ég dvaldi töluvert við í einni ræðu minni við 2. umr. Í þessari sértæku aðför að mannréttindum á Íslandi er ekkert tillit tekið til þess að íslenskir fjölmiðlar, ljósvakamiðlar, eru í bullandi samkeppni við erlenda fjölmiðla. Ekkert tillit er tekið til umfangs, áhrifa og stærðar netsins í fjölmiðlaneyslu landsmanna. Þar er ekki minnst orði á þetta enda hefur Sjálfstfl. ekki hugmynd um þá stafrænu sjónvarpsbyltingu sem í vændum er. Hið undarlega nátttröll hefndarinnar, heiftarinnar og mannfyrirlitningarinnar í íslenskum stjórnmálum hefur dagað svo illa uppi í þessu máli að það tekur ekki tækniþróunina með í reikninginn. Það er með ólíkindum hvernig þessu máli er stillt upp. Það er eins og við séum stödd á árinu 1966, þegar ríkissjónvarpið hóf aleitt útsendingar á Íslandi. Hér voru engir gervihnattadiskar, ekkert internet og engin stafræn sjónvarpsbylting. Ekkert af þessu tekið til greina, ekkert af þessu skal tekið til grundvallar í aðförinni að Norðurljósum og mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. En áfram segir, með leyfi forseta:

„Flest bendir til að ekki einungis skorti mjög á að frumvarpið nái yfirlýstum markmiðum, ef að lögum yrði, heldur sé sennilegt að ákvæði frumvarpsins vinni beinlínis gegn því að þessi markmið náist og stuðli að aukinni fábreytni í efnisframboði, dagskrárgerð og lýðræðislegri umfjöllun. Verði þetta niðurstaðan bitnar frumvarpið ekki einungis á fjölmiðlunum, starfsfólki þeirra og aðstandendum heldur einnig margvíslegu menningarstarfi sem þeim tengist, og verður til þess að þrengja að vaxtarmöguleikum íslenskrar menningar og takmarka óðal íslenskrar tungu.

Minni hlutinn telur að til að ná markmiðum sem áður eru talin þurfi að fara aðrar leiðir, leiðir þar sem meðalhófsreglu er gætt og tryggt að fjölmiðlar veikist ekki, lýðræðissamfélaginu og íslenskri menningu til verulegs ógagns. Slíkar leiðir eru m.a. nefndar í nefndaráliti minni hluta allsherjarnefndar. Sérstaklega skal bent á að eitt af því sem helst kemur til greina er að efla þjóðarútvarpið, móta því glöggt forustuhlutverk við almannaþjónustu á fjölmiðlasviði og viðurkenna það sem einn af máttarstólpum íslenskrar menningar. Um þennan þátt er ekkert fjallað í frumvarpinu þótt í skýrslu þeirri sem fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal, og sögð er grundvöllur frumvarpsins, sé skýrlega bent á þetta og jafnvel gert ráð fyrir því að sú leið ein sé farin að sinni.

Þá tekur minni hlutinn eindregið undir ábendingar minni hluta allsherjarnefndar um að enn hafi ekki verið skorið úr um alvarleg álitamál um það hvort frumvarpið standist ýmis mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins verði það að lögum og skerði þar með tjáningarfrelsi Íslendinga. Enn fremur er óljóst um stöðu þess gagnvart Evrópurétti.

Minni hlutinn átelur þá málsmeðferð sem er viðhöfð við umfjöllun og afgreiðslu málsins á öllum stigum þess. Rétt er að fram komi að af hálfu minni hlutans var á áðurnefndum fundi 12. maí mótmælt vinnubrögðum meiri hluta menntamálanefndar sem ákvað að ljúka umfjöllun um málið eftir þann tveggja tíma fund með sex gestum sem áður er lýst."

Stórbrotin vinnubrögð. Mikilfengleg aðkoma menntmn. að málinu — það er ekki hægt að hafa önnur orð um það. En allt í plati. Leikritið var leikið og allt í þykjustunni. Við fengum að spila með, þykjast taka þátt í að koma að máli. Við hörmum að sjálfsögðu aðkomu nefndarinnar að málinu þótt við höfum vitanlega skilað okkar verki. En áfram segir í áliti nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Það er mat minni hlutans að eðlilegt sé að þroska umræðuna um stöðu fjölmiðla á Íslandi á opinn og lýðræðislegan hátt, án núverandi tímapressu og pólitísks þrýstings frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar. Í tengslum við slíka umræðu þyrfti líka að athuga rækilega tiltæk fræðileg gögn um fjölmiðlun á Íslandi og gera sérstakar rannsóknir, en verulegur skortur er á fjölmiðlarannsóknum hér á landi. Af framansögðu má ljóst vera að minni hluti menntamálanefndar telur málið vanreifað og ótækt til afgreiðslu. Minni hlutinn tekur því undir þá tillögu minni hluta allsherjarnefndar að frumvarpinu verði vísað frá."

Þannig hljóðaði álit minni hluta menntmn. og undir það skrifuðu auk mín hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason. Málið er ótækt og við lögðum til að því yrði vísað frá. Það var að sjálfsögðu ekki tekið til greina. Við komum viðhorfum okkar a.m.k. á framfæri og höfum unnið eins vel og við getum.

Virðulegi forseti. Engum blöðum er um það að fletta að lagasetningunni er beint gegn ákveðnu fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði, eins og áður hefur komið fram, m.a. hjá hv. formanni menntmn. Gunnari Birgissyni. Frv. er áhlaup á Norðurljós og lagt fram til að brjóta fyrirtækið á bak aftur og koma fram hefndum á eigendum Baugs, þótt það kosti stjórnarskrárbrot, atvinnumissi fyrir hundruð manna og miklar skaðabætur á kostnað skattgreiðenda. Þetta er dæmalaus staða í lýðræðissamfélagi og segir mikið um þankagang, vinnubögð og valdníðslu forustumanna stjórnarflokkanna.

Staðan á íslenskum fjölmiðlamarkaði gefur vissulega tilefni til að setja skýrar reglur um upplýst eignarhald og sjálfstæði fréttastofa. Frv. er hins vegar ekki í samræmi við meðalhófið sem stjórnvöldum ber að gæta. Ef markmiðið er fjölbreytni í fjölmiðlarekstri þá er vandséð að fjölbreytnin væri mikil ef rekstri Fréttablaðsins, DV, Stöðvar 2, Sýnar og Bylgjunnar hefði ekki verið bjargað frá bráðu gjaldþroti *fyrir örfáum mánuðum. Það var í janúar, virðulegi forseti,* að þessum miðlum var bjargað frá því að fara í þrot. Þá römbuðu þeir á barmi gjaldþrots. Þá þótti einsýnt að þeir yrðu ekki lengur starfandi og þau hundruð sem hafa þar atvinnu misstu störfin. Fyrst fyrirtækið fór ekki í þrot hefur ríkisstjórnin tekið það hlutverk að sér að gera áhlaup á Norðurljós til þess að brjóta fyrirtækið upp og koma því frá þar sem það er ekki stjórnvöldum þóknanlegt.

Ritskoðun, virðulegi forseti. Þetta er aðför að málfrelsinu. Þetta er aðför að stjórnarskránni. Þetta er aðför að einu einstöku fyrirtæki á landinu. Fjölmiðlafrumvarpið snýst ekki aðeins um samþjöppun á markaði heldur hefur málflutningur einstakra ráðherra velt upp spurningum um tjáningarfrelsið. Meginniðurstaða fjölmiðlaskýrslunnar var að ef sett yrðu lög ættu þau að horfa til framtíðar en ekki vera afturvirk, segir í *fjölmiðlaskýrslunni, ella risu álitamál um stjórnarskrá.* Þessu fer frv. hæstv. forsrh. ekki eftir eins og margoft hefur verið komið inn á í þeirri umræðu sem linnulaust hefur staðið síðustu daga og vikur. Því er beint gegn einu fyrirtæki, Norðurljósum. Frv. stefnir í hættu afkomu fjölmargra starfsmanna. Við höfum orðið vitni að ótrúlegri málsmeðferð, virðulegi forseti, gagnvart grundvallaratriðum í íslensku samfélagi sem lúta að sjálfu lýðræðinu og lýðræðislegri umræðu í landinu.

Virðulegi forseti. Veldi Sjálfstfl. og gott gengi hans í kosningum hefur fram að þessu, eins og ég kom að í upphafi máls míns, grundvallast á trausti kjósenda á að flokkurinn standi einn flokka raunverulega vörð um frelsið til orðs, æðis og athafna, eins og segir m.a. á heimasíðu Sjálfstfl. Flokknum er ætlað að standa vörð um rétt einstaklinganna, berjast fyrir auknu sjálfstæði þeirra og efla áhrif þeirra í atvinnulífinu. Þetta segir, herra forseti, á heimasíðu Sjálfstfl. X-d.is í ritinu Sjálfstæðisstefnan. Þeirri stefnu er hins vegar ekki fylgt. Nú er hafinn sársaukafullur svanasöngur flokksins, eins og fram kemur í nýlegum skoðanakönnunum. Það mun örugglega staðfestast í skoðanakönnunum næstu daga og vikur að fylgi flokksins er hrunið og traust manna á honum ekkert. Málflutningur flokksins hefur iðulega verið sá að hin ósýnilega hönd markaðarins rétti allt af og eigi að ráða för. En nú er höndin í fatla og tími ríkisafskipta og inngripa miðstýringarsinnaðra stjórnmálamanna runninn upp.

Virðulegi forseti. Talið er að verði frv. að lögum kalli það jafnvel á skaðabætur af hendi ríkissjóðs upp á milljarða kr. Tölurnar eru vissulega á reiki, enda á eftir að koma í ljós og reyna á það. Það gæti einnig leitt til atvinnumissis fyrir hundruð manna. Virtustu lögmenn hvaðanæva að úr litrófinu staðhæfa að frv. brjóti í bága við allar mannréttindagreinar stjórnarskrárinnar nema þá er varðar trúfrelsið. Hér er um margfalt stjórnarskrárbrot að ræða, ef marka má lögspekinga alla. Hins vegar benda engin álit sem koma inn til nefnda þingsins til annars en um slíkt sé að ræða. Verði ólögin að lögum setja þau fjölmiðla landsins í mjög þrönga stöðu til fjármögnunar. Þau gera þeim nánast ómögulegt að fá andrými. Það er ekki eitthvað eitt heldur allt sem er óviðunandi við umrætt frv., svo ekki sé talað um aðdraganda málsins.

Við höfum margoft kallað eftir því í umræðunni á undanförnum dögum að nú reyni á Framsfl. Bjartsýnustu menn, bæði úti í samfélaginu og hér á þingi trúðu því ekki fyrr en á reyndi að Framsfl. léti hafa sig í þessa hefndarför Sjálfstfl. Það virðist hins vegar ætla að verða raunin að þeir láti teyma sig alla leið. Það kom fram í fréttum í kvöld að að lokum viðurkenndi formaður Framsfl. að einhver átök hefðu átt sér stað innan flokksins. Þar hefur allt vægast sagt logað undanfarna daga ef marka má orð og ályktanir, t.d. forustu Framsfl. í Reykjavík, Alfreðs Þorsteinssonar borgarfulltrúa og ályktanir frá Sambandi ungra framsóknarmanna og fjölda annarra framsóknarfélaga úti á landi, í Mýrasýslu, Bolungarvík og víðar. Flest þeirra harma efni frv. og skora á flokkinn og forustu hans að draga það til baka. En allt er falt fyrir 15. september. Stóllinn er dýr, alveg rándýr. Þetta er verðið sem Framsfl. ætlar að borga fyrir forsætisráðherrastólinn 15. september, þ.e. vega að mannréttindaákvæðum í stjórnarskránni, vega að tjáningarfrelsinu og hefta prentfrelsið í fyrsta sinn í Íslandssögunni. Einstökum aðilum er bannað að eiga og reka prentmiðla, eins og bannið við krossmiðlun í frv. felur í sér og ekkert annað. Þær skorður sem reistar eru gera frv. einfaldlega grímulaust áhlaup á fyrirtækið Norðurljós til að

ná fram hefndum á eigendum Baugs og brjóta fyrirtækið á bak aftur. Allt þetta ætlar Framsfl. að láta yfir sig ganga.

Ég kom í ræðustól fyrr í dag, fyrir um 10–12 klukkustundum, og óskaði sérstaklega eftir því að varaformaður Framsfl., hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson, léti í sér heyra. Hann hefur ekki sagt eitt aukatekið orð í umræðunni frekar en varaformaður Sjálfstfl., Geir H. Haarde. Krónprinsarnir tveir hafa þagað þunnu hljóði í gegnum þessa umræðu. Það hlýtur að vekja með öllum sem um málið hugsa efasemdir um að eining sé um málið í stjórnarflokkunum. Menn ætla að láta sig hafa þetta enda um svanasöng forsrh. í pólitík að ræða. Ég kallaði eftir viðbrögðum varaformanna flokkanna við málinu í dag, ásamt fleiri hv. þingmönnum. En þeir tóku til fótanna. Það sást undir skósóla hæstv. landbrh. og hann hefur ekki sést í húsinu síðan. Það getur vel verið að hann sé frammi í eldhúsi eða einhvers staðar í húsinu. Sé nokkur leið til að fá hæstv. ráðherrann til að koma í sal og gera grein fyrir viðhorfum sínum, sem varaformaður Framsfl. og ráðherra í hæstv. ríkisstjórn, þá óska ég þess. Ég fer þess á leit við virðulegan forseta að hann láti athuga hvernig stendur á hjá hæstv. landbrh., hvort hann sé nálægt og geti komið og rætt málið við okkur. Öllum var ljóst fyrir löngu að fundur stæði fram eftir kvöldi og þingmönnum ber að vera viðstaddir þingfundi eða í nálægð við þá nema að um lögmæt forföll sé að ræða. Það getur vel verið að hæstv. landbh. hafi lögmæt forföll. Hann var í fatla, búinn að vera í honum í marga daga og virtist vera kvalinn.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill af þessu tilefni geta þess að landbrh. eins og öðrum hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum er kunnugt um að þessi umræða fer fram.)

Ég þakka kærlega fyrir, virðulegi forseti. Það gleður mig að heyra það. Þá hlýtur skýringin að vera sú að hæstv. landbrh. sé það kvalinn af handarmeini sínu að hann hafi þurft að leggjast til hvílu eða leita sér lækninga. Ég ætla að nota þetta tækifæri og óska honum góðs bata. Ég vona að síðar við umræðuna geti hann gert skörulega grein fyrir skoðunum sínum á þessu máli eins og hann er þekktur fyrir að gera. Hann er ekki þekktur fyrir að liggja á liði sínu þegar kemur að umræðum um ýmis mál, hvort sem er á mannamótum, þorrablótum eða á þingi. Við skulum bara vona að honum heilsist vel, að hann nái sér á strik og geti gert þingheimi grein fyrir því hvernig mál standa. Í fréttum í kvöld kom reyndar fram að hann viðurkenndi að átök væru um málið í Framsfl. og ólga. Við höfum flest orðið vör við það og í sjálfu sér er gleðilegt að heyra að sú taug sé til staðar í Framsfl.

En það hefði verið prýðilegt að fá til umræðunnar forustumenn Framsfl., sérstaklega hæstv. landbrh., varaformann flokksins og þann sem flestir líta til sem arftaka Halldórs Ásgrímssonar í stóli formanns Framsfl. þótt um það hafi verið skrifaðar fréttir í blöðum að gefið hafi verið sérstakt skotleyfi á landbrh. Á það legg ég hins vegar engan trúnað. Ég hef enga trú á öðru en hæstv. ráðherra standi sterkur í flokknum, enda var hann kosinn með 65% atkvæða á landsfundi flokksins. Ég óska því sérstaklega eftir að þessi sterki stjórnmálamaður sem mun erfa landið í Framsfl., ef að líkum lætur, komi og gerði þingheimi grein fyrir viðhorfum sínum. Ef hann er heima að horfa á sjónvarpið, kvalinn í öxlinni með höndina í fatla, þá skora ég á hann, eigi hann þess einhvern kost, að bruna í bæinn og koma til fundar við okkur. Það eru fleiri á mælendaskrá eftir mér og allar líkur á að þingfundur standi fram eftir öllu og haldi áfram þar eftir eða gert verði hlé á honum. Ég ætla að skora á ráðherra að verða við þessari eindregnu ósk minni, enda met ég hann mikils. Það mundi skýra ýmislegt fyrir mér ef ég fengi kost á að heyra viðhorf ráðherrans. Það mundi skýra fyrir mér hvað gerði það að verkum að Framsfl. lét dragast út í hefndarför hæstv. forsrh. sem miðar að því að koma fram hefndum á eigendum Baugs þótt það kosti atvinnumissi margra, að fyrirtæki verði knésett, að vegið verði að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra. Kannski gefst mér síðar tóm til að koma upp. Ég kom inn á það í upphafi máls míns að til að styðja mál mitt sígildum rökum hef ég leitað í smiðju Johns Stuarts Mills heimspekings. Ég hef rakið þau rök sem hann færði á sínum tíma fyrir því að ekkert mætti verða til að hefta tjáningarfrelsið, prentfrelsið. Hann taldi tjáningarfrelsið heilagt öllum mönnum og ekkert mætti verða til að skerða það enda er frv. sem hér liggur frammi eingöngu til þess að skerða það frelsi. Það er verið að banna svokallaða krossmiðlun. Þetta er ekkert annað en bann, tilteknum aðilum er bannað að eiga prentmiðil og reka. Ég hef í undanförnum ræðum farið yfir þá kafla sem ég taldi brýnast að kæmu í þingsköp og brýnast að áheyrendur fengju að njóta við þessar umræður án þess að verða sakaður um að teppa stólinn tímunum saman við lestur. Ég hef skipt þessu upp í nokkrar ræður og lesið í þeim valda kafla, enda höfuðkostur á góðu námsefni að velja bitastæðustu hlutana úr og draga þá fram þannig að efnið skili sér sem best. Með leyfi forseta ætla ég að koma inn á einn af lokaköflunum, á bls. 107. Þar skrifar John Stuart Mill fyrir 149 árum:

„Áður en ég skil við skoðanafrelsið, er rétt að víkja orði að þeim mönnum, sem telja skoðanafrelsið sjálfsagt með því skilyrði, að menn hagi orðum sínum hófsamlega og gæti allrar sanngirni. Margt mætti segja til að sýna, hve ókleift er að setja hófsemi og sanngirni mörk. Ef prófsteinn er sá, að maður hneykslі þann, sem andmælt er, hygg ég, að reynslan sýni, að menn hneykslist ávallt þegar árásin er snörp og snjöll. Og sérhver andstæðingur, sem hefur ríka tilfinningu fyrir efninu og fylgir skoðun sinni svo fast eftir, að erfitt verður um svör, virðist hóflaus í augum viðmælanda síns. En þótt þetta skipti miklu frá raunhæfu sjónarmiði, þá hverfur það inn í aðra mótbáru og mikilvægari. Sá háttur, sem menn hafa á að halda fram skoðun sinni, getur vitaskuld verið ámælisverður, enda þótt skoðunin sé rétt. Aðferðin ein getur verið með afbrigðum vítaverð. En flestar yfirsjónir manna af þessu tæi er ókleift að sanna á þá, nema sá, sem í hlut á, komi óviljandi upp um sjálfa sig."

Velta mætti því fyrir sér, virðulegi forseti, hvort hæstv. forsrh. hafi viljandi eða óviljandi komið upp um sjálfan sig. Varla hefði nokkurn mann órað fyrir því þegar frv. kom fram hve augljóslega það var sniðið að því að eyðileggja eitt tiltekið fyrirtæki og hve augljóslega það mundi vega að mannréttindum Íslendinga og tjáningarfrelsinu. En áfram segir John Stuart Mill, með leyfi forseta:

„Alvarlegustu yfirsjónir af þessu tæi eru: að beita hártogunum, að dylja málsatvik eða rök, að villa mönnum sjónir um eðli ágreiningsins, að afbaka skoðun andstæðingsins. En allt þetta, jafnvel í verstu mynd, er sýknt og heilagt gert í góðri trú af mönnum, sem hvorki eru álitnir né eiga að öðru leyti skilið að vera álitnir fáfróðir eða ómerkir orða sinna. Af þessum sökum er sjaldan unnt að telja slíkt athæfi siðferðilegt fordæmanlegt á nægum forsendum. Enn síður er unnt að gera slíka misnotkun málfrelsis refsiverða að lögum.

Bann við hóflausum málflutningi, sem kallaður er, skömmum, skætingi, rógi og þvílíku, ætti meiri samúð skilið, ef báðir málsaðilar væru beittir því að jöfnu. En menn vilja einungis koma í veg fyrir, að slíkum vopnum sé beitt gegn ríkjandi skoðunum. Gegn nýjum skoðunum og óvinsælum þykir ekki einungis vítalaust, að þeim sé beitt, heldur er þeim, sem það gerir, einatt hrósað fyrir ærlegan áhuga og réttláta reiði. Slík vopn valda mestu tjóni, þegar þeim er beitt gegn tiltölulega varnarlausum skoðunum. Og illa fenginn ávinningur af slíkum vopnaburði fellur oftast í hlut ríkjandi skoðunar. Hin versta þessara misgerða sem menn gera sig seka um í deilum, er að brennimerkja andstæðinga sína sem vonda menn og siðspillta. Þeir, sem halda fram einhverri óvinsælli skoðun, eru í mestri hættu fyrir slíkum ásökunum. Þeir eru oftast fáir og áhrifalitlir, og aðrir láta sig litlu skipta, hvort þeir njóta réttlætis. En eðli málsins samkvæmt geta andstæðingar ríkjandi skoðunar ekki beitt slíkum vopnum án þess að stofna sjálfum sér í hættu. Og málstaður þeirra hefði illt eitt af. Yfirleitt hljóta andstæðingar almenningsálitsins því aðeins áheyrn að þeir hagi orðum sínum af hnitmiðaðri hófsemi og varast til hins ýtrasta að styggja aðra með orðum sínum að nauðsynjalausu. Frá þessu geta þeir varla vikið án þess að skaða eigin málstað. Á hinn bóginn geta hóflausar svívirðingar talsmanna ríkjandi skoðana í rauninni hrætt fólk frá því að játa andstæðar skoðanir eða hlýða á þá, sem halda þeim fram. Sannleikanum og réttlætinu er því miklu mikilvægara, að komið sé í veg fyrir slíkar svívirðingar en hinar fyrrnefndu. Og ættu menn t.d. aðeins tveggja kosta völ, riði miklu meira á að verja trúleysið gegn svívirðilegum árásum en trúna. Hins vegar er augljóst að í þessum efnum eiga hvorki þing né stjórn að hafa nein afskipti. Almenningsálitinu ber hins vegar að bregðast við með ólíkum hætti eftir atvikum. Án tillits til málstaðar ber því að fordæma hvern þann mann, sem í málflutningi sýnir óhreinskilni, illvilja, yfirdrepsskap eða ofstæki. En um þessa lesti má ekki kenna þeirri afstöðu, sem maðurinn tekur, jafnvel þótt hún sé andstæð okkar afstöðu. En sá maður á heiður skilinn, hver sem málstaður hans er, sem hefur stillingu til að átta sig á og ráðvendni til að skýra frá skoðunum andstæðinga sinna án þess að ýkja neitt það, sem þeim er í óhag, né draga neinar dulur á það, sem er eða ætla má þeim til málsbóta. Þetta er hin sanna siðfræði opinbers málflutnings. Oft brjóta menn gegn henni en hitt gleður mig að margir menn sem eiga í opinberum deilum hlíta henni eftir megni og enn fleiri gera sér samviskulegt far um það."

Þar með lýkur þessum kafla. Mikil er spekin. Hún rammar inn ríkjandi ástand og þá aðför sem nú er gerð á Íslandi árið 2004 að málfrelsinu, tjáningarfrelsinu, prentfrelsinu. Hér er um að ræða aðför að einstöku fyrirtæki, fráhvarf stjórnvalda frá almennum lagasetningum. Ætlunin er að setja sértæk blygðunarlaus lög sem miða sérstaklega að því að rústa einu fyrirtæki. Þetta erum við að upplifa, virðulegi forseti. Trúi því hver sem vill. Þjóðin hefur hins vegar gert sér grein fyrir þessu. Fróðlegt verður að fylgjast með því á næstu mánuðum hvernig umræðunni í samfélaginu reiðir fram. En samkvæmt skoðanakönnunum sem fram hafa komið síðustu daga og vikur er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar eindregið á móti frv. Sú afstaða virðist einungis styrkjast og þeim fjölga sem frv. eru andvígir.

Fylgið hefur bókstaflega hrunið af stjórnarflokkunum ef eitthvað er að marka síðustu skoðanakannanir. Miðað við fréttir af komandi könnunum virðast þeir ekki ríða feitum hesti frá umræðunni. Þegar menn eru vanir því, ár eftir ár og áratug eftir áratug, að komast upp með hvað sem er á pólitíska sviðinu þá blindar það sjálfsagt sýn. Við verðum að virða það forustumönnum Sjálfstfl. til vorkunnar að vald spillir og mikið vald gerspillir. Í þessu tilfelli blindar valdið augljóslega sýn. Hæstv. forsrh. hefur klárlega ekki sést fyrir í þessari umræðu og hefði enginn trúað því þegar fyrstu fregnir bárust af tilvonandi frv. til laga um eignarhald á fjölmiðlum að svo færi sem fram hefur undið. Umræðan hefur verið með þvílíkum ólíkindum. Harkan hefur verið slík og hundarnir á hliðarlínunum gjammað og gelt. Upp úr þeim hefur ollið rógburður og viðbjóður. Við verðum að strika yfir það og missa ekki sjónar af kjarna málsins.

Hér er um aðför að ræða að einu einstöku fyrirtæki. Við verðum að verja málfrelsið og prentfrelsið. Þess vegna hefur þessi umræða staðið síðustu daga enda er hún eina vörn okkar lýðræðissinna á þingi og í samfélaginu. Við höldum uppi málsvörn fyrir mannréttindi á Íslandi og höfum gert það af kostgæfni þann knappa tíma sem okkur hefur verið gefinn. Umræðan hefur tekið töluverðan tíma og sér ekki fyrir endann á henni enn eða hvernig málinu muni fram vinda á næstu vikum.

Hér hafa verið fluttar fróðlegar ræður. Enn einn daginn hefur þessi umræða staðið yfir. Nú síðast opnaði einn stjórnarliðinn sig. Hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður menntmn., galopnaði sig. Eftir að hafa hlýtt á mál hans var engum blöðum um það að fletta að um væri að ræða frv. sem miðaði að því að eyðileggja Norðurljós og til að ritskoða. Þetta eru ritskoðaðrar, meiri hlutinn á Alþingi eru ritskoðarar. Þeir víla ekki fyrir sér að setja málfrelsinu skorður til að ritskoða, af því að einhver blöð sem koma út á Íslandi eru þeim ekki þóknanleg. Þau skrifa ekki nógu fallega að þeirra mati um leiðtogann, um sólina miklu. Þess vegna á að banna miðlana og brjóta þá einhvern veginn á bak aftur. Fyrst héldu þeir að enginn mundi fatta að hér væri um að ræða höft á málfrelsi og prentfrelsi, að enginn áttaði sig á því að hér væri verið að ritskoða. En það er verið að ritskoða á Íslandi í dag árið 2004.

Með þessu lagafrv. eru mannréttindi skert. Einhver orðaði það svo ágætlega í umræðunni, að mig minnir hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, að lýðræðið væri síbreytilegt, það gæti batnað og það gæti versnað. Í dag horfum við fram á, löngu eftir að við héldum að lýðræðið væri einfaldlega til staðar og gæti kannski ekki annað en batnað, að lýðræðið er að versna með þessu frv. Það er vegið að lýðræðislegri umræðu í landinu. Þessi umræða hefur staðið yfir af því að okkar einu vopn eru rökin. Við höfum séð í hvaða stöðu rökþrota stjórnmálamenn lenda. Þá beita þeir meðulum undirmálsmanna sem eiga ekki erindi inn í þessa umræðu. Við höfum haldið uppi málefnalegri umræðu um afstöðu okkar í þessu máli. Hér hefur farið fram efnisleg umræða, að sjálfsögðu einnig um aðdraganda málsins enda er hann með þeim ólíkindum að ég efast um að til sé annar eins málatilbúnað í allri íslenskri stjórnmálasögu. Þau meðöl sem sumir sjálfstæðismenn hafa beitt í þessari umræðu eiga sér varla samjöfnuð í stjórnmálasögu Vesturlanda á síðustu árum og áratugum. Um það er ég sannfærður. Svo lágt hafa hinir rökþrota menn lagst að ömurlegt er að fylgjast með.

En við látum það ekki á okkur fá. Við látum ekki slá okkur út af laginu. Höldum uppi málefnalegri umræðu um innihald málsins og styðjum rökum úr ýmsum áttum enda málið þess eðlis. En áður en ég lýk máli mínu og hleypi að

næsta ræðumanni til að við fáum vegið og metið fleiri rök í þessari umræðu. Ég ætla að enda á að vitna í orð Johns Stuarts Mills sem rituð voru 149 árum úti í Bretlandi. Ég vil gera þau orð að mínum orðum, með leyfi forseta:

„Sú tíð er vonandi liðin, að verja þurfti prentfrelsið með ráðum og dáð sem eina helstu tryggingu gegn spilltri og ofríkisfullri landsstjórn. Nú verður að ætla, að óþarft sé að ráðast með rökum gegn þingi eða stjórn, sem á aðra hagsmuni í húfi en þegnarnir, skipar þeim fyrir um skoðanir og ákvæður, hvaða kenningar og rökræður þeir megi heyra. Að auki hafa fyrri höfundar rætt þessa hlið málsins svo oft og með svo ágætum árangri, að ástæðulaust er að fjölyrða um hana á þessum stað. Að vísu eru prentfrelsisákvæði enskra laga enn jafnströng ... En lítil hætta er á, að þeim verði beitt gegn ágreiningsmönnum um þjóðmál, nema þá í stundarofboði ...“

Hér ríkir stundarofboð, virðulegi forseti. Verði frv. að lögum mun það verða skömm fyrir íslenska þjóð. Nái þetta frv. fram að ganga mun lengi lifa með íslensku þjóðinni sá smánar- og skammarblettur. Hann verður svo stór á stjórnarflokkunum, Sjálfstfl. og Framsfl., að um eilífð mun lifa, virðulegi forseti. Þetta hefur verið dæmalaus atburðarás og dramatísk. Það er hreint ótrúlegt að fylgjast með til hvaða bragða stjórnarliðar hafa gripið í þessari umræðu til að reyna að verjast, orðnir rökþrota.

[23:01]

Ásgeir Friðgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið til 3. umr. frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Eitt af því sem ég hef hugleitt við lestur þessa frv. og þeirrar greinargerðar sem því fylgir er hversu lítill gaumur er að því gefinn að fjölmiðlun er atvinnugrein. Víða í nærliggjandi löndum, t.d. í Bandaríkjunum, Bretlandi og í vaxandi mæli á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku og Svíþjóð, er fjölmiðlun og tengdar greinar orðin einn helsti vaxtarsproti í greinum hugvits, sköpunar og tækni. Stærsti hluti útflutningstekna Breta í dag kemur t.d. úr atvinnugreinum sem tengdar eru eða náskyldar fjölmiðlum, tónlist, kvikmyndir og framleiðsla á sjónvarpsefni.

Ég hef alltaf haft þá trú að við Íslendingar ættum erindi á alþjóðamarkað með sköpunarkraft okkar, ef svo má að orði komast. Ég hef lengi átt mér þann draum að skilningur mundi vakna hjá stjórnvöldum á að við ættum þetta tækifæri, ekki síst í ljósi þess að á síðustu 10–12 árum hafa sprottið fram bæði tónlistarmenn, kvikmyndagerðarmenn, leikstjórar og aðrir sem hafa sannarlega staðið sig vel í þeirri meistarakeppni á alþjóðavísu sem þau hafa tekið átt í og ekki einungis skapað verðmæti fyrir sig heldur búið til athyglisverða og vaxandi starfsemi hér á landi. Í umræðunni um þetta frv. finnst mér að þetta hafi gleymst. Þetta er atvinnugrein sem á mikla vaxtarmöguleika. Fjölmargar atvinnustéttir tengjast fjölmiðlun: hljóðmenn og upptökumenn, hönnuðir auglýsinga, textagerðarmenn í auglýsingum, prentarar, kvikmyndagerðarmenn, tökumenn í kvikmyndum og sjónvarpi, smiðir sem búa til sviðsmyndir o.s.frv.

Mér telst til, bara samkvæmt þrengstu skilgreiningu orðsins „fjölmiðlastarfsemi“, að í kringum eitt þúsund Íslendingar starfi í þessari atvinnugrein. Ef við teygjum þetta frekar og skoðum alla jaðarstarfsemi sviðsins, svo ekki sé minnst á þá tölvutækni sem þjónar þessari grein, þá gætum við komist upp í 3.000 manns. Þessi atvinnugrein kann að veita allt að 10 þúsund manns farborða. Allt í einu stöndum við frammi fyrir frv. sem, eins og ég vék að og rökstuddi ítarlega í ræðu minni fyrir um tveimur sólarhringum, veikir þessa starfsgrein.

Ég skoðaði þetta frv. og ákvæðin þess efnis að markaðsráðandi aðilar mættu ekki vera virkir fjárfestar, þ.e. stærri en 5%, og virkir fjárfestar mættu ekki velta meira en tveimur milljörðum. Ég fletti upp í bók sem heitir 300 stærstu fyrirtæki á Íslandi. Ég fór í kaflann yfir þau 90 fyrirtæki sem skiluðu hvað mestum hagnaði á síðasta ári, þau 90 fyrirtæki sem eru líklegust til að fjárfesta vegna þess að þau eiga peninga afgangs. Ég las upp 20 fyrstu fyrirtækin. Þá kom í ljós að nærri öll þeirra eru örugglega eða líklega markaðsráðandi. Ég komst að því að af þessum 90 fyrirtækum eru um 30 sem mega eiga virkan eignarhlut, eiga frá 5% og upp í 35% í fjölmiðlafyrirtækjum. Hvað kom í ljós þegar ég skoðaði þessi 30 fyrirtæki? Þetta eru nærri undantekningarlaust sjávarútvegsfyrirtæki. Sjávarútvegur er þáttur í íslensku atvinnulífi þar sem er mikil starfsemi enda byggir hann alfarið á útflutningi. Þar er ekki barist um þær sálir sem þetta land byggja og þá erum við allt í einu komin með þessa staðreynd í huga. Líklegustu fyrirtækin til að verða virkir fjárfestar í fjölmiðlafyrirtæki, ljósvakafyrirtæki, eru þau sem reka sjávarútveginn. Þá spyr ég: Er það líklegt til þess að auka fjölbreytni? Það er þó ekki meginatriði þessa máls heldur hitt, að við erum búin að útiloka 60 af 90 líklegustu fjárfestunum.

Þá spyr ég: Hvernig getur það aukið fjölbreytni í atvinnugreininni að minnka pípur fjárstreymis inn í hana? Hafi menn fækkað væntanlegum kaupendum í ljósvakamiðlum úr 90 í 30 þá hefur eftirspurnin minnkað. Hvað þýðir minnkandi eftirspurn? Hún þýðir lægra verð, rýrnun verðmæta. Ég nefndi í ræðu minni dæmið um hús í miðborg Reykjavíkur þar sem mögulegir kaupendur eru 100 þúsund. Sé það flutt þangað sem mögulegir kaupendur eru 30 þúsund, hvað gerist? Eignin fellur í verði.

Í mínum huga er þetta frv. ekki bara árás á atvinnuréttindi manna eða réttindi manna til tjáningar. Það er líka árás á viðkvæma grein nýsköpunar í atvinnulífi okkar sem á sér bjarta framtíð.

Það hefur vakið furðu mína að þrátt fyrir ágæta skýrslu sem sögð er grunnur þessa frv. er ekki með neinum hætti fjallað um þetta atriði, um hverjir eru líklegir fjárfestar í ljósvakamiðlum og hvaða áhrif lög muni hafa á eftirspurn eftir hlutabréfum í þessum félögum. Hvaða áhrif hafa þessi lög á seljanleika bréfa í þessum fyrirtækjum? Ég tel það sumpart ábyrgðarlaust að leggja til, eins og gert er í þessari tillögu, þennan möguleika, þ.e. að takmarka fjárfestingar eða möguleika sumra á að fjárfesta í þessari grein, án þess að ganga úr skugga um eða a.m.k. sýna viðleitni til að kanna hvaða afleiðingar þetta hefði í för með sér.

Ég hef tekið eftir því, eftir ræðu mína frá því fyrir um tveimur sólarhringum, að eftir að hin einfalda athugun mín leiddi þetta í ljós, að trúlega 60 fyrirtæki af 90 stærstu, mættu ekki fjárfesta í þessari grein, þá komu aðstandendur þessa frv. af fjöllum og sögðu: Nú! Ha, getur það verið? Þetta segir mér meira en margt um vinnuna sem lá til grundvallar þessu frv.

Þótt formaður þeirrar nefndar sem vann títtræddu skýrslu hafi komist svo að orði í sjónvarpsviðtali að frv. rúmaðist innan ramma þess sem skýrslan leggur til þá fer ekki á milli mála að þetta frv. felur í sér ýtrustu aðgerðir sem skýrslan tínir til. Menn beita sterkustu meðulum strax í byrjun. Menn skera af áður en þeir beita meðulum. Það er athyglisvert

hvernig að þessu hefur verið staðið af hendi hæstv. forsrh. Hann beitir þekktri aðferð í samningatækni sem stundum er kölluð akkerisaðferðin. Þegar gera á eitthvað yfirgengilegt þá sigla menn eitthvert lengst út á ballarhaf og henda þar akkeri og festa þar bátinn. Síðan er öll umræðan í tjóðurbandi þess akkeris.

Ég nefndi það fyrr í umræðunni að í mínum huga liti þetta þannig út að í frv. hæstv. forsrh. hafi verið farið fram á aftöku. Nú eru menn búnir að ræða sig niður á ævilangt fangelsi með pyndingum en hafa gleymt því að meintur sakborningur er saklaus. En hann er líklegur til að brjóta af sér. Þannig er í raun komið með mál þetta. Það er engin sekt sýnileg nema, eins og bent hefur verið á, að það teljist sekt að nýta frelsi sitt til tjáningar. En það er líka alveg nýtt í sögu okkar ef svo er.

Grundvallaratriðið er að stjórnvöld ráðast gegn viðkvæmri atvinnugrein. Hvað sem fyrir ríkisstjórninni vakir þá ræðst hún gegn viðkvæmri atvinnugrein og veður yfir hana. Það er ljóst að það er erfiður vetur fram undan í þessari grein og tengdum greinum. Rétt er að hafa í huga að á þeim bænum hefur ekki verið blómlegt um að litast að undanförnu.

Þá er ég kominn að því sem við í Samf. teljum lykilatriði í málinu sem hér um ræðir, að auka fjölbreytni í fjölmiðlun, þ.e. að styrkja og efla RÚV. Eins og kunnugt er af fréttum hefur staða innlendrar dagskrárgerðar hjá RÚV aldrei verið veikari en nú um stundir. Sjálfstfl. hefur haft forustu í málefnum Ríkisútvarpsins í á annan áratug. Allt frá byrjun 10. áratugarins hefur Sjálfstfl. ráðið því hver fer þar fyrir. Útvarpsstjóri hefur verið úr þeirra röðum, raunar var hann stjórnmálamaður á vettvangi borgarstjórnar. Ábyrgðin á því hvernig fyrir er komið í málefnum RÚV er því tvímælalaust Sjálfstfl. Eitt árið enn stöndum við frammi fyrir slæmum rekstri, erfiðri afkomu og niðurskurði sem bitnar helst á innlendri dagskrárgerð. Þrátt fyrir að tilgangur RÚV hafi frá upphafi, frá fjórða áratug síðustu aldar, verið að mennta, skemmta og fræða íslenskan almenning, þrátt fyrir að út frá því hafi verið gengið þá tel ég að sjaldan hafi RÚV verið eins fjarri þessu marki sínu og einmitt í dag.

Það er athyglisvert að stefnuskrá RÚV er bresk að ætt. Hún er í raun þýðing á stefnuskrá breska útvarpsins BBC, frá upphafsárum þess. Þar hefur alltaf verið lögð mjög rík áhersla á breskan menningararf og að mennta, skemmta og fræða. Ég held að menn hafi ekki hugsað það sem svo, þegar þeir voru að þýða þessa klásúlu, að það hefði það í för með sér að 70–80 árum síðar yrðum við að mestu frædd um málefni bresks samfélags eða okkur skemmt með sögum úr bresku samfélagi. Eins og allir vita þá sjáum við mun meira af leiknu efni frá Bretlandi í íslensku sjónvarpi en íslensku efni. Það er það fyrsta sem þarf að gera, þ.e. að endurskoða stöðu RÚV, stórefla innlenda dagskrárgerð og endurskoða rekstur þeirrar stofnunar frá grunni.

Það er athyglisvert, fyrst talað er um RÚV, að velta því fyrir sér að grundvöllur frv. sem hér liggur fyrir er sá að eignarvald tryggi yfirráð yfir ritstjórnarvaldi. Hugmyndafræðin er sú að með því að veikja eignarvald skapist með einhverjum undarlegum hætti fjölbreytni í fjölmiðlun. Þetta er rökfærsla sem ég hef aldrei almennilega náð en ég vildi vekja athygli á þeim hugsunarhætti að eignarvald fari fyrir ritstjórnarvaldi. Maður spyr sig, fyrst þessi hugsunarháttur liggur að baki frv., hvort það hafi eitthvað með það að gera hvernig menntamálaráðherrar Sjálfstfl. hafa í hartnær 15 ár farið með eignarvaldið gagnvart ritstjórnum sem þar starfa.

Það var broslegt að sjá hæstv. menntmrh. í sjónvarpsþætti, tala um það sem sjálfgefinn hlut að allir þeir sem færu með eignarvald í fjölmiðlum misbeittu því gagnvart ritstjórnum. Það virtist ekki hvarfla að henni að hæstv. ráðherra var þá fyrst og síðast að gagnrýna sjálfa sig.

Samf. vill ekki bara efla stöðu RÚV. Við höfum lagt til gagnsæi í eignarhaldi og sjálfstæði ritstjórna. Hvað er gagnsæi og til hvers er gagnsæi? Ég hef orðað það þannig að gagnsæið þjóni markaðnum. Gagnsæið upplýsir þá sem eru virkir á markaði, lesendur, áhorfendur, auglýsendur og birgja, upplýsir þá um hverjir eigi viðkomandi fyrirtæki. Það auðveldar viðkomandi aðilum að gera upp hug sinn hvað varðar viðskipti við viðkomandi aðila. Með kröfunni um gagnsæi viljum við koma í veg fyrir það ástand sem skapaðist þegar eigendur Fréttablaðsins fóru huldu höfði. Ég held að það viðurkenni allir í dag, jafnvel þeir sjálfir, að var rangt. Það er ekki eðlilegt að eigendur fjölmiðla geti farið huldu höfði. Gagnsæið eflir vitund markaðarins og gerir það að verkum að við getum betur nýtt en ella þá krafta sem þar liggja.

Okkur í Samf. hefur líka verið tíðrætt um sjálfstæði ritstjórna. Meginmarkmiðið með því er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og treysta á sjálfstæði og stöðu blaða- og fréttamanna. Gera má kröfur um ákveðið skipulag þar sem dregnar eru línur um hvernig samskiptum mismunandi deilda er háttað. Ég hef nefnt það áður að Alþingi Íslendinga hefur þegar samið reglugerðarbálk af þessu tagi. Ég vísa þar til reglna um starfsemi banka þar sem skilgreint er með hvaða hætti þarf að skipuleggja starfsemina til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Þar er líka hægt að setja ákvæði um innri reglur sem eru að mínum dómi ákaflega mikilvægar. Þær eru mikilvægar fyrir stjórnendur sem og starfsmenn.

Ég tel t.d. að það væri afar heppilegt og raunar nauðsynlegt fyrir Ríkisútvarpið í dag, að þar væru skýrar reglur um ráðningar starfsmanna. Eitthvað virðist fara tvennum sögum af því hvernig þær reglur eru. Stundum er útilokað að ákveðnir einstaklingar fái vinnu vegna tengsla þeirra við einhverja einstaklinga sem hafa komið nálægt stjórnmálum. Allt virðist þetta vera mjög á huldu. Ég held að það sé eðlilegt að gerð sé krafa um skýrari innri reglur þar sem viðkomandi starfsmenn viti til hvers er ætlast, stjórnendur viti á hvaða forsendum þeir geti starfað. Það þarf m.a. að vera ljóst þegar upp koma mál eins og t.d. hjá Norðurljósum, þegar eigandi hringdi í fréttstjóra og fréttastjóri reyndi að hafa áhrif á fréttatímann þá um kvöldið. Í framhaldinu urðu mótmæli fréttamanna og þá skapaðist gífurleg óvissa. Í því ástandi hefði verið mjög heppilegt fyrir alla aðila að hafa skýrar reglur að styðjast við, bæði fréttastjóra og aðra starfsmenn. Menn vissu þá hvar þeir standa.

Að sjálfsögðu er líka rétt að nefna atriði eins og meðferð gagna og upplýsinga sem blaða- og fréttamenn afla. Hver á þau gögn? Samkvæmt niðurstöðum einhverra dómstóla í útlöndum eiga fyrirtækin tölvupóst starfsmanna, svo framarlega sem þeir senda hann út á lénum fyrirtækisins. Ég benti á það á miðvikudaginn að það væri í alla staði mjög óeðlilegt að fyrirtækin ættu tölvupóst blaðamanna, upplýsingar um heimildarmenn og samskipti við heimildarmenn. Það liggur fyrir að við í Samf. höfum sett fram skýrar hugmyndir sem benda með skýrari hætti á leiðir til að efla fjölbreytni og auka sjálfstæði fjölmiðla.

Ég hef sagt það áður að fjölmiðlun er atvinnugrein sköpunar, hugvits og tækni og ætti að vera atvinnugrein framtíð-

ar. Ég held að með þessu frv. geti komið örlítið hik að með þessum lögum sé þessi atvinnugrein orðinn annars flokks fjárfestingarkostur. Ég verð að segja að í ljósi þess velvilja sem nýsköpun og hugvitsgreinar hafa haft, a.m.k. í orði, á Íslandi á síðustu árum þá átti ég á flestu von á en ekki þessu. Það má líkja þessari grein við ungviði sem þarf á næringu að halda, jafnvel næringu í æð. Þetta frv. setur klemmu á næringarslönguna og dregur úr þeirri næringu sem þessi atvinnugrein þarf á að halda.

Ég sagði í fyrri ræðu minni, eftir að hafa metið hvert væri tilefni þessara laga að ekkert í starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja kallaði á lagasetningu, það væri ekki samþjöppunin. Þótt hún væri til staðar væri hún ekki háskaleg því að samkeppnin væri virk. Þetta er svipað og með hugtakið um markaðsráðandi stöðu og er ekkert saknæmt. Það er ekkert óeðlilegt við markaðsráðandi stöðu. Hins vegar er óeðlilegt ef henni er misbeitt. Hið sama gildir hér. Það eru engin merki um að sú staða sem uppi er sé að skaða samtökin. Vissulega er fákeppni en það eru engin merki þess að það sé að draga úr samkeppni fjölmiðla og ég benti á að aldrei hefur samkeppni blaða verið eins harðvítug og akkúrat nú. Það er búið að brjóta upp áratuga gamalt samráð um að skipta smáauglýsingamarkaðnum á milli DV og Morgunblaðsins. Morgunblaðið hafði fasteignaauglýsingar en DV allt hitt. Svona var þetta í 20 ár og um það þegjandi samkomulag. Nú er búið að brjóta þetta upp. Þetta er merki virkrar samkeppni. Ekkert í umhverfinu eða starfsskilyrðum fjölmiðla, lítilla eða stórra, kallar á lög sem þessi. Þess vegna varð niðurstaða mín sú að það sem kallar á þessi lög er einfaldlega að fjölmiðlar hafa ekki skapað stjórnarherrum viðunandi starfsskilyrði. Þar liggur hundurinn grafinn.

Virðulegi forseti. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að þetta frv. sé til marks um litla fyrirhyggju stjórnarherranna í baráttunni við ritstjórnir þessara fjölmiðla. Þeir gleyma því að þetta er viðkvæm atvinnugrein sem þarf á stuðningi að halda, þarf á fjárfestingum að halda og því að allir þeir sem hafa áhuga á að fjárfesta í þessari atvinnugrein geti það, þeir sjást ekki fyrir. Í ákafa sínum til að stýra þessum fyrirtækjum grípa þeir um næringaræðina sem rennur til starfsgreinarinnar.

Ég byggi andstöðu mína við þetta frv. fyrst og fremst á því að með frv. er verið að stórskaða atvinnugrein nýsköpunar og hugvits sem vonandi verður einn daginn atvinnugrein framtíðar.

[23:36]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er farið að halla í miðnætti á þessum föstudegi og enn liggur ekkert fyrir, a.m.k. vita hv. þingmenn ekkert um það, hve lengi á að halda áfram þessum fundi. Ég held að það væri mjög gott ef hægt væri að fá um það einhverjar upplýsingar.

Boðað hefur verið til fundar í landbn. kl. 9 í fyrramálið og liggur fyrir að þingstörf hefjast snemma. Ég held að það sé rétt að vekja athygli á því, af því að fundur stendur fram undir miðnætti á föstudegi, að samkvæmt áætlun þingsins eru ekki fyrirhuguð þingstörf næstu fjóra mánuði. Við erum því ekki mjög aðkreppt í tíma. Það er í raun ekkert sem krefst þess að við högum þingstörfum með þeim hætti að þau standi fram á miðnætti á föstudagskvöldi. Við höfum nægan tíma og getum vel nýtt þá rúmu fjóra mánuði, sem fyrirhugað er að þingstörf fari ekki fram, á annan hátt. Ég vildi því beina til hæstv. forseta spurningu um hver áætlunin er með þennan fund og hvort hæstv. forseti sé mér ekki sammála um að Alþingi sé ekki svo aðkreppt í tíma að nauðsynlegt sé að haga störfum þess eins og verið hefur. Væri ekki rétt að fara að ljúka þessu og taka síðan til hendinni í fyrramálið? Ég tel að það væri betri bragur á þinginu með því móti enda er engin pressa á okkur. Við höfum fjóra mánuði til að vinna úr þessu.

Virðulegi forseti. Ég vildi vekja athygli á þessu og kalla eftir viðbrögðum forseta. Hvernig sér hæstv. forseti næstu klukkutíma í þingstörfum?

[23:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem verið hefur við þessa umræðu að ráðherrabekkirnir hafa verið alveg tómir. Sennilega hafa ekki nema einn eða í mesta lagi tveir stjórnarliðar tekið þátt í þessari umræðu. Okkur er nokkur vandi á höndum, okkur sem viljum eiga skoðanaskipti við ráðherrana og stjórnarliða um þetta mál. Þeir þora greinilega ekki að vera í salnum og ræða við okkur. Ég vil minna á að í fyrri ræðu minni í dag óskaði ég eftir því að fá að ræða við hæstv. fjmrh. sem hefur minnst sagt í umræðunni um þetta makalausa mál. Hann hefur hvorki talað við 1., 2. né 3. umr. þannig að við vitum lítið um hans skoðanir. Ég ætlaði að ræða við hæstv. fjmrh. um þá skaðabótakröfu sem hefur verið boðuð á hendur ríkinu ef þetta frv. nær fram að ganga. Ég óskaði líka eftir að fá að ræða við hæstv. viðskrh. sem hefur ekki frekar en fjmrh. tekið þátt í þessari umræðu, hvorki við 1., 2. né 3. umr. Ég held að ég fari rétt með það. Ég vil gjarnan ræða við hæstv. viðskrh., sem fer með málefni atvinnulífsins og viðskipta, ekki síst þar sem meiningin með þessu frv. hefur berlega komið í ljós, að knésetja eitt ákveðið fyrirtæki.

Mér er nokkur vandi á höndum, virðulegi forseti. Ég á eftir seinni ræðu mína og hef ekki enn farið á mælendaskrá. Ég hef beðið þolinmóð eftir því að ráðherrar létu sjá sig í húsinu. Ég ætlaði ekki að fara á mælendaskrá fyrr en ég væri örugg um að þeir yrðu við þessa umræðu og gætu svarað fyrirspurnum mínum. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort von sé á þessum tveimur ráðherrum í húsið á þessari nóttu. Ef svo er ekki þá óska ég eftir því að þessari umræðu verði frestað til morguns þannig að ég hafi tök á því í lokaræðu minni að ræða við áðurnefnda hæstv. ráðherra.

Það er jafnframt mjög ankannalegt að formaður allshn. skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera viðstaddur lokaumræðu um þetta frv. Það er eins með alla stjórnarliða og ráðherra, allt á sömu bókina lært. Þeir vilja ekki láta sjá sig í þessum sal undir þessari umræðu enda er það ekkert skrýtið. Þeir skammast sín fyrir þetta óbermi sem þeir eru að koma í gegnum þingið, sem tveir forustumenn stjórnarflokkanna ætla að koma í gegn með tilskipunum. Þeirra stíll er að beita bara tilskipunum um hverju þeir vilji ná fram á þinginu og allir stjórnarliðar virðast ætla að dröslast með. Aðeins einn þm. Framsfl. stendur í lappirnar í því efni.

Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hverju ég megi eiga von á. Ég vil varla eyða síðasta tækifæri mínu til að ræða þetta mál með ráðherrabekkina tóma áfram.

[23:42]

Einar Karl Haraldsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við höfum verið að störfum langan dag. Það líður að miðnætti. Það er löng reynsla komin á að vinnulag af þessu tagi er ekki mjög áhrifaríkt. Það er ekki mikil framleiðni hjá fólki sem unnið hefur daglangt og bætt við

mörgum yfirvinnutímum. Það hefur löngum verið sagt að við Íslendingar séum lotufólk sem drífum hlutina af. En það hefur líka komið í ljós að aðrar þjóðir hafa náð langt með því að skipuleggja tíma sinn betur, undirbúa hluti vel og klára síðan málin með skipulegum hætti þegar undirbúningi er lokið.

Hér erum við að ræða mál sem er illa undirbúið. Síðan virðast þeir hv. þingmenn stjórnarliða sem hér ættu að vera í fyrirsvari ekki hafa úthald í þessa umræðu. Þá spyr maður: Til hvers er haldið áfram þegar t.d. þingmaður á besta aldri, ungur maður sem stýrir allshn., virðist ekki hafa úthald í þessa umræðu? Honum eldri menn virðast þola umræðuna betur. Mér finnst það í raun vanvirða við þingið að við lokaumræðu um málið skuli formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, ekki sitja og hlýða á þessar umræður. Það er í raun ekki hægt að líða það að þinginu sé sýnd slík vanvirðing.

Ég hef ekki séð hv. formann allshn. í allan dag. Hið sama má segja um aðra nefndarmenn Sjálfstfl. í allshn. Við svo búið tel ég að hæstv. forseti geti í raun ekki haldið áfram þinghaldi í nótt og mælist til þess að hæstv. forseti gæti að virðingu þingsins.

[23:46]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að ræða örlítið um fundarstjórn forseta og framvindu þessa þingfundar sem hefur staðið síðan í morgun. Enn einn dagurinn er liðinn í umræðunni um þetta dæmalausa mál sem við stjórnarandstæðingar teljum áhlaup á ákveðið fyrirtæki í landinu, Norðurljós, og aðför að flestum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Vegið er að tjáningarfrelsi Íslendinga og prentfrelsinu reistar skorður í fyrsta sinn í Íslandssögunni. Ekki þarf dramatískari lýsingu til að skýra hve mikilvægt mál er á ferðinni. Það er ekkert að því að menn ræði það frá morgni til miðnættis og noti hverja vökustund til að skoða röksemdirnar í þessu máli og vegast á með rökum, stjórnarandstaða og stjórn, þó að lítið hafi farið fyrir stjórnarliðunum í umræðunni þennan daginn. Þeir tóku flestir til fótanna út úr húsinu eftir að þingfundur var settur.

Herra forseti. Ég ætla að fram á að forseti fresti þessum fundi. Í ræðu minni fyrir þremur korterum óskaði ég sérstaklega eftir því að hæstv. landbrh. yrði kallaður til leiks. Ég tók það fram að ég vissi að hann væri með aðra hönd í fatla og hefði verið kvalinn í dag. Ég sá það á svipnum á honum. Ég þekki hann orðið ágætlega og gerði mér grein fyrir því að hann var ekki alveg upp á sitt allra besta. Hann var samt hér fram eftir degi og hefur verið síðustu daga. Hann virtist samt með munninn fyrir neðan nefið og fær um að tjá sig með sínum skörulega hætti. Ég óskaði einnig sérstaklega eftir því fyrr í dag, í andsvari um tvöleytið í dag, að í sal yrðu kallaðir hæstv. ráðherrar Geir H. Haarde og Guðni Ágústsson, landbrh. og fjmrh., varaformenn stjórnarflokkanna. Það væri gott að viðstaddir umræðuna væru þeir lykilmenn í stjórnmálalífi okkar Íslendinga, krónprinsar stjórnarflokkanna. Menn sem sitja við skör meistaranna (**ÖS:** Hvers á þá Árni Magnússon að gjalda?) — að ég tali ekki um slíka stjórnmálaskörunga. Ég vildi eiga orðastað við þessa tvo hæstv. ráðherra. Ég óska eftir því að virðulegur forseti fresti fundi nema þessir menn komi í salinn og gefi okkur færi á að ræða við þá. Það mætti halda áfram umræðu í fyrramálið. Við erum margir sem eigum eftir seinni ræðuna við 3. umr. þar sem við munum halda áfram að færa rök fyrir því að mannréttindum Íslendinga séu reistar skorður. Við munum gera grein fyrir því hve augljóslega hæstv. forsrh. leiðir ríkisstjórn sína í áhlaup á eitt tiltekið fyrirtæki. Ég fer því fram á það, virðulegi forseti, að forseti fresti fundi og haldi honum áfram í fyrramálið þegar stórmennin eru komin í hús.

[23:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir skynsamleg tilmæli hv. þingmanna sem hér hafa komið fram, að þessum fundi verði frestað og við höldum áfram að ræða málið á fundi á morgun. Að vísu er boðaður fundur í landbn. kl. 9. Ég vænti þess að hér verði ekki boðaður fundur í hv. þingi fyrr en að honum loknum. Ég veit ekki nákvæmlega hversu langan tíma hann tekur en þar komu upp nokkurt álitamál á fundi í morgun og afgreiðslu málsins frestað.

Ég veit ekki betur, hæstv. forseti, en fundur hafi staðið fram undir 11 í gærkvöldi. Það hefur því verið verulegt vinnuálag á þingmönnum þessa vikuna. Forseti ætti ekki að þurfa að kvarta undan því að hér hafi ekki verið skilað rúmlegum vinnustundafjölda venjulegrar viku og umræðum hafi ekki miðað fram. Hins vegar verð ég að segja, hæstv. forseti, að stjórnarliðar hefðu gjarnan mátt vera meira í salnum og upplýsa okkur um afstöðu sína. Það var t.d. merkilegt að hlusta á ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar í kvöld. Það var í raun afar merkilegt miðað við þær fáu ræður sem stjórnarliðar höfðu flutt þar á undan.

Ég vil þess vegna ítreka tilmæli mín til forseta um að nú, þegar klukkuna vantar átta mínútur í miðnætti á þessum föstudegi, fari forseti að láta okkur vita hvernig hann hyggst stýra þessum fundi og hvort ekki hafi nóg verið unnið í dag. Það væri öllum að skaðlausu að hefja aftur umræður um málið á morgun. Við sjáum ekkert eftir því, hv. þingmenn, að vinna þetta mál á eðlilegum vinnutíma. Þó að á morgun sé laugardagur göngum við auðvitað til verka með eðlilegum hætti. En þetta vinnulag, að keyra alltaf langt fram undir miðnætti kvöld eftir kvöld finnst mér ekki sérstaklega virðingarvert. Við höfum lög í þessu landi, um vinnutíma fólks, sem ég vona að hæstv. forseti, löglærður maður, þekki mjög gaumgæfilega. Ég hafði fyrir nokkru orð á því að rétt væri að benda á að við höfum þessi lög. Ég veit ekki til þess að við þingmenn séum undanskildir lögum.

[23:52]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn á undan mér óska eftir því að fundi verði frestað og málið tekið fyrir aftur í fyrramálið þannig að við mætum fersk og hress til starfa. Hér kom fram, hjá þeim sem hóf þessa umræðu, hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, að klukkan væri að verða 12 og hann væri boðaður á fund landbn. kl. 9 í fyrramálið.

Samkvæmt 18. gr. þingskapa ákveður forseti í samráði við formenn fastanefnda fundatíma nefnda, starfsáætlun þeirra og starfshætti, að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þá í þingsköpum. Það má ætla að forseti hafi eitthvað um það að segja hvenær fastanefndir þingsins funda. Þegar kvöldfundir standa langt fram eftir kvöldi er ekki óeðlilegt að maður velti því fyrir sér hvenær hæstv. forseti hafi hug á að fresta fundi, í samráði við formann landbn. vegna fundar nefndarinnar sem boðaður hefur verið kl. 9 í fyrramálið.

Hér á Íslandi gilda lög um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum. Ég geri mér grein fyrir því að þau lög gilda kannski ekki um okkur þingmenn. Ég kvarta a.m.k. ekki fyrir mína hönd og varla annarra galvaskra þingmanna sem enn þá

sitja í salnum, yfir því að við þurfum að vinna eitthvað fram á nóttina. En ég hef áhyggjur af því, hæstv. forseti, hvernig er með starfsfólk Alþingis. Ég velti því fyrir mér að í 9. gr. þingskapa stendur að forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis. Hann hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess. Því langar mig að inna hæstv. forseta eftir því hvort ekki sé örugglega gætt að því að það starfsfólk, sem hér starfar fyrir okkur og hefur gert til margra vikna og mánaða, njóti a.m.k. lögbundins hvíldartíma þótt slíkt gildi ekki um okkur þingmenn.

Ég hafði líka ætlað mér, hæstv. forseti, að eiga orðastað við ráðherra. Ég hafði ætlað mér að eiga orðastað við hæstv. menntmrh. því að útvarpslög heyra undir þann ágæta hæstv. ráðherra þótt við höfum ekki orðið mikið vör við það á undanförnum dögum. Ég verð að segja að það er svolítið undarlegt að standa í ræðustól og ætla að skiptast á skoðunum við þá sem bera fram þetta frv. þegar enginn þeirra sem að frv. standa er í salnum og hefur reyndar ekki verið lengi. Ég verð að óska eftir því við hæstv. forseta að hann reyni að draga þá sem koma beint að þessu máli, hv. formann allshn. og þann ráðherra sem óskað hefur verið eftir, út úr þessum myrka helli skoðanakúgunar Sjálfstfl. þar sem þeir hírast og draga inn í ljósið til okkar þannig að þeir geti notið ylsins og rökræðna við þá þingmenn sem hér eru.

[23:56]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér er umhugað um velferð og heilsu allra þeirra sem starfa á hinu háa þingi. Satt að segja verð ég að gera það uppskátt að á þessu kvöldi hef ég nokkrar áhyggjur af heilsufari sjálfstæðismanna. Ég hef nánast engan þeirra séð hér, ef frá er talinn hinn vaski Vestfirðingur, formaður þingflokksins, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Að sjálfsögðu höfum við hér einnig virðulegan forseta. Aðrir þingmenn úr röðum Sjálfstfl. sem ég hef séð skjótast um ganga hafa verið toginleitir og vökubleikir. Ég verð að trúa hæstv. forseta fyrir því að mér er með svipuðum hætti farið. Ég hef eins og aðrir þingmenn lagt mitt til þessara mála með því að hlýða á mál manna. Ég á enn þá eftir að flytja ræður mínar tvær við þessa umræðu og hyggst gera það á morgun ef hæstv. forseti sér sér fært að fresta þessum fundi.

Ég tel, herra forseti, að hvað sem mönnum finnst til um mál okkar sem höfum verið að andæfa frv. þá erum við einungis að notfæra okkur þann rétt sem er helgur samkvæmt stjórnarskránni, að fá að tala og viðra skoðanir okkar. Sem betur fer er málum ekki svo komið að búið sé að setja múl á þingmenn. Mér finnst þess vegna ekki ofætlan að undir þessum umræðum, og eftir atvikum til andsvara, séu þeir menn úr liði stjórnarinnar sem hafa forræði málsins með höndum.

Það er auðvelt að færa rök að því að hér ætti sá maður að vera til staðar sem ábyrgð ber á frv. og flytur það, hæstv. forsrh. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur í dag ítrekað vísað til þess að hún hafi tilteknar spurningar að leggja fyrir hæstv. fjmrh. Hvar er hann? Hann hefur reyndar ekki mikið sést í þessari umræðu. Maður hefur áleitinn og rökstuddan grun um að hæstv. fjmrh. sé á móti þessu frv. Frá honum hefur ekki komið nein önnur afstaða svo nokkru nemi sem ber vott um annað. Hins vegar, herra forseti, hefur það aldrei gerst, held ég, að formaður þeirrar þingnefndar sem leggur málið fram í þeim búningi sem það er rætt sé ekki til staðar. Það er fullkomlega eðlileg krafa af okkar hálfu að óska eftir því að fundi verði frestað til að hafa megi upp á hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni allshn., svo hann geti komið og hlustað á mál okkar og eftir atvikum svarað þeim spurningum sem til hans er beint.

Herra forseti. Vegna þess að við í stjórnarandstöðunni erum sanngjarnt fólk vil ég geta þess að nú þegar er búið að boða fund á þinginu á morgun. Það er ljóst að það verður þingdagur á morgun. Þess vegna mælist ég til þess að þessum fundi verði frestað þangað til. Ég vísa til þess (Forseti hringir.) að hér talar þingmaður sem væntanlega þarf að fara toginleitur og vökubleikur eins og sjálfstæðismaður til fundar í landbn. árla og hefur ekki nema takmarkað þrek.

(**Forseti** (BÁ): Og takmarkaðan ræðutíma.)

[23:59]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Til hæstv. forseta hefur verið beint fjölmörgum spurningum. Mér er spurn hvort hæstv. forseti ætli sér í engu að svara fyrirspurnum þingmanna.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill að þessu gefna tilefni taka fram að ekki stendur til að fresta fundi um sinn. Þingmönnum er að sjálfsögðu heimilt að tjá sig eins og þeir óska eftir um fundarstjórn forseta en það stendur ekki til að fresta þessum fundi um sinn. Vegna annarra spurninga sem fram hafa komið þá telur forseti rétt að geta þess að formanni allshn., hv. þm. Bjarna Benediktssyni, hefur verið gerð grein fyrir þeim óskum sem fram hafa komið um að hann komi til þessa fundar.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir svörin en átta mig samt ekki á því hvað hæstv. forseti á við þegar hann segir að ekki eigi að fresta fundi um sinn. Þýðir það 15 mínútur, þýðir það klukkutími eða hvað þýðir það? Það er mikilvægt að það liggi fyrir.

Hins vegar, virðulegi forseti, er ástæðan fyrir því að ég bað um orðið í annað sinn undir þessum lið að fyrr í kvöld kom fram í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar, sem er þungavigtarmaður í Sjálfstfl., að tilefni þessara lagabreytinga væri fyrst og fremst skrif dagblaða og Sjálfstfl. hafi ekki líkað umfjöllunin um leiðtoga sinn. Þess vegna er, virðulegi forseti, mikilvægt fyrir þessu umræðu að hún geti haldið áfram að viðstöddum hæstv. forsrh. Hann gæti þá hafnað því eða tekið undir það að tilefni þessa frv. sem við ræðum og höfum verið að ræða sé í reynd að tiltekin dagblöð hafi ekki skrifað um hæstv. forsrh. svo honum líkaði.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað ræða við hæstv. forsrh. um þetta og óska eftir því að hæstv. forsrh. verði kallaður í hús með öllum þeim ráðherrum sem beðið hefur verið um. Það þýðir ekki að ræða svo alvarleg mál nema þeir sem helst geta svarað séu á vettvangi. Ég ítreka það enn og aftur að við höfum alltaf fjóra mánuði upp á að hlaupa ef umræðan dregst. Það er ekki gert ráð fyrir því þegar þingi lýkur í vor að það komi saman fyrr en í október. Það er ekki eins og tíminn sé að gera okkur erfitt um vik í störfum á hinu háa Alþingi.

Þessum óskum er hér með komið á framfæri. Ég óska eftir því að þeim verði komið á framfæri við viðkomandi ráðherra.

[00:03]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Í tilefni af fjarveru nokkurra lykilþingmanna í kvöld, að ég held við þessa umræðu mestalla, vil ég segja það að mér er nokkuð hugleikin 53. gr. þingskapa. 1. mgr. hennar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem

unnt er og metur hann nauðsynina. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um fyrirspurnafundi.“

Nú er mér ljóst að ekki er um fyrirspurnafund að ræða. Mér er líka ljóst að þessari grein er ekki fylgt til hins ýtrasta. Þar kann að vera um nokkurs konar venju að ræða sem við áttum okkur ekki á sem erum nýliðar á þingi en þessi þingsköp eru frá 1993. Mér er ekki kunnugt um það hvort ákvæðið stóð þar áður eða ekki. Ætli ákvæðið hafi verið sett inn árið 1993 eða haldið inni til að tryggt væri að alþingismenn mættu í vinnuna? Ég hygg að ég geti svarað því til að svo sé ekki, að meiningin með þessu ákvæði væri ekki að vera ætti einhvers konar stimpilklukka til að öruggt væri að þingmenn gegndu þingskyldum sínum, skyldum sínum við kjósendur og þjóðina alla. Ég hygg að þetta ákvæði hafi verið sett inn í þingsköpin til að tryggja að hér færi fram sú samræða sem þinginu er ætlað og skylt að hafa um þau mál sem hér koma til umfjöllunar, hvort sem þau koma frá hæstv. ríkisstjórn eða frá hv. þingmönnum sem hér sitja.

Ljóst er að þetta ákvæði er ekki jafnvirkt og flest önnur ákvæði þingskapanna. Ég vil spyrja forseta, að gefnu tilefni, hvort ekki megi a.m.k. álykta sem svo að þetta ákvæði sé að því leyti í gildi að þeim sem bera fram mál á þinginu og hvetja þar með til umræðu, hvetja hv. þingmenn til að samþykkja málið, sé skylt að vera við umræðuna. Má ekki túlka 53. gr. þingskapa þannig að hér eigi að vera, ef ekki forsrh. sjálfur eða menntmrh., en þetta mál er á sviði hans, eða viðskrh. og iðnrh., sem kemur þetta mál við sem forsvarsmaður þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða, a.m.k. garmurinn Ketill, hv. þm. Bjarni Benediktsson sem hefur verið fjarverandi í dag, formaður allshn.? Hverju sætir það? Hvernig á að túlka þessa 53. gr. og þingsköp öðruvísi en að hér eigi að fara fram umræða á þinginu og menn eigi að standa fyrir þeim málum sem þeir leggja fram?

[00:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ef hæstv. forseti vildi greiða fyrir þingstörfum þá væri það mjög til bóta ef hann svaraði þeim fyrirspurnum sem þingmenn beina til hans undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta. Hér höfum við mörg talað síðasta hálftímann og m.a. kalla eftir nærveru nokkurra ráðherra til að þessi umræða fái eðlilegan framgang á þessari nóttu.

Nú er það svo að einungis einn hæstv. ráðherra hefur fjarvistarleyfi, þ.e. hæstv. dómsmrh. Aðrir ráðherrar hafa ekki fjarvistarleyfi. Hér hefur verið kallað eftir hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. menntmrh. Ég vil spyrja hæstv. forseta úr þessum stól hvort við því hafi verið orðið, að kallað hafi verið í þá þrjá ráðherra sem beðið hefur verið um.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill af þessu tilefni taka fram að formanni þeirrar nefndar sem málið heyrir undir hefur verið gert viðvart um óskir þingmanna. Forseti telur að ekki hafi komið fram sjónarmið sem gefi ástæðu til að hafa samband við viðkomandi ráðherra en þeim er hins vegar fullljóst að þessi umræða á sér stað og fer fram núna.)

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að við höfum ekki sett fram frambærilegar óskir um að hæstv. ráðherrar sem kallað hefur verið eftir séu í salnum. Í dag óskaði ég eftir því að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. og færði fyrir því rök í ræðu minni fyrr í dag og einnig áðan þegar ég ræddi um fundarstjórn forseta. Ég lét þess getið að ég gæti ekki sett mig á mælendaskrá og nýtt mér rétt við þessa umræðu fyrr en ég væri fullviss um viðkomandi ráðherrar væru viðstaddir umræðuna. Þess vegna er þetta frambærileg ósk og ég ætlast til þess eins og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn að forseti, sem situr í stól hverju sinni, virði rétt okkar stjórnarandstöðuþingmanna alveg eins og stjórnarliða. Mér finnst hæstv. forseti ekki gera það ef hann ætlar ekki að verða við réttmætum óskum mínum. Ég óska eftir því og ítreka að ráðherrarnir verði viðstaddir. Ég er ekki endilega að óska eftir því að þeir verði viðstaddir á þessari nóttu. Ég gæti vel sætt mig við það að þessari umræðu yrði frestað til morguns. Þá gæti ég átt orðastað við þessa ráðherra en ég fer fram á það, krefst þess af hæstv. forseta, að hann sé forseti okkar allra og virði réttmætar óskir sem hér hafa komið fram um að þessir ráðherrar verði kallaðir í hús ef meiningin er að ljúka þessari umræðu í nótt.

[00:09]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að 3. umr. þessa máls hafi hafist á miðvikudaginn var. Það er einfaldlega ekki við því að búast að menn sitji undir þessum umræðum slímusetur þótt menn hafi gríðarlegan áhuga á öllum þeim ræðum sem hér eru fluttar. Ég hef að vísu lagt það á mig að sitja lengi undir þessum umræðum. Ég get ekki sagt að ég hafi orðið margs fróðari. En ég hef hins vegar setið undir þessum umræðum og ég hef m.a. tekið eftir því að þingmenn hafa mátt búa við misjafnlega fundarsókn í fundarsal meðan þeir töluðu. Sjálfur get ég ekki kvartað. Ég tók eftir því þegar ég hóf mál mitt að þingmenn komu unnvörpum í salinn. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka fyrir það en það voru hins vegar ekki allir jafnheppnir. Ég tók t.d. eftir því að varaformaður Samfylkingarinnar var aleinn í salnum undir ræðu sinni. Ég varð hins vegar ekki var við að sú hrausta kona hafi verið að kvarta, eins og ég tek eftir að þingmenn Samfylkingarinnar gera í kvöld. Hún undi við að tala við salinn eins og hann var, hann var tómur þangað til ég kom 10 mínútum áður en hv. þm. lauk máli sínu og hlustaði á ræðuna til enda.

Þannig er þetta einfaldlega. Menn verða að búa við að misjöfn er fundarsóknin þegar menn halda ræður. Greinilega þola menn þetta mjög misjafnlega.

Það hefur legið fyrir frá upphafi að þessi umræða mundi standa áfram. Það lá fyrir, m.a. á fundum okkar þingflokksformanna með hæstv. forseta, að ætlunin væri að halda þessari umræðu áfram, enda ekki tilefni til annars. Ýmsir hafa sýnt áhuga á því að taka til máls. Þeim hefur heldur fjölgað þegar leið á þetta kvöld. Það er auðvitað ekki ástæða til annars en virða þann vilja þingmanna og gefa mönnum tækifæri til að tjá hug sinn í þessari umræðu og hafa hana í sem mestri samfellu þannig að menn geti skipst á skoðunum. Það hefur verið kallað eftir því að við þingmenn stjórnarliðsins tjáðum okkur í þessari umræðu. Það höfum við gert. Þingmenn Sjálfstfl. hafa allnokkrir talað í þessari umræðu. Það hefur vakið umræður og hvatt til umræðna sem er sannarlega af hinu góða. Okkur er að sjálfsögðu ekkert að vanbúnaði.

Í umræðunni hafa glögglega komið fram sjónarmið okkar sem viljum styðja þetta frv. og viljum að það verði að lögum. Hér hefur farið fram eðlileg samræða milli þingmanna þannig að ég skil ekki af hverju menn eru kvarta. Þetta mál er á forræði þingsins. Þingmenn geta eftir atvikum verið í þeirri stöðu að geta ekki sótt þingfundi um tíma. Það er einfaldlega þannig og við þekkjum það. Eins og ég sagði áðan varð ég ekki var við að menn kæmu upp að ræða um störf þingsins

og kvörtuðu undan því að varaformaður Samf. þyrfti að tala fyrir galtómum sal.

[00:12]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi nokkuð heyrt frá hæstv. landbrh., varaformanni Framsfl. Ekkert? (**LB:** Hefur hæstv. forseti reynt að ná í hann?) Það er mjög áríðandi að ég nái tali af honum í þessari umræðu. Ég hef mjög mikilvæga spurningu fram að færa til hæstv. landbrh. Ef virðulegur forseti vill ekki verða við þeirri ósk okkar að fresta fundi þegar í stað eða eftir einhverjar mínútur og halda umræðunni áfram í fyrramálið, þegar hæstv. ráðherrar og formenn nefnda sem óskað er eftir eru komnir í hús, þá á ég mjög erfitt með að halda áfram umræðunni án þess að fá svör við ákveðinni spurningu sem ég þarf að leggja fyrir hv. varaformann Framsfl. Margir hafa reitt sig á að hann væri afl skynsemi og réttlætis innan Framsfl. árum saman, ekki síst hina síðustu og verstu daga. Framsfl. hefur komið fyrir sjónir sem skoðanalaus taglhnýtingur Sjálfstfl. sem hefur selt sálu sína og æru fyrir 15. september og stólinn í haust.

Herra forseti. Ef forseti treystir sér ekki til að reyna að hafa upp á hæstv. landbrh. og varaformanni Framsfl. þá verð ég eiginlega að biðja virðulegan forseta að koma því einhvern veginn til hans sem ég ætlaði að fá fram hjá honum þannig að ráðherrann geti jafnvel faxað svar til baka. Ég veit ekki hvort hann notar tölvupóst. Það hefur aldrei komið almennilega fram. Ég las einhvern tíma að það væri ekki tölva á skrifstofunni hans en það getur vel verið að hann sé með tölvu heima. En forseti gæti faxað eða hringt inn og látið einhvern skrifa hjá sér svarið. Spurningin lýtur að ályktun sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur fyrir 2–3 dögum þar sem Framsfl. er í meirihlutasamstarfi innan Reykjavíkurlistans með Samf. og Vinstri grænum. Þar var samþykkt mjög harðorð ályktun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nægir að nefna að tvö til þrjú þúsund einstaklingar starfa við fjölmiðla og þar með eiga jafnmargar fjölskyldur lífsafkomu sína að hluta eða heild undir blómlegum rekstri þeirra. Gera verður þá kröfu að aðgerðir ríkisstjórnarinnar stofni ekki rekstri fjölmiðlafyrirtækja og atvinnuöryggi starfsfólks í hættu nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að mildari úrræði nái ekki sömu markmiðum."

Ég ætlaði, herra forseti, að spyrja hæstv. landbrh. og varaformann Framsfl. að því hvort hann teldi ekki að þessi ályktun borgarráðs, þar sem Framsfl. er í lykilhlutverki innan borgarstjórnar og hefur gengið mjög harkalega fram fyrir skjöldu í að vara við þessu frv., gæfi tilefni til að staldra við. Telur hann ekki að vegna þessara varúðarorða og eindregnu ályktunar borgarstjórnar Reykjavíkur þá verði einfaldlega að segja staðar numið, stoppa málið, taka það út úr þinginu og taka upp síðar. Ég ætla að biðja virðulegan forseta að koma þessari spurningu til varaformanns Framsfl. svo ég geti annaðhvort hringt í hann seinna í nótt eða fengið svarið í fyrramálið.

[00:16]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti telur ekki að það sé hluti af embættisskyldu landbrh. að svara spurningum um ályktanir borgarráðs Reykjavíkur.

[00:16]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm., formanni þingflokks sjálfstæðismanna, Einari K. Guðfinnssyni fyrir að taka upp hanskann fyrir fjarstadda þingmenn Samf. Ég vildi óska, herra forseti, að ég nyti sömu náðar, að hv. þm. tæki upp hanskann fyrir mig sem stend hér þegar nokkuð er liðið á nótt. Ég hef verið í þingsal öll kvöld síðustu viku. Stundum hef ég verið nokkuð verri fyrir þær sakir enda vill það vera þungbært að þurfa að berjast gegn ofurefli ríkisstjórnarinnar í þessu vonda máli.

Ég sakna þess að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi komið og reynt að verja mig og velferð mína eins og varaformanns Samf. Hvers á ég að gjalda, herra forseti, að hann tekur varaformanninn fram yfir mig í þessu máli? Mitt ok er þó létt að því leyti að ég veit að þrátt fyrir allt ber hv. þm. hlýjan hug til formanns Samf.

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem eiga, samkvæmt ákvörðun forseta og formanns landbn., að ganga til fundar í landbn. árla. Ég vildi þess vegna gjarnan fá að vita með hvaða hætti ég eigi að haga næturvinnu minni með tilliti til þess að ég fái nokkurrar hvíldar notið. Gamanlaust, herra forseti, gengur það ekki að formaður allshn. skuli ekki vera hérna. Það er ekki vansalaust að sá sem hefur málið á sínum höndum hafi ekki sést hér í dag. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er sá eini af hálfu stjórnarliðsins sem hefur setið og hlustað og eftir atvikum tekið með prýðilegum hætti þátt í umræðum.

En hvar hefur Framsfl. verið? Hv. þm. getur þess réttilega að hér hafi þingmenn Sjálfstfl. verið viðstaddir og tekið þátt í umræðunni. En hvar eru þingmenn Framsfl.? Hér er staddur einn þingmaður Framsfl., hv. þm. Jónína Bjartmarz, sem hefur lýst yfir andstöðu við einstaka þætti frv. Hún er þess vegna ekki ákjósanlegasta manneskjan til að taka til varnar fyrir það. En hvar eru aðrir þingmenn Framsfl.? Hvers vegna koma þeir ekki til umræðunnar?

Herra forseti. Hv. þm. Samf. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Hún gat um þá fyrirspurn í ræðu sinni fyrr í dag. Hún varðar efnisatriði málsins, skaðabótaábyrgð ríkissjóðs. Það er fullkomlega eðlilegt að spurt sé eftir því. Ætlar hæstv. fjmrh. ekki að svara? Við eigum kröfu á slíkum svörum og gætum eftir atvikum líka krafist þess að hæstv. forsrh., ábyrgðarmaður málsins væri viðstaddur. Ef það er erfitt að sækja hæstv. fjmrh. til fundarins þá geri ég að tillögu minni að þessum fundi verði frestað til morguns og þar með umræðu um þetta mál. Það er þegar búið að boða nýjan þingfund, herra forseti.

[00:19]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mikilvægt mál sem valdið hefur meiri titringi í þjóðfélaginu en nokkurt annað mál sem hér hefur komið upp á undanförnum árum. Nú dregur að lokum umræðunnar. Þá þurfa menn auðvitað að sýna málinu þá virðingu að ljúka umræðunni á Alþingi, svara spurningum og gagnrýni sem sett hefur verið fram. Ég tel engan veginn hægt að segja að svo hafi verið gert með myndarlegum brag. Í 3. umr. hafa talað þrír sjálfstæðismenn en enginn framsóknarmaður. Ég hef ekki fengið fullnægjandi svör við spurningum sem ég hef lagt fram. Mér finnst tími kominn til þess, undir lok umræðunnar, að menn svari þeim spurningum sem hafa verið lagðar fram og ljúki þar með umfjöllun málsins með sæmilega myndarlegum hætti.

Fáir hafa verið í gáttum þingsalarins í dag og enn færri í salnum. Ráðherrar hafa verið afar sjaldséðir og vart að ég muni eftir nokkrum þeirra í dag. Formaður allshn., hv. þm., hefur ekki verið til staðar til að taka þátt í umræðunni. Það hefur verið margbent á að það er enginn bragur á að ljúka umræðunni með þeim hætti. Ég tel kominn tíma til að hæstv. forseti velti því fyrir sér hvort það væri meiri reisn yfir Alþingi við lokin á umfjöllun á slíku máli að fresta því og klára hana á morgun þegar hæstv. ráðherrar og formaður allshn. hafa sofið úr sér þá þreytu sem virðist hafa safnast upp á undanförnum dögum. Allir hafa fundið fyrir þreytu í svo langri umræðu og veru í þinghúsinu. Þreytan virðist þó hafa sótt meira á hv. stjórnarliða en stjórnarandstæðinga því að þeir eru a.m.k. miklu fleiri til staðar.

Ég ætla ekki að telja upp þær spurningar í umræðum um fundarstjórn forseta sem ég hef lagt fram. Ég hugðist fara yfir þær í þeirri ræðu sem ég á eftir. Ég vonast sannarlega til að þegar ég held hana verði menn til staðar til að svara þeim spurningum. Ég held að það hljóti að vera hægt að komast að skynsamlegri niðurstöðu og sátt um að menn ljúki umræðunni með því að hér mæti í þinghúsið þeir sem helst hafa viljað verja þetta mál og einnig einhverjir sem ekki hafa lagt í það, t.d. úr Framsfl.

[00:23]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Í þessu máli öllu höfum við stjórnarandstæðingar og raunar ýmsir þingmenn stjórnarliðsins líka gagnrýnt málatilbúnað og málsmeðferð leynt og ljóst. Sú gagnrýni var eðlilega mjög hávær þegar í ljós kom að þeirri skýrslu sem átti að standa undir þessu máli var haldið leyndri í margar vikur, haldið í menntmrn. og öðrum ráðuneytum og sögð vinnugagn fyrir ríkisstjórnina.

Hæstv. forsrh. fullyrti í þessum sal úr þessum stól að hún hefði verið unnin af nefnd á vegum stjórnarflokkanna, þannig að ég fari orðrétt með. Það þótti lögfræðingum og stjórnskipunaráhugamönnum sérstaklega merkileg umsögn vegna þess að áður hafði það ekki frést að stjórnarflokkarnir gegndu sérstöku hlutverki í stjórnskipun landsins öðru en því að vera stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar á þingi. Það hefur raunar ekki enn fengist upplýst hvort stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., borguðu fyrir störf þessara nefndarmanna eða hvort þeir komu þessum launagreiðslum yfir á ríkissjóð eða almenning í landinu. Leyndin var auðvitað fullkomlega óeðlileg. Auðvitað var þetta ekki nefnd stjórnarflokkanna heldur nefnd á vegum menntmrh., sem menntmrh. hafði skipað, sem vann að forminu til í þágu almennings. Almenningur og fulltrúar hans þingmenn áttu rétt á að fá þessa skýrslu undir eins en svo var ekki. Hún var ekki birt fyrr en um leið og kynnt var frv. sem forsrh. ætti að flytja, þvert á allar venjur um samskipti ríkisstjórnar og Alþingis. Svar forsrh. við mjög áköfum athugasemdum okkar um málsmeðferð var að nægur tími og nægt ráðrúm gæfist til að ræða málið á þinginu.

Síðan hefur gengið á með látlausum umræðum. Það hefur varla gefist tími til, frá einni umræðu til annarrar, að kanna ný gögn sem fram hafa komið í málinu, nýjar umræður sem sífellt hafa verið að berast og einstök atriði í þeirri miklu umræðu sem í landinu hefur staðið um þetta mál síðan það hófst.

Mér finnst ákaflega ámælisvert að formaður allshn., að ég tali ekki um ráðherrana, skuli ekki vera hér. Ég vil spyrja forseta: Hvar er formaður allshn.? Hefur hann forföll, er hann á fjarvistarlista eða hvaða verk eru svo brýn, nú kl. hálfeitt aðfaranótt laugardags, fyrir formann allshn. að hann skuli ekki geta verið hér og fylgst með þeirri umræðu sem honum ber að fylgjast með?

[00:26]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að skilaboðum hefur að nýju verið komið til formanns allshn. um að nærveru hans sé óskað af hálfu hv. þingmanna.

[00:26]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ef ég hef skilið svör hæstv. forseta rétt þá hefur hv. formaður allshn. verið látinn vita af því að nærveru hans sé óskað í þinghúsinu. En þótt ég hafi hlustað grannt hef ég ekki heyrt hvort hæstv. forseti hefur haft samband við hæstv. ráðherrana, og ef svo er hvort von sé á þeim í hús. (**JóhS:** Ætlar forseti ekki að svara?)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti hefur ekki séð sérstakt tilefni, á þeim klukkutíma sem farið hefur í umræður um fundarstjórn forseta, til að hafa samband við viðkomandi ráðherra en forseti hefur hins vegar, eins og fram hefur komið, komið ítrekuðum skilaboðum til formanns allshn., hv. þm. Bjarna Benediktssonar.)

Virðulegur forseti. Ég óska enn og aftur eftir því að haft verði samband við hæstv. menntmrh. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Ég ætlaði að eiga við hana orðastað um viðtal sem tekið var við hana í Kastljósi þann 28. apríl. Þar koma fram ýmis atriði sem mér hefur ekki enn gefist kostur á að skiptast á skoðunum um við hæstv. menntmrh. Með leyfi forseta, segir t.d. í þessu viðtali.

Spyrillinn segir: „Það er mjög mikið talað um að það eigi að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Finnst þér að það ríki einhver fábreytni hérna?“

Hæstv. ráðherra svarar: „Nei, ég get ekki sagt að það ríki fábreytni í útgáfu á fjölmiðlum. Ég held að það séu allir sammála um að það er svona þokkaleg fjölbreytni varðandi fjölda rása og stöðva sem eru að senda út á ljósvakamiðlum og fjölda dagblaða.“

Þá er spurt: „Finnst þér halla á einhvern? Er einhver sem kemur ekki sínum sjónarmiðum á framfæri?“

Hæstv. ráðherra svarar: „Ég ætla ekki að meta það því ég er að reyna að meta þetta út frá almennum hagsmunum og vil helst ekki hafa það þannig að það sé verið að setja einhver lög á eitthvert eitt ákveðið fyrirtæki. Ég er að marka löggjöf til lengri tíma og það er það sem skiptir máli.“

Ég hef fullan hug á að ræða við hæstv. ráðherra um hvaða löggjöf hún er að marka. Ég hef ekki orðið var við það í umræðunum að hæstv. menntmrh. sé að marka löggjöf. Þegar spurt er út í þessi lög þá er hún ekki til svara. Ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. verði látin vita að nærveru hennar sé óskað í þinghúsinu þannig að hægt sé að ræða við hana um það sem hún hefur sagt á opinberum vettvangi um þá löggjöf sem hún segist vera að marka í þessum málum. Hún hefur sjálf sagt að það skorti ekki fjölbreytni, það sé ekki ástæðan fyrir frv. Hún hefur sagt að hún vilji ekki setja lög á eitt ákveðið fyrirtæki. Það kemur skýrt fram hér. Þess vegna er ekki undarlegt að maður vilji, áður en 3. umr. lýkur, eiga við hana orðastað um hvaða lög hún er að marka.

[00:30]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér er mjög knúið á um svör um hvernig þessum umræðum muni vinda áfram. Ég held að það sé eðlilegast að þeir þingmenn sem þeirra spurninga spyrja líti einfaldlega í eigin barm og reyni að svara hver fyrir sig. Það eru auðvitað þeir sem tefja þessa umræðu. Þeir ráða ferðinni með því að rjúfa hina efnislegu umræðu með klukkustundarlangri umræðu um störf þingsins. Það gerir það að verkum að við komumst ekki áfram og komumst ekki til verka í þessari umræðu. Það er greinilega ákvörðun þingmanna Samf. í salnum í kvöld að reyna eftir föngum að halda uppi umræðu um fundarstjórn forseta, störf þingsins og allt hvað nöfnum tjáir að nefna. Það gerir það að verkum að við komumst ekki til þessarar umræðu, hinnar efnislegu umræðu.

Ef við ætlum að sjá fyrir okkur hvernig þessari umræðu á að vinda fram, hvenær henni ætti að ljúka, þá er forsendan sú að hún geti hafist, það er ekki flóknara en það. Það er alls ekki hægt að ljúka umræðu eða láta umræðu halda áfram nema hún hefjist. Hún getur ekki hafist vegna þess að það er greinilegur ásetningur þingmanna Samf. að halda áfram að koma í veg fyrir hina efnislegu umræðu. (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Ég hafði satt að segja vænst þess að fá að hlýða á fleiri fróðlegar ræður þingmanna Samf. en ég veit ekki hve lengi ég þarf að bíða.

Ég vil spyrja hv. þingmenn: Hversu lengi eigum við að þurfa að bíða eftir því að fá að hlusta á umræður sem við höfum hlakkað til að fá að hlusta á í allt kvöld? Það hefur vakið óskaplega tilhlökkun hjá okkur þingmönnum Sjálfstfl. og öðrum sem hér eru að fá að hlusta á umræður kvöldsins. Hér hefur verið vælt yfir því að hér séu ekki fulltrúar úr allshn. Alþingis. Ég vil vekja athygli á því að sá þingforseti sem nú situr á forsetastóli hefur verið hér í allt kvöld. Hann er fulltrúi í allshn. Alþingis. Hann hefur tækifæri til að tala, kjósi hann að gera það og hefur auðvitað fullkomið vald á þessu máli og getur svarað fyrir það ef tilefni er til.

Ég vil spyrja, af því að verið er að ræða um allshn.: Hvar eru þingmenn Samf. úr allshn. sem maður hefði haldið að ættu erindi í þessa umræðu, m.a. búa þeir yfir þekkingu á því sem komið hefur frá allshn.? Hvar er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, sem kom til þings í dag? Hvar er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sem er talsmaður minni hlutans í þessu máli? Hvar er hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson? Þessir þingmenn eru ekki að fylgjast með málinu. Ég held að hv. þingmenn Samf. ættu að líta í eigin barm og svara spurningum sínum sjálfir. Þau geta svarað þessum spurningum en ættu að spyrja um leið: Hvar eru þingmenn Samf. úr allshn.? Eru þeir alveg týndir?

[00:33]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við höfum beðið um að viðstaddir væru menn úr stjórnarliðinu til að svara þeim spurningum sem við höfum lagt fram. Nú fáum við það svar frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að við eigum að svara þeim spurningum sjálf. Það er svolítið erfitt fyrir mig að svara spurningunni um samþjöppun á ljósvakamiðlunum. Frv. sem hér liggur fyrir er þannig úr garði gert að eitt fyrirtæki getur átt alla ljósvakamiðlana á hinum frjálsa markaði. Er það þannig sem menn koma í veg fyrir samþjöppun ljósvakamiðla, að fyrirtæki í eigu þriggja aðila geti átt hverja einustu sjónvarpsstöð og haft öll útvarpsleyfin undir? Það passar ekki vel við málflutning þeirra sem hafa komið upp og haldið því fram að þeir tækju á þessu, að frv. skuli vera svona úr garði gert.

Ég hef heldur ekki fengið nein svör við því hvort telja eigi eignina með í sjálfum fjölmiðlinum þegar meta skal hvort þessi fyrirtæki fari yfir tveggja milljarða markið í heildarveltu. Ég hef ekki heldur fengið svör við því, sem ég hef margspurt um, hvaða stöðu einstaklingar sem fá úthlutað útvarpsleyfi hafa. Það er gert ráð fyrir því í útvarpslögunum áfram, þótt þetta frv. verði samþykkt, að einstaklingar geti fengið úthlutað útvarpsleyfi. Hver er staða þeirra í framhaldinu? Þessu hefur ekki verið svarað. Það eru fleiri spurningar sem bornar hafa verið fram. Þeim hefur ekki verið svarað og nú fáum við þau svör að við eigum að svara spurningunum sjálfir. Það er svolítið merkileg niðurstaða hjá hv. formanni þingflokks Sjálfstfl. En þótt hann hafi ágætar hlustir og svari ágætlega fyrir sig þá hefur hann ekki heldur lagt í að svara þessum spurningum.

Ég verð að segja að í þessu er vart til önnur niðurstaða en sú að hæstv. ráðherrar sem hafa verið að basla við að semja frv. á hnjánum á sér, hvað eftir annað, og komið með nýja útgáfur komi til þings og útskýri hvað fyrir þeim vakir, hvað þeir sjá fyrir sér með framtíð fjölmiðlunar í þeim hrunadansi sem virðist fram undan á fjölmiðlamarkaðnum. Ég verð að viðurkenna að ég get ekki sæst við að menn ætli að ljúka þessari umræðu án þess að svara þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram.

[00:36]

Einar Karl Haraldsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Umræðan hófst á því að bornar voru fram spurningar um hvenær ...

(**Forseti** (HBl): Hv. þm. kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta og ég óska eftir að hann haldi sig við efnið.)

Hæstv. forseti. Til hæstv. forseta var beint spurningum um hvenær forsetinn hygðist ljúka þessum fundi í nótt. Í upphafi var bent á að fundur hefði staðið lengi, að boðaður væri fundur í fyrramálið í landbn. og menn vildu vita hvort hann teldi skynsamlegt að halda lengi áfram. Síðan hafa komið fram ábendingar og spurningar frá mörgum þingmönnum til ráðherra, beiðnir um að ráðherrar sem ekki hafa boðað forföll yrðu kvaddir til að svara tilteknum spurningum, sem er eðlilegt. Hér er umræðu að ljúka um málið þótt enn sé spurningum ósvarað sem hv. þingmenn hafa óskað eftir að beina til tiltekinna ráðherra. Það má benda á að forsrh. hefur sjálfur lagt þetta frv. fram. Hann er þó ekki til andsvara. Það hefur verið óskað eftir svörum frá öðrum ráðherrum en forseti hefur ekki orðið við þeim óskum að kveðja ráðherra til fundar, þrátt fyrir að ráðherrum sé skylt að vera hér nema þeir hafi boðað lögmæt forföll.

Einnig hefur verið óskað eftir því að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., verði viðstaddur umræðuna. Ég held að það sé þingvenja að formaður þeirrar nefndar sem ábyrgðina ber og hefur haft til umræðu viðkomandi mál sé viðstaddur umræður í þingsal og svari fyrir nefndina. Það hefur margoft verið ítrekað á þingfundum að málið sé á ábyrgð, í umsjá og í meðferð Alþingis og þeirrar þingnefndar sem fer með málið. Það hlýtur að vera krafa þingheims að formaður nefndarinnar sé viðstaddur. Eins og komið hefur fram hefur ítrekað verið reynt að ná sambandi við hann. Ég spyr enn: Hefur hv. þm., formaður allshn., lögmæt forföll frá þessum fundi?

[00:39]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég geta þess sem fram kom á fundi á miðvikudag, þegar menn reyndu að gera sér grein fyrir því hve langan tíma þessi umræða tæki. Umræðan lengist hins vegar sífellt, m.a. vegna fjarveru nokkurra ráðherra, hv. formanns allshn. og annarra. En á þeim fundi kom fram að greinilegt væri að þingmenn vildu ræða þetta mál lengur, eins og hæstv. forseti Alþingis sagði á þeim fundi. Mér er það ákaflega minnisstætt og ég tók vel eftir að þingmenn Sjálfstfl. vildu einnig ræða málið vandlega. Því var að sjálfsögðu fagnað, m.a. af þeim sem hér stendur en áður hafði verið tekist á um það og rætt um að þingmenn Sjálfstfl. létu ekki sjá sig við umræður, að maður tali ekki um þingmenn Framsfl. sem hafa verið á harðahlaupum frá þessari umræðu.

Það undarlega gerðist í dag, virðulegi forseti, vegna þess að umræðan á miðvikudaginn gat ekki klárast en þá voru margir á mælendaskrá og þar á meðal, að mig minnir, einir fjórir sjálfstæðismenn. Síðan gerist það í dag rétt fyrir klukkan eitt að allir þeir sjálfstæðismenn sem voru á mælendaskrá, ætluðu að taka þátt í þessari umræðu og rökstyðja þetta frv. fyrir okkur, færa ný rök inn í málið, hurfu allir af mælendaskrá. Þeir tóku sig allir út, allir með tölu. Þeir hurfu af skránni, og tóku ekki þátt í umræðunni. Þeir tóku ekki einu sinni þátt í andsvörum, sem þeir gerðu þó fyrst í morgun.

Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að þetta komi fram. Ég held að einn framsóknarmaður, þ.e. hæstv. utanrrh., hafi tekið til máls við 3. umr. í ákaflega stuttri ræðu. Hún var ekki mjög innihaldsrík. Hann reyndi ekki að rökstyðja frv. sérstaklega mikið fyrir okkur þingmönnum. Aðrir framsóknarmenn hafa ekki tekið þátt við 3. umr. Ég held að *þeir séu ekki mjög margir heldur, sjálfstæðismenn* sem talað hafa talað nú í umræðunni. Það er einnig rétt sem fram hefur komið, að margra ráðherranna er sárt saknað í þessari umræðu. Hér var tekist á um það áðan og hefur verið upplýst að hæstv. ráðherrar, sem óskað hefur verið eftir að kæmu til fundar, eru ekki á leiðinni hingað. Þeir ætla ekki að koma til þingfundar og hvorki taka við fyrirspurnum frá hv. þingmönnum, svara þeim né reyna að færa eitthvað nýtt inn í málið til að rökstyðja þetta vonda mál sem er sífellt að verða verra og verra.

Það kom fram áðan hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að Birgir Ármannsson væri úr allshn., sem er alveg hárrétt. Hann gegndi þá skyldum forseta. Sá hv. þm. var einn af þeim sem tóku sig út af mælendaskránni í dag. Hans var auðvitað sárt saknað í umræðunni um miðjan dag. Það er auðvitað mjög sorglegt.

Hér hefur einnig verið fjallað um hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann allshn., sem ekki hefur verið á þingfundi í dag. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttur hefur ekki heldur mætt. Hún situr í allshn. Það eru ótal mörg atriði sem vert er að hafa í huga hvað þetta varðar.

Ég hafði hugsað mér, virðulegi forseti, að gera að umtalsefni hvernig þetta frv. snýr að landsbyggðinni og landsbyggðarfólki. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að mér brá mjög, hvort það var í gærkvöldi eða fyrrakvöld, þegar stjórnarformaður Norðurljósa, ef ég kann að segja það rétt, Skarphéðinn Berg Steinarsson, lýsti því þar í viðtali hvernig Stöð 2 mundi hugsanlega byrja niðurskurð á sinni starfsemi. Fyrirtækið byrjaði þá á að skera niður það sem dýrast er og gefur minnstu tekjurnar. Sá niðurskurður yrði á landsbyggðinni. Það er auðvitað þess vegna, virðulegi forseti, sem menn vildu ræða við nokkra landsbyggðarþingmenn, t.d. hv. þm. Halldór Blöndal eða Valgerði Sverrisdóttur, hæstv. byggðamálaráðherra. Einnig vildu menn ræða við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur sem fór af mælendalistanum í dag. Auðvitað hefði það verið eðlilegt.

Í ræðu minni um landsbyggðaþáttinn í frv. hefði ég viljað hafa hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur. En það verður að segja eins og er, virðulegi forseti, að það hvarflar ekki að mér að biðja virðulegan forseta um það vonlausa verk að óska eftir að tilteknir ráðherrar gangi í salinn og taki þátt í umræðunni.

Virðulegi forseti. Í áðurnefndu viðtali, eins og ég sagði áðan, kom fram að landsbyggðarfólk mætti vænta þess að dregið yrði úr starfsemi allra þeirra stöðva sem snúa að Norðurljósum á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Ég hef tekið þátt í því, fyrst sem sveitarstjórnarmaður og síðan sem alþingismaður, að hvetja forráðamenn þessa fyrirtækis og þess fyrirtækis sem var á undan til að setja upp senda og hefja útsendingar á tilteknum stöðum úti á landi. Mér er ákaflega minnisstætt hve fólk hefur verið ánægt með að fá t.d. stöð eins og Sýn, sem hefur fært knattspyrnuleiki frá Englandi, bestu knattspyrnudeild heims, beint inn í stofur okkar. Þeir hafa boðið upp á marga leiki á dag og hafa sinnt því. Þeir tóku sig til þegar Ríkisútvarpið gafst upp, settist á rassinn og gat ekki, vegna erfiðrar fjárhagsstöðu, keypt réttindi frá heimsmeistarakeppni í knattspyrnu. Þá kom þessi stöð, Sýn, keypti réttinn dýru verði og flutti inn á heimili landsmanna en því miður ekki allra, því miður.

Ef þetta frv., virðulegi forseti, verður til að stöð af þessu tagi hættir að senda út á tilteknum stöðum úti á landi þá er það mjög alvarlegt mál. Sama gildir um Stöð 2 *og hina geysivinsælu unglingastöð Popptíví*, með þeim Audda, Sveppa og öðrum stórstjörnum sem færa unglingunum skemmtilegt sjónvarpsefni á hverju einasta kvöldi. Getur það verið, virðulegi forseti, sem jafnframt er 2. þm. Norðaust., landsbyggðarkjördæmis, ætlunarverk hæstv. ríkisstjórnar með stuðningi allra þingmanna, þar á meðal af landsbyggðinni, að samþykkja þetta vonda og illa búna mál? Það hefur þær afleiðingar í för með sér að útsendingum verði jafnvel hætt á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni. Á þetta virkilega að verða svo, virðulegi forseti?

Það er rétt að hafa í huga að mikið hefur verið rætt um að þetta frv. beinist gegn einu fyrirtæki, Norðurljósum, og þeim aðilum sem þar hafa komið inn með peninga í fjárhagslega endurskipulagningu. Þetta virðist stöðugt vera að koma betur í ljós og hefur ekki verið hrakið.

Virðulegi forseti. Fyrirtækið Bónus, Baugur og hvað þetta allt saman heitir, hefur borið mikið á góma og einhver angi þess fyrirtækis eða dótturfyrirtækis leggur peninga í Norðurljós, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson ræddi um í kvöld. Hann kom með upplýsingar sem voru ákaflega fróðlegar, m.a. um eignarhaldið. Ég hafði ekki séð þær áður. Mér er ákaflega minnisstætt þegar ég hitti fólk vestur á fjörðum, nánar tiltekið á Ísafirði, sem lýsti því þannig fyrir mér sem landsbyggðarþingmanni að ein mesta og besta kjarabót sem íbúar þess svæðis hefðu fengið síðari ár hafi verið þegar Bónus opnaði verslun á Ísafirði. Mér þótti það ákaflega merkilegt. Ég bað fólkið að rökstyðja það. Jú, með þeirri miklu lækkun vöruverðs sem átti sér stað þegar þetta fyrirtæki kom þangað vestur fékk það hina mestu kjarabót.

Mér þótti það líka merkilegt í dag þegar ágætur sveitarstjórnarmaður í Vestmannaeyjum hringdi í mig og ræddi um málið gagnvart landsbyggðinni. Hann benti mér á þessi atriði, m.a. í tengslum við áðurnefnt viðtal við Skarphéðin Steinarsson. Sá ágæti sveitarstjórnarmaður í Vestmannaeyjum benti á að með Norðurljósum fengju mjög margir landsmenn frí afnot af útvarpsstöð sem heitir Bylgjan. Þetta fólk fær Fréttablaðið til sín, þ.e. getur réttara sagt fengið til sín á hverjum degi. Þetta var ekki þannig áður fyrr. Þetta fannst mér merkilegt innlegg hjá þessu landsbyggðarfólki, annars vegar á Ísafirði og hins vegar í Vestmannaeyjum. Jafnframt var fjallað um að ef frv. mundi gera það að verkum að íslenska unglingaefnið á Popptíví yrði skorið út úr starfsemi Norðurljósa til að spara peninga. Það væri mjög alvarlegt mál.

Ég vil einnig gera að umtalsefni, virðulegi forseti, að fjölmiðlafrumvarpið, ef það verður samþykkt, en ég geri fastlega ráð fyrir að stjórnarmeirihlutinn troði þessu í gegn sama hvað það kostar, vinni gegn hagsmunum landsbyggðarinnar almennt. Það er eins og sniðið til að torvelda þróun lítilla svæðisstöðva eins og Aksjónar á Akureyri. Í þessu tilefni vil ég vitna í grein sem formaður Samf., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, skrifaði í Fréttablaðið 17. maí. Þar gerir hann að umtalsefni þetta vonda frv. Hann leiðir líkur að því að þessi litla en vaxandi sjónvarpsstöð, Aksjón á Akureyri, gæti auðvitað líka farið í samstarf við fréttablöð í kjördæminu eins og stundum hefur verið rætt um, að búa til eitt öflugt fyrir allt kjördæmið. Það gæti þróast þannig með Aksjón að þetta yrði fréttaveita úr Norðaust. Auðvitað gæti sú fréttaveita lagt inn fréttir í innlenda dagskrá, bæði í kjördæminu og eins á landsvísu, fyrir ríkissjónvarpið, Stöð 2, hugsanlega Skjá 1 eða aðra. Við sjáum að símfellt hefur dregið úr fréttaöflun fyrir sjónvarp á landsbyggðinni. Það er ákaflega merkilegt að það þarf sérstakt leyfi til að fara og mynda viðburði á landsbyggðinni, ég tala ekki um um helgar, til að koma þeim á framfæri.

Fræg eru dæmi um sýningar frá knattspyrnuleikjum í úrvalsdeild á Íslandi. Það skyldi ekki hafa verið þannig í fyrra að minna hafi verið sýnt af leikjum sem fram fóru á Akureyri en leikjum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta frv. getur hamlað því að sú litla góða sjónvarpsstöð sem þar hefur verið byggð upp af miklum myndarbrag og þeir eldhugar sem þar hafa starfað geti ná sér í fjármagn til að byggja upp slíka starfsemi. Hún kynni að vilja selja blöð líka og vildi finna sér öflugt fjárfestingarfyrirtæki, t.d. okkar ágæta fjárfestingarfélag á Akureyri, Kaldbak. Þetta frv. gersamlega eyðileggur þá hugmynd. Það er þá hin hliðin af því sem hæstv. forseti, sem situr fyrir aftan mig, hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust. ætlar að taka þátt í, að skerða hugsanlega möguleika þeirrar stöðvar til að byggja sig upp og fara út í það sem ég hef gert að umtalsefni. Kaldbakur mætti ekki fjárfesta þarna vegna þess að samkvæmt skilgreiningu Samkeppnisstofnunar er hann markaðsráðandi á sínu sviði á svæðinu og væri gersamlega bannað að fara í slíka starfsemi.

Ég er ekki viss, virðulegi forseti, um að margir aðrir aðilar á Akureyri eða hinu ágæta Norðaust. væru tilbúnir að leggja fram töluvert áhættufé til að byggja upp slíka starfsemi. Það er mjög miður ef þetta gerir það að verkum að svo margir aðilar fljóti með í því kjaftshöggi sem gefið verður og sett er fram í þessu frv. sem aðallega beinist gegn einu fyrirtæki. Það er súrt að svo margir aðrir verði í raun fyrir högginu. Lögin mundu há mjög starfsemi margra annarra aðila sem hafa ekkert sér til saka unnið og ekki birt vondar fréttir af ráðherrum, þingmönnum eða eitthvað svoleiðis. Fyrirtæki sem starfað hafa á ósköp eðlilegan hátt og sagt fréttir úr byggðarlögum sínum og nágrenni munu líða fyrir þessar reglur.

Ég trúi ekki að málið fari í gegn, virðulegi forseti, fyrr en að atkvæðagreiðslunni kemur. Ég trúi ekki að hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, eða hv. 6. þm. Norðaust., Arnbjörg Sveinsdóttir, að ég tali ekki um hæstv. byggðamálaráðherra Valgerði Sverrisdóttur eða hina ungu vösku þingmenn Dagnýju Jónsdóttur og Birki J. Jónsson, svo ég fari rétt í það kjördæmi sem ég kem úr, samþykki slíkt. Ætla menn virkilega að samþykkja fjölmiðlafrumvarp sem troðið hefur verið ofan í kokið á stjórnarliðinu? Ætla menn virkilega að samþykkja það með þessum annmörkum, að það taki ýmsa aðra með í sveiflunni? Ég trúi ekki að það verði gert. Ég trúi því ekki að hamagangurinn og hatrið sé svo mikið að menn sjáist ekki fyrir í því. Menn ættu a.m.k. að forðast að skaða fleiri en þá sem málið snýr að.

Virðulegi forseti. Ég gerði að umtalsefni í ræðu minni fyrir hádegi í dag nokkra þætti í fjárhagslegri endurskipulagningu Stöðvar 2 eða Norðurljósa. Norðurljós hafa í gegnum árin átt í miklum erfiðleikum og safnað miklum skuldum. Þau voru í miklum fjárhagslegum erfiðleikum eins og við vitum, án þess að við förum nokkuð út í það hvernig þær skuldir urðu til. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu eða leggja mat á þær. En þær voru sannarlega miklar og fyrirtækið var nánast að fara í gjaldþrot. Það getur vel verið að margir hafi beðið eftir því að það færi í gjaldþrot. Það getur vel verið að margir hafi verið á biðilsbuxum eftir að kaupa hræið, ef svo má að orði komast.

Ef við förum örlítið aftur í tímann þá var það svo að Stöð 2, sem ég held að hafi verið ein og sér, Íslenska útvarpsfélagið eða hvað það heitir, keypti mikið af kvikmyndum og öðru efni til landsins til að sýna áskrifendum sínum. Þetta var að sjálfsögðu keypt frá útlöndum í erlendri mynt. Ætli það hafi verið mjög auðveldur rekstur þann tíma sem bandarískí dollarinn var kominn í 110 kr. og var þannig í nokkuð langan tíma, í þeirri vitleysisgengisskráningu sem þá var, rétt eftir að lögum um Seðlabankann var breytt. Við getum rifjað það upp. Sú stöð fékk ekki áskriftargjöldin sín greidd í dollurum heldur í íslenskum krónum. Ætli hlutfallið hafi ekki verið orðið hálfhrikalegt á aðkeyptu dagskrárefni og innborguðum afnotagjöldum á þessum tíma. Ég er viss, virðulegi forseti, um að það skapaðist mikill mínus þegar þetta var. Vafalaust hefur fyrirtækið safnað tapi og skuldir verið orðnar mjög miklar á þessum tíma. Ekki var gengisþróunin a.m.k. til að auðvelda það.

Hinum aðilanum á þeim markaði, Ríkisútvarpinu, var haldið í fjársvelti til að ríkissjóður gæti sýnt betri fjárlög í desember. RÚV hefur síðan fengið einhverjar smávægilegar hækkanir en hefur verið í það miklu fjársvelti að það gat t.d. ekki keypt sýningarréttinn á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu, sem ég gerði að umtalsefni. Sjónvarpsstöðin Sýn náði að kaupa þann rétt. Maður heyrði hrikalegar upphæðir í því efni en það mót var hægt að horfa á með því að kaupa áskrift að sjónvarpsstöðinni Sýn.

Hins vegar komst fyrirtækið síðar í alvarlega stöðu. Við heyrðum einhvern tíma rétt fyrir jól að þetta væri allt að fara á hausinn og stæði mjög tæpt. Þá komu að fjársterkir aðilar, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson las upp áðan. Ég tek fram að mér þótti það merkileg lesning, þ.e. á því hverjir væru ná-

kvæmir eigendur og aðild þeirra í prósentum. Margnefndur Kári Stefánsson ætlaði m.a. að leggja mikla peninga í þetta fyrirtæki ásamt þeim fyrirtækjum sem helst má ekki nefna úr ræðustól Alþingis, Baugi eða Bónus eða eignarhaldsfélögum á þeirra vegum. Það var m.a. nefnt umrætt fjárfestingarfélag á Akureyri, Kaldbakur, sem vafalaust hefur séð þetta sem góðan fjárfestingarkost. Við höfum heyrt það rætt í efh.- og viðskn. hvernig áætlun um að skrá fyrirtækið í kauphöll hefur sennilega hrunið við þetta inngrip löggjafans. Maður spyr sig, virðulegi forseti, hvort nauðsynlegt hafi verið að grípa svo inn í þetta ferli til að gera mönnum erfiðara fyrir. Inn í þetta blandast margt annað sem kemur upp í huga manns, t.d. pappírar sem lágu í einhverjum bankanum, hvort það var í ríkisbanka eða sem þá var eða einkareknum, sem töluverður áhugi var á að komast yfir. Það virtist áhugi á að komast yfir þetta fyrirtæki á einn eða annan hátt. Fræg eru einhver bréf um þau mál og man ég ekki einu sinni hvað það sjónvarpsfyrirtæki hét sem ætlaði að komast yfir þetta.

Ég gerði einnig að umtalsefni í dag og ætla ekki að endurtaka en rétt að nefna í lokin áhuga Árvakursmanna á að kaupa Dagblaðið á sínum tíma. Þeir misstu hins vegar af því.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ég ætlaði að gera landsbyggðarþátt frv. að umtalsefni. Ég vil enda ræðu mína á því að segja að það er aumt hlutskipti þingmanna af landsbyggðinni, eins og hv. þm. Halldórs Blöndals, sem er eini þingmaðurinn sem ég sé úr kjördæmi mínu í þessum sal, að samþykkja þetta frv. Í þessu sama höggi verður dregið stórlega úr þjónustu þeirra ágætu sjónvarpsstöðva sem ég hef gert að umtalsefni ef það verður til þess að þessar stöðvar leggja niður eða hætta starfsemi sinni á mögum stöðum úti á landi. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Það hefur verið barátta og e.t.v. barátta annarra þingmanna en þingmanna Samf. eða annarra alþingismanna en þess sem hér stendur í mínu kjördæmi gagnvart fjölmörgum byggðarlögum að berjast fyrir því og hvetja til að Stöð 2, síðan Norðurljós og hvað þetta allt saman heitir, setji upp senda til að veita þessa þjónustu, fólki á þessum litlu stöðum vítt og breitt um landið og færa t.d. íþróttakappleiki og annað slíkt inn í stofu til þeirra þannig að þetta fólk sitji við sama borð og hinir á höfuðborgarsvæðinu og hafa hundruðum rása úr að velja.

Einnig kemur upp í hugann, virðulegi forseti, að það hefur ekki heldur gengið að fá hæstv. ríkisstjórn, með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar, til að veita jafnsjálfsagða internetþjónustu í litlum byggðarlögum, að gefa kost á að smærri byggðarlög hafi ADSL-tengingu eins og víða hefur verið komið á. Það fólk á að sitja eftir í hálfgerðum Trabant meðan aðrir keyra um á Mercedes-Benz, ef má nota þá samlíkingu. Þetta er aumt hlutskipti, virðulegi forseti.

Mér finnst miður að þingmenn sem í kosningabaráttunni segjast ætla gera hitt og þetta fyrir landsbyggðina, upp í opið geðið á kjósendum til að fá þá til liðs við sig, skuli standa að þessu máli. Þeir lofa kjósendum hinu og þessu í sjávarútvegsmálum, samgöngumálum, varðandi flutningskostnað og annað en allt er það gleymt daginn eftir kosningar. Aumt er hlutskipti þeirra sem þetta varðar. Ég spái því að margir þeirra muni ekki treysta sér til að bjóða sig fram í næstu kosningum, jafnvel þótt þær kosningar yrðu á þessu ári.

[01:06]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér stendur lítt þingreyndur þingmaður og vonast til að geta leitað ráða hjá hæstv. forseta. Ég veit að forseti hefur mikla og yfirgripsmikla þingreynslu, a.m.k. í samanburði við mig.

Hæstv. forseti. Segja má að á undanförnum dögum og kannski vikum hafi ég svolítið furðað mig á með hvaða hætti þingfundum er stjórnað. Það hefur sérstaklega átt við undanfarna viku enda hefur verið ómögulegt að afla upplýsinga um hve lengi þingfundur eigi að standa. Ég hef hvergi kynnst því, þar sem ég hef starfað, að reynt sé að halda því leyndu fyrir starfsmönnum hve lengi eigi að vinna, hvað hver vinnulota á að standa yfir í langan tíma. Það hlýtur að vera til bóta fyrir alla þá sem taka þátt í einhvers konar vinnuferli að geta skipulagt sig út frá því hve lengi eigi að starfa.

Nú er klukkan orðin rúmlega eitt að nóttu. Ég hóf störf í morgun kl. 8.15 í sjútvn. Ég hef því verið hér í um 17 tíma í dag. Ég hef í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því fyrir mína hönd. Ég þoli vel svona stöður en það skiptir máli fyrir mig að fá að vita hjá hæstv. forseta hvenær von er á að þingfundi ljúki. Þannig háttar til að ég bý ekki í Reykjavík. Ég keyri á milli Reykjavíkur og Voga á Vatnsleysuströnd á hverjum degi. Eftir svo langa törn, sérstaklega þegar lítur út fyrir að hún ætli að standa lengur en maður gerði ráð fyrir, er nauðsynlegt að leggja sig áður en lagt er af stað. En nú er mér vandi á höndum vegna þess að ég þarf að mæta til fundar í fyrramálið. Það gengur því ekki fyrir mig að reyna að leggja mig áður en ég legg af stað í fyrramálið. Ég veit að hér eru nokkuð margir á mælendaskrá. Ég mundi vilja fá tækifæri, eftir 17 klukkutíma veru á þingfundi, til að geta lagt mig og vera þá í stakk búinn til að komast heim akandi þegar þingfundi lýkur og reyna að fá þar einhvern svefn.

Hinn möguleiki minn er að sjálfsögðu að hringja heim og óska eftir því að mín góða frú til 23 ára komi með rakvél handa mér og einhver föt til skiptanna. Ef þessi þingfundur stendur þar til þingfundur hefst aftur í fyrramálið þá á ég ekki annan kost en óska eftir að fá föt til skiptanna eða rakvél til að ég líti sómasamlega út á þingfundi á morgun. Ég er nokkuð sannfærður um að hæstv. forseti mun ávíta mig ef ég lít ekki sómasamlega út þegar ég kem í stól á morgun.

[01:10]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að leita í náðarskjól virðulegs forseta Alþingis og okkar allra. Mig minnir að ég hafi greitt honum atkvæði mitt fyrir ári þegar við kusum forseta þingsins. Ég lít á hann sem skjól mitt í lífinu, þær klukkustundir sem þingfundur stendur yfir. Alltaf þegar koma upp vafamál sé ég þann kost langvænstan að leita í faðm hæstv. forseta. Ég vildi fara þess á leit við hann að hann frestaði þingfundi til fyrramáls.

Ég hef ítrekað gert grein fyrir því að mér er dauðans alvara með að ná sambandi við forustu Framsfl. Ég óska eftir því að þingið sendi hv. varaformanni flokksins fax þar sem honum verði gerð grein fyrir þeim knýjandi spurningum sem ég hef til forustu Framsfl. Eins ætlaði ég að óska eftir því við virðulegan forseta að hann beiti sér fyrir því næstu mínúturnar að ná í hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur, sem er ritari Framsfl. Hún er þar með, held ég, þriðji æðsti fulltrúinn í regluverki Framsfl. Ég gæti alveg sætt mig við að hún kæmi og greiddi úr vanda mínum. Ég hef alltaf litið til Framsfl. í von um að þar leyndist vísir af pólitísku réttlæti og sanngirni, virðulegi forseti.

Ég ætlaði að eiga orðastað við forustu flokksins og á mjög erfitt með að halda áfram málefnalegum og góðum

umræðum án þess að einhver þeirra sé viðstaddur. Ég á erfitt með að hefja seinni ræðu mína við 3. umr. um þetta dæmalausa frv. sem ætlað er að brjóta fyrirtækið Norðurljós á bak aftur og hefta tjáningarfrelsi í landinu. Ég ætlaði að spyrja forustu Framsfl. sérstaklega að því hvort hún treysti sér til að standa að því að hefta svo og reisa tjáningarfrelsi Íslendinga þvílíkar skorður. Vill forusta Framsfl. vega svo hressilega að prentfrelsinu í landinu? Ég óska því eftir því við virðulegan forseta að hann beiti sér fyrir því á næstu mínútum að fá hæstv. ritara Framsfl., Siv Friðleifsdóttur, í hús þannig að ég geti átt orðastað við hana úr ræðustól þingsins á bilinu 1.15 til kl. 9, þegar væntanlega verður gert fundarhlé í klukkutíma þannig að landbn. geti komið saman. Hún hefur 8 klukkustundir þannig að ég óska eftir því að forseti hafi samband við hæstv. aðalritarann og biðji hana að ræða við mig.

[01:13]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef fyrr á þessum degi og tvívegis á þessu kvöldi óskað eftir tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., yrðu viðstaddir þessar umræður. Sá forseti sem þá var í forsetastól virti mig varla svars. Hann hefur ekki orðið við ósk minni um að kalla þessa tvo ráðherra til fundar þannig að ég geti átt við þá orðastað.

Nú er ég svo heppin að í stól forseta situr hæstv. forseti Halldór Blöndal. Ég veit að hæstv. forseti sem situr í stól forseta hefur skilning á ósk minni. Ég hef setið lengi á þingi og minnist þess að þegar hæstv. forseti, sem nú situr í stólnum, var í stjórnarandstöðu þá þurfti hann iðulega að kalla til ráðherra til að svara spurningum. Jafnvel þótt seint væri að nóttu. Ég minnist sérstaklega eins tilviks þegar hann þurfti að kalla til hv. þm. Steingrím J. Sigfússon til fundar, sem þá var ráðherra. Hann þurfti að eiga við hann orðastað og Steingrímur J. Sigfússon mætti í hús kl. 4 að morgni. Ég man að þá þurfti hæstv. forseti, þá óbreyttur þingmaður Halldór Blöndal, ekki neitt að ræða við hæstv. ráðherra.

Ég þarf hins vegar að ræða við þessa tvo hæstv. ráðherra. Ég þarf að eiga við þá orðastað og mun bíða fram eftir nóttu eða til morguns eða hvernig sem hæstv. forseti vill hafa það af því að ég þarf að eiga orðastað við þessa hæstv. ráðherra áður en þessum fundi lýkur.

Nú er það svo að þessa viku hafa verið þingfundir fram eftir kvöldi og nóttu í þrjú kvöld. Nú er klukkan að ganga tvö og væri heppilegra ef við gætum frestað fundi nú þar sem svo erfitt virðist að draga hæstv. ráðherra til fundar. Við gætum hugsanlega átt orðastað við þá að degi til en ekki um nótt. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ég megi eiga von á að hæstv. forseti kalli til þá tvo ráðherra sem ég hef beðið um, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. Ég hef skýrt það úr ræðustól hvaða erindi ég á við hæstv. ráðherra og tel að ég hafi borið fram mjög réttmætar óskir til að fá þá hingað í salinn. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann ætli að verða við ósk minni. Ég hef ekki enn sett mig á mælendaskrá vegna þess að ég vil ekki eyða síðasta ræðutíma mínum fyrr en ég veit hvort ráðherrarnir koma til fundar.

[01:16]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst lítið ganga hjá okkur þingmönnum að ná árangri með þeim ræðum sem við höldum. Við höfum beðið um að ráðherrar séu hér viðstaddir. Sá eini sem nú situr í salnum er hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. Hann nótar að vísu niður allt sem spurt er um en svarar ekki neinu. Það er svolítið merkilegt að upplifa þetta og mér finnst eins og maður sitji við þæfisteininn, eins og sagt var í gamla daga. Það þófnar að vísu hjá okkur en það gerist ekkert meira.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst lítið ganga hjá hæstv. forseta að láta málum vinda fram á hv. Alþingi. Ég tel að það sé að sumu leyti vegna þess að hæstv. forseti hefur ekki lag á að ná fram skilvirkni í vinnubrögðum á þinginu. Slíkt næst með því að verklagið sé þannig að það gangi á verkefnin. Þingmenn hafa óskað eftir því að fá svör við spurningum sínum og alvöruumræður um þau álitamál og vankanta á frv. en ekkert gengur. Verjendur málsins eru ekki tilbúnir að taka til varna og útskýra það sem hér er um spurt.

Ég lýsti m.a. spurningum sem ég vildi fá svör við. Aðrir þingmenn hafa lýst sínum spurningum. Ég veit að hæstv. forseti hefur skilning á því að það þarf að fá svör við þeim spurningum. Ég hef hlustað á ræðu hæstv. forseta. Ég greindi inntak hennar þannig að setja þyrfti lög vegna þess að þeir fjölmiðlar sem helst yrðu fyrir barðinu á lögunum væru býsna slæmir og fjölluðu með ranglátum hætti um mál. Ég verð að segja að það er eitthvað sem við þurfum að hafa töluvert langa umræðu um, ef það er niðurstaðan við lok þessarar umræðu að setja eigi lög á Alþingi sem beinist að því að sjá til þess að málefnaleg umræða í fjölmiðlum, sem menn kjósa að setja fram hver með sínum hætti, komist ekki til skila. Ég ætla að halda því fram að það sé andlýðræðislegt sem hér fer fram. Ég vil að menn mæti og séu til staðar til að svara fyrir hugmyndir sínar um lagasetninguna.

[01:19]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Vegna áberandi fjarveru ýmissa hv. þingmanna í kvöld, raunar sumra í allan dag, hefur mér orðin hugleikin ein grein þingskapa. Í umræðum áðan bar ég upp við forseta spurningu um hvað væri eftir af þýðingu þessarar greinar. Þetta er 53. gr. í þingsköpum. Því má reyndar bæta við að fyrr í þeirri hríð sem staðið hefur um þetta mál spurði ég um 53. gr. Mig minnir að einhver hv. þm., sem ég man ekki lengur hver var en sat a.m.k. hægra megin í salnum, stæði upp og segði af því tilefni að Mörður Árnason væri fyndinn. Ég þakka kærlega fyrir það, hver sem þetta nú var. En þetta er ekki bara spurning um að vera sniðugur heldur líka spurning um túlkun forseta á þeim þingsköpum sem gilda. Þingsköpin eru frá 1993, eins og ég hygg að forseti viti. 1. mgr. 53. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um fyrirspurnafundi."

Ég spyr einkum um þetta að hér vantar í salinn formann allshn. Þótt ekki eigi að túlka greinina bókstaflega, eftir þennan þingvetur væri fráleitt að túlka það svo að þingmenn væru að skrópa á hverjum degi og brjóta landslög, þá verður a.m.k. að túlka hana með allegórískum hætti, þ.e. að hún sé sett til að þingið haldið umræðusniði. Það verður einungis gert með því móti að í salnum séu alltaf fulltrúar þeirra sjónarmiða sem á takast. Einkum hlýtur að vera brýnt að þeir sem bera fram mál sín hér, ráðherrar þegar um stjfrv. er að ræða í 1. umr. og formenn nefnda sem taka við málinu í 2. umr. og 3. umr., séu viðstaddir. Ég vil spyrja forseta hvort hann sé sammála þessari túlkun minni eða hvort hann telji að 1. mgr. 53. gr. sé með einhverjum hætti úr gildi fallin. Ég

vil að auki spyrja, sem nýliði á þinginu, fyrir utan að ég óska enn skýringa á fjarveru formanns allshn., af hverju forseti hefur ekki borið fram frv. um það að breyta þessari grein.

[01:23]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eftir að menn eru farnir að nota bókmenntalegt mál. Það kann að stafa af því að það stendur yfir listahátíð í landinu þótt við þingmenn höfum lítið orðið varir við það, enda í miklum önnum og höfum ekki getað fylgst nægilega vel með því. Ég held að áhrifa þessarar listahátíðar sé farið að gæta nokkuð í þingstörfunum. Þegar halla fór í miðnættið tóku menn skyndilega upp á því í Samf. að vera með það sem kallast á tónlistarmáli intermezzo, rjúfa leikinn, rjúfa umræðuna með intermezzo. Þar virðist tilgangurinn ekki sá að bæta músíkina í því sem menn hafa verið að tala um heldur fyrst og fremst að búa til millikafla sem stæði nákvæmlega klukkutíma. Það er greinilega það sem þessi þessi millikafli í þessari umræðu gengur út á. Hér er mætt helftin af þingflokki Samf. og þegar ýtrustu brögðum er beitt og ýtrustu heimildum í þingsköpunum, sem hér hefur verið vísað mjög til, telst mér til að millikaflinn geti staðið um það bil klukkutíma. Til þess er leikurinn gerður og auðvitað mjög mikilvægt að menn átti sig á því.

Það sem síðan einkennir þennan intermezzo-kafla er að hér koma þingmenn og reyna að sýna hversu hugmyndaríkir þeir geta verið í að kalla eftir ráðherrum. Í síðasta intermezzo-kafla þessarar umræðu var kallað eftir landbrh. Núna er það umhvrh. og svo verðum við að bíða eftir einni ræðu. Þá kemur millikafli og þar sem kallað verður eftir einhverjum ráðherra í viðbót. Þetta eru efnisatriði þess sem er að gerast, þ.e. að búa til klukkutíma millikafla, kalla eftir ráðherra. Síðan hefjast umræður að nýju.

[01:25]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt til getið hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að menn væru að búa til sérstaka kliðmjúka kafla til að rjúfa þessa ágætu umræðu sem hér hefur staðið. Það er einfaldlega þannig að umræðan getur ekki haldið áfram nema tveimur skilyrðum sé fullnægt.

Í fyrsta lagi þurfum við að fá til þessa fundar þá menn sem bera ábyrgð á málinu sem við erum að ræða. Hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., hefur fengið lögmæt forföll að því er okkur hefur verið tjáð. Við þingmenn höfum ekki verið upplýstir um hvers vegna sá maður sem hér á að vera til andsvara af ríkisstjórnarinnar hálfu er ekki hér, hvers vegna hann yfir höfuð hefur ekki sést hér í dag. Það er ekki vansalaust að þingið starfi með þessum hætti. Mig langar að spyrja hæstv. forseta: Veit hann dæmi þess að í jafnmikilvægu máli skuli sá stjórnarliði sem reiðir málið af höndum fram og ver fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar sem fjallaði um það ekki vera mættur? Veit hæstv. forseti til þess — ef hann mætti gefa sér tíma til að sýna okkur þingmönnum örlitla virðingu, sem töluvert hefur skort á af hálfu hæstv. forseta. Ef hann gæti lyft augum sínum upp af þeirri ágætu bók sem hann er að lesa, væntanlega og hugsanlega til að komast betur niður í þeirri bókmenntalegu táknfræði sem hér hefur verið uppi höfð af hálfu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, vildi hann kannski svara mér þessu?

Hitt sem við þurfum að fá að vita, herra forseti, er hvenær þessum fundi á að ljúka. Ég hef verið á fundi síðan kl. 8.15 á vegum þingsins. Ég á að vera á fundi kl. 9 í fyrramálið og ég get í sjálfu sér alveg verið hér til kl. 9 ef það er endilega sérstakur vilji forseta að stýra störfum þingsins með svo skammarlegum hætti. Við þingmenn hljótum hins vegar að hafa okkar rétt til að hvílast örlítið áður en við höldum áfram á fleiri fundi sem hæstv. forseti hefur sett á ásamt formönnum fastanefnda. Ég spyr þess vegna hæstv. forseta: Er það eitthvað leyndarmál hvernig hann hyggst vinda þessari umræðu fram?

Hér eru nokkrir þingmenn sem eiga eftir að tala. Ég get bara sagt hæstv. forseta það í fullum trúnaði að það er ekkert sem kallar á að við ljúkum þessum fundi fyrr en það liggur fyrir að þau svör verði komin sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vildi fá frá hæstv. fjmrh. Það er þinginu og hæstv. forseta til hneisu og skammar að það skuli líðast að hér skuli enginn ráðherra vera viðstaddur umræðuna og ekki heldur formaður allshn. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur beðið um svör við spurningum til hæstv. fjmrh. Ef hæstv. forseti vill að ég tali til kl. 9 í fyrramálið, þar til búið er að vekja hæstv. fjmrh., þá stendur ekki á mér.

[01:28]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það sem hér fer fram, vegna þess að hæstv. forseti svarar engum spurningum sem að honum er beint, er að verða hálfgerður farsi. Ég sagði áðan að ég hefði verið að störfum í dag í 17 klukkutíma. Ég minnist þess ekki að hafa gert það áður nema til að bjarga verðmætum, eins og maður kallaði, í gamla daga þegar unnið var í fiskinum. En ég sé ekki fyrir mér að ég standi hér við að bjarga neinum verðmætum nema kannski tjáningarfrelsinu. Við sem hér stöndum gerum a.m.k. það sem við getum til að bjarga því.

Ég er að velta fyrir mér, hæstv. forseti, því sem ég talaði um í fyrri ræðu minni. Væri möguleiki á því að fá að vita hve lengi þessi þingfundur á að standa? Mér sýnist hæstv. forseti hafa getað fengið sér dúr í dag og friskað sig, eins og ég var að tala um áðan. Okkur sem hér stöndum hefur ekki gefist tóm til þess. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að við getum fengið að vita hvað þessi þingfundur á að standa lengi.

Ég spurði fyrr í kvöld hvernig væri með lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Ég hafði áhyggjur af starfsfólki Alþingis, hvort það þyrfti að vinna lengur heldur en lög leyfa og fengi ekki lögbundna hvíld. En ég hef verið upplýstur um það af skrifstofustjórum þingsins að svo er ekki. Þá langar mig að spyrja hæstv. forseta, og óska eftir að fá svar við því: Gilda þessi lög um þingmenn líka? Gilda lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum um þingmenn? Ef svo er hafa þau lög verið brotin á þeim sem hér stendur nokkuð marga undanfarna daga og stefnir í að þau verði brotin í kvöld einnig.

Að endingu, herra forseti, verð ég að segja að mig undrar mjög stjórnin á þessum vinnustað. Sérstaklega vekur furðu, svo lítt þingreyndum manni sem mér, sú takmarkalausa fyrirlitning sem mér finnst þingmönnum oft og tíðum sýnd, að eiga að standa hér í ræðustól án möguleikans á að fá vitræn svör við spurningum sem fram eru lagðar, einföldum spurningum eins og: Hve lengi á þingfundur að standa? Af hverju kemur ekki hv. formaður allshn. til fundarins og á við okkur orðastað eins og margbúið er að biðja um? Ég hélt að það væri skýlaus réttur okkar, þegar þingfundur stæði yfir, að forseti yrði við óskum okkar um að hæstv. ráðherra kæmi til að eiga við okkur orðastað. Ég taldi að slíkum skilaboðum væri a.m.k. komið til hæstv. ráðherra en mér skilst að það hafi ekki verið reynt í kvöld.

[01:31]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa vakið máls á þeirri undarlegu fundarstjórn sem birtist í því að hér eru málin rædd kl. hálftvö að nóttu þegar ekkert knýr á um það. Samkvæmt því sem liggur fyrir í málinu höfum við upp undir fjóra mánuði sem áætlað er að þingið sitji ekki sem gefur nægan tíma til að skoða málið og því er ástæðulaust að sitja yfir því fram á nótt.

Ég vek athygli á því að stjórn þessa þingfundar er alfarið á ábyrgð hæstv. forseta. Hann getur frestað fundi eða haldið áfram fundi. Það er ákvörðun forseta. Það að halda áfram fundi á þessum tíma er dýrt. Það er rándýrt. Starfsfólk þarf að sitja áfram og það er ríkissjóður sem greiðir fyrir það. En allt þetta byggir á ákvörðun forseta um að funda inn í nóttina. Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á 9. gr. þingskapa. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis."

Hæstv. forseti er með þessu stjórnleysi, að funda inn í nóttina og eyða almannafé langt umfram það sem nauðsyn krefur. Ég tel mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að vinnulagið er alfarið á ábyrgð forseta sem stjórnar fundi. Hann ákveður dagskrár, ákveður hvenær fundi er frestað og með ákvörðunum sínum, virðulegi forseti, um að funda inn í nóttina er að mínu viti farið illa með almannafé.

[01:34]

Einar Karl Haraldsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka spurningu mína til forseta um það hvað líði því að hingað komi formaður allshn. Ég hef áður nefnt það við þessa umræðu að mér finnst það ganga nærri virðingu þingsins að hv. formaður allshn. skuli ekki virða okkur viðlits og hafi ekki sést í sölum Alþingis í allan dag enda þótt hann og aðrir stjórnarliðar í allshn. hafi margendurtekið að þetta mál væri á forræði Alþingis og allshn. hefði þar tögl og hagldir og svaraði fyrir málið í þingsal.

Ég vil líka taka undir eðlilegar óskir þingmanna um að ráðherrar séu viðstaddir og svari spurningum. Ég hef ekki langa þingreynslu en ég hef þó augu í höfðinu og eyru. Ég hef séð að ekki hafa allir sýnt þinginu þá vanvirðingu sem viðhöfð hefur verið í þessu máli. Hér var t.d. lagður fram mjólkursamningur og í tengslum við hann tillögur um breytingar á búvörulögum. Þegar þau mál komu til 1. umr. var landbrh. í salnum daglangt ásamt ...

(Forseti (HBl)**:** Ég vil benda hv. þm. á að landbúnaðarmál eru ekki til umræðu hér heldur fundarstjórn forseta. Það kemur að vísu ekki venjulegri fjósamennsku við.)

Hæstv. forseti. Ég var að nefna þetta sem dæmi um þingvenju, að í þeirri umræðu voru hæstv. landbrh. og formaður landbn. viðstaddir umræðuna.

(Forseti (HBl)**:** Ég var að benda hv. þm. á að landbúnaðarmál eru ekki til umræðu. Ég vil biðja hv. þm. að taka það til greina.)

Herra forseti. Ég tók þetta sem dæmi um að þar giltu greinilega aðrar reglur um fundarstjórn og aðrar þingvenjur en við þessa umræðu. Við þá umræðu voru bæði formaður landbn. og hæstv. landbrh. við umræðuna og þau svöruðu spurningum. Þau tóku þátt í andsvörum og ræddu við þingmenn en hér er greinilega annað uppi á teningnum. Ég spyr: Er nokkurt samræmi í fundarstjórn forseta? Það var erindi mitt í ræðustólinn að þessu sinni.

[01:37]

Björgvin G. Sigurðsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa komið fram rökstuddar og ítarlegar kröfur og óskir til virðulegs forseta um að fresta fundi eða kalla hið snarasta til nokkra hæstv. ráðherra. Þingmenn hafa ítrekað bent forseta á að það er erfitt að halda úti málefnalegum og uppbyggilegum umræðum um frv. sem fyrir þinginu liggur án þess að hæstv. ráðherrar hafi komið í hús. Ég óskaði sérstaklega eftir því áðan að hæstv. aðalritari Framsfl., Siv Friðleifsdóttir, yrði beðin um að koma niður í þing og eiga við mig orðastað. Ég ítreka þá ósk til forseta, um hvort hann sjái sér fært að hafa við hana samband og óska eftir nærveru hennar. Ég á við hana mjög mikilvægt erindi.

Ég ítreka að það er erfitt fyrir mig að halda umræðunni áfram án þess að forseti aðstoði mig við að kveðja hæstv. ráðherra og ritara til leiks þannig að við getum skipst á skoðunum. Hún gæti kannski upplýst mig um á hvaða vegferð Framsfl. er. Ég hefði aldrei trúað því að óreyndu að Framsfl. léti teyma sig fram af bjargbrúninni. Ég hef aldrei, virðulegi forseti, getað ímyndað mér það eða aldrei ætlað Framsfl. að allt væri falt fyrir 15. september, að allt væri falt fyrir forsætisráðherrastól Halldórs Ásgrímssonar, að flokkurinn fyrirgerði æru sinni, sómakennd og pólitík fyrir 15. september.

Þetta ætlaði ég, virðulegi forseti, að ræða við virðulegan ritara flokksins, hæstv. ráðherra Siv Friðleifsdóttur. Ég vildi að sjálfsögðu einnig fá að ræða málið við varaformanninn. Ég hef getið þess fyrr í kvöld að ég tel að hann hljóti að vera heima hjá sér að jafna sig á axlartjóni og hafi því ekki séð sér fært að mæta til þingfundar og eiga við mig orðastað í nótt. Ég óskaði því eftir að þingið sendi honum fax með spurningum mínum sem ég las upp áðan. Hins vegar hef ég ekki fengið neinar vísbendingar um að ritari Framsfl. eigi við heilsuleysi að stríða. Því hef ég óskað eftir því að virðulegur ráðherrann og hávirðulegur ritarinn komi til þingfundar. Það eru átta og hálf klukkustund þangað til fundur landbn. hefst og menn gera þá væntanlega hlé á þingfundi í klukkustund. Nægur er tíminn og ef ég man rétt býr hún úti á Seltjarnarnesi og ætti að geta fengið sér ökuferð með bílstjóra sínum hingað niður eftir og rætt við mig þetta brýna mál.

[01:40]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil rifja það upp fyrir þeim ágæta forseta sem nú situr í stóli fyrir aftan mig, hæstv. forseta Halldóri Blöndal, að þegar við sátum saman í ríkisstjórn fyrir nokkrum árum, síðla á síðustu öld, bar það einu sinni við að í mikilli skyndingu þurfti að sækja mig á ríkisstjórnarfund. Af því að ekki náðist í mig var leitað atbeina lögreglunnar og hún fann mig í sumarbústað á Suðurlandi og kom mér til fundar með miklum hraði.

Ég vil víkja því í vinsemdarskyni að hæstv. forseta að ef það eru einhver vandkvæði á því að hafa uppi á hæstv. ráðherrum þá mætti kannski grípa til sömu ráða og þá voru notuð til að finna þáv. umhvrh. og koma honum til fundar við ríkisstjórnina. Þetta segi ég í fullri vinsemd við hæstv. forseta.

Nú er það svo að hæstv. forseti hefur skipulagt fundahald með þeim hætti að mörg okkar hófu störf fyrir Alþingi í nefndum kl. 8.15 í morgun. Einnig hann hefur hagað því svo, a.m.k. er það með blessun hans, að við hefjum aftur störf í nefndum kl. 9, ekki eftir átta og hálfan tíma eins og við hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sagði heldur sjö og hálfan.

Það má kannski virða hv. þm. það til vorkunnar, sem ber að vísu þingæskuna nokkuð vel, að hann er kannski vansvefta eins og margir í þessum sölum og hefur því ekki lagt alveg rétt saman, eða dregið frá eftir atvikum.

Í þriðja lagi, herra forseti, virðist forseti hins vegar ekki getað skipulagt þennan fund með þeim hætti að við vitum hvenær honum lýkur. Er það ætlun hæstv. forseta að halda fundi áfram þangað til nefndarfundir hefjast á morgun? Er það ósanngjarnt af mér að spyrja fyrir hönd þeirra þingmanna sem hér eru, 10–15 talsins, hvenær hann hyggst ljúka fundi? Sumir þingmanna okkar í Samf. eiga töluvert langt heim að sækja. Hv. þm. Jón Gunnarsson býr suður með sjó og ekki ætlar hæstv. forseti að senda hann vansvefta út í nóttina til að aka suður á nes og síðan aftur til baka. Hann á að vera mættur árla líka til nefndarfundar. Ég vil því í fullri vinsemd spyrja hæstv. forseta hvort hann hafi enga hugmynd um hvenær hann hyggst ljúka fundi. Það er mjög mikið sem sumir okkar eiga eftir að ræða. Formaður Samf. hefur t.d. ekki haldið ræðu í þessari umræðu og hefur margt til þessara mála að leggja. Hæstv. forseti veit af hverju formaður Samf. hefur ekki haldið ræðu fyrr, en hann mun gera það síðar á þessari nóttu.

(**Forseti** (HBl): Það er að vísu ekki rétt.)

[01:43]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir í óefni komið með fundarstjórn hæstv. forseta. Það gengur hvorki né rekur. Hæstv. forseti ætti að huga að því að brjóta odd af oflæti sínu og velta fyrir sér þeim möguleikum sem eru í stöðunni. Hinn fyrsti kann að vera að gera hlé á fundinum og ræða við menn um hvernig hægt væri að koma umræðunni af stað. Annar kostur væri að ljúka þessum fundi núna. Hinn þriðji væri að sjá a.m.k. til þess að hingað komi þeir sem leggja fram málið og geta svarað ræðum sem hér hafa verið haldnar og spurningum sem hafa verið lagðar fram.

Mér finnst að hæstv. forseta ætti ekki að vera það erfiðara, að brjóta odd af oflæti sínu, en hæstv. forsrh. sem lagði í ferð að Bessastöðum fyrir ekki löngu til að bæta fyrir mistök sín og skrifaði undir skjal sem laut að því að láta í framtíðinni umboðsmann Alþingis í friði. Hann skrifaði kannski grátandi undir það skjal en mér finnst að hæstv. forseta sé ekki vant að brjóta odd af oflæti sínu, úr því að hæstv. forsrh. hefur lagt á sig þá hluti sem ég var að nefna. Ég held að fundum mundi vinda mun betur fram ef hæstv. forseti tæki á sig rögg og sæi til þess að orðið yrði við kröfum sem hér hafa verið settar fram.

Hingað ætti í fyrsta lagi að koma hv. formaður allshn. og ráðherrar líka, til að ljúka þessari umræðu með myndarbrag. Stjórnarliðið gæti þannig sem slíkt a.m.k. staðið í lappirnar við að verja þennan vonda málstað til enda í umræðunni. Það er eitthvað æðilangt frá því. Mig rekur ekki minni til að neinn þingmaður stjórnarliðsins hafi talað í dag nema hv. þm. Gunnar Birgisson snemma í kvöld. Örfáir hafa komið í gættir en sjaldnast að nokkur hafi setið í þessum sal. Engin svör fást við spurningum þingmanna. Þetta er ekki verklag sem skilar miklu. Ég legg það eindregið til að hæstv. forseti taki sér hæstv. forsrh. til fyrirmyndar og brjóti odd af oflæti sínu.

[01:46]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Áðan bað ég um að túlkuð yrði í forsetastóli 1. mgr. 53. gr. þingskapa. Við því hefur að vísu ekki verið orðið. En það er gott sem gamlir kveða. Þeir sögðu stundum að þögn væri sama og samþykki. Ég tek það svo að forseti hafi samþykkt túlkun mína á 53. gr.

Þá er næst að spyrja, vegna þess að spurningin var fram borin við einn hv. þm., formann allshn., sem ég tel í framhaldi af þessari túlkun að sé skylt að vera við umræðuna: Hvar er þessi hv. þm., formaður allshn., Bjarni Benediktsson? Hann er nýr þingmaður á þinginu eins og ég sjálfur. Þau litlu kynni sem ég hef af honum haft eru ákaflega góð. Mér hefur virst hann háttprúður og kurteis þingmaður. Hann er vissulega fastur fyrir þegar kemur að hans málstað en hann er alls ekki haldinn neinum göllum í skapsmunum eða brigðlyndi sem gæti skýrt fjarveru hans. Þess vegna álykta ég sem svo að hv. þm. hafi forföll og sé á fjarvistarskrá. Ég veit ekki til þess, og hef þó fylgst með þingstörfum í dag, að það hafi verið tilkynnt. Ég minnist þess ekki að ég hafi séð nafn hans á slíkri skrá. Ég spyr hvort hann hafi fjarvistarleyfi. Forseti, er það kannski svo að þingmaðurinn hafi, án þess að ég hafi tekið eftir, forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti á meðan, að hann hafi tilkynnt forseta það bréflega og gert grein fyrir forföllum sínum og hversu lengi þau mundu vara? Getur verið forseti hafi lesið þetta bréf í upphafi þingfundar í dag? Það hefur farið fram hjá mér og ég biðst þá afsökunar á því en spyr, þótt seint sé, því að í 53. gr. segir að forseti kynni þinginu bréfið.

Sé þetta raunin spyr ég enn fremur um hver er varamaður hv. þm. og einnig um hver gegnir störfum fyrir hann í allshn. Þar sem hann er formaður allshn. þá hlýtur varaformaðurinn eða einhver sem hann hefur sérstaklega tilnefnt til þeirra verka að koma í hans stað, sitja og fylgjast með umræðunni og vera til taks þegar þarf að fylgja því máli fram sem nú er á forræði allshn. og í sérstakri umsjá formanns allshn. Um þetta spyr ég. Ég vil fá svar frá forseta um þetta efni. Að vissu leyti liggur við virðing þingsins og ekki síður virðing hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns allshn.

[01:50]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þá tíð sem ég hef setið á þingi og hæstv. forseti hefur gegnt starfi hæstv. forseta á þingi, þá höfum við oft og tíðum upplifað fundarstjórn sem kallað hefur á að hún yrði rædd sérstaklega.

Það ber talsvert að nýrra við nú. Ég man a.m.k. ekki til þess að taktík hæstv. forseta hafi verið sú að halda því leyndu fyrir þingmönnum og starfsfólki þingsins hversu lengi ætti að halda störfum þingsins áfram. Ég beini því þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta og óskað eftir að hann svari henni: Hvaða markmiðum telur hæstv. forseti sig ná með því að halda leyndu, fyrir starfsfólki þingsins og þingmönnum sem hér starfa, hve lengi halda eigi áfram fundinum?

Virðulegi forseti. Þetta glott, þ.e. að hæstv. forseti skuli ekki svara, verður varla túlkað öðruvísi en svo að þar sé einhver sálrænn hernaður í gangi sem hæstv. forseti reynir að beita þingmenn og starfsfólk þingsins, að halda því leyndu hversu lengi þingfundur skuli standa. Það er deginum ljósara, virðulegi forseti, að forseta vefst algerlega tunga um tönn við að útskýra markmiðið með því og hvaða árangur náist með þeirri aðferðafræði. Hvaða stjórnunartækni er þetta sem beinist að því að halda leyndu fyrir starfsfólki þingsins og hv. þm. hve lengi eigi að vinna?

Þetta er, virðulegi forseti, með hreinum ólíkindum. Ég lýsi ábyrgðinni alfarið á hendur hæstv. forseta, á þeim kostn-

aði og þeirri tímaeyðslu sem fer í þetta. Hæstv. forseti verður alfarið að bera ábyrgð á þeim gjörðum sínum.

[01:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Látið hefur verið að því liggja í þessum umræðum, m.a. af formanni þingflokks sjálfstæðismanna, að við færum reglulega upp til að ræða fundarstjórn forseta til að tefja þingstörfin. En ég lýsi hins vegar fullri ábyrgð á hendur forseta sjálfum á því að störf þingsins tefjist. Forseti lætur ekki svo lítið að svara eðlilegum spurningum sem til hans er beint. Við höfum síðan kl. hálftólf kallað eftir því að fá nokkra ráðherra til að koma í salinn þannig að hægt væri að halda umræðum áfram með eðlilegum hætti svo að umræðunni gæti lokið þannig að þingmenn fengju svör við þeim eðlilegu spurningum sem þeir vilja beina til hæstv. ráðherra.

Eins og fram hefur komið hafa margir þingmenn verið við skyldustörf frá því kl. 8 í morgun, í 18 tíma eða meira. Hér fáum við ekki einu sinni svör við því hvort leitað hafi verið eftir því að hæstv. ráðherrar kæmu til fundar. Er það virkilega svo, hæstv. forseti, að ekki megi ónáða hæstv. ráðherra þegar þeir eru gengnir til náða? Hafa þeir einhverja sérstöðu? Þeir eru líka þingmenn. Ættu þeir ekki að vera hér við skyldustörf þegar til þeirra er kallað? Það er lítilsvirðing, hæstv. forseti, við þingmenn að þeim sé ekki einu sinni svarað þegar þeir beina til forseta eðlilegum spurningum. Ég lýsi því ábyrgð á hendur forseta sjálfum á að þingstörf geti ekki gengið fram með eðlilegum hætti.

Boðað hefur verið til nefndafundar kl. 9 í fyrramálið. Þingstörf eiga að hefjast aftur kl. 10 í fyrramálið. Ég þarf vafalaust að vera vakandi til morguns. Á málefnaskrá þingsins á morgun eru ýmis mál sem ég þarf að mæla fyrir, í minnihlutaálitum. Mér finnst ekki forsvaranlegt, virðulegi forseti, að okkur sé ekki sýnd sú kurteisi af hendi hæstv. forseta, sem knýr þingið áfram með svo óeðlilega hætti, að fá svör við þeim spurningum sem við beinum til hæstv. forseta.

Ég hef aldrei upplifað slíka stjórn á þinginu og verið hefur síðastliðna klukkutíma. Ég bið hæstv. forseta að gæta að því að hann er forseti alls þingsins og á að gæta þess að virtar séu sanngjarnar og eðlilegar óskir þingmanna til að málið geti haldið áfram með eðlilegum hætti. En ég mótmæli harðlega vinnubrögðum hæstv. forseta.

[01:56]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég tók það prásinnis fram á fundi með þingflokksformönnum í dag að við því mætti búast að það yrði næturfundur nema samkomulag tækist um málsmeðferð á þinginu. En það samkomulag hefur ekki tekist, eins og hv. þm. er kunnugt. Sú tillaga sem ég lagði fram um það var ekki samþykkt af formönnum þingflokka. Þannig standa þau mál. (**JóhS**: Þetta er dónaskapur, hæstv. forseti. Þetta er dónaskapur.) Ég hef svarað hv. þm.

[01:57]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er klént að þurfa að taka til máls þegar klukkuna vantar þrjár mínútur í tvö, aðfaranótt laugardagsins 22. maí, nær hálfum mánuði eftir að þinginu átti að vera lokið samkvæmt starfsáætlun. Eftir umræður um fundarstjórn forseta, sem áttu sér eðlilegan uppruna og uppsprettu í því að augljóst er að þessu máli á að halda fram eins og það hófst, reka það öfugt í gegnum þingið án umræðu nema þeirrar sem stjórnarandstæðingar leggja til og jafnvel án þess að þinglegir forsvarsmenn málsins, formaður allshn. eða einhver á hans vegum, svari þeim spurningum sem hér eru fram bornar og verji málstað sinn. Þar fyrir utan hafa ráðherrar verið hér fáséðir.

Utanrrh. talaði að vísu í fyrsta sinn um þetta mál í upphafi 3. umr. Hann svaraði þeim andsvörum sem að komust en var síðan rokinn úr salnum. Segja má að langt sé síðan sá maður, hæstv. utanrrh., hafi flutt jafninnihaldslausa ræðu og þunna. Það verður að segjast, hvernig sem mönnum líkar við þann hæstv. ráðherra, að ræður um hans eigið efni, utanríkismál, eru yfirleitt vel undirbúnar af honum og starfsmönnum hans. Þær eru yfirleitt efnismiklar og þess virði að taka til umræðu um þær. Það var ekki í þetta sinn heldur flutti hæstv. utanrrh. ræðu sem augljóslega var eins konar lokapunktur aftan við tilraunir hans undanfarna daga og vikur við að koma Framsfl. saman í þokkalega sveit í þessu máli. Þar hafa þó margir þráast við og þráast við enn.

Það var augljóst af ræðu hæstv. utanrrh. að hann flutti hana einungis til að sveifla svipunni yfir flokksmönnum sínum. Ræða utanrrh. var í raun form en ekki innihald og það hefur gilt um flestar ræður stjórnarsinna, með örfáum undantekningum. Í þessum þremur umræðum og í forumræðunni, um fjölmiðlaskýrsluna, hafa þær fyrst og fremst verið form og ekki haft innihald. Þær hafa verið til að sýnast, til að láta sem í gangi væri einhvers konar umræða í takt við loforð forsrh. en ekki til að takast á um sjálft málið sem hér er um að ræða.

Forseti. Ég hef flutt nokkrar ræður í málinu. Þetta er síðari ræða mín við 3. umr. Ég hyggst í þetta skiptið drepa á nokkra þætti málsins sem ég hef ekki áður komið að með þeim hætti sem vert væri.

Mig langar fyrst að leiðrétta eða svara fyrir fólk sem mér er skylt í pólitískum og persónulegum efnum, þótt ekki sé um ætterni að ræða, og hefur sætt ámæli að ósekju. Ég á þar við þingkonur frá árinu 1995, annars vegar Lilju Á. Guðmundsdóttur sem sat á þingi sem varaþm. um nokkurt skeið haustið 1995. Hins vegar varðar málið hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur sem þá var á þingi og er enn en hefur verið fjarverandi við þessa umræðu þar sem hún hafði bundið sig í merkilegri kynnisferð um fjarlægð lönd á þeim tíma sem þinginu átti að vera lokið. Ásta hefur einkum verið nefnd til sögu í margháttuðum upprifjunum stjórnarliða á þinginu og utan þings. Hafðar eru eftir henni klausur þar sem hún á að hafa játast fyrir fram undir frv. sem hér er um að ræða. Menn hafa vitnað í þingræður þeirra og þær hafa verið slitnar úr samhengi, textar slitnir úr samhengi og snúnir til. Það er ekki víst að félagi minn, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, nái að svara fyrir sig sjálf. Ég tek mér það bessaleyfi að gera það.

Síðast gerðist þetta í sjónvarpsþætti á þeirri hræðilegu Stöð 2, sem kölluð er, í þættinum Ísland í dag. Þar komu saman Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur og Benedikt Jóhannesson tölfræðingur, ágætir menn báðir. Benedikt gefur nú út tímarit, var áður formaður Skeljungs þegar Skeljungur var markaðsráðandi fyrirtæki. Hann er orðhvatur maður og skemmtilegur en ber ekki alltaf vopnin eins og á að bera þau. Í þessum þætti sagði hann um hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, og gekk lengst þeirra sem um orð þeirra hafa talað, að hún hefði á sínum tíma flutt frv. sem væri nánast eins og það frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er nánast hægt að flokka undir sakir sem eðlilegt er að menn beri af sér. Ég

vona að það lái mér enginn þótt ég geri það fyrir hönd Ástu hér við 3. umr.

Staðreyndin er sú að þau orð, sem kennd hafa verið við Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og hafa verið notuð til að snúa á og reyna að niðurlægja hana og bera brigður á málflutning Samf. og jafnaðarmanna nú og á undanförnum árum, eru sprottin úr till. til þál. sem flutt var haustið 1995. 1. flm. var Lilja Á. Guðmundsdóttir sem þá sat á þingi, að ég hygg varamaður Ágústs Einarssonar, sem var fjarri í tvær vikur. Meðflutningsmaður Lilju var hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir en tillagan var um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Það er rétt að rekja með nokkrum orðum tillögu þessa því að hún er um margt merkileg. Lilja Á. Guðmundsdóttir og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttur báru fram tillögu um að menntmrh. skipaði nefnd sem ætti að gera tillögu um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Markmið þeirrar stefnu átti að vera þríþætt:

„1. að standa vörð um tjáningarfrelsi sem hornstein lýðræðis,

2. að tryggja almenningi aðgang að alhliða, málefnalegum og faglegum upplýsingum,

3. að efla íslenska tungu og menningu."

Í greinargerð sinni rekur Lilja Á. Guðmundsdóttir, 1. flm. þessarar tillögu, ýmislegt um fjölmiðla. Hún segir m.a., með leyfi forseta:

„Í lýðræðisþjóðfélagi gegna fjölmiðlar tvíþættu hlutverki. Þeir fræða þjóðfélagsþegnana og veita þeim innsýn í opinber mál, málefni samfélagsins, umheimsins og einstaklinga eftir því sem við á. Þannig geta þegnarnir staðið vörð um lýðréttindi sín. Auk þess veita fjölmiðlar ríkisvaldinu aðhald með því að fylgjast með starfi þess á gagnrýninn hátt og koma í veg fyrir að það misbeiti valdi sínu."

Hér er auðvitað um það hlutverk fjölmiðlanna sem fellt hefur verið í gælunafnið „fjórða valdið" eða „varðhundur almennings". Lilja segir jafnframt árið 1995, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár eða áratug hafa átt sér stað ótrúlegar breytingar á sviði fjölmiðlunar og upplýsingatækni." — Undir það má taka níu árum síðar. Hún talar um að tækniþátturinn vegi mjög þungt þegar þróun fjölmiðlunar er athuguð. Hún segir árið 1995 að þessi nýja tæki hafi opnað áður þekktar þróunarleiðir og átt stóran þátt í því sem við getum kallað alþjóðahyggju. Lilja talar nokkuð um Ríkisútvarpið í greinargerð sinni og segir þetta, um menningarlega stöðu í sjónvarpsmálum á þeim tíma sem um ræðir, með leyfi forseta:

„Þættir á ensku eru áberandi á sjónvarpsskjáum flestra þjóða í nær öllum heimshornum, og í kvikmyndahúsum er bandarískur kvikmyndaiðnaður næstum því allsráðandi. Lönd þriðja heimsins hafa gagnrýnt þessa þróun vegna þess að fjölmiðlaefni er framleitt út frá sjónarmiði og gildismati Vesturlanda. Þegar fámenn þjóð eins og Íslendingar flytur inn enskar og bandarískar sjónvarps- og kvikmyndir er ekki einungis verið að flytja inn afþreyingu heldur einnig gildismat, fyrirmyndir, tísku og lífsstíl.

Þessi þróun hefur haft djúpstæð áhrif á íslenskt þjóðlíf. Sjóndeildarhringur okkar hefur víkkað, við höfum kynnst menningu annarra þjóða og gildismati. Einangrun okkar hefur verið rofin. Jafnframt hefur íslensk menning fengið samkeppni. Dægurlög og dægurmál hafa fengið æ meira rúm á öldum ljósvakans. Fjölgun útvarpsstöðva hefur ekki haft í för með sér fjölbreyttara efni því að nýju útvarpsstöðvarnar bjóða nær eingöngu upp á einhæft afþreyingarefni."

Lilja segir síðar í greinargerð sinni, með leyfi forseta:

„Því er oft haldið fram að vald fjölmiðla hafi aukist í þjóðfélaginu, ekki síst vegna þess að þeir eru mikilvægasti gluggi samfélagsins, bæði okkar eigin samfélags og annarra fjarlægari. Víst er að notendum fjölmiðla og tölvutækni fjölgar stöðugt, hvort heldur er til afþreyingar, fræðslu eða tjáskipta. Fjölmiðlaþróunin býður upp á gífurlega möguleika, en hún á sér einnig neikvæðar hliðar. Virk fjölmiðlastefna getur því skipt sköpum ef við viljum hafa áhrif á þróunina á fjölmiðlamarkaðnum."

Síðar segir í greinargerð Lilju Á. Guðmundsdóttur, sem ég hef gripið niður í á nokkrum stöðum, það sem tekið hefur verið upp sem stuðningur við frv. sem hér er til umræðu, þá atlögu gegn einu fyrirtæki og það virðingarleysi fyrir tjáningarfrelsinu og öðrum mannréttindum sem það lýsir. Sá kafli er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eignasamruni og samþætting fjölmiðlafyrirtækja og stýring fjölmiðla í hvaða formi sem er getur haft hættuleg áhrif á tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði í samfélaginu. Því hlýtur að vera verkefni hins opinbera að tryggja að fjölmiðlar bjóði upp á fjölbreytt efni. Huga þarf að eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja og koma í veg fyrir að einn eða fáir sterkir aðilar nái slíkum yfirburðum á markaðnum að tjáningarfrelsi og upplýsingaflæði sé ógnað. Jafnframt ber að rannsaka fjárhagslega tengingu fjölmiðlafyrirtækja við önnur fyrirtæki sem augljóslega gæti haft áhrif á tjáningarfrelsið."

Forseti. Það er út í hött að færa þessi orð, sem eru rituð af miklu viti og innsæi fyrir nærri áratug, um fjölmiðlunina, til stuðnings við frv. sem nú er til umræðu. Ég get tekið undir hvert orð sem hér er skrifað. Í vetur höfum við samfylkingarmenn, með þáltill. okkar og þingmálum um fjölmiðla, einmitt fjallað um efnið í sama dúr og gert var í greinargerð með tillögu Lilju Á. Guðmundsdóttur og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur frá árinu 1995. Rétt væri að lesa líka næstu grein, sem sjálfstæðismenn sem talað hafa úr ræðustól og talað í sjónvarpssal eða annars staðar úr samfélaginu hafa gleymt, kannski vegna þess að það hentaði tilteknu markmiði. Í framhaldinu segir nefnilega, með leyfi forseta:

„Öruggasta leiðin til að tryggja fjölbreytt framboð efnis til dreifingar er rekstur öflugra og sterkra innlendra fjölmiðla til mótvægis við alþjóðlegan fjölmiðlaiðnað. Kröftugir fjölmiðlar geta einbeitt sér að sjálfstæðri miðlun frétta og menningar.

Opinber stefna í fjölmiðlun ætti að ná yfir bæði prent- og ljósvakamiðla. Af því sem að framan greinir er ljóst að mikilvægt er að stjórnvöld móti stefnu í þessum málaflokki og í því augnamiði er þessi tillaga lögð fram."

Ég minnist þess þegar þessi tillaga var lögð fram. Ég fylgdist töluvert með þinginu á þeim tíma og var sjálfur nýorðinn varaþingmaður. Þessi tillaga mætti ekki mikilli velvild. Mönnum þótti sérkennilegt að farið væri fram á að mótuð væri opinber stefna í fjölmiðlun. Sumir spurðu hátt og í hljóði hvort hér væri einhvers konar ritskoðun á ferðinni, hvort til stæði að beina framkvæmdarvaldi, löggjafarvaldi og dómsvaldi gegn fjölmiðlum, sem þá væru fjórða valdið og ætti að fá að vera í friði. Sjálfur man ég að ég hafði efasemdir um þessa leið þótt hún ætti sér erlendar hliðstæður. Það er kannski ekki gaman en a.m.k. fróðlegt að rifja upp þessar kenndir gagnvart þessari tillögu sem ég tel að hafi verið mjög

viturlegt. Hún hefði betur verið samþykkt á sínum tíma og vakið meiri athygli.

Ég ætla að rekja þá 11 liði sem Lilja og meðflutningsmaður hennar lögðu til að snert yrði á við könnun á því hvort æskilegt væri að móta opinbera stefnu í fjölmiðlun. Það er fróðlegt að hafa það fyrir sér nú þegar móta skal opinbera stefnu í fjölmiðlun á aðeins einum punkti og að því er virðist vera af aðeins einni ástæðu, að hæstv. forsrh. vill ná sér niður á ímynduðum eða raunverulegum óvinum sínum. Hann beitir til þess meiri hluta þeim sem hann þykist hafa á þingi og ber í gegnum samfélagið með ofbeldi og gassagangi lög sem geta skaðað fjölmiðlun til frambúðar. Lögin eru í greinilegri andstöðu við þorra þjóðarinnar. Hætt er við að lögin skaði íslenska menningu, þannig að vitnað sé í álit minni hluta menntmn. í þessu máli, og geti einnig takmarkað óðal íslenskrar tungu.

Flutningsmenn tillögunnar töldu að í 11 atriðum væri rétt að kanna hvort menn gætu komið sér saman um opinbera stefnu í fjölmiðlun. Þessi atriði voru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Gerð verði grein fyrir tækniþróun í greininni og aukinni tilhneigingu til markaðshyggju og alþjóðahyggju í framleiðslu fjölmiðlaefnis: Er ef til vill þörf á að stofna embætti sem fylgist með þessari þróun og skilgreinir sambönd og samhengi?

2. Skýrt verði hlutverk og starfsemi fjölmiðla: Hvernig er fjölmiðlanotkun hér á landi? Hvert er pólitískt hlutverk fjölmiðla? Hver er hlutur fjölmiðla í efnahagslífi þjóðarinnar?

3. Könnuð verði rekstrarskilyrði fjölmiðla hér á landi: Hvernig skiptast auglýsingatekjur milli fjölmiðla? Er sjónvarp helsti auglýsingamiðillinn? Hvernig er unnt að tryggja fjárhagsgrundvöll Ríkisútvarpsins?

4. Reglur um eignarhald fjölmiðla verði skoðaðar: Í mörgum löndum hafa verið settar reglur sem takmarka eignaraðild að fjölmiðlafyrirtækjum. Hvernig eru íslensk lög og reglur? Er tilhneiging til samruna fjölmiðlafyrirtækja hér á landi sem gæti haft áhrif á tjáningarfrelsið?“

Ég staldra hér við, forseti, vegna þess að það var þessi fjórði liður sem þótti í haust skyndilega svo mikilvægur að skipuð var sérstök nefnd til að kanna hann. Þetta lagði Lilja Á. Guðmundsdóttir, varaþingmaður sem sat um skeið á þingi árið 1995, til að yrði athugað við litlar vinsældir. Þetta var sem sagt fjórði liðurinn af 11 sem hún og meðflutningsmaður hennar vildu athuga fyrir níu árum. Því var tekið af fálæti og í raun af andúð, eins og ég rek nokkuð síðar í ræðu minni.

„5. Hugað verði að gildandi reglum um auglýsingar í íslenskum ljósvakamiðlum: Eru reglurnar virtar og hafa þær gefið góða raun?

6. Í flestum Evrópulöndum starfa fjölmiðlar eftir ákveðnum siðareglum. Hér taka fjölmiðlar mið af siðareglum blaðamanna. Frá 1969 hefur í Svíþjóð starfað sérstakur réttargæslumaður (pressombud) gagnvart fjölmiðlum. Kannað verði hvernig ástandið er í þessum efnum hér á landi.

7. Skoðuð verði lög og reglur um ljósvakamiðlana og lög um Ríkisútvarpið.

8. Reglur um Menningarsjóð útvarpsstöðva verði endurskoðaðar og fundin leið til að tryggja rekstrargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands.“

Þarna held ég að ég staldri við aftur og minni á þá einkennilegu sögu nokkuð margra undanfarinna ára sem leiðir af því að ekki var fundin leið til þess, árið 1995 eða enn þá fyrr, að tryggja rekstrargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta kemur fjölmiðlum allmikið við. Eftir að Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður lagðist aftur á Ríkisútvarpið sú skylda að taka þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún ætti auðvitað að vera Ríkisútvarpinu ljúf en ekki var gert ráð fyrir henni þegar fjárhagsgrundvöllur Ríkisútvarpsins var ákveðinn árið á eftir. Enn er þetta óleyst mál í menntmrn., þ.e. hvernig farið skuli með rekstrargrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands og framlög Ríkisútvarpsins til þess rekstrar. Það er ekki er á nokkurn hátt á valdi Ríkisútvarpsins frekar en annarra sem leggja fé til rekstrarins. Það fer ósköp einfaldlega eftir útkomu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á hverjum tíma en til hljómsveitarinnar fer síðan hluti af hinu svokallaða afnotagjaldi, réttara sagt útvarpsgjaldi, sem innheimt er á vegum Ríkisútvarpsins og á að ganga til rekstrar þess.

Ég sný mér aftur að upptalningunni á þeim atriðum sem Lilja Á. Guðmundsdóttir taldi að ætti að vera uppistaðan í opinberri stefnumótun varðandi fjölmiðla, með leyfi forseta:

„9. Stuðningur ríkisins við útgáfu fjölmiðlaefnis verði endurskoðaður: Hvernig getur stuðningur ríkisins helst orðið til þess að stuðla að fjölbreyttri framleiðslu íslensks fjölmiðlaefnis?

10. Áhrif fjölmiðla á börn og unglinga verði könnuð: Taka gildandi reglur um auglýsingar nægjanlegt tillit til barna og unglinga? Hvernig er óbeinum auglýsingum háttað þegar börn og unglingar eru annars vegar? Hver er niðurstaða rannsókna á áhrifum ofbeldis í fjölmiðlum á börn og unglinga? Eru gildandi reglur um aldurstakmarkanir og aðgang að fjölmiðlaefni virtar? Þarf að huga betur að rétti barna og unglinga þegar fjölmiðlar eru annars vegar?“

Hér vil ég en staldra við. Það hefði betur verið gengið í að kanna þennan 10. lið í greinargerðinni með þáltill. Lilju Á. Guðmundsdóttur og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur frá 1995. Ég rakti það við 2. umr. að ein af hættunum samfara lögum sem kynnu að verða til úr frv. því sem hér er til umfjöllunar væri sú að framboð á efni í fjölmiðlum, einkum í ljósvakamiðlum, einkum sjónvarpi, handa börnum og unglingum mundi versna. Þrátt fyrir ágæta frammistöðu Ríkisútvarpsins, sjónvarps, eftir efnum og aðstæðum, í útsendingum fyrir börn og unglinga urðu nokkur þáttaskil þegar Stöð 2 komst á legg.

Ég hygg ekki ofsagt að Stöð 2 hafi með barnaefni sínu, morgunefninu sérstaklega, tekið ákveðið frumkvæði sem og í ýmsum öðrum efnum, í upphafi samlífis Stöðvar 2 og ríkissjónvarpsins. Það þótti ekki félegt á sínum tíma vegna þess að morgunsjónvarpið á Stöð 2 um helgar samanstóð einkum af bandarískum teiknimyndum og var upp og ofan hversu börnin skildu það sem þar fór fram. Í upphafi létu menn nægja að texta þetta efni en svo er um börn að þau eru misvel læs. Fer það nokkuð eftir aldri og þroska.

Síðan gerðist það að ríkissjónvarpið fór líka af stað með barnaefni á morgnana og smám saman fundu báðar stöðvar út að þjónusta við börnin væri betri með því að talsetja myndefnið. Alltaf voru fleiri og fleiri barnamyndir talsettar og er það svo að meiri hluta í dag, að ég hygg. Það hafði svo áhrif á sýningar fyrir börn í kvikmyndahúsum. Það þótti ekki lengur boðlegt, þegar þessi þjónusta var orðin almennur siður hjá sjónvarpsstöðvunum, að sýna börnum annað efni en hið talsetta. Það hefði a.m.k. þótt nokkur munur í mínu ungdæmi þegar börn þurftu meira og minna að spá í það sín á milli hvað væri að gerast á hvíta tjaldinu, einkum í myndskeiðum með samtölum. Við skildum hins vegar betur

hvað um var að ræða þegar hetjurnar fóru á hesta sína eða óku í vögnum og frömdu hetjudáðir sem til stóð að fremja í myndinni, að ógleymdu því þegar karlhetjan hitti kvenhetjuna og mynntist við hana. En þá var iðulega haft uppi hrópið „bingó!" í kvikmyndasalnum eins og lýst hefur verið í ágætri bók.

Þótt ýmsir frumþættir í mannlegri athöfn færu ekki fram hjá börnum á mínum aldri í því sem þá hét þrjú-bíó þá fór ansi mikið fram hjá okkur af raunverulegu efni þessara mynda. Þær voru á ensku með hröðum og sennilega nokkuð þunnum texta, þær sem yfirleitt voru textaðar. Það var ekki heldur algengur siður á þeim tíma að texta myndir. Hér mætti reyndar fara í menningarsögulegt mál, um bókmenntagreinina prógrömm sem einmitt stafaði af því að ekki voru textaðar myndir í kvikmyndahúsum fyrr en seint á sjöunda áratugnum, hygg ég. Þess vegna varð til sú einstæða bókmenntagrein í íslenskri listasögu, prógrömmin, sem ekki hefur verið nægilega skoðuð með hliðsjón af frásagnarhætti og stílfimi. Prógramm var keypt fyrir nokkurt fé í upphafi myndar og síðan sættu menn lagi að skoða þetta að hluta eða í heild áður en myndin hófst eða í hléum, sem voru meðal annars til þeirra hluta. En prógrömmin hentuðu ekki börnum á þeim tíma mjög vel. Við vorum mislæs eftir aldri og þroska og áhugi okkar á því að vita fyrir fram um hvað myndin var átti í nokkurri samkeppni við áhuga okkar á öðrum hlutum sem fram fóru í þeirri menningarstofnun sem þrjú-bíóin voru í Reykjavík á þeim tíma.

Þetta var útúrdúr til fróðleiks og skemmtunar þeim sem á hlýða. Ég hygg að 10. liðurinn, könnun á áhrifum fjölmiðla á börn og unglinga, til undirbúnings á opinberri stefnu í fjölmiðlun, hefði betur hlotið hljómgrunn og verið framkvæmt það sem lagt var til í tillögu þeirri frá árinu 1995 sem ég hef gert að umtalsefni. Áfram held ég upptalningunni, með leyfi forseta:

„11. Kannað verði hvort efla má ljósvakamiðlun í þágu almennings: Hvernig verður það best gert? Á að skylda einkarekna ljósvakamiðla sem ná til landsins alls til að starfa í almannaþágu? Hvernig verður rekstur Ríkisútvarpsins best tryggður og efldur? Hvaða skyldur hafa einkareknir fjölmiðlar?"

Ég hygg að tillaga þessi hafi verið betri en mönnum sýndist á sínum tíma. Þegar ég les hana aftur, níu árum síðar, undrast ég raunar hve langt Lilja Á. Guðmundsdóttir var komin í fjölmiðlaumfjöllun sinni. Að vísu hafa verið fjölmiðlafræðingar í skólum landsins, einkum háskólanum, sem vissu ýmis deili á þessu. Ég hygg að bók Stefáns Jóns Hafsteins, um sagnaþuli samtímans, hafi komið út á þessum tíma. En það var ekki algeng orðræða og þótti nokkur djörfung, eins og ég sagði áður, að leggja til að mótuð yrði opinber stefna í þessu. Það var ekki talið par fínt. Ég hygg að það hefði betur verið gert. Ef það hefði verið gert og unnið samkvæmt henni í sátt og samlyndi stjórnmálaflokka sem þá voru og nú eru, auk hagsmunahópa og fagstétta sem að fjölmiðlum koma með margvíslegum hætti, þá stæðum við ekki í þeim skrefum vandræða og vitleysu sem við stöndum í núna.

Eins og menn sjá af þeim dæmum sem ég hef tekið úr greinargerð Lilju Á. Guðmundsdóttur og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, með þáltill. þeirra frá árinu 1995, um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðun, þá fer því fjarri að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir eða stallsystir hennar frá 1995, Lilja Á. Guðmundsdóttir, hafi með nokkrum hætti lagt fram þingmál sem svipaði til málsins sem hér er til umræðu. Ég vona að mér hafi tekist að leiðrétta þann misskilning sem hér hefur vaðið uppi í þingræðum og einnig í fjölmiðlum, t.d. í dag á Stöð 2 hjá Benedikt Jóhannessyni. Ég veit að hann leiðréttir sitt mál fyrr en síðar, heiðarlegur maður þó hann sé nokkuð djarfordur. Hann er ágætur kunningi minn frá æskuárum okkar. Nefna má þingheimi til skemmtunar að við vorum samtíða í merkilegu félagi í Menntaskólanum í Reykjavík sem Framtíðin heitir. Við gegndum þar reyndar sama starfi, ég fyrra árið og hann hið síðara. Ég veit því að hann fellst fúslega á að leiðrétta orð sín á þeim vettvangi sem hann kýs.

Önnur ástæða fyrir því að ég kaus að rifja upp þáltill. þeirra Lilju er sú að í umræðunni um þáltill. varamannsins tók þátt þáv. menntmrh. Eins og við vitum, sem höfum haft einhver kynni af þinginu, þótt þingreynsla mín sé ekki löng, þá er ekki algengt að mikið sé rætt um svokölluð þingmannamál, hvað þá þingmál sem varamenn flytja á þinginu á þeim skamma tíma sem þeir hafa viðstöðu. Þess vegna er þeim mun merkilegra að í þessu máli skuli hafa talað ráðherra úr andstæðum flokki. Ráðherra talaði þar ekki tilneyddur heldur af fullkomnum sjálfsdáðum og má því telja að ráðherra hafi á sínum tíma kosið að leggja sérstaka áherslu á þau orð sín og sjónarmið. Ráðherra, sem þá var menntmrh. en er núverandi hæstv. dómsmrh., Björn Bjarnason, fagnaði því í upphafi máls síns að fram færu umræður um starfsemi fjölmiðla. En hann talaði í sama dúr og ég sagði frá áðan, með leyfi forseta:

„... hins vegar tel ég mjög varasamt að farið sé inn á þá braut að mótuð sé opinber stefna í fjölmiðlun. Ég tel að þar sé verið að fara inn á svið sem sé mjög vandasamt fyrir opinbera aðila að hafa afskipti af og það kunni að leiða til þess" — sem er merkilegt að heyra frá hæstv. núverandi dómsmrh. — „að reistar verði skorður við því frelsi sem ég tel eðlilegt að ríki þegar fjölmiðlun er annars vegar."

Þetta sagði hæstv. dómsmrh., þáverandi menntmrh., árið 1995. Síðan sagði hann, með leyfi forseta:

„Ríkisvaldið kemur að fjölmiðlun eins og þið vitið með rekstri Ríkisútvarpsins og einnig eru í gildi almennar reglur um starfsemi fjölmiðla sem tiltölulega góð sátt hefur ríkt um."

Ráðherrann tekur síðan fyrir hin þrjú markmið sem sett eru fram í tillögunni. Fyrsta markmiðið var að standa vörð um tjáningarfrelsið sem hornstein lýðræðis. Það telur ráðherrann óþarft markmið, að Alþingi hafi með breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins árið áður gert ráðstafanir til að standa vörð um tjáningarfrelsið. Það er best að ég lesi úr ræðu hans orðrétt, með leyfi forseta:

„Að því er varðar fyrsta liðinn tel ég, herra forseti, að Alþingi hafi með breytingum á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem var hér til umræðu á síðasta og næstsíðasta þingi gert ráðstafanir til þess að standa vörð um tjáningarfrelsið og viðurkennt að það sé hornsteinn lýðræðisins, að stjórnarskránni hafi þegar verið breytt með þeim hætti að vel sé að þessari varðstöðu hugað og að ekki þurfi að setja sérstaka nefnd til þess að fjalla um þetta mál."

Þetta sagði þáverandi menntmrh. Björn Bjarnason árið 1995, núverandi dómsmrh. Hann á við breytingar á stjórnarskránni, þarfar breytingar sem gerðar voru í fullkominni sátt allra þingflokka og þingmanna í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins Íslands árið 1994. Það er merkilegt að heyra frá þáv. menntmrh., núv. hæstv. dómsmrh., að hann taldi fyrir

níu árum að á Þingvöllum árið 1994 hefðu þingmenn, m.a. nokkrir þeirra hv. þingmanna sem hlýða á mál mitt, gengið svo frá að ekki þyrfti að gera frekari ráðstafanir til að standa vörð um tjáningarfrelsið. Þeir höfðu viðurkennt að það væri hornsteinn lýðveldisins og þeir höfðu breytt stjórnarskránni árið 1994 með þeim hætti að vel væri að þeirri varðstöðu hugað. Í ljósi þeirra tíma sem við nú lifum, þeirra vikna sem einkennast af hörðum átökum um þetta óþarfa og ómerka frv. sem hæstv. forsrh. hefur troðið inn í þingið og ætlar að troða því þar í gegn. Í raun dæmir hæstv. dómsmrh., þáverandi hæstv. menntmrh., þá leið sem ómögulega árið 1995 vegna þess að menn hafi staðið svo vel að stjórnarskránni árið 1994.

Þá tekur ráðherra fyrir annað markmiðið af þremur, þ.e. að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum. Um það segir ráðherra, með leyfi forseta:

„Með því að ætla sér að ríkisvaldið setji reglur um það hvernig unnt sé að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum held ég að við séum komin inn á svið sem eigi ekki að vera á valdi löggjafans eða stjórnvalda að setja reglur um. Auk þess er þróunin í þá átt, hvað sem líður ágætum vangaveltum í greinargerð með þessari tillögu annars vegar sem er rétt hjá tillögumönnum, að samruni á sér stað hjá mörgum stórum aðilum í fjölmiðlaheiminum en á sama tíma aukast möguleikar bæði einstaklinga og smærri fyrirtækja til þess að taka þátt í fjölmiðlun með þeim hætti sem aldrei hefur verið áður."

Menntmrh. segir 1995 að ekki þurfi að hafa áhyggjur af aðgangi almennings að upplýsingum gegnum fjölmiðla, annars vegar vegna þess að samruni eigi sér stað hjá mörgum stórum aðilum í fjölmiðlaheiminum. Það telst jákvætt hjá menntmrh. árið 1995. Síðan hefur hann þá trú, sem ýmsir höfðu þá og hafa enn, að möguleikar bæði einstaklinga og smærri fyrirtækja til að taka þátt í fjölmiðlun séu betri en nokkru sinni áður. Þá á ráðherrann einkum við þá þróun sem þá þegar var hafin í nettækninni, sem ráðherrann hefur reyndar sjálfur notfært sé betur en flestir aðrir stjórnmálamenn. Ráðherrann heldur áfram, með leyfi forseta, á þennan hátt:

„Einn maður á heimili sínu getur stundað fjölmiðlastarfsemi með því að hafa tölvu og síma að vopni sem aldrei hefur verið til áður í sögu mannkynsins. Upplýsingamiðlunin er orðin á þann veg að það er algerlega ógerlegt að ætla sér að setja um það opinberar reglur hvernig að slíku verði staðið og alls ekki unnt að beina athyglinni að einstaka fjölmiðlafyrirtækjum heldur verður að líta á tækniþróunina en hún hefur sem betur fer verið í þá átt að fjölbreytnin hefur aukist og kostir manna til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tæknivæddum þjóðfélögum og vel upplýstum þjóðfélögum eins og því íslenska eru miklu meiri en nokkru sinni áður í sögu okkar."

Þetta er merkileg lýsing og spásögn um leið. Ráðherra segir að upplýsingamiðlunin sé orðin slík á árinu 1995 að ógerlegt sé fyrir menn að setja um það opinberar reglur hvernig að þessu verði staðið. Hann telur, forseti, ekki unnt á árinu 1995 að almannavaldið, stjórnmálamenn m.a. í þessum sal, beini athyglinni að einstaka fjölmiðlafyrirtækjum. Hann telur að líta þurfi á tækniþróunina í heild sem hafi sem betur fer verið í þá átt að fjölbreytnin hafi aukist og menn hafi meiri tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í íslensku samfélagi og öðrum vestrænum löndum en áður í sögu mannkynsins.

Ég hygg, forseti, að þessi spásögn þáv. menntmrh. og núverandi hæstv. dómsmrh. hafi mótast nokkuð af bjartsýni sem ríkti á þeim tímum um framþróun netmiðla. Sú bjartsýni átti, hvað viðskiptaleg efni varðar, eftir að bíða nokkurn hnekki í því þegar bólan sprakk í netgeiranum, nokkrum árum eftir að þessi orð voru sögð. Þá skapaðist kreppa á því sviði sem við glímum enn við. Enginn efast þó um að til langframa eru netmiðlanir, eins og forseti veit, komnir til að vera eins og sagt er á nútímamáli. Þeir sennilega koma sjá og sigra með ýmsum hætti þótt ég efist um að þeir útrými öðrum fjölmiðlum. Það hefur ekki verið reyndin í sögu tækniþróunarinnar.

Sú von manna eins og hæstv. dómsmrh. Björns Bjarnasonar, fyrrverandi menntmrh., og manna eins og Þorgeirs Þorgeirsonar, sem nýlega er látinn en var eins og dómsmrh. fljótur að kynna sér þá möguleika sem netið og tölvutækni bauð fram, um að einstaklingar gætu stofnað fjölmiðla þvert á fyrirtæki í rekstri og náð með því áhrifum hefur heldur dofnað. Menn geta þó, ef þeir hafa skapað sér nafn og hafa aðstæður til, haft veruleg áhrif með því að reka með tiltölulega einföldum hætti vefsetur eða heimasíðu eins og það er oft kallað, frá heimili sínu. Menn þurfa ekki til þess mikinn tilkostnað þegar stofnkostnaður er frá dreginn. Besta dæmið um slíkan mann eru þessir tveir, annars vegar Björn Bjarnason sem heldur uppi ákveðnum pólitískum fjölmiðli og hins vegar Þorgeir, sem til dauðadags var með vefsetur þar sem hann birti eigin texta og hélt uppi umræðum um bókmenntir og samtímamálefni.

Þrátt fyrir að vonin kunni að hafa dofnað, útópían um að í fjölmiðlum hefði kapítalisminn engin áhrif lengur og upplýsingar manna í millum í heiminum mundu ekki kosta neina peninga og menn gætu haft þessi áhrif sem Björn Bjarnason nefnir, hefur tækniþróunin samt sem áður gefið mönnum færi á og reyndar neytt þá til að halda ákveðinni fjölbreytni í fjölmiðlun, umfram það sem áður var. Margvísleg tækni og miðlun nú á tímum er talin eiga verulegan þátt í falli ýmissa þeirra ríkja sem alla 20. öldina þrifust og voru alræðisríki. Ýmsir segja að það hafi ekki verið stjörnustríðsáætlun Bandaríkjaforsetans Reagans sem felldi veldi Sovétríkjanna heldur hafi það verið ljósritunarvélin eða faxtækið. Tækniþróunin mótar samtímann og hefur á hann veruleg áhrif, líka hvað upplýsingasamskipti og fjölmiðla varðar. Það er auðvitað ekki þar með sagt að tæknin nægi. Það verður að vera ákveðið skipulag og ákveðnar reglur, ákveðin opinber stefna á vegum almannavaldsins. Menn þurfa að skapa sátt um að ríkisvaldið eigi að sjá um tiltekna hluti fyrir hönd almennings. Það á að sjá til að ákveðin þjónusta sé við almenning á fjölmiðlasviði og sjá til þess að enginn einoki annan.

Það á að sjá til þess að fjölmiðlar í landi hverju, ekki síst í smáríki eins og við búum í og erum stolt af, sinni því hlutverki sínu að viðhalda menningu landsins. Fjölmiðlum ber að hjálpa landsmönnum við að þroska þá menningu áfram, bæði klassíska listmenningu, verkmenningu og ýmsar nýjar greinar. Almannavaldið ætti a.m.k. að sjá til þess að innlendir fjölmiðlar fari ekki halloka í samkeppni sinni við erlenda. Sú samkeppni hefur á Íslandi aukist mjög síðustu ár eins og ég hef áður rakið. Sú samkeppni er reyndar eitt af því sem gerir hið nýja fjölmiðlafrumvarp sérkennilegt, þessa opinberu stefnu varðandi fjölmiðlun, sem hæstv. forsrh. hefur mótað

og hæstv. dómsmrh., sem var menntmrh. árið 1995, hefur tekið eindregið undir. Það er auðvitað þess vegna sem ég vitna til orða hans í framhaldi af því að ég fann mig knúinn *til að leiðrétta missagnir um málatilbúnað* Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og Lilju Á. Guðmundsdóttur, þingmanna á þinginu 1995. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er enn á þingi.

Ég held áfram að vitna til orða þáverandi menntmrh., hæstv. dómsmrh., *í ræðu hans um þáltill. þeirra Lilju* Á. Guðmundsdóttur og hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, um mótun opinberrar stefnu í fjölmiðlun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að mínu mati er það einnig tímaskekkja að ætla að álykta um þetta efni sérstaklega og setja niður nefnd til þess að fjalla um þetta í ljósi þeirrar greinargerðar sem hér liggur fyrir. Þar eru setningar eins og þessi: „Opinber stefna í fjölmiðlun ætti að ná bæði yfir prent- og ljósvakamiðla." Ef þessi stefna ætti ekki að ná yfir annað en frétta- og ljósvakamiðla næði hún alls ekki yfir það sem menn eru að tala um núna þegar rætt er um fjölmiðlun og hvernig upplýsingum er komið á framfæri. Ég lít þannig á, herra forseti, að hér sé farið inn á brautir sem er, eins og ég hef rakið, óþarft að fara inn á og Alþingi þurfi ekki að setja niður nefnd og þurfi ekki að fjalla um þetta mál með þessum hætti þar sem þegar sé vel að því staðið."

Þetta segir þáverandi menntmrh. árið 1995, hæstv. núverandi dómsmrh. Björn Bjarnason. Hann taldi fráleitt að búa til stefnu sem ætti bæði við prent- og ljósvakamiðla í fyrsta lagi. Hann telur í öðru lagi að einhvers konar stefna sem nái yfir pappírsmiðla og ljósvakamiðla nái alls ekki yfir þá fjölmiðlun sem í landinu þrífist og sé því tilgangslaus. Hann telur í þriðja lagi fullkomlega óþarft að huga að því að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum árið 1995 og telur óþarft að Alþingi færi að setja niður nefnd og fjalla um þetta mál með þeim hætti sem tillagan gerði ráð fyrir. Það er merkilegt í því ljósi að nú, níu árum síðar, hefur ekki aðeins þáverandi menntmh. breyst í núverandi hæstv. dómsmrh. heldur hefur þáverandi menntmrh. tekið upp, sem núverandi hæstv. dómsmrh., andstæða skoðun við hina fyrri. Í fyrsta lagi telur hann þurfa ákveðna stefnu um eignarhald á bæði prent- og ljósvakamiðlum en slíka stefnu þurfi ekki um eignarhald á annarri fjölmiðlun í landinu. Í öðru lagi telur hann að stefnan gagnvart prent- og ljósvakamiðlum þurfi ekki að ná yfir netmiðlun eða aðrar greinar fjölmiðlunar, sem hann þó tók skýrt fram að væri fáránlegt árið 1995. Í þriðja lagi taldi hann árið 1995 fáránlegt eða óþarft að Alþingi setti niður nefnd og fjallaði um það að tryggja almenningi aðgang að alhliða málefnalegum og faglegum upplýsingum en telur nú ekki bara rétt heldur aðdáunarvert að þáverandi menntmrh. Tómas Ingi Olrich skyldi setja slíka nefnd. Hann telur núna nauðsynlegt að þingið fjalli um þessi mál, ekki með þeim kurteislega rannsóknarhætti sem áðurnefnd tillaga gerði ráð fyrir heldur með því að setja á á skömmum tíma lög um viðkvæm efni, raska rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækis í landinu, níðast á starfsfólki þess fyrirtækis, setja framtíð innlendrar dagskrárgerðar í ljósvakanum í hættu, stefna íslenskri menningu að þessu leyti út á kaldan klaka og láta sér standa á sama um framtíð íslenskrar tungu í útvarpsmiðlun.

Þetta er auðvitað undarlegt. Betur væri að hæstv. dómsmrh. væri á staðnum til að hlýða á eigin orð frá 1995 og svara því, forseti, hvernig stendur á þessari stefnubreytingu. (**Gripið fram í:** Hann er flúinn af hólmi.) Ég hygg að ekki sé hægt að kalla á hann og þar hafi forseti nokkra afsökun. Hæstv. dómsmrh. mun vera í útlöndum í embættiserindum, sjálfsagt með einhverja ermahnappa á ferð af sama tagi og hann afhenti um daginn kollega sínum í Bandaríkjunum Ashcroft. Hann hitti því miður ekki Rumsfeld þann sem hann vill helst líkjast eins og Sturla Snorrafaðir Þórðarson Óðni forðum daga.

Þetta voru skoðanir Björns Bjarnasonar árið 1995 um opinbera stefnu í fjölmiðlun. Þá bætti Björn Bjarnason við ræðu sína eftirfarandi, sem er ekki ógáfulega sagt, með leyfi forseta:

„Hvað er virk fjölmiðlastefna? Ef opinberir aðilar eiga að fylgja slíkri stefnu hvar eru mörkin á milli virkrar fjölmiðlastefnu og ritskoðunar eða annarra hamla sem menn setja á þá sem stunda fjölmiðlun? Við settum á sl. vetri lög um Kvikmyndaeftirlit ríkisins í því skyni að herða ákvæði í lögum varðandi ofbeldiskvikmyndir og annað slíkt og við höfum farið inn á þau svið. Við höfum takmarkað tjáningarfrelsið að því er varðar auglýsingar á tóbaki og áfengi og við höfum gert ýmsar ráðstafanir til þess að takmarka tjáningarfrelsið en ég vara við því að menn fari að móta eitthvað sem kallað er virk fjölmiðlastefna án þess að þeir geri sér glögga grein fyrir því áður en út á þær brautir er farið hvað í slíku hugtaki felst."

Þannig kemst Björn Bjarnason að orði árið 1995, núv. hæstv. dómsmrh., núv. stuðningsmaður frv. um að kippa fótunum undan einu fjölmiðlafyrirtæki, þáverandi menntmrn. sem er víðsýnn og glöggur. Ég vek athygli á því að þetta er sami maðurinn, þá menntmrh., sem talar og hér hélt fyrir nokkrum dögum mikla ræðu til varnar því frv. sem hér hefur verið til umræðu og gengur út á að skerða tjáningarfrelsi, takmarka prentfrelsi og kippa fótunum undan einu tilteknu fyrirtæki hér á landi með ófyrirséðum afleiðingum fyrir fjölmiðlun á Íslandi. Menn sjá ekki fyrir áhrifin á lýðræðissamfélagið og íslenska menningu og tungu án þess — svo ég vitni aftur, að gefnu tilefni í þáverandi menntmrh. Björn Bjarnason og núv. hæstv. dómsmrh. — án þess að menn geri sér glögga grein fyrir því áður en út á þær brautir er farið hvað í slíku felst.

Ég hygg, forseti, að gagnlegt og þarft væri fyrir menn að finna sér þessa umræðu á þinginu árið 1995. Þótt ég hafi í þessari stuttu ræðu ekki einungis leiðrétt rangfærslur, misskilning skulum við kalla sumt af því og annað rangfærslur, sem beinst hafa að hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur í fjarveru hennar. Samhliða hef ég sýnt fram á að hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason skuldar þingi og þjóð skýringar á þeim skoðanaskiptum sem orðið hafa síðan hann stóð í þessari umræðu árið 1995, að ekki sé minnst á ýmsar aðrar tilvitnanir í mál hans á þeim árum sem á undan fóru og eftir komu. Ég ætla hins vegar að láta því lokið.

Næst ætla ég að taka fyrir, eins og ég gat um í upphafi ræðunnar, mál sem er ekki í beinu framhaldi af þessu. Mér þótti hins vegar þörf á að koma því að áður en 3. umr. lyki í þinghúsinu um frv. forsrh. til að sparka í Jón Ásgeir Jóhannesson, óvin hans, og eyðileggja í leiðinni Norðurljós, steypa undan starfsfólki á þeim vinnustað og fjölmörgum öðrum. Þar skal vanvirða íslenska menningu, innlenda dagskrárgerð, fjölmiðlun sem atvinnugrein og framtíð íslenskrar tungu í ljósvakamiðlunum. Ég ætla að fjalla í nokkrum orðum um afstöðu Skjás 1 í þessum efnum. Framkvæmdastjóri Skjás 1 sem er ungur maður, Magnús Ragnarsson, hefur

haft sig nokkuð í frammi í umræðum síðustu vikna um málefni fjölmiðlunar á Íslandi og frv. sem ég hef áður nefnt nokkrum sinnum og er til umræðu. Ég hef tvenns konar gögn um orð Magnúsar. Annars vegar hef ég umsögn Íslenska sjónvarpsfélagsins, rekstrarfélag Skjás 1, um frv. sem um ræðir. Hins vegar hef ég viðtal við Magnús í Morgunblaðinu. Ég hygg að það sé einfaldara, kannski vegna fagmennsku blaðamanna á Morgunblaðinu, að lesa viðtalið við Magnús í Morgunblaðinu. Með leyfi forseta:

„Hann segir að Skjár 1 mundi ekki lifa lengi við núverandi markaðsumhverfi og ákveðin hætta sé á að vandi skapist þegar fyrirtæki á borð við Baug geti bæði stjórnað hilluplássinu og markaðsaðgerðum heildsala.“ — Svo segir Magnús Ragnarsson í inngangi að viðtalinu. Ég ætla að lesa viðtalið og fjalla um það í nokkrum orðum. Ég hef ekki komist til þess í fyrri ræðum mínum nema í aukasetningum og útúrdúrum. Viðtalið birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 14. maí þessa árs og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri Skjás 1, segir að þær raddir hafi heyrst frá Norðurljósum að þær breytingar sem gerðar voru á fjölmiðlafrumvarpinu svokallaða hafi verið sérsniðnar fyrir Skjá 1. Hann vísar því algjörlega á bug.“

Hér verð ég að skjóta inn í að um er að ræða þriðju gerð frv., aðrar breytingar á því, þá gerð sem í ljós kom á milli 1. og 2. umr. áður en þær tillögur sem við lítum nú á sem lokatillögur komu fram. Enn er þó hugsanlega von á nýjum tillögum í þeirri viðleitni höfunda frv. að reyna að samrýma frv. stjórnarskránni. Hins vegar hefur verið á það bent aftur og aftur, í margs konar umsögnum, blaðagreinum og orðræðu í nefndum þingsins, að ekki sé minnst á ræður þær sem fluttar hafa verið í þessum stól, að frv. kunni í mörgum atriðum að rekast á við stjórnarskrá lýðveldisins. Enn kann að vera von á því að flutningsmaður frv. og höfundur þess reyni að gera breytingar til að sneiða hjá því á sama hátt og fyrir 3. umr. var gerð breyting sem margir hyggja að sneiði hjá stjórnarskránni að því er varðar hina tæknilegu afturvirkni sem áður var sannarlega fyrir hendi í frumvarpsgerðunum, þ.e. í frumvarpsgerð eitt, tvö og þrjú. Ég held áfram í þessu fréttaviðtali við Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóra Skjás 1 úr Morgunblaðinu 14. maí fyrir nokkrum dögum á þessu ári 2004, með leyfi forseta:

„Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á frumvarpinu er að gert er ráð fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki á öðru sviði en fjölmiðlun, megi eiga allt að 5% hlut í ljósvakamiðli og er markaðsráðandi fyrirtæki skilgreint sem fyrirtæki eða samsteypa sem veltir yfir 2 milljörðum króna á ári.

Íslandsbanki á tæplega 5% hlut í Skjá 1. „Það mundi ekki breyta neinu, hvorki fyrir félagið né Íslandsbanka þó að hann losaði sig út, því að hann er ekki viðskiptabanki félagsins og það er út af eldgömlum málum sem hann er hér inni,“ segir Magnús.

Hann segir að eins hafi Norðurljósamenn talið að tveggja milljarða reglan væri sérsniðin fyrir Skjá 1 vegna IKEA. Norðurljós hafi haft upplýsingar um að velta IKEA væri um 1.840 millj. kr. Magnús segir að sú tala sé tveggja ára gömul. „Staðan er sú að velta IKEA á síðasta ári er yfir 2 milljörðum þannig að ef þetta var sérsniðið þá heppnaðist það voðalega illa. Þannig að þetta er úr lausu lofti gripið.“

Af þessu mætti ætla að Skjár 1 væri kominn undir hina nýju gerð frv., sem þá var, og yrði þá að sæta þeim sömu reglum og Stöð 2 þar sem velta IKEA er yfir 2 milljörðum kr. á síðasta ári þótt fyrirtækið hafi verið undir þeirri upphæð á þarsíðasta ári. En við erum líka upplýst um það í fréttaviðtali Morgunblaðsins að svo er ekki. Skjár 1 sleppur undan þessum lögum. Með leyfi forseta heldur greinin svo áfram:

„Ekki sé heldur víst að þetta ákvæði hefði áhrif á starf Skjás 1. „Það er ekki IKEA sem á í Skjá 1 heldur fjárfestingarfélag þar sem Pálmasynir eru hluthafar.““

Þannig kynni Skjár 1 að sleppa við hinn mikla refsivönd sem reiddur er yfir Stöð 2 þar sem það er ekki sjálft fyrirtækið IKEA sem á í Skjá 1 heldur fjárfestingarfélag þar sem Pálmasynir, það munu vera synir Pálma í Hagkaup sem kallaður var, merkilegur kaupsýslumaður á öldinni sem leið, eru hluthafar. Ég kann ekki lögfræði til að geta skorið úr um hvort þetta er rétt hjá Magnúsi Ragnarssyni. Það eru ákvæði um það í núverandi gerð frv. um fyrirtækjatengsl sem mér sýnist í fljótu bragði að ættu að eiga við um Pálmasyni og hið ágæta fyrirtæki IKEA. En hér kann Magnús að hafa réttara fyrir sér.

Það hefur nokkuð verið rætt um það í þessu samhengi hvort IKEA sé markaðsráðandi fyrirtæki. Magnús hefur einmitt nefnt að í húsgagnaiðnaði á Íslandi sé velta — nú fer ég kannski rangt með af því að ég er ekki talnaglöggur — um 12 milljarða kr. Ég veit ekki hvað Samkeppnisstofnun telur í því efni en ég mundi, af tilfinningunni og reynslu sem fjölskyldufaðir og íbúðareigandi í Reykjavík, telja að IKEA sé ef ekki markaðsráðandi þá allt að því í ákveðinni gerð í húsgagnaiðnaði.

Það er reyndar merkilegt að skoða fyrirtækið IKEA. Ef það er markaðsráðandi þá fer það ákaflega vel með það og misnotar, hygg ég, ekki ráðandi stöðu á sínu sviði. Ég held raunar að fyrirtækið IKEA, sem ég kynntist fyrst í Noregi að mig minnir og hefur nú lagt undir sig heiminn, sé með betri fyrirtækjum. Það þjónar viðskiptavinum sínum ákaflega vel og hefur með hugkvæmni og tæknilegum fullkomleik breytt daglegu lífi fólks á Vesturlöndum, losað menn undan miklum fjárfestingum í húsgögnum og tekist að byggja upp vöru sem er ákaflega væn fyrir lágstéttir og millistéttir og hjálpað ungu fólki til að byggja heimili sín smám saman en þó með þeim hætti að vel verði við unað. Þetta var hrósið um fyrirtækið IKEA og ég vona að því farnist vel á sínu sviði. Ég tel ekki síður að það eigi að geta leyft sér að setja fé í fjölmiðla. Ég tel reyndar, forseti, að það eigi ekki að skipta máli hvort IKEA hefur 1.840 millj. kr. veltu eða veltu yfir 2 milljarða. Ef fyrirtækið IKEA, þ.e. þau íslenska fyrirtæki sem því nafni gegnir, vill setja fé í fjölmiðla þá tel ég að því eigi að vera það heimilt. Ef menn telja að hagnaði þeirra sé vel varið í fjölmiðlum þá eigum við að taka því fegins hendi. Auðvitað eiga að vera til reglur um að IKEA geti ekki þar með knúið fjölmiðla sem það á í til að fjalla eingöngu jákvætt um fyrirtækið og framleiðslu þess.

Samkeppnisstofnun ætti að hafa reglur og hafa heimild til að grípa inn í ef svo færi að IKEA yrði bert að ruðningi við auglýsingar í þeim fjölmiðlum sem það á hlut í. Ég sé raunar ekkert að því að IKEA eigi í fjölmiðlum, hvort sem það heitir Skjár 1, Stöð 2, Fréttablaðið eða hvar í veröldinni það fjárfestir. Ég tel hins vegar að því kynnu að fylgja ákveðnar hættur ef IKEA reyndi að þrengja að samkeppnisaðilum og keppinautum sínum. — Ég biðst afsökunar á því á því, forseti, að hafa notað þetta orð „samkeppnisaðili“. Það er smitandi að nota þetta skrýtna orð en við erum nokkrir sem reynum að nota gamla íslenska orðið „keppinautur“ um þetta og ef IKEA reyndi að þjarma að keppinautum sínum með

eign sinni í fjölmiðlum ættu að vera til almennar reglur sem hindruðu fyrirtækið í því.

Í þessu samhengi má einnig benda á að IKEA gæti þjarmað að keppinautum sínum með öðrum hætti en þeim að eiga í fjölmiðlum þar sem fyrirtækið auglýsir. IKEA gæti freistast til þess, í krafti stöðu sinnar, að reyna að hafa áhrif á fjölmiðla með því að skammta þeim auglýsingar. IKEA gæti neitað að auglýsa í fjölmiðli sem fjallaði á neikvæðan hátt um framleiðslu IKEA, sem hefði uppi aðhald að þessari verslun eða þessum geira og hefði athugasemdir við þjónustu IKEA eða talaði illa um vöru sem þar er til sölu. Fjölmiðillinn gæti með einhverjum hætti staðið gegn IKEA á annan hátt, sem ég tel að væri reyndar fráleitt og lýsti ákaflega sérkennilegum bakgrunni þess fjölmiðils sem hann hefði þó fullan rétt til. IKEA gæti brugðist við í þeirri stöðu með því að neita þeim fjölmiðlum um auglýsingar. Væri sá fjölmiðill viðkvæmur á slíkum markaði, segjum t.d. að hér væri um að ræða tímarit sem sérhæfði sig í húsgögnum, sem sum tímarit gera. Til er tímaritið Hús og híbýli, forseti, svo dæmi sé nefnt um tímarit af því tagi á Íslandi. Tímaritið gæti þá lent í vandræðum, ekki af því að húsgagnaverslunin hefði ítök í fyrirtækinu gegnum hlutabréf eða stjórnarmenn fyrirtækisins á sínum snærum heldur vandræðum af allt öðru tagi. Það eru vandræði sem einnig þarf að setja um reglur en núverandi frv. forsrh. tekur ekki á nokkurn hátt tillit til slíkra vandræða. Stjórnarsinnar á þinginu og á opinberum vettvangi hafa ekki hirt um að ræða það með nokkrum hætti þótt þeir séu þráspurðir. Hvernig á að koma í veg fyrir að stór og mikill auglýsandi reyni að hafa áhrif á umfjöllun um sjálfan sig eða á almenna umfjöllun, jafnvel pólitíska umfjöllun, með því að beita því afli sem felst í ákvörðun hans um að auglýsa eða auglýsa ekki í tilteknum fjölmiðum.

Ég var í miðju fréttaviðtali Morgunblaðsins við Magnús Ragnarsson á Skjá 1 og held áfram, með leyfi forseta, þar sem frá var horfið:

„Magnús hefur komið á fund allsherjarnefndar og menntamálanefndar til að ræða um frumvarpið og segir að hann hafi ekki gert athugasemdir við ákveðin atriði frumvarpsins, hvorki í upphafi né við breytingartillögurnar. „Það er verk stjórnmálamanna að leysa þessi frumvarpsmál, síðan þurfum við bara væntanlega að laga okkur að löggjöfinni.““

Ég get staðfest að Magnús Ragnarsson gerði á fundi sínum með menntmn. engar athugasemdir við frv., hvorki til eins vegar né annars. Raunar var áhyggjuefni Magnúsar ekki í tengslum við frumvarpsákvæðin. Hann ræddi þau ekki sem einnig má sjá í framhaldi fréttaviðtalsins í Morgunblaðinu. Ég held þá áfram að kynna þingheimi efnis þess viðtals, með leyfi forseta:

„Hann hafi fyrst og fremst tjáð sig um það samkeppnisumhverfi sem Skjár 1 búi við. „Það er ekki heppileg staða á markaði sem er drifinn af auglýsingum, að fyrirtæki á borð við Baug hafi svona mikil völd og áhrif í auglýsingasölu,“ segir Magnús. Aðspurður segir hann að Skjá 1 hafi ekki gengið erfiðlega að fá auglýsingar frá fyrirtækjum Baugs. „Nei, ég ætla ekki að kvarta. Í fyrsta lagi er eignarhaldið á Norðurljósum mjög nýlega breytt og flestir birtingarsamningar á auglýsingum eru mjög langir, oft til sex eða tólf mánaða, þannig að við myndum aldrei verða varir við þær breytingar fyrr en síðar á árinu og ég vona að svo verði ekki.“

Hann segir að ákveðinn vandi gæti komið fram vegna stærðar Baugs á matvörumarkaði og aðkomu að fjölmiðlum. Fyrirtæki á borð við Baug gæti bæði stjórnað hilluplássinu og markaðsaðgerðum heildsala og innflytjenda sem fara fram á hillupláss í verslunum fyrirtækisins. Þannig gæti Baugur boðið heildsölum hillupláss í verslunum sínum og í gegnum Norðurljós sé hægt að bjóða heildarlausn á því hvernig eigi að markaðssetja vöruna.

„Ég get ekki talað um að auglýsingar frá Baugstengdum aðilum séu að breytast hjá mér. Það sem ég mundi hafa meiri áhyggjur af er að einstakir heildsalar, sem eru kannski að auglýsa tómatsósu, séu að gera það á einhverjum annarlegum forsendum. Ég er ekki að segja að þetta sé svona vegna þeirrar stöðu sem er uppi í dag, en hún býður upp á þennan vanda.““

Mér virðist að hér grípi Magnús á ákveðnu vandamáli þótt nokkuð torvelt sé að gera sér nákvæmlega grein fyrir því. Það kann að vera vegna þess að Magnús hafi ekki greint það sjálfur eða vegna þess að hann treysti sér ekki til að setja það fullkomlega fram, ég veit það ekki. Hann talar um það vandamál við eignarhald óskylds aðila að það kunni að hafa áhrif á auglýsingasamninga, bæði hans og annarra aðila. Það getur vel verið vandamál.

Nú skulum við taka Baug út úr þessu vegna þess að ég veit ekkert um það og kæri mig ekki um að vera með ásakanir á hendur Baugi, hvað sem Magnús er að hugsa. En þannig gæti fyrirtækið X sem bæði á matvöruverslanir og fjölmiðil boðið tómatsósuheildsala annars vegar að stilla hans vörum vel upp í verslunum, sem ég veit að skiptir verulegu máli fyrir heildsalana hvort sem það er í tómatsósu eða fagurbókmenntum, en hins vegar sé það háð því að sami heildsali auglýsi vöru sína í fjölmiðlum fyrirtækisins X. Þetta er auðvitað ekki skemmtilegt mál. Ég tek undir með þeim sem telja heppilegasta ástandið það að fjölmiðlafyrirtækið sé sem óháðast öðrum hagsmunum í viðskiptum. Reyndar vil ég líka að þau séu sem óháðust pólitískum hagsmunum og hópum eins og unnt er. En við eigum við þetta vandamál að stríða og það hverfur ekki, hvað sem Baugi líður og hlutdeild þeirra í einstökum fjölmiðlum.

En þá er spurningin: Á að taka á þessum vanda með því að ná í rörtöngina og loftpressuna og brjóta niður húsið, eins og lagt er til í frv. hæstv. forsrh.? Ég tel að þar sé ekki gætt meðalhófsreglu og það sé klunnaleg og þunglamaleg aðferð. Mig minnir að Þorbjörn Broddason hafi orðað það svo í ágætri umsögn sinni að uppskurðurinn gæti vissulega heppnast en sjúklingurinn léti örugglega lífið. Hér er um það að ræða að við þurfum að hafa virkara eftirlit með þessum hlutum á markaði.

Við þurfum að efla eftirlitsstofnanir tvær sem gætu komið að málum af þessu tagi. Annars vegar er þar um að ræða, forseti, Samkeppnisstofnun, sem Sjálfstfl. hefur reyndar tekið ákaflega fálega. Samkeppnisstofnun hefur mætt beinni andstöðu hluta Sjálfstfl. Meira að segja á þinginu eru menn sem hafa látið hafa eftir sér í virtum ritum, m.a. Lagakrókum sem gefnir eru út af laganemum í háskólanum, að þeir séu á móti Samkeppnisstofnun og telji hennar ekki þörf. Það er sorglegt. Samkeppnisstofnun er boðið það umhverfi og þau starfsskilyrði að það tók hana sjö ár að fjalla um brýnan vanda á tryggingamarkaði, vanda sem eftir þessi sjö ár var í raun úreltur. Stofnunin getur ekki leyst þau mál sem til hennar er beint. Mér er kunnugt um endurtekinn málatilbúnað Neytendasamtakanna sem reyna að bregðast við kvörtunum félagsmanna sinna, bregðast við ástandi sem upp kemur á hverjum tíma með því að brýna Samkeppnisstofnun til verka. Samkeppnisstofnun getur það yfirleitt ekki þótt hún sé til

þess fús. Hún hefur ekki mannskap eða fjármagn til að sinna þeim verkefnum, hún er svelt af fjármagni og býr ekki við jákvætt starfsumhverfi af hálfu stjórnvalda. Þar er þó meira við Sjálfstfl. að sakast en formlegan yfirmann hennar, hæstv. iðnrh. og viðskrh. Hún getur því ekki tekið slík verkefni að sér.

Það kemur í ljós þegar umkvartanir Magnúsar og yfirlit hans yfir stöðuna er skoðað, vegna þess að ég tek mark á framkvæmdastjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins, að Samkeppnisstofnun bregst í samkeppnismálum fjölmiðlanna á milli. Hún virðist ekki hafa bolmagn til að hafa neitt eftirlit með auglýsingamarkaði þar sem viðgangast margir skrýtnir hlutir. Hún hefur ekki haft neina burði til að grípa inn í það með aðgerðum. Sé það rétt sem Magnús segir ætti það að ganga þannig fyrir sig í alvörusamfélagi að Samkeppnisstofnun berist kvartanir um þetta, m.a. frá fjölmiðli eins og Skjá 1. Samkeppnisstofnun mundi síðan benda fyrirtæki X eða Baugi á að slíkt gangi ekki, að verið sé að brjóta samkeppnislög með þeim afleiðingum að það komi niður á samkeppnisstöðu minni fjölmiðla gagnvart hinum stærri. Magnús lýsti því í löngu máli fyrir okkur á fundi menntmn. hversu háttar um samskipti Baugs við Ríkisútvarpið sjálft, sem er stóri bróðirinn á auglýsingamarkaði ljósvakamiðlanna og hafði ófagra sögu að segja.

Hin eftirlitsstofnunin sem ætti að koma við sögu er útvarpsréttarnefnd. Lagt er til að henni verði breytt í frv. hæstv. forsrh. Þar eru þó ekki lagðar til neinar breytingar á lögum um starfssvið nefndarinnar eða heimildir hennar, enda er ekki víst að það þurfi til að útvarpsréttarnefnd geti skilvíslega gegnt hlutverki sínu. Í frv. forsrh. eru hins vegar lagðar til mannabreytingar með þeim hætti að ólíklegt er að útvarpsréttarnefnd, verði þetta frv. að lögum, líti á það sem hlutverk sitt að sinna þeim skyldum sem upp eru taldar í lagabókstafnum sem mynda ramma um starfsemi hennar.

Útvarpsréttarnefnd hefur frá því hún komst á legg, við afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga, haft þá stefnu að gera ekki neitt og skipta sér ekki af nema brýn vandræði séu upp komin. Það er ekki hægt að finna í plöggum útvarpsréttarnefndar eða fréttum af starfsemi hennar neina samræmda línu sem fjölmiðlar geta starfað eftir eða auglýsendur geta miðað sig við. Það er óvíst að útvarpsréttarnefnd mundi sinna kvörtun frá Magnúsi Ragnarssyni á Skjá 1 um þessi mál. Enginn veit hversu með það er farið. Þá vakna spurningar um hvort þar sé unnið eftir geðþótta. Eðlilegt er að spyrja hvort það hafi áhrif að formaður útvarpsréttarnefndar, helsti ráðamaður þar um árin, er ekki bara framkvæmdastjóri Sjálfstfl., forustumaður stjórnmálaafls, heldur einnig víðkunnur viðskiptajöfur í innflutningi og á fasteignamarkaði. Hann er að auki bankaráðsmaður í Landsbankanum, bæði fyrir einkavæðingu, þá á vegum Sjálfstfl. sem áður var nefndur, og eftir einkavæðingu af einhverjum ástæðum. Ég þekki þennan mann frá fornu fari og tel ekki ástæðu til að ætla fyrir fram að hann hafi óhreint mjöl pokahorninu, umfram það ástand sem hlotist hefur af flokksræði og samþjöppun í fyrirtækjarekstri á allri 20. öldinni í tveimur samsteypum eða fjárfestingarbandalögum. En það er eðlilegt að svona sé spurt.

Ég ætla að halda áfram að rekja fyrir þingheimi fréttaviðtalið við Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóra Skjás 1. Það er fróðlegt, sérstaklega þegar reynt er að skoða, eins og ég hef verið að gera, hvaða ráð eru tiltæk til að sinna kvörtunum Magnúsar og bæta ástandið sem hann lýsir þar. Í viðtalinu við Morgunblaðið segir, með leyfi forseta:

„Magnús hefur sagt í fjölmiðlum að við óbreytt markaðsumhverfi geti Skjár 1 ekki starfað lengur en í átján mánuði. „Þetta er ekki vísindalega útreiknað. Ég er bara að segja að í þessu samkeppnisumhverfi í dag geti lítill aðili eins og Skjár 1 ekki lifað samhliða svona aðila til lengri tíma. Átján mánuðir er bara gripið úr lausu lofti. Þeir segjast sjálfir, þ.e. Norðurljós, ætla að segja upp öllu sínu fólki um mánaðamótin. Þannig að þeir eru væntanlega að gefa til kynna að þeir geti ekki lifað lengur en í sex mánuði," segir hann.

Magnús segir ástæðuna vera tvíþætta. „Við þrífumst í fyrsta lagi eingöngu á auglýsingatekjum og það er vandi á því hvernig þær muni dreifast í framtíðinni. Hins vegar virðast Norðurljós núna hafa ótakmarkaðan aðgang að fjármagni til að keyra upp innkaupaverð á erlendu efni og eins til þess að bjóða í starfsmenn okkar. Það er rekstrarumhverfi sem við getum ekki keppt við."

Þetta umkvörtunarefni Magnúsar er kannski ekki ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að eigi er heimilt að lesa upp prentað mál nema með leyfi forseta.)

Ég biðst afsökunar hafi ég gleymt að biðja þess leyfis. Ég hygg að ég hafi gert það nokkuð reglulega í ræðu minni og skal reyna að bæta ráð mitt hér eftir.

Þetta umkvörtunarefni Magnúsar virðist nokkuð alvarlegt fyrir fyrirtækið sem hann rekur. Það er þó kannski ekki þess eðlis að flytja þurfi slíkt frv. um takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla og takmarkanir á starfsemi fjölmiðla sem hæstv. forsrh. hefur nú gert og frægt er orðið. Hér virðist fyrst og fremst um það að ræða að Skjá 1, sem þriðja stærsta eða í raun minnsta ljósvakasjónvarpsmiðlinum af þremur á Íslandi, gangi ekki nógu vel í samkeppni við hina stærri. Stöð 2 er nokkuð öflugt fyrirtæki sem býr að einhverju leyti við fjármagn sem nú til dags er kallað þolinmótt. Stöð 2 virðist hafa aðgang að meira fjármagni þrátt fyrir fyrir allar sínar skuldir en þann aðgang hafi Skjár 1 hins vegar ekki og þurfi eingöngu að treysta á auglýsingafé sitt.

Ég veit ekki hvernig á að leysa úr vandræðum Skjás 1. Ég tel að Skjár 1 sé að mörgu leyti mjög þörf sjónvarpsstöð og vona að hún geti haldið áfram að lifa og þrífast. Ég tel hins vegar að hún og forsvarsmenn hennar geti ekki, vegna vandræða sinna í samkeppninni sem eru vonandi tímabundin, kallað til ráðherra eða almannavald til að biðja þá um að sparka í annan af tveimur keppinautum. Hinn er í raun látinn eiga sig og ég sé ekki að Magnús sé í raun, með þessum orðum, að gera neitt annað en það sem bændur á Íslandi hafa lengi stundað og eru sérfræðingar í, hvaða búum sem þeir stjórna, að berja lóminn.

Ég held áfram, virðulegi forseti, að lesa úr fréttaviðtali Morgunblaðsins 14. maí þessa árs við Magnús Ragnarsson framkvæmdastjóra Skjás 1, með leyfi forseta:

„Inntur eftir því hvort 5% reglan gæti ekki gert nýjum fjölmiðlafyrirtækjum erfitt að starfa, þar sem fjársterkir aðilar þurfi að koma inn með fjármagn í upphafi, og einhvers staðar frá verði það að koma, segir Magnús að það þrengi vissulega að. „En sem betur fer er útlit fyrir að innkoma í sjónvarpi verði mikið auðveldari. Þegar stafrænt sjónvarp verður komið og sjónvarpsstöðvarnar þurfa ekki að fjárfesta lengur í eigin dreifikerfi og slíku, þá ætti innkoman að vera miklu auðveldari á markaðinn," segir hann."

Hér kemur Magnús í að merkilegu máli sem hægt væri að reifa nokkuð lengi, þ.e. tæknibreytingar sem fram undan

eru á sjónvarpsvettvangi. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson flutti um þær ágæta ræðu í umræðunni um skýrslu fjölmiðlanefndar. Ég verð að segja að þar var eitt skásta framlag sjálfstæðismanns til umræðunnar sem hér hefur staðið um fjölmiðla. Það er bót í máli fyrir Skjá 1, í þeirri stöðu sem hann er, að þegar við lítum dagsbrún breytinga sem fylgja stafrænni tækni sem fram undan virðist á Íslandi gæti einmitt minnsti bróðirinn af þessum þremur, þ.e. Skjár 1, fengið nokkurt forskot með því að hafa ekki til muna fjárfest í dreifibúnaði, sem hefur reynst Stöð 2 allþungur baggi. Við á Alþingi, einkum þeir sem lengur hafa setið, vitum hvað dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur kostað almannasjóði. Ef stofnað yrði stafrænt fyrirtæki allra ljósvakamiðlanna ætti Skjár 1 besta aðkomu að því þar sem Skjár 1 þarf ekki á neinu öðru að halda eftir að stafræna kerfið er komið. En við vitum það líka, það er eins og hlutirnir gerast í samkeppni á markaði, að Stöð 2 hefur ygglt sig nokkuð við þeirri hugmynd að til verði eitt fyrirtæki um hina stafrænu tækni. Það er kannski vegna þess að Stöð 2 vill ekki taka þátt í að gefa Skjá 1 þetta forskot. Í raun er ekki mikið við því að segja þótt ég voni að hæstv. samgrh. Sturla Böðvarssyni, eða þeim sem því starfi gegnir í framtíðinni, verði að þeirri ósk sinni að íslensku ljósvakafyrirtækin geti sem allra best sameinast um að stíga inn í þessa nýju tækni og aðra tækni sem fram undan er. Suma hluti hluti eigum við Íslendingar að gera sameiginlega, með fullri virðingu fyrir hinni nauðsynlegu samkeppni sem þarf að ríkja okkar á milli í nútímaviðskiptaumhverfi.

Ég ætla svo að lesa lok þessa fréttaviðtals sem ég vil ekki að verði út undan þótt það sé ekki jafnmerkilegt fyrir umræðuna á sama hátt og aðrir hlutar hennar. Ég tek því, með leyfi forseta, til við niðurlag fréttaviðtalsins við Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóra Skjás 1 frá því á föstudaginn 14. maí 2004:

„Magnús segir að alls eigi 42 hluthafahópar í Skjá 1. Þar eru tveir hópar stærstir og ráða þeir um $^2/_3$ af félaginu í sameiningu. Annar hópurinn er tengdur sonum Pálma Jónssonar og eru Gunnar Jóhann Birgisson, Hjörtur Nielsen og Kristinn Þór Geirsson í forsvari fyrir hinn hópinn. Þá á fjöldi smærri hluthafa í fyrirtækinu. Menn eiga allt niður í 0,01% hlut, en á síðustu fimm árum hefur hlutafé tvisvar sinnum verið fært niður."

Það er merkilegt við þessa klausu að ýmsir þeir sem þarna eru nefndir eru vel þekktir. Þar á meðal er Hjörtur Nielsen. Það nafn er merkilegt fyrir okkur vegna þess að Hjörtur Nielsen var einn af þeim sem stóðu að baki DV áður en Frétt tók við því blaði, sem þá var nær að fótum fallið. Þátttaka Hjartar Nielsens í fjölmiðlafyrirtækjum hefur beinst bæði að ljósvakafyrirtækjum og prentmiðlum, að dagblaði og sjónvarpsstöð. En nú er Hirti Nielsen settur stóllinn fyrir dyrnar með þvílíkan bisness. Eitt af því allra heimskulegasta í frv. hæstv. forsrh. um að skerða tjáningarfrelsi á Íslandi með takmörkunum á eignarhaldi á fjölmiðlum, fyrir utan árás á starfsfólk fjölmiðla, íslenska tungu og innlenda dagskrárgerð, er að þar er fyrirtæki bannað, þar með kaupsýslumönnum einstökum, að eiga bæði í ljósvakamiðlum og prentmiðlum. Þetta er eitt af því sem ekki hefur verið reynt að færa nokkur rök fyrir í máli höfundar þessa frv. og meðhöfunda hans í síðari þremur gerðum frv. En stuðningsmenn frv., þeir sárafáu þingmenn Sjálfstfl. — hv. þingmenn Framsfl. hafa forðast að færa nokkur rök fyrir hinum nauðbeygða stuðningi sínum við þetta frv. — hafa ekki hirt um að færa nokkur rök fyrir hvers vegna eigi að banna ljósvakaeign og prenteign sama fyrirtækis eða sama eiganda.

Í raun eru þetta fornfálegar reglur, gamlar þar sem þær eru hafðar í útlöndum og einkum svæðisbundnar, t.d. í Bandaríkjunum. Ég hygg að aðallega sé um slíkar takmarkanir að ræða innan fylkis til að forðast það sem á ensku er kallað „company town" og hér mætti kalla fyrirtækisbyggð. Þær hafa verið algengar þótt við höfum á síðari tímum ekki þurft að una við slíkt, a.m.k. áður en Alcoa kom á Reyðarfjörð. En fyrirtæki eru ekki hindruð í því að ávaxta sitt pund með því að leggja fé í fjölmiðlun af öðru tagi en þau þegar stunda því fyrirtækjum er heimilt að reka dagblað í einu fylki og ljósvakamiðil í öðru.

Forseti. Sú takmörkun sem hér er til umræðu kann að hafa litið eðlilega út á sínum tíma, fyrir 20 árum og ég tala ekki um 30 eða 40 árum. Vissulega var þessi takmörkun eitt af því sem við jafnaðarmenn töldum í gamla daga koma til greina þegar menn voru að hugleiða — að vísu fremur akademískt en í praxís — hvernig fara ætti með reglur um eignarhald á fjölmiðlum eða hvort setja ætti slíkar reglur. Síðan hafa miðlarnir vaxið saman á fjölmiðlavettvangi. Það er ekki lengur um að ræða eins skýra skiptingu og eitt sinn var milli ljósvakamiðils og prentmiðils. Þannig er, forseti, að prentmiðlar, t.d. Morgunblaðið, reka einnig margir netmiðla sína. Með þeirri tækni einni, að hægt sé að ekki einungis lesa netmiðilinn á skjánum heldur stilla á talgervil sem les netmiðilinn fyrir mann eða fá þá þjónustu á vefsetrinu að fréttir séu lesnar upp, hefur það sem áður var netútgáfa af dagblaði breyst í útvarp, í ljósvakamiðil sem við köllum þótt það kunni að vera ankannalegt á netinu. En kannski er það ekki lengur ankannalegt því að áður var netið einskorðað við símalínur en nú fer það líka um það fyrirbæri sem eldri menn töldu vera eterinn í loftinu og við eigum um þetta góða orð yfir „ljósvaka", frá ynglingi okkar, Jónasi Hallgrímssyni.

Einnig er að nefna, forseti, að fyrirtæki í fjölmiðlun hafa erlendis, þannig að við höldum okkur utan landsteinanna, þróast þannig undanfarin ár að vaxa saman að þessu leyti. Miðlunin er í raun inntakið í starfsemi fyrirtækjanna en birtingarmynd miðlunarinnar kemur fram með ýmsum hætti í útvarpi, gamla radíóinu, í sjónvarpi með venjulegum hætti þar sem sent er út og tekið á móti um greiðu, í sjónvarpi af öðru tagi, í hefðbundnu dagblaði, í netmiðli — annaðhvort lesnum eða töluðum, í tímariti og svo mætti lengi áfram telja. Í þessu felst ákveðin hagkvæmni og um er að ræða það að nýta sér þá tækni sem til boða stendur hverju sinni og taka þátt í þeirri miklu tækniframþróun sem einkennir okkar tíma á þessu sviði.

Það má líka nefna að víða á landsbyggðinni fer fjölmiðlun að vissu leyti fram með þessum hætti. Víða á landsbyggðinni, þar sem ekki er um að ræða dagblöð eða miklar sjónvarpsstöðvar, eru það ýmist eitt fyrirtæki eða samtengd fyrirtæki sem sjá um ýmis verk á sviði fjölmiðlunar og tengja þau útgáfu eða útvarpi og jafnvel annarri menningarstarfsemi, sums staðar auglýsinga- og markaðsstarfsemi. Hér er ekki bara um að ræða merkilega hluti í hinni stóru Ameríku heldur líka þróun sem við sjáum víða um landið á Akureyri, Höfn í Hornafirði og fleiri stöðum sem ég hef haft spurnir af. Þótt að í hinu fræga frv. hæstv. forsrh. sé á sérkennilegan hátt gerð almenn undantekning fyrir útvarpsréttarnefndina, þegar um er að ræða staðbundna fjölmiðlun, verður ekki annað séð en þegar útvarpsréttarnefndin tekur sig til og túlkar hin grimmilegu ákvæði frv. sem banna krossmiðlun, eins og við höfum kallað það í skorti á öðru betra orði, muni útvarpsrétt-

arnefnd vera mjög treg að veita staðbundnum fyrirtækjum þetta leyfi.

Nafn Hjartar Nielsens vekur hugleiðingar um þá ótrúlegu heimsku að banna þessa miðla. Ég verð þó að leiðrétta mig strax, þ.e. við vitum það öll sem hér erum stödd að hér er ekki einkum um heimsku að ræða heldur þann megintilgang frv., sem ekki er nefndur, að ráðast að einu fyrirtæki og brjóta niður veldi þess af því að það sé hættulegt fjölbreytni í fjölmiðlun. Einkum er það þó vegna þess sem kom fram hjá hinum snjalla hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrr í kvöld, að Sjálfstfl. líkar ekki fréttaflutningur sem hann getur ekki haft stjórn á. Gunnar Birgisson talaði sérstaklega um það að árið 2003, í fyrra fyrir kosningarnar, hefðu Fréttablaðið, DV, og að mér skildist Stöð 2 líka, hagað sér með ósæmilegum hætti gagnvart Sjálfstfl. Viðbrögð hans eru þau að úr því að svo var komið, að Fréttablaðið, DV og sjálfsagt fréttastofa Stöð 2 vissu ekki hvernig þau ættu að haga sér gagnvart stærsta flokki landsins, flokki sem að dómi hv. þm. Gunnars Birgissonar og fleiri flokksfélaga hans standa á að ríkja um alla eilífð, væri réttast og fullkomlega eðlilegt að setja á fyrirtækið sem á þessa fjölmiðla sérstök lög sem hluti það í sundur og veiki það. Það mundi kenna þá lexíu að láta Sjálfstfl. ekki bara í friði heldur halda með honum, eins og öllum sæmilegum fjölmiðlafyrirtækjum eins og Morgunblaðinu og Ríkisútvarpinu hefur verið gert að gera, í því fjölmiðlaveldi sem Sjálfstfl. hefur kosið að byggja í kringum sig á undanfarna áratugi. Sem betur fer hefur á móti komið faglegt mótvægi blaðamannastéttarinnar á báðum þeim miðlum sem ég nefndi.

Ég held áfram, forseti, tilvitnun minni eða lestri viðtals við Magnús Ragnarsson í Morgunblaðinu föstudaginn 14. maí 2004. Þar segir að lokum, með leyfi forseta:

„Uppi hafa verið hugmyndir um sameiningu Stöðvar 2 og Skjás 1, en Magnús segir að ekkert slíkt sé á borðinu nú. „Það voru viðræður í gangi síðasta haust, þá undir handleiðslu sameiginlegs viðskiptabanka. En þeim var slitið með aðkomu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar að félaginu Norðurljósum og það eru engar viðræður í gangi í dag," segir hann.

Magnús svarar því ekki játandi að Skjár 1 hefði áhuga á að sameinast Stöð 2. „Það er ekki hægt að hugsa um það í þessari óvissu sem er í dag. Við erum ekki að biðja um neinar samningaviðræður."

Tvennt er merkilegt við þetta niðurlag fréttaviðtalsins við Magnús. Í fyrsta lagi er það óvissan, óvissan sem er í dag. Í umræðunni hefur verið talað um að eyða þyrfti óvissu. Það var hygg ég hæstv. forsrh., flutningsmaður og höfundur a.m.k. fyrstu gerðar þess af fjórum sem fram eru komnar enn, sem orðaði það svo. Þegar hugleitt var hvaða óvissu ætti að eyða þá var það sú óvissa sem hæstv. forsrh. hafði sjálfur skapað. Óvissan skapaðist af því að kastað var fram þessu frv. sem við erum að ræða um, um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum, með þeim afleiðingum sem það hefur á störf starfsfólks Norðurljósa og víðar í fjölmiðlum. Óvíst er með áhrifin á innlenda dagskrárgerð í ljósvakamiðlunum, á stöðu fjölmiðla í lýðræðissamfélaginu o.s.frv. Það er þessi óvissa sem Magnús Ragnarsson er að vitna til í lokaorðum sínum í viðtalinu við Morgunblaðið. Það er ljóst að frv. og umræðan sem hófst með svo ógætilegum hætti hefur búið til óvissu í fjölmiðlum á Íslandi, í þeirri atvinnugrein og í ýmsum hliðargreinum hennar. Í þeirri óvissu er ástandið t.d. þannig að samstarf eða sameining tveggja sjónvarpsstöðva, sem ýmsum hefði þótt eðlilegt framhald þótt ég taki ekki undir það eða óski þess, er lögð á hilluna.

Afskipti hæstv. forsrh. og þingmeirihlutans, sem hann telur sig hafa, af fjölmiðlunum með þessu frv. hafa skapað óvissu sem þegar er farin að breyta þeim grunni sem menn hafa undir ákvarðanir sínar í viðskiptum sem þeim tengjast.

Á hitt er svo að líta að í þessum lokaorðum Magnúsar er hann nokkuð brattur. Það eru engar viðræður í gangi í dag. Það skín úr orðum hins vígfima og sókndjarfa framkvæmdastjóra Skjás 1 að hann vonast í raun til þess að samkeppnisvandi hans á sjónvarpsvettvangi leysist með því frv. sem hér er til umræðu. Hann er ekki í samkeppni við Fréttablaðið og DV, það er Morgunblaðið. Hann sér fram á að Stöð 2 veiklist við það högg sem henni er greitt, að það verði hugsanlega hlutverkaskipti milli Skjás 1 og Stöðvar 2 þannig að Skjár 1 verði stærri ljósvakamiðillinn af þeim tveimur sem eiga a.m.k. að nást um landið allt. Ég held að það sé skammsýni hjá Magnúsi. Ég held að það stafi af því að Magnús er nýr í starfi og þarf að reisa sína stöð við eftir ákveðna erfiðleika sem þar hafa orðið á síðustu missirum. Almenningur nýtur raunar góðs af, almenningur getur horft á ýmislegt efni á Skjá 1 sem átti að fara á áskriftarstöð sem stofnuð var. Menn hættu við það. Ég held að það sé skammsýni hjá honum vegna þess að jafnvel þótt Skjár 1 næði þessari stöðu Stöðvar 2 og Stöð 2 annaðhvort legðist af eða breyttist með einhverjum hætti í litla bróðurinn í þessu samstarfi þá er ekki von til þess að Skjár 1 hafi möguleika til að dafna og vaxa, sem eðlilegt væri að slík stöð gerði. Frv. skerðir vaxtarmöguleika fjölmiðlafyrirtækjanna og kemur í veg fyrir að þau geti gengið að fjármagni eins og önnur fyrirtæki á landinu.

Hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson, félagi minn í Samf., rakti í snjalli ræðu á miðvikudagskvöld, aðfarakvöld uppstigningardags, að með frv. yrðu fjölmiðlafyrirtæki annars flokks fjárfesting, bæði vegna þess að takmarkanir eru á því hversu sú fjárfesting blómgast. Á hverjum tíma meðan horft er á ársverk þess sem að fjárfestingunni stendur og horft til þess hvort viðkomandi sé á hverju augnabliki markaðsráðandi eða ekki. Markaðsráðandi getur fyrirtæki orðið óviljandi, með því að vera kannski númer 2 eða 3 í sínum geira og keppa það fyrirtæki sem er markaðsráðandi. Þegar stærra fyrirtæki fer síðan á hausinn eða veiklast með einhverjum hætti, sem hefur áhrif á afdrif þess, er keppinautunum allt í einu kominn í markaðsráðandi stöðu og verður í einu vetfangi eða með skömmum fyrirvara að losa sig við hlut sinn í fjölmiðlafyrirtæki sem það á í allt niður í 5%. Þegar það gerir það er það tilneytt til að losa sig við þann hlut. Þá má ekki gera ráð fyrir að það fái það verð fyrir sem eðlilegt væri. Fjárfestir sem á það á hættu að fá ekki það verð fyrir hlut sinn sem honum finnst eðlilegt hugsar sig tvisvar um áður en hann leggur fé í slíkt fyrirtæki.

Auðvitað kemur fleira til, eins og hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson rakti. Ég held því miður að Skjá 1 mundi ekki farnast betur, þegar til langs tíma er litið, en Stöð 2 við þau skilyrði sem Sjálfstfl. með formanni sínum, núv. hæstv. forsrh., hefur hugsað sér að búa fjölmiðlafyrirtækjum í framtíðinni.

Ég hygg, forseti, að nú sé nóg komið af Magnúsi Ragnarssyni og viðtali Morgunblaðsins við hann. Ég vil taka fram að ég óska honum og fyrirtæki hans alls velfarnaðar. Ég tel að þó að hann sé á villigötum í stuðningi sínum við frv. hafi hann með viðtölum sínum, bæði því sem er í Morgunblaðinu, við okkur í menntmn. og við ljósvakamiðla, sem og í umsögn

sem hann hefur um vélað frá Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. til allshn. sem við skoðuðum einmitt í menntmn., sýnt mjög glögglega að vandamál Skjás 1 eru ekki þau að eignarhaldið á Stöð 2 sé í of mikilli samþjöppun. Vandinn sprettur annars vegar af stöðu Skjás 1 sem litla bróður í félagi hinna þriggja landsmiðla á ljósvakasviði. Hins vegar sprettur hann af því að hlutverk Ríkisútvarpsins hefur ekki verið endurskoðað og því ekki mótuð ný stefna, ný starfsskilyrði, á þeim tímum sem gengu í garð fyrir 17 eða 18 árum, þegar það missti einkarétt sinn til útvarpssendinga.

Ríkisútvarpið birtist bæði Skjá 1 og Stöð 2 sem grimmur keppinautur en ekki forustuafl sem hægt er að líta til að svipaðan hátt og hinn frægi frændi þjóðarútvarps okkar, BBC eða skyld fyrirtæki, systurfyrirtæki nánast í almennri merkingu á Norðurlöndum sem hafa á hendi leiðsögn og forustuhlutverk á fjölmiðlavettvangi, heldur birtist Ríkisútvarpið þessum keppinautum sem grimmur og óvæginn stóri bróðir sem gín yfir hlut þeirra. Þeim finnst sárast, sem okkur sem þykir vænt um Ríkisútvarpið er nauðsynlegt að skilja, að RÚV skuli gera þetta með það mikla forskot sem það hefur í lögvernduðum og lögskyldum tekjum þess af svokölluðu útvarpsgjaldi eða afnotagjaldi.

Þessu þarf að breyta verulega, forseti. Það er eitt af því sem við ættum að ræða í staðinn fyrir að reyna að hamla á móti þessari einstöku og sértæku hefndaraðgerð hins valdamikla hæstv. forsrh. gegn einu fyrirtæki. Við hefðum fyrir löngu, fyrir 17 árum, 10 árum eða fyrir 5 árum, átt að skoða þessi mál. Lilja Á. Guðmundsdóttir og meðflutningsmaður buðu upp á slíkt samstarf fyrir nokkrum árum, þegar Ríkisútvarpið sjálft kallaði eftir athugun og umhugsun, starfsmenn þess m.a., eins og þeir hafa oft gert. Við hefðum átt að setjast niður og móta, í sameiningu og sem mestri sátt, stefnu til frambúðar sem við teljum að þjóðarútvarpið eigi að hafa.

Við hefðum átt að móta Ríkisútvarpinu hlutverk á fjölmiðlavettvangi, innan íslenskrar menningar og íslensks samfélags. Það að hafa ekki gert það kemur niður á okkur núna en ástæðan er sú að Sjálfstfl. hefur verið í innri baráttu. Þar hafa tekist á tvö til þrjú öndverð sjónarmið um þetta mál, annars vegar sjónarmið íhaldsmanna sem hafa ekki viljað missa af útvarpinu og hins vegar sjónarmið frjálshyggjumanna sem hafa viljað leggja útvarpið niður af djarfi hugsjón eða tómri kreddu. Niðurstaðan er að Ríkisútvarpið hefur verið í status quo, þar sem Sjálfstfl. hefur illu heilli verið í landstjórninni, með þriggja ára undantekningu, frá árinu 1983. Sjálfstfl. hefur farið með stjórn menntmrn. allan þann tíma. Þeir flokkar sem valist hafa til meðreiðar hafa að vísu haft uppi varnartilburði gagnvart straumum í stóra flokknum sem beinst hafa að því að rífa Ríkisútvarpið á hol. En þeir hafa ekki megnað að skapa almenna stefnu í samstarfi sínu við Sjálfstfl. sem gæti komið Ríkisútvarpinu almennilega á fæturna og skapað því það hlutverk sem það á að mínu viti að sinna.

Freistandi væri að fjalla betur um þá stefnu sem Samf. hefur mótað um hlutverk Ríkisútvarpsins og rekja meiningar mínar um það efni. Ég tel, forseti, að nú þegar klukkan er 3 mínútur yfir 4 sé nóg komið af máli mínu. Ég legg reyndar til við forseta að hann fari að stytta þennan fund. Ég hygg að hefjast eigi fundur aftur á morgun klukkan 10 og klukkan 9 í þingnefnd sem á að fjalla um mikilvægt mál. Nú eru tæpir sex tímar til klukkan 10 og tæpir fimm til klukkan 9. Fróðlegt væri að vita hversu lengi forseti ætlar að halda áfram en ég lýk máli mínu við 3. umr. með þeim frómu en sennilega haldlitlu óskum að menn vitkist í þingsalnum gagnvart þessu heimskulega frv. og hendi því út úr þinginu áður en það nær að valda þeim skaða sem ég er sannfærður um að af því hlytist ef það yrði að lögum, gegn öllu því sem til framfara horfir í samfélagi okkar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 9. og 12.–27. mál.

Fundi slitið kl. 04:06.

---

122. FUNDUR

laugardaginn 22. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 3. umr.
2. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 1732, brtt. 1737. — 3. umr.
3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 1735, brtt. 1739. — 3. umr.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 3. umr.
5. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723. — Frh. 3. umr.
6. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.
8. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611 og 1738. — 2. umr.
9. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708, brtt. 1709. — 2. umr.
10. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.
11. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.
12. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.
13. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710. — 2. umr.
14. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1736, brtt. 1741. — 3. umr.
15. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.
16. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.
17. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.
18. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

19. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

20. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

21. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason dómsmrh.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:
Samþykktir borgarstjórnar Reykjavíkur.

[10:01]

Útbýting þingskjala:
Ábúðarlög, 782. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1755; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1756.

[Fundarhlé. — 10:01]

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723.

[11:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við ræddum þetta mál hér langt fram eftir nóttu og það var mjög kvartað undan því af hálfu okkar sem sátum hér og héldum uppi málefnalegri umræðu að hér var enginn til fyrirsvars af hálfu háttvirtra stjórnarliða. Þess vegna gleður það mig að sjá hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins heilsuhrausta í salnum. Þeir voru toginleitir og vökubleikir þegar leið á nóttina og sannast sagna var ekki nokkurn mann að finna hér. Ég er sérlega ánægður yfir því að sá maður sem hefur haft málið á sínu forræði, hv. þm. Bjarni Benediktsson, sem sennilega lá örmagna í fleti sínu í gær þegar hann átti að vera hér í nótt að rökræða við okkur, er kominn hér glaður og reifur til fundarins. Ég spyr, herra forseti, eins og við spurðum í nótt: Hvar er Framsóknarflokkurinn í þessari umræðu? Hvernig stendur á því að Framsóknarflokkurinn lætur ekki í sér heyra í þessum stól? Þegar við höfum varpað til framsóknarmanna spurningum þá hafa þeir hopað á hæli og horfið inn í tréverkið eins og draugar. (**SJS:** Rokkarnir eru þagnaðir.) „Rokkarnir eru þagnaðir", hrópar fram í hinn orðvari og grandvari formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það eru orð að sönnu. Rokkarnir í Framsóknarflokknum hafa ekki sagt eitt einasta orð í þessari umræðu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur að sönnu skýrt sjónarmið sín og gert það af reisn og myndugleika. En ég spyr, herra forseti: Hvar er hv. þm. Jónína Bjartmarz sem hefur látið þau boð út ganga að hún hafi efasemdir um frumvarpið? Við höfum séð hana hrata eins og litla steinvölu niður mælendaskrána og loksins út af henni. Hvar er hæstv. utanríkisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, sem hefur illu heilli látið teyma sig til fylgilags við þetta frumvarp. Hann kom hingað og hélt eina ræðu? Hvert var framlag hæstv. utanríkisráðherra? Jú, hann sagði alþjóð að það væri nú sjálfsagt að láta reyna á stjórnarskrána.

Annar þeirra tveggja manna sem mesta ábyrgð bera á þessu frumvarpi er orðinn svo vanur því að umgangast stjórnarskrána eins og gamla tusku og honum finnst allt í lagi að það ríki óvissa um stjórnarskrána. Hæstv. utanríkisráðherra lét hafa sig í það að segja í fjölmiðlum að hann væri núna mun öruggari um að þessi lög brytu ekki stjórnarskrána. Það var maðurinn sem hafði komið nokkrum kvöldum fyrr í sjónvarp og lýst því yfir að hann teldi engar líkur á því að þetta frumvarp bryti stjórnarskrána. Síðan breytti hann því þremur sinnum til þess að komast hjá því að það bryti stjórnarskrána. En þegar öllum þeim breytingum var lokið var virðing formanns Framsóknarflokksins fyrir stjórnarskránni ekki meiri en sú að hann sagðist vera mun öruggari. Hann var ekki viss. Þó liggur fyrir að í einum fimm tilvikum á undanförnum missirum hefur stjórnarandstaðan haft rétt fyrir sér en hæstv. utanríkisráðherra rangt fyrir sér þegar stjórnarandstaðan hefur bent á að lagagerningar sem hér var verið að þrýsta í gegn með ofbeldi hafa brotið í bága við stjórnarskrána.

Ég spyr þess vegna, herra forseti: Hvað dvelur orminn langa? Við erum komin hér að lokum þessarar umræðu en enginn úr forustuliði Framsóknarflokksins, enginn úr forustu Framsóknarflokksins þorir að koma hingað og leggja fram á borðið þau rök sem þessir menn og konur hafa væntanlega fyrir því að nauðsynlegt sé að ráðast í þetta.

Við vitum að Framsóknarflokkurinn hundskammast sín fyrir þetta mál. Við vitum að hann er fyrir löngu orðinn boginn í knjám undan því oki sem í því felst að hafa hæstv. forsætisráðherra á bakinu.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur komið hingað og haldið fram röngum staðhæfingum. Hann hefur líka gert það í fjölmiðlum. Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Framsóknarflokksins hefur sagt að mikil sátt ríki í Framsóknarflokknum um þetta frumvarp. Sáttin er svo mikil að þrátt fyrir allt eru þingmenn Framsóknarflokksins það ærlegir að þeir leggja ekki í að koma hingað og verja frumvarpið. Enginn þeirra hefur gert það í þessari umræðu. Sá eini sem talað hefur hefur lýst andstöðu við frumvarpið. Ég verð að minnsta kosti að gefa hv. þingmönnum Framsóknarflokksins prae fyrir það að þeir eru ærlegir. En þeir fá falleinkunn fyrir að að fylgja sannfæringu sinni. Þetta er auðvitað með þvílíkum ólíkindum, herra forseti, að ég minnist þess ekki að sjá einn flokk hverfa svona niður og verða að engu.

Til upplýsingar, herra forseti, þá á ég ekki við hvernig þeir eru að fara í skoðanakönnunum þessa dagana. Ég á við það að þeir hafa bókstaflega horfið hér í þessum sölum. Hvernig má það vera að flokkur sem hafði hugsjónir og drauma og metnað fyrir hönd sjálf sín og sinnar þjóðar skuli með þessum hætti láta aftur og aftur kúga sig til hlýðni, beygja sig og sveigja eins og litla tág bara til þess að þjóna dyntum hæstv. forsætisráðherra, bara til þess að tryggja það að formaður Framsóknarflokksins kunni eftir allt saman náðarsamlegast að fá leyfi til þess að verða forsætisráðherra 15. september í haust? En allir hljóta að sjá eftir þessa atburðarás að það verður önnur hönd sem seilist úr aftursætinu og heldur um stýrið eins og við höfum séð í þessari atburðarás þar sem Davíð Oddsson og persónuleg skoðun hans á tilteknum mönnum í athafnalífi, tilteknum fyrirtækjum hefur aftur og aftur ráðið för. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafa

skammast sín fyrir þetta. Sem betur fer má segja það um Framsóknarflokkinn upp til hópa, ærlegt fólk út um allt land, að það hefur líka skammast sín fyrir þennan leiðangur sem forusta Framsóknarflokksins hefur hengt flokkinn í.

Þegar hæstv. utanríkisráðherra sagði að sátt ríkti í Framsóknarflokknum um þetta mál þá hefur hann sennilega ekki heyrt fréttirnar vestan af fjörðum þar sem einn af fulltrúum Framsóknarflokksins lagði fram tillögu ásamt fulltrúa Samfylkingarinnar, og til upplýsingar fyrir hv. þingmann Einar K. Guðfinnsson, formann þingflokks sjálfstæðismanna, líka með einum bæjarfulltrúa sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ísafjarðar. Þar var lögð fram tillaga sem að efni til hljóðaði þannig að bæjarstjórn Ísafjarðar harmaði þau vinnubrögð sem hefðu verið viðhöfð af meiri hluta Alþingis og hún komst að þeirri niðurstöðu í ályktun sinni að þau vinnubrögð væru vart til þess fallin að auka virðingu almennings fyrir Alþingi. Í ályktuninni, sem einn sjálfstæðismaður og tveir framsóknarmenn stóðu að, sagði líka að það hlyti að teljast lágmarkskrafa í sérhverju lýðræðisríki að málefni sem varða grundvallaratriði lýðræðisins hljóti ítarlega og vandaða umræðu áður en lög eru sett. Í tillögunni segir að það sé æskilegt að um slíka lagasetningu ríki þverpólitísk sátt og í því ljósi skorar bæjarstjórnin á þingmenn Norðvesturkjördæmis að skoða hug sinn vel við afgreiðslu málsins. Líkt og í ríkisstjórn þá eru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn í meiri hluta í bæjarstjórn Ísafjarðar. Þessi áskorun var samþykkt með sjö atkvæðum gegn einu. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn vestur á fjörðum, á Ísafirði, sameinuðust um að senda þessa skorinorðu áminningu til þingmanna kjördæmisins sem hér sitja. Það er vinsamlegast farið á leit við þá í þessari ályktun að þessir þingmenn komi vitinu fyrir meiri hlutann sem hér ræður á þinginu. Er það þess vegna, er það af því ég er að lesa þessa ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðar sem sjálfstæðismenn stóðu að, að hv. þingmenn Norðvesturkjördæmis sjást ekki hér, þeir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Einar Kristinn Guðfinnsson? Ég vona hins vegar, af því að hv. þm. Magnús Stefánsson hlýðir á mál mitt, að þetta megi verða að áhrínsorðum varðandi afstöðu hans. Hv. þm. hlýtur að taka mark á þeim liðsoddum sem hann hefur stuðst við í sinni baráttu í kjördæminu. Hreyfir það ekki hjarta hans í þessu máli þegar fulltrúar hans í bæjarstjórn Ísafjarðar koma fram með þessum hætti og skora á hann að reyna að koma vitinu fyrir félagana sem sitja með honum í meiri hlutanum á þinginu? Þessa ályktun hefur hæstv. utanríkisráðherra væntanlega ekki heyrt af þegar hann sagði að það ríkti rík sátt í Framsóknarflokknum um þetta mál.

Herra forseti. Hvar er sáttin hér í kjördæmi hæstv. utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar, í kjördæminu sem hann sagði héðan úr ræðustól að hann hefði fengið svo sterkt umboð til þess að stjórna landinu frá? Að sönnu 11% fékk hann í kosningunum. En hefur hann umboð þessa fólks í dag til þess að ganga frá þessari ósvinnu sem felst í þessu frumvarpi? Ó, nei. Það liggur alveg skýrt fyrir að í kjördæmi formanns Framsóknarflokksins stappar nærri uppreisn gegn þessu máli. Tilfinningarnar eru svo ríkar og ólgan svo djúp að helsti forustumaður Framsóknarflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, Alfreð Þorsteinsson, hefur gengið fram fyrir skjöldu og afhjúpað blekkingar formanns Framsóknarflokksins með því að segja að hann hafi gengið á fund hans og gert honum skýra grein fyrir því að engin sátt sé um þetta mál heldur þvert á móti ákaflega djúp óánægja í kjördæmi hæstv. utanríkisráðherra. Því er rangt þegar formaður Framsóknarflokksins segir að það ríki sátt um þetta í Framsóknarflokknum. Og það er rangt þegar formaður Framsóknarflokksins segir að að baki honum standi órofafylking þingmanna. Einn þingmanna Framsóknarflokksins sagði fyrir tveimur dögum að ef framsóknarmenn á þingi kysu eftir sannfæringu hjarta síns þá mundi þetta frumvarp kolfalla. Það var Alfreð Þorsteinsson sem hefur nú fengið sinn skammt af sproksetningu frá ýmsum fjölmiðlum sem hér er verið að skrúfa fyrir sem hafði forgöngu að því, herra forseti, að í borgarráði var samþykkt sérstök tillaga sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp fyrir framsóknarmanninn sem hér er staddur, því hinir gufa hægt og sígandi upp um leið og farið er að ræða þátt Framsóknarflokksins í þessu máli. Ég ætla að leyfa mér að biðja hv. þm. Þórarin Sveinsson að færa hæstv. utanríkisráðherra þau boð að í borgarráði Reykjavíkur var samþykkt með atkvæði og að frumkvæði fulltrúa Framsóknarflokksins svohljóðandi tillaga, með leyfi forseta:

„Vegna umræðu um starfsumhverfi fjölmiðla vill borgarráð vekja athygli þingmanna á nauðsyn þess að fjölmiðlar búi við stöðugleika og öruggt lagaumhverfi ekki síður en önnur atvinnustarfsemi. Fjölmiðlarekstur og útgáfa er mikilvæg atvinnugrein í Reykjavík. Nægir að nefna að tvö til þrjú þúsund einstaklingar starfa við fjölmiðla og þar með eiga jafnmargar fjölskyldur lífsafkomu sína að hluta eða heild undir blómlegum rekstri þeirra. Gera verður þá kröfu að aðgerðir ríkisstjórnarinnar stofni ekki rekstri fjölmiðlafyrirtækja og atvinnuöryggi starfsfólks í hættu nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að mildari úrræði nái ekki sömu markmiðum."

Síðan segir, herra forseti, með þínu leyfi:

„Borgarráð varar eindregið við því að málið verði keyrt fram með hraði og hvetur til vandaðrar og ítarlegrar umræðu áður en lög verði samþykkt frá Alþingi. Borgarráð bendir á að þrátt fyrir þær breytingar sem boðaðar hafa verið í meðförum Alþingis er ljóst að rekstur öflugra fjölmiðla og atvinnuöryggi hundruða er í uppnámi verði frumvarpið að lögum. Alls óvíst virðist hins vegar hvort markmið frumvarpsins um fjölbreytni í umfjöllun og öfluga dagskrárgerð náist. Það er lágmarkskrafa að nægilegur tími gefist til að fullkanna hin víðtæku áhrif sem samþykkt frumvarpsins gæti haft í för með sér."

Herra forseti. Sá sem skrifaði þessar línur, sá sem lagði fram þessa ályktun, hann heitir Alfreð Þorsteinsson. Mætti ég upplýsa Framsóknarflokkinn um þá staðreynd að Alfreð Þorsteinsson hefur um áratugi verið burðarstoð Framsóknarflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur. Það er hann sem mælir þessi orð. Það er hann sem fer með svo rökstuddum hætti beint gegn þeirri skoðun og staðhæfingum sem formaður Framsóknarflokksins hefur látið fara frá sér um að sátt ríki meðal framsóknarmanna. Það er einfaldlega rangt. Í viðtali við Morgunblaðið 19. maí segir borgarfulltrúinn Alfreð Þorsteinsson, með leyfi forseta:

„Ég hef, bæði í samtölum við flokksmenn í Reykjavík og víðar, fundið fyrir mikilli óánægju með þetta frumvarp, ... Ég bendi líka á að það hafa þó nokkur framsóknarfélög, bæði í nágrenni Reykjavíkur og úti á landi, ályktað gegn því, ásamt Sambandi ungra framsóknarmanna og ungum framsóknarmönnum í Reykjavík."

Svo mörg voru þau orð.

Ritskoðunarandinn sem birtist í þessu frumvarpi virðist hafa heltekið hendur og taugakerfi forustumanna Framsóknarflokksins. Við minnumst þess að fyrir sléttri viku þegar ungur lögfræðingur norður í landi, upprennandi forustumaður meðal framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi, leyfði sér að gagnrýna harkalega á einum af vefum Framsóknarflokksins þá ósvinnu sem í þessu frumvarpi liggur þá liðu 30 mínútur þangað til búið var að skrúfa fyrir vefritið og fella það niður, loka fyrir það. Þar byrjaði Framsóknarflokkurinn að praktísera á sjálfum sér og sínum eigin gagnrýnu röddum það sem hann vill núna koma með fram gagnvart þjóðinni allri. Er þá nema von, herra forseti, að kannanir sýni að ríkisstjórnin er trausti rúin. Fylgið hrynur af henni eins og flugur. En það sem mestu skiptir þó varðandi frumvarpið sem við erum hér að ræða er sú staðreynd að fólkið í landinu er frekar að herðast í andstöðunni, 80% Íslendinga hafa lýst eindreginni andstöðu við frumvarpið. Ættu menn ekki við slíkar aðstæður að staldra við og reyna að skoða hvort það væri ekki hægt með einhverjum öðrum ráðum að ná fram þeim markmiðum sem í frumvarpinu eru, fara vægari leiðir sem bent hefur verið á af fulltrúum stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu.

Það er sláandi að þær ítarlegu hugmyndir sem hér hafa verið lagðar fram og sumar byggjast á tilmælum Evrópuráðsins, aðrar teknar beint úr skýrslu fjölmiðlanefndar, hafa ekki fengist ræddar í rökræðum okkar við stjórnarliða, með einni undantekningu þó. Hæstv. dómsmálaráðherra kom hingað og fjasaði og spurði hvaðan í ósköpunum við hefðum fengið hugmyndir eins og að setja lög um gagnsætt eignarhald á fjölmiðlum eða hverjum dytti í hug sú fíflska að ætla að setja í lög ákvæði sem skylduðu ritstjórnir til þess að setja reglur til þess að tryggja sjálfstæði ritstjórna. Það kom sem sagt í ljós að þeir menn sem hér hafa helst verið í forustu í þessari umræðu af hálfu Sjálfstæðisflokksins að minnsta kosti höfðu ekki einu sinni haft fyrir því að lesa fjölmiðlaskýrsluna, hvað þá kynna sér tilmæli Evrópuráðsins sem reyndust þó hér í fyrri parti umræðunnar vera helsta skjól og skjöldur hæstv. forsætisráðherra því vopnabúrið og skjöldurinn sem hann notaði í slagsmálunum við okkur voru tilmæli Evrópuráðsins þangað til þau voru lesin hér upp fyrir honum og þangað til það rann upp fyrir þeim að það var allt annað og miklu víðtækara sem tilmæli Evrópuráðsins fólu í sér.

Herra forseti. Ég fullyrði að hlutur Framsóknarflokksins er hvað lakastur. Ég segi það vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur ekkert lagt í að taka þátt í þessari umræðu. Hann er klofinn í málinu. Þá er ég ekki að tala um þann klofning sem birtist í þingliðinu. Það sem hefur gerst með Framsóknarflokkinn er að það er fullkomin gjá á milli þröngrar forustu annars vegar og hins vegar hins breiða massa í flokknum. Það hlýtur að vera alvarlegt fyrir sérhvern forustumann að lenda í því að láta teyma sig til fylgilags við mál sem viðkomandi augljóslega hefur enga sannfæringu fyrir og sjá síðan að sú misráðna ákvörðun verður til þess að ekki bara að minnka flokkinn heldur ýta honum burt frá forustunni.

Mér finnst það alveg undarlegt svo ekki sé meira sagt hvernig Framsóknarflokkurinn hérna á þingi, þó með ærlegum undantekningum eins og ég hef sagt frá, tekur þátt í þessu einkastríði Sjálfstæðisflokksins gegn Norðurljósum, sem á sér bersýnilega bara það markmið að veikja það fyrirtæki og helst sjá það líða undir lok á tveimur árum. Hvernig orðaði borgarfulltrúinn Alfreð Þorsteinsson þetta? Hann var ekkert að skafa utan af því sem formaður Framsóknarflokksins var að taka þátt í. Hann sagði: „Stöð 2 er á dauðalista hæstv. forsætisráðherra." Hann sagði: „Það er verið að ganga frá Stöð 2 og breytingarnar á frumvarpinu duga einungis til þess að lengja í hengingarólinni. Það er stefnt að því að eftir tvö ár þá verði Stöð 2 liðin undir lok." Þetta er ekki mat formanns Samfylkingarinnar. Það er ekki formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hér talar. Það gerir einn af öflugustu trúnaðarmönnum Framsóknarflokksins sem með þessum hætti greinir hið raunverulega markmið þess frumvarps sem við erum hér að ræða. Ég skil ekki hvað vakir fyrir forustu Framsóknarflokksins. Heldur formaður Framsóknarflokksins virkilega að hann sé laus við Davíð Oddsson þó hann að nafninu til taki við stjórnartaumum í ríkisstjórninni í haust? Að sjálfsögðu ekki. Það er hreinn barnaskapur fyrir Framsóknarflokkinn að ætla það og sérstaklega eftir þessa atburðarás sem ég hef hér verið að lýsa. Úr þessu verður formaður Framsóknarflokksins aldrei annað en gísl Davíðs Oddssonar hvort sem hann stýrir ríkisstjórninni áfram úr einhverju ráðuneytanna eða af kontór Kjartans Gunnarssonar í Valhöll.

Við þingmenn höfum svarið þess eið að halda stjórnarskrána og taka ekki þátt í neinu sem gæti brotið í bága við ákvæði hennar. Nú liggur það hins vegar fyrir að þrátt fyrir breytingartillögur telja færustu sérfræðingar okkar á sviði stjórnskipunarréttar ákaflega líklegt að frumvarpið stangist enn þá á við stjórnarskrána. Og eitt er sláandi þegar við erum að ljúka þessari umræðu og það er að fyrir utan ágæta lögfræðinga Sjálfstæðisflokksins í allsherjarnefnd þá finnst enginn meiri háttar vísindamaður á sviði laga sem treystir sér til þess að halda því fram svo að óyggjandi sé að jafnvel að breytingunum slepptum sé frumvarpið í lagi varðandi stjórnarskrána. Jakob R. Möller sem margsinnis hefur verið kvaddur til til þess að gefa álit á þessum hlutum, virtur lögmaður sem var einu sinni formaður Lögmannafélags Íslands, orðaði það svo þegar hann hafði skoðað breytingarnar að þær væru ekkert annað en þýðingarlitlar fegrunaraðgerðir. Sigurður Líndal, virtasti lagaprófessor landsins, sem nýtur þess sérstæða heiðurs að vera einn af lærimeisturum hv. þm. Bjarna Benediktssonar, og sem reyndar þegar maður skyggnist hér yfir sali reynist vera helsti lærimeistari þriggja almennra þingmanna Sjálfstæðisflokksins úr lagadeild Háskóla Íslands og þriggja ráðherra í núverandi ríkisstjórn Íslands, þessi maður sem hefur kennt þessum sex þingmönnum sjálfstæðismanna lög er líka enn þeirrar skoðunar að frumvarpið brjóti hugsanlega stjórnarskrána. Alþingismenn verða að vera vissir.

Ég tek það trúanlegt þegar hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Birgir Ármannsson segja að þeir séu sannfærðir um að frumvarpið brjóti ekki stjórnarskrána. En mér líður ekki vel þegar hæstv. utanríkisráðherra tekur þannig til orða að hann sé mun öruggari, þegar hann tekur þannig til orða að það sé í lagi að reyna á stjórnarskrána. Hann segir að þeir sem telji að lög kunni að brjóta stjórnarskrárvarin réttindi þeirra eigi bara að láta reyna á það fyrir dómstólum. Svona tala ekki alvöru stjórnmálamenn. Svona tala ekki stjórnmálamenn sem hafa svarið eið að stjórnarskránni. Munurinn á þeim stjórnamálamanni sem talar með þessum hætti og til dæmis hv. formanni allsherjarnefndar er sá að formaður Framsóknarflokksins treysti sér ekki til þess að segja það með óyggjandi vissu að frumvarpið brjóti ekki stjórnarskrána. Við alþingismenn megum ekki láta slíkan vafa vera uppi. Við megum það alls ekki þegar það liggur fyrir að

í þremur efnum á síðustu þremur árum hefur ríkisstjórnin verið flengd með dómi Hæstaréttar vegna þess að hún hefur sett lög með ofbeldi hér í gegnum þingið sem hafa brotið stjórnarskrána. Við eigum ekki að taka þessa áhættu. Alþingi getur ekki leyft sér vinnubrögð af þessu tagi. Ég segi bara, herra forseti, í fullri einlægni: Ekki meir. Ekki meir.

Það vill svo til að við höfum fordæmi um það hvernig eigi að vinna sig út úr málum af þessu tagi. Þegar alvarleg álitamál sem tengjast stjórnarskránni hafa verið á ferðinni þá hefur að minnsta kosti sá hluti ríkisstjórnarinnar sem er í Sjálfstæðisflokknum farið aðra leið. Ég sat í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum 1991–1995. Á þeim tíma risu mjög alvarleg álitamál varðandi stjórnarskrána þegar við samþykktum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þá var á það bent með gildum rökum af mjög mörgum að það væri hugsanlegt að stjórnarskráin þyldi ekki þann samning. Það stóðu langvinnar deilur um það. Að lokum fór ríkisstjórnin þá leið að hún lagði málið til álits og ráðgjafar hjá hópi fjögurra sérfræðinga. Það voru ekki allir sáttir við þá aðferð. En þarna var samt sem áður farin sú leið að ríkisstjórnin sjálf kvaddi til menn til þess að rannsaka málið. Niðurstaðan var sú að eins og þeir sérfræðingar sögðu þá var málið á gráu svæði. Það var ekki sterkara heldur en það. En niðurstaðan var sú að þó það væri á gráu svæði þá töldu þeir að það væri ekki reynt um of á þanþol stjórnarskrárinnar. Það skiptir kannski ekki máli varðandi þetta tiltekna frumvarp sem við erum að ræða, heldur aðferðin. Það sem stendur auðvitað eins og *fleinn í holdi margra sem vilja verja stjórnarskrána* er þessi sérkennilegi ótti hv. þingmanna stjórnarliðsins, að ég nú ekki tali um hæstv. ráðherra, sem ekki leggja í að fá óvilhalla sérfræðinga til þess að skoða málið. Ég man ekki eftir því að það hafi gerst lengi að jafnmargir stjórnskipunarfræðingar komi fram með jafn vel rökstuddar skoðanir sem hníga að *því að um stjórnarskrárbrot kunni að vera að ræða án þess* að menn ráðist í að reyna að fá mat á því hjá einhverjum stofnunum. En þeir hafa ekki lagt í það vegna þess að ótti þeirra er slíkur að þeir telja greinilega að niðurstaðan yrði sú, eins og í ýmsum öðrum málum af þeirra hálfu, að það lægi fyrir að lokinni slíkri skoðun að stjórnarskráin þyldi ekki þessi lög.

Herra forseti. Þetta finnst mér segja meira en allt annað í þessum efnum. Ég vil bara ítreka það að ég virði það þó þegar menn koma hingað eins og þeir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem ég hef nefnt og að minnsta kosti reyna að færa rök fyrir því að frumvarpið samrýmist stjórnarskránni og að nábýli þeirra sé ekki úr hófi þanið. En ég virði ekki mikið þá skoðun sem hæstv. utanríkisráðherra lét í ljósi bæði í þessum ræðustól og síðan í fjölmiðlum þegar hann sagði að það mætti reyna á stjórnarskrána. Svona geta ekki forustumenn í ríkisstjórnum talað.

Það er mín skoðun, herra forseti, að lokinni þessari umræðu að þau lög sem verða hér samþykkt upp úr þessu frumvarpi, ef af líkum lætur upp úr helgi, hafa ekkert að gera með fjölbreytni í fjölmiðlum. Þó það sé hinn yfirlýsti tilgangur frumvarpsins í orði þá er í reynd verið með ofbeldi að reyna að þröngva hér í gegn í krafti meiri hluta því sem ég kalla lögum um opinbera ritskoðun. Það hefur ekkert komið fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um raunverulega nauðsyn þess að setja lög af þessu tagi til þess að tryggja fjölbreyttari efnistök eða umfjöllun eins og ástandið er á fjölmiðlamarkaði í dag. Hver hefur verið helsti gúrú ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það hefur verið Davíð Þór Björgvinsson núverandi mannréttindadómari, fyrrverandi prófessor við Háskólann í Reykjavík. Hann er vandaður maður sem fengið var það verkefni að stýra fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra. Hann sagði það ærlega þegar þeirri vinnu lauk að svo fast hefði ríkisstjórnin keyrt sporana í síður nefndarinnar að þeir hefðu ekki getað komist yfir það að skoða ýmsa mikilvæga þætti eins og þann hvort frumvarpið varðaði við EES-rétt. Fjölmargir sérfræðingar hafa fært rök fyrir því að í fjórum til fimm greinum brjóti þetta frumvarp í bága við þann rétt sem hér gildir í krafti aðildar okkar að EES. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að fara yfir það. Það hafa aðrir gert. En fjölmiðlanefnd hæstv. menntamálaráðherra komst að niðurstöðu sem mér finnst staðfesta það að engin nauður rak til þess að keyra málið með þessum hraði hér í gegn. Það var ekkert í þeirri skýrslu að finna sem benti til þess að staðan á markaðnum væri þannig að tafarlaust yrði að grípa inn, hvað þá að það þyrfti að gera með þeim hætti sem hér er lagt til, þar sem lostið er að burðarstoð mikilvægs fyrirtækis.

Fjölmiðlaskýrslan sem nefndin lagði fram komst nefnilega að þeirri niðurstöðu að það ríkti fjölbreytni á markaðnum. Þetta er staðfest aftur og aftur í fjölmiðlaskýrslunni. Ein af merkustu niðurstöðunum sem má lesa út úr henni er að í dag ríki mikil fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Um dagblaðamarkaðinn segir bókstaflega í skýrslunni að blöðin sem nú eru á markaði standi sterkar að vígi en áður. Höfundar segja beinlínis að þau geti boðið lesendum sínum upp á betri þjónustu og aukið efnisval. Fjölmiðlaskýrslan segir líka að á hljóðvarpsmarkaði sé fjölbreytnin mikil og um sjónvarpsmarkaðinn segir hún hreinlega, með leyfi ágæts forseta:

„Íslenskur sjónvarpsmarkaður er fjölbreyttur þegar litið er til fjölda sjónvarpsstöðva og að teknu tilliti til smæðar íslensks þjóðfélags.“

Enn síðar segir í skýrslunni að þegar horft sé til smæðar markaðarins þá sé skipting sjónvarpsmarkaðar á þá þrjá aðila sem þar hafi marktæka stöðu ásættanleg.“

Það er ekki verið að finna að ástandinu þarna. Síðan segir, og það ætti nú hæstv. forseti að taka til sérstakrar lesningar, orðrétt í skýrslunni, með leyfi forseta:

„... sé ... litið fram hjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin missiri“ — það er eftir að Norðurljósin urðu til — „verið á margan hátt jákvæð.““

Hvað sagði svo Davíð Þór Björgvinsson, formaður fjölmiðlanefndarinnar, þegar hann rammaði þetta viðhorf inn í sjónvarpsþætti 27. apríl? Þá neyddist hann til þess að viðurkenna að fjölbreytni hefði ekki minnkað með tilkomu Norðurljósanna heldur aukist. Hann sagði það skýrt og skorinort að fjölbreytni á blaðamarkaði hefði aukist þegar Fréttablaðið fór að koma út, að fjölbreytnin hafi aukist svo enn þegar, ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna orðrétt í Davíð Þór Björgvinsson: „DV kemur út með þeim krafti sem það gerir þessa dagana og þegar Íslenska útvarpsfélagið er að reka allar þessar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar.“

Herra forseti. Það er ekki formaður Samfylkingarinnar sem er að segja þessi orð heldur formaður fjölmiðlanefndar ríkisstjórnarinnar í sjónvarpsþætti þar sem kreppt er að honum, þar sem hann er spurður hreint út: „Er fábreytni á markaðnum? Hefur fábreytni verið að aukast út af Norðurljósum?“ Hann svaraði því alveg skýrt og skorinort: „Fjölbreytnin hefur verið að aukast á markaðnum vegna Norðurljósa.“ Hann staðfestir það svart á hvítu að fjölbreytnin sé meiri núna en áður vegna tilkomu Norðurljósa.

Hver er þá glæpurinn, herra forseti? Er einhver glæpur? Já, glæpurinn er til staðar. Glæpurinn er svo sannarlega til staðar, herra forseti, vegna þess að þessir fjölmiðlar sem Davíð Þór Björgvinsson var að hrósa í þessum sjónvarpsþætti hafa gerst sekir um þann hræðilega glæp að hafa skapraunað hæstv. forsætisráðherra eins og hæstv. dómsmálaráðherra missti út úr sér í hita umræðunnar fyrir nokkrum dögum. Hæstv. dómsmálaráðherra lagði þá í reynd kjarna málsins á borðið: Fjölmiðlar Norðurljósa hafa vogað sér að skaprauna hæstv. forsætisráðherra og gagnrýna hann og ríkisstjórnina.

Af því að ekki dugar að taka upp símann og hella sér yfir fréttamenn þessara miðla og hóta þeim eins og hæstv. forsætisráðherra gerði við umboðsmann Alþingis þá skulu þeir slegnir af eða, eins og Alfreð Þorsteinsson sagði í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í vikunni: „Stöð 2 er á dauðalistanum." Þetta voru eigin orð helsta forustumanns Framsóknarflokksins í kjördæmi formanns Framsóknarflokksins. „Stöð 2 er á dauðalistanum."

Því segi ég það, herra forseti, að þessi lög eru ekkert annað en lög um opinbera ritskoðun. Það á að ganga á milli bols og höfuðs á þeim fjölmiðlum sem ekki éta úr lófa hæstv. forsætisráðherra og sem ekki hlýða þegar hann tekur upp símann og hringir og messar yfir hausamótunum á þeim eins og hann er búinn að gera við flesta meiri háttar blaðamenn á síðustu missirum og árum. Þarna sýnist mér að valdstjórnin í sinni nöktustu og myrkustu mynd birtist. Hún er að stíga skref sem hafa aldrei verið stigin áður á Íslandi með því að beita valdi á Alþingi til þess að freista þess að koma fyrir kattarnef þeim fjölmiðlum sem hika ekki við að gagnrýna meðferð ríkisstjórnarinnar á valdi.

Þetta frumvarp er ekkert annað en tilraun til varanlegrar ritskoðunar. Hér á að koma aftur á ástandi þar sem fjölmiðlamarkaður samanstendur fyrst og fremst af Morgunblaði sem alltaf hleypur í vörn fyrir Sjálfstæðisflokkinn þegar hann rekur í strand og Ríkisútvarpi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur tögl og hagldir, einokar alla valdastóla innan stofnunarinnar, og þar sem pólitískt vald undir formennsku Sjálfstæðisflokksins fjallar um ráðningar blaðamanna. Ekki er liðinn mánuður síðan ungri konu var hafnað sem fréttamanni af því að hún hafði það eitt til saka unnið að vera gift upprennandi forustumanni í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og hún hafði leyft sér þá ósvinnu að stjórna strandblaki á kosningahátíð í flokki eiginmannsins. Svo að segja á sama degi var kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi ráðinn af RÚV. Herra forseti. Þetta tuskast Framsóknarflokkurinn til að verja og selur fyrir heiður og sjálfsvirðingu.

Það hefur aftur og aftur komið fram í umræðum á Alþingi eða í viðtölum við ráðherra ríkisstjórnarinnar að hin raunverulega ástæða þessa frumvarps er ritskoðun, er að koma múl á gagnrýna fjölmiðla. Hæstv. forsætisráðherra reið á vaðið í frægu viðtali þegar hann sagði í nokkru uppnámi daginn sem frumvarpið kom fram og hann var spurður í fjölmiðlunum um ástæðurnar fyrir frumvarpinu: „Hefurðu ekki séð stríðsfyrirsagnirnar? Hefurðu ekki séð árásirnar? Hefurðu ekki séð gauraganginn?" Og forsætisráðherra sem aldrei bregst alkunn kurteisi hreytti því næst í fréttamanninn þegar hún hafði ekki séð það sem forsætisráðherra sá: „Þá þarftu nú að fá þér betri gleraugu."

Herra forseti. Rökin sem hæstv. forsætisráðherra greip til að skýra frumvarpið lágu með öðrum orðum í því hvernig fjölmiðlar skrifuðu um hann. Ég spyr: Er það eitthvað annað en ritskoðun? Erfðaprins Framsóknarflokksins, sem ekki hefur þorað að stíga fæti sínum inn í þingsalinn frá því að hann hélt hér í makalausa ræðu fyrir um það bil tveimur vikum, þurfti þegar hann kom hér síðast að sjálfsögðu að sanna sig í augum kónganna. Og hann bætti nú um betur þegar hann kom hingað í þennan stól, reif upp opnu úr DV og sagði óvanalega hreinskilnislega að það gengi auðvitað ekki að dagblað leyfði sér þá smekkleysu að kalla hæstv. forsætisráðherra: „Kim Il Davíð". Dagblað úti í bæ beitir aldagamalli tækni sem felst í háði og skopi gagnvart valdhöfum og það á bara að loka því. Hvaðan höfum við séð þessi vinnubrögð? Í alræðisríki sem er sem betur fer liðið undir lok.

Skýring hæstv. félagsmálaráðherra á þessu frumvarpi var því í reynd engin önnur en sú að það þurfti að mýla fjölmiðlana til þess að þeir sproksettu ekki ráðherrana og leyfðu sér ekki þann svakalega verknað að gagnrýna valdið. En ég spyr aftur: Er það eitthvað annað en opinber ritskoðun?

Ég hef síðan rakið það sem hæstv. dómsmálaráðherra missti hér út úr sér í hita leiksins laugardaginn var þegar hann sagði að fjölmiðlarnir hefðu gerst sekir um að skaprauna ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Það má auðvitað ekki og þess vegna þarf helst að loka þeim fjölmiðlum eða reyna að skrúfa þá niður sem leyfa sér að sinna aðhaldshlutverki gagnvart stjórnmálamönnum, stjórnmálaflokkum eða fyrirtækjum í samfélaginu.

Fleiri tóku til máls með þessum hætti. Hæstv. menntamálaráðherra hefur nú átt makalausustu yfirlýsingarnar um nauðsyn þess að koma þessu frumvarpi í gegn. Hún sagði í fyrstu umræðunni sem hér fór fram um fjölmiðlaskýrsluna að í kjölfar þess að hæstv. forsætisráðherra hefði leyft sér að gagnrýna vöruverð í því sem hún kallaði einhverjum verslunum þá hefðu fjölmiðlar lagst í, með leyfi forseta:

„... einhverjar svæsnustu árásir á persónu í stjórnmálum sem um getur á síðari árum ..."

Hæstv. menntamálaráðherra er ekkert að skafa utan af því. Hún er að segja að forsætisráðherra gagnrýni fyrirtæki úti í bæ og fyrirtækið svari með því að misbeita fjölmiðlum sínum til þess að gagnrýna forsætisráðherra. Niðurstaðan er: Lokum fjölmiðlunum. Er þetta nokkuð annað en opinber ritskoðun, herra forseti?

Hæstv. menntamálaráðherra var heldur ekki í neinum feluleik með raunverulegan tilgang þessa frumvarps þegar hún sagði undir lok þessarar sömu umræðu að menn vissu nú svo sem hvernig tilteknir fjölmiðlamógúlar í útlöndum styddu þá flokka sem hentaði hagsmunum þeirra best. „Á ég að styðja Verkamannaflokkinn núna? Eða á ég að styðja Íhaldsflokkinn?" sagði hæstv. menntamálaráðherra í orðastað Ruperts Murdochs og hélt síðan áfram, með leyfi forseta:

„Hvort á ég að gera? Hvort hentar hagsmunum mínum betur? Hvaða flokk á ég að styðja í þetta skiptið? Síðan er trillað niður á ritstjórnarskrifstofu og sagt: Gjörið svo vel, styðjum þann flokk sem hentar hagsmunum mínum best."

Hér opinberar hæstv. ráðherra berum orðum og blákalt þá skoðun að fjölmiðlar Norðurljósa kunni ekki að styðja Sjálfstæðisflokkinn ef til kosninga komi, þeir kunni jafnvel að gagnrýna Sjálfstæðisflokkinn og hún notar það sem rök til þess að réttlæta þetta frumvarp. Það á bara að loka þeim fjölmiðlum eða veikja undirstöðu þeirra sem ekki tala eins og Sjálfstæðisflokknum er þóknanlegt. Mér dylst ekki hvað hér er á ferðinni. Dylst einhverjum hvað hér er á ferðinni? Ef þetta er ekki einbeittur vilji til að beita ritskoðun þá veit

ég ekki hvað ritskoðun er því að í mínum huga rímar allt það sem hæstv. ráðherrar og forustumenn Sjálfstæðisflokksins hafa sagt um tilurð og undirrót frumvarpsins við þetta eina orð, ritskoðun.

Munurinn á íslensku ríkisstjórninni og bandaríska varnarmálaráðherranum Donald Rumsfeld er sá einn að hann hættir að hlusta á fréttir þegar þær eru óþægilegar en ríkisstjórn Íslands hún skrúfar fyrir fjölmiðlana sem segja þær.

Herra forseti. Það hefur margsinnis komið fram í þessari umræðu að Samfylkingin hefur lýst þeirri skoðun að samþjöppun á eignarhaldi fjölmiðla, alveg eins og í öðrum greinum atvinnulífsins, feli í sér ákveðnar hættur til lengri tíma. Ég hef fyrir hönd Samfylkingarinnar hér í einum þremur ræðum og margsinnis í fjölmiðlum skilgreint þessar hættur ítarlega. Mér hefur stundum þótt það undarlegt að ég hef aldrei séð slíkar skilgreiningar koma úr munni þeirra sem reyna að verja þetta frumvarp. En allt um það. Ég ætla ekki að fara í frekari rökræður um það.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að þessar hættur séu tvær helstar, að eigandi stórra fjölmiðla geti samræmt ritstjórnarstefnu þeirra og reynt að misbeita henni gagnvart einstaklingi í viðskiptum, í stjórnmálum eða hreinum stjórnmálaflokkum. Það er hugsanlegt. Í örðu lagi er mögulegt að sami einstaklingur eða sami eigandi reyni með einhvern veginn gegnum tök sín á fjölmiðlunum að hygla sínum eigin fyrirtækjum og jafnframt mismuna öðrum fyrirtækjum á markaði. Við í Samfylkingunni höfum lagt fram ítarlegar leiðir sem við teljum að nái markmiðum þess frumvarps sem hér liggur fyrir miklu betur en leiðir frumvarpsins og með miklu vægari úrræðum. Óneitanlega er það þannig, af því að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins — ég tala nú ekki um Framsóknarflokkinn því hann ræðir þetta mál helst ekki og fer bara með veggjum — hafa kallað eftir málefnalegri umræðu af hálfu Samfylkingarinnar, að hér hefur hver þingmaður Samfylkingarinnar á fætur öðrum komið og lagt fram fjórþætta stefnu. En enginn þingmaður sjálfstæðismanna hefur komið og reynt á neinn hátt að drepa rökum undan þessum stefnumiðum okkar.

Ég hef lýst því líka yfir að ég tel ekki að þessi stefna Samfylkingarinnar sé fullkomin. En hún er sú besta sem völ er á í bili og hún hefur það með sér að hún byggir á meðalhófsreglunni sem er grunnur íslensks réttar. Sú regla, eins og hér hefur margsinnis komið fram, felur það í sér að stjórnvald þarf alltaf að beita vægustu leiðum til þess að ná lögmætu markmiði. Ég dreg það ekkert í efa að markmiðið fjölbreytni í fjölmiðlum er fyllilega lögmætt og að ákveðnar hættur fylgja samþjöppun á markaði til lengri tíma litið þó það sé ekkert í efnistökum eða fjölbreytni fjölmiðlanna í dag sem segir að við þurfum að ráðast í það einn, tveir og þrír.

Við höfum í stuttu máli sagt, herra forseti, að það sé hægt að vinna gegn hættum samþjöppunar og tryggja fjölbreytni með því að stórefla Ríkisútvarpið sem var tillaga fjölmiðlanefndar númer eitt. Þá er auðvitað nauðsynlegt að frelsa það úr hinum pólitísku fjötrum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt á það, með því að setja lög sem tryggja sjálfstæði og frelsi ritstjórna gagnvart eigendum, með því að tryggja með lögum að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum hverjir eigi fjölmiðlana og með því að beita samkeppnislögum og styrkja Samkeppnisstofnun.

Ég verð að rifja það hér upp, herra forseti, að í gær hélt hv. þm. Gunnar Birgisson skelegga og merka ræðu. Ég heyrði ekki betur en hann væri sammála tveimur af þessum fjórum markmiðum. Í dag er staðan þannig, eins og ég hef rakið í minni ræðu, að það er einfaldlega ekkert sem rekur á eftir því að ráðast í mikilli skyndingu í þessar umfangsmiklu og íþyngjandi lagabreytingar. Þvert á móti hef ég hér rakið ummæli formanns fjölmiðlanefndar ríkisstjórnarinnar sem sagði blákalt í sjónvarpsþætti að í dag ríkti fjölbreytni í fjölmiðlun og Davíð Þór Björgvinsson hefur sérstaklega rakið þá fjölbreytni til fjölmiðla þess fyrirtækis sem ríkisstjórnin vill leggja að velli. Það skiptir ákaflega miklu máli vegna þess að þeir sem hafa talað af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa jafnan reynt að skjóta sér á bak við bæði fjölmiðlanefndina og umræddan prófessor.

Við höfum hér bráðum í þrjár umræður rætt í þaula meginatriði frumvarpsins. Ég vil bara í örstuttu máli í lokin rifja upp nokkrar helstu röksemdir Samfylkingarinnar gegn ýmsum ákvæðum þess sem beinlínis vinna gegn yfirlýstu markmiði um fjölbreytni á markaðnum. Frumvarpið bannar að fyrirtæki í óskyldum rekstri fái útvarpsleyfi og eigi meira en 35% hlut í fjölmiðli. Ég tel að þetta ákvæði hamli í fyrsta lagi verulega gegn möguleikum fyrirtækja til að fjárfesta í útvarpsrekstri. Í öðru lagi takmarkar það verulega möguleika fyrirtækja í óskyldum rekstri til að stofna fjölmiðla og hefja samkeppni við þau fyrirtæki sem eru þegar fyrir. Þess vegna stríðir þetta ákvæði augljóslega gegn markmiðum samkeppnislaga. Það undrar þess vegna engan þegar ég rifja það upp að Samkeppnistofnun hefur harðlega lagst gegn þessu ákvæði. Hún hefur farið fram á að það verði tekið út úr frumvarpinu. Ástæðan er sú að þetta ákvæði frumvarpsins vinnur alveg augljóslega gegn markmiði frumvarpsins um fjölbreytni.

Frumvarpið bannar líka að markaðsráðandi fyrirtæki eigi meira en 5% í fjölmiðlum. Sýnt hefur verið fram á það í þessari umræðu af hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni, og enginn þeirra þingmanna sjálfstæðismanna og framsóknarmanna sem hlustuðu á þá ræðu hefur treyst sér til að mótmæla því, að þetta ákvæði útilokar 60 af þeim 90 fyrirtækjum sem skiluðu mestum hagnaði á síðasta ári samkvæmt upplýsingum í nýlegu viðskiptariti og þau 30 sem eftir eru eru aðallega sjávarútvegsfyrirtæki. Það liggur svo berlega í augum uppi, Gráni minn, svo ég vísi nú í orð þjóðskáldsins Megasar, að ákvæðið kemur nánast í veg fyrir að þau fyrirtæki á Íslandi sem eiga fjármagn geti lagt fram fé sem einhverju nemur til þess að byggja upp fjölmiðla. Þetta ákvæði stríðir því augljóslega líka gegn samkeppnislögum enda hefur Samkeppnisstofnun lagt til að það fari út úr frumvarpinu. Ákvæðið um markaðsráðandi fyrirtæki, eins og það er í dag, vinnur því alveg ljóslega gegn markmiðum um fjölbreytni.

Frumvarpið bannar líka að fyrirtæki sem eru tengd útgefanda dagblaðs hafi útvarpsleyfi. Það er náttúrlega alveg ljóst að í þessu felast augljósar samkeppnishindranir fyrir utan önnur áhrif sem ég kann að rekja síðar í ræðu minni. Samkeppni á fjölmiðlamarkaði er ein af forsendum fjölbreytni og úr því að þetta ákvæði vinnur gegn samkeppni þá vinnur það líka gegn fjölbreytni. Samkeppnisstofnun hefur líka lagst gegn þessu ákvæði í óbreyttri mynd.

Þá liggur það fyrir, herra forseti, af því ég veit að hæstv. forseti er áhugamaður um þetta mál og ber á því ábyrgð, að Samkeppnisstofnun hefur lagst gegn ekki einni, ekki tveimur, heldur þremur megingreinum frumvarpsins eftir breytingarnar. Undrar þá einhvern þó menn standi ekki upp og hrópi hallelúja þegar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd koma heiðir og með glitrandi

augu af fundi nefndarinnar og segjast vera búnir að setja byttur undir alla lekana á frumvarpinu. Því miður, frumvarpið er enn jafngötótt gagnvart markmiðum samkeppnislaga og áður og Samkeppnisstofnun hefur ekki breytt áliti sínu á þessu. Það liggur einfaldlega fyrir.

Ég gæti, herra forseti, farið nokkrum orðum um stjórnarskrána blessaða sem hæstv. ráðherrar eru farnir að umgangast af sömu virðingu og gamalt og lúið plagg. En ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að fara djúpt í þá umræðu.

Ég vil samt rifja það upp að Sigurður Líndal, lærimeistari hinna upprennandi ungu þingmanna Sjálfstæðisflokksins og sá sem ber ábyrgð á lagalegri kunnáttu þriggja ráðherra ríkisstjórnarinnar, segir þessum gömlu nemendum sínum það umbúðalaust að ákvæðin um markaðsráðandi fyrirtæki og bannið gegn því að ljósvakamiðill og dagblað séu á einni og sömu hendi kunni að varða bæði við ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og jafnræði. Sú hætta liggur reyndar svo í augum uppi að hún ætti að vera hvaða mannsbarni ljós. Ef einhver einstaklingur eða fyrirtæki má ekki gefa út dagblað þá er það einfaldlega ljóst að honum er mismunað, jafnræðisregla stjórnarskrárinnar er þá í hættu og prentfrelsið er af honum tekið. Á þetta hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson bent í mörgum ræðum hér. Ég minnist þess ekki að nokkur maður hafi reynt að hrekja þetta. Ég held að þeir stjórnskipunarspekingar sem fjalla um þetta í fjölmiðlum þessa dagana séu sífellt að harðna í afstöðu sinni til þessa tiltekna atriðis enda finnast engin dæmi um það á byggðu bóli að lagt sé bann við þessu. Þær upplýsingar sem hingað voru færðar um að það væri bannað í Bandaríkjunum reyndust rangar þegar það var skoðað.

Það er alveg ljóst að af sömu rökum og þarna er jafnræðisreglan í uppnámi þá er ákvæði um tjáningarfrelsi líka í uppnámi. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að ég er ekki að segja fortakslaust að hér sé um brot á stjórnarskránni að ræða. Ég sagði það um afturvirknina sem hv. þingmenn hafa lagfært með breytingartillögum sínum. Ég var algjörlega viss um að það væri brot á stjórnarskrá. En um þessi flóknu atriði segi ég: Það liggur fyrir rökstutt álit margra sérfræðinga sem jafnan hafa verið kvaddir til þegar álitamál af þessu tagi rísa og þeir telja að þetta sé meira en hugsanlegt. Þá ríkir nægur vafi í mínum vafi til þess að segja: Stopp. Hingað og ekki lengra. Skoðum þetta.

Sigurður Líndal segir það reyndar svart á hvítu í fjölmiðlum í vikunni að ef fjölmiðlafyrirtæki eru settar mjög þröngar skorður um að afla fjár til rekstrar þá kynni það líka að bitna á stjórnarskrárvörðum rétti Íslendinga til tjáningarfrelsis. Það er ekki nóg með það heldur hefur Sigurður Líndal eins og reyndar fleiri bent á að yfirlýsingar forsætisráðherra, þegar honum urðu á þau afdrifaríku mistök að ráðast á forseta lýðveldisins, benda auðvitað mjög sterklega til þess að tilgangurinn með lögunum sé ekki almennur heldur sértækur. Orð hæstv. forsætisráðherra þegar hann réðst að forseta lýðveldisins í hinu dæmalausa afmælisávarpi sem hann flutti á afmælisdegi forsetans svipti hulunni af því sem var að gerast. Þar var það einfaldlega sagt að forsetinn væri vanhæfur vegna þess að dóttir hans ynni hjá Baugi. Var þá ekki alveg ljóst að hæstv. forsætisráðherra taldi að frumvarpið beindist gegn Baugi? Þetta, sagði Sigurður Líndal, gæti leitt til þess að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sé ekki gætt.

Jónatan Þórmundsson lagaprófessor hefur orðað þetta öðruvísi. Hann hefur sagt að ef frumvarp af þessu tagi beinist gegn einu tilteknu fyrirtæki þá felist í því dulinn tilgangur sem varði við stjórnarskrána. Það er svo hægt að benda á kannski þrenn, fern önnur rök sem benda til þess, taka ekki af allan vafa en benda til þess að frumvarpið sneiði það harkalega að jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar, eins og svo margir þaulreyndir lagaspekingar hafa bent á, að þar sé of harkalega gengið um garða. Enda rifja ég það aftur upp að Jakob R. Möller, sem er hugsanlega líka einn af kennurum hv. þingmanna sem ég hef hér nefnt til sögunnar, kallaði breytingarnar ekkert annað en þýðingarlitlar fegrunaraðgerðir.

Herra forseti. Atburðarásin hefur verið með ólíkindum, hraðinn, fyrirhyggjuleysið og flaustrið. Ég held að sé hollt fyrir okkur að draga þessa atburðarás saman í stikkorðastíl til þess að menn átti sig betur á vinnubrögðunum í málinu.

Samin er skýrsla á methraða, svo miklum að ekki gefst tími til að kanna hvaða lagasetning mundi standast EES-samninginn.

Fyrsta tillaga nefndarinnar til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun er að styrkja Ríkisútvarpið. Á RÚV er þó ekki minnst í frumvarpinu.

Um leið og skýrslan er lögð fram í ríkisstjórn kynnir hæstv. forsætisráðherra frumvarp þar sem meira að segja var upphaflega gert ráð fyrir að dagblaðaútgáfa yrði leyfisskyld.

Fram kemur síðan frumvarp með afturvirkum lagabókstaf og sem að mati sérfræðinga brýtur gegn eignarrétti, tjáningarfrelsi og atvinnufrelsi og mannréttindasáttmála Evrópu.

Frumvarpið vinnur augljóslega gegn tilgangi sínum, fjölbreytni, og stofnar atvinnu hundruða í voða.

Umsagnaraðilar fá tvo daga til að skila umsögn.

ASÍ, Samtök atvinnulífsins, Verslunarráð, allir nema keppinautar Norðurljósa eru andvígir frumvarpinu.

Hæstv. forsætisráðherra lofar svo að gefa allan þann tíma sem þarf til að fjalla um málið en strax á eftir neitar allsherjarnefnd að hlusta á alla málsaðila.

Efnahags- og viðskiptanefnd fær ekki tíma til að ljúka umsögn.

Menntamálanefnd fær ekki tíma til að ljúka umsögn.

Tvisvar til viðbótar eru svo gerðar breytingar á frumvarpinu þó í öll fyrri skiptin hafi stjórnarliðar lýst því yfir að frumvarpið í þáverandi mynd sé best allra frumvarpa.

Ráðherrar veifa dagblöðum í ræðustól og segja að þessi skrif verði að stöðva.

Forsætisráðherra tekur af öll tvímæli um að frumvarpið beinist gegn einu fyrirtæki um leið og hann blandar fjölskyldu forseta lýðveldisins í málið.

Allur málflutningur sjálfstæðismanna snýst um eitt fyrirtæki.

Í næstu viku er líklegt að hér verði samþykkt frumvarp sem að mati sérfræðinga brýtur gegn tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og mannréttindasáttmála Evrópu. Frumvarpið vinnur gegn tilgangi sínum, fjölbreytni, og það stofnar atvinnu hundruða í voða.

Allt gerist þetta af því að forsætisráðherra er með tiltekið fyrirtæki á heilanum og leggur það í einelti og vegna þess að Halldór Ásgrímsson verður forsætisráðherra 15. september.

[11:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði þingmaður sem talaði mikið um vægustu leiðirnar, þær væru það sem skipti máli, að menn ættu að beita vægustu leiðunum.

Fyrir 27 mánuðum, virðulegi forseti, stóð þessi þingmaður hér upp í pontu og sagði að það þyrfti hvorki meira né minna en að skaffa Samkeppnisstofnun tækin til að skipta upp fyrirtækinu (Gripið fram í.) Baugi, virðulegi forseti, að Samkeppnisstofnun þyrfti bara að fá tækin til að skipta upp Baugi, hvorki meira né minna. En nú eftir að Baugur er búinn að taka yfir stærstan hlutann af fjölmiðlunum eins og menn þekkja þá hefur hljóðið aldeilis breyst. Þá hefur takturinn í orðum hv. þingmanns Össurar Skarphéðinssonar aldeilis breyst. Mikið hefur verið spurt um hvers vegna þessi sinnaskipti hafi átt sér stað.

Hér er ég með líka fullt af ummælum margra þeirra sem hér eru í salnum — það er að segja þingmanna Samfylkingarinnar — um hættuna á samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. En það er allt saman horfið og enginn veit af hverju. Látum það liggja á milli hluta.

Hins vegar lít ég svo á og vona að langur hluti þessarar ræðu, virðulegi forseti, hafi verið einhvers konar skemmtiatriði, kaflinn sem gengur út á samsæriskenninguna um að hér eigi að ritskoða með þessum lögum og að menn ætli nú að snúa menn niður og láta þá breyta sínum skoðunum og ritstjórnarstefnu sinni. Hverjum dettur það í hug, virðulegur forseti, að þetta geti staðist? Hvernig á það að vera? Gefum okkur að á morgun eða á mánudag verði frumvarpið *samþykkt sem lög. Hvernig í ósköpunum, virðulegi forseti,* breytir það ritstjórnarstefnu viðkomandi fjölmiðla? Kannski að hv. þm. svari því. Það segir sig alveg sjálft að það breytir engu eðli málsins samkvæmt og það skiptir engu máli hvaða fjölmiðill það er. Menn hafa val til að hafa þá ritstjórnarstefnu sem þeir vilja. (Forseti hringir.) Hv. þm. verður að svara því hvort þetta frumvarp breytir því.

[12:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti þeirri skoðun fyrir nokkrum árum að ég teldi að Samkeppnisstofnun ætti að hafa úrræði í höndum til þess að brjóta upp ef þyrfti þegar markaðsráðandi fyrirtæki misneyttu þeirrar stöðu sinnar ítrekað. Þessari skoðun deila með mér hæstv. forsætisráðherra og Morgunblaðið. Ég hef ekki skipt um þá skoðun. Ég tel að það eigi að vera slík úrræði í gildi en þau eigi ekki bara að ganga gegn fjölmiðlum heldur eigi þetta að gilda um atvinnulífið almennt. Ef menn verða uppvísir að því að verða slíkir þrjótar að þeir misneyti ítrekað slíkrar stöðu þá á þetta að vera til staðar. Reyndar er það svo, þó að ég sjái merki þess að hv. þm. hefur greinilega ekki lesið fjölmiðlaskýrsluna, að þar er mikið fjallað um þetta og þar er vísað til þess að samkeppnisráð sjálft telur að það hafi nú í höndum þessi úrræði. Það eitt ætti því að geta dugað til þess að brjóta upp þessa fjölmiðlakeðju sem hv. þm. er með á heilanum.

Hv. þm. spyr síðan: Hvernig getur þetta leitt til varanlegrar ritskoðunar? Það var nú þannig að Stöð 2 var að verða gjaldþrota. Fréttablaðið var að verða gjaldþrota og DV var orðið gjaldþrota þegar þetta nýja fjármagn kom inn og hleypti þessum mikla krafti í fjölmiðlamarkaðinn sem hefur leitt til mikillar samkeppni og þar af leiðandi meiri pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni en áður. Ef þessir miðlar deyja eins og Sjálfstæðisflokkurinn vill og er meðvitað að reyna að knésetja þá mundum við standa frammi fyrir ástandi þar sem væri Ríkisútvarpið, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn ræður öllu og kemur meira að segja í veg fyrir að fólk sé ráðið þangað ef það er af röngu pólitísku sauðahúsi, einokar alla valdastóla og er innan RÚV með sterkara eigendavald en Baugur innan Norðurljósa. Svo hefðum við á hinn kantinn Morgunblaðið. Við þekkjum þetta ástand. Við í stjórnarandstöðunni vitum hvernig er að búa við það.

[12:03]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hvet menn til þess að lesa þá ræðu sem hv. þm Össur Skarphéðinsson hélt hérna um Baug á sínum tíma. Hún var ekki í neinum takti við það sem hér kom fram.

Ég get ekki farið vel yfir það í þessu stutta andsvari, en aðeins út af þessu. Hér kom fram stóra samsæriskenningin, að verið sé að koma með frumvarp til að knésetja Norðurljós. (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Þetta er algjörlega fráleitt, algjörlega fráleitt og er ekki stutt neinum rökum. Og ég held bara að hver einasti hv. þingmaður Samfylkingarinnar hafi lýst því yfir að sjálfstæðisflokkurinn stjórni umfjöllun á RÚV. Með fullri virðingu, virðulegi forseti. Hvers konar þvættingur er þetta? Hvers konar þvættingur er þetta? Er hv. þm. Össur Skarphéðinsson að segja að fréttamenn á RÚV, útvarpi og sjónvarpi, þáttagerðarmenn og aðrir slíkir séu undir handleiðslu Sjálfstæðisflokksins, að þeir fari eftir Sjálfstæðisflokknum? (**JÁ:** Er þá engin hætta af eigendavaldinu?) Virðulegi forseti. Þetta stenst enga skoðun. Þetta stenst enga skoðun. Hv. þm. Jóhann Ársælsson segir: Er ekki hætta af *eigendavaldinu? Á Sjálfstæðisflokkurinn Ríkisútvarpið?* Virðulegi forseti. Á Sjálfstæðisflokkurinn Ríkisútvarpið? Ég vissi það ekki. Það er þá sérkennilegt því hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja styrkja Ríkisútvarpið. Það er þá væntanlega eitthvað sem ég veit ekki nákvæmlega hvernig fer heim og saman. En það er annað mál.

Aðalatriðið er að þetta stenst enga skoðun. Þessi ritskoðunarmálflutningur Samfylkingarinnar er auðvitað mjög alvarlegur. Það að vera með þessar ásakanir er mjög alvarlegt. *En það er kannski þeim stjórnmálaflokki samboðið.* Ég átta mig ekki á því. Það má vera.

[12:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að Sjálfstæðisflokkurinn ritskoðaði fréttir fréttamanna eða stýrði penna þeirra eða höndum á takkaborði. En ég sagði: Sjálfstæðisflokkurinn einokar alla valdastóla innan Ríkisútvarpsins og hann gerir það meðvitað. Það ráðuneyti sem Sjálfstæðisflokkurinn sækir alltaf fyrst eftir þegar ríkisstjórnir eru myndaðar er menntamálaráðuneytið, til þess að geta raðað þar í stjórnunarstöður sínum mönnum. Það liggur fyrir að við búum við það sérkennilega ástand sem hefur verið átalið af Evrópuráðinu að um ráðningar fréttamanna er fjallað af pólitískum meiri hluta sem er undir stjórn flokks þess sem hv. þm. tilheyrir.

Rök hv. þm. eru svona: „Það þarf að lima sundur of stór fjölmiðlafyrirtæki vegna þess að eigendur þeirra geta smitað valdi sínu í gegnum ritstjórnarstefnuna.“ Ef þetta er rétt þá hlýtur það líka að gilda um Ríkisútvarp þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er með ægivald á öllu. Það er hins vegar þannig að innan Ríkisútvarpsins hafa menn sett sér ákveðnar siðareglur og væntanlega fylgja þeim eftir. Ég gæti sagt svo sem hv. þm. og þingheimi ýmsar sorglegar sögur af samskiptum mínum og þess ágæta fyrirtækis. En það er bara mitt mál sem ég ætla ekki að tefja hv. þingmann með. Ég er ekki að halda því fram að þar sé ritskoðun. En ég er bara að halda því fram að ef þessi rök hv. þm. gilda um Norðurljós þá hljóta þau líka að gilda um Ríkisútvarpið og samkvæmt

(**Gripið fram í:** Gefumst ekki upp.) röksemdafærslu hv. þingmanns ætti Ríkisútvarpið að vera undir pólitísku oki Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) Sem betur fer birtist það ekki í faglegum efnistökum fréttamannanna. Með sama hætti er ég þeirrar skoðunar að eigendavaldið birtist ekki í faglegum tökum blaðamanna Norðurljósa. En upp getur komið sú staða að eigendur hafi of mikil tök. (Gripið fram í.) Það er þess vegna sem Samfylkingin hefur lagt fram fjórar hugmyndir. Þær eru ekki fullkomnar en þær ganga miklu betur til þess að ná markmiðum frumvarpsins sem þið hafið lagt fram og eru auðvitað bara til þess að mola lappirnar undan Norðurljósum eins og hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) kom glögglega fram með.

[12:08]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé mig tilknúinn til þess að koma hér upp vegna þess (**Gripið fram í:** Gott að þú ert ...) að ég tel að hv. þm. sem hér talaði hafi alveg verið kominn í fullkominn hring í röksemdafærslu sinni. Hann reyndi hér að færa fyrir því rök að þegar hæstv. menntamálaráðherra tæki dæmi frá útlöndum af þeirri hættu sem stafaði af of mikilli samþjöppun í fjölmiðlun eða á eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum þá væri það ritskoðun. Næst hélt hv. þm. áfram að fjalla um sínar skoðanir á þessum málum og lýsti yfir miklum áhyggjum af því af þeim hættum sem stöfuðu af þeim sömu atriðum og menntamálaráðherra fjallaði um. Hann sagði að hætturnar væru einkum tvenns konar, í fyrsta lagi að eigendur gætu samrýmt ritstjórnarstefnu sína, samrýmt ritstjórnarstefnu allra sinna fjölmiðla þannig að fjölmiðlunum yrði misbeitt í þágu ákveðins málstaðar. Hvað var hæstv. menntamálaráðherra annað að gera en að taka nákvæmlega þetta sama dæmi? Þetta var nákvæmlega sama dæmið og hv. þm. sjálfur getur tekið án þess að það teljist ritskoðun þegar hann hér stendur í ræðustól. Staðreyndin er nefnilega sú að menntamálaráðherra og hv. þingmaður voru að tala um nákvæmlega sama hlutinn.

Hitt atriðið sem ég vildi gera athugasemd við er umræðan um Samkeppnisstofnun sem hv. þm. kom inn á. Mér er algjörlega fyrirmunað að skilja hvað Samfylkingin á við þegar talað er um að styrkja þurfi Samkeppnisstofnun vegna þeirrar hættu sem stafar af of mikilli samþjöppun á þessu sviði. Hvað er átt við? Vantar Samkeppnisstofnun einhver tæki eða tól til þess að bregðast við stöðunni? Hafa þingmenn Samfylkingarinnar, virðulegi forseti, einhverjar áhyggjur af stöðunni yfir höfuð eins og hún er í dag?

[12:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru þrjár spurningar og ég svara þeirri síðustu fyrst.

Hv. þm. spyr: „Hafa þingmenn Samfylkingarinnar áhyggjur af stöðunni eins og hún er í dag?“ Nei. Við höfum ekki áhyggjur af henni vegna þess að greining fjölmiðlanefndarinnar sýnir að fjölbreytni ríkir á markaðnum og formaður fjölmiðlanefndarinnar hefur sagt berum orðum að þá fjölbreytni megi rekja til fjölmiðla Norðurljósa.

Til framtíðar er hins vegar alveg ljóst, eins og við höfum reynt að skilgreina en ekki þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að það eru ákveðnar hættur. Það eru þessar hættur sem ég rakti hérna áðan. Ófyrirleitinn eigandi getur reynt að nýta samræmda ritstjórnarstefnu gegn einhverjum mönnum, keppinautum, hugsanlega flokkum. Við gerum okkur grein fyrir þessari hættu og við teljum að það sé af og frá að reyna að bægja henni frá með því að takmarka samþjöppun í eignarhaldi þó það kunni að vera æskilegt líka þegar fram í sækir. Við gerum það með því að benda á þær aðferðir sem fjölmiðlaskýrslan bendir á að tilmæli Evrópuráðsins fela í sér, það er að setja lög sem skylda ritstjórnir til þess að setja sér innri reglur þannig að sjálfstæði og faglegt verklag fréttamannanna verði varið. Við höfum dæmi um þetta, vont dæmi, sem ég gæti rakið fyrir hv. þingmanni. Þetta liggur fyrir.

Það sem hæstv. menntamálaráðherra sagði var akkúrat þetta. En Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei viðurkennt þetta. Hann hefur aldrei viðurkennt að tilgangur frumvarpsins sé einmitt að reyna að koma í veg fyrir að eigendavaldið smitist í gegnum ritstjórnirnar. Hann hefur aldrei sagt það.

Að því er varðar Samkeppnisstofnun í örstuttu máli þá er það einfaldlega þannig að það gæti verið hægt að beita samkeppnishamlandi aðgerðum á markaði sem bryti lög. Samkeppnisstofnun þarf úrræði, og hefur þau reyndar, til þess að bregðast gegn því. En hún þarf fjármagn. Það er það sem hún þarf og hv. þm. hefur tekið þátt í því að fella tillögur Samfylkingarinnar um aukið fjármagn til hennar.

[12:12]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti mjög athyglisvert að hv. þm. lýsti því hér yfir að hann hefði engar áhyggjur af stöðunni á þessum markaði í dag. Það var mjög athyglisvert innlegg í þessa umræðu, sérstaklega í ljósi þeirra ummæla sem áður hafa fallið frá samflokksmönnum hv. þingmanns, meðal annars frá Jóhönnu Sigurðardóttur í apríl árið 2000 þegar hún sagði, með leyfi forseta:

„Fákeppni og samþjöppun valds er líka að verða meira áberandi í fjölmiðlastarfsemi sem er vissulega mjög varhugavert fyrir lýðræðið og eðlilega skoðanamyndun í landinu.“

(**Gripið fram í:** Árið 2000.) Árið 2000, löngu áður en þessi samþjöppun sem mest er fjallað um í fjölmiðlaskýrslunni varð að veruleika. (Gripið fram í.) Maður getur ekki tekið þessa umræðu um Samkeppnisstofnun alvarlega þegar það kemur fram í .... (**Gripið fram í:** Ásta Ragnheiður.) Ef ég mætti halda orðinu hér, virðulegur forseti. (Gripið fram í.) Maður getur ekki tekið þessa umræðu um Samkeppnisstofnun alvarlega þegar hv. þm. kemur hingað upp og segir að engin ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af þeirri samþjöppun sem hefur átt sér stað. Hvað þarf mikið til að koma? Við erum hér með markað fyrir einkarekna fjölmiðla. Einn aðili er með yfir 60% af markaðnum. Fjölmiðlanefndin komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri mjög óæskileg samþjöppun í eignarhaldi til lengri tíma litið, mjög óæskileg. Hvað þarf til að koma? Hvenær á Samkeppnisstofnun að grípa til þeirra úrræða sem hv. þm. er að gefa í skyn? Er það 90% viðmiðið?

Þeir sem standa að þessu frumvarpi eru nefnilega ekki að tala á þessum nótum. Þeir eru ekki að segja að það þurfi að brjóta niður fyrirtæki sem ná ákveðinni stöðu. Þeir eru að segja: Við ætlum að skoða eignarhaldið.

Á mörgum sviðum viðskiptanna á Íslandi ríkir sú staða að við þurfum að una fyrirtækjum því að ná ákveðinni lágmarksstærð. Þetta frumvarp gengur út frá þeirri sömu forsendu. Það horfir á eignarhaldið. Samþjöppun eignarhalds er óæskileg þróun. Ég hafna öllum fullyrðingum héðan úr ræðustól um að markmið þessara laga sé að reyna að knésetja

ákveðið fyrirtæki. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hvar var þingmaðurinn í gær?)

[12:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé að hv. þm. er sennilega illa nývaknaður. Mér sýndist það á honum. Hann er eitthvað pirraður yfir frammíköllum. Ég ætla samt að reyna að svara því sem hv. þm. var að spyrja mig um.

Ég verð að viðurkenna að ég skildi ekki alveg spurningarnar en mér fannst hann vera að spyrja mig um hvenær Samfylkingin mundi hafa áhyggjur af samþjöppun í eignarhaldi. Hún hefur, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir árið 2000, áhyggjur af því að samþjöppun í eignarhaldi geti til lengri tíma litið haft óæskileg áhrif. Þess vegna hefur hún lagt fram fjórar hugmyndir um það hvernig eigi að bægja þeim hættum frá. Forsenda frumvarpsins var hins vegar lögð í fjölmiðlaskýrslunni. Þar var einfaldlega sagt að kanna ætti markaðinn með tilliti til fjölbreytni (Gripið fram í.) og kanna hvernig ætti að grípa inn í ef í ljós komi að samþjöppunin á markaðnum væri farin að hafa óæskileg áhrif á fjölbreytni.

Nú spyr ég hv. þingmann og aðra hv. þm.: Geta þeir fundið eitt dæmi í skýrslu nefndarinnar um að samþjöppun í eignarhaldi haft haft óæskileg áhrif á fjölbreytnina í fjölmiðlun á Íslandi? Nei, þeir geta það ekki. Það liggur þvert á móti fyrir yfirlýsing formanns nefndarinnar um að einmitt fjölmiðlarnir sem tilheyra því fyrirtæki sem Sjálfstæðisflokkurinn vill knésetja út af einhverjum persónulegum dyntum hæstv. forsætisráðherra eru undirrót þessarar hörðu samkeppni og miklu fjölbreytni sem þar ríkir í dag. Við í Samfylkingunni erum hins vegar að reyna að skyggnast inn í framtíðina og sjá fyrir vandamál sem kunna að koma upp. Það er þess vegna sem við erum að leggja þetta til.

Um Samkeppnisstofnun segi ég svo þetta: Setjum samkeppnislög sem ná ekki bara yfir fjölmiðla heldur öll þau fyrirtæki sem beita markaðsráðandi stöðu ítrekað (**BjarnB:** Ég hélt það væri búið að því.) til þess að misnota stöðu sína. Grípum til þeirra úrræða sem formaður Samfylkingarinnar, hæstv. (Forseti hringir.) forsætisráðherra og ýmsir fleiri hafa lagt til, reyndar hæstv. dómsmálaráðherra líka.

[12:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Senn dregur til enda þessarar löngu umræðu (**ÖS:** Formaður Samfylkingarinnar á seinni ræðuna eftir.) um þetta mikla mál og það mun jafnt gerast þó formaður Samfylkingarinnar flytji eina fjallræðu í viðbót. Umfjöllunin mun samt taka enda. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Hver man ekki orðin: „Við erum límið í stjórnarsamstarfinu.“ Þau hafa verið sögð hér í þessum sal. Þau hafa verið sögð á stjórnmálafundum úti um land. Og hverjir hafa nú helst tekið sér þessi orð í munn? Jú, það eru forustumenn í Framsóknarflokknum. Þeir hafa iðulega notað þessi orð og haldið því fram að Framsóknarflokkurinn væri límið í stjórnarsamstarfinu, það væru þeir sem héldu ríkisstjórninni saman. Eitt er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, þegar við ræðum þau mál sem hér eru til umfjöllunar, fjölmiðlamálin, eignarhald á fjölmiðlum, og það er að Framsóknarflokkurinn ætlar að vera það lím sem heldur ríkisstjórninni saman hvað sem á dynur. Hversu langt sem Framsóknarflokkurinn verður dreginn niður í svaðið í þessu máli þá skal límið halda, enda ætla menn sér þar á bæ að setjast í forsætisráðherrastól þann 15. september. Það er sama hversu langt hæstv. forsætisráðherra gengur í þessu máli, límið í Framsóknarflokknum skal halda. Það skal halda út yfir gröf og dauða í þessu máli. Það held ég að sé niðurstaðan sem við getum dregið af þessu máli, að stjórnarsamstarfið er undir. Þannig held ég að Framsóknarflokknum hafi í raun og veru verið stillt upp við vegg. Það er alveg ljóst að mjög margir félagar í Framsóknarflokknum hafa gert miklar athugasemdir við þessa málsmeðferð alla saman og að Framsóknarflokkurinn á erfitt í málinu. Límið í því að halda þessu saman er forsætisráðherrastóll. Það er niðurstaðan sem ég dreg af þessu máli.

Það getur ekki verið að forustumenn í Framsóknarflokknum séu ekki löngu búnir að átta sig á því að ekki er eðlilegt að þetta mál fari í gegn með þeim hætti sem hér er stefnt til. Það hefur komið fram aftur og aftur í þessari umræðu og ég hygg stundum óvart í umræðunni frá stjórnarliðum, að málið tæki til eins fyrirtækis og beindist að því, að þessi lög þegar þau verða samþykkt verði sértæk. Þegar nýjasta útgáfa þessa máls kom fram, það er að segja gleðiútgáfan, sú síðasta, þegar allir voru svo hamingjusamir, að sögn hæstv. forsætisráðherra, að önnur eins sátt og gleði hefur ekki ríkt á stjórnarheimilinu og við framkomu síðustu tillögunnar sem hér er uppi í þessu máli, fjórðu tillögunnar, þá var fjallað um málið í stjórn fyrirtækisins sem mestra hagsmuna á að gæta, Norðurljósa, og með leyfi forseta langar mig að vitna í smáúttekt á því sem sagt var þá í tilkynningu frá stjórn Norðurljósa:

„Á stjórnarfundi í Norðurljósum í dag fór stjórn félagsins yfir stöðu mála vegna fjölmiðlafrumvarps Davíðs Oddssonar. Þær breytingar sem Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson kynntu í gær að gera ætti á fjölmiðlafrumvarpinu fyrir 3. umr. breyta í engu afstöðu Norðurljósa til frumvarpsins. Frumvarpið er eftir sem áður sértækt og beinist eingöngu að miðlum Norðurljósa sem stjórnvöld ætla sér að leysa upp þann 1. júní 2006.

Stjórn Norðurljósa mun fram til gildistöku laganna leggja allt í sölurnar til að fá hnekkt þessari árás ríkisvaldsins á atvinnu-, tjáningarfrelsi og eignarréttindi, einstaklinga og lögaðila, sem varin eru af stjórnarskránni.“

Þetta segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. Enn á ný hefur því fyrirtækið metið málin svo að hér sé sérstök lagasetning á ferðinni sem muni beinast einkanlega að þeim og þeir líta svo á að hér sé um sértæk lög að ræða.

Í umræðunni hefur oft verið vitnað til Sigurðar Líndals lagaprófessors og enn á ný varar hann við því að frumvarpið sé ekki í þeim búningi að telja megi víst að það standist stjórnarskrá.

Það er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, að við þingmenn Frjálslynda flokksins munum ekki styðja þetta frumvarp. Það kemur aldrei til miðað við þann búning sem málið hefur verið í. Við ætlum ekki að taka með nokkrum hætti þátt í að styðja mál sem við teljum að geti gengið á svig við stjórnarskrána og sem líklegt má telja að ríkið verði síðan skaðabótaskylt fyrir.

Það liggur ljóst fyrir, hæstv. forseti, að þetta mál er fyrst og fremst óskabarn Davíðs Oddssonar. Þetta frumvarp er hans barn. Þó því hafi verið breytt í fjögur skipti er það enn ekki í þeim búningi að ásættanlegt sé.

Við höfum lýst skoðunum okkar á fjölmiðlum og starfsemi þeirra hér á landi, samþjöppun og öðru, í mörgum ræðum á hv. Alþingi og einnig þegar við ræddum hér málin í byrjun desember vegna þingsályktunartillögu sem hér var flutt og við vorum meðal annarra flutningsmenn að. Við

höfum tjáð það að okkur fyndist að þetta mál þyrfti miklu nánari skoðunar við, það þyrfti að skoða margt fleira en bara það sem er í þessu frumvarpi. Við höfum dregið það fram hér í umræðunni. Við höfum líka spurt oft án þess að fá svör: Hvaða óðagot er hér á ferð? Hvað liggur mönnum á? Á hvað mundi halla í þjóðfélaginu þó málið yrði látið bíða til haustsins og menn tækju til við að vinna það í meiri sátt almennt heldur en gert hefur verið með þeirri framsetningu sem ríkisstjórnarflokkarnir og forustumenn þeirra hafa beitt sér fyrir? Er það svo, hæstv. forseti, að hér stefni í eitthvert stórslys á þeim sumarmánuðum sem í hönd fara ef þetta frumvarp verður ekki að lögum? Niðurstaða mín er afdráttarlaust sú að ekki stefni í neitt slys á næstu mánuðum þó þetta mál verði látið liggja.

Það væri mikið gæfuspor fyrir lýðræðið í okkar landi ef þetta mál yrði tekið til algjörrar endurskoðunar og því frumvarpi sem núna er til umræðu hreinlega hafnað. Það sem meira er, ekkert færi á hliðina í þessu þjóðfélagi þó það væri gert. Þá væri ekkert stórslys á ferð. Óðagotið í þessu máli er fyrst og fremst til komið vegna þess að hæstv. forsætisráðherra vill keyra það áfram og Framsóknarflokkurinn, límið í stjórnarsamstarfinu, ætlar að fórna öllu til þess að Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanríkisráðherra, fái nú að setjast í þann stól sem hann hefur sóst eftir, forsætisráðherrastólinn. Um það snýst þetta mál. Það snýst um það að Framsóknarflokkurinn fái þau völd sem hann taldi sig hafa samið um í þessu stjórnarsamstarfi. Til þess að það gangi eftir skal öllu fórnað, nákvæmlega sama hvað það er. Það skal allt lagt undir til þess að Framsóknarflokkurinn komist í forsætisráðherrastólinn.

Það hafa engin svör, hæstv. forseti, komið frá stjórnarliðum. Þeir hafa engin rök fært fram fyrir því hvers vegna málinu eigi að flýta. Þau hafa bara aldrei verið lögð hér á borðið í þessari umræðu. Við í stjórnarandstöðunni erum margbúin að spyrja eftir því í þessari umræðu hvað ýti svona á að þessu máli skuli hraðað í gegn. Hvað mun setja þjóðfélagið hér á annan endann á sumarmánuðum ef þetta mál verður látið liggja til haustsins og menn vinna það algerlega upp á nýtt og taka þá fyrir alla þætti sem snúa að fjölmiðlarekstri hér í landi? Svörin við þeim spurningum eru engin. Í umræðu hér hafa aldrei komið nein rökræn svör við því hvers vegna eigi að keyra þetta mál svona í gegn og hvað liggi svona mikið á. Þessa vegna er enga aðra ályktun hægt að draga af þessu máli og málatilbúnaði öllum, hæstv. forseti, aðra en þá að hér eigi að láta að vilja hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, enda voru það þeir sem sömdu þetta frumvarp upprunalega og hafa gert á því þær breytingar sem orðið hafa við þessa umræðu, þó það sé enn í þeim búningi að það sé ótækt hér.

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp er sagt hafa byggt á þeirri fjölmiðlaskýrslu sem hér var unnin. Að lokum langar mig því að vitna til þess sem var fyrsta tillagan í fjölmiðlaskýrslunni. Það vekur athygli að í skýrslu nefndarinnar kemur fram að nefndin leggur sérstaka áherslu á að efla stöðu Ríkisútvarpsins. Segir svo orðrétt þar, með leyfi forseta:

„Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað verði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun."

Það getur nú varla verið skýrara, hæstv. forseti, hver var fyrsta tillaga og meginniðurstaða í skýrslu fjölmiðlanefndar. Það liggur fyrir, hæstv. forseti, að Frjálslyndi flokkurinn hefur sannarlega stutt Ríkisútvarpið og vill veg þess sem mestan. Við teljum hins vegar að það hljóti að þurfa að huga sérstaklega að því að stofnuninni sé stjórnað þannig að þröngir flokkshagsmunir verði ekki allsráðandi. Eins og stjórn Ríkisútvarpsins er í dag hafa stjórnarflokkarnir þar öll völd. Við spyrjum: Þarf bara að setja hömlur á fjölmiðla sem ekki lúta stjórn þeirra sem fara með völdin í landinu? Er ekki ástæða til þess að menn taki einnig til í eigin ranni?

Það er einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum árin haft mikil völd í Ríkisútvarpinu og beitt þeim eins og hann hefur lifandi getað. Það er kannski þess vegna sem Sjálfstæðisflokkurinn fer svona í þetta mál, af því að hann lítur til eigin verka við völd í Ríkisútvarpinu og telur þess vegna að allir aðrir muni vinna eins og hann hefur unnið í stjórn Ríkisútvarpsins. Kannski er þetta mál keyrt svona fram vegna þess og hæstv. forsætisráðherra þolir það ekki að hér í þjóðfélaginu skrifi menn og tali á annan veg en forsætisráðherra líkar vel. Og límið í stjórnarsamstarfinu, Framsóknarflokkurinn, mun teygja sig hvert sem er til að halda þessu stjórnarsamstarfi og tryggja að þeir setjist í forsætisráðherrastólinn. Hvað þjóðin vill, hvað þjóðin segir, hvaða skoðun þjóðin hefur skiptir þessa menn ekki máli. Þeir fara sínu fram hvert sem þeir ætla.

[12:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við lok þessarar umræðu er rétt að fara í örfáum orðum yfir afstöðu hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs sem komið hefur fram í málefnalegum ræðum sem haldnar hafa verið hér við 1., 2. og nú 3. umr. þessa máls. Við höfum haft algerlega skýran málflutning uppi í þessari orðræðu hér. Við höfum ævinlega talið fjölmiðlana gegna veigamiklu hlutverki í lýðræðislegri umræðu í landinu. Við teljum þá vera og eiga að vera vettvang ólíkra viðhorfa til stjórnmála jafnt sem þjóðmála. Við teljum fjölmiðlana hafa mikilvægu menningarlegu hlutverki að gegna í samfélaginu. Við höfum ævinlega talað fyrir því að það þurfi að tryggja frjóan jarðveg fyrir fjölbreytta umræðu og fyrir fjölbreytt dagskrárframboð í íslenskum fjölmiðlum. Ekki síst höfum við lagt áherslu á þörfina fyrir kraftmikla íslenska dagskrárgerð. Við höfum ævinlega undirstrikað mikilvægi Ríkisútvarpsins í flóru fjölmiðla á Íslandi. Við teljum að öflugt Ríkisútvarp þurfi að vera til staðar á þessum markaði sem hafi lagalegum skyldum að gegna umfram aðra fjölmiðla. Bæði í menningarlegu og lýðræðislegu tilliti er þetta mikilvægt.

Við höfum hins vegar ævinlega verið reiðubúin til að skoða möguleikana á því að settar verði reglur eða lög um starfsumhverfi fjölmiðla, reglur sem tryggja mundu ákveðna þætti í þessum efnum. Til marks um það er þingsályktunartillaga sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hafði forgöngu um að flutt yrði hér fyrr í vetur. Við höfum ævinlega líka, frú forseti, hafnað þeim aðferðum sem beitt hefur verið við framlagningu þessa frv. Þær eru forkastanlegar og hafa alls ekki verið til eftirbreytni. Við höfum mótmælt því á öllum stigum hvernig hæstv. forsrh. hefur beitt óbilgjörnum aðferðum og beinlínis haft uppi tilburði, eftir því sem við höfum sagt, til að ritstýra umræðunni. Hann setti upphaflega á umræðuna lok þegar ekki var heimiluð umræða um skýrslu

fjölmiðlanefndarinnar. Hún fékk ekki að líta dagsljósið fyrr en búið var að semja flaustursleg frv. sem lýsti vilja hæstv. forsrh. í þessum málum. Þetta er svo ámælisvert, þetta eru svo ámælisverðar aðferðir við að hefta lýðræðislega umræðu að það tekur ekki nokkru tali. Þessar óbilgjörnu aðferðir hafa auðvitað orðið til þess að súrefni hefur skort í þessa umræðu. Möguleikar okkar á að takast málefnalega á um ákveðna þætti hennar hafa ekki verið til staðar.

Við höfum ekkert fjallað enn þá um þessa nýju miðla, um nýja tækni í fjölmiðlun. Við höfum ekki talað um hvað eigi að tryggja það að fjölbreytt efni sé til staðar á ljósvakanum, að mismunandi stjórnmálalegar og menningarlegar skoðanir komist þar að. Við höfum ekkert fjallað um þá erlendu samkeppni sem íslenskir fjölmiðlar standa í nú um stundir. Við höfum heldur ekki fjallað um mátt auglýsenda eða áhrif þeirra á dagskrárgerð, og þá ekki hvað síst í Ríkisútvarpinu. Þegar ég segi ekkert fjallað um þetta er ég auðvitað fyrst og fremst að segja að við höfum ekki fengið neina svörun við þessum þáttum. Auðvitað hafa þingmenn stjórnarandstöðunnar reynt að draga þá inn í umræðuna. Þeir fá hins vegar engin svör því hæstv. ráðherrar hafa ekki sést hér við umræðuna. Ég held að ég fari ekki með neitt fleipur þegar ég segi að hæstv. menntmrh. hafi ekki flutt eina einustu ræðu (**Gripið fram í:** Nei.) í þessu máli. Það hefur hæstv. viðskrh. ekki heldur gert og ekki hæstv. samgrh. Heyra þessi mál þó verulega undir málasvið þessara þriggja ráðherra. Þau hafa lítilsvirt umræðuna með því að vera ekki viðstödd og taka ekki þátt í henni. Það er þetta sem ég á við þegar ég segi að súrefni skorti í umræðuna. Jafnframt skortir hér skoðanaskipti stjórnarandstöðu og stjórnarþingmanna.

Þar að auki og þess utan hefur umræðan í samfélaginu öll litast af gerræði hæstv. forsrh. sem hefur verið stutt af Framsfl. og stjórnarþingmönnum, bæði Framsfl. og Sjálfstfl. hér.

Við stjórnarandstæðingar höfum heldur ekki fengið svör í umræðunni við tilboðum okkar um að fá umræðu um Ríkisútvarpið vegna yfirlýsinga forkólfa ríkisstjórnarinnar varðandi það, afnotagjöld þess og stöðu á auglýsingamarkaði.

Síðast en ekki síst, frú forseti, vil ég nefna vísindarannsóknir, fjölmiðlarannsóknir. Við höfum ekki getað náð upp skoðanaskiptum við stjórnarþingmenn um mikilvægi fjölmiðlarannsókna sem þó hljóta að vera upphaf og endir þess að búa til vitræna löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn og fjölmiðlaflóruna.

Frú forseti. Enn þá hafa ekki komið svör frá hæstv. ríkisstjórn um það hvers vegna ekki mátti gefa það svigrúm sem ég hér hef farið yfir og óskað eftir að væri til staðar. Engin svör. Engin rök.

Hvað fær svo ríkisstjórnin í höfuðið fyrir óbilgirnina og offorsið? Jú, fjöldafund á Austurvelli þar sem ríkisstjórninni eru veitt rauð spjöld fyrir frammistöðuna, og skoðanakönnun eins og birtist í fjölmiðlum í morgun. Ég spyr: Eru hv. stjórnarliðar í þessum sal ánægðir með frammistöðuna? Og ánægðir með það hvernig öllu hefur verið hleypt í uppnám í samfélaginu bara af því að óbilgirnin var látin ráða för?

Ég segi að lokum, frú forseti, og það á við um ríkisstjórnina alla og þá fylgisveina hennar sem hér í þessum sal hafa setið: Svo liggur hver sem hann hefur um sig búið.

[12:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að heyra þennan málflutning, sérstaklega í ljósi þess að nú eru nokkrir mánuðir síðan stærstur hluti af þingflokki Vinstri grænna flutti hér þingsályktunartillögu og það var áður en þessi samþjöppun varð eins og við horfum upp á núna, áður en Frétt rann saman við Norðurljós. Út á hvað gekk þessi þingsályktunartillaga sem á voru fulltrúar Vinstri grænna og m.a. hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson frá Frjálsl.? Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin kanni m.a. eftirfarandi atriði sérstaklega:

a. hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila."

Ég endurtek: „.... svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila".

Og svo ég taki c-þáttinn líka:

„c. hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, t.d. á sviði fjármálaþjónustu."

Þetta er áður en þessi gríðarlega samþjöppun á sér stað. Þá taka Vinstri grænir þetta sérstaklega upp og formaður flokksins, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, segir að þá sé „stutt í hið rússneska ástand, íslenska „ólígarka", nýríka viðskiptajöfra" sem ræku áróður fyrir hagsmunum sínum. Þetta segja menn hjá Vinstri grænum áður en þessi samþjöppun á sér stað. Þegar svo er tekið á þessu, hvar eru þá vinstri grænir?

[12:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson til að fara hér með mér yfir þingsályktunartillöguna sem vinstri grænir stóðu að ásamt með fulltrúum úr öðrum flokkum. Ég fór sjálf yfir hana í ræðu minni, nefndi hana til marks um það að vinstri grænir hafi ævinlega viljað ræða fjölmiðlamarkaðinn, stöðuna á honum og hættumerkin sem eru samfara samþjöppun í eignarhaldi. Hins vegar sagði ég líka í ræðu minni að þessi umræða sem við óskuðum eftir hefði ekki verið tekin. Það var sett lok á hana. Henni var ritstýrt. Hún var heft af hæstv. forsrh. sem heimilaði ekki umræðu um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar fyrr en hann var búinn að ákveða hvað af henni hann vildi gera að orðum sínum, hvers konar löggjöf hann vildi sjá. Tillaga sú sem vinstri grænir höfðu forgöngu um að var flutt hér fyrr í vetur gekk út á það að málið yrði skoðað á breiðum grunni, nákvæmlega undir því ljósi sem segir í greinargerð með tillögunni. Nefndin sem við gerðum ráð fyrir að yrði stofnuð átti að vera breiðfylking stjórnmálaflokkanna. Hún átti að vera pólitísk, þingflokkarnir áttu að hafa þar aðild, og síðast en ekki síst Blaðamannafélagið. Þeir sem starfa á fjölmiðlamarkaði eiga auðvitað að koma að þessari umræðu líka, ásamt með mönnum úr fræðasamfélaginu.

Ég segi: Vinstri grænir hafa alltaf og ævinlega viljað að þessi staða yrði tekin til skoðunar, ítarlegrar umfjöllunar. Það er samt lykilatriði að sú umræða sé lýðræðisleg og að það sem kristallist út úr henni verði það sem við síðan erum tilbúin til að taka upp í lagasetningu. Hvers vegna halda menn annars að Norðmenn hafi tekið fjögur ár í umræðuna

um nákvæmlega þessi mál? Það er vegna þess að Norðmenn stóðu skynsamlega að málum. Ég vildi óska að ríkisstjórn Íslands hefði borið gæfu til að taka jafnskynsamlega á málum. Það gerði hún því miður ekki og liggur þess vegna núna eins og hún liggur í þessu máli.

[12:42]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá kemur þetta bara mjög skýrt fram. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir heiðarlegt svar. Vinstri grænir vilja ræða þetta en þeir þora ekki að taka á þessu. (Gripið fram í.) Einfaldara getur það ekki verið. Formaður flokksins hefur farið hér mikinn og kallað menn m.a. gungur og fleiri nöfnum eins og við þekkjum en þegar kemur að þessu vilja þeir bara ræða málin en það má ekki taka á þeim.

Af því að ég hef smátíma hér er ágætt að fara yfir umræðuna. Hún er ekkert ný eins og allir vita, umræðan sem vinstri grænir tóku. Ég vitna hér í ræðu Álfheiðar Ingadóttur, með leyfi forseta. Hún segir hér:

„Á haustdögum varð hér nokkur umræða um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Meðal annars var haft eftir ritstjóra eins stórveldisins á fjölmiðlamarkaðnum hér að það væri umhugsunarefni þegar viðskiptablokkir og bankar væru farnir að sækjast eftir eignarhaldi á fjölmiðlum. Formaður Blaðamannafélags Íslands, Róbert Marshall, sem er fréttamaður á Stöð 2, kallaði þá eftir fjölræði í fjölmiðlun, þ.e. að til væru margar fréttastofur í eigu margra ólíkra aðila. „Það tryggir," sagði formaður Blaðamannafélagsins, með leyfi forseta, „að það sem einn miðill fjallar ekki um það fjallar einhver annar miðill um.""

Þetta var formaður Blaðamannafélagsins og þetta er partur úr ræðu frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur.

Það liggur fyrir þegar maður flettir í þingræðum að menn hafa rætt málið. Ég vek athygli á því að þessi þingsályktunartillaga er lögð hér fram áður en hin gríðarlega samþjöppun á sér stað. Þá hafa vinstri grænir og frjálslyndir gríðarlegar áhyggjur af samþjöppuninni. Síðan þegar samþjöppunin verður enn þá meiri, virðulegi forseti, kemur í ljós að vinstri grænir vilja bara ræða þetta. Þeir vilja ræða þetta en þeir þora ekki að taka á þessu. (**GAK:** Heldurðu ...?) Ég þakka bara ... Fyrirgefðu, ég gleymdi frjálslyndum, virðulegi forseti, þeir eru auðvitað með í þessu líka. (**Gripið fram í:** ... í Baugsliðinu?) Ég held, virðulegi forseti ... (**GAK:** Erum við ekki í Baugsliðinu?) Virðulegi forseti, ég vil fá að svara þessu andsvari. Hér er spurt hvort þeir séu ekki í Baugsliðinu. Ég held ekki. Ég held að þá skorti bara þor og þrek og ég held einfaldlega að vinstri grænir þori ekki.

[12:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Stjórnarandstöðuna skortir hvorki þor né þrek í þessu máli, svo sannarlega ekki. Við höfum þrek í áralanga umræðu um fjölmiðla. Við þurfum ekki að ýta á eftir hlutum eins og hv. stjórnarliðar hafa gert. Við erum tilbúin til að taka þessa umræðu, bera hana undir almenning, bera hana undir fræðasamfélagið, undir það fólk sem starfar á fjölmiðlunum og eiga samtal. Við viljum starfa hér í samtali á pólitískum vettvangi en ekki undir valdboði eins og stjórnarliðar hafa hér gert.

Ég ætla bara að segja við hv. þingmann sem var hér í andsvari við mig varðandi þá þingsályktunartillögu sem var hér til umfjöllunar að auðvitað var samruni sá sem við höfum verið að fjalla um í þessari umræðu í pípunum, í sjónmáli, þegar þingmenn undir forustu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur lögðu fram þingsályktunartillögu sína. Auðvitað orsakaði hann það að við vildum ræða málin. Það var tilefni til, svo sannarlega. En hvað gera stóru, sterku strákarnir sem allir eru tilbúnir til að hafa vit fyrir öllum? Þeir vilja ekki ræða málin. Þeir vilja bara fara eftir merkinu sem foringinn gefur, fylgja honum í blindni fram af hengifluginu og enda svo nákvæmlega þar sem þeir eru núna, með lítið traust almennings hvað varðar allar stjórnarathafnir þeirra.

Ég vil ljúka þessu andsvari mínu á því að segja hv. þingmanni það sem fræðimenn hafa sagt í þessu efni: Markmið frv. er yfirvarp. Markmiðið kemur ekki til með að verða tryggt með aðferðunum sem frv. leggur til. Niðurstaðan gæti orðið sú, segir Þorbjörn Broddason, fræðimaður á sviði fjölmiðla, að fátæklegar yrði um að litast á fjölmiðlamarkaði en áður. Það mætti sem sagt grípa til þeirrar líkingar, segir fjölmiðlafræðingurinn í umsögn til allshn. að „aðgerðin hafi heppnast" — að lokinni lagasetningunni — „en sjúklingurinn dáið".

[12:47]

Útbýting þingskjala:

Erlendir starfsmenn á Kárahnjúkasvæðinu, 959. mál, svar félmrh., þskj. 1740.

Sjálfbærni landbúnaðarframleiðslu, 639. mál, svar landbrh., þskj. 1742.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. og 6.–21. mál.

Fundi slitið kl. 12:47.

123. FUNDUR

mánudaginn 24. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 974. mál, þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 1002. mál, frv. allshn., þskj. 1758.

Almenn hegningarlög, 38. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1750.

Brottfall nemenda úr framhaldsskólum, 824. mál, svar menntmrh., þskj. 1699.

Fjarnám á framhaldsskólastigi, 894. mál, svar menntmrh., þskj. 1696.

Íþróttaiðkun námsmanna, 922. mál, svar menntmrh., þskj. 1703.

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 974. mál (eignarhald á fjölmiðlum). — Þskj. 1679, frhnál. 1724, brtt. 1723.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:32]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Samf. segir þvert nei við því máli sem hér eru greidd atkvæði um. Ríkisstjórnin ræðst freklega fram í skjóli valds síns á svið sem er svo afar viðkvæmt og snertir tjáningarfrelsið og fleiri af okkar helgustu mannréttindum, enda hefur málið leitt til harðvítugra deilna í þjóðfélaginu um stjórnarskrá, um EES-reglur og um tilvist sjálfs forsetaembættisins.

Virðulegi forseti. Allt bendir til að málið þurfi frekari skoðunar við af hálfu ríkisstjórnarinnar og það er ekkert sem réttlætir þá fljótaskrift og þau hraksmánarlegu vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í málinu. Samf. hvetur þingheim til að hafna þessu máli. Frv. hefur ekki fengið þá skoðun sem sæmandi er í jafnviðurhlutamiklu máli og hér er á ferðinni og engin þeirra breytingartillagna sem ríkisstjórnin hefur lagt fram breytir nokkru um það sem máli skiptir sem er að verði frv. að lögum mun það að öllum líkindum leiða til fábreytni í stað aukinnar fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og ganga þannig þvert gegn markmiðum sínum. Það brýtur að öllum líkindum í bága við stjórnarskrá lýðveldisins og EES-reglur. Málið er sértækt og því er beint gegn umfjöllun eins tiltekins fjölmiðlafyrirtækis.

Hér er um að ræða atlögu að tjáningarfrelsinu og tilraun Sjálfstfl. og Framsfl. til þess að koma á opinberri ritskoðun. Samf. vill sjá skýrar leikreglur á fjölmiðlavettvangi og hefur lagt fram hugmyndir sínar þar um. Þær byggjast á meðalhófi og að ekki sé gengið lengra en þörf krefur í íhlutun í málefni fjölmiðlanna. Ásamt sterku aðhaldi Samkeppnisstofnunar eru gagnsæi í eignarhaldi, vernd heimildarmanna, sjálfstæði ritstjórna og sjálfstætt almenningsútvarp brýnustu verkefnin. Frv. ríkisstjórnarinnar getur aldrei orðið grundvöllur góðrar lagasetningar um lýðræði og tjáningarfrelsi. Samf. segir því þvert nei við frv.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ferill þessa máls er einhver sá dapurlegasti sem þingsagan á seinni áratugum geymir. Mikilvægt viðfangsefni sem fyrir fram var öll ástæða til að ætla að þokkaleg samstaða gæti tekist um innan þings og utan, þ.e. að setja skynsamlegar, raunhæfar og sanngjarnar reglur og eftir atvikum binda í lög til að tryggja fjölbreytta, óháða og öfluga fjölmiðlun í landinu. Þetta viðfangsefni, þetta mál lenti í gíslingu valdhroka og offors formanna stjórnarflokkanna og var að óþörfu gert að illvígu og hatrömmu deilumáli.

Vinnubrögðin fá falleinkunn, málatilbúnaðurinn og innihaldið fá falleinkunn, hrossakaup og yfirgangur formanna stjórnarflokkanna, hæstv. ráðherra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, ganga hvor tveggja fram af þjóðinni og það er ömurlegt að sjá fótgönguliðana koma járnaða í bak og fyrir þannig að hriktir í hlekkjunum og hringlar í þeim og greiða þessu atkvæði.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur frá upphafi hafnað þessum málatilbúnaði. Við höfnum því að vera í liði með einum eða öðrum. Hvorki síamstvíburar íslenskra stjórnmála, hæstv. ráðherrar Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, né fyrirtækin Baugur eða Norðurljós munu hrekja okkur af leið í því að nálgast málið í samræmi við mikilvægi þess á yfirveguðum og málefnalegum nótum. Við höfum verið og við erum tilbúin til aðgerða í því skyni að ná fram markmiðum um fjölbreytta og öfluga fjölmiðlun en við viljum taka þar heildstætt á málum. Við viljum treysta stöðu Ríkisútvarpsins og gera það öflugra og óháðara stjórnvöldum. Við viljum gagnsæi eignarhalds á öllum fjölmiðlum. Við viljum endurskoða stjórnsýslu og eftirlit á þessu sviði og við höfum ekki hafnað því að setja takmarkandi reglur um eignarhald svo fremi sem þær séu sanngjarnar, ekki afturvirkar og raski ekki rekstrarlegum undirstöðum fjölmiðlafyrirtækja.

Loks viljum við síðast en ekki síst vinna að þessum hlutum í samstarfi við blaðamenn, fræðimenn og fjölmiðla. Við viljum gefa umræðunni eðlilegt svigrúm og tíma, vanda öll vinnubrögð og tryggja að það sem gert er samrýmist örugglega góðum stjórnsýslu- og lagasetningarvenjum. Þetta frv. er ótækt og öll vinnubrögð í kringum það óverjandi. Breytingartillögurnar nú enn einu sinni gera upphaflegu hrákasmíðina í sinni fjórðu útgáfu eða svo eftir sem áður óaðgengilega. Við munum sitja hjá við breytingartillögurnar en greiða atkvæði gegn frv. og mótmælum því og vinnubrögðunum kringum það harðlega.

[13:37]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Síðastliðið haust stóðu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl. ásamt Sjálfstfl. og Framsfl. að þáltill. Í henni var lagt til að Alþingi kysi nefnd skipaða af fulltrúum allra þingflokka sem m.a. skyldi kanna starfsskilyrði fjölmiðla og huga að því hvort þörf væri á lagasetningu eða öðrum aðgerðum til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi. Starfið færi fram í samráði við hagsmunaaðila á borð við Blaðamannafélag Íslands og helstu fjölmiðla og samtök þeirra. Þvert á fyrri yfirlýsingar sem fólust í þeirri þáltill. ákváðu stjórnarflokkarnir að fara í þetta verkefni án samráðs við stjórnarandstöðuna og hagsmunaaðila. Niðurstaðan er svo

þetta frv. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem nú er til atkvæðagreiðslu, illa ígrundað frv. til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum sem unnið er í trássi við meiri hluta þjóðarinnar sem hafnar frv.

Við í þingflokki Frjálsl. höfnum þessum vinnubrögðum og þessu frv. og segjum því nei.

[13:38]

Bjarni Benediktsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Fjölmiðlar gegna afar mikilvægu hlutverki í okkar lýðræðislega þjóðfélagi og það hvílir á okkur sú skylda að bregðast við þeirri óæskilegu þróun sem allir stjórnmálaflokkar á Íslandi eru sammála um að hafi átt sér stað undanfarin ár. Við þurfum að tryggja að fjölmiðlar geti gegnt því hlutverki sem við ætlum þeim í samfélagi okkar, að þeir geti orðið vettvangur fyrir ólík viðhorf gagnvart stjórnmálum eða menningu og vettvangur fyrir upplýsingamiðlun.

Það frv. sem hér liggur fyrir hefur tekið breytingum í meðförum þingsins. Þar hefur verið komið til móts við ýmsar ábendingar sem þeir sem málið snertir hafa séð ástæðu til að koma að. Ýmis sjónarmið hafa leitt til þess að frv. hefur tekið breytingum.

Þannig liggur fyrir frv. sem hamlar gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði. Frv. mun til lengri tíma leiða til meiri fjölbreytni í fjölmiðlum en ekki fábreytni eins og þeir sem eru á móti málinu vilja halda fram. Á okkur hvílir sú skylda að bregðast við þeim aðstæðum sem upp eru komnar og við gerum þess vegna rétt í því að afgreiða frv. á þessu þingi með því að samþykkja það.

[13:40]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Með afgreiðslu frv. er verið að stíga fyrstu skref til að fylgja eftir tillögum fjölmiðlanefndar. Þá um leið er verið að stíga skref til að koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og stuðla þannig að fjölbreytileika í eignarhaldi á fjölmiðlum. Með því móti, virðulegi forseti, er í rauninni verið að bregðast við ákalli þingmanna allra flokka á síðustu missirum sem hafa kallað eftir því í ræðustól á Alþingi, í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi. Viðsnúningur þeirra sömu þingmanna núna er þess vegna óskiljanlegur og hefur á engan hátt verið skýrður í hinni löngu umræðu sem hér hefur þó átt sér stað. (**ÖJ:** Varstu ekki við umræðuna?) Fyrir liggur, herra forseti, jafnframt hver næstu skref verða. Þau verða að styrkja Ríkisútvarpið, efla sjálfstæði þess og rekstrarumhverfi þess, og fyrir liggur, herra forseti, að næstu skref felast einnig í því að styrkja sjálfstæði einstakra fréttastofa. Með því er verið að skapa hér þá umgjörð sem ætti að koma í veg fyrir það sem kalla mætti Berlusconi-ástand á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

[13:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú erum við komin að lokum þeirrar miklu umræðu um frv. sem hér er gengið til atkvæða um. Ég vil segja, herra forseti, að ég útiloka ekki að vel athuguðu máli, eftir mikla og góða athugun málsins, að rétt kunni að vera að setja löggjöf um einstaka þætti á þessum markaði. Ég hef þó fjarlægst það, herra forseti, eftir því sem á hefur liðið umræðuna að rétt sé að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og vísa til samkeppnislaga sem nægjanlegrar löggjafar til að tryggja að ekki verði um samþjöppun að ræða um of á þessum markaði sem og öðrum mörkuðum.

Á þessu máli eru ýmsir annmarkar, herra forseti. Sá fyrsti er að málið sneiðir mjög hart að stjórnarskránni í ýmsum atriðum, bæði atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi og eignarrétti og það er ekki rétt stefna, herra forseti, að Alþingi láti reyna til hins ýtrasta á þanþol stjórnarskrárinnar. Við eigum að umgangast hana með virðingu og gætni í lagasetningu.

Í öðru lagi felast í frv. takmarkanir á mannréttindum, bæði atvinnufrelsi og tjáningarfrelsi, og jafnvel þótt dómstólar kunni síðar að komast að þeirri niðurstöðu að ekki sé gengið yfir þau mörk sem stjórnarskráin markar er ég á þeirri skoðun að hér göngum við of langt og í ranga átt.

Í þriðja lagi, herra forseti, mun frv. eða þessi löggjöf leiða til fábreyttari fjölmiðlaflóru en nú er og hefur verið að undanförnu með því að kippa stoðunum undan rekstri fyrirtækjanna sem menn gera með því að takmarka möguleika fjársterkra aðila til að leggja fé sitt í fjölmiðlarekstur.

Í fjórða lagi, herra forseti, grundvallast frv. á vantrú á dómgreind almennings, þess sama almennings sem eðlilega meðtekur fréttaflutning fjölmiðlafyrirtækja, vegur og metur og myndar sér sína eigin skoðun á því sem þar er borið fram. Þess sama almennings sem við treystum til þess að meðtaka kosningaáróður stjórnmálaflokkanna án þess að um það þurfi að setja sérstaka löggjöf til að vernda almenning fyrir þeim áróðri. Ég tel að við eigum í þessu máli eins og öðrum að treysta almenningi til að vega og meta það sem fram er borið. Að öllu þessu saman lögðu, herra forseti, mun ég segja nei við frv. og sitja hjá við þær breytingartillögur sem fram eru bornar nú.

[13:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. 13. febrúar 1995 voru eftirfarandi orð höfð uppi í þessum sal, með leyfi forseta:

„Hringamyndanir á sviði fjölmiðla ganga þannig þvert á nútímahugsun á vettvangi lýðræðis. Þannig hafa í ýmsum lýðræðisríkjum eins og í Bandaríkjunum og Evrópu verið sett í lög margvísleg ákvæði sem koma í veg fyrir hringamyndanir, ákvæði sem koma í veg fyrir það að sömu aðilarnir geti haft ráðandi vald á dagblöðum, á sjónvarpsstöðvum og á útvarpsstöðvum. Engin slík lög eru til hér á Íslandi."

Áfram, með leyfi forseta, sagði:

„Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér og tel að í þeim felist mikilvæg viðurkenning á því að þessi mál þurfi að takast til sérstakrar könnunar og skoða mjög rækilega og með opnum huga hvort ekki þurfi að setja reglur og jafnvel lög sem tryggja trúverðugleika fjölmiðlunar í landinu og komi í veg fyrir óeðlileg valdatengsl og hringamyndun á þessu sviði. Það eru auðvitað gildar ástæður fyrir því að þróuð lýðræðisríki, bæði í Evrópu og Bandaríkin, hafa talið nauðsynlegt að setja slík lög og slíkar reglur vegna þess að máttur hinna stóru á þessu sviði er slíkur þótt um leið hafi tæknin opnað fyrir hina smáu að það er ekki hægt í lýðfrjálsu ríki að sætta sig við slíkt vald. Á sama tíma og menn eru að breyta stjórnarskrá í átt að meiri mannréttindum er nauðsynlegt að tryggja þetta."

Ég geri þessi orð Ólafs Ragnars Grímssonar að mínum orðum. Hafi þau verið rétt þá eru þau enn þá réttari núna.

Þegar til frjáls útvarps var stofnað og einokun Ríkisútvarpsins afnumin treysti enginn þingmaður Alþýðuflokksins, enginn þingmaður Alþýðubandalagsins, enginn þingmaður Kvennalista sér til að styðja það að einkaaðilar eða fyrirtæki fengju að útvarpa. Eingöngu mætti Ríkisútvarpið gera það.

Enginn þessara flokka treysti sér til þess að styðja það að slík einokun væri afnumin. Og hvaða rökum var beitt? Það var sagt: Við erum ekki út af fyrir sig á móti efninu, við erum á móti þessari málsmeðferð, á móti þessu offorsi, á móti þessum hraða. Kannast einhver við orðalagið? Kannast einhver við hvernig menn reyna að forðast efnislega umræðu? Þessum aðilum skjátlaðist þá eins og sagan sýnir. Þessum aðilum skjátlast núna.

Brtt. 1723,1 samþ. með 32:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÖS.

7 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞES*, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1723,2 samþ. með 33:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

Brtt. 1723,3 samþ. með 33:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32:30 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, ÞES, MS, HBl.

nei: MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÁF, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF.

1 þm. (JBjart) greiddi ekki atkv.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:49]

Mörður Árnason:

Með leyfi forseta: „Að sérhver maður hafi frelsi til að halda trú þá sem hann vill, tala hvað hann vill, rita hvað hann vill og láta prenta hvað hann vill, meðan hann meiðir engan, þykir vissulega engum á Íslandi frelsi um of; að líkum hætti má atvinnufrelsi og verslunarfrelsi ekki missa þar sem nokkuð fjör og dugnaður á að komast á fót, og má í því skyni ekki hafa stundarskaða nokkurra manna fyrir augum, heldur gagn alþýðu bæði í bráð og lengd.“ Jón Sigurðsson, 1841.

Ég segi nei.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel þetta frv. háskalega vanhugsað og ekki líklegt til að ná yfirlýstum tilgangi um að auka fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Þvert á móti er líklegt að hið gagnstæða verði upp á teningnum og hafa verið færð fyrir því ítarleg rök við umræðu á Alþingi um málið.

Afgreiðsla þessa þingmáls veitir þjóðinni hins vegar dýrmæta innsýn í sálarlíf ríkisstjórnarinnar, í vinnubrögð formanna stjórnarflokkanna, fylgispekt stjórnarþingmanna við formenn sína en ekki verður sagt að þar séu á ferðinni öflugir liðsmenn lýðræðislegra og vandaðra vinnubragða.

Ég vona að þjóðin láti þessa reynslu ekki falla í gleymskunnar dá. Ég segi nei.

[13:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki að því gert en mér finnst þetta vera sorgardagur.

Sorgardagur af því að hér er verið að neyta aflsmunar til að knýja í gegn ólög.

Sorgardagur af því að hér er ekki verið að umgangast stjórnarskrána af þeirri virðingu sem Alþingi á að gera.

Sorgardagur af því að hér er verið að setja lög sem að mínu viti eru ekkert annað en lög um opinbera ritskoðun. Ég segi nei.

[13:53]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Þingheimur mun senn gera mjög alvarleg mistök. Fjölmiðlafrv. er ekkert annað en viðbrögð við fréttaflutningi. Þetta staðfesta hæstv. ráðherrar sjálfir. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson talar um stríðsfyrirsagnir ákveðinna fjölmiðla og bendir fólki á að líta á blöðin máli sínu til stuðnings, hæstv. fjmrh. Geir Haarde talar um sjúklegan fréttaflutning þessara sömu fjölmiðla, hæstv. félmrh. Árni Magnússon veifar blöðum í pontu Alþingis og talar um að setja þurfi lög á þau, hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason talar um fjölmiðla sem skaprauni stjórnvöldum. Allar þessar réttlætingar ráðherra Sjálfstfl. og Framsfl. fyrir frv. bera vott um ritskoðun. Stjórnvöld eru einfaldlega að setja lög á fjölmiðla sem þeim mislíkar og þeirra eigin orð sanna það.

Herra forseti. Þetta er vont frv. sem verður að ólögum vegna óskiljanlegrar fylgispektar þingmanna Framsfl. og Sjálfstfl. sem margir hverjir kokgleyptu sína eigin sannfæringu um leið og þeir settust á þing. Ég segi nei.

[13:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Dagurinn í dag er svartur dagur í íslenskri fjölmiðlasögu. Í fyrsta sinn í lýðveldissögunni er prentfrelsið skert á Íslandi með því að skilgreindir aðilar megi ekki eiga í prentmiðli. Lagasetningin er fráleit og hún vegur að mannréttindum Íslendinga um tjáningarfrelsi og frjálsa fjölmiðlun. Lagasetningin er sértæk og tilgangur hennar sá að knésetja fyrirtækið Norðurljós vegna óbeitar ráðamanna á stærsta hluthafa fyrirtækisins og innihaldi miðla þess. Útkoman er ritskoðun og skert prentfrelsi. Þjóðin ber skaðann,

höft á tjáningarfrelsinu sem ekki á sinn líka á Vesturlöndum. Ég segi nei.

[13:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í dag er verið að setja lög sem ganga gegn lýðræðislegum viðhorfum mikils meiri hluta þjóðarinnar. Ég hafna þessum vinnubrögðum sem ganga gegn tjáningarfrelsinu. Ég segi nei.

[13:56]

Helgi Hjörvar:

Herra forseti. Þegar ríkisvaldið ræðst að frjálsum fjölmiðlum, þegar ríkisvaldið reynir að banna óæskilegum einstaklingum að útvarpa og sjónvarpa skoðunum sínum, þá er vegið að tjáningarfrelsinu. Frumskylda þess háa Alþingis sem hér situr er að standa vörð um það tjáningarfrelsi. Við þetta frv. að ólögum er þess vegna aðeins eitt að gera. Herra forseti. Ég segi nei.

[13:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins eru greidd atkvæði á Alþingi um að skerða tjáningarfrelsið. Prentfrelsið hefur um langan aldur verið barmmerki lýðræðisins en þeir sem fara með völdin í landinu ætla nú í krafti þess að þeir hafa þægan meiri hluta á Alþingi að skerða það frelsi. Frv. sem hér eru greidd atkvæði um skerðir þau réttindi sem 73. gr. stjórnarskrárinnar á að verja. Ég hef sem þingmaður heitið því að virða stjórnarskrána. Ég segi því nei.

[13:58]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég styð hið yfirlýsta markmið þessa frv. Ég studdi framlagningu frv. og mér þótti einsýnt að það tæki breytingum í meðförum þingsins. Ég hef staðið að og stutt þær grundvallarbreytingar sem á frv. hafa verið gerðar. Ég er þó ekki sannfærð um að frv. í þeirri breyttu mynd standist gagnvart stjórnarskránni og ég á ekki annan kost, herra forseti, en að láta stjórnarskrána njóta vafans. Þess vegna, herra forseti, get ég ekki stutt frv. og greiði því ekki atkvæði mitt.

[13:59]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Með setu minni á Alþingi vil ég taka þátt í því að skapa hér sanngjarnt og heiðarlegt og frjálslynt lýðræðisríki. Mér finnst frv. vega að rótum þeirrar hugmyndafræði og því lýsi ég mig algerlega andvíga því og segi því nei.

[14:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, sagði í upphafi 3. umr. að hér hefði farið fram löng og ítarleg umræða. Þannig tala bara þeir sem lítið vit hafa á lýðræðinu og sköpunarkraftinum sem fólginn er í lýðræðislegri umræðu. Það er mikill misskilningur að halda því fram að einræður stjórnarandstæðinga úr ræðustóli Alþingis komi í staðinn fyrir virka lýðræðislega umræðu og skoðanaskipti í samfélaginu. Slík einföldun er tilraun valdagírugra stjórnarherra, sem hafa vondan málstað að verja, til yfirklórs og réttlætingar forkastanlegra vinnubragða.

Hæstv. forsrh. ákvað í upphafi að ritstýra umræðunni um ástandið á fjölmiðlamarkaði með því að banna umræður um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar fyrr en fyrir lægi frv. hans sjálfs sem bæri vott um hans þröngsýna vilja. Það gerræði kom í veg fyrir að hægt væri að skoða möguleikana á lagasetningu um almennar leikreglur um fjölmiðla.

Hæstv. forseti. Svona er mér innan brjósts. Ég segi nei.

[14:01]

Halldór Blöndal:

Þar sem ég ann sönnum lýðræðisháttum, frjálsri fjölmiðlun og heilbrigðri skoðanamyndun segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1759).

Fundi slitið kl. 14:02.

---

124. FUNDUR

mánudaginn 24. maí,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður.

Almennar stjórnmálaumræður.

[19:51]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 38. mál, brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1751.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1000. mál, brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1762.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 997. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1761.

Jafnrétti kynjanna, 663. mál, svar menntmrh., þskj. 1702.

[19:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar verða sendar út í útvarpi og sjónvarpi. Þær fara þannig fram að hver þingflokkur fær 22 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, 10 mínútur í fyrstu umferð og 6 mínútur í annarri og síðustu umferð.

Röð flokkanna er þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkinguna talar í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n., í annarri umferð Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk., en í þriðju umferð talar Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.

Fyrir Sjálfstæðisflokk talar í fyrstu umferð Geir H. Haarde fjármálaráðherra, í annarri Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, en í þeirri þriðju Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s., í annarri umferð Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust., en Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust., í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk talar Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra í fyrstu umferð, Árni Magnússon félagsmálaráðherra í annarri, en í þriðju umferð Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk., og Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest., en Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest., í annarri og Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest., í þriðju umferð.

[19:53]

Össur Skarphéðinsson:

Góðir Íslendingar. Á skjánum heima í stofu birtast okkur myndir. Írakskur faðir hleypur með deyjandi son undan kúlnaregni bandarískrar herþyrlu. Stráfelld lík tuga írakskra brúðkaupsgesta, á þriðja tug barna, á annan tug kvenna, öll drepin af bandarískum hermönnum. Þriggja ára íröksk stúlka liggur í blóði sínu. Hvað hafði hún til saka unnið? Írakskir fangar svívirtir með skipulögðum hætti, þeir eru píndir til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum, píndir með raflosti í kynfæri, píndir til þess að borða úr salernum.

RÚV segir okkur frá því á sama tíma að hermennirnir sem íslenska ríkisstjórnin studdi að væru sendir til Írak til að verja frelsið séu sekir um að misþyrma og nauðga unglingsbörnum. Við, íslenska þjóðin, berum ábyrgð á þessu. Við berum ábyrgð á því að verndararnir sem við sendum til Íraks reyndust vargar í véum alþjóðlegra sáttmála um að virða mannréttindi og það gildir jafnt um Írak og fangabúðirnar í Guantanamo. Við Íslendingar berum ábyrgð á því að í Írak hafa saklausir borgarar liðið ómældar þjáningar. Við berum sömu ábyrgð á pyndingum og stríðsglæpum í Írak og allar þær þjóðir sem forsrh. kallaði svo hróðugur „hinar staðföstu og viljugu".

Mennirnir sem bera ábyrgð á stuðningi Íslands sitja hér í kvöld. Þeir heita Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson. Þeir og þeir einir tóku ákvörðunina um stuðning Íslands. Þeir spurðu ekki þjóðina, þeir spurðu ekki þingið, þeir höfðu ekki einu sinni kjark til þess að spyrja sína eigin ríkisstjórn. Davíð Oddsson beygði formann Framsfl. með einu símtali að kvöldlagi. Lýðræðið og vilji fólksins var að engu hafður. Stuðningurinn við innrásina í Írak er svartur blettur á íslensku þjóðinni. Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson skulda þjóðinni að þvo þennan blett af heiðri hennar. Þeir eiga að gera það eina sem hægt er til að bæta fyrir þessi sorglegu mistök, þeir eiga að draga Ísland formlega úr hópi þeirra þjóða sem styðja innrásina í Írak. Það er sameiginleg krafa stjórnarandstöðunnar hér í kvöld, það er sameiginleg krafa íslensku þjóðarinnar, við viljum ekki, Íslendingar, og við ætlum ekki að bera ábyrgð á ódæðunum í Írak.

Góðir Íslendingar. Í dag var sorgleg stund hér í þingsölum. Í dag samþykktu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar gegn öllum atkvæðum sameinaðrar stjórnarandstöðu hin umdeildu fjölmiðlalög. Þau lög eru ekkert annað en ólög um opinbera ritskoðun. Þau lög eru ekkert annað en markviss viðleitni til að veikja og skrúfa fyrir fjölmiðla sem ekki vilja sitja og standa eins og ríkisstjórnin vill. Forsrh. staðfesti það þegar hann var spurður um ástæðurnar fyrir frv. og svaraði fjölmiðlunum: Hefurðu ekki séð stríðsfyrirsagnirnar, hefurðu ekki séð árásirnar? Félmrh. staðfesti það þegar hann veifaði úr þessum ræðustól opnu úr DV þar sem forsrh. var gagnrýndur og félmrh. notaði það til þess að réttlæta að ráðast með lögum að eigendum blaðsins. Menntmrh. staðfesti það þegar hún sagði að fjölmiðlar Norðurljósa hefðu staðið fyrir svívirðilegum persónulegum árásum á forsrh. Og við munum öll ástæðuna sem dómsmrh. gaf hér úr þessum stól, hann sagði: „Fjölmiðlar Norðurljósa hafa skapraunað ríkisstjórninni."

Þarf eitthvað fleira, góðir Íslendingar, til að sýna að það eina sem vakir fyrir ríkisstjórninni er að skrúfa fyrir gagnrýna fjölmiðla sem éta ekki úr lófa forsrh.? Er það í lagi, góðir Íslendingar, sér í lagi góðir framsóknarmenn, að keyra í gegn lög sem brjóta hugsanlega gegn mörgum ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem stríða gegn markmiðum samkeppnislaga, sem beinast fyrst og fremst gegn einu fyrirtæki, sem setja í uppnám atvinnuöryggi hundruð manna bara af því að gagnrýnin umfjöllun skapraunar ríkisstjórninni?

Ríkisstjórnin sagði að lögin væru nauðsynleg til þess að tryggja fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun. En það var samt sjálfur formaður fjölmiðlanefndarinnar sem viðurkenndi í sjónvarpsþætti 27. apríl að fjölbreytnin í fjölmiðluninni hefði aukist með Fréttablaðinu, hefði aukist með DV og ekki síst, svo ég vitni orðrétt í Davíð Þór Björgvinsson, formann nefndarinnar, „þegar Íslenska útvarpsfélagið er að reka allar þessar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar". Hér er það formaður fjölmiðlanefndar ríkisstjórnarinnar sem staðfestir svart á hvítu að fjölbreytnin í íslenskri fjölmiðlun sé ekki síst að þakka Norðurljósum sem ólögum ríkisstjórnarinnar er þó beinlínis stefnt gegn.

En hver er þá glæpurinn, góðir Íslendingar? Jú, fjölmiðlar Norðurljósa eru sekir um þann óttalega glæp að hafa gagnrýnt ríkisstjórnina, skopast að forsrh. og skapraunað hinum ráðherrunum. Og af því að það dugar ekki að taka upp símann og hella sér yfir fréttamenn þessara miðla og hóta þeim, eins og forsrh. gerði við umboðsmann Alþingis, þá skulu þeir slegnir af, eða eins og einn af helstu forustumönnum Framsóknar í Reykjavík, borgarfulltrúinn Alfreð Þorsteinsson, sagði í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins sl. fimmtudag: „Stöð 2 er á dauðalista forsætisráðherra."

Þessi lög eru því ekkert annað en valdbeiting Sjálfstfl. í sinni allra verstu mynd. Lögin miða að því einu að koma hér aftur á ástandi þar sem fjölmiðlamarkaðurinn samanstendur fyrst og fremst af Morgunblaðinu sem alltaf hleypur í vörn fyrir Sjálfstfl. þegar þarf, og Ríkisútvarpinu þar sem sjálfstæðismaður fer með ráðherravald yfir stofnuninni, þar sem sjálfstæðismaður er útvarpsstjóri, þar sem sjálfstæðismaður er framkvæmdastjóri og þar sem sjálfstæðismaður er formaður pólitísks útvarpsráðs sem enn í dag fjallar um ráðningar fréttamanna.

Við munum það öll sem fylgjumst með fjölmiðlum að það er einungis örstutt síðan Sjálfstfl. hafnaði ungri konu sem fréttamanni fyrir það eitt að hún er gift forustumanni í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og hún hafði stjórnað strandblaki á kosningahátíð hjá flokki eiginmannsins. Næstum því á sama degi var kosningastjóri Sjálfstfl. á Suðurlandi ráðinn sem fréttamaður að RÚV. Segir þetta ekki allt sem segja þarf?

Allt þetta rjátlast formaður Framsfl. til þess að verja og selja fyrir heiður og sjálfsvirðingu flokksins. Svo segir Halldór Ásgrímsson að það ríki sátt í Framsókn.

Sáttin er svo mikil að ærlegir framsóknarmenn um allt land eru miður sín. Sáttin er svo mikil að helsti forustumaðurinn í kjördæmi Halldórs segir að ólögin séu hengingaról fyrir Norðurljós. Sáttin er svo mikil að næstum því enginn þingmaður Framsfl. treystir sér til að verja frv. á Alþingi. Sáttin í Framsfl. er svo mikil að bæjarstjórnir þar sem flokk-

urinn er í meiri hluta ályktа gegn lögunum. Sáttin er svo mikil að það þarf að fresta miðstjórnarfundi í flokknum til að komast hjá umræðu um lögin. Vefir Framsfl. á netinu eru að springa undan mótmælum. Svo kórónar formaður Framsfl. frammistöðuna með því að segja úr þessum stól á Alþingi að hann sé ekki einu sinni pottþéttur á því að lögin standist stjórnarskrá og segir að það sé í lagi að láta reyna á hana. Hvað á eiginlega að bjóða fólki mikið? Hversu lengi ætlar Framsókn að dansa eftir reglustiku bláu handarinnar? Var Írak ekki nóg?

Góðir Íslendingar. Þið hafið á síðustu vikum séð hörðustu og málefnalegustu stjórnarandstöðu um áratugi. Andspænis ríkisstjórninni stendur stjórnarandstaðan sameinuð eins og einn maður. Saman einkennist afstaða okkar af frjálslyndri félagshyggju og frjálslynd félagshyggja á sér mikinn meirihlutastuðning meðal þjóðarinnar. Verkefni okkar er að leiða hana til öflugs mótvægis við ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar sem einkennist af sérhagsmunum og helmingaskiptum eins og birtist best í einkavinavæðingu bankanna.

Góðir Íslendingar. Lífið í þessari ríkisstjórn er í reynd búið. Hún einkennist af gagnkvæmri tortryggni og úlfúð. Hún er rúin trausti.

Það sem Ísland þarf mest á að halda er samhent frjálslynd félagshyggjustjórn. Það þarf að ná saman öllum þeim öflum sem hana vilja styðja í atvinnulífinu, í félagasamtökum, í stjórnmálaflokkunum og á meðal almennings. Við Íslendingar þurfum að sameinast um að hrinda þessari ríkisstjórn frá völdum og mynda nýja ríkisstjórn sem byggist á frjálslyndri félagshyggju. — Góðar stundir.

[20:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Aukið frelsi, bætt efnahagsstjórn, pólitískur stöðugleiki og fleiri þættir hafa á undanförnum árum leitt til þess að Ísland hefur fest sig í sessi sem fyrirmyndarríki á mörgum sviðum samkvæmt fjölda alþjóðlegra mælikvarða. Eru þá ekki aðeins metnar þjóðartekjur á mann, sem eru með þeim allra hæstu í heimi, menntunarstig, samkeppnishæfni, geta til að standa undir erlendum skuldum, lífeyrismál og fleira af fjárhagslegum toga, heldur einnig lagt mat á þætti eins og stöðugleika í stjórnarfari, gagnsæi í stjórnsýslu, hvort pólitísk spilling sé útbreidd og fleira er varðar grunngerð lýðræðisskipulagsins.

Á öllum þessum mælikvörðum er Ísland í hópi fremstu ríkja og hefur á undanförnum árum alls staðar bætt stöðu sína og eru það engar ýkjur að ýmsar þjóðir taka okkur sér til fyrirmyndar um margt.

Það ástand sem verið hefur hér á Alþingi undanfarnar vikur og það málþóf sem stjórnarandstaðan hefur haldið uppi vegna andstöðu sinnar við eitt tiltekið þingmál hefur hins vegar sett nokkurn blett á virðingu Alþingis bæði innan lands og út á við.

Sama er að segja um kröfur hóps manna um að forseti Íslands, sem er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum samkvæmt stjórnarskránni og sitja ber á friðarstóli að störfum sínum, eigi nú að ganga gegn þingræðisreglunni og segja Alþingi stríð á hendur með því að synja frv. undirritunar sem lýðræðislegur meiri hluti þingsins hefur að réttum lögum samþykkt. Slíkir atburðir sem enginn sér fyrir endann á yrðu án efa verulegur álitshnekkir fyrir land og þjóð, fyrir utan hinar stjórnarfarslegu afleiðingar.

Herra forseti. Fyrir um þremur áratugum hófu ungir menn innan Sjálfstfl. baráttu fyrir því að afnema einkaleyfi ríkisins til reksturs útvarps og sjónvarps. Sú barátta gekk ekki þrautalaust fyrir sig enda hömuðust ótrúlegustu menn úr öðrum flokkum hart gegn þessum hugmyndum.

Guðmundur H. Garðarsson, þáverandi alþingismaður, flutti fyrstur frv. um frjálst útvarp á Alþingi á áttunda áratugnum. Slíkt þingmál var þó ekki samþykkt fyrr en vorið 1985, ekki síst fyrir harðfylgi Ragnhildar Helgadóttur, þáverandi menntamálaráðherra. Árið eftir tóku fyrstu frjálsu útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar til starfa.

Flestir hafa gleymt því hve torsótt var að fá útvarpsrekstur gefinn frjálsan enda slíkar stöðvar fyrir löngu orðnar sjálfsagður hluti af daglegu lífi almennings í landinu. Okkur sem þátt tókum í þessari baráttu á sínum tíma datt þá ekki í hug að þróunin gæti orðið sú að nauðsynlegt kynni að verða að hamla gegn samþjöppun á fjölmiðlamarkaði með sérstökum reglum. Í upphafi var vandinn miklu frekar sá að tryggja hinum nýju ljósvakamiðlum eðlilegan samkeppnisgrundvöll gagnvart hinu volduga Ríkisútvarpi. Okkur hugkvæmdist ekki þá að slíkir fjölmiðlar gætu orðið liður í óeðlilegri valdasamþjöppun sem hluti af markaðsráðandi samsteypum sem kynnu að beita þeim fyrir vagn sinn á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Því miður er sú hætta nú fyrir hendi og ekki hjá því komist að lögfesta slíkar reglur líkt og gert hefur verið í flestum nálægum löndum. Hefði mönnum almennt komið til hugar á þeim tíma, þegar lögin voru sett, að slíkt ástand kynni að skapast, er ekki vafi á að slíkar reglur hefðu þá verið settar og öllum þótt það sjálfsagt. Eftir á hyggja hefði auðvitað verið best að afgreiða þetta atriði þegar í upphafi.

Það er vegna þeirrar stöðu sem nú er upp komin að ríkisstjórnin lagði fram frv. sitt um breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum sem afgreitt var í dag sem lög frá Alþingi. Viðbrögð stjórnarandstöðunnar við þessu frv. hafa verið óskiljanleg eins og sést hefur af vinnubrögðum þingmanna hennar undanfarna daga. Heiftarleg andstaða þessara flokka við frv. er þeim mun sérkennilegri þegar hafðar eru í huga fyrri tillögur þessara aðila og málflutningur einstakra þingmanna fyrr og síðar um þessi mál. Hefur þetta verið rækilega rifjað upp í umræðum undanfarinna daga.

Hvernig geta þingmenn Samfylkingarinnar þóst vera talsmenn heilbrigðrar samkeppni sem byggir m.a. á löggjöf gegn einokun, hringamyndun og misbeitingu markaðsráðandi stöðu en lagst síðan gegn eðlilegri umgjörð um þessa mikilvægu starfsemi, sem ekki er aðeins atvinnurekstur heldur jafnframt og ekki síður farvegur fyrir frjálsa tjáningu og skoðanaskipti og þar með sérstaklega viðkvæm fyrir misnotkun? Stjórnarandstöðuflokkarnir, Samfylkingin sérstaklega og formaður hennar sem hér talaði áðan, hafa gersamlega glatað trúverðugleika sínum í þessu máli hvað sem líður hinni frjálslyndu félagshyggju.

Hitt er annað mál að allt frá því að útvarpsrekstur var gefinn frjáls hefur ekki tekist að búa þessum rekstri þannig umhverfi að bæði hann og Ríkisútvarpið fái þrifist og dafnað saman með eðlilegum hætti. Næsta verkefni á þessu sviði hlýtur að vera að skilgreina þetta umhverfi upp á nýtt. Gera verður Ríkisútvarpinu kleift að standa hallalaust undir skyldum sínum, sem jafnframt verður að endurskilgreina og draga úr en einnig búa þannig um hnútana að einkaaðilar geti staðið að arðbærum útvarps- og sjónvarpsrekstri án óeðlilegra tengsla við stórar fyrirtækjasamsteypur í öðrum atvinnugreinum. Ég er ekki í vafa um að í landinu eru ýmsir fjárfestar sem vilja vera með í slíku.

Góðir tilheyrendur. Við megum ekki vera svo upptekin af einu stóru deilumáli, sem vissulega hefur þó grundvallarþýðingu, að við missum sjónar á öðrum þáttum þjóðlífsins. Ég nefndi áðan stöðu Íslands á nokkrum alþjóðlegum mælikvörðum. Horfur í efnahagsmálum hér á landi eru nú betri en víðast hvar annars staðar. Nú liggja fyrir spár um efnahagsþróun hér á landi allt til ársins 2010. Ef þær ganga eftir þarf ekki að kvíða framvindunni. Við þurfum aðeins að gæta okkar á því að fara ekki of geyst í sakirnar, fara ekki fram úr sjálfum okkur í framkvæmdagleðinni.

Fjármálaráðuneytið spáir því að hagvöxtur verði með mesta móti út spátímabilið. Þetta mun þýða að áfram verður gott atvinnuástand, kaupmáttur mun halda áfram að aukast ár frá ári eins og undanfarinn áratug og góðar horfur eru á stöðugleika í verðlagsmálum og á vinnumarkaði.

Mikilvæg forsenda alls þessa er að sjálfsögðu aðhaldssöm og hagsýn stefna í ríkisfjármálum og skilvirk peningamálastefna af hálfu Seðlabankans.

Í framhaldi af góðum árangri í ríkisfjármálum undanfarin ár er ljóst að verulegt svigrúm er til að skila almenningi hluta þess ávinnings sem náðst hefur með verulegri lækkun skatta eins og við sjálfstæðismenn héldum fram þegar fyrir ári síðan. Hin nýja þjóðhagsspá staðfestir það. Ríkisstjórnarflokkarnir vinna nú að lokagerð tillagna um skattalækkanir og verður vonandi hægt að kynna Alþingi þau áform á næstu dögum.

Herra forseti. Í upphafi mánaðarins urðu þau merku tíðindi að níu ríki Mið- og Austur-Evrópu fengu fulla aðild að Evrópusambandinu. Ég var staddur í Póllandi þegar þetta gerðist og sá þar að gleði almennings var einlæg alveg eins og þegar Pólverjar fengu aðild að Atlantshafsbandalaginu. Aðildin að þessum tveimur bandalögum lýðræðisríkja, NATO og ESB, er þessum þjóðum gríðarlega mikilvæg pólitísk viðurkenning og verður þeim vonandi einnig efnahagsleg lyftistöng. Við Íslendingar samgleðjumst að sjálfsögðu þessum þjóðum sem á sínum tíma áttu samúð okkar alla á meðan þær bjuggu við ok kommúnismans sem varð þess valdandi að þær drógust langt aftur úr öðrum Evrópuþjóðum í lífskjörum.

Einhverjir spyrja: Er ekki sjálfsagt fyrir Ísland að ganga í Evrópusambandið fyrst baltnesku löndin þrjú hafa gert það auk allra hinna? Er ekki ómögulegt fyrir okkur að vera utan við fyrst svo margir eru komnir inn fyrir? Svarið við því er nei. Það er ekkert sérstakt samband þarna á milli. Okkur ber eftir sem áður að meta stöðu okkar sjálfstætt út frá hagsmunum okkar. Kalt hagsmunamat sýnir enn að innan Evrópusambandsins er ekki eftir neinu að slægjast fyrir Íslendinga sem við höfum ekki þegar í hendi, annaðhvort vegna samningsins um EES eða annarra þátta. Fyrir hin nýju aðildarlönd gegnir einfaldlega allt öðru máli.

Vitaskuld verðum við Íslendingar ævinlega að skoða stöðu okkar í síbreytilegum heimi og meta hana með tilliti til hagsmuna okkar bæði austan hafs og vestan. Íslandi hefur á lýðveldistímanum tekist að afla sér trausts og virðingar á alþjóðavettvangi þótt við séum ekki sú rödd sem hæst heyrist. Kjarninn í utanríkisstefnu okkar hefur verið að standa vörð um hagsmuni okkar á hinum ýmsu sviðum en taka jafnframt afstöðu til helstu deilumála líðandi stundar á alþjóðavettvangi með ábyrgum en jafnframt afgerandi hætti ef svo ber undir. Þannig verður það að sjálfsögðu áfram að vera.

Ég vil bæta því við, vegna ummæla síðasta ræðumanns, að pyndingar bandarískra hermanna á föngum í Írak eru að sjálfsögðu svívirðilegar og íslensk stjórnvöld og við öll höfum fordæmt þær harðlega.

Herra forseti. Fyrr á árinu fögnuðum við Íslendingar aldarafmæli heimastjórnar í landinu. Ótrúlegar breytingar og framfarir hafa orðið á þessum 100 árum en síðustu 13 árin eru eitthvert mesta framfaraskeiðið á þessu tímabili. Frelsisvæðingin hefur leyst mikla krafta úr læðingi og hvert sem litið er sjáum við merki um gróandina í þjóðlífinu, í skólunum, í atvinnulífinu, í útrásarfyrirtækjunum, í menningarmálunum o.s.frv. Við eigum áfram fjölda tækifæra til að bæta lífskjörin í landinu og styrkja stöðu okkar meðal þjóðanna, bara ef við höldum rétt á spöðunum. Við getum því, góðir tilheyrendur, horft bjartsýn til framtíðar. — Ég þakka áheyrnina, góðar stundir og gleðilegt sumar.

[20:13]

Ögmundur Jónasson:

Góðir Íslendingar. Nýlokið er mikilli átakahrinu í þinginu og aðrar eru fyrirsjáanlegar. Aðeins eitt ár er liðið frá síðustu alþingiskosningum og má kalla það afrek, með öfugum formerkjum að vísu, að á þessum skamma tíma hefur ríkisstjórninni tekist að koma nánast öllu í uppnám og má heita að þjóðfélagið logi í átökum og deilum.

Í vikunni var Austurvöllur þéttskipaður fólki með rautt spjald á lofti. Á máli knattspyrnunnar þýðir þetta brottvísun af velli fyrir brot. Ef mælikvarðinn á árangur ríkisstjórnar væri hve vel tækist til við að efna til ófriðar og upplausnar þá er ég sannfærður um að þessi ríkisstjórn fengi ágætiseinkunn. Deilumálið undanfarna daga og vikur er að sjálfsögðu fjölmiðlamálið svokallaða.

Að frumkvæði Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var í vetur hafist handa við athugun á hringamyndun í fjölmiðlaheiminum. Ætlunin var að þar með hæfist umræða um hvernig tryggja mætti sem best opna og lýðræðislega miðla, vönduð efnistök og fjölbreytni í dagskrá. Í ljósi aukinnar samþjöppunar á þessu sviði og stöðugra hótana um að þrengja að Ríkisútvarpinu, í sama dúr og við heyrðum hjá fjmrh. hér áðan, var þetta mál tekið upp af okkar hálfu.

Niðurstaðan var sú að sett var á laggirnar nefnd sem skyldi fara í saumana á þessum málum. Fyrsti valkostur þeirrar nefndar var sú leið sem VG hefur talað fyrir, að efla almannaútvarp án inngrips í markaðinn að sinni.

Eins og alþjóð þekkir ákvað Sjálfstæðisflokkurinn og þar með Framsókn að fara aðra leið og, það sem meira er, við útfærsluna var valin leið foringjastjórnmála. Síðan hefur landið logað.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hefur aldrei staðið eins veikt og hún gerir nú. Hvert málið rekur annað þar sem fólki er ofboðið um framgöngu ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra. Menn þurfa ekki annað en nefna stikkorð þá sjá allir fyrir sér atburðarás, heyra yfirlýsingarnar og ráðherrabekkurinn verður ljóslifandi:

Írak, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra. Þarf að segja meira?

Landspítali – háskólasjúkrahús. Geir H. Haarde fjármálaráðherra, niðurskurður, uppsagnir, einkavæðing, eyðilegging á áratuga uppbyggingarstarfi.

Atvinnulausir. Manndómsvígsla Árna Magnússonar félagsmálaráðherra við inngöngu í ríkisstjórnina var að hóta atvinnulausu fólki að skerða kjör þess um 10 þúsund kr. Hann þótti hafa styrkt stöðu sína í ríkisstjórninni. „Framtíðarforingi," sögðu menn.

Félagsleg undirboð. Menn sjá fyrir sér aðbúnaðinn við Kárahnjúka, sviksemi í tengslum við útboð og samninga og linku íslenskra stjórnvalda að framfylgja íslenskum lögum og reglum.

Öryrkjar. Svikinn samningur. Framsóknarflokkurinn kemur upp í hugann á flettiskiltunum fyrir kosningar, flóðlýstir fréttamannafundir með útfærðu samkomulaginu við Öryrkjabandalag Íslands. Að afloknum kosningum þegar flettiskiltin höfðu verið tekin niður var annað uppi á teningnum.

Útlendingalög, hlerunarbúnaður, skipan í Hæstarétt, sérsveit. Ég þarf ekki að halda upptalningunni áfram. Björn Bjarnason er þegar orðinn ljóslifandi.

Einkavæðing. Við sjáum það fyrir okkur. Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra afhendir þjóðbankana í Þjóðmenningarhúsinu í hendur kjölfestufjárfestum sem einhverjum öfugmælasmið datt í hug að kalla þá. Bankana hafa þeir síðan notað sem tæki til að brjótast til frekari valda í efnahagslífinu. Svo aðeins sé litið til síðasta árs þá tóku þeir erlendis 300 milljarða — ekki 300 milljónir — 300 milljarða til að auðvelda sér valdabröltið.

Síðan er það náttúrlega Davíð Oddsson. Það skelfilegasta, það ógnvænlegasta sem hann virðist geta ímyndað sér er þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem þjóðin tekur milliliðalaust ákvarðanir án klíkufunda, án hrosskaupa, án handsals þeirra Halldórs um að keyra flokka sína til fylgispektar.

Þegar fólkið kom saman á Austurvelli í vikunni sem leið var verið að mótmæla verkum ríkisstjórnarinnar. Mér segir svo hugur að flestir hafi mætt til að verja lýðræðið og koma í veg fyrir að það yrði fótumtroðið.

Nú stendur til að gera yfirgangssömum forstjórum auðveldara að reka fólk úr starfi skýringalaust. Ég er viss um að margir hefðu viljað fá þetta fyrr, einhverjir af ráðherrabekknum einnig hugsað gott til glóðarinnar. Það hefði til dæmis verið þægilegt síðastliðið sumar þegar landverðir flögguðu í hálfa stöng — á sínar eigin stangir í sínum eigin frítíma. En þeir flögguðu í hálfa stöng við helstu náttúruperlur á öræfum Íslands. Þeir leyfðu sér að láta tilfinningar sínar í ljós. Þeir voru að lýsa harmi sínum yfir óafturkræfum náttúruspjöllum við Kárahnjúka. Ár var þá liðið frá undirritun virkjunarsamninga. Í einhverju tilfinningaþrungnasta átakamáli samtímans hafði þetta fólk borið lægri hlut þótt í andanum risi það hátt og hafi unnið sigur sem mun skila sér inn í framtíðina. En þessari orrustu hafði það tapað og þetta var táknræn aðgerð. Þetta var stund tilfinninganna.

Það þoldi ríkisstjórnin ekki. Allir skyldu undir járnhælinn. Þeir sem hafa haft bein í nefinu, starfað af trúmennsku og af hugsjón, þeim skilaboðum hefur nú verið komið til þeirra að þeir fái ekki vinnu í sumar sem landverðir. Þeir sem höfðu vogað sér að hafa sjálfstæða skoðun og kallað íslenska fánann til vitnis um tilfinningar sínar fá ekki endurráðningu í sumar.

Er einhver tilbúinn að verja þessi vinnubrögð? Er ekki eitthvað bogið við ríkisstjórn sem hefnir sín á ungu hugsjónafólki? Er ekki eitthvað að ríkisstjórn sem gerir Öryrkjabandalag Íslands að helsta óvini sínum og þegar þeirri rimmu slotar þá er það forsetaembættið því almenningur hafði vogað sér að horfa til Bessastaða um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Nú spyr ég: Ætlum við að láta ríkisstjórnina komast áfram upp með þessi vinnubrögð? Ætlum við að láta hana komast upp með að eyðileggja heilbrigðiskerfið, grafa undan einhverju besta heilbrigðiskerfi í víðri veröld? Og hvað með vaxandi fátækt? Ætlum við ekki að taka alvarlega varnaðarorð hjúkrunarfólks sem segir: „Fátæk börn í Reykjavík líða skort“?

Ætlum við áfram að taka því að vera látin styðja sem staðföst þjóð glórulausa herleiðangra Georges Bush sem gerir þá kröfu að Bandaríkin ein séu undanþegin alþjóðalögum um stríðsglæpi. Hugnast mönnum þetta í ljósi þeirra fréttamynda sem okkur birtast nú á degi hverjum? Ég segi nei. Og nú þarf stefnubreytingu í alvöru, ekki bara orðin tóm. Það á að taka okkur út af listanum um hinar staðföstu þjóðir og við þurfum að segja okkur frá ábyrgðarmönnum mannréttindabrota, hvort sem er í Írak, Palestínu, Guantanamo eða Afganistan.

En eitt megum við vita, hvert og eitt okkar, jafnt innan veggja Alþingis sem utan, ef við ætlum að stöðva þessa ríkisstjórn og koma í veg fyrir að hún grafi undan samfélagsþjónustunni og þar með jöfnuði og velferð á Íslandi þá er ekki nóg að snúast til varnar heldur þarf nú að hefja gagnsókn. Það þarf að boða til funda inni á vinnustöðum, ekki bara á Landspítalanum, alls staðar þarf að taka upp rauða spjaldið og krefjast stefnubreytingar.

Hæstv. forseti. Það er kominn tími til að beina íslenskri pólitík inn í annan og uppbyggilegri farveg en þessi ríkisstjórn hefur grafið.

Það sem sameinar Íslendinga er löngunin til að styðja góð málefni og treysta undirstöður raunverulegra framfara. Á síðustu hundrað árum hefur verið byggt upp kröftugt velferðarþjóðfélag á Íslandi. Höldum því uppbyggingarstarfi áfram. Sýnum reisn og sjálfstæði í samskiptum við aðrar þjóðir. Við eigum efniviðinn til áframhaldandi framfara. Nýtum hann sem best. — Góðar stundir.

[20:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það hefur oft verið sagt að vika sé langur tími í pólitík og það hefur sannast á þessum vetri. Það mætti halda að aðeins eitt mál hefði verið til umræðu hér á Alþingi í vetur ef marka má umræðuna undanfarna daga, það er hið svokallaða fjölmiðlamál.

Það er hins vegar rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér áðan að það mál kom til umræðu í upphafi þings. Þá hvatti stjórnarandstaðan stjórnarliða til að taka á hringamyndun í landinu og samþjöppun í fjölmiðlun. Það var skipuð nefnd til að fara yfir það mál, bæði að því er varðaði fjölmiðlana og líka að því er varðar hringamyndun í atvinnulífinu, en sú nefnd mun skila áliti í september næstkomandi.

Við höfum síðan lagt fram frumvarp á Alþingi um þetta mál og það hefur orðið mikil umræða um það. En hefur hún verið mjög málefnaleg? Nei, hún hefur ekki verið það. Og hvað stendur eftir sem deilumál í sambandi við það mál? Það eru tvö atriði. Það er í fyrsta lagi hvort það er okkar stefna að takmarka meira aðild markaðsráðandi fyrirtækja að fjölmiðlun en annarra fyrirtækja. Og það er sú stefna að það sé rétt að aðskilja dagblaðarekstur frá ljósvakamiðlarekstri.

Hér kom formaður Samfylkingarinnar og gagnrýndi sérstaklega Framsóknarflokkinn. Hann notaði allan sinn tíma í það. En hann sagði ekki eitt einasta orð um það hver væri stefna Samfylkingarinnar í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Er Samfylkingin þeirrar skoðunar að það sé rétt að markaðsráðandi fyrirtæki í landinu séu ráðandi á fjölmiðlamarkaði? Það veit enginn. Er Samfylkingin þeirrar skoðunar að dagblöð og ljósvakamiðlar eigi að vera í sömu fyrirtækjum? Það

veit enginn. Hann hefur því ekki gert grein fyrir skoðunum Samfylkingarinnar í þessu máli.

Sem betur fer var fallegt yfir landinu í dag og það var fallegt hér yfir Austurvelli. Hér voru ungmenni að gróðursetja sem tákn sumarsins. En ekki verður sagt að það hafi verið sama heiðríkjan yfir Alþingi. Hér hafa verið sögð orð sem betur hefðu verið ósögð. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson leyfa sér enn að hafa slíkt orðbragð hér á Alþingi.

Hv. formaður Samfylkingarinnar segir að Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson séu ábyrgir fyrir svívirðilegu athæfi í Írak. Þjóðin veit að þetta er ekki satt. Hv. þm. Ögmundur Jónasson segir að við níðumst sérstaklega á ungmennum. Auðvitað veit þjóðin að þetta er ekki satt.

Af hverju þurfa menn að tala með þessum hætti á Alþingi? Það er kannski ekki von að þjóðin beri alltaf virðingu fyrir þessari samkomu þegar stjórnmálamenn tala svona hver um annan. Auðvitað veit Össur Skarphéðinsson það að við berum ekki ábyrgð á svívirðilegu athæfi bandarískra hermanna í Írak. (**Gripið fram í:** Hver gerir það?) Hann veit það. En hann segir samt annað og það er honum til minnkunar.

Herra forseti. Sem betur fer eru ýmis önnur mál til umfjöllunar á Alþingi en þau sem mest hafa verið rædd hér síðustu daga. Við getum verið stolt af því að vera Íslendingar. Við getum verið stolt af landi okkar og þjóð. Nánast hvergi í heiminum hefur verið jafnmikill hagvöxtur og hér á landi frá 1995 og við getum verið stolt af þeim árangri sem við höfum náð. Hér hefur verið mikil kaupmáttaraukning, sérstaklega hjá hinum lægra launuðu. Það hefur verið mikil útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði. Við höfum náð fríverslunarsamningum sem styrkja stöðu okkar og það eru framfarir á öllum sviðum þjóðlífsins. Það hefur ríkt stöðugleiki í efnahagsmálum og við getum verið bjartsýn um komandi ár.

Spá um þjóðarbúskap á næstu árum er sú að hagvöxtur á árunum 2004–2006 verði 4–5% en á árunum 2007–2010 2,5–3%. Við erum að tala um að hér muni ríkja samfellt hagvaxtarskeið í 15 ár. Það hefur aldrei gerst á Íslandi fyrr og það er afar sjaldgæft að það gerist í heiminum.

Kemur þetta allt af sjálfu sér? Nei, það kemur ekki allt af sjálfu sér. Það kemur vegna þess að hér hefur verið ábyrg efnahagsstjórn og hér hefur verið uppbygging.

En auðvitað hefur það þýtt að menn hafa stundum staðið í deilum. Nú fagna menn t.d. á Austurlandi mikilli uppbyggingu þar. Nú fagna menn væntanlegri uppbyggingu á Grundartanga. Það voru reistar níðstangir út af þeim málum. Það var talað um endalok lýðræðisins. Það voru haldnir fjölmennir mótmælafundir. En hvað hefur skeð? Fólkið fagnar þessu.

Svo kemur hv. þm. Ögmundur Jónasson og rifjar þetta upp með níðstangirnar og hvetur alla til að reisa fleiri á sem flestum vinnustöðum. Svona eiga hv. alþingismenn ekki að haga sér. Þetta er ekki lýðræði, Ögmundur Jónasson. (**SJS:** Er íslenski fáninn níðstöng?) (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingmenn að bíða eftir því að þeir fái orðið hér í kvöld. Það hefur verið siður hér á Alþingi, sérstaklega í útvarps- og sjónvarpsumræðum. En sá siður virðist vera farinn eins og margt annað gott á Alþingi.

Ég minni á að alltaf verða deilur um stór mál og við eigum að reka þær umræður með lýðræðislegum og málefnalegum hætti en ekki með endalausum frammíköllum og óþolinmæði. Menn verða að bera virðingu fyrir skoðunum annarra hvort sem það eru mínar eða annarra og ég er fullviss um að það verður engu máli lokið án þess, sérstaklega stórum málum, að um þau verði einhverjar deilur.

Góðir Íslendingar. Það er bjart fram undan í íslensku þjóðlífi. Það ríkir stöðugleiki. Það ríkir bjartsýni og við höfum fulla burði til að gera það sem við höfum talað um að gera. Við höfum t.d. talað um að lækka skatta og það er fullt svigrúm til þess. Við höfum talað um að efla heilbrigðiskerfi okkar og það er ástæða til að fagna því að Landspítalinn – háskólasjúkrahús náði þeim árangri að stytta biðlistana á sama tíma og farið var í nokkra hagræðingu. Það verður að sjálfsögðu að veita fjármagn til þeirrar þjónustu, en hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér allt aðra sögu sem er ekki sönn.

Við gerum okkur grein fyrir því að íslenskt menntakerfi þarf meira fjármagn vegna þess að nemendum fer fjölgandi en það er engin ástæða til annars en bjartsýni. Við þurfum að vera ákveðin í því að sækja fram. Tækifærin eru alls staðar, við þurfum að nota þau tækifæri. Við þurfum að nota allar aðstæður sem uppi eru til framfara í landinu. Það hefur þessi ríkisstjórn gert. Það hefur stjórnarmeirihlutinn gert, oftast í andstöðu við stjórnarandstöðuna. Nú er að halda áfram á þeirri braut og þjóðin mun njóta þeirra ávaxta.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góðar stundir.

[20:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Góðir Íslendingar. Við alþingiskosningarnar fyrir réttu ári tvöfaldaði Frjálsl. þingmannafjölda sinn úr tveimur í fjóra. Þrír af fjórum þingmönnum flokksins eru nú að ljúka sínum fyrsta vetri sem fulltrúar kjósenda á löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Þessi vetur hefur verið viðburðarríkur í augum ungra þingmanna. Ekki er ofmælt að síðustu vikur þingsins í maí hafi verið eins konar eldskírn fyrir ungan þingflokk enda hefur geisað ein mesta pólitíska orrahríð sem um getur á undanförnum árum.

Nýjasta kaflanum í þeirri miklu rimmu lauk á hinu háa Alþingi laust eftir hádegi í dag. Stjórnarandstaðan varð að lúta í lægra haldi fyrir knöppu meirihlutaofbeldi stjórnarliða. Samþykkt var lagafrv. sem skerðir tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og skoðanafrelsi þjóðarinnar. En koma tímar og koma ráð. Þessum lögum er enn hægt að hnekkja þótt það gerist ekki í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Nýir valdhafar geta breytt þeim til batnaðar. Frjálsl. mun gera það komist hann í aðstöðu til þess.

Það er alvarlegt umhugsunarefni að slík löggjöf sem sett er til höfuðs einu fyrirtæki skuli yfir höfuð komast í gegnum þá málsmeðferð þingmeirihlutans sem við höfum orðið vitni að á undanförnum vikum. Ótrúleg valdníðsla í krafti lítils meirihlutavalds er rétta lýsingin á því ferli. Sumir stjórnarliðar hafa kallað það lýðræði því meiri hlutinn ráði. Það er ekki rétt. Í heilbrigðu lýðræðisþjóðfélagi skiptist fólk á skoðunum og það gefur sér tíma til að hlusta á rök þeirra sem málið varðar. Það leitast við að taka tillit til þeirra röksemda. Í umræðunni um fjölmiðlafrv. sáum við skrumskælingu á þessum leikreglum lýðræðisins.

Stjórnarandstöðuflokkarnir héldu langar ræður um efnisatriði frv. ríkisstjórnarflokkanna og aðra þætti sem varða fjölmiðla á Íslandi. Flestir þingmenn stjórnarflokkanna voru sjaldgæf sjón við umræðuna. Til undantekninga heyrði ef þeir veittu andsvör við ræðum stjórnarandstæðinga. Þó að stjórnarliðar séu þremur fleiri en stjórnarandstæðingar tóku

þeir langtum sjaldnar til máls í umræðunni. Áberandi var að margir af ráðherrum ríkisstjórnarinnar kusu að taka engan eða mjög lítinn þátt í umræðunni. Ráðherrar málaflokka sem varða þetta frv. og fjölmiðlun í landinu völdu þann kost að þegja í umræðunni um frv. Hvorugur varaformanna ríkisstjórnarflokkanna tók til máls, ekki landbrh. Guðni Ágústsson, varaformaður Framsfl., ekki heldur Geir H. Haarde fjmrh. Hann hefði þó átt að blanda sér í umræðuna, ekki síst í ljósi þess að nú getur hugsast að ríkissjóður þurfi að greiða hundruð milljóna króna í skaðabætur vegna nýsamþykktra fjölmiðlalaga. Ég saknaði þess að hann skyldi ekki minnast á það í ræðu sinni áðan. Hvar var Sturla Böðvarsson samgrh. og yfirmaður samgöngumála hér á landi? Eða ráðherra viðskipta- og samkeppnismála, Valgerður Sverrisdóttir, Framsfl.? Eða æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra mennta- og menningarmála? Hún tók heldur ekki þátt í umræðu um frv. um lög á íslenska fjölmiðla.

Þegar horft er um öxl á þá meðferð sem hið svokallaða fjölmiðlafrv. hefur fengið á hinu háa Alþingi stingur í augun sú augljósa staðreynd að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa beitt fyrir sig óbreyttum þingmönnum úr sínum röðum til að koma frv. í gegnum þingið og verja það út á við. Fótgönguliðunum hefur verið látið blæða á meðan hershöfðingjarnir hafa setið í skjóli stóla sinna. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni að ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli með þessum hætti koma á erfiðum og vægast sagt hæpnum lagasetningum.

Góðir Íslendingar. Spyrja má hvort þetta séu þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin ætlar að tíðka. Í ljósi þessa er svo makalaust að heyra forsrh. fullyrða að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi forðast efnislega umræðu um eignarhald á íslenskum fjölmiðlum og starfsumhverfi þeirra. Það er einfaldlega ekki rétt og gott dæmi um það hvernig stjórnarliðar reyna nú að slá ryki í augu þjóðarinnar sem hefur fylgst í forundran með uppákomum á Alþingi á undanförnum vikum. Hið sanna er að stjórnarandstaðan hefur sýnt mikla samstöðu í baráttunni gegn fjölmiðlafrv. sem samþykkt var í dag og hvergi hvikað sér undan efnislegri umræðu um stöðu fjölmiðla á Íslandi. Það er meira en hægt er að segja um flesta stjórnarliða og þá ekki síst ráðherra ríkisstjórnarinnar. Það eru þeir sem hafa forðast umræðuna og það eru þeir sem svikust undan merkjum og fyrirheitum um að fara í verkefni sem beið okkar allra á Alþingi, einmitt það að setja heildstæða og vandaða löggjöf um starfsumhverfi og eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi.

Enn og aftur hlýt ég í ræðustól hins háa Alþingis að minna á að í haust stóðu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl. ásamt Sjálfstfl. og Framsfl. að þáltill. Lagt var til að Alþingi kysi nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem m.a. skyldi kanna starfsskilyrði fjölmiðla og huga að því hvort þörf væri á lagasetningu eða öðrum aðgerðum til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi. Starfið færi fram í samráði við hagsmunaaðila á borð við Blaðamannafélag Íslands og helstu fjölmiðla og samtök þeirra. Þvert á fyrri yfirlýsingar ákváðu stjórnarflokkarnir eða kannski réttara sagt forsrh. að fara í þá vinnu án samráðs við stjórnarandstöðuna og hagsmunaaðila.

Halldór Ásgrímsson, utanrrh. og verðandi forsrh., ef guð og Sjálfstfl. lofa, gleymdi að nefna þetta í ræðu sinni áðan. Það skorti allt samstarf, það samstarf sem búið var að minnast á, sem búið var að lofa. Það hefur skort allan þennan tíma. Þetta gat ekki farið vel. Þetta hlaut að enda með ósköpum. Það kann aldrei góðri lukku að stýra þegar lítil klíka valdhafa fellur í þá freistingu að ætla í skjóli myrkurs og án nokkurs samráðs að koma á löggjöf sem neydd er í gegnum löggjafarsamkunduna og ofan í þjóðina. Svona gera menn ekki.

Ágætu Íslendingar. Þessu mega landsmenn ekki gleyma fyrir næstu kosningar og veita þá bæði Sjálfstfl. og Framsfl. þá ráðningu sem þeir flokkar eiga skilið.

Fyrir hönd Frjálsl. óska ég landsmönnum öllum góðs og gæfuríks sumars.

[20:39]

Sigurjón Þórðarson:

Góðir landsmenn. Nú er liðið ár frá því að þreytt ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. ákvað að halda áfram stjórnarsetu sinni. Greinileg valdaþreyta er farin að hrjá stjórnarflokkana enda hafa þeir setið að völdum saman í níu ár og Sjálfstfl. enn lengur.

Greinilegt var að kosningaloforðin voru eitthvað sem flokkarnir vildu gleyma sem allra fyrst og brugðust ókvæða við ef þeir voru minntir á gefin loforð, svo sem um línuívilnun, skattalækkanir, jarðgöng, stuðning til ungra öryrkja og margt fleira. Efndirnar hafa verið eftir því, línuívilnun í skötulíki, hækkaðar álögur á landsmenn, jarðgöngum slegið á frest og þeir sem urðu öryrkjar snemma á ævinni voru sviknir um 500 millj. þegar heilbrrh. Jón Kristjánsson ómerkti handsalað samkomulag við þá. Svo má minnast á það fyrst Halldór Ásgrímsson var að ræða um að efla heilbrigðiskerfið, ég veit ekki betur en að Landsspítali – háskólasjúkrahús sé í sárum. Hefur maðurinn ekki frétt af því?

Ef við lítum til baka og skoðum verk ríkisstjórnarinnar þá getur hvert mannsbarn séð að helstu kraftar hennar hafa farið í að þjóna duttlungum vanstillts foringja í stað þess að einbeita sér að því að leysa úr vandamálum venjulegra Íslendinga. Íslensk heimili eru skuldsett og það ætti að vera forgangsverkefni hjá ábyrgri ríkisstjórn að einbeita sér að því að létta byrðarnar á heimilunum. Hefur ríkisstjórnin lagt vinnu í það? Nei, forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar var að hækka eftirlaun forsrh. eins og frægt er. Hefði ekki verið nær að skoða rækilega hvort almenningur fái að njóta í eðlilegum mæli mikils hagnaðar banka í lægri þjónustugjöldum og hvort ekki sé löngu tímabært að afleggja gamaldags ábyrgðarmannakerfi í bönkunum? Nei, það er ekki gert.

Mikið kappsmál var hjá foringjanum og þjónum hans í báðum flokkum að koma böndum á fjölmiðla sem fluttu óþægilegar fréttir af stjórnvöldum. Sú aðför var gerð undir yfirvarpi frelsisins, þess að verið væri að tryggja skoðanafrelsið í landinu. Hefði ekki verið nær fyrir ábyrg stjórnvöld að einbeita sér að því að taka á atvinnumálum, t.d. á Suðurnesjum og fólks sem komið er af léttasta skeiði? Nei, þeir einbeita sér ekki að því. Í stað þess fara þeir í aðgerðir sem geta beinlínis fækkað störfum.

Íslendingar verða að fara að gera upp við sig hvort þeir ætla að byggja þetta land eða ekki. Ef svo á að verða verður fólk á landsbyggðinni að fá að bjarga sér og til þess þarf að veita byggðunum atvinnuréttindi á ný.

Ríkisstjórnin skerti tjáningarfrelsið undir yfirvarpi frelsis. Sjávarbyggðirnar voru sviptar atvinnufrelsinu undir yfirskyni fiskverndar en árangur kvótakerfisins er enginn. Þorskaflinn nú er helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins og enn reyna stjórnarflokkarnir að tala um ábyrga

stjórn á fiskveiðum. Framsóknarmenn geta ekki skotið sér undan ábyrgð á þessum óhæfuverkum með því að vísa til einhverra óljósra óánægjuradda innan þingliðsins. Þeir sem kusu stjórnarflokkana á landsbyggðinni verða að horfast í augu við þá staðreynd að stefna Framsfl. og Sjálfstfl. hefur reynst landsbyggðinni dýrkeypt. Ef fólk vill sjá breyttar áherslur verður það ekki gert innan stjórnarflokkanna, það er fullreynt.

Frjálslyndi flokkurinn veit sem er að unnt er að efla atvinnulíf á landsbyggðinni með skynsamlegri og sanngjarnari fiskveiðistjórn en nú er við lýði og leitar í smiðju Færeyinga eftir góðri leið að því marki. Þingmenn Frjálsl. hafa m.a. lagt til sanngjarna skattalækkun sem veitir launþegum rétt til að draga kostnað vegna ferðalaga til vinnu frá skatti. Tillagan mun án efa stækka atvinnusvæði og verða til aukinnar verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið.

Frjálslyndi flokkurinn trúir ekki á skyndilausnir heldur á að góðir hlutir gerist hægt. Við útilokum ekki að skoða aðild að Evrópusambandinu en teljum varhugavert að treysta á að öll mannanna mein lagist við það eitt að ganga í Evrópusambandið. Við höfum trú á að ef litið er í meira mæli til þarfa almennings í stað þröngra sérhagsmuna muni þjóðinni vegna enn betur. Þjóðin þarf á gagnsærri, lýðræðislegri ákvarðanatöku að halda þar sem hvorki Hæstiréttur er lítillækkaður með vafasamri mannaráðningu úr frændgarði forsrh. né embætti forseta Íslands með barnalegri lögspeki foringjans og félaga hans.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast úr fjarlægð með umræðum um fjölmiðlafrv. sem í dag varð að lögum, horfa á forustumenn stjórnarflokkanna enn og aftur troða ofan í kokið á fylgismönnum ríkisstjórnarinnar máli og málsmeðferð sem sannarlega margir þeirra hv. þingmanna hafa mælt harkalega gegn á undanförnum árum. Ekki síst í kosningabaráttunni fyrir rúmu ári en þá komu fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. fram fyrir ykkur kjósendur og töluðu um frelsi til athafna, virðingu fyrir stjórnarskrá og mannréttindum og forustumenn þessara flokka hvöttu athafnamenn til dáða. Frelsi var kjörorðið.

Hver man ekki eftir þessu? Nú ári seinna blasir hins vegar við að þetta er allt saman orðagjálfur eða eigum við að segja orðaleikur. Tökum til að mynda Framsfl. sem sagði: Fólk í fyrirrúmi, manneskjulegra þjóðfélag. Alveg rétt, þeir lugu engu þar um, en aðeins fyrir það fólk sem þeim er þóknanlegt. Sjálfstfl. með frelsið og minni ríkisafskipti og hvatningu til athafna manna og kvenna. Hvað stendur eftir? Frelsi fyrir kunningja og vini og öðrum er gert erfitt fyrir.

Ríkisafskipti hafa sjaldan verið meiri. Þeir eru bókstaflega með puttana alls staðar. Meira að segja átti að ganga frá heimild til að hlera heimilis- og vinnusíma fólks án dómsúrskurðar. Ríkisstjórnin afgreiddi lög sem gera suma útlendinga að annars flokks borgurum. Hún lagði fram frv. um fullnustu refsinga sem var svo vont að dómsmrh. var sendur með það aftur upp í ráðuneyti. Og þegar hæstv. dómsmrh. brýtur lög bregst hann við með því að kalla lögin vitlaus og gamaldags. Hæstv. dómsmrh. hefur alltaf verið vel að sér um vinnubrögð ráðamanna í fyrrum kommúnistaríkjum, góður lærisveinn sem hefur nú gert þau að sínum.

Hvað með athafnamennina og -konurnar? Jú, ef þau eru stjórnarherrunum þóknanleg. Öðrum er gert ókleift að vinna eða byggja upp fyrirtæki, jafnvel svo að menn íhuga að fara með starfsemi sína af landi vegna valdhroka ríkisstjórnarinnar. Valdið sem stjórnarflokkunum var trúað fyrir samkvæmt vilja meiri hluta þjóðarinnar í síðustu kosningum hefur verið gróflega misnotað, vegið að mannréttindum, lýðræði og frelsi. Hér ríkir að hluta til svipað andrúmsloft og á tímum McCarthys í Bandaríkjunum og í fyrrum kommúnistaríkjum.

Höfum í huga að frelsið og mannréttindin skerðast ekki allt í einu, hverfa ekki í einu vetfangi. Það gerist smám saman, hægt og hægt og yfirleitt án þess að við tökum sérstaklega eftir því. Smám saman eykst yfirgangur stjórnvalda, smám saman eykst ofbeldið og smám saman er grafið undan persónufrelsi, friðhelgi einkalífs og borgaralegum réttindum sem við höfum talið heilög.

Forustumenn ríkisstjórnarinnar segja: Annaðhvort ertu með mér eða á móti. Og þeir sem eru á móti, þeim er eins gott að vara sig. Hér ríkja ekki lýðræðislegir stjórnarhættir. Hér er einræði formanna stjórnarflokkanna. Umræða um mikilvæg mál fær ekki að þroskast á eðlilegan hátt. Hún fær ekki að þroskast í samfélaginu, mál eru ekki einu sinni rædd í þingflokkum stjórnarflokkanna eins og fram kom í viðtali við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson í Fréttablaðinu í gær. Hann segir að það sé aðeins um tilkynningar forustumanna að ræða, málamyndaafgreiðslur sem þingmenn verði að kyngja. Hann segir að með þessu sé verið að grafa undan lýðræðinu.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í skoðanakönnunum að meiri hluti þjóðarinnar er andvígur því fjölmiðlafrumvarpi sem í dag var samþykkt á Alþingi. Óháð innihaldi þess er fólk fyrst og fremst að mótmæla vinnubrögðum, mótmæla misbeitingu valds, aðför að tjáningarfrelsi. Fólkið í landinu er að standa vörð um stjórnarskrána. Fólkið í landinu er að vakna til vitundar um þá valdníðslu og valdhroka sem einkennir stjórnarhætti þessarar ríkisstjórnar. Það vill breytingar. Þeir sem vilja breytingar eiga samleið með Samf.

Við munum berjast af hörku fyrir breyttum stjórnarháttum. Við ætlum að standa vörð um lýðræðið, við viljum sjá lýðræðislega rökræðu dafna. Við stöndum vörð um tjáningarfrelsið, við viljum sjá fjölmiðlana blómstra, líka þá sem gagnrýna stefnu okkar og verk. Við viljum sanngirni, réttlæti og jöfnuð fyrir þegna þessa þjóðfélags.

Góðir áheyrendur. Ég tel að brýnasta verkefni stjórnmálanna í dag sé að snúa af þeirri braut sem núverandi stjórnarflokkar hafa kosið að fara. Þeir misnota það vald sem mörg ykkar sem eruð að hlusta á okkur kusuð þá til að fara með. Ég spyr: Er þessum mönnum sjálfrátt? Eru þeir svo blindaðir af valdinu, hafa þeir fjarlægst svo fólkið í landinu að þeir skynja ekki lengur samtíma sinn, skynja ekki að sumt gerir maður ekki bara af því að maður hefur völdin?

Ég er í hjarta mínu viss um að ykkur, góðir áheyrendur, er ofboðið. Við viljum öll standa vörð um lýðræðið, um réttindi fólksins í landinu til þátttöku í mótun öflugs samfélags. Það er ykkar og okkar að veita ríkisstjórninni öflugt aðhald, beina stjórn landsins inn á manneskjulegri og umfram allt lýðræðislegri brautir. Þar eigum við samleið, þið og við í Samf. Við höfum verk að vinna.

Góðar stundir og gleðilegt sumar.

[20:49]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Umræða um fjölmiðla hefur sett verulegt mark á það þing sem fer senn að ljúka. Í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar svokölluðu kemur fram að

íslenski fjölmiðlamarkaðurinn ber augljós einkenni samþjöppunar þegar horft er til eignarhalds á fjölmiðlum og raunar er líklega engin dæmi að finna í hinum vestræna heimi um jafnmikla samþjöppun í eignarhaldi á fjölmiðlum og hér á landi.

Rökin fyrir að hið lýðræðislega kjörna Alþingi samþykkti í dag lög um eignarhald á fjölmiðlum eru margvísleg. Hafa ýmis orð fallið, með leyfi forseta:

„Fjölmiðlar eru ein af meginstoðum lýðræðislegrar stjórnskipunar. Þeir eru hið svokallaða fjórða vald og að margra mati jafnvel hið öflugasta í nútímasamfélagi. Það ætti reyndar að vera óþarft að fjölyrða hér á hinu háa Alþingi um mikilvægi þess að í fjölmiðlum ríki fjölbreytni og að tjáningarfrelsi fjölmiðla verði ekki hneppt eða bundið á klafa hagsmuna eða viðskiptablokka. [...] Samþjöppun eigna og valds á þessu sviði þjóðfélagsins getur nefnilega orðið lýðræðinu varasöm og sama þróun gæti í rauninni leitt til þess að allir fjölmiðlar í landinu fyrir utan Ríkisútvarpið kæmust á sömu hendur ...“

„Það er sérstaklega varhugavert ef umsvifamiklir aðilar í viðskiptum, sem jafnvel starfa í fákeppnisumhverfi þar, gerast jafnframt fjölmiðlakóngar. Þá er stutt í hið rússneska ástand, íslenska „ólígarka“, nýríka viðskiptajöfra sem eru jafnframt með fjölmiðla eða fjölmiðlakeðjur á sínum höndum til að reka áróður fyrir umsvifum og störfum sínum.“

„Ég tel það mjög óæskilegt og ekki eðlilegt [...] að aðilar í atvinnugreinum hvort sem það eru sterkustu aðilarnir í sjávarútvegi, sterkustu aðilarnir í verslun eða þeir sem núna hafa eignast íslenska bankakerfið — að slíkir aðilar geti bundist jafnvel samtökum um að eiga fjölmiðla.“

„Fákeppni og samþjöppun valds er líka að verða meira áberandi í fjölmiðlastarfsemi, sem er vissulega mjög varhugavert fyrir lýðræðið og eðlilega skoðanamyndun í landinu.“

Þessi rök hljóma eflaust öll kunnuglega eftir umræður síðustu vikna, sem hafa verið einhverjar þær lengstu í þingsögunni. Hart hefur verið deilt um þetta mál og ríkisstjórnin sökuð um að ætla að kæfa fjölmiðlafrelsi í landinu.

Þau rök sem ég rakti hér á undan eru hins vegar öll orðrétt ummæli hv. þingmanna úr flokkum stjórnarandstöðunnar, Vinstri grænna, Samf. og Frjálsl. Er nema von að menn spyrji hvað valdi þessum umskiptum í afstöðu þeirra, af hverju þessi umpólun, af hverju þetta lýðskrum, af hverju þessi vingulsháttur, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Magnús Þór Hafsteinsson?

Í þessu máli öllu skiptir að mínu mati eftirfarandi mestu máli:

Í kringum síðustu áramót stóðum við frammi fyrir gjörbreyttu landslagi á íslenska fjölmiðlamarkaðnum. Á örskömmum tíma var samþjöppun í eignarhaldi fjölmiðla orðin meiri en nokkur dæmi eru um annars staðar. Stjórnmálamenn urðu að spyrja þeirrar samviskuspurningar hvort rétt væri að bregðast við líkt og gert hefur verið í nær öllum vestrænum ríkjum, hvort sem litið er austur yfir haf eða vestur. Eða ætluðu menn að láta þessa þróun óáreitta og eiga þá jafnvel á hættu enn frekari samþjöppun eignarhalds í framtíðinni?

Í fyrrnefndri fjölmiðlaskýrslu sem flestir hér inni hafa básúnað fyrir að vera fagleg og vel unnin segir skýrlega að núverandi ástand á fjölmiðlamarkaði sé óviðunandi þegar kemur að eignarhaldi á fjölmiðlum og við því þurfi að bregðast. Flóknara er það ekki og allt annað er útúrsnúningur af hálfu stjórnarandstöðunnar til að fela eigið ístöðuleysi, eigin viðsnúning og eigið dugleysi.

Herra forseti. Þegar horft er til framtíðar eru flestir sammála um að menntunarstig þjóða muni ráða úrslitum um velferð þeirra og velmegun. Þar hefur á undanförnum árum verið búið vel í haginn fyrir komandi kynslóðir. Tölurnar eru sláandi. Frá árinu 2000 hefur til að mynda nemendum á háskólastigi fjölgað um hátt í 50%. Framlög ríkisins til háskólanna á fjárlögum hafa haldist í hendur við þessa þróun. Ég dreg í efa að annars staðar sé að finna jafnmikla ásókn í menntun og við höfum staðið frammi fyrir hér á landi á síðustu árum, ekki síst þegar haft er í huga að þegar árið 2000 vorum við í hópi þeirra þjóða þar sem hvað flestir stunda háskólanám. Þá voru tæplega 33% Íslendinga á aldrinum 30–34 ára með háskólapróf sem er svipaður fjöldi og í Danmörku og Svíþjóð en töluvert hærra hlutfall en í Finnlandi, að ekki sé minnst á blessað Evrópusambandið þar sem meðaltalið er um 24%.

Ástæðurnar fyrir þessari jákvæðu þróun eru margvíslegar. Í fyrsta lagi eru kröfur samfélagsins og atvinnulífsins um menntun sífellt að aukast. Í öðru lagi hafa stjórnvöld á síðustu árum búið í haginn fyrir mun fjölbreyttari flóru skóla á háskólastiginu. Samkeppni á milli háskólanna hefur orðið til að efla þá til dáða og ég fullyrði að aldrei hefur hið akademíska líf staðið í jafnmiklum blóma á Íslandi og nú.

Þessi þróun hefur síður en svo verið bundin við suðvesturhornið einvörðungu. Á Akureyri hefur fjöldi nemenda í háskólanum meira en tvöfaldast á síðustu fimm árum og er Háskólinn á Akureyri orðinn ein af meginstoðum háskólakerfisins í landinu.

Mikið hefur áunnist í menntamálum á síðustu árum. Viðfangsefnin eru hins vegar fjölmörg. Ekki síst er brýnt á næstu árum að sjá til þess að sú mikla útþensla er orðið hefur í háskólakerfinu á stuttum tíma verði ekki á kostnað gæða þegar fram líða stundir. Það sama gildir um háskólanám og flest annað, magn er ekki það sama og gæði.

Verkefnin frá leikskóla til háskóla eru einnig mörg. Bráðlega mun liggja fyrir niðurstaða af því hvort og þá hvernig eigi að stytta námstímann til stúdentsprófs. Ég hef lagt á það áherslu að skoða eigi skólakerfið í heild sinni og að gætt verði að því að það einkennist áfram af sveigjanleika, sveigjanleika sem veiti sigrúm fyrir mismunandi kröfur og þarfir einstaklinganna og fjölskyldnanna í landinu.

Herra forseti. Framlög hins opinbera hér á landi til menningarmála eru með því allra mesta miðað við þær þjóðir sem við berum okkur helst saman við. Með tónlistarsjóði — en frv. um stofnun hans er nú til meðferðar hér á Alþingi — stendur til að efla enn frekar stuðning við tónlistarlíf í landinu, bæði þá tónlist sem sögð er sígild og þá sem stundum er kennd við dægurmenningu.

Myndlist okkar á ekki einungis erindi við okkur, heldur heiminn allan. Það er von mín að með Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar sem nýlega tók til starfa takist að efla enn frekar tengsl myndlistarinnar við hinn alþjóðlega listaheim sem við erum órjúfanlegur hluti af. Hin íslenska myndlist er ríkur þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar. Í verkum jafnt hinna gömlu meistara sem listamanna nútímans endurspeglast landið okkar og samfélagið eins og við sjáum það hverju sinni. Það skiptir því miklu að við skilum menningararfinum óbrengluðum til komandi kynslóða með tilhlýðilegri virðingu fyrir þeim sem hafa hjálpað okkur að skapa hann og móta.

Sú óvissa sem nú ríkir t.d. um höfundarverk margra af okkar þekktustu myndlistarmönnum er óviðunandi og við hana er ekki hægt að búa til lengdar. Auðlegð þjóða felst í ýmsu en einhver dýrmætasta eign hverrar þjóðar og það sem skiptir hvað mestu upp á framtíðina er menning hennar og menningararfleifð. Um þá arfleifð verðum við að standa vörð jafnt í stóru sem smáu.

[20:57]

Puríður Backman:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrsta ár endurnýjaðs samstarfs ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. er um margt eftirtektarvert og þá ekki síst fyrir að smám saman hefur það orðið ljóst að á löngum valdatíma þessara flokka hefur lýðræðislegum vinnubrögðum verið ýtt til hliðar í krafti þingræðis. Það er meiri hlutinn hér á Alþingi sem ræður, eins og sagt er. Jafnframt hefur framkvæmdarvaldið í krafti langrar stjórnarsetu og þingmeirihluta aukið vald sitt á kostnað Alþingis. Þá er ljóst að veik staða Framsfl. ásamt því að formaður flokksins er upptekinn af því að eiga að taka við stjórnartaumunum næsta haust hefur haft gífurleg áhrif á áherslur og störf ríkisstjórnarinnar og sett ótvírætt mark á þinghaldið í vetur, einkum nú síðustu vikurnar.

En hvernig gengur þessum flokkum að efna kosningaloforðin og framfylgja ársgamalli stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, stefnuyfirlýsingu sem byggðist á öflugum og áframhaldandi hagvexti og sölu ríkiseigna, loforð um bætta þjónustu í heilbrigðiskerfinu, uppbyggingu menntakerfisins samfara uppbyggingu atvinnulífsins og aukinni velferð samfara stórfelldum skattalækkunum? Ekkert virðist ganga eftir af þessum nýgefnu kosningaloforðum og er nú ríkisstjórnin meðal manna kölluð ríkisstjórn hinna sviknu loforða.

Það þarf engan að undra. Spilaborgin gat ekki haldið. Hvað ætli fólki haldi, til að mynda íbúar Djúpavogs, og segi um fyrirheitin um að styrkja hagsmuni sjávarbyggða með sérstökum aðgerðum í ljósi nýjustu frétta um stórfelldar uppsagnir í byggðarlaginu? Eða hvernig finnst mönnum staða byggðanna yfirleitt vera í dag? Hver er hin raunverulega byggðastefna núverandi ríkisstjórnar?

Upplýsingasamfélagið er að mestu bundið við stærri þéttbýliskjarna. Framhaldsskólarnir eiga í miklum rekstrarerfiðleikum og verknám er á undanhaldi. Þó viðurkenna allir að aukin menntun sé besta leiðin til að efla búsetu um land allt. Stefnan virðist vera að styrkja eigi einstaka byggðarkjarna en hinar dreifðu byggðir verða afgangsstærðir. Ofan á þetta bætist að sveitarfélögin eiga við mikla fjárhagserfiðleika að etja og virðist lítill skilningur hjá stjórnvöldum eða vilji til að koma til móts við þann vanda.

Nú við upphaf byggingar Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi hefur bjartsýni og framkvæmdagleði aukist hjá mörgum á Miðausturlandi sem eðlilegt er. En nú þegar hafa þessi miklu umsvif haft neikvæð áhrif á minni fyrirtæki og þá einkum fyrirtæki í rekstri kvenna. Það þarf meira en að rannsaka áhrif þessara stóriðjuframkvæmda. Það verður nú þegar að bregðast við þeim neikvæðu áhrifum sem þegar hafa komið í ljós. Það er ekki nóg að rannsaka. Það þarf líka að bregðast við.

Það er staðreynd að lausnir á borð við þær sem núverandi ríkisstjórn býður upp á í byggðamálum draga úr fjölbreyttu atvinnulífi, það er að segja öðru en því sem þjónar risavöxnum vinnustað í fámennum sveitarfélögum. Margt af því sem gagnrýnendur þessara stórframkvæmda óttuðust og vöruðu við hefur þegar komið á daginn og á eftir að koma enn frekar í ljós. Það verður því miður ekki allt til farsældar.

Góðir áheyrendur. Við höfum fram til þessa talið að við byggjum við gott og öruggt velferðarkerfi og heilbrigðisþjónustan hefur verið talin ein sú fremsta sem völ er á. Framsóknarflokkurinn hefur borið ábyrgð á heilbrigðismálunum árum saman og okkur er talin trú um að ekki sé verið að einkavæða þessa mikilvægu samfélagsþjónustu, það sé eingöngu verið að koma einstaka starfsemi í einkarekstur því það verði að spara í ríkisrekstrinum. Undir þessum formerkjum er heilbrigðisstofnunum landsins og þá sérstaklega Landspítala – háskólasjúkrahúsi skammtað svo naumt á fjárlögum að annaðhvort verða þær að draga úr starfsemi eða koma henni af sér og þá helst til einkaaðila. Með þessu er verið að mola niður þá heilbrigðisþjónustu sem við höfum byggt upp sem samfélagsþjónustu.

En hvað gengur mönnum til? Eru einhverjar ástæður fyrir því að veikja eitt öflugasta heilbrigðiskerfi í veröldinni? Jú, það er ein ástæða. Í heilbrigðisþjónustunni er mikið fjármagn sem margir vilja komast í. Einkarekstur eykst því í takt við kröfur um sparnað í opinberri heilbrigðisþjónustu og lækkun ríkisútgjalda. En verður heilbrigðisþjónustan ódýrari í einkarekstri og verður þjóðhagslegur sparnaður þegar til lengri tíma er litið? Nei, þjónustan verður dýrari en sjúklingarnir borga mismuninn. Það hafa ekki allir efni á því að verða veikir í velferðarþjónustu ríkisstjórnarflokkanna í dag. Einkarekstur og einkavæðing skapar óréttlátt heilbrigðiskerfi. Skattaloforðin eru til þess fallin að einkavæða heilbrigðisþjónustuna með enn skýrari hætti en ríkisstjórnin hefur þorað að sýna fram til þessa.

Góðir hlustendur. Ég þakka áheyrnina. Gleðilegt sumar.

[21:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Farsælt samstarf Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hefur leitt íslensku þjóðina gegnum eitt mesta samfellda hagvaxtartímabil lýðveldisins. Sterk efnahagsstjórn samfara umfangsmikilli uppbyggingu velferðarþjónustunnar er aðalsmerki stjórnarsamstarfsins. Hvað sem líður fullyrðingum stjórnarandstöðunnar um annað leikur ekki vafi á því að ríkisstjórnin mun tryggja áframhaldandi framfarir, frekari uppbyggingu velferðarkerfisins og standa vörð um stöðugleika í efnahagslífinu íslensku þjóðinni til hagsbóta.

Á því ári sem ríkisstjórnin hefur setið hefur hún komið mörgum góðum verkum fram. Greiðslur vegna örorkubóta hafa aukist verulega. Á árinu 2000 runnu 5,4 milljarðar til örorkulífeyrisþega en í ár verða milljarðarnir 10,3. Í ár tvöfaldaðist örorkulífeyrir þeirra sem yngstir eru.

Atvinnuleysisbætur hafa hækkað um 14,6% á árinu og hafa ekki hækkað annað eins í að minnsta kosti á annan áratug. Á síðustu mánuðum hefur fækkað á biðlistum eftir skurðaðgerðum hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi um 27% eða 800 manns. Nú bíða 47 einstaklingar eftir hjartaþræðingu en á sama tíma í fyrra 149 manns. Biðtími nú svarar til einnar viku í stað tveggja mánaða á sama tíma í fyrra.

Hér er aðeins fátt eitt talið af þeim fjölmörgu verkefnum sem ríkisstjórnin vinnur að, verkefnum sem bæta lífið í landinu, jafna og bæta kjör fólksins og treysta undirstöðu samfélagsins alls. Á því ári sem liðið er af starfstíma ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að áhrifamiklum breytingum

á nokkrum meginviðfangsefnum félagsmálaráðuneytisins. Ég nefni fyrst húsnæðismálin. Áfram verður byggt á öflugu húsnæðislánakerfi innan vébanda Íbúðalánasjóðs. Sjóðnum verður eftir sem áður ætlað að tryggja aðgang að hagkvæmum lánum til húsnæðiskaupa. Sú ákvörðun að þróa húsnæðislánakerfið frá kerfi sem byggir á skuldabréfaskiptum með tilheyrandi hættu á afföllum eins og dæmin sanna til þess að byggja á beinum peningalánum mun líklega leiða til lækkunar vaxta til íbúðalána. Ávöxtunarkrafa hús- og húsnæðisbréfa hefur myndað vaxtagólf á íslenskum fjármálamarkaði og munu breytingarnar því væntanlega auka samkeppnishæfni Íslands með almennri vaxtalækkun í landinu fjölskyldum og fyrirtækjum til hagsbóta. Er þá til nokkurs unnið.

Þá liggur það fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að hámarkslán og lánshlutfall hækki í allt að 90% af verðgildi íbúðarhúsnæðis að ákveðnu hámarki. Er nú beðið niðurstöðu athugunar ESA á rekstri húsnæðislánakerfisins og fyrirhugaðra breytinga á því. Vænti ég þess að leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp þess efnis næsta haust og reikna með að það njóti víðtæks stuðnings þingmanna úr flestum ef ekki öllum flokkum.

Hæstv. forseti. Nauðsynlegt er að landið allt sé raunhæfur valkostur fólks til búsetu, atvinnu og menntunar. Til þess þarf að stækka og efla sveitarfélögin og gera þau þannig hæfari til að taka að sér aukin og krefjandi verkefni, ekki síst á sviði velferðarþjónustu. Um leið þarf verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga að vera skýr og tekjustofnar þeirra að vera í samræmi við lögbundin og eðlileg verkefni sveitarfélaganna.

Frá liðnu hausti hefur félagsmálaráðuneytið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að endurskoðun verkaskiptingarinnar. Nú hefur verkefnisstjórn skilað tillögum þar að lútandi og eru þær til umfjöllunar í ríkisstjórn. Hefur þar verið ákveðið að vinna að verk-, tíma- og kostnaðaráætlun vegna þeirra helstu. Má þar nefna málaflokk fatlaðra, vissa þætti heilbrigðis- og öldrunarþjónustu, verkefni svæðisvinnumiðlana, opinber eftirlitsverkefni og fleira.

Málefni fatlaðra hafa sannarlega sett mark sitt á starf félagsmálaráðuneytisins á því ári sem liðið er af kjörtímabilinu. Evrópuári fatlaðra er nýlega lokið og var það formlega kvatt af nærri 500 manns á glæsilegri ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík á vordögum. Okkur miðar vel í þjónustunni við fatlaða. Fyrir fáeinum árum var það svo að biðlistar eftir búsetuúrræðunum fyrir fatlaða voru svo langir að ekki sá fyrir enda þeirra. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að eyða þessum biðlistum hefur verið lyft grettistaki. Á síðustu þremur árum hefur fjöldi sambýla risið og annars konar búsetuúrræðum fyrir fatlaða hefur sömuleiðis fjölgað. Það sama er uppi á teningnum á þessu ári og ég bind vonir við að svo verði einnig á því næsta. Gangi það eftir hefur biðlistum eftir sérhæfðri búsetu verið eytt í lok ársins 2005.

Sömuleiðis er unnið að því þessa dagana að setja fram hugmyndir um lausnir í umönnun og búsetu geðfatlaðra. Ég vonast til að innan skamms liggi fyrir raunhæf áætlun til nokkurra ára.

Íslendingar eru með ríkustu þjóðum heims og það er skylda okkar að tryggja þeim löndum okkar sem búa við fötlun aðstæður í samræmi við það sem best gerist. Um það hljótum við öll að geta sameinast.

Þeir kjarasamningar sem þegar hafa verið gerðir á almennum vinnumarkaði gilda almennt til fjögurra ára. Í byrjun mars gerði ríkisstjórnin samkomulag við samtök á vinnumarkaði til að liðka fyrir um gerð samninganna, meðal annars um lækkun tryggingagjalds, verulega hækkun framlaga í starfsmenntasjóði og mestu einstöku hækkun atvinnuleysisbóta í áraraðir. Fram undan er áríðandi vinna við endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

Atvinnuleysi hér á landi hefur illu heilli tekið á sig breytta mynd. Langtímaatvinnuleysi hefur aukist auk þess sem atvinnuleysi meðal ungs fólks og menntafólks er áberandi. Mikilvægt er að fara yfir þessa stöðu, læra af reynslunni og finna leiðir til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Góðir Íslendingar. Fram undan eru bjartir tímar. Það er enn uppgangur í íslensku samfélagi, uppgangur sem hefur verið nánast samfelldur síðan ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks rauf kyrrstöðuna um miðjan síðasta áratug. Þessir flokkar hafa borið gæfu til að ná lendingu við umfjöllun um mörg stærstu mál samtímans. Í slíku samstarfi reynir oft á og það á báða bóga. Rétt eins og í samskiptum allra þeirra sem vilja láta eitthvað eftir sig liggja hvessir með köflum og menn takast á. Stundum fæ ég mitt fram. Stundum gef ég eftir. Þannig er það í lífinu og þannig er það í stjórnmálunum. — Góðar stundir.

[21:10]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það skal ekki flúið hvort í senn ofríki einstakra manna innan herbúða Sjálfstæðisflokksins né þann harm sem einkennir íslenskan landbúnað, íslenskan sjávarútveg og síðast en ekki síst þann viðsnúning sem orðið hefur á utanríkisstefnu þjóðarinnar.

Eina flóttaleiðin undan slíkum hörmungum eru verðandi alþingiskosningar á því herrans ári 2007. Margur kjósandinn sá til sólar með innkomu nýrra þingmanna og þeirrar miklu endurnýjunar sem varð á liði stjórnarliða í síðustu kosningum. En því miður virðist drifkraftur ekki fylgja þeirri endurnýjun. Þess í stað er lamandi óttinn allsráðandi. Hver og einn nýr þingmaður óttast um sínar heldri brækur og lætur djarfar hugsjónir frá síðasta ári fara lönd og leið. Göldrótt frumvörp eru keyrð í gegnum Alþingi Íslendinga. Það er líkt sem um dásefjun sé að ræða og við hin sem þekkjum ekki þennan ótta né búum við herstjórnaragann drögum hökuna langar leiðir. Allt er þetta með eindæmum og íslenskri þjóð til mikils vansa.

Það vill svo til að kjósandinn er fljótur að gleyma. Umdeildum ráðstjórnarfrumvörpum er skellt fram á fyrri hluta kjörtímabils svo að tryggja megi öfluga varðveislu valdsins þegar að næstu alþingiskosningum dregur. Á seinni hluta kjörtímabils er blásið til sóknar. Mildari og vinsælli frumvörpum er varpað fram og þau hafin upp til guðlegra verka. Fyrir næstu alþingiskosningar verður komin ró og stilla á landslýðinn. Allir hafa gleymt ráðstjórnarfrumvörpum fyrri ára og við tekur fjársöfnun pólitíkusa á bak við luktar hirslur stjórnarflokkanna. Þegar buddan bólgnar er farið á stúfana og hæfustu markaðs- og auglýsingarmanna leitað. Þeim er skipað í skjóli peningavaldsins að tryggja fallega, heiðarlega og glaðlega ímynd.

Þau kunna sitt fag í ríkisstjórninni, setja lög á fjölmiðla sem ekki vilja dansa eftir þeirra höfði og snúa höfðinu undan tillögum Frjálslynda flokksins um opið bókhald stjórnmálaflokka.

Sá sem hér stendur hefur oft og einatt gagnrýnt áherslur stjórnarflokkanna. Væntanlegar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar þar sem um flata prósentulækkun verður að ræða munu skila margfalt fleiri krónum í pyngju auðmanna en þeirra

sem sárast þurfa við. Sjálfstæðisflokkurinn boðaði skattalækkanir sem draga munu saman tekjur ríkissjóðs um rúma 20 milljarða íslenskra króna á hverju ári. Að mínu mati væri skynsamlegra fyrir ríkisstjórnina í samvinnu við sveitarfélögin að bjóða ungum fjölskyldum gjaldfrjálsan leikskóla 12 mánuði á ári. Enn fremur væri hægt að koma til móts við eldri borgara, en flestir búa þeir við afar bág kjör.

Hér kemur gagnrýni mín á boðaðar framkvæmdir en ekki gerðar. Ég gagnrýni harðlega lög sem heyra undir fæðingar- og foreldraorlofssjóð feðra. Að svo komnu tel ég það rangt í þjóðhagslegum skilningi að hvetja unga feður að taka sér frí frá störfum í þrjá mánuði eftir fæðingu barna sinna. Ég er jafnréttissinnaður í hjarta mínu og vil veg og vanda dóttur minnar sem mestan. En ég er jafnframt upplýstur um þá staðreynd að móðirin gegnir mikilvægara umönnunarhlutverki en faðirinn á þeim tíma sem börnin eru að stíga sín fyrstu skref í lífinu. Því tel ég aðrar leiðir árangursríkari til að rétta við óréttlátan launamun kynjanna á íslenskum atvinnumarkaði.

Svokölluð fæðingarorlofslög kosta þjóðina fleiri milljarða íslenskra króna á ári. Ég tel rétt að slíkir fjármunir mundu nýtast betur til handa þeim sem óvænt missa atvinnu sína eftir margra ára heiðarleg og góð störf, til að mynda með greiðslu atvinnuleysisbóta þar sem fyrstu fjóra til sex mánuðina kæmi til tekjutenging á fyrri störf á meðan viðkomandi leituðu nýrra atvinnutækifæra.

Að mínu mati er atvinnustefnu núverandi stjórnarflokka mikið ábótavant. Fé til nýsköpunar er ekki í takt við þá öflugu þróun sem kemur af fjölgun háskólamenntaðra einstaklinga í landinu. Þúsundir langskólagenginna Íslendinga búa aldeilis ekki í landi tækifæranna. Um margt má líkja stefnu núverandi ríkisstjórnar við hættulegan perónisma en öllu hugsandi fólki er kunnugt um efnahagsleg afdrif argentínsku þjóðarinnar.

Takmarkanir eru algerar í stærstu atvinnuvegum þjóðarinnar og fátt um fína drætti er kemur að uppbyggingu iðnaðar í landinu ef frá er talin stóriðja. Ég tel brýnt fyrir ríkisstjórnina að hvati sé myndaður fyrir íslensk og erlend fjármálafyrirtæki, hvati sem eflir áhuga slíkra félaga til fjárfestingar í íslenskri nýsköpun. Það hlýtur að teljast til tækifæra fyrir íslenskan iðnað þegar einstök fjármálafyrirtæki hagnast um 4 milljarða íslenskra króna á einum ársfjórðungi. Mikilvægast er að íslensk stjórnvöld sofni ekki á verðinum þegar slík tækifæri líta dagsins ljós.

Góðir áheyrendur. Góðar stundir.

[21:15]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Halldór Ásgrímsson utanrrh. kallar eftir stefnu okkar samfylkingarmanna í fjölmiðlamálinu. Stefna okkar hefur verið margskýrð á hinu háa Alþingi en það er eðlilegt að Halldór Ásgrímsson kalli eftir henni vegna þess að hann hefur ekki verið svo mikið í þessari umræðu, skrapp hingað rétt í 26 mínútna ræðu og hvarf fljótlega á brott. Stefna Samf. kom vel fram í þeirri umræðu.

Undanfarnar vikur hafa landsmenn hins vegar horft og hlustað agndofa á hvernig forustumenn ríkisstjórnarinnar drottna, hvernig þeir lítilsvirða þingmenn í eigin þingflokkum að ekki sé talað um þingið sjálft. Frumvörpum er nánast kastað inn á þing og sagt: Afgreiðið þetta og það strax. Þingnefndir sem fjalla eiga um mál fá engu um ráðið, fá ekki einu sinni að gera tillögur um breytingar, heldur koma stjórnarherrarnir saman á morgunfundum í Stjórnarráðinu og ákveða hverju skuli breyta og hvernig. Hvílík vanvirða og hvílík hneisa fyrir Alþingi Íslendinga.

Nú er eitt ár liðið frá síðustu kosningum og samkvæmt síðustu skoðanakönnunum hefur komið í ljós að margir iðrast þess að hafa greitt stjórnarflokkunum atkvæði. Þeir eru ósammála þeirri gömlu speki að sérhver þjóð fái þá stjórn sem hún á skilið. Ákvörðun um að leggja fram fjölmiðlafrv., innihald þess og hrossakaup forustumanna í því máli, svo ekki sé minnst á ákvörðun þeirra um þátttöku Íslendinga í stríðinu í Írak fyrir rúmu ári og allri þeirri skömm sem því stríði fylgir, sýnir að formannaeinræði tíðkast í Sjálfstfl. og Framsfl., og þingmenn stjórnarflokkanna eru í þeirri aumkunarverðu stöðu að taka við tilskipunum formanna sinna og þeir sem ekki hlýða geta ekki gert sér vonir um frama. Heldur leggst nú lítið fyrir kappana.

„Ég á mér draum", sagði Martin Luther King einu sinni. Margir Íslendingar eiga sér þann draum að málefni sem skipta miklu fyrir þjóðina komi oftar til umræðu en raun er á og að sú umræða geti leitt af sér einhverjar vitrænar niðurstöður landsmönnum og þjóðinni til heilla.

Lítil umræða er um málefni landsbyggðar á Alþingi og nær eingöngu þegar alvarlegir hlutir eru að gerast, svo sem þegar fyrirtæki eru að leggja upp laupana vegna samdráttar eða rekstrarerfiðleika, en ekki til að fyrirbyggja vandræði. Slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir eða tillögur um uppbyggingu eða framþróun eru ekki á dagskrá ef undan er skilin ákvörðun um byggingu álvers og virkjunar á Miðausturlandi sem ætti að vera góð fyrirmynd þess hversu jákvæð áhrif slík ákvörðun um staðsetningu fyrirtækja og atvinnurekstrar hefur.

Iðnrh. sem er um leið ráðherra byggðamála og utanrrh. sem formaður Framsfl. fyrtast við umræðu okkar um byggðamál. Hugtakið byggðamál finnst ekki í orðaforða ráðherra Sjálfstfl. enda eru þeir nær allir ráðherrar suðvesturhornsins og skilja ekki hvernig hjörtu manna slá á landsbyggðinni. Ekkert bólar á tillögum um lækkun flutningskostnaðar eins og margoft hefur verið lofað af ráðherrum og ríkisstjórn. Ríkisstjórnin hefur greinilega eitthvað misskilið málið því að hún hefur stuðlað að enn frekari hækkun flutningskostnaðar og þar með enn skekkt rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni og dregið úr samkeppnishæfni þeirra.

Boðskapur í limru sem varð fleyg fyrir nokkrum árum á því miður vel við, með leyfi forseta:

Að hreykja sér hátt, það er siður
sem sést hérna stundum, því miður.
Það er glæsilegt oft
ef menn gnæfa við loft.
Hitt er slæmt, ef þeir ná ekki niður.

Og enn á að hækka skatta á landsbyggðarfólk með upptöku olíugjalds. Hvernig væri að stíga niður til raunveruleikans, virðulegu ráðherrar.

Herra forseti. Í sjávarútvegsmálum stendur líka yfir árás á lífskjör landsbyggðarfólks, byggðakvótum og krókaaflamarkspottum er slátrað og dagabátakerfið verður væntanlega lagt af nú í vikunni. Samþykkt línuívilnunar fyrir jól er grátbroslegur brandari og lítið gagn að nema sem skrauti í fiskveiðistjórnarlögunum. Allt eru þetta ákvarðanir sem skapa enn frekari erfiðleika í ýmsum sjávarplássum landsbyggðarinnar. Höfuðatvinnuvegur landsbyggðarinnar, sjávarútvegur, á í erfiðleikum vegna hágengis og verðfalls erlendis. Við Íslendingar erum fremstir í flokki hvað varðar veiðar og vinnslu en einhver verður að kaupa afurðir okkar á verði sem

við þurfum að fá fyrir okkar lífskjör. Breytingar á mörkuðum erlendis kalla á endurskoðun á sjávarútvegsstefnu okkar og það gerir líka óþolandi samdráttur víða á landsbyggðinni.

Góðir hlustendur. Það er margt fleira sem þarf að leiðrétta. Háskólinn á Akureyri og framhaldsskólar á landsbyggðinni eru í fjársvelti og þurfa að beita fjöldatakmörkunum og vísa nemendum sínum frá skólagöngu í héraði, hæstv. menntmrh. Hver sagði eiginlega að góð almenn menntun væri besta fjárfesting okkar? Tekjustofnar sveitarfélaga standa engan veginn undir lögbundinni þjónustu sem kemur m.a. niður á rekstri grunnskóla þeirra.

„Við hjálpum þér að láta það gerast", er slagorð Símans. En háhraðatengingar eru ekki í boði hjá Símanum í fjölmörgum byggðarlögum landsbyggðarinnar. Það er ekki arðbært fyrir Símann segja ráðherrarnir. Varla er það til að efla byggð eða til að bæta líf og tilveru landsbyggðarfólks. Meira að segja fjölmiðlafrv. margrædda og illræmda mun koma fyrst niður á landsbyggðarfólki með samdrætti og/eða lokun ýmissa senda víða um land.

Virðulegi forseti. Atvinnusamdráttur og fólksfækkun á landsbyggðinni er ekki vandi landsbyggðarinnar heldur vandi þjóðarinnar. Af hverju lokar ríkisstjórnin augum og eyrum í þeim málaflokki? Hversu mikið þarf landsbyggðarfólk að gjalda fyrir búsetu sína?

Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstjórnin lofaði skattalækkun strax eftir kosningar, síðustu kosningar, þær sem voru síðasta sumar, bara ef hún yrði endurkosin. Það er ótrúlegt að skammtímaminnið skuli bila samtímis í þeim öllum. Skattar hafa ekki lækkað, þeir hafa hækkað. Bensínskattur, þungaskattur, olíugjald, lyfjakostnaður almennings, allt hækkar, en aftur á móti hafa vaxtabætur til almennings verið lækkaðar.

Eins og ljóslega hefur komið fram að undanförnu er stjórnin að fara á límingum og ekkert heldur henni saman nema stólar ráðherranna og þá alveg sérstaklega væntanlegur forsætisráðherrastóll fyrir formann Framsfl. Pirringur og þreyta hafa verið áberandi og samt er bara eitt ár búið af kjörtímabilinu. Forsrh. Davíð Oddsson hefur heldur hert takið á formanni Framsóknar og framsóknarþingmenn verða að kokgleypa allt sem frá Sjálfstfl. kemur. Já, það er bjart fram undan, Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Niðurskurður á ýmsum sviðum hefur verið aðalsmerki stjórnarinnar og þá helst í þeim málaflokkum sem ekki mega við því. Nú er komið að niðurskurði hjá Framsókn og sex ráðherrar þess flokks þora ekkert að segja eða gera vegna þess að þeim á að fækka um einn. Hræðslan við niðurskurðinn fer ekki fram hjá neinum. Herra forseti. Það er aumt hlutverk Framsóknar um þessar mundir og framsóknarmönnum er að sumu leyti vorkunn þótt þeir hafi samþykkt leikreglurnar. Þrá formanns flokksins eftir stóli forsrh. er mikil og hefur blindað flokksmönnum sýn. Þeir eru eins og strengjabrúður og sá sem heldur í strengina ræður öllum hreyfingum þeirra og gjörðum. Oft þarf meira hugrekki til að breyta um skoðun en halda henni. Það hugrekki virðist marga vanta.

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn nær og fjær. Samf. vill vinna með fólki og fyrirtækjum, ekki gegn þeim. Samf. hefur sýnt í verki staðfestu og skynsemi, hún er réttsýn og sanngjörn. Væri slíkur flokkur í forustu ríkisstjórnar værum við laus við andrúmsloft heiftar og ótta. Samf. sameinar fólk til góðra verka, leiðir saman unga og aldna, konur og karla undir merkjum jafnréttis, frelsis og bræðralags þjóðinni allri til heilla.

Ég þakka þeim sem á hlýddu. Góðar stundir.

[21:23]

Útbýting þingskjals:

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál, brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1764.

[21:23]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Góðir Íslendingar. Við lifum á góðum tímum, líklega þeim bestu í sögu þjóðarinnar. Fólkið í landinu hefur aldrei haft það betra og allt bendir til þess að sú velmegun sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa lagt grunninn að á síðustu 13 árum muni halda áfram. Ef einhvern tíma hefur verið ástæða til þess að vera bjartsýnn þá er það núna.

En þetta er ekki allt því fram hefur komið í umræðunum í kvöld að búast megi við því að áætlanir um lækkun tekjuskatts verði kynntar á næstu dögum. Því ber sérstaklega að fagna, ekki bara fyrir okkur ungu sjálfstæðismennina heldur allt fólkið í landinu. Efnahagsleg hagsæld landsins og íbúa þess er það mál sem mestu skiptir fyrir fólkið í landinu.

Annað mál hefur hins vegar einokað alla stjórnmálaumræðu á Íslandi á síðustu vikum en það er fjölmiðlafrv. ríkisstjórnarinnar sem nú er orðið að lögum. Sú umræða hefur verið með miklum ólíkindum og því miður oft persónuleg og jafnvel rætin. Umræðan um það mál hefur verið einkennileg í ljósi þess að fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi eru sammála um að nauðsynlegt sé að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum. Í sama streng taka eigendur, fyrirsvarsmenn og starfsmenn þeirra fjölmiðlafyrirtækja sem starfa á markaði og í sama streng hefur meira að segja forseti lýðveldisins tekið í þessum góða ræðustóli hins háa Alþingis.

Með samþykkt laga um eignarhald á fjölmiðlum erum við Íslendingar að stíga sömu skref og þær þjóðir hafa gert sem við kjósum að bera okkur saman við. Þar þykja reglur um eignarhald á fjölmiðlum mikilvægar til þess að tryggja lýðræði og frjálsa og óháða þjóðfélagsumræðu. En stjórnarandstaðan hefur hafnað lagasetningu sem öll lýðræðisleg ríki hins vestræna heims telja svo mikilvæga og í stað þess að ræða efni málsins hefur hún haldið á lofti gömlum lummum um það að málið sé ekki nægilega útrætt o.s.frv.

Það er líka umhugsunarefni með hvaða hætti fjölmiðlarnir sjálfir hafa fjallað um málið. Við hljótum að gera þá kröfu til fjölmiðla að þeir fjalli af hlutleysi um málefni líðandi stundar og ekki síst um þau mál sem ágreiningur stendur um. Því miður tel ég að það hafi orðið töluverður misbrestur þar á í umfjöllun um málið. Fjölmiðlar og blaðamenn eiga að mínu mati að flytja hlutlausar og vandaðar fréttir en láta aðra um að sinna stjórnmálastarfi.

Í því áróðursstríði sem ég nefndi fyrr í ræðu minni hefur verið gengið svo langt og þeirri skoðun verið haldið að almenningi að fjölmiðlamálið sé slíkt stórmál að forseti Íslands eigi að synja því staðfestingar og þar með ganga gegn vilja Alþingis. Að mínu mati eru allar slíkar hugmyndir í besta falli fjarstæðukenndar. Fjölmiðlamálið er ekki slíkt stórmál að það réttlæti að gengið sé gegn þingræðinu og vilja Alþingis. Það sést best með því að skoða málið í sögulegu samhengi við stórmál sem forseti hefur ekki séð ástæðu til að synja og fólu í sér miklu veigameiri hagsmuni fyrir land og þjóð. Þannig þótti varnarsamningurinn við Bandaríkin ekki slíkt deilumál að það réttlætti synjun forseta, jafnvel þó að Alþingi hafi beinlínis orðið fyrir árásum þegar það mál var hér til umfjöllunar. Það sama má segja um aðild Íslands að EFTA. Kvótakerfið í sjávarútvegi þótti ekki slíkt deilumál

að það réttlætti synjun forseta frekar en aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það sama má segja um heimild til byggingar Kárahnjúkavirkjunar og lög vegna dóms Hæstaréttar Íslands í svokölluðu öryrkjamáli.

Góðir Íslendingar. Ég veit að þeir sem fylgjast með þessari umræðu sjá að fyrst forsetar lýðveldisins sáu ekki ástæðu til að synja staðfestingar í öllum þeim tilvikum sem ég hef hér nefnt þá væri fráleitt að gera það nú.

Góðir Íslendingar. Ég óska ykkur öllum góðs og farsæls og gæfuríks sumars. — Góðar stundir.

[21:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Vanitas vanitatum, omnia vanitas. Allt er hégómi, aumasti hégómi, segir predikarinn. Panta rei, eða allt streymir fram, er runnið frá grískа heimspekingnum Heraklítosi frá Efesos sem lifði 500 árum fyrir Krist. Þannig er hugsunin um að allt sé breytingum undirorpið, allt taki enda að lokum nema eilífðin sjálf, aldeilis ekki ný af nálinni.

Nú þegar Davíð Oddsson situr undir sínum síðustu eldhúsdagsumræðum sem forsrh. eftir rúm 13 ár á valdastóli, sem gerir það að verkum að fólk sem komið er með bílpróf man ekki aðra tíma, þá má segja að þetta hið fornkveðna eigi vel við. Og þá er spurningin: Eru endalokin að verða eins glæst og hæstv. forsrh. hafði hugsað sér? Ja, því getur hann einn svarað, en eitt er víst og það er að vanti eitthvað þar upp á er við hann sjálfan að sakast. Það er þá sjálfskaparvíti. Völdin hafa verið hans og hans er ábyrgðin á því hvernig með þau er farið.

Ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa verið valdboðsstjórnir og nú undir það síðasta meira en nokkru sinni. Formenn stjórnarflokkanna beggja, sem gamansamir teiknimyndasöguhöfundar telja meira og minna sama manninn, hafa foringja- eða formannavætt stjórnmálin og eru enn að. Leitun mun að jafnauðsveipum þingmeirihluta að baki stjórnarherrum og þeim sem nú sem labbar götuna. Þingið sjálft og þingræðið er veikara en löngum áður. Yfirgangur framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu keyrir úr öllu hófi. Virðingarleysið við þessa stofnun, elstu stofnun Íslands, Alþingi sjálft, er algert, ráðherrar hunsa að mæta í þingsalinn, þeir svara ekki spurningum, embætti forseta Íslands liggur undir meiðingum, dómstólar eru áreittir og rændir starfsfriði. Og þjóðinni ofbýður.

Það þarf engar skoðanakannanir til að sannreyna það. Göngutúr hér um bæinn eða heimsóknir í nokkur fyrirtæki í landinu nægir hverjum þeim sem eitthvert pólitískt nef hefur til að skynja það. Og hvað er það sem mönnum ofbýður? Jú, mönnum ofbjóða m.a. vinnubrögðin í fjölmiðlamálinu, mönnum ofbýður stuðningurinn við Íraksstríðið, mönnum ofbjóða afturhaldssinnuð útlendingalög, mönnum ofbjóða embættisfærslur dómsmrh., mönnum ofbjóða afskipti forsrh. af embætti umboðsmanns Alþingis, mönnum ofbýður að náttúra landsins skuli vera á útsölu handa erlendum stórfyrirtækjum og mönnum ofbýður ekki síst viðhorf og viðmót og það hvernig menn fara með vald sitt.

Það sem við þurfum nú eru kosningar á morgun. Það væri raunverulegt lýðræði. Menn eru það sem þeir gera og það sem þeir standa fyrir í stjórnmálum en ekki það sem þeir lofa fyrir kosningar. Ef kosið yrði á morgun yrði kosið um raunveruleg verk ríkisstjórnarinnar, um fjölmiðlafrv., um niðurskurðinn á Landspítalanum, um svikin loforð um aðgerðir í þágu landsbyggðarinnar. Þá yrði kosið um reginhneykslin sem viðgangast við Kárahnjúka, þar sem svínað er á erlendum farandverkamönnum, þar sem menn án tilskilinna réttinda vinna við stórhættulegar aðstæður og þar sem náttúruspjöllin eru niðurgreidd með skattsvikum. Á morgun yrði kosið um ábyrgð Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar, síamstvíburanna í íslenskum stjórnmálum, á því sem er að gerast í Írak. Og það stoðar lítt, hæstv. utanrrh., að hlaupa hér í felur meðan stuðningsyfirlýsingin stendur og engin er afsökunarbeiðnin til íslensku þjóðarinnar.

Hvað yrði úr Framsókn ef kosið yrði á morgun? Þá er enginn tími til að hengja upp brosgrímurnar. Á þá að lofa 100% húsnæðislánum eða kannski 110% eins og í togarakaupunum í Færeyjum í gamla daga? Mundi Framsókn rúlla út öllum gömlu auglýsingunum og sýna þær alla kosninganóttina? Umskiptin yfir í brosleitan, söngelskan félagshyggjuflokk í stjórnarandstöðu yrðu þá ansi snögg.

Hvað með Sjálfstfl.? Mundi hann hækka skattalækkunarloforðin í 40 eða 50 milljarða? Og mundu þá hinir loforðaflokkarnir fylgja á eftir? Talandi um skattalækkanir, hvaða vit er í því að halda áfram undirbúningi undir tugmilljarða skattalækkanir? Efnahagslega er það óráð, allir hagfræðingar með einhverja glóru í kollinum ráða frá því. Þegar áhyggjuefnin eru viðskiptahalli, verðbólga og skuldasöfnun erlendis þá er augljóslega ekki rétti tíminn til að sleppa milljarðatugum út úr ríkissjóði og setja það fé í umferð. Þegar svo við bætist að hallarekstur blasir við á flestum heilbrigðisstofnunum landsins, þrátt fyrir grimmilegan niðurskurð, og flaggskipið sjálft, Landspítali – háskólasjúkrahús er að segja upp fólki, loka deildum, draga úr þjónustu hvað sem talsmenn ríkisstjórnarinnar segja hér. Og skólarnir, hvað er rætt í skólunum? Skólagjöld og fjöldatakmarkanir. Framhaldsskólakerfið ræður ekki við aukningu nemenda. Einhver best heppnaða aðgerð í byggðamálum og menntamálum síðustu áratugina, uppbygging Háskólans á Akureyri, rekst nú upp undir þak, er að stöðvast af því að ekki eru veittir fjármunir til að mæta aukinni aðsókn og eftirspurn.

Nei, góðir landsmenn, við skulum segja við þessa herra: Það er ekki forgangsverkefni að lækka enn meira skatta á því fólki og þeim fyrirtækjum sem hafa góða afkomu. Látið okkur í staðinn hafa betra heilbrigðiskerfi, sleppum skólagjöldum og fjöldatakmörkunum af því að við viljum jafnrétti til náms. Gerum betur við aldraða, öryrkja, unga barnafólkið, látum það hafa gjaldfrjálsan leikskóla sem ný skýrsla sýnir að væri einhver besta kjarabót sem fólk gæti fengið. Leggjum fjármuni í raunverulega nýsköpun í atvinnulífinu, styrkjum frumkvæði kvenna, útrýmum kynbundnum launamun í stað þess að einblína á gamaldags þungaiðnað.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð setti þann merkimiða á baráttu sína fyrir síðustu alþingiskosningar að við vildum mynda velferðarstjórn. Sú ætlun okkar er óbreytt. Skoðanakannanir gefa skýrar vísbendingar um það nú að ef kosið yrði á morgun væri sá möguleiki raunhæfur að mynda hér sterka meirihlutastjórn tveggja flokka til vinstri, stjórn Vinstri grænna og Samf. Aðild okkar að slíkri stjórn og hvaða stjórn sem er mun tryggja að hér verði róttæk stefnubreyting, ekki síst á sviði velferðarmála, umhverfismála og utanríkismála.

Herra forseti. Góðir landsmenn. Stjórnarflokkarnir báðir eru mengaðir og spilltir af langri valdasetu. Það er ódaunn í bakherbergjunum þar sem helmingaskiptin og hrossakaupin fara fram. Hleypum vorloftinu inn. Nú er tími til að moka út.

Á haugana með ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Þar á hún heima eins og aðrir útslitnir og óendurnýjanlegir hlutir.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Gæfuríkt sumar og góðar stundir.

[21:36]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Hv. þm. Ögmundi Jónassyni varð það á í lok ræðu sinnar að segja að við skyldum halda uppbyggingunni áfram. Með því viðurkenndi hann í lok einhverrar mestu svartagallsræðu sem heyrst hefur á Alþingi nema ef sú sem síðast var haldin hafi toppað hana, að hér hafi átt sér stað uppbygging.

Já, það hafa átt sér stað miklar og jákvæðar breytingar, t.d. á íslensku viðskiptalífi, á síðustu árum. Aflvaki breytinganna er án nokkurs vafa þær róttæku umbætur og lagabreytingar sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Árangurinn talar sínu máli. Samkeppnishæfni þjóðarbúsins er hin fimmta mesta í heimi samkvæmt athugun virtrar alþjóðastofnunar og lífskjör eru hér í fremstu röð.

En er þá allt í lagi? Ég hef áður sagt og segi enn að þess hefur gætt að viðskiptalífið hafi teygt og togað frelsið og á stundum gengið lengra en sómi er að. Áhyggjur mínar sem viðskrh. lúta að fimm þáttum:

að hagræðing í atvinnulífinu sé ekki ætíð drifkraftur breytinganna heldur valdabarátta,

að flókið net fyrirtækjasamsteypna minnki gagnsæi og geri yfirsýn stjórnenda og eftirlitsaðila erfiða,

að stjórnunarhættir fyrirtækja séu ekki eins og best verður á kosið,

að fyrirtækjasamsteypur geti knúið fram óeðlilega lágt verð í krafti stærðar, og

að bankar séu í krafti afls síns að sækja hraðar fram í atvinnulífinu en eðlilegt getur talist.

Þessi mál hafa oft verið rædd á Alþingi og það eru höfð uppi stór orð. Þingmenn hafa hrópað úr þessum ræðustóli og þá aðallega að þeirri sem hér stendur: Samþjöppun á fjármálamarkaði, samþjöppun á lyfjamarkaði, samþjöppun á tryggingamarkaði, samþjöppun á matvælamarkaði. Það er ótrúlegt en þetta sama fólk hefur líka hrópað gegn samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Ég kem betur að því síðar.

Hæstv. forseti. Mikil umræða hefur farið fram víða erlendis um stjórnunarhætti fyrirtækja. Það að vel takist til í gerð regluverks og lagasetningar á því sviði er grundvallaratriði um þróun frjáls markaðar. Þess vegna var tekin um það ákvörðun í viðskrn. að vinna skýrslu um stjórnunarhætti fyrirtækja og leggja fyrir Alþingi. Skýrslunni var dreift til þingmanna þann 31. mars sl. Við teljum nauðsynlegt að leggja fram mikilvæg gögn til þess að umfjöllun geti þróast, bæði á hv. Alþingi og innan viðskiptalífsins. Þessi gagnasöfnun kemur einnig að notum í þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum nefndar um málefni viðskiptalífsins sem ég skipaði í janúar. Niðurstöður verða kynntar í haustbyrjun og ég vonast eftir málefnalegri umræðu um það mikilvæga mál.

Víkjum þá að lögunum sem samþykkt voru í dag frá Alþingi, um eignarhald á fjölmiðlum, sem Össur Skarphéðinsson segir að enginn framsóknarmaður treysti sér til að verja.

Það sem er aðalatriði þess máls er hvort menn vilja setja lög og reglur um eignarhald á fjölmiðlum eða ekki, hvort þingmenn vilja bregðast við samþjöppun á fjölmiðlamarkaði eða ekki. Ég sagði fyrr í ræðu minni og endurtek það að svo vill til að allir þeir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa eiga á Alþingi hafa talað fyrir því að svo skuli gert. En þegar til kastanna kemur eru allir stjórnarandstöðuflokkarnir á móti. Þeir eru á móti af því að lagasetningin kemur við starfandi fjölmiðlafyrirtæki í landinu. Það fjölmiðlafyrirtæki hefur 44% hlutdeild á útvarpsmarkaði, 37% hlutdeild á sjónvarpsmarkaði og gefur út 67% af upplagi dagblaða. Svo gríðarlega sterk staða eins einkafyrirtækis á fjölmiðlamarkaði í einu landi á sér enga hliðstæðu. Datt einhverjum í hug að hægt væri að minnka samþjöppun á fjölmiðlamarkaði án þess að það kæmi við þetta fyrirtæki? Það sem var hins vegar galli á upphaflegu frv. var að útvarpsleyfin áttu að falla niður, sum hver, löngu áður en gildistími þeirra rann út. Því var breytt ásamt mörgu öðru í meðförum þingsins. Lögin eru því ekki afturvirk.

Talað er um að lögin standist ekki ákvæði EES-samningsins. Mér finnst athyglisvert að það skuli vera orðið stórt mál í hugum Vinstri grænna og Samf. Hversu oft hafa þingmenn þeirra flokka ekki staðið í ræðustól á Alþingi og krafist þess að lögfest yrði dreifð eignaraðild að fjármálafyrirtækjum, sett lög um að enginn megi eiga meira en 8% eða enginn meira en 10%? Þegar ég hef svarað því til að það sé fullkomlega víst að slíkt ákvæði standist ekki ákvæði EES-samningsins þá hafa þessir hv. þm. gert lítið með það og fundist að það megi láta á það reyna. Þetta er allt samræmið í málflutningi þessara þingmanna. Þetta er að mati Össurar Skarphéðinssonar málefnalegasta stjórnarandstaða um árabil.

Ég er sannfærð um að þjóðin notar það tækifæri sem hún fær næst þegar kosið verður og hafnar slíkum stjórnmálamönnum sem segja eitt í dag og annað á morgun, bara eftir því hvernig vindarnir blása og eftir því hvað þeir telja að falli í kramið hverju sinni.

Hæstv. forseti. Framsfl. hefur verið samkvæmur sjálfum sér í þeim málum sem hafa komið upp og varða samþjöppun á markaði. Við leggjum mikla áherslu á frjáls viðskipti. Við viljum öflugt regluverk sem byggir á lögum sem eru í samræmi við það sem ríkir innan Evrópusambandsins. Við viljum öflugar eftirlitsstofnanir sem hafa algjört sjálfstæði. Við viljum styrkja samkeppnisstöðu Íslands enn frekar til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Þannig mun okkur vegna vel.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Fjöldamörg mál hafa verið til umræðu á Alþingi þótt umræðuna um stöðu lýðræðisins, tengt frjálsri fjölmiðlun, prentfrelsi og atvinnuöryggi starfsmanna fjölmiðla, hafi borið hæst að undanförnu. Þau ólög sem samþykkt voru fyrr í dag með naumum meiri hluta atkvæða ríkisstjórnarþingmanna verða dæmd af þjóðinni. Vonandi með virku lýðræði þar sem Íslendingum gefst kostur á að taka beina afstöðu sem fyrst.

Sú háskalega staðreynd blasir við og yfirgnæfir allt annað að framkvæmdarvaldið er að hrifsa til sín öll völd í landinu. Stjórnarliðar eru undrandi á því að stjórnarandstaðan lýtur ekki boðvaldi tvíeykis Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Við erum ekki skósveinar þeirra ólýðræðislegu vinnubragða sem eru hlutskipti stjórnarþingmanna. Lýðræðið er verðmætt, lýðræðið þarf sinn tíma. Því hefur tvíeykið varanlega gleymt.

Alþingi er orðin undirgefin afgreiðslustofnun framkvæmdarvaldsins vegna þess að þingmenn stjórnarflokkanna beygja sig í einu og öllu fyrir valdamönnum flokka sinna.

Þeim er seint ofboðið eins og nýjasta dæmið sannar svo rækilega.

Alvarlegt brot á lýðræðislegum vinnubrögðum er ákvörðun forsrh. og utanrrh. um staðfasta aðild að stríðinu í Írak. Þar er gengið gegn yfirlýstum og samþykktum markmiðum okkar við inngöngu í NATO, að bera aldrei vopn með tilgangi árásar á aðra þjóð. Ábyrgð hinna staðföstu er mikil á þeim hörmungum sem við sjáum daglega sem afleiðingar stríðs og haturs.

Hér heima setjum við lög sem lítilsvirða rétt útlendinga sem giftir eru íslenskum ríkisborgurum og við vinnum gegn sameiningu fjölskyldna þeirra. Forustumenn ríkisstjórnarinnar sýna einræðistilburði og taka aftur og aftur þá áhættu að ganga á svig við stjórnarskrá. Dómsmrh. Björn Bjarnason vill hlerun símtala án dómsúrskurðar og telur allar sínar vafasömu embættisveitingar hafnar yfir gagnrýni.

Mörg verkefni bíða okkar. Góðar samgöngur og bætt umferðaröryggi skilar sér fljótt í bættum hag landsmanna og auka möguleika vaxandi ferðaþjónustu á landinu.

Efla þarf framhaldsmenntun á landsbyggðinni sem jafnframt styrkir byggðir og eflir mannlíf og menningu landsmanna. Það er mikils virði að halda landinu í byggð. Ísland framtíðarinnar er ferðamannaland sem verður okkur öllum til gæfu. Það kostar eitthvað að halda landinu í byggð.

Ríkisstjórnin hefur síðustu níu ár unnið markvisst að því með lagasetningu á Alþingi að kljúfa þjóðina í andstæðar fylkingar þeirra sem fengið hafa eignir og völd og hinna sem eftir sitja. Hluti landsmanna er nú orðinn ofurríkur og verslar á degi hverjum með milljónir og jafnvel milljarða. Bankar græða sem aldrei fyrr og skipta upp eignum fyrirtækja eins og þjónar hagsmunum þeirra. Aðeins tíu fyrirtæki eiga nú yfir 50% af óveiddum fiski í sjónum og leiguliðar greiða þeim hátt verð fyrir veiðiréttinn. Sjómenn borga veiðiréttarhöfum fyrir svo þeir fái að stunda atvinnu sína. Laun þeirra lækka sem veiðigjaldinu nemur.

Allt eru þetta verk ríkisstjórnarinnar sem samþykkt hefur kvótalögin og gert þau þannig úr garði að þetta fyrirkomulag vistarbandsins er nú aftur orðið löglegt. Það er löggjöfin sem ríkisstjórnin ákveður sem býr til leigu- og sölukvóta í fiski og landbúnaðarkvótinn í mjólk heftir nú endurnýjun í sveitum landsins. Störfum og fólki fækkar víða á landsbyggðinni. Atvinnuréttur í dreifðum byggðum er fólkinu þar mikils virði eins og fólkinu á fjölmiðlunum er þeirra atvinnuréttur og afkomuöryggi. Afleiðingarnar fyrir landsbyggðarfólk sem á húseign í atvinnulausu plássi eru þó miklu verri þar sem ævisparnaður flestra er húsnæðið sem fjölskyldan býr í. Enn á ný skal kvótasetja og afleggja sóknardagakerfi smábátanna þar sem hver og einn á val um milljónatugi í framseljanlegum kvótum en hinn valkosturinn um sóknardaga gerður eins vondur og kostur er.

Lýðréttindi fólksins til atvinnu í sjávarbyggðum eru stjórnvöldum einskis virði. Annað verður ekki ráðið af verkum þeirra því nú skal veiðireynsla trillusjómanna seld hæstbjóðanda. Kosningaloforð stjórnarþingmanna um réttlæti og sanngirni eru gleymd. Fólk í fyrirrúmi er líka gleymt.

Herra forseti. Ég óska íslenskri þjóð gæfu og gengis á komandi sumarmánuðum og vona að hún megi njóta hamingjusamra daga og bið fólk vel að lifa og ganga á guðs vegum.

Fundi slitið kl. 21:49.

---

125. FUNDUR

þriðjudaginn 25. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — 3. umr.

2. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 1732, brtt. 1737. — 3. umr.

3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 1735, brtt. 1739. — 3. umr.

4. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — 3. umr.

5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — 2. umr.

6. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611 og 1738. — 2. umr.

7. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — 2. umr.

8. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — 2. umr.

9. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.

10. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710. — 2. umr.

11. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1736, brtt. 1741. — 3. umr.

12. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.

13. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.

14. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.

15. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

16. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

17. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708, brtt. 1709 og 1764. — 2. umr.

18. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

19. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

20. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336, nál. 1719, brtt. 1720. — 2. umr.

21. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337, nál. 1721, brtt. 1722. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Kristjánsson heilbrrh.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.

Varamenn taka þingsæti.

[10:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa tvö bréf um fjarvistir þingmanna. Hið fyrra er frá 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, dags. 24. maí, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, Sigríður Ingvarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Halldór Blöndal."

Síðara bréfið er frá 1. þm. Norðvest., Sturlu Böðvarssyni, dags. 24. maí, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, Adolf H. Berndsen, Skagaströnd, taki sæti mitt á Alþingi á meðan. Fyrsti varamaður á listanum er forfallaður.

Sturla Böðvarsson."

Borist hefur tölvuskeyti frá Guðjóni Guðmundssyni, 1. varaþingmanni Sjálfstfl. í Norðvest., dags. 24. maí 2004, þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum ráðherra.

Kjörbréf Sigríðar Ingvarsdóttur og Adolfs H. Berndsens hafa verið rannsökuð og samþykkt. Þau hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

[10:03]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð við einstæða foreldra, 919. mál, svar félmrh., þskj. 1666.

Kennsluhugbúnaður, 932. mál, svar menntmrh., þskj. 1701.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 1003. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 1760.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ráðning landvarða.

[10:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þann 19. júlí í fyrra flögguðu nokkrir landverðir á hálendi Íslands íslenska fánanum í hálfa stöng til að leggja áherslu á hryggð sína yfir óafturkræfum náttúruspjöllum við Kárahnjúka. Ekki stóð á viðbrögðum frá yfirvöldum umhverfismála. Þegar í stað var farið að hafa í hótunum við fólkið og einn landvörður sérstaklega tekinn út úr og hótað að hún mundi fá áminningu sem, eins og kunnugt er, er fyrsta skrefið í að segja fólki upp störfum. Hún sneri sér til verkalýðsfélags síns og lögfræðingur þess ritaði álitsgerð sem Umhverfisstofnun svaraði síðan 4. nóvember. Þar segir m.a.:

„Af hálfu Umhverfisstofnunar skal í upphafi tekið fram að málatilbúnaði, skýringum og túlkunum sem fram kom í áðurnefndu bréfi lögmanns er alfarið mótmælt. Þá er skýringum og túlkunum sem fram komu í sama bréfi enn fremur mótmælt. Er það afstaða Umhverfisstofnunar að tilgreint háttalag þitt í starfi hafi verið ámælisvert og ósamrýmanlegt því starfi sem þú hafðir með höndum. Í dæmaskyni má nefna að af bréfi lögmanns þíns verður ráðið að viðbrögð þín sem yfirmanns við aðgerðum undirmanna í tengslum við nefndan atburð voru með öllu óásættanleg."

Hér er vísað í fánamálið og í niðurlagi bréfsins segir, með leyfi forseta:

„Það tilkynnist hér með að Umhverfisstofnun hefur ákveðið að aðhafast ekki frekar í máli þessu, m.a. þar sem stofnunin er að vinna að skýrari starfslýsingum og verklagsreglum fyrir landverði. Þessar starfslýsingar og verklagsreglur eiga að kveða með afdráttarlausari hætti en áður á um réttindi og skyldur landvarða. Af hálfu Umhverfisstofnunar skal þó áréttað að tilgreind framkoma þín var að mati stofnunarinnar mjög ámælisverð og ósamrýmanleg því starfi sem þú hafðir með höndum."

Þetta voru viðbrögð við erindi lögfræðings viðkomandi landvarðar.

Núna kemur hins vegar í ljós að þeir landverðir sem tóku þátt í þessum aðgerðum fá ekki ráðningu. Boð voru látin berast til hlutaðeigandi og einum landverði sem ég hef rætt við var sagt að hann fengi ekki starf. (Forseti hringir.) Þetta er mjög alvarlegur atburður, þetta er mjög alvarlegt mál og hæstv. umhvrh. verður að skýra (Forseti hringir.) þinginu frá því hvers vegna þetta fólk er látið sæta ofsóknum.

[10:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta er alveg fráleit umræða sem hér fór fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að tala um ofsóknir. Málið er það að í eldhúsdagsumræðum í gær hljóp hv. þm. Ögmundur Jónasson á sig þegar hann hélt því fram í ræðustól að landverðir sem hefðu reist fána í hálfa stöng fengju ekki vinnu. Þetta er reyndar hrakið í Morgunblaðinu í morgun í ágætisviðtali við Árna Bragason sem er forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar.

Málið er þannig vaxið að fimm landverðir voru í Herðubreiðarfriðlandinu. Tveir þeirra voru ráðnir, annar í þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, hinn í þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Tveir sóttu ekki um vinnu. Þá er einn eftir sem fékk ekki vinnu. Þetta eru allar ofsóknirnar. Það fékk enginn áminningu eftir þetta svokallaða fánamál. Það var litið svo á að það væri ámælisvert en enginn fékk áminningu.

Ég fékk þann 18. maí bréf frá öðrum landvarðanna sem sóttu ekki um. Þannig ber þetta mál að hjá mér. Í bréfinu er farið í löngu máli yfir að það séu samstarfserfiðleikar, að mati þess landvarðar, á milli landvarðanna og Ferðafélags Akureyrar. Þetta er langt bréf, það er í einum sex liðum og á fjórum blaðsíðum. Hvergi er minnst á þetta fánamál. Þar er hins vegar sagt, með leyfi virðulegs forseta:

„Hér fyrir neðan hef ég sett fram nokkur atriði sem ég vil að komi fram varðandi það hvernig Umhverfisstofnun hefur ekki staðið sig sem skyldi í náttúruverndarþættinum sem snýr að Herðubreiðarfriðlandi og Öskju."

Á öðrum stað, virðulegi forseti, stendur: „Hægt væri að vera með mjög metnaðarfullt starf á þessu svæði ef samstarfi við Ferðafélag Akureyrar yrði slitið..." o.s.frv.

Svona er þetta bréf. Það snýr allt að Ferðafélagi Akureyrar og samstarfserfiðleikum, ekki minnst á fánamálið. Hér er verið að blása upp eitthvert mál og reyna að sá því hjá þjóðinni að um einhverjar ofsóknir sé að ræða. Þetta er fráleitt. Því miður hljóp hv. þm. á sig.

[10:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega alvarlegt ef hægt er að tengja atburð eins og þann sem gerðist á hálendinu í fyrra og er mikið tilfinningamál — ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni — því að fólk fái ekki vinnu aftur. Það er mjög alvarlegt og þess vegna las ég grein Árna mjög vel í Morgunblaðinu í morgun. Ég verð að viðurkenna að það er frekar erfitt að átta sig á henni og ég ætla að leyfa mér að halda því fram að ef fánamálið hefði átt þarna hlut að máli hefði það auðvitað ekki komið fram í viðtalinu sjálfu. Það hefði verið svo fáránlegt, það hefði verið óviðkunnanlegt fyrir alla aðila og auðvitað hefði það hvergi nokkurn tíma verið tekið fram.

Hins vegar er ég með bréf Umhverfisstofnunar sem er svar við bréfi lögmanns þeirrar stúlku sem taldi að brotið hefði verið á sér og þar er talað um að nú eigi að vinna skýrari starfslýsingar og verklagsreglur fyrir landverði. Ég tek auðvitað undir það, slíkt á að vera alveg ljóst, en þar er líka vísað í að reyndar hafi gildandi starfslýsingar og starfsreglur verið nægilega skýrar og aðgengilegar starfsmönnum.

Það er alveg ljóst að þegar málið er farið að birtast þjóðinni eins og kom fram í máli Ögmundar Jónassonar í gær, og eins og í Morgunblaðinu í morgun, er afar mikilvægt að málið allt sé upplýst, ekki síst vegna þess að þessi ríkisstjórn hefur birst þjóðinni þannig að allt sé bannað, bannað, setja af, segja upp, setja á svartan lista og taka á beinið. Þetta er það sem birtist þjóðinni og þess vegna er mjög mikilvægt að hér verði engir lausir endar og að þetta mál upplýsist að fullu.

[10:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég hrökk í kút í gærkvöldi við eldhúsdagsumræðurnar þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti ræðu sína og greindi frá þessu máli (**Gripið fram í:** ... Steingrímur.) og trúði því varla að þetta væri satt. Nú heyrðum við skýringar hæstv. umhvrh. áðan og þær voru hreinlega mjög ótrúverðugar. Hún verður að útskýra m.a. bréf sem við höfum hér þar sem greinilega kemur fram að einn ákveðinn starfsmaður hafi gert eitthvað, verið aðili að einhverjum atburði sem sé með öllu óásættanlegur. Hér stendur m.a., með leyfi forseta:

„Af hálfu Umhverfisstofnunar skal þó áréttað að tilgreind framkoma þín var að mati stofnunarinnar mjög ámælisverð og ósamrýmanleg því starfi sem þú hafðir með höndum." Undir þetta skrifar forstjóri Umhverfisstofnunar, Davíð Egilson. Umhverfisstofnun, hvaða batterí er það? Jú, þetta er stofnun sem á að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Að sjálfsögðu getum við deilt um hvað er sjálfbær nýting náttúruauðlinda. En er ekki mjög alvarlegt mál ef starfsmenn svona stofnunar mega ekki hafa skoðun á því og láta þá skoðun í ljósi hvað sé verndun og sjálfbær nýting náttúruauðlinda? Hér skilst manni að þeir hafi dregið fána í hálfa stöng vegna þess að þeir voru ósammála þeirri ákvörðun að farið yrði í virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka. Má þetta fólk ekki hafa þá skoðun? Hvers konar þjóðfélag er þetta eiginlega?

Hvað er að gerast á Íslandi? Í gær voru það fjölmiðlalögin. Ég minnist þess að fyrir nokkrum vikum var viðtal við einn ágætan borgara í Reykjavík, fyrrv. alþingismann, Ólaf Hannibalsson, sem greindi frá því að eiginkona hans hefði misst sæti sitt í einhverri opinberri nefnd vegna þess að hann vogaði sér að lýsa því yfir að Frjálsl. væri kannski ekki svo vitlaus valkostur við síðustu kosningar. Hvað sagði þessi ágæti maður, fyrrv. alþingismaður? Hann sagði: „Þeir kunna að berja á fólki án þess að sjáist á því."

Það kunna stjórnarflokkarnir.

[10:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það má ráða af atburðum síðustu daga að tjáningarfrelsið er ekki sá þáttur frelsisins sem þessari ríkisstjórn er umhugaðast um. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að landverðir sem notfæra sér tjáningarfrelsið með því að reisa sinn eigin íslenska fána á sínar eigin fánastengur til að mótmæla virkjun við Kárahnjúka, sem ég studdi á sínum tíma, hafi sætt óæskilegum viðbrögðum af hálfu Umhverfisstofnunar. Hæstv. umhvrh. neitar þessu. Ég tel mjög auðvelt fyrir hæstv. umhvrh. að leysa úr þessum hnút og skýra fyrir okkur hvað það er sem forstjóri Umhverfisstofnunar á við í bréfi sínu til a.m.k. eins landvarðar þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Er það afstaða Umhverfisstofnunar að tilgreint háttalag þitt í starfi hafi verið ámælisvert og ósamrýmanlegt því starfi sem þú hafðir með höndum. Í dæmaskyni má nefna að af bréfi lögmanns þíns verður ráðið að viðbrögð þín sem yfirmanns við aðgerðum undirmanna í tengslum við nefndan atburð voru með öllu óásættanleg."

Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvað er átt við með orðunum „tilgreint háttalag" og hvaða atburður er það sem verið er að vísa í þegar nefnt er „í tengslum við nefndan atburð"? Er það heising fánans á fánastengur í mótmælaskyni við Kárahnjúka? Ef svarið er já hefur hv. þm. Ögmundur Jónasson augljóslega rétt fyrir sér. Þá er verið að beita starfsmennina ósæmilegum viðurlögum. Nú liggur það í kjöltu hæstv. umhvrh. að leysa hnútinn og skýra þetta tvennt: Hvert er þetta tilgreinda háttalag og hver var þessi atburður?

[10:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér skal tekið undir það sem ræðumenn á undan mér hafa sagt. Það er afar ámælisvert ef tjáningarfrelsinu er slík hætta búin að fólk megi ekki, eins og þessi landverðir sem flögguðu í hálfa stöng síðasta sumar, tjá skoðanir sínar. Við skulum vera minnug þess að þetta sama fólk flaggaði daginn sem Alcoa-samningurinn var innsiglaður, 19. júlí 2002. Þá fékk það áminningu frá Umhverfisstofnun fyrir það að nota eigur og búnað stofnunarinnar á ósæmilegan hátt, af því að fólk hafði flaggað í hálfa stöng. Sumarið á eftir flaggaði það aftur en þá á eigin fánastöngum með eigin fánum til að vera ekki að ögra yfirboðurum sínum.

En hvað gerist? Bréfið sem vitnað hefur verið til er skrifað. Það er verulega ámælisvert að lesa það að forstjóri Umhverfisstofnunar sem er auðvitað í umboði umhvrh. í því embætti skuli leyfa sér að segja að vegna málsins sé verið að vinna að skýrari starfslýsingum og verklagsreglum fyrir landverði, starfslýsingarnar og verklagsreglurnar eigi að kveða á um réttindi og skyldur landvarða með afdráttarlausari hætti en áður. Ber að skilja þetta svo að núna sé búið að setja reglur sem hefta möguleika landvarða á því að tjá tilfinningar sínar, eins og þau gerðu 19. júlí 2003, og það í frítíma sínum?

Það hefur komið fram í ræðustól á Alþingi oftar en einu sinni að yfirvöld, stjórnvöld hér, hafa sýnt gerræðislega tilburði gagnvart tjáningarfrelsi fólks. Þess er skemmst að

minnast þegar hæstv. iðnrh. hélt því fram að vísindamenn við Háskóla Íslands væru að láta einhverja pólitík þvælast fyrir niðurstöðum vísindarannsókna sinna. Það eru gerræðislegir tilburðir í gangi hjá þessum stjórnvöldum og þá ber að stöðva. Það verður að tryggja að tjáningarfrelsi almennings sé virt, jafnvel þótt það vinni hjá hinu opinbera.

[10:17]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er um alvarlegar ásakanir að ræða. Mér finnast skýringar hæstv. ráðherra mjög ótrúverðugar. Hún verður að gera hreinna fyrir sínum dyrum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem upp koma ásakanir um það að menn séu látnir líða fyrir skoðanir sínar. Ég veit ekki betur en að mál hafi komið upp varðandi Rannsóknastöðina við Mývatn þar sem sérfræðingur og prófessor hafði sjálfstæðar skoðanir. Hann var settur út úr stjórn og inn kom forstjóri Umhverfisstofnunar.

Fleiri mál hafa komið upp sem ekki hafa komist í hámæli, svo sem mál sem varðar ríkisstofnun þar sem einn ákveðinn sérfræðingur skrifaði grein um rjúpnaveiði og aðstoðarmaður ráðherra er sagður hafa hringt í forstjóra stofnunarinnar og skammast yfir því að sérfræðingurinn væri að rita í blöð um þetta áhugamál sitt. Ég tel að ráðherrann ætti að sjá sóma sinn í því að gera nákvæmlega grein fyrir því hvernig á þessu máli standi. Það hlýtur að vera krafa almennings að menn hegði sér ekki svona, sérstaklega vegna þess að dæmin sýna í nokkrum málum að líkur eru fyrir því að hún hafi beitt óbilgirni gagnvart því og sýnt tjáningarfrelsinu lítilsvirðingu. Ég vona að hún komi hér, hæstv. ráðherra, með trúverðugar skýringar.

[10:19]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er einkennilegt mál á ferðinni. Skýringar hæstv. umhvrh. eru ekki fullnægjandi á því sem hér kemur fram. Ef það er rétt sem vakin hefur verið athygli á er þetta mjög alvarlegt mál, ekki sæmandi umhvrh. en því miður í stíl ríkisstjórnarinnar.

Ég kem upp til að segja frá því að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í umhvn. höfum ákveðið að krefjast fundar í nefndinni um þetta mál þar sem hæstv. ráðherra eða viðeigandi undirmaður hennar verði til kallaður og látinn skýra nákvæmlega frá þessum málum með þeim skjölum og pappírum sem við eiga.

[10:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þessu máli verður ekki lokið á þremur mínútum en ég vil aðeins rekja nokkur efnisatriði. Þessi atburður átti sér stað 19. júlí. 21. júlí berst yfirlandverði í Herðubreiðarlindum bréf þar sem segir m.a., með leyfi forseta, „að opinber stofnun gæti ekki liðið starfsmönnum sínum að mótmæla á vinnustað ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis Íslendinga". Síðan er nokkrum fyrirspurnum beint til starfsmannsins, m.a.: „Hvaða starfsmenn Umhverfisstofnunar tóku þátt í aðgerðum? Voru viðkomandi starfsmenn í vinnutíma að undirbúa aðgerðir?" — Við erum að tala um að draga íslenska fánann í hálfa stöng. — „Voru verkfæri eða annað sem Umhverfisstofnun leggur starfsmönnum til, þar með talinn einkennisfatnaður, notuð við undirbúning aðgerða eða við aðgerðina sjálfa eða kynningar á henni?"

Síðan berst bréf 25. ágúst þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Umhverfisstofnun hefur í hyggju að veita þér áminningu vegna framangreinds háttalags í starfi, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996. Það skal tekið fram að framangreind tilvik, sbr. 6. tölulið, geta öll saman eða hvert og eitt verið tilefni áminningar. Umhverfisstofnun veitir þér hér með færi á að koma að athugasemdum og andmælum vegna fyrirhugaðrar áminningar."

Síðan berst umhverfisyfirvöldum bréf frá verkalýðsfélaginu þar sem þessum spurningum er öllum svarað. Þá berst að nýju bréf frá umhverfisyfirvöldum þar sem mótmælum er andmælt, sagt að það sé ekki í ráði að veita áminninguna en Umhverfisstofnun standi engu að síður við málflutning sinn í málinu.

Síðan kemur það á daginn núna að þeir landverðir sem tóku þátt í þessum aðgerðum — og aðgerðirnar eru að draga íslenska fánann í hálfa stöng — fá ekki ráðningu. Það þýðir ekki fyrir hæstv. umhvrh. að reyna að drepa þessu máli á dreif.

[10:22]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Manni blöskrar satt best að segja þessi umræða af því að hér halda menn algerum rangindum fram. Hér er verið að reyna að segja við fólk að fimm landverðir sem unnu á umræddu svæði hafi verið reknir (**ÖJ:** Það var ekki sagt. Hver sagði það?) af því að þeir reistu fána í hálfa stöng. Það var sagt hér að þeir sem höfðu staðið í þessu hefðu ekki verið endurráðnir. Þetta er rangt. (**ÖJ:** Nú?) Það voru fimm sem voru þarna á svæðinu. Tveir þeirra sóttu ekki um. (**ÖJ:** Eru þessi skjöl ...?) Tveir þeirra sóttu ekki um. (**ÖJ:** Eru þessi skjöl hugarburður?) Tveir þeirra voru endurráðnir, tveir sóttu ekki um. Einn fékk ekki vinnu. Þetta er öll staðan.

Tveir þessara landvarða hafa tjáð sig upp á síðkastið, annar í morgun í Morgunblaðinu, hinn í bréfi til mín fyrir viku síðan. Þar er hvergi minnst á þetta fánamál, ekki einu einasta orði í ummælum þeirra. (**ÖJ:** Það er ég sem er að gera það.) Hvergi minnst á það. (**ÖJ:** Það eru þingmenn.) Við færðum ráðningarnar heim í hérað. Það var ákveðið að láta heimamenn ráða landverði þannig að þjóðgarðsverðirnir gera það. Í þessu tilviki er það Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir, þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum, sem ræður stafsmennina. Það er ekki umhvrn., það er ekki Umhverfisstofnun heldur þjóðgarðsvörðurinn í Jökulsárgljúfrum, í heimahéraði. Það er hún sem ræður starfsmennina, landverðina. Ég ræddi við hana áðan og það var ekkert í sambandi við þetta fánamál, í sambandi við þessar ráðningar. Hún réð einn af þessum fimm í þjóðgarðinn hjá sér (**ÖJ:** Hverju svarar ráðherra ...?) þannig að það er algerlega fráleitt að halda því fram að þetta fánamál hafi eitthvað með ráðningarnar að gera. (**MÞH:** Þið eruð með bréfin.) Það voru tveir endurráðnir, tveir sóttu ekki um, einn fékk ekki vinnu, virðulegur forseti. Þessi er staðan þannig að það að halda einhverju öðru fram er algerlega fráleitt eins og hér hefur komið fram.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 966. mál (meðlög, EES-reglur). — Þskj. 1485.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppfinningar starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 1732, brtt. 1737.

[10:25]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Við athugun málsins eftir 2. umr. kom í ljós að orðalag í 8. gr. frv. eins og hún er nú er að nokkru leyti óskýrt. Til þess að taka af allan vafa um þá meiningu sem hv. iðnn. hefur á þessari málsgrein 8. gr. leyfi ég mér að flytja brtt. við niðurlag 1. mgr. 8. gr. frv. þannig að ekki fari á milli mála efnisinnihald málsgreinarinnar. Málsgreinin er svohljóðandi í frv., með leyfi forseta:

„Uppfinning sem 4. gr. tekur til telst hafa orðið til á starfstíma ef sótt er um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til fyrr."

Hér er lagt til að í stað orðsins „fyrr" komi: eftir raunveruleg starfslok. Þá hygg ég að engin geti velkst í vafa um hvað fyrir hv. iðnn. vakir með þessari tillögu, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 3. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, fjárfestingar o.fl.). — Þskj. 1735, brtt. 1739.

[10:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að gera örstutta grein fyrir brtt. sem ég flyt við 3. umr. Þannig var að hv. nefnd bætti við nýjum tölulið í 1. mgr. 36. gr. laganna og þá þarf að laga tilvísun í næstu grein á eftir og í því felst brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Frv. meiri hl. félmn., 967. mál (einsetning grunnskólans). — Þskj. 1486.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 750. mál (dótturfélög sparisjóða, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541.

[10:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta hv. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem er 750. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið Guðmund Thorlacius frá fjármálaráðuneyti og Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra á sinn fund. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra sparisjóða og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að sparisjóðum verði heimilt að sækja um samsköttun með dótturfélögum sínum. Í öðru lagi er tillaga um að kveðið verði skýrar á um heimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins til að láta færa mann til skýrslugjafar ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt. Í þriðja lagi er lagt til að til áréttingar verði tiltekið að fjárhæðir barnabóta og vaxtabóta, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 og við ákvörðun bóta á því ári vegna tekna og eigna á árinu 2003.

Meiri hlutinn leggur til að breytingar verði gerðar á 2. gr. frumvarpsins þannig að ákvæðið verði samhljóða sams konar ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í fyrsta lagi að orðið „ítrekaðri" verði fellt brott. Er það gert til að koma í veg fyrir að ákvæðið torveldi framkvæmd. Ætla má að orðið gæti skapað vafa um það hvenær lögreglu verði skylt að færa aðila til skýrslugjafar, þ.e. hvort það sé þegar kvaðningu hefur ekki verið sinnt tvisvar eða oftar. Því er lagt til að kveðið verði afdráttarlaust á um það að ef kvaðningu hefur ekki verið sinnt sé lögreglu skylt að færa viðkomandi til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra.

Í öðru lagi er lagt til að lögreglu verði einungis heimilt að færa aðila til skýrslugjafar ef kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt án lögmætra forfalla. Þetta er til samræmis við ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála.

Til umræðu kom í nefndinni hvort nota ætti orðið „maður" í stað orðsins „aðili" í ákvæðinu. Niðurstaðan varð sú að nota síðarnefnda orðið til samræmis við lög um meðferð opinberra mála.

Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefnd er á þskj. 1493.

Herra forseti. Á þskj. 1541 er brtt. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Í henni felst að elli- og örorkulífeyrisþegar geti tekið þátt í sérstökum lífeyrissparnaði. Í sjálfu sér er þetta mjög athyglisverð tillaga og gæti vel komið til greina að samþykkja slíkt. Það sem er athugavert við hana er að hún kemur til breytingar á frv. sem er eðlisóskylt. Það hefur verið gagnrýnt á Alþingi að slíkar tillögur fengju ekki umræðu sem skyldi við 1., 2. og 3. umr. og færu heldur ekki til umsagnar eins og önnur mál. Þessi tillaga kemur dálítið þvert á frv. sjálft og er ekki í samræmi við það.

Vegna mikilla anna í nefndinni undanfarið, sérstaklega við að ræða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og fjölmiðlafrumvarpið fræga sem er enn þá til umræðu í nefndinni og verður væntanlega áfram samkvæmt ákvörðunum meiri hluta nefndarinnar, þótt það sé orðið að lögum, hefur ekki unnist tími til að taka á athyglisverðum málum eins og hér er um að ræða. Þess vegna get ég ekki stutt þetta mál þó að það sé í sjálfu sér athyglisvert. Hins vegar gæti verið að nefndin fjallaði um þetta áfram í sumar, í sumarhléi Alþingis, þar sem hún mun væntanlega starfa og þá getur verið að hún taki jákvætt í svona hugmyndir um að víkka út fjölda þeirra sem mega spara í sérstökum lífeyrissparnaði.

[10:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal gerði grein fyrir brtt. við 2. gr. frv. Sú grein hljóðaði í upphaflegri mynd svo, með leyfi forseta:

„Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa mann til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt."

Meiri hlutinn leggur til að greinin hljóði svo, með leyfi forseta:

„Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa aðila til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis."

Ég er í miklum vafa um að það sé réttmætt að samþykkja grein af þessu tagi. Mér finnst hins vegar, herra forseti, að þessi breytingartillaga meiri hlutans, eins og ég gerði skýra grein fyrir í nefndinni, geri málið allt saman mjög loðið og óljóst og það sé erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir hvað átt er við. Allar skilgreiningar eru á huldu og það er ekkert sem segir hvernig eigi að útfæra þetta ákvæði. Hvað þýðir til að mynda, og ég spyr hv. þm., orðalagið „að forfallalausu"? Hefur það einhverja lagalega skilgreiningu? Er það nóg ef sá sem færa á til skýrslugjafar er í sumarfríi eða ef hann er upptekinn við annað? Hvað þýðir „að forfallalausu"? Ég hef grafist fyrir um það og finn ekkert um það. Hvað þýðir sú breyting að lögreglu sé ekki lengur skylt að færa mann heldur aðila til skýrslugjafar? Þýðir það að tiltekinn lögaðili eða fyrirtæki sé boðað til skýrslugjafar þannig að þessu sé ekki beint að neinum tilteknum einstaklingi? Hver er þá skyldan til mætingar? Þetta er ákaflega óljóst en ég vænti þess að hv. þm. geti skýrt það út fyrir mér.

[10:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að með orðinu „aðila" er þetta víkkað út. Það eru ekki bara einstaklingar sem hægt er að færa til skýrslugjafar heldur einnig fyrirtæki og lögaðilar, þ.e. forsvarsmenn þeirra sem ekki eru endilega skattgreiðendur eða þeir sem eiga að greiða skattinn. Þetta var talið nauðsynlegt.

Hvað þýðir „að forfallalausu"? Það þýðir það t.d. ef maður er sannanlega á sjúkrahúsi, ef hann er í sumarleyfi sem hafði verið ákveðið löngu áður og hann getur ekki hafa vitað af kvaðningunni. Þá er mjög óréttmætt að refsa honum fyrir að hafa ekki mætt og að færa hann eftir það með lögregluvaldi til skýrslugjafar.

Síðan var tekið út orðið „ítrekaðri" í 2. gr. frv. Það var til að þurfa ekki að vera með tvær tilkynningar til aðila áður en hægt væri að gera eitthvað í málinu. Það er nóg að ein komi. En aðallega er það til samræmis við önnur lög um kvaðningar.

[10:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að meiri hlutinn hafi ekki nokkra hugmynd um hvað hann er að leggja til, a.m.k. skýrði þessi orðræða hv. þm. ekki málið fyrir mér. Það kann að vera að ég sé ekki jafngreindur og hann, en ég spyr: Er það ekki rétt hjá mér að þegar menn eru kvaddir til skattrannsóknarstjóra hafi þeir réttarstöðu grunaðs manns ef um er að ræða alvarlega rannsókn og ef þeirri kvaðningu skattrannsóknarstjóra er ekki beint til tiltekins manns, má þá gera ráð fyrir því að þeir sem eru forsvarsmenn aðila flykkist til að bjóða sig fram til að taka að sér réttarstöðu grunaðs manns? Þetta er náttúrlega alveg út í hött, herra forseti.

Hverjir eru forsvarsmenn lögaðila? Er það fjármálastjóri eða bókhaldari eða gjaldkeri? Er það forstjóri eða framkvæmdastjóri? Þetta er alls óskýrt í frv. Og orðalagið „að forfallalausu", hv. þm. skýrir það svo að það sé ef viðkomandi er á sjúkrahúsi eða erlendis. Af hverju kemur það þá ekki fram í nefndarálitinu? Af hverju er það ekki skilgreint? Ég spyr að gefnu tilefni. Það kom fram hjá skattrannsóknarstjóra að menn hafi beitt alls konar öðrum afsökunum, þeir eigi erfitt með að koma vegna þess, eins og kom fram held ég á fundinum frekar en í samtölum mínum sem ég átti eftir á út af málinu, að þeir hefðu t.d. þurft að sinna börnum sínum og fara með þau í skóla. Það var dæmi sem einhvers staðar var tekið. Ég held því að það sé okkur síst til sóma að leggja til í fyrsta lagi þetta ákvæði, í öðru lagi þessa breytingu sem gerir ákvæðið allt loðnara og óskýrt og sýnir bara að meiri hlutinn hefur ekki fulla sannfæringu fyrir því að fara fram með slíkum þjösnaskap í svona máli. Sér í lagi ef haft er í huga að það var upplýst að einungis tvisvar sinnum á 11 árum hefur þurft að beita valdi af hálfu skattrannsóknarstjóra til þess að draga mann til rannsóknaryfirheyrslu.

[10:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað það varðar að nota orðið „aðili" í staðinn fyrir „maður" þá er það til samræmis við lög um meðferð opinberra mála og auk þess þarf skattrannsóknarstjóri að hafa einhver tæki í höndunum til að geta fengið upplýsingar um skattskil. Þetta er jú ekki neitt annað en að fá skýrslugjöf frá viðkomandi aðila.

Það er alltaf einhver aðili sem ber ábyrgð á rekstri fyrirtækja. Fyrst og fremst er það auðvitað stjórn viðkomandi fyrirtækis ef það er hlutafélag en eigandi ef það er sameignarfélag. Fyrirtækinu ber að tilkynna einhvern ábyrgðaraðila og það er sá aðili sem mætir til skýrslugjafar eða tilnefnir einhvern annan til að mæta fyrir sig, t.d. bókara eða einhvern slíkan. Það á því að vera alveg á hreinu hver mætir fyrir fyrirtækið.

Varðandi orðalagið „að forfallalausu" þá var ákvæðið eins og það var áður mjög ósanngjarnt vegna þess að menn gátu virkilega verið forfallaðir en fengið kröfu um að mæta og þar sem þeir gátu ekki mætt og voru forfallaðir fengu þeir samt sem áður kröfu um að vera færðir til skattrannsóknarstjóra til skýrslugjafar með lögregluvaldi. Það þótti því eðlilegt að setja inn slíkt ákvæði. Auðvitað er það óljóst, auðvitað er matskennt hvað eru forföll. Eru það forföll að gæta barna, veikra barna? Eru það forföll að skreppa í sumarbústað einmitt þann dag sem menn áttu að mæta? Það þarf að sjálfsögðu að meta. Ég mundi segja að ferð sem er löngu skipulögð sé forföll en ferð sem farin er eftir að kvaðning barst væri ekki forföll.

[10:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu sem ég hef flutt við frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Hér er á ferðinni sanngirnismál, afar lítil tillaga sem engu mun breyta fyrir ríkissjóð að því er varðar útgjöld en skiptir máli fyrir sennilega örfáa örorkulífeyrisþega sem þannig stendur á að geti lagt eitthvað til hliðar af litlum lífeyri sínum. Tillagan er ekki stærri í sniðum en svo.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að opnað er fyrir möguleika að vísu bæði fyrir elli- og örorkulífeyrisþega á því að viðbótarlífeyrissparnaður þeirra verði frádráttarbær frá skatti eins og er hjá öðrum sem geta lagt til hliðar viðbótarlífeyrissparnað. Hér er um að ræða jafnræði milli borgaranna og eins og ég sagði eru þetta örfáir aðilar. Ég veit til þess að a.m.k. einn aðli sem hefur verið að reyna að fá slíkt jafnræði í gegn hefur leitað til skattyfirvalda en ekki fengið því framgengt. Ég taldi því að hér væri á ferðinni mikið sanngirnismál sem auðvelt væri að fá í gegn hjá stjórnarflokkunum sem alltaf hafa allt á hornum sér þegar um er að ræða þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Ég tel ástæðu til að ræða aðeins um aðdraganda tillögunnar og af hverju hún er flutt með þeim hætti sem hér er gert vegna orða hv. formanns efh.- og viðskn. áðan. Hv. formaður efh.- og viðskn. talar um að tillagan sé óskyld því efni sem verið er að ræða um í frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og það er alveg rétt, en hv. þm. gat þess ekki að ég hef í allan vetur reynt að ná samstöðu með hv. formanni nefndarinnar um flutning á slíku máli, að nefndin sjálf tæki málið upp og flytti það inn í þingið sem sérstakt mál. Ég hafði ætlað mér að flytja það sjálf sem sérstakt mál en taldi það betra fyrir framgang málsins að reyna að ná samstöðu með stjórnarmeirihlutanum í þessu litla máli, en það tókst ekki. Það er auðvitað fyrirsláttur að bera fyrir sig að það hafi verið svo mikið að gera í efh.- og viðskn. og draga fram áminningarmálið, að það hafi tekið svo langan tíma og þess vegna hafi ekki unnist tími til að skoða þetta mál. Það er miklu lengra síðan ég færði málið í tal við hv. formann nefndarinnar þannig að það er fyrirsláttur og ómerkilegt af hv. formanni nefndarinnar að bera það fyrir sig.

Ég hafði ekki ætlað mér, herra forseti, að hafa neitt sérstaklega mörg orð um þetta litla sanngirnismál, hafði meira að segja ætlað mér að draga breytingartillöguna til baka til 3. umr. til að nefndin sem fundar á morgun, efh.- og viðskn., gæti þá fjallað um tillöguna og tekið afstöðu til hennar. Hv. formaður nefndarinnar vissi mætavel að ég var opin fyrir öllum breytingartillögum sem hann hafði m.a. ámálgað við mig varðandi þetta litla mál sem skiptir kannski máli fyrir fimm örorkulífeyrisþega ef þeir eru þá svo margir sem geta lagt eitthvað til hliðar. En hér er fyrst og fremst um að ræða jafnræði milli borgaranna, að þeir örfáu einstaklingar sem gætu hugsanlega sparað sitji við sama borð og aðrir sem geta lagt til hliðar viðbótarlífeyrissparnað. Við erum þó að tala um þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Ég er satt að segja mjög hissa á orðum formanns efh.- og viðskn. þar sem hann býður upp á það að nefndin vinni í þessu litla máli í sumar. Við höfum haft allan veturinn til þess að skoða málið sem engu breytir fyrir útgjöld ríkissjóðs, ekki nokkru. Ég taldi mig sýna formanni efh.- og viðskn. sanngirni með því að bíða í allan vetur með að flytja slíkt mál til að freista þess að nefndin gæti náð saman um það. Ég lét meira að segja hv. formann efh.- og viðskn. vita að ég væri orðin óróleg þar sem gengi á tíma þingsins fram að þinghléi og ég mundi þá freista þess að flytja breytingartillögu við það frv. sem við ræðum nú þó um óskylt efni væri að ræða, og hv. formaður nefndarinnar vissi það mætavel. Við ræddum einmitt um þá málsmeðferð að skoða málið á milli umræðna sem ég hélt satt að segja að hv. formaður nefndarinnar byði upp á í ræðustól þegar hann mælti fyrir nál. við 2. umr. En svo er ekki, herra forseti. Það á greinilega að fella tillöguna, ekki gefa neinn séns á að ræða hana í efh.- og viðskn. á morgun, sem ég er búin að kalla eftir í allan heila vetur, og vísa málinu inn í sumarið, að efh.- og viðskn. taki sér tíma í sumar að fjalla um þetta litla mál. Ég er aldeilis hissa, virðulegi forseti, á slíkum vinnubrögðum.

Það að ríkisstjórnin, sem í stjórnartíð sinni hefur hvað eftir annað sparkað í fólk, sparkað í fólk sem minnst má sín í þjóðfélaginu með því að skammta því minna en öðrum, skuli ekki láta svo lítið að geta samþykkt þessa litlu tillögu sýnir auðvitað hug stjórnarflokkanna til elli- og örorkulífeyrisþega og atvinnulausra. Af því að ég sé að hv. þm. Pétur Blöndal glottir yfir þessu er ástæða til að nefna það að frá árinu 1998 til ársins 2002, en það er alltaf verið að tala um að kaupmáttur hafi aukist svo mikið, jókst kaupmáttur láglaunafólks vissulega um 10%. Það er auðvitað ástæða til að fagna því, en kaupmáttur atvinnulausra jókst um 1% á því tímabili og kaupmáttur lífeyrisþega jókst um 2%. Það er líka ástæða til að halda því til haga að þessir hópar greiddu engan skatt á árinu 1995 en byrjuðu á því þegar þessi ríkisstjórn tók við á árinu 1996 að greiða skatt af sínum litlu tekjum og t.d. árið 2001 gerði Þjóðhagsstofnun úttekt á því að þeir sem voru með undir 90 þús. kr. í tekjur greiddu einn milljarð í tekjuskatt. Þannig er það sem stjórnarflokkarnir fara með þessa hópa.

Ég skil því ekkert í mér að hafa verið svo bjartsýn að halda að stjórnarflokkarnir samþykktu þá litlu breytingartillögu sem hér liggur fyrir. Þeir ættu auðvitað að gera það af því að það er útgjaldalaust fyrir ríkissjóð. Horfum líka til þess að fyrir utan það að búið er að skattpína þetta fólk og það hefur fengið minna í sinn hlut af góðærinu, eins og ég nefndi og kaupmáttartölurnar staðfesta það, þá hefur gjaldtakan í gegnum heilbrigðiskerfið bitnað með mestum þunga á þessum hópum, öryrkjunum og ellilífeyrisþegunum, og gjaldtakan er í vaxandi mæli að verða aðgangshindrun í heilbrigðiskerfinu. En það er ekki hægt að samþykkja litla tillögu sem skiptir máli fyrir örfáa einstaklinga.

Ég lýsi megnustu skömm minni á því hvernig stjórnarflokkarnir fara með þessa hópa. Ég mun auðvitað ekki draga tillöguna til baka til 3. umr., það mun bara reyna á hana við atkvæðagreiðslu. En þetta sýnir svo sannarlega hug stjórnarflokkanna til þeirra sem minnst bera úr býtum í þjóðfélaginu.

[10:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ekki endilega um lágan lífeyri að ræða. Hjá Lífeyrissjóði sjómanna gætu menn verið með 300 eða 400 þús. kr. í örorkulífeyri. Örorkulífeyrisþegar eru því ekkert endilega með lágan lífeyri.

Tillagan er gölluð að því leyti að ég nefni hér að það vantar að maka- og barnalífeyrisþegar geti sparað líka því það er líka tekjuígildi sem menn fá greitt. En það vantar aðallega að menn geti sparað af lífeyri frá lífeyrissjóðum því tillagan gerir eingöngu ráð fyrir því að menn geti sparað af lífeyri frá Tryggingastofnun. Tillagan er því að mörgu leyti gölluð og hefði þurft miklu meiri umræðu.

Herra forseti. Í efh.- og viðskn. hafa verið slagsmál sem aldrei fyrr, sandkassaleikur alla daga. Þar hafa menn spilað í valdaspili og umræðan á Alþingi undanfarna daga hefur enn frekar sýnt manni að umræðan er ekki málefnaleg, engan veginn. Hún gengur út á sandkassaslag. Ekki einn einasti þingmaður stjórnarandstöðunnar studdi eða sat hjá við atkvæðagreiðslu um fjölmiðlafrumvarpið þótt búið væri að

taka tillit til nánast allra atriða sem þeir nefndu í upphafi. Slíkur var sandkassaslagurinn. Svo búast menn við að litið sé með velvilja til tillögunnar sem hv. þm. flutti og ég hef sannarlega tekið vel í hana, hv. þm. getur vitnað um það að ég er búinn að ræða við hana um málið aftur og aftur í vetur. En að búast við því eftir allt sem á undan er gengið að menn leggi lykkju á leið sína til þess að taka inn mál sem er óskylt því máli sem rætt er og er auk þess brot á þeirri reglu að þeir geti sparað sem eru með tryggingagjald af launum sínum. Það er líka stílbrot. Af þessum launum er ekki greitt tryggingagjald. (**KolH:** Er ástæðan hefnigirni?)

[10:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var satt að segja mjög skrýtin ræða, að fara að blanda fjölmiðlafrumvarpinu inn í þessa litlu breytingartillögu sem snýr að því að koma á jafnræði í viðbótarlífeyrissparnaði þannig að öryrkjar geti fengið hann frádráttarbæran til skatts eins og aðrir. Hvað kemur það fjölmiðlafrumvarpinu við? Hvers lags barnaskapur er þetta?

Ef hv. þm. kýs að orða störf efh.- og viðskn. með þeim hætti að þar sé sandkassaleikur á ferðinni þegar efh.- og viðskn. hittist þá spyr ég: Hver á mestan þátt í því? Ég hef setið lengi í efh.- og viðskn., að vísu undir formennsku annars en hv. þm. Péturs H. Blöndals, og þar hafa oft verið erfið mál á ferðinni alveg eins og hefur verið í vetur en ég man aldrei eftir öðrum eins átökum og hafa verið í efh.- og viðskn. í vetur. Það skyldi þó ekki vera að það hafi eitthvað með forustu þess sem stýrir þeirri nefnd að gera? Mér finnst mjög sérkennilegt að blanda vinnubrögðum í efh.- og viðskn., vinnubrögðum formannsins og þessu máli.

Það er alveg rétt að við höfum átt samtöl um málið og hann hefur sýnt því áhuga en hvers vegna hefur formaðurinn aldrei tekið það upp í efh.- og viðskn. í vetur? Ég byrjaði snemma í vetur að ræða það við formanninn af því ég hafði ætlað mér að flytja þetta frv. Ég heyri að það þýðir ekkert að ræða málið við formann efh.- og viðskn., hann hagar sér hreinlega eins og krakki og segir: Af því að þið hafið verið svo vond við mig ætla ég bara að vera vondur við öryrkja og ekki vera með ykkur í því að samþykkja hér lítið mál til hagsbóta fyrir lítinn hóp öryrkja.

[10:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður gerist það allt of sjaldan að frumvörp frá hv. þm. séu samþykkt á Alþingi. Allt of sjaldan. Ég hef verið fylgjandi því að menn geri meira af því og að nefndir taki meira frumkvæði í störfum sínum. Ég kenni því um að á Alþingi sé of mikið um pólitísk slagsmál en ekki málefnalegar umræður. Ég hef tekið mjög vel í þetta mál og ýmis önnur mál sem liggja fyrir hv. efh.- og viðskn., en t.d. um þetta mál má segja að það sé afbrigðilegt að því leyti að af launum allra þeirra sem spara í dag í sérstökum lífeyrissjóðssparnaði er greitt tryggingagjald og það er mótframlag atvinnurekenda. Hjá þessum hópi manna sem eru örorkulífeyrisþegar er ekki greitt tryggingagjald og þar er ekki hægt að hafa mótframlag atvinnurekenda. Þetta er m.a. það sem þyrfti að fara mjög ítarlega í gegnum og ég lagði til að nefndin ræddi það í sumar. Ég lagði það til, ég veit ekki betur. Það er ekki meiri sandkassaslagurinn en það. Auk þess sem tillagan er, eins og ég gat um, meingölluð því hún tekur bara til lífeyris Tryggingastofnunar en ekki lífeyrissjóðanna, hún tekur bara til örorkulífeyris en ekki maka- og barnalífeyris sem væri eðlilegt að taka með.

Ég get því ekki séð að þetta hafi verið neitt skrýtin ræða. Hins vegar geta menn ekki annars vegar verið í endalausum slagsmálum og sandkassaleik og svo hins vegar krafist þess að í einstökum málum bregði menn frá þeirri reglu og fari allt í einu að vera málefnalegir.

[10:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal standa á mér í sumar að mæta á fund í efh.- og viðskn. ef það má verða til þess að bæta eithvað hag öryrkja eða fjalla um önnur mál sem ástæða væri til. Ég taldi þetta mál bara vera það lítið að hægt yrði að afgreiða það án þess að renna því inn í sumarið. Það er kannski ástæða til að halda því til haga að hér var ekki verið að fara fram á að ríkissjóður greiddi 6% á móti 4% viðbótarlífeyrissparnaði örorkulífeyrisþega heldur eingöngu að örorkulífeyrisþegar sem legðu til hliðar 4% í viðbótarlífeyrissparnað fengju það frádráttarbært frá skatti. Hitt er annað mál að það er auðvitað stærra mál en fullt tilefni til skoðunar að ríkið greiði á móti 6% iðgjald. Er hv. þm. að bjóða upp á það? Það væri auðvitað fagnaðarefni. Ég hef látið skoða að það borgar sig að gera það, tæplega 49% öryrkja eða tæplega 5.000 fengu óskertan lífeyri og tekjutryggingu á síðasta ári og þessi hópur fær lítið sem ekkert út úr almenna lífeyrissjóðakerfinu og ef 10% iðgjaldagreiðslur væru vegna þessa hóps, 4% frá lífeyrisþegunum sjálfum og 6% frá ríkinu væru það um 325 millj. á ári sem semja yrði um að kæmu úr ríkissjóði. Þetta tryggði öryrkjum sem ekki geta verið á vinnumarkaði um 100 þús. á ári í aukinn lífeyri á 10 árum. Það er því vel þess virði að skoða þá leið að ríkið komi inn með 6% en það var ekki hugmyndin hjá mér að fara þá leið nú að sinni heldur einungis að koma á því sanngirnismáli að örorkulífeyrisþegar gætu dregið 4% viðbótarlífeyrissparnað frá skatti eins og öðrum er heimilt.

[10:59]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég á varla orð yfir það sem hv. þm. sagði hérna. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hér og sagði eftir að hafa lýst þokkalegum velvilja gagnvart þessari breytingartillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að vegna þess hvernig menn hefðu hagað sér í efh.- og viðskn., vegna þess hvernig menn hefðu brugðist við ótrúlegum vinnubrögðum hv. þm. Péturs H. Blöndals sem formanns nefndarinnar, kæmi ekki til greina að fara vinsamlegum orðum og höndum um tillöguna. Ég hef aldrei heyrt slíkt áður, herra forseti. Mér finnst það vera ákaflega mikið umhugsunarefni ef hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efh.- og viðskn., er farinn að láta hefnigirni ráða afstöðu sinni til mála. Hv. þm. kom og sagði að vegna þess að hann teldi að einhverjir þingmenn væru í sandkassaleik og slagsmálum í efh.- og viðskn. væri ekki hægt að taka málefnalega á tillögum sem fram koma. Þá er hv. þm. ekki lengur hæfur til þess að gegna formennsku í efh.- og viðskn. Ef það er svo að þessar lágu hvatir eru farnar að stjórna gerðum hans sem formanns, þá er einfaldlega ekki hægt að búa við verklag af hans hálfu. Ég hef aldrei orðið fyrir því áður, herra forseti, að nokkur formaður komi og segi hluti eins og þessa. Kynni það að vera að hér væri um enn eitt mismælið að ræða úr munni hv. þm. Péturs H. Blöndals?

Staðreyndin er einfaldlega sú að verklag formannsins hefur verið með þeim hætti að ríkt hefur stöðugur ófriður í nefndinni og þar er fyrst og fremst um að kenna skorti

hans á vilja eða getu til þess að hafa þokkaleg samskipti við stjórnarandstöðuna. Forverum hans öllum sem ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir störfuðum undir tókst það mætavel. Í gegnum nefndina fara u.þ.b. 60% þeirra frv. sem Alþingi afgreiðir. Það var ekki fyrr en hv. þm. tók við formennsku í nefndinni og tók upp það háttalag sem að það hann kallaði slagsmál brutust út. Við sjáum það bara speglast í þessu tiltekna máli að það er búið að biðja hann um að ræða málið í heilan vetur. Hv. þm. hefur haft góð orð um það en hvað kemur í ljós? Hann er að hefna sín. Það er ekkert annað. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hristir höfuðið en þá verður hann að koma hingað og skýra hvað hann átti við með því þegar hann sagði að það væri vegna þess hvernig þingmenn í efh.- og viðskn. hefðu hagað sér í vetur að þeir gætu ekki búist við því að farið væri vinsamlega með tillögur þeirra. Á hvaða plan er hv. þm. Pétur H. Blöndal að draga þingið niður á? Ég spyr. Þetta er þingmanninum til vansa. Þetta er þinginu til vansa.

[11:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti sér ekki í fljótu bragði hvernig hann getur gripið inn í málið héðan úr forsetastóli.

[11:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur reifað hér tillögu sem hún flytur til breytinga á því frv. sem við erum að ræða hér um breytt lög um tekjuskatt og eignarskatt. Það var dálítið sérkennilegt þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal fylgdi nál. úr hlaði að þá notaði hann tíma sinn til þess að fara heldur blendnum orðum um breytingartillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég man ekki eftir því að menn hafi ekki fengið færi til þess að reifa sínar eigin breytingartillögur áður en formaður nefndar sem er að flytja nál. fellir dóma yfir þeim. Það var svo líka eftirtektarvert þegar umræðan þróaðist milli þeirra tveggja, hv. þm. Péturs H. Blöndals og Jóhönnu Sigurðardóttur, að finna hvernig afstaðan breyttist. Í upphafi sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal að þetta væri að mörgu leyti ákaflega góð breytingartillaga. Í annarri ræðu sagði hann að það væru á henni ýmsir gallar og í þriðju ræðunni var hún orðin meingölluð. Hv. þm. orðaði það með þeim hætti, meingölluð. Skýringin á því kom auðvitað fljótt fram hjá hv. þm. Hann er ósáttur við það að hann hefur ekki haft stjórn á efh.- og viðskn. Samskiptatækni hans hefur verið með þeim hætti að það hefur verið ákaflega erfitt að ná upp þokkalegum vinnufriði í nefndinni. Hann hefur mismunað mönnum eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það er auðvitað undirrótin að þeim ófriði sem hefur einkennt störf nefndarinnar eftir að hv. þm. tók við formennsku í henni. Ég vildi ráðleggja hv. 6. varaforseta Alþingis sem nú er staddur hér á skrafi við hv. þm., af því að hann er maður sátta og málefnalegrar orðræðu, að hlutast til um það að Sjálfstfl. kannaði hvort ekki væri viturlegt að skipta um formann í nefndinni til þess að hægt væri að ná einhvers konar þokkalegu vinnulagi í framtíðinni. Vinnulagið birtist hins vegar vel í því sem hv. þm. ræddi varðandi tillöguna og hér á ég við breytingartillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hv. þm. sagði að ekki hefði unnist tími til þess að fara yfir málið. Nú vil ég upplýsa hv. þm. Pétur H. Blöndal um það að ekki hefur staðið á stjórnarandstöðunni í efh.- og viðskn. að mæta á fundi og aukafundi. Ég veit ekki betur en að stjórnarandstöðuþingmenn hafi jafnvel í sumum efnum verið hvatamenn að því að halda aukafundi til þess að skýra mál betur.

Beiskjan yfir fjölmiðlamálinu og umfjöllun þess í efh.- og viðskn. kom greinilega fram í máli hv. formanns nefndarinnar því hann dró það inn í umræðuna um þessa tillögu. Hann nefndi fjölmiðlafrumvarpið og reifun efh.- og viðskn. á því sérstaklega í ræðu sinni og gat þess að menn gætu ekki vænst þess að fá vinsamlega og málefnalega umfjöllun um tillögur stjórnarandstöðunnar miðað við það hvernig hún hefði hagað sér. Ég spyr herra forseta: Hefur hann einhvern tímann séð nokkur dæmi um önnur eins viðbrögð af hálfu nokkurs formanns? Það er sem sagt hefnigirni og beiskja yfir því að hann hefur ekki haft tök á málum og ekki getað stýrt þeim til lendingar í efh.- og viðskn. sem ræður því að hann vill ekki taka málefnalega á tillögu sem hann sjálfur segir þó í upphafi máls að sé ágæt. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sagt að það sé svo mikið að gera í efh.- og viðskn. Hann nefndi fjölmiðlamálið, hann nefndi áminningarmálið. Hv. þm. hagar störfum nefndarinnar þannig að það er ekki hægt að ræða mál þar með málefnalegum hætti.

Fyrst hv. þm. dregur hér inn óskylt mál vil ég draga inn annað. Þegar við höfum reifun á frv. um olíugjald hafði hv. þm. Pétur H. Blöndal ákveðna skoðun á því máli og hann beindi starfi nefndarinnar í farveg sem bersýnilega átti að leiða til þess að tekin yrði upp allt önnur aðferð. Hann hvarf frá því. Af hverju var það? Hann hvarf frá þeirri leið sem hann taldi besta vegna þess, eins og hann sagði, að það var ekki tími til þess að ræða málið. Vegna þess að hv. þm. hefur sjálfur í frammi slíkt verklag að hann varð að falla frá sinni eigin stefnu í veigamiklu máli af því hann hafði ekki tíma til þess að ræða málið til þrautar í nefndinni og sagði frá því alveg blákalt í nefndinni að hann hefði talað við hæstv. fjmrh. sem hefði lagst gegn því og þess vegna yrðu menn að komast að þeirri niðurstöðu sem lendingin varð svo í olíugjaldsmálinu. Þetta er hin málefnalega vinna hv. þm. Hann lætur ráðherra skipa sér fyrir. Hann lætur snúa sig af sínum eigin skoðunum og segir svo: Ja, það var ekki tími til þess að ræða málið.

Hvað hefði skynsamur formaður gert í slíku máli? Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti því nokkuð ítarlega hvernig hún hefði í allan vegur verið að reyna að fá formann nefndarinnar til þess að ræða breytingartillöguna. Hún lýsti því hvernig hún hefði sagt honum samviskulega frá því að hún hefði áhuga á að ná þessari léttvægu breytingu í gegn. Hún gæti hugsað sér að gera það með sérstöku frv. en hún vildi bíða eftir því að eiga tök á því að flytja málið hugsanlega sem breytingu við þetta tiltekna frv. Ég gat ekki skilið mál hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og svar formannsins öðruvísi en svo að hann hefði gefið fyllilega til kynna að það væri umræðunnar virði. Það staðfesti hv. þm. síðan þegar hann sagði að málið væri í eðli sínu ekki vont, hann orðaði það svo, en á því væru gallar. Þeir gallar eru eins og hv. þm. benti á að það vantar að maka- og barnalífeyrisþegar gætu notið hins sama. Og það vantar að hans dómi að þeir sem þiggja lífeyri frá lífeyrissjóðum gætu líka notið þessarar breytingar ef samþykkt yrði.

Hvernig mundi málefnalegur formaður haga sér í framhaldi af því að hafa komist að slíkri niðurstöðu? Ætli hann hefði ekki reynt að leita samkomulags um að þær breytingar yrðu færðar inn í breytingartillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur? Hver er ástæðan fyrir því að hann geri það ekki? Ja, hann kom með hana áðan í hinni dæmalausu ræðu

sinni. Hann er bara að hefna sín. Og sú hefnd, sem beinist hér í salnum að okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar yfir því að við höfum verið að hans dómi í einhvers konar slagsmálum við hann í vetur, kemur hins vegar niður á allt öðru fólki. Hún kemur niður á þeim sem breytingartillagan á að bæta kjör hjá, þ.e. þeim sem þiggja elli- og örorkulífeyri. Það er ekki stórmannlegt, herra forseti, en ég er svo sem hættur að búast við nokkru stórmannlegu frá hv. þm. Pétri H. Blöndal eftir samstarfið við hann í vetur.

Hv. þm. býður síðan upp á það að málið verði unnið í sumar en nú hefur hann lagt fyrir þær breytingar sem hann telur að þyrfti að gera á því svo það væri að hans mati hæft til samþykktar. Ég spyr, herra forseti: Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að ræða það í efh.- og viðskn. og komast að samkomulagi um það? Ef það er svo að hv. þm. telur að ekki sé tóm til þess að ræða þær breytingar til þrautar eða aðrar breytingar sem hann ræddi hér líka og bera reyndar vott um ákveðið stórlyndi af hans hálfu því hann talaði um að það kæmi fyllilega til greina að kanna hvort ekki ætti að koma jafnframt inn í slíkar breytingar mótframlag upp á 6% frá hinu opinbera. Mál hans var ekki hægt að skilja öðruvísi þannig að það sýnir kannski töluvert meira stórlyndi í seinni parti ræðna hans en hinum fyrri. Ef ekki er tími til þess að gera það í nefndinni núna, hví ekki að samþykkja það með þessum hætti og það er þá hægt að fara í það síðar að breyta því enn frekar? Hv. þm. Pétur H. Blöndal er vanur því að fara þurfi í verkin hans og gera breytingar á frumvörpum sem hann hefur stýrt í gegnum þingið, jafnvel örfáum vikum eftir að þingið hefur fjallað um þau og samþykkt. Ég minni bara á frv. til laga um erfðafjárskatt. Hvað liðu margar vikur, herra forseti, þangað til að taka þurfti upp þau verk hv. formanns af því að hann vann ekki verkin sín nægilega vel í nefndinni? Ég man það ekki, þrjár vikur, var það svoleiðis? Kannski gæti hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagt mér það af því að hann fylgist gerla með öllu í þinginu eins og vaskra manna er háttur.

Herra forseti. Ég hef í fyrri andsvörum mínum gert að umræðuefni 2. gr. þessa frv. og breytingartillögu meiri hlutans við þá grein. Sú grein felur það í sér að lögreglu er skylt að færa mann til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ef hann hefur ekki sinnt kvaðningu þess efnis. Strax við 1. umr. málsins lýsti ég almennum efasemdum um þá grein. Mér finnst það vera mjög mikið vafamál hvort fara eigi fram af svo mikilli hörku gagnvart þeim mönnum sem verið er að afla vættis frá við rannsókn skattrannsóknarstjóra. Ég spurði þá hæstv. fjmrh. hvort hann teldi að tilefni væru til þess að grípa til svo harkalegra aðgerða. Hæstv. fjmrh. sagði að það væri tilkomið að ósk skattrannsóknarstjóra og hann gerði ráð fyrir því. Ég lýsti þá þeirri skoðun minni að ég tæki bara orð hæstv. fjmrh. gild og mundi síðan kanna þetta frekar í nefndinni. Ég gerði það. Ég spurði skattrannsóknarstjóra þegar hann kom til fundar við nefndina hversu oft hann teldi að upp kæmu tilvik þar sem þyrfti að fá atbeina lögreglu til þess bókstaflega að taka mann með valdi og færa hann til rannsóknar í lögreglufylgd hjá skattrannsóknarstjóra. Í ljós kom að skattrannsóknarstjóri hafði glögga þekkingu á því. Á þeim ellefu árum sem hann hafði kannað þessi tilvik reyndust þau vera tvö. Það eru tvö tilvik á ellefu árum þar sem þurft hefur með einhvers konar atbeina lögreglunnar að kveðja mann til rannsóknar af þessu tagi. Og eigum við þá, herra forseti, að fara að setja sérstök lög sem eru þjösnaleg og heldur harkaleg og ekki beinlínis til þess fallin, finnst mér, að tryggja þokkalegan rétt manna í atvinnulífinu. Eigum við að fara að setja lög um það? Ef tilvikin væru 100 eða 200 fyndist mér það meira en einnar messu virði að kanna það, en þegar um er að ræða einu sinni á fimm árum, minna en einu sinni á fimm árum, er það þá tilefni?

Nú verð ég líka að upplýsa þá skoðun mína, herra forseti, að ég tel að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi ekki verið víðs fjarri viðhorfi mínu gagnvart málinu í umfjöllun nefndarinnar. Það kom alveg skýrt fram t.d. hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni, sem er hér einhvers staðar á sveimi, að hann hafði efasemdir um þetta atriði. Ég man ekki betur en að hv. 6. varaforseti Alþingis, Birgir Ármannsson, hafi líka goldið varhuga við því í nefndinni. Því féllust menn á þau viðhorf mín að þetta væri ansi harkalega fram sett og það er að öllum líkindum þess vegna sem breytingartillagan kemur fram. En hún er bara þannig orðuð, herra forseti, að við getum ekki samþykkt hana. Það er búið að breyta ákvæðinu þannig að það er ákaflega loðið. Það er ákaflega teygjanlegt hvernig á að túlka það. Nú hljóðar ákvæðið svo að lögreglu er skylt að færa aðila, ekki mann eins og í fyrri gerðinni heldur aðila, til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis. Ég reyndi að hlýða hv. þm. Pétri H. Blöndal yfir hvað þetta þýddi í reynd. Hvað þýðir orðalagið „að forfallalausu"? Ég spurðist fyrir um það í nefndinni og Guðmundur Thorlacius hjá fjmrn. sagði að fyrir hendi væri, a.m.k. í framkvæmd, einhvers konar túlkun á því. Ég fékk það skriflegt frá fjmrn. hvernig því væri háttað. Það kom í ljós að svo er einfaldlega ekki. Menn hafa enga hefðbundna túlkun á þessum orðum. Þegar ég spurði hv. þm. hvað í því fælist og varpaði fram nokkrum dæmum sagði hv. þm. að hann teldi að ef um væri að ræða t.d. ferðalag sem hefði verið skipulagt löngu fyrir fram mætti það túlkast sem lögmæt forföll.

Herra forseti. Við erum að setja lög. Við þurfum að vita hvað í lögunum felst. Lögin þurfa að vera skýr. Ég spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal: Hver á að túlka hvenær forföll eru lögmæt eða ekki? Er það lögreglan? Eða er það skattrannsóknarstjóri? Ég er viss um að hv. þm. Pétur H. Blöndal getur ekki svarað því. Þetta er einfaldlega eitt af því sem hugsanlega yrði skorið úr um fyrir dómi.

Við erum að tillögu meiri hlutans og hv. þm. Péturs H. Blöndals að fara að samþykkja þessi lög. Sem betur fer er vægi þeirra ekki mikið því það kom fram í ræðu minni að tilvikin sem þau ná til eru sárafá en við erum samt sem áður að fara að samþykkja lög sem eru svo óskýr að að öllum líkindum þarf atbeina dómstóla til að skýra þau. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hafði t.d. ekki fyrir því að skýra það í nefndarálitinu hvað í orðalaginu fælist.

Ég spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal: Af hverju er sú skýring ekki í nefndarálitinu? Er það kannski til marks um hið frábæra vinnulag og verklag hv. þm. og formanns nefndarinnar? Auðvitað er það nefndinni til vansa, eins og ég sagði þegar við fjölluðum um málið í nefndinni, að setja það fram með svo óskýrum hætti. Við eigum ekki að koma fram af slíku virðingarleysi við atvinnulífið og þá sem hugsanlega lenda í þessari stöðu.

Ég spurði hv. þm. Pétur H. Blöndal hvað fælist í stöðu þess sem færður er til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra. Er það ekki rétt hjá mér að sá sem lendir í því hefur réttarstöðu grunaðs manns? Ef svo er er ég ansi hræddur um að við séum farin að veita mönnum mjög rúmar heimildir. Ég spurði hv. þm. hvað fælist í þeim orðum að lögreglunni

væri skylt að færa aðila til skýrslugjafar. Tilefni þeirra orða minna og spurningar er auðvitað breytingin sem gerð er á hinu upphaflega frv. Þar var talað um mann. Þar var þó a.m.k. nægilega skýrt kveðið á um það því þar var beinlínis talað um að kvaðningunni væri beint að tilteknum einstaklingi. Menn væru þá alla vega ekki að velkjast í vafa um hver það væri sem í því tilviki hefði réttarstöðu grunaðs manns, en breytingin er orðin sú að það er ekki maður heldur aðili. Ég spurði hv. þm. og formann nefndarinnar hvað fælist í því. Þá sagði hv. formaður nefndarinnar: Það er auðvitað lögaðili eða fyrirtæki og fyrirtæki hefur forsvarsmenn. Það sem hér er átt við er t.d. sá sem forsvarsmaður fyrirtækisins tilnefnir fyrir sig. Er það svo? Er það framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem á að skipa einhverjum undirmanni sínum að mæta hjá skattrannsóknarstjóra hugsanlega í lögreglufylgd, rifinn út af heimili sínu, vinnustað eða öðru í lögreglufylgd fyrir skattrannsóknarstjóra, og sæta réttarstöðu grunaðs manns? Er það vernd réttarríkisins sem við erum að tjá hér með þessum hætti?

Ég spurði hv. þm. hver ætti að tilnefna. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Ef svo er, herra forseti, mælist ég til þess að það komi fram í nefndarálitinu. Að mínu viti er tilgangurinn með þessari grein hugsanlega lögmætur en tilefnið er ekkert. Það eru tvö tilvik á ellefu árum. Hv. þm., formanni efh.- og viðskn. og meiri hlutanum, hefur tekist að afbaka þessa grein með þeim hætti að hún er ekki tæk til samþykktar. Það liggur bara ekki ljóst fyrir hver þýðing hennar er í smæstu smáatriðum og það verður að vera ljóst þegar um er að ræða jafnviðurhlutamikið mál og það að senda lögreglu til að taka mann hugsanlega út af vinnustað eða heimili og flytja í lögreglufylgd fyrir skattrannsóknarstjóra. Svona bix eiga menn bara ekki að leggja fyrir Alþingi Íslendinga. Það verður hv. þm. Pétur H. Blöndal að skilja. Honum var falin mikil ábyrgð þegar hann var gerður að formanni efh.- og viðskn. Ég man ekki betur en mér hafi orðið á þau skelfilegu glöp að veita honum atkvæði mitt, sem verður nú aldrei aftur, en hann verður að skilja það að menn verða að rísa undir ábyrgð.

Ábyrgðin sem hvílir á herðum þeirra sem stýra vinnu þingnefnda felst m.a. í því að þeir verða að rannsaka mál út í hörgul, líka lítil mál. Það eru oft litlu málin sem geta skipt svo miklu máli varðandi persónuvernd og rétt manna. Við getum ekki leyft okkur að kasta höndunum til verka eins og hér hefur augljóslega verið gert. Sú grein sem hér liggur fyrir í breytingartillögu meiri hluta efh.- og viðskn. er það óskýr að við eigum ekki að samþykkja slíkt bix. Það liggur bara ekki ljóst fyrir hvernig á að túlka hana. Ég get fyrir mína parta ekki fallist á að samþykkja greinina með því orðalagi þó að ég hefði hugsanlega getað fallist á að setja einhvers konar viðurlög gegn því að menn sinni ekki því sem upphaflega var kallað ítrekuð kvaðning. Ég tel að tekist hafi að eyðileggja það ákvæði og hugsanlega var það vegna þess að meiri hluti efh.- og viðskn. var ekki mjög sannfærður um gildi þess. Væntanlega hefur komið símhringing frá hæstv. fjmrh. þar sem formanninum var skipað til verka eins og í svo mörgum öðrum málum.

[11:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég fór inn á þing tók ég þá ákvörðun að ræða ekki um persónu manna eða leggja mat á hana, heldur taka tillit til skoðana manna sem oft byggjast á heimssýn þeirra og virða þær skoðanir. Ég hef reynt að vanda mig við að gera það á Alþingi. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur ítrekað og aftur og aftur ráðist að persónu minni, jafnvel þannig að sumir þingmenn hafa sagt mér að ég eigi að bera af mér sakir og þá hef ég sagt að ég geri það ekki þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson er með ákúrur. Það er nefnilega svo að sá hv. þm. hefur ekki bara ráðist að mér einum, þeir eru fleiri sem hafa orðið fyrir því.

Það er dálítið erfitt að sitja undir slíkum ádeilum aftur og aftur þegar maður veit betur og maður hefur reynt að vinna að framgangi ákveðinna mála, t.d. eins og þess máls sem við ræðum hér. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir getur borið um það að ég hef tekið mjög jákvætt í þessa tillögu og ég er búinn að ræða við hana ítrekað í vetur. Það er því með ólíkindum að heyra slíkan málflutning, ekki bara í ræðu hv. þm., heldur líka áðan, herra forseti, undir liðnum um stjórn fundarins þar sem hv. þm. notaði lungann úr ræðu sinni til að ræða persónu mína, að ég sé ekki hæfur sem formaður nefndarinnar o.s.frv. Það getur vel verið að það sé svo en mér finnst svona orðræða alltaf lýsa hv. þm. betur en mér.

[11:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mikil heilagleikaræða hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég vil bara rifja það upp fyrir honum hvað hann sagði í fyrri ræðum sínum þar sem hann lýsti því að framferði tiltekinna manna, þar á meðal mín og fleiri manna í efh.- og viðskn., hefði verið með þeim hætti að hann treysti sér ekki til þess að fjalla málefnalega um tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað varðar síðan vinnulagið í efh.- viðskn. þá vil ég bara minna hv. þm. og formann nefndarinnar á að ég, eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar, hef ákveðinn rétt. Ég hef þann rétt að hv. formaður nefndarinnar komi fram með sama hætti við þingmenn stjórnarandstöðunnar, láti þá njóta sömu verndar og sömu tækifæra til að sinna sínum málum í nefndinni eins og þingmenn stjórnarliðsins. Ég vil bara minna hv. þm. á með hvaða hætti hann hóf samstarfið í vetur, minna hann á með hvaða hætti hann mismunaði þingmönnum stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðsins og beitti allt öðrum leikreglum gagnvart þeim en okkur. (Gripið fram í.) Hv. þm. á bara að hafa það í huga. Menn sá fræjum og menn uppskera. Það er einfaldlega svo.

Í máli eftir máli hefur hv. þm. stýrt vinnu nefndarinnar þannig að hann hefur beinlínis blásið til ófriðar í staðinn fyrir að reyna að ná sátt um mál. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að koma og bera okkur á brýn að við viljum ekki ná þokkalegu vinnulagi í nefndinni vegna þess að dæmin tala. Við höfum, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, starfað í mikilli sátt undir formennsku Vilhjálms Egilssonar og hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, í mikilli eindrægni svo til þess var tekið. Það var ekki fyrr en minkurinn kom í hænsnabúrið sem ófriðurinn byrjaði.

[11:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eiginlega litlu að bæta við þessa ræðu því hún skýrir sig sjálf. Hann talar um heilagleikaræðu, hann talar um mink í hænsnabúi o.s.frv. Það er ekkert lát á því sem hefur verið og verður sennilega áfram því að hv. þm. sem er nú formaður Samf. er stöðugt að ráðast á einstakar persónur. Hann talar ekki málefnalega um mál. Þannig er það bara og

þannig verður það væntanlega áfram. Ég mun þurfa að sitja undir slíkum ræðum áfram en ég mun ekki svara þeim frekar en hingað til nema það sem ég sagði núna. Nú þótti mér um koll keyra þegar hv. þm. var stöðugt, bæði undir liðnum um stjórn fundarins og svo í ræðu sinni, að geta um persónulega ágalla mína. (**Gripið fram í:** Þú lýstir hefnd ...) Já, hann talar líka um hefnd. Það sem ég sagði var að menn skyldu ekki búast við því að stjórnarliðar legðu lykkju á leið sína til þess að mæta frumvörpum og ræða þau sérstaklega. Nú hef ég reyndar gert það. Ég hef reyndar rætt þetta frv. við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég hef rætt það við ráðuneytið líka. (Gripið fram í.) Ég er því búinn að vinna töluvert í þessu máli og það er ekki hægt að segja að ég hafi ekki mætt því með velvilja. Ég hef auk þess lagt til ... (Gripið fram í.) Herra forseti. Fæ ég frið fyrir frammíköllum? Ég hef auk þess lagt til að nefndin taki málið í sumarhléi þingsins þegar nefndir starfa að sjálfsögðu og ræði það og sérstaklega þá vankanta sem ég sá á frv. sem hefur í sjálfu sér mjög góða stefnu. Ég hef því viljað ræða mál á Alþingi málefnalega. Mér þykir mjög sárt hvernig t.d. fjölmiðlamálið var rætt hér vegna þess að í öllum þeim aragrúa ræðna sem voru haldnar voru góðir punktar inn á milli. Þeir týndust bara í allri umræðunni. Ég hygg að málið hefði orðið betra ef menn hefðu haft ræðurnar styttri og málefnalegri.

[11:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur hér og segir að ekki sé hægt að bera honum á brýn að hann hafi ekki viljað ræða málið með jákvæðum hætti við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hann segist hafa rætt það í allan vetur við hana og það er rétt. Hv. þm. lýsir því jafnframt yfir að tillagan feli í sér góða stefnu. En ef hann hefur rætt hana í allan vetur við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar og er sammála stefnunni, hvers vegna er þá ekki hægt að samþykkja hana? Ef hv. þm. er sammála megingrunni og stefnu tillögunnar hví er þá ekki hægt að samþykkja hana? Hv. þm. lýsti því nákvæmlega sjálfur fyrr í dag hvers vegna stjórnarandstaðan gæti ekki búist við að fjallað yrði með vinsamlegum og jákvæðum hætti um tillögur hennar. Það var vegna þess að í efh.- og viðskn. myndaðist meiri hluti í tilteknu máli sem hv. þm. var ekki að skapi.

Herra forseti. Þannig er nú einu sinni lýðræðið. Meiri hlutinn ræður. Í efh.- og viðskn. myndaðist meiri hluti gegn hv. þm. Pétri H. Blöndal í fjölmiðlamálinu. Og hv. þm. Pétur H. Blöndal mátti sæta því í einu tilviki að meira að segja félagar hans í hinum fyrrverandi meiri hluta treystu sér ekki til að greiða tillögu hans atkvæði. Í einu tilviki fékk tillaga hans eitt atkvæði. Hv. þm. hefur fyllstu ástæðu til þess að vera beiskur út af því en þetta er lýðræðið. Þetta heitir lýðræði. Það þýðir ekki að koma hingað og kvarta yfir því að í allan vetur hafi menn verið í einhverjum sandkassaleik og pólitískum slagsmálum í efh.- og viðskn. Hvað heldur hv. þm. að Alþingi Íslendinga snúist um? Það snýst um átök, hugmyndir og málefni. Það er svo einfalt mál.

[11:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég heyri að menn eru farnir að ræða fjölmiðlamálið að nýju. Það er heldur seint í rassinn gripið, það er búið að samþykkja það frv. (**PHB:** Er enn í umræðu í nefndinni.) en er enn í umræðu í nefndinni, segir formaður efh.- og viðskn. Hann sagði reyndar einnig að nokkrir góðir punktar hefðu verið inn á milli en ræðurnar verið of langar. Staðreyndin er sú að umræðan var fyrst og fremst löng af þeirri ástæðu að mjög margir tóku þátt í henni. Það voru örfáar alllangar ræður en að uppistöðu til voru þetta fremur stuttar eða hóflegar ræður og að mínu mati mjög innihaldsríkar.

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að lýsa stuðningi mínum við breytingartillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur við frv. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara en þegar á heildina er litið er ég samþykkur þessu frv. en tek undir með hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni að það er mjög bagalegt að við skyldum ekki afgreiða breytingartillöguna. Hún kom ítrekað til umræðu í efh.- og viðskn. Það kom fram hjá formanni nefndarinnar, bæði á nefndarfundum og hefur einnig verið ítrekað í þingsalnum að hann sé að mörgu leyti meðmæltur þeirri stefnu sem felst í tillögunni eða telji hana a.m.k. vel íhugunarverða og að málið yrði hugsanlega skoðað milli umræðna, milli 2. og 3. umr. ef ég man rétt. Það sem mér þótti hins vegar slæmt að heyra voru þær yfirlýsingar að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn mundi ekki leggja lykkju á leið sína vegna þeirra umræðna sem fram hafa farið í þinginu um átakamál á borð við fjölmiðlamálið. Mér finnst það mjög alvarlegur hlutur og umhugsunarvert fyrir þá sem heyra þessa umræðu að velta því fyrir sér hvert tilefnið er sem ríkisstjórnin vilji ekki leggja lykkju á leið sína fyrir. Það eru málefni öryrkja. Ríkisstjórnin ætlar ekki að leggja lykkju á leið sína fyrir öryrkja. Komin er fram tillaga í þinginu um að skattafsláttur verði veittur af svokölluðum viðbótarlífeyrissparnaði hjá öryrkjum. Það væri sambærilegt við það sem launafólk nýtur almennt og hér er lögð fram tillaga um að sá skattafsláttur nái einnig til öryrkja. Ekki er verið að fara fram á að það komi framlag í lífeyrissjóðinn frá ríkinu, frá hinu opinbera. Það er ekki verið að ræða um slíkt. Það er verið að ræða um að öryrkjar njóti sömu skattfríðinda og launafólk almennt gerir. En ríkisstjórnin ætlar ekki að leggja lykkju á leið sína til að koma til móts við stjórnarandstöðuna í því efni.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. en lýsi mjög eindregnum stuðningi við þá breytingartillögu sem liggur fyrir.

[11:36]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég er alveg hættur að skilja hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann hefur komið hér og lýst yfir að hann telji stefnuna sem felst í tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur góða. Hann hefur sömuleiðis lýst því yfir að hann telji að tillöguna megi bæta. Hann hefur jafnframt lýst því með hvaða hætti megi bæta hana. Hann hefur líka lýst því að hann hafi átt í langvinnum viðræðum eða samtölum við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um málið og hafi fullan skilning á því að það væri þarfaverk að samþykkja meginstefnuna í breytingartillögunni. Ég spyr þá, frú forseti: Hvað kemur í veg fyrir að tillagan verði samþykkt? Er hv. þm. Pétur H. Blöndal reiðubúinn til að lýsa því yfir á fundinum í efh.- og viðskn. á morgun að þá verði málið rætt í þeim tilgangi að reyna að finna sameiginlega lendingu á því? Er hv. þm. tilbúinn til þess? Ef hann er eins mikill maður sátta og komið hefur fram í máli hans hér hlýtur hann að vilja tjá þann sáttarvilja með einhverjum hætti í verki. Það hefur komið fram að hér er um algjört smámál að ræða. Um er að ræða mál sem að mati flutningsmanns breytingartillögunnar varðar hugsanlega fimm öryrkja. Hugsanlega fleiri, hugsanlega

marga fleiri, ég veit það ekki. Hv. þm. gefur til kynna með látbragði sínu að svo sé. En ef menn hafa rætt það í heilan vetur og ef hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði viljað hefði hann væntanlega getað komist til botns í því hversu marga málið varðar, hversu mikil útgjöld ríkissjóðs yrðu hugsanlega vegna málsins. Það hefur hann ekki gert en hann hefur enn þá tækifæri til að bæta ráð sitt.

Ég ítreka því spurninguna til hv. þm.: Er hann reiðubúinn til þess að taka málið til afgreiðslu í nefndinni á morgun? Ef hann er ekki reiðubúinn til þess, hvaða rök eru fyrir því? Hv. þm. hefur sagt að hann vilji ræða málið í sumar en ef hann og flutningsmaður eru búin að ræða það helftina af vetrinum, hvað meinar þá að leggja fram breytingar sem menn gætu hugsanlega náð sátt um í nefndinni og Pétur H. Blöndal hv. þm. gæti verið aðili að?

Í ræðu minni áðan fór ég nokkrum orðum um 2. gr. frv. og breytingartillöguna sem liggur fyrir frá meiri hluta nefndarinnar. Ég færði mörg rök að því er ég taldi fyrir því að tillagan væri í sínu upphaflega formi að líkindum óþörf. Ég vísaði til orða skattrannsóknarstjóra. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur ekki gert tilraun til þess að hnekkja þeim rökum með einhvers konar mótbárum eða rökstuddum upplýsingum um annað. Ég gerði sömuleiðis þrjár athugasemdir við breytingartillöguna, við orðalag hennar sem ég tel að sé mjög illa fallið til samþykktar. Ég tel að orðalagið sé óskýrt, það geti leitt til misskilnings og það sé með þeim hætti að það sé ákaflega erfitt að framkvæma ákvæðið þannig að fyllsta réttar einstaklings sé í hvívetna gætt.

Ég spyr hv. þm. Pétur H. Blöndal: Ef hann er ósammála þessum rökum mínum, hver eru mótrök hans? Telur hann ekki að það hefði verið þarft af hálfu meiri hlutans að skýra í nefndaráliti með hvaða hætti ber að túlka orðin „að forfallalausu"? Sömuleiðis hvaða afleiðingar breytingarnar á tillögunni þar sem orðalagið „að færa mann til skýrslugjafar" er breytt yfir í „að færa aðila til skýrslugjafar" hafa í för með sér? Ég held að það sé þarft, a.m.k. fyrir þá sem eiga hugsanlega eftir að fjalla um þetta fyrir dómi í framtíðinni, að vita hvað það var sem vakti nákvæmlega fyrir löggjafanum. Hv. þm. og formaður nefndarinnar hefur komið með ákaflega loðnar skýringar á því með hvaða hætti eigi að túlka orðin „að forfallalausu". Ég hef bara sagt það hreinskilnislega að mér finnst orðalagið vera svo opið og óskýrt að það sé engan veginn tækt til samþykktar. Ég hef notað þetta í ræðu minni, og reitt hv. þm. til geðshræringar eða reiði, til þess að færa rök að því að vinnulagið í nefndinni er ekki ásættanlegt að mínum dómi. Hv. þm. tekur það sem persónulegar árásir að ég skuli skammast yfir því ítrekað að mál komi frá nefndinni með þessum hætti. Þetta er annað málið í vetur sem hefur slíkan losarabrag á sér. Það er því að gefnu tilefni sem ég færi þetta í tal.

Ég hef ekki fleiri ræður til þess að ganga á eftir því við hv. þm. hvort hann vilji skýra þetta betur. En ég ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir þingmanninn:

1. Er hann reiðubúinn til þess að reyna að ná samkomulagi í efh.- og viðskn. um að breyta tillögunni frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þannig að meiri hlutinn treysti sér til þess að mæla með samþykkt hennar?

2. Telur hann ekki rétt að skýra betur hvað felst í orðalaginu „að forfallalausu" sem er óskýrt í nefndarálitinu?

3. Telur hann ekki, eftir þær rökræður sem við höfum átt, að umskiptin á greininni sem leiða til þess að orðið „mann" er tekið út og orðið „aðila" er sett inn leiði til þess að það verði ákaflega erfitt að framkvæma lögin ef frv. verður samþykkt þannig að viðunandi sé og ekki rísi álitamál sem kunni að þurfa að leita úrskurðar og atbeina dómstóla til að skýra?

[11:44]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er búinn að svara því hvað er aðili. Það er fyrst og fremst t.d. stjórn hlutafélags eða eigendur að sameignarfélagi. Í öðru lagi geta þeir tilnefnt einhvern aðila, t.d. fjármálastjóra, sem eigi að veita upplýsingar hjá skattrannsóknarstjóra. Þá mætir hann. Ég held að þetta sé alveg kristaltært.

Varðandi „að forfallalausu" sem hv. þm. er búinn að tala um aftur og aftur nefndi ég að þetta er í samræmi við önnur lög þar sem þetta er búið að vera í fjölda ára, í lögum um meðferð opinberra mála. Þar er talað um „að forfallalausu" líka þannig að ég skil ekki þessa umræðu alla.

Varðandi frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur, eða brtt. sem er í rauninni heilt frv., sagði ég að á henni væru ýmsir gallar eða ýmis atriði sem þyrfti að lagfæra og þarf að ræða. Meðal annars er að af launum þeirra aðila sem núna mega spara er greitt tryggingagjald og það er mótframlag atvinnurekenda. Ég sagði alls ekki að það ætti að gilda í þessu máli, alls ekki, enda hefur sérstaklega verið tekið fram að svo yrði ekki. En þetta er eitt af þeim atriðum sem þyrfti að skoða, t.d. hvernig maður fer með tryggingagjaldið.

Svo er það þannig, frú forseti, að ég er ekki einn í þingflokki mínum. Ég segi ekki „við sjálfstæðismenn" eins og sumir segja „við samfylkingarmenn" eins og þeir séu allir samtengdir á heila. Ég þarf að bera undir þingflokkinn svona breytingar, að sjálfsögðu, og það hefur ekki unnist tími til þess í þeim miklu — ja, ég vil kalla það slagsmálum sem hafa verið á þingi.

Svo vil ég benda hlustendum og hv. þingmönnum á að hv. þm. heldur áfram. Hann talar um að ég þurfi að bæta ráð mitt, ég sé með loðnar skýringar og hann hafi reitt mig til geðshræringar eða reiði o.s.frv. Mér finnst þetta ekkert voðalega málefnalegt, frú forseti.

[11:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gef lítið fyrir það hvað hv. þm. Pétri H. Blöndal þykir málefnalegt. Hann kvartaði áðan yfir fjölmiðlaumræðunni sem hér hefur staðið linnulítið vikum saman. Ég sá ekki mikið til hv. þm. Péturs H. Blöndals, ég man ekki hvað hann hélt margar ræður þar. Hann getur kannski upplýst mig um það.

Frú forseti. Svo að ég komi aðeins að þessu efni. Hv. þm. segir að aðilinn sem lögreglan á að færa til skýrslugjafar sé einstaklingur sem vinni í fyrirtæki sem stjórn hlutafélagsins eða framkvæmdastjórinn tilnefnir. Hvernig á lögreglan að vita hver er tilnefndur til þessa? Hvernig á þá lögreglan að vita, og skattrannsóknarstjóri eftir atvikum, hvern á að færa í lögreglufylgd, rífa út af heimili sínu, rífa út af vinnustað og færa til rannsóknar, hugsanlega með réttarstöðu grunaðs manns eins og rætt var í nefndinni? Mér finnst þetta loðið og óskýrt og ég vona að hv. þingmanni þyki það ekki ómálefnalegt þótt ég segi fullum fetum: Svona lög á bara ekki að setja.

Í öðru lagi kom fram hjá hv. þingmanni að hann sér meinbugi á málinu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur. Það þarf að rannsaka ýmislegt í því. En hv. þm. hefur haft

þetta til rannsóknar í heilan vetur. Hann hefur upplýst að hann hafi vitað af þessari tillögu frá því snemma í vetur og rætt hana mörgum sinnum við hv. þm. sem flytur hana. Svo kemur hv. þm. og bætir að lokum við enn einni skýringunni, og hún er þessi: Það hefur ekki gefist tóm til að ræða málið í þingflokki sjálfstæðismanna af því að það hafa verið svo mikil slagsmál í þingsölum um fjölmiðlamálið. Ég veit ekki betur en að það hafi legið fyrir af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í allan vetur að þessi tillaga yrði flutt. Það hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal staðfest með því að segja að hann hafi verið í samtölum við þingmanninn um þetta í allan vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 2. umr.

Stjfrv., 734. mál (EES-reglur, gildissvið). — Þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611 og 1738.

[11:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur, Atla Frey Guðmundsson og Þóru Margréti Hjaltested frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Fjólu Guðjónsdóttur og Tryggva Axelsson frá Löggildingarstofu, Halldór Árnason og Ágúst Þór Jónsson frá ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, Guðrúnu Rögnvaldsdóttur frá Staðlaráði Íslands, Gústaf A. Skúlason frá Samtökum atvinnulífsins, Helga Sigurðsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands og Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Grundvöllur frumvarpsins er ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003 um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB, um öryggi vöru.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útvíkka gildissvið laganna til þjónustuviðskipta þó svo að það sé ekki hluti af framangreindri tilskipun. Þetta telur meiri hlutinn ekki vera tímabært. Svo vel megi takast við setningu grunnreglna um öryggi þjónustuviðskipta þarf að kynna slíkar hugmyndir vel fyrir þjónustuveitendum og gæta þess vel að ekki verði lagðar of þungar byrðar á atvinnulífið. Meiri hlutinn leggur því til að gildissvið laganna verði ekki útvíkkað á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þ.e. að fella þjónustuviðskipti undir lögin, heldur verði sá möguleiki skoðaður frekar, m.a. í samráði við þjónustuaðila hér á landi.

Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, en þær eru:

1. Að gildissvið laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu verði ekki útvíkkað á þann hátt sem gert er í frumvarpinu hvað varðar þjónustuviðskipti. Lagt er til að orðið „þjónusta“ verði fellt út á viðeigandi stöðum í frumvarpinu, en þó ekki alls staðar því að gildandi lög taka til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, og sömuleiðis verði felld brott ákvæði sem hafa þann tilgang að útvíkka gildissvið laganna á framangreindan hátt.

2. Að breytt verði skilyrðum 9. gr. hvað varðar þann tíma sem framleiðandi þarf að geyma gögn varðandi framleiðslu sína þannig að sá tími miðist við skilyrði bókhaldslaga í stað líftíma vörunnar. Var sérstaklega bent á það, frú forseti, að t.d. sement eða steypa hefur mjög langan líftíma og gæti orðið mjög slæmt að þurfa að geyma gögn allan þann tíma.

3. Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson undirritar álit þetta með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en áskilur sér rétt til að styðja breytingartillögur við málið.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson og Ögmundur Jónasson með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 785. mál (íbúðabréf). — Þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533.

[11:54]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frv. þetta má segja að sé niðurstaða nefndar fjmrh. sem var sett á laggirnar í mars 2001, ef ég man rétt, og hafði það að markmiði að efla enn frekar stöðu verðbréfa Íbúðalánasjóðs á markaði. Við fórum vel yfir þetta mál í félmn. fyrir nokkrum vikum og þá mátum við það svo að við hefðum tiltölulega skamman tíma því ætlunin var að þinginu lyki 7. maí, eins og vel er þekkt. Ég held hins vegar að nefndin hafi náð að fara ágætlega yfir málið. Ég veit ekki hvort það er hefð að gera það hér en ég vildi nota tækifærið og þakka nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Ég verð að segja það nákvæmlega eins og er að mér þótti sérstaklega framganga stjórnarandstöðunnar vera til mikillar fyrirmyndar í nefndinni.

Nú er það ekki svo að allir hafi verið á eitt sáttir um málið og að ekki hafi verið velt neinum steinum hvað það varðar. Því fór víðs fjarri. Hins vegar voru menn einbeittir í því í nefndinni að reyna að vinna málið hratt og örugglega en þó þannig að farið væri yfir alla þætti. Ég tel líka að það hafi verið mikill styrkur fyrir nefndina að hafa fyrrverandi félmrh., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, innan borðs. Það var mikill styrkur þegar við fórum yfir þessa þætti. Eins og menn þekkja er hv. þm. einbeitt í stjórnarandstöðu sinni en þó alltaf málefnaleg og var hún það svo sannarlega innan nefndarinnar. Ég tel að það hafi verið mjög mikill styrkur í þessu starfi og ég vona að félagar hennar í Samf. láti hana ekki gjalda þess að sá sem hér stendur hrósi henni sérstaklega en það er alveg full ástæða til. Nóg um það.

Þetta er frv. félmrh. um þessa breytingu. Markmiðið er mjög einfalt, að koma með hagkvæmari húsnæðislán fyrir

íbúðakaupendur með ódýrari fjármögnunum á almennum lánamarkaði. Með nokkurri einföldun þýðir þetta að menn eru að tala um að lækka ávöxtunarkröfu fjárfesta á bréfum sem bera uppi húsnæðiskerfið. Með öðrum orðum er markmiðið með þessu hreint og klárt að lækka vexti og auðvelda mönnum húsnæðiskaup. Með nokkurri einföldun þýðir þetta að verið er að einfalda kerfið sem er til staðar, hanna staðlaðri og seljanlegri bréf þannig að þau verði auðseljanlegri á markaði. Það þýðir vonandi, ef markmiðið nær fram að ganga, sem ég hef fulla trú á, fleiri kaupendur, bæði innlenda og erlenda, og þar af leiðandi lægri ávöxtunarkröfu af þeirra hálfu sem þýðir vonandi í nútíð og framtíð lægri vexti.

Eins og ég sagði er þetta frv. félmrh. byggt á tillögum nefndar fjmrh. frá 28. mars 2001. Niðurstaða þeirrar nefndar sem fór yfir núverandi kerfi er að það hafi að stærstum hluta reynst vel. Það var án nokkurs vafa mjög góð breyting þegar hún kom fram á sínum tíma. Þrátt fyrir það eru ákveðnir ágallar á þessu eins og menn þekkja. Þeir helstu eru að viðskiptavinir bera ákveðna vaxtaáhættu sem alla jafna gengur undir hugtakinu afföll. Það er heldur ekki hægt að horfa fram hjá því að kerfið er flókið fyrir íbúðakaupendur og sömuleiðis flókið fyrir fjárfesta. Það þýðir hærri vexti. Húsbréfin hafa ekki náð þeim kjörum miðað við stærð og gerð ríkistryggðra bréfa. Þess vegna er farið út í þær breytingar sem hér verður í fljótu bragði farið yfir og koma fram í frv. Þær eru þær helstar, eins og ég sagði, að markmiðið er einföldun. Í stað húsbréfa koma peningalán eins og við þekkjum í almennum lánaviðskiptum. Íbúðalánasjóður mun gefa út eina tegund verðbréfa í stað tveggja áður og kjör lánanna miðast við fjármagnskostnað Íbúðalánasjóðs í heild. Þar er annars vegar um að ræða vaxtakjör sem ráðast af niðurstöðu útboðs íbúðabréfa og hins vegar fjármagnskjör vegna uppgreiðslu lána Íbúðalánasjóðs. Vaxtaákvörðunin mun byggjast á vegnu meðaltali þessara tveggja þátta. Að auki kemur álag sem sjóðurinn bætir við líkt og nú tíðkast við peningalán Íbúðalánasjóðs og sölu hans á húsnæðisbréfum.

Þetta nýja fyrirkomulag gerir þannig ráð fyrir að vextir á útlánum Íbúðalánasjóðs verði ákveðnir eftir hvert útboð og verði þar af leiðandi mismunandi á milli tímabila. Íbúðalánasjóður mun ekki hafa almenna heimild til innköllunar á íbúðabréfum á móti uppgreiddum lánum nema í neyðartilfellum og þar er gert ráð fyrir að ráðherra þurfi að koma til. Er þetta gert til að gera hin nýju íbúðabréf aðgengilegri á markaði. Áhættudreifingin, áhættustýringin og áhættan verður í rauninni á hendi Íbúðalánasjóðs og hann mun hafa heimild til að eiga viðskipti með verðbréf og beita hefðbundnum aðferðum við áhættustýringu með það fyrir augum að dreifa áhættu sjóðsins. Er það nokkurt nýmæli og hljómar kannski sem mikið áhættumál fyrir Íbúðalánasjóð en hann hefur á undanförnum mánuðum verið að undirbúa sig fyrir slíkt. Bara svo því sé til haga haldið er hér um að ræða þrátt fyrir allt mun einfaldari áhættu en við t.d. þekkjum í hefðbundnum bankaviðskiptum. Ef við berum Íbúðalánasjóð saman við hina hefðbundnu viðskiptabanka sem við þekkjum á hinum íslenska markaði erum við að ræða um mun einfaldari áhættustýringu þar sem hér er um að ræða íbúðalánaviðskipti. Hinir hefðbundnu viðskiptabankar eru hins vegar á svo mörgum öðrum sviðum og þurfa að líta til miklu fleiri þátta.

Gert er ráð fyrir að skipta út þessum nýju bréfum fyrir hin gömlu með skiptiútboðum. Það er lagt alveg sérstaklega upp með að þar verði um að ræða góða samvinnu við aðila á markaði og hefur nefndin verið fullvissuð um að mikil vinna hafi verið lögð í það. Miðað við það sem við höfum heyrt og þær umsagnir sem við höfum fengið eigum við ekki að þurfa að hafa áhyggjur af öðru en að það muni ganga vel fyrir sig.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um nokkrar breytingar. Sömuleiðis kemur fram í nefndaráliti að Fjármálaeftirlitið fagni þeirri breytingu að Íbúðalánasjóður sé gerður að eftirlitsskyldum aðila en samkvæmt gildandi lögum er aðeins húsbréfadeild eftirlitsskyld. Meiri hlutinn tekur undir þetta og mælist til þess að þegar verði hafin vinna við að setja niður nánari reglur um hvað það er sem hafa skuli eftirlit með í starfsemi sjóðsins. Meiri hlutinn telur æskilegt að slíkar reglur verði settar í lög frekar en að aðeins sé mælt fyrir um slíkt með stjórnvaldsfyrirmælum og má þá hafa hliðsjón af þeim lagareglum sem gilda um eftirlit með öðrum fjármálafyrirtækjum á markaði. Þarna tekur meiri hluti nefndarinnar undir umsögn Fjármálaeftirlitsins og mælumst við til þess að fljótlega verði farið í að binda þessa eftirlitsskyldu og skilgreiningu á henni í lög í stað þess að hafa það í reglugerð þrátt fyrir að hvorki Fjármálaeftirlitið né meiri hluti nefndarinnar hafi gert neina athugasemd við að það sé gert á þessum tímapunkti.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frv. og þær koma fram í meirihlutaálitinu sem ég vil lesa upp, með leyfi forseta:

„1. Lagt er til að á 5. gr. verði gerð breyting sem miðar að því að Íbúðalánasjóður semji við aðila á fjármálamarkaði, svo sem lánastofnanir eða aðra aðila, um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra." — Þetta er í rauninni sambærilegt við það sem gerist nú í dag. Í frv. var gert ráð fyrir breytingu á orðalagi hvað þetta varðar en meiri hlutinn vill hafa þetta með sambærilegum hætti og er í dag.

„2. Gerð er tillaga um að ákvæði um upphafsdag vaxta í 10. gr. taki mið af því að ávallt tekur nokkra daga að afla undirskrifta á ÍLS-veðbréf og fá því þinglýst. Eðlilegt þykir að miða við að þetta ferli taki að jafnaði fimm virka daga og að fyrsti vaxtadagur miðist við lok þess tíma.

3. Lagt er til að dagsetningu í ákvæði til bráðabirgða I verði breytt og hún færð nær þeim degi þegar telja má líklegt að tekist hafi að birta frumvarpið sem lög verði það samþykkt."

Að lokum til að setja þetta í eitthvert samhengi og til útskýringar á því af hverju þetta sé nauðsynlegt og æskilegt ætla ég, með leyfi forseta, að vitna í ágætisumfjöllun Viðskiptablaðs Morgunblaðsins um verðtryggð skuldabréf fimmtudaginn 6. maí 2004. Blaðamaður Morgunblaðsins, Haraldur Johannessen, fjallar þar um alþjóðlegan verðbréfamarkað og horfurnar fyrir íslensk bréf. Þetta er um margt athyglisverð úttekt og kemur þar fram að íslenski skuldabréfamarkaðurinn sé sjöundi stærsti skuldabréfamarkaður í heimi. Þetta er eitt af því sem við erum stór í, okkar litla þjóð. Þar vitnar hann mjög í og tekur upp úr úttekt á mánaðarútgáfu Barclays Capital. Ég ætla að lesa örstutt upp úr niðurlagi þessarar úttektar og byrja, með leyfi forseta, á millifyrirsögn sem segir „Íslensku bréfin ákjósanleg":

„Í mánaðarútgáfu Barclays Capital sem minnst var á hér að ofan kemur fram að nýfengin tenging Íslands við uppgjörs- og vörslufyrirtækið Clearstream og fyrirhuguð breyting á skuldabréfamarkaðnum í sumar veiti kjörið tækifæri til fjárfestinga. Áður hafi útlendingar þurft að setja upp reikninga hjá innlendum bönkum sem hafi haft mun meiri kostnað í för með sér og hafi fælt flesta erlenda fjárfesta frá

því að velta markaðnum fyrir sér í alvöru. Möguleikinn til að fjárfesta miðað við 4% raunvexti þegar mikilvægar umbætur og aukinn seljanleiki séu fram undan sé eftirsóknarverður fyrir stofnanafjárfesta og muni líklega vega þyngra en efasemdir um að fjárfesta í fremur lítið seljanlegri mynt. Talið er sérstaklega jákvætt að losna við útdráttinn, þ.e. endurkaup bréfanna, og að flokkunum muni fækka úr 38 í 4. Barclays Capital telur litla ástæðu til að ætla að ávöxtunarkrafan muni ekki lækka enn meira en orðið er."

Önnur millifyrirsögn kemur í framhaldinu, „Markaður og eftirmarkaður":

„Fyrir fáeinum árum var alþjóðlegur markaður með verðtryggð skuldabréf aðeins lítill markaðsafkimi sem afar fáir veittu athygli. Við þetta bættist að eftirmarkaður með bréfin var nánast ekki til, en með eftirmarkaði er átt við sölu bréfanna áfram eftir að þau hafa verið keypt í fyrsta sinn. Þetta hefur hvort tveggja breyst mikið og á örskömmum tíma hefur markaður með þessi bréf vaxið það mikið að hægt er að tala um fullburða markað þó að hann sé — enn sem komið er að minnsta kosti — aðeins brot af hefðbundna skuldabréfamarkaðnum. Horfur um sölu á íslenskum verðtryggðum skuldabréfum eru því góðar og fátt sem bendir til að Íslendingar þurfi að hafa áhyggjur af því að erlendir fjárfestar missi áhuga á bréfunum á næstunni."

Ég held að þetta sé ágætisvitnisburður um að hér séum við að stíga rétt skref. Ef maður ætti að draga saman í stuttu máli um hvað þetta mál er gengur það í rauninni fyrst og fremst út á það að einfalda það kerfi sem er til staðar. Svo að því sé til haga haldið hefur það reynst vel og ég held að án nokkurs vafa hafi verið tekið gott skref á sínum tíma. Þetta á að verða einfaldara núna samt, m.a. fyrir fjárfesta. Þá líta menn eðli málsins samkvæmt ekki síður til erlendra fjárfesta. Það að fleiri erlendir fjárfestar sjái sér hag í að fjárfesta í þessum bréfum þýðir meiri líkur á vaxtalækkunum.

Á sama hátt er kerfið einfaldara og auðskiljanlegra fyrir viðskiptavini, fyrir þá aðila sem kaupa sér húsnæði. Það hlýtur að vera markmið okkar allra og það að við getum hugsanlega fengið fleiri fjárfesta að þessu með staðlaðri bréfum og því sem ég kalla svona almennt meira „liquid", svo ég sletti, með leyfi forseta, ætti að verða til þess að við næðum því markmiði að lækka vexti og bæta þar af leiðandi kjör þess fólks sem er að fjárfesta í húsnæði hér á landi. Þetta mun þýða aukna ábyrgð á Íbúðalánasjóð og ég held að við höfum farið mjög vel yfir það í nefndinni hvernig Íbúðalánasjóður hyggist koma til móts við þær auknu kröfur sem til sjóðsins eru gerðar. Við höfum verið fullvissuð um að hann sé vel í stakk búinn til að mæta þessari auknu ábyrgð og að til staðar séu þær neyðarráðstafanir ef þannig má að orði komast sem vonandi þurfa aldrei að koma til en eru til staðar ef sú staða kæmi upp að við þyrftum að bregðast við. Í stuttu máli er hér um að ræða einföldun fyrir fjárfesta, fyrir viðskiptavini, og aðgerðir sem miða að því að bæta kjör þeirra sem kaupa sér húsnæði hér á landi. Það hlýtur að vera markmið okkar allra.

[12:11]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Eins og framsögumaður meiri hlutans gat um er þetta mál sem við ræðum, frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nokkuð seint fram komið á þessu þingi og æskilegra hefði verið að meiri tími hefði gefist til þess að fara yfir það og fjalla um ýmis óvissuatriði varðandi framkvæmdina að mati minni hlutans. Því skal þó haldið til haga sem vel er gert. Þegar stefnt var að þingslitum í byrjun þessa mánaðar hafði félmn. mjög skamman tíma til að fara yfir málið en hann var nýttur vel og ber að þakka starfandi formanni nefndarinnar, forsvarsmönnum Íbúðalánasjóðs og þeim sem eru í fyrirsvari fyrir húsnæðismál í félmrn. fyrir samvinnuna. Þeir lögðu sig alla fram um að veita minni hlutanum, stjórnarandstöðunni, þær upplýsingar sem kallað var eftir. Það breytir því þó ekki að ég hefði viljað geta farið betur ofan í þetta mál en okkur gafst tími til.

Ég hafði óskað eftir því að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og vil spyrja hæstv. forseta um hann.

(**Forseti** (SP): Forseti vill upplýsa það að beiðni hv. þingmanns var komið á framfæri og hæstv. félmrh. mun vera kominn í húsið.)

Ég þakka fyrir það. Það er fagnaðarefni að ekki skuli standa á ráðherranum þegar til hans er kallað í þessu máli. Ég hafði áhuga á því í ræðu minni að beina nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra.

Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans er minni hlutinn jákvæður gagnvart þessari breytingu en eins og ég sagði áðan hefðum við viljað hafa meiri tíma til að fara yfir ýmis óvissuatriði sem vissulega eru fyrir hendi varðandi framkvæmdina. Ég er ekki eins sannfærð um það og framsögumaður meiri hlutans að með þessu sé tryggt að verið sé að bæta kjör og hagsmuni íbúðakaupenda. Mun ég fara yfir það nánar í máli mínu. Umsagnaraðilar sem leitað var til hafa yfirleitt tekið jákvætt undir þessa breytingu en tilgangur hennar, eins og hér hefur komið fram, er að auka hagkvæmni fjármögnunar og skapa grundvöll fyrir trausta verðmyndun á frum- og eftirmarkaði en til þess er litið að endurskipulagning á skuldabréfaútgáfunni muni stuðla að frekari lækkun á langtímavöxtum í framtíðinni. Vextir hafa verið að lækka að undanförnu. Ég geri í máli mínu og reyndar í nefndarálitinu einnig ýmsar athugasemdir við framkvæmdina og atriði sem ekki fékkst botn í hvernig yrðu í framkvæmd. Ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af þeim en vonandi munu framkvæmdin og reynslan sýna að þær hafa verið óþarfar. Það er samt ástæða til að halda til haga ýmsum atriðum sem geta haft áhrif í þá veru að hagur íbúðakaupenda gæti versnað frá því sem nú er.

Þegar gerðar eru breytingar á húsnæðislöggjöfinni er grundvallaratriði að þær tryggi betur hag bæði kaupenda og seljenda húsnæðis. Þær breytingar sem felast í frv. eru að taka upp peningalánakerfi í stað húsbréfa og húsnæðisbréfa. Ég hef haldið því til haga og ætla að gera það enn að sú breyting gengur mjög í þá átt sem bankarnir hafa lagt til sjálfir enda hafa þeir fagnað henni mjög. Full ástæða er til að benda á að hér er verið að taka enn eitt skrefið í átt til einkavæðingar á Íbúðalánasjóði. Hæstv. ráðherra hefur lýst yfir að það sé alls ekki hugmynd hans og hann telji það ekki til bóta að svo yrði gert. Með þeirri breytingu að taka upp peningalánakerfi er það engu að síður auðveldara að færa þetta inn í bankakerfið ef vilji væri fyrir hendi, sem ég er eiginlega sannfærð um að er hjá samstarfsaðilanum (Gripið fram í.) í ríkisstjórninni.

Alls er óvíst hver vaxtaáhættan af hinum nýju íbúðabréfum verður fyrir Íbúðalánasjóð vegna þess að vaxtakjörin ráðast í útboði hverju sinni að viðbættu vaxtaálagi sem skapar mikla óvissu um hver lánskjör kaupenda og seljenda húsnæðis verða og ljóst að vaxtaálag á lántakendur verður meginstýritækið til þess að verja Íbúðalánasjóð. Ástæða er til að nefna það í upphafi að ein helsta gagnrýni sem fram

hefur komið á frv. snýr einkum að heimild til uppgreiðslu lána og ljóst að ýmsir telja það mikinn flöskuháls á nýja kerfinu. Eitt er víst að vaxtaáhætta Íbúðalánasjóðs mun aukast verulega eftir því sem meiri líkur eru á uppgreiðslu af hendi lántakenda sem gæti orðið veruleg ef mikið misvægi skapast í vöxtum á nýjum lánum og gömlum.

Ég vil líka nefna það vegna þess að því hefur verið haldið fram, m.a. af hálfu ráðherra og fleiri sem tala fyrir þessu máli, að með frv. muni afföll hverfa úr sögunni en í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að það sé rangt sem haldið hefur verið fram að með upptöku peningalánakerfisins séu afföll úr sögunni. Það er ljóst að í stað affallanna í núverandi kerfi sem koma fram strax á markaði koma þau fram í vaxtaálagi í nýja kerfinu. Vextirnir verða einfaldlega hærri með hliðsjón af ávöxtunarkröfunni og dreifast á allan lánstímann. Ég vil í því sambandi nefna það sem fram kom hjá forstöðumanni Hagfræðistofnunar að óvissan sem í dag felst í afföllum verði að óvissu um hvaða vaxtakjör muni bjóðast. Áhættan verði nákvæmlega eins og verið hefur þegar fólk muni standa frammi fyrir því að Íbúðalánasjóður bjóði út skuldabréf í nýja peningalánakerfinu. Ég vitna til þess í nál. að í Morgunblaðinu í janúar sl. sagði forstöðumaður Hagfræðistofnunar að vaxtakjör verði ákvörðuð í útboði og gagnvart fólki verði áhættan eins varðandi það að vaxtakjörin í hinu nýja kerfi geti breyst eins og afföllin í dag.

Afföll sem nú koma fram á markaði, og skiptast oft milli kaupenda og seljenda, munu þannig lenda á lántakanda í nýju kerfi og koma fram í hærri vöxtum og dreifast á allan lánstímann. Það er meginmunurinn hvað þetta varðar.

Ég vil t.d. halda því til haga sem ég nefndi við 1. umr. um málið að þegar afföllin í húsbréfakerfinu fóru sem hæst, fóru í allt að 25%, var ávöxtunarkrafan til húsbréfanna rúm 7% en ef nafnvextir hefðu verið rúm 7% þá hefðu engin afföll komið fram við sölu þeirra á þeim tíma. Það er líklegt að ef þetta kerfi hefði verið til þá hefðu vextirnir verið 7% en eins og ég segi koma afföllin fram í vöxtunum sem dreifast á allan lánstímann. Það er því rangt gagnvart þeim sem hafa miklar væntingar gagnvart þessu nýja kerfi að segja að afföllin séu alveg úr sögunni vegna þess að þau koma fram með öðrum hætti.

Það sem ég hef undrað mig á við meðferð málsins í nefndinni eftir því sem ég skoða það meira er að á undanförnum tveimur árum hafa orðið verulegar vaxtalækkanir og það vekur upp spurningar af hverju þær hafi ekki komið fram svo nokkru nemi í lánskjörum viðbótarlána og húsbréfavöxtum. Athyglisvert er að þótt vextir úr útboði húsnæðisbréfa vegna viðbótarlána, sem eru peningalán, viðbótarlánin eru ekkert annað en peningalán, hafi verið 4,76% á sl. ári hafa vextir engu að síður verið 5,6% á árinu 2003. Þarna munar rúmlega 1%. Í nýjasta útboði vegna húsnæðisbréfa sem ég veit um, það getur verið að komið sé eitthvað nýrra frá því að ég skoðaði þetta og var að undirbúa þetta nál., voru vaxtakjörin um 4,28% en engu að síður lækkuðu vaxtakjör þessara peningalána einungis úr 5,6 í 5,3%. Maður spyr: Af hverju var ekki ástæða til að lækka vextina enn frekar? Þannig er munur á útboðskjörum og vaxtakjörum viðbótarlána um 1%, sem sjóðurinn reiknar sér í vaxtaálag nú, en vaxtaálag á húsbréfum hefur verið 0,35% og kjörin á þessum peningalánum því hærri en á húsbréfum. Því höfum við í minni hlutanum spurt hvort vaxtaálagi verði ótæpilega beitt í nýju kerfi til þess að auka hagnað og eigið fé Íbúðalánasjóðs, en í nýjum útboðum húsnæðisbréfa í dag er krafan 3,73% og fastir vextir húsnæðisbréfa 2,7%.

Einnig komið fram, virðulegi forseti, hjá forsvarsmönnum Íbúðalánalánasjóðs að ef ekki hefðu verið uppi hugmyndir um að ráðast í þessa kerfisbreytingu hefðu húsbréfavextir lækkað þegar á síðasta ári niður í 3,5–4%, sennilega nær 4%. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hefur það aldrei komið til tals eftir að vextir lækkuðu svona mikið að lækka húsbréfavextina? Maður veltir fyrir sér hvort ástæðan fyrir því að húsbréfavextir lækkuðu ekki, t.d. um mitt síðasta ár, hafi verið sú að til stóð að fara í þessa kerfisbreytingu og hæstv. ráðherra hafi verið í mun að geta sýnt meiri mun á milli húsbréfavaxta og vaxta á íbúðabréfum þegar þau komast í gagnið heldur en að fara þá leið sem var greinilega hægt að fara með húsbréfavextina sem eru 4,75% í 3,5–4% þegar á síðasta ári, eða sennilega nær 4%. Ég velti fyrir mér hvort það sé virkilega svo að þeim sem tóku húsbréfalán á sl. ári hafi verið gert að greiða hærri vexti, að settir hafi verið hærri vextir á fasteignaveðbéf þeirra eða húsbréf en þörf var á. Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Kom einhvern tíma til álita og var það einhvern tíma rætt á sl. ári að það væri svigrúm til þess að fara í vaxtalækkanir á föstum vöxtum af húsbréfunum sem nú eru 4,75 niður í 4%? Ef það hefði verið gert hefðu húsbréfavextir með vaxtaálagi sem nú er 0,35% orðið um 4–4,35% þegar á síðasta ári í stað 5,1% nú. Fram kom líka hjá greiningardeild Landsbankans að fyrirhuguð áform um breytingar á húsnæðislánakerfinu sem legið hafa fyrir frá áramótum hafi leitt til töluverðrar óvissu og haft áhrif á hærri ávöxtunarkröfu húsbréfa en ella og aukið mun milli húsbréfa og húsnæðisbréfa.

Ekki er því hægt að slá því föstu, virðulegi forseti, eins og gert er, að húsnæðislánin verði við þessa breytingu hagkvæmari fyrir lántakendur, ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem er um vaxtaálagsgreiðslur og framkvæmdina á uppgreiðsluákvæðunum. Athyglisvert er þegar maður skoðar það svigrúm sem hefur verið fyrir hendi á sl. ári til að lækka húsbréfavextina að eigið fé og hagnaður Íbúðalánasjóðs hefur aukist verulega eða um nálægt 3 milljarða kr. á sl. tveimur árum. Þetta skapar tortryggni um að það verði ekki forgangur að gæta hagsmuna kaupenda og seljenda húsnæðis við ákvörðun um vaxtakjör í nýju lánakerfi.

Þegar við ræddum málið við 1. umr. lá ekki fyrir álit ESA sem kallað hefur verið eftir vegna 90% lánanna. Nú er nokkur tími liðinn frá 1. umr. og mig minnir að von hafi verið á því fljótlega eða a.m.k. í þessum mánuði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort eitthvað sé að frétta af því og hvort eitthvað nýtt hafi komið fram í félmrn. eða hjá Íbúðalánasjóði sem skýri betur hvaða hugmyndir eru uppi varðandi vaxtaálag og vaxtakjör á þessum íbúðabréfum.

Við höfum haft af því áhyggjur í stjórnarandstöðunni og í minni hlutanum í félmn. sem fjallaði um málið og viljum vekja athygli á því að til viðbótar þeim heimildum sem nú eru til staðar er kallað eftir enn frekari gjaldtöku- og álagsheimildum. Núgildandi ákvæði kveða á um að heimilt sé að áskilja vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Eins og fram hefur komið eru þessi álög 0,35% en til viðbótar þessu er lagt til að heimilt sé að áskilja vaxtaálag vegna vaxtaáhættu sjóðsins auk álags vegna fjármagnskostnaðar af uppgreiddum lánum. Síðan má kveða á um að aukaafborganir og uppgreiðsla veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa, eins og fram kemur í

12. gr. frv. Og þá er ég komin að því atriði sem sætti hvað mestri gagnrýni þeirra sem sendu umsagnir til nefndarinnar eins og ASÍ, BSRB, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka banka og sparisjóða og Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands tók fram í umsögn sinni að hætta sjóðsins af uppgreiðslum fyrir tímann geti verið veruleg þar sem fjármögnun er föst og bundin út líftíma fasteignaveðbréfsins. Tók bankinn sem dæmi að ef fimmtungur af 300 milljarða kr. stofni sem bæri 5,1% vexti væri greiddur upp fyrir tímann og hægt væri að endurfjárfesta þann hluta með 3,5% vöxtum yrði árlegt gat í fjármögnun tæplega 1 milljarður kr. Orðrétt segir síðan í umsögn bankans: „Tæplega verður séð að Íbúðalánasjóður hafi bolmagn til að mæta slíkum hræringum, jafnvel þótt gripið yrði til einhverra aðgerða."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er eitthvað uppi á borðinu núna sem varpar frekari ljósi á það hvernig fyrirkomulaginu verður háttað varðandi uppgreiðsluákvæðin og hvaða kjör þurfi að vera þar á miðað við það markmið sem sett er í frv.?

Við teljum fulla ástæðu til að taka undir þessar aðvaranir Seðlabanka en í umsögninni kemur jafnframt fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Ef upp kæmi sú staða að samkeppni við Íbúðalánasjóð þrýsti niður vöxtum fasteignafjármögnunar gæti sjóðurinn lent í vanda. Lántakendur hans skuldbreyttu í ódýrari lán en skildu sjóðinn eftir með óbrúað gat sem ekki yrði með góðu móti fjármagnað með vaxtahækkun, þar sem hærri vextir sjóðsins leiddu til minni áhuga lántaka og hugsanlegs flótta úr sjóðnum. Ef sjóðurinn færi síðan að í samræmi við ætlan frumvarpsins og gripi til uppgreiðsluálags mundu vaxtakjör leiða til þess að lánveitingar stöðvuðust alfarið."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þessa tilvitnun hér í Seðlabankann þar sem fram kemur að ef sjóðurinn færi að í samræmi við ætlan frumvarpsins og gripi til uppgreiðslu álags mundu vaxtakjör leiða til þess að lánveitingar stöðvuðust alfarið. Hvað segir hæstv. félmrh. við þessari umsögn Seðlabankans?

Ég vil líka fara í umsögn ASÍ varðandi þetta uppgreiðsluákvæði en þar er sett fram dæmi um að ef vextir lækkuðu almennt á markaði, úr t.d. 5,25 í 4,25% eins og gerst hefur á sl. mánuði, væri ráðherra heimilt að taka upp uppgreiðsluálag sem væri allt að 12,3% af eftirstöðvum lánsins miðað við ákvæði frumvarpsins. ASÍ segir að það þýddi að uppgreiðsluálag yrði tæp 1 millj. kr. af 8 millj. kr. láni. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt og einhver orðaði það svo að ef einhvern tíma hefðu verið afföll í húsbréfakerfinu, þá væri hægt að segja, ef þetta gengi fram, að farið væri úr affallakerfi í áfallakerfi. Ég held að það sé ekkert of djúpt í árinni tekið ef þetta gæti þýtt að uppgreiðsluálag af 8 millj. kr. láni yrði 1 millj. kr.

Það er ástæða til þess að halda því líka til haga að fulltrúar ASÍ hafa áhyggjur af þeim víðtæku heimildum sem ráðherra fær til gjaldtöku með þessu frumvarpi. Það er raunverulega forsenda ASÍ fyrir stuðningi við þetta frv. að skuldara verði heimilt að greiða upp skuldir sínar án sérstaks álags. Undir það tökum við. Í húsbréfakerfinu núna er hægt að greiða upp lánin, borga inn á þau og greiða þau upp án sérstaks álags hvenær sem skuldara þóknast. ASÍ segir orðrétt í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Það á að vera réttur hvers lántakanda að fá að greiða skuldir sínar hvort heldur er hraðar eða að öllu leyti án þess að vera skattlagður sérstaklega vegna þess."

Það er mjög sérstakt að fólk sé skattlagt ef það er að greiða upp skuldir sínar.

BSRB hefur líka haft fyrirvara við þetta ákvæði. Sama gildir um Samtök banka og verðbréfafyrirtækja. Þau leggja nú áherslu á að þetta ákvæði verði endurskoðað og benda á að hægt væri að taka upp almennt 1–2% uppgreiðslugjald af lánum. Þau telja að slíkt gjald mundi aldrei dekka alla vaxtaáhættu sjóðsins en með því skapaði sjóðurinn sér ákveðna vörn gegn henni.

Það er auðvitað óljóst hve mikið mun reyna á uppgreiðsluákvæðið, það fer eftir því hvort verulegur vaxtamunur verður frá einu útboði til annars og hve mikill vaxtamunur verður almennt í húsnæðislánum.

Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í ákvörðun um vaxtakjör útlána verði m.a. gert ráð fyrir álagi vegna þessara uppgreiddu lána og mun vaxtaáhætta sjóðsins vegna uppgreiðslu endurspeglast í vaxtaákvörðunum sjóðsins. Því til viðbótar kemur síðan heimild til ráðherra í 12. gr. frumvarpsins til að áskilja að uppgreiðsla verði aðeins heimil gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða að öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs. Það er einmitt gert ráð fyrir að ákvæðinu verði beitt þegar hefðbundnar áhættustýringaraðferðir nægja ekki til að verja sjóðinn.

Við bendum á að auk þess sem þessi heimild gæti leitt til mörg hundruð þúsund króna gjaldtöku, eins og ég hef áður getið og vitna þar til ASÍ, þá gæti þessi heimild mismunað lántakendum vegna uppgreiðslu. Þeir sem fyrstir nýttu sér uppgreiðslu áður en gripið væri til þessara aðgerða þyrftu ekki að greiða sérstaklega fyrir hana en þeir sem á eftir kæmu þyrftu að greiða mjög háar fjárhæðir. Nú spyr ég ráðherrann hæstv. um það hvað hann segir um þennan mismun sem getur skapast milli lántakenda ef verulegur munur verður á vaxtakjörum og ef þeir sem fyrstir koma þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir uppgreiðsluna en síðar yrði kannski gripið til þessa ákvæðis í frumvarpinu sem mest hefur verið gagnrýnt og þeir á eftir koma þyrftu því að greiða mjög háar fjárhæðir fyrir uppgreiðsluna. Þessi staða gæti auðvitað komið upp ef vextir lækkuðu hratt og vaxtakjör íbúðalána yrðu mjög mismunandi, svo og ef samkeppni yrði veruleg í útlánum til húsnæðisfjármögnunar.

Í húsbréfakerfinu og hjá Íbúðalánasjóði hefur verið töluvert um uppgreiðslur. Frá 1999–2003 voru uppgreiðslur í húsbréfakerfinu um 18 milljarðar og samtals 34 milljarðar á þessu tímabili ef litið er til húsnæðislánakerfisins í heild.

Í félmn. var nokkuð rætt um það hvað þessi breyting þýddi varðandi erlenda fjárfesta og áhuga þeirra á að nýta þessi bréf sem vænlegan fjárfestingarkost. Því skal haldið til haga að erlendir fjárfestir hafa komið inn í kaup á húsbréfum í verulegum mæli á umliðnum missirum eftir að flokkar húsbréfa voru stækkaðir og tekin upp rafræn eignaskráning. Talið er að erlendir fjárfestar eigi um 100 milljarða í rúmlega 300 milljarða húsbréfum eða um þriðjung af þeim. Því er auðvitað ástæða til þess að hugleiða, eins og við gerum í minni hlutanum hvort kostir íbúðabréfa séu ótvírætt meiri gagnvart erlendum fjárfestum, hvort kostirnir séu ekki ofmetnir í samanburði við áhugann á húsbréfunum. Það er þó kostur sem á að halda til haga að með því að skrá hin nýju verðbréf hjá alþjóðlegum greiðslumiðlurum verða bréfin eftirsóknarverð fyrir erlenda fjárfesta og gætu því vonandi leitt til lækkunar á langtímavöxtum. Það er einnig jákvætt í frumvarpinu að

komið verði á fót aðalmiðlarakerfi og veitt verðbréfalán til aðalmiðlara til þess að liðka fyrir verðmyndun á markaði.

Af því hef ég haft nokkrar áhyggjur, sem fram koma reyndar í nál., hvað gerist ef erlendir fjárfestar fara skyndilega af markaðnum. Ég heyrði auðvitað í nefndastarfinu að þeir sem haldið hafa utan um þetta mál fyrir hönd ráðherrans og koma á fund nefndarinnar hafa kannski ekki verulegar áhyggjur, en ég vil þó halda því til haga að þessi staða getur vissulega verið uppi og skyldi síst vanmetið að menn hafi þó horft til þess og hugsað fyrir því hvað gerist ef erlendir fjárfestar sem fjárfest hafa mikið í íbúðalánabréfum hverfa skyndilega af markaðnum. Við bendum á það sem fram kom hjá Seðlabankanum í október sl., í svari við fyrirspurnum sem ég lagði fram, að við breyttar aðstæður gætu erlendir fjárfestar ákveðið fyrirvaralaust að losa á markað mikið magn skuldabréfa á stuttum tíma eins og gerst hefur í öðrum löndum. Þetta gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlendan gjaldeyris-, skuldabréfa- og peningamarkað og þar með fjármálalegan og efnahagslegan stöðugleika.

Síðan vil ég aðeins fara út í það, virðulegi forseti, sem nú á að gerast eftir að þetta frv. verður að lögum, þ.e. yfirfærsluna yfir í nýtt kerfi og hvernig endurskipulagningu á verðbréfaútgáfunni verður háttað. Hugmyndin er að flýta fyrir því að íbúðabréfin verði markaðshæf með þeim hætti að eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa verði boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf og skiptingin verði gert í skiptiútboði. Liggur eitthvað fyrir um kjörin í þessu skiptiútboði? Það er mjög óljóst og við fengum engin svör við því, en nokkur tími er liðinn síðan félmn. fjallaði um þetta mál og vel má vera að eitthvað hafi skýrst frá þeim tíma. Það kom fram hjá fulltrúum Íbúðalánasjóðs á fundi félmn. að áform eru uppi um að skipta strax allt að 300 milljörðum í húsnæðis- og húsbréfum af 420 milljarða heildarútgáfu þessara bréfa og að þau eigi að ná fram að ganga fyrir 1. júlí nk.

Nú hefur verið talað um að búast megi við hækkandi vöxtum og aukinni verðbólgu og reikna megi með að Seðlabankinn hækki stýrivexti sína um ríflega tvö prósentustig á næstu 18 mánuðum, sem sagt hækkun á vöxtum. Ég spyr hvaða áhrif það hafi að mati hæstv. ráðherra við þessar breytingar og á kjörin á íbúðalánabréfum almennt.

Ég hlýt líka að nefna hér að það var nokkuð rætt í nefndinni að óvisst sé hvaða áhrif þessi breyting hafi á markaðinn, þ.e. að losa um allt að 300 milljarða strax í húsnæðisbréfum og skipta þeim fyrir íbúðalánabréf. Lífeyrissjóðirnir hafa verið umsvifamiklir í þessum kaupum og húsbréfin eru um 45% af eignasafni sjóðanna. En í umsögn lífeyrissjóðanna kom fram mikil gagnrýni á þá túlkun Íbúðalánasjóðs á ákvæðum laga að hann hafi heimild til aukaútdráttar á húsbréfum. Fulltrúar lífeyrissjóðanna telja aftur á móti að aukaútdráttur húsbréfa sé bundin þeirri takmörkun að vera aðeins heimill til að jafna fjárstreymi hjá stofnuninni vegna aukaafborgana eða uppgreiðslu skuldara fasteignaveðbréfa. Þetta álitamál sem er greinilega ágreiningsmál milli lífeyrissjóðanna og Íbúðalánasjóðs var ekki uppi við 1. umr., þannig að ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála lífeyrissjóðunum um það að önnur heimild til aukaútdráttar umfram þetta sem ég lýsti sé ekki fyrir hendi og að lagaheimild til aukaútdráttar verði að skýra þannig að aukaafborganir af fasteignaveðbréfi eða uppgreiðslu fasteignaveðbréfa veiti heimild til aukaútdráttar í aðeins þeim húsbréfaflokki sem umrætt fasteignaveðbréf tilheyrir en öðrum ekki.

Um þessa túlkun voru lífeyrissjóðirnir og Íbúðalánasjóður ekki sammála og lýstu fulltrúar lífeyrissjóðanna því yfir í nefndinni að ef stjórnvöld mundu knýja á um aukaútdrátt kæmi til greina að fara dómstólaleiðina. Hefur eitthvað verið sest yfir þetta mál eftir að félmn. afgreiddi það frá sér, sem varpar meira ljósi á það hvort ágreiningurinn sé leystur milli þessara aðila og ekki komi til einhverrar óvissu, þegar þetta frv. hefur verið afgreitt sem lög, varðandi aukaútdrætti og skipti á íbúðabréfum og húsbréfum?

Mér fannst líka athyglisvert í umsögn Fjármálaeftirlitsins, og það kom fram í umfjöllun félmn. um þetta mál, að í tryggingafræðilegri úttekt á eignastöðu sjóðanna á móti skuldbindingum hefur ekki verið tekið tillit til aukaútdráttar og tryggingafræðingur LSR telur t.d. að ef það verði gert geti það haft veruleg áhrif á endurmat húsbréfa.

Þegar félmn. skildi við þetta mál lá ekki fyrir hvernig staðið verður að þessum skiptum eða hvernig þau verða verðlögð. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort eitthvað liggi skýrar fyrir um það.

Síðan er eitt sem nefndin fjallaði nokkuð um sem gæti haft áhrif á vaxtakjörin á þessum peningalánum og bréfum. Fram kom að með líkum hætti og krafist er eiginfjárhlutfalls í bönkum, þá lagði Fjármálaeftirlitið til að settar verði reglur um ákveðið eiginfjárhlutfall fyrir Íbúðalánasjóð. Það teljur eðlilegt að byggja slíkt hlutfall á sömu reglum og gilda fyrir viðskiptabanka og önnur fjármálafyrirtæki. Full ástæða er til að óttast að þessi krafa kalli fyrr en seinna á gjaldtöku eða áhættuálög sem lántakendur verða að standa undir.

Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemd við það í umfjöllun sinni um málið að eiginfjárhlutfallið yrði fyrst um sinn ákveðið í reglugerð en lagði til að skoðað yrði að setja þetta síðar í lög.

Ég get nú farið að ljúka umfjöllun minni um þetta mál en vildi víkja að brtt. sem við flytjum við frumvarpið og vænti þess að hæstv. félmrh. geti tekið undir. Nú er ég ekki með þessa brtt. við höndina og spyr forseta hvort hægt sé að útvega mér hana hingað í ræðustól. Takk fyrir. Þessa brtt. flyt ég ásamt hv. þm. Helga Hjörvar og hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur en þar leggjum við til, þó að það komi ekki beinlínis þessari breytingu við, að stigið verði fyrsta skrefið til að efna loforð framsóknarmanna um að hækka lánshlutfallið í 90% og leggjum til að b-liður 9. gr. frumvarpsins orðist svo, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna: „Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70%“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið allt að 90%.“

Ef þessi brtt. verður samþykkt væri alls ekki stigið stórt skref í áttina til að hækka lánshlutfallið en það sýndi þó vilja framsóknarmanna til að standa að þeirri breytingu sem varð þeirra helsta kosningaloforð, þ.e. að þetta skref yrði stigið nú. Verulegur hluti þeirra sem tekur lán í fyrsta sinn hefur fengið 90% lán, peningalán, gegnum viðbótarlánin og það er tiltölulega fámennur hópur, eða um 17% þeirra sem kaupa í fyrsta sinn, sem ekki hefur aðgang að 90% láni. Það er náttúrlega þak á þessu láni núna. Hámarkslán vegna notaðra íbúða er 9,2 millj. kr., en vegna nýrra 9,7 millj. kr.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, eins og hæstv. ráðherra veit ósköp vel, að lánshlutfallið hefur rýrnað verulega í þeirri miklu hækkun sem hefur orðið á íbúðaverði. Ég heyrði síðast í morgun að fasteignaverð hafi tvöfaldast á sl. sjö árum ef ég man þetta rétt, ég er ekki með þetta fyrir framan mig. Nefnd var lítil íbúð sem hefði hækkað úr 6 millj. kr. í 12

millj. kr. sem er náttúrlega ekkert smátt og þýðir að heimilin skuldsetja sig miklu meira en verið hefur. Og jafnvel þó að lánshlutfallið hafi hækkað lítillega um sl. áramót, þá ést þetta bara upp í þessum miklu verðhækkunum á íbúðum.

Ég velti auðvitað fyrir mér hvaða áhrif það hefur ef farið er upp í 90% lán en engu að síður tel ég að hér þurfi að ríkja jafnræði, a.m.k. milli þeirra sem kaupa sér íbúð í fyrsta sinn. Ef við skoðun hvað þetta þýðir miðað við hámarkslán nú, þá mun þessi breyting gagnast þeim vel sem kaupa íbúðir á bilinu 10–12 millj. kr. en ekki öðrum vegna þessa þaks sem þarna er sett á. Ef við skoðun þann sem kaupir 10 millj. kr. íbúð, þá fengi hann tveggja millj. kr. hærri lánveitingu heldur en núna ef þessi tillaga yrði samþykkt. Og ef það væri íbúð sem kostar 12 millj. kr., þá mundi það ekki muna miklu, 800 þús. vegna notaðrar íbúðar og 1,3 vegna nýbygginga, en þetta er þó allt í áttina. Ef við tökum 11 millj. kr. íbúð, þá mundi hækkun á láni, miðað við brtt. sem ég lýsi hér, hækka um eina og hálfa milljón vegna notaðrar íbúðar og tvær milljónir vegna nýrra íbúða.

Þannig að þetta er skref í áttina til þess sem hæstv. ráðherra og Framsóknarflokkurinn hefur lofað. Mér finnst alltaf vænt um að halda þessu til haga fyrir hæstv. ráðherra bara til að minna hann á hverju hann lofaði og hvaða áætlanir hann setti niður á sínum tíma. Það hefur sennilega verið skömmu eftir að Árni Magnússon varð félmrh. sem áætlunin var sett niður, þar átti lánshlutfall allra að verða 70% 1. desember 2003, 1. maí 2004, sem nú er liðinn, átti lánshlutfallið að fara í 75% og 1. maí 2005 átti lánshlutfallið að fara í 80%, 1. maí 2006 allt að 85% og 1. maí 2007 90%. Ég man ekki betur en áætlun um hvernig ráðherrann ætlaði að haga þessum málum ætti að leggja fram í upphafi þess þings sem nú er að ljúka. Þetta er eins og með skattalækkanirnar, við sjáum ekkert af skattalækkununum sem ríkisstjórnin boðar, en það er boðað núna fyrir þinglok að leggja a.m.k. fram áætlun um það hvernig skattalækkunum verði háttað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, m.a. til þess að einstakir þingmenn Sjálfstæðisflokksins þurfi ekki að vera hér í þinghúsinu fram á næsta haust.

Nú spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni nú ekki líka leggja fram slíka áætlun áður en þingi lýkur og hvernig hann sjái fyrir sér þessa áfangahækkun upp í 90% á kjörtímabilinu að því er varðar 90% lánin. Margir eru farnir að bíða mjög óþreyjufullir eftir þessu láni, ekki síst þegar íbúðir hækka sífellt í verði og sífellt rýrnar hlutfallslega það sem fólk fær að láni. Þess vegna er það sanngirniskrafa gagnvart fólkinu og ekki síst kjósendum Framsóknarflokksins sem kusu hann út af þessu 90% láni að það liggi a.m.k. fyrir áætlun um hvernig hæstv. ráðherra sjái þetta fyrir sér. (**Gripið fram í:** Er ekki langt í þinglok?) Jú, við erum alveg róleg hér í stjórnarandstöðunni (Gripið fram í.) og getum alveg hugsað okkur að sitja hér fram eftir sumri og hausti ef við værum að afgreiða einhver góð mál eins og skattalækkanir og hækkun á lánshlutfalli (Gripið fram í.) ... fyrirgefðu hv. þm. ... (**Gripið fram í:** Lækkun á áfengiskaupaaldri.) já, við afgreiðum það nú áður en við hættum. Þannig að ekki mun standa á okkur ef stjórnarflokkarnir eru tilbúnir að efna sín loforð.

Ég vil líka, virðulegi forseti, spyrja ráðherrann, og óska eftir svari hjá hæstv. ráðherra, um nefnd sem hann skipaði skömmu eftir að hann varð ráðherra fyrir um ári síðan og átti að koma fram með tillögur um úrbætur að því er varðar félagslegar íbúðir, leiguíbúðir. Nú þekkir ráðherrann það mætavel að það er löng biðröð eftir leiguíbúðum og þar ríkir nánast neyðarástand. Margir hafa beðið eftir því að ráðherrann kæmi með eitthvert útspil í þessu máli. Þess vegna er full ástæða til þess að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvers megi vænta hjá leigjendum þegar á þriðja þúsund manns bíða núna eftir leiguíbúðum. Vonandi verður niðurstaðan í þeirri nefnd ráðherrans ekki jafn snautleg eins og hún var í nefnd forsrh. sem félmrh. átti aðild að varðandi úrbætur í málefnum fátæks fólks á Íslandi sem er nú hreinlega til skammar þessari ríkisstjórn og ég er orðin úrkula vonar með að við getum fengið að ræða hér áður en þing lýkur störfum. Maður er næstum orðlaus þegar hér eru 15–20.000 fátækir á Íslandi, það á ekkert að gera fyrir þennan hóp og nefnd að störfum í eitt og hálft ár. Þannig að ég vona nú að niðurstaða nefndar félmrh. sem er að skoða leigumarkaðinn og á að leggja fram tillögur til úrbóta skili einhverju bitastæðara heldur en kom fram í fátækraskýrslu ríkisstjórnarinnar.

Mér finnst það ekkert of mikið, virðulegi forseti, þó við ætlumst til þess í stjórnarandstöðunni að hæstv. ráðherra lýsi fyrir okkur þegar við ræðum húsnæðismálin hver staðan er í nefndarvinnunni. Nefndin er bráðum búin að starfa í ár ef ég best veit og það liggur fyrir kortlagning á því neyðarástandi sem er á leigumarkaðnum. Fyrrverandi hæstv. félmrh. Páll Pétursson gerði ítarlega úttekt á því. Það liggur fyrir hvar vandinn er, hvernig hann skiptist milli kjördæma o.s.frv., hverjir eru á biðlistum eftir leiguíbúðum. Þannig að það vantar fyrst og fremst ákvarðanir sem tryggja betur stöðu fólks á leigumarkaðnum. Það sem við höfum séð gerast á leigumarkaðnum á umliðnum árum í tíð framsóknarmanna er fyrst og fremst hækkun á vöxtum á leiguíbúðum og í félagslega kerfinu sem voru 1%. Samstaða var um það á árum áður, líka þegar við vorum í niðursveiflunni í efnahagsmálum, að halda vöxtum í einu prósenti. En þeir eru núna orðnir allt að 4,9%, enda er leiguverð á íbúðum orðið hróplegt og tekur orðið $^3/_4$ af tekjum láglaunafólks. Fólk sem er kannski með um eða innan við 100 þús. kr. þarf oft að borga 60–70 þús. kr. í leigu. Þannig að þetta er orðið brýnasta málið sem þarf að taka á. Ég minni á að þetta var eiginlega stærsta málið í bráðaaðgerðum sem ASÍ boðaði fyrir kosningar og allir forustumenn stjórnmálaflokka tóku undir að þyrfti að verða eitt af forgangsmálunum. Um þetta vil ég nú spyrja, virðulegi forseti, í þessari umræðu, auk þess að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra til þeirrar brtt. sem við hér flytjum.

ASÍ hefur t.d. í sinni umsögn, sem ég ætla nú ekki að tefja tíma þingsins á að lesa, mjög kallað eftir því að gripið verði til aðgerða til að bæta stöðu leigjenda. Þess vegna er full ástæða til þess að ráðherra tjái sig um þetta.

ASÍ telur það algjört forgangsverkefni hjá stjórnvöldum að endurskoða félagslega íbúðakerfið, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu hækkunar sem orðið hefur á húsaleigu á undanförnum árum og sívaxandi fjölda þeirra sem eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum.

Niðurstaða okkar, virðulegi forseti, í minni hlutanum er að við erum eins og ég sagði jákvæð gagnvart þeirri kerfisbreytingu sem hér er boðuð, hefðum viljað skoða ýmis óvissuatriði varðandi framkvæmdina, bæði sem snúa að kjörum lántakenda, mati á vaxtaáhættu sjóðsins og áhrifunum á lána- og peningamarkaðinn. Ég er ekki sannfærð um að við séum að sigla í betra kerfi fyrir húsnæðiskaupendur þótt ég vilji gera þessa tilraun. Það reynir þá á framkvæmdina. Það reynir á þessi ákvæði í frumvarpinu, hvort hæstv. ráðherra heldur á málum með þeim hætti að hugsanlegar vaxtalækkanir muni

nýtast íbúðakaupendum. Og ég vil halda því enn og aftur til haga að það hefði verið hægt að fara út í vaxtalækkun á húsbréfakerfinu á síðasta ári eins og ég lýsti.

Það er sem sagt mikil óvissa um hvaða áhrif þessar breytingar hafa á lánskjörin en með þeim eru teknar upp ýmsar viðbótargjaldtökur á lántakendur sem enginn veit til hvers leiða eins og heimild til þessarar stórfelldu gjaldtöku vegna uppgreiðsluákvæðisins í 12. gr.

Við munum sem sagt, virðulegi forseti, og það skulu vera *mín lokaorð, við munum styðja þau ákvæði frumvarpsins* sem eru til bóta, greiðum atkvæði gegn uppgreiðsluákvæði 12. gr., en vísum að öðru leyti ábyrgðinni á framkvæmdinni til stjórnarmeirihlutans.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysi ungs fólks í Reykjavík, 969. mál, svar félmrh., þskj. 1766.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1763.

[13:31]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem á undan mér mæltu fyrir upplýsandi og góða yfirferð um þetta ágæta mál sem beinir sjónum okkar að sjálfsögðu að húsnæðismálum í hinu stóra samhengi, almennt og yfirleitt, enda um meginbreytingu á íbúðalánakerfinu að ræða. Líkt og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem mælti fyrir nál. minni hluta félmn., þá eru vissulega margir kostir við þessa breytingu þar sem um endurskipulagningu á verðbréfaútgáfunni er að ræða og peningalánakerfi tekið upp í stað húsbréfa og húsnæðisbréfa, þó svo að *ýmsar blikur séu á lofti og ekki* einsýnt um að allt sé gott við þessa breytingu þótt flest bendi til þess. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom sérstaklega inn á hluti sem Alþýðusambandið og fleiri hafa bent á í sambandi við heimild til uppgreiðslu og ég tek undir það með hv. þingmanni að það er mjög mikilvægt að skuldari geti greitt upp lán sín án aukakostnaðar. Það á að vera sjálfsagður réttur hvers skuldara, sérstaklega í opinberu íbúðalánakerfi sem er til þess gert að gera því sem næst öllum kleift að koma sér upp eigin húsnæði. Hið opinbera á ekki að skattleggja þá sem vilja létta á skuldum sínum. Ef þeir hafa einhvern tíma á lífsleiðinni tækifæri til þess að greiða upp íbúðalánaskuldir sínar, þá á að sjálfsögðu ekki að skattleggja það sérstaklega eða taka af því gjald. Ítreka ég mikilvægi þess að þetta verði endurskoðað og sú tillaga sem hv. þm. mælti fyrir af hálfu minni hlutans verði tekin til skoðunar og samþykkt. Þetta er mjög brýnt og mikilvægt mál og eitt af grundvallaratriðum þess kerfis sem við viljum sjá og eigum að sjá.

Eins og þingmaðurinn gat um einnig í sinni góðu yfirferð fyrir hádegið er heldur alls ekki um það að ræða að afföllin heyri sögunni til. Til kemur ýmiss konar önnur óvissa um vaxtakjör og vaxtaálag og fleira sem því tengist.

Þá vil ég líka taka undir það að þegar kemur að nýbyggingum og lánveitingum til nýbygginga er þeim málum vel háttað í núverandi kerfi þar sem þeim er skipt í þrennt. Fyrsti hluti lánsins fæst þegar húsnæðið er fokhelt, annar hluti þegar það er tekið út af byggingarfulltrúa og þriðji hlutinn þegar framkvæmdum er að fullu lokið. Þetta er að mörgu leyti mjög hentugt fyrirkomulag. Þess vegna höfum við stjórnarandstæðingar gagnrýnt það harðlega ef svo verður staðið að málum að til einnar greiðslu komi. Það er ekki gott fyrir íbúðabyggjendur eins og fram kemur í nál. minni hlutans og ég vil taka sérstaklega undir það. Einnig hefur þetta sætt mikilli gagnrýni hjá ASÍ, BSRB, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka Íslands þannig að nokkuð breið samstaða er um að því beri alls ekki að breyta.

Eins og ég gat um áðan í sambandi við uppgreiðslurnar er mjög mikilvægt að lántakendur geti nýtt sér að greiða upp húsbréf eða aukaafborganir án gjaldtöku eða sérstaks vaxtaálags. Því er um að ræða breytingu frá núverandi kerfi sem er lántakendunum verulega í óhag og því tökum við í stjórnarandstöðunni og minni hluti félmn. undir það sjónarmið ASÍ að það hljóti að vera réttur skuldara að greiða upp skuldir sínar án sérstakrar skattlagningar. Það er nefnt sem dæmi að árið 1999–2003 voru uppgreiðslur í húsbréfakerfinu um 18 milljarðar kr. og samtals 34 milljarðar kr. á tímabilinu ef litið er til húsnæðislánakerfisins í heild. Þetta eru því verulegar uppgreiðslur og háar fjárhæðir fyrir þá sem skulda í kerfinu og taka íbúðalán til að koma sér upp húsnæði og það á að vera sjálfsagður réttur þeirra að greiða upp lánið. Skora ég á hæstv. félmrh. að svara spurningum um þetta. Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir að sýna umræðunni þann sóma að sitja hana alla. Það ætti kannski að vera sjálfsagt en er það nú ekki af því að ráðherrar eru misduglegir að sitja umræður. En hæstv. félmrh. sýnir þessari umræðu þann sóma og mun að mér skilst taka til máls hér að lokum og svara þeim spurningum og tilmælum sem til hans er beint. Það er mjög jákvætt og gefur þessari umræðu talsvert meira gildi heldur en ef hæstv. ráðherra sæi sér ekki kost að vera við hana.

Áður en ég fer út í aðra sálma langar mig sérstaklega að staldra við 90% lánin sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom einnig inn á. Þetta var eitt af meginmálunum í síðustu kosningabaráttu og óhætt er að fullyrða að Framsóknarflokkurinn hafi fengið töluvert fylgi út á loforð sín um 90% lán meðal yngra fólks og þeirra sem voru að huga sérstaklega að þessum málum. Í þeim auglýsingum og kosningaáróðri sem rak á mínar fjörur fyrir síðustu kosningar og þar sem þau mál voru tíunduð og kynnt af Framsóknarflokknum var ekkert talað um að þetta ætti að gerast eftir mörg ár eða að þakið væri lágt o.s.frv. Þess vegna vil ég nota tækifærið af því að þetta tengist augljóslega órofaböndum þeim lagabreytingum sem er fjallað um hérna þar sem verið er að gjörbreyta húsbréfakerfinu gamla og óvissa er um það hvort þessar breytingar séu nauðsynlegar eða hvort þær séu til góðs. Við munum þó með fyrirvara um nokkur atriði og brtt. styðja málið enda leyfum við því að njóta vafans og sjáum hvort þetta verður neytendum til hagræðis, bæði kaupendum og seljendum. En um það hlýtur málið að snúast að breyta kerfinu í þá veru og í þá átt að það sé kaupendum og seljendum húsnæðis til sem allra mests hagræðis. Við vonum að hér sé ekki á ferðinni breyting sem hafi það að undirliggjandi markmiði að einkavæða íbúðalánakerfið og þetta sé skref í þá átt að koma því frá ríkinu og setja það alfarið inn í bankana. Það þarfnast miklu vandaðri og yfirgripsmeiri umræðu, enda hef ég ekki heyrt þær nótur slegnar af framsóknarmönnum að svo eigi að vera þó svo að þær raddir hafi verið háværar í Sjálfstæðisflokknum. Sérstaklega varð vart við það þegar umræðan um 90% lánin var hávær hérna fyrir ári síðan og rúmlega það og mætti að manni fannst þá talsverðri mótstöðu

í samstarfsflokki Framsóknar, Sjálfstæðisflokknum.

Þess vegna hlakka ég til að heyra hæstv. félmrh. gera okkur grein fyrir stöðu mála með 90% húsnæðislánin og langaði bara að bæta við þær spurningar og ítreka þær spurningar sem fram komu hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það hvenær 90% lánin komi að fullu til framkvæmda, í hvaða skrefum og hvort ráðherra sér fyrir sér að sú framkvæmd verði að fullu stigin. Sjáum við það í einhverjum skilgreindum skrefum á næstu árum að 90% lánin verði tekin upp? Hvaða þak er fyrirhugað á 90% lánin? Hvaða þak er heppilegt að mati hæstv. ráðherra á 90% íbúðalán? Er verið að tala um lága upphæð þannig að einhver geti sagt að 90% loforðið hafi verið hálfgerður blekkingarleikur í aðdraganda kosninga þar sem þakið væri sett á 12–14 millj. kr. og skipti kannski engu verulegu máli frá því sem nú er? Eða erum við að tala um þak á verð á íbúðarhúsnæði og 90% lán á eitthvað sem er á bilinu 20–30 millj. kr.? Þá væri náttúrlega um að ræða meginbreytingu á íbúðalánakerfinu. Því nota ég þetta tækifæri til að beina þessum spurningum til hæstv. ráðherra:

Hvernig sér hann framkvæmd 90% lánanna fyrir sér?

Í hvaða skrefum og á hvaða tímabili verður þeim komið á og hvaða þak telur hann heppilegast að setja á 90% lánin?

Lokaspurningin sem þessu tengist:

Hvaða áhrif telur ráðherrann hæstv. að slík breyting hafi á verð á íbúðarhúsnæði, að fullu til framkvæmda komin og með það þak sem hann skilgreinir í sínum hugmyndum?

Margir hafa haldið því fram að 90% lánin að fullu til framkvæmda komin leiði til verulegrar hækkunar á íbúðarhúsnæði. Þess vegna hafa ýmsir goldið varhuga við þessum breytingum. Sjálfur er ég þannig stemmdur í þessu máli að ég vil ræða það í botn áður en ég kveð upp úr um það hvernig ég stend í því. Mér hefur þótt margt mjög varhugavert við það og sérstaklega það sem getur hækkað verð á íbúðarhúsnæði verulega eins og ýmsir hagfræðingar og sérfræðingar á húsnæðismarkaði hafa haldið fram. Þá tel ég að betur væri heima setið en af stað farið.

Til að loka þessu með 90% lánin, þá ætla ég að lokum, með leyfi forseta, að vitna í álit minni hluta félmn., í kafla sem heitir „Hækkun hámarkslána og bætt staða leigjenda“:

„Félagsmálaráðherra lofaði því að í upphafi þessa þings yrði sett fram áætlun um hvernig hrinda ætti í framkvæmd hækkun á lánshlutfalli húsnæðislána í 90%. Var því m.a. lýst að fyrsta skrefið yrði tekið 1. desember 2003 ...“

Ber sérstaklega að geta þess að sú dagsetning er liðin. Áfram, með leyfi forseta:

„... um að hækka lánshlutfallið í 90% sem að fullu ætti að vera komið til framkvæmda á árinu 2007. Ekkert liggur enn fyrir um hvernig staðið verði að framkvæmdinni og skákað í því skjóli að leita hafi þurft umsagnar Eftirlitsstofnunar EFTA. Það er auðvitað hreinn undansláttur í málinu enda telja sérfræðingar engar líkur á að stofnunin mótmæli framgangi málsins. Framsóknarflokkurinn taldi þó enga ástæðu til að kanna álit þeirrar stofnunar á málinu áður en kjósendum var lofað hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæðum lána. Ástæða er til að stíga skref í átt til þessarar hækkunar á lánshlutfalli með því að heimila að þeir sem eru að kaupa sér íbúð í fyrsta sinn fái allir hækkun á lánshlutfalli í 90% þegar 1. júlí. Það hefur óveruleg áhrif á stöðu Íbúðalánasjóðs því að stór hluti þeirra sem er að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn fær þegar 90% lán. Minni hlutinn gagnrýnir líka að ekkert hefur verið gert til að bæta stöðu leigjenda og tekur undir með ASÍ um að það sé algjört forgangsverkefni hjá stjórnvöldum að endurskoða félagslega íbúðakerfið, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu hækkunar sem orðið hefur á húsaleigu á undanförnum árum og sívaxandi fjölda þeirra sem eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum.“

Þetta segir í áliti minni hlutans og ætla ég að láta það verða lokaorð mín um 90% lánin, enda hef ég komið þeim spurningum til hæstv. ráðherra og vona að hann svari þeim öllum og efast ekkert um að hann svari þeim öllum hér á eftir með glöðu geði eins og hans er von og vísa.

Þá ætla ég að koma aðeins að því sem ég endaði á hér áðan í tilvitnuninni í minnihlutaálit félmn. og kemur mjög skýrt fram í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta mál, en það eru áhyggjur manna af stöðunni á leigumarkaðnum. Fyrir marga hópa er hún mjög þröng. Það er ekki verið að nota nein stóryrði úr samhengi við samfélagsástandið þegar fólk talar um neyð margra á húsnæðismarkaði.

Það er einfaldlega svo að mjög margir eiga erfitt með að standa straum af hárri leigu, fólk sem hefur ekki aðstæður til að kaupa sér húsnæði og þarf að þreyja þorrann á leigumarkaði. Hér ætti auðvitað að vera leigumarkaður sem fólk gæti verið á alla sína tíð ef það kysi, þannig að fólk liti ekki á það sem neyðarkost að vera á leigumarkaði, enda á það að geta verið alveg prýðilegur kostur. Þess vegna þurfum við að koma upp góðum og sanngjörnum leigumarkaði þar sem fólk getur verið alla sína búskapartíð án þess að kaupa sér húsnæði ef það kýs að haga sínum málum svo. En til að sú draumsýn rætist þarf mjög mörgu að breyta og vona ég að eitt af meginviðfangsefnum stjórnmálanna og félagsmálanna á næstu árum verði að breyta leigumarkaðnum verulega þannig að hann verði miklu sanngjarnari og skilvirkari heldur en nú og raunhæfur kostur fyrir Íslendinga, samhliða öðrum kerfum sem við höfum hér í sambandi við húsnæðiskaup eða búsetakerfi o.s.frv. Við þurfum að byggja upp leigumarkað sem virkar þannig að það verði komin upp kjölfesta, svo að það verði eins sjálfsagður, eðlilegur og góður kostur að leigja sér íbúð og að kaupa hana.

Í því tilliti ætla ég að vitna hérna í hina ágætu umsögn Alþýðusambands Íslands sem er undirrituð með kveðju frá Gylfa Arnbjörnssyni, framkvæmdastjóra ASÍ, með leyfi forseta.

„ASÍ vill í upphafi koma tvennu á framfæri. Í fyrsta lagi hafa samtökin talið það algjört forgangsverkefni hjá stjórnvöldum að endurskoða félagslega íbúðakerfið, sérstaklega með tilliti til fjölda félagslegra íbúða og þeirrar miklu hækkunar sem orðið hefur á húsaleigukerfinu á undanförnum árum. Kannanir ASÍ og annarra staðfesta að þessi hækkun húsaleigu er ein af meginástæðum aukinnar fátæktar hér á landi.“

Ég undirstrika það sem ég sagði áðan að þessi himinháa húsaleiga fyrir lágtekjufólk og fátækt fólk á Íslandi er ein af meginástæðum þeirrar auknu fátæktar sem við vitum öll að er á Íslandi. Það væri mikið strandhögg í baráttunni gegn fátæktinni sem ég held að flestir stjórnmálamenn, ég segi flestir af því að fram hefur komið að það eru ekki allir, flestir stjórnmálamenn telja að sé eitt af meginverkefnum og aðalviðfangsefnum okkar sem hér störfum fyrir utan að vernda stjórnarskrána, mannréttindin og tjáningarfrelsið. En áfram segir hér, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi hefur Alþýðusambandið talið að minna liggi á að endurskoða almenna húsnæðiskerfið, þ.e. húsbréfakerfið. Engu að síður tilnefndi ASÍ fulltrúa sinn í nefnd félagsmálaráðherra sem fjalla átti um breytingarnar á almenna

húsnæðiskerfinu. Nefnd þessi var skipuð sumarið 2003 og hefur lítið verið kölluð saman og alls ekkert til að fjalla um þetta frumvarp ...“ segir hér í þessari umsögn ASÍ um þetta.

Hér er mjög sterkt að orði kveðið og nota ég þetta til að undirstrika orð mín um leigumarkaðinn og mikilvægi þess að félagsmálayfirvöld og Alþingi ráðist í samstillt átak. Lögð hafa verið fram prýðileg þingmál um átak til að efla leigumarkaðinn, t.d. af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á síðasta kjörtímabili. Ég held að menn ættu að geta tekið höndum saman um það mikilvæga mál ef mönnum er alvara um að vinna sérstaklega gegn fátækt á Íslandi, af því að það eru fyrst og fremst hinir efnaminni og fátækari sem þvælast á milli misgóðs og misdýrs leiguhúsnæðis. Oft er þetta unga fólkið eða öryrkjar, þeir sem verða einhvern veginn utangarðs í lífinu, eða hafa lent í því ungir að eignast börn og kannski ekki náð að ljúka námi, þannig að þeir hafa ekki náð þeim heimilistekjum sem nauðsynlegar eru til að standa undir húsnæði og fjölskyldurekstri og barnauppeldi. Allir sem búa á Íslandi í dag vita að það er verulega erfitt mörgu ungu fjölskyldufólki að koma sér upp húsnæði. Því tekst það misvel og lendir oft í því að leigja húsnæði sem hýsir millistóra fjölskyldu sem er bæði mjög vondur kostur að því leyti að það er mjög óstöðugt og ótryggt að vera leigjandi. Hér tíðkast ekki einhvers konar langtímasamningar til leigu, þá er ég að tala um samninga sem taka jafnvel til áratuga og á sanngjörnu verði, þannig að fólk geti bara lifað sínu lífi og unað við það að vera í leiguhúsnæði.

Þetta hefur sérstaklega komið illa við ungt fólk. Næsti kafli ræðu minnar hér fjallar einmitt um hugmynd sem við í Samfylkingunni kynntum að hluta til fyrir síðustu kosningar og ég skrifaði töluvert um í blöð og á vef minn, björgvin.is, fyrir tveimur árum í aðdraganda kosninganna. Hugmyndin gekk undir heitinu „Íbúðir fyrir ungt fólk“. Við í Samfylkingunni munum leggja hana fram sem þingmál við upphaf þings í haust og erum að vinna að þessu með þeim sem mest og gjörst til þekkja. Kjarninn er sá að lítið sem ekkert hefur verið byggt af smáíbúðum á Íslandi undanfarin ár. Ungt fólk á þar af leiðandi erfitt með að finna sér stað til að slá niður tjöldum vegna skorts á heppilegu húsnæði. Allt of margir ráðast í vonlausar fjárfestingar og eyða næstu árum og áratugum í glórulausan lífróður við að ná landi vegna allt of mikilla skulda við það eitt að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það verður að grípa til róttækra aðgerða í húsnæðismálum ungs fólks. Því erum við að vinna að tillögu sem ég kynni hér í fyrsta sinn á hinu háa Alþingi.

Það hefur skapast ófremdarástand, hvort sem horft er til leigu- eða eignarhúsnæðis. Öruggt húsnæði og viðráðanlegir valkostir fyrir ungt fólk eru grundvöllur að allri velferð og þúsundir ungs fólks eru nú í miklum vanda vegna úrræðaleysis í húsnæðismálum og eru annaðhvort upp á ættingja komnar eða þurfa að hírast í litlum og lélegum kompum á rándýrum leigumarkaði. Það er mikilvægt að grípa til brýnna aðgerða sem duga til frambúðar og skapa varanlegan og góðan valkost í húsnæðismálum fyrir ungt fólk og fjölga smáíbúðum til leigu eða eignar.

Sænskir jafnaðarmenn fóru snjalla leið til að umbylta aðgengi ungs fólks að húsnæði. Sú leið hefur reynst mjög farsæl í Svíþjóð og hefur Samfylkingin mótað tillögur sínar að hluta með þær til hliðsjónar, tillögur sem gætu hentað okkar ástandi, okkar markaði hér á Íslandi.

Sú leið sem ég tel að við eigum að fara og gera að einu af okkar stóru málum er að stofna sérstök húsnæðisfélög til að ráðast í átak í uppbyggingu smáíbúða fyrir ungt fólk með þátttöku félagasamtaka, ríkis, fyrirtækja og/eða sveitarfélaga. Smáíbúðirnar væru hvort heldur er til leigu á félagslegum markaði eða til eignar. Það hefur skapast brýn þörf á varanlegum og raunhæfum úrbótum í þessum málum, enda mætti líkja stöðu margs efnalítils fólks á leigumarkaði við neyðarástand. Það er skylda samfélagsins að hlúa vel að unga fólkinu sem í okkar alþjóðavædda heimi velur sér búsetu eftir því hvar er gott að búa en sest ekki sjálfkrafa að á Íslandi. Stjórnvöld hafa brugðist þessari skyldu sinni, sérstaklega hvað varðar það unga fólk sem hefur ekki aðgang að digrum sjóðum við að koma undir sig fótunum eða komast inn í það hefðbundna íbúðakaupakerfi sem við höfum.

Þetta er eitt af meginmálunum til þess að jafna raunverulega lífskjörin á Íslandi, það er að ráðast í slíkt átak til að efla leigumarkaðinn og til að byggja sérstaklega íbúðir fyrir ungt fólk með stofnun sérstakra húsnæðisfélaga, ráðast í átak til byggingar smáíbúða með þátttöku félagasamtaka, ríkis, fyrirtækja, sveitarfélaga o.s.frv. og byggja íbúðir sem væru hvort heldur er til leigu á félagslegum markaði eða til eignar. Þetta gæti skipt miklu máli og það væri þess virði að við skoðuðum hér á hinu háa Alþingi að vinna að einhverjum slíkum tillögum sem gætu skipt miklu máli við að bæta úr þörfinni fyrir leiguhúsnæði og smáíbúðir. Það er byggt mikið af stærra húsnæði en víða um land og í mörgum sveitarfélögum er tilfinnanlegur skortur á smáíbúðum og húsnæði sem er heppilegt fyrir þá sem eru að hefja búskap.

Þetta mál mun ég að sjálfsögðu ræða aftur hér á Alþingi síðar og kynna sem ítarlega tillögu til þál. næsta haust.

Þá ætla ég að nefna hér að lokum nokkuð merkilega rannsókn sem var unnin af fimm nemendum í háskólanum á Bifröst, Hjálmari Blöndal og fjórum öðrum nemendum. Þar eru bornar saman verðtryggingar og gengistryggingar og er rannsóknin mjög merkileg fyrir margra hluta sakir. Hún hefur vakið töluverða athygli og höfundar kynna hana örugglega ítarlega og vel og vandlega á næstunni. Borið var saman tíu ára tímabil, annars vegar miðað við gengistryggingu og hins vegar verðtryggingu. Kom þar fram að á þessu 10 ára tímabili var verðbólgan hérlendis u.þ.b. 40% en gengisbreytingin á þessum sama tíma var 6%. Höfundar velta því upp í skýrslunni hvort það sé til muna hagstæðara fyrir almenning að taka t.d. húsnæðislánin sín sem gengistryggð lán en ekki verðtryggð og velta mjög mörgum athyglisverðum og ögrandi spurningum upp í skýrslunni. Mjög gott og fróðlegt er að skoða þetta í þessu samhengi og þegar við erum að ræða þessi mál og þessar meginbreytingar á húsnæðiskerfinu, þar sem lánin taka mið af breytingum á gengi. Dregin eru upp nokkur dæmi þarna. Eitt dæmi sem rammar mjög vel inn þessa þróun á þessum tíu árum er ein milljón íslenskra króna sem var tekin að láni hjá Íbúðalánasjóði fyrir tíu árum. Staðan á því láni núna tíu árum seinna var sú að það var búið að borga 800 þús. kr. af láninu en það stóð í einni milljón og sautján þúsundum. Sem sagt — ein milljón tekin fyrir tíu árum hjá Íbúðalánasjóði á þeim kjörum sem þar eru stendur í milljón og sautján þúsund og afborgunin er 800 þúsund. Milljónarlán tekið eftir hinu kerfinu, sem sagt gengistryggt í erlendri og blandaðri mynt, stóð eftir 10 ár í 700 þús. kr. og búið var að borga af því 700 þús. kr. Samkvæmt þessum rannsóknum og niðurstöðum á samanburði á þessu 10 ára tímabili, þá er augljóslega til muna hagstæðara að taka gengistryggða lánið.

Þetta er athyglisverð rannsókn sem er gott að hafa til hliðsjónar og velta því sérstaklega fyrir sér með tilliti til gengisáhættu og allra slíkra hluta hvort það gæti verið vænlegur kostur fyrir íslenska húsnæðiskaupendur að taka lánin sín frekar með þessum hætti heldur en verðtryggð lán sem gengur ákaflega hægt að borga niður. Maður getur ímyndað sér 90% lán og að þakið á þeim verði hátt, 20 milljarðar og yfir. Niðurgreiðslan er óhemjuhæg og spurning hvort ekki sé mikið vænlegri leið að taka húsnæðislánin beint með öðrum hætti í erlendri mynt.

Auðvitað er áhætta í því en þessi rannsókn á síðustu 10 árum leiðir í ljós að það er miklu hagstæðara, það hleypur á verulegum upphæðum og því er þess virði að skoða málið mjög vel og vandlega í þessari umræðu um breytingar á húsnæðiskerfinu af því að markmiðið er að sjálfsögðu eins og segir í upphafi minnihlutaálitsins, með leyfi forseta:

„Þegar breytingar eru gerðar á húsnæðislöggjöfinni er grundvallaratriði að þær tryggi betur hag almennra neytenda, þ.e. bæði kaupenda og seljenda húsnæðis. Þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi eru endurskipulagning á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs með því að taka upp peningalánakerfi í stað húsbréfa og húsnæðisbréfa. Bankarnir hafa fagnað þeirri breytingu að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp peningalán enda gengur breytingin mjög í átt til þess sem bankarnir hafa sjálfir lagt til. Ástæða er til að benda á að hér er verið að taka enn eitt skrefið í átt til einkavæðingar á Íbúðalánasjóði.

Umsagnaraðilar hafa yfirleitt tekið undir að þessi breyting geti verið jákvæð en tilgangur hennar á að vera að auka hagkvæmni fjármögnunar og skapa grundvöll fyrir trausta verðmyndun á frum- og eftirmarkaði. Til þess er litið að endurskipulagning á skuldabréfaútgáfunni muni stuðla að frekari lækkun á langtímavöxtum í framtíðinni en vextir hafa lækkað verulega að undanförnu. Vísbendingar eru nú um að vextir fari hækkandi og hægt er að draga það í efa að tímasetning þessara kerfisbreytinga sé rétt. Óljóst er hvernig háttað verður áhættugreiningu og áhættustýringu og hafa komið í ljós ýmsir óvissuþættir í því sambandi við meðferð málsins í nefndinni.

Ein helsta gagnrýni sem fram hefur komið snýr að heimild til uppgreiðslu lána og ljóst að ýmsir telja hana mikinn flöskuháls í þessu nýja kerfi. Ljóst er að vaxtaáhætta Íbúðalánasjóðs eykst verulega eftir því sem meiri líkur eru á uppgreiðslu af hendi lántakenda, sem gæti orðið ef mikið misvægi skapast í vöxtum á nýjum lánum og gömlum."

Þetta segir í aðvörunarorðum í nál. minni hlutans sem er vel úr garði gert og tekur með mjög uppbyggilegum, gagnrýnum en góðum hætti á þessu annars ágæta máli sem flest bendir nú til að sé breyting til hins betra.

Undir það taka vissulega jafnólíkir aðilar og Alþýðusambandið, Hagfræðistofnun og BSRB og ætla ég að grípa hérna að lokum niður í umsögn BSRB um málið til að varpa ljósi á viðhorf þess, með leyfi forseta:

Umsögn BSRB 19. apríl 2004:

„Meginbreytingin sem frumvarpið hefur í för með sér er að í stað húsbréfa verða gefin út íbúðabréf, sem seld verða í sameiginlegum útboðum og koma lántakendur til með að fá lán sín greidd í peningum í stað bréfa. Þótt margt megi gott segja um húsbréfakerfið hafa engu að síður fylgt því ýmsir ókostir og vegur þar þungt sú óvissa sem fylgir gengi bréfanna hverju sinni en þegar eftirspurn hefur verið lítil hafa afföll verið umtalsverð að sama skapi. Auðvitað verður óvissa enn fyrir hendi með tilkomu nýs fyrirkomulags því vextir íbúðabréfa munu ráðast af niðurstöðu úr sameiginlegum útboðum. Hins vegar er líklegt að með stórum útboðum megi ná vöxtum niður. Þar með verður áhætta lántakandans minni.

Þessa grundvallarbreytingu á kerfinu styður BSRB en hefur fyrirvara gagnvart 12. gr. frumvarpsins þar sem ráðherra er einhliða veitt heimild til að ákveða aukaþóknun, sem renni til sjóðsins ef lántakandi ákveður að hraða greiðslum eða greiða að fullu ÍLS-veðbréf ..."

Þetta segir í umsögn BSRB og er athyglisvert að heyra sjónarmið þess í þessu sambandi.

Við höfum komið víða við og eigum sjálfsagt eftir að gera það áfram í dag, enda nokkrir á mælendaskrá. Ráðherra mun svo loka málinu á eftir og fara yfir það sem til hans hefur verið beint, sérstaklega og ekki síst það sem lýtur að ákvæðum í frumvarpinu um uppgreiðslu lána. Vil ég enn og aftur ítreka það við þingheim og ráðherra hæstv. að það er mjög mikilvægt að þetta verði ekki samþykkt með þessum hætti heldur geti fólk greitt upp lán sín án þess að á það sé lagt sérstakt gjald. Það er mikið réttlætismál að málum verði þannig fyrir komið.

Eins með 90% lánið, það verður fróðlegt að fá svör frá hæstv. ráðherra um hvernig framkvæmdinni verður háttað á næstu árum, hvert þakið verður á lánunum og ekki síst hvaða áhrif hæstv. ráðherra telur að þetta kerfi muni hafa á verð á íbúðarhúsnæði og hvort til grundvallar mati hans og skoðun á málinu liggi einhverjar rannsóknir. Einnig hvaða rannsóknir hæstv. ráðherra styðst við ef hann telur að ekki verði verulegar breytingar á íbúðarverði og hvaða stoðum hann rennir undir það að þetta verði ekki til þess að hleypa verði á íbúðarhúsnæði þannig upp að miklu betur hefði verið heima setið heldur en af stað farið.

Vafalaust þyrstir marga aðra en mig í skýr svör um 90% lán Framsóknarflokksins, enda er vafamál að nokkurt einstakt kosningamál hafi verið meira auglýst eða kynnt með öðrum eins tilþrifum. Margar auglýsingar lifa í minningunni og þykja örugglega nokkuð snilldarlegar út frá sjónarmiðum áróðurstækninnar og auglýsingabrellnanna. Þótt ýmsum hafi þótt þær orka tvímælis voru þær alla vega svo ágætar að menn muna þær enn.

Ráðherrann hæstv. skuldar okkur skýringar á því hvenær og hvernig 90% lánin verða framkvæmd. Dagsetningin 1. desember 2003 er löngu liðin og hann hlýtur að kveða skýrt upp úr um það hvernig hann sér fyrir sér framvindu þessara mála.

[14:06]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál og er borið hér fram af hæstv. félmrh.

Í frv. er boðuð kerfisbreyting sem felur í sér að húsbréfakerfið eins og það lítur út nú verður að öllum líkindum lagt niður frá og með 1. júlí nk. og við munum hverfa yfir í peningalánakerfi eða svokölluð íbúðabréf af hendi Íbúðalánasjóðs.

Eins og segir í markmiðsgrein frumvarpsins er markmiðið hjá hæstv. ráðherra að tryggja landsmönnum hagkvæmari húsnæðislán hjá Íbúðalánasjóði með ódýrari fjármögnun á almennum lánamarkaði. Það er gert í þessu frumvarpi með því að einfalda fjármögnunarleiðir Íbúðalánasjóðs. Það sem

fjárfestar hafa sett út á á hinum almenna markaði er útdráttarfyrirkomulagið sem hefur verið á húsbréfunum fram á þennan dag. Með því að fara úr húsbréfakerfi yfir í peningalánakerfi eða íbúðabréf eru skilmálar bréfanna einfaldaðir að því leyti að útdráttarfyrirkomulagið sem hefur verið við lýði á umliðnum árum verður það ekki áfram og bæði sérfræðingar á markaði og aðrir búast við að eftirspurn eftir þessum fjármögnunarbréfum muni aukast í kjölfarið. Þar af leiðandi mun ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækka í kjölfarið og þannig munu neytendur eða íbúðarkaupendur hér á landi njóta ávinningsins í lægri vöxtum.

Það frumvarp sem hér um ræðir er ein birtingarmynd þess sem við framsóknarmenn töluðum um fyrir síðustu kosningar og er hluti af loforði okkar þá um 90% húsnæðislán sem við munum standa við. Breytingin er til meðhöndlunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA og við eigum von á því að á næstu missirum kveði Eftirlitsstofnunin upp um það hvort okkur er heimilt að veita 90% húsnæðislán.

Ég held að við hljótum öll að vera sammála um það að í löggjöf og öðru slíku viljum við vera nokkuð trygg gagnvart Evrópureglum og þess háttar. Því á ég bágt með að trúa öðru en allir hér inni séu sammála um að mjög mikilvægt sé að fyrir liggi álit Eftirlitsstofnunarinnar um að þetta sé heimilt. Persónulegt mat mitt er að það sé nokkuð í hendi að við fáum grænt ljós frá stofnuninni.

Í störfum félmn. var farið mjög ítarlega yfir málið og fengið fólk á fundi sem gaf umsagnir um málið. Ef við horfum heildrænt á umsagnirnar voru þær í flestum tilvikum mjög jákvæðar og menn bundu vonir við að breytingarnar sem við beitum okkur fyrir hér leiði til lækkandi vaxta og þar af leiðandi til bættra kjara almennings og íbúðarkaupenda hér á landi.

Til nefndarinnar kom fólk frá Íbúðalánasjóði og gerði grein fyrir vinnunni sem þar hefur átt sér stað við innleiðinguna. Í fyrsta lagi var nefnt að búið er að fá Deutsche Bank til þess að annast þau miklu skuldabréfaskipti sem verða með tilkomu kerfisbreytingarinnar. Ég þarf ekki að taka fram að Deutsche Bank er þaulreynt fyrirtæki á þessu sviði og er mjög virt um víða veröld, enda er mjög mikilvægt að skiptin sem fram undan eru, menn hafa nefnt upphæðir líkt og 300 milljarða kr. sem eru engir smápeningar, fari mjög vel fram og að engir hnökrar verði á framkvæmdinni. Ég hef enga ástæðu til að ætla að svo fari af samtölum mínum við þessa menn, þeir eru bjartsýnir á að þetta muni ganga giftusamlega fyrir sig, enda eru þar fagmenn á ferðinni.

Í annan stað hefur Íbúðalánasjóður leitað til sænsks fyrirtækis sem heitir Capto og hefur unnið að áhættugreiningu fyrir Íbúðalánasjóð gagnvart vaxtaáhættunni sem sjóðurinn þarf vissulega að bera í framtíðinni með nýju kerfi. Fyrirtækið er mjög reynt í slíkri ráðgjöf. Sú vinna stendur yfir, m.a. mun fyrirtækið koma að því að endurbæta hugbúnað sjóðsins og annað slíkt auk almennra ráðgjafarstarfa. Ég hef trú á því að Íbúðalánasjóður, ásamt þessum tveimur aðilum, muni standa mjög vel að þessu mikilvæga máli, enda er afar mikilvægt að hér takist vel til.

Ég vil segja almennt um starfsemi Íbúðalánasjóðs að hún er mjög mikilvæg fyrir landsmenn alla. Ríkið tengist lánveitingum til íbúðarkaupenda með því að veita ríkistryggingu á húsnæðislán, sem gerir það að verkum að vextir Íbúðalánasjóðs eru 1–1,5% eða 2% lægri en gengur og gerist á almennum markaði.

Ég vil líka segja það sem þingmaður Norðaust. sem er landsbyggðarkjördæmi að tilvera Íbúðalánasjóðs er líka mjög mikilvægt fyrir landsbyggðina því að Íbúðalánasjóður mismunar ekki íbúðarkaupendum eftir því hvort þeir búa norður á Akureyri, austur á Egilsstöðum, í Reykjavík eða á Ísafirði, allir eru jafnsettir gagnvart Íbúðalánasjóði. En við höfum orðið vitni að því að mörg sveitarfélög víða um land og margir íbúðarkaupendur þar hafa fengið 65% eða 70% lán hjá Íbúðalánasjóði en síðan hafa bankar, almennar bankastofnanir, neitað að lána meira til íbúðarkaupanna þar sem þeir telja veðhlutfall húsnæðisins ekki nógu tryggt. Því gegnir sjóðurinn mjög mikilvægu hlutverki. Það er mikið hagsmunamál að lánshlutfallið sem við ræðum hér, breyting úr 65% upp í 90%, verði að veruleika því að það er sérstaklega mikið réttlætismál fyrir íbúa landsbyggðarinnar að geta keypt sér húsnæði á eins hagkvæmum kjörum og mögulegt er.

Það er samdóma álit þeirra sem um málið hafa fjallað að breytingin sem við horfum hér fram á stuðli að lækkun vaxta. Vextir húsbréfa hafa myndað vaxtagólf á lánamarkaði hér á landi og hafa verið þeir lægstu sem um getur á markaðnum. Nú hafa ýmsir í þjóðfélaginu verið að ræða það að lækkun vaxta getur orðið frá 0,5% upp í 1,5–2% samkvæmt þeim sem dýpst taka í árinni.

Mig langar að vitna í blaðagrein eftir Harald Johannessen, sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi áðan og vil, með leyfi forseta, vitna orðrétt í hana. Þar segir að í mánaðarútgáfu Barclays Capital komi fram að ...:

„... möguleikinn til að fjárfesta miðað við 4% raunvexti þegar mikilvægar umbætur og aukinn seljanleiki séu fram undan sé eftirsóknarverður fyrir stofnanafjárfesta og muni líklega vega þyngra en efasemdir um að fjárfesta í fremur lítið seljanlegri mynt. Talið er sérstaklega jákvætt að losna við útdráttinn, þ.e. endurkaup bréfanna, og að flokkunum muni fækka úr 38 í 4. Barclays Capital telur litla ástæðu til að ætla að ávöxtunarkrafan muni ekki lækka enn meira en orðið er."

Það þýðir jafnvel lækkun vaxta upp á allt að 1%. Ef við höfum í huga að skuldir íslenskra heimila eru samkvæmt síðustu tölum sem ég hef heyrt um 800 milljarðar kr., þá þýðir þetta að ávinningurinn fyrir íslensk heimili verður um 8 milljarðar kr. á hverju einasta ári ef við höfum 1% til viðmiðunar sem er svo sem ekki heilög tala. Ef við ætlum að átta okkur á því í hvers konar samhengi við erum að ræða svona háar upphæðir, því hér er vissulega um háar upphæðir að ræða, þá má taka sem dæmi að útgjöld ríkissjóðs til barnabóta, sem skipta margar barnafjölskyldur mjög miklu máli hér á landi, eru um 5,4 milljarðar kr. og útgjöld ríkissjóðs til vaxtabóta eru um 4,5 milljarðar kr. 8 milljarðar kr. í því samhengi eru þess vegna gríðarlega háar upphæðir og munu þar af leiðandi skipta fjölskyldurnar í landinu gríðarlega miklu máli.

Það er mitt mat að vextir lækki í kjölfar þessara breytinga.

Ég ætla að vitna áfram í grein Haraldar Johannessens. Í niðurlagi hennar segir, með leyfi forseta:

„Horfur um sölu á íslenskum verðtryggðum skuldabréfum eru því góðar og fátt sem bendir til að Íslendingar þurfi að hafa áhyggjur af því að erlendir fjárfestar missi áhuga á bréfunum á næstunni."

Þetta er því mjög jákvæð úttekt á breytingunni sem við ræðum hér og flestir sem ræddu málið fyrir nefndinni voru einnig mjög jákvæðir í garð þessara breytinga.

Mig langar að segja að lokum, hæstv. forseti, að 90% húsnæðislánin voru mjög jákvæð breyting á sínum tíma. Það hefur sýnt sig að vanskil þeirra sem hafa tekið 90% lán hjá Íbúðalánasjóði hafa verið um 0,12% en vanskil annarra, sem hafa þá verið með önnur lán, hafa oft verið á bilinu 0,2–0,3%. Því má segja að 90% húsnæðislán hafi virkað vel og hafi haft mikla þýðingu fyrir mjög marga sem eru að ljúka námi og koma úr skóla. Þeir hafa þá getað keypt húsnæði fyrir fjölskyldu sína.

Það er eðlilegt að þetta mál fái góða og mikla umfjöllun eins og það hefur fengið í hv. félmn. og mjög mikilvægt er að vel verði að þessari framkvæmd staðið. Ég hef trú á því að Íbúðalánasjóður standi undir þeim væntingum. Það mun reyna á framkvæmd laganna og ábyrgð Íbúðalánasjóðs á framkvæmdinni er mjög mikil. Eins og ég hef dregið fram er því mjög mikilvægt að sjóðurinn skuli hafa leitað til fagaðila hvað þetta varðar, Capto og Deutsche Bank. Ég tel að það styrki framkvæmdina og auki trú aðila á markaðnum á það að við stöndum vel og rétt að málum. Þetta eru skuldabréfaskipti upp á jafnvel nokkur hundruð milljarða, kannski 300 milljarða kr., og því mjög mikilvægt að vel sé að öllu staðið.

Að lokum vil ég segja að ég hef þá trú að með þessu frv. sem við erum vonandi að fara að samþykkja sé stigið fyrsta skrefið í þá átt að lækka vaxtastigið verulega hér á landi, í átt til þess sem gengur og gerist annars staðar í Evrópu, til hagsbóta fyrir íbúðakaupendur og til hagsbóta fyrir almenning hér á landi.

[14:18]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Í morgun heyrði ég frétt í útvarpinu um að íbúðaverð hefði tvöfaldast frá því snemma á árinu 1997, þ.e. á sjö árum. Þegar verið er að ræða grundvallarbreytingu á húsnæðislánakerfinu finnst mér að við eigum að taka góða umræðu um stöðu húsnæðismála hér á landi og hvernig það er fyrir ungt fólk að komast inn í kerfið. Staðan er þannig að það er hreinlega ekki einfalt vegna þess að húsnæðisverð er gríðarlega hátt og fer hækkandi. Í sömu frétt kom fram að gert er ráð fyrir að verðið hækki enn frekar á næstu árum sem gerir það enn erfiðara fyrir ungt fólk að kaupa íbúð og líka fyrir þá sem koma inn í kerfið í fyrsta sinn.

Leiguverð er einnig gríðarlega hátt eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson nefndi áðan. Það er alveg ljóst að við eigum við mikinn vanda að etja í húsnæðismálum. Þarna er ég aðallega að tala um unga fólkið sem er líka lágtekjufólkið.

Það var svolítið gaman að öllum þessum loforðaflaumi framsóknarmanna vegna þess að þeir komu út úr kosningabaráttunni síðast með þá ímynd að þeir væru svolítið poppaðir og ætluðu að gera ýmislegt í húsnæðismálum. Þeir voru með ágætis auglýsingar um það sem ég held að hafi samt aðallega snúist um það hvernig foreldrar ætluðu að reka börnin sín að heiman og fyrir hvað. Það var ákveðin tvíræðni í því en ég ætla ekki að dæma það sérstaklega.

Mér þótti samt nokkuð merkilegt að heyra hv. þm. Birki Jón Jónsson nefna það áðan að þessi 90% lán sem framsóknarmenn lofuðu standi og falli með því hvað Eftirlitsstofnun EFTA segir um málið og verið sé að bíða eftir því að stofnunin kveði upp úr um hvort ríkið getur gert þetta. Í gær var samþykkt hér frumvarp, fjölmiðlafrumvarp, og allsherjarnefnd sem fjallaði um það mál var ekki einu sinni boðið upp á slíkt hið sama. Það leikur líka mjög mikill vafi á því að fjölmiðlafrumvarpið standist ákveðnar reglur og gerðir í EES-samningnum. Þess vegna þykir mér undarlegt að þegar Framsóknarflokkurinn er núna áfram um að efna kosningaloforð sín verði fyrst að tala við Eftirlitsstofnun EFTA.

Auðvitað styð ég vönduð vinnubrögð, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, það geri ég ávallt. Þess vegna samþykkti ég heldur ekki fjölmiðlafrumvarpið í gær.

Ég ætla aðeins að fjalla um frumvarpið sjálft, virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði, þá erum við í Samfylkingunni nokkuð jákvæð gagnvart þessari kerfisbreytingu en teljum þó að í frumvarpinu séu ýmis atriði, aðallega framkvæmdaratriði, sem vert er að hafa áhyggjur af og ég ætla að nefna nokkur sem er reyndar fjallað ítarlega um í nefndarálitinu.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að hætta er á því að vextir geti breyst frá einu útboði til annars og þar með að sjálfsögðu lánskjörin. Talið er að þetta geti skekkt verðmyndun á fasteignamarkaði. Það kemur einnig fram í nefndarálitinu að fulltrúi Félags fasteignasala sem mætti á fund nefndarinnar tók undir þessi sjónarmið. Ég tel rétt að þetta atriði verði skoðað nánar.

Í öðru lagi vil ég nefna að því er haldið fram hér að afföllin muni hverfa með öllu en eins og kemur fram í nál. minni hlutans skiptast afföllin sem nú koma fram á markaði yfirleitt á milli kaupenda og seljenda. Þetta er jöfn ábyrgð en eins og fram kemur í nefndarálitinu munu þau að öllum líkindum lenda á lántakandanum í nýju kerfi, koma fram í hærri vöxtum og dreifast á allan lánstímann. Þetta atriði tel ég að við verðum að skoða betur vegna þess að affallakerfið nú er það vont og kemur sér það illa fyrir þá sem lánin taka að við megum ekki breyta því heldur eigum við að reyna að afnema það. Við eigum ekki að breyta farvegi fjárins sem kemur úr höndum kaupenda og seljenda.

Í þriðja lagi verð ég að koma aðeins inn á það sem hv. þm. og framsögumanni minni hluta félmn., Jóhönnu Sigurðardóttur, var tíðrætt um en það er uppgreiðsla lána.

Það er mjög mikilvægt að lántakendur geti stólað á að geta borgað upp lánin sín án þess að borga fyrir það formúur. Það hlýtur að vera réttur hvers manns sem tekur lán að fá að greiða þau hraðar upp að fullu en gert var ráð fyrir upphaflega. Því eigum við að fagna, við eigum ekki að taka fyrir það gjald.

ASÍ hefur nefnt þetta og við höfum tekið undir þau sjónarmið að það hljóti að vera réttur skuldara að greiða upp skuldir sínar án þess að verða fyrir verulegri gjaldtöku.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom líka aðeins inn á nýbyggingarlánin, en mér er það mikið áhyggjuefni ef við ætlum að breyta út af þeirri braut að þau séu greidd í þrennu lagi, þ.e. jafnt og þétt á byggingartímanum, og breytum yfir í kerfi þar sem þetta er eingreiðsla í lok framkvæmdatímabils. Við hljótum að hafa áhyggjur af því vegna þess að gert er ráð fyrir því að þeir sem þessi lán taka hafi þurft að sækja sér lán annað með gríðarlegum fjármagnskostnaði. Ég spyr hvort Framsóknarflokkurinn ætli með einhverjum hætti að bæta það upp eða hvernig því verði hagað?

Jafnframt segir í þessu ágæta minnihlutaáliti að hjá fulltrúum ASÍ sem mættu á fund nefndarinnar hafi komið fram miklar áhyggjur af víðtækum heimildum ráðherra til gjaldtöku. Það kemur líka fram að ASÍ styðji frumvarpið að því gefnu að tekið verði tillit til sjónarmiða þess um að skuldari eigi að geta greitt upp skuldir sínar án sérstaks álags. Það er nógu dýrt að taka þessi lán núna. Ef við ætlum að breyta

kerfinu, þá eigum við að reyna að gera það almennilega og ekki þannig að skildar séu eftir víðtækar heimildir fyrir ráðherra til aukinnar gjaldtöku af lántakendum.

Virðulegi forseti. Það sem ég sakna í þessu frumvarpi og það sem ég sakna við gjörðir ríkisstjórnarinnar eins og þessa sem hefur bein áhrif á fjölskyldurnar í landinu, á ungt fólk og þá sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið, er að ekki er litið heildrænt á málin. Mér finnst vanta við svona lagasetningar, ekki síst hjá félmrn., að gerðar séu almennilegar rannsóknir á því hvaða afleiðingar svona lagagjörðir, þar sem gerð er grundvallarbreyting á húsnæðiskerfi landans, hafa á ákveðnar gerðir fjölskyldna hér á landi.

Árið 1998 var stofnað opinbert fjölskylduráð. Rannveig Guðmundsdóttir gerði tillögu um það á sínum tíma og hún var síðan framkvæmd í tíð hv. fyrrverandi ráðherra, Páls Péturssonar, gríðarlega gott mál þar á ferð. Markmið þessa fjölskylduráðs var að móta opinbera fjölskyldustefnu, taka á móti frumvörpum, vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnina og gera úttekt á því hvaða áhrif ákveðnar stjórnvaldsaðgerðir hefðu á fjölskyldur í landinu. Ég kem inn á þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld fari loksins að opna augun fyrir því að t.d. millitekjufjölskylda, ungt fólk sem hugsanlega á eitt til tvö börn og er að koma úr námi, mjög klassísk ung fjölskylda, situr uppi með þær gjörðir þessarar ríkisstjórnar á undanförnum árum að allir opinberir aðilar líta á samtöluna á skattskýrslunni þeirra. Svo er kroppað í hana en það er aldrei litið á hlutina í samhengi. T.d. borgar ein og sama fjölskyldan tugi þúsunda á mánuði í leikskóla. Sama fjölskylda borgar tugi þúsunda á mánuði af námslánum. Sama fjölskylda borgar af húsnæðisbréfum, borgar af húsnæðislánum, og er þar að sjálfsögðu með háa vexti og verðbætur í ofanálag þannig að ef ríkið ákveður að hækka brennivínið, þá hækka lánin líka. Þetta fólk á ekki mikið eftir þegar af öllu hefur verið tekið vegna þess að enginn skoðar samhengið í útgjöldum þessara fjölskyldna. Hins vegar eru þær gríðarlega skattlagðar, barnabæturnar hafa verið skertar og þær lenda harkalega í tekjutengingum barnabóta.

Þessar sömu fjölskyldur lenda svo í því núna á haustdögum að vaxtabæturnar til þeirra eru skertar um 600 millj. kr. Fyrirgefðu, herra forseti, ég verð bara að koma þessu að hérna vegna þess að það er til fyrirbæri sem heitir fjölskylduráð og maður hefði haldið að hæstv. félmrh. mundi sjálfur leita til þess þegar frumvarp sem hefur áhrif á afkomu fjölskyldna er til umræðu.

Ég get ekki annað en vitnað í svar frá félmrh. við fsp. Rannveigar Guðmundsdóttur um fjölskylduráð og opinbera fjölskyldustefnu. Ég ætla að að lesa 2. lið fyrirspurnarinnar í heild sinni, með leyfi forseta, og svarið síðan þar á eftir. Spurningin er þessi:

„Hafa stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf frá fjölskylduráði vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir til að bæta stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu og í hvaða tilfellum og hvernig hafa stjórnvöld brugðist við ábendingum fjölskylduráðs um úrbætur í fjölskyldumálum?"

Virðulegi forseti. Svarið segir hugsanlega allt um áhugann á því að líta heildrænt á málefni fjölskyldunnar. Það er eftirfarandi:

„Stjórnvöld hafa einkum leitað eftir ráðgjöf frá fjölskylduráði vegna þingmála og þátttöku í fundum og ráðstefnum. Að öðru leyti hefur lítið verið leitað til ráðsins nema af hálfu félagsmálaráðuneytis en nokkrar umræður um verkefni hafa farið fram í samtölum milli ráðherra, starfsmanna ráðuneytisins og formanns og starfsmanns fjölskylduráðs."

Með öðrum árum, frá árinu 1998 hefur ekkert frumvarp verið sent til þessarar nefndar. Ekki eitt einasta lagafrumvarp. Það eru nú lagafrumvörpin sem hafa áhrifin á barnafjölskyldur, ekki ráðstefnur og þingsályktanir, ekki með jafnbeinum hætti.

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta segja allt sem segja þarf um áhugann eða áhugaleysi stjórnvalda á að líta heildrænt á málefni barnafjölskyldna, vegna þess að við eigum farveg til þess.

Þá vil ég einnig nefna gott frumkvæði frá þessu fjölskylduráði sem er fyrirbæri sem heitir fjölskylduvog og á að vera mælikvarði á stöðu barnafjölskyldna og fjölskyldna hérlendis hverju sinni. Enn sem komið er og allt of lengi hefur þetta eingöngu verið góð hugmynd vegna þess að fjármagn hefur ekki fylgt til þess að þetta megi gerast og ganga sem best. Frá 1998 hefur ekkert svona orðið til. Mér finnst það ábyrgðarhluti. Ef hæstv. félmrh. setur slíkt ráð á laggirnar á að sjálfsögðu að senda þangað frumvörp sem snerta fjölskyldur hérlendis. Mér er algjörlega óskiljanlegt hvers vegna það er ekki gert.

Ég vil hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að fara í eitt skipti fyrir öll að líta heildstætt á stöðu fjölskyldunnar og fara að láta mæla áhrif frumvarpa á fjárhagsstöðu barnafjölskyldna vegna þess að róður þeirra er gríðarlega þungur. Ég get fullyrt að þegar ríkisvaldið hefur kroppað af fjölmörgum millitekjufjölskyldum úr ýmsum áttum og tekjutengt barnabæturnar og skert þær, þá eiga þær ekki mikið eftir til þess að lifa af og eiga fyrir nauðsynjum. Að auki er matarverð gríðarlega hátt hér á landi. Ríkið tekur stóran bita af þeirri köku með virðisaukaskattinum. Fleiri svona atriði mætti tína til.

Virðulegi forseti. Ég ákvað að nota tækifærið til þess að koma inn á málefni barnafjölskyldna vegna þess að ég tel að í hvert eitt og einasta skipti sem stjórnvaldsaðgerð tengist málaflokkum sem snerta fjölskyldurnar beint, þá verði að gera úttekt og láta hana fylgja með frumvarpi sem þessu, úttekt á áhrifunum á einstæðar mæður, á einstæða feður, á millitekjufjölskyldur, á eldri hjón á ellilífeyri o.s.frv. Þetta verður að liggja fyrir þegar svona stjórnvaldsaðgerðir eiga sér stað.

[14:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki undarlegt að húsnæðismálin höfði til okkar þingmanna og að um þau þurfi að fjalla frá ólíkum hliðum. Húsnæðismál eru í flestum tilfellum helsti útgjaldapóstur fjölskyldna, einn þýðingarmesti liðurinn í lífskjörum fólks og það er eitt helsta öryggismál fjölskyldna að eiga öruggt skjól og helst að eiga þak yfir höfuðið. Löggjafinn er afskaplega mikill örlagavaldur í lífi fjölskyldunnar því að það er hann sem ræður hvernig húsnæðismálunum er skipað, hvernig tekið er tillit til mismunandi möguleika fólks og mismunandi kjara og auðvitað framfylgir löggjafinn stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem er við völd hverju sinni.

Það er hárrétt sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fór svo vel yfir áðan að mjög hefur skort á að ríkisstjórnin skoði, þegar hún gerir breytingar, með hvaða hætti breytingarnar eða stjórnvaldsaðgerðir bitna á ólíkum fjölskylduhópum. Þetta er mesti ljóður á ráði ríkisstjórnarinnar þau ár sem hún hefur verið við völd. Það hefur aftur og aftur verið komið með

frumvörp eða gerðar grundvallarbreytingar við fjárlagagerð án þess að nokkuð liggi fyrir um það hvernig þetta hittir ólíka hópa fyrir, hvort aðrar breytingar séu í farvatninu á öðrum sviðum í öðru ráðuneyti sem hitta sama hópinn fyrir og þess vegna getur það allt eins gerst að nokkrar stjórnvaldsaðgerðir undir forræði þriggja, fjögurra ólíkra ráðherra hitti sama hópinn illa fyrir en sömu aðgerðir lyfta öðrum hópi kannski óþarflega. Við erum mjög aftarlega á merinni með þetta hér á Íslandi. Þegar þingsályktun um fjölskyldustefnu var samþykkt hér í þinginu á sínum tíma var einmitt mjög mikil umræða um að breyta þessu og reyna að horfa heildstætt á hlutina. Þar var sérstaklega ætlast til þess að fjölskylduráðið yrði mótandi.

Ég tek hattinn ofan fyrir fjölskylduráðinu miðað við hvað þar hefur verið reynt að gera að gera á þessum árum, miðað við að það hefur engan fastan fjárhagsgrundvöll. Fjölskylduráðinu var ætlað viðamikið hlutverk í þeirri fjölskyldustefnu sem var samþykkt hér á Alþingi 1996 og búin var að vera til umræðu á tveimur, þremur þingum. Því var ætlað viðamikið hlutverk í samvinnu við ríkisstjórn hverju sinni og það átti að stofna fjölskyldusjóð þar sem væri fé til að vinna úttektir, vinna rannsóknir, nákvæmlega á því sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir gerði hér að umtalsefni og þekkir mjög vel. Hún hefur talað fyrir því, m.a. í kosningabaráttu, hversu mikilvægt sé að staða ungra fjölskyldna sé skoðuð og möguleikar ungra fjölskyldna. Þetta var nákvæmlega hlutverkið sem fjölskylduráði var m.a. ætlað, að skoða hvað þurfi til að koma og hvernig stjórnvaldsaðgerðir snerta m.a. ungar fjölskyldur.

Hér á dögunum var dreift til okkar skýrslu forsrh. um fátækt á Íslandi. Ég ætla ekki að gera skýrsluna að umtalsefni sem slíka. Hins vegar ætla ég að benda á ákveðin atriði úr henni sem snerta mjög málið sem hér er tekið fyrir. Á bls. 9 er fjallað um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna. Þar segir:

„Húsnæðiskostnaður vegur þungt í útgjöldum flestra heimila ...", með leyfi forseta ætla ég að lesa örfáar línur upp úr þessu, „... og ekki síst hjá þeim sem höllustum fæti standa."

Síðan er fjallað um það í skýrslunni hvaða úrræði sveitarfélögin bjóða upp á í húsnæðismálum, hvaða úrræði sveitarfélögin hafa fyrir þá sem höllum fæti standa. Það er líka athyglisvert hvernig ríkisstjórnin hefur hægt og sígandi ýtt verkefnum og þunganum af úrræðum fyrir þá sem höllum fæti standa yfir á sveitarfélögin og fríað sig af því að bera ábyrgð á þeim hópi.

Í kaflanum um húsnæðismál nokkru síðar í skýrslunni segir að það sé „... ekki síður fólk með millitekjur sem hefur orðið fyrir tekjulækkun sem sækir um greiðsluerfiðleikaaðstoð ..." Þá er fjallað alhliða um húsnæðismálin. Talað er um að æ fleiri leiti eftir aðstoð þrátt fyrir að hlutfall lána í vanskilum sé í lágmarki. Í skýrslunni gera menn því skóna að ætla megi að færri en áður séu í vanskilum en fleiri leiti aðstoðar út af húsnæðismálum. Þetta eru mjög sérstakar upplýsingar sem eiga auðvitað heima í almennri húsnæðisumræðu vegna þess að hér er bæði fjallað um þá sem höllum fæti standa og almenning.

Ég sat yfir umræðu þegar skýrslan kom á borðið til mín og bjóst þá einmitt við að húsnæðismálið kæmi á dagskrá og skoðaði hana þess vegna nokkuð út frá húsnæðisþættinum. Það er út af fyrir sig mjög sérstakt í fátækraskýrslunni, og e.t.v. í samræmi við það sjónarmið sem birtist okkur stöðugt hjá ríkisstjórninni, að í 3. kafla, sem heitir „Leiðir til úrbóta", má segja að öllum úrræðum sé vísað til sveitarstjórnanna. Það er mjög sérstakt, með tilliti til þess að í húsnæðiskaflanum er talað um hvað húsnæðiskostnaðurinn vegi þungt í útgjöldum hefðbundinnar fjölskyldu og þeirra sem höllum fæti standa, að þarna skuli ekki vera orð um leiðir til úrbóta í húsnæðismálum. Ekki orð um leiðir til úrbóta í húsnæðismálum þrátt fyrir þetta vægi. Hins vegar segir um skattana í kaflanum „Leiðir til úrbóta" að „... almennt virðist ljóst að breytingar á skattkerfinu séu ekki vænlegar til að breyta kjörum þeirra verst settu í þjóðfélaginu." Það gera hins vegar húsaleigubætur og barnabætur.

Ég fór því að skoða, hæstv. forseti, töflurnar sem er að finna hér yfir tekjubil íslenskra fjölskyldna. Þá finnst mér koma mjög merkilegir hlutir í ljós sem mér finnst að eigi að hafa að leiðarljósi þegar húsnæðismálin eru skoðuð og hvað eigi að vera í boði varðandi húsnæðismál fjölskyldnanna í landinu. Ég sakna þess að gera eigi breytingar á almenna húsnæðiskerfinu án þess að nokkuð liggi fyrir um hvernig eigi að taka alhliða á húsnæðismálum, sérstaklega með tilliti til þeirra sem minna hafa milli handanna.

Hvað kemur þá í ljós þegar töflurnar um heildartekjur einstaklinga eru skoðaðar? Ég er ekki viss um að fólk hafi gert sér grein fyrir því hvernig það mál er vaxið. Ef litið er á heildartekjur einstaklinga 20 ára og eldri árið 2002 er þeim skipt í 10 hópa og jafnmargir í hverri tíund, þarna eru 7.392 einstaklingar í tíund. Fólkið í fjórum tekjulægstu hópunum, nærri 30 þúsund manns, er með milljón eða minna í tekjur. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að inni í þessu er nokkuð stór hópur námsmanna en þarna er líka stór hópur láglaunafólks. Þarna er fólk sem flosnar upp úr skóla, fólk sem er með lægstu launin á vinnumarkaði, fólk sem lendir jafnvel í því að stofna fjölskyldu án þess að vera í stakk búið til þess. Fólkið í fjórum af tíu hópum, 7.392 einstaklingar í hverjum hóp, samtals nærri 30 þúsund, er með 1.016 þús. kr. eða minna í tekjur.

Ef maður skoðar heildartekjur einstæðra foreldra 20 ára og eldri og tekur sömu fjóra hópana, þá eru um 3.596 einstaklingar með minna en 1.200 þús. kr. á mánuði. Það er ekki nálægt því eins stór hópur, en þetta er samt hátt á fjórða þúsund manns með forræði barna sem á að lifa af þessum tekjum og er háð því að eiga möguleika á þokkalegu húsnæði á þokkalegum kjörum — og við erum ekkert farin að fjalla um það enn þá hjá þessari blessuðu ríkisstjórn. Þegar við skoðum svo heildartekjur hjóna eða sambýlisfólks 20 ára og eldri og tökum aftur þessar tíundir, þar eru 5.136 hjón eða pör í sambúð í hverri tíund, þá kemur í ljós að um 20.500 pör í þessum hópi eru samtals með 4 millj. kr. eða minna í tekjur. Fólk á vinnumarkaði sem er samtals í einu, einu og hálfu, tveimur störfum, eða annað vinnur en hitt er heima með börn sem er nú orðið fátíðara. Þetta eru um 20.500 manns, eða 41 þúsund einstaklingar þar sem hjón eða sambýlisfólk er samtals með undir 4 millj. kr. á mánuði. Þetta segir okkur gífurlega mikið um hvernig staða fólks er og hversu stórir hóparnir eru sem þurfa á því að halda að við búum til löggjöf og smíðum aðstæður í velferðarsamfélaginu sem gera öllum, líka þessum stóru hópum sem ég hef nefnt, mögulegt að búa við mannsæmandi kjör.

Þess vegna, virðulegi forseti, er svo mikilvægt að þjóðin búi við stöðugleika í húsnæðismálum. Sérstaklega hvað lánamálin varðar en líka og ekki síður lánakjörin og það er einnig mjög mikilvægt hvernig húsnæðisframboðið er;

húsnæðisframboð, húsnæðiskjör, lánamál almennt og sértæk lánamál. Þess vegna legg ég mjög mikla áherslu á að ráðherra flýti því að nefnd sem mér skilst að hann hafi sett á laggirnar í fyrrasumar skili af sér, vegna þess að störf nefndarinnar varða kjör og möguleika þessara stóru hópa sem ég vísaði til og getið er um í skýrslu forsrh. um fátækt á Íslandi. Ég undirstrika að þá bendi ég ekki eingöngu á þennan fátækasta hóp sem skilgreindur er heldur einmitt almenninginn sem er á lægstu laununum í þessu landi, þennan hefðbundna almenning sem er talað um eins og fólk sem allt hafi það mjög gott og hafi nóg að bíta og brenna.

Svo get ég ekki, virðulegi forseti, annað en rifjað upp stöðuna frá 1984 af því að ég er að tala um stöðugleika í húsnæðismálum og stöðugleika í lánamálum. Auðvitað var mjög erfitt að alltaf var verið að stokka upp kerfið. Fólk var orðið þannig að þegar ný lög komu um húsnæðislánakerfið hugsaði það: Nú þarf endilega að drífa í að fá lán áður en allt breytist, áður en allt fer í klessu. Þannig var t.d. mjög ömurlegt að horfa upp á svokallað biðraðakerfi og ófremdarástandið sem spannst úr því. Það vantaði ekki að menn væru með góðar hugmyndir og góðar óskir. En ætli það sé nú ekki þannig að það er eins og svo oft hafi ekki verið skoðað nægilega vel hvað breytingar mundu hafa í för með sér. Þegar kerfi var komið á fór fólk bara í röðina. Þegar dragast fór að lánin yrðu veitt, þá greip hálfgerð múgæsing um sig og fólk hugsaði: Það er nú best að fara í röðina til öryggis ef ég skyldi nú skipta um húsnæði eða ef við skyldum hafa efni á því að kaupa húsnæði á næstu tveimur, þremur árum, þá er nú betra að vera í röðinni því að annars kemst maður aldrei að þegar maður ætlar að fara að kaupa.

Á þeim tíma var aðeins lánaður tiltekinn hluti af því sem fólk þurfi sem var að fjárfesta í húsnæði og oft var fólk búið að kaupa með von um að fyrr kæmi að láninu. Það þekktu allir þetta kerfi, að hlaupa á milli banka, takmörkuð fyrirgreiðsla á hverjum stað, fólk með víxla og lán út um allt, hlaupandi úr vinnunni, fór úr vinnu til þess að borga einn víxilinn með öðrum, endalaus ráðþrot, þreyta og spenna í fjölskyldunni, til þess að reyna að ná endum saman um það sem átti kannski að vera einfalt en reyndist svo þungt og erfitt. Þá var erfitt að fá lán og það var svo mikil fyrirhöfn, eins og ég reyni að lýsa hér, og það var dýrt. Það var dýrt vegna þess að skammtímalánin voru dýr. Það var dýrt vegna þess að það bitnaði oft á vinnutímanum og það tók sinn tíma að sitja á skrifstofum bankastjóranna, vegna þess að þá þurfti að sitja á biðstofum bankastjóra upp á von og óvon um að fá lán til að bjarga næsta hjalla.

Þess vegna var alveg ljóst að þegar ný ríkisstjórn kom að þessum málum 1987 varð að gera grundvallarbreytingar og það varð að finna leiðir miðað við efnahagsaðstæður þá. Miðað við þær efnahagsaðstæður varð að finna viðunandi leiðir til að búa til kerfi sem gæti lifað með þjóðinni. Jóhanna Sigurðardóttir sem þá var félmrh. setti á stofn faghóp sem fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins og fyrrverandi ráðherra, Kjartan Jóhannsson, leiddi. Hann og þessi hópur skoðuðu mjög margar leiðir og einnig hvaða leiðir voru farnar annars staðar á Norðurlöndunum. Það var ekki kastað til þessa höndunum og það var virkilega leitað leiða sem gætu fallið að fjármálakerfi okkar og efnahagsaðstæðum. Niðurstaðan var húsbréfakerfið sem var í raun og veru mjög farsæl leið. Hún byggðist á því að fólk gæti gert sín kaup þegar það hentaði, að það gæti farið í húsnæðisskipti þegar það hentaði og það þyrfti ekki að reyna að búa til eitthvað, setja sig á biðlista eitthvað fram í tímann upp á von og óvon, heldur gæti fólk fengið lán á einum stað, 70% af lánsþörfinni, og þyrfti ekki að fara í þessi endalausu hlaup á milli bankastjóra og biðstofa.

Ég kom nálægt þessu máli, sumum nefndastörfunum og var formaður Húsnæðisstjórnar ríkisins þegar þetta kerfi var tekið í notkun. Ég get alveg sagt eins og er að fólk hélt að það þyrfti að flýta sér. „Þetta stendur örugglega ekki lengi að geta fengið 70% lán núna þegar mér hentar, þetta getur ekki staðið lengi. Það er best að drífa sig í þetta meðan pening er að fá.“

Þannig var ástandið í kringum það þegar húsbréfakerfið var sett á laggirnar. Það verður að segjast eins og er að það var mjög erfitt að koma þessu til skila til fólks: „Ekki fara út í húsnæðiskaup eða húsnæðisbreytingar þegar mikil þensla er í kerfinu, af því að afföllin sýna þenslu, og þér liggur ekkert á; gerðu þetta bara þegar dregur úr þenslunni, skiptir engu máli þótt þú bíðir aðeins, ekki hlaupa af því að þú heldur að þú fáir peninga núna, ekki seinna. Þetta verður hér. Þetta verður kyrrt.“

Ég fullyrði það fullum fetum, virðulegi forseti, að þessi hugsun átti stærstan þátt í því hversu mikil afföll urðu á tímabili í húsbréfakerfinu. Ég kynntist því við miklar viðræður við ólíklegasta fólk, við að reyna að útskýra hvað væri innbyggt í kerfið og fólkið sagði: „Hvað getur maður treyst þessu? Það er um að gera að gera þetta núna. Það er mest um vert að fá 70% af lánunum og allt á sama stað og geta gert áætlun fram í tímann.“

Þetta var grundvallarhugsunin þegar húsbréfakerfið var smíðað. Því var ætlað að lifa til frambúðar. Því var ætlað að fjármagna stærsta hlutann af húsnæðinu eða íbúðinni og byggðist á því að fólk gæti ráðið við mismuninn og þyrfti ekki að gera kaupin eða fara í framkvæmdirnar nema þegar ekki væri of mikil spenna á markaðnum. Þannig að það má líka segja að fjárhagslega eða efnahagslega hafi svona kerfi verið gott fyrir landið og fyrir ríkisstjórnina. Svo fremi að það væri hægt að koma því til skila til fólks að þetta hlypi ekkert frá því.

Það var einmitt þegar fólk var búið að átta sig á því að þetta væri ekki eins og öll hin húsnæðiskerfin sem hafa sprungið, bara orð, farin upp í reyk fyrir framan það, þetta var bara til staðar, að draga fór úr afföllunum og fólk fór að laga sig að markaðnum. Ekki skal ég segja til um það hvort hægt hefði verið að fara í enn betri kynningu. Þetta var bara þannig að fólk hafði brennt sig til margra ára á vondum leiðum í húsnæðismálum, á takmörkuðu fjárframboði, á erfiðleikum við að afla fjár, afla lánsfjár. Þetta átti allt sinn þátt í því að það tók sinn tíma að koma kerfinu í jafnvægi.

Það má líka segja að á þeim tíma hafi verið orðið innbyggt í þjóðarsálina að fleyta sér, að nýta þjónustuna meðan hún gæfist, og að hvort sem er væri aldrei hægt að treysta þessum stjórnmálamönnum, þeir mundu gera einhverjar breytingar þannig að það væri jafngott að grípa gæsina meðan hún gæfist.

Mér fannst því mjög skynsamlegt, virðulegi forseti, þegar Páll Pétursson, þáv. hæstv. félmrh., ákvað á sínum tíma að viðhalda húsbréfakerfinu, sem þá var komið í mjög gott jafnvægi. Páll var nú kannski ekki allra og kom allra síst með mikil lofsyrði um fyrirrennara sína, en mér fannst gott þegar hann hélt því fram hér í ræðustól að þetta væri gott kerfi, það væri engin ástæða til að breyta því og hann ætlaði sér að viðhalda því.

Það má líka segja að þegar þetta kerfi fór að festa sig í sessi hafi það gjörbreytt viðhorfi fólks til fjárfestinga. Það var alveg nýtt að geta ákveðið að byggja og kaupa þegar fólki hentaði og fólk gat gert áætlanir fram í tímann og ákveðið hvað það gerði að ári og þurfti ekki að fara í hentistefnupólitíkina sem hafði viðgengist fram að því.

Ég gerði afföllin að umtalsefni og að það hafi verið erfitt fyrir kerfið og erfitt fyrir alla þegar afföllin voru sem mest. Það hefur komið mjög vel fram í þessari umræðu að þótt það verði að sjálfsögðu ekki afföll eins og við þekkjum þau úr húsbréfakerfinu, þá er algjörlega óvíst hver vaxtaáhættan verður fyrir Íbúðalánasjóð og vaxtakjörin munu ráðast í útboði. Auk þess er um að ræða vaxtaálag. Þetta setur því lánskjörin líka í óvissu og það er ómögulegt að segja hvernig Íbúðalánasjóði gengur að beita vaxtaálaginu og hvernig staðan verður á lánamarkaði frá einum tíma til annars. Þessu er ætlað að verða stýritæki, sem þýðir að húsnæðislánin og lánakjörin þar eiga aldrei að vera óheppileg fyrir stjórnvöld miðað við þá lána- og efnahagsstefnu sem þau hafa sett á hverjum tíma. Vextir geta orðið mjög breytilegir á milli útboða þannig að við verðum að gera okkur grein fyrir því að líkt og það var óvissuþáttur í húsbréfakerfinu, þá er jafnframt mikill óvissuþáttur í þessu kerfi.

Auðvitað hljótum við öll að vona, eins og þá, að ekki þurfi að óttast og búast við því versta. En gerum okkur grein fyrir því þegar við erum að tala um svona mikilvægan þátt eins og húsnæðislánin og stöðugleika á lánamarkaði og húsnæðismarkaði að við erum ekki heldur að koma með lausnina þar sem allt verður öruggt og fast í hendi. Það eru miklir óvissuþættir um mismunandi lánskjör, um mismunandi verð íbúða eins og Jóhanna Sigurðardóttir hefur rakið mjög vel í þessari umræðu, m.a. hversu dýrt lánið verður og það geta orðið ólík vaxtakjör á eins íbúðum, þess vegna í eins húsi. Það sér enginn fyrir óánægjuna og svekkelsið sem á eftir að verða hjá fólki sem býr kannski í nákvæmlega eins húsnæði með ólík lán sem hafa áhrif á verðið. Ég þekki slík dæmi t.d. af íbúðum sem voru byggðar við Álfatún í Kópavogi á sínum tíma í svokölluðum byggingarfélögum. Þar voru mismunandi lánaflokkar, og er nú fyrir þá tíð sem ég þekki best úr húsnæðismálunum. Fyrir síðustu kosningar var ég á vinnustað í Kópavogi þar sem þetta var gert að miklu umtalsefni og ofboðsleg reiði út í að það skyldi ekki hafa verið lagað að fólk byggi í samsvarandi íbúðum við sömu götuna með mismunandi lánakjör á íbúðunum. Reyndar er með ólíkindum hvernig farið er þar með ákveðna lánaflokka. Þessu verðum við öllu saman að gera okkur grein fyrir.

Þess vegna er ekki vitað nú hvort þessi nýju húsnæðislán verða hagkvæmari fyrir lántakandann en við skulum vona það. Við óskum þess að kjör sem fólki á húsnæðismarkaði bjóðast séu viðunandi hverju sinni. En ég var að skoða nál. minni hlutans og má til að vísa í athugasemdir sem komu þar fram, m.a. um að í stað þess að afföllin komi strax fram á markaði komi vaxtaálagið og vextirnir verði einfaldlega hærri með hliðsjón af ávöxtunarkröfunni og dreifist á allan lánstímann. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að ef húsnæðisbréfin, sem eiga að liggja til grundvallar þeim lánum sem Íbúðalánasjóður veitir, verða svona góður fjárfestingarkostur eins og bent er á, þá þýðir það að menn ætla sér að fá góða ávöxtun út úr því. Þeir sem ætla að fjármagna þetta ætla að fá góða ávöxtun á sitt fé út úr því.

Ég ætla líka að taka undir gagnrýni, og ætlast til þess að hæstv. ráðherra bregðist við henni hér á eftir, sem hefur komið fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í umræðunni, gagnrýni á að safnað sé upp svona miklum ágóða og eigin fé í Íbúðalánasjóði. Fram hefur komið að síðustu tvö ár hafi myndast tveggja milljarða kr. ágóði. Það er líka umhugsunarefni ef við erum með opinbert húsnæðislánakerfi þar sem á að verða uppsöfnun og sjóðssöfnun af þessu tagi.

Ég vil drepa á það sem hefur verið bent á varðandi þá sem fara í nýbyggingar. Þeir fá lánið ekki greitt fyrr en framkvæmd er lokið. Þetta reyndist ekki vel þegar húsbréfakerfið komst á. Það þurfti að hafa ööruvísi lánafyrirkomulag fyrir íbúðir sem voru keyptar á markaði en nýbyggingar og það var lögð mikil vinna í að lagfæra þetta. Þarna þarf virkilega að skoða hvernig hægt sé að fara með.

Með því að hafa ööruvísi kjör á nýbyggingum er opnað á það gamla kerfi að hlaupa á milli lánastofnana og fá lán hér út af láni sem kemur frá Íbúðalánasjóði seinna og fá lán hér til að greiða hitt. Við vorum hörð á því að þetta ætti að vera liðin tíð þegar húsbréfakerfinu var komið á. Nú er verið að taka þetta upp aftur. Ég geri mér alveg grein fyrir því að víða í fjármálastofnunum eru lokkandi tilboð um lán þannig að væntanlega verður ekki eins erfitt og fyrrum að útvega millibilslánin en það verður vissulega óhagkvæmt eins og alltaf að taka skammtímalán til að bjarga sér og þetta er afturhvarf til fortíðar. Þetta er afturhvarf til fortíðar hvað sem hver segir. Leiða má að því getum að við nýbyggingar verði fólki ýtt inn í lántökur í bankakerfinu og e.t.v. er verið að festa fólk til framtíðar í viðjum nýs hugarfars. Þarna leynist þá sú hugsun að breytingarnar séu skref í þá átt að flytja húsnæðislánakerfið á almennan markað, þ.e. inn í bankana, og með því að láta alla sem byggja og eru með nýbyggingar byrja að fjármagna sig í bankakerfinu eða leita þangað fyrst, þá sé verið að búa til nýja hugsun og festa fólk í viðjar hugarfarsins. E.t.v. kemur það svo ekki til Íbúðalánasjóðs. Við skulum vera alveg meðvituð um það hvaða gildrur geta falist í þessu kerfi.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fjallaði um mjög áhugavert mál varðandi verð og gengistryggingar og greindi frá áhugaverðri skýrslu sem hann las upp úr. Þar var borið saman hvað gæti verið hagstætt fyrir t.d. íbúðareða húsnæðiskaupendur. Það fékk mig til að rifja upp nýlegar blaðafréttir — og þá mundi ég kannski óska eftir því, virðulegi forseti, af því ég er að ljúka ræðu minni, að hæstv. félmrh. komi í salinn vegna þess að nú er komið að tveim, þrem spurningum sem ég ætla að vísa til hans í lok máls míns.

(**Forseti** (JóhS): Hæstv. ráðherra brá sér augnablik frá og tilkynnti forseta um það en ég býst við honum í salinn aftur á hverri stundu.)

Virðulegi forseti. Ég hinkra við því að ég er komin að lokum máls míns og er með tvær spurningar til félmrh.

(**Forseti** (JóhS): Hæstv. ráðherra er mættur í salinn.)

Já, virðulegi forseti. Það er mér alveg að meinalausu að hæstv. félmrh. bregði sér frá. Hann hefur verið iðinn við að fylgjast með þessari umræðu og ég met það mjög mikils vegna þess að það er ekkert algengt að ráðherra sé á Alþingi við 2. umr. mála. En ég hef verið í þessari stöðu og geri mér mjög vel grein fyrir hversu gífurlega mikilvægt er að hlusta á umræðuna, sérstaklega í málum eins og þessum. Ég virði það því við ráðherrann að hann hafi gefið sér þennan góða tíma til að vera hér. En ég er að ljúka máli mínu og er með tvær spurningar.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson fjallaði í ræðu sinni um skýrslu sem hefur verið unnin um verð- og gengistryggingar lána og velti upp þeirri spurningu hvernig þetta gæti komið út fyrir lántakendur. Það fékk mig til að rifja upp að á dögunum var í fréttum að einn viðskiptabankanna væri farinn að bjóða lán, langtímalán ef ég man það rétt, og lántakandinn gæti valið um verðtryggð og óverðtryggð lán. Ef ég man þetta rétt var einmitt fjallað um lán af því tagi sem við erum að tala um hér, lán til fjárfestinga og framkvæmda.

Ég geri ráð fyrir að þegar gera á veigamikla breytingu eins og að fara úr ríkjandi húsnæðiskerfi með alla þá þekkingu sem við höfum á fortíðinni, þá hafi sú nefnd sem ráðherra setti á laggirnar farið mjög ítarlega í málið. Því langar mig að spyrja hvort það hafi verið skoðað í sambandi við breytingu á húsnæðislánakerfinu hvort til greina kæmi að fólki væri boðið upp á að velja verðtryggð eða óverðtryggð lán. Ef það hefur verið skoðað, hvað kom þá út úr skoðuninni?

Ég er ekki að leggja þetta til vegna þess að ég hef náttúrlega ekki haft neinn möguleika á að skoða slíkt. En þegar einhver viðskiptabankinn fer af stað með þetta má reikna með að hann hafi eytt bæði tíma og fjármunum í að skoða hvað þetta þýði fyrir bankann, þ.e. lánveitandann. Það væri mjög áhugavert að vita hvort nefndin hefur skoðað það varðandi langtímalán hvernig þetta kæmi út fyrir báða aðila; fyrir lántakandann og lánveitandann. Ég geri mér náttúrlega alveg grein fyrir því að í stað affallanna mun lántakandinn nú lenda í vaxtahækkun við tiltekin skilyrði. En þetta er mjög áhugaverð spurning og það væri sérstaklega gott að vita hvort þetta var skoðað í nefndinni.

Svo langar mig að nefna að mér finnst dálítið slæmt að upplifa hversu mikil ótrú er á stöðugleikanum hjá ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum. Það er alveg sama hvað stöðugleikinn verður mikill og hvað verðbólgan verður lág; þótt hún fari niður í 1% en sé kannski 2 og 3 og 4% í löndunum í kring þar sem engin verðtrygging er á lánum. Aldrei nokkurn tímann kemur upp umræða um það hvort komið sé að því að aflétta verðtryggingunni. Mér finnst það dálítið skrýtið og mér finnst slæmt hversu mikil ótrú á stöðugleikanum birtist í þessu.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson talaði um að aðalgagnrýnin á útdráttarfyrirkomulagið hefði verið útdrátturinn á húsbréfum. Hann hélt því fram að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa mundi lækka og vextir verða hagstæðari. Hann talaði líka um að það mætti gera ráð fyrir vaxtalækkun til lántakanda, allt að átta milljörðum kr. ef ég skildi hann rétt. Ég geri ekki lítið úr því. Ef það tekst að lækka vexti þannig að átta milljarðar kr. fari til lántakenda, þá er það gífurlegur ávinningur og allir ættu að sameinast um það. En það sýnist mér ekki vera í hendi miðað við umræðuna og ábendingar sem hér hafa komið fram. Ég velti því fyrir mér hvort ekki megi búast við því ef þetta verða svona góð bréf að það komi eins konar „rush“ á bréfin, það verði sóst eftir þeim og hvernig það var skoðað í sambandi við húsbréfin sem þóttu mjög góður fjárfestingarkostur. Ég minnist þess að á ráðstefnu, ég held ráðstefnu hjá ASÍ, kom fram að útlendingar sem fjárfestu sæktust mjög eftir að geta fjárfest í húsbréfum. Hvað nákvæmlega í skoðun nefndarinnar gerir það að verkum að menn eru sannfærðir um að geta lækkað vextina sem svona miklu nemi, átta milljörðum kr.?

Þetta eru þær tvær spurningar sem ég ber fram til ráðherrans og sætti mig alveg við það að hann svari þeim í lokaræðu sinni.

[15:11]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum varðandi þetta frv. til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál sem hér er til 2. umr.

Það er alveg hægt að taka undir það meginmarkmið frumvarpsins sem er tilgreint í athugasemdum með því en þar segir, með leyfi forseta:

„Það frumvarp sem hér er lagt fram hefur það að markmiði að tryggja landsmönnum hagkvæmari húsnæðislán í gegnum Íbúðalánasjóð með ódýrari fjármögnun á almennum lánamarkaði. Þessu markmiði á að ná með endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem eykur hagkvæmni fjármögnunar, sníður af helstu agnúa sem eru á núverandi útgáfu og skapar grundvöll fyrir traustri verðmyndun á frum- og eftirmarkaði íbúðabréfa.“

Þetta markmið er í sjálfu sér ágætt og hægt er að taka undir það.

Eins og rækilega hefur verið bent á í umræðunni eru húsnæðismál hluti af þeim frumrétti fólks að hafa þak yfir höfuðið og það í viðunandi búnaði og á viðunandi kjörum, hvort sem húsnæðið er í eigu viðkomandi eða er á leigu.

Það er samt athyglisvert í þessari lagaumgjörð um húsnæðismál að krafan eða skyldan er í rauninni sett á sveitarfélögin, sjálfsagt sem liður í gamalli framfærsluábyrgð á íbúum sveitarfélagsins. Krafan er sett á sveitarfélagið en ríkið leggur aftur á móti upp lagaumgjörðina.

Það sem ég hefði einmitt viljað sjá skýrt nánar í þessu frumvarpi hér og breytingunum sem hér eru gerðar á húsnæðiskerfinu er hvort staða sveitarfélaganna breytist, hvort fjárhagsleg ábyrgð eða fjárhagslegar skyldur sveitarfélaganna breytast með einhverjum hætti í kjölfar þessa frumvarps. Við þekkjum það hér að Alþingi er nógu gírugt að setja lög sem miða oft að því að vísa ábyrgð til annarra og fjárhagslegum skuldbindingum á aðra og ekki síst á sveitarfélögin. Ég er í sjálfu sér ekkert að mælast til þess að sveitarfélögin víkist undan því að ábyrgjast að allir þegnar sveitarfélagsins hafi viðunandi og gott húsaskjól og íbúðarhúsnæði til þess að fullnægja eðlilegum þörfum í samfélaginu. Mér finnst eðlilegt í sjálfu sér að sveitarfélögin hafi þá ábyrgð en þá þarf líka að vera skýrt í svona lagasetningu hver staða þeirra er í hinu nýja lagaumhverfi.

Ég hef blaðað lauslega í gegnum þetta og sé hvergi minnst á sveitarfélögin í þessum lagabreytingum öllum. Kannski er þess ekki þörf en þó finnst mér það nokkuð kyndugt þar sem ábyrgðin gagnvart þegnunum hvílir þar. Mér finnst kyndugt að hvergi sé vikið að því í frumvarpinu.

Ég ítreka að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geti greint frá því í ræðu sinni síðar í dag hver staða sveitarfélaganna er, hver ábyrgð þeirra er og hvort hún breytist og hverjir möguleikar þeirra eru til þess að standa undir ábyrgðinni sem á þau er lögð.

Það er í sjálfu sér margt gott í þessu frumvarpi og ég hygg að gott eitt hafi vakað fyrir þeim sem sömdu það og unnu. Þó hlýt ég að hnjóta um orðalag í áliti minni hluta félmn., ágætu og ítarlegu áliti minni hluta félmn., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi eru endurskipulagning á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs með því að taka upp peningalánakerfi í stað húsbréfa og húsnæðisbréfa. Bankarnir hafa fagnað þeirri breytingu að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp peningalán enda gengur breytingin

mjög í átt til þess sem bankarnir hafa sjálfir lagt til. Ástæða er til að benda á að hér er verið að taka enn eitt skrefið í átt til einkavæðingar á Íbúðalánasjóði.“

Þetta upphaf á áliti minni hluta félmn. hlýtur að vekja nokkra tortryggni og spurningar um framhaldið. Við þekkjum það hvernig ríkisstjórnin hefur laumast skref fyrir skref til að taka hvern félagsþáttinn, grunnalmannaþjónustuþáttinn, á fætur öðrum og einkavæða hann í áföngum, oft dulbúinn fyrst en síðan grímulausan þegar nær dregur.

Við þekkjum öll umræðuna sem hefur verið á undanförnum vikum og mánuðum og missirum um ósk og löngun bankanna til að komast yfir íbúðalánasjóðskerfið, ná því með ríkisábyrgð líkt og nú er, og geta síðan rekið hér gríðarleg fjármálaumsvif með ábyrgð ríkisins. Það sér hver sjálfan sig í því ef hann er þannig innrættur að þetta er náttúrlega fundið fé ef almennar bankastofnanir komast í það og við höfum fengið að kynnast því á undanförnum vikum og mánuðum að stofnanir á slíkum markaði hafa það markmið eitt að hámarka arð hluthafa sinna og tilgangurinn helgar oft meðalið í þeim efnum.

Sú breyting að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp peningalánakerfi gæti því að mati minni hlutans verið skref í átt að því að íbúðalánasjóðskerfið yrði einkavætt í áföngum eða auðveldað það. Ég vara við öllum hugmyndum í þá átt og er því náttúrlega alfarið andvígur. Íbúðarhúsnæði er hluti af grunnalmannaþjónustu í samfélaginu, frumþörf íbúanna, og það á ekki að leyfa því að verða að féþúfu stofnana sem hugsa um það eitt að hámarka peningalegan arð sinn. Það má ekki gerast en ég veit að þrýstingurinn verður nægur og við höfum þegar orðið vör við löngun bankakerfisins til þess að komast yfir þetta kerfi og maka síðan krókinn. Ég vara við því að stigin verði skref sem geti leitt til þess. Ábyrgð ríkisins á fjármagni til húsbyggjenda sem hefur verið í ýmsum kerfum á undanförnum árum hefur þó leitt til þess að stór hluti Íslendinga hefur átt þess kost að koma sér upp eigin húsnæði. Fólk hefur þurft að leggja mikið á sig en engu að síður hefur þetta í flestum tilfellum verið kleift. Hitt kerfið er leiguíbúðakerfið, þar sem einnig var gert mögulegt að byggja upp leiguíbúðakerfi á félagslegum grunni sem hentaði þeim sem gátu nýtt sér það. Þannig höfum við verið með tiltölulega virkt eignaíbúðakerfi og leiguíbúðakerfi sem hið opinbera hefur borið ábyrgð á. Þess vegna hefur verið hægt að halda kostnaði niðri, bæði við fjármögnun og rekstur slíks kerfis, sem hefur komið samfélaginu til góða.

Þessum sjónarmiðum má alls ekki víkja til hliðar á neinn hátt. Það er sjálfsagt að skoða einhverjar nýjar útfærslur ef þær gætu styrkt kerfið, gert það markvissara, gert það auðveldara í meðförum og ódýrara, en það má alls ekki víkja frá þessari grunnskyldu og þessari grunnhugsjón sem við höfum byggt samfélag okkar upp á. Það eru nægir til þess að bora í svona hugsjónir, svona félagshyggju, sem við höfum byggt upp, það eru næg öfl og sterk öfl til að bora í þær og gera sér þær að féþúfu, því höfum við kynnst á undanförnum vikum og missirum. Þess vegna verður brýningin aldrei óþörf hvað þetta varðar. Þess vegna vara ég við því að hér séu stigin skref í einkavæðingu á íbúðalánasjóðskerfinu og legg áherslu á að samfélagið, ríki og sveitarfélög, verði áfram ábyrgðaraðilar fyrir því að íbúarnir geti komið sér upp húsnæði, annaðhvort til eignar eða leigu.

Ég vil víkja aðeins að nokkrum þáttum í frumvarpinu sjálfu og vil spyrja hæstv. félmrh. út í 5. gr. frumvarpsins þar sem gerð er breyting á 11. gr. laganna sem fjallar um heimild Íbúðalánasjóðs til þess að semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra. Samkvæmt brtt. meiri hlutans á að standa þarna, með leyfi forseta:

„Stjórn Íbúðalánasjóðs skal eftir því sem kostur er, og að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við aðila á markaði um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.“

Í brtt. er vikið frá orðalaginu lánastofnanir, orðið gert almennara og sagt „semja við aðila á markaði um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra“. Sem betur fer er áfram kveðið skýrt á um að þetta skuli vera á ábyrgð Íbúðalánasjóðs. Hann framselji ekki þessa ábyrgð, eða ég skil það svo. Þetta verði skilyrðislaust áfram á ábyrgð Íbúðalánasjóðs.

Ég vil fyrir forvitni fá að vita hvað opnað er á með því að semja skuli við ótilgreinda aðila, geta það þess vegna orðið vátryggingafélög eða lyfjafyrirtæki eða bankastofnanir, hvaða aðila er verið að tala um sem mega fá þessi verkefni og hægt er að semja við?

Ég vildi líka spyrja ráðherrann hæstv. hvort þær breytingar sem hér eru lagðar til hafi nokkur áhrif á starfsemi Íbúðalánasjóðs, hlutverk hans og eigin störf, bæði innan sjóðsins sjálfs og einnig hvort þær hafi nokkur áhrif á verkefni Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki, hvort nokkur hætta sé á að hér séu framseld einhver verkefni eða gefin eða opnað fyrir að hætta sé á að þau verkefni sem hafa þegar verið vistuð þar séu sett í uppnám eða þeim teflt í einhverja tvísýnu. Ég hefði frekar viljað að það væri horft til þess hvernig t.d. mætti færa hluta af starfsemi Íbúðalánasjóðs til Sauðárkróks til þess að styrkja þá ágætu einingu sem þar er komin upp og ég er viss um að það ætti að vera mögulegt að flytja stærri hluta af verkefnum sjóðsins þangað. Og ég vil spyrja hvort þessar breytingar sem hér eru lagðar til hindri það nokkuð eða takmarki eða hvetji kannski til þess. Sömuleiðis verkefni sem t.d. hefur verið samið við Sparisjóð Hólahrepps um að annast, útsending innheimtuseðla og annað því um líkt. Gefa þessar breytingar nokkurt tilefni til þess að ætla að verið sé að rokka því? Ég vona svo sannarlega að svo sé ekki og ítreka þau sjónarmið, sem ég hef lagt áherslu á, að Íbúðalánasjóður og verkefni hans eru hluti af grunnalmannaþjónustunni hér og eiga ekki að verða hinum hráu markaðslögmálum að bráð.

Þá vil ég einnig spyrja um ákvæði 12. gr. sem hefur verið gert að umtalsefni hjá öðrum ræðumönnum. Þar er kveðið á um greiðslur lána, en það er einmitt vikið að því í nál. minni hlutans að þar sé opnað á óeðlilegar heimildir Íbúðalánasjóðs til þess að leggja á aukið gjald ef lántakandi vill greiða upp lán sín. Í 12. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt, við sérstakar aðstæður og að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, að ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla ÍLS-veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða að öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs.“

Þarna er allt í einu komið hugtak sem að mínu viti passar ekki inn í þá samfélagslegu hugsjón sem Íbúðalánasjóður annars er byggður á. Hann nýtur ríkisábyrgðar. Hann er fyrst og fremst milligönguaðili og þjónustuaðili. Honum er í sjálfu sér ekki ætlað að reka starfsemi sína á óheftum markaðsbúskap. Ef það á að takmarka möguleika einstaklinga til að greiða lán sín upp án aukins kostnaðar, þá er stigið skref í eins konar einkavæðingu eða markaðsvæðingu

Íbúðalánasjóðs eða þess fjármagns sem þarna er í láni. Þá er farið að reikna út hvað hugsanlegur þriðji aðili mundi vilja fá fyrir að hafa ekki lengur ávöxtun þessa bréfs. Þarna er sem sagt kominn inn markaðsaðili sem farið er að hugsa um, ekki bara Íbúðalánasjóður annars vegar og hins vegar lántakandinn, húskaupandinn eða húsbyggjandinn. Enda er vikið rækilega að þessu atriði í ágætu áliti minni hluta félmn. og einnig kemur fram að þær meginathugasemdir sem margir umsagnaraðilar hafa gert við þetta frv. lúta einmitt að þessu, að þarna skuli liggja opinn möguleiki til þess að hleypa ákveðinni markaðsvæðingu inn í íbúðalánasjóðskerfið þegar komið er í veg fyrir að fólk geti greitt lán sín upp nema með ærnum eða óvissum kostnaði.

Það finnast í þessu svona tittir, frú forseti, hortittir, sem miða að ákveðinni einkavæðingu. Alla vega að mínu mati eins og þeir birtast hérna, opna möguleikana fyrir því að svo geti gerst. Það tel ég mikinn ljóð á frumvarpi sem hefur svo góð markmið eins og ég las hér upp áðan. Alþýðusamband Íslands gerði sterkar athugasemdir við þetta, sömuleiðis BSRB. Fulltrúar eða félagasamtök þessara stærstu samfélagshópa, launþegahópa, í þjóðfélaginu gerðu mjög alvarlegar athugasemdir við þetta opna atriði og ég hefði talið að frumvarpið væri betra og sannara markmiði sínu ef þetta yrði tekið út.

Annars vil ég taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir kom inn á í ræðu sinni, mikilvægi þess að líta á málin í heild þegar við erum að breyta lögum varðandi húsnæðismál, varðandi fjármögnun húsnæðiskerfisins, þá er þetta mál sem snýr að einstaklingnum, snýr að fjölskyldunni. Þetta er ekki mál einhverra stórra fyrirtækjasamsteypna. Þetta er mál sem snýr að þeirri grunneiningu sem við byggjum samfélag okkar upp á, sem er fjölskyldan hversu stór sem hún er.

Þess vegna er mjög mikilvægt að hafa þá sýn með í þessari umfjöllun, og í þessum breytingum, að samtímis sé kannað hvaða áhrif þetta hefur á aðra tengda þætti. Það sýnist mér hafa skort í umfjöllun á frumvarpinu. Menn hafa horft alfarið og eingöngu á breytingu á þessum tegundum lána, en alls ekki tekið með eða kannað önnur hliðaráhrif.

Við vitum að þetta er þörf sem nýtur forgangs hjá fjölskyldunni. Húsnæðismálin verða að njóta algjörs forgangs, hvort sem það er til að greiða afborganir af lánum eða greiða leigu. Við erum líka með í gangi kerfi sem snertir þetta með beinum hætti. Við erum með í gangi kerfi um húsaleigubætur. Við erum með í gangi kerfi um vaxtabætur o.s.frv. Síðan erum við líka með tekjutengingar á alla kanta. Við erum með tekjutengdar afborganir af námslánum til viðbótar við þetta sem ég áður nefndi.

Ungt fólk sem er að koma sér upp heimili, bæði að koma sér upp húsnæði og að eiga sín börn er kannski líka með námslán sem þarf að greiða upp. Allt þetta kemur á sama tíma og líka getur verið að annað hvort hjónanna verði að hætta vinnu tímabundið meðan verið er að koma öllu þessu upp og þá skerðast tekjurnar. En allir þessir þættir eru tekjutengdir, allir þessir þættir. Þetta fólk sem ekki getur náð sér í skattfríðindi í gegnum arð af hlutabréfaeignum eða miklum peningainnstæðumm, eða náð sér í skattfríðindi eins og viðgengst hjá þeim sem eru búnir að koma sér þannig fyrir, þetta er fólk sem er bundið við sín laun sem öll eru tekjutengd. Mér hefði fundist að það ætti í þessari umfjöllun, í þessari greinargerð, að vísa að því að ástæða væri til að huga að málinu í heild sinni, þó það væri ekki fellt inn í lögin í formi lagagreinar.

Þetta er svo mikið mál að það hefði fyllilega átt rétt á að koma hér inn, eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir nefndi um fjölskylduráðið. Ég tek undir gagnrýnisorð eða ábendingarorð hv. þingmanns að ég held að þingið nýti sér ekki þau ráð sem hafa samt ákveðna stjórnsýslulega stöðu. Ég minnist þess að ég vildi senda áætlun um stefnumál í samgöngumálum og vildi fá umsögn fjölskylduráðs en það þótti ekki þurfa á hinu háa Alþingi, fjölskyldunni kæmi ekki við hvernig samgöngumálum væri skipað. En hver er það sem notar samgöngumannvirkin, hvort sem eru gangstígar, reiðhjólabrautir eða götur og vegir? Er það ekki fjölskyldan? Nei, þá var greinilegt að allir sem höfðu verið kallaðir til áttu yfir 10 eða 15 tonna stóra vörubíla. Ég minnist þess að í nefnd eða hópi sem settur var til að marka stefnu í samgöngumálum, voru ekkert nema karlar, góðir og gildir miðaldra karlar, sem allir voru tengdir einhverjum fyrirtækjarekstri á þungum bílum eða þungavinnuvélum. En fjölskyldan, fólkið sem átti að nota vegina, það var hvergi tengt umræðunni. Ég minnist þess, frú forseti, úr þessari umræðu um samgöngumálin.

Sama er líka um íbúðamálin, fyrir hverja erum við að byggja íbúðarhús? Er það ekki fyrir fjölskylduna? Erum við að gera það bara til að græða á þeim? Nei, við erum ekki að gera það. Við erum að byggja þetta fyrir fjölskylduna og því hefði verið eðlilegt að minnst væri á það í frumvarpi að leitað hefði verið umsagnar um málið og það unnið í samráði við fjölskylduráð. Ég tek undir orð hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur í þessum efnum. Við gleymum því æðioft fyrir hverja við erum að setja lög í raun.

Það var líka annað sem ég vildi víkja að. Það kom fram í umræðunni að fólk stæði yfirleitt betur í skilum með íbúðalán sín nú en áður, hins vegar væri meira um að fólk leitaði ráðgjafar. Það er afar ánægjulegt ef fólk nær því að standa í skilum með húsnæði sitt, því fátt er dapurlegra og skaðlegra, bæði fjölskyldunni og þjóðfélaginu, en verða að sjá á bak húsnæði sínu vegna þess að maður getur ekki greitt húsaleiguna eða ekki greitt afborgun af lánunum og missi því íbúðina frá sér. Eitt slíkt tilvik er einu tilviki of mikið.

Ég vil bara benda á að þetta ástand er kannski ekki svo öruggt. Sú staða hefur jú verið á fasteignamarkaðnum að fasteignir hafa hækkað mjög ört í verði, þar hafa orðið mun meiri verðhækkanir en annars staðar, og þá hefur verið rými til að skuldsetja þær meira, og taka aukin lán út á fasteignirnar til að leysa úr vanda skammtímalána. En hagfræðingar segja að við getum ekki búist við að fasteignaverð hækki stöðugt eða jafnmikið og hratt og gerst hefur á undanförnum missirum. Þegar það stoppar við og skuldsetningin er orðin mjög mikil eins og nú er eða jafnvel hækkar enn, eða jafnvel lækkar, sem vonandi gerist ekki, þá er mikil alvara á ferðum. Mikil skuldsetning er ekkert sem neinn óskar sér. Þó við tölum um að geta farið upp í 90% lán á einhverjum íbúðum eða jafnvel hærra, þá er mikilvægt að svo mikil skuldsetning sé á góðum kjörum, sé ekki á markaðsvöxtum þar sem lántakandinn hugsar um það eitt hvernig hann megi hámarka arð af því hlutafé sem hann hefur lagt í viðkomandi lánasjóð. Það er þá eins gott að þetta húsnæðislánakerfi sé í opinberri forsjá, frú forseti.

Eitt vildi ég svo heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hækkun á þessu lánshlutfalli og breytingar á því, hafi einhver áhrif á lánamöguleika og fjármögnunarmöguleika íbúða t.d. úti á landi á þeim stöðum þar sem söluverð þeirra eða endursöluverð er ekki eins hátt eins og hér. Hérna er gengið að því vísu að íbúð sem við kaupum á 10 milljónir í dag verði komin á

11 milljónir eftir hálft ár. Á stöðum þar sem menn byggja íbúðarhús, kannski íbúðarhús á 10–15 milljónir en söluandvirðið er kannski ekki nema 10 milljónir, mun lægra en byggingarkostnaðurinn er, hvernig kemur þá þessi lánveiting til þeirra aðila? Íbúðarbyggingar úti um land hafa víða stöðvast vegna þess að fjárfestingin er svo kostnaðarsöm og endursöluverðið hefur verið mun lægra en stofnkostnaðurinn og þó að byggingarlán hafi fengist í upphafi, þá hefur verð íbúðarinnar getað rýrnað og ekki staðið einu sinni undir veðum sem á því hafa hvílt. Ástæður sem ef til vill eru tengdar byggða- og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar með beinum og óbeinum hætti eins og við þekkjum. Hvernig kemur þetta nýja kerfi út gagnvart fólkinu úti um hinar dreifðu byggðir sem getur ekki reitt sig á það að húsnæði þeirra hækki um kannski 10–15% á ári eins og við höfum lifað hér? Ég vildi fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra.

Ég vil síðan taka undir það sem fundið er að í nál. minni hlutans og það er að ekkert skuli vera tekið á málum leigjenda eða leiguhúsnæðis. Fyrir nokkrum áratugum síðan var það aðalsmerki húsnæðisstefnunnar og félagsleg skylda að koma upp leiguíbúðakerfi fyrir þá sem ekki áttu tök á því að fjármagna og kaupa eða byggja eigin húsnæði eða þeir sem ekki vildu það, heldur vildu búa í hinu kerfinu, þá var það aðalsmerki húsnæðisstefnunnar eða lánastefnunnar að tryggja það að nægilegt framboð væri af leiguhúsnæði, ekki bara hér í Reykjavík, heldur um allt land. Ég held að þetta leiguíbúðakerfi eigi núna verulega undir högg að sækja. Á mjög ósanngjarnan hátt hefur það verið gagnrýnt að sveitarfélögin víða um land byggðu leiguíbúðir og áttu þar með möguleika á því að bjóða íbúa velkomna í sveitarfélagið í öruggt en nokkuð ódýrt húsnæði. Nú er verið að þrengja að þessu kerfi, það er nánast verið að pína sveitarfélögin til þess að selja þessar íbúðir, láta þær af hendi sé þess nokkur kostur. Framboð, t.d. á félagslegu húsnæði, leiguhúsnæði úti um land, er að minnka stórlega og húsnæðisskortur stendur nú þróun byggðar fyrir þrifum í mörgum byggðarlögum. Þar er sú staða óbreytt að einstaklingar telja það ekki vænlegan fjárfestingarkost að byggja eigið húsnæði, ekki a.m.k. í öllum tilvikum.

Eina leiðin til þess að nýtt fólk geti sest að er að aðgangur sé að íbúðarhúsnæði á sanngjörnu verði. Mér finnst þetta kerfi sveitarfélaganna, sem nú er verið að mola niður, mjög rangt og ósanngjarnt. Því þótt erfiðleikatímabil hafi komið í rekstri á félagslega húsnæði sveitarfélaganna, sem að meginhluta mátti rekja til stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- eða byggðamálum, þá er nú verið að reka sveitarfélögin til að láta félagslega húsnæðið af hendi, án þess að nokkurt kerfi komi í staðinn.

Ég vil taka undir gagnrýnina sem hefur komið fram á þetta frumvarp af hálfu félagasamtaka eins og Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að hér sé gjörsamlega horft fram hjá þörfinni fyrir leiguhúsnæði og stöðu leigjenda. Ég tel að frumvarp sem ekki tekur á leigumálunum, leiguhúsnæðinu, en þykist samt vera að fjalla um íbúðarhúsnæði almennt og að leysa þarfir fyrir íbúðarhúsnæði en tekur ekki á þessu sé afar takmarkað Ég harma það og vona að það sé ekki tákn um stefnu að hér eigi ekki að vera leiguhúsnæði eða félagslegt leiguhúsnæði sem náttúrlega mundi alls ekki samrýmast þeim skyldum sem sveitarfélögin bera, en samkvæmt lögum er sveitarfélögunum skylt að hafa til reiðu íbúðarhúsnæði fyrir íbúa sína. Þau verða að hafa kerfi sem þau geta beitt og notað í því skyni. Mér finnst verið að mola það kerfi niður, illu heilli.

Frú forseti. Ég held ég hafi komið að flestum atriðum sem ég vildi koma að í þessu máli. Ég vil ítreka spurningar mínar varðandi stöðu húsbyggjenda í dreifbýli, gagnvart þessari nýju fjármögnun. Ég vil ítreka að ég sakna sárlega að hér skuli ekki vera rætt eða tekið á málum leigjenda eða leiguhúsnæðis og ekki sé tekið á auknum og nýjum möguleikum sveitarfélaga til að standa undir þeim skyldum sem á þeim hvíla að hafa í boði fullnægjandi húsnæði fyrir íbúa sína. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort þetta frumvarp sé einn liður í að mola það kerfi niður. Ég tel nauðsynlegt að það sé við hliðina á eignaríbúðakerfinu.

Frú forseti. Það er alveg sjálfsagt að endurskoða mál um fjármögnun á húsnæðiskerfinu, en markmiðið verður að vera alveg skýrt. Það verður að vera það að við ætlum okkur að standa að þeirri frumþörf hvers íbúa landsins að hann eigi aðgang að húsnæði, annaðhvort eigin húsnæði eða leiguhúsnæði, viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum. Sú þörf á ekki að verða háð lögmálum markaðarins með þeim hætti að þeir sem hugsa fyrst og fremst og eingöngu um arð hlutabréfa sinna geti gert sér þessa frumþörf fólksins að féþúfu. Þess vegna er mjög mikilvægt að hvert einasta skref sem við stígum hér varðandi fjármögnun Íbúðalánasjóðskerfisins og íbúðakerfisins í landinu standi vörð um þennan félagslega þátt. Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, verða að búa fjármögnun og lagaumgjörð þannig að þessi frumþörf sé virt og henni sinnt, að hún verði ekki að féþúfu þeirra sem hugsa bara um peninga og ekkert annað.

[15:50]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Frjálslyndi flokkurinn styður markmið frumvarpsins, sem er að tryggja landsmönnum hagkvæmari húsnæðislán í gegnum Íbúðalánasjóð með ódýrari fjármögnun á almennum lánamarkaði. Markmiðinu á að ná með endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs, sem eykur hagkvæmni fjármögnunar, sníður af helstu agnúa sem eru á núverandi útgáfu og skapar grundvöll fyrir traustri verðmyndun á frum- og eftirmarkaði íbúðabréfa.

Frú forseti. Frumvarpið mun án efa færa íbúðabréfin í ágætan sölubúning á verðbréfamarkaði, en verðmyndun á markaði ræðst að hluta til af einfaldleika bréfanna, sem áfram leiðir til lægri ávöxtunarkröfu fjárfesta. Ef þessi góðu markmið munu ganga eftir, er ljóst að ávinningurinn verður á endanum lántakendum í vil. Jafnframt eiga breytingar sem fylgja frumvarpinu að auðvelda fyrirhugaða hækkun lánshlutfalls í 90%.

Frjálslyndi flokkurinn setur þó fram nokkrar athugasemdir sem endurspeglast í nefndaráliti minni hluta félmn. í þessu tiltekna máli, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar breytingar eru gerðar á húsnæðislöggjöfinni er grundvallaratriði að þær tryggi betur hag almennra neytenda, þ.e. bæði kaupenda og seljenda húsnæðis. Þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi eru endurskipulagning á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs með því að taka upp peningalánakerfi í stað húsbréfa og húsnæðisbréfa. Bankarnir hafa fagnað þeirri breytingu að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp peningalán, enda gengur breytingin mjög í átt til þess sem bankarnir hafa sjálfir lagt til. Ástæða er til að benda á að hér er verið að taka enn eitt skrefið í átt til einkavæðingar á Íbúðalánasjóði.

Umsagnaraðilar hafa yfirleitt tekið undir að þessi breyting geti verið jákvæð, en tilgangur hennar á að vera að auka

hagkvæmni fjármögnunar og skapa grundvöll fyrir trausta verðmyndun á frum- og eftirmarkaði. Til þess er litið að endurskipulagning á skuldabréfaútgáfunni muni stuðla að frekari lækkun á langtímavöxtum í framtíðinni, en vextir hafa lækkað verulega að undanförnu. Vísbendingar eru nú um að vextir fari hækkandi og hægt er að draga það í efa að tímasetning þessara kerfisbreytinga sé rétt. Óljóst er hvernig háttað verður áhættugreiningu og áhættustýringu og hafa komið í ljós ýmsir áhættuþættir í því sambandi við meðferð málsins í nefndinni.

Ein helsta gagnrýni sem fram hefur komið snýr að heimild til uppgreiðslu lána og ljóst er að ýmsir telja hana mikinn flöskuháls í þessu nýja kerfi. Ljóst er að vaxtaáhætta Íbúðalánasjóðs eykst verulega eftir því sem meiri líkur eru á uppgreiðslu af hendi lántakenda, sem gæti orðið ef mikið misvægi skapast í vöxtum á nýjum lánum og gömlum.

Þó minni hlutinn sé jákvæður gagnvart þessari kerfisbreytingu, eru ýmis framkvæmdaratriði sem full ástæða er til að gera athugasemdir við og hafa áhyggjur af, auk þess sem gagnrýna verður hversu stuttan tíma nefndin hafði til að fjalla um málið.

Alls er óvíst hver vaxtaáhættan af nýjum íbúðabréfum verður fyrir Íbúðalánasjóð. Vaxtakjörin ráðast í útboði hverju sinni, að viðbættu vaxtaálagi sem skapar mikla óvissu um hver lánskjör kaupenda og seljenda húsnæðis verða og ljóst að vaxtaálag á lántakendur verður meginstýritækið til að verja Íbúðalánasjóð. Vextir geta líka orðið breytilegir frá einu útboði til annars og þar með lánskjörin, sem leitt getur til þess að skekkja verðmyndun á fasteignamarkaði, sérstaklega ef mikill munur verður á vaxtakjörum á sambærilegum íbúðum. Fulltrúi Félags fasteignasala sem mætti á fund nefndarinnar tók undir þessi sjónarmið.

Einnig hefur ljóslega komið fram í umfjöllun nefndarinnar að það er rangt sem haldið hefur verið fram að með upptöku peningalánakerfisins séu afföll úr sögunni. Fram kom í nefndinni að í stað þess að afföllin komi fram strax á markaði, komi þau fram í vaxtaálagi. Vextirnir verða einfaldlega hærri með hliðsjón af ávöxtunarkröfunni og dreifast á allan lánstímann. Fram kom hjá forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að óvissan sem í dag felst í afföllum verði að óvissu um hvaða vaxtakjör muni bjóðast. Áhættan verði nákvæmlega eins og verið hefur þegar fólk *muni standa frammi fyrir því að Íbúðalánasjóður bjóði út* skuldabréf í nýja peningalánakerfinu. Í Morgunblaðinu 3. janúar sl. segir forstöðumaður eftirfarandi: „Vaxtakjör verða ákvörðuð í útboði og gagnvart fólki verður áhættan eins varðandi það að vaxtakjörin í hinu nýja kerfi geta breyst eins og afföllin í dag."

Afföll, sem nú koma fram á markaði og skiptast oft milli kaupanda og seljanda, munu þannig lenda á lántakanda í nýju kerfi og koma fram í hærri vöxtum og dreifast á allan lánstímann.

Á undanförnum tveimur árum hafa orðið verulegar vaxtalækkanir og það vekur upp spurningar af hverju þær hafi ekki komið fram svo nokkru nemi í lánskjörum viðbótarlána og húsbréfavöxtum. Athyglisvert er að þótt vextir úr útboði húsnæðisbréfa vegna viðbótarlána, sem eru peningalán, hafi verið 4,76% á sl. ári hafa vextir engu að síður verið 5,6% á árinu 2003. ... Þannig er munur á útboðskjörum og vaxtakjörum viðbótarlána tæplega 1%, sem sjóðurinn reiknar sér í vaxtaálag nú, en vaxtaálag á húsbréfum hefur verið 0,35% og kjörin á þessum peningalánum því hærri en á húsbréfum.

Þetta vekur upp spurningar um hvort vaxtaálaginu verði ótæpilega beitt í nýju kerfi til að auka hagnað og eigið fé Íbúðalánasjóðs, en í nýjum útboðum húsnæðisbréfa er krafan 3,73%. Fram hefur einnig komið hjá forsvarsmönnum Íbúðalánasjóðs að ef ekki hefðu verið uppi hugmyndir um að ráðast í þessa kerfisbreytingu, hefðu húsbréfavextir lækkað þegar á síðasta ári í 3,5–4%, sennilega nær 4%. Þannig hefðu húsbréfavextir með vaxtaálagi sem nú er 0,35% orðið um 4–4,35% þegar á síðasta ári, í stað 5,1% nú. Fram hefur líka komið hjá greiningardeild Landsbankans að fyrirhuguð áform um breytingar á húsnæðislánakerfinu sem legið hafa fyrir frá áramótum hafi leitt til töluverðrar óvissu og haft áhrif á hærri ávöxtunarkröfu húsbréfa en ella og aukið muninn á milli hús- og húsnæðisbréfa.

Ekki er því hægt að slá því föstu, eins og gert er, að húsnæðislánin verði við þessa breytingu hagkvæmari fyrir lántakendur, ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem er um vaxtaálagsgreiðslur og framkvæmdina á uppgreiðsluákvæðunum. Ljóst er þó að vextir húsbréfa og viðbótarlána hafa verið mun hærri en nauðsyn var á og á lántakendur því lagðir mun hærri vextir en ella. Athyglisvert er í þessu sambandi að eigið fé og hagnaður Íbúðalánasjóðs hefur aukist verulega, eða um nálægt 3 milljarða kr. á sl. tveimur árum. Það skapar tortryggni að ekki verði forgangsverkefni að gæta hagsmuna kaupenda og seljenda húsnæðis við ákvörðun um vaxtakjör í nýju lánakerfi.

Í áliti nefndar um endurskipulagningu á útgáfumálum Íbúðalánasjóðs frá október 2003 sem fylgir frumvarpinu kemur fram að ekki verði lánað út umfram fjármögnun. Þetta þýðir að ef útboð mistekst gæti það þýtt lengri bið eftir lánum.

Minni hlutinn vekur athygli á því álitaefni hvenær þeir sem sækja um lán til nýbygginga fái lánin greidd út. Í núverandi kerfi er láninu skipt í þrennt. Fyrsti hluti lánsins kemur við fokheldi, annar hlutinn þegar íbúð eða hús er tekið út af byggingarfulltrúa og þriðji hlutinn þegar framkvæmdum er að fullu lokið. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið hafa verið uppi hugmyndir um að greiða lán til nýbygginga í nýju kerfi með eingreiðslu þegar framkvæmdum er að fullu lokið. Verði það niðurstaðan gæti það verið mjög íþyngjandi fyrir þá sem fá lán til nýbygginga sem á framkvæmdatímanum þyrftu að leggja í verulegan fjármagnskostnað með skammtímalántöku. Minni hlutinn gagnrýnir það harðlega ef svo verður staðið að málum. Þetta bætist við fleiri óvissuþætti um framkvæmdina í þessu nýja kerfi."

Frú forseti. Áður en ég held lengra í tilvitnun mína frá minni hluta félmn., þá vil ég geta þess að ég ræddi við hæstv. félmrh. fyrr í dag og spurði hann sérstaklega út í þær hugmyndir eða þann róm sem hafði verið er varðar þetta mál og það er í raun gleðiefni frá að segja að hæstv. ráðherra, Árni Magnússon, staðfestir það að breytingar verði ekki á þessu ákvæði er varðar þrígreiðslur til aðila sem fara í framkvæmdir nýbygginga. Því er ástæða til að vekja athygli á því að þessar athugasemdir minni hlutans í félmn. taka þá kannski meira við hlutverki áminningar um það að þetta muni halda.

Svo ég haldi nú áfram í tilvitnun í nál. minni hlutans, þá segir:

„Ástæða er til að vekja athygli á því að til viðbótar núgildandi heimildum er kallað eftir enn frekari gjaldtöku og álagsheimildum. Núgildandi ákvæði kveða á um að heimilt

sé að áskilja vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Þessi álög eru nú 0,35%. Til viðbótar þessu er lagt til að heimilt verði að áskilja vaxtaálag vegna vaxtaáhættu sjóðsins auk álags vegna fjármagnskostnaðar af uppgreiddum lánum. Síðan má ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa, eins og kemur fram í 12. gr. frumvarpsins. Þessi grein hefur sætt mikilli gagnrýni aðila eins og ASÍ, BSRB, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka Íslands.

Í umsögn Seðlabankans kemur fram að hætta sjóðsins af uppgreiðslum fyrir tímann geti verið veruleg þar sem fjármögnunin er föst og bundin út líftíma fasteignaveðbréfsins. Nefnir bankinn eftirfarandi sem dæmi um áhrif: Ef fimmtungur af 300 milljarða kr. stofni sem bæri 5,1% vexti væri greiddur upp fyrir tímann og hægt væri að endurfjárfesta þann hluta með 3,5% vöxtum yrði árlegt gat í fjármögnun tæplega 1 milljarður kr. Orðrétt segir síðan í umsögn bankans: „Tæplega verður séð að Íbúðalánasjóður hafi bolmagn til að mæta slíkum hræringum, jafnvel þótt gripið yrði til einhverra aðgerða.“ Full ástæða er til að taka undir þessar viðvaranir Seðlabanka en í umsögninni kemur jafnframt fram eftirfarandi: „Ef upp kæmi sú staða að samkeppni við Íbúðalánasjóð þrýsti niður vöxtum fasteignafjármögnunar gæti sjóðurinn lent í vanda. Lántakendur hans skuldbreyttu í ódýrari lán en skildu sjóðinn eftir með óbrúað gat sem ekki yrði með góðu móti fjármagnað með vaxtahækkun, þar sem hærri vextir sjóðsins leiddu til minni áhuga lántaka og hugsanlegs flótta úr sjóðnum. Ef sjóðurinn færi síðan að í samræmi við ætlan frumvarpsins og gripi til uppgreiðsluálags mundu vaxtakjör leiða til þess að lánveitingar stöðvuðust alfarið.“

Alþýðusamband Íslands mótmælir 11. og 12. gr. frumvarpsins þar sem heimild sjóðsins til innköllunar húsbréfa er afnumin, en 12. gr. veitir ráðherra heimild til að ákveða greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfa og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa. Í umsögn ASÍ er nefnt sem dæmi að ef vextir lækki almennt á markaði úr t.d. 5,25% í 4,25% eins og gerst hefur sl. mánuði væri ráðherra heimilt að taka upp uppgreiðsluálag sem væri allt að 12,3% af eftirstöðvum lánsins. Það þýðir að uppgreiðsluálag yrði tæplega 1 millj. kr. af 8 millj. kr. láni.

Hjá fulltrúa ASÍ sem mætti á fund nefndarinnar komu líka fram áhyggjur af víðtækum heimildum ráðherra til gjaldtöku. ASÍ styður frumvarpið að því gefnu að tekið sé tillit til þess að heimilt sé að skuldari geti greitt upp skuldir sínar án sérstakra álaga. Orðrétt segir í umsögn ASÍ: „Það á að vera réttur hvers lántakanda að fá að greiða skuldir sínar hvort heldur er hraðar eða að öllu leyti án þess að verða skattlagður sérstaklega vegna þess. ... Að öllu samanlögðu styður ASÍ samþykkt þessa frumvarps að því gefnu að tekið verði tillit til sjónarmiða þess varðandi heimild skuldara til þess að greiða upp skuldir sínar án sérstakra álaga.“ BSRB hefur líka fyrirvara við að ráðherra geti ákveðið aukaþóknun ef lántakandi ákveður að hraða greiðslum eða greiða að fullu ÍLS-veðbréf.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja leggja áherslu á að þetta ákvæði verði endurskoðað og benda á að tekið verði upp almennt 1–2% uppgreiðslugjald af lánum sem komi fram í skilmálum við lántöku. Telja þeir að 1–2% uppgreiðslugjald muni aldrei dekka alla vaxtaáhættu sjóðsins en með því væri sjóðurinn að skapa sér ákveðna vörn gegn vaxtaáhættu.

Óljóst er hve mikið muni reyna á uppgreiðsluákvæðið. Það fer eftir því hvort verulegur vaxtamunur verður frá einu útboði til annars og hve mikill vaxtamunur verður almennt á húsnæðislánum. Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að í ákvörðun um vaxtakjör útlána verði m.a. gert ráð fyrir álagi vegna uppgreiddra lána og mun vaxtaáhætta sjóðsins vegna uppgreiðslu endurspeglast í vaxtaákvörðun sjóðsins. Því til viðbótar kemur heimild til ráðherra til að áskilja að uppgreiðsla verði aðeins heimil gegn greiðslu þóknunar sem jafni að hluta eða öllu leyti mismun á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa.

Gert er ráð fyrir að ákvæðinu verði beitt þegar hefðbundnar áhættustýringaraðferðir nægja ekki til að verja sjóðinn. Auk þess sem þessi heimild gæti leitt til mörg hundruð þúsund króna gjaldtöku, eins og áður er getið, gæti heimildin mismunað lántakendum vegna uppgreiðslu. Þeir sem fyrstir nýttu sér uppgreiðslu, áður en gripið yrði til þessara aðgerða, þyrftu ekki að greiða sérstaklega fyrir uppgreiðslu meðan þeir sem á eftir kæmu þyrftu að greiða mjög háar fjárhæðir fyrir uppgreiðslu. Þessi staða gæti hæglega komið upp ef vextir lækkuðu hratt og vaxtakjör íbúðalána yrðu mjög mismunandi, svo og ef samkeppni yrði veruleg í útlánum til húsnæðisfjármögnunar.

Ástæða er til að halda því til haga að í húsbréfakerfinu hefur nokkuð verið um uppgreiðslur en lántakendur geta nýtt sér að greiða upp húsbréf eða aukaafborganir án gjaldtöku eða vaxtaálags. Hér er því um að ræða breytingu sem er lántakendum verulega í óhag og tekur minni hlutinn undir það sjónarmið ASÍ að það hljóti að vera réttur skuldara að greiða upp skuldir sínar án sérstakrar skattlagningar. Árin 1999–2003 voru uppgreiðslur í húsbréfakerfinu um 18 milljarðar kr. og samtals 34 milljarðar kr. á þessu tímabili ef litið er til húsnæðislánakerfisins í heild.

Ein meginröksemdin fyrir þessari kerfisbreytingu er að íbúðabréfin verði aðlaðandi fjárfestingarkostur fyrir erlenda fjárfesta. Kaup erlendra fjárfesta á húsbréfum hafa aukist verulega á síðustu missirum, eftir að flokkar húsbréfa voru stækkaðir og tekin upp rafræn eignaskráning, en talið er að erlendir fjárfestar eigi um 100 milljarða kr. af rúmlega 300 milljarða kr. húsbréfum eða um þriðjung. Í því sambandi er ástæða til að hugleiða hvort kostir íbúðabréfa gagnvart erlendum fjárfestum séu ofmetnir í samanburði við áhuga þeirra á húsbréfum.

Ljóst er þó að með því að skrá hin nýju íbúðabréf hjá alþjóðlegum greiðslumiðlurum verða bréfin eftirsóknarverðari en ella fyrir erlenda fjárfesta sem leiðir vonandi til lækkunar langtímavaxta. Það er einnig jákvætt að heimilt er að koma á fót aðalmiðlarakerfi og veita verðbréfalán til aðalmiðlara til þess að liðka fyrir verðmyndun á markaði.

Í svari Seðlabankans við spurningu um hvaða áhrif það hafi ef erlendir fjárfestar fara skyndilega af markaðnum og innleysa bréfin kemur fram að mest af fjárfestingu erlendra aðila hafi til þessa verið varið fyrir gengisbreytingu. Skyndilegur viðsnúningur væri líklegur til að leiða til verulega hærri vaxta og gengi krónunnar gæti fallið í kjölfarið, bæði vegna beinna áhrifa og síðar vegna afleiddra áhrifa. Seðlabankinn segir í svari sínu að erlendir fjárfestar séu kvikari en innlendir og hafi síður aðra hagsmuni að verja í íslensku efnahagslífi en ávöxtun fjárfestingar sinnar í íbúðabréfum. Í þessu sambandi má líka benda á að fram kom hjá Seðlabank-

anum í október sl. að við breyttar aðstæður gætu erlendir fjárfestar ákveðið fyrirvaralaust að losa á markað mikið magn skuldabréfa á stuttum tíma eins og gerst hefur í öðrum löndum. Þetta gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlendan gjaldeyris-, skuldabréfa- og peningamarkað og þar með fjármálalegan og efnahagslegan stöðugleika. Einnig kom fram að aukin kaup erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfum væru líkleg til að auka heildarskuldbindingar þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Samkvæmt fulltrúum lífeyrissjóðanna sem mættu á fund nefndarinnar hefði það veruleg áhrif t.d. á ávöxtunarkröfuna ef erlendir aðilar færu í einhverjum mæli af markaðnum.

Við þessa endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs er hugmyndin að flýta fyrir því að íbúðabréfin verði markaðshæf með þeim hætti að eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa verður boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf og að skiptin verði gerð í skiptiútboðum. Fram hefur komið hjá fulltrúum Íbúðalánasjóðs að áformað er að skipta á allt að 300 milljarða kr. húsnæðis- og húsbréfum af 420 milljarða kr. heildarútgáfu þessara bréfa sem nái fram að ganga fyrir 1. júlí nk. Óvíst er hvaða áhrif þetta mun hafa á markaðinn. Lífeyrissjóðirnir hafa verið umsvifamiklir í þessum kaupum en húsbréf eru um 45% af eignasafni sjóðanna. Í umsögn lífeyrissjóðanna kemur fram mikil gagnrýni á þá túlkun Íbúðalánasjóðs á ákvæðum laga að sjóðurinn hafi heimild til aukaútdráttar á húsbréfum. Fulltrúar lífeyrissjóðanna telja aftur á móti að heimild til aukaútdráttar húsbréfa sé bundin þeirri takmörkun að hún sé aðeins heimil til að jafna fjárstreymi hjá stofnuninni vegna aukaafborgana eða uppgreiðslu skuldara fasteignaveðbréfa. Önnur heimild til aukaútdráttar umfram það sé ekki fyrir hendi. Lagaheimild til aukaútdráttar verði því að skýra þannig að aukaafborgun af fasteignaveðbréfi eða uppgreiðslu fasteignaveðbréfs veiti heimild til aukaútdráttar í þeim húsbréfaflokki er umrætt fasteignaveðbréf tilheyrir, en öðrum ekki. Þessari túlkun lífeyrissjóðanna er Íbúðalánasjóður ekki sammála og telur sig hafa heimild til aukaútdráttar. Lýstu fulltrúar lífeyrissjóðanna því í nefndinni að ef stjórnvöld mundu knýja á um aukaútdrátt kæmi til greina að fara dómstólaleiðina. Nefndinni hefur ekki gefist tími til að leggja sjálfstætt mat á hvor túlkunin er rétt í málinu, en ljóst er að ef Íbúðalánasjóður beitir aukaútdrætti í stórum flokkum getur það haft veruleg áhrif á eignasafn lífeyrissjóðanna.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að í tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðanna um eignastöðu á móti skuldbindingum hefur ekki verið tekið tillit til aukaútdrátta og metur t.d. tryggingafræðingur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að ef það verði gert geti það haft veruleg áhrif á endurmat húsbréfa. Í greinargerð greiningardeildar Landsbankans frá febrúar sl. kemur fram að ef lífeyrissjóðirnir lenda í aukaútdrætti að einhverju ráði muni það hafa þær afleiðingar að líftími eignasafna þeirra styttist og þar með mun tryggingafræðileg staða þeirra versna til muna, en fram kemur einnig að það geti haft mikla þýðingu fyrir þjóðarbúið.

Ekki liggur enn fyrir hvernig staðið verður að þessum skiptum eða hvernig þau verða verðlögð.

Þeirri breytingu á húsnæðiskerfinu sem lögð er til í frumvarpinu er fagnað mjög af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja en þessi endurskipulagning samræmist þeim hugmyndum sem þau hafa lagt fram um breytingu á húsnæðislánakerfinu á þá leið að það verði fært til bankanna. Meðan frumvarpið hefur verið í skoðun hjá nefndinni hafa þessir aðilar kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna Íbúðalánasjóðs sem samtökin telja að raski eðlilegri samkeppni á lánamarkaði.

Með líkum hætti og krafist er eiginfjárhlutfalls í bönkunum leggur Fjármálaeftirlitið til að settar verði reglur um ákveðið eiginfjárhlutfall fyrir Íbúðalánasjóð. Telur eftirlitið eðlilegt að byggja slíkt hlutfall á sömu reglum og gilda fyrir viðskiptabanka og önnur fjármálafyrirtæki. Ástæða er til að óttast að þessi krafa kalli fyrr en seinna á gjaldtöku eða áhættuálag sem lántakendur verði að standa undir.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að viðmið eiginfjárhlutfalls verði fyrst um sinn ákveðin í reglugerð. Ljóst er að þessi krafa um eiginfjárhlutfall með sama hætti og er hjá bönkum ýtir enn undir að verið sé að stefna húsnæðislánunum inn í bankakerfið. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að skýrt sé kveðið á um það með hverjum það eigi að hafa eftirlit, þ.e. hver verkefni eftirlitsins eigi að vera, og nefnir í því sambandi að kveðið verði á um skilyrði sem miða að traustum og heilbrigðum rekstri, stjórnun, innri endurskoðun, eftirlitskerfi með áhættum og fyrir fjárhagslegan styrkleika eins og kröfu um eigið fé.

Félagsmálaráðherra lofaði því að í upphafi þessa þings yrði sett fram áætlun um hvernig hrinda ætti í framkvæmd hækkun á lánshlutfalli húsnæðislána í 90%. Var því m.a. lýst að fyrsta skrefið yrði tekið 1. desember 2003 um að hækka lánshlutfallið í 90% sem að fullu ætti að vera komið til framkvæmda á árinu 2007. Ekkert liggur enn fyrir um hvernig staðið verði að framkvæmdinni og skákað í því skjóli að leita hafi þurft umsagnar Eftirlitsstofnunar EFTA.

Það er auðvitað hreinn undansláttur í málinu enda telja sérfræðingar engar líkur á að stofnunin mótmæli framgangi málsins. Framsóknarflokkurinn taldi þó enga ástæðu til að kanna álit þeirrar stofnunar á málinu áður en kjósendum var lofað hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæðum lána. Ástæða er til að stíga skref í átt til þessarar hækkunar á lánshlutfalli með því að heimila að þeir sem eru að kaupa sér íbúð í fyrsta sinn fái allir hækkun á lánshlutfalli í 90% þegar 1. júlí. Það hefur óveruleg áhrif á stöðu Íbúðalánasjóðs því að stór hluti þeirra sem er að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn fær þegar 90% lán.

Minni hlutinn gagnrýnir líka að ekkert hefur verið gert til að bæta stöðu leigjenda og tekur undir með ASÍ um að það sé algjört forgangsverkefni hjá stjórnvöldum að endurskoða félagslega íbúðakerfið, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu hækkunar sem orðið hefur á húsaleigu á undanförnum árum og sívaxandi fjölda þeirra sem eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum.

Minni hlutinn átelur hve lítill tími gafst til að ræða málið í nefndinni og fara betur yfir ýmis gagnrýnisatriði sem fram hafa komið og hér hefur verið lýst. Minni hlutinn er jákvæður gagnvart þessari kerfisbreytingu en gagnrýnir að ekki hafi gefist meiri tími til að fara yfir ýmis óvissuatriði varðandi framkvæmdina, bæði sem snúa að kjörum lántakenda, mati á vaxtaáhættu sjóðsins og áhrifum á lána- og peningamarkaðinn. Mikil óvissa ríkir líka um hvaða áhrif þessar breytingar hafa á lánskjörin, t.d. ýmis viðbótargjöld sem lögð verða á lántakendur eins og heimild til stórfelldrar gjaldtöku vegna uppgreiðsluákvæðis í 12. gr. frumvarpsins.

Minni hlutinn mun styðja þau ákvæði frumvarpsins sem eru til bóta, greiða atkvæði gegn uppgreiðsluákvæði 12. gr. en vísa að öðru leyti ábyrgðinni á framkvæmdinni til stjórnarmeirihlutans.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti."

Undir þetta nál. minni hluta félmn. rita hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir og Gunnar Örlygsson.

Virðulegi forseti. Frjálslyndi flokkurinn mun hvort í senn styðja brtt. minni hlutans sem og frv. hæstv. félmrh. Árna Magnússonar, að undanskilinni 12. gr. frumvarpsins.

Þá vil ég nota tækifærið og þakka öllum hlutaðeigandi sem komu á einn eða annan hátt að störfum félmn. í þessu tiltekna máli fyrir samvinnuna.

[16:17]

Útbýting þingskjala:

Afdrif hælisleitenda, 376. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1714.

Búnaðarfræðsla, 879. mál, nál. 1. minni hluta landbn., þskj. 1770.

Veiting ríkisborgararéttar, 1004. mál, frv. allshn., þskj. 1769.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál, nál. umhvn., þskj. 1767; brtt. umhvn., þskj. 1768.

[16:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er búið að halda langar og miklar ræður um þetta frv. og hef ég ekki miklu viti þar við að bæta og ekki ætla ég að endurtaka það sem sagt hefur verið í ágætum og ítarlegum ræðum, en sem kunnugt er þá er meginbreytingin sem þetta frv. hefur í för með sér að í stað húsbréfa verða framvegis gefin út íbúðabréf sem seld verða í sameiginlegum útboðum og koma lántakendur til með að fá lán sín greidd í peningum í stað bréfa.

Húsnæðismálin hafa verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Það var mjög umdeilt þegar gagngerar breytingar voru gerðar á húsnæðiskerfinu undir aldarlokin og þá þótti mönnum vegið að hinum félagslega þætti húsnæðiskerfisins. Ég vil taka undir þær ábendingar sem fram hafa komið frá verkalýðssamtökunum um að ástæða sé til þess og hefði verið til þess að forgangsraða á annan hátt að taka hinn félagslega hátt betur og betur fyrir. Þá eru menn að sjálfsögðu að hugsa um stuðning við leigjendur og þá hópa sem standa lakast að vígi.

Í umsögn BSRB um þetta frv. segir, með leyfi forseta:

„Þótt margt megi gott segja um húsbréfakerfið, hafa engu að síður fylgt því ýmsir ókostir og vegur þar þungt sú óvissa sem fylgir gengi bréfanna hverju sinni, en þegar eftirspurn hefur verið lítil hafa afföll verið umtalsverð að sama skapi. Auðvitað verður óvissa enn fyrir hendi með tilkomu nýs fyrirkomulags, því vextir íbúðabréfa munu ráðast af niðurstöðu úr sameiginlegum útboðum. Hins vegar er líklegt að með stórum útboðum megi ná vöxtum niður. Þar með verður áhætta lántakandans minni."

Hér er dregið saman í stutt mál sú meginbreyting sem þetta frv. hefur í för með sér og eins og heyra má þá er BSRB almennt hlynnt þessum kerfisbreytingum. Hið sama gildir um afstöðu Alþýðusambandsins þótt í báðum tilvikum setji samtökin fyrirvara við einstaka þætti frumvarpsins. ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við 11. og 12. gr. frv. og hefur það verið rækilega tíundað hér við umræðuna og ég ætla ekki að endurtaka það. Hið sama á við um BSRB. Það er 12. gr. sem er þar gagnrýnd. Ég ætla ekki að endurtaka það sem fram hefur komið um þau mál.

Það er tvennt sem mig langar til að nefna og þætti vænt um að fá svör við. Það er hvernig stendur á því að meiri hlutinn er að föndra við 5. gr. laganna. Þykist ég þar kenna fingrafara Sjálfstæðisflokksins sem hefur eins og við vitum árum saman viljað koma þessari starfsemi út á markað, á þar samleið með bönkum og verðbréfasjóðum, sem hafa sýnt þá furðulegustu framkomu í þessu máli sem dæmi eru um í seinni tíð. Samtök banka og verðbréfasjóða hafa kært eða kvartað yfir starfsemi Íbúðalánasjóðs og þar með þessu frumvarpi og þessum lagabreytingum til EFTA og telja að þetta standist ekki EFTA-reglur. Það sem vakir fyrir þessum aðilum er að grafa undan húsnæðiskerfinu til þess að geta ginið sjálfir yfir því og haft af því arð og hagnað. Í ljósi þeirra frétta sem við erum að fá núna nær dag hvern um milljarða gróða viðskiptabankanna, þá spyr maður sjálfan sig hvernig stendur á því að þeir geta ekki séð þetta kerfi í friði?

Í 5. gr. frv. sem ég ætlaði að víkja lítillega að, eins og það var upphaflega lagt fram segir, með leyfi forseta:

„Íbúðalánasjóði er heimilt að eiga viðskipti með fjármögnunarbréf sín og önnur verðbréf. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um áhættuviðmið, áhættustýringu, innra eftirlit og viðskipti sjóðsins með verðbréf, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins."

Í lögunum eins og þau eru núna er Íbúðalánasjóði skylt að eiga viðskipti við aðila á markaði. Nú reyndu frumvarpshöfundar að breyta þessu og setja þarna inn heimildarákvæði. Það líkar Sjálfstæðisflokknum ekki. Það er ekki nógu gott að leggja það í sjálfsvald stjórnar Íbúðalánasjóðs og þeirra sem stýra þar för að hafa sjálfir dómgreind á málinu og meta málin hverju sinni. Nei, nú á að þvinga þá, það á að þvinga þá út á markað jafnvel þótt það stríði gegn hagsmunum sjóðsins. „Þeir skulu út á markað eftir því sem kostur er ..." heitir það í brtt. meiri hlutans núna.

Það væri fróðlegt að fá skýringu á þessu frá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni hvað valdi því að Sjálfstæðisflokknum sé svo umhugað um að knýja þessa breytingu í gegn. Af hverju er ekki hægt að leggja það í vald stjórnar Íbúðalánasjóðs hvað hún fer með út á markað og hvað hún sýslar með innan dyra hjá sér? Er þetta ekki spurning um sjálfstæði þessarar stofnunar, sjálfstæði þessarar stjórnar og sjálfstæði þeirra sem starfa við Íbúðalánasjóð að komast að niðurstöðu sem er best fyrir sjóðinn og þar með eigendur hans, íslenska skattborgara?

Þetta er atriði sem ég tel að við þyrftum að fá skýringu á. Þetta er ekki mjög stórvægilegt. En einmitt vegna þess að það er ekki stórvægilegt, þá vil ég fá skýringu á því hvers vegna meiri hlutinn getur ekki sætt sig við orðalagið sem er í frumvarpstextanum um að Íbúðalánasjóði sé veitt þessi heimild til að meta sjálf hvað hún sýslar með innan dyra og hvað hún fer með út á markað. Síðan væri fróðlegt fyrir pólitíska áhugamenn að heyra mat Sjálfstæðisflokksins á kæru banka og verðbréfafyrirtækja, þar sem þessir aðilar eru að reyna að grafa undan félagslegri viðleitni til að hafa húsnæðismál þjóðarinnar í sæmilegu horfi. Telur Sjálfstæðisflokkurinn og fulltrúar hans þessa stefnu vera félagslega ábyrga? Er það félagslega ábyrg stefna að bankarnir taki þessa starfsemi algerlega undir sinn hatt? Við þekkjum hvernig þeir síðan haga sér t.d. gagnvart landsbyggðinni, þeim sem búa í hinum dreifðu byggðum. Þeir mundu aldrei fá þjónustuna sem félagslegt kerfi og Íbúðalánasjóður veitir.

Það væri fróðlegt að heyra álit Sjálfstæðisflokksins á þessu tvennu áður en við ljúkum við umræðuna því hún er

senn á enda. Annars vegar spyr ég hann um breytingartillöguna sem liggur fyrir og hins vegar þætti mér skemmtilegt að heyra afstöðu hans til hinnar óábyrgu nálgunar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja sem hafa kært íslenska húsnæðiskerfið til Brussel.

[16:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur farið fram um þetta mál í dag, tek undir með mörgum hv. þingmönnum sem hafa bent á að þegar um slíkt stórmál er að ræða er eðlilegt að um það fari fram umræða.

Ég vil í upphafi máls míns, hæstv. forseti, taka af öll tvímæli um það og ítreka það sem ég hef áður sagt að það stendur ekki til að einkavæða Íbúðalánasjóð. Sú fullyrðing að breytingar á fyrirkomulagi lánasjóðsins muni auðvelda slíka einkavæðingu miðað við fyrirkomulag húsbréfakerfisins á ekki við, enda endurtek ég að slíkt er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar.

Hér hefur verið fjallað um málið vítt og breitt, hæstv. forseti, og m.a. fjallað um hvort tímasetning þessara breytinga sé heppileg, bæði hvað varðar stöðu efnahagslífsins og þróun vaxta á alþjóðlegum markaði. Rekstur á alþjóðlegum fjármálamarkaði hefur verið í sögulegu lágmarki á undanförnum missirum og þótt vextir taki eitthvað að hækka á næstu mánuðum, er mjög líklegt að vextir á alþjóðlegum fjármálamarkaði verði nokkuð undir því sem hér hefur þekkst fram til þessa. Breyting á fyrirkomulagi útlána Íbúðalánasjóðs er líkleg til þess að skila íslenskum fjölskyldum mun lægri vöxtum en hingað til hafa þekkst. Breytingarnar munu minnka verulega það bil sem er á vöxtum íslenskra húsnæðislána og vöxtum á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Þegar þessi munur hefur minnkað og náð jafnvægi mun vaxtastig íbúðalána taka aukið mið af vöxtum á alþjóðamarkaði. Það á, hæstv. forseti, að tryggja íbúðakaupendum lægstu mögulegu markaðsvexti á íslenskum lánum hverju sinni.

Það er ljóst að sú vinna sem hefur verið unnin á undanförnum mánuðum til að þróa húsnæðislánakerfið hefur þegar skilað Íslendingum lægri vöxtum og gert það að verkum að bankakerfið hefur nú þegar tekið upp fjölbreyttari húsnæðislán til hliðar við hið opinbera húsnæðislánakerfi, sem er sá trausti grunnur sem fjölskyldurnar í landinu geta áfram byggt á. Þessi þróun hefur orðið almenningi til góða og byggir á tilvist Íbúðalánasjóðs sem ríkisstjórnin hefur með stefnumótun sinni tryggt að standi áfram öflugur.

Hér hefur verið fjallað um áhættugreiningu og áhættustýringu, hæstv. forseti, og af því tilefni er rétt að ítreka að á undanförnum mánuðum hefur Íbúðalánasjóður lagt í mikla og vandaða vinnu við undirbúning áhættugreiningar og fengið til liðs við sig öflugt erlent fyrirtæki til að byggja upp trygga og örugga áhættustýringu sjóðsins.

Nú þegar hefur verið sett upp nýtt öflugt áhættustýringarkerfi í sjóðnum í samræmi við það sem best gerist í Evrópu. Það var verið að leggja lokahönd á áhættustýringarstefnu sjóðsins í samræmi við ákvæði þess frumvarps sem hér er til umræðu, auk þess sem unnið er að reglugerð um áhættustýringu sjóðsins.

Ein helsta gagnrýnin, hæstv. forseti, sem fram hefur komið á þetta frv. snýr að heimild til uppgreiðslu lána og ljóst að sumir telja hana flöskuháls í þessu nýja kerfi. Heimild lántakenda til uppgreiðslu lána, hæstv. forseti, er tryggð í þessu frumvarpi. Hins vegar er uppgreiðsluheimild á fjármögnunarbréfum sjóðsins, íbúðabréfunum, afnumin. Afnám hennar mun væntanlega skila lántakendum 0,3–0,5% lægri vöxtum en annars hefði orðið. Þetta eykur vissulega áhættu Íbúðalánasjóðs frá því sem hefur verið, en með öflugu áhættustýringarkerfi eins og ég lýsti hér áðan og þeim úrræðum sem sjóðnum er ætlað með sérstöku áhættuálagi, verður sú áhætta óveruleg.

Hér hefur verið fjallað um lánskjör, mismunandi lánskjör, milli tímabila. Það er vissulega rétt að þau munu breytast í takt við ávöxtunarkröfu á markaði hverju sinni, en á móti munu lántakendur njóta bestu mögulegu vaxta á fjármálamarkaði hverju sinni. Það skekkir ekki verðmyndun á fasteignamarkaði umfram það sem mismunandi kjör lána í núverandi kerfi gerir. Það skal undirstrikað að þetta frv., verði það að lögum, tryggir lántakendum almennt rétt til uppgreiðslu lána án sérstakrar uppgreiðsluþóknunar.

Hæstv. forseti. Aðeins um vexti og vaxtamyndun. Hér hefur verið fjallað um vaxtamyndunina og m.a. hvort það kunni að vera að vextir hefðu getað lækkað meira heldur en raun hefur borið vitni ef ekki hefði verið lagt upp með það markmið sem um er fjallað í þessu frumvarpi. Ég vil um það segja að það er ekki rétt að vextir á húsbréfum hefðu verið lækkaðir niður fyrir 4% ef ekki stefndi í þær breytingar sem við hér ræðum. Forsendur þess að lækka vexti húsbréfa í 4% sköpuðust ekki fyrr en eftir að tilkynnt hafði verið um fyrirhugaðar breytingar, þær breytingar sem við fjöllum um hér, en sú ákvörðun hefur m.a. orðið til þess að lækka ávöxtunarkröfu á markaði og án hennar hefði ekki verið unnt að lækka vexti húsbréfa nema um kannski 20–30 punkta og ég minni á að við lækkuðum eða stjórn Íbúðalánasjóðs tók ákvörðun um lækkun vaxta um áramótin úr 5,7 og 5,6% í 5,3%. Mismunurinn milli ávöxtunarkröfu hús- og húsnæðisbréfa endurspeglar einmitt þann kostnað sem markaðurinn metur núverandi uppgreiðsluheimild Íbúðalánasjóðs á húsbréfunum, hæstv. forseti.

Hér hefur aðeins verið rætt um það, t.d. af hv. þm. Gunnari Örlygssyni, hvort breytingarnar sem við fjöllum um mundu hafa einhver áhrif á nýbyggingalán hjá Íbúðalánasjóði. Ég vil, hæstv. forseti, af því tilefni taka af öll tvímæli um það að breytingarnar sem hér er fjallað um munu ekki hafa nein áhrif á nýbyggingalán.

Meira um uppgreiðsluákvæðin. Hér hefur m.a. verið fjallað um athugasemdir Seðlabankans og vegna þeirra er rétt að taka fram að fólk mun ekki geta greitt upp óhagstæð lán og tekið önnur ódýrari öðruvísi en selja húsnæði sitt og flytja. Það er engin breyting frá því sem er í núverandi kerfi. Við vaxtaákvarðanir Íbúðalánasjóðs verður byggt á meðaltali uppgreiddra skulda og vaxta á markaði, þannig að uppgreiðsla mun ekki hafa áhrif á sjóðinn taki menn ný lán hjá sjóðnum. Íbúðalánasjóður mun beita hefðbundnum áhættustýringaraðferðum sem gera það að verkum að leitast verður við að jafna skuldir og eignir sjóðsins m.a. með tilliti til vaxta og líftíma.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum, hæstv. forseti. Ef innköllunarákvæði væru áfram á bréfunum, þá mundu vaxtakjör til lántakenda verða hærri en ella. Meginregla frumvarpsins er að lántakendum er ætíð heimilt að greiða upp lán sín án sérstakrar uppgreiðsluþóknunar. Það er hins vegar heimild í frumvarpinu til að beita sérstöku ákvæði sem algjörri neyðarheimild. Vegna þessa vil ég rekja, hæstv. forseti, hvernig sú niðurstaða fannst sem sést í frumvarpinu og þar sem fjallað er um uppgreiðsluna. Nú er lántakendum í húsbréfakerfinu heimilt að greiða upp lán hvenær sem er á

lánstíma án aukakostnaðar. Verð þeirra réttinda endurspeglast í hærri ávöxtunarkröfu til húsbréfa á markaði sem nemur uppgreiðsluáhættunni. Allir lántakar bera því saman þennan uppgreiðslukostnað í kerfinu eins og það er.

Það hefur verið samstaða um að afnema uppgreiðsluheimild gagnvart fjárfestunum, hæstv. forseti, til að auka á markaðshæfi íbúðabréfa og skapa þannig forsendur fyrir lægri vöxtum. Við þær breytingar skapast hins vegar hætta á ójafnvægi milli inn- og útlána sjóðsins ef sjóðnum er ekki mögulegt að bregðast við uppgreiðslum lántaka með því að leysa til sín bréf á markaði með útdrætti. Nefnd um endurskipulagningu skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs lagði til að brugðist yrði við þessum vanda með því að skuldara sem nýtti uppgreiðsluheimild yrði gert að greiða að fullu þann vaxtamun sem hlytist af uppgreiðslu láns fyrir lokagjalddaga.

Veruleg vandkvæði eru á því að leysa þetta mál með þeim hætti. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Það er eðlilegt að beita aðferð sem jafnar uppgreiðslukostnað á alla lántakendur með sama hætti og nú er gert. Með því er stuðlað að sveigjanleika í eftirspurn eftir lánum og unnið gegn sveiflum sem geta myndast við öra hreyfingu vaxtaferils. Ef uppgreiðslukostnaður væri felldur að öllu leyti á viðkomandi lántaka, mundi það torvelda skuldurum mjög að yfirgefa kerfið. Það stríðir raunar beint gegn markmiðum að skapa kerfinu hóflegt umfang og torvelda ekki lánastarfsemi innlendra og erlendra banka á húsnæðismarkaði.

Það væri, hæstv. forseti, illmögulegt að sannfæra nokkurn, þar með talda Eftirlitsstofnun EFTA, um ágæti þeirrar breytingar sem við nú leggjum til á húsnæðiskerfinu ef samhliða væri gripið til aðgerða sem torvelduðu lántakendum mjög að færa lán sín frá Íbúðalánasjóði til annarra lánveitenda. Með því yrði innlendur markaður með íbúðalán í reynd lokaður frá erlendri samkeppni og raunar allri samkeppni.

Síðast en ekki síst þá falla lán Íbúðalánasjóðs undir ákvæði laga um neytendalán, samanber breytingu á þeim lögum frá árinu 2000. Samkvæmt 16. gr. þeirra laga skal neytanda, með leyfi forseta, „heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann tíma sem umsaminn er. Notfæri neytandi sér heimild þessa á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag."

Ef kostnaður vegna uppgreiðslna yrði felldur á hvern og einn skuldara, yrði gengið gegn stefnumörkun löggjafans að þessu leyti. Af hálfu félmrn. hefur því verið litið svo á að lausn þessa máls hljóti að felast í niðurjöfnun uppgreiðslukostnaðar með áþekkum hætti og gert er í núgildandi húsnæðislánakerfi. Hin almenna regla yrði því sú að útlánsvextir tækju mið af fjármögnunarkostnaði sjóðsins í heild. Í því felst að vextir yrðu ákveðnir sem vegið meðaltal vaxta í útboði og vaxta uppgreiddra lána. Með þessu móti mundi vaxtamunur milli fjármögnunarkostnaðar og útlánsvaxta jafnast út á ný lán með áþekkum hætti og gerist í núverandi kerfi og lágmarka áhættu sjóðsins.

Hæstv. forseti. Hér hefur verið fjallað um erlenda fjárfesta og þátttöku þeirra í fjármögnun kerfisins. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að áfram verði um þátttöku erlendra fjárfesta að ræða og raunar ætti þátttaka þeirra að verða aukin nái breytingin fram að ganga. Með fjárfestingum sínum færa erlendir fjárfestar innlendan skuldabréfamarkað og vexti nær því sem gerist erlendis og það hefur sýnt sig undanfarin tvö ár að ávöxtunarkrafa hér á landi hefur lækkað umtalsvert sökum aukinna fjárfestinga erlendra aðila sem telja vexti hér á landi háa í alþjóðlegum samanburði.

Hér hefur verið spurt: Hvað ef erlendir fjárfestar fara? Eftirspurn eftir tryggum verðbólgutengdum skuldabréfum er mjög mikil á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Sérfræðingar erlendis telja að nú sé markaður fyrir margfalt magn þeirra skuldabréfa sem nú stendur til boða á fjármálamörkuðum. Íslensk skuldabréf eru nú um 1% af heimsmarkaðnum með verðbólgutengd skuldabréf. Því er sú staða sem hér hefur verið vakin athygli á að gæti komið upp afar ólíkleg, hæstv. forseti. Ef einn aðili selur býður það yfirleitt upp á kauptækifæri fyrir annan og þannig verður virk vaxtamyndun á markaði til. Lán Íbúðalánasjóðs taka mið af vöxtum á markaði hverju sinni.

Hæstv. forseti. Hér hefur líka verið fjallað um brtt. minni hlutans á lögunum um húsnæðismál, nr. 44/1998, þar sem í tillögunni, með leyfi forseta, segir:

„Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70%." Breyting verði þar á. Greinin hljóðar þannig eftir breytinguna: „Lánveiting samkvæmt ÍLS veðbréfi getur numið allt að 90%."

Ég vil um þetta segja, hæstv. forseti, að ég fagna tillögunni. Hún gengur í sömu átt og við framsóknarmenn boðuðum í kosningabaráttunni sl. vor og ríkisstjórnin hefur staðfest með stjórnarsáttmála sínum að hér verði í fyllingu tímans boðin 90% húsnæðislán. Það mál er eins og hv. þingmönnum er fullkunnugt um til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA og það væri mjög óeðlilegt ef við gengjum fram í því máli áður en niðurstaða stofnunarinnar liggur fyrir, enda væri það að mínu viti ekki í samræmi við málflutning hv. þingmanna, hvort sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu, á undanförnum dögum.

Ég hins vegar fagna tillögunni og reikna þar með góðum stuðningi við það frumvarp sem ég hef boðað að ég muni leggja hér fram á haustþingi, hæstv. forseti, og lýtur að hækkun lánanna, bæði í krónutölu og hlutfalli.

Hér hefur verið fjallað um mörg atriði, hæstv. forseti, m.a. álitamál varðandi lífeyrissjóðina. Mér er kunnugt um það álitamál. Íbúðalánasjóður hefur óskað eftir afstöðu félmrn. til þess máls og það er til skoðunar í ráðuneytinu. Hér hefur líka verið fjallað um félagslegan þátt húsnæðiskerfisins og sú nefnd sem ég skipaði sl. sumar og hefur það hlutverk að greina og gera tillögu um úrbætur á leigumarkaði, hefur unnið umfangsmikið starf og mun á næstunni skila skýrslu sinni. Ég geri ráð fyrir því og tel ekki ástæðu til að ætla annað en mér takist að gera Alþingi skil á niðurstöðu þeirrar vinnu hér á haustþingi og verði þá með tillögur um hugsanlegar breytingar og úrbætur í því kerfi.

Hér hefur líka hv. þm. Ögmundur Jónasson fjallað um brtt. varðandi 5. gr. frv. þar sem fjallað er um að stjórn Íbúðalánasjóðs skuli eftir því sem kostur er og að fengnu samþykki félmrh. semja við aðila á markaði um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra og velt fyrir sér hvers vegna þessi brtt. hafi komið fram. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sem mælir hér fyrir þessu máli mun sjálfsagt gera betur grein fyrir því hér á eftir, hæstv. forseti, hvers vegna þessi brtt. er komin fram. En ég vil vekja athygli á því að í gildandi lögum segir, með leyfi forseta, um það sama:

„Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félmrh., semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra."

Þannig að hér er um mildandi ákvæði að ræða eins og það lítur út núna með brtt. meiri hluta félmn.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hér m.a. hvort líklegt væri að þessi 5. gr. og inntak hennar hefði einhver áhrif á m.a. starfsemi Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki? Ég vil svara því hreint og klárt að hún mun ekki hafa nein áhrif á það. Hv. þm. þarf ekki að hafa áhyggjur af því. (Gripið fram í.) Ég er miklu frekar tilbúinn til þess að skoða það, hv. þm. Jón Bjarnason, að flytja stærri hluta þangað heldur en minni.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fjallaði um verð- og gengistryggingalán, m.a. hvort Íbúðalánasjóður hefði fjallað um kosti þess og galla að bjóða upp á verðtryggð og óverðtryggð lán. Það er um það að segja, hæstv. forseti, að óverðtryggð lán leiða nánast örugglega til hærri vaxta en ella. Það varðar líka ávöxtunarkröfuna á markaði. Eins og ég rakti hér í máli mínu áðan sækjast fjárfestar nú í auknum mæli eftir verðtryggðum bréfum á markaði sem mun væntanlega geta tryggt okkur lægri vexti fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Ég held, hæstv. forseti, að mér hafi tekist hér að snerta á flestum þeim álitaefnum sem fram hafa komið við þessa umræðu. Ég vil þakka góða og gagnlega umræðu og vonast til að okkur takist að ljúka þessu máli hér á hv. Alþingi hið fyrsta.

[16:44]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin, en það er langt frá því að ég hafi fengið fullnægjandi skýringar á því hvers vegna ekki hefur verið hægt á umliðnum mánuðum og sl. ári að lækka viðbótarlánin meira, sem eru peningalán, að það skuli hafa verið 1% munur á útboðunum og svo lánakjörum viðbótarlána. Það er ekki trúverðugt fyrir þá nýja kerfi sem hér er verið að taka upp. Sömuleiðis finnst mér ekki traustvekjandi skýringar sem ráðherrann gefur þegar ég spurði um og hafði það eftir forsvarsmönnum Íbúðalánasjóðs að það hefði verið hægt að fara með húsbréfavextina niður í 4% á sl. ári. Hún er sannarlega ekki sannfærandi sú skýring sem ráðherrann gefur á því.

Ég verð að segja að mér fannst svör hæstv. ráðherra mjög fátækleg að því er varðar 90% lánin og eitt meginloforð framsóknarmanna í kosningabaráttunni. Það gefur tilefni til þess að ætla að það sé bullandi ágreiningur milli stjórnarflokkanna um þessi 90% lán. Það er ekki hægt að skýla sér á bak við ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, að það sé verið að bíða eftir svörum frá henni, ekki síst í ljósi þess að ráðgjafar hæstv. ráðherra telja engar líkur á því að Eftirlitsstofnun EFTA geri einhverjar athugasemdir við þessi 90% lán.

Hæstv. ráðherra ætlaði að leggja fram áætlun í upphafi þessa þings. Nú talar ráðherrann um í fyllingu tímans, hvað sem það nú þýðir. Þannig að mér finnst að hæstv. ráðherra sé að hlaupa frá loforðum sínum. Það reynir á það núna í atkvæðagreiðslunni við þessa litlu breytingartillögu, sem er einungis smáskref í áttina að þessu 90% láni, hvort framsóknarmenn meini eitthvað með þessu.

Síðan finnst mér mjög fátæklegt þetta svar varðandi félagslega íbúðakerfið. Við vitum að það eru á þriðja þúsund manns í biðröðum eftir leiguíbúðum. Það á enn að bíða, enn að bíða fram á haustið eftir einhverri skýrslu frá ráðherrunum og ráðherrann orðaði það síðan svo að þá kæmu hugsanlega fram úrbætur. Mér finnst þetta mjög köld kveðja, virðulegi forseti, til þeirra á þriðja þúsund einstaklinga og fjölskyldna sem bíða eftir úrlausnum í leiguíbúðunum.

[16:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að það er enginn ágreiningur milli stjórnarflokkanna um það markmið að taka hér upp 90% lán til húsnæðiskaupa. Þetta markmið er sett fram í stjórnarsáttmála. Um það ríkir fullur einhugur milli stjórnarflokkanna. Það er hins vegar þannig eins og hv. þingmanni er kunnugt um og ég veit að hún þekkir það, að m.a. hafa Samtök banka og verðbréfafyrirtækja haft uppi miklar efasemdir á undanförnum missirum um að húsnæðislánakerfi okkar Íslendinga, starfræksla Íbúðalánasjóðs og ég tala nú ekki um þær hugmyndir sem ég finn að hafa góðan hljómgrunn hér á hinu háa Alþingi að hækka lánshlutfallið í 90%, að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafa haft miklar efasemdir um að allt þetta stæðist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þess vegna og í ljósi þess var það ákvörðun ríkisstjórnar sl. haust að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um fyrirhugaðar breytingar um rekstur húsnæðislánakerfis okkar til þess að fá úr því skorið hvort ekki væri tryggt að það stæðist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og fyrirhugaðar breytingar sömuleiðis, til þess, hæstv. forseti, að eyða allri óvissu um rekstur þessa kerfis í framtíðinni. Það væri fullkomlega óábyrgt, hæstv. forseti, af mér sem félagsmálaráðherra, að keyra málið fram á þessari stundu á meðan það er til umfjöllunar í Eftirlitsstofnun EFTA.

[16:48]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sjálfur og hans ráðgjafar, m.a. sérfræðingur hans um Evrópska efnahagssvæðið, hafa aldrei haft efasemdir um að það mundi standast samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að koma með þessi 90% lán þó Samtök banka og sparisjóða hafi efasemdir um það. Þess vegna er ekkert sem kemur í veg fyrir að hæstv. ráðherra komi nú með þá áætlun sem hann boðar um hvernig hann vilji sjá þessi 90% lán, þá með þeim fyrirvara að það komi grænt ljós frá Eftirlitsstofnun EFTA. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að ráðherrann gæti lagt fram slíka áætlun með sama hætti og á að leggja hér fram um áætlun um skattalækkanir eins og hér hefur verið boðað. Hvers vegna getur hæstv. ráðherrann ekki sett fram hugmyndir sínar í því efni þannig að fólk megi vita við hverju er að búast? Þetta segir manni að það sé verið að draga lappirnar í þessu máli og manni býður í grun að hér sé um ágreining milli stjórnarflokkanna að ræða.

Þessi litla tillaga sem við höfum flutt hér sem er einungis um það að jafna stöðu þeirra sem eru að kaupa íbúðir í fyrsta sinn og kostar ekki mikið, mundi ekki auka neitt útgáfu á bréfum eða kostnað fyrir ríkissjóð að stíga þó það skref. Hér er fyrst og fremst um að ræða jafnan hlut þeirra sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn. Þannig að ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti ekki hugsað sér að styðja a.m.k. þá litlu tillögu sem er smáskref í áttina til þess að koma á 90% lánshlutfalli fyrir alla?

Ég tek líka eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra svarar engu um það sem ég er að gagnrýna varðandi félagslega íbúðakerfið og þau fátæklegu svör sem hann gefur þar, að það hugsanlega komi fram úrbætur næsta haust, að hugsanlega komi fram einhver niðurstaða úr þessu nefndastarfi sem hefur staðið í eitt og hálft ár, ekki síst í ljósi þess að þegar

liggja fyrir miklar úttektir og allir vita við hvern vanda er er verið að glíma varðandi félagslegar leiguíbúðir. Það sem á skortir er vilji til framkvæmda. Það er það sem ég harma að ráðherrann hafi ekki vilja til þess að bæta úr varðandi leiguíbúðir.

[16:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það skortir ekki á vilja til framkvæmda hjá þeim sem hér stendur. Hins vegar hef ég tamið mér þá reglu í störfum mínum, hvort sem er sem ráðherra eða á öðrum vettvangi, að eins og háttar í þessu tilviki að ég hef skipað nefnd til að fara sérstaklega yfir þetta mál og gera tillögur um aðgerðir, þá hvarflar ekki að mér að taka fram fyrir hendurnar á nefndinni með yfirlýsingum um það sem ég teldi að ætti að gera. Ég vil bíða, hæstv. forseti, eftir niðurstöðum nefndarinnar. Ég hef óskað eftir því að hún hraði störfum sínum. (**JóhS:** Hvenær átti hún að skila ...?) Henni var ekki, hv. þm., settur sérstakur tímarammi í því. Hins vegar hef ég óskað eftir því að nefndin ljúki störfum sínum hið fyrsta, þannig að ég geti þá sett fram mínar áætlanir og gert tillögur um það hér á hinu háa Alþingi.

Hvað varðar 90% lánin og þá ákvörðun að óska eftir áliti Eftirlitsstofnunar EFTA á rekstri húsnæðislánakerfis okkar og þeim breytingum sem við áformum, þá hef ég sjálfur sem hér stendur ekki neinar efasemdir um það, hv. þm., að kerfið standist samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég er hins vegar ekki stóri dómur í því efni. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að við fáum úr því skorið hvort svo er ekki til allrar framtíðar, því það er óþolandi staða, hæstv. forseti, að reka hér jafnmikilvægt kerfi og húsnæðislánakerfið í einhverri óvissu um að svo sé.

[16:52]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir að hafa farið yfir stærstu drættina í umræðunni og dregið þá nokkuð saman og farið yfir helstu mál. Þó þótti mér hann ganga ansi greiðlega yfir allt það sem laut að 90% lánshlutfallinu að því meginkosningamáli Framsóknarflokksins að hækka lánshlutfall íbúðarkaupenda í 90%, af því að þrátt fyrir það að málið sé til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, þá kemur það ekki á neinn hátt í veg fyrir að ráðherrann og ríkisstjórnin leggi fram áætlun í málinu, af því að einhvern tímann sér fyrir endann á því og ef menn gefa sér það að stofnunin muni heimila, þá hljóta menn að vera með einhvers konar áætlun í skúffunni um hvernig best sé að framkvæma þetta og í hvaða skrefum menn hafa hugsað sér málið þegar það var lagt fyrir dóm kjósenda og blásið upp sem eitt af meginmálum kosninganna í fyrra, þá hljóta menn að hafa verið búnir að sjá fyrir endann á málinu. Framsóknarflokkurinn hlýtur að hafa verið búinn að gera einhverja framkvæmdaáætlun um hvernig hann ætlaði að hrinda þessum miklu breytingum á húsnæðiskerfinu í framkvæmd. Þess vegna vildi ég ítreka spurningar mínar til hæstvirts ráðherra um hvaða áhrif hann telji að 90% lánshlutfallið hafi á íbúðarverð, hvaða prósentuhækkun ef einhverja hann sjái fyrir sér, af því að hann hlýtur að hafa látið skoða hvaða áhrif slík meginbreyting hefði á markaðinn áður en hann fór með málið fyrir kjósendur í fyrra. Menn hafa varla verið að tala af algjörri vankunnáttu um áhrifin á samfélagið þá. Ég spyr hæstv. ráðherra.: Hvaða þak sér hann fyrir sér að verði á lánunum? Erum við að tala um 15 milljónir, 20 milljónir, 25 milljónir o.s.frv.?

[16:54]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum nú hér að lenda í umræðu um allt annað mál en það sem er til umfjöllunar. Hér er ekki verið að fjalla um 90% lánin. Ég mun taka umræðu um það mál fagnandi, vonandi á haustþingi. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Björgvins Sigurðarsonar, þá höfðum við framsóknarmenn að sjálfsögðu gert okkur ákveðnar hugmyndir um það í kosningabaráttunni með hvaða hætti þetta yrði sett fram og sú áætlun hefur reyndar orðið fræg, því Morgunblaðið hefur birt hana í heild sinni, gerði það sl. sumar, áætlun sem ég sem þáverandi framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins setti fram sem hugsanlega framkvæmdaáætlun í þessu efni.

Það liggur fyrir, hæstv. forseti, að þegar álit Eftirlitsstofnunar EFTA kemur fram, sem vonandi verður snemma á þessu sumri, þá mun áætlun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum verða lögð fram. Því að ég bið hv. þingmenn að sýna þolinmæði og hlakka til að njóta stuðnings þeirra við framkvæmd málsins á haustþingi.

[16:55]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur í ljós þegar þar að kemur hvernig stuðningi manna verður háttað við málið, enda höfum við ekki fengið að sjá glitta nema í hornin á tillögunni. Það er að sjálfsögðu til umfjöllunar og umræðu hérna vegna þeirrar brtt. sem minni hluti félmn. leggur fram. Þar erum við að rétta Framsóknarflokknum hjálparhönd og hjálpa ríkisstjórninni að stíga fyrstu skrefin yfir í að lánshlutfall hækki í 90%. Þess vegna verður sérstaklega spennandi að fylgjast með því hvernig breytingartillögunni reiðir af fyrir hinu háa Alþingi þegar hún kemur til kasta þingsins.

Í því ljósi og í framhaldi af málinu er sjálfsagt að leiða umræðuna næstu skref og spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sjái fyrir sér þessi meginatriði tillögunnar. Annars vegar hvaða þak hafa menn hugsað sér og hugsuðu sér í fyrra í kosningabaráttunni að sett yrðu á 90% lánshlutfallið? Hins vegar hvaða áhrif töldu sérfræðingar, ráðgjafar hans og hann sjálfur að slík breyting, að lána fólki upp í 90% lánshlutfall af verði eigna sinna, mundi hafa á fasteignaverð í landinu? Þetta tvennt hlýtur að liggja fyrir nokkurn veginn þó svo að hugmyndin að lagafrumvarpinu sé til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Það breytir því varla að menn hljóta að vera með það á takteinum hvaða þak menn hugsa sér að setja á lánin, hvaða áhrif þau munu hafa á íbúðaverð í landinu.

[16:57]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að vera eins og biluð grammófónplata eins og einu sinni var sagt. Hv. þm.: Ég get ekki svarað skýrar heldur en ég gerði hér áðan. Okkar áætlanir munu verða lagðar fram um leið og niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA liggur fyrir. Ég hef sagt það þrisvar í þessum stól í dag og ég segi það þá í fjórða sinn. (**BjörgvS:** Allt er þá þrennt er.)

[16:57]

Útbýting þingskjals:

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, nál. 1. minni hluta landbn., þskj. 1771.

[16:58]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera góð umræða og ansi ítarleg á þessum góða degi, afmæli Sjálfstæðisflokksins 25. maí. (**Gripið fram í:** Til hamingju með það.) Takk fyrir það, hv. þm. Ég ætla að reyna af því það er farið að styttast í þennan fund hjá okkur að fara örstutt í gegnum það sem hér hefur komið fram og þá sérstaklega það sem hefur verið beint að mér. Ekki hefur mörgum spurningum verið beint til mín, enda var hæstv. félmrh. hér, og ég ætla ekki að gera athugasemdir við veru hans hér, en ég vil taka undir það með hv. þm. Pétri Blöndal að mér finnst samt mjög eðlilegt að þegar málið er komið til kasta Alþingis, þá séum það við sem tökum á því og ræðum það, en hins vegar er ekki nokkur vafi að það var mjög gott að fá hæstv. félmrh. inn í umræðuna og mér fannst hann svara mjög vel spurningunum sem til hans var beint.

Ég vildi byrja á því að fara aðeins yfir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi að mér, varðandi brtt. sem komu fram í nefndinni um húsnæðismálin. Ef ég skildi hv. þm. rétt, virðulegi forseti, þá beindi hann tveimur spurningum til mín; annars vegar af hverju kom þessi brtt. við 5. gr. sem hljóðar svo:

„Stjórn Íbúðalánasjóðs skal eftir því sem kostur er og að fengnu samþykki félagsmálaráðherra semja við aðila á markaðnum um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra."

Hæstv. félmrh. fór yfir það sem við ræddum nú að vísu í nefndinni líka, það sem er í lagatextanum núna er að stjórn Íbúðalánasjóðs er skylt að gera þetta og ekki aðeins skylt, heldur hefur hún bara heimild til að semja við þá aðila sem eru í lánastarfsemi, fjármálastofnanir ef ég man það orðalag rétt.

Það sem hér er útvíkkað er að stjórninni er gefinn kostur á þessu og að semja við aðila á markaði, þá er ekki eingöngu átt við fjármálastofnanir, heldur líka aðra aðila sem geta sinnt þessu hlutverki.

Ástæðan fyrir því að menn eru að skilgreina hlutverk Íbúðalánasjóðs er sú að Íbúðalánasjóður getur sinnt ansi mörgu. Það er tæknilega ekkert því til fyrirstöðu. Í raun gæti Íbúðalánasjóður sinnt ýmsu sem viðskiptabankar gera núna. Ég held að almenn sátt sé um það hjá flestum stjórnmálaöflum, þó ég vilji alls ekki útiloka að svo sé ekki, að það sé skynsamlegt að Íbúðalánasjóður sé með ákveðinn skilgreindan ramma sem hann vinni eftir en ekki um að ræða að við setjum hér á stofn hefðbundinn viðskiptabanka. Hins vegar geta menn haft allar skoðanir á því. Ég átta mig alveg á því, virðulegur forseti, hver ástæðan er. Menn vilja skilgreina hvaða hlutverk Íbúðalánasjóður hefur og hverju aðrir aðilar á markaði eiga að sinna. Þess vegna er þetta þarna tilkomið. Ég held að það sé mjög eðlilegt og annað væri í rauninni óeðlilegt ef nefndir þingsins færu ekki gaumgæfilega, eins og gert var í þessu máli, yfir þau frumvörp sem eru til staðar og kæmu með betrumbætur ef svo ber undir. Í þessu tilfelli held ég að niðurstaðan sé mjög góð.

Síðan var annað sem kannski tengist þessu máli ekki beint, en það er spurning sem hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi til mín, þ.e. hvort það væri félagsleg ábyrg stefna að færa húsnæðislán til bankanna og tók sérstaklega dæmi um það og þetta er að vísu nokkuð stórt mál sem er sjálfsagt að ræða, og væri örugglega hægt að ræða langt fram eftir degi og fram eftir nóttu, og hann nefndi sérstaklega að bankarnir mundu aldrei sinna sama hlutverki og t.d. Íbúðalánasjóður sinnir gagnvart landsbyggðinni.

Nú er því til að svara að stærsta ástæðan fyrir að Íbúðalánasjóður getur sinnt þessu hlutverki gagnvart landsbyggðinni er ríkistryggingin á lánunum. Það er stærsta einstaka ástæðan. Í mínum huga er það engin spurning að við getum notað ríkisvaldið, kannski með nokkrum takmörkunum þó, og er gert á margan hátt til þess að bæta upp og veita þeim aðilum þjónustu sem við teljum að það eigi að gera. Þannig gætum við notað ríkistrygginguna á íbúðalán þó svo þau væru ekki hjá Íbúðalánasjóði og það væri líka hægt að fara í ýmsar aðrar útfærslur ef menn skilgreina það sem félagslega stefnu að vera með aukna þjónustu, hún gæti þá verið víðtækari en hún nú er hjá Íbúðalánasjóði, þrátt fyrir að hann væri ekki til staðar.

Ég tek hér fram og endurtek það, virðulegi forseti, að sökum þess litla tíma sem við höfum, þá vil ég ekki fara núna nákvæmlega út í þær hugmyndir.

Ég vildi þó aðeins minnast hér á af því það kom fram í ræðum og það er í sjálfu sér gott að menn hafi áhyggjur af ungu fólki sem er að fara í húsnæðiskaup. Hér var talað um að það væri mjög mikilvægt og lagt upp úr því hjá mörgum hv. þingmönnum sem hér töluðu. Ég lít svo á að það sé nákvæmlega það sem verið er að gera með þessu frumvarpi. Við erum að reyna að bæta stöðu húsnæðiskaupenda sem eru sérstaklega ungt fólk. Það er eins og ég sagði í framsöguræðu minni, við erum að einfalda kerfið. Einfalda það fyrir fjárfesta sem gerir það að verkum að það eru meiri líkur á því að fleiri fjárfestar komi að þessu og þá sérstaklega erlendir fjárfestar, sem þýðir lægri vexti ef fleiri aðilar hafa áhuga á að fjárfesta í bréfunum og gera það.

Á sama hátt erum við að einfalda kerfið fyrir þá sem njóta kerfisins, þ.e. íbúðakaupendur. Allir sem hafa keypt sér íbúð þekkja það að þó að kerfið sem er til staðar núna hafi marga góða kosti, þá verður því ekki haldið fram að það sé einfalt. Það er gott fyrir alla aðila að kerfið einfaldist og peningalán komi í staðinn fyrir núverandi kerfi.

Menn hafa mikið rætt um leigumarkaðinn. Ég vil biðja þá aðila, sérstaklega hv. þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, að líta sér nær og skoða stærsta sveitarfélagið á landinu, Reykjavíkurborg, sem hefur með markvissum hætti stundað lóðaskortsstefnu, hrakið barnafólk úr borginni. Það liggja fyrir tölur sem sýna það að frá því R-listinn tók við árið 1994, hafa aldrei verið lengri biðlistar í sögu Reykjavíkurborgar. Það er 1001 aðili sem er á biðlista eftir félagslegu húsnæði og það er eins og hv. þm. Jón Bjarnason nefndi, þetta er á ábyrgð sveitarfélaganna. Það liggur alveg fyrir.

Þetta hefur verið löng umræða og ég ætla ekki að lengja hana meira, virðulegi forseti. Ég vil vísa aftur í, sem meðmæli með umræddum breytingum, þá úttekt sem ég vísaði í í framsögunni úr Barcleys Capital sem er erlent tímarit sem fjallar um fjárfestingarmöguleika. Þar kemur fram, með leyfi virðulegs forseta, „að fyrirhugaðar breytingar á skuldamarkaðnum í sumar veiti kjörið tækifæri til fjárfestinga". Á sama hátt er talað um að það sé sérstaklega jákvætt að losna við útdráttinn, þ.e. endurkaup bréfanna, og flokkunum muni fækka úr 38 í 4. Barcleys Capital telur litla ástæðu til að ætla að ávöxtunarkrafan muni ekki lækka enn meira en orðið er. Nú er þetta fagtímarit ekki neinn stóridómur frekar en neitt annað í þessu lífi, en það gefur okkur þó góða vísbendingu um að það sem við erum að gera hér, virðulegi forseti, sé

skynsamlegt og rétt skref í þá átt að bæta hag þeirra aðila sem eru í húsnæðiskaupum.

[17:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að taka til umfjöllunar húsnæðismálin í Reykjavík. Þar er ýmislegt sem mætti betur fara. En Guði sé lof að Reykvíkingar eru lausir við íhaldið. Sú stefna sem hefur verið fylgt hér í húsnæðismálum frá 1998 þegar húsnæðiskerfinu var breytt í grundvallaratriðum, hefur komið sér mjög illa fyrir þá sem reisa félagslegt leiguhúsnæði. Vextir til þessara aðila voru hækkaðir úr einu prósenti í allt að 4,9%. Flestir, þar á meðal sveitarfélögin, fá þau lán á 3,5% vöxtum. Þannig að þessum aðilum, þar með Reykjavíkurborg, hefur verið gert mun erfiðara en áður var að sinna félagslegri húsnæðisþörf. Þetta er staðreynd.

Síðan örstutt að spurningum sem ég vakti máls á, varðandi 5. gr. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að nú yrði Íbúðalánasjóði gefinn kostur á að versla við einkaaðila, að ýta verkefnum til einkaaðila. Þetta er ekki alveg nákvæmt, vegna þess að Íbúðalánasjóður skal nú eftir því sem kostur er koma verkefnum til þessara aðila. Spurning mín var þessi: Hvers vegna ekki að leggja það í vald stjórnar Íbúðalánasjóðs sjálfs að meta hvaða verkefni hann fer með út á markað og hvaða verkefnum hann sinnir innan dyra og láta hagsmuni sjóðsins eins stýra þar för?

[17:09]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég las bara nákvæmlega þá brtt. sem hér er uppi, það er ekkert flóknara en það, virðulegi forseti. Hér segir, svo ég lesi byrjunina aftur, með leyfi forseta:

„Stjórn Íbúðalánasjóðs skal eftir því sem kostur er, og að fengnu samþykki félmrh., semja við aðila á markaði um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra."

Eins og ég svaraði áðan, virðulegi forseti, miðar þetta eins og margt annað að því að skilgreina hvert hlutverk Íbúðalánasjóðs er og hvað Íbúðalánasjóður á að gera og hvað ekki. Síðan geta menn haft allar skoðanir á því hvort hlutverk hans á að vera víðfeðmara eða ganga skemur o.s.frv. En þetta er sú niðurstaða sem varð í nefndinni.

Hins vegar, virðulegi forseti, þá sleppur hv. þm. Ögmundur Jónasson ekki frá því að ræða húsnæðismálin í langstærsta sveitarfélagi landsins. Það þýðir ekkert að slá hér einhverju fram um að þetta hefði verið með skárra móti eða verra móti ef einhverjir aðrir hefðu verið við völd. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, að menn hafa með skipulegum hætti verið með lóðaskortsstefnu í langstærsta sveitarfélaginu. Hvað þýðir það? Það er sambærilegt við ef hér væri einokun á innflutningi bíla og það væri ákveðið að flytja inn fáa bíla og ekki aðeins að flytja inn fáa bíla, heldur bjóða upp þá fáu bíla sem komu inn til landsins. Hvað þýðir það? Það þýðir ekki bara hækkun á þeim bílum, heldur öllum öðrum bílum á markaðnum. Það er nákvæmlega það sem var gert í húsnæðismálunum.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að ég er með viðtalstíma sem borgarfulltrúi, hef haft það frá því ég byrjaði í borgarstjórn Reykjavíkur. Það liggur fyrir að þessi markvissa stefna að hækka húsnæðisverðið og þar af leiðandi leiguverðið í Reykjavíkurborg, hefur komið verulega illa niður á þeim sem minnst mega sín. Þarna, virðulegi forseti, eru vinstri menn á ferðinni. Þeir hafa með skipulegum hætti, virðulegi forseti, staðið að þessum málum.

[17:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er efnt til umræðu um húsnæðismál í Reykjavík. Ég er svo ljónheppinn að ég á enn eftir síðari ræðu mína og er alveg tilbúinn að taka þá umræðu við hv. þm. Ég sagði að ég þakkaði Guði fyrir að Reykvíkingar væru lausir við íhaldið, vegna þess að landsmenn hafa fengið að kenna á stefnu Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálum. Því miður hefur Framsóknarflokkurinn dansað með. Ég rifjaði upp hvernig vextir á lánum til félagslegra aðila sem sinna félagslegri þörf voru hækkaðir úr 1% í allt að 4,9%. Sveitarfélögin þurfa að borga 3,4%. Þetta hefur aukið greiðslubyrði þeirra verulega og gert þeim erfiðara um vik að sinna félagslegri þörf.

Varðandi aðra efnisþætti sem hv. þm. kom inn á, þá er það alveg rétt að bankarnir og sjóðirnir sem vilja fá húsnæðiskerfið til sín ætlast til þess að það sé ríkisábyrgð á þessum lánum. En, nota bene, aðeins fyrst í stað. Vegna þess að þegar lengra líður þá er ætlunin að afnema allar slíkar ábyrgðir og færa þessa starfsemi út í bankana. Þeir hafa viðurkennt í mín eyru og opinberlega að þetta muni leiða til hærri húsnæðiskostnaðar.

Síðan að lokum þetta: Ég ætla að færa hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni litla afmælisgjöf í tilefni af afmæli Sjálfstæðisflokksins. Hún er sú, þótt mig langi mikið til að fjalla hér í ítarlegu máli um húsnæðismál í Reykjavík, að falla frá því að biðja um orðið að nýju.

[17:13]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú bara byrja á því að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir afmælisgjöfina og (**ÖJ:** Ertu ekki að fara í afmælið?) eins og hv. þm. veit, Ögmundur Jónasson, þá er ég einmitt á leið í afmæli Sjálfstæðisflokksins og það er eðli máls samkvæmt mér mikil ánægja og ég er ekkert að grínast með það, ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir það.

En svo því sé haldið til haga þá er ég ekki hér sem fulltrúi banka og verðbréfafyrirtækja en ég hef ákveðnar skoðanir í húsnæðismálum og það er gott að ræða þessi mál og við höfum farið ágætlega yfir þau. Mér finnst hins vegar eðlilegt að ræða þessa hluti í samhengi. Á sama hátt og hv. þm. Ögmundur Jónasson taldi að hann væri að rifja upp verk og stefnu Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálum, þá finnst mér það óeðlilegt og það gengur ekki upp sökum þess að þeir aðilar sem hafa átt svo stóran þátt og verið svo stórir ákvarðendur í þróun húsnæðismála eru svo sannarlega sveitarstjórnirnar, sérstaklega Reykjavíkurborg sem er langstærsta sveitarfélagið. Við höfum farið um víðan völl í umræðunni sem er eðli máls samkvæmt þegar um jafnstóran og áhrifamikinn málaflokk er að ræða. Auðvitað er ég í leiðinni að brýna hinn ágæta þingmann, hv. þm. Ögmund Jónasson, til þess að banka í félaga sína í R-listanum og reyna að fá þá til að snúa af þeirri braut sem þeir hafa verið á fram til þessa.

Aðalatriðið er þó það að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, og ég held þingheimur allur, er sammála um það markmið að bæta hag íbúðakaupenda, sama í hvaða tekjuflokki þeir eru. Að því skulum við vinna saman. Ég er

sannfærður um að það frv. sem liggur hér fyrir er liður í því að ná því markmiði, en ef það er eitthvað fleira sem við getum gert, þá á ekki að hika við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 2. umr.

Stjfrv., 829. mál (ÍLS-veðbréf). — Þskj. 1270, nál. 1474.

[17:16]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. Í stuttu máli má segja að þetta er mjög einfalt mál. Í rauninni þá les ég bara upp þá einu grein sem gert er ráð fyrir í lagatextanum, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði laga þessara taka þó ekki til ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður veitir eða afgreiðir frá og með 1. júlí 2004."

Nefndin fór yfir málið í tengslum við frv. sem hér hefur verið rætt og er samþykk því og leggur til að það verði samþykkt.

Undir það skrifa sá sem hér stendur, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón Guðmundsson, Birkir J. Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Valdimar L. Friðriksson og Gunnar Örlygsson.

Eins og fram hefur komið þá er þetta fyrst og fremst tæknilegt mál sem ég held að þingheimur geti verið sammála um.

[17:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Félmrn. aflaði sér nokkurra upplýsinga um þessi lög og hvort rétt væri að afnema þau. Við fengum m.a. ítarlegan rökstuðning frá fjárstýringasviði Íbúðalánasjóðs sem ég er með hérna fyrir framan mig, þar sem nefndin er fullvissuð um það að þessi lög séu í reynd ekki virk og þess getið að greiðslujöfnun hafi ekki verið notuð neitt að því er varðar húsbréfakerfið og hefur á þeim 15 árum sem húsbréfakerfið hefur starfað ekki orðið vart við nein vandamál vegna þess að greiðslujöfnun sé ekki til staðar. Fram kemur hér að greiðslujöfnun hjálpi ekki skuldurum nema þegar það ástand er fyrir hendi að hækkun neysluvísitölunnar sé mun meiri en hækkun launavísitölunnar. Fleiri rök eru hér tínd til sem ástæða þess að rétt sé að fella lögin úr gildi.

Í trausti þess, herra forseti, að þau rök sem hafa verið sett fyrir okkur hér í félmn. af Íbúðalánasjóði, þá föllumst við á það, eða ég, í minni hlutanum að styðja það að þessi lög verði felld úr gildi.

Ég velti fyrir mér af því í þessu frumvarpi eða greinargerð þess eru tíundaðar þrjár leiðir til að aðstoða lántakendur í greiðsluerfiðleikum, m.a. skuldbreyting á vanskilum í nýtt lán til allt að 15 ára og að Íbúðalánasjóður geti fryst lán í allt að þrjú ár þannig að engar greiðslur séu inntar af hendi af láninu á þeim tíma. Þriðja úrræðið er að Íbúðalánasjóður geti lengt lánstíma viðkomandi lána um allt að 15 ár. Ég hef fullvissað mig um það hjá hæstv. félmrh. að það verði engin breyting á þessari aðstoð við fólk í greiðsluerfiðleikalánum og ný lán, ef þau koma vegna skuldbreytingar á vanskilum, munu þá bera sömu kjör og eldri lán. Úr því þetta hvort tveggja liggur fyrir að þessi aðstoð verði enn þá til staðar, og þau rök hafa verið sett fram sem eru trúverðug um það að þessi greiðslujöfnun sé í reynd óvirk, þá styð ég það að þessi lög verði felld úr gildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

[17:20]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að búast má við útbýtingarfundi í kvöld, um kl. hálfellefu ef af verður. Formenn þingflokka verða látnir vita um þann fund með hæfilegum fyrirvara ef til þess kemur.

Um þinghaldið á morgun kom eftirfarandi fram á fundi forseta með formönnum þingflokka fyrr í dag: Gert er ráð fyrir að þingfundur hefjist kl. 10 í fyrramálið. Utandagskrárumræða verður að loknu matarhléi, um kl. hálftvö, atkvæðagreiðslur verða að lokinni utandagskrárumræðunni. Gert er ráð fyrir að þingflokksfundir verði í klukkustund og hefjist kl. fjögur. Reikna má með kvöldfundi en matarhlé verður gert milli kl. sjö og átta.

Út af dagskrá voru tekin 9.–21. mál.

Fundi slitið kl. 17:21.

---

126. FUNDUR

þriðjudaginn 25. maí,
kl. 11.30 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[23:33]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 1005. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1775.

Ófeðruð börn, 989. mál, svar hagstrh., þskj. 1774.

Stjórn fiskveiða, 996. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1776; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1777.

Fundi slitið kl. 23:34.

---

127. FUNDUR

miðvikudaginn 26. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Almannatryggingar, frv., 966. mál, þskj. 1485. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Uppfinningar starfsmanna, stjfrv., 313. mál, þskj. 1732, brtt. 1737. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 480. mál, þskj. 1735, brtt. 1739. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 967. mál, þskj. 1486. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611 og 1738. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270, nál. 1474. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 1004. mál, þskj. 1769. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

10. Almenn hegningarlög, frv., 1002. mál, þskj. 1758. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

11. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 856. mál, þskj. 1736, brtt. 1741. — 3. umr.

12. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — 2. umr.

13. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575. — 2. umr.

14. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1338, nál. 1650 og 1652, brtt. 1651. — 2. umr.

15. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 948. mál, þskj. 1442, nál. 1584. — 2. umr.

16. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336, nál. 1719 og 1771, brtt. 1720. — 2. umr.

17. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337, nál. 1721 og 1770, brtt. 1722. — 2. umr.

18. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193, nál. 1755, brtt. 1756. — 2. umr.

19. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194, nál. 1753, brtt. 1754. — 2. umr.

20. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665, nál. 1761. — 2. umr.

21. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677, nál. 1762. — 2. umr.

22. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1664, nál. 1776, brtt. 1777. — 2. umr.

23. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.

24. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333, nál. 1711. — 2. umr.

25. Lokafjárlög 2000, stjfrv., 326. mál, þskj. 1726 (sbr. 377). — 3. umr.

26. Lokafjárlög 2001, stjfrv., 653. mál, þskj. 982. — 3. umr.

27. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.

28. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708 og 1763, brtt. 1709 og 1764. — 2. umr.

29. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710. — 2. umr.

30. Réttarstaða íslenskrar tungu, þáltill., 387. mál, þskj. 517, nál. 1521. — Síðari umr.

31. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — 2. umr.

32. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — 2. umr.

33. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — 2. umr.

34. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — 2. umr.

35. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768. — 2. umr.

36. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Síðari umr.

37. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Síðari umr.

38. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.

39. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.

40. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.

41. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.

42. Stofnun sædýrasafns, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.

43. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.

44. Íslensk farskip, þáltill., 484. mál, þskj. 756, nál. 1683. — Síðari umr.

45. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330, nál. 1654 og 1661. — 2. umr.

46. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656. — 2. umr.

47. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663. — 2. umr.

48. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707. — 2. umr.

49. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713. — 2. umr.

50. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165, nál. 1593. — 2. umr.

51. Almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38, nál. 1750, brtt. 1751. — 2. umr.

52. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715. — 2. umr.

53. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716. — 2. umr.

54. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117, nál. 1693, brtt. 1757. — 2. umr.

55. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350, nál. 1717, brtt. 1718. — 2. umr.

56. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019, nál. 1752. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Tilkynning um dagskrá.

[10:01]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Um klukkan 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um stöðuna fyrir botni Miðjarðarhafs og viðbrögð íslensku ríkisstjórnarinnar. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla sjávarútvegsnefndar á frumvarpi um stjórn fiskveiða.

[10:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að mér er nóg boðið. Ég á sæti í sjútvn. þingsins og þar fór fram leikþáttur í gær sem er einstæður held ég í þingsögunni.

Við vorum boðaðir ekki sjaldnar en sex sinnum á fund í sjútvn. í gær og þegar hann hófst í hið sjötta sinn þurftum við að bíða í þrjú korter eftir þeirri niðurstöðu sem þar var kynnt. Þá höfðu stjórnarliðar setið yfir því að búa til nýtt frv. úr því afstyrmi sem hæstv. sjútvrh. hafði lagt fram. Niðurstaðan varð sú að það ætti að afleggja dagakerfi smábátanna þvert ofan í yfirlýsingar allra þeirra sem a.m.k. hafa látið eitthvað frá sér fara, gerðu fyrir kosningar og eftir kosningar með svardögum og fundum, bæði með sveitarstjórnarmönnum og þeim sem í þessum sjávarþorpum búa. Niðurstaðan er sem sagt sú að leggja skuli af dagakerfi smábátanna. Sjútvrh. hafði lagt fram frv. þar sem mönnum var gert gersamlega ómögulegt að halda áfram í dagakerfinu og átti greinilega ýmist að kaupa menn eða þvinga til þess að fara út úr þessu kerfi.

Hv. þm. Kristinn Gunnarsson hafði lýst því yfir margsinnis hér að hann ætlaði að sjá til þess að dagakerfið yrði áfram við lýði. Hér var borin upp tillaga í vetur um það að setja gólf í dagakerfið. Niðurstaðan varð sú að öll stjórnarandstaðan studdi það en yfirlýsingar hv. þm. Kristins Gunnarssonar voru í þá áttina að hann ætlaði sér að sjá til þess að gólf yrði í dagakerfinu. Nú er hann eins og Víga-Styrr, skiptir um lið í miðjum bardaga og gengur í lið með þeim sem hann hafði þó barist gegn eða þeirri niðurstöðu sem þeir vildu. Þetta er auðvitað alveg fráleitt og við ræðum betur á eftir um hvers konar stjórn hefur verið á þessu og undirbúningur undir þessi mál.

[10:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Á fundi sjútvn. seint í gærkvöldi, sem var sá 5. eða 6. á deginum sem boðaður hafði verið, kom fram tillaga að því að algjörlega yrði horfið frá sóknardagakerfi smábátanna. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnast vinnubrögðin í þessu máli afar undarleg, nánast forkastanlegt hvernig að þessu máli er staðið. Á fundi sjútvn. fáum við örstuttan tíma í stjórnarandstöðunni til að fara yfir málið og það er verið að leggja upp með gjörbreytingu á málinu frá því sem að hafði verið stefnt og einnig frá því sem hv. meirihlutamenn í sjútvn. sögðu hér í desember sl. um hvernig á þessu máli skyldi haldið. Það er alveg ljóst að störf þingsins hafa með þessari afgreiðslu í sjútvn. í gærkvöldi tekið verulegum breytingum og ekki verður séð fyrir endann á því hvernig þessu þinghaldi vindur fram.

[10:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta og þingheims á þeim furðulegu vinnubrögðum sem við fulltrúar í sjútvn. höfum mátt þola nú á síðustu klukkutímum og dögum. Í þinginu í vetur höfum við verið að fjalla um hvernig mætti styrkja stöðu dagabáta í fiskveiðum landsins. Sjávarbyggðir vítt um land, sérstaklega í Norðvest. en reyndar vítt og breitt um landið, treysta á veiðar þessara báta, þær skipta miklu máli. Við höfum fengið fjölda áskorana frá hlutaðeigandi byggðarlögum um að staðið verði við þau fyrirheit að setja viðunandi gólf í dagabátakerfið þannig að þar verði fyrir hendi ákveðinn rekstrargrundvöllur. Að þessu hefur verið unnið. Í haust var afgreidd málamyndalínuívilnunartillaga af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans en þá var jafnframt lofað að næsta verkefni væri að tryggja stöðu dagabátanna. Áfram var þetta rætt eftir áramót og ég og fulltrúi Frjálsl. lögðum saman fram tillögu á þingi aftur eftir áramótin um að treysta stöðu dagabáta. Sjútvrh. leggur hér fram frv. um að tryggja stöðu dagabáta, reyndar málamyndafrv. en engu að síður fjallaði það um það.

Í gær er svo kúvent. Utan úr bæ, eða réttara sagt neðan úr sjútvrn., kemur svo algjörlega nýtt frv. þar sem kveðið er á um að dagabátarnir skuli gjörsamlega þurrkaðir út úr flotanum og allt sett í kvóta, óskafyrirkomulag kvótagreifanna, óskafyrirkomulag þeirra sem vilja geta verslað með þessa auðlind milli manna, milli byggðarlaga, milli fyrirtækja. Þetta er keyrt inn, og út í gegnum sjútvn. af meiri hlutanum í gærkvöldi, fullkomlega nýtt og óskylt mál. Ég mótmæli svona vinnubrögðum, forseti, og skora á hæstv. forseta að gera þau afturreka.

[10:08]

Guðjón Hjörleifsson:

Herra forseti. Í gær var stór og merkilegur dagur í sjútvn. og sjávarútvegssögu okkar. Þar var afgreitt frv. um að útgerð báta með dagatakmörkun, þ.e. sóknardagabátar, skuli stunda veiðar með krókaaflamarki frá og með næsta fiskveiðiári. Það er ekkert óeðlilegt að þegar eitt mesta ágreiningsmál í sögunni leysist sé ágreiningur um málsmeðferð og fleira. Breytingin á þessu frv. er mjög einföld og þetta var niðurstaðan eftir mikil fundarhöld.

Samt sem áður skil ég menn alveg fyrir að gera athugasemdir varðandi boð á fundi. Forsendur breyttust, málið þróaðist í aðra átt, það tók lengri tíma að loka því og því varð að fresta fundum. En er það stóra málið þegar slík stórmál eru leyst?

Ég gerði mönnum grein fyrir ferlinu í gærkvöldi á fundinum, af hverju frestun varð. Þetta tók lengri tíma og við vorum að ræða við fulltrúa Landssambands smábátaeigenda um hugmyndir meiri hluta nefndarinnar um að loka þessu kerfi. Málsferlið er eðlilegt. Frv. er einfalt, fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og fulltrúar sjútvrn. gerðu grein fyrir breytingum á frv., svöruðu spurningum og því var ekkert því til fyrirstöðu að ljúka málinu í gærkvöldi.

Það sem kemur mér mest á óvart er að fulltrúar minni hlutans reyndu að tefja þetta mál og stoppa að það gæti orðið að lögum á þessu þingi með því að senda það út til umsagnar. Það er alveg ljóst. Pólitískir hagsmunir ná alltaf lengra en hagsmunir heildarinnar, og það er miður. Í stað þess að vera að karpa um þetta ættum við að samfagna þessu stórágreiningsmáli okkar sem senn fer að ljúka.

[10:09]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þetta var skrýtin ræða hjá hv. formanni sjútvn., Guðjóni Hjörleifssyni. Ég ætla ekki efnislega að ræða málið hér heldur aðeins að fara í það sem gerðist í gær í sjútvn.

Kannski ég fari aðeins lengra aftur í tímann til að byrja með. Allir í þingheimi vissu að talsvert deilumál væri í gangi varðandi sóknardagabátana og það var búið að boða að hingað kæmi frv. til afgreiðslu á þessu þingi til að leysa úr þeim ágreiningi sem þar var uppi. Þetta frv. kom síðan ákaflega seint fram og þegar það kom fram var það allt annað en boðað hafði verið. Talsverður ágreiningur varð um það í nefndinni og vitað var að málið eins og það lá fyrir og var lagt fram af sjútvrh. hefði ekki þingmeirihluta eins og það var lagt fram. Hvað gerðist þá? Þá var boðað til sjö funda í sjútvn. á sama degi. Síðan biðum við eftir því í nefndinni sem á að hafa málið á forræði sínu að fulltrúar sjútvrn. mættu með brtt. sem nefndarmenn þóttust ekkert vita hverjar yrðu þegar nefndin var orðin fullskipuð. Ekki var hægt að setja fund, heldur þurfti að bíða eftir fulltrúum sjútvrn. þótt málið væri á forræði nefndarinnar. (**BH:** Þetta er bara eins og í fjölmiðlamálinu.) Þetta er mjög svipað og gerðist í fjölmiðlamálinu, menn setja fram arfavont frv. sem ekki nokkur getur hugsað sér að samþykkja en ná síðan einhverri lendingu sem er allt annars staðar en menn áttu von á í upphafi.

Ég verð að spyrja hv. formann sjútvn.: Telur hann eðlileg vinnubrögð að fram komi brtt. sem algjörlega breytir því frv. sem liggur fyrir? Því er hafnað að leita álits þeirra sem áður höfðu gefið umsagnir um frv. sem lá fyrir þó að við séum hér með allt annað frv. í höndunum ef þessi brtt. nær fram að ganga? Eru þetta eðlileg vinnubrögð, hv. formaður sjútvn.?

[10:11]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það má auðvitað deila um það hvenær mál eru útrædd í þingnefnd en ljóst er að það þingmál sem nefndin hafði til umfjöllunar í gær hafði verið þar til umfjöllunar og fengið umsagnir. Það var ekkert athugavert við það þó að meiri hlutinn legði fram tillögur til breytingar á málinu og tæki ákvörðun um að taka málið þannig breytt út. Það er ekki almenn venja að senda brtt. til umsagnar áður en mál er endanlega tekið út úr nefnd. Það er afar fátítt.

Það sem var helst athugavert við það þingmál sem hæstv. sjútvrh. lagði fram var að það var ekki samkomulag um efni þess. Hæstv. ráðherra fékk það hlutverk af hálfu stjórnarmeirihlutans að ná samkomulagi við helstu hagsmunaaðila um niðurstöðu málsins og leggja það samkomulag fyrir Alþingi. Það var ekki samkomulag um efni frv. eins og hæstv. ráðherra lagði það fyrir á Alþingi. Þess vegna fékk ráðherrann það hlutverk og var áréttað að leita samkomulags við Landssamband smábátaeigenda. Sú vinna var í gangi í gær og þær viðræður leiddu til sameiginlegrar niðurstöðu. Forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda og sjútvrn. eru sammála um að mæla með þessum tillögum. Sú afstaða mín lá fyrir að ég mundi styðja sameiginlega niðurstöðu þessara tveggja aðila í málinu.

Menn geta síðan vegið og metið hverjir aðrir kostir séu í stöðunni. Mitt mat er að ekki sé þingmeirihluti fyrir því að viðhafa óbreytt dagakerfi með 23 daga gólfi. Það er bara mitt mat að ekki sé þingmeirihluti fyrir því á hv. Alþingi og við verðum að vinna út frá þeim veruleika sem við erum í á hverjum tíma, herra forseti.

[10:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Dagurinn í gær var svikadagurinn mikli. Þetta var ekki neinn merkisdagur og það er ósatt sem hv. þm. Guðjón Hjörleifsson heldur fram, að stjórnarandstaðan hafi reynt að tefja fyrir þessu máli í nefndinni. Hann hefur sjálfur með miklum vanheilindum og vanhæfi troðið því í gegnum nefndina.

Sárast af þessu öllu finnst mér að þrír þingmenn sem ég í dag tel vera klára svikara, hv. þm., sitja í sjútvn. Við höfum orð þeirra, bæði frá kosningabaráttunni og fundum, m.a. á Vestfjörðum, þar sem þeir sögðust allir styðja að það yrði varið gólf fyrir þessa dagabáta. Nú hafa þessir menn svikið þessi loforð sín og þeir hafa svikið kjósendur sína. Ég hef skömm og fyrirlitningu á þeim. Þetta eru svik, ekkert annað en svik og þetta er grafalvarlegt mál.

Ég lýsi því yfir að minn flokkur mun berjast af fullri einurð gegn því að þetta frv., sem samið er af sjútvrh., af framkvæmdarvaldinu og síðan blessað yfir það af forsvarsmönnum Landssambands smábátaeigenda sem hafa mjög vafasamt umboð í þessu máli, (Gripið fram í.) verði lagt fyrir hið háa Alþingi. Nú á það að fara í gegn undir því yfirskini að ekki hafi verið neitt samkomulag fyrir því að það yrði gólf fyrir dagabátana. Heyr á endemi!

Auðvitað var meiri hluti fyrir því. Ef menn hefðu haft kjark til að standa í lappirnar, ef þrír þingmenn sem nú sitja í sjútvn. plús einn í viðbót hefðu haft þann manndóm að standa við orð sín hefði þetta farið í gegn. Það hefði flogið í gegnum þingið og það hefði verið full sátt um það úti í þjóðfélaginu. Það vitum við. Við höfum umsagnir félaga smábátaeigenda allt í kringum landið, 300 smábátaeigenda, sem nánast eru allir sammála því að það átti að verja þetta kerfi. Lítill þrýstihópur sem komst inn í sjútvn., fjórir menn með 20 menn á bak við sig, fjórir menn sem eru að reyna að væla út kvóta til að geta braskað með hann, kvóta fyrir tugmilljónir króna, er látinn komast upp með þetta. Þetta er svívirðing.

[10:16]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er það gagnrýnt að boðað hafi verið til nokkurra funda í sjútvn. í gær og þeim síðan frestað. Hver er ástæðan? Ástæðan er sú að við vorum með í höndunum frv. sem ríkti mikill ágreiningur um. Meðal annars benti minni hlutinn í sjútvn. á að í þeim umsögnum sem lágu fyrir nefndinni væri hvergi að finna stuðning við frv. Þá varð niðurstaða meiri hluta sjútvn. að það væri skynsamlegast

að freista þess að reyna að ná frekara samkomulagi um þetta mál. Það tók tíma. Við höfðum vænst þess að þetta gæti gengið fyrir sig með greiðari hætti. Þess vegna boðaði formaður nefndarinnar til fundarins fyrr í gær.

Mat formanns nefndarinnar var, og það var auðvitað rétt mat, að stóra málið í þessum efnum væri að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu þeirra sem hefðu mestra hagsmuna að gæta í þessum efnum, þ.e. Landssambands smábátaeigenda og löggjafarvaldsins. Þess vegna þyrfti að gefa sér þann tíma sem væri nauðsynlegur til að komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Sem betur fer tókst síðdegis í gær eða undir kvöld í gærkvöldi að leggja fram tillögu sem var sameiginleg niðurstaða fulltrúa sjútvrn. og Landssambands smábátaeigenda um tilteknar breytingar á þessu frv. sem við munum ræða vonandi síðar í dag. Þetta skiptir miklu máli, eða telja menn að það hefði verið betri staða fyrir þingið og fyrir þetta mál að það væri í ófriði við allt og alla? Telja menn það ekki einhvers virði að hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu með Landssambandi smábátaeigenda í þessum efnum? Ég tel að það skipti miklu máli. Ég tel að það hljóti að vera ávinningur fyrir málið, að a.m.k. skyldi þó miða áfram í þessa átt. (**MPH:** Það hefði þótt niðurstaða ef þið hefðuð staðið í lappirnar.)

[10:18]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Í eldhúsdagsumræðum sagði ég m.a., með leyfi forseta: „Undanfarnar vikur hafa landsmenn hins vegar horft og hlustað agndofa á hvernig forustumenn ríkisstjórnarinnar drottna, hvernig þeir lítilsvirða þingmenn í eigin þingflokkum að ekki sé talað um þingið sjálft. Frumvörpum er nánast kastað inn á þing og sagt: Afgreiðið þetta og það strax."

Ég átti náttúrlega sérstaklega við fjölmiðlafrumvarpið en hér er komið enn eitt dæmi um þessi vinnubrögð. Það er ekkert samkomulag við Landssamband smábátaeigenda. Þau orð sem formaður þeirra samtaka viðhafði í gær á fundum í sjútvn. ætla ég ekki að hafa eftir, lýsingu hans á þessum vinnubrögðum og því sem hér er verið að gera.

Það sem er allra verst við þetta, virðulegi forseti, er að sjútvrh. skuli voga sér að koma með þetta inn á lokadögum þingsins, jafnhandónýtt frv. og hann kom með sem hefur verið staðfest nú að er handónýtt vegna þess að brtt. eru ekkert smáræði. 1. gr. er þurrkuð út, 2. gr. fær að standa og 3. gr. er algjörlega snúið við. Þetta er nýtt frv. þannig að það er til vansa fyrir Alþingi að ætla að taka þetta mál og ræða það í einum spretti í restina á einum eða tveimur dögum og afgreiða svo stórt mál sem hér er verið að ræða um. Það varðar byggðarlögin miklu og líka eigendur þessara dagabáta. Þessi vinnubrögð eru alveg með ólíkindum. Ég vil aðeins geta þess í lokin, virðulegi forseti, að minni hlutinn í sjútvn. lagði fram tillögu um að þetta nýja mál, sem svo er, yrði sent út til aðila til umsagnar með tveggja daga umsagnarfresti og menn mundu nota tölvupóst og annað slíkt til að láta þetta ganga hratt fyrir sig. Það var fellt. Þá báðum við um að það yrði gert með sólarhringsfresti. Það var líka fellt. Stjórnarmeirihlutinn treystir sér ekki til að láta þessi verk sín fara út til þessara aðila og kalla eftir umsögnum jafnt sveitarfélaga sem annarra.

Virðulegi forseti. Það er Alþingi til vansa hvernig verið er að vinna að þessum málum.

[10:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það var látið svo heita þegar sjútvrh. lagði fram frv. sitt að þarna væru boðnir möguleikar til að halda áfram kerfinu og menn gætu valið á milli kerfa. Hér lýsti hv. þm. Einar Guðfinnsson því yfir að hann ætlaði sér að sjá til þess að mönnum yrðu gefnir jafngildir kostir til að velja á milli, að vera í kerfinu eða vera ekki í því.

Niðurstaðan er sú að nú styður hann tillögu um að loka kerfinu alveg á einu augalifandi bragði. Það eru ekki skilaboðin sem menn fengu fyrir kosningar og ekki heldur þau sem þeir fengu eftir kosningar. Síðan á Alþingi að taka ákvörðun um að loka þessu eina kerfi sem ekki byggist á kvóta, helst á einum eða tveimur dögum. Það á ekki að skoða málið með nokkrum hætti, heldur á að frussa þessu í gegn á örstuttri stundu, frv. sem er samið, líklega á hnjánum á hv. formanni sjútvn., með þeim hætti að hann boðaði sífellt fundi í allan gærdag af því að hann vissi aldrei hvort búið væri að skrifa það. Hvernig halda menn að svona frv. reynist þegar farið verður að grandskoða það? Halda menn að það geti ekki verið einhverjir feilar og veilur í því þó að menn vildu fara þá leið sem þarna er? Það liggur fyrir að það er meiri hluti á Alþingi fyrir því að vernda dagakerfið og koma undir það almennilegum löppum ef þeir þingmenn sem eru búnir að lýsa því yfir og sverja á fundum að þeir vilji varðveita dagakerfið ganga í lið með þeim sem vilja gera það með þeim.

Það er sögufölsun að halda því fram að ekki sé til meiri hluti fyrir þessu á Alþingi. Fyrir því eru fullar sönnur og það verður látið reyna á það í atkvæðagreiðslu hvort menn eru tilbúnir að standa í lappirnar og standa við stóru orðin.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 855. mál (hámarksgreiðslur, fjármögnun o.fl.). — Þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531.

[10:23]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

Þetta mál hefur verið í nokkuð mikilli umræðu og er eitthvað sem bæði þingheimur og þjóð þekkja. Ég held að flestir séu sammála um að þau lög hafi sannað sig sem sett voru um fæðingar- og foreldraorlof árið 2000 sem miðuðu að því að bæta stöðu barnafjölskyldna og þó fyrst og fremst að koma á auknu jafnrétti og jöfnu vali, ef þannig má að orði komast, á milli karla og kvenna til töku fæðingarorlofs. Markmið laganna eins og menn þekkja er fyrst og fremst að jafna stöðu karla og kvenna. Flestir hljóta að vera sammála um að þetta sé eitt stærsta skrefið sem stigið hefur verið í jafnréttisátt á Íslandi á seinni tímum og er nokkuð sem við getum verið stolt af og margar þjóðir horfa til og líta á sem gott fordæmi.

Ef við lítum á hlut karla í fæðingarorlofi hefur hann aukist frá 30% upp í 80% frá því að þessi lög tóku gildi. Það sem hefur hins vegar gerst og er í sjálfu sér mjög ánægjulegt er

að það hefur verið afskaplega mikil ásókn í sjóðinn. Margir hafa viljað nýta sér þetta tækifæri til að vera með börnum sínum nýfæddum og það er eðli málsins samkvæmt hið besta mál og eins og ég vitna í hefur aukningin þá sérstaklega verið meðal karlmanna. Það hefur einfaldlega þýtt það að ásókn í sjóðinn er slík að miðað við núverandi lagaramma gengur sú staða ekki upp til lengdar. Þá er ekkert annað í boði fyrir ábyrg stjórnvöld en að taka á því máli að því gefnu að menn vilji sjá sjóðinn áfram. Þess vegna var farið út í þá vinnu og kom þetta frv. fram frá hæstv. félmrh. sem miðar að því að styrkja grundvöll sjóðsins. Það sem hér er verið að gera er fyrst og fremst að ganga þannig frá málum að við getum áfram notið þessarar góðu löggjafar og þessara góðu reglna sem hafa verið til staðar. Við höldum þá áfram að reyna að ná þeim markmiðum sem í lögunum eru.

Mjög margir kostir fylgja sjóðnum og ég vildi leyfa mér, virðulegi forseti, aðeins að fara yfir þá. Menn hafa eðli málsins samkvæmt litið mjög til þess hvaða jákvæðu áhrif þetta hefur á jafnrétti kynjanna en ég held að fleiri þættir skipti gríðarlega miklu máli þótt þeir hafi kannski ekki verið mikið í umræðunni. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta styðji líka mjög fjölskylduna. Það eru ekki einungis yngstu börnin eða nýfædd börn, nokkurra mánaða, sem njóta þessa fyrirkomulags. Ég held að þegar annað foreldri eða bæði eru heima njóti þess líka aðrir fjölskyldumeðlimir, og í þeim tilfellum þegar fyrir eru á heimilinu eldri börn njóti þau þess líka. Við erum komin í nokkuð sérkennilega stöðu sem er kannski ekki oft rædd en hér á Íslandi er atvinnuþátttaka beggja kynja mjög mikil og meiri en gengur og gerist í flestum öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Það er ekki jafnmikill tími sem gefst með fjölskyldunni og tíðkaðist kannski þann tíma sem við sem erum hér á löggjafarsamkundunni alla jafna ólumst upp við.

Ég hef það eftir könnun sem virtur sálfræðingur vitnaði í hvað foreldrar tala að jafnaði lengi við börnin sín. Þá er ég ekki að vísa til þess að foreldrar segi börnum sínum hvað þau eigi að gera, veki þau og annað slíkt heldur bara spjalla eins og gengur milli foreldra og barna, til þess að kynnast börnunum sínum og vera í samskiptum við þau. Niðurstöðurnar sem hann vitnaði í voru sláandi. Almennt spjölluðu foreldrar innan við 15 mínútur á viku við börnin sín. Ég held að þetta sé umhugsunarefni og það sé í rauninni verkefni okkar kynslóðar sem er að stofna fjölskyldur eða er með fjölskyldur að huga að þessum þáttum. Fátt er mikilvægara en gott fjölskyldulíf og það er án nokkurs vafa hornsteinninn í samfélagi okkar.

Ég held að með fæðingarorlofinu og því að báðir foreldrar nýti sér það séu stjórnvöld með beinum hætti að styrkja þessar undirstöður og gera það að verkum að foreldrar geti nýtt betur tíma með börnum sínum sem ég er ekki í nokkrum einasta vafa um að muni skila sér bæði í nútíð og framtíð.

Bent hefur verið á aðra þætti sem ákveðinn galla en ég vona að við sjáum breytingar á því á næstunni. Við vorum sömuleiðis að ganga frá ákveðinni jafnréttisáætlun í félmn. sem tengist þessu máli ekki beint en þó þannig að gert er ráð fyrir því að kanna sérstaklega áhrif þessara breyttu laga sem mér finnst skipta gríðarlega miklu máli. Ég held að þetta hafi mörg áhrif. Þau hafa ekki verið rannsökuð sem skyldi en við erum vonandi að sjá breytingu á því á næstunni. Það eru ýmsir jákvæðir þættir sem þessi lög hafa leitt af sér. Ég er t.d. ekki í nokkrum vafa um að þetta hafi jákvæð áhrif á atvinnustig. Í gögnum frá 2003 sem voru kynnt fyrir nefndinni kemur fram að 9 þús. manns hafi nýtt sér þetta fæðingarorlof. Það er ekki á vinnumarkaðnum á sama tíma en er að sinna fjölskyldunni þess í stað. Í það minnsta ætti það ekki að ýta undir atvinnuleysi þótt eðli málsins samkvæmt megi færa rök fyrir því að þar sem sjóðurinn er fjármagnaður af sköttum á atvinnulífið hafi taka fæðingarorlofs svo sem líka áhrif. Launaskattar eru notaðir til að fjármagna sjóðinn og því gæti það haft áhrif. Það kæmi mér þó ekki á óvart að stærri vinnustaðir sem eru með margt fólk á barneignaraldri væru farnir að gera ráð fyrir því í áætlunum sínum að ákveðinn hluti af fólki þar sé alltaf í fæðingarorlofi.

Einn þáttur sem skiptir líka miklu máli sem lítið hefur verið til umræðu hér er að við erum það lánsöm, Íslendingar, að við erum ein af fáum þjóðum í Vestur-Evrópu sem fjölgar hjá. Það er vandi hjá mörgum þjóðum. Ef við berum okkur t.d. saman við Evrópusambandslöndin, stærstu og öflugustu ríkin þar, er það vandi sem þau horfa fram á og geta ekki tekist á við. Vandinn tengist að vísu stærri málum eins og lífeyrismálum og öðru slíku. Þá er ég að vitna til landa eins og Þýskalands og Frakklands og fleiri væri hægt að nefna þar sem það er hreint og klárt vandamál að fólki fjölgar ekki. Fólk er ekki að eignast börn og stofna fjölskyldur eða hefur í það minnsta ekki börn í fjölskyldum sínum. Það er bara hreinn og klár valkostur og hefur mikil þjóðhagsleg áhrif, sérstaklega þó í þeim löndum sem hafa ekki verið jafnlánsöm og -skynsöm og við að vera með sjóðasöfnun í lífeyrissjóðakerfi sínu. Það gerir það að verkum að það er tiltölulega lítill hópur sem vinnur bæði fyrir þá sem yngri eru og þá sem eldri eru. Það fjölgar ekkert í þeim hópi, fækkar jafnvel.

Þegar við erum með sjóð eins og þennan eru mörg álitaefni uppi. Þetta gengur eðli máls samkvæmt út á það að við erum að færa fjármuni til, í þessu tilfelli til barnafjölskyldna. Til þess eru margar leiðir og mörg álitamál koma upp. Þau koma svo sannarlega upp í því ágæta starfi sem fór fram í nefndinni og þrátt fyrir að nefndin hafi lokið umfjöllun um þetta mál í bili efast ég um að því starfi sé lokið. Þetta er þannig mál að það má skoða ýmsa hópa og ýmsar útfærslur hvað það varðar. Aðalatriðið er að menn eru að taka á þessu af ábyrgð. Menn sýna ábyrgð í meðferð opinberra fjármuna og sjá í leiðinni til þess að við munum sjá þennan sjóð og þetta fyrirkomulag vera til staðar um vonandi alla framtíð.

Ég verð að viðurkenna að það mál sem mér þótti þó verst er þakið á greiðslurnar. Mér finnst það ekki vera í samræmi við það sem farið var af stað með á sínum tíma þar sem við þurftum að taka á og varð niðurstaða þingmeirihlutans. Miðað við þá afstöðu sem minni hlutinn hefur gerði hann ekki athugasemdir við það heldur. Ég hef áhyggjur af því hvernig það kemur niður út frá þeim jafnréttissjónarmiðum sem það er sett fram með. Ég ætla ekki að fara í neinar grafgötur með það að sú hætta er fyrir hendi. Hugmyndin með þessum sjóði er einföld. Hún gengur út á það að þegar þeir aðilar sem ráða fólk í störf og hafa kannski meðvitað eða ómeðvitað litið til þess að það sé meiri hætta á því að konur fari frekar í fæðingarorlof megi vita að það sé jafnlíklegt að karlar geri það. Það er í rauninni hugmyndin með þessum sjóði. Það sem okkur hefur fundist vanta og menn hafa bent á, a.m.k. í ákveðnum stöðum, er að ekki hefur verið jafnhátt hlutfall af konum og körlum. Þótt ég sjái í sjálfu sér ekki neitt sérstakt markmið í því að það verði jafnmargir karlar og konur í öllum störfum finnst mér að við eigum að skapa þá umgjörð að konum sé gert kleift á við karla að njóta hæfileika sinna

og þess krafts sem þær hafa til jafns við okkur karlmenn. Í hálaunastörfunum hefur verið nokkur misbrestur á jafnræði hvað þetta varðar. Ég get ekki séð annað en að ef við setjum þak á þessar greiðslur muni það hafa neikvæð áhrif í því tilliti. Ef við trúum því sem ég held að sé, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað, að menn líti til þess þegar þeir ráða í slíkar stöður hvort þeir aðilar sem þar vinna séu ávallt til staðar eða hvort þeir hugsanlega þurfi að fara í einhvers konar orlof eða vera frá vinnu eins og í fæðingarorlofi segir það sig sjálft að þegar við setjum þak á greiðslurnar minnka líkurnar á að fólk nýti sér fæðingarorlofið. Þá er ég að gefa mér þá forsendu sem ég held að sé til staðar að einn sá þáttur sem fólk líti til sé sá fjárhagslegi þegar það metur það hversu mörg börn það ætlar að eiga og hversu mikinn tíma það ætlar að nýta með þeim í einhverju sem heitir fæðingarorlof.

Svo að því sé til haga haldið vil ég líka segja að mér finnst það skylda númer eitt, tvö og þrjú í þessu máli, sem og öllum öðrum, að sýna ábyrgð í fjármálum. Ég hef svo sannarlega séð til annarra stjórnvalda sem hafa ekki haft það að leiðarljósi. Þótt það væri mun skemmtilegra að útvíkka og hækka greiðslur eða gera einhverja slíka hluti finnst mér það vera okkar stóra verkefni í þessu máli, sem og öllum öðrum, að sýna ábyrgð og ráðdeild. Í þessu tilfelli finnst mér skipta gríðarlega miklu máli að við sjáum þessa löggjöf eins og hún hefur verið í framkvæmd vera til staðar áfram. Þess vegna verða menn að grípa til aðgerða sem geta verið óþægilegar og þar er ég að vísa t.d. til hámarksins.

Eins og ég sagði líka er af mjög mörgu að taka. Margar hugmyndir komu upp í nefndinni sem menn vildu skoða, bæði af hálfu minni hluta og meiri hluta. Mér þótti starfið vera mjög gott í nefndinni enda lýsti ég áður að mér þykja þeir aðilar sem sitja þar, að sjálfsögðu af hálfu meiri hlutans og líka sannarlega af hálfu stjórnarandstöðunnar, málefnalegir og koma með góð innlegg í þessa umræðu sem og aðra. Þeir eru það þrátt fyrir að þeir séu miklir málafylgjumenn og tali sannarlega fyrir viðhorfum sínum eins og menn þekkja.

Það er þó eitt mál sem ég verð að ræða hér sem mér finnst hreinlega vera þess eðlis að mér finnst að menn ættu aðeins að hugsa það. Mér þykir slæmt að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé ekki hér en minni hlutinn tók upp frv. úr hugmyndum hans sem vísar í það að Fæðingarorlofssjóður eigi að greiða orlof á orlof. Ég vil biðja þingheim, virðulegur forseti, aðeins að hugsa þetta.

Almenna reglan um orlof er einfaldlega sú að menn fá ákveðna daga fyrir hvern þann mánuð sem þeir vinna þótt það sé misjafnt eftir starfsaldri hversu langur tíminn er. Til einföldunar, virðulegi forseti, fá menn eftir ákveðinn starfsaldur t.d. tveggja daga orlof fyrir hvern mánuð sem þeir vinna. Ég held að flestum finnist það sanngjarnt og eðlilegt og ég held að það sé skynsamlegt að fólk fái góð frí þannig að það geti hlaðið batteríin sín og komið tvíeflt til starfa á ný og það sé út frá öllum forsendum mjög skynsamlegt. Við erum að ræða hér fæðingarorlof, feðraorlof, og við erum að veita fólki tækifæri til að vera með fjölskyldum sínum á afskaplega skemmtilegum tíma hjá hverri fjölskyldu, þ.e. þegar nýtt barn fæðist. Þá erum við að skapa þær aðstæður að fólk geti verið saman, að fjölskyldan geti verið saman sem allra mest. Ég er tilbúinn að berjast fyrir því og hef stutt það. Það að menn fái orlofsdaga út á það að vera með fjölskyldu sinni finnst mér hins vegar vera fyrir neðan allar hellur. Nú geta menn samið um það í frjálsum samningum en aldrei skal ég taka undir þá svokölluðu kröfu að fjölskyldufólk fái frídaga fyrir að vera með fjölskyldunni. Ég spyr: Út á hvað gengur þessi hugmynd? Eiga menn þá að nýta þá frídaga sem þeir fá fyrir að vera með fjölskyldu sinni til að vera í fríi frá fjölskyldunni?

Þessi sjóður er fjármagnaður af fólkinu í landinu. Hann er fjármagnaður af atvinnulífinu og í rauninni af launþegum með einum eða öðrum hætti. Mörg sjónarmið eru uppi sem þarf að líta til. Þegar menn eru hins vegar farnir að ganga það langt að fara fram á að fólk fái frí út á það að vera með fjölskyldu sinni erum við búin að ná einhverri slíkri fullkomnun í þessa löggjöf sem og aðra að það er ekkert eftir, ekkert réttlætismál til að berjast fyrir. Ég verð að viðurkenna að mér þykir þetta algjörlega ábyrgðarlaust hjá stjórnarandstöðunni, virðulegi forseti. Þeir vísa í það í minnihlutaáliti sínu að ef þetta hefði verið til staðar hefði Fæðingarorlofssjóður þurft að greiða 700 millj. meira. Við erum ekki að tala um neinar smáupphæðir, virðulegi forseti. Ég hvet menn í leiðinni til að líta til þess prinsipps hvort menn vilji í fullri alvöru, virðulegi forseti, koma því fyrirkomulagi á að fólk fái sérstaka frídaga út á það að njóta samvista með fjölskyldunni.

Að öðru leyti vísa ég í það sem ég hef áður sagt. Ástæðan fyrir því að við förum í þessar breytingar er fyrst og fremst sú að við erum að sýna ábyrgð og ráðdeild. Sá sem hér stendur áttar sig alveg á því að það eru mörg sjónarmið í þessu máli og af mörgu að taka. Þrátt fyrir að nefndin hafi farið ágætlega yfir þetta mál, farið vel yfir það að mínu áliti á tiltölulega skömmum tíma, fer því víðs fjarri í mínum huga að hér höfum við náð einhverri fullkomnun eða endanlegri lendingu. Svo er ekki. Margt það sem kom fram hjá stjórnarandstöðunni er eitthvað sem ber að skoða og má færa réttlætisrök fyrir en, virðulegi forseti, ég vil nota tækifærið og hvetja menn til að skoða þetta mál. Ég sé að hv. þm. Ögmundur Jónasson er kominn og það er vel því að ég hefði viljað skiptast á skoðunum við hann. (**ÖJ:** Og búinn að hlusta á hvert einasta orð.) Hann er búinn að hlusta á hvert einasta orð upplýsir hann hér. Ég fagna því þar sem ég vildi gjarnan taka þessa umræðu við hann um þetta mál. Ég verð að segja eins og er, eins og ég hef oft lýst yfir, að það er ekki með nokkru einasta móti hægt að finna nein réttlætisrök fyrir því að menn fái sérstaka frídaga fyrir það að vera með fjölskyldu sinni.

[10:46]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. framsögumaður meiri hlutans hefur áhyggjur af því að þak á fæðingarorlofsgreiðslum sem á að setja á með þessu frv. geti leitt til þess að feður fari síður í fæðingarorlof, eða foreldrar sem eru á háum launum. Er þetta sjónarmið út af fyrir sig sem ég ætla að koma inn á í framsögu minni á eftir. Ég heyri hins vegar að hv. þm. hefur engar áhyggjur af því að sú skerðing sem verður á fæðingarorlofinu vegna þess að foreldrar fá ekki orlofsgreiðslur að loknu fæðingarorlofi geti leitt til þess að feður fari síður í fæðingarorlof. Sú held ég að sé samt raunin sem við munum standa frammi fyrir.

Ég vænti þess að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því að þeir sem vinna hjá hinu opinbera fá fullar greiðslur í orlofi eftir að hafa tekið fæðingarorlof en hjá hinum sem eru á almenna markaðnum skerðast orlofsgreiðslur ári eftir að það fólk fer í fæðingarorlof. Þetta eru engir viðbótarfrídagar, heldur skerðist orlofið. Það þýðir með öðrum orðum að fólk sem er á almenna vinnumarkaðnum hefur í reynd

2–3 vikna skemmra fæðingarorlof en þeir sem eru hjá hinu opinbera. Fólk tekur ekki orlof vegna þess að það fær engar greiðslur í því orlofi árið á eftir. Þetta er bara staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir, fólk á almenna markaðnum hefur styttra fæðingarorlof vegna þess mismunar sem er á orlofsgreiðslum hjá hinum opinberu starfsmönnum og þeim sem eru á almennum vinnumarkaði. Þetta getur leitt til þess að væntanlega munu feður í mörgum tilvikum síður taka fullt fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á. Ég vænti þess að hv. þingmaður hafi hugleitt þetta mál út frá þessu sjónarmiði.

[10:48]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði réttilega að ég hefði nákvæmlega engar áhyggjur af því að feður mundu ekki nýta sér feðraorlofið þótt þeir fengju ekki svokallað orlof á orlof. Svo það sé alveg upplýst hér hef ég engar áhyggjur af því.

Svo öllum sé það ljóst þýðir þetta bara það að á meðan viðkomandi er í fæðingarorlofi fær hann ekki reiknaða orlofsdaga. Einstaklingur sem er í sex mánaða fæðingarorlofi fær að auki miðað við tveggja daga regluna 12 daga í orlof í stað 24. Svo einfalt er það.

Nú vita menn líka að það er mikill sveigjanleiki í kerfinu. Ég þekki þetta ágætlega því það er ekkert langt síðan ég og konan mín eignuðumst börn. Sveigjanleikinn er mjög mikill. Menn þurfa ekki að taka það allt í einu og það er virkilega tekið mið af aðstæðum þeirra sem taka orlof. Þeir eru eðli málsins samkvæmt mismunandi. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við það sem menn hafa samið um í frjálsum samningum. Ég lít ekki svo á að það sé mitt hlutverk. Hins vegar segi ég það nákvæmlega eins og það er að mér sýnast engin réttlætisrök fyrir því að menn fái reiknað sérstakt orlof, orlofsdaga, ofan á þann tíma sem þeir eru með fjölskyldu sinni. Ég hef ekki heyrt neinn færa sannfærandi rök fyrir því. Það er fyrir mér afskaplega góður tími, hann verður ekki miklu betri og það er fyrir mér orlof, enda heitir þetta fæðingarorlof. Ég vona að þegar flestir fá frí nýti þeir þann tíma með fjölskyldu sinni og ég held að flestir geri það.

[10:51]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við verðum að líta til þess að fæðingarorlof er ígildi raunverulegra launagreiðslna eða vinnutaps og líka starfstengdra greiðslna sem fólk fær á vinnumarkaði. Á því byggðist t.d. svar fyrrverandi félmrh. Páls Pétursson við fyrirspurn minni um þetta efni þar sem hann taldi að ekki væri unnt að undanskilja ávinnslu á rétti til greiðslna í orlofi frá öðrum starfstengdum réttindum sem fæðingarorlof skal reiknast til starfstíma við mat á. Það er lögfræðingur hæstv. félmrh. sem hélt þessu fram og sem er auðvitað hið kórrétta. Ég held að hv. þingmaður hafi ekki lesið þá stefnu sem fylgdi með umsögn ASÍ, en ASÍ hefur nú stefnt Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að þetta orlof er ekki greitt með líkum hætti eins og þeim er greitt sem vinna hjá hinu opinbera.

Þó að hv. þingmaður vitni til sveigjanleika sem hann svo nefnir veit ég að þetta er raunverulegt vandamál. Ég veit dæmi þess, fleiri en eitt, fleiri en tvö og fleiri en þrjú, að feður hafi veigrað sér við að taka fullt fæðingarorlof vegna þess að þegar þeir fara í orlof fá þeir ekki fullar greiðslur. Með öðrum orðum skerðir það orlof þeirra ef þeir taka fæðingarorlof. Finnst hv. þingmanni réttlætanlegt að þessi mismunur sé á, þ.e. að ef maður vinnur hjá hinu opinbera fær hann fullt orlof og fullar orlofsgreiðslur eftir fæðingarorlof, sem skattgreiðendur greiða, líka þeir sem eru á almenna vinnumarkaðnum og fá ekki fullt orlof eftir að þeir hafa tekið fæðingarorlof? Þarna er mismunur á, ósanngjarn mismunur sem við sem tölum fyrir þessu teljum að þurfi að leiðrétta.

[10:53]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikið af samferðafólki mínu á svipuðum aldri sem hefur farið í fæðingarorlof og er á leiðinni í fæðingarorlof og ég hef aldrei heyrt einn einasta mann minnast á þetta, ekki einn einasta mann. Ég vitna í það aftur að það er sveigjanleiki þannig að menn geta dreift því yfir ansi langan tíma hvenær þeir fara í fæðingarorlof.

Ég veit alveg um stefnu ASÍ í þessu máli, hef gert athugasemdir við hana og spurt þá í félmn. Mig furðar satt að segja þessi ávinnsla þessara öflugu launþegasamtaka í þessu máli. Í áliti minni hlutans kemur fram hvaða upphæð er um að ræða. Hér er því haldið fram að hér muni 700 millj. (**JóhS:** Fólkið tapar þessu.) og það sem ég er að vísa í er að menn hugsi þetta. Hér erum við með kerfi sem finnst hvergi annars staðar. Það er örlátara hvað þetta varðar og ýtir undir jafnrétti og styrkir án nokkurs vafa fjölskylduna. Hver er þá krafan, virðulegi forseti? Það er að setja orlof á orlof. Menn fá orlofsdaga fyrir þann tíma sem þeir voru hjá fjölskyldu sinni.

Ég verð að viðurkenna að ég vil nálgast málið með þeim hætti að menn hugsi: Af hverju eru menn að þessu? Ég fór yfir það af hverju ég styð það að ég vilji sjá þessi lög í gildi og þessa framkvæmd í grófum dráttum eins og um er að ræða. Það eru ástæður fyrir því. Ég sé hins vegar enga ástæðu fyrir því að menn fái sérstakt orlof eða frídaga fyrir að vera með fjölskyldu sinni og mér finnst það ekki réttlátt, virðulegi forseti.

[10:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hvetur okkur til að hugsa málin. Það höfum við gert, bæði ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það hefur Alþýðusamband Íslands gert, BSRB líka og allir eru á einu máli. Hugsunin að baki fæðingarorlofslögunum er sú að fólk geti verið fjarri vinnu sinni með börnum sínum án þess að verða fyrir tekju- og réttindatapi, a.m.k. skuli stefnt að því að halda mismuninum þarna á milli í algeru lágmarki. Sú er hugsunin að baki þessum lögum. Hugsunin er sú að einn réttur gangi ekki á annan rétt þannig að fæðingarorlofsrétturinn gangi ekki á orlofsréttinn. Sú er hugsunin að baki þessum lögum þar sem auglýst var eftir röksemdum í málinu.

Þetta þýðir þess vegna í reynd að þeir sem ekki njóta þessara kjara eins og opinberir starfsmenn gera, og þá vísa ég í almenna vinnumarkaðinn, eru í reynd að nýta réttinn til að vera með börnum sínum í sumarleyfi sínu. Sá er raunveruleikinn. Ég vil upplýsa hv. þingmann sem segist ekki hafa heyrt einn einasta mann ræða um þetta að það hefur verið rætt á fjölmennum þingum þeirra heildarsamtaka sem hér var vísað til og þau hafa samþykkt stefnuyfirlýsingu í þessu efni. Mér finnst að hana beri að taka alvarlega. En þetta er hugsunin að baki því frv. sem ég lagði fram og málflutningi

hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem einnig sendi inn fyrirspurnir um þetta efni á síðasta þingi. Þá kom reyndar í ljós að það var skilningur félmrn. líka á þeim tíma að það ætti að reyna að tryggja þessi markmið sem ég hef hér lýst.

[10:57]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sakna þess í málflutningi hv. þm. Ögmundar Jónassonar að hann fari yfir grundvallaratriði málsins og hann gerir það kannski í ræðu sinni í þessum hluta. Menn skulu átta sig á því og það kemur fram í áliti minni hlutans að allt kostar þetta peninga. Við viljum hins vegar gera þetta vegna þess að við trúum því að þetta auki jafnrétti milli kynja og svo er hitt sem er minna í umræðunni að ég trúi því að þetta hafi afskaplega jákvæð áhrif á fjölskylduna.

Við vitum líka að við getum ekki gert allt, við getum t.d. ekki tvöfaldað þennan rétt þrátt fyrir að við gjarnan vildum, eða þrefaldað hann. Í máli þessu eru hins vegar mörg álitaefni og það má örugglega finna ákveðna hópa sem mætti bæta hjá sem væri samstaða um og væri æskilegt að hjálpa til með. Það getur ekki verið markmið í sjálfu sér með þessum lögum að einn réttur gangi ekki á annan rétt. Það getur ekki verið. Markmiðið hlýtur að vera stærra og merkilegra og ef menn hugsa um réttlætissjónarmiðið á bak við lögin er það það að við erum að hjálpa fólki að vera með fjölskyldunni. Það er það sem við erum að gera. Við reynum að sjá til þess að bæði karlar og konur séu með fjölskyldunni. Við erum með mikinn sveigjanleika þannig að menn geti tekið orlofið þegar þeim hentar, yfir langan tíma, virðulegi forseti. Þess vegna er engin sanngirni í því að sérstakur orlofsréttur myndist við það að vera með fjölskyldu sinni.

[10:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef markmiðið getur ekki verið það að tryggja að einn réttur gangi ekki á annan rétt hefði verið miklu hreinlegra að segja við fólk: Þið skuluð bara vera heima hjá börnum ykkar í sumarleyfinu. Það er mergurinn málsins. Hugsunin að baki lögunum byggir hins vegar á því að skapa það ástand með tilliti til tekna og réttinda að einstaklingurinn verði ekki fyrir skerðingu. Það er hugsunin að baki þessum lögum.

Mér finnast örlítið mótsagnakenndar áherslur hjá hv. þingmanni sem í ræðu sinni áðan óskapaðist yfir því að menn færu fram á þessi réttindi annars vegar, og hins vegar reiðir hann fram þessi fjárhagslegu rök. Ég skil þau. Hann segir að ekki sé hægt að tvöfalda eða þrefalda þennan rétt af fjárhagslegum ástæðum. Þá skulum við ræða það.

Hins vegar er þetta réttlætiskrafa, í fyrsta lagi að fólk í fæðingarorlofi búi við sömu eða samsvarandi réttindi hvað þetta snertir, og síðan er hitt að ef þetta er svona arfavitlaus krafa, finnst þá hv. þingmanni ekki samningar þeirra sem hafa samið um aðra skipan arfavitlausir? Eru þeir líka arfavitlausir? Mér finnst fram koma í máli hv. þingmanns og í sjónarmiðum okkar grundvallarmunur á skilningi á þessum lögum og markmiðum þeirra. Um það mun ég fjalla nánar í ræðu minni á eftir.

[11:01]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að skipta mér af því sem samið er um í frjálsum samningum. Ég tel það ekki mitt hlutverk. Það er hins vegar þannig, virðulegi forseti, að menn geta ekki gert allt fyrir alla. Þannig er lífið og alveg sama hvernig á það er litið þá verður að horfa til þess. Í þessu tilfelli er um að ræða löggjöf sem er framsækin og við getum verið stolt af henni. Hún hefur það að markmiði að jafna rétt kynjanna og í leiðinni, að ég tel, að gefa fólki tækifæri til að vera með fjölskyldu sinni. Hér hafa engin rök komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, engin réttlætisrök fyrir því að menn fái sérstaka frídaga út á að þeir séu með fjölskyldu sinni.

Ef hv. þm. fer út í praktísku rökin, sem hér komu fram, sem ganga væntanlega út á að menn fái á næsta ári þar á eftir svo lítið frí, þá er hægt að koma í veg fyrir það með dreifingunni. Rökin sem hafa verið nefnd, þ.e. einu rökin sem ég hef heyrt, er að mismunun sé milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði. Það er alveg rétt. En mismunurinn þar á er mjög mikill.

Það sem mér finnst rétt er að við sem löggjafarsamkunda, þegar við vinnum grunninn, hugum að því hvað er réttlátt og hvað er skynsamlegt. Ég get ekki séð neitt réttlátt við að eyða miklum eða litlum fjármunum í að menn fái frídaga fyrir að hafa verið með fjölskyldu sinni því þannig lít ég á orlof.

[11:04]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald. Minni hlutann skipa hv. þm. Helgi Hjörvar, Valdimar L. Friðriksson og Gunnar Örlygsson. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann sammála því áliti sem ég mæli fyrir og stendur einnig að brtt. sem ég mun lýsa í framsögu minni.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir einkum fjögur meginatriði í þessu frv. Það er í fyrsta lagi sú leið sem ríkisstjórnin fer til að styrkja stöðu sjóðsins en þar er að meginhluta tekið aukið fjármagn til Fæðingarorlofssjóðs úr Atvinnuleysistryggingasjóði og það gagnrýnum við harðlega. Það gæti hugsanlega komið í veg fyrir að hægt sé að bæta stöðu atvinnulausra á vinnumarkaðnum, sem ríkisstjórnin a.m.k. í orði kveðnu hefur að markmiði. Einnig gagnrýnum við að tækifærið sé ekki notað og ýmsir augljósir gallar á lögunum leiðréttir, gallar sem hafa komið fram í framkvæmdinni. Við nefnum einnig að ýmsar breytingar eru gerðar á lögunum sem eru til þess fallnar að skerða greiðslur í fæðingarorlofi umfram þakið sem sett er á hámarksgreiðslur. Í fjórða lagi gagnrýnum við það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fjallaði um í andsvari við ræðu framsögumanns meiri hlutans, þ.e. misréttið sem nú er uppi, að orlofsgreiðslur eru ekki greiddar á almenna vinnumarkaðinum, einungis hjá opinberum starfsmönnum að lokinni töku fæðingarorlofs. Það teljum við að skerði fæðingarorlofsgreiðslur þannig að í reynd stöndum við frammi fyrir því að þeir sem eru á almenna vinnumarkaðinum hafa minna fæðingarorlof en þeir sem vinna hjá hinu opinbera. Ég vildi fara nánar í þessi fjögur atriði í framsögu minni.

Í fyrsta lagi vil ég ræða nokkuð um þak á fæðingarorlofsgreiðslur. Vissulega eru fyrir því sterk rök að setja þak á hámarksgreiðslur og líta til þess að það orki mjög tvímælis að greiða allt að 1.800 þús. kr. á mánuði í fæðingarorlof eins og gert hefur verið frá setningu laganna. Ekki síst ber að líta til þess að drjúgur hluti fjármögnunarinnar kemur úr Atvinnuleysistryggingasjóði en hámarksgreiðslur í atvinnuleysi eru innan við 90 þús. kr. á mánuði eftir þá hækkun sem verkalýðshreyfingin knúði í gegn í kjarasamningum. Auk þess þarf stór hluti karla og kvenna í fæðingarorlofi að sætta sig við mjög lágar greiðslur, einkum námsmenn, öryrkjar og atvinnulausir.

Það er líka fróðlegt að skoða hverjir hafa fengið fæðingarorlofsgreiðslur umfram 600 þús. kr. frá því að lögin tóku gildi. Á árinu 2003 fóru 195 manns yfir það þak sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði á hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, þar af 178 karlar og 17 konur. Þegar litið er til tekjudreifingar þessa hóps voru 88 karlar og tíu konur með tekjur á bilinu 600–700 þús. kr. árið 2003. Fjörutíu karlar og fjórar konur voru með tekjur á bilinu 700–800 þús. kr. Tvær konur voru með meira en 1 millj. kr. í mánaðartekjur og þrettán karlar.

Það kemur fram í umsögn Jafnréttisstofu að þar er talið að neikvæða hliðin á fæðingarorlofinu eða á reynslunni af því er að þar sést greinilega hve mikill launamunur kynjanna er á Íslandi. Þeir nefna það sérstaklega í umsögn sinni.

Fyrir liggur, svo horft sé á hina hliðina á málinu, að þak við 600 þús. kr. mánaðartekjur sparar Fæðingarorlofssjóði lítið. Gert er ráð fyrir 150 millj. kr. sparnaði að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem grípa á til en stjórnvöld telja að einhver brögð séu að því að foreldrar leitist við að hafa áhrif á tekjur sínar til að fá hærri fæðingarorlofsgreiðslur.

Þakið skiptir engum sköpum fyrir fjárhagslega afkomu sjóðsins, en ýmsum hefur misboðið hversu háar greiðslur fámennur hópur getur fengið úr þessum sameiginlega sjóði landsmanna. Ég hef fullan skilning á sjónarmiðum þeirra sem ekki vilja að sett sé þak á fæðingarorlofsgreiðslur, en þá er höfðað til jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði og við töku fæðingarorlofs. Ýmsir óttast að þakið geti leitt til þess að karlar með tekjur yfir 600 þús. kr. á mánuði muni síður taka fæðingarorlof en konur muni gera það þrátt fyrir verulega tekjuskerðingu. Þar sem konur væru líklegri til að nýta sér fæðingarorlofsrétt sinn og vera þar með frá vinnu gæti það síðan haft áhrif á jafnrétti kvenna við stöðuveitingar hálaunastarfa og möguleika þeirra til starfsframa í hærra launuðum störfum.

Þessu vildi ég halda til haga. Ég vil að það komi fram að ég skil vel sjónarmið þeirra sem vilja ekki þessa skerðingu. En þegar öllu er á botninn hvolft og metnir kostir þess og gallar að setja þakið á þá er niðurstaða okkar í minni hlutanum sú að styðja að þakið verði sett á en gegn ákveðnum skilyrðum sem felast í þeim brtt. sem ég mun gera grein fyrir. Við óttumst að þegar þakið verður einu sinni komið á muni stjórnvöld nota það til að trappa það meira niður, m.a. með því að láta það ekki taka hækkun í samræmi við breytingar á launavísitölu og þannig muni þetta þak enn lækka. Við horfum þar til reynslunnar af því hvernig farið er með ýmsar greiðslur sem ekki hafa verið bundnar launavísitölu heldur geðþóttaákvörðun stjórnvalda á hverjum tíma. Nefni ég þar atvinnuleysisbætur, hækkun á greiðslum öryrkja o.s.frv.

Flestir umsagnaraðilar fallast á að þak verði sett á fæðingarorlofsgreiðslur. BHM hefur þó gagnrýnt þakið mjög en ASÍ, BSRB og SÍB leggjast ekki gegn því að þak verði sett á hámarksgreiðslur. SÍB leggur áherslu á að hámarksfjárhæðin fylgi almennum launabreytingum. Þeir sem gagnrýna þakið telja að með því glatist sá tilgangur jafnréttislaganna að stuðla að því að sem flestir feður — tekjuháir sem tekjulágir — sinni fjölskylduábyrgð á öllum stigum í ríkari mæli en hingað til. Aðrir líta svo á að þessi þáttur sé ofmetinn og fæðingarorlof hafi ekki ráðandi áhrif á ákvörðun æðstu stjórnenda fyrirtækja um ráðningu starfsmanna, hvort sem umsækjandi er karl eða kona. Minni hlutinn óttast frekar að þakið verði fyrsta skrefið til að skerða fæðingarorlofsgreiðslur meira, tilhneiging verði hjá stjórnvöldum að lækka þakið í sparnaðarskyni og láta fjárhæðir ekki breytast í takt við launavísitölu. Að öllu samanlögðu mælir minni hlutinn með þeirri leið að þak verði sett á hámarksfjárhæð fæðingarorlofsgreiðslna í trausti þess að það sé ekki fyrsta skrefið til frekari lækkunar á greiðslunum. Við höfum flutt breytingartillögu í þá veru.

Annað atriðið sem við gagnrýnum er hvernig staðið er að því að styrkja stöðu Fæðingarorlofssjóðs. Með því að flytja fjármagn í verulegum mæli úr Atvinnuleysistryggingasjóði er stöðu sjóðsins teflt í mikla tvísýnu. Í því sambandi skal bent á að félagsmálaráðherra hefur sett á fót nefnd með aðilum vinnumarkaðarins sem hefur það verkefni að gera tillögur um úrbætur í málefnum atvinnulausra, m.a. að skoða tekjutengingu atvinnuleysisbóta. ASÍ, BSRB og SÍB hafa harðlega gagnrýnt breytingu á fjármögnunarfyrirkomulagi Fæðingarorlofssjóðs og telja að fjárhagslegum forsendum Atvinnuleysistryggingasjóðs sé stefnt í voða.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra sem heiðrar okkur með nærveru sinni, sem er þakkarvert og hann mun væntanlega taka þátt í umræðunni: Telur hæstv. félmrh. ekki vert að skoða það sem ASÍ hefur sett fram í þessu efni, varðandi þá miklu fjármuni sem fara frá Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja stöðu Fæðingarorlofssjóðs? Getur hann eytt óttа okkar við að slíkt tefli í hættu átaki til að bæta stöðu atvinnulausra, m.a. með því að tekjutengja greiðslu til þeirra?

Síðan veltir maður fyrir sér hvað Atvinnuleysistryggingasjóður þolir. Þegar við leggjum mat á það eru spár um atvinnuleysi auðvitað lagðar til grundvallar. Verulegur munur er á mati ASÍ og þeirri spá sem fulltrúar félagsmálaráðuneytisins kynntu í félagsmálanefnd um áhrifin af því að færa umtalsverðar fjárhæðir frá Atvinnuleysistryggingasjóði í Fæðingarorlofssjóð. ASÍ spáir því að atvinnuleysi muni ekki minnka á næsta ári heldur verði það áfram 3,5%. Sömuleiðis leiðir ASÍ líkur að því að þegar árið 2005 verði halli sjóðsins ekki 677 millj. kr. heldur verði hann 1,5–1,8 milljarðar kr. og eigið fé komið niður fyrir 6 milljarða en í spá stjórnvalda er gert ráð fyrir að eigið fé sjóðsins verði 7,8 milljarðar árið 2005. Frávikin felast í því að ASÍ spáir meira atvinnuleysi á næstu árum en stjórnvöld og munar þar allt að 0,5% á ári. ASÍ spáir því að eiginfjárstaða sjóðsins fari niður í 3,8 milljarða kr. árið 2007 þegar allar líkur séu á að atvinnuleysi aukist verulega í kjölfar samdráttar í framkvæmdum við Kárahnjúka.

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi farið ofan í forsendurnar, annars vegar frá ráðuneytinu og hins vegar frá ASÍ. Hvaða ályktanir dregur ráðherra af því um þolmörk Atvinnuleysistryggingasjóðs?

Í umsögn ASÍ er lagt til að í stað þess að rýra tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og stjórnvöld áforma verði hlutur hans óbreyttur og tekjuþörf Fæðingarorlofssjóðs mætt

með þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er sérstaklega varið til trygginga er tengjast vinnumarkaðnum og starfsemi tengdri honum. Við teljum að það hefði átt að skoða þá leið.

Athyglisvert er að það er ekki bara ASÍ sem gagnrýnir þá leið sem fara á við fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins kemur fram að fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs og tilfærslur á tryggingagjaldi frá Atvinnuleysistryggingasjóði valdi áhyggjum. Samtök atvinnulífsins óttast að sú fjármögnun sem skilin er eftir fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð muni ekki reynast nægjanleg. Áhyggjurnar eru því ekki aðeins hjá verkalýðshreyfingunni heldur einnig hjá Samtökum atvinnulífsins. Þessi ríkisstjórn hefur yfirleitt hlustað eftir skoðunum Samtaka atvinnulífsins á hlutunum. Hér vara samtökin alvarlega við stefnunni sem stjórnvöld ætla að taka í málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hið sama gildir um umsögn Verslunarráðs Íslands, sem ég veit að sá forseti sem nú situr í stól forseta og tilheyrir stjórnarliðinu hlustar yfirleitt grannt eftir. Þeir telja að ekki séu færð rök fyrir þeirri fullyrðingu að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs sé það sterk að óhætt sé að lækka greiðslur í þann sjóð. Ég spyr ráðherra hvort hann telji enga ástæðu til að staldra við þau áform að taka svo mikið fjármagn úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég ætla ekki að tefja meira við þessar umsagnir en bið hæstv. ráðherra að athuga þær.

ASÍ og BSRB gagnrýna þær breytingar sem gerðar eru á fjármögnunarfyrirkomulagi Vinnueftirlits ríkisins. Gjald til Vinnueftirlitsins af tryggingagjaldi er samkvæmt lögum allt að 0,08%, en sá gjaldstofn hefur þó ekki verið fullnýttur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi tekjustofn Vinnueftirlitsins falli niður og renni þess í stað til að bæta stöðu Fæðingarorlofssjóðs en fjárhagsrammi stofnunarinnar verði ákvarðaður í fjárlögum hverju sinni.

Ég vek athygli hæstv. ráðherra á því að eftir að félmn. lauk störfum barst umsögn, dagsett 5. maí, frá Eyjólfi Sæmundssyni forstjóra Vinnueftirlits ríkisins þar sem hann vekur athygli á þessu og segir, með leyfi forseta:

„Við undirbúning núgildandi vinnuverndarlaga var samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um að sjálfstæði Vinnueftirlitsins og fjárhagslegur grundvöllur yrði tryggður með sérstöku gjaldi, vinnueftirlitsgjaldi sem lagt yrði á sama gjaldstofn og slysatryggingagjald til Tryggingastofnunar. Árið 1991 var þetta gjald fellt inn í tryggingagjald vinnuveitenda til hagræðis við álagningu og innheimtu. Nú er lagt til að fella þennan markaða tekjustofn stofnunarinnar niður. Þar með yrði horfið frá því grundvallaratriði að atvinnulífið greiði kostnað af rekstri stofnunarinnar.

Þó að hlutdeild stofnunarinnar í tryggingagjaldi hafi farið nokkuð lækkandi hefur þetta fyrirkomulag þó leitt til þess að stofnunin hefur getað brugðist við auknum umsvifum á vinnumarkaði og nýjum verkefnum sem fylgja samfélagsbreytingum, nýjum lagaákvæðum o.fl. Nú síðast reyndist unnt að bregðast að hluta við auknum verkefnum tengdum stórframkvæmdum á Austurlandi þótt ekki kæmu til auknar fjárveitingar."

Ekki virðist veita af því að Vinnueftirlitið sé sterkt og geti gegnt eftirlitshlutverki að því er varðar stórframkvæmdir. Því miður höfum við dapra reynslu af þeim framkvæmdum sem hér voru nefndar og ætla má að ekki hafi verið staðið að þeim sem skyldi.

En í niðurlagi bréfs Vinnueftirlitsins segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi ofanritaðs hvetur undirritaður til þess að fundin verði leið til að stofnunin verði áfram fjármögnuð með launatengdum gjöldum vinnuveitenda."

Ég tel, virðulegi forseti, nauðsynlegt að hæstv. ráðherra komi inn í þessa umræðu. Það var upplýst í nefndinni, og ég óska eftir að félmrh. staðfesti það, að félmrh. og fjmrh. hefðu sameiginlega ákveðið að þrátt fyrir þessa breytingu verði fjármagn ekki skert til Vinnueftirlitsins. Ég óska eftir því að það verði staðfest við þessa umræðu að breytingin muni ekki leiða til skerðingar á tekjustofnum Vinnueftirlitsins.

Næst vil ég víkja, virðulegi forseti, að áhrifum af hertum reglum. Þar kom ýmislegt fram sem kom mér mjög á óvart og full ástæða hefði verið til að meiri hluta nefndarinnar tæki mark á. Eitt af helstu gagnrýnisatriðum umsagnaraðila, einkum ASÍ, BSRB, BHM og SÍB, var breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við. Lagt er til í frumvarpinu að viðmiðunartímabilið verði lengt, miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða og að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári í stað þess að miðað sé við 12 mánaða samfellt tímabil.

Ljóst er að lengt viðmiðunartímabil getur leitt til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum og áætla ASÍ, BSRB og BHM að í mörgum tilvikum geti hlutfall fæðingarorlofs af tekjum á viðmiðunartímabilinu farið úr 80% af tekjum niður í allt að 70% í mörgum tilvikum. Ástæðan sem þeir tefla fram er sú að miðað verður við tekjur í tvö tekjuár á undan fæðingarári og því taka fæðingarorlofsgreiðslur að verulegu leyti mið af 2–3 ára gömlum tekjum. Þannig getur viðmiðunartímabilið orðið nálægt þremur árum því að ein helsta breytingin sem lögð er til á fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið og því miðað við heil tekjuár í stað 12 mánaða samfellds tímabils.

Af þessu höfum við áhyggjur. Ein af breytingartillögum okkar gengur út á að koma til móts við þessa gagnrýni en því miður náðist ekki samstaða um það í félmn. að koma til móts við okkur um þá tilhögun að við útreikning á meðaltali heildarlauna skuli taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu. Það mundi færa okkur nær réttri upphæð og tekjurnar væru ekki orðnar það gamlar að rauntekjur yrðu allt aðrar þegar viðkomandi færi í fæðingarorlof, sem gæti leitt til þess að í fæðingarorlofi fái einstaklingar ekki 80% af tekjum heldur geti dottið niður í allt að 70% tekna sinna í mörgum tilvikum.

Viðmiðunartímabilið er orðið nálægt þremur árum því að ein helsta breytingin sem lögð er til á fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið. Miðað er við heil tekjuár í stað 12 mánaða samfellds tímabils. Þannig verða fæðingarorlofsgreiðslur þess sem fæðir barn í lok þessa árs miðaðar við tekjuárin 2002 og 2003, en t.d. ekki þær tekjur sem viðkomandi hafði á árinu þegar barnið fæðist. Þessar tekjur, sem nálgast að vera þriggja ára gamlar, eru ekki uppfærðar miðað við launavísitölu eða verðlagsbreytingar á viðmiðunartímabilinu. Það leiðir til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum sem ASÍ metur 5–7% en BHM meira en 10% í ýmsum tilvikum. Við erum að tala um að greiðslurnar geti dottið niður í 70–75% af tekjum viðkomandi miðað við það sem var áður.

ASÍ segir þetta alvarlegasta ágallann á þeim sparnaðartillögum sem er að finna í frumvarpinu. Mikilvægt hefði verið að finna flöt á málinu þar sem stjórn og stjórnarandstaða hefðu náð saman í þessu efni og gert lagfæringar á þeim

galla. BSRB segir að ljóst sé að þetta muni skerða greiðslur úr sjóðnum vegna launaskriðs sem stöðugt eigi sér stað. Eftir því sem viðmiðunartímabilið nær lengra aftur í tímann, þeim mun lægri verða greiðslur úr sjóðnum. Í umsögn BHM segir að rofið sé samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi gert sér grein fyrir þessum áhrifum breytinganna og hertum reglum í frv. Minni hlutinn tekur undir að þarna eru á ferðinni verulegir ágallar á frumvarpinu. Ef þak fæðingarorlofsgreiðslna hækkar ekki í samræmi við launavísitölu getur það leitt til verulegrar skerðingar á greiðslunum. Hlutfall greiðslna miðað við laun skerðist þá en það getur stefnt markmiðum fæðingarorlofslaganna í tvísýnu. Það er farið ítarlega yfir þetta í nefndarálitinu og ég vísa til þeirra athugasemda.

Við bendum einnig á að samkvæmt frumvarpinu verður felld út heimild til að taka til greina starfstíma foreldris í öðru EES-ríki þótt foreldri hafi unnið hér á landi í minnsta kosti einn af síðustu sex mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. ASÍ hefur gagnrýnt þessa breytingu og telur mikið álitamál hvort heimilt sé og sanngjarnt að hætta að taka tillit til starfs í öðrum löndum. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og veltir því upp hvort eðlilegt sé í því alþjóðaumhverfi sem við búum við. Sú staða getur vissulega komið upp að rof verði á sex mánaða samfelldum tíma á vinnumarkaði, sem er skilyrði fyrir greiðslum fæðingarorlofs, ef viðkomandi vinnur erlendis stuttan tíma af þessum sex mánuðum sem krafa er gerð um. Þar með glatar hann þá rétti sínum til fæðingarorlofs og á einungis rétt á fæðingarstyrk.

Minni hlutinn vill nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til að vekja athygli á ýmsum göllum á framkvæmd laganna frá því að fæðingarorlofslögin tóku gildi, göllum sem ekki er tekið á í þessu frv. Því miður, virðulegi forseti, náðist ekki samkomulag um það í nefndinni. Þar var m.a. fjallað um ágalla á núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem snertir lífeyrisþega og þá sem rétt eiga til umönnunargreiðslna. Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laganna á foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi ekki rétt til umönnunargreiðslna vegna sama barns eða sömu fæðingar. Sama gildir um lífeyrisgreiðslur, þannig að réttur öryrkja til lífeyrisgreiðslna fellur niður í fæðingarorlofi.

Að okkar mati felst í þessu mikið óréttlæti sem verður að leiðrétta. Mér fannst reyndar, virðulegi forseti, að fulltrúar félmrn. sem mættu á fund nefndarinnar hefðu fullan skilning á því að lagfæra þyrfti frv. varðandi umönnunargreiðslur og lífeyrisgreiðslur. Menn settust hins vegar ekki niður við það jafnvel þótt tími og svigrúm væri til eftir að þetta mál fór úr nefndinni og sýnt var að þinghald mundi dragast. Við höfum samt ekki fengið frá félmrh. eða félmrn. tillögur eða hugmyndir um breytingar í þessu efni. Við hefðum getað skoðað það milli 2. og 3. umr. Nægur tími hefði gefist til að skoða þessa breytingu ef raunverulegur vilji hefði verið fyrir hendi. En fulltrúar félmrn. sýndu skilning á því að þarna væri um að ræða galla á lögunum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað hafi verið unnið í málinu varðandi lífeyrinn og umönnunargreiðslurnar frá því að félmn. lauk störfum og hvort við megum vænta breytinga á þessu. Þarna eru sannarlega ágallar á lögunum.

Ég bendi á að réttur öryrkja til lífeyrisgreiðslna fellur niður í fæðingarorlofi. Þannig geta t.d. tekjur öryrkja í mörgum tilvikum skerst svo þegar þeir fara í fæðingarorlof að hlutfall fæðingarorlofsgreiðslna af lífeyrisgreiðslum, sem falla niður, getur farið niður í 60–65%. Þetta er mun lægra en hjá öðrum þrátt fyrir að viðmiðunartímabilið sé lengt. Eins og ég sagði áðan geta tekjur í fæðingarorlofi farið úr 80 niður í 70–75% hjá fólki á almenna markaðnum. En vegna þessa ágalla á lagafrv. getur hlutfall fæðingarorlofsgreiðslna í lífeyrisgreiðslum fallið niður í 60–65%, miklu lægra hlutfall af fyrri tekjum en aðrir fá sem fara í fæðingarorlof. Ég vildi gjarnan heyra hver skilningur hæstv. ráðherra er á þessum ágöllum og hvort til standi að breyta þeim.

Í svari sem fram kom á Alþingi við fyrirspurn minni um fæðingarorlof á 128. löggjafarþingi kemur fram að 112 börn fædd á árunum 2001 og 2002 hafi fengið umönnunarmat. Telja megi nokkuð ljóst að í tilvikum 36 barna sem fæddust á árinu 2001 og tíu barna sem höfðu fæðst á árinu 2003 þegar svarað var hefðu umönnunarbætur verið greiddar frá fæðingu ef umönnunargreiðslur og fæðingarorlof mætti greiða saman en það er bannað samkvæmt núgildandi lögum. Það er vandamálið og viðfangsefnið, þ.e. að samkvæmt núgildandi lögum fara ekki saman umönnunargreiðslur og fæðingarorlofsgreiðslur. Engin rök mæla með því að foreldrar sem eignast börn sem þurfa sérstakrar umönnunar við samkvæmt mati verði án þeirra greiðslna í fæðingarorlofi, enda eðli máls samkvæmt um að ræða viðbótarútgjöld þessara foreldra vegna barns sem að einhverju leyti fæðist vanheilt.

Minni hlutinn flytur breytingartillögu. Ég spyr ráðherrann hvort hann væri tilbúinn að skoða hana og við mundum draga hana til baka til 3. umr. ef ráðherrann ljær því máls að skoða það að fella niður ákvæði 33. gr. sem kveður á um að réttur til umönnunargreiðslna og lífeyris geti ekki farið saman við fæðingarorlof. Ég spyr jafnframt hæstv. ráðherra hvort hann hafi kynnt sér þessa breytingartillögu í fjórum töluliðum sem við flytjum á þskj. 1531. Ég hef reynt að færa rök fyrir þeim og öll sanngirni mælir með að þær verði skoðaðar. Hefur ráðherra kynnt sér tillögurnar og vill ráðherrann vill fá svigrúm til að skoða einhverjar þeirra frekar. Við mundum þá draga tillögurnar til baka til 3. umr. þannig að við fáum réttlátari og sanngjarnari fæðingarorlofslög en í stefnir verði frv. afgreitt með þessum ágöllum.

Við fórum í andsvörum áðan yfir það misrétti sem viðgengst varðandi orlofstökuna. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að fara mikið yfir það mál. Við höfum oft rætt það í þessum þingsal. Mín skoðun er sú að álitið sem fyrrv. félmrh. gaf þinginu sem svar við fyrirspurn minni standist fullkomlega. Það er núna lagt fram sem gögn í málshöfðun ASÍ í þessu máli vegna þess óréttlætis sem ríkir gagnvart launamönnum á almenna vinnumarkaðinum og þeim sem vinna hjá hinu opinbera. Orlofsgreiðslur þeirra sem vinna hjá hinu opinbera skerðast ekki eftir töku fæðingarorlofs en skerðast hjá þeim sem eru á almenna vinnumarkaðinum. Í raun hafa menn á almenna markaðnum minna fæðingarorlof en þeir sem eru hjá hinu opinbera. Það má búast við því að frá gildistöku laganna hafi 12–14 þúsund manns orðið af orlofsgreiðslum vegna þessa og af þeim verið hafðar a.m.k. 700 millj. kr. Við tökum þetta í brtt. okkar og notum það tækifæri sem gefst til að flytja brtt. og taka upp efnisatriði í frv. hv. þm. Ögmundar Jónassonar um þetta efni sem liggur fyrir fyrir félmn.

Virðulegi forseti. Félmn. fékk margar ábendingar, m.a. ítarlega umsögn frá Tryggingastofnun ríkisins sem lagði fram ýmsar athugasemdir um það sem hún taldi að betur mætti fara við framkvæmd laganna. Sumar höfum við í minni

hlutanum tekið upp en aðrar gafst hreinlega ekki tími til að fara yfir og skoða og meta. Ég efast ekki um að þær eigi fullan rétt á sér. Tryggingastofnun ríkisins heldur utan um framkvæmd þessara laga og ætti að vera sá aðili sem hefði besta og gleggsta vitneskju um lagfæringar á lögunum eftir þá reynslu sem við höfum af þeim.

Félag einstæðra foreldra og Jafnréttisstofa vöktu athygli á að taka þyrfti á rétti einstæðra foreldra. Réttur til fæðingarorlofs er ekki framseljanlegur milli foreldra og því getur sú staða komið upp hjá börnum einstæðra foreldra að þau njóti einungis fæðingarorlofs í sex mánuði. Jafnréttisstofa vekur rækilega athygli á þessu. Ég veit að þetta getur verið vandmeðfarið en við hljótum að hugleiða þetta. Ekki er gert ráð fyrir því að mæður ófeðraðra barna geti nýtt sér orlof sem faðir hefði annars átt rétt á. Benti Félag einstæðra foreldra á að á árinu 2002 hefðu ófeðruð börn á aldrinum 0–18 ára verið alls 148. Minni hlutinn telur að mjög varlega verði að fara í að heimila móður að nýta allan réttinn á níu mánaða fæðingarorlofstímabili þannig að ekki verði stefnt í hættu þeim markmiðum að báðir foreldrar nýti sér þann rétt sem lögin heimila. Engu að síður er full ástæða til að staða þessara barna verði skoðuð, einkum þegar um ófeðruð börn er að ræða. Leggur minni hlutinn til að félagsmálaráðherra láti skoða málið og mat verði lagt á áhrif þess að auka rétt þessa hóps.

Nú spyr ég hæstv. félmrh., ef hann má vera að því að gera hlé að samtali sínu við varaformann félmn., hvort hann muni láta skoða þessar athugasemdir sem við fengum frá Félagi einstæðra foreldra og Jafnréttisstofu varðandi stöðu einstæðra foreldra og rétt ófeðraðra barna.

Ég hef lokið, herra forseti, rökstuðningi við gagnrýni okkar og breytingartillögur þær sem við höfum sett fram. Ég hef jafnóðum gert grein fyrir athugasemdum okkar og breytingartillögum og tel ekki ástæðu til að fara lið fyrir lið yfir þær tillögur sem lagðar eru fram á þskj. 1531. Þær miða helst að því að tryggt sé að það verði ekki rýrnun á fæðingarorlofsgreiðslunum þannig að þakið miðist ævinlega við breytingar á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu, útreikningstímabilinu. Þá verði einnig tekið mið af launum miðað við breytingu á launavísitölu á tímabilinu. Síðan leggjum við til að réttur þeirra sem njóta umönnunargreiðslna verði betur tryggður, að þessar greiðslur geti farið saman, þ.e. umönnunargreiðslur og fæðingarorlofsgreiðslur. Hið sama gildir um lífeyrinn sem um er fjallað í 33. gr. Sömuleiðis leggjum við til að foreldrar í fæðingarorlofi fái orlofslaun þannig að þau starfstengdu réttindi sem fólk hefur á vinnumarkaðinum rýrni ekki ef það tekur fæðingarorlof.

Þetta eru brtt. okkar, virðulegi forseti. Eins og fram kom í upphafi máls míns styður minni hlutinn meginefni frv. að því gefnu að þær brtt. sem fram koma í áliti minni hlutans nái fram að ganga. Við teljum að margar af þessum brtt. skipti sköpum um hvort markmið fæðingarorlofslaganna nái fram að ganga og sé ekki stefnt í tvísýnu. Það veltur því, virðulegi forseti, á framgangi þeirra við atkvæðagreiðslu og eftir atvikum á undirtektum ráðherra á eftir hvort minni hlutinn mun styðja frv. í heild sinni. Telur ráðherra þess virði að skoða þessar brtt. milli 2. og 3. umr.? Við munum láta reyna á þessar breytingar við 2. umr. og eftir atvikum 3. umr. Það fer eftir undirtektum ráðherra við þessar brtt. Af því mun afstaða okkar til frv. í heild ráðast við 3. umr. málsins.

[11:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með lögum um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000 var tekið eitt stærsta framfaraskref sem hér hefur verið stigið í langan tíma. Sú ákvörðun að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs var mjög mikilvæg enda hefur komið á daginn að lögin hafa stuðlað mjög að því að feður séu heima við með börnum sínum á fyrstu mánuðum æviskeiðs þeirra. Þegar á heildina er litið geta foreldrar samanlagt verið níu mánuði samvistum við barn sitt frá vinnu samkvæmt þessum lögum. En ég tel að stíga þurfi stærri skref, lengja þennan tíma og það skuli byggja á sömu grunnhugsun og þetta frv. byggir á, sjálfstæðum rétti mæðra og feðra.

Hugsunin á bak við þessi lög var sú að útgangspunkturinn skyldi vera barnið. Lögin áttu að tryggja barni rétt til þess að vera samvistum við foreldra sína. Þar með átti að búa svo um hnútana með lögunum að foreldrar, bæði mæður og feður, skyldu ekki verða fyrir kjara- og réttindaskerðingu í fæðingarorlofi. Alla vega skyldi stefnt að því að halda slíkri skerðingu í algeru lágmarki. Þetta var hugsunin að baki lögunum og átti tryggja foreldrum 80% af tekjum sínum í fæðingarorlofi. Jafnframt var hugsunin sú að foreldrar héldu réttindum sínum eins og kostur væri.

Þá kemur tvennt á daginn. Annars vegar fer um þjóðfélagið þegar í ljós kemur að hátekjufólk, fólk á ofurlaunum, nýtir sér þennan rétt og fær úr almannasjóðum peninga í fæðingarorlof. Það er ástæðan fyrir því að nú er sett þak á þessar greiðslur. Þakið miðast við 600 þús. kr. mánaðartekjur, þ.e. að einstaklingur getur að hámarki fengið 480 þús. kr. greiddar úr Fæðingarorlofssjóði. Að baki þeirri ákvörðun búa ekki fjárhagsleg rök heldur fyrst og fremst siðferðileg. Mönnum vex það í augum að fólk fái þetta háar greiðslur úr sjóðnum.

Athugun hefur sýnt að á árinu 2003 fóru aðeins 195 einstaklingar sem fengu greitt úr sjóðnum yfir þessi mörk, 178 karlar og 17 konur. Þegar litið er til tekjudreifingar þessa hóps voru 88 karlar og 10 konur með tekjur á bilinu 600–700 þús. kr. 40 karlar og 4 konur voru með tekjur á bilinu 700–800 þús. kr. og tvær konur voru með meira en 1 millj. kr. í mánaðartekjur og 13 karlar. Mönnum finnst þetta svo há laun, svo háar tekjur, að óþarfi sé að bæta einstaklingunum það úr almannasjóði. Það eru siðferðileg rök, segi ég, sem búa þarna að baki en ekki fjárhagsleg. Það er aðeins ert ráð fyrir sparnaði upp á 150 millj. kr. vegna breytingarinnar en fjárhagsvandi sjóðsins nemur margfalt hærri upphæð. Þarna búa því ekki fjárhagsleg rök að baki.

Ég hef að vissu leyti ákveðna samúð með því sjónarmiði að ekki eigi að setja þetta þak. Ég hef ákveðna samúð með því sjónarmiði vegna þess að það gengur þvert á grunnhugsunina sem ég lýsti áðan, grunnhugsunina sem sjóðurinn hvílir á. Þá má spyrja: Hvers vegna ósköpumst við ekki yfir þessum tekjumun í þjóðfélaginu í mánuði hverjum, á ári hverju áratugum saman, en einblínum bara á þessa þrjá mánuði sem einstaklingur er frá vinnu og er samvistum við barn sitt? Siðferðilega stenst þetta kjarabil ekki, sé það skoðað í því ljósi. Ef mönnum vex þetta í augum þá á okkur einnig að vaxa í augum kjarabilið sem er að staðaldri í samfélaginu. Það verður okkur hins vegar sýnilegt í fæðingarorlofinu og mönnum finnst það siðferðilega ekki standast að það sé greitt úr almannasjóðum.

Hins vegar ber að líta á, sem gætu verið rök gegn því að afnema þakið, að þetta byggir að hluta á sama prinsippi og lífeyrissjóðirnir ef svo má segja. Þar er greitt hlutfall af tekjum inn í sjóði og hlutfall af tekjum kemur út úr sjóðnum að sama skapi, það er sama hugsun. Eins er með þetta. Þetta er tekið af tryggingagjaldi sem er greitt sem hlutfall af tekjum einstaklinganna. Þá er það ekki síðferðilega rangt að taka sama hlutfall út úr sjóðnum.

Hins vegar er það niðurstaða fjölmennra samtaka launafólks ASÍ, BSRB og SÍB að leggjast ekki gegn þessum áformum. Ég get borið vitni um að þegar þetta mál hefur verið rætt á fjölmennum fundum innan þessara samtaka hefur sú krafa verið mjög sterk að þakið yrði sett. Það skýri ég í ljósi síðferðilegrar afstöðu manna og gagnrýni á þennan mikla kjaramun í samfélaginu. Þar eru uppi tvö sjónarmið en við í minni hluta félmn. tökum þá afstöðu í áliti okkar að leggjast ekki gegn þessu þaki. Við höfum að vísu ákveðnar efasemdir um það og vörum jafnframt við því að þakið verði notað sem skerðingartæki í framtíðinni. Sú hætta er fyrir hendi að þetta viðmiðunarmark verði ekki látið fylgja launaþróun og verði smám saman notað sem skerðing á almennum greiðslum. Það eru fordæmi fyrir slíku, við þekkjum það. Þess vegna teldum við æskilegt að láta þessa fjárhæð eins og aðrar viðmiðunarfjárhæðir í frv. fylgja launavísitölu, sem vörn gegn þessari hugsun. Í áliti okkar segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn óttast frekar að þakið verði fyrsta skrefið til að skerða fæðingarorlofsgreiðslur meira, tilhneiging verði hjá stjórnvöldum að lækka þakið í sparnaðarskyni og láta fjárhæðir ekki breytast í takt við launavísitölu."

Síðan er gerð grein fyrir brtt. sem við flytjum um þetta efni.

Varðandi fjármögnun á fæðingarorlofssjóðnum hefur minni hlutinn uppi miklar efasemdar og reyndar harða gagnrýni. Fæðingarorlofssjóður er styrktur með því að færa fjármagn í miklum mæli úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er samdóma álit flestra samtaka sem koma nærri honum að stöðu hans sé með þessu stefnt í mikla tvísýnu. Það byggir á mjög mismunandi áætlunum sem þar eru lagðar til grundvallar. Ég ætla að vísa í minnihlutaálitið hvað það snertir, með leyfi forseta:

„Verulegur munur er á mati ASÍ og þeirri spá sem fulltrúar félagsmálaráðuneytisins kynntu í félagsmálanefnd um áhrifin af því að færa umtalsverðar fjárhæðir frá Atvinnuleysistryggingasjóði í Fæðingarorlofssjóð. Samkvæmt spá um afkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs er gert ráð fyrir að hann verði rekinn með 300–700 millj. kr. halla á ári. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki og verði 2,5% árið 2007 og engar frekari breytingar verði gerðar á réttindum í sjóðnum. ASÍ spáir því að atvinnuleysi muni ekki minnka á næsta ári heldur verði það áfram 3,5%. Sömuleiðis leiðir ASÍ líkur að því að þegar árið 2005 verði halli sjóðsins ekki 677 millj. kr. heldur verði hann 1,5–1,8 milljarðar kr. og eigið fé komið niður fyrir 6 milljarða en í spá stjórnvalda er gert ráð fyrir að eigið fé sjóðsins verði 7,8 milljarðar árið 2005. Frávikin felast í því að ASÍ spáir meira atvinnuleysi á næstu árum en stjórnvöld og munar þar allt að 0,5% á ári. ASÍ spáir því að eiginfjárstaða sjóðsins fari niður í 3,8 milljarða kr. árið 2007 þegar allar líkur séu á að atvinnuleysi aukist verulega í kjölfar samdráttar í framkvæmdum við Kárahnjúka.

Í umsögn ASÍ er lagt til að í stað þess að rýra tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og stjórnvöld áforma verði hlutur hans óbreyttur og tekjuþörf Fæðingarorlofssjóðs mætt með þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er sérstaklega varið til trygginga er tengjast vinnumarkaðnum og starfsemi tengdri honum."

Því næst er vitnað í umsögn frá Samtökum atvinnulífsins. Þar eru sömu efasemdir og reyndar einnig hjá Verslunarráði Íslands. Síðan er á hitt að líta, við víkjum að því í áliti okkar, að nú hefur verið skipuð nefnd á vegum hæstv. félmrh. sem á að kanna leiðir til kjarabóta fyrir atvinnulaust fólk. Kjarabætur þýða náttúrlega aukin útgjöld. Þau útgjöld verða væntanlega fjármögnuð úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Á það þarf að líta líka. Öll heildarsamtök í landinu, bæði samtök launafólks og atvinnurekenda, telja að fjárhagsgrundvelli Atvinnuleysistryggingasjóðs sé teflt í tvísýnu, að tilflutningur á fjármunum úr þeim sjóði yfir í Fæðingarorlofssjóð komi ekki til með að standast á næstu árum. Ef einhver raunverulegur vilji býr að baki yfirlýsingum um bætt kjör til atvinnulauss fólks mun það kosta peninga í ofanálag. Þar er því uppi mjög mótsagnakennd staða og verður fróðlegt að heyra skýringar hæstv. ráðherra á henni.

Bæði ASÍ og BSRB vara við því að færa Vinnueftirlit ríkisins undir fjárlög, en Vinnueftirlitið hefur fengið allt að 0,08% af tryggingagjaldi til að fjármagna starfsemi sína. Það hefur reyndar, eftir því sem ég best veit, ekki fengið þá upphæð nema að hluta. En bæði innan Alþýðusambandsins og innan BSRB telja menn að halda ætti þessum sjálfstæða tekjustofni fyrir Vinnueftirlitið. Það var upplýst í félmn. að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. stæðu sameiginlega að samkomulagi um að tryggja fjárhagsgrundvöll Vinnueftirlitsins. Ég efast ekki um að svo verður á næstu árum en hér er horft til framtíðar.

Eitt af helstu gagnrýnisatriðum heildarsamtaka launafólks, ASÍ, BSRB, BHM og Sambands íslenskra bankamanna, var breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við. Í frv. er lagt til að viðmiðunartímabilið verði lengt, miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða og að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári í stað þess að miðað sé við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs.

Þessu kunna að fylgja kostir en líka gallar. Kostirnir eru þeir að einstaklingi sem verður atvinnulaus á tímabilinu að hluta til getur verið það til hagsbóta að tíminn sé lengdur. Á hitt er líka að líta að þegar miðað er við tekjur lengra aftur í tímann, án þess að þær séu færðar upp samkvæmt launavísitölu og tekið sé tillit til launaskriðs, þá er þar um tekjuskerðingu að ræða í fæðingarorlofi. Við þessu hefur verið varað og í álitsgerð minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur rétt að bregðast við þeim ágalla sem skert getur greiðslur með því að leggja til að tekjur á viðmiðunartímanum verði færðar upp til samræmis við launavísitölu þegar fæðingarorlof er tekið. Sömuleiðis leggur minni hlutinn til að ef einstaklingar í fæðingarorlofi hafa verið atvinnulausir á viðmiðunartímanum og því einungis haft atvinnuleysisbætur sér til framfærslu en aftur á móti haft tekjur á fæðingarári barnsins sé heimilt í útreikningum fæðingarorlofsgreiðslna að taka tillit til þess. Minni hlutinn freistaði þess mjög að ná samkomulagi við meiri hlutann um að flytja þessar breytingartillögur en án árangurs."

Minni hluti nefndarinnar hefur jafnframt lagt fram breytingartillögur. Við lögðum áherslu á þá í umræðum í nefndinni að tryggja rétt lífeyrisþega og þeirra sem þurfa á umönnunarbótum að halda. Við erum með tillögur í þá átt. Síðan teljum við að taka beri á orlofsréttindum. Eins og fram hefur komið fyrr við þessa umræðu, og margoft við umræðu á þinginu og í félmn., hafa opinberir starfsmenn eða starfsmenn ríkis og sveitarfélaga samið um það við viðsemjendur sína að fæðingarorlofsrétturinn gangi ekki á orlofsréttinn. Um það hefur verið samið í samningum. Ég lagði fram frv. á sínum tíma og við í stjórnarandstöðunni leggjum fram brtt. sem byggir á því frv. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að einstaklingum á almennum markaði verði tryggður samsvarandi réttur með greiðslum úr sjóðnum. Það hefur verið bent á að þetta kosti mikla peninga, talað um 700 millj. í því samhengi. Það hefur verið svolítið á reiki hvað stjórnarmeirihlutinn leggur til grundvallar þegar hann andæfir þessu. Annars vegar eru það fjárhagsleg rök og hins vegar tæknileg rök, jafnvel siðferðileg rök hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Hann telur það réttlætisrök að koma í veg fyrir að fólk á almennum vinnumarkaði njóti þessara réttinda. Það er stórkostlegt réttlætismál að póstmaður á lágum launum sé í fæðingarorlofi á kostnað sumarleyfis síns. Hann telur það vera réttlæti í málinu, réttlætisrök. Þetta þýðir í reynd, fyrir fólk sem ekki nýtur þessara réttinda, að eins heiðarlegt væri að segja við það: Taktu þennan rétt í sumarfríinu þínu. Þannig virkar þetta í reynd. Fæðingarorlofsrétturinn étur upp orlofsréttinn. Það var aldrei hugsun löggjafans enda kom það fram í svari á sínum tíma við fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það hefði ekki verið hugmyndin að baki fæðingarorlofslögunum. Ég hef reyndar ekki svarið fyrir framan mig og get get ekki vitnað beint í það en ég man ekki betur en það hafi verið staðhæft af hálfu félmrn. á sínum tíma, að hugsunin væri þessi.

Núna telur fulltrúi Sjálfstfl. í fæðingarorlofsnefnd mikið réttlætismál að standa gegn kröfum um að fólk á almennum vinnumarkaði njóti þessa réttar. Fæðingarorlofsrétturinn skal éta upp orlofsréttinn. Þetta hefur verið mjög bagalegt fyrir fólk, sérstaklega þá sem eru á mjög lágum launum. Ég hélt sannast sagna fyrst að þarna kæmu fram fjárhagsleg rök. Ég vísa þá í þessar 700 millj. kr. Það hefur hins vegar verið upplýst við umræðuna að þar er ekki fjárhagslegum rökum teflt fram. Þetta er réttlætiskennd Sjálfstfl. sem við er að glíma. Hún telur með öllu ófært að veita launafólki á almennum vinnumarkaði þann rétt sem samið hefur verið um fyrir hönd launafólks hjá ríki og sveitarfélögum í samningum vinnuveitenda við stéttarfélög þeirra.

Við erum með ýmsar aðrar ábendingar varðandi frv. og segjum í niðurlagi álitsgerðar okkar, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn styður meginefni frumvarpsins að því gefnu að eftirfarandi breytingartillögur nái fram að ganga:

1. Þak og gólf viðmiðunarfjárhæða breytist á hverjum tíma í samræmi við launavísitölu.

2. Tekjur viðmiðunartímabils tekna vegna greiðslna í fæðingarorlofi taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu á tímabilinu.

3. Heimilt sé að taka tillit til tekna á fæðingarári barns ef einstaklingur í fæðingarorlofi hefur verið tekjulaus á viðmiðunartímabilinu, t.d. vegna atvinnuleysis.

4. Orlof greiðist að loknu fæðingarorlofstímabili.

5. Umönnunar- og lífeyrisgreiðslur verði samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum.“

Þetta eru þær brtt. sem við leggjum til. En ég ætla að ljúka ræðu minni á þeim nótum sem ég hóf hana. Við erum að ræða löggjöf sem mjög almenn sátt er um í þjóðfélaginu. Ég tel að með fæðingarorlofslögunum hafi á sínum tíma verið stigið framfaraskref. Við erum að mínu mati að fjalla um lítils háttar, ekki stórvægilegar, breytingar á lögunum. Við skulum ekki láta umræðuna villa okkur sýn. Það er grundvallarsátt um þessa löggjöf í þjóðfélaginu. Á þessum lögum eru hins vegar ágallar sem við viljum bæta úr. Við deilum um hversu langt eigi að ganga í því efni. Við vonum að sjálfsögðu að tekið verði tillit til sjónarmiða okkar.

Það er deilt um grundvallaratriði, þá helst varðandi þakið. Þar kljást menn um prinsipp og eru ekki á einu máli. Ég held að það sé þverpólitískt. Ég hef trú á því að í öllum flokkum, í mínum flokki líka, séu mismunandi áherslur hvað þetta snertir. Við höfum gert grein fyrir þeim í minnihlutaáliti okkar. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í félmn. erum samstiga hvað þetta snertir en hins vegar tölum við ekki fyrir hönd allra í flokkum okkar.

[12:08]

Útbýting þingskjala:

Lokafjárlög 2000, 326. mál, brtt. MS o.fl., þskj. 1779.

Lokafjárlög 2001, 653. mál, brtt. MS o.fl., þskj. 1780.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 868. mál, brtt. GAK og SJS, þskj. 1772.

[12:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. las í ræðu sinni álit nánast gervallrar verkalýðshreyfingarinnar sem styður að setja þak á fæðingarorlofsgreiðslur. Þegar fæðingarorlofslögin voru sett var aðalmarkmið þeirra að gera karlmenn jafndýra og konur á vinnumarkaði þannig að ekki væri lengur neitt því til fyrirstöðu að greiða konum jafnhá laun og karlmönnum. Telur verkalýðshreyfingin virkilega að koma eigi á jafnrétti karla og kvenna alls staðar nema í háu laununum, frú forseti? Eiga karlmenn að vera þar ódýrari áfram? Er þetta virkilega markmiðið? Ég hélt að það væri einmitt þar sem þyrfti að auka jafnréttið, frú forseti.

Hv. þm. beindi fyrirspurn til hæstv. félmrh. í ræðu sinni. Telur hv. þm. eðlilegt að hæstv. ráðherra sé spurður álits á því efni sem við ræðum í dag, nefndaráliti og tillögu félmn.? Telur hann eðlilegt að ráðherrann leggi mat sitt á þær tillögur? Er þetta mál ekki á forræði þingsins? Ég hélt það. Er það ekki niðurlæging fyrir þingið ef ráðherrann, þ.e. framkvæmdarvaldið, á að leggja mat á tillögur nefndarinnar?

[12:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég áskil mér rétt til að beina spurningum til þeirra sem ég vil beina spurningum til. Ég læt ekki segja mér fyrir verkum í því efni. Ég hef beint spurningum til varaformanns félmn. Ég hef beint spurningum til hæstv. félmrh., sem er flutningsmaður þessa frv. Spurning mín sneri að þakinu, ef ég man rétt, og stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er ekkert óeðlilegt að óskað sé eftir svörum hæstv. ráðherra hvað þetta snertir.

Varðandi aðra efnislega spurningu hv. þm., þar sem hann vísar í samþykktir heildarsamtaka launafólks um þakið og síðan afleiðingar þess, þá vek ég athygli á því að í umsögn BSRB er það t.d. orðað þannig að samtökin leggist ekki gegn þeirri aðferð að setja þak á greiðslur úr sjóðnum ef hinn valkosturinn er að skerða greiðslur til allra. Þannig hefur

þessu verið stillt upp, að menn vilji frekar fara þá leið að skerða greiðslur til þeirra sem eru á hæstu tekjunum en að skerða greiðslur til allra. Þannig var þessu stillt upp.

Hins vegar orkar þetta mjög tvímælis. Eins og ég gat um í máli mínu eru þetta ekki alveg þeir valkostir sem menn standa frammi fyrir. Upphæðirnar sem um er að tefla eru svo smáar. Við erum að tala um 150 millj. kr. sem þarna sparast. Þetta er einfaldlega prinsippumræða. Ég ber fulla virðingu fyrir skoðun hv. þm. í þessu efni en menn eru einfaldlega nokkuð á reiki í afstöðu sinni.

[12:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi það að hæstv. ráðherra taki þátt í umræðunni þá vil ég benda á að hann flytur málið við 1. umr. Þá svarar hann fyrirspurnum þingmanna um málið í heild. Síðan er málinu vísað til nefndar til umfjöllunar. Nefndin hefur það þar með á forræði sínu. Hún gerir brtt. og kemur með nefndarálit, eitt, tvö eða fleiri. Þær brtt. og þau nefndarálit eru til umræðu núna á hv. Alþingi. Spurningin er því um hvort það geti verið eðlilegt að menn séu að spyrja ráðherrann sem slíkan, sem fulltrúa framkvæmdarvaldsins, við 2. og 3. umr. í stað þess að ræða þær tillögur sem nefnd þingsins hefur lagt fyrir þingið. Ég tel að þetta sé stílbrjótur og menn séu að rugla saman framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi og gefa framkvæmdarvaldinu of mikið löggjafarvald með þessu.

Varðandi skerðinguna þá var talið að allar upphaflegar sparnaðarhugmyndir í frv. mundu spara 150 millj., þar með taldar aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun. Það er talið að hámarkið eitt sér kosti ekki nema 50–60 millj. af 5 þús. millj. kr. útgjöldum. Þetta skiptir engu máli fjárhagslega, frú forseti.

Menn vinna út frá einhverju sem kalla mætti öfundarsjónarmið. Ég skil þetta ekki. Hafi menn áhyggjur af því að sumir fái of háar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði þá ættu þeir að hafa áhyggjur af þeim launum sem sumum eru greidd. (**ÖJ**: Það var það sem ég sagði.) Þess vegna skil ég ekki að menn skuli styðja það að setja á hámark og gera að verkum að konur fái jafnrétti alls staðar nema í háu launanum.

[12:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki hugsað það svo djúpt, hvern ætti að spyrja og hvenær í umræðu um mál. Það er verið að gera nokkrar breytingar á mikilvægri löggjöf. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn stendur að því. Hér var fulltrúi ríkisstjórnarinnar spurður um það efni, þá sérstaklega um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem heyrir undir ráðuneyti hæstv. félmrh. Það er ekki óeðlilegt að spurningum sé til hans beint. Mér finnst þakkarvert að hér skuli viðstaddir umræðuna varaformaður félmn. og hæstv. félmrh. til að taka þátt í umræðu um þessa mikilvægu löggjöf. Mér finnst það mjög gott og mér finnst það til fyrirmyndar. Svona á þetta að vera, svona á þetta vissulega að vera.

Varðandi hátekjufólkið þá get ég trúað hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir því að ég mun sofa rótt þótt einstaklingur með hálfa aðra milljón á mánuði fái hana ekki greidda að fullu í fæðingarorlofi sínu. Það mun ekki raska minni ró. Það gerir það ekki heldur hjá almennu launafólki sem er með rúmar 100 þús. kr. á mánuði. Mönnum ofbýður siðferðilega þessi fjáraustur í hátekjufólkið. En ég tek undir með hv. þm. varðandi það að ef menn hafa áhyggjur af þessu í þrjá mánuði þá eiga menn að hafa áhyggjur af því öllum stundum. Þar er bara birtingarform veruleika sem til staðar er í þjóðfélaginu. Ég held að aldrei þessu vant geti verið að ekki sé ýkjalangt á milli afstöðu okkar í þessu efni. Mér finnst ástæða til að hafa áhyggjur af hinum geigvænlega kjaramun sem er við lýði í íslensku þjóðfélagi.

[12:17]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um að hér væri um að ræða lítils háttar breytingar á löggjöfinni. Ég held að það sé rétt hjá honum. Það er skynsamlegt fyrir okkur að fara vel yfir málið og velta við ýmsum steinum. Mér fannst hv. þm. Ögmundur Jónasson gera það ágætlega.

Ég tók eftir því að hv. þm. talaði um að hann vildi lengja fæðingarorlofið. En hann er á móti því að taka til þess fjármagn sem farið hefur í Atvinnuleysistryggingasjóð. Hann er á móti því að nýta í því skyni 0,08% sem farið hafa af tryggingagjaldinu til að fjármagna Vinnueftirlitið. Síðan fór hann yfir það að hann væri fylgjandi því að greiða orlof í orlofi. Það teljast vera 700 millj. kr. sem færu í að uppfylla slík skilyrði ef um það yrðu sett lög. Ég vil því spyrja hv. þm., þar sem þetta eru engar smáupphæðir: Hvernig á að fjármagna þetta? Ég efast ekki um að ég fái góð svör við því.

Annað varðandi orlof á orlof. Hv. þm. fór allt í einu að tala um þetta sem sérstakan rétt láglaunamanna. Hv. þm. veit að það er ekki rétt og hefur ekkert með rétt láglaunamanna að gera. Það er rangt af hv. þm. að leggja málið upp með þeim hætti. Einu rökin sem hann kom fram með og heyrst hafa eru að þetta sé spurning um jafnan rétt opinberra starfsmanna og þeirra sem á almenna markaðnum eru. Eins og menn þekkja er mikill munur þar á og mismunandi orlofsréttindi eru aðeins einn þáttur af því. Ég vil hins vegar nota tækifærið og spyrja hv. þm. Hann veit af hverju menn fá rétt til orlofslauna almennt. Menn eru í vinnu og hafa rétt til að fara í frí. Hvernig metur hv. þm. þann rétt í fæðingarorlofi? Til hvers er sá réttur? Er það til að fara í frí frá fjölskyldunni?

[12:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég staldra við láglaunafólkið í þessu samhengi er að það fólk hefur ekki efni á að fara í sumarfrí ef gengið mun á þann rétt. Þess vegna staldra ég við það fólk. Hátekjufólkinu hef ég einfaldlega miklu minni áhyggjur af hvað það snertir.

Varðandi spurninguna um tilkostnaðinn og tilfærslu á fjármunum úr Atvinnuleysistryggingasjóði yfir í Fæðingarorlofssjóð þá er ég einfaldlega að hvetja til raunsæis. Við getum litið til spádóma sem liggja þessu til grundvallar frá Alþýðusambandinu, frá Samtökum atvinnulífsins og Verslunarráðinu, sem hafa efasemdir um þetta. BSRB og fleiri aðilar telja að sjóðurinn rísi ekki undir þessum skuldbindingum.

Þegar í ofanálag koma yfirlýsingar um að til standi að bæta kjör atvinnulauss fólks, sem ég fagna mjög ef af verður, þá mun það ganga á þennan sjóð einnig. Það er rétt hjá hv. þm. að menn verða að skoða þessa hluti af fullu raunsæi, ekki síst þegar menn hafa hvatt til að frekari skref verði stigin. Það er ein ástæðan fyrir því að Vinstri grænir eru eini flokkurinn á þingi sem er andvígur skattalækkunum. Ástæðan er sú að við viljum nota sameiginlega sjóði til að

standa straum af réttindum á borð við þessi, sem við teljum mjög mikilvæg.

Hvers vegna vil ég lengja réttinn? Jú, ég horfi á þetta út frá barninu sem viðmiðun. Ég tel að níu mánaða barn þurfi á því að halda að hafa foreldra sína lengur hjá sér og þurfi að hafa kost á sveigjanlegri tilveru, og verða ekki keyrt inn í vinnuferli hinna fullorðnu. Ég hvet til sveigjanleika og ef viðmiðunin er barnið þarf að lengja þennan tíma.

[12:21]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir hreinskilin svör varðandi skoðanir hans sem gera það að verkum að hér yrði ekkert svigrúm til skattalækkana. Þetta vekur athygli vegna þess að það er ekki einungis hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hefur þessar áherslur. Fulltrúar Samf. og Frjálsl. eru sama sinnis. Ég get að vísu ekki annað séð en þetta útheimti skattahækkanir. Ég get ekki séð annað miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Það liggur fyrir að þessir flokkar leggja í það minnsta enga áherslu á skattalækkanir, ef þeir ætla að vera sjálfum sér samkvæmir hvað þetta nefndarálit varðar. Ég get í raun ekki séð annað en að þeirra hugmyndir hefðu í för með sér skattahækkanir. Ég þakka hins vegar hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hreinskilni hvað þetta varðar. Það er ágætt að fá þetta innlegg í umræðuna.

Hv. þm. sagði hins vegar að þeir sem hefðu minni tekjur hefðu ekki efni á að fara í sumarfrí. Ég held að við verðum að setja þetta í samhengi og minnast þess að þessi réttur var ekki til staðar. Ég vek athygli á því að foreldrar geta skipt á milli sín fæðingarorlofinu og hægt er að taka það á 18 mánaða tímabili. Þessi réttur var ekki til staðar, honum var bætt við. Menn hafa sveigjanleika upp á 18 mánuði. Ég hef alltaf litið svo á að orlof þýði að sá sem það nýtir geti verið með fjölskyldu sinni. Þannig hef ég litið á það og ég held að flestir líti á það þannig. En miðað við málflutning hv. þm. Ögmunds Jónassonar þá lítur hann svo á að það þurfi sérstakan rétt til orlofs þegar fólk er með fjölskyldu sinni. Ég spyr: Til hvers þarf fólk slíkan rétt? Er það til þess að fá sér frí frá fjölskyldunni?

[12:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi skulum við láta talsmenn Samf. og Frjálsl. um að skýra sjónarmið sinna flokka. Ég var einvörðungu að tala fyrir eigin hönd og þingflokks míns. (**ÖS:** Er þetta ekki sameiginleg stjórnarandstaða?) Þetta er sameiginleg stjórnarandstaða, það er alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Við höfum unnið mjög vel saman að þessum málum. En ég ítreka að við erum að gera breytingar á lögum sem mjög víðtæk sátt er um. Ég þreytist ekki á að fullyrða það en við teljum að hægt sé að laga ýmsar brotalamir á þessum lögum, t.d. varðandi réttinn til orlofs.

Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. Þetta er nýr réttur, réttur sem ekki var til staðar. Það er hárrétt. Þetta er nýr réttur en honum var aldrei ætlað að ganga á annan og eldri rétt sem einnig var til staðar, þ.e. réttinn til orlofs. En það gerir hann. Hann gengur á þann rétt. Þessi nýi réttur átti að tryggja launamanninum, karlinum eða konunni, föður eða móður, rétt til að vera með barni sínu á eins líkum kjörum og hann væri í starfi. Það er grunnurinn að baki þessari hugsun. Menn hafa því áhyggjur af því að þessi réttur skerði réttindi til sumarorlofs. Þetta kemur verst niður á lágtekjufólki. Þess vegna setti ég fram frv. um breytingar í þessu efni. Þess vegna hafa ASÍ og BSRB ályktað um þessi efni og þess vegna hefur stjórnarandstaðan sameinast um lagabreytingar til að tryggja launafólki þennan sjálfsagða rétt.

[12:26]

Katrín Júlíusdóttir:

Frú forseti. Ég vil koma inn á nokkur atriði í tengslum við þetta mál, þessa breytingu á lögum um fæðingarorlof. Ég vil byrja á að segja að þegar lögin voru samþykkt árið 2000, lög um fæðingarorlof og foreldraorlof, tel ég að stigið hafi verið eitt merkilegasta skrefið í jafnréttismálum á Íslandi og jafnvel þótt víðar væri leitað, kannski í heiminum öllum. Í umræðunni megum við ekki gleyma því hvaða markmið var farið af stað með og hvers vegna þessi lög voru sett. Segja má að meginmarkmiðið með lögunum hafi verið tvíþætt. Í fyrsta lagi var lögunum ætlað að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði, þ.e. gera þau jafnverðmæt fyrir vinnuveitandann, karlinn og konuna, og veita þeim jöfn tækifæri til starfa og launa. Annað markmiðið var auðvitað að tryggja rétt barnanna til samveru við báða foreldra sína á fyrstu mánuðum æviskeiðsins.

Núna, árið 2004, er ekki nema ár síðan þessi lög tóku gildi að fullu. Öll þessi skref höfðu verið stigin og lögin tóku fullt gildi og svo hafði verið í eitt ár, virðulegi forseti. Það hryggir mig að sjá ýmsa þætti í þessu frv. án þess að að baki liggi félagslegar rannsóknir á afleiðingum lagasetningarinnar árið 2000, áhrifum af okkar ágætu fæðingarorlofslögum. Það eina sem við höfum fyrir framan okkur er greinargerð um að of háar greiðslur renni til nokkurra einstaklinga í samfélaginu en mér finnst það ekki nóg. Ég vil fá að vita, áður en við samþykkjum ákveðna þætti í þessu frv., t.d. þakið, hversu nálægt við höfum færst þessum tveimur markmiðum sem við lögðum af stað með. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því og hér liggur fyrir frv. sem á að spara ríkisvaldinu 150 millj., um 2% af útgjöldum sjóðsins.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna þrjú atriði sem ég hef sérstakar áhyggjur af í þessu svokallaða sparnaðarfrumvarpi. Það var hárrétt, sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á, að um þessi lög ríkir víðtæk sátt. Ég er því hissa á að nú, ári eftir að lögin tóku gildi, eigi að kljúfa upp hópa í prinsippafstöðu gagnvart þakinu án þess að neins konar félagslegar úttektir á afleiðingum liggi til grundvallar. Við lögðum upp með að við ætluðum að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðnum. Hefur það gerst? Höfum við færst nær því markmiði? Við vitum ekkert um það. Hvaða áhrif hafa þessi lög haft á það?

Það er komið inn á þessi þrjú atriði sem ég tel vert að huga að í nefndaráliti minni hlutans. Í fyrsta lagi vil ég gera fjármögnun sjóðsins að umtalsefni. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans er ljóst að stjórnvöld vanmátu sérstaklega stóraukna þátttöku karla í fæðingarorlofi við þessa lagabreytingu. Þau vanmátu þannig útgjöld sjóðsins til þess að reyna að mæta því en í frv. er lagt til að styrkja stöðu sjóðsins með auknu fjármagni úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta finnst mér, virðulegi forseti, mjög undarlegt bix, að blanda saman Atvinnuleysistryggingasjóði og svo fæðingarorlofi. Þetta eru gerólíkir hlutir byggðir á sinni forsendunni hvor, hvor með sitt markmið að leiðarljósi. Ef menn sjá sameiginleg markmið með þessum tveimur félagslegu þáttum, atvinnuleysistryggingum og fæðingarorlofi, þá væri ágætt að fá að heyra þær röksemdir.

Þær umsagnir sem félmn. hafa borist vegna frv. gagnrýna allar fjármögnunina. Þar má nefna ASÍ, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð. Allir þessir aðilar hafa gagnrýnt fjármögnun sjóðsins. Ég tel mikilvægt, eigum við að tryggja bæði Atvinnuleysistryggingasjóð og Fæðingarorlofssjóð til framtíðar, að við skoðum þetta nánar.

Ég hef einnig áhyggjur af hinu svokallaða viðmiðunarákvæði. Í frv. er gert ráð fyrir að viðmiðunartímabilið verði lengt og tengt skattári. Þetta hefur með réttu verið gagnrýnt af ASÍ, BSRB og BHM sem benda á að í mörgum tilfellum geti hlutfall fæðingarorlofs af tekjum á fæðingartímabilinu farið úr 80% af tekjum niður í 70%. Þar erum við enn komin í leiðangur frá upphaflegum markmiðum, þ.e. það átti að vera fjárhagslegur hvati til að vera með börnum sínum í fæðingarorlofi.

Þær tekjur sem miðað er við, sem eins og fram kemur í minnihlutaálitinu, geta verið hátt í þriggja ára gamlar, eignist viðkomandi barnið seint á árinu. Þar er farið í allt að því þriggja ára gamlar tekjur og ekki gert ráð fyrir að þær verði uppfærðar miðað við launavísitölu og verðlagsbreytingar á viðmiðunartímabilinu og tel ég það áhyggjuefni.

Frú forseti. Það sem ég vildi aðallega fá að gera að umtalsefni er hið svokallaða þak á fæðingarorlofsgreiðslur. Ég kom inn á það áðan að ég get á þessum tímapunkti ekki samþykkt slíkt þak. Ég tel að við megum ekki missa sjónar á upphaflegu markmiði með þessum lögum. Ég tel það ekki 150 millj. kr. virði eða 50 millj. kr. virði, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi, að ganga svo gegn markmiðum laganna. Ég tel það ekki þess virði en væri til í að ræða það ef fyrir lægju félagslegar rannsóknir sem sýndu að leiðin sem við ákváðum að fara til að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði hefði ekki gengið upp. Þá gætum við hugsanlega sest niður og rætt um slík atriði, um svo mikla grundvallarbreytingu og beygju út frá upphaflegum markmiðum. En ekkert slíkt liggur fyrir, frú forseti, og það veldur mér áhyggjum.

Ég tel mikilvægt að lögin verði látin standa óbreytt og ekkert þak sett á. Ég vil jafnan rétt kynjanna til allra starfa í þjóðfélaginu, líka jafnan rétt kynja til hálaunastarfa. Við megum ekki gleyma því að háu launin liggja yfirleitt hjá forstjórum stórra fyrirtækja. Það er ekki eins og þetta sé almennt. Ég tel að ef við höfum ekki fjárhagslegan hvata til þess að þeir aðilar, sem yfirleitt eru karlmenn, fari í fæðingarorlof þá geti það haft ákveðin dómínóáhrif niður eftir stóru fyrirtækjunum, að menn taki ekki almennt fæðingarorlof. Það finnst mér áhyggjuefni vegna þess að þeir sem eru í valdastöðum í þjóðfélaginu eru líka fyrirmyndir. Þeir eru ekki bara fyrirmyndir starfsmanna sinna heldur eru þeir líka fyrirmyndir barnanna. Ég vil ekki að sonur minn alist upp við það, eins og það er núna, að eingöngu karlmenn séu í öllum valdastöðum og skynjun barnanna á valdi sé ávallt tengd körlum. Mér finnst þetta einn punktur í umræðunni sem ég tel að við þurfum að hafa til hliðsjónar. Það verður að vera fjárhagslegur hvati fyrir fyrirmyndir í samfélaginu til að taka fæðingarorlof.

Ég vil, með leyfi forseta, grípa niður í ræðu Páls Péturssonar, þáv. hæstv. félmrh., sem mælti fyrir frv. upphaflega. Hann fjallaði einmitt um þetta þak og hjá honum kom fram að til álita hafi komið að hafa eitthvert hámark. Hann segir orðrétt í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir frv.:

„Mjög kom til álita að hafa hámark á mánaðargreiðslum en það varð þó ekki að ráði. Það þótti líklegt að hærra launaðir mundu þá ekki taka fæðingarorlof og jafnréttismarkmiðum milli kynja yrði síður náð."

Ég spyr, virðulegi forseti, núv. hæstv. félmrh., hvað hefur breyst? Vissu menn ekki af þeim launum sem greidd eru í samfélaginu? Við vissum þegar lögin voru sett að það er launamunur. Ég vil spyrja, hvað hefur breyst í þessu sambandi.

Ég ætla aðeins, með leyfi forseta, að fá að hlaupa á fjölda þeirra sem eru yfir því viðmiði sem hér er lagt til að hafa. Athyglisvert er að skoða hver kynjaskiptingin í þessum stöðum er. Með leyfi forseta ætla ég að vitna í minnihlutaálitið en þar segir orðrétt:

„Á árinu 2003 fóru 195 manns yfir það þak sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði á hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, þar af 178 karlar og 17 konur."

Frú forseti. Ég tel að hlutföllin endurspegli einna helst að við erum alls ekki komin nógu langt í að ná þeim markmiðum sem upphaflega var stefnt að til að hægt sé að setja þak á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Ég held áfram að vitna í minnihlutaálitið:

„Þegar litið er til tekjudreifingar þessa hóps voru 88 karlar og tíu konur með tekjur á bilinu 600–700 þús. kr. árið 2003. Fjörutíu karlar og fjórar konur voru með tekjur á bilinu 700–800 þús. kr. Tvær konur voru með meira en 1 millj. kr. í mánaðartekjur og þrettán karlar."

Virðulegi forseti. Það er augljóst að sparnaður Fæðingarorlofssjóðs af þessu verður ekki mikill. Hann verður um 150 millj. í heild verði frv. að lögum. Eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi eru það aðeins 50–60 millj. kr. sem þetta þak mun spara. Ég vil líka taka undir áhyggjur þeirra sem talað hafa um að verði slíkt þak sett á sé hætta á að það færist neðar. Við höfum séð annað eins gerast, að miðað sé við hvernig menn ætla að spara nú í Fæðingarorlofssjóði. Menn fara beint í að setja þak og hvað gera menn næst þegar á að spara? Þá er mjög líklegt að ætla að menn fari út í að lækka þakið. Ég vil fá a.m.k. einhverja tryggingu fyrir því að svo verði ekki.

Frú forseti. Það er staðreynd að kynbundinn launamunur er til staðar. Ég tel, þó að það sé eingöngu persónulegt mat út frá þeim upplýsingum sem maður hefur í höndunum, að við höfum ekki færst nær þeim markmiðum að minnka þennan launamun frá því að lögin voru sett. Við erum ekki komin nándar nógu langt. Að auki vil ég nefna að konur eru mun færri í stjórnunarstöðum í samfélaginu en karlar. Þær sitja síður í stjórnum fyrirtækja, eru ekki forstjórar í fyrirtækjum og eru ekki í þeim hálaunastörfum sem um ræðir. Þetta tel ég, virðulegi forseti, að verði að laga. Ég vil sjá konur hafa jafnan rétt á þessum störfum og karla. Svo verður ekki ef við setjum þetta þak og okkur fer aftur um þessi fjögur ár hvað möguleika ungra kvenna til hálaunastarfa varðar. Þær standa þá ekki að fullu jafnfætis körlum á vinnumarkaði.

Frú forseti. Eins og ég kom inn á tel ég mikla hættu á að hálaunamenn taki síður fæðingarorlof ef frv. verður að lögum. Þannig munu börn hálaunamanna ekki njóta samvista við báða foreldra sína á fyrstu mánuðum æviskeiðsins. Síðast en ekki síst verða konur enn síður ráðnar í þessar stöður og möguleikar þeirra minnka enn. Mér finnst við stíga stórt skref aftur á bak, fyrir hvað? Fyrir 50–60 millj.? Má ég nefna í því sambandi að fyrir örfáum dögum var lagt fram á þingi frv., svokallaður mjólkursamningur, sem hæstv. landbrh. lét gera. Hann var keyrður í gegn á tveimur vikum. Hvað á hann að kosta? 27 milljarða á næstu átta árum. Ég

tel það ekki 50–60 millj. kr. virði að höggva í þau markmið sem við settum okkur. Við höfum ekki kannað hvaða áhrif þau hafa og höfum ekki gefið okkur nægan tíma til þess að ná markmiðum laganna og höfum ekki séð um hvaða stærðir er að ræða í þessu samhengi.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég 2% sparnað af heildarútgjöldum sjóðsins ekki þess virði, að setja á þak án nokkurra félagslegra rannsókna á afleiðingum fæðingarorlofslaganna réttara sagt. Ég er ekki tilbúin að samþykkja að setja á þak án nokkurra rannsókna á félagslegum afleiðingum þess.

Ég vil benda á að fyrir þinginu liggur jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Í þeirri jafnréttisáætlun er talað um að fara út í rannsóknir. En það sem mér þykir undarlegast er að sú rannsókn á að fara fram eftir að samþykkt hafa verið góð *fæðingarorlofslög en síðan strax dregið úr áhrifum þeirra* ári eftir að þau tóku gildi. Í þessari félagslegu rannsókn um áhrif laga á fæðingar- og foreldraorlof þyrfti að vera sérstök breyta til að skoða hvaða áhrif þetta þak mun þá hafa. Við munum ekki sjá þessa rannsókn verða að veruleika fyrr en eftir 2–3 ár.

Virðulegi forseti. Ég hef það prinsipp í svona málum að við eigum að rannsaka fyrst og gera svo. Það hefur ekki verið gert í þessu tilfelli. Ég er ekki að segja nei við þaki á fæðingarorlof um alla eilífð en ég er ekki tilbúin til að samþykkja þetta þak á fæðingarorlofið án þess að fyrir liggi nægilegar kannanir. Þessi aðferð hefur ekki fengið að njóta vafans, ekki fengið þann tíma og það svigrúm sem við ætluðum henni upphaflega til þess að ná markmiðum sínum. Við erum komin allt of stutt í áttina að markmiðum laganna.

Ég segi enn, sem á við um fleiri mál, að við þurfum að laga margt í vinnubrögðunum á hinu ágæta Alþingi. Það er allt of mikið um að við fáum stjórnarfrumvörp þar sem lagt er persónulegt mat á tiltekna stöðu og engar rannsóknir því til grundvallar. Óbreyttir þingmenn fá þar ekkert í hendurnar nema persónulegt mat til grundvallar lagasetningu. Mér finnst málin ekki nægjanlega skoðuð, ekki síst jafnréttismálin. Ég gagnrýndi það í félmn. í umfjöllun um jafnréttisáætlun hve *lítið er um heildstæða yfirsýn yfir stöðu jafnréttismála* í landinu. Við getum gert fína jafnréttisáætlun og sagt við ráðuneytin: Þetta er flott verkefni sem þú ert í, en menn vita ekki einu sinni hvað þeir eru að gera innbyrðis. Það vantar heildaryfirsýn, rannsóknir og úttekt á sviði jafnréttismála (Gripið fram í.) og fjölskyldumála — vissulega, þetta snýr að því. Ég vil, í tengslum við umræðuna um jafnréttisáætlun sem mér finnst þetta mál tengjast mjög, að það komi fram að heilmargar rannsóknir hafa verið gerðar. Margar af tillögunum frá ráðuneytunum til jafnréttislaga áttu að vera aðgerðir eða úttektir sem áttu þegar að hafa verið gerðar. Nefndin fékk heilmikla gagnrýni í umsögnum sökum þessa.

Ég ætla að ljúka umfjöllun minni um þetta mál, frú forseti. Ég vona sannarlega að menn skoði hug sinn og spyrji sig að því þegar þeir greiða atkvæði um málið hvort það sé 50–60 millj. kr. virði að stefna markmiðum laganna um fæðingarorlof í hættu.

[12:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um málið lýsti ég almennt viðhorfum mínum til þess markmiðs að setja þak á greiðslur miðað við 600 þús. kr. tekjur, þ.e. 480 þús. kr. greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Ég lýsti jafnframt stuðningi við þau *meginmarkmið sem kynnt voru af hæstv. félmrh. þegar mælt* var fyrir málinu. Sú afstaða mín er óbreytt. Ég tel eðlilegt að setja viðmið við tekjur á þessar greiðslur og við höfum auðvitað tekið afstöðu til þess í Frjálslynda flokknum og föllumst á að setja takmörk á upphæðir greiðslna og viðmiðunartölur í því sambandi. Um það er ekki ágreiningur í okkar flokki að eðlilegt sé að setja þessum greiðslum einhver takmörk. Menn geta deilt um það hvaða sparnaður næst út úr þessu en þessi ráðstöfun er alla vega okkur að skapi. Við teljum óeðlilegt að miða við, í þessum réttindum sem tryggja á mönnum laun, verulega háar upphæðir sem hlaupið gætu jafnvel hlaupið á 2 millj. kr., þ.e. að greiða eigi 80% af því.

Ég hef ekki trú á því að þótt þessi takmörkun sé sett sjái fólk sér ekki hag í því, út frá ýmsum ástæðum og m.a. því meginsjónarmiði að fá að vera með barni sínu, að nýta sér þann möguleika sem lögin bjóða upp á þótt greiðslur til þess takmarkist við 480 þús. kr. á mánuði. Það hljóta að teljast þokkalegar greiðslur í þjóðfélagi okkar, að fólk geti átt þær greiðslur vísar og jafnframt notið samvista við fjölskyldu sína og börn.

Ég hef ekki trúa á því að sú aðgerð sem hér er boðuð verði til þess að karlar dragi almennt úr því að taka sér fæðingarorlof. Það er vissulega svo að körlum var færður nýr réttur sem kom til framkvæmda fyrir rúmu ári. Ég tel að það hafi verið gott skref. Ég hef ekki trú á að okkar þjóðfélag breytist þótt þessi takmörk verði sett, að feður færist á nýjan leik frá nýfæddum börnum sínum. Ég held að sá möguleiki sem hér stendur til boða verði fullnýttur. Þjóðfélag okkar hefur verið að breytast á undanförnum árum. Það þykir mikið sjálfsagðara að feður séu heima með nýfæddum börnum. Ég tel að það sé að mörgu leyti ágæt þróun og jákvæð þótt við sem eldri erum höfum aldrei fengið að nota þennan rétt og sá sem hér stendur hafi verið á síldarmiðum norður í höfum þegar börn hans voru að fæðast. Ég frétti kannski af þeim einum og hálfum sólarhring eftir að þau voru fædd. En það er auðvitað liðin tíð.

Ég vona sannarlega að þær breytingar sem hér er verið að gera verði ekki til þess að afturhvarf verði í því að feður nýti sér þennan rétt. Ég hef ekki trú á því. Þjóðfélag okkar er einfaldlega að breytast og þetta eru eðlileg og sjálfsögð viðhorf í nútímaþjóðfélagi að feður nýti sér þennan rétt. Sú niðurstaða að miða við þessar 600 þús. kr. í tekjur sem hámark fyrir greiðslu í fæðingarorlofi er fyllilega réttlætanleg. Hún mun ekki valda þeim straumhvörfum að hér verði veruleg breyting eða hnignun þannig að feður hætti að nýta sér rétt sinn. Svo verður heldur ekki með hálaunakonur. Ég hef heldur ekki trú á því að hálaunaðar konur hætti að nýta sér þennan rétt. Ég tel að fólki sé tryggður ágætiskostur í fæðingarorlofi og í raun betri kostur en fólki stendur almennt til boða, í því sambandi er kannski nærtækast að skoða stöðuna hjá atvinnulausu fólki.

Það er nærtækt að skoða í þessu sambandi stöðu atvinnulausra, í hverju fólk lendir þegar það verður atvinnulaust og fær greiðslur upp á 90 þús. kr., sem nú eru hámarksatvinnuleysisbætur. Það er mikið áhyggjumál og verður vonandi tekið til gaumgæfilegrar skoðunar á næstu missirum og árum hvernig auka má rétt atvinnulausra. Sem betur fer er verið að skoða þau mál. Félmrh. hefur sett á fót nefnd með aðilum vinnumarkaðarins til að skoða atvinnuleysisdagbótaútfærslur með það að markmiði að gera úrbætur í málefnum atvinnulausra. Ég leyfi mér að vonast til að þetta leiði til *betri stöðu þeirra sem lenda í atvinnuleysi, einkum ef fólk*

lendir í því um langan tíma. Ég tek sérstaklega undir að huga þarf vel að því í framtíðinni.

Áhyggjuefnið í þessu er að við erum að taka fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að standa undir því sem hér er lagt til. ASÍ lýsir vel viðhorfum sínum til atvinnuleysis og telur að atvinnuleysi muni því miður ekki minnka eins og stjórnvöld hafa gert ráð fyrir. Þeir telja að fjármagn í Atvinnuleysistryggingasjóði geti rýrnað verulega og meira en gert er ráð fyrir í röksemdum með frv. ASÍ spáir því að eignarstaða sjóðsins fari jafnvel niður fyrir 3,8 milljarða kr. árið 2007. Það væri mikið áhyggjuefni ef það reyndist niðurstaðan.

Það er að ýmsu að hyggja þegar fjallað er um þessi mál en ég er sammála meginefni frv. og við í Frjálslynda flokknum styðjum auðvitað þær brtt. sem við flytjum ásamt öðrum í stjórnarandstöðunni. Við vonumst til að tekið verði fullt tillit til þeirra tillagna við afgreiðslu málsins. Ég tel eðlilegt að líta til launavísitölunnar og setja viðmið á þróun þessara bóta, fæðingarorlofsbótanna. Ég held einnig, varðandi orlofsgreinina, að það þurfi líka að taka tillit til þess. Orlofsrétturinn er misjafn í þjóðfélaginu eftir kjarasamningum stétta. Sumar stéttir fá orlofið sitt greitt sem prósentu á öll laun, fá alltaf orlofið sitt greitt miðað við það að hafa stundað atvinnu. Aðrir hópar eiga orlofsrétt í föstum launum miðað við orlofstökutímabil. Það þarf vitanlega að líta til þess að þetta er réttur sem samið hefur verið um og hann verið lögfestur. Við hljótum að líta til þess að þessi réttur sé öllum tryggður. Ég tel eðlilegt að launþegar allir, hvort sem þeir eru í fæðingarorlofi eða ekki, eigi rétt á orlofslaunum sínum og orlofsrétti óháð fæðingarorlofi.

Þetta er aðalefni málsins sem ég vildi víkja að varðandi viðhorf Frjálsl. Ég vona sannarlega að þær brtt. sem minni hlutinn leggur til og birtast á þskj. 1531 verði samþykktar. Þar af leiðandi gætum við í stjórnarandstöðunni stutt þetta mál. Afstaða okkar til málsins í heild sinni fer að nokkru eftir afgreiðslunni á brtt. sem minni hlutinn leggur til. Það kann að fara svo, ef öllum brtt. okkar er hafnað, að við þurfum að endurmeta afstöðu okkar til þessa máls í heild sinni. Ég er samt enn þeirrar skoðunar að meginefni málsins sé nokkuð sem við getum stutt.

[12:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. segist ekki hafa trú á að menn fresti því að fara í fæðingarorlof þótt bæturnar væru lækkaðar. Mætti ekki lækka þær meira? Mætti ekki lækka þær niður í 400 þús. kr. launaviðmið eða niður í 320 þús. kr. í bætur? Mundi það stoppa menn eða hvar eru mörkin?

Önnur spurning. Í Lífeyrissjóði sjómanna, eins og í öðrum lífeyrissjóðum, fá örorkulífeyrisþegar örorkulífeyri miðað við tekjur án hámarks. Telur hv. þm. ekki koma til greina að setja svipað hámark þar, með nákvæmlega sömu rökum, frú forseti?

[12:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrri spurningin sneri eiginlega að samvisku hvers og eins. Hv. þm. Pétur Blöndal verður að svara því fyrir sig hvort hann tími að fara í fæðingarorlof ef hann yrði svo heppinn að eignast barn. Ég get ekki svarað fyrir hann eða nokkurn annan Íslending. Ég met það hins vegar svo að ekki sé ástæða til þess hjá fólki að hætta við að taka fæðingarorlof þótt þak sé á greiðslum til þeirra. Því verður hver og einn að svara fyrir sig og eiga við samvisku sína.

Varðandi örorkulífeyrinn þá veit ég ekki til þess að einn einasti lífeyrisþegi í Lífeyrissjóði sjómanna komist yfir 600 þús. kr. á mánuði. Mér er ekki kunnugt um það.

[13:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að það kunni að finnast dæmi þess að í Lífeyrissjóði sjómanna sé örorkulífeyrir 480 þús. kr. á mánuði. Til þess liggja til grundvallar um 600–700 þús. kr. mánaðarlaun sem er ekki voðalega sjaldgæft, t.d. hjá togarasjómönnum. Menn þurfa ekki að hafa greitt nema í þrjú ár í sjóðinn af 800–900 þús. kr. tekjum. Verði þeir öryrkjar fá þeir það framreiknað til 67 ára aldurs sem gefur þeim 67% af tekjum, þ.e. um og yfir hálfa milljón.

[13:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er því miður ekki með lögin um Lífeyrissjóð sjómanna fyrir framan mig. Ég hygg þó að í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna hafi fyrir nokkrum árum verið sett inn viðmið varðandi hámarksörorkubætur. Þar að auki var sett inn viðmið í Lífeyrissjóð sjómanna um að örorkulífeyrisþegi fengi mat eftir því hvort hann væri örorkulífeyrisþegi til sjómannsstarfa eða annarra starfa, þ.e. endurmat eftir ákveðinn tíma. Mig minnir að það hafi verið þrjú ár.

Ég hygg að hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem yfirleitt hefur haft miklar áhyggjur af stöðu lífeyrisþega í þessu landi, kannski sérstaklega lífeyrisstöðu sjómanna, sé að vitna til einhvers dæmis sem ekki er raunverulegt. Ég held að hann sé með tilbúið dæmi. Ég vona að hv. þm. leggi þetta dæmi fram í umræðunni um lífeyrissjóðina. Ég hygg að það sé ekki til.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarfræðsla, 879. mál, brtt. 2. minni hluta landbn., þskj. 1787.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, brtt. 2. minni hluta landbn., þskj. 1785.

Umræður utan dagskrár.

Staðan fyrir botni Miðjarðarhafs og viðbrögð íslensku ríkisstjórnarinnar.

[13:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er fátt sem ógnar heimsfriðnum jafnmikið og átökin fyrir botni Miðjarðarhafs. Gróf mannréttindabrot og ofbeldi Ísraelsstjórnar gagnvart íbúum herteknu svæðanna í Palestínu aukast stöðugt. Ísraelsstjórn lætur elta uppi og drepa forustumenn Palestínumanna og hún hefur jafnvel lýst því yfir að til greina komi að drepa Arafat, réttkjörinn forustumann palestínsku þjóðarinnar.

Daglega eru alþjóðalög brotin. Samþykktir öryggisráðs SÞ eru hunsaðar og eindregin tilmæli Evrópusambandsins að engu höfð. Ísraelska ríkisstjórnin heldur Palestínumönnum í helgreipum.

Ofbeldi fæðir alltaf af sér ofbeldi. Illvirkjum Ísraela er svarað með skelfilegum sjálfsmorðsárásum palestínskra ungmenna sem við þessar ömurlegu aðstæður sjá hvorki von né tilgang með lífi sínu. Það er þessi vítahringur sem kyndir

undir vaxandi ólgu um allan hinn arabíska heim. Hann er eldsmaturinn á bálið í Írak, hann leggur stöðugt til nýja liðsmenn hermdarverkasamtaka eins og al Kaída sem jafnvel við Íslendingar höfum þurft að bregðast við með margvíslegum hætti.

Allt gerist þetta í skjóli Bandaríkjastjórnar og Bush forseta. Hann hefur nú hellt olíu á eldinn með því að veita Sharon og Ísraelsstjórn skjól til að ganga enn þá lengra en áður. Í síðasta mánuði lagði hann blessun sína yfir að Ísraelsstjórn innlimaði varanlega helming af vesturbakka Jórdan.

Hluti af þeirri áætlun birtist okkur í skelfilegum fregnum frá Rafa á Gaza-svæðinu þar sem tugir saklausra borgara voru drepnir og hundruð húsa voru jöfnuð við jörðu. Sú árás var svo skelfileg að meira að segja einn ráðherra í sjálfri ríkisstjórn Sharons líkti henni við árásir nasista á heimili foreldra sinna í síðari heimsstyrjöldinni.

Bush Bandaríkjaforseti studdi sömuleiðis ákvörðun Ísraela um að leyfa flóttamönnum ekki að snúa aftur til heimila sinna á herteknu svæðunum. Evrópusambandið, aðalritari SÞ og fjöldi þjóða um allan heim hafa fordæmt óverjanlegan stuðning Bandaríkjanna við landránið. Stefnubreyting Bandaríkjanna, sem sprettur af hreinni hentistefnu til þess að auka líkur á endurkjöri Bush sem forseta, hefur í reynd gert út af við friðarferlið og eytt trúverðugleika Bandaríkjanna sem sáttasemjara í deilunni. Alþjóðasamfélagið þarf þess vegna að finna nýjar leiðir til áherslu á kröfuna um að Ísraelsstjórn stöðvi árásir á Palestínumenn, dragi heri sína til baka frá öllum herteknu svæðunum og setjist að samningaborðinu.

En hvað í ósköpunum getur þá smáríkið Ísland gert?

Við höfum sterk áhrif meðal Norðurlandaþjóðanna. Á tímum aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku léku Norðurlandaþjóðirnar aðalhlutverk þegar þjóðir heims hófu viðskiptaþvinganir gegn Suður-Afríku og mörg ríki heims slitu raunar líka stjórnmálasambandi. Norðurlöndin gegndu líka lykilhlutverki við efnahagslega uppbyggingu í kjölfar þess að apartheid-stjórnin féll.

Það er því þrennt, herra forseti, sem ég tel að við getum gert. Í fyrsta lagi geta Norðurlöndin borið fram formleg mótmæli gegn landráninu nýja, bæði við stjórnir Ísraels og Bandaríkjanna.

Í öðru lagi geta Íslendingar haft frumkvæði að því að Norðurlöndin stórauki efnahagslegan stuðning við uppbygginguna í Palestínu. Íslensk stjórnvöld gætu þar gengið á undan með góðu fordæmi með því að veita rausnarlegan stuðning við uppbyggingu heilsugæslu sjálfboðaliðasamtaka undir stjórn dr. Mustafas Barghouthis sem Íslendingum er að góðu kunnur.

Í þriðja lagi gætu íslensk stjórnvöld líka haft frumkvæði að því að Norðurlöndin og EFTA-ríkin ræddu um það formlega sín á milli hvort það sé tímabært að íhuga efnahagslegar aðgerðir. Það eitt að slíkt vitnaðist hefði fælandi áhrif á Ísraelsstjórn. Slíkt frumkvæði af okkar hálfu mundi vekja mikla athygli á alþjóðavísu. Ég minni á það, herra forseti, að Íslendingar hafa áður tekið djarfhuga forustu eins og varðandi viðurkenningu Eystrasaltsríkjanna.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh.:

Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því að Ísland veiti myndarlegan stuðning við uppbyggingu t.d. heilsugæslu í Palestínu?

Er hann reiðubúinn til þess að hafa forgöngu um formleg mótmæli Norðurlandaþjóðanna við bæði Ísraelsstjórn og Bandaríkin vegna hins nýja landráns?

Er hann reiðubúinn til þess að ræða formlega við Norðurlöndin og EFTA-þjóðirnar um hvort tímabært sé að beita efnahagslegum aðgerðum eins og að ríki dragi sig út úr fríverslunarsamningum við Ísrael?

[13:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Lengi getur vont versnað fyrir botni Miðjarðarhafs og hætt er við að margir örvænti um framtíð friðarferlisins nú í dag. Það virðist afskaplega erfitt að rjúfa vítahring ofbeldisverka við núverandi kringumstæður.

Á undaförnum missirum hafa ísraelsk stjórnvöld beitt yfirburðamætti sínum til að reisa aðskilnaðarmúr á hernumdu landi, taka palestínska leiðtoga af lífi án dóms og laga og nú síðast að ráðast inn í Rafa-flóttamannabúðirnar á Gaza-svæðinu þar sem tugir Palestínumanna hafa fallið og þúsundir misst heimili sín.

Það er að sjálfsögðu ljóst að Ísraelsmenn hafa rétt til sjálfsvarnar samkvæmt alþjóðalögum en að sama skapi eru fyrrnefndar aðgerðir ótvírætt brot á alþjóðalögum og alls ekki fallnar til þess að stuðla að friði og stöðugleika.

Varðandi spurningar hv. þingmanns vil ég taka fram að íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum veitt Palestínumönnum töluverða fjárhagsaðstoð, hvort tveggja tvíhliða, og einnig með milligöngu alþjóðlegra og fjölþjóðlegra samtaka, t.d. SÞ. Þegar rætt er um frekari aðstoð þarf að gera greinarmun á annars vegar tímabundinni neyðaraðstoð og hins vegar langvarandi aðstoð við endurreisn.

Neyðaraðstoð kemur að sjálfsögðu ávallt til greina ef Palestínumenn og alþjóðlegir samstarfsaðilar kalla eftir slíku.

Forsenda aðstoðar við endurreisn hlýtur hins vegar að vera friður og stöðugleiki. Ég hef séð með eigin augum þá eyðileggingu sem hefur átt sér stað á ýmsum mannvirkjum. Íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að leggja meira af mörkum, en það verður að vera með raunhæfum og skilvirkum hætti í samstarfi við stórtækari aðila.

Þegar spurt er sérstaklega um heilsugæslu má geta þess að ég tók í liðinni viku þá ákvörðun að Ísland mundi styðja ályktun 57. ráðsfundar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þar sem aðgerðir Ísraelshers á hernumdu svæðunum voru fordæmdar og lýst áhyggjum yfir áhrifum þeirra á heilbrigðismál Palestínumanna. Í öllum slíkum tilvikum hafa Norðurlöndin samráð sín á milli. Þessi ályktun var samþykkt með atkvæðum 76 ríkja, 36 sátu hjá og sex voru andstæð. Hvort tveggja Norðurlönd og aðildarríki ESB voru klofin í afstöðunni til þessarar ályktunar og t.d. Danmörk og Noregur töldu rétt að sitja hjá. Þetta segi ég sem dæmi um samstarf Norðurlandanna á þessu sviði að því er varðar mótmæli, en þar er ekki alltaf um samstöðu að ræða.

Þess má geta að íslensk stjórnvöld hafa almennt þá afstöðu að ekki sé gagnlegt að færa svæðisbundin deilumál inn á vettvang faglegra samtaka eða stofnana þannig að alþjóðleg samstaða og aðgerðir á sértækum en mikilvægum sviðum verði háðar duttlungum pólitískra deilumála.

Á hinn bóginn var það mat mitt að að þessu sinni væri þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafs með þeim hætti að það væri rétt að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin léti til sín taka.

Að því er varðar hugsanlegar viðskiptaþvinganir og þau atriði sem hv. þm. ræddi hér um er rétt að taka fram að slíkt hefur iðulega borið á góma milli Norðurlandanna. Við teljum að það sé ekki rétt að beita viðskiptaþvingunum gegn Ísrael og það sé ekki til árangurs, þ.e. ef markmiðið er að stuðla að varanlegum friði og stöðugleika fyrir botni Miðjarðarhafs.

Ekkert bendir til þess að önnur Norðurlönd eða ESB íhugi svo róttækar aðgerðir enda líklegt að þessi ríki mundu þá missa öll pólitísk áhrif á framvindu mála.

Hvað varðar hugsanlega uppsögn fríverslunarsamnings EFTA er skemmst frá því að segja að slík aðgerð mundi valda Palestínumönnum mun meiri erfiðleikum en Ísraelsmönnum. Aðgangur og tollafgreiðsla fyrir vörur milli sjálfsstjórnarsvæða Pelstínumanna annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar byggir að mestu á fríverslunarsamningnum við Ísrael og uppsögn mundi að öllum líkindum koma algjörlega í veg fyrir frekari viðskipti miðað við núverandi ástand. Þá koma EFTA-ríkin fram sem ein heild í samningsgerð og hvað varðar viðskiptahagsmuni ríkjanna að mestu leyti. Uppsögn Íslands á einum fríverslunarsamningi á þessu svæði mundi ekki aðeins skaða íslenska útflutningshagsmuni heldur einnig hafa mjög skaðleg áhrif á stöðu okkar innan EFTA. Þetta hefur iðulega verið rætt á vettvangi Norðurlandanna.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þó að stuttur tími sé gefur hún færi á því að drepa aðeins á stöðu mála sem er auðvitað skelfilegri en nokkru sinni fyrr. Er þá langt til jafnað.

Það má líka minna á að það er að verða lítið úr þeirri röksemd og réttlætingu Bandaríkjamanna fyrir Íraksstríðinu að í tengslum við þá aðgerð yrði komið á friði og Bandaríkjamenn mundu beita afli sínu til að stilla til friðar fyrir botni Miðjarðarhafsins. Var okkur ekki m.a. lofað þessu, herra forseti, þegar verið var að réttlæta innrásina í Írak? Jú, ég man ekki betur.

En við sjáum hvernig það er, akkúrat hið gagnstæða er að gerast, Bandaríkjamenn ganga lengra en nokkru sinni í stuðningi við og að veita skjól ofbeldisfullri framgöngu öfgamanna í Ísrael eins og framferði þeirra nú um stundir í flóttamannabúðunum í Rafa og víðar á Gaza-ströndinni m.a. ber með sér. Húsbrot, árásir, dráp, limlestingar á óbreyttum borgurum og þar fram eftir götunum.

Ég tel miklu meira en tímabært að taka til íhugunar sértækar viðskiptaþrýstiaðgerðir. Þær geta verið af mörgum toga og mundu án efa koma við Ísrael og hafa áhrif pólitískt þótt ekki væri nema að sett yrði fjárfestingarbann og bann við sölu vopna og hátæknibúnaðar inn í landið og láta þann þrýsting standa á Bandaríkjamenn sem auðvitað fóðra Ísraela að þessu leyti, bæði peningalega og hvað varðar vopn og búnað til styrjaldarrekstursins.

Ég minni svo á að ég hef ítrekað óskað eftir fundi í utanrmn. Þar liggur óafgreidd tillaga mín og hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins og ég tel tímabært að Alþingi fylgi þeirri hefð sem skapast hefur, að gefa tóninn í þessum efnum. Ég minni á samþykktir Alþingis bæði frá 1989 og 2002. Ég tel rétt að áður en Alþingi lýkur störfum geri það hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum og afgreiði ályktun þar sem framferði Ísraelsmanna er mótmælt.

[13:45]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þingmanns vil ég byrja á að rifja það upp að þann 30. apríl 2002 samþykkti Alþingi þál. um deilur Ísraels og Palestínumanna sem flutt var af utanrmn. Í þessari ályktun var ofbeldi fyrir botni Miðjarðarhafs fordæmt og þess krafist að ofbeldisverkum linnti, öryggi borgara yrði tryggt og mannréttindi virt.

Jafnframt var skorað á Ísraela að draga herlið sitt til baka frá sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna og þess krafist að hafnar yrðu friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra.

Í ályktun sinni lýsti Alþingi því yfir að þjóðum heims bæri að stuðla að því að Ísraels- og Palestínumenn leystu úr ágreiningsefnum sínum á grundvelli alþjóðalaga og samþykkta SÞ.

Öryggisráð SÞ ályktaði enn vegna ástandsins á Gaza-svæðinu þann 19. maí sl. Þar eru m.a. dráp á óbreyttum palestínskum borgurum og eyðilegging heimila fordæmd. Þann sama dag var send út fréttatilkynning frá utanrrn. þar sem utanrrh. fordæmir árásir Ísraelshers á menn og mannvirki á Gaza-svæðinu, einkum dráp og limlestingar á óbreyttum borgurum, þar með talið börnum, og eyðileggingu á heimilum þúsunda Palestínumanna.

Aðgerðir Ísraelsmanna eru ótvírætt brot á alþjóðalögum þar sem Gaza-svæðið er hernumið í andstöðu við ítrekaðar ályktanir öryggisráðs SÞ. Afstaða íslenskra stjórnvalda liggur því skýrt fyrir.

Hæstv. forseti. Það er mjög erfitt fyrir alþjóðasamfélagið að horfa upp á þessa atburði. Saklausir borgarar beggja aðila líða og ekki sér fyrir endann á ofbeldinu. Þjóðir heims verða að taka höndum saman og reyna að tryggja varanlegan frið fyrir botni Miðjarðarhafs.

[13:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ísraelsmenn reisa múra, þeir stunda aftökur á leiðtogum Palestínumanna, hversu umdeildir sem þeir nú annars eru, og hin svokallaða regnbogaaðgerð Ísraelshers í síðustu viku þar sem skriðdrekar og brynvarðar jarðýtur voru send inn í Rafa-flóttamannabúðirnar á Gaza-svæðinu til að skjóta á Palestínufólk, hræða það og drepa, til þess að leggja heimili þess í rúst lýsti ótrúlegri grimmd og mannfyrirlitningu öfgasinnaðra ísraelskra stjórnvalda. Eldflaugum var m.a. skotið á mannfjölda sem hafði ekkert annað til saka unnið en að mótmæla þessum árásum á fjölskyldur sínar og heimili. Tíu manns féllu í valinn fyrir hermönnum Ísraels sem kunnu engin önnur ráð gegn vopnlausum mannfjölda en að skjóta á hann eldflaugum úr öruggri fjarlægð. Talið er að Ísraelsmenn hafi myrt 50 óbreytta borgara á örfáum dögum. Þessi aðgerð var og er af mörgum talin hreinn og klár stríðsglæpur.

Hvers vegna frömdu ísraelsk stjórnvöld þessi voðaverk? Jú, sú ástæða var gefin að ísraelsk stjórnvöld grunaði að verið væri að smygla vopnum frá Egyptalandi til skæruliða á Gaza-svæðinu.

Þegar fréttir berast af svona hryllilegum illvirkjum þar sem menn þykjast vera að bregðast við gegn hryðjuverkum hlýtur maður að staldra við. Það er nefnilega þannig að tvennt þarf til að hindra hryðjuverk, það þarf að hindra það að hryðjuverkamenn geti framið voðaverk sín en það verður líka að forðast að skapa umhverfi sem býr til hryðjuverkamenn. Það er mikil þversögn í því að íslensk stjórnvöld skuli ekki gera neitt þegar Ísraelsmenn fremja hryðjuverk og skapa umhverfi sem býr til hryðjuverkamenn á sama tíma og þessi sömu íslensku stjórnvöld gangast undir það að styðja innrás í heilt ríki einmitt undir því yfirskini að verið sé að berjast gegn hryðjuverkum.

Í þessu er falin mikil þversögn.

Það er svo sem ekkert nýtt að maður heyri þversagnakenndan málflutning hjá framsóknarmönnum á þessum síðustu og verstu tímum. Lengi getur vont versnað.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Árið er 1948. Tólf ára drengur flýr þorp í Palestínu eftir grimmilega árás þar sem foreldrar og systkini létu lífið. Á flóttanum hittir hann frænku og jafnöldru með sömu bitru reynslu úr heimkynnum sínum. Saman halda þau út í óvissuna og hafna í Beirút.

Það er dóttir þeirra, sjálf orðin foreldri, sem fylgir hópi 40 Íslendinga um flóttamannabúðirnar í Shattila í Beirút nú um páskana, Shattila-búðirnar, sem kristnir falangistar réðust inn í árið 1982 til að sækja hermdarverkamenn en drápu konur, börn og gamalmenni á hrottafenginn hátt þegar engir slíkir fundust. Dóttirin fer með okkur á grasvöllinn handan búðanna þar sem stórvirkar vinnuvélar Ísraela tóku fjöldagröfina sem fórnarlömbunum var mokað ofan í. Hún man þessa nótt en segir þó frá á látlausan hátt.

Í Shattila-búðunum blasti við okkur líf fólks án framtíðar. SÞ leigja landið af ríkum landeigendum. Flóttafólkið er óvelkomið í Líbanon og hefur engin borgaraleg réttindi. Vinnu er aðeins að hafa ef enginn annar fæst til að vinna hana. Þau tilheyra engri þjóð, hafa ekki vegabréf og geta því ekkert farið. Þriðja kynslóðin, falleg brosandi börn, er að vaxa upp í búðunum án þeirra möguleika sem jafnaldrar þeirra í frjálsum löndum eiga.

„Munuð þið segja frá okkur," spyr dóttirin, „reyna að hjálpa okkur — eða verðum við bara minning úr ferðalagi?"

Við erum öll djúpt snortin og mér er ljóst á þessari stundu, virðulegi forseti, að arabaþjóðir munu aldrei ganga að friðarskilmálum sem tryggja ekki nýtt líf og þjóðerni fyrir flóttafólk í Miðausturlöndum.

[13:51]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Eins og fyrri daginn verður ekki séð hvernig mögulegt er að rjúfa vítahring ofbeldisverka og koma á nokkuð eðlilegu ástandi í málefnum Ísraels og Palestínu. Þvert á móti virðast logarnir í ófriðarbálinu aukast. Það hefur verið ógnvænlegt að fylgjast með þeim atburðum sem verða nánast daglega á þessu svæði. Framferði Ísraelsmanna gagnvart palestínsku þjóðinni, leiðtogum þeirra og almenningi hefur fyrir löngu misboðið heimsbyggðinni. Sama má segja um aðgerðir sem Palestínumenn hafa haft uppi gagnvart Ísraelsmönnum.

Alþjóðasamfélagið hefur ítrekað beitt sér fyrir lausn á málum og íslensk stjórnvöld og Alþingi hafa margoft komið sjónarmiðum sínum á framfæri gagnvart þessum aðilum. Allt hnígur að því að beita deiluaðila þrýstingi til þess að ná saman um framtíðarlausn á sambúðarvanda þessara þjóða. Sú afstaða okkar hefur komið fram, og er óbreytt, að varanleg lausn felist í því að öryggi Ísraelsríkis verði best tryggt innan vopnahléslínunnar frá 1949 og að stofnað verði sjálfstætt ríki Palestínumanna.

Við núverandi aðstæður gæti sú forsenda virst öfugmæli að Ísraelsmenn telji sig örugga innan eigin landamæra en um leið verður að tryggja efnahagslegan grundvöll ríkis Palestínumanna og samfélag þjóðanna verður að hlaupa undir bagga með þeim um leið og aðstæður leyfa. Það er ljóst að það óréttlæti og ofbeldi sem á sér stað verður ekki afnumið með endurteknu og auknu óréttlæti og ofbeldi. Þvingaður friður getur vart orðið varanlegur.

Eftir stendur að nágrannaríki þessara þjóða og alþjóðasamfélagið í heild bera mikla ábyrgð og þessir aðilar verða áfram að beita sér fyrir lausn mála. Sem fyrr er það skoðun mín að þar leiki Bandaríkjamenn lykilhlutverk. Þeim ber að beita sér heiðarlega og af alefli fyrir lausn mála á svæðinu og standa þannig undir þeirri miklu ábyrgð sem þeir bera.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. hefur fordæmt ofbeldi Ísraela gegn Palestínumönnum og er það vel. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst rangt að tala nánast í sama orðinu um kynþáttamúrinn og rétt Ísraela til sjálfsvarnar.

Spurningin sem við nú stöndum frammi fyrir er hvað Íslendingar geti gert til að stöðva ofbeldið sem Palestínumenn eru beittir. Ég hef hreyft þeirri hugmynd og leitað álits félagsins Ísland – Palestína hvort ráð væri að Ísland *sliti* stjórnmálasambandi við Ísrael. Í mjög athyglisverðu svari félagsins, sem birtist á heimasíðu minni, segir að ofbeldið verði ekki stöðvað með því einu að fordæma það, heldur ekki með því að höfða til betri vitundar eða samvisku ísraelsku herforingjanna. Félagið kemst að þeirri niðurstöðu að nú eigi að segja upp viðskiptasamningum Íslands og EFTA við Ísrael og skora á Evrópusambandið að gera slíkt hið sama.

Í niðurlagi svars félagsins Ísland – Palestína við fyrrgreindri fyrirspurn segir m.a., með leyfi forseta:

„Á meðan stjórnarherrar í Ísrael sýna enga viðleitni til að fara að alþjóðalögum, og virða ályktanir öryggisráðsins að vettugi, þá þjónar það engum tilgangi að eiga í stjórnmálatengslum við landið. Það hefði á hinn bóginn heilmikinn tilgang að slíta slíku stjórnmálasambandi, því að þannig væri mjög alvarlegum skilaboðum komið áleiðis til Ísraelsstjórnar."

Loks segir:

„Þótt Ísland teljist ekki til voldugra ríkja heimsins þá geta siðferðileg áhrif okkar verið mikil í þessu sambandi. Eftir því yrði tekið í Ísrael og um allan heim ef eitt af elstu vinaríkjum Ísraels segði: Nei, nú er komið nóg."

[13:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs er grafalvarlegt og því miður er fátt sem bendir til breytinga á því. Mannvíg, sjálfsmorðssprengjuárásir og brot á mannréttindum eru ekki leið til lausnar á þessu hræðilega ástandi. Engin leið önnur kemur til greina en að leita pólitískra og diplómatískra lausna.

Mjög oft hafa menn talið að lausn væri í nánd. Nefna má friðarsamkomulag Egypta og Ísraelsmanna árið 1979, viðurkenningu PLO á Ísrael árið 1988, sem leiddi til beinna samningaviðræðna, Óslóarsamkomulagið hið fyrra árið 1993 og hið síðara árið 1995. Ekkert bar þann árangur sem við höfðum auðvitað öll vonað og heimsbyggðin hafði vænst.

Sú algjöra tortryggni og hið fullkomna hatur sem þarna ríkir leyfir ekki að friður komist á. Friðarvegvísirinn á árinu 2002 vakti enn vonir um að stuðla mætti að friði fyrir botni Miðjarðarhafs. Þessi mikla friðaráætlun fól í sér ítrekaða viðurkenningu á Palestínuríki og var studd af Evrópusambandinu, Bandaríkjunum, Rússlandi og SÞ. Þetta var mikilvægur áfangi á friðarferli sem menn höfðu vonað að

bæri árangur. Því miður er þessi áætlun nú algjörlega runnin út í sandinn.

Ísraelar hafa ráðið Gaza-svæðinu og umtalsverðum hluta Vesturbakkans frá lokum sex daga stríðsins árið 1967. Samkvæmt friðarferlinu, friðarvegvísinum sem nú er í tætlum, var gert ráð fyrir stofnun bráðabirgðaríkis Palestínu á þessu svæði strax á næsta ári þótt ætlunin hafi verið að ljúka samningum um landamærin síðar.

Aðalatriðið nú er að menn reyni að nýju að vekja upp friðarvegvísinn. Forsendan er auðvitað gagnkvæm viðurkenning deiluaðila, annars vegar Ísraela á sjálfstæðu ríki Palestínumanna og hins vegar á viðurkenningu Palestínumanna, þar með talið hryðjuverkasamtakanna Hamas, á tilveru Ísraelsríkis. Á meðan slíkt liggur ekki fyrir verða reistir múrar og ofstæki ríkir. Við eigum eins og jafnan að leggjast á árar með friðelskandi þjóðum og knýja á um friðsæla, pólitíska og diplómatíska lausn.

[13:57]

Mörður Árnason:

Forseti. Við Íslendingar berum á okkar hátt ábyrgð á því sem fram fer í landinu helga. Við gerum það þótt ekki sé nema vegna þess að við stóðum sjálf, nýfrjáls þjóð árið 1944, að því árið 1948 að Ísraelsríki varð stofnað með þátttöku okkar í atkvæðagreiðslunni á þingi SÞ 19. nóvember 1947. Við erum í margs konar tengslum og viðskiptum við Ísraelsríki og við höfum einnig margvísleg tengsl og erum bandamenn þeirra ríkja sem helst geta haft áhrif á gang mála suður þar.

Vandamálið er flókið og við eigum ekki að draga úr því í þessari umræðu. Ábyrgðin er margs kyns og auðvitað þurfa Palestínumenn að skoða í eigin barm þegar þeir líta yfir alla þessa sögu. Þó er eitt ljóst og það er að voldugasta ríki heims og forustumenn þar, forseti Bandaríkjanna og forustumenn á Bandaríkjaþingi, hafa í höndum sér þann lykil sem einn gengur að upphafi á lausn fyrir botni Miðjarðarhafs. Það er sorglegt að forseti Bandaríkjanna skuli nú hafa breytt um stefnu frá því sem forverar hans tveir, Clinton og Bush eldri, höfðu gagnvart þessum málum. Það er líka sorglegt að sú stefnubreyting skuli eiga sér uppruna í þeirri kreddukenningu gagnvart Miðausturlöndum sem fram kemur í Íraksstríðinu. Og það er enn þá sorglegra að við skulum með ákvörðun forustumanna okkar tveggja sem hér sitja mér á hægri hönd hafa stutt það stríð.

Það sem við eigum nú að leggja til málanna, auk okkar eigin aðgerða, er að breyta sjálf um stefnu gagnvart þessu, standa í lappirnar og segja Bush Bandaríkjaforseta og Bandaríkjamönnum að við séum ósátt við þetta og draga þá til ábyrgðar fyrir því sem nú er að gerast þar suður.

[14:00]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Það virðist erfitt að rjúfa þann vítahring ofbeldisverka sem einkennir alla framvindu mála við botn Miðjarðarhafs. Innan raða beggja deiluaðila er að finna menn sem hafa boðorðið um auga fyrir auga og tönn fyrir tönn í heiðri. Á meðan hófsamari öfl meðal Palestínumanna og Ísraelsmanna ná ekki að setja öfgaöflunum stólinn fyrir dyrnar virðist þróunin sífellt horfa á verri veg. Því fylgir mikil vanmáttartilfinning að fylgjast með getuleysi alþjóðasamfélagsins til þess að stuðla að raunverulegri friðarþróun í þessum heimshluta.

Á undanförnum missirum hafa ísraelsk stjórnvöld beitt yfirburðamætti sínum til að reisa aðskilnaðarmúr á hernumdu landi, taka palestínska leiðtoga af lífi án dóms og laga og nú síðast til að ráðast inn í Rafa-flóttamannabúðirnar á Gaza-svæðinu þar sem tugir Palestínumanna hafa fallið og þúsundir misst heimili sín. Ljóst er að aðgerðir Ísraelsmanna eru ótvírætt brot á alþjóðalögum og alls ekki til þess fallnar að stuðla að friði og stöðugleika.

Íslensk stjórnvöld hafa á vettvangi allsherjarþings SÞ gagnrýnt byggingu aðskilnaðarmúrsins á hernumdu landi og þau hafa fordæmt aftökur án dóms og laga og árásir á flóttamannabúðir. Afstaða íslenskra stjórnvalda er í grundvallaratriðum óbreytt.

Eins og hæstv. utanrrh. sagði í máli sínu munu íslensk stjórnvöld áfram leggja sitt af mörkum til að leggja lóð á vogarskálar varanlegs friðar milli Ísraels- og Palestínumanna. Undir stjórn hæstv. utanrrh. hafa íslensk stjórnvöld nú tekið eindregnari afstöðu í fordæmingu sinni til aðgerða Ísraelsmanna en mörg hinna Norðurlanda. Ég fagna þeirri afstöðu.

[14:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram um stöðuna í þessum heimshluta.

Ég tel að staðan núna sé gjörbreytt. Á tímum Reagan-stjórnarinnar lýsti Arafat því í raun yfir að engin lausn væri í sjónmáli nema sú sem viðurkenndi tilvist Ísraelsríkis. Á móti kom í reynd viðurkenning Reagan-stjórnarinnar á Palestínu sem sérstöku ríki. Þá litu menn eðlilega, eins og hv. þm. Magnús Stefánsson benti hér á áðan, til Bandaríkjanna sem hins eina aðila sem gæti samið sátt.

Nú er sá möguleiki ekki lengur fyrir hendi vegna þess að Bandaríkin hafa tekið mjög einhliða og eindregna afstöðu með Ísraelsstjórn varðandi áætlun hennar um að innlima helming Vesturbakkans. Með öðrum orðum er í fyrsta skipti komin upp sú staða að Bandaríkjastjórn styður það að landamærin séu dregin upp á nýtt út frá niðurstöðum stríðsins 1967. Þetta þýðir að þjóðir heims verða með einhverjum hætti að finna nýjar leiðir.

Við Íslendingar, þó að við séum smáþjóð, getum ekki skorast undan ábyrgð. Við eigum efnahagslega samninga við Ísrael, við höfum stjórnmálasamband við Ísrael og við höfum rödd á alþjóðavettvangi. Ég tel að við þessar aðstæður beri okkur a.m.k. skylda til þess að ræða þann möguleika hvort það sé hugsanlegt að sú staða sé nú komin upp að við eigum að beita þeim fælingarmætti í samráði við önnur ríki Norðurlanda sem felst í því að hóta slitum á stjórnmálasambandi.

Sömuleiðis fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. utanrrh. að hann útilokar í reynd ekki að beita einhvers konar efnahagslegum aðgerðum. Hæstv. ráðherra sagði að það væri skoðun hans og Norðurlandaþjóða að það dygði ekki vegna þess að það mundi hafa áhrif líka á stöðu Palestínumanna og velferð þeirra. Þetta þýðir að hæstv. utanrrh. útilokar ekki beitingu efnahagslegra refsiaðgerða ef það er hægt að koma þeim þannig fyrir að þær beinist einungis að Ísraelsmönnum en ekki Palestínumönnum sjálfum. Það er það sem við þurfum að kanna núna.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel ekki að efnahagsþvinganir séu það úrræði sem dugi í þessum

málum. Þó að ég ætli ekki að fara að gerast talsmaður sjónarmiða Bandaríkjanna á nokkurn hátt finnst mér samt að ekki megi oftúlka þau, eins og mér hefur fundist vera hér, því að það kom skýrt fram í orðum Bandaríkjaforseta í kjölfar nýlegs fundar með forsætisráðherra Ísraels um framtíðarlandamæri Ísraels og Palestínu að þau ættu að ákvarðast í samningaviðræðum deiluaðila.

Að okkar mati, íslenskra stjórnvalda, leikur enginn vafi á því að hernám Ísraela á Gaza-svæðinu, Vesturbakkanum og Austur-Jerúsalem er í trássi við alþjóðalög og að mínu mati er það sú stefna sem við verðum að fylgja. Það er þó rétt að taka það fram að Bandaríkjaforseti tók það skýrt fram að þessi landamæri ættu að ákvarðast á grundvelli samninga.

Eitt merkilegt hefur gerst í Ísrael sem segir meira en mörg orð, 150 þús. manns söfnuðust saman í Tel Aviv til að krefjast friðar á sama tíma og Ísraelsher réðst inn í Rafa-flóttamannabúðirnar. Það má ekki gleyma því að friðarhreyfingin í Ísrael hopaði í byrjun þessa áratugar vegna andstyggðar almennings á mannskæðum hryðjuverkum Palestínumanna. Vilji Ísraelsmanna til málamiðlana getur á næstunni vaxið í réttu hlutfalli við vilja og getu palestínsku sjálfsstjórnarinnar til að hafa hemil á öfgahópunum. Það er rétt að hafa þetta í huga.

Ég vil að lokum þakka þessa málefnalegu umræðu og þakka hv. frummælanda fyrir að taka þetta mál hér upp.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 966. mál (meðlög, EES-reglur). — Þskj. 1485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjarnB, GHj, GÞÞ, GÖrl, HHj, JBjart, MÁ, SAÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1790).

Uppfinningar starfsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 313. mál. — Þskj. 1732, brtt. 1737.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Brtt. 1737 samþ. með 58 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1791).

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, fjárfestingar o.fl.). — Þskj. 1735, brtt. 1739.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Brtt. 1739 samþ. með 59 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1792).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. félmn., 967. mál (einsetning grunnskólans). — Þskj. 1486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1793).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 750. mál (dótturfélög sparisjóða, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1121, nál. 1493, brtt. 1541.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1493 (ný 2. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Strax við 1. umr. gerði ég athugasemdir við þessa grein og taldi að heldur væri harkalega farið að mönnum í atvinnulífinu.

Við umræður og reifun málsins í efh.- og viðskn. kom að auki fram hjá skattrannsóknarstjóra að einungis tveimur sinnum á 11 árum hefði þurft atbeina lögreglu til að færa menn til rannsóknar. Mér finnst það ekki vera tilefni til þess að heimild til slíks sé beinlínis sett í lög.

Í þriðja lagi, herra forseti, liggur hér fyrir brtt. sem er allt of loðin og losaraleg og gerir framkvæmd þessa ákvæðis mjög óskýra. Þess vegna mun Samf. sitja hjá bæði við brtt. og síðan við tillögugreinina.

3. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1541 felld með 32:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 734. mál (EES-reglur, gildissvið). — Þskj. 1090, nál. 1610, brtt. 1611 og 1738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Brtt. 1611,1 samþ. með 59 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1611,2 (2.–4. gr. falli brott) samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1738,1 (ný 5. gr., verður 2. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1611,3 samþ. með 59 shlj. atkv.

6. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

7. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1611,4 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1738,2 samþ. með 59 shlj. atkv.

8. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1611,5 samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1738,3 samþ. með 58 shlj. atkv.

9. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1611,6 samþ. með 59 shlj. atkv.

10. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

11.–12. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1738,4 samþ. með 59 shlj. atkv.

13. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

14.–17. gr. (verða 11.–14. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1611,7 samþ. með 59 shlj. atkv.

18. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

19. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1611,8 samþ. með 59 shlj. atkv.

20. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv.

21.–22. gr. (verða 18.–19. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 785. mál (íbúðabréf). — Þskj. 1196, nál. 1527 og 1548, brtt. 1528 og 1533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Minni hlutinn er jákvæður gagnvart þeirri kerfisbreytingu sem felst í frv. en gagnrýnir að ekki hafi gefist meiri tími til að fara yfir ýmis óvissuatriði varðandi framkvæmdirnar, bæði sem snúa að kjörum lántakenda, mati á vaxtaáhættu sjóðsins og áhrifum á lána- og peningamarkaðinn. Mikil óvissa ríkir líka um hvaða áhrif þessar breytingar hafa á lánskjörin, t.d. ýmis viðbótargjöld sem lögð verða á lántakendur, eins og heimild til stórfelldrar gjaldtöku vegna uppgreiðsluákvæðis í 12. gr. frv.

Minni hlutinn mun styðja þau ákvæði frv. sem eru til bóta, greiða atkvæði gegn uppgreiðsluákvæði 12. gr. en vísa að öðru leyti ábyrgðinni á framkvæmdinni til stjórnar meiri hlutans. [14:22]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þegar á heildina er litið styðjum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þær kerfisbreytingar sem felast í frv. Hins vegar tökum við undir varnaðarorð frá verkalýðshreyfingunni, frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB, varðandi ýmis ákvæði frv. og vísum þar sérstaklega

í 12. gr. varðandi uppgreiðslu. Síðan eru ýmsar greinar í frv. sem orka tvímælis. Ég vek t.d. athygli á brtt. meiri hlutans sem felur það í sér að haldið verði inni þvingu í lögunum til að Íbúðalánasjóður færi verkefni út fyrir dyr sjóðsins. Þetta er væntanlega komið frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja sem nú gera mjög harða hríð að þessum þætti íslenska velferðarkerfisins með ósvífinni kæru til ESA um að hann standist ekki heilaga ritningu Evrópusambandsins.

[14:24]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég tel hér vera um að ræða mjög góða breytingu og þróun í rétta átt. Ég vil að gefnu tilefni, þar sem það hefur oft komið fram í umræðunni að hér sé um að ræða brtt. frá meiri hlutanum sem komi frá samtökum úti í bæ, nánar tiltekið frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, taka fram að það stenst ekki skoðun og er einfaldlega ekki rétt.

Sú breyting sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði til er mjög lítil breyting frá núverandi lögum, eykur í raun sveigjanleika Íbúðalánasjóðs frá því sem nú er. (**Gripið fram í:** Er þetta andsvar?)

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna hv. þingmenn á að efnisumræðu um málið er lokið.)

1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

4. gr., a-liður, samþ. með 57 shlj. atkv.

4. gr., b-liður, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart, KHG) fjarstaddir.

Brtt. 1528,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Brtt. 1533 felld með 32:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hér eru greidd atkvæði um brtt. frá þingmönnum Samf. um að allir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð fái 90% lán en ekki aðeins þeir sem uppfylla tekjutengd skilyrði til að fá viðbótarlán. Hér er stigið lítið skref til að koma á 90% húsnæðislánum sem var eitt meginloforð framsóknarmanna fyrir síðustu kosningar. Framsóknarmenn lofuðu að frv. um 90% lán yrði lagt fram við upphaf þessa þings. Enn bólar ekkert á því frv. Á það reynir nú hvort þingmenn Framsfl. meintu eitthvað með því sem þeir sögðu um þetta mál fyrir kosningar.

[14:28]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þann augljósa stuðning sem stjórnarandstaðan sýnir þeirri ætlan ríkisstjórnarinnar að koma hér á 90% húsnæðislánum fyrir alla landsmenn, vegna húsnæðis upp að ákveðnu verðgildi. Hins vegar vita þingmenn það eins vel og sá er hér stendur að mál þetta er til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA og þangað til niðurstaða liggur þar fyrir er ekki tímabært að taka málið hér upp. Ég segi því nei. (**Gripið fram í:** Af hverju siturðu ekki hjá?) (Gripið fram í.)

9. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

Brtt. 1528,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

10. gr., 1. og 2. efnismgr., svo breyttar, samþ. með 59 shlj. atkv.

10. gr., 3. efnismgr., samþ. með 32:27 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

10. gr., 4. efnismgr., samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JóhS, JBjart) fjarstaddir.

12. gr., fyrri efnismgr., samþ. með 56 shlj. atkv.

12. gr., síðari efnismgr., samþ. með 32:27 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

13.–15. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.

17.–18. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

19.–21. gr. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

22. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Brtt. 1528,3 samþ. með 59 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart, LB) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II–III samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (ArnbS, ÁRJ, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 829. mál (ÍLS-veðbréf). — Þskj. 1270, nál. 1474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
9.–10. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 58 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1769, 1772, 1779, 1780, 1785 og 1787. — Afbrigði samþ. með 58 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 1004. mál. — Þskj. 1769.

[14:35]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Allshn. hefur fjallað um þær 38 umsóknir sem þinginu bárust á síðari hluta þessa löggjafarþings. Nefndin leggur til að þeim 26 einstaklingum sem taldir eru upp í 1. gr. frv. verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. allshn., 1002. mál (rof á reynslulausn). — Þskj. 1758.

[14:36]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem lagt er fram af allshn.

Frv. þetta hefur verið unnið í dómsmrn. og er byggt á drögum sem þeir Jónatan Þórmundsson og Róbert Spanó lögðu fram. Einhugur var í allshn. um að leggja þetta mál fram á þinginu og í stuttu máli fjallar frv. um það að að kröfu ákæranda geti dómstóll úrskurðað að maður sem hlotið hefur reynslulausn skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðar tiltekið lágmark sem tilgreint er í frv.

Ég vek athygli á að frv. fylgir mjög ítarleg greinargerð þar sem farið er yfir öll þau sjónarmið sem liggja málinu til grundvallar og ég mælist eindregið til þess að það fái hraða og örugga afgreiðslu á þinginu.

[14:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég fagna framkomnu máli varðandi breytingu á almennum hegningarlögum. Þetta er mál sem allshn. flytur í heild sinni og ég held að hér sé á ferðinni afskaplega jákvætt mál. Það er að sjálfsögðu ekkert launungarmál að hreyfing komst á það eftir tiltekinn hörmungaratburð sem átti sér stað fyrri hluta þessa árs.

Ég tók þetta mál upp í upphafi þingfundar þann 6. apríl og ég taldi að þingið þyrfti að bregðast hratt við í ljósi þess galla sem ég taldi vera á lögunum. Ég sagði einnig að Samf. væri tilbúin til að liðka fyrir málinu svo hægt væri að bregðast við en við teljum að til þurfi að vera fljótvirk leið til að bregðast við þegar menn brjóta reynslulausn. Þess vegna fagna ég innilega framkomnu máli og skjótum viðbrögðum hlutaðeigandi aðila.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 856. mál (sameining sveitarfélaga, nefndir, ábyrgðir o.fl.). — Þskj. 1736, brtt. 1741.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
Brtt. 1741 samþ. með 56 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, GAK, GÞÞ, HHj, JÁ, JBjart, LB, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1796).

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 855. mál (hámarksgreiðslur, fjármögnun o.fl.). — Þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531.

[14:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar við kvöddum þessa umræðu fyrir matarhlé hafði hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson talað nokkuð gott mál þar sem hann lýsti stuðningi við meginefni þeirra laga sem við erum að breyta. Það gladdi mig óneitanlega að hv. þm. skyldi með þessum hætti taka til máls um frv. vegna þess að það eru ekki giska margar stundir síðan annar hv. þm. Frjálsl., Gunnar Örn Örlygsson, lýsti því yfir, að því

er mér skildist, að hann væri andsnúinn meginefni laganna. Ég var algerlega á móti því viðhorfi hv. þm. Gunnars Arnar Örlygssonar og vænti þess að hann komi í umræðuna til að skýra þau viðhorf. Ég tel fullkomlega eðlilegt að hv. þm. hafi þær skoðanir sem hann lýsti. Ég er þeim einfaldlega algerlega ósammála og hefði talið eftir atvikum það vera gott ef hv. þm. Frjálsl. kæmi og skýrði betur með hvaða hætti hann vildi færa rök að þeirri sérkennilegu skoðun sem ég tel úrelta og afdankaða og alls ekki í takt við tímann. Sem betur fer hefur það komið í ljós að viðhorf hv. þm. eru heldur ekki í takt við viðhorf Frjálsl. sem gleður mig óumræðilega vegna þess að ég er einn af hinum leynilegu aðdáendum þess flokks þó að ég hafi ekki séð mér fært að styðja hann frekar en ég hef stundum gert í umræðum.

Um þetta mál vildi ég segja, herra forseti, að ég tel að þessi löggjöf sé ein af merkilegri löggjöfum sem við höfum tekið þátt í að samþykkja á síðustu árum. Eins og gengur þarf stundum að fara höndum um nýja löggjöf þegar reynslan er á hana komin og sníða af henni einhverja skavanka.

Það er aðallega tvennt sem veldur deilum um það frv. sem liggur fyrir. Í fyrsta lagi sú staðreynd að það fjármagn sem skortir til að standa undir kostnaði af lögunum á að taka úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég get ekki annað en andmælt því. Ég held að ekki sé vanþörf á því að sá ágæti sjóður sé vel búinn á næstu missirum og árum. Þrátt fyrir þá velsæld sem hefur einkennt íslenskt samfélag um árabil og þrátt fyrir þær spár sem liggja fyrir um áframhaldandi góðan hagvöxt, þá stöndum við samt frammi fyrir þeirri sérkennilegu stöðu Íslendingar að þrátt fyrir hagvöxt og hagvaxtarspár virðist sem við munum áfram búa við tiltölulega mikið atvinnuleysi. Þær spár sem hæstv. ríkisstjórn lét frá sér fara fyrst við síðustu kosningarnar og síðan aftur í haust hafa alls ekki gengið eftir. Því var spáð að atvinnuleysi ætti að minnka en það hefur ekki gerst. Við höfum þvert á móti séð að atvinnuleysi er fast í kringum 3%. Þetta kallar auðvitað á töluverð útgjöld af hálfu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sömuleiðis kemur í ljós, því miður, í þeim tölum sem hafa gengið frá opinberum stofnunum að það er ekki síst ungt fólk sem virðist vera í vaxandi mæli atvinnulaust og flokkast undir það sem kalla má langtímaatvinnuleysi. Við því þarf að bregðast með ákveðnum hætti. Hægt er að bregðast við því með endurhæfingu og þjálfun til að gera menn færari til að takast á við vinnumarkaðinn og í tilviki ungs fólks hefur reynslan sýnt að það gengur miklu betur. Til þess þarf auðvitað fjármagn þannig að ég held að það sé ekki góð leið að fara þannig að málum að tekið sé fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hins vegar tel ég að upphæðin sem hér liggur undir, 150 milljónir, sé ekki þess eðlis að um það verði miklar deilur, það verð ég að segja.

Hitt atriðið sem menn hafa einkum fett fingur út í, t.d. hv. þm. Katrín Júlíusdóttir í sinni ágætu ræðu fyrr í dag og reyndar fleiri, er að verið er að setja þak á þær greiðslur sem fólk getur fengið sem tekur fæðingarorlof. Þakið á að vera við 600 þús. kr. sem þýðir að greiðslurnar verða í reynd að hámarki 480 þús.

Herra forseti. Vissulega er hægt að færa sterk rök fyrir því að setja þak á hámarksgreiðslur. Það hlýtur að orka tvímælis að greiða fast að 2 millj. kr. á mánuði eins og dæmi eru um. Þegar ég háði kosningabaráttu fyrir síðustu kosningar var það sláandi að á öllum fundum eða mjög mörgum almennum kosningafundum var spurt út í þetta atriði og greinilegt var að margir voru þeirrar skoðunar að það væri a.m.k. álitamál hvort ekki ætti að setja með einhverjum hætti þak á greiðslurnar. Á móti hefur verið teflt að ég hygg töluvert sterkum rökum líka eins og ég hjó eftir í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. Hún benti á að ef farin væri þessi leið væri sú hætta fyrir hendi að feður, sérstaklega hálaunafeður, mundu ekki nýta sér þennan rétt sem þarna er gefinn og það yrði hugsanlega til þess að skerða möguleika kvenna á vinnumarkaði og sér í lagi draga úr líkum á sams konar starfsframa þeirra og karla. Ástæðan er eðlilega sú að fyrirtækin kynnu að freistast til þess þegar fólk er ráðið að velja eftir því hver er líklegastur til að hverfa tímabundið frá störfum til að notfæra sér þennan rétt. Þetta er eitt af því sem menn auðvitað hljóta að vega saman, þessi tvenns konar rök þegar farið er í umræðu og lagabreytingar af þessu tagi.

Ég kom hér ekki, herra forseti, aðallega til að ræða efnislega um frv. því ég verð að gera þá játningu að ég hef ekki lagst í mikla rannsókn á því og þekki það ekki út í hörgul. Ég vil hins vegar í örstuttu máli greina frá þeirri skoðun minni að ég tel að Íslendingum hafi á síðustu árum, síðasta áratug, hugsanlega tveimur áratugum, tekist ákaflega vel að búa til samfélag sem auðveldar fólki að eiga börn. Ég hef orðað það svo að Íslendingar hafi sett öðrum þjóðum fordæmi að því er varðar skynsamlegar opinberar fjárfestingar í frjósemi. Ef við horfum aðeins aftur í tímann blasti við sú staðreynd að Norðurlandabúum fækkaði. Á sama tíma var íbúum í Suður-Evrópu að fjölga. Í dag hefur þetta algerlega snúist við. Þegar við skoðum lýðfræðilega þróun í Evrópu birtist okkur sú staðreynd að íbúum í Suður-Evrópu er að fækka á sama tíma og íbúum á Norðurlöndum fjölgar. Ég held að þetta eigi sér rætur í því sérstaka norræna velferðarmódeli sem við jafnaðarmenn og aðrir góðir menn höfum tekið höndum saman um að skapa. Ég held að einmitt sá umbúnaður sem við höfum sett í okkar kerfi og lög á síðasta áratug sé öðrum þjóðum fordæmi um það hvernig á að snúa þessari þróun við.

Við Íslendingar höfum með margvíslegri lagasetningu skapað skilyrði sem auðvelda ungu fólki og barnafjölskyldum að lifa sómasamlegu lífi. Þau lög sem við nú fjöllum um eru ákaflega gott dæmi um það. Ég tel reyndar að ekkert hafi verið gert á seinni árum sem hafi falið í sér jafnraunhæf skref í átt að raunverulegu jafnrétti kynjanna og einmitt þessi lög.

Hægt er að nefna ýmislegt fleira þessu til stuðnings sem er partur af þeirri mynd sem gerir okkur að einstöku velferðarsamfélagi. Leikskólarnir hér eru miklu betri og opnari en víða annars staðar. Það er auðvitað mikilvægur stuðningur við ungt fólk og barnafjölsyldur að eiga tiltölulega greiðan kost á því að koma börnum sínum í leikskóla í heilan dag og jafnvel við vissar aðstæður að fá niðurgreiddan kostnað við það. Ég tel hins vegar að í framtíðinni eigum við að ná sameiginlegri niðurstöðu um það að hluti leikskólans verði gjaldfrír og að lokum allur leikskólinn. Auðvitað mun það kosta mikla peninga en þarna erum við líka að fjárfesta í framtíðinni. Við erum að fjárfesta í fjölgun Íslendinga og það skiptir ákaflega miklu máli.

Sama gegnir um einsetningu skóla, ágæta heilsugæslu þar sem tekið er tillit til þess kostnaðar sem barnafjölskyldur stundum lenda í, að eiga börn sem þurfa bæði á lyfjum og umönnun heilbrigðiskerfisins að halda. Sömuleiðis ber einnig að horfa til þess að tekist hefur samstaða á Alþingi á síðasta áratug um að bæta mjög kjör foreldra langveikra barna og barnanna sjálfra. Allt skiptir þetta ákaflega miklu máli, herra forseti.

Í tilefni af því að þetta mál er undir vil ég í örstuttu máli gera grein fyrir því að ég tel að í þeim málum sem við Íslendingar höfum náð saman um og umrædd lög eru hluti af, hefur okkur tekist að búa til ákveðið módel sem ýtir undir fólksfjölgun. Það er kostnaðarsamt en það er fjárfesting í framtíðinni og ég hef orðið þess áskynja þegar ég hef verið á erlendum ráðstefnum fyrir Alþingi þar sem menn hafa rætt mál af þessu tagi að menn horfa í vaxandi mæli til þessa módels, sem ég hef stundum kallað sérislenska módelið, og hins norræna velferðarmódels.

Því segi ég, herra forseti, að þegar menn hafa lokið afgreiðslu þessa máls og reynslan er smám saman að koma fram af lögum sem við erum að setja um þetta tiltekna mál þá eigum við að halda áfram á þessari braut. Við eigum að halda áfram að fjárfesta í framtíðinni, leggja fjármagn til þess að auka frjósemi og fjölda Íslendinga. Okkur hefur tekist það umfram aðrar þjóðir og ég held að það sé fátt sem Alþingi Íslendinga hefur jafnfarsællega náð saman um og þennan lagavef sem ég hef rakið. Ég held að þetta sé ákaflega gott dæmi um mál þar sem Alþingi Íslendinga á að ná saman um. Í framhaldi af þessu þurfum við auðvitað að taka skyld mál og auðvitað hlýtur að koma að því að við breytum þessum lögum þannig að fæðingarorlofið verði enn lengra jafnt fyrir konur sem karla.

[14:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um það mál sem við nú ræðum, breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald. Hér hefur margt komið fram og ég vil taka undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa í máli sínu lagt út af því að hér erum við að fjalla um lög sem ríkt hefur mikil sátt um í samfélagi okkar og lög sem trúlega hafa skipt hvað mestu máli og með þeim verið stigið eitt stærsta skref í jafnréttismálum sem stigið hefur verið í samfélaginu og þó út fyrir það væri leitað.

Í máli margra hv. þingmanna hafa komið fram skiptar skoðanir á þeim ásetningi sem fram kemur í frv. og varðar þak á greiðslur úr sjóðnum. Að því er varðar þær áhyggjuraddir að þakið hafi misjöfn áhrif á konur og karla liggur fyrir að hvort sem um er að ræða móður eða föður með hærri mánaðartekjur en 600 þús. kr. að meðaltali þá fá bæði greiddar 480 þús. kr. úr Fæðingarorlofssjóði leggi þau niður störf í fæðingarorlofi. Breytingin mun því hafa sömu áhrif á tekjuinnkomu karla og kvenna í þessum tekjuhópi þegar lögð eru niður störf í fæðingarorlofi.

Ekki er síður mikilvægt að skoða hvort þakið geti haft önnur áhrif á möguleika kvenna en karla til að fá störf þar sem hærri meðalmánaðartekjur en 600 þús. kr. eru í boði. Þegar litið er til tölfræðinnar sem gefur til kynna að tiltölulega fáir foreldrar hafi mánaðartekjur yfir 600 þús. kr. og allflestir foreldrar hafi í raun lægri mánaðartekjur má leiða að því líkur að í þó nokkrum tilvikum sé um að ræða efri stöður innan fyrirtækja. Má vonandi ætla, hæstv. forseti, að þar sé hæfni þeirra sem ráðnir eru farin að skipta það miklu máli fyrir fyrirtækin að hugsanleg fæðingarorlofstaka hafi þar ekki ráðandi áhrif á ákvörðun æðstu stjórnenda fyrirtækjanna um ráðningu starfsmanna hvort sem umsækjandi er karl eða kona.

Minni hluti félmn. gefur sér í áliti sínu að konur séu líklegri til að nýta sér fæðingarorlofsrétt sinn. Ég vil hins vegar vera svo framsýnn að telja að gera megi ráð fyrir að konur sem sækjast eftir að komast í æðri stöður séu á sama hátt og karlar metnaðarfullar í starfi og velji sér jafnvel að nýta sér þann sveigjanleika sem í boði er við töku á fæðingarorlofi sem telja má líklegt að karlar geri í sömu stöðu í stað þess að leggja niður störf samfellt í sex mánuði. Þær gætu jafnvel farið fram á það að þeim yrði gert kleift að stunda vinnu sína að einhverjum hluta heiman frá sér sem heyrst hefur að karlar í stjórnunarstöðum hafi fengið að gera. Í þessu tilliti má jafnframt reikna með að tekjur konu yfir 600 þús. kr. í mánaðartekjur að meðaltali skipti ekki minna máli fyrir rekstur heimilis hennar en heimilis karls með sömu tekjur.

Þegar á heildina er litið verður ekki séð við venjulegar kringumstæður að þak á mánaðarlegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði að fjárhæð 480 þús. kr., eins og frv. gerir ráð fyrir, hafi önnur áhrif á ráðningu kvenna en karla í þær stöður þar sem laun yfir 600 þús. kr. á mánuði eru í boði. Það er því miður, hæstv. forseti, líklegt að aðrir þættir hafi meiri áhrif á að karlar virðast frekar vera ráðnir í slíkar stöður en konur.

Í umræðunni í dag hefur komið fram gagnrýni á fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs og þær breytingar sem nú er verið að gera. Eins og ég hef margoft ítrekað, hæstv. forseti, er ekki ætlunin að skerða getu Atvinnuleysistryggingasjóðs til að greiða atvinnuleysistryggingar. Það er heldur ekki markmiðið að ganga á eigið fé sjóðsins umfram það sem hann þolir. Þegar frv. var samið var miðað við opinberar spár í þessu efni og er enn gert. Greinilegt er að Alþýðusambandið er ekki sammála því mati en framtíðin, hæstv. forseti, verður að skera úr um hver raunin verður. Það er hins vegar ljóst eins og ég hef áður sagt í umfjöllun um þetta mál að stjórnvöld hafa metnað til að halda úti bæði Fæðingarorlofssjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði sem hvort tveggja á að vera launafólki í landinu almennt til hagsbóta og ég vil minna á það, hæstv. forseti, að til þessa sjóðs var í upphafi stofnað með peningum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þannig var hann fjármagnaður í upphafi, þannig varð höfuðstóll sjóðsins til og um það var sátt á Alþingi.

Það er ekkert launungarmál að kerfi eins og það sem við erum að ræða um kostar peninga og við teljum að þeim útgjöldum eigi að mæta með þeim hætti sem frv. felur í sér.

Það er líka rétt sem hefur komið fram að endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar stendur fyrir dyrum. Það er rétt að margir vildu sjá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði hærri en raunin er. Um það atriði mun endurskoðunarnefndin fjalla og koma fram með raunhæfar tillögur er ég viss um. Þá verðum við að meta stöðu og fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar þær tillögur verða ræddar og í ljósi þeirra.

Nokkuð hefur verið fjallað um áhrifin af hertum reglum, hæstv. forseti. Það er auðvitað ekki tilviljun að gert er ráð fyrir að reglur um töku orlofslauna úr sjóðnum og eftirlit með þeim sé hert. Því miður eru dæmi um misnotkun á þessu kerfi á þeim tíma sem það hefur verið starfrækt. Í sambandi við viðmiðunartímabilið er mikilvægt að miðað sé við tekjuárið í þessu tilliti þar sem í framkvæmdinni hefur komið fram að foreldrar hafa nýtt sér þann hluta ársins sem reiknast ekki inn í viðmiðunartímabilið til að jafna út háar greiðslur á þeim tíma við útreikninga skattyfirvalda. Þetta hefur valdið því að foreldrar hafa áætlað tilteknar tekjur og fengið greitt samkvæmt því úr Fæðingarorlofssjóði. Hins vegar hafa þeir sömu foreldrar síðan leiðrétt þá áætlun til lækkunar við álagningu skattyfirvalda og fengið þar með endurgreitt frá þeim. Enn fremur er mikilvægt að geta keyrt þessar upplýs-

ingar saman. Með lengingu á viðmiðunartímabilinu um 12 mánuði er jafnframt talið að meðaltal heildarlauna foreldra endurspegli betur rauntekjur þeirra enda fylgir því meiri fyrirhöfn að leiðrétta tekjur langt aftur í tímann. Er með þessu lögð rík áhersla á að sjóðurinn er fjármagnaður í gegnum skattkerfið og honum er ætlað að bæta foreldrum raunverulegt tekjutap til samræmis við upplýsingar skattyfirvalda. Það er ekki, hæstv. forseti, og getur ekki verið markmiðið að foreldrar hagnist á því að taka sér fæðingarorlof.

Því er alfarið hafnað að þessi leið feli í sér mismunun eftir því hvenær barnið fæðist á árinu. Miðað er við sama tekjuviðmiðunartímabil en það reyndist ekki heppilegt, eins og margoft hefur komið fram, að miða við tiltekinn fjölda mánaða fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Verður að telja að tekjur foreldra liggi að jafnaði skýrar fyrir miðað við tekjuárið. Viðmiðun til tveggja ára verður að teljast eðlileg og líkur til að um raunhæft mat sé að ræða á tekjum foreldra sér í lagi þeirra sem hafa verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Verður að ítreka hér, hæstv. forseti, að einn megintilgangur þeirra laga sem hér um ræðir er að bæta raunverulegt tekjutap foreldra sem þeir verða fyrir ef þeir leggja niður störf í fæðingarorlofi. Það er ekki verið að tala um að bæta hugsanlegar tekjur hefðu aðstæður foreldra verið einhvern veginn öðruvísi á viðmiðunartímabilinu en þær voru. Það er heldur ekki verið að bæta væntanlegar framtíðartekjur foreldra. Það er fyrst og fremst verið að bæta launatap þeirra foreldra sem hafa verið virkir á vinnumarkaði og þurfa að leggja niður störf til að annast barn sitt. Í þessu tilliti er mikilvægt að missa ekki sjónar af því að Fæðingarorlofssjóði er ætlað að bæta mjög tímabundið tekjutap foreldra en ekki tekjutap þeirra til frambúðar eins og markmiðið er t.d. með greiðslu skaðabóta.

Ekki síður verður fólk að horfa raunsætt á launahækkanir á innlendum vinnumarkaði. Samkvæmt kjarasamningum ganga í gildi hækkanir við gerð nýrra samninga við áramót. Verður ekki talið líklegt að launahækkanir séu mikið umfram þær hækkanir að undanskildum þeim tilvikum er fólk breytir um starf hvort sem er innan fyrirtækis eða milli fyrirtækja. Þá er að sjálfsögðu til að fólk færist milli launaflokka vegna reynslu eða aldurs en stökkin eru yfirleitt ekki mjög stór, hæstv. forseti. Varla verður því talið að miklar launahækkanir eigi sér stað á fæðingarári barns og því þykir ekki ástæða til að launavísitölutengja tekjuviðmið foreldra í því tilliti.

Hins vegar, hæstv. forseti, vil ég vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram vitna til 4. gr. frv. þar sem fjallað er efnislega um það atriði sem hér er um rætt, þ.e. með hvaða hætti hámarksgreiðslan úr sjóðnum mun taka mið af verðlagsþróun en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárhæð hámarksgreiðslu skv. 3. mgr. og lágmarksgreiðslu skv. 6. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð hámarks- eða lágmarksgreiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.“

Þetta ákvæði, hæstv. forseti, er sambærilegt því sem er í lögunum um atvinnuleysistryggingar.

Lögð hefur verið áhersla á að koma til móts við þá foreldra sem hafa ekki verið virkir á vinnumarkaði allt viðmiðunartímabilið. Hafi foreldri verið skemur á innlendum vinnumarkaði en 24 mánuði á umræddu tímabili skal miða við meðaltal heildarlauna þess yfir það tímabil sem foreldri hefur unnið. Hafi foreldri unnið t.d. sex mánuði á viðmiðunartímabilinu er tekið meðaltal þeirra sex mánaða. Þó er gert ráð fyrir því að miðað verði að lágmarki við fjóra almanaksmánuði.

Að því er varðar þá sem eru án atvinnu er einnig leitast við að koma til móts við þá með því að meta tímabilið er þeir eiga rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði til samfellds starfs í skilningi laganna. Þannig geta þeir áunnið sér rétt úr Fæðingarorlofssjóði og er tekið mið af tekjum þeirra á viðmiðunartímabilinu eins og annarra. Hafi foreldri verið án atvinnu á öllu viðmiðunartímabilinu er ljóst að greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafi verið tekjur hlutaðeigandi þann tíma.

Sú umræða að greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði séu of lágar á ekki við, hæstv. forseti, í þessari umræðu. Þá ber að taka fram, eins og minni hlutinn bendir réttilega á í nefndaráliti sínu, að lengra viðmiðunartímabil getur komið foreldrum sem misst hafa vinnu sína tímabundið til góða þegar þeir hafa verið í vinnu á fyrra viðmiðunarári en hafa verið án atvinnu á því síðara. Hið sama á einnig við um þá er hafa átt börn þétt eða með skömmu millibili þannig að fæðingarorlof fyrra barns kemur inn á viðmiðunartímabilið. Litið er á fæðingarorlof sem hluta af samfelldu starfi og því eðlilegt að þær greiðslur sem fólk fær á þeim tíma komi þarna inn í. Þá má benda á að líkur eru til að foreldri á vinnumarkaði hafi fengið greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði er svarar til 80% af launum þess.

Í þeim tilvikum er hlutaðeigandi hefur einungis haft tekjur á fæðingarári barns eða á því ári sem barn kemur inn á heimilið við ættleiðingu eða varanlegt fóstur hefur minni hlutinn komið fram með tillögur um undanþágu um að taka skuli mið af þeim tekjum. Verður ekki séð að slíkt sé framkvæmanlegt, hæstv. forseti, enda erum við þá komin í sama vanda og við erum að reyna að forðast nú miðað við tekjuáhrif. Það er talið óheppilegt að miða við tiltekinn fjölda mánaða af ástæðum sem margsinnis hafa komið fram. Hins vegar er komið til móts við þessa foreldra og þeim tryggðar lágmarksgreiðslur úr sjóðnum.

Að því er varðar efasemdir um að heimilt sé að fella á brott heimild til að taka til greina starfstíma foreldris í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tekið fram að samkvæmt tilskipun þeirri er fjallar um þetta efni geta aðildarríkin bundið rétt til launa eða bóta skilyrðum sem starfsmaður skal fullnægja. Sú heimild er bundin þeirri einu takmörkun að óheimilt er að kveða á um að hlutaðeigandi skuli hafa unnið lengur en 12 næstliðna mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Það sem einkum var horft til í þessu sambandi var að fæðingarorlofskerfinu er ætlað að bæta foreldrum eins og ítrekað hefur komið fram raunverulegt tekjutap þeirra vegna þess að þeir leggja niður störf á innlendum vinnumarkaði í samræmi við upplýsingar frá íslenskum skattyfirvöldum. Þykir því eðlilegt að foreldri hafi verið þátttakandi á innlendum vinnumarkaði í tiltekinn lágmarkstíma í því skyni að ávinna sér rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Á þetta einnig við þegar horft er til þess hvernig sjóðurinn er fjármagnaður, hæstv. forseti. Þótti því sanngjarnt að gerð væri sú krafa að foreldri hafi sannarlega unnið á innlendum vinnumarkaði að lágmarki í sex mánuði þannig að greitt hafi verið af tekjum þess í tiltekinn

lágmarkstíma. Það skal tekið fram að þessi regla á einnig við hvort sem foreldri er íslenskur ríkisborgari eða útlendingur.

Í þessu tilliti var einnig horft til stækkunar á Evrópska efnahagssvæðinu sem tók gildi 1. maí sl. Sá hópur sem hefði átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði hefði að óbreyttu óneitanlega stækkað en einungis hefur verið gerð krafa um að foreldri hafi unnið hér á landi í einn mánuð á ávinnslutímanum hafi það unnið í öðrum ríkjum innan EES-svæðisins. Engin skilyrði hafa verið um hvort foreldrar eru að flytjast til landsins eða frá því. Einnig var engin takmörkun á rétti til greiðslna þótt foreldri hafi einungis haft í hyggju að starfa tímabundið á íslenskum vinnumarkaði en vel er þekkt að fólk hafi komið hingað til lands vegna tímabundinna starfa. Hefur síðan engin trygging verið fyrir því að hlutaðeignadi foreldri hvort sem það er Íslendingur eða útlendingur muni dveljast og starfa hér á landi.

Það skal tekið fram að aðrar Norðurlandaþjóðir hafa mælt fyrir um sams konar breytingartillögur á félagslega kerfinu í því skyni að koma í veg fyrir greiðslu félagslegrar aðstoðar úr landi. Þótti þó ekki tilefni til að setja fram það skilyrði að foreldrar ættu lögheimili hér á landi meðan á greiðslum stendur, hæstv. forseti.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallaði um lífeyrisgreiðslur og umönnunargreiðslur. Í umfjöllum félmn. var athygli félmrn. vakin á því að efni ákvæðis 33. gr. laganna gæti í sumum tilfellum reynst ósanngjarnt. Á það einkum við um umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna sama barns og greiðslur lífeyrisgreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum en þessar greiðslur eru ósamrýmanlegar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þetta er, hæstv. forseti, tiltölulega snúið mál þar sem saman kemur samspil réttinda er falla undir heilbr.- og trmrn. og félmrn. Við höfum tæpt á þessu við heilbrrh. og við fyrstu sýn er ekki annað séð en ábendingin eigi við rök að styðjast. Við viljum hins vegar ekki flana að neinu í þessu efni en munum láta skoða þetta í sumar og ef ástæða reynist til leggja fram tillögu að sanngjarnri lausn á Alþingi á hausti komanda.

Hæstv. forseti. Hér hefur verið fjallað um fjármögnun þessara breytinga og m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem eiga að verða í þessu sambandi á fjármögnun Vinnueftirlitsins og sá er hér stendur hefur verið spurður um hvernig því yrði háttað. Ég vil af því tilefni staðfesta að Vinnueftirlitið á eftir þessar breytingar að njóta sambærilegra framlaga úr ríkissjóði og ella hefði verið og staðfestir hér með, hæstv. forseti, að samkomulag um það liggur fyrir og með þeirri breytingu sem hér er lögð til er fjármögnun Vinnueftirlitsins færð til sama vegar og háttar til um flestar stofnanir ríkisins af líkum toga.

Ég vil sömuleiðis vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað og minni hluti félmn. bendir á í áliti sínu og varðar stöðu einstæðra foreldra staðfesta það að um leið og við látum skoða lífeyrisgreiðslurnar og umönnunargreiðslurnar sem ég nefndi áðan, hæstv. forseti, munum við láta fara yfir stöðu einstæðra foreldra með tilliti til þeirra ábendinga sem þar hafa komið fram þó að þar sé að mínu viti reyndar um talsvert ólíkt mál að ræða og allt annars eðlis.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég fjalla aðeins um orlof í orlofi sem talsvert hefur verið rætt um í þessu sambandi. Markmið frv. þessa er að tryggja tilvist Fæðingarorlofssjóðs og þess kerfis sem komið var á með gildandi lögum. Eins og kom fram í máli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, frsm. meiri hluta félmn., er frv. fram komið vegna þeirrar fjárhagslegu stöðu sem sjóðurinn er í. Eins og ég hef áður sagt á Alþingi, hæstv. forseti, er það út af fyrir sig gleðilegt að streymið úr sjóðnum skuli vera svo miklu meira en ráð var fyrir gert. Það segir okkur að kerfið er að virka. Markmið þess er að nást, þ.e. væntanlega aukið jafnrétti og það er að tryggja börnum auknar samvistir við foreldra sína á fyrstu mánuðunum og ekki síst í auknum mæli við feður sína. En sá böggull fylgir skammrifi að það þarf að tryggja fjármögnun sjóðsins við þessar aðstæður og því þótti það sjónarmið vega þyngra að finna leiðir svo viðhalda mætti sjóðnum sem næst núverandi mynd en að tryggja foreldrum enn frekari réttindi frá því sem nú er og því var ákveðið að taka ákvæði 14. gr. laganna ekki upp að þessu sinni.

Það er rétt að enn virðist vera munur milli kjara starfsmanna á almennum vinnumarkaði og þeirra er starfa hjá hinu opinbera að þessu leyti. Sá munur, hæstv. forseti, liggur í ólíkum kjarasamningsákvæðum. Því er hins vegar ekki að neita að þessi munur á rætur sínar að rekja til eldra kerfis sem var í gildi fyrir gildistöku laga nr. 95/2000.

Að því er varðar opinbera starfsmenn var um það samið í kjarasamningsviðræðum þeirra á árinu 2001 að starfsmenn er taka fæðingarorlof áunnu sér rétt til töku orlofs sem og greiðslu í orlofi. Var þar með tryggt að starfsmenn hjá hinu opinbera héldu áunnum rétti sínum frá fyrra kerfi er félli úr gildi við gildistöku laganna um fæðingar- og foreldraorlof. Sem dæmi um slík ákvæði má nefna grein 13.2.3. í kjarasamningi fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 28. mars 2001. Efnislega samhljóða ákvæði er einnig að finna í fleiri kjarasamningum á hinum opinbera vinnumarkaði.

Hvað þetta atriði varðar, hæstv. forseti, vísa ég að öðru leyti til þess sem ég hef áður sagt í þessum ræðustól um þetta efni. Er það að mínu mati aðallega að ná saman í kjarasamningum og það er rétt sem fram hefur komið í umræðunni, m.a. í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að höfðað hefur verið mál vegna þessa. Dómstólar munu skera úr í því og að sjálfsögðu förum við þá að þeirri niðurstöðu sem þar verður uppi.

Ég vil að endingu, hæstv. forseti, þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram.

[15:14]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins nefna að þegar lögin voru sett fyrir einungis fjórum árum var það gert vegna þess að samkomulag var um það í samfélaginu að í eitt skipti fyrir öll ætti að grípa til alvörustjórnvaldsaðgerða til að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Þá á ég við í launalegu tilliti og að teknu tilliti til stöðuveitinga o.s.frv. Um þetta var samkomulag. Fæðingarorlofslögin endurspegla þetta mjög vel, þetta hugmyndafræðilega samkomulag samfélagsins um að snúa við áratuga- og aldagamalli hefð um karlinn á vinnumarkaði og nú ætti að opna þetta fyrir alvöru fyrir konur. Þess vegna varð ég í rauninni dálítið leið þegar ég sat undir fyrri hluta ræðu hæstv. félmrh. þar sem hann talaði um að þessi breyting mundi snerta konur með sama hætti og karla. Það kemur mér svolítið spánskt fyrir sjónir. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hafi fyrir sér í því að þetta muni snerta karla og konur með sama hætti vegna þess að eins og þetta blasir við mér er það staðreynd að konur eru með lægri laun en karlar í sömu stöðu og það er líka staðreynd að konur eru ekki í hálaunastörfum, ég las það upp áðan þegar ég vitnaði í minnihlutaálit hv. félmn. Þess vegna vil ég

spyrja hvernig í ósköpunum hæstv. félmrh. kemst að þeirri niðurstöðu að þetta snerti konur með sama hætti og karla.

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þakið á greiðslurnar sem talsvert hefur verið til umræðu er þess eðlis að ég reikna ekki með og hef ekki reiknað með að um það gæti náðst full samstaða á Alþingi. Málið er þess eðlis að það gengur þvert á línur flokka hvort við styðjum það eður ei. Eins og fram hefur komið í umræðunni var þetta m.a. til umræðu þegar lögin voru sett á sínum tíma hvort rétt væri og skynsamlegt að hafa eitthvert þak á þessum greiðslum.

Ég hef hins vegar metið það þannig og sá starfshópur sem vann að þessu verkefni fyrir mig og fjmrh. komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að setja þak á og það mundi að öllum líkindum ekki hafa úrslitaáhrif hvað varðar jafnréttið í landinu.

Þegar ég segi, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, að þetta ákvæði hafi sömu áhrif á karla og konur þá liggur það í hlutarins eðli. Ákvæðið tekur til kynjanna jafnt. Hins vegar er það allt satt og rétt sem fram hefur komið í máli hv. þm. að við glímum því miður við kynbundinn launamun. Við glímum því miður við mikið ójafnrétti á vinnumarkaði og það er hlutur sem við þurfum að takast á við og ég vil í því sambandi vekja athygli á og raunar lýsa ánægju minni með að í félmn. hefur tekist samstaða með meiri hluta og minni hluta um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem mun koma til síðari umræðu á Alþingi á næstu dögum þar sem m.a. er gert ráð fyrir að gangast eigi fyrir rannsókn á þeim áhrifum sem okkar nýja fæðingar- og foreldraorlofskerfi hefur haft á samfélagið og sömuleiðis verkefni sem varða launamun kynjanna og reyndar önnur verkefni á vinnumarkaði.

[15:18]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má með sanni segja að við séum ósammála um þetta atriði Ég verð að segja eins og er að ég er ekki tilbúin ári eftir gildistöku laga, sem átti að vera og menn flögguðu í kosningabaráttunni sem einni merkilegustu stjórnvaldsaðgerð sem hér hefði nokkurn tíma sést hvað varðar jafnréttismál, þ.e. fæðingarorlofslögin, að ári seinna séu menn tilbúnir að henda þeim fyrir róða fyrir einhverjar 50–60 milljónir. Ég verð að segja eins og er að ég er ekki tilbúin að taka þátt í því vegna þess að ég tel að mismunandi staða karla og kvenna á vinnumarkaði og leiðrétting á því eigi að vera eitt af forgangsverkefnunum. Um það var samkomulag í samfélaginu. Nú á að taka þessi lög og búa til um þau ósætti eingöngu ári eftir gildistökuna. Ég spyr: Hvenær og á hvaða forsendum skipti félmrn. svo um skoðun að á milli ráðherra er þessi mikla breyting gerð þegar, eins og ég sagði í ræðu minni, hæstv. fyrrv. félmrh., Páll Pétursson, komst að þeirri niðurstöðu að líklega mundi svona þak valda því að þeir hærra launuðu mundu síður taka fæðingarorlof og jafnréttismarkmiðum milli kynja yrði síður náð? Ég vil fá að heyra það frá hæstv. félmrh. hvað hafi breyst. Hvaða rannsóknir og félagslegar úttektir hafa verið gerðar á þessu? Vegna þess að í ræðu sinni sagði hann að því miður væri eitthvað annað sem réði því að konur fengju síður stöður heldur en karlar og fengju síður hærri laun.

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér gætum við hv. þm. Katrín Júlíusdóttir sjálfsagt þjarkað um þetta daglangt. Ekki ætla ég mér það. Hins vegar vil ég benda hv. þm. á það, og öðrum sem á mál mitt hlusta, að væntanlega höfum við þegar séð ákveðnar afleiðingar, jákvæðar, af þeim lögum sem hér um ræðir því að samkvæmt niðurstöðum kjararannsóknarnefndar hafa laun kvenna hækkað marktækt meira nokkra ársfjórðunga í röð en laun karla. Ég a.m.k. leyfi mér að vona þó að ekki liggi að baki nákvæmar rannsóknir að þau lög sem hér um ræðir hafi þar nokkur áhrif.

Ég vil líka benda á það, hv. þm., að sá hópur sem hér um ræðir telur innan við 200 manns, þar af innan við 20 konur. Þetta þak snertir því mjög fáar fjölskyldur í landinu. Hins vegar er fyrst og fremst um ákveðið pólitískt stefnumið að ræða og mér hefur virst í umræðunum í dag að þetta pólitíska stefnumið njóti býsna víðtæks stuðnings þingmanna úr öllum flokkum, en eins og ég sagði áðan verðum við seint fyllilega sammála.

[15:21]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. félmrh. tekur undir brtt. okkar í minni hlutanum um að umönnunar- og lífeyrisgreiðslur verði samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum þannig að umönnunargreiðslur og lífeyrir öryrkja falli ekki niður við töku fæðingarorlofs. Hæstv. ráðherra lýsir því yfir að hann og hæstv. heilbrrh. hafi rætt um það að þetta verði sérstaklega skoðað í sumar og lagt fram frv. um þetta efni á komandi hausti. Sömuleiðis fagna ég því að hæstv. ráðherra lýsir því einnig yfir um stöðu einstæðra foreldra, sem við höfum áhyggjur af og fram kemur í nefndaráliti okkar. Ráðherra hefur með yfirlýsingu sinni lýst vilja sínum til að það verði skoðað sérstaklega í sumar.

Hins vegar lýsi ég óánægju minni með það að hæstv. ráðherra taki ekki undir að tengja eigi fæðingarorlof við launavísitölu, bæði þakið og gólf viðmiðunarfjárhæða og að tekjur viðmiðunartímabils vegna greiðslu í fæðingarorlofi taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu á tímabilinu. Hæstv. ráðherra getur ekki tekið undir þetta og því er það ekki rétt sem hæstv. ráðherra heldur fram að með ákvæðum frv. sé verið að bæta raunverulegt tekjutap foreldra í fæðingarorlofi vegna þess að við höfum sýnt fram á það í minnihlutaáliti okkar að tekjur í fæðingarorlofi muni ekki verða 80% af tekjum heldur 70–75%.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann ætli að tryggja það að 80% greiðslur í fæðingarorlofi af tekjum haldi raungildi sínu ef hann miðar ekki við launavísitölu. Mun hann beita því ákvæði sem er að finna í frv. og hann getur beitt til að þakið og gólfið haldi þá raungildi sínu en lækki ekki stöðugt? En það hefur gerst eins og t.d. með greiðslur atvinnuleysisbóta og vitnar ráðherrann til að þar sé um sama viðmið að ræða.

[15:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svar mitt við fyrirspurn hv. þm. er einfalt. Það er já. Ég mun beita mér fyrir því í störfum mínum sem félmrh. að þak og gólf í þessu kerfi þróist með tilliti til verðlags og launa eins og fram kemur í frv.

[15:24]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta „já" sem hæstv. félmrh. veitti sem svar við fyrirspurn minni, um að greiðslur í fæðingarorlofi yrðu miðaðar við að 80% héldu raungildi sínu til frambúðar, a.m.k. meðan hæstv. ráðherra er í stóli félmrh., er afar mikilvægt. Við munum örugglega oft grípa til að vitna til þess m.a. við fjárlagaafgreiðslu þegar við sjáum fram á að greiðslur í fæðingarorlofi munu rýrna vegna þeirrar viðmiðunar sem ríkisstjórnin hefur notað. Það hefur verið þannig t.d. hvað varðar atvinnuleysistryggingarnar eða lífeyrisgreiðslur, að atvinnuleysisbætur hafa rýrnað verulega og ekki haldist í hendur við t.d. launin í þjóðfélaginu, heldur vegna þeirrar viðmiðunar sem ríkisstjórnin hefur notað sem er nákvæmlega sama ákvæði og er í frv. en þar stendur, með leyfi forseta: „Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum ..." En viðmiðið er að taka tillit til þróunar launa-, verðalags- og efnahagsmála hverju sinni og ríkisstjórnin hefur ávallt kosið að velja það viðmið sem lægst hefur gefið atvinnulausum og lífeyrisþegum. En nú lýsir hæstv. ráðherra því yfir að hér verði breytingar á varðandi fæðingarorlofsgreiðslurnar þegar verið er að breyta þessu og setja þak á. Hann ætlar að sjá til þess að þakið haldi raungildi sínu, 80% raungildi sínu og líka þá að tekjur á viðmiðunartímabili haldi raungildi sínu vegna þess að þá verður að miða við launavísitölu þar sem við erum að miða við tveggja til þriggja ára gamlar tekjur þegar verið er að reikna út fæðingarorlof. Ég fagna því þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra og lýsi mikilli ánægju með hana.

[15:26]

Frsm. meiri hluta félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur að mínu áliti verið mjög góð og ég held að við höfum farið ágætlega yfir málið og skipst á skoðunum sem er nauðsynlegt og eðlilegt að við gerum. Ég held hins vegar að það sé rétt mat hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að í rauninni er um lítils háttar breytingar á málinu að ræða og þegar við tökum þetta allt saman held ég að það sé góð sátt um þetta stóra mál. Ég ætla þess vegna ekki að fara neitt ítarlega yfir það aftur. Ég gerði það í framsögu minni og hef tekið þátt í andsvörum en ég vil þó vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín spurningum er varða þrjú atriði rétt tæpa á þeim.

Fyrst nefndi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir viðhorf mitt til þaksins og hvort ég hefði áhyggjur af því að það mundi ekki fylgja þeirri þróun sem á sér stað á öðrum sviðum í efnahagslífinu. Ég fór yfir það í framsögu minni að ég hef ákveðnar áhyggjur af þessu þaki út frá forsendum laganna, út frá þeim tilgangi sem umrædd lög hafa og ég vildi sjá í það minnsta að það mundi halda því verðgildi sem það hefur. Og ég var ánægður að heyra yfirlýsingar hæstv. félmrh. sem eru í takt við það sem hann hefur sagt áður. Ég segi hins vegar hreint út að mér finnst þetta vera pólitísk ákvörðun sem við eigum að ræða. Það virðist vera breiður vilji innan þings og í flestum stjórnmálaflokkum. Ég vitna t.d. til minnihlutaálits nefndarinnar og svo einnig í það sem komið hefur fram hjá stórum launþegasamtökum að það virðist vera ríkur pólitískur vilji fyrir að hafa þak. Ekki er hægt að túlka það öðruvísi út frá þeim forsendum sem við höfum en ég þarf ekki endilega að vera sammála því og hef í rauninni lýst þeim skoðunum mínum að ég sé það ekki. Vegna þess að mér finnst stærsta málið í þessu öllu saman vera að sýna ábyrgð og ráðdeild á þessu sviði sem öðrum og við þurfum að skjóta styrkum stoðum undir þennan mikilvæga sjóð til að hann geti sinnt hlutverki sínu og þá eðli málsins samkvæmt þarf að gera meira en gott þykir.

Hvað varðar lífeyris- og umönnunargreiðslurnar og það sem snýr að einstæðum foreldrum þá minntist ég á það í framsögu minni áðan að það er mjög margt sem þarf að líta til. Margt kom fram í umfjöllun í nefndinni, m.a. þetta tvennt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi, þ.e. lífeyris- og umönnunargreiðslurnar annars vegar og hins vegar þátt einstæðra foreldra sem við hljótum að skoða og fara yfir. Sumt getur kannski litið út fyrir að vera einfalt við fyrstu sýn en er það kannski ekki og vitna ég sérstaklega til þess sem varðar einstæðu foreldrana. Ef ég man rétt fór hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir yfir það, og ef það var ekki sá ágæti þingmaður þá var það annar þingmaður í umræðunni, að sú hætta er fyrir hendi að ef menn stíga það skref til fulls sé það í rauninni gegn jafnréttisanda laganna. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða. Sama er með lífeyris- og umönnunargreiðslurnar. Það sem er alveg pottþétt hvað þau mál varðar er að þau eru flókin. Hæstv. félmrh. fór ágætlega yfir það að í gangi er vinna sem fer fram í sumar, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, og við munum þá sjá á næsta vetri niðurstöðu úr þeirri vinnu því ekki má hlaupa til í máli sem slíku og það þarf að vanda vel til þeirra verka.

Að lokum vil ég, virðulegi forseti, þakka fyrir þessa góðu umræðu og þeim sem tóku þátt í henni. Ég held að hún hafi verið góð og ég efast ekki um að við munum ræða þetta og sambærileg mál á næstunni.

[15:31]

Frsm. minni hluta félmn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv. n. Hann tekur undir það sem fram kom í máli hæstv. félmrh. um að bæði þak og gólf viðmiðunarfjárhæða eigi að halda raungildi sínu og miðast við að fólk í fæðingarorlofi fái 80% af tekjum sínum þannig að þær rýrni ekki eins og við óttuðumst. Hæstv. félmrh. hefur því stuðning hv. 6. þm. Reykv. n. í því efni og ég fagna því. Að vísu sé ég ekki hvernig hægt er að gera það nema með því að beita launavísitölunni og hækka fjárhæðirnar í samræmi við það en við sjáum til við fjárlagagerðina í lok þessa árs eða í desembermánuði hvernig hæstv. ráðherra ætlar að halda á því máli.

Ég vil líka nota þetta andsvar til að árétta, af því að ég gleymdi því í andsvari við hæstv. félmrh. og hann er hér til að hlýða á þetta mál og það er þá líka hvatning til hv. 6. þm. Reykv. n., að í þeirri endurskoðun sem fram á að fara á ákvæðum sem snúa að umönnunar- og lífeyrisgreiðslum, að þær verði samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum, og eins þegar skoðuð er sérstaklega staða einstæðra foreldra, þá verði haft samráð bæði við samtök einstæðra foreldra og samtök öryrkja um þá endurskoðun. Ég held að það sé afar mikilvægt að þau sjónarmið komi inn í þá skoðun sem hæstv. félmrh. hefur lofað að fram fari í sumar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 341. mál (tryggingaráð, skipulag TR o.fl.). — Þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575.

[15:33]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, frá meiri hluta heilbr.- og trn. Á nefndarálitinu kemur fram að margir gestir komu fyrir nefndina og eins fengum við umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er m.a. brugðist við athugasemdum sem fram komu í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingnefndar á þingskjali 1389 í 359. máli á 127. löggjafarþingi. Við meðferð þess máls lagði nefndin til breytingar á hlutverki tryggingaráðs þannig að reglusetningarvald væri fært frá tryggingaráði til ráðherra í tilteknum málaflokki og hvatti jafnframt til þess að hlutverk og staða tryggingaráðs yrði endurskoðað í heild. Nú er lagt til í frumvarpinu að ákvæði þar sem tryggingaráði var falið að setja reglur verði felld brott en ráðherra þess í stað falið að setja reglugerðir. Einnig er lagt til að ákvarðanataka í ýmsum málum verði færð frá tryggingaráði til Tryggingastofnunar. Þá er lagt til að svokölluð siglinganefnd Tryggingastofnunar verði lögð niður. Auk þess eru lagðar til ýmsar lagfæringar á lögunum sem að mati meiri hluta nefndarinnar eru til bóta.

Í tillögum frumvarpsins sem varða tryggingaráð felst að hlutverk þess verði framvegis fyrst og fremst bundið við eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar en skv. 6. gr. almannatryggingalaga skal ráðið hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Meiri hlutinn telur rétt að reglusetningarvaldið sé fært frá tryggingaráði til ráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir enda telur meiri hlutinn að þær valdheimildir eigi að vera í höndum ráðherra. Með hliðsjón af hinni umfangsmiklu og fjölbreyttu starfsemi Tryggingastofnunar telur meiri hlutinn æskilegt að hún starfi undir sérstakri stjórn og leggur meiri hlutinn til að komið verði á beinu stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunarinnar. Leggur meiri hlutinn til að í 2. gr. laganna verði kveðið á um að ráðherra fari með yfirstjórn almannatrygginga, sbr. 1. gr. laganna, og Tryggingastofnunar ríkisins en að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð á sínum störfum gagnvart ráðherra. Áfram er byggt á því að stofnunin annist framkvæmd almannatrygginga samkvæmt lögunum. Þá gildi áfram ákvæði 7. gr. laganna um að ef ágreiningur rísi um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögunum leggi sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurð á málið.

Hæstv. forseti. Meiri hlutinn leggur til breytingu á 3. gr. laganna sem felur það í sér að ráðherra skipi fimm manna stjórn að afloknum hverjum alþingiskosningum, einn þeirra skuli skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður, og jafnmarga skuli skipa til vara. Þannig verði horfið frá þeirri skipan mála að Alþingi kjósi í ráð eða stjórn við stofnunina. Meiri hlutinn leggur til að í 5. gr. laganna verði kveðið á um að forstjóri verði áfram skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Er þetta ákvæði óbreytt frá frumvarpinu að öðru leyti en því að í stað tryggingaráðs kemur stjórn Tryggingastofnunar. Lítur meiri hlutinn svo á að stjórnin eigi að hafa tillögurétt en ráðherra er ekki bundinn af tillögu stjórnar.

Meiri hlutinn leggur til að í 4. gr. laganna verði fjallað um hlutverk stjórnar Tryggingastofnunar. Í tillögum meiri hlutans felst að verkefni hennar verði hefðbundin verkefni stjórnar, þ.e. að vera æðsta vald innan stofnunarinnar um rekstur hennar og skipulag. Er lagt til að hún staðfesti skipulag stofnunarinnar og geri árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun. Þá leggur meiri hlutinn til að stjórninni verði falið að marka stofnuninni langtímastefnu. Eðlilegt er að mati meiri hlutans að samráð verði við forstjóra og eftir atvikum aðra starfsmenn um þennan þátt og telur meiri hlutinn að til greina komi að forstjóri leggi tillögu að langtímastefnumörkun fyrir stjórnina. Einnig er lagt til að stjórnin hafi eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og að rekstur stofnunarinnar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Lagt er til að stjórnin tilnefni fulltrúa Tryggingastofnunar í samninganefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. 39. gr. almannatryggingalaga, og fulltrúa í nefnd skv. 35. gr. laganna. Loks leggur meiri hlutinn til að formaður stjórnar skuli reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og gera honum viðvart ef hann telur að starfsemi og þjónusta sé ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur stofnunarinnar er ekki í samræmi við fjárlög.

Lagt er til að í 6. gr. laganna verði fjallað um hlutverk, starfssvið og ábyrgð forstjóra Tryggingastofnunar. Byggjast tillögur meiri hlutans á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í 1. mgr. er áfram gert ráð fyrir að forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir en jafnframt leggur meiri hlutinn til að tekið verði fram að hann annist daglegan rekstur. Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra setji forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind eru helstu markmið í rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar. Tillögur meiri hlutans miða að því að koma á beinu stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunarinnar og með þessu móti hefur ráðherra ríkari áhrif á stefnumótun hjá stofnuninni. Í 3. mgr. er lagt til að fjallað sé um ábyrgð forstjóra.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en meiri hlutinn telur rétt að gefa örlítið svigrúm til að aðlaga starfsemi stofnunarinnar að framangreindum breytingum. Er lagt til að stjórn Tryggingastofnunar verði skipuð í fyrsta sinn 1. júlí 2004 en að fram að þeim tíma haldi tryggingaráð umboði sínu. Jafnframt er lagt til að núverandi forstjóra verði sett erindisbréf ekki síðar en 1. júlí. Breytingarnar hafa ekki áhrif á skipunartíma núverandi forstjóra stofnunarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að siglinganefnd verði lögð niður. Ýmis rök komu fram við umfjöllun málsins sem mæla með því að hún starfi áfram. Ráðherra skipar fimm menn í nefndina og sitja nú í henni fimm læknar. Telur meiri hlutinn að góð reynsla sé af starfi siglinganefndar og hefur fyrirkomulagið sem hún hefur unnið eftir reynst vel. Það er mat meiri hlutans að mál fái faglega umfjöllun með gildandi fyrirkomulagi. Leggur hann því til að nefndin starfi áfram en með þeirri breytingu að hún sæki umboð sitt til forstjóra í stað ráðherra áður. Þá vill meiri hlutinn geta þess að við umfjöllunina vöktu athygli hennar ójöfn kynjahlutföll í nefndinni en allir nefndarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, eru karlar. Meiri hlutinn telur ástæðu til að vekja athygli Tryggingastofnunar á ákvæðum jafnréttislaga og hvetur til þess að ákvæða þeirra sé gætt við skipun í siglinganefnd svo sem ber að gera við skipun í nefndir og ráð

á vegum ríkisins. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem er fylgiskjal með frumvarpinu kemur fram að útgjöld Tryggingastofnunar vegna starfs nefndarinnar hafi numið um 1,3 millj. kr. á síðasta ári. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er gert ráð fyrir að sama fjárhæð verði notuð til kaupa á ráðgjöf sérfræðilækna sem kallaðir yrðu til ráðgjafar í stað siglinganefndar þegar þess gerðist þörf. Má því gera ráð fyrir að útgjöld Tryggingastofnunar vegna þessa þáttar starfseminnar verði óbreytt óháð því hvor leiðin verði farin. Er lagt til að siglinganefnd verði heimilt að ákveða hvort sjúklingur fari til meðferðar erlendis eða sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti honum meðferð á sjúkrahúsi hér á landi.

Þá kom fram ábending um að í 14. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga vantar orðin „og tekjutryggingarauka" á eftir orðinu „tekjutrygging". Vísað er til 11. gr. laganna og á hún fyrst og fremst við um búsetuákvæðin þannig að tekjutrygging er reiknuð út í samræmi við árafjölda sem búseta hér á landi hefur varað. Fullar bætur greiðast við 40 ára búsetu hér á landi en bætur skerðast ef búsetan er styttri en 40 ár á aldursbilinu 16–67 ára. Búsetureglan á við um elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu og ætlunin var að hún tæki einnig til tekjutryggingaraukans en láðst hefur að kveða á um það í greininni. Kom fram við umfjöllun málsins að framkvæmd Tryggingastofnunar hefur verið með þeim hætti en úrskurðarnefnd almannatrygginga breytti þeirri framkvæmd enda ekki mælt fyrir um það í 14. mgr. 17. gr. Leggur meiri hlutinn til breytingu á greininni til samræmis við framangreint.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Undir nefndarálitið rita Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Sigríður Anna Þórðardóttir og Dagný Jónsdóttir.

[15:44]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Jón Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Segja má að í nefndinni hafi ekki verið mikill ágreiningur um þau málefni sem fram koma í frv. og lengi vel leit út fyrir að við sem skipum 1. minni hluta yrðum á meirihlutaálitinu, þó með fyrirvara vegna þess að við ræddum þar einmitt hugmyndir sem ekki fengust inn í nefndarálit meiri hlutans en endaði þannig að við erum með sérálit og brtt. við brtt. meiri hlutans. Ég ætla að renna yfir og lesa nefndarálit 1. minni hluta, með leyfi forseta:

Fyrsti minni hluti telur nauðsynlegt að taka ákvörðun um framtíðarhlutverk tryggingaráðs. Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt hefur tryggingaráð varla nokkurt hlutverk lengur án þess þó að ráðið hafi formlega verið lagt niður.

Tryggingaráð hafði veigamikið hlutverk á meðan það setti reglur um ýmsar bætur almannatrygginga en hafði jafnframt úrskurðarvald um afgreiðslu Tryggingastofnunar á erindum. Hugmyndir um nauðsyn á aðskilnaði milli þeirra sem reglurnar settu og þeirra sem úrskurðuðu um réttmæti afgreiðslu samkvæmt sömu reglum leiddu til þess að sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga fékk úrskurðarhlutverkið.

Nú er lagt til að heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um ýmsar bætur falli endanlega niður og í staðinn setji ráðherra reglugerðir. Hér er um eðlilega breytingu að ræða en þó verður jafnframt að telja eðlilegt að tryggingaráð eða stjórn stofnunarinnar, sem sett verður á laggirnar ef breytingartillögur meiri hlutans ná fram að ganga, muni m.a. hafa það hlutverk að leggja til við ráðherra nauðsynlegar reglugerðarsetningar eða breytingar þótt endanlegt vald verði að sjálfsögðu í höndum ráðherra.

Tryggingastofnun er ákaflega stór ríkisstofnun hvort sem horft er til starfsmannafjölda eða veltu. Sömuleiðis gegnir Tryggingastofnun lykilhlutverki í velferðarkerfi þjóðarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingaráð starfi áfram, en hlutverk ráðsins er engan veginn skýrt og það orðalag 6. gr. almannatryggingalaga, að ráðið skuli hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar, er óljóst.

Fyrsti minni hluti telur nauðsynlegt að stofnun sem hefur það umfang sem Tryggingastofnun hefur heyri undir stjórn með skýrar starfsreglur, eins og meiri hlutinn leggur til, þannig að enginn velkist í vafa um vald- og verksvið hennar.

Fyrsti minni hluti tekur að mestu undir hugmyndir meiri hlutans um skipan stjórnar en telur þó nauðsynlegt að opnað verði á hugmyndir, sem áður hafa komið fram hjá þingmönnum Samfylkingarinnar, um að þeir sem þjónustu Tryggingastofnunar njóta og starfsmenn hennar hafi áheyrnarfulltrúa í stjórninni. Lagt er til að Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hvort til tveggja ára með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn stofnunarinnar tilnefni einnig einn áheyrnarfulltrúa. Með því yrðu boðleiðir styttar milli stjórnar annars vegar og notenda þjónustu og starfsmanna hins vegar.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álit 1. minni hluta rita sá sem hér stendur, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Brynja Magnúsdóttir.

Brtt. sem nefndar eru í minnihlutaálitinu eru tvær. Annars vegar eru það hugmyndir sem þingmenn Samf. hafa flutt á undanförnum þingum um að þeir sem þjónustu Tryggingastofnunar njóta, þ.e. eldri borgarar og öryrkjar, fengju áheyrnarfulltrúa inn í það sem áður var tryggingaráð en verður nú stjórn ef þetta frv. nær fram að ganga. Brtt. okkar hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Við 2. tölul. Á eftir 2. efnismálsl. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna hvort um sig einn áheyrnarfulltrúa til tveggja ára í senn með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins eða samtök þeirra tilnefna einnig einn áheyrnarfulltrúa með sömu réttindi.

2. Við 9. tölul. 2. efnismgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laganna skal skipa stjórn Tryggingastofnunar ríkisins í fyrsta sinn 1. janúar 2005. Fram að þeim tíma skal umboð tryggingaráðs sem nú situr halda gildi sínu. Ráðherra skal jafnframt setja núverandi forstjóra erindisbréf, sbr. 6. gr. laganna, ekki síðar en 1. janúar 2005.

Í meirihlutaálitinu sem lesið var áðan og brtt. meiri hlutans er talað um að ný stjórn Tryggingastofnunar taki við því hlutverki þann 1. júlí og jafnframt að núverandi forstjóra yrði sett erindisbréf ekki síðar en 1. júlí. Það er álit okkar í 1. minni hlutanum að um of skamman tíma sé að ræða vegna þess að nú er maí að mestu liðinn og einungis um að ræða einn mánuð til að undirbúa þessar breytingar sem eru talsverðar, þ.e. að breyta hlutverki forstjóra Tryggingastofnunar talsvert frá því sem nú er og einnig að setja Tryggingastofnun nýja stjórn með nýtt hlutverk, einungis með eins mánaðar

fyrirvara. Við teljum það affarasælla að gefa sumarið og næsta haust til að setja slíkar reglur og eins til að setja forstjóranum erindisbréf þannig að sú skipan komist á 1. janúar 2005 en ekki núna einungis eftir rétt tæpan mánuð.

Eins og fram kom í upphafi máls míns erum við að mestu leyti sammála því sem fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans. Hér er að mörgu leyti verið að nútímavæða stjórn Tryggingastofnunar. Tryggingaráð, sem sæti áfram ef frv. yrði óbreytt, hefði í sjálfu sér ekki neitt skilgreint hlutverk, þ.e. hlutverkið er skilgreint á þann hátt að það hefur verið mjög óljóst hvað tryggingaráð ætti að gera. Tryggingastofnun eins og við öll vitum er stofnun sem hefur fjölda starfsmanna. Rekstur stofnunarinnar kostar talsverða fjármuni og miklir ríkisfjármunir velta í gegnum stofnunina frá ríkissjóði til þeirra viðskiptavina sem eiga rétt á greiðslum í gegnum Tryggingastofnun. Við sem skoðuðum þetta í einhverri alvöru sáum fram á að ekki væri vit í öðru en að setja skýrari reglur um stjórn Tryggingastofnunar og kalla hana stjórn þannig að hún hefði í raun sömu verkefni og stjórnir yfirleitt hafa.

Talsvert var rætt um hver ætti að ráða eða skipa forstjóra Tryggingastofnunar. Enginn ágreiningur var um það að sjálfsögðu að þetta breytti engu um skipan núverandi forstjóra en í framtíðinni þegar kemur að því að ráða eða skipa nýjan forstjóra veltu menn því talsvert fyrir sér hvernig með ætti að fara og voru tvö sjónarmið aðallega uppi, annars vegar að ráðherra mundi skipa forstjóra að fenginni tillögu stjórnar Tryggingastofnunar eða þar sem um stjórn væri að ræða væri eðlilegast að stjórnin auglýsti eftir forstjóra og stjórnin réði síðan forstjóra en ekki ráðherra. Eftir að hafa farið yfir þetta í nefndinni má segja að flestir nefndarmenn hafi endað á þeirri skoðun að þar sem stofnunin heyrir undir heilbrrh. og er á ábyrgð hans væri það eðlilegt að ráðherra skipaði forstjórann en það væri jafneðlilegt að stjórn stofnunarinnar færi yfir og legði til við ráðherra hvaða kandídat hún a.m.k. mælti með í stól forstjóra.

Við teljum einnig að það sé til að styrkja stofnunina að hún hafi stjórn milli forstjóra og ráðherra. Það er ansi mikil breyting ef tryggingaráð hefði verið lagt niður eins og kannski voru hugmyndir um á fyrri stigum. Það hefði verið ansi mikil breyting að leggja tryggingaráð niður og forstjóri millilíðalaust heyrði undir heilbrrh. Við þekkjum þetta úr litlum stofnunum úti á landi þar sem stjórnir heilbrigðisstofnana voru lagðar niður í stórum stíl og forstöðumenn eða framkvæmdastjórar heilbrigðisstofnana heyra undir ráðherra en enga stjórn sem slíka. Það er a.m.k. mín skoðun að þessi breyting hafi ekki verið til góðs og þýði einfaldlega það að framkvæmdastjórar eða forstöðumenn þessara heilbrigðisstofnana úti á landi hafi ekki lengur þann stuðning og styrk sem þeir höfðu með því að hafa stjórn sem bæði var skipuð fulltrúum ráðherra og heimamanna.

Í sambandi við skipun stjórnarinnar kemur fram að hún á að sinna hefðbundnum verkefnum stjórna. Hún á að vera æðsta vald innan stofnunar og hafa æðsta vald um rekstur og skipulag. Lagt er til að hún staðfesti skipulag stofnunarinnar og geri árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun eins og stjórnir í fyrirtækjum gera. Einnig er lagt til að stjórnin hafi eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar og að reksturinn sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Talsverðar umræður urðu um þetta vegna þess að allir vita að Tryggingastofnun er stofnun sem í gegn velta miklir fjármunir sem erfitt er oft og tíðum að áætla í fjárlögum þar sem um lögbundinn rétt viðskiptavina er að ræða til greiðslna og ekki auðvelt fyrir fram að setja niður áætlun um þær greiðslur og lít ég þannig á að hér séum við að tala um rekstur stofnunarinnar sjálfrar en ekki þær gegnumstreymisgreiðslur sem í gegnum hana fara til skjólstæðinga eða viðskiptavina.

Einnig er lagt til í frv. að svokölluð siglinganefnd yrði lögð niður. Niðurstaða meiri hlutans og okkar í 1. minni hluta líka varð sú að það væri ekki til bóta að leggja siglinganefndina niður. Hún hefði sinnt hlutverki sínu vel og engin ástæða væri til að breyta því jafnvel þótt við værum í brtt. og frv., meira og minna að færa stjórnunarhætti til þess að þetta heyrði meira beint undir stjórnendur í Tryggingastofnun en ekki nefndir hér og þar. Við teljum að siglinganefnd eigi að starfa áfram og ég tek undir þau orð frsm. meiri hlutans um að rétt sé að benda Tryggingastofnun á að það séu til kvensérgreinalæknar ekki síður en karlsérgreinalæknar og að í fimm manna nefnd væri að sjálsögðu ekki óeðlilegt að við sæjum einhvern annan svip en eingöngu karla.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Eins og heyra má er ekki mikill ágreiningur um þetta. Ég vona að tillögur okkar um áheyrnarfulltrúa þeirra sem mest eiga undir starfsemi umræddrar stofnunar nái fram að ganga. Hingað til hefur ekki verið hljómgrunnur fyrir því vegna þess að tryggingaráð ákvað á sínum tíma ýmsar reglur um greiðslur og slíkt til þessara hópa og það sjónarmið var uppi að óeðlilegt væri að þeir hópar ættu inni fulltrúa sem tækju þátt í slíku. En með þessu frv. er verið að leggja það af. Tryggingaráð eða stjórn Tryggingastofnunar mun ekki vera beint í reglusetningu. Þó hún hafi ráðgjafarvald til ráðherra þá mun ráðherra setja reglugerðir. Þess vegna er sá þröskuldur fallinn að ekki sé hægt að veita fulltrúum frá Öryrkjabandalaginu og Landssambandi eldri borgara seturétt við borðið. Þegar tryggingaráð hefur verið að funda hingað til hafa yfirmenn og starfsmenn deilda tekið þátt í þeim fundum með tryggingaráði þannig að mjög gott samband hefur verið milli tryggingaráðs og starfsmanna ekki síður en forstjóra. En með því að Tryggingastofnun sé sett stjórn hafa starfsmenn enga aðkomu að því borði lengur og því erum við með tillögu um að starfsmenn hafi þarna rétt til þess að skipa fulltrúa frá Landssambandi eldri borgara og Öryrkjabandalaginu.

Það vekur kannski athygli að við tölum um að þeir fulltrúar verði skipaðir í tvö ár en ekki fjögur eins og skipunartími stjórnar. Það er kannski í og með til að gefa möguleika á róteringu ef um það er að ræða hjá Landssambandi eldri borgara og Öryrkjabandalaginu og starfsmönnum. Það á svo eftir að koma í ljós hvernig tekið verður í þær brtt. en eins og ég lýsti áðan styðjum við í raun brtt. meiri hlutans en gerum brtt. við þær brtt. Enn og aftur lýsi ég þeirri von minni að þær tillögur nái fram að ganga.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarfræðsla, 879. mál, nál. 2. minni hluta landbn., þskj. 1786.

Efnahagslegar refsiaðgerðir, 1006. mál, fsp. ÖS, þskj. 1782.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1000. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1783.

Lækkun virðisaukaskatts, 1007. mál, fsp. ÖS, þskj. 1789.

Móbergsfell við Þingvallavatn, 643. mál, svar umhvrh., þskj. 1797.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, nál. 2. minni hluta landbn., þskj. 1784.

Umgengni við hafsbotninn umhverfis landið, 638. mál, svar umhvrh., þskj. 1778.

[Fundarhlé. — 16:00]

[17:01]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman):

Frú forseti. Við ræðum nú stjórnskipunarbreytingar á Tryggingastofnun ríkisins. Um það fjallar þetta frv. Ekki er verið að gera neinar aðrar breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Ekki er verið að fjalla um réttindamál sjúklinga eða neitt annað sem lögin taka yfir en stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar.

Frumvarp þetta á sér nokkuð langan aðdraganda. Í gegnum árin hafa orðið breytingar hvað varðar hlutverk stofnunarinnar, stjórnsýslulegt hlutverk hennar, og gerðar hafa verið breytingar á lögunum sem hafa takmarkað umsvif og hlutverk tryggingaráðs. Eins hafa verið gerðar breytingar á lögum um opinbera starfsmenn og breytingar hafa verið gerðar á skipuriti Tryggingastofnunar ríkisins sem hafa samanlagt breytt þegar töluverðu um hlutverk tryggingaráðs sem Alþingi kýs.

Ég er alveg sammála þeim tillögum sem hér eru gerðar um að breyta með formlegum hætti hlutverki tryggingaráðs. Tryggingaráð hefur fram til þessa haft það hlutverk að setja reglur um ýmiss konar úthlutun Tryggingastofnunar á bótum og ýmsum þeim atriðum sem Tryggingastofnun er falið að framkvæma, greiðslum, bótum, hjálpartækjum o.s.frv. Það hefur verið samkomulag á Alþingi, innan Tryggingastofnunar og í heilbrn. að eðlilegt sé að færa það hlutverk tryggingaráðs sem það hefur haft og setja þær reglur yfir til ráðherra þannig að reglurnar séu nú í reglugerðarformi og á ábyrgð ráðherra. Eins og málum er háttað tel ég það rétta aðferð og styð það.

Eftir stendur sú umræða um tryggingaráð sem nú er starfandi hvað það eigi að gera eftir að búið er að flytja þetta hlutverk frá tryggingaráði ásamt því að tryggingaráð hefur ekki lengur úrskurðarvald varðandi kærumál. Sérstök úrskurðarnefnd er komin í það. Hvert á þá hlutverk ráðsins að vera? Á að leggja það niður eða á að styrkja það? Samkvæmt frv. lagði hæstv. heilbrrh. það til að tryggingaráð yrði starfandi áfram skipað af Alþingi eins og verið hefur en hlutverk ráðsins yrði aðlagað að því skipuriti sem hefur verið unnið innan Tryggingastofnunar og farið er eftir í dag. Með frv. sem liggur fyrir er verið að aðlaga lögin að núverandi starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

Þegar hv. heilbr.- og trn. var búin að fara yfir málið og þær umsagnir sem borist höfðu var dregin sú ályktun að rétt væri að í stað þess að festa tryggingaráð frekar í sessi og efla starfsemi þess og stöðu innan Tryggingastofnunar skyldi leggja það niður og koma á ráðherraskipaðri stjórn sem væri þá rekstrarstjórn stofnunarinnar og alfarið undir forsjá heilbrrh. Með þeirri breytingu og brtt. frá meiri hluta heilbr.- og trn. er verið að færa algerlega til stjórnskipulega stöðu Tryggingastofnunar ríkisins frá því sem verið hefur yfir til ráðuneytisins þar sem er alveg skýrt að heilbrrh. er þar yfirmaður. Hann skipar fimm manna stjórn og lagt er til að sú stjórn verði yfir forstjóra. Ég vil benda hv. meiri hluta hv. heilbr.- og trn. á að það fyrirkomulag brýtur þá gegn lögum um skyldur opinberra starfsmanna þar sem forstöðumaður á að heyra beint undir heilbrrh. en ekki stjórn, en hér er lagt til að stjórnin skuli vera yfir forstjóra. Ég tel því að skoða þurfi þetta mál betur og ef þetta er vilji meiri hlutans á Alþingi að breyta stjórnskipulegri stöðu Tryggingastofnunar ríkisins frá því sem nú er í dag. Með skipan fulltrúa í tryggingaráð alfarið yfir til ráðuneytisins, þá þurfi að fara miklu betur yfir það hvort þurfi ekki að festa þetta betur í sessi með annaðhvort sérlögum eða ítarlegri útfærslu í lögum um almannatryggingar ef á að brjóta á lögum um opinbera starfsmenn þar sem ábyrgð forstjórans gagnvart ráðuneytinu verður þá ekki eins og segir í þeim lögum.

Mér finnst, hæstv. forseti, að við eigum í rauninni eftir að taka miklu meiri og ígrundaðri umræðu um hvernig við viljum skipa Tryggingastofnun ríkisins, hvar við viljum staðsetja hana í stjórnkerfinu. Viljum við hafa Tryggingastofnun algerlega sem deild í heilbrrn. eða viljum við hafa hana miklu sjálfstæðari en hún er í dag og styrkja hana sem sjálfstæðari stofnun? Ég tel að við ættum að skoða miklu betur hvernig fyrirkomulagið er annars staðar á Norðurlöndunum. Þar sýnist mér að stofnanir samsvarandi Tryggingastofnun séu miklu sjálfstæðari en við erum að gera tillögu um. Mér finnst það umhugsunarefni að fara þá leið að setja stofnunina, jafnmikilvæg og hún er og jafnsjálfstæð eins og mér finnst hún þurfa að vera, alfarið undir heilbrrn. og að hún sé í rauninni eins og hver önnur ríkisstofnun, þó með þeirri viðurkenningu, eins og hér hefur komið fram, að vegna umfangs þurfi hún sérstaka stjórn og stjórn hennar á þá að vera yfir forstjóranum en það kemur alls ekki nægilega skýrt fram í þeim brtt. sem hér hafa verið lagðar fram. Það kemur eingöngu fram í nefndaráliti.

Hæstv. forseti. Ég les nú úr nefndaráliti frá 2. minni hluta heilbr.- og trn. sem er svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í velferðarkerfi Íslendinga. Þjónusta Tryggingastofnunar grundvallast á lögum um almannatryggingar, um félagslega aðstoð, um fæðingar- og foreldraorlof, um heilbrigðisþjónustu og um sjúklingatryggingu. Í staðtölum almannatrygginga 2002 kemur fram að útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála það ár námu tæpum 47 milljörðum kr. sem er tæplega fimmtungur af heildarútgjöldum ríkissjóðs ef stuðst er við þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna. Vegna hins þýðingarmikla hlutverks er mikilvægt að skýr ákvæði séu í lögum um starfsemi stofnunarinnar og skipulag.

Eins og ég lýsti áðan, hæstv. forseti, tel ég að með þessari brtt. komi vilji meiri hlutans í ljós en skipulagið sé ekki nógu skýrt.

Annar minni hluti telur rétt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fari með yfirstjórn og ábyrgð almannatrygginga en Tryggingastofnun annist framkvæmdina, jafnframt að ráðherra skipi forstjóra sem annist daglegan rekstur og beri ábyrgð gagnvart ráðherra.

Frú forseti. Ég tel að hugsanlega beri þessi niðurstaða eða hugmynd mín keim af því að líta á núverandi skipurit Tryggingastofnunar ríkisins í stað þess að eiga betri og ítarlegri umræðu um þá stofnun sem slíka, hvernig við viljum hafa hana í rauninni sjálfstæðari eins og hér er lagt til og þá hugsanlega ef sú yrði niðurstaðan að stofnunin yrði sjálfstæðari en hún er í dag, þá ætti það ekki að vera heilbrrh. sem væri þar yfirmaður heldur bæri hann faglega ábyrgð.

Tryggingaráð sem skipað er af Alþingi hefur gegnt mikilvægu hlutverki í starfi Tryggingastofnunar og þjónustu við sjúklinga. Það hafði um árabil það hlutverk að setja reglur og úrskurða um réttindi sjúklinga. Nú hafa þessi verkefni

verið tekin af tryggingaráði, setning reglugerða hefur verið falin ráðherra og úrskurðir sjálfstæðri nefnd og er það fyrirkomulag endanlega staðfest í frumvarpinu, eins og ég nefndi áðan.

Hlutverk tryggingaráðs hefur því orðið veigaminna en áður en eftir stendur mikilvægt eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar og því að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

Vegna hins þýðingarmikla hlutverks sem Tryggingastofnun hefur í velferðarkerfinu telur 2. minni hluti mikilvægt að gæta þess að öll pólitísk sjónarmið ásamt faglegri þekkingu komi fram innan eftirlits og ráðgjafaráðs Tryggingastofnunar og því sé rétt að Alþingi kjósi fulltrúa í tryggingaráð líkt og í útvarpsráð og í stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er á ábyrgð stjórnmálaflokkanna að gæta þess að hinir pólitísku fulltrúar séu fullgildir til setu í tryggingaráði, þ.e. búi yfir þekkingu eða reynslu á sviði stofnunarinnar.

Frú forseti. Ríkt hefur góð eining meðal hinna pólitísku fulltrúa sem Alþingi hefur kosið þó að tekist hafi verið á um mismunandi pólitísk sjónarmið og áherslur, en þeir einstaklingar sem þar hafa starfað hafa fyrst og fremst talið sig vera fulltrúa neytenda og unnið undir þeim formerkjum og er látið vel af starfi þeirra einstaklinga sem hafa fram til þessa unnið í tryggingaráði þannig að ekkert er út á það að setja. Í stofnun sem þessari verður að gæta þess að pólitískar áherslur komi fram.

Nú er lagt til að hæstv. heilbrrh. skipi fimm fulltrúa í rekstrarstjórn stofnunarinnar og það segir ekkert til um hvernig hann á að velja þá einstaklinga. Þó ég ætli núverandi ráðherra ekki þá ósvinnu að skipa eingöngu dygga framsóknarmenn í ráðið og það bændur af Suðurlandi — það er allt að því pólitískur léttleiki yfir þessu — því það segir nefnilega ekkert til um hvernig eigi að velja fulltrúa í þessa rekstrarstjórn. Ég tel að það sé m.a. nokkuð sem verði að koma skýrar fram í frv. eða verðandi lögum, hvernig ráðherra eigi að tilnefna, hvernig hann eigi að skipa og hvaðan hann eigi þá að fá tilnefningar í þá stjórn.

Eftir því sem ég hef kynnt mér skipan í stjórnir samsvarandi stofnana á Norðurlöndunum þá er talið eðlileg stjórnskipan að hinir pólitísku flokkar sitjandi í sveitarstjórnum eða á þingum viðkomandi landa eigi fulltrúa í stjórnum viðhlítandi stofnunar og Tryggingastofnunar. Við eigum ekkert að vera feimin við að viðurkenna að tekist er á um pólitísk markmið og áherslur og í stofnun sem slíkri er eðlilegt að viðhorf hinna pólitísku flokka komi inn í stjórn slíkrar stofnunar.

Annar minni hluti telur að hlutverk tryggingaráðs eigi að vera að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar og að gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma eins og verið hefur. Samkvæmt skipuriti Tryggingastofnunar heyrir endurskoðunardeild um innri málefni stofnunarinnar undir tryggingaráð og telur 2. minni hluti rétt að halda þeirri skipan svo að ráðið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þetta fyrirkomulag skerðir á engan hátt eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar eða heilbrigðisráðuneytisins en eftirlitshlutverkin skarast að hluta. Vegna umfangs og hlutverks stofnunarinnar er að mati 2. minni hluta mikilvægt að hafa gott innra eftirlit og getur það vegið þyngra en skörun við eftirlitshlutverk annarra stjórnsýslustofnana.

Á Norðurlöndunum er stjórnsýsla almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar með mismunandi hætti en löndin eiga það sameiginlegt að fulltrúar í stjórnum þessara stofnana eru pólitískt kjörnir en ekki skipaðir af ráðherra.

Fulltrúar í tryggingaráði hafa búið yfir mikilli þekkingu og langri reynslu sem hefur ásamt mismunandi pólitískum sjónarmiðum nýst stofnuninni vel. Þessa auðlind á að nýta betur, m.a. með því að ráðið verði forstjóra og heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um t.d. reglur og síðast en ekki síst sé fulltrúi neytenda og gæti hagsmuna þeirra.

Með breytingartillögum meiri hlutans er vald og áhrif flutt frá Alþingi til ráðherra. Með þessari breytingu er enn verið að styrkja stöðu framkvæmdarvaldsins undir þeim formerkjum að með því sé stjórnsýslan gerð skilvirkari.

Annar minni hluti styður þann hluta frumvarpsins sem lýtur að skipan tryggingaráðs og stjórnsýslulegri stöðu Tryggingastofnunar ríkisins.

Frú forseti. Ég styð frv. eins og það var lagt fram af ráðherra fyrr í vetur um að halda tryggingaráði áfram inni og að það sé kosið af Alþingi og að hlutverk ráðsins verði styrkt eins og á að gera, þ.e. að geta að hluta til fengið það verksvið sem verðandi stjórn er ætlað að hafa.

Tryggingaráð hefur fylgst með og unnið með starfsmönnum og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins við að breyta skipuriti stofnunarinnar. Það skipurit hefur ekki verið staðfest. Eins og það er núna er heilbr.- og trmrh. yfir stofnuninni en í lögum segir að það sé ráðuneytið sem eigi að fylgjast með stofnuninni. Samkvæmt lögunum er Tryggingastofnun þó nokkuð sjálfstæð stofnun með því að heilbrrn. eigi að hafa umsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. En í skipuritinu er ráðherra yfir og síðan forstjóri eins og segir í lögum um opinbera starfsmenn. Tryggingaráðið er þar til hliðar og er bæði forstjóra og heilbrrh. til ráðgjafar og upplýsinga því að mikilvægt er að hafa góða tengingu á milli heilbrrn. og Tryggingastofnunarinnar og tryggingaráð getur sannarlega verið það og verið báðum aðilum til ráðuneytis og stuðnings. Innri endurskoðun stofnunarinnar er undir tryggingaráði samkvæmt skipuritinu eins og það er í dag og ég tel nauðsynlegt að það verði áfram þannig. Það á ekki að vera undir forstjóranum. Forstjóri á ekki að vera yfir innri endurskoðun stofnunarinnar. Þá væri innra eftirlitið orðið eitthvað undarlegt.

Þegar ég tók til máls þegar frv. var lagt fram óbreytt talaði ég ýmist um að Tryggingastofnun ríkisins væri það mikilvæg stofnun að hún þyrfti að hafa sérstaka stjórn. Það mætti ekki eiga sér stað að tryggingaráð yrði lagt af ef engin stjórn yrði í staðinn og þegar ég nefndi stjórn í því sambandi hafði ég alltaf stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss í huga. Það er eina heilbrigðisstofnunin sem hefur stjórn í dag. Sú stjórn er ráðgjafarstjórn og þegar ég hef talað um stjórn hjá Tryggingastofnun, þá er það í mínum huga ráðgjafarstjórn en ekki rekstrarstjórn eins og gert er ráð fyrir samkvæmt brtt. Töluverður munur er þar á og stjórnin eða tryggingaráð, eins og ég vil frekar hafa það, á að hafa eftirlit með starfseminni. Tryggingaráð á að vera fulltrúi neytenda. Það á að vera ráðgjafi forstjóra, það á að vera ráðgjafi ráðherra og ráðgjafi ráðherra varðandi reglugerðarsetningu. Mér finnst þetta, frú forseti, vera í rauninni breyting sem mér hefur fundist að við þyrftum að taka okkur betri tíma til að skoða og ná betri umræðu um, ekki bara inni í nefndinni heldur almennt um það hvort við teljum rétt að Tryggingastofnun sé svona háð framkvæmdarvaldinu eins og verið er að gera núna með þessum brtt. eða hvort við mundum frekar vilja sjá stofnunina efla sem sjálfstæðari stofnun. Mér finnst þessar

brtt. vega að hlutverki Alþingis og enn og aftur er verið að styrkja framkvæmdarvaldið með því að ráðherra skipi í stjórn án þess að nokkuð sé sagt til um það hvort hann eigi að fá tilnefningar eða eftir hvaða eiginleikum hann eigi að leita hjá stjórnarmeðlimum. Það er í rauninni alveg opið hvort þarna séu fulltrúar neytenda, fulltrúar með sérþekkingu á almannatryggingasviði, læknar eða aðrir sem hafa einhverja yfirsýn í málaflokkum þeirra einstaklinga sem hvað mest sækja til stofnunarinnar.

Ég tel að með þessum breytingum eins og ég sagði sé enn og aftur verið að veikja stöðu Alþingis og efla stjórnsýsluna og ég er ekki viss um að það sé rétt í þessu sambandi að setja Tryggingastofnun beint undir ráðuneytið á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:29]

Útbýting þingskjala:

Aflétting veiðibanns á rjúpu, 154. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1773.

Húsnæðismál, 785. mál, brtt. GÞÞ, þskj. 1800.

Lyfjalög, 2. umr.

Stjfrv., 880. mál (lyfjaverð og greiðsluþátttaka almannatrygginga). — Þskj. 1338, nál. 1650 og 1652, brtt. 1651.

[17:30]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, frá meiri hluta heilbr.- og trn.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga gesti sem getið er um á þskj. 1650.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar verði sameinuð í nýja nefnd, lyfjagreiðslunefnd. Markmiðið með breytingunni er m.a. að betri heildarsýn fáist yfir málaflokkinn en að mati meiri hlutans er brýn þörf á því. Þá eru lagðar til breytingar sem fela í sér að lyfjaheildsölum verði heimilt að flytja inn samhliða innflutt lyf. Heimildin hefur fram að þessu verið leidd af ákvæðum lyfjalaga en ekki haft beina lagastoð. Einnig er lagt til að Lyfjastofnun verði á grundvelli heilbrigðissjónarmiða heimilt að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf þegar það hefur verið afskráð.

Frumvarpinu er að hluta til ætlað að bregðast við ábendingum í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lyfjakostnað frá því í mars. Í skýrslunni er m.a. lagt til að stjórnsýsla lyfjamála verði endurskipulögð, verkefni sameinuð og þeim aðilum sem annast málaflokkinn verði fækkað. Sérstaklega var vakin athygli á verkefnum lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar en bent hefur verið á að þær séu ekki nægilega tengdar hvor annarri og að nokkuð skorti á samræmingu í störfum þeirra. Með frumvarpinu er lagt til að starfsemi nefndanna tveggja verði sameinuð í eina nefnd, lyfjagreiðslunefnd, sem fjalli um verð allra lyfseðilsskyldra lyfja en ekki eingöngu nýrra lyfja eins og greiðsluþátttökunefnd gerir nú. Einnig er lagt til að nefndin fjalli um og ákvarði greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og greiðsluþátttökuverð.

Hæstv. forseti. Lyfjakostnaður á Íslandi árið 2003 var í heild um 14 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að samanburður við Danmörku og Noreg leiði í ljós að það ár hafi kostnaður á hvern landsmann verið um 46% hærri hérlendis en þar þrátt fyrir nokkru minni lyfjanotkun. Segir þar að hærri kostnaður skýrist af minna úrvali ódýrra samheitalyfja og meiri notkun ákveðinna lyfja, t.d. tauga- og geðlyfja, en einnig af meiri kostnaði við að dreifa lyfjum og selja þau á Íslandi en í þessum löndum. Að mati meiri hlutans er ljóst að samkeppni skortir á lyfjamarkaðnum. Með aukinni samkeppni telur meiri hlutinn að hægt verði að ná fram lækkun á lyfjaverði. Lítur hann því svo á að mikilvægt sé að hvetja til þess að framboð af samheitalyfjum og samhliða innfluttum lyfjum verði aukið.

Í 3. málsl. 3. efnismgr. 10. gr. frumvarpsins er lagt til að við verðákvörðun samhliða innflutts lyfs skuli lyfjagreiðslunefnd hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu. Við umfjöllun málsins voru gerðar athugasemdir við þetta viðmið. Var bent á að með því hyrfi ávinningur af samhliða innflutningi og þar með væri dregið úr hvata fyrirtækja til að hefja slíkan innflutning. Komu fram fleiri rök fyrir því að viðmiðið yrði endurskoðað, m.a. var bent á að innkaupsverð á þessum lyfjum væri breytilegt og framboðið í þeim löndum sem samhliða innflutt lyf væru keypt frá væri ótryggt. Að mati meiri hlutans er eðlilegt að ákvæði laga verði með þeim hætti að það hvetji frekar en letji fyrirtæki til að stunda samhliða innflutning í þeim tilgangi að lækka verð á lyfjum. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að lyfjagreiðslunefnd skuli við ákvörðun hámarksverðs m.a. hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi hefur sótt um enda sé það lægra en verð sama lyfs hér á landi. Meiri hlutinn hvetur til þess að samhliða innflutningur fari fram en að mati hans er líka afar mikilvægt að ákvæðið ýti undir samkeppni.

Á síðustu árum hefur orðið mikil samþjöppun fyrirtækja í lyfjaiðnaðinum sem hefur leitt til þess að samkeppni hefur minnkað og er jafnvel svo komið að um ákveðna einokun er að ræða. Við umfjöllunina kom fram að framboð ódýrari samheitalyfja hefur dregist saman. Talið er að um 20% lyfja hér á landi séu samheitalyf sem telst mjög lítið í samanburði við nágrannalöndin. Þar að auki var því haldið fram að íslenski markaðurinn væri lítill vegna smæðar landsins og hefði því ekki vakið áhuga framleiðenda samheitalyfja. Meiri hlutinn leggur áherslu á að reglur um greiðsluþátttöku ríkisins verði skoðaðar en bent hefur verið á að ein af ástæðum mikils lyfjakostnaðar geti verið sú að sjúklingar greiði sömu fjárhæð fyrir hverja afgreiðslu óháð því hvert magnið er. Afsláttur lyfjaverslana getur ýtt undir að ávísað sé á dýr lyf frekar en ódýr innan hvers lyfjaflokks og of stóran lyfjaskammt. Með þessu móti greiðir sjúklingurinn jafnvel minna en ef ávísað er á minni skammt af ódýru samheitalyfi. Þessi framkvæmd er ekki þjóðhagslega hagkvæm og er brýnt að endurskoða hana.

Í 4. efnismgr. 10. gr. er m.a. gert ráð fyrir að lyfjagreiðslunefnd ákveði viðmiðunarverð sem greiðsluþátttaka almannatrygginga reiknast af ef um lyf með sambærileg meðferðaráhrif er að ræða og í sama lyfjaflokki. Við umfjöllun málsins kom fram að greiðsluþátttökuverðið gæti t.d. verið miðað við verð ódýrasta lyfsins, í sama styrkleika og sömu pakkningu. Sambærilegt ákvæði er í reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði en með frumvarpinu er lagt til að því verði veitt lagastoð. Meiri hlutinn

styður það en leggur til breytingu á orðalagi 1. málsl. 4. efnismgr. 10. gr. þar sem kveðið er skýrar á um hlutverk lyfjagreiðslunefndar hvað varðar flokkun en það er að raða samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokka.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að Lyfjastofnun verði heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins, að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem er afskráð eða hefur ekki verið sótt um markaðsleyfi fyrir. Leggur meiri hlutinn áherslu á að með þessu ákvæði er ekki verið að leggja til að Lyfjastofnun hefji innflutning. Ákvæðið felur í sér að stofnunin getur að eigin frumkvæði viðurkennt markaðsleyfi hér á landi. Því hefur verið haldið fram að vegna smæðar íslenska markaðarins hafi borið á því að framleiðendur hafi ekki haft áhuga á að flytja hingað ákveðin lyf eða hafi afskráð lyf til að koma á markað nýrri og dýrari lyfjum. Ákvæðinu er ætlað að opna möguleika á að brugðist sé við því. Meiri hlutinn telur hins vegar eðlilegt að öll almenn skilyrði um veitingu markaðsleyfis skuli gilda og leggur til breytingar á ákvæðinu þess efnis. Þá leggur meiri hlutinn til að ráðherra verði skylt að setja reglugerð um frekari framkvæmd ákvæðisins í stað þess að honum verði það heimilt enda telur meiri hlutinn að þörf sé á því að ákvæðið sé útfært frekar í reglugerð.

Meiri hlutinn leggur til að bætt verði inn skilgreiningu á lyfjagerð í a-lið 3. gr. frumvarpsins og til samræmis er lögð til breyting á 36. gr. laganna. Þá leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingu á 7. gr. í þeim tilgangi að gera ákvæðið skýrara. Einnig er lögð til breyting á 2. efnismgr. 10. gr. frumvarpsins til að gæta samræmis við 11. gr. þess um að umsókn sé grundvöllur lyfjagreiðslunefndar við ákvörðun um hámarksverð o.fl. Að lokum er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður þar sem kveðið er á um að lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd haldi umboði sínu þar til lyfjagreiðslunefnd hefur verið skipuð auk þess sem lögð er til breyting á almannatryggingalögum til samræmis við breytingu á nefndum.

Meiri hlutinn telur afar brýnt að spyrna fótum við hækkuðu lyfjaverði. Leggur hann áherslu á að leitað verði allra leiða til þess. Við umfjöllunina kom fram að þróunin á smásölumarkaðnum hefur verið í átt að fákeppni. Að mati meiri hlutans er mikilvægt að lyfjaverð verði kannað reglulega og niðurstöður birtar með aðgengilegum hætti. Þá tekur meiri hlutinn fram að heildarendurskoðun á lyfjalögum stendur yfir en bindur vonir við að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi áhrif til lækkunar lyfjaverðs.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali en hefur verið til umfjöllunar í máli mínu.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Brynja Magnúsdóttir og Jón Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Undir álitið rita Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Dagný Jónsdóttir, Jón Gunnarsson og Brynja Magnúsdóttir.

[17:40]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1652, 880. máli.

Markmið þessa frumvarps er að ná fram hagræðingu og einfaldari stjórnsýslu lyfjaverðlagsmála með því að sameina lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd. Með þessu er brugðist við tillögu í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Lyfjakostnaður, notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi" frá mars sl., þar sem lagt er til að stjórnsýsla lyfjamála verði endurskipulögð með það fyrir augum að sameina verkefni og fækka aðilum sem annast málaflokkinn.

Auðvelt er að sjá marga kosti þess að sameina tvær sjálfstæðar nefndir sem bera ábyrgð á ákvörðun hámarksverðs á lyfseðilsskyldum lyfjum annars vegar og hins vegar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. En ný nefnd, lyfjagreiðslunefnd, á að fá mjög víðeðmt vald og að hluta til frá ráðherra. Samkvæmt frumvarpinu skipar ráðherra fimm manna nefnd og skal hún skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytisins, landlæknis og Lyfjastofnunar. Sú breyting verður á skipan nefndarmanna að fulltrúi Lyfjastofnunar kemur í stað fulltrúa sem læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir nú í lyfjagreiðslunefnd. Með tilnefningu læknadeildar var tryggt að í nefndinni sæti maður með læknisfræðilega þekkingu. Mjög mikilvægt er að lyfjaverðlagsnefnd njóti trausts sem fagleg úrskurðarnefnd og má ætla að með sameiningunni geti komið upp hagsmunaárekstrar sem veiki trúverðugleika hennar. Benda má á í þessu sambandi að niðurstöður lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar hafa ekki alltaf verið samhljóma.

Eitt af því sem ber að hafa í huga er að Tryggingastofnun ríkisins ber að halda sig innan fjárhagsramma vegna greiðsluþátttöku í lyfjum jafnt sem í öðrum útgjöldum stofnunarinnar og sú hætta er því fyrir hendi að kröfur innan Tryggingastofnunar um að lækka lyfjakostnað verði settar ofar þjóðhagslegri hagkvæmni lyfjanotkunar, sérstaklega hvað varðar hagsmuni sjúklinga. Þessi sjónarmið geta stangast á þegar fjallað er um umsóknir um greiðsluþátttöku í heilsuhagfræðilegu samhengi.

Greina þarf því á milli tveggja grundvallarsjónarmiða, þ.e. þátttöku ríkisins í lyfjakostnaði og jafnræðis allra sjúkratryggðra til greiðsluþátttöku annars vegar og hins vegar fjármögnunar ríkisins á lyfjakostnaði. Því er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði og stjórnsýslulega stöðu nefndarinnar svo ekki sé hætta á að hlutleysi hennar verði dregið í efa með tilliti til jafnræðis sjúkratryggðra.

Benda má á að fulltrúi neytenda eða sjúklinga mun engan aðgang hafa að störfum lyfjagreiðslunefndar þrátt fyrir að lækkun lyfjaverðs sé sjúklingum ekki síður mikilvæg en sjúkratryggingum eða ríkissjóði.

Jafnframt er markmið frumvarpsins að ná niður lyfjakostnaði með því að styrkja heimild lyfjagreiðslunefndar til að miða greiðsluþátttökuverð Tryggingastofnunar við lyf með sambærileg meðferðaráhrif (en slík heimild er nú í reglugerð), hvetja til samhliða innflutnings lyfja og auka hlutdeild samheitalyfja.

Komið hefur fram að hlutfall samheitalyfja er lægra hér á landi en í nágrannalöndunum. Ávinningur er í að hækka hlutfall samheitalyfja, þar sem þau eru flest ódýrari en frumlyfin. Lítill markaður og fákeppni á heildsölumarkaði hafa m.a. áhrif á fjölda skráðra lyfja. Mikilvægt er því að leita leiða til að hækka hlutfall samheitalyfja, m.a. með samvinnu við heildsala.

Hvað varðar heimild til að miða greiðsluþátttökuverð Tryggingastofnunar við lægsta verð á lyfi með sambærileg meðferðaráhrif er ljóst að með þeim hætti má ná niður lyfjakostnaði og þá sérstaklega hjá Tryggingastofnun, þar sem líklegt má teljast að heimildir til notkunar lyfjaskírteina verði

vannýttar eins og gildir um afsláttarskírteini vegna komugjalda. Einnig er hætt við að þetta kerfi leiði til mismununar í lyfjameðferð eftir efnahag sjúklinga.

Mjög margar ábendingar hafa komið fram um að lyf sem talin eru hafa „sambærileg meðferðaráhrif" eru ekki að öllu leyti jafngild læknisfræðilega, þó að þeim sé skipað saman í flokk. Lægsta verð innan hvers flokks mun samkvæmt frumvarpinu ráða greiðsluþátttöku almannatrygginga.

Einkum hafa eftirtalin fimm atriði komið fram varðandi það að miða greiðsluþátttöku við lyfjaflokka:

1. Læknar þurfa stundum að prófa nokkur mismunandi lyf á sjúklingum áður en fullnægjandi árangur sést af meðferðinni. Þetta er vel þekkt, t.d. við meðferð gigtsjúkdóma.

2. Ekki er nóg að lyf standist klínískar rannsóknir og hafi tilætlaða verkun (t.d. lækki blóðfitu) ef lyfið dregur ekki jafnframt úr dánartíðni eða alvarlegum sjúkdómum.

3. Sjúklingar sem hafa lítið fjárhagslegt bolmagn munu lenda í því að þurfa að skipta um lyf en efnameiri sjúklingar geta látið eftir sér að nota þau lyf sem best henta. Það er því verið að búa til ójöfnuð í heilbrigðiskerfinu sem ekki hefur þekkst áður.

4. Ef koma á undanþágukerfi mun það leiða til enn aukins skrifræðis og kostnaðar innan almannatryggingakerfisins, auk kostnaðar og fyrirhafnar fyrir sjúklinga og lækna. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa í frumvarpinu og kostnaðargreining liggur ekki fyrir.

5. Tíð skipti á lyfjum eru til þess fallin að rugla sjúklinga í ríminu og bjóða heim hættunni á yfirskömmtun og eitrunum vegna þess að viðkomandi veit ekki að um svipuð lyf er að ræða. Þess má geta að brögð eru að slíku jafnvel þegar skipt er um lyf samkvæmt gildandi reglum um samheitalyf.

Ef þetta verða afleiðingar þess að komið verði á viðmiðunarverðskrá fyrir lyf með sambærileg meðferðaráhrif gæti lagabreyting þessi haft alvarlega heilsufarslega áhættu í för með sér, auk þess að vera afar óskynsamleg út frá hagrænum forsendum.

Við undirbúning frumvarpsins var m.a. stuðst við danska skýrslu um analog-kerfi, en þess ber að geta að Danir tóku kerfið ekki upp eftir útkomu skýrslunnar og hlýtur það að gefa einhverjar vísbendingar um hagkvæmni þess að taka það upp.

Læknar bera faglega ábyrgð á lyfjameðferð sjúklinga en lyfjaval og útskrift lyfseðla skipta miklu máli um lyfjakostnað og lyfjanotkun þjóðarinnar. Heilsuhagfræði hefur ekki verið öflug grein innan læknisfræðinnar og því hefur marga lækna skort kostnaðarvitund við útskrift lyfseðla. Þetta er að breytast og má stuðla að betri þekkingu lækna með öflugu kynningarstarfi, m.a. á vegum landlæknisembættisins.

Markmið frumvarpsins er að ná niður lyfjakostnaði og telur minni hlutinn það þarft, en máli skiptir hvernig markmiðinu er náð. Það má ekki gera með því að velta kostnaðinum yfir á herðar sjúklinga. Lyfjaframleiðendur, lyfjaheildsalar og smásalar hljóta því að bera mikla ábyrgð á því að ná niður kostnaði. Sjúkrastofnanir og læknar verða einnig að vera virkir þátttakendur ef betri árangur á að nást í lyfjanotkun með tilliti til betri lýðheilsu og lægri lyfjakostnaðar.

Með afgreiðslu fjárlaga 2004 var Tryggingastofnun gert að lækka lyfjakostnað um 460 millj. kr. á árinu. Nú háttar svo til að í aprílmánuði sl. gerðu lyfjaframleiðendur, lyfjaheildsalar og smásalar heiðursmannasamkomulag við heilbrigðisráðherra um að leggja sitt af mörkum til að ná niður lyfjakostnaði. Stefnt er að 800 millj. kr. lækkun á lyfjaverði á ársgrundvelli. Ég tel að þessi tala hafi hækkað og sé a.m.k. 800 millj. Samkomulagið tekur mið af núverandi eða svipuðu starfsumhverfi.

Ef umtalsverðar breytingar á starfsumhverfi verða gerðar nú, telur minni hlutinn að ómögulegt verði að meta hvaða ástæður liggja að baki lækkana á lyfjaverði. Stafa þær af aðgerðum heildsala og smásala eða af lagabreytingum? Umtalsverðar breytingar á lagaumhverfi nú gætu sett heiðursmannasamkomulagið í uppnám og þar með reyndi aldrei á hvort hagsmunaaðilar lyfjainnflytjenda og smásala næðu fram mun meiri sparnaði en stefnt er að á þessu ári.

Með vísan til þess að verið er að undirbúa heildarendurskoðun á lyfjalögum og lyfjaumhverfi telur minni hlutinn að hraða eigi endurskoðuninni með víðtæku og virku samstarfi allra þeirra sem málið varðar, ekki síst sjúklinga, og athuga breytingar á lyfjalögum samfara þeirri vinnu.

Frú forseti. Ljóst var við vinnslu málsins í hv. heilbr.- og trn. að hvorki sjúklingar né aðrir sem að málinu koma unnu að undirbúningi málsins. Á sama tíma og verið var að undirbúa frv. í heilbrrn. var heilbrrh. að vinna að því heiðursmannasamkomulagi sem ég nefndi áðan. Mér finnst að þarna hefði átt að vanda betur til verka og ég vil ítreka að ef slíkt samkomulag er í gildi, þó það sé ekki undirritað, milli lyfjaheildsala, smásala og ráðherra, að þeir ætli að taka höndum saman og sýna fram á lækkun lyfjakostnaðar með þeim ráðum sem þeir búa yfir, þá finnst mér að það eigi að láta reyna á það. Það verður aldrei hægt að meta hvort þetta heiðursmannasamkomulag stenst eða ekki ef á að fara að breyta starfsumhverfinu á sama tíma. Mér finnst eins líklegt að verið sé að ögra þessu samkomulagi og geti allt eins farið svo að það fari upp í loft. Ég vona að svo verði ekki en mér finnst þetta vera nokkuð djarft teflt af ráðherra að leggja fram frv. á þessum tíma.

Komið hafa aðvaranir úr mörgum áttum eins og ég rakti hér áðan og þá kannski sérstaklega er það frá lyfjaframleiðendum, heildsölum og smásölum hvað varðar þetta analog-kerfi sem á að fara að taka upp. Umsögn kom frá Læknafélagi Íslands sem mér finnst ástæða til að vitna í. Ábyrgð lækna er mjög mikil í þessu máli. Það eru þeir sem ávísa á lyf. Það er á ábyrgð lækna að setja upp lyfjalista á heilbrigðisstofnunum og fylgjast með verðlagi en á ábyrgð landlæknis og Lyfjastofnunar að standa að kynningu á verðlagi á lyfjum þannig að verið sé að velja góð en ódýrari lyf við útskrift á lyfseðlum. Mér finnst að við eigum að hlusta á ummæli Læknafélags Íslands og, með leyfi forseta, ætla ég að grípa niður í nokkur atriði en þar segir:

„Gert er ráð fyrir að lyfjagreiðslunefnd taki við hlutverki lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar sem báðar starfa samkvæmt gildandi lögum. Félagið telur að hið tvískipta hlutverk hinnar nýju nefndar, þ.e. að mæla fyrir um verð lyfja annars vegar og greiðsluþátttöku ríkisins hins vegar, kunni að verða henni ofviða vegna mismunandi hagsmuna. Hætt er við að þetta fyrirkomulag dragi úr trausti því sem nefnd af þessu tagi þarf að hafa og að hægt verði að draga í efa réttmæti ákvarðana nefndarinnar um lyfjaverð í ljósi þeirra hagsmuna sem ríkissjóður á vegna ákvarðana um greiðsluþátttöku."

Þetta segir um lyfjagreiðslunefndina.

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Lyfjagreiðslunefnd þarf að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á kostnað sjúklinga vegna lyfjakaupa og störf lækna sem ávísa þessum lyfjum. Hvorir tveggja, sjúklingar og

læknar, eru því undir ákvarðanir nefndarinnar seldir. Læknar þurfa að taka ákvarðanir sem miðast m.a. að greiðslugetu sjúklinga sinna og ráðleggja þeim um lyfjanotkun, hugsanlega um notkun dýrari lyfja en greiðslur ríkisins miðast við. Það liggur í hlutarins eðli að nefndin þarf að hafa á að skipa læknisfróðum aðilum til að hægt sé að halda því fram að hún eigi ekki eingöngu að líta til fjárhagslegra sjónarmiða í störfum sínum. Engin trygging virðist fyrir því að þeirra sjónarmiða verði gætt. Tilnefningaréttur er færður frá læknadeild til Lyfjastofnunar og engin trygging er fyrir því að þeir aðilar aðrir sem tilnefna eiga í nefndina noti rétt sinn til að koma að faglegum sjónarmiðum læknisfræðinnar.

Læknafélag Íslands vill að lokum benda á að sum lyf innan tiltekinna flokka eru mismunandi og ekki sambærileg eins og gefið er í skyn í greinargerð með frumvarpinu og málflutningi heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins að undanförnu. Rannsóknir sem eru að koma fram þessi missirin benda til að þau séu ekki sambærileg eða með öðrum orðum, eitt lyf sé öðru betra fyrir bæði einstaklinga og hópa sem lyfin nota. Einnig benda líkur til að aukaverkanir séu mismunandi. Gera má ráð fyrir að vitneskja af þessu tagi fari í vöxt á næstu árum vegna vaxandi áherslna á að bera saman nýjungar við það besta sem fyrir er. Því er ýmislegt sem bendir til þess að fyrirkomulag á greiðsluþátttöku ríkisins, sem mælt er fyrir í frumvarpinu, geti verið varhugavert frá faglegum sjónarhóli og að ákvarðanir af þessu tagi beri að taka á pólitískum grundvelli að fenginni faglegri ráðgjöf. Læknafélag Íslands telur að fyrirhugaðar breytingar á ákvörðunum um greiðsluþátttöku ríkisins trufli um of hina faglegu úrvinnslu og taki frá ráðherranum þann pólitíska bikar sem honum er skylt að bergja af."

Margt má um þetta analog-kerfi segja, þ.e. að miða við lyf sem hafa sambærilega verkun. Til að allir sitji við sama borð er vísað til þess að læknar eigi að skrifa út eða sækja um lyfjaskírteini fyrir viðkomandi sjúklinga sem geta ekki notað ódýrustu lyfin eða þau lyf sem eru dýrari en viðmiðunarlyfið eða annað en viðmiðunarlyfið. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er töluvert um það, sérstaklega hjá ákveðnum sjúklingahópum, að það þurfi að fikra sig áfram með rétta lyfjanotkun og breyta um lyf eða finna eitthvert það lyf sem sjúklingurinn þolir öðru fremur. Og ef nota á lyfjaskírteinin yrði það svo mikil umframnotkun á skírteinum miðað við það sem er í dag, að leggjast ætti yfir það og reikna út hvað það muni kosta og hvort þetta sé í rauninni sú leið sem virkilega muni skila einhverjum sparnaði. Ég vil benda á að nágrannaþjóðir okkar hafa ekki tekið þetta upp. Danir gerðu slíka úttekt og skrifuðu þessa skýrslu en lögðu ekki í að taka upp þetta analog-kerfi og af einhverjum ástæðum er það. Mér hefur fundist miðað við það samkomulag sem er í gildi, heiðursmannasamkomulag, og með tilliti til þess að fara á í heildarendurskoðun á lyfjalögunum eigi að einhenda sér í að fara í þá vinnu í góðri samvinnu við sjúklingasamtökin, Öryrkjabandalagið, læknafélögin og heildsalana, smásalana, alla þá sem málið varðar, en ekki að taka út þá þætti sem vonandi skila einhverjum árangri, ekki bara fyrir ríkisstjóð heldur ekki síður fyrir sjúklingana því ég óttast að lyfjaskírteinakerfið, breytingar á verðlagi og erfiðleikar fyrir lækna að fylgjast alltaf með lægsta verði og að standa vörð um hagsmuni sjúklinganna, allt þetta muni verða til þess að kostnaður aukist og lendi á sjúklingunum og það verði enn skýrari efnahagslegur munur á milli þeirra sem hafa minni fjárráð og þeirra sem hafa meiri fjárráð hér í landi, að þeir sem hafa efni á því geti leyft sér dýrari lyfin, en þeir sem hafa minna umleikis geti það ekki. Og hvað varðar alla umsýslu á lyfjaskírteinunum mun það ekki skila sér betur en þau skírteini sem nú eru í notkun. Ljóst er að þeir einstaklingar sem nota heilbrigðisþjónustuna og eiga rétt á afsláttarskírteinum nýta sér þau því miður ekki og þau skíreini eru ekki notuð sem skyldi af ýmsum ástæðum.

[18:04]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þegar frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, var lagt fram af hæstv. heilbrrh. Jóni Kristjánssyni fór ég efnislega í gegnum frv. við 1. umr. og ræddi ýmsa efnisliði við hæstv. heilbrrh. Ég hafði talsvert margt við frv. að athuga eins og það leit út þá.

Ég verð í þessu sambandi að leggja lykkju á leið mína og hæla framsóknarmönnum þótt ég geri það ekki oft, eða réttara sagt hæla hv. formanni heilbr.- og trn., Jónínu Bjartmarz, fyrir vinnuna á málinu. Á þessum síðustu dögum þingsins er fljótaskrift á ýmsu en að mínu viti var þetta mál vel unnið í heilbrn.- og trn., kallaðir til margir gestir og leitað eftir umsögnum víða og við gáfum okkur talsvert góðan tíma í að fara yfir og ræða málin og þau ágreiningsefni sem fyrir lágu, enda má segja að nefndin hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu að mestu leyti. Ég sem hér stend er á meirihlutaáliti nefndarinnar, með fyrirvara þó og mun ég gera smágrein fyrir í hverju fyrirvararnir eru fólgnir.

Eins og ég sagði komum við samfylkingarfulltrúar í nefndinni með margar ábendingar. Þær athugasemdir sem við gerðum við 1. umr. voru teknar til greina og hafa verið settar í nefndarálitið sem liggur fyrir og eins þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar gerir.

Það liggur náttúrlega fyrir að farið verður í heildarendurskoðun lyfjalaga fljótlega og ég er hjartanlega sammála því að full ástæða er til að hraða henni eins og hægt er því að við það að setja mig inn í málaflokkinn og fara yfir þessi mál í tengslum við frv. hef ég sannfærst um að það er full þörf á að fara í gegnum lyfjalögin eins og þau eru og endurskoða þau frá grunni.

Allir sem komu að þessari vinnu eru sammála um að við þurfum að ná niður lyfjakostnaði. Heildarlyfjakostnaður hér á Íslandi sl. ár var um 14 milljarðar kr. og viðamikil og ítarleg skýrsla Ríkisendurskoðunar um verðmyndun á lyfjum hérlendis og kerfið sem við búum við leiðir í ljós að lyfjakostnaður hér er um 46% hærri en í nágrannalöndunum sem við berum okkur saman við þrátt fyrir að lyfjanotkun í flestum lyfjaflokkum sé heldur minni hér. Þessi kostnaður hefur verið skýrður þannig að hér sé minna úrval af svokölluðum samheitalyfjum og meira notað af á ákveðnum tauga- og geðlyfjum en annars staðar og einnig að kostnaður við að dreifa lyfjum og selja þau á Íslandi sé meiri en í löndunum sem við berum okkur saman við.

Það má segja að lyfjamarkaðurinn í heiminum og lyfjabransinn í heild sinni sé svolítið undarlegur bransi, alla vega ef við berum þetta saman við venjuleg framleiðslufyrirtæki sem kaupa inn hráefni, framleiða vöru og selja síðan. Í því sem ég vil kalla venjuleg framleiðslufyrirtæki skiptir yfirleitt máli hver hráefniskostnaðurinn er og hver kostnaðurinn er við að framleiða hverja einingu. Það hefur talsvert mikið að segja í verðinu sem menn reyna síðan að fá fyrir vöruna eða framleiðsluna en í lyfjaframleiðslunni horfa menn frekar á getu hvers markaðar til að kaupa lyf og spyrja hver

getan sé til að greiða fyrir þessi lífsnauðsynlegu lyf sem allir þurfa á að halda og verðleggja þau síðan út frá þeirri getu en ekki því hvað lyfið kostar í framleiðslu eða hver framleiðslukostnaðurinn hefur verið í heild.

Þetta er náttúrlega skakkur markaður að því leytinu til að í flestum löndum er það ríkið sem greiðir uppistöðuna í lyfjakostnaði og sjúklingar minni hlutann. Þegar svo er verður markaðurinn alltaf skakkur og mikil hætta á því að verðmyndun verði undarleg. Þetta verður til þess að menn hafa skoðað í talsvert miklum mæli möguleikana á því að kaupa lyf á ódýrari markaðssvæðum og flytja þau inn til dýrari markaðssvæða og það hefur verið kallað samhliða innflutningur lyfja. Þá er flutt inn nákvæmlega sama lyf og selt er á þessum dýra markaði frá ódýrara markaðslandi til að reyna að ná verðinu niður og síðan er það selt á lægra verði en frumlyfið, sem kallað er, sem er nákvæmlega sama lyf.

Það hefur ekki verið mikið um samhliða innflutning á Íslandi hingað til og ýmsar skýringar eru á því en í markmiðum frv. kom fram að menn ætluðu að reyna að auka samhliða innflutning á lyfjum með það í huga að ná niður lyfjaverði. Fyrstu hugmyndir sem fram komu í frv. um það hvernig ætti að verðleggja samhliða innflutt lyf gengu einfaldlega ekki og þegar menn fóru að skoða textann eins og hann leit út, og á það benti ég á við 1. umr., þá held ég að allir hafi sannfærst um að það gangi ekki að miða við skráð verð á lyfi í útflutningslandi þegar verðið á Íslandi er ákveðið heldur sé nauðsynlegt að gera þetta með öðrum hætti. Niðurstaða heilbr.- og trn. er sú að innflytjandi sem flytur inn samhliða innflutt lyf sæki um ákveðið verð, lyfjagreiðslunefndin nýja fari yfir þau gögn og verð á lyfinu á markaðnum og heimili væntanlega að það sé skráð en þó alltaf á lægra verði en frumlyfið sem keppt er við. Með þessu telja menn jafnvel að hægt sé að trappa verðið eitthvað niður smám saman en nú er ósköp lítil samkeppni við frumlyfin.

Í frv. er gert ráð fyrir að sameinaðar séu tvær nefndir, lyfjaverðsnefndin og greiðsluþátttökunefndin og ég held að allir séu sannfærðir um að sú aðgerð sé af hinu góða. Reyndar má segja að hin nýja sameinaða nefnd komi til með að hafa ansi breitt verksvið og talsvert mikil völd í þessum geira því að hún mun bæði ákveða hámarksverð lyfja og einnig greiðsluþátttökuverðið eins og það verður. Hluti af fyrirvara mínum við nefndarálitið og brtt. sem hér liggja fyrir er fólginn í því að ég sé ekki almennilega fyrir mér hvernig þetta kemur til með að ganga.

Annar fyrirvari sem við höfum sett varðar lyfin með sambærilegu meðferðaráhrifin. Við munum hvernig ráðherra fór til baka með reglugerð sína um lyf með sambærileg meðferðaráhrif, frestaði gildistöku hennar eftir að hann náði samkomulagi við heildsala á lyfjum en segja má að í þessu frv. sé í fyrsta skipti sett lagastoð undir kerfið. Hingað til hefur verið leitt óbeint af lyfjalögum að það sé heimilt og sett reglugerð en hér er fjallað beint um það í lögum. Að mínu viti höfðum við ekki nægilegan tíma til að fara yfir hvaða áhrif það hafi að gera þetta með þessum hætti.

Ég sé í sjálfu sér ekki tilgang í að fjölyrða mikið meira um þetta. Vinnan sem fram fór var góð og farið var yfir málið í heild sinni, frá a–ö. Frv. eins og það kemur til með að líta út, verði brtt. sem hér eru lagðar fram samþykktar, verður mun betra en það sem var lagt fram í upphafi og til bóta frá núverandi kerfi. Því er full ástæða til að veita því brautargengi.

[18:15]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég held að hv. þm. Jón Gunnarsson hafi gert góða grein fyrir fyrirvörum okkar samfylkingarmanna sem varða þetta frv. Ég vil gera hans orð að mínum. Þess vegna ætla ég að vera stuttorður.

Eins og kom fram við 1. umr. á það að vera mikið forgangsmál að reyna að ná niður lyfjakostnaði. Lyfjakostnaður núna er um 14 milljarðar kr., þar af er hlutur ríkisins um 9,5 milljarðar og hlutur einstaklinganna því um 4,5 milljarðar. Þetta er að sjálfsögðu gríðarlega há upphæð en í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út nýverið var bent á að ef lyfjakostnaður hér á landi væri svipaður og í Danmörku og Noregi væri hann um 4,4 milljörðum kr. lægri en nú. Til að setja þessa tölu í samhengi mætti reka Háskóla Íslands fyrir þessa upphæð í eitt ár, eða mjólkursamninginn sem ég veit að frsm. meiri hlutans, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, er hugleikinn. Þetta sýnir um hvaða tölur er að ræða.

Það er einnig áhyggjuefni hvað lyfjakostnaður einstaklinga hefur aukist undanfarin ár og það er ekki eingöngu vegna notkunar á dýrum lyfjum og aukins magns. Ákveðnar aðgerðir stjórnvalda hafa fært lyfjakostnað á einstaklingana í auknum mæli. Samkvæmt riti Samtaka verslunarinnar hefur hlutfallið sem sjúklingur greiðir umfram gólf og upp að þaki hækkað úr 16% í 65% hjá almennum neytendum frá 1996–2002 og úr 8% í 50% hjá lífeyrisþegum fyrir lyf við langvinnum sjúkdómum. Þetta eru aðgerðir stjórnvalda, pólitískar ákvarðanir, sem hafa átt sinn þátt í því að lyfjakostnaðurinn hefur færst á einstaklingana í auknum mæli. Þetta er áhyggjuefni.

Strax við 1. umr. vöktum við fulltrúar Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. upp spurningar um samhliða innflutninginn. Í kjölfarið á vinnu nefndarinnar fór mikil umræða í gang um hann en við 1. umr. virtust áhyggjur okkar koma hæstv. heilbrrh. nokkuð á óvart. En ég held að frv. hafi batnað til muna hjá heilbr.- og trn. Í því er tekið fram að markmiðið sé m.a. að auka þennan svokallaða samhliða innflutning en við 1. umr. og í nefndinni bentum við strax á að eins og frv. lá fyrir var hætta á hinu gagnstæða, það mundi draga úr hvatanum til samhliða innflutnings þar sem miða átti við verð í útflutningslandinu. Það gat bæði verið flókið í framkvæmd vegna eðlis markaðarins sem samhliða innflytjendur eru á og þess hvað verðið var óljóst. En heilbr.- og trn. hefur ákveðið að fara ákveðna leið sem er hugsuð þannig að gera eigi samhliða innflutning meira heillandi og hafa í rauninni hvetjandi áhrif á hann en samhliða innflutningur á Íslandi er ekki mikill. Samhliða innflutt lyf eru t.d. með hærra hlutfall á markaðnum í Danmörku en hér og ég held að við þurfum einhvern veginn að stuðla að því að innflutningurinn aukist og leiði til lægri lyfjakostnaðar.

Eins og komið hefur fram, m.a. fyrir heilbr.- og trn., stendur til að endurskoða lyfjalögin. Ég held að fulltrúi heilbr.- og trmrn. hafi sagt að lyfjalögum hafi a.m.k. verið breytt 17 sinnum og í máli fulltrúa frá ráðuneytinu kom fram að þeir teldu kominn tíma á heildarendurskoðun lyfjalaga. Ég tek að sjálfsögðu undir það og held að við ættum að einhenda okkur sem fyrst í þá vinnu í þinginu. Við það þarf að sjálfsögðu að huga að því hvernig breytingarnar sem gerðar eru nú hafa virkað, hvort leiðirnar sem heilbr.- og trmn. mælist til að verði farnar hafa haft jákvæð áhrif á samhliða innflutninginn eins og þeim er ætlað. Við þurfum að sjálfsögðu að vera ófeimin við að endurskoða okkar eigin

ákvarðanir ef þær stuðla ekki að lækkun lyfjakostnaðar sem er markmið nefndarinnar.

Einnig vöknuðu spurningar í meðförum nefndarinnar um svokölluð lyf með sambærileg meðferðaráhrif sem fjallað er um í frv. Á þetta benti fulltrúi Samfylkingarinnar við 1. umr. Hér er víst verið að lögfesta hluti sem voru áður í reglugerð. Í umsögn Læknafélagsins er bent á að hér gæti verið hætta á tvöföldu kerfi. Við þurfum að gæta þess að innleiða slíkt ekki í heilbrigðiskerfið og við þurfum að gæta þess að efnahagur sjúklinga hafi ekki úrslitaáhrif á hvaða lyf þeir fá. Við þurfum að vera vakandi fyrir þessu og mig langar að vitna aðeins í umsögn Læknafélagsins. Þar eru gerðar athugasemdir við 10. gr., sem snertir hin sambærilegu meðferðaráhrif, og hljóða svo, með leyfi forseta:

„LÍ vill að lokum benda á að sum lyf innan tiltekinna flokka eru mismunandi og ekki sambærileg eins og gefið er í skyn í greinargerð með frumvarpinu og málflutningi heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins að undanförnu. Rannsóknir sem eru að koma fram þessi misserin benda til að þau séu ekki sambærileg eða með öðrum orðum, eitt lyf sé öðru betra fyrir bæði einstaklinga og hópa sem lyfið nota. Einnig benda líkur til að aukaverkanir séu mismunandi. Gera má ráð fyrir að vitneskja af þessu tagi fari í vöxt á næstu árum vegna vaxandi áherslu á að bera saman nýjungar við það besta sem fyrir er."

Einnig er komið inn á þessar áhyggjur í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu en þar stendur, með leyfi forseta:

„Verið er að draga línu á milli þeirra efnameiri og hinna efnaminni. Þeir sem ekki hafa efni á dýrari lyfjum, sem læknir hefur ráðlagt, verða að skipta yfir í ódýrari lyf í viðkomandi flokki. Þetta eru oft á tíðum lyf sem eru alls ekki jafngild og því ekki heppilegust fyrir lyfjameðferð viðkomandi og hafa því í för með sér aukaverkanir og skert lífsgæði. Hér er verið að búa til ójöfnuð í heilbrigðiskerfinu, sem ekki hefur þekkst áður. Einnig geta menn velt því fyrir sér hvort slíkur ójöfnuður standist íslensk lög."

Þetta er harkalega sagt hjá fulltrúum verslunar og þjónustu sem við þurfum að taka alvarlega. Við þurfum að gæta þess hvaða leið er farin en að sjálfsögðu verðum við að muna að samkvæmt því sem fulltrúar heilbr.- og trmrn. sögðu er eingöngu verið að lögfesta eitthvað sem er þegar í reglugerð.

Ég held að þetta sé eitt af því sem þarf að taka til skoðunar þegar endurskoðun á lyfjalögunum kemur fyrir þingheim og hugsanlega er þegar unnið að henni í heilbr.- og trmrn. Við þurfum að fara varlega. Við þurfum að hafa skilvirkt kerfi sem byggist á því að hér sé eitt heilbrigðiskerfi fyrir bæði efnaminni og efnameiri sjúklinga. Við þurfum að forðast óþarfa skriffinnsku við hugsanlegar undanþágur sem snerta þessi svokölluðu lyf með sambærileg meðferðaráhrif og við þurfum einfaldlega að fara varlega því að lyf eru að sjálfsögðu ekki eins og hver önnur vara. Lyf eru eitthvað sem fólk þarf einfaldlega á að halda og við eigum að líta á lyf sem hluta af heilbrigðisþjónustunni og þeim lífsgæðum sem við viljum búa öllum þegnum landsins burt séð frá efnahag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:26]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 997. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1799.

Verndaðir vinnustaðir, 918. mál, svar félmrh., þskj. 1781.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 948. mál. — Þskj. 1442, nál. 1584.

[18:26]

Frsm. heilbr.- og trn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Hildi Sverrisdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 verði lögfest hér á landi en hann kemur í stað Norðurlandasamnings sama efnis frá 15. júní 1992, sbr. lög nr. 46/1993. Lagt er til að þau lög falli úr gildi við samþykkt frumvarpsins.

Leitað hefur verið heimildar Alþingis til að staðfesta samninginn og er tillaga þess efnis til umfjöllunar á Alþingi (þskj. 1452, 949. mál).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir álitið rita Jónína Bjartmarz, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Dagný Jónsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2000, 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1726 (sbr. 377), brtt. 1779.

[18:28]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Hér eru til 3. umr. lokafjárlög fyrir árið 2000. Við 2. umr. urðu talsverðar umræður um að ekki væri samræmi milli niðurstaðna ríkisreiknings fyrir árið 2000 og lokafjárlaga. Þetta hafði reyndar komið fram áður og um þetta var fjallað í fjárln. Í framhaldi af 2. umr. var sett af stað vinna við að fara frekar yfir málið og Ríkisendurskoðun var fengin til þess. Fjárln. hefur síðan í framhaldinu fjallað um málið og fengið til fundar við sig ríkisendurskoðanda ásamt hans fólki.

Niðurstaðan varð sú að meiri hluti fjárln. leggur fram brtt. Lagt er til að 3. gr. frv. orðist svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2000 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins."

Það er álit meiri hluta fjárln. að með þessu sé komið til móts við athugasemdir sem fram hafa komið og er þetta allt saman, eins og ég hef áður sagt, unnið í samstarfi við Ríkisendurskoðun og fjmrn.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þessa tillögu en legg hana fram fyrir hönd hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, Drífu Hjartardóttur, Birkis J. Jónssonar og Guðjóns Hjörleifssonar.

[18:30]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég fagna tillögunni frá meiri hluta fjárln. um breytingu á frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000 en eins og fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar var meginuppistaðan í umfjöllun okkar við 2. umr. að 3. gr. frv. væri í rauninni ekki þingtæk. En ég tel að með brtt. sé í raun fundin lausn á þeim vanda að ríkisreikningur og lokafjárlög fyrir árið 2000 stemmi ekki algerlega. Með því að vísa í athugasemdir Ríkisendurskoðunar við ríkisreikning fyrir árið 2000 ná menn að brúa þetta bil.

Það er hins vegar nauðsynlegt, frú forseti, að fram komi að vinnubrögðin sem viðhöfð hafa verið undanfarin ár hafa verið rædd nokkuð í fjárln., þ.e. að ríkisreikningur sé lagður fram fyrst og lokafjárlög mörgum mánuðum síðar. Þetta er óviðunandi vinnulag og á nefndarfundi með ríkisendurskoðanda kom fram að einbeittur vilji allra aðila er að í haust verði samhliða lagður fram ríkisreikningur fyrir árið 2003 og lokafjárlög fyrir sama ár. Þá er gert ráð fyrir því að fjallað verði á ný um lokafjárlög fyrir árið 2002 og þá náist raunverulega að loka skekkjunni sem því miður hefur komið fram í ríkisreikningi. Við náum þá endum saman og getum í haust fjallað um lokafjárlög í samræmi við ætlun fjárreiðulaga, þ.e. samhliða ríkisreikningi. Þá er fjallað um hluti sem eru ekki fjarri í tíma og þá hefur einhvern tilgang að fjalla um þá.

Frú forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til að taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og staðfesta að hér er komið til móts við gagnrýni okkar við 2. umr. Ég tel að með breytingunni verði 3. gr. þingtæk og sé raunar ekkert því fyrir fyrirstöðu að þeir sem samþykkja ætla lokafjárlög fyrir árið 2000 samþykki frv.

[18:33]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Hér er til 3. umr. frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000. Ég vísa til nefndarálits sem ég skilaði inn fyrir 2. umr. en vil gjarnan rifja upp að skýrt er kveðið á um það í fjárreiðulögum að lokafjárlög skuli afgreiða á undan ríkisreikningi fyrir viðkomandi ár eða samhliða honum.

Nú er uppi sú furðulega staða að búið er að ganga frá ríkisreikningi fyrir árið 2000 og þar með búið að ákveða fjárveitingar og breytingar á fjárlögum. Í ríkisreikningi er búið að staðfesta breytingarnar sem nú á að staðfesta í lokafjárlögum. Vinnubrögðin samrýmast ekki fjárreiðulögum og á það hefur ítrekað verið bent. Það er afar gagnrýnisvert að fjmrn., sem ber ábyrgð á fjársýslunni, skuli viðhafa þessi vinnubrögð.

Langflest atriðin sem kveðið er á um í lokafjárlögum lágu fyrir á seinni hluta ársins 2000 og hægt hefði verið að láta þau koma fram í fjáraukalögum fyrir það ár. Þarna er um tugi milljarða kr. að ræða sem færðir eru inn og Alþingi er látið greiða atkvæði um þá fjórum árum eftir að til gjaldanna var stofnað. Hver heilvita maður sér að svona vinnulag gengur ekki enda hefur raunar enginn reynt að bera í bætifláka fyrir það.

Ég minnist þess að hafa vakið athygli á því við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár að verið væri að loka fjárlögum ársins 2000 með svokölluðum bókhaldsbrellum, að hæstv. fjmrh. væri að loka fjárlögunum til að velja sér hagstæða niðurstöðutölu sem liti vel út með því að færa ekki til gjalda útgjöld sem þegar hefðu verið ákveðin eða þegar hefðu orðið við árslok. Nú fáum við þau fjórum árum seinna við afgreiðslu lokafjárlaga.

Einnig ber að harma að fjmrn. skuli ekki hafa virt ítrekaðar athugasemdir við þetta vinnulag, bæði frá Ríkisendurskoðun og fjárln., um að ráðuneytið líti frjálslega á rétt sinn til millifærslna mörgum árum seinna, geri ekki grein fyrir þeim þegar í stað fyrir afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið eða ætti a.m.k. að ganga frá lokafjárlögum áður en gengið er frá ríkisreikningi fyrir árið. Fjmrn. hefur skellt skollaeyrum við þessum athugasemdum og nú höfum við það hér inni á borðum að sama vandamál á við um lokafjárlög fyrir árið 2001 og ekki er útséð um lokafjárlög fyrir árið 2002. Gefnar eru væntingar um að áður en gengið verður frá lokafjárlögum og ríkisreikningi fyrir 2003 verði hægt að koma þessu í lag en ljóst er að til þess þarf meira en orðin ein. Það þarf að taka þetta alvarlega en á það virðist hafa skort hjá hv. fjmrn. sem fer með þessi mál að staðan sé tekin alvarlega, lögin um fjárreiður ríkisins séu tekin alvarlega og farið eftir þeim og einnig að ábendingar bæði fjárln. og Ríkisendurskoðunar séu teknar alvarlega og farið eftir þeim í staðinn fyrir að virða þær að vettugi og láta það gerast ár eftir ár að búið sé að ganga frá ríkisreikningi fyrir árið en lokafjárlög, sem ríkisreikningur byggist á, komi mörgum árum seinna.

Ég ítreka það, frú forseti, að þetta vinnulag sem hefur tíðkast og liðist hjá fjmrn. er ekki vansalaust og verði ekki ráðin á þessu bót er fyllilega ástæða til þess að Alþingi, forsætisnefnd og forseti Alþingis sem á að hafa yfirumsjón með þessu vinnulagi, láti málið til sín taka.

Brtt. sem hv. formaður fjárln., Magnús Stefánsson, leggur hér fram staðfestir að ekki er samræmi á milli lokafjárlaga og ríkisreiknings fyrir árið og þess vegna verði að fara á svig við lög sem kveða á um að þetta skuli stemma. Hér er í rauninni lagt til að Alþingi samþykki lokafjárlögin með hálfgerðum fyrirvara.

Frú forseti. Þessi lokafjárlög, vinnan við þau og framkvæmd fjárlaganna í heild er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, á ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Hérna er aðeins borið inn frv. til staðfestingar á löngu orðnum hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2001, 3. umr.

Stjfrv., 653. mál. — Þskj. 982, brtt. 1780.

[18:40]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Hér fer fram 3. umr. um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001. Það sem fram kom í máli mínu varðandi lokafjárlög 2000 á einnig við hér, þ.e. við 2. umr. og umfjöllun fjárln. fyrr í vetur lá fyrir misræmi milli ríkisreiknings og frv. til lokafjárlaga og eftir 2. umr. var ákveðið að fara betur yfir málið eftir að athugasemdir höfðu verið gerðar við afgreiðslu þess. Fjárln. gerði það og fékk til fundar við sig fulltrúa Ríkisendurskoðunar. Eftir þá umfjöllun leggur meiri hluti fjárln. fram brtt. við 3. gr. frv. Lagt er til að greinin orðist svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2001 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.“

Að breytingartillögunni standa hv. þm. Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Birkir J. Jónsson og Guðjón Hjörleifsson.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta og tel ekki ástæðu til að endurtaka það sem fram fór við 2. umr. Þar var ítarlega um málið fjallað og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það en ber þessa brtt. upp í nafni meiri hluta fjárln.

[18:42]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég ætla aðeins að segja að það sem ég sagði áðan um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000 á allt við um frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001. Munurinn á ríkisreikningi og lokafjárlögum er sá sami þannig að engu er við þetta að bæta. Orðið var við ósk okkar við 2. umr. og komið til móts við athugasemdir okkar þannig að nú tel ég frv. tækt til lokaafgreiðslu.

[18:42]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Hér eru til umræðu lokafjárlög fyrir árið 2001 ásamt brtt. sem hv. formaður fjárln. Magnús Stefánsson leggur fram fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar. Eins og hv. þm. gerði grein fyrir lýtur brtt. að því að árétta athugasemdir Ríkisendurskoðunar um að ekki beri saman ríkisreikningi fyrir árið 2001 og niðurstöðutölum á lokafjárlögum árið 2001. Samkvæmt fjárreiðulögum á þessu að bera saman.

Ég vísa til ræðu minnar um lokafjárlög fyrir árið 2000. Fjmrn. er tvímælalaust að fara á svig við fjárreiðulög og er þá vægt til orða tekið. Ítrekað hefur verið fundið að þessum vinnubrögðum fjmrn. sem ber ábyrgð á vinnunni. Bæði fjárln. og Ríkisendurskoðun hafa ítrekað óskað eftir því að fjmrn. taki upp önnur og betri vinnubrögð, og að tilmælum og athugasemdum sem bæði fjárln. og ríkisendurskoðandi gera við vinnubrögð í ráðuneytinu verði sýnd virðing og farið eftir þeim.

Segja má að vilji fjárln. til að koma þessum málum á betri grundvöll sé jafneindreginn eins og úrbótaviljinn virðist vera lítill hjá fjmrn. Við erum að fjalla um lokafjárlög fyrir árið 2001 þremur árum eftir að stofnað var til ríkisútgjaldanna. Ríkisreikningur fyrir árið 2001 hefur þegar verið lagður fram þannig að búið er að tilkynna um fjárveitingarnar. Hér er því í rauninni lagt frv. fyrir þingið til að afgreiða löngu orðna hluti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tónlistarsjóður, 2. umr.

Stjfrv., 910. mál. — Þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710.

[18:46]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um tónlistarsjóð.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Bjarna Daníelsson frá Íslensku óperunni, Daniel Pollock frá Félagi um Tónlistarþróunarmiðstöð og Björn Th. Árnason og Kjartan Ólafsson frá Samtóni. Umsagnir bárust um málið frá Jónatan Garðarssyni, Félagi um Tónlistarþróunarmiðstöð, Tónminjasetri Íslands, Íslensku óperunni, Samtóni, Berjadögum, Listvinafélagi Vestmannaeyja, Tónhátíð í Þjórsárveri, Steinunni Birnu Ragnarsdóttur, Eddu útgáfu, Félagsheimilinu Þjórsárveri og Listvinafélagi Vestmannaeyja.

Með frumvarpinu er ráðgert að settur verði á fót tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og verkum þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild hafi það hlutverk að veita styrki til almennrar tónlistarstarfsemi og markaðs- og kynningardeild veiti styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis. Þá verði sett á fót tónlistarráð sem skipað verði til þriggja ára í senn og geri tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Ráðgert er að Alþingi veiti árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð.

Nefndin vekur athygli á að styrkir til tónlistarstarfsemi hafa hingað til að verulegu leyti verið veittir af ýmsum safnliðum fjárlaga sem heyra undir menntamálaráðuneyti. Með lögfestingu ákvæða frumvarpsins mun það fé hér eftir renna í tónlistarsjóð.

Nefndin bendir á að ákvæði frumvarpsins taka jafnt til þeirra tónlistar sem er flutt, framleidd eða samin af Íslendingum. Þannig yrði það talið nægjanlegt að einn framangreindra þátta væri uppfylltur til að um íslenska tónlist væri að ræða í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að skipan tónlistarráðs og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við málið.

Undir þetta skrifa Gunnar Birgisson, Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara, Dagný Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara, Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara, Guðrún Inga Ingólfsdóttir, Magnús Stefánsson, og Mörður Árnason, með fyrirvara.

[18:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Líkt og kom fram við 1. umr., svo og inni í nefndinni, þá teljum við fulltrúar stjórnarandstöðu þetta hið ágætasta mál og ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér að stofnaður sé tónlistarsjóður utan um framlög sem hingað til hafa verið á ýmsum safnliðum. Fram kemur að markmiðið sé að styðja tónlistarsköpun og stuðla að kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar.

Um markmið sjóðsins voru að sjálfsögðu engar deilur. Allir vilja standa við bakið á íslenskri menningu, íslenskri músík í þessu tilfelli, og stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að vegur tónlistarinnar megi vera sem mestur. Á næstu árum fáum við að sjá útrás íslenskrar tónlistar bæði innan landsteina og utan. Við 1. umr. vísuðu menn til margra nokkuð stórbrotinna dæma um árangurinn sem íslenskir tónlistarmenn hafa náð á erlendum vettvangi á síðustu árum. Þar nægir að nefna listamenn eins og Björk, Sigurrós, Sykurmolana o.fl. og eins fólk úr hinum klassíska geira. Það sem hér er lagt til er í sjálfu sér ágætt. Í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. er innihaldi þess lýst svona, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið hefur um árabil veitt styrki til tónlistarstarfsemi af ýmsum safnliðum sem undir ráðuneytið heyra. Samtals eru um 20–30 millj. kr. til ráðstöfunar til slíkra verkefna í fjárlögum fyrir árið 2004. Gert er ráð fyrir

að það fé renni til hins nýja sjóðs og menntamálaráðherra veiti framvegis úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Þar sem framlög til tónlistarsjóðs ráðast af framlögum í fjárlögum hverju sinni verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs nema Alþingi ákveði annað."

Auðvitað bindum við vonir við að miklu myndarlegar verði staðið að framlögum til sjóðsins en framlögum til tónlistarinnar nú. Það sem við gerðum ágreining um strax við 1. umr. var skipan tónlistarráðsins. Eins og fram kom í máli flutningsmanns, hv. þm. Gunnars Birgissonar, gerðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar fyrirvara sem lýtur að skipan tónlistarráðs og áskildum okkur rétt til að flytja brtt. um málið sem við höfum nú lagt fram. Hún er við 2. gr. frv. en í frv. hljóðar greinin svo, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Samtónn tilnefnir einn, en tveir eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð."

Við gerðum mikinn ágreining um þetta bæði við 1. umr. og í nefndinni þar sem við bentum á að mjög óeðlilegt væri að ráðherra menntamála skipaði tvo fulltrúa af þessum þremur, þar á meðal formanninn, og lögðum til að leitað yrði leiða til að aðrir skipuðu tvo fulltrúa, t.d. Samtónn. Ráðherra skipaði þá einn á móti, sem yrði formaður, en ekki tvo af þremur fulltrúum. Við töldum slíkt óþolandi afskipti af hálfu ráðuneytisins og málinu miklu betur fyrir komið hjá stéttinni sjálfri.

Margir sem fyrir nefndina komu tóku undir það að miklu heppilegra væri að fleiri en færri fulltrúar í tónlistarráði kæmu beint frá tónlistarmönnum sjálfum. Við ræddum þetta margoft í nefndinni og fram komu aðrar tillögur eins og að fjölga fulltrúum í ráðinu úr þremur í fimm en þá var gert ráð fyrir að ráðherra skipaði þrjá. Okkur þótti það engu breyta og töldum alveg eins gott að hafa þrjá í ráðinu ef ætlunin væri að ráðherra skipaði meiri hlutann. Það þykir okkur sem rituðum undir nál. með fyrirvara mjög óeðlilegt og flytjum því brtt. um að Samtónn skuli skipa tvo fulltrúa í tónlistarráðið og menntmrh. einn. Það teljum við miklu eðlilegri og heppilegri tilhögun mála en að ráðherra skipi pólitíska pótintáta sína í meiri hluta slíkrar sjóðstjórnar. Hún á að vera sem óháðust pólitísku yfirvaldi hverju sinni. Allir hagsmunir tónlistarsjóðs og tónlistarmanna lúta að því að sett sé fé í mikilvægustu verkefnin hverju sinni og pólitískir gæðingar Sjálfstfl. eru örugglega ekki best til þess fallnir að vita hvernig vindarnir blása hverju sinni á tónlistarmarkaðnum. Þorsti Sjálfstfl. að troða gæðingum sínum í allar stjórnir og ráð er óslökkvandi eins og frægt er. Í svari við nýlegri fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins kemur fram með hvílíkum ólíkindum er staðið að hlutunum. Við vildum aflétta þessu og lögðum því að sjálfsögðu til að Samtónn skipaði tvo fulltrúa en menntmrh. aðeins einn. En það er svo inngróið í sálu og karakter Sjálfstfl. að skipa gæðingum sínum á sem flesta stallana og þá feitustu að það mátti alls ekki hreyfa við þessu. Það var sama með hvaða rökum við ræddum málið við ráðuneytismanninn eða fulltrúa meiri hlutans í menntmn. Þessu varð ekki haggað. Því ritum við undir nál. með fyrirvara.

Við styðjum að sjálfsögðu heils hugar stofnun tónlistarsjóðsins sem er hið besta mál en það er mjög óeðlilegt að ráðherra skuli ganga þannig fram að hann verði að eiga meiri hlutann í tónlistarráðinu. Við lögðum okkar af mörkum til að slökkva þorsta Sjálfstfl. til að troða liði sínu alls staðar þar sem því verður við komið og lögðum því til að Samtónn skipaði tvo fulltrúa en ekki þrjá. En þorstinn verður ekki slökktur á þessu þingi, það er ljóst, þannig að við stöndum að brtt. okkar og vonum að sjálfsögðu að nefndarmenn og aðrir hv. alþingismenn sjái að sér og þessu verði breytt þannig að Samtónn eigi tvo fulltrúa á móti einum frá ráðherranum.

[18:56]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stofnun þessa sjóðs er mjög gott mál. Hann er tvískiptur, annars vegar er tónlistardeild og hins vegar markaðs- og kynningardeild. Allir eru sammála um að tónlistinni er gert hærra undir höfði en áður.

Síðan er spurning hver á að skipa í stjórnina og um það verður ágreiningur sem verður svo aðalmálið. En aðalmálið er náttúrlega stofnun sjóðsins og síðan verður væntanlega veitt aukið fé til eflingar tónlistinni. En hv. þm. tíndi ýmislegt upp sem maður hefur heyrt í umræðum undanfarið. Pólitískir gæðingar Sjálfstfl., að þeim sé troðið í öll ráð og nefndir og á feitustu stallana og allt þetta. Þetta orðbragð er eiginlega alveg út úr kortinu. Menntmrn. verður vonandi sem lengst í höndum Sjálfstfl. en það er ljóst að einhvern tíma kemur að því að einhver annar verður þar og lögin eru gerð þannig að þau dugi til næstu áratuga. Menn mega ekki snúa þessu upp í þetta karp. Þetta er orðið karp og dylgjur og stóryrði sem hefur verið algengt í þinginu að undanförnu og það sem menn hafa sagt úr þessum ræðustól tekur út yfir allan þjófabálk.

Ég vil, virðulegi forseti, fagna fram komnu frv. og auðvitað verður það samþykkt en það er rétt að taka fram að meiri hlutinn bauð upp á að það yrðu tveir frá tónlistarmönnum í stjórninni og tveir frá ráðuneytinu en formaður hefði oddaatkvæði. Því hafnaði minni hlutinn. Það kom bara ein tillaga til greina. Það var ekki vilji til að semja um eitt eða neitt heldur var farið með málið í svona hnút.

[18:58]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir flest sem kom fram í andsvari hv. þm. Aðalmálið er einmitt að sjóðurinn virki. Þess vegna leggjum við fram brtt. um að tónlistarmenn skipi sjálfir meiri hluta ráðsmanna, einmitt til þess að sjóðurinn virki og skugga flokkspólitíska nefndaskipana verði ekki varpað á þetta annars prýðilega mál sem við studdum með mjög jákvæðum og uppbyggilegum hætti strax við 1. umr. Þá bentum við á ýmislegt sem betur mætti fara og áttum alltaf von á því að fulltrúar meiri hlutans kæmu til móts við þessa eðlilegu tillögu okkar sem á einmitt fyrst og fremst að tryggja að sjóðurinn virki vel, að stjórn hans skipi fólk sem veit hverjum klukkan glymur hverju sinni meðal tónlistarmanna svo að ekki sé hægt að draga í efa hæfi tónlistarráðsins til að útdeila fjármagninu til tónlistarmanna með því að segja að þarna sé bara að finna flokksgæðinga Sjálfstfl. sem margir hverjir eru náttúrlega gæðingar og ágætir í að útdeila almannafé. Það er ekki hægt að efast um að þetta sé vænsta og besta fólk. En Sjálfstfl. verður að gæta hófs í þessu og vita hvað til síns friðar heyrir. Í því felst t.d. að fagsjóður sem þessi sé best kominn í höndum tónlistarmanna sjálfra í þessu tilfelli og þess vegna leggjum við fram brtt. Tilgangur hennar er að tryggja að sjóðurinn geti gegnt þessu mikilvæga hlutverki sínu og verði músíkinni, tónlistarmönnunum

og menningunni í landinu til framdráttar og upplyftingar en menn dragi ekki í efa hæfi sjóðsins til að sinna hlutverkinu út af flokkspólitískum afskiptum þótt ekki sé endilega um þau að ræða.

[19:00]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjóðurinn er mjög mikilvægur fyrir útrás íslenskrar tónlistar sem getur orðið mjög mikilvæg útflutningsgrein og er orðin það. Tilgangurinn með stofnun sjóðsins er m.a. að styrkja útflutninginn og einnig tónleikahald á landsbyggðinni og annað slíkt.

Þegar ráðherra skipar nefndir, hvort sem það er minni hluti eða ekki, þá er skipunin pólitísk. Ég fullyrði að fulltrúar ráðherra í nefndum á vegum ráðuneytanna vita yfirleitt eitthvað um málin þannig að mér finnst hv. þm. gera lítið úr fulltrúum sem skipaðir eru pólitískt. Einhvern tíma verða þetta kannski samfylkingarmenn og flokksgæðingar Samfylkingarinnar verða þá í þessum embættum. Ég held að við ættum ekki að ræða málið á þessum nótum. Við erum að stofna tónlistarsjóð sem verður festur í lög á þessu þingi og við eigum að standa saman að þessu.

Útrásin hefur kannski ekki verið mikið styrkt en við höfum þó styrkt hana talsvert á safnliðum sem menntmn. hefur haft yfir að ráða. Þegar sjóðurinn verður kominn á koppinn verður stuðningurinn langtum markvissari og líkurnar á árangri meiri.

Ef rétt verður á málum haldið held ég að þetta geti orðið verulega gott mál fyrir útflutning á okkar list, þ.e. tónlist, og fyrir landsbyggðina, það er líka gott mál að hugsað sé um hana.

[19:02]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við leggjum til, eins og ég gat um áðan, að Samtónn skipi tvo fulltrúa af þremur í ráðið. Í athugasemdum við einstakar greinar frv. segir, með leyfi forseta:

„Samtónn, sem eru samtök allra rétthafa tónlistar í landinu, tilnefna einn, en tveir verði skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins.“

Við töldum að það mætti verða sjóðnum og háleitum og góðum markmiðum hans til framdráttar að Samtónn skipaði tvo fulltrúa en ráðherra einn. Þetta eru samtök allra rétthafa tónlistar og þar af leiðandi allra sem hafa með tónlistina að gera og því væri það miklu heppilegra og eðlilegra og betra. Ég hef aldrei heyrt nein haldbær rök fyrir því að pólitíski yfirmaðurinn þurfi að skipa meiri hlutann. Það er sjálfsagt mál að ráðherra eigi sinn mann þarna inni og sjálfsagt að hann eigi formanninn. Í umræðum um málið og í umfjöllun nefndarinnar dró í sjálfu sér enginn í efa að ráðherra ætti að eiga mann þarna. En ég minnist þess ekki að hafa heyrt nein rök fyrir því að ráðherra verði að eiga meiri hluta ráðsmanna. Ég get ekki skilið það. Þess vegna gerðum við eindregnar og margundirstrikaðar athugasemdir sem líta svo dagsins ljós í brtt. okkar stjórnarandstöðuþingmanna í menntmn.

Tónlistarsjóðurinn er einmitt hið besta mál og við viljum vinna að framgangi hans. Við leggjum tillöguna fram honum til framdráttar af því að ég held að það verði sjóðnum fótakefli að meiri hluti ráðsins sé skipaður pólitískum fulltrúum.

[Fundarhlé. — 19:05]

[20:02]

Útbýting þingskjala:

Ábúðarlög, 782. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1801.

Tekjuskattur og eignarskattur, 750. mál, þskj. 1798.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 734. mál, þskj. 1794.

[20:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í upphafi umræðunnar er komið út úr menntmn. frv. til laga um tónlistarsjóð og því fylgir nefndarálit sem stjórnarandstöðuþingmenn skrifa undir með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur fyrst og fremst að 2. gr. frv. sem fjallar um það hvernig tónlistarráðið skuli vera skipað.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að ég tel að halda mætti langt mál um stöðu tónlistarinnar nú og að þetta mikilvæga mál sem hér er borið fram gefi sannarlega tilefni til ítarlegrar tölu um stöðu tónlistarinnar. Nýlega var staðan skoðuð vandlega á ráðstefnu á vegum Samtóns, samtaka tónlistarfólks. Samtökin hafa þann megintilgang að koma fram sameiginlega fyrir hönd íslenskra rétthafa tónlistar, vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda, framleiðenda og annarra rétthafa tónlistar. Sömuleiðis vinnur Samtónn að vernd og varðveislu tónlistar og réttinda sem henni tengjast og leitar einnig tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa rétthöfum tónlistar innan lands sem utan. Nýlega hélt Samtónn afar athyglisverða ráðstefnu um hagræn áhrif tónlistariðnaðarins og þar flutti dr. Ágúst Einarsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild, merkilegt erindi sem fulltrúar Samtóns færðu menntmn. við umfjöllun málsins. Þar kemur m.a. fram að menning sé afar mikilvæg fyrir hagkerfi okkar og skili um 4% til landsframleiðslunnar sem er meira en öll veitustarfsemi í landinu skilar og nær þrefalt meira en landbúnaður, ál og kísiljárnframleiðsla skila. Þetta hefðu einhvern tíma þótt merkileg sannindi.

Í erindi dr. Ágústs Einarssonar kemur einnig fram að um fimm þúsund manns starfi við menningu hérlendis en það eru álíka margir og vinna við útgerð annars vegar og í hótel- og veitingarekstri hins vegar. Sömuleiðis kemur fram að skapandi atvinnugreinar séu mjög umfangsmiklar hérlendis. Því megi halda fram að skapandi atvinnugreinar nái nú yfir um 23% af vinnumarkaði og hlutdeildin hafi aukist en hún hafi verið 20% fyrir tíu árum. Menningarstarfsemin er auðvitað stór hluti af þessum skapandi atvinnugreinum.

Sömuleiðis er athyglisvert að um 1.200 manns teljast vinna við tónlistariðnað sem er tæplega 1% af íslenskum vinnumarkaði og einnig kemur fram að fyrirtæki í tónlistariðnaði velti um 5 milljörðum kr. á ári. Allt þetta ætti að sýna okkur fram á það hversu mikilvæg menningarstarfsemin er, ekki síst tónlistin, þegar litið er heildstætt á málin. Ég tel að við þurfum að skoða málið sem hér er flutt í víðara samhengi en að eingöngu sé verið að stofna tónlistarsjóð sem eigi að taka við safnliðum sem hingað til hafa verið á fjárlögum til að styrkja tónlist. Þannig lítur þetta kannski út í greinargerðum og gögnum sem fylgja málinu en ég vil meina að þar sé um ákveðinn tvískinnung að ræða, kannski misskilning sem helgast af því að við höfum ekki leyft okkur að horfa heildstætt á málið, líta á tónlistina sem stóran hluta af atvinnulífinu og stóran og veigamikinn þátt í menningarlífinu.

Samkvæmt 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að Alþingi veiti árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs-

og kynningardeild. Tónlistardeildin á að veita styrki til almennrar tónlistarstarfsemi en markaðs- og kynningardeildin á að veita styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hérlendis sem erlendis. Þessi markmið frv. samrýmast ekki alls kostar þeim safnliðum á fjárlögum sem hingað til hafa styrkt tónlistarstarfsemi. Ef við skoðum safnliðina betur komumst við að raun um að þar eru ýmsar tónlistarhátíðir sem haldnar eru vítt og breitt um landið mjög fyrirferðarmiklar. Segja má að safnliðunum hafi verið ætlað að stuðla að menningarstarfi vítt og breitt um landið, bæði atvinnufólks og áhugafólks.

Þá erum við komin að því að skoða hvernig hagsmunir atvinnufólks og hagsmunir áhugafólks fara saman að sumu leyti en skarast að öðru. Ekkert hefur verið fjallað um þessa staðreynd. Það sem ég hef lagt til málanna hér, herra forseti, er fyrst og fremst að t.d. þurfi að bera tilhögun mála saman við leiklistina.

Við eigum leiklistarlög í þessu landi. Þau eru frá 1998 og eru nr. 138. Þetta eru heildarlög um leiklist í landinu og þar er fjallað um þjóðleikhús, þar er fjallað um aðra leiklistarstarfsemi, jafnt atvinnumanna sem áhugamanna, og þar er fjallað um leiklistarráð sem að minni hyggju ætti að vera sambærilegt við tónlistarráðið sem frv. fjallar öðrum þræði um. En er það svo, herra forseti? Nei, því miður er ekki svo. Leiklistarráð starfar samkvæmt 17. gr. leiklistarlaga en í henni segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar leiklistarráð til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Leiklistarsamband Íslands tilnefnir einn, Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa einn en einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins."

Hér er sem sagt þriggja manna ráð þar sem listgreinin á tvo fulltrúa á móti einum fulltrúa ráðherrans. Í 18. gr. er getið um starfstilhögun og hlutverk leiklistarráðsins. Það gerir tillögur til menntmrn. um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum sem nánar er gerð grein fyrir í 14. gr. laganna og það veitir umsögn um leiklistarerindi sem menntmrn. vísar til þess. Ráðið getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um leiklistarmálefni. Hér er sem sagt leiklistarráð sem að mínu viti ætti að kallast algerlega á við tónlistarráðið sem við fjöllum um hér. En það gerir það alls ekki því að þar eiga að vera þrír fulltrúar en Samtónn, félag sem hýsir alla tónlistarmenn, jafnt höfunda og flytjendur sem framleiðendur, á bara að eiga einn fulltrúa á móti tveimur ráðherraskipuðum. Nú spyr ég, herra forseti, hvers vegna þetta fyrirkomulag er viðhaft þegar ljóst er að úthlutunarvaldið sjálft er í höndum ráðherrans, jafnt hjá leiklistinni sem tónlistinni. Tilhögunin sem komið var á í leiklistarlögunum árið 1998 virkar afskaplega vel. Um hana hefur verið mikil sátt meðal leiklistarfólks. Það mál var unnið í samvinnu við leiklistarfólk frá byrjun og öllum stundum hefur verið samstarf við leiklistarfólk um þróun mála og þau hafa þróast afar vel. Í leiklistarráði eiga leikhúsmenn gjöfult og skapandi samstarf við einn fulltrúa frá menntmrh. Ráðið gerir tillögur um úthlutun fjár til starfsemi atvinnuleikhópa og um þessar úthlutanir hafa ekki verið deilur síðustu ár. Menntmrh. hefur getað treyst ráðinu og farið í einu og öllu að úthlutunartillögum þess.

Ég tel að með tónlistarráðinu sé búin til tortryggni í garð greinarinnar, tortryggni í garð tónlistarinnar sem er algerlega óþörf og ekki bara óþörf heldur auðvitað til mikils vansa. Stjórnvöld eiga að taka sér það frelsi að treysta tónlistarmönnum nákvæmlega á sama hátt og þeir hafa tekið sér það frelsi að treysta leikhúsfólki. Ég hef fyrst og fremst gagnrýnt skipan mála á þessum forsendum. Við höfum leiklistarráð. Hvers vegna er ekki farið eftir þeirri fyrirmynd og tónlistarráðið gert eins úr garði?

Það er annað í leiklistarlögunum sem taka má til fyrirmyndar. Þar er leiklistarstarfsemin tvískipt. Þannig segir í 14. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Auk framlaga til Þjóðleikhússins veitir Alþingi árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga."

Síðar í greininni segir:

„Að því leyti sem framlög til einstakra aðila eru ekki ákveðin í fjárlögum hverju sinni annast menntamálaráðuneytið úthlutun þess fjár sem veitt er samkvæmt þessari grein. Úthlutun styrkja til atvinnuleikhópa skal ákveðin að fengnum tillögum leiklistarráðs, sbr. 17.–18. gr., en til starfsemi áhugaleikfélaga að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga."

Undir Bandalag ísl. leikfélaga heyra þau 80 leikfélög sem starfa vítt og breitt um landið."

Þarna er alger greinarmunur gerður á starfsemi áhugaleikfélaganna og atvinnuleikfélaganna en samkeppnin er engin. Þetta eru tveir óskyldir fjárlagaliðir, annar fyrir Bandalag atvinnuleikhópa og svo fær Bandalag íslenskra leikfélaga sérstaka fjárveitingu fyrir áhugaleikfélögin. Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga hefur haft með höndum tillögur til menntmrn. áratugum saman, ég kann ekki einu sinni að segja frá því hversu langt er síðan þeim sið var komið á. Það var í tíð fyrrv. hv. þm. Jónasar Árnasonar sem lögin fóru í gegn sem tryggðu Bandalagi íslenskra leikfélaga tillöguréttinn um fjárúthlutanir hins opinbera til leikfélaganna, og þetta hefur alltaf gengið eins og smurt, alla tíð. Þarna er fordæmi fyrir því hvernig atvinnumenn og áhugamenn geta starfað undir sömu lögum svo vel fari og módel sem hefur gengið mjög vel upp undanfarna áratugi. Ég skil ekki hvers vegna stjórnvöld hafna því að fara sömu leið.

Ég ætla sannarlega að taka undir ósk hv. formanns nefndarinnar, Gunnars Birgissonar, sem kom fram þegar hann fylgdi málinu úr hlaði fyrr í kvöld, um að auðvitað þurfi að koma til auknir fjármunir. Hv. formaður sagði að væntanlega yrðu settir auknir fjármunir í þessi mál og auðvitað treystir maður því að stjórnarliðar sem styðja málið vinni að því af alefli því auðvitað er nauðsynlegt að halda áfram að efla tónlistarstarfsemina. Kannski má segja að grunnforsendan fyrir því að tónlistarsjóðurinn geti orðið eitthvað sé að fjármagnið verði aukið vegna þess að það má satt að segja halda því fram að tónlistin sé komin langt fram úr væntingum. Erlendis er íslensk tónlist að slá í gegn og hún leggur æ þyngra lóð á vogarskálarnar hvað það varðar að fá hingað erlenda ferðamenn. Ég held satt að segja að þeir dagar séu komnir að við þurfum að umbuna þessu óeigingjarna tónlistarfólki okkar sem hefur borið hróður tónlistarinnar vítt um lönd. Besta umbunin sem hugsast getur er auðvitað að tekið sé tillit til þessa í fjárveitingum frá hinu háa Alþingi. Ég trúi því og vona að hv. formaður nefndarinnar hafi haft rétt fyrir sér þegar hann sagði að væntanlega yrðu settir auknir fjármunir til þessa starfs innan tíðar og í ljósi þess treysti ég því auðvitað að þetta verði gæfuspor þótt ég sé afar ósátt við að ekki skuli hafa verið horft betur til leiklistarlaganna og leiklistarráðs þegar ákvarðanir um tónlistarráðið voru teknar.

[20:16]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég kem upp til að fagna því skrefi sem stigið er með þessu frv. og væntanlegri samþykkt þess og taka undir með félögum mínum í menntmn., hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Björgvini Guðna Sigurðssyni frá Skarði. Þess ber að minnast að þótt frv. sé lítið og ekki afar burðugt er það þó árangur margra ára baráttu tónlistarmanna og áhugamanna um tónlist. Það má kalla áfangasigur og ekki þarf að rekja vopnaviðskiptin í sjálfu sér þótt e.t.v. væri ástæða til.

Það er rétt hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að auk þess sem frv. er kannski ekki afar burðugt virðist það stangast svolítið á við sjálft sig. Við skulum vona að það séu barnasjúkdómar og hæstv. menntmrh. og þeim sem koma að málinu, einkum tónlistarmönnum, takist að koma barninu á legg. Það er ljóst að hetjuskapur hæstv. menntmrh. og þingmeirihlutans sem að baki honum stendur er því miður ekki meiri en svo að í fyrstu á aðeins að koma til það fé sem nú fer á safnliði. Í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. er féð metið 20–30 millj. kr. sem er sérkennilega ónákvæm tala af þeirri skrifstofu að vera og hvort sem þetta eru 20 millj. kr. eða 30 eru þessir safnliðir, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á, auðvitað ekki í þráðbeinu samræmi við ætlan flutningsmanns og ætlan frv. um skiptingu sjóðsins. Þar koma fram markmiðin sem honum eru í raun og veru sett.

Um þetta fer auðvitað eftir sjóðstjórninni og ráðherra og síðan þeim alþingismönnum sem véla um fjárlög. Það er auðvitað alveg ljóst, og það var rætt inni í nefndinni, að nefndin leggur áherslu á að fljótlega og helst strax verði fjármagn aukið til sjóðsins. Formaður nefndarinnar gleymdi að geta þess en ég bjóst við að hann mundi nefna þetta í máli sínu. Í raun og veru er lítið unnið við stofnun sjóðsins ef svo verður ekki.

Barátta tónlistarmanna hefur ekki síst beinst að markaðs- og kynningarþættinum sem á að vera önnur deildin í sjóðnum. Það er alveg ljóst að ef fara á í eitthvert markaðs- og kynningarstarf sem á að standa undir nafni hérlendis, svo ég tali ekki um erlendis, þá eru 20–30 millj. kr. eins og dropi í hafið. Þetta vil ég að komi fram auk þess sem sagt hefur verið áður hér í stólnum.

Ég vil líka segja að í frv. er sérstakt ákvæði um tónlistina sem til greina kemur að styrkt sé eða studd. Sem betur fer eru þar rúm ákvæði um að skilgreina skuli tiltölulega rúmt tónlistina sem studd er hvað þjóðerni varðar. Flutningur, framleiðsla eða samning, eitthvað af þessu skal vera íslenskt. Ég vil taka það fram í framhaldi af umræðum innan nefndarinnar að ég lít svo á, og ég held að það geri margir í menntmn., að hér komi í raun og veru enn rýmri skilningur til greina. Tónlistin er tungumál sem allur heimurinn talar og þjóðerni skiptir þar óvenju litlu máli miðað við aðrar menningargreinar. Á Íslandi hefur það verið svo að tónlistin hefur að óvenjumiklu leyti, bæði að fornu en þó einkum að nýju, verið borin uppi af útlendingum sem hingað hafa komið, fengið hér formlegan ríkisborgararétt eða kannski menningarlegan ríkisborgararétt. Enn starfar mjög margt útlendinga við tónlist á Íslandi og svo verður vonandi áfram. Ég lít þannig á að þegar kemur að úthlutunum úr sjóðnum jafngildi búseta á Íslandi og þátttaka í íslensku tónlistarlífi hinum formlega ríkisborgararétti sem á öðrum stöðum er skilyrði þess að menn fái slíka styrki eða stuðning.

Hér má auðvitað nefna mörg dæmi. Ég get nefnt eitt af handahófi, það væri ákaflega furðulegt ef svona sjóður væri settur upp og Eivør Pálsdóttir sækti um stuðning úr honum en fengi ekki vegna þess að hún er að forminu til með færeysk-danskan ríkisborgararétt. Hún er handhafi íslenskra tónlistarverðlauna og mikilvægur partur af íslensku tónlistarlífi eins og er, hvað sem síðar verður. Ég spái henni reyndar alþjóðlegum frama. Fleiri dæmi mætti nefna úr nútíð og fortíð. Þetta vil ég gjarnan að komi fram.

Í þriðja lagi tek ég undir orð fyrri ræðumanna um stjórn sjóðsins. Það er sérkennilegt að engin rök skuli hafa verið færð fyrir því hvers vegna haga á málum með þessum hætti, hvorki í máli menntmrh. við 1. umr., hjá meiri hlutanum í menntmn., né hjá þeim sem kvaddir voru til að tala fyrir málinu af hálfu flytjanda þess, þótt hin beina og augljósa hliðstæða sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti áðan mæli gegn þessu fyrirkomulagi. Það er sérkennilegt að ráðherra skuli vilja hafa tvo menn af þremur við að stjórna úthlutun úr slíkum sjóði, sérstaklega vegna þess að tekið er fram í lögunum að hann eigi sjálfur lokaorðið sem er auðvitað eðlilegt. Þetta virðist vera einhver hneigð hjá núv. ríkisstjórn og núv. menntmrh. Nefna má það dæmi að dómnefndum í Háskóla Íslands var breytt á þessu þingi með þeim hætti að menntmrh. á ekki einungis áfram einn af þremur fulltrúum heldur getur sú staða komið upp að sami fulltrúi menntmrh. fjalli um stöðuveitingar á heilu fræðasviði og jafnvel um allan skólann. Út af fyrir sig hefur hæstv. menntmrh. heimild til þess, eftir að hann kom þessu frv. í gegnum þingið, að hafa mann á launum við að meta menn inn í stöður í háskólanum, væntanlega sjálfstæðismenn.

Fleiri dæmi mætti nefna um þetta. Í umhvrn. er um það sama að ræða. Þar er ýmist verið að afnema stjórnir sem ráðherra þykja að einhverju leyti óþægilegar eða hæstv. umhvrh. er að fleygja mönnum út úr stjórnum, t.d. formanni stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, og setur þar inn embættismann sem vænta má að geri ekki mikið annað en það sem ráðherra segir honum að gera.

Hvað er athugavert við þetta? Það er auðvitað að vissu leyti gott að ráðherrar hafi beina stjórn og beri þá líka beina ábyrgð á sínum málum en það verður að vera þannig að þegar faglegar ákvarðanir eru teknar, þá geri það fagmenn. Það er eðlilegt að stjórnmálamenn taki hinar pólitísku ákvarðanir. Ef menn fallast á þetta verða þeir líka að skýra það hvort það er pólitísk ákvörðun eða fagleg ákvörðun að veita tónlistarmönnum styrk úr tónlistarsjóðnum eða ekki. Ég álít að sú ákvörðun sé fagleg, það sé pólitísk ákvörðun hve mikið fé fer í sjóðinn, hvernig reglur eru settar um hann og hvort hann á að vera til eða ekki en það sé fagleg ákvörðun hverjir fá styrk úr slíkum sjóði. Til þeirra faglegu ákvarðana setjum við fagmenn en ekki pólitíska fulltrúa, hvorki tvo sjálfstæðismenn, vini hæstv. menntmrh., né fulltrúa annars vegar Sjálfstfl. og hins vegar Framsfl. Ég vil gjarnan fá rökstuðning fyrir þessu frá formanni menntmn., hv. þm. Gunnari Birgissyni, eða varaformanninum, fulltrúa Framsfl. í nefndinni, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Er það pólitísk ákvörðun að veita styrk úr þessum sjóði eða er það fagleg ákvörðun? Ég tel að mikilvægt sé að greina þarna á milli og harma það að engin rök skuli hafa komið fram um skipan sjóðstjórnarinnar nema þau sem reynt er að færa fram um að þetta sé vilji menntmrh. og eftir honum hljóti að vera farið.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði í upphafi. Ég held að ef vel er á haldið geti sjóðurinn vaxið og dafnað og orðið okkur Íslendingum og menningu okkar ákaflega mikilvægur

en þá verðum við að standa saman um hann. Við verðum að búa svo um hnútana að ákvarðanir sjóðstjórnarinnar séu hafnar yfir allan vafa, að fé komi inn í sjóðinn til þeirra hluta sem honum eru ætlaðir og að viðsýni sé ráðandi og framfarahugur við úthlutanir úr sjóðnum.

[20:27]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé um gott mál að ræða og því beri að fagna. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig á að tryggja útrás íslenskrar tónlistar og þá verður kannski ekki að hafa þá sérstaklega í huga sem hafa gert garðinn frægan heldur hvernig við eigum að fá fleiri fram á völlinn. Það þarf ekki að hafa áhyggjur af hljómsveitum og tónlistarmönnum eins og Björk, Sigurrós og Hilmari Erni Hilmarssyni. Þau hafa tryggt sinn sess en við þurfum að fá fleiri fram og við þurfum þá að skoða hvernig aðrar þjóðir, t.d. Svíar, hafa náð árangri á þessu sviði.

Hér hefur verið til umræðu og mikið gagnrýnt hvernig menn ætla sér að skipa sjóðstjórnina. Ég tel að þessi gagnrýni eigi vissulega rétt á sér, menn eigi að skoða hvernig menn ná árangri en ekki fara í pólitískan meirihlutaleik við skipan á svona sjóði. Ég átta mig eiginlega ekki á hvað menn eru að fara, sérstaklega þegar fram hefur komið að hæstv. menntmrh. á síðasta orðið.

Það sem ég ætlaði að gera að umtalsefni og minna á er að kannski er ekki nóg að búa til sjóðinn og fara í þessa vinnu heldur eigi menn að skoða og hugsa um hvernig árangur næst með svona sjóði. Þá væri ágætt að hafa pólitíska nefnd þegar hugsað er um hvernig árangur starfsins verður metinn. Þegar svona sjóður er búinn til er ákveðin hætta á að talsvert fari í sjálft sig og ekki sé endilega hugsað um að koma fleirum á framfæri og hugsað um sprota heldur fari féð jafnvel í að verðlauna þá sem hafa náð ákveðinni frægð og fótfestu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að skoða hvernig t.d. Iðntæknistofnun hefur metið verkefni sín. Ég hef heyrt af því að þar telji menn sig hafa gott kerfi og ég hefði talið að pólitískir kraftar hæstv. ráðherra ættu einmitt að fara í þá vinnu að meta árangurinn en ekki það að pólitískir fulltrúar meti hvort þessi eða hinn listamaðurinn eigi að fá þessa upphæðina eða hina.

Eins og áður segir held ég að aðalatriðið sé að starfið sé markvisst og menn hugi að því að fá fleiri tónlistarmenn fram á völlinn og meti árangur starfsins. Eins er ótrúlegt að verða vitni að því að menn sjá ekki fyrir sér aukin fjárútlát, ég held að þau séu óhjákvæmileg ef stofnaður er nýr sjóður og ætlunin er að ná árangri. Þá ætla menn líklega að fá peningana til baka að einhverju marki og einhverju hlýtur að þurfa að kosta til ef árangur á að að nást, t.d. í markaðssetningu tónlistar á erlendri grund. Ef menn fara af stað með það markmið hlýtur það að kosta eitthvað og menn hljóta að ætla sér að gera betur. Þess vegna ætti að vera sjálfgefið að hærri upphæðir fari til verkefnisins.

Að öðru leyti tel ég að málið sé gott og við eigum að reyna að standa saman um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða íslenskrar tungu, síðari umr.

Þáltill. MÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 517, nál. 1521.

[20:32]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu. Flutningsmenn þessarar tillögu eru hv. þm. Mörður Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurjón Þórðarson.

Menntmn. hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Íslenskri málnefnd, Útlendingastofnun, Orðabók Háskólans og Þór Vilhjálmssyni.

Með tillögunni er lagt til að forsætisráðherra verði falið að setja á fót nefnd sem hafi það verkefni að athuga réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Nefndinni verði jafnframt falið að gera grein fyrir réttarstöðu þjóðtungna og annarra mála í grannríkjum Íslands og að skoða sérstaklega stöðu íslensks táknmáls og tungumála nýbúa hér á landi.

Nefndin telur málið allrar athygli vert og mikilvægt að ráðist verði í þá vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir. Örar breytingar í alþjóðasamfélagi kalla á að réttarstaða þjóðtungunnar verði skýrð og skerpt, en margar þjóðir jafnt innan sem utan Evrópu hafa nú verulegar áhyggjur af stöðu þjóðtungna sinna. Þá skipta óskir heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra um viðurkenningu á íslenska táknmálinu sem móðurmáli sínu einnig verulegu máli í þessum efnum þar sem ljóst þarf að vera hver réttarstaða íslenskunnar er svo að komið geti til álita að gera íslenska táknmálið jafnrétthátt íslensku.

Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta nefndarálit rita, auk frsm. Dagnýjar Jónsdóttur, Ísólfur Gylfi Pálmason, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson.

[20:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég fagna mjög úrslitum þessa máls og tel að þótt auðvitað hafi tillagan verið borin fram til samþykktar sé mikilvægur sigur að henni skuli verða vísað til ríkisstjórnarinnar og tel það eins konar jafngildi samþykktar eins og hagað er þinghaldi okkar og mál eru í pottinn búin.

Sem manni sem er að skoða hefðir á þinginu og gang mála, jafnframt því að taka þátt í starfinu, eins og er um nokkuð marga nýliða, sýnist mér að vísun til ríkisstjórnarinnar geti verið tvenns konar. Annars vegar sé hún einhvers konar redding, eins og það mundi heita á venjulegri íslensku, á máli sem er í vandræðum. Þá sé einkum um að ræða mál sem hafa verið margrædd og þvæld og menn koma sér kannski ekki saman um en vilja þó afgreiða. Þá er vísun til ríkisstjórnar kannski ekki endilega jákvæð afgreiðsla. En í málum sem eru ný af nálinni og þar sem vakin er athygli á framfaramáli eða þörfu viðfangsefni, þegar komið er fram með nýja hugmynd, þá sé það jákvæð afgreiðsla að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar og gert ráð fyrir því að viðkomandi ráðherra eða ráðherrar leggist yfir málið og komi því nokkuð á veg. Ég hygg að þetta mál sé í síðari flokknum og

fagna mjög nefndarálitinu sem hv. þm. og frsm. menntmn. í þessu máli, Dagný Jónsdóttir, flutti áðan skörulega.

Ég held að þetta mál, sem ég skal ekki hafa mörg orð um í viðbót, sé til eflingar og styrktar íslenskri tungu. Ég held að það sé gott fyrir okkur á þessum tímum í upphafi aldarinnar að gera okkur grein fyrir stöðu alþjóðatungumála í samfélagi okkar og löggjöf. Ég tel að tungumál nýbúa og málefni þeirra geti komið nokkuð við sögu, þau eru sífellt brýnna mál á borðum okkar stjórnmálamanna og í stjórnsýslunni og ég tel að þó í litlu sé komi þessi afgreiðsla til móts við kröfur sem við höfum heyrt fluttar með áhrifamiklum hætti á þinginu í vetur af hálfu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra um viðurkenningu á táknmáli sínu sem móðurmáli. Það er á sinn hátt jafnstætt móðurmáli okkar hinna sem heyrum og tölum, þ.e. íslenskunni.

Ég vil þakka nefndarmönnum í menntmn., sérstaklega formanni hennar, hv. þm. Gunnari Birgissyni, og varaformanni, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, fyrir starfið að þessu máli og ég þakka líka öllum sem að því komu, umsegjendum og hvatningarmönnum, og ekki síst meðflutningsmönnum mínum úr öllum flokkum, hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, Hjálmari Árnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Sigurjóni Þórðarsyni. Ég vænti þess að ráðherrarnir sem við sögu koma, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og síðar væntanlega Halldór Ásgrímsson og hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir taki þetta mál til athugunar og geti helst skýrt okkur frá því á næsta þingi hvernig þeir hyggjast koma því enn lengra á veg.

[20:39]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að setja á langt mál um efnisinnihaldið enda hafa því verið gerð ágæt skil. Ég ætla fyrst og fremst að þakka menntmn. fyrir að hleypa þessu mjög svo góða máli í gegn og veita því brautargengi á hinu háa Alþingi með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar þannig að afdrif þess verða ekki þau sömu og allt of margra góðra þingmannamála sem sofna svefninum langa í nefnd eftir 1. umr. og líta aldrei dagsins ljós í neinni mynd. Þess vegna studdi ég þá hugmynd mjög að málinu yrði vísað til ríkisstjórnar af því að það framlengir líf málsins, veitir því byr og undirstrikar hve mikilvæg og góð tillaga er á ferðinni. Flutningsmenn þáltill., hv. þm. Mörður Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurjón Þórðarson eiga þakkir skildar, sérstaklega hv. 1. flm. Mörður Árnason, og er tilefni til að óska þeim til hamingju.

Í sambandi við flutning málsins og framgang þess þykir mér mikilvægt að auk þess sem tekin er til athugunar réttarstaða íslenskrar tungu með öllum þeim augljósa rökstuðningi sem fyrir því er, þá er í greinargerðinni og þáltill. talað sérstaklega um táknmálið. Við höfum haft það til umfjöllunar fyrr í vetur og stutt mjög eindregið þau merku mál sem hv. þm. frjálslyndra, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, flutti. Þessi mál tengjast mjög og segja má að samþykkt þáltill. í þessu formi sé einnig ákveðinn og merkur áfangasigur fyrir réttarstöðu táknmálsins og því mjög mikilvæg í því samhengi. Bréf frá Hafdísi Gísladóttur fyrir hönd Félags heyrnarlausa til þingflokkanna, hér þingflokks Samfylkingarinnar, frá 11. nóvember 2003 er fskj. II með þáltill. og þar segir, með leyfi forseta:

„Í rúman áratug hefur Félag heyrnarlausra unnið að því að styrkja stöðu íslenska táknmálsins og þar með talið bættri réttarstöðu þeirra sem eiga íslenskt táknmál að móðurmáli. Á vegum ráðuneyta eða Alþingis hafa a.m.k. fjórar nefndir verið settar á laggirnar til að álykta um þessi mál en niðurstaða þeirra litlu skilað er lýtur að bættri stöðu íslenska táknmálsins."

Þess vegna er tillagan um réttarstöðu íslenskrar tungu sérstakt ánægjuefni í ljósi afdrifa fyrri ályktana um réttarstöðu táknmálsins. Tillagan tekur til réttarstöðu íslenska táknmálsins jafnhliða íslensku þjóðtungunni. Því vil ég fagna sérstaklega og tek undir með forustumönnum heyrnarlausra um málið sem þeir styðja mjög eindregið. Í bréfinu segir einnig, með leyfi forseta:

„Afstaða til móðurmáls Íslendinga hefur aldrei verið tekin í stjórnarskrá Íslands. Í ljósi þessa beinir Félag heyrnarlausra því til þingflokks Samfylkingarinnar að tekin verði afstaða til móðurmálsins í stjórnarskrá Íslands og blasir þá við að einnig verði tekin afstaða til íslenska táknmálsins sem er hluti af móðurmáli Íslendinga.

Félag heyrnarlausra lýsir sig reiðubúið til samstarfs um framgang þessa mikilvæga máls."

Hér er því á ferðinni tímamótatillaga þar sem hreyft er verulega við réttarstöðu táknmálsins sem og íslensku tungunnar, enda er íslenska táknmálið móðurmál heyrnarlausra á Íslandi. Ástæða er til að lýsa sérstakri ánægju með það og undirstrika að um leið og tillagan nær fram að ganga í þessu formi, henni er vísað til ríkisstjórnarinnar, þá er í leiðinni unninn merkur áfangasigur í baráttunni fyrir því að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Að mínu mati er sjálfsagt mannréttindamál að móðurmál heyrnarlausra sé viðurkennt sem slíkt og ekki farið í hring í kringum það. Eins og sagt er í greinargerðinni með þáltill. um réttarstöðu íslenskrar tungu, þá skiptir miklu máli að allur ramminn í kringum íslenska tungu og táknmál sé sem skýrastur, enda þarf í sambandi við bæði innflytjendur og heyrnarlausa að vera skýrt og augljóst afmarkað hvaða rétt þeir hafa til hvers konar túlkaþjónustu. Nú er sá réttur mjög fyrir borð borinn og því fer fjarri að málum sé eins vel fyrir komið og nauðsynlegt er. Oft er mikill skortur á túlkum og við þekkjum þá dæmalausu stöðu sem kom upp þegar átti að hætta að kenna fagið uppi í háskóla. Þetta er mikið réttlætismál og tekur á mörgum merkilegum þáttum. Ég óska flutningsmönnum aftur til hamingju með að málið nái fram að ganga í þessari mynd og þakka öllum hv. nefndarmönnum menntmn. fyrir að taka þátt í að vinna málinu brautargengi og að sjálfsögðu formanninum og varaformanninum fyrir að hafa beitt sér af harðfylgi fyrir því í þingflokkum sínum að málið liti dagsins ljós í þessari mynd.

[20:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skil eiginlega ekkert í því að stjórnarliðar hér á þingi skuli ekki berjast oftar fyrir því að tillögur frá stjórnarandstæðingum nái fram að ganga. Slíkar eru hamingjuóskirnar sem hér rignir yfir formann og varaformann menntmn. og vantar ekkert upp á annað en við færum þeim hreinlega blóm fyrir að þessi eina stjórnarandstöðutillaga skyldi komast út úr nefndinni.

Ég ætla svo sem að taka undir þessar þakkir, það er engin ástæða til annars, og hvet stjórnarliða til að skoða að stjórnarandstaðan er oft með ágætar hugmyndir sem gætu virkilega gagnast samfélaginu. Hér tel ég vera eina af þessum tillögum sem eru gulls ígildi. Það er sannarlega alvöru þörf á því að skoða réttarstöðu íslenskrar tungu og ekki hvað síst vegna

þess sem hefur komið fram í máli þingmanna sem hafa talað á undan mér um stöðu táknmálsins sem móðurmáls heyrnarlausra. Okkur er auðvitað öllum í fersku minni skörulegur málflutningur hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur, þingmanns Frjálslynda flokksins, sem færði inn ferska vinda í upphafi þingsins, flutti öflug þingmál með *virkilega fínum* rökstuðningi sem hreyfði við okkur og náði til okkar allra. Eins og hv. þm. Mörður Árnason hefur vikið að í fínu máli varðandi þetta er þessi tillaga kannski einmitt forsenda þess að réttarstaða íslenska táknmálsins verði viðurkennd. Kannski þurfum við fyrst að skoða réttarstöðu þjóðtungunnar, íslenskunnar, og í beinu eða eðlilegu framhaldi kemur þá móðurmál heyrnarlausra Íslendinga. Ég tel mig ekki þurfa að bæta neinu við efnislega öðru en hvatningu minni til stjórnarliða um að taka alvarlega til umhugsunar hvort ekki sé þess virði að samþykkja fleiri tillögur sem eiga rætur að rekja til stjórnarandstæðinga.

[20:48]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að taka upp þann sið að þakka fyrir afgreiðslu málsins en verð að segja eins og fleiri að ég átta mig ekki alveg á því hvað það þýðir að vísa máli til ríkisstjórnarinnar. Ég spurðist fyrir um þetta á fundi um daginn í tengslum við rjúpnamálið og hvort það þýddi að leyfðar yrðu rjúpnaveiðar á næsta ári. Svo skemmtilega vill til að formaður umhvn. á eftir að sitja í stóli umhvrh. en það varð fátt um svör.

Eftir þessi fátæklegu svör formanns umhvn. átta ég mig enn síður á því hvað þessi afgreiðsla þýðir í rauninni þannig að það væri mjög ljúft ef einhver sem hefur lengri þingreynslu, eins og formaður umhvn., hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, greindi okkur sem höfum minni reynslu af þingstörfum frá því hvað þetta þýðir og færi yfir það hvað þetta þýðir fyrir þetta góða mál sem ég er meðflutningsmaður að.

Ég man eftir annarri þáltill. sem var vísað til ríkisstjórnarinnar. Það var ágæt tillaga hv. þm. Hjálmars Árnasonar um að kanna eða gera úttekt á því hvort færeyska fiskveiðistjórnarkerfið hentaði Íslendingum. (Gripið fram í.) Verðum við ekki að fá botn í þetta? Ég held að það sé tímabært að ræða þetta og það sé einmitt fagnaðarefni að klár niðurstaða fáist í það hvað *vísunin þýðir. Sú tillaga gufaði upp og segja má* að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi snúið algerlega við blaðinu án þess að fengist hafi botn í málið eða gerð hafi verið ein einasta tilraun til að kanna þetta ágæta sóknarkerfi. Það væri líka fróðlegt að fá að heyra hvað varð um tillögur hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur. Hvernig stóð á því að þær fengu ekki svipaða afgreiðslu? Ég tel að það hefði verið mjög mikils virði fyrir hið háa Alþingi að afgreiða þau mál, það hefði verið ákveðin upphefð fyrir störf þingsins að fara vel og rækilega yfir táknmálið og textunina og þær þáltill.

En hvað varðar þetta mál sérstaklega vil ég nefna að það er rík þörf á að fara sérstaklega vel yfir réttarstöðu íslenskunnar. Ég fann kirfilega fyrir því sl. haust þegar ég óskaði eftir því að fá ræðu úr stjórnkerfinu þýdda yfir á íslensku, ræðu sem flutt var á erlendri grundu. Það var ótrúlega erfitt. Ég leitaði hvað eftir annað eftir því að fá ákveðna ræðu þýdda vegna þess að ég vildi skilja án þess að nokkuð færi á milli mála hvað væri sagt í nafni þjóðarinnar í útlöndum. Mér finnst gott að rifja upp þegar þessu máli er vísað til ríkisstjórnarinnar að það er virkileg þörf á þessu.

Eins væri mjög fróðlegt að fá að heyra það hér frá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur hvað varð um tillögur hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur og hvernig afgreiðsla þeirra varð. Ég spyr vegna þess að ég sit ekki í menntmn. og þess vegna væri fróðlegt að fá að heyra af afgreiðslunni.

[20:52]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég get ekki svarað til gagns spurningum hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar en hvað sem öðrum málum líður tel ég að það geti ekki þýtt nema eitt þegar máli er vísað til ríkisstjórnarinnar sem fram hefur verið borið af prýðilegum mönnum í öllum þingflokkum, fengið einróma afgreiðslu í menntmn., afar jákvæða umsögn þar, og er nýtt á þinginu. Með þessari afgreiðslu hlýtur þingið að ætlast til þess að ríkisstjórnin taki afstöðu til málsins og afgreiði það á þann veg sem henni líst bestur og réttastur. Ég ætla að standa í þeirri von að þessi skilningur sé sá sami og annarra ef einróma tillaga menntmn. verður samþykkt við atkvæðagreiðsluna.

[20:54]

Frsm. menntmn. (Dagný Jónsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hlý orð í þessari umræðu. Það var kannski ótrúlegt hvernig réttarstaða íslenskrar tungu tengist rjúpunni en ég ætla ekki að fara nánar út í þau mál.

Vegna orða hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um viðurkenningu táknmáls vísa ég í nefndarálitið sem við erum að fjalla um. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá skipta óskir heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra um viðurkenningu á íslenska táknmálinu sem móðurmáli sínu einnig verulegu máli í þessum efnum þar sem ljóst þarf að vera hver réttarstaða íslenskunnar er svo að komið geti til álita að gera íslenska táknmálið jafnrétthátt íslensku."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (stjórn). — Þskj. 969, nál. 1529 og 1542.

[20:55]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta umhvn um frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna um stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar verði felld brott. Til samræmis eru lagðar til breytingar á ákvæði laganna um hlutverk forstöðumanns stofnunarinnar.

Við umfjöllunina kom fram að stjórn stofnunarinnar hefði m.a. haft það hlutverk að vera tengiliður milli stofnunarinnar og samvinnunefndar um málefni norðurslóða sem lögin fjalla einnig um. Að mati meiri hlutans er mikilvægt að þessi tengsl haldist áfram og telur hann að svo geti orðið ef forstöðumaður stofnunarinnar á sæti í samvinnunefndinni en í henni eiga sæti fulltrúar stofnana og samtaka sem sinna norðurslóðarannsóknum á Íslandi. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu þeirra fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 506/1997, um samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Fram kom hjá fulltrúa umhverfisráðuneytisins að það telji

rétt að forstöðumaðurinn eigi sæti í samvinnunefndinni og til standi að breyta umræddri reglugerð á þá leið verði frumvarpið samþykkt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

[20:57]

Frsm. minni hluta umhvn. (Mörður Árnason):

Forseti. Minni hluti umhvn. hefur skilað sérstöku áliti um málið og ég tel rétt að lesa það. Það er einfalt, útskýrir það sem það á að útskýra, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur þess frumvarps sem hér um ræðir er að leggja niður stjórn sem samkvæmt lögum skal skipuð Stofnun Vilhjálms Stefánssonar til fjögurra ára í senn. Hlutverk stjórnarinnar er samkvæmt lögunum að fjalla um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar í samráði við forstöðumann.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að hér sé um að ræða framhald á því markvissa verki í umhverfisráðuneytinu að „afnema lagaákvæði um stjórnir stofnana umhverfisráðuneytisins“ í framhaldi af samþykkt laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þar sem tiltekið er að forstöðumaður eða forstjóri beri ábyrgð á störfum og rekstri opinberrar stofnunar.

Minni hlutinn telur engin rök hafa komið fram sem mæli með að afnema ákvæði laga um stjórn við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Hér er ekki um að ræða opinbera stofnun með eiginlegt stjórnsýsluvald heldur fræða- og rannsóknastofnun með mikilvægt hlutverk við að stilla saman strengi í rannsóknum og stefnumótun á sínu sviði innan lands og á alþjóðavettvangi. Tengsl stofnunarinnar við ráðuneytið, og forstöðumannsins við ráðherrann, eru því með allt öðrum hætti en tíðkast í flestum öðrum stofnunum ráðuneytisins. Að þessu leyti líkist stofnunin meira ýmsum stofnunum sem vistaðar eru hjá menntamálaráðuneytinu og hafa margar sérstaka stjórn. Þetta sjónarmið kemur ágætlega fram í umsögn Níelsar Einarssonar, forstöðumanns Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, um frumvarpið. Hann segir: „... reynslan af stjórninni hefur verið góð og á meðan hún hafði til þess umboð tók hún virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar og styrkti á margan hátt faglegan grundvöll hennar. Að vissu leyti er mikilvægt lítilli stofnun, með vítt starfssvið, að geta leitað til stjórnar með ráðgjöf, hugmyndavinnu og ákveðna aðkomu að verkefnum.“ Svipuð viðhorf koma fram í umsögn Elsu B. Friðfinnsdóttur, starfandi formanns síðast skipaðrar stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, sem segir m.a. að forstöðumanni sé „ótvírætt styrkur að faglegum og rannsóknabundnum tengslum stjórnarmanna“ og telur breytingartillögur í frumvarpinu „ekki til bóta fyrir störf og vöxt Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar“.

Álit minni hlutans er að stofnuninni sé heillavænlegast að búa áfram að ráðgjöf og hjálp frá stjórninni, sem einnig er í lögunum ætlað að tengja saman stofnunina og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, en formaður stjórnarinnar er jafnframt formaður nefndarinnar samkvæmt lögum. Sú viðleitni umhverfisráðherra að laga stjórnsýslu ráðuneytisins að áðurnefndum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er eðlileg og hrósverð en verður að kreddu þegar ekki er tekið tillit til séreðlis og hagsmuna þeirrar stofnunar sem um er að ræða. Rétt er að taka fram að samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er kostnaður við stjórnarstörfin óverulegur.

Minni hlutinn telur ámælisvert að ráðherra skuli ekki hafa skipað nýja stjórn samkvæmt lögum þegar umboð hinnar fyrstu rann út árið 2001.“

Þetta er, þannig að ég fari út úr textanum, ákaflega sérkennileg málsmeðferð hjá hæstv. umhvrh. Hann hefur ekki skýrt þessar ákvarðanir þótt hann hafi verið spurður um þær við 1. umr. Hér er annaðhvort um að ræða einhvers konar mistök, sem eru þá þvert á lög, eða einhvers konar ásetning sem styðst þá ekki við lögin um stofnunina sem þó eru tiltölulega ný.

Ég hef aftur lestur minn úr nefndaráliti minni hlutans, forseti:

„Ráðherrum ber sem kunnugt er að fara að lögum. Vegna þessara glapa hefur heldur ekki fengist sú reynsla af starfi stjórnar sem þörf hefði verið á við umfjöllun um frumvarpið, en hitt er einnig alvarlegt að um leið lagðist niður starf samvinnunefndarinnar þar sem formaðurinn var umboðslaus.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði fellt.

Bryndís Hlöðversdóttir tók þátt í meðferð málsins og styður álit þetta.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.“

Undir þetta skrifa Mörður Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:02]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 996. mál, brtt. JÁ o.fl., þskj. 1804.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:05]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1804. — Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 880. mál (lyfjaverð og greiðsluþátttaka almannatrygginga). — Þskj. 1338, nál. 1650 og 1652, brtt. 1651.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:06]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1651,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1651,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1651,3 samþ. með 51 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1651,4 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS*, VS, ÞKG.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, LB, SP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1651,5.a–c, að orðinu „samheitalyfjum“ samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1651,5.c, orðin „og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif“ samþ. með 46:5 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1651,5.c, niðurlagsorðin, frá og með orðunum „í viðmiðunarverðflokka“ samþ. með 51 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:11]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér voru greidd atkvæði um að taka út úr 10. gr. ákvæði um að almannatryggingar megi taka þátt í greiðslu fyrir lyf með sambærileg meðferðaráhrif. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði greiddum því atkvæði að þetta færi út úr greininni og yrði geymt þar til við heildarendurskoðun laganna. Nú er ákvæði um þetta í reglugerð og mjög mikil áhöld eru um að lagaákvæðið hefði skilað þeirri lækkun á lyfjaverði sem eftir er leitað.

11.–12. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, EKG, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Brtt. 1651,6 (ný grein, verður 14. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, LB, SP) fjarstaddir.

13. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn*, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS*, VS, ÞKG, ÖS.
3 þm. (KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.: ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1651,7 (ný grein, verður 16. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, LB, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 948. mál. — Þskj. 1442, nál. 1584.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:15]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Lokafjárlög 2000, frh. 3. umr.

Stjfrv., 326. mál. — Þskj. 1726 (sbr. 377), brtt. 1779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:16]
Brtt. 1779 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SJS, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: ÖS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1807).

Lokafjárlög 2001, frh. 3. umr.

Stjfrv., 653. mál. — Þskj. 982, brtt. 1780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:17]

Brtt. 1780 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, SP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁF, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁRJ, BÁ, BH, DO, GHH, GunnB, HÁs, HHj, JBjart, LB, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1808).

Réttarstaða íslenskrar tungu, frh. síðari umr.

Þáltill. MÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 517, nál. 1521.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:18]

Till. í nál. 1521 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 877. mál (sæfiefni, EES-reglur). — Þskj. 1335, nál. 1530.

[21:20]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna verði aðlöguð tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna. Hluti sæfiefna fellur ekki undir gildissvið gildandi laga og er lagt til að gildissvið þeirra verði rýmkað að þessu leyti. Einnig er lagt til að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi fyrir markaðssetningu sæfiefna hér á landi.

Frumvarpið felur það í sér að skráningu á ákveðinni tegund efna er breytt þannig að efni sem ekki hafa verið skráningarskyld verða það með samþykkt frumvarpsins. Með tilskipuninni er áhættumat og skráning efna sem falla undir hana samræmd á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig mun gilda gagnkvæm viðurkenning innan svæðisins sem felur það í sér að þegar efni hefur verið viðurkennt í einu aðildarríki verður að viðurkenna það í öðrum aðildarríkjum.

Fram kom við umfjöllun nefndarinnar að heildarendurskoðun laganna stendur yfir og leggur nefndin áherslu á að henni ljúki sem fyrst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 2. umr.

Stjfrv., 876. mál (skilagjald). — Þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669.

[21:22]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun umsýsluþóknunar á umbúðir úr ólituðu plastefni.

Endurvinnslan hefur það hlutverk að taka við umbúðum til endurvinnslu og hefur einkarétt á þeirri starfsemi sem fellur undir lögin. Hækkunin er lögð til að beiðni fyrirtækisins til að tryggja rekstrargrundvöll þess. Í gögnum sem

nefndin kallaði eftir vegna frumvarpsins kemur fram að allar umbúðategundir Endurvinnslunnar hafa skilað lítils háttar hagnaði nema ólitað plast þar sem vantar töluvert upp á. Ólitað plast telst frekar auðseljanlegt og nýtist í endurvinnslu og er því umhverfisvænt að því leyti. Hækkunin sem lögð er til er 0,40 kr. á hverja umbúðaeiningu. Lögin byggjast á því að hver gjaldflokkur standi undir sér. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst getur þurft að breyta skilagjaldi til að bregðast við því. Atbeina Alþingis er þörf við hækkunina enda telst skilagjaldið vera skattur.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Umhvn. er einróma í áliti sínu.

Undirrituð hefur lagt fram brtt. sem lýtur að því að í stað þess að lögin öðlist gildi 1. júní 2004 gerist það 1. júlí 2004. Þetta er eingöngu vegna þess að annars tækju lögin gildi á miðju uppgjörstímabili.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 2. umr.

Stjfrv., 564. mál (heildarlög). — Þskj. 843, nál. 1604. [21:25]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. frá umhvn. um frv. til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti. Einnig bárust umsagnir sem komu að miklu gagni við umfjöllunina.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á frumvarpsdrögum sem ráðherraskipuð nefnd samdi og skilaði ráðherra snemma árs 2002. Frumvarpið felur í sér að verndun Mývatns og Laxár verði áfram bundin í sérlög en þó með þeim hætti að ákvæði þeirra nái einkum til verndunar vatnsins og árinnar. Frá því að gildandi lög voru sett hefur lagaumhverfi á sviði náttúruverndar og umhverfismála breyst mikið, m.a. með setningu skipulags- og byggingarlaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og náttúruverndarlaga. Meginreglan er sú að um verndun og friðlýsingu svæða fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, þar sem er að finna ítarleg ákvæði um friðlýsingu náttúruminja. Í frumvarpinu eru m.a. ákvæði um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár, umsjón verndarsvæðisins og gerð verndaráætlunar auk ákvæða um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.

Frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi hafa verið miklar deilur um ákvæði til bráðabirgða III. 2. apríl sl. barst formanni nefndarinnar hins vegar bréf undirritað af forstjóra Landsvirkjunar og formanni stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Í bréfinu kom fram sameiginleg ósk þeirra um að ákvæði til bráðabirgða III yrði fellt brott úr frumvarpinu. Telur nefndin rétt að verða við þessari ósk og leggur til að ákvæði til bráðabirgða III verði fellt brott. Nefndin bindur vonir við að farsæl niðurstaða verði á þessu máli.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði verndaráætlun sem nái til Skútustaðahrepps, auk Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, að ósi árinnar við Skjálfandaflóa ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin. Þetta er sama svæði og fellur undir gildissvið gildandi laga og er verndaráætluninni ætlað að vera stefnumótandi fyrir náttúru- og umhverfisvernd á svæðinu. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I skal gerð hennar lokið fyrir 1. janúar 2006. Við umfjöllun málsins kom fram að vinna við verndaráætlunina er hafin.

Þá er lagt til með ákvæði til bráðabirgða II að Umhverfisstofnun skuli þegar hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falli undir 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins en mikilvægt sé að vernda vegna mikilvægis þeirra. Jafnframt er lagt til í 2. mgr. ákvæðisins að umhverfisráðherra skuli við gildistöku laganna tilkynna landeigendum og öðrum tilgreindum aðilum hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa. Nefndinni var greint frá því að listi yfir þessi svæði getur legið fyrir innan tveggja til þriggja mánaða. Við umfjöllun málsins var lýst áhyggjum af því að lagt er til að dregið verði úr vernd ákveðinna svæða og því millibilsástandi sem skapast frá því að frumvarpið verður að lögum þar til friðlýsingu samkvæmt ákvæðinu er lokið en gert er ráð fyrir að þau svæði sem friða á fari í friðlýsingarferli samkvæmt náttúruverndarlögum. Fram kom hjá fulltrúum sveitarstjórna á svæðinu að gert væri ráð fyrir að þau svæði sem ætti að friða færu í friðlýsingarferli lögum samkvæmt. Einnig kom fram að ef fara ætti í framkvæmdir á svæðinu sem ekki liggja fyrir upplýsingar um í skipulagi færi um það samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og eftir atvikum lögum um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur áherslu á að ekki verði farið í framkvæmdir á þeim svæðum sem listi skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II nær til nema í fullu samráði við umhverfisráðuneytið. Þá leggur nefndin til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. september nk. svo að nægilegt svigrúm gefist til að vinna lista samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II. Að síðustu leggur nefndin áherslu á að við birtingu laganna verði kort í fylgiskjölum I og II prentuð í lit og með fleiri örnefnum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir. Umhvn. er einróma í áliti sínu en Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

[21:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með að við skulum hafa náð saman í umhvn. og afgreitt þetta mál næstum einhuga. Við áttum ekki von á því við 1. umr. um málið. Ég hlýt að rifja upp hvernig Samfylkingin tók á málinu þá. Við lögðumst harkalega gegn bráðabirgðaákvæði III en samkvæmt því átti Umhverfisstofnun að geta heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri. Við gagnrýndum mjög að þetta ákvæði hefði verið tekið inn í frv. og það hafði mjög mikil áhrif á afstöðu okkar til þess.

Hins vegar lýstum við því yfir að við gerðum okkur grein fyrir því að Skútustaðahreppur þyrfti á auknu svigrúmi að halda og væri mjög bundinn af verndunarákvæðunum í lögunum eins og þau voru og við vorum tilbúin að skoða það. Það höfum við svo sannarlega gert í nefndinni.

Ég vil líka rifja upp, virðulegi forseti, að ég benti á það við 1. umr. að á sínum tíma hefði umhvn. flutt tillögu um heimild til að virkja í Bjarnarflagi og þá hefði verið sett í lög að framkvæmdir þar yrðu bundnar lögunum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu en við værum tilbúin að skoða hvort hægt væri að rýmka ákvæðið með

tilteknum hætti. Ég greindi frá því að við mundum ekki leggjast gegn því að virkjun í Bjarnarflagi yrði skoðuð enda yrði gætt til fulls vatnsverndarákvæða. Slík virkjun yrði að falla að landinu og öllum samningum og reglum sem við bæði höfum sett og undirgengist.

Ég vek athygli á þessu þar sem ekki er tilgreint sérstaklega í nefndarálitinu að kannski sé búið að létta það mikið á ákvæðum verndarlaganna að mögulegt sé orðið að skoða framkvæmdir.

Ég vil lýsa mikilli ánægju með vinnuna í nefndinni. Hún skilaði góðum árangri og bráðabirgðaákvæði um hækkun stíflu í Laxá var fellt brott. Það sem stóð eftir þegar búið var að fara yfir málið var að bæði þyrfti að tryggja að vatnsverndarákvæðum yrði fylgt og staðið yrði við alþjóðasamninga varðandi vatnsverndina á þessu svæði og jafnframt yrði að gefast tími til að vinna lista yfir staði sem fyrirhugað væri að friðlýsa. Eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæði II og framsögumaður vísaði til verður að hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða og við teljum mjög mikilvægt að vinna lista áður en lögin taka gildi.

Það var grundvallaratriði af hálfu okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í umhvn. að samstaða næðist um að seinka gildistöku frv. Þar með gæfist tími til að vinna lista yfir fyrirhugaðar friðlýsingar þannig að tryggt væri eftir megni að rétt og vel væri haldið á málum. Það er meira en að segja það að breyta lögum þar sem verndunarákvæðum er aflétt eða þau rýmkuð. Þetta er eitthvert fegursta svæði landsins og eitt mikilvægasta svæðið sem gæta þarf að. Sérstaklega þarf að gæta að þeim stöðum sem við viljum friða, stöðum sem við viljum vernda fyrir framkvæmdum og breytingum og síðast en ekki síst þarf að gæta vatnsverndarsjónarmiðanna og alþjóðasamninga sem við höfum gerst aðilar að.

[21:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Málið sem hér er til umfjöllunar hefur átt sér talsvert langan aðdraganda. Frv. var reyndar kynnt á síðasta þingi og kom síðan fram í nýjum búningi á þinginu sem nú er að ljúka. Bráðabirgðaákvæðið sem greint hefur verið frá í ræðum þeirra þingmannanna sem talað hafa olli sannarlega miklum úlfaþyt, en þar var gert ráð fyrir að Landsvirkjun yrði heimilað að hækka stíflu í Laxá svo um munaði þannig að Laxárdalur færi undir vatn að stórum hluta, til viðbótar við það sem farið er undir vatn nú þegar. Skemmst er frá því að segja að þetta olli miklum úlfaþyt, mikil mótmæli voru send inn til umhvrh., margar greinar skrifaðar í fjölmiðla, mikið um þetta rætt og ritað og fundir haldnir. Auðvitað endaði baráttan öll á því að eitthvað varð undan að láta, bráðabirgðaákvæðið hefur nú verið gert brottrækt úr frv. og er það vel. Því ber sannarlega að fagna, enda myndaðist mikil andstaða, ekki bara meðal líffræðinga og vistfræðinga eða umhverfisverndarsinna eða náttúruverndarsamtaka heldur líka og ekki síður meðal heimamanna, jarðeigenda sem hlut áttu að máli. Því ber sannarlega að fagna að bráðabirgðaákvæðið skuli vera komið út úr frv.

Hvað stendur þá eftir? Jú, það stendur eftir að aflétta friðuninni sem gilt hefur samkvæmt eldri lögum á stærstum hluta svæðisins sem tilheyrir Skútustaðahreppi. Afar varhugavert tómarúm myndast frá því að lögin hljóta samþykki og þangað til verndaráætlunin lítur dagsins ljós og friðun á grundvelli náttúruverndarlaga verður frágengin. Ég tel, og það var staðfest í umfjöllun nefndarinnar, að ákveðin hætta sé á því að mjög verðmæt svæði geti orðið fyrir ágangi ef lúta þarf í lægra haldi fyrir framkvæmdum í ljósi þess að ekkert verndar önnur svæði en þau sem getið er um í þessu frv. Þá erum við að tala um dýrmætar náttúruperlur sem skipta verulegu máli og allir vita í sjálfu sér að koma til með að njóta verndar. En sannleikurinn er sá að veruleg hætta skapast af þessu tómarúmsástandi. Þess vegna lagði ég mikla áherslu á það í vinnu nefndarinnar að lagaskilin yrðu endurskoðuð. Ég taldi og tel vera nauðsyn á því að verndaráætlunin verði tilbúin við gildistöku laganna þannig að öllum sé ljóst hvað á að vernda samkvæmt náttúruverndarlögum svo að ekki verði ruðst inn á þau svæði á nokkurn hátt. Við skulum ekki gleyma því að hér er um dýrmætar náttúruperlur að ræða.

Það skiptir líka máli í þessu sambandi að Mývatn er Ramsar-svæði og þannig verndað alþjóðlega samkvæmt lögum og reglum Ramsar-samningsins. Það þýðir að íslenskum stjórnvöldum hefur borið skylda til þess frá því að Mývatn var friðað og sett undir Ramsar-samninginn að skila samningsskrifstofunni verndaráætlun fyrir svæðið. Enn hefur formlegri verndaráætlun fyrir Ramsar-svæðið ekki verið skilað til skrifstofunnar. Það er auðvitað mjög miður, sem og að stjórnvöld skuli telja í lagi að aflétta friðuninni á mikilvægum stöðum í kringum vatnið og skapa það óvissuástand sem óneitanlega skapast milli þess sem lögin taka gildi og verndaráætlunin lítur dagsins ljós. Ég tel því ákveðna hættu á ferðum sem ekki hefði þurft að koma upp ef betur hefði verið að gáð og styð mál mitt umsögnum ýmissa aðila sem bárust nefndinni. Þess er fyrst að geta að tveir af nefndarmönnunum sem áttu aðild að því að semja frv., Árni Bragason og Gísli Már Gíslason, óskuðu eftir því að bætt yrði inn texta sem tryggði að ef farið yrði í framkvæmdir meðan á friðlýsingarferlinu stæði yrði skylt að leita leyfis Umhverfisstofnunar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi yrði veitt á landsvæðum sem áformað væri að friðlýsa samkvæmt áformum eða áætlunum Umhverfisstofnunar. Slíku ákvæði hefur ekki verið bætt við og ég tel það mjög miður. Ég get líka stutt mál mitt ummælum Sveins Runólfssonar landgræðslustjóra sem segir í umsögn Landgræðslu ríkisins, með leyfi forseta:

„Eðlilegra hefði verið að vinna við friðlýsingu þessara svæða væri lengra komin þegar frumvarpið var lagt fram svo ekki myndaðist tómarúm í verndun þeirra."

Með öðrum orðum, þegar frv. þetta er orðið að lögum gildir verndun samkvæmt núverandi lögum ekki lengur fyrir svæði sem falla ekki innan ramma frv.

Ég ítreka að sjónarmið mín eru studd ýmsum umsögnum sem bárust nefndinni.

Síðan er kannski ekki úr vegi að geta þess að Alþingi samþykkti á 117. löggjafarþingi afar athyglisverða þál. um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit sem kom upp í hendur mínar við skoðun á þessu máli. Það eru orðin rúm 10 ár síðan hún var samþykkt en ég tel hana í fullu gildi. Hún lýsti vilja Alþingis til að tryggja að svæðið yrði verndað og gerð yrði úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit sem mundi falla að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Tillögunni fylgdi upphaflega mikil greinargerð þar sem lögð var mikil áhersla á það hversu Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá væri sérstætt út frá náttúruverndarlegu tilliti. Eins og alþjóð veit hefur Mývatnssveit notið viðurkenningar sem náttúruverndarsvæði á alþjóðlegan mælikvarða, hún hefur fallið undir Ramsar-samninginn og þar af leiðandi hefur verið viðurkennt að svæðið sé einstakt í heiminum, bæði sökum lífríkis

og ekki síður jarðmyndana. Við vitum líka öll að Mývatnssveit hefur gríðarlega mikið alþjóðlegt aðdráttarafl og við vitum hversu mikið ferðamönnum sem leggja leið sína í sveitina hefur fjölgað á undanförnum árum .

Ég tel mjög miður að Alþingi skuli ekki heimila að verndaráætlunin verði fullkláruð áður en lögin öðlast gildi og tel að hér séum við á nokkuð hættulegri braut, enda hefur sveitarstjórn haft uppi um það sjónarmið að sveitinni hafi verið haldið í spennitreyju vegna sérlaganna um verndun Mývatns og Laxár. Þess ber þó að geta að við umfjöllun nefndarinnar bárust upplýsingar um að síðan aðalskipulag var samþykkt hafi ágreiningur um framkvæmdir í raun og veru heyrt sögunni til, málin hafi leyst farsællega undir aðalskipulaginu og í sannleika sagt virðist ágreiningurinn sem var oft uppi áður en það gekk í gildi heyra sögunni til. Það kann að vera að menn geri of mikið úr þeirri spennitreyju sem sagt er að sveitarstjórn hafi verið sett í og ég tel ekki að það þurfi að breyta því að sólarlagsákvæði í þetta lagafrv. hefði verið til mikilla bóta út frá náttúruverndarsjónarmiðum.

Það má kannski segja að ekkert sérstakt þrýsti á að vernduninni verði aflétt. Ég sé ekki neinar þær framkvæmdir í farvatninu sem útheimta að vernduninni verði aflétt og sveitarstjórnin fái upp í hendurnar vafasaman möguleika á því að framkvæma á svæðum sem áður hafa verið friðlýst og verða kannski ekki friðlýst aftur fyrr en verndaráætlunin lítur dagsins ljós.

Við skulum heldur ekki gleyma því að fyrir dyrum stendur að lögfesta evrópsku vatnatilskipunina. Við eigum að vera búin að innleiða hana á þessu ári þannig að hún hlýtur að koma fyrir þingið næsta haust. Eins og þeir vita sem hafa kynnt sér hana leggur hún afar ríkar skyldur á herðar þeim þjóðum sem eiga vötn og náttúru í kringum vötn sem eru svipuð og Mývatn, þ.e. vötn sem hafa verulegt náttúruverndargildi. Það er engum blöðum um það að fletta að Mývatn hefur gífurlega mikið gildi á alþjóðlegan mælikvarða og þess vegna hefðu umhverfisyfirvöld þurft að reisa kröftuga og öfluga skjaldborg um svæðin sem vitað er að koma til með að heyra undir verndaráætlunina þegar hún lítur dagsins ljós. Hér er þeirri sérvernd sem gilt hefur breytt í almenna vernd og ég tel þar afar mikla hættu á ferðum. Það er umhverfisyfirvöldum okkar kannski ekki til framdráttar að svona skuli haldið á málum og ég sé engin rök fyrir því að láta lögin taka gildi löngu áður en friðlýsingarferlinu lýkur.

[21:47]

Útbýting þingskjala:

Jarðalög, 783. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1802.

Stjórn fiskveiða, 996. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1803.

[21:47]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju með niðurstöðu málsins. Við erum að rýmka verndunarákvæði og gera sveitarfélaginu kleift að sitja við sama borð varðandi skipulagsmál og önnur sveitarfélög í landinu. Á nefndarfundi kom fram hjá fulltrúum sveitarstjórna á svæðinu að gert sé ráð fyrir að svæðin sem á að friða fari í friðlýsingarferli lögum samkvæmt og einnig kom fram að ef fara á í framkvæmdir á svæðinu sem ekki liggja fyrir upplýsingar um í skipulagi fari um þær samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og eftir atvikum lögum um mat á umhverfisáhrifum. Umhvn. leggur áherslu á að ekki verði farið í framkvæmdir á svæðum sem listinn í bráðabirgðaákvæðinu nær til nema í fullu samráði við umhvrn.

Ég vil einnig fagna lendingunni varðandi bráðabirgðaákvæði III en fram kom sameiginleg ósk frá Landsvirkjun og Landeigendafélagi Laxár og Mývatns um að fella það brott. Nefndin varð að sjálfsögðu við því enda ljóst að mikið hafði gengið á til að ná þessari sameiginlegu kröfu. Við erum mjög meðvituð um umræðuna sem varð þegar frv. var fyrst lagt fram. Ég sagði einmitt við 1. umr. að sagan væri sterk og held að það hafi einmitt sannast í umræðunni og í niðurstöðunni sem náðist.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en vil að lokum þakka einstaklega góð störf í umhvn. Það er gott að finna þann einhug sem hefur ríkt um málið og ég ítreka ósk nefndarinnar um að farsæl niðurstaða fáist í málinu varðandi hækkun stíflunnar við Laxárvirkjun.

[21:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég kem hér sömuleiðis til að fagna brtt. umhvn. um að hið margumrædda og vægast sagt umdeilda ákvæði til bráðabirgða III falli brott. Ég gerði það nokkuð að umtalsefni við 1. umr., andmælti því mjög harðlega og varaði sterklega við því að lögtekin yrði heimild af þessu tagi, opinn víxill til 10 ára eða svo, til að viðhalda þrýstingi á heimamenn, landeigendur, um að láta undan og fallast á umtalsverða stífluhækkun neðst í Laxárgljúfrum við Brúar. Það hefði að þó nokkrum hluta endurvakið hin gömlu deilumál um Laxárvirkjun, Laxárdeiluna margnefndu. Ég spáði því að þetta mundi kveikja mikla elda og rífa Laxárdeiluna í raun upp á nýjan leik.

Það er allt í lagi að rifja það upp, frú forseti, að ég fékk á mig nokkuð harðar ákúrur fyrir þennan málflutning, bæði frá hv. 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, og eins bar hæstv. umhvrh. mig þungum sökum og sakaði mig um að efna til ófriðar, æsa menn upp í þessum efnum. Ýmislegt fleira var sagt sem kannski þarf ekki að tíunda.

En ætli það sé ekki þannig, frú forseti, að ég hafi reynst hafa rétt fyrir mér? Ætli niðurstaðan sé ekki sú að þetta hafi farið á nákvæmlega þá leið sem ég vissi að það færi, að það mundu kvikna miklir ófriðareldar ef menn ætluðu að halda áfram af þessari óbilgirni sem heimamönnum var sýnd? Með þessu hefði sannanlega verið raskað jafnvægi hinna fornu deiluaðila sem búið var til og var lausnargrundvöllur Laxárdeilunnar á sínum tíma. Það fól í sér að lögin tækju af skarið um réttarstöðu málsins, sem sagt að vatnsborðshækkun neðst í Laxárdal væri með beinum hætti óheimil nema breytingarnar væru í þágu verndar árinnar og fiskræktar. Hafandi sagt þetta hlýt ég að fagna því að náðst hafi farsæl lausn að þessu leyti, ég leyfi mér hiklaust að orða það þannig að skynsemin hafi sigrað í málinu. Það má þó segja um Landsvirkjun að meira að segja hún er ekki ónæm fyrir skynsemisrökum. Það er gott að vita. Auðvitað eru menn þar menn að meiri að hafa séð að sér og bjargað sér í land, klórað sig upp á bakkann og endurheimt vonandi að einhverju leyti með því trúnaðartraust heimamanna. Það var óðum að glatast og sjálfsagt er eitthvað óunnið enn í að ná því til baka en víst er að núna er þó miklu frekar opið fyrir skynsamlegar samræður manna, dyrum hefur ekki verið harðlokað og læst á eitthvert samkomulag, um einhvern frið um hlutina, úr því að mönnum tókst að sjá að sér. Ég vil leyfa mér að þakka og hrósa þeim mönnum sem lögðu það á sig á bak við tjöldin að ná þessu saman og ég tel landeigendur og forustumenn þeirra

hafa sýnt mikla yfirvegun og skynsemi að láta ógæfulegt upphaf málsins ekki aftra sér frá því að leita lausna og ná samkomulagi. Þetta vil ég segja um þann þátt málsins og að sjálfsögðu bind ég við það vonir eins og aðrir að í framhaldinu geti menn í rólegheitum skoðað hvaða möguleikar eru, tæknilegir og pólitískir, til að tryggja framhald rekstrarins að svo miklu leyti sem sú verður niðurstaðan og á þann hátt að grundvöllur sé fyrir því.

Ég vil svo taka undir fyrirvarana sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði grein fyrir og eru ástæða þess að hún ritar undir nál. með fyrirvara. Það eru að sjálfsögðu vonbrigði að verndaráætlun skuli ekki vera tilbúin og helst gengin í gildi þegar svæðinu sem verndarlögin um Laxá og Mývatn taka til er breytt, það þrengt niður í vatnið og Laxá og næsta nágrenni nema hvað vatnsverndarþáttinn snertir. Á málinu er sá galli að friðun afléttist af mörgum verðmætum svæðum. Auðvitað treystir maður því að engin slys verði áður en nýjar verndarreglur taka gildi en það er líka eins gott að menn vandi sig í þeim efnum og engin mistök verði gerð.

Nú er það svo, frú forseti, að ótal sinnum á undanförnum árum, a.m.k. 15–20 síðustu árum eða frá því fljótlega eftir að lögin um verndun Laxár og Mývatns gengu í gildi, þá hefur verið hreyft hugmyndum um að þeim þyrfti að breyta eða jafnvel að þau þyrfti að afnema. Oft hefur borið að ræðumanni óskir um slíkt, t.d. frá meiri hluta sveitarstjórnar í Skútustaðahreppi. Ég hef allan tímann svarað á sama veg, að ég taki ekki þátt í því að fella lögin úr gildi eða veikja stöðu þeirra fyrr en í hendi sé það sem við taki hvað varðar áframhaldandi verndun Laxár og Mývatns og næsta nágrennis og auðvitað svæðanna sem lögin tóku til.

Nú má auðvitað segja að það hafi verið af þægindaástæðum sem menn völdu þá leið á sínum tíma að láta lögin taka til Skútustaðahrepps í heild, einfaldlega vegna þess að lagasetninguna bar brátt að og mönnum fannst einfaldast að láta lögsögumörk sveitarfélagsins falla saman við verndunarsvæðið. Seinna komu fram sjónarmið um að kannski væri það ástæðulaust og setti jafnvel uppbyggingu og athafnalífi í sveitarfélaginu skorður umfram það sem ástæða væri til og þótti mönnum jafnvel hart við að búa. Það hafði sannarlega umtalsverð áhrif fyrstu árin eftir að lögin tóku gildi því að þá var verndunin mun strangari en almennt í landinu. Síðan hefur dregið mjög úr þeim mun með tilkomu strangari lagaákvæða um skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og annað í þeim dúr sem smám saman hefur þýtt að sérákvæði laganna um verndun Laxár og Mývatns hafa farið að skipta minna máli að þessu leyti. Þó hefur alltaf staðið eftir það sem snýr að áhrifavaldi eða myndugleik þess sem í upphafi var Náttúruverndarráð og síðan Náttúruvernd ríkisins og nú loks Umhverfisstofnun. Að því leyti hafa vissulega verið nokkuð sérstakar aðstæður á svæðinu.

Það hafa svo sem lengi verið efnisleg rök fyrir því að ástæða gæti verið til að taka fyrirkomulagið til endurskoðunar en það hefur allan tímann verið jafnljóst að miklu máli skipti að menn vönduðu þá breytingu. Í sjálfu sér er málið hér nokkuð vel úr garði gert í aðalatriðum, nokkuð vel um það búið að lagaskilunum slepptum eða þeim skavanka að verndaráætlanir skuli ekki liggja fyrir og gildistaka þeirra haldist ekki í hönd við breytingu á verndarlögunum sjálfum.

Ég vil svo nefna í lokin að í lögunum er auðvitað merk stofnun undir, þ.e. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Hún hefur gegnt geysilega mikilvægu hlutverki og gerir enn og í mínum huga er enginn vafi á að full þörf er á að efla hana verulega, þótt fyrr hefði verið. Það hefur auðvitað verið bágt hvað hún hefur búið við nauman kost allan tímann. Miðað við upphafið hefði verið eðlilegra að hún hefði eflst með árunum og orðið öflug rannsóknarstofnun með nokkrum starfsmönnum undir fullum seglum. Áhuginn á Mývatni er mikill. Erlendir vísindamenn streyma þangað og væru ugglaust fleiri ef betur hefði verið að því staðið af okkar hálfu að bjóða þeim aðstöðu og laða þá til samstarfs. Mývatnssveit er einhver helsta gersemi íslenskrar náttúru og íslensks lífríkis og einn frægasti staður á Íslandi, sá sem lengst af hefur haft vinninginn, og hefur enn að ég held, hvað varðar það að laða að gesti, ferðamenn, er oftast nefndur af öllum íslenskum stöðum, ef ég veit rétt, sem tilefni Íslandsheimsóknar eða sá staður sem menn vilja ná að heimsækja komi þeir til Íslands á annað borð. Þótt ekkert af þessu væri til staðar heldur bara þær skyldur okkar að rannsaka og skilja náttúruna á þessum slóðum og vera í stakk búin að vernda hana, þá hefðum við auðvitað þurft að standa myndarlegar að verki.

Með þessum lagabreytingum er auðvitað komin viðbótarástæða til þess að gera betur og stórefla stofnunina, jafnvel færa nokkuð út verksvið hennar. Það er auðvitað alveg rakið að Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn fái víðtækara verksvið. Í því sambandi vil ég nefna nýframkomnar tillögur um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls sem hæstv. umhvrh. kynnti á blaðamannafundi á mánudaginn og fela í sér metnaðarfullar hugmyndir um að stofna stærsta og ugglaust merkasta þjóðgarð Evrópu með Vatnajökul innan borðs og jafnvel frá strönd til strandar, frá Skeiðarársandi og Lóni og norður um Vatnajökul, niður með Jökulsá á Fjöllum að meðtöldu vatnasviði hennar til sjávar í Öxarfirði.

Stærsta spildan í þessum mikla þjóðgarði á að vera Ódáðahraun, nánast í heild sinni, með öllum þeim stórmerkilegu náttúrufyrirbærum sem þar er að finna og sérstaklega eldfjöllum og ýmsum eldfjallatengdum fyrirbærum sem eru einstök á jörðinni. Ekkert annað svæði í heiminum skartar svo vitað sé öllum þeim fjölbreytileik og öllum þeim gersemum sem þetta svæði hefur upp á að bjóða, Vatnajökull frá Grímsvötnum með Kverkfjöllum, Bárðarbungu og Dyngjujökli, og síðan Jökulsá á Fjöllum til sjávar og Ódáðahraun með öllum sínum tröllvöxnu dyngjum, móbergsstöpum, gígaröðum og öðru. Bæði hvað varðar jarðfræði, landmótun og jarðsögu er svæðið einstakt í sinni röð í heiminum að fjölbreytileik og tilvalin verkefni væru fyrir öfluga náttúruverndar- og náttúrurannsóknastöð í Mývatnssveit að sinna upplandinu, eldfjallasvæðinu, auðnunum og hinum ósnortnu víðernum upp af Mývatnssveit og allt suður fyrir vatnaskil. Þar er komin gild viðbótarástæða til að auka verulega fjárveitingar og uppbyggingu á þessu sviði, enda gert ráð fyrir að Mývatnssveit verði ein af lykilmiðstöðvum þjónustu og upplýsinga fyrir tilvonandi þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls sem ég trúi að verði stofnað þótt það komi auðvitað til með að taka einhver ár.

Það ber svo vel í veiði að þarna liggja fyrir tillögur. Þarna eru möguleikarnir, þarna er strax hægt að hefjast handa og öll sú uppbygging mun síðan gagnast og nýtast þegar að stofnun þjóðgarðsins kemur, t.d. þegar hafinn verður undirbúningur að því að svæðismiðstöð rísi í Mývatnssveit og náttúrurannsóknir efldar. Sama má segja um uppbygginguna niðri í Jökulsárgljúfrum og auðvitað víðar á svæðinu.

Ég leyfi mér að taka þetta inn í myndina og fagna um leið þessari skýrslu og nefndarniðurstöðu sem hæstv. umhvrh.

var að kynna. Þótt mér sé málið skylt sem einum af nefndarmönnum leyfi ég mér að nota tækifærið í þessari umræðu enda ekki víst að það gefist önnur betri áður en þingið lýkur störfum í vor. Það hefði auðvitað verið gaman að fá að heyra eitthvað frá hæstv. umhvrh. um málið í framhjáhlaupi en kannski gefast tækifæri til að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um þetta einhvern tíma á næstu klukkutímum eða sólarhringum áður en við ljúkum störfum.

[22:04]

Mörður Árnason:

Forseti. Mörg orð hafa fallið um niðurstöðu nefndarinnar og ég hef út af fyrir sig ekki miklu við að bæta. Ég vil taka fram að út af fyrir sig deili ég áhyggjum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur af verndarhléinu sem kann að skapast gagnvart hinni merkilegu náttúru í kringum Mývatn. Ég tel þó að eftir ítarlegar umræður í nefndinni og ráðslag við ýmsar stofnanir og aðila hafi verið frá þessu gengið með þeim hætti að teljast verði óyggjandi að ekki verði þjarmað að náttúrunni. Félagar mínir og ég töldum a.m.k. ráðlegra að ná fullkominni samstöðu um það í umhvn., sem er ekkert endilega sammála um allt, að þetta yrði eins og það er nú, frekar en að efna til einhvers konarýfinga eða styrjaldar um það efni. Með því að leggja til annan gildistíma en gert var ráð fyrir upphaflega gefst þá sá tími sem okkur var sagt að þyrfti til að leggja fram listann um friðlýsingarnar.

Ég er líka sammála því að best hefði verið í hinum besta heimi allra heima að löngu lægi fyrir verndaráætlun sú um Ramsar-svæðið við Mývatn sem liggja átti og liggja á fyrir. Við höfum þó fengið það fram í vetur að vinna við hana er hafin, öfugt við það sem áður var þegar öll Ramsar-svæðin þrjú voru án slíkrar verndaráætlunar, og við treystum því að áætlunin verði tilbúin sem fyrst. Í umhvn. kom fram að Umhverfisstofnun, sem vinnur þessa verndaráætlun, gerir ekki ráð fyrir að hún krefjist lagabreytinga þannig að segja má að ekki hafi í sjálfu sér verið eftir henni að bíða með lögin sem við erum að skapa.

Ég fagna því svo sérstaklega að bráðabirgðaákvæði III skuli hafa verið hent út úr þessu frv. Minna má á að bráðabirgðaákvæði III var ekki hluti af frv. þegar það var lagt fram fyrsta sinni. Þetta er önnur útgáfa sem höfum fjallað um í vetur, óbreytt nema að því leyti, hygg ég, að bráðabirgðaákvæði III var nú með. Í nefndarálitinu er því lýst að nefndin bindi vonir við að farsæl niðurstaða verði á því máli. Mín túlkun á þeirri farsælu niðurstöðu er sú að stíflan sem hér er um að ræða verði ekki stækkuð. Það verði þá frekar í hina áttina og ég vona að menn nái lendingu sem gerir ráð fyrir því að sandurinn í ánni verði heftur eða stöðvaður með öðrum hætti en þeim klunnalegu ráðagerðum sem Landsvirkjun hugðist keyra í gegn í samfélaginu og í þinginu og ráðagerðum sem stöðvaðar voru af allmiklu og voldugu bandalagi, voldugra en ég gerði kannski ráð fyrir, en fremstir þar voru að sjálfsögðu landeigendur og aðrir heimamenn við Mývatn.

Um það er ekki fleira að segja en taka undir með hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur sem kemst inn í tilvitnanabækur framtíðarinnar með þau orð sín um málið að sagan er vissulega sterk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 996. mál (sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.). — Þskj. 1664, nál. 1776 og 1803, brtt. 1777 og 1804.

[22:09]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Fyrir hönd meiri hluta sjútvn. mæli ég fyrir nál. og brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í áranna rás hefur verið mikill ágreiningur um málefni sóknardaga og mörg frumvörp hafa verið lögð fram. Með þeim brtt. sem meiri hluti sjútvn. leggur fram er sóknardagabátum gert að fara í krókaaflamark 1. september nk. Minni hluti sjútvn. hefur gagnrýnt þessar breytingar og málsmeðferðina.

Þegar stórmál koma fram með svona veigamiklum breytingum kemur það allt of oft fyrir að hin pólitíska umræða og gagnrýni tekur völdin. Með frv. er stigið stórt skref í stjórn fiskveiða og ég ætla að gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta sjútvn. og brtt.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálm Egilsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Guðmund Magnús Daðason frá Fiskistofu, Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Óttar Má Ingvason, Torfa Sigurðsson, Jónas Ragnarsson og Örvar Marteinsson frá Félagi áhugahóps dagabátaeigenda.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hrollaugi — félagi smábátaeigenda á Hornafirði, Vélstjórafélagi Íslands, Eyþingi, Ísafjarðarbæ, Hafrannsóknastofnuninni, Árborg — félagi smábátaeigenda á Suðurlandi, Bárunni — félagi smábátaeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ, Eldingu — félagi smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum, Akraneskaupstað, Félagi dagabátaeigenda, Félagi smábátaeigenda, Vestmannaeyjabæ, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Smábátafélagi Reykjavíkur, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Kletti — félagi smábátaeigenda á Norðurlandi eystra. Einnig barst nefndinni ályktun frá Landssambandi smábátaeigenda og athugasemd frá Samtökum eigenda sjávarjarða.

Með frumvarpinu eru lagðar til umtalsverðar breytingar á ákvæðum gildandi laga um veiðar dagabáta. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Lagt er til að leyfilegum sóknardögum fækki um 10% á næsta fiskveiðiári og þeir verði 18 miðað við að viðmiðunarfjöldi sóknardaga á yfirstandandi fiskveiðiári er 19 sóknardagar. Sóknardögum fækki hins vegar ekki frekar enda aukist viðmiðunarafli þeirra báta sem verða í sóknardagakerfinu ekki frá því sem hann var á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þá verði útgerðum báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum gefinn kostur á að stunda veiðar samkvæmt veiðileyfi með krókaaflamarki. Til móts við þessa breytingu verði hins vegar settar takmarkanir á leyfilegan fjölda handfærarúllna um borð í hverjum báti og jafnframt ákveðið að aukning á vélarstærð hafi áhrif á fjölda sóknardaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu, annars vegar að 1. gr. falli brott og hins vegar að komi ný 3. gr. Breytingarnar fela í sér að sóknardagakerfið verður aflagt 1. september 2004 og þá fari allir sóknardagabátarnir í krókaaflamarkskerfið með þeirri undantekningu að tilteknir bátar sem nýlega hafa verið endurnýjaðir geta verið á sóknardögum, þó engir lengur en til 1. september 2006.

Lagt er til að 1. gr. verði felld brott þar sem lagt er til að ekki verði sóknardagakerfi frá 1. september 2004 og því engin ástæða til að hafa ákvæði um þær sóknartakmarkanir sem greinin kveður á um. Hin nýja 3. gr. kveður á um útreikning krókaaflahlutdeildar hvers báts og vísast til breytingartillagnanna varðandi nánari útfærslu. Reiknigrunnur hlutdeildar dagabátanna er samtals 9.500 tonn í þorski sem skiptist á milli bátanna. Gert er ráð fyrir að hver bátur fái í reiknigrunn 90% af fyrstu 50 lesta aflareynslu sinni og 40% af því sem umfram er í þorski og ufsa. Þessar prósentutölur geta tekið breytingum við endanlegan útreikning og ef svo fer verður gerð grein fyrir þeim breytingum fyrir 3. umr. málsins. Sérstakt ákvæði er um viðbótarhlutdeild sem svarar allt að 20 lestum í krókaaflamarki til að bæta stöðu þeirra útgerða sem nýlega hafa endurnýjað báta sína þar sem sóknargetan hefur ekki nýst til að mynda aflareynslu. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Þá er tekið tillit til þeirra sem hafa fjárfest með kaupum á sóknardögum og er krókaaflahlutdeild þeirra báta hækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda og með sama hætti skert þar sem um söludaga hefur verið að ræða.

Loks er kveðið á um það hverjir geti valið að gera út samkvæmt sóknardögum eitt til tvö næstu fiskveiðiár og eiga þeir kost á 18 sóknardögum hvort ár.

Meiri hlutinn bendir á til áréttingar að leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum sem fjallað er um í 3. málsl. 5. gr. laganna eiga eingöngu við um báta sem endurnýjaðir hafa verið frá og með 1. september 2002.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir álitið rita Guðjón Hjörleifsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson og Hjálmar Árnason.

Virðulegi forseti. Þar sem um veigamiklar breytingar er að ræða ætla ég að lesa brtt. frá meiri hluta sjútvn.:

„1. 1. gr. falli brott.

2. 3. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaaflamarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaaflahlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaaflamarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003.

2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaaflahlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnsins teljast 90% af upp að 50 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 40% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaaflamarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaaukningar, allt að 20 lestum á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 26. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

3. Krókaaflahlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaaflahlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaaflahlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaaflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði skal aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ákvæði 6. gr. laganna skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiárinu 2002/2003, kost á að stunda veiðar með 18 sóknardögum á fiskveiðiárinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. mgr. Bátar sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 26. maí 2004 eiga kost á 18 sóknardögum fiskveiðiárin 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. mgr. Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laganna.“

Frú forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 3. umr.

[22:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er á ferðinni allt annað frv. og alveg nýtt mál inni á þingi sem fjallar um að leggja sóknardagakerfið niður. Ég vissi ekki annað en yfirlýst stefna stjórnvalda til þessa væri sú að ná ætti sátt við eigendur sóknardagabáta, treysta þennan veiðiflota í sessi og finna honum öruggan og fastan rekstrargrundvöll. Finnst hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni það vera sátt að slátra honum?

[22:21]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Forsendur breyttust í meðferð málsins og teknar voru upp viðræður við Landssamband smábátaeigenda. Það var alveg ljóst að menn þar töldu öryggisákvæði í frv. með þeim hætti að félagsmenn þeirra vildu frekar fara í aflamark. Þess vegna var niðurstaðan að vinna málið út frá því að reynt yrði að loka kerfinu og auka hlutdeildina sem endaði í 9.500 tonnum og 300 tonnum í sértækar aðgerðir.

[22:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var svo sannarlega kúvent, þvert á það sem var yfirlýst og til umræðu hér í þinginu. Til umræðu var að festa sóknardagakerfið í sessi, treysta grundvöll þess. Það var ekki verið að fást við aflamark eða kvótasetningu á bátum þannig að þetta er gerræðisleg ákvörðun af hálfu meiri hlutans, að taka heilan flota í miðjum viðræðum um það hvernig á að treysta líf hans, stöðu og framtíð og slá hann af. Það er a.m.k. furðuleg „sáttavinna" og ég mótmæli þeim gerræðislegu vinnubrögðum sem hafa verið höfð í frammi við gerð þessa nýja frv. Það var ekki unnið í sjútvn. Fulltrúar þar voru látnir bíða klukkutímum saman í gær eftir að sjútvrn. kæmi með tillögurnar inn í nefndina. Átti málið þó að heita á forsjá þingsins.

[22:22]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki rétt. Ég hafði umboð meiri hluta sjútvn. til að vinna með ráðuneytinu að þessu máli og var á fundum með Landssambandi smábátaeigenda.

Frumvörp hafa oft tekið breytingum í meðförum Alþingis. Þetta eru veigamiklar breytingar, það er alveg rétt. (Gripið fram í.) En það verður líka, hv. þm. Jón Bjarnason, að athuga að við höfum líka hlustað á menn sem eru í þessari atvinnugrein. Þeir eru margir orðnir þreyttir á þessu og þeir eru líka búnir að sannfæra okkur um að það eru miklir möguleikar og meiri að fara yfir í aflamarkið heldur en vera í sóknardagakerfinu. (Gripið fram í.)

[22:23]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í umræðum um sjávarútvegsmál hefur komið fram hjá hv. stjórnarliðum að þeir hafi áhyggjur af nýliðun í sjávarútvegi. Það vill svo til að ef ungur maður ætlar að fara inn í sjávarútveginn, þá hefur sóknardagakerfið verið einna vænlegast. Það hefur kostað ungan sjómann um það bil 30–35 millj. kr. að komast yfir dagabát og markmiðið er þá að veiða um 70–80 tonn af þorski til þess að hafa tekjur á móti þeirri fjárfestingu.

Nú vill svo til að eftir þessar breytingar munu 70–80 tonn kosta viðkomandi 60–70 millj. kr. en þau kosta 30–35 millj. kr. nú. Telur hv. þm. þetta vera vænlega leið til að efla nýliðun í íslenskum sjávarútvegi?

[22:24]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sannfærður um að aflamarkskerfið gefur miklu meiri möguleika á nýliðun. Ástæðan er mjög einföld. Bankakerfið hérlendis hefur ekki leyft mönnum að fjárfesta í þessu því að óöryggið er mikið. Menn geta ekki labbað inn í banka og beðið um peninga til að kaupa bát á sóknardögum af því að menn þurfa að veðsetja annað en bátinn. Það er alveg ljóst. Þess eru dæmi að menn hafa fengið fjögur tilboð í sama bátinn á ýmsum tímum, alltaf með fyrirvara um fjármögnun, en endirinn hefur orðið að hún hefur ekki fengist. Í aflamarkinu geta menn gert samninga til lengri tíma og vaxtakjör o.fl. er meira að segja betra því að þetta er massífara kerfi að mínu mati.

[22:25]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er að sjálfsögðu firra sem kemur fram í máli hv. þm. Það vill svo til að sá sem hér stendur hefur stundað útgerð sjálfur og það eru ekki mörg ár síðan hann fór á fund bankastjóra og óskaði eftir því að fá lán til kaupa á aflaheimildum í kvótakerfi litla kerfisins. Honum var neitað, þeim sem hér stendur, um lán til að komast inn í kerfið þannig að ég þekki það af eigin reynslu að hér fer hv. þm. með fleipur.

Það er annað sem ég vil spyrja hv. þm. um. Er það vilji hans til frambúðar, eftir að þessi ólög komast á, að stefna þessum tveimur kerfum sem eftir verða í sjávarútvegi inn í eitt? Er það vilji hv. þm. að sameina þau tvö kerfi sem eftir verða? Nú bið ég hann um að víkjast ekki undan spurningu minni heldur svara henni af einlægni og trúfestu. Hann hefur áður vikið sér undan spurningum mínum þegar ég hef komið til andsvara um þessi sömu mál. Nú bið ég hv. þm. um að sýna mér þá virðingu að svara spurningu minni. Er það vilji hans til frambúðar að stefna þessum tveimur kerfum inn í eitt?

[22:26]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður þekki ég dæmi þess að menn sem hafa reynt að fjárfesta í þessu kerfi hafa ekki notið vilja bankastofnunar sinnar. Ég sagði í fyrri ræðu minni að ég sé alfarið á móti því að þessi kerfi sameinist. Ég vil alveg hafa kerfin aðskilin og það er mjög gott byggðalega. Það er ljóst að við megum ekki gefa þeim stóru tækifæri á að kaupa þá litlu út. Þetta hef ég sagt áður og sagði í ræðu minni og sagði seinast við vin minn Guðmund Halldórsson rétt áðan þegar ég hringdi í hann.

[22:27]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tvær spurningar til hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar varðandi nefndarálitið sem hann mælti fyrir. Þar kemur fram að reiknigrunnur hlutdeildar dagabáta sé samtals 9.500 tonn og skiptist þannig að gert sé ráð fyrir því að hver bátur fái 90% af fyrstu 50 lesta aflareynslu sinni og 40% af því sem umfram er í þorski og ufsa.

Fram kom að þetta gæti breyst og það stendur í nefndarálitinu. Eftir því sem ég best veit eru menn að vinna með aðrar tölur núna. Nú er unnið með 91% upp að 42,5 tonnum og 45% yfir því. Mig langar að fá staðfestingu á því hjá hv. formanni að tölurnar sem ég fer með séu þær sem unnið er með núna þannig að við getum talað um þetta út frá réttum forsendum.

Hin spurningin sem mig langar að biðja hv. formann sjútvn. að svara er einföld. Hún er sú: Er sátt við Landssamband smábátaeigenda um það sem hér er lagt fram?

[22:28]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er rétt hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Það er 91% af fyrstu 42,5 tonnunum og 45% umfram það. Þetta er sá reiknigrunnur sem verður sennilega í brtt. sem meiri hlutinn mun flytja á milli umræðna.

Varðandi sátt við Landssamband smábátaeigenda, þá kom fram á fundi í sjútvn. að miðað við þær forsendur og það sem við lögðum upp með vissu menn af því að það væri öryggisákvæði og það yrði ekki hreyft í frv. Það var einnig rætt um að koma á gólfi sem var ekki viðeigandi af þeirra hálfu fyrst ákvæðið var inni og sáttin byggðist á því að reyna að loka kerfinu með þessum hætti. (**JGunn:** Er sátt?) Eins og ég skýrði út.

[22:29]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni sjútvn. fyrir að upplýsa okkur um að hann telji vera sátt við Landssamband smábátaeigenda. Mig langar að lesa, með leyfi forseta, upp úr endurriti fréttar sem var í ríkissjónvarpinu í kvöld kl. 7. Þar segir að forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda segist vera gáttaðir á því að svo skuli komið að við blasi að Alþingi afnemi sóknardagakerfið.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að það sé greinilegt að sjútvrh. hafi alltaf haft það á stefnuskrá sinni að leggja af sóknardagakerfi smábáta. „Okkur óraði samt sem áður ekki fyrir þessu miðað við viðræðurnar sem við áttum við hann nú á síðastliðnum árum og á síðastliðnum mánuðum," segir Örn í þessu viðtali og hann segir einnig: „Við höfðum engan grun um það að hann væri kominn með frv. sem mundi leggja af þetta kerfi." Þegar hann var spurður hvort félagsmenn telji sig beinlínis svikna svaraði hann: „Við teljum að það hafi verið komið aftan að okkur í þessu máli og það af hálfu sjútvrh."

Að endingu segir hann að m.a. hafi þingmenn Norðaust. og formaður þingflokks Framsfl. lofað því að standa vörð um dagakerfið.

[22:30]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Landssamband smábátaeigenda gerði sér grein fyrir því, eins og Arthur Bogason sagði á fundi sjútvn., að tveir valkostir væru í stöðunni og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur oft sagt það í þessum stól. Annars vegar frv. eins og það var, með ákveðnum breytingum. Þar komu til nokkur hundruð tonn, 200 tonn til jöfnunar og 300 tonn til sértækra aðgerða.

Við ræddum um þessa tvo valkosti. Við sáum að við gætum aðeins bætt í pottinn með því að loka honum, þ.e. hafa frv. eins og það var með smávægilegri breytingu. Menn gáfu sér góðan tíma til að skoða það mál. Þess vegna tafðist fundurinn hjá okkur. Við gáfum okkur tíma til að fara yfir þetta og komumst að niðurstöðu sem þeir handsöluðu og fóru að vinna út frá því með ráðuneytinu. Þannig gekk málið fyrir sig.

[22:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aumt er að hlusta á garminn Ketil, útsendara LÍÚ og snata sjútvrh., hv. formann sjútvn., 8. þm. Suðurk. Guðjón Hjörleifsson, standa í pontu og ryðja upp úr sér bæði brtt. og nefndaráliti meiri hluta sjútvn. Mig langar að spyrja þingmann Suðurk. hvort hann telji sig ekki ganga gegn hagsmunum síns eigin kjördæmis þegar hann setur í kvóta báta sem lönduðu samtals um 3 þús. tonnum af þorski í sunnlenskum höfnum á árabilinu 1998 til loka síðasta fiskveiðiárs. Mér þætti vænt um að hann svaraði því.

Hvernig ætlar hann að svara því að fiskvinnsla, m.a. á Suðurnesjum, muni mjög sennilega missa af miklu hráefni sem komið hefur frá þessum flota? Hvernig stendur á því að við fengum ekki að hitta fulltrúa þeirra sem vilja vera áfram í dagakerfi á fundum sjútvn.? Hvers vegna fengum við bara að hlusta á þá sem vilja fara inn í kvótabraskið, verðandi kvótabraskara?

[22:32]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kallar mig talsmann LÍÚ. Ég held að enginn hafi skammað mig eins mikið og menn frá LÍÚ. Ég sver það alveg af mér. (**MÞH:** Það er bara leikaraskapur.) Ég held að allir eða a.m.k. flestir séu sammála því að fara eigi í aflamarkið. Það kom tillaga frá einum nefndarmanna um að kalla inn þá aðila sem stofnuðu þetta félag. Það var spurt hvort menn vildu fá fleiri til að ræða við. Við gáfum nægan tíma til að ræða málin og sendum líka út umsagnir. En það komu engar tillögur.

Þú hafðir rétt í þessu máli, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, til að boða menn, nefna nöfn, hringja í þá og ræða við þá. En það komu engar tilnefningar frá hv. þm.

[22:33]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. segir að ekki neitt hafi komið frá mér í þessu máli. Það kann að vera en fundir nefndarinnar um málið hafa verið afskaplega fáir. Það veit formaðurinn ósköp vel. Þeir hafa verið fáir og málið verið keyrt í gegnum nefndina á lágmarkstíma.

Fjórir menn, frá svokölluðu Félagi áhugahóps dagabátaeigenda, einhverjir karlfauskar sem vilja komast inn í kvóta og segjast hafa 20 menn á bak við sig, voru boðaðir á fund nefndarinnar án þess að nefndarmenn sjálfir vissu að þeir væru á leiðinni. Þeir sátu þar í tvo tíma með áróður, eintóman áróður og lygar. Þetta veit formaðurinn og þetta er honum til hneisu. Það er til skammar hvernig hann hefur staðið að þessu máli. Hann mun ekki komast upp með þetta og sleppur ekki undan málinu í framtíðinni. Honum skal núið þessu um nasir allt þetta kjörtímabil og mun fá að standa reikningsskil gerða sinna við næstu kosningar.

[22:34]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson geri sér ekki grein fyrir því að það sem fer í aflamark í dag er 91% af næstbesta ári síðustu þriggja ára. (Gripið fram í.) Við skulum bara taka umræðuna, Magnús Þór Hafsteinsson, á eftir. Það er töluvert meira en veitt er, þú veist það sjálfur. Það er að koma inn meiri afli en veiddur er á handfæri þannig að það er stórsigur að koma þessu í þetta kerfi. (Gripið fram í.) Það var einn hv. þm. sem bað um að þessir aðilar kæmu. Þeir lágu undir því að það voru 100 manna undirskriftarlistar þar sem menn óskuðu eftir því að fara í aflamarkið. (Gripið fram í.) Þeir komu aldrei ... (**MÞH:** Við höfum aldrei séð þá lista.) Hv. þm., ég er hér í ræðustól.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Vinsamlegast gefið ræðumanni ræðufrið.)

Listarnir voru aldrei sendir formlega. Gerð var skoðanakönnun en þessir aðilar voru kallaðir huldumenn af nefndarmanni minni hlutans. Þess vegna var eins gott að þeir kæmu bara og svöruðu fyrir sig á fundi okkar. Þeir mættu og gerðu málinu góð skil.

[22:35]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið keyrt hratt í hv. sjútvn. Það er ekki lengra síðan en seint í gærkvöldi að frv. sem hér er til umræðu varð til og komst til umfjöllunar í nefndinni. Það eru mikil öfugmæli hjá hv. formanni nefndarinnar að halda því fram að menn hafi haft nægan tíma til að fást við málið. Það var rætt um allt annað mál í nefndinni þann tíma sem hún hafði, sem ekki var langur. Þetta er því auðvitað fáránlegt.

Hæstv. forseti. Það hefur lengi verið ljóst að ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða, um skerðingu sóknardaga, mundi kippa fótunum undan útgerð á þeim bátum ef ekki yrði að gert. Þessir bátar hafa verið afar mikilvægir fyrir mörg sjávarþorp en mest þau smærri á norðvesturhorni landsins. Í aðdraganda síðustu kosninga var málið rætt og stefna frambjóðenda í landsbyggðarkjördæmunum, þar sem þessir bátar hafa gert út og eflt atvinnulífið á undanförnum árum, var ávallt sú sama. Þeir ætluðu að beita sér fyrir lausn á vanda þessara báta og tryggja dagakerfi til framtíðar. Á Alþingi var ákaft spurt eftir efndum þessara loforða á fyrri hluta þessa þingvetrar. Svör komu um að sjútvrh. væri að vinna að lausn málsins. Þegar ekki bólaði á þeirri lausn var tillaga um 23 daga gólf í dagakerfið borin upp við afgreiðslu breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða fyrir síðustu áramót. Tillagan var studd af stjórnarandstöðunni einni. Þingmenn stjórnarliðsins, sem sögðust þá líkt og í kosningabaráttunni berjast af öllu afli fyrir gólf í dagakerfið, lýstu þá yfir að þeir vildu gefa ráðherranum, hæstv. sjútvrh., ráðrúm til að leysa málið.

Þegar komið var að lokadögum þinghalds lagði hæstv. sjútvrh. loks fram frv. sem fól í sér tvo kosti að hans mati. Annar var sá að útgerðarmenn þessa bátaflokks gætu valið kvótasetningu sem miðaðist við 22% skerta veiðireynslu. Hinn kosturinn var að vera áfram í dagakerfi en veiðireynsla þeirra sem eftir yrðu skyldi ráða þeim dagafjölda sem yrði þar til ráðstöfunar.

Innihald frumvarpsins var að öllu leyti sniðið að þeirri augljósu fyrirætlan hæstv. ráðherra að þurrka dagakerfið út. Þessir tveir kostir gátu ekki með nokkru móti talist jafngildir vegna þess að í dagakerfi sem þessu er veiðirétturinn sameiginlegur og enginn hefur í raun meiri rétt en annar til að veiða. Með því að gefa þeim sem mesta aflareynslu hafa síðustu tvö ár kost á að fara út úr kerfinu með hana hefði orðið eðlisbreyting á þessum veiðirétti og þeir sem hafa stundað veiðarnar af mestum krafti síðustu ár hefðu á grundvelli þessarar fyrirhuguðu lagasetningar hrifsað veiðiréttinn sem sameiginlegur er í dagafyrirkomulaginu með sér út úr kerfinu. Örfáir bátar hefðu því orðið eftir í dagakerfinu, þ.e. eingöngu þeir sem hafa nýlega fjárfest í bátum og hafa það litla veiðireynslu að þeirra hefði ekkert beðið nema gjaldþrot við flutning yfir í krókaaflamarkið. Þeirra beið reyndar gjaldþrot í dagakerfinu líka. Þar hefði svo lítil veiðireynsla orðið eftir að dagarnir sem til ráðstöfunar gátu orðið hefðu hreinlega getað gufað upp á öðru ári. Þannig var í pottinn búið. Þetta var tillaga hæstv. ráðherra.

Með þessu voru forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda lamdir, með þessu frumvarpi. Þeir sem hafa veiðireynslu undir 15 tonnum áttu að fá þann kost samkvæmt frv. að flytja sig á milli kerfanna með tilboði um lágmarkskvóta sem svaraði 15 tonnum. Þannig hugðist sjútvrh. ýmist þvinga eða kaupa menn út úr dagakerfinu í þeim augljósa tilgangi að koma þessu eina sóknarstýrða kerfi við fiskveiðistjórn á Íslandi fyrir kattarnef. Sú fyrirætlan hlýtur að vera mörgum umhugsunarefni vegna fiskveiðistjórnarinnar í heild og af ýmsum öðrum ástæðum. Sóknarkerfi smábáta hefur m.a. gefið kost á að fylgjast með og mæla veiðanleika fisks á grunnslóð og bera saman mismunandi áhrif veiðistjórnar, t.d. með tilliti til brottkasts og vistvænna veiðarfæra.

Nú er að störfum nefnd sem á að kanna kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Tillaga um það kom frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, ef ég man rétt. Nú er hann harðasti talsmaður þess að leggja af hið eina sóknarstýringakerfi sem við lýði hefur verið í landinu. Það er afar athyglisvert að stjórnvöld skuli, áður en starfi nefndarinnar er lokið, ákveða að leggja niður þetta sóknarstýrða kerfi.

Hagsmunaaðilar, með LÍÚ í broddi fylkingar og stjórnmálamenn sem dreymir frjálshyggjudrauma í sinni villtustu mynd, hafa ekki unað sér hvíldar fram á þennan dag og verða aldrei í rónni fyrr en hver einasta branda sem syndir um Íslandsmið er orðin einkaeign einhverra útgerðarmanna. Þeir munu ekki láta staðar numið fyrr en krókaaflamarkskerfið verður lagt af líka. Þeir sem ráða þessari vegferð í innsta hring LÍÚ hafa þann staðfasta vilja að tryggja með öllum ráðum að þeir geti sölsað undir sig allan veiðirétt á Íslandsmiðum. Þessir aðilar hafa sýnt, svo ekki verður um villst, að þeir geta ekki sofið rótt meðan einhver hluti flotans er utan seilingarfæris umbjóðenda þeirra og undir öðrum reglum, þótt lítið sé.

Vegna þessa er engu eirt og allt er lagt í sölurnar til að slátra síðasta frjálsræðinu í útgerð á Íslandi, þótt það hafi í raun engu skipt fyrir heildarstjórn veiðanna. Það kom glöggt fram við umfjöllun um málið, þegar forstjóri Hafrannsóknastofnunar var spurður um áhrif breytilegra veiða dagabáta og ráðgjöf stofnunarinnar um heildarveiði, að á þá ráðgjöf hefur þetta nánast engin áhrif.

Fjölmargir aðilar sendu inn athugasemdir og álit á þessu frumvarpi og hv. formaður nefndarinnar las þá runu upp áðan. Þeir voru nánast allir á móti því fyrirkomulagi sem hv. formaður mælti fyrir. Þeir voru reyndar að gefa álit á fyrra frumvarpinu sem hæstv. ráðherra lagði fram. Öll voru álitin nær einróma í þá átt að frumvarpið mundi þýða endalok dagakerfisins, að það mundi hafa miklar og alvarlegar afleiðingar fyrir margar smærri sjávarbyggðir og tefla í vanda atvinnu margra útgerðarmanna í þessum flokki og fólks í byggðum sem notið hafa góðs af útgerð þeirra. Áhrifin eru nákvæmlega þau sömu af því frv. sem nú liggur fyrir. Á því er ekki vafi.

Eftir umfjöllun um málið í nefndinni ákvað meiri hlutinn að skárra væri að ganga hreint til verks og slá dagakerfið endanlega af. Frumvarpið var endursamið í snatri í gær, á hnjánum á hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni eftir því sem hann segir sjálfur, en hann sagðist hafa verið á staðnum. Smábátaeigendur eða forsvarsmenn þeirra voru kallaðir til í einhvers konar rústabjörgun undir þeim formerkjum að ekki væri til neinn kostur sem tryggt gæti dagakerfið til framtíðar. Þetta voru þau býti sem þeir urðu að semja undir eða öllu heldur reyna að hafa áhrif á hvað mundi standa í plagginu að lokum. Undir þeirri nauðung voru forsvarsmenn þessa bátaflota

þvingaðir til að taka þátt í vinnu við þá útgáfu málsins sem liggur fyrir í breytingartillögu meiri hlutans.

Landssambandið hafði unnið af heilindum og haft í því sérstaka sóknardaganefnd að ræða við stjórnvöld um framtíð sóknardagakerfisins. Með því var það að framfylgja stefnu félagsmanna sinna, sem samþykkt hafði verið á fundum um allt land. Sjávarútvegsráðherra hélt þessum mönnum uppi á kjaftæði sem enga þýðingu hafði því að hann ætlaði greinilega í ljósi síðustu atburða allan tímann að leggja kerfið af. Fáeinir útgerðarmenn úr þessum bátaflokki gerðu harða hríð að kerfinu með baráttu fyrir því að breyta veiðireynslu sinni í kvóta. Þeir voru leiddir fram, eins og sérstakir fulltrúar félaga sinna, á fundi í sjútvn. og fengu þar lengstan tímann af öllum til að fara yfir það hve hörmulegt væri að vera í þessu kerfi. Þessir aðilar færðu þau rök helst fyrir því að leggja kerfið af að þeir vildu geta róið allt árið. Verði dagakerfið tekið upp eins og minni hlutinn vill gera og þeim sem veiðar stunda í því kerfi skapaður traustur rekstrargrundvöllur er ekkert sem festir útgerðarmenn sem vilja haga atvinnu sinni með öðrum hætti í kerfinu. Þeir geta selt bátana og fjárfest í öðrum fiskveiðikerfum í staðinn. Það hefur alltaf verið hægt og verður auðvitað hægt aftur ef settur verður botn í kerfið og því sköpuð einhver framtíð.

Loforð og svardagar þingmanna stjórnarflokkanna um að tryggja framtíð þessa bátaflokks eru með þessum vinnubrögðum svikin með einstæðum hætti. Áhrif þess á byggðarlög, sérstaklega á norðvesturhorni landsins, að leggja þetta fiskveiðikerfi af eru ófyrirsjáanleg en þau verða augljóslega mikil í mörgum smáum sjávarbyggðum. Varla getur kúvending stjórnmálamanna í þessu máli talist í samræmi við yfirlýsingar um að nú sé komið að því að hið opinbera styrki þessi svæði. Er þetta byggðaátakið fyrir norðvesturhorn landsins sem hér er verið að kynna.

Minni hlutinn leggur til í sérstöku þingskjali að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem miðast við að tryggja útgerðarmönnum dagabáta rekstrargrundvöll til framtíðar og að kerfinu verði viðhaldið í heild áfram. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að sama viðmiðun verði notuð um heildarveiði og hefði verið ef allir útgerðarmenn dagabáta hefðu valið þann kost, sem er í fyrsta frumvarpinu, að vera kyrrir í kerfinu. Útgerðarmönnum yrði hins vegar ekki gefinn kostur á því að fara með aflareynsluna út úr kerfinu og eyðileggja það eins og ráðherra ráðgerði. Þá eru lagðar til breytingar á veiðistjórn sem munu tryggja stjórn á heildarveiði bátanna og að hún verði með sem minnstum sveiflum. Þess vegna er gert ráð fyrir fimm ára viðmiðun við ákvarðanir um dagafjölda.

Gerð er tillaga um að bátar fái ekki að hafa fleiri rúllur um borð en fimm. Einnig er lagt til að sóknardögum fjölgi um næstu fiskveiðiáramót í 22 og að þeim verði fjölgað eða fækkað í samræmi við meðalheildarafla bátanna í flokknum miðað við fimm ára viðmiðunartímabil en að viðmiðunin verði þó aldrei lægri en aflinn var í tonnum á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Þá er gerð tillaga um að hömlur á hestaflatölu bátanna verði nokkru rýmri en frumvarpið gerði ráð fyrir og að þær komi til framkvæmda um leið og lögin öðlast gildi, annars verði lögin afturvirk gagnvart þeim sem hafa nú þegar hafist handa um vélaskipti. Öflugar vélar eru mikið öryggistæki í bátum og geta skipt sköpum ef þessi litlu fley þurfa að forðast skyndilegar veðrabreytingar.

Þá lagt til að 3. gr. frumvarpsins falli brott en hún fjallar um flutning bátanna úr dagakerfinu yfir í krókaaflamarkskerfið.

Jón Bjarnason, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu. En undir nál. rita auk mín hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Kristján L. Möller og Jón Gunnarsson.

Virðulegur forseti. Við flytjum síðan breytingartillögu á þskj. nr. 1804. Hún er svona:

„1. Við 1. gr.

a. Í stað orðsins „fjórar“ í a-lið komi: fimm.

b. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:

Á fiskveiðiárinu 2004/2005 skal fjölga leyfilegum sóknardögum hvers báts um 16% frá þeim sóknardagafjölda sem bundinn var hverjum báti í lok fiskveiðiársins 2003/2004. Sóknardögum skal fjölga um heila daga og broti sleppt. Eftir fiskveiðiárið 2004/2005 skal sóknardagafjöldi einstakra báta óbreyttur nema sem leiðir af flutningi sóknardaga milli báta og breytingum á vélarstærð báta og brúttótonnastærð þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þó skal endurskoða leyfilegan fjölda sóknardaga í upphafi hvers fiskveiðiárs og skal úthlutuðum sóknardögum einstakra báta fækkað eða fjölgað í sama hlutfalli og meðalheildarafli sóknardagabáta á næstliðnum fimm fiskveiðiárum fer yfir eða undir heildarafla sömu báta á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þar til fimm ára viðmiðunartímabilinu verður náð frá og með fiskveiðiárinu 2002/2003 að telja skal bæta við jafnmörgum viðmiðunartölum fiskveiðiársins 2002/2003 og á vantar. Þó skal viðmiðunin aldrei verða lægri en sá grunnur sem fiskveiðiárið 2002/2003 gefur.

c. c-liður orðist svo: Á eftir 3. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Verði breytingar á skráðri hestaflatölu vélar miðað við gildistöku laganna þannig að heildarvélaraflið aukist skal leyfilegum dögum viðkomandi báts fækkað á þann hátt að verði heildarafl vélar eftir breytingar meira en 200 hestöfl rýrast sóknarheimildir um eina klukkustund fyrir hver 10 hestöfl aukningar vélaraflsins. Séu sóknardagar fluttir til báts með meira vélarafl en bátur sá er búinn sem sóknardagar eru fluttir frá skerðast sóknardagar með sama hætti og segir í þessari grein.

2. 3. gr. falli brott.“

Hæstv. forseti. Við höfum gert gerum tilraun til að ná samstöðu á Alþingi um að að vernda þetta kerfi áfram og skapa því heilbrigðan rekstrargrundvöll í takt við aflagrunn sem hægt er á að byggja. Það er hægt með þeim aflagrunni sem hæstv. ráðherra setur inn í frumvarp sitt. Það var hins vegar ekki hægt með þeirri aðferð sem hann notar, þ.e. að gefa mönnum leyfi til að flytja veiðireynsluna út úr kerfinu og eyðileggja það, sem var auðvitað fullkomlega meðvituð ákvörðun af hálfu hæstv. ráðherra.

Það er alveg ljóst eftir atkvæðagreiðsluna í desember um 23 dagana og miðað við aðdraganda þessa máls að ef menn sem gáfu stórar yfirlýsingar á fundum í Norðvest. a.m.k., það þarf ekki fleiri til, mundu standa við þær væri meiri hluti fyrir því að fara leiðina sem við lýsum hér. Það veldur mér miklum vonbrigðum að þeir menn sem sóru heitast að þetta kerfi skyldi lifa áfram virðast nú ætla að hlaupa í hitt liðið, af einhvers konar nauðung sem virðist stunduð í sölum Alþingis eða bakherbergjum öllu heldur. Það er ljóst að menn hljóta að fara gegn sannfæringu sinni ef ekki á að standa við þau orð sem voru svo skýr á þeim fundum sem ég var að vísa til. Þeir voru fleiri en einn og fleiri en tveir.

Ég held að það þurfi að útskýra það býsna rækilega fyrir fólki, ef það er greinilega meiri hluti á Alþingi fyrir tillögu

eins og þessari, hvar menn standa varðandi stóru orðin um að tryggja framtíð kerfisins. Menn þurfa að útskýra það rækilega í umræðunni hvernig á því stendur að þeir hafa skipt um skoðun, sem þeir hafa sannarlega gert.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu. Ég tel betra að fleiri komist að en ég og fari yfir ýmislegt sem tengist þessari umræðu, bæði frá síðustu kosningum og raunar fyrir þá tíð líka. Það verður fróðlegt að hlusta á útskýringar manna á þeirri nauðungarleið sem þeir virðast ætla að ganga í þessu máli.

[22:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að um þessi mál sé fjallað, svo miklir hagsmunir sem eru í húfi og varða þetta mál. Ég hef hlustað með athygli á ræðu hv. þingmanns og get sagt að ég tek undir margt af því sem hann hefur fram að færa í málinu, og annað ekki. Það er eins og gengur. Athyglisverðast þótti mér að fylgjast með brtt. og fá útskýringar á því hver valkosturinn í stöðunni væri að mati stjórnarandstöðunnar frá þeirri niðurstöðu sem varð hjá meiri hluta sjútvn.

Ég vek athygli á því að munurinn á því aflamagni sem er í boði fyrir þennan bátaflokk er ákaflega lítill. Samkvæmt tillögum meiri hluta sjútvn. stendur þessum bátaflokki til boða tæplega 10 þús. tonna veiði. Samkvæmt tillögum minni hlutans eða stjórnarandstöðunnar eru það 11 þús. tonn. Þar er miðað við 11 þús. tonn. Það er ekki nema þúsund tonna munur, þ.e. 10%. Þetta sýnir auðvitað hve lítið svigrúmið er og hve stutt er á milli stjórnarandstöðu og stjórnar að þessu leyti.

Í öðru lagi finnst mér athyglisvert að í þeirri útfærslu á sóknardagakerfi sem stjórnarandstaðan býður upp á skuli ekki boðið upp á 23 daga. Þar er ekki boðið upp á 23 daga heldur 22. (**Gripið fram í:** Hvað býður þú upp á?) Það er boðið upp á 22 og það er ekkert gólf í kerfinu. Það finnast mér stóru tíðindin sem felast í tillögu stjórnarandstöðunnar. Það er ekkert gólf í tillögu stjórnarandstöðunnar varðandi fjölda daga. Það finnst mér mjög athyglisvert. Það er augljóst, miðað við þann mikla sóknarmátt sem verið hefur í kerfinu á undanförnum árum, að dögunum mun fækka töluvert mikið niður fyrir 22.

[22:58]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stutt á milli, segir hv. þm. Sannleikurinn er sá að með tillögu hæstv. ráðherra var tilboð upp á rúm 11 þús. tonn. Viðmiðanirnar á undanförnum árum hafa verið 2.100 tonn og þess vegna hafa dagarnir hrunið af þeim bátum sem hafa verið í þessu kerfi. Ég tel alveg raunhæft að miða við þetta. Þetta er raunverulegur afli þessara báta á síðustu árum og það er raunhæft að stjórna þeim innan þess heildarafla sem þarna er um að ræða.

Það er rétt að út úr þeim útreikningi sem við settum þarna fram kæmu 22 dagar. En þeim getur bæði fjölgað og fækkað eftir aflabrögðum báta. Ég tel skynsamlegt að miða við fyrirkomulag eins og við erum þarna að leggja til. Okkur datt ekki beinlínis í hug að menn væru tilbúnir til að ganga lengra en hér er gengið með pott handa þessum bátaflokki. Kannski létum við okkur detta það í hug að menn væru tilbúnir til að skoða þetta vandlega vegna þess að þessi leið tryggir kerfinu framtíð. Hin leiðin sem þarna er um að ræða hefur verið reynd áður. Það hefur áður verið settur kvóti á smábáta hér á landi. Hvar eru þeir núna? Þeir hurfu. Þeir gufuðu upp. Menn ættu að skoða hvað gerðist þegar aflamarkið var sett á smábátana á sínum tíma. Það eiga menn eftir að sjá að að einhverju leyti mun svipað eiga sér stað við þessar aðfarir. Það munu gufa upp æðimargir bátar, gufa upp störf og landaður afli dragast mikið saman á mörgum stöðum.

[23:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins í þessu sambandi er sá að stjórnarandstaðan treystir sér ekki til að koma fram með tillögu um sóknardagakerfi með gólfi í 23 dögum. Ég hef sannfærst um að það væri enginn þingmeirihluti fyrir því takmarki sem við höfum margir stefnt að. Þessi tillaga stjórnarandstöðunnar staðfestir það mat mitt að það er ekki þingmeirihluti fyrir því að ná fram sóknardagakerfi með gólfi í 23 dögum. Þessi tillaga er með þaki í 22 dögum vegna þess að dögunum mun aldrei fjölga. Sóknarmáttur þessa dagaflota er í dag það miklu meiri en fyrir tveimur árum að flotinn mun óhjákvæmilega veiða töluvert meira en þessi 11 þús. tonn. Það verður aldrei öðruvísi en svo að dögum fækki. Það vita hv. þm. Þeir verða að meðaltali á bilinu 15–16 þegar fram í sækir, a.m.k. spái ég því miðað við þessa útfærslu.

Þetta staðfestir þá stöðu sem menn eru í og þeir leggja fram tillögur sem eiga að hafa það að markmiði að tryggja að heildarafli fari ekki yfir tilgreind markmið. Ég tek eftir því að stjórnarandstaðan er sammála því að hafa eigi stjórnina með þeim hætti að árlegur afli fari ekki yfir tilgreind mörk. Það er ekki nema 10% munur á þeim tölum sem stjórnarandstaðan og stjórnarliðið leggur til. Munurinn á þeim hugmyndum sem uppi eru um heildarveiði er því ótrúlega lítill.

[23:02]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst þetta eins og hverjir aðrir útúrsnúningar. Það er býsna mikill munur á því að þessi floti hafi 11–12 þús. tonn til skiptanna frekar en 2.100 tonn eins og var. Ég held að hv. þm. þurfi að leita sér að skárri rökum ef hann ætlar að verja sig. Hann greiddi atkvæði gegn tillögu um 23 daga fyrir áramótin og nú erum við að leggja til að dagarnir verði 22 en að þeim geti fjölgað og fækkað, að stýrt verði eftir þeim potti sem þar er til staðar. Þetta er veiðireynsla bátanna frá árinu 2002–2003. Það var eitt besta veiðiár þessara báta í sögunni.

Ég er sammála því að það er ekki pólitískur möguleiki á því eins og er að ná botni í dagakerfið nema með gólfi í veiðina. Hvernig ætla menn að stýra í sóknarkerfi öðruvísi en láta dagana breytast eftir veiðinni? Við höfum tekið þann kost að láta dagana breytast miðað við fimm ára meðaltal þannig að sveiflurnar verði jafnaðar út, sem er miklu skynsamlegra en gera það sem hæstv. ráðherra lagði til í sínu frumvarpi. Þar áttu dagarnir að gufa upp á einu ári, enda var gert ráð fyrir því að öll veiðireynsla sem einhverju máli skipti færi út. Kerfið hefði auðvitað gersamlega þurrkast út á auga lifandi bragði, það hefði enginn þolað við í því.

Ég verð að segja eins og er að það verður gaman að hlusta á hv. þm. útskýra hringsnúninga sína í þessu máli. Hvernig ætlar hann að útskýra það fyrir þeim sem sóttu fundina, hlustuðu á hann og trúðu því að hann ætlaði sér að sjá til þess að dagakerfið yrði áfram til heilla fyrir byggðarlögin á Vestfjörðum?

[23:04]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi hnykkja á atriði úr ræðu hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Hann var að tala um að ýmsir þingmenn hefðu lofað ýmsu á fundum hingað og þangað um landið. Fyrr í dag var ég að athuga þetta. Það eru til margar blaðagreinar á netinu og ýmsar ræður og greinar sem menn hafa skrifað. Það er hægt að finna ótal dæmi þess að þeir stjórnarþingmenn, sem nú hafa lagst á sveif með þessu hroðalega frumvarpi eða þessum hroðalegu breytingartillögum, hafa verið með mikinn fagurgala árum saman um mikilvægi þess að verja smábátaflotann með ráðum og dáð, verja dagaflotann og helst reyna að færa þeim flota aukinn söknarmátt. Þeir hafa aldrei minnst á kvóta, aldrei nokkurn tímann, fyrr en í gær. Þá fyrst kom það eins og hvít kanína upp úr hatti. Kvóti á alla línuna.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Ég hef fjölda sönnunargagna og mun fara yfir það nánar í ræðu minni. Þegar ég er búinn að því munu þessir menn standa berstrípaðir eftir.

[23:05]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill taka fram að andsvar skal beinast að máli ræðumanns en ekki að andsvörum annarra þingmanna.

[23:06]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði nú alltaf gert ráð fyrir því að umræðan sem er fram undan yrði bæði fróðleg og skemmtileg. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur lýst því yfir að hann ætli að skemmta okkur með upplestri úr ýmsum ræðum þingmanna sem gefið hafa yfirlýsingar um að til framtíðar yrði kerfið varið með öllum tiltækum ráðum. Ég hef ekki haft fyrir því að taka þá hluti saman. Ég veit hins vegar að margt af því tagi er til á myndböndum, í blaðagreinum og með ýmsum hætti. Þeir sem leggja það á sig geta fundið því stað sem ég var að segja áðan, að það verður býsna kátlegt að sjá menn, sem gefið hafa slíkar yfirlýsingar, greiða atkvæði gegn þeirri brtt. sem við höfum við frv. Hér er sannarlega á ferðinni niðurstaða, ef hún fengist í gegn í sölum Alþingis, sem væri bærilega viðunandi fyrir kerfið sem heild. Í framtíðinni ætti það sem sagt að geta haldið áfram. Síðan geta menn ef til þess er vilji, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi áðan, bætt inn í þetta kerfi. Hæstv. núverandi sjútvrh. verður ekki alltaf við völd í ráðuneytinu og það getur verið að einhver annar í því embætti mundi hafa áhuga á að styrkja meira vistvænar veiðar á grunnslóð og beita öðrum aðferðum við veiðistjórn en bara kvótakerfinu, eins og LÍÚ vill hafa það.

[23:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við stjórnarandstöðuþingmenn höfum lagt fram tillögu varðandi þetta mál. Sú tillaga gengur út á að búa til eðlilegan valkost til að viðhalda söknarkerfi smábátanna sem verið hefur við lýði á undanförnum árum. Við leggjum til í brtt. að hér verði viðhaldið söknarkerfi. Sú tillaga sem meiri hluti nefndarinnar hefur flutt er hins vegar um að taka eingöngu upp kvótakerfi og leggja algjörlega af söknarkerfi. Við leggjum til að því verði hafnað. Frammi fyrir þessum tveimur tillögum mun þingheimur standa og þurfa að taka afstöðu. Það kemur að því að þeir sem hér hafa lýst því yfir að þeir vildu viðhalda söknarkerfinu og tryggja það þurfi að taka afstöðu til þess hvora tillöguna þeir styðji. Þá reynir á það hvaða meining hefur fylgt yfirlýsingum margra stjórnarþingmanna sem hafa á undanförnum vikum, missirum, mánuðum og árum, haldið því fram að akkur væri í því að viðhalda söknarkerfi smábátanna og talið það skipta miklu máli fyrir byggðir landsins.

Málið snýst ekki eingöngu um að velja á milli söknarkerfis og kvótakerfis. Margir hv. þm. hafa fjallað um að málið snúist líka að miklu leyti um hvaða áhrif fiskveiðistjórnin hefur, útfærsla hennar, annars vegar á nýtingu auðlindarinnar og hins vegar á lífið í landinu.

Það er ekki svo, þótt hv. þm. Hjálmar Árnason hafi látið í það skína í sjónvarpinu, að það sé bara verið að tala um hagsmuni 300 manna og þar af hóps manna sem taldi sig hafa þokkalega góða veiðireynslu og vildi fá aflamark, kvótaúthlutun og losna út úr dagakerfinu með fleiri milljónir í vasanum. Þeir fá meira út úr því að selja frá sér en þeir hafa möguleika á að afla, með því verðlagi sem verið hefur á dögum og söknardagabátum.

Ég hygg, hæstv. forseti, að söknardagabáturinn, eins og hann hefur verið verðlagður á undanförnum árum með þá daga sem hann hefur haft, hafi verið á bilinu 25–35 millj. kr., svolítið eftir stærð bátanna og afkastagetu. Hins vegar má vafalaust leiða líkur að því að það breytist þegar búið er að úthluta þeim kvótum sem ráð er fyrir gert í tillögum meiri hlutans, sem er bara nánari útfærsla á tillögu hæstv. sjútvrh. Tillaga hæstv. ráðherra var í raun sú að val yrði um raunhæfan möguleika á að velja kvótakerfið, kvótaúthlutunina. Valkostur söknardaganna var eingöngu þannig útfærður að áfram var talið niður, úr 18 dögum niður í 17 og koll af kolli.

Ég tók fram í upphafi, þegar við vorum að ræða tillögur sjútvrh. og þakkaði honum fyrir, að hæstv. ráðherra tók þó á sig rögg og viðurkenndi að viðmiðun þessa flota hefði í áranna rás verið alröng, þ.e. að nota hina gömlu viðmiðun upp á 2 þús. tonn. Hann lagði til að hér yrði tekin inn ný viðmiðun og fiskveiðiárið 2002/2003 yrði þar notað sem viðmiðunargrunnur. Eins og menn vita þá gefur það 11 þús. tonna viðmiðun. Ef valkosturinn í söknardagakerfinu hefði verið jafngildur að öðru leyti varðandi dagafjöldann hefðu menn mátt eiga von á fleiri dögum. Margir gerður sér vonir um 23 daga og Landssamband smábátaeigenda var búið að bjóða niður fyrir þá tölu. Ég hygg að þeir hafi verið komnir niður í 21 dag í hugmyndum sínum. En þá hefðu menn kannski verið að tala um svipaða eða sambærilega kosti. Viðmiðunargrunnurinn í því hefði þá verið yfir 11 þús. tonn. Það hefði verið betri niðurstaða í málinu. Ef allir hefðu valið söknardagakerfi, í takt við ósk Landssambands smábátaeigenda til margra ára og samþykktir stjórnarfélaga þess sambands vítt og breitt í kringum landið til margra ára, hefði niðurstaðan verið sú að viðmiðun dagabátanna hefði verið rúm 11 þús. tonn. Það væri ekki lakur kostur í söknardagakerfi að hafa þá viðmiðun.

Hvers vegna erum við þá svona mikið á móti því að fara yfir í aflamark með þetta kerfi? Hvers vegna teljum við að betra væri að viðhalda söknardagakerfinu? Fyrir því eru mörg rök.

Í fyrsta lagi hefur það sýnt sig að endurnýjun hefur verið nokkur innan dagabátakerfisins á undanförnum árum. Þar hafa ungir og duglegir menn komist inn og reynt að takast á við að gera betur en þeir sem fyrir hafa verið í kerfinu og eru margir hverjir við aldur. Það hefur ekki verið jafndýrt

og kaupa sig inn í dagakerfið eins og inn í kvótakerfið. Þar í liggur geysilegur munur og í því liggur auðvitað endurnýjun.

Í kerfinu felst einnig að með sóknardagakerfi smábátanna fáum við ákveðna mælingu á aflamagn á miðunum við landið, með dreifingunni á fiskimiðunum á grunnslóðinni. Við notum aðferðir eins og togararall og netarall sem hvor tveggja eru sóknartengdar útfærslur. Við reynum með því að mæla ástand þorskstofnsins. Það má halda því fram með fullum rökum að sóknardagakerfi smábátanna hafi verið sjálfvirk mæling á aflamagni á grunnslóð og dreifingu aflans við landið.

Enn einn kostur sem fylgir sóknardagakerfi er sá að afli sem kemur á króka, þar sem ekki er skammtaður tonnafjöldi, sýnir árganga í veiðinni. Sá afli sem á krókana fæst kemur að landi.

Því miður er það fylgifiskur kvótakerfanna að þar velja menn úr aflanum. Það er staðreynd að ef svo fer að þetta kerfi verður samþykkt, kvótakerfi yfir handfærabátana, þá mun aflasamsetning þeirra breytast. Það verður óvenjugóður fiskur á handfæramiðunum á næstu árum og samsetning handfæraafla verður önnur en verið hefur.

Ég spyr auðvitað, eins og ég spurði í sjútvn.: Hvernig ætlar Hafrannsóknastofnun að bregðast við því að hafa ekki lengur sóknarmælinguna, þessa árgangamælingu á grunnslóðinni? Hvaða aðferðir á að taka upp? Ég varpa þessu til hæstv. sjútvrh. Mun hæstv. sjútvrh. beita sér fyrir því að tekið verði upp sérstakt sóknarrall á grunnslóðinni? Hvernig hyggst hann útfæra það til að mæta og bæta í þann gagnagrunn sem ella hverfur með því að aflasamsetningin verður önnur og breytist?

Útgerðarmynstrið á handfærabátum mun breytast. Það liggur alveg ljóst fyrir. Þeir sem hafa minni heimildir og ekki burði til að ná sér í meira munu breyta útgerðarmynstri sínu og ekki endilega fylgja fiskigöngunum eins og verið hefur. Það hefur hins vegar verið kappsmál manna í sóknardagakerfinu að fylgja fiskigöngunum, hvort sem þær hafa verið á Breiðafirði, út af Vestfjörðum, á Húnaflóa, við Grímsey eða austur undir Langanesi. Menn róa á þeim árstímum sem fiskurinn er þéttastur og best að ná í hann, sem er auðvitað björt sumarnóttin. Það er einfaldlega þannig að menn fiska ákaflega lítið á handfæri í svartasta myrkri þótt hv. þm. Hjálmar Árnason hafi haldið því fram í sjónvarpsviðtali fyrir þjóðina að það væri mikill akkur í því að geta stundað þetta hvenær sem er á árinu. Reyndin er sú, hæstv. ráðherra, að menn fiska frekar lítið á handfæri í svartasta skammdeginu meðan myrkur er mestan hluta sólarhringsins.

Það er ein fisktegund sem veiðist ágætlega í myrkri, þ.e. smokkfiskur. Hann hefur ekki komið lengi enda er hann utan kvóta. Það væri kannski ráð að setja hann í kvóta. Þá gæti e.t.v. farið að veiðast einhver smokkfiskur, hæstv. ráðherra. Það er vandræðagangur að hafa svona tegundir utan kvóta sem geta farið að veiðast allt í einu og segja ekki ráðherranum einu sinni frá því. (**LB:** Munaðarlausar tegundir.)

Mig langar til að leggja aðra spurningu fyrir hæstv. ráðherra: Hefur einhvers staðar verið gefið undir fótinn með að innan skamms tíma eftir að kvótakerfið er sett á muni kerfin sameinuð, þ.e. krókaaflamarkskerfið og aflamarkskerfið? Ég verð að segja að maður verður hugsi við að hlusta á viðbrögð forustumanna LÍÚ, þegar þeir segja: Það er þó skárra að ljúka þessu svona og ætli við verðum ekki að reyna að kyngja þessu. — Ef ég þekki forustu LÍÚ rétt þá býst ég við að á bak við þau orð séu loforð um að stórgreifarnir geti fengið að kaupa smágreifana, nákvæmlega eins og gerðist eftir 1990 þegar 10 tonna bátarnir voru kvótasettir og afli þeirra keyptur upp. Sá floti minnkaði um meira en helming á örfáum árum.

Hið sama gerist í þessu kerfi. Þeir sem telja sig vel að því komna nú að hætta, eftir að kvótasetningin kemur á, munu selja og taka peningana sína. Það er verið að hengja upp gulrót fyrir menn í þessu kerfi. Því miður tók sjútvrh. það óheillaspor að hafa ekki gulræturnar jafnstórar beggja vegna, annars vegar í kvótakerfinu og hins vegar í sóknardagakerfinu. Hann hengdi upp ofvaxna gulrót kvótamegin en kettling hinum megin. (**Sjútvrh.:** Er þetta ekki bara rófa?) Ég veit ekki hvort ráðherrann þekkir mun á gulrót og rófu. Ég veit að hann er vel menntaður í líffræði en mér er ekki alveg kunnugt um garðyrkjuhæfileika hæstv. ráðherra.

Ég vona að hæstv. ráðherra svari mér hreinskilnislega. Er það svo að stefnt sé að því að innan eins til tveggja ára verði kerfin sameinuð? Er það þess vegna sem forustumenn LÍÚ eru svo hógværir núna að þeir vilja kaupa sér þann frið, enda telja þeir að auðvelt verði að kaupa upp þá kalla sem fara að selja 30–50 tonn af þorski. Það var auðvelt þegar smábátaflotinn var kvótasettur á sínum tíma, fyrir hina stærri að kaupa upp þá aðila. Ég vonast til að hæstv. ráðherra, þótt hann hafi ekki verið orðinn sjávarútvegsráðherra í þá tíð, þekki þá sögu og hafi kynnt sér hana. Hvað varð um þann aflamarksflota sem þá var kvótasettur? Honum var nánast eytt.

Hæstv. ráðherra hlýtur að sjá að við erum annars vegar að setja upp valkost með brtt. okkar í stjórnarandstöðunni. Menn geta tekið afstöðu til þess hvort þeir vilji sóknardagaútfærslu sem eðlilegan valkost. Í desember felldu stjórnarþingmenn tillögu um 23 daga. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur sagt í ræðustól að hann gæti vel hugsað sér að styðja sóknarútfærslu enda hefði hún einhver slík markmið að litið yrði til takmarkandi aðgerða. Hann taldi að menn yrðu að horfa til raunveruleikans, ef ég man rétt efnistökin í ræðu hans um það.

Ég minni líka á að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði fyrir nokkru, þegar við vorum að ræða þessi mál, að að sjálfsögðu vildi hann viðhalda sóknarstýringarkerfi en þá yrði að vera til staðar takmörkun sem byggi til grunn að því að hafa nokkra stjórn á heildarveiðinni.

Það er rétt að ég þakki ráðherra aftur fyrir það, eins og ég gerði í upphafi máls míns við 1. umr., að hann hefur ákveðið að taka upp nýtt viðmið fyrir þennan flota sem gerir það miklu betra og auðveldara að útfæra kerfið. Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til að þessir dagar verði 22 og að notuð verði sú viðmiðun sem ráðherrann stakk upp á en síðan verði notuð viðmiðun upp á fimm handfærarúllur og ákveðin takmörk sett fyrir hestaflastækkun umfram 200 hestöfl.

Ég tel að tillagan sem við leggjum nú fram — sem er öðruvísi en brtt. sem við lögðum fram í desember — sé þannig orðuð að þeir hv. þingmenn sem hafa sagt að þeir vildu viðhalda sóknardagakerfi geti vart sagt annað en að þau nálgist markmið þeirra, samkvæmt ræðum þeirra og yfirlýsingum. Ég þarf vonandi ekki að minna hv. þingmenn á fundinn 13. september á Ísafirði, undir yfirskriftinni Orð skulu standa. Þar sögðu þingmenn að þeir vildu viðhalda sóknarstýrikerfinu. Ég hef farið yfir þá kosti sem ég tel að sóknarstýrikerfi hafi yfir aflamarkskerfi.

Þá kem ég að hlut byggðanna og áhrifum þessa á byggðir landsins. Sóknarkerfið hefur einfaldlega stuðlað að því að menn færu eftir fiskinum þar sem hann er að fá þegar sumarnóttin er björtust. Að langmestu leyti hefur veiðin farið fram á Vestfjarða- og norðvesturmiðum hin síðari ár. Staðir eins og Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri, Hólmavík, Drangsnes, Skagaströnd, svo að einhverjir séu nefndir á Vestfjörðum og norðvesturhluta landsins, hafa notið góðs af þessu kerfi. Það hefur verið mikil umsetning þar í löndun og þjónustu við slíka báta. Nú hagar svo til á Skagaströnd að þar hafa menn lagt niður rækjuvinnslu og stofnað til saltfiskvinnslu. Þeir hafa örugglega horft til þess að mikil útgerð hefur undanfarin ár hefur verið frá Skagaströnd á sóknardagabátum, að þar væri tækifæri til að nálgast afla yfir sumartímann á eðlilegu verði til þess að vinna í saltfiskvinnslunni. Þetta skiptir miklu máli fyrir þessa staði.

Ég nefni Norðurfjörð á Ströndum þar sem miklum handfæraafla hefur verið landað á undanförnum árum. Sá staður liggur vel við fiskimiðum fyrir handfæraveiðarnar. Það hefur haft mikil áhrif á tekjur hafnarinnar og tekjur þess fólks sem tekið hefur þátt í löndun og þjónustu við flotann og öðru slíku, þótt það sé ekki fiskvinnsla þannig að aflinn sé flakaður eða flattur. En það felst í því ákveðin fiskvinnsla að gera fiskinn hæfan til flutnings þannig að úr honum megi vinna vöru þar sem hann er tekinn til vinnslu. Fiskafli af handfærabátum hefur dreifst víða um landið og komið mörgum byggðum til góða.

Það er ljóst, hæstv. forseti, að kvótakerfi hefur ýmsa ókosti. Ég hef talið nokkra þeirra upp. Einn versti ókostur kvótakerfisins í frjálsu framsalskerfi er að menn geta ákveðið að selja eða leigja frá sér aflaheimildir. Ég er viss um að ef svo fer að menn ákveða að fara þessa leið með handfærabátana, að kvótasetja þá, verður þess ekki lengi að bíða að sjómönnum verði boðið upp á að fiska á þessum bátum fyrir þá sem eiga þá gegn því að verðið sem fæst fyrir aflann sé ekki hluti af viðmiðuninni. Þannig hefur það verið í aflamarkskerfinu, hæstv. forseti. Sjómennirnir eru leiguliðar þeirra sem aflaheimildirnar eiga.

Þegar fiskurinn er seldur á fiskmörkuðum, þorskurinn kannski á meðalverði upp á 130–140 kr. á kílóið þá er gert upp við sjómennina samkvæmt allt öðru verði. Það er allt önnur tala og þetta veit ég að hæstv. sjútvrh. veit mjög vel. Samtök sjómanna og einnig útverðarmanna hafa verið að ræða þessa stöðu við hæstv. ráðherra. Það liggur fyrir að sjómenn á skipum sem leigja til sín aflaheimildir eru því miður í allt of miklum mæli þátttakendur í að leigja til sín aflann. Þetta er mikið vandamál, hæstv. forseti, og hefur ýmsar afleiðingar, að nota kvótakerfi með framseljanlegum kvóta.

Áhrifin af kvótakerfinu eru mikil. Aflasamsetningin verður önnur en ella kæmi að landi í dagakerfinu. Því hefur verið reynt að mæta með aðferðum eins og t.d. þeim að landa fram hjá vigt, svokölluðum Hafró-afla. Vafalaust hefur það bætt eitthvað úr á undanförnum árum og minna verið hent. En það að velja úr aflanum er þekkt meðal sjómanna og þykir ekki lengur tiltökumál. Sjómenn kannast mjög vel við þá stöðu.

Hæstv. forseti. Mig langar til að vitna í grein eftir Einar K. Guðfinnsson alþingismann. Hún birtist í Ægi, tímariti um sjávarútveg, 2. tölublaði 2004. Þar er hv. þm. að skrifa um kvótakerfið. Ég vitna í greinina, með leyfi hæstv. forseta:

„Við vitum því miður að það eru mýmörg ljót dæmi úr fortíðinni um að uppstokkun og eignabreytingar hafa leitt til þess að kvóti hefur flust úr byggð. Atvinnustarfsemin hefur veikst í kjölfarið með tilheyrandi byggðaflótta og vandræðum. Það er því eðlilegt að sú óvissa sem hefur verið í kringum þessar eignabreytingar hafi valdið kvíða. Við eigum hins vegar ekki að ætla annað en að menn ætli að standa við fyrirætlanir sínar og áfram verði haldið uppi öflugri atvinnustarfsemi með sem líkustum hætti á þessum stöðum líkt og gefið hefur verið fyrirheit um."

Virðulegi forseti, síðan segir, með yðar leyfi:

„Þetta leiðir hins vegar í ljós að það er beint samband á milli kvótaþróunar, atvinnutekna og byggðaþróunar í byggðum landsins. Það þýðir ekkert að reyna að halda öðru fram." — Segir þingmaðurinn. — „Menn eru víðs vegar um landið að reyna að verja burðarfyrirtækin í sjávarútveginum til að treysta stöðu byggðanna sinna. Jafnvel staðir sem eiga að mörgu öðru að hverfa gera sér það ljóst að veikari sjávarútvegur veikir byggðirnar. Hér eftir dettur vonandi engum í hug að afneita sambandi byggðaþróunar og sjávarútvegs."

Svo mörg voru þau orð, hæstv. forseti, en þessi hv. þm. ætlar nú að kvótasetja smábátana. Hann stóð einnig að því að kvótasetja allar aukategundirnar í aflamarkskerfinu þótt fyrirséð væri að ýsuaflinn mundi tvöfaldast eða jafnvel þrefaldast. Allir sem stunduðu sjó vissu að óhemjumikið var af smáýsu á miðunum og því algjör óþarfi hjá hæstv. ráðherra að setja sérstaka kvótatakmörkun á ýsuveiðar. Hvað ýsuna varðar var ekkert annað í gangi en uppbygging stofnsins. Ég vek athygli á því, hæstv. ráðherra, að uppbygging ýsustofnsins átti sér stað undir veiðiálagi smábátanna í frjálsri sókn. Við erum ekki að tala um skjaldbökur sem verða 100 ára, hæstv. forseti. Við erum að tala um ýsu.

Ég verð að segja að oft hef ég orðið fyrir vonbrigðum. Maður hefur látið ýmislegt yfir sig ganga án þess að skammast mikið út í aðra þingmenn í Norðvest. En ég verð að segja að ég hef sjaldan orðið fyrir meiri vonbrigðum og þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tók að styðja það að kvótasetja aukategundirnar í smábátakerfinu. Þá gekk algjörlega fram af mér. Þessi hv. þm. skrifar grein á því herrans ári 2004 og bendir á að beint samband sé milli kvótasetningar, byggðaþróunar og atvinnutekna á landsbyggðinni. Guð láti gott á vita, en hvers vegna tekur hv. þm. þá afstöðu nú að eðlilegt sé að kvótasetja handfærabátana, þvert á hagsmuni eigin byggðar? Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það er ótrúlegt að velja sér slíkt hlutskipti.

Í sama blaði eru greinar eftir fleiri þingmenn. Þar eru ágætar greinar eftir hv. þm. Jón Gunnarsson, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson og einnig grein eftir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson segir á einum stað, með leyfi forseta, þegar hann talar um að hagkvæmnin sé umdeilanleg í kvótakerfinu:

„Margt má segja um kvótakerfið bæði gott og vont. Eitt er það sem oftast hefur verið talið því til tekna er að það leiði til aukinnar hagkvæmni. Það er umdeilanlegt svo ekki sé meira sagt. Ekki það að hagkvæmni hafi ekki aukist í greininni undanfarna tvo áratugi. Það hefur greinilega gerst. Heldur hitt að fleiri þættir koma til sem hver og einn stuðlar að aukinni hagkvæmni og án þess að kvótakerfið hafi endilega áhrif þar á. Færa má rök fyrir því að hagkvæmnin hefði þróast með svipuðum hætti þótt ekkert kvótakerfi hefði verið við lýði eða eitthvert allt annað kerfi til að stjórna veiðunum. Tæknivæðing í veiðum og vinnslu sem hefur átt sér stað hefði orðið hvort sem er."

Hæstv. forseti. Ég undrast að menn sem hafa slíkar efasemdir um kvótakerfið og hafa séð afleiðingar þess á mörgum sviðum, m.a. fyrir byggðir eigin kjördæmis, skuli ætla að fara þá leið sem nú á að leggja í, með kvótasetningu í handfærakerfinu. Ég held að það sé mjög varasamt og muni til lengri tíma veikja byggðirnar.

Formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, sagði eitthvað á þá leið fyrir ekki svo löngu að huga þyrfti sérstaklega að atvinnumálum í Norðvest. Hann taldi komið að því að styðja þar við og efla atvinnustigið. Þetta sagði hann af því tilefni að gert var mikið atvinnuátak á Austfjörðum. Mér sýnist allt ætla að stefna til þess sem menn vonuðu, að þar mundi fólki fjölga og verða uppbygging, að þar yrðu byggð hús og mannlíf og atvinnulíf eflast, að þangað vildi fólk flytja sem atvinnutekjurnar væru til staðar. Mér sýnist allt stefna til þess.

Það stefnir því miður ekki í þá átt í Norðvest. og enn síður með þeim breytingum sem hér eru til umræðu. Ef það ógæfuspor verður stigið, að kvótasetja smábátana í dagakerfinu, munu aflaheimildir halda áfram að minnka á Vestfjörðum og draga úr atvinnu í þessum byggðum. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði í sjónvarpinu að það væri ekki nóg að horfa bara á 300 kalla sem verið er að bera á milljónir, sem múta á til að velja. Það er ekki nóg. Fjöldi fólks hefur atvinnu af því að veita bátunum þjónustu. Þessir bátar gera út frá þorpunum og aflinn kemur þar á land. Í óbreyttu kerfi er líklegra að menn veldu sér frekar búsetu á stöðum þar sem gott væri að gera bátana út.

Hæstv. forseti. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tók saman skýrslu árið 2001 um um aflaheimildir á Vestfjörðum og hvernig eignarhald á þeim hefði þróast. Í þeirri skýrslu kemur fram að fiskveiðiárið 1997/1998 voru þorskígildi tæplega 28 þús. á Vestfjörðum. Fiskveiðiárið 2000/2001 voru þessi þorskígildi á Vestfjörðum komin niður í 13 þús. tonn. *Aflaheimildirnar og skipin höfðu verið seld í burtu.*

Það er ljóst, hæstv. forseti, að þróunin í mörgum minni sjávarbyggðunum á Vestfjörðum, t.d. Bolungarvík, eftir að aukategundirnar voru kvótasettar, ýsan og steinbíturinn, hefur orðið til þess að íbúum hefur enn fækkað. Nú er verið að selja þrjár íbúðir í pakka í Bolungarvík á eina milljón, 300 þúsund stykkið. Halda menn að menn séu að gera það af því að ástandið þar sé svo gott? Það er ekki verið að setja 500 millj. kr. frá Íbúðalánasjóði vestur á firði til að byggja upp húsnæði eins og verið er að gera á Austfjörðum. (**JBjarn:** Fimm milljarðar þar.) Það er ekki verið að því.

Það er ekki nóg hjá hæstv. utanrrh. að segja: Nú er komið að Norðvest., og gera svo allt annað. Það er ekki nóg hjá hv. þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna að fara um landið fyrir kosningar, lofa öllu fögru og einnig eftir kosningar, síðast 13. september á Ísafirði, á fundi undir yfirskriftinni Orð skulu standa. En í raun gera þeir allt annað og vega að byggðunum og taka burt atvinnuréttinn frá fólkinu.

Fólkið er skilið eftir. Það er verið að úthluta þeim sem kvótaréttinn hafa verðmætum, auknum verðmætum. Það er algjörlega ljóst. Það er ekki verið að horfa á hagsmuni fólksins sem vinnur við þessa báta. Það er ekki verið að horfa á hagsmuni byggðanna. Hvar er byggðastefnan, hæstv. ráðherra? Hvaða byggðastefnu ætla menn að reka í þessu sjávarútvegs- og landbúnaðarkjördæmi, Norðvest.? Það þýðir ekki að reyna að halda því fram að þessar breytingar muni ekki hafa áhrif. Þær munu hafa veruleg áhrif, því miður. Það fé sem nú er borið á smábátaeigendur mun ekki gagnast fólki sem býr í þessum byggðum, venjulegu fólki sem hefur haft atvinnu við að þjóna bátum eða komið að fiskvinnslu. Það mun ekki þjóna hagsmunum þeirra, og það mun ekki hækka húsnæðisverð á þessum svæðum.

Það er yfirleitt þannig, hæstv. forseti, að megnið af ævisparnaði venjulegs manns liggur í íbúðarhúsnæði hans. Þegar búið er að taka af honum atvinnuna, gera svæðið sem hann býr á að láglaunasvæði þar sem menn þurfa að treysta á atvinnuleysisbætur eða hafa enga aðra möguleika, þá lækkar íbúðarverðið. Bolungarvík er dæmi um það. Hvar er þá ævisparnaðurinn?

Telji menn réttlætanlegt að gefa smábátaeigendum virði um milljónir í vasann þá spyr ég hæstv. sjútvrh., sem er í ríkisstjórninni ásamt hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni: Hvað hyggjast menn taka sér fyrir hendur til að ekki gangi allt á skakk og skjön í Norðvest.? Það er ekki nóg að byggja upp á Austurlandi og á Norðausturlandi. Það er ekki nóg að við höfum aðeins uppbyggingu í Reykjavík. Það dugir ekki ef menn meina eitthvað með að byggðastefna sé við lýði í landinu. Er það raunverulegur vilji ríkisstjórnarinnar að halda byggð á landsbyggðinni?

Það er ekki eftirsóknarvert, virðulegi forseti, að sú þróun aflaheimilda verði sem varð á Vestfjörðum á árabilinu 1997–2001. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur hann engar áhyggjur af því að þannig fari þegar búið er að setja sölurétt-inn á aflaheimildirnar enn á ný niður í smæstu bátana?

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri, ekki mikið lengri a.m.k. Til gamans vil ég þó að minna á að stundum hafa menn fengið bætur ef þeir hafa orðið fyrir skaða.

Í íslenska lagasafninu eru lítil lög frá 1937, um útrýmingu sels í Húnaósi. Þau eru svohljóðandi:

„1. gr. Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

2. gr. *Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna* vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiðir bæturnar eins og þær eru metnar."

Þetta er í lagasafninu, hæstv. ráðherra. Hvaða bætur hyggst ráðherrann bera á borð fyrir fólkið sem sitja mun eftir réttindalaust við þær aðgerðir sem hér er efnt til? Hvaða bætur á að bera á borð? (**Gripið fram í:** Selveiði.) Ættum við að minnast Búðardalsræðu forsrh. fyrir mörgum árum, um að stofna verði sjóð til að kaupa upp húseignir fólks? Þannig er það, hæstv. forseti.

Ég tók þetta litla dæmi úr lagasafninu til að sýna að það þótti meira en sjálfsagt að bæta prestinum í Steinanesi þann skaða sem hann varð fyrir af því að fá ekki að drepa sel í Húnaósi. En það þykir ekki sjálfsagt að bæta fólkinu á Skagaströnd þann skaða sem það verður fyrir þegar útgerð smábáta þar minnkar um 30–70%, sem ég hygg að muni því miður gerast, hæstv. ráðherra, á næstu 2–3 árum.

Að lokum ætla ég að lesa upp ágæta grein sem mér áskotnaðist, með leyfi forseta, eftir Friðrik Á. Hermannsson lögmann. Hún heitir „Þrælsótti" og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Enn á ný halda sjómenn upp á daginn sem kenndur er við þá og þeirra störf í þágu samfélagsins; að draga að landi þjóðarverðmætin sjálf, fiskinn og viðhalda þar með velmegun landans. Vissulega hefur öryggi og aðbúnaður sjófarenda batnað til mikilla muna í áranna rás og sjóslysum fækkað verulega. Hið sama verður þó ekki sagt um starfsöryggi þeirra og tjáningarfrelsi. Hetjuímynd sjómannsins hefur því

miður horfið og í stað hennar hefur þrælsótti fest sig í sessi hjá fjölmörgum sjómönnum víða um land.

Eins og ég hef ítarlega og ítrekað reifað í Vélfræðingnum og í fjölmiðlum nýverið, hafa sífellt fleiri mál skotið upp kollinum þar sem sjómönnum hefur verið sagt upp störfum eða hótað starfsmissi, sökum afstöðu þeirra eða afskipta af stéttarfélögum og þar með túlkun þeirra á ákvæðum kjarasamninga. Þá hefur komið upp tilvik þar sem vélstjóra var sagt upp störfum þar sem fjölskylda hans vildi ekki búa á útgerðarstað skipsins. Misbeiting valds af þessum toga þrífst á Íslandi í skjóli einokunar örfárra útgerðarjöfra á þjóðarauðæfunum; veiðiheimildunum.

Sífellt færri sjómenn þora að andmæla gjörðum herra sinna sem verða stærri og stærri eftir því sem árin líða. Útgerðareiningarnar verða æ ópersónulegri og mannaflinn þýðingarminni í augum útgerðarmannsins, með réttu réttu eða röngu og öll skoðanaskipti háskaleg. Hetjur hafsins finnast nánast einungis fyrir í orði kveðnu enda búið að segja mörgum sjómönnum upp störfum sem hafa neitað að beygja sig fyrir óréttmætum og ómálefnalegum kröfum útgerðarmannsins. Þessi fullyrðing á sér sem betur fer undantekningar en þeim fækkar stöðugt.

Satt að segja er ég orðinn þreyttur á því, eftir sjö ára samfellt starf í þágu sjómanna, að gefin séu eftir lög- og kjarasamningsbundin réttindi af ótta við uppsögn. Á fundum sem ég hef átt við sjómenn hafa komið fram fyrirspurnir um tiltekin réttindamál; rétt til launa í veikindaforföllum, til greiðslna vegna vinnu í hafnar- og helgarfríum, um rétt þeirra til að neita þátttöku í að landa afla o.s.frv. Þrátt fyrir að ég hafi afdráttarlaust getað svarað spurningum þeirra um skilyrðislausan rétt þeirra í þessum efnum, hafa þeir ekki fengist til að sækja rétt sinn, sem oft og tíðum varðar hundruðum þúsunda eða milljónum króna. Þeir meta það meira að halda vinnu sinni og aflahæfi en að sækja rétt sinn. Þar að baki liggja ástæður og rök sem ég get ekki metið þeim til lasts.

Skýrustu og nýjustu dæmin um hræðslu sjómanna við að sækja rétt sinn um leiðréttingu mála, við greiðslu kjarasamningsbundinna launa, er að finna á Vestfjörðum. Á þeim slóðum hefur hvert tilfellið rekið annað þar sem komið hefur upp úr kafinu að útvegsmenn hafa haft milljónir af sjómönnum sínum með tilgreiningu rangrar skiptaprósentu á launaseðlum eða ranglega uppgefnu aflaverðmæti. Þrátt fyrir að opinberar upplýsingar liggi fyrir um slíkt misferli, frá þeirri skeleggu stofnun Verðlagsstofu skiptaverðs, hefur einungis brot af brotaþolunum sóst eftir leiðréttingu sinna mála. Vafalaust koma þar byggðarsjónarmið við sögu og er hér að finna enn eina afsökun sjómannsins fyrir því að gera ekki neitt. Óttast margir um atvinnuöryggi sitt í kjölfar málshöfðunar, ekki einungis hjá hinni brotlegu útgerð heldur á heilu landsvæðunum.

Það er hjákátlegt að hlýða á „sannfærandi" rökstuðning ráðamanna þjóðarinnar um gildi alþjóðasamninga á túlkun og framkvæmd íslenskra réttarreglna þegar það hentar markmiðum ríkisstjórnarinnar. Má hér benda á óhjákvæmilegar skyldur ríkisvaldsins, annars vegar þegar kemur að breyttu fjölmiðlaumhverfi, lagasetningu á Norðurljós með vísan til alþjóðasamþykkta, og hins vegar setningu laga um fækkun vél- og skipstjórnarmanna á íslenskum fiskiskipum, með tilheyrandi minnkun öryggiskrafna á sjó. Síðargreinda samþykktin er að vísu ekki alþjóðasamþykkt þar sem einungis tvær þjóðir hafa samþykkt hana, Danmörk og Rússland, en fjórtán þjóðir þurfa að lágmarki að samþykkja hana eigi hún að teljast alþjóðasamþykkt.

Alþjóðasamþykktir eða ekki; nauðsyn þeirra ræðst einvörðungu af duttlungum ráðamanna. Ef efni þeirra er valdhöfunum þóknanlegt öðlast þær gildi hér á landi; annars ekki. Tilvitnun til ákvæða þeirra er tilviljunarkennd og ber óneitanlega merki um hentistefnu og ómerkilegan málflutning sem einungis er til þess fallinn að kasta ryki í augu almennings. Málflutningur af þessum toga stenst í það minnsta ekki lágmarkskröfur rökhyggjunnar; þeir sem falla fyrir honum eru annaðhvort sér í lagi „pólitískt" trúaðir eða „afskiptalausir"."

Í niðurlagi greinarinnar segir, með leyfi forseta:

„Staða sjómannsins á hinum íslenska vinnumarkaði er sérstök og um mjög margt ólík stöðu annarra launþega. Samkeppni í sjávarútvegi er takmörkuð þar sem einungis er til að dreifa ákveðnu magni veiðiheimilda á hverju fiskveiðiári sem tilteknum hópi manna er falið óskorað vald yfir. Réttur útvegsmanna til uppsagna á skiprúmssamningum sjómanna er aftur á móti takmarkalaus. Óskorað vald fárra aðila yfir þjóðarauðæfunum og óskorað vald þessara sömu aðila til að ráða og reka starfsmenn sína kann aldrei góðri lukku að stýra. Einræðið er algjört en slíku stjórnarfari, hvort sem um er að ræða hægri eða vinstri menn, gefur mannkynssagan ekki háa einkunn.

Á sjómannadaginn 2004 er það mitt mat að staða sjómanna hafi versnað til muna enda vegur atvinnuöryggi launþega að mínu mati þyngst þegar réttindi þeirra í heild eru vegin og metin. Sjómenn þora einfaldlega ekki að fara fram á kaup og kjör í samræmi við gildandi rétt hverju sinni af ótta við starfsmissi. Sjómenn bera ekki frelsið og sanngirnina á borð fyrir maka sinn og börn sín; þú étur ekki réttlætið. Við núverandi aðstæður eru því ákvæði sjómannalaga og þeirra kjarasamninga sem í gildi eru á milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og sjómannasamtakanna að mestu gagnslaus. Meira þarf til að koma."

Ég læt þessa tilvitnun nægja, hæstv. forseti. Af þessum lestri má sjá að upp er komin ný réttarstaða með því að færa útgerðarmanninum einokun á því að ráðstafa aflaheimildum. Það hefur haft áhrif á kjör sjómanna. Sú aðgerð sem hér er um að ræða mun hafa áhrif á kjör sjómanna. Hún mun víða hafa áhrif á stöðu landsbyggðarfólks og hún mun vega að atvinnuréttindum og atvinnumöguleikum þeirra.

Hæstv. forseti. Ég tel að við fáumst hér við mál sem er einstakt. Við erum í lokaferli þess að kvótasetja alla fiskeigendur á Íslandi, niður í smæstu trillur. Við erum að loka kerfinu og ég er viss um að innan fárra ára, ef svo heldur fram sem horfir og núverandi stjórnarflokkar halda velli, sem ég vona sannarlega að verði ekki framtíð þessa lands, munu þessi kerfi renna saman. Hinir stærri munu kaupa þá smærri. Smærri byggðirnar munu enn veikjast, landsbyggðin mun veikjast. Atvinnulíf og fjölbreytni í þessu landi mun minnka. Byggðastefnan sem hampað er í orði á tyllidögum sem baráttu- og stefnumáli núverandi ríkisstjórnar er úlfur í sauðargæru. Það er ekkert að marka hana.

[23:55]

Útbýting þingskjala:

Húsnæðismál, 785. mál, þskj. 1795.

Lyfjalög, 880. mál, þskj. 1806.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 881. mál, nál. iðnn., þskj. 1805.

[23:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson beindi til mín ákveðnum spurningum sem mér er bæði ljúft og skylt að svara.

Í fyrsta lagi spurði hann hvort krókaaflamarkskerfið og aflamarkskerfið yrðu sameinuð innan skamms og hvort vilyrði hefðu verið gefin fyrir því. (Gripið fram í.) Því er til að svara að engin slík vilyrði hafa verið gefin nokkrum manni. Engar slíkar fyrirætlanir eru uppi af hálfu stjórnvalda. Ég veit ekki um neinar slíkar fyrirætlanir af hálfu nokkurs stjórnmálamanns á hv. Alþingi. Ég sé eiginlega ekki fyrir mér hvað þyrfti að breytast til að slíkt gerist á næstu árum, a.m.k. svo langt sem ég get séð fram í tímann hvað þessi mál varðar.

Hv. þm. nefndi að eitthvert slíkt vilyrði gæti verið ástæðan fyrir því hve hógværir LÍÚ-menn væru þessa dagana. Ég hef ekki tekið eftir þeirri hógværð og ekki orðið var við hógværðina í skoðunum þeirra á þeim málum sem við vinnum að, hvorki í opinberum yfirlýsingum né persónulegri yfirlýsingum sem ég hef fengið að heyra.

Varðandi spurninguna um áhrif á byggðirnar þá er ég ekki sammála þeim forsendum sem hv. þm. gefur sér, að sá afli sem kemur á land frá sóknardagabátunum muni berast að landi á öðrum stöðum en í dag. Ég er ekki viss um að sá vandi verði til, hæstv. forseti, sem hv. þm. er að ræða um. Ég mun reyna að svara því betur í síðara andsvari.

[23:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit náttúrlega ekki hvaða persónuleg samtöl hafa farið fram milli hæstv. ráðherra og LÍÚ. En hinu hef ég tekið eftir, að það er langt frá því sami hamagangurinn í LÍÚ þessa dagana og var þegar rætt var um línuívilnunina og var þó um minni aflaheimildir að ræða þá en nú er lagt upp með, enda tekur ráðherrann viðmiðunina úr 2 þús. tonnum yfir í 11 þús. tonn. Ég dreg þá ályktun af því, af því að ég þekki þessa menn og samdi við þá í einhverja áratugi, að þeir geri sér vonir um að komast í að kaupa þessar aflaheimildir upp við tækifæri.

Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér með það að þetta muni ekki hafa þau áhrif sem ég óttast, að veikja mjög byggðirnar. En vítin eru til að varast þau og það er staðreynd að framsal aflaheimilda hefur haft mikil áhrif eins og dæmin hafa sannað. Var ekki síðasta dæmi um það Djúpivogur fyrir austan? Þar áður Raufarhöfn, Seyðisfjörður og Sandgerði. Við gætum talið upp fleiri staði. En eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í grein sinni, sem ég vitnaði í áðan, þá neitar því enginn lengur að það sé beint samband milli framsals, aflaheimilda, byggðaþróunar og atvinnutekna.

[00:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Staðreyndin er sú að löndunarmunstur króka-aflamarksbátanna er alls ekki ólíkt löndunarmunstri sóknardagabátanna. Breytingin sem um er að ræða er að sóknardagabátarnir fari í flokk krókaaflamarksbátanna. Því er ekki ástæða til að ætla að um stórkostlega breytingu verði að ræða. Breytingar gætu einnig orðið vegna annarra hluta en frv. sem við ræðum hér enda hafa þessir bátar ekki alltaf landað afla á þessum forsendum á Vestfjörðum. Ekki fyrir löngu síðan voru þeir utan við Þorlákshöfn. Þeir hafa einnig verið við Hornafjörð og á Langanesinu.

Komi hins vegar upp breytingar vegna þessa þá gerðum við í desember síðastliðnum þær breytingar á byggðakvótanum að hægara er um vik að bregðast við og meiri möguleikar á að bregðast við breytingum en áður, sérstaklega hjá minni byggðum. Það verður tregalaust að takast á við að leiðrétta þær breytingar sem hugsanlega gætu orðið. Ég hins vegar legg áherslu á að við vitum ekki fyrir fram um þær breytingar og ég tel ekki ástæðu til að ætla að þær verði. En verði það þannig verður hægt að bregðast við því. (Gripið fram í.)

[00:01]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta voru merkileg tíðindi. Eigum við að skilja það svo að fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafi gefið þau loforð að við vanda minni byggðarlaga verði brugðist að bragði? Er það svo að hv. stjórnarþingmenn, sem ætla nú að greiða þessu máli atkvæði sitt, hafi fengið þau orð frá hæstv. ráðherra og jafnvel sterkar að orði kveðið en hér var gert, að vandi hinna minni byggða verði leystur með auknum aflaheimildum og það verði ekki vandamál?

Þetta er auðvitað merkileg yfirlýsing. Vera kann að menn séu að bera smyrsl á sárin. Ég vona sannarlega að þessum orðum hæstv. ráðherra fylgi full meining. Það verk sem menn eru hér að vinna mun valda sárum og atvinnu- og eignamissi víða um land. Það verða nóg tilvik sem þarf að bregðast við. Þess vegna segi ég að þetta var merkileg yfirlýsing. Ég vona að ráðherra útlisti hana betur í einhverri ræðu sinni áður en umræðum lýkur. Fólkið í hinum dreifðu byggðum landsins vill eðlilega vita hve fast það er í hendi sem hér hefur verið upplýst af hæstv. ráðherra.

[00:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér fer fram afar sérkennileg umræða um einn þáttinn í hrunadansinum í kringum stjórn fiskveiða. Á undanförnum árum hefur verið lagt ofurkapp á að allir fiskar í sjónum gætu gengið kaupum og sölum, verið veðsettir og að afl fjármagnsins gæti keypt aflaheimildir og átt að þeim forgang. Hvert skrefið á fætur öðru hefur verið stigið í átt að því að treysta slíkt kerfi í sessi. Sá kapítuli sem við erum að ræða í kvöld er niðurlag þeirrar þróunar.

Á síðasta ári voru m.a. þau skref stigin að fisktegundir sem áður voru ekki innan þessarar kvótasetningar voru settar í kvóta, þ.e. sá hluti af fiskveiðistjórnarkerfinu sem ekki var hægt að fénýta með sama hætti og gert er með aflaheimildirnar. Þar með hverfur visst athafnafrelsi einstaklinga sem nokkru ræður um hvernig sókn í fiskinn tekst til. Þessu á að loka þrátt fyrir gefnar hafi verið yfirlýsingar um allt annað. Það hafa verið gefnar yfirlýsingar á undanförnum vikum og mánuðum og missirum um að markmið stjórnvalda væri að ná sátt í sóknardagakerfinu og gefa því fastan grunn sem rekstrargrundvöll fyrir þá sem það stunda. Menn vissu a.m.k. nokkurn veginn til næsta árs hver væri dagafjöldinn sem þeir hefðu til að stunda þessar veiðar. Þetta hefur verið hið yfirlýsta markmið á undanförnum dögum, vikum og mánuðum. Ég verð a.m.k. að segja fyrir mig að ég hélt að umræðan væri á þeim nótum. Umræðan um þennan þátt fiskveiðanna í vetur frá því í haust snerist einmitt um þetta atriði. Þess vegna kom mjög flatt upp á mig þegar allt í einu var lögð fram tillaga um að slátra þessari tegund fiskveiðanna á einu bretti.

Ég tel vert að rifja upp þann farveg sem þetta mál var komið í. Þegar svokallað frv. um línuívilnun kom til um-

ræðu á þingi og einnig í sjútvn. í haust kom fram tillaga í nefndinni frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Hann lagði til að leyfilegir sóknardagar skyldu vera 23 og ráðherra væri heimilt að takmarka vélarafl handfærabáta í því skyni að heildarsóknarmáttur vaxi ekki frá því sem nú er. Þessi tillaga hv. þm. var til umræðu í nefndinni jafnframt því sem rætt var um tillögu sjútvrh. um svokallaða línuívilnun.

Þegar ljóst var að meiri hluti sjútvn. ætlaði ekki að taka á málefnum dagabátanna við afgreiðslu málsins úr sjútvn. fyrir jólin, en ætlaði eingöngu að ráðast í málamyndaafgreiðslu á svokallaðri línuívilnun, lögðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl. fram tillögu á þinginu samhliða tillögunni um línuívilnun sem tók á þessu máli. Við hv. þm. Grétar Mar Jónsson og sá sem hér stendur lögðum þá fram brtt. við það frv. sem hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs skulu aldrei vera færri en 23 og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla umfram 230 þúsund tonn á hverju fiskveiðiári."

Við töldum eðlilegt að flotinn fengi ákveðið gólf, 23 daga eins og einróma óskir höfðu komið um frá samtökum þessara útvegsmanna. Í umræðunni hefur komið fram að 23 dagar væru sanngjarnt lágmark. Þessi floti ætti þá möguleika á að vinna hlutdeild úr auknum aflaheimildum ef auknar fiskveiðiheimildir væru til ráðstöfunar. Þessi tillaga kom til umræðu á þinginu og voru greidd atkvæði um hana, reyndar í tvennu lagi. Fyrst voru sérstaklega greidd atkvæði um 23 dagana og svo í öðru lagi um að dögum mætti fjölga við auknar fiskveiðiheimildir. Því miður hlaut sú tillaga okkar ekki meiri hluta á þingi. Hins vegar greiddu allir þingmenn Samf., Frjálsl. og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þessari tillögu atkvæði, þ.e. með 23 dögum, en aðrir þingmenn ekki. Ég minnist þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði við þá umræðu, með leyfi forseta:

„Ég vil bara aðeins geta þess að málefni dagabátasjómanna hafa verið mikið til umræðu innan sjútvn. og innan meiri hluta hennar og það var niðurstaða okkar núna í tengslum við umræðu um þetta frv. því það mál var til umræðu síðustu daga að ekki væri unnt að þessu sinni að leggja fram tillögu frá meiri hluta sjútvn. um framtíðarskipan í málefnum dagabátaeigenda. Þannig að það verður ekki tekið upp af okkar hálfu að þessu sinni en unnið áfram að því og við leggjum áherslu á að því máli verði hraðað þannig að niðurstaða megi liggja fyrir sem allra fyrst í þeim efnum."

Hv. þm. hafði borið samsvarandi tillögu upp innan sjútvn. nokkru áður. Í þessum umræðum var ekki annað að heyra en að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, sem starfaði reyndar sem formaður sjútvn., teldi málið í þeim farvegi að hann vonaðist til að málið mundi leysast eða á því yrði tekið strax eftir áramótin eins og þá var lofað.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gagnrýndi áðan þá tillögu sem við höfum lagt fram, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, um 22 daga sem lágmark. Hann spurði hvers vegna við legðum ekki fram tillögu um 23 daga. Auðvitað vildum við leggja fram 23 daga en tillaga um það hafði verið felld. Við verðum að viðurkenna að það var fellt í atkvæðagreiðslu á þinginu rétt fyrir jól. En þá hafði páv. starfandi formaður sjútvn. lýst því yfir að hann gæti stutt það og að því marki yrði unnið strax eftir jól. Heilindi hv. þm. í umræðunni eru því ekki til að hrópa húrra fyrir.

Því miður var tillaga okkar felld, eins og ég hef gert grein fyrir. Strax eftir áramótin var hvatt til þess að meiri hluti sjútvn. færi í að fjalla um þau fyrirheit sem gefin voru um að taka á sóknardagakerfinu. Í því skyni fluttum við hv. þm. Grétar Mar Jónsson tillögu eftir jólaleyfi um að leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs verði áfram aldrei færri en 23. Þeim skyldi síðan fjölgað um einn fyrir hver 20 þús. tonn leyfðs heildarþorskafla frá 230 þús. tonnum. Sú tillaga fór til umræðu í sjútvn. og var send út til umsagnar.

Fullyrðingar um að í sjútvn. hefði ekki legið fyrir tillaga um 23 dagana eins og virtist koma fram í máli Kristins H. Gunnarssonar eru rangar. Um það leyti sem hið nýja frv. kom fram óskaði ég eftir því að tillaga okkar um 23 dagana yrði samtímis tekin til afgreiðslu. En því var hafnað af meiri hluta nefndarinnar. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson verður að eiga það við eigin samvisku hvernig hann hefur snúið við blaðinu en hann hefur á undanförnum dögum stært sig af því að fylgja sannfæringu sinni í ýmsum öðrum málum.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði í umræðum um þetta mál fyrr í dag að hann hefði uppgötvað að ekki væri þingmeirihluti fyrir 23 dögum og því hann skipt um skoðun og vildi reyna að ná fram því sem hér liggur fyrir. Mér finnst ekki mikil reisn yfir því að skipta um skoðun án þess að láta á málið reyna. Hv. þm. hefur verið það vaskur í nokkrum öðrum málum að skipta ekki um skoðun þótt ljóst væri að ekki væri þingmeirihluti fyrir þeirri skoðun. Ef maður ætti aðeins að fylgja þeim málum sem maður ímyndar sér að þingmeirihluti sé fyrir þá er ekki hægt að skrifa hátt staðfestu manna eða baráttu þeirra fyrir hugsjónum. Ég vil bara gera þessa athugasemd við orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í andsvari hans við framsögu minni hlutans og þessu áliti sem við leggjum til við umræðuna.

Það er mjög erfitt að ræða þetta mál efnislega eins og það hefur verið kynnt. Hér var allt annað mál á dagskrá, þ.e. málefni sóknardagabátanna en ekki kvótasetningin. Kvótasetning á þessum bátaflota var ekki á dagskrá. Þegar sóknardagakerfi var komið á var það gert með það að markmiði að svo yrði áfram. Þeir sem fóru inn í það kerfi gerðu það á þeim forsendum að áfram yrði byggt upp sóknardagakerfi. Menn vissu að það hefði sínar takmarkanir og allir gerðu sér grein fyrir því. Menn sáu að það hefði takmörk en töldu að það yrði áfram við lýði. Það að breyta sóknardagakerfinu þannig að menn geti fénýtt veiðireynslu sína og gert framseljanlega sem aflaheimildir stóð aldrei til. Það var aldrei ætlast til að þetta kerfi byði upp á það að menn gætu farið í sóknardagakerfi og náð sér í aflaheimildir í krafti veiðireynslu sem síðan yrði markaðssett og yrði söluvara. Það átti einmitt ekki að vera svo og hefði lokað á þá nálgun. Það er ósanngjarnt að gefa þessum mönnum heimild til að fénýta veiðiheimildir sínar með þessum hætti og búa til nýgreifa. Við höfum talað áður um sægreifana sem fengu áður kvótaheimildir að stórum hluta gefins og nú fáum við aftur hóp sem getur fénýtt aflaheimildir sínar án þess að til þess hafi verið ætlast.

Frumvörpin fóru út til umsagnar. Frv. um dagabátakerfið sem við höfum haft til umræðu og hæstv. sjútvrh. lagði fram gekk út á að gefa mönnum valkost. Það var verið að gefa mönnum valkost, þ.e. kost á vera áfram í dagakerfinu á ákveðnum forsendum eða selja aflaheimildir sínar eða veiðireynslu í formi aflaheimilda. Það var alveg ljóst frá byrjun að hverju var stefnt, þ.e. að slátra dagabátakerfinu. Ég held að flestum hafi kannski verið ljóst að það var ætlunin. Þó vildi enginn trúa því að svo væri enda höfðu verið gefin svo sterk pólitísk fyrirheit um að sóknarkerfið yrði varanlegur þáttur

í fiskveiðimunstri okkar Íslendinga. Það er mjög dapurlegt að hafa kynnst þeim vinnubrögðum sem beitt hefur verið í þessu máli.

Ég vil leyfa mér að vitna til bréfs sem Landssamband smábátaeigenda skrifaði hæstv. sjútvrh. Árna M. Mathiesen 2. apríl sl., með leyfi forseta:

„Eins og yður er kunnugt óskaði Landssamband smábátaeigenda eftir viðræðum við yður um breytingar á veiðikerfi sóknardagabáta eftir aðalfund félagsins sem haldinn var 16. og 17. október sl. Aðalfundurinn lýsti sig samþykkan því að hefja viðræður við Landssambandið um sóknardagakerfið. Einnig gerðuð þér á aðalfundi LÍÚ grein fyrir málinu, það væri eitt af þeim málefnum sem þyrfti að leysa.

Þrátt fyrir óskir Landssambandsins tölduð þér yður ekki fært að hefja viðræður fyrr en 9. mars sl. Á þeim fundi lögðuð þér fram skýrslu dags. 11. nóvember sl. frá Emil Ragnarssyni. Á milli funda var sóknardaganefnd Landssambandsins ætlað að fara yfir skýrsluna og koma með athugasemdir."

Í bréfi sem fylgdi með skýrslunni til sjútvrh. sem Landssambandið fékk ekki í hendur fyrr en 19. mars segir að niðurstaða frumathugunar væri sú að ekki væri skynsamlegt að taka mið af vélarafli. Í því bréfi er jafnframt rakið að þær viðræður sem fram höfðu farið á milli Landssambands smábátaeigenda og hæstv. sjútvrh. miðuðu alfarið að því að fjalla um tæknileg atriði til að stýra sókninni. Þær fjölluðu alls ekki um að leggja kerfið af. Í þessu bréfi segir síðan:

„Sóknardaganefnd samþykkir að óheimilt verði að hafa fleiri en 5 handfærarúllur um borð þegar sóknareiningar eru nýttar. Sóknardaganefnd Landssambands smábátaeigenda hefur staðið fast á því að sóknareiningar verði aldrei færri en 23. Nefndin hefur ítrekað farið fram á það við yður að segja hvort þér séuð tilbúinn til að verða við þeirri kröfu með þeim takmörkunum sem boðnar hafa verið. Það hafið þér enn ekki gert.

Sóknardaganefnd Landssambands smábátaeigenda telur brýnt að fá nú þegar ákveðin svör frá yður um hvort þér munuð beita yður fyrir samþykkt frv. sem byggt yrði á þeim hugmyndum sem ræddar hafa verið og hér tilgreindar.

Að lokum harmar sóknardaganefnd að samtímis viðræðum skulið þér ræða við þrjá einstaklinga, sem gera út sóknardagabáta, um breytingar á veiðikerfi því sem hér um ræðir. Samkvæmt frásögnum hafið þér lýst áhuga á annars konar útfærslu en viðræður yðar við sóknardaganefnd landssambandsins hafa byggst á. Þetta hefur aldrei komið fram í viðræðum sóknardaganefndar við yður.

Sóknardaganefnd Landssambands smábátaeigenda hefur starfað af fullum heilindum í viðræðum við yður. Hugur hennar til að ná samkomulagi er óskiptur en í ljósi þess að liðnir eru fimm mánuðir frá því að þeir fengu skýrsluna framangreindu í hendur og þar til þér gáfuð yður tíma til að ræða við nefndina, og ekki síður í ljósi þess að brátt er liðið hálft ár frá aðalfundi félagsins, telur sóknardaganefnd landssambandsins að nú verði að fara að draga til tíðinda."

Hér lýsir Landssamband smábátaeigenda því yfir að það hafi staðið af fullum heilindum að viðræðum við sjútvrh. Þau lýsa því aftur á móti yfir að heilindin hafi lítt verið sýnd á móti. Hið sama höfum við í sjútvn. rækilega upplifað síðustu daga, mikinn skort á heilindum í öllu því ferli. Landssamband smábátaeigenda hefur staðið við samþykktir frá aðalfundum þess í mörg ár, sem og frá stjórnarfundum og fundum einstakra félaga Landssambandsins. Þar hefur iðulega verið ályktað um sóknardagabátana og að tryggja þeim grunn. Þannig segir í ályktun sambandsins frá 26. október sl., með leyfi forseta:

„Aðalfundur LS leggur til að barist verði af fullum krafti fyrir því að gólf verði sett í daga sóknardagabáta, þannig að dagar verði aldrei færri en 23 á ári."

Þessi ályktun er samþykkt og fyrri ályktanir um sama efni hafa ávallt verið samþykktar. Þessi félagsskapur hefur nánast staðið einhuga í þessum málum og stjórnin framfylgt þeirri stefnu eins og eðlilegt er.

Þegar þetta frv. fór til umsagnar í vor var mjög athyglisvert að heyra hve þunga áherslu menn lögðu á að tryggja stöðu þessa flota. Ég hef undir höndum umsögn frá trillukörlum í Hafnarfirði sem eru óhressir með sóknardagafrumvarpið. Þeir telja að á vissan hátt sé komið aftan að þeim og valkostirnir í boði séu séu ekki jafnir. Landssambandið gerði þá kröfu að úr því að opnað yrði fyrir þá möguleika fyrir einstaklinga að fara úr sóknardagakerfinu og inn í kvóta þá yrði það a.m.k. gert á jafnræðisgrunni. Það er áfram krafa þessara aðila.

Það eru einkum landsvæði Norðvest. sem hafa verið mjög háð afla og sókn þessara báta eins og rækilega hefur verið rakið í umræðunum. Ég vil vitna í bréf sem við þingmenn Norðvest. fengum frá Lárusi Ægi Guðmundssyni á Skagaströnd 17. maí sl., með leyfi forseta:

„Öll umræða vegna þessara dagabáta hefur verið um að setja gólf á dagana en ekki færa þá yfir í kvótakerfi. Frumvarpið gengur út á val sem er auðvitað ekkert val þar sem hótanir fylgja um frekari fækkun daga frá því sem nú er. Samt er ljóst að þeir sem á undanförnum árum hafa ekki veitt mikið verða að halda áfram í dagakerfinu. Mér hefur skilist á liðnum missirum að það hafi aðallega verið LÍÚ sem hefur verið að agnúast út í dagabátana og afla þeirra. Nú telja þeir verr af stað farið en heima setið og vilja óbreytt kerfi með gólfi. Hagsmunasamtök dagabátanna segjast vera andvíg breyttum reglum og vilja fyrr loka kerfinu með gólfi og þá hugsanlega einhverjum reglum um fjölda handfærarúlla."

Síðan segir með leyfi forseta:

„Svo er það líka stóra málið, sem þingmenn Norðvest. þurfa að hafa í huga en það er að þessir dagabátar hafa líklega að $^4/_5$ hlutum landað afla sínum í kjördæminu enda þótt þeir eigi ansi margir heima í öðrum landshlutum. Þótt þessi afli sé ekki nema að hluta til unninn í kjördæminu sem fer þó vaxandi skapar þessi útgerðarflokkur mikla atvinnu og umsvif hjá þjónustuaðilum sem og færa hafnarsjóðum drjúgar tekjur. Kvóti til þessara báta táknaði gerbreytingu á útgerðarmynstri þeirra og ansi margir munu selja kvóta og samþjöppun mun eiga sér stað. Hvað er orðið af málflutningnum um að þetta væri eina leiðin fyrir unga menn að hasla sér völl í útgerð?"

Áfram segir í þessu bréfi til þingmanna Norðvest.:

„Mér finnst að þingmenn Norðvest. eigi að koma þessu frumvarpi fyrir kattarnef, þótt ráðherrann vilji val eigi þeir að snarvenda og segja mjög ákveðið að nú verði málinu lokið eins og það var, með setningu gólfs í dagafjöldann. Þið eigið ekki að semja við ráðherrann nema þessi möguleiki sé opinn því þá hefst á nýjan leik brask með sölu og kaup á bátum í dagakerfinu. Þá hefst ný barátta því seinna kunna þeir að fá kvóta og þá selja menn enn á ný. Þetta þekkið þið manna best. Munið, þar sem þið vitið að kjördæmi okkar stendur ekki svo vel búsetu- og atvinnulega séð, að þið eigið ekki að leggja því lið að það veikist enn frekar. Berjið harkalega í borðið. Út af með þetta nýja frumvarp."

Ég er ansi hræddur, herra forseti, um að það hafi ekki verið ætlunin að dagabátasjómenn yrðu slegnir af, alls ekki. Hér er því farin þveröfug leið miðað við þá áskorun sem við þingmenn Norðvest. fengum frá Skagaströnd. Sama er að segja frá bæjarstjórn Ísafjarðar sem samþykkti miðvikudaginn 19. maí sl. ályktun þar sem segir, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja, að sóknardagar í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi og varðar sóknardaga smábáta, verði að lámarki 23." — Þetta er síðan ítrekað.

Við höfum fengið hverja ályktunina á fætur annarri sem gerir ráð fyrir því sama. Nokkrar þeirra eru látnar fylgja sem fylgiskjöl í nál. minni hluta sjútvn. eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur gert grein fyrir. Flestir þeirra sem fjalla um málið efnislega leggja áherslu á að stjórnvöld standi við fyrirheit um að tryggja í sessi sóknardagakerfið innan þeirra marka sem það hefur búið við. Þess vegna er frv. sem nú hefur verið sett fram, þar sem ákveðið er að slá sóknardagakerfið algjörlega af, bein svik við málstaðinn eins og hann hefur verið kynntur til þessa.

Það er dapurlegt til þess að vita, herra forseti, að sjútvn. virtist í sjálfu sér hafa lítið með þetta mál að gera. Málið virtist kokkað upp í sjútvrn. þar sem aðrir en velunnarar dagabátakerfisins virðast hafa beitt þrýstingi og komið ár sinni fyrir borð. Þar með fæddist þetta nýja frv. sem felur í sér að slátra dagabátakerfinu.

Virðulegi forseti. Við vitum ekki hvaða áhrif frv. kemur til með að hafa á stöðu grunnslóðarflotans til lengri tíma. Menn vita að það er alls ekki sami þorskurinn sem elst upp og veiðist á grunnslóð og hinn sem veiðist í hafinu dýpra undan. Sókn þessa flota hefur einmitt verið nýtt sem mælikvarði á ástand fiskstofna á grunnslóð. Þessi floti hefur jafnframt haft vissan forgang í að nýta hann.

Nú er hættan sú að þær aflaheimildir, sem þessir dagabátar eiga að fá kost á að færa yfir í kvóta, verði gerðar framseljanlegar og öryggi byggðanna minnki. Þess vegna eru kannski stórútgerðarmennirnir og Landssamband íslenskra útvegsmanna tiltölulega ánægðir með þessa ráðstöfun. Það er örlítill fórnarkostnaður, að leggja fram þetta fjármagn til að verðleggja veiðireynslu þessara báta í kvóta. Þeir vita það að innan skamms munu þeir, í krafti fjármagns síns, eignast þennan kvóta. Menn fara með þessu býsna hraðfara leið til að allar aflaheimildir komist á hendur þessara örfáu stórútgerðarmanna. Byggðirnar munu sitja eftir er þessi litli floti, dagabátaflotinn, sem var von þeirra, verður sleginn af.

Herra forseti. Það er dapurlegt til þess að vita að öll þau fyrirheit sem einstakir þingmenn gáfu í aðdraganda síðustu kosninga og í málsmeðferð á þingi, um að þeir mundu berjast fyrir því að standa vörð um sóknardagakerfið, skuli lögð til hliðar. Þeir hafa gengið af þeim málstað. Það er dapurlegt að hugsa til þess að heilu stjórnmálaflokkarnir skriðu í síðustu kosningum í þann lágmarksþingmannafjölda sem þurfti til að halda óbreyttu stjórnarmynstri út á þessi loforð, út á loforð sín um sóknardagakerfið og dagabátana. Út á loforð um að styrkja stöðu þeirra fengu þeir þau örfáu atkvæði sem þurfti til þess að tryggja stjórnarmeirihlutann. Nú hefur þetta allt saman verið svikið.

Herra forseti. Það væri hægt að hafa um þetta langt mál. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samf. og Frjálsl., flytjum brtt. sem felur í sér að tryggt verði a.m.k. 22 daga gólf í sóknardagakerfinu. Við leggjum til að þessum flota verði áfram gefið ákveðið svigrúm svo hann geti staðið áfram og þjónað því hlutverki sem honum er ætlað. Við berum þá von í brjósti að meiri hlutinn á Alþingi muni styðja þá tillögu, tillögu sem er að mestu samhljóða því sem stjórnarflokkarnir töluðu fyrir í kosningabaráttunni. Einstakir þingmenn stjórnarflokkanna höfðu slíkt fyrirkomulag sem baráttumál í síðustu kosningum og náðu kosningu út á það. Við treystum því að þeir hafi burði til þess að fylgja þeim skoðunum eftir á Alþingi en kikni ekki í hnjánum af einhverjum annarlegum ástæðum, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti fyrr í dag.

[00:36]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Rétt einu sinni ræðum við um sjávarútvegsmál líkt og oft hefur gerst á undanförnum árum og ekki í fyrsta skipti að næturlagi.

Ég hef veitt því athygli að þrátt fyrir mikið tal um sjávarútvegsmál og miklar deilur þá virðist fjöldi fólks ekki átta sig á því um hvað þær deilur snúast. Það sem ég hef heyrt af ræðum kvöldsins hefur ekki orðið til að skýra málin.

En deilurnar um sjávarútvegsmálin eru ekki að ástæðulausu. Þess vegna held ég, herra forseti, að rétt væri að átta sig aðeins á því um hvað menn eru að deila, eða a.m.k. á því hverjir eru að deila við hvern. Það er mjög nauðsynlegt að menn átti sig t.d. á sjónarmiðum mínum um stjórn sjávarútvegsmála annars vegar og sjónarmiðum hæstv. sjútvrh. Við deilum ekki um grundvallaratriðin varðandi þá grein þjóðhagfræðinnar sem við köllum fiskihagfræði. Okkur greinir ekkert á um hana. Okkur greinir heldur ekki á um þá pólitík sem rekin er og Sjálfstfl. hefur staðið fyrir og verið sammála um, að íslenskir útgerðarmenn skuli vera handhafar veiðileyfa eða nýtingarréttar á Íslandsmiðum. Það eru engar deilur um það milli okkar.

Deilurnar á milli okkar í gegnum árin hafa eingöngu staðið um það hvað á að vera andlag þess leyfis sem við veitum. Við deilum um það hvort við ætlum að hafa aflakvótakerfi eða hvort við ætlum að hafa andlagið, þ.e. grundvöllinn að leyfinu til að veiða, á einhverjum öðrum forsendum, t.d. að nota tímann, gerð veiðarfæranna, stað eða stund.

Íslendingar hafa farið leið sem menn eru núna að auglýsa og tala um að ljúka endanlega hér með þessari lagasmíð, að nota aflamarkskerfið við botnfiskveiðarnar. Annar aðalhöfundurinn að nýliðunarmódelinu sem við notum varaði við þessu. Hann benti á að aflamarkskerfið geti mjög vel gengið gagnvart uppsjávarfiskum, loðnu og síld o.s.frv., en varaði við notkun þess við botnfiskana vegna þeirrar sóunar sem það mundi hafa í för með sér.

Færeyingar, nágrannar okkar og vinir, byrjuðu á aflamarkskerfinu og notuðu það í tvö ár. Þeir töldu sig hafa komist að þeirri niðurstöðu að sóun kerfisins væri óbærileg. Þeir tóku upp á því að stjórna veiðunum, reyna að stjórna sókninni, stjórna gerð veiðarfæranna, stjórna þeim tíma sem veitt væri o.s.frv. Margir okkar Íslendinga hafa fylgst með þessum tilraunum þeirra af miklum áhuga á undanförnum árum. Ég er einn af þeim sem horfi til þeirra aðgerða mjög björtum augum. Mér sýnist að þeir séu á betri braut en við. Alla vega er ég þeirrar skoðunar að eftir 20 ára aflamarksaðferðir sem við höfum notað á Íslandi þá sé árangurinn ekki ásættanlegur.

Herra forseti. Við megum aldrei gleyma því að við settum kerfið upp vegna þess að við höfðum áhyggjur af stöðu fiskstofnanna. Við settum það upp til að reyna að reisa þá

við og trúðum því að þetta væri aðferðin, þ.e. þeir sem stóðu að setningu laganna. Það hefur staðið á sér því miður, herra forseti. Enn þann dag í dag er engin ástæða til að vera sáttur við árangurinn, ekki nokkur ástæða. Auðvitað er margs að gæta í því sambandi og kannski væri hægt að flytja langa ræðu um það en í umræddd 20 ár höfum við veitt um 45–55% af þeim þorskafla sem hér var veiddur 60 árin þar á undan. Það er málið.

Ég hef allan tímann trúað því að rétt væri að stjórna fiskveiðum, þ.e. bolfiskveiðunum á grunnslóðinni, þannig að við reyndum að prófa okkur áfram með hvernig við veiðum, hvar við veiðum og hvenær við veiðum. Ég er sannfærður um að gerð veiðarfæra og sá tími sem við notum til veiða skiptir máli. Hér er um náttúruna sem fæðir okkur og klæðir að ræða, þ.e. dýralífið í sjónum er það sem við lifum á. Það er mjög fátæklegt dýralíf á landinu en það er mjög fjölskrúðugt undir sjávarmálinu. Ég er sannfærður um að við eigum langt í land með þetta og þurfum að prófa okkur áfram, paufast áfram í myrkrinu eins og sagt er.

Ég hef aldrei tekið þátt í deilunum sem verið hafa hvað háværastar um fiskveiðistjórnarkerfið, þ.e. um hver ætti veiðiheimildirnar. Ég hef alltaf verið sannfærður um að það gæti ekki verið á höndum annarra en íslenskra útgerðarmanna. Ég hef alltaf verið sannfærður um að til að ná fram hagkvæmni í kerfinu ættum við að hafa framseljanleg veiðileyfi. Það skiptir engu máli hvort við erum á aflabátakerfi eða dagakerfi Færeyinganna, auðvitað á það að vera framseljanlegt. Færeyingarnir hafa leyfin framseljanleg. Þau eiga að vera framseljanleg, frjáls verslun í þessu kerfi, eða hvaða kerfi sem við notum, er ein af uppistöðum þess að ná fram hagræðingu og aukinni framleiðni.

Ég hef líka verið sannfærður um að lítið hald sé í kenningum sem settar hafa verið fram um að sátt mundi nást um fiskveiðistjórnarkerfið með því að skattleggja sjávarútveginn, að setja auðlindaskatt á sjávarútveginn, að þá næðist sátt um hvernig staðið skyldi að veiðunum. Það er fráleitt rugl og fráleitt tal. Skattlagning á íslenskan sjávarútveg, herra forseti, eins og ég hef oft sagt í þessum ræðustól í mörg ár, er ekkert nema skattlagning á fólkið sem vinnur í íslenskum sjávarútvegi. Það aðferð til að minnka samkeppnishæfni sjávarútvegsins miðað við aðrar greinar, draga úr honum og gera hann veikari en ella. Allar kenningarnar um auðlindaskatt eru því rangar, mjög rangar og villandi. Menn eiga að forðast þær og átta sig á því að þær eru til mikils vansa og ógagns fyrir íslenskt efnahagslíf. Ég greiddi mjög ákveðið og hart atkvæði gegn þeim tillögum á sínum tíma og mun ætíð standa við það.

Herra forseti. Deilurnar standa um hvernig við ætlum að standa að veiðunum. Ég hef í mörg ár, allt frá því að ég kom fyrst á þingið, herra forseti, verið eindregið þeirrar skoðunar að með því að stjórna veiðunum með sókn þá gengi betur. Ég tel að sóknarstjórn væri að auki réttlát að því leyti að sjávarbyggðirnar næst miðunum mundu njóta þess. Það væri eina sanngjarna byggðastefnan, að menn fengju að njóta nálægðar við miðin.

Ég hef oft fengið marga pústra, virðulegi forseti, fyrir þessi sjónarmið. Margir hafa verið mér mjög andsnúnir og talið að ég gengi of langt eða að ég gengi of skammt o.s.frv. Ég tel hins vegar að meðan ég hef verið á þingi hafi ég alla tíð gengið eins langt og ég hef komist og reynt að vera praktískur.

Forustumenn Landssambands íslenskra útgerðarmanna hafa hins vegar alltaf sagt um baráttu okkar fyrir rými handa strandbyggðunum að sú barátta sé háð á röngum forsendum, að þeir sem fengju þannig veiðileyfi mundu alltaf svíkja okkur og mundu um leið og þeir ættu kost á því breyta veiðirétti sínum í kvóta, segja já við því og vilja koma inn í kvótakerfið. Þeir telja að með því vilji menn í reynd komast inn í kvótakerfið bakdyramegin.

Ég hef alla tíð mótmælt þessu, virðulegi forseti, og talið þetta rangt. Hins vegar er staðan sú hér í nótt að ég get ekki annað en horfst í augu við staðreyndirnar. Talsmenn LÍÚ höfðu heilmikið til síns máls og ég hafði rangt fyrir mér. Því er það rétt og skylt að ég segi frá því og viðurkenni það.

Það er mér hryggðarefni, virðulegi forseti, að tilraun okkar til að stjórna bolfiskveiðunum á grunnsævinu með sókn virðist nú lokið. Það er meiri hluti fyrir því að láta því ljúka. Ég átta mig á því. Ég reyni að bera það með karlmennsku. Ég tel að menn séu að gera rangt og er sannfærður um að menn séu að gera rangt.

Ég skil hins vegar, og ætla ekki að fordæma neina, þá trillukarla og smábátamenn sem vilja þetta. Mikill meiri hluti þeirra vill þetta og ég hef áttað mig á því á síðustu dögum. Það er vel boðið. Hér er boðið upp á 10 þús. tonn og ég skil mjög vel að þeir taki því boði. Þeir reikna með því að eiga ekki kost á öðru eins boði.

Ég skil líka mjög vel að menn sem hafa sannarlega verið ábyrgðarmenn byggðanna, sem trúa statt og stöðugt að þeir eigi á hverjum tíma að reyna að gera það besta úr hlutunum, sætti sig við þetta. Ég fordæmi því engan, ekki nokkurn mann.

Þótt einhverjir segi í dag, virðulegi forseti, að við séum að loka kerfinu þá verða menn að átta sig á því að við erum ekki búin að loka umræðunum og við höfum ekki lokið athugunum sem við hljótum að verða að stunda og horfa á alla tíð.

Við höfum við bæjardyrnar frændur okkar Færeyinga sem fara alveg þveröfuga leið, 180 gráður nákvæmlega. Við komumst ekki hjá því að fylgjast þá með því á næstu árum hvernig þeim gengur miðað við okkur. Auðvitað á það ekki að vera deilumál á milli okkar eða feimnismál á hverjum tíma að horfa til þess árangurs sem menn hafa náð. Við skulum vera einlægir í að skoða árangur okkar og skoða árangur Færeyinga. Okkur ber öllum, bæði þeim sem vinna við sjávarútveg og þeim sem sitja á löggjafarþinginu á hverjum tíma, að reyna að átta okkur á því hvernig hlutirnir gangi best fram. Ég ætla ekki að spá neinu um það þótt ég sé hallur undir það og trúi því að Færeyingar séu gæfusamari en við. Í því myrkviði sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að vitneskju okkar um náttúru hafsins þá tel ég að þeir hafi valið betri leið. Ég trúi því að það skipti máli fyrir árangurinn á næstu áratugum hvernig við veiðum, með hvaða veiðarfærum, á hvaða tíma, hvenær og hvar.

Hæstv. sjútvrh. hefur nokkrum sinnum talað fyrir því að við ættum að stefna að því — hann er að vinna að því að mörgu leyti — að taka upp líffræðilega stjórn. Ég er honum mjög sammála en hins vegar finnst mér að hæstv. ráðherra noti aðferðir sem varla má búast við að skili árangri eða niðurstöðum næstu 200 árin eða svo. Ég held að með því að fara þannig í hlutina verði þetta okkur ekki að gagni.

Ég er viss um að ef við skoðum málin án þess að deila og rífast og án þess að öskra og æpa, eins og mjög hefur einkennt umræðuna síðustu 20 árin, þá komist menn að því að það er óásættanlegt að hafa ekki náð neinum árangri. Við

höfum ekki náð neinum árangri. Þetta eru staðreyndirnar sem blasa við okkur.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þetta verður lögfest. Ég sé einn ljósan punkt í því að með því að lögfesta þetta, að menn fari allir inn í sama kerfi næstu árin, þá geta útvegsmenn sameinast. En þeir hafa verið eins og hundar og kettir innbyrðis um langa tíð. Ég bind miklar vonir við að útvegsmenn sameinist um að standa gegn þeim árásum sem þeir eiga von á og hafa þegar orðið fyrir, þ.e. auðlindaskattsruglinu. Þar er stórkostlega hættuleg hugmyndafræði. Það er einnig mjög mikil ástæða til að útvegsmenn sameinist um að taka á öðru vandamáli sem ekki hefur borið hér á góma. Það er stórkostlegt vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg, þ.e. hvernig við stöndum að rannsóknarstarfi gagnvart þeirri náttúru sem fæðir okkur og klæðir. Það fær ekki staðist, virðulegur forseti, á 21. öld í þjóðfélagi eins og okkar, opnu, frjálsu þjóðfélagi, að látið verði viðgangast öllu lengur að rannsóknirnar á þeirri náttúru sem við eigum allt undir skuli settar í eina ríkisstofnun og engum er heimilt að rannsaka viðfangsefnið nema þeim. Enginn skal fá fjármagn til rannsókna nema þeir og engum leyfist að hafa skoðanir nema þeim o.s.frv.

Það er mikilvægt að brjóta upp þessa stofnun. Ég vona að þegar útgerðarmenn eru orðnir sameinaðir og átta sig á því hverjir hagsmunir þeirra eru og fyrir hverju þeim ber að berjast þá aflétti þeir þessari nauð, brjóti niður stofnunina og komi rannsóknunum til háskólanna til að tryggja að rökræða frjálsra vísindamanna, sem er eina leiðin til að ná árangri á þessu sviði, fái að þrífast. Ég treysti því að þegar útgerðarmenn standa saman allir sem einn þá verði þeir brimbrjóturinn í því mikla starfi. Það er hið jákvæða sem ég sé við þetta mál, að þeir ætla að standa saman.

Ég harma hins vegar að menn skuli ætla að hætta við allar tilraunir við að stjórna veiðunum með sókn. Ég harma það en trúi því að menn muni fljótlega komast að því að þeir eru á rangri braut og hverfi aftur til þess að reyna að þoka sér áfram í að ná árangri við stjórn fiskveiðanna.

[00:55]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fullyrti að mikill meiri hluti svokallaðra trillukarla sem eiga dagatrillur væri fylgjandi því að fara í kvóta. Þetta er alfarið rangt. Þar hefur hv. þm. annaðhvort misskilið eitthvað hrapallega eða fengið rangar upplýsingar hjá flokksfélögum sínum.

Málið er nefnilega að umsagnir sem sjútvn. hafa borist frá öllum aðildarfélögum trillukarla allt í kringum landið eru samróma um að þeir vilji verja dagakerfið. Hins vegar brást samstaðan á síðustu metrunum, forusta Landssambands smábátasjómanna missti kjarkinn. Menn létu undan. Ég trúi því ekki að óreyndu að hv. þm. fari hér vísvitandi með rangt mál og ég hvet hann til að kynna sér þetta mál betur.

Hv. þm. sagði í ræðu sinni, sem var ágæt að mörgu leyti, að hann tryði því að við værum á rangri leið. Það hryggir mig að verða vitni að því að trú hans skuli ekki vera það sterk að hann geri eitthvað í málunum. Af hverju reynir hann þá ekki að færa hlutina til betri vegar í stað þess að lyppast niður eins og margir stjórnarþingmenn hafa gert, sem ég veit að í hjarta sínu vita að við erum á rangri leið. Þeir vita hvaða aðferðir við eigum að velja til að komast inn á rétta braut.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því yfir skýrt og skorinort á fjölmennum fundi á Ísafirði fyrir aðeins átta mánuðum að hann styddi eindregið 23 daga gólf fyrir smábátana. Það var enginn vafi í hans huga um það þá. Ég á hljóðupptöku af þessu. Þar var enginn vafi og hann talaði mjög ákveðið. Síðan hefur hann gefist upp, lyppast niður eins og fleiri þingmenn stjórnarliða í Norðvesturkjördæmi. Það er hinn stóri harmleikur í þessu máli.

[00:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er til viðtal við mig í blöðum frá því í mars og frá því í febrúar þar sem ég lýsi því eindregið yfir að ég væri reiðubúinn til að styðja 23 daga sókn þessara báta. Það er óþarft fyrir þingmanninn að vitna til umræðu í september þar sem miklu nýrri ummæli eru til. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ég hef alla tíð verið tilbúinn til þess. Ég sagði áðan í ræðu minni að ég teldi að allan þingtíma minn hefði ég barist fyrir þessu og farið eins langt og ég hef komist.

Ég hef ekki fengið rangar upplýsingar um stöðu þessara mála. Ég hef alveg hárréttar upplýsingar. Meiri hluti Alþingis og meiri hluti sjútvn. hefur fyrir framan sig samkomulag sjútvrn. og Landssambands smábátaeigenda. (**Gripið fram í:** Nei.) Er ég að fara með eitthvað rangt mál? Hefur ekki verið samið um þetta? Ætla menn svo að segja að ég hafi eitthvað lyppast niður? (**Gripið fram í:** Já.) Nei, ég er með þetta fyrir framan mig. Um þetta var samið klukkan hálftólf í gærkvöldi. Ég frétti af því og ég held að upplýsingar mínar séu hárréttar.

Það er enginn vandi að segja að þessi eða hinn sé ekki nógu hugrakkur. Ég horfi bara í augun á staðreyndunum. Ég kann enga leið til að snúa þessu við. Ég hef árum saman haldið ræður á borð við þá sem ég flutti áðan. Ég hef gert það í einlægni en ég neita ekki að neita að horfast í augu við staðreyndir. Ég hef alla tíð farið eins langt til að berjast fyrir strandbyggðunum og ég hef getað. Á því hefur engin breyting orðið í dag.

[00:59]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir að hann þori að horfast í augu við staðreyndir. Mig langar þá til að spyrja: Hvernig ætlar hann að horfast í augu við fólkið á Vestfjörðum eftir að lögin hafa gengið í gildi? Hvernig ætlar hann að horfast í augu við þær fjölskyldur sem missa eignir sínar, horfast í augu við þá menn sem sennilega missa bátana sína, horfast í augu við þá menn sem neyðast til að fara inn í kvótakerfið, selja kvótana sína og kannski ef þeir eru heppnir sleppa frá því á sléttu? Hvernig ætlar hann að horfast í augu við þetta fólk? Ég öfunda hann ekki af því hlutskipti.

Það kostar oft hugrekki að vera í pólitík. Það kostar oft hugrekki að taka stórar ákvarðanir og það kostar oft hugrekki að taka ákvarðanir þvert á þá sem vilja ráða yfir manni en stundum verður maður að sýna þann manndóm að taka það skref og hugsanlega að taka afleiðingunum. Gott og vel. En vera þó maður að meiri og geta horft framan í fólk eftir á.

[01:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alla tíð frá því að ég kom inn á þing var barátta mín fyrir að vinna lífsrými fyrir smábátana eingöngu gerð fyrir byggðirnar. Ég var aldrei að gera það fyrir Pétur eða Pál eða hvað þeir hétu. Það var aldrei nokkurn tíma uppi. Við trúðum því að það væri betri kostur fyrir landsbyggðina og hinar dreifðu byggðir.

Ég tel að tilboðið sem nú liggur fyrir og sem ég veit að verður samþykkt sé ekkert vondur kostur fyrir þá menn sem eru að veiða. Það er aldeilis fráleitt. Það er einmitt borinn gríðarlegur afli í þetta. Það eru borin í þetta 10 þúsund tonn. Ég harma hins vegar að menn skuli falla frá prinsippinu að reyna að stjórna fiskveiðunum á annan máta. En að einstaklingarnir sem eru í útgerð séu að verða fyrir einhverju áfalli er langt í frá. Flestir þeirra munu hafa heilmikinn fjárhagslegan hagnað af því og ég verð mjög var við það að menn una þeim þess.

[01:02]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var hryggilegt að sitja úti í þingsal og hlusta á gamlan baráttumann að vestan, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, lýsa því yfir að hann hefði gefist upp á að fylgja sannfæringu sinni. Hann lýsti því yfir að aflamarkskerfið væri ónýtt kerfi, við ættum að nota aðrar leiðir til að stýra því hvernig við næðum í þann afla sem við ætluðum að ná í á Íslandsmiðum og það hefði verið trú hans að við ættum að nota sóknarstýringu. Samt ætlar þessi gamli baráttumaður fyrir strandbyggðirnar fyrir vestan að kasta handklæðinu inn í hringinn og játa sig sigraðan í þriðju eða fjórðu lotu.

Ég hefði ekki trúað því að óreyndu að hv. þm. léti bjóða sér að sjútvrh. leyfði sér að koma með kvótafrumvarp undir því yfirskyni að ætla að leggja fram frv. um sóknarbáta. Ég hefði haldið að baráttumaðurinn gamli, sem allir þekkja sem slíkan, hefði sett niður fótinn og sagt hingað og ekki lengra við hæstv. ráðherra sem yngri er í pólitík en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

Það er nú einu sinni svo að þegar hungruðum manni eru boðnir tveir kostir og hann má velja á milli þess hvort hann vilji kjöt eða skít velur hann að sjálfsögðu kjötið. Það er ekki honum að kenna. Það er þeim að kenna sem setti kostina á borðið og bauð honum annars vegar kjöt og hins vegar skít. Og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir að vegna þess að hann valdi kjötið sé ekkert hægt að gera.

[01:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg með endemum þegar menn tala svona. Ég hélt ræðu í nákvæmlega 18 mínútur og gerði grein fyrir því af hreinskilni hver væri skoðun mín og meining. Svo kemur hv. þm. og snýr því öllu við, að ég hafi hér með gefist upp o.s.frv. Ég var einmitt að segja hið gagnstæða, að ég væri trúr því sem ég hefði trúað og ég væri jafntrúaður á það nú og áður. Ég kom hér einmitt til að gefa það „statement". Það er fjarstæða að halda öðru fram. Ég sagðist harma að menn hefðu gefist upp við það núna um sinn að reyna að stjórna fiskveiðunum með öðru móti en með aflakvótum. Ég harma það. Er það uppgjöf að harma einhverja hluti? Ég var bara að segja rétt og satt frá því hvernig ég met stöðuna og að ég veit hvernig hún er. Menn eru ekkert minni menn fyrir það þó að þeir horfist í augu við að þeir hafi tapað einhverjum slag. Er það sama og uppgjöf? Hef ég einhvern tíma haft aðra skoðun en ég hef? Aldrei. Ef svo undarlega vildi til að ég skipti einhvern tíma um skoðun mundi ég gefa um það opinbera yfirlýsingu. Það er ábyggilegt. Yfirlýsing mín og ræða var það ekki. Hún var alveg þveröfugt. Hún var um það að ég sæi hvað verða vildi og horfðist í augu við það en ég væri áfram trúr þeim skoðunum sem ég hefði haft allan minn þingtíma. Fór þetta milli mála hjá hv. þm.?

[01:06]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór ekkert á milli mála að ég hlustaði grannt á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og ég heyrði uppgjafarræðu. Slagurinn er ekki búinn. Slagurinn er rétt að byrja. (Gripið fram í.) Það eina sem við þurfum á Alþingi til að hrinda þessu áhlaupi á sóknardagakerfið eru þrír þingmenn úr stjórnarliðinu með bein í baki en ekki brjósk til að standa gegn þeirri atlögu sem sóknarbátarnir verða nú fyrir.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er einn af þeim þingmönnum í hjörð Sjálfstfl. sem hefur leyft sér að lyfta höfðinu upp úr hjörðinni og litast um kring og hafa skoðun á því sem hann sér. Þeir eru ekki margir í dag en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er einn af þeim. Þess vegna hryggir það mig að hann skuli vera búinn að gefast upp fyrir þeirri hjarðhegðun sem nú einkennir Sjálfstfl.

[01:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er djarflega talað. Það hefur enginn séð atkvæðagreiðslurnar enn þá. Það hefur enginn séð hvernig Samf. greiðir atkvæði í málinu. Hvernig getur hann komið og sagt að það séu einhver sammæli um eina skoðun? Ég veit betur. Þetta er ekki pólitísk spurning milli flokka. Þetta er spurning um sannfæringu manna, menn hafa mismunandi skoðanir á málinu. Ég veit vel að það eru mjög margir sem trúa því að þetta sé eina leiðin til að stjórna fiskveiðum, þ.e. aflakvótakenningin. Það er rétttrúnaðurinn og hann nær yfir fleiri flokka, hann nær yfir alla flokka. Það veit hv. þm. mjög vel. (**Gripið fram í:** Alla flokka?) Enda hefur það komið fram, kannski skulum við segja ... Ég biðst afsökunar, virðulegi forseti, það getur vel verið að Frjálsl. séu ekki tvískiptir í því en allir hinir flokkarnir eru með mjög skiptar skoðanir á því í þeim stefnumálum sem þeir settu fram fyrir (Forseti hringir.) síðustu kosningar, Framsfl., Sjálfstfl., Samf. og Vinstri grænir, allir að tala um aflakvóta.

[01:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að þetta er ónýtt kerfi, þetta aflamarkskerfi. Ég verð samt að segja að mér finnst hv. þm. eiga ósköp bágt og vera fullur uppgjafar. Hann er sigraður, og þeir sem hafa unnið hann eru samstarfsmenn hans í Sjálfstfl. Þetta er í rauninni algjör aumingjadómur, verð ég að segja, hreinn og klár aumingjadómur þingmanna Vestfjarða í stjórnarliðinu sem lýsir sér hér í því að menn skuli ekki standa í lappirnar og vera á móti þessu. Þetta á eftir að koma illa niður á byggð í Norðvest.

Ég er svo hissa á því að hv. þm., á maður víst að segja, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Einar K. Guðfinnsson skuli ekki standa í lappirnar í þessu máli og berjast fyrir byggðunum sínum. Hvað gengur að þeim?

[01:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo í umræðum að hver velur sér sitt orðbragð. Hvað sem má segja um hv. þingmann hef ég aldrei notað tækifærið á Alþingi til að tala um aumingjadóm í hans garð og skal ekki endurtaka það þó að honum hafi fundist ástæða til. Ég held að menn bæti sig ekkert á því að kalla hvern annan aumingja, með allri virðingu hvor fyrir öðrum. Það verður ekkert betri umræða. Ég hef reynt af

hreinskilni að lýsa því hvernig ég mæti þessari stöðu, ég hef reynt af hreinskilni að fara yfir sögu þessara deilna og fara í gegnum það um hvað menn hafa deilt og hvernig málin standa. Ég hef sagt frá því nákvæmlega hvernig ég met stöðuna, hver viðhorf mín hafa alltaf verið til stjórnar bolfiskveiðanna og hver trú mín er um það hvernig menn ná árangri. Þetta hef ég gert af þeirri hreinskilni sem ég reyndi að leggja mig allan fram með í 18 mínútur áðan.

Svo er öðrum hv. þingmönnum frjálst að koma hingað og kalla mig aumingja. Það er kannski vitnisburður um mig en þeir sem nota slíkar aðferðir gefa stundum, held ég, herra forseti, meiri vitnisburð um sjálfa sig. Ég held að það bæti okkur ekki að tala svona.

Ég skal leggja það á vogarskál hvenær sem er og í dóm hvers sem er hvernig menn vinna, hvað menn reyna, hvað menn gera, hvernig menn standa sig og hvernig menn leggja sig fram. Það getur vel verið að aðrir geri það öðruvísi en ég. Ég lofa því, hæstv. forseti, að ég ætla ekki að kalla félaga mína, aðra þingmenn, aumingja.

[01:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi kallað þetta aumingjadóm, og ég stend við það. Það má kalla þingmenn, sem standa svona með byggðum sínum, liðleskjur. Ég get staðið við það.

Ég verð að segja að það er annað sem mér kom á óvart og mig hefur lengi undrað í málflutningi hv. þingmanns, það er þegar hann kennir Hafrannsóknastofnun um allt sem miður fer í fiskveiðistjórninni. Mér finnst það fráleitt, sérstaklega í ljósi þess að hann talaði um að nú þegar útvegsmenn sameinuðust mundi sitthvað breytast í hafrannsóknum. Ég veit ekki betur en að útvegsmenn hafi einmitt verið í stjórn stofnunarinnar og haft ýmislegt að segja um hvernig hún vinnur störf sín. Það er eitt af því sem ég hef gagnrýnt.

Ég get hins vegar tekið undir að það þarf að taka á í þeim málum sem varða vísindastörf og færa þau frekar í hendur á vísindamönnum sem starfa sjálfstætt.

[01:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er þá alveg sama hvort menn kalla mig liðleskju eða aumingja, ég mun ekki nota slíkt orðbragð.

Ég hef aldrei sagt það heldur, herra forseti, að ég kenndi Hafrannsóknastofnun um allt sem miður fer, (Gripið fram í.) aldrei nokkurn tíma. Ég hef hins vegar gagnrýnt að við skyldum hafa þessar rannsóknir sem eru þýðingarmestu rannsóknirnar okkar fyrir íslenska náttúru og íslenskt atvinnulíf í einni innilokaðri rannsóknastofu í eigu ríkisins þar sem öðrum vísindamönnum, og frjálsum, væri bannaður aðgangur. Allir peningarnir sem ríkið leggur til fara til þessarar einu stofnunar og frjálsir vísindamenn fá hvergi nokkurn einasta eyri. Ég hef gagnrýnt það og ég lét það í ljósi að ég vonaði innilega að þegar útvegsmenn væru orðnir sameinaðir hættu þeir að eyða orku sinni í slíka fánýta deilu sem þeir hafa notað orku sína mjög í á undanförnum árum og færu einmitt að horfa til aðalatriðanna sem útvegsmenn þurfa að gera, að berjast gegn auðlindaskattinum og berjast fyrir frjálsum vísindarannsóknum í hafinu.

[01:15]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og svo oft áður þegar verið er að ræða sjávarútvegsmál í sölum Alþingis þá hitnar í kolunum og oft eru þetta heitustu umræðurnar sem um getur í sölum Alþingis.

Ég átti satt að segja ekki von á því fyrir örfáum dögum að ég stæði hér og ræddi í alvöru frv., sem hefði komið frá hæstv. sjútvrh. og væri búið að fara í gegnum sjútvn., sem miðaði að því að setja sóknarbátana í kvóta alla sem einn. Ekkert í þeirri umræðu sem fram hefur farið gaf það til kynna að við gætum átt von á slíkri kúvendingu eins og við stöndum frammi fyrir nú. Ég minni á að þegar við ræddum um gólf í dagana hjá sóknarbátunum fyrir áramót voru það fleiri en einn og fleiri en tveir hv. þm. sem boðuðu það að eftir áramót yrði lagt fram frv. Með góðu eða illu skyldi það afgreitt og það yrði sett gólf í dagakerfið sem dagabátaeigendur gætu sætt sig við. Ef hæstv. sjútvrh. gerði það ekki sjálfur sæju aðrir stjórnarliðar til þess að slíkt frv. kæmi fram og yrði afgreitt jákvætt út úr þinginu fyrir sumarfrí þingsins sem nú stendur fyrir dyrum.

Óþarfi er að rifja það upp, virðulegi forseti, að fram kom frv. sem vísað var til sjútvn. eftir 1. umr., frv. sem þingmenn Frjálsl. og Vinstri grænna stóðu að um að sett yrði 23 daga gólf í dagakerfið. Það frv. hefur í raun aldrei fengist rætt í sjútvn. Alveg frá því að því var vísað þangað hefur hv. formaður sjútvn. passað mjög upp á að það frv. kæmi ekki til umræðu í nefndinni. Þegar við höfum spurt hann hvað dvelji orminn langa, hvort ekki væri von á frv. fljótlega inn í nefndina til þess að við gætum tekið þar hreinskipta umræðu um hvort ekki væri rétt að setja þetta gólf og hvert það ætti að vera og hvernig að því yrði staðið, hefur hann svarað okkur því að það yrði ekki tekið á dagskrá strax í nefndinni vegna þess að sjútvrh. ætti í viðræðum við Landssamband smábátaeigenda um lendingu í málinu sem allir gætu sætt sig við. Það væri affarasælla að gera það með þeim hætti en að fram kæmi þingmannafrumvarp frá þingmönnum í stjórnarandstöðu um sama mál. Það væri borin von að slíkt frv. hlyti brautargengi innan Alþingis. Við yrðum bara að sætta okkur við að bíða, málið væri í vinnslu, við vissum ósköp vel að það væru stjórnarþingmenn sem væru að þrýsta á málið og við gætum treyst því að það kæmi fram frv. frá hæstv. sjútvrh. um málefni dagabáta þar sem menn mundu reyna með einum eða öðrum hætti að setja gólf í kerfið.

Þegar frv. leit svo loksins dagsins ljós og var lagt fram á Alþingi þyrmdi yfir marga sem beðið höfðu rólegir og vonast til að fram kæmi frv. um dagakerfi sem við gætum rætt okkar á milli, vegna þess að í frv. hæstv. ráðherra var ekkert um dagakerfið. Frumvarpið var um tvo kosti, annars vegar að dagabátarnir færu í aflamark og hins vegar að þeir gætu valið sér daga. Eins og svo berlega kom í ljós við 1. umr. um málið sáu allir strax um leið og frv. var lagt fram að um það gæti aldrei orðið sátt vegna þess að hér var ekki verið að bjóða upp á neina valkosti. Eins og ég orðaði það áðan var verið að leggja á borð fyrir hungraðan mann annars vegar kjöt og hins vegar skít og bjóða honum að velja á milli.

Það var því alveg ljóst þegar frv. kom fram að tilgangurinn var sá að koma dagabátunum öllum í kvóta og kom það í sjálfu sér ekkert á óvart þegar maður hugsar til baka því að hæstv. sjútvrh. hefur alltaf alið með sér þann draum að koma öllum fiskiskipum á Íslandi, sama hverrar stærðar þau væru, hvaða veiðarfæri þau notuðu eða hvar þau stunduðu veiðar sínar, undir aflamarkið eða kvótann.

Hvernig málið hefur síðan æxlast frá því að það var lagt fram á ábyggilega eftir að verða rannsóknarefni fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar. Ráðherra þverneitaði hér í um-

ræðum að hann væri að reyna að koma dagabátum í kvóta. Það sem hann væri að gera væri að bjóða þeim upp á tvo jafngilda kosti, annars vegar að velja sér daga og hins vegar að velja sér kvóta. Það væri ekki hans að segja til um hvað eigendur dagabáta mundu gera, þeir mundu vega og meta hver fyrir sig hvorn kostinn þeir ætluðu að taka og hæstv. ráðherra þrætti fram í rauðan dauðann fyrir að það væri eitthvert misvægi á þeim tveimur kostum sem verið væri að bjóða.

Í ljós kom þegar frv. var sent út til umsagnar að nánast allir sem sendu inn umsagnir til sjútvn., nánast öll svæðafélög smábátaeigenda, nánast öll sveitarfélög sem sendu inn umsagnir og nánast allir þeir aðilar sem sendu inn umsagnir lýstu því yfir að frv. væri ekki að bjóða upp á tvo valkosti eins og hæstv. sjútvrh. hélt fram. Það sáu allir alveg um leið og þeir lásu frv. í gegn að hér var eingöngu verið að bjóða upp á einn kost.

Ekki áttum við von á því, sjávarútvegsnefndarmenn, í gær þegar við vorum boðaðir til fundar klukkan 8:15 að morgni að þá mundi liggja fyrir frv. sem tekið hefði stórum og miklum breytingum, enda gerði það það ekki. Það er búið að lýsa því úr ræðustóli hér með hvaða hætti dagurinn í gær leið þar sem þetta líktist frekar farsa eftir Dario Fo eða Jónas heitinn Árnason. Manni fannst á tímabili að Deleríum Búbónis væri að vakna hér til lífsins. En auðvitað áttaði maður sig svo á því í gærkvöldi loksins þegar fundurinn var haldinn og komið var fram með breytingartillögur við þetta, ja, ég leyfi mér að segja, arfavitlausa frv. eins og það var lagt fram að þá voru sjávarútvegsráðuneytismenn loksins tilbúnir til að fella grímuna. Þeir höfðu áttað sig á því að allir höfðu séð í gegnum leikritið sem búið var að skrifa, leikritið sem átti að verða til þess að allir dagabátaeigendur veldu kvóta í frelsi sínu vegna þess að þá langaði miklu frekar í kvóta en daga sem voru jafnréttsettir. Þeir sáu að leikritið hafði mistekist, þeir sáu að allir sáu í gegnum söguþráðinn og ákváðu að fella grímuna og sýna á sér kvótaandlitið brosandi út að eyrum og gerðu það svikalaust á fundi í gærkvöldi, fundi þar sem lá svo mikið á að afgreiða málið út úr sjútvn. að það var sífellt verið að ýta á okkur sjávarútvegsnefndarmenn með að það væri útbýtingarfundur á Alþingi, við yrðum að gjöra svo vel að klára málið og taka það út úr nefndinni þannig að hægt yrði að setja það inn í sali Alþingis á útbýtingarfundi sem fram ætti að fara klukkan ellefu.

Við fengum örlítið rýmri tíma til að ræða málið og ég held að útbýtingarfundurinn hafi loksins verið haldinn klukkan tólf eða á miðnætti. Og það má kannski segja að allt í kringum þetta frv. hafi verið hálfgert myrkraverk og unnið í skjóli myrkurs eða nætur.

Það var fullyrt við okkur í gær þegar málið var tekið út úr nefndinni seint í gærkvöldi, rétt fyrir miðnætti, að það kæmi ekki til greina að 2. umr. um frv. yrði í dag, enda höfðum við óskað eftir upplýsingum í framhaldi af þeirri breytingu sem fyrir lá um hvaða áhrif hún mundi hafa á þá báta sem um ræddi, upplýsingum sem nauðsynlegt var fyrir okkur að fá til að gera okkur grein fyrir áður en við færum í 2. umr., aðalumræðu málsins, hvaða áhrif breytingartillagan hefði fyrir þá báta sem um ræddi. En það var ekki staðið við það og hér stöndum við aftur í skjóli myrkurs þó að komið sé sumar og ræðum málið, örfáir þingmenn. Nú stendur yfir þingfundur þar sem allir þingmenn hafa skyldu til að sitja og mæta og við sitjum hér örfáir þingmenn úr sjútvn. og í salnum núna erum við eingöngu þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar í sjútvn. og erum að ræða málið okkar á milli. Þetta er, hæstv. forseti, farið að minna mann á þegar umræður stóðu hér um útvarpslögin sem nýbúið er að afgreiða.

Ég verð þó að hæla hæstv. ráðherra fyrir það hve úrræðagóður hann er. Þetta er í annað skiptið á tiltölulega stuttum tíma þar sem þingmenn Norðvest. sækja að ráðherra með sérstakar kröfur fyrir sitt svæði og hafa lýst því yfir og svarið það hverjum sem heyra vildi að þeir mundu aldrei gefast upp og fyrr dauðir liggja en að standa ekki við það sem þeir hefðu lofað, og aftur núna tekst ráðherra snilldarlega að snasa þessa sömu hv. þm.

Við munum öll sem fylgdumst með umræðunni og málatilbúnaði í kringum línuívilnunina þar sem þingmenn Norðvest. börðu sér á brjóst og sögðust ætla að ná línuívilnun fyrir dagabáta, línuívilnun fyrir alla þá sem á þyrftu að halda. Ef þeir næðu ekki 50% línuívilnun í þorski þá mættu þeir hundar heita.

Hvernig fór línuívilnunarmálið? Ráðherra lagði fram frv. um línuívilnun sem var með þeim eindæmum að það hefði ekki hvarflað að nokkrum manni að þessir sömu þingmenn mundu samþykkja það en einhverra hluta vegna endaði það svo að þeir kenggáfust upp. Ráðherra var búinn að sinna þeirri skyldu sinni sem búið var að knýja hann til, að leggja fram frv. um línuívilnun þó að það væri allt annað frv. en þeir höfðu lofað, frv. sem tók til baka byggðakvótana í raun á sama tíma þannig að sjútvrh. stóð nokkuð jafnréttur eftir, hann vildi sjá þessa byggðakvóta feiga. En honum tókst snilldarlega að leggja fram frv. sem ruglaði þessa hv. þm. Norðvest. þannig í ríminu að þeir héldu að þeir væru að fá það sem þeir voru að biðja um og samþykktu línuívilnunina en lýstu því jafnframt yfir, sumir hverjir, að fyrst þeir væru að gefast upp í því máli eða næstum því gefast upp skyldu þeir nú aldeilis setja niður hælana í dagamálinu, þeir mundu ekki gefast upp með sama hætti í því.

Hvað gerist svo þegar þessir sömu þingmenn fara að narta í hælana á hæstv. sjútvrh. og benda honum á að nú sé þingið að verða búið, hann sé ekki búinn að leggja fram frv. um dagabátana og nú muni þeir láta til skarar skríða og gera að honum aðsúg að hætti fornmanna og knýja hann til þess að koma með frv. um dagabátana? Jú, hæstv. ráðherra hikar við en kemur síðan með frv. sem er í raun og veru alls ekkert um gólf í dagabátana heldur allt aðra hluti. Og eftir að hafa hlustað á hv. þm. og gamlan baráttumann, Einar Odd Kristjánsson, í pontunni áðan verð ég að segja að að mörgu leyti minna þeir mig, hv. þingmenn, á skólabræður mína í barnaskóla sem ákváðu að taka einn félaga okkar í gegn, hann væri ekki alveg að makka rétt. Þeir voru þrír saman og gerðu að honum aðsúg þar sem hann stóð undir skólaveggnum. Hann var tiltölulega hraustur sá og lét sér ekki bregða þó að þeir kæmu þrír og áður en yfir lauk var hann búinn að draga úlpuna yfir hausinn á þeim öllum, setja fótinn í afturendann á þeim og senda þá öfuga í burtu frá sér og stóð uppi sem sigurvegari á sama hátt og í þessari glímu. Hæstv. sjútvrh. hefur haft fullnaðarsigur á þeim hv. þm. sem hér hafa verið að sýna einhverja tilburði í það að ætla að setja gólf í dagabátana.

Nei, hæstv. forseti, sóknarkosturinn sem boðið var upp á í frv. hæstv. ráðherra var ónýtur. Á það var margoft bent við 1. umr. Allar umsagnir sem komu til nefndarinnar staðfestu það og nú er hæstv. ráðherra og meiri hluti sjútvn. í raun búinn að staðfesta það líka með því að breyta frv. með þeim hætti sem þeir eru búnir að gera og leggja fram þessa breytingartillögu.

Í öllum þessum aðdraganda hlýtur maður að velta fyrir sér hvernig á því stendur. Hvernig stendur á því að frv. sem átti að vera unnið í fullri samvinnu, eftir því sem búið var að segja okkur óbreyttum þingmönnum, við Landssamband smábátaeigenda um útfærslu og hvernig ætti að gera þetta skuli enda uppi sem frv. nánast í algjörri ósátt við þau samtök og snúast um kvóta en ekki um daga? Einhvern veginn virðist vera eins og ákveðinn hópur dagabátaeigenda hafi ákveðið að fara af stað og reyna að fá félaga sína í lið með sér til þess að krefjast kvóta.

Við heyrðum af því í fjölmiðlum að fram hefði farið undirskriftasöfnun hjá eigendum dagabáta um það hvort þeir vildu vera áfram í dögum eða hvort þeir vildu fara í kvóta. Ég held að það hafi verið í Morgunblaðinu sem fram kom að tæpir 200 eigendur væru búnir að skrifa undir þessa lista. Þetta gerist á sama tíma og enginn innan þings, eftir því sem maður hélt, var að velta fyrir sér kvóta á þessa báta. Þetta gerist á sama tíma og maður hélt að enginn innan sjútvrn. væri að velta fyrir sér kvóta á þessa báta. En einhverra hluta vegna komu þessir menn aldrei með þessa lista, þeir sýndu aldrei þessar undirskriftir, og eftir að þeir höfðu komið og heimsótt okkur í sjútvn. sögðu þeir aðspurðir að þeir hefðu jú staðið fyrir slíkri undirskriftasöfnun en þeir upplýstu okkur aldrei um hve margir hefðu skrifað undir listana þannig að við vitum það ekki enn.

Þessi hópur sem samanstendur af fjórum eigendum dagabáta kallar sig áhugahóp um dagabáta. Þeir svöruðu því til þegar við spurðum út í þessi samtök að þau hefðu verið stofnuð 23. maí, fyrir örfáum dögum, til þess að berjast fyrir hagsmunum dagabáta, þeim hagsmunum að koma þeim í kvóta. Samþykktir þessa félagsskapar voru með þeim hætti að í félagsskapnum er engin stjórn, ekki haldnir stjórnarfundir, og þeir töldu að þeir væru með u.þ.b. 20 eigendur dagabáta af þeim 292 sem þá eiga innan sinna vébanda.

Einhverra hluta vegna hefur þessi hópur haft talsvert mikil áhrif á hvernig niðurstaðan hefur orðið í málinu og hvernig frv. lítur út. Ég ætla í sjálfu sér ekkert að gera lítið úr því að menn sem reka fyrirtæki og eiga sína báta og sjá fram á að þeir gætu fengið fastari grunn undir rekstur sinn út úr þessu kerfi, berjist í því að koma rekstrinum á fastari grunn. Það sem maður hefur bæði heyrt og séð til þessa hóps sýnir að þetta eru ákafamenn. Þetta eru menn sem vilja láta hlutina ganga og láta ganga undan sér, enda þeir menn sem kannski hafa náð sér í mikla aflareynslu með dugnaði á bátum sínum. En það er einu sinni svo að kapp er best með forsjá og ég verð að segja alveg eins og er eftir að hafa hitt þessa aðila á fundi sjútvn. og rakið þar úr þeim garnirnar ásamt öðrum sjávarútvegsnefndarmönnum að mér finnst örla á því að þeir hafi ekki unnið af fullum heilindum í málinu. Þeir sögðu okkur í sjútvn. að þeir hefðu hringt í alla eigendur dagabáta sem þeir náðu í, 292 að tölu. Þeir hefðu náð í 227 þeirra og spurt hvort þeir vildu aflamark eða hvort þeir vildu daga. Niðurstaðan var sú að yfirgnæfandi meiri hluti vildi aflamark.

Aðspurðir sögðu þeir okkur þó að frv. hefði jú verið komið fram á þessum tíma með þessum arfavondu valkostum, sem ég kallaði hér kjöt og skít, þannig að eigendur dagabáta gerðu sér grein fyrir hvað lá á borðinu og hvað var í boði. Ætluðu þeir að velja kjötið eða ætluðu þeir að velja skítinn? Það var spurningin sem þeir fengu og að sjálfsögðu var yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem sagði: Við ætlum að velja kvóta ef þetta eru kostirnir sem standa okkur til boða. Ef við getum annars vegar valið fastan kvóta með þeirri úthlutun sem verið er að lofa okkur eða hins vegar ónýtt dagakerfi þar sem dagarnir geta minnkað um helming á næsta ári verðum við að velja kvótann.

Þegar þeir kynntu fyrir okkur þessa könnun sína fannst mér í upphafi eins og þeir legðu málið þannig fram að yfir 80% hefðu svarað því aðspurðir að þeir vildu kvóta. Það er ekki svar við þeirri spurningu hvort menn ætli sér að velja betri kostinn af tveimur slæmum sem liggja á borðinu. Reyndar hef ég síðan heyrt hv. þingmenn halda því fram í fjölmiðlum og fara einmitt með þessa rangfærslu að gerð hafi verið skoðanakönnun um það hvort menn vildu kvóta eða daga og út úr henni hefði komið að yfirgnæfandi meiri hluti vildi kvóta. Ég reikna með að það hafi kannski verið það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vitnaði í áðan þegar hann sagði að hann yrði bara að gefast upp því þessir dagakarlar vildu bara allir kvóta. Það hefði eiginlega aldrei hvarflað að honum en það væri bara staðreyndin núna að þeir vildu allir kvóta og það þýddi ekkert fyrir hann að vera að slást í því meira að reyna að halda þessum mönnum í dögum. En þegar skoðað er hvað liggur að baki svörunum er þetta ekki svona.

Annað sem maður veltir fyrir sér varðandi vinnubrögðin í kringum frv. er að mér sýnist eins og sjútvrn. og þeir sjávarútvegsnefndarfulltrúar sem komið hafa að því að semja frv. hafi nánast vísvitandi farið fram hjá Landssambandi smábátaeigenda. Hvað veldur því er ekki gott að segja. Kannski það að alveg frá upphafi lá fyrir að forustumenn Landssambands smábátaeigenda, svæðafélögin og allir sem ályktað höfðu um þessi mál, höfðu ályktað um það að þeir vildu gólf í dagakerfið og enginn þeirra hafði bent á þá leið að nú ættu menn að fara í kvóta.

Ég held að þeir sem hér hafa talað um frv., margir hverjir, geri sér kannski ekki grein fyrir þeirri miklu breytingu sem verður á sóknarmynstri þessara báta við það að fara úr dögum í kvóta. Bátar sem flykkst hafa vestur á firði eða á Langanes eða á þá staði þar sem fisk er að hafa í það skiptið, mestan fisk á sóknareiningu, munu hætta því. Af hverju? Af því að hvatinn til þess að fiska mikið á stuttum tíma mun að mestu leyti hverfa vegna þess að þetta mikla fiskirí á stuttum tíma er yfirleitt yfir hásumarið þegar fiskverð er sem lægst. Það þýðir einfaldlega að ef menn vita nákvæmlega hvað þeir mega fiska, þeir eiga kvóta og mega fiska 40 tonn, þá fara þeir ekki og fiska eins og víkingar yfir sumarið þegar verðið er lægst og fiska þessi 40 tonn á tiltölulega fáum dögum og hafa lítið út úr því. Nei, þeir munu örugglega velta því fyrir sér hvernig best væri fyrir þá að dreifa þessu fiskiríi. Ættu þeir ekki að fara að vori og hausti áður en toppurinn kemur og fiskverð lækkar? Fiskverkendur fara meira og minna í sumarfrí og verðið er það lægsta sem það verður á árinu yfir hásumarið.

Auðvitað munu þeir gera það, auðvitað munu þeir reyna að hámarka það verð sem þeir fá fyrir þann afla sem þeir geta tekið. Það mun þýða að byggðirnar sem hafa verið að fá flokka af kúrekum sjávarins, eins og smábátaeigendurnir eru kallaðir, margir hverjir, þar sem þeir fara um í flokkum eins og kúrekarnir gerðu í gamla daga þegar þeir ráku nautahjarðir á þann stað þar sem best var borgað, þar sem best var að koma með nautgripina til að láta slátra þeim, nákvæmlega á sama hátt hafa dagabátaeigendur flykkst eins og kúrekar sjávarins á þá staði þar sem best er að hafa. Þetta verður liðin tíð. Þetta mun hafa geysilega mikil áhrif á þessar byggðir

og ég hef verið að velta því fyrir mér þennan sólarhringinn, hæstv. forseti, hvernig í ósköpunum standi á því að baráttumenn byggðanna úr Norðvest., Einar Oddur Kristjánsson, Einar Kristinn Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson ...

(**Forseti** (BÁ): Hv. þingmenn.)

Já, ég ætlaði að bæta því við í restina. Hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson og Kristinn H. Gunnarsson hafa allir verið mjög öflugir baráttumenn fyrir byggðirnar á Vestfjörðum og það var ekki fyrr en hæstv. sjútvrh. talaði hér úr pontunni fyrr í umræðunni sem ég gerði mér grein fyrir því að það hékk kannski eitthvað aðeins meira á spýtunni vegna þess að hæstv. ráðherra fór yfir það, ja, ég veit það ekki, svona nánast fyrir slysni kannski, að hann hefði ákveðnar heimildir til þess að bregðast við því ef byggðir yrðu fyrir verulegu áfalli. Ég held að við allir sem höfum fylgst með og þekkjum hvað þessi flokkur kúreka sjávarins hefur verið að gera fyrir byggðirnar þar sem þeir hafa komið og hvaða áhrif það mun hafa þegar þeir hætta að koma, gerum okkur grein fyrir að það er veruleg minnkun á þeim afla sem verið er að landa í þeim höfnum og veruleg áhrif sem það kemur til með að hafa á þau byggðarlög. Þegar hæstv. ráðherra sagði að hann hefði skv. 9. gr. fiskveiðistjórnarlaga ákveðnar heimildir til þess að mæta slíkum áföllum hvarflaði það að manni, herra forseti, hvort verið gæti að það væru fleiri spil í þessum spilastokki en búið er að sýna, hvort það geti verið að búið sé að veifa einhverjum hluta af þeim 12 þús. tonnum sem hæstv. sjútvrh. hefur til að bregðast við áföllum byggðarlaga, það væri búið að sýna eða handsala eða gefa með einhverju móti til kynna að hluti af *þessum tonnum færi þá bara á þessa staði, eins og Suðureyri,* eins og Skagaströnd, á þá staði sem fyrir mestu búsifjunum verða þegar flokkur dagabáta hættir að mæta á svæðið.

Í 9. gr. fiskveiðistjórnarlaganna segir, með leyfi forseta:

„Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda."

Og hér kemur greinin sem ég var að vísa til, með leyfi forseta:

„2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á bolfiski.

b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum."

Breytingin sem gerð var á 9. gr. fyrir síðustu áramót veitir í raun hæstv. ráðherra heimildir til þess að bæta byggðarlögum upp skerðingu sem þau verða fyrir. Og það læðist að manni sá grunur að það sé skiptimyntin í því að koma öllum dagabátum undir kvóta að ef einhverjir hv. þingmenn eða sveitarstjórnarmenn eða aðrir hafa áhyggjur af því hvað gerist á þeirra svæði, á þeirra stöðum, sé búið að flagga þessu, það sé búið að opna kistuna og sýna aðeins ofan í 12 þús. tonna kistuna og segja: Hér er gullið, ég á nóg. Verðir þú fyrir vandræðum get ég bætt þér það upp, kæri vin. Og þar með fara menn dansandi inn í kvótakerfi, menn sem alltaf hafa verið á móti því að setja smábátana inn í það kerfi.

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki mikla ánægju af því eða tel að það svari þeim kröftum sem fara í það að standa hér fyrir tómum sal Alþingis og tala um þetta hjartans mál mitt en þætti vænt um ef hv. formaður sjútvn. léti svo lítið að láta sjá sig í salnum — þar mætir nú hv. formaður sjútvn. — vegna þess að ég vonaðist til að ég kæmist aðeins fyrr að í umræðunni og hafði ætlað mér að spyrja ráðherrann nokkurra spurninga en að sjálfsögðu hef ég engar athugasemdir við það að spyrja hv. formann sjútvn. þeirra spurninga af því að hann hlýtur að geta svarað þeim.

Fyrsta spurningin sem ég hafði sett niður var einföld: Datt hv. formanni sjútvn. nokkurn tíma í hug að einhver veldi sókn í upprunalega frv. eins og það lá fyrir, mundi velja þann kost að velja sóknardaga á móti þeim kosti sem boðið var upp á í kvóta?

Ég vil inna hv. formann sjútvn. eftir því hverjir komu að samningu þess frv. sem lagt var hér fram. Hvernig í ósköpunum stóð á því að allt í einu birtist kvóti inni í því frv. sem átti að vera um dagabáta? Veit hv. formaður sjútvn. til þess að áhugahópur dagabátaeigenda hafi hitt einhvern af þeim sem komu að samningu umræddss frv., annaðhvort ráðherra, sjávarútvegsnefndarmenn eða embættismenn sem komu að samningu frv. í aðdraganda þess að frv. varð til?

Hvernig var samráði við Landssamband smábátaeigenda háttað? Hvenær hófst það samráð, hvernig var því háttað, hvernig fór það fram og hvernig endaði það? Ég ætla í lok máls míns á eftir að lesa upp, með leyfi forseta, ljósvakahandritið sem ég notaði í andsvörum í upphafi umræðunnar því ég komst ekki yfir það á þeim stutta tíma sem þar var *skammtaður en þar kemur í ljós að forsvarsmenn Landssam*bands smábátaeigenda virðast vera allt annað en sáttir og eins og fréttamaður kallaði það alveg gáttaðir.

Í fimmta lagi langar mig að inna hv. formann sjútvn. eftir því hvort gerð hafi verið einhver tilraun til þess að meta hvaða áhrif sá gerningur, að dagabátur fari í kvóta, gæti haft á löndun afla á þeim höfnum þar sem mestum afla þeirra báta hefur verið landað hingað til.

Ég spyr að gefnu tilefni um aðkomu áhugahóps dagabátaeigenda að málinu vegna þess að eins og ég fór yfir áðan, ef ég man það rétt, þá sögðu þessir aðilar aðspurðir að félagsskapurinn hefði verið stofnaður 23. maí frekar en 20. maí. Við erum með ályktun frá Félagi áhugahóps dagabátaeigenda sem dagsett er 24. maí þar sem þeir fara fram á að gætt verði sérstaklega að því ákvæði í frv. hvernig fara skuli með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður og það gert skýrara og sanngirni verði gætt gagnvart viðkomandi aðilum. Þetta er nefnilega eitt af þeim atriðum sem komu inn í breytingartillöguna, það var einmitt reynt að gera þetta gagnvart þeim aðilum sem höfðu endurnýjað eigin báta.

Í ályktun frá Félagi áhugahóps dagabátaeigenda, dagsett 24. maí, kemur einnig fram að sóknarkerfið verði aflagt með öllu enda sé ekki forsvaranlegt að reka sérstakt fiskveiðistjórnarkerfi fyrir svo fáa báta sem fyrirsjáanlegt er að munu velja sóknardagana áfram eins og skoðanakönnunin sem félagið gerði, hringingin sem ég talaði um áðan, leiddi í ljós.

Þetta fengu þeir inn í breytingartillöguna. Það var akkúrat það sem gerðist með breytingartillöguna sem við sáum svo 25. maí, daginn eftir. Þá hafði það gerst að gætt hafði verið sérstaklega að hagsmunum þeirra sem höfðu farið í fjárfestingar í eigin bátum, sanngirniskrafa ef menn ætluðu í þennan

kvóta á annað borð, og sóknardagakerfið aflagt með öllu. Því hlýtur maður að spyrja þegar forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda lýsa undrun sinni á því með hvaða hætti þessi hópur hefur komist að embættismönnum, sjávarútvegsnefndarmönnum og ráðherra með hugmyndir sínar fram hjá stjórn landssambandsins: Hvernig í ósköpunum stendur á aðkomu þessara manna að málinu? Hvað veldur því að þeir hafa svona góða aðkomu að þeim sem semja frumvörp um málefni þeirra og að niðurstaðan verður einmitt sú sem þeir eru að óska eftir eða biðja um?

Eins og fram kom í andsvari í upphafi máls míns er í raun ekkert að marka það sem stendur í breytingartillögunni sem mælt var fyrir í upphafi umræðunnar um þetta mál. Prósenturnar sem verið er að tala um þar hafa breyst frá því í gærkvöldi að breytingartillagan var lögð fyrir sjútvn. Til að gætt sé allrar sanngirni var okkur sagt þar, og það kemur fram í nál. meiri hluta sjútvn., að það mætti búast við því að þessar prósentur gætu breyst og það kæmi þá fram við 3. umr. eða milli 2. og 3. umr. Búið er að boða fund í nefndinni í fyrramálið þar sem ég reikna með að við sjáum einhverja breytingartillögu á þessum prósentum vegna þess að þegar er farið að reikna út samkvæmt öðrum prósentum, ekki þeim prósentum sem við leggjum fram hér heldur öðrum prósentum.

Ég fór yfir það í andsvarinu og ætla að fara yfir það aftur, virðulegi forseti, að nú á að reikna út þannig að 91% af viðmiðunaraflareynslu upp að 42,5 tonnum á að koma inn sem kvóti viðkomandi báts og 45% af því sem er umfram 42,5 lestir. Þetta er talsverð breyting. Það þýðir í raun að nú fá 24 bátar úthlutað 50 tonnum eða meiru, þeir voru aðeins fleiri, en 154 fá undir 34 tonnum. Horfandi á þetta væri ekki óeðlilegt að álykta að u.þ.b. helmingur bátanna, sem eru 292, horfi fram á það að hafa 30 tonn eða minna í kvóta miðað við þessa reiknireglu og það má alveg ætla að sá helmingur muni horfa til þess að selja þessar heimildir frá sér. Annaðhvort verða þeir að gera það eða reka báta sína með því að nýta heimildir sínar upp á 30 tonn og leigja síðan til sín aukaheimildir til að ná að reka bátana skammlaust á hverju rekstrarári.

Mér segir svo hugur um að það verði ekki undir 100 bátar sem selja aflaheimildir sínar. Það er talsvert mikil breyting í kerfi sem telur 292 báta. Það eru hamfarir í því kerfi vegna þess að þegar bátunum fækkar svona mikið landa þeir að sjálfsögðu ekki sums staðar þar sem þeir höfðu landað áður.

Virðulegi forseti. Vegna þess að hér hefur komið fram bæði í ræðu og riti að þetta sé gert í sátt við Landssamband smábátaeigenda — reyndar hafa sumir hv. sjávarútvegsnefndarmenn meiri hlutans passað sig á að tala ekki um samkomulag við landssambandið, tala ekki um sátt heldur um sameiginlega niðurstöðu. Ég hef tekið eftir því að þeir hafa sérstaklega passað sig á að nefna ekki að það væri sátt um málið eða samkomulag heldur að þetta væri sameiginleg niðurstaða sjútvrn. og Landssambands smábátaeigenda. Við fórum ekkert í grafgötur með það, sjávarútvegsnefndarmenn, sem hittum í gærkvöldi ásamt ráðuneytisstjóra sjútvrn. framkvæmdastjóra og formann Landssambands smábátaeigenda að þetta höfðu verið ansi stífir samningar, ef hægt er að kalla það samninga þegar menn setjast við samningaborðið með eins skakka stöðu og þarna var, að það var ekki mikil sátt sem skein framan úr þeim mönnum. Ég ætla því að leyfa mér að endingu, virðulegi forseti, að lesa upp úr ljósvakahandriti, það er viðtal við Örn Pálsson, framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda, sem fram fór í sjónvarpsfréttum klukkan 19 í kvöld. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda segjast vera gáttaðir á því að svo skuli komið að við blasi að Alþingi afnemi sóknardagakerfi smábáta.

Framkvæmdastjóri sambandsins segir að hann óttist að við blasi miklir erfiðleikar hjá eigendum margra þeirra 300 báta sem þetta snúist um.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda: „Það er greinilegt að sjávarútvegsráðherra hefur alltaf haft það á stefnuskrá sinni að leggja af sóknardagakerfi smábáta. Okkur óraði samt sem áður ekki fyrir þessu miðað við viðræðurnar sem við áttum við hann nú á síðastliðnum árum og á síðastliðnum mánuðum.“

Sjávarútvegsráðherra hafi svo kastað framan í smábátaeigendur, eins og Örn orðar það, lagafrumvarpi þar sem gert hafi verið ráð fyrir því að leggja sóknardagakerfið af.

Örn Pálsson: „Þannig að við höfðum ekkert, engan grun um það að hann væri að koma með frumvarp sem myndi leggja af þetta kerfi.“

Helgi H. Jónsson fréttamaður: „Teljið þið ykkur beinlínis svikna?“

Örn Pálsson: „Við teljum að það hafi verið komið aftan að okkur í þessu máli og það af hálfu sjávarútvegsráðherra.“

Örn segir að fyrir kosningar til Alþingis hafi ýmsir þingmenn lýst yfir því að þeir vildu halda í sóknardagakerfið, tryggja það og festa í sessi en nú væri komið annað hljóð í strokkinn hjá þingmönnum sem svo hafi talað.

Örn Pálsson: „Meðal annars þingmenn Norðvesturkjördæmis og formaður þingflokks Framsóknarflokksins.“

En hverja telja menn hjá Landssambandi smábátaeigenda þá skýringuna á slíkum sinnaskiptum?

Örn Pálsson: „Ætli það sé ekki skýringin á því að þeir telji það farsælla að ríkisstjórnarsamstarfið haldi og, en ég vil nú samt sem áður minna á það að það var mat margra fyrir, eftir að kosningaúrslitin lágu fyrir að þessi mál hafi einmitt gert það að verkum að ríkisstjórnarflokkarnir héldu meiri hluta sínum.““

Ég held, virðulegi forseti, að ég verði að taka undir með framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda í þeirri ályktun sem hann dregur þarna að tal margra hv. þm. í kosningabaráttunni um að þeir bæru hag dagabátaeigenda fyrir brjósti hafi einmitt orðið til þess að nokkrir, leyfi ég mér að fullyrða, hv. þingmenn komust inn á þing sem annars hefðu kannski ekki gert það.

Ég geri mér grein fyrir því að ég kastaði fram mörgum spurningum til hv. formanns sjútvn. og hann á ekki nokkurn möguleika á að svara þeim í stuttu andsvari, enda býst ég við að formaður sjútvn. hljóti að biðja um ræðu til að taka þátt í umræðunni og vona satt að segja að hann geymi svör við spurningunum sem hann getur ekki svarað í stuttu andsvari þangað til hann kemur upp í seinni ræðu sína. (**MÞH:** Má maður ekki að svara fyrirspurninni? Ertu ekki maður til að svara ...?) (**Gripið fram í:** Á ég að ...?)

[01:58]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Þingmönnum er bent á að tala úr ræðustól þegar þeim hefur verið gefið orðið og kallast ekki á hér enda á milli í salnum.

[01:59]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hv. formaður sjútvn. hefur afskaplega vondan málstað að verja því að hann kýs að svara ekki þeim spurningum sem til hans er beint þó að þær spurningar séu nú kannski ekkert voðalega flóknar og erfiðar til svars. Þetta segir manni meira en mörg orð og styrkir mann í þeirri vissu að þeir sem nú reyna að koma þessum afleitu tillögum í gegnum þingið eru að verja vondan málstað. Og þeir verða dæmdir af verkum sínum, þessir menn. Þeir verða dæmdir af verkum sínum þegar sagnfræðingar framtíðar munu setjast niður og lesa þær ræður sem hér hafa verið haldnar í kvöld, skoða feril þessa máls, skoða sögu íslenska kvótakerfisins og þeir geta um leið dæmt um það hvaða afleiðingar gerðir þessara manna höfðu fyrir byggðina á Íslandi, hvaða afleiðingar þær höfðu fyrir þá sem nú lifa og hvaða afleiðingar þær höfðu fyrir komandi kynslóðir. Það verður ekki fagur vitnisburður, herra forseti. Ég sem hér stend prísa mig sælan fyrir að þurfa ekki að vera í þessu ömurlega liði.

Það sem er að gerast hér mætti nánast flokka undir landráðastefnu. Þetta er stórt orð, hæstv. forseti, en ég stend við það. Ég hef fyrr í dag sakað ákveðna þingmenn um að vera svikara. Ég stend líka við þau orð því þessir hv. þm., og ég kem að því seinna í ræðu minni, hafa gengið svo freklega á bak orða sinna og loforða til kjósenda sinna, til fólksins sem treysti þeim og trúði þeim að þess finnast fá dæmi, að ég hygg, í íslenskri pólitík að menn hafi svo gersamlega gengið á bak orða sinna.

Þarna gengur einn þeirra hv. þingmanna úr salnum, hv. þm. Hjálmar Jónsson, maður sem lofaði gólfi fyrir dagabátana í kosningabaráttunni en svíkur allt. (**Gripið fram í**: Árnason.) Jæja, það skiptir ekki máli hvað hann heitir svo sem.

Hvað um það. Við í stjórnarandstöðunni höfum í allan vetur barist í þessu máli og við höfum háð heiðarlega baráttu. Við háðum heiðarlega kosningabaráttu og okkur var fúlasta alvara í þeirri baráttu um að standa við það sem við lofuðum.

Síðar í haust, seint í haust, komum við fram, tveir stjórnarandstöðuflokkar, með lítið frumvarp um að hinir svokölluðu sóknardagabátar skyldu fá 23 daga vegna þess að við vissum að fólk mjög víða um land hafði miklar áhyggjur. Því leið mjög illa vegna þess að ekki var búið að skapa þessum flota trygg rekstrarskilyrði. Úr þessu vildum við bæta vegna þess að við berum hag landsbyggðarinnar fyrir brjósti og okkur er fúlasta alvara í því.

Við teljum að það sem þarf að gera til þess að landsbyggðin fái að halda velli sé mjög einfalt. Það er sorglegt að fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, núverandi formaður sjútvn., skuli ekki hafa séð ljósið í þeim efnum. Þá væri ástandið betra í heimabæ hans en raun ber vitni. Þar hefur íbúum fækkað mjög hratt á undanförnum árum. Þar er mikið viðvarandi atvinnuleysi og nú búa þar jafnfáar manneskjur og bjuggu þar rétt eftir gos fyrir 30 árum.

En það er ekki að sjá að formaður sjútvn. hafi miklar áhyggjur af þessu ástandi, ónei. Enn skal höggið í sama knérunn og enn skal unnið að því að takmarka möguleika sjávarbyggðanna til að lifa á sínum eigin forsendum af þeim náttúruauðlindum sem byggðu þær upp á sínum tíma. Þær eru að sjálfsögðu fiskurinn í sjónum og strandveiðiflotinn sem skapaði atvinnu í þessum bæjum langt fram eftir síðustu öld, allt þar til kvótakerfið var sett á og menn fóru að tala um svokallaða hagræðingu og veðsetja óveiddan fiskinn í sjónum og steypa sér út í svo hrikalegar skuldir að Íslandssagan hefur aldrei séð annað eins. Sjávarútvegurinn hefur aldrei verið jafnskuldsettur og í dag út á óveiddan fiskinn í sjónum. Áfram skal haldið á þessari brjáluðu braut. Nú á að reka smiðshöggið á þessa gjaldþrotastefnu og koma síðustu bátunum inn í kvóta meðal annars til að bæta eiginfjárstöðu þeirra eins og sjútvrh. komst svo hnyttilega að orði, þannig að þeir fái möguleika á því að veðsetja óveiddan fiskinn í sjónum og fái möguleika á því að selja og höndla sín á milli með óveiddan fiskinn í sjónum.

Áður en ég held áfram með mál mitt langar mig til að velta upp einni spurningu sem ég fór að hugsa um í dag. Hún er þessi: Hvaða rétt hafa þeir menn sem eiga þessar svokölluðu dagatrillur í dag yfir höfuð til að fá kvóta? Hafa þeir nokkurn meiri rétt en þeir sem hafa baslað við að gera út kvótalausa báta á undanförnum árum og leigja til sín kvóta fyrir okurpening af sægreifunum sem fengu þennan kvóta ókeypis frá okkur, eigendum hans, fólkinu í landinu? Af hverju skyldu þessir krókakarlar hafa meiri rétt en kvótalausir til að fá kvóta? Þeir hafa bara nákvæmlega ekkert meiri rétt en þeir. Það hafa þeir ekki. Þeir hafa engan rétt á því að fá kvóta. Þeir eiga enga heimtingu á því að fá kvóta, ekki nokkurn einasta. Það er mergurinn málsins.

Það væri gaman ef hv. formaður sjútvn. lufsaðist nú til að koma hér í stólinn og svara þeim spurningum sem til hans er beint, ef hann hefði nú kannski hugmyndaflug og hugrekki til þess. Hann ætti að svara eftirfarandi spurningu: Hvaða rétt hafa þessar dagatrillur á að fá kvóta meðan aðrir eru kvótalausir að basla við að gera út sem leiguliðar og þrælar sægreifanna? Hvaða rétt hafa þeir fram yfir þessa menn? Þessari spurningu þarf að svara.

Ég tel einsýnt ef þessir dagakarlar eiga nú að fá kvóta þá eigi þeir kvótalausu menn sem hafa verið að basla í kerfinu *í mörg ár og skilað þjóðarbúinu miklum tekjum, hafa staðið* sig eins og hetjur margir hverjir við mjög erfiðar aðstæður, líka rétt á að fá kvóta, að sjálfsögðu. Þeir ættu þá að fá svokallaða viðmiðunarkvóta, er það ekki? Ég hefði nú haldið það, heldur betur.

Nei, þetta er allt saman ein langavitleysa. Ég veit ekki hvar þetta endar. En ég veit að þetta endar með því að nöfn þeirra manna sem standa að þessum ógjörningi núna og nöfn þeirra manna sem munu bíta á agnið og notfæra sér þetta til að auðgast sjálfir á kostnað afkomenda sinna, þ.e. éta útsæðið, selja erfðasilfrið, munu ekki fá eftirsóknarverðan bautastein í framtíðinni.

Það hefur verið svolítið athyglisvert að skoða tölur sem lagðar hafa verið fyrir hv. sjútvn. í sambandi við þetta mál. Þá hefur maður gert sér grein fyrir því hversu miklu máli þessir bátar skipta. Hversu margir bátar eru þetta? Jú, þetta eru um 300 bátar. Á Vesturlandi einu, þ.e. Vesturlandi og Snæfellsnesi, þ.e. héðan frá norðanverðri Reykjavík, ef svo má segja, og vestur á Snæfellsnes þá eru þetta um 70 bátar. Á Vestfjörðum eiga 65 bátar sína heimahöfn. Á Norðurlandi eru þetta 44 bátar. Á Austfjörðum eru þeir 29. Í kjördæmi formanns sjútvn., hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar, eru þetta um 35 bátar. Hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru þetta rúmlega 20 bátar.

Þessir bátar hafa á undanförnum árum verið að veiða þetta á bilinu 8–12 þúsund tonn. Ég tel að gæftir hafi haft mest áhrif á þennan afla og þetta er afli sem hefur skapað mikil verðmæti. Hann hefur borist á land víða og skapað

mikla atvinnu. Hann hefur verið fluttur víða um land frá þessum höfnum þar sem hann hefur m.a. skapað tekjur fyrir hafnarsjóði. Hann hefur skapað mönnum vinnu við viðhald á bátunum. Hann hefur skapað tekjur vegna sölu á olíu, vistum og búnaði, skapað tekjur vegna viðhalds, skapað tekjur vegna löndunar, tekjur vegna fiskvinnslu og kannski síðast en ekki síst fiskflutninga að sjálfsögðu. Það er ekkert að því þó að afli sé fluttur frá einhverri löndunarhöfn til vinnslu á öðrum stað á landinu. Stór hluti af þessum afla hefur m.a. lent suður á Suðurnesjum þar sem hann hefur verið unninn í svokallaðan flugfisk sem er dýrasta fiskafurð sem við seljum úr landi í dag. Stór hluti af þessum afla hefur verið unninn á Stór-Reykjavíkursvæðinu, einnig í flugfisk. Hann hefur verið unninn og síðan hefur hann verið keyrður til Keflavíkur beint um borð í flugvélar. Þessi floti þarf ekki að skammast sín fyrir nokkurn skapaðan hlut. Hann stundar vistvænar veiðar. Hann stundar mannvænar veiðar, skapar mikla atvinnu, skapar ágætis tekjur, gott mannlíf og afurðir sem seljast háu verði.

En nú á að rústa þessu til að koma þessum mönnum inn í kvóta. Það er tregara en tárum taki.

Það var mikið reiðarslag að fá þær fréttir seint í gærkvöldi að meiri hluti sjútvn. ætlaði að afgreiða þær breytingartillögur út úr nefndinni sem við höfum liggjandi fyrir okkur hér í dag. Það var mikið áfall, sérstaklega fyrir byggðir þessa lands.

Við stjórnarandstæðingar höfum í allan vetur reynt að pressa á að komið yrði á, eins og ég kom að áðan, almennilegu rekstrarumhverfi fyrir þessa báta, að sett yrði á ákveðið gólf. Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri grænir lögðu fram frv. um þetta í vetur en formaður sjútvn. sem ber mjög þunga ábyrgð í þessu máli hefur vísvitandi tafið það þó að það hafi verið tilbúið til afgreiðslu úr sjútvn. allt frá því rétt eftir páska.

Þetta ágæta frumvarp okkar náði þó svo langt að sendar voru út beiðnir um umsagnir. Umsagnirnar sem bárust um þetta frv. um 23ja daga gólf og möguleika á aukningu ef þorskkvótinn yrði aukinn, voru mjög jákvæðar frá félögum smábátaeigenda allt í kringum landið. Ég get tekið nokkur dæmi.

Félagsmenn í Árborg, þ.e. í Þorlákshöfn, lýstu stuðningi við þetta. Félag dagabátaeigenda lýsti yfir afdráttarlausum stuðningi. Félag dagabátaeigenda, takið eftir. Það er ekki sama félag og félag kvótabraskaranna sem hefur farið hér um með blekkingum og áróðri í marga daga og þeir hafa verið hér eins og gráir kettir á göngum Alþingis. Félag smábátaeigenda á Austurlandi er mjög hlynnt þessu. Samtök fiskvinnslu án útgerðar eru mjög hlynnt þessu, enda eiga þau mikið undir því að fá hráefni frá þessum flota. Fiskvinnslufyrirtæki sem hafa ekki eigin útgerð og eiga ekki kvóta, eru mjög háð þessum flota og því að kaupa hráefni af þessum bátum á mörkuðum.

Félag smábátaeigenda á Akranesi lýsir yfir eindregnum stuðningi, smábátaeigendur í Reykjavík einnig og svona má lengi telja. Að sjálfsögðu lýsir Landssamband smábátaeigenda yfir eindregnum stuðningi.

Svona er þetta allt á einn veg og þetta kom ekkert á óvart vegna þess að félög smábátaeigenda allt í kringum landið höfðu um margra ára bil, og líka Landssamband smábátaeigenda, lýst því yfir að þeir óskuðu þess að verja þetta dagakerfi og fá gólf í það.

Hérna er Félag smábátaeigenda í Vestmannaeyjum, heimabæ formanns sjútvn. Farsæll, félag smábátaeigenda í Vestmannaeyjum lýsir ánægju sinni með tilkomu frv. og gerir engar athugasemdir við það. Það verður fróðlegt að sjá hvaða viðtökur formaður sjútvn. fær á bryggjunni í Vestmannaeyjum næst þegar hann kemur þangað og hittir karlana þar. Hann má þakka fyrir ef honum verður ekki fleygt í sjóinn.

Hjá Hrollaugi, félagi smábátaeigenda á Hornafirði, kemur fram eindreginn stuðningur. Hjá Bárunni, félagi smábátaeigenda í Hafnarfirði, heimabæ hæstv. sjútvrh., kemur fram eindreginn stuðningur og Strandveiðifélaginu Króki á Patreksfirði að sjálfsögðu eindreginn stuðningur.

Þetta er allt á einn veg. Ég hygg að meiri hluti sjútvn. hafi lesið allar þessar umsagnir. En samt ákveður meiri hluti sjútvn. að hunsa þær. Í staðinn höfum við fengið að sjá einhvers konar skrípamynd þar sem framkvæmdarvaldið, þ.e. hæstv. sjútvrh., kemur með eigið frv. sem er síðan pínt í gegnum sjútvn. Þar gerist eitthvað. Annaðhvort eru hv. þingmenn, stjórnarliðar, hreinlega þvingaðir með einhvers konar hótunum til þess að fallast á þessa gjörninga eða þeim er hreinlega mútað með loforðum um einhverjar sporslur. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því núna á komandi mánuðum hverjir fá stöðuhækkanir í kjölfar þessa, hvernig mönnum verður launaður þessi gjörningur. Það liggur hér alveg örugglega fiskur undir steini einhvers staðar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þingmann um að gæta orða sinna.)

Gott og vel, hæstv. forseti.

Nóg um þetta. Minni hluti sjútvn. hefur lagt fram breytingartillögu þar sem við reynum að koma til móts við meiri hluta sjútvn. Sú breytingartillaga er vel ígrunduð og á margan hátt mjög skynsamleg. Við reynum að sigla milli skers og báru, fara málamiðlunarleið, bjóða fram áframhaldandi sóknardagakerfi með dagafjölda, 22 dögum á næsta ári og takmörkunum varðandi rúllur og vélarstærð sem er nokkurn veginn svipað en miklu betra reyndar en annar af þeim valkostum, þ.e. sá afarkostur sem hæstv. sjútvrh. bauð.

Líklega verður því hafnað af meiri hluta þingmanna. Það verður athyglisvert að sjá hvernig atkvæðagreiðslan fer á Alþingi, hvenær sem hún nú verður, sjá hverjir muni segja já og hverjir muni segja nei. Það verður eftir því tekið víða um land hvernig menn greiða atkvæði.

Ég er alveg sannfærður um að mikil reiði ríkir í mörgum sjávarbyggðum Íslands vegna þess gjörnings sem meiri hlutinn á Alþingi ætlar nú að fremja. Eins og ég sagði áðan gengur þetta mál þvert á loforð stjórnarþingmanna og þvert á væntingar fólksins í landinu. Við getum til upprifjunar tínt til ummæli nokkurra þingmanna Norðvest. á fundi sem haldinn var á Ísafirði þann 13. sept. sl.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði eftirfarandi, með leyfi forseta, í framsöguræðu sinni á þessum fundi:

„Varðandi dagabátana þá er að mínu mati óhjákvæmilegt að koma á stöðugleika í þeirra starfsumhverfi með því að festa lágmarksdagafjölda þeirra, og sú tillaga sem forsvarsmenn þeirra kynntu fyrir sjávarútvegsnefnd Alþingis á síðastliðnu vori er skynsamleg og ég er tilbúinn að vinna að því að hún nái fram að ganga, en tillagan gengur út á að 23 sóknardagar verði lágmark en settar takmarkanir á sóknargetu. Bæði vélarafl og rúllufjölda“

Hann nefnir nákvæmlega það sem brtt. minni hlutans

gengur út á, þ.e. að settur verði þessi dagafjöldi, reyndar 22 dagar í staðinn fyrir 23, en síðan takmarkanir á sóknargetu.

Þegar þingmenn Norðvest. voru spurðir að því af útgerðarmanni fyrir vestan hvort þeir væru tilbúnir til að styðja frv. um það að sóknardagar handfærabáta yrðu aldrei færri en 23 þá svaraði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, með leyfi forseta:

„Ég hef margsinnis lýst því yfir að það sé lífsnauðsynlegt fyrir dagabátana, að hafa þetta gólf. Margsinnis lýst því yfir að ég sé tilbúinn að styðja þessa 23 daga. Og svarið er já áfram. Já."

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, flokksfélagi hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, svaraði sömu spurningu þannig, með leyfi forseta:

„Í vor var langt komið samkomulag á milli stjórnvalda og Landssambands smábátaeigenda, varðandi gólf í dagakerfið. Ég hef orðað það þannig að menn voru ekki komnir í höfn með málið, en menn voru svona komnir í hafnarkjaftinn. Þetta samkomulag fól það í sér að setja gólf í dagakerfið og jafnframt að stemma stigu við aukningu sóknarmáttar í kerfinu. Ég tel að það eigi að ljúka málinu á þeim grundvelli sem menn voru að ræða saman um. Og ég trúi því að menn geti gert það nú í haust og myndi styðja það."

Ég les hér upp nákvæma útskrift eftir hljóðupptöku frá þessum fundi. Maður hlýtur að spyrja sig, hæstv. forseti: Hvað kom fyrir þessa menn í vetur? Hvað hefur hent þessa þrjá þingmenn sem hefðu átt að tryggja sjávarbyggðum Íslands að fá áfram að búa við dagakerfið? Hvað kom fyrir þessa menn þannig að þeir hafa umturnast svona gersamlega? Þeir eru nú orðnir áhangendur þess að trillurnar fari í kvóta sem mun hafa þær afleiðingar að þeim mun stórlega fækka. Stór hluti af þeim fer beint á bálið vegna þess að margir af útgerðarmönnum þessara báta fá það litla kvóta að þeir munu ákveða að selja, taka út peningana og selja sig út úr kerfinu. *Afleiðingarnar fyrir sjávarbyggðirnar verða hrikalegar.* Þær verða mjög alvarlegar. Staðir eins og Ólafsvík og litlu staðirnir á Vestfjörðum, Patreksfjörður, Suðureyri, Bolungarvík og staðir á Ströndum, Skagaströnd, Kópasker, Raufarhöfn, staðir á Austfjörðum, Hornafjörður, Sandgerði og aðrir staðir á Suðurnesjum, allir þessir staðir munu verða fyrir þungum höggum. Í þessu ætla þessir menn að taka þátt vísvitandi, með augun opin og hlusta ekki á nokkur rök.

Það var með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson koma í ræðustól fyrr í kvöld með eintóma útúrsnúninga, í andsvörum þar sem hann réðst með offorsi á breytingartillögu minni hluta sjútvn. Þessi hv. þm. hefur gersamlega umpólast á örfáum dögum. Það er mikið umhugsunarefni að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli hafa umpólast svona. Það er hægt að finna þykkan bunka, hæstv. forseti, af greinum sem sá þingmaður hefur skrifað á undanförnum missirum gegn kvótakerfinu, gegn framsali á kvóta. Hann hefur skrifað um mikilvægi þess að verja smábátana, að þeir væru svo mikilvægir fyrir strandbyggðir Íslands. Menn töldu þetta eitthvað sem hann mundi berjast fyrir og fólk trúði honum. Fólk í kjördæmi hans, Norðvest. trúði þessu, að hann væri að vinna í þessu af heilindum. En á ögurstundu bregst hv. þm. Hann bregst illilega. Hann nær ekki þessari beygju og fer beint út í móa. Mér finnst þetta með ólíkindum og þetta veldur mér gríðarlegum vonbrigðum. Ég hafði þá trú að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson væri heill í yfirlýsingum sínum.

En því miður blekkir Framsókn, hún blekkir alltaf. Framsókn er nefnilega harðasti kvótaflokkurinn á Íslandi í dag. Hörðustu kvótasinnar sem maður finnur eru í Framsfl. Þar eru mestu ofstækismennirnir þegar kvótakerfið er annars vegar, ef undan eru skildir ungir sjálfstæðismenn sem hreinlega vita ekki betur og hafa látið fóðra sig og heilaþvo með áróðri. En hörðustu kvótasinnana, t.d. á landsbyggðinni, finnur maður í Framsfl. Kannski er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fyrst núna að sýna sitt rétta andlit. Við erum kannski núna fyrst að sjá að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur alltaf verið kvótasinni í hjarta sínu. Hann hefur kannski bara litið á þetta sem möguleika fyrir pólitískt útspil.

Sama má segja um fleiri þingmenn í Norðvest., stjórnarliða sem hafa lagt mikla áherslu á sjávarútvegsmál, t.d. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hann hefur skrifað margar greinar sem ég hef lesið mér til dundurs í dag. Þær fjalla um mikilvægi smábátaflotans, um það hve mikilvægt væri að verja þennan flota og hve duglegur hv. þm. hefur verið við að verja þennan flota og gæta hagsmuna hans og sjávarbyggðanna. Það er hægt að vitna í mörg ummæli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. En ég verð að segja að eins og mér líður núna þá nenni ég hreinlega ekki að leggja það á mig að lesa þá hræsni. Þessi hv. þm. hefur gersamlega misst trúverðugleika í mínum augum þegar sjávarútvegs- og byggðamál eru annars vegar.

Áðan heyrðum við gömlu kempuna, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, hreinlega lýsa yfir uppgjöf. Þessi gamla kempa hefur gefist upp. Svo bregðast krosstré sem önnur tré. Þetta er mjög sorglegt, hæstv. forseti. Og eins og ég sagði í upphafi máls míns munu sagnfræðingar framtíðar furða sig á framvindu málsins. Sem betur fer er til nóg af gögnum. Ég hef nokkur kíló af pappír fyrir framan mig sem að verulegum hluta eru ummæli áðurnefndra þriggja þingmanna. Þau sanna hvernig þeir svíkja sjálfa sig, hugsjónir sem þeir hafa sagst standa fyrir og síðast en ekki síst kjósendur sína, fólk *í sjávarbyggðum sem hefur trúað þessum mönnum* og kom þeim á þing í vor. Þeir hafa svikið fólkið sem kaus Sjálfstfl. og Framsfl., fólk sem réði úrslitum um að við sitjum uppi með þessa vondu ríkisstjórn enn eitt kjörtímabilið. Þessi ríkisstjórn flaut inn á fölskum loforðum. Þau hafa verið svikin eitt af öðru og við sjáum engan endi á þessum svikum.

Ég hygg að ég vendi kvæði mínu í kross að sinni. Það er nóg komið og okkur mun gefast tækifæri til að taka aftur til máls ef við kærum okkur um. Síðan mun fara fram 3. umr. um þetta mál. En þeir sem nú eru að svíkja skulu ekki halda að þeir muni komast upp með þessi svik án þess að greiða þau dýru verði. Því heiti ég.

[02:24]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að svara hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni því að ég ætlaði að svara Jóni Gunnarssyni á eftir og samdi um það við hann. Hann kom með tíu spurningar sem erfitt hefði verið að svara öllum í andsvari.

Ég „lufsast" hingað upp, eins og þú kemst að orði, þar sem þú spurðir mig nokkurra spurninga.

Dagabátar eru með framseljanlega daga í dag og eru í gangi viðskipti varðandi þann þátt. Varðandi þá aðila sem eru í stóra kerfinu þá eru sumir með aflamark en aðrir leigja, það er engin launung á því. Hið góða við það í dag er að þeir sem hafa verið að leigja eru að kaupa kvóta í dag, það er hagstæðara og það er bara staðreynd.

Þú talar um 35 báta í okkar kjördæmi, dagabáta.

(**Forseti** (GÁS): Ekki ávarpa þingmenn í 2. persónu. Beina orðum til forseta, hv. þm.)

Herra forseti. Hér hefur verið rætt um 35 dagabáta í Suðurkjördæmi. Dagabátaeigendur hafa verið í sambandi við mig. Ég spyr hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson: Hafa menn rætt við þig og sagt skoðun sína á þessu máli? Og hvað er byggðastefna? Er það byggðastefna að dagabátamaðurinn í Vestmannaeyjum þurfi að flytja á Vestfirði í tvo, þrjá mánuði? Er það ekki byggðastefna að menn landi í heimabyggð sinni? Um hvað eru menn að ræða?

Skoðaðu löndun, skoðaðu vinnslu yfir landið og farðu yfir þetta. Það er mjög athyglisvert. Það er líka mjög athyglisvert að það þarf að bæta vinnsluna. 20% af öllum afla dagabáta eru unnin í Reykjavík og Hafnarfirði. Menn borga 10 kr. á kílóið fyrir að flytja þetta um landið. Það er bara staðreynd. Við þurfum að skoða þetta mál og vinnslan er hluti af þessu. Það sama er að gerast í Vestmannaeyjum. Það kostar 12 kr. á kg að flytja fiskinn með Herjólfi og koma honum til Reykjavíkur.

Ég ber mikla ábyrgð sem formaður sjútvn. og ég axla þá ábyrgð. Ég er stoltur af þessu frv., mjög, mjög stoltur.

Það er ekkert mál að lesa upp umsagnir um frv. þar sem menn vilja 23 daga. Það stendur bara ekkert um það í frv. sem við erum að leggja fram eftir breytingar. Það verða greidd atkvæði um allt annan valkost. Það náðist samkomulag miðað við forsendur og umræður á fundinum.

En ég spyr Magnús Þór Hafsteinsson hv. þm.: Eru hagsmunir Suðurk. að hans mati þeir að við eigum að vera áfram með dagana?

[02:27]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Dagabátaflotinn hefur verið mjög færanlegur og hefur elt fiskinn allt í kringum landið. Við höfum séð það á undanförnum árum. Ég sé í raun ekkert að því, hafi menn ákveðið að eiga svona dagabát og hafa lífsviðurværi sitt af því, að hann flytji sig til með fiskinum kringum landið. Þannig hefur þetta verið á Íslandi frá örófi landa. Menn hafa róið frá þeim stöðum sem liggja næst gjöfulum fiskimiðum. Það er ekkert við það að athuga. Menn velja sér þessa atvinnu, velja sér þetta lifibrauð og þennan lífsstíl. Ef þeir hafa ekki áhuga á því geta þeir bara selt þessa báta. Það er nóg af mönnum sem vilja kaupa þá. Það er nóg til af ungum mönnum sem vilja reyna að komast inn í útgerð, eignast svona báta, koma undir sig fótunum og verða sjálfstæðir útgerðarmenn. En því hefur Sjálfstfl. gleymt, flokkur einkaframtaksins hefur gleymt þessu og vill koma í veg fyrir þetta. Ég hygg að hagsmunum Suðurkjördæmis væri betur borgið með því að hlúa að þessum flota og efla hann fremur en að reyna að brjóta hann niður.

Fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, fer kannski sjaldan niður á bryggju í Vestmannaeyjum, ég veit það ekki. En höfnin þar er ekki svipur hjá sjón. Ég hvet hann til að heimsækja aðrar hafnir í Suðurkjördæmi, Þorlákshöfn eða Stokkseyri. Vita ágætir þingmenn sem sitja í salnum til hvers bryggjan á Stokkseyri er notuð í dag? (**Gripið fram í:** Fyrir Árna Johnsen.) Hún er notuð undir listaverk eftir Árna Johnsen. Það er ekki einn einasti bátur í þessari útgerðarhöfn sem iðaði af lífi fyrir nokkrum áratugum. Hvers vegna skyldi það vera? Jú, vegna þess að menn settu á þetta árans kvótakerfi, eyddu strandveiðiflotanum og brutu niður atvinnustigið í sjávarbyggðunum. Mér finnst það með ólíkindum að fyrrverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, einum mesta útgerðarbæ Íslands sem hefur merka útgerðarsögu og hefur átt allt sitt undir því að menn dragi fisk úr sjó, skuli núna standa fremst í baráttunni fyrir því að eyða strandbyggðum á Íslandi. Mér finnst það með ólíkindum.

[02:29]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer oft á bryggjurnar í Vestmannaeyjum. Ég var m.a. formaður hafnarstjórnar í mörg ár.

Eyjamenn hafa staðið sig í því að lifa við það umhverfi sem skapast hefur. Þeir hafa 10% aflaheimilda og eru með 25% í loðnunni. Þær gefa mikið og þar er mikið og gott mannlíf. Af því starfi eru mikil margfeldisáhrif.

Auðvitað vitum við það að þetta hefur sveiflast til víða um land. Það er bara staðreynd að samþjöppun veldur slíkum sveiflum. Það er ekki bara að gerast í sjávarútvegi heldur almennt á markaðnum. Þú segir að margir vilji vera með, að það sé nýliðun, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson. Okkur var sagt annað og ég fékk það staðfest, að það var boðið í dagabát með fyrirvara um fjármögnun. Fjögur tilboð bárust og öll duttu þau út af því að til þeirra fékkst ekki fjármögnun.

Ég bendi á að það er allt annar möguleiki í aflamarkinu fyrir aðila til að byrja. Þar er sterkara bakland og bankakerfið tekur vel á móti þeim. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, þú svaraðir mér ekki varðandi dagabátamenn í Suðurkjördæmi. Ertu búinn að hafa samband við þá? Eru þeir búnir að hafa samband við þig og hver er niðurstaðan af þeim viðræðum ef svo er?

[02:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta við hv. þingmenn að þeir beini orðum sínum til forseta en ávarpi ekki þingmenn í 2. persónu.

[02:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að Vestmanneyingar hafa nokkurn veginn náð að halda sjó í þessu kerfi. En þeir eru því miður undantekningin. Hvernig er ástandið á Eyrarbakka, Stokkseyri, Þorlákshöfn, Keflavík, Sandgerði og Vogum? Hvernig ætlar hv. þm. að útskýra það fyrir Sandgerðingum ef það hráefni snarminnkar sem þeir fá í dag til vinnslu fyrir flugfisk? Hvernig ætlar hann að útskýra það fyrir Sandgerðingum ef þær dagatrillur sem nú landa í Sandgerði um sumartímann hverfa þaðan? Hvernig ætlar hann að fara að því? Það verður fróðlegt að heyra.

Ég hygg að fjölmargir sjómenn á Suðurlandi gætu hugsað sér að gera út dagabát í dag. Ég hef heyrt í sjómönnum allt í kringum landið, þeir hafa hringt í mig og þeir eru mjög óhressir. Þeir eru hreinlega æfir, m.a. út í hv. þm. Guðjón Hjörleifsson og hv. þm. Hjálmar Árnason. Í þeim hópi eru m.a. menn af Suðurlandi. Ég ætla ekki að lýsa því sem þessir menn segja en þeir eru virkilega reiðir og eru gersamlega búnir að fá upp í kok af þeim ósannindum sem dunið hafa á landsmönnum í gegnum fjölmiðla á undanförnum dögum.

Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson vitnaði í fjögur tilboð sem komið hefðu í dagabát. Ég veit hvaðan hann hefur þessar upplýsingar. Hann hefur þær frá einum af þeim fjórum mönnum sem komu á fund sjútvn. til að berjast fyrir því að flotinn færi inn í kvóta. Þeir sátu á fundi sjútvn. í tvo tíma og sögðu sögur af því hve hræðilegt væri að vera í þessu dagakerfi. Eigum við að taka þessa menn trúanlega? Eigum

við að gera það? Þetta eru menn sem munu ganga út með kvóta fyrir tugi milljóna króna. Einn þeirra er manni m.a. sagt að sé tengdasonur hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Hann mun fá kvóta fyrir um það bil 30–40 millj. kr. Eigum við að taka þessa menn trúanlega? Ég held nú síður. Ég er ekki fæddur í gær. Guð hjálpi mér.

[02:33]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur verið ágæt. Það hefur meira að segja brugðið svo við að einn þingmaður úr stjórnarliðinu fór í ræðustól, sem eru mikil undur og stórmerki. Þá á ég við að annar stjórnarliði hafi talað en hv. formaður nefndarinnar sem hefur auðvitað staðið sig í stykkinu, mætt og farið í andsvör við menn og flutt framsöguræðu sína fyrir hinu nýja frv. sem hér er til umræðu.

Mig langar til að tala um það sem innleitt var með kvótaumræðunni á Íslandi á hv. Alþingi. Það var í fyrsta sinn sem ég heyrði talað um samráð við hagsmunaaðila. Það orðatiltæki varð til í kvótaumræðunni í upphafi. Það var hæstv. utanrrh. sem leiddi það orðalag til vegs og virðingar í íslenskri pólitík: „samráð við hagsmunaaðila".

Þegar kvótakerfi var sett á á Íslandi þá fundu forsvarsmenn Landssambands íslenskra útvegsmanna fyrirmynd fyrir því hvernig ætti að stjórna fiskveiðum á Íslandi með hagkvæmum hætti. Þá fyrirmynd fundu þeir á Nýja-Sjálandi. Þeir höfðu frétt af því að þar hefðu menn komið upp framseljanlegum kvótum og útgerðarmenn grætt miklar fúlgur á því fyrirkomulagi.

Íslenskir stjórnmálamenn bitu á þetta agn. Hér var innleitt kvótakerfi. Sú ganga hefur verið löng og ströng en hefur alltaf miðað í sömu átt. Stöðugt meira af nýtilegum fiskstofnum við Ísland hefur orðið að einkaeign útgerðarmanna. Svo langt hafa menn gengið í einkavæðingu Íslandsmiða að m.a. norsk-íslenska síldin væri, ef henni dytti í hug að synda á Íslandsmið í miklu magni, öll í eigu örfárra útgerðarfyrirtækja og líklega upp undir helmingurinn af stofninum í eigu einnar fyrirtækjasamstæðu.

Þjóðinni var ekki sagt að til stæði að skapa slíkar aðstæður. Þessari stefnu hefur verið haldið þrátt fyrir eindreginn vilja þjóðarinnar til að standa gegn þessu fyrirkomulagi. En hér skal fara enn einn áfangann í því að láta sama fyrirkomulag gilda um hvern einasta fisk sem syndir við Íslandsstrendur. Ég er sannfærður um að þeim ágætu mönnum sem ráða LÍÚ er það ekki eins leitt og þeir láta. Þeir sjá fyrir endann á því mikla verkefni sem þeir hófu 1983 eða fyrr, að koma öllum veiðirétti á Íslandsmiðum í hendur einkaaðila sem geti keypt hann og selt.

Menn muna það kannski ekki eins vel nú og áður að nánast flestir útgerðarmenn í landinu voru á móti þessu fyrirkomulagi. Þeir vildu ekki einu sinni nýta sér möguleikann á að selja kvótann, jafnvel áratugum saman margir hverjir. En nú er það liðin tíð. Alþingi Íslendinga hefur með því að innleiða slíkt kerfi kippt allri ábyrgð á því hvar gert er út, frá útgerðarmönnunum. Það er ekki hægt að áfellast útgerðarmann fyrir að nýta sér möguleikann á því að reka fyrirtæki sitt eða að hætta að reka það telji hann hagkvæmara að fá fjármunina sem í boði eru. Þetta er auðvitað öllum mönnum orðið ljóst fyrir langa löngu en við erum bara farin að sjá hluta af því sem getur gerst.

Að vísu var það þannig í vetur að mörgum landsmönnum varð æðistarsýnt á það þegar Landsbankinn, sem áður var banki allra landsmanna, fékk það hlutverk að selja á uppboði 48 þús. þorskígildistonn á einu bretti. Hæstbjóðandi skyldi fá pakkann. Mér var ekki beint hlátur í hug en mér fannst a.m.k. að það væri ástæða til að muna það sem sagt var við okkur samfylkingarmenn sem höfum viljað að veiðiréttirnir við Ísland væri sameign þjóðarinnar. Eina leiðin til að hann gæti orðið sameign, þegar um er að ræða aðferðir við að stjórna fiskveiðum, og til að varðveita fiskistofnana við landið sem sameignin er fólgin í er að eigandinn, þjóðin sjálf, sjái til þess að aflarétturinn fari til útgerðarmanna í gegnum leigu á aflaheimildunum.

Við fengum að heyra að við ætluðum að setja allan veiðiréttinn á uppboð og þeir sem ekki fengju yrðu að loka húsum sínum og binda skip sín við bryggjur. Það var nú ekki meiningin hjá okkur. Við lýstum því hvernig við vildum fara að þessu með það fyrir augum að kvótaleigan yrði hugsuð sem þjónusta við útgerðina. En stóra uppboðið sem fór fram í vetur var einmitt af því tagi sem okkur hafði verið núið um nasir að við ætluðum að gera. 48 þús. tonn á einu uppboði og þeir sem ekki fengu gátu lokað húsum sínum eða hvað?

Það fór kannski betur en ýmsir óttuðust um framhaldið af þessu stóra uppboði Landsbankans. En þetta uppboð sannfærði mig um það að næstu uppboð munu ekki rekin undir sömu formerkjum. Það var augljóst, þrátt fyrir að Landsbankinn ætlaði sér að fá sem hæst verð fyrir þær eigur þjóðarinnar sem þarna voru seldar, að þar á bæ var mönnum ekki sama um það hvernig þetta færi. Ég held að sú ábyrgðartilfinning sem þar var þó sýnd muni ekki haldast til framtíðar þegar veiðiréttindi verða til sölu í miklum mæli.

Ég held líka að útgerðarmenn á Íslandi muni fara að tala eins og sá útgerðarmaður sem keypti ÚA á þessu uppboði, að hans heimahöfn væri Ísland en ekki tiltekinn staður á Íslandi. Ég held að þeir muni fyrst og fremst líta á hvar sé best að gera út, hvar mest megi græða á því að vera í útgerð og ekkert annað. Hver ætti svo sem að áfellast menn fyrir slíkt?

Málið er hins vegar að Íslandsmið eru allt í kringum Ísland og sjávarbyggðirnar í kringum Ísland hafa orðið til vegna þess að nálægt þeim eru gjöful mið. Að mínu viti hefur verið rekin fáránleg stefna hvað varðar nýtingu miðanna í kringum landið. Þar byrjaði auðvitað vandinn þegar farið var af stað í hina miklu skuttogaravæðingu á sínum tíma. Það voru einhver mestu mistök í útgerðarsögu Íslendinga. Þótt uppbygging hafi orðið á tilteknum stöðum á landinu vegna þess að menn keyptu þessi skip þá olli þetta því að veiðiréttirnir sem hafði verið nýttur á grunnslóð af grunnslóðarveiðiflotanum var færður á togskipin. Ég hef ekkert fyrir mér annað en tilfinninguna af því að hafa horft á þessa hluti gerast, þ.e. að þar sé langstærsti orsakavaldur þess að við höfum ekki meira úr að spila í þorski í dag miðað við það sem áður var. Ég er sannfærður um að flutningur veiðanna frá grunnslóðarflotanum til togskipanna, sem olli því að farið var að veiða smærri fisk í miklu meiri mæli, leiddi til þess að dró úr veiðinni á grunnslóð.

Það er ekki aðeins að til hafi komið sá togarafloti sem þá var keyptur heldur var haldið áfram að breyta öllum nothæfum fleytum í togskip á Íslandi. Íslandsmið og lífríkið í kringum Ísland hefur að mínu viti ekki þolað það álag. En þetta er kannski önnur saga.

Ég byrjaði á að tala um að sá sem var í stól sjútvrh. á þeim tíma talaði um „að hafa samráð við hagsmunaaðila". Mönnum þótti það dálítið undarlegt á þessum tíma og höfðu ýmsir þau orð að Alþingi Íslendinga ætti að vera sjálfstætt

og meta hlutina sjálfstætt út frá þjóðarhagsmunum og ekki láta hagsmunaaðila segja sér fyrir verkum. En eftir því sem árin hafa liðið hafa riðið húsum á Alþingi fleiri og fleiri hagsmunaaðilar í þeim tilgangi að ná fram vilja sínum í sölum Alþingis. Smám saman hafa þingmenn, sérstaklega stjórnarliðar sem ráða að mestu niðurstöðunni, sem stjórna atkvæðum á Alþingi, orðið fyrir þrýstingi til að fá fram vilja hagsmunaaðila.

Mér finnst að ferill málsins sem við erum að ræða sýni okkur vel út á hvers konar galeiðu Alþingi er komið. Stefna Landssambands smábátaeigenda var sú að það yrði haldið áfram að nýta sóknardagakerfið sem hefur verið notað við að stjórna veiðum smábáta.

Hagsmunaaðilar í þeim hópi lögðu af stað í haust í leiðangur til að ná fram vilja sínum í sölum Alþingis. Þeir vissu nákvæmlega við hverja ætti að tala og hvernig þeir ættu að fara að því að vinna í svona máli. Það gerðu þeir og ég áfellist þá ekki fyrir það, enda berum við alþingismenn ábyrgð á því sem gerist í sölum Alþingis en ekki hagsmunaaðilar úti í bæ. Það er hins vegar dapurlegt að sjá að fámennir hópar geti ráðið skoðunum alþingismanna, að alþingismenn séu svo linir í löppunum að geta ekki tekið sjálfstæða skoðun ef nokkrir menn leggja á sig að sitja með þeim á fundum, hringja í þá og koma til þeirra alls konar upplýsingum í þeim augljósa tilgangi að hafa hagnað af breytingum sem hugsanlega mætti ná fram á Alþingi. Þeir hætta þar með að hafa sjálfstæðar skoðanir.

Við hlustuðum á einn af baráttumönnunum í þessu máli í kvöld sem lýsti því yfir að svo mikill væri vilji smábátaeigenda til að breyta kerfinu að hann yrði bara að horfast í augu við það og samþykkja þótt hann hefði allt aðra skoðun.

Hvað er maðurinn að segja? Hann segir að vegna þess að tiltekinn hópur vilji eitthvað þá eigi alþingismenn ekki að hafa skoðun og það eigi að gera það sem þessir menn vilja. Það á ekki að horfa á heildarhagsmuni þjóðarinnar. Það á ekki að velta því fyrir sér hvort þetta hafi áhrif á byggðarlögin. Það á ekki að velta því fyrir sér hvort „byggðastefnan" sem ríkisstjórnin rekur falli að slíkum breytingum. Nei, nei, það á fyrst og fremst að hlusta á þá sem eru í raun vanhæfir, gjörsamlega vanhæfir til að vera skoðanamyndandi fyrir alþingismenn, þ.e. þá sem hafa mestra hagsmuna að gæta fyrir sjálfa sig í augnablikinu, menn sem horfa til þeirra fjármuna sem þeir geti fengið út úr breytingu á kerfinu. Ég tek það enn fram að ég áfellist þá ekki nokkurn skapaðan hlut. Þeir eru bara búnir að átta sig á því að hv. Alþingi er fullt af mönnum sem eru tilbúnir til að láta tala sig til. Þeir hafa ekki skoðanir sjálfir, hafa ekki orku til að koma sér upp skoðunum á málunum og eru tilbúnir að láta tala sig til.

Hæstv. sjútvrh. hafði verið í viðræðum við Landssamband smábátaeigenda en breytir snögglega um takt og stefnu vegna þess að fámennur hópur hefur samband og lætur vita af því að það væri fínt að setja kvóta á dagabátana og fylgir því vel eftir. Þar sem hæstv. sjútvrh. hefur alltaf haft áhuga á að hafa kvóta á hverjum einasta titti tók hann vel í það. Hann hefur sýnt áhuga sinn með því að setja kvóta á hin undarlegustu kvikindi sem synda í kringum landið, jafnvel þótt engin ástæða hafi verið til. Hann setti m.a. kvóta á skötuselinn sem olli því að ein eða tvær útgerðir fengu allan veiðiréttinn af því að menn töluðu hann til. Menn voru tilbúnir til að skrifa upp á það á Alþingi og létu það fara í gegn. Hæstv. ráðherra hefur sett kvóta á hverja tegundina eftir aðra án þess að fiskifræðileg ráðgjöf væri á bak við það.

Þannig eru alþingismenn um þessar mundir, að hagsmunaaðilarnir segja þeim hvað á að gera. Þannig er farið með meiri hlutann sem styður ríkisstjórnina, að þegar hagsmunaaðilar eru búnir að segja þeim hvað á að gera og foringjarnir búnir að segja að það sé fínt, þá rétta þeir upp höndina. Hið sama gildir reyndar líka þegar foringjarnir segja að eitthvað sé fínt þótt engir hagsmunaaðilar hafi komið að málinu.

Þjóðin á Íslandsmið. Þetta glappaskot sem menn hafa gert með því að láta útgerðarmenn á Íslandi vera einráða um að kaupa og selja þessa auðlind á eftir að breytast. Ég er sannfærður um það vegna þess að sú einkavæðing á dýrmætustu auðlind þjóðarinnar, sem fram fór með svo óheiðarlegum hætti sem raun ber vitni, verður þegar þar að kemur tekin til baka. Hún verður tekin til baka. Þjóðin hefur séð það fram á þennan dag að það átti aldrei að fara þessa leið. Hún hefur ekki breytt skoðun sinni á því máli þrátt fyrir áróðurinn sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa rekið allan tímann, hver sem verið hefur við völd frá því að kerfið var sett á. Þjóðin hefur verið á móti því.

Renni upp nýir tímar, sem sumir láta sér detta í hug að verði, þ.e. að þjóðhöfðinginn í þessu landi tæki t.d. upp á að hlusta á þjóðina og nýtti möguleikann á að skjóta málum af svona tagi til þjóðarinnar, hverjum dytti það í hug eitt augnablik að útgerðarmenn á Íslandi ættu Íslandsmið ef sá málskotsréttur hefði verið til staðar líkt og mönnum þykir hann koma til greina í umræðunni núna? Engum dytti slíkt í hug og það er ég sannfærður um. Þjóðaratkvæði um það hvort útgerðarmenn ættu að eiga fiskstofnana á Íslandi hefði alltaf farið á einn veg. Yfirgnæfandi meiri hluti fólks í landinu er á móti þessu, meira að segja í Sjálfstfl. Til eru skoðanakannanir langt aftur í tímann og nýlegar kannanir einnig sem segja þetta.

Ég hef stundum haldið því fram að eini staðurinn, fyrir utan aðalfund LÍÚ, þar sem hægt væri að ná saman umtalsverðum fjölda manna á þeirri skoðun að Íslandsmið séu í eigu útgerðaraðilanna sé þingsalur Alþingis. Á þessum tveimur stöðum fer ekki milli mála að meiri hlutinn hallast að því, í sölum Alþingis og á aðalfundum LÍÚ. Annars staðar í þjóðfélaginu hafa menn allt aðra skoðun.

Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson situr í salnum. Hann hefur tvisvar, ef ég man rétt, og kannski þrisvar komið upp í andsvörum og talað um að það sé fínn möguleiki að stofna til nýrrar útgerðar í kvótakerfinu. Ég hef fylgst með sjávarútvegi frá því að ég man eftir mér. Ég hef fylgst með útgerðarmönnum, ekki síst þeim sem gera út litla báta, og er á allt annarri skoðun. Það fyrirkomulag sem nú hefur gengið öll þessi ár hefur valdið því að ef einhver ætlar að stofna til útgerðar í dag þá kostar það fimm- til sjöfalt meiri fjárfestingu en það gerði áður en kvótakerfið komst á. Enda hefur útgerð á Íslandi verið að safna skuldum á skuldir ofan allan þennan tíma. Það er ekkert sem bendir til annars en að hún haldi því áfram. Það verður fróðlegt að sjá skuldatölur útgerðarinnar í lok þessa árs.

Ég held að þegar fram líða stundir komi að því að menn þurfi með einhverjum hætti að bregðast við vegna þessarar skuldasöfnunar. Nú hefur olíuverðið hækkað. Það er komið yfir 40 dollara á tunnuna. Sú hækkun hefur ekki öll skilað sér inn í útgerðarkostnaðinn á Íslandi. Það hefur verið erfiðara á mörkuðunum. Við höfum flutt veiðigetuna af grunnslóðarflotanum, sem eyðir lítilli olíu og er með tiltölulega lágan útgerðarkostnað, yfir í togskip sem eyða mjög mikilli olíu.

Eru ekki einhverjir hér inni sem muna eftir olíukreppunni á áttunda áratugnum, þegar hver einasta togaraútgerð í landinu var að fara á hausinn? Togararnir máttu veiða miklu meira á þeim tíma en flotinn er að veiða í dag. Það bara dugði ekki. Þetta var allt saman rekið með bullandi tapi og hvert fyrirtækið eftir annað lenti í gjaldþroti.

Í kjölfarið á þessu var kvótakerfið sett á. Það er ekki vafi að stór hluti þeirra útgerðarfyrirtækja sem þá lifði af lifði af út á að safna skuldum út á kvótaeignina. Sum þessara útgerðarfyrirtækja hafa enn aukið skuldir sínar frá þessum degi. Vegna þess mikla kvóta sem þeir hafa þá hafa þeir alltaf átt fyrir skuldum miðað við kvótaeign.

Þetta er einn gallinn á eignarkvótakerfinu en annar galli er miklu verri, þ.e. að það er ekki hægt að stofna til nýrrar útgerðar. Ef menn eiga svo mikla peninga að þeir geti keypt kvóta og skip til að gera út þá er ekki til vitlausari fjárfesting. Ég held að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson ætti að setjast niður við eldhúsborðið hjá sér eða bara skrifa tölurnar á blaðið hjá sér núna við borðið sitt. Ég get a.m.k. sagt honum að í smærri bátaflokkunum kosta bátar svipað og þeir kostuðu áður en kvótakerfið kom á. Ef við værum að tala um einhvern slíkan.

Göngum út frá því að einhver hyggist hefja útgerð á 15 tonna bát. Hann kostar kannski 30 millj. kr., þ.e. á álíka verði og fyrir 20 árum þegar kvótakerfið var sett á. Fyrir 20 árum hefði þessi bátur verið heildarfjárfestingin hjá útgerðarmanninum. Svo hefði hann farið að gera út. Hann hefði kannski veitt 200 tonn á slíkan bát. Hvað mundi það gera í dag? 35–40 millj. kr. á ári? Hann hefði velt töluvert hærri upphæð en sem nemur verði skipsins.

Í dag kostaði svona skip það sama. En hvað skyldu 200 tonna veiðiheimildir kosta? Miðað við kvótaverðið í stóra kerfinu erum við líklega að tala um 240 millj. kr. Sem sagt, fjárfestingin sem þessi aðili þyrfti að fara í væri nálægt 300 millj. kr. Dettur einhverjum í hug að það væri svolítið erfitt að láta þetta ganga upp? Hvað skyldu slíkar aflaheimildir á ári gefa af sér? Það eru líklega um 40 millj. kr. og ekki það, milli 30–40 millj. kr., af fjárfestingu upp á hátt í 300 millj. kr. Svo kemur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson og heldur því fram að það sé eins og að drekka vatn að fara í útgerð á Íslandi. Það er sko ekki þannig. Af hverju halda menn að það sé engin nýliðun í útgerð á Íslandi? Halda menn að það sé vegna þess að engan langi að gera út, ekki séu til ungir menn sem hafi áhuga á því? Nei, það er af og frá að áhugann vanti. Hins vegar eru menn það raunsæir að þeir gera sér grein fyrir því að þetta er glórulaust. Það er þess vegna sem þessir ungu menn hafa keypt sér trillur á undanförnum árum, af því að þar hefur heildarfjárfestingin til að geta hafið rekstur kostað minna.

Reynslan hefur sýnt mönnum nóg til þess að það þarf ekki spámann til að sjá að akkillesarhæll kvótakerfisins og byggðanna í landinu er aflaheimildirnar og verðið á þeim, það jaðarverð sem ekki virðist sjá fyrir endann á.

Síðan tóku menn ákvörðun um það á einum degi, í gær, að kasta hluta af þessu kerfi fyrir róða. Það var létt verk þótt það kostaði að vísu nokkur fundarboð í sjútvn. en fundirnir voru aldrei haldnir enda verið að semja frumvarpið. Frumvarpið varð til þegar leið að kvöldi, þá var það búið. Þetta var ekki lengi gert, nei. Menn voru tilbúnir eftir daginn og þá var búið að semja frumvarpið, henda hinu, þ.e. leggja af kerfi dagabátanna. Ja, þeir kasta ekki til höndunum þegar teknar eru stórar ákvarðanir í sölum Alþingis.

Ég held að menn eigi að fara betur yfir það hvernig menn haga sér á Alþingi. Ég held að menn ættu að hafa reisn til að taka ákvarðanir. Það má hlusta á hagsmunaaðila en það á ekki að sækja til þeirra skoðanir sínar.

Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sagðist stoltur af þessu frv. Ég held að hann geti verið stoltur af einu við þetta frv., þ.e. hve fljótur hann var að semja það. Það er líka það eina. En sumt sem menn gera hratt gera menn illa og stundum þegar menn taka ákvarðanir í bráðræði sjá þeir eftir þeim. En þetta er ekki eina slysið í þessu kvótakerfi. Þau eru orðin svo mörg og hafa öll orðið til vegna þess að í sölum Alþingis hafa menn ekki sjálfstæðar skoðanir. Hér fara menn eftir því sem foringjarnir segja og því sem hagsmunaaðilarnir segja.

Ég held því fram að alþingismenn þurfi að hugsa sig betur um og hugsa þetta í einhverju heildarsamhengi, þ.e. hvernig á að vinna hér í þessum sölum. Foringjadýrkun og það að láta hagsmunaaðila segja sér hvað eigi að gera er ekki góð leið.

Þingmenn, sem hafa verið með digrar yfirlýsingar um að í framtíðinni ætluðu þeir að tryggja dagakerfið, hafa öðlast nýja sýn á málið. Þeir fundu út að það væri ekki meiri hluti fyrir því í sölum Alþingis að hafa þetta fyrirkomulag áfram og koma í framtíðarhorf. Hvernig það var fundið út hef ég ekki mikla glóru til að skilja. Það verða einhverjir aðrir að segja mér. Ég lagði einfaldlega saman fjölda þeirra manna sem studdu tillögu um 23 daga gólf í dagakerfið fyrir áramótin og tölu þingmanna sem lýstu því yfir, bara í Norðvest., að þeir væru aldeilis staðráðnir í að verja það kerfi. Þá fékk ég út að hér væri býsna stór meiri hluti, þótt við hefðum ekkert annað en hugrökku mennina með svardagana af fundunum á Ísafirði, um að þeir ætluðu að vernda kerfið. Ég taldi að við þyrftum ekki fleiri og þyrftum ekki að hafa áhyggjur, þetta mundi bara ganga allt saman. Það virtist aðeins þurfa að setjast niður og finna út með hvaða hætti væri skynsamlegt að stjórna veiðunum í svona smábátakerfi og hvaða aðferðir ætti að hafa við það.

En svo hrekkur maður allt í einu upp með andfælum. Hæstv. sjútvrh. mætir með þetta frv., sem nú er búið að henda. Frv. var sett þannig upp að það fer ekki fram hjá nokkrum manni sem hefur lagt það á sig að lesa það eða hlustað á þá sem hafa lýst því í sölum Alþingis að það var hugsað til að rústa dagakerfinu. Þegar umræðan um frv. hafði staðið í nokkurn tíma komust menn að þeirri niðurstöðu að líklega væri alveg eins gott að klára þetta alveg, vera ekki með platákvæði þar um að menn gætu verið áfram í dagakerfinu. Menn semja bara nýtt frv. og reyna að gera fleiri ánægða með því að hreyfa til tonnin, færa aðeins til þeirra sem fengið hafa minna og þá yrðu fleiri ánægðir. Því fleiri hagsmunaaðilar sem sæju pening í þessu þá yrði þetta allt miklu léttara. Þeir mundu ganga bara í lið með þeim.

Menn hafa fundið það í gegnum tíðina að þegar búið er að gera menn að eigendum auðlindarinnar þá finnst þeim gott að sofna á kvöldin við að reikna út hvað kvótinn gæfi ef þeir seldu hann daginn eftir. Jafnvel þótt þeir eigi varla fyrir salti í grautinn út af erfiðum rekstri á bátum sínum þá eiga þeir kvóta sem er það mikill að þeir geta alltaf huggað sig við að ef þetta gangi ekki lengur selji þeir bara kvótann og hætti þessu helvíti.

Þeir sem styðja kerfið hafa náttúrlega áttað sig á þessu fyrir löngu. Nú er allt í einu hægt að búa til hóp í viðbót, m.a. af mönnum sem höfðu verið að garga eitthvað og verið óánægðir með stefnuna. Nú er allt í einu líka hægt að fá þá í þetta lið. Með því að gera þá að kvótamönnum, bjóða þeim

svolítinn pening, er bara tekin ákvörðun um þetta og ekki lengi verið að því sem lítið er.

Ég ætla ekki að hafa lengri lestur um þetta yfir þeim þingmönnum staddir eru í salnum að sinni. Ég taldi hins vegar ástæðu til að halda eina slíka ræðu fyrir hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, sérstaklega vegna þess að hann hefur ítrekað gert sér ferð upp í stólinn til að lýsa því hve létt og þægilegt sé að fara inn í útgerð á Íslandi í kvótakerfinu, kaupa sér kvóta og byrja bara að gera út. Það er ekki svo einfalt.

Ég ætla að enda ræðu mína á að segja að það þarf að fara fram alvöruumræða í sölum Alþingis um að breyta fyrirkomulaginu og létta okinu af útgerðinni, oki sem sem þyngist í framtíðinni miðað við þá skuldasöfnun sem þar viðgengst vegna kvótans. Eins sjá menn að nýliðun í útgerð á Íslandi verður aldrei með eðlilegum hætti á meðan slíkt fyrirkomulag varir. Það verður eins með útgerð á Íslandi og alla aðra atvinnuvegi. Ef menn koma í veg fyrir að nýliðar komist að í atvinnugrein þá rotnar hún innan frá. Það hefur verið að gerast og hið versta er að byggðarlögin og fólkið í sjávarbyggðum landsins líður fyrir þetta fyrirkomulag.

[03:13]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Nú erum við að ræða um stjórn fiskveiða. Ég hef fylgst með umræðum um stjórn fiskveiða undanfarið, í gegnum tíðina, á hinu háa Alþingi og oftar en ekki hefur umræðan farið fram í skjóli myrkurs enda hefur oftar en ekki verið um hálfgerð myrkraverk að ræða. Segja má um þetta mál að það sé mjög slæmt og þetta mál hér má kalla málið sem breyttist. Upprunalega var málið kynnt þannig að menn ættu að hafa jafnt val, þ.e. að þeir ættu að geta valið hvort þeir væru í sóknarkerfi eða í kvótakerfi. Þetta átti að vera frjálst val. En þegar betur var að gáð var ekki um neitt val að ræða í því frv. sem var kynnt hér. Það var fúið gólf, eins og einn stjórnarliði orðaði það, eða nánast fallhleri. Ef menn völdu að vera í sókn voru þeim allar bjargir bannaðar. En ef menn völdu hinn kostinn, kvótann, gat það falið í sér að menn gátu selt sig út úr kerfinu.

Í rauninni hófst þessi málflutningur mjög óheiðarlega og segja má að það sé líka athyglisvert að hér er um stórmál að ræða. Þetta er ekkert smámál. Verið er að deila út verðmætum sem eru metin á 8 milljarða til 300 aðila. Þetta varðar byggðirnar og þess vegna ættu að vera fleiri hér úr sjútvn. En aumingja formaður sjútvn., hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, er skilinn einn eftir til að ræða þessi mál. Mér finnst félagar hans í stjórnarliðinu koma illa fram við hann þegar þeir flýja af hólmi í staðinn fyrir að ræða málið hér. Það undirstrikar enn og aftur hversu málið er vont að þeir sem ættu í rauninni að vera hér og verja málið, vegna þess að þeir halda því fram að það sé afspyrnu gott, ættu auðvitað að gera það og ræða það við okkur.

Annað er athyglisvert. Vegna þess að ég hef hlýtt á umræður hér að mestu í kvöld og fram á nótt hef ég tekið eftir því að menn eru ekkert að tala um það sem fiskveiðistjórnarkerfi á að snúast um. Það er ekki verið að ræða um fiskveiðistjórn hér eða nánast ekki neitt. Þó minntist einn hv. þm. á það, Einar Oddur Kristjánsson. Hann taldi að kvótakerfið væri alvont og hefði engum árangri skilað. Hvers vegna ætli menn séu þá að fara yfir í kvótakerfi þegar þeir eru búnir að sjá að það skilar engum árangri? Spyr sá sem ekki veit.

Annað í þessari umræðu er að hún er hálfrökþrota. Það eru engin rök í þessu máli sem styðja það að við förum þessa leið.

Síðan saknar maður fleiri þingmanna í þessari umræðu sem ættu að vera hér. Þá er ég að hugsa sérstaklega um hæstv. utanrrh., guðföður kvótakerfisins. Hann ætti að vera hér og verja barnið sitt. Þetta er afkvæmi hans eða skrímsli réttara sagt, eins og ég horfi á það.

Síðan ætti annar hæstv. ráðherra að vera hér og ræða þetta mál því hann virðist vera að festa í sessi kerfi sem á að koma í veg fyrir landflótta að hans mati. Það finnst mér ótrúlegt sérstaklega í ljósi þess að það hefur komið fram í umræðunni, m.a. í máli hv. þingmanns í stjórnarliðinu, að kvótakerfið eða aflamarkskerfið hefur engum árangri skilað, ekki nokkrum, heldur er aflinn helmingi minni nú en fyrir daga kerfisins. Og hvar eru svonefndir Vestfjarðavíkingar sem ættu að vera að berjast hér fyrir byggðirnar og fyrir kjördæmi sitt, Norðvest., og sérstaklega fyrir Vestfirði? Hvar er Einar K. Guðfinnsson? Hann sér enga ástæðu til að ræða þetta mál. Ég skil það. Þetta er vont mál fyrir hans byggð, Bolungarvík. Ég skil að hann forðast þessa umræðu. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson byrjaði í einhverjum andsvörum en það var ömurlegt að hlusta á hann snúa út úr breytingartillögum minni hlutans. Málflutningur hans er sérstaklega ömurlegur þegar maður les í gegnum ræður hans á þessu þingi þar sem hann telur að halda beri í sóknarkerfið og að engin ástæða sé til þess að fara yfir í kvótakerfi. Ég botna ekki í þessum viðsnúningi hjá hv. þm. Ég hef hér ræðu sem hann flutti fyrr í vetur og ég vil fá að lesa stuttan bút úr henni, með leyfi herra forseta:

„Ég tel þýðingarmikið að halda því til haga að af hálfu stjórnarliðsins er ekki stuðningur við að kvótasetja dagabátana. Þetta vildi ég taka alveg skýrt fram og er ekki unnið að því á þeim grundvelli. Þeir aðilar sem eru að vinna því fylgi úr hópi dagamanna eru því ekki að vinna samkvæmt þeirri stefnu sem stjórnarliðið hefur markað sér í málinu."

Hvað er hv. þm. að gera nú? Hann stendur að þessum gjörningi hér að leggja í rúst sóknarkerfi sem hefur fært Bolungarvík 1.600 tonn að því ég heyrði í Auðlindinni um daginn, 1.600 tonn af afla dagabáta á síðasta ári. Allar líkur eru á því að ef þessir bátar hefðu verið kvótasettir þegar þessi afli kom á land þá hefði hann verið miklum mun minni. Þess vegna ætti hann að vera hér í fararbroddi að verja sóknardagakerfið. Hvar er hann núna? Hann hefur allt í einu skipt um lið og orðið kvótavinur. Hvað ætli hafi valdið þessum viðsnúningi? Ég átta mig ekki á því. Ég tel að hv. þm. skuldi svör, skuldi þau Vestfirðingum og fólki í Norðvest. sem kaus hann út á allt annað en þessi svik. Hann skuldar þessu fólki skýringar á þessum viðsnúningi. Þetta er í raun lítið annað en svik. Þetta eru hrein og klár svik.

Síðan sakna ég annars þingmanns í umræðunni, hv. þm. Hjálmars Árnasonar, sem mikið hefur gasprað um færeyska sóknardagakerfið og sagt að menn ættu að skoða það. Hann skreytti sig í kosningabaráttunni með því að hann hefði fengið það samþykkt að gera úttekt á kostum þess og göllum. Ég veit ekki betur en að hann hafi verið harður stuðningsmaður þess að rústa því sóknarkerfi sem við höfum. Ég verð að segja að rökstuðningur hans í því máli sem hefur heyrst á opinberum vettvangi hefur verið algjört öfugmæli. Í rauninni er þetta svona álíka og rökstuðningur hans þegar hann flutti hina frægu Berlusconi-ræðu sína þar sem hann var að vega að málfrelsinu í landinu og fjölmiðlum og beitti því fyrir sig að verið væri að verja frelsið og fjölbreytnina.

Hér er hv. þm. að vega að sóknarkerfinu á sama tíma og hann þykist ræða um færeyskt sóknardagakerfi og sóknarkerfi. Hvað á þetta að þýða? Mér finnst þetta vera mikil óheilindi og ég átta mig í raun ekki á því hvernig menn geta komið fram fyrir þjóðina og borið slíkt á borð. Mér finnst að þessir menn ættu að biðjast afsökunar.

Hvers vegna erum við núna að rústa þessum leifum sem við höfum af sóknarkerfi? Ég átta mig ekki á því, sérstaklega í ljósi þess að hjá öðrum þjóðum í kringum okkur sem fiskveiðum sínum með kvótum er árangurinn enginn. En Færeyingar hafa náð góðum árangri við að stjórna fiskveiðum sínum og þeir nota sóknarkerfi.

Nú hafa aðrar þjóðir litið til árangurs Færeyinga. Ég vil nefna Breta í því sambandi. Út kom skýrsla sem hefur verið kennd við Tony Blair. Þar er fjallað ítarlega um hin ýmsu fiskveiðistjórnarkerfi hér og þar í heiminum og meira að segja er farið til Íslands. Ég tel reyndar að upplýsingarnar frá Íslandi hafi verið mjög gallaðar því að þar var vitnað í bók eftir ævisagnarithöfundinn og gæsalappamanninn Hannes Hólmstein Gissurarson. Hann var aðalheimildin fyrir árangri íslenska kvótakerfisins sem við fengum að heyra hjá einum stjórnarliðanum að væri enginn. Þar sjá nú Bretarnir í gegnum þetta og segja að menn eigi að líta til Færeyja og skoða árangur þeirra vegna þess að sóknardagakerfi eða sóknarkerfi hafi ýmsa kosti sem beri að skoða og þá er hægt að sneiða hjá ýmsum ágöllum aflamarkskerfis.

Einn helsti gallinn á kvótakerfum er sá að það hvetur til brottkasts, sérstaklega í blönduðum veiðum, botnfiskveiðum. Eflaust má nota kvótakerfi þar sem afli er einsleitur og í uppsjávarveiðum eins og á loðnu og síld. En í blönduðum botnfiskveiðum hentar það afar illa. Þetta ættum við Íslendingar að fara að sjá, við sem fáum svona stóran hluta af útflutningstekjum okkar, allt að helming og vel ríflega það, úr sjávarútvegi. Þess vegna ætti okkur að vera umhugað um að ræða það og koma okkur niður á skynsamlega leið til þess að stjórna veiðunum. Ég átta mig ekki á því hvað menn eru hér lengi að berja hausnum við steininn og nota afar slæmt kerfi, kerfi sem hvetur til brottkasts.

Ekki er nóg með að við missum verðmæti út fyrir borðstokkinn þegar við hendum fiski heldur fylgir því ýmislegt annað. Við fáum ranga mynd af því sem er að gerast á miðunum þar sem landaður afli endurspeglar ekki það sem veitt er. Þegar aldursaflaákvörðun er notuð í svona miklum mæli til að ákvarða stærð fiskstofna kemur þetta mjög illa út ef menn henda alltaf smæsta fiskinum. Það leiðir til þess að við vanmetum nýliðunina. Hæstv. sjútvrh. ætti að fara að átta sig á þessu, viðurkenna. Hann á að horfast í augu við að við erum að nota ónýtt tæki til að stjórna fiskveiðum. Þá erum við ekkert að tala um neitt réttlæti eða hver eigi auðlindina. Það er önnur spurning. Sóknin getur þess vegna verið í einkaeign. Það er allt önnur spurning. En að nota svona handónýta aðferð til að stjórna fiskveiðum, þ.e. með kvótasetningu, er tóm della og það ættu menn að fara að viðurkenna.

Ég varð vitni að því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson viðurkenndi það og ég fór að velta fyrir mér: Ætli það sé ekkert hlustað á hann í Sjálfstfl.? Tekur enginn mark á honum? Hvað veldur þessu? Hann segist hafa haldið því fram í áratugi að það gangi ekki að stjórna veiðum með kvóta. Hann nefnir að hann hafi rætt um þetta. Ætli það taki bara enginn mark á honum í Sjálftsfl.? Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni hvort hann hafi orðið verulega var við þessa kröfu eða hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi bent rækilega á að ekki sé skynsamlegt að beita kvótakerfi við stjórn fiskveiða. Hefur hv. þm. orðið var við þessa baráttu hans sem hann segist hafa háð áratugum saman?

Ég hef fylgst með umræðu um sjávarútvegsmál í alllangan tíma en mér finnst þessi umræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar ekki hafa farið hátt. Hins vegar hef ég heyrt að hann hafi bent á að hægt sé að kenna Hafrannsóknastofnun um allt sem miður fari við stjórn fiskveiða. Mér finnst það náttúrlega vera fráleit della, algjörlega. Það er eins og það sé óviðráðanlegt náttúrulögmál eða eitthvað sem enginn ráði við og enginn stjórni. Mér finnst það í rauninni barnalegt. Hann talar síðan um það hér að þegar útgerðarmenn sameinist verði hægt að ráða við Hafrannsóknastofnun. Hvað er maðurinn að segja? Er hann að segja að hæstv. sjútvrh. ráði hvorki við eitt né neitt, ekki einu sinni rannsóknastofnun? Ég veit það ekki. Ég skil ekki svona málflutning og sérstaklega í ljósi þess, svo undarlegt sem það nú er, að hagsmunaaðilar sitja í stjórn Hafrannsóknastofnunar eftir því sem ég best veit. Þess vegna eru þessi ummæli algjör fásinna.

Menn eiga ekki að bera svona á borð. Menn vita að málið er vont fyrir byggðir þeirra. Þeir eiga auðvitað að vera menn til að standa í lappirnar og verjast. Mér finnst að hinir svokölluðu Vestfjarðavíkingar, eða liðleskjurnar að vestan eins og ég vil nefna þá, ættu að sjá sóma sinn í að verja þetta kerfi sem skiptir svo miklu máli fyrir Norðvest. Það er skömm að því að horfa upp á að bæði fyrir kosningar og síðan á þingi í allan vetur hafa menn þóst styðja þetta kerfi. En svo allt í einu eftir klukkan ellefu í gærkvöldi eða hvenær það var kom allt annað hljóð í strokkinn. Hvað breyttist? Jú, menn létu sem það væri komið eitthvert samkomulag við smábátasjómenn.

Það er ekki að heyra að á hafi komist samkomulag. Af útprenti úr fréttum má frekar ráða að forvígismönnum smábátasjómanna hafi verið nánast nauðgað í samkomulag. Manni finnst málflutningurinn um meint samkomulag ómerkilegur. Menn eiga auðvitað að taka þessa umræðu á öðru plani, m.a. út frá því hvort þetta sé skynsamlegt, ekki bara fyrir byggðirnar sem munu augljóslega bera skaða af frv., heldur líka út frá þjóðarhag. Það er vitanlega ekki skynsamleg lagasmíð sem augljóslega býr til aukinn hvata til brottkasts á fiski og mun leiða til þess að við fáum rangar tölur inn í aflaskýrslur og koma í veg fyrir nýliðun.

Auðvitað eiga menn að skoða málið út frá þjóðarhag og vera menn til að mæta í þingsal, ekki síst stjórnarliðar úr Norðvest. En það er ekki hægt. Umræðan fer fram að næturlagi og svo flýja menn eins og fætur toga.

Nýliðun er vandasöm í sjávarútveginum. Ég ætla að ítreka það enn og aftur. Hins vegar virðist, ef eitthvað er að marka andsvör hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar, að hann trúi að kerfið bjóði upp á nýliðun og hún sé ekkert svo erfið í sjávarútvegi. Mér finnst furðulegt að maðurinn haldi slíku fram. Það mætti halda, af orðum hans, að það væri bara allt í sómanum og hlutirnir gengju enn þá betur fyrir sig með allar veiðar í kvóta.

Það hefur ítrekað komið fram að kostnaðurinn við að stofna útgerð, við að litlir bátar fari í kvótasetningu, mun aukast. Þess vegna átta ég mig ekki á málflutningi sem gengur út á að betri vextir fáist í bönkunum. Það er fáheyrt að hv. þm. skuli bera slíkt á borð í ræðustól Alþingis. Mér finnst í raun skömm að þessu fyrir hv. þm. Þetta er bara hrein og

klár della. Það hefur verið sýnt fram á að erfiðara verði að hefja útgerð.

Málið er að nýliðunin er vandasöm sem er slæmt vegna þess að nýliðun skiptir máli. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni varðandi það að hún setur ákveðinn þrýsting á þá sem eru fyrir í atvinnugreininni. Þetta á við um allar atvinnugreinar. Menn þurfa ekki að að halda að þeir sem stunda útgerð núna séu svo ofurklárir að enginn annar geti staðið í því sama. Nýir aðilar í atvinnurekstri koma með nýjar hugmyndir inn í atvinnugreinina sem skiptir auðvitað miklu máli.

Það væri fróðlegt að fá að heyra hv. þm. Guðjón Hjörleifsson útskýra þetta varðandi nýliðunina. Flokkurinn sem kenndi sig einu sinni við einkaframtak virðist æ meira minna á ráðstjórnarflokk. Hvert frumvarpið á fætur öðru minnir æ meira á slíkt stjórnarfar. Frumvörp þeirra ganga út á hleranir, höft, kvóta og bönn og þessi frumvörp jafnvel lögð fram í nafni frelsisins. Hér er til umræðu frumvarp sem hvert mannsbarn ætti að sjá að kemur í veg fyrir nýliðun. En þá segir formaður sjútvn. að það muni jafnvel auðvelda nýliðun. Þvílík endemis della.

Í raun er hv. þm. vorkunn. Hann er skilinn einn eftir og enginn annar úr meiri hluta sjútvn. til að aðstoða hann við þessi mál. Það er í raun undarlegt að menn sem ganga fram fyrir skjöldu og segja að þetta sé gott mál skuli ekki vera hér og ræða það. Þetta skiptir sjávarbyggðirnar svo miklu máli. Ég sakna sérstaklega hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og mér finnst það aumingjadómur að mæta ekki hér. Hvað ætlar hv. þm. að segja þegar hann kemur vestur og aflinn minnkar í Bolungarvík? Ja, ég veit það ekki. Ég vildi ekki vera í sporunum hans eða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þegar þar að kemur. Það hlýtur að vera ömurlegt að hafa haldið öðru fram í allan vetur en hafa síðan tekið 180 gráðu beygju.

Fróðlegt væri að menn færu yfir það hvernig þeir sjá fyrir sér þróun þessa atvinnuvegar. Eru menn t.d. ánægðir og sáttir? Sérstaklega væri fróðlegt að fá að heyra hvort fyrrum bæjarstjóri í Vestmannaeyjum sé t.d. sáttur við menntunarstigið í þessari grein. Það er búið að leggja niður báða fiskvinnsluskólana í landinu. Þeir voru tveir. Eru menn ánægðir með slíka þróun í atvinnugreininni?

Það er líka einkennilegt að horfa upp á það að Sjómannaskólinn er tómur eða a.m.k. afar lítil aðsókn að honum. Auðvitað ættu menn að vilja hasla sér völl í þessari atvinnugrein, undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Nei, greinin er svo bundin í höft og kvóta að það sér enginn framtíð í atvinnugreininni. Þetta er ein af aðalástæðunum fyrir hnignuninni á landsbyggðinni. Menn eru farnir að viðurkenna það. Hér hefur verið vitnað í grein sem birtist í Ægi þar sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson viðurkenndi, eins og fleiri hafa gert, að þetta sé ákaflega vont mál.

Það er svo einkennilegt í þessu máli að rök gilda ekki, menn eru ekkert að rökræða þetta. Það blasir við að kerfið hefur ekki skilað nokkrum árangri. Landaður afli er helmingi minni nú en var og mig langar að spyrja hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hvort hann telji ekki að það sé ákveðinn áfellisdómur sem fram kom í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Ættu menn þá ekki að skoða með opnum huga að fara aðrar leiðir, t.d. eins og Færeyingar þar sem menn ræða jafnvel um að taka minnstu bátana út úr sóknarstýringu og gefa það alfrjálst. Menn sjá að þessir bátar hafa engin úrslitaáhrif á stærð fiskstofna.

Það gefur augaleið að sóknarstýring er miklu hentugri til að verja fiskstofnana. Það ættu menn að fara að viðurkenna og horfast í augu við að ef menn breyta ekki sókninni og mikil fiskigengd er þá fá menn meiri afla og það er gott. En ef það er lítill afli á slóðinni þá eru líkur á að afli minnki. En í kvótakerfinu, eins og margoft hefur komið fram, þá kemur fyrir að menn misreikna sig. Hafrannsóknastofnun hefur jafnvel ofmetið fiskstofnana og þá er hætt við því að menn sæki harðar í stofninn en hann þolir og geti framselt kvótann til stærri skipa. Er þetta ekki áhyggjuefni? Ættu menn ekki að fara að skoða betur sóknarstýringu eins og kom fram hér í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar? Ég hefði talið það.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mikið lengri vegna þess að það er svo undarlegt að m.a. í þessari umræðu gilda ekki rök. Menn eru ekkert að tala um fiskvernd, um það sem þetta mál á í raun að snúast um. Menn fara heldur að tala um vexti og ég veit ekki hvað.

[03:41]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ég taldi það til ágætra tíðinda í kvöld þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og hann sagði óbeint að hann mundi ekki styðja þetta frv. Ég gat ekki skilið betur af ræðu hv. þm. en að hann mundi mæla á móti frv. Hann gaf í skyn að hann væri mikill baráttumaður sóknarkerfis og hefði verið það um árabil og þar af leiðandi stuðningsmaður frv. sem Frjálsl. og Vinstri grænir hafa lagt fram. Hann hefur gefið það til kynna bæði á fundum vestra og víðar.

Þessi ágæti baráttumaður, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, færir okkur með þessu afskaplega góð tíðindi. Hann gerir í raun málið meira spennandi. Það er hugsanlegt að öll stjórnarandstaðan muni mæla á móti frv. og ég held að það hljóti að teljast til tíðinda ef einn þingmaður stjórnarliða hyggst gera það líka.

Aðrir stjórnarliðar í Norðvest. hafa ekki gefið eins skýrt til kynna að þeir muni mæla á móti frv. þrátt fyrir að hafa upplýst á fundum vestra, rétt eins og kollegi þeirra hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að þeir væru fylgjandi því að setja gólf í sóknardaga upp á 23 daga. Fyrir síðustu alþingiskosningar var t.d. talað um þessi mál ásamt línuívilnun. Þau mál voru ansi heit í umræðunni og sumir vildu meina að loforðin sem gefin voru fyrir alþingiskosningar hefðu komið ríkisstjórninni sem nú situr til valda. Ég tel því að ábyrgðin sem hvílir á hv. stjórnarliðum í Norðvest., sem ekki hafa gefið upp hvort þeir muni mæla á móti frv., sé talsvert mikil. Hún er mjög mikil. Í fyrsta lagi hafa þeir berlega gefið í skyn að þeir séu fylgjandi því að setja gólf í sóknardaga smábátanna. Í öðru lagi mætti segja að ríkisstjórnin hafi komist til valda á fölskum forsendum ef þeir samþykkja frv.

Herra forseti. Mig langar að ræða afleiðingar þessa frv. hvað varðar nýliðun. Margoft hefur verið sagt að ungir sjómenn komist helst að í þessari starfsgrein í gegnum svokallað sóknarkerfi, sem nú á að útrýma. Ástæðan er sú að hinir svokölluð sóknardagabátar hafa farið á 30–35 millj. kr. Þeir ungu menn sem hafa ætlað sér í greinina hafa að sjálfsögðu sett fram ákveðin markmið og reiknað hugsanlegar tekjur af rekstrinum. Samkvæmt samtölum mínum við fjölmarga þeirra hafa þeir ætlað sér að veiða um 70–80 tonn af þorski. Það eru ekki ýkja miklar tekjur af einu fyrirtæki, 70–80 tonn af þorski. Ætla má að það klóri svona rétt í 10 millj. kr. og þá á eftir að draga frá allan útgerðarkostnað og aukamann um borð.

En ef þetta frv. nær fram að ganga og ungir menn sem vilja komast að í greininni ætla sér að kaupa bát og hafa ekki möguleika á því að fara inn í sóknardagakerfið vegna þess að búið verður að útrýma því þá þurfa þeir einfaldlega að kaupa sér kvóta. Í dag er verðið á einu tonni í kvótakerfinu, í litla kerfinu, um 800 þús. kr. tonnið. 80 tonn munu þá gera 64 millj. kr., herra forseti. Þarna er ólíku saman að jafna. Í sóknardagakerfinu geta menn hafið reksturinn með því að afla 35 millj. kr. Ef breytingarnar ná fram að ganga er útlit fyrir að þeir þurfi að leggja fram 65 eða jafnvel 70 millj. kr. fyrir að veiða sama magn. Tekjurnar verða þær sömu.

Að mínu mati er endanlega verið að gera út af við mögulega nýliðun í íslenskum sjávarútvegi. Mér þykir það afskaplega miður.

Það er líka vert að minnast á hverjar afleiðingarnar verða fyrir Norðvest. Þannig er að 11 þús. tonn voru veidd af þessum flota í fyrra og þar af var um 8 þús. tonnum landað í Norðvest. Mér er kunnugt um að helmingnum af þessum 8 þús. tonnum sem komu á land í Norðvest. var landað af smábátum sem eru skráðir utan Norðvest. Það gerir það að verkum að landaður afli í Norðvest. mun líklega dragast saman um 3.500–4.000 tonn. Vitað er að þessi afli fer ekki allur til vinnslu þar, við höfum komið inn á það áður. En það breytir því ekki að fjölmörg þjónustufyrirtæki tengd sjávarútvegi munu hljóta mikinn skaða af, þ.e. fólk mun missa atvinnu sína. Það er því mjög einkennilegt að þingmenn frá Norðvest. hafi lýst því yfir að þeir muni styðja þetta frv., m.a. hv. þm. Kristin H. Gunnarsson.

Að sjálfsögðu sakna ég þess að sjá ekki aðra þingmenn stjórnarliða í Norðvest. Þar mætti nefna hv. þm. Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson, Adolf H. Berndsen og jafnvel fleiri. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða fyrir kjördæmið.

Sökum þess sem gerast mun með þessu frv. vil ég gera að umræðuefni hlut banka og fjársýslumanna nái málið fram að ganga. Það liggur í augum uppi að ef sóknardagakerfið fer inn í aflamarkskerfi mun það kosta unga sjómenn sem ætla sér inn í greinina helmingi fleiri krónur fyrir sama magn af fiski. Þá komum við að vaxtabyrðinni og aukinni skuldsetningu greinarinnar. Enn og aftur er verið að auka hlut bankanna í íslenskum sjávarútvegi. Að mínu mati er svo komið í íslenskum sjávarútvegi að bankarnir eru einir um að græða eitthvað af viti. Kvótinn hefur meira og minna skipt um hendur en bankakerfið tekur að mínu mati til sín stóran hluta af raunverulegri framleiðni innan greinarinnar.

Menn hafa talað um sátt í sjávarútvegi. Hér hefur logað stafnanna á milli í umræðum um þessi mál um margra ára skeið. Mörgum kom það á óvart þegar sjávarútvegsmál voru gerð að stærsta kosningamálinu síðasta vor. Það kom mér ekki á óvart. En ég hlýt að spyrja, herra forseti, hvað þurfi til hjá ríkisstjórninni, hjá hv. þingmönnum stjórnarliða, til að taka skref í átt að þokkalegri sátt um kerfið.

Frjálslyndi flokkurinn lagði fram að hann vildi heimila tvær handfærarúllur á hvern einasta bát, þ.e. að sjómenn sem hefðu áhuga gætu fengið tvær handfærarúllur og róið til fiskjar. Ég held að allir menn geti verið sammála um að hér er ekki um neina hættu í líffræðilegum skilningi að ræða fyrir lífríkið í hafinu, tvær handfærarúllur á bát. Ég verð því að spyrja, herra forseti: Hvað veldur því að menn eru ekki tilbúnir að taka slíkri tillögu? Gætu menn átt von á því, ef Frjálsl. kæmi með tillögu í haust um að smábátar gætu fengið að róa með tvær rúllur og opnað yrði aftur fyrir nýliðun í kerfið, að hv. stjórnarliðar mundu samþykkja slíka tillögu? Mér er spurn.

Hverjir gætu hugsanlega tapað á slíkri lagasetningu? Ég sé ekki að nokkur einasti maður geri það. Það er hægt að halda slíkum tillögum utan við núverandi kvótakerfi. Við erum að tala um sátt, að rétta höndina fram til þjóðarinnar og hlusta á það sem menn segja. Það er búið að harðlæsa kerfinu með þessu frv. en bardaginn er að mínu mati rétt að byrja. Það hefur kannski ekki borið ýkja mikið á sjávarútvegsmálum, að undanskildu frv. um línuívilnun, á þessu þingi, herra forseti. En ég er hræddur um að næsta haustþing muni fjalla mikið um sjávarútvegsmál því að það verður ekkert gefið eftir af hálfu stjórnarandstæðinga í þeim málum.

Ég hef áhuga á að spyrja hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sem er í salnum nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi: Hvað hefði hv. þm. Guðjón Hjörleifsson gert í sporum hv. þm. stjórnarliða í Norðvest.? Hefði hv. þm. Guðjón Hjörleifsson gengið á bak orða sinna eins og sumir kollega hans ætla greinilega að gera? Hefði hann staðið við orð sín?

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson er í raun heppilegastur úr röðum stjórnarliða til að ræða þessi mál enda fáir smábátar í heimabyggð hans, Vestmannaeyjum. En hvað hefði hann gert í sporum kollega sinna ef hann hefði nokkrum mánuðum áður, á frægum fundi sem bar yfir skriftina „Orð skulu standa“, gefið í skyn með beinum hætti að hann vildi sóknardagakerfið áfram og 23 daga gólf í það kerfi? Hefði hann séð sóma sinn í að mæla með því að þessu sama sóknardagakerfi yrði útrýmt með þeim afleiðingum fyrir Norðvest. sem ég lýsti áðan? Ég óska þess að hann svari þessari spurningu.

Það er ástæða fyrir því að hér ber ekkert á þingmönnum stjórnarliða frá Norðvest. Einn þingmaður stjórnarliða, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hefur tjáð sig. Enda lýsti ég því yfir í byrjun ræðu minnar að ég ætti von á því að hann greiddi atkvæði á móti þessu frv.

Ég vil einnig spyrja hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, og jafnvel einnig hv. þm. Hjálmar Árnason úr því að hann er kominn í salinn, út í nýliðunina. Ég færði rök fyrir því áðan að ungi sjómaðurinn sem vill komast inn í kerfið þarf að greiða 65–70 millj. kr. eftir breytingar fyrir að veiða 80 tonn af þorski. Sami maður á í dag möguleika á að fara inn í sóknardagakerfið og ná í sama magn fyrir 35 millj. kr. Menn hafa reynt að færa rök fyrir því að með þessum breytingum sé nýliðun inn í kerfið auðvelduð. Ég veit ekki hvort kollegi þeirra, hv. þm. og stærðfræðingur, Pétur Blöndal, hafi verið að reikna fyrir þá. Ég efast um það en ég vil fá svör. Getur hv. þm. Guðjón Hjörleifsson haldið því fram að orð mín séu ekki rétt? Er það ekki rétt hjá mér að tonnið í aflamarkskerfinu kosti 800 þús. kr. á markaði í dag?

Er það eðlilegt að ungir menn þurfi að reiða fram 65–70 millj. kr. fyrir að afla 10 millj. kr. í tekjur á ári? Þá á eftir að borga einum manni laun og allan útgerðarkostnað. Þetta eru tölur sem gera það að verkum að menn hvá við. Menn vilja síðan halda því fram að kerfið auðveldi nýliðun og segjast opna kerfið með þessari breytingu. Nú vil ég heiðarleg svör, herra forseti.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hv. þm.: Hvernig sér hann fram á að sátt verði um kerfið? Mundi hann hugsanlega taka vel í tillögur Frjálsl., jafnvel á hausti komanda, um að leyfa smábátum að róa með tvær rúllur utan við kvótakerfið? Með því mætti hleypa ákveðnu lífi í byggðirnar og hleypa ungum mönnum að. Ef ekki, hvernig vill hv. þm. ná fram

sátt um kvótakerfið? Á þetta áfram að vera þannig að 80% þjóðarinnar sé á móti því? Eða á aldrei að hlusta á þjóðina?

Herra forseti. Áfram verður karpað um þessi mál á föstudaginn kemur en ég óska þess að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson svari þessum þremur spurningum mínum og sýni mér með afgerandi hætti hvar ég hef rangt fyrir mér varðandi nýliðunina. Er ekki verið að gera nýliðun erfiðari með þessari breytingu? Getur ekki verið að hv. þm. hafi farið með rangt mál fyrr í kvöld? Getur verið að hv. þm. hafi reiknað vitlaust eða verið illa upplýstur?

[03:59]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er að sjá á öllu að umræðan fari að síga á seinni hlutann, 2. umr. um þetta mikilvæga mál, og er kannski kominn tími til. Það hefur valdið mér töluverðum vonbrigðum í kvöld að þegar svo mikilvægt mál er til umræðu þar sem svo mikið liggur undir, svo miklir hagsmunir og hagsmunir margra í þjóðfélaginu — ég er ekki bara að tala um hv. þingmenn heldur fólk í byggðum vítt og breitt um landið — að þegar svona miklir hagsmunir liggja undir, við erum að tala um tilfærslu á verðmætum til fárra aðila upp á marga milljarða, við erum að tala um lífsafkomu fólks, jafnvel gjaldþrot hjá fjölda fjölskyldna, eignamissi — þá láta hv. stjórnarliðar ekki sjá sig í þingsalnum, ekki einu sinni þingmenn meiri hlutans í sjútvn. sem hefðu átt að vera hér allir sem einn. Hæstv. sjútvrh. hefði líka átt að sjá sóma sinn í því að vera hér við umræðuna í allt kvöld. (Gripið fram í.) Já, hann er veikur, hv. þm. Jón Gunnarsson, ég tek það til greina. En þrátt fyrir það eiga þingmenn í meiri hluta sjútvn. *sem standa að meirihlutaálitinu og þeirri tillögu sem er til* umræðu í kvöld sér engar málsbætur og hafa enga afsökun fyrir því að hafa ekki verið hérna. Ég lýsi eftir hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni sem situr í sjútvn., hann hefur ekki sést. Ég held að hann hafi ekki verið í húsinu í allt kvöld. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur sést hér endrum og eins. Formaður sjútvn., hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, hefur verið hér í kvöld og hann á þó alla vega þakkir og heiður skilinn fyrir það, við skulum ekki draga úr því. En aðrir stjórnarliðar í hv. sjútvn. hafa því miður verið allt of lítið hér og þá dettur mér t.d. fyrst og fremst í hug þeir tveir góðu félagar úr Norðvest., hv. þm. Sjálfstfl., Einar K. Guðfinnsson, og hv. þm. Framsfl. og varaformaður sjútvn., Kristinn H. Gunnarsson. Hann hefur ekki verið hér í kvöld.

Enginn þessara þingmanna, fyrir utan hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sem mælti fyrir áliti meiri hlutans, hefur flutt ræðu í kvöld, enginn. Nokkur andsvör, frekar aum, hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og það er sennilega allt, og svo náttúrlega formaður nefndarinnar, en þar fyrir utan engin andsvör.

Stjórnarandstaðan er búin að tala núna um málið í rúmlega sex klukkutíma og hún hefur ekki fengið nein andsvör frá stjórnarliðum og nánast engir stjórnarliðar hafa verið í salnum. Það veldur mér t.d. vonbrigðum að hv. varaþingmaður Adolf H. Berndsen sem kom inn á þing í gær, maður sem kemur frá Skagaströnd sem á gríðarlega mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli, hefur ekki séð ástæðu til að tala í kvöld. Hann sat hér lengi vel og hlustaði en hann hefur ekki séð ástæðu til að taka til máls, þingmaður Sjálfstfl., varamaður hæstv. samgrh. Sturlu Böðvarssonar.

Mér þykir það mjög alvarlegt mál þegar stjórnarliðar leyfa sér að leggja fram frv. sem skiptir svo marga máli í þjóðfélaginu, skiptir svo marga efnahagslegu máli, það varðar lífsafkomu fólks, þetta er grafalvarlegt mál, og þeir skuli ekki einu sinni sjá sóma sinn í því að vera viðstaddir umræðuna, hlýða á röksemdir okkar sem erum á móti og erum að reyna að koma fyrir þá vitinu með ágætri breytingartillögu. Að þeir skuli sýna okkur þá fyrirlitningu, þá lítilsvirðingu, og ekki bara okkur þingmönnum í stjórnarandstöðunni heldur líka fólkinu sem á allt sitt undir ákvörðun þeirra og þeim hræðilegu mistökum sem sennilega verða gerð á hinu háa Alþingi, að þessir hv. þm. skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera við umræðuna og a.m.k. taka þátt í rökræðu við okkur og svara okkur. Mér finnst það mikið alvörumál og mikið umhugsunarefni og það segir mér að þeir hafi slæman málstað að verja og þetta sé í raun og veru í takt við það sem gerðist í sjútvn.

Mig langar aðeins til að nota tækifærið hérna í lokin til að lýsa því hvað gerðist þar því að ég tel að það eigi fullt erindi inn í þingtíðindi, svona fyrir seinni tíma, þannig að menn geti áttað sig á hvers konar sjónarspil var þar á ferðinni. Það var þannig að frv. kom fyrir augu okkar þann 17. maí sl., fyrir nokkrum dögum, fór til 1. umr. í þinginu, var lagt fram og mælt fyrir því af sjútvrh. og fór síðan beint inn í sjútvn.

Á fundi í sjútvn. fyrir fjórum eða fimm dögum, morgunfundi sem hófst snemma morguns, sátum við allir nefndarmenn á fundi. Á dagskránni stóð að liður nr. 1 væri gestir en við fengum ekki að vita hvaða gestir væru að koma. Síðan leið og beið og allt í einu gengu gestirnir inn. Ég sá strax hvaða menn voru þar á ferðinni vegna þess að ég kannaðist við kauða. Það voru trillukarlar sem lengi hafa vælt um að dagabátaflotinn yrði settur í kvóta. Þeir hafa beitt lævíslegum brögðum, áróðursbrögðum til að koma þeirri ósk á framfæri. Ég hef ákveðinn grun um að þeir séu að hluta til bakkaðir upp, ef svo má segja, af öflum sem vilja að allur flotinn fari í kvótakerfi, öflum úr Sjálfstfl. Einn þeirra er fyrrverandi frambjóðandi Sjálfstfl. í Norðvest. og maður sem hefur verið mjög virkur á landsfundum Sjálfstfl.

Þessir fjórir menn gengu allt í einu inn í fundarherbergi sjútvn. Þá áttaði maður sig á því hvað var að gerast. Þarna var, að ég tel, samkrull á milli formanns nefndarinnar, hv. þm. Sjálfstfl. *Guðjóns Hjörleifssonar, og þessara manna.* Ég var búinn að sjá þá áður á vappi um ganga þinghússins á eintali við formann sjútvn. Allt í einu voru þeir mættir þarna á fund. Þessir fjórir herramenn kynntu sig þar sem talsmenn hóps sem þeir kölluðu áhugahóp dagabátaeigenda. Þeir voru með mjög einarðlegar kröfur og röksemdafærslu fyrir því að allir þessir 300 bátar allt í kringum landið ættu að fara inn í kvóta.

Þessir herramenn settust niður og sátu á fundi nefndarinnar í tvo klukkutíma, kannski rúmlega það, og færðu rök fyrir því af hverju þessi floti ætti að fara inn í kvóta. Þeir virkuðu ekki mjög sannfærandi á mig, í raun og veru var mér mjög misboðið og ég varð reiður þegar þeir lögðu fram það sem þeir kölluðu skoðanakönnun. Þeir upplýstu nefndina um að þeir væru fulltrúar þessa félags sem hefði verið stofnað fjórum dögum fyrr, þann 20. maí ef ég man rétt, og að það félag hefði notað síðustu helgi til að gera símakönnun meðal allra eigenda dagabáta, hringt í alla eða langflesta þeirra til að spyrja þá um afstöðu þeirra til frv. sjútvrh., sem gekk reyndar út á það að menn höfðu tvo valkosti eins og hv. þm. Jón Gunnarsson lýsti svo vel áðan, annaðhvort að borða kjöt eða skít. Að sjálfsögðu völdu menn kjötið. Þeir voru látnir taka afstöðu til þessa frv. og 80% sögðu að ef þeir ættu að

taka afstöðu til frv., ef það yrði að raunveruleika, mundu þeir frekar velja kvóta.

Þetta var lagt fyrir sjútvn. sem einhver sannleikur um að 80% af öllum dagabáteigendum á Íslandi vildu fara inn í kvótakerfi sem voru náttúrlega að sjálfsögðu helber ósannindi og rugl. Ég varð svo reiður að ég tók þessa skoðanakönnun og reif hana í sundur fyrir framan nefið á þeim og sagði að þetta væri marklaust plagg og það væri ekkert að marka þessa menn.

Ég veit að þessir menn hafa leikið lausum hala töluvert lengi, þeir hafa til að mynda haft aðgang að Morgunblaðinu. Þeir plöntuðu þeirri frétt inn í Morgunblaðið fyrir þó nokkrum vikum að hátt í 200 manns, eigendur dagabáta, hefðu skrifað undir undirskriftalista, að hátt í 200 eigendur dagabáta af 300 eigendum dagabáta á Íslandi í dag hefðu skrifað undir undirskriftalista um að þeir óskuðu eftir því að fá að fara inn í kvóta. Nokkrum dögum seinna dró Morgunblaðið þetta til baka og sagði að það væru víst ekki nema um 100 manns. Síðan fylgdu áróðursgreinar í Mogganum um að söknardagakerfið væri ótækt, óalandi og óferjandi.

Það hefur enginn séð undirskriftalistana, enginn. Ráðuneytisstjóri sjútvrn. koma á fund sjútvn. og hann varð að viðurkenna að hann hefði aldrei séð listana og heldur ekki embættismenn. Ráðuneytisstjórinn, fyrrv. alþingismaður Vilhjálmur Egilsson, viðurkenndi að hann hefði í raun og veru bara heyrt í einum manni, einum dagabátamanni sem óskaði eftir því að komast í kvóta. Það væri allt og sumt. Sjútvn. hefur ekki fengið að sjá listana, við höfum ekki fengið neitt tækifæri til að sannreyna hvort þessir undirskriftalistar séu til. Eins og ég sagði áðan er skoðanakönnunin ómarktæk, hún er gerð af þessum mönnum. Það fylgdi ekki einu sinni með henni hvernig spurningin hljóðaði. Þetta var og er mjög vafasamt.

Samt sem áður, hæstv. forseti, leyfir formaður sjútvn. sér, þrátt fyrir þá ósvífni þar sem hann boðar þessa fjóra menn, sem hafa greinilega það að markmiði að reyna að telja sjútvn. á það að láta sig hafa kvóta og eru á allan hátt mjög ótrúverðugir, að koma upp í ræðustól hvað eftir annað og fullyrða að menn hafi sagt sér hitt og þetta. Og maður kannast strax við að það sem hann hefur heyrt er það sem þessir menn sögðu nefndinni á fundinum. En formaður nefndarinnar, sem ber ríka ábyrgð, hefur ekki séð neina ástæðu til þess að sannreyna hvort það hafi verið rétt og satt sem þessir menn sögðu, að það væri svona skelfilegt að vera sjómaður í dagabátakerfinu, að afkoman væri svo ofboðslega slæm að menn væru bara nánast gjaldþrota og ég veit ekki hvað og hvað. Það liggja engin gögn fyrir framan okkur þingmenn um hver hin raunverulega afkoma þessa flota er, engin vísindaleg eða óháð gögn liggja fyrir okkur um hana.

Við höfum heldur engin gögn um óháða úttekt á því hvernig hlutir eins og t.d. rúllufjöldi eða vélarstærð eða annað hefur áhrif á aflabrögð. Samt sem áður er verið að leggja fram frv. í þinginu sem mun ganga út á það að allur þessi floti fari í kvóta. En við höfum engin gögn í höndunum sem réttlæta það að þessi floti eigi að fara í kvóta, engin gögn. Við höfum helling af fordómum, við höfum fullt af skoðunum einhverra manna úti í bæ og þá aðallega skoðunum manna sem greinilega eygja hagsmuni í því að þessi floti fari inn í kvóta þannig að þeir geti gert verðmæti úr honum og farið að braska með hann.

Þessi kvóti er mjög verðmætur. Trilla sem fær 40 tonn, trillueigandi sem fær 40 tonn getur selt þann kvóta kannski fyrir 35 millj. kr. og kannski enn þá meira eftir nokkur ár, ef svo fer sem okkur grunar í Frjálsl. og við höfum rökstuddan grun um að sé rétt, að það standi til að sameina þessi kerfi þannig að stóru sjávarútvegsfyrirtækin geti keypt upp trilluflotann og allan þann kvóta sem á honum er. Ef svo fer verður trillukvótinn mjög verðmætur.

Við erum að tala um gríðarlegar fjárhæðir sem geta skipt um eigendur. Þetta mál er lagt núna fyrir þingið, eins óvandað og það er, án þess að nein almennileg gögn liggi fyrir, engar rannsóknir, ef svo má segja, og við eigum að samþykkja það, eitthvert frv. sem samið er í sjútvrn. að Skúlagötu 4 og lagt fyrir þingið. Ég tel að þetta séu gersamlega ótæk vinnubrögð og vara sterklega við því að þessi leið verði farin og þetta verði gert með svona illa ígrunduðum hætti.

Það besta í stöðunni núna væri að fresta frv., leggja það á ís yfir sumarið, að bátarnir haldi áfram að veiða í sumar með sína 19 daga sem þeir hafa núna og svo tækjum við næsta vetur í að skoða þessi mál. Við þurfum að láta óháða aðila rannsaka ýmsa þætti málsins. Við þurfum að fá vandaða skýrslu inn til okkar og við þurfum síðan að kalla til aðila, vel valda aðila úr öllum geirum þessa hóps, 300 manna hóps, og annarra líka sem eiga hagsmuna að gæta því það eru ofboðslega margir sem eiga hagsmuna að gæta í málinu, fá þetta fólk á fund til okkar og tala við það .

Núna er verið að reyna troða frv. í gegnum þingið til að gera örfáa einstaklinga ofboðslega ríka á kostnað komandi kynslóða og það mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Það mun líka gerast á kostnað byggðarinnar á landinu, það mun rýra eignir fólks sem í dag býr úti á landsbyggðinni og gera marga menn og konur, fjölskyldur, gjaldþrota. Þetta ætlar Alþingi að láta sigla í gegn nánast mótþróalaust að því er virðist, a.m.k. með samþykki þingmanna sem maður hefði seint trúað að mundu svíkja þennan málstað miðað við það sem þeir hafa sagt áður.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér er illa brugðið og ég óttast að þetta sé upphafið að endalokunum, hið raunverulega upphaf að endalokunum hjá mörgum sjávarbyggðum landsins.

Ég sé að formaður sjútvn., sem er reyndar á ræðulista á eftir mér, er ekki í salnum, væri hægt að kalla á hann?

(**Forseti** (GÁS): Það er sjálfsagt mál.

Ég hef hug á að spyrja hann nokkurra spurninga. — Hér kemur hv. formaður sjútvn. — Mig langar til að spyrja hv. þm. nokkurra spurninga, það má vera að aðrir þingmenn hafi spurt hann að því áður. Fyrsta spurningin er: Hverjar eru röksemdirnar fyrir því að illa skilgreindur hópur, sem greinilega hafði mikilla hagsmuna að gæta með því að 300 eigendur dagabáta færu inn í kvóta þannig að þeir sjálfir gætu hagnast á því með því að fá kvóta til sín sem eru að verðmæti margir tugir milljóna sem þeir sennilega munu geta selt, hverjar eru röksemdirnar fyrir því að þessi eini tiltekni hópur sem einnig hefur verið á göngum Alþingis í marga daga eins og gráir kettir, m.a. sést á tali við formann sjútvn. í Skála Alþingis oftar en einu sinni, hverjar eru röksemdirnar fyrir því að þessir menn voru boðaðir á fund sjútvn. án þess að meðlimir sjútvn. vissu af því fyrir fram?

Spurning númer tvö: Telur formaður sjútvn. að þessir menn séu trúverðugir og hefur hann gert eitthvað til að athuga hvort fullyrðingar þær sem komu fram á fundi með sjútvn., rúmlega tveggja klukkutíma löngum fundi, eigi við rök að styðjast? Hefur formaður nefndarinnar eitthvað í

höndunum sem sýnir fram á það? Ég er þá að tala um efnahag eigenda þessara báta, að líf þessara manna sé svo erfitt og ömurlegt, það sé svo erfitt að selja þessa báta og þar fram eftir götunum. Hefur formaður sjútvn. einhver gögn í höndunum sem sanna þetta og sýna ótvírætt fram á það? Og ef hann hefur þau gögn undir höndum hvernig stendur á því að aðrir í sjútvn. hafa ekki fengið að sjá þau, heldur hafa eingöngu þurft að reiða sig á vafasaman vitnisburð þessara manna?

Síðan væri gaman að fá að heyra hvort formaður sjútvn. telji að það séu einhver fiskifræðileg rök fyrir því að þessi floti verði settur í kvóta, hvort einhver hætta sé á því að hann stundi svo gríðarlega ofveiði. Þessi floti hefur síðustu tvö fiskveiðiár verið að veiða á milli 10 og 12 þús. tonn af þorski árlega sem er rétt um 5% af heildarþorskafla á Íslandsmiðum, þ.e. skráðum þorskafla, í kerfi þar sem við vitum að mikið er um brottkast og kvótasvindl. Telja menn að þessi floti sé einhver ógn við fiskstofnana, botnfiskstofnana við Ísland? Ég vil fá að heyra það og vita hvort hann hefur einhver haldbær rök fyrir því, enga fordóma eða skoðanir hans sjálfs, hv. þingmanns, heldur haldbær rök, skjalfest að þessi floti stundi ofveiði.

Hæstv. forseti. Ef við lítum til Færeyja, það hefur aðeins verið minnst á reynsluna þar, þá voru nú í vikunni að berast fréttir af því að Færeyingar hyggist gefa veiðar smábáta frjálsar. Færeyska landstjórnin er að vinna að tillögum um að veiðar færeyskra smábáta á færeyska landgrunninu verði frjálsar. Á sama tíma eru menn hér á Íslandi að keppast við að keyra handfæraflotann inn í kvóta sem við vitum að mun leiða til brottkasts og kvótasvindls. Og það þýðir ekki fyrir hv. formann sjútvn. að reyna að koma með þá röksemd að sá floti hafi verið að svindla. Ég veit að hann hefur verið að svindla. Við höfum heimildir fyrir því að menn hafi landað um borð í þessa báta úti á miðunum og þeir hafi svo komið í land og margir af þeim sem eru aflahæstir núna á þeim bátum sem eru með viðmiðun eru menn sem hafa verið að svindla gróft (**Gripið fram í:** Nei, nei.) en það er þó a.m.k. afli sem hefur komið í land. Ég tel að sá afli sem hefur verið landað í þessar trillur, hugsanlega úti á miðunum, hafi verið afli sem annars hefði farið í sjóinn og aldrei verið færður til bókar og aldrei orðið að verðmætum fyrir íslenskt þjóðarbú. Ef þessar trillur fara í kvóta fara þær inn í brottkastskerfi og kvótasvindlskerfi og það er alvarlegur hlutur. Þetta eru 300 trillur. Þeim mun fækka hratt en samt sem áður munu þær fara í alveg gargandi brottkast sumar hverjar. Ég hef séð vídeómyndir af trillum sem hafa verið að veiða á línu þar sem menn slá allan þorsk undir 50 sm af krókunum, sjálfkrafa. Það er alvarlegur hlutur á meðan trillur sem hafa verið á handfærum í sóknardagakerfi koma með hvern einasta titt að landi.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið meira, það er kominn nýr dagur og fer að líða að nýjum fundi. Mér þætti vænt um að fá skýr og greinargóð svör við þessum spurningum frá formanni nefndarinnar og ég er að tala um skjalfest svör, að hann hafi einhver gögn í höndunum til að styðja mál sitt. Það er mjög mikilvægt að við, þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi Íslendinga — við erum að taka afdrifaríkar ákvarðanir og ég trúi því að hér ríki þingræði þó að ég efist oft um það, t.d. núna þar sem framkvæmdarvaldið kemur með frv. í þingið og við sjáum augljóslega að valdir hagsmunaaðilar eru látnir hafa bein áhrif á ákvörðunarferlið, en ég trúi því samt sem áður í hjarta mínu, ég er kannski svona barnalegur, að hér ríki þingræði — tökum ákvarðanir á eins vönduðum grundvelli og hægt er og þá er ég að tala um gagnasöfnun óháðra aðila, ekki einhverra aðila sem augljóslega eru hagsmunaaðilar sem eru að verja ankannaleg sjónarmið. Okkur ber skylda til þess að fara eftir stjórnarskrá og okkur ber skylda til þess að hafa hagsmuni þjóðarinnar í huga, ekki einhverra útvalinna einstaklinga. Ég vona að formaður nefndarinnar hafi hlustað á mál mitt og taki það til greina og fari kannski í háttinn í nótt með þetta í huga. Við erum að vinna fyrir þjóðina, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, ekki fyrir einhverja fáa einstaklinga.

[04:24]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Komið er að lokum 2. umr. um frv. hæstv. sjútvrh. um breytingu á lögum nr. 38/1990, með síðari breytingum. Þær breytingar sem hafa orðið á frv. frá því að það var lagt fram eru nokkuð afgerandi þar sem segir að útgerðir báta með dagatakmörkun, þ.e. sóknarbátar, skuli stunda veiðar með krókaaflamarki frá og með næsta fiskveiðiári. Við erum að ræða um 9.500 tonn í þorski ásamt 300 lestum í þorski vegna sértækra aðgerða en það byggir á viðbótarhlutdeild sem svarar allt að 20 lestum í krókaaflamarki til að bæta stöðu þeirra útgerða sem nýlega hafa endurnýjað báta sína þar sem sóknargetan hefur ekki nýst, til að mynda aflareynsla. Ráðherrann mun setja nánari reglur um þetta ákvæði.

Í breytingum við frv. er gert ráð fyrir að til reiknigrunnsins reiknist 90% af upp að 50 lesta viðmiðunarreynslu á óslægðan fisk og 40% af því sem umfram er. Það kemur fram í nefndaráliti að þessar prósentutölur geta tekið breytingum og nú liggur það fyrir að hver bátur fær reiknigrunninn 91% af fyrstu 42,5 lestunum og umfram það 45%. Búið er að setja upp reiknilíkan miðað við þessar prósentur. Ég hef trú á að þetta verði lokaprósentur sem verða kynntar og lagðar fram á milli umræðna. Þá kemur í ljós að 35 skip lækka við útreikninginn, 206 skip hækka. Hjá þessum 35 minnkar aflinn um 58 tonn miðað við fyrstu tölur sem komu á vef Fiskistofu. Hækkunin er 696 tonn en engin breyting varð hjá 51 skipi.

Ég tel ánægjulegt að hafa náð samkomulagi við fulltrúa Landssambands smábátaeigenda miðað við þær forsendur sem lágu fyrir. (**Gripið fram í:** Þetta samkomulag?) Forsendur lágu fyrir og við skiptumst á skoðunum. Það voru ákveðnir valkostir í stöðunni og það kom niðurstaða út úr því. Okkur var kynnt þetta í nefndinni og það kom niðurstaða úr því. Það var ekkert samkomulag, við vorum ekkert að ræða um einhverja daga eða gólf. Það var ekki inni í stöðunni. Við náðum samkomulagi á öðrum forsendum.

Margir aðilar komu á fund sjútvn. Flestir sem komu á fundinn voru sammála um að loka þyrfti þessu kerfi. Þar má nefna fulltrúa Sjómannasambands Íslands, Vélstjórafélagsins, Farmanna- og fiskimannafélags Íslands og fulltrúa þess áhugahóps sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur rætt töluvert um í kvöld. Þessir aðilar létu gera skoðanakönnun meðal félagsmanna sinna og þeir hringdu út. (**Gripið fram í:** Áhugamannahópurinn.) Áhugamannahópurinn og fleiri, já. (**Gripið fram í:** Nú?) Það kom listi (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) sem var afhentur sjútvn. Hann er hjá ritara nefndarinnar og fulltrúar sjútvn. máttu skoða eins og þeir vildu og hann gekk á fundinum og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson var með listann því ég sótti hann til hans. (**Gripið fram í:** Ég er búinn að lesa hann.) Þú varst að skoða hann og lesa

hann. Þetta eru 10–15 nöfn. (Gripið fram í.) 10–15 nöfn og það er merkt við númer hvað báturinn er, hvað hann heitir, hver er eigandi og hver talaði við hann. Svarið er já eða nei. Þetta er allt flokkað og mjög vel gert. Niðurstaðan er mjög afgerandi. Það eru 249 eða 85,27% af 292 sem svara, 183 segja já, 44 segja nei, 5 ætla ekki að svara og óvissir eru 17. Það náðist ekki í 43. Ef við tökum prósentuna bara hjá þeim sem svöruðu þá eru það 80,6% sem sögðu já og 19,4% sem sögðu nei. Sumir sem sögðu nei ætluðu að athuga hvort kæmi 23 daga gólf. (**Gripið fram í:** Hver var spurningin?) Spurningin var um frv. Hvað á að spyrja um annað en frv. þegar verið er að gera slíka skoðanakönnun? (**Gripið fram í:** Kjöt eða skít.) Það er ykkar mat. En þetta er mjög bara afgerandi og eins og fulltrúi ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill vekja athygli þingmanna á því að hér er ekki spurt og svarað heldur er hv. ræðumaður að halda ræðu.)

Fulltrúi Landssambands smábátaeigenda sagði að svörin gætu verið meira en 80% að hans mati, gætu alveg eins verið 90. Það var hans mat og það er kannski skýringin á því að þeir áttuðu sig á því að þorri þessara aðila taldi þetta vera gott fiskveiðistjórnarkerfi og vildi fara í það. Það er niðurstaðan og þess vegna var hægt að loka þessu. Það er mjög einfalt. Það er mjög athyglisvert hve margir vilja þetta. Það eru mörg rök að baki og ég er búinn að skoða þau. Það er meira atvinnuöryggi. Við erum að ræða um 400–500 manns sem starfa í þessu. Við erum að ræða um atvinnuöryggi 400–500 fjölskyldna. Við vitum líka að lausafjárstaða margra aðila er slæm. Og það voru ekki einhverjir fjórir aðilar sem voru að hringja í mig. Það voru tugir aðila, það eru yfir 100 aðilar búnir að hringa í mig þannig að það komi fram hér. Það er því vegið mjög að einstaklingum sem hafa áhuga á að hitta þingmenn. Hvað koma margir hópar í Alþingishúsið og vilja ræða við okkur? Allt í einu er einn hópur tekinn út úr og hann er bara að gambla og leika sér. Hvað erum við búnir að eiga marga fundi, við hv. þingmenn Suðurk.? Við erum búnir að eiga 20–30 fundi með hópum. Er einhver einn hópur eitthvað vafasamari en annar? (**Gripið fram í:** 20–30?) Mega menn ekki ræða við okkur? Ég er a.m.k. búinn að því, búinn að hitta fólk sem kemur hingað.

Það er staðreynd að það er orðið langtum erfiðara að eiga við bankakerfið í dag. Það eru gerðar kröfur í dag og menn þurfa að hafa eigið fé líka hvort sem þeir eru á sóknardögum eða í kvóta. Ég var búinn að nefna aðilann sem fékk fjögur tilboð en fékk ekki fjármögnun. Þetta er bara að gerast. Það er erfitt að selja í þessu kerfi. Það er staðreynd.

Menn mega róa í sóknardagakerfinu frá 1. apríl til 31. október. En þessir aðilar geta sjálfir ráðið því með því að fara í aflamarkskerfið hvenær þeir róa og þá eru þeir náttúrlega farnir að stjórna sjósókn sinni sjálfir. Þeir geta valið stærri og betri fisk með því að veiða á öðrum árstíma, fengið meira og betra verð. (**Gripið fram í:** Fara í brottkast.) Menn töldu og rökstuddu það að hægt væri að stjórna betri rekstri á 45 tonnum en óvissunni sem er 70 tonn eitt árið og 30 tonn og 40 tonn hitt árið. Síðustu daga í þessu gæftaleysi hafa dagabátar verið úti. Menn eru búnir að eyða 30, 40, 50 tímum síðustu þrjá daga, menn sem eru með 18 daga og hafa varla fengið þann gula upp úr sjó. Haldið þið að þetta telji ekki hjá aðilum sem eru í rekstri. Í þessu felst ákveðin óvissa. Það er ekki alltaf fullur sjór af þorski. Þarna geta menn nýtt tímann betur og farið á hentugri tíma. Kannski er lengra að fara á miðin til að sækja meiri aflaverðmæti. Þeir eru ekki í kapp við tímann. Það eru bara margir möguleikar í þessu.

Við vitum líka, það er engin launung á því, að með þessari breytingu verða miklar breytingar. Helsta breytingin sem menn verða varir við er að minni afla verður landað á sumrin. Það verður veitt þegar verðið er hæst. Um það held ég að allir séu sammála. Þetta mun dreifast betur yfir árið. Ég tel líka að þessum bátum fækki, að þarna verði hagræðing. Við sjáum það alveg ef við skoðum þennan lista að sumir eiga tvo báta og þeir kannski ákveða að veiða allt á einn bát. Eitthvað fer á hreyfingu. Eitthvað verður selt. Það gerist alltaf. Svo fara einhverjir yfir á línu og það skapar kannski fleiri atvinnutækifæri. Þeir sem eru með tvo báta eru kannski að hugsa um heils árs störf og þá losna störf á móti. Margt spilar inn í þetta. Ég er alveg harður á því að möguleikinn er meiri í aflamarkskerfinu og ég fer aftur inn á þetta með bankakerfið og allt sem snýr að því. Hv. þm. Gunnar Örlygsson spurði mig einmitt um nýliðun, um kaup og sölu og hvert mitt mat væri á því. Mat mitt er mjög einfalt. Það er markaðurinn sem stjórnar þessu. Það eru 500 bátar í krókaaflamarkskerfinu. Það koma 292 bátar í viðbót. Það er hreyfing á þessu. Það verða kaup og sala. Þetta blandast þessu kerfi. Ef menn eru síðan að tala um 100 þúsund kall til eða frá þá getur það breyst. Það fer eftir ásókn. En meðan hreyfingin er og menn eru að selja og kaupa báta fara þeir inn í þennan pott. Þetta er ekkert öðruvísi.

Virðulegi forseti. Í gegnum tíðina hefur verið mikill ágreiningur um sóknardagabáta og fiskifræðingum fjölgar mikið og ekki síst á kosningaári. Það hafa verið uppboð hjá stjórnmálaflokkum á dögum í þessu kerfi en það hefur aldrei verið um annan valkost að ræða. Með breytingu á frv. sem meiri hluti sjútvn. leggur fram mun sóknardagakerfið verða lagt niður í núverandi mynd og allir aðilar færðir yfir í aflamark að undanskildum þeim er falla undir sértæk tilfelli en þeir fara í aflamarkskerfi á næstu tveimur árum. Einhverjir munu sennilega fara strax í aflamark. Samkvæmt frv. eru tæp 9.800 tonn af þorski færð í aflamark sem er 90% af næstbesta ári sóknardagabáta. Takið eftir, 90%. Fyrir þremur árum síðan voru veidd 8.400 tonn og við erum að tala um langtum meiri aflaverðmæti á land. Ég get fullvissað ykkur um að 9.800 tonnin sem veidd eru í aflamarki á þeim tíma sem betra verð fæst fyrir fiskinn eru verðmeiri en 11 þúsund tonnin sem eru veidd á sóknardögum á sumrin.

Virðulegi forseti. Ég fékk töluvert af spurningum frá hv. þingmönnum Jóni Gunnarssyni, Gunnari Örlygssyni og Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Ég ætla aðeins að reyna að svara þeim.

Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði hvort mér dytti í hug að nokkrir veldu sóknardaga. Mér datt það í hug því að menn voru að hringja í mig. Gerð var könnun í einu sveitarfélagi þar sem voru sex bátar. Fjórir vildu fara og tveir ekki. Þetta var því valkostur. Menn sem voru óánægðir hafa hringt í mig og látið í ljós óánægju sína ef þetta á að breytast. Það eru líka hugsjónamenn í þessu. 80, 20, ég átta mig ekki á því hvort það hafi verið einhver niðurstaða sem lá í þessu. Ég hélt að hún væri ekki svona afgerandi þegar þetta fór af stað.

Ég fékk líka töluvert af hringingum af því að það var munur á þeim aðilum sem voru með t.d. veiðireynslu upp á 50 tonn á sitt hvoru árinu. Ástæðan var sú að annað árið var 12.400 tonna afli og hitt árið 11.009 tonna afli. Þá voru 50 tonn reiknuð sem vægi af heildinni og sett inn í staðinn fyrir að hagstæðara hefði verið að leggja árin saman og búa til eina einingu þannig að 50 tonnin væru með sama vægi. Því

munaði í fyrstu útreikningum að annar aðilinn var með 62% og hinn 68% þannig að það vantaði þarna mismun. Menn vita töluvert um hvað hinn er að veiða þannig að þetta kom strax í ljós.

„Var samkomulag við LS um hvað var rætt? Hvenær hittust þið eftir að frv. var vísað til sjútvn.?“ Það gerðist á mánudagskvöldið að meiri hluti sjútvn. fundaði og mér var falið ásamt ráðuneytisstjóra í sjútvrn. að ræða við fulltrúa LS. Ég hafði samband við Örn Pálsson um 11-leytið að kvöldi til. Þá var hann í vinnu við að semja álit. Hann var akkúrat að senda okkur í nefndinni álit sitt. Hann var tilbúinn að mæta og við sátum til klukkan eitt um nóttina og fórum yfir stöðu málsins og alla þá þætti og söguna af þeirra hálfu. Það var ákveðið að hittast daginn eftir. Þá var Arthur Bogason að koma erlendis frá og við ræddum við þá. Þetta þróaðist upp í það að við náðum samkomulagi miðað við þær forsendur sem voru gefnar. (**JÁ:** Náðuð þið samkomulagi?) (**Gripið fram í:** Samkomulagi eða er nauðung?) (**Gripið fram í:** Afarkostum.) Nei, nei, það var bara ákveðið í stöðunni og þeir töldu betra að loka þessu en vera með frv. eins og það var. Það er staðreynd.

„Að meta áhrif löndunar og afla og hvaða áhrif það hefur á sveitarfélög.“ Þessi skýrsla eða tafla er alveg ótrúleg. Það er rosalega misjafnt hvað er að gerast sums staðar á landinu. Við sjáum að Reykjavík og Hafnarfjörður vinna 20% af þeim afla sem smábátar landa. Það er varla landað fiski þar. Í Bolungarvík er landað 1.614 tonnum en unnin 560 tonn. Flateyringar standa sig mjög vel. Þeir vinna 928 tonn, landa 318 tonnum. Svona má fara yfir þetta allt saman. Grímseyingar landa 1.211 tonnum, vinna 240. Ég held því að vinnsluþátturinn sé eitt af því sem menn eiga að skoða. Við þurfum að styrkja hann. Það er kannski svar við þessari spurningu. Ég held að hægt sé að skapa langtum meiri verðmæti. Ég hugsa bara að gera þurfi ákveðna úttekt hjá sumum sveitarfélögunum á því hvað hægt sé að gera í atvinnuuppbyggingu.

Varðandi þann hóp sem átti að hafa komið að þessu máli, þ.e. hvort hann hafi komið með hugmyndina um sértæku aðgerðirnar, þá kom sú hugmynd frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Hann kom með þá hugmynd upphaflega og sagði að margir væru á gráu svæði sem ekki mundi falla inn í þetta út af ástæðum sem við höfum rætt hér áður þannig að meðlimir í félögum þeirra aðila sem sendu bréfið hafa líka verið í sambandi. Þetta eru náttúrlega dæmigerðir hlutir sem gerast þegar menn eru að gera veigamiklar breytingar.

Varðandi reiknigrunninn sem hv. þm. Jón Gunnarsson ræddi um þá sýnist mér það gerast miðað við þessa útreikninga — og hann er örugglega búinn að skoða það — að minni aðilarnir sem eru með 20–35 tonnin koma betur út úr þessu og það var kannski sú hætta sem LS taldi geta komið upp varðandi rekstur á bát með þennan kvóta. Ég er mjög sáttur við þá breytingu, þá jöfnun sem hefur orðið miðað við þetta reiknilíkan og ég hef ekki trú á að það verði neinar breytingar. Ég er búinn að skoða þetta aðeins í dag og er mjög sáttur við það.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson spurði mig hvað ég mundi gera ef ég væri þingmaður Norðvest. og væri búinn að segja það sem þeir áttu að hafa sagt og stendur á vefsíðu X-F, er það ekki? Ég var að lesa það um daginn að fundur var í Norðaust. og sagt var hvað þingmenn hefðu sagt. Mér finnst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vera búinn að gera skilmerkilega grein fyrir ákvörðun sinni, þ.e. í hvaða stöðu hann var og hvaða valkostir voru í stöðunni. Hann gerði grein fyrir því. Einar K. Guðfinnsson gerði líka grein fyrir því og las hér úr ræðustól það sem hann sagði. Ef ég hefði verið á þessum fundi og menn hefðu haft eitthvað eftir mér þá hefði ég þurft að standa fyrir því. En mér finnst þeir þingmenn sem voru á fundinum vera búnir að gera alveg grein fyrir því hvað þeir sögðu þar. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði aðeins minna en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson en Kristinn fór mjög vel í gegnum þetta. Hann sagði bara hér á hinu háa Alþingi að hann teldi að ekki væri meiri hluti fyrir því að setja gólf og þess vegna voru valkostir aðrir. Hann sagði það hér í umræðunni.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði að aukningin væri svo lítil og spurði hvort það væri einhver hætta að hafa þessa stýringu og stoppa þetta. Það er engin launung á því að á síðustu þremur árum hefur veiðin aukist um 50%, úr 8 þúsund tonnum árið 2000 í 12.400 árið 2002 sem er mjög mikið. Það eru að koma mjög stórir og sterkir bátar og á meðan kerfið er svona opið vilja menn náttúrlega fara í sóknina og veiða alveg eins og hægt er á meðan boðið er upp á þetta. Einhvers staðar verðum við að stoppa þetta. Mér finnst þetta bara mjög góður endir. Mér finnst mjög sanngjarnt að bjóða upp á 9.900 tonn í varanlegu í þorski, 650 tonn í varanlegu í ufsa og svo verða einhver 150 tonn í ýsu, karfa og öðrum tegundum. Mér finnst þetta mjög gott miðað við veiðar síðustu ára. Ef við tækjum meðalafla á þorski síðustu þriggja ára þá eru það 10.600 tonn sem er sama magn og við erum að tala um í varanlegu ef við tökum þessar tegundir með. Þetta er nákvæmlega sama tala upp á kíló.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson vildi að ég ræddi um þessa menn. Hann spurði hvort ég hefði kíkt á pappíra og annað frá þeim. Ég er ekki að koma til að ræða um einstaklinga á þessum stað. Tugir manna, ef ekki fleiri en hundrað manns — yfir hundrað manns hafa haft samband við mig sem eru í þessu kerfi. Skoðanir eru skiptar og menn hafa tjáð sig um þetta. En að ræða um einstaklinga og stöðu þeirra ... (Gripið fram í.) Það gengur ekki einu sinni að maður fari fram á það á hinu háa Alþingi. Svona gera menn ekki hér. Það er bara misskilningur að það séu einhverjir fjórir aðilar. Óskað var eftir því á fundi sjútvn. að þessir fjórir aðilar mundu mæta. Þá sagði ég: „Þetta eru áhugamenn um aflamark. Viljið þið fá einhverja aðra í viðtal.“ Ég spurði að því en ekki kom ósk um það. Ég ætla ekki að sitja undir því að ég hafi verið að velja. Þetta gekk svona fyrir sig. Það var beðið um þetta og við ætlum að gefa okkur nægan tíma. Það var jafnvel rætt um að fara ekki í umsagnir en það gerðist líka. En mér finnst mikil ávirðing að ráðast hér á einstaklinga og ætla svo að ræða persónuleg mál þeirra sem eru í þessu kerfi.

Virðulegi forseti. Breytingar á frv. um stjórn fiskveiða sem nú er lagt fram byggja á framtíðarsýn og meira öryggi fyrir eigendur, starfsmenn og fjölskyldur þeirra sem hafa verið á sóknardagabátum sem fara yfir í aflamark næsta haust og því er mikilvægt að frv. verði afgreitt á þessu þingi.

Að lokum þakka ég góðar og í flestum tilvikum mjög málefnalegar umræður um frv. sem að mínu mati á eftir að styrkja enn frekar fiskveiðistjórnarkerfi okkar og skjóta sterkari stoðum undir smábátaútgerð á Íslandi.

[04:45]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst aumt þegar hv. þm. Guðjón Hjörleifsson talar um samkomulag. Hann hefði átt að heyra það lesið upp í fréttum í kvöld að það er haft eftir Erni Pálssyni að hann telur beinlínis að komið hafi verið aftan að þeim í landssambandinu. Hann segir að komið hafi verið aftan að þeim í þessu máli af hálfu sjútvrh. Er það samkomulag? Mér finnst það ekki. Það sem ég ætlaði að spyrja hv. þm. út í er í fyrsta lagi hvort þetta eigi ekki að varða fleiri en þá 300 sem eiga þessa dagabáta? Eigum við ekki að velta fyrir okkur þjóðarhag í þessu máli? Við erum að tala um auðlind þjóðarinnar og ekki neina smáauðlind. Við erum að tala um 5% af heildarþorskaflanum og hvernig við ætlum að veiða hann. Það hefur komið fram að í kvótakerfinu er brottkast eins og ég rakti hér. Hv. þm. hefur ekki hrakið þá staðreynd og það hefur komið fram, m.a. í breskum skýrslum sem hefur verið vitnað til, þ.e. Blair-skýrslunni.

[04:46]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi samkomulagið þá var alveg ljóst þegar við ræddum við fulltrúa Landssambands smábátaeigenda að gólf kom ekki til greina. Það voru öryggisákvæði sem áttu að stjórna því hve mikið mætti veiða. Dagarnir hefðu þannig getað hreyfst til eða frá miðað við hve hratt veiðin gengi fyrir sig. Öryggisákvæðið var mjög afgerandi. Það var rætt um fjórar rúllur og fækkun daga miðað við aukið vélarafl. Þannig var öryggisákvæðið af því að menn ætluðu að staldra við og stoppa. Það má segja að ef allir hefðu farið í að nota sóknardagana hefði það verið viðurkenning á 11.009 tonnum eins og málið er samkvæmt frv. En þessir aðilar töldu betra (Gripið fram í.) að loka þessu. (Gripið fram í.) Við fórum alveg í gegnum þetta og ræddum þetta.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli á því að hv. þm. er í ræðustól og ekki eiga að vera í gangi samtöl í þingsalnum.)

Það var rætt við þessa aðila. Þetta varð niðurstaðan. Það voru ekki margir valkostir í stöðunni. Það var alveg ljóst. En þegar búið var að loka þessu tókust menn í hendur og kláruðu þetta.

[04:48]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á þessum frammíköllum. En mér fannst rétt að minna hv. þm. á spurninguna. Ég spurði hann ekkert um viðkomandi aðila heldur spurði ég um þjóðarhag. Ég var ekki að spyrja um þá 300 aðila sem hann endurtekur í sífellu að haft hafi verið samráð við. Hefði ekki verið nær að skoða þjóðarhag og skoða hvernig við fengjum sem mest úr auðlindinni?

Það hefur ítrekað komið fram að kerfið sem við erum að setja þessa báta í hvetur til brottkasts í meira mæli en kerfið sem við erum að leggja af. Væri þá ekki rétt að skoða þann þátt sérstaklega? Ég hefði talið það. Mér finnst ansi aumt ef hv. þm. Guðjón Hjörleifsson ætlar að reyna að koma sér hjá því að svara slíkum spurningum. Hefur sá þáttur verið skoðaður?

Hann talaði um að það væri vandamál að það aflaðist minna þegar minna væri af fiski á slóðinni og með þessu skapaðist meiri stöðugleiki. Við erum að tala um fiskverndarkerfi og þess vegna ætti að vera kappsmál okkar að aflinn endurspeglaði fiskigengdina.

[04:49]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Oft hefur verið rætt um brottkast og það er engin launung á því að brottkast hefur átt sér stað. Það er gaman að sjá þá breytingu sem orðið hefur miðað við skoðanakönnun Gallups, hve mikið það hefur minnkað. Það er orðið mjög lítið (**MÞH:** Þú heldur það.) og hefur minnkað mikið á síðustu þremur árum.

Við skulum ræða fleiri hliðar líka. Það er verið að landa 1.500–2.000 tonnum fram hjá í gegnum löndunarmál í dagabátakerfinu. Fulltrúar LS segja það á fundum að það sé ákveðin prósenta sem landað er fram hjá og við vitum það alveg. Það er ekki bara brottkastið heldur líka löndunarmál. Hvað ætla menn að gera? Menn eru í 18 dögum í dag. Á að fara yfir í 23 daga? Þá er bara hægt að gera þetta í 5 daga í viðbót, langtum þægilegra, og þá fara 15 þús. tonnin. Það má deila um þetta en þetta er það sem er að gerast. Við erum að setja meiri varanlegar aflaheimildir í þetta miðað við það sem veitt er á færi.

[04:50]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi listann yfir þá sem svöruðu skoðanakönnuninni þá mun sá listi aldrei standast gagnrýni. Ég hef skoðað þennan lista. Þetta er listi yfir menn sem hafa svarað þessum spurningum, hvernig þeir svöruðu og hvaða báta þeir ættu. Það var allt og sumt sem stóð í þessum lista. Hvergi sáum við spurninguna og listinn var unninn af mönnum sem áttu greinilega hagsmuna að gæta í því að koma þessum flota í kvóta svo þeir gætu eignast kvóta og farið að braska með hann. Þetta var ekki flóknara en það og mjög ótrúverðugt.

Varðandi það þegar talað er um gæftaleysi þá er búinn að vera mjög góður afli nú í tvo daga fyrir austan land á handfæri. Þótt aflinn hafi verið lélegur í flóanum hefur verið mjög góður afli fyrir austan. Ég hef mælt fyrir því að menn gætu veitt á veturna þegar verðið er hærra. Við þurfum að opna fyrir að handfærabátar fái líka að veiða á veturna. Er svo erfitt að gefa færi á því eða hvað?

[04:51]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega mjög einfalt þegar menn gera skoðanakönnun um ákveðin frv. Þá getur spurningin ekki verið annað en mjög einföld. Hvort ætlarðu að taka aflamark eða velja sóknardaga miðað við frv. eins og það er? Það var ekki flókið og þannig hljóðaði spurningin. Það þarf ekki að koma stór listi yfir svörin, það er bara já eða nei. Svona gerðist þetta.

Varðandi vetrarveiðar þá býður aflamarkið upp á að menn geti stjórnað veiðum sínum sjálfir. Við erum að bjóða upp á það og að þeir nái í fisk á betra verði, geti gefið sér tíma í það í stað þess að vera í eilífu kappi við tímann eins og er í kerfinu í dag.

[04:52]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við getum hæglega rýmkað reglur um þann tíma sem menn mega veiða á hverju ári. Það væri ekki mikið mál. Hins vegar skulum við hafa það í huga, sem ég held að sé mjög mikilvægt, að við erum að tala um úthlutun á aflaheimildum sem eru sennilega í kringum 8 milljarða íslenskra króna virði. Það er verið að afhenda

8 milljarða verðmæti af sameign þjóðarinnar til manna sem hafa í raun engan rétt eða tilkall til kvóta. Þetta eru menn sem hafa verið að veiða á kvótalausum bátum og hafa engan rétt. Þá spyr ég aftur, það er mjög áríðandi spurning sem formaður sjútvn. hefur ekki svarað. Hvað með leiguliðana sem hafa verið að veiða og borga okurleigu til sægreifanna? Ef þessir menn eiga að fá kvóta, af hverju eiga þá ekki leiguliðarnir líka að fá kvóta?

[04:54]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er talað um 8 milljarða kr. en hins vegar er í gildi markaðsverð, það er framsal á sóknardögum og þeir hafa gengið kaupum og sölum á móti. Hv. þm. Jón Gunnarsson er mikill reiknimeistari og sagði mér að hann hefði verið að reikna þetta út, að það væri samsvarandi því að miða við 23 daga og jafnaði sig út. Við þurfum að breyta kerfinu og við vitum að einhverjir munu selja og aðrir sameinast. Þannig er bara þróunin í útgerðinni í landinu. Þetta er ekki svo flókið.

Varðandi leiguliðana þá eru þeir í stóra kerfinu. Ef þeir eru að byrja hafa þeir ekki þá reynslu og ekki heimildir til að veiða. Þeir þurfa þá að fara á markaðinn en leiguliðarnir, ég verð að svara því, eru farnir að kaupa aflaheimildir og gengur vel. Þeir eru komnir með bakland hjá bönkum og eru að bæta við sig. Ég veit það sjálfur. Ég var að hjálpa mönnum í Vestmannaeyjum sem fóru í þetta. (**SigurjÞ:** Lánaðirðu þeim peninga?) Já, já, en menn þurfa líka að hafa eigið fé þegar menn fara af stað. Það er alveg ljóst.

[04:55]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. formanni sjútvn. fyrir að fara yfir spurningarnar sem fyrir hann hafa verið lagðar í ræðum, fyrir að gera heiðarlega tilraun til að svara þeim og svara þeim eins og hann best gat. En það er svo í þessu eins og mörgu öðru, að því fleiri spurningar vakna sem reynt er að svara. Mér finnst vanta svör við spurningu sem hér kom fram, um hvaða réttur varð allt í einu til hjá þeim aðilum sem hafa róið í dagakerfinu og vitað var að hefðu bara sóknarrétt en engan rétt til varanlegra aflaheimilda. Hvaða réttur kviknaði allt í einu hjá þessum hópi manna til að eignast varanlegan kvóta og fá frá sjútvrn. kvótabréf sem hægt væri að breyta í peninga? Ég get ekki komið auga á að þeir hafi neinn rétt til þessara heimilda. Þeir hafa bara sóknarréttinn. Hvað veldur?

[04:56]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum alltaf að tala um sama hlutinn. Í dag er gengið út frá dögum í þessu kerfi. Þeir ganga kaupum og sölum. Um hvað erum við að tala? Allt í einu er komið eitthvert dollaramerki í augu manna við að sjá þetta breytast í aflamark. (**SigurjÞ:** Sama verðið þá?) Ég er að ræða málið, hv. þm. Sigurjón Þórðarson.

Ég lýsti áðan hvernig hv. þm. Jón Gunnarsson var að leika sér með tölur um gangverð á kvóta, ef menn vilja ræða það, gangverð á dögum, framsal á dögum o.s.frv. Hann sagði að í heildina væru þetta 23 dagar á móti 8.860 tonnum ef menn vilja ræða málið á þeim nótum. Þetta er eini munurinn. Við erum að fara í massíft fiskveiðistjórnarkerfi og þeir sem eru í sóknardagakerfinu sjá hina í krókaaflamarkskerfinu sem eru að veiða og hve vel gengur hjá þeim. Þeir geta stjórnað útgerðum sínum og þær eru vel reknar. Kvóti gengur kaupum og sölum og allt í góðu.

[04:58]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki alveg rétt hjá hv. formanni sjútvn. að ég hafi farið að reikna og fundið það út að 23 dagar jafngiltu þessum 8.800 tonnum í verðmætum. Minn útreikningur á 23 dögum sýndi rétt tæpa 6 milljarða að því gefnu að hægt væri að selja alla dagana á því verði sem nú fæst í nokkuð öruggu kerfi. En verð á dögum hefur verið að rokka upp og niður og það hefur verið erfitt að selja daga undanfarið. Ég hugsa að það sé vegna þess að menn vita ekki hvar kerfið endar.

Varðandi fyrri spurningu mína þá hafa bátar með veiðileyfi, sem leigja sér heimildir, rétt til sóknar. Þeir sækja og hafa veitt talsvert mikið af fiski. Af hverju veitir ekki þessi sóknarréttur þeirra, allur sá afli sem þeir eru búnir að veiða undanfarin þrjú ár, rétt til varanlegra aflaheimilda?

[04:59]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum farnir að ræða um mörg fiskveiðistjórnarkerfi. Nú hefur talið borist að leiguliðum í öðru kerfi. Hins vegar er ljóst að frá því að fiskveiðistjórnarkerfið byrjaði 1984 hefur kvótinn gengið kaupum og sölum. Menn hafa öðlast veiðireynslu og 80% aflaheimilda hafa skipt um eigendur. Ef menn ætla að fara inn í þetta þurfa þeir að fara sömu leið og kaupa sig inn í þetta. Þetta er að gerast á markaðnum. Það er engin breyting á þessu.

[04:59]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni áðan spurði ég hv. þm. Guðjón Hjörleifsson út í nýliðun. Ég lagði fram rök fyrir því að ungur sjómaður sem ætlar sér inn í greinina hefur haft tækifæri til þess með því að fara í svokallað sóknardagakerfi sem nú stendur til að útrýma. Menn hafa greitt um 35 millj. kr. fyrir leyfi sóknardagabáta. Menn hafa gert út upp á að ná sér í 80 tonn af þorski, til að láta dæmið ganga upp. Ef kerfið fer yfir í aflamarkskerfið er deginum ljósara að það mun kosta sama mann 65–70 millj. að komast inn í greinina.

Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson svaraði ekki spurningu minni áðan heldur sagði hann eitthvað á þá leið að þetta færi inn í einhvern pott. Eru þessi rök mín ekki nógu sterk til að hann sjái að frv. mun gera nýliðun í greininni erfiðari?

[05:01]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það kostar 65–70 millj. að komast inn í greinina og enginn kemst inn í greinina út af verði, eiga þeir sem eru í greininni þá ekki erfitt með að selja ef þetta svona dýrt? Er verðið farið að lækka núna? Það er bara markaðurinn sem ræður. Ef menn vilja selja og verðið á aflaheimildunum er of hátt og menn geta ekki selt, þá annaðhvort lækka þeir sig eða halda áfram rekstrinum. Málið snýst um það. Núna allt í einu komast menn ekki inn í þetta af því að það er svo dýrt en áðan voru menn algerir kóngar með dollaramerki í augunum. Ég skil ekki þessa umræðu.

[05:01]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að gera tilraun í þriðja, fjórða eða fimmta skipti í kvöld um sama hlutinn. Það er þannig að ungur sjómaður sem ætlar inn í smábátakerfið sér leið með því að kaupa dagabátaleyfi. Þetta leyfi hefur verið á u.þ.b. 35 millj. Það hefur margoft komið fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar að verið sé að gera nýliðun auðveldari, það sé verið að opna fyrir nýliðun. Það er deginum ljósara að ef þetta fer inn í aflamarkskerfi mun 80 tonna afli sem sá hinn sami hyggst veiða í dagakerfinu kosta viðkomandi 65–70 millj. Ég trúi því einfaldlega ekki, herra forseti, að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sjái þetta ekki. Fer ég með ósannindi hér? Ég spyr hv. þm. Guðjón Hjörleifsson enn og aftur.

[05:02]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að það er mjög misjafnt hvernig flotinn er þarna og hvað það eru margir dagar sem fylgja en á markaðnum eru bátar í dagakerfinu sem eru erfiðir í sölu og sem ekki hefur gengið að selja, við vitum það vel. Þetta er erfiður rekstur, erfið lausafjárstaða. Ég er ekkert viss um að þetta breytist hjá sumum aðilum, kannski breytist það hjá öðrum. (**Gripið fram í:** Hvaða heimildir hefurðu?) Það er bara markaðurinn sem ræður þessu, þetta er nákvæmlega eins og með fasteignamarkaðinn. Hann stjórnar þessu. Ef menn ætla að selja eignir sínar þá er það markaðurinn sem stjórnar því hvort það er betra eða ekki, (**Gripið fram í:** Hvaðan eru heimildirnar?) hvað er í pakkanum. Þetta er ekkert flókið. Ég rökstuddi það í ræðu minni áðan að ég tel að þeir sem fara í aflamark komi sterkari inn og eigi mikla möguleika til framtíðar litið, það eru lægri vextir og meiri aflaverðmæti. Það er margt í þessari stöðu. Ræðið við þá aðila sem eru að veiða í þessu kerfi. Ræðið við þá.

[05:04]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að ræða um eitt atriði og mér finnst full ástæða til þess. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson vogaði sér að fara að ræða um skoðanakönnunina sem fjórmenningarnir komu með inn á fund sjútvn. Ég held að menn ættu að gera það annars staðar og í hljóði í hornum en ekki á Alþingi. En úr því að búið er að nefna hana með þessum hætti og reyndar í sjónvarpinu líka, hv. þm. Hjálmar Árnason gerði það líka, að nota þessa skoðanakönnun sem einhver rök fyrir því að afleggja eigi dagakerfið er eins fáránlegt og nokkuð getur verið. (**Gripið fram í:** Fölsun.) Það er bókstaflega þannig að þessir menn tóku sér það sjálfir fyrir hendur að hringja í félaga sína í þessum dagabátahópi og spyrja þá hvort þeir vildu fara á kvótann eða ekki eftir að frv. sem sjútvrh. lagði fram lá fyrir og eftir að þeir voru búnir að sjá hvað þeir fengju út úr því og hvaða býti þeir fengju önnur, þ.e. að vera í dagakerfinu áfram sem var ónýtt árið eftir. (**Gripið fram í:** Þeir útskýrðu það sjálfir.) Þeir útskýrðu það sjálfir fyrir þeim hverju þeir stæðu frammi fyrir. Svo dettur mönnum í hug að hægt sé að segja annað en að menn fari frekar inn í kvótakerfið en að standa frammi fyrir þeim kostum sem voru boðnir á móti og voru síðan notaðir til að skrúfa foringja smábátanna til þess að taka þátt í því að ljúka með einhverjum hætti því frv. sem nú er orðið úr því sem ráðherrann lagði fram.

Mér finnst að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hefði ekki átt að nefna þessa skoðanakönnun. Ef menn geta farið að gera skoðanakannanir sjálfir með þessum hætti, hagsmunaaðilar, og ætla að segja að niðurstaðan úr henni segi eitthvað annað en nákvæmlega það hvaða viðbrögð hlytu að verða við þessu frv. ráðherrans. Að fara að búa til úr því eitthvað annað en það var finnst mér fráleitt. Mér finnst að hv. þm. ætti ekki einu sinni að forma það að nefna þessa skoðanakönnun meira.

[05:06]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi um skoðanakönnunina, það er alveg rétt. Það gerðist á fundi sjútvn. eftir að þessir aðilar afhentu skoðanakönnunina að fulltrúar LS komu á fundinn og við kynntum þeim þessa niðurstöðu. Hvað sögðu þeir? Var þetta ekki meira, við héldum að það væru a.m.k. 90%, sögðu þeir. Svo segja menn að það sé einhver fölsun í þessu. Þetta kom þeim ekki á óvart. Þeir sögðu bara: Valkostirnir eru þannig að þetta hlýtur að vera meira. Ég skammast mín ekkert fyrir að flagga þessari skoðanakönnun ef hún er í lægri kantinum miðað við það sem LS segir.

[05:07]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nákvæmlega í þessu sem málið liggur. Að nota þessa skoðanakönnun sem rök fyrir því að afleggja dagakerfið er eins fáránlegt og nokkuð getur verið einfaldlega vegna þess að það var verið að spyrja mennina um frv. þar sem gert var ráð fyrir að rústa dagakerfinu á einu ári. Á næsta ári hefði það verið búið vegna þess að þeir sem hefðu orðið eftir í því hefðu eytt upp veiðiréttinum á einu ári. Þannig er það. Og mér finnst alveg fráleitt þegar mönnum dettur í hug að nota þetta sem rök fyrir því að leggja dagakerfið af.

[05:08]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég beindi spurningum til hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar og fékk rýr svör. Hann greindi okkur frá því að litið hefði verið á hagsmuni hinna 300 eigenda þessara smábáta og sjónarmið þeirra. Það hefur komið fram að þeir eru að fá 8 milljarða sem skiptast einhvern veginn á milli þeirra. En það kom ekki fram hjá hv. þm. hvort litið væri á þjóðarhag, sérstaklega í ljósi þess að það er staðreynd og það kom m.a. fram í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, ef ég man rétt, að það væri ákveðinn hvati til brottkasts í þessu kerfi og hann væri minni í því sem við værum að afleggja, hvort ekki ætti einmitt að líta til þessara hluta í ríkari mæli og hvort það hefði verið gert. Það kom ekki fram og ég vil fá svör við því og óska eftir því hvort hann geti upplýst okkur um hvernig það hefði verið gert.

Önnur spurning sem ég beindi til hans í fyrri ræðu minni var hvort hann hefði orðið var við hina miklu baráttu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar innan Sjálfstfl. fyrir sóknardagakerfi eða sóknarkerfi. Ef hann hefur orðið var við þá miklu baráttu, vegna þess að hann hefur öll rök sín megin í málinu, alla vega ætti það að blasa við m.a. vegna þess að aðrar þjóðir svo sem Bretar sem eru að skoða sín mál, eru að hugsa um að taka upp sóknarkerfi í blönduðum botnfiskveiðum, hvers vegna hefur ekki verið hlustað á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson innan Sjálfstfl.? Ég tel það vera mjög áhugavert

hvað það er sem veldur því að menn vilja ekki skoða þann hlut.

Loks í þriðja lagi varðandi skoðanakönnunina. Hún er náttúrlega hrein og klár vitleysa. Menn eiga bara að viðurkenna það og biðjast afsökunar á því að nota hana sem einhver rök. Það eru hvorki hlutlausir aðilar sem gerðu könnunina né er það svo að þetta séu raunverulegir valkostir. Það voru afarkostir sem umræddir eigendur smábáta stóðu frammi fyrir.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira en mér þætti vænt um ef hv. þm. svaraði spurningunum varðandi þjóðarhag og brottkastið sem sannarlega verður meiri hvati að í kvótakerfi en í sóknarkerfi. Og síðan hvort hann hafi orðið var við baráttu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og hvort hún hafi verið jafnátakamikil og hann lýsti hér og hvers vegna ekki sé þá hlustað á hann.

[05:11]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn sem starfa í rekstri reyna alltaf að finna hagræðingu. Ég tel að þarna séu aðilar sem eru eigendur þessara báta að velja þennan kost. Þeir telja að það sé hagkvæmara að reka þá í aflamarkskerfi en í sóknardagakerfi. Við erum að tala um 400–500 fjölskyldur sem eiga mikið undir og er það ekki þjóðarhagur að fyrirtækjunum gangi vel, að þau fari ekki á hausinn? Þeir telja það. Þetta er þeirra mat.

Varðandi hv. þm. Einar Odd Kristjánsson þá hefur hann alltaf verið samkvæmur sjálfum sér í skoðunum í sjávarútvegsmálum. **(Gripið fram í:** Nei.) Hann tók t.d. mikinn slag um auðlindagjaldið og var einn á móti því í þingflokknum. Hann er búinn að tala um þetta alla tíð og hann talaði oft við mig út af þessum málum þegar ég var í auðlindanefndinni og rökræddi þetta þegar við vorum að ræða um auðlindagjaldið og reyna að finna sátt í kerfinu.

[05:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi þeirri spurningu til mín í andsvari hvort það væri ekki þjóðarhagur að fyrirtækjunum gengi vel. Ég spyr á móti enn og aftur, ég veit ekki hvort það er í þriðja, fjórða eða fimmta skipti, hvort það sé ekki þjóðarhagur að það sé ekkert brottkast og hvort við ættum þá ekki að leggja alla áherslu á að koma í veg fyrir brottkast og reyna að taka upp kerfi líkt og Færeyingar þar sem minni hvati er til brottkasts en í því kerfi sem við erum að breyta yfir í. Ég átta mig ekki á því og fyrirtækin í Færeyjum virðast ekki ganga miklu verr en þau fyrirtæki hér sem eru í kvóta.

Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi alltaf verið samkvæmur sjálfum sér. Hvernig ætli standi á því að hann eigi svona fáa fylgismenn eða enginn hlusti á hann innan Sjálfstfl.? Þykja mönnum rök hans svona léttvæg eða hvað er það sem veldur? Það er erfitt að átta sig á því hvers vegna hann verður alltaf undir sérstaklega ef menn líta til þess að aðrar þjóðir eru að líta til Færeyja þar sem er sóknarkerfi. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er eins og hrópandinn í eyðimörkinni innan Sjálfstfl. og það væri fróðlegt að fá að heyra nánar um það atriði.

[05:14]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Brottkast hefur minnkað mjög mikið. Ég er búinn að skoða skýrslur og samanburð sem Gallup gerði meðal sjómanna. Ég treysti sjómönnum og ég vona að þeir séu bestu eftirlitsmennirnir um borð í hverju skipi.

[05:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn að tala um hvort það sé traust á sjómönnum eða ekki heldur eru menn að tala um að verið sé að taka upp kerfi þar sem verður meiri hvati til brottkasts. Eigum við að setja sjómenn okkar í þá stöðu að það verði hvati til brottkasts? Eigum við ekki frekar að hafa það þannig að það sé hvati til löghlýðni? Ég óska eftir því að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson svari því hvort það sé ekki í rauninni fáránlegt að líta ekki til þjóðarhags og koma frekar á kerfi þar sem þessi hvati er ekki til staðar í staðinn fyrir að vera að leiða okkar ágætu sjómenn í freistni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16.–21., 23.–24., 27.–28. og 35.–56. mál.

Fundi slitið kl. 05:17.

---

128. FUNDUR

fimmtudaginn 27. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969, nál. 1529 og 1542. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335, nál. 1530. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 843, nál. 1604. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1664, nál. 1776, brtt. 1777 og 1804. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 750. mál, þskj. 1798. — 3. umr.

10. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 734. mál, þskj. 1794. — 3. umr.
11. Húsnæðismál, stjfrv., 785. mál, þskj. 1795, brtt. 1800. — 3. umr.
12. Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, stjfrv., 829. mál, þskj. 1270. — 3. umr.
13. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1806. — 3. umr.
14. Norðurlandasamningur um almannatryggingar, stjfrv., 948. mál, þskj. 1442. — 3. umr.
15. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 1004. mál, þskj. 1769. — 2. umr.
16. Almenn hegningarlög, frv., 1002. mál, þskj. 1758. — 2. umr.
17. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621. — 2. umr.
18. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441, nál. 1625. — 2. umr.
19. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582. — 2. umr.
20. Umferðaröryggi á þjóðvegum, þáltill., 205. mál, þskj. 216, nál. 1550. — Síðari umr.
21. Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, þáltill., 277. mál, þskj. 313, nál. 1551. — Síðari umr.
22. Skipulag sjóbjörgunarmála, þáltill., 335. mál, þskj. 401, nál. 1566. — Síðari umr.
23. Íslensk farskip, þáltill., 484. mál, þskj. 756, nál. 1683. — Síðari umr.
24. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656 og 1772. — 2. umr.
25. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663. — 2. umr.
26. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707. — 2. umr.
27. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713. — 2. umr.
28. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330, nál. 1654 og 1661. — 2. umr.
29. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336, nál. 1719, 1771 og 1784, brtt. 1720 og 1785. — 2. umr.
30. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337, nál. 1721, 1770 og 1786, brtt. 1722 og 1787. — 2. umr.
31. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193, nál. 1755 og 1801, brtt. 1756. — 2. umr.
32. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194, nál. 1753 og 1802, brtt. 1754. — 2. umr.
33. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665, nál. 1761 og 1799. — 2. umr.
34. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677, nál. 1762 og 1783. — 2. umr.
35. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.
36. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333, nál. 1711. — 2. umr.
37. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.
38. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708 og 1763, brtt. 1709 og 1764. — 2. umr.
39. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768. — 2. umr.
40. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Síðari umr.
41. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Síðari umr.
42. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715. — 2. umr.
43. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716. — 2. umr.
44. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117, nál. 1693, brtt. 1757. — 2. umr.
45. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350, nál. 1717, brtt. 1718. — 2. umr.
46. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019, nál. 1752. — 2. umr.
47. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 881. mál, þskj. 1339, nál. 1805. — 2. umr.
48. Almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38, nál. 1750, brtt. 1751. — 2. umr.
49. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165, nál. 1593. — 2. umr.
50. Aflétting veiðibanns á rjúpu, þáltill., 154. mál, þskj. 154, nál. 1773. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.

Athugasemdir um störf þingsins.

Synjunarvald forseta Íslands og staðfesting laga um fjölmiðla.

[10:01]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil að það komi fram að ég hafði óskað eftir því að hæstv. forsrh. væri í salnum og hann hefur nú gengið í hann. Ég kveð mér hljóðs út af tvennum ummælum hæstv. ráðherra á síðustu dögum sem tengjast embætti forseta lýðveldisins.

Það hefur komið fram að hæstv. forsrh. hyggst ekki enn um sinn senda forseta lýðveldisins fjölmiðlalögin til staðfestingar eða synjunar. Hæstv. ráðherra hefur skýrt þetta með þeim hætti að það taki yfirleitt 5–10 daga að senda forsetanum slík lög og hann telji enga ástæðu til að hraða því. Ég er á öndverðri skoðun, frú forseti. Sökum þeirrar óvissu sem ríkir um þetta mál, ekki síst vegna ummæla hæstv. forsrh., tel ég að hraða beri sendingu laganna til forsetans.

Þetta lyktar allt af því, frú forseti, að hæstv. forsrh. vilji að þingið hafi lokið störfum og verði komið í frí þegar lögin berast forsetanum, og ég spyr hæstv. forsrh. hreint út: Er það tilgangur hans?

Í annan stað hefur hæstv. ráðherra ítrekað sagt það síðustu daga að hann telji að það sé í verkahring hans að kanna og skera úr um hvort forseti hafi rétt til að skjóta fjölmiðlalögunum til þjóðaratkvæðis. Þetta eru fráleit ummæli sem ég hlýt að mótmæla, frú forseti. Þetta er enn ein ögrunin af hálfu hæstv. forsrh. gagnvart forseta lýðveldisins og hluti af stöðugri viðleitni hans til þess að veikja og grafa undan embættinu.

Samkvæmt stjórnarskránni hefur forsetinn þríþætta hlutdeild í lagasetningarvaldinu. Hann getur staðfest lög, synjað

lögum og þannig skotið þeim til þjóðaratkvæðis og hann getur sett bráðabirgðalög. Þetta er ótvírætt. Hæstv. forsrh. getur ekkert úrskurðað um neitt í þessum efnum, hann hefur enga heimild til þess. Eini aðilinn sem getur úrskurðað í þessu máli er þjóðin sjálf ef það kemur til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel því, frú forseti, að í þessu felist ekkert annað en viðleitni til að svipta forsetann hluta af því lagasetningarvaldi sem honum er veitt með stjórnarskránni. Ég tel að það væri brot á stjórnarskránni og ég lýsi því, frú forseti, að það er nóg komið af þessum leik. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann hyggist ekki hætta honum.

[10:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þetta var skrýtin ræða, undarleg, sérstaklega þessi kenning um að forsetinn geti sett bráðabirgðalög. Meira að segja Svanur Kristjánsson prófessor mundi ekki halda því fram að forsetinn geti sett bráðabirgðalög. Þetta er alveg nýtt fyrir mér en þetta sjálfsagt kemur inn í kennsluna einhvern tíma. (Gripið fram í.) Þetta er tóm vitleysa, hv. þingmaður, þú átt ekki að láta svona út úr þér.

Varðandi frv. sem er orðið að lögum frá Alþingi fer það bara með venjulegum hætti eins og með önnur lög til forseta til staðfestingar. Þetta frv. lýtur engum öðrum lögmálum. Þó að menn hafi gert meiri hávaða í þinginu og tilteknum fjölmiðlum lýtur það engum öðrum lögmálum. Hvaða öðrum lögmálum lýtur það? Ekki nokkrum öðrum. Það eru núna 60–70 lög sem forseti þarf að staðfesta. Þau fara öll með venjulegum hætti til hans. Við hljótum að gera ráð fyrir því að forsetinn skoði öll þessi lög með sama hugarfari, ekki bara eftir því hvort það er hávaði í þjóðfélaginu eða tilteknir aðilar séu með læti. Forsetinn hlýtur að skoða öll þessi lög með sama hugarfari. Ég geri ráð fyrir því. Gerir hv. þm. ráð fyrir því að forseti skoði þessi tilteknu lög með öðru hugarfari? Vegna hvers? Hvað er hann að gefa til kynna?

Ég hef sagt að það hljóti að koma til minna kasta eða virðist koma til minna kasta ef forseti mundi fara þá leið að synja staðfestingar þeim tilteknu lögum sem hv. þm. nefndi, að fara yfir það hvað af þessum rökum fræðimannanna gilda. Það liggur bara í augum uppi. Það er enginn úrskurður. Framkvæmdarvaldið þarf þá væntanlega eitthvað að aðhafast, eða aðhafast ekki, og það getur ekki gert það nema taka ákvörðun. Það er enginn úrskurður. Þessi ummæli í gær í fréttunum voru tóm endaleysa og viðtalið við þennan ágæta prófessor tóm endaleysa, allt saman, eins og reyndar oft í því tilviki.

Þetta mál er í fullkomlega eðlilegum farvegi og ekkert öðruvísi en önnur mál. Ég skil ekki þessi læti.

[10:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er lakara að hæstv. forsrh. skuli ekki svara skýrt einfaldri spurningu um það hvenær forseti Íslands fær hin umdeildu lög til undirritunar. Hæstv. forsrh. veit vel hvað hér hangir á spýtunni og veit við hvað fyrst og fremst er átt. Hvenær ætlar hæstv. forsrh. að senda til forseta lögin sem hann hefur fengið úr prentun og undirrituð hafa verið af skrifstofustjóra og forseta þingsins? Er þess að vænta að það verði gert áður en Alþingi fer heim? Svari hæstv. forsrh. ekki hér og nú hljótum við að ræða það ítarlegar við hann þegar þingfrestunartillagan kemur til umræðu á eftir.

Ég verð líka að segja að mig undra a.m.k. tvenn ummæli hæstv. forsrh. í þessu sambandi. Það er í fyrra lagi það, í viðtali við Ríkisútvarpið, að mikil og illleysanleg vandamál komi til kasta stjórnvalda ef forsetinn synji staðfestingar laga. Hið síðara er að forsrh. sjálfur ætli sér sérstakt úrskurðarvald í því hvað þá beri að gera. Ætlar forsrh. að fara að taka sér einhvers konar hæstaréttarvald? Ætlar hann að gerast einhver háyfirdómari í landinu, einhver iudex optimus maximus, eða hvað? Ef einhver á að koma að því máli hlýtur Alþingi að gera það. Fordæmin eru til staðar. Ég skil ekkert í þeim verkkvíða að halda að það vefjist fyrir mönnum að framkvæma einfalda þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem svarið er já eða nei. Fordæmið er m.a. lýðveldisstofnunin. Þegar lýðveldið var stofnað samþykkti Alþingi þáltill. í febrúar 1944 og setti í framhaldinu lög um hvernig þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram. Meira að segja atkvæðaseðillinn var í þeim lögum þannig að við getum farið beint í það fordæmi, farið í Stjórnartíðindin frá 1944. Það ætti ekki að þurfa að vefjast fyrir okkur að setja lög um framkvæmd þessarar einföldu þjóðaratkvæðagreiðslu, vísa í kosningalög sem auðvitað geta gilt að miklu leyti, nota sömu kjörstjórnir og annað í þeim dúr. Þetta er ekkert vandamál. Hvaða óskaplegur verkkvíði er að halda að það vefjist fyrir manni? Eða á að reyna að hræða menn frá því að virkja lýðræðið?

[10:08]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar deilur. Í fyrradag barst mér tölvupóstur frá Helga Magnússyni þar sem hann segir að hann hafi ætlað að kanna á askorun.is hvort kennitala samstarfsmanns síns hefði verið skráð að honum forspurðum. Það gat hann ekki. (**Gripið fram í:** Störf þingsins?) Þetta er um störf þingsins, já.

Þegar hér var komið sögu segir hann að sér hafi þótt þetta undarleg síða og ákvað að prófa hana frekar. Hann skráði inn kennitölu afa síns. Það gekk viðstöðulaust en afinn dó fyrir 20 árum. Ég hringdi í Helga í gær og hann fékk kennitölu mína og gat skráð mig viðstöðulaust einhvers staðar úti í bæ án þess að ég skrifaði undir eitt eða neitt. (**Gripið fram í:** Þannig að þú hefur skorað á forsetann?) Við fundum líka kennitölu forsetans en við skráðum hana ekki inn, þ.e. Helgi skráði hana ekki inn, en okkur hefði verið það í lófa lagið.

Það er ekki þetta sem ég ætla að gera athugasemdir við heldur fréttaflutning fjölmiðla af þessari áskorun. Allir fjölmiðlar, RÚV, Morgunblaðið, Fréttablaðið, Stöð 2 o.s.frv., hafa treyst þessari áskorun eins og nýju neti. Enginn þeirra hefur spurt eða kannað eitt eða neitt. Fréttir hafa birst í fjölmiðlum um að 31.700 manns hafi skorað á forsetann með þessari könnun án þess að framkvæma gagnrýna rannsókn á því hvers lags könnun þetta var.

Frú forseti. Ég tel þetta mjög slæma niðurstöðu hjá fjölmiðlum. Af því að við höfum rætt svo mikið fjölmiðla undanfarið vildi ég gera þessa athugasemd við störf þingsins. (**MÁ:** Banna fjölmiðla?) (**BH:** Athugasemd við störf þingsins?)

[10:10]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim hv. þm. sem hafa hvatt hæstv. forsrh. til að svara þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið bornar. Þetta eru einfaldar og skýrar spurningar sem ætti ekki að vera mikill vandi að svara.

Hins vegar er talsverður vandi að taka þátt í þessum umræðum um ummæli hæstv. forsrh. um það hvað hann kunni hugsanlega að gera í einhverri tiltekinni framtíð ef eitthvað kemur upp. Hæstv. forsrh. hefur reyndar sagt — ég ætla að leyfa mér að túlka það sem hann hafi verið að gera eitthvert

grín — að hann muni hugsanlega koma til með að úrskurða eða skoða eða dæma eitthvað um gjörðir forsetans ef hann ekki ritar undir þau lög sem hér hafa verið samþykkt. Það er vitaskuld alveg fráleit hugmynd. Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið og ef forseti ritar ekki undir lög sem eru samþykkt á Alþingi fara þau einfaldlega í þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo einfalt er það. Forsrh. hefur hugsanlega eitthvað um það að segja hvenær sú atkvæðagreiðsla fer þá fram en þó er eðlilegt að þingið afgreiði það. Ég lít svo á að hæstv. forsrh. sé meira að hrekkja þing og þjóð með þessum ummælum en að hann meini nokkuð með þessu. Þetta er svo fráleit hugmynd að engu tali tekur. Ekki aðeins það, ef hæstv. forsrh. meinar svo eitthvað með þessu er hann í reynd að segja að hann hafi komið í stað danska kóngsins sem hafði þá stöðu á árum áður að geta haft eitthvað um lög þingsins að segja.

Það er ekki þannig lengur. Framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald er þrískiptingin á ríkisvaldinu. Greinarnar eru jafnsettar og hafa eftirlit hver með annarri. Framkvæmdarvald eða forsrh. er ekki yfir þessa valdhafa settur.

[10:12]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. spyr hvort mér finnist sem það gegni einhverju öðru máli um fjölmiðlalögin en önnur lög. Já. Mér finnst gegna öðru máli um þau. Það eru lög sem mikil óvissa hefur skapast um, ekki síst vegna endurtekinna yfirlýsinga hæstv. forsrh. um þau. Hæstv. forsrh. hefur hreinlega efast um að forseti lýðveldisins hafi það vald sem stjórnarskráin gefur honum þó ótvírætt. Það eitt hefur leitt til óvissu í kringum þessi mál og það eitt hefur leitt til þess að þjóðin vill að þetta mál verði afgreitt og það komist á hreint hvað gerist í framvindunni, ekki síst vegna þess sem ég kalla ögranir af hálfu hæstv. forsrh. sem stöðugt talar um að hér muni skapast mikil óvissa og mjög illleysanleg mál. Það eru þau ummæli hæstv. forsrh. sem gera það að verkum að mér finnst nauðsynlegt að þetta liggi fyrir.

Hins vegar sýnist mér á öllu að hæstv. forsrh. vilji vera laus við þingið áður en þetta mál kemur til kasta forseta lýðveldisins. Það ber hins vegar að skoða í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hæstv. ráðherra hefur síðan sett fram, þ.e. að hann ætli sér hugsanlega að taka það vald að úrskurða um það hvort forsetinn geti nýtt sér þann rétt sem stjórnarskráin með ótvíræðum hætti færir honum. Það kom fram í fjölmiðlum í gær að hæstv. forsrh. telur að það muni koma í sinn hlut að úrskurða hvort forsetinn hafi heimild til synjunar. Ég held að hæstv. forsrh. verði að hreinsa loftið aðeins. Er rétt eftir honum haft? Ef svo er, hvaða rök í ósköpunum hefur hæstv. forsrh. í höndunum til þess að reyna að réttlæta þessa fráleitu staðhæfingu? Ég lít svo á að hér sé hæstv. forsrh. enn einu sinni að ögra forseta lýðveldisins.

[10:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er athyglisvert að hlýða á hv. þm. Pétur Blöndal upplýsa að hann hafi verið að svindla með kennitölu sína til þess að reyna að draga úr gildi þeirra upplýsinga sem forseti Íslands hefur fengið. Ég held að forseti sé alveg fullfær um að meta gildi þeirra upplýsinga sem hann hefur fengið, sumpart með bréflegum undirskriftum, sumpart í tölvupósti. Það er öllum ljóst að það kann að þurfa að hafa í huga að þarna sé þá ekki um eins nákvæma tölu að ræða og ella eða ástæða sé til að fara yfir það og skoða hvort menn séu tvískráðir o.s.frv.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. forsrh. Mér finnst að hæstv. forsrh. skuldi okkur hér á þingi upplýsingar um það: Hvenær verða lögin send forseta? Er verið að bíða eftir ferjumanni yfir Skerjafjörð? Hverju sætir töfin?

Forseti lýðveldisins fer með málskotsréttinn fyrir hönd þjóðarinnar. Það er þjóðin sem auðvitað á hann og ég veit ekki hvar í veröldinni menn væru staddir á einu löggjafarþingi ef virkja ætti eina ákvæðið sem stjórnskipun okkar geymir beint um millilíðalaust lýðræði, um þjóðaratkvæði, öðruvísi en til að greiða götu þess og drífa í því í hvelli að gera nauðsynlegar ráðstafanir að lögum og í framkvæmd til þess að slík kosning færi fram og heiðraður væri þessi réttur þjóðarinnar. Hér háttar svo til hjá okkur að stjórnarskráin geymir ekki önnur úrræði í þessum efnum. Við höfum ekki í stjórnskipun okkar eða lögum t.d. möguleika á að kalla fram þjóðaratkvæði með undirskriftum eða áskorunum kjósenda eins og víða er annars staðar. Þetta er hinn eini réttur af þessu tagi sem til staðar er og aldrei hefur það hvarflað að mér fyrr en nú síðustu sólarhringa að annað gæti nokkurn tíma komið til greina en að virða hann skyldi á þetta reyna.

[10:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er reyndar ekki rétt hjá hv. þingmanni að ekki séu nein önnur ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er reyndar í stjórnarskránni um þjóðaratkvæðagreiðslu í öðrum tilvikum. (**SJS:** Það er stjórnarskrárbundið.) Já, það eru sem sagt aðrir möguleikar, þetta var rangt hjá hv. þingmanni.

Af hverju þessi umræða um þetta efni? Hefur forseti Íslands gefið einhverjum til kynna að hann sé að velta fyrir sér að skrifa ekki undir þessi lög? Ég hef hvergi heyrt það. Ég hef ekki heyrt það frá honum. Hafa hv. þm. heyrt það frá honum? (**Gripið fram í:** ... ykkur.) Hafa hv. þm. heyrt það frá honum, fyrrverandi aðstoðarmenn forseta, hafa þeir heyrt það frá forseta? (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... upplýsingar ...) Það hefur sem sagt enginn heyrt það frá forseta samkvæmt þessu, meira að segja gjammið hérna breytir því ekki. Það hefur sem sagt enginn heyrt frá forseta að hann sé að velta því fyrir sér. Þess vegna verðum við að líta á þessi lög nákvæmlega sem önnur lög sem til forseta fara. Það er ekki um neitt annað að ræða í því efni.

Nú er það hins vegar þannig varðandi neitunarvaldið, fræðilega, að um það deila lögspekingar, jafnvel meiri lögspekingar en hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, jafnvel meiri, þó að hann telji sig vera mjög færan í þessari grein, sýnist mér, jafnvel meiri. Jafnvel meiri en hv. þm. Össur Skarphéðinsson, meiri lögspekingar en hann deila um það hvort (**MÁ:** Meiri en Davíð Oddsson?) rétturinn sé fyrir hendi. Þá er það svo, ef þetta kæmi einhvern tíma til, nú eða síðar, verður framkvæmdarvaldið að velta fyrir sér hvað það eigi að gera.

Vísustu fræðimenn halda því sumir fram að þessi réttur sé ekki fyrir hendi. Aðrir fræðimenn halda því fram að hann sé fyrir hendi. Þá verður framkvæmdarvaldið að leggja eitthvert mat á það með einhverjum hætti. Það er ekki að úrskurða um eitt eða neitt. (**Gripið fram í:** Hannes Hólmsteinn?) Þetta liggur í augum uppi, það er ekki að úrskurða um eitt eða neitt. Það liggur bara í augum uppi. Þetta er bara venjulegt frv. sem lýtur venjulegum lögmálum og fer á venjulegum hraða í sína meðferð, alveg eins og öll önnur frv. Það er ekki flóknara en

það. (**SJS:** Löggjafinn lætur rétt þjóðarinnar njóta vafans.)

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 945. mál (Montreal-samningurinn, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621.

[10:19]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt nefndarálit samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda aðila. Umsagnir hafa líka borist frá fjölmörgum aðilum. Málið var rætt í nefndinni í samhengi við þingmál 946, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949...

(**Forseti** (SP)**:** Forseta þykir vera nokkur kliður í salnum og biður hv. þingmenn að hafa hér ró og veita hv. þingmanni tækifæri til að ljúka máli sínu.)

Virðulegi forseti. Málið var rætt í nefndinni í samhengi við þingmál 946, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum, og þingmál 947, frumvarp til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum, en nefndin gefur álit um hvert mál fyrir sig.

Í frumvarpinu er annars vegar að finna breytingar á gjaldtöku samkvæmt loftferðalögum og hins vegar viðamiklar breytingar á lögunum vegna Montreal-samningsins frá 1999.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lendingargjöldum í millilandaflugi þannig að þau verði 650 kr. í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur en 10 bandaríkjadalir fyrir lendingu millilandaflugs í Reykjavík. Lendingargjald í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur er samkvæmt gildandi lögum 7,05 bandaríkjadalir og hefur verið svo um langa hríð. Þörf fyrir breytingar er m.a. að finna í niðursveiflu á gengi bandaríkjadals sem hefur komið illa við rekstur flugvalla þar sem kostnaður er í íslenskum krónum. Nefndin fellst á að þörf sé fyrir hækkun lendingargjalda í millilandaflugi að teknu tilliti til aukinna umsvifa og fjárfestinga á Keflavíkurflugvelli auk áhrifa af fyrrgreindum breytingum á raungengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal. Nefndin telur þó réttara að lendingargjöld verði áfram ákveðin í bandaríkjadölum þar sem það fellur betur að alþjóðlegu hlutverki millilandaflugvalla auk þess sem meira samræmi er þá í greininni þar sem lendingargjald vegna millilandaflugs í Reykjavík er ákveðið í bandaríkjadölum. Nefndin leggur til að lendingargjald í millilandaflugi utan Reykjavíkur verði 8,15 bandaríkjadalir.

Lendingargjald í innanlandsflugi helst óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp öryggisgjald í stað vopnaleitargjalds og það ákveðið 570 kr. Kröfur um eftirlit og öryggi í flugi hafa stóraukist á undanförnum árum, sérstaklega eftir voðaatburðina í Bandaríkjunum 11. september 2001. Jafnframt hefur tækni á þessu sviði fleygt fram og ríkar kröfur eru gerðar til alþjóðaflugvalla um að þeir fylgi þeirri þróun með endurnýjun tækjabúnaðar og þjálfun. Til að tryggja öryggi í flugi og á flugvöllum fer nú fram víðtækara öryggiseftirlit en felst í vopnaleit. Að þessu virtu fellst nefndin á að réttara sé að tala um „öryggisgjald" en „vopnaleitargjald" og leggur hún til að það verði 620 kr. fyrir hvern farþega sem er eldri en tólf ára enda telur nefndin sýnt að 570 kr. öryggisgjald sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu standi ekki undir kostnaði sem fellur til við að tryggja öryggi á íslenskum millilandaflugvöllum þannig að þeir geti mætt þeim kröfum sem gerðar eru í flugi á alþjóðavísu.

Í umsögnum frá Icelandair, Flugfélagi Íslands og Samtökum ferðaþjónustunnar er gagnrýndur aðskilnaður sem er á milli rekstrar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í umsögnunum er bent á að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi verið rekin með miklum hagnaði undanfarið en að sá hagnaður nýtist ekki til að halda niðri kostnaði sem notendur Keflavíkurflugvallar eru krafðir um. Þessir aðilar fara í umsögnum sínum fram á að stjórnvöld leiti leiða til að samræma betur heildarstarfsemina á Keflavíkurflugvelli, þ.e. rekstur flugvallarins og flugstöðvarinnar, auk samræmingar í stjórnsýslu Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar í Keflavík. Nefndin ræddi þetta nokkuð og komst að þeirri niðurstöðu að þessar athugasemdir geti ekki haft áhrif á þetta frumvarp enda sé þess gætt að hafa þau gjöld, sem kveðið er á um í 1. og 2. gr., ekki of há og með breytingu á lendingargjaldi sé m.a. verið að mæta breytingum á gengi bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni. Nefndin telur þó fulla ástæðu til að taka þessar athugasemdir til frekari skoðunar og mun hún gera það á næstu mánuðum.

Í 3. gr. frumvarpsins eru fjölmörg ákvæði er öll varða breytingar sem gera þarf á lögunum vegna Montreal-samningsins frá 1999 sem tók gildi 4. nóvember 2003 gagnvart þeim ríkjum sem höfðu fullgilt hann. Samgönguráðherra skipaði starfshóp um endurskoðun loftferðalaga 14. maí 2000 og byggjast ákvæði 3. gr. frumvarpsins á vinnu þess hóps. Skipuð í þann starfshóp voru Kristján Þorbergsson hæstaréttarlögmaður, Ástríður S. Thorsteinsson, héraðsdómslögmaður hjá Flugmálastjórn Íslands, og Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur hjá samgönguráðuneyti. Samgöngunefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði 3.–8. gr. en gerir tillögur um tvær orðalagsbreytingar.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að lendingargjald fyrir loftfar í millilandaflugi sem lendir á flugvelli utan Reykjavíkur verði 8,15 bandaríkjadalir en ekki 650 kr. eins og lagt er til í frumvarpinu.

2. Að orðalag 2. gr. verði gert skýrara með orðunum „vopna- og öryggisleit" í stað „slík leit" í 1. málsl. 1. efnismgr. og að öryggisgjald fyrir farþega sem orðnir eru tólf ára verði 620 kr. í stað 570 kr. svo sem lagt er til í frumvarpinu.

3. Að orðalagi 1. og 4. mgr. k-liðar 3. gr. verði breytt lítillega.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu með fyrirvara. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þannig afgreitt úr samgn. 10. maí 2004. Undir nefndarálitið rita Guðmundur Hallvarðsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara og Einar Karl Haraldsson, með fyrirvara.

Herra forseti. Að loknum umræðum legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

[10:26]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar er í raun samstaða um þetta mál í samgn. eins og svo sem um flest mál sem þar hafa verið til umfjöllunar í vetur. Er rétt að nota tækifærið til að þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir býsna góða stjórn á þeirri nefnd og hversu mikið hann hefur leitað eftir því að ná samstöðu í nefndinni um mörg stór og mikilvæg mál.

Það er aðeins eitt mál sem ég tel rétt að vekja sérstaka athygli á. Það kemur fram í nefndarálitinu og varðar flugmálastjórnarákvæði á Keflavíkurflugvelli og öðrum flugvöllum landsins. Það er afar sérstakt að Keflavíkurflugvöllur nýtur sérstakrar stjórnar og það kemur fram í umsögnum ýmissa aðila að þarna beri að leita sparnaðar og aðhalds. Ég vil taka sérstaklega undir það að þetta mál er afskaplega mikilvægt til skoðunar, þ.e. að reyna að samræma yfirstjórn með flugvöllum landsins. Það vekur athygli að Keflavíkurflugvöllur skuli vera með sérstaka flugmálastjórn vegna þess að þrátt fyrir að við höfum nú tekið að okkur rekstur flugvalla utan Íslands í nokkrum löndum heyra þeir flugvellir undir samgrn. meðan Keflavíkurflugvöllur heyrir undir utanrrn. Þetta er mál sem við þurfum að taka til athugunar og það kemur fram í nefndarálitinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur þó fulla ástæðu til að taka þessar athugasemdir til frekari skoðunar og mun hún gera það á næstu mánuðum."

Ég tek sérstaklega undir þessa setningu vegna þess að það er afar mikilvægt að samgn. skoði málið vandlega. Ég vek aðallega athygli á því að við leitum hagkvæmninnar og þess hvernig má spara í þessum málum. Það hlýtur að vera eðlilegt að við horfum til þess að þetta heyri undir Flugmálastjórn Íslands en að ekki sé sérstök Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem hugsar um þennan eina flugvöll. Það hlýtur að vera eðlilegt að við veltum því fyrir okkur hvort ekki megi spara og samræma hluti þrátt fyrir að það hafi að vísu komið fram hjá ýmsum gestum nefndarinnar að þarna væri býsna gott samstarf. Ég lít engu að síður svo á að þetta góða samstarf segi okkur að engin ástæða sé til að aðskilja þessa þætti og við hljótum að velta því mjög alvarlega fyrir okkur á næstu mánuðum, eins og segir í nefndarálitinu, að þetta verði samræmt á þann hátt sem hlýtur að vera einfaldastur og skila sparnaði, þ.e. þetta heyri allt saman undir Flugmálastjórn Íslands.

[10:29]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Það má taka undir orð hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og þakka formanni samgn. fyrir góða stjórn á fundum í vetur.

Þetta frv. sem við fjöllum um hér er afrakstur samnings sem er kenndur við Montreal og varðar öryggisþætti og loftferðir. Atburðir 11. september 2001 höfðu áhrif á mörg svið úti um allan heim, jafnt hér á landi sem annars staðar. Alls staðar er þörf á aukinni öryggisgæslu á flugstöðvum og í almenningssamgöngum. Þetta er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Jafnframt tel ég að við þurfum að gæta okkar á því að fara ekki offari, fara ekki fram úr okkur hvað varðar öryggisþætti og kostnað við það að koma upp óheyrilegri öryggisgæslu.

Við ráðum þessu samt ekki öllu sjálf. Við erum bundin af alþjóðlegum samningum og kröfum sem við verðum að uppfylla og m.a. er þetta gjald sem nú er verið að leggja á, öryggisgjald, til þess að standa undir ýmsum þeim þáttum sem snúa að öryggismálum, ekki eingöngu vopnaleit eins og hér kom fram í máli hv. frsm. og formanns samgn.

Verið er að hækka það gjald sem áður var vopnaleitargjald — nú heitir það öryggisgjald og lendingargjald — samtals um 220 millj. og þetta fjármagn er ekki sérstaklega sundurgreint. Þetta er hækkun sem fer inn í farseðlana og þar af leiðandi út í verðlagið. Það er alveg vitað og því er ekkert sjálfgefið að hækka þessi gjöld án þess að skoða líka hvort ekki sé hægt að spara eitthvað í rekstrinum og koma þarna á móti.

Eins og kemur fram í nefndaráliti hafa nokkrir aðilar bent á að góðar tekjur hafa verið af Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég tek undir þá skoðun að horfa eigi á rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvarinnar sem eina heild og nýta þær tekjur sem koma af rekstri flugstöðvarinnar í þann rekstur sem er á flugvellinum að öðru leyti. Mér finnst mjög óeðlilegt að hægt sé að ná inn umtalsverðum tekjum af flugstöðinni, þar sem er jú þjónusta við þessa sömu farþega og verið er að taka af gjald vegna reksturs á flugvellinum og flugprömmunum, en jafna þessu ekki út og hafa sem eina rekstrareiningu. Ég tel að skoða þurfi þetta betur og reyna í framtíðinni að fá þarna inn tekjur svo ekki þurfi að hækka enn frekar þessi gjöld, öryggisgjaldið og lendingargjaldið. Það mun hafa áhrif á ferðaþjónustuna í landinu ef við skerum okkur úr hvað varðar þessi gjöld. Það hefur áhrif á komu leiguflugvéla hingað, starfsemi lággjaldaflugfélaga, hvort þau telji Ísland vænlegan kost, og þó að þetta sé ekki mjög mikil hækkun núna hefur þetta allt saman áhrif og sérstaklega hjá lággjaldaflugfélögunum. Við þurfum að fara varlega í sakirnar.

Það er í sjálfu sér ekki mikið um þetta að segja annað en að það þarf að skoða betur í framhaldi af afgreiðslu þessa máls þær tekjur sem koma af flugstöðinni og rekstur á flugvöllunum. Eins þarf að skoða hvernig það kemur út að breyta gjaldinu í dollara eins og gert er í frv. Ég tel að það þurfi að meta eftir einhvern tíma hvort það hefur eitthvað að segja að hafa gjaldið í dollurum í stað íslensku krónunnar. Það voru tvær ástæður fyrir því að þessu var breytt í dollara. Íslenska krónan hafði um tíma veikst og eins var talið að lággjaldaflugfélögin sérstaklega teldu heppilegra að hafa gjaldið í dollurum og það væri aðgengilegra fyrir þau félög.

[10:36]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa fjallað um þetta mál og þakka samnefndarmönnum mínum í samgn. góð orð í minn garð og þakka þeim jafnframt fyrir mjög sérstakt og gott samstarf sem hefur tekist í samgn.

Aðeins út af því sem kom fram, bæði hjá síðasta ræðumanni svo og hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, þeim varnaðarorðum að við færum ekki fram úr sjálfum okkur í öryggiseftirlitinu er ég sammála því. Það þarf að halda vel á því svo að ekki verði þar um of. Hitt er þó rétt að benda á að öryggisgæsla á Keflavíkurflugvelli, á þessum alþjóðaflugvelli, nýtur trausts annars staðar, á öðrum flugvöllum. Ef það væri ekki svo, ef öryggið væri ekki í samræmi við kröfur erlendis, þýddi það að þeir sem kæmu frá Keflavíkurflugvelli á aðra flugvelli mundu fá einhverja sérstaka afgreiðslu

á endaflugvöllum og vera jafnvel fluttir í sérstakri vél eða rútu á annan flugvöll eða til annarra rannsókna. Þeir gætu þá ekki gengið í gegnum aðrar flugstöðvar eins og er í dag þannig að það þarf líka að passa þetta.

Síðan er það rétt eins og hér hefur komið fram í sambandi við rekstur flugstöðva og flugvalla. Það er náttúrlega mjög sérstakt að þetta skuli vera með þeim hætti sem verið hefur í áraraðir á Keflavíkurflugvelli. Þessi tilraun hefur verið gerð á öðrum flugvöllum þar sem rekstur flugvallar og flugstöðvar hefur verið slitinn í sundur og það hefur gefist afar illa og er nánast hvergi nokkurs staðar til í dag eftir því sem fram kom hjá okkar færustu sérfræðingum á sviði flugmála og starfsemi flugvalla annars staðar í heiminum. Enda varð samgn. líka sammála um að halda áfram þessari vinnu og fara á vettvang, m.a. á Keflavíkurflugvöll, og kynna sér þessi mál rækilega.

Svo er náttúrlega líka hitt að það er mjög óeðlilegt að í ekki stærra landi en Íslandi skuli vera tvær flugmálastjórnir. Þetta er með ólíkindum. Það er eðlilegt að Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Keflavíkurflugvöllur séu rekin saman og líka það að flugmálastjórn á Íslandi sé ein og hin sama yfir öllum flugvöllum.

(**Forseti** (SP): Forseti sér ástæðu til að áminna hv. þingmenn um að hafa ekki kveikt á farsímum í salnum.)

[10:39]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég fann þetta ekki í blöðum mínum áðan en ætlaði að minnast á það varðandi öryggisgjaldið að það kom fram hjá fulltrúum Flugleiða að þar sem það er orðin alþjóðleg staðreynd að auka þurfi mjög öryggi á flugvöllum og í opinberum samgöngum taki hið opinbera þátt í þessum kostnaði. Það er litið á þau viðbrögð sem verður að hafa á flugvöllunum vegna ótta við hryðjuverk eða glæpastarfsemi sem þjóðhagslegt öryggi. Þar af leiðandi eru flugfélögin ekki látin taka þetta alfarið á sig heldur kemur hið opinbera inn og tekur þátt í þessum kostnaði, bara mismunandi mikið.

Ég tel að þetta sé nokkuð sem við eigum að skoða líka þannig að við fáum ekki allan þann kostnað sem verður af öryggisgæslunni inn í flugfargjaldið sem mun bitna þá á ferðaþjónustunni hér á landi og fara beint og óbeint út í verðlagið.

[10:41]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Mér finnst ástæða til að koma hingað og taka sérstaklega undir með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni þar sem hann vekur athygli á, eins og ég hef gert áður, þessari tvískiptingu á flugmálastjórnum hér á landi. Það er auðvitað einstakt í hinum vestræna heimi í dag að það sé tvöfalt kerfi. Mér finnst ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessu vegna þess að það sýnir að þetta mál er alveg þverpólitískt, það fer ekki eftir flokkslínum heldur er þetta sameiginlegt áhugamál þeirra sem leita eftir því að stjórnsýslan sé einföld og leitað sé sparnaðar á öllum sviðum.

Málið er býsna mikilvægt og það er mikið gleðiefni að ekki skuli vera flokkadrættir í því. Það er sérstakt fagnaðarefni að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgn., skuli taka með jafneindregnum hætti undir þessi sjónarmið þannig að ég trúi því og treysti að nefndin muni skoða þetta alveg sérstaklega á næstu mánuðum og vona að helst á næsta þingi, á vetri komanda, verði lagðar fram tillögur um það að þetta verði samræmt undir eina flugmálastjórn sem eðlilegt er að sé Flugmálastjórn Íslands. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni er afar sérstakt að Flugmálastjórn Íslands hafi með að gera flugvelli víðar en á Íslandi en undanskilinn er einn flugvöllur sem starfræktur er á Íslandi. Það hlýtur að vera eðlilegt að við horfum til þess að samræma þessa hluti og ég trúi því og treysti að það sé samstaða um það í samgn. — enda hefur ekki annað komið fram — að yfir þessi mál verði farið af gaumgæfni og vonandi verða lyktir máls þannig að við getum lagt hér fyrir þingið frv. um að þessir hlutir verði samræmdir þannig að allir flugvellir á Íslandi heyri undir Flugmálastjórn Íslands.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 2. umr.

Stjfrv., 947. mál (flugvallaskattur). — Þskj. 1441, nál. 1625.

[10:44]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Málið var rætt í samgöngunefnd í samhengi við þingmál 946, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðsamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum, og þingmál 945, frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, en nefndin gefur álit um hvert þessara mála fyrir sig.

Með frumvarpi þessu er brugðist við dómi EFTA-dómstólsins frá 12. desember 2003 þar sem dæmt var að með því að viðhalda gildandi ákvæðum um flugvallagjald í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, þar sem hærra gjald er lagt á farþega sem ferðast frá landinu til annarra EFTA-landa en á farþega í innanlandsflugi, bryti Ísland gegn skyldum sínum skv. 36. gr. EES-samningsins og grein 3(1) í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugvéla að flugleiðum innan bandalagsins.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað flugvallagjalds samkvæmt gildandi lögum komi flugvallaskattur sem verði 382 kr. á hverja brottför á flugvelli á Íslandi og jafnhár hvort sem um innanlands- eða millilandaflug er að ræða. Þá verði lagt á sérstakt þjónustugjald til að fjármagna viðbótarkostnað vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi sem skal greiða vegna hvers manns sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Gjald þetta er ákveðið í 2. gr. frumvarpsins 598 kr. en skal endurskoðað á tveggja ára fresti, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Við undirbúning frumvarpsins leitaði samgönguráðuneyti eftir sérstöku áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar lagaprófessors um framangreindan dóm EFTA-dómstólsins og túlkun viðeigandi réttarreglna. Við gerð frumvarpsins hefur m.a. verið tekið tillit til niðurstaðna hans.

Nefndin fellst á þau sjónarmið sem frumvarpið byggist á og fram koma í athugasemdum með því.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á 8. gr. frumvarpsins, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu við 8. gr.:

Orðin „Tekjum af“ í 1. og 2. málsl. falli brott.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu með fyrirvara og áskilur sér rétt til að styðja breytingartillögur.

Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson og Einar Karl Haraldsson undirrita álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingar við málið.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þannig samþykkt í samgöngunefnd Alþingis 10. maí 2004. Undir álitið rita Guðmundur Hallvarðsson, formaður og frsm., Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðjón Hjörleifsson, með fyrirvara, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara, Jóhann Ársælsson, með fyrirvara og Einar Karl Haraldsson, með fyrirvara.

[10:47]

Þuríður Backman:

Forseti. Hér er verið að bregðast við dómi EFTA-dómstólsins frá því í desember 2003 þar sem dæmt var að óheimilt væri að hafa mismunandi farþegaskatta eftir því hvort flogið væri með loftfari innan lands eða frá Íslandi til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Áður var gjaldið látið dekka bæði Keflavíkurflugvöll og varaflugvellina en nú er með nokkrum klókindum komið á sérstökum varaflugvallaskatti og það verður svo að vera ef við ætlum að hafa þetta rekstrargjald alveg sjálfstætt gjald. Það er lagt á hvern farþega sem flýgur, bæði innan lands og milli landa. Þessi skattur er viðbótarkostnaður vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra flugvalla á Íslandi og varaflugvallagjaldið er 598 kr. fyrir hvern farþega. Er þá sama hvort það er innanlandsflug eða millilandaflug en undanþegin eru börn innan tveggja ára aldurs.

Auk þess er lagður sérstakur skattur, flugvallaskattur, á þá sem ferðast með loftfari og flutningaflugi innan lands eða frá Íslandi til annarra landa og hann er 382 kr.

Þessi gjöld eru alveg sjálfstæð, eru alveg aðgreind í farseðlinum og eiga að standa undir þessum ákveðna rekstri en hér vildi ég koma að þeirri ábendingu að þetta varaflugvallagjald og flugvallaskattur er ekki tekið af fragtfluginu heldur eingöngu lagt á farþega. Ég tel að það sé nokkuð sem eigi að skoðast sérstaklega, hvort t.d. rekstur varaflugvallanna eigi eingöngu að vera borinn uppi með gjöldum á farþega, hvort það eigi ekki að dreifa kostnaðinum og skoða hvort hann eigi að leggjast á fragtflugið líka.

Þetta hefur ekki verið sérstaklega skoðað. Ég er í sjálfu sér ekki að leggja til að það verði þannig en mér finnst rétt að það verði skoðað alveg sérstaklega hvort ástæða sé til að dreifa þessum rekstrarkostnaði bæði á farþega og fragt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 464. mál (öryggi barna, gjöld, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582.

[10:51]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Málið er fyrsta umferðarlagamálið sem samgöngunefnd afgreiðir frá því að málaflokkurinn færðist frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis og þar með á milli fagnefnda þingsins. Nefndin tók málið til allítarlegrar skoðunar og í umræðum með gestum og í skriflegum umsögnum komu fram mjög mikilvægar upplýsingar sem sumar hverjar urðu grundvöllur að tillögum nefndarinnar um breytingar á frumvarpinu. Þá komu einnig fram athugasemdir sem nefndin vill að teknar verði til skoðunar þó svo að hún geri ekki tillögur um lagabreytingar vegna þeirra á þessu stigi.

Þar ber fyrst að nefna að nefndin hefur farið fram á við samgönguráðuneyti að ákvæði reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins verði tekin til athugunar og skoðað hvort ekki sé rúm til að taka tillit til þess þegar ökumenn lenda í vanda við flutninga vegna veðurs. Við umræður í nefndinni kom fram að til stendur að taka til endurskoðunar þær reglur sem gilda um þetta á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin leggur áherslu á að reynt verði að finna leiðir til að taka tillit til þess þegar landflutningar tefjast um margar klukkustundir vegna skyndilegra veðurbreytinga eða ófærðar.

Við umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins bentu umsagnaraðilar á að tilefni sé til að taka til skoðunar reglur um barnabílstóla. Í máli gesta kom fram að alloft séu leiðbeiningar sem fólk fær við kaup á bílum og öryggisbúnaði fyrir börn ófullnægjandi. Þá kemur fyrir að fólk noti barnabílstóla sem passa ekki í viðkomandi bíla en eftirlit og leiðbeiningar um slíkt skortir. Nokkur vilji var í nefndinni til að taka tillit til þessara ábendinga með breytingartillögum en eftir nánari umfjöllun var ákveðið að skoða þetta frekar í samvinnu við ráðuneyti og fleiri aðila enda er mikilvægt að vandað verði til verka og að allar breytingar á þessu sviði verði kynntar vel.

Þá kom fram á meðan nefndin hafði málið til athugunar að Reykjavíkurborg hefur ekki talið sér heimilt fyrr en nú að sekta bifreiðar sem lagt er ólöglega í stæði merkt fötluðum á einkalóðum. Nefndin telur að athuga verði réttarreglur hvað þetta varðar svo að öllum vafa verði eytt enda er alvarlegt ef fólk leggur í slík stæði í trausti þess að það verði ekki sektað og beinir nefndin því til ráðherra að taka málið til skoðunar.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að orðinu „farartæki“ í c-lið a-liðar 1. gr. verði breytt í „ökutæki“ til samræmis við annan texta í lögunum. Einnig eru hraðamörk vegna hlaupahjóla sett 8–15 km á klst., m.a. vegna athugasemda Löggildingarstofu sem taldi að tæki sem gerð væru fyrir akstur undir 8 km ættu að falla undir leikfangastaðla og reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, nr. 408/1994. Þá er vert að geta þess að tilskipun Evrópusambandsins 2002/24/EB, um tegundarviðurkenningar fyrir tveggja eða þriggja hjóla ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, nær ekki til þessara hlaupahjóla þar sem sérstaklega er tekið fram í c-lið a-liðar 1. gr. frumvarpsins að slíkum farartækjum megi ekki aka á akbrautum.

2. Að í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ komi „ráðherra“ enda hefur framkvæmd umferðarlaga nú verið færð frá dómsmálaráðherra til samgönguráðherra.

3. Að notað verði orðið „öryggispúði“ í stað „loftpúði“. Orðið loftpúði er í reglugerð um gerð og búnað ökutækja notað um tiltekinn hluta fjaðrabúnaðar í stórum bifreiðum og því

getur valdið ruglingi að nota það einnig um uppblásanlega púða inni í bifreiðum.

4. Að orðið „viðurkenndan" komi fyrir framan orðið „hlífðarhjálm" í 6. gr. og þannig lögð áhersla á að þeir hlífðarhjálmar sem notaðir eru uppfylli lágmarksstaðla og kröfur sem gerðar eru til slíkra persónuhlífa samkvæmt reglugerðum sem um þær gilda.

5. Að lokamálsliður b-liðar 8. gr. falli brott. Í nefndinni spannst töluverð umræða um 8. gr. frumvarpsins og áhrif hennar. Eftir þá umræðu telur nefndin að mikilvægt sé að taka til heildarendurskoðunar refsingar við ölvunarakstri og m.a. hvort ekki megi fjölga eða breyta úrræðum í einhverjum tilfellum. Nefndin mun ræða þetta frekar við samgönguráðuneyti.

6. Að gerðar verði breytingar á 106. gr. laganna sem færi endurveitingu ökuréttar til þeirra sem hafa verið sviptir honum í lengri tíma en þrjú ár frá ráðuneyti til ríkislögreglustjóra sem aftur getur falið lögreglustjórum framkvæmdina. Samkvæmt gildandi 106. gr. umferðarlaga er ráðherra heimilt að veita manni, sem sviptur hefur verið ökurétti um lengri tíma en þrjú ár, ökuréttinn að nýju. Ef viðkomandi hefur verið sviptur ökurétti ævilangt getur endurveiting þó ekki átt sér stað fyrr en að fimm árum liðnum. Þá er kveðið á um það í lögunum að einungis skuli heimila endurveitingu að sérstakar ástæður mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

Í reynd hefur framkvæmdin verið með þeim hætti að þegar svipting hefur staðið í tilgreindan tíma hefur endurveiting verið heimiluð nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákveðnar reglur hafa skapast við framkvæmd endurveitinga. Ef umsækjandi hefur t.d. brotið af sér á sviptingartímanum og ekið án réttinda hefur sviptingartíminn lengst við hvert brot um þrjá mánuði, þó ekki lengur en eitt ár. Einnig hefur verið skoðuð sakaskrá og eftir atvikum málaskrá lögreglu auk þess sem leitað hefur verið umsagnar lögreglustjóra í umdæminu þar sem viðkomandi býr. Afgreiðsla þessara mála felst helst í að afla sakarvottorðs og leita umsagna hjá lögreglustjóra. Flest málanna snúast eingöngu um tímasetningar. Í undantekningartilvikum reynir á álitamál eins og brotaferil varðandi brot erlendis og mat á endurveitingu vegna þess.

Þar sem stærstur hluti þessara mála er hrein afgreiðslumál þykir eðlilegra að með þau sé farið eins og aðra afgreiðslu hjá lögreglu, t.d. útgáfu ökuskírteina. Ríkislögreglustjóri heldur málaskrá og hefur upplýsingar um ökuferil viðkomandi umsækjanda frá sviptingu. Þrátt fyrir að framkvæmd endurveitinga færist til ríkislögreglustjóra er gert ráð fyrir að úrvinnsla málanna fari fram hjá lögreglustjórum með svipuðum hætti og gert er við veitingu ökuskírteina. Með þessu fyrirkomulagi verður stjórnsýsla þessara mála mun skilvirkari.

Þá er gert ráð fyrir að umsækjandi um endurveitingu geti kært synjun lögreglustjóra til ráðuneytisins telji hann gengið á rétt sinn. Með þessu verða til tvö stjórnsýslustig við meðferð þessara mála sem eykur réttaröryggi borgaranna. Að lokum er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um nýja málsmeðferð.

7. Að ný grein bætist við frumvarpið þar sem fram komi að með lögunum séu innleiddar tvær EB-tilskipanir, tilskipun ráðsins 2002/24/EB, IV. viðauki, og tilskipun 2003/20/EB.

8. Að sú grein sem nefndin gerir tillögu um að bætist við frumvarpið varðandi endurveitingu ökuréttar taki gildi 1. september 2004 þó svo að önnur ákvæði öðlist þegar gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Virðulegi forseti. Þó að hér séu ákvæði um að lögin skuli þegar taka gildi að undanskildu því ákvæði sem ég las upp áðan gerir nefndin sér fulla grein fyrir því að hér gæti verið um nokkra örðugleika að ræða varðandi framkvæmd þessa máls ef lögin eiga að taka gildi þá og nú þegar. Ég held að það muni mæta skilningi þó að ekki sé hægt að hrinda öllum ákvæðum þess í framkvæmd strax en a.m.k. þó ekki síðar en 1. september.

Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu en áskilur sér rétt til að koma fram með og styðja breytingartillögur við málið.

Undirritað á Alþingi og afgreitt frá samgöngunefnd 29. apríl 2004, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Hjörleifsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Aðra nefndarmenn hef ég lesið upp áður sem skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

[11:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Mig langar til að gera eina athugasemd við það mál sem við ræðum hér. Athugasemd mín lýtur að 1. gr. frv. sem varðar breytingar á 2. gr., þ.e. orðskýringu reiðhjóls. Verið er að breyta þessum orðskýringum og bæta inn skilgreiningu um lítil vél- eða rafknúin ökutæki sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól sem búið er stigbretti, er á hjólum og með stöng að framan sem á er stýri. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.

Á þennan hátt er c-liðnum lýst í brtt. samgn. sem hv. formaður nefndarinnar hefur nú gert grein fyrir.

Virðulegi forseti. Hér er ákveðin hætta á ferðum. Í fyrsta lagi eru þessi litlu rafknúnu hlaupahjól þess eðlis, mörg hver, að þau eru knúin með sprengihreyfli sem heyrist mikið í, sem mengar mikið og er þar af leiðandi kannski til ama á hjólabrautunum sem eru, eins og við vitum öll, bara til sem útivistarstígar. Erfiðleikarnir sem við komum til með að horfa á núna verði þetta að veruleika — við vitum jú að Íslendingar eru óðir í farartæki og við getum alveg ímyndað okkur að nú bíði tollafgreiðslu fjöldinn allur af hjólum af þessu tagi og það má kannski sjá fyrir sér að fjöldinn allur af svona hjólum ryðjist fram á útivistarstígana — koma til með að þrengja að hinni litlu ræmu sem annars er hugsuð fyrir hjólreiðafólk að hjóla á. Þessi hjól eiga örugglega að vera þar.

Nú er spurning: Hvernig sjáum við fyrir okkur skokkara og útivistarfólk innan um litlu vélknúnu skellinöðrurnar sem hafa jafnhátt og margar garðsláttuvélar? Ég vil meina að hér sé ákveðin umhverfismengun á ferðinni. Þá spyrja menn: Hvernig getum við þá leyst það mál? Þessi hjól yrðu ekki heimiluð á akbrautunum.

Vandamálið er auðvitað það að hjólreiðafólk á Íslandi hefur enga aðstöðu í umferðinni. Erfiðleikarnir eru fólgnir í því að þeim sem fara um á reiðhjólum er ætlað að nota útivistarstígana af því að við höfum ekki byggt umferðar-

mannvirkin okkar þannig að það sé pláss fyrir reiðhjól í umferðinni.

Þetta er að mínu mati mjög miður. Ég hefði sannarlega viljað sjá að breytingarnar til batnaðar í þessum efnum yrðu teknar í þeirri röð að fyrst útbyggjum við stofnbrautir hjólreiðakerfis á þéttbýlisstöðum og tengingar á milli þéttbýlisstaða og síðan mundum við heimila hin litlu vélknúnu ökutæki inn á þessar hjólreiðabrautir.

Ég held að við sjáum hér í hnotskurn það vandamál sem er fólgið í því að engar almennilegar hjólreiðabrautir eru til sem hluti af umferðarmannvirkjum okkar Íslendinga.

Nú langar mig því til að brýna hv. formann samgn. í þessum efnum til að horfa með jákvæðu hugarfari til tillögu sem þingmenn úr öllum flokkum, og allir eiga það sameiginlegt að sitja í umhvn., hafa flutt hér á þessu þingi. Tillagan er nú í samgn. og ég geri ráð fyrir að hún hafi verið send út til umsagnar. Þetta er tillaga sem fjallar um hjólreiðabrautir og það hvernig við getum komið þeim fyrir í vegalögum þannig að það verði skilgreind ábyrgð ríkisins annars vegar og hins vegar sveitarfélaga á þessu hjólreiðabrautakerfi. Ég held að með því að samþykkja slíka tillögu, segjum á næsta hausti, værum við búin að leysa þau vandamál sem þessi breyting hér skapar.

Ég legg áherslu á að það verður að koma til ákveðin breyting á aðstöðu hjólandi fólks í umferðinni til að þessi litlu skellinöðruhlaupahjól geti yfir höfuð rúmast inni í umferðarkerfinu okkar.

Síðan má einnig geta þess að auðvitað eru til rafknúin reiðhjól sem eru að ryðja sér mjög til rúms í nágrannalöndum okkar, og ég tala nú ekki um í löndum eins og Kína þar sem ekki er fræðilegur möguleiki á því að allir eignist bíla. Fólk fjárfestir þar í reiðhjólum sem eru með lítinn rafmótor sem kemur þeim upp í 20–25, í hæsta lagi 30, km á klst. Ég veit til þess að Íslendingar eiga svona hjól og vilja fá að fara með þau út á stígana en þessi grein sem hér um ræðir mundi ekki heimila það vegna þess að hér má mótorinn að hámarki vera gerður fyrir 15 km.

Nú er rétt að spyrja: Hvað eiga þeir hjólreiðamenn að gera sem eiga rafknúna mótora á reiðhjólin sín, mótora sem fara í 20 km á klst.? Eru þeir enn útilokaðir frá því að nýta og nota þau hjól?

Í framhaldi af því mætti kannski hugsa sér, úr því að verið er að gera þessa breytingu, að kílómetraþakinu yrði lyft, það sett upp í 20 km en ekki 15. Það mundi þá ekki útiloka eigendur slíkra reiðhjóla frá útivist, fólk sem af einhverjum ástæðum, segjum bara af heilsufarslegum ástæðum, getur kannski ekki stigið hjólin sín upp á móti brekku en vill engu að síður njóta útivistar og hreyfingar. Það er mjög handhægt og lipurt fyrir fólk að vera á slíku hjóli sem getur hjálpað því upp brekkurnar. Ég held að það þurfi að búa til rými fyrir það fólk hérna líka.

Það er sem sagt spurning um það hvernig svona vélknúin, lítil hjól rúmist í kerfi okkar. Ég tel þau ekki gera það svo vel sé fyrr en við erum búin að ganga frá samþykkt þeirrar tillögu sem ég gat um áðan. Ég hvet til þess að hv. samgn. taki það til alvarlegrar skoðunar, ég segi ekki lúri yfir því í sumar en hugleiði það a.m.k. í sumar og sjái hvort ekki verði flötur á því að við finnum samkomulag í þeim efnum næsta haust.

[11:07]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur hvað varðar þetta atriði, í fyrsta lagi um hjólreiðastígana sem er mjög mikilvægt að koma í einhvern farveg og fara að vinna markvisst að, að það sé eins og það er í dag hjá skipulagi hvers sveitarfélags innan þéttbýlis. Það vantar líka tengingu við þjóðvegakerfið og tengingu milli staða þar sem við getum smám saman byggt upp samfellt net hjólreiðastíga en ekki eins slitrótt og það er í dag. Því miður vantar algjörlega hjólreiðastíga víða um land. Þar er treyst á að umferð sé ekki of mikil til að mönnum stafi hætta af að vera úti á götunni eða þá uppi á gangstéttunum.

Því tel ég mikilvægt að endurflytja það mál sem sent var út til umsagnar varðandi reiðhjólastíga og tenginet hjólreiðastíga. Þegar umsagnir verða komnar nú í sumar þarf að taka málið upp og vinna með það strax í haust.

Eftir stöndum við með þá staðreynd að þegar eru komin tæki sem eru hvorki leiktæki né heldur hugsuð sem samgöngutæki eins og þau hjól sem eru knúin með rafmótor og geta farið á allt 20 km hraða á klst. Fullorðnir hafa helst notað þau. Það er ekki gert ráð fyrir þeim í frv. en það hefur verið mikil eftirspurn eftir því að flytja inn þessi hlaupahjól með litlum rafknúnum mótor og þau fara þá ekki hraðar en 15 km á klst. Þessum farartækjum, hlaupahjólum, verður óheimilt að vera úti á akbrautunum, þau eiga að vera uppi á gangstéttum eða hjólreiðastígum. Ég tek undir það með hv. þingmanni að auðvitað er af þessum hjólum bæði hávaðamengun og truflun fyrir þá sem eru á reiðhjólum. Þetta fer hugsanlega ekki vel saman en við þurfum að leggjast vel yfir það hvernig það geti orðið og þá sérstaklega með því að efla hér útfærslu og leggja hjólreiðabrautirnar.

Ég tek jafnframt undir það með hv. þingmanni að mörg tæki hafa létt undir með fullorðnum og þá sérstaklega þeim sem eru ekki fullfrískir en geta ferðast um annaðhvort með svona sérútbúnum hjólum með hjálparmótor eða á hlaupabrettum fyrir fullorðna sem eru nú til þar sem eru tvö hlaupabretti í stað eins eins og krakkarnir eru á. Á þeim er hægt að komast auðveldlega um, þ.e. ef allar gangstéttarbrúnir og hönnun vegakerfisins auðveldar slíkt. Þetta eru ný tæki sem við þurfum að finna pláss fyrir í samgönguneti okkar. Þá þarf enn frekar en gert er í dag, ef við ætlum að hvetja fullorðna einstaklinga til að nota svona hjól, að huga að öllum brúnum þannig að hvergi sé fyrirstaða. Allir þeir sem eru í dag með barnavagna, kerrur eða hjólastóla vita hvað það getur verið erfitt að komast um þó að búið sé að leggja gangstéttar meðfram öllum götum. Við erum að tala um sjálfbæra þróun, og sjálfbær þróun í samgöngum á að taka tillit til þarfa þessara einstaklinga og hjólafólksins líka.

Ég styð líka það að þetta ákvæði fari inn núna í stað þess að vera hér með tæki sem eiga þá hvergi heima í umferðinni, þ.e. þessi litlu mótorhlaupahjól. Þau eiga ekki að vera úti á götunum. Þetta eru meira en leiktæki og ég held að það sé þá betra að hafa þau uppi á gangstéttum og á reiðhjólabrautum eins og er en ég ætla rétt að vona að þetta verði ekki næsta æðið sem grípur um sig því að börnum er þó a.m.k. hollara að vera á venjulegum hlaupahjólum en ekki á þeim með litlum mótor. Það verður þó tíminn að leiða í ljós.

Það sem ég vildi, hæstv. forseti, aðeins taka hérna upp varðar 4. gr. en ég hef fyrirvara við hana. Hún orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegagerðin annast eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Sérstökum eftirlitsmönnum hennar er heimilt að stöðva ökutæki til þess að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Dómsmálaráðherra setur reglur um hæfi og starfsþjálfun eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og setur þeim starfsreglur."

Ég set fyrirvara við það að þessu fyrirkomulagi verði komið á. Í dag eru ætíð fulltrúi Vegagerðarinnar og fulltrúi lögreglunnar saman í bíl í þessum eftirlitsferðum, það er lögreglan sem stöðvar bílinn og fulltrúi Vegagerðarinnar annast svo lestur af öllum mælum. Ég tel að við eigum að fara varlega í það að heimila öðrum en lögreglunni að stöðva bifreiðar. Ég veit að það tíðkast víða erlendis að sérstakir starfsmenn samsvarandi starfsmönnum Vegagerðarinnar hér hafi slíka heimild en Landssamband lögreglumanna hefur með mjög sannfærandi hætti varað við því að koma þeirri breytingu á. Öryggisins vegna er farsælast að lögreglan ein hafi heimild til að stöðva ökutæki.

Ég skil vel hugmyndir Vegagerðarinnar hvað þetta varðar. Hún greiðir fyrir þessa þjónustu, þarf að spara eins og allar aðrar opinberar stofnanir og telur sig geta komist betur frá þessu eftirliti með því að hafa tvo menn í bílnum, og að starfsmenn Vegagerðarinnar stöðvi þá flutningabílana til að lesa á aksturskortin. Fjármagnið kemur jú allt úr ríkissjóði, þ.e. greiðslur til Vegagerðarinnar og lögreglunnar, og ég tel að þarna eigum við að stíga varlega niður. Ég set stórt spurningarmerki við þá ákvörðun að heimila Vegagerðinni að stöðva bifreiðarnar þó svo að það verði sérstakir eftirlitsmenn og þó svo að þeir verði vel merktir. Þetta er þá fordæmi sem hægt er að útvíkka og gefa Vegagerðinni hugsanlega heimild til að stöðva bifreiðar í öðrum tilgangi sem lýtur að eftirliti Vegagerðarinnar. Alltaf eru að bætast við þeir þættir sem eftirlit þarf að hafa með, þá sérstaklega varðandi flutningabílana.

Annað sem ég vildi nefna varðar hvíldartímaákvæðin. Þetta er auðvitað öryggisatriði, það er öryggisatriði í umferðinni að ökumenn fái næga hvíld og séu vel upplagðir við aksturinn, en þetta er líka vinnuvernd. Ég vil koma því hér á framfæri að ég tel að það eigi að skoða það hvort hvíldartímaákvæðin eigi ekki að vera bara í sérlögum eða að sérákvæði eigi við um hvíldartíma ökumanna. Er ekki rétt að fara mjög ákveðið í þá vinnu að athuga hvort ekki sé hægt að fá undanþágu frá reglum ESB-tilskipunarinnar um hvíldartíma ökumanna og athuga hvort við séum með öll undanþáguákvæðin fullnýtt. Það er vitað að sendibílstjórar féllu utan þessarar tilskipunar og það er verið að endurskoða hana. Ég tel að við eigum að athuga hvort ekki sé hægt að fá undanþágu, sérstaklega með tilliti til veðurs, ófærðar og sérstakra aðstæðna sem oft skapast hér á Íslandi þegar farið er á milli staða sem hugsanlega á að taka fimm tíma að komast á milli en vegna ófærðar og veðurs getur það tekið mun fleiri klukkutíma.

Taka má dæmi af vöruflutningabílstjóra sem kemur vestan af fjörðum, er búinn að vera þar í mikilli ófærð og óveðri, er svo kominn fram yfir aksturstíma sinn og á að vera kominn í hvíldartíma og þá er hugsanlegt að hægt sé að stoppa hann bara uppi í Borgarfirði og sekta hann fyrir að brjóta hvíldartímaákvæðið. Það sér náttúrlega hver maður að það verður að taka tillit til aðstæðna þó svo að við verðum alltaf líka að horfa á það að þetta ákvæði um hvíldartímann er fyrst og fremst sett vegna aðstæðna í Evrópu þar sem vörubílstjórar fara landanna á milli og keyrðu áður svo lengi að ógn stóð af þeim í umferðinni. Þær vegalengdir eru ekki hér á landi. Við höfum ekki þessa möguleika, eins og innan Evrópusambandsins, að keyra frá Svíþjóð og suður á Ítalíu eða hvert það nú er. Lengsta vegalengdin er frá norðausturhorninu og hingað suður á höfuðborgarsvæðið eða frá Vestfjörðum og hingað suður. Ég tel að við þurfum með einhverjum hætti að taka tillit til þessara aðstæðna.

[11:21]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Bara í örstuttu máli vil ég bregðast við því sem kom fram hjá þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað. Í fyrsta lagi ætla ég að víkja að því sem hv. þm. Þuríður Backman kom að í sambandi við 4. gr. Það er rétt að það er viðurkennt að því miður héldu Íslendingar ekki vöku sinni þegar stóri bróðir í Brussel setti þessi lög um hvíldarákvæði. Það hefði eflaust haft töluverð áhrif á allt ef fulltrúar okkar hefðu þar haldið vöku sinni og náttúrlega þeir aðilar sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Hins vegar benti hv. þm. líka á að þessi hvíldarákvæði eru í skoðun og náttúrlega er það alveg rétt líka sem kom fram hjá hv. þingmanni að þetta er miðað við hin stóru lönd þar sem bílstjórar eru jafnvel akandi sólarhringum saman á milli landa. Hér eru allt aðrar aðstæður.

Varðandi athugasemdir lögreglunnar um rétt þann sem hér er verið að færa vegagerðarmönnum eftir nánari reglum og starfsþjálfun sem dómsmrh. mun gera kröfu til er það nú svo að Vegagerðin borgar í dag á annað hundrað milljónir til lögreglunnar vegna þessa eftirlits. Vegagerðin hefur sinnt þessu mjög vel í samstarfi við lögregluna en það er ekki ástæða talin til að hafa lögreglumann með vegagerðarmanni vegna þess sérstaklega, eins og tekið er hér fram, þar sem vegagerðarmenn eiga að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Eftirlitið verður þá auðvitað einskorðað við þetta. Auðvitað skiptir líka þungi bifreiðar og fleira slíkt máli.

Varðandi það sem var rætt um áðan og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á í sambandi við þessi mótordrifnu hlaupahjól og þá líka hjól með skellinöðrumótorum sé ég það fyrir mér að þá muni gerast það sama og þegar fyrsti bíllinn var fluttur til landsins. Það var ekki fyrr en þá eiginlega að vegagerð hófst af einhverjum krafti. Ég sé fyrir mér varðandi þessi hlaupa- eða stighjól með hjálparmótorum, rafknúnum, að það muni eflaust leiða til þess að margir muni skilja bílinn sinn eftir heima á sumardögum og fara heldur í vinnuna á þessum hjólum. Ég tel að alveg öndvert við það sem hv. þm. talar um, að þetta verði mengunarvaldandi, þ.e. þessir skellinöðrumótorar þar sem þeir verða notaðir á t.d. reiðhjól, muni þetta leiða til þess að bíllinn verði minna notaður og jafnvel þessi hjól þá í ríkari mæli notuð í staðinn.

Alltaf kemur upp það sama. Nú miðum við við hraða frá 8–15 km og það er strax farið að segja: Hvað með þá sem eiga hjól sem geta keyrt á 20 km hraða og þá sem eiga þá næstu fimm km þar fyrir ofan o.s.frv.? Ég tel að auðvitað eigi að skoða þetta allt saman en það var rétt hjá þingmanninum að við eigum að stíga varlega til jarðar í þessu máli, eins og líka kom fram hjá hv. þm. Þuríði Backman. Ég held að við gerum það með því að samþykkja þetta lagafrv. með þessum hraðamörkum þar sem við förum hæst upp í 15 km og sjáum hvernig þetta reynist á hjólastígunum sem við eigum nú orðið allmikið af. Hægt er t.d. núna í Reykjavík að fara á þessum hjólastígum alveg frá Seltjarnarnesi og nánast upp í

Rjúpnahæð. Svo mjög hefur þessum samgönguþáttum fleygt fram.

Varðandi þann hraða sem verið er að tala um núna og hávaða í skellinöðrum hefur tækninni fleygt það fram að það er orðin gjörbylting á þessum mótorum. Það er varla að þeir standi undir nafninu skellinöðrur því að þetta eru í raun og veru það þýðir mótorar sem lítið heyrist í.

En allt um það, hér er um mikla nýjung og framfaraspor í samgöngumálum að ræða sem ég hef trú á að muni breyta nokkru, a.m.k. yfir sumarmánuðina, hér á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel leiða til þess að eitthvað muni umferð minnka. Það var a.m.k. von okkar þegar málið var rætt í samgn.

[11:26]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skyldi þó aldrei vera að um leið og farartækin mótorvæðast verði orðið við tilmælum þrýstihópa. Þeir sem stunda hjólreiðar í dag eru kannski hljóðlátari þrýstihópur en þeir sem verða komnir mótorvæddir í framtíðinni. Það er mikilvægt að halda áfram að byggja upp reiðhjólastíga sem tengingu jafnhliða vegakerfinu.

Það var samt ekki þess vegna sem ég kom upp, frú forseti, heldur vegna þessa ákvæðis um að Vegagerðin megi stöðva bifreiðar. Auðvitað lesa starfsmenn Vegagerðarinnar af mælunum og athuga með þungaflutningabílana og allt slíkt en það er það að stöðva bifreið, að hafa heimild til að stöðva bifreið og vísa henni út í kant svo að hægt sé að lesa af mælunum, sem ég tel að geti verið nokkur áhætta. Segjum sem svo að vörubílstjóri viti að hann standist ekki skoðun Vegagerðareftirlitsins og gefi í í staðinn fyrir að stöðva, þá er þarna ákveðin slysahætta sem ég tel að væri síður ef það væri óyggjandi lögreglan sem stöðvaði bílinn en Vegagerðin sinnti svo sínum störfum. Það er verið að spara hjá Vegagerðinni með því að kaupa ekki þessa þjónustu lögreglunnar en allt kemur þetta jú úr sama sjóði. Þarna finnst mér að við eigum ekki síður að horfa á öryggisþáttinn en akkúrat það hvort það er Vegagerðin eða lögreglan sem greiðir.

[11:28]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eðlilegt að hér dragi hv. þingmaður upp áhyggjur sínar vegna þessa máls. Ég sé samt ekki þá hættu sem í þessu liggur. Ég hef trú á því að hinir ágætu starfsmenn Vegagerðarinnar muni vinna þetta verk sitt af kostgæfni eins og þeim ávallt liggur svo létt í verki, hér eftir sem hingað til. Ég vil endilega að þetta mál nái fram að ganga og við sjáum þá til þegar fram líða stundir hvort einhverjir vankantar séu á þessari framkvæmd. Þá er minnsta mál að endurskoða lögin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðaröryggi á þjóðvegum, síðari umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 205. mál. — Þskj. 216, nál. 1550.

[11:29]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um eflingu umferðaröryggis á þjóðvegum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að nefnd verði skipuð til að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum og er tilgreint nánar hvaða atriði skuli helst skoða.

Samgöngunefnd vekur athygli á að þegar eru starfandi nokkrir aðilar á vegum ríkisins sem hafa það að markmiði að efla umferðaröryggi en nefndin telur að starf þeirra sé almennara en það sem í tillögunni er gert ráð fyrir að kannað verði. Mikilvægt er að stöðugt sé hugað að eflingu umferðaröryggis og þá ekki síst á þjóðvegum landsins en þar verða flest alvarleg umferðarslys.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu við tillögugreinina:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: samgönguráðherra.

b. Í stað dagsetningarinnar „1. september 2004“ í 3. mgr. komi: 1. mars 2005.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu. Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þannig afgreitt úr samgöngunefnd 27. apríl 2004. Undir rita Guðmundur Hallvarðsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, síðari umr.

Þáltill. LMR og GunnB, 277. mál. — Þskj. 313, nál. 1551.

[11:31]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um um till. til þál. um stofnun sædýrasafns á höfuðborgarsvæðinu.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að kanna kosti og hagkvæmni þess að byggt verði upp veglegt sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur að möguleg staðsetning eigi að vera einn þeirra þátta sem skoðaðir eru þegar kannaðir eru kostir og gallar þess að byggja veglegt sædýrasafn sem þjónað geti bæði leikum og lærðum. Því telur nefndin ekki rétt að takmarka könnunina við höfuðborgarsvæðið og einnig telur nefndin rétt að veittur sé lengri tími til könnunarinnar en gert er ráð fyrir í tillögunni.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.

Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um stofnun sædýrasafns.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu. Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þannig afgreitt úr samgöngunefnd 27. apríl 2004. Undir rita Guðmundur Hallvarðsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir,

Guðjón Hjörleifsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag sjóbjörgunarmála, síðari umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 335. mál. — Þskj. 401, nál. 1566.

[11:33]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála og í greinargerð er sérstaklega bent á þörf fyrir akfæra vegarslóða að þeim stöðum á strönd Íslands sem teljast mjög varasamir. Mikilvægi þess að haft sé vakandi auga fyrir leiðum til að efla öryggi sjómanna er ótvírætt. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys verða við erfiðar aðstæður.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu. Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þannig afgreitt úr samgöngunefnd 29. apríl 2004. Undir rita Guðmundur Hallvarðsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk farskip, síðari umr.

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 484. mál (skattareglur o.fl.). — Þskj. 756, nál. 1683.

[11:34]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um úttekt á stöðu íslenskra farskipa.

Nefndin fjallaði mikið um þetta mál og fékk margar skriflegar umsagnir.

Nefndinni var afhent á fundi 25. mars sl. yfirlýsing frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Nemendafélagi Stýrimannaskólans í Reykjavík, Nemendafélagi Vélskóla Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Vélstjórafélagi Íslands um aðgerðir til að jafna samkeppnisstöðu íslenskra kaupskipaútgerða. Yfirlýsingunni er beint til ríkisstjórnarinnar og samgöngunefndar Alþingis og er hún dagsett 11. febrúar 2004. Í yfirlýsingunni lýsa þeir aðilar sem skrifa undir hana áhyggjum af þeirri einangrun sem Ísland hefur stefnt í á sviði viðskipta, siglinga og þekkingar hvað varðar kaupskipaútgerð. Segir þetta nokkuð um þá hagsmuni sem hér eru í húfi og mikilvægi þess að snúið sé við þeirri þróun sem orðið hefur hérlendis undanfarin ár.

Í tillögunni er lagt til að fjármálaráðherra verði falið að skipa fimm manna nefnd til að kanna, m.a. með tilliti til hvað aðrar þjóðir hafa gert, hvernig breyta megi skattareglum og öðrum reglum sem lúta að útgerð farskipa þannig að íslenskar útgerðir sjái sér hag í að sigla skipum sínum undir íslenskum fána með íslenskar áhafnir.

Þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar lýstu sig fylgjandi meginefni tillögunnar. Gestirnir töldu sérstaklega mikilvægt að í vinnslu málsins verði skoðaðar reglur annarra þjóða sem taldar eru standa framarlega í þessum málum og að rétt sé að stefna að því að gera rekstrarumhverfi farskipaútgerða svo hagstætt hér á landi að það geti orðið freistandi fyrir innlenda og erlenda aðila að eiga og reka farskip á Íslandi. Hvað varðar greinargerð með tillögunni töldu sumir gestanna að þar væri ekki tekið tillit til þess að skip íslenskra farskipaútgerða eru að hluta mönnuð íslenskum áhöfnum og lýstu fyrir nefndinni hvernig mönnun þeirra skipa er háttað.

Á undanförnum árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé sem best og að það verði líkt því sem er í nágrannalöndum og þannig stuðlað að fjölgun starfa. Nærtækt dæmi um hvað lög og reglur geta ráðið miklu um eflingu starfa sem tengjast farskipum er fjölgun farskipa skráða í Færeyjum eftir að reglum var breytt þar.

Nefndin vekur athygli á að í tillögunni er lagt til að kannað sé hvort tveggja, flöggun farskipa íslenskra útgerða og mönnun þeirra með íslenskum áhöfnum. Vegna þessa getur málið fallið undir verksvið fleiri en eins ráðuneytis og leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk þessu áliti.

Þannig afgreitt úr samgöngunefnd 6. maí 2004. Undir rita Guðmundur Hallvarðsson, Kristinn H. Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 2. umr.

Stjfrv., 868. mál. — Þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656 og 1772.

[11:38]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fjölmarga aðila eins og fram kemur í nál., m.a. frá forsrn., fulltrúa frá Þingvallanefnd og frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Auk þess bárust fjölmargar umsagnir um frv.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um þjóðgarðinn á Þingvöllum en núgildandi lög sem taka til friðunar Þingvalla eru frá árinu 1928. Megintilgangur frumvarpsins er að stækka þjóðgarðinn úr 40 ferkílómetrum í 237 ferkílómetra. Stækkunin er því nánast sexföld. Þá eru í frumvarpinu settar fyllri efnisreglur um stjórn þjóðgarðsins og skýrt er kveðið á um tengsl Þingvallanefndar við hefðbundna stjórnsýslu ríkisins og úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

Nefndin vekur athygli á því að 1. febrúar 2003 tilnefndi ríkisstjórn Íslands Þingvallaþjóðgarð á heimsminjaskrá UNESCO. Nefndin telur það metnaðarmál að Þingvellir verði samþykktir á heimsminjaskrána en ráðgert er að ákvörðun þess efnis verði tekin nú í sumar í Kína. Nefndin telur að það muni fela í sér mikla viðurkenningu á sérstöðu Þingvalla sem og alþjóðlega viðurkenningu sem á að öllum líkindum eftir að hafa í för með sér jákvæð áhrif á náttúru- og minjavernd og ferðaþjónustu.

Við meðferð málsins í nefndinni var athygli nefndarmanna vakin á því í umsögnum og á fundum með gestum að nokkrir aðilar óskuðu eftir að haft yrði samráð við þá af hálfu Þingvallanefndar um málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum. Nefndin telur eðlilegt að mælt verði fyrir um samráð Þingvallanefndar við sveitarstjórnir Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar í reglugerð og beinir því til ráðherra að svo verði gert. Þá telur nefndin sjálfsagt að kveðið verði á um samráð við Fornleifavernd ríkisins um stjórnsýslu fornleifa á svæðinu í reglugerð en í framkvæmd mála fram til þessa hefur verið virkt samráð við stofnunina sem festa má betur í sessi með reglugerðarákvæði.

Þá kom það einnig í ljós við meðferð málsins í nefndinni að kirkjuráð telur kirkjuna telja til réttinda á því svæði sem frumvarpið tekur til. Af þessu tilefni tekur nefndin fram að í 1. gr. frumvarpsins er á sama hátt og í 4. gr. gildandi laga gert ráð fyrir að allt land innan hins friðlýsta svæðis verði í eigu þjóðarinnar. Nefndin telur að frumvarpið feli ekki í sér neina efnislega breytingu hvað þetta varðar en bendir á að telji einhver annar til réttinda innan hins friðlýsta svæðis er í 5. gr. frumvarpsins að finna ákvæði um hvernig úr því skuli leysa.

Nefndin leggur áherslu á að með heimild 6. gr. frumvarpsins um að í reglugerð megi ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar til að mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum sé eingöngu átt við þjónustugjöld, svo sem fyrir tjaldstæði, leiðsögn og aðgang að ákveðnum stöðum. Þessi gjöld má því ekki ákveða hærri en svo að þau standi undir kostnaði við hina veittu þjónustu og þá aðstöðu sem komið er upp til að veita hana. Nefndin telur þó að heimild þessa ætti ekki að nýta til að krefjast almenns aðgangseyris að garðinum.

Samhliða framlagningu þessa frumvarps af hálfu forsætisráðherra hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar umhverfisnefndar eins og áður greindi. Í umsögn hennar kemur m.a. fram að umhverfisnefnd leggur til að tillaga sem forsætisráðuneyti hefur beint til allsherjarnefndar, um að við frumvarpið um þjóðgarðinn á Þingvöllum verði bætt ákvæði um vatnsvernd innan hans, verði tekin til greina.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, þingskjali 1656, og ég leyfi mér að vísa til þess gjalds um efni breytingartillagnanna. Efni þeirra er rakið í stuttu máli í nefndaráliti allsherjarnefndar. Auk þess fylgir umsögn umhverfisnefndar nefndarálitinu sem fylgiskjal.

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að skipun Þingvallanefndar. Þá má geta þess að Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með fyrirvara um skipun Þingvallanefndar og fyrirvara sem sjá má við umsögn umhverfisnefndar til allsherjarnefndar og birtist sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu, eins og ég gat um áður.

Tel ég mig hafa farið yfir allt það helsta sem fram kemur í því þingskjali sem ég er hingað kominn til að kynna og læt máli mínu lokið.

[11:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í sjálfu sér ákaflega glaður yfir því að þetta mál skuli vera komið á lokastig afgreiðslu í þinginu. Ég hef beðið eftir því árum saman og innan Þingvallanefndar brýst ákaflega á um það að hæstv. forsrh. legði að lokum þetta mál fram í þeim búningi sem við höfum það fyrir okkur til samþykktar.

Mér eru Þingvellir ákaflega kærir og ég hef alltaf verið mjög hrifinn af þessari sérstöku tengingu þjóðgarðsins og Alþingis. Í hinum upphaflegu lögum frá 1928 segir að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis. Þeirri málsgrein, því orðalagi er haldið í frv. með þeim breytingum sem hv. þm. Bjarni Benediktsson lýsti hér áðan. Ég rifja það upp að í 1. umr. um málið nefndi ég t.d. að Alþingi þyrfti með einhverjum hætti að koma enn frekar að þjóðgarðinum og hafa þar táknræna sveitfesti ef svo má að orði komast. Ég lagði þá til að Alþingi ætti í framtíðinni að eignast þar með einhverjum hætti bústað sem alþingismenn og forsn. þingsins hefðu til umráða. Mér finnst það sjálfsagt. Það hefði líka enn frekar lagt áherslu á þessi tengsl.

Nú langar mig, herra forseti, að spyrja hv. þingmann og framsögumann nál. allshn. hvernig hann sjái tenginguna við Alþingi. Þjóðgarðurinn á að vera undir vernd Alþingis en er það ekki hortittur og skavanki að svo sé lagt til í brtt. að forsrh. skuli skipa formann og varaformann? Mér finnst það mjög umhendis. Ég hefði miklu frekar viljað sjá að það væri forseti sem gerði þetta. Ég spyr hv. þingmann hvort honum finnist þetta ekki vera þverstæða og hvers vegna ekki hefði mátt hafa þetta með þessum hætti þó að ég hafi ekkert á móti því stjórnsýsluhlutverki sem forsrn. gegnir gagnvart þjóðgarðinum, eins og kom líka fram hjá þingmanninum.

[11:46]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Ég kýs að svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni bara með því að vísa til þess að það er afar skýrt samkvæmt þessu frv. og þeim brtt. sem koma fram að tengslin birtast í því að Alþingi kýs í upphafi hvers þings sjö alþingismenn í Þingvallanefnd og jafnmarga til vara. Þar birtast þau tengsl sem hv. þm. er að kalla eftir.

Um það með hvaða hætti formaður eða varaformaður síðan eru skipaðir skal ég ósagt látið. Það má vel vera að sumum kunni að þykja það fyrirkomulag heppilegra sem hv. þm. gerir hér að sinni tillögu en nefndin var sammála um að haga því með þessum hætti.

[11:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki beinlínis að gera þetta að tillögu minni. Því miður varð ég ekki áskynja um þessa breytingu fyrr en það seint í ferlinu að þegar var búið að ganga frá málinu.

Ég rifja það upp að ég tók undir með hæstv. forsrh. hér í 1. umr. um að sjálfsagt væri af stjórnsýslulegum ástæðum að forsrn. væri sá forsjáraðili sem með málefni þjóðgarðsins færi innan Stjórnarráðsins. Sú þróun hefur verið í gangi áratugum saman og kannski aukist mest á síðustu árum, og með

setningu stjórnsýslulaga fyrir töluverðu síðan var eiginlega nauðsyn á því að til væri einhvers konar æðra stjórnvald sem hægt væri að skjóta úrskurðum Þingvallanefndar til. Það var meginástæðan fyrir því að þetta er svona í gadda slegið í frv. sem kemur frá hæstv. forsrh. Þá sagði hins vegar í þeirri umræðu hæstv. forsrh. að hann hygðist með engu móti auka íhlutun eða inngrip forsrn. í stjórnsýslu garðsins.

Nú finnst mér það auðvitað rétt hjá hv. þingmanni að þessi vernd sem Alþingi veitir birtist í því að stjórnin er kjörin einvörðungu úr hópi alþingismanna. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni. Ég hefði samt sem áður talið farsælla og meira í samræmi við verndarhlutverk Alþingis að það væri þingið sjálft sem með einhverjum hætti skipaði formann og varaformann nefndarinnar. Ég hefði talið fara ágætlega á því að forseti Alþingis eða forsn. eftir atvikum gerði það. Þá væri þetta algjörlega skýrt.

Ég ætla ekki að vera með miklar ræður um þetta hér á eftir og vil taka það alveg skýrt fram að þetta stendur í engum tengslum við þá orrahríð sem hefur staðið milli stjórnarandstöðu og hæstv. forsrh. Hann hefur sinnt þessu máli mjög vel, málefnum garðsins. Ég er að hugsa til lengri framtíðar því að þetta er náttúrlega virðulegasta nefnd lýðveldisins og á eftir að sitja ákaflega lengi.

[11:50]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég og aðrir þingmenn Samf. í hv. allshn. skrifum án fyrirvara undir það álit sem hér liggur fyrir og var kynnt af hv. formanni nefndarinnar Bjarna Benediktssyni. Þótt auðvitað sé það þannig í öllum málum að kannski mætti eitthvað vera öðruvísi varð það einróma niðurstaða okkar að í þessu frv. og þeim tillögum sem hér eru lagðar fram væri það vel á málum haldið í heildina tekið að við mundum vera án fyrirvara á þessu áliti.

Eins og rakið er í nál. allshn. er verið að setja ný heildarlög um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Það er verið að stækka hann sexfalt og síðan er verið að setja þarna fyllri efnisreglur um stjórn þjóðgarðsins og kveða á um tengsl Þingvallanefndar við hefðbundna stjórnsýslu og úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar. Allar eru þessar breytingar nauðsynlegar og þær eru líka allar að mínu mati til bóta.

Líka er gert ráð fyrir því, eins og greint er frá í áliti hv. allshn., að mælt verði fyrir um samráð Þingvallanefndar við sveitarstjórnir Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar í reglugerð og því er beint til ráðherra að svo verði gert. Athugasemdir komu fram af hálfu forsvarsmanna sveitarfélaganna um að ekki væri nægilegt samráð haft við þær þegar kveðið var á um málefni þjóðgarðsins. Það er að mínu mati tvímælalaust æskilegt að skýrt sé kveðið á um þetta því að auðvitað á að hafa samráð við sveitarstjórnir í málum sem varða þjóðgarðinn. Hið sama á reyndar líka við um Fornleifavernd ríkisins, um stjórnsýslu fornleifa á svæðinu, en það skal ítrekað að það samráð hefur verið virkt hingað til og ekkert í sjálfu sér undan því að kvarta. Hins vegar er eðlilegt að skýrt sé á um þetta kveðið.

Fram komu athugasemdir af hálfu þjóðkirkjunnar um að í greinargerð með frv. væri fjallað um það að Þingvellir væru í ríkiseigu og gerðar athugasemdir við það. Af því tilefni var það tekið skýrt fram í nál. allshn. að frv. fæli ekki í sér neina efnislega breytingu hvað þetta varðar. Þingvellir eru í eigu íslensku þjóðarinnar og stendur ekki til að breyta neinu hvað það varðar í þessu frv. Þetta var tekið skýrt fram í ljósi þess að þjóðkirkjan hafði af því áhyggjur að þarna væri eitthvað verið að breyta því ástandi sem fyrir er. Ég held að það sé gott að nefndin kveður skýrt á um þetta í nál. sínu.

Það sem er hvað ánægjulegast að mínu mati í þessum tillögum er að aukið skuli vera við frv. sérstöku ákvæði um vatnið og lífríki þess. Umhvrh. leggur samhliða þessu frv. fram frv. til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og ég held að mjög æskilegt sé að hér sé líka kveðið á um það að sá hluti vatnsins sem verður innan þjóðgarðsins muni heyra undir valdsvið Þingvallanefndar svo að nefndin hafi þá tilskildar valdheimildir hvað varðar vatnsvernd innan þjóðgarðsins. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt.

Aðeins varðandi þau atriði sem lúta að stjórnsýslunni og því sem hér kom fram í andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hefði vissulega farið mjög vel á því að forseti Alþingis, í ljósi tengsla þjóðgarðsins og Alþingis og í ljósi þess að Þingvallasvæðið er undir sérstakri vernd Alþingis, skipaði formann og varaformann. Ég vil segja að mér þótti þetta ekki vera grundvallaratriði í ljósi þess að það er skýrt kveðið á um þessa vernd Alþingis. Forsrh. hefur stjórnsýsluhlutverkið með höndum og með þessum brtt. erum við að auka enn þá meira vægi þingflokkanna í nefndinni frá því sem var. Nefndin var þriggja manna en nefndarmönnum er fjölgað upp í sjö. Mér þykir mikilvægari breyting að verið sé að auka enn vægi þingsins í Þingvallanefndinni í raun og veru. Þar fá nú allir þingflokkar fulltrúa. Ég held að það sé kannski ekki aðalatriði að kveða sérstaklega á um það að forseti Alþingis skipi formann og varaformann þó að ég geti tekið undir með formanni Samf. að því leyti til að það hefði farið mjög vel á því. Mér finnst þetta samt ekki vera aðalatriði, mér finnst miklu mikilvægara að verið sé að setja fleiri fulltrúa í nefndina þannig að þar geti allir þingflokkar komið að manni. Það held ég að sé mjög mikilvæg breyting og til þess fallin að auka vægi Alþingis og áhrif þess innan þessarar nefndar.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta. Það var eitt reyndar sem kom nokkuð til umræðu í hv. allshn. og það má segja að sú umræða hafi birst nú í brtt. frá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Það snerist um það hvort ný skipan Þingvallanefndar ætti að taka gildi fyrr en gert var ráð fyrir. Sú nefnd sem nú situr er skipuð til fjögurra ára samkvæmt síðustu skipun. Ég taldi eðlilegt og tel það vera eðlilegt að sú nefnd klári kjörtímabil sitt og þá taki breytingarnar gildi. Um þetta var nokkuð rætt í nefndinni og aðrir á annarri skoðun og lítið um það að segja. Mér þykir eðlilegt að þegar Alþingi er nýbúið að kjósa nefndina sitji hún út kjörtímabil sitt og breytingarnar taki gildi eftir það. Ég er þar af leiðandi sammála því sem gert er ráð fyrir í nál. um það.

Í heildina séð held ég að við getum öll verið stolt af þessu máli og ánægð með þá vinnu sem það fékk í hv. allshn.

[11:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum reifa þetta frv. svolítið. Eins og ég sagði í andsvari við hv. formann allshn. áðan er ég mjög ánægður með þessa vinnu. Ég gleðst sannarlega yfir því að frv. skuli vera komið hingað til lokasamþykktar á þinginu. Það eru ein sjö ár síðan lögð voru drög að því að frv. kæmi fram. Innan Þingvallanefndar fór fram töluvert mikil vinna við undirbúning frv. og ég sé það á þeim brtt. sem hér liggja fyrir að þær eru í flestum tilvikum ákaflega

jákvæðar. Sú brtt. t.d. sem tengist vatnsvernd er mjög til fyrirmyndar og ekki gleður það mig síður að sjá þarna brtt. sem varðar beinlínis vernd búsvæða bleikjuafbrigðanna í vatninu og urriðans. Það er ekki vanþörf á að vel sé tekið á því í ákvæðum laga að framkvæmdarvaldinu beri að búa svo um hnúta að tryggt sé að það sérstæða lífríki sem í vatninu *dafnar verði ekki fyrir neinu hnjaski.*

Ég vil segja það líka að ég er þeirrar skoðunar að þeim ákvæðum sem verða í þessum lögum og í lögum um vatnsvernd, sem líklega verða þó ekki sett fyrr en á næsta hausti, eigi að beita. Það er sérstaklega tekið fram í greinargerðum með a.m.k. öðru frumvarpanna að það eigi að reyna eftir föngum að draga úr sveiflum á yfirborði vatnsins til þess að koma í veg fyrir að ýmis dýr eyðist, t.d. kuðungar. Kuðungarnir eru aðalfæða sérstaks afbrigðis bleikjunnar, svokallaðrar kuðungableikju, sem er einmitt sú bleikja sem mest er veidd af þeim sem leita í vatnið til útivistar og stangveiði. Hún er sömuleiðis aðalfæða sérstaks afbrigðis bleikju sem lifir í gjánum og er stundum kölluð gjámurta og dvergbleikja og er að öllu leyti eins í útliti og kuðungableikjan nema miklu smávaxnari og hefur þróað með sér alveg sérstaka strategíu til þess að lifa af. Hún er undrafiskur. Það hefur reyndar komið fram á síðustu árum að þetta afbrigði hefur þróast í sprungusveimnum sem liggur frá suðvesturhorninu í gegnum allt hálendið og til norðausturhornsins. Það er alveg einstakt í heiminum að fiskur hafi með þessum hætti þróast í eldfjallasprungum. Í Þingvallavatni er hann þekktastur og þeir fiskifræðingar sem fyrstir fóru í vötn til rannsóknar fyrir árið 1900, Feddersen hinn danski og síðan Árni Friðriksson, urðu fyrstir til þess að uppgötva þennan fisk. Við sem eyddum löngum stundum sem drengir og ungir menn við að veiða á stöng í vatninu veiddum þennan furðufisk oft. Veiðimenn taka hann yfirleitt ranglega fyrir murtu en hann er allt öðruvísi útlits og tekur allt öðruvísi á stöngina líka þannig að það er auðvelt að þekkja þennan fisk. Hv. þm. ættu að leggja leið sína að Peningagjá og ganga út í jaðra hennar, þá sjá þeir þessa fiska sem alltaf er hægt að finna í gjánum. Þennan fisk þarf að rannsaka betur alveg eins og urriðann og bleikjuafbrigðin.

Ég vil geta þess að Þingvallanefnd hefur einmitt lagt mjög mikla áherslu á í stefnumótun sinni til næstu 20 ára, sem verður kynnt 2. júní nk., að bæði rannsaka og vernda þessi afbrigði. Í þeirri áætlun kemur alveg skýrt fram að það er stefnt að því, helst í fyrstu framkvæmdaáætlun þeirrar stefnumótunar sem nær til fimm ára, að ná samkomulagi við Landsvirkjun um að stöðva helst alveg allar yfirborðssveiflur í vatninu — vatnið hefur verið notað sem miðlunarlón fyrir Landsvirkjun — og sömuleiðis að freista þess að fá samþykki Landsvirkjunar til þess að rjúfa gat í stífluna sem er fyrir Efra-Soginu sem áður var hið náttúrulega útfall Þingvallavatns niður í Sogið.

Þetta er í framhaldi af umræðum sem hér hafa margsinnis orðið á hinu háa Alþingi og þess vegna gleður það mig að hv. þingmenn í nefndinni skuli hafa tekið mið af þeim. Ég vísa til þess að núverandi hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, var landbúnaðar- og samgönguráðherra í ríkisstjórninni 1991–1995. Þar fóru fram óformlegar umræður um nauðsynina á að ráðast í það að opna farveginn. Halldór Blöndal, hv. 2. þm. Norðaust., lýsti því þá yfir í ræðu hér á Alþingi að hann teldi að grípa ætti til þess ráðs til að tryggja urriða aftur farveg niður í Efra-Sogið. Þar var áður stærsti og merkilegasti urriðastofn vatnsins og sá stórvaxnasti sem nokkrar sögur fara af, hefur þó verið leitað gagna í öll mestu urriðavötn sem þekkjast í heiminum. Engum blöðum er um það að fletta að þetta er mjög sérstæður hluti af þeirri náttúrulegu arfleifð sem við höfum tekið okkur í fang og eigum að flytja helst í betra lagi inn í framtíðina.

Sömuleiðis finnst mér nauðsynlegt að fá þessi lög til að hægt sé að ráðast í annars konar vernd á þessu svæði. Þjóðgarðurinn hefur verið undir vernd Alþingis allt frá því að hann var stofnaður 1928. Það hafa auðvitað komið upp hnökrar á sambúð þingsins og þjóðgarðsins á langri sögu. Ég rifja það upp að fyrir nokkrum áratugum spunnust harðar deilur þegar forsn. og forseti Alþingis tóku ákvörðun um það upp á sitt eindæmi að úthluta sumarbústöðum í svokölluðu Gjábakkalandi. Ég hef lýst þeirri skoðun minni hér að það væri æskilegt að sumarbústaðir væru engir í þjóðgarðinum. Af þeim stafar tvenns konar mengun, bæði sjónmengun og sömuleiðis hlýst af þeim líka ákveðin lífræn mengun sem hefur vissa hættu í för með sér fyrir vatnið. Það er ekki bara augnayndi okkar og heimili fiska og smádýra, það er líka mikilvæg auðlind þegar kemur fram síðar um þessa öld. Þá er alveg ljóst að í vatnakerfi sem liggur ofan úr Langjökli og til sjávar munu Reykvíkingar sækja drjúgan part af neysluvatni sínu og nú þegar eru þeir auðvitað farnir að sækja vatn úr iðrunum undir Þingvallavatni þannig að það er byrjað að nýta þessar auðlindir.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það eru bústaðir við Þingvallavatn sem hafa öðlast ákveðinn þegnrétt, bústaðirnir sunnan Valhallar. Þó að lög kveði á um það að Þingvallanefnd hafi forkaupsrétt á þeim bústöðum tel ég að það sé of mikið í ráðist að eyða fé skattborgaranna til að kaupa þá upp. Hins vegar hef ég lýst þeirri skoðun minni og geri það hér aftur að *þeir bústaðir sem Alþingi* beinlínis heimilaði fyrir nokkrum áratugum að yrðu byggðir í Gjábakkalandi ættu að verða keyptir upp í framtíðinni og fjarlægðir.

Ég er líka þeirrar skoðunar að til þess að tengja þennan stað betur Alþingi og eftir atvikum því stjórnvaldi sem fer með stjórnsýslulegt úrskurðarvald í forsrn. sé sjálfsagt að þessar stofnanir eigi með einhverjum hætti heimilisfesti á Þingvöllum. Ég tel að Alþingi eigi að eiga sér bústað á Þingvöllum. Eins og menn vita hefur forsrn. haft samastað um langt skeið í Þingvallabænum.

Hlutir hafa skapast þannig í okkar landi alveg eins og í hinu alþjóðlega umhverfi að önnur sjónarmið eru uppi varðandi öryggi og vernd, ekki síst þeirra sem eru í forsvari fyrir samfélag okkar og kynnu hugsanlega einhvern tíma að verða með einhverjum hætti skotmark þeirra sem vilja koma málstað sínum á framfæri með mótmælum og öðru. Á sumum dögum þegar mest er umferð í þjóðgarðinum fara hundruð manna um Þingvallastað og ganga þar fram hjá. Ég tel ótækt til frambúðar að forsrh. landsins hafi þar sumarstað. Ég tel þess vegna að það eigi að vera sómi þingsins að sjá til þess að honum verði fundinn annar staður á Þingvöllum en mér finnst eftir sem áður að forsrh. eigi að hafa þar bústað þar sem hann getur tekið á móti erlendum fyrirmönnum og haft þar fundi með þeim ef svo ber undir.

Þá vil ég líka segja í framhaldi af því að ég tel sem sagt að forsrn. eigi ekki að hafa samastað í Þingvallabænum af þeim rökum sem ég hef hér rakið. Ég tel að það rými sem þar er fyrir hendi, þegar búið verður að gera þessar breytingar, væri eftir atvikum hægt að nota sem opinberan móttökustað líka fyrir þingið, þ.e. forseta þingsins og þess vegna sem

eins konar sumardvalarstað fyrir forseta þings og þingmenn eftir atvikum. Sömuleiðis væri þar líka hægt að tryggja rætur staðarins við menningu Íslendinga með því að hafa einhvern hluta staðarins undir fræðimenn og listamenn sem vildu leita til Þingvalla í skjól og næði til að verða sér úti um listrænt innsæi og innspýtingu. Ég tel að við eigum í framtíðinni að festa tengslin milli menningar okkar og staðarins með þeim hætti.

Annar staður sem ég vil í þessari umræðu líka gera að umræðuefni vegna þess að hann tengist málinu er Valhöll. Deilur hafa staðið um Valhöll en það liggur alveg ljóst fyrir að það svæði sem hótelið stendur á er í eigu íslenska ríkisins. Ásigkomulag hússins er ekki til þess að hrópa húrra fyrir og það kostar mikla peninga að ráðast í gagngerar endurbætur á því. Mér finnst þess vegna vel koma til greina að í framtíðinni verði á þeim stað í stað núverandi Valhallar reist einhvers konar lítil miðstöð sem væri nægilega stór til þess að Alþingi gæti hugsanlega haldið þar fundi ef svo bæri undir af einhverjum sérstökum tilefnum, eða ráðstefnur, og félagasamtök gætu eftir atvikum líka haldið þar litlar ráðstefnur. Ég tel að starfsemi af því tagi hafi öðlast þegnrétt í þjóðgarðinum. Um þetta kunna aðrir að vera mér ósammála en þetta er mín skoðun í þessu máli.

Ég vil að lokum, herra forseti, drepa aðeins á það atriði sem ég gerði hér að umræðuefni við hv. þm. Bjarna Benediktsson í kjölfar þess að hann lauk framsögu sinni áðan. Ég hnýt óneitanlega um það að eftir að hið friðlýsta svæði hefur verið undir því sem í lögum segir „vernd Alþingis" síðan 1928 og stjórn þess að öllu leyti skipuð af Alþingi séum við núna með tvennum hætti, með lögunum og brtt., að hnýta það fulltraustum böndum við forsrn. Það er hinn stjórnsýslulegi forsjáraðili. Sú skipan mála hefur reynst mjög vel, af forsrn. hefur verið mjög gott skjól fyrir Þingvallanefnd og þjóðgarðinn. Hæstv. forsrh. hefur þó sjálfur lýst því yfir hér við 1. umr. að hann telji að með engu móti eigi forsrn. að hlutast til um störf Þingvallanefndar eða hafa meiri áhrif á hana en ráðuneytið hefur gert hingað til. Ég fagnaði þeirri yfirlýsingu.

Nú hefur sú breyting orðið á hinu upphaflega frv., verði brtt. nefndarinnar samþykktar, að Þingvallanefnd stækkar úr þremur mönnum í sjö. Sömuleiðis er lagt til að forsrh. skipi aðalmann og varamann ... (**Gripið fram í:** Formann og varaformann.) Formann og varaformann. Mér finnst að þar sé um of verið að tengja forsrn. inn í þjóðgarðinn og stjórn hans. Ég tel að betra hefði verið að gera það með öðrum hætti. Ég varpaði hér fram, kannski án mikillar umhugsunar, í andsvari mínu við hv. þm. Bjarna Benediktsson hvort ekki hefði mátt hugsa sér að forseti Alþingis eða forsn. skipaði formann og varaformann. Síðan ég átti þessi orðaskipti við hv. þingmann hef ég hugsað þetta aðeins betur og sennilega er það úr takti við hefðir allar að forseti þingsins eða forsn. skipi með þeim hætti fólk til starfa.

Við hér á hinu háa Alþingi kjósum hins vegar á hverju ári fólk í nefndir og munum halda áfram að kjósa í Þingvallanefnd en ég velti fyrir mér hvort ekki hefði þá farið langbest á því og hvort það hefði þá ekki verið í takt við hið gamla lýðræði sem til varð á Þingvöllum þegar Alþingi var háð við Öxará að Alþingi sjálft mundi kjósa formann og varaformann. (**SJS:** Á Þingvöllum kannski?) Þess vegna á Þingvöllum. Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði komið hér fyrr inn í ræðu mína hefði hann einmitt hlustað á mig ræða þann möguleika að Alþingi héldi fundi á Þingvöllum og þá væri vel hægt einmitt að kjósa þessa ágætu nefnd þar. Síðan hefðu menn getað, eins og þingmenn til forna, leitað á vit eftirmanna ölkofra og gert sér dagamun af því tilefni.

Ég spyr þess vegna hv. þm. Bjarna Benediktsson hvort honum finnist ekki koma til greina að þessum sterku tengslum þingsins og hins friðlýsta svæðis verði haldið með því að formaður og varaformaður verði ekki skipaðir með þessum hætti heldur einfaldlega kosnir af hinu háa Alþingi. Þá væri algjörlega tryggt að þeir sem hafa meiri hluta á Alþingi ráði formanni og varaformanni. Ég hefði talið þetta æskilegt. Ég varð ekki áskynja um þessa brtt. fyrr en hún var komin í gegnum allshn. og búið var að samþykkja hana, annars hefði ég reynt að hreyfa þessu máli fyrr. Ég vil hins vegar ekki verða til þess að rjúfa þá prýðilegu sátt sem hefur náðst um þetta mál með því að fara að leggjast í einhvern víking í kringum brtt. sem ég mundi flytja. Ég varpa því hins vegar til formanns nefndarinnar að hann skoði málið aðeins nánar þegar þessari umræðu sleppir og athugi hvort hann telji föng eða ástæðu til að verða við þessum tilmælum með einhverjum hætti.

[12:13]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessum orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar vekja athygli á því að nefndin er auðvitað verulega að auka tengsl þingsins við nefndina með því að fjölga nefndarmönnum í Þingvallanefnd úr þremur, eins og frv. sjálft gerir ráð fyrir, í sjö. Ég átta mig heldur ekki alveg á því hversu mikla áherslu hann leggur á það atriði sem fram kemur í brtt. nefndarinnar um að forsrh. skuli skipa formann nefndarinnar og varaformann í ljósi þess að þar er þá einungis um tvo af sjö nefndarmönnum að ræða. Hendur forsrh. hafa verið bundnar af þinginu um það úr hversu stórum hópi hann getur þá valið formanninn og varaformanninn, þ.e. það verða að sjálfsögðu einungis þeir sem þingið sjálft hefur kosið sem nefndarmenn. Ég skil ekki alveg af hverju hv. þm. leggur svona mikla áherslu á þetta atriði sérstaklega.

Að öðru leyti bendi ég bara á að það skiptir máli í þessu samhengi að hafa í huga að samkvæmt 2. gr. laganna fer forsrn. með yfirstjórn mála sem varða þjóðgarðinn á Þingvöllum. Það er þessi hugmynd fyrst og fremst komin.

[12:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er fyrst og fremst táknræns eðlis af minni hálfu. Ég tel ekki að það að forsrh. skipi þessa tvo einstaklinga, formann og varaformann, skipti nokkru máli (**BjarnB:** Nei.) varðandi störf Þingvallanefndar eða framkvæmd mála þar að öðru leyti. Þetta er einvörðungu táknræn undirstrikun á þeim sterku og gömlu tengslum sem Alþingi hefur við þjóðgarðinn. Það er ekki neitt annað.

[12:16]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel að ýmsar þeirra brtt. sem allshn. hefur gert eða samþykkt að gera við upphaflegt frv. til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum séu til bóta. Ég vil þó sérstaklega nefna það sem mér líkar best sem er það að hið gamla orðalag úr lögunum frá 1928 hefur nú verið tekið aftur inn í frv., eða það er vilji allshn. að það haldist. Það er í samræmi við söknuð minn í 1. umr. um þetta mál að það gerist.

Það er tillaga allshn. að þessi setning verði áfram í lögunum, með leyfi forseta:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“

Ég hygg að þetta sé gamla orðalagið, a.m.k. síðari hlutinn.

Það varð nokkur umræða við 1. umr. um frv. á milli mín og forsrh., einkum var það nú á mína hlið, um eðli eignar og hvort til væru af henni nokkrar gerðir. Ég álít enn og það er ákaflega staðföst sannfæring mín að til sé eign af þeirri gerð sem heitir þjóðareign og þetta ákvæði úr lögunum frá 1928 er kannski eitt besta dæmið sem við höfum í lögum um slíka þjóðareign. Raunar hefði það nú haldið með þeim breytingum sem gerðar voru en hvort tveggja er að hér er óvenjuskýrt að orði komist og það að þetta orðalag í lögunum frá 1928 ber með sér ákveðinn svip þess tíma. Ber að fagna þessari tillögu allshn.

Í öðru lagi er svo það að inn er komið ákvæðið um vatnsverndina sem flutningsmaður frv., hæstv. forsrh., lagði reyndar til að við bættist eftir að frv. var komið fram. Undir það tók umhvn. í umsögn sinni um frv. sem hún sendi til allshn. eins og sjá má á fylgiskjali. Þessu ber að fagna, og harma um leið að ekki skyldi hafa unnist tími til þess að ganga frá báðum frumvörpunum í einu, þeim sem hér um ræðir, annars vegar því sem við erum núna að fjalla um í 2. umr. og hins vegar frv. um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Það gerist á næsta þingi að vísu en það hefði verið skemmtilegra að hafa þau samferða.

Ég get hins vegar ekki beinlínis tekið með fögnuði þeim breytingum sem hafa verið gerðar á stjórn þjóðgarðsins, eins og hann heitir eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt, og ég skal rekja í nokkrum orðum hvers vegna það er.

Í fyrsta lagi hefur stjórnin verið hér aukin úr þremur mönnum í sjö. Þrír þingmenn sátu og sitja en eiga að verða sjö. Það gerist með þeim rökum að það sé til þess að koma að fulltrúum allra þingflokka í þessa stjórn. Það kann að vera þörf á því og a.m.k. er það fögur hugsun gagnvart öllum þingflokkunum. Hins vegar hefur allshn. við þessa vinnu ekki skilgreint það í áliti sínu og ekki í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar á hvaða grunni þetta er gert.

Ég fellst vel á það að sum mál og sum tækifæri séu þess eðlis að þar eigi að koma fram fulltrúar allra hinna skipulögðu skoðana sem stjórnmálaflokkar eru, sagði frægur maður. Slík tækifæri eru t.d. umræður í sjónvarpsþætti fyrir kosningar, þannig að ég nefni dæmi af handahófi, ræður forustumanna í stjórnmálum á mikilvægum eða hátíðlegum stundum. Ég minnist þess, af því að við höfum nú verið svolítið að tala um lýðveldisstofnunina og okkar bráðum 60 ára gamla lýðveldi, að þetta var auðvitað gert þegar það var stofnað. Þá voru haldnar ræður hinn 17. júní á Þingvöllum og 18. júní í Reykjavík og það gerðu m.a. fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem þá sátu á þingi. Við ýmis tækifæri kann þetta að vera. Við höfum hér í þinginu t.d. haft það þannig að þingflokkum er heimilt, jafnvel þó að þeir hafi ekki þingstyrk til, að hafa áheyrnarfulltrúa og það er leitast eftir því að skipuleggja störf þingsins með þátttöku allra þingflokka — enda væri annað ákaflega óskynsamlegt — sem fram fara á fundum forseta með þingflokksformönnum. Þetta eru ákveðin dæmi um það þegar fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna þurfa að vera viðstaddir og eðlilegt er að þeir séu það.

Önnur dæmi sem við höfum líka hér í þinginu eru þannig að þar er talið að kjósendur hafi með vissum hætti skorið úr um það hver styrkur flokkanna eigi að vera, hinna skipulögðu skoðana. Menn hafa keppt, svo ég notfæri mér orðalag úr ákveðnum áttum, á markaði hugmyndanna. Sumir hafa haft töluverðan árangur á þeim markaði og aðrir ekki og afl manna hlýtur að fara eftir því hvern liðsstyrk kjósendur hafa gefið þeim. Dæmi um þetta eru auðvitað þingnefndirnar sem hér er kosið í og styrkur hvers þingflokks fer mjög nákvæmlega eftir því hvernig úrslit atkvæðagreiðslunnar í þingkosningum túlkast í fjölda þingmanna. Þannig stendur á því að sumir þingflokkar hafa þrjá eða jafnvel fjóra menn í nefndum, aðrir einn eða jafnvel engan. Svo er bætt úr þeim skorti á upplýsingum og skynsamlegri umræðu sem getur hlotist af því að fulltrúar þingflokka séu ekki viðstaddir með því að þingflokkum sem ekki eiga fulltrúa í nefndum gefst kostur á að hafa þar áheyrnarfulltrúa.

Hvar Þingvallanefnd stendur í þessu litrófi er óljóst og hefur ekki verið skýrt hér í umræðunni og ég óska eftir að a.m.k. hv. formaður allshn., Bjarni Benediktsson, geri það.

Það er þannig með núverandi stöðu á þinginu — við höfum enga aðra stöðu til að tala um nema þá einhverja forna stöðu á þinginu — að til þess að fulltrúar allra þingflokka komist fyrir með hefðbundinni kosningu hér á þinginu samkvæmt d'Hondt-reglu þarf 15 manna nefnd. 14 væru reyndar nóg en 15 er oddatala og í lýðræðisskipulagi okkar er hefð að oddatala sé viðhöfð til þess að hægt sé að útkljá mál í hugsanlegum atkvæðagreiðslum. Nefndin hefur ekki tekið þann kost, sem ég skil vel, að hafa Þingvallanefnd 15 manna en hefur hins vegar valið töluna sjö. Ég spyr líka hvers vegna talan sjö sé valin en þá ekki talan fimm sem samsvarar fjölda þingflokkanna. Þá væri sem sé einn frá hverjum þingflokki. Hér er hins vegar valin talan sjö og ég sé ekki alveg rökin á bak við þá tölu frekar en töluna fimm sem fullnægir þingflokkunum núna nema þá sé verið að spá langt fram í tímann og að alls konar staða geti komið upp á þinginu.

Upp kom sú staða á þinginu fyrir ekki löngu, að vísu á síðustu öld, að þingflokkar samanstóðu af tveimur mönnum. Margoft hefur sú staða komið upp að maður hefur verið utan flokka á þinginu eða þá einn fulltrúi flokks. Ég man í svipinn t.d. eftir Stefáni Valgeirssyni sem var eini fulltrúi síns flokks á því þingi, á síðasta þingi sínu hygg ég að það hafi verið. Þannig er það í Færeyjum á fámennara þingi að þar er gamall flokkur sem ég hygg að kallist Sjálfstýriflokkurinn sem mundi á íslensku útleggjast Sjálfstæðisflokkurinn og hann hefur einn fulltrúa á færeyska þinginu en er metinn sem flokkur með ákveðið fylgi og ákveðinn málstað í Færeyjum.

Ef við tökum stöðuna núna er hún sú að í sjö manna nefnd mundu samkvæmt d'Hondt-reglunni vera þrír sjálfstæðismenn, þrír samfylkingarmenn og einn framsóknarmaður. Ef við eigum að kjósa samkvæmt d'Hondt-reglunni mundi sem sé staðan ekki batna gagnvart þessum þingflokkum tveimur. Ef við eigum ekki að gera það, heldur komast að samkomulagi, sem gefið er í skyn í nefndarálitinu. — „Nema um annað semjist“, með leyfi forseta, stendur í 2. lið þar sem upp eru taldar breytingar — spyr maður líka: Semjist um hvað? Hér liggur fyrir brtt. frá fulltrúum Frjálsl. og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð um að þetta verði gert næsta haust þegar þingstyrkur verður væntanlega sá sami og nú er.

Það er hægt að hugsa sér t.d. þá skipan að samfylkingarmenn hafi þá tvo og sjálfstæðismenn tvo, framsóknarmenn einn, vinstri grænir einn og frjálslyndir einn. Er það það sem stefnt er að, sem þýðir þá það að stjórnarmeirihlutinn hefði ekki meiri hluta í þessari sjö manna nefnd, hefði það ekki

ef t.d. kæmi til atkvæðagreiðslu? Það getur auðvitað gerst því að þó að Þingvallanefnd hafi starfað í sátt og samlyndi á síðustu árum, með miklum friði, er ekki víst að hún geri það alltaf. Vel gætu komið til ákvarðanir þar sem menn greiða atkvæði í Þingvallanefnd eða þar sem afl atkvæða ræður úrslitum. Það er enginn forsrh. sem lagar það, það er enginn pabbi sem hægt er að kalla á, það er nefndin sjálf sem er nánast einvöld um þá hluti sem henni er trúað fyrir.

Ég spyr: Er hugmyndin að þessi niðurröðun verði notuð sem mundi þá tryggja fulltrúa allra þingflokka en vera þó málamiðlun og í einhvers konar samræmi við þingstyrkinn hérna á þinginu? Eða hugsa menn sér að Sjálfstfl. fengi kannski tvo og Framsfl. tvo til þess að í Þingvallanefnd skapaðist sá meiri hluti sem hér er á þinginu, að Samf. ætti að sætta sig við það að fjölgað yrði úr þremur í sjö í nefndinni og hún hafi einn fulltrúa fyrir og einn fulltrúa eftir? Þetta þarf hv. formaður allshn. og aðrir í allshn. að skýra fyrir þingheimi, hvernig talan sjö er valin og hvers eðlis Þingvallanefndin er. Hér er greinilega um einhverja málamiðlun að ræða á milli sem sé þess að þingstyrkur flokkanna komi þar fram og þess að allir flokkar fái þar fulltrúa.

Einfaldast hefði að sjálfsögðu verið að fara þá sömu leið og gripið var til í félmrn. og kom hér til umræðu um daginn þegar skipa átti — ég man nú ekki hvað hún hét — framkvæmdanefnd um sameiningu sveitarfélaga, hygg ég. Ég biðst afsökunar á því ef ég fer rangt með en menn skilja a.m.k. meininguna. Það var fimm manna nefnd og í henni sátu jafnframt tveir embættismenn, eða a.m.k. utanþingsmenn, og síðan var skipaður einn fulltrúi frá Sjálfstfl., einn frá Samf., einn frá Framsfl., þessum stærri flokkum hér á þinginu, en Frjálsl. og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði boðnir áheyrnarfulltrúar.

Þessi skipan mála var reyndar gagnrýnd hér, það gerði Ögmundur Jónasson. Ég spurði hann í hvaða krafti hún væri gagnrýnd, spurði sömu spurningar og ég spyr nú hv. þm. Bjarna Benediktsson: Hvenær á að gilda reglan um atkvæðastyrk og hvenær á að gilda reglan um það að einn fulltrúi sé frá hverjum flokki? Hv. þm. Ögmundur Jónasson svaraði fáu um það í grundvallarmálum en vitnaði mjög í lýðræðið. Það er gott að hafa lýðræðið fyrir sér en það verða þá að vera allar hliðar þess sem menn hafa fyrir sér og menn mega ekki semja það bara út af borðinu. Það verður að fara eðlilega fram. Ég spyr: Hver er munurinn á framkvæmdanefnd um sameiningu sveitarfélaga sem tekur mjög mikilvægar ákvarðanir því að henni er ætlað að koma með þann pakka í atkvæðagreiðsluna sem á að kjósa um þar sem menn ganga að borðinu nauðugir viljugir nánast og kjósa um sitt hreppsfélag — það eru gríðarlega mikilvægar ákvarðanir — og á Þingvallanefnd sem einnig tekur mjög mikilsverðar ákvarðanir fyrir Þingvelli?

Mér er þetta óljóst og ég er ekki alveg sáttur við uppsetningu allshn. á þessu. Ég vil taka fram að ég skil alveg það að menn skuli vilja hafa fulltrúa allra þingflokka með einhverjum hætti sem komi að þessum málum en þá er á hitt að líta að þegar fjölgað er úr þremur í sjö er verið að taka stjórn sem, a.m.k. að undanförnu, hefur verið mjög skilvirk, hefur starfað vel — að því er mér sýnist og ég hef fylgst nokkuð með störfum hennar — og búa til sjö manna batterí sem óhjákvæmilega verður afar þunglamalegt, þungt í vöfum, erfitt að kalla saman. Strax koma upp spurningar um varamenn í þessu sjö manna batterii sem allshn. gerir ekki ráð fyrir en væntanlega verða kröfur um. Ef t.d. fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs forfallast geri ég ráð fyrir af kunnáttu minni og þekkingu á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að sú hreyfing muni krefjast þess að fá varamann á þá fundi sem haldnir verða í Þingvallanefnd.

Það er reynslan í félagsstarfi, eins og menn vita hér á þinginu, að þegar nefndir af þessu tagi verða fjölmennar, verða of stórar til þess að hægt sé að hafa daglegan eða reglulegan umgang meðal nefndarmanna kemur upp, annaðhvort með formlegum hætti eða óformlegum, einhvers konar framkvæmdastjórn, einhver kjarni sem í raun og veru tekur ákvarðanir á milli funda sem lengra líður á milli. Þetta lögmál þekkja menn. Það er það sem hér blasir við, að það verði sem sé að lokum einhvers konar framkvæmdastjórn og kannski verður hún þá til þess að í staðinn fyrir að auka vægi þingsins minnkar vægi þingsins. Þingvallanefnd þarf þá að ráða sér einhvers konar embættismenn sem í raun og veru stjórna með formanninum. Það vægi og þau tengsl sem átti að auka samkvæmt ræðum hv. allsherjarnefndarmanna áðan minnka þá einmitt og dofna. Hér er því á margt að líta.

Ég vil svo segja það líka að þegar ég skoða þetta sem umhverfisnefndarmaður verður mér hugleikin umræða úr umhvn. sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem kemur úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hóf þar. Hún átti fullan rétt á sér. Hana má greina að nokkru leyti í niðurlagi umsagnar umhvn. um þetta frv. til allshn. Hún vakti athygli á stjórnskipan þjóðgarða og við skiptumst á skoðunum um það hver hún væri. Í frv. er það ekki sísta breytingin þó að hún sé auðvitað fyrst og fremst formleg að það er verið að gera Þingvelli að þjóðgarði með formlegum hætti.

Stjórnskipan þjóðgarða er nefnilega að verða svolítið skrýtin. Menn hafa hugmyndir um að stjórnskipan Vatnajökulsþjóðgarðs hins nýja verði með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum um þetta efni. Ef svo fer sem horfir verður þjóðgarðurinn á Snæfellsnesi eini þjóðgarðurinn sem hefur í raun og veru hina reglulegu stjórnskipan þjóðgarða sem er sú að hann sé undir Umhverfisstofnun. Aðrir verða meira og minna með einhverjum sérstökum hætti, sérlög gilda um alla aðra þjóðgarða en þjóðgarðinn á Snæfellsnesi. Maður spyr eiginlega hvers hann eigi að gjalda að geta þá ekki fengið einhverja fína stjórn í kringum sig, annaðhvort héraðsmanna eða þingmanna eða einhverra annarra aðalsmanna?

Við ýmis í umhvn. svöruðum þessari gagnrýni Kolbrúnar Halldórsdóttur með því að hún gæti vissulega átt á sér almennan rétt en Þingvellir væru alveg sérstakt svæði og tengsl Þingvalla við þingið væru með þeim hætti að eðlilegt væri að menn litu öðruvísi á Þingvelli en aðra þjóðgarða, jafnvel þó að nú sé verið að stækka þinghelgina á Þingvöllum og láta hana ná yfir stórt svæði þar sem aldrei hefur auðvitað verið þing í sjálfu sér þó að það tilheyri vatnasviði og umhverfi Þingvalla. Þó að það sé rétt almenn athugasemd að það sé kannski ekki fagurfræðilegt samræmi í því að stjórn nokkurra þingmanna, þriggja eða fleiri, sé yfir þjóðgarði meðan fagleg stjórn er yfir öðrum þjóðgörðum liggur sú staðreynd á borðinu, svo notað sé orðalag sem vinsælt er hér í þinginu, að þessari stjórn hafi tekist vel undanfarin ár og áratugi, sérstaklega þeirra manna sem nú sitja í stjórninni. Þeim hefur farist vel að stjórna þessum þjóðgarði.

Nú er hins vegar verið að gera annað sem kemur inn í umræðuna sem hefði orðið önnur í umhvn. ef menn hefðu vitað hvað allshn. ætlaði sér. Allshn. ætlar sér að tengja þessa nýju sjö manna stjórn, þessa þunglamalegu stjórn, beinlínis við forsrn. Þau tengsl sem þykir vanta við stjórnsýsluna eru sem sé beint við forsrn. þannig að forsrh. á að skipa formann

og varaformann í Þingvallanefnd. Ég verð að segja fyrir mig að ef ég hefði vitað af þessu hefði ég kannski brugðist öðruvísi við hinni faglegu umræðu okkar í umhvn. um málið. Það er auðvitað mjög mikilvægt að sjónarmið umhverfis- og náttúruverndar komi fram gagnvart þessum þjóðgarði, ekki síst eftir stækkun þar sem þjóðgarðurinn tekur þá til miklu meira náttúrusvæðis en hann gerði áður. Fyrir utan þetta er það ákaflega sérkennileg skipan vegna þess að forsrn. hefur engin tengsl við Þingvelli, forsrh. hefur engin sérstök tengsl við Þingvelli umfram aðra menn í landinu. Hann fer að vísu með stjórnsýslu fyrir Þingvallanefnd, þá sem Þingvallanefnd biður um, en sem embætti hefur hann engin sérstök söguleg eða tilfinningaleg tengsl við Þingvelli. Þar hefur hann að vísu haft sumarbústað af ákveðnum sögulegum orsökum sem mér heyrðist á Þingvallanefndarmanni sem talaði hér áðan, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að væri í ráði að koma í annað brúk. Ég held að það væri skynsamlegt að gera það. Ég held að þjóðin sé ekki á því, þó að hún virði forsætisráðherra sinn — og nú var ég aftur að tala um embættið en ekki manninn hverju sinni — og vilji að hann njóti virðingar, að hann sé í einhverjum sérstökum tengslum við Þingvelli, heldur held ég að þjóðin sætti sig vel við og sé áfram um að þingið sé það.

Þess vegna vil ég spyrja sérstaklega að því og hvetja formann allshn. og aðra allsherjarnefndarmenn til þess að íhuga hvort ekki sé hægt að breyta þessari skipan eftir að þeir hafa skýrt fyrir okkur af hverju það þurfa að vera sjö menn. Það er í fyrsta lagi hægt að gera með þeirri tillögu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að þetta geri forseti Alþingis eða forsn. Í öðru lagi er hægt að gera þetta með því að Alþingi sjálft kjósi formann og varaformann. Í þriðja lagi er hægt að gera þetta þannig að ekki sé breytt ákvæðum frv., síðasta ákvæðinu í 2. mgr. 2. gr. þar sem segir að nefndin kjósi formann og varaformann úr sínum hópi.

Ég vil benda á það að ef ég skil eitthvað í þessari nýju stjórnskipan Þingvalla á hún að vera í einhvers konar samráði. Fulltrúar þeirra flokka sem ekki hafa þingstyrk til þess að komast með atkvæðagreiðslu samkvæmt d'Hondt-reglu í sjö manna nefnd eiga samt að fá að komast inn í nefndina. Það ber að virða þau sjónarmið sem þar liggja að baki þó að mér séu þau ekki alveg skýr. Það þýðir auðvitað líka að ef menn kjósa úr sínum hópi hlýtur að geta tekist samráð um það einnig hver verði formaður og varaformaður. Mér fyndist ekkert óeðlilegt, eins og hér liggur undir, að formaðurinn kæmi úr hópi stjórnarliða og varaformaðurinn kannski úr hópi stjórnarandstöðunnar ef við hefðum betri samskipti þar á milli heldur en tíðkast hefur nú um nokkra stund. Ég tel fullkominn óþarfa til þess að ná því fram sem virðist vera meiningin á bak við þetta, að ekki myndist sérstakur annar meiri hluti í Þingvallanefnd en gerist á þinginu, að þess vegna þurfi að skipa formann og varaformann, þ.e. kjósa annan formann og varaformann en þingmeirihlutinn kannski sættir sig við. Ég held að það gerist ekki, það getur varla gerst því að hér á allt að fara fram í miklu samráði.

Mér finnst þetta ekki heppilegt, ég treysti mér ekki til að styðja þessa breytingu allshn. um skipan frá forsrh., gjörsamlega óháð því hver er forsrh. núna eða hverjir verða það í framtíðinni. Ég segi það af mikilli alvöru hvað sem um hina breytinguna má segja, sjö manna nefndina, sem ég efast líka reyndar mjög um, en ætla ekki að leggjast á móti í sjálfu sér, a.m.k. ekki við þessa umræðu.

Ég vil spyrja hv. formann allshn. hvort hann sé með nefnd sinni reiðubúinn að íhuga breytingar á þessu til að sem allra mest sátt geti tekist um þá málamiðlun sem hér stóð til að yrði um þetta góða frv. og um þær breytingar sem allshn. leggur til að gerðar verði.

[12:41]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, einkum þetta sem laut að brtt. allshn. um að fjölga í Þingvallanefnd frá því sem frv. gerði ráð fyrir.

Það á ekki að vera hægt að deila um það að þessi breyting er til þess fallin að auka möguleika allra þingflokka á að koma fulltrúa í nefndina, ég held að það hljóti að vera augljóst. Sé hv. þm. ósammála því meginmarkmiði fannst mér það kannski ekki koma nægilega skýrt fram. Hann gerði að aðalumtalsefni sínu þá staðreynd að sú staða kynni að koma hér upp að stjórnarflokkarnir ættu færri fulltrúa en stjórnarandstaðan í þessari nefnd. Það er bara meginreglan samkvæmt þeirri tillögu sem hér er kynnt að fram fari hlutfallskosning nema um annað verði samið. Það skal ekkert útilokað að samið verði um einhvers konar listakosningu sem mundi þá leiða til þess að stjórnarmeirihlutinn fengi meiri hluta í nefndinni.

Ég tel vangaveltur um þetta efni sem byggjast á úrslitum síðustu kosninga vera kannski dálítið óheppilegar. Hér erum við auðvitað að setja lög sem eiga að gilda til lengri tíma og þar af leiðandi hef ég í þessu starfi ekkert sérstaklega verið að velta því fyrir mér hvernig nefndin yrði skipuð miðað við það hvernig atkvæði féllu í síðustu alþingiskosningum. Aðalatriðið er að með því að fjölga í nefndinni eru meiri líkur til þess að þau stjórnmálaöfl sem hér eru inni á þingi geti eignast fulltrúa í nefndinni og þar með er verið að styrkja þau tengsl sem m.a. hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að kalla eftir að yrðu styrkt, þ.e. á milli Alþingis og Þingvalla.

[12:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki mikill tími til stefnu á þinginu lengur en ég vil hvetja hv. formann allshn. Bjarna Benediktsson til að koma hér upp í ræðu vegna þess að honum tókst ekki að svara í þessu andsvari því sem var aðalatriði í ræðu minni. Það var hvort hann væri reiðubúinn að beita sér fyrir einhvers konar breytingu á skipan formanns og varaformanns.

Ég spurði að auki um annað sem mér finnst vanta þegar menn gera breytingar af þessu tagi, og það getur vel verið að einhver annar hafi gert það fyrir hv. formann allshn. Bjarna Benediktsson, en hann á að geta gert okkur grein fyrir hvers vegna þær eru gerðar. Það var það sem ég spurði um og rakti um dæmi sem voru frá síðustu kosningum vegna þess að þær eru þær kosningar sem ráða þessu þingi. Spurningar mínar lutu að því hvers eðlis Þingvallanefnd væri, hvaða lýðræðisprinsipp ættu þar við, hvort það væri þingstyrkur samkvæmt atkvæðum kjósenda eða fulltrúar hverrar af hinum skipulögðu skoðunum sem hér eru uppi á þinginu. Greinilega er um málamiðlun að ræða. Það stendur upp á formann allshn. að skýra fyrir okkur þegar hann flytur þessa tillögu hvers eðlis þetta sé.

Fyrst og fremst vildi ég fá svar við hinu og ég sætti mig eiginlega ekki við að það gerist í andsvörum af þessu tagi þar sem ég tel mig hafa rökstutt mál mitt nokkuð vel. Ég hef spurt tiltekinna ákveðinna spurninga sem kynni að þurfa meira en þá einu mínútu eða tvær sem gefast í andsvörum.

Það er ekkert á móti því að hann fari í ræðu en honum er auðvitað skylt að skýra fyrir mér og þingheimi hvað hann á hér við og hver rök liggja að baki þessum tillöguflutningi.

[12:45]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var spurt um tvö atriði. Fyrra atriðið er það hvort ég sé tilbúinn til að breyta fyrirkomulaginu með kosningu á formanni og varaformanni til að skapa meiri sátt um málið.

Þá vil ég bara vekja athygli á því að það var algjör sátt um málið í þeirri mynd sem ég hef nú kynnt það, þ.e. um þær brtt. sem ég hef mælt fyrir í dag. Þar af leiðandi hef ég ekki orðið var við þessa miklu ósátt sem hv. þm. Mörður Árnason hefur nú gefið í skyn að ríki um þetta fyrirkomulag með formanns- og varaformannsskipunina.

Ég vísa til þeirra raka sem ég hef hér fyrr í dag vitnað til og koma fram í nál. um þessa skipan, þ.e. þau tengsl sem eru við forsrn. í ljósi þess að það ráðuneyti fer með yfirstjórn mála er varða þennan þjóðgarð.

Um hitt atriðið á það jafnframt að liggja alveg ljóst fyrir að hér er gerð tillaga um hlutfallskosningu þannig að hlutföll flokkanna á þinginu ættu að endurspeglast í nefndinni. Mér finnst þetta í sjálfu sér ekkert vera óskýrt atriði. Megináherslan varðandi þessa breytingu er á það atriði að hér er verið að opna fyrir þann möguleika að allir þingflokkarnir geti eignast fulltrúa í Þingvallanefnd.

[12:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Nú sit ég ekki í allshn. sem kunnugt er, eða mér er það a.m.k. kunnugt og væntanlega hv. formanni nefndarinnar, og ég veit eiginlega ekki hvar ég á að koma á framfæri athugasemdum mínum annars staðar en héðan úr stólnum. Ég fylgdist ekki með þessari tillögugerð og veit ekkert um hana. Ég var hins vegar trúr allshn. sem umhverfisnefndarmaður og stóð að þeirri umsögn sem þar var gerð.

Það sem ég er að tala um er að í þessari umræðu hafa komið fram frá tveimur þingmönnum athugasemdir við þessa skipan. Ég veit að ekki eru allir hér í salnum en þó hafa tveir af þeim sem taka þátt í umræðunni verið með athugasemdir. Þeir hafa margtekið fram báðir að þær séu ekki persónulegar, þær séu ekki vegna erfiðra samskipta stjórnar og stjórnarandstöðu upp á síðkastið heldur séu þær almennar og varði það málefni sem um er rætt, séu til þess gerðar að tryggja að tengsl Þingvalla og þingsins séu sem mest, ráðuneytið sé á réttum stað og yfirmaður þess, hæstv. forsrh., sem framkvæmdarvald og umsjónarmaður stjórnsýslunnar sem í þessu felst.

Síðan hef ég bent sérstaklega á það frá sjónarmiði umhvn. að öll önnur skipan en sú sérstaka undantekning vegna eðlis máls, að þingið sjái um þetta, sé óeðlileg. Ef menn fara út fyrir það sé það annað ráðuneyti sem hafi þessi mál á verksviði sínu, þjóðgarðsmálin öll, og það breyti málinu töluvert ef hæstv. forsrh. er farinn að ráða svo miklu að hann geti skipað formann og varaformann nefndarinnar á eigin vegum. Ég skil ekki af hverju ég fæ ekki almennileg svör við þessu.

Ég held, forseti, að þá verði að koma til greina að ég taki hér aðra ræðu til þess að ræða þetta við hv. þm. Bjarna Benediktsson. Ég tala hér tiltölulega hlýtt til hans og um þessi mál og ætlast til þess að það sé gert á móti.

[12:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem sá sem hér stendur flytur ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Það er brtt. við brtt. allshn. og lýtur að því er varðar hina svokölluðu Þingvallanefnd og hvenær hún skuli kosin samkvæmt annars vegar brtt. meiri hlutans og hins vegar brtt. okkar.

Tillagan birtist á þskj. 1772, brtt. við brtt. á þskj. 1656, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í fyrsta sinn skal kosið í nefndina eftir þessum lögum í upphafi þings haustið 2005.“ — Það er að segja nokkurn veginn á miðju þessu kjörtímabili, eftir rúmt ár héðan frá að telja.

Í samræmi við þessa tillögu leggjum við til að 4. tölul. í brtt. meiri hlutans falli brott, sá sem kveður á um að þrátt fyrir hina nýju skipan um sjö menn í Þingvallanefnd og sjö til vara skuli núverandi skipan Þingvallanefndar halda gildi út þetta kjörtímabil og að næst verði kosið í Þingvallanefnd eftir næstu alþingiskosningar. Brtt. gengur sem sagt út á það að í hina nýju Þingvallanefnd, samkvæmt tillögum allshn., verði kosið á miðju þessu kjörtímabili, í upphafi þings 2005. Efni hennar er auðvitað auðskiljanlegt, þetta er ekki flókin breyting. Við erum einfaldlega á þeirri skoðun að það sé eðlilegt að fyrr verði kosið í Þingvallanefnd en meiri hlutinn hefur lagt til.

Það er líka rétt að vekja athygli á því, hæstv. forseti, svona til að halda öllu til haga, að ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifuðum bréf til forsrh. með ábendingum um það hvort ekki væri hægt að taka tillit til þeirra sjónarmiða að allir þingflokkar á Alþingi ættu fulltrúa í Þingvallanefnd þar sem hún væri þess eðlis að varla yrði um störf hennar innbyrðis mjög mikill ágreiningur. Allir þingmenn hafa miklar tilfinningar til þessa staðar og vilja veg hans og virðingu sem mesta. Þess vegna væri eðlilegt að líta til þess að þingflokkar ættu fulltrúa í nefndinni. Við lögðum þar af leiðandi til að í nefndina yrðu skipaðir fimm menn.

Á það sjónarmið var ekki fallist en þessi tillaga kom hér fram, brtt. um sjö manna nefnd. Út af fyrir sig, úr því að sú varð niðurstaðan, ætlum við ekki að gera athugasemd við það en leggjum til að í nefndina verði þá kosið á miðju þessu kjörtímabili, í upphafi þings haustið 2005. Við teljum sem sagt eðlilegt að sjónarmið allra þingflokka séu inni í þessari nefnd og teljum ekki að í henni séu þau ágreiningsmál uppi að þar komi eða ætti að öllu jöfnu að koma til atkvæðagreiðslu sem byggðist á einhverju meirihlutavaldi. Ég kom með þá ábendingu í hv. allshn. að ef menn hefðu áhyggjur af því að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefði ekki meirihlutavald í slíkri nefnd sem skipuð væri fimm aðilum mætti auðvitað taka upp það fyrirkomulag að formaður nefndarinnar hefði tvö atkvæði og ef atkvæði féllu jafnt réði atkvæði formanns. Þannig hefði verið hægt að mæta því ef menn eru hræddir um að þetta verði mikil átakanefnd við það að fjölga í henni. Ég hallast ekki að því og tel að þessi nefnd ætti eftir sem áður að geta starfað í mikilli sátt þó að í henni verði fulltrúar allra þingflokka.

Ég hef hér með gert grein fyrir þessari brtt., hæstv. forseti, og læt máli mínu lokið.

[12:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í upphafi máls míns fagna ég því að frv. þetta er hér komið til afgreiðslu. Það er sannarlega ánægjuefni að

loksins er nú gerð gangskör að því að stækka þjóðgarðinn á Þingvöllum, fara í aðgerðir til að auka vegsemd hans og ganga betur frá málum á þeim helga stað.

Ég fagna þeim breytingum sem allshn. gerir við frv. og þeim undirtektum við erindi okkar, mitt og hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, að farið yrði inn á þá braut að reyna að tryggja að allir þingflokkar á Alþingi ættu aðild að yfirstjórn þessa þjóðarhelgidóms sem Þingvellir eru, þjóðgarðs Alþingis og þjóðarinnar á Þingvöllum. Mér finnst það í raun og veru svo sjálfsagður hlutur þegar betur er að gáð að það vekur meiri undrun að það skuli ekki hafa verið fyrr tekið upp, eftir allan þennan langa tíma frá því að þjóðgarðurinn er stofnaður, þá með stjórn sem tók mið af þáverandi fjölda þingflokka.

Ég tel að brtt. okkar nú á þskj. 1772 um að kosið verði á miðju þessu kjörtímabili, við upphaf þings haustið 2005, sé líka mjög sanngjörn. Ég hvet menn til að hugleiða hvort það sé nokkuð í veginum fyrir að samþykkja hana. Þá hefur núverandi stjórn tæpt eitt og hálft ár til að skila af sér störfum sínum. Þetta nýja fyrirkomulag tekur þá gildi og verður síðan árlegur atburður, það verður kosið í þessa stjórn eins og aðrar sem árlega eru kosnar á þingi. Mér finnst þurfa einhver veigameiri rök fyrir því að geyma í þrjú ár að kjósa samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi þegar þessi lög hafa verið sett.

Varðandi það að fulltrúar allra þingflokka eigi þarna aðild að finnst mér auðvitað ekki þurfa í sjálfu sér að rökstyðja mikið, það á að vera m.a. skírskotun og undirstrikun á því að menn ganga út frá því að um málefni Þingvalla ríki góð og þverpólitísk sátt og samstaða og hafa ekki áhyggjur af einhverju hlutfallslegu vægi í þeim efnum. Þess vegna hefði ég auðvitað kosið að brtt. allshn. væri orðuð á þá leið að í Þingvallanefnd eða stjórn þjóðgarðsins skyldu sitja fulltrúar allra þingflokka og ef menn vildu hafa um það einhvern frekari umbúnað, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi áðan, væri það hægt.

Það er hins vegar mjög mikilvægt skref í rétta átt að fara inn á þá braut sem allshn. leggur til og þess vegna styðjum við það að sjálfsögðu að stækka nefndina í sjö þingmenn með sérstakri vísan til orðalags greinargerðarinnar þar sem rökstuðningurinn er sá að þetta sé til þess að allir þingflokkar geti átt fulltrúa í nefndinni, „í samræmi við vægi þingflokkanna hverju sinni“ er að vísu bætt við. Þetta er haft sem sérstakur rökstuðningur. Með vísan til orða hæstv. forsrh. sem brást við bréfi okkar, formanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálsl., með því að nefna mögulegar leiðir í þeim efnum gagngert til þess að koma til móts við þessi sjónarmið er ég nú bjartsýnn á að þetta leiði engu að síður til þeirrar niðurstöðu að fulltrúar allra þingflokka komi til með að sitja þarna. Í trausti þess og í trú á að svo verði styð ég fyrirkomulagið.

Fyrir því eru mýmörg dæmi að menn greiði fyrir því að fulltrúar allra þingflokka komist að málum af þessu tagi og menn víki þá til hliðar ýtrustu sjónarmiðum um hlutfallslegan þingstyrk. Ég vil nefna eitt dæmi, tiltölulega nýlegt úr þingsögunni, sem margreyndi á á ákveðnu árabili og það var staða þingflokks Kvennalistans inni á Alþingi á nokkrum kjörtímabilum. Kvennalistinn átti hér fulltrúa á þingi í 16 ár, frá þremur og upp í sex ef ég man rétt, og hafði ekki á köflum í sinni sögu nægjanlegan þingstyrk til þess að tryggja sér í raun og veru neina umtalsverða aðild að stjórnum, nefndum og ráðum hér á þingi. Þá greiddu aðrir þingflokkar fyrir því að Kvennalistinn gæti átt eðlilega og sanngjarna hlutdeild að nefndum og stjórnum sem Alþingi skipar í. Þetta var gert einfaldlega með því að þingflokkarnir létu eftir af kvóta sínum, ef svo má að orði komast, nokkurn hlut til að tryggja Kvennalistanum sæti í nefndum og stjórnum. Það var nokkuð tekið mið af stærð þingflokkanna þegar til þess var horft. Ég man a.m.k. fyrir víst að bæði þingflokkur Sjálfstfl. og þingflokkur Alþýðubandalagsins, sem þá var, gáfu eftir nefndar- og stjórnarsæti til að greiða fyrir því að Kvennalistinn fengi hlutdeild sem mönnum fannst lýðræðisleg og sanngjörn, einfaldlega vegna þess að það er hvorki lýðræði né sanngirni og ekki heldur í samræmi við hlutfallslegan þankagang að flokkar sem eru rétt undir þeim mörkum að ná af eigin rammleik að tryggja sér sæti fái ekki neitt. Þá auðvitað fellur þeirra hlutur allur niður og aðrir fá sem því svarar meira.

Auðvitað eru ýmsar leiðir til að nálgast þetta mál og að lokum er engin góð nema sú sem byggir á sanngirni og vilja til þess að ná samkomulagi og samstöðu.

Ég segi þetta hér, herra forseti, til að undirstrika þann skilning minn að við séum að afgreiða þessi mál í trausti þess að menn muni sýna vilja og leggja af mörkum til þess að ná fram því fyrirkomulagi að jafnvel þó svo að fjöldi þingflokka og stærð sé ekki nákvæmlega þannig að það passi inn í þetta mynstur, sjö nefndarmenn eða stjórnarmenn, verði engu að síður greitt fyrir því að sú verði niðurstaðan að fulltrúar allra þingflokka komi að þessu borði.

Ég vil svo endurtaka það að ég fagna stækkun þjóðgarðsins. Ég tel auðvitað, og um það erum við öll sammála, Þingvelli mikið djásn, einstakan stað í tvennum skilningi á Íslandi. Þeir eru okkar helgasti sögustaður en þeir eru líka einhver mesta náttúrugersemi Íslands og þegar það tvennt leggst saman þarf ekki frekari vitna við um mikilvægi þess og þær ríku skyldur sem á okkur hvíla að standa þarna vel að málum.

Það er fagnaðarefni að nú er í vinnslu að fá Þingvelli skráða á heimsminjaskrá UNESCO, að vísu að mér skilst samkvæmt rökstuðningi svona í fyrstu umferð aðallega sem sögu- og menningarstað en auðvitað gætu Þingvellir átt fullt erindi inn á þessa skrá líka sem náttúrugersemi. Á þessum stað eru einna ljósust þau miklu öfl sem marka mjög Ísland, þ.e. landrekið og flekarnir miklu sem þar mætast. Það er ekki á hverjum stað á hnettinum sem menn geta staðið og horft á milli flekanna, evrópska og ameríska flekans, og yfir sögulegan helgistað í leiðinni.

(**Forseti** (BÁ)**:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?)

Nei, mjög stutt, virðulegi forseti, ég skal ljúka þessu alveg innan tíðar. Mér er ljóst að mjög mikilvæg stund er upp runnin í skipulagningu þingsins hér.

Það síðasta sem ég vil segja er að ég tek undir sjónarmið sem hér hafa komið fram um mikilvægi þess að halda tengslum Alþingis við Þingvöll, og halda Þingvelli virkum og lifandi. Ég segi fyrir mig að ég hef haft mikla ánægju af því að eiga þess kost í tvígang, ef ég man rétt, að sitja þingfundi á Þingvöllum. Það eru ekki allir svo heppnir því að það fer svolítið eftir því hversu oft er brugðið á það ráð og hvernig menn eru staddir í sögunni. Ég hef iðulega velt því fyrir mér og reyndar held ég nefnt það a.m.k. einu sinni áður úr þessum ræðustóli hvort við ættum ekki að hugleiða í fúlustu alvöru að taka upp þá skipan mála að setja Alþingi á Þingvöllum, setja það undir berum himni upp úr Jónsmessunni og hafa það hina formlegu setningu þingsins á hverju ári

sem gæti tengst jafnvel einhverjum hátíðahöldum og síðan væri þá fundum frestað eftir atvikum til 15. september eða 1. október eða hvað menn teldu við hæfi.

Við þurfum ekki langt að sækja fordæmin í þessum efnum. Frændur okkar og vinir Færeyingar hafa nákvæmlega þennan hátt á, þeir setja lögþingið á Ólafsvökunni, þjóðhátíð sinni, það er tengt við mikil hátíðahöld og síðan er fundum frestað þangað til komið er að reglubundnu starfi þingsins. Menn kunna að kalla þetta rómantík og allt það og það er í góðu lagi mín vegna. Ég treysti mér kannski ekki jafnlangt og sýslungi minn og lengi þingmaður Norður-Þingeyinga sem átti sér þá hugsjón að Alþingi beinlínis sæti á Þingvöllum, ég býst við að fáir yrðu til að taka undir þá hugmynd nú um stundir, að flytja þingið frá höfuðborginni og ráðast í alla þá uppbyggingu sem því yrði samfara að hafa þinghaldið sjálft — og þá væntanlega undir þaki — á Þingvöllum.

Það er alveg gráupplagt að setja Alþingi með stuttri, virðulegri athöfn úti í guðsgrænni náttúrunni og undir bláum himni á Þingvöllum á vori hverju og tengja það við þessi minni sem þar er til að dreifa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:07]

[13:36]

Útbýting þingskjals:

Félagslegi túlkunarsjóðurinn, 753. mál, svar forsrh., þskj. 1809.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 855. mál (hámarksgreiðslur, fjármögnun o.fl.). — Þskj. 1312, nál. 1518 og 1519, brtt. 1531.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Minni hlutinn styður meginefni frv. að því gefnu að eftirfarandi brtt. sem nú koma til atkvæða nái fram að ganga:

Þak og gólf viðmiðunarfjárhæðar breytist á hverjum tíma í samræmi við launavísitölu.

Tekjur viðmiðunartímabils tekna vegna greiðslna í fæðingarorlofi taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu á tímabilinu.

Heimilt sé að taka tillit til tekna á fæðingarári barns ef einstaklingur í fæðingarorlofi hefur verið tekjulaus á viðmiðunartímabilinu, t.d. vegna atvinnuleysis.

Orlof greiðist að loknu fæðingarorlofstímabili jafnt á almenna vinnumarkaðnum sem á opinbera vinnumarkaðnum.

Umönnunar- og lífeyrisgreiðslur verði samrýmanlegar fæðingarorlofi þannig að umönnunargreiðslur og lífeyrir öryrkja falli ekki niður við töku fæðingarorlofs.

Margar af þessum brtt. skipta sköpum um hvort markmið fæðingarorlofslaganna nái fram að ganga en sé ekki stefnt í tvísýnu. Það veltur á framgangi þessara brtt. hvort minni hlutinn styður frv. í heild en hann mun láta á brtt. reyna við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:39]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar því að eitt af meginmarkmiðum laga um fæðingarorlof hefur náðst en frá árinu 2001 hefur hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof aukist úr 30% í 80%.

Þær lagabreytingar sem liggja fyrir þinginu nú miða að því að styrkja undirstöður og treysta rekstrarforsendur Fæðingarorlofssjóðs. Sumt teljum við vera til góðs en leggjum fram ákveðnar brtt. sem skipta sköpum um stuðning okkar við þetta frv. Ræður atkvæðagreiðslan því núna hvort við styðjum frv.

Það er þverpólitískur ágreiningur um þakið, hvort yfirleitt eigi að setja þak á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en við erum sameinuð um það að verði slíkt þak sett, sem ég styð, eigi þak og gólf viðmiðunarfjárhæða að breytast á hverjum tíma í samræmi við launavísitölu.

Þá teljum við að tekjur viðmiðunartímabils tekna vegna greiðslna í fæðingarorlofi taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu á tímabilinu.

Í þriðja lagi á að vera heimilt að taka tillit til tekna á fæðingarári barns ef einstaklingur í fæðingarorlofi hefur verið tekjulaus á viðmiðunartímabilinu, t.d. vegna atvinnuleysis. Orlof greiðist að loknu fæðingarorlofstímabili en við höfum flutt um það frv. að þetta verði gert og sú tillaga er nú felld inn í þessar brtt.

Enn fremur að umönnunar- og lífeyrisgreiðslur verði samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1519 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1531,1 felld með 31:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Brtt. 1531,2 felld með 31:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB,

HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

4. gr., 1. efnismgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

4. gr., 2. efnismgr., samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

4. gr., 3. efnismgr., samþ. með 47:6 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁF, BH, JBjarn, KJúl, KolH, PHB.

1 þm. (AKG) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:44]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Fæðingarorlofslögin tóku að fullu gildi fyrir um ári síðan. Tvö markmið voru með lögunum. Það var í fyrsta lagi að tryggja rétt allra barna til samvista við báða foreldra á fyrstu mánuðum ævinnar. Í öðru lagi áttu lögin að jafna tækifæri karla og kvenna á vinnumarkaði. Launamunur kynjanna er staðreynd. Það er jafnframt staðreynd að einungis örfáar konur sitja í stjórnum fyrirtækja og í vellaunuðum valdapóstum í samfélaginu. Þessu áttu lögin að breyta.

Lögin eru ekki fullreynd sem stjórnvaldsaðgerð til þess að jafna hlut karla og kvenna á vinnumarkaði. Við erum því nokkrir þingmenn Samf. sem getum ekki samþykkt svo mikla grundvallarbreytingu á lögunum sem felst í þessu ákvæði. Með þessari breytingu er sveigt skart af braut þeirra markmiða sem lagt var upp með í upphafi. Breytingin mun hindra framgang kvenna á vinnumarkaði og því segjum við nei.

[13:45]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. félmn. með fyrirvara og hann varðar þessa grein. Ég get ekki fellt mig við að hámark sé sett á fæðingarorlof vegna þess að markmið laganna var það að jafna aðstöðumun karla og kvenna á vinnumarkaði, gera karlmenn jafndýra og konur. Ég get ekki sætt mig við að það markmið eigi að nást alls staðar nema í hæstu laununum. Ég get ekki sætt mig við að menn vilji hafa jafnrétti alls staðar nema í þeim stöðum sem gefa hæstu launin. Þess vegna segi ég nei.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég mun greiða þessu ákvæði atkvæði mitt en þó með nokkuð blendnum huga. Það er liður í því að takast á við fjárhagsvanda sjóðsins sem brýnt er að leysa og þó að þetta vegi ekki þungt leggur það nokkuð þar af mörkum. Það finnst mér skárri kostur en að skerða þessi réttindi almennt, að það bitni þá frekar á þeim sem hæstar hafa tekjurnar.

Ég tel ekki ástæðu til að ætla að það beri fyrir borð jafnréttismarkmið laganna þó að nokkuð séu skertar greiðslur til allratekjuhæstu einstaklinganna sem ættu af efnahagslegum ástæðum að hafa auðveldar aðstæður til þess að vera heima með börnum sínum. Þannig ættu réttindi barnanna, sem auðvitað á að hafa hér í forgrunni, ekki að vera fyrir borð borin.

Ég tek þó skýrt fram að ég styð þetta ákvæði í trausti þess að það verði ekki misnotað og notað með því að færa það niður eða skerða á komandi árum þannig að grundvallarmarkmið og tilgangur þessara laga tapist. Það er afar mikilvægt að menn hafi það þá jafnan í huga þegar markið er sett.

[13:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég get ekki sagt að ég harmi hlutskipti þess sem fær 450 þús. kr. á mánuði í fæðingarorlofi en ég get þó ekki annað en hugleitt hin femínísku rök, rök BHM og mannréttindasjónarmiðin í því máli. Hin hlutlausa spurning í þessu er: Eiga barneignir að skerða möguleika þína á vinnumarkaði? Mitt svar er nei.

Ég tel líka að okkur beri að auka launajafnréttið á annan hátt en með því að láta það bitna á konum sem hafa komist áfram í óréttlátu kerfi. Hin háu laun í þjóðfélaginu í dag endurspegla misréttið. Þetta misrétti verður sýnilegt í gegnum þetta mál. Það er áhugavert út af fyrir sig að mánaðarlega skuli verið að greiða þessi háu laun framan við nefið á okkur en spurning er hvort þessi umræða geti orðið til þess að vekja okkur til öflugri aðgerða gegn launamun í samfélaginu almennt. Það skal ósagt látið en hitt er víst að við leiðréttum ekki launamisréttið með breytingu á fæðingarorlofslögum. Ég segi nei.

[13:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það eru vissulega sterk rök fyrir því að hafa þak á hámarki þeirra greiðslna sem ætlað er að feður geti fengið í feðraorlofi. Engu að síður er það markmið laganna að feður geti tekið sér orlof á fjölskylduforsendum, að feðraorlofið eigi ekki að verða til þess að raska tekjugrunni fjölskyldunnar, áætlunum hennar eða fjárskuldbindingum. Þess vegna finnst mér ósanngjarnt að við séum hér að grípa inn í og setja þak við þessar aðstæður.

Þetta snertir einmitt ungt fólk, ungt fólk sem vinnur mikið, leggur hart að sér, er með miklar fjárskuldbindingar og við eigum ekki að reyna að leiðrétta ósanngjarnan launamun í þjóðfélaginu með því að gera hér mismunun á. Þess vegna segi ég nei, frú forseti. Ég tel að hér sé um grunnrétt að ræða,

þetta er grunnréttur fjölskyldunnar og við eigum að verja hann.

4. gr., 4.–6. efnismgr., samþ. með 54 shlj. atkv.

4. gr., 7. efnismgr., samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

4. gr., 8.–11. efnismgr., samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1531,3 felld með 28:24 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁF, BH, EMS, GAK, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, DO, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
8. gr., a-liður og fyrri efnismgr. b-liðar, samþ. með 54 shlj. atkv.

8. gr., síðari efnismgr. b-liðar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
21 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB) fjarstaddir.

8. gr., c–d-liðir, samþ. með 53 shlj. atkv.
9. gr., a-liður og fyrri efnismgr. b-liðar, samþ. með 51 shlj. atkv.

9. gr., síðari efnismgr. b-liðar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., c–d-liðir, samþ. með 54 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
20 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1531,4 felld með 31:23 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

11.–12. gr. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
23 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 341. mál (tryggingaráð, skipulag TR o.fl.). — Þskj. 415, nál. 1536, 1574 og 1576, brtt. 1537 og 1575.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:57]

Þuríður Backman *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Með frv. var verið að bregðast við breyttu hlutverki tryggingaráðs og nýju skipulagi Tryggingastofnunar. Gert var ráð fyrir að Alþingi kysi áfram tryggingaráð og það starfaði áfram sem eftirlits- og ráðgjafarráð.

Tryggingastofnun ríkisins gegnir mjög mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustunni og hefur mikla sérstöðu sem stofnun.

Í meðferð hv. heilbr.- og trn. var tryggingaráði breytt í ráðherraskipaða rekstrarstjórn sem á að vera yfir forstöðumanni. Að mati Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þarf að fara fram gagnger umræða um stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar, þ.e. hvort styrkja eigi sjálfstæði hennar eða hafa hana sem framlengdan arm heilbrrn., eins og gert er ráð fyrir í brtt. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styðja þann þátt frv. sem lýtur að óbreyttu kjöri fulltrúa í tryggingaráð, þ.e. að Alþingi kjósi fulltrúa. Við teljum að öll pólitísk, jafnt og fagleg, sjónarmið eigi að koma fram í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins.

Brtt. 1537,1 (ný 1. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1575,1 felld með 31:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1537,2 (ný 2. gr.) samþ. með 45:5 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjart, MÞH, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1537,3 (ný 3. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjart, LB, RG) fjarstaddir.

Brtt. 1537,4 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

6 þm. (JBjarn, KolH, PHB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:00]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Hér er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Þetta er óhreint skipurit, frú forseti, vegna þess að stjórnin getur ekki rekið forstjórann og þar af leiðandi eru áhöld um það hver beri ábyrgð, stjórnin eða forstjórinn. Þetta er gallað skipurit og ég benti á það í nefndinni að þetta þyrfti að vera hreinna þannig að það væri á hreinu hver réði og hver bæri ábyrgð. Svo er ekki.

Því miður er þetta allt of algengt í opinberri stjórnsýslu og ég skora á hv. þingmenn að taka sér tak í því að reyna að koma á hreinum skipuritum í stjórnum stofnana. Ég get ekki borið ábyrgð á þessu og sit hjá.

Brtt. 1537,5 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

5.–9. gr. (verða 6.–10. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1537,6 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

10.–15. gr. (verða 12.–17. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1537,7 (ný 16. gr., verður 18. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

17.–22. gr. (verða 19.–24. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1537,8 samþ. með 53 shlj. atkv.

23. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

24.–30. gr. (verða 26.–32. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1575,2 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Brtt. 1537,9 (ný 31. gr., verður 33. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tónlistarsjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 910. mál. — Þskj. 1382, nál. 1607, brtt. 1710.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Með frv. er gert ráð fyrir að settur verði á fót tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og verkum þeirra. Skiptist sjóðurinn í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Þá er gert ráð fyrir að sett verði á fót tónlistarráð sem skipað verður til þriggja ára í senn og gerir tillögu til menntmrh. um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði.

Við fulltrúar minni hlutans í menntmn. flytjum hér brtt. við 2. gr. frv. um tónlistarsjóð og lýtur hún að skipan tónlistarráðsins. Í frv. hæstv. menntmrh. er lagt til að ráðherra skipi tvo af þremur stjórnarmönnum en Samtónn skipi einn. Samtónn er samtök allra rétthafa í tónlist.

Brtt. okkar er sú að Samtónn skipi tvo fulltrúa en ekki einn eins og gert er ráð fyrir, og ráðherra á móti einn og þar með formann. Þannig teljum við fulltrúar minni hlutans í menntmn. betur tryggt að markmið sjóðsins náist þar sem þeir sem koma úr iðu tónlistarlífsins skipi tvo fulltrúa af þremur. Slíkur sjóður á að njóta frelsis frá óhóflegum afskiptum pólitískra fulltrúa yfirvalda hverju sinni líkt og er með skipan leiklistarráðs.

Fyrir því að ráðherra skipi meiri hluta stjórnarmanna eru engin haldbær rök og því flytjum við brtt. þessa. Verði brtt. felld styðjum við frv. í heild sinni en sitjum hjá við 2. gr. sem lýtur að skipan tónlistarráðsins.

Stofnun sjóðsins og markmið hans styðjum við eindregið en leggjum fram þessa brtt. til að líklegra sé að markmið sjóðsins náist að fullu.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1710 felld með 31:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁF, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, EMS, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, GAK, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JBjart, LB, MÞH, PHB) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 652. mál (stjórn). — Þskj. 969, nál. 1529 og 1542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:09]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Þetta furðulega frv. er sprottið af kreddu í umhvrn. og hjá hæstv. umhvrh. Það eykur enn á undarleik þess að umhvrh. hefur trassað og farið á svig við þau lög að skipa þá stjórn sem lagt er til að verði lögð niður í frv. Við teljum og byggjum á umsögnum um frv. að það sé ekki bara óþarft heldur vinni á móti Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samstarfi um norðurslóðir að leggja þessa stjórn niður og höfum lagt til, stjórnarandstæðingar í umhvn., að frv. verði fellt. Ég segi nei.

1. gr. samþ. með 30:23 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég verð bara að segja alveg eins og er að ég botna ekkert í þessu máli. Ég hélt að almenn ánægja væri ríkjandi með uppbyggingu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar í tengslum við Háskólann á Akureyri og hvernig þar hefur til tekist, að þar hefur byggst upp myndarleg stöð sem hefur haft sívaxandi hlutverki að gegna við að tengja saman ýmiss konar málefni sem tengjast norðurslóðum, rannsóknir, fræðslu, samstarf við önnur ríki, samstarf við erlenda háskóla og þar fram eftir götunum. Það getur ekkert orðið nema til styrktar þeirri stofnun og þessum málaflokki að að því komi fleiri en færri, þar á meðal stjórn áhugasamra aðila til að styðja við stofnunina og vera henni bakland og bakhjarl. Ég er algjörlega gáttaður á því hvað menn ætla að vinna með því að slátra þessari stjórn. Það er einhver furðuleg kerfismennska, tæknikratismi af versta tagi, ef ekki eitthvað annað og verra liggur á bak við.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að láta þetta frv. hverfa héðan af yfirborði jarðar eftir 2. umr.

2. gr. samþ. með 30:22 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

nei: ÁF, BjörgvS, BH, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30:23 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50:2 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.
nei: JBjarn, SJS.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF, ÖJ) fjarstaddir.

Eiturefni og hættuleg efni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 877. mál (sæfiefni, EES-reglur). — Þskj. 1335, nál. 1530.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 876. mál (skilagjald). — Þskj. 1334, nál. 1540, brtt. 1669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1669 (ný 2. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 564. mál (heildarlög). — Þskj. 843, nál. 1604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1604,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um gildistöku laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ég hef talað fyrir því að gildistökunni ætti að fresta þar til verndaráætlun sú sem kveðið er á um í þessu frv. að gerð verði lítur dagsins ljós og tekur gildi. Slíkt kæmi í veg fyrir ákveðið tómarúm sem mundi myndast með þeirri tillögu sem hér er verið að bera upp undir atkvæði, tómarúm sem býr til tveggja ára tímabil þar sem engrar verndar nýtur samkvæmt náttúruverndarlögum á stórum hluta þess svæðis sem notið hefur verndar samkvæmt þessum lögum hingað til. Þess vegna sit ég hjá við gildistökugreinina.

11. gr., svo breytt, samþ. með 45:1 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
nei: ÞBack.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjart, LB, SigurjÞ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I og II samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1604,2 (ákv. til brb. III falli brott) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég greiði þessari brtt. atkvæði með alveg sérstakri ánægju og ég vil leyfa mér að segja að hæstv. umhvrh. og Landsvirkjun mega þakka sínum sæla fyrir það hversu skynsamlega heimamenn tóku á málum þegar þeim var ögrað með því fráleita frv. sem birtist, innihaldandi þetta ákvæði til bráðabirgða III sem var auðvitað ekkert annað en

stríðsyfirlýsing og rof á þeim griðum sem gerð voru í lok Laxárdeilunnar svonefndu.

Sem betur fer höfðu skynsemisrök yfirhöndina og viðkomandi aðilar reyndust þá þrátt fyrir allt ekki alls ónæmir fyrir þeim. Er gott til þess að vita að meira að segja Landsvirkjun og umhvrh. geta tekið skynsemisrökum einstöku sinnum. Vegsemdin er auðvitað öll heimamanna sem buðu þrátt fyrir þetta upp á sáttaleið út úr málinu sem vonandi leiðir síðan til farsællar niðurstöðu í góðu samkomulagi allra aðila. Ég lýsi sérstakri ánægju minni með að þessi óbilgjarna ætlan var á bak brotin hér í meðförum þingsins og af hálfu heimamanna.

[14:20]

Mörður Árnason:

Forseti. Með þessari atkvæðagreiðslu er hrundið þeirri atlögu sem hæstv. umhvrh. gerði að náttúru á Laxársvæðinu og Mývatni með því að lauma þessu bráðabirgðaákvæði inn í frv. Um leið og ég fagna ásamt heimamönnum norður þar þessum málalyktum bið ég um að hæstv. umhvrh. og aðrir ráðherrar hagi vinnubrögðum sínum á annan veg framvegis. Ég segi já.

[14:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er sannarlega hægt að taka undir það að hér sé hægt að greiða atkvæði með mikilli gleði. Það er spurning hvort maður getur fengið að greiða atkvæði tvisvar sinnum með því að þetta bráðabirgðaákvæði falli út. Það var auðvitað algerlega forkastanlegt að hæstv. umhvrh. skyldi leyfa sér að setja þetta bráðabirgðaákvæði inn í frv.

Ég tek undir það sem hv. þm. Mörður Árnason sagði, því gerræði sem þar var á ferðinni er nú hrundið með þessari atkvæðagreiðslu og er það mikið fagnaðarefni. Ég segi já.

[14:21]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég get gengið í þennan ánægjuklúbb sem ég heyri að er að skapast hér um þetta mál. Vegna þessa ákvæðis hófst umræða um alvöru málsins og ég held að hún hafi endað mjög skynsamlega. Vegna þessa ákvæðis hafa hafist alvöruviðræður á milli Landsvirkjunar og landeigendafélagsins þannig að það er með mikilli gleði sem ég samþykki líka að fella út þetta ákvæði. Hefði það ekki komið til tel ég að menn hefðu ekki tekið eins skynsamlega á þessu máli og gert var. Ég fagna því líka mjög mikið að heimamenn hafa tekið svona skynsamlega á málinu og setjast núna niður í alvöruviðræður til að athuga hvort lausn finnist á þessu erfiða máli. Það er ekki víst að hún finnist en menn munu reyna og ég er mjög ánægð með það. Ég segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 996. mál (sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.). — Þskj. 1664, nál. 1776 og 1803, brtt. 1777 og 1804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:22]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um frv. og brtt. meiri hlutans sem felast í því að leggja af dagakerfi smábáta. Eftir að hafa staðið í langvarandi viðræðum við forsvarsmenn þeirra þar sem aldrei var hægt að bjóða neinn kost sem dugði til að framlengja þetta kerfi er kastað hingað inn tillögum sem ganga út á að rústa það gjörsamlega og láta það hverfa.

Við höfum flutt brtt. sem gefa mönnum raunhæfan kost á því að halda þessu kerfi áfram og gerum það á grundvelli þess tilboðs sem hæstv. sjútvrh. gaf í hinu frv. Þá var allt í einu til fullt af aflaheimildum sem aldrei voru til staðar þegar verið var að ræða um málefni dagabátanna við forsvarsmenn þeirra.

Þessi kostur sem við leggjum til að verði valinn er jafngildur þeim sem hér er hvað það varðar að stjórna veiðum smábáta og gæti tryggt framtíð þeirra. Við þessa umræðu hefur komið fram að ýmsir sem áður ætluðu sér að styðja þetta framtíðarkerfi smábátanna hafa nú hlaupið úr liðinu og þess vegna höfum við ákveðið að gefa þeim kost á því að hugsa sig um á milli umræðna og ætlum að draga allar okkar tillögur til 3. umr. vegna þess að annars kæmu þær ekki til atkvæða eftir að 1. gr. hefði verið felld, eins og lagt er til af meiri hlutanum.

[14:24]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp, eiginlega ekki-frumvarp. Þegar það var lagt fram við 1. umr. hljóðaði þetta frv. um stjórn fiskveiða upp á það hvernig ætti að festa dagabátana í sessi, festa sóknarmarkið í sessi og finna því grundvöll. Að vísu voru það sýndartillögur en það var hið yfirlýsta markmið þess frv.

Í allan vetur höfum við verið að fjalla um hvernig mætti styrkja stöðu sóknardagabátanna, styrkja stöðu þessa flota, styrkja byggðirnar sem hafa reitt sig á afla og sókn þessa flota. Þetta hefur verið umræðuefnið í vetur og við höfum verið að vinna að því.

Svo allt í einu er hent hingað inn gjörsamlega nýju frv. beint úr sjútvrn. Þegar við í hv. sjútvn. héldum að við værum að fjalla um málið komu tillögur úr ráðuneytinu sem hljóðuðu upp á það að slá ætti sóknardagakerfið gjörsamlega af.

Ég mótmæli svona vinnubrögðum á Alþingi. Einnig mótmæli ég þeirri stefnu sem hér er verið að taka upp, að slá algjörlega af sóknardagakerfið og setja allt í kvóta. Ég skil hins vegar að þeir sem hafa viljað fá allan fisk á Íslandsmiðum í framseljanlegan kvóta gleðjist.

Þetta er virkilegt ekki-frumvarp og hörmulegt sem við erum að taka hér til afgreiðslu.

[14:26]

Guðjón Hjörleifsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að niðurstaða er að komast í málefni sóknardagabáta og að allri óvissu er eytt hjá viðkomandi aðilum. Þeir eru að fá verulegar aflaheimildir sem munu styrkja smábátaútgerð enn frekar. Þeir fara í

krókaaflamarkskerfi sem hefur reynst vel hjá þeim 400–500 bátum sem eru í því kerfi og ber að fagna þessari breytingu sérstaklega.

[14:27]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta vonda mál sem virðist vera að fara í gegnum hið háa Alþingi er ekkert annað en gerræðisleg atlaga gegn fólki í sjávarbyggðum hér á landi. Það mun leiða til eignarýrnunar og eignamissis hjá fjölda fólks á sama tíma og það mun leiða til þess að örfáum útvöldum einstaklingum verða færð verðmæti fyrir tugi ef ekki hundruð milljóna króna, verðmæti sem þeir eiga alls ekki skilið að fá.

Ég vil fyrir hönd þingflokks Frjálsl. mótmæla harðlega þeirri málsmeðferð sem hefur átt sér stað. Hún er gersamlega makalaus. Öll vinnubrögð í kringum þetta mál eru forkastanleg og það kom greinilega fram í umræðum hér á hinu háa Alþingi í nótt hversu illa málið er undirbúið, hversu vanreifað það er. Stjórnarliðar ætla að fara í þessa kvótasetningu án þess að hafa nein gögn í höndunum sem sýna fram á að þetta sé nauðsynlegt. Það er ekkert sem bendir til þess að það sé einhver þörf á að gera þetta. Það eru miklu fleiri rök og líka athugasemdir og ábendingar frá fólki sem vinnur í þessari grein, frá fólki sem á allt undir því að dagakerfið fái að halda áfram, en þau veiku rök sem stjórnarliðar reyna nú að færa fram fyrir tilstilli lítillar klíku manna sem hefur vaðið hér uppi á göngum Alþingis og á fundum sjútvn. og fengið óheftan aðgang að stjórnarliðum og þingmönnum, beitt hér blekkingum, fölsunum og ósannindum. Ég mótmæli þessu.

(**Forseti** (SP): Forseti vill minna hv. þingmann á að gæta að sér í orðum sínum á hinu háa Alþingi.)

[14:29]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Eftir þá lýðræðislegu og málefnalegu atkvæðaskýringu sem hér fór fram er rétt að leggja áherslu á það að með því frv. sem nú er til afgreiðslu og umfjöllunar ásamt þeim brtt. sem gerðar hafa verið af meiri hluta hv. sjútvn. er verið að koma til móts við vilja yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem eru í dagakerfi. Með þessu er verið að auka stöðugleika í rekstri á þessum bátum sem hafa verið í dagakerfinu. Með þessu er verið að leggja grunninn að því að þeir sem hafa verið í dagakerfinu geti farið að stunda sjósókn sína með betra skipulagi, meiri yfirvegun, geti átt betri samverustundir með fjölskyldum sínum og þar fram eftir götunum. Með þessu er verið að festa og tryggja betur afla í einstökum byggðarlögum og verið að festa í sessi þann útgerðarflokk sem er kallaður trillur. (Gripið fram í.)

Síðast en ekki síst, virðulegur forseti, er með þessu verið að einfalda fiskveiðistjórnarkerfið og þar með leggja grunn að aukinni sátt innan þeirrar greinar sem er löngu tímabært.

[14:30]

Sigurjón Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að afleggja sóknarkerfið og með því erum við að festa í sessi kerfi sem hvetur til brottkasts. Það er fráleitt að menn ætli að samþykkja þetta hér meðan aðrar þjóðir í kringum okkur eru að skoða leiðir til þess að komast út úr kerfum sem hvetja til brottkasts. Ég segi nei.

Brtt. 1777,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 47:3 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: GAK, MÞH, SigurjÞ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF, MÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hún var svo vitlaus, þessi 1. gr. sem var í fyrra frv. að ég tel alveg einsýnt að við greiðum nú atkvæði með því að hún falli brott.

Brtt. 1804,1 kölluð aftur.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 42:6 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÖS.

nei: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF, MÁ, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1804,2 kölluð aftur.

Brtt. 1777,2 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁF, BjörgvS, BH, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF, MÁ) fjarstaddir.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 41:4 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, VS, ÞKG.

nei: GAK, LB, MÞH, SigurjÞ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjarn, JBjart, MF, MÁ, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:1 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS,

JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: SigurjÞ.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MÞH, MF, MÁ, ÞKG) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 750. mál (dótturfélög sparisjóða, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1798.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1815).

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 3. umr.

Stjfrv., 734. mál (EES-reglur, gildissvið). — Þskj. 1794.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1816).

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 785. mál (íbúðabréf). — Þskj. 1795, brtt. 1800.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]
Brtt. 1800,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1800,2 samþ. með 53 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG.
19 þm. (AKG, ÁF, BjörgvS, BH, EMS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Í áliti minni hlutans kemur fram að við styðjum þá kerfisbreytingu sem hér er lögð til með upptöku peningalána. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um beitingu vaxtaálaga og uppgreiðsluákvæða sem leitt geta til stórfelldrar gjaldtöku á lántakendur að mati ASÍ og BSRB auk þeirrar gagnrýni sem lífeyrissjóðirnir hafa á endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs, sem getur haft neikvæð áhrif á eignsöfn lífeyrissjóða, og ýmissa annarra óvissuatriða um framkvæmd breytinganna vísum við ábyrgðinni af allri framkvæmd á hendur meiri hlutanum og greiðum ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1817).

Greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, 3. umr.

Stjfrv., 829. mál (ÍLS-veðbréf). — Þskj. 1270.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1818).

Norðurlandasamningur um almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 948. mál. — Þskj. 1442.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1819).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 1004. mál. — Þskj. 1769.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Frv. allshn., 1002. mál (rof á reynslulausn). — Þskj. 1758.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Loftferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 945. mál (Montreal-samningurinn, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1439, nál. 1620, brtt. 1621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Brtt. 1621,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1621,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1621,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 947. mál (flugvallaskattur). — Þskj. 1441, nál. 1625.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1625 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JónK, JBjart, MF) fjarstaddir.

9.–10. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JónK, JBjart, MF) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 464. mál (öryggi barna, gjöld, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 672, nál. 1581, brtt. 1582.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Brtt. 1582,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1582,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr., a-liður, samþ. með 49 shlj. atkv.

4. gr., b-liður, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JGunn, JónK, KÓ, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
7 þm. (JÁ, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GHj, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, KLM, MF, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:46]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Í b-lið 4. gr. er verið að gefa Vegagerðinni heimild til að stöðva bifreiðar til þess að lesa á ökurita og gera aðrar þær skoðanir á bifreiðum sem Vegagerðinni er falið. Fram til þessa hefur eingöngu lögreglan haft heimild til að stöðva bifreiðar úti á þjóðvegunum. Ég tel að þó að Vegagerðin sjái hér nokkurn sparnað í því að nota eingöngu bifreiðar og starfsmenn Vegagerðarinnar í staðinn fyrir að kaupa þjónustu frá lögreglunni séum við komin þarna út á varasama braut og hugsanlega séum við að auka á slysahættu á þjóðvegunum með því að heimila Vegagerðinni þetta ákvæði.

Lögreglan hefur varað við þessu og ég óska eftir því að það verði mjög vel fylgst með framvindu þessa máls.

Brtt. 1582,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1582,4 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1582,5 samþ. með 52 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
7 þm. (AKG, BJJ, DJ, EMS, GAK, JÁ, KJúl) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF, SigurjÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1582,6 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1582,7 (ný 10. gr., verður 11. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1582,8 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1582,9 (ný 11. gr., verður 13. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Umferðaröryggi á þjóðvegum, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 205. mál. — Þskj. 216, nál. 1550.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Brtt. í nál. 1550 samþ. með 53 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1823).

Sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu, frh. síðari umr.

Þáltill. LMR og GunnB, 277. mál. — Þskj. 313, nál. 1551.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Brtt. í nál. 1551,1 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1551,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 53 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (AHB, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1824) með fyrirsögninni:
Þál. um stofnun sædýrasafns.

Skipulag sjóbjörgunarmála, frh. síðari umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 335. mál. — Þskj. 401, nál. 1566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Brtt. í nál. 1566 samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1825).

Íslensk farskip, frh. síðari umr.

Þáltill. SigurjÞ o.fl., 484. mál (skattareglur o.fl.). — Þskj. 756, nál. 1683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Till. í nál. 1683 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 53 shlj. atkv.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 868. mál. — Þskj. 1326, nál. 1655, brtt. 1656 og 1772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Brtt. 1656,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1772,1 felld með 32:14 atkv. og sögðu
já: AKG, BjörgvS, GAK, JÁ, JBjarn, KolH, LB, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JGunn, JBjart, KLM, MF) fjarstaddir.

Brtt. 1656,2 (að síðasta málslið) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (AKG, MÁ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.

Brtt. 1656,2 (síðasti málsliður) samþ. með 45:6 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.
nei: AKG, BjörgvS, JÁ, JóhS, KolH, MÁ.
2 þm. (JBjarn, ÞBack) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:57]

Mörður Árnason:
Forseti. Hér eru greidd atkvæði um það hver eigi að skipa formann og varaformann Þingvallanefndar sem þingið kýs vegna hinna sérstöku tengsla þingsins við Þingvelli. Allshn. hefur komist að því, að því er ég hygg á skrýtnum forsendum, að forsrh. beri að gera það. Þingheimur hefur þetta eins og honum sýnist en ég tel að virðing þingsins og Þingvalla sé slík að þetta eigi aðrir að gera, þetta eigi Þingvallanefnd að gera sjálf, forseti Alþingis eða einhverjir aðrir en framkvæmdarvaldið sem hefur engin sérstök tengsl við Þingvelli og kemur þetta mál ekkert við. Ég segi nei.
(**Forseti** (SP)**:** Forseti vekur athygli hv. þingmanns á því að málefni Þingvalla falla undir forsrn.)

2. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, ÁF, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, LB, MF, ÖJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1656,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
4.–9. gr. (verða 5.–10. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1772,2 felld með 33:14 atkv. og sögðu
já: AKG, BjörgvS, GAK, JÁ, JBjarn, KolH, LB, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
1 þm. (BH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JGunn, JBjart, KJúl, KLM, MF) fjarstaddir.

Brtt. 1656,4 samþ. með 51 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 25.–50. mál.

Fundi slitið kl. 15:02.

129. FUNDUR

fimmtudaginn 27. maí,
að loknum 128. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 1005. mál, þskj. 1775. — Ein umr.

2. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1312 (með áorðn. breyt. á þskj. 1519). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 415 (með áorðn. breyt. á þskj. 1537). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1334 (með áorðn. breyt. á þskj. 1669). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 1813. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1806. — 3. umr.

10. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 1004. mál, þskj. 1769. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Almenn hegningarlög, frv., 1002. mál, þskj. 1758. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1820. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1441 (með áorðn. breyt. á þskj. 1625). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 672 (með áorðn. breyt. á þskj. 1582). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1326 (með áorðn. breyt. á þskj. 1656). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663. — 2. umr.

17. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707. — 2. umr.

18. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713. — 2. umr.

19. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 872. mál, þskj. 1330, nál. 1654 og 1661. — 2. umr.

20. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768. — 2. umr.

21. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Síðari umr.

22. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Síðari umr.

23. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336, nál. 1719, 1771 og 1784, brtt. 1720 og 1785. — 2. umr.

24. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337, nál. 1721, 1770 og 1786, brtt. 1722 og 1787. — 2. umr.

25. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193, nál. 1755 og 1801, brtt. 1756. — 2. umr.

26. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194, nál. 1753 og 1802, brtt. 1754. — 2. umr.

27. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665, nál. 1761 og 1799. — 2. umr.

28. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677, nál. 1762 og 1783. — 2. umr.

29. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1664 (með áorðn. breyt. á þskj. 1777). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

30. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.

31. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333, nál. 1711. — 2. umr.

32. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 307. mál, þskj. 352, nál. 1608 og 1672, brtt. 1609 og 1635. — 2. umr.

33. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708 og 1763, brtt. 1709 og 1764. — 2. umr.

34. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715. — 2. umr.

35. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716. — 2. umr.

36. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117, nál. 1693, brtt. 1757. — 2. umr.

37. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350, nál. 1717, brtt. 1718. — 2. umr.

38. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019, nál. 1752. — 2. umr.

39. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 881. mál, þskj. 1339, nál. 1805. — 2. umr.

40. Almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38, nál. 1750, brtt. 1751. — 2. umr.

41. Áfengislög, frv., 163. mál, þskj. 165, nál. 1593. — 2. umr.

42. Aflétting veiðibanns á rjúpu, þáltill., 154. mál, þskj. 154, nál. 1773. — Síðari umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um matvælaverð á Íslandi.

[15:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir jólahlé 2002 samþykkti Alþingi þáltill. að frumkvæði þeirrar er hér stendur um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Mikil umræða varð um þetta mál á Alþingi og ekki síður manna á meðal. Það var því mjög mikið gleðiefni að Alþingi ályktaði um málið og ályktaði að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi og gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum. Mjög mikilvægt er að fá þessa niðurstöðu til að skoða hvað hægt sé að gera til að hafa áhrif á og finna leiðir til úrbóta.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var falið að vinna skýrslu og nú hefur verið búist við henni frá því í haust. Ég veit að hæstv. forsrh. átti von á skýrslunni fyrir 2–3 vikum en nú er komið að lokum vorþings, það er eitt og hálft ár síðan Alþingi ályktaði um þetta mál og það eru mikil vonbrigði að ná ekki að ræða skýrsluna og þær tillögur til úrbóta sem vænta má að komi fram í skýrslunni. Ég spyr því

hæstv. forsrh. hvort hann hafi fréttir af málinu og hvenær sé von á skýrslunni.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki annað en að skýrslan eigi að koma í dag eða í síðasta lagi á morgun. Hún var í prentun og síðast þegar ég fór úr ráðuneytinu töldu menn að hún kæmi í dag. Ég hef reyndar ekki kannað hvort hún er komin eða hvernig það er. Mér er sagt að hún sé alveg á næsta leiti og ég vona að það standi.

Það hefur svo sem ekki alveg gengið upp það sem hefur verið sagt um þetta áður og ég bið afsökunar á því.

[15:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð að heyra að skýrslan sé loksins væntanleg og sé að koma úr prentun en ég harma, virðulegi forseti, að skýrslan komi á þeim tíma að ekki verði unnt að ræða hana á Alþingi. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þinginu átti að ljúka 7. maí þannig að við eðlilegar aðstæður og miðað við það hvað henni seinkaði hefði það hvort eð er ekki náðst.

Ég ætlast auðvitað til þess að skýrslan verði kynnt með tilheyrandi hætti. Ég verð þá að treysta því að við getum tekið hana til umræðu á öðrum vettvangi og hún verði með fyrstu málum sem verða lögð fram í haust þannig að hv. Alþingi geti fjallað um hana og áttað sig á hvað þurfi að gera í málinu.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 1005. mál. — Þskj. 1775.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 27. maí 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Tillagan skýrir sig sjálf.

[15:18]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir þáltill. um frestun Alþingis. Hann mælir fyrir henni í kjölfar þess að hér hafa verið einhverjir mestu átaka- og umbrotatímar á Alþingi um ákaflega mörg ár. Hér hafa verið mjög harðar umræður og deilur um fjölmiðlafrv. sem nú er illu heilli orðið að samþykktum lögum héðan af hinu háa Alþingi.

Um þetta mál hefur ríkt mikil óvissa. Hún stafar ekki síst af því að hæstv. ráðherrar hafa tekið þátt í umræðu í kjölfar þessa frv. með þeim hætti að frekar hefur aukið á óvissuna í kringum málið. Hæstv. fjmrh. hélt ræðu á mánudagskvöldið þar sem hann gerði að umræðuefni þann möguleika að forseti lýðveldisins kynni að synja samþykktar á því frv. Hæstv. forsrh. hefur sömuleiðis lagt sitt til málanna eins og alþjóð er kunnugt. Hæstv. forsrh. skrifaði heila grein í opnu Morgunblaðsins um einmitt hugsanlegar afleiðingar af þeim atburði og við þekkjum öll yfirlýsingar hæstv. forsrh. síðasta sólarhringinn um það hlutverk sem hann telur að hann kynni að taka sér ef slík atburðarás færi af stað.

Það er sömuleiðis ekki til að stilla málið að hæstv. forsrh. hefur ekki enn sent lögin til staðfestingar eða synjunar hjá forseta lýðveldisins. Enn fremur hefur hann gert uppskátt að það kunna að líða 10 dagar frá samþykkt laganna hér þangað til hann sendir lögin til forseta lýðveldisins. Allt hefur þetta aukið mjög á óvissuna í málinu. Það verður að segjast, herra forseti, að það er margt sem bendir til þess að hæstv. forsrh. sé að tefja það mál þangað til þingið hefur hætt störfum, hv. þm. farnir til síns heima og búið að fresta fundum Alþingis. Ég tók þetta mál upp í morgun og spurði hæstv. forsrh. hreint út um þessi mál. Það verður að segjast alveg eins og er að svör hæstv. forsrh. voru slík að ekkert varð af þeim ráðið. Það varð ekki til þess að draga úr þessari óvissu. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. aftur þannig að ekkert orki tvímælis í þessu máli: Hvenær hyggst hæstv. forsrh. senda forseta lýðveldisins lög Alþingis til staðfestingar?

Ég tel að það mundi greiða mjög fyrir málum og það yrði líka til að lægja öldur sem hafa risið út af þessu máli í samfélaginu ef hæstv. forsrh. gerði hreint fyrir sínum dyrum og segði okkur frá því hvenær hann ætlar að gera það. Ella læðist að okkur sá grunur og hlýtur að verða áleitinn að hæstv. forsrh. sé að bíða með það mál þangað til búið verður að fresta fundum Alþingis.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Nú standa mál þannig af sér að þing hefur staðið um 20 dögum lengur en starfsáætlun gerði ráð fyrir af alkunnum ástæðum. Engu að síður er svo komið að ástæða er til að ætla að þinghaldinu gæti lokið með nokkuð eðlilegum hætti á næstu 1–2 sólarhringum eða svo, enda sé þá til staðar vilji af hálfu allra aðila að leggja til hliðar erfiðustu ágreiningsmál og ljúka þinghaldinu með þeim hætti sem venja er, menn sem sagt fresti því sem ekki þarf nauðsynlega að afgreiðast og nái saman um þinglokin. Það er því í sjálfu sér ekki óeðlilegt að till. til þál. um þingfrestun komi fram á þessum tímapunkti.

Hitt er annað og lakara að hæstv. forsrh. treysti sér ekki í morgun til að gefa nein svör við beinum spurningum sem fram voru bornar af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og mér um það hverju það sætti að hæstv. forsrh. hefði ekki sent forseta Íslands til afgreiðslu hin umdeildu fjölmiðlalög. Þegar eru vaknaðar grunsemdir um að af einhverjum undarlegum ástæðum sé hæstv. forsrh. að draga það og eðlilega velta menn því þá fyrir sér hvort það sé til þess að þingið verði farið heim áður en á það reynir eða í ljós koma viðbrögð forseta lýðveldisins.

Það væri óskynsamlegt og er mjög óheppilegt að ljúka þinghaldinu í óvissu um hvað kunni að vera fram undan í þeim efnum 1–3 sólarhringum áður en á það reynir og það kemur í ljós. Það er alveg ljóst að gerðist það að forseti nýtti málskotsréttinn kæmi væntanlega til þeirra kasta Alþingis í beinu framhaldi að gera lagalegar ráðstafanir til að kosningin færi fram. Ég vísa aftur í því sambandi í fordæmið frá 1944 þegar ályktun Alþingis um að segja upp sambandslagasamningnum frá 1918 var fylgt eftir mánuði síðar með lagasetningu um hvernig sú kosning færi fram, hvernig sú þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram. Það var reyndar kosið um tvennt í einu, þ.e. uppsögn samningsins og nýja stjórnarskrá á tvískiptum atkvæðaseðli.

Hvernig sem því yrði háttað að þessu sinni er held ég alveg ljóst að þetta væri hinn eðlilegasti gangur mála.

Ég ítreka nú spurningarnar til hæstv. forsrh. og treysti því að hæstv. forsrh. gefi hér skýr svör. Það er alveg augljóst mál að það ber honum að gera og Alþingi á heimtingu á því að vera upplýst um stöðuna í þessum efnum. Úr því að menn hafa það við að rökræða við fjölmiðla dögum oftar og skrifa langar blaðagreinar um álitamálin sem þarna eru uppi hljóta menn að virða Alþingi svars þegar túlkun á sjálfri stjórnskipun lýðveldisins er undir, túlkun sem ég reyndar botna ekkert í. Jafnvel þó svo að menn væru á fræðilegum forsendum eitthvað ósammála um hvort málskotsrétturinn væri ótvíræður og skýr hefur það aldrei hvarflað að mér fyrr en á síðustu dögum að til greina kæmi að láta þá ekki lýðræðið og þjóðina njóta vafans í því tilviki. Ég bíð alveg eftir að heyra röksemdirnar fyrir því að gera það ekki. Ef einhver á að eyða óvissunni í þeim efnum er það hv. Alþingi sem auðvitað hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu að standa beri við orð stjórnarskrárinnar samkvæmt þeirra hljóðan og láta þjóðina, lýðræðið, njóta vafans og óvissunnar ef einhver er.

Fari engu að síður svo að ekki verði kominn botn í þetta mál í gegnum svör hæstv. forsrh. hér, og þá viðbrögð forsetans sem auðvitað væri heppilegast að kalla strax fram með því að senda málið í dag eða í fyrramálið þannig að það væri a.m.k. orðið ljóst áður en þing fer að tygja sig heim annað kvöld eða á laugardaginn eða hvenær sem það verður, hvort viðbrögð forsetans verða einhver önnur en þau að undirrita lögin strax, vil ég beina viðbótarspurningu til hæstv. forsrh. og hún er á þessa leið: Er ekki algjörlega ótvírætt og ljóst að dragi til óvæntra tíðinda af því tagi sem ég hef verið að reifa og hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og fleiri menn hafa gert að umtalsefni, bæði í þingræðum og blaðagreinum, verði eitt fyrsta verk forsrh. að kalla Alþingi saman á nýjan leik hafi það lokið störfum á þessu vori?

[15:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ályktun um heimild til að fresta fundum Alþingis hefur ekkert með þessa umræðu að gera. Það ákvæði sem menn eru að deila um í 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur verið þar í 60 ár. Þingið hefur allan þann tíma haft tækifæri til þess að setja lög um meðferð þess ef til þess drægi að ákvæðið yrði gert virkt með einhverjum hætti. Það hefur enginn þingmaður gert og ekki einu sinni þeir sem hér hafa lengst setið, eins og sá sem síðast talaði, ekki gert nokkurn reka að slíku nokkru sinni svo ég muni til. Getur verið að hann hafi einhvern tíma gert það en ég minnist þess ekki.

Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess með ótvíræðum hætti að það eigi að horfa á eitt einstakt mál sem frá þinginu kemur öðruvísi en önnur. Þingið hefur afgreitt fjölda laga, ég giska á 6 þús. lög, síðan þetta ákvæði kom fram og það er óþarfi að vera að gera eitthvert sérstakt mál úr þessu máli án þess að forsetinn hafi nokkuð gefið til kynna við nokkurn mann, svo ég viti til, að ástæða sé til að vera með einhverjar getgátur. Mér finnst afskaplega óviðfelldið að menn séu í salnum með slíkar getgátur af þessu tilefni, afskaplega óviðfelldið. Það er alveg klárt að ráðherra ber, hver sem hann er, að leggja lög fyrir forseta ekki seinna en 14 dögum eftir samþykkt þeirra. Hæstv. sjútvrh. var að leggja lög fyrir forseta sem voru samþykkt fyrir 7–8 dögum. Halda menn að það sé eitthvert samsæri hjá sjútvrh. að hafa ekki gert það fyrr? Við verðum að gera ráð fyrir því að öll lög, hverjir sem hafa áhuga fyrir þeim, sem frá þinginu koma fái sömu hlutlægu meðferðina hjá forseta Íslands. Ég geri ráð fyrir því. Mér finnst ekki viðfelldið að vera að draga einhverjar ályktanir með öðrum hætti í þessum sal. Málin hljóta að eiga sér stað bara með venjulegum hefðbundnum hætti eins og gerst hefur hér jafnan í 60 ár. Ekkert tilefni er til annars.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki þannig að hæstv. forsrh. ákveði fyrir hönd okkar allra hvað eigi erindi í þessa umræðu og hvað ekki. Hæstv. forsrh. ákveður það a.m.k. ekki fyrir mig hvað á erindi í þessa umræðu um tillögu til þingsályktunar um frestun þinghaldsins.

Ég bar fram réttmætar, rökstuddar og gildar spurningar. Ég harma það að hæstv. forsrh. skuli ekki virða þær viðlits og ekki sýna lit í að svara þeim. Það eykur mjög á þær grunsemdir sem uppi eru, um að hér sé einhver annarlegur skollaleikur í gangi.

Í öðru lagi er rangt hjá hæstv. forsrh., a.m.k. ekki rétt munað, að því hafi aldrei verið hreyft hvort ekki ætti að botna þetta mál með málskotsréttinn og setja um það lög hvernig kosningar færu fram ef gripið væri til hans. Fyrir ekki meira en 2–3 árum síðan spurði ég einmitt hæstv. forsrh. í formi fyrirspurnar að nákvæmlega þessu. Það var ekki í fyrsta sinn sem ég hreyfði því máli. Ég hef nefnt það við endurskoðun stjórnarskrárinnar á umliðnum árum og oftar, að ég hygg. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort hann sæi ástæðu til að setja lög til að þau lægju fyrir tilbúin til að grípa til þeirra ef á þyrfti að halda. Ég gerði það í framhaldi af vangaveltum sem þá voru uppi og áskorunum á forseta lýðveldisins um að beita málskotsréttinum. Mig minnir að hæstv. forsrh. hafi að vísu svarað þannig að hann sæi ekki ástæðu til þess, og þá það.

Síðan vil ég í þriðja lagi mótmæla því að látið sé að því liggja að við séum upphafsmenn vangaveltna um það að forsetinn kunni að grípa til málskotsréttarins. 32 þúsund Íslendinga hafa skorað á forsetann að gera það. Hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fjölluðu allir um þetta í ræðum sínum á sama deginum, í formi ögrana að vísu í garð forsetans ef hann skyldi grípa til réttarins. Fræðimenn hafa rætt um þetta o.s.frv. Ég vísa því til föðurhúsanna að þar sé við okkur að sakast.

[15:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var sem sagt rétt munað hjá mér að aldrei hafi verið lagt fram frv. af nokkrum þingmanni í 60 ár til að undirbúa slíka löggjöf. Það stóðst sem sagt algerlega sem ég sagði í þeim efnum og það er auðvitað þýðingarmest. Nefndir voru 30 þúsund Íslendingar eða svo. Mér skilst að það sé hinn frægi undirskriftalisti sem engin undirskrift er á, einhver disklingur sem enginn hefur fengið að sjá. Þetta er sennilega frægasta undirskriftasöfnun allra tíma, þar sem engin undirskrift er. Ég held að menn geti ekki gert mikið með slíka hluti.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki er mikið gert með þjóðarviljann. Þótt það væru eitthvað færri en 32 þúsund, þó að það væru 31.500 og þótt það sé nútímatækni sem er notuð og hæstv. forsrh. kunni að vera tortrygginn í hennar garð, eigum við þá ekki

að reikna með því að á bak við standi umtalsverður almannavilji úr því að á fáeinum sólarhringum koma saman svona mörg nöfn eða kennitölur? Varla eru þær allar falsaðar eða er hæstv. forsrh. að láta að því liggja?

Auk þess er það reyndar þannig, hæstv. forsrh., að talsverður hluti þessa fjölda mun vera á undirrituðum blöðum sem safnað var í verslunum, í stórmörkuðum í eigu ýmissa aðila, á þessum dögum.

Ég verð að segja alveg eins og er, frú forseti, að ég er að verða meira og meira gáttaður á því hvernig hæstv. forsrh. bregst við umræðum um öll þessi mál. Erum við ekki að tala um alvörumál, um mikilvæg grundvallarmál? Erum við ekki kannski að sumu leyti að tala um örlagaríkan tíma í stjórnmála- og stjórnskipunarsögu landsins? Svo gæti verið. Er enginn hugsi annar en ég og við stjórnarandstæðingar yfir því hvernig hæstv. forsrh. hefur farið fyrir liði sínu undanfarna daga með ögrandi ummælum um embætti forseta Íslands og um ákvæði stjórnarskrárinnar? Hann hefur jafnvel vefengt að málskotsréttur inn, sem menn hafa gengið út frá að væri þar til staðar, sé þar og lætur þar með auðvitað að því liggja að það komi til greina að hafa hann að engu. Það er nýtt. Þetta er í fyrsta skipti sem ábyrgir aðilar í stöðu hæstv. forsrh. og annarra slíkra taka málin upp á þetta stig. Fræðimenn hafa vissulega rökrætt um þetta, hvort rétturinn sem slíkur væri þarna ótvíræður. En það er munur á því og láta að því liggja að pólitískt komi til greina að hafa hann að engu.

[15:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. vill þannig til að það voru einmitt mjög góðir fræðimenn sem jafnframt hafa verið forsrh., þeir Ólafur Jóhannesson og Bjarni Benediktsson, sem báðir hafa sagt, hvor með sínum hætti, að þetta ákvæði væri ekki tækt. Þótt hinn formlegi réttur kynni að vera til staðar væri ákvæðið ekki beitanlegt eins og það væri, segir annar þeirra. Hinn segir það ekki beitanlegt vegna þess að það stangist á við þingræðisregluna. Mér finnst frekar að þingmenn ættu að sameinast um að láta ekki brjóta fyrir þeim 100 ára gamla þingræðisreglu fremur en að grafa undan henni.

[15:35]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er vísast rétt hjá hæstv. forsrh. að í 60 ár hafi enginn þingmaður lagt fram frv. um hvernig eigi að haga þjóðaratkvæðagreiðslum af því tagi sem áðan voru nefndar. En þjóðin hefur heldur aldrei haft forsrh., í 60 ár, sem túlkar stjórnarskrána með þessum hætti. Það hefur aldrei komið fram stjórnmálamaður sem hefur sagt með viðlíka hætti og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að forseti Íslands hafi ekki hinn ótvíræða málskotsrétt sem næstum því allir fræðimenn á sviði lagavísinda, sem hafa tekið til máls undanfarnar vikur, hafa staðfest að þeir telji að hann hafi, að undanteknum lögvitringnum, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni.

Síðast í gær tóku tveir prófessorar af allan vafa um að svona bæri að túlka þetta. Ég ætla ekki í rökræður við hæstv. forsrh. um það sem Bjarni Benediktsson hefur sagt en vísa þó til þess sem haft var eftir honum í Morgunblaðinu í dag, úr gömlu viðtali Matthíasar Johannessens, fyrrverandi ritstjóra, við hann. Hann segir, eftir að hafa bent á ákveðnar takmarkanir, að það verði að treysta forsetanum til að fara með þann rétt af ábyrgð. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að láta sér þetta að áhrínsorðum verða.

Hæstv. forsrh. ætti að leyfa forseta lýðveldisins að komast sjálfum að eigin niðurstöðu en standa ekki stöðugt eins og nautabani með rauða dulu að ögra öllum í kringum sig í þessu máli. Ég mótmæli því líka þegar hæstv. forsrh. talar með þeim hætti sem hann gerir í dag um vilja tuga þúsunda Íslendinga. Er það virkilega þannig að hæstv. forsrh. haldi því fram að tugir þúsunda landsmanna sem hafa tjáð vilja sinn varðandi þessi lög skipti ekki máli? Er það þannig að hæstv. forsrh. haldi því fram að obbi þessara undirskrifta sé falsaður? Það er með ólíkindum þegar menn, sem í reynd hafa tapað máli gagnvart þjóðinni, haga sér með þessum hætti. Menn eiga að vera stórir í sigrum en menn þurfa að vera enn stærri í töpum. Þannig er það, frú forseti.

Mér finnst undarlegt svo ekki sé meira sagt að heyra hæstv. forsrh. tala um að það eigi ekki að ræða þessi mál og menn séu með getgátur. Ja, heyr á endemi, frú forseti. Hver hefur verið með getgátur nar? Hver hefur farið um fjölmiðlana eins og foli á góðum vordegi og spænt upp þessi mál eins og hæstv. forsrh.? Er það svo að ég sé farinn að reskjast svo illa að mig bresti minni eða var það ekki hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem skrifaði einmitt opnugrein í Morgunblaðið um það hvað mundi gerast ef forsetinn beitti þessum málskotsrétti? Var það ekki hæstv. forsrh. og ýmsir kumpánar hans, víðs vegar um samfélagið, sem voru með tiltölulega nöktum hætti að hóta langvinnri og illvígri stjórnskipunarkreppu ef forseti lýðveldisins notfærði sér ákvæði stjórnarskrárinnar til þess að beina til þjóðarinnar umdeildu máli? Var það ekki hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem í tveimur ræðum á síðustu vikum gerði þennan möguleika að umræðuefni? Var ekki fyrra skiptið fyrsta skiptið sem nokkur þingmaður tók það hér upp? Var það ekki líka hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde sem vakti mikla athygli í annars ágætri eldhúsdagsræðu á mánudagskvöldið þegar hann fór líka í föt hæstv. forsrh. og var enn með hótanir, gagnvart forseta lýðveldisins? Hvað sagði hæstv. fjmrh.? Hann sagði að ef forseti lýðveldisins mundi notfæra sér það sem við hefðum einhvern tíma sagt að væri helgur réttur, helgur vegna þess að hann er vafinn í klæði stjórnarskrárinnar, þá yrði íslenska þjóðin að athlægi. Hvað þýða svona ummæli?

Frú forseti. Einhver hefði kallað þetta annað og meira en getgátur. Þannig er með engu móti hægt að koma, eins og hæstv. forsrh. gerir, og láta eins og menn hafi með ósæmilegum hætti dregið þetta inn í umræðu um þingfrestun.

Nú skal ég segja mína skoðun í þessu máli, frú forseti, og það sem ég hefði gjarnan viljað fá hvíslað í eyra hæstv. forsrh. fyrr í vikunni. Fyrr í þessari viku samþykktum við þessi lög. Þá lá fyrir að þingið yrði hér að öllum líkindum alla þessa viku. Það hefði verið í anda lýðræðislegra starfshátta að hæstv. forsrh. hefði þá lagt allt kapp á að koma þessum lögum til forseta í þeirri von að forseti tæki ákvörðun tiltölulega fljótt um þetta mál vegna þess að mér finnst það lýðræðislegur réttur minn sem alþingismanns að fá í kjölfar slíks atburðar, ef til synjunar kæmi, að ræða við hæstv. forsrh. um það sem mér finnst vera algerlega fráleit túlkun hans á hans eigin hlutverki í þeirri atburðarás sem þá kynni að vinda fram. Mér finnst að hæstv. forsrh. hefði átt að fara svona að. En ég skynja það á öllu að hæstv. forsrh. vill ekki svara til um þetta. Hann vill greinilega losna við þingið úr þessum sölum, fá þingmenn heim, áður en sú atburðarás hefst. Þá telur hann kannski að hann hafi sviðið betur undir til að geta komið sínum vonda málstað á framfæri.

Oft hefur mér fundist hæstv. forsrh. hafa góðan málstað og stundum hefur mér fundist hann hafa vondan málstað. En aldrei hef ég heyrt jafnafleitan málstað hjá hæstv. forsrh. og í þessu máli. Hver var sá eini sem hægt var að draga fram til að verja túlkun hæstv. forsrh.? Jú, það var prófessor Hannes Hólmsteinn Gissurarson, ekki giska fjarskyldur pólitískur ættingi hæstv. forsrh. Hver voru rökin sem prófessorinn var látinn prófa á samfélaginu? Rökin voru þau að það hlyti að vera forsrh. sem mundi í reynd úrskurða um það hvort forseti gæti beitt ákvæði stjórnarskrárinnar til málskots vegna þess að samkvæmt reglugerð um verkaskiptingu Stjórnarráðsins væri forsetaembættið undir forsrn. Frú forseti. Þetta þýðir í reynd að ef upp kæmu alvarleg álitamál um Hæstarétt þá mundi hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason taka sig til og úrskurða um það. Nei, frú forseti, svona gengur lífið ekki í lýðræðissamfélaginu á Íslandi. Svo einfaldir eru hlutirnir ekki.

Mér finnst það lýðræðislegur réttur alþingismanna, ef atburðarásin verður með þeim hætti sem tveir ráðherrar hafa vakið máls á í opinberri umræðu, að við alþingismenn fáum að ræða framvinduna. Þá ættum við að fá að ræða með hvaða hætti hæstv. forsrh. er að ásælast hluta af lagasetningarvaldi forsetans samkvæmt stjórnarskránni.

Að lokum, frú forseti. Það liggur fyrir að hæstv. forsrh. ætlar ekki að segja frá því hvenær hann hyggst senda forsetanum þessi lög. Í öðru lagi er það niðurstaða mín að hæstv. forsrh. vilji tefja það þangað til þingið er horfið heim. Mér finnst allar líkur á því að við ljúkum störfum á morgun eða annað kvöld. Ég tel að það væri mannsbragð að því hjá hæstv. forsrh. að gera reka að því að ljúka þessu máli af hans hálfu fyrir þann tíma.

Í þriðja lagi vil ég ítreka spurningu sem kom fram áðan: Getur ekki hæstv. forsrh. lýst því afdráttarlaust yfir að ef atburðarásin færi á þann veg, að forseti synjaði samþykkt laganna, þá mundi þing verða kallað saman hið fyrsta að því loknu?

[15:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svolítið erfitt að eiga orðastað við hv. þingmann um ýmis efni máls því að hann fer svo vitlaust með. Til að mynda hefur hann verið að vitna í grein mína í Morgunblaðinu, sem liggur fyrir, og segir að þar hafi ég verið að ræða um afleiðingar þess ef forseti synjaði. Ég var að ræða um vanhæfi í þeirri grein, ekkert um neinar afleiðingar.

Ef hv. þm. hefði nú lesið grein mína, sem hann bersýnilega virðist ekki hafa gert og geri ég svo sem ekkert mikið með það, kemur fram sérstaklega að ég tek ekki afstöðu til deilna fræðimanna um það hvort þetta svokallaða synjunarvald forseta sé gilt eða ekki gilt. Ég tók sérstaklega fram í þeirri grein að mér fyndust prófessorarnir Eiríkur Tómasson og Sigurður Líndal hafa fært fyrir því, eins og ég orðaði það — ég held að ég muni það nokkurn veginn rétt — sterk rök að þessi synjunarheimild væri gild. Að öðru leyti tók ég ekki afstöðu. Ég rakti hins vegar þau sjónarmið sem fræðimenn margvíslegir, miklu merkari en nokkrir hér í þessum sal núna í þeim efnum, hefðu fært fram. Sjálfur tók ég það fram að ég hefði ekki tekið endanlega afstöðu í mínum huga og sagði að þessir tveir prófessorar, sem ég þekki ágætlega vel til, hefðu fært sterk rök fram fyrir sjónarmiðum sínum.

Að öðru leyti mun ég ekki byggja nein svör mín hér á einhverjum getgátum um afstöðu forseta Íslands. Hv. þm. verður þá að greina frá því hafi hann einhverjar aðrar upplýsingar um ætlanir forsetans en ég hef.

[15:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get upplýst hæstv. forsrh. um það að ég hef enga hugmynd um ætlanir forsetans. Ég tel hins vegar að forseti lýðveldisins sé manna best fallinn til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu í þessu máli. Hins vegar mætti ráða af máli hæstv. forsrh. hér síðustu dægur að hann geri sér eitthvað í hugarlund um það hver niðurstaðan verði. Ég skal ekkert um það segja.

Hitt er alveg ljóst að þær getgátur sem hér hafa verið uppi um þetta mál hafa auðvitað fyrst og fremst verið í röðum stjórnarliða, og ekki bara einstakra þingmanna stjórnarinnar heldur fyrst og fremst á meðal ráðherra hæstv. ríkisstjórnar. Það er hugsanlegt, ég skal ekkert úr því draga, að vegna þess að hæstv. forsrh. hefur tjáð sig svo víða um þetta mál á síðustu dögum og vikum hafi ég hér ruglað saman einhverjum viðtölum við hæstv. forsrh. og umræddri grein. Ég get þó hughreyst hæstv. ráðherra með því að allt það sem hann skrifar um þetta mál og allt það sem hann les um þetta mál les ég.

Það sem mér finnst mestu skipta í þessu máli er það að hæstv. forsrh. hreinsi loftið og segi við þá þingmenn sem hér sitja á hinu háa Alþingi, lýðræðislega kjörna fulltrúa þjóðarinnar, hvenær hann ætli að klára sinn hlut í þessu máli. Mér finnst það ekki ofrausn að biðja oddvita framkvæmdarvaldsins um það. Hann hefur það hlutverk að koma lögunum til forsetans. Þetta eru lög sem voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Þó að ég hafi greitt atkvæði gegn þessum lögum er ég partur af þinginu og hæstv. forsrh. á eftir að ljúka hluta af sínu starfi fyrir þingið. Ég er hluti af því.

[15:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Getur hv. þm. bent mér á einhver fordæmi þess að forsrh. eða aðrir ráðherrar hafi verið krafnir svara um það í þinginu hvenær tiltekin lög verði lögð fyrir forseta innan hins lögmælta frests, 14 daga? Getur hann gefið mér einhver fordæmi þess?

Það er engin ástæða eða efni til að haga sér öðruvísi gagnvart þessu máli, það verður að sýna öllum lögum jafnmikla virðingu. Ef við setjum lög sem þarf til að stöðva verkföll sem eru háskaleg fyrir þjóðina eða eitthvað þess háttar hafa menn rokið til og sett allt á annan endann til að koma frumvörpum fram. En það er ekki gert venjulega og ég tel að mál eins og þetta eigi einmitt að afgreiða með venjulegum hætti, ekkert öðruvísi en hið venjulega.

[15:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Getur hæstv. forsrh. bent mér á nokkurt tilvik sem hefur komið upp líkt þessu? Getur hæstv. forsrh. bent mér á nokkur lög sem hér hafa verið samþykkt með þeim afleiðingum að sitjandi forsrh. hafi farið í fjölmiðla og látið hafa eftir sér hluti eins og hæstv. forsrh. hefur gert varðandi þennan rétt forseta Íslands?

Það getur hann að sjálfsögðu ekki. Hér er um alveg sérstakt mál að ræða. Það hafa aldrei komið upp aðstæður af þessu tagi áður, a.m.k. ekki það ég muni eftir.

Ég tel að þessi spurning hæstv. forsrh. sé alveg út í hött.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég tel að mjög alvarleg staða sé hér uppi í umræðum um þessa þingfrestunartillögu, að hæstv. forsrh. skuli daufheyrast algerlega við því að veita svör við einföldum spurningum. Hann færir engin haldbær rök fram fyrir því að honum sé eitthvað að vanbúnaði að svara.

Þegar þetta er sett í samhengi við ummæli hæstv. forsrh. í fjölmiðlum um sitt eigið hlutverk til að meta það, skoða eða kanna hvað muni gerast ef forseti synji um staðfestingu laga er náttúrlega von að mönnum verði hér órótt. Ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. og endurtaka spurningu mína: Hvenær verða lögin send? Hvað er svona erfitt við að svara því? Við vitum öll að þau eru tilbúin niðri í Stjórnarráði, búin að vera þar í einn og hálfan, tvo sólarhringa. Þau bíða þar, þau eru ekki send, svo einfalt er það mál. Hvers vegna? Er eitthvað að vanbúnaði? Eru einhverjir erfiðleikar á því?

Það þarf ekki að þýða á nokkurn hátt að verið sé að fara fram á einhverja óeðlilega eða óvenjulega málsmeðferð, eingöngu þetta eitt að þau séu bara ósköp einfaldlega send þannig að þessari óvissu linni.

Í öðru lagi ítreka ég og ekki af minni þunga aðra spurningu mína til hæstv. forsrh., og henni finnst mér að hann verði að svara Alþingi áður en við greiðum atkvæði um þessa þingfrestunartillögu: Er ekki alveg öruggt að þing verður kvatt saman að nýju án tafar ef dregur til óvæntra tíðinda í þessum málum? Í sjálfu sér gerum við mikið með svar við þeirri spurningu þó að hinni sé ekki svarað því að þá vitum við þó að ef hið óvænta, skulum við segja, gerist hefur það ósköp einfaldlega þau áhrif skyldi þingið vera farið heim að það verður tafarlaust kvatt saman til fundar að nýju. Það er algerlega vandræðalaust, það eru a.m.k. ekki stórkostleg vandræði eins og menn hafa látið að liggja að gætu skapast í þessum efnum að öðru leyti, það eru ekki mikil og illleysanleg vandamál, eins og segir í texta, vegna þess að þingið situr með umboð og er að störfum að öllu leyti nema því að fundum þess hefur verið frestað.

Spurningin er mjög gild vegna þess að þingfundafrestun með þáltill. vekur bráðabirgðalagavald. Það eru ótal hefðir fyrir því að handhafar þess verði að gefa löggjafanum skýr svör. Skyldi verða einhver hugsanlegur möguleiki að til þess yrði gripið? Auðvitað gef ég mér að það komi ekki til greina við þessar aðstæður en ég vil samt vita vissu mína og ég krefst þess að hæstv. forsrh. svari þessu. Hæstv. ráðherra hlýtur að sjá að við þingmenn eigum rétt á svörum við þessari spurningu.

Varðandi málskotsrétt forsetans og það sem hér hefur verið vitnað til nefna menn m.a. til sögunnar viðtal við Bjarna heitinn Benediktsson, fyrrv. forsrh. Það sem ég las fyrst og fremst út úr því viðtali sem birtist í Morgunblaðinu fyrir tveim dögum eða svo var ákaflega fróðleg útskýring og góð frá fyrstu hendi á því hvers vegna búið var um nefnt ákvæði í stjórnarskránni með þeim hætti sem raun bar vitni, hvers vegna menn vildu ekki ganga svo langt að hafa þar stöðvunarvald, eins og verið hafði hjá kónginum, heldur eingöngu málskotsrétt. Það var sett í samhengi við m.a. andrúmsloftið á dögum utanþingsstjórnarinnar hér á árunum 1942–1944 og var allt saman fróðlegt. Út úr því las ég samt ekki að eitthvað annað hefði gengið mönnum til en stendur í stjórnarskránni, stendur í greinargerð með frv. frá sínum tíma, fram kom í ræðum þingmanna og tengt er við þjóðkjör forsetans og fleira í þeim dúr.

Ég ætla ekki að reyna að setja mig í spor fræðimanna á þessu sviði en ég er sammála hæstv. forsrh. um það að ég tel að t.d. Sigurður Líndal og Eiríkur Tómasson hafi fært fram ákaflega sannfærandi rök fyrir því að þessi málskotsréttur sé þarna til staðar og virkur, og sérstaklega Sigurður Líndal í seinni svargrein sinni við greinum Þórs Vilhjálmssonar.

Eftir stendur auðvitað það að enginn aðili í landinu er bærari til þess að taka þá af skarið um hvað gera skuli en Alþingi. Í mínum huga er ekki neinn minnsti vafi á að hinn lýðræðislegi þankagangur er þá sá að láta þjóðina og lýðræðið njóta vafans ef menn telja að hann sé einhver uppi. Það er auðvitað alveg sérstaklega vegna þess, eins og ég hef áður nefnt, að stjórnarskráin geymir ekki önnur úrræði til að framkalla þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök málefni sem ekki tengjast stjórnskipun landsins. Hafi einhver misskilningur verið í orðaskiptum okkar hæstv. forsrh. í morgun eyðist hann vonandi núna. Það sem ég var að vitna til með málskotsréttarákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar var að það er hið eina sinnar tegundar þar sem farvegur er fyrir það að skjóta til þjóðarinnar einstökum málum af þessu tagi ef þau varða ekki það sem stjórnarskráin að öðru leyti geymir að skuli fara til atkvæða á þann óbeina hátt sem stjórnarskrárbreytingar gera með okkar gallaða fyrirkomulagi, að þær eru í tengslum við almennar kosningar til Alþingis. Það þýðir að sjálf stjórnarskrárbreytingin, kjördæmabreytingin eða hvað það nú er, fær ekki sjálfstæða kosningu á sjálfstæðum atkvæðaseðli.

Þó að auðvitað hafi farið hér fram þjóðaratkvæðagreiðslur, af því að menn hafa orðið sammála um að svoleiðis skyldi það vera, eru hér ekki hefðir eða ákvæði sem gera t.d. kjósendum kleift að framkalla þær með tilteknum fjölda áskorana eða undirskrifta.

Ég tel að það verði að fara að botna þetta mál. Það liggur við að það sé orðið að sjálfstæðri röksemd í þessari umræðu að komin er upp alveg ný staða þegar það er vefengt að málskotsrétturinn sé til staðar. Það er óþolandi að hafa málið þannig og hafa það endalaust afvelta. Það verður að botna það. Hæstv. forsrh. hafði uppi og hefur haft uppi áform um að skipa stjórnarskrárnefnd, ég hef stutt þau áform og þeim hefur almennt verið vel tekið. Þá hafa verið nefndir til sögunnar í svari við fyrirspurn einmitt fyrstu kaflar stjórnarskrárinnar sem fjalla um sjálfa stjórnskipun ríkisins. Auðvitað er löngu tímabært að fara í þetta mál og fá í það botn. Það er ekki hægt að hafa þetta svona, að á nokkurra ára eða áratuga fresti gjósi upp umræðan um að beita þessu ákvæði og þá segja menn: Já, en það vantar lögin og menn vita ekkert hvernig á að fara að þessu ef þetta verður gert og það eru voðaleg vandræði o.s.frv. Þetta er ómögulegt.

Kannski fer forsetinn sem væntanlega fylgist með þessum umræðum að horfa á þetta sem sjálfstæðan efnisþátt í málinu.

Ég vil spyrja formann Framsfl. sem var hér fyrir augnabliki síðan og er vonandi hér áfram í salnum: Hvað segir formaður hins stjórnarflokksins um þessa stöðu? Finnst formanni Framsfl. það eðlilegt að — frú forseti, er hægt að gera hæstv. utanrrh. viðvart? Hann var hér fyrir andartaki síðan. Mér finnst eðlilegt að formaður Framsfl. komi hér líka og svari til um þessi mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill upplýsa það að hæstv. utanrrh. er ekki í húsinu.)

Hann hefur haft hratt á hæli, hæstv. utanrrh., að forða sér. Það er mjög miður, frú forseti, ég held að það væri allt í lagi

að gera hæstv. utanrrh. aðvart um það að menn sakni hans mjög. Mér finnst að hæstv. utanrrh. eigi ekkert síður að svara fyrir um það hvernig ríkisstjórnin heldur á þessu máli. Það skyldi þó ekki vera að þeir hafi samið um þingrofsréttinn, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., í tengslum við myndun ríkisstjórnar sinnar þannig að þeir þurfi stundum að ráðgast um hin stærstu mál?

Hvernig tekur hæstv. utanrrh. því ef það er í raun og veru í huga hæstv. forsrh. að drífa þingið heim, sturta því heim áður en málið fer til Bessastaða, hvort sem því verður nú róið yfir Skerjafjörð eða það fer landleiðina og á þetta reynir? Það þarf ekki að tala neina sérstaka tæpitungu um þetta, frú forseti, þetta er opinber umræða, hefur geisað í fjölmiðlum og verið í ræðum manna hér. Engir hafa verið duglegri við að halda henni uppi en einmitt forkólfar Sjálfstfl. Það þýðir ekki fyrir þá að ætla að eigna öðrum upphafið að umræðum um þetta eða það að halda þessari umræðu vakandi þegar þeir hafa linnulaust í ræðum sínum og viðtölum við fjölmiðla haldið þessu við.

Það hefur hins vegar lítið heyrst frá Framsfl. Ég veit ekki hvort hér er einhver annar sem treystir sér til að svara fyrir hann. Hann er nú stundum frekar þunnskipaður og liðfár hér í salnum, Framsfl., og sennilega nú eins og endranær því að ég sé engan einasta mann hér sem ... (**Gripið fram í:** Kristinn H.) Nú, Kristinn H. Gunnarsson er hér. Að vísu gleymir formaður flokksins stundum að telja hann með en við skulum taka það gilt. Kannski hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi fullt umboð formanns síns, Halldórs Ásgrímssonar, til að svara fyrir þetta mál. Ekki var það nú efnislega hér á dögunum en um málsmeðferðina hefði verið ástæða til að spyrja t.d. hæstv. heilbrrh., áhrifamann í Framsfl.: Styður Framsfl. það að svona sé staðið að verki, að þessi skollaleikur sé leikinn, að beðið sé með að senda lögin til Bessastaða þangað til þing hefur lokið störfum?

Ég endurtek að lokum þá kröfu mína að við fáum a.m.k. ótvíræð svör við spurningunni: Getur Alþingi ekki lokið störfum í öruggri vissu þess að dragi til óvæntra tíðinda verði það fyrsta verk hæstv. forsrh. að kalla það saman að nýju?

[16:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi að það væri auðvitað þingsins að taka af skarið. Þingið hefur tekið af skarið í þessu máli sem nú er dregið upp aftur hér við frestunartillögu viku eftir að það mál var rætt. Þingið tók af skarið og afgreiddi málið með sínum lögformlega meiri hluta. Þingið hefur tekið afstöðu og tekið af skarið í því máli.

Ef maður skoðar 60 ára sögu lýðveldisins segi ég að þó að stundarhávaði hafi verið búinn til um þetta mál er það ekki mál sem varðar þjóðina jafnmiklu og mörg önnur stórmál sem hér hafa verið afgreidd af þinginu, oft eftir harðar deilur og mikil átök bæði innan þings og utan. Auðvitað hafa þeir fjölmiðlar sem í hlut hafa átt gert mikinn hávaða. Sá hávaði endurspeglast ekki í þjóðfélaginu að mínu mati. Málið er ekki af neinni þeirri stærð að það sé boðlegt að vera með einhverjar getgátur gagnvart forseta Íslands í þeim sökum fyrst menn hafa ekkert frá honum sjálfum um það.

Ég mun ekki taka þátt í neinum getgátum, byggi hvorki svör mín né annað á slíku. Það eru ekki neinar forsendur fyrir þeim að mínu viti, engar forsendur varðandi stærð þess máls ef við tökum önnur mál sem hafa verið margfalt stærri og þýðingarmeiri fyrir afkomu og heill þjóðarinnar í bráð og lengd.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Því miður heldur forsrh. hér áfram uppteknum hætti, svarar ekki beinum og hreinum efnisspurningum sem fyrir hann eru lagðar og fer reyndar með útúrsnúninga.

Auðvitað er hæstv. forsrh. vel ljóst að við erum ekki að tala hér um þegar afgreitt lagafrv. sem slíkt efnislega. Við erum að tala um það hvað gæti gerst ef til óvæntra tíðinda drægi og forseti Íslands staðfesti lögin ekki með undirritun sinni heldur ákvæði að grípa til málskotsréttarheimildar stjórnarskrárinnar og vísa því til þjóðarinnar.

Síðan segist hæstv. forsrh. ekki ætla að fara að taka hér þátt í getgátum og vangaveltum sem séu ósæmilegar um það hvað forsetinn kunni að gera. Af hverju var þá hæstv. forsrh. að spandera heilli blaðagrein í opnu Morgunblaðsins? Á hverju byggði hæstv. forsrh. það? Hvert var þá tilefni þeirrar blaðagreinar? Af hverju var þá atkvæðaskýring hæstv. forsrh. við atkvæðagreiðslu um fjölmiðlafrumvarpið eins og raun bar vitni? Það sneri eingöngu að þessum þætti. Af hverju réðist þá hæstv. fjmrh. á forsetann og hafði nánast í hótunum við hann ef hann skyldi dirfast að grípa til þessa valds? Og af hverju kom hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson inn á sama stef í sinni ræðu?

Ekki höfum við, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, verið með vangaveltur um þetta í Morgunblaðinu né í atkvæðaskýringum okkar. Við höfum eingöngu spurt hér efnisspurninga sem ætti að vera einfalt fyrir hæstv. forsrh. að svara. Hvað er svona erfitt við það að svara t.d. einni spurningunni með einföldu jái, að það sé alveg á hreinu að fyrsta verk forsrh. verði að kveðja þingið saman dragi til óvæntra tíðinda af því tagi sem ég hélt að ég hefði útskýrt nógu rækilega fyrir forsrh. hver væru?

[16:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Atkvæðaskýring mín sneri ekki að neinu leyti að synjunarvaldi forseta Íslands. Í atkvæðaskýringu minni vitnaði ég í orð þáverandi hv. alþingismanns, Ólafs Ragnars Grímssonar, sem taldi afar þýðingarmikið af efnislegum ástæðum að setja lög sem hindruðu samþjöppun fjölmiðla. Ég minntist ekki einu orði í atkvæðaskýringu minni á synjunarvald eða slíka hluti.

Ég vitnaði í þennan fyrrverandi forustumann, þáverandi forustumann hv. þingmanns ef ég man rétt. Ég held að þeir hafi verið þá í sama flokki og sennilega hafa þeir verið sömu skoðunar en ég man ekki hvort þeir voru sprungnir þá þegar milli sín. Ég vitnaði í það efni og ég býst við því að hv. þingmaður hafi verið sama sinnis.

Nú fær hann reyndar ráð frá samþingmanni sínum, við skulum sjá hvað hann segir.

[16:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Já, frú forseti, það var sem sagt algerlega án nokkurra tengsla við núverandi stöðu Ólafs Ragnars Grímssonar. Það var þá hrein tilviljun að hæstv. forsrh. rakst á þessi snjöllu ummæli í ræðusafninu og ákvað að gera þau að sínum, fann engan betri leiðtoga lífs síns og rökvissari mann en Ólaf Ragnar Grímsson til að tala fyrir sína hönd (**Forsrh.:** Ég hefði getað ...) þegar hann gerði hér grein fyrir máli sínu. Það var algerlega óviðkomandi þeirri staðreynd að nefndur maður, Ólafur Ragnar Grímsson, sem, já, vissulega var með

mér í flokki lengi, (Gripið fram í.) situr nú á Bessastöðum og fer með hið umrædda vald sem auðvitað svífur hér undir og yfir og allt um kring.

Varaformaðurinn, hæstv. fjmrh., var þá a.m.k. notaður sem sendiboði því að hann kom beint að efninu nokkrum klukkustundum síðar í eldhúsdagsumræðum hér og svo fylgdi skyttuliði á eftir, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, og bætti um betur. Þegar þetta er allt lagt saman og blaðagrein hæstv. forsrh., sem var þó sannanlega um þennan málskotsrétt ... (**Forsrh.:** ... var lögfræðilegur ...) Vissulega lögfræðileg vangavelta, það skal viðurkennt og það er rétt að ég hef hvergi séð hæstv. forsrh. taka endanlega eða efnislega afstöðu beinlínis til réttarins persónulega enda finnst mér það í raun og veru ekki vera hlutverk hans frekar en okkar. Ég segi fyrir mitt leyti að ég hef ekki verið að úttala mig um það hvað mér finnist að forsetinn eigi að gera við þessar aðstæður og mun ekki gera.

Málið er samt þarna, þetta er opinber umræða, ekki teboð á Alþingi og við hljótum að ræða um hlutina eins og þeir eru.

Ég mótmæli því enn og aftur að hæstv. forsrh. skuli reyna endurtekið að snúa sig út úr því að svara hér ákaflega einfaldri spurningu: Er ekki alveg víst að hans fyrsta verk verður að kalla saman Alþingi ef dregur til óvæntra tíðinda? Ég ætla reyndar, frú forseti, að taka þögn sem samþykki. Mótmæli hæstv. forsrh. því ekki skal hann við drengskap sinn standa við það — gerist það — að kalla þingið saman.

[16:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á þessar umræður sem hér hafa farið fram, í reynd merkilegar. Það er mikilvægt að þingið taki þessi mál til umræðu því að um er að ræða stjórnskipun þjóðarinnar og miklu skiptir að menn séu með það á hreinu hvernig henni er háttað.

Það sem vekur kannski sérstaka athygli í þessari umræðu er hinn undirliggjandi ótti við það að þjóðin fái að segja skoðun sína. Hann birtist hér í ræðum. Það er kannski það skrýtna í þessu því að við þingmenn höfum umboðið frá þjóðinni. Það er ekkert óeðlilegt að þjóðin taki annað slagið afstöðu til mála sem afgreidd eru á Alþingi, einkanlega ef menn telja að gjá hafi orðið milli þings og þjóðar.

Hugmyndir um að forsetinn hafi ekki þennan málskotsrétt eru algerlega nýjar af nálinni. Í reynd hafa verið færð mjög hæpin rök, a.m.k. að mínu mati, fyrir því. Það var samt ekki tilefni þess að ég óskaði eftir því að fá að taka til máls heldur fyrst og fremst það að hæstv. forsrh. er spurður um hvað gerist ef forseti Íslands undirritar ekki lögin. Hann segir í viðtali í Viðskiptablaðinu, með leyfi forseta:

„Geri hann það ekki kæmi það líklega í minn hlut að kanna hvort hann hefði heimild til slíks.“

Það er þessi skoðun sem stjórnarandstaðan er ósammála, a.m.k. þeir sem hér hafa tjáð sig og sjálfsagt í heild sinni. Ég hef trú á því að það sé einnig hjá meirihlutaþingmönnum. Við teljum að þing eigi að kalla saman ef þessi staða kemur upp. Getgátunar hafa kannski orðið til vegna þess að hæstv. forsrh. hefur varpað þessu á loft. Hæstv. forsrh. hefur varpað því á loft að komi til þess að forseti Íslands undirriti ekki lögin komi til hans kasta að fjalla um það hvort slík heimild sé til staðar eða ekki. Þessari skoðun hafa hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson mótmælt hér harðlega, og því eðlilega lagt fram þá eðlilegu spurningu til hæstv. forsrh. hvort þing verði ekki kallað saman strax ef svo fer að forseti nýti sér málskotsréttinn. Það eru hin eðlilegu viðbrögð að þingið komi saman, setji lög um það hvernig þessi þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Við köllum eftir þessu, einkanlega í ljósi þess að ef svo gengur eftir, sem menn telja, að þinginu ljúki fljótlega gæti svo farið að þingið sæti ekki þegar ákvörðun væri tekin og almennir þingmenn hefðu þess vegna ekki tök á því að tjá sig, a.m.k. ekki hér í þingsölum, um þessi mál eða leggja fram tillögur eða hugmyndir um það hvernig þetta eigi að líta út.

Það er þetta, virðulegi forseti, sem ég vildi vekja athygli á og er algerlega ósammála því að þetta komi til skoðunar hjá hæstv. forsrh. að öðru leyti en því að kalla saman þing. Mér finnst þetta vera skýr afstaða stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu.

[16:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi að það virtist vera einhver ótti eða eitthvað þess háttar við þjóðaratkvæðagreiðslu sem réði einhverju um málatilbúnað minn. Nokkrum sinnum áður hefur komið upp umræða um að það ætti að skjóta málum með þessum hætti, þ.e. með því að beita synjun og fara gegn þinginu. Það hefur komið upp áður, sennilega heyrðist það hæst þegar EES-samningurinn var til umræðu. Þá fór fram í margar vikur alvöruundirskriftasöfnun þar sem menn skrifuðu sjálfir undir en ekki aðrir fyrir þá, meira að segja án þess að spyrja þá eins og maður hefur heyrt mörg dæmi um núna. (**LB:** Skrifa aðrir fyrir þá?) Aðrir fyrir þá, já, já, það var gert þannig. (**MÁ:** ... Pétur Blöndal? ... Hann gerði það sjálfur.) Það er sem sagt gert þannig.

Það var sem sagt alvöruundirskriftasöfnun þar sem menn skrifuðu sjálfir undir. Og þá man ég það, af því að ég var þá í ríkisstjórn, að Alþýðuflokkurinn, með hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Jóhönnu Sigurðardóttur innan borðs, var harður á móti því að slík þjóðaratkvæðagreiðsla eða synjun ætti að eiga sér stað. Nýverið var vitnað í leiðara Morgunblaðsins í orð formanns Alþýðuflokksins, Jóns Baldvins Hannibalssonar, um það efni sem voru mjög afdráttarlaus um það að forsetinn sem þá var væri að efna til stórstyrjaldar ef hann gerði það. Enginn hv. þm. Alþýðuflokksins mótmælti þeim sjónarmiðum þáverandi formanns Alþýðuflokksins sem voru mjög afgerandi og miklu meira afgerandi en ég hef nokkru sinni látið mér um munn fara í þessum efnum.

[16:14]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara hér í frekari söguumræðu um hvað hefur gerst fyrr á tíð. Það hefur heldur ekki til þess komið að heimildinni hafi verið beitt og því ástæðulaust að ræða það sérstaklega.

Ég vil hins vegar mótmæla því að ef svo færi að forsetinn skrifaði ekki undir væri hann að fara gegn þingræðinu. Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið. Lög öðlast ekki gildi fyrr en báðir þessir aðilar hafa tekið sinn þátt í lagasetningunni. Forseti Íslands hefur sjálfstæðan rétt til að taka þessa afstöðu þannig að hann fer ekki á þann hátt gegn þingræðinu. Alþingi og forseti fara saman með lagavaldið og þurfa bæði að klára sinn þátt til að lög öðlist gildi. Ef forseti telur rétt að vísa málum til þjóðarinnar taka lögin samt gildi. Það er ekki fyrr en niðurstaða er komin í þjóðaratkvæði sem endanleg niðurstaða fæst í þeim efnum.

Ég mótmæli því að þó að forsetinn tæki þessa ákvörðun — tæki hann hana hugsanlega — væri það á nokkurn hátt að taka ákvörðun gegn þingræðinu.

[16:15]

Útbýting þingskjala:

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu, 708. mál, svar heilbrrh., þskj. 1788.

Stjórn fiskveiða, 996. mál, brtt. GHj o.fl., þskj. 1827.

[16:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. hefur yfirgefið salinn. Ég óska eftir því að hann verði viðstaddur þessa umræðu um þá þáltill. sem hér er borin fram um frestun á fundum Alþingis. Ég hef spurningar fram að færa við hæstv. ráðherra þannig að ég get ekki haldið áfram máli mínu nema hæstv. ráðherra sé hér viðstaddur.

(**Forseti** (SP)**:** Ég geri ráð fyrir því, hv. þingmaður, að hæstv. forsrh. fylgist með þessari umræðu. Raunar gengur hann nú í salinn en ég vek jafnframt athygli á því að hann hefur verið viðstaddur þessa umræðu núna í allnokkurn tíma og tekið þátt í henni.)

Já, ég kem hér í ræðustólinn til þess að vekja athygli á því að við erum hér að ræða fyrsta málið, frestun á fundum Alþingis. Um það er ein umræða og væntanlega á að ganga hér fljótlega til atkvæða.

Ég treysti mér ekki til þess að greiða þessari tillögu atkvæði mitt nema hæstv. forsrh. svari þeim ítrekuðu spurningum sem hér hafa komið fram bæði frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Spurningin gekk út á það hvort hæstv. forsrh. mundi kalla þing saman strax ef svo færi að forseti þjóðarinnar undirritaði ekki fjölmiðlalögin. Þetta þarf að liggja fyrir áður en við göngum til atkvæða vegna þess að á því hefur t.d. verið vakin athygli að bráðabirgðalagavaldið vaknar og varla ætlar hæstv. forsrh. að setja bráðabirgðalög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu ef svo fer að forseti undirriti ekki lögin.

Ég treysti mér ekki til þess, virðulegi forseti, að greiða um þessa tillögu atkvæði nema fá skýr svör við þessu. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. láti af þeim hætti sínum að svara ekki ítrekuðum spurningum um þetta efni. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bar hana a.m.k. þrisvar upp og hv. þm. Össur Skarphéðinsson tvisvar.

Þess vegna óska ég þess, virðulegi forseti, að ef hæstv. ráðherra kýs að halda áfram uppteknum hætti og svara ekki spurningunni verði umræðunni frestað og a.m.k. fari atkvæðagreiðslan á þessu fyrsta dagskrármáli ekki fram fyrr en þetta liggur skýrt fyrir og við sjáum þá frekar fyrir endann á þingstörfunum.

[16:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt, margoft, og notað mér þar málfrelsi mitt sem ég hlýt að ráða yfir að ég andmæli því og neita að byggja einhver svör hér á getsökum af þessu tagi í garð forseta Íslands. Mér finnst það algjörlega fyrir neðan allar hellur og mun ekki taka þátt í því. Ég hef margoft svarað þeirri spurningu þannig. Svar mitt liggur algjörlega fyrir.

[16:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)***:**

Hér eru engar getsakir á ferðinni, hæstv. forseti, heldur er þetta bara bein spurning til hæstv. forsrh. Spurningin varðar framhaldið ef svo færi að forseti nýtti málskotsréttinn. Það hefur ítrekað komið hér fram og verið vitnað bæði til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að þeir hafa talað um þetta mál. Hafa þeir þá verið með getsakir um þetta efni?

Hæstv. forsrh. verður að skilja það að þegar við erum hér með atkvæði okkar að veita heimild til frestunar á fundum Alþingis hljótum við að vilja vita hvort hæstv. forsrh. muni kalla þing saman ef svo fer að forsetinn undirriti ekki þessi umræddu lög.

Ég minnist þess, og hef ég setið nokkurn tíma á þingi, að forsætisráðherrar hafa verið spurðir um það undir þessum dagskrárlið, frestun á fundum Alþingis, hvort þeir ætli að beita bráðabirgðalagaákvæðum við tilteknar aðstæður o.s.frv. Því hefur yfirleitt verið greiðlega svarað af hálfu forsrh.

Ef ætlunin er að ganga núna til atkvæða um þessa tillögu finnst mér að hæstv. forsrh. skuldi okkur þessi svör. Annað vekur bara tortryggni um það að hæstv. forsrh. ætli að beita bráðabirgðalagavaldinu um framkvæmd á þjóðaratkvæðagreiðslu ef svo fer að forseti undirriti ekki lögin.

Ég fer fram á það að fá skýr svör við þessu. Ef ekki þá ítreka ég ósk mína til hæstv. forseta um að atkvæðagreiðslan fari ekki fram um þennan fyrsta dagskrárlið fyrr en þetta liggur klárt fyrir. Reyndar er eðlilegast og ég fer fram á það að þessari umræðu verði frestað þar til við fáum skýrari svör en forsrh. gefur okkur.

[16:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Forsætisráðherrar hafa nokkrum sinnum verið spurðir þvílíkra spurninga þegar þingið hefur farið í jólafrí. Ég minnist þess aldrei að spurt hafi verið slíkra spurninga við lok þingsins. Spurningarnar hafa jafnan verið á þá lund — ég hef a.m.k. nokkrum sinnum svarað þess háttar spurningum — hvort viðkomandi forsrh. hafi í hyggju á því augnabliki að setja einhver bráðabirgðalög eða standa fyrir því að bráðabirgðalög yrðu sett meðan á jólaleyfi þingmanna stæði. Þá hefur því verið svarað efnislega að engin slík ráðagerð væri í höfði forsrh. á þeim tíma. En það hefur aldrei verið sagt eða lýst yfir að forsrh. afsalaði sér eða ríkisstjórn sinni bráðabirgðalagavaldinu. Það er ekki aðeins réttur, það er einnig skylda, þannig að það hefur aldrei komið til þess svo ég muni til að menn hafi verið með þess háttar spurningar í lok þings eftir vetrarstarf, aldrei komið til þess.

Ég segi aftur að ég tel að þetta séu óeðlilegar getgátur í garð forsetans vegna þess að enginn forseti lýðveldisins hefur ákveðið slíkt. Ég vitna sérstaklega í orð frú Vigdísar Finnbogadóttur sem sagði að þannig hefði forsetavaldið þróast að forsetarnir hefðu jafnan ákveðið að ganga ekki gegn þinginu. Þannig orðaði hún það efnislega. Enginn forseti hefur gert þetta og ég geri ekki ráð fyrir því fyrir fram að einhver forseti sé nú uppi í starfi eða verði það í framtíðinni sem hafi slíkar ráðagerðir í hyggju, ég tala nú ekki um þegar svo lítið mál er að vöxtum miðað við önnur stærri mál þjóðfélagsins eins og hér hefur verið um rætt.

[16:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég fylgdist vel með málinu um Evrópska efnahagssvæðið á þinginu sem áhugamaður um stjórnmál og sérstakur áhugamaður um Evrópska efnahagssvæðið. Þau sem hæstv. forsrh. vitnar til hér, Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanrrh., og Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands, kunna að hafa sagt sitthvað um það mál en hvorugt þeirra efaðist um að málskotsrétturinn væri til eða

að það mætti beita honum. Ef hæstv. forsrh. hefur aðrar heimildir en ég um þetta bið ég hann um að koma með þær og hafa þær þá skjalfestar og ekki eftir minni, eins og hann hefur vitnað að öðru leyti.

Ég er ekki svo hugumstór, forseti, að ég haldi að forsrh. svari mér frekar en öðrum í þessari umræðu um þá hluti sem spurt hefur verið um. Ég vil samt í tilefni hennar spyrja forsrh. um annan hlut af því að ég er aðeins leikmaður í lögum og stjórnskipunarmálum en þar er hæstv. forsrh. ákaflega lærður, svo lærður að hann getur fellt dóma um rök einstakra manna með og á móti, þ.e. mikilla lögspekinga í háskólum og annars staðar þar sem þau fræði eru stunduð, með og á móti tilteknum álitamálum sem kölluð eru, eða hlutum sem gerðir eru að álitamálum sem síðan þarf að skera úr um.

Það vekur athygli mína að hæstv. forsrh. talar t.d. hér um 100 ára þingræðisreglu. Ég þekki orðið „þingræði" ekki í þeim skilningi sem hann virðist nota það í hér, þ.e. að stjórnarfyrirkomulag í ríki sé lýðræði með þingskipulagi, þingi sem fólkið kýs með tilteknum hætti og setur lög, þá gagnstætt annarri lýðræðislegri skipan þar sem lög ganga út af öðrum aðila en þinginu. Slíkt má hugsa sér þó að ég þekki það ekki sjálfur eða ekkert slíkt komi upp í hugann í bili. Ég þekki þingræði einungis í þeirri merkingu sem tíunduð er í Íslenskri orðabók. Ég veit að hún er reyndar ekki lögfræðigagn. Ég er hér með 2. útgáfuna frá 1983, því miður er 3. útgáfan ekki til á handhægum stað í þinginu, ég biðst afsökunar á því, en ég hygg að ekki hafi mikið breyst milli þessara útgáfna um þetta.

Þingræði er í orðabókinni skýrt svona, með leyfi forseta:

„Stjórnarfyrirkomulag sem gerir ráðherra ábyrga fyrir þjóðþingi; sú venja að ríkisstjórn styðjist við meirihluta þingmanna og fari frá völdum þegar meirihlutinn bregst."

Þetta er vissulega 100 ára gömul venja á Íslandi. Hún er að vísu ekki fest í stjórnarskrá en hún hefur tíðkast hér síðan árið 1904 þegar við fengum íslenskan ráðherra. Þá skapaðist sú fasta venja að ráðherra, og ríkisstjórn þar á eftir, situr ekki gegn vilja Alþingis. Það er einmitt þessi þingræðisregla, sú regla að þingið setur ríkisstjórn af, ríkisstjórn fer frá ef hún nýtur ekki trausts meiri hluta Alþingis, sem í raun og veru mælir að mínu viti gegn þeirri túlkun sem Þór Vilhjálmsson hefur gefið kost á í eins konar lögfræðilegum loftfimleikum sem ég sé ekki að geti verið festir við jörðu vegna þess ósköp einfaldlega að við lifum við þessa þingræðisreglu með góðu eða illu. Þess vegna er það þannig að ef maður ætti að taka túlkun Þórs og fleiri sem nefndir hafa verið, þar á meðal Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, hins mikla lögspekings í háskólanum, gilda væri hugsanlegt að þingið samþykkti lög sem ríkisstjórnin væri svo mikið á móti að hún vildi setja þau í sérstaka þjóðaratkvæðagreiðslu. Slíkur klofningur á milli þings og ríkisstjórnar sem styðst við meiri hluta í þinginu er nánast óhugsanlegur og er þá eingöngu um óeðlilegt bráðabirgðaástand að ræða.

Ef menn hugsa út í þennan gang mála hygg ég að þeir þurfi ekki að vera lögfræðingar til að sjá það að þetta gengur ósköp einfaldlega ekki og að þingið væri búið að setja slíka stjórn af, búið að lýsa á hana vantrausti, annaðhvort með formlegum hætti eða þá að það væri augljóst að hún nyti ekki trausts, þannig að ég efast um að ríkisstjórn, meirihlutastjórn eða minnihlutastjórn, gæti lifað áfram við slíkar aðstæður og alveg fráleitt að hún ætti þann kost að senda slíkt mál til þjóðarinnar.

Í kerfi þar sem forseti fer með löggjafarvaldið ásamt þinginu, eins og hér er um að ræða, er hins vegar eðlilegt að forsetinn hafi einhvers konar rétt, málskotsrétt, eins og hann hefur hér vegna þess að gjáin getur myndast á milli meiri hluta þingsins og ríkisstjórnarinnar annars vegar og þjóðarinnar hins vegar.

Menn þekkja þetta. Það er ekki þingræði í ýmsum lýðræðislöndum. Þingræði er ekki samheiti við lýðræði. Við þekkjum það t.d. í elsta lýðræðisríki veraldar, Bandaríkjum Vesturheims, að þar er lýðræði sem enginn efast um þótt menn kunni að gagnrýna það upp og niður og fram og aftur. Ég hygg að stofnanir þess hafi staðist nokkuð vel á margan hátt en þar er einmitt ekki þingræði. Þingið setur vissulega lög en ræður ekki ríkisstjórninni. Það gerir forseti. Forseti þar hefur einmitt vald sem ekki er málskotsréttur heldur beint synjunarvald, hann getur neitað þinginu staðfestingar laga, neitað lögum staðfestingar í kerfi sem gengur á allt annan hátt fyrir sig en hér.

Þetta vil ég gjarnan að hinn lærði hæstv. forsrh. svari okkur um vegna þess að ég tel að það sé umræðunni til gagns að menn fari nákvæmlega og varlega með þau hugtök sem þeir nota.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]

Till. samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

nei: BjörgvS, BH, JóhS, KolH, MÁ.

16 þm. (AKG, EMS, GAK, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁF, ÁRJ, EOK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, MF) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mér þykir nú nokkuð miður að geta ekki stutt þessa þingfrestunartillögu sem auðvitað er venjan að menn geri hér ef þingið er að ljúka störfum með eðlilegum hætti og allt er samkvæmt venjum. Því miður hefur hæstv. forsrh. algerlega komið sér undan því að gefa svör við réttmætum, rökstuddum og eðlilegum spurningum sem hér hafa verið upp bornar af okkur, forustumönnum stjórnarandstöðunnar. Það er mjög sérkennilegt, satt best að segja, að hæstv. forsrh. skuli bregðast þannig við.

Ég sé ekki efni til að greiða atkvæði gegn tillögunni í ljósi þess að út af fyrir sig eru aðstæður slíkar að þinghaldinu getur lokið hér með eðlilegum hætti innan fárra sólarhringa. Ég geri það líka í trausti þess að hæstv. forsrh. mótmælti ekki þeirri túlkun minni að ég mætti taka þögn hans sem samþykki við þeirri spurningu að drægi til óvæntra tíðinda í stjórnmálum landsins á næstu dögum eftir að þing yrði farið heim yrði það eitt hans fyrsta verk að kalla þingið saman.

[16:33]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það dregur nú að lokum þessa þings og þingfrestun er í augsýn, búið að semja um flest mál. Við höfum við þessar sérkennilegu aðstæður varpað fram tveimur mikilvægum spurningum til hæstv. forsrh.

Fyrri spurningin var hvenær hann hygðist ljúka í reynd verki Alþingis sem samþykkti hér umdeild lög um fjölmiðla og senda þau til forseta til staðfestingar eða synjunar. Hæstv. forsrh. hefur þrátt fyrir þráspurningar ekki veitt nein svör.

Í öðru lagi var spurt hvort hæstv. forsrh. mundi ekki í anda þeirra lýðræðislegu reglna sem við búum við hér á landi þegar í stað sjá til þess að kvatt yrði saman þing ef hlutir fara með þeim hætti sem við höfum hér verið að reifa sem möguleika. Hæstv. forsrh. treysti sér ekki til þess að svara því játandi.

Við þær aðstæður getur Samf. ekki stutt þessa þáltill. og mun eftir atvikum sitja hjá.

[16:34]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Við þá umræðu sem fram fór hér síðustu klukkustundina eða svo um tillögu um þingfrestun komu ítrekað fram spurningar frá forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna og fleiri þingmönnum okkar flokka um það hvenær hæstv. forsrh. mundi senda forseta lögin til undirritunar og hvort hann mundi ekki alveg örugglega kalla þing saman um leið og ljóst væri hvort forseti mundi hafna því að undirrita lögin og senda þau fyrir þjóðaratkvæði.

Þar sem forsrh. svaraði hvorugri þessara spurninga get ég ekki greitt þessari tillögu atkvæði mitt og segi því nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1832).

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 871. mál (rannsóknargögn, símhlerun o.fl.). — Þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663.

[16:36]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila á sinn fund til að ræða efni frumvarpsins og gerir á sérstöku þingskjali tillögur til breytinga á frumvarpinu, m.a. í tilefni af þeim umsögnum og þeim ábendingum sem nefndinni bárust við meðferð málsins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Þær helstu varða aðgang verjanda að gögnum og heimild lögreglu til að synja hans og heimild handhafa ákæruvalds til að taka ákvörðun um símhlerun. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að tekin verði upp í lögin ákvæði um vitnavernd lögreglumanna og heimild rannsóknara til handa til að taka framburð sakborninga og vitna upp á hljóðband, myndband eða mynddisk.

Meiri hlutinn leggur til og telur eðlilegt að lögfest verði ákvæði um vitnavernd lögreglumanna en nokkur brögð hafa verið að því að lögreglumenn og fjölskyldur þeirra hafi sætt hótunum af hálfu sakborninga í opinberum málum. Sama gildir um almenna heimild til þess að taka upp framburð á hljóðband, myndband eða mynddisk og telur meiri hluti nefndarinnar að þessi breyting treysti réttaröryggi þess sem sætir yfirheyrslu hjá lögreglu.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn máls að gögn eða upplýsingar komist til vitundar sakbornings. Slíka synjun megi bera undir dómara. Í núgildandi lögum er að finna sambærilega heimild sem þó er tímabundin þannig að slík synjun getur einungis varað í eina viku. Þann frest getur dómari síðan framlengt í allt að þrjár vikur samkvæmt núgildandi lögum. Í 4. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að sú framlengingarheimild dómara verði felld brott með hliðsjón af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði í 1. gr. þess.

Þetta atriði frumvarpsins fékk töluvert mikla umræðu í nefndinni og til hennar komu fjölmargir sérfróðir aðilar. Þetta er meðal þeirra atriða sem fengu hvað mesta athygli í nefndinni. Eins og fram kemur í frumvarpinu hefur sú leið sem það gerir ráð fyrir verið farin annars staðar. Eins og segir í nefndaráliti meiri hlutans telur hann mjög gild rök fyrir þeirri leið sem valin var í frumvarpinu. Hins vegar varð niðurstaðan sú að leggja til að fylgt yrði tillögum úr umsögn réttarfarsnefndar að höfðu góðu samráði við dómsmálaráðuneytið þannig að litið er svo á að markmiðum 1. og 4. gr. frumvarpsins megi ná með vægara móti. Því er lagt til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að lögregla hafi einungis heimild til að neita verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur. Þá verði lögreglu einnig heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur en slíka synjun megi bera undir dómara. Meiri hluti nefndarinnar telur jafnframt rétt að bæta við ákvæði þess efnis að þegar verjandi hafi fengið afhent endurrit af skjölum máls sé honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti. Þessi síðastnefnda regla hefur áður verið í lögum um meðferð opinberra mála og er gerð tillaga hér um að hún verði aftur tekin upp. Loks leggur meiri hlutinn til að 4. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að dómara verði veitt heimild til að framlengja þriggja vikna frestinn sem áður er getið um í allt að fimm vikur og það verði þá einkum í tengslum við yfirheyrslur eins og viðkomandi grein gerir ráð fyrir.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að handhafa ákæruvalds verði veitt heimild til að ákveða að hlerunaraðgerðir hefjist án dómsúrskurðar að því tilskildu að brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Um þetta er hið sama að segja og um fyrra atriðið, þ.e. að hér er fylgt fordæmi sem menn þekkja annars staðar frá. Þetta atriði fékk jafnframt töluvert mikla umfjöllun í nefndinni. Með sama hætti og gildir um aðgang að gögnum varð það niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að fara að tillögum réttarfarsnefndar þannig að haldið verði í þá meginreglu að ávallt þurfi dómsúrskurður að koma til en sú breyting er jafnframt gerð á þessu atriði að úrskurðurinn mun varða þá tiltekinn einstakling og þá síma sem hann er skráður fyrir eða hefur aðgang að. Ég tel að í sjálfu sér megi velta því fyrir sér hvort þessi leið veitir lögreglunni frjálsari hendur en sú sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Ég held að reyndar séu gild rök til þess en hér er sem sagt lagt til að haldið verði í þá meginreglu að dómsúrskurður þurfi að vera undanfari hlerunar í öllum tilvikum.

Að öðru leyti ætla ég að leyfa mér að vísa bara í nefndarálitið. Nokkrar fleiri breytingar voru gerðar á frumvarpinu. Þær liggja hér frammi á þingskjali 1663 og er um þær fjallað í nefndarálitinu þannig að ég leyfi mér að vísa til þess.

[16:43]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta allshn. á þskj. 1682. Á því nál. eru auk mín hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Sigurjón Þórðarson. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk því áliti sem hér er lagt fram.

Ég vil byrja á að segja það, virðulegi forseti, að það frv. sem hér er til umræðu vakti óhemju viðbrögð, ég vil segja í samfélaginu, vegna þeirra skilaboða sem í því fólust í sinni upphaflegu mynd. Ég vil segja það strax í upphafi hv. meiri hluta allshn. til hróss að sem betur fer var við meðferð málsins að miklu leyti tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem komu fram. Ég hef sjaldan séð það gerast sem gerðist í þessu máli að nánast hver einasti umsagnaraðili lagðist mjög harkalega gegn frv. og þá er ég fyrst og síðast að tala um annars vegar 1. og 4. gr. frv., heimild til að halda gögnum frá verjanda, og hins vegar um 6. gr. sem fólst í því að heimilaðar yrðu símhleranir án dómsúrskurðar í hinni upprunalegu mynd frv.

Minni hlutinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við aðrar greinar frv., þ.e. þær sem lúta að vitnaverndinni, heldur eru það fyrst og síðast þessi tvö ákvæði, annars vegar heimild til að halda gögnum frá verjanda og hins vegar ákvæði um símhleranir. Hann gerir þær með tilliti til þess hvernig frv. kom fram í upphafi og við teljum mjög ámælisverð þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í hæstv. dómsmrn. við undirbúning þessa máls.

Fyrir það fyrsta er hér verið að gera breytingar á ákvæðum réttarfarslaga, ákvæðum sem snerta annars vegar persónuvernd og friðhelgi einkalífs, þegar símhleranirnar eru annars vegar, og hins vegar snerta þau ákvæði um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, þegar við erum að fjalla um heimild til að halda gögnum frá verjanda vegna óska lögreglu.

Þetta frv. er eigi að síður lagt fram án þess að réttarfarsnefnd sé falið að semja það. Það er mjög sérstakt, virðulegi forseti, og mjög undarlegt að það skuli vera gert, sérstaklega í ljósi þess sem kom fram í hv. allshn., að réttarfarsnefnd er að vinna að heildarendurskoðun réttarfarslaga eða laga um meðferð opinberra mála og hyggst ljúka þeirri endurskoðun í haust. Þess vegna er algjörlega óskiljanlegt, virðulegi forseti, að ástæða skuli vera talin til þess af hálfu dómsmrh. að leggja fram þetta frv. án þess að hafa samráð við réttarfarsnefnd. Ég vil vekja athygli á því að í réttarfarsnefnd sitja okkar helstu og færustu sérfræðingar á sviði réttarfarsmála, þeir sem sitja í þeirri nefnd þekkja best til í þeim efnum enda hefur hún það hlutverk að vera stjórnvöldum til aðstoðar við réttarfarsleg málefni og hún hefur haft það hlutverk, a.m.k. hingað til, að semja lög þegar verið er að gera breytingar á réttarfarslögum.

Hins vegar kom fram í hv. allshn. að sá eini af umsagnaraðilunum sem dómsmrn. hafði samráð við var ríkislögreglustjóri. Þetta mál er í upphafi sniðið að þeim hugmyndum sem koma frá ríkislögreglustjóra og eru í raun og veru eðlilegar kröfur af hálfu þess embættis í ljósi þess að að sjálfsögðu vill ríkislögreglustjóri hafa sem opnastar heimildir til þess að geta hlerað síma fólks. Að sjálfsögðu hefur enginn það að markmiði að misnota slíka heimild, mér dytti aldrei í hug að bera það neinum á brýn. Eigi að síður, virðulegur forseti, hefur sagan sýnt að það er skynsamlegra að setja slíkum heimildum mörk auk þess sem okkur ber skylda til að setja þau mörk samkvæmt þeim mannréttindasáttmálum sem við höfum skuldbundist til að fylgja.

Eins og heimildin til að halda gögnum frá verjanda er lögð fram í upphafi á hún að vera ótímabundin. Það þurfti ekki mikla yfirlegu yfir þeirri grein til að sjá að hún gæti aldrei staðist 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þarna er um að ræða frávik frá þeirri jafnræðisreglu sem að jafnaði gildir á milli málsaðila, sækjanda og verjanda, og þarna er um að ræða heimild til fráviks frá þeirri jafnræðisreglu. Þetta var mjög lítið rökstutt og minni hlutinn telur rétt að draga það fram í áliti sínu að það er mjög óæskilegt að frá dómsmrn. komi frv. um jafnviðamikla breytingu án þess að henni fylgi nánast nokkur einasti rökstuðningur.

Hvað segir um þetta í athugasemdum með ákvæðinu?

Þar segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Hér er lögð til breyting á aðgangi verjanda að gögnum máls þannig að lögreglu sé heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að neita sakborningi um slíkan aðgang. Lögregla metur þetta með tilliti til rannsóknarhagsmuna hverju sinni og hefur hún til þess nokkurt svigrúm.“

Virðulegur forseti. Auðvitað gengur ekki að setja svona nokkuð fram. Satt best að segja undrar mig að frá dómsmrn. skuli koma frv. sem er ekki með meiri rökstuðning fyrir jafnviðamikilli breytingu og þetta ákvæði var í upphafi.

Það má nánast segja að uppreisn hafi orðið innan lögfræðingasamfélagsins, mjög hávær mótmæli voru í öllum umsögnum sem komu fram og þar fór réttarfarsnefnd fremst í flokki, dómstólaráð, laganefnd Lögmannafélagsins o.s.frv. Allar voru þessar umsagnir á þann veg að svona gengi ekki. Þess vegna enn og aftur, virðulegur forseti, hlýtur maður að velta því fyrir sér hvar hæstv. dómsmrh. hafi leitað lögfræðilegrar ráðgjafar með þessar hugmyndir sínar. Þeir aðilar virðast a.m.k. vandfundnir sem gátu réttlætt þessar hugmyndir eins og þær komu fram í upphafi. Sem betur fer voru fulltrúar meiri hluti allshn. á sömu skoðun. Þeir fengu greinilega dómsmrh. ofan af þessum áformum sínum sem betur fer, að mestu leyti.

Það er líka rétt að taka fram að þrátt fyrir að heimildinni til að halda gögnum frá verjanda hafi verið breytt til bóta í meðförum nefndarinnar — þar er lagt til að eingöngu sé um að ræða tímabundið frávik frá þessari meginreglu um jafnræði málsaðila þannig að það sé heimilt að halda gögnum frá verjanda í tiltekinn tíma, annars vegar þrjár eða allt upp í fimm vikur, sem er allt annað mál en það að hafa slíka heimild ótímabundna — er líka að finna í brtt. meiri hlutans þrengingu á rétti verjanda til að fá endurrit af einstökum skjölum á meðan á rannsókn máls stendur. Samkvæmt brtt. meiri hlutans getur lögregla neitað verjanda um endurrit á einstökum skjölum ótímabundið, eftir því sem okkur skildist í hv. allshn. þegar við spurðum meiri hlutann að því hvernig bæri að skilja ákvæðið. Þetta er ekki hægt samkvæmt gildandi lögum og þarna er þar af leiðandi um þrengingu að ræða.

Ég hefði talið eðlilegt, virðulegur forseti, að þetta tiltekna ákvæði hefði fengið meiri umfjöllun í nefndinni. Það fékk ekki mikla umfjöllun. Þegar þessar tillögur voru kynntar var spurt út í þetta, hvort þetta þýddi þrengingu hvað varðaði afhendingu endurrita og því var svarað játandi en í raun og veru var ekki kafað ítarlega ofan í þennan þátt málsins. Án þess að ég ætli að fullyrða hér og nú að þetta sé í raun og veru óæskilegt nákvæmlega í þeirri mynd sem það er hefði ég talið að við hefðum þurft að skoða þetta mál betur. Það er einfaldlega mjög mikilvægt að réttarfarslög fái góða umfjöllun og að farið sé yfir allar breytingar af okkar færustu

sérfræðingum á því sviði. Annað er í raun og veru ekki verjandi, og engin ástæða til að hafa þannig, virðulegur forseti. Þetta er t.d. eitt sem hefði verið mjög mikilvægt að skoða betur. Ég treysti mér ekki til að styðja málið þrátt fyrir að það hafi horft til verulegra bóta í meðförum nefndarinnar, m.a. vegna þess að ég veit ekki nákvæmlega hvað þessi breyting þýðir og hvort hún stenst auk þess sem minni hlutinn telur að það sé ekki rétt af hálfu dómsmrh. að leggja fram frv. án þess að farið sé vandlega yfir það af okkar færustu sérfræðingum eins og hér hefur verið sagt áður.

Varðandi heimildina til símhlerana án dómsúrskurðar, eins og hún var lögð fram í upphafi, fékk hún álíka viðbrögð og kannski fékk hún mestu viðbrögðin. Umsagnirnar sem bárust nefndinni voru nánast einróma þar sem því var mótmælt mjög harðlega að verið væri að stíga yfir þann þröskuld að heimila símhleranir án dómsúrskurðar. Rökin fyrir þessari breytingu í frv. voru heldur ekki mjög ítarlega ígrunduð, verð ég að segja, virðulegur forseti, a.m.k. ekki ítarlega sett fram. Þau voru eitthvað í þá veru að með tilkomu nýrrar tækni og GSM-símanotkunar væri auðveldara að hlera síma en oft áður og væri nokkuð um að það væri gert þegar um væri að ræða grun um brot. Vegna þess hversu oft væri hægt að skipta um síma og brotamenn skiptu svo oft um síma gerði það lögreglunni erfitt um vik, eitthvað svoleiðis. Jú, jú, þetta eru allt saman skiljanlegar ástæður af hálfu lögreglu en hæstv. dómsmrh. ber skylda til þess að tryggja að heimildir lögreglu falli innan t.d. mannréttindasáttmála Evrópu og að þær gangi ekki það nærri friðhelgi einkalífs að of langt sé gengið.

Virðulegur forseti. Þessu ákvæði var mótmælt mjög harðlega, líka af réttarfarsnefnd, Persónuvernd og laganefnd Lögmannafélagsins og fleirum. Ég held að þetta ákvæði hafi fengið tiltölulega farsæla lendingu af hálfu nefndarinnar þar sem haldið er í það grundvallaratriði að ekki séu heimilaðar símhleranir án dómsúrskurðar en í staðinn sé hægt að binda þá heimild við einstaklinga en ekki við símtæki. Ég held að þannig megi koma til móts við þessar þarfir lögreglu án þess að skerða friðhelgi einkalífsins um of.

Ég undra mig á því, virðulegi forseti, að farið hafi verið af stað í þessa vegferð í upphafi, satt best að segja. Mjög ítarlega var farið yfir það í hv. allshn. hvaða tíma við værum raunverulega að tala um þegar leitað væri eftir dómsúrskurði. Svörin voru á þá leið að yfirleitt fengist slíkur úrskurður innan klukkustundar frá því að hans er óskað, það sé sólarhringsvakt af hálfu dómstólanna til að vinna í slíkum málum. Þó að vissulega sé skiljanlegt að lögreglan þurfi oft að hafa hraðar hendur hefði maður ekki haldið að slík töf væri algerlega óásættanleg fyrir vinnuumhverfi lögreglu.

Ég fagna því að meiri hlutinn hafi náð að koma vitinu fyrir hæstv. dómsmrh. og koma honum í skilning um það að svona lagað getur ekki gengið, maður gengur ekki yfir svona grundvallarprinsipp eins og þetta varðandi heimild til símhlerana. Lendingin sem fannst var eins og hér var getið af hv. framsögumanni og formanni allshn. að tillögu réttarfarsnefndar og ég held að hún ætti að geta leyst þau vandamál sem uppi kunna að vera út af þessu.

Enn og aftur, virðulegur forseti, ég held að það hefði mátt spara heilmikið í vinnu þessa máls ef hæstv. dómsmrh. hefði í upphafi leitað til réttarfarsnefndar. Þegar upp er staðið er það hún sem leggur línurnar í þeirri leið sem farin er og ég held að hæstv. dómsmrh. hljóti að læra af því að það kannski borgi sig að leita til bestu sérfræðinga á hverju sviði áður en farið er af stað með frumvörp af þessu tagi.

Það vekur hins vegar furðu mína, virðulegur forseti, og ég verð að geta þess hér, að báðir þingflokkar ríkisstjórnarflokkanna, bæði þingflokkur Sjálfstfl. og Framsfl., hafi samþykkt frv. í þeirri mynd sem það var í í upphafi. Ég veit a.m.k. ekki betur en vel kann að vera að menn eigi eftir að greina frá því að mótmæli hafi komið fram í þessum flokkum. Ég undrast það ef það hefur farið í gegnum þingflokka þar sem sitja 34 hv. þm. án þess að nokkur hafi áttað sig á því að þetta mál gæti aldrei staðist í þeirri mynd sem það var í.

Virðulegur forseti. Meðal annars vegna þess hvernig frv. var unnið í upphafi og vegna þess sem út af stendur og nefnt var hér í framsögu minni mun minni hlutinn ekki styðja frv. í heild sinni þegar það kemur til afgreiðslu í þinginu. Ekki var haft samráð við lykilaðila og sérfræðinga. Enn fremur er málið illa rökstutt og sett fram og því mótmælum við þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í dómsmrn. hvað þetta varðar. Eins og ég benti á er líka verið að þrengja m.a. rétt verjenda til að fá endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Þrátt fyrir góða viðleitni hjá meiri hluta hv. allshn. mun minni hlutinn ekki treysta sér til að styðja málið.

Ég get líka sagt það hér að hefðu þessar breytingar ekki verið gerðar er nokkuð öruggt að sú sem hér stendur hefði ýtt á rauða takkann í þessu máli. Það gaf fullt tilefni til þess.

[16:58]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að bregðast við orðum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur.

Í umræddu frv. er þeim reglum fylgt sem gilda á Norðurlöndunum, bæði um heimildina til hlerunar — við sjáum sambærileg ákvæði í dönsku og norsku lögunum — og um aðganginn að skjölum þar sem farnar eru mjög sambærilegar leiðir í þessu frv. og við sjáum á Norðurlöndunum. Mjög gild rök hafa komið fram fyrir þeirri leið sem frv. gerði ráð fyrir.

Síðan er hitt að þær breytingar sem gerðar voru á frv. voru gerðar að höfðu mjög góðu samráði við dómsmrn. og þær taka mið af tillögum réttarfarsnefndar þannig að mér þykir alveg með ólíkindum hversu mikið er gert úr því hvernig frv. kom fram í upphafi. Ég held að það hafi einmitt komið í ljós í ræðu hv. þingmanns að minni hlutinn er fyrst og fremst að mótmæla einhverjum vinnubrögðum í dómsmrn. Ef ekki er verið að mótmæla einhverjum vinnubrögðum í dómsmrn. í málum er verið að finna að því að mál hafi ekki fengið nægilega góða umfjöllun í nefndinni þannig að það er bara stokkið á eitthvað til þess að vera á móti. (Gripið fram í.)

Þetta mál fékk mjög vandaða umfjöllun í nefndinni. Við fengum umsagnir frá fjölmörgum aðilum og ég tel að staðreyndin sé sú að um frv. í þeirri mynd sem það kemur núna frá meiri hluta allshn. aftur inn á þingið eigi að geta náðst mjög víðtæk sátt. Það eru engin efni til þess að vera að deila um þau atriði sem hér er verið að færa til betri vegar í lögum um meðferð opinberra mála.

[17:00]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Frumvarpið í þeirri mynd sem það kom í upphafi var ekki til þess að færa til betri vegar reglur

um meðferð opinberra mála. Ef svo hefði verið, virðulegur forseti, hefði væntanlega meiri hlutinn haldið sig við þær tillögur sem komu frá hæstv. dómsmrh. í upphafi. Þeim var öllum snúið á haus, öllum þessum stóru tillögum, og það þarf ekkert sérstakt hugmyndaflug hjá minni hlutanum í hv. allshn. til að sjá ástæðu til þess að fara gegn þeim hugmyndum sem komu fram í upprunalega frumvarpinu.

Ég held hins vegar, virðulegur forseti, að hv. þm. Bjarni Benediktsson sé sammála mér í því að almennt eigi að vanda vel til lagasetningar, það eigi að rökstyðja vel breytingar ef þær eru verulegar og sérstaklega þegar við erum að tala um slík mál sem við erum að tala um hér, um meðferð máls fyrir dómi. Það eru varla svo hápólitísk rök fyrir því að kasta þurfi til höndunum með slík mál. Þetta eru fyrst og fremst mál sem þurfa að vera vel undirbúin af okkar færustu sérfræðingum. Það er sú krafa sem við gerum í minni hlutanum, að þegar verið sé að gera breytingar á slíkum lögum eigi að vanda þar vel til og leita til okkar færustu sérfræðinga.

Bara enn og aftur, virðulegur forseti, ef þær tillögur sem birtust í upphafi, símhleranir án dómsúrskurðar og að halda gögnum frá verjanda ótímabundið, eru í samræmi við það sem gerist almennt á Norðurlöndunum og ef það eru almennt séð góðar hugmyndir, af hverju í ósköpunum hvarf þá meiri hluti allshn. frá þeim hugmyndum og lagði til einhverja aðra leið? Auðvitað vegna þess að menn sáu að þetta stóðst ekki. Þá gildir einu hvað er annars staðar á Norðurlöndunum, virðulegur forseti, menn verða að rökstyðja breytingar á lögum sem koma fyrir þjóðþing Íslendinga.

[17:02]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta mál hafi fengið mjög gagnlega umræðu í nefndinni og einmitt hafi komið fram rík og sterk rök fyrir þeim leiðum sem gerð var tillaga um í frv. Það er ekki eins og að einhverjar hugmyndir sem eiga sér engar fyrirmyndir annars staðar hafi fæðst í dómsmrn. eða fallið af himnum ofan í fangið á starfsmönnum þess. Ég er margítrekað búinn að segja hér að það er ástæða fyrir því að þessar tillögur komu fram með þessum hætti og þetta er leið sem er farin annars staðar.

Eftir að hafa farið vandlega yfir málið varð engu að síður niðurstaða um það hjá meiri hlutanum að gera breytingar á frv. Ég hef sagt það hér í tvígang í dag að það var að höfðu góðu samráði bæði við ráðuneytið og réttarfarsnefnd. Ég hafna því að þetta hafi verið með öllu ónýtt frv. eins og minni hluti nefndarinnar hefur verið að láta í skína hér í málflutningi sínum og gerir í nál. sínu. Reyndar er alveg með ólíkindum hversu langt er gengið í stóryrðunum í nál. minni hlutans.

Bara rétt til að hnykkja jafnframt á því varðandi aðganginn að skjölunum var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því í þessum tillögum, og er enn varðandi endurritin, að sú ákvörðun yrði alltaf borin undir dómara. Það er ekki verið að færa lögreglunni í hendur eitthvert óendurskoðanlegt vald um að hindra aðgang að gögnum eða heimild til þess að fá endurrit. Þetta eru allt ákvarðanir sem verða bornar undir dómara.

Jafnframt er það þannig varðandi hlerunina, og það er sú regla sem gildir á Norðurlöndunum og var í upphaflegu frv., að að sjálfsögðu var það einungis í brýnustu tilvikum sem hefði komið til álita að beita þessu heimildarákvæði til hlerunar og einungis þegar hætta væri á sakarspjöllum eða að rannsókn máls gæti hafa beðið einhvern skaða af því að hlerun fór ekki fram.

[17:04]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki sanngjarnt að setja hv. þm. Bjarna Benediktsson í vörn fyrir tillögur sem hann er búinn að vinda ofan af og bæta nokkuð stórlega frá þeirri mynd sem þær komu í frá hæstv. dómsmrh. Ég held engu að síður að brtt. meiri hlutans í hv. allshn. og sú mynd sem frv. er í í dag sýni einungis og sanni að tillögurnar voru ekki tækar. Þær bara þóttu ekki standast og þar af leiðandi var snúið til baka með þær. Það er svo sem ekkert að gera annað en að fagna því.

Hins vegar tel ég ástæðu til að hafa áhyggjur af þeim tillögum sem koma frá dómsmrn. Gildir mig þá einu, virðulegur forseti, hvort verið er að leita fyrirmynda hjá ríkisstjórn Danmerkur og þeim breytingum sem voru gerðar þar á réttarfarslögunum fyrir nokkrum árum eða í Noregi. Ég er reyndar ekki viss um að þær tillögur séu farnar í gegn en það gildir einu, virðulegur forseti, því að við verðum að sjálfsögðu að sníða okkar tillögur að okkar veruleika, þeim veruleika sem hér er. Við þurfum að leggja fram rökstuðning fyrir því þegar við erum að gera breytingar á réttarfarslögum. Það nægir ekki að segja bara: Það vantar svona heimild og þess vegna ætlum við að hafa hana.

Þess vegna töldum við ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara sérstaklega yfir málið eins og það lá fyrir í upphafi og vara við þeim hugmyndum sem eru að koma ofan úr dómsmrn. vegna þess að þær eru ekki til fyrirmyndar. Ég fagna því samt að meiri hluti allshn. sé þó eitthvert aðhald sínum hæstv. dómsmrh. í þeim efnum.

[17:06]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég vil nú blanda mér aðeins í þessar umræður og taka undir með hv. formanni allshn. að það undrar mig, miðað við ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, að hún skuli ekki styðja niðurstöðu allshn. Efnislega lýsti hún yfir algjörri samstöðu um þá niðurstöðu sem kom í nefndinni en hins vegar telur hún sig ekki geta stutt hana vegna þeirra vinnubragða sem voru viðhöfð.

Þá er ástæða til að fara yfir vinnubrögðin. Það er náttúrlega algjör misskilningur hjá hv. þingmanni að dómsmrn. sé bundið af áliti réttarfarsnefndar og það eigi að búa þannig um hnúta að af hálfu ráðuneytisins og í samráði þess og réttarfarsnefndarinnar sé búið að komast að einhverri niðurstöðu um mál sem þessi, og þess vegna eigi ekki að verða neinar umræður um þau í Alþingi eða í allshn. þingsins, það eigi að standa þannig að málum að þau séu lögð fram geirnegld og þannig að það megi ekki ræða þau, menn eigi bara að bukka sig í þinginu af því að málið hafi verið borið undir réttarfarsnefnd.

Er það virkilega skoðun þingmannsins að réttarfarsnefnd sé æðri allshn. og þinginu og ef málin eru borin undir hana á undirbúningsstigi hafi þingið ekkert lengur um málið að segja? Ég tel að það sé frekar réttmætt í umræðunum um hlutverk framkvæmdarvaldsins og stöðu þess gagnvart þinginu að leggja mál þannig fram — þó að þau veki ágreining og þó að þau veki deilur — að þau veki líka umræður í þinginu og hægt sé að takast á um þau hér, í nefndum þingsins og í sölum þess og ræða þau og sérstaklega mál sem varða

jafnmikið hagsmuni og öryggi borgaranna og hér er um að ræða.

Það sem um er að ræða hins vegar í þessu máli er að það er greinilegur — og það er nauðsynlegt að það komi fram og hefur komið fram hér í umræðunum — áherslumunur annars vegar á milli þeirra sem starfa úti á vettvangi og gæta öryggis borgaranna og hins vegar hinna sem nálgast málið frá sjónarhóli réttarfarsnefndar.

Það sem við gerðum var að leggja fram tillögur sem byggjast á sjónarmiðum þeirra sem starfa úti á vettvangi og telja að þeir þurfi að hafa þetta svigrúm til að ná árangri í störfum sínum. Ég skammast mín ekkert fyrir að leggja fram tillögur sem byggjast á þeim sjónarmiðum. Ég skammast mín heldur ekkert fyrir það að síðan fari fram umræður í þinginu og allshn. þingsins og menn takist á um þau sjónarmið og síðan sé komist að niðurstöðu.

Ég er sáttur við þá niðurstöðu sem hefur fengist. Ég tel jafnframt varðandi símhlerarnir, sem hefur verið hvað mest rætt um, að þá sé niðurstaðan eins og kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar e.t.v. sú að lögreglunni séu skapaðar betri forsendur en við lögðum fram í tillögum okkar sem byggðust á tillögum þeirra sem smíðuðu þær. Þar var lögreglan höfð með í ráðum. Ég minni á að þrátt fyrir að sérfræðingar sem komu að málinu úr annarri átt séu þeirrar skoðunar að þarna þurfi að búa um hnúta eins og gert hefur verið síðan í lokagerð frv. eins og það liggur hér fyrir eru þau sjónarmið uppi víðar en hér. Allshn. hefur fjallað um það í vetur öðru hvoru að fara að fordæmi Svía varðandi ýmis málefni. Þingmenn ættu að lesa hvað sænski dómsmálaráðherrann er að segja um það núna hvaða tæki hann telji að sænska lögreglan þurfi að hafa til að takast á við þau verkefni sem henni eru falin, hvaða heimildir hún þurfi að hafa til símhlerana og annarra slíkra hluta sem hann hefur rætt um og vakið máls á í sænska þinginu. Frá þessu hefur verið sagt hér í blöðum. Þetta frv. gengur ekki svo langt, ekki einu sinni tillögurnar sem komu frá dómsmrn.

Þingmenn verða að átta sig á því um hvað þessar umræður snúast alls staðar í nágrannalöndum okkar og um hvað þetta mál snýst í raun og veru. Það er verið að skapa forsendur fyrir þessi yfirvöld sem við felum að gæta öryggis borgaranna til að geta sinnt störfum sínum við alveg nýjar aðstæður.

Annars vegar togast á hagsmunir þeirra sem eru að gæta þessara verkefna fyrir hönd okkar borgaranna og stjórnvalda og hins vegar þeirra sem nálgast málið úr þeirri átt sem réttarfarsnefnd gerir. Síðan er galdurinn að sameina þessi sjónarmið og komast að niðurstöðu sem sátt er um. Á að gera það innan veggja dómsmrn.? Er ekki alveg eins hægt að gera það í allshn. Alþingis og hér í sölum þingsins og ræða þessi mál á þeim opnu forsendum sem eru nauðsynlegar sem liður í lýðræðislegu þjóðfélagi þegar verið er að fjalla um þessa öryggishagsmuni borgaranna? Er það ámælisvert fyrir dómsmrh. og er það sérstakt tilefni til þess að vera með skammarorð um starfsmenn dómsmrn. að mál séu lögð þannig fram að einhverjir aðrir þurfi að segja álit sitt á þeim en gert var við gerð frv.?

Mér finnst mjög ámælisvert í sjálfu sér af minni hluta nefndarinnar hvernig fjallað er um starfsmenn og embættismenn dómsmrn. í því áliti og hvað þar er sagt. Þar er gefið til kynna að menn hafi unnið verk sín með einhverjum ámælisverðum hætti. Það er umhugsunarefni fyrir mig sem ráðherra og fyrir embættismenn í dómsmrn. hvernig minni hluti allshn. talar um þann þátt í öllu þessu máli. Vissulega hefur það verið rætt innan veggja ráðuneytisins. Sú krafa minni hlutans á þingi að menn komi hingað inn með frumvörp þar sem búið er að leita álits allra og fá stimpil frá einhverjum sérfræðingum hér og þar og síðan eigi málið væntanlega þá bara að renna umræðulaust í gegn af því að einhverjir menn úti í bæ, ekki hér í þinginu og ekki í ráðuneytinu þar sem ábyrgðin er heldur einhverjir aðrir menn, eigi að hafa stimplað þetta og sagt að það sé í lagi og þá geti minni hlutinn fallist á að samþykkja málið er ótæk.

Mér finnst þetta ekki mjög málefnaleg framkoma. Mér finnst þetta dæmi um það hvernig minni hlutinn hagar sér hér í hverju málinu á fætur öðru. Hann vantar tíma, hann vantar sérfræðiráðgjöf. Hann vill ekki taka afstöðu. Þó kemur fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að hún er sammála öllum breytingunum. Hún er sammála frv. í heild nema einu atriði varðandi einhverja þrengingu um eitthvert eitt atriði sem er hreint tæknilegt atriði. Öllum stóru málunum, öllum pólitísku málunum, öllum álitamálunum er hún sammála þegar upp er staðið eftir þessar umræður sem hafa farið hér fram og eiga að fara fram í þinginu en ekki innan veggja dómsmrn. eða í réttarfarsnefnd. Þingmenn eiga rétt á því að fá þessi sjónarmið fram, taka síðan afstöðu og bregðast við. Síðan komumst við að niðurstöðu og ég er mjög sáttur við þá niðurstöðu sem fékkst í nefndinni.

Þetta vildi ég láta koma hér fram um leið og ég mótmæli því að frv. eins og það kom hér inn í þingið hafi verið eitthvert brot á mannréttindasáttmála Evrópu. Það eru engin rök fyrir því. Þingmenn hafa þá ekki hugmynd um hvernig löggjöf hefur verið sett í mörgum aðildarríkjum mannréttindasáttmála Evrópu um þessi mál ef þeir telja að þau skref sem við erum að stíga hér með þessu frv. séu brot á mannréttindasáttmálanum. Þingmenn hafa þá ekki kynnt sér þá löggjöf sem hefur t.d. verið sett í Bretlandi um þessi mál og hvað er verið að gera þar eða í Frakklandi eða annars staðar ef þeir telja að þetta sem við erum að fikra okkur hér með inn á þessa braut sé brot á mannréttindasáttmála Evrópu. Það byggist á algjöru þekkingarleysi og hreinum sleggjudómum.

Það er hins vegar annað áhyggjuefni sem þingmenn verða að velta fyrir sér eins og allir aðrir: Erum við hér með sérfræðinga, lögfræðinga og réttarfarsfræðinga sem eru með þess konar sjónarmið varðandi þessa þætti að þau standist ekki samkeppni við þau sjónarmið sem eru t.d. í öðrum löndum? Þá erum við líka í þeim vanda að við getum lent í því að við höfum deilur hér sem byggjast annars vegar á hagsmunum þeirra sem eru að gæta réttarins úti á vettvangi og hins vegar þeirra sem eru að gæta réttarins í dómsölunum og annars staðar og að það verði einhver gjá þar á milli. Við erum að reyna að brúa það bil með ákvæðum sem standast þá ekki endilega þau sjónarmið sem þarf að hafa uppi þegar verið er að huga að öryggi borgaranna. Þetta er sá mikli vandi sem við stöndum frammi fyrir þegar við erum að fjalla um þessi mál. Það þarf ekkert að segja að dómsmrh. sé illa undirbúinn, að embættismenn í dómsmrn. kunni ekki til verka eða að þingflokkur Framsfl. hafi ekki áttað sig á málinu eða þingflokkur Sjálfstfl.

Ég held bara að þingmenn almennt átti sig ekki á málinu og sérstaklega ekki minni hluti allshn. Hann virðist ekki gera sér neina grein fyrir því hver staða málsins er, hvað er nauðsynlegt að gera til að huga að þessum mikilvægu málum og taka þannig á þeim að vel sé að öllu búið og um alla hnúta þannig búið að öryggis borgaranna sé gætt.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að réttarfarsnefnd væri að vinna að nýju frv. um meðferð opinberra mála hef ég ekki fengið neina skýrslu frá nefndinni um hvernig sú staða er. Ég mun flytja það frv., nefndin flytur ekkert frv. hér, ég mun flytja það frv. og ég þarf að fá það frv. í hendurnar til að ég geti tekið afstöðu til þess. Ég hef ekki fengið neinar tímasetningar um það og ég hef ekki fengið neina skýrslu um stöðu málsins þannig að ég veit ekki hvað menn eru að gefa yfirlýsingar um það fyrir mína hönd að hér verði flutt frv. um það mál næsta haust. Ég bara undra mig á því ef þingmenn koma hér upp og segja að þeir hafi heyrt það í einhverri nefnd þingsins að það eigi að fara að flytja hér frv. um meðferð opinberra mála í nafni réttarfarsnefndar.

Það sýnir best hvernig hugarfarið er. Ég hef ekki séð þetta frv. Ég veit hins vegar að réttarfarsnefnd er að vinna við þetta en hef ekki heyrt neinar tímasetningar. Það verður ekkert í því frv. nema ég sé samþykkur því. Ég mun ekki flytja frv. um annað en það sem ég er sammála um.

[17:16]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég minntist ekki, eftir því sem ég man, á neitt frv. í þessu efni en því var lýst yfir fyrir hv. allshn. af hálfu þeirra fulltrúa frá réttarfarsnefnd sem þangað komu að heildarendurskoðun laganna lyki af þeirra hálfu í haust. Það var það sem ég rakti hér.

Ég verð hins vegar að segja eins og er að þessi ræða hæstv. dómsmrh. var kannski í sama dúr og annað sem við höfum séð frá honum á síðustu mánuðum. Hann virðist telja sig vera einhvern Don Kíkóta íslensks samfélags, sífellt að berjast við einhverja rosalega vá en síðan gerist það, einhverra hluta vegna, að fáir skilja í því hver þessi gríðarlega vá er. Langflestir umsagnaraðilar í þessu máli, virðulegur forseti — það var ekkert bara minni hluti hv. allshn. — höfðu uppi stór orð um frv. eins og það kom í sinni upprunalegu mynd, nánast allir umsagnaraðilar málsins.

Ég heyri það hins vegar á þessari ræðu hæstv. dómsmrh. að hann er kominn í stríð við réttarfarsnefnd líka. Ég hélt að ekki væri hægt að fara í stríð við þá virðulegu nefnd. Hún er skipuð prófessorum og hæstaréttardómurum og eftir því sem ég best man eru þeir ekki taldir vera miklir uppreisnarseggir. En þar eru greinilega einhverjir óæskilegir aðilar af hálfu dómsmrh., „menn úti í bæ". Áhyggjur af mannréttindasáttmálanum eru sleggjudómar, þeir koma þá bara fram í fjölmörgum umsögnum, m.a. frá þessari ágætu nefnd manna úti í bæ, þ.e. réttarfarsnefnd.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að það að ætla síðan að reyna að koma gagnrýni minni hlutans hér yfir á starfsmenn dómsmrn. er ekki fallega gert. Gagnrýnin hefur fyrst og fremst beinst að hæstv. dómsmrh. Þó að sagt sé í þessu áliti að ekki hafi verið leitað álits færustu sérfræðinga til þess að undirbúa málið er það bara þannig, að mínu mati, með fullri virðingu fyrir því ágæta fólki sem vinnur sína vinnu í dómsmrn. eftir bestu getu að það er ekki okkar færustu sérfræðingar á sviði réttarfarsmála. Þeir sitja flestir í réttarfarsnefnd, virðulegur forseti.

[17:18]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dæmigert fyrir þessar umræður að nú, þegar ég hef þau orð uppi um réttarfarsnefnd að sjálfsagt sé að taka mið af sjónarmiðum hennar og fá þau inn í allshn. og að sjálfsagt sé að hún komi að því að semja frv. um meðferð opinberra mála, er ég farinn að berjast við hana. En hún situr ekki hérna á þingi. Ég held að þingmenn verði að átta sig á því og stjórnmálamenn að við berum ábyrgð á því sem hér er gert en ekki einhverjir menn sem starfa annars staðar en hér og þá úti í bæ þegar við erum stödd hér á þessum stað. Engin niðurlæging felst í því að nota það orðalag þegar menn standa hér og tala um fólk sem starfar utan þessa húss.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann fyrst hún hefur þessa ofurtrú á réttarfarsnefnd: Beitti hún sér t.d. fyrir því í allshn. Alþingis að sérfræðingar réttarfarsnefndar eða nefndin sjálf fengi til umsagnar vændisfrumvarpið svonefnda? Beitti hún sér fyrir því að þar væru kallaðir til allir þeir sérfræðingar sem hún telur að ég þurfi að hafa samband við og fá stimpil frá ef ég kem hér með frv.? Ætlast hún til að ég hafi samband við sérfræðinga áður en ég kem með frv. inn í þingið, hvað þá heldur að nefndin kalli þetta fólk fyrir sig þegar mál eru til meðferðar í þinginu? Hvernig er meðferð þess frv.? Það kemur ekki fram í neinum greinargerðum að réttarfarsnefnd hafi tjáð sig um það mál, sagt álit sitt á því. (**Gripið fram í:** Það var óskað eftir því.) Það er ekkert fjallað um að allir þessir sérfræðingar hafi komið að því máli. (Gripið fram í.) Það snertir ekki síður hagsmuni borgaranna en þessi mál sem við erum að fjalla um.

Háttvirtur þingmaður og hæstv. forseti. Menn þurfa að vera sjálfum sér samkvæmir. Ég er ekki á móti því að leita til réttarfarsnefndar og ég skorast ekkert undan viðræðum við hana. Ég tek ákvörðun að lokum um það mál sem ég flyt en ég tel líka að þeir sem krefjast þess að réttarfarsnefnd komi að málum eins og þessu sem við erum að fjalla um núna hljóti að beita sér fyrir því að hún komi að öllum málum í allshn. sem snerta svipuð efni og mannréttindi eins og þetta mál.

[17:21]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. dómsmrh. viti að vændisfrumvarpið snýst um breytingu á almennum hegningarlögum og heyrir það undir refsiréttarnefnd. Það er önnur nefnd sem starfar undir hæstv. dómsmrh. sem hefur með þau mál að gera og hún fékk það mál til umsagnar. Ég held að hæstv. dómsmrh. viti það vel. Hér erum við hins vegar að ræða um réttarfar og þess vegna er eðlilegt að réttarfarsnefnd fari yfir það mál.

Ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmrh.: Út af hverju var þetta ekki borið undir réttarfarsnefnd? Ef hæstv. dómsmrh. lítur svo á að réttarfarsnefnd sé menn úti í bæ og að við séum að skorast undan einhverri ábyrgð með því að leita til slíkra manna, af hverju leggur hann bara ekki nefndina niður, virðulegur forseti? Hvers vegna að hafa nefnd sem hefur það hlutverk að vera dómsmrh. til ráðgjafar um réttarfarsleg málefni og hún er ekki notuð vegna þess að hún er bara menn úti í bæ? Ég undra mig því á þessum orðum hæstv. dómsmrh.

Getur verið að hæstv. dómsmrh. telji það nægan rökstuðning sem kemur fram í athugasemdum við 1. gr. þessa frv. eins og það var í upprunalegri mynd? Hér segir, með leyfi forseta:

„Hér er lögð til breyting á aðgangi verjanda að gögnum máls þannig að lögreglu sé heimilt, að ákveðnum skilyrðum

uppfylltum, að neita sakborningi um slíkan aðgang. Lögregla metur þetta með tilliti til rannsóknarhagsmuna hverju sinni og hefur hún til þess nokkurt svigrúm.“

Ef hæstv. dómsmrh. telur þetta vera nægilegan rökstuðning fyrir jafnviðamikilli breytingu og þarna var lögð til en hæstv. dómsmrh. sendur til baka með erum við einfaldlega bara algjörlega ósammála í grundvallaratriðum um það hvernig undirbúa eigi lagasetningu á þessu sviði. Kannski þýðir ekki mikið að karpa um það hér, virðulegur forseti.

[17:22]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þýðir ekki mikið að karpa um þetta, það er alveg hárrétt, því að við erum greinilega ósammála. Ég tel að Alþingi eigi að fjalla um mál og kalla til sín sérfræðinga og það eigi ekki að vera krafa alþingismanna að búið sé að búa svo um hnúta þegar mál komi inn í þingið að allir sérfræðingar séu búnir að tjá sig um þau og þingmenn eigi ekki að gera neitt annað en að stimpla eitthvað sem sérfræðingar úti í bæ — eða hvaða orðalag sem menn vilja nota um það — koma að. Í því felst náttúrlega ekki að ég ætli að leggja niður réttarfarsnefnd. Hún er mér, þ.e. dómsmrh., til ráðgjafar en það er einfalt að leggja hana niður. Hún er ekki lögbundin með neinum hætti þannig að það er ekkert mál í sjálfu sér að leggja hana niður. Ég þarf ekki að fá umboð þingsins til þess. Ég hef hins vegar ekki hugleitt það fyrr en hv. þm. vekur máls á því núna.

Mér skilst hins vegar að mörg atriði þessa svokallaða vændisfrumvarps varði einmitt sönnunarbyrði og réttarfarsatriði og menn hafi talið að fara þyrfti mjög rækilega yfir réttarfarsþáttinn í því til þess að átta sig á því hvort málið sé yfirleitt tækt inn í hegningarlögin og hvernig um það mál er allt búið. En þá er ekki leitað til sérfræðinga.

Þingmaður flytur hér hálftímaræðu um að það sé galli á frv. sem kemur frá mér að ég hafi ekki leitað til réttarfarsnefndar en engu að síður er réttarfarsnefnd til umræðu í nefndinni og stuðlar að því að frv. er breytt í þá átt að það er geðþekkara þingmanninum eftir en áður. Ég er alveg undrandi á þessu. Síðan þegar kemur að máli sem þingmaðurinn sjálfur ber fyrir brjósti þarf ekkert að kalla á réttarfarsnefnd. Þá er ekki þörf á því að leita til þessara sérfræðinga, þá er engin þörf (Gripið fram í.) á því að fá hin bestu ráð til þess að átta sig á því hvort málin séu tæk eða ekki.

[17:24]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er merkilegt að það skuli hlaupa svona í skapið á hæstv. dómsmrh. þó að minni hluti allshn. geri athugasemdir við það hvernig staðið er að málum við vinnslu þessa frv. Sannleikurinn er sá, og það fengum við í allshn. að vita frá þeim sem veittu okkur umsagnir, fleiri en einum og fleiri en tveimur, að það vantaði hreinlega röksemdafærslu fyrir ýmsum veigamiklum þáttum í frv. Það er staðreynd málsins.

Hæstv. dómsmrh. sagði sjálfur við 1. umr. málsins að lögreglan færi af hófsemd og virðingu með það vald sem henni væri veitt. Grundvallaratriðið í því valdi sem lögreglu er veitt í öllum okkar nágrannalöndum er að það sé eftirlit með því hvernig viðkomandi lögregluyfirvöld fara með þau mál. Hæstv. dómsmrh. veit vel að þó að við tökum mið af norrænum lögum eru þau ekkert öll með sama lagi. Dönsku lögin ganga lengst og uppi eru um það getgátur eða vísbendingar frá mannréttindayfirvöldum og íslensku mannréttindaskrifstofunni að danska ákvæðið gæti stangast á við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Við höfum allar þessar umsagnir í nefndinni og hæstv. dómsmrh. þarf ekki að stökkva svona upp á nef sér þó að þetta sé reifað í nál. minni hlutans.

Það er auðvitað rétt sem hæstv. ráðherra bendir á að við höfum nýjar aðstæður í heiminum sem við þurfum að takast á við. Við erum að reyna að gera það í einhverri sátt og einhverju samlyndi en við getum ekki gert það með því að sniðganga mannréttindareglur og mannréttindasáttmála sem við höfum undirgengist. Þó að hæstv. ráðherra vilji byggja á sjónarmiðum þeirra sem vinna á vettvangi þýðir það ekki að hann eigi að sniðganga önnur sjónarmið sem koma virkilega við sögu í þessum málum.

[17:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki sniðgengið nein önnur sjónarmið sem koma til álita í þessu máli. Ég hef alveg farið að þeim leikreglum sem gilda og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni gengur þetta frv. og þessi breyting sem nú er að verða að lögum miklu skemmra en gert hefur verið í mörgum aðildarríkjum mannréttindasáttmála Evrópu. Það er ekki með nokkru móti unnt að halda því fram að þessi löggjöf sé þess eðlis að hún brjóti í bága við mannréttindasáttmála Evrópu, hvorki í sinni upphaflegu mynd né eins og henni hefur verið breytt af hálfu hv. allshn. eins og hér hefur komið fram.

En ég er mjög sáttur við þá niðurstöðu sem fékkst í allshn. Ég lít ekki á hana sem neina gagnrýni á þá málsmeðferð sem ég hef haft í þessu máli eða málatilbúnað minn frá upphafi. Ég tel að upphafleg markmið frv. náist verði þessar breytingar að lögum og þess vegna fagna ég þeirri niðurstöðu sem er að fást í málinu.

[17:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott að hæstv. dómsmrh. skuli vera sáttur við breytingarnar. Það hefur auðvitað verið staðfest hér líka að breytingar þær sem koma frá hv. allshn. milda mjög áhrif þessa frv. eins og það var lagt fram af hæstv. dómsmrh. og við höfum í umsögn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands vísbendingar um að eins og frv. var hafi verið gengið lengra en skrifstofan taldi eðlilegt. Það er ekkert óeðlilegt þó að við gagnrýnum hæstv. dómsmrh. fyrir það að ætla að ganga svo langt, og getum samt sem áður fullyrt að vinnan sem allshn. lét fara fram hafi verið góð og að brtt. séu sannarlega til batnaðar.

Endapunkturinn í þessu máli er auðvitað alltaf sá að það sem verið er að gera hér er að verið er að skerða heimildir eða öllu heldur frelsi manna með því sem hér um ræðir. Við skulum ekki gleyma því að þegar símhleranir eru heimilaðar koma þær ekki bara við þann sem er grunaður um afbrot. Símhleranirnar koma líka við alla meðlimi fjölskyldu hans sem deila með honum síma. Haldið þið að það sé að ófyrirsynju að Persónuvernd geri þær athugasemdir að því valdi sem hér er verið að færa lögreglu sé beitt af ýtrustu varkárni og að það þurfi að vera eftirlit með valdheimildinni og beitingu hennar? Mér finnst ekkert óeðlilegt við það.

Og mér finnst ekkert óeðlilegt þó að minni hluti allshn. tali tæpitungulaust í því máli sem hér um ræðir því að það er óvanalegt að réttarfarsnefnd skuli ekki fá vitneskju um frv. af því tagi sem hér var flutt af hæstv. dómsmrh. Það fengum við líka staðfest í yfirferð nefndarinnar, að það væri óeðlilegt að

réttarfarsnefnd fengi ekki umsagnarrétt um svona frv. áður en það væri lagt fram.

[17:29]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka fram út af þessu að formanni réttarfarsnefndar var kunnugt um að verið væri að vinna frumvarp á þessum forsendum í dómsmrn.

[17:30]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarfræðsla, 879. mál, brtt. 1. minni hluta landbn., þskj. 1829.

Samanburður á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og ríkjum Evrópusambandsins, 1008. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1828.

[17:30]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að byrja ræðu mína um þetta mál, meðferð opinberra mála, á því að hrósa hv. formanni allshn. fyrir að hafa breytt þessu vonda frv. Mér finnst hann hafa bara unnið nokkuð gott starf. Þegar þetta frv. kom á okkar borð í upphafi var það afar slæmt og það er náttúrlega ekkert einsdæmi að slæmar sendingar hafi komið úr dómsmrn.

Ég verð nú að minna á að hæstv. dómsmrh. sá sjálfur að sér og dró eitt frv. til baka en þessu breytti hv. formaður allshn. Ég tel að við eigum að fagna þessu og vera í góðu skapi. Ég skil ekki þessa ólund sem mér fannst vera í hæstv. dómsmrh. þegar minnst var á þau vinnubrögð að þetta þyrfti að laga, menn þyrftu að líta til fleiri sjónarmiða og fara betur yfir málið.

Ég tel það réttmæta gagnrýni sem hefur komið fram hjá formælanda minni hluta álitsins, þ.e. að auðvitað áttu menn að fá fleiri að þessu máli í upphafi. Ef réttarfarsnefnd ætlaði að skila heildarendurskoðun á lögunum í haust, hvers vegna var þá ekki leitað til hennar? Í rauninni er það algjörlega óskiljanlegt, það blasir svo við.

Þess vegna fyndist mér að hæstv. dómsmrh. ætti að taka þessum ábendingum vel og upplýsa okkur frekar um það hvers vegna það var ekki gert. Það hefur kannski verið einhver sérstakur flýtir, kannski lá eitthvað sérstaklega á þessu máli og þess vegna þurfti að gera þetta svona.

Ég verð að hrósa meiri hlutanum í allshn. fyrir að hafa bjargað málinu í horn. Það var afspyrnuslæmt og sérstaklega varðar það 1. og 4. gr., að halda eftir gögnum. Ég tel að þetta sé orðið nokkuð ásættanlegt og sama má segja um 6. gr., hvað varðar símhlerunina. Eins og frv. var í upphafi var hægt að hefja hlerun án þess að vera búinn að fá dómsúrskurð. Ég tel að þetta hafi skánað og sé orðið þokkalega viðunandi.

Ég tel það aftur á móti vera skyldu okkar í minni hlutanum að minna á að auðvitað eiga menn að vanda betur til verka í upphafi og sérstaklega það að vera ekki með þessi mál eingöngu í þröngum hópi.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh., ákveðin sjónarmið vegast á, þeirra sem eru að rannsaka mál og þeirra sem eru verjendur og í réttargæslu. Auðvitað ættu þau sjónarmið að koma að málum í upphafi.

Ég ætlaði ekki að hafa þessa ræðu miklu lengri nema þá að ég ætla að ítreka það að meiri hluti allshn. hefur unnið ágætisstarf í þessu máli. Kannski hefði hann átt að viðhafa þau vinnubrögð í fleiri málum þar sem ég hef leyft mér að gagnrýna vinnubrögð meiri hlutans. En maður verður líka að geta þess sem vel er gert og ég geri það hér með.

[17:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er kannski ekki ástæða til að vera að lengja mikið þessa umræðu en þess ber þó að geta að hér eru á ferðinni gífurlega alvarleg ákvæði, viðkvæm og mjög vandmeðfarin.

Ég get tekið undir hól til hv. formanns allshn. við vinnuna og vinnsluna á þessu máli. Það var alveg ljóst að hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði sér grein fyrir hvers konar mál hann var með í höndunum. Hann fór engum orðum svo sem um það að málið væri illa samið eða illa hannað í upphafinu en hann gekk í það verk sem honum bar, að leita sannfærandi lausna til að færa þessar tvær greinar sem deilt hefur verið um til betri vegar. Það tókst honum og hann á auðvitað skilið að jákvætt sé brugðist við því.

Það breytir ekki hinu að andi frv. eins og það var lagt fram situr í fólki, situr í okkur sem höfum starfað í allshn., situr í þeim umsagnaraðilum sem mæltu gegn þessum ákvæðum frv. og situr í almenningi. Við skulum ekki fara í neinar grafgötur um það að vald lögreglu er afar umdeilt mál. Ef lögregla á að hafa vald til að framkvæma hluti á borð við þá sem gert var ráð fyrir í 6. gr. frv. verður að tryggja að slíku valdi sé beitt á ásættanlegan hátt.

Norðurlöndin hafa brugðist við slíku með því að sett hafa verið upp eftirlitsbatterí sem tékka á því hvernig lögregla beitir valdi sínu. Ég held að ég sé að fara rétt með þegar ég segi að hið eina Norðurlandanna sem hefur heimilað símhleranir án dómsúrskurðar er Danmörk. Við höfum ekki farið sömu leiðir í réttarfarslöggjöf okkar og Danir hafa farið. Ég sé ekki að það sé ástæða til að feta í dönsk spor núna, sérstaklega ekki í þessu efni, þegar mál manna er að dönsku lögin stangist á við mannréttindasáttmála Evrópu.

Við sem höfum starfað í allshn. og fjallað um þetta mál gerum líka athugasemdir við það að réttarfarsnefnd skuli ekki hafa fengið málið til umsagnar áður en það var lagt hér fram. Við höfum það eftir formanni nefndarinnar að það sé óvenjulegt að ekki sé haft samráð við nefndina þegar svona mál eru lögð fram áður en þeim er dreift í þinginu. Við teljum eðlilegt að samtal milli dómsmrn. og stofnana þess sé mikið á undirbúningsstigi og ég tel ekki að það þurfi neitt að skamma minni hluta allshn. fyrir það eins og hæstv. dómsmrh. var að gera hér áðan.

Þar sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur farið í megindráttum yfir nál. minni hlutans tel ég svo sem ekki ástæðu til að endurtaka það en mér finnst þó skipta verulegu máli að fólk átti sig á því að símhlerunarákvæðið mætti það mikilli andstöðu að það var ekki einungis réttarfarsnefnd og dómstólaráð sem lögðust gegn því heldur voru það líka Persónuvernd, laganefnd Lögmannafélagsins og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Mannréttindaskrifstofa Íslands og reyndar fleiri aðilar kvörtuðu einnig undan því í umsögnum sínum að röksemdir með ákvæðum frv. vantaði í greinargerð með því. Undir það getur minni hlutinn sannarlega tekið. En þar sem það er alveg ljóst að brtt. sem komu frá meiri hluta nefndarinnar eru til bóta held ég að við þurfum svo sem ekki að vera að hengja okkur lengur í það að frv. hafi verið illa úr garði gert í byrjun.

Varðandi eina af brtt., þ.e. þá sem lýtur að símhlerununum, vil ég segja að það að hafa heimildina svona opna eins og hún er samkvæmt brtt. býður auðvitað ákveðnum hættum heim. Dómsúrskurðurinn er sannarlega inni en núna er heimildin ekki bundin við símanúmer. Það er kannski að

hluta til það að tæknin hefur breyst, menn nota fleiri númer, skipta ört um GSM-síma og aðstæðurnar eru sem sagt orðnar þær að það er erfitt að elta uppi símtæki þeirra sem grunaðir eru um afbrot. Tillaga meiri hluta nefndarinnar er að fara þá leið að dómsúrskurður komi en það verði ekki bundið við símanúmer heldur geti fleiri en eitt númer komið þá til. Í þessu eru fólgnar ákveðnar hættur, nefnilega þær að það eru svo margir aðrir en grunaður afbrotamaður sem nota þessi númer. Það sem ég velti fyrir mér í þessu sambandi er spurningin um það hvort ekki þurfi að láta fólk vita af því eftir á að símhlerun hafi farið fram. Það eru svona hlutir varðandi framkvæmd þessa valds lögreglu sem mér finnst enn vanta á að hafi verið til lykta leiddir eða ræddir í botn.

Það segir í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands varðandi þessar símhleranir allar að það sem skipti mestu máli varðandi þær sé að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun. Það vita allir sem vilja vita að heimildir til símhlerunar hafa verið misnotaðar herfilega í nágrannalöndum okkar og ekki bara í fyrndinni, í gamla daga, heldur núna á síðustu árum. Meðan við höfum slík dæmi verður að vera algerlega tryggt að það sé eitthvert batterí, einhver aðferð sem mælt er fyrir um í lögum eða reglum sem kemur í veg fyrir slíka misnotkun. Heimildum af þessu tagi fylgir gífurlega mikið vald.

Persónuvernd hefur að því er Mannréttindaskrifstofa Íslands segir okkur lagt fram tillögu í þessum efnum sem hefur þó ekki fengið neinar undirtektir eftir því sem kemur fram í umsögninni frá Mannréttindaskrifstofunni. Ákveðin tilhögun er þar lögð til sem gæti tafið rannsókn mála. Ég ætla að fá að vitna beint í umsögn Mannréttindaskrifstofunnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Persónuvernd hefur þegar lagt fram tillögu í þeim efnum, sem hefur þó ekki fengið undirtektir þar sem sú tilhögun, sem þar er lögð til, gæti tafið rannsókn. Enda þótt segja megi, að það sé ekki hlutverk MRSÍ að gera tillögur um efni laga, skal sú hugmynd sett hér fram, hvort skylda mætti viðkomandi síma- eða fjarskiptafyrirtæki til að tilkynna allar símhleranir til Persónuverndar, sem sæi síðan um að tilkynna viðkomandi aðilum eftir á hvaða símar hafi verið hleraðir. Þannig yrði tryggt, að hlutlaus aðili hefði með höndum eftirlitshlutverkið fremur en dómsmálaráðuneytið sem er svo tengt lögregluvaldinu."

Ég verð að segja að þessi hugmynd hljómar þannig í mínum eyrum að hana ætti að skoða betur og athuga. Það hefur ekki verið gert, það var ekki gert í aðdraganda þessa máls og það var ekki heldur gert í meðferðinni í allshn. Ég tel að hér séu það alvarleg mál á ferðinni sem álitamál er hvernig fara eigi með þannig að ég tel að það skipti máli að fara ofan í alla sauma á þessu til að tryggja það að engin misbeiting á þessu valdi komi til. Ég verð að segja, frú forseti, að mér nægir ekki yfirlýsing hæstv. dómsmrh. sem hann viðhafði við 1. umr. þessa máls þar sem hann sagði að lögreglan nyti mikils trausts og það hefði skapast ekki síst af því að lögreglan hefði farið af hófsemd og virðingu með það vald sem henni er veitt.

Auðvitað berum við traust til lögreglunnar og við viljum öll að það traust sé á rökum reist. Við erum samt sem áður ekki svo blind að við teljum ekki þurfa einhvers konar eftirlit með þeim valdheimildum sem lögregluyfirvöld hafa.

Eitt má nefna í þessum símhlerunarmálum líka. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að það er ekki alveg sama hvernig farið er að þessum hlerunum, það er ekki eins og það sé í raun og veru lögreglan sjálf sem hlerar. Það eru fjarskiptafyrirtækin sem standa í símhlerununum sjálfum fyrir hönd lögreglu. Það kom fram hjá fulltrúa ríkislögreglustjóra að þar væri ekki sama hvaða fyrirtæki ætti í hlut. Það er virkilega umhugsunarefni á þeim tímum þegar verið er að einkavæða ríkiseignir. Nú stendur til að fara að selja Símann. Það er allt í lagi að hafa í huga að Síminn er eina fyrirtækið sem hefur staðið sig varðandi framkvæmd símhlerana og það er því það fyrirtæki í landinu sem annast símhleranir fyrir lögregluna. Mér finnst áhyggjuefni og umhugsunarefni þegar við stöndum frammi fyrir því að nú eigi að einkavæða Símann endanlega að þá erum við með þetta mikilvæga hlutverk, símhleranir fyrir lögregluna, á borði Símans. Hafa menn engar áhyggjur af þessu? Ég hef það.

Ég held að hér séu ákveðnir þættir, frú forseti, sem enn á eftir að ræða til hlítar. Þess vegna lýsi ég hér yfir stuðningi við minnihlutaálit stjórnarandstæðinga í allshn. Ég á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi og það kemur fram í niðurlagi nál. að ég sé sammála því. Ég kem til með að fylgja þessum minni hluta í atkvæðagreiðslu í málinu.

[17:44]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir hlý orð í minn garð og meiri hlutans í tilefni af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. Ég ætla ekki að fara að endurtaka umræðuna sem hefur átt sér stað hér og ég hef tekið þátt í um önnur efnisatriði þessa máls Ég vil aðeins vekja athygli á einu fyrst og fremst í tilefni af orðum hv. þingmanns um að það væri engin önnur fyrirmynd en sú sem við höfum frá Danmörku varðandi þær hleranaheimildir sem gerð var tillaga um í frv. Ég hygg að ég fari rétt með að slíka fyrirmynd er bæði að finna í Noregi, Danmörku og jafnvel í Hollandi. Ég vil jafnframt hnykkja á því og ég tel að það hafi eftir atvikum ekki komið nægilega vel fram í umræðunni í dag að til þessarar heimildar samkvæmt frv. væri einungis heimilt að grípa ef brýn hætta væri á því að bið eftir úrskurði mundi valda sakarspjöllum.

Þetta er sama skilyrðið og gildir annars staðar. Ég ætla jafnframt að vekja athygli á því að í lögum um meðferð opinberra mála eru enn frekari skilyrði en þau sem við höfum verið að fjalla hér um í tengslum við þetta frv. sem hefði reynt á. Í fyrsta lagi er það skilyrðið um að ástæða verði að vera til að ætla að þær upplýsingar sem leitast er við að komast í geti skipt miklu máli fyrir rannsókn málsins og í öðru lagi að rannsóknin beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi. Þetta vildi ég nefna af því tilefni að mér hefur þótt umræðan gefa þeim sem eru að hlusta tilefni til að ætla að til hafi staðið að veita lögreglunni heimildir til þess að opna fyrir hleranir nánast að tilefnislausu.

[17:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað er það ekki hugsun okkar að lögreglan fari að beita símhleranaheimildum að tilefnislausu, svo sannarlega ekki. En við erum að benda á að þess eru dæmi, mjög alvarleg dæmi, í nágrannalöndum okkar og jafnvel hér á Íslandi, án þess að ég viti það. Maður hefur bara lesið bæði fréttir og greinar um misbeitingu slíks valds og við fáum ábendingar frá Mannréttindaskrifstofu og frá Persónuvernd um að þetta vald sé afar vandmeðfarið og að tryggja þurfi að það sé ekki misnotað og því ekki beitt nema í þeirri brýnu

nauðsyn sem lögin kveða á um. Samkvæmt frv. á ekki að vera neitt sérstakt eftirlit til að tryggja að valdið verði ekki misnotað.

Það sem við erum að tala um hérna núna er að fundin verði leið, einhver aðferð til að tryggja að einhvers konar eftirliti sé komið á eða það sé einhver ventill sem geri það að verkum að lögreglan viti að það geti verið tékkað á því hvernig valdinu er beitt þannig að það sé minni hætta á því að nokkurn tíma komi upp misbeiting á þessu valdi. Þetta eru vangavelturnar okkar, þær eiga sér rætur í mannréttindasáttmálum, ekki hvað síst í mannréttindasáttmála Evrópu, og sömuleiðis í stjórnarskránni okkar sem styðst við alþjóðlega mannréttindasáttmála sem við erum aðilar að.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð um frv. og þær tillögur sem liggja hér fyrir frá meiri hluta allshn. til úrbóta á því frv.

Ég vil fyrst segja að ég tel að allshn. hafi unnið gott verk við að betrumbæta það frv. sem lagt var hér fram á þinginu. Að mínu mati var það afar gallað svo ekki sé fastar að orði kveðið og langt frá því að mæta þeim sjónarmiðum sem ég hef til mannréttindamála. Ég tel að ríkisstjórnin hafi í raun gengið miklu lengra en hægt er að sætta sig við í þá átt að þrengja að einstökum ákvæðum mannréttinda og líta um of til sjónarmiða þeirra aðila sem vinna á vegum hins opinbera að öryggismálum og löggæslu. Vissulega eru sjónarmið þeirra þess eðlis að nauðsynlegt er að hlýða á þau af athygli og taka tillit til þeirra eftir því sem fært þykir og nauðsynlegt er hverju sinni.

Frumvarpið dregur fram þau sjónarmið að menn ganga mjög langt til þess að mæta ýtrustu óskum aðila eins og rannsóknaraðila og lögreglu en ganga mun skemur í að standa vörð um almenn mannréttindi. Ég vil nefna til viðbótar því sem kemur fram í frv. að á síðasta kjörtímabili kom fyrir samgn. erindi frá ríkislögreglustjóra um breytingu á fjarskiptalögum til að tryggja það að öllum verði gert skylt að geyma í tölvum sínum gögn um alla umferð í tölvunni síðustu sex mánuði þannig að lögreglan gæti þegar á þyrfti að halda farið í þau gögn og kynnt sér þau. Þetta taldi lögreglan nauðsynlegt til þess að geta gengið úr skugga um hvort viðkomandi eigandi tölvunnar hefði einhvern tíma gerst sekur um saknæmt athæfi.

Sem betur fer var ekki orðið við þessu erindi. Það þarf a.m.k. að fara vandlega yfir það í þingsölum ef það rekur hér á fjörur okkar á nýjan leik áður en menn afgreiða það og mér finnst að þau mál sem er að finna í þessu frv. séu byggð á svipuðum sjónarmiðum frá hendi lögreglu og að dómsmrh. hafi gengið býsna langt í því einfaldlega að framlengja ýtrasta sjónarmið þessara aðila og það runnið í gegnum ríkisstjórn og inn á þingið. Ég hef látið það koma fram að ég gerði fyrirvara í mínum þingflokki um stuðning við þetta mál og taldi þá nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á því. Ég ætlast til að ríkisstjórnin vandi sig framvegis betur í þessum efnum og gæti þess að hafa meira jafnvægi á þessum sjónarmiðum, annars vegar mannréttindum og persónuverndarsjónarmiðum og hins vegar hagsmunum lögreglu, sem auðvitað eru gild sjónarmið líka. Það má ekki vera svo einhliða mat ríkisstjórnar í þessum efnum sem frv. ber í raun með sér.

Það er þrennt í frv. sem mig langar að gera að umtalsefni. Það er í fyrsta lagi ákvæðið um aðgang að gögnum og vitnisburði, í öðru lagi um nafnleynd vitna og í þriðja lagi ákvæðið um hlerun.

Um nafnleynd vitna vil ég segja að ákvæði frv. sem er að finna í 2. gr. er að mínu viti varhugavert að mörgu leyti. Mér finnst menn ganga býsna langt í að gera því skóna að aðstæður hér á landi séu með svipuðum hætti og gerist erlendis þar sem mér er kunnugt um að menn hafi fallist á að beita nafnleynd vitna. Það er meðal helstu réttinda sakaðra manna að geta séð þann sem sakar þá um brot. Það eru talin vera mikilvæg réttindi.

Í Evrópu hafa menn fallist á að gera undantekningu á því að uppfylla þessi réttindi við tilteknar aðstæður. Þar eru nefnd dæmi eins og kynferðisbrot gagnvart börnum þannig að brotaþoli þurfi ekki að standa andspænis sakborningi í slíkum málum. Síðan eru líka dæmi um aðstæður þar sem fallist hefur verið á að víkja frá þessu í alvarlegum málum eins og þeim sem tengjast ítölsku mafíunni eða samtökum á borð við IRA á Írlandi og ETA á Spáni. Þegar um er að ræða slík samtök sem sumir kalla hryðjuverkasamtök, a.m.k. telja menn að þau beiti mjög grófum aðferðum fyrir málstað sinn, tilræði og jafnvel banatilræði við einstaklinga sem þeim eru andsnúnir og vitna gegn þeim, hefur verið talið réttlætanlegt að víkja frá þessu til að tryggja öryggi þeirra sem bera vitni.

Að aðstæður hér á landi séu eitthvað í líkingu við þetta kemur mér á óvart ef menn ætla að meta það svo. Ég hef ekki upplýsingar um að svo sé og tel að ekki séu fyrir hendi neinar þær aðstæður hér á landi sem nálgast þær aðstæður í Evrópu þar sem menn hafa fallist á að víkja frá þeim réttindum sakaðra manna og heimila nafnleynd vitna.

Ég geri athugasemdir við þetta atriði í frv., herra forseti, en ég ætla ekki að leggjast gegn því á þessu stigi málsins. Ég beini því hins vegar til réttarfarsnefndar sem er að endurskoða þessi lög í heild sinni að taka þetta ákvæði til athugunar og ég spyr hvort ekki sé rétt að breyta því, a.m.k. gæta að því hvort við séum ekki að ganga miklu lengra í að heimila nafnleynd vitna en gerist erlendis. Fróðlegt væri að skoða t.d. dóma Mannréttindadómstólsins í þeim efnum. Við það atriði geri ég athugasemdir og óska eftir að það verði tekið til athugunar við heildarendurskoðun laganna.

Í öðru lagi er atriðið um aðgang að gögnum. Eins og frv. var lagt hér fram er að mínu viti algjörlega óviðunandi að ganga svo frá löggjöf að sakborningur og verjandi hans hafi ekki aðgang að gögnum sem teflt er síðan fram gegn sakborningi. Sem betur fer leggur meiri hluti allshn. til breytingar á þessu ákvæði frv. á þann veg að það er hægt að sætta sig við ákvæðið þannig breytt. Þó að mér finnist gengið nokkuð langt í að heimila að halda þessum gögnum frá verjanda og sakborningi má a.m.k. segja að menn haldi þeirri grundvallarreglu að þessir aðilar hafi aðgang að umræddum gögnum að lokum þannig að ég geri ekki athugasemdir við það ákvæði eins og það lítur út eftir yfirferð allshn. og er þá eins og kemur fram í tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Í þriðja lagi er þetta ákvæði um hlerunina sem fór ákaflega illa í mig þegar ég kynnti mér frv. í upphafi. Það er af þeirri ástæðu að þar var gengið yfir þá grundvallarreglu að hlerun á síma eigi ekki að heimila nema að undangengnum dómsúrskurði. Með frv. er lagt til að heimila lögreglu eða rannsóknaraðila að hlera síma gegn því að bera það undir dómstóla innan 24 stunda.

Það er augljóst hverjum manni að ef svona er gengið frá lagaákvæði er tiltölulega auðvelt að misnota það og það býður a.m.k. þeirri hættu heim að gripið verði til hlerana

án þess að nokkur viti af því. Ef þær leiða ekki til frekari athafna verður kannski einfaldlega bara fallið frá þeim og engar tilkynningar sendar. Við eigum ekki að ganga frá slíkri löggjöf að við höfum svona opnar heimildir sem augljóslega bjóða heim hættunni á misnotkun.

Fyrir þessari tillögu í frv. eru færð þau rök að sams konar ákvæði sé að finna í dönskum og norskum réttarfarslögum og ég vil aðeins víkja að því, herra forseti. Í 783. gr. dönsku réttarfarslaganna er að finna heimild til að hlera síma með þeim hætti sem mælt er fyrir um í frv. hér, að lögreglan eigi þá svo fljótt sem verða má og í síðasta lagi innan 24 stunda að tilkynna dómstólum um hlerunina.

Samt hefur fallið niður að segja frá öðru í frv., herra forseti, og ég varð ekki var við að það kæmi fram í máli formanns allshn., að í dönsku lögunum er annað ákvæði sem fylgir með þessu ákvæði dönsku laganna, að heimila hlerun án dómsúrskurðar. Bið ég nú hv. formann allshn. að leggja við hlustir. Það hefur gleymst eða fallið niður að geta þess að í dönsku réttarfarslögunum, þar sem veitt er heimild til hlerunar án dómsúrskurðar sem síðan er lagt til grundvallar til að taka það upp í frv. hér, er annað ákvæði sem fylgir með þessu ákvæði dönsku laganna, það að samhliða því að yfirvöld beita þessu ákvæði er viðkomandi sem hlerunin beinist gegn í raun skipaður verjandi eða lögmaður sem á að gæta hagsmuna hans, þess sem verið er að fylgjast með. Lögregluyfirvöldin sem beita heimildinni til þess að rannsaka mál og fylgjast með einstaklingi gera það því ekki eftirlitslaust. Það er ávallt lögmaður sem fylgist með rannsókn lögreglunnar og gætir hagsmuna þess sem rannsóknin beinist að, jafnvel þó að sá sem fylgst er með viti ekkert af því. Þetta lagaákvæði er að finna í 784. gr. dönsku réttarfarslaganna og ég held að það sé mikil þörf á því að dómsmrh. sé fyllilega kunnugt um þetta ákvæði dönsku laganna. Mér finnst líka að menn þurfi kannski að gefa skýringar á því hvers vegna ekkert er getið um þetta ákvæði dönsku laganna. Það kemur a.m.k. ekki fram í frv. og heldur ekki í nál. meiri hluta og ég heyrði ekki að hæstv. dómsmrh. gæti þess í ræðu sinni fyrr í dag.

Mér finnst að ekki nema hálf sagan sé sögð þegar menn taka ákvæði 783. gr. dönsku laganna sem rökstuðning fyrir því að færa þau inn í íslenska löggjöf en skilja eftir seinni hlutann af málinu.

Ég tel hins vegar að sú niðurstaða sem meiri hluti nefndarinnar kemst að sé betri en danska útfærslan og er mun hlynntari henni en þeirri leið sem Danirnir fara. Ég vildi koma þessu á framfæri og fá kannski skýringar á því hvers vegna þetta hafi ekki verið upplýst til þessa.

Til stuðnings því sjónarmiði sem ég hef í málinu vil ég líka vísa til þess að ekki eigi að vera um að ræða heimild til hlerunar án dómsúrskurðar og ég vísa líka til sjónarmiða eins og þeirra sem fram koma í frv. frá dómsmrh. árið 1999. Þar kemur fram í greinargerð með 25. gr. þess frv. eftirfarandi sem lýsir í raun og veru þeim sjónarmiðum sem ég tel að við eigum að hafa til grundvallar í þessum efnum og eigum ekki að víkja frá. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að sú breyting verði gerð á 1. mgr. 87. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögregla og aðrir rannsóknaraðilar þurfi framvegis undantekningalaust að afla dómsúrskurðar til þess að hlera síma og önnur fjarskiptatæki og þar með taka upp símtöl og önnur fjarskipti í þágu rannsóknar opinbers máls án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því, sbr. a-lið 86. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum nægir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis til þess að unnt sé að taka upp símtöl eða önnur fjarskipti í þágu rannsóknar. Þar eð aðgerðir sem þessar hafa í för sér mjög verulega skerðingu á friðhelgi einkalífs, sem m.a. er lýst friðheilagt í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, er eðlilegt að dómsúrskurð þurfi jafnan til þeirra til þess að koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar."

Þetta er að finna í greinargerð með 25. gr. frv. um breyting á lögum um meðferð opinberra mála sem afgreitt var á fyrri hluta árs 1999. Þáverandi dómsmrh. lagði fram þessi sjónarmið sem grundvallaratriði við stefnumörkun á þessu sviði. Ég er algjörlega sammála því sjónarmiði og mér finnst það sem fram kemur hér í þessu frv. víkja verulega þarna frá. Brtt. meiri hluta allshn. færir málið hins vegar til baka til svipaðs horfs og ég get alveg sætt mig við þá útfærslu sem meiri hlutinn leggur til.

Þessi sjónarmið sem ég tala fyrir varðandi hlerunina eiga víða skírskotun eða stuðning í afstöðu, ekki bara hjá fyrrverandi dómsmrh. heldur líka t.d. hjá ungum manni sem heitir Ragnar Jónasson og birti grein á vefritinu frelsi.is nýlega. Hann fjallaði um frv. og setti fram sjónarmið sín til þess.

Hann segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Afar brýnt er að reynt sé að ná fram markmiðum lagafrumvarpsins með öðrum og vægari úrræðum heldur en að víkja með svo skýrum hætti frá meginreglunni. Reglan um friðhelgi einkalífsins er slík grundvallarregla að borgararnir eiga að geta treyst því að dómari, og enginn annar, geti ákveðið að yfirvöld fái að hlusta á símtöl þeirra eða grípa til sambærilegra eftirlitsaðgerða."

Fleira ætla ég ekki að leggja inn í þessa umræðu, virðulegi forseti, en ég hef farið yfir þessi þrjú atriði sem mér fannst ástæða til að rekja viðhorf mín til. Í fyrsta lagi um aðgang að gögnum, í öðru lagi um nafnleynd vitna og í þriðja lagi um hlerun. Mér finnast brtt. í heild breyta málinu verulega þannig að það er orðið ásættanlegt og ég mun styðja það svo breytt þó að ég árétti athugasemd mína við 2. gr. frv. sem kveður á um nafnleynd vitna. Ég tel að menn gangi lengra í þeim efnum en efni standa til og lengra en samræmist þeirri framkvæmd sem tíðkast í Evrópu að svo miklu leyti sem mér er það kunnugt.

[18:08]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi auðvitað yfir ánægju með að hv. þingmaður hyggist styðja frv. eins og það kemur úr allshn. en ég ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi varðandi það sem hann fjallar um dönsku lögin. Öll helstu skilyrði dönsku laganna eru hin sömu og frv. gerir ráð fyrir. Það kann vel að vera að í 784. gr. laganna í Danmörku sé jafnframt viðbótarskilyrði um að viðkomandi sem hlerunin beinist gegn verði skipaður réttargæslumaður. Ég tel engu að síður að það breyti ekki aðalatriðinu sem er það að öll helstu skilyrðin voru hin sömu og í frv. sem var hér kynnt.

Síðan vil ég víkja jafnframt að því atriði að menn hafi hér áður látið orð falla um að dómsúrskurður væri alltaf nauðsynlegur undanfari. Það er auðvitað sú leið sem meiri hluti allshn. leggur til. Það má samt ekki taka þessa umræðu að mínu áliti án þess að hafa jafnframt í huga þennan nýja veruleika sem frv. er ætlað að mæta. Hann er rakinn ágætlega í frv., hefur komið fram hér í umræðu um málið og er sem sagt sá að þeir sem lögreglan er að fást við og er að rannsaka

möguleg brot hjá skipta ótt og títt um síma og það er verið að bregðast við tæknilegum vandamálum við rannsókn mála með þessari niðurstöðu. Við teljum að með þeirri brtt. sem nú er komin fram sé enn hafður í huga þessi nýi veruleiki lögreglunnar við rannsókn mála.

Ég vildi sem sagt bara hnykkja að lokum á þessu atriði.

[18:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg fallist á það að tæknibreytingar gera það að verkum að það er nauðsynlegt að breyta heimildinni frá því að einblína á tiltekin númer yfir í það að fylgjast með símtölum persónu enda gerði ég ekki athugasemdir við þá breytingu í máli mínu. Hins vegar gerði ég athugasemdir við að í frv. væri vikið verulega og í grundvallaratriðum frá þeim sjónarmiðum sem ég tel að menn eigi að leggja til grundvallar þessum efnum og kom mjög skýrt fram í því frv. sem þáverandi dómsmrh., Þorsteinn Pálsson, lagði hér fram. Það á að fara fyrir dómara með málið og fá þar heimild til að fylgjast með mönnum. Menn eiga að geta treyst því að dómari meti það og vegi.

Varðandi dönsku lögin má ekki slíta heimildina sem þar var opnuð og vísað er til rökstuðnings því að taka upp það ákvæði í frv. að heimilt sé að hlera síma án dómsúrskurðar frá því sem fylgdi með, því ákvæði í 784. gr. að ekki megi nýta þá heimild nema settur sé lögmaður eða „advokat", eins og það heitir á dönsku, til þess að fylgjast með þeim sem eru að fylgjast með hinum grunaða. Það verður alltaf einhver að fylgjast með lögreglunni, enda er hún ekki hafin yfir gagnrýni og getur misbeitt heimildum sínum. Þetta tel ég vera algerlega óaðskiljanlegan hluta breytingarinnar í Danmörku. Menn gefa ekki rétta mynd af því hvað Danirnir færðust í fang þegar menn taka bara annan hlutann af breytingunni.

Ég vil nefna svo að lokum, herra forseti, að þetta ákvæði dönsku laganna með þessari advokat-skipan er mjög umdeilt í Danmörku og þar er því haldið fram að það standist ekki ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 2. umr.

Stjfrv., 462. mál. — Þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707.

[18:13]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá dómsmrn., þá aðila sem komu að því að semja drög að frv. Nefndin hefur jafnframt fundað með Félagi fasteignasala, fulltrúum byggingaraðila í þessum iðnaði, fasteignasölum, fulltrúum frá fjmrn. og fleiri aðilum, og enn fremur fengið fjölmargar umsagnir. Ég vil leyfa mér að segja að þetta frv. var alveg sérstaklega vandað þegar það kom fram. Því fylgdu umsagnir og það hefur áður komið fram í umræðu um þetta mál að það var einstaklega vel vandað til þess sem varð auðvitað mjög til þess að létta alla vinnu sem fram fór í nefndinni.

Engu að síður var ástæða til að fara mjög nákvæmlega ofan í saumana á málinu því að með frv. er lagt til að sett verði ný heildarlög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem leysa gildandi lög, nr. 54/1997, af hólmi. Í frv. eru lagðar til viðamiklar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi, m.a. í því skyni að bregðast við þeim vandamálum sem komið hafa upp í starfsstéttinni og lýst er í nál. allshn.

Meðal helstu breytinga samkvæmt frv. er að öðrum en fasteignasölum verður bannað að hafa milligöngu um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra.

Í annan stað er lagt til að gerðar verði auknar kröfur til þeirra sem vilja þreyta prófraun til að fá löggildingu sem fasteignasalar.

Í þriðja lagi eru í frv. gerðar tillögur um breytingar á reglum um eignarhald á fasteignasölum, um útibú og um að starfsábyrgðartrygging eigi að taka til þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala.

Loks er gerð sú breyting, og þar er um mjög veigamikla breytingu að ræða, að komið er á fót eftirlitskerfi með fasteignasölum. Lagt er til að fasteignasölum verði skylt að eiga aðild að Félagi fasteignasala sem er ætlað viðamikið hlutverk samkvæmt ákvæðum frv. Þannig er gengið út frá því að sett verði á fót stjórnsýslunefnd, eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, sem starfi í tengslum við félagið og á kostnað þess.

Allshn. gerir tillögur um breytingar á fyrirkomulagi eftirlitsins sem ég ætla að fara aðeins nánar yfir á eftir.

Ég ætla að leyfa mér í öllum aðalatriðum að vísa til nál. allshn. Það var samstaða í henni um öll helstu atriðin. Nokkrir fyrirvarar voru gerðir af hálfu einstakra nefndarmanna en sameiginlega standa þeir þó að þessu áliti.

Þau atriði sem ég ætla að víkja að snúa að þessum helstu þáttum en ég ætla aðeins að staldra við innheimtu félagsgjaldsins til Félags fasteignasala. Allshn. gerir tillögu um að innheimta þess verði aðgreind frá innheimtu eftirlitsgjaldsins, þ.e. að gerður verði aðskilnaður á milli félagsgjalds og eftirlitsgjalds enda eru þessi tvö gjöld ólíks eðlis. Þannig er lagt til að bætt verði við frv. ákvæði þess efnis að Félag fasteignasala beri sjálft kostnað af þeim störfum sem því eru fengin með lögunum og fengin heimild til að leggja árgjald á félagsmenn til að standa straum af þeim kostnaði. Jafnframt er lagt til að sérhver fasteignasali greiði árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndarinnar. Félagið annist innheimtu eftirlitsgjaldsins og standi skil á því til eftirlitsnefndarinnar, en vangoldið eftirlitsgjald verði aðfararhæft.

Fyrir þessu eru færð frekari rök í nál. allshn. og ég ætla að leyfa mér að vísa til þeirrar umfjöllunar.

Veigamikil breyting á frv. felst í því að allshn. leggur til að sjálfstæði eftirlitsnefndarinnar verði styrkt frá því sem greinir í frv. Þetta kemur m.a. fram í því að ráðherra ákveði henni þóknun í stað þess að þóknunin greiðist af Félagi fasteignasala. Þá leggur nefndin til að frekar verði skilið á milli félagsins og eftirlitsnefndarinnar, einkum að því leyti að nefndin ráði sér sjálf starfsmann, enda gæti komið til þess að ekki yrði samstaða með nefndinni og félaginu um það atriði. Því telur allshn. heppilegast að eftirlitsnefndin ráði sér sjálf starfsmann án atbeina Félags fasteignasala.

Krafa kom fram frá Félagi fasteignasala, eða tillaga skulum við segja, um að fasteignasölum yrði gert að setja tiltekna tryggingu — og gerð var tillaga um 5 millj. kr. tryggingu í því efni — í því skyni að standa straum af kostnaði sem félli til við frágang skjala þegar sú óvænta staða kemur upp að fasteignasali leggur niður störf, þ.e. lokar starfsstöð sinni.

Nefndin lagði sig fram um að koma til móts við þann vanda sem þarna var verið að benda á en féllst þó ekki á þessar hugmyndir um 5 millj. kr. peningatryggingu eða bankaábyrgð. Af hálfu allshn. er gerð sú tillaga að bætt er inn hlutlægri ábyrgðarreglu á þessu afmarkaða sviði og starfsábyrgðartrygging viðkomandi fasteignasala á síðan að taka til þess tjóns sem af slíkum atvikum leiðir sem ég hef hér fjallað um.

Ég hygg að með þessu sé verulega komið til móts við þær áhyggjur sem lágu til grundvallar tillögunni frá Félagi fasteignasala en við höfum hér fundið með þessu nokkuð vægara úrræði sem er kannski fyrst og fremst heppilegra fyrir þær sakir að sú leið hindrar ekki með sama hætti aðgang að greininni, eins og tillaga Félags fasteignasala gerði að mati nefndarmanna.

Einhverjir nefndarmanna höfðu fyrirvara á undirskrift sinni og munu hugsanlega gera grein fyrir þeim sjálfir. Sumir nefndarmanna höfðu fyrirvara varðandi skylduaðildina og það atriði fékk talsverða umræðu í nefndinni. Í nál. er gengið út frá því að mikilvægt sé að skylduaðild að Félagi fasteignasala verði komið á en á móti er lagt til að það fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar þegar reynsla er komin á það breytta fyrirkomulag. Bendir nefndin sérstaklega á að Félagi fasteignasala er samkvæmt frv. ætlað viðamikið hlutverk, og hafa má efasemdir um hvort félagið geti staðið undir því viðamikla hlutverki án skylduaðildarinnar. Nefndin telur þó að félagið kunni á næstu árum að styrkjast svo verulega, m.a. á grundvelli þá þessarar skylduaðildar og á forsendum þeirra verkefna sem því verða falin, að í ljós kunni að koma að til lengri tíma verði ekki nauðsynlegt að kveða á um skylduaðildina. En í upphafi eru sem sagt færð fyrir því rök í nál. að þetta kunni að vera nauðsynlegt.

Miklar umræður fóru fram um það hvort ástæða væri til að taka til endurskoðunar umfang þess eftirlits sem frv. kveður á um. Ég vil leyfa mér að segja að nefndin hafi verið nokkuð einhuga um þá afstöðu að kveðið sé á um fullítarlegt eftirlit með þessari starfsemi í frv. Á hinn bóginn komu líka á fund nefndarinnar sérfróðir aðilar á þessu sviði sem vöktu athygli á því að full ástæða væri til að breyta fyrirkomulaginu og að sérstaklega fyrst um sinn væri ástæða til að fara gaumgæfilega ofan í saumana á þessari starfsemi. Á endanum varð niðurstaðan sú að breyta ekki umfangi þessa eftirlits sem frv. gerir ráð fyrir en það var þá einungis á þeirri forsendu að jafnt og gildir um skylduaðildina verði þetta atriði sérstaklega tekið til endurskoðunar að liðnum fjórum árum. Þannig gera nefndarmenn ráð fyrir að eftir fjögur ár, ég hygg að það sé í lok árs 2008 sem varð niðurstaðan í þessu hjá okkur ... (**Gripið fram í:** Í janúar.) Já, í byrjun árs 2008 var það, 1. janúar 2008 á að fara fram endurskoðun á lögunum og það er einkum varðandi þessi tvö atriði sem ætlast er til að það ákvæði taki til.

Að þeim tíma liðnum, þ.e. fyrir 1. janúar 2008, mun samkvæmt öðrum ákvæðum frv. hafa farið fram eftirlit með starfsemi allra löggiltra fasteignasala. Þessi tvö ákvæði frv. eru þannig sett í ákveðið samhengi, annars vegar er tíminn fram að endurskoðuninni og hins vegar hversu umfangsmikið eftirlitið verður, þ.e. hversu oft hver og einn löggiltur fasteignasali mun sæta eftirliti.

Eins og áður segir lá vinnu nefndarinnar til grundvallar mjög viðamikið, ítarlegt og vel unnið frv. Gerðar voru breytingar á nokkrum atriðum þess og ég held að nefndarmenn séu sammála um að þær skipti verulegu máli fyrir málið í heild sinni og jafnframt að niðurstaðan sé á allan hátt góð enda einhugur um hana í allshn.

Ég hygg að ég hafi snert nú í máli mínu á því helsta sem nefndin hefur tekið til skoðunar. Það verður mjög mikil réttarbót að þessu máli þegar þingið hefur samþykkt frv. og það er mjög athyglisvert í því samhengi að hjá stétt fasteignasala er mjög rík krafa um að herða á eftirliti með greininni og að koma á nýju skipulagi varðandi innra starf þeirra.

[18:26]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Hv. formaður allshn. gerði ágætlega grein fyrir efni þess og fyrir þeirri vinnu sem átti sér stað í allshn. Ég vil segja það fyrir mína hönd og hv. þingmanna Samf. þar að ég held að almenn samstaða hafi verið í nefndinni um málið, hvernig það var unnið. Ég held að nefndarmenn hafi, hvar í flokki sem þeir eru staddir, verið sammála um það markmið að bæta úr því regluumhverfi sem gildir á fasteignamarkaði. Í flestum tilvikum vorum við líka sammála um þær leiðir sem skyldi fara að því marki þannig að ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð og lýsi bara yfir ánægju með störf nefndarinnar í tengslum við þetta mál. Það var ágætlega unnið í upphafi sem hjálpaði vissulega til, eins og hv. formaður allshn. greindi hér frá, en líka gekk ágætlega að leysa úr þeim álitamálum sem komu upp í starfi nefndarinnar.

Ég og aðrir hv. þingmenn Samf. skrifum undir nál. með fyrirvara. Ég vil einungis greina frá því að ástæða þess fyrirvara er fyrst og síðast eftirlitið. Það er kveðið á um ansi viðamikið eftirlit í frv. og í 21. gr. er gert ráð fyrir því að eftirlitsnefnd sé heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að skoða bókhald og öll skjöl fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum sem hann hefur með höndum. Skal eftirlitsnefndin framkvæma slíka skoðun svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár hjá hverjum fasteignasala.

Það var kannski þetta sem ég hef efasemdir um og hefði talið nægilegt að hafa þetta eftirlit „svo oft sem þurfa þykir". Ég held að við séum sammála um það, vorum a.m.k. sammála um það í allshn., að það þyrfti að vera gott eftirlit en það væri spurning hvort ástæða væri til að fara út í svona viðamikið eftirlit, í raun og veru skylduefirlit, jafnvel þó að um væri að ræða stofu sem væri engin sérstök ástæða til að hafa eftirlit með.

Það er sem sagt ástæða fyrirvarans í okkar tilviki. Ég held að það sé samt ágæt leið sem var farin í bráðabirgðaákvæðinu, og var gerð grein fyrir af hv. formanni allshn., að kveða á um að þetta fyrirkomulag skyldi tekið til endurskoðunar í byrjun árs 2008. Það er ástæða til að fara í gegnum allan þennan markað eins og hann leggur sig til að byrja með og kannski kann að lokinni þeirri skoðun að vera ástæða til að draga úr eftirlitinu. Þess vegna skrifum við undir álitið og erum sammála því í öllum meginatriðum en fyrirvarinn er einungis þessi. Auðvitað treystum við því að tekið verði til skoðunar að ekki sé verið að gera óþarfaeftirlitsbatterí, gera slíkt batterí stærra en þörf er á. Allt kostar þetta peninga og fyrirhöfn.

Að öðru leyti erum við afar sátt við málið.

[18:29]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er um þarft mál að ræða, sérstaklega í ljósi þeirra mála sem hafa komið upp á undanförnum

missirum og mjög mikilvægt að tryggja neytendavernd í þessum málaflokki. Fulltrúi Frjálsl. gerði fyrirvara við málið og hann felst einkum í tvennu. Það eru tvö atriði sem við gerum fyrirvara við.

Einkum varðar fyrirvarinn skylduaðildina. Ég hef ákveðnar efasemdir um hana vegna þess að hér er um nokkuð ósamstæðan hóp að ræða sem á í samkeppni og fyrirtækin sem standa í þessum rekstri eru innbyrðis nokkuð ólík.

Hitt varðar eftirlitið. Það er verið að búa til nýja stjórnsýslunefnd sem hefur eftirlit með þessum málaflokki sem verður í samkrulli við Félag fasteignasala. Þetta samkrull líst mér kannski ekkert sérstaklega vel á og ég hefði talið mun eðlilegra að skoða þann möguleika að fara með þetta inn í aðra eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera og hafa þetta hreint og klárt, t.d. á vegum Fjármálaeftirlitsins.

Í heild sinni tel ég hér um þarft mál að ræða og vonandi verður það til góðs fyrir markaðinn.

[18:31]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa langt mál um frv. Formaður hv. allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, hefur gert prýðilega grein fyrir efni þeirra breytinga sem lagðar eru til í því nál. sem liggur hér fyrir. Ég vil þó áður en ég kem að þeim fyrirvara sem ég gerði við nál. lýsa því að ég tel að frv. eins og það liggur fyrir núna feli í sér gríðarlega mikla réttarbót, bæði fyrir neytendur á fasteignamarkaði og ekki síður fyrir þá sem starfa á þeim markaði, þ.e. fyrst og fremst fasteignasalana. Þeir hafa náttúrlega kallað sjálfir eftir þeim reglum sem fram komu í frv. og þær eru að mínu mati til þess fallnar að bæta mjög starfsumhverfi þeirra.

Eins og fram kemur í nál. gerum ég og hv. þm. Birgir Ármannsson fyrirvara við nál. og þær breytingar sem þar koma fram. Hann lýtur fyrst og fremst að skylduaðild að Félagi fasteignasala, þ.e. skylduaðild löggiltra fasteignasala að félaginu. Við hefðum talið mögulegt að ná fram þeim markmiðum sem frv. er ætlað að ná án þess að kveða á um skylduaðild að félaginu með því einfaldlega að gera alla löggilta fasteignasala eftirlitsskylda hvort sem þeir væru í félaginu eða ekki. Fram komu hins vegar sjónarmið um að það væri nauðsynlegt á þessu stigi málsins, vegna umfangs eftirlitsins og ekki síður til þess að þeir sem störfuðu á þessum markaði gætu komið sér upp sameiginlegum siðareglum eða verklagsreglum sem fasteignasölum bæri öllum að vinna eftir, að kveða á um skylduaðildina, a.m.k. til að byrja með.

Við gerum fyrirvara við nauðsyn þess að kveða á um hana. Verði niðurstaðan hins vegar sú, þegar frv. þetta verður að lögum, að kveðið verði á um skylduaðild að Félagi fasteignasala leggjum við, ég og hv. þm. Birgir Ármannsson, mjög þunga áherslu á það að við endurskoðun þessara laga fyrir þann 1. janúar 2008 verði sérstaklega kannaður grundvöllur þess að aflétta þeirri skylduaðild þannig að félagafrelsi sé til staðar hvað þessa stétt manna varðar. Við fögnum þeirri brtt. og ritum af þeirri ástæðu undir nál. en með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögmenn, 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (lögmannsréttindi, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713.

[18:35]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um lögmenn.

Nefndin hefur vegna málsins fengið til sín fjölmarga aðila eins og rakið er í nál. nefndarinnar og ég ætla ekki að lesa þá alla upp hér. Þá hefur nefndin jafnframt í störfum sínum haft hliðsjón af umsögnum frá ýmsum þessara sömu aðila og fleiri aðilum sem málið var sent til umsagnar.

Lagðar eru til nokkrar breytingar, eða reyndar eru í frv. lagðar til töluverðar breytingar á gildandi lögum um lögmenn og nefndin leggur síðan til nokkrar breytingar á frv.

Ég ætla ekki að rekja þær breytingar sem felast í frv. frá því sem gildir í dag. Farið er yfir það helsta í nál. allshn. og hefur að sjálfsögðu komið hér áður fram við 1. umr. um málið. Frekar ætla ég að fara yfir þau atriði sem nefndin telur ástæðu til að breyta.

Eins og ég gat um áðan hefur frv. fengið ítarlega umfjöllun á vettvangi nefndarinnar. Þau atriði sem helst voru til umfjöllunar lutu að skilyrðum fyrir öflun héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannsréttinda og því hverjir mættu kalla sig lögmenn og við hvaða kringumstæður, eins og segir í nál.

Í frv. er gert ráð fyrir töluverðum breytingum á fyrirkomulagi þess að menn geti aflað sér héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannsréttinda. Nefndin leggur til að ákvæðum frv. verði breytt á þann veg að starfsreynsluskilyrði b-liðar 4. gr. frv. verði fellt brott þannig að allir þeir lögfræðingar sem vilja afla sér héraðsdómslögmannsréttinda geti tekist á við það verkefni — standi vilji þeirra til þess — eins og núgildandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir, óháð því hvaða störf viðkomandi hafa lagt stund á fram að útgáfu réttindanna. Nefndin lítur svo á að skilyrði um starfsreynslu sé til þess fallið að takmarka aðgang að lögmannastéttinni og telur ekki rök standa til að festa slíkt skilyrði í lög.

Hér er um atriði að ræða sem í sjálfu sér má deila um. Sjónarmið komu fram frá Lögmannafélaginu og starfandi hæstaréttarlögmönnum í þessari stétt um að ástæða væri til þess að gera kröfu um starfsreynslu áður en héraðsdómslögmannsprófið væri þreytt. Þeir eru til sem vilja jafnframt gera það að skilyrði fyrir útgáfu réttinda að viðkomandi starfi jafnframt eftir að hann hefur þreytt prófraunina — og það er hægt að takast á um þetta — þar sem það sjónarmið varð ofan á í nefndinni að þegar öllu er á botninn hvolft væri erfitt að binda í lög skilyrði og tilgreina þar nákvæmlega hvaða störf væru heppileg til að tryggja að viðkomandi fengi þá reynslu sem lögunum væri ætlað að tryggja. Satt best að segja þróuðust störf nefndarinnar þannig að það stóð til að útvíkka þá grein frv. sem fjallaði um þetta atriði en á endanum varð niðurstaðan sú að fella ákvæðið hreinlega brott. Staðreyndin er sú eins og ég rakti áðan að það er afar erfitt í lagatexta að tryggja með ákvæðum af þessu tagi að viðkomandi öðlist þá starfsreynslu sem um er fjallað. Ég tel að þetta sé mjög ásættanleg niðurstaða, jafnframt að góð sátt hafi verið um þetta atriði í nefndinni og að með þessu sé ekki verið að fórna neinu öryggi um að þeir lögmenn sem útskrifast hér á landi eða koma frá Evrópska efnahagssvæðinu og hafa stundað umfangsmikið laganám og síðan þreytt prófraun til öflunar

þeirra réttinda sem hér er verið að fjalla um séu til þess hæfir að gegna þeim störfum sem þeir taka að sér.

Í því sambandi má auðvitað hafa í huga það fyrirkomulag sem gilt hefur til skamms tíma. Í gegnum tíðina hefur starfsreynsla ekki verið skilyrði fyrir því að ná sér í þessi réttindi.

Næst er að nefna úr nál. að því er beint til dómsmrh. að tekið verði til skoðunar hvort ástæða sé til að láta reyna á almenna fagþekkingu þeirra lögfræðinga sem óska eftir að afla sér héraðsdómslögmannsréttinda og það yrði þá gert með reglugerð eða reglum um þá prófraun. Ég ætla ekki að fara dýpra ofan í þetta atriði, bara nefna það að þeim sjónarmiðum var teflt fram fyrir nefndinni að eftir að háskólum sem útskrifa lögfræðinga hefur fjölgað á undanförnum árum sé meiri ástæða til þess á einhverju stigi að kanna að þeir standist einhver almenn lágmarksviðmið. Nefndin var ekki reiðubúin til að stíga það skref en beinir því til ráðherra að huga að þessu atriði og að eftir atvikum þegar fram í sækir sé sá möguleiki til staðar að láta reyna á þá fagþekkingu í prófrauninni sem fer fram þegar sótt er um réttindi til héraðsdómslögmanns.

Nefndin leggur einnig til breytingar á ákvæðum varðandi öflun hæstaréttarlögmannsréttinda. Nefndin telur sanngjarnt að héraðsdómslögmenn sem vilja afla sér réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti hafi flutt töluverðan fjölda mála fyrir héraðsdómi. Nefndin telur þó engin efnisrök standa til þess að fjölga þeim málum frá því sem gilt hefur en frv. gerði ráð fyrir því að í stað 30 mála skyldu koma 40 mál. Samkvæmt gildandi lögum hefur reglan verið 30 mál og nefndin gerir tillögu um að sú regla standi óbreytt.

Nefndin leggur jafnframt til að fellt verði brott skilyrði 4. efnisgreinar 7. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að þeir lögmenn sem starfa á svonefndri undanþágu frá því að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu í eigin nafni megi eingöngu nefna sig lögmenn þegar þeir koma fram fyrir hönd vinnuveitanda síns og í málum sem varða hagsmuni þeirra.

Taka má fram að þetta atriði var töluvert mikið rætt á vettvangi Lögmannafélagsins og þær umræður skiluðu sér síðan fyrir allshn. Frv. gerði ráð fyrir því að setja nánari reglur um það í hvaða tilvikum lögmönnum sem störfuðu á hinni svonefndu undanþágu væri heimilt að nefna sig lögmenn og voru færð fyrir því þau rök fyrst og fremst að dæmi væru um að lögmenn sem störfuðu á undanþágunni tækju að sér verkefni fyrir aðra en þeim væri samkvæmt lögunum heimilt að starfa fyrir. Engu að síður telur nefndin að í lögum sé þegar að finna reglur um þetta efni og þó að einstaka lögmenn hafi gerst brotlegir við þær reglur sé ekki ástæða til að fara að þrengja þær enn frekar. Nefndin fellst á það sjónarmið þeirra sem á undanþágunni starfa og hafa komið fyrir nefndina að ekki sé ástæða til að þrengja rétt þeirra til að nota starfsheitið frekar en gilt hefur hingað til. Af þeirri ástæðu leggur allshn. til að skilyrði 4. efnisgreinar 7. gr. verði fellt brott.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því að Lögmannafélagi Íslands sé heimilt að krefja lögmann um greiðslu kostnaðar við rannsókn á fjárreiðum hans sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðanda að ráðast í. Í þessu sambandi bendir nefndin á að skylduaðild er að Lögmannafélagi Íslands og félagsmönnum er jafnframt skylt að greiða gjald til þess að standa straum af kostnaði við rekstur félagsins. Nefndin telur óeðlilegt að kostnaði við eftirlitið verði velt yfir á félagsmann, jafnvel þótt niðurstaða rannsóknar sýni að allt sé í stakasta lagi hjá honum. Nefndin telur rétt að þessi heimild verði þrengd þannig að hún taki einungis til þeirra tilvika þar sem um umfangsmikla rannsókn er að ræða sem leitt hefur í ljós misfellur í starfi. Sumir hafa nefnt það gjald sem fellur til með þessum hætti „sóðagjald“ og ég held að það standi ekki undir nafni nema það eigi þá einkum við um þá aðila sem hafa gerst brotlegir. Í því samhengi þarf annars vegar að hafa verið um umfangsmikla rannsókn að ræða og síðan verulegt brot. Það eru þau sjónarmið um að þarna er auðvitað skylda að taka þátt í greiðslu gjaldsins og ekkert óeðlilegt að það geti þá staðið undir einhverjum lágmarksrannsóknum. Ekki er í öllum tilvikum rétt að velta öllum kostnaði af þessu eftirliti yfir á viðkomandi, einkum þegar um minni háttar athugasemdir er að ræða.

Nefndin leggur næst til að ákvæði 4. efnisgreinar 8. gr. frv. varðandi sjálfkrafa niðurfall réttinda falli brott. Fyrir því eru færð þau rök helst að þessi regla fái tæplega staðist, enda ljóst að hún gæti leitt til þess að maður í starfi lögmanns væri búinn að missa réttindi til að gegna starfi sínu án þess að skjólstæðingar hans eða þeir sem eftirlit eiga að hafa með lögmönnum hefðu tök á að vita um það. Þessi breyting er gerð að tillögu réttarfarsnefndar og mikil samstaða var um þetta atriði í nefndinni.

Nefndin leggur til að bætt verði við bráðabirgðaákvæði frv. ákvæði varðandi skipun prófnefndar sem hefur umsjón með prófraun til að lögfræðingar geti öðlast héraðsdómslögmannsréttindi. Lagt er til að skipað verði í fyrsta skipti í prófnefnd samkvæmt hinu nýja ákvæði þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var samkvæmt eldra ákvæði rennur út. Einnig er lagt til að bætt verði við bráðabirgðaákvæði frv. ákvæðum um þá héraðsdómslögmenn sem hafa við gildistöku laganna fengið viðurkenningu á prófmáli til flutnings fyrir Hæstarétti þannig að þeir hafi frest til 1. desember 2005 til að ljúka prófrauninni, að því tilskildu að umsókn um síðara prófmál hafi borist prófnefnd fyrir 10. nóvember 2005.

Það er tengt þessu atriði að lagt er til að prófnefndin starfi til 30. nóvember 2005. Þarna er eingöngu um það að ræða að huga þarf að því þegar gerð er kerfisbreyting af því tagi sem hér er verið að fjalla um að einstaka lögmenn kunna að hafa hafið réttindaöflun til Hæstaréttar í núgildandi kerfi og það er engin ástæða til að koma í veg fyrir að þeir klári réttindaöflun sína í því kerfi þannig að ekki fari forgörðum þau prófmál sem þeir hafa þegar lokið við að flytja og fengið viðurkennd.

Ég tel að ég hafi farið yfir allt það helsta sem snertir þetta mál. Það má segja um öflun réttinda bæði fyrir héraði og í Hæstarétti að allir þeir aðilar sem málið snertir hafa mjög sterkar skoðanir á því. Teflt var fram mjög mörgum og ólíkum sjónarmiðum fyrir allshn. við vinnslu málsins og ég hygg að ég geti sagt alveg kinnroðalaust að nefndin sé að fara ákveðinn milliveg í þessu og að nefndinni hafi tekist ágætlega til við að sætta og taka tillit til allra sjónarmiða sem fram komu við vinnslu málsins.

[18:49]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. allshn. hafi náð góðri lendingu í þessu máli og ég held að það sé mjög mikilvægt að gengið verði frá lögfestingu þess máls sem hér liggur fyrir. Það hefur verið í umræðunni hér áður. Einkum held ég að

það sé mikilvægt í þessu frv. að gengið verði frá því sem snýr að nýju og breyttu umhverfi í laganámi á Íslandi, að ekki sé lengur skilyrði fyrir öflun héraðsdómslögmannsréttinda að viðkomandi hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Þrjár nýjar lagadeildir hafa tekið til starfa á síðustu árum, lagadeildir Háskólans í Reykjavík, Viðskiptaháskólans á Bifröst og síðan Háskólans á Akureyri.

Í tengslum við þetta breytta umhverfi er kannski eðlilegt að fram fari nokkur umræða um það með hvaða móti þessu nýja fyrirkomulagi skuli háttað. Það var það sem gerðist þegar frv. þetta var hér lagt fram, og heilmikil umræða átti sér stað um þetta líka í hv. allshn. við meðferð frv. Ýmsar áhyggjur komu fram varðandi þann þátt málsins hvort nægilega væri tryggt að inntak laganáms væri með þeim hætti að það gæti alltaf verið grundvöllur til þeirra réttinda sem hér er verið að fjalla um. Komu fram nokkrar ábendingar um það og m.a. af því tilefni kallaði hv. allshn. til fulltrúa menntmrn. til að fara yfir það hvernig þessu væri í raun og veru háttað. Ég tel að það hafi verið mjög gott að fá þá yfirferð í nefndinni, þar reyndum við að átta okkur á því hvað gerist í raun og veru þegar sótt er um leyfi til þess að kenna tiltekið nám í háskóla, hvað það er sem gerist, hvernig eftirliti með inntaki námsins sé háttað o.s.frv. Við fengum ágæta yfirferð hvað þetta varðar í hv. allshn.

Varðandi þær áhyggjur sem komu fram í tengslum við málið, um það hvort inntak laganáms væri nægilega tiltekið í þessum tilteknu lögum, má líka halda því fram að ef inntakslýsing eigi að vera á slíku námi í lögum yfirleitt eigi hún ekki að vera í þeim lögum sem við erum að fjalla um nú. Hér erum við að fjalla um lög um ákveðin réttindi og þá er eðlilegra að hafa lög um slík réttindi í háskólalögunum sjálfum. Ég held að alveg megi velta því fyrir sér hvort nægilega sé kveðið á um það í sjálfum háskólalögunum. Hugsanlega hafa þau verið of opin hvað þetta varðar og hugsanlega er þetta lagt of mikið í mat ráðuneytisins hverju sinni. Mér sýndist á þeirri yfirferð sem við fengum frá menntmrn. að þetta væri allt saman í góðu lagi. Það var tekið fram að þegar umsókn berst frá háskóla um að taka upp eitthvert nám væri farið ítarlega yfir það nám sem fyrirhugað er að bjóða og það metið út frá fjölmörgum þáttum, svo sem tegund námsins og heildarskipulagi, lýsingu á inntaki og markmiðum og litið væri til mögulegs samstarfs og samvinnu við aðrar háskólastofnanir hér á landi og erlendis auk fjárhagslegra þátta. Síðan er gert ráð fyrir að þegar samningar sem menntmrn. gerir við einkaskóla — opinberu skólarnir starfa jú eftir ákveðnum, sérstökum lögum þar um en varðandi einkaskólana erum við að tala um samninga — skuli þeir endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði. Líka kom fram að fyrir lok samningstímans láti menntmrn. fara fram úttekt á viðkomandi námi og að slík úttekt hafi farið fram bæði hjá Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Skólarnir lýstu því líka þegar þeir komu fyrir nefndina hvernig slík úttekt fer fram. Virtist hafa verið vel að því staðið.

Svo má auðvitað velta fyrir sér um hversu mikið af svona gæðaeftirliti háskóla eigi að vera kveðið á í lögum og hversu mikið skuli hreinlega stóla á innra gæðaeftirlit skólanna sjálfra. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að mikilvægasta eftirlitið sem sé viðhaft í þessum efnum sé gæðaeftirlit skólans sjálfs og ég held að þegar háskóli hafi fengið leyfi til að kenna eitthvert nám hljóti sá skóli að leggja í það mikinn metnað að hafa það nám gott. En kannski er óvarlegt að treysta alfarið á það og eðlilegt að jafnframt sé opinbert eftirlit.

Nefndin tekur fram í áliti sínu hvað þennan þátt málsins varðar að við setjum ákveðinn passus þar sem segir að nefndin beini því til dómsmrh. að tekið verði til skoðunar hvort ástæða sé til að láta eftir atvikum reyna á almenna fagþekkingu þeirra lögfræðinga sem óska eftir að afla sér héraðsdómslögmannsréttinda. Þarna er verið að koma til móts við þann þátt málsins að jafnvel skuli athuga hvort ástæða sé til að gera slíka kröfu og m.a. af þessum sökum er ég með fyrirvara við nál. þótt ég sé í heildina tekið mjög sátt við þetta mál. Ég tel mjög mikilvægt að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Það er samt spurning hvernig þessu er háttað og ég held að það sé rétt að skoða það í samhengi á milli dómsmrn. og menntmrn. hvort þessu kerfi sé nægilega vel fyrir komið og hvort ástæða sé til að gera á því breytingar.

Ég fagna því hins vegar að verið sé að afgreiða þetta mál og ég held að það sé rétt sem kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar að við höfum náð nokkuð farsælli lendingu og nokkuð góðri millileið um allflest þau álitamál sem komu upp því að mjög margir höfðu skoðanir á málinu, mjög sterkar skoðanir og þær komu úr mörgum áttum þannig að ég held að það hafi bara náðst góð lending í málinu í heildina tekið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:56]

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.). — Þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768.

[20:04]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti til að varpa ljósi á það. Einnig bárust nefndinni gagnlegar umsagnir.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem ætlað er að auka vernd arnarins og annarra friðaðra dýra, gera stjórnsýsluleg skil milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands skýrari og auka heimildir til að bregðast við stækkandi stofnum villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum. Þá eru lagðar til breytingar á framkvæmd hreindýraveiða.

Tillögur frumvarpsins um ákvæði sem snerta örn og arnarvarp miða að því að bregðast við dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp 3. apríl 2003 í máli nr. 449/2002. Auk þess að leggja til að hugtakinu lífsvæði verði breytt í búsvæði í 1. gr. frumvarpsins er lagt til í b-lið 10. gr. þess að tiltekin ákvæði reglugerðar nr. 252/1996, um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps o.fl., um vernd arnarins verði lögfest. Í 1. efnismgr. er lagt til að óheimilt sé að koma nær arnarhreiðrum á tilteknu tímabili en 500 m nema brýna nauðsyn beri til. Undir brýna nauðsyn falla t.d. lögmætar

nytjar sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma. Í 3. efnismgr. er lagt til að óheimilt verði að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkist af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á eða utan varptíma. Við umfjöllunina var bent á að þessi ákvæði gengju nokkuð langt í að banna umgengni og rask á svæðum í nágrenni arnarhreiðra og hreiðurstæða. Kom fram að ekki væru skýrar undanþáguheimildir í frumvarpinu vegna framkvæmda í almannaþágu, svo sem vegna vegagerðar og viðhalds vega, viðhalds og gerðar raflína, mastra, vatnsleiðslna o.fl. Ákvæðið gæti að óþörfu hamlað gerð brýnna samgöngumannvirkja, t.d. á Vestfjörðum. Að mati nefndarinnar er um réttmæta ábendingu að ræða og leggur hún til breytingu á 1. og 4. efnismgr. til samræmis við framangreint. Ætíð verður þó að hafa í huga við mannvirkjagerð í nágrenni arnarhreiðra að trufla ekki varp fugla að óþörfu og almennt verður að ganga út frá því að hreiðrum sjaldgæfra fuglategunda sé ekki raskað.

Þá komu fram athugasemdir um að nauðsynlegt væri að taka tillit til hagsmuna æðarbænda af nýtingu æðarvarps við setningu laga um verndun arnarins og að eðlilegt væri að hafa samráð við landeigendur á þeim svæðum þar sem arnarvarp er og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Telur nefndin fulla ástæðu til þess að það sé gert enda lítur hún svo á að gott samstarf við æðarbændur og aðra landeigendur á þessum svæðum sé ein af forsendum þess að vel takist til við friðun arnarins. Nefndin leggur því til að ákvæði framangreindrar reglugerðar um að heimilt sé að stugga við erni sem heldur til eða sést í friðlýstu æðarvarpi verði tekin upp í frumvarpið. Tillaga nefndarinnar felur það í sér að skýrt er kveðið á um að æðarbændur hafi heimild til að stugga við erni í friðlýstu æðarvarpi. Hins vegar er lagt til að óheimilt sé að stugga við hreiðurerni innan 2 km frá varpstað. Gilda þá ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna sem leggur bann við því að trufla villt dýr. Nefndin leggur einnig til að ráðherra setji reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við erni í friðlýstu æðavarpi.

Auk þess sem að framan greinir leggur nefndin til lagfæringar á orðalagi og tilvísun til lagagreinar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Nefndin er einróma í áliti sínu en hv. þm. Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

[20:09]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það frv. sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hefur mælt fyrir nál. um er að einhverju leyti til komið vegna deilna um hvernig umgangast skuli örn og arnarhreiður, ekki hvað síst á viðkvæmum stöðum eins og í varplöndum og fuglalífi Breiðafjarðar.

Á Breiðafirði er mjög fjölbreytt fuglalíf og þar eru líka miklir náttúruhagsmunir í æðardún og fjölbreyttu lífríki sem verður náttúrlega best varðveitt og umgengist af fólkinu sem þar býr. Náttúrufræðistofnun hefur þarna ákveðið eftirlitshlutverk eins og kemur fram í frv. Ég vil spyrja þingmanninn hvort ekki hafi verið rætt um að setja hreinlega ákvæði í lögin um að eftirlit á svæðunum sé falið næstu náttúrustofu, að náttúrustofa eins og t.d. í þessu tilfelli náttúrustofan í Stykkishólmi, mjög virk og starfar þar vel, sinni eftirlitinu. Það sem ég hef heyrt er að bændur og íbúar svæðisins vilji eiga sem nánast samstarf við fagaðila heima fyrir, eins og t.d. í þessu tilviki náttúrustofuna í Stykkishólmi. Þeir vilja að hún fari með þessi samskipti við íbúana varðandi fuglalífið og þar með talið örninn, fari með umboð þessara laga hvað það varðar.

Ég ítreka spurningu mína: Var ekkert rætt um að fela henni þessi verkefni?

[20:11]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal svara þessu mjög stutt. Í þingnefndinni var ekki rætt um að fela náttúrustofunni í Stykkishólmi þetta eftirlit en hins vegar er auðvitað mjög mikilvægt að þarna sé staðið vel að slíku. Náttúrufræðistofnun hefur annast það hingað til og það verður þannig áfram.

Ég vildi líka geta þess í þessu sambandi að nokkur gagnrýni kom fram á eftirlitsstörf Náttúrufræðistofnunar af hálfu æðarbænda. Sérstakur fundur var haldinn um þessi mál þar sem mættir voru fulltrúar frá umhvrn. og Náttúrufræðistofnun til að funda með æðarbændum. Ég veit ekki betur en að ágætt samkomulag hafi tekist á þeim fundi um að slíkt eftirlit yrði í samráði við æðarbændur.

[20:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Sérstök lög eru til um vernd Breiðafjarðar og sérstök Breiðafjarðarnefnd fer með þau verkefni í umboði umhvrn. Í 7. gr. þeirra stendur, með leyfi forseta:

„Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess.“

Nú veit ég og þekki til að á milli Breiðafjarðarnefndar og náttúrustofunnar í Stykkishólmi er mjög gott og náið samstarf. Náttúrustofan í Stykkishólmi starfar með Breiðafjarðarnefnd og íbúum þess svæðis í vöktun á þessu lífríki. Þess vegna finnst mér alveg einboðið að þau verkefni sem lúta að því sem þessi lög fjalla um, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum á þessu svæði, verði falin náttúrustofu Stykkishólms. Náttúrustofa Stykkishólms, þ.e. náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi, er að hluta til á ábyrgð sveitarfélaganna, íbúanna. Þar er fagþekking, þar er vilji, þar er samstarfið fyrir hendi. Baklandið er Náttúrufræðistofnun og ég er svo viss um að þessum málum væri mun betur og öruggar komið fyrir ef þetta væri fyrst falið í þeirra forsjá hvað varðar nærsamskipti. Ég hvet til þess að nefndin skoði það á milli umræðna að setja það inn því að ekkert er verra en að vera í einhverri óvissu eða ala á tortryggni eða slæmri sambúð við það fólk sem býr á þeim svæðum þar sem er þetta fjölbreytta og viðkvæma lífríki, t.d. örninn og annað í lífríki Breiðafjarðar.

[20:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt og full ástæða til að taka fram að við erum að afgreiða núna, í gær og í dag, ein sex mál frá umhvn., mikilvæg mál sem skiptir miklu að við skulum hafa náð að vinna með í vetur og skila inn til þingsins þannig að þau verði lögfest í vor. Það er ánægjulegt af því að þetta er þannig málaflokkur að samstaða næst um málin þegar svo vinnst. Þannig er það með þessi mál sem við erum að afgreiða núna að það er í mesta lagi fyrirvari hjá fáeinum nefndarmönnum út af einhverju tilteknu atriði en í það stóra og heila erum við að afgreiða málin í talsvert mikilli samheldni.

Það er óhætt að segja varðandi þetta mál að örninn er stóra málið í þessu frv. Í raun og veru verður frv. til vegna þess að það er ljóst eftir dóm að færa þarf reglugerðarákvæði inn í lög eða lögþættar reglur sem áður voru í reglugerð. Það minnir okkur enn og aftur á að það er ekki heimilt að setja reglugerðir öðruvísi en að fyrir þeim sé lagastoð og einstaka sinnum ber það við að menn hafa í ákefð sinni ætlað að tryggja einhverjar reglur með þeim hætti og hafa gengið út fyrir og farið á svig við lögin í reglugerðarsetningu. Það má ekki. Það er hægt að brýna alveg endalaust fyrir starfsfólki ráðuneytanna að gæta að því í reglugerðarsmíð og eins ráðherrunum að tryggja að það gerist ekki.

Ég verð að segja fyrir mig, virðulegi forseti, að það var frekar áhugavert að fjalla um þennan tígulega fugl, þennan *konung fuglanna á Íslandi, um lífsumhverfi þessa dýrs og* kynnast því hve margir þættir skipta máli í umhverfi þess. Þegar maður býr ekki á arnarslóðum heldur maður að örninn byggi sér bú þannig til fjalla að maðurinn sé ekki beinlínis að ónáða hann og hann sé ekki að þvælast fyrir því sem er að gerast hjá mannfólkinu. Svo einfalt er það hins vegar ekki.

Mjög margir þættir skipta máli og við höfum kynnst þeim í umhvn., tilteknar bátsferðir með fólk, túrisminn almennt og meira að segja Vegagerðin. Við áttuðum okkur á því að við þurftum að gera breytingar á tilteknum ákvæðum laganna vegna Vegagerðarinnar. Síðan má nefna atvinnumál. Þá er ég fyrst og fremst að meina æðarbændur. Það var mjög gott að við höfðum nægan tíma til að fara í þetta mál með þeim hætti að allir gátu komið athugasemdum sínum til nefndarinnar skriflega og jafnframt var kallað í feikilega marga til að ræða saman og jafnvel þannig að fólk gat rætt saman þvert á ólíka þætti, áhugasvið og hagsmuni. Þess vegna er ég með nokkrar brtt. *Það er til þess að taka tillit til þeirra ábendinga sem hafa* komið og reyna að sníða þetta mál betur að þörfum þeirra sem málið varðar. Eins og kemur fram í brtt. eru það fyrst og fremst ernirnir sem þarna er verið að vinna með.

Þrátt fyrir að tilefni breytinganna sé örninn, að verið sé að gera breytingar á lögunum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum vegna hæstaréttardóms um ernina, er jafnframt verið að nota tækifærið til að taka inn hinar og aðrar „smábreytingar". Það er auðvitað misjafnt hvernig menn líta á slíkt. Við erum líka að gera breytingar á hreindýraveiðum og skerpa skil á milli stofnana en þar hafa einnig orðið breytingar þannig að þar er verið að skerpa skil. Þetta er allt til bóta. Þarna eru líka ákvæði sem menn gagnrýna og þess vegna eru bæði Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason með fyrirvara og þrátt fyrir að við fulltrúar Samf. í umhvn. styðjum þetta mál er þó þarna ákveðinn fyrirvari sem Mörður Árnason mun gera grein fyrir. Í heildina styðjum við þó málið og okkur finnst það vera til mikilla bóta frá því sem verið hefur varðandi ernina.

[20:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur og Rannveigar Guðmundsdóttur hefur umhvn. farið gaumgæfilega yfir þetta mál og hitt alla hlutaðeigandi aðila, fjöldann allan af umsagnaraðilum og átt gagnlegar viðræður við þá. Það er viðurkennt að upp hafa komið ágreiningsmál í þessu máli er lýtur að vernd og friðun arnarins og æðarbændur hafa komið til nefndarinnar og tjáð okkur áhyggjur sínar. Sömuleiðis hefur Breiðafjarðarnefnd sent nefndinni umsögn. Breiðafjarðarnefnd klofnaði reyndar í málinu og við fengum minnihlutaumsögn frá Ævari Petersen sem er fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofu á Vesturlandi og Vestfjörðum í Breiðafjarðarnefnd. Það kemur í ljós að menn hafa beggja vegna víglínunnar þó nokkuð til síns máls og eins og kom fram í máli hv. formanns umhvn. hefur í framgangi þessa máls verið reynt að leita sátta milli aðila og ég held að það sé tilfinning okkar allra í nefndinni að samtal sé nú hafið milli Náttúrufræðistofnunar og æðarræktenda og við væntum þess að aukin sátt náist um þetta mál. Auðvitað eru það hagsmunir okkar allra að æðarvörpin verði ekki fyrir tjóni og að vernduð æðarvörp njóti alvöruverndar en það skiptir okkur líka jafnmiklu máli að arnarstofninn nái sér á strik. Við vitum það sem satt er að hann hefur verið í gífurlegri hættu. Við höfum haft þessa tegund, þennan konung fuglanna, á válista um árabil og nú *skiptir verulegu máli þegar stofninn er farinn að rétta úr* kútnum að við stöndum vaktina, gætum réttar arnarins og tryggjum að stofninn sem er að verða til hér komist almennilega á legg. En það þarf ekki að þýða ógn við friðuð æðarvörp við Breiðafjörð, svo sannarlega ekki. Auðvitað treystum við því öll sem eigum fulltrúa í umhvn. að það samtal sem nú er komið á leiði til þess að áframhaldandi geti náðst góð sátt um samstarf þessara aðila.

Einnig er rétt að ítreka það að breytingar þær sem hér er verið að leiða í lög eru fyrst og fremst til að taka af allan vafa varðandi réttaróvissu og eru atriði sem hafa hingað til verið í reglugerð. Hér er ekki verið að breyta í neinum meginatriðum einhverjum reglum sem hafa ekki verið í gildi. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að öllum aðilum sé ljóst.

Reglugerðin sem hefur verið í gildi gerir ráð fyrir því að stugga megi við flökkuörnum í friðlýstum æðarvörpum og ákvæðið sem við erum nú að leiða í lög varðandi geldfugla er algerlega sambærilegt við reglugerðarákvæði. Í reglugerðinni er meira að segja talað um það hvaða tæki megi nota til að fæla geldfugl eða flökkuörn úr æðarvörpum. Þar er heimilt að nota reyk, hræður, fælur eða gasbyssur til að stugga við örnum í friðlýstum æðarvörpum en það hefur verið bannað og er bannað að reka niður póla í arnaróðul eða beinlínis að koma í veg fyrir að örn geti verpt á þeim óðulum þar sem vitað er til að hann hafi verpt áður.

Ef skort hefur á samráð stjórnvalda og samtök æðarbænda við undirbúning þessa frv. er það auðvitað verulega miður. Ég tel að umhvn. hafi lagt sitt af mörkum í þeirri vinnu að reyna að koma á sáttum og samtali þarna á milli og ég tel mjög vel að það skyldi hafa tekist.

Eitt er það atriði sem ég geri fyrirvara við í þessu frv. Hann varðar 7. gr. sem á við 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að sá málsliður orðist svo, með leyfi forseta:

„Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum, músum og minkum, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr."

Þetta atriði kostaði talsverða umræðu í nefndinni því að hér er verið að nota tækifærið að því er virðist, úr því að lögin eru opin, til að bæta minkum á lista þeirra villtu dýra sem heimilt er að drepa án þess að hafa veiðikort. Við þessu *vil ég vara. Ég er ósammála því að almenningi eigi að* vera heimilt að drepa mink hvar sem hann finnst með hvaða tækjum sem fólk hefur til þess, skóflur eða barefli þar með talin. Ég er þeirrar skoðunar að leggja eigi til skipulegrar atlögu við minkinn og að honum beri að útrýma úr villtri náttúru Íslands. Ég tel hann mikið skaðræðisdýr og er ekki að tala fyrir því að minkurinn fái að ganga óáreittur um holt og móa, þvert á móti. Ég vil samt að þeir sem taka að sér að

drepa mink geri það samkvæmt heimildum, vinni samkvæmt lögum og reglum og þar er auðvitað einfaldasta leiðin að gera það á þann hátt að viðkomandi hafi veiðikort til að stunda þær veiðar. Sjálf á ég ófagrar bernskuminningar um það að hafa séð mink drepinn með skóflu og ég óska engu barni þess að þurfa að upplifa slíka hluti. Ég hef sjálf gagnrýnt það þegar fjölmiðlar hlaupa upp til handa og fóta og birta myndir af hetju almennings sem hefur lagt til atlögu við minka úti í náttúrunni. Þetta tel ég ekki vera til eftirbreytni og ég tel allsendis óþarft að breyta þessari grein laganna í því frv. sem við hér fjöllum um sem er sett fram í allt öðrum tilgangi.

Það er þetta sem fyrirvari minn lýtur að en ég vona að öðru leyti að þessi ákvæði sem hér er verið að leiða í lög eigi eftir að reynast erninum okkar heilladrjúg. Konungur fugla á sannarlega skilið að skjaldborg sé slegin um hann og að sá stofn sem nú er í uppsveiflu komist á legg.

[20:27]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það sem áður er fram komið um meginefni þessa frv. um vernd arnarins og breytingar á reglum um hana. Ég tel að nefndin hafi komist vel í gegnum viðkvæmt mál og gætt jafnvægis milli þeirra sjónarmiða sem hér eru uppi. Síðan verður reynslan að skera úr. Það er nokkuð erfitt fyrir stjórnvald, hvort sem það er framkvæmdarvaldið eða löggjafarvaldið, að standa frammi fyrir þessum hlutum og reyna að stjórna þeim sem allra best og nú er bara að vona að það takist í þessu tilfelli.

Af því að ég er nýr í þessu verð ég að segja að það sem mér sýnist kannski einkum skapa þessa erfiðleika er það að ríkisvaldið skuli afar staðfastlega neita allri hugsanlegri skaðabótaskyldu. Ég hef ekki athugað þetta mál þannig að ég hafi myndað mér ákveðna skoðun sem ég ætli að koma með fyrir þingið en þó verð ég að segja að sjónarmið æðarbænda njóta samúðar minnar að nokkru leyti þegar um það er að ræða að dýrategundir sem samfélagið vill friða og vill halda við valda óskunda í æðarvörpum, sérstaklega þeim sem forn eru og hafa lengi staðið. Ég held að það sé eitt af viðfangsefnum framtíðarinnar í náttúruverndarmálum og umhverfisvernd að líta aftur á þetta og skoða hvort ástæða sé til að vera eins harður á þessu og menn hafa kosið að vera í allmarga tugi ára, að ég ekki segi aldir.

Ég kem upp til að gera grein fyrir fyrirvara mínum sem ég hef við nál. og það er sams konar fyrirvari og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur. Hann varðar 7. gr. Í fyrsta lagi verð ég að segja að það er sérkennilegt að sjá hana. Frv. er sent til okkar frá umhvrn. sem er svolítið skrýtið ráðuneyti og það fjallar auðvitað um ernina fyrst og fremst af þeim brýnu ástæðum sem fyrri ræðumenn hafa minnst á en um leið eru ekki bara settar inn ákveðnar lagfæringar sem sjálfsagt er að koma með heldur beinar efnislegar breytingar á sviðum sem ekki snerta örninn hætis hót. Þar á meðal er þessi 7. gr. Ég held því miður að það sé ekki alveg rétt hjá síðasta hv. ræðumanni að þetta hafi verið rætt mikið í nefndinni því að a.m.k. á þeim fundum sem ég sótti var þetta í raun og veru ekki rætt. Það gafst mjög lítill tími til þess og nefndin hefur það sér til vorkunnar að það starf var töluvert að koma sér niður á ásættanlega niðurstöðu með þetta arnarmál þó að hitt málið væri ekki rætt líka.

Það er auðvitað ekki stórt mál en þó verð ég að segja að þegar farið er í gegnum umsagnir um frv. kemur í ljós að nánast allar fagstofnanir og samtök áhugamanna sem um það fjalla, og þá undanskil ég æðarbændurna sem auðvitað hafa fyrst og fremst áhuga á viðskiptum sínum og arnarins, gagnrýna þetta ákvæði 7. gr. Ég nefni umsagnir Náttúrufræðistofnunar, þeirrar rannsóknastofnunar sem umhvrn. helst styðst við í þessum málum, Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, náttúrustofu Vesturlands sem hér kemur mjög við sögu vegna þess að örninn auðvitað á sér óðul vestanlands eins og menn vita, og Ævars Petersens fuglafræðings, eins af okkar fremstu fuglafræðingum sem einnig situr í Breiðafjarðarnefnd. Það álit sem hafði kannski mest áhrif á mig var álit Fuglaverndar, bæði álitið sjálft og þegar fulltrúar Fuglaverndar komu á fund okkar vegna þess að það eru þau samtök áhugamanna sem bera hag fugla fyrir brjósti og hafa myndað sérstök samtök um verndun og rannsóknir á þeim. Þeir segja þetta um 7. gr., með leyfi forseta:

„Hér er lagt til að menn sem ætli sér að veiða minka þurfi ekki að hafa veiðikort eins og gilt hefur undanfarin 10 ár eða svo. Tilgangurinn mun vera að standa ekki í vegi fyrir minkaveiðum. Fuglaverndarfélagið er því eindregið fylgjandi að mink verði haldið niðri, fækkað verulega eða útrýmt úr íslenskri náttúru, sé það talið framkvæmanlegt. Félagið telur hins vegar að tilfallandi minkaveiðar sumarbústaðafólks og jafnvel barna eins og dæmin sanna, sé ekki leið til að ná árangri í baráttu við minkinn. Fuglaverndarfélagið telur að eina leiðin til að fækka mink verulega séu vel skipulegar veiðar atvinnumanna, sem byggist á bættri þekkingu á minkastofninum og hegðun hans. Félagið er því mótfallið að undanskilja minkaveiðar sérstaklega frá þeirri kvöð sem gildir um nær allar aðrar veiðar á villtum spendýrum og fuglum hér á landi, að veiðimenn hafi hlotið tilskilda þjálfun (sótt námskeið) og tilskilin leyfi til að stunda veiðarnar, hafi veiðikort. Þrátt fyrir að minkurinn sé aðskotadýr í íslenskri náttúru, eiga að gilda lög og reglur siðmenntaðra manna í baráttunni við þann vágest."

Þetta hljómar aftur og aftur í öðrum umsögnum frá fagstofnunum og samtökum áhugamanna. Þá eru færð til dýraverndarrök. Það vill svo til að í gær gekk ég í góða veðrinu út í alþingisgarðinn þar sem hvílir nár í moldu Tryggvi Gunnarsson alþingismaður og bankastjóri sem um hafa verið skrifaðar merkilegar bækur og það er gaman að líta á minnisvarða hans og legstein í senn. Þar er höggmynd eftir Ríkarð Jónsson og hún sýnir með þeim svolítið tilfinningasama hætti sem tíðkaðist á þeim tímum, um það bil sem Tryggvi dó og Ríkarður var að hefja feril sinn, verndarhlyn dýranna, tré sem vex upp og skýlir síðan ýmsum dýrum í íslenskri náttúru. Þeir hafa verið það framsýnir að þarna er ærin og þarna eru foglar og kýr og hestar og þarna hreiðrar sig líka refur í einu horninu. Ég er hræddur um að það hafi verið fyrir tíma minksins sem hefði kannski ekki komist inn á þessa mynd en það er hollt fyrir okkur í Alþingishúsinu að hafa í huga að rétt hjá okkur er sérstakur minnisvarði um dýravininn Tryggva Gunnarsson. Þetta var að vísu útúrdúr, en þarfur held ég.

Menn segja líka í umsögnum að þetta með að undanskilja minkaveiðar veiðikortum geti beinlínis spillt rannsóknum á minknum vegna þess að veiðikortin munu mynda ákveðin fagleg gögn sem geta verið undirstaða rannsókna og spilla talningu á drepnum mink í landinu sem full þörf er á að hafa á einum stað.

Menn nefna auðvitað líka gagnsemisrök. Til hvers er það gert að heimila mönnum að skjóta mink án þess að hafa veiðikort, heimila sem sé óskipulegar og ófaglegar veiðar á mink? Er það til þess að fækka minknum? Ólíklegt er að

slíkar veiðar geri neitt gagn í baráttu við minkinn, að útrýma honum, halda honum frá varpi eða öðrum stöðum þar sem menn vilja síst að hann spilli fyrir. Menn nefna líka það sem ég vil kalla uppeldisrök, þ.e. veiðar af þessu tagi sem beinast að dýri sem við kunnum að hafa óþokka á en er að vísu okkur að kenna að hér er, beinast að dýri sem lifir í villtri náttúru og fylgir ekki manninum eftir, er ekki fylgifiskur eða sníkjudýr á manninum eins og rottur eru og húsamýs. Rökin eru líka siðferðileg og beinast að því hvernig við viljum að samfélag okkar hagi sér gagnvart dýrum, jafnvel þeim sem við höfum tekið einhvers konar afstöðu gegn og varðar það hvernig við viljum kenna börnum okkar að umgangast dýr og villta náttúru.

Þá er á það að líta, og ég bið þingheim að fyrirgefa mér hvað ég er langorður um þetta en ég tel ástæðu til að fara vel yfir þessi mál, hvað við vitum um þetta dýr sem hingað kom fyrir 50–60 árum á okkar vegum og er í náttúrunni vegna þess að við gættum þess ekki að að hafa búrin nógu held eða stunda ekki yfir höfuð þennan hættulega landbúnað sem þarna var um að ræða. Það er ekki bara við afa okkar og ömmur að sakast heldur höfum við gert þetta sjálf. Við byrjuðum á þessu aftur síðar á síðustu öld og þá sluppu líka dýr og eru enn að sleppa sem auðvitað þýðir m.a. það að minkastofninn verður aldrei í jafnvægi, heldur koma nýir og nýir geðveikir einstaklingar inn í hann sem hafa lifað allan sinn aldur í búrum og eru þess vegna ekki hluti af villtum náttúrulegum stofni, hvernig sem við lítum svo á þann stofn. Við höfum í 50 ár verið að veiða þetta dýr og reyna að útrýma því. Það hefur ekki gengið og árangur er ákaflega óljós af því máli nema við vitum að hann var einkum á ákveðnum svæðum fyrst. Það er hægt að kortleggja það. Hann hefur farið út fyrir þau svæði og er að sækja á á öðrum svæðum. Það er árangurinn af okkar 50–60 ára starfi gegn minknum.

Við höfum varið miklu erfiði og ómældu fé þegar allt er saman talið, ég kann ekki þá tölu en menn geta bara ímyndað sér það, til að veiða þetta dýr en á sama tíma í þessa fimm eða sex áratugi eða hvað þeir eru margir höfum við varla sett krónu í neins konar rannsóknir á ástandi dýrsins eða lífsháttum þess. Við vitum í raun og veru ekki hvernig tjóni það veldur. Á ýmsan hátt byggjast hugmyndir okkar um það hvað þetta dýr er á þjóðsögum og hryllingssögum sem við höfum búið okkur til og eiga kannski frekar heima í sögusafni en í ritgerðum um náttúruvísindi.

Eftir öll þessi ár vitum við heldur ekki hvað dýrin eru mörg. Við vitum ekki hvort hér eru 10 þúsund minkar eða 70 þúsund minkar. Þó að við vitum nokkurn veginn, a.m.k. meðan þetta er á veiðikortum, hversu mörg dýr hér eru veidd höfum við ekki hugmynd um hve hátt hlutfall það er af minkastofninum. Þess vegna höfum við ekki grænan grun um það hvort við erum í raun og veru að gera gagn eða hvort við erum að vinna á ef markmiðið er það að útrýma þessu dýri eða hvort þetta er bara hreint fúsk og peningaeyðsla nánast út í bláinn. Þá á ég að vísu ekki við hinar skipulegu varnir, t.d. þegar verið er að verja æðarvörp eða önnur viðkvæm fuglasvæði sem hlýtur að vera gagnlegt þótt veiðarnar standi ekki á faglegum grunni.

Það hefur komið fram í fréttum að hér starfaði nefnd, minkanefndin, undir stjórn umhvrh. Hún mun hafa skilað frumvarpsdrögum sem hæstv. umhvrh. hefur hins vegar ekki komið með inn í þingið. Mér skilst að í þeim frumvarpsdrögum hafi verið lagt til að setja tæpan milljarð í minkaveiðar á næsta áratug án þess að þeir sem sömdu þessi frumvarpsdrög hafi í rauninni neinar vísindalegar eða fræðilegar forsendur til að geta skipulagt þær veiðar og séu þess vegna að leggja til fjáraustur — við skulum kannski ekki kalla það fjáraustur heldur fjárveitingar — án þess að árangur sé í augsýn. Slík ráð geta á hinn bóginn lent í fjáraustri þannig að ég vil hrósa umhvrh. fyrir það og hef kannski verið heldur spar á hrós við hæstv. umhvrh. fyrir að hafa ekki komið með þetta frv. inn á þingið. Þessi saga sýnir okkur hvað við höfum staðið okkur illa í þessum efnum, hvað við höfum farið vitlaust að gagnvart minknum og hvað við eigum lítið með það að setja inn svona ákvæði af því að okkur dettur það í hug og án þess að hafa kannað málið eða skapað í kringum þetta einhvern ramma.

Það vakna þess vegna margar spurningar um minkinn. Er hægt að útrýma minknum? Það er það sem við eigum að virða fyrir okkur á næstu árum. Er það hægt? Það getur verið að það sé hægt, ég hef ekki séð neinar rannsóknir um það. Ég hygg að þær séu ekki til. Ef það er hægt eigum við að athuga hvað það getur kostað og hvort við eigum að ráðast í það, hvort það spillir annarri náttúru eða hvort það borgar sig. Margir eru á því. Það er auðvitað alveg ljóst við fyrstu sýn að við vildum útrýma minknum. Á hitt ber að líta að minkurinn hefur a.m.k. á sumum svæðum þegar gert það ógagn sem hann gerir og útrýmt þeim fuglategundum sem hann útrýmir og komið öðrum til að breyta um hegðun þannig að þeir hafa flutt hreiðurstæði sín og búsvæði á þá staði sem minkurinn á erfiðara með að komast að. Þess vegna kunna að vera nokkrar spurningar á ferðinni. Ein er auðvitað sú hvort minkurinn sé með einhverjum hætti orðinn hluti af íslenskri náttúru, t.d. við sjávarsíðuna. Ég hef séð mink við suðurströndina og verð að segja að þetta er auðvitað þekkilegt dýr í sjálfu sér. Þetta er ekki ljótt dýr. Þetta er fagurt ... Nú grettir hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sig en mér þykir þetta ekki ljót skepna í sjálfu sér þegar hann er ekki með hænu eða rjúpu í kjaftinum, hvað þá æðarfugl, heldur er að éta það sem hann gerir við sjávarströndina, fyrst og fremst marhnút og annað sjávarfang.

Síðan er auðvitað spurning hvort hægt sé, ef ekki er hægt að útrýma honum, að halda honum með skipulegum hætti, vísindalegum aðferðum og faglegri veiði frá tilteknum svæðum eða landshlutum þar sem við viljum sem sé ekki hafa hann en erum þó ekki að eyða peningum í tilgangslausar herferðir annars staðar. Þessar spurningar vakna.

Að lokum þetta: Ég hef verið langorður og biðst afsökunar á því en þetta hefur líka hlaðist upp í mér í vetur og reyndar með árunum. Á síðari hluta þingsins hefur verið takmarkaður tími til umræðu um þennan þátt í umhvn. Á hinn bóginn var brýnt að arnarákvæðin væru lögfest í vor í þessu frv. Umræða í þingsalnum hlýtur að verða takmörkuð af ástæðum sem ekki þarf að rekja, og ég tel sjálfur ekki vænlegt að efna að þessu sinni til neins konar átaka um þetta þar sem tækifæri gefst ekki til nauðsynlegra rökræðna sem gætu verið undanfari ákvörðunar eða niðurstöðu með atkvæðagreiðslu í þessu efni. Þess vegna kýs ég að skila af mér þessari ræðu minni hér sem fyrirvara við atkvæði mitt sem fellur með þessu frv. í heild sinni. Ég geri líka ráð fyrir að bæði af minni hálfu og af hálfu ráðuneytisins og annarra þeirra sem þetta mál varðar muni von á meiri vinnu á næstunni, vonandi í sumar, a.m.k. næsta vetur um þetta dýr og stöðu þess í íslenskri náttúru í heild sinni og þá verður þetta ákvæði auðvitað að vera undir líka.

[20:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Megininntak frv. lýtur að tvennu, annars vegar að erninum, stöðu hans, verndun og sess hans í lífríkinu og hvernig við stöndum vörð um það og svo hins vegar veiðum á mink eða öðrum slíkum skaðvaldi.

Ég vil fyrst nefna það, frú forseti, að kannski er ég vanhæfur til að tala um málið því að ég hef alist upp með örninn í túninu. Það var örn sem varp fyrir utan túnið hjá okkur í Bjarnarhöfn árum saman og gerir enn. Fyrstu rannsóknir sem voru gerðar á örnum, vísindalegar rannsóknir sem dr. Finnur Guðmundsson gerði á örnum, voru einmitt gerðar á þessum fuglum. Dr. Finnur gerði sér leyniból alveg við arnarhreiðrið til að geta myndað og rannsakað lífshætti arnarins. Hann hefur síðan gefið rannsóknir sínar út bæði í myndum og í riti. Fyrir krakka var spennandi að fara með honum og fá að fylgjast með þessu. Hann var þarna á hverju vori í 3–4 ár og fylgdist með uppeldinu. Þetta var sem sagt fyrsti grunnur að vísindalegum rannsóknum á erni.

Ég er þá líka uppalinn við það og nú hin síðari ár að það er talið nánast öruggt að í næsta nágrenni bæjarins sér maður örn á flugi. Þarna er rekin ferðaþjónusta núna og það er meðal aðdráttaraflsins fyrir ferðafólk að það eru miklar líkur á að sjá örn. Það er gríðarlega tígulegt að sjá þennan stóra fugl hefja sig til flugs. Hann er yfirleitt spakur, frekar manngæfur, hefur oft gaman af að vera í námunda við fólk og fylgir því oft eftir þegar verið er að fara um. Ég man að þegar ég fór ríðandi að leita kinda var mér að vísu um og ó en örninn fylgdi manni oft, var í einhverri ákveðinni fjarlægð. Örninn er búinn að vera hluti af því náttúrusamfélagi sem ég hef alist upp með og ég virði hann mikils.

Þetta vildi ég segja í upphafi, bæði til að lýsa vanhæfni minni en líka brennandi áhuga á þessu máli.

Auk þess snertir þetta líka lífríki Breiðafjarðar og umgengni þess. Hið gríðarlega fjölbreytta og magnþrungna lífríki Breiðafjarðar er alveg einstætt. Örninn er bara hluti af því. Mér finnst í sjálfu sér hæpin nálgun þegar verið er að krukka í einn þátt þessa gríðarlega lífríkis eins og verið er að gera með þessum hætti án þess að horfa á neina heildarmynd. Ég vona að þetta frv. skaði það samt ekki en sýnin sem verið er að nálgast þetta mál á er að mínu viti allt of þröng. Hún er teknókratísk, hún er svona týpísk skrifstofumennska í umgengni við náttúruna sem við upplifum í allt of ríkum mæli eins og hæstv. landbrh. veit. Hann hefur verið talsmaður náttúrunnar og fegurðarinnar um íslenskar sveitir og það verður ekki sett utan um hana strik með reglustiku á skrifborði kontórista. Þetta veit hæstv. ráðherra.

Gerð hefur verið tilraun til að búa til heildstæða umgjörð um lífríki Breiðafjarðar eins og hæstv. ráðherra veit. Þetta mál ætti kannski að heyra undir hæstv. landbrh. Ég er í alvöru þeirrar skoðunar, þrátt fyrir allt. En lög hafa verið sett um vernd Breiðafjarðar sem líka lýtur umhvrh. og í þeim lögum um vernd Breiðafjarðar stendur, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.“ — Þessi lög taka á öllum þeim verkefnum sem hér er verið að fjalla um. Í þeim er kveðið á um skipan nefndar. — „Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum.“

Hér erum við að búa til hreinan tvíverknað í lagaumgjörð og ég spyr hæstv. umhvrh.: Vissi ráðherrann ekki að þessi lög um vernd Breiðafjarðar væru til? Ég fer að draga það í efa. Þegar ég les greinar þess frv. sem hér er til meðhöndlunar dreg ég í efa að hæstv. ráðherra hafi vitað af því að til væru lög um vernd Breiðafjarðar. Þau taka yfir eiginlega öll þessi verkefni sem þarna er verið að fjalla um á Breiðafjarðarsvæðinu. Þar er líka kveðið á um hvernig hún skuli vera bökkuð upp faglega. Hún á að vera bökkuð upp af Náttúrufræðistofnun, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi þannig að það er alveg ljóst hvernig hún er bökkuð upp faglega. Er ekki meira að gera í ráðuneytunum en svo að menn geti stundað tvíverknað, búið til lög á lög ofan um sömu þættina bara til að gera þá flóknari og fjarlægari þeim sem á vettvangi eru? Það er a.m.k. mín tilfinning gagnvart þeirri lagasetningu sem hér er um að ræða. Í lögum um vernd Breiðafjarðar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin [sem fer með þetta umboð umhvrh.] skal í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.“

Það er unnið að þessari áætlun og hæstv. ráðherra ætti að vita það. Verið er að taka á öllum þessum þáttum sem hér er verið að fjalla um. Mér finnst þess vegna þetta frv. sem hér er — ég tek viljann fyrir verkið og hygg að þeir sem staðið hafa að því að leggja það fram hafi ekki meint í sjálfu sér neitt slæmt. En vettvangur til að taka á þessu máli er þegar fyrir hendi og þegar menn koma með hann með tvöföldum hætti er bara verið að ala á tortryggni ef eitthvað er.

Forstöðumaður náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi hefur verið faglegur ráðunautur hjá Breiðafjarðarnefnd. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki velt því fyrir sér eða hvort ráðherrann geti ekki beitt sér fyrir því að verkefni þetta, þar á meðal eftirlit með erninum og lífríki Breiðafjarðar, verði fellt undir umsvif og ráðgjöf náttúrustofunnar í Stykkishólmi. Það er svo einboðið að mínu viti. Það er nú þegar náið samstarf á milli náttúrustofu í Stykkishólmi og Breiðafjarðarnefndar og ætti að styrkja það. Það ætti að styrkja þann faglega bakgrunn og starf náttúrustofunnar í Stykkishólmi til að axla ábyrgð eða vinna með að náttúruvernd í Breiðafirði. Þetta er svo gríðarlegt lífríkis- og hagsmunamál. Að láta það vera undir umsjón stofnunar í Reykjavík er að lengja arminn og gera hann veikari og ómarkvissari.

Frú forseti. Ég tel þetta vera alveg gríðarlega mikið mál. Lífríki Breiðafjarðar er ein af perlum þessa lands. Þetta er líka atvinnumál fyrir þá sem þar búa og kunna að umgangast það.

Eitt aðalvandamálið þar er einmitt þegar kemur fólk sem er búið að kaupa upp jarðir eða eyjar og kann ekki að umgangast lífríkið, fer um allt á spíttbátum með hávaða og skýtur í allar áttir. Ég þekki það, ég hef séð það. Ég man að þegar faðir minn var á bátnum hægði hann alltaf og lét vélina dóla að eynni en núna fara menn með eins miklum hávaða og þeir geta, finnst manni a.m.k. stundum. Eiginlega ætti að setja þær kvaðir á menn að þeir fengju ekki að eignast eða fara með þessa náttúruperlu nema hafa farið á námskeið. Menn verða að fara á skotvopnanámskeið. Það mætti kannski kenna þeim að umgangast slík svæði. Menn verða að læra á bíl til að mega aka úti í umferðinni. Eins ættu menn að fá að fara á námskeið til að mega fara með náttúruperlueyjar

í lífríki Breiðafjarðar. Menn mega ekki hegða sér eins og þeir séu komnir þar í villtan bófahasar eins og við upplifum stundum. Á þessu ætti að taka en ekki að vera að sýna íbúum, bændum og þeim sem hafa lifað með lífríki Breiðafjarðar um áratugi og aldir eitthvert vantraust eins og gæti falist í þeirri umfjöllun sem þetta frv. lýtur að.

Frú forseti. Ég get svo sem látið gott heita í bili. Ég vil ítrekað vekja athygli bæði hv. umhvn. og hæstv. ráðherra á að það er til nokkuð sem heitir lög um vernd Breiðafjarðar sem taka á öllum þeim þáttum sem þetta frv. kveður á um á Breiðafirði. Að mínu viti eru þetta furðuleg vinnubrögð, óttalegur tvíverknaður. Bæði þessi lög heyra undir hæstv. umhvrh. og ég hélt að ráðherrann hefði eitthvað annað þarfara að gera en að vera að óverlappa lögin sín með lögum á lög ofan. (**Gripið fram í:** Óverlappa?) Já, það heitir að yfirlappa, leggja löppina upp á hina löppina eins og verið er að gera með þessum lögum.

Frú forseti. Það á að sýna lífríki Breiðafjarðar mikla virðingu. Lífríki Breiðafjarðar verður ekki verndað, nýtt og varið nema af því fólki sem þar er og býr og það á að styrkja traust og samstarf við þá aðila um verndun þessa mikla lífríkis.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. umhvrh.: Hefur ráðherrann ekki áttað sig á að það eru til lög um verndun Breiðafjarðar sem heyra undir umhvrh.? Það virðist ekki vera að ráðherrann átti sig á því. Í öðru lagi: Mun ráðherra beita sér fyrir því að verkefni sem lúta að þessum verndunaraðgerðum sem bæði þessi lög, lög um verndun Breiðafjarðar, taka til og eins líka frv. til laga um vernd og veiðar á villtum fuglum sem við erum að fjalla um verði falin fyrstu handar forsjá náttúrustofunnar í Stykkishólmi sem gæti síðan starfað með íbúum á svæðinu og Breiðafjarðarnefnd eins og reyndar er þegar í gangi? Það er alveg ótækt að einhver óvissa sé um það hver á að vera þarna faglegur ráðgjafi og þessi mál eru langbest komin í höndum heimaaðila, náttúrustofunnar í Stykkishólmi, íbúanna, bænda og samtaka þeirra og landeigenda á Breiðafirði eins og lög um vernd Breiðafjarðar kveða á um.

[20:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því í upphafi máls míns að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir ágæta ræðu og góða lýsingu á því hvernig menn nytja náttúruauðæfi, þeir sem það kunna og kunna að umgangast land og landsnytjar. Auðvitað kunna bændur og afkomendur þeirra, núverandi nytjabændur hlunninda, manna best að umgangast náttúruna með eðlilegum hætti og án þess að valda þar skaða.

Því verður auðvitað ekki á móti mælt að örninn er illfygli að því leyti til að hann er ránfugl og þarf sér það til viðurværis að veiða önnur dýr. Það getur auðvitað valdið miklum skaða í æðarvörpum þar sem hann sest að eða nytjar mikið til fæðuöflunar þannig að það er ekki óeðlilegt að bændur og landeigendur á Breiðafjarðarsvæðinu þar sem um það bil 70% af arnarhreiðrum á landinu eru hafi áhyggjur af því að þar sé ekki nægilegt tillit tekið til eðlilegra náttúrunytja og hagsmuna þeirra. Við megum ekki gleyma því þegar við ræðum þetta mál að þessir aðilar hafa búið með umræddum fugli í áratugi og í aldanna rás og kunna það sennilega manna best. Þess vegna held ég að það þurfi að vanda sig mjög við að reyna að ná sátt um málið. Það er auðvitað mjög æskilegt að standa þannig að málum að við eflum arnarstofninn og verndum hann en við verðum líka að gera það með virðingu fyrir þeim mönnum sem hafa umgengist þessa náttúru, kunna það og telja að það megi vel umgangast hana án þess að örninn valdi þar meiri skaða en orðið er.

Mér finnst t.d. mjög einkennilegt það ákvæði í lögunum sem segir að ekki megi koma nær hreiðurstæði en 100 metra. Síðan segir í brtt., með leyfi forseta:

„Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á."

Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Verndun slíkra staða fyrir hvers kyns röskun er því ekki einungis bundin við varptímann eða sannaða viðveru fugla þar heldur allt árið og óháð því hvort ernir halda þar til eða ekki."

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst gengið ansi langt þegar sett er í lagatexta að varp arna fyrir áratugum síðan á einhverjum kletti, hólma eða hól samkvæmt sögusögnum skuli vera alfriðað um aldur og ævi svo lengi sem menn ekki gleyma þeirri sögu að þarna hafi orpið örn. Sögurnar eru rökin fyrir verndduninni. Mér finnst þetta ganga út í öfgar og ég hefði gjarnan viljað að það væri sett einhver takmörkun á það hversu lengi menn ætla að vernda þann klett sem hugsanlega varp örn á árið 1920 eða 1930, þá síðast. Þær sögur geymast enn.

Ég vil bara benda á það í mestu hógværð að það væri allt í lagi að settur væri einhver árafjöldi á svona helgistaði, að helgi þeirra varði ekki hverja öldina eftir aðra svo framarlega sem mönnum tækist að viðhalda þeim sögum eða geyma það í rituðu máli að þarna hafi einhvern tíma orpið örn.

Ég held líka, hæstv. forseti, að það megi alveg hugsa sér að stugga við örnum sem ætla sér að fara að setjast að á nýjum svæðum í æðarvörpum og öðrum nytjalöndum bænda og landnytjamanna. Það þarf auðvitað að gera það þá strax í upphafi þegar menn verða þess varir að hann ætlar sér að setjast að í löndum sem skipta miklu máli varðandi náttúrunytjar en ekki eftir að örninn er búinn að búa sér til hreiður. Ég hef ekki þá trú að örninn finni sér ekki nýtt hreiðurstæði einhvers staðar í nágrenni. Hann þarf ekki að setjast niður og finna sér stað beint inni í miðju æðarvarpi landnytjabænda. Þá er ég að tala um erni sem eru að finna sér nýja varpstaði.

Við þurfum að umgangast örninn með virðingu og reyna að viðhalda honum eftir fremsta megni en ég tel að það sé algjörlega nauðsynlegt að slík lög sem hér er verið að ræða um séu sett í góðri sátt við þá sem náttúruna nytja, hafa lesið hana um áratugi og kunna að umgangast hana. Það er alveg klárt eins og ég sé það mál fyrir mér að engir kunna það betur en þeir sem náttúruna hafa nytjað að umgangast hana með virðingu. Það er auðvitað sönnun þess að ernir hafa getað búið með manninum og verið með hreiðurstæði mjög nálægt þar sem mannaumferð hefur verið án þess að fælast af þeim hreiðurstæðum.

Nýjasta dæmið í því sambandi er auðvitað á Breiðafirði þar sem menn eru að sigla að eyjum á Breiðafirði og sýna ferðamönnum örninn á hreiðri sínu án þess að það hafi haft áhrif á varp hans. Ekki er sjáanlegt að það valdi þeirri röskun sem virðist skína í gegnum þau verndarsjónarmið sem hér eru og er ég þá ekkert að gera lítið úr verndarsjónarmiðunum. Ég vil bara að þetta sé í nokkru samræmi við eðlilegar náttúrunytjar og það sé leitað mikilla sátta um þetta við landeigendur og landnytjamenn.

Ég held að líka þurfi að velta því upp og taka tillit til þess að verði bændur fyrir miklum skaða af örnum á nytjalöndum sínum eins og æðarvarpi verði að búa til eitthvert form á það

að þeir eigi rétt til einhverra skaðabóta fyrir þann tekjumissi og þann missi af náttúrunytjum sem þeir verða fyrir.

Ég hefði talið, hæstv. forseti, fullt tilefni til að fresta þessu máli, vinna það nánar og ná meiri sátt um það en mér virðist vera. Ég ætla nú ekki að gera það að tillögu minni en tel einboðið að það sem hér er verið að leggja upp með þurfi endurskoðunar við til að reyna að lenda málinu í meiri sátt við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta beinlínis fjárhagslega og hafa umgengist þá náttúru sem um er að ræða og náttúrunytjar í áratugi án þess að það hafi valdið skaða á arnarvarpi.

Umræðu frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:09]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1829. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.). — Þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768.

[21:09]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er mjög sérstakt. Það er um friðun arnarins og hefur valdið mönnum verulegum áhyggjum, sérstaklega æðarbændum um allt landið. Það er gengið mjög langt í þessu frv. og sérstaklega eru sektarákvæðin í því mjög sérkennileg. Það er trúnaðarmál hvar arnarhreiður eru en menn geta verið sektaðir fyrir það að koma í 500 metra fjarlægð frá þeim og dæmdir í allt að tveggja ára fangelsi líka. Það er ekki alveg vitað hvernig á að standa að þessu þannig að þetta er dálítið klaufaleg lagasetning.

Hins vegar held ég að allir séu sammála um að mjög nauðsynlegt sé að friða örninn, það er samstaða um það. Því er mjög mikilsvert að um framkvæmdina ríki sátt, sérstaklega við bændur. Þessi hörðu ákvæði koma mjög nærri landnýtingu fólks. Til að allir standi vel að þessum hlutum til framtíðar litið, að friða örninn sem hefur gengið svo vel síðustu hundrað árin, er nauðsynlegt að um þetta sé sátt.

Því skora ég á hæstv. umhvrh. að hún dragi þetta frv. til baka, noti sumarið til að ná um þetta sátt og komi svo með frv. aftur hér í haust. Ég held að þannig mundum við vinna betur og vinna mjög vel að því máli sem við erum öll sammála um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, síðari umr.

Stjtill., 477. mál. — Þskj. 716, nál. 1631.

[21:12]

Frsm. umhvn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um tillögu til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti til að varpa ljósi á það. Einnig bárust nefndinni fjölmargar umsagnir sem komu að góðu gagni við umfjöllunina í þingnefndinni.

Náttúruverndaráætlunin er lögð fram skv. 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, þar sem segir að umhverfisráðherra skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fram á Alþingi. Náttúruverndaráætlun samkvæmt ákvæði þessu er nú lögð fram í fyrsta sinn og lýsir nefndin ánægju sinni með þennan mikilvæga áfanga í náttúruvernd.

Með tillögunni er lagður grundvöllur að nýjum vinnubrögðum við mat á því hvaða svæði í náttúru landsins beri að vernda og fjölbreytni við það mat er aukin. Áætlunin markar fyrsta skrefið í átt að því að koma á fót verndun svæða hér á landi með skipulögðum hætti sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunni um náttúru Íslands og hins vegar á faglegu mati á verndargildi svæðanna. Í endanlegum tillögum Umhverfisstofnunar er fjallað um 75 svæði sem talin er ástæða til að skoða með verndun í huga. Við val svæða var stuðst við aðferðir við svæðisbundna náttúruvernd sem byggist á því að uppfylla skyldur Íslands á alþjóðavettvangi, m.a. með því að byggja upp skipulagt net verndarsvæða. Tillögunum var ekki forgangsraðað og ekki sett fram tímasett framkvæmdaáætlun. Af svæðunum 75 voru valin 14 sem gerð er tillaga um að vernda að þessu sinni. Drög að náttúruverndaráætluninni voru kynnt á umhverfisþingi sem haldið var í október sl. Miklar umræður urðu um áætlunina en helst var gagnrýnt að erfitt væri að taka afstöðu til friðlýsingar tiltekinna svæða fyrr en afmörkun þeirra og friðlýsingarskilmálar lægju fyrir. Engin mörk eru sett fram í tillögugreininni sjálfri. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að hafa það í huga þegar friðlýsingarferlið er skoðað því ferlið byggist á samráði við þá sem friðlýsingin varðar. Minnir nefndin á að ferlið hefst með áætlun um friðun á ákveðnu svæði sem svo þróast á grundvelli mats á því hvað æskilegt er talið að verði verndað og hvað ekki er talin þörf á að vernda sérstaklega.

Í tillögunni er lagt til að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 14 svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt verði áfram unnið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í VII. kafla náttúruverndarlaga er kveðið á um undirbúning og framkvæmd friðlýsingar. Litið hefur verið svo á að með friðlýsingu sé verið að takmarka eignarréttindi manna. Náttúruverndarlögin kveða á um að strax í upphafi sé haft fullt samráð við þá sem málið varðar. Þau gera ráð fyrir því að sjónarmið eiganda lands sem fyrirhuguð friðlýsing snertir komi fram í friðlýsingarferlinu þar sem gert er ráð fyrir að drög að friðlýsingarskilmálum séu lögð fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Framhald málsmeðferðar fer eftir því hvort samkomulag um friðlýsingu næst. Við umfjöllun málsins kom fram að við friðlýsingu hefur jafnan verið leitað eftir afstöðu landeigenda og ekki verið friðlýst í andstöðu við vilja þeirra. Friðlýsing-

artillögur þær sem hér koma fram fela í sér að mislangt er gengið í friðun. Á sumum svæðanna beinist friðunin fyrst og fremst að búsvæðum fugla en á öðrum svæðum að ríkari vernd. Bendir nefndin á að í friðlýsingarferlið er innbyggt að kallað er eftir sjónarmiðum og afstöðu þeirra sem málið varðar og telur nefndin afar mikilvægt að unnið verði að friðlýsingu í fullri sátt.

Við umfjöllunina var bent á að eðlilegt hefði verið að samflétta gerð tillögu til náttúruverndaráætlunar gerð áætlunar um aðra landnýtingu og er í því samhengi einkum nefnd nýting sjálfbærra innlendra orkulinda. Kom fram að víða skarast hugmyndir um orkunýtingu og náttúruvernd og var bent á að verndun væri ein tegund nýtingar og orkuvinnsla önnur. Náttúruverndaráætlun byggist samkvæmt náttúruverndarlögum fyrst og fremst á sjónarmiðum um vernd náttúruminja sem ástæða þykir til að friðlýsa. Það er hins vegar óhjákvæmilegt að í hinu langa ferli sem friðlýsing er sé tekin afstaða til landnýtingar á því svæði sem til umfjöllunar er að því marki sem það er mögulegt miðað við þekkingu á svæðinu.

Þau sjónarmið komu fram að það sé vandkvæðum bundið að taka endanlega afstöðu til tillögunnar fyrr en skýrari afmörkun svæðanna og friðlýsingarskilmálar liggi fyrir. Í viðauka með tillögunni eru sett fram mörk hvers svæðis. Nefndin leggur áherslu á að mörkin eru sett fram með fyrirvara og ber að líta á þau sem tillögur sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar. Þá minnir nefndin á að það sem verið er að vernda er aðalatriði áætlunarinnar. Með tillögunni hefur farið fram ákveðin forgangsröðun landsvæða og með friðlýsingu á að reyna að koma í veg fyrir landnotkun sem geti ógnað eða spillt tilgreindum náttúruverðmætum. Margir umsagnaraðilar bentu á að í flestum tilvikum geti farið saman hefðbundin nýting lands og friðun. Nefndin tekur undir það og leggur áherslu á að skynsamleg nýting lands geti vel átt samleið með friðunaraðgerðum, hvort sem um er að ræða orkunýtingu eða aðra nýtingu, svo sem ræktun lands eða ferðaþjónusta. Þá kom ítrekað fram við umfjöllunina að umsagnaraðilar lögðu ríka áherslu á að við áframhaldandi vinnu við friðun yrði haft fullt samráð við heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Nefndin hvetur til þess að svo verði, ekki síst þegar metið er að hvaða marki friðun og nýting fari saman. Nefndin leggur áherslu á að náttúrustofur taki þátt í mati á svæðum í viðkomandi landshluta. Þar er til staðar fagleg og staðbundin þekking sem nýst gæti við friðlýsingarferlið og ekki síður að því loknu.

Við umfjöllunina kom fram að þekking á fuglasvæðum í landinu er góð og því fært að setja fram heildaráætlun um friðun þeirra. Yfirsýn yfir önnur svæði, t.d. jarðhitasvæði og skóglendi, væri ekki fullnægjandi. Kom fram að þörf væri á því að verja meira fé til rannsókna en jafnframt kom fram að vinna við gerð vistgerðarkorta væri hafin á Náttúrufræðistofnun. Telur nefndin að þar sé um að ræða vinnu sem gæti nýst mjög vel og gefið góða yfirsýn. Í þessu samhengi minnir nefndin á að víða um landið hafa orkufyrirtækin rannsakað náttúru landsins. Má nefna að umfangsmiklar rannsóknir hafa verið gerðar á Reykjanessvæðinu og mikil reynsla er af jarðhitavinnslu þar en auðlindir þess hafa verið virkjaðar í fjölda ára. Telur nefndin að nýta beri þær rannsóknir við mat á verndargildi svæða.

Þá kom fram hjá nokkrum umsagnaraðilum að miklum fjármunum hefur verið varið í rannsóknir á jarðhita við Öxarfjörð með nýtingu í huga og nær jarðhitasvæðið, eins og það er skilgreint á viðnámskortum, yfir um helming þess svæðis sem fyrirhugað er að vernda. Í tillögunni er gert ráð fyrir að náttúruverndaráætlunin nái til Öxarfjarðar vegna verndar fuglasvæða og er tiltekið að fjölbreytni fuglalífs sé mikil á svæðinu.

Auk Reykjaness og Öxarfjarðar hafa orðið sterk viðbrögð við áformum um friðlýsingu við Geysi og fjörurnar á höfuðborgarsvæðinu, Álftanes – Skerjafjörð. Færð eru fram sterk rök fyrir því að friða Geysi en nefndin telur eðlilegt að við friðun sé rannsakað hversu umfangsmikið vatnsverndarsvæðið þarf að vera. Forsendur friðunar á svæðinu Álftanes – Skerjafjörður eru fyrst og fremst vegna verndunar fugla en hluti svæðisins hefur verið á náttúruminjaskrá. Vegna athugasemda sem borist hafa um framangreind svæði telur nefndin ástæðu til að ítreka þá skoðun sína hvað þau varðar að friðun þarf ekki að koma í veg fyrir skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda á þessum svæðum. Það er hins vegar alveg ljóst að mati nefndarinnar að með áætluninni er svæðum sem vernda skal forgangsraðað og því verður í ríkara mæli litið til verndarsjónarmiða við nýtingu þeirra en verið hefur.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunarinnar hefur verið lauslega áætlaður fyrir svæðin 14. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 148 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 32 millj. kr. að lokinni friðlýsingu allra 14 svæðanna. Áætlanir um kostnað við framkvæmdir við Vatnajökulsþjóðgarð liggja ekki fyrir. Þá kom fram að í kostnaðarmatinu er ekki gert ráð fyrir hugsanlegum kaupum á landi ef þess verður þörf til að ljúka friðlýsingu einstakra svæða. Nefndin leggur áherslu á að tryggja verði nægilegt fjármagn til framkvæmdar náttúruverndaráætlunar. Einnig bendir hún á nauðsyn þess að gert verði ráð fyrir fjármagni til áframhaldandi rannsókna á náttúru og gerð náttúrufarskorta og til fræðslu um svæðin.

Nefndin ræddi hver staða náttúruverndaráætlunarinnar yrði. Tillagan gerir ráð fyrir að hún nái til tiltekins tíma, þ.e. til ársins 2008. Í henni felst hins vegar stefnumótandi ákvörðun Alþingis um þau svæði sem tillagan tekur til. Hún er stýritæki sem ber að leggja til grundvallar við friðun þar sem ákveðin landsvæði eru sett í forgang fram yfir önnur. Á undanförnum árum hefur verið unnið að friðlýsingu ýmissa svæða, ýmist að beiðni umhverfisráðuneytis, sveitarfélaga eða félagasamtaka. Þau helstu eru Vatnajökull, Hekla, Krossanesborgir við Akureyri, Gerpissvæðið, Orravatnsrústir, Snæfells- og Vesturöræfi, Þingey og Skuldaþingey í Skjálfandafljóti og Hraun í Öxnadal. Leggur nefndin áherslu á að þar sem friðlýsing er á lokastigi sé rétt að ljúka vinnu við hana þannig að niðurstaða fáist sem allra fyrst á þessum svæðum. Náttúruverndaráætlun skal unnin eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og markar áætlunin upphaf þess að ákveðnum svæðum í landinu sé tryggð vernd með skipulögðum hætti. Mörg þeirra njóta vissulega annarrar verndar, t.d. hverfisverndar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum eða bæjarverndar í aðalskipulagi. Að mati nefndarinnar dregur það ekki úr gildi þess að þau séu jafnframt friðlýst.

Nefndin leggur ríka áherslu á að einn helsti ávinningurinn með náttúruverndaráætluninni sé skýrari stefnumörkun en áður við náttúruvernd hér á landi á grundvelli faglegra sjónarmiða og mælir einróma með því að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Ég vil geta þess sérstaklega við þessa umræðu að það hefur verið einstaklega ánægjulegt og heillandi viðfangsefni

að fást við náttúruverndaráætlunina. Mjög góð samvinna tókst í umhvn. um að ljúka málinu með þessum hætti og ég sé ástæðu til að þakka nefndarmönnum sérstaklega fyrir mjög ánægjulegt samstarf.

[21:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér mál sem sum okkar a.m.k. erum búin að bíða lengi eftir að liti dagsins ljós því að í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er getið um að á næstu fimm árum skuli unnið að gerð náttúruverndaráætlunar sem þessarar. Við höfum satt að segja mörg hver verið óþreyjufull og fögnuðum því verulega þegar skýrslan stóra leit dagsins ljós frá Umhverfisstofnun þar sem 75 svæðum er lýst sem ákjósanlegum svæðum til að njóta verndar eða friðlýsingar samkvæmt lögum. Ég tek því undir orð formanns umhvn., hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þegar hún segir að þetta sé langþráð mál og hafi verið gaman og gjöfult að vinna að því. Ég tek sömuleiðis undir þakkir hennar og vil þakka henni fyrir hvernig hún hefur stýrt vinnunni því að hún hefur gert það af mikilli skynsemi og röggsemi, eins og hennar er von og vísa.

Á hitt ber samt að líta að ég er ekki alls kostar ánægð með niðurstöðuna. Það helgast ekki af því að ég sé ekki sátt við þau 14 svæði sem við ákveðum að setja undir þessa fyrstu náttúruverndaráætlun. Það sem fyrirvari minn við þetta mál lýtur að er þau svæði önnur sem verið er að vinna að friðlýsingu á en fá einhverra hluta vegna ekki að heyra undir þessa náttúruverndaráætlun.

Í nefndarálitinu kemur fram að á undaförnum árum hafi verið unnið að friðlýsingu ýmissa svæða, ýmist að beiðni umhvrn., sveitarfélaga eða ýmissa félagasamtaka. Þar eru nefnd þau helstu sem eru Vatnajökull, Hekla, Krossanesborgir við Akureyri, Gerpissvæðið, Orravatnsrústir, Snæfells- og Vesturöræfi, Þingey og Skuldaþingey í Skjálfandafljóti og Hraun í Öxnadal. Við fengum upplýsingar inn í nefndina um þessa vinnu og hvar hún væri stödd. Við öfluðum okkur frekari upplýsinga en þeirra sem bárust til okkar inn á skrifborð nefndarinnar og fundum það út eða ég vil meina að ég hafi fundið það út í öllu falli að þar séu upplýsingar nokkuð misvísandi.

Þannig vil ég nefna sérstaklega til sögunnar Gerpissvæðið sem ég hef sjálf lagt mikla áherslu á að falli undir þessa náttúruverndaráætlun. Ég gerði það strax við 1. umr. þessa máls og fékk þá að heyra hjá hæstv. umhvrh. að til stæði að friðlýsa Gerpissvæði og sú vinna væri langt komin. Þær sömu upplýsingar komu inn í nefndina eftir öðrum leiðum. Sömuleiðis heyrðum við samt frá heimafólki að lítið virtist vera í gangi í því máli. Heimamenn á Austfjörðum sem bera hag Gerpissvæðisins fyrir brjósti vildu gjarnan að það fengi þá náð að fara hér undir náttúruverndaráætlunina.

Það sem ég hef ekki fengið viðhlítandi svör við er það hvers vegna verið sé að keyra tvö ólík kerfi hvað varðar friðlýsingarnar. Hvernig stendur á því að nokkur fjöldi svæða sem Umhverfisstofnun er, eftir því sem við heyrum, þegar búin að hefja vinnu við friðlýsingu á fær ekki að njóta sömu stöðu og þau 14 svæði sem við hér fjöllum um? Hvers vegna fá þau ekki að heyra náttúruverndaráætlun til sem er formlegt stefnumörkunarplagg stjórnvalda um friðlýsingarmál? Ég hef enn ekki fengið svör við þessum spurningum mínum og þess vegna geri ég þennan fyrirvara við málin.

Ég tel Gerpissvæðið falla fyllilega undir meginmarkmið þessarar náttúruverndaráætlunar, þ.e. fuglaverndarmarkmiðin. Á Gerpissvæðinu er að finna afar sjaldgæfa fuglategund sem er bjargdúfan og það er meira að segja mjög ákjósanlegt á þessu svæði að skoða hana og rannsaka lífshætti hennar. Það væri afar merkilegt ef við næðum að friða Gerpissvæðið og þá sé ég ekki hvers vegna það má ekki gefa því sama status og þeim öðrum svæðum sem hér eru talin upp.

Annað landsvæði sem ég vil nefna er stækkun Þjórsárverafriðlands. Nú er getið um það í stóru skýrslunni sem Umhverfisstofnun gaf út og kynnt var á umhverfisþingi sl. haust að Umhverfisstofnun telji að stækka beri Þjórsárverafriðlandið svo að hin landfræðilegu mörk Þjórsárvera fái notið sín öll sem ein heild undir friðlýsingu en ekki eins og nú er þar sem verndarmörkin eru dregin eftir ákveðnum hagsmunum orkufyrirtækis sem, eins og við vitum, hefur ásælst vatnið úr Þjórsá og upptakakvíslum hennar til virkjanaframkvæmda.

Ég tel í ljósi þess sem á undan er gengið í orkumálum, ásælni Landsvirkjunar í ósnortin landsvæði, hefði verið verulegur sómi að því að láta stækkun Þjórsárverafriðlands heyra þessari náttúruverndaráætlun til.

Mér finnast engin rök í því máli að stækkun Þjórsárverafriðlands skuli ekki hafa fengið að falla undir þessa náttúruverndaráætlun. Ég hefði talið það vera góðan, fagran bautastein fyrir fráfarandi umhvrh., Siv Friðleifsdóttur hæstv. umhvrh., ef hún hefði látið til leiðast og leyft stækkun Þjórsárverafriðlands undir þessari náttúruverndaráætlun. En hæstv. ráðherra kýs að gera ekki svo. Mér finnst það vera mjög miður.

Hinu ber að fagna að hv. formaður umhvn. sem, eins og okkur er kunnugt, er væntanlegur næsti umhvrh. hefur boðað það að umhvn. muni heimsækja Þjórsárverafriðland í sumar. Ég treysti því að við finnum hentugan tíma þannig að nefndin geti farið og skoðað svæðið. Það væri þá reyndar í annað sinn sem sú sem hér stendur færi í Þjórsárverafriðland í fylgd umhvn. Alþingis en ég hef fulla löngun til þess og sannarlega nægan skerf af þolinmæði til að fara enn einu sinni í Þjórsárverafriðland með þeirri umhvn. sem nú starfar. Ég treysti því að við komumst þangað og getum þá líka látið verða af því að hitta áhugahóp um friðun Þjórsárvera. Hann hefur verið að óska eftir því að hitta umhvn. í allan vetur og því miður hefur ekki reynst svigrúm eða tími til að hitta það ágæta baráttufólk. Við fáum kannski að hitta það fólk í heimabyggð í Gnúpverjahreppi í sumar. Ég treysti því.

Þá treysti ég því líka að þegar hv. umhvn. verður búin að fara um svæðið og hitta áhugasamt heimafólk sjái umhvn. Alþingis sóma sinn í því að slá skjaldborg um Þjórsárverin í heild sinni og sjái til þess að virkjanahagsmunir víki af því svæði. Eins og ég segi hefði mér fundist það slík rausn af þeim umhvrh. sem nú starfar að ljúka ferli sínum með því. Jafnframt lýsi ég yfir vonbrigðum mínum yfir því að kjarkur eða afl hafi þrotið á þeirri leið.

Að öðru leyti vil ég segja að ég fagna ákaflega þeim svæðum sem hér eru tilnefnd. Ég hefði gjarnan viljað sjá reyndar fjallað um friðland í Herdísarvík, Brennisteinsfjöll í Herdísarvík sem getið er um í náttúruverndaráætluninni. Við verðum að átta okkur á því að háhitasvæðin okkar eru líka undir ógn orkufyrirtækjanna sem hafa ásælst verulega öll háhitasvæðin á landinu, eru búin að fá heimildir fyrir rannsóknarborholum, að mínu mati ótæpilega mörg leyfi því að við vitum að þegar orkufyrirtækin eru komin inn á þessi svæði gerist það ævinlega með þeim hætti að þau fara inn á mitt svæðið og búa þar til púða eða pall fyrir borstæði.

Bara það eitt að bora rannsóknarholu er ævarandi skemmd á svæðunum. Við höfum því miður ekki borið gæfu til þess að forgangsraða hvað varðar verndun á háhitasvæðunum okkar hingað til. Orkugræðgin hefur verið þvílík. Ég tel líka að nýleg lagasetning í raforkumálum hafi orsakað það að orkufyrirtækin hafi nánast fengið veiðileyfi á öll þessi svæði, þeim hafi beinlínis verið att út í samkeppnina um orkutækifærin og þess vegna séu háhitasvæðin okkar undir þeirri ógn að orkufyrirtækin ásælist þau öll sem eitt.

Auðvitað eigum við og ekki hvað síst hæstv. umhvrh. og umhvn. Alþingis að slá skjaldborg um einhver þau svæði og segja bara: Hingað og ekki lengra. Einhver þeirra verður að vernda fyrir ásælni orkufyrirtækjanna. En það hefur heldur ekki reynst nægur kjarkur í núverandi ríkisstjórn eða hæstv. umhvrh. til að gera slíkt. Mér þykir það mjög miður.

Þó að ég fagni í heild sinni því að þessi áætlun skuli hafa litið dagsins ljós og við skulum nú vera komin að því að samþykkja hana — ég kem auðvitað til með að veita henni brautargengi með samþykki mínu þó að ég hafi afar harðan fyrirvara á — verður að hafa það í huga að menn fá víst ekki allt sem æskilegt er. Hér hefði getað verið rismeiri afgreiðsla en raun ber vitni, hæstv. forseti.

[21:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því sem hv. síðasti ræðumaður endaði ræðu sína á, orkuásælninni. Það sem ég ætla að nefna í sambandi við hana, og þetta tengist kannski ekki mjög mikið nákvæmlega því máli sem við erum að afgreiða hér þannig lagað, en það sem vantar mjög mikið er yfirsýn og farvegur, þ.e. einn farvegur. Hann er ekki til staðar og ég hef mjög miklar áhyggjur af því. Við t.d. heyrðum það bara í fréttum, í hittiðfyrra held ég, að byrjað væri að gera tilraunaboranir við Torfajökul. Þá kom í ljós að fréttamenn höfðu skoðað fundargerðir viðkomandi sveitarstjórnar og séð heimildina þar en annars vissi ekki nokkur maður að það var búið að veita heimild fyrir því að fara upp á Torfajökulssvæðið og bora uppi við Hrafntinnusker og annars staðar. Enginn hafði svigrúm eða tækifæri til að koma með athugasemdir eða segja: Heyrðu, ætlum við að gera þetta, hver hefur ákveðið það? Hvar hefur það verið ákveðið að við séum tilbúin að fara með vegagerð og umbrot inn á Torfajökulssvæðið?

Sama er að segja t.d. hvað varðar Langasjó, þessa bláu perlu inni á hálendinu. Miklar hugmyndir eru uppi hjá Landsvirkjun um að veita jökulvatni yfir í Langasjó við tilteknar orkuframkvæmdir og það er sveitarfélag sem hefur leyfi til að veita heimild fyrir þessu. Orkufrumvarpið var hér nefnt. Þegar við fórum yfir það var þar í greinargerð fjallað um hvernig hlutunum er komið fyrir í hinum ýmsu löndum og þar sést t.d. varðandi Noreg að allar virkjanaframkvæmdir koma til lokaafgreiðslu á Stórþinginu. Ákvarðanir um að fara inn á þeirra dýrmætu svæði eða minna eða meira dýrmæt til að virkja koma til þingsins. Og ekki er það nú það auðveldasta í heimi með hefðinni fyrir minnihlutastjórnum, og mjög oft með minnihlutastjórnir við stjórnvölinn.

Þarna er gífurleg trygging fyrir því að ekki sé vaðið yfir dýrmæt svæði af einhverjum tilteknum hópi fólks í að stugga við og brjóta upp þær náttúruperlur sem við eigum. Þetta vil ég bara segja í tilefni af orðum síðasta ræðumanns.

Síðan ætla ég, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um málið sjálft sem við erum að fjalla um hér. Þessi orðaskipti mín og þingmannsins tengjast ekki beinlínis þessu máli að öðru leyti en því að náttúra Íslands er alltaf undir í öllum þessum málum og að við eigum að gæta að henni. Ég benti á við 1. umr. málsins hvað það skiptir miklu máli að við erum aðilar að mjög mörgum alþjóðlegum samningum sem varða verndarákvæði, ýmist dýrategundir eða varðandi landið okkar, og t.d. að Evrópusambandið byggir stefnu sína á Bernarsamningnum. Ef við værum í Evrópusambandinu væri áætlunin sem við erum að afgreiða nú öðruvísi. Þá væri allt útfært í löggjöf meðan útfærsla þessarar áætlunar verður í raun og veru í reglugerð.

Fyrir 1. umr. vorum við í Samf. búin að setjast yfir málið og okkur fannst það ekki nógu góður kostur að koma hingað með losaraleg áform um 14 staði og ákveða að nú skyldi farið í vinnu við þessa 14 staði og allt væri þá eftir og það sem yrði gert yrði sett í reglugerð og síðan eftir fimm ár mundum við kannski fá næsta kafla o.s.frv.

Ég ætla að taka undir það að vinnan við náttúruverndaráætlunina er búin að vera mjög ánægjuleg og mikil fræðsla hefur verið fólgin í að fara yfir hana, mikil fræðsla fólgin í því að fara yfir þessar miklu umsagnir sem við fengum. Þetta er umfangsmikið mál og hægt að mæla í því að gögnin bara varðandi þetta eina þingmál fyllti eina heföbundna möppu sem venjulega dugir fyrir öll mál vetrarins í hinum ýmsu nefndum Alþingis. Ég hlýt að nefna þetta og mæla það á fingrum mér.

Auðvitað hefur verið mikil fræðsla í því fólgin að fara yfir þessar umsagnir fram og til baka og átta sig á því hverjar eru þess eðlis að taka eigi tillit til þeirra, hverjar séu þess eðlis að — ja, ég blandaði víst saman umhverfisáætluninni og náttúruverndaraáætluninni og sló þær saman í eina, ég sé það þegar stöllur mínar hlæja hér. Engu að síður voru þar reyndar miklar umsagnir sem eiga við um náttúruverndaráætlunina líka. Þegar ég hugsaði um vinnuna sem væri búið að fara í fannst mér allt þetta eiga heima í sömu möppunni. Það hefur þá a.m.k. verið leiðrétt að svo er ekki.

Að minnsta kosti hefur það gerst í yfirferð á þessu máli að við, þrír fulltrúar Samf. í umhvn., sú er hér stendur, hv. þm. Mörður Árnason og Bryndís Hlöðversdóttir, komumst að þeirri niðurstöðu að sú aðferð sem er ákveðin hér í þessari náttúruverndaráætlun er ásættanleg. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu með því að fara yfir allar þessar umsagnir, með því að kynnast því hversu viðkvæm sum svæðin eru, til hversu margra ólíkra þátta þarf að taka tillit, hversu miklar viðræður þurfa að fara fram frá upphafi til enda varðandi ólíkar friðunaraðgerðir, algjöra friðun eða bara friðlönd eða hvað sem það er. Þetta eru ólíkir þættir, það er gífurleg vinna sem fer fram. Það höfum við þóst læra í þessari yfirferð að það sé vænlegri kostur að sækja til Alþingis heimild til að vinna við friðun og friðlýsingar á þessum tilteknu svæðum og hafa þá það bakland sem ákvörðun Alþingis og áætlun er, miðað við það að reyna að fara í þá vinnu af hálfu ráðuneytisins með ekkert á bak við sig. Það höfum við lært að nauðsynlegt er og mikilvægt að Alþingi setjist yfir það hvernig á að vinna. Hvað ætlum við að vernda og í hvaða vinnu viljum við að verði farið? Mér finnst það mikilvægt og það segir sitt um það hvernig hefur verið haldið á málum að þrátt fyrir allt höfum við fært okkur frá því að vilja að allt yrði útfært í löggjöf og sættast á og skrifa upp á það að þannig verði unnið eins og hér er lagt til.

Það er líka athyglisvert í þessari náttúruverndaráætlun að það er ekkert jafnt hvað við erum að fara í með þessi 14 svæði, hvort það eru tegundir lífvera eða vistgerðirnar

eða jarðminjarnar. Það eru langflest svæðin sem taka mið af tegundum lífvera í þetta sinn. Næst getur vel verið að við verðum kannski að miklu leyti að fjalla um jarðminjar og það er ekkert óeðlilegt að þannig sé.

Hér var áðan talað um hvað fleira hefði þurft að vera í áætluninni. Ég var t.d. mjög upptekin af Brennisteinsfjöllunum. Ég er hrædd við það sem ég lýsti hér í upphafi máls míns. Ég er hrædd við að einhvers staðar sé hægt að leyfa, bara án þess að nokkurs staðar sé verið að ræða það opinskátt eða upphátt, að farið verði með einhvers konar vegagerð inn í Brennisteinsfjöllin til þess að komast þangað með tæki og tól til að prufubora, til að mæla og gá hvort ekki sé vænlegt að setja upp orkuver og vaða inn á þetta svæði sem er mjög dýrmætt. Reyndar lagði Umhverfisstofnun það til í umsögn sinni að Brennisteinsfjöllin yrðu skoðuð. Við tókum þau til umræðu, það er alltaf álitamál hversu mikið var skoðað en við tókum þau til umræðu og það sem hefur gerst í umfjöllun okkar í nefndinni er að við sættumst á þessi 14 svæði. Það að við sættumst á þau þýðir samt ekki að þetta séu einmitt þau 14 svæði sem við þingmenn Samf. hefðum viljað vinna við. Kannski hefðum við frekar viljað taka einhver þrjú út og setja þrjú inn en niðurstaða okkar — og ég er náttúrlega að tala fyrir okkur í Samf. — varð sú að ganga að þessu og sættast á þau svæði sem hér er lagt til.

Mér finnst það mikilvægt og mér finnst það skipta máli að þegar farið er af stað með þessa allra fyrstu náttúruverndaráætlun sé það gert í þeirri sátt sem það er gert í hér og nú, og eins og kemur fram í nál. Mér finnst það skipta mjög miklu máli. Við erum hér komin með fyrstu stefnumótandi ákvörðun Alþingis um friðun svæða og hún nær til ársins 2004. Ég vona bara að við berum gæfu til að fjalla um og vera vakandi fyrir því hver eigi að vera næstu svæði og að ekkert það sé í farvatninu eða að gerast sem hafi þau áhrif að við höfum misst af einhverju mikilvægu eða að það að við tókum það ekki hér og nú verði til þess að farið verði inn á kannski óbætanlega skert eða sköddуð svæði sem við hefðum viljað vernda.

Það sem kom mér á óvart í þessari vinnu við náttúruverndaráætlunina er hversu flókið umfjöllunarefni hún reyndist vera og líka hvað það var óþægilegt og mikið umhugsunarefni að upplifa tortryggnina og óttann við breytingu. Margir komu á fund nefndarinnar og við auðvitað kynntumst því að næstum því allir sem eiga hlut að máli eru sannfærðir um að það sem verði gert sé til vansa fyrir þá hagsmuni sem þeir standa fyrir. Þetta heyrðum við líka þegar við sátum umhverfisþingið sl. haust, þá var mjög mikil umræða um það að hægt væri bæði að vernda og nýta en það þyrfti að finna þetta jafnvægi í verndуninni og nýtingunni til að það gæti farið saman. Sums staðar fer það alls ekki saman, sums staðar getur það farið vel saman og svo allt þar á milli.

Auðvitað fundum við það í umfjölluninni og vinnunni í nefndinni að þeir sem eru hræddir og halda að verið sé að skerða rétt þeirra eru vissir um að gripið verði til verstu hugsanlegra aðgerða gagnvart þeim. Þessu kynntumst við t.d. varðandi Geysissvæðið, þar er verið að ákveða fimm kílómetra radíus frá Geysissvæðinu þar sem ekki megi fara í framkvæmdir og þeir sem eiga þarna jarðir sem liggja upp við þetta eða inni á þessu fimm kílómetra svæði eru fólk sem er alveg visst um að verið sé að brjóta á því gífurleg réttindi, að þarna hefði það getað sótt jarðvarma og gert sér hann að — ég vil ekki nota orðið féþúfu þótt það sé eiginlega orðið sem kemur í hugann, en svo neikvætt orð — (**Gripið fram í:** Tekjustofni.) tekjustofni, og þá er fólk hrætt. Nú á að loka á að ég geti notað varmann, ég á varmann á minni jörð. Þetta er það sem við fáum að heyra aftur og aftur.

Í því sama lentum við í raun og veru þegar við fjölluðum um frv. sem var rætt hérna í gær, um Mývatn. Þar er það sama. Við getum ekki hreyft okkur, við þurfum að geta komist lengra, var sagt. Og þá eru það kannski þessi „við" sem eru að létta af en sem eru hrædd við að létta of miklu, að ekki verði farið inn á einhver svæði.

Við verðum auðvitað að komast út úr þeirri upplifun að sumir vilji passa og aðrir vilji ráðast inn á svæðið. Ég held að stóra verkefnið fram undan í náttúruvernd sé að skapa alhliða hugsun í náttúruvernd þannig að ekki komi upp þessar andstæður, heldur verði sameiginlega reynt að líta á hvað það er sem þarf að gæta að og alltaf fyrst að reyna að ákveða hvað það er sem við viljum vernda. Ég held að þar séum við kannski mest sammála, fólk sem er mjög upptekið af því að gæta svolítið að og fara ekki of hratt fram og að ekkert sé eyðilagt í ógáti. Það er einmitt það að setja landið sjálft í öndvegi og gá að því hvað maður komist af með minnst ef maður fer inn á þetta svæði eða hitt. Sú hugsun er ekki ráðandi í okkar landi í dag: Hvað komumst við minnst af með eða getum við ekki gert það annars staðar þar sem við sköddum minna til að fá það sem við þurfum án þess að fara inn á þetta svæði? Þetta er gífurlega mikilvæg hugsun.

Mér finnst þetta líka koma svo mikið í ljós þegar rekast á þættir sem geta farið saman. Þarna er kannski orkuvinnslan eitthvert ógnarorð. Orkuvinnslan er eitthvað sem gerir náttúruverndarfólk hrætt. Það er alls staðar verið að rannsaka hvar hægt sé að fara, það er ekki búið að ákveða að það eigi að vinna orku einhvers staðar en það er verið að fara bara yfir næstum því allt landið og gá. Þarna er nú orka og þarna er á og þarna er foss og þarna er jarðhiti, skoðum þetta endilega.

Stundum hef ég haft á tilfinningunni að allt of margt fólk og sérfræðingar vinni hjá Landsvirkjun, að hún þurfi svo ofboðslega mikið á verkefnum að halda fyrir allt þetta lið að það verði bara nærri því að rúðustrika landið og setja það í bita svo að allir geti fengið sinn bita að vinna með. Auðvitað hlýt ég að hafa rangt fyrir mér í þessu en ég er svolítið hrædd einmitt við þessa orkuhugsun. Þó að ég viti betur finnst mér hún oft ganga þvert á náttúruverndarsjónarmið en ef allir mundu standa saman um að það sé faglega og vel á málum haldið geta þessir hlutir farið saman.

Við verðum að tryggja með þessa náttúruverndaráætlun, umhverfismatið sem við munum taka til við í haust og lögfesta væntanlega á næsta hausti og rammaáætlunina sem er mjög faglega unnin, að þetta allt saman séu tæki sem við notum saman, að við komum okkur saman um að þetta séu tæki sem eigi að vinna saman til þess að hættan sé sem minnst og eins lítil hætta og unnt er á slysi.

Virðulegi forseti. Það er alveg hægt að drekkja sér í umræðu um það hvernig svona áætlun ætti að vera og hvernig ætti að fara með landið. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar en ætla þó að segja að það að við ákváðum að styðja þessi 14 svæði þýðir ekki að þau séu óskasvæði hvers okkar, alls ekki. Þegar maður fer af stað í fyrsta sinn með náttúruverndaráætlun og búið er að fara yfir það hvað eitt ráðuneyti með undirstofnunum ræður við og maður stendur frammi fyrir því að til að fá inn fleiri svæði verður að fella önnur út er það krafa um svo fagleg vinnubrögð að ég held að það hafi verið rétt hjá okkur í umhvn. að fallast á að nákvæmlega þessi 14 svæði yrðu þau fyrstu. Ef ný áætlun á eftir að koma

inn meðan eitthvað af því fólki sem vann við þessa er enn þá á þingi, sem ég reikna frekar með af því að hún á að koma aftur innan fimm ára, verður hægt að vinna miklu betur að henni af því að þá er fólkið sem hefur verið í umhvn. að vinna með þessa málaflokka og þessar áætlanir komið með reynslu sem nýtist.

Virðulegi forseti. Við töluðum um það við 1. umr. — Samf. hefur flutt um það sérstakt þingmál þar sem Bryndís Hlöðversdóttir var 1. flutningsmaður — að það sé mjög mikilvægt að vinna að grunnkortum. Það hefur mjög oft komið fram í umsögnum að þörf sé á grunnkortum. Þegar Vegagerðin kom til okkar kom það fram að hún hefur notað gífurlegt fjármagn, ég held að það hafi skipt hundruðum milljóna sem hún er búin að eyða í grunnkort, og allir tala um að ef á að vinna vel og standa vel að málum í náttúruverndinni verði að vera til grunnkort og vistgerðarkort. Við höfum ekki fengið þetta frv. sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti afgreitt úr nefnd en hins vegar kemur hérna inn í þetta nál. mikil áhersla á mikilvægi þess að vinna vistgerðarkortin. Og ég ætla að leyfa mér að líta svo á og halda því fram hér úr þessum ræðustól að það sé eins konar afgreiðsla á því þingmáli. Þegar öll umhvn. leggur svona gífurlega mikla áherslu á að verja þurfi meira fé til rannsókna og vinnu við gerð vistkorta og það kemur fram að þessi vinna er hafin og við höfum vitað það — bara allt of lítið af peningum hefur komið inn, í nokkur ár 5 millj. hvert ár og það þarf að veita meira fé — ætlast ég líka til þess að formaður nefndarinnar, verðandi umhvrh., tryggi að þetta verði eitt af forgangsmálunum í fjárlagagerðinni í haust.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég líka taka undir að það hefur verið gífurlega gott samstarf í umhvn. Þetta er minn fyrsti vetur þar og ég hef haft feikilega mikinn áhuga á og gaman af vinnunni í henni. Mér finnst að formaður nefndarinnar megi vera mjög ánægð með vinnuna og samvinnuna í nefndinni. Mér finnst gífurlega mikið og merkilegt veganesti fyrir formann sem hefur bara verið einn vetur formaður umhvn. að hafa þó náð að vinna við og skila inn í þingið þetta mörgum mikilvægum löggjöfum, ef það er hægt að nota fleirtölu þar, og að það sé áhugavert að setjast svo í stól félmrh. til að vinna samkvæmt löggjöf ... (**Gripið fram í:** Umhverfisráðherra.) Umhverfisráðherra. Já, það er tungunni tamast sem hjartanu er kærast. — Það hlýtur að vera mjög áhugavert að setjast í stól umhvrh. og vinna samkvæmt þeirri löggjöf sem hefur verið tækifæri til að starfa við í nefndinni undir hennar forustu.

Að því loknu vil ég bara þakka mjög gott samstarf og áhugavert og flytja formanni nefndarinnar góðar óskir inn í stólinn.

[21:55]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil segja að í þessari þáltill. felast mörg stór og afar krefjandi verkefni. Eins og hér hefur verið rætt um felst í tillögunni að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 14 svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnhliða þessum verkefnum öllum á að vinna áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Ég held að það sé mjög mikilvægt og þetta er einmitt ástæðan fyrir því að svæðin eru 14 en ekki mun fleiri eins og við hefðum kannski viljað. Við eigum öll okkar óskasvæði sem við hefðum viljað bæta við en það sem við verðum einmitt að hafa hugfast er að þær stofnanir sem munu vinna að þessari friðlýsingu og sinna allri þessari vinnu á næstu fimm árum hafi bolmagn til þess. Það er afar mikilvægt að fara ekki af stað með of mörg svæði vegna þess að við leggjum auðvitað áherslu á að vandað verði til verksins.

Út frá þessu vildi ég einmitt taka undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um mikilvægi Gerpissvæðisins og þeirra auðlinda sem þar leynast. Það var hins vegar ljóst frá upphafi að svæðunum yrði ekki fjölgað og þá höfum við litið á þessi rök út frá vinnuálagi, því að geta gert þetta almennilega o.fl.

Því tekur nál. sérstaklega á þeim svæðum sem langt eru komin í friðlýsingarferli. Þar segir, með leyfi herra forseta:

„Leggur nefndin áherslu á að þar sem friðlýsing er á lokastigi sé rétt að ljúka vinnu við hana þannig að niðurstaða fáist sem allra fyrst á þessum svæðum."

Ég lít a.m.k. þannig á að friðlýsingu þessara svæða sem talin eru upp í nál. verði jafnvel lokið áður en þessi 14 svæði verða fullunnin.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil þakka umhverfisnefndarfólki og þá sérstaklega formanni umhvn., hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, fyrir sérstaklega ánægjulegt samstarf í þessu máli. Ég segi eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að þetta er minn fyrsti vetur í umhvn. og það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með málinu. Ég verð að segja það til samanburðar við hinar fjórar nefndirnar sem ég sit í að ég hef sjaldan lesið jafnánægjulegar, skemmtilegar og vel orðaðar umsagnir. Það var mikill hiti hjá mörgum og gaman að sjá vilja heimamanna. Ég held að við höfum tekið á flestum, ef ekki öllum, atriðum í nál. En það verður einnig sérstaklega skemmtilegt að fylgjast með framvindu þessara svæða næstu árin og ég legg nú einmitt til að hv. umhvn. geri sérstaka kröfu um það eftir dálítinn tíma að fá að fylgjast með hvernig gengur.

[21:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það er kannski ekki ástæða til að lengja þessa umræðu enda ætluðum við okkur svo sem að fara að ljúka henni. Samt brenna á mér örfá atriði sem mig langar að nefna áður en umræðunni lýkur.

Það eru þessir hagsmunir sem við erum ævinlega að vinna með sem stangast svo á, þ.e. annars vegar verndarhagsmunirnir og hins vegar nýtingarhagsmunirnir. Það gengur afar erfiðlega hjá okkur að þroska þá umræðu, það er mitt mat, og ég held að við verðum að fara að leita að alvarlegum leiðum, alvöruleiðum til að ná árangri í því samtali sem auðvitað þarf að eiga sér stað á milli bæði stofnana og einstaklinga í þeim efnum. Mér hefur auðvitað fundist halla verulega á náttúruverndarsinnana í þeim málum. Mér hefur fundist ásælni orkufyrirtækjanna í krafti stærðar, fjármagns og umfangs hafa náð undirtökunum í náttúruverndarumræðunni. Mér finnst það óréttlátt og alls ekki rétt að umhvn. taki á nokkurn hátt lit af því hvernig orkufyrirtækin keyra sína pólitík.

Við í umhvn. Alþingis og hæstv. umhvrh. í ríkisstjórninni verðum auðvitað að skilja að við erum málsvarar náttúruverndarinnar, við erum málsvarar hinnar ósnortnu íslensku náttúru sem er ein af okkar öflugustu auðlindum. Ósnortin íslensk náttúra er kannski sú auðlind sem á eftir að fleyta okkur lengst inn í framtíðina, ekki bara í fagurfræðilegu eða abstrakt tilliti heldur hreinlega í efnahagslegu tilliti. Hvaða atvinnugrein er í örustum vexti á Íslandi? Það er ferðamennska, og vísindarannsóknir koma þar ekki langt á eftir.

Vísindastarf og menningarstarf sem tengjast náttúru Íslands eru gjöfular atvinnugreinar og auðvitað eiga Íslendingar að byggja atvinnulíf sitt í auknum mæli á þessum auðlindum, hinni ósnortnu íslensku náttúru og rannsóknum á henni.

Meðan við setjum svona mikinn pening og mikið afl í það að búa til orkumannvirki, ég tala nú ekki um þegar þau mannvirki eru eingöngu til þess að búa til hráefni sem er ál í álbræðslur, erum við að mínu mati á miklum villigötum. Þær villigötur birtast auðvitað í umfjöllun svona máls þegar við komumst að raun um það að ríkisstjórnin skuli ekki ætla sér að taka mark á því sem stendur í rammaáætlun hennar sjálfrar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að áætlunin er afar merkilegt plagg þar sem gífurlega mikil vinna hefur farið fram. Sannarlega má hrópa húrra fyrir því fólki sem vann þá vinnu og við höfum gert það hér í þessum ræðustóli en það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin hunsi hana. Það plagg liggur bara á borðhorni hæstv. iðnrh. og enginn veit hvaða lagalega status það á að hafa. Að öllum líkindum engan.

Hvernig eigum við að standa að náttúruvernd og bremsa af ásælni orkufyrirtækjanna meðan við tökum ekki af alvöru þá umræðu hér í þessum sal? Orkufyrirtækin fara sínu fram og eyðileggingin heldur áfram. Það er mjög miður þegar hæstv. umhvrh. og hv. umhvn. ná ekki að verða alvörumálsvarar öflugrar náttúruverndar í landinu.

Það er afar merkilegt að við erum nýbúin að kveðja góðan gest, Íslendingar, sem við fengum til okkar í þessari viku, Louise Crossley frá Tasmaníu, konu sem hefur sagt okkur frá baráttu fyrir náttúruvernd í Tasmaníu. Það er mjög merkilegt að heyra þær sögur sem hún hefur að segja þar sem baráttan stóð áratugum saman milli orkufyrirtækja og þeirra sem vildu vernda mjög verðmæt svæði. Náttúruverndarsinnarnir höfðu sigur í Tasmaníu þar sem framkvæmdunum um Franklin-stífluna var hrundið og núna blómstra ferðaþjónustan, vísindarannsóknirnar og atvinnuvegir sem þeim tengjast sem aldrei fyrr. Þetta er auðvitað stór ákvörðun að taka, að setja náttúruverndina ofar hagsmunum orkufyrirtækjanna en það er ákvörðun sem Íslendingar, þjóða helst, eiga að ganga fram fyrir skjöldu og taka með stolti, hnarreistir og bera höfuðið hátt.

Varðandi þau svæði sem hér hafa verið nefnd, sem auðvitað ættu að heyra undir þessa áætlun, gleymdi ég áðan að nefna Grændal og Reykjadal en það skiptir verulegu máli að það svæði njóti verndar. Eins og ég sagði áðan á það við um háhitasvæðin okkar, og Grændalur og Reykjadalur sem eru hér í nágrenni höfuðborgarinnar eru þvílíkar náttúru- og útivistargersemar að það skiptir okkur verulegu máli að þeim verði bjargað frá ásælni orkufyrirtækja. Sjáið hvað það eru mörg svæði sem við þurfum að vernda gegn orkufyrirtækjunum. Meðan náttúruverndaráætlun virðist draga taum orkufyrirtækjanna erum við á hálum ís, frú forseti.

Það er sömuleiðis tímabært að við tökum landslag á Íslandi til umfjöllunar. Ég hefði gjarnan viljað sjá í þessari náttúruverndaráætlun að litið væri til landslags sem sjálfstæðrar náttúruauðlindar. Við höfum svo sem fundið í umsögnum ýmissa aðila og þá ekki hvað síst umsögn Landverndar að landslag á Íslandi sé kannski ein helsta ástæðan fyrir því hversu margir ferðamenn sækja Ísland heim. Landslagsvernd er þar af leiðandi afar mikilvæg forsenda í náttúruverndarmálum sem ekki er horft til í þeirri náttúruverndaráætlun sem hér er verið að fjalla um.

Það má segja að stjórn Landverndar hafi líka hitt naglann á höfuðið þegar hún lagði það til við okkur í umsögn sinni að þau svæði sem tilgreind eru í stóru áætluninni, þau 75 svæði sem Umhverfisstofnun tilgreinir í stóru áætluninni, ættu í sjálfu sér að fá sérstaka stöðu, fá einhvers konar ígildi þess að þau séu skráð í náttúruminjaskrá. Stjórn Landverndar telur að hægt sé að tryggja þeim lágmarksvernd sem dregur úr líkunum á því að þeim verði raskað nema að vel athuguðu máli og þá einungis ef ríkir hagsmunir séu í húfi. Ég held að þetta atriði verði líka að taka til skoðunar og það er miður að við skulum ekki í umhvn. hafa gert það í umfjöllun um þessa náttúruverndaráætlun.

Að lokum vil ég, með leyfi forseta, vitna beint í umsögn Landverndar sem sér ástæðu til að „minna á að reynslan sýnir að ekki er nægjanlegt að friðlýsa svæði og vernda. Svo vernd á friðlýstum svæðum sé markviss og árangursrík þarf að ráðstafa til hennar nægjanlegs fjár til að merkja svæðin, til að veita upplýsingar og til að sinna eftirliti. Einnig verða verndunarskilmálar að vera með þeim hætti að ekki sé auðsótt að aflétta vernd þó upp komi áform um framkvæmdir á viðkomandi svæði. Hafa ber í huga að náttúruvernd er byggð með langtímahagsmuni að leiðarljósi en framkvæmdir oft á tíðum vegna stundarhagsmuna".

Frú forseti. Þessi orð eru eins og töluð út úr mínu brjósti. Það er auðvitað þyngra en tárum taki hversu auðvelt virðist vera fyrir stjórnvöld að aflétta vernd á friðlýstum svæðum. Það er skammarlegt þegar það er gert og nægir að nefna Kringilsárrana orðum mínum til staðfestu. Ég vil taka undir með stjórn Landverndar þegar hún segir: Við verðum að hafa það í huga að náttúruvernd byggir á langtímahagsmunum og hefur langtímahagsmuni að leiðarljósi á móti framkvæmdunum sem verja einungis stundarhagsmuni.

Frú forseti. Nú veit ég að margir eru orðnir óþolinmóðir eftir því að við ljúkum þessari umræðu, það líður að lokum þinghaldsins. Ég hefði gjarnan viljað hafa rýmri tíma til að ræða hér náttúruverndaráætlunina, hún er eitt af mínum hjartans málum. Ég hefði haft efni í miklu lengri ræðu en læt staðar numið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 2. umr.

Stjfrv., 878. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1336, nál. 1719, 1771 og 1784, brtt. 1720 og 1785.

[22:08]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti þá sem tilgreindir eru í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, (879. mál). Umsagnaraðilar eru í aðalatriðum þeir sömu og þar greinir.

Málin voru unnin samhliða en með frumvörpunum er stefnt að því að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í eina öfluga mennta- og rannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmiðið með sameiningunni er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með samþættingu stofnana sem hafa átt með sér samstarf.

Telur meiri hlutinn að með þessari sameiningu sé aðeins stigið fyrsta skrefið af mörgum í þá átt að styrkja þekkingarkerfi landbúnaðarins og efla tengsl þess við atvinnulífið.

Á fundum nefndarinnar komu fram tillögur um frekari sameiningu, t.d. Hagþjónustu landbúnaðarins, Leiðbeiningarþjónustunnar og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum. Meiri hlutinn leggur til að í þessum áfanga verði Garðyrkjuskólinn að Reykjum sameinaður hinum nýja Landbúnaðarháskóla þar sem þær rannsóknir sem unnar eru á Rannsóknastofnun landbúnaðarins tengjast fræðigreinum sem kenndar eru á Reykjum. Telur meiri hlutinn að með því verði starfsemi hinnar nýju stofnunar styrkt enn frekar og leggur til nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu vegna þessarar sameiningar.

Það kom líka mjög glöggt fram í starfi nefndarinnar að bæði skólanefnd og skólastjóri Garðyrkjuskólans að Reykjum báðu um að fá að koma í þessa sameiningu. Við því var orðið.

Á fundum nefndarinnar hafa komið fram upplýsingar um að sameiningin gæti haft í för með sér kostnað umfram það sem rúmast innan fjárheimilda þeirra stofnana sem um ræðir vegna biðlaunaréttar sem stofnast við breytinguna og þá sérstaklega vegna starfsmanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Rannsóknir eru í eðli sínu langtímaverkefni og mjög sérhæfð og getur því reynst erfitt að fá nýtt fólk með nauðsynlega þekkingu til starfa og til að taka við rannsóknum sem eru langt á veg komnar. Þá er einnig hætta á að fresta þurfi rannsóknum vegna kostnaðar við biðlaun eða sameiningu og leggur því meiri hlutinn áherslu á að hin nýja sameinaða stofnun þurfi að fá fjármagn til þess að mæta stofnkostnaði ef með þarf.

Þá telur meiri hlutinn mjög mikilvægt að hin nýja stofnun þurfi einungis að vinna eftir einni reglugerð þó að starfsemi hennar sé ákveðin í tvennum lögum en það skýrist af skólastarfsemi og svo rannsóknastarfseminni. Talið er nauðsynlegt að um stofnunina gildi tvenn lög svo að hún hafi sömu möguleika á að afla fjármagns og aðrar rannsóknastofnanir.

Loks var upplýst á fundum nefndarinnar að búvísindadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri væri ekki lengur til og leggur því meiri hlutinn til lagfæringu á einni grein frumvarpsins vegna þess.

Meiri hlutinn telur að þessi sameining verði til þess að efla landbúnaðinn í heild og leggur áherslu á að áfram verði unnið að hugmyndum um frekari sameiningu. Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að móta framtíðarstefnu í skipulagi skólastarfs, rannsóknastarfsemi og samþættingu við atvinnulíf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum sem ég mun gera grein fyrir á eftir en undir þetta álit rita Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Hallvarðsson og Þórarinn E. Sveinsson.

Breytingartillögurnar eru fólgnar í eftirfarandi:

1. Við 2. gr. 1. mgr. c-liðar (31. gr.) orðist svo:

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem áður tilheyrðu Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

2. Við 5. gr.

a. Orðið „búvísindadeild“ í b-lið 2. tölul. falli brott.

b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 29/1981, um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti:

a. Við 3. gr. laganna bætist: og lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, ásamt síðari breytingum.

b. Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ og „Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 5. gr. laganna kemur viðeigandi beygingarfall Landbúnaðarháskóla Íslands.

c. Í stað orðanna „forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 6. gr. laganna kemur: einn maður tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands.

d. Heiti laganna verður: Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti.

[22:13]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta landbn. sem hljóðar svo:

Fyrsti minni hluti fagnar þeim skrefum sem stigin eru með frumvarpi um sameiningu rannsóknastofnana á sviði landbúnaðar. Mikilvægt er að nýta sem best takmarkaða krafta til landbúnaðarrannsókna með markvissri stjórn.

Fyrsti minni hluti telur hins vegar að skýra framtíðarsýn skorti fyrir rannsóknir í landbúnaði þar sem vísindastarf í þágu landbúnaðar er skilgreint sem hluti hins íslenska vísindasamfélags. Mikilvægt er að draga fram með skýrum hætti hvernig landbúnaðarrannsóknir tengjast rannsóknum móðurgreina í náttúru- og eðlisfræði við Háskóla Íslands eða aðrar vísindastofnanir. Þá er ástæða til að móta afstöðu til þess hvernig landbúnaðarrannsóknir eiga að tengjast skyldum greinum á borð við matvælarannsóknir, manneldisrannsóknir og markaðsrannsóknir.

Landbúnaðarvísindi eiga í einu og öllu að tilheyra íslensku vísindasamfélagi. Því er óheppilegt að rannsóknastofnanir í landbúnaði hafi ekki stjórnskipulega sömu stöðu og annað vísindastarf í landinu. Það þjónar langtímahagsmunum landbúnaðarvísinda að rannsóknastofnanir í landbúnaði heyri undir menntamálaráðuneyti líkt og flestar aðrar opinberar vísindastofnanir.

Undir álitið rita Anna Kristín Gunnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ásgeir Friðgeirsson, hv. þingmenn Samf.

Við munum standa að þeim brtt. sem hv. formaður Drífa Hjartardóttir kynnti áðan og að öðru leyti ræða málefni Rannsóknastofnunar í landbúnaði og Landbúnaðarháskóla Íslands hér á eftir.

[22:16]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta við þetta frv. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Ég vísa til ræðu sem ég flutti hér við 1. umr. þar sem ég fagnaði því að verið væri að takast á við það verkefni að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Í greinargerð með frv. stendur, með leyfi forseta:

„Frumvarpinu er ætlað að gera mögulega sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.“ — Tekið er undir þetta markmið og jafnframt lögð áhersla á að mynduð verði ein samþætt stofnun undir nafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Það hefur verið skoðun mín, frú forseti, að það ætti að mynda eina stofnun undir nafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Ég tel að lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, rúmi allar lagalegar heimildir til að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins í eina stofnun.

Má þar vísa til 3. gr. í lögum um búnaðarfræðslu þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Með búnaðarfræðslu er átt við skipulegt nám og kennslu, rannsóknir, fræðslu og aðra leiðsögn er lýtur að vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands, annarra jarðargæða ...“ — Í búfræðslulögum er sem sagt kveðið á um rannsóknarhlutverk skólanna.

Einnig er í III. kafla búfræðslulaganna vísað til rannsóknarhlutverksins en í 16. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Við menntastofnanir landbúnaðarins skulu stundaðar rannsóknir. Rannsóknirnar skulu skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar- og landnýtingar.“

Síðan er í þessum III. kafla búfræðslulaganna frá 1999, lögum nr. 57, kveðið skýrt á um fjölþætt rannsóknarhlutverk menntastofnana landbúnaðarins sem voru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Hólaskóli og Garðyrkjuskóli ríkisins.

Einnig er kveðið sérstaklega á um rannsóknarhlutverk Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í búfræðslulögunum þar sem vikið er sérstaklega að honum. Landbúnaðarháskólinn hefur því skýrt markað rannsóknarhlutverk samkvæmt þeim lögum og gæti starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fallið þar að. Gildir þar einu hvort um nýja stofnun væri að ræða, eins og verið er að leggja til hér, að stofnaður verði Landbúnaðarháskóli Íslands, eða að öll starfsemin yrði felld undir Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Í 1. gr. frv. sem við erum að fjalla um er lagt til að við 9. gr. laganna bætist svofellt ákvæði: „Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands skulu stundaðar rannsóknir í þágu landbúnaðarins á sérstöku rannsóknasviði er hafi aðgreindan fjárhag frá annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.“ — Í athugasemdum við greinina er aðgreiningin áréttuð, þ.e. aðgreining á rannsóknum og kennslu en þar stendur, með leyfi forseta: „Kveðið er á um að rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands hafi sjálfstæðan fjárhag ...“

Rétt er að vekja athygli á því í þessu sambandi að nú þegar er verulegur hluti af starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri tengdur og bundinn í rannsóknum þannig að erfitt er að sjá hvernig eigi þá að fara að reka sérstaklega rannsóknasvið og kennslusvið. Á t.d. að skipta upp rannsókna- og kennslusviði Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem nú er?

Frú forseti. Ég hef bent á allmörg atriði í þessu lagafrv. sem hér er verið að ræða um og um hugsanlega framkvæmd þeirra laga, ef frv. verður samþykkt, sem er vafa undirorpin. Það er ekki þar með sagt að ég sé mótfallinn þeim heldur hef ég bent á að kannski hefði þurft að vinna þetta betur og menn hefðu séð betur hver væri framtíðarsýnin í að vinna þetta saman.

Samkvæmt orðalagi frv. er verið að búa til tvær stofnanir á tveimur fjárlaganúmerum sem starfa samkvæmt tvennum lögum en eiga með einhverjum hætti að lúta sömu stjórn. Að mati 2. minni hluta er hér alrangt að staðið. Mikilvægt er að búa til eina samþætta stofnun sem starfar samkvæmt einum lögum og einu fjárlaganúmeri. Þessi tilhögun sem kemur fram í frv. og meiri hlutinn leggur til að verði samþykkt er því illskiljanleg og ekki séð hvernig hægt er að reka hinn nýja landbúnaðarháskóla sem eina stofnun ef frv. verður óbreytt að lögum. Benda má á að Háskóli Íslands starfar samkvæmt einum lögum þó að þar sé stór hluti bundinn í rannsóknum og Landbúnaðarháskóli Íslands hefur nákvæmlega sömu stöðu til að ná í utanaðkomandi rannsóknafjármagn hvort sem hann starfar eftir einum lögum eða tvennum. Hér er einungis að mínu mati verið að torvelda nauðsynlega en vandasama sameiningu þessara stofnana í eina.

Síðan var ákveðið að bæta Garðyrkjuskóla ríkisins inn í þennan sameiningarferil með þeim hætti sem lagt til í brtt. meiri hlutans. Að mati 2. minni hluta mun þetta á vissan hátt torvelda eða gera vandasamari ferilinn við sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem átti jú að vera aðalmarkmið frv.

Samkvæmt 15. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu skal setja reglur um verkaskiptingu milli skólanna í rannsóknum og kennslu. Frú forseti. Þar er einmitt sagt að landbrh. ákveði verkaskiptingu á milli skólanna. Sú verkaskipting hefur gilt varðandi bæði rannsóknir og kennslu og kveðið er á um það. Þannig hefur sérsvið Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal verið markað. Samkvæmt frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna mun rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands hafa býsna sjálfstæða stöðu og á verkefnasviði þess eru talin öll þau sérverkefni sem Hólaskóli hefur haft á sinni forsjá til þessa, sbr. sérstaklega a- og b-lið 2. gr. frv.

Eins og sú grein er nú orðuð í frv. má túlka hana þannig að rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands taki einnig til rannsókna sem nú eru á sérsviði Hólaskóla. Í nefndaráliti meiri hlutans er lögð áhersla á að áfram verði unnið að hugmyndum um frekari sameiningu þeirra stofnana sem starfa á sviði landbúnaðar við kennslu, rannsóknir og leiðbeiningarþjónustu. Hér er að mínu mati verið að senda ótímabær skilaboð til annarra stofnana sem ekki tengjast upphaflegu markmiði frv. sem var að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í eina stofnun. Með þessu orðalagi er sköpuð óvissa um stöðu og verkefni annarra stofnana landbúnaðarins sem ekki var markmið frv.

Að mati 2. minni hluta er markmiðið með frv. að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í eina samþætta stofnun sem starfi samkvæmt einum lögum, þ.e. lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, og eru lagðar fram af hálfu 2. minni hluta brtt. sem lúta að því markmiði.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu stendur: „Reiknað er með að öllu starfsfólki verði boðin sambærileg störf við Landbúnaðarháskóla Íslands.“ Athyglisvert er að orðið „sambærileg“ stendur ekki í ákvæði til bráðabirgða í frv.

Stéttarfélög þeirra sem starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins lögðu áherslu á að þegar nýtt starf væri boðið hjá nýrri stofnun væri það á grundvelli þess að verið væri að bjóða sambærileg störf. Samkvæmt umsögn fjmrn. er gert ráð fyrir að kostnaður við þessar breytingar rúmist innan fjárlagaheimildar stofnunarinnar. Viðbúið er að allmargir starfsmenn muni óska eftir að fara á biðlaun og mun þá þurfa að ráða nýja starfsmenn í þeirra stað. Reynsla af viðlíka aðgerðum um sameiningu og flutning stofnana hefur sýnt að þær geta verið mjög kostnaðarsamar. Óbreytt fjármagn og aukinn kostnaður vegna sameiningarinnar þýðir beinan niðurskurð á starfseminni og verður að leiðrétta þessa umsögn fjmrn. til þess að sú verði ekki raunin.

Frú forseti. Ég hef hér rakið í nál. mínu hvernig ég hefði talið rétt að standa að þessu máli. Nú er valin önnur leið, að sameina þetta að hluta, að rannsóknasviðið sem hefur heyrt undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði áfram samkvæmt lögum um Rannsóknastofnun atvinnuveganna. Hins vegar fagna ég þeirri áherslu meiri hlutans í nál. sínu að reynt verði að láta stofnanirnar starfa samkvæmt einni reglugerð. Ég tel að meiri hlutinn sé þar að gefa vísbendingu um einmitt það.

Frú forseti. Ég kem nánar að þessum málum öllum svo frekar í nál. með því máli sem er á dagskrá hér á eftir um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu. Þar mun ég gera ítarlegri grein fyrir skoðunum mínum á því hvernig þetta mætti best fara og leyfi ég mér að vísa til þess sem ég kem þar að.

Í lok umfjöllunar á þessu máli vil ég bara segja þetta, frú forseti: Verði raunin sú að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði lögð niður eins og frv. gerir ráð fyrir vil ég sérstaklega færa starfsfólki öllu þakkir fyrir metnaðarfullt og óeigingjarnt starf í þágu íslensks landbúnaðar og landbúnaðarvísinda um mörg ár. Því fylgja jafnframt árnaðaróskir á nýjum vettvangi hver sem hann verður hjá hverjum og einum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:27]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 341. mál, þskj. 1811.

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál, þskj. 1821.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 855. mál, þskj. 1810.

Stjórn fiskveiða, 996. mál, þskj. 1814; brtt. JÁ o.fl., þskj. 1831.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 876. mál, þskj. 1812.

Búnaðarfræðsla, 2. umr.

Stjfrv., 879. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1337, nál. 1721, 1770 og 1786, brtt. 1722, 1787 og 1829.

[22:28]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila og gesti sem tilgreindir eru í nál. Eins hafa nefndinni borist margar umsagnir og eru umsagnaraðilar jafnframt tilgreindir í nál.

Málið var unnið samhliða frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, mál nr. 878, sem var hér til umræðu áðan.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skipulagi búnaðarfræðslu í landinu, sér í lagi breytingar á æðstu stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og er nafni skólans breytt í Landbúnaðarháskóla Íslands.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem leiðir af tillögu nefndarinnar um að Garðyrkjuskólinn verði sameinaður hinum nýja Landbúnaðarháskóla Íslands.

Lagt er til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í háskólaráði hinnar nýju stofnunar þannig að starfsmenn tilnefni einn og nemendur einn en þá tilhögun telur meiri hlutinn koma hinni nýju stofnun vel og auka samstöðu og samvinnu allra þessara fulltrúa. Meiri hlutinn leggur auk þess til þá breytingu á frumvarpinu að háskólaráð verði skipað til tveggja ára í senn í stað fjögurra en þessi tilhögun og breytingin á tilnefningum fulltrúa í stjórn eru í samræmi við lög um háskóla, nr. 136/1997. Þá er einnig lagt til að háskólaráð verði skipað frá 1. júlí 2004 en að landbúnaðarráðherra skipi formann háskólaráðs tímabundið og skal hann ásamt háskólaráði undirbúa framkvæmd þessara breytinga. Ráðherra skipi rektor frá 1. ágúst 2004 að fenginni umsögn háskólaráðs.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands verði áfram á Hvanneyri þótt ekki sé kveðið á um staðsetningu skólans í frumvarpinu, enda skólinn með starfsstöðvar á nokkrum stöðum á landinu. Þá telur meiri hlutinn eðlilegt að við mótun skipulags Landbúnaðarháskóla Íslands verði starfseminni deildaskipt.

Leggur meiri hlutinn áherslu á að með breytingunum er stigið fyrsta skrefið í átt að enn frekari sameiningu eða víðtækara samstarfi þeirra skóla og stofnana sem starfa á sviði landbúnaðar við kennslu, rannsóknastörf og leiðbeiningarþjónustu. Telur meiri hlutinn að sameiningin efli landbúnaðinn í heild og leggur áherslu á að áfram verði unnið að hugmyndum um frekari sameiningu.

Með frumvarpinu er ekki verið að breyta stöðu Hólaskóla en meiri hlutinn telur ástæðu til að farið verði sérstaklega yfir stöðu og málefni hans eins og ábendingar komu fram um á fundum nefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og ég mun fara yfir á eftir.

Undir nál. rita Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Hallvarðsson og Þórarinn E. Sveinsson.

Breytingartillögurnar eru þessar, með leyfi forseta:

„1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal.“

Þarna er nefndin að festa Hólaskóla í Hjaltadal. Það var mikil ósk þeirra Hólamanna að það yrði gert og varð nefndin við þeirri ósk.

„2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Búfræðsluráð skal skipað átta fulltrúum: rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, skólameistara Hólaskóla, tveimur fulltrúum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum fulltrúa kjörnum af búnaðarþingi og tveimur fulltrúum kennara tilnefndum af félagi þeirra, auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

21. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar og garðyrkju sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega

þjálfun er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræði- og rannsóknastörf í þágu íslensks landbúnaðar og garðyrkju.

4. Við 7. gr.

a. Í stað orðsins „Háskólarektor“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: Rektor.

b. Við 1. efnismgr. bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

7. Einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

8. Einn fulltrúi tilnefndur af nemendum.

5. Við 9. gr. A-liður orðist svo: Í stað orðanna „samkvæmt tilnefningu háskólaráðs“ komi: að fenginni umsögn háskólaráðs.

6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

28. gr. laganna orðast svo:

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækja sérstakar búnaðarnámsbrautir og sérstakar starfsmenntanámsbrautir á sviði garðyrkju. Heimilt er að ráða að búnaðar- og starfsmenntanámsbrautum skólans kennara sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu skv. 27. gr.

Um yfirstjórn búnaðar- og starfsmenntanáms í Landbúnaðarháskóla Íslands fer eftir ákvæðum 22. og 23. gr. og er rektor skólans jafnframt yfirmaður þess.“

Í 7. lagi er það 14. gr. og það er aðallega lagahreinsun. Orðið „Hólaskóli“ verður Hólum í Hjaltadal og er sú breyting bara til að skýra það og hreinsa það til.

„8. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Störf hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi og Rannsóknastofnun landbúnaðarins eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki framangreindra stofnana skulu boðin störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara skal skipa nýtt háskólaráð frá 1. júlí 2004, eftir ákvæðum 7. gr. laga þessara, þó þannig að í stað rektors skipar landbúnaðarráðherra tímabundið formann háskólaráðs uns rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hefur verið skipaður.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara skal skipa rektor Landbúnaðarháskóla Íslands frá 1. ágúst 2004 og skal hann ásamt háskólaráði undirbúa framkvæmd laga þessara.

Við gildistöku laga þessara tekur Landbúnaðarháskóli Íslands við öllum eignum og skuldbindingum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins eiga rétt á að ljúka námi samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo.“

[22:36]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. framsögumanni fyrir yfirferðina. Það er aðeins eitt sem ég vildi fá nánari skýringar á. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Þá telur meiri hlutinn eðlilegt að við mótun skipulags Landbúnaðarháskóla Íslands verði starfseminni deildaskipt.“

Ég hefði viljað vita hvað þarna væri nákvæmlega átt við. Er átt við t.d. það sem segir í brtt. varðandi 21. gr. laganna?

„Landbúnaðarháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar og garðyrkju sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræði- og rannsóknastörf í þágu íslensks landbúnaðar og garðyrkju.“ — Er það þessi deildaskipting sem verið er að víkja að í þessari setningu eða hvaða hugmyndir eru á bak við deildaskiptinguna sem hér er vikið að í einni setningu?

[22:37]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með deildaskiptingu er bara átt við það sama og í öðrum háskólum sem eru reknir deildaskiptir. Í þessu sambandi erum við aðallega að hugsa um að skólinn verður rekinn á fleiri stöðum en einum, t.d. á Keldum í Reykjavík, að Reykjum í Ölfusi og svo á Hvanneyri og víðar. Það er hægt að deildaskipta háskólanum og það er bara eins og er gert við aðra háskóla.

[22:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er þá hugmyndin á bak við þessa setningu um deildaskiptinguna sú að þetta verði deildaskipt eftir greinum eins og t.d. garðyrkjunni, rannsóknastarfseminni eða öðrum landbúnaðarfræðum? Það er bara það sem ég er að fiska eftir, hvaða hugleiðingar eða umræður fóru fram á bak við þessa setningu í nál.

[22:39]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem verið er að hugsa í þessu er eins og ég gat um áðan að aðrir háskólar eru deildaskiptir. Það sem fyrir okkur vakir sem að nál. stöndum er að bæði rektor og nýtt háskólaráð komi til með að móta þetta skólastarf. Við erum ekki að þrengja um of að því að ákveða fyrir fram hvernig því verði háttað heldur mun það hvíla mjög mikið á háskólaráði sem verður skipað 1. júlí og rektor sem verður skipaður 1. ágúst að móta starfið. Það mun verða mjög ögrandi og mikilvægt verkefni fyrir þá sem koma að því að móta þennan nýja háskóla sem ég held að verði landbúnaðinum og atvinnuvegunum sannarlega til framdráttar.

[22:40]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er álit þeirra sem gengið hafa á fund landbn. að sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum sé tímabær. Undir það taka fulltrúar Samf. í landbn. Sameining stofnana er vandasamt verk og mikið í húfi að vel takist til, bæði hvað varðar framtíðarskipulag og þau rannsóknarverkefni sem unnið er að. Sá skortur á samráði sem komið hefur í ljós í undirbúningsferlinu er því áhyggjuefni. Fulltrúar Samf. í landbn. leggja til að frv. til laga um búnaðarfræðslu verði breytt samkvæmt tillögum á sérstöku þingskjali.

Í lögum um háskóla, nr. 136/1997, er í IV. kafla kveðið á um stjórn ríkisháskóla, þar með talið skipan háskólaráðs, verkefni þess og valdsvið, og skipan rektors og valdsvið hans. Fyrirhuguð skipan háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands er allfrábrugðin því sem kveðið er á um í rammalögum um háskóla. Í frumvarpinu eru áhrif fagráðuneytis og hagsmunasamtaka mun veigameiri en almennt gerist um háskóla og áhrif kennara og nemenda að sama skapi minni.

Þá ber Háskóla Íslands að tilnefna fulltrúa í háskólaráð en ekki finnast önnur dæmi þess að óskyldur háskóli tilnefni fulltrúa í æðstu stjórn annars háskóla. Háskólaráð Háskóla Íslands er að meiri hluta til skipað fulltrúum nemenda og kennara. Verður að teljast einkennilegt að nemendur og kennarar skólans séu orðnir aðilar að stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands sem ekki var ætlunin að hefði á að skipa fulltrúum sinna eigin nemenda og kennara í háskólaráði. Breytingartillaga meiri hlutans gerir að vísu ráð fyrir að nemendur og kennarar Landbúnaðarháskólans fái skipaðan sinn fulltrúann hvorir í háskólaráð.

Ein aðalnýjungin í starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Landbúnaðarháskóla Íslands eftir breytinguna, lýtur að umhverfisþáttum, landnýtingu og skipulagi. Þykir 1. minni hluta því eðlilegt að fulltrúar umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í háskólaráði og leggur Samfylkingin til breytingu við 7. gr. frv. um skipan háskólaráðs.

Í breytingarfrumvarpi um búnaðarfræðslu er fellt út ákvæði um að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan skólans. Þetta samræmist ekki rammalögum um háskóla. Samfylkingin leggur til að frumvarpinu verði breytt til samræmis við það sem tíðkast í öðrum háskólum á Íslandi.

Í 15. gr. frv. er lagt til að ráðherra geti sett sérstaka reglugerð um rannsóknasvið Landbúnaðarháskólans.

Frumvarpsgreinin er svona, með leyfi forseta:

„Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands.“

Athugasemdir við hana eru svona, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra geti sett reglugerð sérstaklega um rannsóknasvið Landbúnaðarháskólans. Með þessu ákvæði kemur fram ákveðin sérstaða rannsóknasviðsins umfram önnur svið sem ekki er sérstaklega getið um í lögunum, heldur eru háð því skipulagi sem rektor og háskólaráð móta hverju sinni.“

Ég vil taka fram í þessu sambandi að ég lít svo á að hér sé verið að leggja áherslu á sérstöðu rannsóknasviðsins sem hafi vegna þessa ákvæðis annars konar stöðu gagnvart háskólaráði og rektor en önnur svið skólans. Ég vil hins vegar í fyrsta lagi taka fram að ég lít svo á að ráðherra setji þessa reglugerð í fullu samráði við rektor og háskólaráð auk starfsmanna deildarinnar.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á orðalagið „skipulag og starfsemi“ í frumvarpsgreininni. Um er að ræða hinn ytri ramma um störf rannsóknasviðsins, boðvald, skipurit og formlegan verkferil en hér er að okkar áliti alls ekki um að ræða heimild fyrir ráðherra til neins konar afskipta af rannsóknunum sjálfum, inntaki þeirra eða starfsháttum við þær. Allt slíkt eiga starfsmenn rannsóknasviðsins sjálfir að ákveða.

Í 5. gr. laga um háskóla er fjallað um rannsóknir við háskóla. Í 2. tölul. 5. gr. er hlutverk ráðherra — menntamálaráðherra í þessu tilfelli — skilgreint á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Með hvaða hætti hver háskóli sem hefur rannsóknahlutverk skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem fara til rannsókna.“

Samfylkingin telur að í þessu efni sem öðrum eigi skipan mála hjá Landbúnaðarháskóla Íslands að vera með sama hætti og hjá öðrum ríkisháskólum og landbúnaðarráðherrann hafi því ekki önnur afskipti af rannsóknum en að setja skilyrði um skyldur um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu fjármuna sem til þeirra fara. Við samþykkjum þessa grein í því trausti að sá skilningur sé réttur og ég óska þess að framsögumaður meiri hlutans taki undir þann skilning úr ræðustóli.

Í 25. gr. laga um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, er kveðið á um að landbúnaðarráðherra skipi rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs og skuli staðan auglýst laus til umsóknar. Þar eru einnig gerðar kröfur um æðri prófgráðu við háskóla og stjórnunarreynslu. Í umræddu frumvarpi er hins vegar fellt út ákvæði um að háskólaráð skuli tilnefna háskólarektor og landbúnaðarráðherra fært sjálfdæmi í málinu. Jafnframt er fellt út ákvæði um að rektor verði ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki þess. Sú skipan mála sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu tíðkast ekki við neinn annan ríkisháskóla á Íslandi en þar er í öllum tilfellum kveðið á um að ráðherra skipi rektor samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangenginni auglýsingu. Samfylkingin leggur til að 25. gr. búfræðslulaganna standi óbreytt að því er varðar ráðningu rektors.

Mikilvægt er að skipulag og starfsumhverfi búnaðarfræðslunnar sé hið sama og annarra greina á háskólastigi og því eðlilegt að hún heyri undir sama ráðuneyti og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Flutningur menntastofnana landbúnaðarins undir menntamálaráðuneytið mun því verða viðfangsefni innan tíðar, að því er okkur sýnist.

Með frumvarpi þessu hafa málefni menntastofnana landbúnaðarins, annarra en Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal, verið tekin til endurskipulagningar og staða þeirra treyst með sameiningu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Fyrirhugað er að taka málefni Hólaskóla til endurskoðunar í framhaldinu og fagna ég því sérstaklega.

Breytingartillögur Samfylkingarinnar sem ég mun lesa hér á eftir miða allar að því að skipulag Landbúnaðarháskóla Íslands sé sem næst því sem sagt er fyrir um í rammalögum um ríkisháskólana sem ríkisvaldið hefur boðvald yfir.

Tillögur okkar eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. 2. málsl. 1. efnismgr. 6. gr. orðist svo: Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, markar stefnu, m.a. í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag hans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir.

2. Við 7. gr.

a. Á eftir 3. tölul. 1. efnismgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisráðherra.

b. 4. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Einn fulltrúi tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

c. 6. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

3. 9. gr. falli brott,“ þannig að greinin eins og hún stóð fyrir verði eins og hún var.

[22:49]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu.

Í athugasemdum með þessu frumvarpi eins og það var upphaflega lagt fram segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið með frumvarpi þessu er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með því að endurskoða stofnanaskipan landbúnaðarins og sameina undir eina yfirstjórn

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Á undanförnum árum hafa Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins átt með sér náið samstarf á ýmsum sviðum, enda er markmið beggja stofnana að efla íslenskan landbúnað. Samstarf stofnananna hefur gengið vel og farið vaxandi. Samruni þeirra er lykilatriði í þeirri samþættingu verkefna sem nauðsynleg er til þess að starfsemin eflist enn frekar. Kostir sameiningar felast m.a. í því að kennslu- og rannsóknastarfsemi verður heildstæðari, starfsfólki bjóðast fjölbreyttari verkefni og fjármagn nýtist betur. Á sama tíma ættu nemendum að bjóðast fjölbreyttari tækifæri til að afla sér menntunar og reynslu af þátttöku í rannsóknum."

Hægt er að taka undir þessi markmið og röksemdafærslu að hluta. Að mati undirritaðs er ekki nauðsynlegt að sameina stofnanir til að njóta sameiginlegs styrks þeirra. Litlar stofnanir á sérhæfðum sviðum geta verið mjög virkar og miðlað ríkulega til annarra stofnana í samstarfi ef þær fá að njóta sjálfstæðis, innri metnaðar og styrks nærsamfélagsins.

Sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er tímabær en því miður er valin sú leið að leggja báðar stofnanir niður og búa til nýja stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Að mati undirritaðs væri mun skynsamlegra að sameina þessar stofnanir undir nafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Samstarf Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er orðið mjög náið nú þegar og þarf því að gæta þess að ótaktískar sameiningaraðgerðir spilli þar ekki fyrir.

Að mati 2. minni hluta átti að binda þessa lagasetningu alfarið við að sameina þessar tvær stofnanir í eina, festa heimili höfuðstöðvanna á Hvanneyri og blanda ekki öðrum þáttum inn í sameiningarferlið.

Ég lagði áherslu á þetta atriði, frú forseti, við 1. umr. Þegar frv. var lagt fram laut það líka einungis að því að sameina þessar tvær stofnanir. Frumvarpið kom fram nokkrum dögum fyrir áætluð þinglok og var settur slíkur hraði á afgreiðslu þess að ekki náðist að vinna það með eðlilegum hætti í nefndinni.

Fram kom á fundum nefndarinnar að ekki hafði verið haft samráð við stjórnendur stofnananna tveggja, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, um samningu frumvarpsins en þeir hefðu örugglega getað gefið góð ráð um lagasetningu sem miðar að sameiningu þessara tveggja stofnana. Þessir forstöðumenn hafa leitt stofnanir sínar og fjölbreytt starf þeirra farsællega um áratugi.

Í miðri umfjöllun málsins í nefndinni er svo skyndilega tekin kúvending og ákveðið að kippa Garðyrkjuskóla ríkisins upp í sameiningarhringekjuna án nokkurs undirbúnings eða könnunar á því hvaða áhrif það hefði á sameiningarferli hinna stofnananna tveggja. Það er enn ein staðfestingin á því að landbúnaðarráðherra og meiri hluti landbúnaðarnefndar hafa ekki nægilega skilgreint markmið eða framtíðarsýn í þessari aðgerð að mínu mati.

Engin umræða hefur farið fram innan nefndarinnar um það hvernig fara skuli með núverandi verkefni Garðyrkjuskólans en einungis lagt til í breytingartillögum meiri hlutans að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands skuli starfrækja „sérstakar starfsmenntanámsbrautir á sviði garðyrkju". Nú má vel vera réttlætanlegt að leggja Garðyrkjuskólann niður eða breyta rekstri hans og verkefnum frá því sem nú er en slíkar grundvallarbreytingar ber að gera að vel athuguðu máli og með skýrri framtíðarsýn sem því miður virðist ekki vera fyrir hendi, að mati þess sem hér talar. Hér er um svo viðkvæma hluti að ræða að ekki er hægt annað en að lýsa vanþóknun á handahófskenndum vinnubrögðum meiri hlutans.

Menntastofnanir landbúnaðarins á Hvanneyri, Hólum og að Reykjum í Ölfusi hafa verið einna öflugustu rannsókna- og kennslustofnanirnar í dreifbýli á Íslandi. Sérstaklega hafa menntastofnanirnar á Hólum og á Hvanneyri skipt afar miklu máli í byggðalegu tilliti, ekki aðeins fyrir næsta nágrenni staðanna heldur einnig fyrir styrk og sjálfsímynd hinna dreifðu byggða um allt land. Slíkt er ekki sjálfgefið og þeim mun meiri ástæða er til að fara varlega og stíga aðeins þau skref til breytinga sem sannarlega geta orðið til að efla þessar stofnanir og tryggja þær í sessi á skólastöðunum.

Í frumvarpinu eins og það var lagt fyrst fram var gert ráð fyrir að landbúnaðarstofnanirnar sem hér um ræðir væru sviptar heimilisfangi sínu og væri þar með stigið fyrsta skrefið í að veikja framtíð þeirra á stöðunum. Ef stofnun er heimilislaus í lögum er það á valdi ráðherra hverju sinni að ákveða heimili hennar og hvar yfirstjórn stofnunarinnar skuli staðsett. Aðstandendur Hólaskóla mótmæltu því harðlega að Hólaskóli yrði sviptur lögbundnu heimilisfangi sínu á Hólum í Hjaltadal og þar með settur á eins konar vergang. Jafnframt lögðu þeir áherslu á sjálfstæði hans og að lagabreytingin mætti í engu skerða vaxtarmöguleika hans og forræði á sérsviðum stofnunarinnar sem hún hefur markað sér og kveðið er á um í samkomulagi skólanna um verkaskiptingu. Ber að fagna því að við þeirri ósk hefur verið orðið og að í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að bundin sé áfram í lög heimilisfesti Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Hvanneyringa fékkst ekki bundið í lög að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands ætti heima á Hvanneyri. Annar minni hluti telur mikilvægt að ekki sé nokkur vafi á að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands og höfuðstöðvar séu á Hvanneyri og því eigi að binda það í lög.

Mikilvægt er að stjórn hins nýja háskóla sé í samræmi við það sem gerist hjá öðrum háskólum, þ.e. að fulltrúar nemenda og starfsfólks eigi þar eðlilega aðild að. Einnig verður að telja þá skipan óeðlilega, eins og lagt er til í frumvarpinu, að Háskóli Íslands skipi fulltrúa í háskólaráð Landbúnaðarháskólans. Annar minni hluti flytur breytingartillögu sem varðar skipan í háskólaráð.

Þá er og óeðlilegt að landbúnaðarráðherra ráði einn skipan háskólarektors. Fremur ber landbúnaðarráðherra að fara að tilnefningum háskólaráðs. Annar minni hluti flytur einnig breytingartillögu um þá skipan.

Í frumvarpinu og öðru frumvarpi sem flutt er samhliða, um Rannsóknastofnun atvinnuveganna, er gert ráð fyrir að við hina nýju stofnun starfi sérstakt rannsóknasvið sem hafi sjálfstæðan fjárhag og að um það megi setja sérstaka reglugerð. Er þar að mínu mati farið á svig við það markmið að búa til eina samþætta stofnun. Engar haldbærar skýringar fengust á því hvernig þetta átti að virka í reynd. Þó virðist starfsemi háskólans eiga að skiptast á tvö sjálfstæð fjárlaganúmer með aðskilinn fjárhag. Ekki fékkst upplýst hvort ráðinn verði sérstakur framkvæmdastjóri fyrir rannsóknasviðið og starfsfólk ráðið sérgreint á rannsóknasvið og kennslusvið. Erfitt er því að sjá hvernig þetta á að virka í reynd en ljóst er að hér er tekin mikil áhætta gagnvart því markmiði að móta eina samþætta stofnun.

Þegar Garðyrkjuskólinn hefur svo verið lagður niður og færður undirbúningslaust undir hina nýju stofnun verður framtíðaruppbygging hennar enn þá vandasamari.

Undirbúningur frumvarpsins miðaði alfarið að sameiningu stofnananna tveggja, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Hvað þýðir sú tilhögun sem meiri hlutinn leggur til að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands skuli ekki aðeins starfa á tveim fjárhagslega sjálfstæðum sviðum heldur skuli hann einnig starfa deildaskipt? Annar minni hluti flytur breytingartillögu um að Landbúnaðarháskóli Íslands verði ein stofnun og á einum fjárlagalið.

Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að starfsfólki framangreindra stofnana sem verða lagðar niður skuli boðin störf við hina nýju stofnun. Stéttarfélög starfsmanna hafa lagt þunga áherslu á að þessar fyrirhuguðu breytingar verði unnar í nánu samstarfi við starfsfólk og samtök þess og að ákvæði komi inn í lagafrumvörpin sem kveða á um að þeim skuli boðin sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun, ekki aðeins störf heldur sambærileg störf.

Ljóst er að allmargir starfsmenn munu óska eftir starfslokasamningum við þessar breytingar og því mun reynast nauðsynlegt að ráða nýtt starfsfólk til að halda óbreyttri starfsemi. Reynslan hefur sýnt að sameiningar stofnana með þessum hætti eru viðkvæmar gagnvart starfsfólki. Þær eru einnig kostnaðarsamar og því er umsögn fjármálaráðuneytis, um að fjárútlát vegna starfsmannamála við sameininguna rúmist innan núverandi fjárlagaheimildar þeirra stofnana sem eiga í hlut, fullkomlega óraunhæf. Mikilvægt er að þessi yfirlýsing fjármálaráðuneytisins verði dregin til baka því að annars stendur þessi nýja stofnun frammi fyrir stórkostlegum niðurskurði og fjársvelti. Vonandi reynist sá grunur rangur að hér sé um beinar sparnaðaraðgerðir af hálfu ríkisins að ræða.

Frú forseti. Menntastofnanir landbúnaðarins gegna gríðarmikilvægu og margþættu hlutverki. Þær hafa verið stærstu mennta- og rannsóknastofnanir í dreifbýli á Íslandi um áratugi og sýnt í verki að hægt er að byggja upp slíkar stofnanir við þær aðstæður. Þær starfa í afar nánum tengslum við atvinnulífið og eru jafnframt þátttakendur í öflugu rannsókna- og menntasamstarfi við háskólastofnanir hér á landi sem og víða um heim. Á grunni sjálfstæðis og innri styrks hefur þeim verið gert þetta mögulegt. Fara þarf því mjög varlega í allar breytingar á stöðu og umgjörð þessara stofnana og þarf hvert skref til breytinga að vera rækilega rökstutt og með skýrri framtíðarsýn.

Því er hér fagnað að Hólaskóli skuli standa utan við þessa sameiningu og að meiri hlutinn hafi lagt fram breytingartillögu um að heimili Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal verði áfram bundið í lög. Þó hefði verið ástæða til að setja ákvæði í lögin sem miðuðu að því að tryggja enn betur sjálfstæði, sérstöðu og verkefni Hólaskóla til frambúðar.

Frú forseti. Ég legg hér fram nokkrar breytingartillögur sem lúta að því sem ég hef gert grein fyrir í nefndaráliti mínu. Í fyrsta lagi er það að Landbúnaðarháskóli Íslands verði bundinn í lög með heimili á Hvanneyri.

Ég legg einnig til að skipan í háskólaráð verði með þeim hætti sem hefur verið við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri þar sem bæði starfsmenn og nemendur eiga aðild að eðlilegri þátttöku í því háskólaráði. Það hefði kannski þurft að kveða frekar á um það að fulltrúi starfsmanna þar gæti komið að báðum sviðum, bæði rannsókna- og kennslusviði skólans, en það er afar mikilvægt að háskólaráðið sé skipað starfsfólki og nemendum með eðlilegum hætti.

Líka er flutt breytingartillaga sem kveður á um að landbúnaðarráðherra skuli skipa rektor samkvæmt tilnefningu háskólaráðs.

Þá er hér einnig lögð áhersla á að kanna hvort ekki sé of bratt farið með gildistökuákvæði laganna þar sem gert er ráð fyrir að þau taki gildi 1. janúar nk. Þetta er skólastofnun, þetta er ekki bara fyrirtæki, og 1. janúar er á miðju skólaári. Mér fyndist miklu eðlilegra gagnvart stofnuninni og gagnvart þeirri starfsemi sem þarna fer fram, sérstaklega gagnvart kennslunni og nemendum, að gildistökuákvæðið yrði fært aftur til 1. júlí árið 2005, enda gæfist þá betri tími til að undirbyggja stofnunina fyrir þessar breytingar, ekki hvað síst að því viðbættu að Garðyrkjuskóli ríkisins komi þarna inn. Það veldur kannski enn meiri þörf á að gefa sér tíma til að láta þessa sameiningu eiga sér stað að samfellu í skólastarfi verði ekki á neinn hátt raskað. Þess vegna geri ég tillögu um það, frú forseti, að lögin öðlist gildi 1. júlí 2005 við eðlileg skil í skólastarfi.

Þá er og lögð áhersla á að kveðið verði á um í ákvæðum til bráðabirgða með lögunum að starfsfólki framangreindra stofnana skuli boðin sambærileg störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, ekki bara „störf".

Frú forseti. Ég hef hér lokið við að gera grein fyrir nefndaráliti mínu og þeim breytingartillögum sem ég flyt við það. Ég vil ítreka stöðu þessara skóla. Það hefur komið greinilega fram í þeim umsögnum sem bárust um frumvörpin að mjög sterkir og mikilvirkir aðstandendur standa að þeim.

Ég minni t.d. á umsögn varðandi Hólaskóla þar sem það fór um næstu aðstandendur Hólaskóla yfir því að hann yrði sviptur heimilisfangi sínu og yrði ekki með lögbundið heimilisfang á Hólum í Hjaltadal þar sem hann hefur þó verið um árabil og jafnvel aldir. Þá komu mjög snörp viðbrögð frá sveitarstjórn Skagafjarðar, frá nemendum, frá starfsmönnum Hólaskóla, frá Hólamannafélaginu t.d. sem er mjög virkt félag, hollvinasamtök Hólaskóla. Þetta öfluga nærbakland hefur verið styrkur, veit ég, þessara skóla. Það hefur verið afar mikilvægt og það hefur í rauninni verið hinn sterki bakhjarl þessara stofnana, styrkur, sterkur bakstuðningur nærsamfélagsins. Það getur eiginlega ekkert komið í staðinn fyrir þann styrk.

Þess vegna er svo mikilvægt, frú forseti, að við röskum ekki þeim gríðarlega mikilvæga grunni sem starfsemi þessara stofnana og tilvist byggir á.

Þetta vil ég draga fram í lok máls míns. Ég vil þess vegna ítreka hér að ég hefði talið réttara að fara aðrar leiðir, kveða strax á um að þessi stofnun væri byggð upp á grundvelli einna laga og einnar reglugerðar og að menn hefðu mjög sterka sýn fyrir því að hérna væri verið að búa til eina sterka, samþætta stofnun.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta sjónarmið getur þótt viðkvæmt gagnvart starfsmönnum stofnana sem eru að renna þarna inn í nýja stofnun en það yrði hvort eð er að fara mjög gætilega en af festu í þessa sameiningu, alveg sama hvernig þessir þættir eru. Þess vegna tel ég að það hefði verið rétt.

Ég legg áherslu á hversu mikilvægt það er fyrir þessar stofnanir að eiga sér fast heimili. Það hefur komið alveg skýrt fram, bæði í frumvörpunum, í umræðum í nefnd og hér í umræðunum í þinginu, að menn eru að styrkja Landbúnaðarháskóla Íslands og í nefndaráliti meiri hlutans er talið

eðlilegt, ég man ekki nákvæmlega orðalagið, að höfuðstöðvar hans séu á Hvanneyri. Ég tel mikilvægt að það sé engin óvissa í því að höfuðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands, sem verið er að stofna með þessum lögum, verði bundnar á Hvanneyri, Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri, það leiki enginn vafi á því. Jafnframt þarf að tryggja að forstöðumenn, yfirstjórn og rektor þessarar nýju stofnunar verði með heimili á Hvanneyri.

Ég minnist umræðnanna þegar vígslubiskupsembættin á Hólum og í Skálholti voru stofnuð. Þá þurftum við að fara í gegnum þá umræðu að það skipti ekki máli þó að biskupinn sæti á Akureyri, hann þyrfti ekki að sitja á Hólum, það væri nóg bara að hafa biskupsembættið þar. Hið sama var með Skálholt, hann þyrfti ekki að sitja í Skálholti, það væri nóg að skrifstofan væri þar.

Ég tel mjög mikilvægt að þetta sé knýtt saman. Rektorinn er staðarhaldari á Hólum, hann er staðarhaldari á Hvanneyri og þess vegna óska ég eftir því við hæstv. ráðherra að hann geri okkur grein fyrir því, svari þessari beiðni minni um að það verði tryggt með þeim hætti sem hann geti lagt til að sú verði raunin.

Að lokum ítreka ég að samkvæmt þessu frumvarpi og breytingartillögunum sem hér eru lagðar fram verður Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi lagður niður sem slíkur en felldur inn í sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í nýja stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Fari svo er starfsfólki þessara þriggja stofnana þakkað mjög gott og óeigingjarnt starf í þágu íslensks landbúnaðar og þjóðarinnar allrar um áratugi.

Jafnframt er Landbúnaðarháskóla Íslands, starfsliði og nemendum á hverjum tíma óskað farsældar í starfi um ókomin ár.

[23:09]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér hafa verið fluttar merkar og upplýsandi ræður um hið ágæta mál sem lýtur að sameiningu þessara stofnana, RALA, Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi og skólans að Hvanneyri, og áttum við ágætisumræðu um það við 1. umr. um málið þar sem margvíslegar athugasemdir voru gerðar við frv. og bent á ýmislegt sem til betri vegar mætti færa svo að þessi sameining mundi heppnast sem skyldi. Allir sem til máls tóku voru mjög eindregið fylgjandi því að sameiningin væri mjög svo til góðs og til þess fallin að efla vísindi, rannsóknir og kennslu á sviði landbúnaðar og að hvers kyns efling búnaðarfræðslu mætti verða til þess að styrkja landbúnaðinn í landinu, verða honum bakland inn í nýja tíma og styðja við þá nýbreytni og eins þær greinar sem þar eru fyrir á næstu árum og áratugum.

Það sem við ræddum helst var það sem laut að hinum akademísku innviðum stofnunarinnar og áttum við heilmikið mál um það sem laut að skipan háskólaráðs, skipan rektors og ýmsu tilfallandi. Eins voru hér ágætar og málefnalegar umræður um það hvort skóli sem þessi ætti heima undir fagráðuneyti á borð við landbrn., eða undir menntmrn. eins og aðrir sambærilegir skólar, svo sem Tækniháskólinn, Sjómannaskólinn, þar sem Vélskólinn og Stýrimannaskólinn eru, iðnskólarnir, jafnvel deildir eins og lagadeild Háskólans. Hvernig umhverfi byggjum við við ef allir þessir skólar væru hver undir sínu fagráðuneytinu? Álit mitt er að það væri ekki fallið til neinna bóta heldur væri það menntamálum í þessum greinum til trafala. Ég tel að þessu sé best fyrir komið undir einu ráðuneyti, undir einni samræmdri stjórn þar sem fram færi heildstæð stefnumótun á öllum sviðum menntamála þó svo að enginn efist um að fagráðuneytin geri vel við sína skóla eins og landbrn. hefur vissulega gert við búnaðarskólana og sjútvrn. gerði á sínum tíma við Sjómannaskólann. Um það efast enginn en grundvöllur heilbrigðrar og heildstæðrar stjórnunar menntamála er að þessir skólar verði allir undir einu ráðuneyti, eins og kom fram í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur sem mælti hér fyrir nál. og brtt. 1. minni hluta landbn.

Ég ítreka og tek undir að ég held að það væri mjög svo til bóta til framtíðar og við ættum að stefna að því á næstu missirum að færa þetta allt undir menntmrn. Það liggur svo sem ekkert á. Fyrst það er ekki lagt til hér má það bíða en í sjálfu sér hefði verið lag að gera það samhliða þessum annars prýðilegu breytingum á búnaðarfræðslu í landinu. Það er ekki á allt kosið og margar ágætar breytingar eru að fara hér inn sem lagðar hafa verið til, eins og að Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi verði hluti af hinum sameinaða landbúnaðarháskóla og ýmislegt annað sem ég ætla aðeins að koma inn á hérna.

Eins og við ræddum líka ítarlega við 1. umr. um málið fyrir nokkrum vikum var að við nokkur, úr a.m.k. tveimur eða þremur flokkum, lögðum á það áherslu að málið kæmi til kasta menntmn. enda um hámenntapólitískt mál að ræða. Þótt svo hátti til að búnaðarskólarnir heyri undir landbrn. en ekki menntmrn. lögðum við ríka áherslu á að málið kæmi til umsagnar menntmn. og undir það tóku fulltrúar Sjálfstfl., Framsfl., Vinstri grænna og sjálfsagt Frjálsl. líka þannig að þangað inn kom málið. Við ræddum það í ágætu tómi og nefndarmenn voru nokkuð einhuga um meginákerslurnar í umsögninni þannig að við náðum saman um málið og töldum mjög mikilvægt að við gætum skilað fyrir hönd menntmn. einni umsögn til landbn. um málið. Gekk það eftir og held ég að það sé prýðilegt.

Ég ætla að fara í gegnum umsögnina. Auðvitað sneyðist um tímann enda skammt til áætlaðra þingloka og mörg mál sem bíða umræðu og afgreiðslu hér á eftir. Ég ætla ekki að tefja tímann heldur greiða fyrir þingstörfum með því að sleppa ýmsu sem ég ætlaði að koma inn á, en sem hefur verið tekið fyrir af öðrum. Ég ætla að fara hérna yfir umsögn menntmn. frá 5. maí 2004, með leyfi forseta.

„Menntamálanefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um frumvarp til laga breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. Í frumvörpunum er gert ráð fyrir að stofnanirnar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði lagðar niður sem slíkar. Á grunni þeirra verði til Landbúnaðarháskóli Íslands sem taki við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum stofnananna tveggja.“ — Við þetta bætist að sjálfsögðu núna Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi.

„Nefndin bendir á að í háskólalögum er að finna almenn ákvæði um skipan háskólaráðs sem kveða m.a. á um að bæði kennarar og nemendur skuli eiga fulltrúa í ráði hvers háskóla.“

Þetta var eitt af því við skipan háskólaráðs sem kom fram í fyrstu drögum að frv. sem var mjög almenn andstaða við tel ég, að nemendur og kennarar eigi ekki hvorir tveggja fulltrúa í háskólaráðinu en t.d. var lagt til að háskólaráð Háskóla

Íslands ætti þar fulltrúa. Mörgum þótti það mjög öfugsnúið og við bendum því sérstaklega á það hér.

„Í ljósi samræmingar á löggjöf um háskóla telur nefndin að svipaðar reglur eigi að gilda um landbúnaðarháskólann. Nefndin beinir því einnig til landbúnaðarnefndar að taka til athugunar aðferðir við ráðningu rektors við háskólann."

Það var annað atriði sem mörgum þótti mjög aðfinnsluvert, að rektor væri skipaður af ráðherra en ekki ráðinn af háskólaráði líkt og tíðkast í mörgum háskólum þó að ýmiss konar form séu viðhöfð, allt frá því sem er í Háskóla Íslands þar sem rektor er kosinn eftir nokkuð sérstökum reglum þar sem kennarar hafa ákveðið atkvæðavægi og nemendur miklu minna en þó atkvæðavægi líka. Það er lýðræðisleg kosning um rektor skólans og auðvitað er það langbesta formið ef hægt er að koma því við að þeir sem málinu eru skyldastir, nemendur og kennarar, kjósi rektor skólans í beinni kosningu. Að öðrum kosti ætti að ráða hann af viðkomandi háskólaráði en alls ekki skipa hann af ráðherra hverju sinni. Það tel ég vera mjög óheppilegt og skiptir þá engu hver er við stjórnvölinn. Þetta er almennt óheppilegt fyrirkomulag og stangast mjög á við akademískt frelsi og viðteknar venjur um það. Því bendum við sérstaklega á þetta.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur það einkenni góðs háskóla að akademískt frelsi sé í rannsóknum og telur óheppilegt að tilgreina nákvæmlega í lögum að hverju rannsóknir háskóla skuli m.a. beinast. Jafnframt tekur nefndin fram að nauðsynlegt er að tryggt sé að yfirstandandi rannsóknir við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði engin hætta búin við þá breytingu sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Nefndin bendir jafnframt á að með breytingum sem fyrirhugaðar eru í frumvörpunum yrði stigið fyrsta skrefið í átt að sameiningu eða víðtæku samstarfi þeirra þriggja skóla sem starfa á sviði búnaðarfræðslu, þ.e. landbúnaðarháskólans, Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins. Nefndin telur breytingarnar veganesti í að skoða framhald mála varðandi Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins og skapa heildstæða framtíðarsýn fyrir skólana þrjá.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni gera fyrirvara við þessa umsögn. Þar sem frumvarpið fjallar eingöngu um sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins telja þeir vandkvæðum bundið að taka afstöðu til frekari sameiningar á grundvelli þess, enda hafi nefndinni sem undirbjó frumvarpið eingöngu verið fengið það hlutverk að líta til þessara tveggja stofnana. Þá telja þeir óeðlilegt að stofnun þeirri sem hér er að verða til skuli ætlað að starfa eftir tvennum lögum og telja að sameina ætti málefni hennar undir ein lög og eina reglugerð."

Undir ritar nefndarritari.

Þetta var í megindráttum og samandregið þær tillögur sem við skutum til landbn. Þar var einnig rætt um sérstöðu Hólaskóla og nafnamál hans. Vorum við sammála um það og má færa fyrir því sterk rök að hann eigi að fá að vaxa og dafna sem slíkur áfram hvað sem síðar verður og hvort menn kjósa að breyta því eftir einhver ár. Við vorum sammála um að honum væri vel og best fyrir komið þar sem hann er staddur núna. Við ræddum það í nefndinni sérstaklega hvort verið væri að gera einhver mistök með því að undanskilja Hólaskóla. Það var ekki skoðun nefndarmanna að svo væri og fékk málið ágæta og málefnalega umræðu. Öll rök voru fyrir því, eins og segir ágætlega í fskj. 2 við greinargerð 2. minni hluta landbn., í grein eftir Skúla Skúlason, rektor Hólaskóla, þar sem hann færir prýðileg rök fyrir fyrirkomulagi skólans eins og hann er núna og reynslu Hólaskóla af samstarfi. Þeim málum er vel fyrir komið.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni. Ég lýsi aftur eindregnum stuðningi við þá sameiningu sem hér á sér stað og það að menn skuli vera að efla og styrkja búnaðarfræðsluna með þessum hætti, bæði kennslu, rannsóknir og vísindi. Ég benti einmitt einnig á við 1. umr. að það væri ýmislegt sem væri gott að fylgdi á eftir, t.d. á sviði vísinda og fræðslu á vettvangi landbúnaðar, eins og t.d. sameining Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Við ræddum við hæstv. landbrh. í fyrirspurnatíma á Alþingi fyrir skömmu þar sem ráðherrann tók nokkuð undir þær hugmyndir og ég nota þetta tækifæri til að skora á hann að beita sér í því máli. Ég held að það yrði mikið framfaramál fyrir landbúnaðinn í landinu, rannsóknir, vísindi og bakland landbúnaðarins, að sameina og efla frekar og fleiri stofnanir á sviði hans.

[23:22]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 7. þm. Suðurk., Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir að mörgu leyti mjög ágæta ræðu. Ég var sammála mörgu af því sem hann ræddi um.

Það var þó eitt sem fékk mig svolítið til að hoppa í stólnum, ef svo má segja. Það var þegar hann fór að tala um að færa landbúnaðarfræðsluna frá landbrn. og til menntmrn. Ég hef mjög miklar efasemdir um það. Ég held í fyrsta lagi að ekki sé kominn tími til að ræða þetta og íhuga, við ættum frekar að láta umræðuna snúast meira um það hvernig við getum hagrætt meðal stofnana landbúnaðarins, sameinað þær, m.a. undir þennan sprota sem við erum núna vonandi að skapa, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands. Ég held að það væri mjög varhugavert að ætla að fara að stíga of stór skref í einu, þ.e. ætla síðan að fara að brjóta þetta upp og færa á milli ráðuneyta. Það er skoðun mín og trúa, og ég hygg að hægt væri að færa fyrir því mörg rök að landbúnaðarmenntun og landbúnaðarrannsóknum hér á Íslandi hafi í raun og veru verið mjög vel stýrt, a.m.k. þokkalega vel — það má að sjálfsögðu alltaf gera betur — undir landbrn. Reynslan af öðrum sérskólum hræðir, til að mynda stýrimannamenntun hér á landi sem var færð undir menntmrn. fyrir nokkrum árum. Þau spor hræða því að stýrimannamenntun hefur hrakað mjög mikið á Íslandi á undanförnum árum. Að sjálfsögðu eru fyrir því fleiri ástæður. Fiskvinnsluskólinn er nánast útdauður og svona má lengi telja.

Ég held að við ættum fyrst og fremst núna að einbeita okkur að því að hagræða í stofnunum landbúnaðarins, styrkja landbúnaðarrannsóknir en ekki eyða kröftum okkar í að tala um að flytja þær á milli ráðuneyta.

[23:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, já, ég get alveg í sjálfu sér tekið undir það. Ég sagði líka áðan í ræðu minni að það væri ekkert í sjálfu sér sem lægi á akkúrat þessa mánuðina eða missirin að færa þessi málefni undir menntmrn. þó að ég teldi að til framtíðar væri þessum málum best fyrir komið í einu ráðuneyti, í ráðuneyti menntamála þar sem fram færi heildstæð og metnaðarfull stefnumótun fyrir landbúnaðarskólana eins og aðra skóla. Þar gætu menn unnið að einni samræmdri stefnumótun.

Ég er samt alveg sammála og tek undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni. Það kom fram einnig í máli for-

manns hans, hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, við 1. umr. þar sem hann ræddi einmitt um stöðu mála hvað varðaði Sjómannaskólann og stýrimannamenntunina. Í því ljósi má alveg segja að sporin hræði því að illa hefur verið haldið á málum þar. En það er bara eins og svo víða annars staðar í menntakerfinu. Það ríkir metnaðarleysi á allt of mörgum sviðum íslenskra menntamála. Við megum samt ekki láta það hræða okkur frá því að vinna að þessum málum eins og við teljum að best sé fyrir komið af því að einhvern tíma birtir nú yfir íslenskum menntamálum og við fáum hér við stjórnvölinn stjórnmálaflokka sem hafa metnað og framtíðarsýn sem reisir þau við og verður þeim málum til framdráttar.

Eins og ég segi tek ég undir að okkur liggur ekkert á og við skulum klára þetta verkefni og efla búnaðarfræðsluna, vísindarannsóknir og kennslu á sviði landbúnaðarmála sem allra mest á næstu árum. Ég tel þó eindregið að við eigum að stefna að því að eftir ákveðinn tíma eigum við að vera búin að koma þessum málum, búnaðarfræðslunni eins og annarri fræðslu, undir þak menntmrn.

[23:26]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum fagna mjög þessari stefnu hæstv. landbrh. sem kemur hér fram í stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands. Skoðun mín er sú að þetta muni án efa styrkja landbúnaðarmenntun og rannsóknir í landinu og að því hljótum við öll að stefna.

Ég fagna því einnig að hv. landbn. kemur hér með breytingu um að fjölgað verði um tvo fulltrúa í háskólaráði þannig að starfsmenn tilnefni einn og nemendur einn. Það er í samræmi við lög um háskóla.

Ég vil segja enn fremur að staða skóla undir landbrn. er góð. Við ætlum að halda áfram á þeirri braut enda er það stefna hæstv. landbrh. sem og hv. landbn.

[23:27]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt hér. Það mesta sem ég vildi sagt hafa um þetta mál sagði ég við 1. umr. Ég vil aðeins fá að árétta það að ég hef setið flesta fundi landbn. þar sem fjallað var um þessi mál og ég er í það heila nokkurn veginn sammála þeirri niðurstöðu sem við höfum náð hér. Ég tel að þetta sé bara eitt skref af mörgum sem við þurfum að taka til að koma landbúnaðarfræðslu og háskólamenntun í landbúnaði og rannsóknum í landbúnaði inn á nýjar brautir til framtíðar. Enn þá er mikið verk að vinna. Við þurfum að færa fleiri stofnanir undir þessa stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, og búa til úr henni virkilega góðan, sterkan og öflugan háskóla sem sinnir bæði menntun og að sjálfsögðu rannsóknum.

Það má vel vera að það sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi og verður vonandi samþykkt núna sé ekki fullkomið verk, kannski ekki frekar en önnur mannanna verk. Í og með er þetta eins og ég sagði áðan eitt af mörgum skrefum sem við þurfum að taka á næstu árum, næstu missirum, og ég er sannfærður um að það verður hægur vandi að fínpússa þetta og laga til á þeirri vegferð sem bíður okkar.

[23:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. landbn. öflugt starf að þessum stóru málum sem hér er verið að afgreiða. Ég er sannfærður um að þetta mál, um Landbúnaðarháskóla Íslands, er stærsta mál gagnvart íslenskum landbúnaði sem afgreitt hefur verið sem löggjöf frá þinginu í áratugi. Það er tímamótamál sem mun hafa mikil áhrif á kennslu landbúnaðarins, á rannsóknir í landbúnaði og skapa hér mikla sérstöðu til að afla rannsóknum styrkja, bæði innan lands og erlendis. Hér er mikið mál fyrir íslenska þjóð og íslenskan landbúnað að líta dagsins ljós.

Ég hef sótt mörg ráð bæði í Háskóla Íslands og fleiri háskóla og fundið styrk í landbúnaðarháskólanum og ég minnist þess hérna vegna þeirra orða sem ávallt koma hér fram um að landbúnaðarháskólinn skuli fara undir menntmrn. Hér er verið að stíga skref til að gera Landbúnaðarháskóla Íslands að atvinnuvegaháskóla, sterkum atvinnuvegaháskóla. Ég minnist þess hér við 1. umr., þá var það hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sem sterklega tók til orða og taldi að skólarnir væru betur settir undir landbrn. og vitnaði til þess með skýrum hætti hvernig farið hefði fyrir sjávarútveginum í þeim efnum. Ef ég veit rétt er aðeins verið að útskrifa frá Sjómannaskóla Íslands t.d. núna 14–15 nemendur.

Nemendur landbúnaðarháskólans í minni tíð hafa u.þ.b. tvöfaldast. Aðsóknin hefur vaxið gríðarlega. Nemendafjöldinn hefur tvöfaldast, ég fullyrði það, ég hef þær tölur að vísu ekki alveg á hreinu. Aðsóknin er því mikil og eftirspurnin eftir þessu námi sömuleiðis.

Ég minnist þess þegar ég hitti rektorinn á Bifröst, Runólf Ágústsson. Þá sagðist hann telja að í þeirri háskólaflóru sem nú er verið að stofna hér á Íslandi, nýjum og nýjum háskólum, ætti landbúnaðarháskólinn einhver mestu tækifærin. Hvanneyrarskólinn mundi alltaf búa að sinni sérstöðu sem landbúnaðarháskóli, eftirsóknin eftir rannsóknum í náttúrunni væri svo mikil og sérstaða landbúnaðarins yrði alltaf mikil.

Margir hafa styrkt mig í þeirri trú og ég hef auðvitað sótt ráð til margra manna í þessum efnum. Háskólaprófessorar hafa setið að störfum fyrir mig með mörgum í nefndum um þessi mál. Ég verð einnig að segja hér þegar það er gagnrýnt að fulltrúi komi inn í háskólaráð landbúnaðarháskólans frá Háskóla Íslands og ítreka enn og aftur: Háskóli Íslands er hvað sem hver segir bæði faðir og móðir hinna háskólanna. Þar liggur gríðarleg þekking og reynsla og yfirburðir á mörgum sviðum þannig að sá þráður inn í háskólann er í mínum huga mikill og stór.

Hér hefur líka verið rætt um yfirstjórn og höfuðstöðvar. Ég tek undir með meiri hluta landbn. en hún segir í áliti sínu, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands verði áfram á Hvanneyri þótt ekki sé kveðið á um staðsetningu skólans í frumvarpinu, enda skólinn með starfsstöðvar á nokkrum stöðum á landinu.“

Ég tek undir þessa skoðun og svara hv. þm. Jóni Bjarnasyni því til að ég tel auðvitað sjálfgefið að rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hafi aðsetur að Hvanneyri eftir nýjum lögum og að þar verði þessar höfuðstöðvar um leið og það kemur hér glöggt fram að þetta er deildaskiptur skóli með starfsstöðvar víða. Þetta vil ég taka undir.

Ég vil segja að lokum hvað Hólaskóla varðar, sem bæði hefur komið hér til umræðu og einhver titringur farið um menn út af honum, að hann er ekkert með í þessu núna. Hann hefur mikla sérstöðu, hann hefur sterk svið sem hann einn er með, ferðaþjónustuna í sveitum, hestamennskuna alla og síðan fiskeldið og er að sækja út á þeim sviðum, sjávardýr einnig. Þar býr mikið afl. Hver gæti fært Hólaskóla frá Hólum? Það er sjálfsagt að taka það fram að hann

sé á Hólum en í huga heimsins er hann á Hólum. Skólinn er frægur meðal hestamanna um allan heim, og hann er á Hólum og hann verður aldrei annars staðar en á Hólum. Starfsstöðvar hans eru hins vegar að rísa líka annars staðar eins og Hvanneyrarskólans því að það er útrás í þeim skóla.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri en þakka hv. landbn., bæði meiri hlutanum gott starf og einnig minni hluta og stjórnarandstöðunni sem hér hefur lagt sig einnig fram. Ég er þakklátur, og menntmn. fékk málið og það var prýðilegt. Ég mælti með því (**Gripið fram í:** Og þakka þeim sem hlýddu.) þannig að nú þakka ég þeim sem hlýddu og lýk máli mínu.

[23:35]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hillir undir að þau frumvörp sem við höfum verið með til meðhöndlunar verði að lögum nú fyrir helgi og ég vona og treysti því að við séum að stíga hér heilladrjúg spor. Þau eru ekki auðveld en þau (**Gripið fram í:** Verða góð.) verða vonandi bæði verkefnunum, starfsemi landbúnaðarins og því fólki sem þar kemur til með að starfa til heilla. Breytingunni fylgja miklar og góðar árnaðaróskir.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. gaf hér um að höfuðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands yrðu á Hvanneyri og jafnframt að þannig yrði um búið að rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, þegar að því kemur, sem jafnframt verði þá staðarhaldari Hvanneyrar, verði með búsetu á Hvanneyri. Ég tel að þessar yfirlýsingar séu afar mikilvægar í því að treysta og tryggja framtíð þessarar menntastofnunar landbúnaðarins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábúðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 782. mál (heildarlög). — Þskj. 1193, nál. 1755 og 1801, brtt. 1756.

[23:37]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til ábúðarlaga frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið aðila á sinn fund og eins hafa borist umsagnir sem ég mun greina frá í nefndaráliti um jarðalögin á eftir.

Með frumvarpinu er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í nútímahorf og að samræma eignarrétt og umsýslu jarða eins og unnt er þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem hann telur samræmast vel markmiðum frumvarpsins en ganga lengra í frjálsræðisátt. Of miklar hömlur á samningsfrelsi einstaklinga, sem er meginregla í íslenskum rétti, geta komið í veg fyrir að jarðir séu nýttar eins og hægt er. Meiri hlutinn leggur því til breytingu á 10. gr. frumvarpsins, þess efnis að jarðeigendum og ábúendum verði í sjálfsvald sett hvernig þeir semja sín á milli um nýtingu á jörð eða réttindum sem henni fylgja. Þannig geti eigandi undanskilið leigunni ákveðin réttindi, svo sem réttindi til beitar, veiði eða nýtingar æðardúns. Telur meiri hlutinn að sú tilhögun auki líkur á því að sem flestar jarðir haldist í ábúð og séu þá nýttar eins og kostur er. Jarðeigandi getur haft sérþekkingu þá sem þarf til þess að nýta einhver hlunnindi en ábúandi ekki og þess vegna þykir rétt að þeir geti samið sín á milli um nýtingu einstakra réttinda. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að með þessu er ekki verið að undanskilja réttindi frá jörð heldur er einungis samið um nýtingu á þeim.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að verða á raforkumálum leggur meiri hlutinn til að ábúendum verði heimilt að nýta rafmagn allt að tveimur megavöttum umfram búsþarfir og selja inn á raforkukerfið.

Lögð er til sú breyting á 12. gr. að ábúandi þurfi ekki að eiga lögheimili á ábúðarjörð en að honum sé skylt að hafa þar fasta búsetu. Það er talið nauðsynlegt þar sem með ábúð undirgengst ábúandi bæði réttindi og skyldur sem ábúðinni fylgja og fær ákveðin réttindi til hagnýtingar frá eiganda jarðarinnar.

Lögð er til sú breyting á 41. gr. að út falli ákvæði um gildandi skipulagsforsendur þegar úttektarmenn skulu meta eignir og endurbætur ábúanda. Þá er lagt til að ábúendum verði heimilt að kaupa réttindi, svo sem til efnistöku, nýtingar o.fl., sem hafa verið undanskilin samkvæmt gildandi lögum en að um þau gildi þá almennar reglur um verðmat á eignum ríkisins.

Þá er lagt til að frestur úttektarmanna til að skila niðurstöðum verði lengdur í sex vikur en bent hefur verið á að fjórar vikur séu of stuttur tími. Verði fresturinn lengri, t.d. vegna óviðráðanlegra ástæðna, ber úttektarmönnum að tilkynna málsaðilum slíka töf og ástæður fyrir henni.

Þá eru gerðar tillögur um nokkrar lagfæringar á orðalagi.

Meiri hlutinn telur að athuga þurfi hvort rétt sé að leggja til breytingar á gildandi lögum um skipun og fjölda úttektarmanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Brynja Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson, Ásgeir Friðgeirsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Þórarinn E. Sveinsson og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

[23:41]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti landbúnaðarnefndar sem ég skipa.

Ég vísa til ræðu minnar sem ég flutti við 1. umr. um þetta mál hér í þinginu um ýmis efnisatriði og reifun málsins.

Samhliða framlagningu frumvarps til ábúðarlaga var lagt fram frumvarp til jarðalaga og hefur landbúnaðarnefnd á fundum sínum fjallað um bæði frumvörpin.

Ég leyfi mér að vísa í nefndarálit um frumvarp til jarðalaga og fylgiskjal með því sem verður tekið fyrir hér sem næsti dagskrárliður á eftir.

Með frumvarpi þessu um ný ábúðarlög er verið að skerða rétt ábúenda og leiguliða en styrkja rétt jarðareiganda sem í flestum tilfellum er ríkið.

Er þetta grundvallarbreyting frá því sem gilt hefur um árabil um réttindi og skyldur í samskiptum leigusala og leiguliða við ábúð á jörðum. Þetta ótrygga ástand sem leiguliðar eru settir í veikir búrekstrarstöðu þeirra og skerðir lánshæfi

þeirra og lánstraust til framkvæmda á jörðinni. Réttur landeiganda til að skipta landspildum út úr leigujörð við ábúð er að mínu mati allt of sterkur. Leiguliðum er nánast gert ómögulegt að breyta búskaparháttum, svo sem að taka upp skógrækt vegna ákvæða um sterka stöðu jarðareiganda og rétt hans til eignar, t.d. á virðisauka skógarins.

Þá má og geta þess að í lögum um prestssetur, nr. 137/1993, segir að ákvæði ábúðarlaga, „taki til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt". Eðlilegt hefði því verið að hafa gott samráð við stjórn prestssetrasjóðs um breytingar á ábúðarlögum en það hefur ekki verið gert.

Að öðru leyti en því sem segir í þessu nefndaráliti er vísað til sjónarmiða sem koma fram í nefndaráliti minni hlutans um frumvarp til jarðalaga og fylgiskjala með því áliti.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til umfangsmiklar breytingar á frumvarpi til ábúðarlaga og frumvarpi til jarðalaga. Minni hlutinn bendir á að frumvörpin hafa verið skamman tíma til umræðu nú í landbúnaðarnefnd, áhrif þeirra breytinga sem frumvörpin geta haft í för með sér hafa ekki verið könnuð til hlítar og ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda umsagnaraðila, t.d. Bændasamtakanna, Þjóðkirkjunnar og margra sveitarfélaga. Á grundvelli þess leggur minni hlutinn til að málunum verði vísað til ríkisstjórnarinnar og þau unnin betur og lögð fyrir næsta reglulega þing til meðferðar. Ekkert liggur á því að endurskoða jarðalög og ábúðarlög en þeim mun mikilvægara að vanda til endurskoðunar þeirra.

Ég vil, frú forseti, t.d. benda á eitt í brtt. meiri hlutans, brtt. við 12. gr.: „Skylt er ábúanda að hafa fasta búsetu" þar sem breytt er frá því að hafa „lögheimili". Enginn mun vita hvað „föst búseta" þýðir eða hún hefur a.m.k. enga lagalega skýringu neins staðar. Hér eru mörg atriði sem hefði verið mjög mikilvægt að fara mun nákvæmar í gegnum og láta hlutaðeigandi aðila sem eiga að starfa eftir fara yfir.

Þess vegna legg ég til, frú forseti, að þessu þingmáli verði vísað frá og það unnið betur fyrir næsta þing.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 2. umr.

Stjfrv., 783. mál (heildarlög). — Þskj. 1194, nál. 1753 og 1802, brtt. 1754.

[23:46]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til jarðalaga frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann og Guðmund B. Helgason frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson, Þórólf Sveinsson og Hrafnkel Karlsson frá Bændasamtökum Íslands, Val Þorvaldsson frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Þór Guðmundsson og Halldór Gunnarsson frá kirkjuráði, Höskuld Sveinsson, framkvæmdastjóra prestssetrasjóðs, Þorvald Karl Helgason frá Biskupsstofu og Sigurð Jónsson og Þórólf Sveinsson.

Umsagnir bárust nefndinni frá Þórshafnarhreppi, Hagstofu Íslands, Skipulagsstofnun, sýslumanninum í Reykjavík, Skógrækt ríkisins, Hrafnkeli Karlssyni, fyrir hönd úttektarmanna, Landsvirkjun, sýslumanninum á Ísafirði, Sýslumannafélagi Íslands, Lánasjóði landbúnaðarins, Búnaðarsambandi Austurlands, Kópavogsbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Bændasamtökum Íslands, Mosfellsbæ, Rangárþingi ytra, Suðurlandsskógum, borgarráði Reykjavíkur, Norðurorku, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Biskupsstofu, Landvernd, Eyjafjarðarsveit, Landgræðslu ríkisins, Landssambandi kúabænda, Þingeyjarsveit og Umhverfisstofnun.

Hæstv. forseti. Markmiðið með frumvarpinu er að setja heildarlög um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land, stuðla að skipulegri nýtingu þess og tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota svo sem kostur er. Þá er enn fremur ætlunin að færa löggjöf um jarðir fram til nútímans og samræma þeim meginreglum er gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf en gildandi jarðalög eru að stofni til frá 1976 og eru orðin nokkuð úrelt.

Nefndin skoðaði sérstaklega ákvæðin um óðalsjarðir sem byggjast á sögulegum grunni og miða að því að auðvelda aðilaskipti og tryggja að jarðir haldist í ábúð. Var um tíma skylt að gera jarðir keyptar af ríkinu að ættaróðulum. Óðalsréttarhugtakið hefur verið skilgreint svo að óðalsjörð verði ekki eign óðalserfingja heldur sé hann einungis vörslumaður þess. Þannig verður jörðin ekki einkaeign einstaks aðila heldur sjálfseignarstofnun í ævarandi umráðum þeirrar ættar er óðalsréttinn hefur að lögum.

Sérstakar reglur gilda um óðalsjarðir og nýtur erfingi óðalsjarðar ákveðinna forréttinda fram yfir aðra erfingja. Hann þarf einungis að greiða lítinn hluta af verðgildi jarðarinnar og fylgifjár hennar, þ.e. sem samsvarar hálfu fasteignamatsverði að frádregnum áhvílandi skuldum, til óðalseiganda og erfingja, svo sem systkina. Hlutur óðalserfingjans er því umtalsvert betri en annarra erfingja, sérstaklega þegar litið er til þess hve verðgildi jarða, framleiðsluréttinda og hlunninda hefur aukist frá því sem áður var. Þá kemur óðalsjörð ekki til skipta við skilnað.

Sem vörslumaður óðals hefur óðalsbóndi jafnframt ákveðnar skyldur, hann getur ekki ráðstafað jörðinni nema til viðtakandi óðalserfingja og ekki selt eða ráðstafað öðrum hluta af henni, svo sem greiðslumarki. Þá gilda mjög strangar reglur um veðsetningar og er ekki heimilt að gera fjárnám í óðalsjörð eða fylgifé hennar eða krefjast nauðungarsölu fyrir öðrum en þeim sem heimilt er að veðsetja jarðirnar fyrir, þ.e. hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði.

Þær forsendur sem áður voru fyrir því að hafa sérákvæði um óðalsjarðir eru ekki fyrir hendi nú á tímum. Upplýst var fyrir nefndinni að óðalsjarðir séu um 90 talsins og að meðferð jarðanna sé ekki fullkomlega í samræmi við ákvæði laganna en meiri hlutinn telur að slíkt sé forsenda fyrir því að jarðir haldi óðalsrétti.

Meiri hlutinn leggur til fjölmargar breytingar á frumvarpinu sem telja verður að samræmist vel markmiðum frumvarpsins um að samræma þær reglur sem gilda um fasteignir í íslenskri löggjöf.

Hæstv. forseti. Þær helstu eru að leggja til að forkaupsréttarheimildir sveitarstjórna í frumvarpinu falli niður sem og eignarnámsákvæði landbúnaðarráðherra. Forkaupsréttarheimildir sveitarstjórna hafa t.d. nýlega verið lagðar af í Noregi. Þá er lagt til að flest ákvæðin um óðalsjarðir falli brott og lagt til að óðalsböndin falli niður við lát óðalsbónda og maka.

Fyrstu breytingarnar varða skilgreiningar. Lögð er til ný skilgreining á hugtakinu hlunnindi og að skilgreiningu á hugtakinu lögbýli verði breytt þannig að þar sé unnt að stunda landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi, í stað búrekstrar og annarrar atvinnustarfsemi áður. Þá er kirkjujörðum bætt við skilgreiningu á ríkisjörðum þar sem þær eru þekktar í lagamáli en ekki er ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra. Þá er skilgreiningu eyðijarða breytt og skilgreining netlaga lagfærð til samræmis við vatnalög. Loks er vísað til skipulagslaga varðandi skilgreiningu á þéttbýli.

Lagt er til að eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra í 9. gr. frumvarpsins verði felld niður þar sem meiri hlutinn telur ákvæðið of rúmt og of almennt orðað til að uppfylla kröfur til eignarnámsheimilda um skýrleika og fyrirsjáanleika. Þá verður að telja að fullnægjandi heimildir séu í stjórnarskrá og skipulags- og byggingarlögum til eignarnáms sem og í almennum lögum um eignarnám og því ekki þörf á að hafa sérstakt ákvæði um eignarnám í jarðalögum.

Þá er einnig lagt til að ákvæðið um forkaupsrétt sveitarfélaga verði fellt brott með sömu athugasemdum og eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra enda verði ekki séð, að teknu tilliti til hlutverks sveitarfélaga, að þeim sé þörf að vera með svo víðtæka eignarnámsheimild í jarðalögum þar sem fyrir eru heimildir í öðrum lögum, svo sem í skipulags- og byggingarlögum. Þá felur ákvæðið í sér mjög víðtækt inngrip í samningsfrelsið sem ekki verður séð að sé nauðsynlegt nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess.

Meiri hlutinn leggur til að fellt verði brott ákvæði 10. gr. sem skyldar sveitarstjórnir til að skipa sérstakar ráðgefandi landbúnaðarnefndir, með það hlutverk að veita sveitarstjórnum ráðgjöf og umsagnir um einstök málefni, sem komi í stað jarðanefnda sem í mörgum tilvikum störfuðu við hlið sveitarstjórna. Telur meiri hlutinn eðlilegt að sveitarstjórnum sé það í sjálfsvald sett hvernig þeim málum er skipað.

Þá leggur meiri hlutinn til að 11. gr. verði felld brott en í ákvæðinu sem fjallar um eignarrétt að jörðum, öðru landi, fasteignum o.fl. er einungis verið að vísa til gildandi laga á þessu sviði um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966. Sama gildir um 13. gr. frumvarpsins um greiðslumark sem vísar einungis til gildandi laga á því sviði.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á 14. gr. frumvarpsins sem kveður á um að skylt sé að stofna félög um jarðir þegar eigendur eru fleiri en einn. Algengt er að eignaraðild að jörðum sé orðin mjög dreifð og því erfitt að ná til þeirra sem eiga þær. Á það sérstaklega við þegar jarðir eru ekki lengur í ábúð. Þrátt fyrir það telur meiri hlutinn varhugavert að skylda menn til að stofna með sér félag um rekstur jarðar og til aðildar að því en telur þó að það geti verið til einföldunar og hagræðis fyrir eigendur jarða sem og þá sem þurfa að eiga í lögskiptum við þá, svo sem opinbera aðila, sérstaklega varðandi brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðinu verði breytt þannig að ef eigendur eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðili sé þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Þinglýsa skal tilkynningu um fyrirsvarsmann á viðkomandi fasteign og tilkynningum um breytingar á fyrirsvarsmönnum.

Breytingin sem lögð er til á 15. gr. er til einföldunar og hagræðis þar sem ekki er unnt að leggja það á sveitarstjórnir að fylgjast með aðilaskiptum að jörðum þegar lögaðilar eiga jarðir enda getur verið um stór almenningshlutafélög að ræða og því erfitt að fylgjast með breytingum á eignarhaldi þeirra.

Lagt er til að ekki verði lengur skylt að leita umsagnar Bændasamtaka Íslands við lausn jarða úr landbúnaðarnotum, staðfestingu landskipta, sameiningu jarða, niðurfellingu lögbýlisréttar o.fl.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að við sölu ríkisjarða skuli öll jarðefni og réttur til efnistöku undanskilin sölu og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. Meiri hlutinn telur að ákvæðið gangi þvert á þær almennu reglur sem gilda við sölu fasteigna og því ekki til þess fallið að færa löggjöf um jarðir nær nútímanum. Meiri hlutinn leggur því til að ráðherra verði heimilt að undanskilja réttindi sem hann telur að séu fyrir hendi á ríkisjörðum við sölu þeirra eins og aðrir seljendur jarða og tilgreini þau þá sérstaklega. Nýtingarréttur er eftir sem áður háður ákvæðum laga á hverjum tíma. Um sölu til ábúenda hafa gilt þær reglur að réttindi sem þessi eru undanskilin og hefur söluverð endurspeglað það. Meiri hlutinn telur, að teknu tilliti til jafnræðissjónarmiða, að ábúendum eigi að vera heimilt að kaupa þessi réttindi en þá eigi jafnframt að gilda almennar reglur um verðmat sem gilda um sölu á eignum ríkisins.

Á allmörgum ríkisjörðum hafa einstaklingum eða félagasamtökum verið leigðar lóðir eða landspildur til að reisa sumarbústaði eða orlofshús. Margir þessara aðila hafa lagt í verulegar framkvæmdir og ræktun landsins sem þeir fengu að leigu. Með hliðsjón af jafnræðisreglu og sanngirnissjónarmiðum þykir rétt að heimila sölu jarða eða jarðahluta í eigu ríkisins til annarra lögaðila en þeirra sem kveðið er á um í 41. og 42. gr. enda hafi slíkir aðilar áunnið sér hefðarrétt og skapað lögmæta hagsmuni á viðkomandi landi með verulegum ræktunarframkvæmdum og umbótum á landinu sem þeir hafa haft á leigu af ríkinu. Óeðlilegt þykir að slíkir leiguaðilar séu útilokaðir frá því að eignast leigulandið en verða e.t.v. síðar háðir almennu útboði og samkeppni um verðmæti á landi sem þeir hafa sjálfir átt verulegan þátt í að mynda. Þess þarf þó að gæta að ekki sé gengið á rétt annarra sem hagsmuni eiga á sömu jörð.

Meiri hlutinn leggur því til þá breytingu á 44. gr. að ekki þurfi að auglýsa einstakar ríkisjarðir eða jarðahluta vegna sölu til annarra einstaklinga eða lögaðila en kveðið er á um í 41. og 42. gr. hafi þeir haft landið á leigu í a.m.k. 20 ár og á eigin kostnað lagt í verulegar ræktunarframkvæmdir á þeim og þannig aukið verðmæti landsins umtalsvert. Um ákvörðun á söluverði fer eftir almennum reglum sem gilda um sölu á eignum ríkisins.

Hæstv. forseti. Upplýst var fyrir nefndinni að væntanlega yrði sett á stofn samstarfsnefnd milli viðeigandi ráðuneyta sem leitað yrði til við mat á því hvaða ríkisjarðir ætti ekki að selja, þ.e. sem ráðstafa þarf til opinberra nota eða nauðsynlegt er að ráðstafa með tilliti til almannahagsmuna. Telur meiri hlutinn rétt að huga að því sem fyrst og sérstaklega með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar eru til á frumvarpinu varðandi sölu ríkisjarða.

Lagt er til að frá gildistöku laganna verði ekki heimilt að stofna nýjar óðalsjarðir og að óðalsböndin falli niður við andlát núverandi óðalsbónda og maka. Ákvæðin um veðsetningar eru óbreyttar meðan jörð er óðalsjörð og reglur um skipti ef til skilnaðar kemur. Unnt verður sem áður að leysa jarðir úr óðalsböndum og gilda þá sömu reglur um þær og

aðrar fasteignir. Þá telur meiri hlutinn rétt að óðalsböndin falli niður ef ekki er farið eftir þeim reglum sem um jarðirnar gilda. Loks er lagt til að við lát óðalsbónda og maka falli óðalsböndin niður og að jarðirnar erfist samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Að síðustu er lagt til að bætt verði við bráðabirgðaákvæði um að þær jarðir sem skráðar voru í jarðaskrá 1. desember 2003 skuli teljast lögbýli þó að þær uppfylli ekki þá skilgreiningu sem meiri hlutinn leggur til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Brynja Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson, Ásgeir Friðgeirsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Þórarinn E. Sveinsson og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Að lokum vil ég þakka öllum hv. nefndarmönnum fyrir afskaplega vel unnin störf og góð, og gott samstarf við yfirferðina á þessum miklu lagabálkum sem eru jarða- og ábúðarlögin. Ég tel að við höfum verið að færa þau hér í nútímalegt horf. Þetta var mikil vinna og ég tel að nefndin hafi unnið afskaplega gott starf saman.

[00:00]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta landbúnaðarnefndar sem ég skipa. Ég vísa til ræðu minnar sem ég flutti við 1. umr. málsins þar sem málefnið var almennt reifað og fjallað um einstaka efnisþætti.

Samhliða framlagningu frumvarps til jarðalaga var lagt fram frumvarp til ábúðarlaga. Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um bæði frumvörpin.

Í 1. gr. frumvarps til jarðalaga segir að markmið laganna sé, með leyfi forseta, „að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota". Markmið þetta er gott svo langt sem það nær, einkum ef farið væri eftir því.

Ég vil vekja athygli á því að hér er skýrt kveðið á um að verið sé að setja lagaumgjörð um réttindi og skyldur allra þeirra sem eiga land og nýta það.

Sjónarmið um meðferð lands og landgæða hafa breyst mjög á síðari árum og nú eru gerðar ríkar kröfur um að meðferð, varsla og nýting lands og landgæða lúti lögmálum um sjálfbæra þróun. Hafa íslensk stjórnvöld undirgengist alþjóðlega sáttmála sem kveða á um þá stefnumörkun auk eigin yfirlýsinga í þá veru. Telja verður því eðlilegt og sjálfsagt að í markmiðskafla þessara laga verði kveðið á um að meðferð og landnýting lúti lögmálum og kröfum um sjálfbæra nýtingu auðlindanna.

Í þessu markmiði skortir verulega á, frú forseti, enda sýnir það að meðferð nefndarinnar hefur verið mjög ómarkviss og mótast af tiltölulega gömlum hugsunarhætti.

Nú standa fyrir dyrum grundvallarbreytingar á stuðningskerfi stjórnvalda við landbúnað, vörslu, meðferð og nýtingu landgæða, búsetu og félagsauð í dreifðum byggðum landsins. Mun þróunin verða sú að hverfa frá framleiðslutengdum stuðningi til stuðnings við félagslega og náttúrulega grunnþætti landbúnaðar samkvæmt lögmálum um verndun gæðanna og sjálfbæra nýtingu þeirra. Það sjónarmið fær litla stoð í þessum lagafrumvörpum. Breytingar í þá átt gætu gjörbreytt afstöðu til lagaumgjörðar um meðferð og ráðstöfun lands og landgæða. Þetta frumvarp tekur ekkert tillit til þessara nýju og breyttu sjónarmiða.

Eitt megininntak frumvarpsins er að rýmka um öll ákvæði sem lúta að því að taka land úr landbúnaðarnotum og stuðla að svokölluðu „frelsi" í viðskiptum með land og náttúruauðlindir, og litið er á jarðeignir sem forgengilega hluti eins og hús eða bíl. Minni hlutinn er andvígur þeirri nálgun. Land og landgæði eru í sjálfu sér félagsleg eign framtíðarinnar. Við erum gestir á „Hótel Jörð" eins og Tómas Guðmundsson kvað. Það yrði varla vel séð ef hótelgestir hefðu mjög frjálsar hendur um nýtingu, meðferð eða sölu herbergisins meðan þeir dveldust þar. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum halda þeirri grunnhugsjón mun hærra á lofti að land og landgæði hafi sérstöðu og þær horfa í mun meira mæli til framtíðarábyrgðar í lagaumgjörð sinni en gert er í þessu frumvarpi.

Réttur sveitarfélaganna til að grípa inn í ráðstöfun lands og meðferð þess er skertur verulega frá því sem áður var. Er það miður og alls ekki í samræmi við markmið laganna eins og ég las hér áðan. Eðlilegra hefði verið að auka skilgreindan rétt sveitarfélaga til afskipta af eignarhaldi og nýtingu lands. Sveitarfélög verða oft að grípa inn í og styðja við rekstur í öðrum atvinnugreinum sem myndar grundvöll byggðar og atvinnulífs á svæðinu. Því skyldu þau ekki mega það í sambandi við landbúnað? Það er til að mynda í hæsta máta eðlileg krafa sveitarfélaganna að þau eigi forkaupsrétt við sölu ríkisjarða þegar ekki er verið að selja samkvæmt rétti ábúenda. Á þetta hafa sveitarfélögin einnig lagt áherslu.

Bændasamtökin gera verulegar athugasemdir við frumvarpið og ekki hefur verið tekið tillit til margra veigamikilla breytingartillagna sem samtökin hafa lagt til. Vil ég m.a. sérstaklega benda á að í eldri jarðalögum var heimild til að sameina að nýju jarðarhluta sem skipt hafði verið út úr jörðum og ekki verið rekið bú á. Dæmi eru þess að sameign á jörðum þar sem einn sameigandi sitji jörðina hafi skapað erfiðleika til að búa á jörðinni fyrir bóndann og rekstur og framkvæmdir á jörðinni.

Þetta er í frumvarpinu t.d. fellt út. Bændasamtökin töldu það mjög óráðlegt og að það yrði til þess að veikja stöðu bænda í þeim tilvikum sem væri brýnt að nýta þetta ákvæði.

Frumvarpið hefur auk þess tekið verulegum breytingum í meðferð nefndarinnar sem hagsmunaaðilum og þeim sem eiga að fara að vinna eftir því hefur ekki verið gefið ráðrúm til að kanna hver áhrif hafa. Meiri hlutinn leggur t.d. til nýjar skilgreiningar á grundvallareiningum í landbúnaði, svo sem á hugtökunum lögbýli, eyðijörð, hlunnindi og nú síðast í ábúðarlögunum um fasta búsetu sem enginn veit hvað þýðir. Við þessar skilgreiningar eru marghátttuð atvinnuréttindi og félagsleg kjaraatriði bænda tengd. Það er því afar mikilvægt að þegar gripið er til þess að breyta skilgreiningum á slíkum hugtökum sé það gert í samráði við þá sem eru að vinna eftir því. Það hefur hins vegar ekki verið gert.

Réttur ábúenda á leigujörðum er skertur en réttur jarðeiganda aukinn. Er þetta almennt andstætt siðvenjum og mun veikja búrekstrarstöðu leigjenda verulega. Áhrif þessara breytinga hafa ekki verið gaumgæfð.

Þjóðkirkjan er annar stærsti einstaki jarðeigandinn á eftir ríkissjóði. Ekkert samráð virðist hafa verið haft við forsvarsmenn hennar við samningu þessara frumvarpa, enda ber mikið í milli í túlkun þessara aðila, þ.e. annars vegar ríkissjóðs og hins vegar þjóðkirkjunnar, á eignar- og réttarstöðu fjölmargra jarða. Þrátt fyrir yfirlýsingu um að þessi frumvörp ættu í engu að breyta stöðu kirkjujarða er sú ekki raunin. Að mati minni hlutans ber að hafa samráð við þjóðkirkjuna um lagasetningu um meðferð og sölu jarðeigna. Brýnt er að leysa úr ágreiningi sem nú er milli ríkissjóðs og þjóðkirkjunnar um eignar- og ráðstöfunarrétt jarða og væri rétt að það væri gert áður en þessum lögum verður breytt eða þau unnin.

Nokkrar jarðir eru svokallaðar kristfjárjarðir og fátækrajarðir sem hvorki er hægt að líta á sem eign ríkisins né þjóðkirkjunnar og eru ekki nefndar á nafn í frumvarpinu en skv. 1. gr. þess eiga lögin að taka til allra jarðeigenda. Í frumvarpinu virðist litið svo á að ríkið fari með eignar- og ráðstöfunarrétt á öllum jörðum sem ekki eru skráðar á kennitölu einstaklinga eða fyrirtækja. Sú nálgun er alröng, samanber sérstöðu kirkjujarða og kristfjárjarða.

Þá er hvorki í frumvarpi til jarðalaga né ábúðarlaga sérákvæði er lýtur að takmörkun á rétti útlendinga eða hvernig með það skuli farið til kaupa á jörðum á Íslandi. Eðlilegt væri að kveða á um skilgreinda takmörkun, bann eða hindranir í þeim efnum. Veiking á forkaupsrétti sveitarfélaga á jörðum á markaði gerir slíka takmörkun enn brýnni.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til umfangsmiklar breytingar á frumvarpi til ábúðarlaga og frumvarpi til jarðalaga. Minni hlutinn bendir á að frumvörpin hafi verið skamman tíma til umræðu í landbúnaðarnefnd, áhrif þeirra breytinga sem frumvörpin geta haft í för með sér hafi ekki verið könnuð til hlítar og ekki hafi verið tekið tillit til eðlilega athugasemda umsagnaraðila, svo sem Bændasamtakanna, þjóðkirkjunnar og margra sveitarfélaga. Á grundvelli þessa leggur minni hlutinn til að málunum verði vísað frá, vísað til ríkisstjórnarinnar, þau unnin betur og lögð fyrir næsta reglulega þing til meðferðar. Ekkert liggur á því sérstaklega að endurskoða lögin nú í dag frekar en í fyrra en þeim mun mikilvægara er að ábúðar- og jarðalög séu endurskoðuð og unnin af mikilli vandvirkni þannig að þau komi ekki í bakið á þeim sem eiga að búa við þau.

Frú forseti. Með þessu nefndaráliti fylgja mörg fylgiskjöl sem skýra betur út þessi atriði sem ég hef talið upp, minnisblað frá landbúnaðarráðuneytinu, löggjöf um jarðir annars staðar á Norðurlöndunum, meira að segja ræða hæstv. landbúnaðarráðherra frá 7. mars 2004, við setningu búnaðarþings þar sem kveðið var á um að taka yrði til endurskoðunar allt mat á gæðum lands, einmitt í ljósi þeirra breytinga sem við stöndum frammi fyrir nú á alþjóðavettvangi hvað varðar stuðning við landbúnaðarframleiðslu. Sú breyting getur krafist þess að við þurfum að leggja allt annað mat á meðferð, nýtingu og opinber afskipti af landi og ræktun. Inn á þetta kom einmitt landbúnaðarráðherra í sínu ágæta ávarpi við setningu búnaðarþings en ekkert tillit hefur verið tekið til þess við endurskoðun á frumvarpi til jarðalaga. Hefði þó átt að gera það því að jarðalögin eru stefnumarkandi í þeim efnum. Það sýnir hvað þessi vinna sem hér er verið að leggja fram af meiri hluta landbúnaðarnefndar er orðin gamaldags og úrelt og fylgir ekki einu sinni landbúnaðarráðherra eftir.

Þá er hér líka fylgiskjal þingsályktunartillögu um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð hafa flutt. Hún áréttar þessa nýju og breyttu stöðu í mati á gæðum lands og landkosta og það að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar beri að vera hluti af markmiðssetningu laga eins og jarðalaga. Á hana er hvergi minnst enda kannski ekki sterkasta hlið Framsóknar.

Þá er hér og umsögn Þórshafnarhrepps, bara sem dæmi um ábendingu sveitarfélaganna um að mótmæla því að réttur þeirra til að grípa inn í og beita forkaupsrétti er skorinn niður. Það er að mínu viti röng og alveg stórhættuleg aðgerð.

Þá er hér enn fremur umsögn kirkjuráðs þjóðkirkjunnar þar sem það mótmælir gerræðislegri framkomu ríkissjóðs og fulltrúa hans, landbúnaðarráðuneytisins, og annarra sem fara með jarðir, mótmæla því hvernig þeir hunsa ákvarðanir og samþykktir kirkjuráðs varðandi jarðir og hafa ekkert samráð við það.

Þá er líka hérna umsögn Búnaðarsambands Austurlands sem kveður á um sömu þætti, hvernig verið sé að kippa fótunum undan afskiptum heimaaðila að ráðstöfun jarða og jarðeigna.

Hér er líka mjög athyglisvert minnisblað frá prestssetrasjóði varðandi kristfjárjarðir og fátækrajarðir sem hafa alveg sérstæða réttarstöðu og er hvergi minnst á í frumvarpinu.

Einnig er hér minnisblað frá ráðuneytinu um réttaráhrif sem fylgja því að jörð sé lögbýli. Meiri hluti landbúnaðarnefndar var að krukka í endurskilgreiningu á hugtakinu „lögbýli“ án þess að átta sig nokkuð á því hvaða áhrif það hefði né bera sig saman við þá sem eiga að vinna eftir því.

Svona er hér áfram talið, frú forseti. Umsögn Náttúrufræðistofnunar bendir á að verðmæti lands og meðferð hefur breyst og breytist mjög hratt eftir nýjum sjónarmiðum. Ég ítreka að maður á að meta land og nýtingu þess út frá lögmálinu um sjálfbæra þróun. Í frumvarpi til jarðalaga er þó hvergi minnst á það sem sýnir að þetta frumvarp er þegar orðið 10–20 árum á eftir.

Frú forseti. Það er því allt sem styður það sjónarmið mitt að það hefði þurft að vinna frumvarpið algjörlega upp á nýtt út frá nýjum forsendum og nýrri hugsun sem nú ríkir og á að ríkja um meðferð, ráðstöfun og nýtingu lands og landgæða. Því legg ég til að frumvarpinu verði vísað frá og vísað til ríkisstjórnarinnar og það verði unnið betur fyrir næsta þing.

[00:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka hv. landbn. mikil og góð störf, bæði að jarða- og ábúðarlögunum. Þetta er búið að taka langan tíma og miklu lengri en ég sjálfur ætlaði mér því að ég hygg að ég hafi oft lofað því á síðasta kjörtímabili að reynt yrði að klára málið þá. Þetta eru flóknir og stórir málaflokkar sem verður að fara mjög vel yfir. Það hefur tekið langan tíma og margir aðilar komið að því, búnaðarþing aftur og aftur, sveitarstjórnir og í ráðuneytinu hefur mikil vinna verið lögð í málið. Svo hefur landbn. nú tekið málið mjög föstum tökum á þessum vetri og gengið enn lengra til breytinga þannig að ég vil þakka starf hv. landbn. að þessum málum og þá niðurstöðu sem stór meiri hluti hennar kemst að hér við lokagerð málsins. (**JBjarn:** ... gamaldags.)

Það má svo sem spyrja hver sé gamaldags (**JBjarn:** ... nefndinni ...) eins og hér er kallað fram í. En ég hygg, hv. þm. Jón Bjarnason, að við séum hér að staðfesta eina frjálslyndustu löggjöf á Norðurlöndum um jarðalög og ábúðarlög þannig að við erum að stíga mjög mikið framfaraspor

sem mun hafa mikil áhrif á byggðaþróun til hagsbóta fyrir landsbyggðina á næstu árum. Þessir stóru málaflokkar eru landsbyggðarmál sem munu gera það að verkum að eftirspurn eftir landi eykst, búseta á landsbyggðinni verður auðveldari og úrelt löggjöf heyrir til liðinni tíð með mörgum flækjum. Hér er stigið mikið framfaraskref. Vil ég þakka fyrir það. (**SJS:** Þú ert að leka niður.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 997. mál (verðsamráð í mjólkuriðnaði). — Þskj. 1665, nál. 1761 og 1799.

[00:17]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Nefndin fékk til sín aðila á fundi og þeir eru tilgreindir í þingskjalinu.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta ákvæði þess efnis að samráð, samruni og verðtilfærsla í mjólkuriðnaði sé undanskilið gildissviði samkeppnislaga. Ákveðin réttaróvissa hefur verið ríkjandi varðandi það og er frumvarpinu ætlað að kveða skýrt á um að ákvæði búvörulaga gangi framar almennum ákvæðum samkeppnislaga.

Umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið fór fram samhliða umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, mál nr. 1000 sem verður rætt hér á eftir.

Mjólkuriðnaðurinn nýtur ákveðinnar sérstöðu, sérstaklega varðandi ferskvöru, en upplýst var fyrir nefndinni að samkeppni á innanlandsmarkaði er ekki eins virk þegar um þessa vöru er að ræða. Þá var auk þess upplýst að með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um lækkun tolla og styrkja til landbúnaðar muni samkeppni á innanlandsmarkaði harðna í náinni framtíð vegna innfluttrar landbúnaðarvöru frá nágrannalöndum sem einnig er niðurgreidd. Innlendur mjólkuriðnaður þarf að fá tækifæri til uppstokkunar og hagræðingar og er því nauðsynlegt að heimila sameiningu afurðastöðva og að þeim verði einnig heimilt að gera með sér samkomulag um verkaskiptingu. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að slíka samninga þurfi að leggja fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar.

Verðlagsnefnd er skipuð sjö fulltrúum, einum fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum frá Alþýðusambandi Íslands, einum frá stjórn Bændasamtaka Íslands, einum frá stjórnum búgreinasamtaka, tveimur frá samtökum afurðastöðva og landbúnaðarráðherra tilnefnir formann.

Meiri hlutinn telur að frumvarpið eyði þeirri réttaróvissu sem uppi var um stöðu búvörulaga gagnvart samkeppnislögum. Meiri hlutinn telur einnig, með hliðsjón af skipun verðlagsnefndar og því eftirlitshlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum, að séð sé fyrir því að hagsmunir bænda, framleiðenda, neytenda og stjórnvalda verði tryggðir á hverjum tíma.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason er samþykkur áliti þessu en skrifar undir með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Undir álitið rita Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Bjarnason, með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson og Þórarinn E. Sveinsson.

[00:20]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að gera grein fyrir nál. minni hluta landbn. sem að standa auk mín hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Ég vil segja í upphafi máls míns að trú mín á ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. er óskaplega lítil. (**ÖS:** En á Guðna?) Ég skal samt játa það hér í þessum ræðustóli að aldrei hvarflaði að mér að hugmyndir af þeim toga sem hér eru settar fram kæmu fram, að menn stefndu til baka nánast eins og til hinna myrku miðalda hvað varðar frjálsa samkeppni, hvað varðar eðlilega verðmyndun og hvað varðar þá framtíðarsýn sem menn hafa fyrir landbúnaðinn.

Sú hugmyndafræði sem hér á að lögfesta gengur í stuttu máli út á það að þekkt aðferðafræði úr Öskjuhlíð sem stunduð var hér fyrir nokkrum árum verður lögleg í mjólkuriðnaði. Það á að heimila verðsamráð og það á að heimila uppskiptingu markaða, grófustu samkeppnisbrot sem til eru. Í reynd er það þannig að hvergi þar sem ég leitaði í Evrópu er þetta heimilt, hvergi nokkurs staðar. Menn hafa heimild til að starfa saman en allar þjóðir draga línurnar við verðsamráð, það er ekki heimilt.

Í þessu tilviki opnar hæstv. landbrh. umræðuna á því að á þessu sviði ríki einhver réttaróvissa, réttaróvissa um það hvar búvörulög gilda og hvar samkeppnislög gilda. Það hefur ekki verið nokkur óvissa á þessu sviði í 20 ár, frá 1985. Hins vegar hefur verið skýlaus krafa frá ýmsum í landbúnaðarframleiðslunni um að losna undan samkeppnislögum, um það að geta stundað Öskjuhlíðarstarfsemina óáreittir. Það hefur verið skýlaus krafa í mörg ár.

Nú á að færa mjólkuriðnaðinum þetta að gjöf, og ekki aðeins það, það á að lögvernda einokunarstarfsemi. Það á að lögvernda þessar minni máttar afurðastöðvar í mjólkuriðnaði til að þær geti stundað verðsamráð og uppskiptingu á mörkuðum. Þetta er með hreinum ólíkindum en, eins og ég sagði í upphafi máls míns, þó að ég hafi ekki mikla trú og hafi aldrei haft nokkra trú á þessari ríkisstjórn sem nú situr óraði mig ekki fyrir að svona hugmyndir kæmu fram.

Eftir þennan inngang, virðulegi forseti, ætla ég að reyna að draga fram þau helstu sjónarmið sem hér er verið að leggja til þar sem framsóknarflokkurinn ætlar að hverfa til fortíðar og jafnvel aftar en nokkru sinni fyrr. Ég er viss um að þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram hefðu talist gamaldags á þinginu árið 1000 — einhverjir eru að saka hæstv. landbrh. um að hafa setið á þeim tíma. (**Landbrh.:** Þeir voru frjálslyndir þá.)

Virðulegi forseti. Minni hluti landbn. vill taka fram að það er rangt sem fram kemur í greinargerð landbrh. sem fylgdi frv. þessu þar sem sagt var að markmið frv. væri að eyða réttaróvissu um að gildandi búvörulög tryggðu ekki nægjanlega heimildir mjólkurframleiðenda og afurðastöðva

til samráðs, samruna og verðtilfærslna og því væru þær aðgerðir undanskildar gildissviði samkeppnislaga.

Þessar reglur eru alveg skýrar. Í búvörulögunum eru tilteknar heimildir til undanþágu, að öðru leyti gilda samkeppnisreglurnar. Þetta kemur líka fram í greinargerð Eiríks Tómassonar og félaga sem hæstv. landbrh. lét vinna þannig að það er engin réttaróvissa á þessu sviði. Það er hins vegar ljóst að þeir hafa ekki heimildir til að stunda þá starfsemi sem þá dreymir um, að stunda verðsamráð og markaðsskiptingu.

Í greinargerð með frv. er tilgangi búvörulaga lýst þannig að markmið þeirra sé m.a. að vernda byggðastefnu og tryggja landbúnaðarvörur í því skyni að halda verði á þessum vörum niðri í smásölu neytendum til hagsbóta.

Hvaða hugmyndir eru hér á ferðinni? Það sem er hér á ferðinni er það að allt opinbert eftirlit verður tekið af verðmyndun til framleiðenda, allt saman. Þessi einokunarstarfsemi hefur sjálfdæmi um verðlagningu sína. Í reynd upplifi ég það þannig þegar ég fer yfir þetta að ekki hafi verið nægileg samstaða um hversu háar fjárhæðir eigi að greiða úr ríkissjóði til mjólkurframleiðenda þannig að samkomulag hafi verið um að menn hækki þá verðið, hækki verð á mjólkinni þannig að neytendur greiði það sem upp á vantar. (**Landbrh.:** Skoðaðu söguna.) Svona hugmyndir, hæstv. landbrh., eiga sér enga sögu. Þetta á sér enga sögu, það er algerlega nýtt í íslenskri löggjöf að menn leyfi sér svona munað. Hér er verið að brjóta í blað.

Svo leyfa menn sér að tala um að það sé neytendum til hagsbóta að heimila hér verðsamráð og einokunarstarfsemi, að fyrirtækin hafi sjálfdæmi um verðlagningu. Svo segir hæstv. landbrh.: Kynntu þér söguna. Þetta á sér enga sögu. (**Landbrh.:** Hver er sagan?) Þetta á sér ekki nokkra einustu sögu.

Hæstv. landbrh. lánar mér hér blað með hækkun nokkurra vörutegunda á 10 árum. Hér er bensín og ýmislegt annað. Hæstv. landbrh., við erum hér að tala um mjólkurframleiðendur. (**Landbrh.:** Ég náði því.) Hér er rafmagn og agúrkur. Virðulegi forseti, ég hef nú lúmskt gaman af þessu hjá hæstv. landbrh. en það er talsvert liðið á kvöldið og það getur vel verið að það skýri eitthvað af þessum aðgerðum hæstv. ráðherra.

Það sem hér er á ferðinni er einfaldlega það að hækka á verð á mjólk til neytenda. Hæstv. landbrh. náði ekki nægilegum fjármunum út úr ríkissjóði (**Landbrh.:** Jú, jú.) yfir í greinina og þess vegna, virðulegi forseti, á að gera þetta.

Ég spyr hæstv. landbrh.: Af hverju á að taka þessa verðlagningu út úr verðlagsnefndinni? Verðmyndun á einokunarsviði getur aldrei orðið eðlileg, einfaldlega vegna þess að það er ekki markaður fyrir þessa verðmyndun. Þar af leiðandi er eðlilegt að verðlagsnefndin taki þessa ákvörðun. Ef menn hugsa það hefur umræða um landbúnað tekið stakkaskiptum á undanförnum 10 árum, ekki síst vegna þess að neytendur og ASÍ hafa komið að verðlagningu á þessum vörum.

Af hverju er hæstv. landbrh. að kasta stríðshanska í átt að þessum aðilum? Af hverju gerir hæstv. landbrh. svona hluti? (**Landbrh.:** Ég er að tryggja þá í sessi.) Það er ekki verið að tryggja neitt í sessi, virðulegi forseti. Það er nánast verið að gera verðlagsnefndina óvirka því að það er alveg ljóst að það eina sem verðlagsnefndin gerir eftir þetta er að taka ákvörðun á heildsölustigi. Hvaða möguleika hefur verðlagsnefndin eftir að búið er að taka ákvörðun um verð til framleiðenda aðra en að verðið skrúfist upp? Það er alveg með ólíkindum að menn skuli leggja þetta fram hér á árinu 2004. Ég hefði aldrei trúað því að þetta ætti eftir að koma inn á þing á þessu ári.

Þegar farið er yfir og skoðað það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur er alveg sama hvar borið er niður ... (Gripið fram í.) Þetta er hvergi leyft, hvergi nokkurs staðar. En framsóknaríhaldið á Íslandi fetar nýja slóð.

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umfjöllunar er tengt öðru frv. sem liggur einnig fyrir Alþingi vegna breytinga á búvörulögum í framhaldi af samningi ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði í mjólkuriðnaði. Niðurstaða þessara frv., verði þau að lögum, mun að mati minni hlutans þýða verulega hækkun á verði mjólkurvara til neytenda. Sú er niðurstaða þessa máls, (**Landbrh.:** Rangt.) verði þetta að lögum. (**Landbrh.:** Rangt.) Það þýðir verulega hækkun á mjólkurverði til neytenda. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.)

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þegar einokunarstarfsemi fær svona heimildir mun það leiða til verðhækkunar. Það verður gaman að hlýða hæstv. landbrh. yfir það að ári hvernig verðþróun hefur verið á þessu sviði, enda hefðu menn aldrei farið þessa leið nema vegna þess að þeir vilja fá hækkað afurðaverð. Þess vegna verður það hækkað, menn ráða því sjálfir. Það eru framleiðendur og eigendur afurðastöðva, framleiðendur, sem koma saman og ákveða verð.

Spurningin sem vaknar líka í þessu, virðulegi forseti, er: Hvers vegna þarf að vernda einokunarstarfsemi? Hvers vegna er einokunarstarfsemi, hæstv. landbrh., ekki fær um að standa á eigin fótum? Það er ekki eins og verið sé að vernda einhverja smákalla. Það er ekki eins og verið sé að vernda minni háttar aðila í samfélaginu. Það er Mjólkursamsalan, það er KEA og það eru fleiri og fleiri. Það er verið að fórna hagsmunum neytenda á altari hinnar skelfilegu landbúnaðarstefnu núverandi ríkisstjórnar. Um leið, virðulegi forseti, er verið að koma í veg fyrir að mjólkuriðnaðurinn getið lagað sig að þeim breytingum sem án efa munu eiga sér stað á næstu missirum með auknum innflutningi sem við sjálfsagt óhjákvæmilega munum standa frammi fyrir. Það á ekki að nota þennan tíma til að undirbúa þá samkeppni. Nei, það á að loka þessa grein enn frekar inni.

Það er ekki nema von að menn séu með hugmyndir um að hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson hafi verið hér uppi fyrir löngu.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið þau grundvallarsjónarmið sem búa að baki því að menn hafa miklar áhyggjur af hækkun á mjólkurvörum verði þetta að veruleika. Ég taldi að menn hefðu lært það, til að mynda af Öskjuhlíðarverðsamráðinu, að það væri ekki aðferðafræði sem ætti að lögfesta. Ég taldi að þróunin hefði undanfarin missiri öll verið í þá átt að reyna að opna þetta, auka samkeppni, auka hagræðingu, en það einasta sem hæstv. landbrh. dettur í hug er að hverfa til baka.

Það er sök sér með hæstv. landbrh. Hugmyndafræði hans hefur verið sú að vernda og nánast koma í veg fyrir að greinin geti aðlagað sig breyttum aðstæðum. Það sérstæða er hins vegar hvar frjálshyggjudeild Sjálfstfl. er. Hvar eru þeir menn sem öllu ætluðu að breyta? Hvar eru þeir menn sem ætluðu að lækka skatta og markaðssetja alla skapaða hluti?

Þeir munu vera hér í bandi. Þeir munu sjálfsagt fylgja hæstv. landbrh. í þessu máli eins og öllum öðrum. Hvar eru þeir hv. þm. í þessari umræðu? Maður hefði haldið að slíkir byltingarmenn sem þeir kynntu sig þegar þeir buðu sig fram til þings kæmu nú í umræðuna og tækjust á við

þessar gömlu hugmyndir framsóknarríhaldsins. Þeir eru ekki hér. (**Landbrh.:** Enginn bannar þeim að vera vitrari í dag en í gær.) Þeir eru ekki hér.

Því miður kemur lítið fram um það, ekki í greinargerð með frv., hvað þá í framsöguræðu hæstv. landbrh. sem var vægast sagt rýr að efni til, hvaða hagsmuni verið er að vernda. Þó segir í greinargerð með frv. að þetta eigi að tryggja að þeir „aðilar sem stunda smásöluverslun eigi kost á að kaupa þessar mikilvægu neysluvörur á sambærilegu verði og þar með verði komið í veg fyrir að stórar verslanakeðjur geti keypt umræddar vörur á mun hagstæðara verði en keppinautarnir í krafti stærðar sinnar". Með öðrum orðum, sérstaklega er verið að vernda einokunarstarfsemina og koma í veg fyrir að magninnkaup geti haft í för með sér afslátt. Það er eiginlega verið að færa þessari einokunarstarfsemi lögin í sínar hendur, þ.e. hún getur verðlagt þetta eins og henni sýnist. Það er verið að taka hana undan eftirliti, taka hana út af markaðnum.

Af þeirri tilvitnun sem ég las upp áðan, virðulegi forseti, verður ráðið að tilgangur frv. sé sá að koma í veg fyrir að þrýstingur geti myndast á afurðastöðvar vegna samkeppni þeirra í milli um að selja tilteknum aðilum mjólkurvörur á lægra verði en þeir vilja. Aðferðin við að sporna gegn þessu er að heimila verðsamráð og skiptingu markaða. Þetta verður að telja afar óeðlilegt og nánast aðför að neytendum. Ef stórar verslanakeðjur misnota markaðsráðandi stöðu sína þannig að einokunarfyrirtæki stafi ógn af er rétt að taka það fram að misnotkun á markaðsráðandi stöðu er óheimil og varðar við samkeppnislög. Það er því hlutverk samkeppnisyfirvalda að taka á slíkum brotum. Það getur varla verið markmið laganna að koma í veg fyrir að þeir sem gera stórinnkaup fái magnafslátt vegna þess. Það er einfaldlega eðli hins frjálsa markaðar. Minni hlutinn hafnar því að leiðin til að taka á þessu vandamáli sé sú að hverfa aftur til aukinnar hafta- og verndarstefnu. Það er í hrópandi ósamræmi við þróun síðustu ára í landbúnaði.

Um nokkurt skeið hefur það verið stefnan að afnema opinbera verðlagningu á mjólkurvörum en gefa greininni kost á að hagræða á þeim aðlögunartíma, og að þeim tíma loknum muni greinin fá aðhald frá innflutningi mjólkurafurða. Flest bendir til að á endanum verði niðurstaða samningaviðræðna á alþjóðavettvangi sú að heimilaður verði aukinn innflutningur landbúnaðarafurða. Það er því mikilvægt að undirbúa greinina vel fyrir þær breytingar.

Í frv. er varla að sjá nokkra framtíðarsýn hvað þetta varðar. Hér er fyrst og fremst verið að styrkja stöðu afurðastöðvanna á kostnað neytenda og framleiðenda. Sagan greinir mýmörg dæmi þess að fyrirtæki sem starfa undir verndarvæng ríkisins í einokunaraðstöðu án nokkurs aðhalds frá markaðnum eða opinberum aðilum geti sjaldnast fótað sig þegar rekstrarumhverfið breytist eins og dæmin sanna. Það er því engin framtíðarsýn í þessu frv. Þess í stað er ákveðið að hverfa til fortíðar hvað varðar hefðbundna hafta- og verndarstefnu. Með lögfestingu þessara reglna er verið að koma í veg fyrir að fulltrúar neytenda eða samkeppnisyfirvöld geti haft nokkurt eftirlit með þessari atvinnugrein. Við teljum því lögfestingu þessara reglna afturhvarf til fortíðar fyrir landbúnaðinn, neytendur og framleiðendur. Því hafnar minni hlutinn alfarið þeirri aðferðafræði sem hér á að lögfesta og telur hana hættulega, bæði greininni og neytendum.

Virðulegi forseti. Það er farið að líða á kvöldið og kannski er ekki ástæða til að halda áfram þessari umræðu. Ég held að ég hafi dregið hér fram helstu sjónarmiðin. Það er þó óskaplegt til þess að vita að núverandi hæstv. landbrh., sem á sumum sviðum hefur verið að gera ágæta hluti, skuli leyfa sér að lögleyfa þá aðferðafræði sem stunduð var í Öskjuhlíð um árið.

[00:40]

Ásgeir Friðgeirsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu stjórnarfrumvarp, 997. mál, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er náskylt öðru máli með sama nafni sem fjallar um mjólkursamninginn svokallaða. Ég vil leyfa mér í þessari stuttu ræðu minni að fjalla um þetta tvennt í senn.

Ég vil segja að ég er sáttur við mjólkursamninginn eins og hann liggur fyrir á þeirri forsendu að hann skapar bændum örugg starfsskilyrði. Það er afar mikilvægt í þessari umræðu að draga það fram að hann skapar bændum örugg starfsskilyrði.

Á hinn bóginn er margt við það að athuga hvernig núverandi stjórnvöld ætla þessari starfsgrein að takast á við áskoranir framtíðar.

Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson greindi frá áðan ætla stjórnvöld að fara þá undarlegu leið að búa landbúnaðinn undir samkeppni við erlenda aðila með því að losa hana undan samkeppni. Ég hef hvergi heyrt þessa lógík og ég skil ekki með hvaða hætti maður undirbýr samkeppni með því að hafa enga samkeppni. Hvernig undirbýr maður knattspyrnuleik með því að spila enga knattspyrnu? (Gripið fram í.)

Í mínum huga eru menn búnir að grafa sér það djúpa gröf að þeir eru hættir að sjá upp úr og kunna enga aðra leið en að halda áfram að grafa.

Ég vil draga hér fram skýrslu frá forsrh. sem var dreift í kvöld og er um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins. Í þessari skýrslu forsrh. sem ég held að hæstv. landbrh. væri hollt að lesa segir m.a. þegar spurt er hvernig Íslendingar geti breytt þeim aðstæðum sem valda því að matarverð er hærra hér á landi en annars staðar, með leyfi forseta: „Stjórnvöld geta hins vegar gripið til tvíþættra aðgerða til þess að halda matvælaverði eins lágu og unnt er."

Takið eftir: „Í fyrsta lagi geta þau reynt að tryggja samkeppni með því að vera vel á verði og fylgja eftir samkeppnislögum innan lands... "

Hver er tillagan í því frv. sem við erum að ræða hér?

Í öðru lagi er bent á að „.... með því að opna fyrir viðskipti við útlönd eftir því sem heilbrigði og sóttvarnir leyfa". — skýrslu forsrh. er sem sé verið að hvetja til aukinnar samkeppni og aukins innflutnings. Ég er þeirrar skoðunar að fátt sé eins mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað og að takast af alvöru á við erlenda samkeppni, takast á við hið fjölbreytta vöruúrval sem aðrar þjóðir þekkja og kynnast á sviði mjólkurframleiðslu. Með þeim hætti einum er hægt að búa íslenskan landbúnað sem best undir átökin við erlenda framleiðslu.

Sú hugmyndafræði, hæstv. forseti, að banna samkeppni til þess að búa menn undir samkeppni er í raun að venja menn á vonda siði. Verið er að leyfa mönnum að brjóta leikreglur sem annars staðar eru viðhafðar. Það er fátt eins gott fyrir verðlag og öfluga vöruþróun og kraftmikil samkeppni. Maður sigrar ekki í neinum leik öðruvísi en að þjálfa sig og takast á við verðuga andstæðinga.

Ég vil að lokum draga það fram sem kom fram í máli fulltrúa Samtaka atvinnulífsins á fundi í landbn. þar sem hann vakti athygli á því að með frv. væru stjórnvöld að gera

það löglegt sem í öðrum greinum er glæpsamlegt og menn geta þurft að sæta fangelsisvist vegna, þ.e. að viðhafa samráð í viðskiptum. Þetta voru orð fulltrúa Samtaka atvinnulífsins. Með öðrum orðum var hann að draga það fram að göngutúrar í Öskjuhlíðinni væru löglegir og leyfilegir ef menn eru að tala um mjólk. (Gripið fram í.) Samráð og samtöl manna í annarri atvinnugrein en landbúnaði geta varðað sektum og tukthúsvist meðan sambærilegt samtal um mjólkurframleiðslu er löglegt.

Virðulegi forseti. Sem jafnaðarmaður get ég ekki með neinum hætti fallist á ákvæði af þessu tagi.

[00:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum kveður á um að mjólkurframleiðslunni sé heimilt að skipuleggja starfsemi sína vítt og breitt um landið, sérhæfa mjólkurbúin, dreifa kröftunum og nýta þá hringinn í kringum landið. Ég tel mikinn styrk að því skipulagi.

Það skipulag sem við höfum búið við í mjólkuriðnaðinum, við sölu og verðlagningu á mjólk, tel ég að hafi verið gott, bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Hér hefur verið trygg framleiðsla á hágæðamjólkurvörum á verði sem er fyllilega sambærilegt við það sem gerist annars staðar og hefur ekki hækkað í samanburði við almenna verðlagsþróun í landinu.

Ég horfi líka til bændanna vítt og breitt um landið, ég horfi til mjólkurbúanna og til starfsfólks þeirra. Fyrir mér er það ekkert vandamál, ég get ekki séð vandamál og veit ekki hvaða mjólkurbú er hér svo illa rekið að þess vegna þurfi að leggja það niður. Er það mjólkurbúið á Sauðárkróki, í Búðardal, á Ísafirði kannski, á Vopnafirði? Hvaða mjólkurbú eru menn að tala um? Er það mjólkurbúið á Selfossi? (Gripið fram í.) Menn skulu bara að mínu viti tala mjög gætilega og átta sig á hvað þeir eru að tala um.

Við búum í litlu, dreifbýlu landi en þó góðu, við viljum treysta atvinnulíf og við viljum treysta framleiðslu á góðum vörum, við viljum treysta gott og sameiginlegt verð á mjólkurvörum um allt land. Það er hægt í þessu kerfi ef við höldum því eins og hér er lagt til.

Þess vegna styð ég frv. Ég trúi ekki að þeir sem leggja annað til séu í raun að tala í alvöru. En að sjálfsögðu ber að gæta alveg fyllstu hagkvæmni, og sjálfsagt að eftirlit sé haft með því að ekki sé þar brotið út af með óeðlilegum hætti. Það er sama hvaða kerfi við búum við, það getur komið fyrir en að sjálfsögðu tek ég undir að eftirlits sé þörf.

Ég vil þá líka, úr því að ég er hér í ræðustól, segja álit mitt á því frv. sem lýtur í rauninni að þessu sama, frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum en sem kallaður hefur verið mjólkursamningur, og ég lýsi því yfir að ég styð líka þann samning. Ég hef gert fyrirvara um stuðning minn.

Fyrirgefðu, frú forseti, ég ætlaði að fá að ljúka næsta máli líka. Þá er þetta nokkuð vel afgreitt. Ég tel að það hefði átt að halda því fjármagni sem var inni í samningnum en ekki að missa það niður um 1% á ári. Absalútt ekki, og jafnvel hækka það. (**Gripið fram í:** Hvernig reiknarðu það út?) Hann lækkar um 1% á ári.

Ég tel að ráðherra hefði átt að standa á því. Það verður erfiðara að ná fjármagni inn en að missa það út. (**Gripið fram í:** Hann gat ekki staðið á þessu, hann varð að ná því af neytendum.) Þetta er mitt mat. Einnig tel ég að fyrr hefði átt að taka á vanda þeirra sem eru í nautgripakjötsframleiðslunni og eiga að eiga aðild að þessum samningi eftir tvö ár og veita sérhæfðri nautakjötsframleiðslu hér fyrr stuðning en gert er í þessum samningi.

Einnig tel ég ekki rétt að fella niður þá yfirlýsingu sem var í fyrri samningi, yfirlýsingu um tollvernd, yfirlýsingu um að innlend landbúnaðarframleiðsla og framleiðsla á mjólkurvörum nytu ákveðinnar tollverndar, viljayfirlýsingu um það sem var í fyrri samningi. Ég tel að það hefði líka átt að vera.

Að öðru leyti styð ég þennan samning.

[00:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því dæmi sem við erum með hér undir eru þrjár stærðir, framleiðendur, afurðastöðvarnar og neytendur. Hv. þm. Jón Bjarnason, sem er einn af þeim sem hefur verið hvað djarflegast í baráttu fyrir þá sem minna mega sín hér á landi, gleymdi algjörlega að fjalla um eina stærðina. Hann talaði um bændur og sagði að það væri nauðsynlegt að tryggja afkomu þeirra. Það er rétt hjá honum. Hv. þm. ræddi líka töluvert um að það væri nauðsynlegt að heimila afurðastöðvunum þessar sérkennilegu undanþágur frá samkeppnislögum til að tryggja afkomu þeirra. Í máli hans var hins vegar aldrei minnst á þá sem hv. þm. og hans ágætu félagar, sem eru staddir hér líka í kvöld, hafa þó verið að eyða lífi sínu í að berjast fyrir, þ.e. almenning í landinu, neytendur. Hvernig má það vera þegar við erum að ræða þetta að hv. þingmaður gefi þeim engan gaum? Það sem skiptir langmestu máli í þessu er auðvitað að tryggja með einhverjum hætti að það sérkennilega svigrúm sem afurðastöðvunum er þarna gefið leiði ekki til þess að verð til neytenda hækki.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti hér ásamt félaga sínum, hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni, ágæt rök, að því er mér þótti, sem hnigu að því að þarna væri í reynd verið að gefa afurðastöðvunum möguleika á að hækka verð til neytenda með því að undanþiggja þær algerlega ákvæðum samkeppnislaga.

Þá hlýt ég að spyrja hv. þingmann: Hvernig ætlar hann að tryggja að hagræðing í mjólkuriðnaði komi neytendum til góða?

Síðan aðeins að því er varðar samkeppnina. Hv. þm. veit, af því að hann hefur lesið skýrsluna sem hér hefur verið lögð fram, að þar sem samkeppni ríkir á smásölumarkaði hefur verð á mjólkurafurðum hækkað hlutfallslega töluvert minna en verð í heildsölu frá afurðarstöðvunum þar sem engin samkeppni er. Það hlýtur að skipta máli.

[00:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef ég hef talað of óskýrt varðandi hagsmuni neytenda. Ég taldi mig nefna hagsmuni þeirra, almennings um allt land. Ella geri ég það nú, ég nefni neytendur.

Ég tel að það skipti miklu máli að það sé möguleiki á að bjóða mjólkurvörur á nokkuð hliðstæðu eða sama verði um allt land. Þetta er einn af grunnþáttum fæðu okkar, mjólkurvörurnar. Ég tel að það hafi verið styrkur þessa kerfis að óháð því hvort verslunin er stór eða lítil, hvort hún er í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri eða hvar annars staðar á landinu, hefur hún getað boðið almenningi mjólkurvörur á hliðstæðu verði, á sanngjörnu og góðu verði. Það tel ég gríðarlega mikilvægt.

Ég hefði ekki viljað sjá það verðstríð sem við erum að upplifa á ýmsum öðrum neysluvörum þegar stórverslunarkeðjur geta í krafti markaðsráðandi stöðu sinnar beitt

þvingunum til verðlækkunar á ákveðnum vörutegundum og skekkt þannig samkeppnisstöðuna.

Ég skil þó alveg áhyggjur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að öðru leyti líka og ég tel mjög mikilvægt að sú sanngjarna og eðlilega hagræðing sem á sér stað í mjólkuriðnaðinum og hefur átt sér stað skili sér til neytenda að eðlilegri hlutdeild. Það hefur líka gerst. Hvort það megi gerast betur má vel vera en verð á mjólkurvörum til neytenda hefur farið hlutfallslega lækkandi síðustu árin frekar en hitt.

[00:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sannfærður um að hægt sé að sýna fram á það að verð á mjólkurafurðum hafi farið hlutfallslega lækkandi. Ég veit þá ekki í hlutfalli við hvað.

Við höfum bara tvær leiðir í þessu kerfi, annars vegar samkeppni og, gott og vel, tökum hana út fyrir sviga, eins og hér er verið að gera, sökum samræðunnar, en þá er bara önnur leið sem er handstýring. (**Gripið fram í:** Samvinna.) Þá er einungis önnur leið, handstýring, sem færi fram í samvinnu þeirra sem eiga sæti í verðlagsnefnd. Þar koma til tveir mikilvægir fulltrúar, fulltrúi BSRB og ASÍ. Það eru einungis þeir í svona kerfi sem geta tryggt hag neytenda.

Partur af þessu kerfi sem við erum hér að ræða og sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að samþykkja er einmitt heimild til að aftengja verðlagsnefnd, aftengja fulltrúa BRSB og ASÍ. Það er það sem mér finnst vera langmesti gallinn á þessu, það er ekki verið að tryggja hag neytenda með samkeppni, og ég harma það auðvitað vegna þess að ég vil samkeppni, en gott og vel, þegar búið er að taka hana frá er ekkert eftir nema verðlagsnefndin þar sem fulltrúar launþega í landinu, þeirra samtaka sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fer í fylkingarbrjósti fyrir, og Alþýðusambands Íslands, geta stappað niður fótum og komið í veg fyrir að menn misnoti slíka stöðu.

Til þess að friðþægja gagnvart erlendum ritningum, eins og sumir hafa kallað það, í þessu tilfelli ekki Evrópusambandinu heldur Alþjóðaviðskiptastofnuninni, er verið að veita þarna heimild til að aftengja hana. Hver er þá vörn okkar neytenda? Það er það sem veldur mér mestum áhyggjum. Ég held nefnilega að í þessu kerfi öllu sé alveg hræðilegur galli, að bæði sé verið að undanþiggja greinar samkeppni og líka að koma í veg fyrir að fulltrúar launþega geti varið hag þeirra.

[00:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að upplýsa hv. þingmann hefur verð til neytenda á nýmjólk hækkað um 21% á sl. 10 ára tímabili. Almenn verðlagshækkun á matvöru hefur verið 38% og ef við lítum á allmargar innfluttar vörur er verðhækkunin miklu meiri. Ef við lítum á hlutfallslegar verðbreytingar á mjólk til neytenda er það hagstætt en sjálfsagt má gera betur. Við höfum samt gert þetta með þeim hætti að þetta er á jöfnu verði um allt land. Varan er á sama verði hvort sem hún er í stórri búð eða lítilli. Ég hefði ekki viljað, og vil bara ítreka það, sjá almenning í Reykjavík, Akureyri eða hvar sem er standa frammi fyrir þeirri samkeppni sem snýst í öndverðu sína þegar viðskiptaaðilar beita samkeppni til þess að mismuna þegnunum. Þeir geta gert það því að samkeppnin er hárfínn dans. Í litlu landi eins og hér getur hún auðveldlega snúist í öndverðu sína, snúist í fákeppni og einokun og síðan bara eins konar arðrán sem við þekkjum líka.

Við verðum líka að hafa ákveðna trú og traust á félagshyggjunni. Við verðum líka að bera traust til þess fólks sem vinnur á þessum vettvangi. Ég hefði ekki viljað að menn settu upp slíka harða hagræðingarkröfu að við værum hér að reyna að hagræða mjólkurbúum út af markaðnum. Það mundi kannski bara koma í bakið á manni og þá yrðu búin orðin svo fá og síðan lendir það aftur á móti í enn þá meiri fákeppni og einokun á eftir.

Ég ítreka það, herra forseti, að sjálfsagt má og sjálfsagt er að standa vel að þessu kerfi okkar en sleppum því a.m.k. ekki frá okkur.

[01:01]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins í ræðustólinn til að reyna að leiðrétta smámisskilning sem mér fannst vera uppi hjá hv. þm., þ.e. hv. þm. vísaði talsvert til fortíðarinnar og sagði að hún hefði bara verið nokkuð góð. Við skulum fallast á það að fortíðin hafi verið nokkuð góð, sérstaklega eftir aðkomu BSRB og ASÍ að verðlagsnefndinni. En vandinn, hv. þm., er sá að nú þýðir ekkert að benda á þennan tíma vegna þess að það á að afnema það kerfi sem hefur virkað vel undanfarin ár og það er það sem verið er (Gripið fram í.) að benda á og það á að afnema það að verðlagsnefndin taki ákvörðun um verð til framleiðenda. (**Landbrh.:** Það er ekkert í þessu. Það er bara heimildarákvæði, það ... frv.)

Virðulegi forseti. Ég er í andsvari við hv. þm. Jón Bjarnason en mjólkursamningurinn sem kemur til umræðu á eftir kveður á um þetta og það er mikilvægt að hæstv. landbrh. þekki þau mál til hlítar sem hann er að flytja, það skiptir miklu máli. En ég er í andsvari við hv. þm. Jón Bjarnason og á án efa eftir að ræða við hæstv. landbrh. frekar en ég vildi aðeins hnykkja á þessu. Það er verið að breyta því fyrirkomulagi sem hefur reynst vel og það er það sem verið er að vekja athygli á í stað þess að verðlagsnefndin sé enn þá virkari til framleiðenda, á að aftengja það. Af því höfum við áhyggjur.

[01:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það sjónarmið hv. þm. að verðlagsnefndin hafi starfað vel eins og hún hefur starfað og það er mjög mikilvægt að fulltrúar ASÍ og BSBR starfi í þeirri nefnd og gæti að því að þar sé sem best með hluti farið. Ég tel að það hafi verið styrkur þess kerfis sem við höfum búið við og ég vona að svo verði áfram.

Það er alveg rétt sem hv. þm. bendir á að á vissan hátt er verið að veikja örlítið þessa stöðu í lagatextanum, í heimildarákvæði um það, og ég tel að það sé bara eðlilegt að koma með þau skilaboð að óskað sé eftir því að verðlagsnefndin fái að koma að þessum málum með líkum hætti og verið hefur og að þeir aðilar sem hana skipa geti komið að þeim myndugleika og þeim einlæga vilja að láta þar gott af sér leiða. Ég styð það sjónarmið.

[01:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu og þá vinnu sem landbn. hefur lagt í málið og farið yfir og skilað inn í þingið og fagna þeirri samstöðu sem um málið er á mörgum sviðum, bæði í þinginu og með þjóðinni.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson hafa gert mikið úr að hér væri engin réttaróvissa. Stundum verða menn að lesa sér til. Stundum verða menn

að afla sér upplýsinga og stundum verða menn að vera sanngjarnir. Það er enginn vafi á því að þegar bændur skrifuðu undir síðasta mjólkursamning 1998 og töldu að frjáls verðlagning yrði á mjólkurvörum, þeim sem hafa verið undanþegnar því, þá töldu þeir á þeim tíma og ríkisvaldið einnig, það er viðurkennt af ríkisvaldinu og það er viðurkennt af bændum, að það þýddi að mjólkuriðnaðurinn mætti eigi að síður starfa undir búvörulögum en ekki samkeppnislögum. En annað kom í ljós, Samkeppnisstofnun taldi að allur mjólkuriðnaðurinn félli undir samkeppnislög. Þar var því réttaróvissa miðað við það sem samið var um og ef það hefði gengið eftir að mjólkuriðnaðurinn hefði farið undir samkeppnislög hefði sjálfsagt hrunið það skipulag hans sem er félagshyggju- og samvinnuskipulag, ekkert langt frá gamla Alþýðuflokknum sem er ekki lengur til, hefur ekki verið til í áratugi og er sennilega löngu dáinn. Nú eru það frjálshyggjumenn sem fara fyrir Samf. á mörgum sviðum, eða þeir tala eins og frjálshyggjumenn og gera lítið úr allri félagshyggju bæði á Íslandi og í Evrópu. Þeir virða ekki einu sinni félagshyggjuna sem ríkir í Evrópu eða á Norðurlöndunum og hjá Evrópusambandinu. Það vill svo til að þeir prófessorar og lögmenn sem fóru yfir málið fyrir mig til að skoða réttaróvissuna komust að því og segja í sínu áliti, hæstv. forseti:

„Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að í flestum nágrannalöndum okkar Íslendinga, sem við berum okkur helst saman við, er að finna sérreglur um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þetta stafar af sérstöðu landbúnaðar sem þykir víðast hvar vera slík að almennar reglur markaðshagkerfis eigi ekki að öllu leyti við um landbúnaðarvörur með sama hætti og aðrar framleiðsluvörur. Samkvæmt þessu gilda almennar samkeppnisreglur einungis um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir innan Evrópusambandsins að því marki sem ráðherraráðið ákveður."

Það þættu tröllatök á Íslandi ef landbrh. hefði komið með það að ríkisstjórnin ein skyldi ráða. Nei, frv. snýr ekki að því. Frv. snýr að því sem segir:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar."

Hvaða fulltrúum eru hv. þm. Samf. að gera lítið úr? Hvaða fulltrúar eru það? Það er fulltrúi frá BSRB og ASÍ ... (**LB:** Var ráðherra ekki ... þegar frv. var samið? Hefur hann enga þekkingu á efni þess?) Hv. þm., fullkomna þekkingu og fullkomið vald, (**LB:** Enga.) meðan ég hlustaði á hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fara hér eins og á milli fjalla og tala um sitt hvort málið.

(**Forseti** (BÁ)**:** Ég bið hv. þingmenn að gefa hæstv. landbrh. frið til þess að flytja ræðu sína.)

Hér er búið að gera mjög lítið úr þeim fulltrúum sem að því koma en þessi grein snýr fyrst og fremst að því að sá farsæli, samkeppnishæfi og markaðssækni mjólkuriðnaður sem við eigum megi starfa eftir leikreglum þar sem hann má stunda verðtilfærslu. Það hafa verið svona 10%, um 500 millj. af 10 milljarða veltu sem hafa farið í verðtilfærslu til þess að skipuleggja mjólkuriðnaðinn þannig að hann geti skipulagt framleiðslu sína, framleitt eitt í Búðardal, annað á Selfossi, þriðja á Akureyri, fjórða í Skagafirði, dýra vöru. Ef þetta skipulag hefði hrunið og farið undir samkeppnislög þá taldi mjólkuriðnaðurinn að allir færu í dagvöruna og ákveðinn hluti þessara vara mundi flytjast úr landi og mikil samvinnufyrirtæki eins og Osta- og smjörsalan ættu kannski mjög erfitt og gætu kannski ekki starfað undir samkeppnislögum. Þess vegna væri mikilvægt að fá að starfa áfram með þeim hætti sem hefur verið mjög farsæll fyrir mjólkuriðnaðinn. Hér segir í þessari grein: „Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar", hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, til upplýsingar. (**LB:** Til upplýsingar, en áður fyrr var ákvörðun tekin í verðlagsnefnd.) Nei, nei, ekki um þetta atriði, (**LB:** Jú, jú.) sem þýðir það að fulltrúi frá BSRB og ASÍ, (**LB:** Fær að kíkja á ákvörðunina þegar búið er að taka hana.) kíkja, hann kemur að ákvörðun. (**LB:** Nei.) Við skulum halda áfram að lesa okkur til fróðleiks. Í 2. gr. frv. segir, og það sýnir hve hv. þm. fór langt út af brautinni og fór villur vegar í ræðu sinni, í 2. gr. segir:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf" — hlustaðu nú, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, samstarfs til hvers? (**LB:** Ég hlýði ...) — „til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu ..."

Halda niðri kostnaði við framleiðslu, það er ekki samkomulag um að þeir megi hækka, nei, halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða, þ.e. um að lækka verð, enda kemur það í ljós í töflu sem ég lét hv. þm. hafa að í farsælu samstarfi við aðila vinnumarkaðar, við verkalýðshreyfinguna, hefur ríkisvaldið og landbúnaðurinn náð þeim árangri á 10 árum að mjólkurvörur hafa hækkað minna en annað. Ég lýsi yfir fullu trausti á fulltrúa launafólksins í verðlagsnefnd og tel þá góða fulltrúa neytenda á Íslandi og ég tel að það fólk hafi haldið þar vel vöku sinni, hafi veitt afurðastöðvunum ... (**LB:** Af hverju ertu þá að reka það?) Það er ekki búið að reka það. (**LB:** Af hverju ertu að reka það?) (Forseti hringir.) Það er ekki verið að reka það, það er bara rangt hjá hv. þm. af því að hann hefur ekki lesið frv. Hann hefur verið í útlöndum um langa hríð og er ekki farinn að lesa frv. Hann hefur því ekki hugmynd um hvað hann er að tala og kem ég kannski að því síðar í máli mínu um hið stærra mál, sem er mjólkursamningurinn sjálfur. En ég ætla að vekja athygli á því af því að hér hefur það komið fram að menn telja, og hv. þm. margsagði það úr þessum stól, að þetta þýddi hækkað verð á mjólkurvörum í framtíðinni. Mjólkurskýrslan sem aðilar vinnumarkaðarins komu að og bændurnir voru sammála um að stórt skref og mikilvægasta atriði nýrra samninga yrði að sjá lækkað verð á þessum afurðum þó það skuli tekið alveg skýrt fram af því að hv. þm. Ásgeir Friðgeirsson lét að því liggja að landbúnaðarafurðir væru dýrari hér en annað, þá er það rangt því að landbúnaðarafurðir hér eru ekki hlutfallslega dýrari en annað í landinu og ekki hlutfallslega dýrari en innflutningur. Hér geta hv. þm. séð það sem Hagstofa Íslands hefur gert, 10 ára könnun á verðþróun, og kemur í ljós að smjörið hefur lækkað um 15%, rjóminn um 7% undir þessu kerfi, osturinn hefur hækkað um 16%, nýmjólkin um 21%. En margar hinar innfluttu vörur og líka framleiddar hér, eins og strásykur hefur hækkað um 144%, rúgbrauð um 113, stórlúðan um 106, ýsan um 87, kaffið um 62%. Þetta var á hinum frjálsa markaði. Þetta var hjá þeim sem heyrðu undir samkeppnislögin. (Gripið fram í.) Hitt var hjá þeim þar sem verðlagsnefnd er að störfum, sem hefur það markmið að hlusta á neytendur, hefur neytendur með sér, hefur launafólkið í nefnd með sér

til að vinna að málum. Þeir hafa náð þessum árangri á 10 ára tímabili fyrir launafólkið og ég trúi því að þeir muni á næstu 10 árum ná enn lengra.

Svo gera hv. þingmenn Samfylkingarinnar lítið úr því sem komið hefur fram, að það sé rangt að mjólkuriðnaðurinn fái að starfa eftir þessu félagslega skipulagi. Þeir gera líka mikið úr því að opinber verðlagning sé vitlaus. Þeir gera mikið lítið úr því að aðgangur að mjólkuriðnaðinum yrði mjög misjafn hvað stórar og smáar keðjur varðar, hvað kaupmanninn á horninu varðar, hvað litlu keðjurnar varðar eða hinar stóru keðjur sem hafa gengið mjög illa til dæmis um kjötiðnað og gert hann gjaldþrota. Ég dáðist til dæmis að viðtali sem ég las í Morgunblaðinu hinn 1. apríl við breskan auðjöfur sem hér var á ferð, Bill Grimsey. Hann talar mjög skýrt um stöðu á markaði og hann segir frá þeirri baráttu sem Bretar heyja. Hann talar um hinar stóru keðjur sem séu neytendum mjög hættulegar og öllum smærri rekstri. Hann segir þetta mjög skýrum orðum þannig að þetta er mjög fróðleg lesning eftir þennan breska verslunarmann. Hann telur til dæmis að það sé neytendum ekki hagfellt að neitt fyrirtæki á markaði hafi meira en 25% hlutfall á markaðnum og segir að bresku samkeppnislögin fari inn í öll slík fyrirtæki sem verði stærri. Hann segir frá því að hann sé að glíma við fyrirtæki sem sé 27% og það sé neytendum þar stórhættulegt. (**ÖS:** Hvað þá með mjólkuriðnaðinn?) Mjólkuriðnaðurinn er í samkeppni. Ég var að segja það, hv. þm. Hafirðu sofið áðan, vaknaðu þá. Ég var að segja frá því í þessum þingsal hvernig þetta kerfi hefði skilað mjólkurvörunum á lægra verði meðan margt sem heyrir undir samkeppnislög hefur hækkað meira en annað. (**Gripið fram í:** ... breyta kerfinu.) Ég er ekki að breyta kerfinu. Það liggur ekkert fyrir um að kerfinu verði breytt. Ég kem að því nánar í hinu stóra máli á eftir. Það liggur ekkert fyrir um að kerfinu verði breytt. Það sem þingmenn hafa hér verið að gagnrýna er heimildarákvæði í mjólkursamningnum um að bændurnir og afurðastöðvarnar geti gert samkomulag um verð sem bændurnir eru ekkert sáttir við því þeir óttast að þá verði þeir píndir til að lækka sitt verð meira en þeir þola. Þeir óttast þá hlið miklu frekar heldur en að mjólkurstöðvarnar geri við þá stóra samninga um hækkað verð. Bændurnir hafa því á þeim fundum sem ég hef sótt svolítið varað við þeirri leið. Þetta er heimildarákvæði. Ég mun við hið stóra mál á eftir ... (**Gripið fram í:** ... vara við þessu.) þegar það verður flutt þá mun ég gefa yfirlýsingu um hvernig ég mun vinna úr því máli (**Gripið fram í:** Við erum að ...) þannig að kannski erum við hér bara allir sammála. (Gripið fram í.) Kannski er það að verða niðurstaðan. Ég fagna því ef ég hef getað sannfært þessa hv. þingmenn Samfylkingarinnar um að það er vissara að lesa mál og kynna sér þau áður en farið er í ræðustól á Alþingi.

Hins vegar þakka ég hv. þm. Ásgeiri Friðgeirssyni fyrir það sem hann sagði hér um mjólkursamninginn, að hann væri sáttur við mjólkursamninginn, að hann skapaði bændum örugg starfsskilyrði horft til framtíðar. Ég þakka þessi orð og virði þau og met.

Ég ætla ekki að deila öllu lengur við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hann hefur gerst mikill talsmaður í þinginu fyrir samkeppni og baráttu í þeim efnum. Það er virðingarvert sjónarmið. En það er líka virðingarvert að skoða það að íslenskur mjólkuriðnaður getur ekki lotið einhverjum sérreglum alveg eins og hjá Evrópusambandinu og svo framvegis. Ég ætla því ekki að lengja umæðu um þetta hér meira en þakka hana. Ég tel að hér sé stigið hvað mjólkuriðnaðinn varðar mikið heillaskref horft til framtíðar. Ég treysti fulltrúum launafólksins með bændum og ríkisvaldinu til þess að vinna að þessum málum. Ég trúi því að þessi staða muni gera mjólkuriðnaðinum kleift að halda þeirri sóknarbaráttu áfram sem hann er þekktur fyrir í landinu, að framleiða þá vöru sem neytendur eru mjög ánægðir með. Ég held að það hljóti að vera virðingarvert fyrir okkur alla sem köllum okkur félagshyggjumenn að skoða það virkilega hvort á Íslandi geti ekki eitthvað starfað eftir félagshyggju. Og getur það ekki verið réttlætanlegt að stór markaðsfyrirtæki með 50% hlutdeild í smásölu eigi ekkert meiri aðgang að daglegum vörum fólksins í landinu heldur en sá sem hefur 5% þannig að fólkið geti áfram keypt mjólkina sína hjá kaupmanninum á horninu eða í litlu keðjunni sinni og að landsbyggðin öll sé jafnsett og aðrir. Þetta mál er að tryggja þessi sjónarmið og koma þeim áfram. Ég þakka landbúnaðarnefnd enn og aftur hennar störf.

[01:21]

Ásgeir Friðgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra sagði að ég væri með rangar fullyrðingar varðandi matvælaverð á Íslandi í samanburði við aðrar þjóðir. Ég vil bara vekja athygli á skýrslu forsætisráðherra um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og í ríkjum Evrópusambandsins sem var dreift fyrr í kvöld. Þar kemur fram á blaðsíðu 2 að mjólk, ostar og egg á Íslandi eru, að mér sýnist, 40–50% dýrari hér á landi en í flestum nærliggjandi löndum að frátöldu Noregi þannig að ekki er hægt að bera upp á mig einhver ósannindi í þessum efnum. Þetta er skýrsla forsætisráðherra og að því ég veit best eru gagnvegir góðir milli stjórnarflokkanna þessa dagana þannig að hæstv. landbúnaðarráðherra getur þá borið þessar upplýsingar upp á forsætisráðherra.

En ég vil spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann sé sammála því sem kemur fram í þessari skýrslu forsætisráðherra á blaðsíðu fimm. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld geta hins vegar gripið til tvíþættra aðgerða til þess að halda matvælaverði eins lágu og unnt er. Í fyrsta lagi geta þau reynt að tryggja samkeppni með því að vera vel á verði og fylgja eftir samkeppnislögum innan lands og með því að opna fyrir viðskipti við útlönd eftir því sem heilbrigði og sóttvarnir leyfa.

Er hæstv. landbúnaðarráðherra sammála þeim tillögum sem fram koma í skýrslu hæstv. forsætisráðherra?

[01:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var kannski ekki að bera upp á hv. þm. að hann hafi farið með rangt mál. Ég var að vekja athygli á því í mínu máli að í okkar dýra landi Íslandi skera landbúnaðarvörurnar sig ekkert frá öðrum vörum. Landbúnaðarvörurnar hérna eru ekkert hlutfallslega dýrari en margt annað í okkar þjóðfélagi. Það held ég að sé alveg ljóst. Það er einhvern veginn svoleiðis að margt á Íslandi virðist vera 25%–40% dýrara en annars staðar og það er ekkert síður innflutningurinn sem þar á í hlut, að varan hækki í hafi og svo framvegis. Ég var að vekja athygli á því að þetta á við á mörgum öðrum sviðum og menn verða þá að tala um það í sama pakkanum allt saman.

Ég get verið sammála því sem hv. þm. spurði um. Auðvitað geta stjórnvöld gripið til aðgerða. Ég tel að við séum hér að grípa til aðgerða. Ég tel að mjólkuriðnaðurinn hafi verið rekinn þannig að hans vörur hafi lækkað. Það hafa verið

settar þvingur á mjólkuriðnaðinn. Við eigum þessar leiðir. Það er samkeppni og það er auðvitað hvað tollana varðar. Við vitum að hér hefur verið gengið til alþjóðlegra samninga og hafinn innflutningur á landbúnaðarvörum sem veita bæði aðhald um að menn keppa í gæðum við framleiðslu og líka þrengir það að því að menn hafa lækkað verð. Það er ein leiðin. Það er því sjálfsagt allt saman rétt og satt sem þar stendur. En landbúnaðurinn hér eins og í Evrópu þarf sína sérstöðu.

[01:25]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði óskað eftir andsvari. En eftir að hafa hlýtt á hæstv. ráðherra sá ég að ég mundi aldrei koma því á framfæri sem ræða hæstv. ráðherra gaf tilefni til þannig að ég ákvað að breyta því í ræðu.

Hæstv. ráðherra byrjaði á því að tala um að hann óskaði eftir sanngirni í umræðum, hann óskaði eftir því að menn væru sanngjarnir og vildi hafa umræðuna málefnalega. En að þeim orðum sögðum hófst samfelldur útúrsnúningur sem ég held að hafi staðið í hátt í 15 mínútur eða svo á meðan ræða hæstv. ráðherra gekk yfir.

Hæstv. ráðherra byrjaði á að tala um réttaróvissuna og eftir að hafa greint í reyknum orðin sem hæstv. ráðherra var að reyna að koma á framfæri þá er réttaróvissan fólgin í því að hæstv. ráðherra gerði samning sem fór gegn þeim lögum sem giltu í landinu. Það er ekki réttaróvissa. Það er einhver einstakur auladómur í ráðuneytinu ef menn eru að gera samninga sem ekki standast lög. (**Landbrh.:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er nákvæmlega það sem hæstv. ... (**Landbrh.:** Þetta er bara útúrsnúningur.) Hæstv. ráðherra sagði að samningarnir kvæðu á um að menn væru undanþegnir samkeppnislögum en lögin kveða á um annað. Þetta sagði hæstv. ráðherra hér í ræðustól. (**Landbrh.:** Útúrsnúningar.) Þetta sagði hæstv. ráðherra og þess vegna er þetta ekki réttaróvissa heldur eru þetta mistök í samningsgerð þannig að menn séu með þetta alveg á hreinu.

Síðan er nauðsynlegt að leiðrétta hæstv. ráðherra enn frekar. Hæstv. ráðherra talaði um að ef samkeppnislögin giltu þá væri mjólkuriðnaðurinn farinn fjandans til. Samkeppnislögin hafa gilt alveg til dagsins í dag að því undanskildu að mjólkuriðnaðinum hefur verið heimilt að stunda verðtilfærslu og ýmis svona sérstök vinnubrögð. Það hefur enginn hér, hvorki sá hv. þm. sem hér stendur, Ásgeir Friðgeirsson né nokkur annar hv. þingmaður, gert athugasemdir við þetta. Athugasemdirnar fólust í þeim umframheimildum sem nú er verið að leyfa, það er að segja að heimila verðsamráð og heimila uppskiptingu á mörkuðum. Þar liggur gagnrýnin. Hún er ekki á þá félagslegu starfsemi sem áður var. Og svo til viðbótar er verið að afnema hið opinbera verðlagseftirlit á verði til framleiðenda. Um tíma í ræðu hæstv. ráðherra taldi ég nokkuð víst að hann hefði ekki verið heima meðan frumvarpið var samið vegna þess að reyndar í því máli sem hér verður tekið fyrir á eftir — en þetta tengist óhjákvæmilega því máli — segir, með leyfi forseta. Ég ætla að lesa beint upp úr greininni:

„Verði samið um að falla frá ákvörðun um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. hefur slík ákvörðun ekki áhrif á heimild verðlagsnefndar til heildsöluverðlagningar ...“

Í frumvarpinu er sem sagt kveðið á um heimild til að semja sig undan verðlagsnefnd þegar tekin er ákvörðun um verð til framleiðenda.

Síðan getum við flett nokkrum síðum aftar í frumvarpinu þar sem samningurinn fylgir. Hvað segir svo í samningnum? Í samningnum segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt að leitað verði samþykkis Alþingis fyrir breytingum á lögunum, þannig að samningsaðilar geti samið um það sín á milli að hætt verði að ákveða lágmarksverð mjólkur til framleiðenda, enda þótt heildsöluverð verði áfram ákveðið af verðlagsnefnd.“

Þetta segir í samningnum. (Gripið fram í.) Þetta segir í samningnum.

Virðulegi forseti. Það er breyting frá því sem nú er og frá því kerfi sem ég hef í raun ekki heyrt nokkurn gagnrýna af því að við erum að ræða um starfsemi sem er lögvernduð og er einokunarstarfsemi eða nýtur tiltekinnar verndar. Verðmyndunin er þá langeðlilegust undir opinberu eftirliti. En nú á að afnema það. Það er það sem er verið að gagnrýna. Nú verður hins vegar ákvörðunin tekin á milli afurðastöðva og framleiðenda einna og sú ákvörðun verður síðan kynnt verðlagsnefnd. Það er það sem verið er að gagnrýna. Það er verið að taka verðlagsnefndina úr sambandi hvað þetta varðar og þar liggur okkar gagnrýni. Þar liggur okkar gagnrýni í þessari umræðu. Þess vegna höfum við mótmælt þessari aðferð harðlega. Það er búið að gera samning um að kippa þessu undan. Það er verið að veita þessa heimild í lögunum þannig að það er alveg með ólíkindum að hlýða á hæstv. ráðherra í þessu máli.

Ég hefði viljað að hæstv. ráðherra gæfi sér tíma til að vera í þingsal rétt á meðan við eigum þessi orðaskipti. En hæstv. ráðherra hefur valið þann kostinn að lauma sér út.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vitna í Vinnuna, það er að segja vefrit Alþýðusambands Íslands. Þar er vitnað í niðurstöðu hinnar svokölluðu mjólkurnefndar sem skilaði frá sér niðurstöðu um daginn. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„... á síðustu árum hefði ávinningur af hagræðingu í mjólkurframleiðslu fyrst og fremst runnið til eigenda afurðastöðva, en síður til neytenda.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Á sama tíma hafa skattgreiðendur og neytendur þurft að bera nánast sömu byrði vegna mjólkurframleiðslu í landinu. Styrkir úr ríkissjóði til atvinnugreinarinnar hafa t.d. hækkað um 3,1% að raungildi. Þá hefur heildsölu- og smásöluverð ...“

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr Vinnunni, virðulegi forseti, og vonast til þess að hæstv. landbúnaðarráðherra gefi sér tíma til þess að dvelja um hríð í salnum. En svo segir:

„Þá hefur heildsölu- og smásöluverð mjólkurafurða hækkað nokkurn veginn jafnmikið og almennt verðlag (og um leið mun meira en matur og drykkjarvörur almennt).“

Virðulegi forseti. Ég sá að hæstv. ráðherra var ekki einbeittur eða hlýddi ekki á það sem ég var að lesa þannig að ég vil leyfa mér að lesa þetta upp aftur. Hér segir í skrifum ASÍ, með leyfi forseta:

„Þá hefur heildsölu- og smásöluverð mjólkurafurða hækkað nokkurn veginn jafnmikið og almennt verðlag (og um leið mun meira en matur og drykkjarvörur almennt).“

Mér finnst mikilvægt að þetta liggi fyrir vegna orða hæstv. ráðherra um að þær vörur sem eru seldar á almennum markaði og lúta þeim reglum hafi hækkað miklum mun meira. Hæstv. ráðherra verður þá að hrekja fullyrðingar ASÍ hvað þetta varðar með öðrum dæmum en þeim sem hann var með.

Virðulegi forseti. Það er nú farið að líða á nóttina. Ég vildi aðeins hnykkja á þessum atriðum. Í reynd er það þannig að ef hæstv. ráðherra er að fallast á þau sjónarmið okkar að verðlagsnefndin haldi þeirri stöðu sem hún hefur haft þá held ég að styttra sé á milli okkar í sjónarmiðum en ég taldi í upphafi þessarar umræðu og eins og frumvarpið er lagt fram. Og eins og hæstv. ráðherra orðaði það sjálfur um daginn þá er batnandi mönnum best að lifa og það er ekkert að því að vera vitrari í dag en í gær. Ég fagna því að hæstv. ráðherra situr núna og einbeitir sér alveg fullkomlega að því kynna sér efni þess frumvarps sem hann hefur mælt hér fyrir.

[01:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er kosturinn við hæstv. landbrh. að hann er í eðli sínu friðarins maður og talar alltaf til sátta í hverju máli. Hann hefur mjög greitt fyrir þingstörfum á þessari nóttu. Ummæli hans um hina villtu frjálshyggju Samfylkingarinnar hafa sannarlega orðið til að stytta þessa umræðu. Ég vildi aðeins í stuttri ræðu greina frá nokkrum sjónarmiðum sem ég hef varðandi viðhorf hæstv. ráðherra og það mál sem hér liggur undir. Mér finnst að það gæti á stundum grundvallarmisskilnings í máli hæstv. ráðherra.

Hæstv. landbrh. taldi til sögunnar breskan auðjöfur, Bill Grimsey, sem hafði sagt í viðtali við Morgunblaðið 1. apríl að það væri hættulegt ef nokkur hefði stærri hlutdeild í markaði en 25%. Nú er það svo að það fyrirtæki, því ég kalla það í eintölu fyrirtæki, sem hæstv. ráðherra er að gera kleift að til verði í kringum afurðavinnslu úr mjólk á Íslandi hefur ekki 25% markaðshlutdeild heldur 100%. Hvernig heldur hæstv. landbrh. að það muni verka gagnvart þeim tvenns konar hagsmunum sem hér eru aðallega undir, þ.e. annars vegar hagsmunum bænda og hins vegar hagsmunum neytenda? Í reynd svaraði hæstv. landbrh. fyrri spurningunni sjálfur. Hann nefndi til sögunnar það ákvæði sem er að finna í öðru þingmáli sem verður rætt síðar á þessari nóttu þar sem heimilað er að afurðastöðvar og bændur geri tvíhliða samning sín á milli um mjólkurafurðir eða um hrámjólk. Hæstv. ráðherra viðraði þann ótta sinn að það ákvæði kynni að geta leitt til þess að afrakstur bænda minnkaði. Hvernig heldur þá hæstv. landbrh. að bændum vegni í samningaviðræðum þegar þeir eiga ekki lengur kost á að falbjóða vörur sínar fleiri en einum aðila heldur einungis einu stóru fyrirtæki? Eðli slíkrar markaðsstöðu þar sem einhver einn stór aðili er nánast með allan markaðinn í hendi sér hlýtur auðvitað að vera að við slíkar aðstæður er hægt að láta kné fylgja kviði. Þá mundi ég auðvitað vilja spyrja menn eins og hv. þm. Jón Bjarnason sem ber mjög hagsmuni bænda fyrir brjósti: Hvernig telur hann að svona markaðsstaða geti komið fram og hvaða afleiðingar gæti hún haft gagnvart bændum?

Að því er varðar síðan hag neytenda þá er alveg ljóst að ákveðin hætta er á því þegar um er að ræða svona stórt og mikið fyrirtæki að þá getur það auðvitað líka neytt aflsmunar til að hækka verðið til neytenda. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni eru bara tveir möguleikar í þessu máli. Það er annars vegar samkeppni og hins vegar er það eins konar handstýring. Nú er afstaða Samfylkingarinnar til bænda allt önnur en afstaða Alþfl. sem vissulega var einn af fyrirrennurum Samfylkingarinnar. Við erum algjörlega þeirrar skoðunar að það eigi að fara í allar breytingar með þeim hætti að hagur bænda verði tryggður og það er þess vegna sem við höfum tiltölulega milda afstöðu til þess stóra máls sem hér verður rætt síðar á þessum fundi. En það breytir ekki hinu að þegar ég nálgast þetta mál þá geri ég það með tvenns konar hagsmuni í huga, hagsmuni bænda og hagsmuni neytenda. Ég tel að frjáls samkeppni eða vísir að henni hafi leitt til þessarar sterkari stöðu bænda. Ekki er langt síðan að verulegur munur var á framboði á hrámjólk og eftirspurn. Það var umframframleiðsla sem leiddi til þess að framleiðsla á mjólk var ekki nægilega hagstæð fyrir neytendur í landinu og ekki heldur fyrir bændur. En það hefur náðst ákveðið jafnvægi á þessum markaði. Jafnvægið endurspeglast í því að það er kannski 1% framleiðsla umfram innanlandsþörfina þannig að það hefur átt sér stað hagræðing. En hvernig hefur hún birst? Hún hefur birst í því að búum hefur fækkað. Þeim hefur núna á nokkru árabili fækkað úr 1.500 niður í 873 bú. Það liggur í hlutarins eðli að þetta þýðir að búin eru að framleiða meira. Hagræðingin er meiri í framleiðslunni en áður og það ætti að vera hægt að framleiða mjólk á ódýrara verði en áður. Sú hagræðing er ekki að fullu fram komin vegna þess að þær gríðarlegu breytingar sem við sjáum speglast í fækkun mjólkurbúa hafa orðið til þess að bændur hafa fjárfest mikið. Þeir hafa tekið mikið að láni. Að sumu leyti er þetta vegna þess að ungt fólk er að koma inn í framleiðsluna og það er skuldsett og það hefur ekki greitt niður skuldir sínar. Það þarf að skapa því fólki svigrúm til að greiða þær skuldir niður. Það má segja að það sé ekki fyrr en sú skuldsetning hefur minnkað verulega sem hægt er að sjá þessa hagræðingu birtast í verði til neytenda svo um muni. Hugsanlega verður það á þeim tíma þegar innflutnings verður tekið að gæta og greinin verður þá betur í stakk búin til að mæta þessari samkeppni.

En hver er grundvöllurinn fyrir því að þessi hagræðing og fækkun búa hefur átt sér stað þó með þeim sársaukalitla hætti sem raun ber vitni? Það er frjáls markaður eða vísir að frjálsum markaði. Eitt af því fáa sem mér finnst Framsfl. þó hafa tekist upp með, með hjálp góðra flokka, góðra manna og ekki síst verkalýðshreyfingarinnar í landinu, er sú breyting sem fólst í því á sínum tíma og varð svolítið sársaukafull í upphafi að menn gátu keypt og selt mjólkurkvóta. Það er ekkert annað en eitt afsprengi frjáls markaðar og það hefur leitt til hagræðingarinnar, vissulega með afli afurðastöðvanna sem hafa lánað til þeirra tilfærslna millum búa og stækkunar búa sem til þurfti. Og það er þess vegna sem ég held því fram að sú góða þróun sem við höfum séð í greininni sé afrakstur frjálsrar samkeppni. Ég vil því biðja hv. þingmenn að tala varlega um það þegar þeir kalla það villta frjálshyggju að hér komi menn og haldi fram kostum frjálsrar samkeppni. Ég er að segja að frjáls samkeppni á þessu sviði með mjólkurkvóta, a.m.k. innan þess frelsissvigrúms sem við búum við þar í dag, hafi leitt fram þá hagræðingu sem við sjáum í dag og sem væntanlega ætti að gera greininni kleift að standast þá hörðu samkeppni sem ég held að hún muni standa andspænis kannski innan tíu ára. Hugsum því um það, góðu félagar, að ekki hefur frjáls samkeppni að öllu leyti orðið a.m.k. mjólkuriðnaðinum slæm.

Þegar kemur síðan að því að deila afrakstri þessarar hagræðingar er í þrjú horn að líta. Í fyrsta lagi leggur ríkið fram mikið fé til að tryggja bændum þokkalega afkomu en þó ber á hitt að líta að verkalýðshreyfingin og flokkar jafnaðarmanna hafa líka tekið undir það, þó Alþfl. hafi ekki gert það í jafnsterkum mæli og Samfylkingin, að það sé fullkomlega verjanlegt að greiða niður mjólk til að tryggja fólki þá vöru á lágu verði. Þetta var sérstaklega einkennandi í starfsemi

flokka sem kenndu sig við jafnaðarstefnu og sósíalisma fyrr á öldinni þegar til voru stórir hópar af fátæku fólki á Íslandi. Sem betur fer eru þeir hópar miklu minni en áður. En ef það er þannig eins og hæstv. landbrh. segir að það þurfi að tryggja að kaupmaðurinn á horninu með litlu búðina selji á sama verði og stóru keðjurnar þá erum við komin í dálítið þrönga stöðu. Það er því miður bara gangvirki markaðarins sem veldur því að litli kaupmaðurinn á horninu hefur átt erfitt uppdráttar. Hann er því miður nánast horfinn. En það sem hefur þó fylgt jákvætt með þeirri þróun er að stóru keðjurnar hafa náð undir sig þessari miklu markaðshlutdeild af því að þeim hefur tekist að selja vöruna á lægra verði í krafti samkeppni. Það hefur fært neytendum miklar hagsbætur. Ég hef sjálfur heyrt, ég held, meira að segja hæstv. landbrh. um aðra hluti en endilega landbúnaðarvörur halda því fram að genginn kaupjöfur sem hér var brautryðjandi á sviði smásöluverslunar, Pálmi heitinn í Hagkaup, hafi fært láglaunafólki á Íslandi gríðarlega miklar kjarabætur. Ég minnist þess að hafa heyrt hv. þingmann segja það. Þegar menn segja slíkt eru þeir í reynd að viðurkenna að frjáls samkeppni færi launafólki kjarabætur.

Gott og vel. Í þessu tilviki er um sérstaka vöru að ræða, landbúnaðarvöru. Hæstv. landbrh. heldur því fram að meira að segja í Evrópusambandinu, þaðan sem sumir taka sína heilögu ritningu að mati ágætra þingmanna hér í salnum, sé heimilt að beita öðrum reglum gagnvart landbúnaðarvörum en ýmsum öðrum varningi. Þar af leiðir, segir hæstv. ráðherra, að hægt á að vera fyrir alla góða menn sem hafa trú á Evrópusambandinu að samþykkja þetta frv. En þetta er rökvilla. Í Evrópusambandinu er það ekki þannig að landbúnaðinum sé svipt að öllu leyti undan samkeppni. Hann er hins vegar látinn njóta sérstöðu sinnar með því að ríkið greiðir niður vöruna í flestum löndum Evrópusambandsins því miður ekki með hagsmuni neytenda í huga heldur miklu fremur með hagsmuni bænda í huga. Þessu er töluvert öðruvísi varið hér. Það er því ekki alls kostar rétt hjá hæstv. landbrh. að hægt sé með vísan til Evrópusambandsins að verja það kerfi sem hér er verið að setja upp þannig að ég hafna því.

Á hitt er svo að líta að við erum í reynd að hverfa, finnst mér, frá báðum þeim kostum sem ég tel mögulega í stöðunni, þ.e. samkeppninni er sópað burt en handstýringin er líka veikt. Að vísu er ekki í anda flokks eins og Samfylkingarinnar að beita handstýringu í miklum mæli. En ég get alveg fallist á að varðandi landbúnaðinn sé það aðferð sem megi nota til að tryggja hag neytenda. Hæstv. landbrh. kom með alveg prýðilegt dæmi í kvöld um margvíslegar landbúnaðarafurðir sem hafa hækkað minna en ýmsar aðrar vörur. Hann hefur þakkað það öflugu starfi fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í verðlagsnefnd og ég hygg að það sé rétt. Í þeim samningum sem gerðir hafa verið milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins í tengslum við kjarasamninga hefur verð á þessum afurðum oftar en ekki verið á jaðri slíkra samninga og þar hafa verið gefnar beinar og óbeinar yfirlýsingar sem hafa tryggt ákveðna þróun í þessu. Hún hefur verið tryggð og verð lækkað eða verðþróun sem hefur verið í takt við þarfir neytenda hefur verið tryggð með því að fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, bæði BSRB og ASÍ, hafa verið veitt ákveðin völd. Þeir hafa átt sæti í verðlagsnefndum, að vísu í miklum minni hluta. En í krafti ýmissa yfirlýsinga frá ríkisstjórninni og þess góða vilja sem verkalýðshreyfingin hefur sýnt til að haga verðlagsþróun í landinu í samræmi við þarfir ríkisins, þ.e. þjóðarinnar allrar, hafa þeir fengið aukið afl umfram fjölda fulltrúanna. Þess vegna má alveg segja að það sé rétt hjá hæstv. landbrh. að þessi handstýring hafi að vissu marki gilt vel. Ekki er þar með sagt að hún eigi sér endilega eilífa lífdaga. Ég er ekki þeirrar skoðunar.

En það sem við erum að gera hér í kvöld er í reynd að við erum að hverfa frá þessu. Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson las hér upp ... (**Landbrh.:** Rangt.) Nei þetta er ekki rangt, alls ekki. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra eigi eftir að draga upp einhver loforð hér síðar í kvöld. En ég sat sjálfur í nefndinni meðan við fjölluðum um þetta mál. Ég óskaði eftir því að það yrði tryggt að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. að verðlagsnefnd gæti með sama afli og áður náð fram markmiðum launafólks. En nú er það einfaldlega þannig að það er verið að breyta kerfinu þannig að þessir ágætu og öflugu fulltrúar launamanna hafa ekki sama afl og áður. Þeir hafa ekki rétt til þess að greiða atkvæði um verðlag eins og áður og þá í versta falli að stappa niður fæti og segja: „Þetta getum við ekki.“ Eða gert eins og stundum hefur verið gert á örlagastundum í slíkum samningaviðræðum, a.m.k. tvisvar svo að ég muni eftir, að þeir séu af samtökum sínum dregnir út úr nefndinni. Það hefur t.d., ef ég man rétt, eftir að hv. þm. Ögmundur Jónasson varð formaður BSRB, gerst a.m.k. einu sinni.

Nú er það hins vegar ekki til staðar. Þeir eiga einungis að fá að fylgjast með þessari þróun, ekkert umfram það. Það kemur skýrt fram í þeirri skýrslu sem samtök hv. þm. Ögmundar Jónassonar eiga aðild að að þar er í fyrsta lagi sýnt fram á að upplýsingar, þ.e. um framleiðslu, um kostnað og um framlegð mjólkurbúanna, eru ekki nægilegar til þess að hægt sé að henda reiður á hagræðingunni og þar með því sem er til skiptanna. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir ágætan baráttumann og talsmann launamanna í landinu eins og hv. þm. Ögmund Jónasson.

Í öðru lagi er líka sýnt fram á það að ákveðinn viðmiðunarhópur sem skiptir miklu máli við útreikninga af þessu tagi er ekki einkennandi fyrir mjólkurframleiðsluna í landinu. Hann gefur skakka mynd af henni. Þar er um að ræða bú sem eru búin að fjárfesta, sem eru búin að hagræða og hafa þar af leiðandi ekki sömu möguleika til framlegðaraukningar eins og hin búin sem eru miklu fleiri. Þetta tel ég að sé ákaflega slæmt fyrir stöðuna og dragi verulega úr möguleikum fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar til þess að sýna fram á hvað er til skiptanna.

Kem ég þá aðeins að þróuninni eins og hún hefur verið á árunum frá 1999 til 2002. Þar hefur hagræðingin í reynd skilað aukinn framlegð sem til skiptanna er sem svarar 600–800 milljónum á ári. Hvert hefur þetta farið?

Þetta hefur farið að hálfu leyti til bænda og þeir eru ekki ofsælir af því. Þeir eiga það fyllilega skilið. Nú mætti þá segja að menn eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefðu í krafti sinna sterku fulltrúa í þessum nefndum getað tryggt að afgangurinn færi til neytenda. En þeim tókst það ekki. Afgangurinn, 300 miljónir, fór til afurðastöðvanna.

Hæstv. landbrh. hefur nú rifið meiri munn en nokkrir aðrir yfir einstökum birtingarmyndum þeirrar stöðu, þ.e. sem hefur birst auðvitað í því að eigið fé afurðastöðvanna hefur aukist miklu meira en hægt er að finna annars staðar í atvinnulífinu nema hugsanlega bankanna síðustu tólf mánuði. Hæstv. landbrh. fór í fjölmiðla til þess að skammast yfir því að eitt tiltekið mjólkursamlag sem hann er nú að taka undan samkeppnislögum, tók út úr rekstri 800–1.000 milljónir.

Það þýðir í reynd að þar er verið að taka út úr greininni sem svarar framlegðaraukningu þriggja ára, sem svarar því sem kom í hlut afurðavinnslustöðvanna í landinu til þriggja ára. Það var sett í eitthvert allt annað fyrirtæki. Þetta veit hæstv. landbrh. vegna þess að það var hann sem benti þjóðinni á það.

Þetta er hættulegt. Við þurfum að tryggja að svona gerist ekki. Gerum við það með því að taka þetta undan samkeppnislögum? Ég held ekki.

Ég er því þeirrar skoðunar að það kerfi sem við erum að leggja hér upp með sé slæmt að tvennu leyti. Í fyrsta lagi vegna þess að samkeppninni er svipt svona í burt. Það gerir það að verkum og þessi heimild til verðtilfærslna að það er hugsanlegt að til skamms tíma dugi þetta til þess að tryggja hag afurðavinnslunnar og hugsanlega kemur það ekki niður á neytendum. En ég er ekki viss um að það gagnist framleiðendunum sjálfum.

Þetta dregur líka úr því sem við höfum séð jákvæðast í starfrækslu þessara stöðva, sem er samkeppni á sviði nýrra afurða. Það kemur fram í skýrslunni sem hæstv. ráðherra lét fylgja með sínu seinna frv. sem hér verður rætt í nótt að það er alveg undravert að sjá þann árangur sem markaðssókn á ýmsum sviðum afurðavinnslunnar hefur náð. Ég ímynda mér að engin atvinnugrein í landinu geti sýnt fram á að sala hafi aukist um ríflega 100%.

Það gerðist þó með nýrri markaðssetningu á hollustuvarningi sem er jafngamall landnáminu, þ.e. skyri. Upp spratt veruleg samkeppni í framleiðslu á skyri milli ýmissa stöðva, a.m.k. tveggja ef ekki þriggja, sem leiddi til þess að útbreiðslan jókst alveg ótrúlega, yfir 100%. Ég man ekki hvort það var 100% eða 150%. Þar sjáum við samkeppni, samkeppni sem leiddi til þess að varan varð miklu betri. Það voru margar útgáfur af henni. Þetta þjónaði vel hagsmunum neytenda. Afurðavinnslustöðvarnar seldu miklu meira en áður og gæðin voru meiri. Samfara þessi var líka ákveðið átak sem tengdist hollustu. Þetta er hollustufæði.

Ég spyr sjálfan mig, herra forseti, sem þekki þó samkeppni vel: Er líklegt að þróun af þessu tagi haldi áfram ef við skiptum afurðavinnslunni með þessum hætti upp í eins konar hlutdeildafyrirtæki í einu risastóru fyrirtæki? Ef skiptingin er slík að sérhvert samlag er að framleiða eina tegund eða tilteknar tegundir sem enginn annar er að framleiða þá er hvatinn til vöruþróunar horfinn. Það er mikill galli.

Að því er varðar síðan ýmislegt sem hæstv. ráðherra sagði um stöðu afurðavinnslustöðva gagnvart innflutningi eins og á sviði osta þá verð ég nú að segja að mér finnst það ekki verulega marktækt hjá hæstv. ráðherra þegar hann segir að það þurfi að tryggja starfsemi afurðastöðva eins og Osta- og smjörsölunnar sem sannarlega framleiðir frábæra vöru, og hann sagði „tryggja gagnvart innflutningi". En meðan innflutningur er einungis 3–5% og meira að segja með alls konar gjöldum til verndar þá þarf Osta- og smjörsalan ekki að óttast mjög um sinn hag.

Ég minnist þess líka að hæstv. ráðherra sagði í framsöguræðu sinni fyrir málinu að innanlandshlutdeildin, þ.e. innanlandsmarkaðurinn, tæki bara sem svaraði einu prósenti í gegnum innflutning þannig að við erum þá ekki að horfa á mjög stóran hlut. En hugsanlega getur þetta breyst. Hugsanlega, eins og bændaforustan hefur verið að benda á, er líklegt að með breytingum á samningum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar séum við tilneydd til þess að flytja inn töluvert meira. Hver þá samkeppnisstaða þeirra gagnvart slíkum innflutningi?

Ég hef nú ekki svo sem farið í nákvæma útreikninga á því. En ég ímynda mér að innlenda framleiðslan þoli alltaf að vera 15–20% dýrari a.m.k. Hæstv. ráðherra hefur haldið því fram, kannski ekki í kvöld en í fyrri ræðum og tiltók þar ákveðnar vörutegundir, að verðlag á þeim í ýmsum löndum Evrópu sem við höfum verið að flytja inn frá væri bara ekki svo miklu lægra þar heldur en hér.

Þegar við horfum til þess í fyrsta lagi að íslenskir neytendur hafa alltaf mikla vild gagnvart innanlandsframleiðslu þá leyfir það eitt og sér að innlend framleiðsla getur verið svolítið dýrari en erlend framleiðsla. Í öðru lagi eru íslenskir neytendur vanir íslenskri framleiðslu. Við þekkjum það bara þegar við förum til útlanda að okkur finnst útlent smjör vont. Það eru ýmsir ostar, útlendir ostar sem okkur finnast ekkert góðir. Okkur finnst útlend mjólk vond, ekki af því að hún er verri heldur af því að við erum bara vön öðru. Það skiptir máli.

Síðan er það auðvitað fjarlægðarverndin sem má meta á kannski 7–10%

Í fjórða lagi er það bara þannig að íslenska þjóðin er meira og minna öll af bændafólki sprottin. Hún hefur vild gagnvart bændum og hún kaupir þess vegna innlenda framleiðslu umfram innflutning einungis af þeim sökum.

Ég held því, herra forseti, að það séu töluvert miklir möguleikar fyrir innlendar afurðastöðvar að keppa við innflutning. Hvers vegna kemur þá hæstv. ráðherra og segir að þessi lög séu nauðsynleg til þess að búa innlendu afurðastöðvarnar undir innflutninginn? Ég hefði talið að aukin samkeppni þeirra í milli og samkeppni innan lands mundi, eins og eðli samkeppni er, þrýsta þeim til þess að hagræða enn frekar, þrýsta þeim til þess að bæta framleiðslu sína og af þeim sökum yrðu þær betur búnar undir samkeppni við innflutninginn. Það hefði ég talið.

Ég óttast því þegar til framtíðar horfir að þá geti þetta eins og svo oft áður, þó að kannski séu frískir menn og sprettharðir núna í forustu afurðavinnslunnar hér á landi, leitt til þess að greinin verði drepin í ákveðinn dróma af því að samkeppnin er auðvitað það sem heldur mönnum alltaf vakandi. Þetta óttast ég nú.

Aðeins að lokum af því að ég ætla ekki að halda fleiri ræður á þessari nóttu. Við í Samfylkingunni höfum kannski ekki sömu afstöðu til mjólkursamningsins og hæstv. ráðherra. En við skiljum hagsmuni bænda. Við skiljum að það er nauðsynlegt að svigrúmið sem verður til við hagræðinguna falli bændum í skaut í þeim mæli að þeir geti staðið undir því að greiða niður fjárfestinguna sem er undirstaða þessarar hagræðingar. En krafa okkar er að sanngjarn hluti af framlegðinni sem stafar af hagræðingunni renni til neytenda.

Okkur þykir að í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir sé það ekki tryggt. Þetta kom líka fram í umsögnum fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, ekki í sama mæli hjá fulltrúum BSRB og ASÍ. En það var klárlega bent á að þetta vantar inn í. Það veldur þessari gagnrýni okkar á samninginn í kvöld. Það er ekki andúð gagnvart bændum eða viljaleysi til þess að þeir fái sinn skerf réttlátlega útdeildan. En við segjum að það eru tvenns konar hagsmunir sem skipta langmestu máli. Það eru hagsmunir bændanna og það eru hagsmunir neytendanna. Hagsmunir bændanna eru tryggðir. Hagsmunir neytendanna eru verr tryggðir með því fyrirkomulagi sem hér er verið að setja upp heldur en því sem hv. þm. Ög-

mundur Jónasson hefur átt þátt í til þessa. Þess vegna svona í framhjáhlaupi og litlum botnlanga, herra forseti, undrar mig að formaður BSRB skuli ætla að kokgleypa þetta mál. Mig undrar það með tilliti til þeirra hagsmuna sem hann hefur varið öllu sínu lífi til þess að verja.

Aðeins síðan, herra forseti, að því ákvæði sem í samningnum er og heimilar að leysa í reynd greinina undan verðlagsnefnd, þ.e. sem heimilar afurðastöðvunum og mjólkurframleiðendum að semja sín á milli um verð. Hæstv. ráðherra kemur og segir: „Ja, þetta er spor í frjálsræðisátt og þetta er ekki líklegt til þess að hækka verð.“ Hann lætur að því liggja að þetta sé nú í reynd gert fyrir neytendur.

Við hins vegar sem höfum fylgst með þeirri samningagerð sem er í gangi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sjáum að það liggur alveg í augum uppi að þarna er klókur ráðherra að búa til ákvæði sem hann getur notfært sér þegar búið er að ljúka þeim samningum og þegar búið er að gera auknar kröfur á hendur ríkjum sem eiga aðild að þeim samningum til að hið opinbera dragi sig út úr verðstýringu. Þá getur hæstv. ráðherra tekið burtu verðlagsnefndina sem hefur verið trygging BSRB og hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrir þokkalegu verði á afurðunum og sagt við Alþjóðaviðskiptastofnunina: „Ja, nú er þetta frjálst.“ Þetta er það sem vakir fyrir hæstv. landbrh. en ekki hagsmunir neytenda. Það er fyrst og fremst þetta vegna þess að þá líka er líklegt að hann þurfi ekki að vekja endurskoðunarákvæði samningsins, sem er að finna í samningnum og frumvarpinu, sem yrði að vakna ef þessir samningar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar nást. Alla vega mundi hann í fyrsta skrefi vekja þetta ákvæði og geta sagt við Alþjóðaviðskiptastofnunina: „Það er ekki opinber verðstýring á þessu.“ Þá væri hann a.m.k. búinn að friða þá stofnun um nokkurra ára bil.

Þegar öllu er á botninn hvolft má því miklu frekar segja að þetta ákvæði sé því miður ekki til þess að vernda hag neytenda heldur miklu frekar til þess að geta haldið áfram óbreyttum niðurgreiðslum og óbreyttum stuðningi.

Herra forseti. Ég gæti haldið miklu lengri ræðu um þetta og samkeppni almennt. En auðvitað undrar það mig að hlýða hér — þetta skulu verða mín lokaorð — á hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og Jón Bjarnason sem kom hér áðan, og tala vissulega með sannfæringarþrótti um hagsmuni bænda. Ég er honum sammála að því leyti. En ætla hv. þingmenn VG virkilega ekki að koma hingað og tala um hagsmuni neytenda þegar við erum að ræða þessi mál? Miðað við það mikla álit sem við deilum öll á baráttu hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrir hag neytenda þá mundi ég ef ekki væri svona langt liðið á nóttu óska eftir því að hann kæmi og skýrði út fyrir mér af hverju hann fellst á þetta kerfi þar sem dregið er úr möguleikum fulltrúa hans til þess að hafa áhrif á verðþróun til hagsbóta fyrir neytendur.

[02:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gaman að hlusta á hv. þm. því maður sá það náttúrlega að fulltrúar Samfylkingarinnar sem höfðu talað höfðu farið það langt út á hægri kantinn að hv. þingmaður þurfti að rúlla sér til baka. Ég var því farinn að óttast að garnaflækja yrði niðurstaðan í lok snúninganna.

Ég vil vekja athygli á því að mér finnst eins og fulltrúar Samfylkingarinnar tali í þessari umræðu eins og allur mjólkuriðnaðurinn sé undanþeginn samkeppnislögum. Það er mjög rangt. Meira en 50% af afurðum mjólkuriðnaðarins heyra undir samkeppnislög. Hér er bara verið að undanskilja mjólkina, rjómann, skyrið og brauðostinn. Allt annað heyrir undir samkeppnislög, fellur undir samkeppnislög og er í samkeppni. Fallegu ostarnir hérna frammi á borði í eldhúsinu sem menn hafa verið að smakka í kvöld heyra allir undir samkeppnislög. Mjólkuriðnaðurinn fellur því, hv. þm., að stórum hluta undir mikla samkeppni þó þessar tilgreindu vörur séu undanþegnar m.a. út frá hagsmunum neytenda sem við berum öll fyrir brjósti. Það þarf ekkert að berja okkur með því að við séum ekki að hugsa um neytendur. Vissulega erum við að því. Þetta verður að vera alveg ljóst við þessa umræðu.

Ég talaði hér um Osta- og smjörsöluna. Hv. þm. talaði eins og mjólkuriðnaðurinn sé að renna í eitt fyrirtæki. Það hefði getað gerst ef þeir hefðu ekki mátt hafa samstarf sín á milli að þeir hefðu orðið að renna því í eitt fyrirtæki.

Ég minntist á Osta- og smjörsöluna sem er samráðsfyrirtæki þeirra, að hún hefði jafnvel ekki fengið að starfa undir samkeppnislögum. Ýmsir úr verkalýðshreyfingunni, t.d. ASÍ-menn, hafa stundum talað um að mjólkuriðnaðurinn ætti kannski að fara í eitt fyrirtæki. Bændurnir sumir eru að tala um það. Ég tel núna að það sé samkeppni innan lands. Við höfum Mjólkurbú Flóamanna, Norðurmjólk á Akureyri, Kaupfélag Skagfirðinga, Mjólkursamsöluna og þau fyrirtæki sem undir henni eru þannig að það er heilmikil samkeppni innan þessara fyrirtækja.

[02:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt í ræðu minni áðan að mæra það hvernig samkeppni milli þessara stöðva hefði þó tekist (Gripið fram í.) að ná árangri sem er töluvert meiri en víðast hvar annars staðar í atvinnulífi. Ég er eigi að síður þeirrar skoðunar að þau lög sem kunna að verða og verða að öllum líkindum samþykkt geri það að verkum að iðnaðurinn verður meira og minna eins og eitt stórt fyrirtæki sem skipt er í deildir og bara sá einbeitti vilji hæstv. ráðherra að koma í veg fyrir að samkeppnislög gildi um þetta staðfestir það að mínu viti. (**Landbrh.:** Um hvað?) Um flesta hluti. En eitt finnst mér, herra forseti, skipta langmestu máli, og ég vil ráðleggja það í fullri vinsemd, hæstv. landbrh., af því að þó ég sé þrátt fyrir allt í samkeppni við Framsfl. þá veit ég að Framsfl. er að berjast fyrir því að endurskapa sig og rótfesta sig ekki bara í sveitunum heldur á mölinni líka: Hann verður að endurvekja hina gömlu hugsun Jónasar frá Hriflu sem er sú að taka tillit til bæði hagsmuna bænda sem er sjálfsagt að gera, en líka hagsmuna neytenda. Mér finnst að hægt hefði verið fyrir hæstv. landbrh. að setja í þetta mynstur sem hann er að fá þingið til að lögfesta miklu tryggari varnagla fyrir lækkun vöruverðs til neytenda en þar er að finna. Ég minni hæstv. ráðherra á að það þurfti fulltrúa Samfylkingarinnar, þó þeir væru ekki á álitinu um þann samning sem hér verður ræddur á eftir, til þess að berja inn þau fjögur markmið í nefndaráliti sem þó er að finna í 3. gr. þess frv. og reyndar í ... (Gripið fram í.) Það eru markmiðin um lækkað vöruverð o.s.frv. þannig að ... (Gripið fram í.) Já, það vorum við sem bentum á það. Það var ég sem benti á að ef skapa ætti einhvern frið um þetta mál þá yrði það algjörlega að koma fram í nefndarálitinu fyrst að ... (Forseti hringir.).

[02:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson þarf ekki að eigna sér það sem stendur í skýrslunni um stöðu mjólkuriðnaðar og þá samninga. Þau markmið sem standa gullnum stöfum í þeirri skýrslu koma alveg skýrt fram. Þar voru fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar að störfum ásamt bændunum sem sátu í samninganefndinni og fulltrúum ríkisvaldsins. Markmiðin voru alveg skýr og klár.

Hv. þm. þarf ekkert að kenna mér um Jónas frá Hriflu. Við reynum auðvitað að vinna að hagsmunum heildarinnar. (**Gripið fram í:** Þú og Jónas?) Nei, við í Framsfl. í dag. Hér er verið í kvöld að fara í gegnum 2. umr. Þetta eru mjög stórir málaflokkar, miklar byltingar og breytingar sem allar snúa að hagsmunum ekki síst neytenda þannig að viðhorfið er að vinna fyrir þjóðina og vinna fyrir neytendur. Og hver er ekki neytandi? Sveitamaðurinn er líka neytandi þannig að við þurfum ekkert að vera að aðskilja okkur í þessu. Við höfum sameiginleg markmið og að þeim erum við að vinna.

[02:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðinsson flytja mjög góða ræðu. Hann rétti af frjálshyggjuhallann sem kom fram í máli nokkurra fyrri talsmanna Samfylkingarinnar, en þar gekk lengst í frjálshyggjuáttina hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sem sagði að markaðslögmálin væru algild og ættu að koma að fullu til framkvæmda á sviði landbúnaðarmála. Hafði maður ekki heyrt fagnaðarerindið boðað eins hart og frá því Friedman, Hayek og Buchanan heimsóttu okkur á níunda áratugnum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson furðar sig á því að ég hafi kokgleypt þau frv. sem hér eru til umfjöllunar. Það sem ég hef kokgleypt er vissulega stefna BSRB í landbúnaðarmálum. Annað hef ég kokgleypt líka. Það er virðingin fyrir bændum og samtökum þeirra og samningum sem þeir hafa gert. Hins vegar vil ég taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. að brotalamir hafa verið í þessari frumvarpssmíð sem lúta annars vegar að aðgangi að upplýsingum. Hins vegar er það líka rétt sem fram kom í máli hans, að ekki hefur verið nægilega búið að aðkomu að verðlagseftirlitin. En ég hef trú á því að úr því verði bætt.

[02:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er mín trygging sem launamanns og neytanda fyrir því að verðþróun í þessari grein sé ásættanleg. Hann gat áður í gegnum fulltrúa samtaka sinna haft mikil áhrif og ef um koll keyrði beitt þeim þrýstingi að draga sína fulltrúa út úr verðlagsnefnd og leggja þannig áherslu á sínar kröfur. Verðlagsnefnd hefði þá við slíkar aðstæður meira og minna verið lítt starfhæf og alla vega starfað í fullum ófriði við neytendur og launamenn í landinu. En þessi vefur sem verið er að spinna er með þeim hætti að innan tíðar kann sú staða að vera uppi að fulltrúi hans sé fyrst og fremst í verðlagsnefnd til upplýsingar og til þess að skoða hluti og getur þá sagt hv. þm. og formanni BSRB frá því hvað þar er að gerast. En hann hefur ekki lengur afl til þess að greiða atkvæði gegn ákveðinni þróun. Það er afturförin og það er sú afturför sem hv. þm. á að neita. Hann á að hafna þessu. Hann á a.m.k. að vera gagnrýninn á það.

Hv. þm. segir hins vegar að hann sé vinur bænda. Gott og vel. Það er ég líka. Ég hef sagt að við eigum að sameinast um tvenns konar sjónarmið, þ.e. annars vegar eru hagsmunir bænda og ég hef rakið hvernig ég vil taka tillit til þeirra. Hins vegar eru það hagsmunir neytenda. Hagsmunir bænda eru tryggðir algerlega í þessum frv. mjög svo. En hagsmunir neytenda eru veikari en áður og í því liggur gagnrýni mín á hv. þm. Ögmund Jónasson. Hann fellst á að á meðan hagsmunir bænda eru tryggðir þá eru hagsmunir neytenda veikari en áður, þ.e. varnir fyrir þeim eru veikari en áður. Ég dreg mjög í efa að það sé í þágu umbjóðenda hv. þingmanns á þeim öðrum vettvangi sem hann starfar eða á þeim báðum að fallast á það. Mér finnst a.m.k. að hv. þm. þurfi að vera gagnrýninn. Hann getur ekki leyft sér að koma hér í þeirri stöðu sem hann er og segjast hafa trú á því að úr þessu verði bætt. Hvað veldur trú þinni? Hv. þm. á að vera eins og Tómas. Hann á ekki að trúa fyrr en hann getur lagt hönd í sárið.

[02:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig hafa vissu fyrir því að úr þessu verði bætt. En hitt er rétt að BSRB og við sem tölum hér fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum verið gagnrýnin á þessa efnisþætti. Hins vegar hef ég ákveðnar efasemdir um að draga þjóðina í fylkingarflokka eins og hér er gert, annars vegar bændur og hins vegar neytendur. Við erum nú þegar allt kemur til alls bara íslensk þjóð og við viljum treysta hér í sessi góða byggðastefnu.

Ef ég á að segja alveg eins og er þá hef ég haft meiri áhyggjur af stöðu bænda og þeirra hag heldur en af stöðu neytenda. Staðreyndin er sú, eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að bændum hefur fækkað stórlega á undanförnum árum. Árið 1991 voru 1.509 mjólkurbú í landinu en eru núna 893 talsins. Þeim hefur fækkað mjög ört á undanförnum árum. Ég hef haft áhyggjur af þessari þróun. Hins vegar hefur hún leitt til þess að búin hafa verið að styrkjast. Þau hafa getað ráðist í fjárfestingar og uppbyggingu. Það tel ég vera mjög gott.

Þar sem spurt var um stefnu BSRB í þessum efnum langar mig til að lesa þrjár, fjórar línur, með leyfi forseta:

„Augljósasta leiðin til að ná niður framleiðslukostnaði er að stækka framleiðslueiningarnar svo að grunnkostnaður skiptist á fleiri lítra. BSRB leggur þó áherslu á að þegar stigin eru slík skref í hagræðingarátt þurfi jafnan að hafa bæði megin framangreind stefnumarkmið í huga, hagsmuni neytenda og bænda."

Á það er lögð áhersla í stefnu BSRB að tryggja hag bænda ekki síður en hag neytenda. Við teljum þetta hvort tveggja vera samofið og samofið hag íslensku þjóðarinnar.

[02:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að lokum vil ég upplýsa hv. þingmann um þrennt: Fulltrúar BSRB áttu þátt í að gera alveg prýðilega skýrslu um mjólkuriðnaðinn. Það var samdóma álit skýrsluhöfunda að ákveðið eftirlitsverk þyrfti til þess að tryggja að vöruverð til neytenda mundi lækka í takt við hagræðingu. Þeir bentu á ákveðnar leiðir til þess. Þessar leiðir voru ekki teknar upp í frv. Á þeirri staðreynd grundvallast sú gagnrýni sem við höfum lagt hér fram.

Í öðru lagi: Hv. þm. þarf ekki að hafa áhyggjur af stöðu mjólkurbænda. Hann getur vissulega með góðum rökum haft

áhyggjur af stöðu ýmissa bænda, t.d. sauðfjárræktenda sem sannarlega bera skarðan hlut frá borði, en ekki mjólkurbænda vegna þess að afkoma þeirra svona að meðaltali a.m.k. er þokkaleg. Auðvitað standa sumir ekki nógu vel. En aðrir standa ákaflega vel og þeim fjölgar í hópi bænda.

Í þriðja lagi: Hagræðingin innan afurðavinnslnanna hefur numið 7% á árunum 1999–2002. Þýðir það, herra forseti, að vöruverð hafi lækkað um 7%? Ónei, heldur betur ekki, eins og kemur fram í þeim upplýsingum sem hæstv. landbrh. hefur lagt fram hér í kvöld. Af hverju er þá hv. þm. að taka þátt í að samþykkja þetta bix sem leysir helftina af afurðavinnslunni undan samkeppnislögunum?

[02:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu. Ég ætla aðeins að segja eitt í örfáum setningum. Þau frv. sem eru hér til umfjöllunar byggja í öllum höfuðdráttum á þeirri skýrslu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vísar til.

Átökin sem hafa átt sér stað hér og hinn djúpi meiningarmunur og skoðanaágreiningur lýtur að allt öðru. Hann lýtur að því hvort færa eigi þessa framleiðslu lengra inn á markaðstorgið og virkja markaðslögmálin — Fulltrúar Samf. töluðu í þá veru hér fyrr í kvöld. Þeir gerðu það — eða byggja á samvinnu og samráði og verðlagseftirliti.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það hefur verið gagnrýnt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, þar á meðal BSRB, að aðkoma annars vegar að upplýsingum og hins vegar sjálfu verðlagseftirlitinu hafi ekki verið nægilega trygg í þessum frv. En ég tel mig hafa vissu fyrir því að úr því verði bætt.

[02:18]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Hér hafa verið gefnar dálítið sérstæðar yfirlýsingar við lok þessarar umræðu, einkanlega af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hæstv. landbrh. Í þessari umræðu höfum við verið að tala um að kerfið sem hér hefur verið við lýði hafi skilað góðum árangri undanfarin ár. Það hafi breytt umræðunni og samstarf innan verðlagsnefndarinnar hafi reynst nokkuð vel vegna þess að við erum að tala um verndaða atvinnugrein og verðmyndunin getur aldrei orðið nema undir opinberu eftirliti. Það er þessu fyrirkomulagi sem átti að breyta. Það átti að taka þetta undan opinberu eftirliti og færa til framleiðenda og afurðastöðva og opna á þær heimildir.

Við spyrjum: Af hverju eru menn að opna á þessa leið? Það er það skrýtna. Það er afar sérstakt þegar menn koma hér upp og leyfa sér að tala eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem sagði að í því felist einhver sérstök frjálshyggja að vilja vernda það kerfi sem hér var. (**ÖJ:** Ég bara hlustaði á ykkar tal.) Það er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti, hvernig (Gripið fram í.) stundum er hægt að snúa hlutunum á hvolf.

Ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri sér einnig grein fyrir því að í því samfélagi sem við búum, þó að hv. þm. hafi ýmsar athugasemdir við þau markaðslögmál eða markaðskerfið sem við búum við, þá er einfaldlega öflug samkeppni besta kjarabarátta sem til er fyrir almenning á meðan verðmyndun á sér stað á markaði. (**ÖJ:** Akkúrat. Það er þetta sem ég var að segja.) Það er einfaldlega þannig. (**ÖJ:** Er það svoleiðis, já?) Hins vegar erum við hér að tala um grein sem lýtur öðrum lögmálum og hefur verið að vinna samkvæmt öðrum lögmálum í þessu kerfi. Núna er hæstv. landbrh. að opna á breytingar á því. Það höfum við gagnrýnt vegna þess að við teljum að á meðan við samþykkjum það fyrirkomulag sem nú er þá þurfi opinbert verðlagseftirlit.

Hvernig getur hv. þm. komið hér upp og sagt að opinbert verðlagseftirlit sem við höfum talað fyrir — mér skilst að hæstv. landbrh. muni nú gefa yfirlýsingar hugsanlega hér á eftir um að styttra sé á milli okkar en við töldum í upphafi þessarar umræðu — hvernig er hægt að segja að í því felist einhver frjálshyggja? (**ÖJ:** Hvað stendur á blaðsíðu 5 í forsætisráðherraskýrslunni sem ...) Virðulegi forseti. Ég er ekki að tala um sjónarmið hæstv. forsrh. eða hluta frjálshyggjudeildarinnar í þeim flokki sem virðist nú vera týnd í þessari umræðu. Ég frábið mér það þegar menn eru að tala um að reyna að vernda fyrirkomulag sem hefur þó reynst ágætlega í þeirri einokunarstarfsemi sem þessi grein er — við erum að tala um vernd fyrir þessu og mér skilst að hæstv. landbrh. sé allur að koma til og muni koma hér með einhverjar yfirlýsingar — mér líkar það mjög illa þegar reynt er að setja á það einhvers konar stimpla eins og hér var gert áðan. Ég vil bara að það liggi fyrir í þessari umræðu.

Við höfum talað fyrir hagsmunum bænda. Við höfum áhyggjur af því að ef þeir verða settir undir afurðastöðvarnar og semja beint við þær þá muni hagsmunir þeirra verða fyrir borð bornir. Við höfum áhyggjur af hagsmunum neytenda og við höfum áhyggjur af því að hæstv. ráðherra gangi fyrst og fremst erinda afurðastöðvanna. Við höfum verið að benda á það í þessari umræðu. Að tengja það við þær hugmyndir sem hér voru nefndar áðan þykir mér alveg óskaplega miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 1000. mál (samningur um mjólkurframleiðslu 2005–2012). — Þskj. 1677, nál. 1762 og 1783.

[02:22]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, frá meiri hluta landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Atla Má Ingólfsson og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Snorra Sigurðsson og Þórólf Sveinsson frá Landssamtökum kúabænda, Baldur Helga Benjamínsson og Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Pálma Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Elínbjörgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta nauðsynlegar breytingar á búvörulögum vegna ákvæða í samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar. Frumvarpið var unnið með hliðsjón af skýrslu nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu frá 23. febrúar sl.

Umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið fór fram samhliða umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.

99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem verið var að ræða hér áðan og varðar samkeppnishluta samningsins.

Upplýst var á fundum nefndarinnar að gildandi samningur um mjólkurframleiðslu hefur reynst vel. Þær breytingar sem felast í samningnum frá 10. maí 2004 eru m.a. gerðar með hliðsjón af skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi og yfirstandandi samningaviðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO.

Markmiðin með samningnum eru að stuðla að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði, að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda, að viðhalda stöðugleika milli framleiðslu og eftirspurnar og veita greininni svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni, sem og að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og heilnæmi afurða.

Herra forseti. Í samningnum er kveðið á um þrenns konar endurskoðunarákvæði. Í fyrsta lagi geta samningsaðilar hvor um sig farið fram á endurskoðun samningsins á samningstímanum eða einstakra atriða hans. Í öðru lagi er kveðið á um að eftir fimm ár skuli framkvæmd samningsins könnuð og í framhaldi af því hafnar viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Loks er ákvæði um að samningurinn sé gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kann að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Komi til þess að dregið verði úr opinberum verðafskiptum á gildistíma samningsins, sbr. kafla 8.5 í skýrslu mjólkurnefndar, telur meiri hlutinn eðlilegt að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ásamt fulltrúum ríkisins og atvinnugreinarinnar, samanber núverandi skipan verðlagsnefndar, en verðlagsnefnd er skipuð sjö fulltrúum, einum frá BSRB, einum frá ASÍ, einum frá stjórn Bændasamtaka Íslands, tveimur frá samtökum afurðastöðva og landbrh. skipar formann stjórnar.

Með hliðsjón af endurskoðunarákvæðum samningsins telur meiri hlutinn að með lögfestingu hans séu starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar tryggð til lengri tíma litið, sem og hagsmunir neytenda og skattgreiðenda. Þá telur meiri hlutinn málið mjög mikilvægt fyrir atvinnulíf, byggð og búsetu í landinu og að það stuðli enn fremur að framleiðslu heilnæmra afurða fyrir neytendur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason er samþykkur áliti þessu en skrifar undir með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Undir þetta álit skrifa Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson og Þórarinn E. Sveinsson.

[02:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur styð ég þetta frv. sem kveður á um svokallaðan mjólkursamning til ársins 2012, samning við mjólkurframleiðendur milli ríkisins og mjólkurframleiðenda.

Ég geri hins vegar fyrirvara því ég tel að það hefði átt að halda inni því fjármagni sem var í samningnum og er í upphafi 4 milljarðar króna, en samningurinn kveður á um að draga skuli úr honum um 1% á ári og verður hann kominn árið 2012 niður í 3 milljarða 766 þús. kr. Auk þess er hann bundinn í krónutölu.

(**Forseti** (BÁ): Forseti spyr hvort hér sé um að ræða andsvar við ræðu hv. 5. þm. Suðurkjördæmis.)

Já, ég ætlaði síðan að spyrja.

Varðandi það sem lýtur að þætti kjötframleiðenda þá ræddum við aðeins hvort möguleikar væru á að koma til móts við kjötframleiðendur í þessum samningi, en gert er ráð fyrir því að ekki komi til stuðningur við kjötframleiðendur eða á hvern grip kjötframleiðenda fyrr en eftir tvö ár. Nú vitum við að staða nautgripakjötsframleiðenda er mjög erfið. Ég vil því spyrja formann nefndarinnar hvort það mál hafi nokkuð verið kannað frekar.

Annars ítreka ég bara að ég styð þennan samning, en ég geri fyrirvara um þessi atriði.

[02:29]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir aðkomu hans að nefndarálitinu og umfjöllun nefndarinnar. Það kom vel fram hjá honum að honum fannst ekki nægir fjármunir lagðir í samninginn. En ég vil taka það fram að samningurinn er verðtryggður. Hann er að mínu mati mjög góður.

Þetta er samningur milli mjólkurframleiðenda og ríkisins. Þó að við höfum mikla samúð með mörgum kjötframleiðendum þá litum við svo á að við ættum ekki að grípa inn í samninginn. Í rauninni var það tryggt að við mundum ekki gera það vegna þess að samningurinn hefur verið gerður og það af þessum aðilum. Þótt við værum kannski ekki alls kostar sammála öllu því sem í honum er þótti okkur ekki rétt að breyta samningi sem gerður var á milli þessara aðila.

[02:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Ég tel að ástæða sé til þess að það sé skoðað áfram innan landbn. og þá með landbrh. hvernig mætti hugsanlega kanna betur stöðu nautgriparæktarinnar þannig að hún gæti haldið stöðu sinni hér á landi og við þyrftum ekki að verða háð innflutningi á nautakjöti með óeðlilegum hætti. Ég legg því áherslu á að þetta verði á kannað innan nefndarinnar fyrir næsta ár til að komast að því hvort unnt sé einhvern veginn að koma til móts við nautakjötsframleiðendur.

[02:31]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel alveg einsýnt að landbn. muni ræða þau mál sem að henni lýtur, bæði þessi mál og önnur. Öll mál sem tilheyra landbúnaðinum eru undir í landbn.

[02:31]

Frsm. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti minni hluta landbn.

Frv. um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum var unnið með hliðsjón af skýrslu nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu frá 23. febrúar síðastliðinn. Hvorki var haft samráð við landbúnaðarnefnd né fjárlaganefnd á undirbúningstíma frumvarpsins og kom

það fyrst fyrir sjónir nefndarmanna þegar því var dreift á Alþingi. Hafa ber í huga að hér er um að ræða 4 milljarða kr. verðtryggð árleg útgjöld á átta ára tímabili. Ekki var heldur haft samráð við þá fulltrúa vinnumarkaðarins sem unnu að skýrslu þeirri sem lögð var til grundvallar samningnum en að þeirra mati skila mikilvægar forsendur sameiginlegrar niðurstöðu nefndarmanna allra sér ekki að fullu inn í samninginn. Þess ber að geta að núverandi samningur við mjólkurframleiðendur rennur ekki út fyrr en 1. september 2005 svo að tími til samráðs og samvinnu er nægur ef vilji er fyrir hendi.

Markmiðin með samningnum eru að stuðla að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði, að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda, að viðhalda stöðugleika milli framleiðslu og eftirspurnar og veita greininni svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni, sem og að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og heilnæmi afurða.

Minni hluti landbúnaðarnefndar telur að ekki séu nægilega öflug ákvæði í samningnum varðandi aðhald og eftirlit með vinnslustöðvum þannig að hagur neytenda sé tryggður. Á meðan innflutningur, sem reikna má með að veiti öflugt aðhald í kjölfar WTO-samninga, er enn mjög takmarkaður og nýtist því að litlu leyti til þess, þarf að tryggja eftirlit af hálfu hins opinbera. Þar sem hlutverk hins opinbera eftirlitsaðila, verðlagsnefndar, að heimila verðtilfærslur er hins vegar afnumið og opnað fyrir það að hlutverk hennar að ákvarða verð til bænda verði einnig afnumið er athugandi hvort ekki verði að auka innflutning búvöruframleiðslu til að efla aðhald gagnvart innlendri framleiðslu.

Þá er ekki kveðið á um bætta upplýsingagjöf til verðlagsnefndar en í ljós kom við vinnslu skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu að þörf er á að bæta hana. Þannig þyrfti að tryggja nefndinni aðgang að upplýsingum frá afurðastöðvum auk upplýsinga frá Hagstofu Íslands og Hagþjónustu bænda. Upplýsingar næðu til rekstrar- og efnahagsreiknings, þróunar verðs á Íslandi samanborið við útlönd og framkvæmdar alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Ekki er heldur komið í veg fyrir að léleg rekstrarafkoma einstakra stöðva hafi áhrif við ákvörðun heildsöluverðs né þann möguleika að fé sé tekið út úr afurðastöðvunum og það hafi síðan áhrif á ákvörðun heildsöluverðs. Þá er ekki útfært hvernig gripagreiðslur og jarðræktarstyrkir komi til lækkunar vöruverðs til neytenda.

Þannig telur minni hlutinn að hagur neytenda sé ekki tryggður eins og kostur er í frumvarpinu en hafa ber í huga að búið er að klippa á möguleika Samkeppnisstofnunar til eftirlits og afskipta af verðlagningu búvara með frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu. Krafa um skýr aðhaldsskilyrði mjólkuriðnaðarins var ein af meginniðurstöðum nefndar um stefnumótun í mjólkuriðnaði en telja verður að mistekist hafi að leysa þann þátt á viðunandi hátt.

Athygli vekur hinn langi gildistími samningsins þrátt fyrir fyrirsjáanlegar breytingar vegna alþjóðaskuldbindinga Íslands. Með löngum gildistíma er fyrirhugað að tryggja starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar og gefa greininni færi á að undirbúa sig fyrir harðnandi erlenda samkeppni en ekki er gerð nein grein fyrir því í frumvarpinu á hvern hátt það er fyrirhugað. Einnig verður að minna á að opinbert aðhald og innlend samkeppni er sennilega besti undirbúningurinn en þeim þáttum er einmitt kastað fyrir róða.

Minni hlutinn telur einnig rétt að hugað verði að heildarendurskoðun á landbúnaðarkerfinu þar sem langtímahagsmunir bænda og neytenda verði tryggðir. Samfylkingin mun taka afstöðu til einstakra greina frumvarpsins í atkvæðagreiðslu.

Þetta nefndarálit er í ýmsu keimlíkt þeirri gagnrýni sem hér kom fram áðan enda erum við að tala um frumvörp sem tengjast. En í stuttu máli sagt er kjarninn í gagnrýni okkar sá að okkur finnst eftirlitsþátturinn ekki nægilega sterkur og við teljum að með því að taka samkeppnina alfarið út úr dæminu varðandi bændur og afurðastöðvarnar þá sé í raun verið að veikja undirbúning þeirra fyrir væntanleg skilyrði sem WTO mun setja þessum iðnaði á Íslandi.

[02:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. landbn. góð störf við þennan samning sem auðvitað kom nokkuð seint til þingsins. Málið hafði tafist ekki síst af því að ég legg mikið upp úr samstarfi við verkalýðshreyfinguna og hef kallað hana mjög að störfum landbúnaðarins eftir að ég varð landbrh. t.d. um grænmetið og þá þjóðarsátt sem var neytendum mikilvæg og þessa skýrslugerð, aðlögunarskýrsluna. Mér fannst mjög mikilvægt að fá aðila vinnumarkaðarins til að koma að stöðumati og stefnumótun í mjólkurframleiðslu, meta gamla samninginn, marka sýn til framtíðar og viðra sín viðhorf. Í meginatriðum hefur verið farið eftir þeim viðhorfum við gerð þessa samnings. Þar kemur t.d. glöggt fram að aðilar vinnumarkaðarins komast að þeirri sömu niðurstöðu og hér hefur verið, þ.e. að það hafi ríkt réttaróvissa svo ég taki það fram.

Þeir fjalla líka mjög um þátt neytenda. Vert er að átta sig á því að ágæt samstaða er í þessari nefnd. Þeir sem leiddu þessa skýrslugerð voru Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri. Hann leiddi nefndarstarfið. Í nefndinni sátu svo Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbrn., Þórhallur Arason í fjmrn., Ari Teitsson, formaður Bændasamtakanna, og Eggert Pálsson, varaformaður Bændasamtakanna, Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, Egill Sigurðsson í stjórn Landssambands kúabænda, Pálmi Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Elín Björg Jónsdóttir, fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, tilnefndur af ASÍ.

Þessi skýrsla var mjög mikilvægt gagn fyrir samninginn og samningurinn varð auðvitað mjög fljótt til þegar þeirri vinnu var lokið. Þessir fulltrúar eru allir sammála um að það sé þeirra skoðun að nýr mjólkursamningur á þeim grunni sem lýst er í skýrslunni verði vel til þess fallinn að tryggja hagsmuni neytenda og skattgreiðenda á sama tíma og stuðlað er að áframhaldandi uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Þeir tala um að hagræðing í mjólkuriðnaðinum hafi skilað umtalsverðum árangri sem að stærri hluta hafi farið til innleggjenda. Til að tryggja samkeppnisstöðu mjólkurvaranna er svo nauðsynlegt að neytendur njóti í meira mæli þessa ávinnings. Stuðla má að slíkri þróun með þeim aðhaldsskilyrðum sem fjallað er um í kafla 8.5 í skýrslunni, og eðlilegt er að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ásamt fulltrúum ríkisins og atvinnugreinarinnar, samanber núverandi skipan verðlagsnefndar. Allir eru sammála um þetta og í raun er enginn að tala um að breyta því. Eins og kom fram í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur kvarta þeir dálítið yfir

því að upplýsingagjöf hafi vantað og tölur til að geta fylgst með atvinnugreininni. Ég kannski sakna þess að yfirlýsing fylgdi ekki mjólkursamningnum um þetta atriði því ég get tekið undir að það er mjög mikilvægt.

Ég vil því við þessa umræðu gefa þá yfirlýsingu að ég lýsi því hér með yfir að ég mun sem landbrh. beita mér fyrir því að sérstakt átak verði gert um bætta upplýsingaöflun varðandi afkomu og stöðu mjólkurframleiðslu og vinnslu. Er slíkt átak í samræmi við tillögur fjölskipaðrar nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu sem skilaði til mín skýrslu í vetur í undirbúningi fyrir gerð nýs mjólkursamnings. Nauðsynlegt er að staða mjólkurframleiðslu og vinnslu sé ljós hverju sinni svo forsendur séu fyrir opinni umræðu um stöðu og horfur í greininni, svo og fyrir ákvörðunum sem snerta greinina.

Hæstv. forseti. Ég vil hér líka koma að atriði sem mjög hefur verið til umræðu á þessum fundi. Það snýr að verðlagningu á mjólk, því heimildarákvæði sem er í samningi milli bænda og ríkisvaldsins að til þess gæti komið að bændur gætu samið við afurðastöðvar um sitt mjólkurverð eða bændaverðið. Þetta hefur sætt gagnrýni hér. Það hefur líka sætt gagnrýni hjá verkalýðshreyfingunni ef þessi breyting yrði gerð. Mér finnst ekkert sjálfsagður hlutur að sú breyting verði gerð. Mér finnst það ekki sjálfsagður hlutur. Þetta var gagnrýnt á bændafundunum þar sem ég var. Ég er þeirrar skoðunar að langbest sé að halda í verðlagsnefndina eins og hún hefur verið. Hún hefur skilað neytendum miklu. Það hefur verið sterkt að hafa verkalýðshreyfinguna með í vinnu í kringum mjólkuriðnaðinn og landbúnaðinn. Ég vil því jafnframt, hæstv. forseti, gefa svohljóðandi yfirlýsingu:

Jafnframt lýsi ég því yfir að ef ákveðið verður að falla frá ákvörðun um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, verði það gert að fenginni umsögn verðlagsnefndar, enda hafi slík ákvörðun ekki áhrif á heimild verðlagsnefndar til heildsöluverðlagningar á mjólkurvörum. Mér finnst sjálfsagður hlutur að fara mjög vel yfir það ef til þess kemur, en ég er alls ekki sannfærður um að vilji standi til þess. Ég hygg að bændurnir hafi nú fyrst og fremst verið að huga að því, sem oft kemur fram í umræðunni, að þeir komi nær afurðastöðvum sínum í barátttunni, þekki stöðu þeirra betur og veiti þeim harðara aðhald. Það mun standa. Ég mun reyna að hafa allt það góða samstarf sem ég hef beitt mér fyrir við ASÍ og BSRB. Ég legg mjög mikið upp úr því neytenda vegna og tel það mjög mikinn styrk fyrir landbúnaðinn og framtíðina að það samstarf haldi áfram óbreytt. Ég hef beitt mér fyrir fundum með þessum aðilum til að ræða landbúnaðarmál og fara yfir stöðu sem kemur upp til þess að þessar stóru hreyfingar fólksins komi að ýmsu sem snýr að verðlagningu og stöðu landbúnaðarins. Það hefur mér fundist reynast landbúnaðinum vel. Mér hefur það verið mjög mikilvægt.

Hér er verið að gagnrýna það, hæstv. forseti, að ekki séu nægir peningar í þessum samningi. Auðvitað er þetta gríðarlega mikilvægur samningur. Í fyrsta lagi nær hann til 2012 og skapar mikið öryggi og framtíðarsýn fyrir bændur í landinu. Hann er verðtryggður. Í honum felast miklir peningar þrátt fyrir mikla hagræðingu í greininni á síðustu árum. Á 13 ára tímabili hafa búin stækkað um 74%. Kúabændunum hefur fækkað um 41% þannig að það hefur orðið mikil hagræðing í búskapnum og við stöndum vissulega með sterkari bú. Síðan tel ég mjög mikilvægt fyrir neytendur — ég ítreka, bæði fyrir neytendur og bændur — það frv. sem við samþykkjum á morgun um að mjólkuriðnaðurinn geti starfað eins og hann hefur gert. Ég segi eins og hann hefur gert. Þar vil ég ekki sjá á neina breytingu og hef gefið hér yfirlýsingu sem ég mun fara mjög vandlega yfir með aðilum samningsins og verðlagsnefnd og verkalýðshreyfingunni þannig að um þetta verði samstaða.

Hæstv. forseti. Ég vil svo segja að lokum að þetta er mikill samningur sem skiptir máli fyrir landsbyggðina, landbúnaðinn og þær góðu vörur sem neytendur kaupa daglega. Þetta skiptir allt mjög miklu máli. Ég þakka öllum sem að þessum málum hafa komið og unnið með landbrn. að undirbúningi þessa máls, að þeim samningi sem gerður hefur verið um málið. Ég held að það verði farsælt bæði fyrir bændur og neytendur að þessi samningur er í höfn. Framtíðin er ljósari til að mæta þeirri þróun sem hún boðar okkur.

[02:47]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins nefna það í umræðunni sökum þess að hæstv. ráðherra fór talsvert mikinn þegar hann sagði að verkalýðshreyfingin stæði einhuga að baki þeim hugmyndum sem hér kæmu fram, að það kom fram í nefndinni að Alþýðusamband Íslands hefur gert verulegar athugasemdir og telur að tryggja þurfi betur hagsmuni neytenda, m.a. í gegnum skýrari aðhaldsskilyrði með mjólkuriðnaðinum. Þetta kom skýrt fram í nefndinni og ASÍ hefur ekki markað formlega afstöðu til þessa máls en mun væntanlega gera það á miðstjórnarfundi.

Ég vil einnig segja að eftir umræðuna átti ég von á sterkari yfirlýsingu frá hæstv. landbrh. þess efnis að taka eigi verðlagsnefndina úr sambandi hvað varðar verðlagningu til framleiðenda. Ég átti von á sterkari yfirlýsingu. Ég átti von á því að hæstv. ráðherra segði að þessi heimild yrði ekki nýtt meðan hann sæti sem landbrh. og að áfram yrði unnið markvisst í samstarfi við Alþýðusamband Íslands, BSRB og fleiri sem koma að þessari nefnd.

Ég átti von á því eftir þessa umræðu að hæstv. ráðherra hefði náð landi og mundi taka undir þau sjónarmið sem við höfum sett hér fram á afdráttarlausari hátt en hann hefur gert en segði ekki einungis að hann mundi hugleiða vandlega að breyta ekki þessu fyrirkomulagi. Ég átti von á sterkari og harðari yfirlýsingu heldur en þessari.

[02:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að hafa allt rétt eftir sem ég sagði þá sagði ég að verkalýðshreyfingin og þeir sem að þessari skýrslu stóðu hefðu verið einhuga, þ.e. skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu. Síðan hljóta allir að virða það og skilja að þegar gerður er samningur við hreyfingu, hvort sem það er verkalýðshreyfing eða samtök bænda, að þá er það samningur milli ríkisvalds og bændanna í þessu tilfelli alveg eins og ríkisvaldið semur við launþega og sá samningur er í sjálfu sér ekki borinn undir aðra. Auðvitað kann að vera að viðhorf séu eitthvað misjöfn. Ég hef átt fundi með forustumönnum þeirra og farið yfir þessi mál og skýrt viðhorf út úr samningunum og fengið allgóð viðbrögð. Ég er hér að mæta ákveðinni gagnrýni sem fram hefur komið til þess að reyna að leiða menn að því sáttaborði að við stöndum saman um málið áfram.

Hvað varðar síðan verðlagningu bænda og afurðastöðva þá hef ég enga trú á að það sé á næsta leiti. Ég hef enga trú á því. Ég vil samt ekki ganga á samningsaðila öðruvísi en að

ræða það við þá. Ég vil gera það við borð með þeim. Þeir hafa skrifað undir þennan samning. Þeir hafa gert það svona. Bændurnir hafa kannski haft meiri áhuga á því að eitthvert frelsi væri nú einhvers staðar og þeim væri treyst til einhvers og þeir gætu kannski samið þótt margir þeirra hafi áhyggjur af þessu ákvæði. Þess vegna held ég að yfirlýsing mín sé nógu skýr til þess að verkalýðshreyfingin og bændurnir viti að á meðan ég sit í þessum stóli þá mun ég hafa fullt samráð við þessa aðila um það mál. Það verður ekki stokkið til þess heldur verður það skoðað mjög vandlega.

[02:51]

Frsm. minni hluta landbn. (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að treysta því að sú tvíþætta yfirlýsing sem hæstv. ráðherra kom með áðan sé tilkomin vegna þess að hann taki í alvöru mark á þeirri málefnalegu gagnrýni sem sett hefur verið fram í umræðunum í kvöld. Ég treysti því jafnframt að ráðherra sjái það og skilji að það er öllum fyrir bestu að hafa samráð við þá aðila sem áttu þátt í að semja skýrsluna sem ráðherra veifaði framan í okkur rétt áðan. Ég ætla bara að nota tækifærið til að óska ráðherra velfarnaðar í samstarfinu og þakka honum fyrir þessa yfirlýsingu sem ég treysti, eins og ég sagði, að sé virkilega mælt með það í huga að hann ætli að taka mark á gagnrýninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 849. mál (heildarlög). — Þskj. 1306, nál. 1708 og 1763, brtt. 1709 og 1764.

[02:53]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá 1. minni hluta hv. efh.- og viðskn. um frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. sem er á þskj. 1708.

Til nefndarinnar komu um 40 gestir. Nefndin fór yfir umsagnir frá 25 aðilum og eru þeir ásamt gestum taldir upp á þskj. 1708.

Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Jafnframt er lagt til að auk olíugjalds verði tekið upp kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, önnur en bifreiðar til fólksflutninga. Frumvarpið byggist á frumvarpi sem lagt var fram til kynningar á 127. löggjafarþingi í maí 2002.

Meginmarkmið frumvarpsins er að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að álitlegri kosti fyrir einstaklinga og samræma skattlagningu dísil- og bensínbifreiða.

Við meðferð málsins fyrir nefndinni upplýstu fulltrúar Vegagerðarinnar að í nágrannalöndum okkar hafi að undanförnu farið fram umræður um hvernig fyrirkomulagi á uppbyggingu, viðhaldi og rekstri vegakerfis skuli háttað í framtíðinni og nauðsynlega gjaldtöku af umferð til að fjármagna þessa þætti. Sú stefna sé almennt ríkjandi að heppilegast sé að taka upp þjónustugjöld sem háð séu aksturseiginleikum og geta verið mismunandi eftir gerð ökutækis, ástandi vegar og tíma aksturs. Þau séu hins vegar óháð orkugjafa og orkunotkun viðkomandi bifreiðar. Fyrirhugað er að nota nýja gerð ökumæla sem nota GPS-tækni og senda upplýsingar um staðsetningu bifreiðar og ekna kílómetra um GSM-dreifikerfi. Þá kom fram að Evrópusambandið hafi sett sér ákveðinn tíma til stefnumótunar með það að markmiði að taka upp gjaldtöku af þessu tagi og hverfa frá sérmerktum eldsneytisgjöfum. Stefnt sé að innleiðingu þjónustugjalda í Evrópu eigi síðar en 1. janúar 2009 fyrir bifreiðar yfir 3,5 tonnum og 1. janúar 2011 fyrir allar bifreiðar.

Í kjölfarið ræddi nefndin ítarlega hvort innleiða ætti litun olíu þegar fyrir lægi að nýtt kerfi tæki við innan nokkurra ára. Enn fremur var rætt nokkuð um persónuvernd með hliðsjón af nýju mælunum. Niðurstaða 1. minni hluta var sú að hin nýja tækni væri ekki fullmótuð og óljóst hvernig hún muni reynast í Evrópu og því var haldið við þá stefnu frumvarpsins að taka upp litun olíu. Fyrsti minni hluti telur rétt að taka fram að litunin tekur ekki til skipagasolíu sem notuð er á kaupskipaflotann og öll stærri fiskiskip þar sem hún fellur ekki undir gjaldskyldusvið frumvarpsins sem afmarkað er í 1. gr.

Fyrsti minni hluti leggur ríka áherslu á þau jákvæðu þjóðhagslegu áhrif sem upptaka olíugjalds mun hafa í för með sér verði frumvarpið samþykkt. Líklegt þykir að samsetning bifreiðaflotans muni breytast og hlutur dísilbifreiða aukast í hlutfalli við bensínbifreiðar. Sú breyting muni leiða til minni eldsneytisnotkunar þar sem dísilbifreiðar séu sparneytnari og taldar valda minni koltvísýringsmengun en bensínknúnar bifreiðar. Einkum þykir æskilegt að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að vænlegri kosti fyrir einstaklinga vegna ofangreindra sjónarmiða. Núverandi skattkerfi verki hins vegar sem dragbítur á innflutning slíkra bifreiða þar sem fast árgjald þungaskatts af þeim sé svo hátt að til þess að reksturinn svari kostnaði verði árlegur akstur að vera svo mikill að einungis atvinnubílstjórar eða aðrir sem af einhverjum ástæðum keyra mjög mikið sjái sér hag í að reka slíka bíla.

Í 4. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, er að finna heimild fyrir endurgreiðslu þungaskatts til bænda. Verði frumvarpið samþykkt mun umrædd heimild falla brott. Leggur 1. minni hluti áherslu á að endurgreiðslurnar sem bændur hafa fengið á grundvelli laganna renni til þeirra í einhverju formi en samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu þessar endurgreiðslur 61 millj. kr. árið 2002 og meðalendurgreiðslur á hvern aðila 71 þús. kr. á ári.

Það má líka segja, herra forseti, að bændur hafi greitt samsvarandi upphæð, þ.e. 61 millj. í þungaskatt sem fellur þá niður.

Loks er það mat 1. minni hluta að ákvæði frumvarpsins leiði ekki til skerðingar á þjónustu við landsbyggðina.

Fyrsti minni hluti leggur til að gerðar verði nokkrar tæknilegar breytingar á frumvarpinu. Til dæmis er lögð til breyting sem kemur í veg fyrir að mismunun verði á rekstrarforsendum kranabifreiða og vörubifreiða með krana.

Þá er lagt til að endurgreiðsluhlutfall til almenningsvagna verði hækkað úr 70% í 80% og að þannig verði mætt þeirri kostnaðarhækkun sem strætisvagnar verða fyrir vegna frv.

Þá er lögð til tæknileg breyting samkvæmt ábendingu frá ríkisskattstjóra um að í stað orðanna „fyrir síðustu sex ár" komi: vegna síðustu tveggja ára. Þetta er einföld leiðrétting til að gæta lagasamræmis.

Loks er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði frestað um hálft ár til 1. júlí 2005 þannig að meiri tími vinnist til

að ganga frá setningu reglugerða og almenns undirbúnings í samráði við hagsmunaaðila.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálit þetta rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson, Dagný Jónsdóttir og Guðrún Inga Ingólfsdóttir.

[03:00]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Eftir þá umfjöllun sem málið hefur fengið í efnahags- og viðskiptanefnd telur annar minni hluti mikilvægt að frekari samanburður verði gerður á kostum og göllum þess að taka upp olíugjald og kílómetragjald í stað núgildandi kerfis og að kanna þurfi hvort væntanleg sé annars konar gjaldtaka, þ.e. afnotagjöld og umhverfisskattar, sem mögulegt er að framkvæma á einfaldan hátt með nútímatækni.

Annar minni hluti styður þann megintilgang frumvarpsins að gera dísilknúna smábíla að vænlegum kosti og þau grunnsjónarmið sem liggja þar að baki varðandi umhverfisvernd og orkusparnað. Hann telur þó sýnt að eins og málið liggur nú fyrir sé hæpið að þau markmið náist. Til þess er áætlaður verðmunur á dísilolíu og bensíni of lítill og kostnaður of mikill vegna litunar, flókins gjaldkerfis og fjárfestinga sem nauðsynlegar eru vegna kerfisbreytinganna. Annar minni hluti telur einnig að skoða þurfi nánar stöðu einstakra starfsstétta vegna álagningar olíugjalds, svo sem bænda og leigubílstjóra.

Samkvæmt frumvarpinu er munur á olíugjaldi og bensíngjaldi þrjár krónur. Miðað við það verður verðmunur á dísilolíu og bensíni of lítill að mati annars minni hluta til að upptaka olíugjaldskerfis í stað núverandi þungaskattskerfis geti virkað sem hvati á bíleigendur til að skipta úr bensínknúnum fólksbílum yfir í dísilknúna bíla. Dísilbílar eru flestir dýrari í innkaupum en samsvarandi bensínbílar. Fjárhagslegur ávinningur af því að skipta yfir í dísilbíl er því takmarkaður nema munur á verði dísilolíu og bensíns sé allnokkur. Af þessari ástæðu verður að leggja frekara mat á þann ávinning sem fyrirliggjandi frumvarp mun skila enda ólíklegt að það kerfi sem í því felst muni standa mjög lengi þar sem líklegt er að síðar verði tekin upp notkunargjöld af bifreiðum samhliða eða í stað gjalda af orkugjöfum.

Gestir sem komu á fundi nefndarinnar töldu sýnt að kostnaður olíufyrirtækja hér á landi við að koma á litun olíu og að byggja upp dreifikerfi yrði um 300 millj. kr. en olíufélögin telja að þann kostnað verði fyrirtækin að sækja til notenda. Það er því mikilvægt að mati annars minni hluta að ekki verði ráðist í kerfisbreytingarnar nema ljóst sé að þær standi í allmörg ár. Þá telur annar minni hluti að gefa verði þessum aðilum tíma til 1. janúar 2006 til að skipuleggja og innleiða breytingarnar en ljóst má vera að ef þær þarf að framkvæma á of skömmum tíma ýtir það klárlega undir aukinn kostnað af kerfisbreytingunum.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Vegagerðarinnar og kynntu nýja gerð akstursmæla sem þróaðir hafa verið hérlendis og sjónarmið sem fram eru komin innan Evrópusambandsins um að heppilegra sé að innheimta svonefnd notendagjöld í stað bensín- og olíugjalda. Notendagjöld eru háð vegalengd aksturs, stærð bifreiðar og hugsanlega tíma og stað en óháð orkugjafa og orkunotkun viðkomandi bifreiðar. Annar minni hluti telur mikilvægt að Íslendingar fylgist vel með þeirri viðhorfsbreytingu sem er að verða varðandi gjaldtöku af bifreiðum og nýti sér til fulls möguleika á að verða í fararbroddi í tækni og þróun reglna á þessu sviði. Hér á landi hefur verið þróaður gjaldmælir sem setja má í bíla og hann skráir með hjálp GPS-tækni upplýsingar um akstur sem síðan má sækja með GSM-símasambandi. Þessa tækni telur annar minni hluti að hefði þurft að skoða frekar áður en litun olíu og olíugjaldi er hrundið í framkvæmd.

Með þessari nýju tækni mætti innheimta á einfaldan hátt notkunargjöld af bifreiðum fyrir hvern ekinn kílómetra en mengunargjöld mætti innheimta af verði eldsneytis. Samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fyrir nefndina hefur Evrópusambandið sett það markmið að farið verði að taka slíkt gjald árið 2011 af öllum bifreiðum en árið 2009 af bifreiðum sem eru þyngri en 3,5 tonn. Annar minni hluti telur að þetta hefði átt að skoða nánar.

Annar minni hluti telur mikilvægt að kannað verði betur hvaða áhrif álagning olíugjalds mun hafa á einstakar atvinnugreinar og metið hvernig staða þeirra sem verst verða úti verði bætt. Þar verður að skoða sérstaklega stöðu bænda og leigubílstjóra. Leggur annar minni hluti til að það verði eitt af verkum sérstakrar þingnefndar að skoða þessa þætti.

Ein meginröksemdin fyrir framlagningu málsins er að núgildandi þungaskattskerfi brjóti í bága við markmið samkeppnislaga. Í ljósi þessa undrast annar minni hluti að hvergi er sjáanlegt að nokkurt samráð hafi verið haft við Samkeppnisstofnun við gerð frumvarpsins. Í umsögnum hafa komið fram efasemdir um að frumvarpið standist samkeppnislög.

Annar minni hluti gagnrýnir hve seint málið er fram komið á þingi. Um er að ræða stórt mál sem mun snerta alla landsmenn á einn eða annan hátt og góð og ítarleg umfjöllun í þinginu því mikilvæg. Þrátt fyrir þetta leggur ráðherra málið ekki fram fyrr en undir lok þings. Annar minni hluti telur að ef málið hefði komið fyrr fram hefði nefndin getað skoðað það út frá mun víðara samhengi, t.d. mati á tollum og vörugjöldum af bifreiðum og öðrum leiðum sem fara mætti til að ná fram þeim markmiðum sem liggja að baki. Ljóst er að margt verður að skoða í tengslum við þetta mál, m.a. hvernig halda má flutningskostnaði niðri en álögur á landflutninga hafa aukist á undanförnum árum þrátt fyrir loforð stjórnvalda um annað. Þá verður að skoða nánar áhrifin á tekjur Vegagerðarinnar verði frumvarpið að lögum en þar greinir ráðuneyti og Vegagerðina á.

Annar minni hluti leggst þó ekki gegn málinu en leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og hvetur til þess að það verði skoðað nánar áður en það kemur til framkvæmda.

Annar minni hluti leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að önnur ákvæði en ákvæði um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2006. Mikilvægt er að bæði framkvæmdarvaldi og sölu- og dreifingaraðilum olíu verði gefinn tími til 1. janúar 2006 til undirbúnings enda um allflókna og kostnaðarsama framkvæmd að ræða.

2. Að breytt verði 4. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, á þann hátt að þungaskattur af bifreiðum undir 4.000 kg verði lækkaður. Þannig verði minni dísilbílar gerðir að álitlegri kosti til einkanota. Einnig er lagt til að

árgjald af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, verði 35% hærra en nú er það 25% hærra.

3. Að tekið verði fram í 10. mgr. b-liðar 4. gr. sömu laga að ríkisskattstjóra sé heimilt að byggja ákvörðun um þungaskatt á lestri af kílómetramæli bifreiðar. Mælar bifreiða sem framleiddar eru í dag eru nákvæmir og teljast jafntryggir og aðrar gerðir mæla og því ekki ástæða til annars en heimila að þá megi nota við álagningu gjalda.

4. Að Alþingi skipi nefnd skv. 32. gr. þingskapa sem fái það verk að fara yfir málið í samhengi við hugsanlega upptöku notendagjalda og umhverfisskatta í nánustu framtíð. Þá skoði nefndin og komi fram með tillögur um hvernig má bæta stöðu þeirra atvinnugreina sem málið hefur neikvæð áhrif á. Nefndin gefi Alþingi skýrslu um störf sín á fyrsta starfsmánuði 131. þings og leggi fram tillögur um breytingar á lögum telji hún þörf á slíku.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir álit 2. minni hluta efh.- og viðskn. rita auk mín hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

[03:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. en gera orð hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að mínum. Ekki verður sagt að neinn grundvallarágreiningur hafi verið í efh.- og viðskn. um málið þótt nefndin hafi klofnað. Málið hefur lengi verið í smíðum og veltu menn því fyrir sér hvort fara ætti fram með það eður ei. Sífellt voru að koma fram nýjar upplýsingar, m.a. um tæknibreytingar og um hvað væri á döfinni í Evrópu og innan Evrópusambandsins, en eins og fram kom í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar þá ætla menn að árið 2011 verði komnir mælar í alla bíla og skattur innheimtur með því móti. Reyndar er hægt að fara tvær leiðir, annars vegar að taka skattlagninguna í gegnum eldsneytið og hins vegar í gegnum ekna kílómetra. Annað væri þá hugsað sem umhverfisskattur, hitt sem notendagjald á veginn.

Talið er mjög líklegt að innan skamms, eins og ég segi, verði komnir mælar í bíla. Mér finnst það vera hálfóhugnanleg tilhugsun, ekki síst vegna þess að hægt er að föndra mikið með slíka mæla, haga gjaldtöku óöruvísi á nóttu en degi, (**Gripið fram í:** Fylgjast með því hvert þeir fara.) að hægt er að fylgjast með því hvert menn fara. Það verður hægt að gera það. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég hallast fremur að því að innheimta slíka skatta í gegnum eldsneytið, í og með vegna þessa. Mér finnst það enn einn liðurinn í því að auka eftirlit með þegnunum að fylgjast með því hvernig þeir haga sínum ferðum.

Eins og hér kom fram er í brtt. okkar að finna þrjá meginþætti. Í stað þess að lögin taki gildi 1. júlí árið 2005 gerum við ráð fyrir því að þau taki gildi 1. janúar árið 2006. Við viljum skipa nefnd sem fari ítarlega í saumana á hugsanlegum valkostum. En á þeim tíma sem líður þar til lögin tækju gildi, 1. janúar 2006, viljum við þrepa niður þungaskatt á litla bíla þannig að sú kerfisbreyting kæmi til með að auðvelda fólki að kaupa dísilknúna smábíla.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég geri orð hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að öðru leyti að mínum.

[03:12]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Nú ræðum við frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Um það hefur svo sem mikið verið rætt. Töluverð umræða var við 1. umr. og þarf því ekki mikið að ræða það nú við 2. umr., allra síst á síðustu nótt sem eftir lifir af þingstörfum. Klukkan er korter yfir þrjú að nóttu til.

Ég verð að segja það alveg eins og er að í mínum huga hefur þetta mál ekkert skánað. Ég tel að við eigum ekki að stíga þessi skref og taka upp olíugjöld. Ég spái því að þegar stjórnarmeirihlutinn verði búinn að samþykkja þetta þá eigi margt eftir að koma á daginn og menn eigi kannski eftir að breyta þessum lögum mikið eða jafnvel að taka þau í hantéringu eins og hefur verið gert undanfarin ár, þ.e. að fresta gildistöku þeirra og enda svo með því að fella þau úr gildi.

Ný tækni er nefnd í álitum bæði 1. minni hluta og 2. minni hluta. Út af fyrir sig er mjög athyglisvert að ekki skuli vera meiri hluti í efh.- og viðskn. fyrir málinu. Það er sem sagt verið að tala um nýja tækni sem eigi að taka upp í Evrópu 2009 fyrir smábíla og einkabíla og 2011 fyrir stærri, eða öfugt. (Gripið fram í.) Það skiptir nú kannski ekki öllu máli.

Ég verð að segja alveg eins og er, að ég er ákaflega skotinn í hinni nýju tækni sem er að ryðja sér til rúms og er hönnuð á Íslandi. Ég vil taka það skýrt fram að ég held að það hefði átt að skoða hana miklu betur. Ég vænti þess að það verði gert vegna þess að 1. minni hluti leggur til að ríkisstjórnarmeirihlutinn samþykki að seinka gildistökunni til 1. júlí 2005. Fram að því gefst vonandi tími til að skoða málið. Það er í raun arfavitlaust að taka upp olíugjald, með þeim mikla tilkostnaði sem því fylgir, nú árið 2004 fyrst við vorum ekki búin að því fyrir fimm, sex eða jafnvel tíu árum. Af hverju, virðulegi forseti, bíðum við ekki og skoðum þetta frekar?

Það er alvarlegt mál að með olíugjaldsfrumvarpinu er búið til olíugjald og þungaskattur eða kílómetragjaldið reiknað út frá þeim tekjum sem ríkissjóður hefur í dag. Fyrst skoða menn hvað ríkissjóður hefur í skatt af umferð slíkra farartækja og svo er búinn til gjaldstofn til að fá sömu tekjur inn. Þar með eru festir í sessi hinir svimandi háu skattar sem teknir eru af umferð. Þá á ég sérstaklega við það sem ég hef oft rætt um, en ekkert orðið ágengt með gagnvart hæstv. ríkisstjórn nema í loforðum stjórnarflokkanna rétt fyrir kosningar, þ.e. hin háu flutningsgjöld. Talið er að þau hafi hækkað um 40–45% frá árinu 1998, þ.e. gjaldbyrði þungaskatts. Það hefur ekki verið vefengt og kemur fram í þeim gögnum sem nefndinni bárust, í fylgiskjölum og umsögnum.

Gera má ráð fyrir að olíuverðið verði 95 kr. þegar allt er komið til, olíugjaldið og útsöluverð. Þar með er allt of lítill munur á bensínverði og olíuverði. Þá stendur líka annað eftir en sparneytnari bílar sem eyða minni olíu. Á móti kemur að það eru dýrari bílar. Mér hefur fundist sem aðalástæðan fyrir því að flytja þetta mál sé að menn vilji gera litla dísilbíla vænlegri kost fyrir Íslendinga. Ég verð í því samhengi að ítreka og fagna að komið skuli í þingskjal frá 2. minni hluta nefndarinnar tillaga sem ég hef áður talað fyrir á Alþingi, m.a. þegar þetta mál var flutt, þ.e. að búa til nýja gjaldflokka fyrir smábílana eins og gert er ráð fyrir í brtt. 2. minni hluta. Að mínu mati, herra forseti, ættum við fremur að gera eitt-

hvað slíkt núna. Við ættum að samþykkja slíka breytingu. Þá mundum við opna fyrir að sparneytnir bílar, sem við getum séð um alla Evrópu og eyða 5–6 lítum á hundraðið eða eitthvað slíkt, kæmu á markaðinn og yrðu vænlegur kostur. Það er, virðulegi forseti, engin sanngirni í því að sá sem kaupir nettan fólksbíl sem er jafnvel undir 1 tonni að þyngd borgi sama gjald og 2–3 tonna jeppi. Það er ekki sanngjarnt og ósköp eðlilegt að takmörkuð eftirspurn hafi verið eftir slíkum bílum.

Breytingartillögur 2. minni hluta eru mjög skynsamlegar varðandi litlu bílana. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að því miður rötuðu þær ekki í frv. 1. minni hluti gat ekki samþykkt þær tillögur og ríkisstjórnarmeirihlutinn álpast, ef ég má nota það orð, til að láta hitt bíða meðan skoðuð væri hin nýja tækni sem ég hef gert að umtalsefni. Ef slík tækni væri komin í flutningabíla eða önnur ökutæki sem flytja vörur og farþega þá væri hægt að koma til móts við þá flutningsaðila til að m.a. lækka flutningsgjöld í stað þess að taka upp flókið flutningsjöfnunarkerfi, sem hæstv. iðnrh. talar stundum um, ég ætla ekki að segja blaðra um, á tyllidögum og rétt fyrir kosningar. Með það hefur hins vegar ekkert verið gert eins og margoft hefur komið fram. Við þingmenn höfum t.d. ekki haft tækifæri til að ræða það mál.

Væri slík tækni innleidd þá væri t.d. hægt að ákveða tiltekið næturgjald fyrir flutningabíla til að keyra vörur til og frá höfuðborginni. Það gæti verið hálft gjald eða eitthvað í þá veru. Þar að auki væru þeir ekki á þjóðveginum þegar umferð smábíla er mest og auka þar með umferðaröryggi. Þetta hefur ekki ratað inn og er ekki skoðað. En í tillögum 2. minni hluta er lagt til að þetta verði skoðað betur, gildistökunni verði frestað og að nefnd fari yfir þessi gögn. Það væri í takt við annað ef þetta olíugjald og kílómetragjald mundi enn einu sinni gerbreytast áður en það tekur gildi. Það er ekkert útilokað miðað við frv. sem stjórnarmeirihlutinn ætlar að samþykkja á morgun.

Virðulegi forseti. Það hefur verið gagnrýnt hve seint frv. var fram komið. Við heyrðum að því er mig minnir af því að á haustdögum hafi hæstv. fjmrh. lagt málið fyrir ríkisstjórnina. Hann fékk það samþykkt þar en það kom síðan seint til Alþingis. Það kom mjög seint fram. Vegna hvers var það? Jú, virðulegi forseti, það mætti mikilli andstöðu í stjórnarflokkunum og kom þess vegna seint fram. Samkvæmt þeim gögnum sem ég hef séð um fyrstu drög að málinu, af því að þetta er alltaf að koma fram og hefur ekkert voðalega mikið breyst, þá var breytingin sú að olíugjaldið var hækkað um nokkrar krónur. Það var niðurstaðan.

Það versta við olíugjaldið sem á að taka upp er að menn ætla að vera með sérkerfi fyrir ökutæki sem eru þyngri en 10 tonn, þá á að vera þungaskattur líka og tvöfalt kerfi. Margir hafa mótmælt því að gera þetta þannig, t.d. Samtök iðnaðarins, þ.e. hinu tvöfalda kerfi. Þegar menn kaupa sér olíu borga þeir um 45 kr. í olíugjald og keyra svo bílinn sinn og tengivagninn en borga þar að auki kílómetragjald í hinu tvöfalda kerfi. Af hverju er þetta tvöfalda kerfi sett upp? Jú, það þurfti að búa til eitthvað kerfi til að ná í jafnmikla peninga og blóðmjólkað hefur verið af þeim sem keyra dísilbíla, sérstaklega flutningabílana. Menn reyna að ná sömu peningum inn á annan hátt sem er mjög alvarlegt mál.

Í viðbót kemur sá ókostur að kerfið hækkar mjög álögur á vissa aðila, t.d. á leigubíla. Komið hefur fram að þar verði mjög mikil hækkun en menn geta kannski sagt á móti að leigubílstjóri sem hefur keyrt allt að 100 km á ári hafi ekki verið að borga voðalega háan þungaskatt. Eins og hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. þá yrði slík hækkun á leigubíla að fara út í verðlagið og gjöld þeirra hækka. Það mun vafalítið gerast í þessum efnum. Vörubílar eru taldir eitthvað um 500 talsins. Þeir munu fara mjög illa út úr þessari breytingu og verða fyrir talsverðri hækkun. Það fer að vísu dálítið mikið eftir því hvernig bílarnir eru, þyngd og öðru slíku en það mun hafa áhrif á margan hátt. Vörubílar eru mikið notaðir við húsbyggingar og annað. Ef við tökum dæmi af ungu fólki sem er að byggja sér hús þá mun þetta hækka þau gjöld mikið, eins og kom reyndar fram í umsögn hjá landssambandi vörubílstjórafélaga.

Það er ekki bara landsbyggðarfólk sem fær höggið af staðfestingunni á þeim miklu sköttum sem flutningastarfsemi greiðir til ríkissjóðs. Það er ekki bara almenningur sem finnur fyrir því í hærri flutningsgjöldum. Vegna hærri flutningsgjalda á vörum til og frá skekkist enn og aftur samkeppnishæfni fyrirtækja.

Tökum sem dæmi, eitt gott dæmi. Hvers vegna skyldi ýmiss konar rekstur, t.d. svínabú, kjúklingabú og eggjaframleiðsla að mestu kominn yfir á höfuðborgarsvæðið? Af hverju gengur ekki að reka kjúklingabú á Dalvík? Það þarf að loka þeirri starfsemi og færa hana suður til Reykjavíkur. Flutningskostnaðurinn er mjög stór þáttur í gjöldum þessara fyrirtækja. Þau eru einfaldlega að minnka hann með því að færa starfsemina suður.

Á Akureyri eru, svo ég taki fleiri dæmi, mikil og öflug kjötiðnaðarfyrirtæki, þ.e. Norðlenska og Kjarnafæði, með mjög mikla vinnslu á góðum afurðum. Sú framleiðsla fer að stærstum hluta hingað á höfuðborgarsvæðið. Skyldu menn trúa því að tveir eða jafnvel þrír flutningabílar keyra á hverri nóttu með þá vöru suður? Kannski eru þeir einmitt á þessari stundu að nálgast höfuðborgarsvæðið, í Borgarfirði um hálffjögurleytið um nótt á leiðinni suður með framleiðslu áðurnefndra fyrirtækja. Þessi tvö fyrirtæki greiða rúmar 100 millj. kr. í flutningskostnað á ári. Sé það virkilega rétt sem ekki hefur verið sagt, það hefur ekki verið vefengt, að 50 millj. kr. af því renni beint í ríkiskassa hæstv. fjmrh., þá eru þetta náttúrlega hrikalegir blóðpeningar og ekki til að efla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni.

Olíugjaldið mun líka hafa þann ókost í för með sér að veðurfar, færð, fjöll og þess háttar, munu auka tekjur ríkissjóðs. Sé mikill mótvindur á fullan flutningabíl með fullan tengivagn sem keyrir mikið yfir fjalllendi og lendir í ófærð þá eyðir sá bíll miklu meiri olíu og borgar hærra olíugjald til ríkissjóðs. Ein af röksemdafærslunum í frv. fyrir því að taka þetta upp er bílarnir verði keyrðir á skikkanlegum hraða til að stilla olíunotkun sem best af þannig að bílarnir okkar eyði sem minnstri olíu. Í því dæmi sem ég tiltek hér munu gjöldin verða hærri og auka tekjur ríkissjóðs.

Inn í þetta blandast alltaf það sem ég nefndi áðan, þ.e. loforð ríkisstjórnarinnar. Ráðherra byggðamála hefur margoft skýrt frá því að jafna eigi aðstöðumuninn milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Falleg skýrsla var gefin út af samgrn. í janúar 2003. Hún er reyndar ekki merkt með kosningastimpli Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta var ekki hefðbundinn bæklingur sem gefinn var út af því tilefni en þó næstum því. Honum var mikið flíkað í kosningabaráttunni í umræðu um flutningskostnaðinn. Allt átti að bjargast eftir kosningar en ekkert bólar á efndum þeirra loforða.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að þetta væri tapað stríð. Stjórnarmeirihlutinn er ákveðinn í að keyra þetta mál í gegn

og fá það samþykkt. Ég vona að miklar breytingar verði á málinu og kannski komi frestunartillaga með hliðsjón af hinni nýju tækni sem ég nefndi áðan. Kannski verða lögin felld úr gildi.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara í gegnum allan þann kostnað sem fylgir olíugjaldskerfinu, litunarkerfinu. En til að halda því til haga, vegna þess að rætt hefur verið um tekjurnar sem stilltar voru af inni í þessu, þá hafa skattar af umferð tvöfaldast á Íslandi í ríkisstjórnartíð hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Þeir hafa farið úr 16,3 milljörðum kr. 1991 í 33 milljarða kr. árið 2004. Þetta er Evrópumet eins og komið hefur fram í blaði Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Helmingurinn af þessum 33 milljörðum kr., sköttum af umferð, rennur til samgöngumála. Það er allt og sumt. Hitt rennur allt í ríkissjóð og hefur hreiðrað þar um sig í útgjöldum hans til að standa straum af annarri starfsemi. Það er það sem menn kalla stundum blóðpeninga. Þess vegna skilur maður ekki hvers vegna það gengur svo illa að búa til tillögur til að fara að vinna úr þessum óréttláta skatti sem þungaskatturinn er, og olíugjaldið verður ekkert betra. Þetta festist allt saman í sessi.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að ræða um landsbyggðarfólk sem mun ekki geta nýtt sér þann kost sem er talinn upp helstur í þessu frv., þ.e. að geta keypt sér litla sparneytna bíla. Það er svo með okkur landsbyggðarmenn að við þurfum að eiga stóra og öfluga bíla til að ferðast um, einkum á veturna. Þetta mun hafa töluverða hækkun í för með sér fyrir einstakling sem á jeppa og keyrir í kringum 30 þús. km á ári sem er ekkert óalgengt. Þetta hefur mikla hækkun í för með sér fyrir þá aðila.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, er klukkan hálffjögur síðustu þingnótt vorsins. Mál verða keyrð í gegn á morgun og þingi á að ljúka um kvöldmatarleytið — það er reyndar í dag, já, það er kominn nýr dagur. Það er auðvitað táknrænt fyrir þetta mál, staðfesting á því hvað það kom seint inn og þá gagnrýni sem hér kemur fram í nál. 2. minni hluta. Ekki hefur gefist nægur tími til að fara í gegnum þetta og hefði þurft að skoða málið betur, ítarlegar, fara betur í það með tilliti til þessarar nýju tækni sem hér hefur verið fjallað um. Það er auðvitað mjög eðlilegt í því ljósi að þetta sé gert að nóttu til síðasta daginn og að frv. verði gert að lögum einhvern tíma rétt fyrir kvöldmat á morgun.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, og viðurkenni það fullkomlega að þau andmæli sem ég hef fært fram í þessu máli hafa ekki ratað inn til stjórnarmeirihlutans. Landsbyggðarmenn sem tilheyra ríkisstjórnarflokkunum hefðu átt að skoða málið betur og koma í veg fyrir að það færi í gegn, gera miklu meiri breytingar á því og skoða það betur. Mér finnst t.d. alveg merkilegt að í nál. 1. minni hluta þar sem sitja þrír fulltrúar Sjálfstfl. sem allir eru úr Reykjavíkurkjördæmi, af höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Pétur Blöndal, Birgir Ármannsson og Guðrún Inga Ingólfsdóttir, ásamt með einum fulltrúa landsbyggðarkjördæmis, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur úr Norðaust., skuli allir skrifa upp á að það sé eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Loks er það mat 1. minni hluta að ákvæði frumvarpsins leiði ekki til skerðingar á þjónustu við landsbyggðina."

Ég get ekki ímyndað mér hvernig hægt er að setja þetta á blað, virðulegi forseti, og verð að gera athugasemdir við það og kannski spyrja fyrst og fremst hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur út í þetta ákvæði vegna þess að hún er hér í sal. Ég spyr t.d. hvort það verði þannig að bændur og búalið muni hafa jafnmikla og -góða þjónustu eins og þeir hafa í dag við olíutanka sína og annað slíkt. Ég leyfi mér að efast um að allir bændur muni fá tvo tanka, annan fyrir litaða olíu og hinn fyrir ólitaða. Það mun þá fylgja bændum að keyra töluvert langa leið til að ná sér í litaða olíu, ég tala ekki um allt eftirlitskerfið sem þessu fylgir.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki segja að ég nenni ekki að fjalla meira um þetta mál. Það er samt næstum því tilgangslaust. (**Gripið fram í:** Ráðherrann hlustar vel ...) Já, ráðherrann hlustar vel og ég vil auðvitað taka það fram í lokin, kl. hálffjögur að nóttu, og ég hef sagt það áður um hæstv. fjmrh. Geir Haarde að aðrir ráðherrar mættu taka sér hann til fyrirmyndar, sitja hér yfir málum jafnvel kl. hálffjögur að nóttu eða hlusta á þau mál sem undir hans ráðuneyti heyra og hann hefur flutt. Ég vil sérstaklega þakka fyrir það þó að ég sé óánægður með að hafa ekki getað snúið ráðherra frá því að gera þetta svona með rökum mínum miðað við það, eins og ég sagði áðan, að við erum komin fram til 2004. Öðruvísi hefði horft við ef þetta hefði komið fram fyrir 10 árum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að nefna tvö atriði úr 19 lína byggðaáætlun hæstv. ríkisstjórnar. Í 4. og 5. línu þeirrar þál. segir svo, með leyfi forseta, þ.e. að meginmarkmið áætlunar verði eftirfarandi: „Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði."

Ég tel að þetta frv. geri það ekki, engan veginn. Í síðustu þremur línunum, sem sagt línum 17, 18 og 19, er sagt um meginmarkmið byggðaáætlunar, með leyfi forseta: „Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi." — Eins og segir þarna í fyrstu línu gengur þetta frv. líka þvert á það. Það verður að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að frv. mun ekki leiða til þess að atvinnurekstur á landsbyggðinni dafni. Tökum bara fiskflutninga sem dæmi eða hvað sem við viljum gera, flutning á hrávöru frá uppskipunarhöfninni í Reykjavík út á land til vinnslu og framleiðslu og hingað suður svo á hið stóra markaðssvæði. Ég óttast að þetta muni íþyngja frekar rekstri þessara fyrirtækja.

Rétt fyrir kosningar dreifði iðnrn. í Háskólanum á Akureyri mikilli og góðri skýrslu sem heitir „Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni". Mér er annt um eintakið mitt vegna þess að ég er búinn að strika mikið í það en ef ég hefði verið með nýtt eintak hefði ég endað ræðu mína með því að gefa hæstv. fjmrh. eitt slíkt. Ég geri þó ráð fyrir að Stjórnarráðið hafi keypt nokkur eintök af skýrslunni og að þau sé að finna í öllum ráðuneytum.

Virðulegi forseti. Nú er ég búinn með akkúrat 25 mínútur og þar sem ég sit í sæti nr. 25 og bý á Laugarvegi 25 á Siglufirði er ég hættur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–15., 19., 22., 29.–32. og 34.–42. mál.

Fundi slitið kl. 03:39.

130. FUNDUR

föstudaginn 28. maí,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Náttúruverndaráætlun 2004–2008, stjtill., 477. mál, þskj. 716, nál. 1631. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336, nál. 1719, 1771 og 1784, brtt. 1720 og 1785. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337, nál. 1721, 1770 og 1786, brtt. 1722, 1787 og 1829. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193, nál. 1755 og 1801, brtt. 1756. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194, nál. 1753 og 1802, brtt. 1754. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665, nál. 1761 og 1799. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677, nál. 1762 og 1783. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306, nál. 1708 og 1763, brtt. 1709 og 1764. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, stjfrv., 855. mál, þskj. 1810. — 3. umr.
14. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 341. mál, þskj. 1811. — 3. umr.
15. Tónlistarsjóður, stjfrv., 910. mál, þskj. 1382. — 3. umr.
16. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, stjfrv., 652. mál, þskj. 969. — 3. umr.
17. Eiturefni og hættuleg efni, stjfrv., 877. mál, þskj. 1335. — 3. umr.
18. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 876. mál, þskj. 1812. — 3. umr.
19. Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, stjfrv., 564. mál, þskj. 1813. — 3. umr.
20. Lyfjalög, stjfrv., 880. mál, þskj. 1806. — 3. umr.
21. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 1004. mál, þskj. 1769. — 3. umr.
22. Almenn hegningarlög, frv., 1002. mál, þskj. 1758. — 3. umr.
23. Loftferðir, stjfrv., 945. mál, þskj. 1820. — 3. umr.
24. Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, stjfrv., 947. mál, þskj. 1821. — 3. umr.
25. Umferðarlög, stjfrv., 464. mál, þskj. 1822. — 3. umr.
26. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stjfrv., 868. mál, þskj. 1826. — 3. umr.
27. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715. — 2. umr.
28. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716. — 2. umr.
29. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117, nál. 1693, brtt. 1757. — 2. umr.
30. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350, nál. 1717, brtt. 1718. — 2. umr.
31. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019, nál. 1752. — 2. umr.
32. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 881. mál, þskj. 1339, nál. 1805. — 2. umr.
33. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.
34. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333, nál. 1711. — 2. umr.
35. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Síðari umr.
36. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1814, brtt. 1827 og 1831. — 3. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

Raforkulög, 2. umr.

Stjfrv., 740. mál (flutningur raforku, gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715.

[09:01]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í marsmánuði fyrir u.þ.b. tveimur mánuðum var vísað til iðnn. frv. til laga um breytingu á raforkulögum sem samþykkt voru á síðasta þingi eða öllu heldur á síðasta ári, á síðasta þingi fyrir alþingiskosningar. Í þeim lögum var frestað gildistökuákvæði III. kafla laganna um flutning raforku og skipuð milliþinganefnd til þess að vinna að því að útfæra þann hluta laganna og skila áliti, sem hún gerði nú á þessu ári. Frv. er samið eftir umfjöllun nefndarinnar og á grundvelli álits meiri hluta hennar.

Í stuttu máli eru helstu efnisatriði frv. þau að í fyrsta lagi fjallar það um flutningskerfið, skilgreinir það. Meginskilgreiningin er sú að kerfið nái til þeirra háspennulína og tengivirkja sem nú eru á 66 kW spennu eða meira, og í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir að flutningskerfið nái inn fyrir mörk þéttbýlis. Þetta eru meginlínurnar þótt þær séu ekki án undantekninga í þessu tilviki eins og í mörgum öðrum.

Í öðru lagi er mælt fyrir um flutningsfyrirtækið, það fyrirtæki sem á að annast flutning raforku um landið, og lagt er til að stofnað verði sérstakt hlutafélag, Landsnet hf. sem verði í fyrstu í eigu ríkisins og mælt síðan nánar fyrir um hvernig standa skuli að því.

Í þriðja lagi er kveðið á um gjaldskrána fyrir flutninginn og lagt er til að sama gjald verði greitt til flutningsfyrirtækisins fyrir úttekt á raforku frá öllum afhendingarpunktum. Sérstök gjaldskrá verður hins vegar fyrir stórnotendur.

Í fjórða lagi er mælt fyrir um gjaldskrá dreifiveitna þeirra fyrirtækja sem taka við rafmagninu frá flutningsfyrirtæki og dreifa því áfram og lagt er til að sú meginregla verði að hver dreifiveita hafi eina gjaldskrá en þó getur dreifiveitufyrirtækið óskað eftir því og fengið samþykkta sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli þannig að það geti verið ein gjaldskrá fyrir dreifiveitur í þéttbýli og önnur fyrir dreifbýlið. Fyrir því er sú forsenda að viðkomandi dreifiveita geti sýnt fram á hærri kostnað við dreifinguna í dreifbýlinu.

Í fimmta lagi er mælt fyrir um arðsemi flutningsfyrirtækisins og dreifiveitunnar eða dreifiveitnanna, þ.e. það er skilgreint nánar hversu mikilli arðsemi þau geta gert ráð fyrir í rekstri sínum og gjaldskrá og það eru settar ákveðnar takmarkanir á því eins og nánar er kveðið á um í frv.

Í sjötta lagi er kveðið á um að gildistaka frv. verði 1. janúar 2005 og í sjöunda lagi er kveðið á um endurskoðun laganna og að skipuð verði sérstök nefnd til þess, ráðherra skipi hana, og endurskoðuninni ljúki fyrir árslok 2010, og í öðru lagi að ráðherra leggi fram skýrslu um raforkumálefni á fjögurra ára fresti.

Þetta eru helstu efnisatriði frv. sem iðnn. fékk til umfjöllunar.

Nefndin hefur lokið athugun sinni á þessu máli og skilaði af sér 14. maí nál., sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Pétur Örn Sverrisson og Helga Bjarnason frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Tryggva Þór Haraldsson og Eirík Briem frá Rarik, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða, Guðmund Þóroddsson og Hjörleif Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Friðrik Sophusson, Bjarna Bjarnason og Edvard G. Guðnason frá Landsvirkjun, Eirík Bogason og Friðrik Sophusson frá Samorku, Valdimar K. Jónsson frá Neytendasamtökunum, Júlíus Jónasson frá Hitaveitu Suðurnesja, Þórð Guðmundsson frá flutningssviði Landsvirkjunar, Pál Hannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Franz Árnason frá Norðurorku hf., Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Þórólf Árnason, Hjörleif Kvaran og Eirík Hjálmarsson frá Reykjavíkurborg, Guðmund Benediktsson frá Hafnarfjarðarbæ, Ólaf Eggertsson, Birki Friðbertsson og Birki Þór Guðmundsson frá Félagi raforkubænda, Jón Þór Sturluson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Egil B. Hreinsson frá verkfræðideild Háskóla Íslands og Lárus Finnbogason frá Deloitte.

Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Orkustofnun, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samorku, Bændasamtökum Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Rafmagnsveitum ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Byggðastofnun, Reykjanesbæ, Landssamtökum raforkubænda, Alcan á Íslandi hf., Alþýðusambandi Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjun, Norðurorku, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Málið var unnið samhliða frumvarpi til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (747. máli) og frumvarpi til laga um stofnun Landsnets hf. (737. máli).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á III. kafla raforkulaga um flutning sem varða afmörkun flutningskerfisins, stofnun og rekstur flutningsfyrirtækis, gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu raforku og loks viðmiðanir um arðsemi og tekjuramma orkufyrirtækja.

Í gildandi lögum var gildistöku flutningskaflans frestað með ákvæði til bráðabirgða VII til 1. júlí 2004 en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það bráðabirgðafyrirkomulag sem gilt hefur gildi fram til 1. janúar 2005. Samkvæmt ákvæðinu var skipuð 19 manna nefnd sem gera átti tillögu um fyrirkomulag raforkuflutnings, stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess og kerfisstjórnun skyldi háttað svo að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni væri sem best tryggð. Einnig átti nefndin að móta tillögur um hvernig jafna ætti kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Frumvarpið byggist á vinnu nefndarinnar og áliti meiri hluta nefndarinnar.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum. Sérstaklega hefur verið fjallað um arðsemi, arðsemiskröfur, tekjumörk orkufyrirtækja og mat á verðmæti flutningsvirkja. Upplýst var að verðmat flutningsvirkja, arðsemiskröfur orkufyrirtækja og áhrif þessara þátta á tekjumörk munu skipta sköpum um það hvort gjald fyrir flutning og dreifingu raforku tekur breytingum þegar lögin koma að fullu til framkvæmda. Margir gestir hafa lýst yfir áhyggjum af þessum óvissuþáttum.

Í b-lið 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða XI) er kveðið á um skipun samninganefndar sem fer með mat á flutningsvirkjum. Í nefndinni skulu eiga sæti eigendur þeirra. Ef ekki næst samstaða í þeirri nefnd skal ráðherra skipa sérstaka matsnefnd sem meta skal verðmæti einstakra flutningsvirkja að kröfu eigenda þeirra. Leggur iðnaðarnefnd til breytingu á bráðabirgðaákvæðinu, varðandi mat á verðmæti flutningsvirkja, sem felur í sér að samninganefndin taki við verðmat einstakra flutningsvirkja tillit til og dragi frá sérstök framlög sem veitt hafa verið til rafvæðingar úr opinberum sjóðum til fjárfestingar og uppbyggingar. Með opinberum sjóðum er m.a. átt við greiðslur sem komið hafa úr ríkissjóði, sveitarsjóðum og öðrum sjóðum sem notið hafa opinberra framlaga til fjárfestingar og uppbyggingar kerfisins. Þann stofnkostnað hafa þessir opinberu sjóðir nú þegar greitt og telur nefndin þess vegna eðlilegt að við mat á flutningsvirkjunum verði tekið tillit til þeirra.

Nefndin leggur áherslu á að fylgst verði vandlega með verðmyndun og þróun raforkukerfisins sem og öryggisþáttum og leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að ráðherra skuli skila skýrslu til Alþingis um raforkumál á tveggja ára fresti í stað fjögurra.

Lagt er til að tekin verði upp í lögin skilgreining á tekjumörkum en þau tilgreina hámark leyfilegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Orkustofnun hefur það hlutverk að ákveða tekjumörkin. Með því að hafa stjórn á leyfðum tekjum, og þar með gjaldskrá fyrirtækjanna, fremur en að stýra einvörðungu með því að setja mörk á leyfðan arð hafa fyrirtækin hvata til að hagræða umfram þá hagræðingarkröfu sem sett er með tekjumörkunum. Hagræðingin getur leitt til lækkunar á gjaldskrá og mun það bæði gerast með þeirri hagræðingu sem krafist er í tekjumörkunum og því að vænst er að sérleyfisfyrirtækin keppi um að ná sem mestri hagræðingu neytendum til góða.

Enda þótt hafa eigi stjórn á verðlagningu fyrir umrædda sérleyfisstarfsemi með tekjumörkum taldi löggjafinn þegar raforkulög voru sett fyrir ári að nauðsynlegt væri engu síður að horfa til eðlilegs arðs af starfseminni. Þannig eru arðseminni sett viss lægri mörk til að tryggja að fyrirtækin hafi ávallt bolmagn til nauðsynlegra fjárfestinga. Hins vegar voru arðseminni sett efri mörk enda talið óeðlilegt að umtalsverður arður geti orðið af starfsemi sem háð er einkaleyfum. Mörkunum er breytt í frumvarpinu nú, án þess þó að umfang þeirra breytist svo að nokkru nemi.

Sú útfærsla kerfisins sem verið er að koma á hér er einkum fengin frá Noregi enda hefur fyrirkomulagið þar verið í þróun í nær hálfan annan áratug. Var Noregur einna fyrst landa til að taka upp þá markaðsvæðingu raforkugeirans sem hér er stefnt að. Athyglisvert er að efri mörk arðsemi hafa verið hækkuð í tímans rás í Noregi og eru nú orðin um helmingi hærri en þau voru í upphafi. Aftur á móti hefur arðsemisviðmið það sem er í tekjumörkum í Noregi ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum. Fyrirtækin hafa náð að hagræða meira en eftirlitsaðilinn hefur krafist.

Lagt er til að við 3. gr. verði bætt nýjum málslið sem hafði fallið niður við vinnslu frumvarpsins þar sem kveðið er á um að samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveituna á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skuli liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi. Ákvæðið tengist 2. málsl. 13. gr. laganna þar sem segir að í leyfi til að reka dreifikerfi felist einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi dreifiveitusvæði.

Í 7. gr. er fjallað um tekjumörk og gjaldskrá en í 5. efnismgr. greinarinnar er kveðið á um gjald fyrir innmötun í stað gjaldskrár fyrir innmötun og er lagt til að það verði leiðrétt þar sem sama gjaldskrá og viðmiðanir eiga að gilda alls staðar en ekki er ætlunin að festa niður sama gjald fyrir innmötunina. Ein gjaldskrá á að gilda á öllu viðkomandi veitusvæði, en slík gjaldskrá getur innihaldið ýmis gjöld, svo sem eitt fyrir flutning á álagstímum og annað utan þeirra.

Nefndin telur eðlilegt að leggja til breytingu þess efnis að skylt sé að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda leiðir til verulega aukins eða minnkaðs kostnaðar í flutningskerfinu en það sé ekki einungis heimilt eins og frumvarpið kveður á um. Ef staðsetning virkjunar leiðir t.d. til aukins taps beri virkjunin þann kostnað sem af því leiðir en kostnaðurinn verði ekki færður á aðra notendur kerfisins. Er það talið samræmast markmiði raforkulaga um að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi raforku. Nefndin leggur þó áherslu á að hér er ekki átt við óverulegan kostnað heldur verði að vera um umtalsverðan kostnaðarauka í kerfinu að ræða.

Lagt er til að kveðið verði á um meðhöndlun á verðlagsbreytingum í tekjumörkunum í reglugerð, þ.e. að teknir verði upp tveir nýir málsliðir í 7. og 9. gr. frumvarpsins sem kveði á um að heimilt verði að taka tillit til verðlagsbreytinga við mat á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem fyrirtækin verði að sæta takmörkum á arðsemi og því sé nauðsynlegt að bókfært verð taki nokkurt mið af verðlagsbreytingum.

Þá var rætt á fundum nefndarinnar hvort skilgreina ætti smávirkjanir þannig að ekki þyrfti sama eftirlitskerfi við þær eins og stærri virkjanir en ekki er gert ráð fyrir því í gildandi lögum. Lagt er til að einungis virkjanir sem hafa uppsett afl yfir 1 MW eða selji raforku inn á kerfið verði leyfisskyldar. Aðrar virkjanir þurfi einungis að veita upplýsingar um starfsemina, en þurfi ekki formleg virkjanaleyfi, og sæti því ekki sama eftirliti og leyfisskyldar virkjanir sem selja inn á kerfið. Nefndin telur æskilegt að Orkustofnun, sem er eftirlitsaðili samkvæmt lögunum, haldi utan um skráningu upplýsinga um smærri virkjanir og sé upplýst um tilvist og að nokkru um framleiðslu þeirra og leggur því til að tekið verði upp ákvæði þess efnis.

Rétt þykir að tiltaka sérstaklega í 28. gr. laganna að Orkustofnun sé ætlað að hafa umsjón með innra eftirliti með gæðum og afhendingaröryggi. Í VII. kafla er fjallað um eftirlit og úrræði og er Samkeppnisstofnun einnig tilgreind þannig að nefndin telur rétt að taka skýrt fram hvað átt sé við.

Þá er lagt til að tekin verði upp í lögin bein aðfararheimild og heimild til stöðvunar afhendingar orku en við setningu þeirra féll þessi heimild niður án þess að það hefði verið ætlunin. Eðlilegt þykir að þessi heimild sé í lögum þar sem gjöldin eru nánast aldrei umdeild og yfirleitt eru fjárhæðirnar lágar. Ef slík heimild yrði ekki veitt hlytist af því verulegur kostnaður fyrir þjóðfélagið vegna aukins málafjölda hjá dómstólum.

Þá er lögð til sú breyting á 10. gr. frumvarpsins að veitur þurfi strax að samræma gjaldskrár sínar en verðstöðvun gildir út bráðabirgðatímabilið, þ.e. til loka ársins. Þá er ekki þörf á ákvæðinu um dreifbýlisgjaldskrár á þessu sama tímabili fram til 1. janúar 2005.

Þá leggur nefndin til að hlutverk samráðsnefndarinnar í ákvæði til bráðabirgða VI verði aukið þannig að hún fylgist með ásamt því að stuðla að greiðri framkvæmd laganna. Einnig er lagt til að Alþingi fái beinan aðgang að samráðsnefndinni og kjósi þrjá fulltrúa. Í nefndinni sitja þá eftir breytinguna tíu fulltrúar.

Lagt er til að tímabilið varðandi arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna sem kveðið er á um í a-lið 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða IX) lengist úr fimm árum í sex til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á ákvæði eliðar 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða XIII) um endurskoðun raforkulaganna. Þá er gerð tillaga um breytingu á orðalagi í lokamálslið ákvæðisins og kveðið skýrar á um það að hækkun arðsemisviðmiðunar skuli ekki valda meiri hækkun tekjumarka en náist með hagræðingarkröfu. Með því er komið í veg fyrir að hækkun á arðsemisviðmiðun gefi tilefni til hækkunar á gjaldskrám. Sérleyfisfyrirtækjunum er aftur á móti gefin heimild til að auka arðsemi sína með hagræðingu.

Þá er lögð til breyting á d-lið 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða XII) sem kveður á um að eigendum hlutafjár í flutningsfyrirtækinu sé einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu til loka ársins 2011. Breytingin felur í sér að ekki er tiltekin dagsetning. Nefndin telur eðlilegt að tekin verði afstaða til framsalsheimildar við endurskoðun laganna sem á að vera lokið fyrir 31. desember 2010 samkvæmt frumvarpinu.

Loks er lagt til að nefndin sem ráðherra skipar til að endurskoða lögin skuli skipuð hagsmunaaðilum og fulltrúum þingflokka.

Lagðar eru til nokkrar breytingar sem eru einungis lagfæringar á orðalagi og til frekari skýringar. Breytingin sem lögð er til á lokamálslið a-liðar 1. gr. er einungis lagfæring þar sem flutningskerfið er ekki lengur miðað við spennu heldur verða afhendingarstaðir dreifiveitna úr flutningskerfi tilgreindir nákvæmlega í viðauka við lögin, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Þá verða gjaldskrársvæði ekki lengur til þegar sama gjaldskrá verður á öllu dreifiveitusvæði hverrar dreifiveitu

nema samþykkt sé dreifbýlisgjaldskrá skv. 9. gr. frumvarpsins. Því er skilgreiningin í 8. tölul. 1. gr. laganna óþörf sem og ákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna.

Bent hefur verið á að þéttbýli og dreifbýli sé ekki skilgreint í lögunum en í skipulags- og byggingarlögum er það skilgreint. Þá hefur verið upplýst að vinna er að hefjast við setningu viðmiða og skilgreiningu svæða þar sem heimilað verður að sérstakar dreifbýlisgjaldskrár gildi.

Þá er talið rétt að kerfisstjóri samræmi notkunarferla dreifiveitna og að útfærsla á samræmingunni sé í reglugerð eins og útfærslan á kerfisstjórnuninni og tengingu virkjana við flutningskerfið.

Loks hefur verið bent á að misræmis gæti í raforkulögum og athugasemd með frumvarpinu um ábyrgð á gerð og framkvæmd orkuspáa. Nefndin telur ljóst að ábyrgð á gerð orkuspáa sé og eigi að vera Orkustofnunar samkvæmt lögum um stofnunina en kerfisstjórinn komi að gerð raforkuspár með öflun gagna og aðild að orkuspárnefnd og standi svo að útfærslu raforkuspár til eigin nota. Aðrir hagsmunaaðilar standi með sama hætti að gerð og útfærslu annarra spáa. Upplýst hefur verið að orkuspár hafi í raun verið samstarfsverkefni fjölmargra aðila um áratuga skeið og telur nefndin æskilegt að slíkt fyrirkomulag og samstarf haldi áfram.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að vel verði fylgst með þróun mála á raforkusviði nú þegar fyrirkomulag þess er að taka umtalsverðum breytingum. Ekki ætti hvað síst að stuðla að rannsóknum á þessu sviði og fylgjast vel með þróun á sambærilegum mörkuðum erlendis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali."

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álitið með fyrirvara en að því standa allir nefndarmenn í iðnn., Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson, Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Hallvarðsson og Björgvin G. Sigurðsson.

Auk þessara nefndarmanna átti sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi Steingrímur J. Sigfússon og hann mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins sérstaklega.

Herra forseti. Þá hef ég lokið við að fara yfir álit iðnn. og helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. Þær er að finna nánar á þskj. 1691 í 13 tölusettum liðum sem ég hef rakið innihaldið í að mestu í nál. og tel óþarft að fara nánar í.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að vissulega er það svo að við erum að stíga inn í nýtt umhverfi í raforkumálum sem við vitum ekki nákvæmlega hvernig muni virka en við gerum okkur vonir um að verði til góðs fyrir neytendur að lokum þannig að þeir muni njóta góðs af breytingunni með góðri þjónustu og lægra verði. Til þess er þessi leikur gerður að færa raforkuumhverfi yfir í samkeppnisfyrirkomulag á framleiðslu- og sölustigi og við höfum við lagasetninguna bæði í fyrra og nú gætt þess að reyna að ganga þannig frá texta laganna að sem mestar líkur verði á því að niðurstaðan verði sú sem að er stefnt.

Þegar frv. var komið fram létu ýmsir í ljós áhyggjur, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, og töldu að svo gæti farið að kostnaðurinn við flutning raforkunnar eða það fyrirkomulag sem upp væri tekið mundi auka kostnað íbúa hér á höfuðborgarsvæðinu frá því sem nú er og það gæti síðan leitt til umtalsverðrar hækkunar á smásöluverði raforku til neytenda. Nefndin hefur sérstaklega í störfum sínum litið til þessarar gagnrýni, farið yfir frv. með hliðsjón af henni og leggur til breytingar á frv. til þess að tryggja eftir því sem unnt er að ekki komi til þess að slíkar áhyggjur verði að veruleika. Ég er alveg viss um það og ég hygg að ég tali fyrir hönd allrar iðnn. að það eru hverfandi líkur á því að þessi kerfisbreyting leiði til sérstakrar gjaldskrárhækkunar hér á höfuðborgarsvæðinu.

Segjum sem svo að það gerðist sem við teljum að ekki eigi að geta gerst þá er einfaldlega pólitískur vilji í málinu þannig að það verður brugðist við og ég vil láta það koma skýrt fram af hálfu okkar nefndarmanna í iðnn. og ég hygg að ég megi segja af hálfu ríkisstjórnarinnar líka að það er pólitískur vilji í málinu til að umbreyta kerfinu en ekki til að það leiði til gjaldskrárhækkunar á höfuðborgarsvæðinu, þannig að ef eitthvað slíkt mundi gerast þá verður brugðist við því. Við teljum hins vegar að málið sé þannig úr garði gert bæði í lögunum sem gilda og í frumvarpinu sem hér liggur fyrir þinginu með þeim breytingum sem nefndin leggur til að það eigi ekki að vera nein hætta á slíku.

Þá vil ég vekja athygli á því að nefndin aftengir það ákvæði frv. með tillögum sínum að unnt verði að selja Landsnetið eða flutningafyrirtækið til annarra aðila en þeirra sem munu eignast það í upphafi. Það er lagt til í frv. að það verði heimilt eftir 2011, ef ég man rétt, að selja það utanaðkomandi aðilum en nefndinni þótti rétt að leggja til að fella brott þá heimild þannig að þeir aðilar sem eignast Landsnetið í upphafi muni einungis geta selt hver öðrum en ekki nýjum aðila. Það verði verkefni Alþingis eftir að þeim reynslutíma lýkur sem við erum nú að fara inn í, en honum lýkur árið 2010, að leggja mat á reynsluna og síðan leggja fram frv. til breytingar á lögunum. Menn munu meta það þá hvort rétt sé að heimila sölu hlutabréfa í þessu fyrirtæki eða hvort menn falla endanlega frá því.

Við kynntum okkur þetta eilítið hvernig reynslan erlendis er af þessu og það er ljóst að þetta er afar þýðingarmikið atriði. Sums staðar hefur þróunin orðið sú að skilja á milli framleiðsluaðila og þeirra sem eiga flutningsfyrirtækið með þeim rökum að það sé ekki eðlilegt að þeir sem eru í samkeppninni eigi það fyrirtæki sem hefur dreifinguna með höndum og er einokunarfyrirtæki. Það hafa m.a.s. líka verið uppi þau sjónarmið sums staðar erlendis að rétt sé að ríkið eigi þetta flutningsfyrirtæki. Við leggjum ekki mat á það á þessu stigi hvað verði skynsamlegast á þeim tíma þegar menn endurskoða lögin eftir sex ár en ég nefni þetta til þess að mönnum sé ljóst að það er heilmikil þróun í þessu og menn eiga að stíga gætilega til jarðar og nefndin er þess vegna sammála um að fara svona gætilega í málið þannig að sem minnstar líkur séu á því að röskun verði sem raski því sem menn stefna að.

Þá held ég að ég láti þessu lokið, herra forseti, framsögu fyrir áliti nefndarinnar um breytingu á raforkulögum og ég vil fagna því að það tókst mjög góð samstaða um þessar breytingar. Það er mjög þýðingarmikið að svo verði í allri framkvæmd áfram og ég vænti þess að mönnum auðnist að taka upp þessa kerfisbreytingu með friðsamlegum hætti og ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

[09:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér sýnist menn hafa tekið ýmsar skynsamlegar ákvarðanir í nefndinni um breytingar á frv. sem hér er til staðar. Mér finnst samt enn vanta afar þýðingarmikinn þátt í þetta mál sem helst megi lýsa þannig að menn hafi

ákveðið að byggja hús og séu búnir með kjallarann og þá halda þeir reisugildi. Því að á meðan ekki verður tekið á eignarhaldi og því skipt hvað varðar þessi málefni þá verður náttúrlega engin alvörusamkeppni í gangi og það sem snýr að gjaldskrám og samkeppni verður ótrúverðugt. Ég hefði viljað sjá að tekið hefði verið á og sett fram með einhverjum skýrum, beinum hætti hvernig eignarhaldið á að vera á Landsvirkjun í framtíðinni. Þetta er ótækt eins og nú þar sem helmingurinn er í eigu ríkisins og hinn helmingurinn í eigu tveggja sveitarfélaga, og í Landsvirkjun hafa náttúrlega orðið til mikil verðmæti.

Ég spyr þess vegna: Hefði ekki verið nær að menn hefðu stefnt að því strax að sveitarfélögin í landinu hefðu eignast Landsnetið og að þeim sveitarfélögum sem eru inni í Landsvirkjun hefði verið gert kleift að losa sinn hlut þaðan út? Þá hefðu komið upp möguleikar á því að trúverðug samskipti yrðu milli aðalorkuframleiðendanna og þeirra sem flytja og selja raforkuna í gegnum Landsnetið.

[09:33]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu rétt að það er ekkert kveðið á um það í þessu frv. eða raforkulögum hvernig eignarhaldi á Landsvirkjun eigi að vera háttað til framtíðar og það er auðvitað möguleiki á því að breytingar verði á eignarhaldi hennar á þessum aðlögunartíma inn í nýtt kerfi sem er næstu sex árin. Það er út af fyrir sig bara pólitískt úrlausnarefni og verður ekki leitt til lykta nema stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um það fyrirkomulag. Ég hef ekki neinar upplýsingar um að til standi að neinar breytingar verði á því að öðru leyti en að ég heyri þær raddir frá borgarstjórn Reykjavíkur að áhugi sé á því að skoða það að borgin losi sig eða selji sinn hluta í Landsvirkjun.

Þetta er því hlutur sem er á borði stjórnmálamannanna eins og málið er í heild sinni þannig að ég er ekki neitt hræddur um að það atriði setji málið í uppnám. Ef menn ætla sér að gera breytingar á þessu sviði, á eignarhaldinu, þá hljóta menn að gera það með þeim hætti að þeir raski ekki fyrirkomulaginu sem er verið að taka upp eða samstöðu um það.

[09:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað pólitískt verkefni og auðvitað hefði það þurft að liggja fyrir og fylgja með hvernig menn hugsuðu þetta eignarhald til framtíðar og hvernig menn réttu af það sem hefur gerst þegar tvö sveitarfélög hafa átt helminginn af Landsvirkjun. Sá möguleiki er líka til staðar, en verður kannski erfiðari þegar búið er að koma eignarhaldinu fyrir eins og nú verður gert, að taka á þessu þegar menn ætla sér það. Þess vegna átel ég þau vinnubrögð og hef gert það margoft í umræðum um þetta mál að menn skuli ekki hafa sest yfir eignarhaldið á Landsvirkjun og eignarhaldið á þessu dreifingarfyrirtæki sem hér er verið að stofna til og hafi ekki leyst úr þessu máli í tengslum við alla þessa umfjöllun. Ég held að það geti orðið ýmsir erfiðleikar þegar á að taka á þessu eftir umþóttunartímann og ætla ekki að hafa fleiri orð um það hér. En ég harma það að menn skuli ekki hafa haft kjark til þess að fara í þessa göngu eða gefist upp á henni, og að umræða um þetta mál hafi aldrei fengist fram hér í sölum Alþingis þótt ítrekað hafi verið reynt.

[09:36]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hugsanlegar breytingar á eignarhaldi Landsvirkjunar séu það stórt mál að þær verði aldrei leiddar til lykta nema að baki þeim breytingum sem menn kunni að gera standi drjúgur meiri hluti Alþingis sem styðji breytingarnar. Ef við skoðum einfaldlega þær fjárhæðir sem eru undir, a.m.k. samkvæmt hugmyndum Reykjavíkurborgar, þá eru þetta eitthvað á bilinu 12–20 milljarðar, eitthvað slíkt. Það eru gríðarlega fjárhæðir og það er enginn aðili sem getur keypt af Reykjavíkurborg þennan hlut nema þá ríkið eða þá einhver þriðji aðili sem ríkið og Reykjavíkurborg eru sammála um að standi að þessu. Lausn málsins verður því engin önnur en sú sem ríkið fellst á.

Það má margt segja um hversu mikið Reykjavíkurborg eigi að borga fyrir sinn hluta og menn eiga eftir að leiða þá umræðu til lykta. Við þekkjum hana úr þingsölum frá fyrri tíð um hversu mikið Reykjavíkurborg á raunverulega í Landsvirkjun. Á hún bara sína prósentutölu af áætluðu markaðsvirði fyrirtækisins eða ber að taka tillit til þess að eigið fé fyrirtækisins er fyrst og fremst byggt upp af viðskiptamönnum þess? Framlög Reykjavíkurborgar eru sáralítil. Eiginfjárframlög Reykjavíkurborgar eru nánast hverfandi í þessum fjárhæðum. Stærstur hluti eiginfjármyndunar hefur verið með viðskiptum við viðskiptavinina annars vegar og hins vegar með framlögum úr mótvirðissjóði sem var byggður upp með Marshall-aðstoð Bandaríkjamanna og má deila um það hvort Reykvíkingar eigi það eigið fé eða hvort það sé eign þjóðarinnar.

[09:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það hefði nú að mörgu leyti verið æskilegt að aðstæður hefðu verið aðrar þegar loksins kemur að því að ræða hér þessi þrjú raforkumálafrumvörp sem verið hafa til umfjöllunar í iðnn. í vetur, að tíminn hefði leyft kannski rækilegri skoðanaskipti um þau mál og raforkumálin í heild sinni heldur en boðið er upp á hér undir lok þinghaldsins á þessum mögulega síðasta starfsdegi þess. Eins og orðaskipti áðan báru með sér er náttúrlega undirliggjandi sjálft skipulag raforkumálanna hér í landinu, eignarhaldsfyrirtækja, og vangaveltur um framtíðarfyrirkomulag þess. Eðlilega vegna þess að það má færa gild rök fyrir því að menn hefðu náttúrlega átt að reyna að taka til í því kerfi fyrst og móta framtíðarstefnu áður en menn færu í aðgerðir af því tagi sem hér eru undir, þ.e. markaðsvæðingu og undirbúning undir einkavæðingu raforkumálanna í anda þeirra evrópsku tilskipana um innri markað fyrir raforku á meginlandi Evrópu sem hér er verið að baksast við að halda áfram að innleiða og gera lagalegar ráðstafanir gagnvart.

Af því að hv. þm. Jóhann Ársælsson líkti vinnuaðferðunum hér við það að menn byggðu kjallara eða sökkla að húsi og héldu svo reisugildi þá er það svo sem ágæt lýsing en það má jafnvel alveg eins segja að menn hafi valið sér það furðulega verklag að ætla að byggja nokkurra hæða hús og byrja á risinu og séu svo að berjast við að skjóta hæðunum inn undir risið, hverri á fætur annarri í smáskömmtum og er alveg augljóslega ekki allt búið enn. Hér erum við að breyta þeim raforkulögum sem eru nú ekki eldri en frá árinu 2003. Þá stóðu menn upp frá hálfnuðu verki eða varla það og skildu eftir ýmsar heitustu kartöflurnar, þar á meðal hvernig ætti að reyna að koma fyrir jöfnun raforkuverðs í landinu, eignarhaldi og skipulagi flutningafyrirtækisins og öðru sem

leiðir af innleiðingu efnisákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 96/92, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Hér er sem sagt gert annað áhlaup að því að koma í lög ákvæðum og útfært talsvert af því sem skilið var eftir í lausu lofti á vordögum 2003 en er þó engan veginn búið, og er ég þá ekki bara að tala um þessi stóru framtíðarmál um spurningu um eignarhald fyrirtækjanna og samskipti aðila í þeim efnum, ríkis og sveitarfélaga o.s.frv.

Nei, nei, ýmsir lausir endar eru hér í málinu sjálfu og þeir eru settir í hendur á úrskurðarnefndum af því að það er auðvitað alls ekkert búið að botna það hvernig eigi að meta mannvirki og eignir inn í hið nýja fyrirkomulag. Þá er sett upp kerfi úrskurðarnefnda sem getur síðan endað í gerð eða á borði ráðherra eða hvað það nú er. Heitustu kartöflunum rúlla menn svona á undan sér og taka hálfgerð áhlaup á þær í smáskömmtum.

Síðan ætla ég að lofa mönnum því, þó að þetta verði nú lögtekið hér þá held ég að ég geti alveg lagt mig undir í þeim efnum að við erum ekki að sjá það síðasta af þessum málum hér á Alþingi þar með. Það má mjög mikið vera ef þessi löggjöf verður ekki í höndunum á mönnum hér ár eftir ár á næstunni vegna þess að það koma upp alls konar vandamál og alls konar vesen og við munum lenda í því sama og ýmsir aðrir í kringum okkur sem hafa verið að ganga þessa sömu þrautagöngu að menn verða hér með reddingar og alls konar breytingar. Skyldi nú ekki orkumálastjóri eiga eftir að uppgötva ýmislegt á næstu mánuðum alveg eins og hann hefur gert núna undanfarna mánuði, því að helstu aðstandendur frv., iðnrn. og Orkustofnun, hafa auðvitað verið að koma nánast vikulega með nýjar hugmyndir og uppgötva nýjan sannleik í sínum eigin frumvörpum og leggja til að þetta eða hitt sé nú haft öðruvísi, svona og svona. Þannig er það nú.

Þetta stafar auðvitað af því, frú forseti, að við erum að vinna hér við þvingaðar aðstæður. Það er verið að þvinga upp á á íslenska raforkumarkaðinn tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins, sem setur mönnum miklar skorður um það hvernig menn geti staðið að málum og verki á komandi árum og áratugum. Þetta er auðvitað bagalegt og í raun og veru beinlínis heimskulegt af tveimur ástæðum kannski sérstaklega. Sú fyrri er að tilgangur og inntak orkutilskipunar Evrópusambandsins á ekkert erindi við Ísland á einn eða neinn hátt einfaldlega vegna þess að hér er einangraður orkumarkaður og öll helstu markmið orkutilskipunarinnar lúta að því að opna fyrir samkeppni í raforkuframleiðslu og sölu á stórum markaði meginlands Evrópu og auðvelda viðskipti milli landa og búa til raunverulegan samkeppnismarkað þar sem aðstæður eru til staðar fyrir slíkt, þ.e. mikill fjöldi framleiðenda er til staðar til að keppa um að selja þjónustuna sem er auðvitað einhver grundvöllur fyrir því að skilyrði raunverulegs virks samkeppnismarkaðar séu uppfyllt.

Hitt sem gerir það að verkum að þetta skapar mikil vandkvæði og mikla erfiðleika eru auðvitað sérístenskar aðstæður hvað varðar eignarhald og uppbyggingu fyrirtækjanna en hér er um að ræða nokkuð sérstætt sambland af eign og frumkvæði ríkisins og sveitarfélaga. Öðrum aðilum en hinum opinberu er í raun og veru ekki til að dreifa svo nokkru máli skipti, það er ríki og sveitarfélögum í mismunandi samkrulli; í gegnum Landsvirkjun þar sem menn eru í sameign, ríki og tvö stærstu sveitarfélögin, ríkið með Rarik og nú Orkubúi Vestfjarða, og síðan sveitarfélögin með sín dreififyrirtæki og eftir atvikum framleiðslu í einstökum tilvikum.

Frú forseti. Ég ætla hér að gera stuttlega grein fyrir meginafstöðu okkar til þessara mála og ætla að reyna að taka í það eins stuttan tíma og mér er unnt og mæla svo fyrir brtt. sem ég flyt við þetta frv. og eru í aðalatriðum á þá leið að ríkisstjórnin fái fyrirmæli frá Alþingi um að leita eftir viðræðum við Evrópusambandið um að Ísland fái varanlega undanþágu frá tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 96/92, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku, og að ekki skuli tekin frekari skref í átt til markaðsvæðingar íslenska raforkukerfisins meðan slíkar viðræður fara fram við Evrópusambandið um framhald málsins.

Nú er vísast að hæstv. iðn.- og viðskrh. og fleiri menn hér stökkvi upp og telji þetta einhverja mestu fjarstæðu sem þeir hafi nokkurn tíma heyrt undir sólinni að láta það hvarfla að sér að fara að reyna að ræða við Evrópusambandið um að Ísland fái þarna einhverja undanþágu. (**Iðnrh.:** Búin að prófa það.) Búin að prófa það, segir hæstv. ráðherra, já. Ætli það sé ekki í lagi að reyna það þá aftur? Kannski koma einhverjir sannheilagir Evrópusinnar og segja að slíkt sé bara ekki í boði, að það gerist bara ekki. Það sem einu sinni eru orðin lög skuli vera lög um aldur og ævi og menn fastir undir þeim. Þá er líka fróðlegt að fá þá umræðu. Er þá Evrópusambandið þannig að menn séu reyrðir fastir um aldur og ævi inn undir hlutina þó að í ljós komi að það sé alveg arfavitlaust og þjóni engum tilgangi að menn séu heftir af þessum reglum? Af því að það getur enginn maður fært fram trúverðug rök fyrir því að Ísland þurfi að vera hluti af þessari sameiginlegu orkutilskipun þó að við séum og meðan við erum algerlega einangruð eining í þessum efnum, truflum ekki viðskipti með rafmagn í Evrópusambandinu sem slíku á einn eða neinn hátt. Ég held að menn hljóti að sjá að það hefur engin áhrif í þessu samhengi á samkeppnishugsunina í Evrópusambandinu úti á meginlandinu þó að þessi litli agnarsmái, landfræðilega einangraði raforkumarkaður hér fái að viðhalda því skipulagi sem menn hér á Íslandi telja sjálfir að sé hagkvæmast.

Undanþágur eru auðvitað þekktar í þessum efnum og Íslendingar hafa a.m.k. tvær sem er nærtækt að vitna til. Við fengum undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins með viðskipti með gas. Það var auðvitað augljóst mál að við áttum ekki mikið erindi inn í slík viðskipti, hér er enginn gasmarkaður, engar gaslagnir og rafmagn ekki framleitt með gasi eða annað í þeim dúr sem gaf minnsta tilefni til þess að við værum undir þessa tilskipun seldir og menn féllust á að auðvitað ætti Ísland að fá undanþágu frá henni, vera í friði fyrir henni. Og núna nýlega komu fréttir af því, og var nú ekki lítið gert með það, að Ísland hefði fengið undanþágu frá tilskipun eða reglum á sviði flugmála sem varðaði flugöryggi og eftirlit með flugi innan lands. Ég hef ekki nákvæmlega á reiðum höndum hvað þarna var á ferðinni, hef ekki satt best að segja haft tíma til að kynna mér það ofan í kjölinn. En svo mikið er víst að þessu var slegið upp og talað um að þetta sparaði Íslendingum jafnvel allt að 800 milljónum, ef ég man rétt, sel það ekki dýrara en ég keypti það en þetta stóð í blöðum. Menn töldu einmitt að þarna hefði verið vel að verki staðið, menn hefðu unnið heimavinnuna sína og hefðu þarna tryggt Íslandi undanþágu sem væri mikið hagsmunamál fyrir okkur.

Bíddu, er þá ekki hægt að reyna það í þessu tilviki? (**Iðnrh.:** Innri markaðurinn.) Innri markaðurinn, segir hæstv. ráðherra. Ja, mér er bara alveg nákvæmlega sama. Ég held að það væri mjög lærdómsríkt og spennandi að senda ríkisstjórnina í svona leiðangur og segja: Alþingi hefur ákveðið

að þetta sé svo arfavitlaust að við látum ekki bjóða okkur þetta og sendum stjórnvöld okkar til viðræðna við ykkur um um það að við fáum varanlega undanþágu. Þó svo að fullur sigur ynnist nú ekki í því máli en kannski einhver lítils háttar sigur, t.d. það að við fengjum visst svigrúm til að hafa hlutina öðruvísi en meginreglurnar kveða á um þá gæti það verið nokkurs virði. Það væri jafnvel mjög lærdómsríkt að senda menn í þennan leiðangur þó að niðurstaðan yrði enginn árangur. Það væri lærdómsríkt hvað varðar samskiptin við Evrópusambandið.

Ber t.d. að líta svo á að ef menn hafi einu sinni hrökklast til að staðfesta tilskipun og þó að í ljós komi að hún hafi mjög skaðvænleg áhrif, eigi alls ekki við, valdi mönnum, þegar í reynd er farið að skoða hvað það þýðir að bregðast við henni, miklum vandkvæðum, þá fái menn ekkert í því gert? Ég held að það væri gott að vita það. Menn mundu þá kannski hafa meiri vara á sér áður en þeir tækju við hverju sem er á færibandi og rúlluðu því hérna í gegnum þingið.

Þá kem ég að því, frú forseti, að auðvitað er þetta mál alveg hroðalegt dæmi um andvaraleysi manna, ekki bara stjórnvalda, sem ég tel að hafi auðvitað staðið linkulega og illa að því að berja ekki í borðið strax á upphafsferli þessa máls og segja: Nei, þetta á ekki við Ísland og hentar okkur engan veginn og við viljum fá undanþágu.

Stjórnmálaheimurinn var með einni undantekningu algerlega andvaralaus í þessu máli og það er alveg ástæða til að rifja það aðeins hér upp að á vordögum rétt fyrir síðustu aldamót, nú man ég ekki nákvæmlega hvert árið var, 1999 eða 2000, kom fyrst fram till. til þál. um að falla frá svonefndum stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að taka upp þessa tilskipun Evrópusambandsins inn í EES-réttinn. Þá reyndum við nokkrir hér á þingi að vekja athygli manna á því hvað þarna væri að gerast og hvort það væri virkilega þannig að menn hefðu engar „skrúplur" yfir því að skella þessu yfir Ísland. Reyndar hafði hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson reynt strax frá því að þessi tilskipun var í vinnslu innan Evrópusambandsins á tíunda áratug síðustu aldar að vekja athygli manna á því hvað þarna væri að gerast og spurði út í það. En það fékk auðvitað engar undirtektir og menn voru steinsofandi í öllu kerfinu. Og það fékk engar undirtektir þegar við lögðumst gegn því að fallið yrði frá stjórnskipulegum fyrirvara, sem auðvitað hefði skapað á því stigi málsins miklu betri stöðu fyrir okkur að reyna að semja um undanþágur o.s.frv. M.a.s. fulltrúar flokka og þingmenn sem seinna hafa vaknað upp við vondan draum sýndu þá engin merki þess að þeir hefðu kveikt á málinu.

Það er auðvitað búið að vera broslegt núna á síðustu missirum, mörgum árum eftir að þetta ferli fór af stað, að vakna þá upp við vondan draum menn eins og hæstv. núv. dómsmrh. Björn Bjarnason, að vísu þá staddur handan Vonarstrætisins í borgarstjórn Reykjavíkur, og fer að ræða um það að menn hefðu auðvitað átt að reyna að fá undanþágu frá þessu. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mun hafa viðhaft svipuð ummæli hér einhvern tíma. Varaformaður Samf. og varaþingmaður, frú Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sagði þetta sama núna í haust og einhverjir fleiri samfylkingarmenn, sem að vísu tala ekki daglega um að við eigum að semja okkur undan Evrópureglum. En það gerist þó að menn þar eru ekki alveg sannfærðir um að allt sé sjálfkrafa 100% gott sem kemur frá Evrópusambandinu. Það er gott að vita.

En svona hefur þetta gengið til, því miður, og ég held að það væri ágætt fyrir menn að taka þessa sögu saman og hún mætti verða mönnum til ákveðins lærdóms í því að auðvitað verðum við að taka það alvarlega þegar í undirbúningi eru reglur sem seinna rekur á fjörur okkar í gegnum aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og verða að bindandi hlutum hér fyrir okkur nema við náum að hafa áhrif á þau eða semja okkur undan þeim. Við eigum að taka það alvarlega og stjórnkerfið hér er mjög veikt í þeim efnum, Alþingi er mjög veikt. Það er búið að ræða það af og til hér á undanförnum árum að þingið eigi kannski eins og einn fulltrúa í Brussel til að standa vaktina svona á einhverjum sjálfstæðum forsendum fyrir þingið, að utanrmn. verði efld eða stofnuð hér Evrópunefnd til að fjalla um þessi mál sérstaklega. Síðan er ekkert gert, ekki neitt. Þetta er nefnt svona á eins, tveggja ára fresti og ekkert gert. Litla stjórnarráðið í Brussel er auðvitað umtalsverð eining, þar eru flest ráðuneyti komin með starfsmenn, heila og hálfa og sum jafnvel fleiri en einn, þannig að það er að verða til ein af myndarlegri deildum kansellísins þarna niðri í Brussel. En auðvitað þyrfti t.d. Alþingi sjálft að vera þarna með viðveru og það hefur verið nefnt að sveitarfélögin hafa verið tiltölulega utan garðs í því að fylgjast með þessum málum og jafnvel mætti færa fyrir því rök að stjórnmálaflokkarnir eða þingflokkarnir þyrftu að hafa einhver sjálfstæð tengsl þarna niður eftir til þess að geta staðið vaktina. Hver sem afstaða okkar er til framtíðarfyrirkomulags samskipta við Evrópusambandið þá er auðvitað óraunsætt annað en að horfast í augu við mikilvægi þess að menn vandi sig og taki þá hluti alvarlega sem þar eru á ferðinni og hafa á okkur mikil áhrif.

Ég ætla svo að segja hér, forseti, um málið almennt, áður en ég sný mér að því að mæla beint fyrir efni brtt. sem ég flyt við þetta frv. ásamt brtt. við tvö önnur frumvörp sem hér eru á dagskrá og verða til umræðu á eftir og lúta að jöfnun raforkuverðs og skipulagi flutninga, að það er enginn vafi á því í mínum huga að það mun leiða til hærra raforkuverðs á Íslandi að við séum nú þvinguð til þess að taka upp þetta markaðsvæðingarfyrirkomulag raforku að evrópskri fyrirmynd, ég er alveg sannfærður um það. Þá á ég ekki bara við hluti af því tagi sem menn hafa haft áhyggjur af eins og hér á þéttbýlissvæðunum að þeir t.d. vegna flutningsjöfnunar, sem áður var áformað að hafa innan kerfisins, geti lent í því að það hækki eitthvað lítils háttar raforkuverðið hjá þeim. Nei, ég er að tala um meðaltalið, ég er að tala um raforkuverð til notenda í landinu almennt. Það mun verða hærra vegna þessara breytinga, það er algerlega borðleggjandi að mínu mati.

Hvers vegna mun það hækka? Jú, af því að nú er verið að innleiða hér í áföngum arðsemiskröfur og sú hugsun svífur yfir vötnunum að í framtíðinni fari eigendur fyrirtækjanna að líta á þetta eins og hver önnur viðskipti í hagnaðarskyni, atvinnustarfsemi á samkeppnismarkaði, og að menn eigi að draga sér arð af eign sinni út úr fyrirtækjunum. Og það er auðvitað út af fyrir sig eðlileg hugsun ef menn ætla að taka þessa almannaþjónustu, þessa veitustarfsemi sem þetta er í eðli sínu, og færa hana yfir í hið hefðbundna samkeppnisatvinnulíf þar sem menn gera yfirleitt kröfur um það að þeir fái arð af fjármunum sínum í þessum fyrirtækjum. Arðurinn verður því greiddur af einhverjum, er það ekki? (**Iðnrh.:** Hræðilegt.) Hræðilegt, segir hæstv. ráðherra gleiðbrosandi yfir þessu öllu saman. Það er svo gaman hjá Framsókn að markaðs- og einkavæða raforkumarkaðinn á Íslandi. (Gripið fram í). Hæstv. ráðherra hefur ævinlega farið í sín fínustu

föt og verið hér eins og sólskinsbros — og í gulum blússum gjarnan — til þess að fylgja því eftir þegar hún kemur að ræða um markaðs- og einkavæðingu raforkumálanna á Íslandi.

Þegar frá líður mun þetta verða þannig og við það skal ég standa og sanna að það er verið að taka hér ákvörðun um að færa þetta af þeim grunni að um sé að ræða samfélagsþjónustu, veitustarfsemi yfir í bisness. Það er mikil grundvallarbreyting og það er barnaskapur að átta sig ekki á því. Það hefur alls staðar haft grundvallarbreytingar í för með sér þegar menn taka starfsemi af þessu tagi og flytja hana til, úr hinu félagslega samhengi samfélagsþjónustunnar, almannaþjónustunnar, sem ekki er hugsuð í ábataskyni fyrir eigendur sína, heldur sem þjónusta, heldur sem skyldur. Þannig hefur þetta verið hingað til eða fram undir þetta af hálfu sveitarfélaganna, sem hafa ekki byggt upp veitur til að dreifa rafmagni eða leiða vatn í hús með því hugarfari að það væri bisness sem þau ætluðu að græða á. Nei, þetta hefur verið þjónusta við íbúana, skyldur sem sveitarfélögin hafa talið að þau hefðu á sínum herðum.

Auðvitað var sama hugsun að baki í grunninn hjá ríkinu þegar það var að byggja upp orkukerfið í landinu, að sjálfsögðu. Það var ljós og hiti, það var að gera mannlífið í landinu betra, þetta var hugsað út frá fólkinu sem nyti þjónustunnar en ekki út frá eigandanum sem ætlaði að hafa tekjur af öllu saman.

Í öðru lagi, frú forseti, mun verða umtalsverður kostnaður samfara þessum breytingum, það vitum við öll, það er óumflýjanlegt. Það þarf heilmiklar aðgerðir til að koma þessu nýja fyrirkomulagi fyrir, það mun kosta sitt, það er alveg ljóst, það viðurkenna menn. Menn hafa verið að leika sér þar að tölum og ég ætla ekki einu sinni að hafa þær eftir en maður hefur heyrt háar tölur, hundruð milljóna og þó oftar milljarða sem þarna verði á ferðinni þegar upp er staðið.

Í þriðja lagi, og ekki er það minnst um vert, það mun verða heilmikill eftirlits- og rekstrarkostnaður samfara þessu sem ekki fellur til í einföldu kerfi þar sem þetta er ein heild innan eins fyrirtækis og menn eru ekki að berjast um í þessari uppskiptingu og þessari málamyndasamkeppnismarkaðsvæðingu sem hér er á ferðinni.

Hvað mun allt eftirlitið sem Orkustofnun er að taka á sig og verið er m.a.s. að gera ríkari kröfur um hér að hluta til í brtt. iðnn. — og geta verið full rök fyrir — en hvað mun það kosta? Hvað verður Orkustofnun orðin stórt batterí? Þó að Þorkell Helgason sé góður að reikna þá mun hann ekki standa undir þessu öllu einn, það þarf sennilega eitthvert lið með honum. (**KHG:** Þetta verða ekki margir starfsmenn.) Þetta verða ekki margir starfsmenn, nei, en hver hefur reynslan orðið annars staðar frá?

Auðvitað er þetta allt saman meira og minna til málamynda hér og sýndarmennska og eins og hver annar argasti brandari að vera að tala um þetta sem einhvern samkeppnismarkað — með ríki, Reykjavíkurborg og Akureyri og Hitaveitu Suðurnesja. Það er nú meiri samkeppnismarkaðurinn. Það er svo úti í hafsauga að hér séu í raun og veru efnislegar forsendur fyrir raunverulegum virkum samkeppnismarkaði nægjanlega margra sjálfstæðra aðila til þess að þetta verði eitthvað. Nei, nei, en móverkið verður að líta þannig út. Það á að heita svo að þetta sé samt svona voðalega flott samkeppnisumhverfi sem þeir eru í þarna, Friðrik Sophusson og Alfreð og hvað heitir hann þarna hjá Hitaveitu Suðurnesja? (Gripið fram í.) Já. Þetta er nú alveg gífurlegur samkeppnismarkaður.

Nei, auðvitað er þetta allt einn brandari. En kerfið verður að fara í þennan farveg og það þarf eftirlit og það þarf reglur og það þarf auðvitað að standa undir því.

Niðurstaðan verður því sú að mínu mati, frú forseti, að raforkuverðið í landinu mun hækka og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að afhendingaröryggi í raforku muni minnka. Það verður þá uppskeran sem menn hafa út úr þessu brölti.

Hvernig hefur svona tilraunastarfsemi gefist annars staðar? Ég hef svo sem reynt að ræða það áður við hæstv. ráðherra að það væri fróðlegt að fara yfir það og reyna að taka eitthvert mark á því og læra eitthvað af því hvernig þetta hefur gengið í Kaliforníu, á austurströnd Bandaríkjanna, í sunnanverðri Skandinavíu, í Bretlandi, í Ástralíu, á Nýja-Sjálandi. Er þetta glæsilegur árangur af þessu brölti nýfrjálshyggjunnar sem auðvitað er að þvinga þetta í gegn, fjármagnseigendur heimsins, sem vilja komast inn í þessa þjónustu til að græða á henni af því að þá vantar meira olnbogarými? Þeir eru búnir að fullnýta möguleika sína í að ávaxta fjármagnið í hinum hefðbundna bisness og hvert er þá haldið? Jú, þá er sjónum beint að almannaþjónustu og velferðarkerfinu og þangað leitar nú hið gráðuga fjármagn og þar ætlar það sér aukið olnbogarými og aukinn arð á næstu árum.

Reynslan af þessu er dapurleg. Það er meira og minna alls staðar reglan að þetta hefur leitt til hækkunar verðs og verri stöðu neytenda. Á köflum hafa menn í krafti hinnar náttúrulegu einokunar sem þessi fyrirbæri bjóða upp á tekið sér óhugnanlegan arð út úr kerfunum á stuttum tíma. Afhendingaröryggi hefur mjög víða minnkað, menn hafa farið að takast á við stórfellt rafmagnsleysi og ýmsa óáran, sem er rakin beint til hluta sem tengjast þessum kerfisbreytingum, og menn standa víða frammi fyrir því að græðgi eigendanna, sem eru komnir í aðstöðu til að taka sér arð út úr rekstrinum, er svo mikil að menn sjást engan veginn fyrir. Menn eru svo skammsæir í þeim efnum að þeir vilja græða mikið og græða strax, og hvað gera þeir? Menn halda öllu viðhaldi í lágmarki og ganga jafnvel svo langt — eins og dæmin frá Skandinavíu sanna, það þarf nú ekki lengra, hæstv. ráðherra þekkir til í Noregi — að menn gefa sér ekki tíma til að fylla uppistöðulón eða safna í sarpinn. Menn keyra kerfið svo hart fram til að ná arði hratt út úr því að menn reka það á lágmarksöryggi, t.d. hvað varðar forða, og fá það auðvitað í hausinn þegar orkuþörf vex umfram áætlanir að það verður skortur og neytendurnir þurfa stundum að taka á sig gríðarlegar hækkanir í toppum sem ganga yfir, þar sem orkuverð er síbreytilegt eins og oftast fylgir innleiðingu þessara markaða, eins og gerðist með raforkuverð í Skandinavíu og hefur ítrekað gerst á undanförnum árum.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég sé ekki ljósið í þessu, frú forseti, hvað menn ætla að vinna með þessu. Mér finnst það barnalegt þegar menn koma og fara að tala um það hvað þetta sé nú allt saman óskaplega gott, eins og ég hef heyrt haft eftir hæstv. iðnrh. fyrir fram, hún er farin að taka ánægjuna út fyrir fram af því hvað þetta verði gott. Eigum við nú ekki að bíða og sjá til hvernig gengur, hvort þetta reynist nú einhver mikil blessun fyrir okkur að leggja hér af stað í átt til þessarar markaðs- og einkavæðingar þessarar veitustarfsemi, þessarar almannaþjónustu, sem auðvitað á áfram að skilgreina þetta?

Síðan finnst mér alltaf að menn skauti svo ótrúlega létt yfir þá staðreynd að hér er um náttúrulega einokunarstarfsemi að ræða. Hinar efnislegu aðstæður, fýsísku aðstæður valda því að það er engin glóra í að hafa margar rafmagnslínur hlið við hlið og tengja inn í húsin eða fyrirtækin til þess að keppa í þeim efnum. Þetta er ekki eins og flutningabílar sem geta bara komið eftir veginum frá mismunandi fyrirtækjum og boðið þjónustu sína. Nei, það er bara ein leiðsla inn í húsin, eitt flutningakerfi.

Þá lenda menn í þeim ósköpum öllum að fara að stýra markaðsvæddri starfsemi sem býr við náttúrulegar einokunaraðstæður. Menn viðurkenna það auðvitað: Jú, það er auðvitað rétt, menn geta ekki haft þetta alveg frjálst — því þá geta menn okrað glórulaust af því að þeir eru í einokunaraðstöðu gagnvart kúnnanum — þá setja menn svona kerfi. (Gripið fram í.) Hvað er hv. þm. að segja? Er hv. þm. Guðlaugur Þór eitthvað órólegur? (**Gripið fram í:** ... einkavæðingu á rafmagninu.) (**Gripið fram í:** Má ég tala við ...) Ég er með orðið hér, frú forseti, ef hv. þm. hefur kannski hugsað sér að taka tillit til þess. En ég sé að hv. þm. er mjög órólegur og gengur hér um og kíkir á klukkuna í ræðustólnum og horfir á úrið sitt þannig að ef það er hægt að aðstoða hv. þm. þá þætti mér vænt um að forseti gerði ráðstafanir til þess.

Ég held, frú forseti, að menn ættu að umgangast það af svona mátulegri hógværð þegar þeir leggja upp í leiðangur af þessu tagi að þá er nú ekki sjálfgefið að hann skili mönnum mikilli farsæld. Ég hef ákaflega litla sannfæringu fyrir því að það eigi t.d. eftir að reynast dreifðum byggðum Íslands mikið gæfuspor að halda inn á þessa markaðs- og einkavæðingu í raforkumálunum. Ég óttast að það muni, eins og stundum endranær, verða þau sem draga styttra stráið þegar upp verður staðið og að á undanhaldi verði öll sú hugsun t.d. að orkulindirnar séu sameiginleg auðlind sem landsmenn allir án tillits til búsetu eiga að njóta góðs af og hafa jafnan rétt til. Sú hugsun er mjög veik og á miklu undanhaldi í þessari lagasmíð sem hæstv. ráðherra er að beita sér fyrir og kem ég að því síðar þegar við ræðum hið dæmalausa frv. um svokallaða jöfnun raforkuverðs sem lagt var hér fram af ráðherrunum, sem var auðvitað með miklum endemum hvernig var orðað. Það byggði á því að ef Alþingi skyldi nú detta í hug að setja peninga í að jafna raforkuverðið þá skyldi gera það svo og svo. Það er auðvitað alveg kostulegt.

Nei, auðvitað er verið að ýta út í raun og veru hinni félagslegu og byggðalegu hugsun sem hefur legið að baki, almannaþjónustuhugsun sem hefur legið að baki þessari starfsemi í landinu undanfarin ár og hvað sem hver segir þá verður ekki fram hjá því vikist.

Ég vísa t.d. í umsögn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem iðnn. fékk og henni fylgdi sérálit fulltrúa þessara aðila í nefndinni stóru. Þetta er vel unnin umsögn og á þessum bæjum hafa menn skoðað hlutina. Það hefur tekist mjög breið samstaða með þessum stóru heildarsamtökum launamanna í landinu og menn vitna til alþjóðlegrar þróunar, til þeirra hugmynda sem nú eru sem betur fer ræddar t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og lúta að því að skilgreina þessa hluti sem grundvallarauðlindir og í raun og veru mannréttindi, að menn hafi aðgang að vatni og orku og öðru slíku.

Ég held að það væri tímabært að taka þá hluti á dagskrá hér, og ég vil leyfa mér hér aðeins að vitna í umsögn ASÍ og BSRB, frú forseti, stuttlega áður en ég lýk máli mínu, en þar segir t.d.:

„Í upphafi skal tekið fram að full ástæða er til þess að gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki tryggt Íslendingum undanþágu frá tilskipun 96/92 EB. Fullljóst er, að landfræðileg lega Íslands útilokar bæði heimili og fyrirtæki frá því að geta tekið þátt í raunverulegum innri markaði með raforku. Með raforkulögunum sem sett voru á síðasta ári og þessu frv. er engu að síður verið að umbreyta öllu raforkukerfi landsmanna til þess eins að uppfylla þessa tilskipun, án þess að möguleiki sé á að gera sér nægjanlega grein fyrir tæknilegum og efnahagslegum afleiðingum þess."

Þessi orð eru eins og út úr mínu hjarta töluð. Ég held að þau séu kjarni málsins. Þau segja í raun og veru allt sem segja þarf um þetta. Þetta er bara skot út í myrkrið af því að menn verða að uppfylla þessa tilskipun sem hefur engin landfræðileg eða efnisleg tengsl við aðstæður á Íslandi.

Síðan segir í þessu séráliti:

„Afstaða ASÍ og BSRB til þessa máls byggist á þeirri grundvallarsýn að vatns- og gufuorka sem nýtist til raforkuframleiðslu sé auðlind sem allir landsmenn eigi rétt á að njóta sameiginlega og með sem jöfnustum hætti. Lög sem snerta nýtingu þessarar auðlindar verða því að taka mið af þessu grundvallarsjónarmiði."

Þetta tek ég undir, frú forseti.

Að síðustu ætla ég svo að mæla fyrir brtt. á þskj. 1715 sem ég flyt við þetta frv. hér um breytingu á raforkulögum. Þar er ósköp einfaldlega farin sú leið í þessum brtt., frú forseti, og ég fullyrði að sú leið er vel fær og væri að mínu mati langhyggilegast að hún yrði farin, að við fellum brott, eins og 1. töluliður brtt. gerir ráð fyrir, 1.–10. gr. frv. Þær fjalla allar um nánari útfærslu á því móverki sem hér á að setja upp og er verið að reyna í áföngum að troða inn í lög á Íslandi vegna orkutilskipunarinnar. Við frestum síðan gildistöku III. kafla gildandi raforkulaga. Gildistaka þess kafla var höfð aftar heldur en laganna að öðru leyti einfaldlega til að horfast í augu við þá staðreynd að menn voru ekkert undirbúnir eða tilbúnir með þetta þegar raforkulögin voru sett vorið 2003, og hvað gerðu menn þá? Jú, menn settu inn einhverja kafla sem engan veginn gátu gengið upp en sögðu: Þeir taka ekki gildi fyrr en 2004. Nú á enn að fresta gildistöku þessa kafla og ég legg til að það verði þá haft að í stað 1. janúar 2005, eins og segir í a-lið 11. gr., verði gildistöku III. kafla raforkulaganna frestað til 1. janúar 2008. Það gefur ærið svigrúm til þess að takast á við það sem á eftir kemur í brtt. í 4. tölulið.

Þar er lagt til svohljóðandi, með leyfi forseta:

„ Ríkisstjórnin skal þegar að lokinni samþykkt laga þessara leita eftir viðræðum við Evrópusambandið um að Ísland fái varanlega undanþágu frá tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Ekki skulu tekin frekari skref í átt til markaðsvæðingar íslenska raforkukerfisins meðan slíkar viðræður fara fram við Evrópusambandið um framhald málsins."

Sem sagt, brtt. eru einfaldar, þær fella í raun og veru brott öll ákvæði frv., sem verða þar með óþörf, fresta gildistöku III. kaflans enn um nokkurt árabil og leggja ríkisstjórninni þær skyldur á herðar að fara í leiðangur viðræðna við Evrópusambandið um að Ísland fái varanlega undanþágu frá þessum ákvæðum sem ekkert erindi eiga inn í íslenska löggjöf.

[10:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér hefur verið flutt ágætt mál um ýmsa fyrirvara sem eðlilegt er hafa við málið og innleiðingu þeirrar tilskipunar sem er drifkrafturinn og gerandinn á bak við þetta frv. Ég ætla ekki að eyða tíma frekar í það, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði ágæta grein fyrir því enda margir til að taka undir það að stjórnvöld hefðu átt að vera á verðinum gagnvart því að fá því frestað. En svo varð ekki og þetta lagafrumvarp er nú veruleikinn.

Í vetur fór fram í nefndinni mjög ítarleg og vönduð vinna í kringum það og mikill fjöldi gesta kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir afstöðu hinna ýmsu aðila til málsins. Eins og hv. frsm. nál., Kristinn H. Gunnarsson, kom inn á hér áðan þá sátum við nefndarmenn á löngum fundum og hlustuðum á ýmis sjónarmið frá orkufyrirtækjum og öllum þeim sem málið snertir beint og óbeint, fulltrúum neytenda, verkalýðshreyfinga og fleiri og fleiri. Frumvarpið tók mörgum mjög góðum og jákvæðum breytingum í meðförum nefndarinnar og er til muna betra. T.d. sú meginbreyting að lögin, ef þau verða samþykkt, munu koma til endurskoðunar og umræðu í þinginu á tveggja ára fresti í stað fjögurra áður, sem var mjög mikilvæg breyting og kom fljótlega í ljós þegar var farið að bera þessa markaðsvæðingu raforkukerfisins saman við markaðsvæðingu raforkukerfa annarra landa og þeirra landa sem er kannski skást að bera okkur saman við, hinna Norðurlandanna, þó svo að sérstaða okkar sem eylands sé þess eðlis að það er erfitt að finna raunhæfan og góðan samanburð við íslenskar aðstæður. En það var gert og tók frv. mörgum ágætum breytingum.

Sérstaklega er mér minnisstætt þegar Egill B. Hreinsson kom fyrir nefndina og gerði okkur býsna góða grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála og dró fram mjög margt sem vert er að taka inn í umræðuna og gera grein fyrir hérna á þeim mjög svo knappa tíma sem við höfum til þessarar umræðu þar sem við höfum fallist á að takmarka ræðutíma okkar verulega til að greiða fyrir þingstörfum þannig að fyrirhuguð þinglok megi nást í dag. Egill Hreinsson kom inn á mörg góð atriði sem vert er að hafa í huga við þessa stóru meginbreytingu á raforkukerfi okkar þar sem hann benti sérstaklega á að slík markaðsvæðing er flókinn ferill sem tekur í rauninni mjög langan tíma áður en lokamarkmiðinu er náð enda þarf, eins og hann sagði, að hanna markaðinn þar sem hann hannar sig ekki sjálfur í þessu tilfelli og hlutur hins opinbera svona afgerandi stór. Svo dró hann fram ýmsar fyrirmyndir sem mögulegar væru en Ísland hefði fáar eða engar nema kannski helst Noreg.

Sérkennin við íslenska markaðskerfið, sem gerir það að verkum að það er svo erfitt að finna því samanburð til að vinna eftir, er að við erum með lítið kerfi sem byggir á breytilegum, endurnýjanlegum orkulindum og engin bein tenging við stærri raforkumarkað. Þar er komin meginröksemdin fyrir því að við hefðum átt að fá undanþágu frá þessari tilskipun af því að við tengjumst ekki með neinum hætti hinum stóra raforkumarkaði í Evrópusambandinu heldur erum með okkar örlitla eylandsmarkað. Þess utan dró hann fram að hér væru engar eldsneytisstöðvar, engin tenging við beinan kostnað á hverja kílóvattstund orkugjafa, og þar fyrir utan væru hinir föstu stóriðjusamningar svo gríðarlega stór hluti af allri raforkuneyslu í landinu þar sem stóriðjan fær 90% af allri raforkuframleiðslu en hinn almenni notandi einungis 10%. Sú markaðsvæðing sem við erum að lögfesta hér vegna þessarar tilskipunar frá Evrópusambandinu tekur því einungis til um 10% af allri raforkuframleiðslu í landinu þannig að lítið stendur nú eftir.

Helstu áhyggjuefni sem komu fram vörðuðu markaðsvæðingu kerfisins, þar var sérstaklega dregið fram eftirlit Orkustofnunar og Samkeppnisstofnunar við samkeppnisþátt orkuvinnslunnar vegna þeirrar drottnandi stöðu sem Landsvirkjun er með, og svo þessi spurning: Hversu eðlilegt er að framleiðendur eigi ráðandi hlut í flutningsfyrirtæki? Það er kannski eitt meginmálið sem eftir stendur þegar við höfum afgreitt þessi lög frá Alþingi með þeim breytingum sem nefndin leggur til, verulega til bóta, það er eignarhaldið á bæði raforkuframleiðslunni og flutningsfyrirtækinu Landsneti hf.

Í aðdraganda nefndarvinnunnar og í nefndarvinnunni var það að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum sem menn höfðu kannski mestan áhuga á, hver framtíðarsýnin væri er varðaði eignarhald á þessum peningavélum sem svo má kalla. Þetta eru nokkurs konar eilífðarmaskínur sem framleiða mikil verðmæti og mjög brýnt að hin samfélagslegu sjónarmið séu þar ráðandi aðilar og raforkuframleiðslan, flutningur verði ekki hagnaðarsjónarmiðunum að bráð, en verði augljóslega og nokkuð örugglega til hagræðingar fyrir neytendur. Vonandi kemst þessi samkeppnismarkaður á, ef samkeppnismarkað skyldi kalla. Það má samt nálgast málið út frá ýmsu hvað þetta varðar að það mun og á að geta skilað sér í lægra verði fyrir neytendur og betri þjónustu við þá, og ég tek ekki undir það sem fram hefur komið, að þetta muni örugglega leiða til minna öryggis í kerfinu og hærra verðs fyrir neytendur. Ég held þvert á móti að þegar fram líða stundir, og menn munu að sjálfsögðu endurskoða lögin hérna reglulega, þá á þetta að geta leitt til þess að verð til neytenda geti lækkað. Eins og mér var bent á í samtali við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þá opnast t.d. sá möguleiki fyrir sveitarfélög að láta orkufyrirtækin hreinlega bjóða í pakkann, bjóða í sveitarfélagið, bjóða í þá notkun sem er innan sveitarfélagsins, og þar með væri möguleiki fyrir hin einstöku sveitarfélög að ná niður raforkuverði til íbúa sinna. Það eru því ýmsir fletir á þessu máli sem geta og eiga að vera til þess að verð til neytenda lækki. Ef rétt er haldið á og menn endurskoða lögin reglulega þá verði um einhvers konar samkeppni að ræða. Það má því í rauninni draga upp skopmynd af því, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði áðan, að um eiginlega og raunverulega samkeppni verði kannski seint að ræða á þessum örlitla markaði, en þó er að sjálfsögðu einhver samkeppni og fer vaxandi þar sem t.d. hlutur Orkuveitu Reykjavíkur verður sífellt stærri við raforkuframleiðslu svo og Hitaveitu Suðurnesja. Á okkar mælikvarða eru þetta að verða nokkuð stórir framleiðendur og verða það sjálfsagt í auknum mæli á næstu árum þegar þessum fyrirtækjum vex fiskur um hrygg.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á í andsvari við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hérna í morgun og hefur haldið því mjög á lofti bæði í ræðu og riti í sambandi við eignarhaldið á bæði Landsneti og Landsvirkjun að heppilegast væri til framtíðar að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær væru losuð út úr fyrirtækinu og ég tek undir þau sjónarmið og forustumenn Reykjavíkurborgar hafa sjálfir haldið þessu á lofti. Hvað varðar framtíðareignarhald á Landsnetinu, þegar menn opna fyrir það að aðrir en þeir sem eiga það núna geti keypt það, þá held ég að menn ættu sérstaklega að líta til þess að lífeyrissjóðirnir í landinu, sem við viljum

hvað best, fengju aðkomu að því og gætu fjárfest í þessum mjög svo góða fjárfestingarkosti. Þarna værum við áfram að tryggja að slíkir aðilar ættu fyrirtækið og að áfram verði um samfélagslega þjónustu að ræða.

Eins með eignarhaldið á Landsvirkjun, þegar þau skref verða stigin og næsta umræða verður tekin um þau mál, þá skoði menn það að losa Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ út úr Landsvirkjun, kaupa þá aðila út og þá líti menn sérstaklega til lífeyrissjóðanna sem fjárfesta í þessum fyrirtækjum.

Það má alveg taka undir það að óeðlilegt sé að tvö bæjarfélög eigi til framtíðar svo stóra hluti í þessu sameiginlega fyrirtæki okkar landsmanna þar sem Landsvirkjun hefur fengið ókeypis úthlutað flestum bestu raforkukostunum í gegnum tíðina á ákveðum forsendum og því mjög eðlilegt að þau viðhorf komi fram sem hér hefur verið haldið á lofti, og öll hin sveitarfélögin í landinu komi einhvern veginn að þessum málum líka.

En umræðan um eignarhaldið á Landsvirkjun og Landsneti til framtíðar, eftir 2011, þegar það verður endurskoðað 2010, kemur sjálfsagt til kasta Alþingis síðar og eru engar efnislegar forsendur til að fara að eyða tímanum í það hér enda lítill tími til þessara umræðna. En við fulltrúar Samf. í iðnn. styðjum þetta mál svo fram komið og erum á því án fyrirvara enda tók málið gagngerum breytingum í meðförum iðnn., þeim breytingum sem við vildum sjá þar, t.d. sem lyti að endurskoðun laganna hér á hinu háa Alþingi og því meginatriði sem við settum fram, sem var eignarhaldið á flutningsfyrirtækinu, Landsneti hf. Það náðist inn í góðri sátt við aðra nefndarmenn og að þessum meginkröfum okkar fram fengnum þá styðjum við að sjálfsögðu frv. og fögnum því sérstaklega að þessar breytingar náðust á því. Það var mjög gott vinnulag í nefndinni og það var alltaf markmið formanns nefndarinnar og annarra nefndarmanna að lenda þessu máli þannig að um það ríkti nokkur sátt og samstaða þannig að þetta stóra mál, þessi meginbreyting á raforkumarkaði okkar Íslendinga mætti verða þannig til komin að um hana ríkti sæmileg sátt. Fyrst þetta væri uppi á borðum, fyrst menn fengu ekki undanþágu frá tilskipuninni og þetta væri að veruleika komið þá fagna ég því vinnulagi og ég fagna því að það er tryggt að Landsnet hf. flutningsfyrirtækið, verði í eigu opinberra aðila og þar með tryggt að samfélagsleg sjónarmið liggi áfram til grundvallar þessum málum.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra en að endingu ætla ég að vitna hér í litla klausu í séráliti fulltrúa ASÍ og BSRB þar sem margar mjög gagnrýnar og góðar athugasemdir komu fram og höfðu að sjálfsögðu áhrif á viðhorf okkar og vinnu inni í nefndinni.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Flutningsfyrirtækið verði í eigu opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, enda er því ætlað að vera hluti af almennri grunngerð og þjóna almenningi og fyrirtækjum sem þjónustuaðili og er auk þess með einokunaraðstöðu. Því er mikilvægt að tryggja að slíkt félag verði ekki selt einkaaðilum í framtíðinni, né að rekstur þess og arðsemiskröfur verði sett undir markaðslegar forsendur um skammtímahagnað. Tryggja verður að bæði neytendur og orkuframleiðendur hafi opinn aðgang að öllum upplýsingum varðandi flutningsfyrirtækið sjálft og starfsemi þess.

Til þess að stuðla að sátt um bæði flutningsjöfnunina og rekstraröryggi flutningskerfisins föllumst við á tillögur um að flutningskerfið nái til 66 kV. Með þessu er jöfnun á flutningskostnaði sem best tryggð."

Að lokum ætla ég að grípa hér niður á öðrum stað þar sem fram kemur athyglisverð athugasemd um arðsemiskröfuna, með leyfi forseta:

„Við höfnum því að sett verði markaðsleg arðsemiskrafa á samfélagslegar fjárfestingar eins og flutningsfyrirtækið og dreifiveitur eru. Það mun valda hækkun á raforkuverði alls staðar á landinu ..." Við tókum það sérstaklega til greina og höfðum til grundvallar og vildum tryggja að svo yrði að sjálfsögðu alls ekki, heldur að arðsemiskrafan mætti frekar verða til þess að neytendur ættu kost á rafmagni á hagstæðara verði.

Við teljum því að margar athugasemdir sem komu fram í álitum, t.d. frá ASÍ og BSRB, hafi haft veruleg áhrif og orðið til þess að við náðum fram í nefndinni góðum breytingum, réttlætisbreytingum á raforkulögunum. Öll þau ítarlegu og vönduðu álit sem komu fram hafa orðið til þess að málið lítur miklu betur út hér fram komið. En það sem eftir og upp úr stóð var í rauninni það sem kom fram hjá Agli B. Hreinssyni og fleirum, að það væri eiginlega engin leið að segja nákvæmlega til um það hvernig þessi mál mundu þróast á næstu árum, þess vegna var það sett inn að þau kæmu til endurskoðunar á tveggja ára fresti, menn yrðu einfaldlega að læra af reynslunni og reyna að búa svo um hnúta hverju sinni að agnúar yrðu sniðnir af eftir því sem kostur er og eftir því sem þeir kæmu í ljós.

Við munum því örugglega áður en langt um líður ræða þetta mál aftur og vonandi í betra tómi. Það má taka undir það að málið bar brátt að og hefði þurft að vinnast miklu betur og á lengri tíma þannig að við hefðum getað eytt meiri tíma í að ræða það hér á hinu háa Alþingi, en það vatn er löngu farið undir brúna og óþarfi að eyða tíma í það. En ég vil taka það fram að ég fagna þeim breytingum sem urðu á frv. og fagna aftur vinnulagi nefndarinnar þar sem meginmarkmið formanns nefndar og nefndarmanna var að við mundum lenda þessu máli í sátt og þeir sem kæmu fram með kröfur um réttlátar breytingar á frv. fengju þeim framgengt ef nokkur kostur væri og fyrir það vinnulag vil ég þakka. Þetta eru lýðræðisleg og góð vinnubrögð, byggð á því að frv. verði sem best og megi verða íslenskum neytendum og íslenskum raforkuframleiðendum og öllum þeim sem málinu tengjast til verulegra hagsbóta og framdráttar. Það markmið tel ég að hafi náðst með því frv. sem liggur hér fyrir Alþingi og því styð ég frv. ásamt félögum mínum í Samf. fyrirvaralaust.

[10:33]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt innlegg í þetta. Eins og fram hefur komið á ég sæti í iðnn., og eins og félagi minn og hv. þm. Björgvin Sigurðsson lýsti hér yfir þá erum við fulltrúar Samf. á þessu nál. án fyrirvara. Ég get tekið undir það sem hann endaði hér á, að vinnulag í nefndinni var mjög gott og til fyrirmyndar við þetta stóra og mikla mál, og vil ég nota tækifærið, virðulegi forseti, og þakka hv. formanni nefndarinnar, Kristni H. Gunnarssyni, fyrir ánægjulegt samstarf í þessu. Í þeim nefndum sem ég hef starfað þá held ég að þetta sé vinnulag sem fleiri nefndir mættu taka sér til fyrirmyndar, bara til að hafa sagt það hér.

Ég sakna þess auðvitað að iðnn. skuli ekki hafa úr fjármunum að spila til þess að kaupa sér þjónustu frá aðila sem ekki hefði komið að málinu á undirbúningsstigi, eins og við

fulltrúar Samf. lögðum formlega til á fundi nefndarinnar, en það var ekki hægt að verða við því vegna þess að nefndin hafði ekki fjárráð til þess. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál að þingnefnd skuli ekki geta gert þetta.

Að lokum komumst við að niðurstöðu um það að við fengjum fulltrúa frá háskólanum, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, en þá kom í ljós að þeir hefðu líka unnið örlítið á undirbúningsstigi.

Í mínum huga hefur aðalatriðið í þessu máli alltaf verið, og þeim tveimur öðrum málum sem hér tengjast og ég ætla að ræða þau saman, virðulegi forseti, svo að ég þurfi ekki að koma aftur í það, það er þetta stóra, mikla mál um verðmat á flutningsfyrirtækinu, á þeim eignum sem fara þar inn. Þess vegna verð ég að lýsa yfir sérstakri ánægju minni með hvernig getið er um það hér í nál., þ.e. sem sagt að það skuli taka tillit til sérstakra framlaga sem veitt hafi verið til rafvæðingar úr opinberum sjóðum til fjárfestingar og uppbyggingar. Svo er skilgreint að með opinberum sjóðum er m.a. átt við greiðslur sem hafa komið úr ríkissjóði, sveitarsjóðum og öðrum sjóðum sem hafa notið opinberra framlaga til fjárfestingar og uppbyggingar kerfisins. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að fjárframlög hér á árum áður frá hinu háa Alþingi, sem sett hafa verið í línubyggingar og annað slíkt, eru e.t.v. komin inn í efnahagsreikning fyrirtækjanna og það verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess.

Þá undanskil ég ekki, virðulegi forseti, hina margfrægu Marshall-aðstoð. Þeir peningar, sem voru til Íslendinga allra, fóru í að byggja ákveðinn hluta af orkukerfinu, sem rann svo inn í Landsvirkjun o.s.frv., og ætla ég heldur ekki að lengja umræðuna með því að fara í gegnum það, kannski gerist það síðar. En ég vildi hafa sagt það hér að þetta eru hlutir sem ber að taka tillit til.

Það ræður náttúrlega mjög miklu um framhaldið hvert þetta verðmæti verður og þess vegna eru þessir varnaglar settir þarna inn og skilgreining sem nefndin á að vinna eftir og það er mjög mikilvægt mál.

Jafnframt vil ég segja það, virðulegi forseti, að í sambandi við þessi þrjú frumvörp þá sé klárt að framlag komi úr ríkissjóði, eins og sagt er, og verði það sannarlega til þess að jafna dreifingarkostnað.

Jafnframt hef ég alltaf gengið út frá því og ég mundi kannski vilja að hæstv. iðnrh., sem situr hér nú, mundi fjalla um það ef hún á eftir að koma hér upp í lokaræðu, og ítreka spurningu mína sem ég hef áður sett fram, hvort nokkuð verði hróflað við þeim um það bil 850 milljónum kr. sem nú eru á fjárlögum til niðurgreiðslu á húshitun, það er vonandi algjörlega kristaltært að þær verði þar áfram.

Ég vil líka segja í sambandi við flutningsfyrirtækið að ég fagna þeirri breytingu sem nefndin gerir í því sambandi og minnist þess að Norðmenn og Svíar, ríkissjóðirnir þar eiga flutningsnetið og það kom fram á fundi nefndarinnar að Danir eru að taka það til baka og eru að eignast það. Meðal okkar þingmanna Samf. er álitið, eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson lýsti hér áðan hvernig menn horfðu á það á ákveðnum tímapunkti að þetta væri álitlegur fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði landsins, þá hygg ég að þegar fram líða stundir og stóru framkvæmdunum lýkur fyrir austan og þær breytingar og þau áhrif sem það allt hefur á efnahagsreikning eins og t.d. Landsvirkjunar, að þá er ég þeirrar skoðunar, og það var rætt þegar við þingmenn Samf. vorum að ræða þetta mál, að sennilega verði best að í framtíðinni verði þetta flutningskerfi, þetta flutningsfyrirtæki í eigu ríkissjóðs. Það vildi ég láta koma hér fram.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það á mjög margt eftir að koma upp á næstu árum í sambandi við þá kerfisbreytingu sem við erum að gera hér. Það kom líka fram á fundi nefndarinnar að Danir hafa gert fimm stórar breytingar. Þess vegna fagna ég því að iðnrh. ber að skila skýrslu til Alþingis á tveggja ára fresti en ekki fjögurra ára fresti. Ég fagna því auðvitað líka að samráðsnefndin hefur verið stækkuð, þó að hún sé orðin óþarflega stór, tíu manna, en þá eru þar alla vega komnir fulltrúar frá Alþingi, og ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég held að það sé ágætt að alþingismenn fái að fylgja barninu fyrstu skrefin og sjá til þess að það fái gott göngulag og muni ekki skekkjast á þeirri leið.

Það er sem sagt margt óljóst í framtíðinni í þessu, margt getur átt eftir að koma okkur á óvart, og ég hef auðvitað fyrirvara um mjög margt í þessu. Vonandi verður það sem fæst en ég óttast að það verði töluvert sem á eftir að koma fram og þá verður auðvitað að vinna það besta út úr því, vegna þess að grundvallaratriðið á auðvitað að vera það að þrátt fyrir þessa kerfisbreytingu á hún ekki að þýða hækkun raforkuverðs til neytenda, hvorki á höfuðborgarsvæðinu né á landsbyggðinni, það er grundvallaratriði. Það er mikið atriði að það verði svo áfram að sátt verði og þetta frv. verði ekki til þess að hækka verðið, og alls ekki á höfuðborgarsvæðinu, og valda þar með úlfúð og koma óorði á jöfnun meðal landsmanna, sem er verið að ganga í hér og við þyrftum að ganga í á fleiri sviðum.

En, virðulegi forseti, vegna þess að við erum hér á lokadegi og það er ákveðið samkomulag um það hvernig við förum í þessi mál þá tek ég undir það að auðvitað hefði verið betra að geta rætt þau ítarlegar og á betri tíma, en ég tel að ég hafi komið, ásamt hv. þm. Björgvini Sigurðssyni, einum fulltrúa okkar í iðnn., því á framfæri sem við höfum viljað segja og þeim aðvörunarorðum sem við höfum haft í þessu. Það er rétt, það var tekið tillit til okkar tillagna að mörgu leyti, sem líka voru sameiginlegar tillögur að sjálfsögðu, en ég vil ítreka enn og einu sinni, segja það í lokin, virðulegi forseti, að ég þakka nefndinni fyrir ánægjulegt samstarf og þá sérstaklega formanni nefndarinnar fyrir að stýra þessu inn í þann farsæla farveg sem það er í hér.

[10:40]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að taka undir það að æskilegra hefði verið að taka lengri tíma í þessa umræðu af því að hér er um mikið mál og nokkuð flókið að ræða. En í upphafi máls míns vil ég þakka eins og fleiri ræðumenn formanni nefndarinnar fyrir góða stjórn og einnig starfsmönnum iðnrn. og forstjóra Orkustofnunar fyrir upplýsandi fundi og einnig fleiri gestum og vil ég þar nefna m.a. Egil Hreinsson.

Markmið þessarar lagasetningar er að koma á samkeppnisumhverfi í orkumálum og er hún í raun framhald af ferli sem fór af stað hér fyrir nokkru og lagasetningu sem var sett í fyrra, þann 15. mars, og framhald af Evróputilskipun, eins og fram hefur komið. Eftir því sem ég hef sökkt mér meira niður í þetta mál hefði ég talið að það hefði verið æskilegt að fá undanþágu frá þessari tilskipun vegna þess að í meginatriðum tel ég að hún eigi ekki við hér vegna þess að við erum einangruð hvað varðar orkumarkaðinn og svo eru ýmsir aðrir þættir sem ég ætla að tiltaka í ræðu minni.

Ég er á þessu nál. með fyrirvara og ég hef einkum fyrirvara við þau atriði sem varða að áframhald málsins er í ákveðinni óvissu. Það er ekki kominn neinn botn í það hvernig þessum málum verði fyrir komið og ég tel það að mörgu leyti óásættanlegt og hefði talið að menn hefðu átt að sjá fyrir nánar hvernig útfærsla þessa máls yrði.

Um hvað fjallar þetta mál? Það fjallar um það að menn eru að greina á milli ýmissa þátta í orkukerfinu og kerfinu hefur verið skipt í þrjá meginþætti.

Það er í fyrsta lagi í framleiðsluna, og það má segja að það séu virkjanirnar í landinu.

Síðan er það flutningurinn, og það eru þá flutningsvirkin sem dreifa orkunni hringinn í kringum landið og til bæjanna.

Síðan eru það dreifiveitur sem sjá um að dreifa orkunni inn í hús og inn í fyrirtækin.

En nú er það svo að bæði flutningurinn og dreifingin eru einokunarstarfsemi og verða alltaf einokunarstarfsemi. En mögulegt er að á framleiðslunni verði samkeppni. En nú háttar svo til að framleiðslan er nánast á einni hendi og þess vegna verður kannski ekki um mikla samkeppni í raun að ræða.

Hvaða óljósu þætti hefði maður viljað fá að sjá áður en þetta frv. yrði samþykkt? Það eru einkum þættir sem varða tekjuþakið, en þar er talað um að einokunarþættirnir ættu að vera, að sett yrði ákveðið tekjuþak á þær tekjur sem bæði dreifingin og flutningurinn má taka inn í gjöldum, og það hefði verið miklum mun æskilegra að hreinni línur lægju fyrir í því hvernig kerfið yrði fyrir neytendur.

Annar hluti er þá verðmætamat flutningsvirkjana. Það er eitthvað sem mun koma fram seinna á árinu. Ég hefði talið miklum mun eðlilegra að þessar upplýsingar hefðu legið fyrir og að við hefðum þá síðan tekið afstöðu til þeirra.

En það er margt sem hefur komið fram hér í umræðunni hvað varðar jöfnun á orku og menn hafa verið að tefla fram andstæðum sjónarmiðum hvað varðar landsbyggð og höfuðborg. Þess vegna finnst mér, sem landsbyggðarþingmanni, skylt að minna á það að við erum að ræða um sameiginlegar orkuauðlindir þjóðarinnar og það er í raun sanngirnismál að þjóðin fái að njóta þeirra á sambærilegu verði að einhverju marki a.m.k., sama hvar á landinu fólk býr.

Það er annað sem ég tel að við verðum að ræða hér en það varðar það samkeppnisumhverfi sem við teljum okkur vera að búa til, sem ég tel að sé í rauninni bara einhvers konar sýndarsamkeppni. Staðan er sú, eins og hefur komið fram hér áður, að 90% af allri orkunni eru seld í beinum samningum og við erum í rauninni eingöngu að fjalla um 10% af orkuframleiðslunni og erum að búa til í kringum það heljarinnar batterí sem á eftir að kosta talsverða fjármuni. Ég hefði talið að áður en við færum í slíka vinnu ætti að láta mjög á það reyna og í meira mæli en gert hefur verið hvort það væri hægt að fá undanþágu frá Evróputilskipuninni vegna þess að þessi 10% kalla á talsvert mikinn kostnað við að útbúa samkeppnisumhverfi. Menn hafa rætt um, það kom fram á fundi nefndarinnar, að eftirlitið kosti 50 milljónir. Mér finnst það mjög varlega áætluð tala, 50 milljónir, og ég tel að í raun ef eftirlitið eigi að ná fram markmiði sínu þá þurfi mun meira eftirlit og að það þurfi að fara í ákveðna vinnu, sem kom hér fram, að það þarf að skilja á milli í meira mæli en gert er — vegna þess að það er í engu gert í þessu frv. — á milli þeirra þátta sem eru í samkeppni og þeirra sem eru í einokun. Ég tel að það verði í raun og veru engin samkeppni ef flutningsfyrirtækið Landsnet verður í samkrulli við framleiðslufyrirtækin.

Það er talað um að það eigi að vera fjárhagslegur aðskilnaður en nú háttar svo til að við höfum t.d. Landssímann, sem er í eigu ríkisins, sem er orðinn hlutafélag, og þar á að vera fjárhagslegur aðskilnaður á milli samkeppnissviða og þeirra sem hafa einokunaraðstöðu eða samkeppnishindrandi. Það kemur fram í 5. gr. frv. að það eigi að vera ákveðið upplýsingaflæði, hægt að fá upplýsingar um þessa einokunarþætti. En þegar reynt er t.d. að fá upplýsingar frá Landssímanum, og ég spurði hæstv. fjmrh. út í það, þá var í rauninni engin svör að fá, þó svo að það standi í reglum að það eigi að vera fjárhagslegur aðskilnaður. Sporin hræða, og það er með ólíkindum þegar maður horfir upp á það að fjmrh., sem ætti að vera annt um samkeppni á fjarskiptamarkaði, kemur í rauninni í veg fyrir að þingmenn fái upplýsingar um atriði sem geta komið á samkeppni. Þess vegna tel ég að þetta með að hlutafélagavæða sé mjög varhugavert nema við tryggjum það með mun virkari hætti heldur en gert er og í er framkvæmd nú þegar menn svara út í hött spurningu sem er borin hér upp á hinu háa Alþingi varðandi t.d. fjárhagslegan aðskilnað starfsemi sem er virðisaukandi, t.d. internetsþjónustu sem þarf að nota þjónustu hjá Landssímanum sem er samkeppnishindrandi og í einokunaraðstöðu. Þetta er þá ekki mjög bjart ef einhver hugsar sér að fara t.d. í samkeppni á orkumarkaðnum og þarf að búa við svipaða starfshætti og fyrirtæki sem þurfa að eiga við ríkisfyrirtæki sem eru hlutafélagavædd.

En það er annað sem þarf að fara yfir og það eru úrræði Orkustofnunar. Úrræðin sem hún hefur til að ná fram markmiðum sínum eru ekki fullnægjandi og það þarf að breyta þeim. Það er talað um dagsektir í frv. og reynslan af dagsektum er sú að þau virka ekki sem úrræði til að ná fram markmiði sínu vegna þess að það kemur fram í 71. gr. laga um aðför að ef einhver, ja, segjum að hann brjóti af sér og Orkustofnun vilji ná fram úrbótum, þá falla niður dagsektir um leið og sá sem hefur brotið af sér hefur bætt ráð sitt og það er ekki hægt að innheimta þær, þannig að hann getur byrjað sama leikinn á ný. Auðvitað þarf að bæta slíka þætti og ýmsa aðra og það þarf að fara betur yfir lögin.

En það sem upp úr stendur og ég ætla að leggja áherslu á hér í lokin er að það hefði verið hægt að taka á þessum óvissuþáttum áður en frv. kom inn í þingið. Það hefði verið miklum mun æskilegra að menn vissu að hverju þeir ganga. Það eru einfaldlega of margir lausir endar sem þarf að hnýta í þessu máli og það ætla ég að ítreka, og það eru þeir fyrirvarar sem ég geri við þetta frv.

[10:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég starfaði í iðnn. þegar frv. var tekið fyrir og er hér á nál. og styð þetta mál. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það væri í rauninni hægt að ræða efni þess mjög mikið enda er málið mjög mikilvægt og grundvallaratriði fyrir íslenska þjóð. Ég tel þó að það hafi verið farið vel yfir málið í nefndinni og það hefur líka verið góð umræða í samfélaginu um það og ég held — og það hefur í rauninni ekkert með þetta mál að gera — ég held hins vegar að það verði sama uppi á teningnum hjá okkur eins og hjá öðrum þeim þjóðum sem fara út í slíkar breytingar að það mun taka einhvern tíma, og ég efast ekki um það margra hluta vegna að við munum taka þetta upp hér á næstu missirum og í rauninni er gert ráð fyrir því að

endurskoða þetta, ef ég man rétt, á tveggja ára fresti. Það er ekkert óeðlilegt, málið er þess eðlis að það veitir ekki af því að menn fari yfir það og sníði af þá vankanta sem kunna að koma upp, og það er nákvæmlega ekkert óeðlilegt við það.

Ég held, svo að maður tali um kostina við þessar breytingar, að þeir felist fyrst og fremst í því að hér erum við að sjá meira gegnsæi á þessum markaði en áður hefur verið. Ég vonast til þess, og er ekki jafnsvartsýnn, virðulegi forseti, og ég var í upphafi málsins og vonast ég til þess að sjá hér einhverja samkeppni á næstu árum eða áratugum. Það er til staðar ákveðin samkeppni í orkukerfinu á Íslandi, á stóriðjumarkaðnum en aðrir aðilar hafa ekki notið þess. Þó er undantekning þar á, t.d. var grunnskóli í Garðabæ, virðulegi forseti, sem ég held að hafi getað valið á milli tveggja raforkufyrirtækja eða orkuveitufyrirtækja og nýtti sér það með útboði, ef ég man rétt, þannig að vonandi sjáum við hér í nánustu framtíð aukna samkeppni.

Ég gerði ákveðnar athugasemdir hér í mars þegar þetta mál kom fram og þær voru í rauninni í fjórum liðum.

Í fyrsta lagi hafði ég ákveðnar efasemdir, eins og margir aðrir, um að við værum í raun aðilar að innri markaði Evrópusambandsins hvað þennan þátt varðar, og það má í sjálfu sér til sanns vegar færa þó að svo sannarlega séum við aðili að þeim markaði hvað varðar stóriðjuna. En það breytir því ekki að þetta er niðurstaðan og eftir því sem ég best veit þá reyndu menn að fá undanþágu frá þessu án árangurs og þess vegna skyldum við bara spila með því og reyna að gera það besta úr þessu, og ég sé líka að það eru ákveðin tækifæri til staðar og ég vona að við nýtum þau.

Í annan stað gerði ég athugasemdir við það, vegna þess að ég hafði áhyggjur af því þegar frumvarpsdrögin lágu fyrir, að ekki væri tekið tillit til raunkostnaðar í kerfinu, og tel það vera algjört grundvallaratriði að við tökum tillit til raunkostnaðar í kerfinu einfaldlega vegna þess að ef við erum með kerfi eins og þetta þá er alveg grundvallaratriði að það sé skilvirkt og hagkvæmt. Það er með orkumarkaðinn og þetta flutningskerfi að það er hagkvæmara að flytja rafmagn um stuttan veg en langan, því fylgir ákveðið orkutap ef orkan er flutt um langan veg, og það var komið til móts við þetta í nefndinni og ég tel brtt. sem koma hér fram vera fullnægjandi.

Ég vil lesa það, með leyfi forseta, á bls. 3. í nál., en það hljómar svo:

„Nefndin telur eðlilegt að leggja til breytingu þess efnis að skylt sé að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda leiðir til verulega aukins eða minnkaðs kostnaðar í flutningskerfinu en það sé ekki einungis heimilt eins og frumvarpið kveður á um.“

Það er því komið til móts við þetta sjónarmið.

Í þriðja lagi hafði ég áhyggjur af því að „sokkni kostnaðurinn“ eða sá kostnaður sem hið opinbera eða ríkisvaldið hefur greitt til þess að hjálpa hinum ýmsu orkufyrirtækjum um landið, ef það væri tekið tillit til þess þegar virði flutningsfyrirtækis væri metið inn í nýja flutningskerfið þá hefði það slæm áhrif og mundi í rauninni skekkja þá stöðu sem er til staðar og hefði sérstaklega slæm áhrif á verðmyndun á flutningi hér á höfuðborgarsvæðinu og gæti haft neikvæð áhrif hvað það varðar eða leitt til hækkunar orkuverðs til neytenda á höfuðborgarsvæðinu.

Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að nefndin, eins og formaður nefndarinnar rakti hér í sínu máli, tók tillit til þessa og ég vil lesa hér upp, með leyfi forseta, á bls. 2 í nál. þann þátt.

Þar segir:

„Leggur iðnaðarnefnd til breytingu á bráðabirgðaákvæðinu, varðandi mat á verðmæti flutningsvirkja, sem felur í sér að samninganefndin taki við verðmat einstakra flutningsvirkja tillit til og dragi frá sérstök framlög sem veitt hafa verið til rafvæðingar úr opinberum sjóðum til fjárfestingar og uppbyggingar. Með opinberum sjóðum er m.a. átt við greiðslur sem komið hafa úr ríkissjóði, sveitarsjóðum og öðrum sjóðum sem notið hafa opinberra framlaga til fjárfestingar og uppbyggingar kerfisins. Þann stofnkostnað hafa þessir opinberu sjóðir nú þegar greitt og telur nefndin þess vegna eðlilegt að við mat á flutningsvirkjunum verði tekið tillit til þeirra.“

Þetta er mjög mikilvægt og þetta var sá þáttur sem var gagnrýndur hvað mest af forsvarsmönnum orkufyrirtækjanna og einnig af forsvarsmönnum sveitarfélaganna hér á höfuðborgarsvæðinu sem fjölluðu um þetta mál.

Fjórði þátturinn sem ég ræddi og hef gagnrýnt og er ekki tekið á hér — enda má færa rök fyrir því að hann eigi kannski heima í annarri umfjöllun en tengist þó þessu máli — er að mér finnst eðlilegt að það yrði skilgreint betur hvert hlutverk þessara orkufyrirtækja er. Orkufyrirtækin á Íslandi eru risar, þetta eru gríðarlega fjársterk fyrirtæki sem betur fer og að mínu áliti eiga þau fyrst og fremst að sinna því mikilvæga hlutverki að sjá til þess að íbúar þessa lands fái orku, þ.e. heitt og kalt vatn og rafmagn með sem hagstæðustum og öruggustum hætti. Því miður var lögunum breytt með þannig að það gaf færi á því að menn fóru út í allt aðra og óskylda starfsemi. Hér er ég að vitna, virðulegi forseti, sérstaklega til Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. stefnumótunar R-listans, en þar hafa menn farið hreint og klárt út í það að fjárfesta í netfyrirtækjum, fiskeldisfyrirtækjum, risarækjueldi, ljósmyndabönkum að ógleymdum fjarskiptafyrirtækjum. Þar erum við að tala um að upphaflega átti að setja að hámarki 200 milljónir í það ævintýri en í það hafa verið settar 3.500 milljónir. Af því er búið að afskrifa u.þ.b. 500 milljónir í eina ævintýrafjárfestinguna en tapið er samanlagt um 1.800 milljónir, þ.e. rekstrartap þessara fyrirtækja, sem hafa mörg hver annaðhvort orðið gjaldþrota eða verið bjargað frá gjaldþroti en það á í rauninni við þau öll. Ég mun flytja þingmál sem tekur á þessum þáttum og ég vonast til þess að náist breið samstaða um það því að það segir sig sjálft að við getum ekki haft þessa hluti svona.

Ég hef að vísu heyrt þingmenn, m.a. þingmenn Vinstri grænna, taka undir þetta viðhorf og ég vona að hugur fylgi máli. En ég hef svona hugsað það, miðað við það hvað hefur gengið á hér í þinginu, hvað hefði í rauninni gerst ef þessi ágæta stjórnarandstaða, sem oft stendur sig vel og er með beittan málflutning, hvernig menn hefðu látið ef sú staða hefði komið upp að ríkisvaldið hefði farið í álíka ævintýri sem hefði skilað þessari niðurstöðu.

Ég vek athygli á því að fyrrum forsætisráðherraefni Samf., sem áður var borgarstjóri, fjargviðraðist mjög yfir okkur að við sjálfstæðismenn skyldum gagnrýna það á sínum tíma að það væri farið út í þessa fjárfestingu sem átti að vera að hámarki 200 milljónir og taldi það mestu fásinnu að vera að ræða slíkt því að hér væri um svo lága upphæð að ræða. Upphæðin hefur orðið 3.500 milljónir og tapið 1.800 milljónir og búið að afskrifa hálfan milljarð eða svo. En ég mun

ræða það seinna, virðulegi forseti, og ég ætla að hafa þetta mál mitt mjög stutt.

Ég vil hins vegar að lokum, vegna þess að hér voru miklar áhyggjur uppi um það að þetta mundi hækka verð til neytenda á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að í meðförum nefndarinnar höfum við tekið að mestu fyrir þá hættu og vek athygli á því, af því að hér hafa menn talað um að arðsemiskrafa muni án nokkurs vafa leiða til hækkunar, þá liggur það fyrir að það er ekkert sem bannar samkeppnissviðum að greiða niður einokunarsvið. Með öðrum orðum ef staðan er í raun sú að menn hafa notað framleiðsluna í orkufyrirtækjunum til að greiða niður dreifinguna þá er það heimilt áfram. Það eina sem hefur áhrif á verðlagningu hjá orkufyrirtækjunum, í það minnsta hjá Orkuveitu Reykjavíkur, er hver verðlagningin verður á flutningnum og miðað við þær forsendur sem við höfum séð og ég held að allir séu sammála um þá gæti það því miður haft þau áhrif að þetta mundi hækka verð um hugsanlega 1% að því gefnu að það komi engin hagræðing á móti. En þær prósentutölur sem menn hafa haft áhyggjur af eiga ekki við rök að styðjast og það hefur verið komið til móts við þau sjónarmið sem voru uppi, eins og formaður nefndarinnar rakti hér ágætlega í máli sínu, og ég fagna því og ég fagna þessari niðurstöðu og vonast til að um þetta mál sé góð sátt.

[11:03]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum hér að ræða lagasetningu varðandi raforkumál og ýmislegt hefur komið fram í umræðunni í morgun. Það eru efasemdir ýmissa þingmanna um lagasetninguna í heild sinni, einkum og sér í lagi eru stjórnarandstæðingar með efasemdir. Í sjálfu sér er ekki neitt sérstakt við það, þeir vilja gjarnan fara rólega í lagasetningu og eru fælnir við að taka frumkvæði. Það er það sem þarf að gera í þessum málum sem og öðrum, að það verður að fara í þessi mál. Við höfum heyrt frá til að mynda Noregi, þar sem svipuð lagasetning fór í gegn, að þar hafa orðið heilmiklar endurskoðanir og lagfæringar á lögum og það er enginn vafi að við munum eiga eftir að sjá þessa lagasetningu í sölum Alþingis eitthvað á næstu árum og það eingöngu til að bæta málið.

Hér eru ýmis álitamál, eðli málsins samkvæmt, sem hefur verið tekið á og farið yfir. Einn þáttur er sá sem menn hafa nefnt „sokkinn kostnað" í flutningsvirkjunum — í flutningskerfinu, sem á nú að setja sem sérstakt fyrirtæki. Það má til sanns vegar færa að það sé sokkinn kostnaður sem svo er kallaður í því kerfi, en ég vil, frú forseti, benda á það sérstaklega, af því að það hefur ekki komið fram í umræðunni, að sá sokkni kostnaður sem er Marshall-hjálpin, sem Reykjavíkurborg fékk og byggði fyrir Sogsvirkjanir á sínum tíma, sem síðar voru lagðar inn í Landsvirkjun að það er sennilega stærsti sokkni kostnaðurinn í því kerfi sem við erum að setja hér upp sem flutningskerfi. Það er sú upphæð sem er sennilega langsamlega stærsti kostnaðarliðurinn. Ég held að þegar rætt er um þennan sokkna kostnað og farið verður yfir það hver eignarhlutur Landsvirkjunar og þar með eignarhlutur Reykjavíkurborgar í flutningskerfinu er, og hversu stór hluti af honum er til kominn vegna Marshall-hjálparinnar, sem mér skilst að gæti verið u.þ.b. 60% af þeim fjármunum sem fóru til uppbyggingar á Sogsvirkjununum á sínum tíma, þá verður sá kostnaður að metast eins og annar sokkinn kostnaður í þessum þætti

Ég vildi, frú forseti, koma hér upp til að halda þessu til haga og að þetta hafi komið fram.

[11:06]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var ágætis ræða hjá mínum góða félaga, hv. þm. Kjartani Ólafssyni. Ég held hins vegar að menn þurfi að skoða þetta vel ef á að fara svo langt aftur í söguskoðuninni. Eftir því sem ég best veit var hér um að ræða lán sem fékkst í gegnum þessa fjármögnun. Það voru að vísu aðrir valkostir þá til staðar en þetta var eitthvað hagstæðara lán, ég hef lítillega rætt þetta við menn sem þekkja til og sjálfsagt er að skoða þetta eins og marga aðra þætti.

Eftir því sem ég best veit var hér um lán að ræða og þá var lánafyrirgreiðsla til staðar frá dönskum aðilum, sem höfðu að vísu verið eitthvað örlítið óhagstæðari, þannig að ég held að það borgi sig, virðulegi forseti, að skoða þetta mjög vel áður en menn verði með mjög stórar yfirlýsingar um þennan þátt mála.

[11:08]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil segja örfá orð í lok umræðunnar og vil byrja á því að þakka ræðumönnum fyrir þeirra framlag í umræðunum og þakka góð orð í minn garð og annarra sem tóku þátt í störfum nefndarinnar. Ég vil láta það koma fram að ég tel að nefndarmenn hafi allir lagt sig fram um það að skýra sín sjónarmið og síðan að tala sig niður á sameiginlega niðurstöðu og það tókst með þeim ágætum að allir nefndarmenn standa að álitinu og styðja málið með þeim breytingum sem eru lagðar til á því.

Ég tel það mjög þýðingarmikið vegna þess að menn eru að taka töluvert stór skref til breytinga í því umhverfi sem raforkumarkaðurinn eða raforkuframleiðslan hefur verið hér á landi og dreifing hennar og sala. Við höfum búið við opinbert fyrirkomulag í þessum efnum fyrst og fremst, opinberir aðilar hafa stjórnað þessu og það má segja að það kerfi sem við höfum stuðst við síðustu áratugina hafi að mörgu leyti gefist mjög vel. Til dæmis er afhendingaröryggi raforku mjög mikið, síðustu árin höfum við ekki búið við truflanir í þeim efnum þannig að almenningur verði mikið var við. Raforkuverð hefur lækkað mjög mikið á síðustu 20 árum, sem er til marks um það að mönnum hefur tekist vel til í uppbyggingu fyrirtækjanna og dreifingu raforkunnar. Það er því út af fyrir sig eðlilegt að menn stígi varlega niður til þess að breyta því fyrirkomulagi sem menn hafa búið við vegna þess að það hefur gefist mjög vel.

En mér fannst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vera kannski fullvarkár í afstöðu sinni til málsins og mér fannst gætni hans kannski koma skýrast fram í einu orði sem hann tók sér í munn, lýsi kannski trega hans eða tregðu til þess að færa sig úr stað í þessum efnum, hann notaði orðið „móverk", talaði um „allt þetta móverk". Við þekkjum það að móverkið tilheyrir nú byggingarsögu sem var kannski hér við lýði í þúsund ár þar sem litlar breytingar urðu í þeim efnum og við lifum auðvitað á öðrum tíma þar sem móverkið er orðið úrelt og önnur byggingarefni eru komin til sögu sem menn geta notað og breytingar leiða af því.

Ég er ekki að halda því fram að menn eigi ekki að vara við eða benda á gallana, eða margt það sem hefur tekist vel, heldur hitt að menn mega ekki standa um of gegn þeim breytingum sem stefnt er í átt til.

En auðvitað er óvissa sem fylgir breytingum, það liggur fyrir. Þess vegna er mjög gætilega gengið fram í þessum

efnum. Við erum að vísu ekki að ganga að öllu leyti inn á óþekkt svið, við erum að fara inn á samkeppnisvæðingu þessa hluta atvinnurekstrar eins og við þekkjum frá öðrum sviðum atvinnulífsins og vitum eitthvað um við hverju við getum búist. Við vitum að það er breytilegt hversu miklu samkeppnin hefur skilað. Sums staðar hefur hún verið allnokkur en á öðrum sviðum hefur hún ekki verið mikil og meira verið um fákeppni en alvarlega samkeppni margra aðila. Við getum því búist við því að það verði fákeppnisbragur á þessum markaði.

En við tökum okkur aðlögunartímabil fram til ársins 2011 og ég hygg að það megi segja að það séu engar líkur á verulegum breytingum á þeim tíma. Menn vita nokkurn veginn hvað þeir ætla að gera og það er verið að opna fyrir framleiðslu og sölu þannig að einkaleyfi orkufyrirtækjanna er afnumið í þeim efnum og við sjáum til hverju það skilar í samkeppninni á þessu sviði. Við erum viðbúin á þessu tímabili að bregðast við ef upp koma vankantar í framkvæmd sem beina málinu í annan farveg en stefnt er að.

Ég held því að það sé ekki hægt að fara gætilegar í breytingarnar en gert er ráð fyrir í þessum efnum, bæði í þeim lögum sem eru í gildi og í frv. með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Mér finnst því kannski að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ætti að flytja þessa ræðu eftir sex ár þegar menn fara að skoða hvernig til hefur tekist í þessum efnum og fyrir þinginu liggur nýtt heildarfrumvarp um raforkulagamarkaðinn í kjölfar endurskoðunar laganna árið 2010. Þá held ég að tímabært væri að flytja ræður um hvernig til hefur tekist og hvað hefur tekist vel og hvað hefur tekist miður.

Það má auðvitað færa rök fyrir því að það séu líkur á, meiri eða minni eftir atvikum, að eitt eða annað kunni að ganga úrskeiðis eða að það geti gerst eitthvað sem menn ætla ekki að láta gerast. Það er aldrei hægt að útiloka það, menn verða einfaldlega að búa sér til reglur og viðbrögð þannig að þeir geti glímt við það sem upp kemur og fært það til þess vegar sem að er stefnt. Ég er ekki smeykur um að upp komi einhver alvarleg tilfelli sem setja allt úr skorðum. Ég held t.d. að það verði tiltölulega mjög örugg dreifing raforku um landið, ég held að verðlag á raforku muni ekki hækka, ég held að það muni halda áfram að lækka eins og það hefur gert á síðustu 20 árum. Ég held t.d. ekki að það verði, eins og reynslan varð sums staðar erlendis, t.d. í Bretlandi, að dreifingarfyrirtæki fór í fjárhagslegt þrot vegna þess að eigendur þess, eftir að það var einkavætt, tóku of mikið fé út úr því miðað við það sem reksturinn bar. Við erum ekki með það fyrirkomulag á dreifingarfyrirtækinu að það sé líklegt að slíkt komi upp. Við setjum arðsemiskröfur á dreifingarfyrirtæki en þær eru girtar af í bak og fyrir og það er tryggt að fyrirtækið á að vera rekið með þeim hætti að fjárhagslega hafi það bolmagn til þess að ráðast í þær framkvæmdir og viðhald á línum sem eðlilegt er að séu í góðu lagi. Ég hef því ekki áhyggjur af þessum þætti málsins miðað við þá umgjörð sem við búum því.

Það sem mér finnst kannski stóra spurningin sem menn þurfi að hafa góðar gætur á er: Verður ekki örugglega nóg framboð af raforku miðað við vaxandi markað? Út af fyrir sig þarf ekki að hafa áhyggjur af því varðandi beina samninga stórra aðila, það hlýtur alltaf að verða hægt að koma á samningum um það, en spurningin er þá um smásölumarkaðinn. Erlendis hafa menn bent á að ef enginn ber ábyrgð á því að reisa nýjar virkjanir til þess að nægileg raforka verði í framboði fyrir almennan markað þegar skorts verður vart, þá geti orðið töf á því að einhver aðili sjái sér hag í því að reisa virkjun vegna þess að hann hafi ekki trygga samninga um sölu á raforkunni og þá ekki nema fyrir litlum hluta. Þetta er atriði sem menn hafa séð að getur orðið vandamál erlendis en á meðan eignarhaldið á fyrirtækjunum er eins og hér um ræðir, að þetta er í eigu opinberra aðila, þá tel ég ekki neina verulega hættu á að þetta geti komið upp hérlendis. Menn mundu taka nauðsynlegar ákvarðanir til þess að tryggja framboð á raforku, það væri þá frekar ef menn væru núna að ganga frá fyrirkomulagi um ókomna framtíð að afloknu reynslutímabili og hefðu kannski ekki sett varnagla hvað varðar þennan þátt málsins. En ég held að það sé rétt að meta það að loknu aðlögunartímabilinu eftir sex ár og þá gera menn þær breytingar sem menn telja nauðsynlegar til að tryggja afhendingaröryggi eða nóg framboð af raforku, en ég tel að það verði ekki vandamál á þessum tíma. Ef það kemur upp á hafa menn full tök á að bregðast við því.

Síðan var afstaðan gangvart EES, hvort við eigum að vera utan við það í þessum efnum eða ekki. Það mál er um garð gengið, er liðin tíð og því óþarft að eyða miklum tíma í að ræða það. Ég er ekkert viss um að það hafi endilega átt að vera keppikefli að standa utan við sameiginlegar markaðsreglur í þessu efni, jafnvel þó að það sé ekki líklegt að við tengjumst erlendum raforkumörkuðum, það er þó ekki útilokað að það kunni að verða hagkvæmt einhvern tíma í náinni framtíð. En það kann að vera ávinningur fyrir okkur að taka upp markaðsfyrirkomulag á þessu sviði hér innan lands og það finnast mér vera aðalrökin fyrir því að stíga þessi skref og láta á það reyna hvort það verði ekki eins og ætlað er.

Það er nú bara þannig að það er svo margt í heiminum sem er að breytast og fólk sem áður var mjög staðbundið í starfi sínu ferðast nú víða um. Fólk sem ferðast um í Evrópu vill að svipaðar reglur gildi þar um þjónustu og viðskipti og gilda í heimalandi þess. Því kalla þessar breyttu aðstæður auðvitað á að menn samræmi reglur á mörgum sviðum á milli landa og ég held að það þýði ekkert að berja höfðinu við steininn með það. Þannig er umhverfið nú og ég held að það væri óskynsamlegt að tala mjög fyrir því að við getum búið í heimasveit okkar óháð öllu umhverfi á einhverjum tilteknum sviðum. Það kann að vera að það sé hægt á þessu raforkusviði en ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt.

Ég vildi, herra forseti, aðeins koma inn á það sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Mér fannst hann gera of mikið í því að vekja tortryggni og hlaða undir óvissu og ótta um þetta fyrirkomulag. Mér finnst það ekki vera hlutverk stjórnmálamanna að hvetja beinlínis til óöryggis með málflutningi sínum um það sem menn eru að gera, sérstaklega vegna þess að það er dálítið mikið á valdi hans og hans flokksmanna hvernig framkvæmdin tekst til, m.a. með þátttöku þeirra í stjórn Reykjavíkurborgar. Ég held því að jafnvel þó hann og aðrir hafi efasemdir um ýmsa þætti í markaðsvæðingu almennt eða markaðsvæðingu á þessu sviði, sem er eðlilegt sjónarmið og menn hafa rök fyrir að mörgu leyti, þá eigi menn að fara mjög varlega í að reyna að grafa undan þessu máli, eins og mér fannst hv. þm. gera og mundi mælast til þess að hann dræegi dálítið úr því, mér fannst fjarri því að nokkur sanngjörn rök væru fyrir hendi.

Það má til dæmis nefna að Bretar gátu ekki staðið til lengdar á því að vera með sitt lengdarkerfi. Þeir beygðu sig fyrir því að aðrir í kringum þá voru komnir með metra-

kerfi. Sama er á mörgum sviðum, menn verða auðvitað að samræma hlutina og það er kallað eftir því.

Ég vil svo að lokum ítreka þakkir mínar til nefndarmanna fyrir gott samstarf í nefndinni við afgreiðslu á þessu máli og vænti þess að það fái gott brautargengi í gegnum þingið og vænti þess líka að á þessum sex ára reynslutíma gangi hlutirnir fram eins og við sjáum þá fyrir okkur og þau óvæntu vandamál, sem örugglega munu koma upp einhver, verði leyst vegna þess að það er í lögunum þannig gengið frá að það verður tekið á þeim.

[11:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég er nú satt best að segja nokkuð hissa á þessari síðustu ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og ég veit ekki hverjum hún var ætluð. Hann nefndi mig að vísu alloft á nafn í ræðu sinni en ég hafði það ekki á tilfinningunni að ég hefði gefið tilefni til ræðuhalda af þessu tagi og allra síst hér við þær aðstæður að ég vissi ekki betur en væri verið að reyna að ljúka umræðum um þetta mál á afmörkuðum tíma.

Ef hv. þm. má vera að því að hlusta, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði hér sérstaka lykkju á leið sína til þess að vanda um við mig vegna málflutnings míns og viðhafði þar ýmis orð — sem ég vísa algjörlega til föðurhúsanna — af því tagi að ég hafi verið með málflutningi mínum hér og með því að lýsa afstöðu minni til þessa máls að sá tortryggni, valda mönnum einhverju öryggisleysi, grafa undan málinu. Síðan var talað eins og það hefði verið einhver málflutningur hér uppi um að allt ætti að vera óbreytt og menn gætu lifað einangraðir í sinni heimasveit og notað þumlunga og tommur og ég veit ekki hvað og hvað.

Allt svo, ég bið hv. þm. bara að gjöra svo vel að hætta þessu. Ég gaf engin tilefni til þess. Þó að ég sé andvígur markaðs- og einkavæðingu af þessu tagi á almannaþjónustu þá hefur hv. þm. engin efni til þess að vera með slíkar lummur sem hv. þm. var hér með. Og þó að ég hafi notað orðið „móverk" um þetta fyrirbæri, frú forseti, þá á hv. þm. ekki að lesa út úr því einhvern altækan tímamælikvarða eða eitthvað í þeim dúr. Veit hv. þm. ekki hvað orðið „móverk" þýðir á íslensku? Er það orðið of gamalt orð fyrir hv. þm. til þess að það megi nota það?

Orðið „móverk", miðað við þann skilning sem ég legg í það, er einhvers konar hrúgald, eitthvert fyrirbæri úr lélegum byggingarefnum. Og ég held því fram að þetta sem hér er verið að gera sé einmitt hrúgald af því tagi úr lélegum byggingarefnum því að þetta er illa unnið og er mikil samsuða, eins og hv. þm. veit vel, og margir lausir endar í þessu máli. Sú málsvörn að menn megi ekki tala út frá því sem við þeim blasir og því sem fram undan er, heldur eigi menn bara að lifa í hinni góðu trú að þetta muni allt blessast og að til séu úrræði sem grípa megi til ef illa fari og menn keyri út af, og eftir sex ár megi menn koma hér og ræða um það hvernig til hafi tekist, sem sagt einhvers konar svona tilraunaleiðangur.

Þá segi ég við hv. þm.: Ja, öðruvísi mér áður brá. Ég hélt að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vildi vera maður þeirrar gerðar að hann spyrði grundvallarspurninganna áður en lagt er upp í ferðalag, áður en farið er í leiðangur: Er það í þessa átt sem við viljum fara? Er það þetta sem við viljum gera eða eitthvað annað? Viljum við kannski að einhverju leyti hafa annað grundvallarskipulag á hlutunum en þetta?

Nú er það auðvitað hið besta mál ef hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ásamt flokkssystkinum sínum í Framsfl. er orðinn það mikill markaðs- og einkavæðingarsinni að hann er sáttur við það að undirbúa einkavæðingu með markaðsvæðingu íslenska raforkukerfisins, þá er það bara gott. Þá erum við þingmaður í grundvallaratriðum ósammála og við það skal þá sitja og standa.

Nú er það þannig að ég hef alveg sérstaklega góða stöðu til þess að vísa til föðurhúsanna þessum ummælum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar vegna þess að ég á það hér á prenti, frú forseti, í þingtíðindunum og í formi þingmála frá umliðnum árum að ég hef margoft tekið hér upp í ræðu og tillögum þörfina á því að gera breytingar á grundvallarfyrirkomulagi raforkumála í landinu. Það skipulag sem við höfum búið við undanfarin ár og reyndar nokkra áratugi hefur alls ekki verið gott. Það hefur verið sérstaklega óhagstætt hinum dreifðu og afskekktu byggðum landsins. Það hefði verið meiri manndómur í því að ráðast í að gera þar grundvallarbreytingar á heldur en að fara að troða inn þessari evrópsku tilskipun og markaðsvæða raforkukerfið. Ég hef t.d. oft á umliðnum árum nefnt þörfina á því að stokka upp verkaskiptingu og skipulag Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar og taka landshlutana og sveitarfélögin inn í þá mynd, t.d. þannig að Rarik yrði eftir atvikum skipt upp, framleiðsluþátturinn sameinaður, það sem eftir er af honum sameinað Landsvirkjun eða einu framleiðslufyrirtæki en vinnslan og dreifingin í landshlutunum færð í hendur svæðisbundinna, landshlutabundinna orkufyrirtækja. Ég held að það hefði verið miklu vænlegra skipulag og við hefðum fyrir löngu átt að reyna að leita þeirra leiða.

Ég held að í Orkubúi Vestfjarða hafi verið hið besta fyrirkomulag og hefði það fengið að vera í friði, en Vestfirðingar ekki hraktir til þess að selja það af höndum sér, þá hefðu þeir áfram getað notið góðs af því að eiga sitt fyrirtæki sem var að færa þeim lægra raforkuverð en öðrum, framleiddi talsverðan hluta eigin notkunar sjálft og dreifði um eigið kerfi. Betur að sama fyrirkomulag hefði komist á t.d. fyrir norðan og austan þannig að menn hefðu átt öflug svæðisbundin fyrirtæki, því efniviðurinn er til, ef rétt hefði verið að málum staðið. Tökum dreififyrirtæki Akureyringa og Húsvíkinga, tökum eignir Rariks í þeim landshluta og búum til úr því öflugt svæðisbundið fyrirtæki sem hefði bæði framleiðslu og dreifingu þar á sínum höndum.

Það sem ég er að tala hér fyrir er það að við gerum breytingarnar á okkar forsendum og eins og við viljum hafa þær sjálf en þeim sé ekki troðið upp á okkur af formúlum frá Evrópu sem eru miðaðar við samkeppnismarkaði á heilu meginlandi þar sem búa hundruð milljóna manna. Það ætti ekki að þurfa að útskýra það fyrir hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það geta verið efnisleg rök, sem eru engin forneskja, sem eru ekkert gamaldags, að horfast í augu við það að veruleikinn er öðruvísi á norðausturhorni landsins og á Vestfjörðum heldur en í þríhyrningnum inni í Evrópu þar sem menn eru að selja rafmagn yfir landamæri Lúxemborgar, Belgíu eða Hollands eða hvar það nú er.

Já, varðandi hækkun á raforkuverði þá segi ég einfaldlega þetta: Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson veit það vel að það komu fram hjá gestum sem komu til nefndarinnar og eru engir aukvisar á þessu sviði, eins og forstjóri Landsvirkjunar og margir fleiri, mjög rökstudd sjónarmið um það að þetta muni leiða til hækkunar raforkuverðs. Það liggur fyrir, við erum með það í pappírum, það kom fram í máli gesta, þannig að hv. þm. verður auðvitað að horfast í augu við það, hvað sem verður, reynslan ein mun skera úr um það. En rökstudd

sjónarmið manna sem er ástæða til þess að taka mark á liggja fyrir um þetta.

Að síðustu um dreifikerfið og afhendingaröryggið. Hv. þm. segir og það er rétt: Það er ekki ástæða til að óttast að þetta hrynji allt saman bara í hvelli og við förum að fá á okkur rafmagnsleysi og óáran eins og gerst hefur sums staðar í nágrannalöndunum þar sem menn eru komnir lengra inn á þessa götu. Af hverju er það? Jú, það er auðvitað af því að fyrstu árin munum við njóta þess tiltölulega vel uppbyggða og vel rekna dreifikerfis sem er til staðar í landinu, það gufar auðvitað ekki upp. Það mun væntanlega endast, þó að það fái ekki mikið viðhald, um eitthvert árabil. Það er lengra inn í framtíðina sem við erum að velta fyrir okkur hvernig staðan verður.

Það er mörgum spurningum ósvarað um það hver staða manna verður, bæði þeirra sem lenda innan Landsnetskerfisins, eru með dreifikerfið í 66 kV og meira en ekki síður hinna sem lenda utan við það.

Ég ætla að nefna eitt dæmi fyrir hv. þm. til að hugsa aðeins um. Það var byggð lína frá Kópaskeri að Brúarlandi í Þistilfirði til að færa rafmagn í austanverða Norður-Þingeyjarsýslu og áfram austur til Bakkafjarðar. Rarik byggði þessa línu. Þetta var lína sem lá skáhallt frá Kópaskeri, um Stíg eða Hólaheiði suður á Öxarfjarðarheiði, um Einarsskarð og niður í Þistilfjörð. Hún lá skáhallt og þvert á norðaustanáttina.

Hver varð útkoman? Þessi lína reyndist geysilega dýr og erfið í viðhaldi og ísingar slitu hana niður aftur og aftur, vegna þess að þarna var um að ræða veðrasamt svæði sem lá alveg þvert á óhagstæðustu vindátt og mestu ísingarátt. Eftir um það bil 15 ár, 15 ára barning við að halda uppi þessari línu, hvað gerðu menn þá? Menn lögðu jarðstreng, grófu streng alla þessa löngu leið, frá Kópaskeri og að Brúarlandi í Þistilfirði. Síðan hafa menn búið við nokkuð gott, nánast fullkomið afhendingaröryggi á raforku á þessu svæði, sem er geysilega dýrmætt, þannig að hvorki atvinnulíf né heimili þurfa að sæta því sem áður var að missa alveg rafmagnið eða búa við rafmagnsskömmtun þegar eingöngu var varaafl til staðar á svæðinu.

Ég spyr: Er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson öruggur um það að markaðsvætt fyrirtæki hefði lagt í þennan mikla kostnað til að tryggja afhendingaröryggi fyrir svona lítinn markað með arðsemiskröfurnar á herðunum, samkeppnissjónarmiðin og þá hugsun að kannski sé nú meira virði að fjárfesta þar sem markaðurinn er stærstur? Hefur hv. þm. aldrei velt því fyrir sér að það sé kannski ekki sjálfgefið að menn muni með sama hugarfari jafnvel leggja í miklar fjárfestingar fyrir lítil viðskipti í þessu nýja framtíðarlandi hans? Ég er ekki viss um það.

Og hver verður staða þeirra sem lenda á svæðum dreifikerfis sem liggur undir 66 kV? Verður það kannski þannig að byggðakjarni eins og Kópasker, sem er á slíkum enda, búi við allt aðra stöðu heldur en Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörður sem lenda inni í hinu kerfinu? Þetta eru alveg gildar spurningar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, og það er sko ekkert að því að þeim sé velt upp hér. Ég veit ekki hvers konar teboðsumræður eiga að verða um þessi mál ef það má ekki nefna þessa hluti, og menn eru þá orðnir viðkvæmir ef það er orðið að sá einhverri óskaplegri tortryggni, efasemdum, grafa undan o.s.frv., eins og hv. þm. tók sér í munn hér áðan. Ég mótmæli þessum málflutningi hv. þm. í seinni ræðu hans og mér finnst hann ekki hafa lagt mikið af mörkum til þess að menn eigi hér svona sæmilega málefnaleg og uppbyggileg orðaskipti við þær knöppu aðstæður sem okkur eru skammtaðar.

[11:33]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. hefur dregið verulega í land með þær fullyrðingar sem hann lét falla í fyrri ræðu sinni þar sem hann gerði í því að grafa undan trúverðugleika þeirra tilrauna sem menn eru að gera hér um breytingar á raforkukerfinu.

Ég vísa hins vegar til brtt. þingmannsins við þetta frv. þar sem hann leggur til að allar greinar frv. falli brott nema ein með þeim rökstuðningi að hann vilji fara aftur í þann leiðangur að leita undanþágu frá þeirri raforkutilskipun sem er búið að ræða hér út á þingi og búið að taka ákvörðun um að við ætlum að vera aðilar að. Hvort sem sú ákvörðun byggðist á því að menn vildu það eða töldu sig ekki geta fengið undanþágu þá er þetta veruleiki sem menn standa frammi fyrir. Menn eiga ekkert að vera að gefa undir fótinn með að það sé hægt að snúa til baka á þessari braut. Menn hafa ákveðið að fara þessa leið og við skulum gera það gætilega þannig að við getum verið sem öruggust um að við séum að færa hlutina til hins betra. Við vitum hvernig markaðsvæðingin hefur gengið á mörgum sviðum og við höfum það til fyrirmyndar. Við vitum líka að það geta verið hættur á þeirri leið og þess vegna höfum við gengið frá málinu eins og það er útbúið, þannig að það eru tiltölulega góðar líkur á því að menn geti brugðist við öllum vanköntum sem upp kunna að koma og menn eru nokkuð vissir um að þetta leiði ekki til þeirra ókosta sem helst hefur verið varað við að gæti verið hætta á.

Ég held að menn eigi bara að einhenda sér í að skoða málið út frá þessum veruleika og ræða það á þeim grundvelli.

[11:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það væri nú ákaflega gaman að vera hérna næstu viku og ræða þessi mál svolítið við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem kemur nú í ræðustól og gerir það sem er ekki hefðbundið þegar menn eru með samkomulag um tilhögun þingstarfa, að ráðast með aðdróttunum og ummælum af því tagi sem hv. þm. hafði hér uppi í minn garð í ræðu sinni áðan og núna aftur í andsvari. Það er ekki hefðbundið en það lýsir kannski hv. þm. ágætlega. Þegar hann telur sig vera í stöðu til þess að hafa síðasta orðið þá kemur einkunnagjöf af þessu tagi.

Ætli það geti nú ekki verið einmitt það að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skammast sín auðvitað fyrir þá ömurlegu nauðhyggju í málflutningi sem hann stendur fyrir hér, að það séu bara örlög manna að láta þetta yfir sig ganga og sé illa gert að vera að gefa í skyn að menn geti nokkru um slíkt ráðið? Þetta sé bara eins og forlögin sem komi ofan að yfir menn og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er svona sæll og sáttur við þetta. Það er sennilega þannig að hann sé í reynd orðinn slíkur markaðs- og einkavæðingarsinni í hjarta sínu að hann ætli að fara stoltur vestur á firði og út um kjördæmi sitt og reyna að sannfæra íbúana og kjósendurna þar um að þetta sé þeim til góðs.

En, frú forseti, það trúi ég að geti orðið erfiður leiðangur. Ég hef þá trú á skynsemi manna úti um landið að þeir sjái ekki endilega ljósið og birtuna í því að markaðsvæða og einkavæða þessa almannaþjónustu, hafandi reynsluna af því hvernig það hefur gefist á ýmsum öðrum sviðum þar sem

ríkisstjórnin sem hv. þm. styður hefur markaðsvætt hvert almannaþjónustufyrirtækið á fætur öðru með þeim afleiðingum að menn hafa lokað og skellt í lás.

Mér finnst hv. þm. vera algerlega lekinn niður í þessum efnum. Það er þá í fleiru en smábátamálum sem hv. þm. lekur niður og snýr við blaðinu, svo mikið er víst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsnet hf., 2. umr.

Stjfrv., 737. mál. — Þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716.

[11:38]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Frú forseti. Iðnn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um stofnun Landsnets, sem gerir ráð fyrir að ríkið hafi forgöngu um að stofna hlutafélag sem annist raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga sem sett voru á síðasta ári. Í frv. er síðan nánar tilgreint hvernig skuli staðið að því, hverjir verði eigendur og annað sem máli skiptir.

Iðnn. hefur lokið athugun á þessu frv. og skilað af sér svofelldu nál., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti sem tilgreindir eru í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (þskj. 1690 – 740. mál). Umsagnaraðilar eru í aðalatriðum þeir sömu og þar greinir. Málin voru unnin samhliða frumvarpi til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (747. mál).

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag til að annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga sem verði að fullu í eigu ríkisins með þriggja manna stjórn sem iðnaðarráðherra skipar. Félagið taki við rekstri flutningsvirkja og eignum sem lagðar verða til þess og þegar endanlegt mat þeirra liggur fyrir verði þeim sem leggja eignirnar til heimilt að endurgreiða hlut ríkisins.

Nefndin vísar til umfjöllunar í nefndaráliti iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og til þeirra breytinga sem nefndin leggur til á þeim.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. rita Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson, Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Hallvarðsson, Björgvin G. Sigurðsson.

[11:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta frv. er auðvitað skilgetið afkvæmi þess máls sem við vorum að ræða áðan og það má vísa í öllum aðalatriðum til afstöðu og málflutnings sem þá fór fram og ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá um viðhorf okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, til þessara raforkumála. Það er ljóst að við höfum í þeim efnum umtalsverða sérstöðu, við erum eini flokkurinn sem andæfir þeirri markaðs- og einkavæðingu raforkumálanna í landinu sem hér er verið að innleiða í skrefum.

Hluti af þessu er sá að stofna fyrirtækið Landsnet hf., eins og hér er lagt til í frv. hæstv. iðn.- og viðskrh. úr Framsfl., Valgerðar Sverrisdóttur. Í raforkulögunum var eingöngu talað um að stofnað skyldi fyrirtæki til að annast dreifingu eða flutning háspenntrar raforku um landið og þetta er hluti af þeim aðskilnaði framleiðslu, flutninga og síðan dreifingar sem evrópska orkutilskipunin gerir ráð fyrir.

Í þessu frv. er það hins vegar í gadda slegið að fyrirtækið skuli vera hlutafélag. Það á að vísu í byrjun að vera eign ríkis og sveitarfélaga þeirra eða fyrirtækja sem leggja til mannvirki inn í fyrirtækið en síðan er opnað á það að eftir tiltekinn tíma megi hefja einkavæðingu eða sölu á eignarhlutum í þessu fyrirtæki út úr eigu þessara aðila.

Við erum algerlega andvíg því, frú forseti, að opnað verði á þá möguleika að innleiða hreinan einkarekstur í þessu efni, að í fyllingu tímans taki einkaaðili að reka þetta vegakerfi raforkunnar um landið og skammta sér gróða út úr þessari einokun, náttúrulegu einokunarstarfsemi sem það er eðli málsins samkvæmt að reka eina háspennuflutningakerfi fyrir raforku í landinu. Það skapar auðvitað gríðarleg vandamál og mörg óleyst álitaefni ef menn lenda inn á þeirri braut að slík starfsemi lendi í höndum einkaaðila sem ætli að fara að taka sér hagnað af því.

Nú veit ég að vísu vel að það er ekki verið að ganga út frá slíkri einkavæðingu í sjálfu sér hér fyrstu árin. En tónninn var engu að síður gefinn í frv. ríkisstjórnarinnar með því að taka það sérstaklega fram að þær takmarkanir sem væru á sölu eignarhluta út fyrir hópinn væru til tiltekins tíma. Og þó að það sé flutt brtt. um að taka út þetta ártal og setja það í samhengi við endurskoðun laganna í heild sinni þá breytir það litlu. (**Gripið fram í:** .... óheimilt að selja.)

Ég hef því flutt brtt. fyrir okkar hönd, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem gengur út á það og eru í raun og veru í eðli sínu varatillögur ef sú tillaga okkar sem fyrst kemur til atkvæða í tengslum við afgreiðslu raforkulagafrumvarpsins nær ekki fram að ganga, að stöðva þessa þróun og reyna að fá undanþágu frá þessari tilskipun og gera síðan þær ráðstafanir í raforkumálum sem við sjálf viljum og kjósum og við hefðum þá stöðu til. Nái hún ekki fram að ganga koma engu að síður til atkvæða þær tillögur sem við leggjum fram og flytjum til breytinga á annars vegar frv. um stofnun Landsnets og hins vegar frv. um jöfnun raforku. Við höfum auðvitað ýmis sjónarmið og mikið við það að athuga hvernig stjórnin hyggst standa þar að verki, verði nú af því að menn fari þessa leið.

Við leggjum til í fyrsta lagi á brtt. á þskj. 1716 að flutningafyrirtækið verði sameignarfélag, eins og segir í 1. tölulið brtt.:

„Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun sameignarfélags í eigu ríkis og sveitarfélaga er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum raforkulaga."

Við leggjum til að þetta fyrirtæki verði kallað Samnet og tilheyrandi breytingar verði gerðar á frv. alls staðar þar sem þar á við, í stað „hlutafélagsins Landsnets hf." komi „Samnet" og í stað hlutafélagahugtaksins komi sameignarfélagahugtakið, í stað „hlutafjár" komi „stofnfé" o.s.frv.

Við leggjum til að eigendur þessa sameignarfélags, sem að okkar mati hefur ótvíræða kosti í þessu sambandi umfram hlutafélagaleiðina vegna þess að þá er hin félagslega og byggðalega hugsun varin í eignarformi fyrirtækisins, í formi fyrirtækisins sjálfs. Það er sameignarfélag aðila sem leggja saman krafta sína í tilteknu skyni af þessu tagi, það er ekki hlutafélag rekið á grundvelli hlutafélaga í hagnaðarskyni fyrir eigendur sína.

Að eigendur þess verði ríki og sveitarfélög, sem nú eru eigendur flutningsvirkja og kjósi þá að leggja metinn eignarhlut sinn inn í sameignarfélagið, eftir atvikum, fremur en að leigja fyrirtækinu Samneti afnot af flutningsvirkjum sínum, hvorir tveggja kostirnir væru í boði. Sveitarfélög sem í byrjun kysu að sjá til og leigðu mannvirkin gætu á síðari stigum gerst aðilar að sameignarfyrirtækinu en tækju þá að sjálfsögðu á sig skuldbindingar sem því fylgja.

Enn fremur er lagt til í 4. tölulið brtt. að önnur sveitarfélög en þau sem um getur í 1. málslið, þ.e. þau sem í dag eiga mannvirkin sem þarna færu inn — það eru fyrst og fremst Reykjavíkurborg og sveitarfélög á Suðurnesjum — geti gerst aðilar að sameignarfélaginu á síðari stigum, þ.e. þegar það hefur verið stofnað. Þau yrðu þó ekki stofnaðilar að því en ættu rétt á að koma þar inn síðar með metnar eignir eða stofnfé.

Af hverju er þetta lagt til, frú forseti? Jú, það er vegna þess að það skrýtna er að gerast, verði þetta frv. samþykkt óbreytt, að það er verið að búa til lokaðan klúbb þeirra sem eru inni í þessu núna og öðrum er haldið þar fyrir utan, þeir komast ekki að til þess að verða aðilar að rekstri, stjórnun og eftir atvikum eign í þessu gríðarlega mikilvæga fyrirtæki með einkaleyfi á flutningum háspenntrar raforku um landið sem þarna á að verða til.

Hvers vegna er það? Hvers eiga t.d. sveitarfélög að gjalda sem eiga sterk dreififyrirtæki en fyrir tilviljanir lenda ekki inni í þessu vegna þess að þau eru lágspennt? Hvers vegna eiga sveitarfélög þess ekki kost, t.d. fyrir norðan, nema Akureyri óbeint í gegnum eign sína í Landsvirkjun? Hvers vegna t.d. má Húsavíkurkaupstaður, sem er sjálfstæður í sínum orkumálum, ekki eiga þess kost ef hann vill að leggja eignir eða stofnfé — þá hlutafé ef menn velja hlutafélagaleiðina — inn þó ekki væri nema til þess að eignast táknræna aðild og komast að borðinu?

Ég tel að þetta sé stór ágalli á frv. og ég tel að okkar leið sem hér er lögð til, að stofna sameignarfélag og hafa það opið inn í framtíðina að fleiri sveitarfélög og þá auðvitað helst öll sveitarfélög í landinu sem það vilja gætu setið við sama borð í þessum efnum. Nóg er nú samt hvernig þetta hefur þróast að aðeins tvö sveitarfélög í landinu eru í algerri sérstöðu í þessum orkumálum, þ.e. Reykjavík og Akureyri, af ýmsum sögulegum ástæðum sem við getum rætt síðar við betra tækifæri.

Þetta eru sem sagt okkar brtt. Fari svo að tillögur okkar við raforkufrumvarpið nái ekki fram að ganga þá má líta á þessar tillögur og sömuleiðis tillögurnar sem við flytjum um breytingu á frv. um jöfnun raforku sem varatillögur.

[11:49]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að hafa þetta örstutt en ég ítreka vegna orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það er rétt að fara yfir eignarhaldið á Landsnetinu til þess að raunveruleg samkeppni komist á.

Einnig vil ég árétta enn og aftur vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar varðandi það að þetta sé framtíðin, samkeppni og eitthvað svoleiðis, að við erum eingöngu að tala um mjög lítinn hluta markaðarins, eingöngu 10% af raforkumarkaðnum. Þessi samkeppni er meira í orði en á borði vegna þess að það eru í raun opinber fyrirtæki sem eru að fara í ákveðna sýndarsamkeppni.

Ég tel að við eigum ekki eingöngu að horfa á raforkumarkaðinn heldur verði einnig að líta til fjarskiptamarkaðarins og sérstaklega til Landssímans. Og ég vil enn og aftur ítreka vegna hina rýru svara hæstv. fjmrh. varðandi ákveðna samkeppnishindrun sem Síminn beitir internetfyrirtæki að sporin hræða og það verður í rauninni að fara yfir þessi mál, að þeir sem bæði dreifa raforku og fjarskiptum komist ekki upp með samkeppnishindrandi aðgerðir og það verði að taka á því.

En ég ætlaði ekki að lengja umræðuna meira og hef lokið máli mínu.

[11:51]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Bara örstutt. Ég vil nefna það sem ég gerði reyndar áðan í umræðu um raforkulagafrumvarpið. Það var rætt vel í okkar hópi, fulltrúa Samf. í iðnn., eftir nokkrar heimsóknir sem við fengum í nefndinni út af Landsnetinu þar sem því var lýst hvernig Norðmenn og Svíar hafa þetta þar sem ríkið á flutningskerfið og flutningsfyrirtækið. Eins og ég sagði áðan var okkur líka sagt frá því hvernig Danir eru að taka þetta til baka til ríkisins, en þrátt fyrir það sem hér er gert, sem mér finnst kannski ekkert óeðlilegt sem fyrstu skref með tilliti til þeirra miklu framkvæmda sem eru á vegum Landsvirkjunar, þá er ekki hægt að stíga þetta skref strax. En ég vil árétta það sem ég sagði áðan að innan Samf. er mikill hljómgrunnur og talsvert mikill skilningur og áhugi fyrir því að árið 2011 eða hvenær sem það verður að ríkið komi til með að eiga flutningskerfið í náinni framtíð. Við teljum með öðrum orðum, virðulegi forseti, ekki eðlilegt að framleiðendur raforku eigi þetta einokunarfyrirtæki, sem má orða svo að það sannarlega verði, heldur eigi það að vera ríkiseign. Ég vildi, virðulegi forseti, aðeins láta það koma fram við umræðu um þetta sérstaka frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 2. umr.

Stjfrv., 747. mál. — Þskj. 1117, nál. 1693, brtt. 1757.

[11:53]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Frumvarpi til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku var vísað til iðnn. í marsmánuði sl. og nefndin hefur haft það til athugunar. Í þessu frv. er að finna útfærslu á því hvernig standa eigi að jöfnun dreifingarkostnaðar á rafmagni í dreifbýli og er mælt fyrir um það samkvæmt ákvæðum frv.

Iðnn. hefur lokið athugun málsins og skilað af sér svofelldu nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti sem tilgreindir eru í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (þskj. 1690 – 740. mál). Umsagnaraðilar eru í aðalatriðum þeir sömu og þar greinir.

Málið var unnið samhliða frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (740. mál), og frumvarpi til laga um stofnun Landsnets hf. (737. mál), og vísast til efnislegrar umfjöllunar um málið í nefndaráliti iðnaðarnefndar um raforkulagafrumvarpið.

Með frumvarpi þessu er kveðið á um hvernig staðið verði að jöfnun dreifingarkostnaðar rafmagns og miðast jöfnunin

við dreifbýlisgjaldskrársvæði dreifiveitu. Þannig geta gjaldskrársvæði hverrar dreifiveitu verið tvö, þ.e. almennt gjaldskrársvæði og dreifbýlisgjaldskrársvæði. Ákvörðun um það hvort dreifiveitum verður heimilað að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá verður í höndum Orkustofnunar sem í samræmi við ákvæði raforkulaga sér um eftirlit með flutningi og dreifingu raforku. Gert er ráð fyrir að allir sem selja inn á kerfið taki þátt í kostnaðinum við það. Nefndin telur það eðlilegt í ljósi þess hve mikilvægt er að kerfinu verði haldið við og að þjónusta og afhendingaröryggi þurfi að vera tryggt.

Markmiðið með jöfnun kostnaðar við dreifingu raforkunnar er að verðið til almennra notenda verði það sama hvar sem þeir eru á dreifbýlisgjaldskrársvæði veitu. Heimilt verður samkvæmt frumvarpinu að greiða niður raforku í dreifbýli til samræmis við hæstu þéttbýlisgjaldskrá.

Nefndin leggur eingöngu til orðalagsbreytingar á frumvarpinu. Telur nefndin að kveða þurfi skýrar á um að greiða skuli niður kostnað almennra neytenda á skilgreindum dreifbýlisgjaldskrársvæðum, en samkvæmt frumvarpinu er miðað við að kostnaðurinn verði niðurgreiddur ef kveðið er á um það í fjárlögum."

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldum breytingum:

Í fyrsta lagi verði breyting á 3. gr. frv., fyrri málsgrein, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku skal hann einungis greiddur niður á svæðum" o.s.frv.

Þarna verði kveðið afdráttarlaust á um það að greiða skuli niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku o.s.frv. þannig að það fari ekki á milli mála að það er meginákvæði frv. og laganna, ef það verður samþykkt, að greiða eigi þennan kostnað niður og áætla síðan í fjárlögum hvers árs hve hár kostnaðurinn verður.

Síðan er lagt til að gera breytingu á seinni mgr. 3. gr. Þar er tilgreind einingin kr./kWst en að þar komi í staðinn: á orkueiningu. Niðurgreiðslan er sem sagt miðuð við orkueiningu.

Í 4. gr. er lagt til að orðin „mælda í kWst." sem þar koma fyrir falli niður þannig að setningin í þeirri málsgrein verði svohljóðandi, ég les hana upp eftir þessa breytingu, með leyfi forseta:

„Dreifiveita hefur umsýslu með fénu og ber að nota framlagið til þess að lækka dreifingarkostnað notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði í hlutfalli við raforkunotkun hvers notanda."

Undir nefndarálitið rita allir sem eru í iðnn., þ.e. Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson, Sigurjón Þórðarson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Hallvarðsson og Björgvin G. Sigurðsson.

[11:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þessi þáttur þessara mála, jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku, var einn af mörgum sem skilinn var eftir í algerlega lausu lofti þegar raforkulög voru sett vorið 2003. Nú hefur litið dagsins ljós og fyrir nokkru síðan á þingi frv. hæstv. iðn.- og viðskrh. úr Framsfl., Valgerðar Sverrisdóttur, sem ég hygg að muni lengi verða á spjöldum þingsögunnar. Ég ætla a.m.k. að geyma eitt eintak vel til síðari tíma. Það er frv. til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á þskj. 1117 þar sem hið nafntogaða upphaf 3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku skal hann einungis greiddur niður á svæðum þar sem Orkustofnun hefur" o.s.frv.

Þetta var allur skörungsskapurinn þegar ráðherra Framsfl. loksins kom frá sér einhverju um það hvernig jafna ætti dreifingarkostnað raforku í landinu í hinu nýja markaðseinkavædda fyrirkomulagi. Þá var það haft í páskildagatíð, ef það skyldi nú verða ákveðið þá er rétt að gera það svona. Sterkara var ekki að orði kveðið. Þetta var auðvitað með miklum endemum, frú forseti, og mun lengi uppi haft, hygg ég.

Vissulega er nokkur bót að þeirri breytingartillögu meiri hlutans sem breytir orðalaginu í þá átt að greiða skuli niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þessum dreifbýlisgjaldskrársvæðum. Og ég segi að mönnum er nú varla þakkandi þó að þeir reyndu að klóra aðeins yfir skömmina og laga upphafið á þessu lítillega eins og þarna er gert.

Engu að síður er frágangurinn á þessu máli, frú forseti, algerlega ófullnægjandi að okkar mati. Við viljum fara í grundvallaratriðum aðrar leiðir, leiðir sem menn vissu reyndar ekki betur en að stóri starfshópurinn um þessi raforkumál væri nokkurn veginn einhuga um að leggja til, þ.e. að jöfnunin yrði innan kerfisins en ekki ofurseld duttlungum manna við afgreiðslu fjárlaga hvert einasta ár á þinginu.

Hvernig hafa slíkir hlutir reynst og enst, frú forseti? Jú, ætli það hafi ekki ærið oft verið svo að menn hafi notað sér annaðhvort raunverulega eða ímyndaða þrengingartíma í ríkisbúskapnum til þess að skera slíkt niður. Og það á að verða hlutskipti þeirra sem bera þarna þyngstan kostnaðinn að öll hugsun um jöfnun innan kerfisins hverfi og menn eigi að færast yfir á einhverjar niðurgreiðslur eða styrki á fjárlögum hverju sinni. Þetta er óskaútkoma frjálshyggjunnar. Það er takmark frjálshyggjumanna á öllum sviðum að ýta jöfnuninni út úr samfélaginu með þessum hætti og menn fallast gjarnan á það svona tímabundið að það komi þá einhverjir styrkir til jöfnunar af fjárlögum í byrjun sem menn vita síðan að er lafhægt að skera niður og láta hverfa þegar fram líða stundir. Þá er ekkert eftir nema spurningin um hvort menn hafi pólitískt bolmagn til þess að verja slíka hluti á hverju einasta ári.

Við leggjum til í grundvallaratriðum aðra leið. Við viljum að orkuframleiðendur í landinu greiði grunngjald sem fjármagni þessa jöfnun og eftirlitið sem þessu kerfi er samfara þannig að raforkumálin í heild sinni séu ein eining og landsmenn allir búi þar af leiðandi við nokkurt jafnræði í þeim efnum. Það er ekki erfitt að réttlæta það að afnot orkufyrirtækjanna af þeirri sameiginlegu auðlind þjóðarinnar sem orkulindirnar auðvitað eru, séu háð því skilyrði að þau leggi sitt af mörkum hvert og eitt til þess að tryggja jafnræði landsmanna. Það er enginn vafi á því, frú forseti, að það var rétt sem starfshópurinn stóri lagði til að með slíkum hætti er jöfnunin varanlega innbyggð í kerfið. Hún stendur traustum fótum og er til frambúðar en ekki með þessum aumingjalega frágangi sem stjórnarflokkarnir og aðrir stuðningsmenn frv. hér ætla að leggja til í þessum efnum.

Breytingartillögur mínar, sem ég því miður hef ekki tekið með mér, það er spurning hvort ég má víkja mér augnablik úr ræðustólnum eða forseti getur lánað mér skjalið eða einhver

greiðvikinn maður skutlað þeim til mín til að greiða fyrir þingstörfum eins og það heitir á góðu máli, eru á þskj. 1757 og þær ganga út á í fyrsta lagi, frú forseti, að endurskilgreina markmið þessara laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Markmiðsgreinin er ákaflega aumingjaleg eins og hún er í frv. sjálfu og því miður er ekki lögð til breyting á henni í breytingartillögu iðnn. en hún hljóðar svo í frv., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda."

Meira er nú ekki um það sagt og síðan var frv. með þeim endemum eins og ég áður vék að hvað varðaði upphaf 3. gr.

Ég legg til að greinin orðist svo:

„Markmið laga þessara er að jafna kostnað við dreifingu raforku til almennra notenda svo að munur á orkuverði haldist ætíð innan hóflegra marka og landsmenn allir fái notið góðs af sameiginlegum orkulindum þjóðarinnar."

Það væri manndómsbragur að því að menn styddu þessa breytingartillögu hvað sem öllu öðru líður og settu afdráttarlausari og skýrari markmið inn í upphafsgrein laganna.

Í öðru lagi leggjum við til að 3. gr. endurskrifist í heild sinni og þar komi inn ákvæði um grunngjald orkuframleiðenda sem verði miðað við það að duga fyrir kostnaðinum við jöfnun og eftirlit með kerfinu hjá flutningsfyrirtækinu.

Nú er það auðvitað svo að hluti orkuframleiðendanna framleiðir og selur raforku á grundvelli fyrirliggjandi samninga til langs tíma, ekki síst við stórnotendur, og þess vegna er ljóst að það tekur sinn tíma að koma þessu kerfi á.

Fyrir því er séð í breytingartillögum okkar einfaldlega þannig að í ákvæði til bráðabirgða, sem ég legg til skv. 4. tölul. brtt., segir svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af setningu laga þessara skal iðnaðarráðherra leita eftir samkomulagi við alla orkuframleiðendur í landinu sem framleiða orku sem flutt er og seld utanaðkomandi aðila og skyldir eru til greiðslu grunngjalds skv. 3. gr. Heimilt er að taka tillit til þess ef orkuframleiðandi er bundinn af samningum um afhendingu orku á föstu verði og ekki næst samkomulag um breytingar á samningnum til hækkunar í samræmi við grunngjaldið innan gildistíma samningsins. Skal ráðherra þá meta hvort afkoma viðkomandi orkufyrirtækis leyfi að það beri grunngjald af þessum hluta framleiðslunnar engu að síður. Nú hefur einörð viðleitni orkufyrirtækis til að fá gildandi samningum breytt til hækkunar vegna greiðslu grunngjalds ekki borið árangur og ráðherra metur það svo að afkoma fyrirtækisins leyfi ekki að það beri gjaldið, og er honum þá heimilt að lækka gjaldið eða fella það niður þar til samningar hafa verið endurnýjaðir en við endurnýjun allra samninga er fyrirtækjum skylt að gera ráð fyrir greiðslu grunngjalds. Það sem vantar upp á að tekjur af innheimtu grunngjalds samsvari heildarfjárhæð jöfnunargjalds, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal greiða úr ríkissjóði uns allir orkuframleiðendur greiða sitt grunngjald að fullu."

Með öðrum orðum, þetta er skýrt samkvæmt orðanna hljóðan og á ekki að þurfa útskýringa við. Það á að leita eftir því að allir orkuframleiðendur taki þátt í þessu. Náist það fram verður um mjög óverulegar upphæðir að ræða, einhverja fáein aura á kílóvattstund þannig að það verður nánast hverfandi í heildarsamhenginu. Þeim sem ekki geta eða vilja taka þátt í þessu í byrjun ber að taka þetta inn í sínar áætlanir og ná þessu fram við endurnýjun samninga þannig að í fyllingu tímans verða allir orðnir þátttakendur í þessu. Raforkuframleiðsla til stóriðju tekur að sínu leyti þátt í þessari heildarjöfnun innan kerfisins, enda nýtur hún að ýmsu leyti góðs af í gegnum aukið afhendingaröryggi, í gegnum aðgang að varaafli o.fl. sem tenging hennar við Landsnetið hefur í för með sér. Þetta er fullkomlega raunhæf og fær leið og mjög sanngjörn en hefur vissulega það í för með sér að ríkissjóður gæti þurft að brúa þarna tímabundið bil sem vonandi yrði hvorki stórt í upphæðum né til mjög langs tíma.

Með þessum hætti, frú forseti, væri gengið með skýrum og varanlegum hætti frá því að Íslendingar sætu allir við sama borð í þessum efnum, að menn byggju þarna við jafnræði og þeir væru ekki ofurseldir pólitískum sviptivindum og duttlungum við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. En það er kannski tímanna tákn ef svo er komið á Alþingi að slík hugsun eigi sér nánast enga fylgjendur aðra en þá sem ganga fram undir merkjum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs.

[12:08]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er á þessu nefndaráliti án fyrirvara m.a. vegna þess að ég tel breytingarnar á frv. hafa verið mjög til góðs.

Hvað varðar tillögur Vinstri grænna þá hef ég ekki kynnt mér þær náið en þær eru eflaust ágætar, þó tel ég þær vera svona fljótt á litið ekki nægjanlega einfaldar til þess að maður geti samþykkt þær einn, tveir og þrír.

Það eru ýmsar aðrar leiðir til að jafna orkuna. Það má sjá þá þróun að Orkuveita Reykjavíkur er alltaf að teygja sig lengra og lengra út á land og landsmenn hinna dreifðu byggða þar sem Orkuveita Reykjavíkur kaupir dreifiveitur virðast njóta þess í einhverjum mæli. Það mætti þess vegna hugsa sér að Orkuveitan teygði sig víðar um landið og eignaðist nær allar dreifiveiturnar og það væri í rauninni ekkert sem mælti á móti því þar sem hér er um að ræða einokunarstarfsemi og þá gætu landsmenn allir búið við sambærilegan kostnað vegna dreifingar orku.

Hvað varðar jöfnun á raforkukostnaði með því að tefla fram sjónarmiðum landsbyggðarinnar gegn höfuðborgarsvæðinu og búa til einhverja slíka póla þá er ég algjörlega á móti því. Ég held að menn ættu að horfa til þess að um er að ræða um sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og það ætti að vera sameiginlegt markmið sem flestra að fólk fengi að njóta þeirra á sambærilegu verði.

Einnig verður að líta til byggðasjónarmiða. Það er ein af forsendum þess að fyrirtæki njóti sambærilegrar samkeppnisaðstöðu að þau greiði fyrir orkuna sambærilegt verð. Það er einfaldlega svo að orkan sem fyrirtæki á landsbyggðinni greiða er allt að 30% dýrari og það tekur í og rýrir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna og er einn af þeim þáttum sem valda því að rekstrarskilyrði fyrirtækja eru ekki sambærileg og á höfuðborgarsvæðinu. Það ætti því að vera mjög jákvætt og kappsmál sem flestra á hinu háa Alþingi að jafna þann kostnað og vera liður í byggðastefnu og ein af almennum aðgerðum að halda þessari jöfnun á raforkukostnaði sem mestri og verja til þess ákveðnu fjármagni.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið meira og læt lokið máli mínu.

[12:12]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Nokkur orð um frv. sem við erum að ræða, jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Ég sagði við 1. umr. að þetta væri frv. mér að skapi þar sem jafna á í landinu

þann kostnað sem fólk verður fyrir. Við erum að fjalla um að jafna kostnað við raforku í dreifbýli sem á þó mest við um bændur í þessu tilfelli. Eins og komið hefur fram þá kemur þetta fram í umsögn fjmrn. um frv., með leyfi forseta:

„Kostnaðaráhrif af lögfestingu frumvarpsins munu þannig ráðast í fjárlögum hvers árs. Ríkisstjórnin hefur fjallað um málið og markað þá stefnu að veitt verði að hámarki 230 millj. kr. framlag til þessara niðurgreiðslna."

Ég vil nefna þessa upphæð hér vegna þess að ég spurði fulltrúa iðnrn. að því á fundi iðnn. og það kom fram hjá Orkustofnun að þetta væri ekki mjög áreiðanleg tala, 230 millj., *hún gæti verið hærri.* Ég vil segja það hér, virðulegi forseti, að það er algjör forsenda fyrir stuðningi Samf. við frv. eins og þetta hefur verið niðurneglt hér, að hámarki 230 millj., og ef satt reynist að mati Orkustofnunar að þetta séu 260, 270 eða 300 millj. eða hvað það er þá verði gengið í að tryggja það fjármagn í fjárlögum. Það er algjört lykilatriði og ég vil láta koma fram hér vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að niðurgreiðslan í þessu kerfi öllu sem við erum að breyta eða bylta eins og við fjölluðum um í morgun komi af fjárlögum en sé ekki tekin af öðrum notendum, hún komi beint af fjárlögum til þess að jafna raforkukostnaðinn í dreifbýli sem er eins og ég segi er mest til bænda.

Ég gerði athugasemdir við upphaf 3. gr. við 1. umr., virðulegur forseti, þar sem er segir: „Ef ákveðið er í fjárlögum o.s.frv." Mér finnst sú breyting sem hér er lögð til af iðnn. vera til bóta: „Greiða skal niður ... kostnað" o.s.frv. Þessi tala er auðvitað komin inn og það mun ganga mikið á ef menn fara eitthvað að krukka í hana. Þess vegna er mikilvægt að það komi líka fram, virðulegi forseti, vegna þess að í umsögn frá einum raforkuframleiðandanum var lögð til sú leið að þessar niðurgreiðslur kæmu beint til fyrirtækjanna en kæmu ekki til neytenda. Það var niðurstaða iðnn., sem betur fer, að það komi fram á orkureikningi þeirra notenda sem fá niðurgreiðslu á rafmagni hver niðurgreiðslan er. Ég tel það afar mikilvægt og skapa stjórnvöldum það aðhald sem þarf, sitjandi stjórnvaldi, að vera ekki að krukka í þessa tölu og freista þess að lækka hana. Eins og kom fram í aðvörunarorðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er auðvitað mjög auðvelt fyrir ríkisstjórn ef hún lendir í einhvern tíma í kröggum með sín fjárlög að skera hana niður. En ég tek það skýrt fram að það er gott að það aðhald komi þá strax til notenda og skapi þann þrýsting sem þarf.

Ég vil líka segja það, virðulegi forseti, vegna þess að ég spurði að því í morgun en hæstv. iðnrh. er farin úr húsinu, *þurfti að bregða sér frá, að ég hef alla tíð litið þannig á* og mig minnir að ég hafi líka spurt fulltrúa iðnrn. að því á fundi í iðnn. hvort ekki sé alveg kristaltært að sú upphæð, 850 millj., sem nú er á fjárlögum og varið er til niðurgreiðslna almennt á nokkrum svæðum til rafhitunar, standi áfram í fjárlögum og verði ekkert krukkað í hana heldur.

Virðulegi forseti. Þetta er örstutt yfirferð mín á þessu frv. sem eins og ég segi er mér mjög að skapi og mættu koma fleiri frv. inn til jöfnunaráhrifa í landinu á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Það væri betra ef fleiri slík atriði væru inni. Ég ætla ekki að lengja umræðuna núna um aðrar jöfnunaraðgerðir, ég ræddi þær lítils háttar í nótt á öðrum sviðum og ætla ekki að gera það nú. En þessi tvö atriði, upphæðin á fjárlögum og heildarupphæðin til niðurgreiðslna, hvort sem það eru 230 eða 250 millj., eru forsenda fyrir stuðningi okkar við frv., að menn negli sig ekki svo niður að upphæðin 230 millj. verði óbreytanleg ef Orkustofnun kemst að þeirri niðurstöðu að hún verði kannski 260 eða jafnvel 300 millj.

[12:17]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Frú forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að eyða allri óvissu um skilning á þessu. Eins og fram kom í máli hv. þm. Kristjáns L. Möllers er í fylgiskjali með frv. umsögn frá fjmrn. þar sem fram kemur að kostnaðurinn af lögfestingu frv. verði að hámarki 230 millj. samkvæmt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Síðan segir, með leyfi forseta, í umsögn fjmrn.:

„Veruleg óvissa er um ýmsar forsendur í þeirri áætlun vegna þeirra skipulags- og rekstrarbreytinga í raforkugeiranum sem áformaðar eru á næstu árum. Er því ekki unnt að segja fyrir um það með vissu hvort framlagið muni mæta að fullu mismuninum á verði í dreifbýli og dýrasta þéttbýli."

Fjmrn. gengur því út frá því að talan sé föst og síðan verði að ráðast hvernig gangi að greiða niður kostnaðinn í gjaldskrá dýrasta þéttbýlis.

Með breytingartillögunni er forsendan fyrir þessari umsögn brostin vegna þess að með breytingartillögu iðnn. er ákveðið að greitt skuli niður samkvæmt því sem þar segir og þar með er það orðin hin almenna stefna en ekki fjárhæðin sem er ráðandi þáttur í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 305. mál (stofnstyrkir, jarðhitaleit). — Þskj. 350, nál. 1717, brtt. 1718.

[12:19]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Frú forseti. Iðnn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Í frv. er mælt fyrir um það að hitaveitur geti fengið styrk sem nemur allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu í stað fimm ára niðurgreiðslu sem er í gildandi lögum.

Í öðru lagi er afmörkuð sú fjárhæð sem samtals á hverju ári getur runnið til styrkveitinga til hitaveitna. Sett er það hámark að aldrei megi fara meira en 20% af heildarfjárveitingu *ársins til þess.*

Í þriðja lagi er lagt til að allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna renni til sérstaks jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum. Það er því verið að skjóta styrkum stoðum undir það rannsóknarátak sem þegar hefur skilað töluverðum árangri og menn gera sér þær vonir að hægt sé að ná enn meiri árangri á næstu árum sums staðar á landinu með því að leita að jarðhita. Til þess að það geti gengið þykir rétt að leggja til að árleg fjárveiting verði veitt í því skyni.

Iðnn. hefur lokið umfjöllun um málið og skilað af sér svofelldu nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti. Þá hafa umsagnir borist frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Norðurorku hf., Svalbarðsstrandarhreppi, Orkuveitu Húsavíkur,

Landsvirkjun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skagafjarðarveitum ehf., Samorku, samtökum raforku-, hita- og vatnsveitna, Byggðastofnun, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Orkustofnun og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Með frumvarpinu er ætlunin að hækka hámark stofnstyrkja til hitaveitna í átta ár en samkvæmt gildandi lögum er miðað við fimm ára niðurgreiðslur að hámarki. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að styrkir til niðurgreiðslu nái einnig til olíuhitunar eins og hitunar með rafmagni en það er breyting frá gildandi lögum. Loks er ráðherra fengin heimild til að verja til sérstaks jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði og til nýrra hitaveitna.

Með setningu laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar voru lögfestar vinnureglur sem giltu í framkvæmd niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar. Í framsöguræðu við framlagningu frumvarpsins tók iðnaðarráðherra skýrt fram að ekki væri ætlunin að gera breytingar á þeirri framkvæmd sem verið hefði. Á fundum nefndarinnar hefur hins vegar komið fram að með lögfestingu reglnanna hafi orðið nokkrar breytingarnar á framkvæmdinni. Greiðslurnar miðast samkvæmt lögunum eingöngu við lögheimili og hafa því fallið niður niðurgreiðslur til þeirra sem reka heimili á fleiri en einum stað á landinu vegna atvinnu eða skólagöngu. Þá hafa einnig fallið niður greiðslur til þeirra sem eiga eignir þar sem ekki er heimilt að búa nema hluta ársins, t.d. vegna snjóflóðahættu. Nefndin telur því nauðsynlegt að leggja til breytingar á frumvarpinu með það að markmiði að heimila niðurgreiðslur til þeirra að nýju. Greiðslurnar miðast þó við að búseta sé á viðkomandi stað í nokkra mánuði en ekki eingöngu sumardvöl eða fáar vikur á ári.

Upplýst var fyrir nefndinni að það hefði reynst erfitt að framfylgja kröfunni um að eigendur íbúða þyrftu að sækja um niðurgreiðslurnar, enda hagsmunir þeirra ekki alltaf í húfi. Telur nefndin því rétt að rýmka heimildina þannig að umráðamaður íbúðar geti sótt um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, t.d. leigjandi.

Leggur nefndin til rýmkun á ákvæði um niðurgreiðslur til kirkna og bænahúsa þannig að þær nái einnig til safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita.

Þá leggur nefndin til að beiðnir um styrki vegna jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum séu ekki bundnar við það að greinargerð um fyrirhugaða jarðhitaleit frá Orkustofnun þurfi að fylgja þar sem faglega ráðgjöf er unnt að fá hjá ýmsum aðilum og því eðlilegra að binda það ekki við Orkustofnun.

Þá leggur nefndin til að bætt verði nýju ákvæði við frumvarpið um að fyrir 1. október ár hvert skuli leggja fram skýrslu um ráðstöfun fjár samkvæmt lögunum vegna næstliðins árs og endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Með því munu liggja fyrir upplýsingar um heildarniðurgreiðslur og skiptingu þeirra á hverju ári sem auðvelda eftirfylgni og eftirlit með greiðslunum.

Loks leggur nefndin áherslu á að styrkveitingar til jarðhitaleitarátaks og til nýrra hitaveitna leiði ekki til lækkunar á raungildi niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrirgreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson, Sigurjón Þórðarson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Björgvin G. Sigurðsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.“

Breytingartillögurnar er að finna á þskj. 1718 og ég ætla að rekja þær aðeins nánar en fram kemur í nál. Þær eru í fjórum tölusettum liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að þrjár nýjar greinar bætist við frv. á undan 1. gr. Fyrsta viðbótargrein verði svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð. Umsækjandi þarf að staðfesta þörf sína til þess að halda fleiri en eitt heimili með opinberu vottorði eða öðrum gögnum sem Orkustofnun metur nægileg.“

Önnur viðbótargreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Heimilt er að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr.

Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.“

Þriðja viðbótargreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „Eigandi íbúðar“ og „eiganda“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Eigandi eða umráðamaður íbúðar, og: eiganda eða umráðamanni.“ — Sem getur þá sótt um niðurgreiðslu.

Í 2. tölul. breytingartillagnanna er lagt til eftirfarandi:

„Við 1. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrir 1. október ár hvert skal leggja fram skýrslu um ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða.“

Þriðja breytingartillagan er sú að í a-lið í 2. gr. frv., þar sem mælt er fyrir um að ráðherra sé heimilt að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarorku, er lagt er til að í stað orðsins „húshitunarorku“ komi: húshitunarkostnaði, og að brott falli orðið „Orkustofnunar“, þar sem segir að greinargerð Orkustofnunar skuli fylgja með beiðni um styrk, eins búið var að gera grein fyrir í nefndarálitinu.

Í fjórða lagi er gildistökuákvæði frv. breytt en lagt er til í frv. að það taki gildi 1. janúar 2004 en hér er lagt til að það taki gildi 1. júní 2004.

Með þessu eru gerðar nokkrar breytingar til bóta á þeim reglum sem tóku gildi með lögunum frá í hittiðfyrra auk þess að lögfesta það sem lagt er til í frv. Það eru þó nokkuð margar veitur í landinu þar sem áform eru um að stækka eða leggja í frekari fjárfestingar. Þær á eiga rétt á sem svarar fimm ára niðurgreiðslufé en geta nú fengið hærri fjárhæðir til þess að greiða niður stofnkostnaðinn eða allt að átta ára niðurgreiðslufé. Það hefur í för með sér að fjárveitingar úr

ríkissjóði eða af þessum lið fjárlaga aukast og til að það hafi ekki áhrif á þær niðurgreiðslur sem einstaklingar fá í dag er sérstaklega tekið fram í áliti nefndarinnar að það eigi ekki að leiða til þess, enda eiga þessar greiðslur til lengri tíma að leiða til sparnaðar hjá ríkissjóði vegna þess að með því að stækka hitaveiturnar falla niður greiðslur úr ríkissjóði beint til orkunotenda og ríkissjóður sparar þannig fé á móti. Þannig að þrátt fyrir að fjárveitingar úr ríkissjóði til einstakra framkvæmda hækki á það ekki að leiða til þess að draga úr styrkveitingu eða stuðningi ríkisins við þá raforkunotendur sem eru utan þeirra svæða. Það er sérstaklega tekið fram í áliti nefndarinnar og ég vil árétta það enn og aftur þannig að ekkert fari á milli mála í þeim efnum. Meðal annars til að ítreka það sjónarmið er lagt til að í lögin komi það ákvæði sem ég er búinn að gera grein fyrir að fyrir 1. október ár hvert verði lögð fram skýrsla um ráðstöfun fjár samkvæmt lögunum á næstliðnu ári.

Þær veitur sem vitað er um að eru að velta fyrir sér framkvæmdum eru í Grundarfirði, Skagafirði, Siglufirði, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðastrandarhreppi, Grenivík og Eskifirði. Á öllum þessum stöðum eru töluverð áform um stækkun á veitusvæðinu og ríkissjóður mundi þá styðja við bakið á þeim framkvæmdum. Þá eru ónefndar tvær stórar hugmyndir, annars vegar á Höfn í Hornafirði og hins vegar í Vestmannaeyjum, sem skiptir mjög miklu máli að ráðist verði í ef það reynist á annað borð hagkvæmt. Með þessu frv. er því skotið styrkari stoðum undir þau áform sem til lengri tíma lækka kostnað notenda á húshitun og dregur úr útgjöldum ríkissjóðs til þeirra hluta.

Ég vil árétta að verið er að færa hluti til fyrra horfs, að útvíkka heimildir til niðurgreiðslu annars vegar á húsnæði sem enginn á lögheimili í, og er rökstutt í breytingartillögunum hvers vegna það er gert, og hins vegar til þeirra fjölskyldna sem þurfa að eiga fleiri en eina íbúð, en um það eru allnokkur dæmi af ástæðum sem tilgreindar eru í breytingartillögunum, þ.e. vegna náms eða starfs. Ekki þykir eðlilegt að fella niður styrkveitingu eða niðurgreiðslu til þeirra íbúða eins og reyndin varð eftir lagasetninguna árið 2002. Það er því verið að færa það til fyrra horfs.

Loks vil ég árétta að líka er verið að færa til fyrra horfs með því að taka upp niðurgreiðslur til safna og félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita. Nefndin var sammála um að mæla með því við þingið að breyta lögunum þannig að þeir aðilar njóti eftirleiðis þeirra niðurgreiðslna sem þeir áttu kost á fyrir gildistöku laganna.

[12:34]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Af því að við teljum okkur vera alveg á tímaáætlun ætla ég að gefa mér örlítinn tíma til að ræða þetta mál vegna þess að það er mér mikið hjartans mál og hefur verið alla tíð. Ég hef oft rætt það á mínum stutta þingferli. Ég minnist þess og fer aftur til þess þegar ég sat í svokallaðri byggðanefnd forsrh. sem var nokkurs konar hliðarnefnd, skipuð til þess að liðka til fyrir ýmsum málum og koma fram með ýmsar góðar tillögur þegar verið var að fara í kjördæmabreytinguna. Ég hef stundum kallað það gulrótartillögur sem því miður hafa ekki allar gengið eftir, en það verður að segja alveg eins og er að það gekk dálítið eftir hvað varðar niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Þær 850 millj. sem ég hef stundum gert að umtalsefni voru hækkun og skal það nefnt sem vel er gert.

Það sem frv. fjallar um, eins og hér hefur komið fram, er að hækka hámark stofnstyrkja til hitaveitna í átta ár í stað fimm. Það er auðvitað mjög gott mál vegna þess að það leiðir vonandi til þess að fleiri fara af stað við að reyna að finna heitt vatn og byggja sér hitaveitu og nýta þar með innlenda, umhverfisvæna orku til að hita hús og híbýli sín í stað þess að flytja inn olíu eða vera með dýra rafhitun. Þetta er auðvitað mjög gott skref í þá átt. Við skulum hafa í huga að það er að nást miklu meiri árangur um þessar mundir við borun á köldum svæðum en áður hefur verið. Með þeirri tækni sem þar er notuð og öllum okkar miklu vísindamönnum og snillingum, vil ég segja, í þeim efnum, er alveg ótrúlegt hvar næst heitt vatn núna úr iðrum jarðar þar sem við höfðum ekki gert okkur grein fyrir eða vonir um að gerðist fyrir nokkrum árum síðan.

Það er sem sagt verið að hækka þennan styrk sem er af hinu góða jafnframt því sem verið að binda hann við olíuhitun, sem á samt ekki við um mjög marga staði en á t.d. við um Grímsey sem tók hana inn fyrir nokkrum árum en samt eru eins og komið hefur fram vangaveltur um að fara í einhverjar lagfæringar hvað þetta varðar.

Þetta á að fjármagna með því að taka 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði og til nýrra hitaveitna, 850 millj. Ég gerði athugasemdir við það við 1. umr. og fannst ekki mikill myndarbragur á því hjá hæstv. iðnrh. að geta ekki komið með nýtt fé inn í þessar aðgerðir sem við erum sammála um að gera, heldur að klípa það af þessum 850 millj. Ég stend við það enn þá þó svo að okkur í iðnn. hafi tekist og verið ásáttir um að setja hér inn nokkur atriði, sem ég kem að síðar, sem eiga að tryggja að þetta muni ekki lækka niðurgreiðslur til almennings. Ég hef stundum sagt það í sömu andránni að mér fannst það jafnlélegt, að koma ekki með nýtt fé inn í þetta, og hinn frægi sjóður „Átak til atvinnusköpunar" sem lækkaði töluvert á þessu ári vegna þess að verið var að búa til eitt nýtt starf í iðnrn., Átak til atvinnusköpunar í Reykjavík, nánar tiltekið í ráðuneyti byggðamála. Það er náttúrlega alveg ótrúlegt að fara þessa leið og sýnir bara að hæstv. iðnrh. tekst ekki að fá pening innan ríkisstjórnarinnar til síns ráðuneytis í þann málaflokk sem þarna er verið að tala um og að það skuli vera fjármagnað á þann hátt að taka það úr eins og ég kalla það „Átaki til atvinnusköpunar í Reykjavík" í iðnrn.

Hins vegar er sá galli með niðurgreiðslu húshitunar að hún er enn þá bundin við rafhitun og olíuhitun. Það kom fram í fyrirspurn minni til iðnrn. og kom fram í iðnn. að það eru þrjár hitaveitur sem búa við það háan upphitunarkostnað að undir öllum venjulegum kringumstæðum, ef það væri heimilt með lögum og ef ekki væri talað um rafhitun eða olíuhitun eða bara upphitun húsnæðis fyrir ofan einhver ákveðin mörk, ættu þær að falla undir niðurgreiðslu húshitunar. Það eru hitaveitur sem byggðar voru fyrir nokkrum árum síðan í mikilli verðbólgu og lentu í hremmingum, fundu ekki nægjanlega mikið vatn og annað slíkt. Þær eru enn þá með of dýrt vatn og ættu auðvitað að falla undir þetta. Ekki náðist samstaða um að setja það inn, því miður, þrátt fyrir að iðnn. hafi bent á þetta atriði fyrir nokkrum árum og lagt það til við afgreiðslu á fjárlögum fyrir tveimur, þremur árum síðan. Mér finnst miður að það skuli ekki vera sett inn og hef stundum sagt og ætla að segja það einu sinni enn, ég efast um að það standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þ.e. að dýr upphitun á húsnæði sé niðurgreidd ef hún með rafmagni eða olíu en ekki með heitu vatni þó að hún sé jafndýr.

En nóg um það. Hér er tekið gott skref af hálfu nefndarinnar, að taka inn fleiri aðila sem njóta þessara niðurgreiðslna, eins og kirkjur og bænahús, söfn, félagsheimili og húsnæði björgunarsveita. Mér finnst það mjög gott en segi það þó með fyrirvara um að það verði ekki til þess að lækka það sem almenningur fær, að tekið verði tillit til þess og að það verði sameiginlegt verkefni okkar í iðnn. að berjast fyrir því að þessi niðurgreiðslupottur hækki á næstu fjárlögum ef í ljós kemur að niðurgreiðslur til almennings lækki, annars vegar út af breytingunni í átta ár og hins vegar við það að fleiri komi inn. Það verður þá verkefni okkar að gera það.

Einn þáttur sem nefndin tók upp og sýnir hve gott vinnulag var í nefndinni — og nú gengur iðnrh. í salinn þar sem við erum að ræða iðnaðarnefndarmálin — og er mjög til bóta er að sett var inn að fyrir 1. október skuli semja skýrslu og gera grein fyrir ráðstöfun þessa fjár samkvæmt þeim lögum sem við erum að setja næstliðið ár á undan og endurskoða það þannig. Við sjáum því í byrjun október hvað gerst hefur á árinu áður og þá sjáum við hvort við þurfum að hvetja hæstv. iðnrh. til dáða til að sækja um meiri pening til hæstv. fjmrh. ef þetta fer á þann veg sem ég gerði að umtalsefni rétt áðan. Það er mikilvægt atriði og hlutur sem er mjög mikilvægt að fá inn í nefndarálitið og þær breytingartilögur sem iðnn. flytur.

Það er líka áréttað hér eins og segir í nál., með leyfi forseta:

„Loks leggur nefndin áherslu á að styrkveitingar til jarðhitaleitarátaks og til nýrra hitaveitna leiði ekki til lækkunar á raungildi niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði."

Ákvæðið um 1. október er það sem ég er að fjalla um og er ákaflega mikilvægt og auðvitað hluti af því að við fulltrúar Samf. styðjum málið.

Ég vil rétt í lokin, virðulegi forseti, geta þess sem líka var rætt í nefndinni og ég ræddi við 1. umr. Það voru ákvæðin um að veita stofnstyrki til nýrra hitaveitna en ég tók hér dæmi úr Búðardal sem var ekki nógu gott þar sem niðurgreiðslur til rafhitunar voru felldar niður hjá aðila sem neitaði að taka inn hitaveitu á því svæði vegna þess að það var margfalt dýrara fyrir hann að taka hana inn, að breyta hitakerfi hússins, hann var með þilofna, að breyta því í hitaveitukerfi eða vatnshitakerfi var þessum aðila margfalt dýrara. En refsingin sem viðkomandi aðili fékk þá var sú að niðurgreiðslurnar til hans vegna rafhitunar voru felldar niður.

Ég gerði þetta að umtalsefni við 1. umr. Ég tók þetta dæmi sem er í raun og veru sorgardæmi um hvað einn einstaklingur þarf að ganga langt í því að sækja rétt sinn. — Virðulegi forseti. Gæti ég fengið aðeins hljóð í þingsal meðan ég fer í gegnum þetta. — Ég var að segja að mér fyndist mjög bagalegt hvað einstaklingar þurfa að leggja á sig mikla vinnu við að sækja þann sjálfsagða rétt að mótmæla því að niðurgreiðslur til rafhitunar eru felldar niður þegar hann sýnir fram á með rökum að upptaka hitaveitu á svæði þar sem ákveðið var að byggja hitaveitu, í þessu tilviki í Búðardal, var það dýr fyrir viðkomandi að hann gat ekki hugsað sér það. Það var margra ára óhagræði og hlutur sem borgaði sig ekki upp. Ég hef hér alla þá göngu sem viðkomandi einstaklingur hefur þurft að fara, allt til umboðsmanns Alþingis, til að ná fram þeim sjálfsagða rétti sínum.

Ég gerði þetta að umtalsefni og þetta var rætt við fulltrúa iðnrn. á fundi iðnn. þegar við ræddum málið. Því er mér það mikil ánægja að geta þess líka úr sama ræðustóli að þessu hefur verið kippt í liðinn og þeir aðilar sem voru beittir þessum óréttti eru farnir að fá niðurgreiðslur sínar vegna rafhitunar. Það er ákaflega gott að það skuli sjást fyrir endann á því að þetta sé komið í lag vegna þess að lögunum var sannarlega breytt til að gera það, vegna þess að við megum auðvitað ekki vera svo blinduð af þeim sjálfsagða hlut að ná í heitt vatn úr iðrum jarðar til að hita hús okkar að ætla að skikka alla aðila til að gera það á viðkomandi svæði ef það verður til þess að að það verður margfalt dýrara fyrir viðkomandi aðila vegna fyrri hitunarkerfis hússins eða fjarlægðar frá aðalæð.

Mér finnst líka gott að geta sagt frá því að mér skilst að á þessu umræddu svæði, Búðardal, eftir að Rarik eignaðist hitaveituna þar, hefur t.d. fastagjald eða heimtaugargjald hjá býlum sem liggja langt frá veitu, frá aðalæð, verið lækkað stórkostlega miðað við það sem áður var og það verður þá kannski til þess að hagkvæmara verður fyrir viðkomandi einstaklinga að taka heita vatnið inn og þá er þetta í raun og veru hið besta mál.

Ég vildi aðeins geta þessa í lokin, virðulegi forseti, um leið og ég árétta stuðning minn við málið og okkar fulltrúa þingflokks Samf. sem styðjum málið með þeim fyrirvörum sem ég hef gert hér að umtalsefni.

[12:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel að hér sé um gott mál að ræða og þó svo að ekki sé verið að hækka framlögin til húshitunarstyrkja er verið að verja þeim upphæðum til skynsamlegri hluta en áður eða á betri veg. Ég held að það sé nokkuð ljóst að ef fleiri eru teknir inn í jöfnunina, svo sem bænhús og kirkjur og björgunarsveitir, muni niðurgreiðslur til almennings lækka, þ.e. ef upphæðin er ekki hækkuð. Sama má segja ef verið er að lengja eða hækka styrki til stofnkostnaðar hitaveitna þá mun þetta lækka. En þegar fram í sækir er mjög skynsamlegt að fara þessa leið og mun styrkja innviði samfélagsins og leiða til sparnaðar fyrir þjóðfélagið.

Ég tel að það sé fyllilega spurning hvort við ættum ekki að lengja styrktímabilið enn meira og hafa það tíu ár, þ.e. að hækka hámark stofnstyrkja til hitaveitna í tíu ár þannig að enn fleiri fái að njóta heita vatnsins og jarðhitans en gert er með þessu frv. En þess ber að geta að þetta er mjög gott skref.

Það er annað skref sem ég tel vera mjög mikilvægt í málinu, þ.e. að undanskilja að uppáskrift þurfi frá Orkustofnun. Ég tel að það sé leið í því að koma á meira frelsi og samkeppnisumhverfi í rannsóknum og vísindastarfi að binda ekki álit eingöngu við ríkisstofnanir, heldur að einnig sé leitað til vísindamanna sem starfa sjálfstætt á markaði. Til dæmis er jarðfræðistofa sem hefur náð geysilega miklum árangri og það á því ekki endilega og er óskynsamlegt að binda þetta álit við Orkustofnun.

En ég ætla ekki að lengja umræðuna meira og lýsi yfir ánægju með frv. og ég styð það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 2. umr.

Stjfrv., 690. mál (afnám laganna). — Þskj. 1019, nál. 1752.

[12:49]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Frú forseti. Iðnn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um afnám laga nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

Nefndin hefur lokið umfjöllun um málið og skilað af sér svohljóðandi nál. á þskj. 1752, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti, Þorstein Víglundsson frá BM Vallá ehf., Hannes Sigurðsson frá Steypustöðinni, Bjarna Óskar Halldórsson frá Aalborg Portland, Gylfa Þórðarson frá Sementsverksmiðjunni, Eyvind G. Gunnarsson, Gunnar G. Þorsteinsson og Drífu Hjartardóttur frá flutningsjöfnunarsjóði sements og Gunnlaug Kristinsson frá PWC. Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sementsverksmiðjunni, flutningsjöfnunarsjóði og BM Vallá ehf.

Með frumvarpinu er lagt til að jöfnun flutningskostnaðar á sementi verði afnumin frá og með 1. júní 2004, flutningsjöfnunarsjóður sements verði lagður niður og lögin felld úr gildi. Við athugun nefndarinnar kom skýrt fram að sjóðurinn hefur starfað samkvæmt markmiðum laganna og skilað hlutverki sínu með ágætum en flutningskostnaður hefur lækkað mikið síðustu ár og er samkeppni meira ríkjandi þáttur í atvinnulífinu en áður og því hafa forsendur breyst.

Tilgangur laganna var að jafna byggingarkostnað og búsetuskilyrði í landinu og var sementskostnaður þar afgerandi þáttur. Sementskostnaður er nú einungis 2–3% af byggingarkostnaði steinsteyptra húsa og skiptir því flutningsjöfnunin mun minna máli en áður. Auk þess færist í vöxt að söluaðilar selji vörur á sama verði á útsölustöðum sínum um land allt. Þannig fer fram verðjöfnun innan fyrirtækja. Þá felur jöfnun flutningskostnaðar á eina tegund byggingarefnis en ekki aðrar í sér mismunun.

Gjaldið er lagt á hvert tonn af seldu sementi og lagt í flutningsjöfnunarsjóð sem greiðir flutningskostnað frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verslunarstaða sem jöfnunin nær til. Upplýst var á fundum nefndarinnar að kerfið hefði virkað sérstaklega hvetjandi á flutning á markaðssvæði höfuðborgarsvæðisins og aukið flutningskostnað sem hafi leitt til hærra verðs á sementi. Breytingarnar munu hvetja til hagræðingar í flutningum og þar með verðlækkunar sem vegur á móti hugsanlegri verðhækkun sements.

Nefndin telur eðlilegt að jafna flutningskostnað og þar með búsetuskilyrði í landinu með almennari aðgerðum og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson og Björgvin G. Sigurðsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Sigurjón Þórðarson sat fundinn en stendur ekki að álitinu.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur álitinu.“

Ég vil geta þess að vegna þess að nú er skammt til 1. júní, en lagt er til í frv. að lögin öðlist gildi þá, verður það skoðað á milli 2. og 3. umr. hvort nauðsynlegt er að flytja breytingartillögu um gildistöku laganna og ef talin er þörf á að breyta gildistökunni af tæknilegum ástæðum vegna þess að svo skammt er til 1. júní mun ég flytja tillögu um það en annars ekki.

Ég vil einnig geta þess að fram kom yfirlýsing frá Sementsverksmiðjunni sem iðnn. fékk eftir að málið hafði verið afgreitt þar sem fyrirtækið lýsti því yfir að það mundi ekki hækka verð á sementi frá sér á útsölustöðum sínum og ég hygg að það staðfesti mat iðnn. sem fram kemur í nefndarálitinu.

[12:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Með frv. um afnám laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi sýnir ríkisstjórnin í verki hug sinn til jöfnunar á flutningskostnaði úti um land.

Skipaðar hafa verið nefndir og safnað hefur verið saman skýrslum um misrétti sem landsmenn búa við varðandi flutningskostnað eftir búsetu. Þær skýrslur sýna verulegt og vaxandi misrétti sem landsmenn búa við hvað varðar álag á kostnað og rekstur fyrirtækja og heimila með háum flutningsgjöldum.

Talað hefur verið um að grípa til aðgerða, jöfnunaraðgerða, lækka skatta ríkisins af flutningnum eða að jafna hann út á einn eða annan hátt. Fyrir kosningar á síðasta ári var það eitt af kosningaloforðum, sérstaklega Framsfl., að taka upp flutningsjöfnun eða að jafna flutningskostnað í landinu. Kannski hefur Framsfl. náð inn þeim þingmanni sem vantaði upp á til að halda ríkisstjórnarmeirihlutanum með þeim sviknu loforðum sem hér eru. Nú skal leggja niður einu flutningsjöfnunina sem verið hefur, flutningsjöfnun á sementi.

Ef við lítum á skýrslu PriceWaterhouseCoopers sem nefndin hafði til stuðnings við þá ákvörðun sína að leggja niður flutningsjöfnunina þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Sement er um margt sérstök vara þar sem hlutfall flutningskostnaðar í verði þess er mjög hátt. Sérhæfð flutningatæki þarf um mestalla sementsflutninga.

Sökum hás flutningskostnaðar mun fjarlægðarvernd leiða til þess að hugsanlegar einokunaraðstæður gætu skapast á landsbyggðinni. Ástæðan er sú að Akranes liggur mun nær mestallri landsbyggðinni en Helguvík. Aðstöðumunur kann því að verða á sementsmarkaðnum.

Veruleg hækkun mun verða á sementsverði á landsbyggðinni, samanber meðfylgjandi yfirlit um flutningsjöfnun á árinu 2003. Lækkun verðs á höfuðborgarsvæðinu mun ekki verða í neinu samræmi við þá hækkun.

Órökstutt er að flutningsjöfnun sements hafi leitt til óhagkvæmari flutninga. Þvert á móti má segja að flutningsjöfnunin geti leitt til hagkvæmari flutninga en ella.

Rangt er skýrt frá í skýrslu nefndarinnar að bæði fyrirtækin sem selja sement hér á landi séu að byggja upp og breyta dreifingarkerfum og birgðastöðvum sínum og að ljóst sé að þær verði á mörgum stöðum á landinu og í fleiri en einum landsfjórðungi. Einungis hefur verið byggð upp birgðastöð á Reyðarfirði í tengslum við virkjana- og stóriðjuframkvæmdir. Óvíst er hvort sú birgðastöð verði til staðar að framkvæmdum loknum.

Áhrif afnáms flutningsjöfnunar á byggingarkostnað á landsbyggðinni verður mun meiri en gefið er til kynna í áliti nefndarinnar.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi hefur virkað og jöfnunin hefur verið réttlát. Vandað hefur verið til allra úttekta sjóðsins á flutningskostnaði og mikil reynsla hefur skapast

í því sambandi í gegnum árin. Hannað hefur verið öflugt tölvukerfi til að fylgjast með og halda utan um flutningsjöfnunina.

Ekki er hægt að sjá annað en að í dag sé hægt að kaupa sement á sambærilegu verði hvar sem er á landinu. Þá er ekki annað að sjá en að virk samkeppni ríki á sementsmarkaðnum. Í dag hafa neytendur val um það af hverjum þeir kaupa sement. Óvíst er" — segir í skýrslunni — „að slíkar aðstæður verði uppi ef flutningsjöfnunarsjóður sements verður aflagður."

Skýrsla þessi er unnin og undirrituð af endurskoðanda flutningsjöfnunarsjóðs sements í umboði Ríkisendurskoðunar.

Þetta er umsögnin um þær gjörðir ríkisstjórnarinnar, að afnema einu flutningsjöfnunina sem hefur þó verið í gildi. Hvaða afleiðingar mun það hafa? Það mun m.a. hafa í för með sér að sement mun hækka bara vegna þessa um u.þ.b. 35% á Norðausturlandi og 50% á Austfjörðum samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í nefndinni. (**Iðnrh.:** 50%?) Já. Ég held að hæstv. ráðherra hafi bara ekki áttað sig á hvað hér er að gerast og hæstv. ráðherra getur hlegið og flírað að því. Þetta er eina jöfnunin sem hefur þó enn verið í gangi. Gefin hafa verið fyrirheit um víðtækari aðgerðir til jöfnunar á flutningskostnaði í landinu. Ekki hefur verið staðið við neitt af því. Skýrslum hefur verið safnað, gefin kosningaloforð, ekki staðið við orð. Það eina sem lagt er til er að afnema þá litlu flutningsjöfnun sem hefur þó verið í gangi varðandi sement.

Frú forseti. Þetta er alveg með eindæmum en er í eðlilegum takti við vinnubrögð hæstv. byggðamálaráðherra. Einu er lofað en þegar kemur að efndunum eru þær engar. Flutningsjöfnun var lofað fyrir kosningar, hæstv. ráðherra, hvar eru þau loforð? Þeim var stungið strax undir stól og ekkert bólar á neinu í þeim efnum.

Það voru unnar skýrslur í samgrn. og verkefnið síðan falið byggðamálaráðherra. Ekki bólar á neinum aðgerðum. Eina sem lagt er til er að afnema flutningsjöfnun á sementi sem hefur þó verið við lýði og hefur skilað árangri samkvæmt hlutlausri úttekt. Það skal leggja niður.

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti frv. Hún er á móti þeirri hugsun sem felst í frv., að fella út einu flutningsjöfnunina sem er þó enn í gildi. Við hefðum viljað að tekið væri raunhæft á jöfnunaraðgerðum í flutningskostnaði í landinu en verk ríkisstjórnarinnar er að auka þann ójöfnuð sem þar er og fella niður þá litlu jöfnun sem hefur þó verið eins og á sementi.

[13:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um afar vont mál að ræða og ég legg til að það verði lagt til hliðar og ekki afgreitt í dag við lok þingsins.

Það sem er furðulegast við málið er að hæstv. byggðamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir skuli leggja það fram og njóta aðstoðar formanns iðnn., hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Mér finnst alveg með ólíkindum að fram komi tvö frv. eins og komu fram í dag, fyrst frv. um að afleggja jöfnun flutningskostnaðar á sementi og síðan frv. um að leggja af trilluútgerð í landinu. Það er furðulegt að þetta mál komi frá nefnd eins og iðnn. sem á að fjalla um byggðamál. Að vísu verður að taka fram að verið er að tala um að það eigi að koma einhverjar almennar jöfnunaraðgerðir á vöruflutninga í landinu en það bólar ekkert á þeim aðgerðum. Það væri því fróðlegt fyrst við erum að ræða þetta mál að hæstv. byggðamálaráðherra kæmi hingað og segði okkur hvort von sé á þeim almennu aðgerðum til að jafna vöruverð eins og lofað er.

Ég get a.m.k. sagt að mér var algjörlega ókunnugt um að Framsfl. hefði lofað þessu fyrir síðustu kosningar. Mér var líka ókunnugt um að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem er formaður iðnn. sem ber ábyrgð á málinu, hafi lofað því hvað þá að afleggja sóknardagakerfið. Mér var alveg ókunnugt um það. Mér finnst að í þessu máli og öðrum séu þingmenn Framsfl. að ganga algjörlega á bak orða sinna og gegn byggðum landsins. Þetta er kannski ekki mjög stórt mál en þó hefur formaður jöfnunarsjóðsins, Eyvindur G. Gunnarsson, nefnt á fundi — af því að hæstv. iðnrh. hváði þegar minnst var á hve þessar hækkanir væru miklar — töluna 30–45% og það eru þær tölur sem hafa verið nefndar. Ég get staðfest það.

Að vísu kom eitthvert bréf frá Sementsverksmiðjunni eftir að búið var að afgreiða málið þar sem þeir draga í efa að hækkanirnar verði jafnmiklar. Ég hefði þá talið réttast fyrir hæstv. byggðamálaráðherra að gefa afdráttarlaus svör um að þetta muni ekki hækka sementsverð á landsbyggðinni. Mér finnst það vera lágmarkið.

Það sem er undarlegt við málið og kannski margt fleira, enda margt sem er skrýtið við þann furðuflokk, Framsfl., sem kennir sig stundum við landsbyggðarstefnu, er að þegar hæstv. iðnrh. er að leggja til að afleggja verðjöfnun á sementi þá er hæstv. landbrh. að skila af sér skýrslu þessa dagana, og má nálgast hana á netinu, þar sem hann leggur til að jafna flutningskostnað á sláturfé. Þar þarf að jafna. Hvers vegna? Jú, það er búið að verja ekki tugmilljónum heldur hundruð millj. kr. í að leggja niður sláturhús vítt og breitt um landið og það þarf að flytja fé hundruð kílómetra. Það sér hver maður að þetta er slík vitleysa að það er með endemum að menn skuli bera þetta á borð.

Ég óska eftir því í lok þessarar ræðu, sem ég ætla ekki að hafa miklu lengri, að fá að heyra afstöðu hæstv. byggðamálaráðherra til þeirra tveggja mála sem ég nefndi, sérstaklega hvað varðar sementið og þeirra orða sem Eyvindur G. Gunnarsson gaf um að þetta hækkaði sementsverð um 30–45%, hvort maðurinn fari með fleipur eða hvernig hún sjái málið fyrir sér. Ef hækkunin er 30–45%, telur hún að það sé eðlilegt á einu bretti?

Hin spurningin var hvort bóli á þeirri almennu flutningsjöfnun á vörur sem búið er að tala um lengi og jafnvel skreyta sig með.

[13:05]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hvað varðar frv. sem verið er að ræða, þ.e. að leggja niður jöfnun flutningskostnaðar á sementi, þá get ég sagt að eftir umfjöllun í nefndinni var ég mjög efins um að það ætti að samþykkja það og gerði mig kláran til að vera á móti því af skiljanlegum ástæðum. Ég ætla ekki að fara í umræðu um röksemdina sem var fyrir því frá iðnrn., ég hef gert það annars staðar, heldur fara aðeins inn á þá breytingu sem gerði það að verkum við fulltrúar Samf. styðjum það að flutningsjöfnunarsjóður verði lagður niður, svo furðulegt sem það er að sá sem hér stendur skuli stuðla að því. En það er auðvitað gert í trausti þess að áform ríkisstjórnarinnar um að aðrar jöfnunaraðgerðir til lækkunar á flutningskostnaði til og frá landsbyggðinni komi einhvern tíma fram. Það er grundvallaratriði.

En aðalatriðið er að vegna hins sérstaka sjóðs um sementið þá er það svo að margar reglur hans og framkvæmdin hafa í raun og veru komið óorði á flutningsjöfnun, því miður, og skal ég færa fyrir því smárök. Þannig má leiða líkur að því að það sé betra og ódýrara fyrir Aalborg Portland, sem er staðsett í Keflavík, að selja sement til Steypustöðvarinnar á Akranesi en ekki Sementsverksmiðjuna að selja þar innan sama bæjar. Á sama hátt er auðveldara fyrir Sementsverksmiðjuna að selja sement til Keflavíkur þar sem fyrirtækið Aalborg Portland er vegna þeirrar flutningsjöfnunar sem þar er sett. Það er því auðvitað mjög bagalegt að svona vitlausar reglur og vitlaust kerfi sé í gangi og hafi ekki verið leiðrétt fyrir lifandis löngu af hendi iðnrn. Það vil ég gagnrýna. Þess vegna er það svo að við neyðumst til að gera þetta núna.

Aðalatriðið fyrir stuðningi mínum er hins vegar bréf sem iðnn. Alþingis barst frá Sementsverksmiðjunni, dags. 18. maí 2004. Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að lesið sé örstutt úr því bréfi hér vegna þess að það er ástæðan fyrir því að við fulltrúar Samf. styðjum málið. Með leyfi forseta:

„Í tengslum við umræðu um áhrif afnáms flutningsjöfnunar á sement á verðlag sements á landsbyggðinni vill stjórn Sementsverksmiðjunnar árétta eftirfarandi:

Gjald það sem lagt hefur verið á sement til jöfnunar á flutningskostnaði til þessa mun standa straum af öllum dreifingarkostnaði verksmiðjunnar á alla helstu sölustaði félagsins á landinu í dag.“ — Ég vek athygli á þessu. — „Ekki mun því verða um neina hækkun að ræða á sementsverði á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði, Egilsstöðum, Selfossi og í Reykjanesbæ. Á Akureyri verður áfram starfrækt dreifingarstöð fyrir sement og tryggir hún að verð á sementi í nálægum byggðum, svo og Siglufirði,“ — ég veit ekki af hverju það er sagt, í nálægum byggðum, vegna þess að Siglufjörður er í nálægð við Akureyri — „hækkar ekki vegna þessa.“

Þetta er grundvallaratriði, virðulegi forseti, og mjög mikilvæg yfirlýsing frá Sementsverksmiðjunni sem hér kemur fram og algjör forsenda fyrir stuðningi mínum.

Áfram skal haldið, með leyfi forseta, að lesa úr þessu bréfi:

„Stjórn verksmiðjunnar telur jafnframt fjölmörg tækifæri til hagræðingar í núverandi dreifikerfi, nokkuð sem núverandi niðurgreiðslukerfi gerir ekkert til að laða fram. Jafnframt áréttum við þá skoðun okkar að núverandi flutningsjöfnunarkerfi skekki samkeppnisstöðu dreifingaraðila af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi er í núverandi kerfi mismunað hvað varðar niðurgreiðslur á mismunandi flutningsaðferðum, sjór eða land.

Í öðru lagi er það mat okkar að sjóðurinn greiði of mikið fyrir flutning sements sem veldur verulega skekktri samkeppnisstöðu eftir því hversu langt dreifingar- og söluaðili þarf að flytja vöruna til endanlegs kaupanda.“

Síðan er örlítið meira í þessu bréfi sem skiptir kannski ekki eins miklu máli, virðulegi forseti, en þau atriði sem hér eru nefnd í yfirlýsingu Sementsverksmiðjunnar eru grundvallaratriði sem gera það að verkum að verð á sementi, eins og ég tók dæmi um á einum iðnaðarnefndarfundi þar sem sjá mátti allt að 20–25% hækkun á flutningi á sementi út frá Akureyri, mun ekki hækka vegna þessara þátta.

Virðulegi forseti. Það var nauðsynlegt að þetta kæmi fram og skráist inn í þingtíðindi vegna þess að við náðum ekki að setja það inn í nefndarálitið en þetta er algjör forsenda fyrir stuðningi mínum og annarra þingmanna Samf. við málið.

Ég vil svo segja það til að hafa sagt það, virðulegi forseti, að ég vænti þess þegar ég mun eiga viðræður við hæstv. iðnrh. um áframhaldandi umræður um að ganga eftir loforðum um jöfnun á flutningskostnaði á einn eða annan hátt, hvort sem það verður með flutningsjöfnunarsjóði eða á annan hátt sem ég hef mikla skoðun á, að það verði auðvitað ákaflega gaman þegar iðnrh. í röksemdafátækt sinni geti þess að sá hv. þm. sem hér stendur hafi staðið að því og samþykkt að leggja niður flutningsjöfnunarsjóð sements. Ég vil því hafa það inni í þingtíðindum þannig að ef hæstv. ráðherra vill nota það í framtíðinni geti ég vitnað til þessa dags, klukkan tíu mínútur yfir eitt 28. maí, á lokadegi þingsins.

[13:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú stangast þessar upplýsingar frá Sementsverksmiðjunni á við það sem fram kom hjá formanni flutningsjöfnunarsjóðs sements en þar er talað um gífurlega mikla hækkun. Þegar svo er vil ég spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki eðlilegt að áður en málið verður afgreitt fáum við niðurstöðu í það mál og einhverjar skýringar á því hvers vegna upplýsingarnar stangast svona á. Einnig vil ég fá svör við því hvort ekki sé rétt að bíða eftir almennum jöfnunaraðgerðum á flutninga áður en við afleggjum þá litlu flutningsjöfnun sem fyrir hendi er í landinu.

[13:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. segir. Fyrri bréf og fyrri gögn sem komu inn gerðu það m.a. að verkum að sá sem hér stendur var mótfallinn því. En yfirlýsinguna sem ég var að lesa, sem er síðasta plaggið sem kemur frá Sementsverksmiðjunni, vil ég taka trúanlega og treysti að gangi eftir. Hækkunin sem spáð var, m.a. í þessum gögnum og því sem kom fram hjá formanni flutningsjöfnunarsjóðs sem var að spá hvernig þetta yrði, ekki er víst hvernig það hefði orðið í framtíðinni, en ég vil taka þessa yfirlýsingu sem gott og trúverðugt plagg, enda kemur það undirritað frá stjórn Sementsverksmiðjunnar, og þess vegna las ég það upp til að ramma það inn. Það verður síðan okkar að ganga eftir því að það gangi allt eftir sem ég ætla ekki að efast um eitt augnablik að muni gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 881. mál (Stofnsjóður, framtakssjóðir). — Þskj. 1339, nál. 1805.

[13:13]

Frsm. iðnn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Iðnn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins frá 1997 og fjallaði um það á nokkrum fundum sínum. Frumvarpið er tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir að svonefndir framtakssjóðir, fjórir sjóðir, sem stofnaðir voru fyrir nokkrum árum verði leystir upp og ríkið taki til sín sinn hluta af þeim og leggi þá inn í Nýsköpunarsjóð eða Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs og hins vegar er opnuð heimild fyrir Nýsköpunarsjóð til þess að leggja fé í nýja framtakssjóðinn

með öðrum fjárfestum allt að 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins.

Álit iðnn. liggur fyrir og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti og Gunnar Örn Gunnarsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum fiskvinnslustöðva og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi stefnt að því að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum renni í Stofnsjóð þegar þeir verða leystir upp. Í öðru lagi er sjóðnum heimilað að leggja fé í framtakssjóði með öðrum fjárfestum, t.d. lífeyrissjóðum eða öðrum framtaksfjárfestum. Sú hlutdeild má ekki vera meiri en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Markmiðið með frumvarpinu er að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að sinna hlutverki sínu til hagsbóta fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki.

Með álitinu er prentuð sem fylgiskjal umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis þar sem röng umsögn fylgdi frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Sigurður Kári Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og samþykkur álitinu."

[13:17]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er ágætt og merkilegt mál á ferðinni sem hefði verið gaman að hafa tíma til að fara svolítið yfir en við höfum sett okkur knöpp tímamörk um að ljúka málinu fyrir atkvæðagreiðslu eftir nokkrar mínútur þannig að ég ætla að stikla á því allra stærsta í afstöðu minni.

Við fórum ágætlega í gegnum málið í iðnn. og fengum á okkar fund Svein Þorgrímsson og Gunnar Örn Gunnarsson sem við fengum hjá ágætar upplýsingar um hvað liggur þessum hugmyndum til grundvallar og eins hvort almennt sé þörf á slíkum sjóði, hvort hið opinbera þurfi að halda úti Nýsköpunarsjóði til að fjárfesta í frumfjárfestingum hvers konar og hver staðan er eftir fjárfestingar síðustu ára og kom þar margt athyglisvert í ljós. Fullyrti Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, t.d. að um byltingu hefði verið að ræða með tilkomu sjóðsins þar sem þeir hefðu fjárfest í um 100 fyrirtækjum á síðustu fjórum árum og af þeim lifðu nú um 70. Spurður út í eðlilega þróun slíkra nýsköpunarfjárfestinga gaf hann þær upplýsingar að þumalputtareglan væri sú að af hverjum 100 færu 60 á hausinn á næstu sex til átta árum, 40 stæðu eftir og af þeim yrðu fjögur til sex nokkurs konar stjörnur, eins og hann orðaði það, skiluðu arði og yrðu að stórum og öflugum fyrirtækjum. Það er náttúrlega ekki komin reynsla á þetta enn þá, það vantar þrjú, fjögur eða fimm ár upp á að hægt sé að sjá þróun mála hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, hvort hann standist þetta, en allt bendir til þess að svo verði.

Eftir að netbylgjan gekk yfir og bakslag kom í þau mál öll hefur dregið mjög úr almennum nýsköpunarfjárfestingum hefðbundinna fyrirtækja og stórfyrirtækja og því mjög brýn þörf á því að mati þessara sérfræðinga að slíkur opinber nýsköpunarsjóður sé til staðar. Annars verði ekki um fjárfestingu í slíkum frumgreinum að ræða. Taldi Gunnar Örn að það þyrfti um milljarð á ári til að spila inn í slíka nýsköpunarstarfsemi auk þess sem kemur úr einkageiranum sem var að skilja að væri ekki of mikið.

Til samanburðar komu þær upplýsingar fram í nefndinni að 60% af slíkum frumfjárfestingum í Bandaríkjunum kæmu frá opinberum aðilum og stór hluti fyrirtækja sem komast á markað kæmi úr þeim geira. En það tekur tíu ár að sjá fyrir endann á því hvernig þeim málum verður háttað hérna. Því þyrftu þær breytingar að ganga eftir sem hér er gerð grein fyrir og hv. flutningsmaður gerði grein fyrir áðan. Það styður þetta að aðilar atvinnulífsins, bæði Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins, styðja breytingarnar á frv. og þar með tilvist Nýsköpunarsjóðsins, styðja tilvist opinbers sjóðs með þessum hætti, og hefði verið gaman að taka þessa umræðu í samhengi við hlutverk annarra opinberra fjárfestingarsjóða eins og Byggðastofnunar o.fl. Var það rætt í nefndinni og var það mál manna að hlutverk þeirra væri svo gjörólíkt að þeir þyrftu að vera aðskildir, enda væri hlutverk þessa sjóðs fyrst og fremst að standa við bakið á hvers kyns nýsköpun hvar sem væri á landinu en ekki með sérstökum byggðatengdum aðgerðum.

Samtök atvinnulífsins segja t.d., með leyfi forseta:

„Samtök atvinnulífsins styðja frumvarpið enda afar mikilvægt að Nýsköpunarsjóður hafi bolmagn til að styðja við frumkvæði þeirra sem hrinda af stað atvinnurekstri, ekki síst í ljósi þess að fjölbreyttari atvinnustarfsemi eykur almennt möguleika atvinnulífsins til að vaxa.

Samtök atvinnulífsins vilja minna á sérstöðu þessa sjóðs vegna tilurðar hans og þess forræðis sem atvinnulífinu ber að hafa um málefni hans."

Í umsögn frá ASÍ segir m.a., með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu miða breytingarnar sem lagðar eru til að því að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að sinna hlutverki sínu til hagsbóta fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Annars vegar með því að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs. Hins vegar með því að heimila Nýsköpunarsjóði að leggja fé í framtakssjóði með öðrum sjóðum og skapa þannig aukið fjármagn til nýrra fjárfestinga.

Alþýðusamband Íslands styður framangreind markmið frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt."

Eftir umræður og vinnu í hv. iðnn. er ég þess fullviss að við þurfum enn um sinn a.m.k. á slíkum opinberum sjóði að halda, nýsköpunarsjóði sem hið opinbera stendur að, þó svo að það sé freistandi tilhugsun að komast á þá skoðun að einkageirinn og einkaaðilar ættu að standa í slíkum fjárfestingum og væru til þess bærir og þaðan kæmi nægilegt fjármagn til að standa við bakið á nýsköpun í landinu, en samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í nefndinni er svo alls ekki og fer raunar víðs fjarri.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson spurði Gunnar Örn sérstaklega að þessu á þeim fundi nefndarinnar sem síðast var fjallað um málið, minnir mig, og einum fundi þar áður. Kom þá fram að að hans mati væru stóru og öflugu fyrirtækin, Baugur og hvað þau öll heita, ekki að sinna því hlutverki. Þau væru ekki að fjárfesta í nýsköpun og því væri mjög brýn þörf

á þessum sjóði. En það hefði verið gaman, virðulegi forseti, ef við hefðum haft rýmri tíma til að rökræða þetta því að ég veit að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur sjálfsagt önnur sjónarmið sem hann mun viðra á eftir og hefði verið gaman að skiptast á skoðunum við hann. Sjálfur var ég ekkert fráhverfur því að það væri freistandi að draga hið opinbera út úr slíkum umsvifum sem nýsköpun er með þessum hætti. En eftir umfjöllun í nefndinni er ég þess fullviss að hið opinbera þarf að sinna þessu hlutverki a.m.k. enn um sinn og áfram og því séu lagabreytingarnar nauðsynlegar. Því styðjum við þær, fulltrúar Samf. í iðnn., án nokkurs fyrirvara og teljum að þörf sé á slíkum sjóði. Sjóðurinn þurfi að fá þær heimildir og ganga í gegnum þær breytingar sem hér eru lagðar til þannig að hann geti sinnt þessu hlutverki sínu áfram. En það er a.m.k. svo sannarlega umræðunnar virði — og ég hlakka til að heyra sjónarmið þingmannsins sem ég nefndi áðan en hann undirritaði málið með fyrirvara og mun sjálfsagt gera grein fyrir honum á eftir — af því að þetta er mjög brýnt mál og mikilvægt að nýsköpunarfjárfestingum sé sinnt með myndarbrag og að ekki sé þurrð á slíku fjármagni, enda stæði það atvinnulífi okkar og uppbyggingu þess verulega fyrir þrifum ef ekki væri verið að fjárfesta í slíkum sprotum með áhættufjármagni, þolinmóðu áhættufjármagni sem lagt væri inn í fyrirtæki í því augnamiði.

Þetta er því eitt af þeim mikilvægu málum sem hefði verið skemmtilegt að ræða í betra tómi í þinginu en ég ætla að hleypa næsta ræðumanni að og heyra sjónarmið hans í málinu.

[13:26]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir nál. frá iðnn. um frv. til breytinga á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Ég undirrita nefndarálitið með fyrirvara og ég ætla að gera grein fyrir því á eftir í hverju sá fyrirvari felst. Eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á er okkur skammtaður örlítill tími til að ræða þetta mjög svo spennandi mál.

Það liggur auðvitað fyrir að frv. er lagt fram til þess í fyrsta lagi að styrkja eigið fé Nýsköpunarsjóðs og bæta rekstrarfjárstöðu hans eða eiginfjárstöðu sjóðsins. Lagt er til að ríkissjóður feli Nýsköpunarsjóði áframhaldandi ráðstöfun þess fjármagns sem bundið hefur verið í framtakssjóðunum fjórum frá árinu 1999 en frá þeim tíma hafa þessir sjóðir rýrnað um 40%. Í öðru lagi er lagt til að Nýsköpunarsjóði verði heimilt að leggja fé úr Stofnsjóði í framtakssjóðina með öðrum fjárfestum. Með þessum breytingum er Nýsköpunarsjóði gert mögulegt að afla sér rekstrarfjár til áframhaldandi fjárfestinga, eins og segir í frv. að ég hygg.

Það er ekkert launungarmál að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur ekkert farið varhluta af þeim erfiðleikum sem nýsköpunarfyrirtæki hafa staðið frammi fyrir frá árinu 2000. Sjóðurinn fór vel af stað en hefur tapað gríðarlegum fjármunum. Með frv. er verið að grípa til ráðstafana til þess að flikka upp á stöðu sjóðsins, en ég tel að hér sé ekki um neina endanlega, hvað eigum við að segja, lækningu á sjóðnum að ræða. Það er svona verið að plástra á sárin en ég tel að taka verði málefni Nýsköpunarsjóðsins til algjörrar endurskoðunar og sú aðgerð sem frv. kveður á um sé í rauninni bara lítið skref í þá átt. Ég hef raunar efasemdir um að rétt sé að fara þá leið sem lögð er til í frv. og þess vegna geri ég fyrirvara.

Nú má ekki skilja þann fyrirvara svo að ég sé ekki hlynntur því að menn fjárfesti í nýsköpun og sprotafyrirtækjum en ég held að sú reynsla sem orðið hefur af starfsemi Nýsköpunarsjóðs hafi bæði verið góð og slæm. Hún hefur skilað ýmsu góðu en það verður ekki horft fram hjá því að eftir árið 1999 hefur sigið allverulega á ógæfuhliðina hjá Nýsköpunarsjóði. Árin 1998 og 1999 var mikil renta á stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs, upp á einn og hálfan milljarð, en síðan hefur sjóðurinn verið að tapa og í rauninni má segja að það hafi orðið gríðarlegt tap á rekstri hans. Maður veltir því fyrir sér hvort ekki sé þá rétt, ef vilji er til þess að skoða málefni nýsköpunar í landinu af einhverjum áhuga á að endurskoða hana, að víkja af þeirri stefnu sem Nýsköpunarsjóður hefur haft í fjárfestingum sínum.

Það kemur t.d. fram í ársskýrslu Nýsköpunarsjóðs árið 2002 að það sé stefna sjóðsins að ein af hverjum tíu fjárfestingum beri sjóðinn uppi og maður veltir því fyrir sér hvernig í ósköpunum slík stefna geti gengið til frambúðar að gera ráð fyrir því að 90% fjárfestinganna skili ekki arði og að 10% fjárfestinganna eigi að halda sjóðnum gangandi.

Ég held að það sé margt í þessu sem þurfi að skoða og það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því í umræðunni að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er ekki eini aðilinn á þeim markaði sem hefur sinnt fjárfestingum til nýsköpunarfyrirtækja. Það voru aðilar á þessum markaði þegar Nýsköpunarsjóði var komið á á sínum tíma en frá stofnun sjóðsins hafa orðið til fjórir sterkir aðilar sem ekki voru á þessum markaði og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson gat þeirra. Það eru t.d. aðilar eins og Baugur, Burðarás, Kaldbakur og Straumur sem sameinaðist Íshuga á sínum tíma. Allir þessir sjóðir hafa verulega fjármuni milli handanna til þess að fjárfesta í nýsköpun og þó svo að fjárfestingarstefna þeirra hafi verið öðruvísi en Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er ekki hægt að halda öðru fram en að þessi fyrirtæki hafi fjárfest í nýsköpun.

Þegar skoðaðir eru styrkþegar sem hafa hlotið fjármuni frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins veltir maður fyrir sér hvort menn hafi verið á réttri leið þar. Er eðlilegt að fyrirtæki sem hafa verið í blómlegum rekstri í rúma hálfa öld, eins og Árvakur og Steypustöðin, séu að hljóta styrki úr Nýsköpunarsjóði, og hvað þá BM Vallá og BYKO og fleiri fyrirtæki sem hafa verið í samkeppni í rúmlega fimmtíu ár?

Ég vil líka benda á að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er ekki alfa og omega nýsköpunar í landinu. Best heppnuðu útflutnings- og nýsköpunarverkefnin hafa verið önnur, ég nefni sem dæmi Pharmaco og Bakkavör svo ekki sé talað um deCODE. Þó svo að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hafi kannski komið að þeim fyrirtækjum eru það fyrst og fremst aðrir aðilar sem hafa komið að fjárfestingunum.

Ég geri fyrirvara við nefndarálitið vegna þess að ég tel að hér sé í sjálfu sér ekki um neina heildarlausn á málefnum Nýsköpunarsjóðsins að ræða. Ég er ekki viss um að þetta bæti stöðu hans nema kannski til skamms tíma. Það þarf að taka sjóðinn til miklu meiri og drastískari endurskoðunar en frv. gerir ráð fyrir og ég legg áherslu á að það verði gert hið fyrsta. En ég tel að með þessum orðum hafi ég skýrt fyrirvara minn á nefndarálitinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Eyðing minka og refa, 926. mál, svar umhvrh., þskj. 1837.

Fjarnám á háskólastigi, 895. mál, svar menntmrh., þskj. 1835.

Kostnaður nemenda við fjarnám og staðnám, 908. mál, svar menntmrh., þskj. 1836.

Kostnaður við gerð skýrslna samkvæmt beiðni á Alþingi, 807. mál, svar forsrh., þskj. 1830.

[Fundarhlé. — 13:33]

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 871. mál (rannsóknargögn, símhlerun o.fl.). — Þskj. 1329, nál. 1662 og 1682, brtt. 1663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Brtt. 1663,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GAK, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Í upprunalegri mynd var málið algjörlega óásættanlegt. Þá fólust m.a. í því hugmyndir um að heimila símhleranir án dómsúrskurðar. Eins var gert ráð fyrir að gögnum mætti halda ótímabundið frá verjanda ef rannsóknarhagsmunir krefðust þess.

Ekki var nægilega vandað til undirbúnings málsins í upphafi, t.d. ekki haft samráð við réttarfarsnefnd sem hefur þó á að skipa okkar færustu sérfræðingum á sviði réttarfars. Þá voru tillögurnar illa rökstuddar, sem verður að teljast óviðunandi í ljósi þess hversu miklu þær gátu varðað fyrir hagsmuni og réttindi borgaranna.

Breytingartillögur meiri hlutans eru allar til bóta en í ljósi þess að þær fengu ekki allar ítarlega yfirferð í hv. allshn. og í ljósi slæmra vinnubragða við undirbúning málsins mun Samf. sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frv. og allar brtt. meiri hlutans.

[13:46]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Málið sem við erum að afgreiða fékk góðan undirbúning áður en það var lagt fram á þinginu en auk þess hefur mikið verið unnið í því á þinginu í allshn. Ég hygg að eins og málið liggur fyrir sé enginn efnislegur ágreiningur um eitt einasta atriði og ég vil því leyfa mér að lýsa yfir furðu minni á því að menn skuli ekki vilja styðja málið eins og það liggur fyrir. Ég hafna því algjörlega að málið hafi komið illa undirbúið fyrir þingið enda var það þá í þeim búningi sem við sjáum víða annars staðar, til að mynda í Noregi, Danmörku og í öðrum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við.

2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EKG, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, LB, MS, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1663,2 (ný 4. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MÞH, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1663,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GAK, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MÞH, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1663,4–5 (ný 5. gr., verður 6. gr., og 6. gr. frv. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, LB, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KJúl, KolH, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 462. mál. — Þskj. 670, nál. 1706, brtt. 1707.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1707,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1707,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
6.–17. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1707,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
2 þm. (BÁ, SKK) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KJúl, KolH, LB, MS, RG, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

18. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
3 þm. (BÁ, KJúl, SKK) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1707,4 samþ. með 51 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
20.–21. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1707,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1707,6 samþ. með 48 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
24.–26. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1707,7 samþ. með 50 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
28.–29. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1707,8 samþ. með 49 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1707,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Lögmenn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 463. mál (lögmannsréttindi, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 671, nál. 1712, brtt. 1713.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1713,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1713,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1713,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1713,4 samþ. með 51 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1713,5 samþ. með 47 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1713,6 samþ. með 51 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
12.–17. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1713,7 samþ. með 50 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1713,8 samþ. með 51 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 594. mál (ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.). — Þskj. 893, nál. 1767, brtt. 1768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ, ÞBack*) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, LB, MS, RG, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að mál þetta sé enn þá þannig að ekki muni ríkja um það sátt, t.d. á aðalvarpsvæði arnarins við Breiðafjörð, m.a. hjá þeim sem þar stunda landnytjar. Ég

tel að það þurfi að skoða þetta mál betur. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

2.–5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
3 þm. (GAK, GÖrl, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, JBjart, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, RG, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1768,1 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JóhS, JBjart, KolH, KHG, LB, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ, ÞBack*) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

7.–9. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ, ÞBack*) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1768,2.a samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JóhS, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1768,2.b samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ*, ÖS.
6 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

10. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GÖrl, JBjarn*, MÞH, SigurjÞ, ÞBack*) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GAK, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

11. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, frh. síðari umr.

Stjtill., 477. mál. — Þskj. 716, nál. 1631.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, LB, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, LB, MS, RG, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1842).

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 878. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1336, nál. 1719, 1771 og 1784, brtt. 1720 og 1785.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:04]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér á að greiða atkvæði um breytingar á frv. til laga um rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna. Þær fela það í sér að Rannsóknastofnun landbúnaðarins og verkefni hennar verða flutt undir nýja stofnun sem greint er frá í næsta máli á dagskrá, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ég hef flutt brtt. við frv. sem lúta fyrst og fremst að því að hin nýja stofnun eigi að starfa samkvæmt einum lögum og einni reglugerð og hafi sérstakan fjárhag.

Í frv. er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun starfi samkvæmt tvennum lögum, þ.e. bæði samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu og lögum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Einnig er gert ráð fyrir því að rannsóknarsviðið hafi aðgreindan fjárhag. Ég hef gert athugasemdir við þetta og gert rækilega grein fyrir þeim í nál. mínu. Ég mun frekar gera grein fyrir málinu í heild í umræðum um næsta mál á dagskrá. Í ljósi þess hvernig málin hafa þróast mun ég draga til baka þær brtt. sem ég hef flutt við þetta frv. Ég vísa þar til fyrirvara og athugasemda sem ég hef gert við efni málsins og mun að því gerðu styðja frv.

Brtt. 1785,1 kölluð aftur.
Brtt. 1785,2–3 kölluð aftur.
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1720,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1720,2 samþ. með 46 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Búnaðarfræðsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 879. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1337, nál. 1721, 1770 og 1786, brtt. 1722, 1787 og 1829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:08]

Drífa Hjartardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með frv. þessu eru lagðar til breytingar á skipulagi búnaðarfræðslu í landinu, sér í lagi breytingar á æðstu stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Nafni skólans er jafnframt breytt í Landbúnaðarháskóla Íslands. Með frv. eru lagðar niður þrjár stofnanir, þ.e. RALA, Landbúnaðarskólann á Hvanneyri og Garðyrkjuskólann á Reykjum. Í staðinn er stofnaður einn nýr Landbúnaðarháskóli Íslands.

[14:08]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Samfylkingin gerir brtt. við 6. gr., 7. gr. og 9. gr. frv. um búnaðarfræðslu. Breytingartillögurnar miða allar að því að færa stjórnskipulag Landbúnaðarháskóla Íslands sem næst því sem segir í lögum um háskóla. Við teljum varhugavert að ráðherra hafi eindæmi um ráðningu rektors og að mikilvægt sé að háskólaráð sé æðsta vald varðandi innri málefni skólans.

Ég hef við umræður um frv. gert grein fyrir afstöðu okkar til rannsóknasviðs skólans. Við leggjum áherslu á að það hafi sama frelsi til verkefnavals og rannsókna og aðrir háskólar. Við í Samf. styðjum málið að öðru leyti.

[14:09]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér eru greidd atkvæði um að leggja niður Landbúnaðarskólann á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins að Keldnaholti og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi og sameina í nýja stofnun, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ég er sammála því markmiði að efla rannsóknir og fræðslu í landbúnaði og garðyrkju. Hins vegar hef ég haft ýmislegt við þessa ráðstöfun að athuga. Ég tel mikilvægt að samþætta hina nýju stofnun þannig að hún starfi öll samkvæmt einum lögum og einni reglugerð. Undir þessi sjónarmið hefur meiri hlutinn tekið að hluta og leggur til í nál. sínu að stofnunin starfi eftir einni reglugerð. Ég er ekki sannfærður um að sameining stofnana sé sérstök patentlausn, litlar sjálfstæðar menntastofnanir sem njóta styrks frá nánasta umhverfi sínu og byggja upp öflugt samstarfsnet eru þýðingarmiklar í hinu dreifbýla landi okkar.

Upphaflega frv. kvað á um að fella úr lögunum heimilisfesti skólanna á Hvanneyri, Hólum og Reykjum. Hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands var einnig heimilislaus. Það leiddi til harðra viðbragða frá aðstandendum Hólaskóla og ég fagna því að meiri hlutinn leggur til að áfram verði bundið í lög að Hólaskóli og yfirstjórn hans skuli á Hólum í Hjaltadal.

Ég fagna því einnig að samstaða skuli á þingi um að Hólaskóli standi utan við sameininguna sem hér er verið að ákveða. Vilji er til að standa vörð um sjálfstæði Hólaskóla og styrkja starfsemi hans og sérstöðu enn frekar.

Ég hef lagt þunga áherslu á að heimili hins nýja Landbúnaðarháskóla Íslands væri með lögum bundið á Hvanneyri.

Við umræðurnar í gær gaf hæstv. landbrh. þá formlegu yfirlýsingu að hann liti svo á að ekki ætti að leika neinn vafi á því að stjórnin og höfuðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands verði á Hvanneyri þótt hann verði með starfsstöðvar annars staðar á landinu, t.d. Keldnaholti, á Reykjum og víðar. Jafnframt tel ég að kveða eigi á um að rektor Landbúnaðarháskólans eigi að sitja á Hvanneyri.

Ég fagna yfirlýsingu ráðherrans og met hana mikils. Ég tel að hann hafi eytt óvissu sem ríkti um þessi atriði. Ég treysti því að þessi yfirlýsing ráðherrans verði bundin í reglugerð og þannig tryggð með varanlegum hætti heimilisfesti og yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, og jafnframt búseta rektorsins, æðsta yfirmanns stofnunarinnar og staðarhaldara á Hvanneyri.

Í ljósi yfirlýsinga hæstv. landbrh. dreg ég brtt. mínar til baka.

[14:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Frjálslyndi flokkurinn telur að með þessu frv. sé stigið mikilvægt skref í átt að því að hagræða í stofnunum landbúnaðarins og sameina stofnanir landbúnaðarins undir færri hatta. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta frv. er kannski ekki fullkomið eins og það liggur fyrir núna en treystum því og trúum að það muni koma til síendurtekinnar endurskoðunar á næstu missirum. Við munum vafalítið halda áfram aðhöldum á þeirri vegferð að endurbæta stofnanir landbúnaðarins. Við munum segja já við frv. en áskiljum okkur fullan rétt til að hafa fyrirvara á því.

[14:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Á þessari stundu fara fram skólaslit við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. (**SJS:** Hvað ert þú að gera hér?) Það er hátíðleg stund. Ég er staddur hér til að gegna skyldum mínum og fjarri hátíðlegri stund þar.

En hér er einnig hátíðleg stund. Sú ákvörðun að stofna Landbúnaðarháskóla Íslands úr þremur sterkum stofnunum, Garðyrkjuskólanum á Reykjum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Háskólanum á Hvanneyri, er eitt stærsta tækifæri sem íslenskum landbúnaði hefur hlotnast. Þarna verður til heillandi vettvangur fyrir vísinda- og kennslufólk að starfa við, stofnun sem verður sterk og mun geta sótt um styrki hvaðan sem er til rannsókna og vísindastarfa. Hún mun draga að sér sterkt fólk í framtíðinni. Þess vegna er þetta stór stund fyrir íslenskan landbúnað, íslenska bændur og íslenska þjóð.

Brtt. 1787,1–12 kölluð aftur.

Brtt. 1722,1 (ný 1. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1722,2 (ný 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

3.–4. gr samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1722,3 (ný 5. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1829,1 felld með 27:21 atkv. og sögðu

já: AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KJúl, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1722,4 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1829,2 felld með 26:15 atkv. og sögðu

já: AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, ÞSveinb, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, MÞH, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1829,3 felld með 25:23 atkv. og sögðu

já: AKG, BjörgvS, BH, EMS, GHj, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1722,5 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, MÞH, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack.

13 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GAK, GÁS, GÖrl, HHj, JBjart, KolH, KHG, LB, MS, RG, SAÞ, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddur.

9. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1722,6 (ný 11. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (EMS, KLM) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1722,7 (ný grein í stað 13. og 14. gr., verður 13. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

15.–17. gr. (verða 14.–16. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1722,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 782. mál (heildarlög). — Þskj. 1193, nál. 1755 og 1801, brtt. 1756.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:20]

Drífa Hjartardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í nútímahorf og samræma eignarrétt og umsýslu jarða eins og unnt er þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar sem hann telur samræmast vel markmiðum frv. en ganga lengra í frjálsræðisátt. Of miklar hömlur á samningsfrelsi einstaklinga, sem er meginregla í íslenskum rétti, geta komið í veg fyrir að jarðir séu nýttar eins og hægt er. Því leggur meiri hlutinn til breytingu á 10. gr. frv. þess efnis að jarðeigendum og ábúendum verði í sjálfsvald sett hvernig þeir semja sín á milli um nýtingu á jörð eða réttindum sem henni fylgja. Þannig geti eigandi undanskilið frá leigu ákveðin réttindi, svo sem réttindi til beitar, veiði eða nýtingar æðardúns. Meiri hlutinn telur að sú tilhögun auki líkur á því að sem flestar jarðir haldist í ábúð og séu nýttar eins og kostur er. Jarðeigandi getur haft þá sérþekkingu sem þarf til að nýta hlunnindi en ábúandi ekki. Þess vegna þykir rétt að þeir geti samið sín á milli um nýtingu einstakra réttinda.

Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að með þessu er ekki verið að undanskilja réttindi frá jörð heldur einungis gert ráð fyrir samningi um nýtingu á þeim.

[14:22]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Með frv. að nýjum ábúðarlögum er réttur ábúaenda og leiguliða skertur frá því sem verið hefur en réttur jarðeigenda styrktur. Þetta er grundvallarbreyting frá því sem gilt hefur um langt árabil um réttindi og skyldur í samskiptum leigusala og leiguliða á jörðum. Með frv. skapast ótryggt ástand fyrir leiguliða. Það setur hann í veikari stöðu við búrekstur, skerðir lánshæfi hans og lánstraust til framkvæmda á jörðinni. Réttur landeigenda til að skipta út landspildum úr leigujörð er allt of sterkur. Leiguliðum er gert nánast ómögulegt að breyta búskaparháttum, t.d. að taka upp skógrækt, vegna ákvæða um sterka stöðu jarðareiganda og réttar hans til eignar á virðisauka skógarins.

Ég hef skilað sérstöku áliti með frv. til jarðalaga sem verður tekið fyrir á eftir og vísa að öðru leyti til efnisatriða þar.

Meiri hluti landbn. leggur til umfangsmiklar breytingar á frv. til ábúðarlaga en minni hlutinn bendir á að þessi frumvörp, bæði frv. til ábúðarlaga og frv. til jarðalaga, hafa verið skamman tíma til umræðu í landbn. Áhrif þeirra breytinga sem frumvörpin geta haft í för með sér hafa ekki verið könnuð til hlítar og ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda umsagnaraðila, þar á meðal Bændasamtakanna, þjóðkirkjunnar og margra sveitarfélaga í veigamiklum atriðum. Á grundvelli þess leggur minni hlutinn til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það unnið betur og lagt fyrir næsta þing til meðferðar. Það liggur ekkert sérstaklega á að keyra þessa endurskoðun í gegn. Þeim mun mikilvægara er að sú endurskoðun sé vönduð og því legg ég til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það unnið betur fyrir næsta þing.

Frú forseti. Verði þessi frávísun mín ekki samþykkt, verði hún felld, munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við þær tillögur sem frv. hefur að geyma.

Till. í nál. 1801 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 45:3 atkv. og sögðu

já: JBjarn, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EKG, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, MF, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AHB, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1756,1–11 (nýjar greinar og breyttar) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMagn, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (AHB, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjörgvS, EOK, GHH, GHj, GÁS, GÁ, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

5.–42. gr., svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SigurjÞ, SJS) fjarstaddir.

43.–50. gr. og ákv. til brb. I–III samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AHB, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SI, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, LB, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Jarðalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 783. mál (heildarlög). — Þskj. 1194, nál. 1753 og 1802, brtt. 1754.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:27]

Drífa Hjartardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Markmiðið með þessu frv. er að setja heildarlög um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land, stuðla að skipulegri nýtingu þess og tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota svo sem kostur er. Með þessu frv. er verið að færa löggjöf um jarðir fram til nútímans og samræma þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf, en gildandi jarðalög eru að stofni til frá því 1976 og voru orðin nokkuð úrelt.

[14:28]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Sjónarmið um meðferð lands og landgæða hafa breyst mjög á síðari árum og á allra síðustu tímum og nú eru gerðar mun ríkari kröfur um meðferð, vörslu og nýtingu lands og landgæða og að þau lúti lögmálum um sjálfbæra þróun. Hafa íslensk stjórnvöld undirgengist alþjóðlega sáttmála sem kveða á um þá stefnumörkun auk eigin yfirlýsinga í þá veru. Telja verður því eðlilegt og sjálfsagt að í markmiðskafla þessara laga verði kveðið á um að meðferð og landnýting lúti lögmálum og kröfum um sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Það skortir algjörlega og hvergi er minnst á þann þátt í þessu frv. til jarðalaga en væri þó ærin ástæða til.

Það má benda á að nú standa fyrir dyrum grundvallarbreytingar á stuðningskerfi stjórnvalda við landbúnað, vörslu, meðferð og nýtingu landgæða, búsetu og félagsauð í dreifbýli landsins. Mun sú þróun væntanlega verða sú að horfið verði frá framleiðslutengdum stuðningi til stuðnings við félagslega og náttúrulega grunnþætti landbúnaðar ásamt lögmálum um verndun gæðanna og sjálfbæra nýtingu þeirra.

Þetta sjónarmið fær afar litla eða enga stoð í þessu lagafrv. Breytingar í þá átt geta gjörbreytt afstöðu til lagaumgerðar um meðferð og ráðstöfun lands og landgæða.

Frú forseti. Réttur sveitarfélaganna til að grípa inn í ráðstöfun lands og meðferð þess er skertur verulega í þessu frv. frá því sem áður hefur verið. Eitt einkenni frv. er að rýmka um öll ákvæði sem lúta að því að taka land og landbúnað úr notum og stuðla að svokölluðu frelsi í viðskiptum með land og náttúruauðlindir og litið er á jarðeignir sem forgengilega hluti eins og hús og bíla.

Minni hlutinn er andvígur þessari nálgun. Land og landgæði eru í sjálfu sér félagsleg eign framtíðarinnar. Við erum gestir á hótel jörð, eins og Tómas Guðmundsson kvað, og yrði það varla vel séð að hótelgestir hefðu mjög frjálsar hendur um nýtingu og meðferð eða sölu herbergisins meðan þeir gistu þar.

Meiri hluti landb. leggur til umfangsmiklar breytingar á frv. til ábúðarlaga og frv. til jarðalaga en minni hlutinn bendir á að frumvörpin hafa verið mjög skamman tíma til umræðu í landbn. Áhrif þeirra breytinga sem frumvörpin geta haft í för með sér hafa ekki verið könnuð til hlítar og ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda umsagnaraðila svo sem Bændasamtakanna, þjóðkirkjunnar og margra sveitarfélaga.

Á grundvelli þessa leggur minni hlutinn til að málunum verði vísað frá, þau unnin betur og vísað til ríkisstjórnarinnar og hún annist það að þau verði unnin betur fyrir næsta reglulega þing. Verði ekki samþykkt að vísa málinu frá, frú forseti, munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við atkvæðagreiðslu um tillögurnar sem frv. hefur að geyma.

[14:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að við erum gestir á hótel jörð. (**GÁS:** Velkominn.) Það er mikilvægt að huga að því á hverju einasta hóteli, hvort sem er jörðin eða landið, að mikilvægt er að leikreglur hótelsins séu einfaldar og skýrar og ekki svo miklar flækjur að hótelgestirnir komi aldrei aftur.

Þann stutta tíma sem ég hef starfað sem landbrh. hefur þetta stóra mál, jarða- og ábúðarlög, verið á borði mínu sem þyngsta verkefnið. Ég þakka þinginu þá þolinmæði sem það hefur sýnt gagnvart því hve langan tíma þetta hefur tekið en þetta er flókin og vönduð lagabreyting.

Ég fullyrði að gömul, úrelt lög falla úr gildi. Ný frjálslynd lög taka við og gera okkur auðveldara að byggja landið. Öll eignaskipti verða auðveldari og auk þess nýsköpun í sveitum. Ég veit að þjóðin verður hamingjusöm með þessi nýju lög.

Till. í nál. 1802 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 47:3 atkv. og sögðu

já: JBjarn, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að vísa eigi þessu máli frá en tek undir það að málið þurfi nánari skoðun, einkum að því er varðar rétt sveitarfélaga til að tryggja að jarðir geti verið í byggð.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1754,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EOK, GHH, GÁS, HHj, JóhS, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1754,2–33 (nýjar og breyttar greinar og greinar falli brott) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

6.–68. gr. (verða 6.–52. gr.), svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

69.–73. gr. (verða 53.–57. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–IV samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1754,34 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. V) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JóhS, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 997. mál (verðsamráð í mjólkuriðnaði). — Þskj. 1665, nál. 1761 og 1799.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:36]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni afar sérstætt mál. Ætlunin er að taka stóran hluta mjólkurframleiðslunnar undan samkeppnislögum og heimila verðsamráð og uppskiptingu markaða. Með öðrum orðum á að heimila starfsemi sem fræg varð úr Öskjuhlíðinni um árið.

Í öðru lagi er ætlunin að aftengja svokallaða verðlagsnefnd eða a.m.k. að opna á heimild til þess þannig að ekkert opinbert eftirlit gæti orðið með verðlagningu á mjólkurvörum til framleiðenda.

Það er rétt að taka fram að hæstv. landbrh. lýsti því yfir í nótt í umræðum að hann ætlaði að gera sitt besta til að koma í veg fyrir að lögin hans yrðu svo slæm.

Í þriðja lagi er með lögfestingu þessara ákvæða komið í veg fyrir að greinin geti undirbúið sig og aðlagast þeim breytingum sem væntanlegar eru í kjölfar alþjóðasamninga sem nú standa yfir.

Virðulegi forseti. Að því gefnu að þessi lög gangi í gildi þá erum við í Samf. sannfærð um að mun meiri hækkun verði á mjólkurafurðum en verið hefur í því kerfi sem nú er við lýði. Við segjum nei við þessu fráleita frv., virðulegi forseti, og lýsum mikilli undrun á því að á árinu 2004 skuli enn vera við lýði hugmyndir af þessu tagi.

[14:38]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við styðjum þetta frv. Við teljum það horfa til framfara fyrir íslenskan landbúnað.

Að tvennu hefur einkum verið fundið að í þessu frv. og reyndar báðum þeim frumvörpum sem hér eru lögð fram í einni spyrðu. Annars vegar að verðlagsaðhald verði ekki sem skyldi fari svo að heimild til að gefa framleiðendaverð frjálst verði nýtt. Hins vegar að upplýsingar séu ekki nægilegar um rekstrarafkomu og hagstærðir í mjólkurframleiðslunni.

Hæstv. landbrh. gaf yfirlýsingu í gær sem ég treysti á að verði framfylgt. Varðandi verðlagsaðhaldið sagði hann að fari svo að fyrrgreind heimild verði nýtt þá verði það gert í fullu samráði við aðila vinnumarkaðar og verðlagsnefnd. Að hinu leytinu gaf hann yfirlýsingu um að sérstakt átak verði gert í að bæta upplýsingaöflun varðandi afkomu og stöðu mjólkurframleiðslu og mjólkurvinnslu. Þetta er í samræmi við tillögur sem áður höfðu komið fram frá fjölskipaðri nefnd um stefnumótun í mjólkurframleiðslu sem aðilar vinnumarkaðar eiga aðild að.

[14:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Rétt skal vera rétt. Hér er verið að staðfesta með lögum það fyrirkomulag sem ríkt hefur um mjög langa hríð í starfi mjólkuriðnaðarins á Íslandi með farsælum hætti. Hér er ekki verið að ganga til breytinga heldur er staðfest það fyrirkomulag sem verið hefur. Hér segir skýrt:

„Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar."

Það er verið að tryggja mjólkuriðnaðinum það starfsumhverfi sem hann hefur búið við. Því er ekki verið að breyta á neinn hátt heldur er það staðfest. Verkalýðshreyfingin, fulltrúar hennar, er aðili að verðlagsnefnd. Hér er mál sem er mjög mikilvægt fyrir mjólkuriðnaðinn og ekki síður neytendur. Ég vil staðfesta það sem hér hefur verið rætt, að aðeins tiltekinn hluti mjólkurafurða verður verðlagður með opinberri verðlagningu. Yfir 50% mjólkurafurða verða undir samkeppnislögum. Ég held að hér sé farsæl aðgerð gagnvart mjólkuriðnaðinum og neytendum sem tryggi stöðu bændanna.

1. gr. samþ. með 31:15 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: AKG, BjörgvS, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, ÞSveinb, ÖS.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30:15 atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JBjarn, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: AKG, BjörgvS, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, ÞSveinb, ÖS.
2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÞÞ, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MÞH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1000. mál (samningur um mjólkurframleiðslu 2005–2012). — Þskj. 1677, nál. 1762 og 1783.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:42]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Samf. lýsir furðu sinni á þeim hraða sem hafður var á við þinglega meðferð frv. sem hér um ræðir, um framleiðslu, sölu og verðlagningu búvara. Við minnum á að núgildandi samningur rennur ekki út fyrr en 1. sept. 2005.

Í ljósi þeirrar umræðu sem hér varð í nótt sem leið og yfirlýsinga hæstv. landbrh. um að hann hyggist treysta sess verðlagsnefndar og efla eftirlit með að samningurinn komi neytendum til góða mun Samf. styðja frv. Samf. mun fylgjast vel með að hæstv. ráðherra standi við yfirlýsingu sína og að hagsmunir neytenda verði ekki fyrir borð bornir á gildistíma samningsins.

[14:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að halda landinu í byggð og tryggja búsetu í landinu. Það er einnig mikilvægt að framleiða heilbrigða og góða vöru fyrir neytendur.

Það er samt svo, virðulegi forseti, að umhverfi landbúnaðarins er að breytast. Það þarf að skoða þennan samning hygg ég fyrr en seinna, m.a. með tilliti til greiðslufyrirkomulagsins sem í honum er. Ég tel m.a. að það hefði átt að skoða sérstaklega fyrirkomulagið hvað varðar svokallaðar gripagreiðslur. Ég tel að þeir sem þróað hafa búskap sinn yfir í hrein holdanautabú hefðu átt að koma fyrr inn í málið en gert ráð fyrir í samningnum. En Frjálsl. styður þetta mál.

[14:45]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér á að fara að greiða atkvæði um nýjan samning milli ríkisins og kúabænda. Ég fagna því að sá áfangi hafi náðst þetta tímanlega þannig að framleiðendur, þeir sem starfa í þessari grein við úrvinnslu og neytendur viti hvað bíður þeirra á næstunni. Ég tel það tímamót að þátttaka ríkisins í þessum málum skuli vera að færast skref fyrir skref frá framleiðslutengdum þáttum til annarra grunnþátta sem ekki tengjast framleiðslu. Það mun virka á annan hátt til að styrkja byggð, búsetu og atvinnulíf í dreifbýli. Þetta er ekki auðveldur vegur að rata en þarna er þó alveg ný stefnumörkun. Ég fagna því að skrefið skuli stigið.

Ég tel mikilvægt að við búum okkur undir að styðja við landbúnað, fjölþætt atvinnulíf og búsetu í hinum dreifðu byggðum landsins eins og hér er efnt til. Að sjálfsögðu hefði ég viljað sjá meira fjármagn í þessum samningi. Þetta er tækifæri fyrir ríkið til að koma að því að efla atvinnulíf og styrkja á landsbyggðinni eins og er svo oft talað um á þinginu. Þarna gafst gullið tækifæri til að leggja til aukið fjármagn en að sjálfsögðu gleðjumst við yfir þeim áfanga sem hér næst.

[14:46]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti er á þeirri skoðun að heppilegra og eðlilegra sé, samkvæmt þingsköpum, að hv. þingmenn geri grein fyrir atkvæði sínu ef þeir vilja ræða efnislega um mál í stað þess að biðja um orðið um atkvæðagreiðsluna.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MF, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (JÁ, KJúl, LB, MÁ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MÞH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (JÁ, KJúl, LB, MÁ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 849. mál (heildarlög). — Þskj. 1306, nál. 1708 og 1763, brtt. 1709 og 1764.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:48]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Nú fer fram atkvæðagreiðsla um frv. til laga um olíugjald og kílómetragjald. Stjórnarandstaðan stendur sameiginlega að brtt. við frv., sem fyrst og fremst beinast að því að í ljós hefur komið í meðförum efh.- og viðskn. að málið er verulega vanbúið. Lausu endarnir eru margir og ótal spurningar skildar eftir, t.d. varðandi það hvernig á að mæta þeim vanda sem snýr að bændum og leigubílstjórum í þessu máli.

Segja má að brtt. okkar skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi að breyta gildistöku frv., þ.e. að meginhluti þess taki ekki gildi fyrr en 1. janúar árið 2006. Í öðru lagi leggjum við til að tekið verði upp nýtt þrep fyrir smærri dísilfólksbíla sem kæmi til gildistöku strax 1. júlí á þessu ári. Í þriðja lagi leggjum við til að það verði kosin sérstök nefnd skv. 32. gr. þingskapa sem hafi það hlutverk að íhuga kosti og galla þess að taka upp notendagjald og umhverfisskatta í stað olíugjalds og hugsanlega samræmingu á Evrópska efnahagssvæðinu hvað slík gjöld varðar. Nefndin muni síðan skila inn til Alþingis skýrslu sinni strax í október í haust. Þetta teljum við nauðsynlegt til að fara yfir málið í heild sinni.

Við tökum hins vegar undir meginmarkmið frv., þ.e. að fjölga litlum dísilfólksbílum, minnka mengun og gæta þjóðhagslegrar hagkvæmni.

Frú forseti. Stjórnarandstaðan mun að öðru leyti sitja hjá við frv. þetta.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1709,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1709,2 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

7.–17. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1709,3 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

18. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS.
20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

19.–23. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
19 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1764,1 felld með 27:20 atkv. og sögðu
já: AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1709,4 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, MF, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
19 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

24. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

25. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1764,2 felld með 26:19 atkv. og sögðu
já: AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÞÞ*, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
2 þm. (MÞH, ÞSveinb**) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
[**Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1764,3 felld með 27:20 atkv. og sögðu
já: AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 855. mál (hámarksgreiðslur, fjármögnun o.fl.). — Þskj. 1810.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
20 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1848).

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 3. umr.

Stjfrv., 341. mál (tryggingaráð, skipulag TR o.fl.). — Þskj. 1811.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KLM*, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MÞH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:56]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Með brtt. meiri hlutans eru völd og áhrif flutt frá Alþingi til ráðherra. Með breytingunni verður staða framkvæmdarvaldsins styrkt með þeim formerkjum að stjórnsýslan sé gerð skilvirkari.

Ég styð þann hluta frv. sem lýtur að skipan tryggingaráðs og stjórnsýslulegri stöðu Tryggingastofnunar ríkisins, eins og var í upphaflegu frv. ráðherra sem nú er búið að gjörbylta. Ég mun sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1849).

Tónlistarsjóður, 3. umr.

Stjfrv., 910. mál. — Þskj. 1382.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1850).

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 3. umr.

Stjfrv., 652. mál (stjórn). — Þskj. 969.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]

Frv. samþ. með 29:10 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack*.

nei: AKG, BjörgvS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, ÖJ.

4 þm. (GAK, GÖrl, MÞÞ, SigurjÞ) greiddu ekki atkvæði.

20 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, EMS, GHH, GÁS, HHj, JBjart, JÁ, JóhS, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1851).

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 877. mál (sæfiefni, EES-reglur). — Þskj. 1335.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1852).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 3. umr.

Stjfrv., 876. mál (skilagjald). — Þskj. 1812.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1853).

Verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 3. umr.

Stjfrv., 564. mál (heildarlög). — Þskj. 1813.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, KLM, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1854).

Lyfjalög, 3. umr.

Stjfrv., 880. mál (lyfjaverð og greiðsluþátttaka almannatrygginga). — Þskj. 1806.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

5 þm. (BjarnB, GÞÞ, JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:01]

Þuríður Backman:

Forseti. Með frv. á að sameina lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að sameining nefndanna geti dregið úr faglegu trausti og að hægt verði að draga í efa réttmæti ákvarðana nefndarinnar um lyfjaverð í ljósi hagsmuna ríkissjóðs af ákvörðunum um greiðsluþátttöku almannatrygginga. Með frv. er sett lagastoð undir greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif, svokölluð „analog lyf“. Þessi heimild hefur fram til þessa verið í reglugerð.

Fyrir utan fagleg sjónarmið má telja líklegt að umsýslukostnaður vegna lyfjakorta verði mikill og dragi úr þeim sparnaði sem sóst er eftir, lyfjaávísanir fari eftir efnahag sjúklinga og auk þess muni aukinn lyfjakostnaður leggjast á sjúklinga. Vinstri hreyfingin – grænt framboð greiddi atkvæði á móti því að taka inn í lögin ákvæðin um heimild til að flokka lyf til greiðsluþátttöku sem hafa sambærileg meðferðaráhrif.

Vegna þessara atriða mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1855).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 1004. mál. — Þskj. 1769.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1856).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Frv. allshn., 1002. mál (rof á reynslulausn). — Þskj. 1758.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1857).

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 945. mál (Montreal-samningurinn, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1820.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1858).

Flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 3. umr.

Stjfrv., 947. mál (flugvallaskattur). — Þskj. 1821.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1859).

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 464. mál (öryggi barna, gjöld, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1822.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (DJ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BJJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1860).

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 3. umr.

Stjfrv., 868. mál. — Þskj. 1826.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1861).

Raforkulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 740. mál (flutningur raforku, gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 1104, nál. 1690, brtt. 1691 og 1715.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Brtt. 1715,1 felld með 29:3 atkv. og sögðu
já: JBjarn, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
16 þm. (BjörgvS, BH, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1691,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, MF, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG.

11 þm. (AKG, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JBjarn, KLM, LB, MÁ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MÞH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1691,2–3 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EKG, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr., inngangsmgr. og 1. málsl. a-liðar, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr., 2. málsl. a-liðar, samþ. með 40:3 atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JBjarn, ÞBack, ÖJ.

20 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GHj, GÁS, GÖrl, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MÞH, MS, RG, SAÞ, SP, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú hlær þingheimur. Eina ferðina enn á að gera mikilvægt fyrirtæki að hlutafélagi eða veita heimild til slíks. Ég held að okkur verði ekki hlátur í hug þegar fram líða stundir.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum þeirrar skoðunar að grunnþjónusta samfélagsins eigi að vera í eigu og á vegum samfélagsins. Það á að búa um rekstrarformið með þeim hætti að það stuðli að stöðugleika. Reynslan af því þegar samfélags- og stoðþjónustu er breytt í hlutafélög er sú að það er undanfari þess að þær séu markaðs- og einkavæddar.

Þegar slík fyrirtæki eru síðan sett á markað og þau verða háð afkomusveiflum og sveiflum á verðbréfamarkaði er niðurstaðan sú að stöðugleikinn í eignarhaldinu hverfur. Við erum andvíg lagasetningunni.

4. gr., 3. málsl. a-liðar og b–c-liðir, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BjarnB, DO, EOK, GHH, GÁS, HHj, JónK, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1691,4–10 (nýjar greinar og breyttar) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

5.–10. gr. (verða 5.–15. gr.), svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1715,2 felld með 26:3 atkv. og sögðu
já: JBjarn, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS.
18 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1691,11 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

11. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1715,3 kom ekki til atkv.

Brtt. 1691,12 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

12. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1691,13 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

13. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

14. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1715,4 felld með 26:3 atkv. og sögðu
já: JBjarn, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS.
18 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Landsnet hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 737. mál. — Þskj. 1097, nál. 1692, brtt. 1716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Brtt. 1716,1 felld með 25:6 atkv. og sögðu
já: BjarnB*, GÖrl, JBjarn, MÞH, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS.

13 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjart, KolH, KHG, LB, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, KHG, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1716,2–6 kom ekki til atkv.

2.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, frh. 2. umr.

Stjfrv., 747. mál. — Þskj. 1117, nál. 1693, brtt. 1757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Brtt. 1757,1 felld með 27:3 atkv. og sögðu

já: JBjarn, ÞBack, ÖJ.

nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS.

18 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÖS.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1757,2 felld með 27:6 atkv. og sögðu

já: GAK, GÖrl, JBjarn, MÞH, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

15 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AHB, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1693,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG.

3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1693,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM,

LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1757,3 felld með 28:6 atkv. og sögðu
já: GAK, GÖrl, JBjarn, MÞH, ÞBack, ÖJ.
nei: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.
14 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, MF, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1757,4 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 305. mál (stofnstyrkir, jarðhitaleit). — Þskj. 350, nál. 1717, brtt. 1718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Brtt. 1718,1 (þrjár nýjar greinar, verða 1.–3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1718,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1718,3 samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1718,4 (ný 3. gr., verður 6. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 690. mál (afnám laganna). — Þskj. 1019, nál. 1752.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
1. gr. samþ. með 41:5 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
nei: GAK, JBjarn, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DrH, EOK, GHH, GÁS, GÖrl, HHj, JBjart, KolH, LB, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 40:7 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SI, SKK, SF, SP, VS, ÞKG, ÖS.
nei: GAK, GÖrl, JBjarn, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DrH, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 881. mál (Stofnsjóður, framtakssjóðir). — Þskj. 1339, nál. 1805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, SI, SigurjÞ, SF, SP, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SKK) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HHj, JBjart, KolH, MS, RG, SAÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, síðari umr.

Stjtill., 873. mál. — Þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671.

[15:28]

Frsm. félmn. (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um tillögu til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir gestir og enn fleiri skriflegar umsagnir bárust eins og getið er um á þskj. 1670. Ég held að óhætt sé að segja að nefndin hafi farið vel í þetta mál. Eins og nærri getur er jafnréttisáætlun til fjögurra ára mjög umfangsmikið mál og snertir flesta þætti þjóðlífsins. Nefndin fagnar sérstaklega uppsetningunni á þáltill. eins og hún kom frá hæstv. félmrh. Það er nýstárleg samsetning og auk nefndarinnar fögnuðu margir gesta hennar þeirri framsetningu.

Nefndin fjallaði mjög nákvæmlega um þessa ályktun og gerði nokkrar breytingar eða viðbótartillögur sem tíundaðar eru á þskj. 1670 í tíu liðum. Ég tel ekki ástæðu til að lesa þær upp en þær eru nokkuð fjölbreytilegar og ná yfir mörg svið. Ég held að óhætt sé að segja að þær geri lítið annað en að bæta ágæta tillögu sem lá fyrir nefndinni.

Ég vek athygli á því, forseti, að undir nál. skrifa allir hv. nefndarmenn í félmn. Auk mín skrifa undir það hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Guðjón Hjörleifsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson. Þá sat hv. þm. Ögmundur Jónasson fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann einnig samþykkur áliti þessu. Nefndin mælir með því að þál. verði samþykkt með þeim breytingum sem getið er um á áðurnefndu þingskjali.

Ég tel afskaplega merkilegt, virðulegur forseti, að nást skuli algjör samstaða innan nefndarinnar um jafnmikilvægt og umfangsmikið mál og jafnréttisáætlun er. Ég tel að í því felist líka mikil og sterk pólitísk skilaboð frá hv. Alþingi um að vilja fylgja eftir þeirri áætlun sem hér er til umræðu. Þetta eru skýr jafnréttisskilaboð sem koma frá hv. félmn. Ég tel það fagnaðarefni og þakka hv. nefndarmönnum í félmn. fyrir afskaplega vandaða vinnu. Málin voru rædd afskaplega vítt og einstaklega góð samstaða náðist um efnið sem var til umræðu.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara í smáatriðum yfir öll þau atriði sem ályktunin fjallar um né heldur þær breytingar sem nefndin leggur til og vísa enn og aftur til þskj. 1670. Nefndin mælir eins og áður segir einróma með samþykkt þáltill. með framangreindum breytingum.

[15:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir hið ágæta samstarf sem náðist í hv. félmn. milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu máli. Það sýnir hvaða árangri er hægt að ná ef stjórn og stjórnarandstaða leggja saman. Úr því kemur ágætisniðurstaða. Mér hefði fundist að hv. formaður nefndarinnar hefði átt að gera því betur skil en hann gerði. Mér finnast þessar tillögur það gagnmerkar að þær hefðu verðskuldað að eytt væri í þær nokkrum orðum í framsöguræðu hv. formanns.

Við fyrri umr. um tillöguna voru nokkuð gagnrýnd lausatök sem mörgum fannst á þáltill. þótt margt í henni boðaði nýmæli og ferskleika að því er varðar jafnréttismálin, að tekið yrði með öðrum hætti á málunum. Það var gagnrýnt að skerpa þyrfti á ýmsum atriðum, auk ýmissa ákvæða í jafnréttismálum sem vantaði inn í áætlunina. Það hefur flestallt náðst fram í áætluninni. Ég tel hana gagnmerka en auðvitað er það undir því komið hvernig henni verði framfylgt, þ.e. hvort hún skilar þeim árangri sem vonir eru bundnar við af nefndarmönnum.

Ég fagna því að skýrari ákvæði eru um jafnréttisáætlanir. Við fórum í gegnum það við fyrri umr. að enginn veit um það í kerfinu, hvorki Jafnréttisstofa né ráðuneytið, hve margar stofnanir hafa gert jafnréttisáætlanir. Þegar það var upplýst brást hæstv. ráðherra við með því að hrinda af stað átaki í því að fá fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn, hvort heldur þau eru í opinberri eigu eða einkaaðila, til að setja sér jafnréttisáætlanir. Það er tímasett í þessari áætlun, með brtt. nefndarinnar, hvenær þær eigi að liggja fyrir.

Við í nefndinni leggjum mikla áherslu á það í áliti okkar að styrkja vel starf jafnréttisfulltrúa. Það veltur á miklu um framkvæmd jafnréttisáætlana hvernig búið er að jafnréttisfulltrúum í ráðuneytum.

Ég fagna því einnig að tekið er mjög ákveðið á fræðslu um jafnréttismál, að fræðsla og jafnréttisáætlanir nái til allra stjórnenda í kerfinu. Sérstaklega er tekið fram að jafnréttisfræðsla eigi líka að ná til ráðherra. Ég vona sannarlega að því verði fylgt fast eftir. Hæstv. félmrh. ber mikla ábyrgð á því að það gangi fram. Það hefur sýnt sig að það veitir ekki af hjá mörgum hæstv. ráðherrum að fá fræðslu í jafnréttismálum. Á því er tekið í þessu áliti, að ráðherrar fái jafnréttisfræðslu. Einnig er því beint til forseta Alþingis og forsn. að sett verði jafnréttisáætlun á Alþingi og jafnréttisfræðslu verði komið á fyrir stjórnendur þingsins og alþingismenn. Bæði alþingismenn og ráðherrar eiga að fara í jafnréttisfræðslu og ég vænti mikils af því. Svipuð leið var farin í Svíþjóð með góðum árangri.

Hér hafa menn samið um þinglok og ég mun því stytta mál mitt eftir því sem hægt er þótt ég hefði getað haft um málið langa ræðu. Ég vil sérstaklega gera grein fyrir tveim atriðum í þessari framkvæmdaáætlun sem ég met mikils að hafi náðst fram.

Í fyrsta lagi að það sett inn að gera eigi framkvæmdaáætlun um launajafnrétti og félagsmálaráðuneyti vinni í samstarfi við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að undirbúningi framkvæmdaáætlunar til að ná fram fullu launajafnrétti. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til 14. og 22. gr. laga nr. 96/2000 og niðurstaðna rannsókna, m.a. skv. 19. og 20. tölul. II. hluta áætlunarinnar, um launamun kynjanna.

Hér á að hrinda í gang framkvæmdaráætlun þar sem m.a. er kveðið á um að taka eigi tillit til jákvæðrar mismununar sem kveðið er á um í lögum um jafnréttismál. Þá hefji félagsmálaráðuneyti viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að sambærilegar áætlanir verði gerðar sem taki til almenna vinnumarkaðarins. Ég fagna þessari tillögu, ekki síst þar sem í henni er svo til orðrétt tekin upp tillaga frá mér og nokkrum

þingmönnum Samf. á þessu þingi um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti, þar sem átti að setja fram tímasettar framkvæmdaáætlanir, annars vegar fyrir opinbera markaðinn og hins vegar fyrir almenna vinnumarkaðinn. Samkvæmt þeim tillögum átti að vinna eftir föngum í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband sveitarfélaga. Þar átti einmitt að beita ákvæði 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara sem kveðið er á um í 14. gr. jafnréttislaga.

Efnislega er þessi tillaga, sem ég og aðrir þingmenn Samf. fluttum, komin inn í þessa framkvæmdaáætlun. Ég fagna því mjög en bendi á, virðulegi forseti, að grannt verður fylgst með því að framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna verði fylgt.

Ég fagna einnig mjög athugun sem fjmrh. á að gera á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla. Félmn. bætti þar við að sú úttekt ætti að taka til launa og hvers konar frekari þóknunar í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga. Ég ætla að vísa til þess sem þar segir, með leyfi forseta:

„Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans."

Virðulegi forseti. Þegar nefndin ákvað að taka inn úttekt á launakerfi ríkisins, á launamun kvenna og karla, var ekki komin niðurstaða úr úttekt sem ég óskaði eftir að Ríkisendurskoðun gerði á svokölluðum viðbótargreiðslum til opinberra starfsmanna. Þá úttekt hef ég nú fengið í hendur. Henni hefur væntanlega verið dreift til þingmanna í dag en þar kemur ljóslega fram hve brýnt er að í þeirri úttekt sem fjmrh. ætlar að gera á launakerfi ríkisins verði tekin með úttekt á öllum hlunnindagreiðslum, þóknunum, beinum og óbeinum, og gerð skoðun á því með tilliti til kynjanna.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um þá úttekt sem nú liggur fyrir hjá Ríkisendurskoðun um þetta efni. Ég óskaði eftir því í nóvember sl. við Ríkisendurskoðun að gerð yrði sérstök athugun á því hvernig háttað væri greiðslum vegna viðbótarlauna til ríkisstarfsmanna og hvernig þær skiptust milli kynja. Úttekt Ríkisendurskoðunar sem nú liggur fyrir staðfestir að viðbótarlaunagreiðslur tíðkast hjá opinberum starfsmönnum. Virðulegi forseti, það er þvert á það sem fjmrh. upplýsti í svari til mín um það efni á Alþingi síðasta nóvember. Í svarinu kom fram að ákvæði starfsmannalaga um viðbótarlaun hafi ekki enn komið til framkvæmda og engar reglur gildi um slíkar greiðslur.

Viðbótargreiðslur samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar sem nú liggur fyrir koma helst fram í yfirvinnugreiðslum þar sem ekki er krafist vinnuframlags á móti. Nokkrar stofnanir nota þóknanir í einhverjum mæli til greiðslu viðbótarlauna og einnig geta akstursgreiðslur skipt verulegu máli. Ákvarðanir um viðbótarlaun eru oftast byggðar á einhliða ákvörðun forstöðumanns eða persónulegum samningum starfsmanns og forstöðumanns. Þessi úttekt sýnir sláandi mun á viðbótargreiðslum milli kynja. Forustumenn opinberra starfsmanna hljóta að taka þetta mál upp í komandi kjarasamningum. Krefja verður fjmrh. um það að setja samræmdar viðmiðunarreglur um viðbótargreiðslur launa. Það er kallað eftir því í úttekt Ríkisendurskoðunar að fjmrh. setji slíkar samræmdar reglur.

Ég vil lýsa furðu minni á því, virðulegi forseti, að það skuli beinlínis hafa komið fram í svari hæstv. ráðherra að engar viðbótargreiðslur tíðkuðust í launakerfi hjá ríkisstarfsmönnum þegar úttekt Ríkisendurskoðunar leiðir í ljós að svo er. Þær skipta hundruðum milljóna segir í úttekt Ríkisendurskoðunar. Í henni kemur fram sterk vísbending um að mun meiri kynjamunur sé á viðbótarlaunum starfsmanna sem tilheyra BSRB-félögum og þeirra sem tilheyra BHM-félögum. Fram kemur að í úttektinni voru greindir 3.335 af 17 þúsund starfsmönnum ríkisins sem líkur bentu til að hefðu fengið viðbótarlaun á árinu 2002. Verulegar líkur voru á að viðbótargreiðslur rynnu til um 1.100 starfsmanna. Sá hópur fékk greiddar 443 millj. kr. í viðbótarlaun þar sem 284 millj. kr. runnu til karla en 159 millj. kr. til kvenna. Þetta sýnir að konur fengu að meðaltali einungis um 56% af þeirri fjárhæð sem karlar fengu. Það má rekja til viðbótarlauna. Flestir þessara 1.100 starfsmanna störfuðu hjá tíu stærstu ríkisstofnununum, sem Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt á. Af tæplega 1.100 starfsmönnum sem fengu viðbótargreiðslur fengu aðeins fjórar konur yfir 200 þús. kr. á mánuði en 14 karlar. Í hópi þeirra sem fengu lægstu yfirvinnugreiðslurnar, allt að 10 þús. kr. á mánuði, voru 29 konur en fjórir karlar. Það snýst sem sagt alveg við, virðulegi forseti, að þegar kemur að lægstu viðbótargreiðslunum þá eru konur fjölmennari en þegar kemur að hæstu viðbótargreiðslum snýst þetta við og konur eru mun færri.

Mesti munurinn var milli þeirra sem höfðu fastar yfirvinnugreiðslur á bilinu 100–120 þús. kr. á mánuði. Í þeim hópi voru 74 karlar en aðeins 6 konur. Þetta finnast mér sláandi upplýsingar sem hljóta að koma til skoðunar bæði á vettvangi samtaka launafólks og hjá fjmrn.

Viðbótarlaun í formi þóknanagreiðslna eru bæði einingargreiðslur og þóknanir. Einingargreiðslur fengu á árinu 2002 546 fastráðnir karlar og 212 konur. Á árinu 2002 voru greiddar 788 millj. kr. í einingargreiðslur úr launakerfi ríkisins, sem rekja má mikið til viðbótargreiðslna. 1.788 karlar og 1.261 kona fengu greiddar þóknanir á árinu 2002. Greiddar voru 727 millj. kr. í þóknanir. Akstursgreiðslur eru í einhverjum tilvikum notaðar sem viðbótarlaun líka og 702 karlar fengu akstursgreiðslur á móti 445 konum.

Þessar viðbótargreiðslur, sem annaðhvort eru í formi þóknana, einingargreiðslna, yfirvinnu sem ekki er unnin eða akstursgreiðslna, virðast skipta hundruðum milljóna. Þegar þetta er lagt saman virðist einn og hálfur til tveir milljarðar fara í slíkar greiðslur.

Hvers vegna er svona sláandi munur milli kynja þegar kemur að viðbótargreiðslum? Meðan ekki eru til samræmdar greiðslur er ekki einungis um að ræða mismun milli kynja heldur líka milli opinberra starfsmanna hjá hinum ýmsu stofnunum þegar ekki er beitt samræmdum viðmiðunarreglum. Þar er ekki aðeins um að ræða mun milli kynja heldur einnig mismun milli opinberra starfsmanna eftir því í hvaða stofnun þeir vinna. Svo handahófskennd vinnubrögð við greiðslu viðbótarlauna ýta undir launamisrétti. Ég tel að fjmrh. verði án tafar að setja um það samræmdar viðmiðunarreglur.

Það er einmitt athyglisvert í þessari skýrslu að Ríkisendurskoðun bendir á að setja þurfi slíkar viðmiðunarreglur fyrir forstöðumenn til að fara eftir við ákvörðun viðbótarlauna. Þeir segja beinlínis í skýrslunni að það skuli m.a. gert til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Orðrétt segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Slíkar reglur væri síðan hægt að tengja við eða setja inn í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu viðkomandi stofnunar."

Ég taldi ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara yfir þetta atriði. Það skiptir verulegu máli fyrir framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til næstu fjögurra ára.

Ég vildi mjög gjarnan ræða um ýmislegt fleira af því sem náðist fram í þeim breytingum sem félmn. flytur. Ég mun þó ekki gera það að sinni vegna þess hve tíminn er naumur. Ég fagna því að við náðum fram að á vegum menntmrn. verði unnið að úttekt á stöðu jafnréttis á lista- og menningarsviði. Einnig fagna ég því að lögð er áhersla á að rýmri skilgreining verði á jafnréttishugtakinu með hliðsjón af stöðu og þróun minnihlutahópa í samfélaginu og stöðu fólks á vinnumarkaði eftir aldri. Ég tel mikilvægt að með þessu sé fylgst. Að því er einmitt unnið í félmrn. í nefnd sem ég á sæti í um málefni eldra fólks á vinnumarkaði. Það er í samræmi við þáltill. sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur flutt.

Í lokin vil ég leggja áherslu á tvennt, virðulegi forseti. Sum af þeim verkefnum sem vinna á að í jafnréttisáætluninni eru mjög kostnaðarsöm og mikilvægt að tillit verði tekið til hennar við gerð fjárlaga á þeim tíma sem hún er í gildi. Við hljótum auðvitað að fylgjast grannt með því að fjárlagagerðin taki tillit til þessa. Einnig fagna ég því að inn hafi náðst ákvæði um að efla starfs- og endurmenntun á vinnumarkaði, ekki síst hjá ófaglærðum konum, svo að þær verði hæfari til að takast á við verkefnin í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaði.

Eina atriðið sem ég hef verulegar athugasemdir við og skiptar skoðanir voru um á milli mín og stjórnarliða er að ég tel að yfirstjórn samþættingar jafnréttismála ætti að vera hjá forsrn. Ég held að ég fari rétt með að það hafi t.d. verið gert í Svíþjóð með góðum árangri. En hér er lagt til að yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða verði undir félmrn. og hæstv. félmrh. Ég held málaflokkurinn hefði aukið vægi hjá forsrn. og ráðherrar muni frekar hlýða boðvaldi forsrh. í þessu efni varðandi yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða. Ég tel að málið eigi að vera undir þeim hatti en um það náðist ekki samkomulag. Með tilliti til annarra atriða get ég þó eftir atvikum fallist á að þetta verði a.m.k. reynt. Ég útiloka hins vegar ekki að síðar verði flutt um það tillaga að samþætting á yfirstjórn jafnréttissjónarmiða verði undir forsrn.

Ég þakka fyrir þær umsagnir sem nefndinni bárust um þetta mál. Þær voru afar gagnlegar, m.a. frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og eins frá jafnréttisfulltrúa Reykjavíkurborgar. Þar komu fram mjög góðar athugasemdir. Í þeim umsögnum er lögð mikil áhersla á að nýta þær rannsóknir sem til eru um jafnréttismál. Mikill skortur er á að það hafi verið gert og gæti ég rakið mörg dæmi um það. En því er fylgt eftir í nál. sem ég vona að ráðuneytin fari yfir hvert um sig og jafnréttisáætlun verði fylgt.

Ég fagna því líka að iðn.- og viðskrn. skuli sérstaklega falið, samkvæmt tillögu okkar í nefndinni, að gera úttekt á árangrinum af verkefnum undanfarinna ára sem haft hafa það markmið að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri, m.a. stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins hvað varðar styrki, lánsfé og hlutabréf. Úttektin á að hafa það að markmiði að afla upplýsinga sem geti orðið grundvöllur að frekari aðferðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri. Ég tel að þetta sé afar gagnlegt.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi þá veltur þetta allt á framkvæmdinni, þ.e. hvort sá rammi sem hér er skapaður fyrir áætlun í jafnréttismálum til næstu fjögurra ára skili þeim árangri sem vonast er eftir. En með því verður grannt fylgst af okkur í stjórnarandstöðunni.

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Fiskræktarsjóður, 977. mál, svar landbrh., þskj. 1765.

Jarðalög, 783. mál, brtt. DrH, þskj. 1865.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 690. mál, brtt. KHG, þskj. 1867.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál, brtt. KHG, þskj. 1866.

Starfslokasamningar, 589. mál, svar fjmrh., þskj. 1834.

[15:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það verða engar frekari breytingar á áætlun í jafnréttismálum sem hér liggur fyrir. En ég tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að grannt verður fylgst með því að áætluninni verði framfylgt. Hún er gerð samkvæmt lögum frá árinu 2000, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Þar er kveðið á um að félmrh. beri að gangast fyrir áætlun af þessu tagi til fjögurra ára í senn.

Tillagan hefur tekið nokkrum breytingum frá því að hún kom fyrst fram. Ágætt samstarf tókst með stjórn og stjórnarandstöðu um það efni. Stjórnarandstaðan vildi ganga lengra á ýmsum sviðum. Hér eru skjalfestar í umsögnum minni hluta í nefndum þingsins þær áherslur sem stjórnarandstaðan hefði viljað sjá í áætluninni.

Hið jákvæða við þessa áætlun er að reynt skuli að setja tímamörk og koma henni í markvissan farveg. Ef þeim áformum sem hér er að finna verður framfylgt þá væri það gott. Það hefur nefnilega verið þannig á undanförnum árum að gefin hafa verið fyrirheit, t.d. um kjarakannanir hjá hinu opinbera, sem síðan hafa ekki verið uppfyllt.

Ég ætla ekki að reifa það sem er að finna í þessum gögnum. Ég vona að tillögur stjórnarandstöðunnar eigi eftir að verða efniviður, ekki aðeins stjórnarandstöðu heldur einnig stjórnarmeirihluta og ríkisstjórn á næstu árum.

En ég geri það að lokaorðum mínum að taka undir yfirlýsingu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að við munum fylgjast mjög vel með því að jafnréttisáætluninni verði framfylgt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 33.–34. og 36. mál.

Fundi slitið kl. 15:54.

131. FUNDUR

föstudaginn 28. maí,
að loknum 130. fundi.

Dagskrá:

1. Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, stjtill., 873. mál, þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 996. mál, þskj. 1814, brtt. 1827 og 1831. — 3. umr.
3. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198, nál. 1490 og 1503. — 2. umr.
4. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333, nál. 1711. — 2. umr.
5. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 871. mál, þskj. 1329 (með áorðn. breyt. á þskj. 1663). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 462. mál, þskj. 670 (með áorðn. breyt. á þskj. 1707). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Lögmenn, stjfrv., 463. mál, þskj. 671 (með áorðn. breyt. á þskj. 1713). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 594. mál, þskj. 893 (með áorðn. breyt. á þskj. 1768). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, stjfrv., 878. mál, þskj. 1336 (með áorðn. breyt. á þskj. 1720). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 879. mál, þskj. 1337 (með áorðn. breyt. á þskj. 1722). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Ábúðarlög, stjfrv., 782. mál, þskj. 1193 (með áorðn. breyt. á þskj. 1756). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Jarðalög, stjfrv., 783. mál, þskj. 1194 (með áorðn. breyt. á þskj. 1754), brtt. 1865. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 997. mál, þskj. 1665. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 1000. mál, þskj. 1677. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
15. Olíugjald og kílómetragjald o.fl., stjfrv., 849. mál, þskj. 1306 (með áorðn. breyt. á þskj. 1709). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
16. Raforkulög, stjfrv., 740. mál, þskj. 1104 (með áorðn. breyt. á þskj. 1691). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
17. Landsnet hf., stjfrv., 737. mál, þskj. 1097. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
18. Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, stjfrv., 747. mál, þskj. 1117 (með áorðn. breyt. á þskj. 1693). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
19. Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, stjfrv., 305. mál, þskj. 350 (með áorðn. breyt. á þskj. 1718), brtt. 1866. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
20. Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, stjfrv., 690. mál, þskj. 1019, brtt. 1867. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
21. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 881. mál, þskj. 1339. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands og svar við fyrirspurn um hrefnuveiðar.

[15:56]

Mörður Árnason:

Forseti. Við erum nú á síðasta degi þessa þinghalds ef að líkum lætur. Ég kem í ræðustól til að segja frá því að hinn 16. október í fyrra lagði ég ásamt átta félögum mínum fram beiðni um skýrslu frá samgrh. um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Ég tel að það væri þáttur í að meta árangur veiðanna að slík skýrsla sé gerð og rædd á þinginu og í samfélaginu. Hæstv. samgrh. brást vel við og að liðnum þeim fresti sem áskilinn er í þingsköpum gerði ráðherra grein fyrir því að hann og hans menn litu svo á að skýrslan þyrfti að vera það ítarleg að hann þyrfti lengri tíma til að búa hana til.

Nú er alllangur tími liðinn og skýrslan ekki komin. Við ráðherrann áttum þó samtal um að staða hennar yrði ljós áður en þinginu lyki. Ég er ekki með neins konar ásakanir á hendur ráðherra í því máli en hann er því miður ekki hér til að svara. Það er hins vegar ákaflega mikilvægt að áður en ákvörðun er tekin um framhald á veiðunum þá liggi fyrir mat á þessu. Það er alveg ljóst að í þessu máli er m.a. um að ræða mikla hagsmuni tveggja útflutningsgreina og gjaldeyrisgreina, annars vegar sjávarútvegsins, sölu á afurðum í útlöndum, og hins vegar ferðaþjónustuna.

Ég vil vekja athygli á því að þessi skýrsla er ekki komin. Ég vona að hennar sé að vænta í sumar eða eins fljótt og hægt er. Ég vil spyrja sjútvrh. hvort hann sé ekki alveg örugglega sammála mér um að áður en hann taki ákvörðun fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar um það hvort þessar veiðar eigi að halda áfram eða ekki þá verði skýrsla um áhrif veiðanna á ímynd Íslands sem ferðamannalands komin fram og rædd meðal þjóðarinnar og helst á þinginu.

[15:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski ágætt að ég hafi fengið orðið á undan hæstv. ráðherra. Mig langar að bæta svolitlu við það sem hv. þm. Mörður Árnason ræddi um.

Ég fékk svar frá hæstv. ráðherra við fyrirspurn um hrefnuveiðar. Þá fyrirspurn bar ég fram 6. desember í fyrra og svarið kom fyrir þingið fyrir nokkrum dögum. Til svarsins hefur örugglega verið vandað því að langur tími var í það tekinn. Þar kemur fram að við hrefnuveiðar sem stundaðar voru í vísindaskyni árið 2003 féllu til 35 tonn af kjöti og 4 tonn af rengi. Þar kemur fram að enn séu óseld 23 tonn af kjöti og 900 kg af rengi. Það er greinilegt að ársneyslan eða sú neysla á kjöti frá því að veiðar hófust eða sala var hafin er um það bil 12 tonn.

Mér finnst ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hyggist fyrir, þegar og ef hrefnuveiðar verða leyfðar í vor, varðandi það að koma þessu kjöti á markað. Telur hann raunhæft að Íslendingar veiði meira af hrefnu en gert var í fyrra? Hvað hefur verið kannað varðandi það að koma þessum afurðum á einhvers konar markað? Þetta hlýtur að vera mjög mikilvægt atriði eigi veiðar á hrefnu að eiga einhverja framtíð á Íslandi.

[16:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég á svolítið erfitt með að átta mig á því hvert hv. þingmenn eru að fara með því að taka málið upp á þessum grundvelli, þ.e. á tveimur

mjög ólíkum forsendum. Eru þeir að leggja til að engar hrefnuveiðar verði á þessu ári? Vilja hv. þingmenn að þeim vísindaveiðum sem hér eru stundaðar verði hætt?

Báðum hv. þingmönnum, kannski sérstaklega hv. þm. Merði Árnasyni, er mjög annt um virðingu þingsins, að vilji þingsins sé virtur og sérstaklega af framkvæmdarvaldinu. Hvalveiðimálin eru einfaldlega þeirrar tegundar að þar hefur Alþingi haft forustuna um stærstu ákvarðanirnar. Á þinginu 1982/1983 ákvað Alþingi, eftir að þáltill. hafði verið flutt um það að mótmæla hvalveiðibanninu, að mótmæla banninu ekki. Á þinginu 1998/1999, reyndar eftir að sama mál hafði verið flutt á þinginu á undan, ákvað Alþingi síðan að upphefja fyrri ályktun sína og ályktaði að hvalveiðar skyldu hafnar hið fyrsta. Á grundvelli þeirrar ályktunar hefur verið unnið síðan.

Á þinginu 1998/1999 var sem sagt tekin ákvörðun um að hvalveiðar skyldu hafnar. Þá gátum við ekki hafið löglegar hvalveiðar og þurftum að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið til að svo mætti verða. Okkur tókst það og meira að segja með fyrirvara. Upphafning þess að hafa ekki mótmælt stendur því enn. Það er hins vega rétt sem komið hefur fram, herra forseti, að fara þarf varlega í þessum efnum. Það verður gert hér eftir sem hingað til.

[16:02]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við í Frjálslynda flokknum fögnuðum því mjög í fyrra þegar hvalveiðar hófust að nýju eftir langt árabil með vísindaveiðum. Við verkefnið sem hæstv. sjútvrh. hefur sett af stað með því að stunda vísindaveiðar á hrefnu á Íslandi. Það er mikilvægt að við öflum okkur t.d. vitneskju um hvað þessir hvalir éta og aðrar upplýsingar sem ég ætla ekki að fara út í hér og nú. Við vonum að sjálfsögðu að þessi rannsóknaáætlun haldi áfram í sumar eins og ráð var gert fyrir.

Það er hins vegar áhyggjuefni, og það kom mér mjög á óvart að sjá það í svarinu við fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að svo mikið af kjöti frá því í fyrra væri enn þá óselt. Mér finnst sæta furðu að þetta kjöt skuli ekki hafa gengið út. Það er mikið áhyggjuefni og í raun stórhættulegt fyrir trúverðugleika hvalveiðanna ef svo má segja, þ.e. ef við ætlum að stunda hvalveiðar áfram, að þetta kjöt skuli ekki fara í neyslu.

Það er ekki nóg að réttlæta þessar veiðar bara með vísindaveiðum. Við verðum að geta sannað og sýnt fram á að afurðir af þessum skepnum séu nýttar á skikkanlegan hátt. Ég hvet sjútvrh. til að búa þannig um hnútana að kjötið sem til fellur á þessum veiðum verði nýtt. Það er mjög mikilvægt. Þar fyrir utan hvet ég hæstv. sjútvrh. til að lýsa því yfir að þessari rannsóknaráætlun verði haldið áfram.

[16:04]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil óska hæstv. sjútvrh. sérstaklega til hamingju með það að hafa liðsstyrk Frjálslynda flokksins í þessu máli. Það er ljóst að hann hefur hann. Annað er ekki alveg ljóst í málinu þótt sá stuðningur sé auðvitað mikilvægur. Það er sem sagt ljóst að hæstv. ráðherra getur vísað til þess að fimm þingmenn, sjútvrh. og Frjálsl., styðji það ákveði hann að hefja hvalveiðar að nýju.

Það sem ég var að vekja athygli hæstv. sjútvrh. á, sem hann þarf ekki að snúa út úr, er að farið hefur verið með þinglegum hætti fram á skýrslu um hluta áhrifanna af málinu á íslenskan málstað og íslenska hagsmuni. Spurningin snýst um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Hæstv. sjútvrh. ætti að vera það kunnugt, það gæti a.m.k. hæstv. samgrh. sagt honum ef þeir einhvern tíma hittast á fjölmörgum ferðalögum sínum um heiminn, að í ferðaþjónustunni er sterkur grunur um að áhrif hvalveiða á ímynd Íslands séu mjög neikvæð.

Það sem ég fer fram á við ráðherra er að hann taki ekki ákvörðun um að hefja slíkar veiðar að nýju fyrr en þessi skýrsla eða önnur ámóta liggur fyrir og menn geta rætt hana í samfélaginu. Hann gæti notað hana til að vega það og meta hvort þetta á að gerast eða ekki.

Ég er ekki að lýsa persónulegum skoðunum mínum á þessu máli í umræðum mínum um störf þingsins, enda ekki ætlast til þess. Hins vegar er klárt að ég tel að sjútvrh. eigi ekki að taka ákvörðun um málið fyrr en slík skýrsla liggur fyrir. Ég vil að gefnu tilefni segja að ég tel að sjútvrh. geti við þessa ákvörðun ekki vísað til þess að hann hafi umboð frá Alþingi, annars vegar vegna þess að það er ekki það Alþingi sem nú situr sem samþykkti þá ályktun sem hann er að tala um en hins vegar vegna þess að Alþingi hefur ekki fengið tækifæri til að ræða þá skýrslu sem beðið var um.

[16:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar ég óskaði eftir þessum svörum hæstv. ráðherra í desember í fyrra þá taldi nauðsynlegt að hafa þær upplýsingar þegar til umræðu kæmu hvalveiðar sem líklega yrðu leyfðar á árinu sem nú er hafið. Ég stóð alltaf í þeirri meiningu að hæstv. ráðherra mundi með einhverjum hætti gefa til kynna hvernig yrði staðið að fyrirhuguðum vísindaveiðum ársins áður en Alþingi lyki störfum. En það hefur ekki gerst.

Hæstv. ráðherra er enn svarafár um fyrirætlanir sínar en vísar til samþykktar Alþingis um að í hvalveiðar skuli farið. Það er hins vegar full ástæða til að Alþingi, sem ber ábyrgð á þeirri ályktun, fái upplýsingar um framgang mála. Nú liggur t.d. fyrir að mjög lítil neysla er á hvalkjöti og við það vakna spurningar um með hvaða hætti veiðarnar verði fjármagnaðar á þessu ári fari þær í gang. Ég geri ekki ráð fyrir því að þeir sem hafa tekið þátt í þessum veiðum séu tilbúnir að sitja uppi með kjötið af dýrunum.

Þá er komið að hinu, að ef veiðarnar eiga að halda áfram þurfi ríkissjóður að bera kostnaðinn hvað þetta varðar. Mér finnst því full ástæða til að hæstv. ráðherra gerir þinginu grein fyrir því með hvaða hætti hann telur að hvalveiðar geti orðið í sumar og hvernig þær verði fjármagnaðar.

[16:09]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Beiðni um skýrslu, jafnvel þó það sé gert á þinglegan hátt, upphefur ekki ályktun Alþingis. Það getur ekki leitt til þess að hætt sé við þær ákvarðanir sem Alþingi hefur tekið. Við skulum hafa það í huga að þessi þál. var samþykkt með 48 samhljóða atkvæðum. Formenn beggja stjórnarflokkanna, sem eru og voru í ríkisstjórn, greiddu henni atkvæði. Núverandi formaður Samf., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Vinstri grænna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og jafnframt fulltrúar Kvennalistans sem

á þingi voru á þeim tíma greiddu þessari þál. atkvæði sitt. Það var gríðarlega mikil samstaða um málið á Alþingi á þeim tíma. Nú hefur komið fram að Frjálsl. styður hæstv. sjútvrh. í þessu máli. Það er út af fyrir sig nýlunda en ánægjulegt að upplifa það á síðasta degi þessa þings þótt sú yfirlýsing hafi ekki ekki komið á óvart.

Ef hv. þingmenn hafa önnur sjónarmið en komu fram í þáltill. frá 1999 þá ber þeim að koma þeim á framfæri á þann hátt að hægt sé að ræða það á þeim grundvelli að hægt sé að upphefja þá ákvörðun. Þá mundi framkvæmdarvaldið auðvitað bregðast við nýrri niðurstöðu Alþingis.

Hvað varðar kjötið þá verð ég að taka undir með hv. þm., að ég er hissa á því að það skuli ekki hafa selst betur. Hrefnuveiðimennirnir seldu reyndar allar sínar afurðir en þeir sem af þeim keyptu, heildsalarnir, hafa að mér skilst ekki getað selt íslensku afurðirnar. Hins vegar er, herra forseti, á sama tíma verið að selja norskt hrefnukjöt í íslenskum verslunum. Það finnst mér mjög skondið, herra forseti.

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 787. mál (afnám gjalds). — Þskj. 1198, nál. 1490 og 1503.

[16:11]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Samtökum uppboðsmarkaða, Byggðastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi dagabátaeigenda, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að veiðieftirlitsgjald falli niður frá 1. september næstkomandi. Einnig er lagt til að innheimt verði sama gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón A. Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Guðjón Guðmundsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að loknum umræðum um frv. verði því vísað til 3. umr.

[16:13]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Með frumvarpinu er lagt til að veiðieftirlitsgjald falli niður frá 1. september næstkomandi. Einnig er lagt til að innheimt verði sama gjald vegna flutnings á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild.

Frumvarp þetta ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, samanber 786. mál yfirstandandi löggjafarþings, þar sem lagt er til að gjald útgerða til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði lagt niður, er hluti af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna að taka upp veiðigjald. Ákvörðun stjórnarflokkanna um upptöku veiðigjalds var kynnt sem niðurstaða af sáttaleit þeirra í deilunum um stjórn fiskveiða sem staðið hafa um árabil.

Þessar deilur hafa skekið þjóðina og þennan mikilvæga atvinnuveg árum saman. Umræður um sjávarútvegsmál í aðdraganda síðustu kosninga sýndu svo ekki varð um villst að þessi tilraun stjórnarflokkanna til að ná betri friði um málið hefur gersamlega mistekist. Foringjum stjórnarflokkanna er nú orðið vel ljóst að veiðigjaldsleiðin er ekki leið til sátta við þjóðina um málið. Meðhöndlun þeirra á þeim tveimur fyrrnefndu frumvörpum sem nú eru til meðferðar á Alþingi er til marks um þetta. Sjávarútvegsráðherra gerði við fyrstu umræðu málanna í þinginu því engin skil hvaða fjárhæðir gætu komið í ríkissjóð í formi veiðigjalds í stað þeirra gjalda sem nú á að leggja af. Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hlutans við meðferð málsins í sjávarútvegsnefnd að fá fram upplýsingar um það atriði.

Nefndarmenn fengu því engar upplýsingar um hvaða áhrif glataðar tekjur vegna veiðieftirlitsgjalds og þróunarsjóðsgjalds hafa á heildargreiðslur sjávarútvegsins vegna þjónustu hins opinbera og þar með afkomu ríkissjóðs.

Verði frumvarpið að lögum lækka tekjur ríkissjóðs af veiðieftirlitsgjaldi um 270 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 335 millj. kr. fyrir árið 2004.

Frumvarpið um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er nú orðið að lögum og því má gera ráð fyrir að innheimta á þróunarsjóðsgjaldi á aflamark lækki um 510 millj. kr. — þessar tölur nefni ég með fyrirvara þar sem þær eru áætlaðar — frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 650 millj. kr. innheimtu fyrir árið 2004. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins vegna þróunarsjóðsgjalds á skip lækki um 2 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 92 millj. kr. innheimtu. Heildarniðurstaða niðurfelldra gjalda sjávarútvegsins til ríkissjóðs vegna þessara tveggja frumvarpa er þess vegna 782 millj. kr. á árinu 2004 en engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur af veiðigjaldi fyrir þetta ár. Ljóst er þó að veiðigjaldið verður lagt á samkvæmt lögum þar um, samanber lög nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þessi vinnubrögð eru forkastanleg og sérlega bagaleg í ljósi þess að stjórnarflokkarnir völdu leið sem gerir veiðigjaldið háð afkomu útgerða þannig að minni hlutinn hafði ekki forsendur til að meta áhrifin af frumvarpinu.

Minni hlutinn telur að forsendur skorti til að Alþingi geti tekið afstöðu til frumvarpsins og leggur til að málinu verði vísað aftur til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. og að 3. umr. fari ekki fram fyrr en upplýsingar um heildarfjárhæð veiðigjalds á þessu ári liggja fyrir.

Eins og menn taka eftir er þessi texti orðinn nokkuð forn. Þetta mál hefur legið á milli umræðna nokkuð lengi og ýmislegt gerst síðan. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um málið en við sitjum enn uppi með það að vita ekki glögglega hvaða áhrif breytingarnar hafa á tekjur ríkissjóðs. Við vitum hins vegar að töluvert hallar undan fyrir sjávarútveginum.

Sú ákvörðun stjórnarflokkanna að fella niður þessi þjónustugjöld vegna veiðieftirlitsgjaldsins og gera gjöld frá sjávarútvegsfyrirtækjunum til ríkissjóðs alfarið tengd afkomu þeirra hefur í för með sér óvissu fyrir tekjur ríkissjóðs. Það er rétt að vekja athygli á því að það stefnir í að ríkissjóður muni ekki innheimta nema um 40% af útlögðum kostnaði vegna sjávarútvegsins við ýmsa þjónustu ríkisstofnana við

hann. Þess vegna er ástæða til að hafa uppi efasemdir um að veiðigjaldið sem búið er að taka ákvörðun um að leggja á skili í ríkissjóð því sem talað var um að það ætti að gera þegar ríkisstjórnarflokkarnir létu samþykkja veiðigjald á Alþingi á sínum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 875. mál (landanir erlendis, undirmálsfiskur). — Þskj. 1333, nál. 1711.

[16:19]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannsambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafrannsóknastofnuninni.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að rýmkuð verði heimild til handa ráðherra til að heimila landanir erlendis á fiski sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands og hins vegar að breytt verði lagaákvæði sem lýtur að frágangi á undirmálsfiski um borð í veiðiskipum.

Í 5. gr. laganna er lögfest sú meginregla að öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skuli landa innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Meiri hlutinn undirstrikar að heimild 1. gr. frumvarpsins er undantekning frá áðurnefndri meginreglu og lítur svo á að hún afmarkist við veiðar og vinnslu á loðnu, kolmuna, síld og úthafskarfa. Mælist meiri hlutinn jafnframt til þess að reglur um heimild þá sem um getur í 1. gr. verði kynntar fyrir nefndinni áður en þær taka gildi.

Þá telur meiri hlutinn að leita þurfi nánari skýringa á tilgangi 2. gr. frumvarpsins sem leggur annars vegar til að heimila að undirmálsfiskur miðist einnig við þyngd en ekki eingöngu stærð og hins vegar að fella niður skilyrðislausa kröfu um að fiskinum verði haldið aðskildum frá öðrum fiski um borð. Hvað fyrra atriðið varðar upplýsti fulltrúi ráðuneytisins fyrir nefndinni að í ákveðnum tilvikum væri undirmálsfiskur miðaður við þyngd og væri breytingin því aðeins til áréttingar. Þá hefði síðarnefnda atriðið það að markmiði að koma á vinnuhagræðingu þar sem í sumum tilvikum væri tæknilega erfitt og jafnvel óhagkvæmt að flokka fiskinn um borð í skipi. Einnig gæti það komið í veg fyrir brottkast.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara. Undir nál. skrifa auk mín hv. þm. Jóhann Ársælsson, með fyrirvara, Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara, Einar K. Guðfinnsson, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Guðlaugur Þór Þórðarson, Páll Magnússon og Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að loknum umræðum um frumvarpið verði því vísað til 3. umr.

[16:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir fyrirvaranum við stuðning minn við málið, þ.e. við undirskrift minni á nefndarálitinu. Ég vísa einkum til tveggja atriða til útskýringar á þeim fyrirvara. Annars vegar tengist það 1. gr. frv., þar sem ráðherra er heimilað með reglugerð að heimila löndun erlendis á afla úr stofnum sem veiddir eru í efnahagslögsögu Íslands, stofnum sem halda sig að hluta í efnahagslögsögunni, þ.e. svokölluðum flökkustofnum.

Ég vil árétta það sem fram kemur í nefndarálitinu, að meginreglan í 5. gr. er sú að öllum afla sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Þannig hljóðar meginreglan sem við höfum sett í lögin um umgengni um nytjastofna sjávar. Hún byggist auðvitað á því sjónarmiði að ætlun löggjafans er að þessir stofnar séu veiddir og nýttir innan lands, bæði til atvinnusköpunar og verðmætasköpunar. Frávik frá þessari meginreglu hljóta því að þurfa að vera afmörkuð og tiltölulega þröng. Að öðrum kosti, ef 1. gr. er skilin mjög rúmt, væri stoðunum kippt undan þeirri meginreglu.

Ég vildi árétta þá afstöðu mína að menn eigi að fara varlega í að opna fyrir frávik frá meginreglunni. Í nefndarálitinu er frávikið skilgreint þannig að í sjálfu sér, ef lagabókstafnum verður framfylgt með þeim hætti sem um getur í nefndarálitinu, geri ég ekki ágreining um þá framkvæmd. Hins vegar gefur lagatextinn tilefni til að beita honum opnar en álit nefndarinnar kveður á um. Ég vildi því árétta að stuðningur minn byggist á þeirri túlkun en ekki rýmri túlkun en í álitinu. Þetta er fyrirvari við framkvæmdina en ekki andstaða.

Í öðru lagi hef ég fyrirvara við 2. gr. frv. Þar eru lagðar til breytingar á ákvæðum 9. gr. laganna sem kveða á um að heimilt sé að landa fiski undir tiltekinni stærð að hluta utan aflamarks. Í frv. er lagt til að breyta því þannig að það miðist við þyngd og ekki bara stærð. Ég er alveg sammála þeirri breytingu en hins vegar er líka lagt til að breyta gildandi ákvæðum á þann veg að ekki verði lengur skylt að halda þessum undirmálsafla aðgreindum frá öðrum afla og vigta sérstaklega. Um það hef ég efasemdir og fyrirvara. Hins vegar er það ekki andstaða fremur en í fyrra tilvikinu. Það ræðst af framkvæmd laganna, hvort ég telji að hún sé samkvæmt því sem ég get sætt mig við. Ég vildi árétta það, koma á framfæri þessum sjónarmiðum í báðum þessum tilvikum og útskýra hvers vegna sá fyrirvari væri sem ég setti undir nefndarálitið. Ég vona svo að framkvæmdin á næstu árum verði í samræmi við þann vilja sem ég hef sett fram í málinu.

[16:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. snýst m.a. um að íslenskum skipum verði heimilt að landa afla úr stofnum sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands erlendis. Í texta frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„... enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi."

Við 1. umr. kom upp úr kafinu, ef svo má segja, að íslensk skip hafa landað töluvert miklu af afla erlendis á undanförnum árum. Þar er einkum um síld að ræða. Frá árinu 2000 hafa íslensk skip landað þúsundum tonna af frosinni síld í höfnum

í Norður-Noregi. Það er einkum síld sem hefur verið flökuð um borð í skipunum. Mér skilst að þar séu um 140 þús. tonn þegar allt er tekið saman. Hér hafa sem sagt verulegar landanir átt sér stað og ef maður skoðar lögin um umgengni um nytjastofna sjávar frá árinu 1996 er 5. gr. þeirra laga svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum, enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu. Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að bræðslufiski sé landað í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, enda sé eftirlit með löndun og vigtun afla talið fullnægjandi. Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis. Skal slíkt leyfi bundið því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða kostnað vegna annarra sambærilegra eftirlitsaðgerða sem Fiskistofa telur nauðsynlegar."

Þessi lagatexti er mjög skýr, hæstv. forseti. Aflanum skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Í lögunum hefur þetta staðið mjög skýrt, allar götur frá árinu 1996 og eflaust lengur. Þessi lög eru svo ströng að það er sérstaklega kveðið á um að ef skip bilar og neyðist til að landa erlendis þá sé hægt að senda eftirlitsmenn til útlanda til að fylgjast með löndun úr skipinu á kostnað útgerðarinnar. Þetta hefur verið þverbrotið öll þessi ár, allar götur frá árinu 2000. Það hlýtur að hafa gerst með vitund og vilja sjávarútvegsráðuneytisins sem hefur samþykkt þessar landanir. Við höfum meira að segja dæmi um að menn hafi verið að ferma fisk úr vinnsluskipum, fiskiskipum, yfir í flutningaskip úti á rúmsjó. Þetta hefur verið í fréttum á Íslandi. Við vitum ekkert hvert þau hafa siglt. Við vitum ekki hvernig eftirliti hefur verið háttað með umskipunum úti á rúmsjó. Þetta gerðist í fyrrasumar, vegna þess að Norðmenn voru búnir að setja löndunarbann á okkur Íslendinga og eitt af skipum Samherja og kannski fleiri. Þau gerðu þetta með þeim hætti að Samherji leigði flutningaskip, sendi það norður í höf, aflanum var skipað á milli. Síðan var siglt með hann eitthvað út í heim og enginn veit hvert hann fór.

Við höfum dæmi um það að haustið 2002 sökk flutningaskip sem Samherji var með á leigu, með þúsund tonn af frystum fiski. Það var Guðrún Gísladóttir KE sem sökk við Lófóten í Norður-Noregi, hún var á landleið til að landa frosinni síld þegar þetta gerðist. Sá síldarfarmur er enn í skipinu sem ekki næst upp. Þannig að það er engum vafa undirorpið að sjávarútvegsráðuneytið og þar með hæstv. sjútvrh. hljóta að hafa vitað af þessum lögbrotum. Við hér á hinu háa Alþingi verðum að fá skýringar á þessu.

Á fund sjútvn., þar sem ég á sæti, þar kom embættismaður ráðuneytisins, Jón B. Jónasson, til að skýra afstöðu ráðuneytisins til frumvarpsins sem liggur hér. Hann gat ekki svarað spurningum um þessar landanir skýrt og skilmerkilega en viðurkenndi þó að þetta væri kannski á gráu svæði. En, hæstv. forseti, þetta er ekki á gráu svæði. Þetta eru lögbrot, klár lögbrot. Það eru einu sinni lög í þessu landi. Það hlýtur að vera mjög alvarlegt ef framkvæmdarvaldið, í þessu tilfelli sjútvrn., viðurkennir það að menn megi brjóta lögin. Maður hlýtur að spyrja sig að því: Hvers vegna í ósköpunum er ekki búið að leggja þetta frumvarp fram fyrir nokkrum árum síðan? Ég tek það skýrt fram að við í Frjálslynda flokknum höfum ekkert á móti því að menn landi afla sínum erlendis ef það hentar svo. Það er allt í lagi, en þá verður að tryggja það að lögum sé framfylgt, að sé farið eftir reglum og það sé eftirlit og að jafnræði sé látið gilda í þessu eins og öðru. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum, hæstv. forseti.

Enn og aftur þá ítreka ég það að þetta er mjög alvarlegt mál. Ég óskaði eftir því að fulltrúi Fiskistofu kæmi á fund sjútvn. Formaður sjútvn., hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, tjáði mér að hann gæti ekki eða þeir gætu ekki mætt, en mundu í staðinn senda okkur minnisblað með upplýsingum, svörum við spurningum sem ég lagði fyrir eða vildi fá svör við. Við fengum síðan þetta svokallaða minnisblað sem ekki kom frá Fiskistofu heldur frá sjávarútvegsráðuneytinu og þar voru gersamlega ófullnægjandi upplýsingar. Við fengum jú löndunartölur, en síðan mjög ófullnægjandi upplýsingar um það t.d. hvernig eftirliti væri háttað með þessum löndunum, einhverjar óljósar yfirlýsingar um það að norsku síldarsölusamtökin, Norges sildesalgslag, hefðu eftirlit með þessum löndunum. Við það var látið sitja. Við vitum ekkert um eftirlit með síld sem hefur verið landað á milli skipa úti á rúmsjó.

Þetta eru gersamlega ófullnægjandi upplýsingar og mjög ámælisvert að við í sjútvn. skulum ekki hafa fengið á fund okkar fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins, fulltrúa Fiskistofu, til þess að útskýra fyrir okkur og fullvissa okkur um að þetta væri gert með fullnægjandi hætti. Enn og aftur: Við höfum ekkert á móti því að menn landi erlendis, en við viljum fá fullvissu fyrir því að hér sé jafnræðis gætt og hér sé eftirlit með fullnægjandi hætti.

Annað sem ég vil fá að nefna, hæstv. forseti, ég nefndi það hér áðan og hef ítrekað sagt: Jafnræði, orðið jafnræði. Menn eru ekki jafnir fyrir lögum þegar fiskveiðistjórnun er annars vegar hér á Íslandi. Það hefur margoft sýnt sig. Við höfum dæmi frá því í vetur þegar kom í ljós að Þorsteinn EA, eitt af þessum skipum, var staðið að brottkasti af norsku strandgæslunni í fyrrasumar fyrir rétt tæpu ári síðan. Þetta var filmað. Sannanirnar voru augljósar. Skipstjórinn skrifaði meira að segja undir að þetta skip hefði stundað vélvætt brottkast á síld og hent allri síld undir 32 sm fyrir borð. Skipið og útgerðin komust upp með þetta. Sjútvrh. hyggst ekki fylgja þessu máli eftir, þó utanrrn. hafi svarað því til að þetta skip heyri skýlaust undir íslenska löggjöf. Þetta er íslenskt skip, undir íslenskum fána, með íslenskri áhöfn og er að veiða úr kvótaúthlutun frá íslenskum stjórnvöldum. Þrátt fyrir það eru þessir menn látnir sleppa. Þeir fá að haga sér með þessum hætti við veiðar sínar, gersamlega forkastanlegum hætti, og síðan virðast þeir landa síld baki brotnu í erlendum höfnum eða úti á rúmsjó án þess að nokkurt eftirlit sé fyrir hendi. Við höfum enga tryggingu fyrir því að eftirlit sé fyrir hendi og það er mjög, mjög gagnrýnivert og stjórnvöld verða að taka sig á í þessum málum. Það er ekki hægt að refsa einum eins og gerðist í gær þegar skipstjóri eins skips var dæmdur í sekt og sakarkostnað upp á eina og hálfa milljón fyrir að hafa hent 53 þorskum. Það voru teknar myndir af því og sá sem hér stendur átti aðild að því. Þær myndir voru víst sviðsettar, það höfum við heyrt frá hæstv. sjútvrh., en þrátt fyrir það er þessi eini maður dæmdur til að borga eina og hálfa milljón í sekt, fyrir 53 þorska. Á sama tíma ákveður hæstv. sjútvrh. að þetta skip, Þorsteinn EA, í eigu stærstu útgerðar landsins, einni af stærstu útgerðum landsins, skuli sleppa við bæði rannsókn og hugsanlega ákæru og síðan dómsmeðferð. Þetta

gengur bara ekki. Þetta er brot á stjórnarskránni. Þetta er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sem við þingmenn allir hér á hinu háa Alþingi höfum ritað eiðstaf að, líka hæstv. sjútvrh.

Það eru til lög um ráðherraábyrgð. Þau eru frá 1963. Þar stendur í 2. gr., með leyfi forseta:

„Ráðherra má krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu."

Þetta er mjög skýr texti. Ég fæ ekki betur séð en að sjútvrh. hafi leyft mönnum að brjóta lög þessa lands ítrekað, um nokkurra ára skeið; lög um umgengni nytjastofna sjávar. Ég fæ heldur ekki betur séð en að ráðherra sé að mismuna mönnum freklega varðandi lögin um fiskveiðistjórnun á Íslandi þegar refsilöggjöfin er annars vegar, og sé með því að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þetta eru mjög alvarleg mál. Mér finnst gersamlega ótækt að þessu skuli vera sópað undir teppið og menn láti eins og ekkert sé. Við getum ekki haft stjórnvöld hér í þessu landi, hæstv. ráðherra í þessu landi, sem stunda það að skjóta smælingjana með fallbyssum á meðan stóru fuglarnir eru alltaf látnir sleppa, sennilega í krafti stærðar sinnar, valda og áhrifa. Þetta grefur undan trú landsmanna á löggjöfinni sem við hér á hinu háa Alþingi erum að setja. Trúverðugleiki allrar löggjafarinnar er í hættu. Svona embættisfærsla er mjög gagnrýniverð.

Ég hef sagt opinberlega að ég tel að hæstv. sjútvrh. hann eigi að segja af sér vegna þessa máls, þessi brot séu svo alvarleg. Ég stend við það, hæstv. forseti.

[16:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Allri gagnrýni og öllum ábendingum um að eftirlitið megi betur fara er vel tekið og sjálfsagt að reyna að bæta það. Hins vegar er það ekki rétt sem hefur komið fram hjá hv. þm. að það hafi verið um ólöglegar landanir að ræða. Það hefur verið í gildi, upphaflega frá 1997 frekar heldur en 1998, reglugerð sem hefur heimilað þá löndun sem um er að ræða úr þessari unnu síld í Noregi. Sú reglugerð byggist á undanþáguákvæði um það að ráðherra geti veitt heimild til annars konar ráðstöfunar á afla en kveðið er á um annars staðar á öðrum stöðum í lögunum. Þar af leiðandi er ekki um það að ræða að löndunin hafi verið ólögleg.

Hins vegar miðað við það hversu stór þáttur þetta virðist vera að verða í þessum veiðum og þessari vinnslu, þá taldi ég einfaldlega rétt að lögin mundu kveða sterkar á um þetta og að í þeim ákvæðum sem um þetta fjalla væri beinlínis fjallað um þetta frekar en að þetta væri í ákvæði þar sem væri rætt um annars konar ráðstöfun á afla. Það væri skýrara og réttara að gera slíka lagabreytingu, einmitt til þess að forðast þess konar gagnrýni sem hér hefur komið fram.

Hins vegar hvað varðar það sem hv. þm. nefndi um Þorstein EA, þá hefur verið fjallað um það hér áður hvar hann var við veiðar og hver hafi þar eftirlit. Við munum síðan og höfum gert ráðstafanir til þess að fylgjast betur með því hvernig íslensku skipin eru útbúin til þessara veiða, þannig að við gætum að okkar hlut í þessum efnum. Hins vegar má kannski segja að samstarfið á milli sjávarútvegsráðherra og Frjálslynda flokksins hér fyrr á þingfundinum í dag hafi verið skammgóður vermir.

[16:40]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hann stóð stutt friðurinn, enda er af nógu að taka, ef taka skal upp gagnrýni á embættisfærslur hæstv. sjútvrh. Ég kaupi ekki þá skýringu að ráðherra geti skotið sér á bak við einhverja reglugerð sem ég hef ekki séð, vegna þess að lögin eru svo skýr. Í 5. gr. laganna segir svo, með leyfi forseta:

„Öllum afla," — öllum afla — „sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn." — Svo stendur: — „Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum, enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu. Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að bræðslufiski sé landað í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, enda sé eftirlit með löndun og vigtun afla talið fullnægjandi."

Hér stendur ekkert um að ráðherra megi heimila löndun á frystum fiski erlendis. Það er einfaldlega bannað með lögum. Það má vel vera og ég tel að það hafi átt að gera það fyrir löngu, fyrir nokkrum árum síðan, að breyta þessum lögum með þeim hætti að útgerðir gætu landað þessum afla erlendis ef þeim hentaði svo. En á meðan lögunum er ekki breytt, þá hlýtur þetta að vera lögbrot. Okkur er tjáð að sjávarútvegsráðuneytið og Fiskistofa fylgist grannt með öllum hér á Íslandi, að fylgst sé mjög náið með afla, aflasamsetningu, afladagbókunum, löndunum o.s.frv. hér á Íslandi og mönnum refsað miskunnarlaust ef þeim verður eitthvað á. Það hlýtur þá að vera mjög alvarlegt mál að þessi lögbrot skuli viðgangast árum saman einmitt með leyfi þessara sömu stofnana. Maður hlýtur að kalla einhvern til ábyrgðar í þessu máli. Ég vil kalla hæstv. sjávarútvegsráðherra.

[16:42]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki að við séum efnislega ósammála um það að breyta þessari lagagrein og það er hlutverk þessarar umræðu að komast til botns í því og greiða síðan atkvæði um það. En ég held, á þessum seinasta degi þingsins, að við verðum að láta aðrar deilur okkar í milli liggja í bili, ef hv. þm. hefur athugasemdir við það hvernig að reglugerðasetningunni og framkvæmdinni hefur verið staðið, þá eru sjálfsagt einhver úrræði fyrir hann til að grípa til í þeim efnum. En það skiptir þó mestu máli í þessu sambandi að við erum að leggja til breytingu sem við erum öll sammála um og ég held að við ættum að drífa í því að klára hana.

[16:44]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er mjög óánægður með þessi svör ráðherra. Hann svarar engu til um þetta. En við erum hér að tala um grundvallarmál. Við erum að tala um lagabrot, brot á lögum landsins, lög sem sett eru hér á hinu háa Alþingi. Sjávarútvegsráðherra verður að koma með almennilegar skýringar á þessu, eða hreinlega fara frá ella. Það er mín skoðun, hæstv. forseti. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Hér hafa verið að brotin lög með leyfi yfirvalda, með leyfi framkvæmdarvaldsins, með leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

Við í Frjálslynda flokknum erum ekki ósammála frv. sem liggur hér fyrir, eins og ég hef margoft sagt, það er hið besta mál að mönnum sé leyft að landa erlendis ef þeim hentar svo, ef talið er hagkvæmt að menn landi þessum afla erlendis,

en það verður þá að tryggja að eftirlitið sé með einhverjum vitrænum og sannfærandi hætti og jafnræðis sé gætt. Þannig hefur það hreinlega ekki verið. Við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps, ekki vegna þess að við séum efnislega ósammála því, heldur vegna þess að þannig viljum við lýsa yfir andúð okkar á embættisfærslu hæstv. sjútvrh. og sjútvrn., undirstrika að þetta er gersamlega ólíðandi. Við viljum líka lýsa andúð okkar á vinnubrögðum formanns sjúvtn., hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar, sem hefur ekki orðið við óskum um að fyrir nefndina yrðu kallaðir embættismenn sem gætu útskýrt það fyrir okkur nefndarmönnum með sannfærandi hætti að eftirlit með löndunum erlendis væri framkvæmt eins og lög og reglur kveða á um. Við vitum ekkert um það hvort eftirlit er með fullnægjandi hætti í dag. Meðan svo er þá tel ég að þetta frv. ætti ekki að fara í gegnum þingið, jafnvel þó við séum sammála því.

[16:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði hér grein fyrir atkvæði sínu áðan, eða afstöðu sinni til þessa máls öllu heldur. Þar komu fram þau atriði sem við höfum verið að gera athugasemdir við í sambandi við þetta frumvarp. Ég ætla ekki að endurtaka þau. Ég ætla hins vegar að koma að því að hér er verið að gera breytingu sem verður til þess að hæstv. sjútvrh. ber mikla ábyrgð á framkvæmd málsins. Í lögunum sem hafa gilt og gilda enn eru ákaflega stíf og þröng ákvæði um það hvernig eigi að fara með það ef skip landa í erlendum höfnum og kveðið skýrt á um að sigli skip með ísfisk til erlendra hafna, þá skuli sá fiskur t.d. seldur á mörkuðum sem eru viðurkenndir og er gert ráð fyrir að eftirlit sé með því að því sé framfylgt.

Með þeim breytingum sem nú er verið að gera er verið að leyfa landanir erlendis, ráðherra getur leyft landanir erlendis og engar kröfur eru gerðar um að þær séu á einhverja sérstaka markaði. Það sem ég vildi koma á framfæri er að mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að gefa yfirlýsingu um að séð verði til þess að eftirlit með þeim fiski sem verður fluttur út samkvæmt þeirri reglugerð sem ráðherra mun setja, verði með skilvirkum og góðum hætti og að þá yrði líka fylgst með því hvernig farið er með sölu á þessum afurðum. Það er full ástæða til þess að menn skoði þann þátt málsins, því alveg eins og menn töldu að það væri full ástæða til þess að setja í lögin að allur ísfiskur ætti að fara á viðurkennda markaði, þá er ekki síður ástæða til þess að fylgjast með því hvernig að sölumálum er staðið hvað varðar þann fisk sem hér er verið að gefa ráðherranum heimild til að setja reglugerð um að verði seldur.

Mér finnst að ýmislegt bendi til þess að á undanförnum árum hafi töluverður afli farið úr landi og verið landað erlendis hjá skyldum fyrirtækjum, jafnvel dótturfyrirtækjum útgerðanna, og að það sé ástæða til þess að halda að það verð sem hefur fengist í þeim viðskiptum, sé ekki endilega hið rétta verð sem gæti fengist á mörkuðum.

Þessi partur málsins skiptir líka máli og ég geri fastlega ráð fyrir að ástæðan fyrir því að í lögunum er gerð krafa um það að slíkur fiskur fari um viðurkennda fiskmarkaði, og það gildir áfram um ísfisk sem siglt er með, hafi einmitt verið sú að menn óttuðust að annars væri verið að hlunnfara sjómenn um aflahlut sinn og það gætu verið tengsl á milli fyrirtækja sem keyptu fisk og fyrirtækja sem seldu fisk af íslenskum skipum.

Alþt. 2003. B. (130. löggjafarþing).

Þetta eru viðbótarathugasemdir sem ég vildi gera, en vísa að öðru leyti til þess sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði hér í sinni ræðu.

[16:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég er samþykkur áliti hv. sjútvn., með fyrirvara. Ég tek undir þann fyrirvara sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði grein fyrir þegar hann mælti fyrir nefndarálitinu og geri hann að mínum.

Sömuleiðis tek ég undir þá gagnrýni sem hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði hér grein fyrir varðandi aðra þætti málsins, varðandi landanir erlendis. Ég tek undir þær viðvaranir og þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm.

Það er mitt mat að þetta frv. sé illa unnið. Ákvæði þess eru mjög loðin og það er ástæða til þess að annaðhvort gefi ráðherra yfirlýsingu í málinu eða festi það frekar í reglugerð þannig að ekki sé verið að opna fyrir nýjar heimildir til þess að fara á svig við landanir erlendis.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, fyrirvari minn við þetta frv. er eins og ég hef hér gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 996. mál (sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.). — Þskj. 1814, brtt. 1827 og 1831.

[16:52]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. meiri hluta sjútvn. frá hv. þingmönnum Kristni H. Gunnarssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Guðlaugi Þ. Þórðarsyni, Hjálmari Árnasyni og Guðjóni Hjörleifssyni.

Breytingartillagan er við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 2. gr.

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í engri tegund í krókaaflamarki skal viðmiðunaraflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.

b. Í stað „90%“, „50 lesta“ og „40%“ í 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi: 91%; 42,5 lesta; og: 45%.

c. Á eftir orðunum „allt að 20 lestum“ í 4. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi: í þorski.

d. Í stað „26. maí 2004“ í 4. málsl. 2. tölul. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. komi: 28. maí 2004.“

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að gera grein fyrir breytingartillögunum.

Í a-lið fá allir sem eru með aflamark undir 100 kg í tegundum í aflamarki, þar skal viðmiðunaraflareynsla aldrei vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.

Í b-lið þá kom fram í nál. meiri hluta sjútvn. að reiknigrunnur gæti breyst og það er lagt til í breytingartillögunni. Breytingin er til að styrkja rekstrargrundvöll hjá þeim sem eru með viðmiðunarreynslu upp að 42,5 tonnum. Þeir sem eru með viðmiðunarreynslu umfram 42,5 tonn fá 45% í stað 50, en þeir hafa meira svigrúm og eru í ágætisrekstrarumhverfi með skip sín.

Niðurstaða breytinganna ef við förum í samanburð við upphafsútreikninga sem birtir voru á vef Fiskistofu, þá eru

það 35 bátar sem lækka um 58,4 tonn, þar af eru fimm bátar með tæpan helminginn, eða um 28 tonn. 206 bátar fá hækkun upp á 696,3 tonn og 51 bátur stendur í stað. Þetta eru yfirleitt bátar sem eru með lágmarksúthlutun 15 tonn. Þetta er sameiginleg niðurstaða og tillaga sjútvrn. og fulltrúa Landssambands smábátaeigenda.

C-liðurinn skýrir sig sjálfur.

Í d-liðnum er verið að breyta dagsetningu frá 26. maí til 28. maí. Þarna er verið að taka tillit til allra báta sem eru í endurnýjun.

[16:55]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú sáum við hér aftur brtt. við þær tillögur sem meiri hluti sjútvn. hafði gert við það frv. sem sjútvrh. lagði fram á sínum tíma. Það er ákaflega stuttur tími liðinn síðan frumvarpið kom fram, en eftir sem áður er búið að gera verulegar brtt. við það af hálfu þeirra sem væntanlega hafa komið að samningu þessa frumvarps á sínum tíma.

Ég tel mig ekki hafa fengið fullnægjandi skýringar þegar hv. formaður sjútvn. fór hér yfir þessar nýju brtt. á því af hverju er verið að leggja til að þetta breytist með þeim hætti sem þar sagði. Þá er ég að tala um b-liðinn í fyrsta lagi. Í frumvarpinu sagði þar af aflareynslu sóknardagabáta ættu 80% af þeim afla sem væri undir 50 tonnum að koma í veiðireynslu og 60% af þeim afla sem væri yfir 50 tonnunum. Sem sagt 80% upp að 50 tonnum, 60% eftir það.

Við 2. umr. lágu hér fyrir tillögur og það hafði orðið breyting, 90% upp í 50 tonn átti að fara í aflareynslu og 40% yfir 50 tonna veiðireynslu. Nú koma enn tillögur við 3. umr. og þær snúast um það að 91% af afla upp að aflareynslu þeirra, 42,5 tonn, eigi að fara í kvóta og 45% af því sem yfir er.

Hvað veldur því að þessar tölur eru að breytast svona skarpt og með þessum hætti sem hér er? Er verið að reikna út einhverja ákveðna báta og skoða hvernig þeir koma út og stilla reiknisprósentuna út frá því? Það er von að maður spyrji, því þannig hafa vinnubrögðin verið.

Síðan er verið að breyta gildistökunni úr 26. maí í 28. maí. Spurningin er: Vissu menn það ekki fyrir tveimur dögum síðan hvaða bátar voru í breytingum, eða fóru einhverjir bátar í breytingar nú frá 26. maí til 28. maí?

[16:57]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held varðandi breytinguna á dagsetningunni, þá hafði bátur lent úti og menn voru að taka tillit til þess. Það var verið að vinna í þessu fram á síðasta dag. Ég gerði grein fyrir því að breytingin í 91% væri til þess að styrkja umhverfi smærri bátanna og að beiðni Landssambands smábátaeigenda var farið yfir þetta aftur. Ef menn eru að halda því fram að það sé verið að hygla einhverjum bátum, þá eru það 216 skip sem fá breytingu til hækkunar, en 35 til lækkunar, þar af eru fimm stórir sem hafa verið að veiða mikið.

[16:58]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru skrýtin svör. Breytingartillagan um gildistökuna frá 26. maí til 28. maí er vegna þess að bátur lenti úti. Vita menn ekkert hvaða bátar hafa verið í þessu dagakerfi? Detta bátar allt í einu inn í þetta kannski svona á seinustu stigum? Hvernig í ósköpunum geta einhverjir bátar lent úti? Maður fer að efast um hvers konar skráningarkerfi er í gangi hjá sjávarútvegsráðuneytinu ef þetta er raunin. Maður hlýtur líka þá að spyrja sig að því: Bíddu við, getur það verið að það sé að koma einhver nýr bátur inn í kerfið? Hvað eru bátarnir margir núna? Eru þeir 292 eins og okkur hefur verið sagt hingað til, eða eru þeir 293? Er hægt að taka upp símann núna og hringja og panta breytingar og stækkun á bátum af því gildistíminn er ekki kominn? 26. maí átti að gilda. 28. maí gildir nú. Á að taka upp símann þá og panta breytingar? Hve margir bátar geta gert það á þessum tíma?

Þetta eru furðuleg svör og kannski í samræmi við það hvernig þetta mál hefur verið unnið. Það er verið að hlaupa á eftir hagsmunum einhverra ákveðinna aðila og breyta lögunum eftir því. Og meira að segja breytingartillögunum, sem er verið að leggja fram, er verið að breyta til að koma til móts við hagsmuni einhverra örfárra aðila og jafnvel eins báts eins og hér er sagt.

Það lenti bátur úti. Hann var ekki inni. Hvers konar skýringar eru þetta á breytingartillögum sem verið er að leggja fram hér á hinu háa Alþingi?

[17:00]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni, þá verður að taka tillit til allra báta sem eru í endurnýjun og dagsetningin er færð til til þess að allir komist inn, sem er bara mjög eðlilegt og sanngjarnt, því Fiskistofa hefur verið að vinna í þessu.

Varðandi fjöldann þá eru það 292 bátar sem fá úthlutað og það kemur líka fram í frumvarpinu að það eru sértækar aðgerðir fyrir báta sem hafa verið í smíðum og breytingu á aflareynslu.

[17:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum í lokaumræðu um það mál sem borið hefur hátt undanfarna daga, þ.e. breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða eina ferðina enn. Mér finnst það hafa einkennt þessar breytingar í langan tíma og ég hef fylgst með þeim meira og minna í einhverja áratugi, að breytingarnar eru yfirleitt að koma inn á síðustu dögum þings, annað hvort í lok þings, fyrir jólahlé eða eitthvað slíkt. Það er yfirleitt verið að gera miklar breytingar á síðustu klukkustundum í meðferð málanna. Þetta mál sem við erum nú að ræða er auðvitað með því marki brennt að það kemur mjög seint hér inn í þingið og í allt öðrum búningi en menn áttu von á. Landssamband smábátaeigenda, forustumenn þess, voru búnir að vera í viðræðum við sjútvrh. um þetta dagakerfi og töldu sig vera í þeirri góðri trúum að unnið væri að því að útfæra sóknardagakerfið og festa það í sessi til framtíðar. Þeir höfðu kosið til þess sérstaka daganefnd á aðalfundi sínum og hún hafði verið í samstarfi við ráðuneytið mánuðum saman um að útfæra veiðikerfi dagabátanna. Þetta er ekki fyrsta árið sem menn hafa verið að ræða þessa stöðu.

Við stjórnarandstöðuþingmenn í hv. Alþingi stóðum í þeirri trú að það mundi á einhverjum tímapunkti draga til þess að menn kæmu hér með tillögur sem sneru að því að festa veiðifyrirkomulag smábátanna, sóknardagakerfið, í sessi. Til þess höfðu allar yfirlýsingar staðið og er nærtækast að vitna í yfirlýsingar manna í desember sl. þegar var verið að fjalla um veiðikerfi smábátanna og verið að lögfesta línuívilnun, þá voru gefnar yfirlýsingar í þessum ræðustól sem allir tóku þannig að í lagasetningunni um sóknardagakerfið yrði fengist við það að útfæra það. Það höfðu gengið

yfirlýsingar um að menn vildu fá einhverja festu í þetta kerfi, festa það í sessi, jafnvel með gólfi upp á 23 daga, ef ekkert annað væri í boði. Til þess má vitna að hv. þm. Kristinn Gunnarsson sagði í umræðu um tillögu sem við vorum að flytja hér, Frjálslyndir og Vinstri grænir, um dagakerfið að ef ekki kæmi viðunandi tillaga frá sjútvrh. um að útfæra dagakerfið sem eðlilegan valkost, þá teldi hann að hann gæti jafnvel stutt þá tillögu sem við lögðum til. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna í þessi orð hv. þm. Kristins Gunnarssonar. Þetta er úr umræðum sem fóru fram 29. mars 2004. Þar sagði þingmaðurinn hv., með leyfi forseta:

„Ég tel þýðingarmikið að halda því til haga að af hálfu stjórnarliðsins er ekki stuðningur við að kvótasetja dagabátana. Þetta vildi ég taka alveg skýrt fram og er ekki unnið að því á þeim grundvelli. Þeir aðilar sem eru að vinna að því fylgi úr hópi dagamanna eru því ekki að vinna samkvæmt þeirri stefnu sem stjórnarliðið hefur markað sér í málinu."

Það er nú varla hægt að vera með miklu skýrari yfirlýsingar í þessa veru, þannig að við töldum eðlilega og sérstaklega með tilliti til þess sem birtist í nál. meiri hlutans við afgreiðslu línuívilnunar í desember, að hér væru menn að vinna af fullum heilindum að því að útfæra dagakerfið þannig að það mætti vera við það búandi og í það fengist nokkur festa.

Annar hv. þm., Einar Kristinn Guðfinnsson, sagði efnislega í þessari umræðu að að sjálfsögðu vildi hann leita leiða til að festa dagakerfið í sessi, setja gólf í dagana, en það þyrfti að taka tillit til einhverrar sóknarstýringar annarrar, m.a. jafnvel að skoða vélarafl og fjölda handfærarúlla.

Nú liggur það fyrir, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan hefur sameinast um að flytja hér tillögu sem gengur út á það að festa niður 22 daga veiðikerfi. Hvers vegna skyldum við nú hafa lagt til að dagarnir væru 22 en ekki 23? Jú, það var vegna þess að sumir stjórnarþingmenn höfðu sagt: Það verður að setja einhvers konar sóknarminnkandi aðgerðir í þetta kerfi. Við vissum einnig að Landssamband smábátaeigenda og forustumenn þess höfðu teygt sig í umræðum við sjútvrh. um útfærslu á dagakerfinu sem þeir töldu sig vera af fullum heilindum og í góðri trú um að verið væri að útfæra sóknardagakerfið og höfðu þá lagt til, að til samkomulags, ef það mætti verða að festa dagakerfið í sessi og fá í það gólf og nokkra festu, að teygja sig jafnvel niður í 21 dag. Ég hygg jafnvel að á síðustu stundu þegar þeir fóru að verða þess áskynja að sjútvrh. ætlaði ekki að leita samkomulags við þá, hafi þeir teygt sig niður í 20 daga ef það mætti verða til þess að festa gólf í dagakerfið.

Við stjórnarandstöðuþingmenn töldum þess vegna að við skyldum koma með einhverja sóknarbreytingar inn í dagakerfið sem okkar valkost hér inn í þing, þannig að þeir stjórnarþingmenn sem höfðu verið með digurbarkalegar yfirlýsingar um að þeir vildu sóknardagakerfi og vildu festa það í sessi, ættu þá raunhæfan kost miðað við yfirlýsingar þeirra við að styðja okkar mál og okkar tillögur hér. Hér seinna í dag munu menn auðvitað þurfa að greiða atkvæði um tvo valkosti; sóknardagavalkost með 22 dögum og viðmiðun við árið sem fiskveiðiárið 2002/2003 sem sjútvrh. loksins ákvað að taka upp sem nýja viðmiðun fyrir þennan flota, en hún hafði auðvitað verið gjörsamlega út úr kortinu árum saman, eða um 2000 tonn. Við lögðum svo jafnframt til að samkvæmt tillögum frá Landssambandi smábátaeigenda yrði talað um fimm rúllur sem takmörkuðu afköst þessa flota enn frekar og jafnframt yrði skoðað ef vélarafl yxi mikið umfram 200 hö. þá tengdist það ákveðinni sóknarminnkun sem væri þá einnar klukkustundar minnkun fyrir hver tíu hö. Ef miðað er við útfærslu sumra þessara báta í dag hefði þetta getað þýtt að menn hefðu verið að tapa — ef vélarstærð hefði verið hækkuð t.d. úr 200 í 470 sem er þekkt vélarviðmiðun — þá hefðu menn verið að tapa 27 klukkustundum til viðbótar við þennan dag sem við lögðum til að yrði minnkað um og hefðu þá verið komnir niður fyrir 21 dag fyrir stærstu og öflugustu bátana. En almennt hefðu menn haldið 22 dögum. Við lögðum einnig til að það yrði tekin upp viðmiðun við *þetta fiskveiðiár og síðan fimm ár fram í tímann og búin til* sveiflujöfnun í kerfið, þannig að dagarnir væru tiltölulega mjög stabílir.

Með þessari framsetningu töldum við í stjórnarandstöðunni að við hefðum tekið ákveðið tillit til skoðana sumra stjórnarþingmanna sem töldu að það væri mikið mál að festa dagakerfið í sessi, en það þyrfti að útfæra í því einhverjar sóknarstýringar eða takmarkanir. Við töldum að þetta dygði, enda var sjútvrh. sjálfur búinn að fallast á það að viðmiðunarafli þessa bátaflokks væri kominn yfir 11 þúsund tonn og við teljum að reynslan sýni það að miðað við raunverulegan afla, hefði slík útfærsla mjög vel getað gengið.

Þetta var nú það sem við höfum lagt hér inn í þessi mál og á milli þessara tveggja tillagna, annars vegar okkar tillagna um það að festa sóknarkerfið í sessi með svona útfærslu og tryggja nokkuð mikinn stöðugleika í því, þá gætu menn átt hér góðan valkost. Það þurfa jú ekki margir stjórnarþingmenn að fylgja fyrri yfirlýsingum sínum og sannfæringu til þess að slíkt kerfi festist hér í sessi þó að kvótasetningunni verði hafnað. Ég geri mér enn vonir um að menn hugsi sig aðeins um og leggi á vogarskálarnar með sér sín eigin orð, því orð skulu jú standa.

Á fundi vestur á Ísafirði í september sl. lýstu margir þingmenn því yfir úr Norðvesturkjördæminu m.a. stjórnarliðar, Einar Oddur hv. þm., Kristinn H. Gunnarsson hv. þm., Sturla Böðvarsson tók undir það að eðlilegt væri að festa dagakerfið í sessi. Fleiri hv. þingmenn, Einar Kristinn, eins og ég hef vikið að áður í máli mínu. Þannig að það lá alveg fyrir að menn töldu að þetta væri mjög hagkvæmt kerfi og að mörgu leyti gott fyrir byggðirnar að viðhalda þessu kerfi, sóknardagakerfinu. Að ég tali nú ekki um ýmislegt annað, aðra kosti sem fylgja sóknardagakerfi, en ekki kvótakerfi.

Mig langar til þess að staðfesta það hvaða skoðanir hv. þm. Einar Kristinn Guðfinns ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill áminna hv. þm. um að nefna aðra þingmenn fullu nafni.)

Ég var að segja Einar Kristinn Guðfinnsson, hæstv. forseti.

Til þess að staðfesta það þá langar mig að vitna í grein eftir áðurnefndan þingmann, en hún birtist fyrir stuttu í blaðinu Ægi og tilvitnunin hljóðar svo, með leyfi forseta, en yfirskrift þessa millikafla í grein hv. þm. er: Sjónum beint að byggðaþróuninni. Þar segir m.a.:

„... öryggisleysinu sem verður þegar ótti skapast við að aflaheimildir hverfi, og að veiðiréttirnir verði afnuminn. Það hefur orðið hlutskipti margra. Ekki þarf að nefna dæmin, þau eru í fersku minni fólksins. Nauðvörnin var eins og menn vita oft á tíðum, veiðikerfi smábátanna. Þess vegna hefur verið barist svona hart fyrir veiðirétti þeirra. Línuívilnunin var angi þessa sama."

Tilraun til þess að treysta stöðu minni sjávarbyggða. Engin töfralausn, en viðleitni til þess að treysta sóknarréttinn og tengja hann betur við byggðirnar.

Ég hef í fyrri ræðum mínum vitnað í annan kafla hér úr þessari grein hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og ætla ekki að endurtaka nú. En það liggur algjörlega ljóst fyrir að þingmaðurinn hefur verið þeirrar skoðunar að það ætti að verja veiðikerfi smábátanna, sóknarkerfi sem annað.

Nú stöndum við hins vegar frammi fyrir því að meiri hluti sjútvn. breytti algjörlega afstöðu sinni og tók þá ákvörðun að koma hér inn með tillögu sem eingöngu er kvótaúthlutun. Þá erum við auðvitað að gjörbreyta veiðikerfunum. Við erum að fara úr sóknarkerfi yfir í aflamarkskerfi. Það þýðir í flestum tilfellum að aflasamsetning muni eitthvað breytast, sóknarmynstrið mun breytast og við vitum að það mun hafa veruleg áhrif víða um land. Ég hygg sérstaklega í Norðvest. þar sem ég geri ráð fyrir að landaður afli af þessum sóknardagaflota muni minnka verulega. Það gerist ekki á þessum mánuðum sem eftir eru af fiskveiðiárinu, því dagakerfið gildir út þetta fiskveiðiár, en við munum sjá þess stað eftir ár eða tvö hvaða áhrif þetta hefur. Ég tel mjög varasamt að fara þessa leið og þess vegna hef ég verið að brýna þá þingmenn úr stjórnarflokkunum sem hafa verið hlynntir því að viðhalda sóknardagakerfinu, að standa við fyrri yfirlýsingar og reyna að tryggja það að við héldum velli með þetta sóknarstýrða kerfi.

Það er alveg ljóst að við aflagningu þess ef svo fer að stjórnarliðar kjósa hér um að fara með allan flotann yfir í kvótakerfi, þá breytist sóknin. Og landaður afli breytist.

Hvaða aðferðir eru það, hæstv. forseti, sem við höfum notað hér á landi undanfarin ár til þess að reyna að leggja mat á stærð þorskstofnsins sem er jú okkar mikilvægasti stofn í verðmætum og nýtingu og hefur mest að segja fyrir hinar dreifðu byggðir varðandi atvinnu vítt og breitt í sjávarbyggðunum? Jú, það er svo, hæstv. forseti, að við munum sitja uppi með það að þær aðferðir sem meira að segja Hafrannsóknastofnun og sjútvrh. hafa sérstaklega lagt upp með og var lögð mikil vinna í að hanna hér fyrir nokkrum árum, sem heitir togararall, sóknarstýrð mæling á aflamagninu. Netarall, sóknarstýrð mæling á aflamagni. Við munum upplifa það að sóknarmæling bátaflotans sem gerðist sjálfkrafa miðað við að þeir voru í sóknarstýrðu kerfi, hún hverfur. Þá spyr maður eðlilega: Hvaða viðbrögð þurfa að verða við því?

Ég tel að þá þurfi að taka upp algjörlega nýtt eftirlit með fiskimagninu á grunnslóðinni. Það þarf að taka upp veiðar í hinum friðuðu hólfum sem hafa verið lokuð fyrir togveiðum, línuveiðum og netaveiðum á undanförnum árum og eingöngu verið opið fyrir handfæraveiðarnar. Þar tek ég dæmi af svæði eins og í Húnaflóa og á Strandagrunni, þar sem dagabátarnir hafa mikið stundað veiðar og þar hefur auðvitað komið í ljós hvernig fiskigöngurnar eru ár eftir ár og hvaða sóknarmælingu menn hafa fengið út úr því og hvaða árgangaskipan hefur þar verið að alast upp á fæðuslóðunum. Þetta tel ég allt skipta miklu máli varðandi það hvað við þurfum að vita um fiskigöngur hér á landi og hvaða grunn við þurfum að hafa.

Ég tel sem sagt að þegar búið er að leggja dagakerfið, þá þurfi Hafrannsóknastofnun að setja af stað veiðiferli á þeim svæðum þar sem handfærabátarnir hafa mest stundað veiðar og fá inn þá reynslu og þá árgangaskipan sem er á miðunum ef þeir ætla að hafa sama gagnagrunn og samanburðarhæfan gagnagrunn fyrir framtíðina. Einhvern veginn verður Hafrannsóknastofnun að bregðast við.

Það sem situr hins vegar eftir við þessa aðgerð ef farið verður í þessa kvótasetningu, er það að veiðiréttarhafarnir, útgerðarmennirnir, fá úthlutað verðmæti í kvóta. Það er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, að ef menn ætla að fara að selja annars vegar handfærabát með ákveðnum dagafjölda — a.m.k. eins og sú óvissa sem hefur verið að undanförnu — og hins vegar aflakvóta, þá fá menn miklu meiri verðmæti með að selja aflakvótann. Það verða líka fleiri kaupendur þegar búið verður að sameina þessi kerfi. Við þurfum virkilega að skoða hvaða ferli og hvaða krafa fer af stað þegar búið er að kvótasetja smábátana. Það kemur fram krafa um að kerfin verði sameinuð, að þetta verði eitt kerfi í framtíðinni. Þá gerist það sama og áður hefur gerst þegar við höfum verið að kvótasetja hinar ýmsu einingar smábátaflotans, að minni útgerðirnar og minni aflaheimildirnar þær verða keyptar upp af hinum stærri og sterkari. Það er reynsla okkar úr kvótakerfinu. Nægir í því sambandi að vitna til þess að rúmlega 50% af aflaheimildunum eru komnar á hendur 10 stærstu fyrirtækjanna.

Ég orðaði það svo, hæstv. forseti, að það væri búið að hengja upp sérstaka gulrót fyrir dagamennina og þeir sæju í hendi sér sérstök fjárútlát sem ráðherra gengst þá fyrir að verði afhent þeim, sérstakar fjárveitingar, en hins vegar er ekki hugsað um afleiðingarnar fyrir aðra. Það er ekki nóg, hæstv. forseti, að útgerðarmenn smábátanna, dagabátanna, fái afhent verðmæti, þegar fólkið í byggðunum er skilið eftir atvinnulítið og atvinnuminna, með minni verðmæti eigna sinna, sinn ævisparnað. Það er þar sem þetta mun bitna, því atvinnuréttur inn í aflaheimildunum verður söluvara, en í sjávarbyggðunum situr fólkið eftir með sína stöðu og sitt atvinnuleysi ef því er að skipta. Það er víða ekki hátt verðið á íbúðunum í hinum minni sjávarbyggðum þar sem hefur orðið samdráttur.

Því miður þá fórum við þá leið fyrir þremur árum síðan að kvótasetja aukategundirnar í smábátakerfinu sem þá var þorskaflahámarkskerfi og gerði það að krókaaflamarkskerfi, það hafði áhrif á byggðir og atvinnustefnu. Þetta mun gera það líka, því miður, neikvæð áhrif. Það er mikil ákvörðun sem við erum að taka hér og hún er neikvæð fyrir byggðirnar. Hún veikir stöðu byggðanna. Hún minnkar atvinnuna. Hún veikir atvinnurétt fólksins. Hún vegur að eignastöðu fólksins. Það verður niðurstaðan.

Við höfum séð þá þróun sem hefur orðið með uppkaupum á afla á undanförnum árum í aflamarkskerfinu og til þess var hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson að vitna í grein sinni sem ég vitnaði til áðan; hvað gerðist þegar afli er seldur úr byggð og þess vegna væri sóknarrétturinn okkur öllum mikils virði. Það er heila málið, hæstv. forseti, að sóknarréttur inn í smábátakerfinu hann er okkur mikils virði, fólkinu á landsbyggðinni og þeim stöðum þar sem þessi afli hefur komið að landi af þessum sóknardagabátum þar sem þeir hafa verið gerðir út. Þessu erum við að breyta, þetta verður smíðshöggið á að kvótasetja allar aflaheimildir í kvótakerfinu, koma öllu inn í kvótakerfið, inn í framseljanlegt kerfi og síðan kemur krafan um að sameina kerfin og þeir stóru geti keypt upp þá smáu. Það hefur verið þróunin.

Ég segi það að lokum, hæstv. forseti, mér finnst þetta uggvænleg þróun og ég undrast það þegar stjórnarþingmenn sem vita vel hvaða afleiðingar þetta getur haft, hafa hér tjáð skoðanir sínar á undanförnum árum og missirum um það hve

sóknarkerfi væri mikils virði og það ætti að tryggja það og festa í sessi, þegar þeir láta undan kröfu sjútvrn. sem þykist vera búin að vinna með dagamönnum að útfærslu á dagakerfi mánuðum saman ef ekki árum saman, þegar þeir láta undan því að sjútvrh. komi hér með hugmyndir um að kvótasetja allt saman. Landssamband smábátaeigenda er auðvitað pínt inn á þann kost, því það var ekkert val. Formenn Landssambands smábátaeigenda, forustumenn þeirra, hafa lýst yfir að sóknarmarkskosturinn í tillögum sjútvrh. eins og þær komu hér, væri ekkert val. Hann væri bara ávísun á það að menn færu á hausinn og gætu ekki lifað af. Þess vegna völdu þeir þann kost í algjörri nauðvörn og hafa nýverið lýst því yfir opinberlega í fjölmiðlum að þeir hefðu neyðst til að taka þennan kost sem skárri kostinn til að bjarga því sem bjargað varð, en eru algjörlega sannfærðir um að hér sé verið að fara ranga leið. Það er ég líka, hæstv. forseti. Ég tel því miður að ef kvótakerfið verður hér samþykkt þá sé farin algjörlega röng leið.

[17:27]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Við drógum okkar brtt. til 3. umr. og vildum gefa þeim þingmönnum sem ítrekað hafa lýst því yfir að þeir vilji eða vildu viðhalda þessu kerfi dagabátanna kost á því að velja á milli jafngildra kosta, þ.e. þess kosts sem ríkisstjórnin eða sjávarútvegsráðherrann og meiri hlutinn í sjútvn. núna, ætlar að bjóða upp á og þess kosts að viðhalda kerfinu. Og ég verð að segja að mér finnst að í meðferð þessa máls síðustu daga hafi það sannast með óyggjandi hætti hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Hér hefur forsvarsmönnum smábátaeigenda verið haldið upp á einhvers konar kjaftæði missirum saman. Þeir hafa verið með sóknardaganefnd í því að skoða möguleika á því að koma framtíðarkerfi á með sóknardagakerfi smábátanna og reynt með öllum ráðum að fá til þess nothæfan grunn. Sjútvrh. hefur aldrei gefið kost á því að skapa nothæfan grunn fyrir dagabátana. En svo þegar hæstv. sjútvrh. sá sér færi á því að koma á kvóta í þessu kerfi, þá var allt í einu hægt að finna aflagrunn sem var margfalt hærri en sá sem fyrir hefur verið í þessu kerfi. Ég fullyrði það og það er auðséð á allri meðferð málsins, að það hefði verið mjög auðvelt að finna flöt á samstarfi við smábátaeigendur og forsvarsmenn þeirra um kerfi til framtíðar sem hefði byggt á þeim aflagrunni sem hæstv. ráðherra er núna búinn að spila út til þess að búa til kvóta en hann var ekki útbær með það, nema í kvóta. Hæstv. ráðherra ætlaði aldrei að framlengja þetta kerfi. Það er fullyrðing sem ég get staðið við hvar sem er, því ferill málsins sýnir það svo ekki verður um villst.

Við höfum þess vegna lagt fram tillögu sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. málsins, sem gengur út á það að nota þennan aflagrunn sem hæstv. ráðherra er allt í einu tilbúinn að samþykkja að sé aflagrunnur þessa hóps, sem framtíðargrunn fyrir dagakerfi. Ég er algjörlega sannfærður um að það er hægt að stjórna veiði þessara báta innan þessa grunns svo lengi sem menn vilja gera það, vegna þess að hér er miðað við aflareynslu bátanna á fiskveiðiárinu 2002/2003 og það var ágætt ár í sögu afla þessara báta. Við gerum líka ráð fyrir því að viðmiðunin sem þeir hafa til þess að hægt verði að hreyfa til sóknargetu þeirra, verði tekin á fimm ára bili, þannig að sveiflurnar verði sem minnstar á möguleikum þeirra til afla. Það getur þess vegna alveg gerst, vegna þess að afli undanfarinna ára hefur verið meiri en menn hafa nokkurn tímann séð í þessu kerfi í veiðum með handfærum, þá getur það alveg gerst hvenær sem er að afli á sóknareiningu minnki svo mikið hjá þessum aðilum að ef okkar tillaga væri samþykkt, þá mundu þeir fá töluvert fleiri daga til að athafna sig.

Þannig er auðvitað eðlilegt að stýra sókn þeirra og ég vísa því algjörlega til föðurhúsanna þegar menn koma með útúrsnúninga af því tagi að við séum ekki að leggja til neinn botn í dagakerfið. Við erum auðvitað að leggja til sóknartakmarkanir sem væru eðlilegastar fyrir þennan bátaflota, ef það á að reyna að stýra sókninni. Auðvitað verða menn þá að geta haft breytilega daga, en það þýðir ekkert að miða við það kerfi sem var á, þar sem grunnur bátanna var 2.100 tonn og var aldrei annað en ávísun á það að úrelda dagana hjá þessum mönnum þangað til væri búið að svelta þá út úr kerfinu. Það var meiningin, þannig ætluðu menn að fara að þessu.

Þegar þessi niðurstaða er komin á borð alþingismanna, þá fer ekkert á milli mála hver ætlunin er. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að svona eigi menn ekki að standa að málum hér á hv. Alþingi. Rökin fyrir því að gera þetta, hvert eru þau sótt? Þau eru sótt til þeirra manna sem hafa kannski mesta hagsmuni af því að þessu verði breytt. Þá er ég að tala um fjárhagslega hagsmuni. Fulltrúar þeirra hafa mætt á fund sjútvn. Það er út af fyrir sig bara ágætt að fá að tala við slíka menn. En ef einhverjir eru vanhæfir til þess að ráðleggja mönnum hvað á að gera, þá eru það þeir sem hafa mestra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í því sem stendur til að ná fram. Þess vegna þurfa menn auðvitað að horfa á rök þeirra fyrir málinu með þeim gleraugum að þeirra hagsmunir eru einstaklingsbundnir og hagsmunir sem Alþingi á að hafa augun á, eru auðvitað almennir. Það eru hagsmunir byggðanna. Það eru atvinnuhagsmunir fólksins í sjávarbyggðunum, en það á ekki að horfa á hagsmuni einstakra aðila og jafnvel aðila sem hafa af því mjög verulegan fjárhagslegan ávinning að þessi breyting verði. En svona hafa refirnir verið skornir hér í sölum Alþingis í gegnum tíðina þegar rætt hefur verið um þessi mál.

Hér hafa riðið húsum menn sem hafa haft stórkostlegan ávinning af þessum lagabreytingum sem hafa farið fram í sölum Alþingis og á þá hefur verið hlustað. Það var hæstv. utanrrh. sem innleiddi það í íslenska pólitík, innleiddi það með algerlega nýjum hætti hvað það væri að hafa samráð við hagsmunaaðila. Þetta orðatiltæki festist í málinu þegar verið var að setja kvótakerfið á og átti í upphafi fyrst og fremst við að það væru menn að tala við LÍÚ, það var að hafa samráð við hagsmunaaðila. Það hafa menn svo sannarlega gert í gegnum tíðina og hlustað greinilega með báðum eyrunum á allt sem þaðan hefur komið. Og hvert hefur verið aðalstefið frá LÍÚ? Að það væri einsleitt kerfi í sjávarútvegi og allir væru undir því sama aflamarki og kvóta sem gildir hjá stóru skipunum. Þó svo þeir séu að kvaka svona til þess að samfélagið haldi að þeir séu á móti því sem verið er að gera hér, þá er verið að innsigla þeirra aðalkröfu í dag með þessu frumvarpi. Það er verið að loka kvótakerfinu endanlega og breyta því öllu í kvótakerfi af því tagi sem LÍÚ vill. Nú er bara eftir að klára síðustu hindrunina, sem er að sameina kerfi smábátanna og stóru skipanna.

Ég vil rifja upp hvað gerðist þegar kvótinn var settur á í upphafi og var settur á smábáta líka þegar þeir völdu í hið fyrsta sinni. Hvað varð um þann flota? Hann gufaði gjörsamlega upp. Ég ætla líka að benda mönnum á það að eyða í það örlítilli stund að velta því fyrir sér hvernig væri

umhorfs í sjávarbyggðum landsins ef LÍÚ hefði fengið sinn vilja fram þá á hvern einasta bát og að gatið sem smábátarnir hafa orðið til í og þeirra aflaréttur hefði aldrei orðið til, en það var eitur í beinum þeirra LÍÚ- manna að það gat skyldi vera þarna. Allur sá floti, allur sá veiðiréttur sem er núna í aflakerfinu, þessu krókaaflamarki, og allur sá veiðiréttur sem núna er að verða til og flytjast yfir í það, segja má að hann hafi allur orðið til í gegnum gatið á kerfinu. Hvernig skyldi vera umhorfs í þessum sjávarbyggðum ef þetta gat hefði ekki verið á kerfinu? Ég er hræddur um að það væri ekki mikið um að vera í hinum ýmsu sjávarbyggðum ef þannig hefði verið hagað til.

Ég er að tala um þetta vegna þess að mér óar við þeirri framtíð sem ég sé fyrir mér núna í framhaldi af því að menn hafa náð sínu fram. Nýliðun í sjávarútvegi í hinu gamla kerfi af hinum smærri bátum, hver hefur hún verið? Hver hefur hún verið í grunnslóðaveiðiflota? Hver hefur hún verið í handfæraveiðiflota? Hún hefur engin verið.

Það sem mun gerast í kjölfarið á því að menn læsa kerfinu nú endanlega, er sú þróun sem varð með litlu bátana sem fóru inn í aflamarkskerfið. Aflarétturinn verður keyptur og seldur upp á stóru bátana í þessu kerfi sem er þarna fyrir ofan núna. Aflarétturinn hefur verið að hækka í verði sem þar ríkir, nálgast verðið, það kann að vera að verðið lækki eitthvað þegar þessi hópur kemur inn af því að það verði aukið framboð, ég er þó ekki viss um það, vegna þess að nú fara spákaupmennirnir af stað. Nú fara spákaupmennirnir af stað að kaupa aflarétt á verði sem er lægra heldur en í stóra kerfinu, vegna þess að þeir vita það að þegar nær dregur verði í hinu kerfinu, þá kemur að því að krafan um það að menn fái nú að fara á net og fái nú að haga sér eins og hinir, eins og þeir sem eru í aflamarkskerfinu, þá kemur hún. Þá munu menn eins og venjulega hlusta á einstaklinga, hagsmunaaðila, það verður samráð við hagsmunaaðila eins og það er kallað hér í sölum Alþingis, sem endar með því að kerfunum verður slegið saman.

Vegna eðlis kerfisins eins og það hefur verið í gegnum tíðina, og er, þá verður engin nýliðun í því. Við munum sjá mikla fækkun smábáta sem verða gerðir út af einhverju gagni, stærri bátarnir munu taka við aflaheimildunum og svo þegar stíflunni verður opnaður farvegur, þá mun veiðiréttur-inn streyma eins og hann hefur alltaf gert; upp til hinna stærri. Þá munu þessar litlu sjávarbyggðir og ýmsar þeirra sem við köllum nú bara þokkalega stórar, fá að sjá framan í það að það eru engir nýliðunarmöguleikar.

Ég vil meina það að á meðan menn taka ekki á því málefni sem mestu skiptir, sem eru atvinnuréttindi í sjávarútvegi og opna farveg sem er raunverulegt frelsi til útgerðar, sem hlýtur að vera fólginn í því ef menn stjórna fiskveiðum með takmörkunum, þá hlýtur veiðirétturinn alltaf verð, þá verða menn að búa til aðstæður þar sem menn standa jafnir gagnvart aflaréttinum. Hvernig er það hægt? Auðvitað með því að allir standi jafnir gagnvart því að fá úthlutað veiðirétti á einhvers konar markaði sem allir hafa jafnan aðgang að. Auðvitað á eigandi auðlindarinnar, sem er þjóðin sjálf, að sjá til þess að menn hafi sambærilega möguleika á því að fá til sín þessi réttindi. Ég mundi ekki óttast um grunnslóðar-flotann ef hann gæti staðið jafnfætis stórútgerðinni um það að keppa um aflaréttindin.

Hv. þm. Kristinn Gunnarsson hélt því blákalt fram að það væri ekki meiri hluti fyrir því að viðhalda þessu kerfi. Það er auðvitað útúrsnúningur. Það liggur fyrir að í stjórnarandstöð-unni er fullur stuðningur við það að viðhalda þessu kerfi. Og ef þeir sem hafa lýst því yfir að þeir vilji viðhalda kerfinu, ganga nú í lið með stjórnarnandstöðunni og styðja þessa tillögu okkar, þá get ég ekki betur séð heldur en prýðilegur meiri hluti sé fyrir því að hún verði samþykkt.

Mér finnst okkar tillaga vera skynsamleg. Hún mun auð-vitað ekki breyta grundvallarvandanum í sjávarútvegi, því hann breytist ekki þó 5% af aflaréttinum séu sameiginleg og menn hafi frelsi til þess að róa í því kerfi og keppa bara sín á milli um heildarpottinn eins og raunveruleikinn verður ef menn stýra með sóknartakmörkunum. En þessi tillaga gefur möguleika á því að viðhalda sóknarkerfi og það skiptir máli upp á fiskveiðistjórnina. Hún gefur líka möguleika á því að passa upp á það að þessi ferill fari ekki í gang, a.m.k. ekki gagnvart þeim veiðiheimildum sem hér eru á ferðinni sem ég var að lýsa áðan.

Ég ætla nú ekki að halda mjög langa ræðu hér, hæstv. for-seti, en ég vil þó segja það að mér finnst að hv. alþingismenn þurfi að fara að hugsa sinn gang. Það er ekki eðlilegt með hvaða hætti menn meðhöndla hér mál og á hverja er hlustað. Við höfum fengið yfirlýsingar frá byggðarlögum allt í kring-um landið, þar sem menn vilja viðhalda dagakerfinu. Menn óttast byggðaáhrifin af þessari breytingu. Ég er sannfærður um það að byggðaáhrifin af þessari breytingu munu koma illa niður á norðvesturhorni landsins. Það er að mínu viti ekki nokkur vafi á því að þar mun mjög hratt draga verulega úr þeim flota sem hefur landað afla þar á sumrin. Menn mega illa við því að það dragi úr þeirri starfsemi sem hefur verið á sumrin á þessum svæðum.

Menn hafa svo sem gefið þessu ýmis nöfn og hagsmuna-aðilarnir sem mættu hér á fund sjávarútvegsnefndarinnar útlistuðu það að eitt af aðalvandamálum þeirra væri að þeir gætu ekki fengið að róa allt árið. Þeir lýstu sínum aðstæðum. Ég skildi þær mjög vel. En ég skil hins vegar ekki hvers vegna menn sem vilja vera í útgerð allt árið binda sig við að vera á þessum flota. Ég er algjörlega sannfærður um að ef útgerðarmenn sem vilja róa allt árið og eru í þessu kerfi fá tækifærið sem við erum að bjóða upp á hér með þessari tillögu, þ.e. að bátar þeirra fái framtíðargrundvöll í dagakerfinu, þá þurfa þeir ekki að óttast það eitt augnablik að þeir geti ekki selt báta sína og flutt sig yfir í kerfi sem hentar þeim betur. Auðvitað eiga menn að gera það. Það er bara eðlilegur hlutur. Það er öfugmæli að halda því fram að nokkur maður sé fastur í þessu kerfi eða verði fastur í því ef undir það verða settir almennilegir fætur eins og við leggjum til að verði gert.

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki ástæða til þess að hafa ræðuna lengri, en ég harma það að menn skuli hafa komist að þessari niðurstöðu hér í Alþingi og ég átel það mjög harðlega með hvaða hætti hæstv. sjútvrh. og meiri hlutinn í sölum Alþingis, sem hefur komið fram að sé til staðar, en ég ætla nú ekki að trúa því fyrr en ég tek á, hvernig menn hafa staðið að aðdraganda þessa máls. Mér finnst það veru-lega óheiðarlegt að hafa ekki gefið mönnum kost á því að velja milli jafngildra kosta úr því menn voru tilbúnir að gefa þessum flota það heildaraflamark sem þarna er verið að tala um, öðru hvorum megin við 10 þúsund tonn, 11.079 tonn samkvæmt tillögu hæstv. ráðherra, sem voru til skiptanna í fyrra frumvarpinu. Það er óheiðarlegt að hafa ekki gefið mönnum kost á því að nota þann pott til þess að framlengja dagakerfið. Við gefum kost á því að menn geti skipt um skoðun hér í sölum Alþingis og tekið þá ákvörðun að nota

þann heildarpott sem sjútvrh. sagði að væri til skiptanna með sinni tillögu, til þess að framhalda dagakerfinu.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á mælendaskrá og mun fara yfir málið af minni hálfu á eftir, þannig að ég þarf ekki að rekja afstöðu mína eða hvernig ég komst að henni í þessu andsvari. En ég vildi aðeins nefna tvennt sem mér finnst ástæða til að reifa í framhaldi af ræðu hv. þm.

Í fyrsta lagi þá er það ekki þannig að allir í stjórnarandstöðunni séu á einu máli um sóknardagakerfið. Í Samfylkingunni er t.d. er ekki einhuga stuðningur við það að hafa sóknardagakerfi. Það eru þingmenn sem eru mjög ákveðnir í því að það eigi alltaf að vera aflamarkið. Ég vil benda á þetta til þess að mönnum sé ljóst að í þeim flokkum stjórnarandstöðunnar eins og í stjórnarflokkunum eru mjög skiptar skoðanir um þetta. Það er kannski eðlilegt að hv. þm. reyni að láta líta svo út að allir séu á hans máli í hans flokki varðandi þetta efni, en það er ekki svo.

Í öðru lagi þá held ég að menn megi ekki gefa sér að breytt verði um kerfi í handfærunum úr dagakerfi í aflamarkskerfi, það leiði sjálfkrafa af sér svo og svo mikinn tilflutning eða breytingu á veiðimunstri. Ég vil minna á að krókaaflamarkið er algjört kvótakerfi núorðið eins og allar fisktegundir eru komnar í kvóta á þeim veiðum. Hæsta löndunarstöð á síðasta fiskveiðiári í krókaaflamarki er í Bolungarvík. Fjórar af átta hæstu löndunarhöfnum í krókaaflamarki eru á Vestfjörðum. Þannig að ég vil ekki halda því fram og held að hægt sé að rökstyðja það, að bara við það að fara úr sóknarkerfi yfir í krókaaflamark þýði að svona mikil breyting verði á veiðimynstri sem hv. þm. vildi vera láta.

[17:50]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki svo langt síðan greidd voru atkvæði hér í Alþingi, það var í desember, um það að þessir bátar fengju 23 daga. Þá stóð stjórnarandstaðan saman að þeirri tillögu og greiddi henni hér atkvæði. Ég held að hv. þm. ætti ef hann í alvöru vill viðhalda þessu kerfi að skoða hug sinn vel hvort ekki sé hægt að fá meiri hluta hér í Alþingi fyrir þeirri niðurstöðu. Ég a.m.k. trúi því og er alveg sannfærður um það að sú niðurstaða yrði hér í sölum Alþingis ef þingmenn Norðvest. sem hafa marglýst því yfir að þeir vilji viðhalda þessu kerfi, standa við sína skoðun og greiða þessari tillögu atkvæði.

Í sambandi við veiðimynstrið er það mín skoðun, að sá floti sem á sumrin hefur farið þangað sem fiskurinn er, hann muni breyta sínum háttum. Það var einmitt eitt af því sem þessir ágætu menn sögðu okkur — þegar þeir komu til þess að segja að þeir vildu fara í kvótann — að auðvitað mundi þetta breyta sóknarmynstrinu. Þeir mundu hafa þetta öðruvísi, róa meira á veturna og róa annars staðar, ná sér í stærri fisk o.s.frv. Það hlýtur auðvitað að vera persónubundið hvernig menn meta þessa hluti. Það er mín skoðun að þetta muni hafa mjög mikil áhrif á næstu tveimur árum. Þetta mun hafa mjög mikil áhrif á sóknarmynstur þessa flota, sá floti sem er eða var í þessu dagakerfi muni minnka verulega og sóknarmynstrið muni breytast mjög mikið, menn fari að róa á línu og að róa á öðrum tímum og róa frá öðrum stöðum, sóknarmynstrið mun allt gjörbreytast.

[17:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að í atkvæðagreiðslunni í desember stóð stjórnarandstaðan einhuga, en hún vissi líka fyrir fram áður en atkvæðagreiðslan fór fram að tillagan sem var borin upp mundi ekki verða samþykkt. (**Gripið fram í:** Nú?) Hún vissi það fyrir fram, vegna þess að meiri hluti sjútvn. hafði komist að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að fresta málinu þar til á vorþingi. Það lá því alveg fyrir að tillagan yrði ekki samþykkt. Í því ljósi er kannski hægt að fá menn sem eru andsnúnir málinu til að greiða atkvæði með þegar þeir vita að það nær ekki fram að ganga.

Ég er alveg viss um það, herra forseti, að ef menn í Samfylkingunni stæðu hér frammi fyrir atkvæðagreiðslu og það væri ljóst að það gæti oltið á þeirra atkvæðum að sú tillaga sem hv. þm. talar hér fyrir yrði samþykkt, þá mundi hann ekki fá alla sína þingmenn til að greiða atkvæði með málinu. Það bara er þannig. Ég held að hv. þm. geti ekki borið á móti því. Ég bendi t.d. á hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Ég á nú eftir að sjá hann koma hér og greiða atkvæði með dagakerfi í þeim mæli sem hér er lagt til. Ég á eftir að sjá hann gera það og fara svo til Vestmannaeyja og útskýra það. Við skulum sjá hvað hv. þm. Lúðvík Bergvinsson eða hv. þm. Einar Már Sigurðarson gera í slíkri atkvæðagreiðslu. Þegar það væri þeirra atkvæði sem réði úrslitum.

Ég vil segja, herra forseti, þó ég ætli ekki að hallmæla þeim, þeir hafa sínar skoðanir og full rök fyrir þeim, en ég er bara alveg viss um það og verð það þangað til mér verður sýnt fram á að það sé rangt, að þeir mundu hverfa frá stuðningi í slíkri atkvæðagreiðslu. Þetta er auðvitað sá veruleiki sem hv. þm. Jóhann Ársælsson veit að er uppi í málinu.

Ég vil svo segja að lokum, herra forseti, það er auðvitað alveg ljóst að það verða breytingar á sóknarmunstri þegar menn eru farnir að veiða á handfærum, ekki í dagakerfi, heldur í aflamarkskerfi. En krókaaflamarkið gefur okkur ákveðna leiðsögn um það hvernig þær breytingar geta orðið.

[17:54]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að væri ástæða til þess fyrir hv. þm. að láta reyna á þetta sem hann er að fullyrða hér, hvort það er meiri hluti fyrir þessu máli í sölum Alþingis. Það sýndi sig í vetur hvernig menn greiddu atkvæði. Mér heyrist á öllu að hv. þm. ætli ekki að taka þann möguleika og láta reyna á hann nú. Það virðist vera að honum hafi gjörsamlega brostið kjarkur í þessu máli og nú sé hann ákveðinn í því að tryggja framgang þessarar niðurstöðu. Þegar jafngildur kostur er boðinn á móti með okkar tillögu, þá ætlar hv. þm. greinilega að greiða atkvæði með tillögu meiri hluta sjútvn., eða sjútvrh. öllu heldur, því hún var nú náttúrlega samin af ráðuneytisstjóranum í samráði við sjávarútvegsráðherrann og troðið inn í nefndina með þeim hætti.

Ég held að menn eigi ekki að gefa sér eitt eða neitt í því, hver sannfæring manna er hvað þetta varðar. Ég spyr nú einfaldlega: Hvaða hagsmuna eru menn að gæta í þessu? Skiptir það ekki öllu máli hvað þessir bátar mega veiða mikið og að veiðinni sé stýrt? Skiptir það endilega öllu máli að færa þá yfir í kvótakerfið? Er það orðið aðalatriðið í þessu máli að þeir séu allir í kvótakerfi þar sem hægt er að kaupa og selja veiðiheimildir? Er það aðalatriði málsins? Við erum

að bjóða hér upp á að það sé hægt að stjórna veiðunum með góðum reglum sem halda heildaraflanum í skorðum og hvers vegna skyldu menn þá vera svo uppteknir af því að það eigi að vera kvóti til staðar? Um hvað eru menn að velja? Eru menn ekki að velja fyrst og fremst á milli aðferðanna en ekki heildaraflamagnsins? Þeir sem hafa verið á móti því að koma til móts við þessa báta, hafa fyrst og fremst verið á móti því að þeir fengju auknar veiðiheimildir, en það stendur einfaldlega til að láta þá hafa þær.

[17:57]

Útbýting þingskjala:

Ábúðarlög, 782. mál, þskj. 1845.

Búnaðarfræðsla, 879. mál, þskj. 1844.

Fyrirtæki á orkusviði, 1010. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 1869.

Jarðalög, 783. mál, þskj. 1846.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál, þskj. 1863.

Lögmenn, 463. mál, þskj. 1840.

Meðferð opinberra mála, 871. mál, þskj. 1838.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 305. mál, þskj. 1864.

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 849. mál, þskj. 1847.

Raforkulög, 740. mál, þskj. 1862.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, þskj. 1843.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 462. mál, þskj. 1839.

Skattskylda orkufyrirtækja, 1009. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1833.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál, þskj. 1841.

[17:57]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég stend hér að nál. og tillögum í þessu máli ásamt hv. hv. þingmönnum Jóhanni Ársælssyni, Guðjóni Arnari Kristjánssyni, Kristjáni L. Möller og Jóni Gunnarssyni. Tillögur okkar kveða á um að sóknardagakerfið verði fest í sessi, því verði fundinn sanngjarn og eðlilegur grundvöllur og heimildir sem sá bátafloti hefur til ráðstöfunar innbyrðis er samkvæmt þeim tillögum sem sjútvrh. hefur mælt með fyrir þennan bátaflota. Við flytjum þessar tillögur af því að við höfum trú á að hér sé um réttan og góðan málstað að ræða. Við teljum að það beri að hafa sóknardagakerfið sem hluta af fiskveiðimunstri okkar Íslendinga.

Við erum ekki endilega að flytja þessar tillögur vegna þess að við trúum að það sé meiri eða minni hluti fyrir þeim á Alþingi. Við erum að flytja þær af því við teljum að hér sé um réttan málstað að ræða. Ég segi þetta í tilefni orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem lét að því liggja að menn ættu ekki að vera flytja tillögur sem ekki væri meiri hluti fyrir. Hv. þm. hefur rökstutt kúvendingu sína í þessu máli þannig að það sé ekki meiri hluti fyrir því á Alþingi að standa á bak við sóknardagakerfið og þess vegna beri að leggja það niður og hann standi að þeim uppkaupatillögum sem meiri hluti hv. sjútvn. hefur lagt fram.

Öðruvísi mér áður brá þegar hv. þm. þóttist standa á meiningu sinni í margumræddri umræðu um svokallað fjölmiðlafrumvarp, en þá þóttist standa á sannfæringu sinni en ekki á því hvort meiri hluti væri fyrir því á Alþingi.

Ég vil taka þetta fram hér vegna umræðu um þessa tillögu af því þegar tillaga er flutt á Alþingi, þá hefur maður bæði trú á málstaðnum og hefur trú á að þingmenn muni styðja hana, þangað til annað kemur í ljós.

Það sem meiri hluti sjútvn. leggur til hér, virðulegi forseti, er að að leggja niður sóknardagakerfið. Það er bara svo einfalt og um það snýst þetta alfarið. Við héldum hér í þinginu í vetur og haust að við værum að ræða tillögur sem miðuðu að því að festa sóknardagakerfið í sessi, finna því eðlilegan og sanngjarnan grundvöll innan fiskveiðimunsturs þjóðarinnar. Í umræðum hér á þingi kom ekki annað fram en að það væri meiningin í tillöguflutningi og við héldum að það væri ærlega meint af öllum þingmönnum, annað kom ekki fram á þinginu. Þegar við vorum að fjalla um þetta mál í hv. sjútvn. varð ég aldrei var við annað. Menn deildu jú um hvernig hægt væri að finna eðlilegan og sanngjarnan grundvöll fyrir þetta sóknardagakerfi sem þokkaleg sátt gæti orðið um, en aldrei fyrr en einn eða tvo síðustu dagana sem málið var til umfjöllunar í nefndinni var rætt um annað.

Þannig að ég verð, virðulegi forseti, að átelja harðlega þau vinnubrögð sem þarna voru viðhöfð í hv. sjútvn. og á síðustu klukkutímum í störfum nefndarinnar kom frv. úr sjútvrn., algjörlega nýtt og gjörbreytt frá því sem áður hafði verið til meðhöndlunar í nefndinni. Þetta er staðreynd málsins.

Í umræðunni hér hefur verið rifjað upp hvernig sóknardagakerfið varð til. Það fannst smuga í kvótakerfinu en það hafði verið einbeittur vilji stórútgerðarinnar og forustumanna í sjávarútvegi hjá ríkisstjórninni að koma á og láta það taka til allra fiskveiða. Þá fannst þessi smuga með sóknardagakerfinu. Það var í þeim byggðarlögum sem hafa farið verst út úr kvótakerfinu, í byggðarlögum þar sem aflaheimildir hafa verið seldar burtu í stórum slumpum og smáum — þrátt fyrir gefin loforð og yfirlýsingar um að það muni aldrei gerast heldur væri hér fyrst og fremst um hagræðingu að ræða — en aflaheimildirnar streymdu burt úr byggðarlögum Vestfjarða, norðvestursvæðisins og víðar. Þá fannst þessi smuga, þessi sóknardagasmuga.

Hvernig hefði nú farið fyrir byggðarlögunum á Vestfjörðum sem voru með einstaklinga sem gátu beitt orku sinni og afli í að nýta þessa smugu sem fannst til þess að byggja upp atvinnulíf á ný á þessum svæðum? Hvernig hefði farið fyrir þeim ef það hefði ekki tekist? Auðvitað var sú harða og eindregna sjálfsbjargarviðleitni þessa fólks litin hornauga og öfundaraugum af þeim sem vildu fá að sölsa undir sig og eiga allar framseljanlegar kvótaheimildir til veiða á Íslandi. Auðvitað var þetta fleinn í holdi þeirra. Og það hefur svo sem orðið betur og betur ljóst í umræðunni nú á undanförnum missirum að það var staðfastur vilji stórútgerðarinnar og talsmanns hennar hér innan ríkisstjórnar og inni á Alþingi að drepa þetta kerfi. Okkur hefur öllum verið það ljóst. Þetta voru pólitísk átök. Þetta voru átök um tilvist þessa kerfis eða ekki. Okkur hefur öllum verið það ljóst, enda erum við nú að sjá hvernig þessi harða kvörn fjármagnsins malar. Hún malar þetta kerfi í mola.

Það er meira að segja ekki horft í þann fórnarkostnað, enda er hann smámunir, fórnarkostnað sem verður að leggja í til þess að kaupa þetta kerfi út af markaðnum. Aflaheimildir sem áður voru taldar allt of miklar fyrir þennan flota, eru nú auknar til þess að geta keypt hann út úr þessu fiskveiðimunstri. Til að geta keypt burt þetta sóknarkerfi. Menn hafa verið að bæta hér í. Síðast áðan var hv. formaður sjútvn. að bæta hér í vegna þess að það fannst bátur sem þurfti að bjóða aðeins meir. Ég er ekki að gera lítið úr því að það eigi að huga vel að hagsmunum einstaklinganna í þessari grein. Það má vel vera að margir einstaklingar sem nú eru í sóknardagakerfinu og veiða samkvæmt því, geti tímabundið séð

persónulegum hag sínum betur borgið með því að ganga að tilboði og gylliboðum sjútvrh., enda er það tilgangur hæstv. ráðherrans að kaupa þá út. Það er ekkert óeðlilegt að hver og einn líti þá í eigin barm og sjái hvernig hann persónulega komi út, sérstaklega þegar enginn annar valkostur er í boði. Ég er ekki að gagnrýna þá sjómenn, þá útgerðarmenn, sem horfa á þetta mál frá persónulegu sjónarmiði úr því sem komið er. Alls ekki.

Ég gagnrýni að það skuli vera vegið með svona miskunnarlausum hætti að þessu fiskveiðimunstri, þessum fiskveiðimáta sem sóknardagakerfið var. Það gagnrýni ég og að mínu mati hefur verið farið aftan að þessu kerfi, verið farið með lúalegum hætti aftan að þessum hóp sem hefur verið í sóknardagakerfinu. Það hefur markvisst verið reynt að brjóta niður samtök sjómanna innan þessa sóknardagakerfisins, boðin gylliboð, reynt að brjóta félagsskapinn niður, öllum meðulum hefur verið beitt til þess að sundra þessum hóp, til að eiga síðan auðveldara með að ná til hans og taka hann á því uppboði eða uppkaupum sem við erum nú vitni að.

Þess vegna vil ég aftur hverfa til þess sem ég sagði hér í upphafi að við sem stöndum að þessum brtt. sem miða að því að festa sóknardagana í sessi flytjum þær vegna þess að við höfum trú á þessum málstað. Við höfum trú á því að þessi þáttur eigi að vera fastur hluti af fiskveiðimunstri þjóðarinnar. Við teljum það. Þess vegna erum við að flytja þessa tillögu. Þess vegna erum við að berjast fyrir þessum málstað, ekki hvernig einstaka sjómaður sem núna er að veiða kemur út úr því persónulega miðað við eitt eða annað tilboð. Þetta vil ég að við höfum algerlega á hreinu.

Ég vil líka gagnrýna aðkomu Hafrannsóknastofnunar að þessu máli. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar hefur komið hvað eftir annað á fundi nefndarinnar og lýst þessum og hinum áhrifum af fiskveiðimunstri, sagt að hann hafi sjálfur ekki neina persónulega skoðun á málinu, en hefur samt eindregið að því er virðist hvatt til þess að sóknardagakerfið verði brotið niður. Ég hef upplifað það þannig.

Þá er mér spurn. Hvar liggja áherslur Hafrannsóknastofnunar í rannsóknum á fiskveiðislóðum landsins? Hvar liggja þær? Stöðugt koma auknar og bættar upplýsingar þvert á pólitíska skoðun stofnunarinnar um að hér séu til staðbundnir stofnar á grunnslóð, meira eða minna staðbundnir, eða sem haldi sig afmarkað um lengri eða skemmri tíma á ákveðnum stöðum á grunnslóð. Það hafa líka komið vísbendingar um að það beri að skoða grunnslóðarfiskinn sérstaklega og vera með svæðisbundna fiskveiðistjórnun. Það er trú mín og skoðun að eitt það brýnasta í rannsóknum og ráðgjöf við fiskveiðar hér á landi sé nú að kanna ástand og hegðan fisksins á grunnslóð og skapa grundvöll til staðbundinnar ráðgjafar og veiðiheimildaúthlutunar eins og hér hefur verið. Þetta er einn af veikustu hlekkjum í starfi Hafrannsóknastofnunar. Það þarf að taka þessi mál, ástand fisksins á grunnslóð, veiði og veiðarfæranotkun og lífríki og umgjörð lífríkisins á grunnslóð, til skoðunar og rannsókna og vera með staðbundna veiðiráðgjöf. Þar einmitt geti floti eins og þessi sóknardagafloti verið mjög virkur og nýst og verið hluti af slíkri fiskveiðistjórnun.

Frú forseti. Það getur enginn sagt fyrir hvaða breyting þetta kerfi hefur fyrir atvinnulíf og afkomu sjávarbyggðanna sem hafa treyst á þessar veiðar. Við vitum það eitt að sú smuga sem opnaðist í kvótakerfinu með sóknardögunum var lífsbjörg fyrir byggðirnar á Vestfjörðum og víðar, sem lentu mjög hart úti í hinu framseljanlega kvótakerfi. Við vitum það. Ef það hefði ekki komið til, þá væri ástandið mun alvarlegra en við nú horfum upp á.

Við vitum ekki hvað gerist nú við þessar breytingar. Við vitum það eitt að það hefur verið að byggjast upp atvinnulíf, fiskiðnaður, rekstur hafna, þjónustu, vítt og breitt um landið á grundvelli þjónustu við þennan flota. Við getum nefnt Skagaströnd. Við getum nefnt Hólmavík og Drangsnes og Norðurfjörð. Við getum nefnt Suðureyri, Bolungarvík. Við getum nefnt allar hafnir á Vestfjörðum og víðar og víðar við landið, Hrísey, sem hafa verið að byggja upp atvinnulíf sitt á grundvelli þessa flota, við að stíla upp á og geta í auknum mæli tekið þann fisk sem berst á land og unnið hann heima fyrir. Það er sagt að ekki ætti að vera neitt því til fyrirstöðu að bátar á aflamarki geti farið og veitt með sama hætti. En hvaða bátar eru það? Er víst að menn hafi afl til þess á þessum stöðum til að kaupa báta og fara að gera út frá þeim á aflamarki? Vonandi einhverjir, en það er alls ekki sjálfgefið.

Til viðbótar er það þetta svæði á landinu sem hefur einmitt búið nú við hvað ótryggust atvinnuskilyrði, fólksflutninga, lágar tekjur, lækkandi tekjur og erfiðleika í rekstri sveitarfélaga vegna minnkandi tekna sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Einmitt þetta svæði er nú verið að setja í uppnám. Sjútvrh. hefur lofað að hann skuli skoða í þann pott sem hann fékk nú fyrir áramótin að ráðstafa eftir eigin geðþótta ef einhver byggð færi illa út úr þessum breytingum. Hve oft höfum við ekki heyrt þessar setningar? Að hæstv. sjávarútvegsráðherra væri af náð sinni reiðubúinn að skoða þetta og hitt. Ja, mikil er náð hans. Ef byggðirnar eiga að vera upp á geðþótta og persónulega náð sjávarútvegsráðherra hvað þetta varðar, ég skal ekki gera lítið úr því að hann geti einstaka sinnum gert gagn, en miklu frekar vildum við hafa annað kerfi á. Það er alveg víst.

Frú forseti. Það má lengi ræða þetta mál. En það hefur verið rætt ítarlega nú hér þessa dagana. Það er ljóst að það er verið að slá sóknardagakerfið af, a.m.k. í bili.

Ég vona það að t.d. í kjölfar þess að núverandi ríkisstjórn fari frá, þá gefist svigrúm og möguleiki til að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið og sú endurskoðun miði að því að treysta betur rétt fólksins í byggðunum vítt og breitt um landið til auðlindar sinnar, treysta betri nýtingu fiskimiðanna til þjóðarhags. Ég vona að sú stund verði sem allra fyrst að það gefist tækifæri til þess að losna við þessa ríkisstjórn, þessa stefnu í sjávarútvegsmálum og að breytt verði um kúrs og þá fái markmið fiskveiðistjórnarlaganna staðist í raun, en eitt af grundvallaratriðum þeirra kveður á um að atvinna, byggð og búseta vítt og breitt um landið skuli tryggð á grundvelli þessarar auðlindar.

Það er dapurlegt að horfa upp á ef sú verður raunin að sóknardagakerfið verði nú lagt af, en við skulum vona að það komi samt betri tíð og við fáum að endurskoða og gjörbreyta þessu meingallaða og óréttláta fiskveiðistjórnarkerfi sem við nú búum við.

[18:16]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Með þessu frv. á að útrýma sóknardagakerfi smábáta fyrir fullt og allt. Færsla þessa kerfis yfir í króka-aflamark mun hafa margvíslegar afleiðingar. Í fyrsta lagi ber að nefna að nýliðun verður hér eftir svo til ómöguleg í greininni þar sem horfið verður frá sóknarmarki yfir í sölu- og leigubraskkerfi aflaheimilda.

Í öðru lagi vil ég nefna þann skaða sem Norðvest. verður fyrir í atvinnu- og efnahagslegu tilliti. Samdráttur í lönduð-

um afla í kjördæminu mun að öllum líkindum verða vel á fjórða þúsund tonn af bolfiski á ársgrundvelli.

Í þriðja lagi er deginum ljósara að rekstrarskilyrði fiskvinnslna vítt og breitt um landið munu verða gerð afar erfið yfir sumarmánuðina sem eru jafnframt allra síðustu mánuðir kvótaársins, en kvótaárinu lýkur á hverju ári þann 31. ágúst. Sóknardagabátarnir hafa aflað fjölmörgum fiskvinnslum hráefnis á þessum árstíma. En eins og öllum er kunnugt um er mjög algengt að útgerðir skipa í aflamarkskerfi klári aflaheimildir sínar á vormánuðum og jafnvel fyrr á árinu. Því mun lagasetningin óhjákvæmilega hafa gríðarleg áhrif á hráefnisflæði yfir sumartímann og jafnvel stuðla að fjöldauppsögnum í fiskvinnslum vítt og breitt um landið á vormánuðum hér eftir.

Í fjórða lagi ber að nefna brottkastið, virðulegur forseti. *Með færslu frá sóknarkerfi yfir í sölu- og leigubraskkerfi* aflaheimilda hefur reynslan ítrekað sýnt okkur að brottkast mun stóraukast á Íslandsmiðum.

Að síðustu er varðar óhjákvæmilegar afleiðingar af frv. ber að nefna óöryggi hinna dreifðu byggða þar sem oft og títt hefur sannast í ræðum stjórnarliða að markaðurinn eigi fyrst og síðast að ráða í þeim efnum. Þeim fullyrðingum og rökum stjórnarliða hafna ég og mótmæli harðlega. Réttur einstaklingsins, réttur sjávarbyggða, atvinnuöryggi á landsbyggðinni og frumburðarréttur allra Íslendinga til nýtingar á þjóðarauðlindinni á að hafa meira vægi en hinn tíðræddi markaður stjórnarliða. Með því að heimila sölu- og leigubrask aflaheimilda hjá einkafyrirtækjum er stórlega vegið að greininni með gegndarlausum stórskuldbindingum og aukaálögum á greinina. Þeir einu sem hagnast á slíku kerfi eru stóreigendur aflaheimilda sem leigja frá sér réttinn, einstaklingar sem hverfa úr greininni með hundruð og jafnvel milljarða íslenskra króna í vasanum, ásamt hinum fjölmörgu fjármálastofnunum sem að óþörfu taka óheyrilega háan skerf af raunverulegum hagnaði í okkar stærsta atvinnuvegi, sjávarútveginum.

Frú forseti. Stjórnarliðar hafa enn og aftur í þessu máli staðfest vilja sinn og hugsjónaleysi fyrir framvindu íslensks sjávarútvegs. Ekki endurspeglast nokkur vilji hjá stjórnarliðum til að ná fram sátt um íslenskan sjávarútveg. Því munu eldar ófriðar loga áfram um þessi mál á meðan núverandi ríkisstjórn situr að völdum.

Í lok ræðu minnar, frú forseti, get ég ekki orða bundist um þátt hv. þingmanna stjórnarliðsins í Norðvest. Allir með tölu hafa þeir gefið til kynna í loforðum og ræðum að þeir vilji áfram vöxt og viðgang sóknarkerfisins. Allir hafa þeir beint og óbeint lýst yfir vilja sínum á að ná fram 23 daga gólfi á sóknardögum handfærabáta. Það hafa þeir sagt á fjöldafundum vestra, bæði fyrir og eftir síðustu alþingiskosningar.

Virðulegur forseti. Skyldi svo verða að einungis einn stjórnarliði, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, greiði atkvæði gegn frv.? Ég lýsi yfir undrun minni, bæði sem þingmaður og íslenskur kjósandi, ef hv. þingmenn stjórnarliða í Norðvest. ætla sér virkilega að ganga á bak orða sinna og fyrri loforða um varðsetu þeirra fyrir sóknardagakerfinu. Hver er æra og sannfæring þingmannanna, virðulegur forseti? Svarið við þeirri spurningu minni mun koma í ljós við atkvæðagreiðslu síðar í dag.

[18:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skörulega var ræðan flutt hjá hv. þm. og víst er að ekki var ofmælt hvað mig varðar. Ég hef verið þeirrar skoðunar að sóknardagakerfið væri það sem við ættum að styðjast við. Ég vil spyrja hv. þm. úr því að hann velur svo hörð orð þeim til handa sem kjósa að styðja aðra niðurstöðu vegna þess að það er sú besta niðurstaða sem þeir telja völ á: Hvers vegna leggja hv. þm. og félagar hans ekki til að það verði sóknardagakerfi með 23 dögum? Hvers vegna leggja hann og félagar hans ekki til sóknardagakerfi með gólfi? (**GÖrl:** Við erum löngu búnir að leggja það til.)

[18:21]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef verið að störfum hér í vetur og hef kynnt mér sjávarútvegsmál af alúð. Því spyr ég til baka hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort honum sé ekki kunnugt um frv. þingflokks Frjálsl. og þingflokks Vinstri grænna um einmitt það sem hann spurði um, að sett verði 23 daga gólf í sóknardagakerfið.

[18:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er kunnugt um það frv. en mér er líka kunnugt um breytingartillöguna sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja um 22 daga hámark en ekki 23 daga gólf og ekkert gólf. Miðað við útfærslu þeirra á tillögunni er líklegt að næstu ár verði sóknardagar bátanna ekki fleiri en 15–16. Það eru ekki 23 dagar, herra forseti.

[18:23]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er að reyna að draga athygli þessa máls frá kjarna málsins. Það liggur fyrir í þinginu frv. frá Frjálsl. og Vinstri grænum um 23 daga gólf í sóknardagakerfi. Ekki hef ég séð, frú forseti, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, nú á síðustu dögum þingsins, ganga fram eins skörulega og hann gerði í fjölmiðlamálinu og lýsa yfir vilja sínum, staðföstum vilja sínum um að það mál, mál Frjálsl. og Vinstri grænna, nái fram að ganga í þinginu.

[18:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þann 13. september á síðasta ári var haldinn fjölmennur fundur á Ísafirði. Kjörorð fundarins var „Orð skulu standa“. Á þann fund mættu nokkur hundruð manns, mest Vestfirðingar en líka fólk sem kom frá öðrum stöðum á landinu. Á fundinn mættu líka sveitarstjórnarmenn, allir þingmenn Norðvest., eða svo til allir, auk fleiri þingmanna. Fundurinn var haldinn til að ganga á eftir loforðum stjórnarflokkanna frá því í kosningabaráttunni, loforðum sem stjórnarflokkarnir virtust ætla að svíkja. Menn boðuðu til fundar undir kjörorðinu „Orð skulu standa“ til að knýja á um það að stjórnarflokkarnir stæðu við það sem þeir höfðu lofað í kosningabaráttunni. Á fundinum voru fluttar margar merkilegar ræður sem eftir var tekið mjög víða um land því það var nú einu sinni svo, hæstv. forseti, að mjög margir Íslendingar trúðu þá, jafnfurðulegt og það hljómar, orðum stjórnarliða og treystu því að það væri eitthvað að marka sem þeir sögðu, það væri eitthvað að marka allan fagurgalann um umhyggju þeirra fyrir hag hinna dreifðu byggða landsins, fyrir hag sjávarbyggðanna. Fólk trúði því að það væri eitthvað að marka loforð um línuívilnun sem síðan voru svikin því sú línuívilnun sem kom loksins fram á borðið eftir mikið japl, jaml og fuður, var hvergi lík því sem fólk hafði gert sér í hugarlund eða vaktar höfðu verið væntingar um að yrði.

Á þessum fundi voru til að mynda þrír þingmenn eða allir þingmenn Norðvest. spurðir að því hvað þeir hygðust

gera fyrir hina svokölluðu dagabáta. Hvað þeir hygðust gera fyrir þá báta því þeir hafa skipt miklu máli fyrir atvinnulífið vítt og breitt í kringum landið og sóknardögum þeirra hefur stöðugt verið að fækka á undanförnum árum. Það hefur verið sótt hart að þessum bátum.

Ég var á fundinum og ég man hvað þessir þingmenn sögðu allir sem einn, man það mjög vel því ég hljóðritaði allt sem þeir sögðu og skrifaði það síðan upp og lagði út á netið. Þar eru orð þeirra enn í dag og þar munu þau verða. Þau orð munu verða hv. þingmönnum Kristni H. Gunnarssyni, Einari K. Guðfinnssyni og Einari Oddi Kristjánssyni til ævarandi skammar því allir sem einn sögðust þeir styðja það að sett yrði gólf fyrir þessa dagabáta. Þeir lofuðu því og sögðu að þeir væru að vinna að því og þeir mundu sjá til þess að þessi floti yrði varinn í því kerfi sem hann var í. Það verður svikið síðar í dag þegar frv. sem nú liggur fyrir fer í gegnum þingið og verður samþykkt.

Undanfarna daga hef ég verið að skoða ýmislegt sem þessir þrír hv. þingmenn, mennirnir sem eru nú að bregðast á ögurstundu, hafa látið frá sér á undanförnum missirum, bæði í ræðu og riti. Ég hef hvergi fundið þess stað að þeir væru nokkurn tímann á neinum tímapunkti að íhuga það að þessi floti ætti að fara í kvóta. Hvergi. Ekkert einasta orð. Hins vegar hef ég fundið mikið af alls kyns fagurgala og froðusnakki. Það sér maður í dag þegar maður skoðar það sem liggur eftir þessa hv. þingmenn. Þetta er ekkert annað en froðusnakk. Alls kyns froðusnakk um hvað smábátaútgerðin sé mikilvæg, hvað hún sé atvinnuskapandi, hvað það sé mikilvægt að verja þann flota. Ég get m.a. vitnað hér dæmi mínu til stuðnings í tilvitnun eftir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson í Morgunblaðinu þann 8. nóv. árið 2002. Hann segir, með leyfi forseta:

„Uppbygging smábátaflotans er eina vörn sjávarbyggðanna og það smáræði sem smábátarnir hafa verið að fiska hefur þó bjargað því sem bjargað hefur verið í sjávarbyggðum."

Þetta er dæmið um fagurgala hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem nú hefur lyppast niður og lýsti hér úr ræðustól yfir algerri uppgjöf þegar málið var til 2. umr.

Hvað segir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson? Hann segir við blaðið Bæjarins besta, með leyfi forseta, þann 2. nóvember árið 2000:

„Á það var bent fyrir skömmu að smábátar sköpuðu líðlega fimm prósent af heildarverðmætinu í landinu. Getur það virkilega verið að það séu þessi fimm prósent sem séu að valda vandræðum í stjórnkerfi fiskveiða? Getur það virkilega verið að það séu þessi fimm prósent af heildaraflaverðmætinu sem skekki heildarsamkeppnisstöðu annarra sem starfa í sjávarútvegi í dag? Ég trúi því ekki."

Þetta er bara eitt af mörgum ummælum sem hann hefur látið fara frá sér þar sem hann hefur verið að berja sér á brjóst og útmála sjálfan sig sem einn fremsta varnarmann fyrir þennan flota. Hann hefur hreykt sér hátt eins og hani á haug yfir því hvað hann hafi verið duglegur að verja þennan flota, hvað hann hafi unnið mikið og gott starf fyrir þennan flota, m.a. með störfum sínum í sjútvn. þingsins. Ja, heyr á endemi, segi ég.

Það setur að manni sorg þegar maður les skrif og ummæli þessara hv. þingmanna. Hvað sagði t.d. Einar Kristinn Guðfinnsson í fyrra í kosningabaráttunni þegar hann réðist harkalega á forstjóra Samherja? Jú, hann sagði m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Við munum líka fagurgalann um að útgerðin vestra yrði efld og aukin viðskipti við fyrirtækin á norðanverðum Vestfjörðum. Þetta sagði Þorsteinn Már ekki einasta mér, heldur hafði hann þetta allt saman yfir mannskapnum á skipinu, á fundum og í fjölmiðlum.

Það þarf ekkert að rekja þetta frekar. Það stóð ekki eitt einasta orð hjá forstjóranum. Ekki eitt einasta orð. Flóknara er það nú ekki."

Svo segir hann hér síðar, með leyfi forseta:

„Nú er öldin önnur. Nú reynir samherjaforstjórinn ekki lengur að sýna á sér mjúku hliðina. Hann stritast stöðugt við að níða skóinn niður af Vestfirðingum með naggi sínu og heitingum. Það virðist sem fleinn í holdi hans að smábátasjómenn eigi veiðirétt sem hann getur ekki læst klóm sínum í og nú síðast grípur hann til þess lúalega óyndisúrræðis að reyna að etja sjávarbyggðunum í landinu gegn Vestfirðingum! — Þvílík lágkúra og þvílíkt dæmi um lítilmótlegt viðmót slíks höfðingja.

Allt virðist þetta stafa af því að á Vestfjörðum eins og víðar á landinu er nú blómleg útgerð smábáta. Þökk sé löggjöf sem hefur fært þeim veiðirétt. Og enn yfir það skap Þorsteins Más að vita til þess að við sjálfstæðismenn höfum ákveðið að beita okkur fyrir því að treysta betur stöðu strandveiðiflota sem tryggir sjávarbyggðunum um land allt hráefni. Þannig að fólkið sem þar býr, vinnufúsar hendur, geti fengið störf í atvinnugrein sem er og hefur verið forsenda byggðanna við strandlengjuna."

Þetta sagði Einar Kristinn Guðfinnsson í grein sem varla er orðin eins árs gömul. Þetta var sá boðskapur sem hann fór með inn í kosningabaráttuna, þessi hugrakki riddari og boðberi atvinnustefnu landsbyggðarinnar. Boðberinn fyrir líf sjávarbyggðanna. Þingmaðurinn frá Bolungarvík. (**Gripið fram í:** Hann verður ekki kosinn aftur.) Hann verður ekki kosinn aftur. Ég tel að þessir menn séu núna að gera afdrifaríkustu mistökin sem þeir hafa nokkurn tímann gert á sínum pólitíska ferli. Það sem er að gerast nú í dag á eftir að hafa svo víðtækar og grafalvarlegar afleiðingar að mann óar við því. Þessar trillur fara í kvóta. Gott og vel. En hvað mun gerast?

Nú síðdegis hringdi í mig einn af þessum mönnum, útgerðarmaður í Ólafsvík. Hann sagði: „Hér í Ólafsvík eru menn hundóánægðir. Menn eru hundóánægðir með þetta frumvarp. Það er ekki að skila neinu. Þetta er engin lausn og það er ekkert að marka þó að nokkrir menn hafi komið hér úr þorpinu og farið á fund sjávarútvegsnefndar og talað fyrir því að allir vildu fara í kvóta. Það er ekki rétt. Það er ekki satt. Þetta er blekking. Hér munu flestir fá það lítinn kvóta að þeir sjá fram á það að þeir muni ekki geta lifað af honum. Þeir munu selja frá sér kvótana, pakka saman og flytja suður." Þetta sagði þessi ágæti útgerðarmaður við mig í dag og ég trúi honum. Mjög stór hluti þessara manna mun selja veiðiheimildir sínar, pakka saman og flytja á brott. Þetta verða afleiðingarnar.

Það er tregara en tárum taki að þessir þrír þingmenn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, skuli hafa brugðist núna á ögurstundu því nú er runnin upp ögurstund.

Ég er alveg sannfærður um að það var alveg hægt að finna pólitíska meiri hluta fyrir því á Alþingi að verja dagakerfið, gera ákveðnar endurbætur á löggjöfinni en verja dagakerfið. Það er afskaplega þreytandi að hlusta á Kristinn H. Gunnarsson, manninn sem svo margir höfðu treyst og

trúað, koma hér upp í pontu hvað eftir annað til að reyna að níða niður breytingartillögur minni hluta sjútvn. Það er mjög svo dapurlegt að hlusta á þann málflutning.

Það er hægt að búa til góð sóknarkerfi. Það er mjög auðveldur leikur en að sjálfsögðu er lykillinn að því sá að menn verða að gera eitthvað sem takmarkar veiðigetu flotans. Sóknarstýring — það felst í orðinu. Menn stjórna sókninni. Það hefði hæglega verið hægt að gera með því að setja gólf hjá þessum bátum og setja síðan skýrar reglur um hver veiðigeta bátanna ætti að vera. Þær reglur hafa aldrei verið settar og ég er alveg viss um að það hefur verið gert af ráðnum hug. Það hefur verið gert af ráðnum hug af stjórnvöldum vegna þess að þau vildu þetta kerfi feigt. Þau vildu geta staðið eins og þau standa núna og sagt: Það verður að koma böndum á þessa menn, það verður að koma böndum á þennan flota, hann verður að fara í kvóta. Þetta er stóra samsærið. Hæstv. sjútvrh. hefði að sjálfsögðu átt að setja skýrar reglur fyrir löngu um það hvernig hægt er að stjórna veiðigetu þessa flota. En það hefur hann ekki gert. Það hefði verið hægt að setja ákvæði um rúllufjölda, þessa vegna vélarstærðir, hvaðeina. Það eru ótal breytur sem hægt er að beita í fiskveiðistjórn til að hafa áhrif á veiðigetu skips. Ótal breytur. Svæðalokanir, tímatakmarkanir. Það eru miklir möguleikar til að gera slíkt. En það var ekki gert.

Ég hlakka til þess að heyra ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á eftir. Það verður athyglisvert því ég hef undanfarna daga verið að lesa greinar hans sem hafa hina ýmsu titla. Hér t.d. ein sem heitir Dramb er falli næst. Hún fjallar um vestfirskar sjávarbyggðir og mikilvægi þeirra og hvernig á að styrkja þær. Hér er önnur grein sem heitir Sjávarplássið er auðlind. Auðlind, hæstv. forseti, sem nú á að eyðileggja. Hér er enn ein greinin Veikar byggðir gerðar veikari. Og hér er enn ein Að tryggja atvinnugrundvöll sjávarbyggða. Enn einn „klassíkerinn". (**Gripið fram í:** Þetta eru góðar greinar.) Þetta eru góðar greinar ef það væri eitthvað að marka sem í þeim stendur, hv. þm., en því miður sér maður það núna þegar maður les þær að það er ekkert að marka eitt einasta orð í þeim. Þær eru góðar. Þær eru margar hverjar mjög vel skrifaðar og maður getur hrifist af þessum greinum þegar maður les þær. Að sjálfsögðu. En þetta eru bara orðin tóm, það sér maður í dag. Hér er ein sem heitir Samherji og byggðakvóti. Þar er lagt í herferð gegn Samherja, því vonda fyrirtæki sem stal Guggunni frá Vestfirðingum, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur margoft bent á. Hér er enn ein grein sem heitir Þeir einir fengu kvóta sem til þess höfðu unnið. Þar er þingmaðurinn að spyrja sig að því: Af hverju fengu hinir ekki líka kvóta? Hvar er réttur fólksins í sjávarbyggðunum? Hvar er réttur allra hinna? Af hverju fengu þeir ekki líka kvóta? Hvaða réttlæti er því að þeir séu skildir eftir? Þetta eru mjög góðar spurningar. Að sjálfsögðu. Hvar er réttur þeirra sem nú verða skildir eftir? Hvar er réttur þeirra sem nú eru að veiða kvótalaust, hinna svokölluðu leiguliða, sem eru að borga sægreifunum okurpeninga fyrir það að fá að stunda veiðar? Af hverju fá þeir ekki kvóta líka núna? Af hverju eiga trillurnar að fá kvóta? Hvaða rétt hafa trillurnar til að fá kvóta? Þær hafa ekki nokkurn einasta rétt til að fá kvóta. Engan. Þær hafa nýtingarrétt á auðlindinni, ég skal taka undir það, og ég vil ekki taka hann frá þeim. Þessir menn eiga að halda áfram að veiða fisk. En að segja það að þeir eigi óveidda fiskinn í sjónum, ég tek aldrei undir þá fásinnu. Aldrei.

Mig langar til að koma með þá spurningu núna og menn ættu að íhuga hana. Hvers vegna fá þeir sem eru kvótalausir í dag, hafa verið að harka í kerfinu árum saman við mjög erfiðar aðstæður, hafa spilað með kerfinu og greitt sinn skatt til sægreifanna, heldur betur, kannski 70% af öllu því sem þeir draga úr sjó rennur heilt og óskipt í vasa þeirra sem eiga kvótana — af hverju fá þessir menn ekki kvóta í dag? Af hverju látum við þá ekki hafa kvóta? Í þeim hópi eru margir af duglegustu sjómönnum Íslands, menn sem lifa af við gríðarlega erfiðar aðstæður, menn sem eru að basla í fátækt en eru samt að róa til fiskjar og skapa þjóðinni gjaldeyristekjur. Þeir ættu að fá kvóta. Hér hjólar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson í LÍÚ: Hrokinn hjá framkvæmdastjóra LÍÚ.

Hér er svo síðasta greinin, hún birtist haustið 2003 og hefur titilinn Gefið, logið og svikið. Og hver eru upphafsorðin?:

„Atvinna er undirstaða byggðar. Á Vestfjörðum er það sjávarúrvegur sem ber uppi atvinnulíf og hefur gert alla tíð." (Forseti hringir.) — Með leyfi forseta.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti minnir hv. þm. á að biðja um leyfi forseta.)

Já, með leyfi forseta. Ég held áfram, með leyfi forseta.

„Síðasta áratug hefur mikið gengið á þar vegna mikils samdráttar í þorskveiðum, en þær veiðar eru uppistaðan í atvinnugreininni. Mörg fyrirtæki stóðu ekki af sér samdráttinn og frá fjórðungnum hafa flust um 40% af veiðiheimildum. Enginn annar landshluti hefur mátt þola annan eins samdrátt. Alþingismenn kjördæmisins brugðust við með því að fá opnaðan möguleika fyrir nýja aðila inn í atvinnugreinina með útgerð smábáta. Þeirri leið hefur nú verið lokað."

Og nú er verið að læsa hurðinni og það er ekki nóg með að henni sé læst, heldur er hún negld aftur og síðan múrað fyrir. (**Gripið fram í:** Og lyklinum hent.) Og lyklinum hent á sextugt hafdýpi. Að þessu ætlar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að standa. Þetta er alveg með ólíkindum og í raun og veru mjög sorglegt. Því það er alveg ljóst að núna munu Vestfirðingar missa aflaheimildir. Þetta mun færast til. Þetta mun allt saman riðlast. Og margar af þessum byggðum fyrir vestan sem hafa byggt afkomu sína á þessum veiðum á undanförnum árum munu veikjast enn frekar. Hið sama gildir um margar aðrar byggðir því menn munu núna fara að braska með óveiddan fiskinn í sjónum eins og þeir hafa alltaf gert þegar þeim hefur verið réttur kvóti.

Núna er verið að láta einstaka trillusjómenn hafa kvóta fyrir fleiri tugi milljóna. Maður sem fær 40 tonna kvóta getur sennilega selt hann fyrir 30 milljónir, 40 tonn, og stungið þeim peningum beint í vasann.

Hér er annar þingmaður sem ég hef nefnt, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Gerð er könnun haustið 2002. „Flestir kjósendur í Norðvesturkjördæmi hafa mest álit á Einari Kristni" er titillinn, mest álit á Einari Kristni. Hvernig skyldi hann fara út úr slíkri könnun í dag? Hann skrifaði í vor, fyrir nokkrum vikum síðan, með leyfi forseta:

„Öryggisleysinu sem verður þegar ótti skapast við að aflaheimildir hverfi og að veiðirétturinn verði afnuminn. Það hefur orðið hlutskipti margra. Ekki þarf að nefna dæmin, þau eru í fersku minni fólksins. Nauðvörnin var eins og menn vita oft á tíðum, veiðikerfi smábátanna."

Nauðvörnin. Þetta skrifaði þingmaðurinn 29. mars sl. Nú er hann búinn að venda sínu kvæði í kross og ætlar að senda þennan flota á bálið. Stóran hluta af þeim flota beint á bálið fyrir skammtímagróða. Það er það sem gerist. Menn munu selja atvinnutækin og nýtingarréttinn fyrir skammtímagróða.

Það er eins og að pissa í skóinn sinn. Eftir sitja byggðirnar, atvinnustigið í byggðunum mun minnka, verðmæti húseigna og annað þar fram eftir götunum mun rýrna. Það verður eignamissir hjá flestum en örfáir útvaldir fá allt í einu mikið af peningum í vasana, en hinir munu fá að líða fyrir þetta, fólkið í þessum byggðum.

Hér er grein eftir hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson frá 1. maí árið 2003 og þar stendur, með leyfi forseta:

„Við höfum styrkt dagakerfið — þeir vilja ekki sjá það.

Við höfum hins vegar á þessu kjörtímabili verið að styrkja forsendur þessa kerfis. Horfið hefur verið frá því að mæla sóknareiningarnar í dögum. Nú eru þær mældar í klukkustundum. Þetta fyrirkomulag er manneskjulegra og betra fyrir þá sem þessar veiðar stunda. Hópi sjómanna var síðan gefinn kostur á að stunda útgerð sína innan þessa fyrirkomulags." — Svo ræðst hann á Samf.:

„Það var þetta kerfi sem þeir samfylkingarmenn vildu afnema og setja inn á uppboðsmarkaðinn. Sem betur fer var því afstýrt."

Nú er liðið eitt ár frá því að þessi grein var skrifuð. Nú hefur taflborðið heldur betur snúist við því nú er Samf. að taka þátt í örvæntingarfullri tilraun stjórnarandstöðunnar til að reyna að bjarga þessum flota. Því það er svo að við í stjórnarandstöðu, minni hlutanum ef svo má segja, gerum okkur fulla grein fyrir því hvað hér er að gerast.

Hæstv. forseti. Þetta kerfi mun leiða til byggðaröskunar. Það mun leiða til þess að atvinnustigið í byggðunum minnkar. Það mun líka leiða til þess að við sjáum aukningu í til að mynda slæmri umgengni um auðlindina. Það verður aukning í brottkasti.

Ég vil í lok máls míns fá að vitna í þingræðu þar sem einn af þeim þingmönnum, sem ég ekki hef nefnt enn þá í ræðu minni, sem fóru um með fagurgala og slógu sér á brjóst til að mynda í kosningabaráttunni, sagðist heldur betur ætla að verja smábátaflotann og hefur útmálað sjálfan sig sem einn af helstu forsvarsmönnum fyrir þann flota á hinu háa Alþingi. Það er hv. þm. Hjálmar Árnason, riddarinn hugumstóri frá Suðurnesjum þar sem gerðir hafa verið út margir smábátar. Hvað sagði sá hv. þm. í þingræðu árið 1995 þegar verið var að tala um að setja ætti trillur á kvóta? Hann sagði svo, með leyfi forseta:

„Ég vil að auki lýsa yfir áhyggjum mínum. Fari margir krókabátar yfir á aflamark mun það auka smáfiskadráp. Þá munu þeir bátar frá og með þeim degi að þeir hefja sókn á aflamarki hætta að veiða smáfisk. Við vitum að smáfiski er hent í dag hjá þeim bátum sem eru á aflamarki og er ekki á bætandi."

Þetta vissi þingmaðurinn árið 1995. En einhvers staðar á vegferð sinni frá því hann flutti þessa ræðu úr þeim sama stól og ég stend í núna virðist hann hafa týnt þessum vísdómi, eða kannski kýs hann að gleyma honum og lætur í dag eins og hann hafi aldrei búið yfir þeirri vitneskju.

Ég sakna þess, hæstv. forseti, að sjá ekki þrjá af þeim fjórum hv. þingmönnum sem ég nefndi í ræðu minni hér í þingsal Alþingis til að hlusta á ræður okkar þar sem við erum að gera örvæntingarfulla lokatilraun til að fá menn til að snúa af villu síns vegar, að þeir skuli ekki sitja hér og hlusta á ræðurnar, taka þátt í andsvörum og halda sjálfir ræður, því þessir menn þurfa að standa reikningsskil gerða sinna og þeir munu verða látnir standa reikningsskil gerða sinna. Þeir verða að útskýra fyrir kjósendum sínum og fólkinu í landinu af hverju þeir sviku það. Þeir verða að útskýra þau svik. Þeir verða að útskýra hvernig þeir gátu árum saman farið með þennan fagurgala, það froðusnakk sem ég hef nefnt svo, árum saman, bæði í ræðustól á hinu háa Alþingi og líka úti í þjóðfélaginu, á fundum, í fjölmiðlum, með greinaskrifum, í viðtölum. Ég öfunda ekki þá þingmenn af því hlutskipti að þurfa að útskýra það. Ég tel að það muni verða þeim þingmönnum dýrt sem farið hafa þar fremstir í flokki og staðið að þessu. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjútvn., á eftir að finna fyrir því. Því get ég lofað. Ég get líka lofað því að þeir fjórir þingmenn sem ég nefndi áður, hv. þingmenn Hjálmar Árnason og Kristinn H. Gunnarsson, báðir frá Framsfl., og hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson, munu líka finna fyrir því að þetta verður ekki gleymt.

Hvernig stendur á því að þessir hv. þingmenn eru ekki í salnum núna fyrir utan hv. þm. Kristin H. Gunnarsson? Hvar eru hv. þingmenn Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson? Ég geri það heyrinkunnugt úr þessum stól og ég vona að fólkið í heimabyggðum þeirra horfi á það sem nú er að gerast, og þó að það geri það kannski ekki núna gerir það þá vonandi á morgun, og gerir sér grein fyrir því að þessir menn eru nú á þessari ögurstundu einhvers staðar allt annars staðar en þar sem þeir ættu að vera.

[18:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þm. og er svo sem margt um hana að segja. Þó verð ég að segja að það er óvenjulegt að beina hótunum að mönnum úr ræðustóli Alþingis, þeim hótunum að menn eigi eftir að finna fyrir því. Ég veit ekki alveg hvernig ber að skilja það og það væri ekki verra ef þingmaðurinn útskýrði það fyrir okkur hvernig hann ætlar að sjá til þess að við, nokkrir þingmenn, eigum eftir að finna fyrir því að taka þær ákvarðanir sem við ætlum að taka. Kannski eiga menn eftir að finna fyrir því á netinu eða eitthvað svoleiðis, ég skal ekki segja, en hv. þm. útskýrir það væntanlega fyrir okkur.

Mér þótti athyglisvert að heyra hann setja fram hugmyndir sínar um hvernig ætti að hafa fyrirkomulag dagabátakerfisins. Ég var út af fyrir sig alveg sammála honum í því sem hann sagði, að það væri nauðsynlegt að setja takmarkanir á veiðigetu flotans eins og með vélarafl og rúllur. Ég held að menn verði, ef menn ætla á annað borð að reyna að ná einhverri samstöðu um slíkt, að viðurkenna að það verður að takmarka sóknargetuna. Hins vegar hef ég ekki séð neitt frv. frá þingmönnum Frjálsl. um slíkt. Eina frv. sem ég hef séð frá þeim er um að það eigi að vera 23 dagar og engar takmarkanir. Engar takmarkanir á veiðigetu flotans. Meira að segja er lagt til að þessum 23 dögum fjölgi með vaxandi heildarþorskveiði. Þannig að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson er búinn að lýsa yfir andstöðu við það frv. sem varaþingmaður hans, Grétar Mar Jónsson, flytur ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Það frv. liggur hjá sjútvn., 23 dagar í sóknarkerfi og engar takmarkanir á sóknargetu bátanna frá því sem nú er.

Nú hefur hv. þm. útskýrt það fyrir okkur að hann sé andvígur því frv. og þess vegna er stjórnarandstaðan og hann væntanlega að flytja tillögur sem ganga miklu skemmra en það frv.

[18:52]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég sagði að menn mundu fá að finna fyrir því, átti ég að sjálfsögðu við það að þeir mundu

finna fyrir því bæði í ræðu og riti frá þeim sem eru andvígir þeim hugmyndum sem nú eru settar fram í því lagaskrípi sem verður samþykkt seinna í kvöld. Þeir munu eflaust og alveg örugglega líka fá að finna fyrir því hjá kjósendum sínum, bæði í ræðu og riti og síðan í kjörklefanum við næstu alþingiskosningar því þetta verður ekki gleymt.

Hin spurningin eða fullyrðing hv. þm. um að ég sé allt í einu orðinn andvígur eigin frv. er gersamlega út í hött. Við litum svo á og ég hef skýrt það út áður í þessum ræðustól, að þessar breytur, þ.e. takmarkanir á veiðigetu bátanna, væru hlutir sem ætti að setja inn í reglugerðarákvæði. Þeir ættu ekki að fara undir lagasetningu. Það væru hlutir sem ráðuneytið sjálft og hæstv. sjútvrh. sjálfur ætti að skýra. Það eru reglugerðir í dag um veiðarfæri, um möskvastærðir og annað þess háttar. Þetta er bara reglugerðaútfærsla. En síðan, og ég er viss um að hv. þm. man eftir því, talaði ég um það á fundum sjútvn. að við værum alveg reiðubúnir til að fara í viðræður um að setja jafnvel eitthvað slíkt inn í lög, t.d. með rúllufjölda. Við værum tilbúnir að fara í þá vinnu að gera breytingar á frv. okkar og setja inn slík ákvæði til þess einmitt að mæta mönnum eins og til að mynda Einari K. Guðfinnssyni, sem lýsti því yfir í ræðustól að hann gæti ekki stutt frv. okkar vegna þess að það vantaði svona breytur inn í það, slík ákvæði. Við vorum meira en reiðubúnir til að fara út í það. Það hefði ekki verið neitt mál, en við litum svo á að það ætti að vera hlutverk ráðuneytisins og þá í samráði við t.d. fiskifræðinga og Hafrannsóknastofnun að þessu ætti að stýra með reglugerðum. Flóknara er það ekki.

[18:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú nokkuð létt eftir að hafa fengið þær útskýringar að hv. þm. átti ekki við það að hann ætlaði að beita handafli á okkur, láta okkur finna fyrir því með þeim hætti eins og mér fannst eiginlega liggja í orðunum en trúði ekki. Þess vegna spurði ég og sem betur fer reyndist það ekki á rökum reist að slíkt stæði til. Ég óttast ekkert að finna fyrir því í þeim skilningi að takast á um málefnið á málefnalegan hátt í umræðum. Það skulum við gera, herra forseti, og ég ber engan kvíða fyrir því.

Það liggur fyrir, herra forseti, að eina frv. frá þingmönnum Frjálsl. varðandi málið er það sem er inni í sjútvn. Það kveður á um 23 daga og engar takmarkanir á veiðigetu bátanna. Það liggur líka fyrir að núna eru þeir aðilar að brtt. þar sem gert er ráð fyrir að setja verði takmarkanir á veiðigetu. Ég er út af fyrir sig alveg sammála því að það verði að gera en þar með hafa þingmennirnir tekið U-beygju í afstöðu sinni og geta því ekki lengur stutt sitt eigið frv. óbreytt. Ég vil bara vekja athygli á því, herra forseti.

Ég vil svo segja eitt um annað sem kom fram í máli hv. þm. Hann sagði að menn mundu selja kvótann og flytja burt. Þeir sem eru í dagakerfinu munu verða í krókaaflakerfinu. Ef þeir selja kvótann fer hann til einhverra báta sem eru í krókaaflakerfinu. Hvar eru þeir? Ef við skoðun löndunarhafnir þeirra báta sem eru í krókaaflakerfinu kemur í ljós að fjórar hæstu löndunarhafnirnar af sjö eru á Vestfjörðum. Átta hæstu af tólf eru í Norðvest. Það má því leiða líkur að því að verði um kvótasölu að ræða innan krókaaflakerfisins í kjölfar þessara breytinga muni kvótinn fyrst og fremst renna í það kjördæmi.

[18:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru útúrsnúningar hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og mér finnst það ekki vera honum sæmandi því að hann veit miklu betur. Við höfum ekki tekið neina U-beygju. Við höfum alltaf verið trúir málstað okkar og erum það enn og ætlum að vera það áfram. Þegar sá dagur rennur upp að við komumst til valda munum við hrinda þessum ólögum. Við munum hrinda þeim og færa sóknarmark, vel útfært sóknarmark yfir á strandveiðiflotann og afnema kvótana. Það er okkar yfirlýsta stefna. Þeirri stefnu ætlum við að halda til þrautar. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum.

Við mundum að sjálfsögðu takmarka sóknargetu bátanna með reglum, skýrum reglum um veiðarfæranotkun, t.d. með svæðalokunum og öðrum breytum sem hægt er að nota til að stjórna sókn veiðiflotans. Það er hægt að gera með alls kyns útfærslum og er gert með mjög góðum árangri, m.a. í Færeyjum. Á meðan við ætlum að fara að setja síðustu trillurnar í kvóta vinna Færeyingar, færeyska landstjórnin, að því að gefa veiðar smábáta alfarið frjálsar. Færeyska landstjórnin vinnur að því núna, vegna þess að Færeyingar eru löngu búnir að átta sig á því, eins og sífellt fleiri eru að gera á Íslandi, að þessir smábátar eru ekki ógn við eitt eða neitt. Þeir munu aldrei ofveiða neinn fiskstofn, en þeir eru hins vegar vistvænir og þeir eru mannvænir. Þeir skapa líf og fjör í byggðum landsins.

[18:58]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Af hverju er sóknarmöguleiki í lögunum um stjórn fiskveiða? Er það ekki vegna þess að meiri hluti hefur verið fyrir því á Alþingi að sókn væri einn af þeim möguleikum sem við ætluðum að bjóða upp á? Af hverju hefur sóknin ekki verið tekin út í öllum þeim breytingum sem búið er að gera á lögunum um stjórn fiskveiða? Hlýtur það ekki að vera vegna þess að það hefur verið þingmeirihluti fyrir því að halda því inni? Af hverju hafa krókabátar í sókn verið að veiða undanfarin ár 11–12 þús. tonn á ári en ekki 2.100 eins og segir fyrir um í lögum um stjórn fiskveiða? Er það ekki vegna þess að það er vitað að það hefur verið meiri hluti á Alþingi fyrir því að þessir bátar fengju að sækja þessa daga og draga að landi þann fisk sem þeir fengju á þeim tíma?

Ég held að hingað til hafi öllum verið ljóst að á Alþingi Íslendinga er meiri hluti og hefur verið meiri hluti fyrir því að hluti af smábátunum fengi að róa í sóknarstýringu en við tækjum ekki allan flotann og settum hann á aflamark eins og nú er verið að gera með þessum lögum. Því er ekkert óeðlilegt að menn segi að hér sé um kúvendingu að ræða. Verið er að taka þá 292 báta sem sátt hefur verið um að fái að róa á sóknarmarki og njörva þá niður í aflamarkskerfi. Það hefur öllum verið ljóst að þetta hefur verið vilji hæstv. sjútvrh. sem hefur oft og tíðum misst svefn yfir því að til væru bátar sem gætu verið að róa og fiska eftir aflabrögðum eins og þau eru á hverjum tíma.

Það var öllum ljóst þegar frv. sem menn héldu að væri um sóknardaga kom fram frá hæstv. sjútvrh. að svo var ekki, heldur var verið að leggja grunn að því að allir sem væru á sóknarmarki veldu núna sjálfviljugir að hætta því og færu á aflamark. Við ræddum þetta við 1. umr. og síðan áfram. Þá kom skýrt í ljós hjá hæstv. sjútvrh. að þetta var einmitt það sem um var að vera. Hann varð að leggja fram frv., þingmenn í ríkisstjórninni voru að ýta á það. Hann komst

ekki undan því og lagði þá fram þetta frv. þar sem hann býður dagabátakörlum þetta mikinn kvóta í trausti þess að þeir velji kvótann frekar en halda áfram að sækja, a.m.k. miðað við þann kost sem hann var að bjóða þeim í því frv. sem hann lagði fram.

Farsanum í kringum það þegar breytingartillagan kom fram við frv. sem kastaði út möguleikanum um sóknardaga var vel lýst við 2. umr. Ég ætla ekki að eyða tímanum í að fara yfir það en margir hv. þingmenn sem hingað til hafa stutt sókn hafa hengt sig á það að samkomulag sé við Landssamband smábátaeigenda um málið. Allir sem hlustað hafa á fjölmiðla og heyrt forsvarsmenn landssambandsins lýsa því hvernig þetta gekk fyrir sig, vita að það er ekki satt. Þeir eru gáttaðir eins og þeir sjálfir hafa sagt í fjölmiðlum. Því er það ekki rétt hjá hv. þingmönnum að reyna að frýja sig ábyrgð með því að lýsa því yfir að hér sé full sátt við Landssamband smábátaeigenda.

Við sem höfum lagt fram breytingartillögu sem gerir ráð fyrir því að þessir bátar haldi áfram í sóknarstýringu viljum standa við þau orð sem áður hafa verið sögð um að þessi hluti flotans fengi að sækja sjó í sókn. Verið er að bjóða upp á möguleika í dögum og stýringu og aflamagni sem þessum bátum hefur aldrei verið boðið áður. Þrátt fyrir það treysta hv. þingmenn sem hingað til hafa talað fyrir sóknarstýringu sér ekki til þess að styðja málið. Þrátt fyrir að það tilboð sem búið er að leggja á borðið af okkar hálfu, að menn geti haldið áfram í sókn, sé betra en nokkrum gat nokkru sinni dottið í hug, treysta þeir sér ekki til að styðja það.

Í núverandi sóknarkerfi eru allir þeir sem sækja sjóinn jafnréttháir. Þeir eiga möguleika á að fara á sjó og draga fisk og þeir hafa ákveðna daga eða klukkutímafjölda til að gera það, allir hafa sama rétt. Með þessu frumvarpi sem nú er verið að leggja fram og brtt. meiri hluta sjútvn., er verið að skipta mönnum í flokka. Sumir mega fara á sjó og taka mikinn afla þegar þetta verður orðið að lögum, en aðrir mega fara á sjó og taka mun minni afla heldur en þeir áður máttu í sóknarstýringu.

Það hefur í raun verið kostulegt að fylgjast með því hér í sölum Alþingis og annars staðar í Alþingishúsinu hvernig tiltölulega fámennur þrýstihópur hefur náð að kengbeygja fjölda þingmanna í þessu máli. Þeir hafa gefist upp í baráttu sem þeir hafa staðið í í mörg ár. Þeir hafa gefist upp á að reyna að halda henni áfram, vegna þess að tiltölulega fámennum þrýstihópi margra dagabátaeigenda sem hafa talsvert mikla aflareynslu, hefur tekist að sannfæra meiri hluta hv. þingmanna um að nú beri að setja þetta í kvóta. Það er raunalegt að sjá menn kikna svona í hnjánum, hv. þingmenn sem maður hélt að hefðu bein í baki en sýna það nú að einungis er um brjósk að ræða.

Þetta er ekkert smávægi sem við erum að tala um í verðmætum sem verið er að leggja á borð fyrir dagabátana núna. 10.000 tonn, eins og verið er að bjóða í fastar aflaheimildir, ganga á markaði í dag fyrir u.þ.b. 8 milljarða kr. Það væri ekki sanngjarnt að segja að þetta væru einhverjir nýir peningar allt saman sem væri verið að búa til fyrir þennan hóp manna. Það er ekki svo, vegna þess að dagarnir hafa vægið. En dagarnir sem þeir hafa í dag og rétturinn til að sækja sjó, hefur borið verð sem er í kringum fimm og hálfur til sex milljarðar kr. á öllum flotanum. Það sem meiri hluti sjútvn. og hæstv. ráðherra er að gera, er að taka rúma tvo milljarða, tvo og hálfan milljarð í verðmætum, leggja á borðið og segja: Þetta fáið þið ef þið hættið í frjálsri sókn, beygið ykkur undir það að detta inn í aflamark eins og aðrir, þannig að hér verði ekki um neina frjálsa sókn að ræða framvegis.

Við það að bjóða þeim mönnum sem eiga þessa báta slík verðmæti og þennan rétt til kílóa í veiði, við það er verið að taka af öðrum. Það eru aðrir sem missa rétt. Og hverjir eru það? Það eru þeir sem búa í byggðarlögum sem best hafa notið þessara veiða. Það fólk er að tapa verulegum rétti. Sveitarfélög sem hafa byggt sig upp til að taka á móti þessum flota, lagt í kostnað við hafnir, löndunarkrana, ísmöguleika, þau hafa enga tryggingu fyrir því að þessir bátar komi þar meir. Og það fólk sem hefur haft atvinnu af því að taka á móti þessum afla og vinna þann hluta sem eftir verður, það á engan rétt. Einungis í kringum 250 einstaklingar sem hafa róið í dagakerfinu og haft þann rétt að sækja sjó, þeir fá núna, eins og alltaf þegar kvóta hefur verið úthlutað, verðmætin til sinnar einkaeignar, persónulegrar eignar, en allir aðrir sem stuðluðu að því að þessi aflareynsla varð til með því að vinna aflann, taka á móti honum, skaffa aðstöðu, vera til; þeir fá ekki neitt.

Það er í raun algjörlega á ábyrgð þeirra flokka sem nú hafa meiri hluta hér á Alþingi að sóknarkerfi í íslenskri fiskveiðistjórnun verður lagt af. Í morgun vöknuðu u.þ.b. 250 einstaklingar hér á Íslandi með sama rétt til þess að sækja sjó af því þeir áttu smábáta í dagakerfinu. Margir hverjir í sæmilegum álnum, aðrir áttu svona nokkurn veginn eignir fyrir skuldum. Í kvöld þegar þessir 250 einstaklingar fara að sofa þá verður það ekki svo, þá hafa talsvert margir þeirra eignast marga tugi milljóna og hundruð milljóna í eign, bara við það að hv. alþingismenn munu ýta á græna takkann og samþykkja hér lög sem færa þeim þessi verðmæti.

Enn og aftur á að endurtaka sama leikinn sem margir hv. þingmenn hafa gagnrýnt hér í sölum Alþingis. Þingmenn sem ég ætla í sjálfu sér ekki að nafngreina, það vita allir hverjir það eru sem hafa verið að berjast fyrir sóknarstýringu en hafa nú látið af þeirri baráttu.

Það er með breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum nú eins og oft áður, það liggur mikið á. Þing er að fara heim. Það er ekki nægur tími til að tala um málið eins og þyrfti, heldur skal keyra það hratt í gegn. Það er sorglegt til þess að vita og ég verð að segja það aftur þó það fari í taugarnar á hv. þingmönnum Norðvesturkjördæmis eins og við höfum séð þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur komið í andsvör, það er sorglegt til þess að vita að þeir sem íbúarnir þarna töldu sína brjóstvörn og mundu standa vörð um hagsmuni þeirra, þeir hafa brugðist í þessu máli.

[19:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að menn ræði þetta mál töluvert, sérstaklega í ljósi þess að það eru að verða vatnaskil í löggjöf um þetta efni að því leyti að til stendur að taka úr lögum ákvæðið um sóknarstýringu á veiðum tiltekins flota sem verið hefur lengi í löggjöf. Það er því ekki að furða þó mönnum verði tíðrætt um það við þessa umræðu og fyrri umræður málsins. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til frumvarpsins við 1. umr. um það og þarf engu að bæta við það sem þá kom fram.

Ég reyni að nálgast málið á þeim forsendum að ná sem bestri niðurstöðu í málið fyrir þá sem það varðar, hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Það hefur oft verið rifjað upp hér í þessari umræðu að það hefur verið sjónarmið mitt og fleiri þingmanna að það bæri að viðhalda sóknarstýrðu kerfi fyrir smábáta og að það væri rétt að reyna að tryggja það kerfi

sem er í lögum. Ég vil rifja það upp að það var m.a. fyrir mína tilstuðlan árið 1999 í janúar að þetta kerfi sem er í lögnum í dag var dregið upp, en ég var þá formaður sjútvn. Fyrir henni lá frv. þáv. ríkisstjórnar um að allar veiðar yrðu kvótabundnar.

Mér hefur hins vegar orðið ljóst að menn gætu ekki búið við óbreytta sóknarstýrða veiði. Það hefur m.a. komið fram í því að ég og reyndar margir fleiri höfum sagt að til þess að ná stöðugleika í sóknarstýrða veiðikerfið, þannig að dögunum hætti að fækka, þá yrði að setja frekari sóknartakmarkanir á flotann. Það hefur einkum verið nefnt til að takmarka fjölda á handfærarúllum á hverjum bát og hitt að takmarka eða tengja saman vélarafl og þá daga sem hver bátur hefur. Þannig að vaxandi vélarafl leiðir af sér fækkun á dögum.

Þetta er auðvitað til komið vegna þess að miklar breytingar hafa orðið á þessum flota. Útgerðarmenn eru útsjónarsamir og fljótir að sjá þær leiðir sem í boði eru, eða opnar samkvæmt lögum, til þess að auka veiði sína og fara þær leiðir ef þær eru á annað borð arðvænlegar. Það er þess vegna eðlilegt að menn hafi fært umræðuna úr sóknarstýrðum veiðum yfir í sóknarstýrðar veiðar með takmörkunum sem eiga að stefna að því að ná jafnvægi í veiðunum. Það kemur m.a. fram í tillögu minni hluta sjútvn. að hún byggist á því að það sé jafnvægi í veiðunum. Það er út af fyrir sig grundvallarbreyting í afstöðu til sóknarstýringar, vegna þess að hún hefur ævinlega byggst á því að veiðin væri breytileg eftir fiskigegnd frá einu ári til annars, en menn væru ekki að keppa að því að það magn sem veitt væri með þeirri aðferð væri stöðugt.

Grundvallarbreyting hefur orðið í afstöðunni til sóknarstýrða veiða á undanförnum árum, þannig að nú tala allir um það að sóknarstýrð veiði eigi að vera á þeim forsendum að árlegt magn veiðinnar sé konstant; sé föst tala. Það birtist m.a. í þeim tillögum sem liggja fyrir þinginu frá minni hluta sjútvtn.

Við megum ekki gleyma því að fiskveiðiárin 1998 og 1999 hafði flotinn 23 daga til veiða. Þá veiddi hann 5.500 tonn. Fiskveiðiárið 2001–2002 veiddi hann 12.400 tonn á jafnmörgum dögum. Veiðin hafði liðlega tvöfaldast, eða um 140% sýnist mér svona fljótlega reiknað. Á sama tíma jókst veiðin um 140%. Á síðasta fiskveiðiári, sem var aðeins 21 dagur, þá var veiðin 11.000 tonn, eða tvöfalt meiri en fjórum árum áður þegar dagarnir voru 23. (**GAK:** Þá hafði bátunum fjölgað um 84 ...) Þannig að veiðigetan hefur vaxið mjög mikið. Þess vegna eru menn komnir að þeirri niðurstöðu og það er enginn sem sker sig úr í því að ef einhver von eigi að vera um að sóknardagakerfið geti lifað, þá verði að setja frekari takmarkanir á getu þeirra og stefna að því að árleg veiði sé sem næst tiltekinni viðmiðun sem menn setja sér.

Nú stefnir í það á þessu fiskveiðiári þegar dagarnir eru ekki nema 19 að veiðin verði um 10 þús. tonn og hugsanlega meiri, þannig að menn sjá það að flotinn hefur breyst. Getan til að veiða hefur vaxið mjög mikið og endurspeglast í því hvernig málin eru rædd núna, sem er mjög ólíkt því hvernig menn hafa alltaf rætt um sóknarstýringu. Við stöndum líka frammi fyrir því að þeir sem hafa fjárfest í sóknardagakerfinu eru órólegir yfir því ef afli minnkar, vegna þess að þeir hafa keypt báta og þeir hafa keypt daga. Það er nefnilega þannig í sóknarstýrikerfinu, það er líka um það að ræða að menn geti keypt og selt veiðiheimildir; brask eins og sumir ónefndir þingmenn kalla það. Það á sér stað í sóknarkerfinu sem þeir telja að eigi að vera áfram. Menn geta keypt einstaka daga eða heimildir fyrir einstök ár eða varanlega, alveg eins og í aflamarkskerfinu. Menn hafa því fjárfest og menn hafa fjárfest miðað við ástandið á undanförnum árum sem hefur verið mjög gott fyrir þennan veiðiskap. Menn hafa veitt mjög mikið og þess vegna er verðið á hverjum degi mjög hátt.

Útgerðarmennirnir í þessum flota eru mjög viðkvæmir fyrir breytingum á veiði vegna skuldsetninga sinna. Gefum okkur að það gerist sem ég hygg að muni örugglega gerast, að veiði innan grunnslóðar muni dragast verulega saman um eitthvert árabil. Þá er þessi floti afar illa settur og sérstaklega þeir sem hafa verið að fjárfesta á síðustu árum, þeir standa frammi fyrir því að afli þeirra verður miklu minni en þeir þurfa til að standa undir sínum fjárfestingum. Þetta er staða sem menn standa frammi fyrir. Hvernig ætla hv. þingmenn að bregðast við því? Þetta er eitt af því sem við þurfum að svara. Þeir sem eru í þessum atvinnurekstri koma með sín vandamál, leggja þau á borðið fyrir okkur og spyrja: Hvaða lausnir hafið þið fyrir okkur til þess að við getum stundað okkar útgerð?

Ég vil segja, herra forseti, að ég hef ótrauður stefnt að því að ná fram þeirri niðurstöðu sem ég hef lengi stefnt að að það yrði gólf í dögum sóknardagakerfisins, 23 dagar. Hins vegar er mér það alveg ljóst að það er enginn þingmeirihluti fyrir því. (**Gripið fram í:** Nú?) Það er enginn þingmeirihluti fyrir því. Þannig að það mun ekki ná fram að ganga. (**Gripið fram í:** Væri þá ekki ...) Það mun ekki ná fram að ganga, herra forseti. Þá stöndum við frammi fyrir því hvað sé best að gera í þeirri stöðu. Eigum við að gera ekki neitt? Fyrir þingið var lagt frumvarp frá hæstv. sjútvrh. Það er það sem ríkisstjórnin náði samstöðu um. Sóknardagaútfærslan í því frumvarpi er miklu lakari heldur en óbreytt sóknardagakerfi, þannig að val manna er tiltölulega auðvelt ef valið er milli þessa tveggja kosta. Menn velja þá óbreytt dagakerfi. (**Gripið fram í:** Manni fyndist langbest ...) Óbreytt dagakerfi þýðir einfaldlega að dögunum mun fækka um einn á ári jafnt og þétt þar til við erum komnir niður í níu. Það er staða sem útgerðarmenn í dagakerfinu vilja ekki sjá, vegna þess að þeir hafa ekki efnahagslegar forsendur til að rísa undir því. Þeir hafa skuldbundið sig, fjárfest og þeir þurfa að hafa sínar tekjur. Þannig að óbreytt dagakerfi er ekki valkostur fyrir þennan hóp. Dagakerfið í frumvarpi sjútvrh. er ekki valkostur heldur.

Í ljósi þess þá var það mín afstaða að segja sem svo: Það er rétt að leggja að sjútvrh. hæstv. að reyna að ná samkomulagi við forsvarsmenn þessa hóps, Landssambands smábátaeigenda, og vita hvort þeir nái samkomulagi um það sem þeir telja þeirra hóp fyrir bestu í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er. Það var niðurstaðan. Það fóru í gang viðræður á milli ráðherrans annars vegar og forsvarsmanna Landssambands smábátaeigenda hins vegar. Þeir náðu niðurstöðu. Þeir komu með tillögur til meiri hluta sjútvn. um útfærslu á frumvarpinu sem fólu í sér að allir bátar skyldu fara í krókaaflamarkið, þannig að handfærabátarnir yrðu hluti af krókaaflamarkinu.

Það lá alveg fyrir, herra forseti, að ef það var mat forsvarsmanna Landssambands smábátaeigenda á stöðunni sem uppi var, það væri best fyrir hagsmuni þeirra umbjóðenda að semja á þessum nótum, þá mundi ég styðja við bakið á því. Það lá alveg ljóst fyrir og ég gerði mönnum grein fyrir því að þeir gætu treyst því. Því til viðbótar er það ljóst eins og ég hygg að flestir hv. þingmenn sem hafa tekið þátt í umræðunni um þetta mál viti, að langflestir þeirra útgerðarmanna sem starfa í dagabátakerfinu vilja að þessi kostur verði ofan á. Það

er kannski ekki vegna þess að það sé ósk þeirra. Þeir segja margir: „Við sjáum eftir dagakerfinu.“ Það segi ég líka. Ég sé eftir því. En þeir segja: „Miðað við okkar hagsmuni, við erum að gera út. Það erum við sem erum í atvinnurekstrinum, höfum tekið á okkur skuldbindingarnar. Það erum við sem ætlum að reyna að gera þetta út með hagnaði, hafa tekjur af því fyrir okkur og skapa vinnu fyrir aðra, þá er þetta skásta niðurstaða sem völ er á.“ Það er þeirra mat.

Ég hygg að hv. þingmenn geti verið mér sammála um að þannig liggur landið í þessum hópi. Hvað ætla hv. þingmenn þá að gera ef þeir vilja ekki þá leið sem lögð er til af hálfu þessara aðila? Hvað ætla þeir að bjóða upp á? Þeir bjóða ekki upp á 23 daga, minni hluti sjútvn. Þeir bjóða ekki upp á gólf í dögunum. Þeir bjóða upp á kerfi þar sem nýjustu bátarnir geta aukið veiði sína á kostnað hinna, með tilflutningi í veiði milli bátanna innbyrðis, þannig að þeir sem eru á bestu bátunum þeir geta aukið sinn hlut, en hlutur hinna mun rýrna. Þeir hafa sínar skuldbindingar líka, (**LB:** Viltu hafa þetta svoleiðis?) en þeir hafa sínar skuldbindingar líka, herra forseti. Þeir verða auðvitað að horfa á málin út frá því hvort mögulegt sé að þeir geti gert út á þessi kerfi.

Það væri fróðlegt að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar upplýstu okkur um það í þessari umræðu hvaða undirtektir hafi verið við tillögu þeirra. Eru fjöldaáskoranir úr hópi dagabátamanna til þeirra um að samþykkja þetta? (**Gripið fram í:** Umsagnirnar.) Eru fjöldaáskoranir um það? (**Gripið fram í:** Lastu ekki umsagnirnar?) Ég er ekki viss um það að hv. þingmenn geti borið fram svo marga útgerðarmenn sem leggja eindregið að Alþingi að samþykkja þennan valkost umfram þann sem niðurstaða varð úr viðræðunum sem ég gat um áðan. Þannig liggur málið einfaldlega og ég er sammála mati forsvarsmanna Landssambands smábátaeigenda að niðurstaðan úr viðræðum þeirra við sjútvrh. er skásti kosturinn. Hún er ekki sá kostur sem ég vildi, en hún er skásti kosturinn af þeim sem eru raunhæfir í stöðunni.

Ég vil aðeins reyna að átta mig á því hvernig menn meta málið í ljósi þessa. Hér hafa menn haft mörg orð um það hvernig þróunin mundi verða ef þetta yrði niðurstaðan. Á það er bent að mikið af aflanum er veitt og landað á öðrum stað en báturinn er gerður út frá og það hafi tiltekin áhrif. Ég vil fyrst nefna að ef við skoðum það sem er líklegt að verði úthlutaður kvóti þessara báta í einstökum byggðarlögum og berum það saman við unninn afla á þessum stöðum, að á velflestum af þeim stöðum þar sem mest er landað er úthlutaður kvóti dagabátanna meiri en unninn afli. Þannig að það er ekki líklegt að vinna í landi muni minnka vegna þess að kvóti þeirra báta sem gerðir eru út rýrni svona mikið. Það er ekki líklegt. (**LB:** ... allar líkur á því.) Það er ekki líklegt. Þá benda menn á að á sumum stöðum er landað mun meira en selt frá stöðunum. Það eru til staðir sem þannig háttar, eins og Skagaströnd og Bolungarvík, en þeir tveir eru langstærstir hvað það varðar, og Suðureyri. Þeir bátar sem ekki eru lengur handfærabátar á dögum, verða þá handfærabátar í krókaaflamarki og þeir eiga kost á að gera út eins og krókaaflabátar. Mér finnst líklegt að útgerðarmynstur þessara báta muni líkjast því sem er í krókaaflamarkinu. Ég hef ekki fulla vissu fyrir því, enda hefur það enginn, en ég er að reyna að átta mig á því miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja hvað er líklegt í þessum efnum.

Ef við skoðum dreifingu á lönduðum afla eftir höfnum í krókaaflamarkskerfinu, þá kemur í ljós að í því kjördæmi sem menn hafa oftast nefnt, Norðvesturkjördæmi, að yrði fyrir skakkaföllum vegna þess að sóknarbátar mundu ekki landa sínum afla eins á þeim höfnum eftir en áður, eru átta af tólf hæstu löndunarhöfnum í krókaaflamarkinu. Fjórar hæstu af sjö efstu eru á Vestfjörðum. Þannig að útgerðarmynstrið í krókaaflamarkinu er mjög mikið í Norðvesturkjördæminu og langsamlega hæst. Við getum nefnt sem dæmi að sú höfn sem er langsamlega hæst er Bolungarvík með 2.300 tonn landað á síðasta fiskveiðiári. Hún er líka hæst í sóknardagakerfinu með 1.600 tonn. Sandgerði er í öðru sæti í krókaaflamarkinu, Flateyri í þriðja sæti, Ólafsvík í fjórða, Tálknafjörður í fimmta, Grímsey í sjötta, Suðureyri í sjöunda sæti o.s.frv. Hvers vegna ætti það að vera að dreifingin á aflanum veiddum á bátum í krókaaflamarkskerfi verði verulega frábrugðin þessu sem er í dag í krókaaflamarkskerfinu? Það væri fróðlegt að fá rök fyrir því. Ég sé ekki að það sé mjög líklegt að sú dreifing verði mjög frábrugðin.

Ég vil svo benda á annað, að jafnvel í sóknardagakerfinu verða breytingar á löndunarmynstri eftir árum, vegna þess að dagabátaflotinn er svo kvikur; hann fer þar sem best veiðist á hverjum tíma. Á einu árinu er það hér, á öðru árinu þar. Þetta breytist mjög hratt. Það að vera í sóknardagakerfinu gefur því enga vissu fyrir því að landaður afli í tilteknum höfnum verði óbreyttur um ókomin ár. Menn geta ekki gefið neitt garantí fyrir því. (Gripið fram í.) Það getur enginn gefið neitt garantí fyrir því.

Ég vil nefna nokkrar hafnir sem dæmi um það hversu mikið hefur breyst á milli fiskveiðiára á lönduðum afla. Ef ég byrja á Snæfellsneshöfnunum þá var 777 tonnum landað í Ólafsvík á síðasta fiskveiðiári en á árinu þar á undan 885 tonnum. Í Stykkishólmi var á síðasta fiskveiðiári landað 164 tonnum, en þar áður 346 tonnum. Svo ég tali nú ekki um Rif, þar sem var landað 196 tonnum í staðinn fyrir 384 tonnum árið þar áður, það er um helmings samdráttur á lönduðum dagabátaafla á þessum höfnum á Snæfellsnesi.

Á Tálknafirði minnkaði landaður afli úr 540 tonnum í 353 tonn. Á Patreksfirði minnkaði landaður afli dagabáta úr 1.143 tonnum í 783 tonn á milli fiskveiðiáranna 2001/2002 annars vegar og 2002/2003 hins vegar.

Ef við færum okkur á Þingeyri, þá minnkaði landaður afli úr 125 tonnum í 26 tonn. Og á Flateyri þá minnkaði landaður afli dagabáta úr 717 tonnum í 318 tonn. Á öllum þessum höfnum varð veruleg breyting á lönduðum afla á milli ára.

Þess vegna mega menn ekki gefa sér í umræðunni um hugsanleg áhrif af þessari breytingu að þau verði að landaður afli dragist saman sem nemur niður í það sem kvóti eigin báta verður. Menn geta ekki gefið sér þá forsendu.

Þetta segir okkur að breytingarnar á lönduðum afla ráðast ekki endilega af kerfinu, heldur af fiskgengd, hvar hún er á hverjum tíma. Ef það veiðist mest út af Langanesi á komandi sumri verður aflinn þar og landað í nærliggjandi höfnum og lítið á Vestfjarðahöfnum, þótt það verði í sóknardagakerfi. Ég bið menn að hafa þetta í huga þegar þeir reyna að gera sér grein fyrir því hvernig áhrifin kunna að verða af þessari breytingu.

Herra forseti. Ég hef farið yfir helstu atriðin í málinu en ég vil bæta því við að kvóti dagabáta verður langsamlega mestur í Norðvest., svo ég haldi því til haga. Hann verður rúmlega 5 þús. tonn af þessum 9.500 tonnum. Þannig er augljóst að þau áhrif sem menn hafa verið að draga upp, að muna muni um þúsund tonna á fáum höfnum landsins, eru verulega ofmetin. Ég tel það verulega ofmetið. Ég held að

menn þurfi að finna betri rök en þeir hafa fært fram til að það sé líkleg niðurstaða.

Ég vil minna á það sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh. í umræðunni í gær eða fyrradag. Það verður litið til þess í sumar, þegar menn ganga frá reglum um hvernig eigi að dreifa þeim kvóta sem er í 9. gr. laganna, hvaða áhrif kunni að verða af breytingunni. Ef þau verða umtalsverð á litlum stöðum eins og Skagaströnd, Bolungarvík eða Flateyri þá verður tekið tillit til þess. (**LB:** Já, já.) Þannig að það (**MÞH:** Verða menn að betla?) ég heyri að hv. þm. er órólegur yfir því hve illa honum gengur að rökstyðja að áhrifin verði jafnslæm og hann hélt fram. En þá tökum við bara málefnalega umræðu um það, herra forseti. Ég skora á hv. þm. að láta mig finna fyrir því, eins og hann sagði fyrr í dag, í málefnalegri umræðu. Ég er alveg tilbúinn í að halda henni áfram.

Þá kem ég að því sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson nefndi í ræðu sinni, að menn mundu selja kvótann og flytja brott. Hvert selja þeir kvótann í krókaaflamarkinu? Þeir geta ekki selt hann í aflamarkskerfið vegna þess að það er óheimilt. (**LB:** Ekki enn þá.) Þeir verða að selja hann til annarra báta í krókaaflamarkinu. Ég hef rakið hvar þeir eru. Sá kvóti sem kann að skipta um hendur mun því að mestu leyti lenda í Norðvest. að öllu óbreyttu.

Eitt vil ég nefna enn sem komið hefur fram í umræðunni, vegna þess að menn hafa sagt að mönnum séu færðir miklir peningar, að þessir dagabátamenn fái eignir sem séu meiri í kvótanum heldur en í dagakerfinu. Það þýðir eitt sem menn mega ekki horfa fram hjá, að útgerðarmaður sem fær meira eigið fé hefur þar með efnahagslega stöðu til að styrkja útgerð sína. Hann getur keypt til sín meiri veiðiheimildir. Ef það reynist rétt að eigið fé þeirra aukist svo mikið verður sömu útgerðarmönnum í lófa lagið að afla sér aukinna veiðiheimilda og styrkja útgerð sína. Það styrkir þá byggð sem þeir gera út frá. Ég held að menn megi ekki gleyma þessu. (Gripið fram í.) Hvað segirðu? (**MÞH:** Lægri vextir eins og formaður nefndarinnar minntist á.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Ég bið hv. þingmenn að fara ekki í tveggja manna tal.)

Þeir sem gera út taka ákvarðanir um rekstur fyrirtækja sinna. Ef þeir geta bætt rekstur sinn held ég að menn ættu að fagna því en tala ekki eins og það sé slæmt og því fylgi eitthvað slæmt fyrir viðkomandi útgerð og viðkomandi byggðarlag ef útgerðin styrkist. Ég hefði talið að menn mundu tala eins og það væri fagnaðarefni ef slíkt gerðist, fremur en hið gagnstæða. (Gripið fram í.) Veiðiheimildir eyðast ekki, herra forseti. Ef þær færast á milli útgerða þá fara þær frá einum stað á annan. Þær týnast ekki á leiðinni. Ef menn selja og flytja brott felur það í sér einhverja breytingu en einhverjir njóta góðs af á móti.

Menn verða að reyna að gera sér grein fyrir því sem líklegt er að gerist. Ég dreg þetta fram, herra forseti, til að mönnum sé ljóst að niðurstaðan leiðir ekki til þess að svartnætti sé fram undan. Mér finnst sumir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala eins og fram undan sé ekkert annað en eintómt svartnætti. Það tel ég fjarri lagi.

Ég vil, herra forseti, að endingu beina fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. varðandi ákvæði í brtt. Þar er tekið fram að til að mæta þeim útgerðum sem hafa nýlega fjárfest geti þær fengið allt að 20 lestum aukalega á hvern bát, aukið endanlegan kvóta sinn sem því nemur, til að gefa mönnum kost á að afla sér tekna til að standa undir þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekist á hendur. Við svona breytingar verður að gæta að því. Það er ábyrgðarhluti að setja lög sem kippa fótunum undan fjárfestingum manna miðað við þau lög sem áður hafa verið í gildi. Er það ekki rétt skilið hjá mér að þetta ákvæði eigi við líka um þá útgerðarmenn sem hafa keypt sér bát á þessum tíma, alveg eins og þá útgerðarmenn sem hafa bætt bát sinn og fjárfest þess vegna eða skipt um bát? Það eru sambærilegar aðstæður og hjá manni sem hefur nýlega hafið útgerð og keypt bát og daga. Það eru miklir peningar í því líka, herra forseti, sem menn þurfa að takast á hendur að borga ef menn hefja útgerð í dagabátakerfinu. Menn þurfa auðvitað að hafa útgönguleið fyrir fjárfestingar sínar við þær aðstæður. Ég spyr því hvort sé ekki rétt skilið hjá mér að þetta ákvæði í tillögunum eigi við um þessar aðstæður.

Ég held ég láti þessu lokið að sinni, herra forseti. Ég vona að breytingarnar, sem ég er viss um að eru hinar skástu sem menn geta gert miðað við þær ástæður sem eru uppi, leiði til þess að útgerð slíkra báta muni styrkjast fremur en veikjast. Ég hef alla trú á því að það muni leiða til þess að þeir staðir sem helst byggja á þeirri útgerð muni eflast fremur en hitt.

[19:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. beindi spurningu til mín. Svarið er að miðað við sambærilegar aðstæður og skilgreiningar brtt. þá verður tekið á sama hátt á þeim aðilum sem þarna eiga í hlut. Þeir fá sams konar úrlausn sinna mála.

[19:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör í þessum efnum. Þá hefur skilningur minn á þessu verið réttur.

[19:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil byrja að þakka hv. þm. fyrir að vera við umræðuna. Það er meira en hægt er að segja um ýmsa aðra, t.d. hv. þm. Adolf H. Berndsen og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Báðir koma þeir frá bæjum sem að öllum líkindum munu fara mjög illa út úr þessum aðgerðum við stjórn fiskveiða.

Ég bið menn að skoða hverja málið varðar. Ég tel að það sé mikilvægt að hafa í huga að það varðar ekki eingöngu þá 300 útgerðarmenn sem mest hefur verið rætt um.

Mér finnst mjög sérstakt að hlusta á hv. þm. Maður hefur hlýtt á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson í umræðum um fjölmiðlamálið þar sem hann hefur talað um sannfæringu sína og það að standa á henni. Ég get ekki betur séð en að hann hafi framselt sannfæringu sína í þessu máli til hagsmunasamtaka úti í bæ. Hann snerist algjörlega í afstöðu sinni í þessu máli frá því í mars þegar hann sagðist ætla að verja sóknarkerfið. Nú er hann búinn að framselja afstöðu sína til hagsmunafélags úti í bæ. Ef það segir kvótakerfi þá segir hann kvótakerfi.

[19:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tek mið af niðurstöðunni hjá Landssambandi smábátaeigenda. Það liggur alveg fyrir. En ég framsel þeim ekki ákvörðunarvald mitt eða afstöðu mína. (Gripið fram í.) Auðvitað er það alltaf ég sem að endingu tek ákvörðun í málinu.

Ég held að hv. þm. verði að átta sig á því að þeir sem málið varðar eru útgerðarmenn. Það byggist allt á þeim. Ef þeir eru

ekki til staðar þá hafa aðrir enga atvinnu af útgerð, vinnslu eða umsvifum þar í kring. Þess vegna er það ábyrgðarhluti að láta hjá líða að finna lausn á vanda sem uppi er og setur nú þegar afkomu margra útgerða í voða, vegna þess að kerfið er eins og það er. Þess vegna þurfa menn að reyna að ná þeirri niðurstöðu að breyta gildandi fyrirkomulagi þannig að útgerðarmennirnir geti staðið undir skuldbindingum sínum og haldið áfram að gera út. Á því hvílir málið.

[19:41]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég verði að minna hv. þm. á að þetta mál varðar ekki eingöngu útgerðarmennina. Það varðar þjóðina. Við erum að koma á kerfi sem mun hvetja til brottkasts. Í gær var maður dæmdur í Hæstarétti til að greiða 1 millj. kr. sekt fyrir að henda 53 fiskum. Hér eru menn hins vegar á fullu kaupi við að setja lög sem munu hvetja menn til brottkasts. Þetta er náttúrlega furðulegt og ég held að hv. þm. ætti að gera sér grein fyrir því.

Afstaðan sem skein í gegn í ræðu hv. þm. var sú að hann gæti snúist ef LS ályktaði að fara í kvóta. Það hefur nú komið aldeilis fram og hann ætti þess vegna að endurskoða það að hoppa eftir því sem landssambandið segir. Það hefur komið fram að landssambandið segir að það hafi verið nauðbeygt til að gera slíka samþykkt og því hafi verið settir afarkostir.

[19:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kostirnir í stöðunni voru ákaflega skýrir. Annars vegar var það að búa við óbreytt kerfi sem menn hafa ekki bolmagn til að breyta (Gripið fram í.) eða að reyna að ná annarri niðurstöðu og um það ræddu landssambandið og ráðuneytið og komust að sameiginlegri niðurstöðu. Það var niðurstaða og mat Landssamband smábátaeigenda að sá kostur væri betri en hinn valkosturinn. Mér finnst það ábyrgðarhluti, vegna þess að ég er sammála því mati að athuguðu máli, að beita mér fyrir því að lakari kosturinn fyrir útgerðarmenn verði valinn. Það setur útgerð þessara manna í uppnám og eins hagsmuni þess fólks sem á starf sitt undir útgerðinni, hvort sem það er í vinnslu eða öðrum umsvifum í kringum þessa útgerð. Það setur það í meira uppnám. Ég vil skora á hv. þm. að velta því fyrir sér hver staðan væri ef þá sá kostur hefði verið valinn. Ætlar hv. þm. að fara um byggðirnar og segja þeim að hann vilji að menn velji verri kostinn, þann kost sem er líklegri til þess (Gripið fram í.) að vega að atvinnu manna?

[19:43]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það var lítil sannfæring í varnarræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þegar hann lýsti því af hverju hann hefði skipt algjörlega um skoðun í málinu. Við höfum heyrt hann færa þau varnarrök fyrir sinnaskiptum sínum að sátt hafi orðið um það við Landssamband smábátaeigenda að fara í þetta kerfi. Hann kvaðst hafa verið ósáttur við frumvarp hæstv. sjútvrh. þegar það var lagt fram og ákvað að Landssamband smábátaeigenda skyldi fara í að ræða við sjútvrn. og sjútvrh., höfunda frv., og ef þeir væru sáttir við niðurstöðuna mundi hann fylgja því.

Ég minni á að forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda segjast gáttaðir á því að svo skuli komið að við blasi að Alþingi ætli að afnema sóknardagakerfið. Hvernig getur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hengt sig á að Landssamband smábátaeigenda sé sátt við þessa niðurstöðu?

[19:45]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætti ónákvæmni í ræðu hv. þm. Í fyrsta lagi sagði hann þrisvar sinnum að ég hefði skipt um skoðun. Það er ekki rétt. Ég hef ekki skipt um skoðun. Mitt mat á því hvað skynsamlegast væri að gera er enn þá óbreytt. Hins vegar er mér ljóst að það nær ekki fram að ganga. Þá reynir maður að stýra málinu til þeirrar niðurstöðu sem best er af þeim kostum sem í stöðunni eru. Það verða stjórnmálamenn ævinlega að gera. Það er þeirra hlutverk að vinna að því sem mögulegt er, þeir geta ekki verið fastir í því sem þeir vilja. Menn ná ekki að koma málum sínum langt með því móti og bregðast umbjóðendum sínum ef þeir leggja sig ekki fram um að færa mál til þess vegar sem þeir telja betri en það sem í stefnir.

[19:45]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson getur stutt þá tillögu sem stjórnarandstaðan stendur hér fyrir og staðið með skoðun sinni sem hann hefur margsinnis lýst í sölum Alþingis. Hann gæti gengið í lið með okkur sem berjumst fyrir því að þessi tillaga nái fram að ganga. Ég er sannfærður um að ef þingmenn Norðvest. sem talað hafa fyrir sóknarstýringu hefðu haldið áfram að gera það en ekki beygt sig þá værum við að tala um meiri hluta fyrir þeirri tillögu sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það er eins og hv. þm. hafi klárað öll vopn úr vopnabúri sínu í baráttunni um útvarpslögin og í framhaldi af því orðið að beygja sig fyrir kvótakörlunum í Framsfl., beygja sig algjörlega í málinu. Ég verð að segja að mér þykir leitt að sjá að hv. þm. á jafnauðvelt með að skipta um skoðun og hann á með að skipta um flokka.

[19:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru ómakleg orð í lokin hjá hv. þm. Ég hygg að ég hafi ekki skipt oftar um flokk en hann. Ég vil minna á það að Alþýðubandalagið, sem ég var í áður, ákvað að hætta að starfa og þeir sem vildu halda áfram í pólitík urðu að finna sér vettvang til þess að starfa. Það gerði ég og hver einasti maður í Alþýðubandalaginu sem ákvað að halda áfram í pólitík, að skipta um flokk. Hver einasti maður. Það gerðu líka þeir sem voru í Alþýðuflokknum. Ég vil ekki, herra forseti, að viðhöfð séu slík ummæli án þess að ég fái að svara fyrir mig. Mér finnst þetta ómaklegt og ómálefnalegt. Hv. þm. er ekki vanur að tala svona og ég held að hann hafi misst þetta út úr sér. Við skulum bara gleyma þessu.

[19:48]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýddi með mikilli athygli á ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann talaði m.a. um veiði og hvað menn ætluðu að gera ef það yrði nú aflabrestur, hvað ætti þá að gera fyrir þennan flota. Ég vil fá að upplýsa hv. þm. um að það getur orðið aflabrestur þótt menn séu í kvótakerfi. Það getur haft áhrif á afkomu þeirra sem eru með kvóta. Það hefur áhrif á kvótaverð ef aflabrestur verður. Þau rök hans er því ekki er hægt að kaupa í þessari umræðu.

Ég vil síðan spyrja hv. þm. hvaða gögn hann hefur sem við, aðrir í sjútvn., höfum ekki. Hvaða gögn hefur hann um skuldastöðu eigenda dagabáta í dag? Hvaða gögn hefur hann um efnahag þeirra? Hvaða gögn hefur hann sem sanna að

mikill meiri hluti sé fyrir því hjá þessum mönnum að fara nú í kvóta? Hvaða gögn eru það? Ég hef ekki séð nein marktæk gögn sem sýna það. Hins vegar hef ég séð tugi umsagna frá félögum smábátaeigenda allt í kringum landið. Ég hef séð ályktanir frá Landssambandi smábátaeigenda mörg ár aftur í tímann. Þær eru allar á einn veg: Verjið dagakerfið. Ekki setja okkur í kvóta.

[19:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrstu spurningu hv. þm. er mjög auðvelt að svara. Þær aðstæður geta komið upp að þessir litlu handfærabátar geti ekki veitt þegar fiskur næst ekki á þeirri slóð sem þeir geta athafnað sig á. Hins vegar er mun líklegra að þeir geti veitt afla sinn ef þeir hafa fleiri úrræði eins og línuveiðar, sem þeir munu hafa í krókaaflamarkskerfinu. Það er augljóslega síður líklegt að upp komi þær aðstæður að mönnum séu nánast allar bjargir bannaðar vegna þess að þeir geti ekki veitt það sem þeir hafa ráðgert séu þeir í krókaaflamarkinu fremur en að vera einvörðungu á handfærum. Ég hygg að það sé augljóslega skýringin á því og svarið við þeirri spurningu.

Ég held að hv. þm. ætti að spyrja þá sem hafa m.a. hringt í hann. Margir útgerðarmenn hafa hringt í þingmenn, m.a. þingmenn stjórnarandstöðunnar, og sagt við þá: Þið skuluð ekki voga ykkur að stöðva þetta mál vegna þess að við viljum þetta frekar en hitt. Þannig er staðan í útgerðarmannahópnum, herra forseti.

[19:50]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að heyra þetta svar hjá þingmanni í stuðningsliði ríkisstjórnar sem fyrir ári gerði stjórnarsáttmála þar sem fram kemur að leitast verði við að styrkja hagsmuni sjávarbyggða. Það stendur í stjórnarsáttmálanum en eftir því á ekki að fara í kvöld.

Varðandi alla þessa sjómenn þá hafa sjómenn komið á fund sjútvn. en þeir höfðu allir beina hagsmuni af því að fara inn í kvóta. Þetta voru menn sem áttu von á að fá tugi milljóna í kvóta. Ég tel að þessir menn hafi ekki verið marktækir. Þeir voru ekki marktækir.

Margir sjómenn, víða að af landinu, smábátasjómenn, hafa haft samband við mig og sagt: Þið verðið að reyna að hindra að kvótasetningin verði látin á okkur dynja. Við viljum ekki fara í kvóta. Það er örlítill þrýstihópur sem er að reyna að koma þessu í gegn.

[19:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara því miður þannig, ef svo má segja, fyrir okkur sem viljum gjarnan hafa sóknarstýrðar veiðar að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem búa við þá löggjöf vilja frekar að löggjöfin líti út eins og lagt er til af hálfu meiri hluta sjútvn. en að fá hinn valkostinn, sem er óbreytt sóknardagakerfi þar sem dagarnir tætast upp og fækkar um einn á hverju ári. Þannig er staðan. Menn meta hagsmuni sína þannig að staða þeirra sé betri í fyrri kostinum.

Hv. þm. nefndi í ræðu sinni fyrr í dag, og taldi það til marks um það hversu slæmar tillögurnar væru, að efnahagur einstakra útgerðarmanna mundi batna. Ég verð að segja, herra forseti, að ef það er raunin þá finnst mér það mæla með þessari útfærslu. Ef efnahagur útgerðarmanna batnar þá styrkist útgerðin. Þá stendur atvinnureksturinn á styrkari fótum og viðkomandi aðili getur bætt við sig veiðiheimildum og styrkt hann frekar.

[19:52]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað verðum við að virða skoðanir hver annars og ég virði skoðun hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í þessu máli þótt ég telji hann á villigötum með afstöðu sína til þessa frv. Ég færði rök fyrir því í ræðu minni hverjar afleiðingar frv. yrðu. Í því tilliti nefndi ég að nýliðunin fengi nú hengingarólina með þessu frumvarpi. Ég nefndi jafnframt að þetta mundi hafa slæmar efnahagslegar afleiðingar og áhrif á atvinnumál í Norðvest. Jafnframt talaði ég um áhyggjur af framboði á hráefni til fiskvinnslu yfir sumarmánuðina.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson út í framtíðina. Er það vilji hv. þm. að ná sátt um þetta kerfi? Ég þykist vita að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er ekki sáttur við íslenska fiskveiðistjórn en með hvaða hætti vill hv. þm. ná fram breytingum í íslenskum sjávarútvegi? Með hvaða hætti telur hann sé hægt að ná sátt um sjávarútveg á Íslandi í dag?

[19:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur býsna margt upp í hugann þegar maður fær svo víðtæka spurningu. Það væri hægt að fara yfir allt sviðið. Ég vil þó segja, herra forseti, að þótt ég hafi alla tíð verið þeirrar skoðunar að sóknarstýring sé betri en aflamarksstýring þá tel ég tómt mál að tala um að við getum vent um fiskveiðistjórnkerfi okkar á skömmum tíma, jafnvel á nokkrum árum. Ég held að það tæki mjög langan tíma, jafnvel þótt menn næðu samkomulagi um slíkt. Það sem mér finnst brýnast um þessar mundir er að tryggja aðgang að veiðiheimildum. Til þess þarf að endurskoða eignarhaldið og gera breytingar á því þannig að útgerðarmenn, gamlir og nýir, eigi kost á að afla sér veiðiheimilda á verði sem endurspeglar tekjumöguleika þeirra af því að nýta þær veiðiheimildir. Ég hef meiri trú á markaðskerfinu í þeim efnum en ýmsir þeirra sem hafa lengst af hafa stutt núverandi kerfi.

[19:55]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin, enda ekki hægt að bjóða upp á ítarlegri svör á svo stuttum tíma sem hér gefst til andsvara. Ég vil þó spyrja hann nánar út í frv., sérstaklega varðandi sumarmánuðina. Nú er vitað að bátar í aflamarkskerfinu klára jafnan kvóta sinn á vormánuðum. Það gerir það að verkum að erfitt er að ná til hráefnis til fiskvinnslu víða um land yfir sumarmánuðina. Við vitum að kvótaárið endar 31. ágúst. Hefur hv. þm. ekki áhyggjur af því að fiskvinnslan í landinu muni lenda í alvarlegum erfiðleikum við að afla hráefnis til vinnslu yfir sumarmánuðina? Jafnframt vil ég spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að blikur séu á lofti í Norðvest., þ.e. að ætla megi að 4 þús. tonnum minna verði landað í Norðvest. frá því sem áður var? Það er vitað að af þeim 8 þús. tonnum sem þar var landað á síðasta ári í sóknarkerfinu voru 4 þús. tonn frá bátum sem skráðir voru utan Norðvest.

[19:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef reyndin verður sú að sá afli sem kemur á land á ákveðinni verstöð dragist verulega saman þá er auðvitað full ástæða til að hafa áhyggjur af því. Það getur haft slæm áhrif á atvinnulíf á þeim mánuðum sem það annars hefði skapað atvinnu. Ég fór yfir málið í ræðu minni

og reyndi að draga fram rökin fyrir því, sem ég tel vera allnokkur, að það er ekki líklegt að sú verði niðurstaðan. Ég get ekki fullyrt um það. Ég held ekki að áhrifin verði engin en ég tel ekki líklegt að áhrifin verði í þeim mæli sem hér hefur verið dregið upp. Í krókaaflamarkinu er dreifingin eins og ég rakti.

Ég vil vekja athygli á því að afli sem berst á land mun ekki minnka þótt skipt verði um kerfi. Menn munu landa þessum 10 þús. tonnum yfir árið. Það getur verið að þau dreifist eitthvað öðruvísi eftir mánuðum en verið hefur, minna á sumrin og meira á öðrum tíma árs. En í heildina mun framboð á fiski til fiskvinnslunnar ekki minnka.

[19:57]

Útbýting þingskjals:

Forvarnir og meðferð ungra fíkniefnaneytenda, 407. mál, svar heilbrrh., þskj. 1868.

[19:57]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Getur hæstv. forseti upplýst hvort hæstv. sjútvrh. heyri mál mitt?

(**Forseti** (SP): Hæstv. sjútvrh. er í húsinu og ég geri ráð fyrir að hann heyri mál ræðumanns.)

Mér finnst það mikilvægt vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bar fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. rétt áðan. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er varaformaður sjútvn. en hann þurfti samt að spyrja hæstv. sjútvrh. um hvað ákveðið atriði í þessu frumvarpi þýddi. Hv. þm. var að spyrja um það sem stendur í 2. tölulið 2. gr. í frv. eins og það liggur fyrir núna, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Taka skal tillit til áætlaðrar aflaaukningar, allt að 20 lestum á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 26. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur."

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hæstv. ráðherra hvað þetta þýddi og hvort þeir sem hefðu keypt báta sína heyrðu undir þetta ákvæði. Hæstv. ráðherra svaraði því þannig til að svo væri. En samkvæmt orðanna hljóðan þá á þetta ákvæði við um báta en ekki eigendur þeirra. Það er útilokað, eins og ákvæðið er orðað, að þetta geti átt við það ef menn hafa keypt báta. Það er talað um endurnýjun bátanna á þessum tíma en mér finnst þetta táknrænt fyrir málið sem hér er á ferðinni. Það er svo illa unnið að jafnvel varaformaður sjútvn. hefur ekki glóru um hvað sumt í því þýðir og hæstv. ráðherra svarar að mínu viti með algjörri vitleysu þegar hann er um það spurður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1865, 1866 og 1867. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 5.–21. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, frh. síðari umr.

Stjtill., 873. mál. — Þskj. 1331, nál. 1670, brtt. 1671.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:04]

Brtt. 1671,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1671,2 samþ. með 46 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1870).

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 996. mál (sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.). — Þskj. 1814, brtt. 1827 og 1831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:11]

Brtt. 1831,1 felld með 25:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH.

nei: PHB, SAÞ, SKK, AHB, VS, ÞKG, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, SI, HjÁ, KHG, SP.

17 þm. (MF, RG, SF, SJS, ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Með tillögu stjórnarandstöðunnar er boðinn fram góður sóknardagakostur fyrir handfæraveiðar sem tryggir góða umgengni og kemur í veg fyrir brottkast afla. Síðast en ekki síst yrði hún til að efla atvinnu og styrkja stöðu fólks í minni sjávarbyggðum. Kvótasetning ríkisstjórnarflokkanna á handfærabáta vinnur gegn þjóðarhag. Ég segi já.

Brtt. 1831,2 kölluð aftur.

Brtt. 1827 samþ. með 25:4 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG.

nei: GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ.

17 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 25:4 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG.

nei: GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ.

17 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Nú er umdeilt mál komið til lokaatkvæðagreiðslu. Það fer ekki hjá því í svo umdeildum málum að erfitt sé að komast að niðurstöðu. Svo hefur verið í þessu máli. Hér hafa margir komið að til að ná góðri niðurstöðu og ég er þakklátur öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg. Ég held að við höfum náð góðri niðurstöðu sem muni styrkja þau byggðarlög sem í hlut eiga, styrkja þau í að takast á við þá baráttu sem þau hafa átt í og munu eiga í í framtíðinni. Það er ekki auðvelt að vera lítið byggðarlag í dreifbýli á Íslandi. Þess vegna segi ég já, herra forseti.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1871).

Veiðieftirlitsgjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 787. mál (afnám gjalds). — Þskj. 1198, nál. 1490 og 1503.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:15]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MÞH, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 875. mál (landanir erlendis, undirmálsfiskur). — Þskj. 1333, nál. 1711.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:18]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, KolH, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:17]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Þau munu m.a. gera það að verkum að í framtíðinni verður heimilt að landa fiskafla í erlendum höfnum.

Sá sem hér stendur á sæti í sjútvn. sem hefur farið með þetta mál. Ég tel að nefndin hafi ekki fengið fullnægjandi tryggingar eða skýringar á því hvernig eftirliti með löndun á þessum fiski verði háttað í framtíðinni. Þessar landanir hafa viðgengist nokkur undanfarin ár í Noregi í trássi við lög. Það eru lögbrot með vitund og vilja sjútvrn. Meðal annars vegna þess að við höfum ekki fengið fullnægjandi skýringar á því hvernig eftirliti með þessu skuli háttað þá kjósum við í þingflokki Frjálsl. að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MÞH, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 871. mál (rannsóknargögn, símhlerun o.fl.). — Þskj. 1838.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HjÁ, KJúl, KÓ, KHG, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG.
16 þm. (AKG, BjörgvS, BH, GÖg, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1872).

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 3. umr.

Stjfrv., 462. mál. — Þskj. 1839.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:19]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1873).

Lögmenn, 3. umr.

Stjfrv., 463. mál (lögmannsréttindi, EES-reglur o.fl.). — Þskj. 1840.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:20]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1874).

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 3. umr.

Stjfrv., 594. mál (ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.). — Þskj. 1841.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:20]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1875).

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 3. umr.

Stjfrv., 878. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1843.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:21]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, PHB, RG, SF, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1876).

Búnaðarfræðsla, 3. umr.

Stjfrv., 879. mál (Landbúnaðarháskóli Íslands). — Þskj. 1844.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:21]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1877).

Ábúðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 782. mál (heildarlög). — Þskj. 1845.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:22]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1878).

Jarðalög, 3. umr.

Stjfrv., 783. mál (heildarlög). — Þskj. 1846, brtt. 1865.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:22]

Brtt. 1865 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1879).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 997. mál (verðsamráð í mjólkuriðnaði). — Þskj. 1665.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:23]

Frv. samþ. með 28:15 atkv. og sögðu

já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, JBjarn, KÓ, KolH, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÖJ.

nei: AKG, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÁ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ, ÞBack*) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1880).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 1000. mál (samningur um mjólkurframleiðslu 2005–2012). — Þskj. 1677.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:24]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (JÁ, KJúl, LB, MÁ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1881).

Olíugjald og kílómetragjald o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 849. mál (heildarlög). — Þskj. 1847.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:24]
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG.
20 þm. (AKG, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HÁs, HHj, JÁ, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1882).

Raforkulög, 3. umr.

Stjfrv., 740. mál (flutningur raforku, gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 1862.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]
Frv. samþ. með 42:4 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GHj, GÁS, HÁs, HHj, JóhS, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1883).

Landsnet hf., 3. umr.

Stjfrv., 737. mál. — Þskj. 1097.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:25]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
3 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1884).

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 3. umr.

Stjfrv., 747. mál. — Þskj. 1863.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1885).

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 305. mál (stofnstyrkir, jarðhitaleit). — Þskj. 1864, brtt. 1866.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:26]
Brtt. 1866 samþ. með 48 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DrH, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, HjÁ, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SigurjÞ, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1886).

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, 3. umr.

Stjfrv., 690. mál (afnám laganna). — Þskj. 1019, brtt. 1867.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:27]
Brtt. 1867 samþ. með 39:8 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: BH*, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DrH, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv., svo breytt, samþ. með 36:9 atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HjÁ, JÁ, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: BH*, GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, DrH, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JóhS, JónK, JBjart, LB, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1887).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 881. mál (Stofnsjóður, framtakssjóðir). — Þskj. 1339.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:28]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, PHB, SI, SAÞ, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SKK) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1888).

Fundi slitið kl. 20:28.

---

132. FUNDUR

föstudaginn 28. maí,
að loknum 131. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning eins aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður, í stað Haralds Blöndals, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis..
2. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 787. mál, þskj. 1198. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 875. mál, þskj. 1333. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:30]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 2. og 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Kosning eins aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður, í stað Haralds Blöndals, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Brynjar Þ. Níelsson hæstaréttarlögmaður.

Þar sem varamaður var kjörinn aðalmaður lagði forseti til að þegar yrði kjörinn nýr varamaður í hans stað. Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Heimir Örn Herbertsson héraðsdómslögmaður.

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 787. mál (afnám gjalds). — Þskj. 1198.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:31]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, ÞHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, GÖg, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1889).

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 875. mál (landanir erlendis, undirmálsfiskur). — Þskj. 1333.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:32]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AHB, AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, ÞHB, SI, SAÞ, SKK, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (GAK, GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HHj, JónK, JBjart, MS, MF, RG, SF, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1890).

Þingfrestun.

[20:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Senn lýkur störfum þessa þings og er það þremur vikum síðar en ætlað var samkvæmt starfsáætlun, enda hafa mörg stór mál verið til umfjöllunar á þinginu. Í sjálfu sér má alltaf búast við því að slíkar raskanir geti orðið á starfsáætlun Alþingis enda gera þingsköp ráð fyrir að þingmenn hafi verulegt svigrúm til að tjá sig um mál sem þeir telja nauðsynlegt að ræða ítarlega hér í þingsalnum.

Á þessu þingi voru afgreidd sem lög 121 frumvarp og 29 þingsályktanir voru samþykktar. Sá fjöldi er ekki ósvipaður því sem er árlega á reglulegum þingum. Þetta þing sker sig þó frá öðrum þingum að því leyti að aldrei hafa prentuð þingskjöl verið fleiri. Þingskjöl eru nú orðin 1.890, um 400 fleiri en flest hafa verið. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til fyrirspurna, en þeim hefur fjölgað verulega á seinustu árum. Fyrir aðeins 10 árum voru þær 278. Á þinginu fyrir seinustu kosningar voru þær orðnar 355 og nú eru þær 617. Þetta fyrirspurnaflóð er umhugsunarefni og tel ég rétt að forusta þingsins hugleiði þessa þróun á næstunni.

Í þinghléi í sumar verður haldið áfram að vinna að endurbótum á Alþingishúsinu sem hafnar voru á seinasta ári. Ætlunin er að hefja framkvæmdir þegar í næstu viku.

Nú við lok þinghaldsins vil ég fyrir hönd okkar forsetanna þakka þingmönnum samstarfið á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð. Ég óska þingmönnum og starfsfólki og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars og utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[20:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd alþingismanna flytja hæstv. forseta og öðrum varaforsetum þakkir fyrir samstarfið í vetur og fyrir hlý orð í okkar garð. Við höfum átt ágætt samstarf um margt á þinginu í vetur en við höfum líka tekist á þetta árið eins og reyndin hefur verið frá fornu fari. Nú er komið að því að leiðir skilji um sinn.

Á kveðjustund óskum við hvert öðru velfarnaðar. Ég vil færa forseta og fjölskyldu bestu kveðjur fyrir hönd okkar alþingismanna og starfsfólki Alþingis vil ég einnig þakka fyrir góð störf, lipurð og fúslega veitta aðstoð. Bið ég þingmenn að taka undir góðar kveðjur til forseta Alþingis og fjölskyldu hans og þakkir til starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[20:36]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð.

Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[20:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 27. maí 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört að Bessastöðum, 25. maí 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 20:38.

---

133. FUNDUR

mánudaginn 5. júlí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.

Lagt fram á lestrarsal:
Ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda.

Framhaldsfundir Alþingis.

[15:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar sem ákveðið hefur verið að fram skuli fara, um frambúðargildi laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem samþykkt voru á stjórnskipulegan hátt frá Alþingi hinn 24. maí sl.
Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 5. júlí 2004 kl. 15.00.

Gjört á Bessastöðum, 10. júní 2004.
Ólafur Ragnar Grímsson

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Fundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismenn, svo og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til þingstarfa og læt í ljósi þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):
Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í garð okkar þingmanna. Ég býð hv. alþingismenn velkomna til fundahalda Alþingis.

Afmæliskveðjur.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest., formaður Frjálsl., er sextugur í dag. Ég óska honum til hamingju með afmælið og allra heilla á komandi árum. Fyrir hönd Alþingis þakka ég honum gifturík störf í þágu þings og þjóðar.

Þinghaldið fram undan.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):
Fundir Alþingis eru að þessu sinni haldnir við óvenjulegar aðstæður í mörgu tilliti. Eins og tilkynnt var af forsetastóli við þingfrestun í lok maí standa nú í sumar yfir miklar framkvæmdir við endurbætur á Alþingishúsinu. Þær hófust þegar að loknum þingfundum og var áætlað að þeim lyki í september. Af þeim sökum er ýmislegt óðruvísi í þinghúsinu en alþingismenn eiga að venjast. Segja má að þingsalurinn einn sé í notkun í húsinu meðan á þinghaldi stendur en hliðarsalir, skrifstofusvæði og þingflokksherbergi eru lokuð vegna framkvæmdanna.
Gerðar hafa verið allar þær ráðstafanir sem tiltækar voru til að búa svo að þinghaldinu að það megi fara fram með réttum hætti. Ég vil þakka starfsfólki þingsins og verktökum í húsinu fyrir lipurð og þrautseigju við undirbúning þessa óvænta þinghalds. Reynt verður að halda áfram vinnu meðan á þingfundum stendur eftir því sem tök eru á svo að ekki verði verulegar tafir á verkinu og því ljúki í tæka tíð fyrir upphaf nýs þings í haust. Það kann að valda einhverjum óþægindum en ég bið alþingismenn að sýna starfsmönnum verktaka þolinmæði og tillitssemi. Sömu ósk beini ég til starfsfólks fjölmiðla.
Þá vil ég geta þess að atkvæðagreiðslur verða með gamla laginu, handauppréttingu, því kerfið sem notað hefur verið var tekið niður vegna framkvæmda. Ekki er hægt að hringja til þingfunda eða atkvæðagreiðslu svo þingmenn verða að hafa vara á sér. Ljós er ekkert í ræðupúlti né klukka og mun forseti hafa þá reglu við 1. umr. þegar tímamörk gilda að slá létt í bjölluna þegar mínúta er eftir af ræðutímanum. Sjónvarpsútsendingar héðan frá umræðum ættu hins vegar að vera eins og venja er. Ég ítreka svo þá ósk mína að alþingismenn og aðrir sem hér þurfa að vera við störf hafi skilning á því að aðstaðan í þinghúsinu er með óvenjulegum hætti.

Varamenn taka þingsæti.

[15:05]

Forseti (Halldór Blöndal):
Borist hafa svohljóðandi bréf:
„Þar sem Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, 4. þm. Reykv. n., er staddur erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykv. n., Ásta Möller, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Þá hefur svohljóðandi bréf borist:
„Þar sem Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest., getur ekki sótt þingfundi vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samf. í Suðvest., Ásgeir Friðgeirsson, taki sæti hennar á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Margrét Frímannsdóttir,
formaður þingflokks Samf."

Ásta Möller og Ásgeir Friðgeirsson hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[15:06]

Útbýting þingskjala:

Útvarpslög og samkeppnislög, 1011. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1891.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, 1012. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 1892.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fjölmiðlalög og þjóðaratkvæðagreiðsla.

[15:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir óskir hæstv. forsrh. um farsæld til handa þessu sumarþingi.

Þingi í vor lauk við næsta óvenjulegar aðstæður. Þá voru samþykkt lög, einhver óvinsælustu og umdeildustu lög sem hér hafa lengi verið samþykkt. Aldrei óraði mig hins vegar fyrir því að ríkisstjórn Íslands væri svo dauðhrædd við sín eigin fjölmiðlalög að hún þyrði ekki að leggja þau í dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu en það er nákvæmlega það sem nú birtist okkur í því frv. sem dreift var áðan og verður reifað síðar í vikunni. Ríkisstjórnin hefur ekki kjark til að fara með málið í úrskurð þjóðarinnar eins og stjórnarskráin mælir þó fyrir um að skuli gerast þegar forseti Íslands hefur synjað lögum staðfestingar. Hún er bersýnilega viss um að hún mundi koltapa þeirri kosningu og ég er sammála hæstv. ríkisstjórn um það. Þjóðin upp til hópa er á móti þessum lögum. Ég er hins vegar algerlega ósammála þeirri leið sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið. Hún dregur til baka nýsamþykkt lög en hyggst jafnharðan láta samþykkja ný lög sem eru næstum alveg eins og hin gömlu. Þetta er sami grautur í sömu skál. Ég hef miklar efasemdir um að þessi aðferð sé í anda stjórnarskrárinnar. Ég tel að hún sé óverjandi frá sjónarhóli lýðræðisins.

Við lítum svo á að með synjun forsetans sé fjölmiðlamálið komið úr höndum þingsins. Nú er það samkvæmt stjórnarskránni í höndum þjóðarinnar og þjóðin á sinn lögverndaða rétt til að láta álit sitt í ljósi alveg eins þó að hæstv. ríkisstjórn sé þeirrar skoðunar að hún mundi koltapa þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ríkisstjórn hverju sinni verður að hafa þrek til þess að hlíta æðsta dómi kjósenda.

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur alltaf viljað fara leið sátta í þessu máli og það er enn þá hægt að fara sáttaleiðina. Hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún ætli að endurlífga fjölmiðlanefndina og hleypa stjórnarandstöðunni að borði hennar. Guð láti gott á vita. En það er auðvitað tómur skrípaleikur nema nefndin komi að hreinu borði og því vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki eðlilegt og sanngjarnt að taka í útrétta sáttarhönd stjórnarandstöðunnar (Forseti hringir.) og fresta samþykkt frv. þangað til í haust þegar nefndin hefur starfað.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í kjölfar þess að forseti Íslands kynnti þá ákvörðun sína 2. júní sl. að synja svonefndum fjölmiðlalögum staðfestingar og vísa þeim í þjóðaratkvæði á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur stjórnmálaumræðan í landinu fyrst og fremst snúist um það hvenær og hvernig þær kosningar skuli fara fram. Hjáróma raddir um eitthvað annað en að ganga til þeirra kosninga hljóðnuðu innan fárra sólarhringa. Því miður hafnaði ríkisstjórnin öllu þverpólitísku samstarfi um undirbúning kosninganna. Hæstv. forsrh. hélt einn af sínum frægu 15 mínútna fundum og í kjölfarið voru þingmenn boðaðir saman til fundar þennan dag, mánudaginn 5. júlí, sem sagt heilum mánuði og þremur dögum eftir að forseti kynnti ákvörðun sína. Allan tímann síðan hefur aldrei verið rætt um annað en að verkefni þessa þings yrði að taka nauðsynlegar ákvarðanir eða grípa til nauðsynlegra lagalegra aðgerða til þess að þjóðaratkvæðagreiðslan gæti farið fram.

Það er fyrst í gærkvöldi, rúmlega hálfum sólarhring áður en þingfundir eiga að hefjast, sem fréttir berast af því að þing eigi að koma saman til að ræða eitthvað allt annað og gera eitthvað allt annað hvað varðar framlagningu mála af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við í stjórnarandstöðunni höfum unnið heimavinnuna okkar. Hér liggur fyrir frv. með einföldum og skýrum ákvæðum sem tryggja að kosningarnar gætu farið fram og þjóðin notið stjórnarskrárbundins réttar síns til þess að hafna eða samþykkja þetta frv.

Framlag ríkisstjórnarinnar hér er hins vegar svo ótrúlega ósvífið að ég skal játa að það tók mig nokkra klukkutíma að átta mig á því til fulls. Ég vil spyrja hæstv. forseta Alþingis: Hefur hann hugleitt eða kannað hvort frv. ríkisstjórnarinnar sé þinglegt? Er ekki í því fólgin óþingleg ætlan um að fara á svig við stjórnarskrána og hafa með brögðum af þjóðinni réttinn til þess að kjósa um málið í samræmi við ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar? Hér er um sama málið að ræða. (Forseti hringir.) Það hefur hæstv. forsrh. viðurkennt þannig að ég spyr hæstv. forseta: Hefur forseti úrskurðað um það að hér sé um þinglegt mál að ræða?

[15:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka góðar óskir í minn garð. Hæsin stafar af því að hafa sungið söngbókina íslensku.

Ef forseti synjar lagafrv. staðfestingar fær það eigi að síður lagagildi en leggja skal það svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Eftir að ákvörðun forseta Íslands lá fyrir var það verkefni okkar á Alþingi að sjá til þess að þessi málskotsréttur Íslendinga væri virtur. Til þessa framhaldsþings var boðað svo setja mætti einföld og skýr lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar um fjölmiðlalögin. Forsrh. vildi setja önnur skilyrði um lágmarksþátttöku eða aukinn meiri hluta. Stjórnarandstaðan hefur nú lagt fram frv. um framkvæmdina, enda var það verkið sem þessi fundur átti að ljúka og annað mál ekki á dagskrá. Um það ræddum við formenn stjórnarandstöðunnar við forsrh. og utanrrh. á fundi sem stóð í 12 mínútur og fékk snubbóttan endi eins og menn muna.

Nú á að haga málum á annan veg og afnema lög og koma í veg fyrir að málskotsréttur sé virtur og setja ný fjölmiðlalög. Hvert er verið að fara? Vilja menn ekki fá dóm þjóðarinnar? Þola menn ekki að íslenska þjóðin fái að taka afstöðu til

einstaks máls og móta sér þær lýðræðishefðir sem víða eru í löndunum í kringum okkur og fá að fjalla um einstök mál og taka afstöðu til þeirra? Hvers vegna erum við á Íslandi að fara allt aðrar leiðir í lýðræðishefðum og lýðræðisþróun að því er virðist heldur en í nágrannalöndunum? Þessum spurningum hljótum við að velta fyrir okkur og ég dreg í efa að sú málsmeðferð sem hér er lagt upp með af hæstv. ríkisstjórn standist stjórnarskrá og þingsköp Alþingis.

[15:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. síðast er sú aðferð sem menn eru að vitna til hér hvergi til í þingstarfsemi veraldarsögunnar, hvergi til að þjóðaratkvæði sé boðað með þeim hætti eins og hér er miðað við í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Það þekkist hvergi í heiminum. (**Gripið fram í:** Þú hefur kannski ...)

Aðeins vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan þá taldi ég að á þeim ágæta fundi, sem nú er kominn niður í 12 mínútur, hafi verið ágætt samkomulag um að þingið kæmi saman á þessum degi, það var enginn ágreiningur um það. Það var ekki talað um þann tíma sem liðinn er. Það var samkomulag um það (**Gripið fram í:** Og líka þegar þjóðaratkvæðagreiðslan var ...) á þeim ágæta fundi. Og eftir atvikum, alveg rétt, ef menn hefðu farið í þann farveginn þá var líka samkomulag um það, en síðan voru sett fram skilyrði algerlega ófrávíkjanleg af hálfu stjórnarandstöðunnar þannig að það þurfti ekki að hafa þann fund lengri og það á ekki að hafa fundi lengri en þörf er á.

Í þessum efnum liggur það fyrir að lög taka gildi við synjun forseta og það liggur auðvitað einnig fyrir um leið að ef þingið fellir slík lög úr gildi með lagasetningu þá eru þau ekki lengur í gildi og þá er engin synjun í gildi, og sérstaklega þegar búið er um hnútana eins og gert er hér að séð verður til þess að þingkosningar hafi farið fram áður en lögin fá endanlegt gildi, þá er augljóslega ekkert vandamál á ferðinni. Ég tel að stjórnarliðarnir hafi sýnt vilja sinn í málinu að hafa þetta mál sem allra skilmerkilegast.

Ég tók eftir því í gær að tvennt var sagt af hálfu formanns Samf. Í fyrsta lagi að þetta væri fullkomin uppgjöf ríkisstjórnarinnar og síðan var sagt: Algerlega, óstjórnlega ósvífin aðgerð. Það er í fyrsta skipti sem sagt er að fullkomin uppgjöf sé óstjórnlega ósvífin. (**Gripið fram í:** Sigur.) Sigur stjórnarandstöðunnar, já. Uppgjöf ríkisstjórnarinnar en samt ofboðslega ósvífin. Hvenær hefur uppgjöf verið ósvífin? Hvernig geta menn haldið því fram? Þannig liggur þetta fyrir að þegar frv. hefur verið samþykkt getur fólk greitt um það atkvæði.

[15:16]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að mikil áhöld séu um hvort sú aðferð sem ríkisstjórnin hefur valið standist yfirleitt, ég vil segja hvort tveggja stjórnarskrá og þingsköp en sennilega munum við fá betri tíma til að ræða það síðar.

Hins vegar hefur komið í ljós að hugmyndaflugi þessarar ríkisstjórnar eru lítil takmörk sett þegar kemur að því að reyna á þanþol stjórnarskrárinnar. Þjóðinni var að tilhlutan forseta lýðveldisins falið á hendur löggjafarvald í tilteknu máli, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, hvort sem það tíðkast í öðrum löndum eða ekki.

Ríkisstjórninni var falið það einfalda hlutverk að hrinda í framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Henni er það verkefni einfaldlega ofviða. Dögum saman horfðum við á forustumenn stjórnarflokkanna þrátta um hversu miklar skorður væri heimilt að setja á atkvæðagreiðsluna og á þjóðina án þess að ganga of langt þannig að það bryti í bága við stjórnarskrá. Þeir gátu ekki einu sinni komið sér saman um skorðurnar. Þjóðin fylgdist agndofa með þessu dögum saman og beið spennt eftir lendingunni. Nú er niðurstaðan komin. Ríkisstjórnin þorir ekki að leggja fjölmiðlamálið í dóm þjóðarinnar eins og stjórnarskráin gerir þó ráð fyrir að gera eigi. Þess í stað á að fresta vandamálinu út kjörtímabilið. Þá á þjóðin náðarsamlegast að fá að kjósa um þetta mikla og erfiða mál í almennum kosningum, að því er mönnum skilst. Málskotsréttinum er ýtt til hliðar, gegn skýru ákvæði stjórnarskrárinnar, skýrum bókstaf 26. gr. stjórnarskrárinnar. Á meðan á fjölmiðlamarkaðurinn að bíða í fullkominni óvissu um örlög sín.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafði ekki burði til þess að ráða fram úr einföldu verkefni á borð við það sem nú liggur fyrir og það er dapurleg staða. Sú skrumskæling á lýðræðinu sem við sjáum birtast í málsmeðferð ríkisstjórnarinnar í þessu máli er mjög alvarleg. Ég er þeirrar skoðunar að ef ekki verði gengið nú þegar til atkvæðagreiðslu um málið, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, sé aðeins ein leið til að losa þjóðina úr þeirri spennitreyju sem meiri hlutinn hefur komið henni í, þ.e. að fella þetta umdeilda frv. úr gildi og ekki orð um það meir.

Það að hefja 4. umr. um málið á hinu háa Alþingi stenst hins vegar ekki, virðulegi forseti.

[15:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. skírskotaði til veraldarsögunnar. Ég held að í veraldarsögunni séu ekki mörg dæmi um ríkisstjórn sem kemur fram gagnvart þjóð sinni á þann hátt sem þessi ríkisstjórn gerir. Ég held að það séu ekki mörg dæmi um forsætisráðherra sem hefur önnur eins viðhorf til mismunandi sjónarmiða og til lýðræðisins og núverandi hæstv. forsrh. hefur.

Þegar menn lýsa sjónarmiðum sínum, setja fram skoðanir sínar, þá er verið að setja fram skilyrði. Þá er slegið í borðið og fundi slitið. Þetta er lýsingin á fundi oddvita ríkisstjórnarflokkanna með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í júní. Þar var boðið upp á samstarf af hálfu stjórnarandstöðunnar. Því var hafnað. Hins vegar var okkur skýrt frá því að þing skyldi koma saman á þessum degi, 5. júlí, og helst ekki standa lengur en í eina viku.

Því var einnig lýst yfir að fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram í fyrri hluta ágústmánaðar. Þessu var afdráttarlaust lýst yfir. Allt þetta hefur komið fram í fjölmiðlum en ég sé ástæðu til að árétta það nú í ljósi þeirra atburða sem við stöndum nú frammi fyrir.

Við þekkjum öll atburðarásina frá því í gær. Í upphafi héldu menn að nýsamþykktum fjölmiðlalögum yrði vikið til hliðar, þau yrðu numin úr gildi. Nú er að koma í ljós að menn ætla með offorsi með sömu löggjöf í gegnum þingið og blekkja þjóðina, fara aftan að þjóðinni, hafa af henni stjórnarskrárvarinn lýðréttindi.

Stjórnarandstaðan hefur lagt fram frv. á Alþingi um fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu. Við leggjum áherslu á að það mál verði tekið til afgreiðslu hið fyrsta.

[15:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. 26. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Herra forseti. Þessi grein stjórnarskrárinnar er alveg skýr. Hún gefur skýr fyrirmæli um að lög skuli borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti því skulu lögin fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ömurlegt að verða vitni að því hvernig ríkisstjórnarflokkarnir reyna að koma sér undan því að fara eftir stjórnarskrá, með því hreinlega að brjóta hana.

Spyrja má: Hvernig er hægt að nema lög sem ekki hafa fengið endanlega staðfestingu úr gildi? Þótt fjölmiðlalögin hafi öðlast lagagildi á enn eftir að staðfesta þau. Þessi lög hafa ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu hjá löggjafarvaldinu, sem er Alþingi, forseti lýðveldisins eða þjóðin sjálf í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nei, ríkisstjórnarflokkana skortir kjark til að leggja fjölmiðlafrumvarpið í dóm þjóðarinnar. Þeir vita að þeir mundu tapa þjóðaratkvæðagreiðslunni því meiri hluta landsmanna ofbýður þau ólýðræðislegu vinnubrögð sem viðhöfð voru þegar lagafrv. var böðlað gegnum þingið.

Stjórnarflokkarnir geta ekki hugsað sér að leyfa þjóðinni að kveða upp úrskurð sinn. Þeir óttast afleiðingarnar ef fólkið í landinu fær að komast upp á bragðið með að ákveða sjálft hvað því er fyrir bestu með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir óttast að glata völdum í hendur fólksins.

Hæstv. forseti. Hér er verið að traðka á lýðræðinu og Frjálslyndi flokkurinn mun ekki taka þátt í þeim gjörningi.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hvílíkir tímar, hvílíkir siðir. Það er stíll á stjórninni þessa dagana eða hitt þó heldur. Það er festa yfir landsstjórninni nú um stundir, eða hvað? Þeir börðu í gegn ólög um fjölmiðla í maímánuði með minnsta mögulega þingmeirihluta, 32:30.

Þegar forseti Íslands nýtti stjórnarskrárvarinn rétt sinn til málskots og málinu var vísað til úrskurðar þjóðarinnar þá upphófst næsti farsi í Stjórnarráðinu. Þeir sáu fyrir að málið var þegar tapað í þjóðaratkvæðagreiðslunni, sama hvaða brellur þeir fyndu upp til að hefta kosningarréttinn sjálfan. Stjórnarflokkarnir gátu ekki komið sér saman um það með hvaða hætti ætti að svindla á stjórnarskrá og þjóðinni í þeim efnum. Þá voru góð ráð dýr.

Lausnin, drottinn minn dýri. Kippa lögunum úr sambandi og þar með þjóðaratkvæðagreiðslunni og byrja alveg upp á nýtt með nýju og lítt breyttu frv. Þannig er staðan í dag. Þetta heitir, herra forseti, ósvífin uppgjöf.

Það er út af fyrir sig hið besta mál að stjórnarliðar átti sig á því að fjölmiðlalögin voru ólög og að þau beri að fella úr gildi. Það er gott. En dómgreindarleysið sem birtist í því að flytja síðan annað frv. um sama efni, næstum því jafnvitlaust og hið fyrra, segir meira en mörg orð um það út á hvaða víðáttutún þessi ríkisstjórn er komin. Stór spurning vaknar raunar um það hvort heimilt sé að flytja annað frv. um sama efni á sama þingi. Það þarf að skoða sérstaklega, herra forseti.

Veruleikinn er sá, herra forseti, að ríkisstjórnin er á flótta frá málinu og líka á flótta frá fólkinu í landinu. Ríkisstjórnin er rúin þreki og trausti. Hún bara er og varla þó.

[15:24]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við þingmenn vorum kallaðir til fundar í dag til að setja lög um fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu um vægast sagt umdeild fjölmiðlalög. Af fréttum að dæma var greinilegt að hæstv. forsrh. var hræddur. Hann var hræddur við dóm þjóðarinnar og vildi hagræða öllum leikreglum sér í hag. Það hefði furðu sætt hve langt ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstfl. hefur viljað ganga í að teygja og toga stjórnarskrána. Það hefði verið snautlegur endir á valdaferli Davíðs Oddssonar að þjóðin hafnaði fjölmiðlalögunum og óvíst að ríkisstjórnin hefði þolað þá raun.

Eins og áður segir var þingið kallað saman til að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu en nú er markmið þingsins skyndilega að stunda enn einn blekkingarleikinn. Það stendur til að afturkalla fjölmiðlalögin umdeildu, breyta þeim smávægilega og senda þau enn á ný forseta Íslands til staðfestingar. Auðvitað er foringi sjálfstæðismanna, með dyggri aðstoð framsóknarmanna, að setja nýkjörinn forseta í erfiða aðstöðu með því að bjóða upp á þennan auma skrípaleik, skrípaleik sem býður upp á þrátefli hæstv. forsrh. og forseta lýðveldisins. Er ekki nóg komið?

[15:26]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Atburðarás síðasta sólarhrings snýst í mínum huga um tvennt: Í fyrsta lagi er ríkisstjórnin of hrædd við að leggja verk sín í dóm þjóðarinnar eins og fyrirhugað var. Í öðru lagi ætlar þessi ríkisstjórn að setja sömu ólögin aftur.

Ríkisstjórnin hefur kastað handklæðinu í hringinn. En í staðinn fyrir að viðurkenna mistök sín eins og venjulegt fólk slá þeir enn eitt neðanbeltishöggið til viðbótar. Í rauninni hafa neðanbeltishöggin verið ansi mörg í þessu máli. Ríkisstjórninni er eflaust ekkert heilagt og er öllum ráðum beitt til að hægt sé að komast hjá því að þjóðin geti sagt álit sitt á þessu máli. Fyrst var málflutningurinn sá að málskotsréttur forseta væri einfaldlega ekki til þrátt fyrir skýran vilja höfunda stjórnarskrárinnar. Síðan var sett fram sú furðulega skoðun að forseti væri vanhæfur til að sinna þessari skyldu sinni. Svo heyrðist úr herbúðum Sjálfstfl. að málið væri ekki af þeirri stærðargráðu að þjóðin mætti segja álit sitt á því. Loks átti að setja takmarkandi og íþyngjandi skilyrði á sjálfan kosningarrétt þjóðarinnar.

En síðasta útspilið slær þó öllu við. Það á að afturkalla lögin en setja síðan sömu lögin aftur. Ég trúi ekki að þjóðin sjái ekki í gegnum þennan farsa og þennan vitleysisgang sem hæstv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sýnir í þessu máli.

Fundi slitið kl. 15:28.

134. FUNDUR

miðvikudaginn 7. júlí,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

1. Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 1011. mál, þskj. 1891. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, frv., 1012. mál, þskj. 1892. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.

Úrskurður forseta um frumvarp um fjölmiðlalög.

[11:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Á fundi með formönnum þingflokka síðdegis á mánudag varð ég við þeirri ósk formanna stjórnarandstöðuflokkanna að úrskurða um það nú í upphafi þessa fundar hvort stjórnarfrumvarp á þskj. 1891, 1011. mál þingsins, frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, samkeppnislögum, nr. 8/1993, o.fl., væri þinglegt. Í því felst spurningin um hvort frv. uppfylli þau formskilyrði sem þingsköp Alþingis og stjórnarskrá eftir atvikum setja um lagafrumvörp.

Er þá fyrst til þess að taka að stjórnarfrumvarpið eins og öll önnur stjórnarfrumvörp er lagt fram skv. 25. gr. stjórnarskrár þar sem segir:

„Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta."

Með bréfi forsrh. til forseta Alþingis, dagsett 5. júlí 2004, er mér tilkynnt að ráðherrann óski eftir að leggja fram frv. fyrir Alþingi. Ég hef gengið úr skugga um að forseti Íslands hefur fallist á tillögu ráðherra um að frv. yrði lagt fyrir Alþingi og áritað hana um það. Frv. er því ótvírætt stjórnarfrumvarp.

Í 36. gr. þingskapa segir að lagafrumvörp skuli vera samin með lagasniði og skuli prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frv. skuli fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Ekki leikur vafi á því að þessum áskilnaði er fullnægt. Frv. er í réttum búningi.

Í 43. gr. þingskapa segir svo:

„Lagafrumvarp, er hefur verið fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi."

Augljóst er að þessi grein þingskapa á ekki við um stjórnarfrumvarpið.

Stjórnarfrumvarpið felur ekki í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, sbr. 42. gr. þingskapa.

Ég vísa að öðru leyti til fyrri úrskurðar míns um svokallað öryrkjamál, frá 17. janúar 2001, og úrskurðar forvera míns, Salome Þorkelsdóttur, frá 15. desember 1992, um Evrópska efnahagssvæðið. Ég tel því að stjórnarfrumvarpið sé borið rétt fram, það sé í réttum búningi og engin ákvæði þingskapa séu því til fyrirstöðu að það komi á dagskrá þegar sá frestur sem áskilinn er í 36. gr. þingskapa frá útbýtingu þess til 1. umr. er liðinn og þingið hefur veitt samþykki fyrir því að málið komi fyrir þótt sex mánuðir séu liðnir frá þingsetningu, sbr. 2. mgr. 36. gr. þingskapa.

Tilhögun þingfundar.

[11:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar eftir því, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, að ræðutími við 1. umr. í 1011. máli, útvarpslög og samkeppnislög, verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Ögmundur Jónasson,
formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs."

Við þessari beiðni verður orðið.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]

Bæði dagskrármálin of seint komin fram. — Samþ. með 50 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Athugasemdir um störf þingsins.

Úrskurður forseta um frumvarp um fjölmiðlalög.

[11:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa orðið við óskum okkar um að fella um það úrskurð hvort stjórnarfrv. það sem nú á að taka á dagskrá gæti talist þinglegt. En ég hlýt að lýsa mig algerlega ósammála niðurstöðu hæstv. forseta. Þetta frv. er ótækt, það er óþinglegt og í því er í fólginn stjórnskipulegur óskapnaður, aðallega af tveim ástæðum. Það er fólgið í frv. fyrirætlan um að fara á svig við stjórnarskrána, að hafa af þjóðinni stjórnarskrárbundinn rétt til að kjósa um lagafrv. sem forseti hefur synjað staðfestingar og þar með fært staðfestingarvaldið yfir til þjóðarinnar. Orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar er afdráttarlaust. Þar segir að við slíkar aðstæður skuli kjósa um málið svo fljótt sem við verður komið.

Frv. er einnig ótækt og gengur ekki upp að formi til. Það felur í sér að í einu og sama frv. eru felld úr gildi efnisatriði og sett inn aftur. 2. gr. gildandi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, laga nr. 48/2004, er felld úr gildi með 3. gr. frv. sem samþykkt verður en sett inn aftur óbreytt, orðrétt og engin efnisbreyting. Frv. er sem sagt hvort tveggja óþinglegt að formi til og það felur í sér ósæmilega ætlan um að komast undan ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Varaformaður Sjálfstfl. viðurkennir á fundi í gær samkvæmt fréttum í Morgunblaðinu (Forseti hringir.) að tilgangur málsins sé sá. „Frumvarpið leið til að afstýra þjóðaratkvæðagreiðslu", segir Morgunblaðið og hefur eftir hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde. Ég hlýt því, herra forseti, að lýsa mig

algerlega ósammála úrskurði þínum og hafa (Forseti hringir.) allan fyrirvara á um að koma nálægt þessu stjórnarfrv. hvað þinglega meðferð þess varðar því það er óþingtækt.

[11:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil óska eftir að þingmenn stytti mál sitt eftir að slegið hefur verið í bjöllu til að láta vita að ræðutíma sé lokið.

[11:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og fyrri ræðumaður lýsa yfir ánægju minni með að hæstv. forseti skuli hafa úrskurðað í þessu máli en um leið lýsa mig algerlega andvígan niðurstöðu hæstv. forseta. Við vorum kallaðir til þings til að ræða framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Með það efni gaf forseti út bréf og sendi og það var verkefni okkar á hinu háa Alþingi. Þess í stað kemur ríkisstjórnin og leggur fram frv. sama efnis og það sem þingið afgreiddi síðast en þó að þingið sé búið að afgreiða frv. hefur það ekki fengið lagagildi og fær ekki lagagildi fyrr en forseti hefur staðfest það eða það hefur verið afgreitt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Um þetta tiltekna atriði hefur Gunnar G. Schram, fyrrv. alþingismaður Sjálfstfl. og prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, ritað og byggir rit hans fyrst og fremst á skrifum Ólafs Jóhannessonar, fyrrv. formanns Framsfl., en þar segja þeir ágætu menn, með leyfi forseta:

„Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi er það þar með komið úr höndum þingsins og verður eigi afturkallað af því. Endanlegt lagagildi hefur þó frumvarpið ekki enn þá fengið. Það á eftir að fara til hins löggjafaraðilans, forsetans, til staðfestingar. Ef hann synjar staðfestingar þá þarf að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu."

Hvorugt hefur gerst og því er ljóst að e.t.v. okkar helstu spekingar á þessu sviði lýsa þessari skoðun sinni sem er algerlega andstæð niðurstöðu hæstv. forseta og miklum mun eðlilegri því þá ættum við ekki á hættu, ef menn afgreiddu svona frumvörp endanlega, þá vitleysu sem hugsanlega er í uppsiglingu, virðulegi forseti, að það þurfi að fara tvisvar sinnum í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna málsins.

[11:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Okkur gefst tóm til að ræða þessi mál við umræðu um viðkomandi mál en það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að ekki er verið að hafa af þjóðinni neinn rétt. Stjórnarandstaðan hefur m.a. lýst því yfir að æskilegt væri að afnema þessi lög. Það er verið að afnema þau. Síðan er verið að ... (Gripið fram í.) Það er verið að nema þau úr gildi, það er ein af greinum þessa frv. Síðan er verið að flytja annað frv. þar sem eru tvær mjög veigamiklar (Gripið fram í.) breytingar.

Herra forseti. Ég tel að það sé langbest að gera tilraun til að ræða þessi mál á Alþingi í umræðu um málið. Ég heyri að hv. þingmenn hafa ekki þolinmæði í upphafi fundar en gæti verið að þeir hefðu hana þegar líður á daginn.

[11:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þann úrskurð sem hér var felldur en ég er honum algerlega ósammála og tel að það frv. sem ríkisstjórnin er að leggja fram sé sama mál og stendur til að fella úr gildi. Ég tel að með málatilbúnaðinum sé sá tilgangur einn, sem reyndar var lýst af hæstv. fjmrh. á fundi í gær miðað við tilvitnun í Morgunblaðinu, sem er að koma í veg fyrir að þjóðin þurfi að taka afstöðu til málsins í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að verið sé að taka þann rétt af þjóðinni og þar séum við á mjög hæpinni braut, vægast sagt.

Hér er verið að leggja fram sama frv. á nýjan leik og í greinargerð frv. er meira að segja vísað til greinargerðar eldra frv. sem á að fella úr gildi og þeirra laga sem hafa verið sett. Þannig að allt að einu er málið þannig búið að ég lít svo á að ríkisstjórnin sé beinlínis að koma í veg fyrir að þjóðin fái að nýta sér þau réttindi sem henni eru sköpuð og skýrt er tekið fram í í 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það frv. sem nú hefur verið sett á dagskrá verður til þess að afstýra, ef það verður samþykkt, því að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar í skugga fullkominnar réttaróvissu um form atkvæðagreiðslunnar sjálfrar (**ÖJ:** Hver bjó þá óvissu til?) og fyrirkomulag. (Gripið fram í.) Um form atkvæðagreiðslunnar sjálfrar og fyrirkomulag ... (**MÁ:** Hver bjó til þessa óvissu?) Það hefur verið í ljós leitt að 26. gr. stjórnarskrárinnar er svo vanbúin af hálfu stjórnarskrárgjafans að það er ekki óhætt að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli þeirra ákvæða. (Gripið fram í.)

Spurning hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um það hvort málið sé komið í óafturkræft ferli með synjun forseta Íslands er enn frekari staðfesting þess hversu óljóst þetta ákvæði er. Það að menn skuli spyrja spurningar sem þessarar, sem ég tel ekki óeðlilegt að gert sé, staðfestir enn frekar hversu vanbúin ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar eru í raun um þetta mál allt saman. Ég tel að úrskurður forseta sé réttur. Ég tel að það sé ekkert athugavert við það að afturkalla lögin með þeim hætti sem hér er lagt til, alls ekkert athugavert við það, enda hefur það verið nefnt af hálfu bæði fræðimanna og ýmissa þingmanna úr stjórnarandstöðunni að eðlilegt væri að gera það.

[11:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í byrjun júní sl. beitti forseti lýðveldisins heimild í 26. gr. stjórnarskrárinnar og synjaði lagafrv. staðfestingar. Í þeirri grein stjórnarskrárinnar stendur, með leyfi forseta:

„Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu."

Þessi ákvæði eru einföld og skýr. Framtíð þessara laga er nú í höndum þjóðarinnar. Í samræmi við ákvörðun forseta lýðveldisins var gefið út forsetabréf sem lesið var upp sl. mánudag sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar sem ákveðið hefur verið að fram skuli fara, um frambúðargildi laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem samþykkt voru á stjórnskipulegan hátt frá Alþingi hinn 24. maí sl.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 5. júlí 2004 kl. 15.00."

Það er því alveg ljóst að fyrir þessu þingi liggur að kveða á um tilhögun boðaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Það frv. sem

ríkisstjórnin flytur nú miðar beinlínis að því að koma í veg fyrir boðaða þjóðaratkvæðagreiðslu. Til þess hefur ríkisstjórnin að mínu mati engan rétt og Alþingi hefur heldur engan rétt til að grípa þannig fram fyrir hendur þjóðarinnar (Forseti hringir.) og koma í veg fyrir að hún kjósi um mál sem sent hefur verið til hennar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins. Með lögum skal land byggja (Forseti hringir.) og ég mótmæli því úrskurði forseta þingsins um að þetta mál ríkisstjórnarinnar sé þingtækt. Verkefni þessa þings er að kveða á um (Forseti hringir.) þjóðaratkvæðagreiðsluna og framkvæmd hennar.

[11:17]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hafði áður beðið hv. þm. að virða það að eftir að ég hef gefið merki um að ræðutíma sé lokið að reyna þá að stytta mál sitt og byrja ekki á nýjum efnisatriðum.

[11:18]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það kemur mjög á óvart hversu stjórnarandstaðan tekur þessu frv. illa því það er auðvitað þannig þegar maður skoðar málið í sögulegu samhengi að þá blasir það við að hér er fyrst og fremst verið að bregðast við óskum stjórnarandstöðunnar sjálfrar sem er búin að vera að kalla eftir því alla vordagana og sumarið að löggjöfin yrði felld úr gildi.

Það er ekki svo að þetta mál sé nýtt. Sigurður Líndal lagaprófessor hvatti bókstaflega til þess í blaðagrein 2. júní að fella lögin úr gildi til þess að Alþingi gæti síðan tekið til við það að semja nýja löggjöf. Það er einmitt það verkefni sem við höfum núna fyrir framan okkur, það er verkefni þessa dags að fara yfir þá löggjöf. Nú liggur fyrir frv. og við erum að vinna að því að búa til nýja löggjöf af því að við erum að fella þá gömlu úr gildi miðað við það frv. sem hér liggur fyrir.

Þegar maður skoðar viðbrögð stjórnarandstöðunnar við þessari hugmynd Sigurðar Líndal þá blasir við að stjórnarandstaðan er að krefjast þess að nákvæmlega svona sé farið í málið. Ég hef undir höndum útskrift af frétt Bylgjunnar á miðvikudaginn var, fyrir viku síðan, og þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Sá möguleiki er fyrir hendi að ríkisstjórnin afturkalli fjölmiðlalögin og geri þannig þjóðaratkvæðagreiðslu óþarfa. Stjórnarandstaðan segir að ef svo fari sé hún reiðubúin til samstarfs um að semja nýtt frumvarp."

Það er auðvitað það sem við erum að gera. (Gripið fram í.) Við erum að vinna að þessari löggjöf. Vitaskuld hefur ríkisstjórnin forræði á þessu máli og vitaskuld ber ríkisstjórninni skylda til að leggja fram frv. af þessu tagi, en bera hlátrasköll stjórnarandstöðunnar vitni um það að hún ætlar ekki að vinna að málinu í þinginu? Ætlar hún bara að vera í endalausum upphlaupum? Ætlar hún ekki að vinna efnislega að málinu eins og hún á að gera í nefndinni sem nú er búið að tilkynna sérstaklega að það sé búið að ryðja dóminn, það sé búið að ryðja nefndina til þess að hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson og Guðjón A. Kristjánsson komist þar inn? Er kannski verið að boða það að þeir ætli ekki að vinna vinnuna sína (Forseti hringir.) við að búa til þá löggjöf?

Ögmundur Jónasson hvetur sérstaklega til þess í fréttinni (Forseti hringir.) að það sé farið að þessum málum nákvæmlega með þessum hætti. Hann er (**ÖJ:** Þetta er útúrsnúningur.) hugmyndafræðingurinn að málinu.

[11:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því að upplifa það í þessum sal að kollegar mínir, hv. þm., kæmu í ræðustólinn og hældu sér af því að taka kosningarréttinn af fólki. Það gerði hæstv. fjmrh. áðan og það gerði hæstv. utanrrh. líka. Það er auðvitað ekkert minna en það að taka af fólki kosningarrétt sem er bundinn í stjórnarskrá. Það lá fyrir stjórnarskrárbundinn réttur fólks að greiða atkvæði um fjölmiðlalögin. Það lá fyrir stjórnarskrárbundin skylda ríkisstjórnarinnar að ganga þannig frá málum að sú atkvæðagreiðsla færi fram og okkar í þinginu að setja því lagaramma. Þeir hafa svikist um það. Þeir hafa farið í sjálfan kosningarréttinn. Ég hefði aldrei trúað því fyrir fram að ég ætti eftir að upplifa þessa stund.

Herra forseti. Ég virði úrskurð þinn áðan en ég er honum ósammála. Ég held þvert á móti að líta megi á 43. gr. þingskapa og draga af henni lærdóm og gagnálykta að hér komi menn ekki innan sama þings, í þessu tilfelli á 130. löggjafarþingi, með sama mál einum og hálfum mánuði eftir að það er afgreitt. Það sama gildir um það og þegar mál eru felld.

Einnig vil ég segja, herra forseti, að nú er okkur sagt í aðdraganda þessarar umræðu að þetta sé rammalöggjöf sem hér sé á ferðinni. Rammalöggjöf. Þess vegna eigi að setja á fjölmiðlanefnd með liðsinni stjórnarandstöðunnar í kjölfarið. Ég vil fá skýrt svar við því frá stjórnarliðinu hvað það felur í sér. Er verið að gefa til kynna að taka eigi málið upp frá a til ö strax í september eða október og búa til nýtt frv. hugsanlega fyrir jól? Hvað felur sú rammalöggjöf í sér, þessi opnun sem verið er að bjóða upp á? Það er alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram (Forseti hringir.) en það hefur ekki gerst enn þá, herra forseti, frekar en allt annað í þessu makalausa máli.

[11:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Vissulega er kostulegt að koma á ný til þings einum og hálfum mánuði eftir að mál hefur verið afgreitt og samþykkt til að fjalla aftur um sama mál sem ekki hefur fengið endanlega staðfestingu. En ástæðan fyrir því að ég bað um orðið aftur voru fyrst og fremst orð hæstv. fjmrh., sem kom hér upp og talaði um óheyrilega réttaróvissu sem uppi væri í málinu og ekki bara það heldur að stjórnarskrárgjafinn hefði verið svo ófullkominn á sínum tíma að það væri bara ekki nokkur leið að vinna úr þessu máli.

Hverjum kemur til hugar að stjórnarskrárgjafanum á sínum tíma hafi dottið í hug að það mundi vefjast fyrir nokkrum manni að boða til einnar kosningar og láta á það reyna hvort meiri hluti eða minni hluti landsmanna væri fylgjandi eða andvígur einhverju máli? Hverjum hefði til hugar komið að fylla ætti út hverja einustu reglu um hvernig við förum í kosningar? Svo tala menn um einhverja réttaróvissu. Það er bara réttaróvissa innan ríkisstjórnarinnar vegna þess að Sjálfstfl. fékk því ekki framgengt að svindla á þjóðinni í þessum kosningum, þ.e. að krefjast þess að a.m.k. 44% af kosningarbærum mönnum þyrftu að segja nei. Stjórnarskrárgjafanum hefði aldrei dottið það í hug að einhver fengi slíkar hugmyndir á því herrans ári 2004. Það er því ekki nema von, virðulegi forseti, að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki gengið lengra. Þetta er *sáraeinfalt mál*. Það á að bera það undir þjóðina og hlíta niðurstöðu meiri hlutans sem mætir til kosninga.

Það gengur ekki að skjóta sér á bak við það þegar það á við í kosningum hvort menn sitja heima eða ekki. Í nýgengnum forsetakosningum voru fáir ábyrgðarmeiri að mati meiri hlutans en þeir sem sátu heima. En í þessum kosningum er það ómögulegt því einhver gæti setið heima.

Virðulegi forseti. Réttaróvissan er bara í ríkisstjórninni.

[11:25]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég tel að úrskurður hæstv. forseta í þessu máli sé hárréttur og lögum samkvæmur og samkvæmur þeim þingsköpum sem við störfum eftir. Vegna þeirrar uppákomu sem hér hefur átt sér stað vil ég benda á að það stendur í stjórnarskránni að Alþingi fari með löggjafarvald á Íslandi og geti samþykkt lög, breytt lögum og afnumið lög. (Gripið fram í.) Og vegna þeirra ummæla sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lét falla og túlkun hans á 26. gr. stjórnarskrárinnar þá er það rangt sem hann hélt fram að lög öðlist ekki (Gripið fram í.) gildi fyrr en forseti hafi undirritað þau. Það stendur beinlínis í stjórnarskránni, hv. þm., að synji forseti lögum staðfestingar öðlist lögin engu að síður gildi. (**LB:** Ég sagði endanlegt lagagildi. Það er óþarfi að snúa út úr því sem sagt er.) Þannig að hv. þm. ætti að lesa stjórnarskrána almennilega áður en hann fer (Gripið fram í.) að tjá sig um hana.

Það er ekki á hverjum degi sem ég geri orð Jónatans Þórmundssonar (Gripið fram í.) prófessors að mínum. Stjórnarandstaðan hefur haft þann hátt á mun frekar á síðustu dögum og vikum í tengslum við það mál sem hér er til umfjöllunar. En eftir að ríkisstjórnin kynnti áform sín sl. sunnudag leitaði hún álits nokkurra lögfræðinga um það hvort ríkisstjórninni væri heimilt að gera það sem nú hefur verið boðað. Einn þeirra álitsgjafa sem tjáðu sig um málið var hinn viðbragðssnöggi Jónatan Þórmundsson sem situr í viðbragðshópi Þjóðarhreyfingarinnar. Hvað segir Jónatan Þórmundsson (**Gripið fram í:** Gera lítið úr honum.) í Fréttablaðinu sl. mánudag? Hvað segir hann um þessi áform ríkisstjórnarinnar? Hann segir, með leyfi forseta:

„Þingið getur fellt úr gildi þessi lög. Ég held að formlega fái það staðist."

Ég held að að þessu sinni geri ég orð Jónatans Þórmundssonar, prófessors við Háskóla Íslands, að mínum.

Útvarpslög og samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 1011. mál (eignarhald á fjölmiðlum, bottfall eldri laga o.fl.). — Þskj. 1891.

[11:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, samkeppnislögum, nr. 8/1993, o.fl.

Frv. þetta er að stórum hluta samhljóða öðru frv. sem samþykkt var á stjórnskipulegan hátt á hinu háa Alþingi hinn 24. maí sl. og varð að lögum nr. 48/2004 eftir að forseti Íslands hafði synjað því staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar. Tvær veigamiklar breytingar eru þó gerðar sem gerð verður nánari grein fyrir á eftir.

Það var í fyrsta skipti í 60 ára sögu lýðveldisins sem forseti beitir þessari heimild sem ég áður nefndi. Ríkisstjórnin ákvað þá þegar að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu þá sem vísað er til í 26. gr. stjórnarskrárinnar að fram skuli fara um frambúðargildi laga sem svo háttar til um. Þar eð ljóst þótti að ýmsum álitaefnum um tilhögun slíkrar atkvæðagreiðslu yrði ekki svarað á annan hátt en með lögum var starfshópur viðurkenndra og valinkunnra hæstaréttarlögmanna skipaður til að svara ýmsum álitamálum um efni slíkrar lagasetningar og Alþingi stefnt saman sérstaklega til að fjalla um hana. Til þess þurfti þá að nýta sérstaka frávikheimild í 2. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar til að kveðja Alþingi saman eftir að fundum þess hafði verið frestað, enda hafði forseti aðeins átta dögum áður en hann kynnti fjölmiðlum þá ákvörðun sína sem ég áður nefndi veitt hæstv. forsrh. umboð til að fresta fundum þingsins allt til septemberloka.

Starfshópurinn skilaði forsætisráðherra skýrslu hinn 24. júní síðastliðinn sem kynnt var fjölmiðlum og gerð almenningi aðgengileg fyrir rúmri viku síðan. Í inngangi að henni kemur fram að hópurinn hafði viðað að sér öllum tiltækum upplýsingum og gögnum víða að og hlýtt á sjónarmið helstu sérfræðinga sem málið snertir. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að þýðingarmesta atriðið sem starfshópurinn hafði þurft að taka afstöðu til hafi verið um það hvort heimilt væri að setja skilyrði um afl atkvæða og þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Til þess liggja auðvitað skýr réttarpólitísk rök ef úrslit hennar eiga að geta tryggt þann samhljóm milli þings og þjóðar sem sumir telja að tilgangur hennar helgist af enda töldu flestir álitsgjafar hópsins að almennt stæðu gild rök til þess að setja einhver slík skilyrði. Meðal löglærðra álitsgjafa sem leitað var til hafa á hinn bóginn verið skiptari skoðanir um það hvort heimilt væri að setja slík skilyrði eftir að tilefni til atkvæðagreiðslunnar hefði stofnast og þá jafnframt hvort þau yrðu sett með almennum lögum eða hvort þau krefðust einnig breytinga á stjórnarskrá. Þetta var að sönnu fyrirferðarmesta umfjöllunarefni starfshópsins eins og ráða má af skýrslu hans þar sem gerð er afar ítarleg og, ég vil segja, mjög hreinskiptin grein fyrir sjónarmiðum á báða vegu, það er bæði þeim sem mæla með setningu skilyrða af þessu tagi og svo þeim sem mæla gegn þeim.

Jafnvel þó starfshópurinn taki síðan undir að rík efnisleg rök standi til að binda þátttöku í slíkri atkvæðagreiðslu ákveðnum skilyrðum og mæli með ákveðinni leið í því skyni telur hann þó ekki vafalaust að slíkur áskilnaður í lögum stæðist þær stjórnskipulegu formkröfur sem grein er gerð fyrir í skýrslunni og einkum varða ófullnægjandi frágang stjórnarskrárákvæðisins frá árinu 1944. Það á sér vitaskuld þá skýringu eins og allir vita að ágreiningur var á Alþingi um inntak þessa ákvæðis í aðdraganda lýðveldisstofnunarinnar og menn voru hreinlega að brenna inni á tíma. Það leiddi til þess, og um það voru menn þó sammála, að við það var skilið til bráðabirgða á þann hátt sem við búum þó við enn þann dag í dag.

Sá fyrirvari á niðurstöðunni gekk alveg skýrt fram í umræðunni þegar menn sættust á að taka tímabundið meiri hagsmuni fram yfir minni eins og sést best á því að stjórnarskrárnefndinni var ætlað að starfa áfram að endurskoðun stjórnarskrárinnar, þar á meðal að þessu leyti. Þegar til á að taka þarf því ef til vill ekki að koma á óvart að ákvæðið er ekki nothæft í framkvæmd enda hefur sjálfsagt aldrei hvarflað að nokkrum manni að því yrði nokkurn tíma beitt. Umfjöllun helsta stjórnlagafræðings okkar á 20. öld, Ólafs heitins Jóhannessonar prófessors og forsætisráðherra, dregur það öðru betur fram hvílík óvissa er uppi um framkvæmd

á grundvelli ákvæðisins og fáir hafa orðið til að mæla því á móti þótt hann hafi sett fram þessa skoðun fyrir mörgum áratugum síðan.

Í skýrslunni eru fyrirvarar í þessa veru ítrekaðir oftar en einu sinni og jafnvel tekið fram að innan hópsins hafi þeirri skoðun verið hreyft að viðskilnaður stjórnarskrárgjafans árið 1944 sé svo gallaður að ekki sé unnt að útfæra reglur í almennum lögum fyrr en á stjórnarskrárgreininni hafi verið gerðar nauðsynlegar lagfæringar. Segja má að í hnotskurn sé það og sú afstaða sem ríkisstjórnin hafi tekið með því frumvarpi sem hér liggur fyrir, enda er hvort tveggja óviðunandi, að atkvæðagreiðsla um frambúðargildi laga sem lýðræðislega kjörið Alþingi af hátt í 90% þjóðarinnar hefur sett fari fram án nokkurra skilyrða um hvaða atkvæðamagn þurfi til að fella þau úr gildi og eins hitt að atkvæðagreiðslan fari fram með einhverjum slíkum skilyrðum, að óþolandi réttaróvissa ríki þá bæði um gildi atkvæðagreiðslunnar og réttaráhrif úrslita hennar.

Þar að auki hafa þau sjónarmið komið fram að óhætt sé að auka nokkuð þann hlut sem fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum af tiltekinni stærðargráðu sé heimilt að eiga í fyrirtæki í útvarpsrekstri jafnvel þótt í markaðsráðandi stöðu séu án þess að nokkuð sé gengið á eða dregið úr þýðingu þeirra sjónarmiða sem liggja takmörkun á því til grundvallar og hæstv. forsætisráðherra gerði grein fyrir í framsögu með frumvarpi því er varð að lögum nr. 48/2004. Af þeim sökum er í frumvarpi því sem hér liggur fyrir lagt til að hámark þessa hlutfalls verði tvöfaldað úr fimm í tíu af hundraði enda verður að ætla að eignarhlutur af þeirri stærð sé varla til þess fallinn að skapa eiganda sínum ráðandi stöðu innan útvarpsfyrirtækis. Á hinn bóginn ætti þessi breyting einnig að glæða möguleika útvarpsfyrirtækja á því að laða til sín fjárfesta.

Herra forseti. Þess vegna er það niðurstaða ríkisstjórnarinnar að það sé bæði óheppilegt og óskynsamlegt að atkvæðagreiðsla um lög númer 48/2004 fari fram við þessar aðstæður. Þess í stað er hér lagt til að þau verði numin úr gildi og í staðinn lögfest annað frumvarp. Á lögunum sem lagt er til að numin verði úr gildi og frumvarpi því sem hér er mælt fyrir er sá veigamikli munur að því er ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en haustið 2007. Á þennan hátt gefst kjósendum, þjóðinni, eftir sem áður tækifæri til að greiða um það atkvæði á þann eina hátt sem hér hefur tíðkast á lýðveldistíma, það er að segja í almennum kosningum til Alþingis. Þær fara næst fram ekki síðar en vorið 2007 og nýkjörnu þingi ber samkvæmt stjórnarskrá að stefna saman ekki síðar en tíu vikum eftir kosningar. Hið nýja þing hefur þá öll tækifæri til að hafa á þessi lög þau áhrif sem það kýs áður en þau koma endanlega til framkvæmda. Um þessar breytingar fer þó ekki á ósvipaðan hátt og breytingar á stjórnarskrá sem fjalla verður um á tveimur þingum með kosningum í milli. Í því felst einmitt sú hugsun að þjóðinni gefist í þeim kosningum kostur á að lýsa viðhorfi sínu til þess meiri hluta sem að baki breytingunum stendur og getur þá eftir atvikum losað sig við hann ef henni hugnast þær ekki. Þannig er ríkisstjórnin í raun reiðubúin að ganga lengra en leiða mundi af þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarpið eitt og sér. Með þessu móti má segja að hún leggi jafnframt líf sitt að veði, enda gefst þjóðinni þá um leið kostur á að velja sér annan meiri hluta.

Herra forseti. Frumvarp þetta er að öðru leyti en því sem ég hef þegar lýst sams konar og frumvarp það er varð að lögum númer 48/2004 og er eitt mest rædda mál á Alþingi í seinni tíð. Ég tel því ekki ástæðu til að víkja frekar að efni þess eða einstökum greinum heldur vísa um það til athugasemda sem fylgja bæði þessu og fyrra frumvarpi, nefndaráliti meiri hlutans með fyrra frumvarpinu og skýringa með samþykktum breytingartillögum við það.

Áður en ég lýk máli mínu er vert að rifja það upp að frumvarp þetta er byggt á tillögum sérstakrar nefndar sem skipuð var til að kanna hvernig háttað væri eignarhaldi á fjölmiðlum í landinu. Í skýrslu nefndarinnar sem tekin var til umræðu á hinu háa Alþingi síðastliðið vor kom fram að íslenskur fjölmiðlamarkaður hafði ýmis þau einkenni samþjöppunar sem hvarvetna eru talin óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum um fjölbreytni í fjölmiðlun sem byggt var á í skýrslunni. Til að draga úr þessum einkennum og áhrifum þeirra benti nefndin á nokkrar leiðir og ein þeirra er sú sem fólgin er í þessu frumvarpi.

Á hinn bóginn bar nefndin einnig fram nokkrar aðrar ábendingar og tillögur sem ríkisstjórnin vísaði til hennar á ný til nánari útfærslu. Að því starfi hefur ríkisstjórnin jafnframt boðið að koma fulltrúum annarra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi enda er æskilegt að breið pólitísk samstaða geti skapast um frekari aðgerðir á þessu sviði. Meðal þeirra verkefna sem nefndin vinnur áfram að verða stafrænt útvarp, hlutverk Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps, sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum, aukin úrræði í samkeppnislögum til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði og könnun á því hvort þörf sé á að reisa skorður við eignarhaldi útlendinga utan EES-svæðisins í fjölmiðlafyrirtækjum. Ég vænti mikils af starfi nefndarinnar sem frekari grundvelli að góðum og sanngjörnum leikreglum á þessu mikilvæga sviði.

Að svo mæltu legg til, herra forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[11:42]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við höfum heyrt hæstv. ráðherra gera grein fyrir brellunum sem ríkisstjórnin ætlar að nota til að skjóta sér undan því að leggja fjölmiðlalögin í dóm þjóðarinnar. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin er svo hrædd og hún er sjálf svo sannfærð um að hún sé með koltapaðan málstað að hún þorir ekki að leyfa þjóðinni að nota þann rétt sem stjórnarskráin gefur henni til að segja álit sitt á hinum vondu fjölmiðlalögum sem hér voru sett í vor.

Það frumvarp sem hæstv. ráðherra mælti hér fyrir er ekkert annað en löng yfirlýsing um að ríkisstjórnin þori ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var hæstv. dómsmálaráðherra sem sagði á dögunum að það væri brella að ætla að kippa nýsamþykktum lögum um fjölmiðla til baka og koma þannig í veg fyrir að fólkið fengi að kveða upp sinn dóm í þjóðaratkvæðagreiðslu. En það er nákvæmlega það sem nú er að gerast með þessu brellufrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Hér er í orði kveðnu verið að leggja til að fjölmiðlalögin frá í vor séu felld úr gildi. En þau eru jafnharðan borin fram lítt breytt og ríkisstjórnin er meira að segja svo ósvífin að hún er aftur búin að bæta inn í þau ákvæði sem búið var að fella út og formaður Framsóknarflokksins taldi meira að segja brot á stjórnarskránni í vor. Hæstv. ráðherra undirstrikar það svo rækilega að hér er um sama frumvarpið að ræða að hann vísar til þeirra nefndarálita og þeirra skýrslna og gagna sem

lögð voru fram með hinu fyrsta frumvarpi. Hæstv. ráðherra bítur því höfuðið af skömminni með því að koma hingað og staðfesta eins rækilega og hægt er að frumvarpið sem hér er verið að leggja fram aftur er í reynd sama frumvarpið og það er þetta sem hæstv. dómsmálaráðherra kallaði fyrr í sumar brellu. Ríkisstjórnin er að beita brellum til að svipta þjóðina rétti sínum til að fella dóm yfir ólögum hennar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér finnst þetta sorgleg niðurstaða. Mér finnst þetta vera dapur dagur fyrir þingið og ég held að í sögunni verði þetta álitinn einn af svörtustu blettunum á ferli þessarar ríkisstjórnar. Töldu þó flestir að svartara gerðist það ekki eftir hraklegan stuðning hennar við stríðið í Írak.

Herra forseti. Ríkisstjórn sem hefur ekki pólitískan kjark til að horfast í augu við úrskurð eigin þjóðar er komin að leiðarlokum. Það er tilfinningin sem þjóðin öll deilir nú varðandi brellustjórn Davíðs Oddssonar. Innstæða hennar er búin. Hún er rúin trausti og það er komið að þeim punkti að hún á að fara frá. Hún nýtur ekki lengur trausts þjóðarinnar.

Hæstv. ráðherra rökstuddi áðan í löngu máli að svo mikil réttaróvissa ríkti varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu að það yrði að forða þjóðinni frá henni. En þá réttaróvissu er einungis að finna í máli og í hugum hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar. Sú regla sem synjun forseta og þar með þjóðaratkvæðagreiðslan er byggð á liggur alveg skýr fyrir. Athugasemdir við greinina frá sínum tíma eru alveg skýrar og fyrrum formenn, bæði Framsfl. og Sjálfstfl., sömdu þessa grein, sömdu skýringarnar og lögðu út af þeim í umræðum. Fyrrv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, fyrrv. forsrh. Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson, formaður Framsfl. Þetta eru höfundar þessa ákvæðis. Magnús Jónsson, gamall þingmaður sjálfstæðismanna, skýrði nákvæmlega með hvaða hætti ætti að beita henni og orðaði það svo að þegar gjá eða bil yrði milli vilja þings og þjóðar þá hefði forsetinn þennan rétt, að skjóta málinu til úrskurðar þjóðarinnar. Það var nákvæmlega þess vegna, herra forseti, sem þingið breytti stjórnarskrárfrumvarpinu árið 1944, frá því að forsetinn ætti að vera þingkjörinn yfir í að vera þjóðkjörinn, að þá gæti hann komið fram við þessar aðstæður sem fulltrúi og umboðsmaður þjóðarinnar gagnvart Alþingi. Þetta var skýring þeirra sem þá töluðu.

Við í stjórnarandstöðunni teljum það algerlega rangt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra þótt hann hafi fyllsta rétt til að hafa þessa skoðun og tjá hana. Við teljum að það séu engin rök fyrir því sem hæstv. ráðherra sagði. Hæstv. ráðherra vísaði til annars formanns Framsfl., Ólafs Jóhannessonar, og sagði að hann hefði talið að sennilega stæðist þetta. En það er hægt að lúslesa þann texta þess ágæta prófessors og fyrrum formanns Framsfl. og forsætisráðherra. Hann gefur engar skýringar á þessu.

Fjöldi góðra vísindamanna fyrr á öldum hélt að jörðin færi flöt. Samt áttu þeir merkt framlag til vísindanna. Ólafur Jóhannesson var merkur fræðimaður og hann lagði margt skynsamlegt fram, bæði til stjórnmála og á sviði lagavísinda. En enginn er óskeikull og menn verða að leggja fram rök, virðulegi forseti. Við teljum einfaldlega, eftir að hafa farið yfir þessi mál, að engar heimildir séu til að setja í lög skilyrði eða þröskulda sem rýra rétt borgaranna varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna, hvað þá að mismuna kjósendum að því er varðar innbyrðis vægi samþykkjenda annars vegar og synjenda hins vegar.

Meginregla þessa ákvæðis er að frv. sem forseti synjar og öðlast hefur lagagildi til bráðabirgða á að leggja svo skjótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu. Í ákvæðinu, í skýringunum og í umræðum á sínum tíma kom ekki neitt fram um skilyrði eða heimildir til að setja höft á kosningarrétt. Það eru heldur engar vísbendingar um að slíkt sé heimilt. Skilningur þeirra sem fjölluðu um þetta mál á sínum tíma á Alþingi hneig augljóslega að nákvæmlega sömu niðurstöðu.

Einar Arnórsson sem þá var dómsmrh. sagði t.d. í umræðum á Alþingi að lög sem forseti synjar staðfestingar skuli bera, og ég vitna beint í ræðu fyrrv. dómsmrh., með leyfi hæstv. forseta: „... bera þau undir þjóðaratkvæði og ef meiri hluti samþykkir þau ekki skulu þau falla úr gildi.“ Það er alveg ljóst hvað hér er verið að segja. Björn Þórðarson, forsrh. á sínum tíma, tók til orða með nákvæmlega sama hætti. Ég vísa þeim rökum sem hæstv. ráðherra flutti áðan um réttaróvissu og um ófullbúið ákvæði til föðurhúsanna. Það eru rök sem búin voru til eftir á þegar ríkisstjórn var að falli komin vegna ágreinings um, ekki hvort ætti að brjóta stjórnarskrána heldur hve mikið. Það tel ég hneisuna miklu í þeim ágreiningi sem ríkti milli stjórnarflokkanna. Hann stóð ekki um hvort brjóta ætti stjórnarskrána heldur hversu mikið. Það er mín skoðun og skilningur minn á því og mér þykir það sorglegt.

Herra forseti. Sjálfstæðismenn hafa stundum sagt að það skipti máli þegar formaður Sjálfstfl. talar. Það skiptir máli vegna þess að það sem hann segir stendur, segja þeir. Ég rifja þetta upp að gefnu tilefni. Við, formenn og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, áttum frægan fund með forustu ríkisstjórnarinnar í Stjórnarráðinu um miðjan júní. Það er alveg rétt sem oft hefur verið rifjað upp, að þeim fundi lauk fyrr en menn höfðu ætlað. En áður en hæstv. forsrh. sleit þeim fundi í bræði hafði þó náðst á 12 mínútum samkomulag um tvennt: Í fyrsta lagi að Alþingi skyldi kallað saman 5. júlí og í öðru lagi að þjóðaratkvæðagreiðsla um fjölmiðlalögin, sem forseti synjaði, skyldi haldin fyrri hluta ágúst. Ég kalla hæstv. utanrrh. til vitnis um þetta. Hann sat í stúkusæti þegar þessi orð voru mælt. Hann var við hlið okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar.

Hæstv. forsrh. staðfesti þetta í ræðu á mánudag áður en hann flaug vestur um haf. Hann lýsti því yfir að það hefði verið sameiginleg niðurstaða stjórnar og stjórnarandstöðu á þessum fundi að þjóðaratkvæðagreiðsla um fjölmiðlalögin yrði fyrri hluta ágústmánaðar. Þetta voru orð hæstv. forsrh. Sami forsrh. sagði í sjónvarpinu í júní, með leyfi forseta:

„Þannig að ég er þeirrar skoðunar og deili skoðun minni með Halldóri Ásgrímssyni að við verðum að finna einhvern flöt á því að fara í þessa atkvæðagreiðslu.“

Í forsetabréfi sem hæstv. ráðherra las upp í gær kom fram að hann hefði tjáð forseta Íslands að þing þyrfti að koma saman til að setja lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Forsrh. tjáði forseta Íslands tilefni þess að þingið var kvatt saman. En hæstv. forsrh., ásamt hæstv. utanrrh., hafa sameinast um að leggja fram frv. þar sem brellum er beitt til að komast hjá þjóðaratkvæðagreiðslunni sem hann hafði þá lofað.

Var verið að blekkja stjórnarandstöðuna á fundinum í júní? Var hæstv. forsrh. að plata með yfirlýsingu sinni? Það voru reyndar fleiri en hæstv. forsrh. sem lýstu því yfir að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldinn og réttur fólksins virtur.

Það hefur komið fram að Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., sagði í júní að atkvæðagreiðslan færi fram. Guðni Ágústsson, varaformaður Framsfl., sem öll þjóðin sá hvernig leið yfir málinu í Kastljósi á mánudagskvöld, sagði 30. júní

að það yrði þjóðaratkvæðagreiðsla. Varaformaður Sjálfstfl., Geir H. Haarde, sagði líka í júní að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði að fara fram. Hann bætti því skeleggur við að hann túlkaði stjórnarskrána með þeim hætti, og vísaði til 11. gr. hennar, að hún yrði að fara fram innan tveggja mánaða frá því að tilefnið til hennar spratt. Hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason sagði 1. júní að það væri skylda ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram svo fljótt sem auðið er.

Hvar eru efndir þessara orða? Þær eru engar. Það er greinilega ekkert að marka yfirlýsingar þessara manna um þjóðaratkvæðagreiðsluna og hinn óvefengjanlega rétt sem þjóðin hefur til að fá að taka þátt í henni. Alþingi er alls ekki komið hingað saman til að setja lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu í samræmi við stjórnarskrána. Hér er einungis verið að skipta um númer. Hér er verið að kippa burt rétti sem stjórnarskráin mælir fast fyrir um. Það er einungis gert til að koma í veg fyrir að það verði síðasta afrekið á ferli hæstv. forsrh. að koltapa þjóðaratkvæðagreiðslu og koma í veg fyrir að ríkisstjórnin springi. Það er mergurinn málsins. Ríkisstjórnin er svo ósamstæð innbyrðis og ágreiningurinn um alla skapaða hluti er orðinn svo djúpstæður að hún gat ekki einu sinni komið sér saman um að leysa það verkefni sem stjórnarskráin fól henni og lýst hafði verið yfir gagnvart þjóðinni að stjórnarherrarnir ætluðu að reyna.

Í augum okkar alþingismanna á stjórnarskráin að vera heilög. Við alþingismenn getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að stjórnarskráin sjálf hefur mælt fyrir um að þjóðin hafi réttinn við þessar aðstæður til að segja álit sitt á fjölmiðlalögunum. Við megum ekki og getum ekki tekið hann af þjóðinni. Lög sem fela það í sér eru ekki aðeins brellulög, þau eru ólög líka. Við megum ekki gleyma því að þjóðin sjálf samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1944 stjórnarskrána þar sem kveðið var á um rétt forseta lýðveldisins til að synja lagafrv. frá Alþingi staðfestingar. Í þeirri stjórnarskrá var forsetanum veittur skýlaus réttur til að skjóta frv. sem Alþingi samþykkti til úrskurðar þjóðarinnar. Forsetinn ákvað að notfæra sér þennan rétt. Hann ákvað að skjóta þessum umdeildu fjölmiðlalögum til þjóðarinnar vegna þess að öll rök hnigu að því að gliðnað hefði allverulega í pólitískum jarðhræringum á milli þingsins og þjóðarinnar. Hann fór þar eftir bókstafnum og eftir þeim skilningi sem alþingismenn beittu á sínum tíma gagnvart stjórnarskránni. Það efast enginn lengur um það, þrátt fyrir að menn hafi reynt það á tímabili, að forseti lýðveldisins hafi fullan rétt til þess.

Samkvæmt stjórnarskránni er fjölmiðlamálið nú í þeirri stöðu að þjóðin hefur rétt til að taka sér hlutverk æðsta dómara um framtíð þessa máls. Þetta er æðsta form lýðræðisins. Almenningur úrskurðar sjálfur án nokkurra milliliða. Þess vegna er það skoðun okkar að núna eigi þjóðin varinn rétt til að stíga næsta skref í þessu máli. Það er ekki ríkisstjórnar eða Alþingis. Það er ekki stjórnmálamanna og það er fráleitt að Alþingi ætli sér að hafa áhrif á það hvort hinn raunverulegi þjóðarvilji ráði niðurstöðunni. Það er réttur þjóðarinnar, sem er varinn í stjórnarskránni, að skera úr um það hvort þessi lög eigi að hafa gildi til frambúðar eða falla niður. Þess vegna tel ég að Alþingi geti ekki leyft sér að samþykkja lög sem skerða þennan rétt. Um það verður aldrei friður og stjórnarandstaðan mun aldrei fallast á það.

Herra forseti. Aðferðin sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að nota sér til að komast frá þjóðaratkvæðagreiðslunni og hefur kynnt í frv. sem hæstv. ráðherra mælti fyrir áðan og kynnt með öðrum hætti er fjórþætt.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjölmiðlalögin frá því í vor verði felld úr gildi.

Í öðru lagi er svo lagt til að á þessu sumarþingi verði samþykkt nýtt frv. sem er þó í öllum aðalatriðum eins og lögin sem fella á úr gildi samhliða. Hæstv. forsrh. lýsti því sjálfur yfir í viðtali við ríkissjónvarpið að frv. þyrfti varla langan tíma í umræðu af því að þetta væri sama frv. frá því í vor, einungis með tveimur breytingum sem voru í munni hæstv. utanrrh. orðnar veigamiklar. Það er rétt. Önnur breytingin er mildandi en hin er íþyngjandi.

Í þriðja lagi er lagt til, eins og hæstv. ráðherra rakti áðan, að fjölmiðlanefndin verði endurlífguð og af alkunnri náð ríkisstjórnarinnar fái stjórnarandstaðan fulltrúa í nefndinni.

Í fjórða lagi er lagt til að lögin taki ekki gildi fyrr en eftir þrjú ár þegar eru liðnar einar alþingiskosningar.

Á öllum þessum þáttum eru meinbugir. Fyrsta atriðið, að fella úr gildi nýsamþykkt fjölmiðlalög sem forseti synjaði staðfestingar 2. júní, stenst tæplega stjórnarskrá. Ég skal ekki þvertaka fyrir það, herra forseti, en ég er þeirrar skoðunar að a.m.k. sé það óverjandi að koma í veg fyrir að fólkið njóti þess réttar sem búið er að veita því. Ég vísa til þess sem rakið hefur verið fyrr á þessum degi, að fyrrv. alþm. Sjálfstfl., Gunnar G. Schram prófessor hefur skrifað um þetta og byggt á lögskýringum fyrrv. formanns Framsfl., Ólafs Jóhannessonar. Hann dregur í efa að þetta sé hægt. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða vel í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar, hvort slíkt sé í raun tæknilega gerlegt gagnvart stjórnarskránni. Ég er ekki viss um það.

Þegar við þetta er hnýtt þeirri ósvífnu hugmynd að knýja samtímis fram ný lög, sem eru nánast eins og gömlu lögin, þá stöndum við andspænis því sem varla er hægt að kalla annað en skrumskælingu á lýðræðinu. Þessi leið fær einfaldlega ekki staðist. Þessi leið brýtur gegn almennri skynsemi. Hún fer gegn öllu því sem við hljótum að telja sanngirni. Eins og ég hef sagt er ég ekki fullviss um að hún standist varðandi stjórnarskrána.

Í frv. kemur fram að tvö atriði séu í því frábrugðin núgildandi lögum frá því í vor. Fyrra atriðið felur í sér að markaðsráðandi fyrirtækjum er heimilt að eiga 10% í stað 5% í tilteknum miðlum. Það breytir hins vegar litlu um það að lögin stæðust ekki heldur stjórnarskrána fremur en fjölmiðlalögin frá því í vor. Þetta er ekki bara skoðun formanns stjórnarandstöðuflokks heldur þeirra sérfræðinga sem til þessa hafa tjáð sig.

Jakob R. Möller, hæstaréttarlögmaður og sérfræðingur um stjórnarskrána, var spurður að því í fyrrakvöld í sjónvarpi hvort breytingarnar sem nú var verið að mæla fyrir gætu leitt til þess að lögin stæðust eitthvað frekar stjórnarskrána en upphaflegu lögin.

„Þetta held ég að breyti engu.“ — Svaraði hæstaréttarlögmaðurinn, með leyfi hæstv. forseta. Hann hélt áfram og sagði: „Það er líka ákvæði í lögunum um það að fyrirtæki sem hefur að meginmarkmiði annan rekstur geti ekki fengið leyfi til útvarpsreksturs. Hvor tveggja þessi ákvæði tel ég að stangist á við tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar svo ekki sé farið út í atvinnufrelsisákvæðin og hugsanlega eignarréttarákvæðin. Það að banna tilteknum fyrirtækjum að eiga hlut í fjölmiðlafyrirtæki tel ég bara að standist ekki tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.“

Herra forseti. Þetta er sérfræðingur sem ríkisstjórnin hefur margoft leitað til sem í fyrrakvöld, eftir að hafa kynnt sér hið

nýja frv. ríkisstjórnarinnar, segir fullum fetum að hið nýja frv. stangist á við þrenns konar grundvallarréttindi sem varin eru í stjórnarskránni. Þarf að segja mikið meira um þetta?

Hitt atriðið sem breytt er í frv. frá fjölmiðlalögunum frá í vor er þó sýnu verra. Nú á sem sagt aftur að skeyta inn í lögin ákvæði um að hægt sé að afturkalla útvarpsleyfi frá fyrirtækjum ef þau standast ekki ákvæði laganna þegar þau taka gildi.

Þetta var, eins og menn muna, umdeildasta ákvæði fjölmiðlalaganna frá í vor og næstum allir sérfræðingar, hugsanlega utan eins, töldu engum vafa um það bundið að þetta ákvæði bryti ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins. Sjálfum formanni Framsfl. var meira en lítið órótt yfir þessu ákvæði og frægt er það feginsandvarp sem féll af vörum hæstv. ráðherra þegar hann sagði í fjölmiðlum eftir að ákvæðið hafði verið fellt burt að hann væri a.m.k. öruggari um stjórnarskrána núna. Það var eitt helsta afrek Framsfl. að eigin dómi að þetta ákvæði var fellt burt í umfjöllun allshn. Við fengum heldur betur að heyra það nokkrum sinnum á síðari stigum málsins í vor úr þessum stóli og nú er það komið aftur inn. Þetta var hinn mikli sigur Framsfl. Ja, drottinn minn, þeir hljóta aldeilis að upplifa sig sem mikla sigurvegara í dag, hv. þingmenn Framsfl.

En virðingin fyrir stjórnarskránni er slík að í fjölmiðlum í dag las ég að hv. þm. Bjarni Benediktsson, sem er formaður allshn., hefði sjálfur sagt á fundi sjálfstæðisfélagsins Varðar í gær að það væri hugsanlegt að sú staðreynd að þetta ákvæði væri aftur komið inn í lögin bryti gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar þannig að menn gangi ekki gruflandi að því hvað hér er að gerast. Og ég spyr: Hvernig í ósköpunum getur það verið að menn grípi til þessa og hvernig í ósköpunum getur Framsfl. látið þetta yfir sig ganga?

Hvað segir hv. formaðurinn sem var öruggari í vor? Hann hlýtur að vera kvíðafullur núna þegar búið er að koma þessu ákvæði aftur inn í frv. (**Gripið fram í:** Hann verður óöruggari ...)

Síðan á stjórnarandstaðan að fá menn í fjölmiðlanefnd sem á að fjalla um fjölbreytni og umhverfi fjölmiðla. En til hvers? Til hvers á hún að fá menn í nefnd þegar við erum að samþykkja lög um það sem umdeilanlegast er í þessu máli öllu saman? Hvers vegna er verið að fara að málunum í þessari röð? Hverjum dettur í hug að það skipti miklu máli að blása lífi í fjölmiðlanefnd ef hún á ekki að fá að setja tillögur sínar fram fyrr en búið er að samþykkja það frv. sem liggur fyrir þinginu?

Þarna eru menn auðvitað að fara í alrangri röð að atburðarásinni. Menn eru að gera þetta í algjörlega öfugri röð. Og þegar þetta er síðan skoðað í samhengi við það sem má kalla fjórða þáttinn í þessu leikriti þá finnst manni að allt sé farið að bíta í skottið hvað á öðru í þessu frv. og málatilbúnaði.

Fjórði þátturinn felst í því, eins og hæstv. ráðherra lýsti rækilega áðan, að það á að skjóta gildistökunni á frest um þrjú ár og frv. á ekki að taka gildi fyrr en árið 2007. Þá hljóta menn að spyrja: Ef það er svo að það er í lagi að bíða í þrjú ár með gildistökuna hvers vegna í ósköpunum er þá ekki hægt að skoða málið betur og bíða eftir tillögum fjölmiðlanefndarinnar? Þetta er auðvitað alveg fáránleg röð á hlutunum. Það er auðvitað út í hött að samþykkja lög og láta fjölmiðlanefndina síðan setjast yfir það að búa til tillögur um hluti sem búið er að ákveða.

Ef hugur fylgdi máli, ef ríkisstjórninni væri það eftirsóknarvert að skapa frið og farsæla lausn mundi hún auðvitað bíða með frv. þangað til nefndin hefði lokið störfum, þangað til tillögur hennar hefðu komið fram og þá fyrst væri hægt að ljúka málinu í þinginu. En ríkisstjórnin hefur bara ekki áhuga á því, þetta er partur af leikritinu og þetta leikrit er sett upp til þess að jafna ágreining milli stjórnarflokkanna og til þess að bjarga andliti hæstv. forsrh. Hann hefur auðvitað af alkunnri virðingu gagnvart samstarfsflokknum knúið þetta í gegn því að málinu verður auðvitað að ljúka áður en hann fer úr Stjórnarráðinu.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hafði hér langt mál og snjallt um það hvað það væri lýðræðislegt að skjóta gildistökunni með þessum hætti inn í framtíðina vegna þess að þá gæti almenningur í landinu kosið um það í næstu kosningum. Enginn getur sagt um það hvað verður kosið um eftir þrjú ár. Þarna er ríkisstjórnin einungis að reyna að fela málið, drepa því á dreif, fela það á bak við eitthvað annað og vonast hugsanlega til þess að atburðarásin sjái til þess að aðstæður verði breyttar og málið verði ekki jafnumdeilt þá og núna, hugsanlega vegna einhverra breytinga. En það skiptir þó ekki meginmáli. Það sem skiptir máli er að þetta er með engu móti hægt að kalla jafngilt því að þjóðin fái að segja álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í riti Gunnars G. Schrams segir, með leyfi forseta, á bls. 302 um stjórnskipun Íslands:

„Þingrofi og almennum kosningum milli þinga sem málið hafa til meðferðar verður alls eigi jafnað til þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laganna."

Byggt á Ólafi Jóhannessyni eins og fram hefur komið. Þarf þá frekari vitna við?

Hæstv. ráðherra ásamt kollega sínum í forustu ríkisstjórnarinnar hefur manna mest vísað til fjölmiðlanefndar og tilmæla Evrópuráðsins. En Evrópuráðið hefur líka fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslur og framkvæmd þeirra og svokölluð Feneyjanefnd Evrópuráðsins hefur m.a. gefið út leiðbeinandi reglur um þetta. Þar segir að í kosningarréttinum felist rétturinn til að treysta því að þjóðaratkvæðagreiðslur sem kveðið er á um í lögum skuli framkvæmdar og innan þeirra tímamarka sem lög gera ráð fyrir. Segir það, herra forseti, ekki allt sem þyrfti helst að segja við hæstv. utanrrh. um þennan þátt tillagnanna? Ég held það.

Herra forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu er stjórnarfrv. Það hefur í orði kveðnu verið samþykkt á ríkisstjórnarfundum og í orði kveðnu hafa báðir þingflokkar stjórnarliðsins gefið heimild til að það komi inn í þingið. Ég leyfi mér hins vegar að efast um það, herra forseti, ef samviska manna og sálir hér í þingsalnum væru skoðaðar til hlítar að á Alþingi sé raunverulegur meirihlutastuðningur við frv.

Við vitum það öll sem störfum á Alþingi, og það vita það allir sem fylgjast með fjölmiðlum að hv. þm. Framsfl. hafa enga sannfæringu fyrir málinu. Framsóknarmenn um allt land hafa lýst vilja sínum upphátt og í hljóði, með greinum, í samtölum og í skoðanakönnunum, og þeir vilja að þjóðin hafi sinn lýðræðisrétt og hann sé í engu skertur, svo að vísað sé til frægra orða Eysteins Jónssonar, formanns stjórnarskrárnefndar 1944, síðar formanns Framsfl.

Hv. þm. Framsfl. hafa margsinnis sýnt það með þögn sinni í umræðu um málið á Alþingi, síðast á mánudag, að þeir hafa enga sannfæringu fyrir því offorsi sem þing og þjóð er beitt í þessu máli. Það er einfaldlega staðreynd sem við þekkjum flest að mikill meiri hluti framsóknarmanna um allt land skilur ekki atlögu hæstv. forsrh., sem forusta Framsfl.

styður, að fyrirtækinu Norðurljósum. Og framsóknarmenn um allt land standa agndofa yfir síendurteknum árásum ráðherra Sjálfstfl. á forseta Íslands. Framsóknarmenn um allt land bera virðingu fyrir stjórnarskrá lýðveldisins og þeir vilja ekki að menn hafi hana að leiksoppi með brellum og brögðum. Og framsóknarmenn um allt land undrast að leiðtogar þeirra skuli nú ætla að gerast vikapiltar Sjálfstfl. til að taka frá landsmönnum þann rétt sem forseti Íslands færði þeim samkvæmt lýðveldisstjórnarskránni frá 1944.

Staðreyndin er sú að hv. þm. Framsfl. eru kúgaðir í málinu. Það er sú kúgun sem veldur því að Sjálfstfl. er í þessum sal á þessum sumardögum að þröngva fram vilja sínum í andstöðu við sannfæringu fjögurra annarra flokka, Samf., Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Frjálsl. og Framsfl. Það þurfti ekki annað en sjá angistarsvip hæstv. landbrh., varaformanns Framsfl., þegar hann reyndi að verja málið fyrir tæpum tveimur sólarhringum í sjónvarpinu.

En Sjálfstfl. ræður ekki nema 22 þingmönnum af 63 í þinginu. Flokkurinn sjálfur er minnihlutaflokkur meðal þjóðarinnar. Samkvæmt eigin reikningsaðferðum um hlutfall af kjörskrá náði fylgi Sjálfstfl. í kosningunum í fyrra ekki einu sinni þriðjungi atkvæðisbærra manna. Og ég spyr: Eiga fulltrúar sem styðjast við minna en þriðjung kosningarbærra Íslendinga að fá að bera meiri hluta þingheims ofurliði og mikinn meiri hluta þjóðarinnar á kostnað lýðræðisins, á kostnað fjölmiðlunar í landinu, á kostnað kosningarréttarins og stjórnarskrárinnar, á kostnað virðingar Alþingis og á kostnað þess heiðurs sem okkur ber sem kjörnum fulltrúum þjóðarinnar að sýna embætti forseta Íslands?

Ábyrgð sjálfstæðisforustunnar er mikil en ábyrgð hv. þm. framsóknarmanna er engu minni. Og það er óhætt að fullyrða það, herra forseti, að forsætisráðherrastóll Halldórs Ásgrímssonar 15. september er þegar orðinn eitthvert dýrkeyptasta setgagn Íslandssögunnar.

Flokkar stjórnarandstöðunnar hafa frá upphafi staðið saman í málinu og þeir hafa beitt sér fyrir því að fundin yrði farsæl lausn á málinu sem um gæti skapast góður friður. Ítrekað hefur stjórnarandstaðan boðið upp á samstarf um farsælli og óumdeildari lausnir. Og eins og ég sagði áðan lýsti ég því hvernig formaður Framsfl. sat í stúkusæti þegar hann sá slegið af afli á sáttarhönd stjórnarandstöðunnar í fundinum í Stjórnarráðinu sem forsrh. sleit eftir 12 mínútur. Ég fullyrði það hér, herra forseti, að það hefði verið auðvelt að skapa góðan frið um fjölmiðlalögin og um takmarkanir og eftirlit með starfsemi auðhringa almennt séð ef forusta stjórnarflokkanna hefði hlustað á stjórnarandstöðuna, ef menn hefðu lagt eyrun við varnaðarorðum sérfræðinga um stjórnskipan landsins, ef ráðherrar hefðu tekið mark á fólkinu í flokkunum og ef hæstv. forsrh. hefði hlustað á þjóðina. En forusta Sjálfstfl. vildi þetta ekki, hún hefur aldrei viljað skapa góðan frið og breiða samstöðu um málið. Hún er í einhvers konar Sauðafellsför, hefndarleiðangri sem beinist ýmist að einu fyrirtæki eða forseta Íslands.

Stjórnarandstaðan vill það eitt að farið sé að fyrirmælum stjórnarskrárinnar án þess að menn hafi uppi refskap og brellur. Án þess væri friður en upp á það, herra forseti, er ekki boðið.

[12:14]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nokkuð skemmtilegt að hlusta á þessa ræðu og sérstaklega hafði ég gaman af því þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði um að menn væru með atlögu að fyrirtækjum. Þá mundi ég eftir því sem var nokkuð umdeilt á sínum tíma þegar hann var með atlögu sína að Baugi og krafðist þess og fór fram á það að Samkeppnisstofnun fengi þau tæki sem þyrfti til að skipta því fyrirtæki upp. Það var löngu áður en það fyrirtæki hóf að hasla sér völl á fjölmiðlamarkaðnum.

En ég ætla ekki að fara í U-beygjur hv. þm. í þessu máli eða öðrum. Ég ætla hins vegar að spyrja hann um eitt sem ég tel að skipti gríðarlega miklu máli og mér finnst vera stóra málið í þessu. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji að það sé eðlilegt, því ástæðan fyrir að við erum hér er sú að þau tíðindi hafa orðið að í fyrsta skipti í 60 ára sögu lýðveldisins neitar forseti að skrifa undir lög. Fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins ákvað að taka þá ákvörðun, eins og menn þekkja, og rökin sem hann nefndi voru það að hér væri í rauninni um umdeilt og óvinsælt mál að ræða og þar af leiðandi væri eðlilegt að neita að skrifa undir það og fara með málið í þjóðaratkvæði. Ég vil spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvort hann telji að með því að haga málum með þeim hætti hafi sú stóra breyting sem hugsanlega verður góð áhrif á íslenska stjórnskipun. Það er, virðulegi forseti, grundvallarmál því hér erum við að tala um grundvallarbreytingu á þeirri stjórnskipun sem við höfum haft í 60 ár og sem ég tel að hafi reynst þjóðinni afskaplega farsæl og skynsamleg. Því vil ég fá skýr svör frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um hvort hann telji að hér sé um skynsamlegan og eðlilegan gjörning (Forseti hringir.) að ræða og hvort við ættum að hafa þetta með þessum hætti í framtíðinni.

[12:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Lýðræði er fallegt orð. Það að lýður allur, landslýður í fornri merkingu, það er að segja þjóðin, ráði, það er falleg og göfug hugsun. Við Íslendingar erum stoltir af lýðræðishefð okkar. Við alþingismenn erum væntanlega hreyknir af því að starfa á því sem oft er talið vera elsta þjóðþing veraldar með fullvalda þjóð. Fyrir utan menningararfleifð þjóðarinnar, tunguna, íslenskt mál og landið sjálft hygg ég að lýðræðislegt stjórnskipulag og sú trú manna eða von að minnsta kosti að þeir búi í þroskuðu réttarsamfélagi þar sem virðing er borin fyrir lögum að maður tali ekki nú um stjórnarskrá, standi mönnum hjarta nærri.

Það er af þessum sökum sem íslensku þjóðinni er brugðið. Það er vegna þess að það er að renna upp fyrir mönnum nú á síðastliðnum einum til þremur sólarhringum að jafnvel ekki einu sinni því sé að treysta að ráðamenn þjóðarinnar, þeir sem með meirihlutavöldin fara um þessar stundir, ætli sér að virða stjórnarskrárbundin og helg réttindi manna í lýðræðissamfélagi, það er kosningarréttinn. Það að forseti lýðveldisins ákvað að virkja stjórnarskrárbundinn rétt þjóðarinnar, að færa þjóðinni þann rétt sem 26. gr. stjórnarskrárinnar geymir og vísa þar með staðfestingarvaldi sínu til þjóðarinnar, eru auðvitað stór og mikil tímamót. Stjórnarskráin er algerlega skýr að minnsta kosti hvað þetta atriði varðar. Þegar það rennur upp fyrir mönnum að með brellum, að með því að hafa rangt við, að með hundakúnstum, sem ég leyfi mér að kalla svo, í lagatæknilegu tilliti ætli menn að hafa þennan rétt af mönnum þá er von að þeim sé brugðið, að þjóðinni sé brugðið. Ég held að það sé eins og að kalt vatn hafi hríslast niður hrygglengjuna á hverjum manninum á fætur öðrum þegar honum varð ljóst hvað hérna er raunverulega að gerast.

Framsöguræða hæstv. utanríkisráðherra. Halldórs Ásgrímssonar fyrir frumvarpi stjórnarinnar áðan var fyrir margra hluta sakir merkileg. Þó ekkert væri annað en hinar stórkostlegu mótsagnir sem voru innbyggðar í málflutninginn þá væri það hálfa nóg til að hún mun lifa á spjöldum sögunnar. Hæstv. ráðherra hóf mál sitt á því að segja að hér væri á ferð frumvarp að stórum hluta samhljóða því sem Alþingi hefði samþykkt 24. maí. Síðan fór stór hluti fyrri parts framsöguræðu hæstv. utanríkisráðherra í að reifa niðurstöður starfshóps ríkisstjórnarinnar — um hvað? Um það hvernig skyldi kjósa. En hann er að mæla fyrir frumvarpi þar sem það er orðin niðurstaðan að kjósa alls ekki. Starfshópurinn ræddi ekki um þann möguleika, skoðaði aldrei þann möguleika, hugleiddi aldrei þann möguleika að ekki yrði kosið (**Gripið fram í:** Datt það ekki í hug.) enda var honum í erindisbréfinu falið hið gagnstæða, að fara yfir það hvernig reglur skyldu ríkja um kosninguna. Því var grátbroslegt að heyra hæstv. utanríkisráðherra eyða löngum tíma í að ræða niðurstöður starfshóps ríkisstjórnarinnar um það hvernig skyldi kosið þegar ekki á að kjósa, þegar ríkisstjórnin er allt í einu búin að snúa við blaðinu.

Hæstv. ráðherra gerði síðan mikið úr þeirri óvissu sem skapaðist af því ef kjósa ætti og hæstv. ríkisstjórn hefur um fátt meira talað en þessa óskaplegu óvissu sem enginn hefur haft áhyggjur af nema hún. Það er dálítið kostulegt líka að heyra menn í lýðræðislegu samhengi tala um að forsetinn sé að grípa fram fyrir hendur á Alþingi sem upp undir 90% þjóðarinnar hafi kosið. Það var ekki samstaða um þetta mál á Alþingi. Var það, hæstv. ráðherra? Er hæstv. ráðherra búinn að gleyma því að það voru aðeins 32 þingmenn, sem samkvæmt úrslitum miðað við kosningar og fjölda atkvæða 2003 höfðu reyndar minni hluta gildra atkvæða á bak við sig, sem samþykktu þessi ólög. Hæstv. ráðherra er oft hreykinn af því að vera endurskoðandi og kunna að fara með tölur.

Hæstv. ráðherra ræddi síðan um að mikill munur væri á þessum frumvörpum og fór yfir þessi 5% sem eiga að verða að 10% og mismunandi gildistökuákvæði sem menn fengju að greiða atkvæði um í kosningunum 2007 ef svo illa tekst til að þær verða ekki fyrr. Reyndar voru það kostulegir loftfimleikar í málflutningi, og út af fyrir sig má líka hrósa hæstv. utanríkisráðherra fyrir að komast til þeirra hæða, að ríkisstjórnin væri jafnvel að ganga lengra í lýðræðislegu tilliti með því að leyfa mönnum að kjósa um þetta 2007 heldur en láta kosningar um þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram núna. Það mætti segja það. Á hvaða stjórnmálaskóla hefur hæstv. utanríkisráðherra gengið? Hvar lærði hann stafrófið í lýðræðislegu stjórnarfari? Var það í einhverjum stjórnmálaskóla framsóknarmanna og hvar fór hann fram? (**Gripið fram í:** ... kannski í Alþýðubandalaginu.) Ekki í Alþýðubandalaginu, nei. Það er nefnilega það. Það heyrist greinilega. Til þess að fullkomna mótsetningarnar í sínum málflutningi lauk svo hæstv. utanríkisráðherra máli sínu á því að segja að hann sæi ekki ástæðu til að útskýra efni frumvarpsins frekar. Hann vísaði í framsöguræðu fyrir hinu eldra frumvarpi og greinargerð þess frumvarpsins. Það er af þeim ástæðum meðal annars sem það fylgir engin umsögn um einstakar greinar þessu nýja stjórnarfrumvarpi. Það er vísað í rökstuðninginn í gamla frumvarpinu, núgildandi lögum, þeim sem forsetinn synjaði staðfestingar. Samt er verið að reyna að segja okkur að þetta sé annað mál, að þetta sé ekki sama frumvarpið, að þetta séu ekki sömu efnisatriðin.

Nei, herra forseti. Það er mín skoðun að þetta stjórnarfrumvarp á þingskjali 1891 sé óþinglegt. Það stenst ekki. Það er stjórnskipulegur óskapnaður aðallega af tveim ástæðum. Það hefur bersýnilega í sér fólgna fyrirætlan um að fara á svig við skýr ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar. Það er líka algerlega ótækt hvað umbúnað snertir. Það að hafa í einu og sama frumvarpinu efnisatriði sem eru bæði tekin út úr lögum og sett inn aftur er nýmæli. Ég bið menn að nefna mér eitt einasta dæmi um að mönnum hafi nokkurn tíma áður í sögu Alþingis dottið það í hug að fella úr gildi og setja í gildi í sama frumvarpinu sömu lagagreinina. Það er það sem hér á að gera. 2. gr. þessa frumvarps á þingskjali 1890 er nákvæmlega samhljóða 2. gr. laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum sem samþykkt var á Alþingi 24. maí. Lesi menn þetta saman. Ekki einni einustu kommu er hreyft til. Svo mikið hafa menn verið að spara sér í verkunum að þeir hafa auðvitað bara á rafrænu formi endurprentað textann. Það er bara „copy" og „paste", er það ekki, herra forseti? Það er flutt yfir og til marks um það er að íslensku hortittirnir sem höfundum laganna tókst að hafa inni í textanum og fóru þar alla leið í gegn eru endurvaktir í frumvarpinu. Má ég lesa fyrir hæstv. forseta hversu hönduglega menn orða hlutina í lögunum? Það segir, með leyfi forseta, í 1. gr. laganna:

„Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð yfir."

Þetta er yndisleg íslenska, er það ekki? Eru ekki höfundarnir stoltir? (Gripið fram í.) Það gafst svolítill tími — var það ekki? — til að reyna að koma þessu á brúklegt íslenskt mál. En hvernig er frumvarpið? Með leyfi forseta, aftur:

„Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð yfir."

Hér er sama gullaldaríslenskan hjá snillingunum, auðvitað, af því að þetta var bara límt yfir. Og svo er verið að reyna að segja okkur að þetta sé ekki sama frumvarpið. Auðvitað er þetta sama frumvarpið. Ósvífnin er þvílík að á köflum er beinlínis gert í því að undirstrika að þetta sé sama frumvarpið, að þetta séu sömu lögin. Hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson sagði í viðtali við sjónvarpið að hann byggist nú ekki við löngu þingi, það þyrfti ekki að ræða þetta mikið, þetta væri þegar fullrætt. Bíddu, er þetta þá ekki sama málið? Greinargerð með frumvarpi þessu er meira og minna engin af því að það er sagt að það sé óþarfi, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er að undanskildum tveimur" — að vísu er sagt: — „veigamiklum breytingum samhljóða öðru frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 24. maí ..."

Að lokum segir, með leyfi forseta:

„Um almennar athugasemdir vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarp það, er varð að lögum nr. 48/2004."

Bíddu, er þetta þá ekki sama frumvarpið? Er ekki verið að fella og setja aftur sömu lögin? Jú, auðvitað. Það sér hvert mannsbarn. Þessi leiktjöld hrynja niður og ríkisstjórnin stendur með málatilbúnað sinn nakin á sviðinu, sömu ákvæðin út og inn og framsöguræða ráðherra staðfesti það áðan.

Herra forseti. Það er með öðrum orðum rangt að verið sé að fella hin umdeildu fjölmiðlalög úr gildi. Það er rangt. Það er efnislega og þingræðislega séð rangt. Það er verið að gera á þeim minni háttar breytingar og svo á að prófa aftur hvort

forsetinn staðfesti 95 eða 98% sömu lögin og hann synjaði 2. júní síðastliðinn. Og þau rök að gildistaka laganna nú eigi ekki að vera fyrr en eftir alþingiskosningar 2007, og talað er eins og þar með verði eingöngu kosið um það, eru einhver þau kostulegustu rök sem ég hef nokkurn tíma heyrt. Í fyrsta lagi vonumst við nú til þess að kosið verði fyrr. Í öðru lagi vonumst við til þess að ríkisstjórnin verði fallin og leggi þar af leiðandi ekki sjálfa sig undir og þetta mál 2007. Og í þriðja lagi veit hver reyndur stjórnmálamaður að það er ekki þannig að menn geti ákveðið það mörg ár fram í tímann hvað ráði afstöðu kjósenda í ókomnum alþingiskosningum. Hver veit hvaða mál ber hæst í íslenskri þjóðmálaumræðu 2007 og hvernig landslagið verður þá? Segjum sem dæmi, án þess að ég sé að óska mér þess, að þá verði ef til vill svo komið að spurning um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði eitt helsta deilu- og kosningamálið. Halda menn að þriggja ára gömul átök um þessa hluti verði þá í forgrunni og muni fyrst og fremst ráða afstöðu kjósenda? Þvílík þvæla. Og að menn sem hafa farið í gegnum margar alþingiskosningar skuli bera sér svona lagað í munn er með endemum. Það er ótrúlegt að menn skuli vera með svona bull, reyndur stjórnmálamaður eins og hæstv. utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að þetta þing taki til skoðunar, og það mun sú þingnefnd sem fær þetta verkefni hafa forustu um að skoða, hvort þessi málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar stenst yfir höfuð. Er þessi aðferð leyfileg? Kemur til greina að grípa inn í það stjórnarskrárbundna ferli sem hófst 2. júní þegar forseti Íslands tilkynnti um niðurstöðu sína? Þetta er fyrsta og stærsta spurningin. Eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi er sú spurning gild. Það má færa mjög sterk rök fyrir því að enginn, ekki einu sinni Alþingi, megi grípa inn í það ferli sem stjórnarskráin setur af stað.

Síðan vakna spurningarnar um siðferðilegan og lagalegan rétt manna, pólitískan rétt, til að taka þennan helga rétt af þjóðinni, jafnvel þótt menn teldu það fært, t.d. með þeirri aðferð sem helst hefur verið nefnd, að fella lögin úr gildi í heild sinni þannig að þau væru horfin og tilefni kosningarinnar þar með farið. Um það má deila hvort jafnvel það sé fullnægjandi ráðstöfun vegna þess, sem eru sterk rök, að þá er sá réttur tekinn af þeim hluta kjósendanna sem hefði viljað staðfesta lögin. Þeir fá aldrei tækifæri til þess. Það má segja að hinir, andstæðingar þeirra, nái sínu fram í því að lögin hverfa í gegnum Alþingi. En hvað með þá sem höfðu hugsað sér að mæta á kjörstað og styðja lögin? Er ríkisstjórnin sem sagt sérstaklega að svíkja þá? Eða er það vegna þess að hún reiknaði með því að þeir væru færri en hinir og lagði ekki í kosninguna vegna þess hver hún taldi að úrslitin yrðu?

Þetta, herra forseti, er auðvitað það sem Alþingi þarf að skoða. Ég trúi ekki öðru en að hv. þingmenn taki skyldur sínar gagnvart stjórnarskrá og drengskaparheiti sínu það alvarlega að menn fallist á og viðurkenni að þessa grundvallarspurningu verður að ræða, skoða og bera undir vísustu menn.

Næsta spurning, telji menn að þetta sé mögulega fær leið, að ekki sé ófrávíkjanlegt að kosningin skuli fara fram og það ferli sé ósnertanlegt eftir að forseti hefur tekið sína ákvörðun, er þá: Hver mega viðbrögð Alþingis vera önnur? Þá er nærtækast að velta því fyrir sér hvort það dugi að lögin séu felld úr gildi í heild sinni þannig að tilefnið hverfi. Er það í lagi? Um það má ræða og um það má deila en það er sjálfsagt að skoða.

En þriðji möguleikinn, að nóg sé að fara í málið sem forseti synjaði og sendi af stað til þjóðarinnar og gera á því minni háttar breytingar, er svo galinn og út úr öllu korti að það ætti ekki að þurfa að ræða hann. Hafa menn hugleitt hvers konar ferli málin fara þá í? Hafa menn velt því fyrir sér hvað gerðist á sunnudagskvöldið þegar forsrh. fór til forsetans og varaði við því sem ríkisstjórnin hygðist fyrir? Bíðið við, er það inn í þennan farveg sem menn vilja fara, í samningaviðræður milli þings eða ríkisstjórnar og forsetaembættis um hlutina? Eigum við þá að hafa samband til Bessastaða áður en við setjum lög og berum undir forsetann og spyrja: Er líklegt að forsetinn muni staðfesta þetta? (**Menntmrh.:** Það er það sem þið viljið.) Á forsetinn að fara til baka og segja: Ja, það kæmi nú kannski til greina ef tilteknar breytingar yrðu gerðar. Nei, hæstv. menntmrh. Það eruð akkúrat þið, ríkisstjórnin og meiri hlutinn, sem búið þetta ferli til með viðbrögðum ykkar. Forsrh. gengur í gildruna og fer yfir landamærin sem eiga að vera mannheld, landamærin milli Alþingis og forsetaembættisins í þessum tilvikum rétt eins og landamærin milli Alþingis og Hæstaréttar eiga að vera mannheld og bréfheld. En það er ekki alltaf virt.

Það sjá allir menn ef þeir hugleiða þetta að menn eru að missa þessi mál inn í stórháskalegan farveg. Það getur aldrei orðið þannig sem stjórnskipunin virkar að í gang fari samningaferli milli Alþingis annars vegar og forsetans fyrir hönd þjóðarinnar sem fer með málskotsréttinn. Þetta er annaðhvort eða. Það er hárrétt hjá forsetanum að hann tjáir sig ekki um málin meðan þau eru hér á Alþingi. Ekki frekar en við blöndum okkur í það þegar dómstólar fjalla um ágreiningsmál þótt þau varði störf eða lagasetningu á þingi.

Herra forseti. Lítum til aðstæðna í málinu, til þess að í allan júnímánuð gengu allir út frá því að verkefni komandi þings væri að setja lög um kosningarnar, stjórnarandstaðan og meiri hlutinn urðu sammála um það á fundi sínum í júní eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að. Í erindisbréfi starfshópsins fræga er eingöngu rætt um það að móta reglur um kosninguna. Í kvaðningarbréfi til Alþingis um að koma saman til fundar er uppgefið tilefni að setja lög eða reglur og taka ákvarðanir um kosningarnar.

Kúvendingin undarlega síðdegis á sunnudag, á hverju er hún byggð? Hvar eru lögfræðiálitin á bak við hana? Það var enginn starfshópur sem lagði það til, hæstv. utanrrh. Hver er ráðgjöf ríkisstjórnarinnar í sambandi við það mál? Hver er hún? Engin. Það var ekki vitnað í einn einasta lögfræðing, ekki nefnt eitt einasta atriði því til stuðnings að þetta mætti, að þetta væri fær leið. Nei, rökin eru að skelfileg óvissa hafi verið uppi í kringum það að kjósa, óvissa sem ríkisstjórnin sjálf bjó til.

Því miður, herra forseti, blasir við okkur að það er í annarlegum tilgangi sem ríkisstjórnin velur þessa leið. Það er annarlegur tilgangur með því að komast hjá því að þjóðin fái að njóta réttar síns til að kjósa um málið eins og forsetinn hafði ákveðið að gera skyldi. Það er einfaldlega þannig og blasir við okkur. Veruleikinn er sá að eftir mánaðarvinnu hafði ríkisstjórnin ekki fundið girðingar eða þröskulda sem dygðu til að hún legði í kosningarnar, til að nógu miklar líkur væru á að þær ónýttust vegna ósanngjarnra og ranglátra skilyrða. Þá var gefist upp við þá leið og valin önnur. Þetta er það sem kallað væri í minni heimasveit „lúalegt". Það er lúalegt að ætla að hafa svona réttinn af mönnum.

Talandi um þessa óvissu sem hæstv. fjmrh. gerir mikið úr á Varðarfundinum þar sem hann afhjúpar ríkisstjórnina á nöturlegan hátt og Morgunblaðið hjálpar til við að bera

tíðindin út í veröldina. Morgunblaðið hefur gott samband við Sjálfstfl. og á stundum tíðindamenn þar á fundum. Frumvarpið er leið til að afstýra þjóðaratkvæðagreiðslu. Nema hvað? Sjálfstfl. þorði ekki í þessa þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann ætladi aldrei í hana. Öll viðbrögð sjálfstæðismanna einkenndust af undanbrögðum og viðleitni til þess að finna leiðir fram hjá henni eða setja þannig reglur um hana að líklegt væri að hún ónýttist.

Það er engin óvissa í því, herra forseti, hvernig á að kjósa samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar önnur en sú sem ríkisstjórnin sjálf hefur reynt að búa til. Það er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun af framgöngu ríkisstjórnarinnar að hún reyni viljandi að búa til sem mesta stjórnskipulegu þvælu og steypu úr þessu máli. Hún reynir að kynda upp óvissuna. Hún reynir að telja mönnum trú um að þetta sé allt svo óskaplega erfitt og flókið þegar það er nauðaeinfalt, sáraeinfalt að kjósa um eitt tiltekið mál. Á atkvæðaseðlinum stendur já eða nei. Halda menn að þjóðin ráði ekki við að setja þar krossinn? Hvað er þetta? Það er ekkert flókið í þessu máli og engin óvissa í þessu máli önnur en sú sem Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson eru að reyna að búa til.

Ég mótmæli róginum um höfunda stjórnarskrárinnar frá 1944. Það er ósæmilegt að menn skuli nú á árinu 2004, í annarlegum pólitískum tilgangi, vega þannig að starfsheiðri þeirra manna sem af bestu samvisku unnu verk sín í aðdraganda stofnunar lýðveldisins. Að Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., skuli tala með þessum hætti um hlutdeild Framsfl. í því á sínum tíma er til skammar. Ég mótmæli því fyrir hönd þeirra heiðursmanna sem voru í stjórnarskrárnefnd, stóðu að afgreiðslu stjórnarskrárinnar og gerðu út um þann ágreining sem vissulega var uppi, en á lýðræðislegan hátt, og luku málinu, greiddu um það atkvæði. Þeir þorðu nefnilega í kosningar. Þeir fluttu brtt. sínar eftir atvikum og kláruðu málið. Það er ekkert vandamál því samfara að fara í slíka kosningu á grundvelli þessara ákvæða, ekki neitt.

Það eru ekki annað en brellur, eins og hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason kallaði það á heimasíðu sinni 3. júní, ekkert annað en lúaleg bellibrögð að fara þessa leið til að hafa kosningarréttinn af mönnum.

Ég veit ekki hvað stendur í þessum pistli núna. Það er víst búið að gera nokkrar tilraunir til að breyta honum, eins og dagsetningunni á pistli Hjálmars Árnasonar. Svo eru menn að gera grín að Norður-Kóreu eða þeim fyrir austan, að þeir reyni að endurskoða söguna. En við horfum á menn endursemja mánaðargamla pistla og skipta um dagsetningar á öðrum fyrir augunum á okkur.

Herra forseti. Það er augljóst hvað ríkisstjórnin ætlar sér. Það er algerlega augljóst hverjum manni og ég trúi því að 95% þjóðarinnar verði með það á hreinu þegar vikunni lýkur, þegar menn hafa fylgst með þessari umræðu og skoðað þessi mál. Ríkisstjórnin ætlar eina ferðina enn að beita meirihlutavaldi sínu af ýtrustu hörku og þjösnaskap og hafa með því af þjóðinni kosningarréttinn. Auk þessa er ætlunin er að setja forseta lýðveldisins í alveg sérstaka klemmu. Það hafa menn líka komið upp um, þökk sé lausmælginni í hæstv. fjmrh. Hann hefur líka talað það af sér. Það er nefnilega ætlunin, að hafa þetta svo þrælslegt til að forsetinn komist í vanda og standi frammi fyrir því að staðfesta og synja sömu lögum, bæði því að fella eldri lögin úr gildi en setja þau inn aftur. Þetta viðurkennir hæstv. fjmrh. í endursögn af þessum fundi.

Þetta er það sem á máli bridsspilara er stundum kallað „tvöfaldur gaffall" og kemur oft fyrir í endaspili. Það er skaði að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur þar sem hann mun hafa eitthvert smávit á brids. Þetta er tvöfaldur gaffall, þráteflisstaða eða hvað við viljum kalla það. En ég held að brellumeistarar ríkisstjórnarinnar, brellukokkarnir, hafi gleymt einu. Það á eftir að koma á daginn. Forseti lýðveldisins er líka settur í þá stöðu að staðfesti hann hin seinni ólög þá væri hann fyrir sitt leyti líka að taka kosningarréttinn af þjóðinni sem hann hafði fært henni með sinni fyrri ákvörðun. Sjá menn það mjög auðveldlega fyrir sér að forsetinn geri það? Gleymduð þið þessu nokkuð, Geir H. Haarde, hæstv. fjmrh.? Gleymduð þið þessu, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson? Eða eruð þið virkilega svo heillum horfnir, hæstv. ráðherrar, að þið viljið að þetta mál fari inn í það hryllingssamhengi sem þið eruð að reyna að draga upp fyrir þjóðinni? Er það markmið í sjálfu sér að leika stjórnskipun lýðveldisins svo grátt, að búa til óleysanlega þvælu með því að fara endurtekið til forsetans með lög af þessu tagi og setja hann í vanda gagnvart þeim?

Ég er ekki viss um að vandi forsetans reynist eins mikill og ríkisstjórnin hefur ætlað. Ætli forsetinn haldi sig ekki bara við sína fyrri ákvörðun um að þjóðin eigi að ráða í þessu máli. Þetta er sama málið. Eru miklar líkur til þess að forsetinn verði allt í einu í þannig skapi, hvenær sem þetta nú verður, að hann taki aftur af þjóðinni þann rétt sem hann færði henni 2. júní?

Nú ætla ég engu frekar um þetta að spá og ég ætla ekki að taka efnislega afstöðu til þess hvað forsetinn á að gera í þessu tilviki, frekar en ég gerði í hinni fyrri umræðu. Þetta vald er hjá honum, hann hefur það samkvæmt stjórnarskránni og menn ættu að skammast til að virða það.

Það er þannig. Þjóðin er nýbúin að endurkjósa þennan forseta hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það verða þeir líka að viðurkenna sem líkar verr og eiga að virða það.

Ég tek undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að sennilega er framganga ríkisstjórnarinnar í þessu máli og einkanlega nú ljótasti bletturinn, svartasti bletturinn á öllum hennar ferli og er þá langt til jafnað. Ef málið er verra en stuðningurinn við Íraksstríðið, framkoman við öryrkja og hernaðurinn gegn landinu þá er langt til jafnað. En í raun og veru er það mín skoðun að svo sé. Fjölmiðlamálið sjálft, það er að segja efni þess, er komið algerlega út á hliðarlínuna borið saman við mikilvægi hins sem hér er að gerast, hvernig menn umgangast stjórnskipun landsins, hvort menn ætla virkilega með brögðum að hafa stjórnarskrárvarinn og helgan kosningarrétt af þjóðinni.

Framsóknarmenn tala um sáttargjörð í þessu tilviki. Við hvern er sú sátt? Hún er ekki við þjóðina. Ég held að það sé alveg ómögulegt að þjóðin upplifi það sem sérstaka sátt að rífa af henni kosningarréttinn. Ég held að það verði ekki þannig. Þetta er ekki sáttargjörð við stjórnarandstöðuna. Það er alveg augljóst mál. Þetta er stríðsyfirlýsing í allar áttir, fyrst og fremst núna gegn þjóðinni. Nú beinist þetta mál að þjóðinni. Nú er það ríkisstjórnin og meiri hluti hennar sem á í styrjöld við þjóðina sem hafði fengið þennan rétt til sín og okkar hlutverk er fyrst og fremst að reyna að vera málsvarar þess og vekja athygli á því sem þarna er að gerast. Ég hef enga trú á því að ætlan ríkisstjórnarinnar að láta þetta mál falla í gleymsku og dá og rykfalla og vera komið til hliðar 2007 gangi eftir. Þetta mál mun ekki gleymast. Það er of stórt til þess. Auk þess bind ég svo innilega vonir við það að hvort tveggja gerist, að stjórnin verði fallin og búið að kjósa löngu áður. Þetta frumvarp gengur ekki upp, herra

forseti. Það er stjórnskipulegur óskapnaður. Það hefur í sér fólgna fyrirætlan um að fara á svig við stjórnarskrána og það er sóðaskapur í lagatæknilegu tilliti eins og það er fram sett. Í raun hefur aldrei sést annað eins. Það leyfi ég mér að fullyrða. Ég trúi ekki öðru en menn séu tilbúnir til þess á þingi að endurskoða hug sinn þegar þeir hafa farið betur og rækilegar yfir málið.

Þing var kallað saman til að ákveða um kosningar, um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það liggur fullbúið frumvarp fyrir þessu þingi um hvernig sú kosning geti farið fram með einföldum, skýrum og óumdeildum hætti því enginn getur deilt um það að það sé sanngjörn og almenn venja að einfaldur meiri hluti þeirra sem þátt taka í kosningum ráði úrslitum í máli af þessu tagi. Enginn getur deilt um það. Menn geta rifist um hvort það væri heimilt að setja einhver viðbótarskilyrði. En það er ekki hægt að deila um að í lagi er að gera það ekki. Það er algerlega óumdeilt að það stenst að gera það ekki. Menn geta því eytt allri þessari óvissu, tekið það allt saman út af borðinu og notað hinar einföldu og óumdeildu reglur, virt stjórnarskrána, virt rétt þjóðarinnar og leyft þessu fallega orði, orðinu lýðræði, að njóta sín í reynd.

[12:49]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. fjallaði ekkert efnislega um frumvarpið. Kannski er það vegna þess að það er honum óþægilegt. Það vakti athygli mína við 1. umr. 3. maí um það frumvarp sem hér er verið að fella úr gildi að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði meðal annars um það ákvæði frumvarps þess sem þá lá fyrir sem kvað um að markaðsráðandi fyrirtæki væri ekki heimilt að eiga hlut í fjölmiðlafyrirtæki. Mæltist honum á þennan veg, með leyfi forseta:

„Markaðsráðandi fyrirtæki lenda oft í því, eðli málsins samkvæmt, gegnum dótturfyrirtæki og víðtækt net að eiga í aðilum hér og þar. ... Þarna er spurning um hvort setja mætti þak sem miðaðist við tiltölulega lága prósentu, hvort það væri ekki sanngjarnara og raunhæfara."

Síðan segir hv. þm. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hvað með að nota þar ákvæði laga um fjármálastofnanir, að þar séu mörkin dregin við virkan eignarhlut? Það mætti þess vegna nota sömu skilgreiningu og þar er, með leyfi forseta, þ.e. að „með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi" fyrirtæki. Með öðrum orðum, mætti ljósvakafyrirtæki aldrei hafa veruleg áhrif á stjórnun hins fyrirtækisins, enda undir 10% þaki."

Í ræðu sinni gagnrýndi hv. þm. einnig gildistökuákvæði frumvarpsins og lagði beinlínis til að miðað yrði við þann tíma þegar útvarpsleyfi Stöðvar 2 rennur út eða í ágúst 2007. Ég fæ ekki betur séð en að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar sé klæðskerasniðið að hugmyndum sem hv. þm. talaði fyrir við 1. umr. um fjölmiðlafrumvarpið 3. maí síðastliðinn. Hv. þm. hlýtur því að geta fallist á að ríkisstjórnin hafi rétt fram sáttarhönd alla vega gagnvart hv. þingmanni í þessu máli. Hvernig getur hann útskýrt andstöðu sína við frumvarp sem endurspeglar eigin hugmyndir? Nú ætla ég að vona að hv. þm. svari mér en geri ekki eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson áðan þegar hann sat hjá. Ef hann svarar mér ekki lít ég svo á að þetta sé skoðun hans. (**Gripið fram í:** Hvað á að kjósa?)

[12:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að heyra þessa ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann var afskaplega stóryrtur eins og oft áður, talaði um lúalegt, sóðalegt og að skammast sín. Þetta er ekki í eina skiptið, virðulegi forseti, sem hv. þm. er stóryrtur. Reyndar held ég að það sé orðin alger regla.

Ég vek athygli á því að þann 19. nóvember síðastliðinn var hv. þm. afskaplega stóryrtur. Hvers vegna var það? Jú, hann var að lýsa ástandinu á fjölmiðlamarkaðnum áður en þessi mikla samþjöppun varð, áður en hún varð. Þá talaði hann um það, virðulegi forseti, og ég efast um að nokkur hafi tekið svo stórt upp í sig, að það væri stutt í hið rússneska ástand, hvorki meira né minna. Ég er með þetta útskrifað ef hv. þm. er búinn að gleyma þessu. Því væri ágætt að fá að vita af hverju hv. þm. hefur engan áhuga á að ræða það lengur eða grípa til einhverra ráða til að koma í veg fyrir slíkt.

Ég vil nota tækifærið, virðulegi forseti, og spyrja hv. þingmann sömu spurningar og ég spurði hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það var athyglisvert að sá ágæti þingmaður sem hefur hér talað um að ræða þurfi málið og vinna í sátt og annað slíkt sýndi þann hroka að svara ekki.

Ég spyr einfaldlega af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um aðalatriðið sé stjórnskipunin. Telur hv. þm. að það sé eðlilegt ástand og gott fyrir íslenska stjórnskipun að forsetinn neiti skrifa undir lögin ef mál er umdeilt eða óvinsælt? Þetta er grundvallaratriði. Ef þetta verður leiðin sem farin verður í framtíðinni þá erum við að horfa upp á allt aðra stjórnskipun en við höfum séð fram til þessa. Ég vil fá skýrt svar frá hv. þm. hvað þetta varðar.

[12:54]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki á hverjum degi sem formaður stjórnmálaflokks svarar ekki þeim fyrirspurnum sem beint er til hans vegna þeirra efnisatriða sem fram hafa komið í ræðu hans um frumvörp. Það er með ólíkindum að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon geti ekki svarað fyrir sín eigin orð sem vitnað er til í þessum ræðustól.

Hv. þm. lýsti því yfir að frumvarpið sem við erum að ræða sé sama frumvarpið og lagt var fram og samþykkt fyrir nokkru síðan á hinu háa Alþingi. (**JBjarn:** Hárrétt hjá þér.) Hv. þm. sagði þegar það frumvarp var lagt fram og ríkisstjórnin lagði til að markaðsráðandi fyrirtæki mættu ekki eiga neitt í ljósvakamiðlum að hann væri andsnúinn þeirri reglu og hann lagði það beinlínis til að þeim yrði heimilað að eiga lágt hlutfall, sanngjarnt hlutfall í þessum fyrirtækjum. Hann segir, með leyfi forseta:

„Hvað með að nota þar ákvæði laga um fjármálastofnanir, að þar séu mörkin dregin við virkan eignarhlut. Það mætti þess vegna nota sömu skilgreiningu og þar er, með leyfi forseta, þ.e. að „með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi" fyrirtæki."

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefur gert mikið úr því að hann sé maður orða sinna, að hann sé málefnalegur stjórnmálamaður og að við megum trúa hans orðum eins og nýju neti. (**JBjarn:** Hárrétt.) Því spyr ég hv. þm. Steingrím J. Sigfússon: Getum við stjórnarliðar og ríkisstjórnin ekki treyst því

í ljósi þeirra orða sem hann lét falla um mál sem hann telur að sé það nákvæmlega sama og nú er til umræðu, að hann styðji þá að minnsta kosti þetta efnisatriði frumvarpsins? Ég óska eftir svörum við þessari spurningu. (Gripið fram í.)

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé ekki ofmælt að þegar synjun forseta á undirritun frv. um fjölmiðla hinn 2. júní sl. lá fyrir var mönnum óvæntur vandi á höndum. Fyrir lá gersamlega nýtt pólitískt landslag sem menn höfðu ekki áður staðið frammi fyrir í allri lýðveldissögunni og fyrir lá að túlka þyrfti ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar sem legið hafði í þagnargildi eða dauðadái öllu heldur síðustu 60 ár, eins og prófessor Ólafur Ragnar Grímsson á sínum tíma útskýrði í fræðiriti sínu. Fyrir lá að túlka þyrfti það ákvæði og komast að niðurstöðu um hvernig hægt væri að framkvæma ákvæðið.

Ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar hafði sem sagt legið í þagnargildi í 60 ár þegar ákvörðun forseta Íslands kom sem þruma úr heiðskíru lofti hinn 2. júní sl. Það kom fljótt í ljós að meðal fræðimanna voru skiptar skoðanir um hvort þetta ákvæði hefði raunverulegt gildi, hvort það hefði þýðingu ef það væri lesið í samhengi við ákvæði 13. gr. stjórnarskrárinnar um að forseti léti ráðherra framkvæma vald sitt. Reyndar tók ríkisstjórnin ekki þátt í þeim vangaveltum svo sem ranglega hefur verið haldið fram, m.a. í þessum þingsal og í fjölmiðlum undanfarna daga, að oddvitar ríkisstjórnarinnar og sérstaklega Sjálfstfl. hafi haldið því fram að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar í 26. gr. væri ekki virkt. Þvert á móti kom forsrh. þegar í sjónvarpssal hinn 3. júní og tók af skarið með það að hvað sem liði vangaveltum fræðimanna túlkaði ríkisstjórnin það svo, eins og kennt hefði verið í Háskóla Íslands í 60 ár, að þetta ákvæði væri í gildi þó svo að það hefði aldrei verið notað.

Það leiðir reyndar hugann að því að það eru ýmis fleiri ákvæði okkur skyld í þessum þingsal sem ekki hafa verið notuð mjög lengi eins og t.d. ákvæði 57. gr. þingskapanna um ræðutíma í þingsalnum þar sem forseta þingsins er veitt heimild til að setja reglur um ræðutíma í umræðum eða að níu þingmenn geta krafist tiltekinnar afgreiðslu í sambandi við afgreiðslu mála. Sú 57. gr. hefur ekki verið notuð mjög lengi þó ég minnist þess reynar að hún hafi verið notuð eitt sinn á árinu 1989 en það er útúrdúr, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Er það næsta skref?)

Næsta spurning þegar búið var að komast að niðurstöðu um það hvort ákvæðið væri virkt var auðvitað það hvernig ætti að standa að framkvæmd þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu sem ákvæðið gerir ráð fyrir. Við höfum örlítið vikið að því í dag í umræðum um störf þingsins og reyndar á vettvangi fjölmiðla undanfarna daga. Ríkisstjórnin fékk til liðs við sig hóp hæstaréttarlögmanna til þess að meta það og skila séráliti um það hvernig unnt væri að standa að málinu. Vegna hvers var það gert? Það var vegna þess að það liggur alls ekki ljóst fyrir af ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfrar hvernig ber að gera það og með tilliti til þeirra ákvæða sem um þessa hluti gilda í nálægum löndum og okkur skyldum, með líkt stjórnarfar, er það ekki augljóst mál hvernig að því eigi að standa.

Þessi starfshópur skilaði áliti og reifaði málið mjög vel. Stjórnarandstaðan fékk líka lögfræðinga til að skoða málið. En það er leitt í ljós eftir þær vangaveltur og þær skýrslur sem liggja fyrir af hálfu lögmanna að um málið er einfaldlega djúpstæður ágreiningur milli lögfræðinga. Við höfum margir í stjórnarliðinu og í ríkisstjórninni talið að það væri eðlileg krafa að tiltekinn lágmarksfjölda atkvæðisbærra manna þyrfti til að hnekkja lögum sem Alþingi hefur sett með lögmætum hætti. Ég held að það þyki ekki eða hefði ekki þótt, ef þetta mál væri ekki uppi, óeðlileg krafa almennt á Alþingi þar sem mönnum ber að sjálfsögðu skylda til að standa vörð um heiður, sóma og störf þingsins sem kjörið er á Íslandi venjulega með milli 85 og 90% kjósenda. Við töldum sem sagt margir að það væri skynsamlegt og eðlilegt að setja slík skilyrði og slíkar reglur í lög og það er ekkert í stjórnarskránni sem bannar það. Það er mikill misskilningur að það sé bannað samkvæmt stjórnarskránni.

Menn hafa gert mikið úr því að ágreiningur sé milli stjórnarflokkanna um hvar mörkin ættu að liggja. Vissulega voru skiptar skoðanir um það en ég fullyrði að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu komist að samkomulagi um það mál ef á það hefði reynt, ef ekki hefði verið valin önnur leið sem liggur fyrir í því frv. sem nú er til umræðu.

En málið var þetta: Jafnvel þó að stjórnarflokkarnir hefðu komið sér saman um þetta atriði, lagt fram um það frv. eins og vissulega var upphaflega ætlunin og það hefði verið afgreitt og samþykkt á Alþingi þá lá eigi að síður fyrir að um það mál hefðu orðið djúpstæðar lögfræðilegar deilur í þjóðfélaginu. Um það hefði ekki orðið sú sátt sem þarf að vera um framkvæmd og tilhögun atkvæðagreiðslna af þessu tagi og um það hefðu jafnvel sprottið dómsmál þar sem dregið hefði verið í efa hvort þessi atkvæðagreiðsla hefði yfirleitt nokkuð gildi og hvort niðurstöður hennar hefðu þýðingu fyrir framhaldið og þar með talið hvort lögin frá því í maí sl., sem hér eru til umræðu, héldu gildi sínu áfram eða ekki. Þetta er auðvitað óviðunandi staða. Það er óviðunandi að ætla að bjóða almenningi og fólkinu í landinu upp á það að ganga til þjóðaratkvæðis á þessum grundvelli þegar svona háttar til og það er ábyrgðarhluti að efna til slíkrar atkvæðagreiðslu. Þá varð niðurstaða ríkisstjórnarinnar að það ekki ætti að gera, það yrði að finna aðra leið til að komast út úr því óefni sem ákvörðun forseta Íslands hinn 2. júní sl. hefur því miður leitt til.

Hvað er þá til ráða? Ýmsir höfðu bent á að það væri hægt að afnema lögin, fella þau brott eins og það er kallað. Niðurstaðan varð sú að flytja nýtt frv. þar sem í fyrsta lagi er orðið við þeim tillögum að fella brott lögin frá því í maí en því jafnframt haldið til streitu, sem er stefna ríkisstjórnarinnar, að setja þurfi lög um þessi mál, það verði ekki skapað tómarúm milli þess tíma að gömlu lögin frá því í maí falli brott og þar til einhver ný verði sett þannig að allir á þessum markaði viti hvar þeir standa með tilliti til framtíðarinnar. Jafnframt er komið til móts við þau sjónarmið sem m.a. má lesa út úr rökstuðningi forseta Íslands að það sé eðlilegt að þjóðin segi álit sitt á þessu máli. En samkvæmt þessu frv. gerir hún það í almennum þingkosningum eftir því sem hugur hvers og eins kjósanda stendur til þegar þar að kemur og eigi síðar en í kosningunum 2007. Verði hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ósk sinni um að þingkosningar verði fyrr og jafnvel að þessi ríkisstjórn fari frá, þá verður mönnum (Gripið fram í.) ekki skotaskuld úr því að gera breytingar á þeirri rammalöggjöf sem hér er um að tefla þannig að það

skiptir ekki máli í því sambandi. Ég er reyndar sannfærður um að þingmanninum verður ekki að þeirri ósk sinni en eigi að síður er staðan þessi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon getur ekkert fullyrt um það frekar en ég eða aðrir hvort þetta mál verður síðan aðalmál kosninganna 2007 en það liggur þá fyrir í þeim kosningum hvernig þetta mál er vaxið og ef þetta er mikið mál í hugum stórs hóps kjósenda þá er ekki ólíklegt að það geti ráðið úrslitum um kosningarnar. En það liggur þá bara þannig alveg eins og það er. Auðvitað er það rétt sem hv. þm. sagði að ýmislegt getur gerst en það er þá hver og einn kjósandi sem gerir það upp við sig hvort hann lætur þetta mál ráða sínu atkvæði eða ekki og það er kjarni málsins í þessu.

Ég vil segja um þetta til viðbótar, frú forseti, að eldri lögin frá því í maí falla brott með þessu frv. verði það að lögum. Um það mál getur ekki farið fram nein atkvæðagreiðsla. Það er þess vegna rangt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði í fréttum í gær að það yrði atkvæðagreiðsla um lögin frá því í maí alveg sama hvað yrði um þetta frv. Það er misskilningur.

Varðandi efnisatriði frv. að öðru leyti er með frv. komið til móts við gagnrýni á efnisinnihald laganna frá því í maí, m.a. þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Hlutfall það sem markaðsráðandi fyrirtæki mega eiga í fjölmiðlafyrirtæki til að það fái útvarpsleyfi er hækkað úr 5% í 10. Nú gera menn skyndilega lítið úr því mikilvæga efnisatriði sem var einn af aðalþáttunum í þeim lögum sem nú eru orðin. En síðari breytingin er auðvitað lykilatriði, þ.e. það að fresta gildistökunni fram yfir væntanlegar þingkosningar 2007 þannig að bæði þingið og ný ríkisstjórn eftir kosningarnar 2007, ef hún kýs, geti haft allan þann atbeina að breytingum á málinu sem viðkomandi telja þá æskilegan. Í raun er um að ræða frestun á gildistöku mikilvægustu efnisþátta eldri laga um ríflega eitt ár því að þó svo lögin frá því í maí hafi þegar tekið gildi þá er í þeim veigamikið bráðabirgðaákvæði sem hefur þau áhrif að þau hafa í raun ekki áhrif fyrr en um mitt ár 2006.

En þá er spurt alveg eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði í morgun: Af hverju að vera að samþykkja lög núna sem eiga ekki að taka gildi fyrr en árið 2007? Er ekki í lagi að doka með þetta jafnvel fram á árið 2007 eða 2006? Vegna hvers þarf að setja lög núna sem eiga ekki að taka gildi fyrr en eftir svo langan tíma? Ég hef þegar svarað því að hluta. Ríkisstjórnin hefur markað stefnu sína sem hún hefur nú reyndar breytt til að koma til móts við gagnrýni. Hún mótaði hana í lögunum í maí. En það er mikilvægt að allir sem starfa á þessum markaði viti hvar þeir standa í þessu máli. Þeir þurfa að vita það að frá grundvallarstefnunni í málinu, þrátt fyrir þær breytingar sem nú eru lagðar til, hefur ekki verið hvikað. Það er mikilvægt að það myndist ekki tómarúm varðandi setningu nýrra laga til að þeir sem eru á þessum markaði viti hvar þeir standa. Þeir eiga t.d. rétt á því að *mínum dómi*, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. verði það að lögum og lögunum frá því í maí, að fá tiltekinn aðlögunartíma til að geta lagað sig að ákvæðum laganna. Þau fyrirtæki eiga rétt á því, en ef lagasetningunni er t.d. frestað fram til ársins 2006 eða 2007, liggur alveg ljóst fyrir að gildistaka þeirra yrði ekki fyrr en á árinu 2009 eða jafnvel 2010.

Nú er sagt í þessum sal og hefur iðulega verið ítrekað að ágreiningurinn um þetta sé nú meira um form og málatilbúnað heldur en efnisinnihald og það að menn vilji hafa einhver lög um fjölmiðla. Ég spyr því: Hverjir vilja þá fresta gildistöku slíkra laga til áranna 2009 eða 2010 aðrir en þeir sem hafa af því hagsmuni að það gildi engar reglur um þessi mál á þessum markaði? Ég bið bara þá sem ætla að ganga í lið með þeim aðilum að gefa sig fram í salnum við þessa umræðu. Ef það er rétt sem haldið er fram að allir vilji setja um þetta reglur og lög, þennan markað, koma í veg fyrir að markaðsráðandi aðilar á tilteknu sviði viðskipta geti sölsað undir sig allan fjölmiðlamarkaðinn annan en Ríkisútvarpið sem ákveðin hætta er á, þá verður að grípa í taumana núna eins og lagt er til og ríkisstjórnin hefur reyndar beitt sér fyrir með hinum fyrri lögum.

Auðvitað er það svo þannig með þetta frumvarp eins og önnur mál af þessu tagi sem hér koma í þingið að í þingnefndinni er ekkert útilokað að mönnum detti í hug að gera fleiri breytingar, að gera breytingar á þeim texta sem lagður er fram í þessu frumvarpi. Því skyldi það ekki vera? Því skyldi það vera óleyfilegt, ef menn koma með viðbótarhugmyndir í því efni?

Kjarni málsins í þessu er nefnilega sá að ríkisstjórnin hefur núna með ábyrgum hætti fundið leið til að koma í veg fyrir það óefni og réttaróvissu sem skapast hefði ef efnt hefði verið til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu sem allir héldu framan af eftir ákvörðun forseta að nauðsynlegt væri að efna til. Ég hef talað um það alveg hreinskilnislega. Það heitir lausmælgi í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að tala um það hreinskilnislega hvað menn eru að gera hérna. Það heitir lausmælgi hjá honum að ég skyldi leyfa mér að útskýra þetta mál á opnum fundi þar sem allir fjölmiðlar voru í gær. En ríkisstjórnin hefur sem sagt fundið leið til að komast hjá því gagnvart almenningi að setja þetta mál í þá óvissu og uppnám sem ella hefði orðið en jafnframt koma til móts við gagnrýnendur hinna upphaflegu laga um þetta mál án þess að falla frá meginstefnu sinni í málinu. Ég tel að það hefði verið óviðunandi og óboðlegt að láta þessa þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram í skugga óvissu um form hennar og fyrirkomulag og réttaróvissu sem uppi er um þetta og nú blasir við eftir að lögfræðingarnir hafa skoðað þetta í þaula.

Ríkisstjórnin hefur jafnframt boðið stjórnarandstöðunni aðild að áframhaldandi vinnu fjölmiðlanefndarinnar. Nú gera menn óskaplega lítið úr því. Það er auðvitað framhaldsvinna, sem kemur fram í skýrslu upphaflegu nefndarinnar, um mörg önnur atriði sem þarf að fara vel yfir gagnvart þessum markaði, gagnvart Ríkisútvarpinu, ESA-reglum, stafrænu sjónvarpi og fleiru sem ástæða er til að halda áfram að vinna í. Ég tel því að ríkisstjórnin hafi með frumvarpinu sem nú er verið að leggja fram sýnt bæði sáttfýsi og sveigjanleika í þessu máli. Hún er að koma til móts við gagnrýni sem sett hefur verið fram af hálfu ýmissa aðila í þjóðfélaginu. En þeir sem hafa ekkert fram að færa í þingsalnum annað en frammíköll, öskur eða fliss taka náttúrlega ekki í útrétta sáttarhönd af þessu tagi.

Ég vil aðeins víkja að öðrum þætti, herra forseti, sem hefur komið upp á yfirborðið í kjölfar ákvörðunar forseta Íslands en er ekki hluti af þessu þingmáli. Það er sú staðreynd að þessi ákvörðun hefur leitt til þess að menn hafa mikið velt vöngum yfir því hvert sé hið raunverulega hlutverk forsetans í stjórnskipaninni og hvar séu valdmörkin sem tengjast þessu embætti. Mér fannst athyglisvert að hlýða á það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði um það að segja hér því ég held að kannski sé ekki ýkja mikill ágreiningur um það atriði í rauninni. Í fyrsta lagi held ég að allir menn hljóti að vera

sammála um það að hver svo sem valdmörkin eru og hvert svo sem hlutverkið er þá eigi það að vera alveg skýrt og klárt fyrir alla hvert það er. Það á ekki að vera neinum vafa undirorpið frá degi til dags. Það á ekki að vera þannig að í hvert skipti sem eitthvað kemur upp á og varðar hlutverk forsetans og stjórnskipunina, til dæmis í aðdraganda forsetakosninga, setjist menn niður og byrji að rífast um það, byrji að takast á um það. Það á ekki að vera þannig. Þetta á að vera alveg skýrt. Það á líka að vera alveg skýrt með hvaða hætti farið er með þjóðaratkvæðagreiðslur ef og þegar settar verða um það almennar reglur. Þær eiga þá auðvitað að liggja alveg fyrir og það á ekki að þurfa að takast á um þá hluti í hvert sinn sem slíkt mál kemur upp. En auðvitað er það jafnframt ljóst, hver svo sem orðið hefði niðurstaðan varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu að þessu sinni, að þær reglur hefðu verið hafðar til fordæmis og fyrirmyndar um framhald slíkra mála. Þess vegna var mjög mikilvægt varðandi þessa atkvæðagreiðslu meðal annars að ekki yrði hlaupið til og settar reglur sem ekki yrði hægt að byggja á í framtíðinni hvað þetta varðar.

Ég tel að eitt af því sem hefur verið vanrækt varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar, fyrir utan náttúrlega öll ákvæðin um forsetaembættið meira og minna, sem eru úrelt í ljósi sögunnar og breyttra viðhorfa og þarf að endurskoða — þar á meðal ákvæði 26. gr. — að eitt af því til viðbótar sem vanrækt hefur verið er að setja skýrar reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að umræðan núna hafi kannski varpað skýru ljósi á það. Sumir þingmenn hafa annað slagið verið að reifa það mál og haft uppi tillögur um það. En um það hefur ekki náðst breið samstaða meðal annars vegna þess að það hefur verið flutt sem sjálfstætt mál en ekki í tengslum við viðameiri endurskoðun á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þetta er eitt af því sem við þurfum að taka upp í framhaldinu. Við verðum að koma okkur saman um það, hvernig svo sem við gerum það í framhaldinu, að ráðast í að endurskoða þá kafla stjórnarskrárinnar sem hér koma við sögu vegna þess að ástandið sem nú hefur skapast er óviðunandi.

En við þurfum líka að gæta okkar á því að jafnvel þó við viljum auka rétt kjósenda til dæmis til þess að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu og gera þær kannski meira áberandi í okkar þjóðlífi en verið hefur — það þarf nú ekki mikið til því það hefur ekki verið ein einasta þjóðaratkvæðagreiðsla allan lýðveldistímann — ef við viljum fara inn á þá braut verðum við að gæta okkar á því að vera ekki með fyrirkomulag eins og til dæmis í Kaliforníu þar sem þjóðaratkvæðagreiðslurnar koma í veg fyrir að hægt sé að stjórna fylkinu, meira og minna. Ríkasta svæði í heiminum er meira og minna óstjórnhæft vegna þess að þar er allt á hausnum vegna þess að það er alltaf fellt í þjóðaratkvæðagreiðslum að taka með ábyrgum hætti á vandamálum í fjárstjórn þessa fylkis. Það viljum við að sjálfsögðu ekki þannig að það þarf að gæta sín á því að vera með reglur sem geta gengið upp þó að við viljum auka rétt borgaranna til að segja til um úrslit mála með þjóðaratkvæðagreiðslu og fara fram á að þær eigi sér stað.

Þetta vildi ég koma aðeins inn á, virðulegi forseti, því að þetta er eitt af því sem komið hefur upp í tengslum við þá atburðarás sem orðið hefur hér á landi undanfarnar vikur og var vissulega mjög óvænt.

En ég vil líka segja það um afstöðu stjórnarandstöðunnar til ákvörðunar forseta Íslands 2. júní síðastliðinn um að synja lögum staðfestingar að það er mjög dapurlegt að stjórnarandstaðan skyldi ekki hafa getað neitað sér um að leggjast í heiðbundnar skotgrafir stjórnarandstöðu gegn ríkisstjórninni í stað þess að taka upp hanskann með stjórnarmeirihlutanum hér á þingi til þess að bregða hönd fyrir höfuð Alþingis. (Gripið fram í.) Það er þannig að stjórnarandstaðan féll í þá freistni af því að hún hélt að stjórnin stæði veikt í þessu máli að nota það til að berja á henni áfram. Ef hún hefði ekki gert þetta þá hefði kannski verið auðveldara að taka hér á ýmsum málum til framtíðar vegna þess að það er þannig, hvað sem líður skiptingum manna í stjórn og stjórnarandstöðu núna, að það koma kosningar eftir þær síðustu. Það koma nýjar ríkisstjórnir. (Gripið fram í.) Það er skipt um þjóðhöfðingja. En stofnunin sem við störfum á, Alþingi, verður hér áfram. Hún verður áfram lykilaðili í þjóðfélaginu og það á ekki að láta það gerast nánast með einhverjum tilviljunum að hún sé svipt því valdi sem hún hefur samkvæmt stjórnarskránni. Þess vegna eiga allir þingmenn að standa saman um að koma í veg fyrir slíkt en freistast ekki af pólitísku dægurþrasi sem þetta fjölmiðlamál og umræðan um það hefur borið keim af.

Að því leyti er það rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það mál er miklu minna en stjórnskipanin sjálf sem er miklu merkilegri heldur en eitt slíkt mál sem er hægt að breyta með einföldum lögum frá Alþingi hvenær sem meiri hluta þingsins þóknast að gera það, hvort sem það er núverandi meiri hluti eða einhver annar. Það er dapurlegt hvernig stjórnarandstaðan hefur komið fram í þessu máli og ég spái því að þeir sem þar eru nú, ef þeir komast einhvern tíma til meiri valda og áhrifa, muni sjá eftir því hvaða afstöðu þeir hafa tekið í þessu máli. (Gripið fram í.)

Ég vil svo bæta því við, virðulegi forseti, út af frammíkalli hv. þm. að hann hefur verið óvenjuþögull í sæti sínu og reyndar fleiri meðan ég hef reifað sjónarmið mín hérna. Það er heldur óvenjulegt. En ég tók líka eftir því í umræðunni fyrr í dag að stjórnarandstæðingarnir svöruðu ekki andsvörum sem að þeim var beint. Þeir hafa að sjálfsögðu fullan rétt á því. Það geta alveg verið aðstæður uppi sem réttlæti það að menn taki ekki til máls þó til þeirra sé beint spurningum. Ég hef stundum gert það. En við munum hvað það heitir í orðabók hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, mannsins með stóryrðin miklu, þegar menn nýta sér ekki rétt sinn til að svara andsvörum. Ég var að vísu mjög ósammála hv. þm. þegar hann jós úr stóryrðapotti sínum yfir hæstv. forsætisráðherra hér um daginn. En það var af líku tilefni ef ég man það rétt. Þetta er því allt mjög athyglisvert.

[13:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Til þessa þings var sérstaklega boðað með forsetabréfi. Erindið var að ræða tilhögun þeirrar atkvæðagreiðslu sem fram skyldi fara. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna fóru á fund forsrh. Við höfðum óskað eftir þeim fundi. Þar var rætt um hvernig á þessum málum skyldi tekið í framhaldi af þeirri ákvörðun forseta Íslands að vísa málinu til þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. hinu umdeilda fjölmiðlamáli.

Á fundinum náðist þó sú niðurstaða að hér skyldi boðað til þings 5. júlí og síðan yrði fjallað um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og önnur mál yrðu ekki tekin fyrir. Fundurinn var að vísu stuttur. Honum var slitið af hálfu forsrh. Ef ég man rétt þá orðaði hæstv. forsrh. það svo að það hefðu verið einhver hegðunarvandamál hjá forustumönnum stjórnarandstöðunnar. Látum það nú liggja á milli hluta.

Hitt tel ég algjörlega ljóst sem birst hefur í erindisbréfi frá forsrn. þegar sett var á fót nefnd til að fara yfir þetta mál, að nefndin skyldi vinna að því að skoða tilhögun þjóðarat-

kvæðagreiðslu sem fram ætti að fara í framhaldi af ákvörðun forseta Íslands.

Forsetabréfið um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar sem ákveðið hefur verið að fram skuli fara, um frambúðargildi laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem samþykkt voru á stjórnskipulegan hátt frá Alþingi hinn 24. maí sl.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 5. júlí ...“

Skýrara gæti þetta ekki verið, hæstv. forseti. En málin tóku þá stefnu, þar sem ríkisstjórnarflokkarnir náðu ekki saman þeim girðingum sem þeir leituðu að, að fara algjörlega út úr þessu fari og brjóta það samkomulag sem þó hafði komist á milli stjórnarandstöðu og ríkisstjórnarflokkanna um tilhögun þessa þings. Hér stóð eingöngu til að rætt skyldi um framgang kosninga, þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta umdeilda mál. Ríkisstjórnin tekur sér hins vegar fyrir hendur að leggja málið upp með þeim hætti sem við höfum rætt um í dag, að leggja til að lögin verði felld úr gildi en leggja jafnframt til annað frv. nákvæmlega eins fyrir utan breytingar á tveimur atriðum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór yfir það í ræðu sinni og las upp texta, úr lögunum annars vegar og hins vegar frv. sem hér liggur fyrir. Þar er nákvæmlega sama orðalagið á heilli málsgrein í lögunum og síðan í frv.

Hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal, úrskurðaði í morgun að þetta mál væri þingtækt. Ég er honum algjörlega ósammála um það. Ég tel meira en lítið vafasamt að taka málið inn með þeim hætti sem hér er lagt upp með. Ég sé ekki hvernig við munum komast út úr því í framtíðinni ef vinna á eftir þessum úrskurði hæstv. forseta þingsins, ef það nægir einfaldlega að taka frumvörp sem búið er að fella, því að ég geri ráð fyrir því að stjórnarmeirihlutinn muni ná því fram að fella mál, þá sé nægjanlegt að breyta aðeins örfáum orðum og koma með málið aftur inn í sama búningi.

Hæstv. utanrrh. vísaði til grg. sem fylgdi frv. sem var síðan gert að lögum. Það er einnig gert í frv. sem er hér til umræðu. Ég verð þó að segja eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst fjölmiðlamálið ekki lengur meginmálið í umræðunni. Það sem mér finnst orðið meginmálið í þessari málsmeðferð allri er að það hefur verið tekin ákvörðun um það af forustumönnum ríkisstjórnarinnar, með samþykki allra ráðherranna og þingmanna í ríkisstjórnarflokkunum, að fara fram með þeim hætti að þjóðin fái ekki að fylgja eftir þeim rétti sem henni er markaður í 26. gr. stjórnarskrárinnar þegar forseti hefur vísað máli til þjóðarinnar. En þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.“

Eftir því sem maður les þennan texta oftar, ég tala nú ekki um eftir að maður fer nú að glugga í hin gömlu þingtíðindi og það sem sagt var þegar þessi ákvæði voru ákveðin í stjórnarskrá þá sér maður sífellt betur að um einboðið lagaboð er að ræða. Ég spyr: Höfum við á hv. Alþingi þann rétt að taka af þegnum þjóðarinnar réttinn til að kjósa um mál sem forsetinn hefur tekið ákvörðun um að vísa til þjóðarinnar til staðfestingar? Getum við tekið málið til baka með því að fella lögin úr gildi? Höfum við vald til þess miðað við stjórnarskrána og texta hennar?

Þetta finnst mér mesta álitamálið eins og það er vaxið í dag. Það sem snýr að fólkinu í landinu er spurningin: Getur þingið, þegar mál hefur verið tekið til meðferðar á þingi, verið samþykkt af meiri hluta þingsins og málinu vísað til forseta til staðfestingar og hann neitað að undirskrifa lögin og óskað að málið gangi til þjóðarinnar til staðfestingar, tekið þann möguleika frá þjóðinni og komið í veg fyrir að hún fái að segja sína meiningu um einstök mál? Ég dreg það í efa, virðulegi forseti.

Mér finnst 26. gr. ákaflega skýr og skýrari eftir því sem maður les hana oftar. Ég get ekki, eftir að hafa gluggað í þær ræður sem fluttar voru þegar stjórnarskráin var lögð fram, komið auga á að menn hafi gert stjórnarskrána, m.a. þessi ákvæði, í fljótræði eða í einhverju tímahraki, eins og hæstv. utanrrh. nefndi í ræðu sinni. Ég fæ ekki þann skilning inn í mitt höfuð þegar ég les yfir það sem ritað er í þingtíðindin.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér úr þingtíðindum frá 1944. Ég vitna þar til eru ummæla og ræðu Brynjólfs Bjarnasonar, framsögumanns fyrir áliti stjórnarskrárnefndar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég álít að svo framarlega sem þetta væri álitið aðeins form, að forseti eigi að staðfesta lög, þá væri forsetinn alveg þýðingarlaus og þá ætti forsetinn enginn að vera, því að þá þyrfti alls engin staðfesting forseta að koma til. Þá gæti forsrh. alveg eins komið fram sem æðsti maður þjóðarinnar og undirskrifað lög frá Alþingi. En ég hugsa mér þetta ekki þannig, að undirskrift forseta sé aðeins form, heldur sem raunverulegt vald. — En vald í höndum hvers? — Það er næsta spurningin. Ég hugsa mér þetta sem vald í höndum þjóðarinnar, þannig að það, sem við erum að gera þegar við setjum þetta inn í stjórnarskrá, að lög þurfi staðfestingu forseta, sé það, að við gefum umboðsmanni þjóðarinnar rétt til þess að skjóta málum undir úrskurð þjóðarinnar og afgreiðslu. Og frá þessu sjónarmiði er ekki til annað rökréttara fyrirkomulag en það, sem stjórnarskrárnefnd leggur til, sem sé að lög, sem Alþingi samþykki, séu í gildi þangað til úr því hefur verið skorið við þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þau skuli vera í gildi, — ef forseti hefur synjað um staðfestingu, — og þau séu þannig afgreidd frá þeim eina dómstóli, sem er viðurkenndur í þeim efnum, dómstóli þjóðarinnar. Ef Alþingi hefur notað umboð sitt, sem það hefur fengið hjá þjóðinni, á annan veg en þjóðin hefur ætlast til, þá kemur það í ljós við þá atkvæðagreiðslu. Og frá því sjónarmiði, sem fyrir mér vakir og ég hygg, að vaki líka fyrir meiri hluta stjórnarskrárnefndar, væri það algjörlega órökrétt, ef sá háttur væri hafður á, sem hæstv. forsrh. leggur til í þessu efni. Og þar sem ég tel, að þetta fyrirkomulag hafi raunverulega praktískt gildi, þá þykir mér það hafa mjög mikla þýðingu hvað samþykkt verður á Alþingi í þessu efni.“

Ég tel að þessi tilvitnun í ummæli Brynjólfs Bjarnasonar sýni að mönnum var algjörlega ljóst hvaða texta þeir voru að setja í lögin og að menn væru að auka vald forsetans með því að setja þessi ákvæði í stjórnarskrána, að forsetinn gæti notað þennan málskotsrétt til þjóðarinnar. Ég dreg þess vegna mjög í efa möguleika okkar á hv. Alþingi til að breyta lögum sem komin eru í þetta ferli. Eins og segir í 26. greininni skal vísa þeim til þjóðarinnar.

Til frekari staðfestingar má, með leyfi hæstv. forseta, vitna í Magnús Jónsson frá Sjálfstfl. Hann sagði m.a., undir þessari umræðu:

„Hér er aðeins um það að velja, hvort þingið vill efla dálítið vald forsetans eða draga úr því. — Ef maður færi í þessu sambandi að tala um, hvað væri „hugsunarrétt", þá gæti maður náttúrlega sagt, að forsetinn, þessi eini þjóðfélagsþegn, sem valinn er í þessa stöðu, hann hafi í sjálfu sér enga lýðræðislega aðstöðu til þess að vera svo mikill aðili að löggjöf. En hann hefur þessa aðstöðu aðeins í krafti þess, að hann sé réttari fulltrúi þjóðarviljans en Alþingi. Hann hefur rétt til þess að skjóta því undir atkvæði þjóðarinnar, hver er sá rétti þjóðarvilji í ákveðnu máli. Og á þá vilji hans ekki að ráða fyrr en atkvæðagreiðsla hefur sýnt, hvort hann er sá rétti fulltrúi þjóðarviljans. Fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi eiga að ráða fyrst um sinn og forseti á að hafa rétt til þess að spyrja þjóðina um hvort hann sé ekki raunverulegri og réttari fulltrúi þjóðarviljans, og úr því verður ekki skorið fyrr en þjóðin samþykkir það í hverju tilfelli að hann sé það."

Ég held að það sé meira en lítið vafasamt þegar forustumenn ríkisstjórnarinnar fara nú í algjörlega nýja söguskýringu því ég held að það hafi ekki verið í tímahraki og ekki að óhugsuðu máli að stjórnarskráin er eins úr garði gerð og hún er. Menn geta auðvitað lagst í það að fara að ræða um 5% eða 10% í fjölmiðlafrv. en það er bara miklu minna mál en það hvort við tökum þann rétt af þjóðinni sem henni hefur verið markaður í stjórnarskrá. Því mun ég ræða málið fyrst og fremst út frá því sjónarmiði að þjóðin eigi þennan rétt og hann verði ekki af henni tekinn. Hinir lögfróðu ungu menn í Sjálfstfl. geta svo farið í einhverjar allt aðrar pælingar ef þeir vilja.

Mér finnst, hæstv. forseti, að það sé verið að reyna á þol þjóðarinnar, það sé markvisst verið að þreyta þjóðina, þreyta fólkið í landinu með þeim málatilbúnaði sem ríkisstjórnin hefur lagt upp með í hinu svokallaða fjölmiðlamáli. Við skulum ekki gleyma því að það er fimmta sannfæring ríkisstjórnarinnar sem komin er inn í það frv. sem nú á leggja fram og taka við rétt eftir að hið fyrra hefur verið fellt úr gildi sem er sama frv. Og alltaf var málið að batna allan tímann sem verið var að vinna það í þinginu og alltaf varð það betra og betra, og alltaf voru menn öruggari um sig að það stæðist stjórnarskrána. Alltaf leið mönnum betur og betur í ríkisstjórninni.

Þeim leið samt ekki betur en svo að þeir náðu ekki saman um það hvernig ætti að framkvæma málið þegar forsetinn hafði tekið þá ákvörðun að vísa því til þjóðarinnar, sem forsetinn byggir á valdi sínu samkvæmt stjórnarskránni og valdið er hans eins. Það er algjörlega rétt skýring að mínu viti að forsetinn einn verður að taka þá ákvörðun í einstaka máli hvort hann vilji vísa því í þjóðaratkvæðagreiðslu og láta þjóðina dæma í því. Það sýnir auðvitað, þó að forsetar sem áður hafa setið hafi nokkrum sinnum lýst því yfir að þeir hafi hugleitt að beita þessum rétti þá hefur það ekki verið gert fyrr en nú, að menn beita ekki þeim rétti nema að vandlega íhuguðu máli og þá aðeins þegar mönnum finnst að það sé verið að vega að ákveðnum atriðum eins og t.d. því sem mikið var rætt hér hvað varðar prentfrelsi og annað slíkt sem snertir stjórnarskrána.

Mér finnst ekki þurfa að óttast það mjög, eins og mér fannst gæta talvert í máli hæstv. fjmrh. áðan, að þetta ákvæði sé vandræðaákvæði. Það hefur ekki verið það í 60 ára sögu lýðveldisins þó að við stöndum frammi fyrir því núna að því hafi verið beitt í mjög umdeildu máli. Ég hygg að þjóðinni finnist það mjög miður ef hún fær ekki að segja meiningu sína í því einstaka máli og ég skil ekki, hæstv. forseti, hvers vegna við hræðumst það á Íslandi að leyfa þjóðinni að taka afstöðu til einstakra mála.

Nú segja forustumenn ríkisstjórnarinnar að þeir vilji draga þetta mál fram yfir næstu kosningar svo að þjóðin fái m.a. að fjalla um það í kosningum. Þá spyr ég eina ferðina enn, hæstv. forseti, eins og ég gerði margsinnis í vor: Hvað lá á? Hvað var að fara á hliðina í þjóðfélaginu? Nú boða menn að þessi lög eigi að taka gildi eftir þrjú ár. Sú röksemd hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin vilji halda stefnu sinni og mönnum eigi að vera ljóst að það sé einhver stefna í gangi og eigi að geta treyst því og þurfi að vita það og það sé nauðsynlegt að festa sé í þjóðfélaginu heldur ekki vatni því að í hinu orðinu segir hæstv. fjmrh. — ég held að ég hafi lesið það í Morgunblaðinu og heyrt eitthvað af því áðan — að það liggi auðvitað ljóst fyrir að menn geti breytt þessu ákvæði á vorþingi 2007 því að þá skuli kalla þing saman innan tíu vikna frá því að kosið er.

Þá má auðvitað spyrja: Hver er þá festan í þessu sem menn eiga að búa við, hver er vissan sem menn eiga að búa við ef þetta eru rökin sitt á hvað, annars vegar einhver stefna sem alls ekkert er vitað hvort verður til staðar 2007, eða vonandi horfin fyrr, og hins vegar einhver möguleiki á að breyta lögunum strax að loknum alþingiskosningum 2007? Mér finnst þetta ekki vera boðleg rök í málinu.

Það hefði mátt velta því fyrir sér í öllum þessum málatilbúnaði, sem reyndar var boðið upp á strax í nóvember, að vinna málið saman með stjórnarandstöðunni, klára það og reyna að ná fram einhverri sátt í því. En þegar málið er hins vegar komið í þann búning sem það er núna, að það snýst um það hvort þjóðin fái að halda sínum löglega rétti samkvæmt stjórnarskrá eða ekki, þá skulum við ekkert vera að velta okkur upp úr því hvort menn breyta einu orði hér eða tveimur orðum þar í fjölmiðlafrv. Það er ekki orðið meginatriði í þessu máli. Meginatriðið er hvort við virðum rétt þjóðarinnar til að taka afstöðu í málinu úr því að forsetinn, sem einn hafði vald til þess, kaus að vísa því til þjóðarinnar.

Mér finnst ömurlegt, hæstv. forseti, að það skuli vera takmark ríkisstjórnarflokkanna að leita sérstaklega eftir því að komast fram hjá því að þjóðin fái að kjósa, afstýra því, eins og ég held að hæstv. fjmrh. hafi sagt, að þjóðin fái að kjósa. Það mætti halda að hér byggi bara fólk sem þyldi alls ekki að taka þátt í kosningu. Ég fæ alls ekki skilið, hæstv. forseti, hvers vegna íslenskt þjóðfélag má ekki þróast í þá lýðræðisátt að við tökum annað slagið fyrir ákveðin mál og kjósum um þau. Hvað er að því? Hvers vegna sitjum við uppi með stjórnmálaflokka sem vilja koma í veg fyrir að þjóðin fái annað slagið að segja meiningu sína í ákveðnum málum í lýðræðislegum kosningum?

Mér finnst ríkisstjórnarflokkarnir hafa valið sér ömurlegt hlutskipti, vægast sagt. Það liggur við að ég vorkenni þeim hvernig málum er komið. Það er í raun og veru ömurlegt að forsrh. skuli ætla að enda feril sinn á því, jafnágætur maður og hann er að mörgu leyti, að fara með málið fram með þessum hætti. Það verður að segjast alveg eins og er. Hér er verið að leggja fram sama frv. og við eigum að fara að rökræða það.

Stjórnarandstaðan vann sína vinnu. Hún gekk til þess leiks með því að vinna að frv. um hvernig framkvæma mætti þjóðaratkvæðagreiðslu á sem einfaldastan og öruggastan hátt

án þess að vera að leita að girðingum fram og til baka, að sú þjóðaratkvæðagreiðsla yrði framkvæmd á sama hátt og gert hefur verið árum og áratugum saman, að meiri hluti manna sem greiðir ákveðinni niðurstöðu atkvæði sitt fái ráðið niðurstöðunni. Það er bara hin venjulega regla. Í langflestum eða öllum félögum er það hin venjulega regla að meiri hluti manna sem greiðir atkvæði ræður niðurstöðunni. Það er mjög sjaldan sem krafist er aukins meiri hluta til að breyta því. Þetta er hin almenna regla.

Nú erum við mætt til sumarþings og okkur er ætlað að setja ný fjölmiðlalög, ætlað að fara í sama verkið og við eyddum í 20 dögum þar sem fjölmiðlafrv. og fjölmiðlamálið fékk algeran forgang á önnur mál. Menn mæla fyrir nýju frv. sem þeir telja að sé þannig úr garði gert að það megi taka fyrir en vitna síðan í greinargerðir og eru með nánast óbreytta texta í hinu nýja frv. Ég verð að segja alveg eins og er að ef menn ætla sér að fara þá leið sem lagt er upp með eru menn enn á ný að velja ófriðinn.

Ég sagði áðan, hæstv. forseti, að ég drægi mjög í efa að þinginu væri heimilt að fara inn í það ferli sem við erum komin af stað með. Þjóðin á þennan rétt samkvæmt stjórnarskránni. Ég held að það sé meginmál að ræða það eins og málum er nú komið en ekki það hvort við breytum einhverjum orðum í lögum sem eru mjög umdeild. Við munum auðvitað fá tækifæri til þess að fjalla um málið í allshn. og fara þar yfir hin ýmsu rök. Við í stjórnarandstöðunni teljum að hér eigi að afgreiða lög, einföld lög um hvernig framkvæma eigi þjóðaratkvæðagreiðslu, taka afstöðu til málsins. Það eigi að vera niðurstaðan en ekki eitthvert sýndarfrumvarp sem er nánast eins og hið fyrra.

Ég tel, hæstv. forseti, að meðan ekki hefur verið skorið úr því með lögformlegum hætti að bestu manna yfirsýn, og þá er ég að tala um að það verði skoðað í allshn., hver réttur okkar er samkvæmt stjórnarskránni varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna að þá verði ekki farið lengra í því að skoða pakka ríkisstjórnarinnar varðandi fjölmiðlalögin. Það hlýtur að verða krafa okkar í stjórnarandstöðunni að fara yfir það hvort yfirleitt er hægt að fara í málið með þeim hætti sem hér er lagt upp með. Ég held að það sé rétt á meðan sú óvissa er óútkljáð að beina ekki sjónarhorninu á mikið annað í bili.

[14:29]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir ágæta ræðu. Hann kaus reyndar að fjalla ekki um efni þess frv. sem er til umræðu enda telur hann það ekki teljast til meginatriða málsins heldur fyrst og fremst ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég kýs reyndar að ræða um það mál sem er á dagskrá, þ.e. frv. ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson lýsti því yfir, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að það frv. sem hér er til umræðu væri í rauninni efnislega það sama og við ræddum á hinu háa Alþingi í maímánuði.

Þann 3. maí, við 1. umr. þess máls, tók hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson til máls og gerði athugasemdir við það frv. sem þá lá fyrir. Við þekkjum efnisatriði þess frv. eins og það var þegar það var lagt fram og sömuleiðis þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á þeim lögum nú, þ.e. að markaðsráðandi fyrirtækjum verði heimilað að eiga allt að 10% í ljósvakamiðlum. Við þá umræðu gerði hv. þm. athugasemd við það að markaðsráðandi fyrirtæki og sterk fyrirtæki mættu ekki eiga eina krónu í ljósvakamiðlum. Hann sagði, með leyfi forseta, í þeirri ræðu:

„Ég teldi miklu ásættanlegra að stór og öflug fyrirtæki mættu eiga allt að 30% í útvarpsfyrirtæki og að hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis væri 15% eða 10%." — Að hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis væri 15% eða 10%.

Nú liggur þetta frv. frammi. Það gerir ráð fyrir því að hámarkseignaraðild fyrirtækja sem eru í markaðsráðandi stöðu verði 10%. Ég geri ráð fyrir því að eins velmeinandi og vel gerður maður og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er standi við fyrri orð sín og þess vegna langar mig til þess að varpa fram þeirri spurningu hvort hann geti, í ljósi fyrri ummæla sinna, ekki lýst yfir stuðningi við þetta tiltekna ákvæði þess frv. sem við erum að ræða nú.

[14:32]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fer nú að verða skrýtin lenska hjá stjórnarandstöðunni að svara ekki þeim fyrirspurnum sem beint er til hennar. Ég vil aftur benda á það sem kom fram í umræðu við framlagningu fjölmiðlafrumvarpsins á sínum tíma og að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson víkur sér undan að tala efnislega um það frv. sem við erum hér að ræða.

Hv. þm. sagði ekki bara það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson nefndi áðan heldur sagði hann, með leyfi forseta, þegar hv. þm. gagnrýndi það að einungis væri tveggja ára fyrirvari hjá fyrirtækjum til þess að laga sig að nýju umhverfi:

„Ég tel að tíminn verði í fyrsta lagi að vera lengri og í öðru lagi tel ég óeðlilegt að mönnum sé algjörlega ýtt út úr atvinnurekstrinum. Varðandi útfærslu á þessum atriðum væri spurning hvort trappa mætti þetta niður og á lengri tíma. Ég teldi miklu ásættanlegra að stór og öflug fyrirtæki mættu eiga allt að 30% í útvarpsfyrirtæki og að hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis væri 15% eða 10%."

Ég get ekki séð betur en að í því frumvarpi sem til umfjöllunar er í dag sé fullkomlega komið til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. setti fram í ræðu sinni við framlagningu frumvarps um fjölmiðlalögin hér í vor og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var jafnframt efnislega sammála þessu.

Tíminn hefur verið lengdur og hámarkseignaraðild hvers fyrirtækis hefur verið hækkuð í 10%. Þetta kalla ég að koma til móts við stjórnarandstöðuna og þetta kalla ég að rétta fram sáttarhönd sem stjórnarandstaðan ætlar núna að slá á.

Ég hlýt að draga þá ályktun að ef hv. þm. kemur ekki hér upp og svari þessu þá sé hann efnislega sammála því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar fyrst og fremst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 1012. mál. — Þskj. 1892.

[14:35]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra las hér upp forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fyrir tveimur dögum. Þar greindi hann Alþingi frá því að

forseti hefði skrifað forsetabréf þar sem hann greindi frá að forsætisráðherra hefði tjáð sér að nauðsyn bæri til að kveðja Alþingi saman til þess að fjalla um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem samkvæmt stjórnarskránni skal fara fram í framhaldi af synjun forseta.

Í framhaldi af þessu, frú forseti, mæli ég hér fyrir frumvarpi til laga um þessa þjóðaratkvæðagreiðslu sem á að fara fram um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Flutningsmenn þessa frumvarps eru formaður Samfylkingarinnar, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og formaður Frjálslynda flokksins. Stjórnarandstaðan stendur sameinuð um þetta frumvarp.

Frumvarpið er ákaflega einfalt í sniðum. Þar er gerð grein fyrir því að umrædd lög skuli lögð undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Þar er frá því greint hvenær við teljum að þjóðaratkvæðagreiðslan eigi að fara fram. Okkar tillaga er laugardagurinn 14. ágúst síðar á þessu ári. Það er í samræmi við það samkomulag sem við töldum að gert hefði verið við stjórnarflokkana á margfrægum fundi í Stjórnarráðinu.

Í þessu frumvarpi er frá því greint hverjir eigi að hafa atkvæðisrétt við þessa þjóðaratkvæðagreiðslu og það er þannig byggt upp að í því eru almennt helstu sérákvæði sem mæla þarf fyrir um í lögum vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Að öðru leyti er það tillaga okkar með frumvarpinu að miðað verði við að um þjóðaratkvæðagreiðsluna gildi ákvæði laga um kosningar til Alþingis. Í frumvarpinu er jafnframt greint frá tilhögun utankjörstaðaatkvæðagreiðslu og gerð tillaga að atkvæðaseðli. Þessi tilhögun er ekki út í bláinn, frú forseti. Þetta er að meginstofni til byggt á þeim lögum sem samþykkt voru 1944. Þar komu þessi efnisatriði fram.

Megingreinin í frumvarpinu er 6. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Einfaldur meiri hluti gildra atkvæða ræður úrslitum.“

Þetta er auðvitað það efnisatriði þar sem ágreiningurinn liggur milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstjórnarinnar. Við teljum hins vegar, eftir að hafa farið yfir þetta mál og fengið sérfræðinga í lið með okkur, að það liggi alveg ljóst fyrir með hvaða hætti eigi að fara að þessari þjóðaratkvæðagreiðslu. Við teljum að á sínum tíma hafi reglan í 26. gr. stjórnarskrárinnar, sem forseti Íslands byggði sína synjun á, verið þrautrædd. Við teljum engan vafa leika á því hver vilji þeirra var sem settu stjórnarskrána á þeim tíma. Það er niðurstaða okkar að það sé ótvírætt að það hafi verið vilji stjórnarskrárgjafans og þeirra sem sömdu líka frumvarpið að stjórnarskránni að einfaldur meiri hluti þeirra sem tækju þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu réði úrslitum.

Við flutningsmennirnir teljum að þetta komi skýrum orðum fram í ákvæðinu sjálfu, í skýringum við ákvæðið og líka í umræðum á Alþingi árið 1944, meðal annars í ræðum þáverandi dómsmálaráðherra og forsætisráðherra.

Með þessu frumvarpi er birt fylgiskjal sem er lögfræðiálit tveggja hæstaréttarlögmanna, Hróbjarts Jónatanssonar og Daggar Pálsdóttur. Við beindum til þeirra þeim spurningum hvort heimilt væri stjórnarskránni samkvæmt að setja í lög einhvers konar höft á kosningarrétt landsmanna í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Niðurstaðan í vönduðu áliti þeirra, sem hv. alþingismenn geta lesið í fylgiskjali með frumvarpinu, var afdráttarlaust neitandi. Það var niðurstaða þeirra að það væri í bága við stjórnarskrána að setja skilyrði um lágmarksþátttöku eða aukinn meiri hluta.

Við flutningsmennirnir, við í stjórnarandstöðunni, teljum að í þessu felist meginkjarni þessa máls. Við teljum sem sagt að engar heimildir séu til þess að setja í lög skilyrði og þröskulda sem rýra rétt borgaranna varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna og mismuna kjósendum að því er varðar innbyrðis vægi atkvæða, samþykkjenda annars vegar og synjenda hins vegar.

Synjun forsetans byggir á 26. gr. stjórnarskrárinnar. Meginregla þess ákvæðis er að frumvarp sem forseti synjar og hefur til bráðabirgða öðlast lagagildi skuli leggja svo skjótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu. Eins og ég hef rakið þá kemur fram í ákvæðinu, í skýringum, að það er ekki greint frá nokkurs konar skilyrðum eða heimildum til þess að setja kosningahöft og þar eru engar vísbendingar heldur um að það sé heimilt.

Ég hef líka greint frá því að skilningur þeirra sem fjölluðu um þetta ákvæði í umræðum á Alþingi féll augljóslega að þessari niðurstöðu. Dómsmálaráðherrann sem ég hef hér áður vitnað til í dag, Einar Arnórsson, sagði til dæmis í umræðum á Alþingi að lög sem forseti synjaði staðfestingar skuli bera undir þjóðaratkvæði og ef meiri hluti samþykkir þau ekki skuli þau falla úr gildi. Við flutningsmennirnir þrír teljum þess vegna ótvírætt að það hafi verið áformin að einfaldur meiri hluti þeirra sem tækju þátt í lögbundinni þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. réði niðurstöðu.

Þetta teljum við að skýrist enn frekar þegar önnur ákvæði stjórnarskrárinnar sem með einhverjum hætti fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslur eru skoðuð. Fyrir utan 26. gr. er um að ræða þrjár aðrar greinar. Í 11. gr. er fjallað um skilyrði þess að forseta verði vikið frá eftir að þrír fjórðu þingmanna hafa samþykkt ályktun um það.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, ...“

Í 79. gr. stjórnarskrárinnar segir að þjóðaratkvæðagreiðslu þurfi til að staðfesta ef Alþingi hefur samþykkt breytingar á kirkjuskipan ríkisins.

Í ákvæðinu segir að þá skuli, með leyfi forseta:

„... leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, ...“

Það er athyglisvert að í frumvarpi stjórnarskrárinnar er sérstaklega tekið fram að ekki sé ástæða til þess að skýra þessa grein. Af því er varla hægt að draga aðra ályktun en að tilgangurinn hafi verið sá að einfaldur meiri hluti þeirra kosningarbæru manna sem þátt tækju í þjóðaratkvæðagreiðslunni réði niðurstöðunni, ella hefði það verið sérstaklega tekið fram. En það vill svo til, frú forseti, að það er einmitt gert sérstaklega í annarri grein stjórnarskrárinnar, í 81. gr., þar sem fjallað er um þjóðaratkvæðagreiðslu sem á sínum tíma einskorðaðist við lýðveldisstjórnarskrána sjálfa. Þar bregður svo við að gerð er krafa um að meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu þyrfti að samþykkja stjórnarskipunarlögin svo að þau gætu öðlast gildi. Þarna er því tekið sérstaklega fram að til að lögin tækju gildi yrði meiri hluti allra sem á kjörskrá eru að samþykkja lögin.

Þegar 26. gr. um málskotsrétt forseta er því borin saman við þau önnur ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um þjóðaratkvæði teljum við að það liggi ljóst fyrir að fyrirmæli greinarinnar er ekki hægt að skýra öðruvísi en svo að aðeins sé krafist einfalds meiri hluta þeirra kjósenda sem notfæra sér rétt sinn til að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Ef

ætlunin hefði verið að setja sérstök skilyrði um kosningahöft, svo sem um lágmarksþátttöku eða aukinn meiri hluta vegna 26. gr., þá hefði þurft að taka það sérstaklega fram eins og var gert um lýðveldisstjórnarskrána eða eins og segir í niðurstöðu hæstaréttarlögmannanna Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar, með leyfi forseta:

„Þá verður að ætla að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki haft í hyggju að skilyrða niðurstöðu þjóðaratkvæðis um lagafrumvarp sem forsetinn synjaði staðfestingar með strangari hætti en hann skilyrðir niðurstöðu þjóðaratkvæðis um brottvikningu forseta og breytingu á kirkjuskipun ríkisins. Slík áform hefðu þurft að koma fram með skýrum hætti í greininni sjálfri, líkt og fram kemur í 81. gr."

Þetta liggur því að okkar dómi einboðið fyrir, frú forseti. Einfaldur meiri hluti þeirra sem tekur þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni á að ráða. Þetta er í greinargerð með frumvarpinu skýrt út enn rækilegar heldur en ég hef gert í þessu örstutta máli.

Ég vil leggja það til, frú forseti, að þegar að þessari umræðu lokinni verði þessu máli vísað til skoðunar og meðferðar allsherjarnefndar og ég vænti þess, í samræmi við það forsetabréf sem hæstv. forsætisráðherra las hér upp, að þetta mál verði tekið til umræðu í þinginu. Það er alveg ljóst að af þeim tveim vængjum sem saman standa að þessu Alþingi hefur stjórnarandstaðan unnið sína heimavinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:46]

Útvarpslög og samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1011. mál (eignarhald á fjölmiðlum, bottfall eldri laga o.fl.). — Þskj. 1891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:55]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við erum að fara að greiða atkvæði um það hvort beri að vísa frumvarpi ríkisstjórnarinnar til umfjöllunar allsherjarnefndar. Það hefur verið venja mín frá því að ég settist á Alþingi að liðka fyrir gangi mála innan húss enda þótt ég væri oft efnislega algerlega ósammála þeim málum sem um ræddi. Hér er hins vegar á ferðinni mál af því tagi að ég tel mikinn vafa leika á því hvort það sé tækt til frekari umfjöllunar hér og ég hef sannfærst enn frekar um það eftir því sem 1. umr. hefur undið fram. Samvisku minnar vegna get ég því ekki liðkað fyrir áframhaldandi gangi mála. Það eru allt of margar spurningar uppi sem er enn ósvarað og mun ég ekki greiða atkvæði hér á eftir.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónK, JBjart, KHG, MS, SAÞ, SKK, SF, StB, ÞKG, HBl, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, SP.

25 þm. (JÁ, JBjarn, JGunn, ÁF, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj) greiddu ekki atkv.

9 þm. (JóhS, KLM, PHB, RG, VS, DJ, DO, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 1012. mál. — Þskj. 1892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:05.

---

135. FUNDUR

þriðjudaginn 20. júlí,
kl. 6.45 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Björn Bjarnason dómsmrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun aðalfundar læknaráðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Varamaður tekur þingsæti.

[18:47]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 20. júlí 2004:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykv. s., Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s."

Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:47]

Útbýting þingskjala:

Efnahagslegar refsiaðgerðir, 1006. mál, svar utanrrh., þskj. 1893.

Útvarpslög og samkeppnislög, 1011. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1894; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1895.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, 1012. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1896; brtt. minni hluta allshn., þskj. 1897.

Fundi slitið kl. 18:48.

---

136. FUNDUR

miðvikudaginn 21. júlí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 1011. mál, þskj. 1891, nál. 1894 og 1898, brtt. 1895. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Jón Kristjánsson heilbrrh.

Veikindi forsætisráðherra.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þær óvæntu fregnir bárust í morgun að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefði verið fluttur í sjúkrahús í nótt vegna veikinda. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra alþingismanna þegar ég sendi honum og fjölskyldu hans hlýjar kveðjur Alþingis með óskum um góðan og skjótan bata.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Davíð Oddsson forsætisráðherra, 2. þm. Reykv. n., dvelst í sjúkrahúsi vegna veikinda og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykv. n., Ásta Möller, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Ásta Möller hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Útvarpslög og samkeppnislög, 1011. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1898.

Útvarpslög og samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 1011. mál (eignarhald á fjölmiðlum, brottfall eldri laga o.fl.). — Þskj. 1891, nál. 1894 og 1898, brtt. 1895.

[13:33]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta allshn. um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, samkeppnislögum o.fl.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila eins og greinir í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 1894. Ég sé ekki ástæðu til að telja þá alla upp en þar var um að ræða bæði hagsmunaaðila og fjölmarga lögfróða einstaklinga sem komu fyrir nefndina til að skýra frá sjónarmiðum sínum vegna lögfræðilegra álitaefna sem uppi hafa verið eftir framlagningu málsins á þinginu. Jafnframt bárust nefndinni fjölmargar umsagnir en málið var sent út til umsagnar mjög víða. Í störfum sínum hafði nefndin jafnframt hliðsjón af umsögnum sem nefndinni bárust á vorþinginu en eins og fram hefur komið og greinir í frv. sjálfu er fyrirliggjandi frv. um mörg atriði efnislega samhljóða því máli sem varð að lögum nr. 48/2004 og af þeirri ástæðu augljóst að nefndinni var gagn af þeim umsögnum sem bárust við meðferð fyrra málsins.

Eins og greinir í nefndarálitinu og ég hef þegar tekið fram er frv. í verulegum atriðum samhljóða frv. sem samþykkt var á þinginu 24. maí sl. og varð að lögum nr. 48/2004, eftir að forseti Íslands hafði synjað því staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar 2. júní sl. Nefndin hefur því áður, eins og ég hef greint frá, haft málið til umfjöllunar, einkum 1. og 2. gr. frv., og leyfir nefndin sér því að vísa um þau atriði sérstaklega til fyrra nefndarálits síns sem lá frammi á þskj. 1618. Með vísan til þess að með frv. þessu eru skilyrði um heimilt eignarhald á fjölmiðlum rýmkuð enn frekar og gildistöku frestað um rúmlega þrjú ár telur meiri hluti nefndarinnar engan vafa leika á því að efnislega stæðust ákvæði tilvitnaðra greina frv. ákvæði VII. kafla stjórnarskrárinnar. Um það atriði sérstaklega var töluvert rætt þegar frv. það er síðar varð að lögum nr. 48/2004 lá fyrir þinginu og er ítarleg umfjöllun um það í tilvitnuðu nefndaráliti meiri hluta allshn. Að þessu virtu er það ótvírætt niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að efnislega standist framangreindar efnisreglur ákvæði stjórnarskrár.

Ljóst er að beiting forseta Íslands á synjunarvaldi skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur leitt til stjórnlagakreppu um túlkun einstakra ákvæða stjórnarskrár, m.a. um valdheimildir Alþingis. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að ná sem víðtækastri sátt og samstöðu um málið hefur minni hlutinn ekki verið til viðræðu um slíkt. Af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað frá því á vordögum er ljóst að enginn áhugi er á því á vettvangi stjórnarandstöðunnar að setja eignarhaldi á fjölmiðlum skorður þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar. Um það vitna störf nefndarinnar. Það fór í sjálfu sér afskaplega takmörkuð umræða fram innan nefndarinnar um hið efnislega innihald málsins og takmarkaður áhugi virtist hjá minni hluta nefndarinnar fyrir því að fara nánar ofan í þann þátt frv.

Í störfum nefndarinnar var farið vandlega yfir álitamál sem vörðuðu heimildir Alþingis til þess að fella úr gildi lög sem forseti Íslands hefði synjað staðfestingar. Jafnframt tók nefndin til sérstakrar skoðunar hvort því væru einhver takmörk sett að stjórnskipunarrétti að Alþingi setti ný lög um

sama efni. Meiri hlutinn telur ótvírætt, m.a. með vísan til 2., 25. og 38. gr. stjórnarskrár, að valdheimildir Alþingis standi til þess að fella niður lög nr. 48/2004. Styðst þessi niðurstaða m.a. við umsagnir ýmissa þeirra álitsgjafa sem fyrir nefndina komu. Því lögfræðilega áliti var þó hreyft að þetta væri yfir höfuð ekki heimilt þar sem forseti hefði synjað lögunum staðfestingar. Væri þá skilyrðislaust að fram þyrfti að fara þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 26. gr. stjórnarskrár. Þá héldu tveir prófessorar þeirri skoðun fram, með ólíkum rökstuðningi þó, að þó svo að heimilt væri að fella lögin úr gildi án þess að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla væri ekki heimilt nú, á sama þingi, að setja ný lög um efnið. Meiri hlutinn telur hins vegar ótvírætt að valdheimildir Alþingis standi til þess að fella niður lögin án þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla, enda takmarkast þær ekki af öðru en ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfrar. Í 26. gr. hennar verður ekki talin fólgin slík takmörkun, hvorki samkvæmt textaskýringu né á slík takmörkun sér stoð í lögskýringargögnum.

Þrátt fyrir að nefndin telji jafnframt heimilt að setja ný lög samhliða því að fella niður lögin frá liðnu vori er ljóst að um málið hefur við hinar afbrigðilegu aðstæður undanfarinna vikna skapast ágreiningur um stjórnskipulegar heimildir handhafa ríkisvaldsins. Dregur það með öðru fram þann vafa sem í öllu tilliti er á beitingu og framkvæmd 26. gr. stjórnarskrárinnar og því hver sú stjórnskipulega hugsun í raun var sem á sínum tíma bjó henni að baki. Sá munur sem fram hefur komið á skoðunum manna um beitingu greinarinnar endurspeglar ekkert minna en grundvallarmun á afstöðu til stjórnskipunar okkar og valdmarka handhafa ríkisvaldsins. Telur meiri hlutinn mikilvægt að taka til við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar svo sem lögð var áhersla á þegar við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar árið 1944, einkum I. og II. kafla, og forsætisráðherra lýsti sig reiðubúinn til að beita sér fyrir á haustþingi við jákvæðar undirtektir leiðtoga annarra stjórnmálaflokka.

Með hliðsjón af þeim stjórnskipulega vafa sem uppi er leggur meiri hlutinn til að tilvitnuð lög nr. 48/2004 verði felld brott. Samhliða því verði lögfest breytt skipan útvarpsréttarnefndar, en aðrar breytingar verði skoðaðar nánar og m.a. látið á það reyna til fullnustu hvort stjórnarandstaðan er í raun tilbúin til að rjúfa þann varnarmúr sem hún hefur á undanförnum mánuðum slegið um það takmarkalausa form eignarhalds á fjölmiðlum sem viðgengist hefur. Meiri hlutinn mælir með því að nýtt frumvarp í þá veru verði undirbúið og lagt fram á haustþingi.

Breytingartillögur í þessa veru eru lagðar fram á þskj. 1895, sem liggur frammi. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að hið fyrsta verði komið á fót nefnd skipaðri fulltrúum allra stjórnmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi, til þess að endurskoða stjórnarskrána svo sem að framan greinir. Nefndin hagi störfum sínum á þann veg að Alþingi geti afgreitt breytingar þar að lútandi á yfirstandandi kjörtímabili.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali sem ég hefur áður vísað til.

[13:41]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ákaflega ósáttur við margt sem fram kom í máli hv. formanns allshn. Ég er sérstaklega ósáttur við það að á fundi nefndarinnar í gær inntum við sérstaklega eftir því hvort fyrirhugað væri í tengslum við lyktir málsins að ráðast til atlögu gegn 26. gr. stjórnarskrárinnar. Við spurðum sérstaklega og gengum fast eftir því hvort ætlunin væri að tengja þessi mál með einhverjum hætti og svarið var nei.

Nú kemur alveg skýrt fram að það á samkvæmt þessu nefndaráliti, eins og hv. þm. las það áðan, að taka stjórnarskrána til endurskoðunar og samkvæmt nefndarálitinu á sérstaklega að fara í 26. gr. Þetta mun ég ræða frekar í ræðu minni á eftir og ætla ekki að biðja hv. þm. um sérstakt svar við því núna.

Mig langar hins vegar til að spyrja hv. þm. hver sá stjórnskipulegi vafi sé sem veldur því að meiri hlutinn leggur til að lög nr. 48/2004 verði felld brott. Okkur var sagt og þjóðinni var sagt að þetta væri sáttargjörð. Það kom aldrei fram að verið væri að fella lögin úr gildi eða gera tillögu um það vegna þess að stjórnskipulegur vafi ríkti um þau. Ég er sammála því og hef fært ýmis rök fyrir því en á það hefur aldrei verið fallist af hálfu meiri hlutans fyrr en í álitinu. Það skiptir hins vegar töluverðu máli fyrir framvindu umræðunnar í dag að hv. formaður nefndarinnar skýri fyrir þingheimi hver þessi stjórnskipulegi vafi er að mati þingmanna meiri hlutans.

[13:43]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi um spurninguna sem varðar 26. gr. þá skildi ég fyrirspurn hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í nefndinni í gær, sem hann vísaði til, á þann veg að hann væri að spyrja að því hvort það væri einhvers konar samkomulag, einhvers konar sátt á milli stjórnarflokkanna sem fylgdi þessari afgreiðslu málsins. Ekkert slíkt samkomulag er til staðar og ég stend við það sem ég sagði á fundinum og það sem ég hef áður sagt að það eru engir samningar um tilteknar breytingar á stjórnarskránni sem fylgja þessari afgreiðslu málsins, þessari tillögu meiri hluta nefndarinnar heldur er einungis lögð áhersla á það í nefndarálitinu að ráðist verði í endurskoðun á þeim köflum stjórnarskrárinnar sem setið hafa eftir í þeirri endurskoðun á henni sem farið hefur fram hingað til.

Varðandi síðara atriðið hélt ég og taldi að öllum væri ljóst sem komið hafa að vinnu við málið, sérstaklega þeim sem setið hafa í nefndinni, um hvað hinn stjórnskipulegi vafi hefur verið. Hann er einmitt um það atriði hvort þinginu væri stætt að setja ný lög efnislega sambærileg hinum fyrri í sama frv. og fyrri lögin væru felld brott. Meiri hlutinn hefur fyrir sitt leyti komist að þeirri niðurstöðu að það hefði í sjálfu sér verið hægt, stjórnskipulega hægt að gera það. En vegna þess ágreinings sem verið hefur um málið og í ljósi þess að málinu var teflt fram sem sérstakri sáttargjörð af hálfu ríkisstjórnarinnar og engin sátt hefur tekist um það, m.a. vegna þess að stjórnarandstaðan hefur þráast við og neitað að taka þátt í efnislegri umræðu um fjölmiðlalögin, leggur meiri hlutinn til að að svo komnu máli verði ekki fest í lög ný skipan um þetta mál.

[13:45]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður allshn. hefur reynst hinn heiðarlegasti í hvívetna í samstarfi okkar í allshn. Ég trúi því alveg þegar hann segir að hann viti ekki af neinu samkomulagi af því tagi sem ég nefndi áður og kann vel að vera að ég hafi misskilið svar hans í gær. Þetta er þó aukaatriði í málinu.

Aðalatriðið er að hv. formaður allshn. lýsir því yfir að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin dregur þessi lög til baka sé sú að uppi sé ágreiningur meðal fræðimanna og prófessora, eins og vísað hefur verið til, um hvort sú leið sem lögð var til með fyrra frv. væri stjórnskipulega fær. Sökum þess vafa sem á því leikur hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta stjórnarskrána njóta vafans og taka frv. til baka. Heill sé þeim.

Með nákvæmlega sama hætti er uppi stjórnskipulegur vafi á því hvort unnt sé að kippa máli, sem forseti hefur synjað staðfestingar og skotið til þjóðarinnar, úr ferli þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar eru uppi nákvæmlega sömu álitamál. Ýmsir þungavigtarmenn telja að það sé ekki hægt vegna þess að það brjóti stjórnarskrána. Aðrir virtir fræðimenn telja að það sé hægt. Hinn stjórnskipulegi vafi er nákvæmlega hinn sami.

Þess vegna segi ég: Ef ríkisstjórnin hefði verið samkvæm sjálfri sér hefði hún einnig látið stjórnarskrána njóta vafans í þessu tilliti og látið málið ganga sinn feril á enda í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér er um mikilvægt atriði að ræða. Ríkisstjórnin er í reynd að viðurkenna að ef það leikur vafi á því að mál standist stjórnarskrá þá eigi stjórnarskráin að njóta vafans. Það ýtir undir kröfu okkar um að þetta mál hefði átt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[13:47]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að það er munur á þessu tvennu. Þetta eru tveir ólíkir fletir á málinu. Annars vegar sú ákvörðun að fella brott lögin frá því í vor. Það risu vissulega lögfræðileg álitamál um það hvort það væri tækt, m.a. út frá stjórnskipunarrétti. Eins og fram kemur í nál. telur meiri hluti nefndarinnar að það sé í raun engum vafa undirorpið. Meiri hlutinn er algjörlega sannfærður um að það er tækt að stjórnskipunarrétti.

Varðandi síðara atriðið þá hélt ég að það hefði verið skýrt af svari mínu, starfi okkar og þeim samtölum sem við höfum átt, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, m.a. í nefndinni, að í sjálfu sér væri ekki ástæða til þess að færa fyrir því ítarleg rök í nál. hvort tækt hefði verið að setja ný lög um fjölmiðla í þessu frv. Meiri hlutinn er að leggja til að það verði ekki gert.

Ef menn vilja fara nánar út í hin stjórnskipulegu álitamál sem mundu rísa ef menn ákvæðu að fara þá leið þá er ég alveg tilbúinn í þá umræðu líka. Ég er reyndar þeirrar skoðunar sjálfur að það sé tæk leið að stjórnskipunarrétti. Það eru ekki slík álitamál uppi þar að ég mundi leggja til að horfið yrði frá því í sjálfu sér.

En öll umgjörð málsins og sú nálgun sem ríkisstjórnin hafði að málinu þegar það kom fram var að það ætti að skapa sátt með þeirri aðferðafræði. Ástæðan fyrir því að þessi leið er ekki farin er sú að sáttin hefur ekki fengist.

[13:49]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir árnaðaróskir og bataóskir hæstv. forseta til hæstv. forsrh. Okkur hefur borist sú fregn að hann liggi sjúkur á beði á sjúkrahúsi. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra, ekki bara í mínum flokki heldur þingsins alls, þegar ég segi að ég vænti þess að hann nái fullri heilsu hið allra fyrsta á ný.

Herra forseti. Í málinu sem við ræðum hér blasir við að þeir sem hafa andæft fjölmiðlalögunum hafa farið með fullan sigur. Ríkisstjórnin hefur tapað sínu hundrað daga stríði gagnvart þjóðinni, alveg eins og þegar Napóleon fór frá Elbu til Waterloo og stóð frammi fyrir gjörtapi. Þetta mál er Waterloo ríkisstjórnarinnar og frá því mun hún aldrei komast. Þessi ríkisstjórn er þrotin kröftum. Hún logar af innbyrðis deilum. Hún hefur tapað þessu máli vegna þess að hún beitti gerræðislegum vinnubrögðum enn einu sinni og þjóðin hafnaði því. Það var órofa samstaða stjórnarandstöðunnar, sem studdist við alls kyns ólík öfl víða úr samfélaginu, sem knúði þessa ríkisstjórn til undanhalds. Undanhaldið mun halda áfram. kannski munu tíðindi berast af því eins, alveg eins og þegar Napóleon réðst í undanhaldið frá Moskvu. Þá voru tíðindin jafnan eins og hafa verið frá þessari ríkisstjórn: Sigursælt undanhald.

Enn í dag segir hæstv. ríkisstjórn að þessi logandi átök við þjóðina og átökin milli flokkanna hafi leitt til þess að ríkisstjórnin standi sterkari en áður. Þvílík firra. Þessi ríkisstjórn skelfur á fótunum. Hún skelfur af ótta við þjóðina og hún skelfur líka af ótta við þau átök sem hún veit að eru fram undan milli stjórnarflokkanna tveggja. Ég segi það eitt að lokum um það, herra forseti: Það þarf kraftaverk til að hæstv. ríkisstjórn lifi af þetta kjörtímabil.

Við stöndum frammi fyrir því að stjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að draga fjölmiðlalögin til baka. Í því felst fullur sigur fyrir þau okkar sem höfum varið síðustu þremur mánuðum í þrotlausa baráttu gegn þessum ósvífnu lögum sem að mörgu leyti vógu að því sem helgast er í okkar lýðræðisskipan.

Það sætir hins vegar furðu verð ég að segja, herra forseti, þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson kemur og skýrir það mætavel út fyrir þingheimi að ástæðan fyrir því að lögunum er kippt til baka sé ekki ágreiningurinn millum ríkisstjórnarflokkanna, ekki sú staðreynd að líf ríkisstjórnarinnar hékk í sjö daga samfleytt á bláþræði, ekki sú staðreynd að það var uppreisn í Framsfl. sem leiddi til þess að þetta var eina leiðin til þess að halda lífi í ríkisstjórninni. Nei, hv. þm. skýrir það út fyrir okkur að það sé vegna þess að það leiki stjórnskipulegur vafi á málinu. Ja, guð láti gott á vita.

Það lék líka stjórnskipulegur vafi á hinu fyrra frv. sem samþykkt var í vor. Fjölmargir menn, m.a. hinir sömu og fundið hafa að þeirri aðferðafræði sem birtist í því frv. sem hér er verið að kippa til baka, sögðu þá að efnisatriði þess frv. stönguðust á við, ekki við eitt, ekki tvö, ekki þrjú, heldur jafnvel fjögur ákvæði stjórnarskrárinnar. Því segi ég: Guð láti gott á vita. En ég hefði helst viljað að hann hefði látið vita á svo gott að ríkisstjórnin hefði í þessu máli verið samkvæm sjálfri sér og viðurkennt það sem blasir a.m.k. við þeim okkar sem höfum starfað í allshn., að það ríkir nákvæmlega sami stjórnskipulegi vafi á því hvort hægt sé að kippa máli sem komið er í feril þjóðaratkvæðagreiðslu út úr þjóðaratkvæðinu. Það er ekki gott til afspurnar um vinnubrögð hv. meiri hluta þegar hann lýsir þessum ágreiningi í nál. sínu. En þar kemur fram að því hafi verið hreyft.

Hv. formaður allshn. segir að því viðhorfi hafi verið hreyft í allshn. að það kynni að brjóta í bága við stjórnarskrána að fara með þessum hætti að málinu. Það er rangt. Það er blekking að halda því fram að því hafi verið hreyft. Það komu fram rökstudd lögfræðiálit frá vigtarmiklum lögfræðingum, starfandi hér í borg, sem sýndu með ákaflega sterkum rökum að það færi í bág við stjórnarskrána að taka mál með þessum hætti út úr þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að forseti hefur einu sinni synjað því staðfestingar. Það hefði verið heiðarlegt af

hv. framsögumanni meiri hlutans að geta þess í nál. og greina frá því hvaða rök þetta eru.

Til að ég ástundi hinn sama heiðarleika og ég brýni fyrir samnefndarmönnum mínum í allshn. vil ég líka segja að það komu fram sterk rök frá öðrum, t.d. Eiríki Tómassyni, Sigurði Líndal og Páli Hreinssyni, prófessorum öllum saman, sem mæltu hið gagnstæða. Með öðrum orðum, herra forseti, komu fram þung rök á báða bóga. Það þýðir það einfaldlega að um það að kippa málinu út úr þjóðaratkvæðagreiðslu ríkir nákvæmlega sami stjórnskipulegi vafi og á hinu, sem fólst í þeirri aðferð sem hæstv. ríkisstjórn er nú að hverfa frá.

Ef ríkisstjórnin hefði verið samkvæm sjálfri sér hefði hún að sjálfsögðu, eins og í fyrra tilvikinu, látið stjórnarskrána njóta vafans og látið þetta mál ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ástæðan fyrir því að það var ekki gert er einfaldlega sú staðreynd að ríkisstjórnin vill gera allt sem hún getur til þess að sneiða hjá þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi ríkisstjórn er í reynd farin á taugum. Hún er hrædd við þjóð sína og þorir ekki að horfast í augu við úrskurð æðsta dóms þjóðarinnar. Hún þorir ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu og það er mergurinn málsins. Ríkisstjórn sem ekki þorir að horfast í augu við sína eigin þjóð á að axla sín skinn. Hún hefur ekki pólitíska burði til þess að valda því verki sem henni er trúað fyrir. Það er lærdómurinn sem við verðum að draga af þessu máli. Það er lærdómurinn sem ríkisstjórnin á að draga af því að hún er núna komin í sinn áfangastað, sem er Waterloo.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þessa algjöru stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar sé með engu móti hægt að túlka öðruvísi en sem skýra yfirlýsingu um að forseti lýðveldisins hafði algjörlega rétt fyrir sér þegar hann synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar. Kúvending ríkisstjórnarinnar, ekki síst hæstv. forsrh., undirstrikar um leið með glöggum hætti það mikilvæga hlutverk sem stjórnarskráin hefur í stjórnskipan landsins. Ég tel að reynsla þjóðarinnar af fjölmiðlamálinu hafi leitt í ljós að málskotsrétturinn sé ákaflega dýrmætt varnartæki í baráttu þjóðarinnar gegn ofríkisfullri ríkisstjórn eins og þeirri sem nú situr.

Ég held því fram að við vissar aðstæður, eins og þær sem sköpuðust á síðustu þremur mánuðum, sé málskotsréttur forseta eina tækið sem þjóðin og borgararnir hafa gegn ráðherraræðinu sem hefur heltekið Alþingi og í reynd tekið löggjafann í gíslingu. Það er lærdómurinn sem ég dreg af málinu. Mér þykir þess vegna miður og sorglegt að það er eins og hæstv. ríkisstjórn læri aldrei neitt. Þrátt fyrir svarið sem hv. þm. Bjarni Benediktsson gaf mér áðan get ég ekki lesið annað úr því nál., sem hér er lagt fyrir af hálfu hv. þingmanna meiri hlutans, en að með einhverjum hætti hafi orðið að samkomulagi milli forustumanna stjórnarflokkanna að við endurskoðun stjórnarskrárinnar eigi fyrst og fremst að ráðast á 26. greinina, fyrst og fremst að ráðast á málskotsréttinn og reyna að eyðileggja hann eða kippa honum til baka til að ríkisstjórnin þurfi aldrei framar að standa frammi fyrir þeirri niðurlægingu að verða algjörlega viðskila við sína eigin þjóð og standa eins og hún gerir núna án nokkurs stuðnings í þessu máli.

Þegar allt kom til alls þá var það ekki Alþingi eða aðkoma þess að löggjafafarvaldinu sem var stoð borgaranna í landinu heldur hinn handhafi löggjafarvaldsins, sem í reynd er fólkið sjálft eftir að forseti hefur synjað og þar með framselt sinn hluta löggjafarvaldsins til fólksins. Það var óttinn við fólkið, óttinn við vilja borgaranna sem leiddi til að þessari mestu baráttu sem ég hef tekið þátt í frá því að ég settist á þing fyrir um 13 árum lauk með ótrúlegum ósigri ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég held að stjórnarherrarnir ættu að læra af þessari bitru reynslu og þeir ættu ekki að gefa sér það fyrir fram að hægt sé að ráðast í enn einn herleiðangurinn því það er ekkert annað en herleiðangur líka gegn þjóðinni ef ráðast á í endurskoðun á stjórnarskrá sem miðar fyrst og fremst að því að kippa burtu þessu mikilvæga varnartæki borgaranna.

Frá því að fjölmiðlafrv. leit fyrst dagsins ljós hefur ríkisstjórnin verið á einu samfelldu undanhaldi í málinu. Formaður Framsfl. hefur fimm sinnum þurft að gera nýtt samkomulag við forsrh. af því að bakland hans brast og það lá við uppreisn í hans eigin flokki. Alltaf hafa þeir gripið til nýrra og nýrra ráða eða svo ég noti orð hæstv. dómsmrh., sem hér er með okkur í dag, til nýrrar og nýrrar brellu því að þá aðferð sem við erum að ræða núna kallaði hæstv. dómsmrh. brellu á vefsíðu sinni 3. júní sl., sem hann hefur að vísu margbreytt síðan. Þetta er brelluríkisstjórnin sem alltaf er að reyna að komast hjá því að horfast í augu við þjóðina og hlíta dómi hennar og úrskurði. Menn hlaupa úr einu víginu í annað. Skemmst er að minnast þess, herra forseti, að formaður Framsfl. sagði í framsöguræðu fyrir því sem sennilega mátti kalla fimmtu útgáfu fjölmiðlafrv. í upphafi sumarþingsins að í rauninni væri ríkisstjórnin með sinni snjöllu tillögu að leggja líf sitt að veði. Formaður Framsfl. sagði: Við leggjum líf okkar að veði fyrir þessu frv. Hvar er það líf nú? Veðsetningin stóð í 15 daga.

Herra forseti. Ég tel að óhætt sé að líta svo á að í lok þessa 100 daga stríðs hafi ríkisstjórnin komið til baka úr einhverri mestu sneypuför í stjórnmálasögu okkar á síðustu tímum. Báðir formenn stjórnarflokkanna hafa beðið ósigur, ekki síður formaður Framsfl. Formennirnir báðir sneru bökum saman, börðust við sína eigin flokksmenn, við sína eigin þingmenn, við þjóðina með oddi og egg til að ná þessu frv. til baka. Þeir ætluðu aldrei að bakka en nú er það orðið að veruleika. Og það mætti auðvitað spyrja ýmsa af þeim ágætu þingmönnum sem hafa stutt þá dyggilega í undanhaldinu: Hvernig stendur á viðsnúningi þeirra?

Í augu mér horfir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Má ég rifja upp hvað sá ágæti þingmaður sagði í útvarpi fyrir örfáum dögum. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði að hann sæi engar efnislegar ástæður til að hverfa af þessari braut. Hann hefur þá væntanlega ekki verið búinn að uppgötva hinn stjórnskipulega vafa sem allt í einu rann upp fyrir honum í gær. Hv. þm. sagði: Það er búið að taka ákvörðun, svona verður þetta. Hvað olli sinnaskiptunum?

Herra forseti. Hv. þm., formaður allshn., Bjarni Benediktsson, sat með mér í sjónvarpsþætti á dögunum og var þá spurður hins sama; hvort það kæmi til mála að þingið kippti þessum lögum til baka. Hv. þm. sagði að það væri auðvitað mögulegt eins og málum væri komið að þrátefli skapaðist á milli forseta og þingsins en jafnvel það mætti ekki verða til þess að ríkisstjórnin bakkaði í málinu og hv. þm. sagði, með leyfi forseta: „Að mínu áliti kemur það ekki til greina.“ Má ég í fullri vinsemd spyrja hv. þm. Bjarna Benediktsson: Hvenær rann það upp fyrir honum að það leikur stjórnskipulegur vafi á málinu? Ég skildi mál hv. þm. í vinnu nefndarinnar undir ágætri stjórn hans að hann skynjaði aldrei að það væri nokkur stjórnskipulegur vafi á málinu.

Varaformaður Framsfl. sem er ekki með okkur í dag og hefur til þess gildar ástæður sagði alveg ótvírætt í sjónvarpsviðtali að ekki kæmi til mála að kippa frv. til baka. En það

hefur sem sagt gerst, herra forseti. Allt það sem þessir ágætu menn sögðu hafa þeir þurft að éta ofan í sig og það var mál til komið að þeir horfðust í augu við vilja þjóðarinnar í málinu. Ef ég á að gefa þeim gott veganesti úr þessari bitru reynslu þeirra, þá er það þetta: Takið upp nýja siði, takið upp nýja hætti, hlustið á fólk. Hlustið á raddir ykkar eigin flokksmanna, á raddir ykkar þingmanna sem hafa verið píndir margir hverjir til fylgis við málið án þess að hafa nokkra sannfæringu í því. Ef þið ætlið að vinna þjóðinni vel, þá verðið þið að taka upp samstarf við þjóðina og þá verðið þið að hætta að slá á þá útréttu sáttarhönd sem oft og tíðum er rétt til ríkisstjórnarinnar frá stjórnarandstöðunni í erfiðum málum.

Herra forseti. Þetta mál sýnir okkur að valdsæknir forustumenn hika ekki við að rífa í sundur friðinn í samfélaginu algerlega að nauðsynjalausu. Ríkisstjórnin hefur í reynd beitt sér fyrir ófriði í samfélaginu. Hún hefur komið í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega samstöðu í þessu máli sem eins og forsrh. hefur sagt varðar grundvallaratriðið í okkar lýðræðislega samfélagi. Ef menn ætla að taka sér fyrir hendur að breyta einhverju sem varðar grundvallaratriði þá er löng hefð fyrir því allt frá tímum Bjarna Benediktssonar, fyrrv. formanns Sjálfstfl., Einars Olgeirssonar, fyrrv. formanns Sósíalistaflokksins, Ólafs Jóhannessonar, fyrrv. formanns Framsfl., að menn beiti sér fyrir breiðu samráði. Hið breiða samráð er það sem skiptir öllu máli til að þjóðin geti verið samferða um breytingar af þessu tagi.

Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að í þessu máli hefði verið hægt að ná góðri og friðsamlegri niðurstöðu ef menn hefðu t.d. ástundað þau vinnubrögð sem a.m.k. sumir í stjórnarliðinu vilja gera núna. Það skiptir máli að menn reyni enn þá það sem þeir geta til að ljúka málinu endanlega og það er hægt. Fyrir liggja margar hugmyndir frá stjórnarandstöðunni. Það liggja líka fyrir hugmyndir frá hagsmunasamtökum, frá blaðamönnum og ýmsum öðrum sem málinu tengjast. Það sem skiptir máli í samfélagi sem fer eftir lýðræðislegu gangverki er að hlusta, að leyfa mönnum að koma fram með skoðanir, að hóta ekki og bregðast ekki við með höggum ef einhverjir leyfa sér að koma með aðrar skoðanir en hæstv. ríkisstjórn hefur. Það er það sem skiptir máli og það eigum við að gera. Það er hægt í þessari fjölmiðlanefnd og stjórnarandstaðan er reiðubúiin til að koma að því starfi. En algert skilyrði fyrir því, herra forseti, er að menn komi að hreinu borði og það er heldur ekki hægt að gera ráð fyrir því, eins og kemur fram í nefndaráliti sem hv. þm. Bjarni Benediktsson las áðan, að það verði fullbúið frv. á haustþingi. Þar kemur fram enn einu sinni þetta valdsækna viðhorf ríkisstjórnarinnar. Þegar á að leita samráðs byrja menn á að skipa. Eins og þegar fjölmiðlanefndin var sett á laggirnar, þá var byrjað nánast að segja henni hvað hún ætti að koma með. Eða þegar starfshópur lögfræðinganna sem átti að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðsluna var settur á laggirnar, honum var nánast skipað að koma með niðurstöðu. Það voru heiðarlegir menn í þeim hópi en hann beiddi upp af því að menn treystu sér ekki til að fara gegn stjórnarskránni. Það komu engar tillögur þaðan. Ég bara bið ykkur, ágætu herrar, sem enn þá stjórna þessu ríki, ekki beita þessum aðferðum einu sinni enn. Stjórnarandstaðan er reiðubúin til að koma til samstarfs við ykkur í fjölmiðlanefndinni en það verður að vera á jafnræðisgrundvelli. Það verður að hlusta á okkar tillögur líka. Það verður að hlusta á þær hugmyndir sem koma utan úr samfélaginu og samfélagið sjálft þarf eftir þau sár sem það ber undan þessum átökum að fá tíma til að jafna sig og fá tíma til að setja þessa umræðu í gang og því segi ég: Það væri óðs manns æði að ætla að búa til einhvern plástur úr því á sár forustumanna ríkisstjórnarinnar að leggja fram frv. á haustdögum. Það þarf miklu meiri tíma en það. Er ekki til nóg af tíma? Átti þetta frv. sem nú er verið að draga til baka nokkuð að taka gildi fyrr en eftir þrjú ár? Er þá ekki sanngjarnt, herra forseti, að gefa þessu 2–3 ár? Það held ég. Þetta þarf mikillar og viðamikillar vinnu við.

Ég get ekki annað, herra forseti, en rifjað það upp að tildrög þessa máls alls var sú skoðun hæstv. forsrh. að samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlun væri svo mikil að það væri algerlega nauðsynlegt að koma einhverjum böndum á hana til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Þetta var sagt andspænis þeirri staðreynd að fjárfestingar þess fyrirtækis sem ríkisstjórnin hefur staðið í samfelldri herferð á hendur núna mánuðum saman urðu þó til þess að blaðið sem ég ritstýrði einu sinni, DV, dó ekki, varð til þess að koma Fréttablaðinu upp á hnén aftur og varð til að koma í veg fyrir að Stöð 2, sem horfðist í augu við gjaldþrot, lifir enn. Þetta er ástæðan fyrir því að þegar Davíð Þór Björgvinsson, prófessor og formaður fjölmiðlanefndarinnar, gerði í fjölmiðlum grein fyrir meginniðurstöðum fjölmiðlanefndarinnar, þá lagði hann sérstaka lykkju á leið sína til að segja að það hafi einmitt verið fyrir fjárfestingar þessa fyrirtækis, Baugs, svo ég nefni hið óttalega nafn, sem fjölbreytni varð jafnmikil í fjölmiðlum á Íslandi og raun ber vitni. Davíð Þór Björgvinsson sagði á Stöð 2 svo ég vitni orðrétt í hann, með leyfi forseta:

„DV kemur út með þeim krafti sem það er að gera þessa dagana og þegar Íslenska útvarpsfélagið er að reka allar þessar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar.“ Með öðrum orðum, það var niðurstaða formanns fjölmiðlanefndarinnar að fjölbreytnina í fjölmiðlun í samfélaginu mætti að nokkru leyti rekja til hins óttalega fyrirtækis sem hafði komið í veg fyrir að þessi þrjú fyrirtæki einfaldlega hröpuðu fyrir ætternisstapa. Þetta hljóta menn að hafa til hliðsjónar. Og það varð niðurstaðan í þeirri skýrslu að hvað sem liði ótvíræðri samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlun á Íslandi væri fjölbreytni mikil á fjölmiðlamarkaði. Sú niðurstaða nefndarinnar andspænis síðan frv. hæstv. forsrh. sýndi það svart á hvítu að það voru auðvitað allt önnur mótíf sem stýrðu verki ríkisstjórnarinnar heldur en einlægur vilji til að koma á fjölbreytni í fjölmiðlun vegna þess að hún var þegar til staðar. Ég held hins vegar, herra forseti, að við eigum að taka höndum saman og við eigum að reyna að finna lausn á þessu máli og við eigum að reyna að setja skapleg lög um fjölmiðla sem taki á öllum þeim þáttum sem sammæli verður um í hinu íslenska samfélagi að þurfi að taka á. Þegar þetta mál er loksins í burtu og þegar þessi leiðangur gegn einu tilteknu fyrirtæki og eigendum þess er frá, leiðangurinn gegn fjölmiðlunum sem voru ekki þóknanlegir ráðherrunum, þá held ég að skapist loksins tækifæri til að fara í rökræna umræðu um þessi mál og það stendur ekki á okkur í Samf. og ekki á þeim sem mynda stjórnarandstöðuna. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram þingmál sem varðar fjölmiðla. Við þurfum að undirbúa lagasetningu og reglur frekar en menn hafa gert. Við þurfum að gera það eins og ég hef sagt með víðtækri umræðu og samráði.

Það er sjálfsagt að setja á fót þessa nýju fjölmiðlanefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka en ég er þeirrar skoðunar að þar eigi líka að vera fulltrúar sérfræðinga, áhugamenn

og þeirra aðila sem tengjast greininni. Við þurfum að setja þessa umræðu í gang á vettvangi fjölmiðlanna sjálfra með þátttöku blaðamanna, dagskrárgerðarmanna, annarra starfsmanna, stjórnenda og eigenda, auglýsenda og fræðimanna um fjölmiðlun á ýmsum sviðum. Við eigum að líta á þetta sem hluta í því að lýðræðisvæða samfélagið sem hefur liðið undir oki þess ofbeldis og offors sem fólk upplifir af hálfu núverandi ríkisstjórnar.

Hvað er það þá sem við eigum að hafa undir í þeirri umræðu? Við þurfum að skoða í fyrsta lagi hvaða lýðræðislegar kröfur sé eðlilegt að gera til íslenskra fjölmiðla. Hvernig verður best brugðist við þeirri hættu sem sannarlega getur stafað af samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum? Við þurfum líka að athuga hvernig við hlúum sem best að fjölmiðlun sem atvinnuvegi í nánum tengslum við aðra íslenska menningarútgerð, svo ég leyfi mér að kalla það því orði. Og við þurfum fyrst og síðast líka að skoða hver eru eðlileg afskipti almannavaldsins af fjölmiðlum sem m.a. eiga að veita það aðhald.

Við í Samf. höfum lagt fram tillögur okkar. Við höfum stundum setið undir ásökunum um að hafa ekki skýrt stefnu okkar. Mörgum sinnum hef ég reynt í ræðum á Alþingi að vekja umræður meðal stjórnarþingmanna um þær hugmyndir sem við höfum haft vegna þess að þær byggja á grundvallarágreiningi við hv. þingmenn stjórnarflokkanna, sem sé því að hægt sé að stemma stigu við þeim ógnum sem hugsanlega kunna að koma fram vegna samþjöppunar eignarhalds á fjölmiðlavettvangi með öðrum hætti en þeim að ráðast með sleggju og sveðju á fyrirtækin. Við teljum að hægt sé að ná sama árangri, hugsanlega betri árangri en með miklu miklu vægari leiðum.

Við höfum sagt það alveg hreinskilnislega að við viljum treysta og efla stöðu Ríkisútvarpsins þvert á það sem ýmsir hinir ungu Tyrkjar Sjálfstfl. vilja gera, að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið og jafnvel selja part af því og að lokum það allt, þá viljum við efla og styrkja Ríkisútvarpið vegna þess að það skapar samkeppnismótvægi við einkareksturinn sem er svo öflugur í dag. En það skiptir líka miklu máli að Ríkisútvarpið sé frelsað undan því pólitíska oki sem það sætir í dag. Eigendavald Sjálfstfl. er ívið meira í Ríkisútvarpinu, tel ég, með núverandi skipan þess en segja mætti að eigendavald Baugs væri á þeim fjölmiðlum sem undir liggja. Og af því að hv. þm. Birgir Ármannsson brosir þreytulega ætla ég að hlífa honum við því að fara með þá upptalningu sem ég gæti gert til að undirstrika frekar þessar staðhæfingar mínar.

Við höfum í öðru lagi lagt til á Alþingi að sett verði í lög ákvæði sem skyldar fjölmiðla til að setja sér innri reglur sem tryggja sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum. Við höfum sömuleiðis lagt það til að sett verði lög sem tryggi það að almenningur hafi alltaf greiðan aðgang að upplýsingum um eignarhald á fjölmiðlum. Ég er t.d. má segja fíkinn neytandi Morgunblaðsins, en guði sé lof fyrir að ég veit hverjir eiga Morgunblaðið því ég les blaðið, framreiðslu þess og efnistök út frá þeirri staðreynd að eignarhaldið liggur þokkalega á ljósu og það þarf að vera jafnan meginregla.

Í fjórða lagi hafa menn sett fram þær skoðanir með réttu að hugsanlegt sé að fyrirtæki sem hefur ofurtök á fjölmiðlum og er líka í meiri háttar óskyldum rekstri geti misbeitt eigendavaldi sínu til að fá betri umfjöllun um fyrirtæki sín í miðlunum eða þá að skaða aðra keppinauta með umfjöllun eða í þriðja lagi að fá betri auglýsingakjör en aðrir. Við í Samf. teljum að með því að styrkja samkeppnislög og með því að styrkja eftirlitsstofnanir á borð við Samkeppnisstofnun dugi það sem öflugt tæki til að koma í veg fyrir að eigandi stórfyrirtækja í óskyldum rekstri geti með þeim hætti misnotað fjölmiðla til að hygla sér varðandi t.d. beinar eða óbeinar auglýsingar eða umfjöllun.

Í stuttu máli er það skoðun okkar í Samf. að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði geti falið í sér hættur til lengri tíma. En við teljum hins vegar ekki í dag að merki sé um að sú samþjöppun sé að leiða til pólitískrar eða menningarlegrar fjölbreytni. Þvert á móti, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, er einkenni fjölmiðlunar í dag samkeppni, sem leiðir til grósku og þar af leiðandi fjölbreytni og miklu meiri en þegar Morgunblaðið og RÚV voru einráð á markaðnum.

Ég vil líka taka skýrt fram til að undirstrika þann sáttahug sem er varðandi skipan fjölmiðlamála af okkar hálfu að í fjölmiðlanefndinni á að sjálfsögðu líka að ræða um eignarhald. En ég tek skýrt fram að takmarkandi reglur um eignarhald umfram almennar reglur samkeppnislaga teljum við ekki koma til greina nema markmiðum um fjölbreytni og samkeppni verði ekki náð með öðrum hætti og þá því aðeins að meðalhófsreglunnar sé gætt út í æsar og ekki verði um að ræða nein persónuleg einkastríð eins og við höfum séð síðustu mánuði.

Herra forseti. Ég hóf mál mitt á því að ræða um málskotsréttinn. Ég tel að við blasi af máli hv. formanns allshn. og ýmsum yfirlýsingum sem hafa komið síðustu daga að ríkisstjórnarflokkarnir hyggist tengja endurskoðun stjórnarskrárinnar sérstaklega við afnám málskotsréttarins. Þrátt fyrir skýrar yfirlýsingar forustumanna stjórnarflokkanna í miðlunum í gær og þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem komu innan allshn. í gær líka urðu mér það sár vonbrigði að lesa álit meiri hluta allshn. vegna þess að ég fæ ekki betur séð en þar sé verið að ósekju að lýsa því með alls konar málavafstri hversu ófullkomin og vond 26. gr. sé þar sem málskotsrétturinn er. Síðar er talað um það með þeim hætti að ekki er hægt annað en tengja það saman að endurskoðun stjórnarskrárinnar eigi að tengjast þessu sérstaklega. Við teljum algerlega fráleitt að tengja endurskoðun stjórnarskrárinnar, hvað þá 26. gr. sérstaklega við úrfellingu þeirra laga sem við erum að ræða. Ég vil leggja á það mikla áherslu að ég tel að ákvæði greinarinnar séu skýr. Ég tel að engin óvissa sé uppi um túlkun á ákvæðum 26. gr. önnur en sú óvissa sem ríkisstjórnarflokkarnir og fyrst og fremst Sjálfstfl. hafa kosið að búa sér til, vangaveltur um allt annað en leiðir beint af orðanna hljóðan. Stjórnlagakreppan sem hv. þm. Bjarni Benediktsson reifaði áðan í framsögu sinni er heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarflokkanna fyrst og fremst, búinn til af því að þeir þorðu ekki að leggja í þjóðaratkvæðagreiðslu af því að þeir óttuðust að gertapa henni. Þess í stað þyrluðu menn upp moldroki til að skapa tilhæfulausa óvissu um framkvæmd ákvæðisins. Ég get ekki annað en mótmælt því harðlega í tengslum við þetta mál ætli menn sér í reynd að ráðast í enn einn leiðangurinn til að leita hefnda með því að taka þetta ákvæði úr sambandi og við munum ekki taka þátt í hinu.

Hitt liggur alveg fyrir að Samf. er reiðubúin til að taka þátt í endurskoðun stjórnarskrárinnar en hún hefur hins vegar fyrir sitt leyti lagt fram áhersluatriði sín. Ég vil einnig segja það alveg klárt og kvitt, af því að í máli mínu hefur komið fram nokkur óánægja með ýmsar staðhæfingar í nefndaráliti meiri hlutans, að það er röng fullyrðing sem kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans að formaður Samf. hafi með jákvæðum hætti tekið undir að ráðast ætti sérstaklega í

endurskoðun I. og II. kafla stjórnarskrárinnar. Þvert á móti liggur fyrir í útskriftum frétta ljósvakamiðla, í grein sem ég skrifaði í Morgunblaðið og í svari mínu við blaðamann Morgunblaðsins að ég teldi margt annað þarfara og brýnna varðandi endurskoðum en það. En auðvitað er séð núna með hvaða hætti menn lögðu í allan þennan leiðangur og ég skil núna þegar ég sat í Silfri Egils með hæstv. dómsmrh. Birni Bjarnasyni snemma vetrar þegar hann fór að tala um nauðsyn þess að aftengja málskotsréttinn.

Ég vil líka segja, herra forseti, að ég varð dapur þegar ég heyrði hæstv. fjmrh. lýsa því svo að það hefði verið niðurstaða starfshóps ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar að viðskilnaður stjórnarskrárgjafans 1944 hefði verið svo gallaður að þess vegna hefði ekki verið hægt að ráðast í þjóðaratkvæðagreiðsluna. Þegar ég síðan þaullas skýrslu starfshóps lögfræðinganna sem mér fannst æ betri eftir því sem ég las hana oftar og sá þá rígnegldu fyrirvara sem skráðir eru á þremur stöðum í gegnum skýrsluna, þá fann ég hvergi neitt sem benti til þess að þetta hefði verið niðurstaða nefndarinnar. Þvert á móti segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vettvangi starfshópsins hefur þeirri skoðun verið hreyft að viðskilnaðurinn frá 1944 hafi verið gallaður."

Þegar við spurðum út í þetta í allshn. kom í ljós að tveir fulltrúar sem voru spurðir út í þetta töldu að einn maður hefði komið til fundar við nefndina og nefnt þetta svo. Ég held að það hafi verið tugir manna sem leitað var til. Einn maður hreyfði þessu og þeir greindu réttilega frá því að þessu hefði verið hreyft. Stjórnarflokkarnir, fyrst og fremst Sjálfstfl., hefðu síðan notað þetta rangsnúið og afbakað til að halda því fram að gandskoðun starfshóps lögfræðingahóps ríkisstjórnarinnar hafi komist að þeirri niðurstöðu að viðskilnaðurinn hafi verið svo gallaður að ekki hafi verið hægt að kjósa. Þetta er auðvitað tóm vitleysa, herra forseti. Og ég get ekki annað, vegna þess að mér rennur blóðið til skyldunnar, en rifjað það upp að þegar menn á hinu háa Alþingi voru að samþykkja stjórnarskrá 1944 var þetta atriði þaulrætt. Það var tvennt sem rætt var út í hörgul. Það var í fyrsta lagi 26. gr., málskotsrétturinn, og í öðru lagi sú breyting í frv., sem lá þá fyrir Alþingi, úr því að forseti væri þingkjörinn yfir í að hann yrði þjóðkjörinn. Og einmitt þjóðkjörið tengdist málskotsréttinum. Eins og þá var margsinnis fjallað um það, ekki síst af þingmönnum vinstri manna, að forsetinn yrði þjóðkjörinn sem þá leiddi til þess að hann gat verið umboðsmaður þjóðarinnar þegar sú staða kæmi upp, eins og Magnús Jónsson, þingmaður Sjálfstfl., orðaði það, að gjá myndaðist millum þings og þjóðar. Þá hafði forsetinn sem þingkjörinn umboðsmaður þjóðarinnar þennan rétt, í reynd ekki til að stöðva eða fella lög heldur til að skjóta þeim í hendur almennings. Og ég verð að segja að mér finnst þetta ákvæði tær snilld. Ég tel að þetta sé þrauthugsað og það hafi heldur betur sýnt sig að þetta er nauðsynlegur nauðhemill þegar ríkisstjórn eins þessi tapar sjónum af því sem rétt er í lýðræðislegu samfélagi og lendir utan vegar á keyrslunni. Þetta var það sem bjargaði, þetta var nauðhemillinn.

Þegar ég held því fram að þetta hafi verið rætt út í hörgul vísa ég m.a. til þess að hér voru við frv. fluttar þrjár brtt. sem beinlínis vörðuðu 26. gr. Jakob Möller, þingmaður Sjálfstfl., lagði til að 2. og 3. mgr. greinarinnar yrðu felldar út þannig að málskotsrétturinn hyrfi og flutti fyrir því rök. Björn Þórðarson forsætisráðherra flutti þá tillögu að lög tækju ekki gildi þrátt fyrir synjun forseta til bráðabirgða heldur lægju ógild þangað til þjóðaratkvæði hefðu skorið úr um hvort þeim skyldi synjað eða þau samþykkt.

Jón Pálmason, þingmaður Sjálfstfl. og síðar forseti þingsins, lagði til að ef forseti synjaði kæmi málið aftur til þingsins þar sem aukinn meiri hluti gæti ráðið. Allar þessar tillögur voru felldar. Af hverju voru þær felldar? Þær voru felldar vegna þess að þingmenn vildu nákvæmlega þennan farveg sem ég sagði áðan að væri svona snilldarlega tær vegna þess að mér finnst hann svo rökréttur. En það að þessar tillögur voru settar fram, ræddar en síðan felldar undirstrikar það að þingmenn vissu að hverju þeir gengu. Stjórnarskrárgjafinn vissi hvað hann var að gera árið 1944.

Að lokum, herra forseti, vil ég lýsa því aftur að það er eindregin afstaða okkar í stjórnarandstöðunni að þetta mál hefði átt að ganga alla leið til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri æskilegast og það væri lýðræðislegast og það væri rökréttast miðað við þau sannfærandi rök sem hv. þm. Bjarni Benediktsson flutti áðan fyrir því að frv. sem lagt var fram 5. júlí yrði kippt til baka. Hv. þm. sagði: Það leikur á því stjórnskipulegur vafi hvort hægt sé að samþykkja slíkt frv. Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur líka staðfest að það leikur sams konar stjórnskipulegur vafi á því hvort hægt sé að kippa máli út úr þjóðaratkvæði eftir að forseti hefur synjað. Ef ríkisstjórnin ætlar að vera sanngjörn, ef hún ætlar að vera samkvæm sjálfri sér, þá hefði hún að sjálfsögðu látið stjórnarskrána njóta vafans í þessu tilviki eins og hinu og látið málið ganga til þjóðaratkvæðis.

[14:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór mikinn, vitnaði í söguna, í Waterloo sem var atburður sem átti sér stað í upphafi 18. aldar. Ég veit ekki hvort þetta var mjög heppilegt hjá hv. þm. að taka þann pól því að það eru önnur Waterloo sem eru kannski nær í tíma. Í upphafi og lok 8. áratugsins var sænsk hljómsveit sem söng einmitt lagið Waterloo í evrópsku söngvakeppninni og var það upphaf að óslitinni sigurgöngu þeirrar hljómsveitar í ég held næstu 10 árin og það á kannski það sama við um þessa ríkisstjórn.

Það kom hins vegar alveg skýrt fram og er stórfrétt að hv. þm. taldi að það væri rétt og gott að forseti lýðveldisins neitaði að skrifa undir lögin. Það var það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði. Ég vek athygli á því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, eins og hann kom sjálfur að, er ekki nýr í þinginu. Eitt sinn var það svo að rétt áður en hann hætti í Alþýðubandalaginu og byrjaði í Samf. var hann í Alþýðuflokknum. Þá var uppi sambærilegt mál, EES-málið, sem mikið var tekist á um, formsatriði, hvort það stæðist stjórnarskrá og annað slíkt. Tekist var harkalega á um það og mjög mikil krafa var um að það færi í þjóðaratkvæði. Og það er þá gott að fá að vita, virðulegi forseti, ef hv. þm. er aftur farinn að þora að svara andsvörum, hvort hann hafi talið þá að forseti lýðveldisins, frú Vigdís Finnbogadóttir, hafi gert mistök og ekki gert skyldu sína og svo ég noti orðalag hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, ekki látið þáverandi ríkisstjórn horfast í augu við þjóðina og látið kjósa um það mál.

[14:31]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti lýðveldisins, hafi gert skyldu sína. Hver var skylda hennar? Að fara eftir eigin sannfæringu, kanna málið, gaumgæfa það,

velta því fyrir sér, og hún gerði það. Það liggur fyrir. Ég sat að vísu ekki í ríkisstjórn þá en ég var formaður þingflokks Alþýðuflokksins og ég minnist þess gerla þegar hóf var haldið í ráðherrabústaðnum og menn töldu að ríkisstjórnin væri í reynd að ganga undir vegna þess að það var okkar skilningur þá að ef það hefði leitt til þess að hún hefði ekki skrifað undir og synjað lögunum staðfestingar hefðu að öllum líkindum orðið kosningar í landinu.

Ég var auðvitað sannfærður um gildi EES-samningsins á þeim tíma. Það var auðvitað réttur minn. Ég skoðaði það mál, ég barðist fyrir því, ég taldi að það væri til heilla fyrir íslenska þjóð. Ég hefði hins vegar lítið getað sagt við því ef forseti lýðveldisins hefði þá synjað sökum þess að hún teldi að það hefði myndast, svo ég noti það ágæta hugtak fyrrum þingmanns Sjálfstfl., Magnúsar Jónssonar, gjá millum þings og þjóðar. Það hefði ekki gert mig glaðan, ég hefði gengið dapur heim þann dag, tel ég. En réttinn hafði hún og klárt er að hún íhugaði það sem með vissum hætti virkjaði réttinn vegna þess að síðari ríkisstjórnir eða ráðherrar sem sátu á valdastólum eftir þá ríkisstjórn hafa væntanlega haft augað á því og vitað af því. Björn Bjarnason mundi a.m.k. eftir því þegar ég sat með honum í sjónvarpsþætti fyrr í vetur og hann sagði það beint út að breyta þyrfti stjórnarskránni til þess að aftengja málskotsréttinn. Það var reyndar kannski eftir að þeir voru búnir að taka ákvörðun um að leggjast í þennan ósvífna leiðangur.

[14:33]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar stenst ekki. Hv. þm. gekk miklu lengra hér. Hann taldi að það væri rétt hjá forsetanum að neita að skrifa undir lögin. Það er alveg deginum ljósara og kom mjög skýrt fram í ræðunni. Rökin voru að það væri svokölluð gjá á milli þings og þjóðar sem þýðir með öðrum orðum að mál sé umdeilt, óvinsælt. Og það nákvæmlega sama, hæstv. forseti, átti sér stað þegar EES-samningurinn var samþykktur í þinginu. Þá var hins vegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson í hópi þeirra manna sem töldu fráleitt að fara með slíkt mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo einfalt er það. Þetta er nefnilega mun stærra mál en svo að hægt sé að afgreiða það með þessum hætti og svo sannarlega staðfesti hv. þm. að hann er mjög ósamkvæmur sjálfum sér hvað það varðar.

[14:35]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er uppeldið í borgarstjórn Reykjavíkur sem gerir það að verkum að hv. þm. er alveg fyrirmunað að sjá kjarna málsins. Þetta snýst ekki um það ... (Gripið fram í.) Ég reif mig þaðan, hv. þm., því fyrr því betra. En hv. þm. segir í reynd að ég sé ekki samkvæmur sjálfum mér vegna þess að ég hafi glaðst yfir synjun forseta nú en hefði orðið dapur ef Vigdís Finnbogadóttir hefði synjað 1993. Málið snýst ekki um það. Það snýst um það að forsetinn hefur rétt og samkvæmt stjórnskipuninni ber að virða réttinn.

Ef hv. þm. getur sýnt mér fram á að þetta ákvæði sé ómögulegt og óframkvæmanlegt skal ég hlusta á það en hann hefur enga tilraun gert til þess. Hann hefur bara þrástagast núna og áður á því að úr því að Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti, synjaði ekki EES-samningnum staðfestingar þá megi Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, ekki gera það núna.

[14:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nefndaráliti minni hlutans kemur fram að þjóðaratkvæðagreiðslan sé öruggasta leiðin og sú lýðræðislegasta. Stjórnarandstaðan kvartaði hástöfum undan tímaleysi og skorti á upplýsingum og fékk hún þó marga sérfræðinga og mörg nefndarálit til að skoða. Hún ætlaðist til þess að hinn almenni kjósandi tæki upplýsta ákvörðun og er þá tvennt til. Annaðhvort að hinn almenni kjósandi, Jón og Gunna, séu fljótari að átta sig á kjarna málsins en hv. stjórnarandstaða og þurfi ekki sérfræðinga og nefndarálit eða þá að menn ætlast til þess að hinn almenni kjósandi taki ákvörðun án þess að vita nákvæmlega um hvað málið snýst. Er það virkilega svo? Ætlast menn virkilega til þess að hinn almenni kjósandi taki slíka ákvörðun? Eru menn að gera lítið úr honum?

[14:37]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er já. Það er ætlast til þess að hinn almenni kjósandi taki upplýsta ákvörðun. (Gripið fram í.) Til þess ætti hann að hafa öll föng, m.a. vegna þess að í þinginu hafa öll gögn málsins vonandi komið fram. Þar hefur t.d. verið sýnt fram á að hið upphaflega frv. er að öllum líkindum ferfalt brot á stjórnarskránni. Þar hefur verið sýnt fram á að núverandi ferill brýtur í bága við stjórnarskrána og er svo vafasamur að ríkisstjórnin hefur nú hætt við að knýja þau lög í gegn. Þar hefur líka verið sýnt fram á að það leikur mikill vafi á því hvort hægt sé að kippa máli úr þjóðaratkvæði. Þessi gögn liggja fyrir í skriflegum nefndarálitum, þau eru á netinu. Öll gögn málsins eru þar og ég ímynda mér að hinn upplýsti kjósandi sé ekki í verri færum en hinn bráðskarpi hv. þm. Pétur H. Blöndal til þess að afla sér upplýsinga og komast að niðurstöðu.

[14:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var önnur hliðin. Þetta var einmitt bara önnur hliðin. Þetta var hlið hv. þm. Svo kemur meiri hlutinn með annað álit sem hinn hv. kjósandi þarf að skoða. Þetta er bara ekkert einfalt mál sem ætlast er til að menn svari með já eða nei.

En ég vildi spyrja hv. þm. af því að hann sagði í ræðu sinni að stjórnarandstaðan hefði stuðst við ólík öfl í þjóðfélaginu. Hvaða öfl voru það? Var það þekkt markaðsráðandi fyrirtæki sem notaði fjölmiðlavald sitt í baráttunni?

[14:39]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í röðum þeirra afla voru t.d. fjölmargir flokksbundnir sjálfstæðismenn sem óar og ógnar það ofríki sem núverandi forusta þeirra beitir gagnvart þjóðinni. Í þeim hópi var furðulega hátt hlutfall skráðra framsóknarmanna sem beittu sér nánast fyrir uppreisn innan flokksins af því að þeim óaði og ógnaði framferði stjórnarherranna. Þetta var fólkið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði getað horfst í augu við ef hann hefði komið og hrópað fyrir framan Alþingi um daginn: Við viljum kjósa. Ég er viss um að það færi honum vel í munni.

[14:39]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að mótmæla dylgjum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þegar hann lætur að því liggja að gert hafi verið samkomulag með formönnum stjórnarflokkanna um, eins og hann orðar það, að ráðast til atlögu við 26. gr. stjórnarskrárinnar. Ég vil líka mótmæla þeim dylgjum að hann hafi ekki fengið heiðarlegt svar hjá formanni nefndarinnar í gær þegar hann spurði hann um slíkt samkomulag. Ég heyrði bæði spurninguna og svarið sem hann fékk. Loks vil ég mótmæla því sem kemur fram hjá hv. þm. að meiri hluti allshn. sé að leggja til í nefndarálitinu að 26. gr. verði sérstaklega afnumin og synjunarréttur forseta Íslands. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að endurtaka hér og lesa það sem stendur í nefndarálitinu en þar segir:

„Telur meiri hlutinn mikilvægt að taka til við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar svo sem lögð var áhersla á þegar við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar árið 1944, einkum I. og II. kafla, ...“

Ég vil óska eftir því, herra forseti, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson (Forseti hringir.) svari því hvernig hann getur komist að þeirri niðurstöðu að þarna sé nokkurs staðar nefnd 26. gr. sérstaklega.

[14:41]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið mótmælastuð á hv. þm. Jónínu Bjartmarz og ég skil það vel. Hún er nýkomin af fundum í Framsfl. þar sem hún mótmælti forustu flokksins, þar sem hún tók undir kröfuna um þjóðaratkvæði. Ég held að hún ætti frekar að koma hingað og skýra það hvernig hún getur lagst gegn því hér að fólkið fái rétt sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að hafa kynt bálið undir formanni sínum á fundinum í Reykjavíkurfélaginu, komið í útvarp og sagt: Fólkið — ég hef ekki gert skoðanakönnun á því — en fólkið á þessum fundi og fólkið um landið vill þjóðaratkvæði. Það er það sem hún ætti að útskýra.

Hún ætti líka að skýra út fyrir þingmönnum hvernig á því stendur að hún skrifar undir þetta álit með fyrirvara við ákveðnar fullyrðingar en leyfir félögum sínum samt að segja að það sé niðurstaða meiri hlutans að efnisatriði gamla frv. standist stjórnarskrá þegar hún er því ósammála.

[14:42]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér gefst ekki tími til að svara þeim dylgjum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hóf mál sitt á. En ég vil af þessu tilefni endurtaka það og vekja athygli á því sem segir í áliti meiri hlutans og geta þess við hv. þm. að í I. og II. kafla stjórnarskrárinnar eru 30 greinar og biðja hann um að fara rétt með í máli sínu í ræðustól.

[14:42]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn verða auðvitað að sigla undir eigin flaggi, menn verða að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Það dugar ekkert að vera á fundi í framsóknarfélaginu og taka undir kröfur um þjóðaratkvæði en greiða atkvæði gegn þjóðaratkvæði í allshn. og annars staðar.

Hér í nefndarálitinu er sérstaklega reifað hvað 26. gr. og málskotsrétturinn sé vanbúinn og síðan er það tengt við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Og það liggur alveg ljóst fyrir öllum nema kannski hv. þm. Jónínu Bjartmarz að ætlunin er að ráðast til atlögu að málskotsréttinum. Það á að vera plásturinn á benjar forustumanna ríkisstjórnarinnar sem þeir bera undan þessum slag.

Ég gef ekkert fyrir það þó að hv. þm. Jónína Bjartmarz segi að það hafi ekki verið gert samkomulag milli formanna stjórnarflokkanna. Ég veit ekki til þess að formenn stjórnarflokkanna leggi það mikið í vana sinn að ræða þessi mál við sína eigin þingmenn. Það hefur komið fram að formaður Framsfl. eyðir ekki of miklum tíma í það.

[14:44]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa að nokkru leyti skýrt stefnu Samf. varðandi fjölmiðlamálið og ég er svona undir þessum ræðum að reyna að púsla saman í einhverja mynd stefnu flokksins í þeim mikilvæga málaflokki. Það var t.d. mjög mikilvægt að hv. þm. áréttaði þá skoðun sem hann setti fram m.a. í sjónvarpsþætti með mér í gærkvöldi að það væri sérstaða Samf. að vilja ekki setja bein lagaákvæði varðandi eignarhald á fjölmiðlum.

Annað mál sem hv. þm. hefur áréttað mjög í málflutningi sínum í þinginu og reyndar aðrir þingmenn Samf. er að það verði að vinna þannig að málum að það valdi sem minnstri röskun gagnvart þeim fyrirtækjum sem starfa á fjölmiðlamarkaðnum. Þess vegna verði það að vera þannig að frá því að lagasetning á sér stað og þar til hún tekur gildi verði að líða nokkur tími til þess að fyrirtækin geti fengið tækifæri til þess að aðlaga sig aðstæðunum. Ég hef mikinn skilning á þessu sjónarmiði og ég tel reyndar að það hafi komið fram í þeim frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram í þessum málum og þingið hefur verið að ræða. Þess vegna langar mig til að spyrja hv. þm. að því (Forseti hringir.) hversu langur tími hann telur að þurfi að líða frá því að ný lög (Forseti hringir.) varðandi þau mál sem hér er verið fjalla um eru samþykkt og þangað til þau taka gildi.

[14:45]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fer allt eftir eðli laganna. Ef lögin fælu t.d. í sér þær hugmyndir sem Samf. hefur lagt fram um gagnsætt eignarhald og um ritstjórnarlegt sjálfstæði þá tel ég að slík lög ættu að taka gildi mjög skjótt og þyrfti ekki að bíða mjög lengi eftir því.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. sagði, að ekki sé hægt að leggja til atlögu með þau vopn í farteskinu sem Sjálfstfl. og eftir atvikum Framsfl. hafa reynt, þ.e. að beita mjög takmarkandi reglum á eignarhald. Nú er búið að kveða upp dóm yfir því. Vinna nefndarinnar hefur leitt það í ljós að þau ákvæði og þær reglur standast ekki stjórnarskrána. Það er ekki hægt að fara þá leið. Hugsanlega væri hægt að búa til slíkar reglur, sem stæðust stjórnarskrá, með miklu rýmri ákvæðum um eignarhlutdeild. Ég ímynda mér að hv. þm. hefði ekki mikinn áhuga á því.

[14:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. með því að hann hefur valdið mér dálitlum vonbrigðum með svari sínu. (**PHB:** Og ekki í fyrsta skipti.) Ég spurði hversu langur tími þyrfti að líða frá því að lögin væru samþykkt og þangað til þau tækju gildi. Svarið var: Ekki mjög langur tími. Ég kann engan mælikvarða á þetta. Hvað þýðir þetta? Eitt ár? Tvö ár? Er hv. þm. tilbúinn að svara því hér og nú? Eru það þrjú

ár eða mánuðir? Eru þetta vikur? Hv. þm. virðist ekki hafa skoðun á því.

Ég spyr vegna þess að hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan að undirbúningurinn að þessu, m.a. að því að setja lög sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum, þyrfti að taka 2–3 ár. Fram að því munu ekki gilda nein lög um sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum og ekki gilda nein lög sem fela í sér styrkingu Samkeppnisstofnunar til að taka á þessum málum. Það munu ekki gilda nein lög varðandi Ríkisútvarpið, eins og hv. þm. var að boða í málflutningi sínum.

Það liggur fyrir að stefna Samf. í þessum málum er að gera ekki neitt næstu þrjú árin a.m.k. og síðan á að líða ekki mjög langur tími þangað til þessi lög taka gildi. Ég verð að segja, virðulegur forseti: Myndin er á vissan hátt að skýrast. Það á ekki að gera neitt á næstunni og menn ekki tilbúnir til að gefa til kynna nánar um útfærslu málsins.

[14:48]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sum mál eru auðvitað brýnni en önnur. Ég hygg að það þyrfti að skoða það fljótlega með hvaða hætti menn ætla t.d. að skipa málum Ríkisútvarpsins, af því að það er töluvert brýnt. Ég tel t.d. ákaflega brýnt að frelsa það undan því oki sem á því hvílir núna, sem ég kalla pólitískt ok.

Ég nefndi sérstaklega tvær hugmyndir. Ég sagði að þær þyrftu ekki langan aðdraganda fyrirtækjanna vegna.

Hins vegar verð ég að hryggja hv. þm. enn meira með því að segja honum að ég tel engar sérstakar nauðir uppi á fjölmiðlamarkaði í dag sem reki til þess að menn hlaupi í þetta verk. Það virtist mér og vera niðurstaðan í fjölmiðlaskýrslu fjölmiðlanefndar hæstv. menntmrh. Fjölbreytni ríkir á markaðnum. Gróska ríkir og mikil samkeppni. Við þær aðstæður vitum við að fjölmiðlunin er góð. Samkeppnin, eins og svo oft áður, hæstv. forseti, er það sem skiptir sköpum.

[14:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir þær óskir sem hér komu úr forsetastóli áðan til hæstv. forsrh. um að hann öðlist sem fyrst skjótan og góðan bata.

Málið sem við ræðum hér, hið mikla fjölmiðlamál — kannski má kalla það 100 daga málið — hefur tekið mikið af tíma þings og þjóðar á undanförnum vikum og missirum. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir mjög yfirgripsmikla ræðu um málið og málsmeðferðina og ýmislegt er varðar afstöðu okkar í stjórnarandstöðunni. Ég tel ástæðulaust að endurtaka sumt af því sem hv. þm. fór yfir í ræðu sinni. Ég þarf því ekki að víkja svo mjög að málsmeðferðinni, enda þekkja menn þetta mál orðið nokkuð vel af langri umræðu. Samt eru nokkur atriði sem ég vil ræða, hæstv. forseti. Það sem mér finnst meginmálið, eins og málið stendur, er í raun sú staðreynd að við stöndum sennilega frammi fyrir því að hér verði, með ákvörðun meiri hluta Alþingis, að þjóðin fái ekki í þjóðaratkvæðagreiðslu að taka afstöðu til þess máls sem vísað var til hennar með ákvörðun forseta.

Synjunarvald forseta Íslands sem markað er í 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins réð úrslitum um niðurstöðu þessa máls, réð því að ríkisstjórnin gafst upp við að halda málinu áfram. Ef synjunarvaldið hefði ekki verið til staðar í stjórnarskránni og því hefði ekki verið beitt að þessu sinni held ég að stjórnarflokkarnir hefðu keyrt málið fram eins og það hafði verið samþykkt í þinginu. Þar hefði verið beitt sama valdi og oft hefur verið beitt af meiri hlutanum. Það er keyrt á foringjalýðræðinu og farið eftir fyrirmælum hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Málinu lýkur með þeim hætti að stjórnarmeirihlutinn blessar þær ákvarðanir sem lagt er upp með.

Ég vil orða það svo, hæstv. forseti, að í allri málsmeðferðinni í fjölmiðlamálinu hafi birst ákveðinn, ég verð bara að orða það svo, valdhroki forustumanna ríkisstjórnarinnar. Málið var sett í þann búning að fyrir fram var vitað að ekki yrði um það nein sátt. Hvers vegna segi ég þetta, hæstv. forseti? Það er vegna þess að þegar á haustdögum, eftir umræður í þinginu, lá fyrir að hugsanlegt væri að mynda samstöðu um það að fjalla um fjölmiðla almennt, hvernig með skyldi fara og hvert væri rétt að stefna í þeim efnum. Eftir að þær umræður spunnust út frá tillögu sem Vinstri grænir, Frjálsl. og einnig þingmenn úr Framsfl. og Sjálfstfl. fluttu í þá veru, lá alveg ljóst fyrir að menn voru tilbúnir að skoða eignarhald og skipun fjölmiðlamála almennt hér á landi. Hins vegar var ekki sjálfgefið að sú vinna leiddi beinlínis til lagasetningar. Eðlilegra hefði verið að menn færu með opnum huga yfir þessi mál og þróun þeirra hér á landi. Oft spurði ég, í umræðunni þegar málið var komið í þann farveg sem það lenti í í þessu máli, hvað lægi svo óskaplega á að keyra þetta mál fram, eins og það birtist okkur á vordögum. Ég spurði ekki síst í ljósi þess að lögin áttu ekki að taka gildi fyrr en löngu síðar.

Ýmsar spurningar vakna þegar farið er yfir þetta mál. Það er gert skipulega í dagblöðunum í dag. Ferill þessa máls er rakinn, bæði í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Þar eru taldar upp nokkrar dagsetningar og tímasetningar varðandi málið. Þar er nefndur dagurinn 2. desember þegar þingsályktunin sem ég vék að áðan var lögð fram á þingi. Þar er talað um 19. desember, þegar fjölmiðlanefndin var skipuð af menntmrh. Sú nefnd átti að skila greinargerð til menntmrh. Síðan er í Morgunblaðinu talað um 2. apríl, en ferlinu á milli 19. desember og 2. apríl er í raun sleppt. Gerðist ekkert í málinu á tímabilinu þar á milli? Jú, hæstv. forseti. Í millitíðinni gerðist m.a. það að í þinginu sagði hæstv. menntmrh. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, í svari við fyrirspurn, að fjölmiðlanefndin þyrfti meiri tíma til að vinna málið. Hún sagði eitthvað á þá leið að sjálfsagt væri að veita nefndinni þann tíma sem hún þyrfti til að skoða málið, málið væri mikilsvert og málefnið þyrfti mikillar skoðunar við. Hæstv. menntmrh. sagði einnig eitthvað á þá leið — þetta var um mánaðamótin febrúar/mars, ég hygg 1. mars — að það væri alls ekki sjálfgefið, þótt nefndin fengi meiri tíma til að skila af sér, að menn færu út í lagasetningar. Málið þyrfti gaumgæfilegrar skoðunar við.

Hvað gerðist í raun milli þess að menntmrh. tjáir þessar skoðanir sínar í upphafi mars og þess að fjölmiðlanefndin skilar af sér 2. apríl og ríkisstjórnarflokkarnir samþykkja að koma með sérstakt frv. 28. apríl? Hvað gerðist þarna á milli?

Hæstv. forseti. Það sem gerðist var að hæstv. forsrh. tók ákvörðun um að sú skýrsla sem unnin var og ríkisstjórnin hélt hjá sér, frá 2. apríl fram til 26. apríl, væri málatilbúnaður sem nota mætti til að setja fram sérstakt fjölmiðlafrumvarp sem mundi breyta eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum og hafa áhrif til þess að ákveðin fyrirtæki sem eignast höfðu hlut í fjölmiðlum yrðu að breyta eignarhlut sínum verulega. Sumir hafa sagt að með þessu hefði forsrh. fengið nýja vígstöðu gegn fyrri óvinum sínum og kannski líka núverandi óvinum,

ég veit það ekki. Sumir töldu að málið hefði borið keim af þessu. Ekki ætla ég að leggja dóm á það. Það geta aðrir gert.

Hitt er ljóst að hæstv. forsrh. tók málið úr þeim farvegi sem það var í á vegum menntmrh. og ákvað að leggja það fyrir þingið. Hann samdi tillögur og var farið með þær í ríkisstjórnina. Að sjálfsögðu tók utanrrh. undir það að svona skyldi fara í málið. Málið þótti harla gott og var lagt fyrir þingið. Málið var mjög umdeilt eins og allir þekkja og ég ætla ekki að rekja þær umræður allar. Það tók fyrstu breytingu, annarri breytingu, þriðju breytingu og alltaf batnaði það, í öllu ferlinu. Það varð að lögum sem urðu afar ásættanleg. Það frv. fékk forseti lýðveldisins sent og hann tók ákvörðun um að synja því að staðfesta það og setja málið í það ferli að það skyldi ganga til þjóðarinnar.

Ég tel að sú ákvörðun forsetans hafi verið rökrétt. Ég er jafnframt á þeirri skoðun, hæstv. forseti, að það sé mikið vafamál að við höfum nokkra heimild til þess á Alþingi að taka málið úr því ferli sem það var sett í þegar hæstv. forseti Íslands ákvað að beita synjunarvaldinu og skjóta málinu til þjóðaratkvæðis.

Ég tel, hæstv. forseti, vægast sagt teflt á tæpt vað með að sjá ekki til þess að þetta mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að við förum leið sem við ættum ekki að fara með því að setja málið í þann búning sem hér er verið að ræða um. Stjórnarandstaðan komst öll að ákveðinni niðurstöðu um þetta mál og lagði fram frv. þegar þing var kallað saman 5. júlí. Það var kallað saman til að fjalla um lög um þjóðaratkvæðagreiðslu og framkvæmd hennar. Stjórnarandstaðan lagði fram frv. um hvernig framkvæma mætti slíka þjóðaratkvæðagreiðslu með einföldum og skýrum hætti. Í vinnu okkar í allshn. höfum við komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi leiki á því að sú aðferð sem nú hefur verið valin, þ.e. að fella lögin úr gildi, standist stjórnarskrána.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa úr minnihlutaáliti allshn. með frv. sem stjórnarandstaðan lagði fyrir þingið á þskj. 1896, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég ætla að lesa hluta af áliti okkar í allshn., með leyfi forseta, sem við lögðum fyrir þingsins þótt meiri hluti nefndarinnar hefði komið í veg fyrir að málið yrði tekið á dagskrá:

„Minni hlutinn telur Alþingi skylt að samþykkja lög er tryggja að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram um gildi laga nr. 48/2004 sem forseti synjaði staðfestingar 2. júní sl. Af orðalagi 26. gr. stjórnarskrárinnar má ljóst vera að Alþingi og framkvæmdarvaldinu ber að sjá til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla um málið fari fram sem fyrst og því er nauðsynlegt að þingið afgreiði málið.

Í umfjöllun allsherjarnefndar hefur komið skýrt fram að einu viðbrögðin sem hafin séu yfir allan vafa séu að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram í samræmi við ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar og láta um þá kosningu gilda einfaldar og óumdeildar kosningareglur. Undir þetta tóku allir þeir sérfræðingar sem komu fyrir nefndina.

Önnur viðbrögð, svo sem þau að flytja frumvarp um að fella hið óstaðfesta frumvarp sem öðlast hefur lagagildi til bráðabirgða úr gildi, eru í besta falli vafa undirorpin. Sterk lögfræðileg rök hafa verið færð fyrir því að með öllu sé óheimilt að grípa inn í það ferli sem hófst með því að forseti synjaði frumvarpinu staðfestingar og sendi málið til þjóðarinnar. Nokkrir lögspekingar hafa orðað það svo að sennilega sé heimilt að fella lögin í heild úr gildi ef ekkert meira sé aðhafst. Loks hafa vissulega nokkrir lögfróðir menn haldið því fram að Alþingi sé meira og minna í sjálfsvald sett hvernig það bregst við og þannig fái frumvarp ríkisstjórnarinnar, svokallað „brellufrumvarp“, staðist. Það er þó minnihlutasjónarmið meðal þeirra sérfræðinga sem allsherjarnefnd kallaði fyrir sig.

Afstaða minni hlutans er sú að við þessar aðstæður eigi stjórnarskráin að njóta vafans, ef svo má að orði komast, og Alþingi sé skylt að bregðast við á þann hátt sem öruggastur sé og hafinn yfir stjórnskipulegan vafa, þ.e. að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram.

Eins og kemur fram í áliti Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, þá verða borgararnir ekki sviptir stjórnarskrárvernduðum rétti sínum til að taka þær ákvarðanir í þjóðaratkvæðagreiðslu sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Við umfjöllun nefndarinnar komu fram álit lögfróðra manna sem styðja enn frekar álit minni hlutans um að halda beri þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga sem forseti synjar að staðfesta og að einfaldur meiri hluti skuli ráða úrslitum. Frávikum frá fyrirmælum stjórnarskrárinnar sem ganga í þá átt að rýra vernd borgaranna ber ávallt að hafna, einkum ef gengið er á mannréttindi.“

Þetta er sameiginleg niðurstaða okkar í minni hluta allshn. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég dreg mjög í efa að sú málsmeðferð sem hér er lagt upp með fái staðist. Það er auðvitað málskotsréttur inn, hæstv. forseti, sem tryggir að málið er stöðvað. Málskotsrétturinn og ákvörðun forseta tryggir að málið er í raun gjörtapað hjá ríkisstjórninni. Það hefur komið í ljós í öllum þessum umræðum og viðbrögðum íslensku þjóðarinnar að meiri hluti íslensku þjóðarinnar mundi örugglega fella þetta mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Slíkt getur Sjálfstfl. alls ekki hugsað sér og ekki Framsfl. heldur, að fara með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu og fá þann dóm að málið kolfalli. Því hefur sú leið verið valin sem til umræðu er í dag, hæstv. forseti.

Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að áðan má ljóst vera að það er mikilsvert fyrir þjóðina að eiga þennan rétt í stjórnarskránni, sem bundinn er í 26. gr. Ég tek undir þau orð hv. þm. að 26. gr. er afar skýr. Þegar skoðaður er málatilbúnaður á bak við gerð stjórnarskrárinnar á sínum tíma, umræður um það lagafrv., þá er að mínu viti ekki hægt að sjá með neinum rökum að það hafi ekki verið vandað til málsins.

Ég verð því að segja, hæstv. forseti, að ég undrast að menn skuli reyna að gera lítið úr þeirri vinnu sem ráðist var í þegar þessi ákvæði voru sett í stjórnarskrána. Þegar málsmeðferðin er skoðuð þá er ekki hægt að sjá annað en að menn hafi vitað hvað þeir voru að gera. Með ákvæðinu átti að tryggja að þjóðin ein gæti tekið ákvarðanir um það sem vísað væri til hennar með ákvörðun forseta. Þjóðin ein átti að segja til um það hvort lögin öðluðust gildi eða féllu úr gildi. Þess vegna er, hæstv. forseti, sú stjórnlagakreppa sem stjórnarmeirihlutinn er að ræða um heimatilbúin, algjörlega heimatilbúin. Menn eru einfaldlega að hengja sig á mismunandi túlkanir sem ganga út á að mikill vandi sé að fara eftir 26. gr. stjórnarskrárinnar. Ég tel það ekki vera, hæstv. forseti.

Ég tel heldur ekki, hæstv. forseti, að erfitt hefði verið að ná sátt í fjölmiðlamálinu ef málið hefði verið unnið í samstöðu allra flokka eins og boðið var upp á í desember síðastliðnum. Þá málsmeðferð gat hæstv. forsrh. alls ekki fallist á og ákvað að setja málið í þann búning sem allir þekkja. Af því spratt ógæfuferli sem menn hafa eytt í 100 dögum. Þótt það sé vissulega gott að menn skuli loksins hafa áttað sig á því að þetta ferli ber að stöðva þá er samt

enn vafi á því hvort ekki sé gengið á rétt þjóðarinnar. Ég er alla vega ekki sannfærður, hæstv. forseti, um að okkur sé heimilt að taka málið úr því ferli sem forsetinn setti af stað. Ljóst er að stjórnarherrarnir, stjórnarflokkarnir og þingmenn stjórnarflokkanna, verða að hafa þann vafasama heiður að hafa valið þá málsmeðferð og knúið hana fram.

Í ræðum framsögumanns ríkisstjórnarinnar, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, hefur verið sagt að stjórnarandstaðan hefði valið sér að reisa sérstakan varnarmúr um takmarkalaust form eignarhalds á fjölmiðlum. Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að mér hefur sýnst mikil fjölbreytni í íslenskum fjölmiðlum að undanförnu. Ég hef ekki séð þær geysilegu hættur sem eru samfara þeirri þróun sem verið hefur á fjölmiðlamarkaði. Það breytir ekki þeirri skoðun minni að vissulega megi skoða þessi mál gaumgæfilega, fara yfir þau frá öllum hliðum og velta fyrir sér hvort og hvernig setja ætti takmörk á eignarhald og ef það yrði gert, yrði það þá gert varlega, í stuttum skrefum og mikil aðlögun að því. Það þarf að ræða margt fleira en eignarhald fjölmiðla. Skoða þarf ritstjórnarlegt frelsi og fleiri atriði sem oft hafa verið talin upp í umræðunum. Það má velta fyrir sér hvort einhver rök séu fyrir því að menn megi ekki eiga saman í dagblaði og einnig í ljósvakamiðli. Ég dreg mjög í efa að nokkur haldbær rök séu fyrir þeirri framsetningu.

Fjöldamargt hefur verið athugavert við málið og málatilbúnaðinn. Því gerði ég grein fyrir í ræðum fyrr í vor og ætla ekki að endurtaka þær ræður sem ég flutti þá um málið. Menn geta flett því upp og séð hvað ég sagði þá um þessi mál. Afstaða mín hefur í raun ekkert breyst. En í þessu ferli var aldrei nokkurn tíma, af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, boðið upp á nokkurt einasta viðræðuferli varðandi það í hvaða farveg þessi mál skyldu fara. Það var alltaf eintal sálarinnar hjá Davíð Oddssyni sem flutt var inn í þing og stutt af þingmönnum flokksins, þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna. Það sýnir best hversu illa málin voru unnin, að menn skyldu endalaust þurfa að breyta ferlinu og alltaf var málið að batna.

Niðurstaðan er sú, hæstv. forseti, að það var illa að þessum málum staðið. Þetta voru ógæfuspor. Ég orðaði það þannig um daginn þegar við byrjuðum umræðuna í þessari lotu að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu valið sér ömurlegt hlutskipti að leggja í þennan leiðangur. Ég er enn á því og stjórnarliðar stæðu betur ef þeir hefðu aldrei farið af stað í þessa ömurlegu vegferð.

Hæstv. forseti. Eins og málið stendur núna snýst það um grundvallarspurningu: Er hægt að taka þetta mál úr því ferli að þjóðin eigi að fá að segja álit sitt? Ég tel að þar, eins og ég hef getið um áður, séum við á mjög vafasamri braut. Ég mun ekki styðja að þjóðin fái ekki að segja álit sitt á þessu máli.

[15:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði að það hefði verið rökrétt ákvörðun hjá Ólafi Ragnari Grímssyni að hafna því að staðfesta lög sem samþykkt voru á Alþingi. Þegar sams konar vandi blasti við frú Vigdísi Finnbogadóttur, þáverandi forseti Íslands, sem efldi mjög virðingu forsetaembættisins á sinni tíð eins og fyrri forsetar höfðu gert, þá íhugaði hún málið og komst að ágætri niðurstöðu sem ég vildi fá að vitna í, hæstv. forseti. Hún sagði þá, með leyfi forseta:

„Frá stofnun lýðveldis á Íslandi hefur embætti forseta Íslands verið í mótun. Þar hefur jafnt og þétt styrkst sá meginþáttur embættisins að vera óháð og hafið yfir flokkapólitík og flokkadrætti, en um leið samnefnari fyrir íslenska þjóðmenningu, mennta- og menningarstefnu Íslendinga, tákn sameiningar en ekki sundrungar. Glöggt vitni um það eðli embættisins er að enginn forseti hefur gripið fram fyrir hendur á lýðræðislega kjörnu Alþingi sem tekið hefur ákvarðanir sínar með lögmætum hætti.

Sá forseti sem nú gegnir því embætti hefur í störfum sínum alla tíð lagt áherslu á sáttmála sinn við þjóðina, við fólk úr öllum flokkum sem aðhyllist ólíkustu skoðanir. Með því hef ég viljað rækja sameiningarhlutverk forsetaembættisins og sett það öðru ofar. Í því felst að virða þær hefðir og venjur sem skapast hafa og efna þannig drengskaparheit forseta við þjóðina."

Þetta sagði forsetinn, frú Vigdís Finnbogadóttir, þegar hún fjallaði um hið stóra mál, samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég spyr hv. þm.: Var þetta órökrétt niðurstaða frú Vigdísar á sínum tíma? Hvað er rökrétt við niðurstöðuna í þessu máli, sem hefur ekki þær miklu afleiðingar sem Evrópska efnahagssvæðið hefur fyrir Íslendinga?

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri á hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að hún er að fara í sama farið og félagar hennar fóru í fyrr í dag. Hún reynir að etja saman fyrrum forseta og núverandi forseta og afstöðu þeirra á hverjum tíma. Ég ætla ekki að ræða þá hlið málsins. Þau verða að gera það upp við sig sjálf.

26. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um þennan rétt forseta. Hver forseti fyrir sig verður að meta hvaða mál það eru í umræðunni sem hann telur að eigi e.t.v. að ganga til þjóðarinnar.

Vigdís Finnbogadóttir tók sér umhugsunarfrest varðandi EES-málið. Hún komst að þeirri niðurstöðu að vísa því ekki til þjóðarinnar. Það var hennar ákvörðun. Vigdís Finnbogadóttir lýsti því yfir að ef Kárahnjúkamálið hefði verið lagt fyrir hana þá hefði hún vísað því til þjóðarinnar. Ég er ekki viss um að ég hefði endilega verið sammála því að það mál hefði átt að ganga til þjóðarinnar. Ég legg ekki dóm á það en mér fannst ákvörðun forseta rökrétt miðað við alla þá umræðu sem farið hefur fram í þjóðfélaginu og þau viðhorf sem maður skynjaði með þjóðinni.

Á þeim tíma sem ég hef fylgst með pólitík eru nokkur mál sem ég teldi að þjóðin hefði átt að segja af eða á um, burt séð frá minni skoðun. Kárahnjúkamálið er eitt þeirra. EES-málið er eitt þeirra. Frjálst framsal kvótans árið 1990 er eitt þeirra. Fjölmiðlamálið er eitt þeirra. Þau eru kannski fleiri þó ég muni það ekki í augnablikinu. Það er ævinlega ákvörðun forseta á hverjum tíma hvaða leið hann velur og við tökum svo afstöðu til þess hvort við teljum það rökrétt eða ekki. Ég tel ákvörðun forsetans hafa verið rökrétta.

[15:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. taldi upp mál sem maður hlýtur að velta fyrir sér í samhengi við þetta mál, hvers vegna forsetinn rak ekki puttana upp í loft og tékkaði á vindstöðunni í það og það skiptið. Hvernig stóð á því að hann vísaði ekki til þjóðarinnar máli sem olli miklum deilum í þjóðfélaginu, Kárahnjúkamálið? Af hverju var það ekki sett í dóm þjóð-

arinnar miðað við fjölmiðlaumræðuna sem þá fór fram? Að vísu hefur fjölmiðlaumræðan sennilega orðið heldur meiri um þetta mál. Hvers vegna skyldi það vera? Málið fjallar um hagsmuni þess fólks sem vinnur á fjölmiðlunum. Á hinn bóginn erum við öll sammála um að setja þurfi einhver lög um umhverfi fjölmiðla. Það hefur komið fram hjá öllum þingmönnum sem um málið hafa fjallað. Þess vegna hlýtur maður að velta fyrir sér hvað það var í þessu máli sem varð til að forsetinn ákvað að greiða bæri atkvæði um þetta mál í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég hlýt líka að spyrja hv. þm. hvort hann hafi ekki farið þess á leit að stór mál, sem hann hefur borið mjög fyrir brjósti, fiskveiðistjórnarmál og fleiri í þeim dúr, yrðu sett í þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að þjóðin gæti tekið afstöðu til slíkra mála, með sömu rökum? Hann segir rökrétt að þjóðaratkvæðagreiðsla verði um þetta mál.

[15:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ræð einfaldlega ekki og ætla mér ekki að ráða því eða móta fyrir fram hvaða mál forseti á hverjum tíma tekur slíka afstöðu til. Forseti Íslands á hverjum tíma er kosinn til að vinna eftir stjórnarskránni og þetta er ein af þeim reglum sem hann verður að vinna eftir.

Hvort hann tekur ákvörðun með því að rétta upp putta til að gá til veðurs veit ég ekki. Ég veit að sá sem hér stendur gáir oft til veðurs af gömlum vana, bæði daga og nætur og með tilliti til sinna ferðalaga sem þingmaður um landið.

Ég ætla mér ekki það hlutverk að segja til um hvernig forsetar skuli taka ákvörðun á hverjum tíma. Ég get ekki svarað hv. þm. fyrir hönd þeirra. Ég verð að eftirláta hv. þm. að taka á viðkomandi máli og spjalla við þá sem málið varðar í góðu tómi.

[15:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi nokkuð um skoðun Daggar Pálsdóttur á því að ekki mætti stöðva ferli sem farið er í gang frá því að forseti synjar lögum undirskriftar og þar til þjóðin hefur tekið ákvörðun um þau í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef þessi skilningur Daggar er réttur þá getur komið upp mjög sérstök staða, þarna geta liðið einn eða tveir mánuðir. Þau lög sem forseti lýðveldisins hefur synjað því að staðfesta eru einu lögin í öllu lagasafninu sem enginn, herra forseti, getur breytt og það getur haft hörmulegar afleiðingar.

Við skulum gefa okkur sem dæmi að hv. Alþingi samþykkti lög um dauðarefsingu sem auk þess væri fyrir mistök afturvirk. Sumir forsetar hafa a.m.k. lýst því yfir að þeir mundu aldrei samþykkja slík lög. Segjum að hann neiti að samþykkja slík lög. (Gripið fram í.) Einmitt, lögin brytu stjórnarskrána líka. Þá mundu slík lög taka gildi og ekkert gæti stöðvað þau fram að þjóðaratkvæðagreiðslu. Segjum að það eigi samkvæmt þessum lögum að fullnægja dauðadómi innan 48 tíma eða eitthvað slíkt. Þetta er náttúrlega afleiðing sem menn sjá fyrir sér og ég vil spyrja hv. þm.: Ef þetta er afleiðing af 26. gr., telur hann ekki nauðsyn á að breyta henni?

Þá vildi ég spyrja hv. þm.: Nú eru flestir sammála um að gera þurfi eitthvað í fjölmiðlamálum, samþykkja einhver lög. Er flokkur hans fylgjandi því að skerða eignarhald eða er hann fylgjandi því sem Samf. leggur til að gera reglur um ritstjórnarlegt frelsi og gagnsætt eignarhald?

[15:25]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alls ekki viss um að ég hafi náð samhenginu í þessu með dauðadóminn. Eitt er þó alveg ljóst, að það væri Alþingi sem setti lög um dauðadóm. Ég trúi því ekki að þeir 63 sem hér sætu mundu kasta til þess höndunum með slíku vinnulagi, að menn settu slík mál í lög og þau væru mjög umdeild. Getur hv. þm. hugsað sér að stjórnarmeirihlutinn mundi knýja fram lög um dauðadóm þar sem munaði einum eða tveimur atkvæðum, ef upp kæmi þessi vafasama staða að helmingur þjóðarinnar vildi dauðarefsingu og hinn helmingurinn vildi ekki dauðarefsingu? Ég held að við ættum ekki að setja málið í þennan búning, hv. þm. Pétur Blöndal.

Ef ég reyni hins vegar að skilja hvað hv. þm. er að fara, þá mundi ég giska á að hv. þm. væri að velta fyrir sér hvort setja ætti einhvers konar dagsetningu á ákvarðanir þess að fella lög úr gildi eða afturkalla þau. Að þingið hefði sem sagt fimm til tíu daga til að afturkalla lög, gæti gripið inn í þegar forsetinn hefði synjað.

Er það þá virkilega svo, hæstv. forseti, að við eigum algerlega að treysta á að forsetinn geti alltaf leiðrétt stefnuna þegar hún er tekin vitlaust í Alþingi? Mér finnst að nú sé stefnan röng og þess vegna segi ég að mér finnst rökrétt að forseti skyldi hafa tekið þessa ákvörðun, að beita 26. gr. og leggja málið fyrir þjóðina.

[15:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var eingöngu að benda á rökrétta afleiðingu þess ef þessi skilningur Daggar Pálsdóttur væri réttur, þá gæti enginn, ekkert afl í heiminum, stöðvað lög sem Alþingi hefði samþykkt ef forseti synjar því að skrifa undir þangað til kemur að þjóðaratkvæðagreiðslu. Þann tíma, einn eða tvo mánuði, eru umrædd lög ósnertanleg. Við getum hugsað okkur stöðu, í stríðsástandi eða einhverju slíku, þar sem menn þurfa virkilega að bregðast hraðar við og afnema nýsett lög.

Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni og gafst kannski ekki tími til þess, um eignarhald eða ritstjórnarlegt frelsi, hvora leiðina hans flokkur aðhyllist eða hvort hann vilji hafa þetta óbreytt með eitt mjög sterkt fyrirtæki á öllum sviðum þjóðlífsins, að það fari að leggja undir sig alla fjölmiðlana líka.

[15:29]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal endurtók spurningu sem ég var að reyna að svara áðan. Mér finnst eiginlega að hv. þm., sem er stærðfræðingur, sé kominn á fræðilegt svið, að skoða eitthvað fræðilega mögulegt (**PHB:** Rökfræðilega.) eða rökfræðilega mögulegt. Ég held að ég reyni ekki að svara því frekar en ég gerði áðan.

Varðandi það hvort eitt fyrirtæki megi eiga alla fjölmiðla í landinu, þar með talið Morgunblaðið, þá held ég að það væri ekki góð þróun að eitt fyrirtæki eignaðist alla fjölmiðlana. Ég hlýt að hafa lýst því nokkrum sinnum yfir í ræðum mínum í vetur og haust, að ég teldi fyllilega koma til greina að skoða eignarhald á fjölmiðlum samhliða öðrum ákvæðum sem gætu haft áhrif á ritstjórnarlegt frelsi. Ég held að ég þurfi ekki að svara því nánar. Ég vísa til þeirrar umræðu sem fram fór á vordögum.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla fyrst að gera örlitlar athugasemdir við nefndarálit meiri hlutans og framsöguræðu formanns allshn. og talsmanns meiri hlutans, hv. þm. Bjarna Benediktssonar, þannig að það væri æskilegt ef hv. 4. þm. Reykv. n. sæi sér fært að koma í salinn, auk þess sem það er auðvitað vel við hæfi að formaður allshn. sitji undir umræðunni.

Það sem ég geri athugasemdir við eða mér finnst svolítið sérstakt í nefndaráliti meiri hlutans er fyrst og fremst tvennt. Annars vegar að í því er fremur óvenjulegt nöldur í garð minni hlutans. Ég hef aðallega vanist því að í nefndarálitum tali menn hver fyrir sig og nefndarálit meiri hlutans sé í aðalatriðum um afstöðu meiri hlutans, útskýri hana og rökstyðji og öfugt. En inn í nefndarálit meiri hlutans hafa læðst setningar sem eiga litið skylt við öflugan rökstuðning fyrir málstað meiri hlutans, enda hann kannski vandfundinn og menn hafa þar af leiðandi orðið að reyna að fjalla um eitthvað annað í nefndarálitinu. Til dæmis er talað um og ónotast út í það að stjórnarandstaðan hafi engan áhuga sýnt á því að setja eignarhaldi á fjölmiðlum skorður þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar, án þess að það sé rökstutt nánar. Hins vegar leggur sáttavilja meiri hlutans langar leiðir af nefndarálitnu eins og kunnugt er og sá sáttavilji hefur nú heldur betur sýnt sig í verki í þessu máli.

Hitt sem er athyglisvert í nefndarálitinu og ég hygg að sé nýmæli er að í því er sérstök pólitísk yfirlýsing fimm þingmanna, eins úr Framsfl. og fjögurra úr Sjálfstfl., um þeirra meiningar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það er að sjálfsögðu fullkomlega merkingarlaust sem slíkt að inn í nefndarálit meiri hluta allshn. komi yfirlýsing út í loftið af þessu tagi. Auðvitað geta þessir fimm þingmenn talað fyrir sig og ef þeir kjósa að gera það með þessum tiltölulega sérkennilega hætti, einn þingmaður úr Framsfl. og fjórir úr Sjálfstfl., er það út af fyrir sig allt í lagi. En það liggur vonandi fyrir og er ljóst, frú forseti, að það bindur ekki hendur eins né neins né hefur neitt sérstakt gildi gagnvart þeirri vinnu sem vonandi fer af stað við að endurskoða stjórnarskrána, enda veit ég þess engin dæmi að menn hafi gengið til slíkrar vinnu á grundvelli fyrirframskilyrða. Einasta dæmið um slíkt væri þá hið sérstaka tilvik þegar menn hófu nauðsynlega endurskoðun stjórnarskrárinnar til undirbúnings stofnunar lýðveldisins og afmörkuðu það verksvið sem stjórnarskrárnefndin, milliþinganefnd, fékk af því tilefni. En það er önnur saga.

Frú forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í það sem liðið er í málinu. Það mætti halda langar ræður og rifja þetta dæmalausa mál rækilega upp og það mætti örugglega vera upp undir hálfan mánuð að því að tilgreina ýmis ummæli og yfirlýsingar og snilldaryrði sem aðstandendur málsins á ýmsum tímum hafa fært fram því til ágætis. En ég ætla ekki að gera það, einfaldlega vegna þess að mér finnst það ekki skipta öllu máli. Ég ætla að láta nægja örstutta upprifjun og fara aðeins yfir þá niðurstöðu sem blasir við hvað varðar framgöngu ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi, þ.e. uppgjöfina miklu, hinn herfilega ósigur sem sumir hafa líkt við endalok valdatíma Napóleons þegar hann tapaði orrustunni miklu við Waterloo 1815.

Það er alveg rétt að ríkisstjórnin er að tapa sínu hundrað daga stríði. Í raun hefur það þó staðið lengur, í sjö til átta mánuði hefur málið verið á dagskrá og er nú loksins að komast aftur á þann byrjunarreit, eða vonandi skulum við segja, sem það var statt á á Alþingi í nóvember og desember sl. þegar hreyft var við því af hálfu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingmanna fleiri flokka. Fyrst reyndar með fyrirspurn sem var á dagskrá þingfundar 19. nóvember, ef ég man rétt, þegar hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn frá Álfheiði Ingadóttur um fjölmiðlamál. Í framhaldinu var flutt þáltill. af þingmönnum fjögurra flokka sem gekk út á hvað? Út á hvað gekk hún? Að þverpólitísk nefnd með þátttöku og samstarfi við fagaðila færi í að skoða þessi mál öll í heild sinni, að hún gengi til þeirrar vinnu án skilyrða, gæfi sér ekkert fyrir fram um niðurstöðuna.

Er það ekki þetta sem menn eru farnir að tala um núna sjö mánuðum síðar? Jú, loksins. Og það sem upp úr krafsinu hefur hafst er eitthvert dýrkeyptasta, fyrir ríkisstjórnina og meiri hluta hennar, kennslubókardæmi um það hvernig ekki á að vinna að hlutunum, eitthvert hrapallegasta dæmi sem seinni áratuga stjórnmálasagan geymir um hvernig eitt stykki ríkisstjórn, hvernig tvö stykki flokksformenn eiga ekki að gera hlutina. Því það og það eitt er hægt að læra af þeirri sögu, hvort sem það er hundrað daga stríðið frá því í apríl/maí eða sjö, átta mánaða stríðið frá því í nóvember/desember.

Stundum er sagt að sá valdi miklu sem upphafinu veldur og það á við hér. Ríkisstjórnin valdi því miður þá ólánsleið í málinu sem henni er auðvitað ærið töm, að kokka um málið þröngt í herbúðum sínum, hafa ekki samstarf við aðra aðila, hvorki stjórnarandstöðu, hagsmunaaðila, samtök né almenning í landinu. Í því ólánsupphafi er mikið af ógæfu málsins fólgið eða þaðan er það sprottið. Niðurstaðan er þessi hrottalega bræðrabylta þeirra hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar og hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og flokka þeirra á Alþingi, einhver hrottalegasta bræðrabylta sem lengi hefur sést í íslenskum stjórnmálum. Ekki þarf að hafa öllu fleiri orð um það.

Um ferlið sem hófst með ákvörðun forseta Íslands 2. júní sl. og það sem síðan hefur gerst ætla ég að fara nokkrum orðum, fyrst og fremst til að minna okkur á að auðvitað áttu menn þá eina af mörgum leiðum í land í málinu sem ekki var valin. Þá leið að taka því eins og menn, hvað sem mönnum fannst um þann gerning sem slíkan, að forsetinn hafði tekið sína ákvörðun. Og ég tek það fram, frú forseti, að mér finnast vangaveltur um það hvort við teljum að þessi eða hinn forsetinn á þessum eða hinum tímum hefði átt að beita málskotsréttinum eða ekki fullkomlega merkingarlausar því að það er ekki og á ekki að vera á okkar könnu að bollaleggja um það. Meðan stjórnarskráin er í gildi eins og hún er þá er það vald hjá forsetanum og það er hann og hann einn sem fer með það og getur svarað fyrir það og rökstutt það. Þingið á beinlínis ekki að vera að blanda sér í það. Það er óviðeigandi með nákvæmlega sama hætti og við blöndum okkur ekki í það t.d. þegar mál eru fyrir dómstólum þó að þau hafi varðað störf Alþingis og það á heldur ekki að vera að skrifa Hæstarétti bréf, frú forseti.

Júnímánuður fór í vandræðalega leit ríkisstjórnarinnar að samkomulagi um girðingar og þröskulda eða takmörkun á atkvæðisrétti fólks eftir að þeir höfðu með ólund viðurkennt og svarið að auðvitað yrði að fara í kosningarnar, það yrði að láta stjórnarskrána gilda. Einn á fætur öðrum dröttuðust þeir fram á sviðið og viðurkenndu það. Þannig leið júní. Settur var starfshópur sem fékk það erindisbréf að útfæra reglur um kosningar og hvort ekki mætti setja inn girðingar og þröskulda.

Hvað var svo gert? Tæpum sólarhring áður en Alþingi átti að koma saman til fundar — kvatt saman með bréfi frá 10. júní að koma hér til fundar mánudaginn 5. júlí til að taka nauðsynlegar ákvarðanir vegna væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu — var kúvent og þá kom brellufrumvarpið fram á sjónarsviðið. Allri vinnu júnímánaðar og fram á helgina 3.–4. júlí var hent og algjör kúvending tekin og ákveðið að leggja til við Alþingi allt önnur viðbrögð en verið höfðu alveg fram að því uppi á borðinu, brelluleiðina sem svo er kölluð og kennd við hæstv. dómsmrh. Björn Bjarnason, og má hann lengi frægur verða af því að eiga þá nafngift. Ríkisstjórnin og meiri hluti hennar svona að mestu leyti hélt sig við þessa málsmeðferð í eina og hálfa viku. Um miðbik síðustu viku hrundi sá málatilbúnaður ofan í hausinn á höfundum sínum, brelluleiðina rak upp á sker.

Þriðju viðbrögðin litu svo dagsins ljós í formi breytingartillögu meiri hlutans sem kynnt var í gær eftir að málið hafði farið enn einn hring í stjórnarherbúðunum, enn ný lota krísufunda og þingflokksfunda og ríkisstjórnarfunda en þó fyrst og fremst auðvitað tvímenningsfunda. Og þá blasti uppgjöfin við. Þannig er ferill málsins.

Þá kemur að því hvort það séu rétt viðbrögð af hálfu Alþingis að fella frv. á brott og ætla sér með því að afstýra því eða komast hjá því að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram. Um það hef ég mjög djúptækar efasemdir og ég ætla að færa fyrir því rök. Það eru kannski fjögur atriði sérstaklega sem ég tel þar vega þyngst. Og það undrar mig nokkuð að talsmenn meiri hlutans hér t.d. skuli ekki hafa komið inn á það og rætt það og rökstutt vegna þess að það eru sögulegir atburðir sem hér eru að gerast. Við erum að skapa fordæmi, verið er að stíga ný skref í mótun stjórnskipunarhefða, getum við sagt, í landinu. Og er það ekki einnar messu virði, rökstuðnings í nefndaráliti eða framsöguræðum ítarlegri en þess sem hér hefur farið fram hingað til?

Rök mín fyrir því að það sé afar hæpið að fara þessa leið, þó að menn hendi brelluhugmyndunum út af borðinu og hafi þetta hreina niðurfellingu hinna óstaðfestu laga eða hins óstaðfesta frv., eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hef ég miklar efasemdir um að það standist stjórnarskrána. Ég hef þær vegna þess að ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar eru ótvíræð. Þar stendur orðið „skal", skal kjósa. Og hvergi annars staðar í íslensku stjórnarskránni eru jafnréttháar eða skýrar heimildir sem Alþingi getur gripið til og sagt: Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. megum við bregðast svona við. Hvar stendur í stjórnarskránni íslensku eitthvað sem gefur mönnum stöðu til að víkja til hliðar skýrum ákvæðum 26. gr.? Ekki dugar að mínu mati að bera þar fyrir sig hið almenna lagasetningarhlutverk Alþingis af því að í 2. gr. stjórnarskrárinnar stendur að forseti og Alþingi fari saman með löggjafarvaldið og það verður að skoða 26. gr. í samhengi við það.

Í öðru lagi hef ég miklar efasemdir um að það eigi að fara þessa leið vegna þess að ég tel að það gangi gegn hugsun stjórnarskrárgjafans á sínum tíma. Ef við erum í einhverjum vafa um skýr ákvæði og orðanna hljóðan sem stendur í hinum skrifaða texta hvað gerum við þá næst? Við reynum að átta okkur á því hvað vakti fyrir mönnum, hvernig framkvæmdin var hugsuð af þeim sem stóðu að setningu stjórnarskrárinnar. Og ég tel að það sé líka ljóst að það gangi gegn hugsun stjórnarskrárgjafans á sínum tíma að láta kosninguna ekki fara fram og fara út í viðbrögð af því tagi sem nú er verið að leggja til við þingið.

Í þriðja lagi — og það kann einhverjum að þykja hljóma spánskt úr mínum munni og annað hefur verið borið upp á mig á köflum og okkur fleiri undanfarna daga — hef ég miklar efasemdir um þessi viðbrögð vegna þess að þau færa forsetanum meira vald en stjórnarskráin ætlaðist til og það gengur gegn þeirri hugsun sem var alveg kristaltær niðurstaða 1944, að forsetinn væri eingöngu milligöngumaður milli þingsins og þjóðarinnar í þeim tilvikum að hann synjaði frv. staðfestingar. Það er algerlega skýrt í ræðum margra þingmanna þegar þetta er rætt að þannig var þetta hugsað. Hvorki meiri né minni völd átti forsetinn að fá. Og hvað eru menn þá að gera ef Alþingi fer að móta þá hefð, þó að það sé aðeins eitt fordæmi, a.m.k. fyrst um sinn, að bregðast öðruvísi við en að láta kosninguna fara fram? Jú, menn eru að virkja synjunarvaldið og stöðva það hjá forsetanum sjálfum, ekki satt? Forsetinn er þá auðvitað í sterkari stöðu í þeim skilningi en ef menn væru þeirrar skoðunar að það væri afdráttarlaust að ákvörðun hans fylgdi því sjálfkrafa að málið færi frá honum til þjóðarinnar. Þannig rökstuddi forsetinn líka ákvörðun sína. Það finnst mér og skipta máli, að hann væri ekki að taka efnislega afstöðu til málsins þannig að forsetinn nálgaðist þetta út frá málskotsréttarinntaki 26. gr. stjórnarskrárinnar en ekki synjunarvaldseðli þess.

Í fjórða lagi, virðulegur forseti, tel ég að við eigum hér við þessar aðstæður að ræða í hvaða farveg er verið að setja þessa hluti og þessi samskipti ef við veljum þessi viðbrögð, því að það verður líka að hugsa fyrir því. Það kemur dagur eftir þennan dag. Er það þá þannig og inn í þann farveg sem við viljum a.m.k. gefa eitt fordæmi um að þessi samskipti þróist, að forsetinn geti synjað frumvarpi og Alþingi taki það til sín aftur, eftir atvikum felli það á brott eða komi með það aftur til forsetans í breyttri mynd? Forsetinn synjar kannski aftur og sendir þingið í þriðja leiðangurinn og fellst svo að lokum á eitthvað allt annað.

Hvað býður það upp á, frú forseti? Það býður upp á hluti sem ég fullyrði að stjórnarskrárgjafarnir á sínum tíma ætluðust aldrei til.

Af þessum fjórum meginástæðum, frú forseti, hef ég miklar efasemdir um að slík viðbrögð standist og að þau séu skynsamleg. Efasemdir mínar eru því hvort tveggja af lagalegum toga vegna óvissunnar gagnvart stjórnarskránni en líka af efnislegum eða pólitískum toga. Ég hef miklar efasemdir um að færa eigi slík samskipti inn í það far.

Kannski reynir aldrei aftur á þetta og kannski eru þetta óþörf ræðuhöld í sjálfu sér þess vegna. En mér finnst samt rétt og skylt, algerlega skylt, að Alþingi taki það mjög alvarlega sem það er að gera. Við skulum ekki, hv. þingmenn á Alþingi Íslendinga árið 2004, vera að gagnrýna höfunda stjórnarskrárinnar á sínum tíma fyrir að þeir hafi ekki vandað sig og það að ósekju en fara ekki rækilega yfir það sem við ætlum að gera og bera ábyrgð á og er sögulegt í þessu samhengi.

Kem ég þá, virðulegur forseti, að setningu stjórnarskrárinnar og árunum 1941–1944 og ætla ég að halda uppi nokkrum málsvörnum fyrir höfunda hennar, sem mér því miður finnst hafa verið hafðir fyrir rangri sök og bornir sökum sem er fullkomlega ómaklegt, þ.e. að þeir hafi ekki vandað vinnu sína og vitað algjörlega upp á hár hvað þeir voru að gera. Ég fullyrði að það var sómi að hvernig staðið var að vinnunni við undirbúning stofnunar lýðveldisins, sérstaklega eftir að millilþinganefndin var stækkuð og tveir fulltrúar úr öllum þingflokkum áttu sæti í henni. Það má

vissulega deila um upphafið en það markaðist af mjög sérstökum aðstæðum í íslenskum stjórnmálum, eins og menn þekkja, á árunum 1941–1942, en með haustinu 1942 þegar milliþinganefndin var stækkuð og verkefni hennar skýrt enn betur með nýrri þál. í sept. 1942 tel ég að frá og með þeim tíma hafi það verið til fyrirmyndar hvernig menn stóðu að því að stofna lýðveldið.

Þá kem ég að því, frú forseti, vegna þess að — ja, ætli ég leyfi mér ekki að segja að dínósárus hins íslenska blaðaheims hafi hér á dögunum gert mér þann heiður að kalla mig lærisvein Einars Olgeirssonar og Brynjólfs Bjarnasonar. Að því er mér auðvitað sérstakur heiður að vera nefndur í sömu andrá og þeir sómamenn, sérstaklega þegar málið snýr að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, því að heiður skal þeim sem heiður ber og báðir þessir sómamenn áttu gildan og góðan hlut í því að stjórnarskrármálið fékk jafnfarsælan endi og raun ber vitni og að það tókst jafn vel til með stofnun lýðveldisins 17. júní 1944, eins og við erum vonandi öll sammála um að var.

Frú forseti. Eins og ég hef áður rakið var þetta þannig að á grundvelli þáltill. frá 1941 og í framhaldinu á árinu 1942 hefur fimm manna milliþinganefnd störf en í hana bætast síðan um haustið 1942 þrír þingmenn til viðbótar þeim sem fyrir voru, en það voru eins og kunnugt er hv. þingmenn Jónas Jónsson, Gísli Sveinsson, Hermann Jónasson, Bjarni Benediktsson og Stefán Jóhann Stefánsson. Þeir sem ganga til liðs við nefndina eru þeir tvímenningar Einar Olgeirsson og Áki Jakobsson og sá þriðji var annar fulltrúi frá Alþýðuflokknum, Haraldur Guðmundsson, í viðbót við Stefán Jóhann Stefánsson.

Þetta upphaf að ferlinu skiptir miklu máli, sérstaklega í einu samhengi sem borið hefur á góma undanfarið þar sem menn hafa beinlínis farið rangt með, misskilið eða opinberað vanþekkingu sína á þessu ferli. Talað er um í þeirri staðreynd að endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild sinni var vissulega rædd á þeim tíma felist að vinnubrögðin hvað varðar breytingarnar vegna stofnunar lýðveldisins hafi verið óvönduð. Það er akkúrat gagnstætt og öfugt, og þeir menn sem halda slíku fram falla á prófinu. Þeir hafa annaðhvort ekki lesið gögnin, kannað málið eða þeir eru vísvistandi að reyna að telja fólki trú um að stjórnarskráin sé eitthvað lélegra plagg en ella væri. Það skiptir í sjálfu sér auðvitað engu máli. Stjórnarskrá er stjórnarskrá og gildir þangað til annað er ákveðið. Menn geta haft allar sínar skoðanir á ákvæðum hennar en hún gildir. Þess vegna er það í sjálfu sér algerlega ómarktæk viðbára þegar menn eru að væla undan því að það hafi staðið til að endurskoða stjórnarskrána og því verki hafi ekki verið lokið.

En hvernig var að því staðið á árabilinu 1942–1944? Það var þannig að strax 1942 tóku menn um það ákvörðun að verkefnið væri tvíþætt. Annars vegar að endurskoða þá þætti stjórnarskrárinnar sem óhjákvæmilegt var vegna stofnunar lýðveldisins og ákveðið hafði verið að væri heimilt með sérstakri aðferð, þeirri aðferð að láta þjóðina staðfesta breytingarnar en ekki þyrfti að rjúfa þing og kjósa í milli. Og hendur milliþinganefndarinnar voru að því leyti bundnar að hún átti að einskorða starf sitt að öðrum þræði við þetta.

En strax 1942 var líka sagt að hún skyldi huga að hefðbundinni endurskoðun stjórnarskrárinnar sem slíkrar sem gerð yrði með venjubundnum hætti. Verkefnið lagði því af stað tvískipt frá byrjun. Og þó að menn hafi áttað sig á því að þörf gæti verið á því að endurskoða stjórnarskrána sem slíka í heild sinni sannar það ekki að einhver flýtibragur hafi verið á því hvernig menn afgreiddu þá þætti sem tengdust stofnun lýðveldisins. Það sýnir einmitt hið gagnstæða, hversu skipulega og vel menn gengu til verks. Það var ekkert hálfkarað í því sem var ákveðið varðandi stofnun lýðveldisins að flytja valdið inn í landið og þar á meðal að hafa 26. gr. stjórnarskráinnar eins og hún er. Það verkefni var klárað, það var tæmt, það var útkljáð, greidd voru atkvæði um allan ágreining sem uppi var um það mál og því var lent. Og það er beinlínis rangt og byggir á vanþekkingu að grípa til þess í vandræðum sínum, eins og ríkisstjórnartalsmenn hafa því miður gert á undanförnum vikum, að það hafi jú alltaf staðið til að endurskoða stjórnarskrána og þetta sýni hvað það hafi verið nauðsynlegt.

Það snýst bara ekki um þetta mál. Gengið var frá því að forsetinn skyldi vera þjóðkjörinn og gengið var frá því að 26. gr. skyldi vera eins og hún er.

Ályktun Alþingis frá 8. sept. 1942 sýnir þetta með ljósum hætti, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að milliþinganefnd sú sem kosin var samkvæmt þál. 22. maí 1942“ — það er fimm manna nefndin sem síðar um sumarið stækkaði í átta — „til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins skuli halda áfram störfum til undirbúnings málum þeim sem unnt er að lögfesta með þeim hætti er segir í stjórnskipunarlagafrumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi ...“ — þ.e. með þjóðaratkvæðagreiðsluaðferðinni.

En síðan segir:

„... svo og undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt.“

Með öðrum orðum, milliþinganefndin hafði tvíþætt verkefni og það var 1942 en ekki 1944 sem það lá fyrir að svona yrði að þessu staðið. Bullið um að mönnum hafi legið svona mikið á til Þingvalla 1944 er því eitthvert það argasta bull sem ég hef bara heyrt og menn afhjúpa gríðarlega vanþekkingu á þessum málum.

Því miður held ég að ég verði nú, þrátt fyrir aðstæður og mér sé kunnugt um að hæstv. utanrrh. er fjarstaddur af gildum ástæðum, að leyfa mér að vitna í það sem hann sagði í viðtali við Spegilinn 1. júlí. Það er auðvitað ekki hægt að láta þessa hluti standa öðruvísi en að þeim sé mótmælt. Það verður að verja heiður þeirra manna sem þarna eiga í hlut og stóðu að setningu stjórnarskrárinnar á sínum tíma.

En þá sagði hæstv. utanrrh., með leyfi forseta, eftirfarandi:

„En að mínu mati sannar þessi skýrsla“ — verið er að tala um skýrslu vitringanna — „það afskaplega vel að við verðum að fara í endurskoðun á stjórnarskránni að því er þetta mál varðar og ljúka því starfi sem hófst 1944.“ — Það hófst ekki 1944, það hófst 1941. — „Það virðist vera að þeir hafi ekki getað lokið því.“ — Þeir luku því víst. — „Það var ágreiningur um málið.“ — Það er rétt en þeir útkljáðu hann. — „Það vildu allir fara á Þingvöll 17. júní. Það að ljúka þessu var skilið eftir og Alþingi hefur aldrei klárað það.“

Þessi orð eru ómerk, þetta er bara alls ekki svona. Þeir kláruðu sitt verk með sóma, þeir sem stóðu að setningu stjórnarskrárinnar gerðu út um ágreininginn eins og menn, greiddu um hlutina atkvæði og gengu frá málinu þannig að það var kristaltært fyrir þeim hvernig þetta skyldi vera.

Skoðum aðeins sögu 26. gr. í gegnum þingið. Hún endaði eins og hún var í upphaflega frumvarpinu frá milliþinganefnd með málskotsréttinum og því sem þar tilheyrir í 2. og 3. mgr. 26. gr.

En neðri deild gerði í umfjöllun sinni um málið þá breytingu á frv., reyndar fyrst að forsetinn skyldi verða þjóðkjörinn, frv. kom með þeim ákvæðum að forsetinn væri þingkjörinn, en jafnframt gerði neðri deild þá breytingu að 2. og 3. málslið 26. gr. yrði breytt í þá veru að lagafrumvarp fengi ekki lagagildi synjaði forseti því staðfestingar. Það var afstaða Björns Þórhallssonar forsætisráðherra sem réði því og tillaga hans.

Í efdri deild hins vegar lagði stjórnarskrárnefndin til að 26. gr. yrði breytt á fyrri veg og með þeirri viðbót reyndar að lagafrumvarpið skyldi lagt fyrir forseta til staðfestingar eigi síðar en tveimur vikum eftir að Alþingi samþykkti það, og var skynsamlegt í ljósi þess sem kom á daginn í vor því að það kynni nú að hafa dregist enn lengur að menn færu yfir Skerjafjörð með fjölmiðlafrumvarpið ef ekki hefði verið þessi tveggja vikna regla sem efri deild setti inn á sínum tíma, þannig að ýmislegt sáu menn nú fyrir.

Þær brtt. samþykkti efri deild, að vísu aðeins með eins atkvæðis mun, 9 atkvæðum gegn 8, en hún er jafngild fyrir því. Það er alveg nóg að vinna fótboltaleik með einu marki. Stjórnarskrárfrumvarpið þurfti af þeim ástæðum að fara aftur til nýrrar umræðu í neðri deild. Þannig gengu hlutirnir fyrir sig þangað til 1991 að Alþingi var sameinað í eina málstofu, reyndar eru ekki margir hér sem tóku þátt í því.

Þá lá á nýjan leik fyrir þinginu brtt. forsrh. um að menn færu aftur með þetta í það far að synjun forseta þýddi að lagafrumvarp öðlaðist ekki lagagildi. En þá brá svo við að neðri deild tók sömu afstöðu til málsins og efri deild og lendingin varð nákvæmlega sú sem 26. gr. felur í sér enn þann dag í dag.

Þessu til viðbótar má nefna það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom reyndar inn á og ég get stytt mál mitt með því að vísa til þess hluta, að þetta verður enn skýrara þegar haft er í huga að tvær aðrar brtt. komu fram og vörðuðu 26. gr., þ.e. brtt. Jakobs Möllers um að forseti fengi algert neitunarvald og brtt. þeirra Jóns Pálmasonar og Jóhanns Jósefssonar — tveggja ágætra sjálfstæðismanna, reyndar eru eða voru allir þessir menn þingmenn Sjálfstfl. ef ég veit rétt — um að Alþingi væru heimil þau viðbrögð, ef forsetinn synjaði, að taka málið til sín aftur og þá dygði aukinn meiri hluti til þess að frv. fengi varanlegt lagagildi engu að síður þrátt fyrir synjun forseta. Ef tveir þriðju aukinn meiri hluti samþykkti málið á nýjan leik, eftir að forseti hefði synjað, þá fengi það lagagildi. Báðar þær tillögur voru felldar, þ.e. að forsetinn fengi algert synjunarvald eða að Alþingi mætti bregðast við með því að taka málið til sín.

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að málið var sett í skýran farveg. Það var kristaltært hvernig menn vildu að lokum hafa þetta og gengu frá því. Það verður enn skýrara þegar vitnað er til umræðna sem urðu um þetta — og ég fer nú að ljúka umfjöllun um þennan þátt málsins, frú forseti, en ég vona að mér fyrirgefist að ræða þetta vegna þess að mér finnst það skipta miklu máli.

Ætli ég leiði ekki fram til vitnis Brynjólf Bjarnason því að mér er til efs að aðrir menn hafi orðað þetta skýrar en hann gerði í tveimur ræðum einmitt þegar þetta atriði nákvæmlega var til umfjöllunar.

Brynjólfur Bjarnason sagði, með leyfi forseta, m.a. eftirfarandi:

„Synjunarvald konungs samkvæmt núgildandi stjórnarskrá hefur í reynd orðið form eitt. Síðan 1918 hefur konungur aldrei neitað lögum um staðfestingu.

Allt öðru máli hlýtur að gegna þegar slíkt vald er fengið í hendur innlendum þjóðhöfðingja, vald, sem hann fær beint frá þjóðinni samkvæmt frjálsri ákvörðun þjóðarinnar sjálfrar.“ — Og þá heyrum við að þjóðkjörið er komið inn í frumvarpið. — „Forseti mundi undir öllum kringumstæðum telja sig hafa siðferðilegan rétt til að synja um staðfestingu laga ef hann teldi það málefnislega rétt og teldi sig hafa málefnalega afstöðu til þess. Ef synjunarvald forseta“ — og taki menn nú eftir — „væri það sama og synjunarvald konungs fengi hann raunverulega miklu meira vald en konungur hafði og vald þingsins yrði skert frá því sem nú er. Þess vegna hefur verið talið nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um synjunarvaldið, þannig að lög öðlist gildi þótt forseti synji þeim um staðfestingu. En þá eru þau borin undir þjóðaratkvæði og falla þá úr gildi ef þeim er synjað. Synjunarvaldið er því með þeim hætti í raun og veru hjá þjóðinni. Forseti kemur aðeins fram sem umboðsmaður þjóðarinnar gagnvart þinginu og er það í fullu samræmi við það að hann er kosinn af þjóðinni, fer með umboð þjóðarinnar.“

Skýrara getur þetta ekki verið hvað fyrir mönnum vakir þarna.

Seinna segir Brynjólfur Bjarnason í umræðum áfram um sama atriði:

„Þegar við nú, um leið og við flytjum æðsta valdið inn í landið og fáum það í hendur þjóðhöfðingja sem er kosinn af þjóðinni, setjum slík ákvæði inn í stjórnarskrá okkar að hann hafi synjunarvald, þá hljótum við að gera okkur grein fyrir því hvað við erum að gera. Erum við að setja hér upp eitthvert form sem hefur enga raunverulega þýðingu eða hefur þetta praktískt gildi fyrir stjórnskipulag okkar? Ég álít að svo framarlega sem þetta væri álitið aðeins form, að forseti eigi að staðfesta lög, þá væri forsetinn alveg þýðingarlaus og þá ætti forsetinn enginn að vera því að þá þyrfti alls engin staðfesting forseta að koma til. Þá gæti forsrh. alveg eins komið fram sem æðsti maður þjóðarinnar og undirskrifað lög frá Alþingi. En ég,“ segir Brynjólfur Bjarnason, „hugsa mér þetta ekki þannig að undirskrift forseta sé aðeins form,“ — tökum eftir því að það er framsögumaður stjórnarskrárnefndar efri deildar sem talar — „heldur sem raunverulegt vald. — En vald í höndum hvers? — Það er næsta spurningin. Ég hugsa mér þetta sem vald í höndum þjóðarinnar, þannig að það sem við erum að gera þegar við setjum þetta inn í stjórnarskrána, að lög þurfi staðfestingu forseta, sé það að við gefum umboðsmanni þjóðarinnar rétt til þess að skjóta málum undir úrskurð þjóðarinnar og afgreiðslu. Og frá þessu sjónarmiði er ekki til annað rökréttara fyrirkomulag en það sem stjórnarskrárnefndin leggur til, sem sé, að lög sem Alþingi samþykkir séu í gildi þangað til úr því hefur verið skorið við þjóðaratkvæðagreiðslu hvort þau skuli vera í gildi [þ.e. til frambúðar] — ef forseti hefur synjað um staðfestingu — og þau séu þannig afgreidd frá þeim eina dómstóli sem er viðurkenndur í þeim efnum, dómstóli þjóðarinnar. Ef Alþingi hefur notað umboð sitt sem það hefur fengið frá þjóðinni á annan veg en þjóðin hefur ætlast til, þá kemur það í ljós við þá atkvæðagreiðslu.“

Er það ekki? Er þetta nú ekki alveg kristaltært og skýrt, þegar framsögumaður stjórnarskrárnefndar efri deildar útskýrir málið svona? Því er ekki mótmælt og neðri deild fellst síðan á tillögu efri deildar og málinu lýkur þannig.

Það er reyndar fleira sem er ákaflega athyglisvert sem kemur fram í þessum umræðum. Ég held ég hljóti að minna á að það voru auðvitað sérstakar aðstæður uppi sem gerðu það

að verkum að stjórnarskrárvinnan fór fram eins og raun bar vitni, og sennilega var það gæfa fyrir lýðveldisstofnunina, svo ótrúlega sem það nú hljómar, að það sat utanþingsstjórn. Af hverju? Jú, vegna þess að þingið var alveg frjálst. Það hafði ekki á herðum sér ríkisstjórn sem bar ábyrgð á því og var að reyna að troða sínum vilja fram í gegnum þingið. Það var nefnilega kosturinn þrátt fyrir allt að þingið gat sameinast og var frjálst, það var ekki í neinum viðjum vegna þess að þá sat embættismannastjórn. Þetta voru mjög sérstakar aðstæður. Fyrir því má færa gild rök að á vissan hátt hafi það auðveldað stjórnarskrárvinnuna og stofnun lýðveldisins að svona sérstaklega stóð á.

Um þetta má lesa í ágætri grein í tímaritinu Rétti, 73. árgangi þess merka rits sem kom út 1993 og Svavar nokkur Gestsson, fyrrv. þingmaður og ráðherra og nú ambassador í Svíþjóð, í því ágæta ríki, skrifaði. Það er afar fróðlegt að fara yfir þær rannsóknir sem Svavar gerði á tildrögum stjórnarskrárvinnunnar og þætti Einars Olgeirssonar sérstaklega í því sambandi. Ég hvet áhugamenn um þessi mál að lesa þetta sér til gamans.

Sama má segja um ágætar greinar Sigurðar Líndals, prófessor emeritus í háskólanum, sem hefur a.m.k. tvisvar sinnum og nú nýlega í Skírni skrifað afar upplýsandi greinar sem þessu tengjast. Það er margt fróðlegt í þessu sem væri gaman að rifja hér upp. Mér finnst nú alveg sérstaklega að sjálfstæðismenn ættu að halda um þetta ráðstefnu því að þeim kemur nú málið aldeilis við. Það er t.d. þannig að Gunnar Thoroddsen, fyrrv. hæstv. forsrh., flutti brtt. um að 1. málsliður 2. gr. stjórnarskrárinnar orðaðist eins og raun ber vitni, það var nú enginn annar en prófessorinn og lögfræðingurinn. „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið.“ Það er ekki samsæri runnið undan rifjum einhverra óvandaðra manna á seinni tíð, það var Gunnar Thoroddsen sem lagði þetta til.

Ég held ég leyfi mér líka að segja og tek þar undir með greinarhöfundinum sem ég nefndi áðan í Rétti, að að öllum öðrum mönnum ólöstuðum sé óhætt að nefna þrjá menn sem hafi átt mestan þátt í niðurstöðu stjórnarskrármálsins og lagt mest af mörkum. Auðvitað á kannski ekki að vera að gera þetta en ég leyfi mér þó að vera sammála Svavari Gestssyni um að þeir Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson og Einar Olgeirsson hafi átt einna drýgstan hlut að því verki. Og það er merkilegt og skemmtilegt að þeir, þessir ágætu sómamenn, hverjir Morgunblaðið taldi að ég hefði sérstaklega verið í læri hjá, Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson, voru báðir mjög virkir í þessu, sem og Áki Jakobsson, sem sat í milliþinganefndinni. Þannig var jú að Einar Olgeirsson, nafni og frændi þess Einars K. Guðfinnssonar sem hér situr, var ritari samvinnunefndarinanar. Ég er t.d. með ljósrit af fundargerð sem hann skrifar undir ásamt Gísla Sveinssyni, formanni nefndarinnar.

Brynjólfur Bjarnason var formaður stjórnarskrárnefndar efri deildar. Og hver haldið þið nú að hafi verið ritari hjá honum, hvað haldið þið að hann hafi heitið? Bjarni Benediktsson, alnafni og frændi þess Bjarna Bendiktssonar sem hér situr í dag. Þetta er nú skemmtilegt. Bjarni Benediktsson, síðar forsrh., var ritari hjá Brynjólfi Bjarnasyni í stjórnarskrárnefnd efri deildar. Og því hefur verið haldið fram að þau bönd sem bundust milli þeirra fjórmenninga, Einars Olgeirssonar, Brynjólfs Bjarnasonar, Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar í stjórnarskrárvinnunni 1942–1944 hafi lagt grunninn að myndun nýsköpunarstjórnarinnar, þannig að ýmislegt getur nú upp úr slíku samstarfi hafist ef þroskaðir menn eiga í hlut.

Ég ætla að ljúka þessu á tvennu sem snýr að stjórnarskránni, frú forseti. Það er í fyrra lagi að vitna í þann ágæta mann Björn Þórðarson. Ég hef þá tilfinningu að hlutur hans hafi ekki alltaf fengið sanngjarna meðferð í seinni tíma umfjöllun stjórnmálamanna einfaldlega vegna þess að utanþingsstjórnin var ákaflega óvinsæl af þingmönnum, það var ekkert sérstaklega hlýlega um hana talað og þess galt sá ágæti sómamaður. En hann vissi nú lengra nefi sínu og til marks um það ætla ég að vitna í hann með eftirfarandi hætti.

Hann var þeirrar skoðunar eins og við munum, og það er nauðsynlegt til skilnings á þessu, að forsetinn ætti að hafa að nokkru leyti aðra stöðu en niðurstaðan varð, þ.e. að lögin ættu ekki að öðlast gildi ef forsetinn synjaði þeim fyrr en þá að þjóðin hefði aftur samþykkt þau, og flutti ítrekað brtt. eins og áður sagði.

Hann er hér í raun að andæfa því fyrirkomulagi sem engu að síður varð niðurstaðan þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Það er ekki um synjunarvald forseta að ræða hér, heldur er það þjóðin,“ — aftur þetta sama sem Brynjólfur rökstuddi svo ágætlega — „sem segir til um það hvort lög eigi að hafa framtíðargildi eða ekki.

Það er svo fyrir mælt“ — og takið nú eftir því hvað þetta er á fallegri íslensku — „að lög skuli lögð fyrir þjóðina svo fljótt sem auðið er. Þetta er vel mælt. En ég hygg að forseti hafi ekkert vald til að ákveða hér um, og ef ríkisstjórn er samtaka um að vera ekki fljót til í þessu efni, þá mun Alþingi ekki sjá ástæðu til að skipta sér af því.“

Sem sagt, þessi gáfaði maður sá fyrir sér að þær aðstæður gætu komið upp að þó að forsetinn beitti málskotsréttinum og sendi málið af stað til þjóðarinnar þá væri sá hængur á að forsetinn hefur ekki framkvæmdarvald, hann er ekki í stöðu til að tryggja það að kosningin fari fram. Um það á hann aftur undir ríkisstjórnina og þá þingið hvers frumvarpi hann hefur synjað. Og það er alveg bersýnilegt að forsrh. er þarna að velta því fyrir sér á sínum tíma: Getur hugsast að sú staða komi upp að við slíkar aðstæður verði kannski einhvern tíma í landinu ríkisstjórn sem dragi lappirnar, sem þvælist fyrir, sem sinni ekki þeirri skyldu að tryggja að kosningin fari fram?

Hann sá rétt fyrir, því að það er nefnilega nákvæmlega það sem gerðist, en að vísu ekki fyrr en 2004, þannig að nokkuð langt fram í tímann sá sá glöggi maður.

Til að botna þetta segir hann reyndar áfram sem tengist þessu með synjunarvaldið: „Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. S-Múlasýslu að um synjunarvald sé að ræða hjá forseta. Það er þjóðin sem fer með það. Það er því aðeins formsatriði, þegar talað er um að löggjafarvaldið sé hjá Alþingi og forseta, að þessir aðilar fari saman með löggjöfina. Og ég vil taka það fram að ég álít að í stjórnarskránni eigi ekkert að vera sem ekki hefur fullt gildi.“ Enda var Björn þeirrar skoðunar að í raun og veru ætti þá að umorða 2. gr. ef niðurstaðan yrði sú sem raun ber vitni í 26. gr. og það væri á margan hátt rökréttara að í 2. gr. stæði: Alþingi og þjóðin fara saman með löggjafarvaldið fyrir milligöngu forsetans.

Að síðustu ætla ég að leyfa mér aðeins að létta þetta með því að vitna í Einar Olgeirsson, frú forseti, og veit ég að það gleður ýmsa en hryggir um leið aðra vegna þess að ég neyðist þá til að rifja það upp að Alþýðuflokkurinn var í miklum hnút í umræddu máli eins og kunnugt er og var í hinum mestu vandræðum svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Einar

Olgeirsson hafði gaman af því að grínast svolítið skulum við segja við talsmann Alþýðuflokksins í málinu, hv. 4. þm. Reykv. minnir mig, Stefán Jóhann Stefánsson. Hann skildi ekki alveg þessa pólitík Alþýðuflokksins, það gekk mörgum oft illa að skilja pólitík Alþýðuflokksins, bæði fyrr og síðar, sem þeir kölluðu ef ég man rétt lögskilnaðaraðferðina. Þeir vildu ekki gera þetta, sögðu þeir, vegna þess að kóngsi væri tepptur í Kaupmannahöfn út af stríðinu og það væri ekki hægt að ræða málið við hann. Þeir vildu sem sagt helst semja við kónginn um að hann sleppti völdum. Þannig blasti þetta við Einari Olgeirssyni. Þeir töluðu jafnvel um að þetta væri eiginlega bylting, menn væru næstum því að gera byltingu ef þeir stofnuðu lýðveldi án þess að spyrja kónginn. Einar Olgeirsson segir um þetta, með leyfi forseta:

„Mér er sem ég sjái hv. 4. þm. Reykv. vakna við vondan draum eina nótt til meðvitundar um að hann sé að taka þátt í byltingu og að þá hafi hann hrokkið frá því sem hann hafði verið með 1940 og 1941. Eftir því sem mér hefur heyrst, þá vill hann að sú aðferð sé höfð að konungur sé spurður hvort hann vilji ekki segja af sér, en ef hann vilji ekki gera það, þá verði hann settur af samt, — og það með lagakrók!" — Þetta er nú skemmtilegt. — „Og lagakrókurinn á víst að vera sá að skv. 5. gr. stjórnarskrárinnar getur hann ekki verið konungur án samþykkis þjóðarinnar. Ég gæti trúað að það væri lagakrókurinn sem ætti að fella hann á, að þeir [þ.e. kratarnir] kæmu til hans og segðu sem svo: „Heyrðu, góði. Við erum komnir til að spyrja þig hvort þú viljir ekki segja af þér, en ef þú vilt ekki gera það, þá setjum við þig af hvort sem er"."

Ákaflega hefði verið gaman að vera fluga á vegg og fá að hlusta á þessar skemmtilegu umræður á sínum tíma. Menn gátu jafnvel slegið á létta strengi þó að stórmál væri undir eins og þetta sýnir.

Frú forseti. Af framhaldi þessa máls sem tekur enda á þessu sumarþingi, — það er komið sumar, mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðinsson tala eða hann tók þannig til orða í ræðu sinni að hann hefði sagt eitthvað fyrr í vetur, en þó tíminn hafi liðið hratt er það engu að síður svo að það er komið sumar. Um það vil ég aðeins segja að við fögnum því að sjálfsögðu, við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og ég hygg öll stjórnarandstaðan og örugglega öll þjóðin ef menn taka sönsum í þessum efnum.

Málið er í rauninni að komast aftur á byrjunarreit eftir 7–8 mánaða vegferð. Ég vona svo sannarlega að af þessu kennslubókardæmi í því hvernig ekki á að gera hlutina læri menn og dragi réttar ályktanir og setji af stað vandaða þverpólitíska vinnu og faglega með þátttöku allra þeirra sem eitthvað gilt og gott hafa fram að færa í þessum efnum, vandi sig í því verki, skoði málið í heild sinni og gefi sér til þess þann tíma sem þarf. Látum bara nefndarálit meiri hlutans gleymast og einhverjar hugmyndir um að menn eigi aftur að fara út í sömu vitleysuna, að rjúka í einhverju óðagoti í þetta verk og setja sér fullkomlega óraunhæf markmið t.d. um að vera tilbúnir með eitthvað fyrir upphaf þings í haust. Slíkt eiga menn ekki að ákveða fyrir fram. Ég bið um að menn verði ekki með miklar yfirlýsingar áður en vinnan hefst sem munu ekkert gera annað en þvælast fyrir mönnum. Fjölmiðlar eru að reyna að króa menn af og spyrja: Getur þú hugsað þér 10% í þessu eða hinu? Hvað hefur það upp á sig áður en svo mikið sem vinnan er hafin ef við ætlum virkilega að setjast niður við þetta og vanda okkur? Tökum til fyrirmyndar hvernig unnið var að endurskoðun stjórnarskrárinnar og stofnun lýðveldisins 1944. Það var til fyrirmyndar. Þá eiga menn auðvitað að setjast niður við hreint borð og án skilyrða, án einhverra fyrirframskilyrða um hvað þeir hugsi sér að fá út úr hlutunum. Það gerir ekkert annað en þvælast fyrir mönnum í slíku starfi ef menn eru með miklar og sverar yfirlýsingar um að þeir telji að þetta eigi að vera svona eða á hinn veginn. Með þessu er ég ekki að meina að flokkarnir og talsmenn þeirra eigi ekki að koma vel nestaðir og halda til haga áherslum sínum og þær liggi fyrir. Að sjálfsögðu ekki. En það er ekki gæfulegt að króa sig af í einhverjum miklum og sverum yfirlýsingum um að menn telji að þetta eigi að vera svona eða hinsegin og þetta eigi þeir að fá út úr starfinu en ekki eitthvað annað eða því eigi að ljúka á þessum tíma en ekki einhverjum öðrum.

Til að nefna hins vegar það sem ég og við teljum að þurfi að vera þarna undir ásamt með öllu öðru sem málið varðar, nefni ég að sjálfsögðu stöðu Ríkisútvarpsins. Á það höfum við lagt mikla áherslu. Ég nefni stjórnsýslu þessara mála sem þegar er orðið viðurkennt að var auðvitað í molum samanber breytingarnar sem nú er verið að leggja til og búið er í rauninni að gera á útvarpsréttarnefnd. Þar hafa menn bara áttað sig á því að þeir sátu uppi með forneskju sem var alls ekki í samræmi við þau viðhorf sem nú ríkja í þessum efnum. Því er verið að velja þá leið að skipa útvarpsréttarnefnd að tveimur þriðju hlutum til samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti. Auðvitað þarf að skoða og kortleggja vel allt starfsumhverfi fjölmiðlunarinnar, ekki bara ljósvaka og dagblöð. Líka tímarit og net- og vefmiðla og allt hvað er. Að sjálfsögðu þarf að fara yfir þetta með eignarhaldið og gagnsæi og upplýsingar um það. Hvernig tryggja menn fjölbreytni í þessum efnum sem best, hvað er raunhæft á okkar litla markaði? Að sjálfsögðu þarf að huga að því að hvaða marki er hægt að ná markmiðum fram, m.a. og væntanlega ekki eingöngu, ákvæði sem eiga að tryggja sjálfstæði ritstjórna svo langt sem það nær gagnvart eigendunum. Síðast en ekki síst þarf að skoða mjög rækilega þá nýju tækni og þróun sem er á þessu sviði. Ef menn gera það ekki standa út undan kannski helstu vaxtarbroddar fjölmiðlunar á komandi árum. Er það gæfulegt að festa sig í því fari að glíma eingöngu við hlutina eins og þeir kannski voru? Menn eru óðum að breytast. Það þarf að fara yfir tilmæli Evrópuráðsins, skoða ákvæði mannréttindasáttmála og allt þetta.

Eitt ætla ég, frú forseti, að nota tækifærið til að leiðrétta hér. Ég var að hugsa um að nenna því ekki en fór þá að hugsa um að það væri auðvitað leti og slóðaskapur að sjá ekki til þess að rétt sé rétt. Það er vegna þess að ranglega hefur verið vitnað í ummæli mín aftur og aftur af mörgum ágætum mönnum. Þannig hafa hæstv. forsrh., formaður þingflokks Sjálfstfl., Einar K. Guðfinnsson, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og hv. þm. Ásta Möller öll vitnað ranglega í afstöðu mína í þessu máli eða ummæli sem ég viðhafði í ræðu 3. maí sl. og það er dapurlegt, það er leiðinlegt. Það er meira að segja svo kostulegt að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spanderar á þetta heilli blaðagrein, birti úrklippu af ræðu minni og þar kom fram að hann var að vitna ranglega í mín orð, örugglega óviljandi. Örugglega er þetta misskilningur sem einhvers staðar hefur sprottið og gengur síðan aftur og aftur og þannig fer þetta nú. Ef ein fjöður fer af stað í golunni er ómögulegt að vita hvað gerist.

Síðast í gær, ég held að það hafi verið á tröppum Stjórnarráðsins, en þar hefur verið mikil trafík út af þessu máli

undanfarið, þá sagði hæstv. forsrh. að með breytingum og aftur breytingum væri svo komið í því frv. sem nú á að vísu að henda að búið væri að koma 100% til móts við Steingrím J. Sigfússon með því að leyfa allt að 10% eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja í ljósvaka. Um það hef ég aldrei talað. Það er misskilningur. Ég var að tala um annan hlut. Auðvitað skiptir þetta ekki miklu máli en það er samt þannig, er það ekki frú forseti? að rétt skuli vera rétt. Ég fer ekki fram á neina afsökunarbeiðni frá þessum ágætu mönnum. En til að hafa þetta algerlega á hreinu ætla ég að lesa upp hvað ég sagði og verður þá þessu vonandi aldrei aftur fram haldið að með þessu hafi menn verið alveg sérstaklega að leggja á sig að koma til móts við mig. Mér þykir að vísu alltaf vænt um það ef menn vilja koma til móts við mig en þeir þurfa þá helst að vita hvað ég vil og um hvað ég er að tala.

Ég var vissulega að ræða fyrr í tölu minni um hvort ekki væri ansi langt gengið að ætla að banna markaðsráðandi fyrirtæki algerlega að eiga í ljósvakamiðli. Þannig var hið upphaflega stjórnarfrv., ekki satt? En ég ræddi síðan í framhaldinu líka það hvort ekki væri sömuleiðis mjög harkalegt að hafa algeran eldvegg milli eignarhalds á ljósvakamiðlum og blöðum. Þá sagði ég, með leyfi forseta:

„Hið sama gildir um að fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa sem tengist starfsemi á sviði ljósvakamiðla megi ekki eiga eina einustu krónu í útgefanda dagblaðs.“ Ég er sem sagt að ræða um krosseignarhaldið milli ljósvaka og dagblaða og það er allt annar hlutur en spurningin um 10%, 5% eða 0% eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækis í ljósvaka. Átta menn sig ekki á því? Og ég sagði, með leyfi forseta:

„Er ástæða til þess að ganga svo langt, jafnvel með fullri virðingu fyrir því sem var alveg gilt sjónarmið að skoða, að halda dreifðri eignaraðild? Hvað með að nota þar ákvæði laga um fjármálastofnanir, að þar séu mörkin dregin við virkan eignarhlut? Það mætti þess vegna nota sömu skilgreiningu og þar er, með leyfi forseta, þ.e. að „með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi“ fyrirtæki. Með öðrum orðum, mætti ljósvakafyrirtæki aldrei hafa veruleg áhrif á stjórnun hins fyrirtækisins, ...“ þ.e. dagblaðafyrirtækisins. Það á því ekki að þurfa að misskilja það hvað ég var að tala um. Þetta er alveg skýrt. En á einhvern hátt hefur mönnum tekist að gera það og síðan étur hver tugguna upp eftir öðrum þannig að í tilraunum til andsvara við 1. umr. þessa máls og í fjölmiðlum og víðar hafa menn sem sagt eignað mér það að ég hafi alveg sérstaklega krafist þess að markaðsráðandi fyrirtæki mætti eiga allt að 10% í ljósvakamiðlum. Ég nefndi aldrei neina prósentu í því sambandi. Ég ræddi hins vegar krosseignarhaldið milli dagblaða og ljósvaka og nefndi það sem dæmi um mögulega viðmiðun. Ég var ekkert að halda því fram að það væri afstaða mín eða stefna. En ég nefndi það sem möguleika að menn gætu skoðað það. Er þá þessi misskilningur vonandi út úr heiminum, frú forseti.

Eins og ég áður sagði um framhald málsins vona ég svo sannarlega að menn beri gæfu til að leggja frá sér vopnin og menn átti sig á að það er aðeins ein leið möguleg í framhaldinu ef eitthvert vit á að vera í hlutunum. Það á ekki að vera hægt að bjóða þjóðinni, vil ég leyfa mér að segja, upp á nema eitt. Það er að menn vandi sig og standi sómasamlega að þessu í framhaldinu. Nóg er samt. Þjóðin á betra skilið en það sem henni hefur verið boðið sl. 100 daga eða 7–8 mánuði, hvort sem við veljum frekar. Þess vegna er auðvitað heldur lakara að hafa þessar klausur í nefndaráliti meiri hlutans en við skulum bara gleyma þeim og aldrei minnast á þær meir. Vonandi bera menn gæfu til þess að átta sig á því að auðvitað eru allir óbundnir af því þó að menn séu með einhverjar yfirlýsingar þar. Út af fyrir sig mega þeir fimm þingmenn halda fram hverju sem þeim sýnist í nefndarálitum sínum. Þeir geta þess vegna tekið fram að þeir séu stuðningsmenn Liverpool ef þá langar til, en það hefur ekki mikið gildi varðandi lagasetninguna. (**HBl:** Það er úrelt að vera í Liverpool.) Það eru nú einhverjir enn þá samt, hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég ætla eins og ég sagði ekki að fara að elta ólar við að vitna í ummæli manna, hvorki um snilldina né brelluleiðina eða hvað það nú var. Það væri þá frekar til gamans t.d. að rifja það upp að varaformaður Framsfl., hæstv. landbrh., sem oft er stórfyndinn maður, grípur oft til þeirra samlíkinga að eitthvað sé skylt við snilldarákvörðunina um kristnitökuna. Muna menn það ekki? Hann mun hafa sagt einhvern tíma að nú stæði hann frammi fyrir erfiðustu ákvörðun sem nokkur Íslendingur hefði tekið síðan Snorri goði lá undir feldinum forðum. Það var spurningin um hvort hann ætti að hleypa norskum kúm inn í landið, sem var sem sagt alveg á sama plani og ákvörðunin mikla um kristnitökuna.

Um daginn greip hæstv. landbrh. einmitt aftur til þeirrar líkingar. Hann líkti brellufrumvarpinu svona nokkurn veginn við snilldina, var það ekki? kristnitökuna, þegar Snorri kvað upp úr um það að Íslendingar skyldu vera (**Gripið fram í:** Þorgeir.) Þorgeir, þegar Þorgeir kvað upp úr um það að Íslendingar skyldu vera kristnir en mættu samt blóta á laun, og var auðvitað mikil snilld.

En eitt verð ég þó að segja, mér þykir auðvitað miður að verða að gera það við þessar aðstæður, og það er að mér fannst ákaflega dapurlegt sem ég heyrði í útvarpsfréttunum í gær eftir ríkisstjórnarfund ef menn ætla virkilega að reyna að halda áfram þeim ummælum t.d. að forseti lýðveldisins hafi ráðist sérstaklega á Alþingi. Eða að halda því fram að gjörvöll stjórnarandstaðan lúti fyrirmælum frá einu fyrirtæki úti í bæ, hringi þangað og fái afstöðu sína í gegnum símann. (**HBl:** Þau eru kannski tvö.) Þetta er svoleiðis fyrir neðan allar hellur, herra forseti, að það væri gaman að spyrja þingreynda menn og þá sem setið hafa á forsetastóli á Alþingi: Ja, hvað hefði nú myndugur forseti gert ef þessi ummæli hefðu fallið hér? Hefði verið hjá því komist að víta þau? Eru þetta ekki svo gjörsamlega vítaverð ummæli að í þessu tilviki var það þeim sem þau viðhafði til happs að hann var ekki í ræðustól Alþingis, þ.e. að því tilskildu að þar væri þá röggsamur forseti við störf? En þetta er of dapurlegt til að dvelja lengur við, virðulegur forseti.

Ég vil einnig segja um stjórnarskrárendurskoðunarhugmyndir í raun og veru nákvæmlega það sama og ég segi um fjölmiðlaþáttinn: Ég vona svo sannarlega að menn sömuleiðis þar vandi sig, að menn nálgist það af mikilli ábyrgð. Nú hef ég auðvitað engan heyrt halda öðru fram en því að órofa hefð verði í heiðri höfð, þ.e. að að því verki setjist fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna. Og þeir hljóta sömuleiðis að setjast að hreinu borði og þeir hljóta að ganga til þeirrar vinnu algerlega óbundnir af hvaða skilyrðum sem vera kynni. Það kemur auðvitað ekki til greina, ef menn fara að hugsa málið, að ætla að fara að stýra því eitthvað fyrir fram eða beina mönnum í það að þeir eigi eingöngu að hugsa um 26. gr. eða eitthvað annað. Ég get alveg fallist á það verklag að

menn taki fyrir tilskilda kafla og klári þá sem samhengi er í, en ekki að menn gangi til þess með einhverjum fyrirframskilyrðum, það gengur ekki upp. Það er ekki ávísun á neitt annað en ófarir í slíkri vinnu. Menn verða að fá, þeir sem í það vandasama verk fara, að setjast niður óbundnir og með hreint borð og gefa sér ekkert um niðurstöðuna fyrir fram.

Það er stundum sagt, forseti, góður, að framvinda sögunnar sé ekki jöfn og línuleg og það er nokkuð til í því. Framvinda sögunnar er miklu meira í stökkum. (**ÖS:** Það sagði Einar Olgeirsson.) Já, akkúrat. Það er nefnilega þannig að allt í einu fara hlutirnir á hreyfingu. Það er dálítið skylt með stjórnmálunum og jarðfræðinni, það vill svo til að ég veit dálítið um hana. Það er nefnilega líka svo í jarðfræðinni, að t.d. spenna í jarðskorpunni losnar ekki bara út jafnt og þétt, hún leysist í stökkum eins og menn þekkja, og kallast jarðskjálftar. Segja má að það sé nokkuð svipað í stjórnmálunum. Allt í einu fara hlutirnir á hreyfingu, allt í einu fer eitthvað að gerast. Nú er eitthvað farið að gerast og mér segir svo hugur um, virðulegur forseti, að við séum miklu frekar stödd við upphafið á heilmiklum pólitískum tíðindum sem verða rakin þegar frá líður til þeirra atburða sem hér hafa verið uppi í landinu í stjórnmálunum sl. 100 daga eða 7–8 mánuði.

[16:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kveinkar sér undan ummælum í meirihlutaáliti um stjórnarandstöðuna. Mér finnst það dálítið undarlegt og ég spyr hann hvort samræmi sé í því að nánast öll byrjunin eða fyrstu tvær síðurnar í nál. minni hlutans fjalla um ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann o.s.frv., talað um 100 daga stríð og brellur ríkisstjórnarinnar og atlögu að 26. gr. Er samræmi í þeim málflutningi? Svo er örstutt í nál. meiri hlutans um minni hlutann.

Hv. þm. talaði mjög gáfulega um að sagan gerist í stökkum og ég er sammála því — og það varð jarðskjálfti 2. júní. Ég ætla að spyrja hv. þm. hvort hann telji að ákvæði 26. gr. sem ekki var notað í 60 ár verði nú virkara, og hvort hv. þm. telji að forseti lýðveldisins hafi aukið völd sín með því að skrifa ekki undir og hvort embættið sé orðið pólitískt og í næstu kosningum verði það stjórnmálaflokkar sem bjóði fram.

[16:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriði sem hv. þm. benti á verð ég nú bara að taka því skoti. Það má til sanns vegar færa að við bjóðum að nokkru leyti upp í sama dansinn í nál. okkar. Ég var ekkert að kveinka mér undan því sem segir í áliti meiri hlutans en taldi það nokkuð sérstakt og nefndi þar tvö atriði til sögunnar og sérstaklega þó það síðara, hina pólitísku yfirlýsingu um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá tilteknum fimm þingmönnum í allshn.

Um jarðskjálftann 2. júní, hinn pólitíska jarðskjálfta sem hv. þm. kallar svo, þá var það bara einn af mörgum skjálftum sem upphófust í nóvember, desember eða apríl, maí í þessu máli. Ég lít ekki svo á að forseti lýðveldisins hafi verið að gerast pólitískur með ákvörðun sinni. Hann notaði málskotsrök til rökstuðnings niðurstöðu sinni, að hann væri að færa þjóðinni valdið, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, og ég tel að þetta hefði ekki þurft að breyta neinu um skilning manna á þessu ákvæði.

Ég hef miklu meiri efasemdir um það sem menn ætla að gera í sínum viðbrögðum ef þau verða á þá leið sem ríkisstjórnin leggur nú til.

[16:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sér hv. þm. ekki ákveðin völd forseta falin í því að hann geti vinsað úr þau lög sem hann skrifar ekki undir? Hann getur þannig orðið mjög pólitískur.

Síðan vil ég spyrja hv. þm. hvort hann í framhaldinu varðandi fjölmiðlafrumvarpið sérstaklega sjái ástæðu til að gera einhverjar breytingar. Hvort hann vilji fara þá leið að takmarka eignarhald eða ritstjórnarlegt frelsi og hafa gagnsætt eignarhald, hvora leiðina hann velur frekar. Og hvort hann telji að menn þurfi eitt ár, tíu ár o.s.frv. og hve lengi við getum beðið. Og hvort þetta fjölmiðlavald sé raunverulegt vald sem geti vaxið okkur yfir höfuð.

[16:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég vísi bara til þess sem ég sagði í ræðu minni. Ég er þeirrar skoðunar að færa megi fyrir því gild rök að bregðist Alþingi þannig við að kalla lögin aftur í stað þess að láta þau ganga til þjóðaratkvæðis þá sé Alþingi að auka völd forsetans umfram það sem stjórnarskrárgjafarnir á sínum tíma ætluðust til. Þeir hugsuðu honum aldrei neitt vald í þessum efnum annað en að vera milligöngumaður um að málið færi yfir til þjóðarinnar. Er ekki verið að stöðva synjunarvaldið og gera það persónulegt hjá forsetanum með þessum viðbrögðum sem nú standa til. Ég spyr. Það væri fróðlegt að heyra sjálfstæðismenn tjá sig um það.

Varðandi hið síðara vísa ég einnig til þess sem ég sagði. Ég held að það sé ekki þessu máli til góðs að við förum að taka hvert annað upp hér og reyna að særa út úr mönnum yfirlýsingar um hvort þeir geti hugsað sér takmarkanir á eignarhaldi svona eða hinsegin eða hvort fara eigi leið ritstjórnarlegs sjálfstæðis, fyrir nú það fyrsta að ég er ekkert endilega á því að þetta séu neinar andhverfur. Kannski bara hvort tveggja að einhverju marki.

[16:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka áhugaverðar söguskýringar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og á köflum mjög skemmtilegar. En formáli þeirra söguskýringa var sá að kasta hefði verið rýrð á störf þeirra manna sem sömdu stjórnarskrána. Ég kem hér upp til að mótmæla því að það hafi verið gert og leiðinlegt að heyra hv. þm. endurtaka þetta aftur og aftur, að menn hafi verið að kasta einhverri rýrð á þau störf.

En eins og fram kom í máli hans var stjórnarskráin auðvitað sett við nokkuð sérstakar aðstæður og ég held að þau rök sem hann tíndi til hafi jafnvel skýrt það best. En í þeim umræðum sem fóru fram um stjórnarskrána kemur fram að menn voru ekkert — þessar sérstöku aðstæður voru, og það kemur fram, sérstaklega í andsvörum þingmanna, að menn reiknuðu með því að stjórnarskráin mundi standa mjög stutt.

[16:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vísaði ósköp einfaldlega til þess, sem ég held að liggi alveg fyrir, að menn hafa haft hin „ýmsustu ummæli“. Menn hafa talað um að stjórnarskráin væri ákaflega óljós. Menn hafa talað um að það muni leiða til meiri háttar stjórnskipulegrar kreppu ef tiltekin ákvæði hennar yrðu virkjuð. Menn hafa talað um að því verki hafi ekki verið lokið, þetta hafi verið allt saman ófrágengið. Menn hafa talað

um að menn hafi verið að flýta sér einhver ósköp, menn hafa talað um að mönnum hafi legið svo mikið á á Þingvöll.

Ég tel þetta vera að varpa rýrð á þá vönduðu vinnu sem ég fullyrði að fór þarna fram og var í raun til fyrirmyndar. Menn lögðu verkefnið skýrt niður fyrir sér og luku því sem ljúka þurfti, öllu því sem laut að stofnun lýðveldisins. Ég held því bara fram og ég tel það rétt og skylt að halda uppi heiðri þeirra ágætu manna sem þar véluðu um.

[16:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel líka að halda eigi uppi heiðri þeirra manna sem sömdu stjórnarskrána. En hitt er annað mál að fram kemur í umræðum um þetta atriði á þingi á þeim tíma að menn voru einfaldlega ekki sammála. Ég vil vitna í atkvæðaskýringu Sigfúsar Sigurhjartarsonar, með leyfi forseta.

Hann segir:

„Herra forseti. Þar sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að endurskoða stjórnarskrána, og ég vil ekki að málið verði hrakið milli deilda, þá greiði ég atkvæði á móti öllum brtt."

Og Jón Pálmason, af því að vitnað hefur verið í hann hér, segir:

„Herra forseti. Þar sem gert er ráð fyrir að þessi stjórnarskrá muni standa stuttan tíma vil ég ekki, að minni tillögu felldri, að málið verði tafið meir og segi því nei."

Allar þessar umræður benda til þess að þarna vildu menn ljúka málinu að sinni og taka það síðan upp aftur. Búið var að gera ráðstafanir til þess að farið yrði aftur í gegnum stjórnarskrána.

Og þá hefði líka verið skemmtilegt, hæstv. forseti, ef hv. þm. hefði vitnað í Eystein Jónsson sem var að svara Birni Þórðarsyni.

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmönnum á Alþingi 1944 var alveg jafnljóst og okkur er nú að að stofni til var um gamalt stjórnarskrárplagg að ræða frá 1874 og byggt á enn eldri plöggum frá fyrri hluta 19. aldar. Þetta var mönnum alveg ljóst, þetta lá fyrir. Og auðvitað var hugur í mönnum þegar þeir voru að stofna hið unga lýðveldi að vinda sér í beinu framhaldi í heildarendurskoðun plaggsins og það hefur staðið til allan tímann síðan. Það er miklu frekar að ástæða sé til að halda uppi vissri gagnrýni á þá sem við tóku heldur en sæmdarmennina sem stóðu að upphafinu. Þeir unnu sitt verk mjög vel.

Það sem ég er að reyna að leggja áherslu á er að þeir héldu þessu algerlega aðgreindu, annars vegar því sem þurfti að gera vegna stofnunar lýðveldisins, og ég fullyrði að þeir luku því með sóma, og hins vegar endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild sinni að öðru leyti sem gerð yrði með venjulegum hætti, það er hárrétt hjá hv. þm. Það stóð alltaf til að fara í það í beinu framhaldi og hefur staðið til æ síðan og lengst af þessum 60 árum hafa verið stjórnarskrárnefndir við störf.

[16:44]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fitjaði upp á þeirri athyglisverðu nýbreytni að nota jarðfræðileg hugtök til að útskýra stjórnmálabaráttuna og ég skal játa að hann er mér miklu fremri á því sviði. Ég tók eftir því að hann talaði um í þessu sambandi að jarðskjálfti hefði orðið 2. júní sl. Eitt veit ég, að í kjölfar jarðskjálfta myndast stundum sprungur. Það skyldi ekki vera að hin umrædda gjá hefði einmitt orðið til 2. júní þegar tiltekinn atburður varð. Ég geri ráð fyrir að hv. þm., jarðfræðingurinn Steingrímur J. Sigfússon, sé þá þar með með dulúðlegum hætti að vísa til þess að þarna hafi gjáin mikla orðið til.

Ég ætla samt sem áður ekki að tala um þetta atriði. Hv. þm. nefndi það í ræðu sinni, fór mjög hratt yfir sögu, að eitt af því sem menn þyrftu að skoða núna í framhaldinu væri það sem hann kallaði „að fara yfir þetta með eignarhaldið". Nú skal ég ekki særa hv. þingmann til þess að segja nákvæmlega með hvaða hætti hann telji að þetta eigi að vera en þó held ég að það sé alveg óhjákvæmilegt að hv. þingmaður svari þeirri einföldu spurningu hvort hann telji að setja eigi reglur sem takmarka eignaraðild markaðsráðandi fyrirtækis í fjölmiðlum. Það er grundvallaratriði.

[16:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er algjörlega tilgangslaust þetta karp og tilgangslausar þessar tilraunir sjálfstæðismanna til að kenna öllum öðrum um. Þá fyrst verða menn virkilega litlir þegar þeir tapa, þegar þeir falla á sjálfs sín bragði, þegar menn liggja flatir í sjálfskaparvíti, að þeir reyni að kenna öllum öðrum um. Þetta er bara svona, góðir sjálfstæðismenn. Þetta er sjálfskaparvíti ykkar, heimatilbúið, ykkar og Framsfl., og það þýðir ekkert að reyna að ónotast út í forseta lýðveldisins, stjórnarandstöðuna eða þjóðina. Takið þessu bara eins og menn.

[16:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er stundum þannig að þögnin er ákaflega lærdómsrík. Ég spurði bara einnar spurningar. Ég vitnaði að vísu til hinnar pólitísku jarðfræði sem hv. þm. var með og það var það sem hv. þm. svaraði, hann fór í hina pólitísku jarðfræði og reyndi að kenna mér einhverja lexíu í þeim efnum. Hv. þm. svaraði hins vegar ekki einfaldri spurningu. Hún var þessi: Telur hv. þm. ástæðu til þess að setja reglur um eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja varðandi fjölmiðlastarfsemi?

Þetta er grundvallarspurning. Ég var ekkert að biðja hv. þingmann um að telja upp neinar prósentur, ég spurði hann einfaldlega hvort hann t.d. færi þannig nestaður inn í þessa vinnu sem hv. þm. vonandi tekur þátt í núna á komandi vikum og mánuðum, að setja reglur varðandi fjölmiðlaumhverfið. Ég var einfaldlega að spyrja hv. þingmann mjög einfaldrar spurningar: Telur hv. þm. að það eigi að setja þessar reglur varðandi eignarhlutinn hjá markaðsráðandi fyrirtækjum í fjölmiðlastarfsemi? Það er mjög mikilvæg spurning. Það er auðvitað það sem þessi umræða hefur fyrst og fremst snúist um, að menn hafa verið að velta því fyrir sér hvort ekki þyrfti að reyna að takmarka áhrif þessara stóru fyrirtækja, líkt og menn eru að tala um núna úti í heimi, m.a. í Frakklandi og víðar. Menn eru farnir að sjá hætturnar sem geta verið því samfara að markaðsráðandi fyrirtæki ráði öllu varðandi fjölmiðlastarfsemi í einu landi.

[16:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði einmitt að svara þessum lið í seinni ræðu minni. Það liggur algerlega fyrir, það liggur fyrir og hefur gert síðan í desember, hv. þingmaður, að við höfnum því ekki að skoða það að settar verði reglur sem taka m.a. til takmarkana á eignarhaldi. Það liggur algerlega fyrir,

það er skjalfest, það er hér í þingmáli að við erum tilbúin til að skoða það.

Við höfum hins vegar ekki gefið okkur niðurstöðu úr því fyrir fram og við höfnum því að taka eingöngu þann þátt fyrir og ætla að þröngva því fram í ósanngjarnri löggjöf sem stenst ekki einu sinni meðalhófsreglu. Um leið og ég segi því að það liggur algerlega fyrir og hefur alltaf gert að við erum tilbúin til að skoða það og höfnum því ekki fyrir fram að þar verði settar reglur ætla ég rétt að vona að hv. þingmaður reyni ekki eina ferðina enn, eins og hann og fleiri flokkssystkini hans hafa gert, að koma svo og segja: Nú, þar með er Steingrímur J. Sigfússon sammála ríkisstjórninni, þar með er Steingrímur J. Sigfússon að skrifa upp á málafylgju ríkisstjórnarinnar. Svoleiðis málflutningur gengur ekki. Má maður ekki einu sinni segja að maður sé tilbúinn til að skoða mál öðruvísi en maður sé þar með dreginn í dilk með ykkur?

[16:49]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. hvatti þingmenn sérstaklega til þess að horfa fram hjá tilteknum atriðum í áliti meiri hluta allshn. og gerði þar að umtalsefni einkum tvö atriði. Að sjálfsögðu gera þingmenn það væntanlega upp við sig og aðrir þeir sem lesa álitið hverju þeir horfa fram hjá og til hvers þeir horfa sérstaklega en ég ætla aðeins að koma inn á þessi tvö atriði.

Í fyrsta lagi gerir hv. þm. athugasemd við það að gerð sé tillaga um að lagt verði fram frv. á haustþinginu. Hann tekur sérstaklega fram í því sambandi að málið sé allt saman komið aftur á byrjunarreit. Ég hlýt að mótmæla þessu vegna þess að hér hefur farið fram einhver sú mesta umræða sem farið hefur fram um nokkurt þingmál fyrr eða síðar, um það frv. sem síðar varð að lögum nr. 48/2004. Þegar horft er til þess að við höfum skýrslu fjölmiðlanefndarinnar, hagsmunaaðilar hafa tjáð sig bæði fyrir nefndinni og í fjölmiðlum, fleiri frumvörp hafa komið fram og annað þess háttar getur hv. þm. ekki komist að þeirri niðurstöðu að við séum komin á byrjunarreit.

[16:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Jú, heldur betur, herra forseti, ég held því fram galvaskur að við séum að komast aftur á byrjunarreit. Hvað er verið að leggja hér fyrir? Hvað felst í brtt. sem hv. þm. Bjarni Benediktsson mælir hér fyrir? Að henda fjölmiðlafrumvarpinu, öllu eins og það leggur sig. Það stendur að vísu eitt atriði eftir með útvarpsréttarnefnd sem er ágætt og til bóta. Öllu öðru er hent. Eru menn þá ekki aftur á byrjunarreit og engin lög í gildi um þetta efni? Ég hefði haldið það.

Ég tel að menn séu, og vonandi, aftur á hinum pólitíska byrjunarreit. Það má segja að fyrir liggi skýrslur og gögn sem er ágætt. Kannski flýtir það eitthvað fyrir starfinu. Þær umræður sem fram hafa farið, jú, það getur vel verið að að sumu leyti flýti þær fyrir. Annað gæti nú heldur tafið og spillt fyrir, t.d. orðalag af því tagi sem er hér í nál. þar sem áfram gætir viðleitni í raun og veru til að tala menn í sundur. Sjálfstæðismenn hafa hamast í því að reyna að einangra Samf. alveg sérstaklega í þessu máli. Er það til bóta upp á framhaldið? Af hverju reyna menn ekki heldur að tala sig saman? Það er þetta sem ég var að gera athugasemdir við.

[16:51]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil hv. þingmann þannig að þrátt fyrir allt séum við e.t.v. ekki einmitt á byrjunarreit í málinu því að það hlýtur að vera þannig að margt af því sem fram hefur komið í umræðunni hingað til muni gagnast okkur þegar við tökum aftur til starfa við að taka saman nýtt frv. um þetta efni.

Í því samhengi hlýtur það jafnframt að vera gagnlegt að nú hafa allir stjórnmálaflokkar tekið afstöðu til þess að það er þörf fyrir lagasetningu af þessu tagi. Að því leytinu líka erum við ekki á byrjunarreit.

Aðeins um hitt atriðið sem hv. þm. gerði athugasemd við, það var það orðalag sem er að finna í nál. meiri hlutans um endurskoðun stjórnarskrár. Hv. þm. lýsti því hér sérstaklega yfir með hvaða hætti ætti að standa að þeirri endurskoðun. Ég fæ ekki betur séð en að hans hinsta ósk í því efni sé orð fyrir orð nákvæmlega hin sama og meiri hluti nefndarinnar leggur til. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hann sér ástæðu til að hvetja hv. þingmenn til að horfa sérstaklega fram hjá áliti meiri hlutans um þetta atriði. (Forseti hringir.)

Loks um þau atriði sem hv. þm. sagði að sérstök þörf væri að skoða í framhaldinu (Forseti hringir.) vil ég benda honum á að fjölmiðlanefndin sem allir stjórnmálaflokkar (Forseti hringir.) hafa nú fengið aðild að er ...

[16:53]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég stend að áliti meiri hluta allshn. í þessu máli. Fyrir áliti meiri hlutans gerði formaður allshn., hv. þm. Bjarni Benediktsson, ágæta grein hérna áðan, og fjallaði í framsöguræðu sinni um þá niðurstöðu sem nefndin kemst að. Ég stend jafnframt að þessu áliti, þó að því leyti að ég geri fyrirvara við þá fullyrðingu sem sett er fram í 2. mgr. álitsins. Fullyrðingin er um það að lög nr. 48/2004 samrýmist stjórnarskránni. Með fyrirvara mínum er ég bara að lýsa yfir óbreyttri afstöðu minni til laga nr. 48/2004 sem ég lýsti hér við lokaafgreiðslu þess frv. á vorþinginu.

Vinnulagið í allshn. undir styrkri stjórn formanns, Bjarna Benediktssonar, var þannig flesta dagana sem nefndin sat á fundum að lagt var upp í fullri sátt allra sem sátu í allshn. að menn létu það hafa forgang framan af að við skyldum byrja að skoða hvort sú leið sem lögð var til með frv. ríkisstjórnarinnar í kjölfar synjunar forsetans stæðist stjórnarskrána. Þetta gerðum við meðan beðið var eftir umsögnum um málið frá þeim sem allir í nefndinni voru líka ásáttir um að skyldi óskað eftir umsögnum frá. Í rauninni var þá verið að fjalla um stjórnskipulegar heimildir handhafa ríkisvaldsins við þær aðstæður sem upp komu.

Öllum gestum sem komu á fund nefndarinnar var greint frá því að við ætluðum að hafa það vinnulag að frumvörp bæði ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar væru undir og við værum fyrst og fremst að skoða þetta álitaefni. Ég vil fá að taka það fram að það var mjög góð sátt í þessari vinnu í nefndinni og menn voru mjög samtaka um að reyna að ná fram fróðleik frá þessum gestum okkur, lögfræðingum, bæði málflytjendum og prófessorum sem komu á fund okkar og ýmissa annarra.

Í áliti meiri hlutans er rakið hvernig nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að hún leggur til að fjölmiðlalögin skuli felld úr gildi. Niðurstaðan er í rauninni fengin með því að það sé stjórnskipulegur ágreiningur um það hvort samhliða

því að fella lögin úr gildi sé heimilt að setja önnur lög. Meiri hlutinn telur það að vísu heimilt en í ljósi ágreiningsins þykir ekki vert að fara þá leið að setja lögin jafnframt, heldur leggur nefndin til að lögin verði einungis felld úr gildi.

Okkur sem sátum þessa fundi í allshn. er alveg kunnugt um hvað lögfræðinga greindi á um. Ég held að meiri hluta þjóðarinnar sem fylgist með fréttum sé það líka ljóst vegna þess að flestir gestir, eftir að þeir voru búnir að koma á fund allshn., fóru í fjölmiðla og útskýrðu afstöðu sína. Þessir gestir voru bæði lögfræðingar sem höfðu setið í starfshóp ríkisstjórnarinnar sem var skipaður í kjölfar synjunarinnar og átti að taka afstöðu til ýmissa álitaefna varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, fjórir lögfræðingar þar og málflytjendur, og þetta voru sömuleiðis sjálfstætt starfandi málflytjendur úti í bæ sem höfðu skilað áliti fyrir Samf. og loks voru þetta prófessorar við Háskóla Íslands og jafnframt Háskólann á Bifröst.

Þeir sem gengu lengst í aðra áttina héldu því fram og beittu við það textaskýringu eða orðskýringu og samanburðarskýringu á stjórnarskránni að það væri óheimilt að grípa inn í þennan feril. Þeir færðu fyrir því ágæt rök og fóru að hluta til í gögn, leituðu að löggjafarviljanum og drógu þessa ályktun af umræðum á Alþingi á svipaðan hátt og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert hér í dag. Nokkrir aðrir og allir þeir sem höfðu setið í þessum starfshóp fyrir ríkisstjórnina töldu, og með samanburðarskýringum á ákvæðum stjórnarskrárinnar, að það væri ekkert sem bannaði Alþingi að fella niður þessi lög og setja jafnharðan önnur. Svo voru þeir prófessorar þrír sem héldu því fram og færðu fyrir því rök eins og aðrir, vísuðu m.a. til stjórnarskrárinnar og þrískiptingar ríkisvaldsins o.s.frv., að heimilt væri að fella lögin niður. Það sögðu þeir allir þrír, og tveir þeirra tjáðu sig jafnframt um það að þeir teldu að það stæðist ekki stjórnarskipunarlög og þær grunnreglur og hugsun sem stjórnarskráin byggði á og þá þrískiptingu ríkisvaldsins að Alþingi setti jafnharðan önnur.

Prófessor Eiríkur Tómasson færði ágæt rök fyrir sínu máli og hann færði rök fyrir því að það væri vert að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla. Hann sagði m.a. að það væri bein túlkun á orðalagi 26. gr. og hann sagði líka að það væri lýðræðislegasta leiðin. Hann færði mjög haldgóð rök fyrir því að fara hina leiðina, eins og hann kallaði, einungis að fella þessi lög úr gildi. Þau rök sem hann færði fyrir því voru fyrst og fremst þau að sú leið væri til þess fallin að ná einhverri sátt í samfélaginu í kjölfar þeirra miklu deilna sem hafa verið undanfarið, ekki bara um eignarhald á fjölmiðlum heldur líka um grunnreglur stjórnskipulagsins. Sú leið væri til þess fallin, sagði prófessorinn, að auka samheldni með þjóðinni og koma í veg fyrir frekari sundrungu. Það er í rauninni að mínu mati sú leið sem valin er með þeirri brtt. sem meiri hluti allshn. leggur til.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði áðan orð á því að með þessu væri nefndin að skapa fordæmi og seinna í máli sínu tók hv. þm. sér í munn orðið „hefð". Í mínu mati er það fjarri lagi vegna þess að hv. þm. gagnrýnir það að sama skapi, í ágætlega fróðlegri og sögulegri ræðu, og telur sérkennilegt að meiri hluti allshn. hafi meiningar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég vísa í almenn orð sem meiri hluti nefndarinnar hefur í nál. sínu um þá endurskoðun. Þar er ekki tiltekið eitt atriði stjórnarskrárinnar umfram önnur.

Ég lít svo á að með því að velja þessa leið í þetta skipti þá séum við að bregðast við sérstökum aðstæðum sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon líkti áðan við jarðskjálfta eða hrinu jarðskjálfta. En það er enginn sem segir að þessa leið eigi að fara ef sagan endurtekur sig. Að mínu mati, herra forseti, hefur jarðskjálftahrinan og allar umræðurnar, að viðbættu því sjónarmiði stjórnarskrárgjafans fyrir 60 árum að það þyrfti að fara í endurskoðun hið fyrsta, þvert á móti verið rök fyrir því að nú verði sest yfir stjórnarskrána og hún öll undir og aðallega þau ákvæði sem ekki var hreyft við á þessum tíma, með það í huga hve stutt er síðan mannréttindaákvæðin voru endurskoðuð.

Þessir atburðir og allar deilurnar hafa einmitt gefið tilefni til að setjast með óbundnar hendur yfir málið. Ég verð að segja fyrir mig, herra forseti, að það kom mér verulega á óvart hve mikið lögfræðinga greindi á um hvaða leiðir væru færar, enda hef ég verið ein þeirra sem haft hafa prófessor Ólaf Jóhannesson að eins konar leiðtoga lífs míns í stjórnskipunarrétti. Á þeim tíma sem ég las þá bók hafði ég þó aldrei í huga að aðstæður sem þessar gætu komið upp, sem nú hafa komið upp í íslenskri pólitík.

Ég tel ekkert sérkennilegt við að meiri hluti allshn. leggi til í nál. og leyfi sér að hafa skoðun á því að þarft sé að þverpólitísk nefnd og þverpólitísk vinna fari í gang við að endurskoða stjórnarskrána. Mér finnst eðlilegt að setja það fram í áliti meiri hluta allshn., að hann bendi á þá þörf. Ég hefði haldið að allir þingmenn sem sátu í hv. allshn. væru sammála um það. Ég ætla ekki að vísa í orð ákveðinna þingmanna, hvernig þeir hugleiddu og hugsuðu upphátt um ákveðna hluti og hvernig væri hægt að túlka, hverju mætti breyta o.s.frv.. En þær umræður fullvissuðu mig enn meira um þörfina fyrir að setjast yfir málið með óbundnar hendur og hafa alla stjórnarskrána undir. Viðhorfið var þetta árið 1944. Allar umræður síðustu vikur og ágreiningurinn sýnir enn frekar að þörf er á því að fara þessa leið.

Varðandi þá leið sem varð ofan á við þessar sérstöku aðstæður, við þær jarðskjálftaaðstæður, þá get ég tekið undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Hans einkunn var sú að þetta væri skynsamlegasta leiðin. Þar sem ég lít á þetta sem sérstakar aðstæður, ekki fordæmi eða það að við séum að skapa hefð, þá vil ég gera þau orð að mínum.

Varðandi fjölmiðlanefndina þá veit ég ekki betur en það sé þegar frágengið að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna á þingi fái aðild að þeirri nefnd. Ég hef heyrt því fleygt í ræðustól að reka eigi á eftir þessari vinnu og gefið til kynna að það eigi að verða eitthvert óðagot. Ég er alveg ósammála því. Enginn hefur sagt að frv. eigi að leggja fram áður en þing kemur saman í haust. Þvert á móti segir í nál. að meiri hlutinn mælist til eða mæli með því að nýtt frv. í þá veru verði undirbúið og lagt fram á haustþingi. Það stendur fram að jólum og þetta eru nú ekki annað en tilmæli. Svo hefði ég haldið að nefndin réði svolítið gangi mála.

Ég hef einnig staðið í þeirri trú að fjölmiðlanefndin tæki ekki bara afstöðu til eignarhalds á fjölmiðlum heldur væri henni ætlað að kafa ofan í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar fyrri, skoða málið vítt og breitt og koma vonandi með þverpóltíska línu í þessu máli. Ég ætla ekki að egna þingmenn með því sem þeir hafa einhvern tíma sagt, yfirlýsingum þeirra varðandi eignarhald á fjölmiðlum. Ég sé enga ástæðu til þess. Við erum komin að ákveðnum lokapunkti í þessari löngu umræðu og einnig á ákveðinn byrjunarreit aftur. Mér finnst við eigum að sameinast um þá sýn á þetta mál að við stöndum í þeim sporum núna.

Herra forseti. Mér varð það ljóst áðan þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti ræðu sína sem framsögumaður minni hluta allshn. að ég tók ekki eftir honum á ágætum fundi hjá Framsóknarfélaginu í Reykjavík. Hv. þm. fjallaði um þann fund eins og hann hefði verið meðal fundarmanna og var á honum að heyra að hann gæti allt að því farið orðrétt með það sem þar fór fram. (Gripið fram í.) En ég held að mér hafi ekki yfirsést hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það leynir sér sjaldnast hvar Össur er og hvert hann fer, jafnvel þótt þetta hafi verið fjölmennur fundur. Ég ætla að fá að leiðrétta orð Össurar og benda á að Framsóknarfélagið í Reykv. s. boðaði til fundar með einum framsögumanni, sem var Eiríkur Tómasson prófessor. Eiríkur var með fræðilega framsögu og velti í ræðu sinni upp þessum tveimur leiðum, annars vegar kostum og göllum þess að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu og hins vegar kostum og göllum þess að fella einungis fjölmiðlalögin niður.

Ég tók afstöðu til þessara tveggja leiða. Ég sagði jafnframt að ef ég ætti að velja á milli þessara tveggja leiða hugnaðist mér betur sú að fella lögin úr gildi vegna þess að hún leiddi til sátta en ekki aukinnar sundrungar í samfélaginu. Ég vona, herra forseti, að ég hafi með þessum orðum leiðrétt þessi atriði. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson leiðréttir mig hins vegar ef hann var á þessum fundi, ef ég tók ekki eftir honum og hann telur sig geta farið orðrétt með það sem ég sagði.

[17:08]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta framsögu. Mig langaði að inna hana sérstaklega eftir tveimur atriðum.

Hún talaði annars vegar um stjórnarskrárvafann. Þann vafa sem á því léki að hægt sé að afturkalla eða fella úr gildi gömlu fjölmiðlalögin og setja ný. Er hún sannfærð, eftir að það ferli var sett í gang með málskoti forseta Íslands 2. júní að gera virkan atkvæðarétt þjóðarinnar til að kjósa um fjölmiðlalögin, um að það sé ekki hreint og klárt stjórnarskrárbrot að grípa inn í ferlið með þessum hætti og hafa þann rétt beinlínis af þjóðinni? Er það ekki skýlaust stjórnarskrárbrot eða hefur þingmaðurinn sannfæringu fyrir því að svo sé ekki og því styðji hún frv., þ.e. þá afturköllun sem hér liggur fyrir?

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. þm., af því að hún ræddi um málskotsréttinn líkt og fram kom í nál. meiri hluta allshn.: Telur hún að aftengja beri málskotsrétt forseta Íslands í þeirri endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins sem fram undan er?

[17:09]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson heldur því fram að ég hafi talað um stjórnskipulegan vafa. Það gerði ég aldrei. Ég sagði að uppi væri stjórnskipulegur ágreiningur, um stjórnskipulegar heimildir handhafa ríkisvaldsins og út á það gekk umfjöllun allshn. um málið.

Í ræðu minni áðan talaði ég um stjórnskipulegan ágreining sem menn hefðu leitast við að leita lausna á með þessari leið. Nál. meiri hlutans gengur út á að meiri hlutinn telji að vísu að hin leiðin sé fær og hún standist, enda sögðu sumir lögfræðingar að þeir teldu að það stæðist stjórnarskrána að setja lög í kjölfarið.

En það var mikill ágreiningur. Ég gerði áðan grein fyrir mismunandi leiðum og rökstuðningi. Niðurstaðan varð sú, vegna þessa ágreinings um stjórnskipulegar heimildir, að þessi leið var farin, að fella einungis lögin niður og leggja það til með brtt. en setja ekki ný lög samhliða.

[17:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leiðrétta hv. þm. af því að það stendur í nál. meiri hluta allshn., með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þeim stjórnskipulega vafa sem uppi er leggur meiri hlutinn til að tilvitnuð lög nr. 48/2004 verði felld brott."

Það stendur skýrum stöfum í nál. að um sé að ræða stjórnskipulegan vafa. Þar stendur það svart á hvítu. Þess vegna spurði ég hv. þm. hvort hún teldi það ekki hreint og klárt og skýlaust brot á stjórnarskrá að grípa með þessum hætti inn í það ferli sem sett var af stað með málskoti forseta lýðveldisins 2. júní síðastliðinn. Þar með var gerður virkur réttur þjóðarinnar til að ganga til beinna og milliliðalausra kosninga um fjölmiðlalögin og endanlegur dómur yfir þeim lögum lagður í hendur þjóðarinnar.

Getur Alþingi Íslendinga, að hennar mati og samkvæmt þeim lögfræðilegu álitum sem liggja fyrir, gripið með þessum hætti inn í ferlið og ónýtt rétt þjóðarinnar til að greiða atkvæði um lögin? Samkvæmt mörgum lögfræðingum telst sá réttur mannréttindi, sem sett eru af stað með málskoti forsetans um einstök mál eins og í þessu tilfelli. Þetta er stutt mörgum lögfræðiálitum, t.d. frá Hróbjarti Jónatanssyni, sem segir, með leyfi forseta:

„Það er mitt lögfræðilega mat að ekki sé unnt að stöðva atkvæðagreiðsluferlið, eftir að forseti hefur synjað staðfestingunni og vísað málinu til þjóðaratkvæðagreiðslu, hvorki með því að afnema lög 48/2004 sérstaklega, án annarra aðgerða, né með því að afnema og leggja fram nýtt frumvarp um sama efni."

Áliti hans fylgir máttugur rökstuðningur og í því ljósi að um stjórnskipulegan vafa sé að ræða, eins og fram kemur í nál., spurði ég hvort hv. þm. telji að Alþingi Íslendinga sé ekki með þessum hætti að brjóta stjórnarskrá lýðveldisins.

[17:13]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Í kjölfar ræðu minnar og í kjölfar framsöguræðu formanns allshn. kemur mér spurning hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar á óvart. Mér virðist hann spyrja hvort við teljum að það brjóti á bága við stjórnarskrána að grípa inn í þetta ferli. Það er ekki einungis að ég telji það ekki brjóta í bága við stjórnarskrána að grípa inn í þetta ferli, við þessar aðstæður, heldur hafa þeir fræðimenn sem ég vísaði til, sem hafa einnig tjáð sig í fjölmiðlum og víðar, fært fyrir því rök að þeir telji slíkt standast stjórnarskipunarlög.

En ég tók líka fram að ég sé ekki ástæðu til að menn líti á þetta sem fordæmi sem menn ætli að fylgja ef þessar aðstæður koma upp aftur. Þess vegna þurfi að setjast yfir stjórnarskrána, og hafa hana alla undir, til að vera viðbúinn því ef aðstæðurnar koma upp aftur. Ég lít ekki svo á farið sé í bága við stjórnarskrána enda stæði ég ekki að þessu nál. ef ég teldi svo vera.

[17:14]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það leiki stjórnskipulegur vafi á því hvort hægt sé að kippa máli úr þjóðaratkvæðagreiðslu. En ég tel ekki að menn eigi að lesa

stjórnarskrána eins og strangtrúaðir gyðingar Mósebækurnar.

Ég tel mikla dýpt í þeim orðum Eiríks Tómassonar að handhöfum ríkisvaldsins beri á ólgutímum, eins og núna ríkja út af átökunum í kringum frv., að velja þann valkost, ef valkostir eru uppi um skýringar á stjórnarskránni, sem leiði til sátta. Á þeim grundvelli hefur Eiríkur Tómasson sagt að þessi leið sé fær. Það eru rök sem ég get ekki í hjarta mínu vísað algjörlega frá.

Með hliðsjón af öðrum rökum sem t.d. hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson flutti, um að það leiki klárlega stjórnskipulegur vafi, eins og komið hefur fram í máli m.a. varaformanns allshn., á því hvort hægt sé að beita þeirri aðferð sem notast er við í frv. sem hér á að breyta — ályktunin sem stjórnarliðið dró af því var að hætta við aðferðina — þá spyr ég hv. þm.: Hvers vegna draga menn ekki sömu ályktun varðandi hinn stjórnskipulega vafa sem leikur á því hvort hægt sé að kippa málinu úr þjóðaratkvæðagreiðslu? Er ekki staðreyndin sú að eina ástæðan fyrir því að menn völdu þá leið var að ágreiningur var um hvort og að hve miklu leyti ætti að samþykkja takmarkandi reglur? Var það ekki sá ágreiningur milli stjórnarflokkanna sem leiddi til þessa?

Svo þætti mér vænt um að hv. þm., ef hún hefur til þess tíma, svaraði einnig: Hvaða stjórnlagakreppa er það sem meiri hluti allshn. er talar um að ríki, í nál. sínu?

[17:17]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vísaði hér til orða Eiríks Tómassonar á fundi í allshn. og sem líka koma fram í umsögn hans, þeirra um að stjórnvöld á hverjum tíma, ríkisstjórnin, handhafar valds á hverjum tíma, skuli axla þá ábyrgð að velja þá leið út úr ógöngum, erfiðum málum, sem leiðir til friðar í samfélaginu.

Ég er ekki búin að grandlesa álit minni hluta allshn. en ég varð þess þó vör að þessi orð voru tekin upp þar. Ég minni á það að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði líka um skynsemi í þessu tilviki.

Ég talaði í ræðu minni áðan um ágreining um stjórnskipulegar leiðir. Ég talaði aldrei um vafa. Í nál. finnst mér aðeins óhönduglega orðað það sem menn vildu kannski sagt hafa. Ég tel af fenginni heimsókn þessara gesta og umsagna sem við fengum, fræðimanna, lögfræðinga og prófessora, að það hefði verið komin nokkur sátt um að það væri heimilt að bara fella lögin úr gildi en að það hefði verið vafi um það frekar að hægt væri að setja ný lög í kjölfarið. Þannig hef ég frekar skilið það. En ég minni á að það voru líka lögfræðingar sem töldu að hvort tveggja stæðist stjórnarskipunarlög.

[17:18]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Ég er á móti þessum fjölmiðlalögum. Ástæðan fyrir því að ég get samt ekki stutt það með atkvæði mínu að þau verði *tekin til baka hér með samþykkt Alþingis er að sterk rök* hafa verið færð að því af Ragnari Aðalsteinssyni og reyndar fleirum að með því að forseti synji frv. samþykktar sé komið af stað ferli sem stofni ákveðinn rétt landsmanna. Þessi réttur felst í því að þeir eiga að hafa kost á því að segja álit sitt með og á móti þessu máli sem forsetinn hefur vísað til þjóðarinnar. Rök hafa verið færð að því að með því að taka málið úr þessu ferli sé verið að skerða þann kosningarrétt. Hann fellur undir mannréttindi og að því eru færð sterk rök hjá lögfræðingnum sem ég nefndi, Ragnari Aðalsteinssyni, að slík mál sem mundu reist verða sökum þessa mundu auðveldlega vinnast fyrir alþjóðlegum mannréttindadómstólum. Þetta gerir það að verkum að mér er ómögulegt að styðja þessa aðferð. Ég spyr nú hv. þm. Jónínu Bjartmarz, af því að hún er lögfræðingur: Telur hún þetta ekki dálítið þungt, telur hún það ekki dálítinn háska á þessari vegferð ef það er sagt af manni sem hefur nokkra reynslu og unnið öll sín mál fyrir Mannréttindadómstólnum að hann skuli taka svona til orða? Mér finnst nokkuð viðurhlutamikið að samþykkja þetta.

Svo verð ég að segja að mér finnast það ekki góð vinnubrögð hjá hv. þingmönnum meiri hlutans að segja núna að óhönduglega hafi tekist til um orðalag í nál. Það er algjört lykilatriði með hvaða hætti menn skýra þessar brtt. Það stendur „stjórnskipulegur vafi" og af því dreg ég ákveðna ályktun og hún er sú að ef stjórnskipulegur vafi leikur á svona atriðum (Forseti hringir.) á þingið að láta stjórnarskrána njóta vafans og það gildir líka um ...

[17:20]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sat í allshn. gegnum alla þessa vinnu ásamt þeirri sem hér stendur og ýmsum fleirum. Það vekur auðvitað athygli hér í andsvörum alveg eins og í ræðu hv. þm., og er kannski ekki nema eðlilegt, að hann vísar yfirleitt aðeins í hluta þeirra fræðimanna sem komu á fund nefndarinnar. Það er eðlilegt, hann hallast að þeirri skýringu og pólitík hans er sú að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram þó að hann afneiti því að hann sé einhverrar ofsatrúar samkvæmt þeirri lögskýringu. Hann hefur líka, að mér heyrist, viðurkennt skynsemina í því að velja aðrar leiðir.

Því að kosningarrétturinn í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar teldist til mannréttinda hélt einungis einn gestur á fundi hjá allshn. fram. Það var Ragnar Aðalsteinsson. (Gripið fram í.) Aðrir héldu því fram að þetta félli bara undir borgaraleg réttindi og hefði ekkert með mannréttindaákvæði að gera. Við skulum hafa það aðeins í huga í þessu — ég tek það fram að ég er hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu og líka að þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 26. gr. fari fram þegar það á við — að það eru engir beinir hagsmunir tengdir því að fá að kjósa samkvæmt þessu. Þetta er bara spurningin um að fá að neyta réttar. Maður getur ekki líkt þessu saman við það sem við venjulega fellum undir mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það var akkúrat það sem prófessorarnir títtnefndu sögðu við okkur, ef ekki allir þá a.m.k. tveir þeirra, að þetta félli ekki undir mannréttindakaflann og að ekki væri verið að svipta fólk neinum mannréttindum þó að þjóðaratkvæðagreiðsla færi ekki fram að þessu sinni.

[17:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. formaður allshn. hefur gert hér mjög *góða grein fyrir niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar um hið* seinna fjölmiðlamál sem í raun snerist kannski í umræðunni um stjórnskipunarmál og valdmörk handhafa ríkisvaldsins. Við teljum okkur vera að leita hér leiða til sátta og teljum að sú leið sem við völdum megi leiða til vonandi góðrar sáttar í þjóðfélaginu í góðri sátt við stjórnarandstöðuna.

Vegna þeirra orða sem fallið hafa hér um eitt orð í nál. meiri hlutans verður víst að viðurkennast að við tókum ekki eftir því, þingmenn, að okkur hafði skjöplast við gerð nál.

Þar sem stendur í nál. „með hliðsjón af þeim stjórnskipulega vafa“ höfðum við ætlað að segja „stjórnskipulega ágreiningi sem uppi er“. Þetta gátum við auðvitað ekki leiðrétt eftir að búið var að dreifa nál. hér og verðum því víst að biðjast forláts á þessu ef þetta verður frekar að umræðuefni í þingsal. **(Gripið fram í:** Er það ekki málefnalegur ágreiningur?) Það þarf ekki að vera, hv. þingmaður, en það skiptir kannski ekki meginmáli. Þetta var það sem við ætluðum hins vegar að segja.

Þegar litið er til þess hvaða skoðanir komu fram hjá þeim sem komu fyrir allshn. er nánast hægt að segja að skoðanir hafi verið jafnmargar og sá fjöldi manna sem fyrir nefndina kom. Bæri svo við að einhverjir tveir kæmust að sömu niðurstöðu var sú niðurstaða jafnvel studd mismunandi rökum. Umræðan í nefndinni leiddi fyrst og fremst í ljós hversu ófullburða og ófullkomin ákvæði stjórnarskrárinnar eru í mörgu tilliti. Það er fullkomin nauðsyn á að ráðist verði í endurskoðun stjórnarskrárinnar eins og forsrh. lagði til 1. febrúar sl. í tilefni af heimastjórnarafmælinu. Það er einnig sú eina rökrétta niðurstaða sem hægt er að draga af starfi allshn. nú í sumar hvað varðar stjórnskipunarréttinn. Einnig hljótum við að vænta þess að samstaða náist um að undirbúa lagafrumvarp sem taki á því efni sem var upphaf alls þessa, þ.e. lagaumhverfi fjölmiðla.

Hæstv. forseti. Ég ætla að hlaupa aðeins á útlínum þess máls sem er í rauninni grunnurinn að því að við sitjum á Alþingi í dag. Málið byrjaði á þingi í apríl þegar lagt var fram stjórnarfrumvarp sem byggði á skýrslu nefndar sem fjallaði um það hvort ástæða væri til að setja löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Meginmarkmið frv. var að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamlaði gegn fjölbreytni í fjölmiðlun hér á landi. Ég hlýt að fagna því að hér hafa fallið orð í dag af hálfu stjórnarandstöðunnar þar sem sérstaklega er tekið undir þetta og reiknað með að þetta umfjöllunarefni fari inn í væntanlegt nefndarstarf.

Það er raun farið afar vægt í sakirnar með því að frv. sneri eingöngu að úthlutun á útvarpsleyfum og það er þá eingöngu að gerðar voru tillögur um þann hluta sem ríkið hefur á einhvern hátt með að gera. Jafnframt var það augljóst að huga þyrfti að mun fleiri þáttum fjölmiðlunar og boðið að unnið yrði áfram að fleiri þáttum málsins samkvæmt ábendingum þeim sem komu fram í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar en hún var, eins og fram hefur komið, skipuð af hæstv. menntmrh. í desember á síðasta ári.

Ástæða þess að ákveðið var að bregðast við með þessum hætti var að augljóst er að fyrirtæki þurfa ákveðinn aðlögunartíma þegar viðskiptaumhverfi þeirra er breytt. Skemmst er frá því að segja að umræða vorsins gekk út á málsmeðferð af hálfu stjórnarandstöðunnar en ekki efnisinnihald frv. Hefði þó mátt búast við öðru miðað við fyrri yfirlýsingar stjórnarandstöðunnar um nauðsyn þess að bregðast við samþjöppun á eignarhaldi í fjölmiðlun. Stjórnarandstaðan stóðst einfaldlega ekki mátið að gera atlögu að ríkisstjórninni með ákaflega dyggum stuðningi fjölmiðlasamsteypu Norðurljósa. Það var sem sagt of freistandi fyrir stjórnarandstöðuna að grípa þetta tækifæri til að láta það ógert og efni málsins var látið gjalda þess.

Frumvarpið tók auðvitað breytingum í meðförum allshn. Allar þær breytingar sem gerðar voru voru til þess að nálgast sáttaleið við stjórnarandstöðuna og hagsmunaaðila án þess að markmiði frv. yrði raskað. Málið var klárað með lýðræðislegum hætti hér á Alþingi. Þá tók við þáttur Ólafs Ragnars Grímssonar sem synjaði málinu undirritunar. Í stað þess að skýra frá afstöðu sinni í ríkisráðinu boðaði hann til blaðamannafundar á Bessastöðum til að tilkynna það. Ekki vitum við reyndar enn hvað fékk Ólaf Ragnar til þess, a.m.k. að mínu mati, að bregðast embættisskyldu sinni og synja undirritunar. Það kemur þó vonandi einhvern tíma í ljós.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að fyrir þær umræður sem sköpuðust með ýmsum pöntuðum álitum, m.a. ýmissa virtra lögfræðinga og annarra spámanna á sviði stjórnskipunarréttar, voru tvær meginlínur í túlkun á 26. gr. stjórnarskrárinnar. Það var skoðun Ólafs Jóhannessonar, sem kennd hefur verið í Háskóla Íslands mjög lengi og hefur svo sem verið margtíunduð hér, og hins vegar er túlkun Þórs Vilhjálmssonar um að forseti hafi ekki vald til synjunar undirritunar nema með tilstuðlan ráðherra. Þetta rökstyður hann m.a. með tilvísun í 13. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég vil eingöngu benda á þá grein sem Þór skrifar um þetta efni. Hann færir mjög sterk rök að því í grein sinni um synjunarvald forsetans í afmælisriti Gauks Jörundssonar frá 1994. Fleiri hafa stutt þetta álit hans, m.a. hefur það komið fram hjá Davíð Þór Björgvinssyni prófessor.

Ég vil halda því til haga í umræðunni að sérfræðingar á sviði stjórnskipunar eru alls ekki sammála um það hvort forseti hafi þetta synjunarvald samkvæmt 26. gr. Ríkisstjórnin tók hins vegar þá ákvörðun að þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram, m.a. með rökstuðningi af kenningum Ólafs Jóhannessonar sem svo lengi hafa verið kenndar og þjóðin þekkir mjög vel.

Það var augljóst talið og nánast allir sammála um það að setja þyrfti lög um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og kom þá fljótt í ljós að djúpstæður ágreiningur var meðal fræðimanna um hvert gæti verið innihald slíkra laga. Það sem skipti þó meira máli var að pólitískur ágreiningur var um það efni eins og seinna kom m.a. í ljós með frv. stjórnarandstöðunnar um að engin skilyrði skyldu gilda um kosningaþátttöku eða aukinn meiri hluta. Það verður að teljast nokkuð einkennileg mynd af lýðræðinu ef mikill minni hluti kosningarbærra manna getur ákveðið örlög lagafrumvarpa sem meiri hluti Alþingis hefur samþykkt í ljósi þess að kosningaþátttaka í alþingiskosningum er ávallt mjög mikil á Íslandi. Reyndar hefur kosningaþátttaka í flestum forsetakosningum einnig verið mjög mikil þar til á þessu vori þegar söguleg skil urðu í þátttökunni auk þess sem mjög hátt hlutfall manna skilaði auðu í forsetakosningunum. Við hljótum að draga þær ályktanir að augljóst hljóti að vera að þarna speglist óánægja landsmanna með athafnir Ólafs Ragnars varðandi synjun á lögum frá Alþingi.

Hæstv. forseti. Meginrit í íslenskum stjórnskipunarrétti er Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson og vitnuðu menn óspart í hana í umræðu og rökstuðningi sínum í allshn. Var það þá eins og gengur að menn gripu til þeirra raka og jafnvel einstakra setninga úr bók Ólafs eins og best hentaði málstað þeirra hverju sinni og einstaka gripu jafnvel til eins konar lögskýringa á texta Ólafs í bókinni. Það verður að segjast eins og er að almennt hefur þessi uppákoma, að Ólafur Ragnar skuli hafa gripið til þess ráðs að synja um undirritun laga á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar, haft mjög slæm áhrif og má jafna til stjórnskipunarkreppu, eins og fram kemur í nál. meiri hluta allshn. Það verður að teljast ótrúlega óábyrgt af manni sem hefur verið falinn jafnmikill trúnaður af þjóðinni að leiða hina þjóðfélagslegu umræðu inn

á þær brautir sem við höfum orðið vitni að að undanförnu. Ég get ekki orðað það öðruvísi en svo. Meiri hluti hv. allshn. telur reyndar að með tillögum okkar höfum við leyst úr þeirri kreppu að þessu sinni en guð hjálpi okkur ef þessi háttsemi Ólafs Ragnars endurtekur sig.

Ég vil vitna í Stjórnskipun Íslands til þess að benda á hvaða skoðanir Ólafur Jóhannesson og menn honum samtíma höfðu á umræddri 26. gr. Á bls. 297 í Stjórnskipun Íslands, 2. útgáfu, segir svo, með leyfi forseta:

„Sú skipan, sem ákveðin er með 26. gr. stjórnarskrárinnar er óvenjuleg eða jafnvel einstæð. Eru skoðanir skiptar um það hversu heppileg hún sé. Er óneitanlega einkennilegt að frumvarp skuli þegar fá lagagildi, þrátt fyrir staðfestingarsynjun forseta. Er og á það bent að þjóðaratkvæði sé löggjafaraðili sem ekki eigi að leita til nema mikið liggi við eða um sé að tefla meginatriði í lagasetningu. Eins og 26. gr. stjórnarskrárinnar er úr garði gerð þarf varla að reikna með lagasynjunum, en ef til kæmi yrði sjálfsagt óhjákvæmilegt að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Væri eðlilegt að sett væru almenn lög um það efni."

Um lagasetninguna og skilyrði þátttöku segir Ólafur á bls. 300 í 2. útgáfu um Stjórnskipun Íslands, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar skal fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um lög þau sem forseti synjar staðfestingar. Hér er sá munur á að frumvarpið hefur öðlast lagagildi við staðfestingarsynjun forseta."

Áfram segir, hæstv. forseti, með leyfi:

„Um þessa atkvæðagreiðslu yrði einnig að setja lög. Væri eðlilegast að um það efni væru sett almenn lög. Yrði sennilega talið heimilt að setja í þeim lögum ákveðin skilyrði um þátttöku í atkvæðagreiðslu og jafnvel aukinn meiri hluta."

Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur aldrei farið fram á lýðveldistímanum. Hefur það verið skoðun flestra og ekki síst þingmanna en einnig fræðimanna að sennilega kæmi aldrei til synjunar forseta þannig að til þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi samkvæmt ákvæðum 26. gr. Á það m.a. við um Ólaf Ragnar að hann hefur sett fram þá skoðun sína, sem einu sinni var, (**MÁ:** Ólafur Ragnar Grímsson.) að ákvæðið væri dauður bókstafur. (**Gripið fram í:** Ólafur Ragnar Grímsson.) Ólafur Ragnar Grímsson, forseti nú á Bessastöðum.

Í öllu falli, hæstv. forseti, hefur enginn snúið sér að undirbúningi lagafrumvarps um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu eða haft uppi tillögur um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að lagafrumvarp um það efni yrði samið. Þó hefur það verið almennur skilningur lengi að ef til beitingar ákvæðisins kæmi, ef svo ólíklega vildi til einhvern tíma, þyrftu að vera til staðar lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem fylgdi í kjölfar synjunarinnar.

Vegna þeirrar umræðu sem fyrr hefur spunnist í dag er hér ekki um að ræða neins konar gagnrýni á þá menn sem sömdu stjórnarskrána. Hverju sem menn vilja halda fram um að þetta ákvæði sé kristaltært hefur bara komið í ljós að þegar átti að fara að beita ákvæðinu eru annmarkar þeir sem fram hafa komið svo augljósir að þessu ákvæði verður ekki beitt með neinu móti. Það er algjörlega ljóst af þeim umræðum sem áttu sér stað um 26. gr. í aðdraganda lýðveldisstofnunarinnar að þingmenn höfðu mjög mismunandi skoðanir á inntaki og framtíðargildi hennar. Það sést m.a. á atkvæðaskýringum að menn vildu ekki tefja umræðuna frekar um inntak greinarinnar vegna þess að stjórnarskráin mundi standa í skamman tíma og ráðstafanir hefðu verið gerðar til að endurskoða hana. Ég hef fyrr í dag vitnað í þær atkvæðaskýringar sem gefnar voru á þeim tíma.

Hæstv. forseti. Ég vil ekki lengja þetta meira af tilliti við þingmenn og starfsfólk á þessum bjarta sumardegi. Ég vil þó að endingu segja að þótt það séu mér auðvitað nokkur vonbrigði að ekki skuli hafa náðst það markmið að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum að þessu sinni er það auðvitað einlæg von mín að sátt takist við stjórnarandstöðuna um að hún vinni af heilindum að löggjöf á þessu sviði umgjarðar um fjölmiðla á Íslandi eins og aðra þætti sem að þeim snúa. Ég tel það reyndar hafa komið fram hér í umræðum í dag að þeir sem hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar hafa sagt það beint eða óbeint.

Ég tel það vera skyldu okkar að ná sátt um umhverfi fjölmiðla. Vald þeirra er mikið og því skiptir það miklu að um þá sé skapaður rammi sem undirstriki skyldu þeirra í lýðræðislegu þjóðfélagi. Málstaðurinn er góður og gott mál má aldrei gjalda flytjandans, merk skilaboð mega ekki gjalda boðberans. Okkur ber að líta á það sem skyldu okkar að vernda og treysta lýðræðið í landinu, það er frumskylda okkar hér á Alþingi.

Þrátt fyrir að stjórnarandstaðan telji að það þjóni stundarhagsmunum sínum að efast um valdheimildir Alþingis trúi ég því að þegar af hv. þingmönnum bráir eftir þessa orrahríð sem við eigum nú í komist menn að því í sameiningu að framtíðarhagsmunum þjóðarinnar og þess lýðræðisþjóðfélags sem við öll viljum viðhalda og treysta í landinu sé best borgið með að treysta þingræðið enn betur í sessi. Það er aftur á móti í engri mótsögn við það þó að við viljum með einhverjum hætti opna fyrir þann möguleika að um einstök málefni geti farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla, annaðhvort með ákvörðun Alþingis eða að ósk tiltekins fjölda kosningarbærra manna. Þetta rekst engan veginn á.

Það hefur verið sagt að þjóðin sé fegin að ljúka málinu. Ég held að nokkuð sé til í því. Aldrei fyrr held ég að við höfum orðið vitni að eins miklum darraðardansi í fjölmiðlum og í þessu máli án þess þó kannski að meginefni málsins hafi verið rætt til hlítar. Ég held að í rauninni sé sama til hvaða stórmáls við lítum sem hefur verið til umfjöllunar á undanförnum árum, ekkert þeirra hefur sætt annarri eins atlögu og þetta mál.

Hæstv. forseti. Í ljósi þess geta menn svo velt fyrir sér frekari rökstuðningi fyrir setningu laga um eignarhald á fjölmiðlum.

[17:42]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill taka fram að hann telur rétt að ávarpa forseta Íslands með fullu nafni og embættisheiti, eða embættisheiti eingöngu. (**ArnbS:** Tekið til greina.)

[17:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ágætri ræðu sinni varð hv. þingmanni tíðrætt um það sem hún kallaði þau slæmu áhrif og þá stjórnarskrárkreppu sem sú merka ákvörðun forseta Íslands þann 2. júní sl., að skjóta fjölmiðlamálinu svokallaða til þjóðarinnar til milliliðalausrar atkvæðagreiðslu, hafði í för með sér, þvert gegn því sem mætti ætla þar sem lýðræðislegasti hlutur og eðlilegasti í heimi væri sá að þjóðin úrskurðaði beint og milliliðalaust um hin stærri mál.

Því vil ég spyrja hv. þingmanninn beint að því hvort hún telji að í þeirri endurskoðun á stjórnarskránni sem boðuð er í nál. hv. allshn. og víðar eigi að breyta 26. gr. stjórnar-

skrárinnar í þá veru að málskotsréttur forseta Íslands verði afnuminn. Vill hún fortakslaust, skýrt og ákveðið aftengja málskotsrétt forseta Íslands?

[17:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mín persónulega skoðun er sú að það eigi að afnema þennan rétt. (**MÁ:** Er einhver önnur skoðun til en persónuleg?) Ég reikna hins vegar með því að eiga eftir að fara í umræður um það og hugsanlega má skoða einhver einstök skilyrði fyrir því að forseti geti beitt þessu valdi. Ég reikna með því að menn nálgist málið á þeim grunni.

Það hefur verið kallað eftir því hér í dag að menn færu með opnum huga inn í þær umræður að endurskoða stjórnarskrána og það mun ég gera eins og væntanlega allir hv. þm. sem eiga sæti á Alþingi. Ég ætla ekki að gefa mér fyrir fram niðurstöðu úr þeirri skoðun. Það hlýtur að vera réttur okkar að taka þátt í þeirri umræðu og ná niðurstöðu eftir það.

[17:45]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér þakkarvert að hv. þingmaður skuli svara því með svo skýrum og afdráttarlausum hætti að hún telji að það eigi að afnema málskotsrétt forseta Íslands. Þá liggur hennar pólitíska skoðun á því máli uppi á borði núna þegar sú vinna er að hefjast.

Þá langar mig til að spyrja þingmanninn annars. Í nál. segir að með hliðsjón af „stjórnskipulegum vafa" sem fram hefur komið að átti að vera „ágreiningur" — en á því er kannski bitamunur en ekki fjár — sé lagt til að lögin verði felld brott og því spyr ég: Er þingmaðurinn fullviss um að það að afnema fjölmiðlalögin svokölluðu, meina þjóðinni þannig að koma að málinu og að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram, brjóti í engu stjórnarskrá lýðveldisins? Efast hún ekki um að kippa því ferli úr sambandi sem forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, setti af stað þann 2. júní sl. með málskoti sínu á fjölmiðlalögunum til íslensku þjóðarinnar og til beinnar og milliliðalausrar afgreiðslu hennar á málinu?

[17:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég kom að í ræðu minni var það algjörlega ljóst af umfjöllun allshn. um málið að 26. gr. er mjög ófullkomin, ófullburða og um hana þarf að fjalla og setja reglur um hvernig henni skuli beitt.

Ég er ekki sammála því að einhver réttur til þjóðaratkvæðagreiðslu hafi verið hafður af þjóðinni. Ég vísa m.a. í orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz, ég held að hún hafi skýrt það mjög vel hér áðan. Þarna er um borgaralegan rétt að ræða sem menn voru almennt sammála um sem komu á fund allshn., lögspekingar, (Gripið fram í.) með örfáum undantekningum, (Gripið fram í.) að þarna væri ekki um neitt brot á mannréttindum að ræða, þessi réttur væri ekki til staðar.

[17:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að flestir þingmenn á hinu háa Alþingi bíði eftir því að heyra rökstuðninginn fyrir því að sú leið er valin sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara.

Mér fannst reyndar ræða hv. þingmanns mestanpart vera endursögn af leiðara Morgunblaðsins í dag og kannski m.a. af þeim sökum fyndist mér mikilvægt að hv. þingmaður útskýrði fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi — það hefur jú reynst erfitt að skilja — hvað menn eiga við með stjórnskipunarkreppu þó að mál sé fært til þjóðarinnar til að greiða um það atkvæði. Felur það í sér sérstaka stjórnskipunarkreppu að þjóðin sé spurð um eitthvert tiltekið mál? Ég held að það sé mikilvægt að við fáum að vita, það verði upplýst og rökstutt hvað felist í orðinu stjórnskipunarkreppa sem ýmsum sjálfstæðismönnum hefur verið tamt að nota nú um stundir.

[17:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður gafst mér ekki tími til að lesa leiðara Moggans og er nú bara ánægð með það ef Mogginn er sammála mér um hvernig þetta mál hefur þróast.

Þingmaðurinn spyr hvernig þessi stjórnskipunarkreppa hafi orðið til. Hún varð til þegar forseti Íslands synjaði því að undirrita lög sem samþykkt höfðu verið hér með lýðræðislegum rétti allra alþingismanna til þess að taka afstöðu til málsins. Þegar menn fóru að skoða hvernig ætti að skilja þessa afstöðu forsetans og hvernig ætti að framkvæma hugsanlega atkvæðagreiðslu kom í ljós að það er engin leiðbeining í stjórnarskránni um það hvernig þessu skuli beitt, enda hefur það verið samdóma álit manna, eins og hér hefur verið rakið, þeirra forseta sem setið hafa, að þessu ákvæði skuli ekki beitt. Fyrir því eru ástæður.

[17:50]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er komin ný skilgreining á orðinu stjórnskipunarkreppa. Væntanlega yrði hún skýrð þannig að valdhafar ríkisvaldsins rækjust á en ekki það að forseti neitaði að undirrita.

Það sem vantar í þessa greiningu er hvað felst í orðinu stjórnskipunarkreppa. Hvert er vandamálið? Allt og sumt sem spurt hefur verið um og allt og sumt sem þetta mál hefur snúist um er það hvort þjóðin fái að greiða um það atkvæði. Það er kjarni þessa máls.

Steingrímur J. Sigfússon fór mjög vandlega yfir það í ræðu sinni hér hvað í þessu ákvæði felst og hvað menn töldu að í því fælist þegar það var sett á sínum tíma. Hér er sífellt talað um stjórnskipunarkreppu en enginn getur sagt okkur í hverju þessi kreppa felist. Í hverju felst hún? Hvert er vandamálið? Hvert er vandamálið við það að vísa máli til þjóðarinnar? (**HBl:** Það er nú erfitt ...)

Þessu verða menn að svara, hv. þm. Halldór Blöndal, og ég er viss um að þú færð tækifæri til þess að tala síðar í þessu máli. Þetta verða menn að skýra. Menn geta ekki komið hér upp með dylgjur um einhverja slíka hluti án þess að færa nokkur rök að máli sínu.

[17:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að hv. þingmaður hlýddi ekki betur á ræðu mína en svo. Hann gat hlustað á þær útskýringar sem þar voru og hafa reyndar komið fram mjög víða. Í stuttu andsvari endurtekur maður það ekki allt saman. Það er einfaldlega þannig að það var ekki hægt að framkvæma það sem stendur í stjórnarskránni um synjunarvald forseta og menn ekki sammála um hvað í því fælist. Menn hafa ekki einu sinni orðið sammála um það hvort þetta muni heita synjunarvald eða málskotsréttur, svo að dæmi sé tekið. Um þetta atriði hafa staðið miklar deilur í þjóðfélaginu, miklar deilur á milli lögspekinga, innan stéttar hv. þingmanns, þannig að ég held að það sé algjörlega ljóst að hér hefur

verið uppi það sem höfum sagt að væri hægt að jafna til stjórnskipunarkreppu.

[17:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur á því að þessi stjórnskipunarkreppa sem núna er verið að tala um var þó ekki stærri en svo að þegar gefið var út forsetabréf um að Alþingi skyldi koma saman til framhaldsfunda, undirritað af bæði forsetanum, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, og hæstv. forsrh., Davíð Oddssyni, var kreppan ekki stærri en svo að þeir undirrituðu það bréf.

Í því bréfi stendur, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar sem ákveðið hefur verið að fram skuli fara, um frambúðargildi laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem samþykkt voru á stjórnskipulegan hátt frá Alþingi hinn 24. maí sl.

Fyrir því hefi ég ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 5. júlí 2004 kl. 15.00."

Þarna var verið að kalla þingið saman til að ákveða tilhögun þeirrar atkvæðagreiðslu sem var um að ræða. Undir þetta rituðu báðir þessir háttvirtu menn.

[17:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu minni var það ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja til þessa leið þó að ég hafi ekki endilega verið sammála því að þá leið ætti að fara. Þessi varð niðurstaðan.

Hvað gerðist svo? Menn reyndu að finna með bestu lögspekingum þjóðarinnar leiðir til að framkvæma þessa atkvæðagreiðslu og hvernig þetta ákvæði virkaði í raun. Menn komust að því að þetta væri gjörsamlega óleysanlegt mál. Því erum við í þeirri stöðu sem við erum í nú að ekki gat farið fram atkvæðagreiðsla um málið þannig að nokkur sátt væri um það í þjóðfélaginu.

[17:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir fer mjög frjálslega og reyndar ekki rétt með það sem hefur komið fram. Miðað við það sem ég hef séð af umsögnum þeirra sem hafa komið fyrir nefndina eru allir sammála um að þjóðaratkvæðagreiðslan sé hafin yfir allan vafa, hún sé lýðræðislegasta aðferðin til þess að skera hér úr um.

Hvað finnst hv. þingmanni um það ef svo fer fram sem horfir að þingið muni ekki afgreiða frá sér reglur um framkvæmd þessarar atkvæðagreiðslu, sem það er þó kallað saman til að gera, ef þessu þingi verður slitið án þess að inna af hendi þann gjörning sem það var boðað til að gera? Mér finnast þetta vera svik við þingið.

[17:56]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef tekið eftir því að mjög vel er þetta lesið plagg sem hv. þm. Jón Bjarnason (Gripið fram í.) komst nú yfir með einhverjum hætti. Hann vitnar mjög gjarnan í það. Ég held að það hafi bara nákvæmlega enga þýðingu á hvaða forsendum þingið var kallað saman. Þingið er komið hér saman til starfa og það ræður sjálft um hvað það fjallar og hvaða lög það ákveður að setja. Það að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu þegar engin þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram fellur náttúrlega um sjálft sig eðli máls samkvæmt.

[17:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega ræðu þar sem hún fór yfir sögu máls, að vísu með eilítið hlutdrægum hætti en látum það liggja á milli hluta. Það fór hins vegar ekki á milli mála að tóntegundin í orðum hv. þingmanns bar þess vott að iðrun og auðmýkt var með í för. Þetta var auðvitað varnarræða, ekki segi ég nú Sókratesar, en hv. þingmanns.

Ég vil spyrja hana þessarar samviskuspurningar: Ef hún ætti þess kost að endurlifa þessa hundrað daga hefði hún lagt til eða samþykkt fyrir hundrað dögum að leggja í þessa vegferð? Ef hún lítur nú aðeins yfir sviðið og skoðar hinn pólitíska lærdóm af þessu öllu saman, telur hún að ríkisstjórnin hefði átt að fara af stað með þeim hætti sem hún gerði? Aukinheldur kvað líka nýtt við í auðmýktinni og afsökunartóninum og mátti heyra alveg nýtt orð úr hennar munni, og raunar annarra stjórnaliða, orðið sátt. Ber þá að líta þannig á að ríkisstjórnin vilji taka upp sáttargjörð við stjórnarandstöðuna á fleiri sviðum?

[17:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er tilgangur okkar í stjórnmálum að leita sátta í þjóðfélaginu, jafnvel við stjórnarandstöðuna, og þykir okkur það heldur betra, sem oft gerist hér á þingi, að menn ná góðri sátt um góð þingmál. Satt að segja gátum við ekki búist við öðru þegar við lögðum upp í þessa vegferð en að stjórnarandstaðan tæki vel undir þetta mál. Það mátti ráða af því að allir stjórnmálaflokkar sem nú sitja á þingi höfðu gefið yfirlýsingar um að setja þyrfti lög um eignarhald á fjölmiðlum.

Því skyldum við ekki hafa gefið okkur það að stjórnarandstaðan tæki því vel þegar við lögðum upp í þessa vegferð? Því svara ég til að auðvitað reiknuðum við með því þegar við lögðum upp í vegferðina að stjórnarandstaðan tæki þessu vel. Okkur gat ekki órað fyrir því, það var ekki hægt að láta sig dreyma um að forsetinn, Ólafur Ragnar Grímsson, tæki þá ákvörðun að synja lögum staðfestingar sem hafa verið sett á Alþingi og hefur aldrei verið gert frá því að lýðveldið var stofnað. Því hefðum við átt að gefa okkur það fyrir fram að forsetinn tæki þessa ákvörðun? Það var ekki hægt að ímynda sér, hv. þingmaður.

[18:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki hreinskilið svar við spurningu minni, sem var afskaplega einföld. Sér hv. þm. eftir öllu saman? Svar hennar var einhvern veginn þannig að stjórnarandstaðan hefði verið svo hörð á móti málinu að það hefði sett það í uppnám. Ber þá að draga þann lærdóm af þessu máli að ríkisstjórnin komi til með að spyrja stjórnarandstöðuna leyfis áður en hún fer fram með umdeild mál? Er það hluti af þeirri sáttargerð sem bjóða skal upp á? Ég fagna því eindregið ef svo er komið enda veit ég það og skynja að stjórnin er ekki í stakk búin til að standa ein að stórum og veigamiklum málum án atbeina stjórnarandstöðu. Betur væri að þessi ríkisstjórn hefði áttað sig á því fyrr. Seint koma sumir en koma þó og komi þeir fagnandi þrátt fyrir allt.

[18:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eigum við ekki að halda því til haga að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi klaraði þetta mál á Alþingi. (Gripið fram í.) Það var ekki nokkur ástæða til, frekar en varðandi önnur mál sem menn takast á um og taka afstöðu til, að ætla annað en að þar með væri það ferli búið. Ég get ekki sagt að ég sjái eftir því að hafa lagt í þá vegferð.

Ég held að þrátt fyrir allt hafi ýmislegt komið á daginn. Það er þó búið að hafa það út úr stjórnarandstöðunni á endanum að hún er tilbúin að koma til samstarfs um reglur sem væntanlega yrði meiri sátt um í þjóðfélaginu þegar á það reynir. Augljóst er að nú verður að fara í að endurskoða stjórnarskrána.

[18:03]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Mér finnst óhjákvæmilegt að kveðja mér hljóðs til að segja nokkur orð, sérstaklega í ljósi þess hvernig vikið hefur verið að Alþingi sem stofnun og hlutverki þess í ræðum margra þingmanna sem hér hafa talað. Er engu líkara en þeir líti á Alþingi sem víkjandi hlut í stjórnarskránni og leggja sig mjög fram um það, ýmsir hv. þingmenn og lögfræðingar, að reyna að túlka og skýra einstök ákvæði stjórnarskrárinnar með þeim hætti að ævinlega halli á Alþingi. Þetta er mjög merkilegt í ljósi þess að við Íslendingar erum e.t.v. sú þjóð í veröldinni þar sem sterkust og ríkust þinghefð gildir. Við skulum líka minnast þess að 1. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“ — Það er kjarni stjórnarskrár okkar.

Á þessu ári héldum við upp á það er við fengum heimastjórn. Þá minntumst við þess einnig að 100 ár voru liðin síðan þingræði var lögfest hér á landi. Þessa skulum við minnast. Við skulum bera virðingu fyrir þeim störfum sem við vinnum í þessu húsi og leggja okkur fram um að reyna að túlka hefðir, venjur og stjórnarskrá með þeim hætti að það lítilsvirði ekki það mikla framlag sem forverar okkar á Alþingi lögðu fram til þess að Íslendingar gætu orðið frjáls og framsækin þjóð. Þetta er í raun kjarninn í þessu máli.

Það hefur hryggt mig mjög mikið að þegar við erum að tala um grundvallaratriði, samstarf Alþingis annars vegar við ríkisstjórn og hins vegar við forseta, skuli menn á marga lund nálgast það efni með villandi málflutningi og án þess að taka inn í dæmið þann mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir. Í síðustu orðaskiptum þingmanna sem hér urðu fór hv. 4. þm. Suðurk. að tala um stjórnskipunarkreppu sem hlægilegan hlut, sem væri hægt að spauga með og gera lítið úr á þessum stað. En við skulum þá um leið minnast þess hvaða maður talaði með hvað áhrifamestum hætti um stjórnskipunarkreppu ef það ástand kæmi upp að forseti lýðveldisins neitaði að staðfesta lög frá Alþingi. Það var formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvin Hannibalsson, á þeim tíma sem við vorum saman í ríkisstjórn undir forsæti Davíðs Oddssonar ásamt hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhönnu Sigurðardóttur. Þáverandi alþýðuflokksmenn sem enn eru á þingi og síðar komu inn í þessa ríkisstjórn voru hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, hv. 4. þm. Suðvest., Rannveig Guðmundsdóttir og hv. 2. þm. Suðvest., Guðmundur Árni Stefánsson — en hann var að vísu ekki á þingi þegar þessir atburðir gerðust.

Þá var aðdragandinn sá að fyrir Alþingi lágu skýrslur frá ótal aðilum, lögfræðiálit á víxl þar sem sumir töldu að aðild okkar að hinu evrópska efnahagssvæði væri stjórnarskrárbrot en aðrir töldu að svo væri ekki. Um þetta fengum við lærðar skýrslur. Ég hef tekið eftir því að ýmsir þingmenn, sem þá treystu þeim fræðimönnum sem töldu að ekki væri um stjórnarskrárbrot að ræða, hunsa nú álit þeirra en taka aftur upp álit hinna sem töldu að um stjórnarskrárbrot væri að ræða. Það sýnir okkur að það er ekki traustið á fræðimanninum sem ræður því hvort þingmaðurinn leggur upp úr orðum hans heldur sú niðurstaða sem fræðimaðurinn kemst að og hvort viðkomandi þingmaður getur notað niðurstöðuna sér í hag í þeim málflutningi sem hann hverju sinni kýs að halda uppi.

Ég vil líka segja að á þessum tíma lá það fyrir að forseti lýðveldisins hafði efasemdir um hvort rétt væri að staðfesta samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Hún kallaði til sín helstu stjórnmálaleiðtoga landsins og ráðfærði sig við ýmsa aðra áður en forsetinn komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að staðfesta lögin. Hún vann með öðrum orðum mjög vandvirknislega að undirbúningi ákvörðunar sinnar, fór ekki dult með hvað henni bjó í hug og með þeim hætti efndi hún til þess að góð samvinna og traust ríkti á milli Alþingis og forseta lýðveldisins. Í þessum sal eru þingmenn sem voru ráðherrar ásamt mér í ríkisstjórn á þeim tíma. Ég varð aldrei var við að þeir væru andvígir og andsnúnir þeirri skoðun Jóns Baldvins Hannibalssonar að forsetinn hefði ekki heimild til að synja um staðfestingu á þeim lögum. Það var ný opinberun að þeir skyldu breyta um skoðun, sömuleiðis ný opinberun fyrir mig af því að ég þekkti fyrri skoðanir þeirra þegar ég áttaði mig á því að þeir létu virðingu sína fyrir Alþingi og þeim málflutningi sem hér hefur verið haldið uppi þoka fyrir stundarhagsmunum, stundaruppslætti ef svo mætti að orði kveða.

Við getum velt því fyrir okkur, þegar Alþingi er búið að vinna dag og nótt í fimm vikur í umdeildu frv.: Er þá ekki eðlilegt, miðað við það sem fyrir liggur, að herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, hefði a.m.k. einni eða tveimur vikum áður en þeim umræðum lauk látið uppi efasemdir um hvort hann mundi skrifa undir? Enginn í þessum þingsal hefur velt upp þeirri spurningu hvort rétt hefði verið að forseti lýðveldisins lýsti áhyggjum sínum við ríkisstjórn eða forseta Alþingis yfir þessum málum. Það hefur enginn talað um það. Á hinn bóginn hefur verið vitnað til orða fyrri tíðar stjórnmálamanna um hversu mikils virði það væri að menn sem gegndu æðstu stöðum þjóðarinnar geti treyst hver öðrum og trúað því sem þeir segja.

Nú skulum við líta á þetta mál með öðrum hætti. Eftir að synjun forsetans á undirskrift lá fyrir var flutt annað stjfrv. Ég var beðinn um að ganga sérstaklega úr skugga um hvort það væri rétt borið fram. Í ljós kom, eins og pappírar sýndu, að það frv. var borið fram í nafni forseta Íslands með hans undirskrift samkvæmt stjórnarskrá. Síðan eru menn að gera því skóna að forsetinn muni synja að staðfesta lög sem hann að formi til flytur sjálfur á Alþingi, án þess að hafa uppi neinar athugasemdir um að svo kunni að fara. Þá spyr ég: Getur Alþingi tekið það gilt að forseti Íslands skrifi upp á frv. sem hann er staðráðinn í fyrir fram að synja að staðfesta ef samþykkt verður óbreytt? Getum við þolað slík vinnubrögð í þessum sölum? Eða skiptir engu máli hvaða pappírar eru sendir inn á Alþingi? Skiptir engu máli hvaða undirskriftir eru sendar inn á Alþingi? Eigum við að láta eins og það geri ekkert til þótt við séum hafðir að fíflum? Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að una því til lengdar að menn

umgangist okkur með þeim hætti að við getum ekki treyst því sem við okkur er sagt. (**MÁ:** Hvað með forsetabréfið?)

Nú hefur því verið haldið fram af ýmsum að Alþingi megi ekki fella úr gildi lög sem sett eru á Alþingi. Hvar stendur það í stjórnarskránni að þingmenn megi ekki flytja frumvörp um brottfall laga sem eru í gildi í landinu? Hvar stendur það? Ber að túlka ummæli ýmissa þingmanna svo að þeir telji einhverjar hömlur settar á frelsi þeirra til þess að flytja lagafrv.? Sá sem greip fram í fyrir mér áðan, hv. 7. þm. Reykv. s., Mörður Árnason, ætli hann telji að það standi einhvers staðar á milli línanna í stjórnarskránni að þingmenn megi ekki flytja lagafrumvörp um ákveðin lög? Ég skora á stjórnarandstöðuna að benda mér á hvar það stendur milli lína. Ef frv. hefur verið lagt fram á Alþingi, ætlar þá einhver hér inni að halda því fram að Alþingi megi ekki samþykkja það frv.?

Til hvers var barátta okkar á sínum tíma fyrir lýðræði og þingræði frjálsrar þjóðar ef við leikum okkur að því fjöreggi með kæruleysi? Ég sé að hv. þm. Samf. í horninu hlær að því þegar ég spyr hvort menn eigi að leika sér af kæruleysi með fjöreggið. Ég hef stundum heyrt málflutning hans og skil að hann skuli hlæja. (Gripið fram í.) Nei, það var ekki varaforseti þingsins.

Staðreyndin er auðvitað sú að Alþingi er friðheilagt, enginn má raska friði þess né frelsi. Við berum ábyrgð gagnvart samvisku okkar og okkur er heimilt hvenær sem er að leggja fram lagafrumvörp um brottfall eða breytingu á öllum þeim lögum sem í gildi eru og Alþingi er heimilt að samþykkja þau frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi og þarf ekki að spyrja lögfræðinga úti í bæ að því og allra síst lögfræðing sem hefur sagt að það sé „andhælislegt" að forseti Alþingis gegni skyldum sínum sem handhafi forsetavalds. (Gripið fram í.)

Við skulum líka líta á það, vegna þess að aðallögspekingur Samf. á Alþingi sem tekur venjulega til máls þegar mikið liggur við, hv. 4. þm. Suðurk., Lúðvík Bergvinsson, var að spyrja að því hvað væri stjórnskipunarkreppa og gleymdi að lesa Jón Baldvin Hannibalsson. Nú situr hér inni núverandi formaður Alþýðuflokksins og hann á kannski greinar fyrrverandi formanna einhvers staðar í fórum sínum. Ég vil biðja hann að færa hv. þm. þau skjöl, en ég á ekki „samlede værker" formanna Alþýðuflokksins.

Nú segir Ólafur Jóhannesson, það er alltaf verið að vitna í Ólaf Jóhannesson, með leyfi forseta:

„Eins og 26. stjórnarskrárinnar er úr garði gerð þarf varla að reikna með lagasynjunum en ef til kæmi yrði sjálfsagt óhjákvæmilegt að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Væri eðlilegt að sett væru almenn lög um það efni." — Ég endurtek, frú forseti: „Væri eðlilegt að sett væru almenn lög um það efni."

Stjórnarandstaðan hefur lagt fram frv. um þjóðaratkvæðagreiðslu en treystir sér ekki til þess að hafa þau lög almenn heldur heitir frv., með leyfi forseta, Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum. Þarna kemur skýrt fram að stjórnarandstaðan vill ekki með því frv. sem hér er lagt fram slá því föstu að þessi lög skuli gilda til frambúðar heldur ætlast til að þau falli úr gildi og verði ónýt um leið og þessi eina þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram, sem auðvitað sýnir að þeir eru ekki sjálfir öruggari með sig en svo að þeir treysta sér ekki eða geta ekki komið sér saman um reglu til frambúðar. Það eitt út af fyrir sig sýnir ljóslega í hvaða sporum við erum þegar við erum að tala um þessi mál nú.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar eru að reyna að gera tortryggilegt að við sjálfstæðismenn og framsóknarmenn viljum endurskoða ákveðin atriði stjórnarskrárinnar og það er verið að reyna að láta líta svo út að það sé einhver ný hugmynd sem hafi fæðst, sennilega í júnímánuði eða júlímánuði, eða guð veit hvað. Þó liggur það fyrir að hæstv. forsrh. svaraði fyrirspurn um þetta efni fyrr á þessu þingi og hef ég því miður ekki þær umræður við höndina en á hinn bóginn er ég með fyrir framan mig ræðu sem hæstv. forsrh. flutti þegar 100 ára afmælis þingræðis var minnst í háskólanum hinn 6. febrúar sl. Þar segir hæstv. forsrh., með leyfi frú forseta:

„Á Alþingi var nýlega beint til mín fyrirspurn um, hvort ég teldi ástæðu til að endurskoða stjórnarskrána og ef svo, hvaða tilefni væru að mínu mati brýnast að slík endurskoðun tæki til. Með ákveðnum fyrirvörum um þann lærdóm sem við gætum dregið af fyrri tilraunum til að endurskoða stjórnarskrána lýsti ég mig reiðubúinn til samtarfs við formenn annarra stjórnmálaflokka um endurskoðun afmarkaðra þátta í stjórnarskránni og taldi þá næst liggja fyrir að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið um miðja síðustu öld. Þannig virðist að ósekju mega færa ýmis atriði í I. og II. kafla hennar til nútímalegra horfs. Þar er fjallað um stjórnarformið og grundvallarreglur stjórnskipunarinnar, um forsetakjör, lögkjör forseta og störf hans og ráðherra. Almennt mætti í þessum köflum draga upp skýrari mynd af ríkjandi stjórnarfari og færa ákvæði um það nær því sem það er í raun. Eins og menn þekkja eru mörg þessara ákvæða orðuð þannig að þau draga ekki upp rétta mynd af raunveruleikanum, nema þau séu lesin í samhengi hvert við annað og skýrð í ljósi ýmissa venjuhelgaðra reglna, sem í raun hafa öðlast stjórnarskrárvarða stöðu, eins og þingræðisreglan."

Ekki er beinlínis kveðið á um þingræðisregluna í stjórnarskránni. Það var nú á sínum tíma, fyrir hálfri öld, talið Bretum mest til gildis að þar skyldi engin stjórnarskrá vera en venjuhelgaður réttur mótaði störfin og þar væri lýðræðið mest. En fullkomnasta stjórnarskráin af öllum var í Moskvu. Hv. 1. þm. Reykv. n. talaði um að Napóleon hefði flúið frá Moskvu. Það má vera að ýmsir fyrrverandi ritstjórar Þjóðviljans hafi verið á þessum sama flótta. (**Gripið fram í:** Gott innlegg.)

Það sem við skulum horfa á í þessu sambandi er t.d. það atriði sem margir hafa spurt mig um og ugglaust alla þingmenn, fólk hvarvetna á landinu í öllum stéttum og öllum stöðum spyr: Hvernig stendur á því að ekki skuli kosið tvisvar ef forseti í forsetakjöri fær ekki meiri hluta atkvæða eða meiri hluti þjóðarinnar stendur ekki á bak við hann, eins og sumir segja? Ef við t.d. hugsum okkur að það eigi að verða viðtekin regla að forseti Íslands geti, án þess að gera viðvart, án þess að ræða það við Alþingi eða ríkisstjórn, synjað um lög eftir á, um staðfestingu, þannig að þjóðaratkvæði verði, kemur þá ekki til álita að herða reglurnar um hvað skuli standa á bak við forsetann hjá þjóðinni? Gæti þá ekki vaknað sú spurning að það yrði að kjósa tvisvar? Og mundum við þá ekki standa frammi fyrir því að forsetakjör væri pólitískt kjör, ekki aðeins persónulegt heldur pólitískt, af því að þá erum við um leið búin að taka ákvörðun um að forseti Íslands hætti að vera sameiningartákn þjóðarinnar heldur lítum við á hann á hverjum tíma sem pólitíska fígúru? Þetta er sú spurning sem við stöndum frammi fyrir og þetta verðum við að ræða í fullri hreinskilni.

Þegar svo stjórnarandstaðan leyfir sér að segja að ríkisstjórnin vilji ekki vinna að þessum málum í sátt — „réttir ekki fram sína sáttarhönd", sagði formaður Samf. og rétti fram báðar hendur sínar hér í ræðustólnum — þegar fyrir liggur skriflega bæði í þingræðu og í hátíðarræðu hæstv. forsrh. í háskólanum að hann er reiðubúinn til þess að taka þessi mál upp við formenn allra stjórnmálaflokkanna. Hvað er þetta annað en boð um samvinnu, hvað er þetta annað en boð um sátt og hvað er þetta annað en réttsýni í störfum stjórnmálamanna þegar mikið liggur við að sem víðust samstaða náist um það hvernig skipað skuli störfum og kjörum þeirra manna sem skipa æðstu embætti landsins? Það á ekki að tala um þetta í hálfkæringi.

Við getum líka velt öðru fyrir okkur. Auðvitað var afstaða stjórnarandstöðunnar til að greiða fyrir þingstörfum, þegar við hittumst á sumarþinginu athyglisverð. Veitt voru afbrigði fyrir því að bæði frumvörpin mættu koma til umræðu, frv. ríkisstjórnarinnar og frv. stjórnarandstöðunnar. Það stendur í 36. gr. þingskapalaga, með leyfi frú forseta:

„Lagafrumvörp, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það."

Nú samþykkti stjórnarandstaðan að þessi mál kæmu á dagskrá. Hvernig eigum við að horfa á þá atkvæðagreiðslu í ljósi margra þeirra ummæla og orða sem hér hafa fallið í umræðunum? Hvaða virðing er það fyrir sínu eigin atkvæði ef menn geta gert slíkt og telja að frv. standist ekki stjórnarskrá, sé brot á þingræði og ég veit ekki hvað og hvað, þó að það sé uppáskrifað af forseta lýðveldisins? Af hverju gátu þeir þá ekki beðið og látið meiri hlutann einan um það, spyr ég?

Annars er þessi grein svolítið merkileg, frú forseti, vegna þess að hér stendur á öðrum stað: „Eigi má, nema með samþykki þingsins, taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt." Einn af helstu sérfræðingum stjórnarandstöðunnar í stjórnarskrármálinu hefur komist að þeirri niðurstöðu með vísan til 90. gr. þingskapa að meiri hluti þings, „eigi má, nema með samþykki þingsins," þýði $^2/_3$ atkvæða. Það er flókin lögskýring og erfitt ef maður er að fletta upp þingsköpunum að þurfa að lesa 10 síður eftir þann orðmarga lögfræðing til þess að átta sig á hvað þetta þýðir.

En það má auðvitað útskýra hluti með margvíslegum hætti og það má auðvitað teygja og toga orð ef menn eru þannig gerðir.

Þá er spurningin sem ég að lokum, frú forseti, vil gera að umræðuefni. Það er efnislega það frv. sem hér liggur fyrir og vil ég segja það fyrst og svara um leið hv. 2. þm. Suðvest., Guðmundi Árna Stefánssyni, þegar hann spurði hv. 6. þm. Norðaust., Arnbjörgu Sveindóttur: „Sér hv. þm. eftir þessu öllu saman?" Ef ég má svara sömu spurningu tel ég að allar þessar umræður hafi orðið mjög gagnlegar vegna þess að við verðum að reyna að átta okkur á því hver staða okkar er hver til annars, hvaða skoðanir einstaka þingmenn og einstakir stjórnmálaflokkar hafa á því hvernig við getum staðið gegn því að markaðsráðandi fyrirtæki nái of sterkum tökum á fjölmiðlum.

Eitt af því sem er gagnlegt og hefur komið upp úr þeim umræðum er að svo virðist sem stjórnarflokkarnir eigi að geta náð samkomulagi við Vinstri græna og Frjálsl. þar sem allir þessir fjórir flokkar telja að takmörkun á eignarrétti geti komið til, en Samf. er hins vegar á öðru máli. Og þá þýðir lítið fyrir hv. 5. þm. Norðvest., Guðjón A. Kristjánsson, að tala um sátt í málinu ef skoðanir eru öndverðar. En ég hef tekið eftir því að þingmaðurinn vill fá sátt í öllum málum hvort sem skoðanir manna stangast algjörlega á eða eru kannski ekki svo fjarri hver annarri. En auðvitað er það svo í þjóðþingum að stjórn og stjórnarandstaða vegast á og auðvitað er það hálfbroslegt þegar maður heyrir nánast í hverju einasta máli sem upp kemur að því fundið að ríkisstjórnin skuli ekki draga stjórnarandstöðuna inn í undirbúning málsins. Það er í engu þjóðþingi. (Gripið fram í.) Eða þegar menn halda því fram að ríkisstjórn megi ekki hafa áhrif á það hvernig unnið er í nefndum að stjórnarfrumvörpum vegna þess að við erum með sterkt þingræði á Íslandi og a.m.k. í hinum þroskuðu lýðræðisflokkum er venjan sú ef um meiri háttar breytingar er að ræða að þá eru þær bornar undir þingflokka. Og eins og við vitum er meiri hluti Alþingis á bak við þá ríkisstjórn sem nú situr, sem auðvitað sýnir styrkleika þingsins og er í samræmi við 1. gr. stjórnarskrárinnar: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn."

Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson, flutti sína gömlu þulu um að Sjálfstfl. beitti fréttamenn Ríkisútvarpsins skoðanakúgun. Kalla það pólitískt ok, sagði hv. þm. orðrétt. Ég á erfitt með að skilja þennan hv. þm., gamlan blaðamann, sem hefur sem slíkur, blaðamaður, átt mikil samskipti við marga af fréttamönnum Ríkisútvarpsins og veit það jafn vel og ég að þeir hafa í grundvallaratriðum metið fréttir með sínum hætti án tillits til þess hvaða ríkisstjórn hefur verið í landinu. Ég álít að með þessu sé hv. þm. annaðhvort að reyna að hafa áhrif á fréttamennina með ómerkilegum málflutningi ellegar að hann hlusti ekki mikið á Ríkisútvarpið því það verður ekki um það sagt að fréttir þaðan beri keim af því eða lit af því að stjórnað sé ofan úr Stjórnarráði. Þetta veit hv. þm. Mér finnst að þessi gamli blaðamaður eigi að virða aðra blaðamenn og eigi að meta það við þá að þeir reyna að vinna eftir sinni samvisku og eigi ekki að kasta rýrð á störf þeirra þó hann með því þykist geta komið einhverju höggi á ríkisstjórnina. Mér finnst að hv. þm. eigi að gera það og svo ætla ég ekki að tala frekar um þann þátt málsins.

Ég vil vekja athygli þingheims á frétt sem ég geri ráð fyrir að þingheimur allur hafi lesið með athygli, frétt í Morgunblaðinu sl. mánudag, með leyfi frú forseta. Fyrirsögnin er: Segja samþjöppun ógna lýðræðinu.

„Evrópsku blaðamannasamtökin (EFJ) segjast óttast, að vaxandi samþjöppun í fjölmiðlarekstri í Frakklandi sé ógn við fjölræði og fjölbreytileika og hætta sé á, að þar komi upp „ítalskt ástand". Þau vilja að Evrópusambandið grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir aukna samþjöppun og þá þróun, að sami aðili starfi í mörgum geirum fjölmiðla.

„Það er hætta á því að Frakkland fylgi Ítalíu eftir og að aðstæður þar verði með þeim hætti að það ógni lýðræðinu — þegar þau áhrif sem fjölmiðlar hafa eru öll komin á hendur fárra valdamanna," segir Aidan White, framkvæmdastjóri EFJ. Þar með taka samtökin undir málflutning franskra blaðamanna og fagsamtaka þeirra.

EFJ telja að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði í Frakklandi hafi komist á nýtt stig þegar fyrirtækjasamsteypa í eigu Marcels Dassaults lagði í síðasta mánuði undir sig meiri hluta hlutabréfa í Socpresse, sem er eitt af helstu fjölmiðlafyrirtækjunum í landinu, gefur út 70 dagblöð, þar með talin hin áhrifamiklu Le Figaro og L'Express. Og í síðustu viku lýstu

forsvarsmenn TF1, helsta einkarekna ljósvakamiðilsins, því yfir að þeir vildu einnig renna inn í þetta fjölmiðlaveldi.

Var eftir því tekið að framkvæmdastjórn ESB sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við kaup Dassaults-samsteypunnar á 82% hlutabréfa í Socpresse.

„Þetta eru afar slæm tíðindi fyrir fjölræði í fjölmiðlum og fyrir sjálfstæði franskra fjölmiðla," segir White um aukna samþjöppun á frönskum fjölmiðlamarkaði.

Marcel Dassault og fjölskylda hans hefur sterk tengsl við valdhafa í Frakklandi og sonur Dassaults situr á franska þinginu. Fyrirtækjasamsteypa Dassaults stundar einkum framleiðslu og sölu á vopnum, auk tækjabúnaðar sem snertir loftferðir."

Svo mörg eru þau orð. En á þessu sjáum við að það er ekki bara á íslenska þinginu sem menn eru að tala um nauðsyn þess að setja skorður við því að sami aðilinn eigi alla fjölmiðla eða með hvaða hætti hægt sé að tryggja fjölbreytileika í fjölmiðlun og velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að sá sem hefur undirtökin á fjölmiðlamarkaði skuli líka hafa undirtökin hjá ljósvakamiðlunum, sjónvarpi og útvarpi. Þetta er evrópsk umræða sem er komin inn í blaðamannasamtökin sjálf og þarf engan að undra en eftirtektarvert að hinir erlendu blaðamenn eru algerlega á öndverðum meiði við Blaðamannafélag Íslands sem telur það sérstaklega eftirsóknarvert að sami aðilinn eigi alla fjölmiðla hér á landi, sérstaklega eftirsóknarvert. Og væri kannski þörf á því að þeir hittust, blaðamennirnir hér og hinir erlendu. En spurningin er auðvitað þessi: Ef svo fer að Evrópusambandið tekur þessi mál upp og ef svo fer að Evrópusambandið boðar það að innan þess megi sami aðilinn ekki eiga ljósvakamiðil og dagblöð mun þá Samf. óska eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál að sú gerð verði lögfest hér á landi? Eða liti Samf. öðruvísi á málið ef það væri ákveðið á Evrópuþinginu en ef það væri ákveðið á Alþingi Íslendinga?

[18:37]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rödd úr reynslubrunni þegar hv. þm. Halldór Blöndal talar um stjórnarskrárbrot því ítrekað hefur hann sýnt atkvæði sínu á þingi þá virðingu að brjóta með því gegn stjórnarskránni með því m.a. í þeim metnaðarfulla tilgangi að halda niðri kjörum öryrkja í landinu. Hann sakar okkur um að lítilsvirða þingvilja. Það er alrangt en við virðum þjóðarvilja. Og forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hefur engu frv. synjað. Hann hefur vísað því til þjóðarinnar. En hv. þm. þorir ekki að leggja það frv. í dóm þjóðarinnar vegna þess að hér ætluðu nokkrir menn að misnota sér aðstöðu sína á Alþingi til að fara gegn eindregnum þjóðarvilja. Sá leiðangur hefur sem betur fer hlotið þau endalok sem hér eru orðin. En ég hlýt að spyrja forseta Alþingis, hv. þm. Halldór Blöndal, hvort hann ætli ekki að læra af þeirri vegferð, að til þess að halda virðingu Alþingis þurfi að standa að lagasetningu með þeim hætti að ætla megi að þingvilji og þjóðarvilji fari saman, a.m.k. nægilega til þess að flutningsmenn (Forseti hringir.) frumvarpa þori óhræddir að leggja þau í dóm kjósenda.

[18:38]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Synjun forseta, hann synjaði um staðfestingu á lögum. Það er best að hafa rétt rétt. Ef hv. þm. vill að honum sé svarað, þá skal hann fara rétt með. Hann synjaði lögunum um staðfestingu og sagði að það hefði myndast gjá á milli þings og þjóðar, ef ég tók rétt eftir. Við í meiri hlutanum viljum fella þau lög úr gildi. Ég efast um að nokkur maður eigi sæti hér sem vill greiða atkvæði með þeim lögum og hafa þau í gildi. Væri það ekki hálfbjánalegt að leggja þau undir þjóðaratkvæði?

[18:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það svo að forseti Íslands vísaði þessu frv. til þjóðarinnar og auðvitað er það svo að hv. þm. Halldór Blöndal og nokkrir félagar hans hafa reynt vikum saman í skjóli naums þingmeirihluta, naums þingvilja ef þá nokkurs þingvilja þegar á reyndi, að keyra í gegn frv. til laga um fjölmiðla í eindreginni andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Sá leiðangur hlaut að enda með skipbroti því að, hv. þm. Halldór Blöndal, til þess var okkar starf í 1100 ár og til þess var þessu þingi komið á að losna við kónginn og til þess að þjóðarviljinn fengi fram að ganga og væri í hávegum hafður í störfum þingsins en ekki að lítill hópur manna misnotaði þingræðið og reyndi fimm sinnum (Forseti hringir.) að troða í gegn lögum sem enginn vildi sjá nema þeirra örfáu menn.

[18:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í stjórnarskrá stendur: „Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar" o.s.frv. Það er notað orðið „synjar" þannig (Gripið fram í.) að hv. þm. fór með fleipur í þessu eins og í mörgu öðru.

[18:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var merkileg ræða og full af biturð og vonbrigðum manns sem hefur safnað þeim tilfinningum saman á löngum ferli og ná nú hámarki eftir hina 100 daga í stríðinu. Það var merkilegt að heyra túlkun hans á þeirri aðstoð sem stjórnarandstaðan veitti til að koma hér málum inn og ég tel að þingflokksformenn og þingflokkarnir þurfi að taka það sérstaklega til skoðunar hvaða merkingu þau orð hans höfðu. En það sem mig langar til að vita og mér fannst hann ekki skýra í allri þessari miklu ræðu er hvers vegna hv. þm. styður það frv. sem hér er á ferðinni. Er það frv. ekki að hans skilningi gegn þingræðinu? Er það ekki samkvæmt hinni vitlausu, gölluðu og fáránlegu 26. gr. sem hlýtur að vera prentvilla eða eitthvert svindl frá öxli hins illa í samfélaginu, Baugi, forsetanum og stjórnarandstöðunni?

[18:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þm. Halldór Blöndal gera mér fullhátt undir höfði í ræðu sinni en tek það hól sem hann sendi mér. En mig langaði aðeins í þessari umræðu vegna þess að hv. þm. byrjaði ræðu sína á því að fjalla um þingbundna stjórn og mátti skilja það svo að í þingræðinu felist að þingið ráði öllu. En það er ekki hugsunin í stjórnskipuninni. Þar er ríkisvaldinu skipt í þrennt, þ.e. framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Alþingi er síðan falið að fara með löggjafarvaldið. Í þingræðinu felst að ríkisstjórn þarf a.m.k. að njóta stuðnings eða hlutleysis meiri hluta þingsins en ekki að þingið ráði öllu. Það er því einhver misskilningur á floti í máli hv. þm. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri þannig að þeim misskilningi yrði eytt.

Hvað það varðar að ég hafi verið að gantast með orðið „stjórnskipunarkreppa" þá er langur vegur frá því. Ég var hins vegar (Forseti hringir.) að spyrja hv. þm. um rökstuðning fyrir því hvers vegna menn notuðu orðið stjórnskipunarkreppa. Það hefur ekki komið fram.

[18:44]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Halldóri Blöndal verður nokkuð tíðrætt um virðingu þingsins og hann hefur talað um árás forsetans á þingið. Ég hef skilið mál hans þannig að hann telji að forsetinn hafi verið að taka vald frá þinginu, í reynd verið að taka löggjafarvald frá þinginu. Mig rak í rogastans að heyra hv. þm., sem líka er hæstv. forseti Alþingis, kvarta undan því í ræðu sinni áðan að forseti Íslands hefði ekki komið tveimur vikum áður en þingið lauk umfjöllun sinni um málið og látið uppi að hann hefði efasemdir um það.

Hvað felst í þessu? Er hv. þm. Halldór Blöndal þeirrar skoðunar að það væri æskilegt að í hvert einasta skipti sem sú staða kæmi hugsanlega upp að forseti lýðveldisins velti fyrir sér hvort hann ætti að skjóta máli til þjóðarinnar þá léti hann forseta þingsins, eftir atvikum oddvita framkvæmdarvaldsins, vita af því og síðan hæfust samningaviðræður þeirra í millum? (Forseti hringir.) Væri það ekki framsal valds sem með öllu væri óviðunandi?

[18:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var að bera saman vinnubrögð Vigdísar Finnbogadóttur, þegar hún var forseti Íslands, og Ólafs Ragnars Grímssonar, núverandi forseta Íslands.

[18:46]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. orðaði það svo og það var a.m.k. ekki hægt að skilja hann með öðrum hætti en þeim að hann hefði talið að þar sem menn hefðu orðið þess áskynja eða hann taldi sig hafa orðið þess áskynja að forseti Íslands hefði með einhverjum hætti efasemdir um frv. þá hefði hann átt að láta það uppi við annaðhvort ríkisstjórn eða þing. Það getur ekki falið í sér annað en að hv. þm. Halldór Blöndal sé þeirrar skoðunar að í slíkri stöðu hefði meiri hluti Alþingis átt að fara í einhvers konar viðræður við forseta lýðveldisins um hvað hann gæti hugsanlega sætt sig við.

Það er algerlega andstætt stjórnarskrá. Það er algerlega andstætt þeirri hugsun sem við höfðum um tvískiptingu lagasetningarvaldsins þegar stjórnarskráin var sett. Og það er með ólíkindum að heyra forseta Alþingis gera því skóna að það sé í lagi að framselja vald í auknum mæli og jafnvel oft til (Forseti hringir.) forsetans með þessum hætti. Ég skil þetta ekki.

[18:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er það svo að forsrh. og forseti lýðveldisins hittast reglulega. Ég vil enn fremur benda hv. þm. á skilning Ólafs Jóhannessonar eins og er lýst í bók hans, með leyfi forseta:

„Er og á það bent að þjóðaratkvæði sé löggjafaraðili sem ekki eigi að leita til nema mikið liggi við eða um sé að tefla meginatriði í lagasetningu.“

Því er ekki til að dreifa nú en á hinn bóginn er það óþolandi staða fyrir Alþingi til frambúðar að þar sé fjallað um mál kannski svo mánuðum skiptir og síðan viti þingið ekki um það hvort forseti muni staðfesta eða synja um lögin. Það er óþolandi staða. Ég heyri að hv. þm. hlær að þessu eins og áður þegar talað er um virðingu Alþingis. En það er auðvitað þannig að ef við viljum þjóðaratkvæði eigum við að setja (Forseti hringir.) um það lög þegar kyrrð er í þjóðfélaginu og þau lög eiga að vera almenn og til frambúðar.

[18:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það má færa rök fyrir því að erfitt sé að koma á eftir þeim ræðumanni sem talaði áðan, hv. þm. Halldóri Blöndal, sem hélt afskaplega góða ræðu sem ég held að hafi verið hollt fyrir þingheim að hlusta á. Við erum búin að fara í gegnum ýmislegt í umræðunni og það hefur gengið á ýmsu eins og menn þekkja og þjóðin þekkir og það er búinn að vera mikill hiti og stór orð hafa fallið. Vonandi verður þetta til þess að menn fari aðeins yfir málin í meiri rólegheitum og ég held að það verði fróðlegt fyrir þá sem hafa áhuga á stjórnmálum að skoða allt þetta ferli og fara yfir það.

Í dag var farið yfir ýmsa þætti málsins og menn fóru í mikla sagnfræði sem er sjálfsagt prýðilegt. Eitt vakti þó athygli mína og það var þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um að það væri sérstakur heiður, virðulegi forseti, ef ég fer rétt með, að vera líkt við Einar Olgeirsson og Brynjólf Bjarnason. Ég efast ekkert um að þeir eins og aðrir menn hafi haft ýmislegt til síns ágætis en vil þó vekja athygli á því að það voru allir flokkar á Alþingi nema Sósíalistaflokkurinn sem samþykktu ályktun árið 1940 sem fól í sér þau orð að virðingu Alþingis væri misboðið með þingsetu sósíalista af þeirri einföldu ástæðu að þeir samþykktu griðasáttmála Hitlers og Stalíns og í málefnum Finnlands studdu þeir Sovétmenn í innrás í það vinaríki okkar. Í kjölfarið var Sósíalistaflokkurinn eða fulltrúar hans reknir úr Íslandsdeild Norræna þingmannasambandsins sem er forveri Norræna ráðsins. Ég held að það sé allt í lagi að menn hugsi um þetta þegar þeir fara yfir söguna. Það eru ýmsir sem fá harðan dóm í sögunni og mér finnst að menn eigi bara að ræða um hlutina eins og þeir eru. Þó að ég ætli ekki hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hafa stutt þessa gerð þeirra, finnst mér svolítið sérstakt þegar menn mæra þá aðila sem stóðu að slíkum hlutum svo ég segi bara hlutina alveg eins og þeir eru.

Það hefur í rauninni verið ansi fróðlegt að sjá hvernig vinstri flokkarnir hafa forðast efnislega umræðu eins og við þekkjum og það er kannski engin sérstök ástæða til að fara yfir það allt saman. Það voru ákveðnir aðilar, virðulegi forseti, sem kölluðu eftir þessari löggjöf og menn hafa vísað mjög mikið til ummæla bæði forsvarsmanna Samf. og kannski sérstaklega Vinstri grænna en það voru þó fleiri aðilar sem kölluðu eftir löggjöf um eignaraðild í fjölmiðlum. Það er ágætt að halda því til haga að þegar Álfheiður Ingadóttir, sem er varaþm. Vinstri grænna, kom hér upp og flutti mál fyrir hönd þeirra og nokkurra þingmanna þá vitnaði hún í einn aðila sem hefur verið nokkuð umræddur hér, sem er formaður í Blaðamannafélagi Íslands. Til þess að því sé til haga haldið vildi ég lesa það upp, en Álfheiður Ingadóttir sagði í ræðu sinni þegar hún var að ræða fjölmiðlamarkaðinn, með leyfi forseta:

„Á haustdögum varð hér nokkur umræða um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Meðal annars var haft eftir ritstjóra eins stórveldisins á fjölmiðlamarkaðnum hér að það væri umhugsunarefni þegar viðskiptablokkir og bankar væru farnir að sækjast eftir eignarhaldi á fjölmiðlum. Formaður Blaðamannafélags Íslands, Róbert Marshall, sem er fréttamaður á Stöð 2 kallaði þá eftir fjölræði í fjölmiðlun, þ.e. að til væru margar fréttastofur í eigu margra ólíkra aðila. „Það tryggir“, sagði formaður Blaðamannafélagsins, með

leyfi forseta, „að það sem einn miðill fjallar ekki um það fjallar einhver annar miðill um.““

Og áfram heldur Álfheiður þegar hún segir:

„*En það er einmitt hlutverk löggjafans að tryggja þetta fjölræði, tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla og frelsi þeirra.* Í nálægum löndum hefur löggjafinn þannig reist skorður við samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum með ýmsum hætti, allt eftir aðstæðum í hverju landi.“

Í þeirri umræðu eða sambærilegri sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, með leyfi forseta:

„Það er sérstaklega varhugavert ef umsvifamiklir aðilar í viðskiptum, sem jafnvel starfa í fákeppnisumhverfi þar, gerast jafnframt fjölmiðlakóngar. Þá er stutt í hið rússneska ástand, íslenska „ólígarka“, nýríka viðskiptajöfra sem eru jafnframt með fjölmiðla eða fjölmiðlakeðjur á sínum höndum til að reka áróður fyrir umsvifum og störfum sínum.“

Ég ætla ekki, ég hef gert það áður, að fara yfir þau mýmörgu ummæli sem forustumenn Samf. hafa haft um hættuna hvað þetta varðar, þ.e. samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. En ég er hér með ummæli frá Össuri Skarphéðinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur og fleiri ágætum þingmönnum í þá veru. Þetta er í sjálfu sér mál sem við erum oft búin að ræða og munum væntanlega ræða á haustþinginu en það sem ég sé fyrir mér að sé fram undan hjá okkur og mér finnst vera stóra málið er það sem snýr að stjórnskipun okkar. Ég tel að sú staða sem upp er komin kalli á það að öllu óbreyttu að við þurfum einhvern veginn að takast á við þetta breytta umhverfi því eins og staðan er í dag horfum við á breytingu á þeirri stjórnskipun sem hefur varað hér í 60 ár. Það liggur fyrir ef maður hlustar á umræðuna í dag, og ég hef miklar áhyggjur af því, að ekki séu allir þingmenn tilbúnir til þess að verja Alþingi Íslendinga og gæta hagsmuna þess og það þykir mér mjög miður.

Það sem er öðruvísi í þessu máli en öðrum sem tekin hafa verið fyrir og þetta er svo sannarlega erfitt mál eins og oft er, en það sem er öðruvísi í því — það er ekkert nýtt að menn takist á, það er ekkert nýtt að það sé erfitt að koma málum í gegn en það sem er nýtt er að þegar slíkt er búið eins og ríkisstjórnarflokkarnir gengu frá, neitar forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson í þessu tilfelli, að skrifa undir lögin og það er í fyrsta skipti sem slíkt gerist.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta. Ég vil þó aðeins fara í gegnum það af því að menn hafa verið að ræða hvað vald forsetans þýðir og hvað það hefur í för með sér og menn hafa verið að fara yfir hver sé svona almenna tilfinningin eða vitneskjan í þjóðfélaginu um hlutverk forsetans. Ég ætla að lesa upp úr bók sem kennd hefur verið lengi og kennsla í stjórnmálafræði hefur verið byggð á, með leyfi forseta, en þar segir svo:

„Í upphafi umfjöllunar um stjórnarskrána var vakin athygli á hve takmarkaða lýsingu á stjórnkerfinu er að finna í greinum hennar. Margir valdamestu aðilar stjórnkerfisins, svo sem stjórnmálaflokkar, hagsmunasamtök og fjölmiðlar, eru ekki nefndir í stjórnarskránni og að öðrum eins og ráðherrum, ríkisstjórn og sveitarstjórnum er aðeins vikið fáeinum orðum. Stjórnarskráin ákveður því aðeins hluta stjórnkerfisins. Almenn lög og venjur koma þar ekki síður við sögu.

Í raun og veru er meginefni stjórnarskrárinnar, 57 af 81 grein, helgað tveimur aðilum — forseta og Alþingi — og er sú lýsing þó hvergi nærri tæmandi og í sumum atriðum villandi sé orðalagið tekið bókstaflega. Formleg lýsing stjórnarskrárinnar á verkefnum forseta gefur til kynna að þjóðhöfðingjaembættið sé valdameira en reynslan sýnir. Ákvarðanir sem forseti gefur formlegt gildi eru í raun teknar af öðrum enda segir í 13. gr. „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“ Í 15. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Forseti skipar ráðherra“ og „hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.“ Í raun eru fjöldi ráðherra, verkaskipting og val á mönnum í embætti ákveðin af þeim stjórnmálaflokkum sem mynda ríkisstjórnina. Í 22. gr. segir að „forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki“ en í reynd annast ríkisstjórnin það verkefni. Í 26. gr. er forseta veitt heimild til að synja lagafrumvarpi staðfestingar, þar eð enginn forseti hefur beitt þessu ákvæði er það í reynd dauður bókstafur.“

Þennan texta skrifaði prófessor Ólafur Ragnar Grímsson á sínum tíma. Þetta er sú undirstaða sem menn hafa og það sem menn hafa kennt í stjórnmálafræði þegar verið er að fara yfir hlutverk forseta lýðveldisins og það kemur skýrt fram, enda er það alveg augljóst, að stjórnarskráin gefur ekki rétta mynd af hlutverki forsetans og sýnir í rauninni að þjóðhöfðingjaembættið er mun valdameira en reynslan sýnir. Og ef vitnað er í Ólaf Jóhannesson þá er talað um að forsetastaðan hér á landi sé fyrst og fremst táknræn tignarstaða.

Gott og vel. Ég held að þetta sé eitthvað sem flestir hafa verið inni á. Það sem gerist hins vegar núna og ég tel, virðulegi forseti, vera alvarlega þáttinn er það að hér neitar forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, að skrifa undir lögin og það er eitt en menn verða að líta á rökstuðninginn því það að þetta gerist í fyrsta skipti þá hljóta menn að skoða hvaða ástæður liggja að baki. Ólafur Ragnar Grímsson er búinn að fara í ýmis viðtöl vegna þessa og hann hefur talað mjög skýrt, virðulegi forseti. Hann sagði í DV, með leyfi forseta:

„Það er æskilegra að það sé samhljómur milli þess sem þingið *er að gera og þess sem þjóðin vill. Að forsetinn sé* ekki settur í þann vanda að vega og meta hvort hann eigi að beita þessum rétti. Ég tel mikilvægt að það sé ávallt haft í huga að haga ákvarðanatöku á þann veg að þessi vandi vakni ekki og sem betur fer hefur hann ekki oft vaknað í minni forsetatíð.“

Hann segir að hann vilji ekki sjá að forseti sé settur í þann vanda að vega og meta hvort hann eigi að beita þessum rétti þar sem ekki er um að ræða samhljóm milli þings og þjóðar. Þetta þýðir með öðrum orðum að ekki er hægt að taka erfiða ákvörðun, óvinsæla eða umdeilda ákvörðun, öðruvísi en svo að forsetinn telur það jafnlíklegt að hann neiti að skrifa undir lögin.

Það segir sig sjálft að ef þetta er sú staða sem er uppi mun stjórnkerfið ekki virka. Flestar stórar ákvarðanir sem þjóðin hefur þurft að taka og sem þingmenn hafa þurft að taka hafa verið umdeildar. Alla jafna greiða menn ekki atkvæði um mál þannig að það sé allt á einn veg. En menn hafa getað treyst því þegar þeir hafa tekið erfiðar ákvarðanir að það líði þá tími til næstu kosninga og þar standi menn og falli með verkum sínum. Það eru mýmörg dæmi um erfiðar ákvarðanir sem voru mjög umdeildar sem síðan hefur komið í ljós að voru skynsamlegar og viðkomandi pólitísk öfl hafa styrkt sig á að hafa tekið ákvörðun um að ég tali ekki um viðkomandi þjóð eða þjóðir.

Það var frekar pínlegt að fylgjast með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni áðan, og ég get ekki túlkað málflutning Samf. öðruvísi, mér fannst hv. þm. Össur Skarphéðinsson

tala mjög skýrt áðan og að hann fagnaði því mjög að forsetinn hafi neitað að skrifa undir lög frá Alþingi. Og þeir hafa talað mjög skýrt, þingmenn Samf., að þetta sé það vinnulag sem þeir vilji sjá. Þeir sömu aðilar, a.m.k. hluti af þeim sem voru í Alþýðuflokknum á sínum tíma þegar tekist var á um EES-samninginn sem hv. þm. Halldór Blöndal fór ágætlega yfir áðan, sáu þá enga ástæðu til að fara með það mál í þjóðaratkvæði eða fara með það eins og kallað var í því máli „að horfast í augu við þjóðina".

Ég er á því og ég held að flestir séu á því að þegar við fjöllum um stórmál sem eru grundvallaratriði í íslensku samfélagi eins og stjórnarskráin er sé mjög æskilegt að það sé gert í einhverri sátt, að menn fari yfir það í góðu tómi og að sem víðtækust sátt náist um slíkt mál. Það má færa rök fyrir því að einmitt núna í þessu umhverfi sé erfitt að ræða þessi mál en við komumst hins vegar ekki hjá því. Ég vona að þegar menn koma aftur á haustþinginu og hitinn í umræðunni er kannski aðeins farinn að minnka hugsi menn málið til enda því þrátt fyrir að þeir aðilar sem eru í stjórnarandstöðu hafi verið það lengi, og ég vona svo sem að það muni ekki breytast, þá er ekkert útilokað að þeir komist einhvern tímann að völdum og menn þurfa auðvitað að hugsa um þjóðarhag hvað þetta mál varðar. Og það fyrirkomulag að í hvert skipti sem tekin er umdeild ákvörðun sé jafnlíklegt að henni verði vísað í þjóðaratkvæði á þeim tíma sem hún er óvinsælust gengur ekki upp og það er ekki skynsamleg stjórnskipun. Svo ég vitni aftur í Ólaf Ragnar Grímsson, með leyfi, virðulegi forseti, þá sagði hann í viðtali á Útvarpi Sögu:

„Og þá var einmitt sú hugsun sem lá að baki þess" — og hér er forsetinn að tala um stjórnarskrána — „að forsetinn og þingið fari saman með löggjafarvaldið en þjóðin væri æðri forsetanum og þinginu. Þess vegna ef mál væru erfið gæti komið að því að þjóðin ætti að dæma hvað væri rétt og rangt og forsetinn væri tengiliður í þessu sambandi."

Í sama viðtali talaði hann um að við hefðum ekkert skoðað nákvæmlega hvað menn voru að fara þegar þeir skrifuðu stjórnarskrána af því að við værum svo upptekin af verðbólgunni og efnahagsmálunum og vísar í það að t.d. Bandaríkjamenn hafi skoðað þetta mjög með því sem kallað er „Founding Fathers". Mér heyrist svona á sumum þingmönnum að menn séu komnir inn á þessa umræðu og þetta er vægast sagt mjög villandi svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Ég vil hvetja þingmenn og aðra til þess að skoða ekki bara stjórnarskrána heldur líka þá stjórnarskrá sem var í gildi áður en við fengum sjálfstæði. Það liggur alveg fyrir þegar menn skoða hana að þetta er nokkurn veginn sami texti ef menn skipta á orðinu konungur í staðinn fyrir forseti. Í mjög mörgum tilfellum er þetta orðað nákvæmlega eins. Og eins og kemur fram í bók prófessors Ólafs Ragnars Grímssonar, Íslenska þjóðfélagið – félagsgerð og stjórnkerfi, sem kennd er í stjórnmálafræði eða var kennd til langs tíma, gefur þetta ekki rétta mynd af stöðu forsetans í stjórnkerfinu og það hafa menn vitað í mjög langan tíma og það er ekkert að því og það er eðlilegasta mál í heimi að menn skoði það. Því það hættulega í þessu máli er að menn vilji ekki eða hafi heykst á því að setja löggjöf um fjölmiðla, eðlilega löggjöf sem er sambærileg við það sem er í öðrum löndum. Það er eitt en það er þó í rauninni minna mál í samanburði við það, virðulegi forseti, ef við erum með stjórnskipun sem gerir það nær ómögulegt að stjórna svo vel sé.

Við Íslendingar höfum verið svo lánsamir að við höfum haft góða stjórnskipun síðustu 60 árin og við höfum betri stöðu en flestar þjóðir. Ef við berum okkur saman við þær þjóðir sem við gerum iðulega eins og í Evrópu sjáum við að ýmis vandamál sem við höfum ekki en þeir hafa má rekja beint til þess að þar er hreinlega erfitt að koma umdeildum málum í gegn. Það má ekki verða hér. Við getum tekist á um hin ýmsu mál, virðulegi forseti, og við getum verið ósammála, það er sjálfsagt og út á það gengur lýðræðið, en við hljótum að vera sammála um að hafa hér stjórnskipun sem gerir það að verkum að hægt sé að stjórna landinu með skynsemi og með lýðræðislegum hætti og við séum ekki með innbyggða galla sem geri það að verkum að það sé erfitt að koma nauðsynlegum málum sem eru erfið á viðkomandi tímapunktum í gegn.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira, virðulegi forseti. Við erum búin að fara ágætlega yfir þetta og ég vonast til þess að þegar hitinn er farinn úr mönnum og menn koma aftur á haustþingi líti menn á málið í stærra samhengi því það væri sorglegt ef niðurstaðan eftir þá „afferu" sem er búin að vera á undanförnum vikum og mánuðum væri sú að við værum búin að stórskemma eða jafnvel eyðileggja þá stjórnskipun sem við höfum lifað með síðustu 60 árin.

[19:08]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í belg, enda hef ég setið á fundum hv. allshn. og farið mjög vandlega yfir það mál sem hér er til umfjöllunar og þau álitaefni sem hér hefur verið fjallað um.

Mig langar til að víkja máli mínu að nokkrum þeim atriðum sem fram hafa komið við 2. umr. málsins og sömuleiðis að efni frv. og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið að því. Áður en ég kem að því langar mig til að minna á að þegar við ræddum fjölmiðlafrv. hið fyrra í upphafi, gagnrýndi stjórnarandstaðan málið fyrst og fremst út frá tveimur efnisforsendum, annars vegar að gildistökuákvæði þeirra laga gengi of langt og hins vegar að það gengi ekki að banna markaðsráðandi fyrirtækjum að eiga svo mikið sem eina krónu í fyrirtækjum sem reka ljósvakamiðla. Auk þess var málsmeðferð ríkisstjórnarinnar og einnig allshn. gagnrýnd sérstaklega og við sem sitjum í hv. allshn. vorum sökuð um að keyra málið í gegnum þingið með óhæfilegum hraða. Eftir að þetta hafði allt saman gerst og lögin voru samþykkt þá synjaði, eins og menn þekkja, Ólafur Ragnar Grímsson lögunum staðfestingar og þá tók við nýtt ferli. Lagt var fram nýtt frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar sem kynnt var sem sáttargjörð hennar í málinu.

Því hefur verið haldið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar að með því að leggja fram nýtt frv. með breyttum efnisatriðum hafi ríkisstjórnin ekki verið að leita sátta í málinu. Ég hlýt að lýsa mig algerlega ósammála því. Ég tel að það liggi algerlega fyrir að með því að leggja fram nýtt frv. hafi ríkisstjórnin verið að reyna að ná sátt og samstöðu um málið, enda liggur það fyrir að fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi hafa lýst yfir mikilvægi þess að setja reglur og setja lög um eignarhald á fjölmiðlum.

Hvers vegna segi ég að frv. hafi verið sáttargjörð? Jú, það er vegna þess að allir eru sammála um nauðsyn þess að setja reglur um þessa atvinnustarfsemi og einnig vegna þess að formenn tveggja stjórnarandstöðuflokka lýstu því yfir við 1. umr. málsins að þeir væru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að auka heimildir markaðsráðandi fyrirtækja til þess

að eiga hlut í ljósvakamiðlunum. Í því frv. sem síðar var lagt fram var fallist á þær kröfur stjórnarandstöðunnar. Það var líka fallist á þær kröfur að breyta gildistökuákvæðum laganna eftir þá gagnrýni sem fram hafði komið af hálfu stjórnarandstöðunnar. Þegar menn halda því fram að það frv. hafi ekki verið lagt fram til þess og með það að markmiði að ná sáttum í málinu hlýtur maður að vísa til þess sem fram hefur komið í málflutningi stjórnarandstöðunnar um efnisatriði málsins þó svo sá rökstuðningur sé svo sem ekki mikill.

Nú er staða málsins sú að allshn. leggur til að hin fyrri fjölmiðlalög verði felld brott og engin lög verði sett í staðinn, þ.e. nefndin leggur það til að eldra réttarástand rakni við og staðan verði óbreytt. Maður hefði haldið að stjórnarandstaðan fagnaði þeirri niðurstöðu, fagnaði því að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hefðu fallist á ýtrustu kröfur þeirra í málinu sem fram komu við 1. umr. hins fyrra fjölmiðlafrv. en það er eitthvað annað. Það er ekki hægt að samþykkja þessa málaleitan og þann tillöguflutning. Stjórnarandstaðan virðist vera á móti gerðum ríkisstjórnarinnar alveg sama hvers efnis þær eru. Það er alveg sama hvað er gert, stjórnarandstaðan er alltaf á móti.

Á hverju byggir málflutningur stjórnarandstöðunnar núna? Jú, hann byggir á því að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram. Það er einhver vitlausasta krafa sem ég hef heyrt í þingsalnum. Verið er að gera kröfu um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram þrátt fyrir að það stefni að því að lögin sem kjósa átti um verði felld úr gildi. En samt sem áður krefst stjórnarandstaðan þess að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram. Maður hlýtur að spyrja: Til hvers? Maður hlýtur líka að spyrja: Hvaða vit er í slíkum málflutningi og hvaða tilgangi á hann að þjóna?

Frú forseti. Ég ætla að víkja að því sem ég tel að skipti miklu máli í umræðunni og það er að velta því fyrir sér hvað felst í kröfunni um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Út á hvað gengur málflutningur stjórnarandstöðunnar og hver er raunverulegur kjarni hennar? Það er lykilatriði í málinu. Kjarni málflutnings stjórnarandstöðunnar felur það í sér að stjórnarandstaðan er þeirrar skoðunar að valdheimildir Alþingis séu takmarkaðri en áður hefur verið talið. Ég verð að segja að þetta er ansi dapurlegur málflutningur. Þingmenn ættu að mínu mati, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að slá skjaldborg um Alþingi og vernda þá æðstu lýðræðis- og löggjafarsamkundu þjóðarinnar í stað þess að grafa undan henni og það einungis vegna pólitískra stundarhagsmuna því ekki verður séð að neitt vit sé í málflutningnum að öðru leyti en því að menn séu að reyna að slá pólitískar keilur.

Í mínum huga er ljóst að Alþingi er aðalhandhafi löggjafarvaldsins og hefur heimildir til að setja lög, breyta lögum og fella lög úr gildi. Ég er ekki einn um þá skoðun. Ólafur Jóhannesson lýsti því þegar yfir í fyrstu útgáfu sinni af Stjórnskipun Íslands að Alþingi væri valdamest í íslenskri stjórnskipan og aðalhandhafi löggjafarvaldsins. Það felst líka í 2. gr., 25. gr. og 38. gr. stjórnarskrárinnar að Alþingi sem fer með löggjafarvaldið, setur lögin, breytir þeim og fellir úr gildi. En málflutningur stjórnarandstöðunnar gengur út á að þær valdheimildir séu takmarkaðar með einhverjum hætti.

Síðan stjórnarskráin var sett árið 1944 hefur mönnum aldrei dottið í hug að vega að Alþingi eins og nú hefur verið gert. Mönnum hefur aldrei dottið í hug að efast um valdheimildir þingsins að þessu leyti. Það sætir furðu að menn tali með þeim hætti sem við höfum orðið vitni að í dag. Við vitum hvernig löggjafarvaldið hefur verið praktíserað frá 1944 og reyndar miklu lengur. Maður hlýtur að spyrja: Hvað rekur menn í það að efast allt í einu núna um löggjafarvald þingsins?

Menn eru aldir upp við það að Alþingi setji reglur og geri það með lögum. Ég er alinn upp við það, frú forseti, og um það eru allir sammála og hafa alltaf verið. Þetta er það sem við þekkjum og hefur verið rauði þráðurinn í stjórnskipan okkar. Svo koma menn núna, sérstaklega þingmenn frá stjórnarandstöðunni, formenn stjórnarandstöðuflokkanna, og lýsa því yfir að þetta vald sé takmarkað án þess að finna þeirri skoðun sinni einhvern stað í settum lögum eða stjórnarskrá.

Ég verð að segja, frú forseti, að málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur verið þess eðlis að hann er þeim þingmönnum sem halda honum fram ekki til sóma og er til þess fallinn að grafa undan virðingu og heiðri Alþingis. Það kemur manni náttúrlega ekki á óvart að hlusta á hæstv. forseta þingsins lýsa því yfir í ræðustól Alþingis að hann verði hryggur við að heyra svona málflutning, sérstaklega frá þingmönnum sem ættu að sjá sóma sinn í að slá skjaldborg um þessa virðulegu stofnun.

Ég sagði áðan að Alþingi hefði, sem æðsti handhafi löggjafarvaldsins, heimildir til að setja lög, breyta lögum og fella lög úr gildi. Ég vísaði til 2. gr., 25. gr., 38. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er ekki mín einkaskoðun. Um þetta eru allir fræðimenn á sviði íslenskrar lögfræði sammála. Það er alveg sama hvar maður gluggar í fræðin. Það eru allir sammála um þetta og nánast allir lögfræðingar sem komu fyrir allshn. voru sammála því að Alþingi hefði í skjóli löggjafarvaldsins heimildir til að fella brott þau lög sem það hafði áður samþykkt. Öðru hefur verið haldið fram í þessum ræðustóli í dag, þar á meðal af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

Það má svo sem alveg fara yfir það hvaða lögfræðingar komu fyrir nefndina. Ég ætla ekki að telja þá alla upp en ég get þó sagt að 11 af þeim lögfræðingum sem komu fyrir nefndina voru sammála um að þingið hefði þessa heimild. Það var alveg kristaltært af þeirra málflutningi að Alþingi hefði heimild til að fella á brott lög. Tveir af þessum 11 töldu að vald þingsins væri bundið við að ekki mætti setja önnur lög í staðinn strax heldur einhverju síðar. En allir þessir lögfræðingar voru sammála um að valdheimildir löggjafans stæðu til þess að fella áður samþykkt lög brott.

Einungis þrír íslenskir lögfræðingar, fræðimenn og sérfræðingar í íslenskum rétti, héldu öðru fram. Það er rétt að því sé haldið til haga í þessum umræðum. Það voru annars vegar Dögg Pálsdóttir og Hróbjartur Jónatansson, lögmenn stjórnarandstöðunnar sem voru ráðnir til þess að búa til málflutning hennar í þessu máli, sem héldu öðru fram og Ragnar Aðalsteinsson sem sá ástæðu til að taka það sérstaklega fram þegar hann kom fyrir nefndina að hann væri lögmaður Norðurljósa. Við höfum séð á fréttamyndum þann hæstvirta hæstaréttarlögmann fremstan í mótmælagöngum og mótmælastöðum fyrir framan Stjórnarráðið. Þetta eru einu lögfræðingarnir sem komu fyrir nefndina sem efuðust um heimildir löggjafans til að fella brott lög sem Alþingi hafði áður sett.

Það er ljóst, frú forseti, að hér er ekki um neitt stjórnarskrárbrot að ræða. Meiri hlutinn og Alþingi eru ekki að fremja neitt stjórnarskrárbrot með því að fella lög úr gildi til að koma í veg fyrir að til þjóðaratkvæðagreiðslu verði blásið. Ég sé hins vegar ekki hvers vegna stjórnarandstaðan krefst

þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla sem enga þýðingu hefur verði þetta frv. að lögum. Ég ekki lógíkina í því. Lögin verða felld úr gildi og hvers vegna í ósköpunum ættu menn að blása til þjóðaratkvæðagreiðslu með öllum þeim kostnaði og fyrirhöfn sem af hlýst? Réttaráhrifin verða nákvæmlega þau sömu, verði stjórnarandstöðunni að ósk sinni varðandi slíka atkvæðagreiðslu.

Það sem kannski er alvarlegast í þessu máli og alvarlegast í þeim málflutningi sem komið hefur fram í dag er, eins og ég sagði áðan, að heyra formenn stjórnarandstöðuflokkanna, hvern hv. þm. á fætur öðrum, vega að heiðri og virðingu þingsins og þar á meðal gera lítið úr sjálfum sér með því að tala fyrir takmörkun á valdi Alþingis sem aðalhandhafa löggjafarvaldsins og án þess að finna þeim fullyrðingum sínum nokkurn stað.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði í mig í ræðu sinni og ummæli mín í Ríkisútvarpinu. Hv. þm. er reyndar ekki í salnum. En mig langaði að sýna honum þann heiður að svara spurningum hans úr því að ég kom þeim ekki að í andsvari fyrr í dag. Hann vitnaði til þess að ég hefði sagt að ég hefði talið að engar efnislegar ástæður lægju til þess að draga frv., eins og það lá fyrir, til baka. Það er alveg rétt. Ég taldi engar efnislegar ástæður til þess lögfræðilega að gera það. Ég taldi ekkert í stjórnarskránni gera það að verkum að lögin brytu gegn stjórnarskrá eða öðrum almennum lögum. Þetta er hins vegar pólitísk ákvörðun sem ég studdi og styð. Ég skil ekki hvers vegna hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson gera ekki það sama. Það er engin skynsemi í málflutningi stjórnarandstöðunnar, engin skynsemi í því að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég vil eins og sumir, sem starfað hafa á þingi áður og gegna nú öðrum störfum, greiða fyrir þingstörfum og læt ræðu minni hér með lokið.

[19:24]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við sjáum fyrir endann á mjög erfiðu og miklu máli sem hefur tekið yfir alla fjölmiðla landsins undanfarna þrjá mánuði. Það er kannski ekki undarlegt þar sem það fjallar einmitt um fjölmiðla. Ég hef saknað þess í umræðunni að menn ræddu málefnalega og rökfræðilega um kosti og galla hugmynda. Mér finnst umræðan hafa einkennst meira af valdabrölti eða því sem menn kalla sandkassaleik, þar sem menn eru uppteknari af því að sigra en að ná góðri niðurstöðu. Nú er það svo að frá upphaflegu frv. í vetur, sem seinna varð að lögum og á að breyta nú aftur, hafa orðið gífurlega miklar breytingar. Þær eru allar í þá átt að taka tillit til þeirra athugasemda sem m.a. stjórnarandstaðan hafði við upphaflegt frv. Maður kynni því að ætla að þar með væri málið orðið gott og allir mundu samþykkja það. En svo er ekki.

Eftir að forseti lýðveldisins synjaði því að skrifa undir lögin og vísaði þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu hefur umræðan eðlilega snúist meira um stjórnskipun ríkisins. Ég vildi engu að síður skipta málflutningi mínum í þrennt. Ég ætla að ræða efnislega um fjölmiðlamálið. Síðan um hvort málið sé þinglegt og svo samskipti forseta Íslands og Alþingis.

Frú forseti. Ef við ræðum efnislega um fjölmiðla þá hafa orðið gífurlegar og hraðar breytingar á fjölmiðlamarkaði, bara á einu eða tveimur árum. Eignarhald hefur safnast á fáar hendur og nú eru eiginlega þrír eigendur að fjölmiðlum í landinu, í stórum dráttum. Flestir eða nánast allir eru sammála um að eitthvað þurfi að gera. Það er bara spurningin um tíma og aðferð. Sumir óttast vald fjölmiðla og gera ráð fyrir að ekki sé hægt að koma böndum á þá ef þeir verða mikið öflugri. Það má t.d. benda á frétt af skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birtist fyrir tíu dögum eða svo, þar sem fram kom að Framsfl. væri með 7,5% fylgi. Þetta olli náttúrlega miklum titringi í grasrót þess flokks. Það var reyndar ekki mikið bent á að 40% þeirra sem spurðir voru neituðu að svara, sem er óvenjuhátt hlutfall. Væntanlega voru margir þeirra framsóknarmenn. Mér virtist ekki varpað fram spurningum um ágæti þessarar könnunar. Mér finnst að þeir sem birta slíkar kannanir og stjórna með því umræðunni í landinu, hafa jafnvel mikil áhrif á stjórnmál eins og hefur sýnt sig, þurfi að leggja spilin á borðið og sanna það að þessi skoðanakönnun hafi yfirleitt farið fram, hvernig hún fór fram og að það séu hlutlausir aðilar sem hafa unnið að viðkomandi skoðanakönnun. Það vill svo til að Fréttablaðið er einn harðasti andstæðingur fjölmiðlafrv. og hefur alltaf verið. Það fer ekkert dult með það þannig að þetta sýnir einmitt þau áhrif sem fjölmiðlarnir geta haft, m.a. með því að birta eigin skoðanakannanir sem vitnað er í í öðrum fjölmiðlum. Ég nefni t.d. bæði RÚV og aðra fjölmiðla sem vitna í þessa skoðanakönnun alveg blint, eins og þetta sé heilagur sannleikur.

Flokkar á þingi skiptast eiginlega í tvö horn. Annars vegar vill Samf. koma á ritstjórnarlegu frelsi og gagnsæju eignarhaldi, sem er óútfært. Aðrir flokkar vilja takmarka eignarhaldið jafnframt. Ritstjórnarlegt frelsi er svo sem ágætt á yfirborðinu. Hvað felst í því, t.d. að ritstjóri blaðs megi segja það sem hann vill án þess að minnka í launum eða missa af launahækkunum eða verða sagt upp? Hvað gerist ef maður stofnar blað til að halda fram ákveðnum skoðunum, t.d. í kvótamálum? Hann er kannski fylgjandi kvótakerfinu en svo ræður hann ritstjóra en í ljós kemur að ritstjórinn er á móti kvótakerfinu. Ritstjórinn notar þetta blað eigandans til að berjast gegn stefnumálum og markmiðum eigandans. Hvað má eigandinn þá gera? Hann má væntanlega ekki segja honum upp. Hann getur ekki lækkað hann í launum. Spurningin er sú hvort hann megi leggja reksturinn niður. Er það þá ritstjórnarlegt frelsi ef eigandinn má leggja reksturinn niður? Mætti hann t.d. hætta að leggja fram fé til að stækka þetta fyrirtæki sem vinnur gegn honum?

Einnig er annarri spurningu ósvarað. Hversu langt niður nær þetta ritstjórnarlega frelsi? Á það bara við ritstjórann eða á það líka við einstaka fréttamenn? Getur það gerst að ritstjóri sem er sammála eigandanum í því að styðja kvótakerfið ráði einhvern fréttamann og fréttamaðurinn fer allt í einu að birta greinar og fréttir sem eru andstæðar bæði ritstjóranum og eigandanum. Hvað gera menn þá? Ef menn halda að einhver sé tilbúinn til að fjárfesta í fjölmiðlum með þessu fororði þá er það alger misskilningur. Ég held að slík breyting og slík atlaga að fjölmiðlum, að koma með ritstjórnarlegt frelsi, geri það að verkum að eignin minnkar í verði, hún lækkar mjög hratt í verði. Það er því rangt sem hér var haldið fram að ekki þyrfti langa aðlögun í þessu máli. Auðvitað þarf jafnlanga aðlögun í þessu máli sem rýrir eignir þeirra sem eiga fjölmiðlana eins og í því að takmarka eignarhaldið, ekki síður.

Sumir hafa sagt að styrkja eigi RÚV, setja peninga þar á móti, þ.e. ef eitthvert markaðsráðandi fyrirtæki sem á ómælda peninga dælir peningum inn í fjölmiðla, og veldur mikilli grósku, sem sumir hafa bent á að sé jákvætt og auð-

vitað er það jákvætt fyrir blaðamenn og aðra þegar slík staða kemur upp, til að ná áhrifum og styrkja stöðu sína pólitískt, þá eigi ríkið að dæla inn peningum á móti inn í RÚV. Þetta er skoðun sumra. Mér finnst þetta ekki sniðug skoðun, að búa til einhvern slag á milli ríkisins og einhvers markaðsráðandi fyrirtækis. Ég veit ekki hvort mundi hafa betur.

Frú forseti. Sumir hafa sagt að þetta mál sé ekki þinglegt af því að verið sé að breyta lögum og vitna þá til 43. gr. þingskapa en þar segir, með leyfi forseta:

„Lagafrumvarp, er hefur verið fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi."

Það verður að hafa verið fellt. Það lagafrv. sem við erum nú að ræða um, þ.e. lögin, voru samþykkt og það er ekkert á móti því að breyta þeim, enda er það gert iðulega. Ég hef séð það gert 3–4 sinnum á hverju þingi. Ég minni á að í apríl sl. flutti efh.- og viðskn. frv. til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, sem nýbúið var að samþykkja, og það var samþykkt. Allir greiddu atkvæði með því, stjórnarandstaðan líka. Verið var að breyta lögum sem nýbúið var að samþykkja. Frv. var í rauninni flutt aftur örlítið breytt sem hafði verið samþykkt sem lög.

Frú forseti. Við komumst ekki hjá því að ræða samskipti forseta Íslands og Alþingis. Það einkennir umræðuna að fræðimenn komu með í grófum dráttum þrjár mismunandi niðurstöður. Í fyrsta lagi að ferlið sem hefst með því að forsetinn synjar undirskrift sé óstöðvandi, það skuli fara fram hvað sem á dynur. En þá gerist dálítið merkilegt, eins og kom fram í andsvari fyrr í dag, að þessi lög ein allra laga í lagasafninu eru óbreytanleg, það er enginn í heiminum sem getur breytt þeim fram að þjóðaratkvæðagreiðslu, enginn. Það gæti aftur valdið miklum vandræðum því að það gæti verið bráðabirgðaástand í þjóðfélaginu. Það gæti verið hernaðarástand, það gæti verið uppi einhver slík staða og ég nefndi dæmi um lög um dauðarefsingu sem hefðu verið gölluð. Ef þessi túlkun er rétt þá tel ég mjög brýnt að breyta 26. gr. stjórnarskrárinnar. Ég tel hins vegar að hún sé ekki rétt. Reyndar voru fyrir því góð rök eins og öllum þessum lagaálitum.

Svo var það að fella mætti lögin úr gildi en ekki samþykkja ný lög strax. Sumir sögðu það og aðrir sögðu að fella mætti lögin úr gildi og samþykkja önnur lög strax.

Síðan var þriðji hópurinn sem sagði að það væri allt í lagi að samþykkja lögin og það var skoðun ríkisstjórnarinnar. Þarna koma þrjár mismunandi túlkanir á stjórnarskránni sem menn hafa tekið mið af og farið varlegustu leiðina en samt ekki þá allra varlegustu sem þýðir að það mætti engu breyta og fara yrði í þjóðaratkvæðagreiðslu hvað sem það kostaði.

Næst ætla ég að ræða, frú forseti, rétt aðeins um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég er hlynntur því að þjóðin geti einstaka sinnum komið að ákvörðun mála, einstaka sinnum, en það má ekki vera oft. Það er nefnilega þannig að í stjórnun ríkis eru menn stöðugt að taka óvinsælar ákvarðanir. Ég nefni t.d. að í Kaliforníu þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur eru mjög almennar og hæstv. fjmrh. nefndi líka, getur landið orðið nánast stjórnlaust, ekki er hægt að stjórna því ef þjóðaratkvæðagreiðslur eru mjög auðveldar, þ.e. létt að koma þeim á. Við skulum hugsa okkur að forseti lýðveldisins hefði verið studdur af skattgreiðendafélagi landsins — sem á eftir að stofna. Og hann væri fylgjandi því að hafa skatta sem minnsta. Svo samþykkir Alþingi eitthvert skattafrv., alltaf skal slíkur forseti neita að skrifa undir slík lög. Alltaf á að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Og hver vill borga hærri skatta? Öll slík lög yrðu felld. Ég er hræddur um að hrikta færi í velferðarkerfinu ef slík niðurstaða yrði.

Menn þurfa að hugsa dálítið til framtíðar þegar verið er að ræða um þessi mál. Ekki má bara hugsa um þetta frv. og stöðuna núna, þennan forseta, þessa persónu sem nú er forseti Íslands eða núverandi ríkisstjórn. Þetta getur allt breyst segjum eftir 10–20 ár. Það getur vel verið að eftir 30 ár komist Samf. einhvern tíma í ríkisstjórn og þá getur verið annar forseti (**Gripið fram í:** Í haust.) — eða í haust já, sumir láta sig dreyma.

Ég sagði líka í andsvari áðan að þetta væri flókið mál og að stjórnarandstaðan teldi sig þurfa meiri tíma en tvo mánuði til að skoða það en samt ætlast hún til þess að hinn almenni kjósandi svari já eða nei, vitrænt. Ég held að svona flókið mál, sem stjórnarandstaðan segist þurfa þetta mikinn tíma til og er þó á fullu kaupi í vinnu við að taka ákvörðun og í fullri vinnu við að hlusta á sérfræðinga, geti maður ekki borið undir þjóðaratkvæði, ekki með vitrænum hætti.

Síðan er það spurningin hvort eigi að setja skilyrði. Það er tvennt í því. Annars vegar ef þjóðin er að taka frumákvörðun. Segjum að lagt hefði verið undir þjóðina hvort virkja ætti Kárahnjúka áður en Alþingi tók nokkra afstöðu til málsins, þá hefði ég talið að meiri hluti ætti að ráða og ákveðin lágmarksþátttaka þyrfti að vera, helmingur þjóðarinnar eða eitthvað slíkt. Hins vegar ef þjóðin á að fara að hafna niðurstöðu þar sem kjörnir fulltrúar, þ.e. fulltrúar hennar tóku á Alþingi þá finnst mér að meira en helmingur þeirra sem kusu á Alþingi síðast eigi að hafna frv., eigi að ganga í blóra við þá þingmenn sem tóku þá ákvörðun, þ.e. núna eru það 44%. Ef kosningaþátttaka linaðist nú og færi niður í 50%, þá þyrfti ekki nema 25%% þjóðarinnar að hafna viðkomandi frv. enda væri Alþingi þá veikari fulltrúi þjóðarinnar en nú. Þetta finnst mér að ætti að vera reglan þegar um það er að ræða að fella lög sem Alþingi hefur sett.

Mér finnst ekki skynsamlegt að hafa engin skilyrði eins og sumir hafa nefnt. Þá gæti það nefnilega gerst í máli sem enginn hefði áhuga á nema lítill hagsmunahópur, ég nefni t.d. arðsemi af vatnsveitum sveitarfélaga, eða lög um tannsmiði — sem sumir töluðu um sem stjórnarskrárbrot á sínum tíma — sem enginn hefði áhuga á, þá væri efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu, forsetinn sem væri tannsmiður eða tannlæknir neitaði að skrifa undir, enginn áhugi væri á málinu, 10% mundi mæta, 6% hefðu mikinn áhuga á málinu og mundu felldu það. Viljum við virkilega hafa það þannig að 6% þjóðarinnar geti fellt lög úr gildi frá Alþingi? Nei, ekki að mínu mati. Það verður að vera einhver takmörkun, einhver.

Frú forseti. Mikið hefur verið rætt um gjá á milli Alþingis og þjóðarinnar og í gangi var ákveðinn „undirskriftalisti" þar sem kom fram að á væru 31.700 manns, en það skrifaði ekki einn einasti maður undir eitt eða neitt. Ég var t.d. settur á þennan lista, ég var á þessum lista. Það var maður úti í bæ sem setti mig á listann, fékk kennitöluna hjá mér og setti mig á listann. Ég skrifaði ekki undir neitt, ég vildi það ekki. Ég gat ekki tekið mig út heldur. (**Gripið fram í:** Baðstu hann ekki um það?) Nei, nei. Hann bað bara um kennitöluna og setti mig inn. Svona listi segir náttúrlega ekki eitt eða neitt.

Hins vegar myndaðist gjá á milli forseta lýðveldisins og þjóðarinnar í kosningu til forseta því að 28 þúsund Íslendingar ómökuðu sig á kjörstað, þurftu að sýna nafnskírteini og voru sannarlega að ómaka sig til að skila auðu. Þar myndaðist gjá á milli forsetans og þjóðarinnar sem ekki er síðri en sú

gjá sem forsetinn taldi að hefði myndast á milli þjóðarinnar og Alþingis og sannanleg.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi það að sagan gerðist í rykkjum, hún gerðist ekki línulega samfellt. Ég er sammála honum. Hann nefndi að þegar spenna myndast í bergi verði stundum allt í einu jarðskjálti. Ákvörðun forsetans var ákveðinn jarðskjálfti og hún myndaði gjár þvers og kruss og skipti þjóðinni upp í marga flokka og einingar. Þar sem forsetar höfðu áður verið sameiningartákn varð forsetinn núna til að sundra þjóðinni. Mér þykir sú þróun mjög miður. Þetta var að frumkvæði forseta Íslands. Hann tók einn þá ákvörðun.

Ég hef löngum lagt það til, frú forseti, að embætti forseta Íslands verði lagt niður. Ég held að embætti forseta Íslands sé arfleifð af þeim tíma þegar menn vildu hafa kónga, keisara og hirð og það sé algerlega úr takti við tímann í dag að vera með embætti forseta Íslands. Það kostar mikið. Við getum haft forseta Alþingis sem getur tekið að sér vissar skyldur forsetans. Aðrir gætu gert það líka án þess að nokkuð skaðaði og ég veit ekki hvort við þurfum að sækja brúðkaup út um allan heim. Þess vegna gæti einhver ráðherra sem ætti leið hjá mætt á svæðið.

En það sem ég hef aldrei skilið, frú forseti, er hvernig forseti Íslands eða embættið kemur inn í þrískiptingu valdsins. Þrískipting valdsins gengur út á það að borgarinn sé verndaður fyrir ríkisvaldinu með því að skipta valdinu í þrennt: löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald sem er óháð hvert öðru en það merkilega er að forseti Íslands er í tveimur af þessum völdum. Hann er í framkvæmdarvaldinu því hann skipar menn í embætti og hefur mikið hlutverk í stjórnsýslunni og hann er í löggjafarvaldinu með því að þurfa að skrifa upp á lög. Ég sé ekki að þetta sé hrein þrískipting valdsins. Ef þetta er eitthvað annað en formlegt vald sé ég ekki að það þurfi neinn forseta til að stimpla lög.

Það sem ég segi um embætti forseta Íslands hefur ekkert með núverandi persónu þess að gera, heldur er þetta almenn hugleiðing um hvort Ísland sem elsta lýðræðisland, þ.e. sú þjóð sem fyrst stofnaði þing, þurfi nokkuð á forseta að halda. Ég held að hún þurfi ekkert á forseta að halda.

Síðan vona ég að menn fari að ræða málefnin og rökrétt um þessi mál. Mér sýnist að flestir hv. þingmenn vilji setja lög um fjölmiðla og ég ætla að vona að menn fari að láta af þessu valdabrölti og snúi sér frekar að því að finna bestu leiðina í að koma böndum á fjölmiðla sem flestir eru sammála um að þurfi.

[19:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða um fjölmiðlamálið því það er ekki á dagskrá. (**Gripið fram í:** Nú.) Hér er á dagskrá frv. sem fellir út allt þetta fjölmiðlamál í heilu lagi og menn verða að geyma sér til síðari tíma að fara yfir þau rök sem menn vilja hafa þegar kemur að nýjum málum af þessu tagi.

En það er eitt sem mig langar til að ræða við hv. þm. og það er að gefnu tilefni því það er ekki bara hann heldur hefur hæstv. forsrh. og líka hæstv. utanrrh. borið það við í vandræðum sínum að finna rök fyrir því að setja einhvers konar skorður við þjóðaratkvæðagreiðsu sem hér var mikið til umræðu. Ein aðalrökin sem þeir hafa sett fram endurtók hv. þm. í ræðu sinni. Þau voru að vegna þess að Alþingi Íslendinga hefði verið kosið af 84% þjóðarinnar eða hvað það nú var við síðustu kosningar, þá ætti að setja skorður sem byggðu á því að Alþingi hefði verið kosið með svona stórum hluta kjósenda. En ríkisstjórnarflokkarnir sem báru ábyrgð á fjölmiðlamálinu hlutu 51% af þeim atkvæðum sem skiluðu sér í kjörkassana í síðustu kosningum og það voru ekki einu sinni allir þingmenn stjórnarflokkanna sem kusu með því frv. í þinginu. Einn var á móti og einn sat hjá þannig að bakstuðningurinn við ríkisstjórnina í fjölmiðlamálinu var fyrir neðan 50% af þeim sem kusu í kosningunum. En hv. þm. gerir eins og foringjar hans og leiðir það fram sem rök og telur með atkvæði á bak við þá þingmenn sem voru alfarið á móti lögunum. Með því er hv. þm. í rauninni að telja atkvæði andstæðinganna með. Eru það nú rök!

[19:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. misskilur gjörsamlega það sem ég sagði. Ég sagði að 44% eða helmingurinn af þessum 88% þyrftu að greiða atkvæði gegn frv. til að það félli. Ég sagði ekki 50%, ég sagði 44%, helmingur af 88%, þannig að ef, eins og hv. þm. sagði, 48% þjóðarinnar eða eitthvað slíkt eiga fulltrúa á Alþingi sem samþykkja þessi lög þurfi svipaðan fjölda á móti. Það er sú röksemd sem ég er með, þ.e. að 44% þjóðarinnar, sem er helmingurinn af því vægi sem Alþingi sækir til þjóðarinnar, þurfi að greiða atkvæði gegn frv. til að fella það. Ella félli það ekki.

Það er nefnilega þannig að þingmenn þurfa á fjögurra ára fresti að sækja vald sitt til þjóðarinnar. Þá eru þeir vegnir og metnir eftir öllu því sem þeir hafa gert á kjörtímabilinu, m.a. þessu, og fá aftur fylgi hjá þjóðinni til að semja lög fyrir hönd hennar. Ef sú staða kemur upp að þjóðin eigi að greiða atkvæði um þá ákvörðun Alþingis að hafa samþykkt lög finnst mér að a.m.k. helmingur þeirra sem kusu Alþingi síðast þurfi að greiða atkvæði gegn ákvörðuninni.

[19:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst eins og mönnum hafi gleymst í þessari umræðu hvaðan valdið kemur. Valdið kemur frá þjóðinni og það er auðvitað bara meiri hluti þjóðarinnar í einstökum atkvæðagreiðslum sem hefur þetta vald. Það er gersamlega fráleitt að menn ætli að fara að gera upp á milli mála af þessu tagi gagnvart þjóðinni. Þar á meiri hluti bara að gilda.

Við höfum reglur um þetta. Það hefur aldrei verið gerð nein krafa um það að tiltekinn fjöldi tæki þátt í að kjósa þingmenn. Það hefur aldrei verið gerð einu sinni krafa um það að tiltekinn fjöldi kysi forseta Íslands en ríkisstjórnarstyðjendur töldu að setja þyrfti sérstakar reglur ef það ætti að verða mögulegt að fella einhver mál sem þeir hafa stutt á þingi þó að þeir hafi ekki einu sinni haft meirihlutastuðning á bak við það miðað við þann stuðning sem þeir höfðu í kosningum.

[19:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil endurtaka: Alþingi er kosið sem fulltrúi þjóðarinnar á fjögurra ára fresti minnst. Á bak við Alþingi Íslendinga er mjög sterkur meiri hluti. Þátttaka í alþingiskosningum er mjög sterk. Það eru um 88% sem taka þátt þannig að við getum sagt að þegar Alþingi samþykkir lög séu a.m.k. fulltrúar 44% þjóðarinnar sem hafa samþykkt þau lög á Alþingi. Og ég segi að ef fella eigi þessi lög sem fulltrúar þjóðarinnar settu á Alþingi þurfi sami meiri hluti að koma fram til að fella þau, þ.e. 44%. Ef þátttaka í kosningum

til Alþingis yrði lítil eins og hjá sumum þjóðum þar sem þátttakan fer niður í 50% mundi ekki þurfa nema 25% enda er þá valdið sem Alþingi tekur frá þjóðinni veikara en þegar 88% taka þátt í alþingiskosningum.

[19:50]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi í dag farið fram gagnleg umræða um þetta mál. Það var svo sem við því að búast að stjórnarandstaðan mundi leggja kapp á að hrósa sjálfri sér fyrir að hafa staðið sig vel í því og fagna því að fjölmiðlalögin verði felld brott. Hvoru tveggja er ég innilega ósammála. Í fyrsta lagi er ég þeirrar skoðunar að stjórnarandstaðan hafi frá upphafi umræðunnar um fjölmiðlalög drepið málinu á dreif, haldið uppi málþófi í stuttu máli og forðast efnislega umræðu um málið í því augnamiði einu að koma höggi á ríkisstjórnina.

Í annan stað hlýt ég að harma að sá mikli tími sem farið hefur í málið skuli ekki ekki hafa borið meiri ávöxt en raun ber vitni. Í því samhengi verður ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að stjórnarandstaðan hefur aldrei, ekki á einu einasta stigi málsins, léð máls á stuðningi við það að gefnum ákveðnum breytingum. Þetta vekur sérstaka athygli í ljósi þess að allir flokkar á þingi eru sammála þörfinni fyrir lagasetningu á þessu sviði.

Í umræðu um málið í dag hefur verið gerð athugasemd við nokkur atriði sem meiri hluti allshn. leggur áherslu á í áliti sínu. Ég ætla að víkja máli mínu nánar að þessum atriðum og freista þess að skýra málið enn frekar fyrir þeim sem eftir hafa kallað.

Í fyrsta lagi hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson gert sérstaka athugasemd við orðalag í nefndaráliti meiri hlutans þar sem fjallað er um þörfina á endurskoðun stjórnarskrár. Fyrst verð ég að segja að ég undrast að hv. þingmaður skuli halda því fram að úr orðalagi nefndarálitsins megi lesa þá hugsun að meiri hlutinn telji sérstaka þörf á því að afnema synjunarrétt forseta Íslands í tilefni af þeim stjórnskipulegu álitaefnum sem við höfum staðið frammi fyrir undanfarnar vikur og risu í kjölfar synjunar forseta á fjölmiðlalögunum.

Ég vek aftur athygli á því sem ég hef gert í andsvari í dag að í nefndaráliti meiri hluta allshn. er vísað sérstaklega til þeirra atriða sem forsrh. vék að við umræðu á þinginu sl. vetur. Eru tilteknir þar I. og II. kafli stjórnarskrárinnar sérstaklega. Ég get hins vegar tekið fram að ég tel fulla ástæðu til að synjunarvald forseta verði meðal þess sem skoðað verði við endurskoðun stjórnarskrár. 26. gr. þarf að skoða, til að mynda í samhengi við mögulegar breytingar í þá veru að eitthvert tiltekið hlutfall kosningarbærra manna gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál. Hv. þm. Pétur Blöndal gat þessa möguleika í máli sínu rétt áðan og fleiri hafa reifað hann. Við hljótum að taka 26. gr. til skoðunar í þessu samhengi ef á reynir. Þetta þarf allt að skoða og það er sjálfsagt að koma að því borði með óbundnar hendur. Það eru heldur engin skilyrði í nefndaráliti meiri hluta allshn. varðandi þetta atriði sérstaklega. Meiri hluti allshn. heldur því alls ekki fram að í tilefni af því máli sem við erum hér að fjalla um þurfi sérstaklega að fella brott synjunarvald 26. gr. Það er einfaldlega rangt. Þeirri niðurstöðu finnur hv. þm. engan stað í nefndaráliti meiri hlutans.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara efnislega yfir öll þau atriði sem forsrh. ræddi á sínum tíma í umræðu í þinginu í vetur í kjölfar fyrirspurnar frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar sem hann fjallaði um þau atriði sem einkum kæmi til álita að taka til endurskoðunar. Það eru atriði af því tagi sem forsrh. vék að í máli sínu sem meiri hluti allshn. vísar sérstaklega til. Upphlaupið í tilefni af orðalagi meiri hluta allshn. í nefndarálitinu kemur að öllu þessu sögðu mér verulega á óvart í umræðunni í dag.

Vil ég þá víkja máli mínu að öðru álitaefni sem haft hefur verið á orði í umræðunni í dag. Kallað hefur verið eftir því með hvaða rökum meiri hluti nefndarinnar telji það standast stjórnarskrá að afnema fjölmiðlalögin, lög nr. 48/2004, í ljósi þess að 26. gr. stjórnarskrár orðar það svo að í kjölfar synjunar forseta Íslands skuli fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Í fyrsta lagi er það skoðun mín að meginrökin fyrir þessari niðurstöðu komi fram í nefndaráliti meiri hlutans. Þau eru sem sagt þau að valdheimildir Alþingis takmarkist ekki af öðru en ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfrar. Það er sjálfsagt að bæta við þennan rökstuðning og vil ég í því tilliti m.a. vísa til fskj. VI við þskj. 1898 sem er nefndarálit minni hluta allshn. í málinu. Þar er að finna minnisblað Páls Hreinssonar lagaprófessors um þetta atriði sérstaklega.

Páll Hreinsson komst að þeirri niðurstöðu í minnisblaði sínu að nærtækasta skýring 26. gr. væri sú að ákvæðið takmarkaði ekki vald Alþingis til að fella lögin úr gildi enda virtist meginmarkmið ákvæðisins að orða það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir frambúðargildi laganna að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram. Þannig bendir Páll Hreinsson á að þar sem færa megi fyrir því rök að meginmarkmið ákvæðisins sé að orða þetta ófrávíkjanlega skilyrði geti það ekki talist fela í sér takmörkun á valdi Alþingis til að fella slík lög úr gildi áður en til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur. Styður Páll Hreinsson þetta lögskýringarviðhorf sitt með ummælum og túlkun dr. jur. Björns Þórðarsonar, þáverandi forsrh., á ákvæðinu við umræður um stjórnarfrv. hans til lýðveldisstjórnarskrárinnar á Alþingi hinn 28. febrúar 1944. Ég les hreinlega upp úr minnisblaðinu sem geymir þá beinu tilvitnun, með leyfi forseta:

„Alþingi fer með löggjafarvaldið, því að forseta er ekkert vald veitt í lagasetningu. Þess vegna er sama, hvort hann undirskrifar lögin eða ekki. Ef hann undirskrifar lögin, öðlast þau gildi, geri hann það ekki, öðlast þau samt gildi, en til frambúðar þó því aðeins, að þjóðin hafi samþykkt þau að viðhafðri atkvæðagreiðslu. — Það er ekki um synjunarvald forseta að ræða hér, heldur er það þjóðin, sem segir til um það, hvort lögin eigi að hafa framtíðargildi eða ekki."

Hér er ég að taka til ummæli í þessu lögskýringartilliti sem Páll Hreinsson sérstaklega vísar til. Hann leggur áherslu á það í minnisblaði sínu að 26. gr. fjalli fyrst og síðast um það með hvaða hætti skorið verði úr um það þegar forseti synjar lögum staðfestingar hvort lög frá Alþingi eigi að öðlast framtíðargildi. Með því að leggja þessa meginherslu á skýringu 26. gr. kemst Páll að sömu niðurstöðu og Sigurður Líndal, þ.e. að Alþingi hljóti að vera heimilt að stjórnskipunarrétti að fella lög niður þannig að ekki reyni á afstöðu þjóðarinnar til þess hvort hin sömu lög hljóti gildi til frambúðar. Sigurður Líndal orðaði það þannig í grein sinni í Fréttablaðinu miðvikudaginn 2. júní 2004 að þessi leið, þ.e. sú leið að fallast á heimild þingsins til að fella lög brott við þessar aðstæður, sparaði fé, eyddi óvissu, slægi á deilur og allir héldu sæmd sinni. (**ÖS:** Hvað kallaði dómsmálaráðherra?) Það er ekki einungis Páll Hreinsson sem hefur komist að þessari niðurstöðu heldur líka Sigurður Líndal sem og líka hv. þm. Ögmundur Jónasson, samflokksmaður hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ögmundur hafði þau ummæli um þessa leið

að hann fagnaði því sérstaklega að lögin yrðu felld brott af þinginu, samkvæmt útprentaðri frétt Bylgjunnar frá 30. júní.

Ekki ætla ég að vísa til þess að Ögmundur Jónasson fagni þessu sérstaklega sem einhverra ákveðinna raka fyrir því að þessi leið standist stjórnarskrá. Ég tel það frekar með vísun til þeirra lögskýringarviðhorfa sem birtast í fylgiskjölum með áliti minni hluta allshn., annars vegar í því sem fram kemur í minnisblaði Páls Hreinssonar og hins vegar í öðrum þeim fylgiskjölum sem þar koma fram eins og t.d. umsögn prófessors Eiríks Tómassonar. Hann bendir á að það er Alþingi sem hefur frumkvæði að því að setja lög, Alþingi hefur víðtækan rétt til að setja lög, breyta þeim og fella þau úr gildi og hann bendir jafnframt á að lög öðlist aðeins lagagildi til bráðabirgða við þær aðstæður að forseti synjar. Þar er hann að hreyfa sömu sjónarmiðum og Páll Hreinsson leggur áherslu á í minnisblaði sínu. Allt eru þetta rök sem meiri hluti allshn. byggir skoðun sína á. Með þessum viðbótarrökstuðningi tel ég að enginn vafi leiki lengur á um það hvernig meiri hluti nefndarinnar hefur komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að nema fjölmiðlalögin úr gildi án þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Ég hef velt því fyrir mér undanfarna daga að það megi sannarlega skoða hina skilyrðislausu kröfu um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram í öðru ljósi en einkum hefur verið gert í umræðum á þinginu. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur m.a. vikið að því. Það er vissulega rétt sem hann hefur bent á, að þingmenn hafa í umræðum á þing einkum skoðað 26. gr. stjórnarskrárinnar í því ljósi sem þetta mál hefur varpað á hana.

Við skulum velta þeim möguleika fyrir okkur að þingið geri augljós mistök við lagasetningu og þau mistök uppgötvast áður en forseti staðfestir viðkomandi lög. Hvað ef orðalag eða efni laga væri andstætt því markmiði sem að var stefnt með lagasetningunni? Hvað ef það uppgötvaðist eftir að Alþingi hefði afgreitt lög til forseta til staðfestingar að þau væru andstæð alþjóðlegum skuldbindingum sem við höfum tekist á herðar? Hvað ef Hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu að lög sem væru í öllum aðalefnisatriðum samhljóða því frv. sem þingið væri nýbúið að afgreiða frá sér stæðust ekki ákvæði stjórnarskrár? Í hvaða stöðu er forseti sem fær slík lög til staðfestingar? Er hann í þeirri stöðu að verða að staðfesta þau lög til að forðast þjóðaratkvæðagreiðslu? Er hann í þeirri stöðu að hann geti ekki synjað lögunum, eins og maður hlýtur að gefa sér að hann mundi vilja gera við slíkar aðstæður, aðstæður sem gætu með þessu móti komið upp frá því að þingið afgreiddi þau þar til hann tæki ákvörðun um það hvort hann hygðist staðfesta lögin eða synja þeim. Ég held að það sé með engu móti hægt að komast að þeirri niðurstöðu að forseti sé í þeirri stöðu. Ég tel að þetta einfalda dæmi, sem væntanlega og vonandi er ekki mjög raunhæft, sé til þess fallið að draga fram, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er mér reyndar sammála um, að það er engin skynsemi í að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að þinginu sé heimilt að fella brott lög við þessar aðstæður. Við hv. þm. erum hins vegar ósammála um hitt, að ég tel að auk þess að vera skynsamlegt þá standist þetta úrræði ótvírætt stjórnarskrána.

Að lokum vil ég víkja að því sem mikið hefur verið gert úr í umræðunni í dag, þ.e. hver höfuðástæða þess er að mælt er með því að ekki verði á þessu þingi sett ný lög um fjölmiðla. Ég vek sérstaka athygli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á því að meiri hluti allshn. telur heimilt að setja ný lög samhliða því að fella niður lögin frá liðnu vori. Þetta er skýrlega stafað í nefndarálitinu. Hinu er ekki að leyna að um málið og alla umgjörð þess hefur í fárviðri undanfarinna vikna skapast ákveðinn vafi um stjórnskipulegar heimildir handhafa ríkisvaldsins. En þrátt fyrir að ágreiningur hafi verið um túlkun og skýringu stjórnarskrárinnar hefur meiri hlutinn komist að ákveðinni niðurstöðu um þetta efni. Hana er að finna í nefndarálitinu. Ég tel að þar sé þetta atriði afar skýrt. Fyrir þessu eru færð rök í áliti meiri hluta nefndarinnar en ástæða þess að ekki er farið dýpra í þann rökstuðning er sú að þrátt fyrir þessa niðurstöðu er mælst til þess að ekki verði að svo stöddu sett ný fjölmiðlalög heldur verði málið tekið til nánari skoðunar.

Ég tel mikilvægt að því sé haldið til haga að höfuðástæðan fyrir þeirri niðurstöðu sem náðist er að engin samstaða hefur tekist á þinginu um þá leið sem lagt var til að farin yrði, sem var eitt meginmarkmið þess frv. sem ríkisstjórnin lagði fram. Það hefur margoft komið fram í umræðu um málið, m.a. strax í kjölfar þess að frv. var kynnt. Með þessu má jafnvel segja að stjórnarflokkarnir hafi fallist á það sjónarmið að meiri sátt þurfi að ríkja um ný fjölmiðlalög en verið hefur um gildandi lög. Því verður á hinn bóginn ekki haldið fram að ástæðan fyrir því að ekki séu sett ný fjölmiðlalög sé að meiri hluti allshn. mæli ekki með því. Ástæðan er ekki sú að nefndin hafi talið það stangast á við stjórnarskrá að samþykkja slíkt frv.

Með þessum orðum, virðulegi forseti, tel ég að ég hafi vikið að öllum helstu athugasemdum sem fram hafa komið í kjölfar framsögu minnar um nefndarálit meiri hluta allshn.

[20:06]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er merkileg yfirlýsing hv. formanns allshn. að meiri sátt hefði getað ríkt um þau lög sem hann hefur mælt fyrir í mörgum útgáfum á þinginu. Við geymum hana í hjörtum okkar.

Það sem mig langar að spyrja hv. þm. að leiðarlokum málsins er um það sem hann svaraði ekki í dag og varðar nefndarálit sem hann hefur lagt fram. Þar er á einum stað sagt að meiri hlutinn telji engan vafa leika á því að lög nr. 48/2004 standist ákvæði VII. kafla stjórnarskrárinnar. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Að þessu virtu er það ótvírætt niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að efnislega standist framangreindar efnisreglur ákvæði stjórnarskrár."

Hér er væntanlega átt við þann meiri hluta sem undir skrifar, fimm manns af níu í nefndinni. En þá rekur maður sig á það að einn af þessum fimm, hv. þm. Jónína Bjartmarz, skrifar undir með fyrirvara. Þar segir að hún skrifi undir þetta álit með fyrirvara, með leyfi forseta:

„Jónína Bjartmarz skrifar undir álit þetta með fyrirvara við fullyrðingu í annarri málsgrein álitsins um að lög nr. 48/2004 samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar."

Mig langar að spyrja hvort þetta séu líka pennaglöp, auk stjórnarskrárvafans, hins stjórnskipulega vafa sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur upplýst okkur um að séu pennaglöp. Ber þá ekki að prenta nefndarálitið upp með réttum upplýsingum? Það er ljóst að minni hluti nefndarinnar telur að framangreind lög standist stjórnarskrá, þ.e. VII. kafla hennar. Það er merkilegt að sá minni hluti er skipaður fjórum sjálfstæðismönnum, þeim hv. þm. Bjarna Benediktssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Sigurði Kára Kristjánssyni og

Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Það er líka merkilegt að enginn framsóknarmaður, annar en hv. þm. Jónína Benediktsdóttir, hefur komið upp í ræðustólinn. Á meðan það gerist ekki hljótum við að líta svo á að Framsfl. í heild standi að baki því áliti hv. þm. Jónínu Benediktsdóttur (Gripið fram í.) að þessi ákvæði standist ekki stjórnarskrá.

[20:08]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að svara þessu þannig að um það efnisatriði sem hv. þm. gerir að umtalsefni er ítarlega fjallað í nefndaráliti meiri hluta allshn. frá því í vor. Það er beinlínis vísað til þess nefndarálits í hinu nýja nefndaráliti meiri hlutans.

Að hinu fyrra nefndaráliti stóð meiri hluti nefndarinnar. Varðandi þá fyrirvara sem einstakir þingmenn hafa á nefndarálitum þá hvet ég þingmanninn til að beina fyrirspurnum sínum til viðkomandi.

[20:09]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa rangnefnt hinn ágæta hv. þm. Jónínu Bjartmarz, sem ég kallaði öðru nafni. En tvær Jónínur hafa einmitt komið við sögu þessa hundrað daga stríðs og hin er líka mikil valkyrja.

Ég fæ ekki svar við fyrirspurn minni. Það er slæmt vegna þess að formaðurinn virðist ekki vilja fallast á þann skilning minn að það sé ekki meiri hluti nefndarinnar sem telur að umrædd lög standist stjórnarskrána heldur minni hluti nefndarinnar. Ég skil ekki af hverju hann getur ekki viðurkennt það. Fjórir sjálfstæðismenn sem sitja í nefndinni telja að þetta standist stjórnarskrána. Aðrir telja það annaðhvort ekki eða skrifa undir álitið með fyrirvara við þá fullyrðinu að þetta samræmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Minni hluti allshn. og sennilega minni hluti þingsins, þar sem Framsfl. stendur væntanlega á bak við hv. þm. Jónínu Bjartmarz í þessu efni, hefur þá skoðun.

Ég vil ósköp einfaldlega fá formann allshn. til að leiðrétta þessa fullyrðingu í nefndaráliti sem þegar hefur verið viðurkennt af hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að sé gallað, sennilega skrifað í flýti nema eitthvað hafi misfarist á leiðinni úr tölvunni í stjórnarráðshúsinu yfir í tölvu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns allshn.

[20:10]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því að um þau efnisatriði sem hv. þm. Jónína Bjartmarz gerir fyrirvara um er fjallað ítarlega í fyrra nefndaráliti allshn. Þar er tekið á fjölmörgum atriðum stjórnarskrárinnar sem rætt var um. Varðandi það hvort fyrirvari hv. þm. lýtur að einu tilteknu atriði, tiltekinni grein stjórnarskrárinnar, þá er mér ekki kunnugt um það. Ég ítreka það sem ég tók áður fram, að mér þætti langeðlilegast að hv. þm. beindi fyrirspurn sinni til hv. þm. Jónínu Bjartmarz um það hvers eðlis fyrirvarar hennar eru. En það er ótvírætt að meiri hluti nefndarinnar stendur að baki báðum þessum álitum.

[20:11]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál verður alltaf skrýtnara og skrýtnara. Það er rösklega gert af hv. þm. Bjarna Benediktssyni að hafa tekist að skipta næstum þrisvar sinnum um skoðun á sex og hálfum tíma.

Í dag var skýring hv. þm. á því að þetta frv. væri dregið til baka sú að stjórnskipulegur vafi léki á um framgang málsins og málsmeðferð. Fyrri hluti ræðu hans áðan var með allt öðrum hætti. Þá sagði hv. þm. að eina ástæða þess að málið var ekki tekið gegnum þingið hefði verið sú að ekki hefði tekist sátt um það við stjórnarandstöðuna. Hvort er það vegna þess að það er enginn stjórnskipulegur vafi um málið eða vegna þess að það tókst ekki ná sátt við stjórnarandstöðuna? Hv. þm. verður að skýra frá því hver er orsök þess að málið var tekið til baka með þessum hætti.

Í seinni parti ræðu sinnar sagði hv. þm. að þótt það stæði í nefndarálitinu að stjórnskipulegur vafi ríkti þá hefði meiri hluti nefndarinnar þá skoðun að stjórnskipulega stæðist málið. Hvernig er hægt að skilja svona hringavitleysu? Jú, það er hægt. Hún skilst í því ljósi að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hefur sagt að þetta séu pennaglöp. Það skilst í því ljósi að hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur sagt að þetta sé óhönduglega orðað. Það skilst í því ljósi að það er eins og það sé framandi fyrir hv. þm. að það standi í álitinu að þetta sé ástæðan. Má ég þá spyrja hv. þm.: Hvar var nefndarálitið skrifað?

[20:13]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi hv. þm. hlustað eftir mínum orðum, eins og hann lætur vera, hefði hann átt að taka eftir því að í nefndarálitinu segir, sem ég hef ítrekað bent á í ræðustól, að meiri hluti nefndarinnar telji heimilt að setja ný lög samhliða því að fella niður lög frá liðnu vori. Þetta segir orðrétt í nefndaráliti meiri hlutans. Síðan er tiltekin ein skýring þess að nefndin mælir ekki með því að ný lög verði sett um efnið að þessu sinni, þ.e. að stjórnskipulegur vafi hafi verið um málið. Ég geri engan stóran mun á því hvort í nefndarálitinu segir stjórnskipulegur vafi eða stjórnskipulegur ágreiningur. Aðrir kunna að leggja meira upp úr því orðalagi en hv. þm. á að vera það deginum ljósara að meiri hluti nefndarinnar taldi að leiðin sem lagt var til að fara væri fær.

Ástæða þess að meiri hluti nefndarinnar leggur ekki til að sett verði ný lög að svo komnu máli er sú að engin sátt hefur tekist um það, m.a. vegna þess að stjórnarandstaðan hefur ekki á nokkru stigi málsins viljað taka þátt í efnislegri umræðu. Það hefur ekki einu sinni hefur komið að gefnum hvaða breytingum á frv., eins og það hefur legið fyrir á þinginu, stjórnarandstaðan gæti fellt sig við að málið yrði afgreitt.

[20:15]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri nýju stefnu um vinnubrögð sem hér er komin fram hjá hinum tilvonandi efnisþingmanni, hv. þm. Bjarna Benediktssyni. Hann segir bara hér að málið sé dregið til baka vegna þess að ekki hafi tekist sátt við stjórnarandstöðuna. Ég geri þá ráð fyrir að í framtíðinni þegar ekki tekst sátt við stjórnarandstöðuna um einstök mál verði þau dregin til baka. Má ekki ganga að því sem vísu, herra forseti?

Staðreyndin er einfaldlega sú að meiri hluti allshn. er alls ekki viss um af hverju formenn stjórnarflokkanna ákváðu að kippa málinu til baka. Í dag var formaður allshn. þeirrar skoðunar, eins og segir enn þá í nefndarálitinu nema það

verði prentað upp, að málið sé dregið til baka með hliðsjón af þeim stjórnskipulega vafa sem um það ríkir. En áðan var hv. þm. að segja að það væri ekki út af því heldur út af því að stjórnarandstaðan hefði ekki viljað sættir í málinu. Hver á að skilja þetta? Málið er auðvitað ósköp einfalt. Það var ágreiningur millum tveggja flokka og honum var ráðið til lykta þegar ríkisstjórnin var að springa annars staðar en þar sem þingmenn allshn. voru á vettvangi. Það er einfaldlega skýringin.

Komið hefur fram að hv. þm. Bjarni Benediktsson trúir ekki einu sinni því sem segir í nefndarálitinu vegna þess að hann telur að það sé enginn stjórnskipulegur vafi á málinu og þó var það skýringin sem hann flutti í dag fyrir því að málið er dregið til baka. Til þess að kóróna allt saman og sýnir nú, af því að við hlið hans er hv. þm. Ögmundur Jónasson, hvert ríkisstjórnin er farin í rökum sínum, með fullri virðingu fyrir þingmanninum sem stendur við hlið hans, þegar hann kemur hingað og helsta stoð hans í skýringu á stjórnarskrá er einmitt hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hann er hans helsti stjórnvitringur. Þetta fer að verða dálítið skondið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:24]

1. gr., a-liður, samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHall, GunnB, HjÁ, JBjart, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, LMR, GHj, GÞÞ, HBl.

28 þm. (GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, ÁF, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, HÁs, JónK, EMS) fjarstaddir.

Brtt. 1895,1 (b-liður 1. gr. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOK, LMR, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HjÁ, JBjart, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, HBl.

28 þm. (GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, ÁF, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EMS, GÁ, HÁs, JónK) fjarstaddir.

Brtt. 1895,2 (2. gr. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBjart, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, LMR, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HjÁ, HBl.

28 þm. (JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, ÁF, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj) greiddu ekki atkv.

4 þm. (JónK, EMS, GÁ, HÁs) fjarstaddir.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHall, GunnB, HjÁ, JBjart, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, LMR, GHj, GÞÞ, HBl.

28 þm. (GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, ÁF, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK) greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÁ, HÁs, JónK, EMS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [20:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í þessari atkvæðagreiðslu eru stjórnarliðar að fella sín eigin umdeildu fjölmiðlalög úr gildi. Hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. fóstruðu sérstaklega það steinbarn sem málsmeðferðin hefur orðið ríkisstjórnarflokkunum og þingmönnum stjórnarflokkanna. Málsmeðferðin er öll með ólíkindum og komið er í veg fyrir að málið sem forseti vísaði til þjóðarinnar fari í atkvæðagreiðslu. Ég greiði þessu máli ekki atkvæði.

Brtt. 1895,3 (ný 4. gr., verður 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBjart, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ArnbS, KÓ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, LMR, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HjÁ, HBl.

28 þm. (JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, ÁF, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj) greiddu ekki atkv.

4 þm. (JónK, EMS, GÁ, HÁs) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 20:44.

---

137. FUNDUR

fimmtudaginn 22. júlí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Útvarpslög og samkeppnislög, stjfrv., 1011. mál, þskj. 1899. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Jón Kristjánsson heilbrrh. [10:02]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 1013. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1900.

Útvarpslög og samkeppnislög, 1011. mál, þskj. 1899.

Útvarpslög og samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 1011. mál (eignarhald á fjölmiðlum, brottfall eldri laga o.fl.). — Þskj. 1899.

[10:03]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Á þessum sólfagra morgni verð ég að tilkynna hæstv. forseta þau gleðitíðindi að ég hef satt að segja aldrei verið jafnsáttur við störf þingsins og einmitt í dag og í gær. Ég tel að núna hafi þetta þing stigið einhver þau heilladrýgstu spor sem það hefur stigið um alllangt skeið. Það eina sem ég hef að athuga við hæstv. forseta eru þau ummæli sem féllu af vörum hans í gær í snarpri umræðu um valdmörk milli Alþingis og forseta og það var einmitt eitt af því sem ég vildi gera að umræðuefni.

Við höfum verið að velta fyrir okkur með hvaða hætti virðingu þingsins er best borgið. Ýmsir hv. þingmenn hafa haldið því fram að forseti lýðveldisins hafi gengið of nærri virðingu þingsins og valdsviði þingsins með því að notfæra sér 26. gr. til að synja fjölmiðlalögunum staðfestingar. Í merkilegri umræðu sem fram fór um það í gær vil ég taka fram að ég var allsendis ósammála hæstv. forseta, Halldóri Blöndal, þegar hann kom í ræðustól í gær og taldi að allt hefði þetta mál verið þarflítið og mætti við svona aðstæður skjóta sér hjá því ef forseti lýðveldisins, eins og hann orðaði það, hefði t.d. tveimur vikum fyrr áður en Alþingi lauk umfjöllun sinni um fjölmiðlalögin gefið það í skyn við valdhafana í samfélaginu að hann hefði efasemdir um það frv. sem þá var um að ræða.

Ég tel, herra forseti, að enginn maður hafi gengið eins langt í að lýsa yfir vilja til að selja frá þinginu vald eins og hæstv. forseti gerði með þeim ummælum. Þarna er um að ræða ferli sem ég hygg ákaflega fáir alþingismenn gætu nokkru sinni fellt sig við. Í þessu felst í reyndinni það að ef *sú staða kemur upp að umdeilt mál er til umræðu á Alþingi* og forseti kynni að hafa efasemdir um málið, þá ætti hann samkvæmt hljóðan orða hæstv. forseta síðan í gær að hafa samband eftir atvikum við forseta Alþingis eða forsrh. og tjá honum þann vafa sinn. Af því hlyti að leiða að Alþingi og þeir sem flyttu viðkomandi frv. mundu þá væntanlega hefja eins konar samningaviðræður við forsetann, þ.e. leita eftir því hvaða breytingar forseti lýðveldisins gæti fallist á til þess að hægt væri að samþykkja frv. án þess að yfir vofði hætta á synjun. Ég tel að í þessu fælist verulegt framsal á valdi til forseta lýðveldisins sem ég mundi aldrei sætta mig við og í reynd værum við þá með einhverjum hætti að taka upp vísi af því gamla konungdæmi sem við slítum okkur frá 1944. Ég varð því ákaflega undrandi á að það skyldi vera forseti Alþingis sem með þeim hætti reifaði samband þingsins og forseta. Ég lýsi því yfir að ég er þessu allsendis ósammála.

Við þessa umræðu hefur m.a. verið rætt um framvinduna og framtíð þess máls sem hér hefur verið undir. Þeir sem hafa andæft fjölmiðlalögunum hafa haft fullan sigur. Verið er að fella fjölmiðlalögin með húð og hári í burtu.

Í umsögn í áliti allshn. er reifað lítillega hvernig fjölmiðlanefnd ætti að haga störfum sínum. Ég gerði athugasemd við það í gær að þar er talað um sem hluta af sáttargjörð í málinu að nýtt frv. með aðkomu stjórnarandstöðunnar að fjölmiðlanefnd ætti að liggja fyrir á haustþingi. Ég gerði við þetta alvarlegar athugasemdir. Það gerði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon líka. Ef menn ætla sér að hafa sátt í málinu, hafa hreint borð, þá er ekki hægt að gefa nein fyrirmæli um það með hvaða hætti slík nefnd á að starfa eða hvenær hún á að ljúka störfum sínum. Og það er mikilvægt að fram komi að undir þetta tók hv. þm. Jónína Bjartmarz, varaformaður allshn. Hún hefur talað hér, eini þingmaðurinn sem talað hefur fyrir hönd Framsfl., og lýst stöðu sinni í allshn. þannig að *hún væri sérstakur trúnaðarmaður Framsfl. og þær skoðanir* sem hún birti þar væru skoðanir flokksins þannig að það liggur þá alveg kristaltært fyrir að það er skilningur meiri hluta Alþingis, talsmanna fjögurra flokka hið minnsta á því að engin tímamörk eru á þessu starfi og það er á þeim grundvelli sem ég lýsi því yfir fyrir hönd Samf. að við munum taka þátt í því starfi. Það er á þeim forsendum.

Í annan stað, herra forseti, spunnust ákaflega miklar og merkilegar umræður um 26. gr. stjórnarskrárinnar. Ég hef lýst henni svo að hún sé mikilvægur nauðhemill sem þjóðin getur gripið til þegar stjórnarherrar, blindaðir af þeim vinnubrögðum sem þeir hafa tekið upp, aka út af. Þá er hægt að grípa í þennan nauðhemil til að koma í veg fyrir að verulegt slys verði. Það var gert núna. Ég tel að þetta ákvæði hafi sannað gildi sitt í þessu máli.

Þegar málið var rætt í fjölmiðlum í aðdraganda þingfundarins sem hóst í gær gerðu menn því skóna í fjölmiðlum að það væri partur af samkomulagi stjórnarflokkanna að ráðast ætti í endurskoðun stjórnarskrárinnar beinlínis til þess að taka málskotsréttinn úr sambandi. Það liggur alveg ljóst fyrir í yfirlýsingum varaformanns allshn. og talsmanns Framsfl. í málinu að því er algerlega þverneitað að sérstaklega eigi að endurskoða 26. gr. umfram aðrar greinar. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur fyrir hönd Framsfl., sem innan skamms mun veita ríkisstjórninni forstöðu, sagt að sú endurskoðun varði allar greinar stjórnarskrárinnar og hún nefndi þar sérstaklega að ekki væri ætlunin að taka 26. gr. umfram aðrar greinar. Einnig er mikilvægt að það liggi fyrir, því það er ákveðin forsenda þess að stjórnarandstaðan geti tekið þátt í endurskoðun *stjórnarskrárinnar*, að þar komi menn fordómalaust að verkinu og að það sé ekkert sérstakt markmið umfram önnur að ráðast t.d. til atlögu við 26. gr.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson spurði mig sérstaklega í gær hvers vegna ég teldi að í nefndarálitinu mætti lesa út þá fyrirætlan. Þó að það liggi alveg ljóst fyrir af ummælum hv. þm. Jónínu Bjartmarz að ekki er samstaða meðal stjórnarflokkanna að ráðast sérstaklega til atlögu við málskotsréttinn, þá vil ég skýra fyrir honum af hverju ég tel að þetta hafi mátt lesa úr nefndarálitinu. Það eru þrjár greinar álitsins sem ég vísa sérstaklega til.

Í 3. mgr. nefndarálitsins segir að ljóst sé að beiting forseta Íslands á synjunarvaldi samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar hafi leitt til stjórnlagakreppu. Þarna er beinlínis sagt að beiting forsetans á þessu tiltekna ákvæði hafi leitt til ákaflega alvarlegs ástands. Síðar segir í álitinu að sú staða sem upp hafi komið í tengslum við málið dragi með öðru fram þann vafa sem í öllu tilliti er á beitingu og framkvæmd 26. gr. stjórnarskrárinnar og í beinu framhaldi af því ályktar meiri hlutinn með svofelldum hætti:

„Telur meiri hlutinn mikilvægt að taka til við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar ...“ Síðan er haldið áfram og lögð sérstök áhersla á þá kafla þar sem 26. gr. er. Það er af þeim sökum, herra forseti, sem ég taldi að úr nefndarálitinu mætti lesa þessa ætlan. En ég tek það hins vegar fullkomlega gott og gilt þegar því er lýst yfir að menn ætli að fara í endurskoðun stjórnarskrárinnar án þess sérstaklega að hafa það að markmiði að fara í umræddа grein.

Í nefndaráliti meiri hlutans er síðan haft sérstaklega eftir skoðun sem rakin er til þess sem hér stendur, formanns Samf. Þar er því haldið fram að eftir að forsrh. — og vísað er til ræðu sem forsrh. hélt líkast til 7. febrúar þar sem hann lýsti því yfir að ráðast þyrfti í endurskoðun stjórnarskrárinnar og sérstaklega I. og II. kaflann. Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir í sjónvarpsþætti sem ég var með honum í 26. mars að ekki síst ætti að aftengja málskotsréttinn við þá endurskoðun. Í nefndarálitinu er sagt að þetta hafi forsrh. lýst sig reiðubúinn til að gera við jákvæðar undirtektir leiðtoga annarra stjórnmálaflokka. Nú ætla ég ekki að tefja þennan fund og þingið með því að biðja ábyrgðarmanninn á nefndarálitinu um að finna þau ummæli eftir formanni Samf. sem réttlæta það að þetta sé eftir haft vegna þess að þetta hef ég aldrei sagt. Þvert á móti gæti ég í góðu tómi sýnt hv. þm. Bjarna Benediktssyni ummæli eftir mig í sjónvarpi, grein sem bar heitið Stjórnarskráin og Samfylkingin, sem birt var í miðopnu Morgunblaðsins og sömuleiðis viðbrögð mín þegar blaðamaður Morgunblaðsins spurði mig að þessu. Þar kom fram alveg skýrt að ég var að sönnu reiðubúinn fyrir hönd Samf. að ganga til endurskoðunar stjórnarskrárinnar en ég tók það sérstaklega fram að brýnni nauðsyn væri á að endurskoða aðra hluta en beinlínis þessa kafla. Einnig er hægt að lesa eftir mér að ég hef sagt að hugsanlega komi til greina að styrkja málskotsákvæðið enn frekar. Bara til að þetta liggi alveg ljóst fyrir og geri ég ekkert meira mál úr því. En þetta er afstaðan. Við höfum lagt það alveg skýrt fram hvaða stefnu við höfum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og ég ætla ekki að þreyta þingið með því að ræða það sérstaklega.

Ég vil að lokum segja þetta, herra forseti. Mér finnst það dálítið sorglegt að stjórnarþingmennirnir skuli ekki vera samkvæmir sjálfum sér. Ég tek það gott og gilt þegar þeir færa þau rök í nefndaráliti og í ræðum hv. formanns allshn. fyrir að draga frv. til baka að stjórnskipulegur vafi ríki á gildi þess. Ég spurði í gær hv. þm. Bjarna Benediktsson í fyrstu ræðu minni í hverju þessi stjórnskipulegi vafi kæmi fram og hann svaraði á þá leið að prófessorar og virtir fræðimenn teldu að hægt væri að fara þá leið sem lögð var til í frv. og fólst í því að leggja fram frv. sem lagði til afnám gildandi laga samhliða því að setja ákaflega keimlík lög. Brellan sem hæstv. dómsmrh. kallaði svo. Aðrir lögfræðingar og fræðimenn mótmæltu því hins vegar. Þetta rakti hv. þm. með mjög afdráttarlausum og heiðarlegum hætti. Stjórnskipulegur vafi. Ályktun meiri hlutans er þó þessi: Við drögum frv. til baka og við förum ekki þessa leið.

Ef ríkisstjórnin ætlar að verða samkvæm sjálfri sér hlýtur hún að beita nákvæmlega sömu röksemdafærslu og ályktunum gagnvart eftirfarandi spurningu: Er hægt að kippa burt máli sem forseti hefur í krafti 26. gr. sett í ferli þjóðaratkvæðagreiðslu? Þar ríkir nákvæmlega sami vafi. Það eru ákaflega virtir fræðimenn sem telja að það sé hægt. Þau rök sem Eiríkur Tómasson hefur t.d. flutt fyrir því eru þung, ekki síst á þeim ólgutímum sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa leitt til. En það eru aðrir sem hafa fært rök að því að það sé ekki hægt og þau eru ekki síður gild. Niðurstaðan: Stjórnskipulegur vafi. Ályktunin sem ríkisstjórnin ætti þá, ef hún er samkvæm sjálfri sér, að draga af málinu er að sú leið er ekki fær að taka málið úr þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri ályktunin sem menn ættu að draga.

Til að fylgja þeirri meginreglu sem er undirrót afstöðu ríkisstjórnarinnar varðandi lyktir fjölmiðlamálsins hefði það þurft að gerast. Þessi meginregla, þó að hún sé ekki orðuð í nefndaráliti meiri hlutans, er eftirfarandi: Stjórnarskráin á að njóta vafans. Þess vegna er það eðlilegt að í þessu tilviki ætti stjórnarskráin líka að njóta vafans. Við alþingismenn hver og einn sem einstaklingar og án tillits til þeirra flokka sem við tengjumst höfum unnið einstaklingsbundinn eiðstaf að stjórnarskránni. Við höfum svarið þess eið að verja hana og virða. Þegar við stöndum síðan frammi fyrir þeirri stöðu að uppi eru kostir varðandi túlkun á stjórnarskrá gerir þessi eiðstafur það að verkum að okkur ber eiðbundin skylda til að velja þann kost sem felur í sér minnstu áhættuna fyrir stjórnarskrána og hrós sé þingmönnum stjórnarflokkanna fyrir að hafa fylgt þeirri afstöðu varðandi frv. sjálft. En ósamkvæmni þeirra birtist í því að þeir fylgja ekki lengur þeirri meginreglu þegar kemur að þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Ég tel, herra forseti, að það sé líka dapurlegur kafli í allri þessari sögu að fjölmargir ráðherrar og forustumenn lýstu því yfir með ýmsum hætti gagnvart þjóðinni að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin. Ég gæti tafið tíma þingsins með því að lesa ein þrenn ummæli hæstv. utanrrh., álíka mörg hæstv. forsrh. og síðan slangur af ummælum eftir aðra ráðherra, hæstv. dómsmrh., fjmrh. og menntmrh. Þessir ráðherrar lýstu því yfir að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin. Það eru yfirlýsingar ráðamanna. Það eru loforð gagnvart þjóðinni. Hvað eiga menn að gera við loforð? Þeir eiga að halda loforðin.

Fram kom í erindisbréfi til starfshóps lögfræðinga sem ríkisstjórnin setti á laggirnar í tengslum við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu að ríkisstjórnin hefði ákveðið að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla. Hæstv. forsrh. og utanrrh. áttu fundi með forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna 8. júní í Stjórnarráðinu. Hann stóð skemur en margur vildi. Þar varð samkomulag um tvennt: Dagsetninguna um hvenær þing skyldi saman kvatt og að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin fyrri hluta ágúst.

Í þingræðu sem hæstv. forsrh. flutti mánudaginn 5. júlí staðfesti hann þennan skilning. Í forsetabréfi sem hann las upp, staðfest á Bessastöðum 10. júní, sagði beinlínis, með leyfi forseta: „Forsætisráðherra hefir tjáð mér að nauðsyn beri til að kveðja Alþingi saman til að fjalla um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar sem ákveðið hefur verið að fram skuli fara ...“ Þetta lá því fyrir.

Nú má velta því fyrir sér með hvaða hætti slík rof gætu komið síðar upp í hugsanlegum dómsmálum til að mynda. Ég tel að líkur séu á því og það er ekki síst sú afstaða sem ræður því hvernig ég greiði atkvæði hérna. Ég get ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að málsmetandi lögfræðingar á sviði mannréttindalögfræði hafa fært gild rök að því að um leið og forseti lýðveldisins beitir 26. gr., synjar frv. samþykkis og setur það í ferli þjóðaratkvæðagreiðslu hafi stofnast hjá sérhverjum kosningarbærum Íslendingi réttur til að taka þátt í kosningunni. Þetta er ein tegund af kosningarrétti. Það fellur undir mannréttindi. Færa má og færð hafa verið rök að því að með því að svipta menn þeim rétti sé verið að skerða þau mannréttindi og það kann að verða andlag dómsmáls sem reisist af þeim völdum. Ég tek eftir að einn hv. þm. hristir höfuðið en það er samt sem áður þannig að sá lögfræðingur sem setti þessi rök fram, hv. þm. Kjartan Ólafsson, hefur unnið öll þau mannréttindamál sem hann hefur flutt við erlenda dómstóla. Okkur alþingismönnum ber því að hafa þetta í huga. Ef vafi leikur á að við séum að fylgja stjórnarskránni þá staldra menn við og taka þann kost og okkur ber að taka þann kost þar sem minnstar líkur eru

á því að við gerum það. Ég tel því að þetta mál hefði átt að fara alla leið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er óhjákvæmilegt að horfa líka til þess að hér er að skapast ákveðið fordæmi. Ef sú staða kemur upp aftur að forseti synji einhverju máli sem Alþingi hefur samþykkt, á það þá að verða reglan í framtíðinni að þingið hlaupi til og breyti lögunum? Það var ekki það sem stjórnarskrárgjafinn og höfundar stjórnarskrárinnar ætluðu sér. Það var ekki þannig. En þó að þingmenn stjórnarliðsins hafi komið hér upp í gær og sagt að þetta væri ekki fordæmi, þá ráða þeir engu um það. Gjörningurinn er til, verður til að loknum þessum degi og til hans verður auðvitað horft þegar menn fara í framtíðinni að skýra þessi mál og hugsanlega ráða úr einhverjum svipuðum vandamálum og hér hafa komið upp.

[10:24]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var með nokkuð stór orð áðan. Þá er ég ekki að vísa til þess að hv. þm. hafi verið stóryrtur í hefðbundinni merkingu þess orðs, heldur liggur það alveg hreint og klárt fyrir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson fagnar mjög ákvörðun forseta Íslands að neita að samþykkja lög sem meiri hluti Alþingis hefur samþykkt. Með öðrum orðum, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og hann fór yfir það, talaði um að hann vildi breyta þeirri stjórnskipun sem við höfum þekkt sl. 60 ár. Hann talar um að hér hafi verið notuð 26. gr. sem hann hefur nefnt tæra snilld, neyðarhemil sem þjóðin notaði.

Við fórum aðeins yfir þetta í gær og ég spurði hann í andsvari en fékk lítil svör af hverju þessi afstaða hans hafi breyst frá því að hann var sem formaður þingflokks Alþýðuflokksins að keyra í gegn EES-samninginn þar sem nákvæmlega sömu álitaefni komu fram. Það komu sérfræðingar sem töldu að Alþingi væri að brjóta stjórnarskrána og svo sannarlega voru deilur í þjóðfélaginu. Ég vil því nota tækifærið aftur, þar sem lítið varð um svör hjá hv. þm. í gær, að kanna hvort meira væri um svör hjá hv. þm. í dag og spyrja á hvaða tímapunkti þessi afstaða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar breyttist frá því að hann var formaður þingflokks Alþýðuflokksins og Alþýðuflokkurinn ásamt Sjálfstfl. taldi það ekki vera skynsamlegt og ekki í neinu tilefni við efni máls að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu um þann samning frekar en önnur erfið mál.

[10:26]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig þessarar spurningar tvisvar sinnum í gær og ég svaraði henni tvisvar sinnum. Ég vísa til þess.

[10:27]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandræðagangurinn verður ekki meiri. Hann verður ekki meiri hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, enda er þetta í besta lagi populismi á hæsta stigi að taka U-beygju í grundvallarmálum eins og þessu. Nú er það svo að akkúrat á þessum tíma, sem hefur verið svolítið sérstakur í íslenskum stjórnmálum, getur vel verið að hv. þm. Össur Skarphéðinsson telji sig vera að slá einhverjar póliltískar keilur, sem og aðrir þingmenn Samf. En ég vil hins vegar hvetja þá til að hugsa þetta mál til enda af þeirri einföldu ástæðu að allir sjá sem þetta skoða að stjórnskipunin mun ekki ganga upp, hún mun einfaldlega ekki ganga upp ef við mundum senda öll þau mál sem eru erfið í þjóðaratkvæðagreiðslu, og svo sannarlega munu þeir sem hér sitja í framtíðinni hvort sem það verðum við eða aðrir þurfa að taka erfiðar ákvarðanir. Ef erfiðum ákvörðunum yrði í hvert skipti vísað til þjóðarinnar, þá mundum við sitja uppi með stjórnskipun sem mundi ekki gera þjóðinni gott. Það segir sig sjálft og alls staðar þar sem slíkt eða svipaðir hlutir hafa verið praktíseraðir hefur það ekki gert viðkomandi þjóðfélögum gott.

Nú er farið að líða að lokum þessarar umræðu og ágætt að þjóðin fái hvíld, en ég vona að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sýni þá ábyrgð að hugsa þetta mál til enda og vega ekki að Alþingi heldur frekar styrkja það og styrkja þá stjórnskipun sem er ein af þeim ástæðum að við Íslendingar getum borið okkur saman við flestar aðrar þjóðir með stolti.

[10:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að það sé flest að verða sagt sem segja þarf í þessu máli. Ég þarf ekki fyrir mitt leyti eða hönd míns flokks að lengja þessa umræðu mikið. Uppgjöf ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi blasir við hverjum manni og mætti kalla það að vera að nudda salti í sárin að lengja mikið umræður um málið. Það blasir við, talar fyrir sig sjálft og þarf í sjálfu sér ekki frekari orð um að hafa. Þvert á móti er alveg sjálfsagt og rétt og skylt að hjálpa mönnum í land, sérstaklega ef menn bera gæfu til þess að vilja reyna landtöku í máli af þessu tagi. Það dapurlegasta er auðvitað ef menn hafa hvorki kjark né stærð í sér til að horfast í augu við eigin mistök og reyna að læra af þeim. Það dapurlega er auðvitað að heyra menn enn vera að reyna að kenna öllum öðrum um en sjálfum sér hrakfarir sem eru ekkert annað en sjálfskaparvíti, algert sjálfskaparvíti. Hvernig getur eitt mál orðið meira sjálfskaparvíti en nákvæmlega svona þegar upphafsmenn málsins, þegar frumkvöðlarnir, þeir sem setja hlutina af stað enda með þá með þeim hætti sem nú blasir við okkur?

Þetta mál er ekki forseta lýðveldisins að kenna. Hann var ekki upphafsmaður þessa máls. Þetta er ekki stjórnarandstöðunni að kenna. Þetta er ekki þjóðinni að kenna. Það þýðir ekkert fyrir ríkisstjórnina eða talsmenn hennar að láta svona. Auðvitað eru ummæli af því tagi að forseti lýðveldisins hafi ráðist á Alþingi út úr öllu korti. Þau eru efnislega röng. Það liggur fyrir að þetta mál hefur ekki gengið þannig fyrir sig og það er líka fráleitt að halda slíku fram vegna þess hvernig stjórnskipun okkar er og hvernig um hana hefur verið búið í stjórnarskrá lýðveldisins frá stofnun. Sökudólgarnir eru þá þeir sem settu 26. gr. inn í stjórnarskrána 1944 og gengu frá því þannig að þetta vald væri hjá þjóðinni og forsetinn milligöngumaður um það.

Það hefur alltaf legið fyrir, hjá nánast öllum, að þetta vald væri virkt og til þess gæti komið að því yrði beitt. Ég held að það sé alveg nýtilkomið að menn hafi gefið sér að í því yrði fólgin andúð forsetans eða efnislegt inngrip hans þannig að réttmætt væri að hann lægi undir skömmum fyrir. Auðvitað geta menn haft skoðanir á niðurstöðu forseta á hverjum tíma, hver sem hann er, að beita eða beita ekki málskotsréttinum. Menn hafa verið í fáfengilegum samanburði milli mismunandi ákvarðana, mismunandi forseta í mismunandi málum á mismunandi tímum, sem ekkert hefur upp á sig. Þetta vald er samkvæmt stjórnarskránni hjá forsetanum. Hann fer með það og hann einn getur borið á því ábyrgð hvort hann kýs að

beita því eða beita því ekki. Samanburðarfræði af því tagi að tiltekinn forseti hafi ekki gert hið sama á einhverjum tíma sem annar forseti gerir seinna við aðrar aðstæður í öðru máli held ég að hafi bókstaflega ekki neitt upp á sig.

Ég tel sömuleiðis fráleitt að telja að fólgin sé mótsögn í 26. gr. stjórnarskrárinnar og þeim möguleika að forseti beiti málskotsréttinum gagnvart þingræðisreglunni. Það er algerlega fráleitt. Halda menn að höfundar stjórnarskrárinnar 1944 hafi verið þeir aukvisar og einfeldningar að þeir hafi búið til einhverja hryllilega mótsögn í stjórnarskránni með þessu? Nei. Enda er það ekki í neinni mótsögn við lýðræðis- og þingræðisgrunnreglur þótt þjóðin sjálf, sama þjóð og kýs þingmenn, taki sjálf beint og milliliðalaust ákvarðanir um stór mál hjá þjóðinni. Það er í góðu samræmi við grunnhugtak lýðræðisins. Ég veit ekki til að það sé sérstakt vandamál hjá þeim þjóðum þar sem menn hafa notast við beint milliliðalaust lýðræði.

Einhver var að segja að það væru vandræði í Kaliforníu af því að í stjórnarskrá Kaliforníuríkis eru möguleikar til að kalla fram atkvæðagreiðslur um stærri mál. Ég held að það hafi verið hæstv. fjmrh. Geir Hilmar Haarde sem taldi að það þvældist fyrir mönnum þar í stjórn ríkisins. Ég kallaði þá fram í og sagði að ég vissi ekki til að Sviss væri komið á hausinn. Ég veit ekki annað en að það gangi þokkalega í Sviss. Hvernig er fyrirkomulagið þar? Það er þannig að þjóðin sjálf afgreiðir stærri mál í þjóðaratkvæðagreiðslum. Ég veit að þeim líst ekki vel á það í Evrópusambandinu. (**GHall:** Þeir greiða ekki atkvæði um svona mál.) Það er ýmislegt sem kosið er um í Sviss, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og hefur gengið vel. Engin þjóð í Evrópu hefur búið við meiri stöðugleika, farsæld og frið en Sviss, um mörg hundruð ára skeið. Það rekja margir til þess hvernig þeir ganga frá stærri málum sínum.

Þeir sem unnu að setningu stjórnarskrárinnar á sínum tíma 1944 vissu vel hvað þeir voru að gera. Þeir voru að stofna lýðveldi. Það var reyndar flutt um það brtt. hvort það ætti að kallast þjóðveldi í anda gamla þjóðveldisins. Sú varð ekki niðurstaðan, sem vel hefði mátt vera mín vegna. Þeir voru ekki að færa gamalt konungsvald inn í landið. Þeir voru að stofna lýðveldi og það var á hreinu. Og þeir voru ekki að búa til mótsagnir við stjórnskipunina þegar þeir gengu frá 26. gr. stjórnarskrárinnar, eins og raun ber vitni.

Ég hef, virðulegur forseti, fært fram þau sjónarmið mín að öruggustu og eðlilegustu viðbrögð Alþingis við þessar aðstæður væru ein og aðeins ein. Ein viðbrögð eru hafin yfir allan vafa, um það eru allir sammála. Engum hefur tekist að sýna fram á að það sé nein óvissa af einu eða neinu tagi í því fólgin að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram í samræmi við skýr ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar. Um þá kosningu gilda einfaldar venjulegar reglur. Ég hef engan mann heyrt reyna að halda því fram að sú leið sé ekki hafin yfir allan vafa. Vafinn stofnast af því að velta fyrir sér öðruvísi viðbrögðum. Þá fyrst kemur einhver óvissa til sögunnar er menn velta fyrir sér að gera eitthvað annað en það sem eðlilegt er samkvæmt orðanna hljóðan og menn ætluðust til, annað en það sem var hugsun stjórnarskrárgjafans á sínum tíma. Ég tel sömuleiðis að það sé hið eina sem er í fullkomnu samræmi við eðli málskotsréttarinntaks 26. gr. Með þeim viðbrögðum er forsetinn, af hálfu Alþingis, sá milligöngumaður og umboðsmaður þjóðarinnar sem honum var ætlað að vera og annað ekki.

Ég endurtek að ég er mjög hugsi yfir því fordæmi sem menn virðast ætla að gefa með þessum viðbrögðum. Ég er ekki viss um að þau eigi eftir að verða til sérstakrar farsældar í þessum samskiptum. Það er stórundarlegt að heyra hugmyndir af því tagi að ef forseti ákveði að beita málskotsréttinum þá eigi hann að vara menn við eða að menn fari í samningaviðræður við forseta fram og til baka. Ég hef aldrei heyrt annað eins. Hvernig í ósköpunum halda menn að það mundi þróast í framhaldinu. Þetta hlýtur að vera annaðhvort eða, algerlega aðskilið. Auðvitað á það að vera þannig að forsetinn tjái sig ekki á meðan mál eru til umfjöllunar á þinginu. Það væri sérkennilegt ef forsetinn færi að senda mönnum aðvaranir. Hvað væri hann að gera? Ja, það er eitt ákvæði í 27. gr. sem mér líst ekki vel á, góðir þingmenn. Viljið þið ekki aðeins hugleiða það áður en þið sendið mér þetta til staðfestingar. Það sjá allir út í hvaða vitleysu allt slíkt mundi leiða og getur aldrei gengið.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson nefndi í andsvari áðan að stjórnskipunin gengi illa upp. En séu viðbrögðin eingöngu þau að greiða fyrir kosningunni og láta hana fara fram þá hvílir ábyrgðin áfram á herðum forsetans. Atkvæðagreiðslan er stór aðgerð og ég tel að menn þurfi engar áhyggjur að hafa af því að menn fari að ofnota málskotsréttinn. Það er miklu líklegra að synjunarvaldið verði virkara ef sú hefð færi að stofnast að ef svo ber undir kippi menn málum til baka. Þá er minna mál að bregðast við. Ef menn láta alvöru málsins felast í því að þá fari alltaf fram þjóðaratkvæðagreiðsla, að farið sé út í það stóra aðgerð, þá grípur forsetinn væntanlega sjaldnar til þess réttar. Þá er málið í þeim farvegi sem það á að vera og minni líkur á að það valdi miklum erfiðleikum í þessum samskiptum. Það getur aldrei verið neitt að því í sjálfu sér að þjóðin sjálf, landslýður, samanber orðið lýðveldi og lýðræði, gangi frá málinu. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég hef áður sagt um þetta mál.

Í framhaldinu hefur verið rætt um tvennt, herra forseti. Það er að halda áfram eða hefja á nýjum grunni starf í svokallaðri fjölmiðlanefnd, einhvers konar stjórnskipaðri nefnd um fjölmiðlamál. Ég vil taka það fram að af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að sjálfsögðu fullur vilji til að taka þátt í slíku starfi. Við gerum það að sjálfsögðu á grundvelli þess að um verði að ræða hreint borð, að menn gangi óbundnir og án skilyrða að því starfi og því verði sköpuð skilyrði í tíma og rúmi þannig að úr geti orðið farsælt og gott starf. Hið sama gildir um nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það liggur fyrir og hefur gert síðan í haust, þegar við áttum um það orðastað, ég og hæstv. forsrh., að við erum tilbúnir að hefja það starf sem af og til hefur verið rætt um undanfarin ár, allt frá 1995 þegar síðustu meiri háttar endurskoðun stjórnarskrárinnar lauk með nýjum mannréttindakafla. Það stóð til að halda áfram slíkri vinnu, sem hefur í raun staðið með hléum allan lýðveldistímann. Þá var rætt um, og hæstv. forsrh. gerði sérstaklega grein fyrir þeim sjónarmiðum sínum, að það væri vænlegra til árangurs — það er allt í lagi að fara yfir þetta hér því menn eru að rugla um þetta fram og til baka — að taka sérstaklega fyrir tiltekna kafla stjórnarskrárinnar og þá væri eðlilegt að byrja á að taka fyrir fyrstu kaflana. Ég tel að þetta sé ekki óskynsamlegt verklag.

En væntanlega dettur ekki einasta manni í hug að hægt sé að taka tilteknar greinar út úr köflum stjórnarskrárinnar, tína þær út og glíma sérstaklega við þær. Halda menn að þetta hangi ekki eitthvað saman? Halda menn að það sé ekki samhengi í þessu, einhver orsakatengsl þarna á milli og

samhengi? Það er auðvitað ekki hægt annað en taka allan fyrri hluta stjórnarskrárinnar í samhengi og skoða hann. Þar undir er þessi margfræga 26. gr., bara nákvæmlega eins og allt annað sem þar stendur. Það er ekki hægt að glíma við hana einangrað, eins og hún sé sjálfstætt einangrað fyrirbæri í stjórnarskránni. Hún var tengd við niðurstöðuna um þjóðkjör forsetans á sínum tíma. Hún tengist 2. gr. og því hvernig um hana er búið, þar sem stendur að forseti og Alþingi fari saman með löggjafarvaldið. Það þarf auðvitað líka að fara yfir það og skýra hvernig um þá hluti er búið, þ.e. sem forseti er ábyrgðarlaus gagnvart, stjórnarathafnirnar, og svo þar sem forseti fer með vald.

Hið sama gildir varðandi stjórnarskrárendurskoðunina af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við erum að sjálfsögðu tilbúin til slíks starfs, enda verði þar sömuleiðis byrjað með hreint borð. Menn setjist niður án fyrirframskilyrða um útkomuna og taki sér þann tíma sem þarf til að það starf verði vandað.

Hvað stendur þá eftir, virðulegur forseti? Jú, eftir stendur þessi dýrkeypta æfing í mistökum, þetta langa námskeið í því hvernig ekki á að gera hlutina, 100 daga tapaða stríðið, sjö eða átta mánaða barningur frá því að þessi mál bar fyrst á góma á þinginu í nóvembermánuði síðastliðnum. Það stendur reyndar eftir pínulítið þingmál. Það er svolítið gaman að bregða því á loft. Hæstv. utanrrh. sér hvað þetta er stórt. Þetta er fjölmiðlamálið, herra forseti, sem eftir er. Þar eru ákvæði um útvarpsréttarnefnd. Þau eru ekki svo galin. Það er eftir, hitt er horfið og er best að það gleymist sem fyrst.

[10:44]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram afar sérstakar umræður á hinu háa Alþingi af hálfu stjórnarandstöðunnar, bæði í gær og í morgun. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur sérstaklega fjallað um íslenska stjórnskipun og stjórnarskrána, sem er kannski ekki skrýtið þegar við lítum til þess að í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins hefur forseti Íslands ákveðið að beita synjunarrétti, sem ég vil nefna svo.

En vegna þess að hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni þjóðaratkvæðagreiðslur, væntanlega til að lýsa skoðunum sínum í því efni og hversu máttugar þær væru og góðar fyrir lýðræðið gagnvart hinu hefðbundna fulltrúalýðræði sem við höfum búið við, þá langar mig til að spyrja og halda því til haga, vegna þess að hann nefndi sérstaklega Sviss: Skyldi það vera tilviljun að konur í Sviss fengu ekki kosningarrétt fyrr en fyrir mjög skömmu síðan? Það er auðvitað vegna þess að það voru karlar sem tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum og veittu þeim ekki þann rétt.

Mér finnst líka rétt að rifja upp að á sínum tíma, þegar rætt var um afhendingu íslensku handritanna á danska þjóðþinginu, kom fram tillaga um að það mál færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sem betur fer var það fellt í þinginu vegna þess að að mati flestra sérfræðinga hefði danska þjóðin sagt nei við þeirri tillögu að afhenda Íslendingum handritin.

Mér fannst rétt, hæstv. forseti, að halda þessum tveimur dæmum til haga þar sem rætt var um kosti þjóðaratkvæðagreiðslu. En auðvitað mætti margt fleira segja um þetta mál.

[10:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi Sviss vegna þess að það er held ég óumdeilanlega það land sem langlengst hefur gengið í þessum efnum. Ég var ekki endilega að segja að þar ætti ég fyrirmynd og að ég vildi leggja til að farið yrði að með nákvæmlega sama hætti hér. Ég held að það megi kannski fara einhvern milliveg þar.

Ég sé ekki fulltrúalýðræði, þjóðþing og þingræði, þingbundna ríkisstjórn og síðan aftur þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök stór mál sem einhverjar andstæður. Það er engin mótsögn í því fólgin. Ég hef aldrei áttað mig á því hvað er svona erfitt við að sama þjóðin og kýs þingmennina geti í einstökum tilvikum tekið beint og milliliðalaust ákvarðanir um stórmál. Það finnst mér eðlilegast.

Ég tel að fjögur til sex stórmál hefðu átt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu á lýðveldistímanum, alveg hiklaust. Auðvitað átti að vera þjóðaratkvæðagreiðsla um inngönguna í NATO. Auðvitað átti að vera þjóðaratkvæðagreiðsla um jafnrisavaxið og afdrifaríkt mál og Kárahnjúkavirkjun. Nokkur fleiri dæmi mætti nefna.

Varðandi það að þjóðaratkvæðagreiðslur geti verið varasamar vegna þess að út úr þeim gæti komið önnur niðurstaða en menn vilja þá var það víst ungur framsóknarmaður, held ég, sem skrifaði á vefrit í borginni að fjölmiðlamálið ætti náttúrlega alls ekki að fara í þjóðaratkvæði af því að úr því mundi ekki koma rétt niðurstaða. Bíðum við, er sú niðurstaða sem þjóðin kemst að ekki alltaf rétt í lýðræðislegum kosningum? Er einhver á Alþingi Íslendinga sem heldur öðru fram? Það er afar brothætt röksemdafærsla að tala gegn þjóðaratkvæðagreiðslum á þeim forsendum að einstöku sinnum geti komið eitthvað vitlaust út úr þeim eða eitthvað sem mönnum er á móti skapi.

[10:49]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hv. þm. þarf ekki að snúa út úr fyrir mönnum. Það er enginn að tala um að sú niðurstaða sem þjóðin kæmist að í þjóðaratkvæðagreiðslu yrði annað en rétt og lýðræðisleg. Engu að síður fannst mér rétt að benda á þessi dæmi, þar sem hv. þm. hefur svo mjög gert þetta fyrirbæri, þjóðaratkvæðagreiðslu, að umræðuefni.

En ég fagna því hins vegar að hv. þm. telji ekki ástæðu til að líta til Sviss sem fyrirmyndarþjóðríkis í þessum efnum.

[10:49]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að þegar bæði formaður Samf. og formaður Vinstri grænna hafa reifað þjóðaratkvæðagreiðslu á því þingi sem við nú sitjum þá töluðu þeir báðir, annar í þáltill. og hinn héðan úr ræðustól, um nauðsyn þess að unnt væri að koma á þjóðaratkvæðagreiðslu. En hvorugur þeirra minntist einu orði á málskotsrétt forseta, sem þeir kalla nú. Orð þeirra verða ekki skilin öðruvísi en svo að sú hugmynd hafi ekki verið í huga þeirra. Það sýnir hversu fjarri það var hugsun alþingismanna fram að þessu vori að til þessara atburða gæti komið.

Ég vil líka segja að það er athyglisvert að halda því fram að virðing þingsins rýrni við það að forseti lýðveldisins ráðfæri sig við helstu stjórnmálaleiðtoga landsins, áður en hann grípur til synjunarákvæðis. Ég vil raunar ganga lengra og segja, eins og ég sagði í gær, að ef forseti lýðveldisins skrifar upp á frv. sem hann er fyrir fram ráðinn í að synja ef Alþingi samþykki, þá þykir mér að hann hljóti að láta efasemdir sínar í ljós. Að öðrum kosti mundi ríkja of mikil óhreinskilni milli Alþingis og forseta.

Ég held að eins og báðir þessir formenn hafa lýst slíkri atburðarás sé ljóst að þeir mundu kalla það vandræðaástand, segja það rýra virðingu þingsins og þar fram eftir götunum. Auðvitað rýrir það líka virðingu þingsins ef farið er á bak við þingið. Þetta lýsir því betur en allt annað að við erum í óvæntri stöðu sem hvorugur þessara heiðursmanna hafði reiknað með að gæti komið upp, Samf. í tillögugerð sinni fyrr í vetur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon í fyrirspurn sinni til forsrh. Það er líka eftirtektarvert að Steingrímur J. Sigfússon tók undir öll ummæli forsrh. þegar hann svaraði fyrirspurn varðandi stjórnarskrána.

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort við bætum okkur mikið með því að dýpka þetta far meira. Þessi umræða fór í aðalatriðum fram í gær.

Ég held að ég hafi ekki sérstaklega fjallað um virðingu þingsins í tengslum við það sem sumir sjá fyrir sér, að það færi í gang viðræðuferli milli forsetans og Alþingis eða forsetans og stjórnmálaafla um mál sem möguleiki væri á að forseti synjaði staðfestingar. Ég hef verið að reyna að draga upp fyrir mönnum hvaða farveg slík mál lenda í og hvers konar vitleysa getur á endanum komið út úr því, fari í gang samningaviðræður milli forsetans og þingsins. Hefur hv. þm. Halldór Blöndal hugleitt það og telur hann virkilega að það eigi að gerast? Sér hv. þm. fyrir endann á því hvernig það getur þróast?

Það að halda því fram að með því að forseti samþykki framlagningu máls, stjórnarfrumvarps, þá sé hann skyldugur til að staðfesta það í endanlegri, kannski verulega breyttri mynd, þegar það kemur frá Alþingi (**HBl:** Ég er að tala um óbreytta mynd.) er að mínu mati alveg fráleitt. Ábyrgð forseta gagnvart þeirri stjórnarathöfn liggur allt öðruvísi en staða hans samkvæmt 26. gr. Það hlýtur hv. þm. líka að viðurkenna.

Ég er þeirrar skoðunar að menn þurfi að hugsa þessa hluti mjög vel og átta sig á því inn á hvaða braut slíkt getur leitt. Eins og ég sagði í gær er ég satt best að segja, virðulegur forseti, mjög undrandi á því hve lítið stjórnarþingmenn, sem ætla sér að standa að þessari afgreiðslu mála eins og frv. ber með sér, að bera pólitísk ábyrgð á þessum viðbrögðum við ákvörðun forsetans frá 2. júní, hafa rætt þennan þátt málsins, að virkja stöðvunarvaldið og skilja það eftir hjá forsetanum í stað þess að láta það ganga til þjóðarinnar eins og hugsunin var.

[10:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dæmigert fyrir málflutning hv. þm. að ég talaði um frumvarpið í óbreyttri mynd en þá talaði hv. þm. um frv. í „kannski verulega breyttri mynd" til að þurfa ekki að tala um hlutina eins og þeir voru sagðir.

Í annan stað vil ég minna hv. þm. á að þeir hittast reglulega, forseti lýðveldisins og forsrh. Til þess er ætlast að forsrh. sé hreinskilinn við forseta og skýri honum frá því hvernig mál standa, hvaða hugmyndir séu uppi í ríkisstjórninni og fari yfir þjóðmálin í heild sinni. Við skulum ætla, ef þeir tveir æðstu menn ríkisins hittast, að slíkur trúnaður og slík skoðanaskipti eigi að vera gagnkvæm, ekki einungis að forsrh. upplýsi forseta heldur hljótum við að ætla að forseti eigi þá líka að upplýsa forsrh. Ég er þá ekki að tala um sérstakar persónur, enda kemur slíkt fram í sambandi við setningu stjórnarskrárinnar á sínum tíma að þar eru menn að tala um að gott samband og náin samvinna eigi að vera á milli þessara tveggja embætta.

[10:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Forsetinn er forseti allrar þjóðarinnar. Forsetinn er fyrst og fremst umboðsmaður þjóðarinnar. Forsetinn er þjóðkjörinn. Væri forsetinn í samskiptum af því tagi sem tengdust pólitískum átakamálum og afgreiðslu mála hér á þingi þá hlyti hann að hafa samband og samráð við alla jafnt, forustumenn stjórnarandstöðu ekki síður en ríkisstjórnar. Hann er jú forseti allrar þjóðarinnar og þar með allra íslenskar stjórnmálamanna.

Það að vísa í fundi forsrh. og forseta, sem væntanlega fjalla um þau praktísku samskipti ekki síst sem þessi embætti þurfa að eiga með sér, gengur ekki upp í þessu samhengi. Það hlýtur hv. þm. að sjá.

Hvers eðlis eru þau mál sem líklegast er að til greina komi að forseti beiti málskotsrétti við? Eru það ekki annað tveggja, geysilega stór og afdrifarík mál fyrir þjóðina í heild sinni eða einhver heiftarleg pólitísk ágreiningsmál sem rífa hana í sundur? Jú, líklega. Er við þær aðstæður, sérstaklega í seinna tilvikinu, líklegt að forsetinn fari að blanda sér inn í þau mál? Væri það gáfulegt?

[10:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var mjög jákvæður á starfið fram undan. Það var gott að heyra að menn ætla að fara að ræða málefnalega um þessi mál og finna á þeim góða lausn. Það kom líka fram hjá honum að hann virðist sannfærður um að það þurfi lög um fjölmiðla. Af því tilefni ætla ég að spyrja hann út í tímann sem við höfum til þess. Hvaða tíma höfum til að setja lög á fjölmiðla? Höfum við mánuði? Höfum við mánuðina fyrir áramót eða höfum við þrjú ár? Höfum við tíu ár eða fimmtíu ár til að setja lög á fjölmiðla? Ég vildi gjarnan fá að vita það nánar. Mér finnst þetta skipta dálitlu máli í ljósi þeirrar orrahríðar sem við höfum staðið í undanfarið, aðallega við fjölmiðlana. Ég sé ákveðna hættu varðandi það.

Varðandi 26. gr., sem hv. þm. sagði að menn vildu breyta, þá er það ekki rétt. Ég man ekki til þess að nokkur hafi lagt til að breyta henni einni sér. Í nál. meiri hlutans kemur fram að það eigi að breyta I. og II. kafla, jafnframt því sem lagt er til að lögin yrðu felld úr gildi. Meiningin er því að breyta öllum I. og II. kafla, um hlutverk forsetans í lagasetningu. Þessi lög eru sett fram sem slík, sem undantekning í þetta skipti þar til menn eru búnir að breyta stjórnarskránni. Þetta er því ekki framsal valds til forsetans, að það verði venja að forseti fái neitunarvald á lögum.

Inn í þá umræðu hlýtur að koma spurningin um tilvist forsetans yfirleitt. Það verður gaman að heyra hv. þm. lýsa því yfir hvort nokkur þörf sé á að hafa slíkan afkomanda kónga á Íslandi.

[10:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom inn á þetta í gær, varðandi það starf sem fram undan er á sviði fjölmiðlamálanna. Ég tel langbest að menn gangi til þess verks óbundnir af öllum skilyrðum og miklum yfirlýsingum um það fyrir fram hvað út úr því eigi að koma og hvenær. Það er ekki hægt að setja einhverja skeiðklukku af stað og láta hana ganga á menn með kröfum um að þeir skili niðurstöðu í haust, fyrir jól, eftir eitt ár eða hvenær það yrði. Ég held að það sé óskynsamlegt verklag.

Ég held að menn eigi ekki að gefa sér neitt fyrir fram um til hvaða ráðstafana kunni að verða gripið í kjölfarið á slíku vönduðu starfi og hvernig það verði gert.

Það er vel líklegt að til greina komi einhverjar lagalegar ráðstafanir, það er alveg rétt, ég hef aldrei neitað því, við gerum það ekki. En við gefum okkur það heldur ekki fyrir fram. Ég minni á að fjölmiðlaskýrslan stóra sem unnin var af nefnd þeirri er Tómas Ingi Olrich, þáv. hæstv. menntmrh. skipaði, veltir upp fjölmörgum mismunandi möguleikum eða úrræðum og leiðum sem til greina koma þar. Ég tel að menn eigi að fara yfir þetta allt saman á nýjan leik og vanda sig í þeim efnum.

Um stjórnarskrána gildir hið sama og ég hef áður sagt. Menn eiga einfaldlega — og fyrir því er jú hefðin, fyrir því er órofa hefð — að setjast niður óbundnir til slíks starfs í þverpólitískri nefnd.

[11:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Varðandi stjórnarskrána og það sem hv. þm. sagði, og var tilefni ummæla minna, að menn vildu breyta 26. gr. einni sér. Ég man ekki til þess að neinn hafi sagt það og vildi þá gjarnan fá dæmi um það. Menn vilja breyta öllum I. og II. kafla stjórnarskrárinnar.

En í sambandi við tímafaktorinn og tímasetningu á lagasetningu um fjölmiðla eða ráðastafanir til að hindra samþjöppun fjölmiðla, er þá hv. þm. tilbúinn til að bíða og sjá hvort enn meiri samþjöppun verði? Ætlar hann bara að bíða rólegur og láta það gerast? Hann sá hvað gerðist núna þegar var ráðist gegn fjölmiðlunum, þeir risu náttúrlega upp á afturlappirnar og vörðu sig og höfðu sigur með aðstoð stjórnarandstöðunnar.

Það nákvæmlega sama mun gerast þegar menn reyna aftur að höggva í þann knérunn, þeir munu rísa aftur upp á afturlappirnar.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hér kemur einn þingmaður Sjálfstfl. og lýsir það allt saman misskilning að menn hafi í nokkru tilviki verið að benda á 26. gr. og málskotsréttinn sérstaklega í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þá er það bara út úr heiminum, þá er það þannig að enginn flokkur á þingi er með það sérstaklega í huga. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur talað skýrt í þeim efnum fyrir hönd Framsfl. og hér kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal og gerir í rauninni hið sama, lýsir því yfir fyrir hönd Sjálfstfl. og það er vel. Þá þurfum við ekki að hafa frekari áhyggjur af því. Þá er akkúrat sá grunnur þess starfs lagður með þeim hætti sem ég hef verið að lýsa eftir og óska eftir, að allir gangi óbundnir til slíks starfs án skilyrða fyrir fram.

Varðandi fjölmiðlalögin setur hv. þm. þetta upp eins og stríð milli fjölmiðlanna og þingsins, fjölmiðla stjórnarandstöðunnar og meiri hlutans. Þetta er mjög óskynsamlegt. Er ekki verið að ræða um það einmitt núna að reyna að fara ekki í þetta með þeim hætti? Er ekki meiningin að hafa fullt samráð við fagaðila, Blaðamannafélagið, fjölmiðlafyrirtækin, draga þau með í verkið? Þau hafa ekki hafnað því.

[11:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Eftir að ákvörðun forseta Íslands lá fyrir þann 2. júní sl. var það verkefni okkar á Alþingi að sjá til þess að málskotsrétturinn til Íslendinga væri virtur. Til þessa framhaldsþings var boðað svo setja mætti einföld og skýr lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar um fjölmiðlalögin.

Í umræðum í gær var vikið að því hvert vald forseta væri og hvernig það ætti að framkvæmast. Ég vil fara um það nokkrum orðum.

Að mínu viti á ekki að hefja samningaviðræður við forseta Íslands um það hvort forseti hafi efasemdir um mál sem Alþingi fjallar um eða ef málið er umdeilt og vafi gæti leikið á því að það yrði samþykkt af forsetanum. Ef þetta yrði gert væri forsetinn orðinn virkur í pólitík í mörgum málum. Ég tel að þannig eigi ekki að standa að málum. Ég vil ekki að störf og staða forseta Íslands verði þannig í framtíðinni að hann verði beinlínis tengdur inn í mál á Alþingi með sérstökum viðræðum um einstök mál.

Ég vil hins vegar mjög eindregið verja málskotsréttinn til fólksins í landinu í einstökum umdeildum málum og að þeim geti verið vísað til lokaákvörðunar til samþykkis eða synjunar með þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að þegar við förum í endurskoðun stjórnarskrárinnar eigum við m.a. að líta sérstaklega til þess að málskotsrétturinn til þjóðarinnar í stjórnarskrá lýðveldisins verði efldur. Það eigi sem sagt að vísa til þjóðarinnar málum ef svo ber undir að þau reynast vera mjög umdeild í þjóðfélaginu. Ég nefndi í gær í andsvari nokkur mál á síðustu áratugum sem ég taldi að hefðu vel getað átt erindi til þjóðarinnar, þ.e. að þjóðin hefði fengið að segja meiningu sína um þau.

Ég get alveg endurtekið þau mál sem næst eru í okkar tíð. Það er t.d. Kárahnjúkamálið, það er EES-málið, framsal kvótans á sínum tíma þegar það var gefið alfrjálst, sem ég tel að hafi haft mjög afgerandi áhrif á stöðu fólksins í landinu og þróun byggðar og atvinnuhátta. Ég hef reyndar oft sagt það í þessum ræðustól að ég sæi alls ekki hvernig menn ætluðu að vera með virka byggðastefnu og horfa til þess að halda landinu í byggð þegar menn hefðu enga stýringu á þeim atvinnuvegi sem væri höfuðatvinnuvegur landsbyggðarinnar að þessu leyti, menn gætu bara alls ekki séð það fyrir hvar atvinnuréttinn í aflaheimildunum væri frá einu ári til annars eða frá mánuði til mánaðar vegna þess að menn hefðu öðlast þennan algjörlega frjálsa framsalsrétt þegar hann var settur í lögin um stjórn fiskveiða.

Um þetta hafa staðið miklar deilur árum saman í þjóðfélaginu og ég er á þeirri skoðun að þetta hefði verið eitt af þeim málum sem við hefðum þurft að vísa til þjóðarinnar og taka afstöðu til, hvort þjóðin vildi að þessir atvinnuhættir þjóðarinnar, sem er undirstaða margra byggða úti um land, væru með þeim hætti að ekki væri fyrirsjáanlegt frá mánuði til mánaðar hvernig atvinnulíf einstakra byggða mundi þróast.

Hæstv. forseti. Þegar við veltum fyrir okkur málskotsréttinum til þjóðarinnar þá tel ég að hugsa megi hann með ýmsum hætti. Það má velta fyrir sér fyrirkomulagi um að ákveðinn fjöldi þingmanna geti skotið máli til þjóðarinnar, það má velta fyrir sér fyrirkomulagi um að ákveðinn hluti kosningarbærra manna geti krafist þess að mál gangi til þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir fram ætla ég ekki að negla niður neina eina lausn í því. Ég segi bara almennt, eins og varð reyndar niðurstaða okkar á sameiginlegum fundi miðstjórnar og þingflokks Frjálsl. nýverið.

Þar sögðum við á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við lítum svo á að þátttaka almennings í lýðræðislegri ákvarðanatöku um sérstök og umdeild mál sé jákvæður þátt-

ur í þróun lýðræðis hér á landi og við teljum æskilegt að lýðræði fjöldans verði gert virkara í framtíðinni en verið hefur."

Þetta held ég að sé meginmálið í því er snýr að málskotsréttinum til þjóðarinnar, að í þjóðfélaginu fái að þróast sú hefð og því verði fundinn öruggur og markviss farvegur að umdeild mál geti gengið til þjóðarinnar. Þá hvílir auðvitað á okkur sú skylda að hafa skýrar reglur þegar slíkt kemur upp og við því þarf að verða að mál gangi til þjóðarinnar.

Ég tel reyndar að 26. gr. í stjórnarskránni sé ákaflega skýr að þessu leyti og að einfaldlega hefði átt, eins og við lögðum til í stjórnarandstöðunni, að vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu með einföldum og skýrum reglum þar sem meiri hluti þeirra manna sem tekur þátt í atkvæðagreiðslunni ræður för, alveg eins og þegar kosið er til Alþingis eða þegar kosinn er forseti Íslands, sem er hin almenna regla við afgreiðslu umdeildra mála, a.m.k. eins og ég þekki til í langflestum félagasamtökum sem ég hef starfað í um ævina. Þar hefur iðulega verið gripið til þess að afgreiða málin með atkvæðagreiðslu.

Ég get af þessu tilefni minnt á mál þegar lögum um stéttarfélög og vinnudeilur var breytt fyrir ekki svo mjög löngu síðan, þar sem vald trúnaðarmannaráðanna sem sneri að því að ákveða að beita verkfallsréttinum var tekið af, og þess krafist að fjöldinn tæki þá ákvörðun. Þar vorum við að færa lýðræðið til fjöldans og það var að kröfu þeirra sömu stjórnvalda held ég og nú sitja. Þar var verið að taka ákvörðun í umdeildu máli, sem er auðvitað umdeilt þegar menn fara í verkfallsátök, og færa það úr hendi trúnaðarráðanna til fólksins í verkalýðsfélögunum og tekið fram hvernig þær atkvæðagreiðslur ættu að fara fram, póstatkvæðagreiðslur o.s.frv.

Hvers vegna var það gert? Jú, menn töldu það of mikið lagt á fámennið í trúnaðarmannaráðunum að fá að hafa þetta vald og eðlilegra væri að spyrja alla félaga í viðkomandi verkalýðsfélagi. Með sama hætti finnst mér alveg eðlilegt að við spyrjum þjóðina. Ég átta mig ekki á þeirri andstöðu sem núverandi stjórnarmeirihluti hefur að því leyti til að leggjast gegn því að spyrja þjóðina.

Í þessu sambandi vil ég benda á ágæta grein sem formaður Vélstjórafélags Íslands, Helgi Laxdal, ritaði í Fiskifréttir nýverið undir liðnum Skoðun, þar sem hann gerir grein fyrir því máli sem ég vakti máls á. Ég held að það eigi fullt erindi til stjórnarliða sérstaklega að lesa þá grein.

Meginmálið í þessari umræðu allri er að tekin hefur verið ákvörðun um það af forustumönnum ríkisstjórnarinnar, með samþykki ráðherranna allra og þingmanna í ríkisstjórnarflokkunum, að fara fram með þeim hætti að þjóðin fái ekki að fylgja eftir þeim rétti sem henni er markaður í 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu."

Að lokum vil ég segja þetta, hæstv. forseti. Ég tel að stjórnarskráin eigi að vera leiðarljós okkar og að stjórnarskráin að þessu leyti eigi að njóta vafans. Þess vegna varð það sameiginleg niðurstaða okkar í stjórnarandstöðunni að þannig skyldi þessu máli lokið í hv. Alþingi, að setja skýrar og afmarkaðar reglur um hvernig þjóðaratkvæðagreiðslan skyldi fara fram og þjóðin fengi að segja álit sitt á þessu máli.

Það verður hins vegar að segjast eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst að á hverju stigi þessa máls hafi stjórnarflokkarnir valið ófriðinn fram yfir friðsamlega lausn. Ég held ég hafi gert nokkuð góða grein fyrir því í gærdag í ræðu minni hvernig sá ófriður hófst og ætla ekki að endurtaka það nú. En ef forusta stjórnarflokkanna hefði hlustað á stjórnarandstöðuna í upphafi og boðið upp á raunverulegt samstarf, eins og stjórnarandstaðan var tilbúin í, og hlustað á varnaðarorð sérfræðinga, m.a. um stjórnskipan landsins, hefði málið vafalaust getað farið í miklu friðsamlegri farveg en það hefur farið í því 100 daga stríði sem hér hefur átt sér stað með öllum þeim tilheyrandi kostnaði og breytingum á högum fólks sem starfar fyrir okkur hér í hv. Alþingi, sem og hjá fjölskyldum okkar sem hafa sumar hverjar verið að taka sér frí og skipuleggja sumarfrí. Þó að við alþingismenn getum auðvitað mætt hér hvenær sem er til vinnu og gerum það að sjálfsögðu, þá eru fleiri sem starfa í kringum okkur og okkur ber auðvitað að taka tillit til þess.

Ég hef aldrei talið eftir mér að sinna þeim störfum sem ég hef verið kosinn til um ævina og mun ekki sjá eftir þessum dögum, þeir eru mjög lærdómsríkir. Ég held að ég hafi aldrei fengið meiri skólabókarkennslu í lögfræði og umfjöllun um umdeilt mál en við höfum fengið í allshn. Það var mjög fróðlegt að vera þar, og ég held að þjóðin öll hafi fengið þó nokkra fræðslu um það hvernig ekki á að standa að málum miðað við þá málsmeðferð sem hér hefur átt sér stað.

[11:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði að verja ætti rétt fólksins til þess að kjósa um umdeild mál og fólkið ætti rétt á að fá slík mál til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við getum verið sammála um að þjóðaratkvæðagreiðsla geti átt rétt á sér í ýmsum tilvikum. En það var alveg ljóst af ræðu hv. þm. að dómgreind hans t.d. um hvaða mál hefðu átt að fara til þjóðaratkvæðagreiðslu og dómgreind forseta Íslands um hvaða mál ættu að fara til þjóðaratkvæðagreiðslu fer einfaldlega ekki saman. Þá hlýt ég að spyrja, ef þetta á að vera réttur fólksins: Er þá ekki rétt að hafa það á þann veg að það sé fólkið sem krefst þess eða óskar eftir því að fá mál til atkvæðagreiðslu? Eða að ákveðinn fjöldi þingmanna geti farið fram á það? Það sé með öðrum orðum ekki eingöngu dómgreind eins manns sem ræður því hvaða mál séu þannig vaxin að rétt sé að þau fari til þjóðaratkvæðagreiðslu, því að eins og ég sagði áðan og kom skýrlega fram í ræðu hv. þm. er dómgreind forsetans langt frá því að vera sú sama og dómgreind þingmannsins.

[11:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á síðustu 60 árum hafa margir forsetar verið hér á landi og enn fleiri þingmenn. Það verður aldrei ákveðið fyrir fram að dómgreind manna fari saman. Ég reyndar kann ekki að fara í það far að bera sérstaklega saman dómgreind manna, hvað þá mína og forsetans. Ég held að við Íslendingar séum allir einstaklingar í eðli okkar og reynum að hugsa eins sjálfstætt og rökrétt og við getum. Að því leyti er bara ekki hægt að spyrja svona eins og spurt var, hvort dómgreind tveggja manna fari saman.

Að því er varðar hitt efni spurningarinnar, hvort finna megi málskotsréttinum annað form, þá sagði ég það í ræðu

minni að ég teldi það vel koma til greina að skoða fleiri útfærslur og fleiri möguleika en þetta eina form, að forsetinn geti tekið þá ákvörðun að vísa máli til þjóðarinnar, því að hann tekur í rauninni enga aðra ákvörðun. Síðan er það þjóðin sem á að ljúka málinu.

Það þýðir ekki, og það kom fram í ræðu minni, að ég væri þar með að leggjast gegn því að forsetinn hefði þennan rétt. Ég sagði einfaldlega að hægt væri að finna þessu formi fleiri farvegi, en meginmarkmiðið væri að tryggja það að þjóðin fengi að taka afstöðu til umdeildra mála.

[11:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé almennt leitt í ljós í þessari umræðu að mjög mikil nauðsyn er á því að fara í endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það hefur komið fram í ræðum, ekki síst formanna stjórnarandstöðuflokkanna, sem gerðu okkur þann heiður í allshn. að koma til starfa í nefndinni og ég held að það hljóti að hafa verið þeim mikill skóli, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Að vísu þurftu þeir að ryðja frá þeim þingmönnum sem áttu sæti í nefndinni. En það var mat þeirra þingflokka greinilega að málið væri þess eðlis að rétt væri að formenn flokkanna sætu í nefndinni. Ég heyri það á málflutningi hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og reyndar annarra formanna stjórnarandstöðuflokkanna að þetta hafi verið nauðsynlegt og þá væntanlega til undirbúnings því að menn geti farið í endurskoðun á stjórnarskránni og ekki síst á umræddri 26. gr.

[11:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áður en þetta mál kom upp í þeim búningi sem það varð eftir að fjölmiðlanefndin skilaði áliti sínu til menntmrh. í endaðan apríl hafði ég tjáð þá afstöðu mína og flokks míns að við værum algjörlega tilbúnir til að skoða ýmislegt í stjórnarskránni, alveg án skilyrða, ekki væri verið að skoða eitt eða tvö atriði, heldur almennt.

Í sambandi við það að við höfum þurft að ryðja einhverjum burt úr allshn. þá högum við málunum til í miklu bróðerni í mínum flokki. Þannig hagaði til að hv. þm. Sigurjón Þórðarson var að keppa á landsmóti norður í Skagafirði. (**Gripið fram í:** Í hvaða grein?) Í sundi, hann stendur sig vel í því. Ég held að hann hafi verið okkur þingmönnum til sóma að hafa gert það. Ég tók yfir störf hans og ég held að það hafi líka verið til góðs að við gerðum það, formennirnir.

[11:22]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla í lok umræðunnar, því að nú líður senn að lokum hennar um þetta mjög svo umdeilda mál, að koma að nokkrum athugasemdum í tilefni af þeim ræðum sem haldnar hafa verið við 3. umr. Geri ég það m.a. til að hnykkja á því sem ég hef áður tekið fram og eins líka til að eyða vafa sem mér sýnist að enn sé í hugum sumra ræðumanna sem hingað hafa komið upp í dag og varðar nál. meiri hluta allshn.

Í fyrsta lagi vil ég taka skýrt fram að að mínu áliti eru í nál. meiri hluta allshn. engin skilyrði að finna fyrir þeirri vinnu sem fram undan er. Hvorki á það við um þá vinnu sem nefndin leggur áherslu á að fari af stað við að taka saman nýtt frumvarp um fjölmiðlalög né heldur við þá vinnu sem nefndin er að mælast til að farið verði í við endurskoðun stjórnarskrár. Engin slík skilyrði er að finna í nál. og þetta verður ekki leitt af því orðalagi í nál. að mælt sé með því að slíkt frv. komi fram á haustþinginu, heldur er með því kannski fyrst og fremst verið að leggja áherslu á að að áliti nefndarinnar sé það raunhæfur möguleiki. Auðvitað verður síðan tíminn að leiða í ljós hvernig þeirri vinnu vindur fram.

Hins vegar er mjög mikilvægt að það komi skýrt fram að ég er ósammála þeim þingmönnum sem halda því fram að við séum komin aftur á byrjunarreit í þessari vinnu. Ég átta mig reyndar alls ekki á því á hvaða forsendum því er haldið fram, því að þó svo að með þessu frv. verði fjölmiðlalögin felld brott, lög nr. 48/2004, erum við langt frá því að vera á byrjunarreit. Við höfum í fyrsta lagi skýrslu fjölmiðlanefndarinnar, við höfum þá þessa miklu umræðu sem stjórnarandstaðan hefur ítrekað haldið fram að hafi verið mjög efnislega rík umræða um málið — en ég vil nú kannski ekki taka undir það að öllu leyti — en löng og mikil umræða hefur farið fram um málið. Við höfum fengið aðkomu allra þeirra sem starfa á fjölmiðlamarkaðnum, allra þeirra hagsmunaaðila sem þar koma við sögu. Við höfum fengið fram í umræðuna sjónarmið þeirra í málinu, menn hafa horft til annarra landa hvernig lagasetningu um þetta efni er hagað þar og það er fjölmargt fleira sem ég gæti hér tínt til sem rennir stoðum undir það að við erum langt frá því að vera á byrjunarreit í þessu starfi.

Mikilvægast tel ég þó vera það að fram hefur komið vilji hjá öllum þingflokkum fyrir því að setja lög um starfsemi fjölmiðla á Íslandi. Þó hefur hvarflað að mér að með því að þingmenn stjórnarandstöðunnar leggja svo mikla áherslu á að engin skilyrði séu og að við séum komin alveg aftur á byrjunarreit og það sé algjörlega fráleitt að á komandi þingi verði hægt að klára nýja lagasetningu um þetta efni, að hinn raunverulegi vilji þeirra til að koma á lögum um þetta efni sé kannski ekki jafnmikill á borði og í orði. En á þetta mun auðvitað reyna þegar menn hefjast handa við það starf sem er fram undan og við mælumst til að verði tekið til við allra fyrsta. (**Gripið fram í:** Farðu nú ekki að taka þetta í sundur aftur.)

Varðandi það sem fjallað er um stjórnarskrána í nál. hefur hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni orðið tíðrætt um 26. gr. og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur jafnframt vikið að þeirri grein. Báðir eru þessir hv. þingmenn mjög uppteknir af því hvort sérstakt tilefni hafi verið til þeirra orða í nál. að við stöndum nú frammi fyrir þessari synjun, hvort það sé ekki í raun og veru — þrátt fyrir orðalagið í nál. — vilji meiri hluta nefndarinnar að það verði bara 26. gr. sem tekin verði til endurskoðunar. Ég tel mig reyndar hafa svarað þessu áður. Ég tel í fyrsta lagi að þessi hugsun komi hvergi fram í nál. þrátt fyrir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi gert tilraun til þess að útskýra það fyrir mér og öðrum sem á mál hans hlýddu með hvaða hætti hann fann þennan skilning, þá tel ég alveg ótvírætt að hann komi ekki fram í nál.

En um það sem hann gerði jafnframt athugasemd við, þ.e. að formenn stjórnarandstöðuflokkanna hefðu lýst sig reiðubúna til þess að ráðast í þá endurskoðun sem forsrh. hefur tekið fram að nauðsynlegt sé að fara í, þá leyfi ég mér einfaldlega að vísa til þess sem hér hefur komið fram í þingræðum um málið.

Ég ætla að leyfa mér að snúa mér í fyrsta lagi að því sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Án þess að ég sé með beina tilvitnun í þingræðu hans kom fram í Morgunblaðinu 15. febr. á þessu ári að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon teldi ekki ástæðu til að ætla annað en að samstaða

gæti tekist um að færa orðalag I. og II. kafla stjórnarskrárinnar til samræmis við nútímann og skýra þar ýmislegt. Haft er eftir hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í þessari sömu grein að vissulega megi færa ýmislegt til nútímalegra horfs í I. og II. kafla stjórnarskrárinnar.

Ég leyfi mér að vísa m.a. til þessara orða hv. þingmanna um að stjórnarandstaðan hafi tekið með jákvæðum hætti í orð forsrh. um að ráðast beri í endurskoðun þessara kafla stjórnarskrárinnar. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson taldi jafnframt í þessari sömu grein vera tilefni til að endurskoða stjórnarskrána, ekki síst með tilliti til þess að hún verði færð til nútímalegra horfs. Þetta tel ég að hljóti að liggja skýrt fyrir og þetta er ég að tína til í tilefni af athugasemd hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að þessi orð í nál. ættu sér enga stoð í raunveruleikanum, eða a.m.k. saknaði hann þess að þessu væri teflt fram.

Ég tel að eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram hljóti tvennt sem ég hef áður lagt áherslu á að vera komið endanlega á hreint. Í fyrsta lagi hvers vegna lagt er til að ný fjölmiðlalög verði ekki sett að svo komnu máli. Ég hef vikið að því áður. Ástæðan er sú að ekki hefur tekist sú sátt um málið sem að var stefnt. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill reyna að leiða fram þá hugsun að baki þeirri ákvörðun að meiri hluti allshn. telji það stjórnskipulag ótækt og ég tel að eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram eigi það þá að liggja endanlega fyrir að það er ekki meginástæðan. (Gripið fram í.)

Í annan stað legg ég áherslu á að — við skulum bara orða það skýrt í tilefni af þessu frammíkalli, það er ekki ástæðan.

Ég ætla að lokum aðeins að víkja að því sem hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hefur orðið tíðrætt um, þ.e. að í nál. meiri hluta allshn. séu ekki færð nægilega sannfærandi rök fyrir því að sú leið sem hér er farin, þ.e. að fella brott fjölmiðlalögin, sé tæk að stjórnskipunarrétti. Ég tel reyndar að ég hafi komið ágætlega að þessu við 2. umr. málsins en ég vil í tilefni af ummælum hv. þm. við þessa umræðu vekja athygli á því að sá skilningur byggir fyrst og fremst á því lögskýringarsjónarmiði, því lögskýringarviðhorfi að í 26. gr. stjórnarskrárinnar sé áherslan á það að þjóðin hafi atkvæðisrétt um frambúðargildi laganna. Niðurstaða meiri hluta allshn. byggir á því, þeirri áherslu að þingið hafi ávallt heimild til þess að setja lög, breyta lögum og fella lög brott, og að valdmörkum þingsins í þessu efni séu engar skorður settar í 26. gr. Jafnframt verði þeim valdmörkum engar skorður settar samkvæmt þeim lögskýringargögnum sem sumir hafa viljað horfa til eða þeim nýju lögskýringarsjónarmiðum sem teflt hefur verið fram í kjölfarið á synjun forseta Íslands á lögunum frá því í vor. Ég vek athygli á að mörg þau lögskýringarsjónarmið sem hafa komið fram fyrir allshn. og verið í umræðunni undanfarnar vikur hafa bara aldrei áður komið fram í umræðum um stjórnarskrána eða þessa tilteknu grein, aldrei nokkurn tíma verið reifuð. Það er því með áherslu á 2., 24. og 38. gr. stjórnarskrárinnar sem komist er að þeirri niðurstöðu að það sé tækt að stjórnskipunarrétti að fella brott lögin án þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.

Því hefur verið haldið fram í ræðustól að það séu mannréttindi að fá að kjósa, það séu mannréttindi að fá að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni og verið sé að brjóta mannréttindi á borgurunum með því að fara þessa leið. Þessu er ég fullkomlega ósammála. Ég ætla ekki að taka jafndjúpt í árinni og einn ágætur lögmaður sem kom fyrir allshn. og sagði að þessi túlkun væri hreint rugl. (**Gripið fram í:** Hver var það?) En ég tek þó undir með honum að ég tel þessa niðurstöðu hreinlega fráleita. (**Gripið fram í:** Var þetta ...?) Já, það er rétt.

Í fyrsta lagi er þetta ákvæði sem um er að ræða, þ.e. 26. gr., einfaldlega ekki í þeim kafla stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um mannréttindi borgaranna. Ákvæðið er að finna í þeim kafla þar sem fjallað er um stjórnskipan ríkisins, hvernig valdheimildir handhafa ríkisvaldsins dreifast, hvernig við stöndum að lagasetningunni. Hér er einungis um það að ræða að þegar sú staða kemur upp að forseti Íslands synjar lögum frá Alþingi staðfestingar er valin sú leið að leysa úr þeirri stöðu með því að bera málið undir þjóðina. Ég hef áður fært fyrir því rök að í slíkri stöðu sé þinginu tækt að fella viðkomandi lög brott, en auðvitað blasir það líka við að hinn kosturinn var til staðar, að láta málið ganga áfram til þjóðarinnar og fá úr því skorið þar hvaða afstöðu þjóðin vildi taka til málsins. Eins og menn muna komu fram strax við 1. umr. og í kjölfar framlagningar þess frv. sem við erum að ræða ástæður þess að ríkisstjórnin valdi að fara ekki þá leið og það var vegna þeirrar óþolandi réttaróvissu sem hvíldi um þau skilyrði sem hægt var að setja slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt var teflt fram þeirri skoðun, sem ég lýsi mig sammála, að óeðlilegt væri að fara í þá þjóðaratkvæðagreiðslu án nokkurra skilyrða.

Svo ég víki aðeins að þeim áherslum sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt á það að með því að þingið geri þetta, með því að þingið velji þá leið að afturkalla lögin, sé verið að virkja stöðvunarvald forsetans, sem hafi ekki verið ætlun og vilji stjórnarskrárgjafans á sínum tíma. Þetta er sjónarmið í umræðunni en ég tel einfaldlega að réttur þingsins til þess að setja lög, breyta þeim og fella þau brott sé miklu mikilvægari en þetta lögskýringarsjónarmið sem á sér rætur í ræðum þeirra sem stóðu að stjórnarskránni á sínum tíma. (Gripið fram í.) Þess vegna hljótum við að leggja miklu meiri áherslu á þann rétt þingsins, að kalla slík lög til baka heldur en það hvort við séum með þessari leið að virkja um of synjunarvald forsetans, vegna þess að það blasir við okkur að við höfðum tvo kosti. Mundum við standa frammi fyrir sambærilegu máli, sambærilegri ákvörðun síðar þá mundum við jafnframt standa í það skiptið frammi fyrir sambærilegum kosti vegna þess að við höfum bara eitt einstakt tilvik — sem er þá þetta tilvik sem við erum að fjalla um nú — sem fordæmi fyrir því hvaða leið ætti að fara. Það er ekki að skapast nein hefð fyrir þeirri túlkun að synjunarvald forseta sé eitthvað að styrkjast með því að þessi leið er farin heldur er þetta einfaldlega pólitískt mat sem byggir á þeim rökum sem ég hef nú rakið og teflt var fram um leið og ríkisstjórnin lagði fram þetta frv.

Það er þörf á að setja almenn lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu vilji menn halda ákvæðinu óbreyttu í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrst ég er kominn hingað upp er rétt að hnykkja á því að ég tel óumdeilanlegt og ég tel nauðsynlegt að 26. gr. verði tekin með í þeirri skoðun sem þarf að fara fram á I. og II. kafla stjórnarskrárinnar í framhaldinu.

Svo ég dragi þetta saman þá eru engin skilyrði að finna í nál. meiri hluta allshn. fyrir því hvernig vinna við nýtt frv. um fjölmiðla fer fram og heldur er engin skilyrði að finna í nál. um með hvaða hætti menn eigi að ráðast í stjórnarskrárendurskoðunina. Ég lýsi furðu minni yfir því að menn skuli hafa eytt löngu máli í að reyna að lesa einhvern annan skilning út úr nál.

Ég tel mig hafa komið öllu því til skila sem ég sá ástæðu til að koma að í þessari 3. og síðustu umr.

[11:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er undarlegt með hv. þm. Bjarna Benediktsson að þetta er nú í fjórða sinn, hygg ég, sem hann kemur upp í þessari umræðu og hann talar alltaf í hvert skipti niður sitt eigið nál. Það sem við höfum fengið að vita um nál. er að orð þess um stjórnskipulegan vafa eru marklaus, þau eru misskilningur, pennaglöp. Við höfum líka fengið að vita að það er ekki meiri hluti allshn. sem heldur að lög nr. 48/2004 standist stjórnarskrá, heldur er það minni hlutinn. Það eru sjálfstæðismennirnir í nefndinni. Allir aðrir, fulltrúar annarra flokka efast.

Við höfum líka fengið að vita áður og nú aftur að þó að kaflinn um endurskoðun stjórnarskrárinnar komi í kjölfar mikillar ræðu um 26. gr., hvað hún sé vitlaus og þeir sem hana settu, þá var ekki átt við það að við eigum að fara að endurskoða 26. gr. neitt sérstaklega. (Gripið fram í.) Og núna kemur í ljós að formaður allshn. segir að þau orð séu marklaus sem standa í hans eigin nál. um það að meiri hlutinn mæli með því að nýtt frv. í þá veru, með leyfi forseta, verði undirbúið og lagt fram á haustþingi. Og hvaða veru? Jú, að rofinn verði hinn mikli varnarmúr sem sleginn á að hafa verið um takmarkalaust form eignarhalds á fjölmiðlum. Það er í þá veru, stendur í nál., en nú er það ekki lengur.

Formaður allshn. kemur fram með nýjar kenningar í staðinn — það er gott — fyrir þetta nál. sem er orðið marklaust gjörvallt eins og það stendur. Og það er að þeir fari þá leið í meiri hlutanum svokallaða, hinum meinta meiri hluta, sem þeir ætla að fara, annars vegar vegna þess að ekki náðist sú sátt sem að var stefnt og hins vegar vegna þess að það sé svo erfitt að halda þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Ég ætla ekki að fjalla um seinni þáttinn nú í þessu stutta andsvari en á fyrri þættinum vil ég fá skýringar. Hvaða sátt er það sem ekki náðist en að var stefnt?

[11:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ætli það sé ekki ágætt að leyfa stjórnarandstöðunni að setja punktinn yfir i-ið með sínu efnislega innleggi í þessa umræðu og málefnalegu umræðu um þetta mál með því að láta þessi orð hv. þm. Marðar Árnasonar kyrr liggja vegna þess að þau eru ekki svaraverð.

[11:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég tel að það sæmi ekki hv. þm. Bjarna Benediktssyni að minnast á málefnalega umræðu og efnislega umfjöllun. Þegar við stóðum hér, stjórnarandstæðingar, í efnislegri umfjöllun um þetta mál í vor í langri umræðu, einni þeirri lengstu sem á síðari tímum hefur farið fram á Alþingi, hvar var formaður allshn. þá? Eftir honum var kallað í fjölda ræðna. Ég gerði það sjálfur og flutti hér ræður, efnislegar ræður, sem ég get afhent formanni allshn. og hverjum sem vera vill, um þetta mál þar sem rakin voru rök á móti fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fram og aftur, út og suður.

Formaður allshn., nei, hann var ekki í þinginu, hann ósköp einfaldlega var ekki í þinginu á meðan og það var hér enginn fulltrúi allshn. í þinginu þegar efnisleg umræða fór fram. Formaður allshn. á ekkert með það að koma hér og vera með skæting og kjaft eftir þá frammistöðu sína. (Gripið fram í.) Sú sátt sem átti að ná vegna þess ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þm. að gæta orða sinna.)

Sú sátt sem ekki náðist en stefnt var að — skyldi það vera sú sátt sem minnt er á í eftirfarandi orðum, með leyfi forseta?

„Mikilvægt er hins vegar að lagasetning um fjölmiðla styðjist við víðtæka umræðu í samfélaginu og almenn sátt sé um vinnubrögð og niðurstöður.

Því miður hefur skort samhljóminn sem þarf að vera milli þings og þjóðar í svo mikilvægu máli. Fjölmiðlarnir eru sá hornsteinn í lýðræðisskipan og menningu okkar Íslendinga að ekki er farsælt að varanlega verði djúp gjá milli þingvilja og þjóðarvilja. Slíka gjá þarf að brúa."

Skyldi það vera þessi sátt sem ekki náðist?

Ef hún náðist ekki þá stendur í sama texta, með leyfi forseta:

„Það verður best gert með því að þjóðin fái í hendur þann rétt sem henni er veittur í stjórnarskrá lýðveldisins og meti lagafrumvarpið í þjóðaratkvæðagreiðslu."

Það er sú þjóðaratkvæðagreiðsla sem hv. formaður allshn. og félagar hans í Sjálfstfl. eru hræddir við.

[11:43]

Frsm. minni hluta allshn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allshn., lýsir sig algjörlega ósammála því að í því kunni að felast einhver skerðing á mannréttindum ef fólk fær ekki að neyta þess réttar sem ég færði rök fyrir að stofnaðist með því að forseti synji máli staðfestingar skv. 26. gr. Ástæðuna telur hann vera þá helsta, eftir því sem ég réði af máli hans, að þessi réttur væri ekki í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Ef þessi rökfærsla er rétt má leiða líkur að því að hv. þm. telji að hinn almenni kosningarréttur, sem allir njóta, falli ekki undir mannréttindi vegna þess að hann er heldur ekki í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Þessi lógík heldur ekki, herra forseti. Það hlýtur hinum löglærða og ágæta formanni allshn. að vera ljóst. Það kemur alveg skýrt fram í því áliti sem við fengum frá Ragnari Aðalsteinssyni að hann telur að þessi réttur séu mannréttindi.

Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Niðurstaða mín er sú að yfirgnæfandi líkur séu til að dómstólar mundu telja afturköllun fyrirhugaðs þjóðaratkvæðis með því að fella lögin úr gildi án frekari aðgerða ógilda, ..."

Auðvitað hefur hv. þm. fullt leyfi til að vera annarrar skoðunar, en hann getur ekki gert það með þeirri röksemdafærslu sem hann flutti hérna áðan.

Að því er varðar síðan þær yfirlýsingar sem er að finna í nál. um jákvæðar undirtektir okkar formanna stjórnarandstöðuflokkanna vil ég segja að hv. þm. hefði nú átt að lesa þau ummæli sem höfð voru eftir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni lengra í grein Morgunblaðsins 15. febrúar. Það er alveg rétt að hv. þm. sagði þar að hann teldi ekki ástæðu til að ætla annað en að samstaða gæti tekist um að færa orðalag I. og II. kafla stjórnarskrár til samræmis við nútímann og skýra þar ýmislegt.

Hvað segir svo hv. þm.? Hann segir, með leyfi forseta:

„Öðru máli kynni að gegna ef fara ætti út í grundvallarbreytingar á sjálfri stjórnskipuninni."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:49]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Enda þótt ég líti ekki á fjölmiðlamálið sem stærsta átakamál okkar samtíðar þá er það gríðarlega mikilvægt því að það hefur verið afhjúpandi fyrir valdhroka einnar ríkisstjórnar. Hún ætlaði að keyra vilja sinn í gegn hvað sem það kostaði þvert á þjóðarvilja, þvert á lýðræðisleg og skynsamleg vinnubrögð. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn gafst upp fyrir sterkri samstöðu í þjóðfélaginu og sameinaðri stjórnarandstöðu. Og ekki má gleyma því að það var málskotsréttur forseta Íslands sem skipti sköpum í þessu máli. Hann virkaði. Það er grundvallaratriði.

Markmiðin sem eru fest í letur í 26. gr. stjórnarskrár Íslands gengu eftir. Hinn lýðræðislegi varnagli hélt. Ég hef lýst því yfir að það hljóti að vera til umræðu hvernig þeim varnagla er best fyrir komið til framtíðar og það sem meira er að þjóðinni verði búið meira frumkvæðisvald um hvaða mál skuli tekin til úrskurðar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

26. gr. stjórnarskrárinnar er of takmörkuð hvað þetta snertir þótt hún hafi nú reynst mikilvægur varnagli í þingræðisfyrirkomulaginu og orðið til að hnekkja gerræðislegum vinnubrögðum. Það er mikilvægur árangur.

Spurt hefur verið hvort sú aðferð sem nú er beitt standist stjórnarskrá. Fram hefur komið að um það eru skiptar skoðanir innan þings sem utan.

Að mínu mati getur þó enginn stutt þá aðferð án þess að hafa þar mikilvægan fyrirvara á, því að með því að fara þessa leið, með því að nema lögin úr gildi og þar með afnema tilefni þess að forseti beitti málskotsrétti er stjórnarmeirihlutinn að taka á sig verulega siðferðilega ábyrgð. Í verki þarf hann að sýna að ekki vaki fyrir honum að sniðganga markmið stjórnarskrárinnar. Hann þarf að sýna með framferði sínu að hann ætli ekki að hafa sitt fram með góðu eða illu og þannig í reynd hafa ákvörðunarvaldið af þjóðinni.

Hvernig getur hann borið sig að? Setja málið á byrjunarreit með nýrri fjölmiðlanefnd, breiðri lýðræðislegri aðkomu og rúmum tíma. Aðeins með því móti væri fyrra mál út af borðinu. Þannig yrðu settar niður illvígar deilur og þess freistað að ná niðurstöðu sem víðtæk samstaða gæti skapast um.

Færi málsmeðferðin inn í slíkan farveg hefði hún minn stuðning. Stjórnarskrá er ekki bara bókstafur, hún er fyrst og fremst almenn yfirlýsing um leikreglur í samfélaginu. Nú reynir á að þær verði virtar. Nú reynir á anda laganna, þau markmið sem stjórnarskrá Íslands byggir á.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og þeim fyrirvörum sem ég byggi hjásetu á.

[11:52]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta er söguleg atkvæðagreiðsla. Hér er að ljúka 100 ára stríði ríkisstjórnarinnar við þjóðina. (**Gripið fram í:** Ára?) — 100 daga stríði. Herra forseti, þetta hefur sýnst svo miklu lengra en það raunverulega er, en lyktirnar eru jafnágætar fyrir því. Hér er að ljúka 100 daga stríði ríkisstjórnarinnar við þjóðina og þjóðin hefur haft fullan sigur. Stjórnarandstaðan og þau öfl sem hafa stutt hana í baráttunni gegn gerræðislegum verkum ríkisstjórnarinnar í umræddu máli hefur haft sigur. Hér er verið að fella hin umdeildu fjölmiðlalög úr gildi.

Sú yfirlýsing sem af hálfu þingsins felst í þessari samþykkt felur það líka í sér að það var hárrétt ákvörðun hjá forseta Íslands að beita 26. gr. til að synja þessu máli staðfestingar og setja það í ferli þjóðaratkvæðagreiðslu. Sömuleiðis felur þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar í sér áréttingu á mikilvægi 26. gr. og málskotsréttarins sérstaklega sem eins af grundvallaratriðum í stjórnskipan okkar. Því segi ég það, herra forseti, að við eigum að læra af þessu máli, við eigum ekki að hrófla við slíkum grundvallarstoðum eins og það ákvæði hefur reynst vera við þessar aðstæður.

Herra forseti. Það ríkir stjórnskipulegur vafi á því hvort unnt sé að taka mál sem búið er að vísa til þjóðaratkvæðagreiðslu úr henni. Það er sökum þess sem við getum ekki tekið ábyrgð á þessu verki. Þess vegna sitjum við hjá, herra forseti.

[11:54]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að lesa upp eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég undirritaður, sem kosinn er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því að viðlögðum drengskap mínum og heiðri að halda stjórnarskrá landsins."

Þetta er sá eiður sem allir þingmenn skrifa undir í votta viðurvist þegar þeir taka sæti á hinu háa Alþingi í fyrsta sinn. Allir þingmenn hafa heitið því að viðlögðum drengskap og heiðri að halda stjórnarskrá. Nú veit ég svo sem ekki hve hátíðlega einstakir þingmenn taka þetta heit. Umræður liðinna daga á hinu háa Alþingi og víðar í þjóðfélaginu hafa gert það að verkum að ég hef nú staðfestan grun um að fjölmargir þingmenn stjórnarflokkanna líti á þetta heit með mikilli léttúð og telji það nánast marklausan bókstaf. (Gripið fram í.)

Þeir um það. Verk þeirra og gerðir nú verða lögð í dóm síðar meir, bæði í dóm kjósenda og sennilega einnig fyrir dómstóla, (Gripið fram í.) því það er sannfæring mín, hæstv. forseti, að með því að grípa inn í það ferli sem forseti lýðveldisins setti af stað þegar hann vísaði fjölmiðlalögum hinum fyrri til þjóðaratkvæðagreiðslu sé mjög naumur meiri hluti þingsins nú að brjóta stjórnarskrá. Á því er enginn vafi. Það er verið að brjóta 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Þessi dagur, 22. júlí árið 2004, mun hverfa í söguna sem dagurinn þegar óafmáanlegur smánarblettur var settur á störf Alþingis. Þetta er dagurinn þegar naumur meiri hluti Alþingis braut stjórnarskrá. Þessi meiri hluti á sér engar málsbætur. Hann hefur ítrekað verið varaður við. (Gripið fram í.) Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert það. Þeir hafa af heilindum tekið þátt í umræðum og nefndarstörfum. Breytingartillögur hafa verið fluttar og vönduð nefndarálit hafa verið skrifuð. Lagt hefur verið fram frv. um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu. Allt hefur komið fyrir ekki, stjórnarliðar hafa ekki hlustað. (**Gripið fram í:** Hvaða breytingartillögur?)

Fjölmargir borgarar hafa líka reynt að koma vitinu fyrir stjórnarliða án árangurs. (**Gripið fram í:** Hvaða breytingartillögur?) Þetta ber að harma. (**Gripið fram í:** Hvaða breytingartillögur?)

Hæstv. forseti. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa unnið mjög vel í þessu máli. Þingflokkar Frjálsl., Samf. og Vinstri grænna hafa unnið stórsigur og sýnt með afgerandi hætti að þessir flokkar geta unnið saman. Við í stjórnarandstöðunni höfum staðist prófið á meðan ríkisstjórnarflokkarnir

hafa kolfallið. Stjórnarandstaðan hefur stýrt sínu fleyi með glæstum hætti til hafnar á meðan bátskel stjórnarliða liggur nú brotin milli hleina.

Að lokum, herra forseti, vil ég fyrir hönd þingflokks Frjálsl. (Gripið fram í.) lýsa því yfir að við teljum allir að hér sé verið að brjóta stjórnarskrá og hafa af þjóðinni rétt hennar sem varinn er í stjórnarskrá. (Gripið fram í.) Við mótmælum með því að sitja hjá. Þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1901).

Fundi slitið kl. 11:57.

---

138. FUNDUR

fimmtudaginn 22. júlí,
að loknum 137. fundi.

Dagskrá:

Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 1013. mál, þskj. 1900. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 1013. mál. — Þskj. 1900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:59]

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins.— Afbrigði samþ. með 58 shlj. atkv.

[12:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég les forsetabréf um frestun á fundum Alþingis. „Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings ...“

Herra forseti. Ég biðst velvirðingar á því að ég er að lesa upp forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, þakka ábendingu og biðst velvirðingar á þeim mistökum.

En frestunartillagan er þá svona:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. júlí 2004 til septemberloka.“

Það þarf atkvæðagreiðslu um tillöguna. Það er greinilegt að hér er viðvaningur á ferð en ég vænti þess að mér sé það fyrirgefið í forföllum forsrh. Við óskum honum góðs bata. Það verður þá betur gert næst þegar til þess kemur.

En ég vænti þess, hæstv. forseti, að þetta sé nægilegt. (**Gripið fram í:** Fall er fararheill.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:02]

Till. samþ. með 58 shlj. atkv.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1902).

Þingfrestun.

[12:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú lýkur þessum sumarfundum Alþingis sem staðið hafa frá 5. júlí til 22. júlí. Ég hygg að þegar frá líður verði þessir sumarfundir þingmönnum minnisstæðir fyrir margra hluta sakir. Aðstæður hér í þinghúsinu hafa líka verið óvenjulegar og vil ég af þeim sökum nota tækifærið til að þakka þingmönnum þolinmæði og tillitssemi við þingstörfin þessa daga. Jafnframt þakka ég starfsfólki sem sýnt hefur samviskusemi og lipurð þessa sumardaga eins og jafnan.

[12:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingmanna flytja hæstv. forseta og hæstv. varaforsetum þakkir fyrir samstarfið á þessu sumarþingi og fyrir hlý orð í garð okkar þingmanna. Þetta hefur verið um margt sérstakt þing en nú hverfa þingmenn til starfa í kjördæmum eða í langþráð frí með fjölskyldum sínum.

Ég vil einnig fyrir hönd alþingismanna þakka starfsfólki Alþingis frábært samstarf og ekki síður þolinmæðina þar sem starfsaðstæður margra starfsmanna hafa verið erfiðar vegna yfirstandandi vinnu við Alþingishúsið. Síðast en ekki síst vil ég fyrir hönd okkar alþingismanna senda þeim tveimur úr okkar hópi sem ekki geta í dag tekið þátt í störfum þingsins vegna veikinda, þeim Davíð Oddssyni, hæstv. forsrh., og hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni, okkar bestu kveðjur með óskum um góðan bata. Ég bið þingmenn að taka undir kveðjur, þakklæti og góðar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[12:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir góð orð í minn garð og varaforseta Alþingis og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég tek undir góðar óskir til þeirra alþingismanna sem fjarstaddir eru og dveljast í sjúkrahúsi vegna veikinda.

[12:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég les forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykkis Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 22. júlí 2004 til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 22. júlí 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi slitið kl. 12:06.
